Alþingi 1993

ÞINGSETNINGARFUNDUR

föstudaginn 1. okt.

Þingsetning.

Árið 1993, föstudaginn 1. október, var hundraðasta og sautjánda löggefandi Alþingi sett í Reykjavík. Er það nítugasta og sjötta aðalþing í röðinni en hundrað þrítugasta og önnur samkoma frá því er Alþingi var endurreist.

Þingmenn söfnuðust saman í Alþingishúsinu kl. 1.15 miðdegis og gengu þaðan til guðsþjónustu í Dómkirkjunni kl. 1.30. Séra Frank M. Halldórsson steig í stólinn og lagði út af Jak. 3:2–14.

Að lokinni guðsþjónustu gengu þingmenn aftur til Alþingishússins, fundarsalar Alþingis.

Þessir menn skipuðu þingið:

1. Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.
2. Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.
3. Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.
4. Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.
5. Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.
6. Davíð Oddsson, 1. þm. Reykv.
7. Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.
8. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.
9. Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.
10. Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.
11. Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.
12. Friðrik Sophusson, 2. þm. Reykv.
13. Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.
14. Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.
15. Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.
16. Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.
17. Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.
18. Guðmundur Árni Stefánsson, 6. þm. Reykn.
19. Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.
20. Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.
21. Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.
22. Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.
23. Halldór Blöndal, 2. þm. Norðurl. e.
24. Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
25. Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.
26. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.
27. Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.
28. Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.
29. Jóhanna Sigurðardóttir, 12. þm. Reykv.
30. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
31. Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv.
32. Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.
33. Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.
34. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.
35. Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.
36. Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.
37. Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.
38. Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.
39. Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.
40. Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.
41. Ólafur G. Einarsson, 1. þm. Reykn.
42. Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.
43. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.
44. Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.
45. Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.
46. Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.
47. Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.
48. Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.
49. Salome Þorkelsdóttir, 2. þm. Reykn.
50. Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.
51. Sighvatur Björgvinsson, 4. þm. Vestf.
52. Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.
53. Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.
54. Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.
55. Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.
56. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.
57. Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.
58. Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.
59. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.
60. Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.
61. Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.
62. Þorsteinn Pálsson, 1. þm. Suðurl.
63. Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv.

Forseti Íslands setur þingið.

Þá er þingmenn höfðu skipað sér til sætis kom forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, inn í salinn og gekk til ræðustóls.

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Hinn 23. september 1993 var gefið út svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hefi ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 1. október 1993.

Um leið og ég birti þetta, er öllum, sem setu eiga á Alþingi, boðið að koma nefndan dag til Reykjavíkur, og verður þá Alþingi sett, að lokinni guðsþjónustu í Dómkirkjunni, sem hefst kl. 13.30.

Gjört í Reykjavík, 21. september 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til fundar föstudaginn 1. október 1993.“

Samkvæmt bréfi því sem ég nú hef lesið lýsi ég yfir því, að Alþingi Íslendinga er sett. Bið ég yður að rísa úr sætum og minnast ættjarðarinnar.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson**, mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi.“ Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Samkvæmt 1. gr. þingskapa ber nú aldursforseta að stjórna fundi þar til kosning forseta Alþingis hefur farið fram. Ég bið aldursforseta, Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf., að ganga til forsetastóls.

[14:20]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Ég býð alla hv. alþm. velkomna til þingstarfa, svo og starfsfólk Alþingis. Ég vil láta í ljós þá ósk og von að störf þessa þings, 117. löggjafarþings, verði landi og þjóð til heilla.

Minning Eysteins Jónssonar.

[14:21]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Nú verður minnst látins fyrrv. alþingismanns.

Eysteinn Jónsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, andaðist á Landspítalanum 11. ágúst, 86 ára að aldri.

Eysteinn Jónsson var fæddur á Djúpavogi 13. nóvember 1906. Foreldrar hans voru hjónin Jón prestur í Hofsþingum í Álftafirði Finnsson prests á Klyppstað í Loðmundarfirði Þorsteinssonar og Sigríður Hansdóttir Becks bónda og hreppstjóra á Sómastöðum í Reyðarfirði, sonar Christens Becks verslunarmanns á Eskifirði. Að loknu námi í barnaskóla stundaði hann verslunarstörf og ýmsa aðra vinnu 1921–1923 og sjómennsku 1924–1925 jafnframt heimanámi hjá föður sínum. Haustið 1925 hóf hann nám í Samvinnuskólanum og lauk þaðan prófi vorið 1927. Sumarið 1929 var hann við nám í Pitman College í Lundúnum.

Að loknu námi í Samvinnuskólanum var Eysteinn Jónsson starfsmaður Stjórnarráðsins á árunum 1927–1930 og jafnframt stundakennari við Samvinnuskólann og endurskoðandi fyrir Skattstofu Reykjavíkur 1928–1930. Skattstjóri og formaður niðurjöfnunarnefndar Reykjavíkur var hann 1930–1934. Árið 1933 var hann kjörinn alþingismaður í Suður-Múlasýslu, 26 ára, og endurkjörinn 1934. Hefst þá ráðherraferill hans, 27 ára gamals, yngsta manns sem setið hefur í ráðherrastóli á Íslandi. Hann var fjármálaráðherra 1934–1939, viðskiptamálaráðherra 1939–1942, menntamálaráðherra og fór einnig með kirkju-, heilbrigðis- og flugmál 1947–1949, fjármálaráðherra 1950–1956 og fjármála- og samgöngumálaráðherra 1956–1958. Frá 1943–1947 var hann framkvæmdastjóri prentsmiðjunnar Eddu. Á Alþingi átti hann sæti nær samfellt frá 1933–1974, var utan þings skamman tíma eftir alþingiskosningarnar 1946, en settist á þing um haustið í forföllum aðalþingmanns og tók við þingsætinu eftir andlát hans á næsta ári. Hann var þingmaður Sunnmýlinga til 1959, síðan þingmaður Austurlandskjördæmis til 1974, sat á 48 þingum alls á rúmlega 40 ára þingferli. Forseti sameinaðs þings var hann síðasta kjörtímabilið, 1971–1974. Hann átti sæti á ráðgjafarþingi Evrópuráðsins í Strassborg 1966–1971 og var í Norðurlandaráði 1968–1971, formaður menningarmálanefndar þess frá 1969.

Eysteinn Jónsson var oft valinn til starfa í nefndum og ráðum. Árið 1930 var hann skipaður í nefnd til að koma nýrri skipan á ríkisbókhald, ríkisreikninga og fjárlög, 1931 í verðrannsóknarnefnd, 1933 í undirbúningsnefnd kosningalaga og 1938 í milliþinganefnd í gjaldeyrismálum. Árið 1940 var hann kosinn í milliþinganefnd um gjaldeyrisverslun og innflutningshömlur. Formaður bankaráðs Búnaðarbanka Íslands var hann 1941–1942. Árið 1943 var hann skipaður í milliþinganefnd í sjávarútvegsmálum. Hann átti sæti í skilnaðarnefnd og stjórnarskrárnefnd til undirbúnings lýðveldisstofnun 1944. Í stjórn Síldarverksmiðja ríkisins var hann 1947–1973, en starfaði þar ekki þá tíma sem hann var ráðherra. Hann var í landsbankanefnd 1950–1957, í stjórn byggingarsjóðs kaupstaða og kauptúna, síðar Byggingarsjóðs verkamanna 1950–1970, í bankaráði Framkvæmdabankans 1953–1966 og í stjórn Framkvæmdasjóðs 1966–1968. Árið 1959 var hann kosinn í milliþinganefnd í öryrkjamálum og skipaður 1968 í endurskoðunarnefnd laga um friðun Þingvalla og um náttúruvernd. Í Þingvallanefnd var hann 1968–1975, formaður hennar frá 1972. Árið 1971 var hann skipaður í nefnd til að gera tillögur um framtíðarskipan verslunarmenntunar og nefnd til að semja frumvarp um stofnun og rekstur félagsmálaskóla verkalýðs- og samvinnuhreyfingar, enn fremur í landnýtingar- og landgræðslunefnd, var formaður hennar og í nefnd til að endurskoða rekstur Ríkisprentsmiðjunnar Gutenberg. Í apríl 1972 var hann skipaður formaður Náttúruverndarráðs, lét hann af því starfi 1978. Árið 1973 var hann kosinn í neyðarráðstafananefnd vegna eldgossins á Heimaey og var formaður hennar. Í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs var hann 1977–1988.

Eysteinn Jónsson var í forustusveit Framsóknarflokksins. Hann var ritari í stjórn hans 1934–1962 og formaður flokksins 1962–1968. Formaður þingflokksins var hann 1934 og 1943–1969. Hann var samvinnumaður, hafði ásamt öðrum forgöngu um stofnun Kaupfélags Reykjavíkur og var stjórnarformaður þess 1931–1934. Árið 1932 hafði hann forgöngu um stofnun Byggingarsamvinnufélags Reykjavíkur, fyrsta félags sinnar tegundar, og var í stjórn þess til 1934. Í stjórn Sambands íslenskra samvinnufélaga var hann 1944–1978, varaformaður 1946–1975, formaður 1975–1978.

Eysteini Jónssyni auðnaðist á langri og gifturíkri starfsævi að eiga gildan þátt í starfi og stríði þjóðar sinnar á leið til sjálfstæðis, framfara og hagsbóta í mörgum efnum. Samvinnuhreyfingin var honum jafnan hugfólgin og hann var óhvikull forvígismaður hennar um áratugi. Í þjóðmálum var hann alla þingmannstíð sína í fararbroddi, oft í flokki landstjórnenda, en stundum í andstöðu við ríkjandi stjórn. Í ríkisstjórn

sinnti hann lengst fjármálum þjóðarinnar og sýndi í því starfi gætni og festu. Hann var snjall ræðumaður, mælskur og rökfastur, traustur málsvari flokks síns og þeirra stefnumála sem hann bar fyrir brjósti. Undir lok þingferils síns átti hann frumkvæði að setningu laga um náttúruvernd og tók síðan að sér formennsku við framkvæmd þeirra laga. Starfi sínu á Alþingi lauk hann í forsæti sameinaðs þings, ríkur að reynslu og stóð fyrir umbótum í starfsháttum þingsins og starfsaðstöðu alþingismanna. Við snögg þinglok vorið 1974 var hann kvaddur með lofi og þökkum.

Eysteinn Jónsson var heilsteyptur og drengilegur í stjórnmálastörfum sínum. Hann barst aldrei á, var hógvær, óeigingjarn og ósérhlífinn. Víðlesinn var hann og minnugur, fróður um sögu þjóðar sinnar. Í hléum frá miklum önnum stundaði hann útivist, ferðaðist víða um land, um byggðir og óbyggðir. Hann kaus að hætta opinberum störfum að stjórnmálum fullur starfsorku, enda ferillinn orðinn langur og mörgu komið til leiðar í þágu lands og þjóðar. Eiginkona hans og náinn samverkamaður í margvíslegum opinberum störfum frá unga aldri var Sólveig Eyjólfsdóttir úr Reykjavík.

Við fráfall Eysteins Jónssonar á íslenska þjóðin á bak að sjá einum helsta stjórnmálaforingja sínum á þessari öld.

Ég vil biðja þingheim að minnast Eysteins Jónssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Fundi frestað.

ÞINGSETNINGARFUNDUR (frh.)

mánudaginn 4. okt.,
kl. 1.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.
2. Kosning varaforseta skv. 3. mgr. 3. gr. þingskapa, sbr. 5. mgr. 68. gr.
3. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. heilbrigðis- og tryggingnefnd, 9 manna,
   f. iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. menntamálanefnd, 9 manna,
   i. samgöngunefnd, 9 manna,
   j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
4. Hlutað um sæti þingmanna skv. 4. mgr. 3. gr. þingskapa.

Útbýting þingskjala:

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, 9. mál, stjfrv., þskj. 9.

Fjárlög 1994, 1. mál, stjfrv., þskj. 1.

Gæsla íslenskra hafsbotnsréttinda, 3. mál, þáltill. EKJ, þskj. 3.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 4. mál, frv. MF og KHG, þskj. 4.

Valfrelsi í lífeyristryggingum, 2. mál, þáltill. ÁMM og VE, þskj. 2.

Þjóðhagsáætlun 1994, 7. mál, skýrsla forsrh., þskj. 7.

Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, 5. mál, þáltill. MF, þskj. 5.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun bæjarstjórnar Bolungarvíkur um sameiningu sveitarfélaga.

Ályktun frá norður-heimskautsráðstefnu Norðurlandaráðs.

Ályktun miðstjórnar Alþýðusambands Íslands.

Áskorun frá Ferðamálaráði Íslands um skattamál.

Bókun bæjarstjórnar Akureyrar um skólamál.

Samþykkt Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga um lausagöngu búfjár.

Þakkarkort frá aðstandendum Eysteins Jónssonar, fyrrv. ráðherra.

Þingmennskuafsal Jóns Sigurðssonar, Eiðs Guðnasonar og Karls Steinars Guðnasonar.

[13:35]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Borist hafa þrjú bréf um afsal þingmennsku. Fyrsta bréfið er dags. 14. júní 1993 og er á þessa leið:

„Þar sem ég hef ákveðið að hverfa til annarra starfa leyfi ég mér að tilkynna yður að ég afsala mér þingmennsku.

Ég þakka yður og öðrum þingmönnum ánægjulegt samstarf og óska Alþingi og þeim sem þar starfa farsældar á komandi árum.

Jón Sigurðsson, 4. þm. Reykn."

Annað bréfið er dags. 27. ágúst 1993.

„Þar sem ég hef verið skipaður sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands og tek við því starfi 1. sept. nk., afsala ég mér þingmennsku frá og með þeim degi.

Eiður Guðnason, 4. þm. Vesturl."

Þriðja bréfið er dags. 20. september 1993 og er svohljóðandi:

„Þar sem ég hef verið skipaður forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins og tek við því starfi 1. okt. nk., afsala ég mér þingmennsku frá og með þeim degi.

Karl Steinar Guðnason, 6. þm. Reykn."

Í stað Jóns Sigurðssonar tekur sæti á Alþingi Guð-

mundur Árni Stefánsson, heilbr.- og trmrh., og verður hann 6. þm. Reykn. Guðmundur Árni Stefánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Í stað Eiðs Guðnasonar tekur sæti á Alþingi sem 4. þm. Vesturl. Gísli S. Einarsson. Gísli S. Einarsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og býð ég hann velkominn til starfa.

Í stað Karls Steinars Guðnasonar tekur sæti á Alþingi Petrína Baldursdóttur og verður 11. þm. Reykn. Rannveig Guðmundsdóttir verður framvegis 4. þm. Reykn. eftir þessar breytingar.

Kjörbréf Petrínu Baldursdóttur hefur verið rannsakað og samþykkt, en hún hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Henni ber því að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

[13:44]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn., hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er hún boðin velkomin til þingstarfa.

Varamaður tekur þingsæti.

[13:45]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags 28. sept. 1993:

„Þar sem ég verð fjarverandi 3.–17. október nk. vegna opinberra erindagerða í Kína óska ég eftir því að varamaður minn, Svanhildur Árnadóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.

Virðingarfyllst,
Halldór Blöndal."

Svanhildur Árnadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til þingstarfa.

Kosning forseta.

[13:48]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Þá verður tekið fyrir fyrsta málið á prentaðri dagskrá sem útbýtt hefur verið. Það er kosning forseta skv. 1. mgr. 3. gr. þingskapa.

Tilnefning hefur borist um Salome Þorkelsdóttur, 2. þm. Reykn. Ef ekki koma fleiri uppástungur þá er Salome Þorkelsdóttir í kjöri. Ég tek fram að þau atkvæði sem kunna að koma á einhverja aðra þingmenn eru ógild atkvæði.

Gengið var til forsetakosningar. Atkvæði féllu þannig að **Salome Þorkelsdóttir**, 2. þm. Reykn., hlaut 45 atkvæði, auðir seðlar voru 13 og 2 seðlar ógildir.

[13:49]

Aldursforseti (Matthías Bjarnason):

Samkvæmt þessu er Salome Þorkelsdóttir rétt kjörin forseti þessa þings. Ég óska henni til hamingju með kjörið og bið hana að taka við fundarstjórn.

[13:51]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka aldursforseta hlý orð og góðar óskir í minn garð. Jafnframt þakka ég það traust sem mér hefur verið sýnt með því að kjósa mig á ný sem forseta Alþingis og að er einlæg ósk mín að með okkur megi takast gott samstarf á því þingi sem nú fer í hönd.

Kosning varaforseta.

Fram kom einn listi með jafnmörgum nöfnum samtals og kjósa skyldi. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

1. varaforseti: Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
2. varaforseti: Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
3. varaforseti: Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
4. varaforseti: Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
5. varaforseti: Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
6. varaforseti: Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

[13:53]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég óska varaforsetum til hamingju með kjörið og vænti þess að eiga náið og gott samstarf við þá á því þingi sem nú er fram undan.

Afbrigði um kosningu í fastanefndir.

[13:54]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt 13. gr. þingskapa ber að kjósa í fastanefndir þingsins á þessum fyrsta fundi, en forseta hefur borist ósk um það frá formönnum þingflokka að kosningu til fastanefnda verði frestað til miðvikudags. Ef enginn hreyfir andmælum telst samþykkt að veita afbrigði til þess að fresta þeirri kosningu til miðvikudags og er þá þeirri kosningu frestað.

Sætaskipun.

[13:55]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. þingskapalaga verður nú hlutað um sæti þingmanna.

Sætaúthlutun fór á þessa leið:

2. sæti hlaut Jóhannes Geir Sigurgeirsson,
3. sæti hlaut Árni R. Árnason,
4. sæti hlaut Árni M. Mathiesen,
5. sæti hlaut Ólafur Ragnar Grímsson,
6. sæti hlaut Gísli S. Einarsson,
7. sæti hlaut Egill Jónsson,
8. sæti hlaut Margrét Frímannsdóttir,
9. sæti hlaut Ingibjörg Sólrún Gísladóttir,
10. sæti hlaut Hjörleifur Guttormsson,
11. sæti hlaut Björn Bjarnason,
12. sæti hlaut Jóna Valgerður Kristjánsdóttir,
13. sæti hlaut Eyjólfur Konráð Jónsson,
14. sæti hlaut Ingibjörg Pálmadóttir,
15. sæti hlaut Petrína Baldursdóttir,
16. sæti hlaut Rannveig Guðmundsdóttir,
17. sæti hlaut Valgerður Sverrisdóttir,
18. sæti hlaut Jón Kristjánsson,
19. sæti hlaut Guðmundur Bjarnason,
20. sæti hlaut Ingi Björn Albertsson,
21. sæti hlaut Vilhjálmur Egilsson,
22. sæti hlaut Guðni Ágústsson,
23. sæti hlaut Páll Pétursson,
24. sæti hlaut Sólveig Pétursdóttir,
25. sæti hlaut Pálmi Jónsson,
26. sæti hlaut Matthías Bjarnason,
27. sæti hlaut Finnur Ingólfsson,
28. sæti hlaut Eggert Haukdal,
29. sæti hlaut Kristín Ástgeirsdóttir,
30. sæti hlaut Ragnar Arnalds,
31. sæti hlaut Steingrímur J. Sigfússon,
32. sæti hlaut Gunnlaugur Stefánsson,
33. sæti hlaut Tómas Ingi Olrich,
34. sæti hlaut Jóhann Ársælsson,
35. sæti hlaut Sturla Böðvarsson,
36. sæti hlaut Steingrímur Hermannsson,
37. sæti hlaut Kristín Einarsdóttir,
38. sæti hlaut Guðjón Guðmundsson,
39. sæti hlaut Geir H. Haarde,
40. sæti hlaut Einar K. Guðfinnsson,
41. sæti hlaut Kristinn H. Gunnarsson,
42. sæti hlaut Sigríður A. Þórðardóttir,
43. sæti hlaut Svavar Gestsson,
44. sæti hlaut Anna Ólafsdóttir Björnsson,
45. sæti hlaut Lára Margrét Ragnarsdóttir,
46. sæti hlaut Ólafur Þ. Þórðarson,
47. sæti hlaut Árni Johnsen,
48. sæti hlaut Sigbjörn Gunnarsson,
49. sæti hlaut Jón Helgason,
50. sæti hlaut Stefán Guðmundsson,
51. sæti hlaut Halldór Ásgrímsson,
52. sæti hlaut Guðmundur Hallvarðsson,
53. sæti hlaut Guðrún Helgadóttir.

Fundi slitið kl. 14.07.

---

2. FUNDUR

þriðjudaginn 5. okt.,
kl. 8.30 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnuræða forsætisráðherra og umræða um hana (útvarpsumræður).

Útbýting þingskjala:

Afli krókaleyfisbáta, 14. mál, fsp. EKG, þskj. 14.

Afli línubáta, 15. mál, fsp. EKG, þskj. 15.

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, 22. mál, fsp. JÁ, þskj. 22.

Eftirlaunaréttindi launafólks, 6. mál, frv. GÁ o.fl., þskj. 6.

Eftirlit með opinberum fjársöfnunum, 11. mál, fsp. MF, þskj. 11.

Embætti ríkislögmanns, 21. mál, fsp. SvG, þskj. 21.

Frumkvöðlar í atvinnulífinu, 19. mál, þáltill. ÁRÁ, þskj. 19.

Jarðhitaréttindi, 17. mál, frv. HG o.fl., þskj. 17.

Orka fallvatna, 18. mál, frv. HG o.fl., þskj. 18.

Ratsjárstöðvar, 20. mál, fsp. EKG, þskj. 20.

Rekstur grunnskóla, 12. mál, fsp. MF, þskj. 12.

Samstarfssamningur Norðurlanda, 16. mál, stjtill., þskj. 16.

Skráning blóðflokka í ökuskírteini, 10. mál, fsp. MF, þskj. 10.

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 13. mál, fsp. MF, þskj. 13.

Yfirstjórn menningarstofnana, 8. mál, frv. SvG, þskj. 8.

Stefnuræða forsætisráðherra (útvarpsumræður).

[20:30]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Gengið er til dagskrár og fyrir tekið eina dagskrármálið, stefnuræða forsrh. og umræður um hana, sem útvarpað verður og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu. Umræðurnar skiptast í tvær umferðir. Í fyrri umferð hefur forsrh. til umráða allt að hálfri klukkustund en fulltrúar annarra þingflokka 20 mínútur hver. Í síðari umferð hefur hver flokkur 10 mínútur til umráða. Röð flokkanna verður þessi í báðum umferðum: Sjálfstfl., Framsfl., Alþfl., Alþb. og Samtök um kvennalista.

Ræðumenn fyrir Sjálfstfl. verða Davíð Oddsson forsrh. í fyrri umferð, Friðrik Sophusson fjmrh. og Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v., í síðari umferð. Af hálfu Framsfl. tala Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn., og Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e., í fyrri umferð, en Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl., í þeirri síðari. Ræðumenn Alþfl. verða: Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh. og Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn., í fyrri umferð, en Sigbjörn Gunn-

arsson, 7. þm. Norðurl. e., og Guðmundur Árni Stefánsson, heilbr.- og trmrh., í þeirri síðari. Fyrir Alþb. tala Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., og Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., í síðari umferð. Af hálfu Samtaka um kvennalista tala Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv., og Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv., í fyrri umferð, en Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn., í þeirri síðari. Hefst nú umræðan og til máls tekur hæstv. forsrh., Davíð Oddsson.

[20:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti, góðir Íslendingar. Stefnuræða er nú flutt í fjórða sinn frá því að núv. ríkisstjórn tók til starfa. Í fyrri ræðum hefur verið gerð grein fyrir þeirri fjárhagslegu úttekt, hreinsun og uppstokkun, sem átt hefur sér stað í íslensku efnahagslífi og sjóðakerfi eftir óreiðu þeirra ára sem á undan fóru. Þá hefur verið lýst þeim aðgerðum sem grípa þurfti til vegna þess að góðærinu hafði verið kastað á glæ. Þjóðin var því illa búin undir þá kreppu sem gengið hefur yfir efnahagslíf í okkar heimshluta og minnkandi afla og lækkandi afurðaverð. Þegar þessi stefnuræða er flutt, á kjörtímabilinu miðju, eru hins vegar bæði efni og ástæður til þess að segja að þrátt fyrir erfiðleika hefur okkur miðað mjög í rétta átt. Þjóðin hefur siglt andbyrinn af staðfestu og reynst vandanum vaxin. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa borið árangur og efnahagslegar vísbendingar ganga í eina átt. Þrátt fyrir að þorskafli sé enn í lágmarki og úr honum verði enn dregið á næsta ári þá eru forsendur að skapast til sóknar í íslenskum efnahagsmálum. Þessi árangur hefur vissulega ekki náðst án átaka eða erfiðis og ríkt samstaða þjóðarinnar hefur verið forsenda hans. Ef einhver þjóð er laus við stéttarmeting og ríg þá er það hin íslenska þjóð. Þess vegna er henni léttara að beita öllum kröftum að einu marki þegar mikið liggur við og skynja að þeir hagsmunir sem eru í veði eru heildarhagsmunir, þjóðarhagsmunir, í tærustu merkingu þess orðs. Það hefur sjaldnast tekist til langframa að ota einstökum stéttum hverri gegn annarri í þessu landi. Í þau fáu skipti, sem boðberar öfundarhyggju og stéttaátaka hafa haft sitt fram hefur það verið flestum til ills og fáum til góðs. Við skynjum í umræðu dagsins að borgarbúinn hlýtur að koma til móts við bóndann og bóndinn að koma til móts við borgarbúann ef vel á að fara. Stundarhagsmunir þeirra kunna að rekast á en til lengri tíma eiga þeir í sameiginlegri baráttu og sameiginlega hagsmuni. Með þessu hugarfari, og þessu hugarfari einu, nær íslenska þjóðin árangri á erfiðum tímum. Árangur er alltaf fagnaðar- og þakkarefni, en ekki síst fyllumst við stolti þegar árangur næst á erfiðum tímum því þá reynir meir en endranær á samstöðuvilja og fórnarlund. Ég tel að þessir eðliseiginleikar þjóðarinnar og stefnufesta stjórnvalda hafi leitt til þess að hvar sem litið er á viðurkennd efnahagstákn sést ótvíræður árangur.

Þegar Alþingi lauk störfum síðastliðið vor urðu allmargir forustumenn stjórnarandstöðunnar til þess að fullyrða að glórulaust ábyrgðarleysi væri að þingi lyki þegar grundvallaratvinnuvegir þjóðarinnar væru komnir á vonarvöl og engin úrræði virtust í nánd. Þegar gripið var til efnahagsráðstafana snemma sumars héldu talsmenn stjórnarandstöðunnar því fram að efnahagsstefnan hefði endanlega steytt á skeri og splundrast og nú væru að hefjast á ný hinir válegustu tímar í efnahagslífi þjóðarinnar. Kollsteypur væru fram undan í þróun verðlagsmála, kollsteypur sem enginn fengi við ráðið eða gæti séð fyrir endann á. Sagt var að vandamálin væru svo risavaxin að augljóst væri að stjórnmálaflokkarnir allir yrðu að koma að lausn þeirra ef nokkur vonarglæta ætti að sjást í svartnættinu. Þeir sem þannig töluðu hljóta nú að sjá og fagna að allt fór það betur en þeir hugðu. Þrátt fyrir að á einu ári hafi afurðaverð sjávarafla okkar lækkað um 18% í erlendum gjaldmiðli og þótt enn hafi þurft að skera þorskkvótann mikið niður til að tryggja öruggan framtíðarvöxt hans hefur tekist vel að halda sjó. Ríkisstjórnin hunsaði ekki framangreind sjónarmið um samstarf og stjórnarandstöðunni var boðið að koma að verki þegar tillögur voru undirbúnar og ákvarðanir teknar. Því miður kaus stjórnarandstaðan að skila auðu í þessum efnum. Þá afstöðu eða öllu heldur algert og auðséð afstöðuleysi á stjórnarandstaðan við kjósendur þegar þeir ganga að kjörborði eftir tæp tvö ár. Þessir kjósendur munu í kvöld hlusta með athygli eftir því hvort stjórnarandstaðan hafi eitthvað annað fram að færa en ónot út í ríkisstjórn og venjubundin yfirboð sem engin innstæða er fyrir.

Verkefnin fram undan eru ljós og skýr. Meginviðfangsefnið er að tryggja þann mikla ávinning sem orðið hefur af efnahagsstjórn á þrengingartímum. Hvergi má hvika af þeirri braut sem mörkuð hefur verið svo hagvöxturinn og batinn sem fram undan eru eftir fáein missiri skili sér skjótt inn í íslenskt efnahagslíf og til sérhverrar íslenskrar fjölskyldu.

Mér þykir rétt, virðulegi forseti, að víkja nú að þessum þáttum, þar sem svo vel hefur til tekist, og þeim straumhvörfum sem eru að verða í okkar efnahagsmálum. Í því sambandi er nauðsynlegt að horfa jafnt til þeirra þjóða sem næst okkur standa og inn á við að málefnum okkar sjálfra.

Haustið 1992 óttuðust margir að efnahagskreppan í okkar heimshluta, minnkandi afli hér heima og lækkandi afurðaverð, kynni að leiða til þess að atvinnuleysi yrði hér óskaplegt eða u.þ.b. 20%, líkt og gerst hefur í sumum löndum Evrópu, svo sem á Spáni, Finnlandi og Írlandi svo nokkur lönd séu nefnd. Þeir sem bjartsýnni voru töldu að atvinnuleysi yrði í besta falli á milli 10 og 20% eins og gerst hefur í Bretlandi, Danmörku og í rauntölum í Svíþjóð ef glöggt er skoðað. Víst er atvinnuleysi nokkru meira á Íslandi nú en við höfum átt að venjast. Stjórnarandstæðingar drógu í efa fullyrðingar mínar úr þessum ræðustól sl. vor að atvinnuleysi myndi fara minnkandi með vorinu vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar. Í fimm mánuði í röð minnkaði atvinnuleysið og gerðist slíkt ekki í neinu öðru Evrópulandi um þær mundir. Af þessum ástæðum mun atvinnuleysi verða minna á þessu ári en Þjóðhagsstofnun gerði ráð fyrir í upphafi þess. Við munum

glöggt eftir svimandi háum atvinnuleysistölum frá einstökum stöðum á landinu, svo sem á Suðurnesjum, en þar hefur gjörbreyting orðið vegna þeirra aðgerða sem sveitarfélög og ríkisvald gripu til. En mestu skipta þar, eins og annars staðar á landinu, hin jákvæðu áhrif þess að friður náðist á vinnumarkaði og eiga ábyrgir forustumenn launþegahreyfingarinnar og atvinnulífs miklar þakkir skildar fyrir atbeina sinn að því máli. Hafa þeir unnið umbjóðendum sínum drjúgt og reyndar landsmönnum öllum með því að tryggja vinnufrið í landinu og standa um leið vörð um hag þeirra sem lökust hafa kjör. Meginverkefni kjarasamninganna og aðgerða ríkisstjórnarinnar, bæði í nóvember og júní sl., var að tryggja stöðu atvinnufyrirtækjanna og sporna gegn atvinnuleysi. Fullyrða má að í annan tíma hafi ekki raunhæfari aðgerðir verið gerðar til að treysta stöðu íslensks atvinnulífs en á liðnum missirum fyrir frumkvæði ríkisstjórnarinnar og stjórnarliðsins hér á Alþingi. Ég býst við því að þið, ágætu áheyrendur, hafið stundum heyrt því haldið fram og heyrið kannski í kvöld að ríkisstjórnin hafi hvorki haft vilja né getu til að leggja neitt af mörkum til að styrkja stöðu atvinnulífsins í landinu. Hún hafi kosið að halda að sér höndum og víkja vanda þess frá sér. Ekkert er fjær lagi. Fullyrðingar af þessu tagi lýsa ótrúlegu skilningsleysi á málefnum atvinnulífsins eða þá hinu að þeir sem þær hafa uppi fylgjast ekki með því sem mikilvægast gerist í stjórnmálaákvörðunum í þeirra eigin landi. Allir sem til þekkja vita að starfsskilyrði atvinnuveganna hafa verið stórbætt auk þess sem atvinnulífið sjálft hefur fyrir hvatningu frá stjórnvöldum og fyrir eigin atbeina stórbætt innra skipulag fyrirtækjanna og náð fram hagræðingu og sparnaði. Fyrirtækin, stór og smá, eru því hæfari til að takast á við aðsteðjandi vanda, erfiðari ytri skilyrði og harðari samkeppni.

Þannig hefur verið búið um hnútana að raungengi krónunnar er nú hagstæðara íslenskum útflutningsgreinum en nokkru sinni áður í síðari tíma sögu. Þessi gengisávinningur hefur fengist fram án þess að stöðugleikanum hafi verið raskað til lengri tíma. Með því að laga okkur að breyttri stöðu með þessum hætti höfum við skotið á ný traustum stoðum undir gengisstöðugleika sem ekki þarf að rjúfa ef engin ný áföll dynja yfir. Það hefur ekki tekist áður að bæta starfsskilyrði atvinnulífsins svo mjög með almennum efnahagslegum aðgerðum og tryggja um leið að verðbólga og viðskiptahalli fari ekki úr böndum. Áður hefur stundum nokkuð áunnist um skamma hríð þegar beitt hefur verið lagaþvingunum á kjör alls þorra launafólks. Slíkt hefur ekki verið gert nú. Það er ekki eingöngu að raungengi krónunnar sé nú hagstæðara íslenskum útflutningsatvinnuvegum en áður heldur hafa margvíslegir skattar á atvinnustarfsemina í landinu verið lækkaðir og fyrirtækin hafa búið við meiri stöðugleika en fyrr. Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði mun skapa íslensku atvinnulífi ný sóknarfæri og ríkisstjórnin hefur fyrir sitt leyti lagt mikið af mörkum til að tryggja að kjarasamningar mættu ná fram að ganga í landinu. Vinnufriður gerir mönnum fært að skipuleggja sín mál til lengri tíma. Slíkt umhverfi er forsenda þess að atvinnuöryggi allra sé tryggt til frambúðar.

Verðbólgudraugurinn var löngum sá draugur sem erfiðastur var í íslensku efnahagslífi og virtist illvígari en flestir draugar aðrir. Verðbólgan hér á landi er nú svipuð eða minni en gerist annars staðar í Evrópu og allt bendir til að hún verði enn minni á næsta ári. Fyrir fáum árum gátum við ekki rætt um verðbólgu á Íslandi kinnroðalaust en erum nú í fremstu röð þeirra þjóða sem halda best allra utan um þennan þátt og næsta ár verður þar engin undantekning.

Margoft hefur verið vakin á því athygli að Íslendingar hafi verið að safna erlendum skuldum á undanförnum árum. Auðvitað er það forkastanlegt ef stjórnvöld láta það viðgangast að skuldir þjóðarinnar í útlöndum vaxi stórkostlega þegar engar efnahagslegar ástæður eru til þess, þegar aflabrögð og afurðaverð er hagstætt, eins og var á tímabilinu 1988–1991. Þá voru ytri skilyrði hagstæð en stjórnmálaforustan brást. Á undanförnum árum hefur hins vegar verið tekist á við vandann en ekki hlaupist undan honum þótt andróður hafi verið töluverður. Nú er skuldasöfnun Íslendinga erlendis hætt þrátt fyrir minnkandi afla og þrátt fyrir það að afurðaverð hafi lækkað á einu ári um 18% í erlendri mynt. Skuldasöfnun íslensku þjóðarinnar erlendis hefur verið stöðvuð og erlendar skuldir þjóðarbúsins lækka að raungildi milli áranna 1992 og 1993 og munu enn halda áfram að lækka á næsta ári. Á þremur árum hefur dregið úr viðskiptahalla Íslendinga um hvorki meira né minna en 13 milljarða kr. — 13 þús. millj. kr. Þessi árangur er afskaplega mikilvægur og hefur náðst þrátt fyrir að erfið ytri skilyrði hafi leitt til samdráttar og stöðnunar í þjóðarbúskapnum nú um nokkurra ára skeið. Þegar þannig áraði áður í íslensku efnahagslífi þá fór verðbólga á flugskrið og viðskiptahalli jókst. Nú hefur hins vegar tekist að hemja bæði verðbólgu og viðskiptahalla, minnka reyndar hvort tveggja verulega. Þannig hefur aðhaldssöm hagstjórn og ekki síst raunsætt mat aðila vinnumarkaðarins nú tryggt þjóðinni stöðugleika.

Mikilvægt er að láta ekki glímuna við efnahagserfiðleika taka alla athygli frá öðrum framfaramálum og ríkisstjórnin hefur því kappkostað að vinna ötullega á öðrum sviðum á sama tíma. Sú umbylting sem komið var fram á síðasta ári, með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði og meðfylgjandi aðgerðum, er mesta breyting á íslensku réttarkerfi í a.m.k. hálfa öld. Þegar liggur fyrir að þessi breyting hefur skilað aukinni skilvirkni á héraðsdómsstigi auk þess að bæta réttaröryggi. Tillögur liggja fyrir um viðlíka umbætur til betri og hraðari meðferðar mála fyrir hæstarétti landsins.

Þá liggja nú fyrir umfangsmiklar tillögur um sameiningu sveitarfélaga. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að sveitarfélög styrkist frá því sem nú er og geti þannig tekið við veigamiklum verkefnum frá ríkisvaldinu, m.a. á sviði skólamála, heilbrigðismála og félagsmála. Hinn 20. nóv. nk. verður kosið um tillögur umdæmanefnda en þær fela í sér fækkun sveitarfélaga úr 196 í 43. Vonandi er að mál þróist á þann veg að sveitarfélög

eflist og geti þannig haft meiri áhrif á þá málaflokka sem íbúar þeirra telja mikilvægasta.

Í menntamálum hefur verið unnið öflugt starf sem lýtur að uppbyggingu og stefnumörkun til lengri tíma. Ríkisstjórnin samþykkti nýlega tillögur að stefnu í vísinda- og tæknimálum en á henni verður hægt að byggja starfsemi komandi ára í þessum málaflokki. Þá hafa tillögur um listaháskóla verið lagðar fram og þannig mætti lengi telja.

Ríkisstjórnin vill setja umhverfismál í öndvegi en á þeim vettvangi hefur Ísland öll skilyrði til að vera fordæmisgefandi fyrir aðrar þjóðir. Þessir þættir ásamt einhverju mesta samgönguátaki sem Íslendingar hafa gert á fáum árum munu ásamt öðru stuðla að því að ferðamannaþjónusta eflist enn sem helsti vaxtarbroddur fyrir íslenskt atvinnulíf.

Við Íslendingar horfum mjög til stöðu sjávarútvegsins í landinu og við höfum öll þungar áhyggjur þegar illa gengur þar og erfiðleikar magnast og hriktir í þessari undirstöðugrein. Sjávarútvegurinn hefur ekki í áratugi þurft að berjast í gegnum aðra eins boða og hann hefur orðið að gera á undanförnum missirum. Við þekkjum öll hinn mikla samdrátt í afla og hið óvenjulega hefur gerst að um leið og afli dregst saman hríðlækkar afurðaverð. Verð sjávarafurða er með því lægsta sem þekkist í sögulegu samhengi á sama tíma og þorskafli er minni en við höfum áður þurft að búa við. En það er engin ástæða til að örvænta og forráðamenn í sjávarútvegi, hvort sem þeir fara með stjórn einstakra fyrirtækja, skipa eða vinnslustöðva eða heildarsamtaka, hafa aldrei misst von. Við sjáum nú að ástæða er til að ætla að við siglum senn lygnari sjó í þessum efnum. Skilyrði í hafinu hafa batnað og seiðamælingar vísindamanna gefa tilefni til nokkurrar bjartsýni. Halli í sjávarútvegi er um 2% um þessar mundir þrátt fyrir að greiðslur úr Verðjöfnunarsjóði komi ekki lengur til eins og á síðasta ári. Framreiknaðar tölur miðað við aflasamdrátt benda til þess að halli á næsta ári í sjávarútvegi geti orðið 4,5%. Auðvitað er þetta töluverður halli. En þá er rétt að hafa í huga að þessar hallatölur byggja á því að engin hagræðing eigi sér stað í greininni og að afurðaverð fari ekki hækkandi. Ýtrasta varkárni segir okkur þó að miðað við reynslu á þessu ári þá sé ástæða til þess að ætla að hagræðing muni skila nokkru til greinarinnar ekki síst eftir að þróunarsjóður sjávarútvegs hefur tekið til starfa. Líkur benda einnig fremur til þess að verðlag afurða okkar fari nokkuð hækkandi á næsta ári.

Landbúnaðurinn hefur ekki síður en sjávarútvegur átt við erfiðleika að glíma á undanförnum árum. Dregið hefur verið úr framleiðslu mjólkur og sauðfjárafurða í samræmi við búvörusamninga. Jafnvægi hefur náðst í mjólkurframleiðslu en minnkandi neysla kindakjöts veldur því að enn þarf að draga saman í þeirri grein. Þar er framleiðsluskerðingin orðin mjög mikil og fyrirsjáanlegir erfiðleikar á næstu árum.

Með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1994 hafa útgjöld til landbúnaðarmála verið dregin saman um tæplega fjóra og hálfan milljarð á ári eða um 40% miðað við meðalútgjöld á síðasta kjörtímabili. Um er að ræða varanlegan árangur en ekki tímabundinn frest.

Með gildistöku samninganna um hið Evrópska efnahagssvæði en þó einkum með væntanlegri niðurstöðu í Uruguay-lotunni hjá GATT opnast fyrir innflutning á flestum unnum búvörum með heimild til að leggja á stiglækkandi jöfnunartolla. Ríkisstjórnin hefur mótað ákveðna stefnu í þessum efnum og leggur áherslu á að framkvæmdin verði skipuleg og landbúnaðinum gefist möguleiki á að aðlagast þessum breyttu aðstæðum. Nauðsynlegt er að endurmeta ýmsar álögur á landbúnaðinn og rekstrarskilyrði hans að öðru leyti í því skyni að styrkja samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu. Að því er nú unnið.

Verðbólgan minnkar nú ört og nafnvextir munu lækka að sama skapi. Nýgerður samningur Seðlabankans og hins almenna bankakerfis mun stuðla að hraðri nafnvaxtalækkun. Bankarnir hafa á síðustu árum þurft að hafa mikinn vaxtamun til þess að bæta sér upp útlánatap. Þetta er ekkert einstakt fyrir hið íslenska bankakerfi. Útlánagleðin var mikil um allan heim, einkum hinn vestræna heim á liðnum áratug. Ekki er vafi á því að hagsmunaaðilar í löndunum og stjórnvöldin sjálfýttu mjög undir þá útgjaldagleði og fjárfestingaröldu sem þá reis. Hér á landi gengu stjórnvöld á undan með vondu fordæmi er fé var ausið á báða bóga af miklu kappi en að sama skapi af lítilli forsjá. Menn þekkja dæmin úr fiskeldi, loðdýrarækt og geðþóttastuðningi við einstök atvinnufyrirtæki. Þessar óreiðuskuldir erum við nú að borga, m.a. í miklum vaxtamun bankanna. Þessar skuldir getur enginn borgað nema við, íslenskir launþegar og íslenskt atvinnulíf. Við getum ekki vísað þeim neitt annað þótt við fegin vildum og þótt við séum saklaus af þessum skuldum. Meðan bankarnir eru að komast fyrir vind í þessum efnum munu þessar skuldir vissulega gera okkur erfitt um vik að lækka raunvexti svo sem nauðsynlegt væri á samdráttarskeiði. Því hefur hins vegar verið haldið fram að ríkisvaldið hefði forgöngu um hávaxtastefnu. Þær tölur sem nýjastar eru benda ekki til þess. Raunávöxtunarkrafa spariskírteina ríkissjóðs á verðbréfaþingi er nú 6,89% en var þegar ríkisstjórnin tók við 8,42% og hefur því lækkað umtalsvert á þessum tíma. Ríkið hefur dregið úr útgjöldum sínum ár frá ári, þótt ríkissjóðshalli hljóti enn að vera nokkur vegna minnkandi tekna. Frá árinu 1991 hafa heildarútgjöld ríkisins lækkað um 10 milljarða króna ef miðað er við það frumvarp að fjárlögum sem lagt hefur verið fyrir Alþingi. Þessi árangur er einstakur í íslensku efnahagslífi og íslenskri efnahagsstjórn. Við skulum skoða aðrar tölur til samanburðar. Á því tuttugu ára tímabili sem sumir kenndu við Framsóknarflokkinn, frá 1970–1991, jukust heildarútgjöld ríkissjóðs um 243% að raungildi — 243%. Á sama tíma jukust þjóðartekjur aðeins um 140%. Á þessum tuttugu árum jukust útgjöld ríkissjóðs um 3,6 milljarða á hverju ári að raungildi eða 5,8%. Augljóst mátti vera að þannig gat það ekki gengið að útgjöld ríkissjóðs væru aukin langt umfram tekjur þjóðarinnar. Menn flutu kannski ekki sofandi að feigðarósi en fráleitt hafa þeir verið vakandi fyrir þeim vandræðum sem þeir voru að skenkja kom-

andi kynslóðum.

Í tíð núverandi ríkisstjórnar hafa verið tekin upp ný vinnubrögð. Það má nefna nokkur dæmi um varanlegan sparnað, sparnað sem þó breytir engu um það að Ísland er og verður í fremstu í röð velferðarríkja. Við höfum þannig sparað rúmlega milljarð króna árlega á fjárveitingum til Lánasjóðs íslenskra námsmanna eingöngu og veitir hann þó eftir sem áður námsmönnum öflugri stuðning en víðast hvar þekkist.

Á árinu 1994 verða framlög til landbúnaðarmála og stofnana landbúnaðarins 4,5 milljörðum króna lægri að raungildi en á árinu 1991. Þetta jafngildir því að á fjórum árum, einu kjörtímabili, drægi úr þessum útgjöldum um 18 milljarða króna, hvorki meira né minna.

Framlög almannatrygginga hækkuðu að jafnaði um 4% á ári og ljóst var að þessi stóri málaflokkur stefndi í hreint óefni, óefni sem mundi fyrr en síðar ríða fjárhag ríkisins að fullu eða framkvæma glórulausa skattasprengingu. Þar hefur verið tekið á af mikilli festu en um leið varkárni. Ef horft er til annarra bóta almannatrygginga en atvinnuleysisbóta hafa þær lækkað um 2% á ári frá 1991, miðað við fjárlagafrumvarp næsta árs. Þetta eru nokkur dæmi um sparnað í stórum liðum en ráðuneytin hafa öll í smáu sem stóru sparað verulega í útgjöldum sínum. Stjórnarandstaðan hefur amast mjög við allri þessari sparnaðarviðleitni og reynt að koma í veg fyrir að hún næði fram að ganga hér á þinginu. Það segir miklu skýrara frá því hvers af henni væri að vænta heldur en fagurgali og yfirboði hennar hér í salnum.

Lánsfjárþörf hins opinbera var 40 milljarðar árið 1991. Gert er ráð fyrir að hún verði 26 milljarðar á þessu ári og lækki í 23 milljarða á næsta ári. Það er lækkun um 17 milljarða frá 1991. Sparnaður í ríkisútgjöldum og minnkandi lánsfjárþörf hins opinbera stuðla að því að raunvextir fari lækkandi í landinu.

Virðulegi forseti. Við lifum á tímum sem sífellt virðast geta komið á óvart. Skammt er síðan menn urðu vitni að skyndilegum og stórkostlegum breytingum í Austur-Evrópu og hruni Sovétríkjanna og menn fylgjast með atburðum þar í dag. Enn hafa ótrúlegir hlutir gerst með samkomulagi fornra fjenda fyrir botni Miðjarðarhafs. Þótt eftir séu flóknir samningar er þetta engu að síður fyrsta og stærsta skrefið í átt til varanlegrar og réttlátrar lausnar fyrir alla aðila í þessum heimshluta. Líkt og svo margir aðrir vonum við og trúum að þarna hafi reyndar verið stigið svo stórt skref að ekki verði aftur snúið.

Þegar Simon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, hafði í heimsókn sinni hingað í ágúst gert grein fyrir aðalatriðum samkomulagsins, sem hann var sannfærður um að þá yrði að veruleika innan örfárra vikna, lagði hann áherslu á að því yrði fylgt eftir með bættum lífskjörum Palestínumanna á sjálfsstjórnarsvæðunum. Undir það var tekið af minni hálfu og lofað að kanna hvort íslensk stjórnvöld gætu orðið við beiðni Ísraelsmanna um fjárframlag í þessu skyni. Ríkisstjórnin ákvað síðan að Íslendingar legðu sitt af mörkum til samnorrænnar áætlunar um efnahagsaðstoð við Palestínumenn.

Við megum einnig eiga von á að kallað verði eftir stuðningi okkar sem annarra vegna átakanna í fyrrverandi Júgóslavíu. Þau eru skýrasta dæmið ásamt atburðum dagsins um hinar hræðilegu nýju hættur sem steðja að stöðugleika í Evrópu eftir þær stórstígu breytingar sem fólust í lokum kalda stríðsins. Serbar, og reyndar Króatar einnig, hafa með framferði sínu í Bosníu fótumtroðið alþjóðalög og mannréttindi. Grundvallargildi eru þarna í húfi. Finna verður réttláta lausn í Bosníu til að tryggja frið og stöðugleika í Evrópu.

Frá lokum kalda stríðsins hafa NATO-ríkin unnið að því að draga úr hernaðarlegum viðbúnaði og útgjöldum til landvarna með tilliti til breyttra aðstæðna. Um leið reyna menn að átta sig á hverjir séu varanlegir öryggishagsmunir bandalagsríkjanna óháð þeim breytingum sem orðið hafa og vegna þeirrar óvissu sem áfram ríkir og þeirra nýju vandamála sem við hafa tekið. Ríkisstjórnin kom í fyrra á fót nefnd til að leggja sjálfstætt mat á öryggishagsmuni Íslendinga eftir kalda stríðið og ræða niðurstöðurnar við helstu bandamenn. Nefndin gaf út skýrslu í marsmánuði síðastliðnum þar sem öryggishagsmunir þjóðarinnar eru skýrt skilgreindir. Þá hafa verið í gangi viðræður milli Íslands og Bandaríkjanna um hugsanlegar frekari breytingar á varnarliðinu en þær sem þegar eru orðnar. Staðfest er af hálfu bandarískra stjórnvalda, þar á meðal á fundi sem ég átti með varaforseta Bandaríkjanna í Washington í ágúst síðastliðnum og á fundi sem utanríkisráðherrar landanna áttu í síðustu viku, að breytingar verði ekki gerðar nema í samráði og með samkomulagi beggja ríkjanna. Báðir aðilar hafa ítrekað nauðsyn þess að halda áfram nánu varnarsamstarfi og ítrekað skuldbindingar sínar í varnarsamningnum frá 1951. Það undirstrikar að þótt vænta megi einhverra breytinga á liðsskipan í varnarliðinu byggist varnarsamstarfið á varanlegum öryggishagsmunum Íslands, Bandaríkjanna og NATO á Atlantshafi og innan og utan varnarsvæðis bandalagsins í Evrópu.

Ísland hefur ætíð áskilið sér rétt til að nýta þá hvalastofna við landið sem ekki væru í hættu. Næstu skref okkar í því máli eru nú undirbúin og hlýtur ákvarðanataka í því efni að koma mjög til kasta Alþingis, enda var það ákvörðun þess að mótmæla ekki banni Alþjóðahvalveiðiráðsins á sínum tíma. Framangreind tvö mál snerta bæði efnahagslega afkomu okkar. Ég hygg að það sé sæmileg sátt um að efnahagsleg sjónarmið eigi ekki að ráða neinum úrslitum um varnarmálin. Nýting hvalastofna er á hinn bóginn tengd lífríki hafsins og allra nytjastofna þess og er því þýðingarmikill hluti af lífsafkomu okkar sem þjóðar sem á allt sitt undir því að jafnvægi í hafinu sé ekki raskað.

Líkt og mörg önnur strandríki hafa Íslendingar mikilla hagsmuna að gæta utan 200 mílna efnahagslögsögunnar. Það á ekki síst við í ljósi þess að búast má við samkeppni um matvælaöflun á hafinu og að slík samkeppni aukist í framtíðinni. Ná þarf samkomulagi við Norðmenn um veiðar í Smugunni svonefndu og veiðar þeirra utan 200 mílna við Ísland. Í þeim samningi þarf í senn að tryggja réttindi á alþjóðlegu hafsvæði,

hagsmuni strandríkis og sameiginlega hagsmuni Íslands og Noregs á alþjóðavettvangi sem lúta að rétti strandríkja varðandi verndun fiskstofna utan 200 mílna. Slíkt samkomulag hlýtur að vera mögulegt ef vilji er fyrir hendi og að því ber að vinna.

Virðulegi forseti, góðir Íslendingar. Orðið vonleysi hefur aldrei verið fyrirferðarmikið í íslenskum talsmáta og í raun hafa aðstæður á Íslandi verið þannig að ekki hefur verið rúm fyrir það orð í hugsun eða tungutaki þeirra sem barist hafa fyrir tilveru sinni og þjóðar sinnar í þessu landi. Þvert á móti hafa Íslendingar ætíð haft trú á landinu og trú á getu sinni til þess að vinna sig út úr hverjum vanda. Sagan sýnir að gildar ástæður hafa búið að baki þessu lífsviðhorfi.

Ég hef leitast við að færa rök fyrir því að erfiðar efnahagsaðgerðir á undanförnum missirum séu að skila verulegum árangri — árangri sem gefur okkur ærið tilefni til bjartsýni ef við látum ekki hrekjast af leið. Ég sagði fyrr í ræðu minni að í tíð síðustu ríkisstjórnar hefðu ytri aðstæður verið hagfelldar en stjórnvöld hefðu brugðist. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur allt verið með gagnstæðum hætti. Aðstæður hafa verið erfiðar en stjórnvöld hafa ekki brugðist. Auðvelt er að ímynda sér hvernig staðan væri ef nú hefðu farið saman erfiðar ytri aðstæður og menn við stjórnvölinn sem heyktust á að takast á við vandann, menn sem brygðust líkt og gerðist hjá þeim sem voru við völd fyrir þremur árum.

Fjárlagafrv. og öll stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar mun miða að því á þessum vetri að treysta þann árangur sem náðst hefur og tryggja að hann skili okkur öllum miklu þegar ytri skilyrði batna en flest bendir til að þau verði okkur hagfelldari á næstu missirum en þau hafa verið nú um skeið. Við höfum því öll efni til þess að horfa vonglöð til framtíðar með ást á landinu og óbilandi traust á því dugandi fólki sem landið byggir. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:05]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti, góðir Íslendingar. Nú hafið þið heyrt boðskap forsrh., þið hafið heyrt forsrh. lýsa því hvað honum hefur gengið afskaplega vel með efnahagsmálin og það mátti jafnvel skilja hæstv. forsrh. svo að ástandið væri bara afskaplega gott. Hvað segið þið sem misst hafið atvinnuna? Þykir ykkur ástandið vera gott? Hvað segið þið sem berjist við okurvextina og fjármagnskostnaðinn og eruð e.t.v. í gjaldþroti, að missa heimili ykkar eða fyrirtæki, þykir ykkur ástandið vera gott? Og hvað segja sjúklingarnir, þeir umkomulausu, sem nú á að reka út á guð og gaddinn frá Gunnarsholti þar sem þeir hafa fengið húsaskjól? Ætli þeim þyki ástandið vera ákaflega gott? Og hvað segja sjúklingarnir, þeir sem minnst hafa fjármagnið t.d., sem þurfa nú eða eiga að þurfa að greiða 2.000 kr. aðgangseyri að hinu íslenska heilbrigðis- og tryggingakerfi, ætli þeim þyki ástandið vera afskaplega gott?

Nei, ég er hræddur um að utanrrh. geti varla verið sammála þessu því ég hlustaði á utanrrh. sl. sunnudag lýsa því í sjónvarpi að ástandið væri stórkostlega hættulegt, við værum komnir fram á ystu nöf því skuldir þjóðarinnar nálguðust nú 70% af þjóðarframleiðslu og greiðslubyrði 30%. Að vísu hefur utanrrh. ekki verið mjög sammála vini sínum forsrh. upp á síðkastið og þarna lýsir hann öndverðri skoðun.

Mér sýndist það eina vanta í þessa öfugmælasögu forsrh. að hann lýsti ástandinu í ríkisstjórninni hjá sér sem afskaplega góðu. En það má kalla fram fleiri vitni um ástandið í þjóðfélaginu. Ég tók hér með mér þjóðhagsáætlun sem er hollt fyrir hvern mann að nálgast og lesa. Þessi þjóðhagsáætlun segir m.a. að erlendar skuldir í þjóðfélaginu nálgist nú 70% eins og utanrrh. upplýsti en í þjóðhagsáætlun segir jafnframt að greiðslubyrði nálgist 40% af gjaldeyristekjum þjóðarinnar og það er áreiðanlega ekki gott ástand.

Forsrh. lýsir skuldunum í krónum en vitanlega er það greiðslubyrðin sem veldur áhyggjum og hún hefur vaxið stórkostlega upp á síðkastið. Hvað segir t.d. heimilisfaðirinn þó að krónuskuldin lækki ef tekjurnar hverfa? Það er þetta sem er rétt hjá hæstv. utanrrh., þetta ástand er ekki afskaplega gott og þetta er ástand sem er orðið eftir tveggja ára setu þessarar ríkisstjórnar.

Þjóðhagsáætlun lýsir fleiru. Hún lýsir því t.d. að fjárfestingin í þjóðfélaginu, fjármunamyndunin eins og kallað er þar, er komin niður fyrir 16%, 15,7% ef ég man rétt, og er sú lægsta sem er í nokkru landi í Vestur-Evrópu. Þjóðhagsstofnun dregur þær réttu ályktanir að þetta sé hættuástand og hún dregur þá ályktun að þetta hljóti að leiða til þess að atvinnuleysi hér fari stórkostlega vaxandi.

Þjóðhagsstofnun spáir því að atvinnuleysi hér verði á næsta ári 5%. Það er að vísu rétt hjá hæstv. forsrh., eins og hann hefur stundum sagt að það er minna en í Vestur-Evrópu en það nálgast það hröðum skrefum.

Forsrh. lýsti því að hann hefur nú flutt fjórar stefnuræður og ég tók mig til og blaðaði í gegnum hans fyrri stefnuræður. Ég gerði það til að reyna að gera mér grein fyrir loforðum og efndum. Útkoman var ekki góð fyrir þessa ríkisstjórn. Forsrh. lýsti því yfir hvað eftir annað að ríkisstjórnin mundi byggja stefnu sína á föstu gengi. Þessi ríkisstjórn hefur fellt gengið tvisvar á átta mánuðum. Ég heyrði það að vísu að forsrh. er búinn að finna nýtt orð fyrir gengisfellingar, hann kallar það nú að búa um hnútana og ráðherrann hefur lengi verið orðhagur maður og kannski verður þetta notað í framtíðinni. En ég er ekki að áfellast ríkisstjórnina fyrir það að hafa fellt gengið því leiðrétting á gengi er ekkert annað en að horfast í augu við þær staðreyndir sem eru orðnar, bæði af ytri aðstæðum og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar. Það varð ekki hjá því komist að sjálfsögðu að fella gengið. Ég vona að það þurfi ekki að fella gengið í þriðja sinn á skömmum tíma.

Ég veit að allir hér og landsmenn muna einnig eftir því að ríkisstjórnin lofaði að hækka ekki skatta, en eftir því sem ég kemst næst og eftir því sem m.a. er birt í einum fjölmiðli þá höfðu skattarnir þegar í fyrra hækkað nettó um a.m.k. 6 milljarða kr. og mig grunar að skattahækkunin sé raunar töluvert meiri þegar tekið er tillit til þeirrar lakari þjónustu sem landsmenn

þurfa að þola. Forsrh. talar um það að skattar verði lækkaðir á fyrirtækjum en þjóðhagsáætlun segir hins vegar að skattar hafa verið færðir frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga og ætli það sé ekki réttari lýsing. Og enn er haldið áfram skattahækkunum. Nú heyrum við það að það á að leggja á okkur og alla íbúa landsins atvinnuleysisskatt, 0,5%, og ég hef áður minnst á heilsukortið, aðganginn að sjúkrahúsunum. Við heyrum stöðugt í fréttum þegar grafið er í fjárlögin um ýmsar skattahækkanir sem fram undan munu vera.

Ég veit að menn muna það einnig að þessi ríkisstjórn lofaði því að vextir mundu lækka. Það átti satt að segja hinn heilagi markaður að sjá um. Þetta hefur verið endurtekið aftur og aftur. Þetta var m.a. endurtekið í síðustu samningum. Samkvæmt Hagvísi Þjóðhagsstofnunar eru vextir nú af vísitölutryggðum lánum í bankakerfinu 9,4% og hafa ekki verið hærri síðan á fyrstu mánuðum þessarar ríkisstjórnar þegar ríkisstjórnin gerði sér lítið fyrir og með einu pennastriki hækkaði vexti á ríkisskuldabréfum um u.þ.b. 2%. Þá fóru vextir í bankakerfinu upp í 10%. Og vextir hækkuðu þegar til framkvæmda kom ein af síðustu gerðum viðskrh. fyrrv. að taka völdin af bankaráðunum að ákveða vexti. Nú eru það bankastjórarnir sjálfir sem gera það og gera það frítt og frjálst.

Vextir hafa ekki lækkað og það væri fróðlegt að heyra hvað forsrh. segir um það í framtíðinni. Ríkisstjórnin lofaði því m.a. að jöfnuður næðist í ríkisfjármálum á þriðja ári hygg ég í hennar stjórnartíð. Forsrh. sagði að vísu „á öðru ári" í fyrrnefndu sjónvarpsviðtali. Hver er niðurstaðan? Nú leggur fjmrh. fram fjárlagafrv. með meiri halla — eins og hann viðurkennir sjálfur — en nokkurn tímann hefur gerst áður, eitthvað í kringum 10 milljarða króna. Þeir sem hafa getað kynnt sér það vel telja að hallinn verði miklu meiri, nálgist jafnvel 20 milljarða þegar upp er staðið.

Þegar ég lít yfir þennan loforðalista hv. ríkisstjórnar finn ég satt að segja ekki nema eitt loforð sem hún hefur dyggilega staðið við. Það er loforðið um að veita atvinnuvegunum enga hjálpandi hönd. Hæstv. forsrh. telur núna að ríkisstjórnin hafi gert eitthvað fyrir atvinnuvegina, hann taldi það að vísu ekki upp, hann taldi að atvinnuvegirnir sjálfir hefðu hagrætt hjá sér. Það er vitanlega ekki nema góðra gjalda vert. En ég veit að allir hér inni minnast þess að forsrh. lýsti því yfir hvað eftir annað að ríkisstjórnin mundi engin afskipti hafa af atvinnulífi landsmanna og atvinnuvegunum. Mér þykir satt að segja stórfurðulegt ef rétt er, sem ég get ekki efast um, sem forseti ASÍ hefur nú upplýst í fjölmiðlum, að í ljós komi að ríkisstjórnin ætli ekki að standa við það loforð frá síðustu samningum, a.m.k. finnist þess ekki fótur í fjárlögum, að veita 2 milljörðum kr. til örvunar íslensku atvinnulífi.

Þetta er ekki falleg saga sem ég hef nú rakið. Satt að segja þykir mér með ólíkindum hvernig þessari ríkisstjórn hefur tekist að eyða þeim ágæta árangri sem var orðinn í lok ársins 1990 og upphafi ársins 1991. Samkvæmt tölum frá sömu Þjóðhagsstofnun var afkoma atvinnuveganna þá með því besta sem hún hafði verið í áratug, bæði sjávarútvegsins og iðnaðarins. Ætli Landssamband iðnaðarmanna sé sammála því að vel hafi gengið í efnahagsmálum hjá þessari ríkisstjórn þegar landssambandið segir að tapast hafi 1.400 ársverk á síðustu tveimur til þremur árum? Ætli landssambandið sé sammála þegar það segir að íslenska ríkisstjórnin geri ekkert til að vernda íslenskan iðnað sem allar aðrar ríkisstjórnir, þótt löndin séu meðlimir að fríverslunarsamtökum, beita sér fyrir af krafti.

Vitanlega gæti ég nefnt hér fjölmargt fleira sem fróðlegt væri að ræða þótt tíminn leyfi ekki að fara ítarlega í sakirnar. Ég hef vaxandi áhyggjur af því, sem ég hygg þó að sjáist aðeins eins og toppurinn af ísjakanum, hve fjármagnsflutningar hafa verið gífurlega miklir frá þeim sem skulda til þeirra sem eiga. Að sjálfsögðu eiga háir vextir þar stærstan þátt í. Mig grunar að meginhlutinn af eignum þessarar þjóðar sé orðinn í höndum örfárra stórfyrirtækja og kannski svona nokkur hundruð einstaklinga. Og ég spyr sjálfan mig satt að segja að því: Tekst þessum einstaklingum að halda uppi háum vöxtum? Tekst þessum aðilum jafnvel að flytja fjármagn sitt úr landi ef staðið verður við áætlanir um fullkomið frelsi í öllum fjármagnsflutningum? Erum við hæfir til þess Íslendingar þegar svo hefur skekkst í okkar þjóðfélagi fjármagnseignin? Tölur í þessu sambandi hafa komið fram frá ýmsum öðrum og tala skýru máli um þá miklu vá sem þarna er fyrir dyrum.

Tíma mínum er nú senn lokið en það er eðlilegt að menn spyrji: Hvað munduð þið framsóknarmenn þá gera í þessari stöðu? Við framsóknarmenn birtum ítarlegar tillögur okkar í þessu riti sem kom út á sl. vori og heitir Átak til endurreisnar. Ég get aðeins nefnt fáein atriði úr þessu riti. Við teljum að eitt það brýnasta, sem þarf að gera án tafar, sé róttækt átak til að jafna kjörin í landinu. Færa byrðar frá þeim sem þola þær ekki til hinna sem eignirnar og tekjurnar hafa. Við teljum að það sé brýn nauðsyn að ná breiðri þjóðarsátt, ekki aðeins með verkalýðsfélögunum, heldur einnig starfsmönnum ríkisins. Við teljum afar brýnt að framkvæma þá þjóðarsátti í fullu samráði við þessa aðila alla. Við teljum satt að segja að ástandið sé orðið svo alvarlegt eins og utanrrh. hefur lýst að það sé þörf á slíkri breiðri þjóðarsátt þar sem traust ríkir á báða bóga. Við teljum að ein fyrsta aðgerðin eigi að verða sú að lækka vextina um a.m.k. þriðjung. Það er hægt að gera þetta á fjölmargan máta. Mætti t.d. gera þetta með því, ef ríkisstjórnin vill ekki beita handafli, að láta Seðlabankann bjóða í ríkisskuldabréfin t.d. 4–5% þá munu vextirnir lækka.

Ég vil aðeins segja það að lokum að ástandið eftir tveggja og hálfs árs setu þessarar ríkisstjórnar er orðið svo alvarlegt að ég hlýt að taka undir það með þeim fjölmörgu Íslendingum sem segja nú hvar sem þú hittir þá: Þessi ríkisstjórn verður að fara frá og boða verður til nýrra kosninga. — Ég þakka þeim sem hlýddu. [21:18]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstvirtur forseti. Góðir áheyrendur. Það hefur lengi verið vitað og er raunar ekki mikil speki að mað-

urinn mótast af umhverfi sínu. Þó svo öllum þyki vænt um sína átthaga er flestum hollt að hleypa heimdraganum til að öðlast víðsýni og skilning á aðstæðum og hugsun annarra starfsstétta, annarra landshluta og jafnvel annarra þjóða. Það er mikilvægt fyrir stjórnmálamenn að hafa reynt sitt af hverju áður en þeir gera stjórnmálin að sínu starfi. En það sem er ekki síður mikilvægt er að þegar það er orðin raunin þá haldi þeir sambandi við sína umbjóðendur og þekki hjartslátt þjóðarinnar en lokist ekki inni í litlum kassa eins og segir í þekktum dægurlagatexta. Ég óttast að sú ríkisstjórn, sem nú er við völd, hafi lokast inni í litlum kassa á lækjarbakka. Eftir að hafa hlýtt á hæstv. forsrh. flytja stefnuræðu sína hér áðan er mér þetta ofarlega í huga.

Hæstv. forsrh. virtist vera alveg ótrúlega fjarri því að þekkja sitt þjóðfélag. Getur verið að hæstv. ríkisstjórn sé um of aðþrengd í sínum litla kassa og þeir einstaklingar sem hana skipa séu að einangrast? Það er ýmislegt sem gefur til kynna að það sé þröngt um ríkisstjórnina. Þjóðin hefur á þessu sumri þurft að hlusta á það æ ofan í æ að ráðherrar hafa sent hver öðrum tóninn í gegnum fjölmiðla og hver höndin er uppi á móti annarri. Man nokkur eftir heitstrengingum að loknum Viðeyjarfundi fyrir tveimur og hálfu ári um að íslenska þjóðin hefði nú eingnast samhenta ríkisstjórn sem ekki ætlaði að talast við í gegnum fjölmiðla? Hæstv. forsrh. sagði að í tíð núverandi ríkisstjórnar hefðu verið tekin upp ný vinnubrögð. Ég álít að það hefði hann ekki þurft að segja nokkrum manni. Þetta er nokkuð sem öll þjóðin hefur tekið eftir. Það hefur nefnilega komið í ljós, sem í sjálfu sér er gott að sannaðist, að það er ekki sama hver fer með stjórn þessa lands. Það er ekki eins og margir hafa haldið og segir í textanum að allir kassar séu eins.

Nú er það svo í lýðræðisþjóðfélagi að það er alltaf hægt að skipta um ríkisstjórn með ákveðnu millibili. Það er hins vegar slæmt ef það tekst á einu kjörtímabili að vinna þau spellvirki á íslensku velferðarþjóðfélagi að það leiði af sér eyðileggingu. Þessi nýju vinnubrögð ríkisstjórnarinnar koma mér fyrir sjónir fyrst og fremst sem röng hugmyndafræði og óvönduð vinnubrögð. Nægir að nefna nokkur dæmi í því sambandi. Á sama tíma og ríkisstjórnin heykist á því að leggja á fjármagnstekjuskatt eykur hún álögur á þá sem síst skyldi. Allt er framkvæmt með flumbrugangi og án samráðs. Með skeytasendingum eru lagðar álögur á sveitarfélög, nefskattur í heilbrigðiskerfinu breytist í sjúklingaskatt í beinni útsendingu í síðdegisútvarpi, landbúnaðarvörur eru fluttar inn í trássi við lög með geðþóttaákvörðun utanrrh., grunnskólabörnum er nánast troðið inn í þröngar kennslustofur eins og síld í tunnu, dagvistarheimilum heilbrigðisstétta er gefið langt nef, meðferðarheimilum er lokað. Svona mætti lengi telja.

En það sem er ekki síður alvarlegt er sú óvissa sem ríkir í landinu um mikilvæg málefni. Ég minni á að þegar þingi var frestað sl. vor var ósamstaða innan ríkisstjórnarinnar um jafnmikilvæga málaflokka og sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál. Nú hefur það bæst við að það fjárlagafrv. sem lagt var fram í gær er ekki á ábyrgð allrar ríkisstjórnarinnar. Það hlýtur því að verða athyglisvert að fylgjast með því næstu mánuðina hvernig ríkisstjórninni mun reiða af. Með því mun þjóðin fylgjast. Auðvitað væri freistandi að líta á allt málið eins og farsa og bíða spenntur næstu uppákomu. Málið er hins vegar of alvarlegt til þess að það sé hægt að hafa gaman af því.

Hæstv. forseti. Við Íslendingar höfum löngum talist menningarþjóð og er auðvelt að færa rök fyrir því að það séu orð að sönnu. Hér á landi taka fleiri virkan þátt í menningarlífi en tíðkast um aðrar þjóðir og eigum við eflaust mörg heimsmet á þessu sviði miðað við höfðatölu. Það var hins vegar ekki mörgum orðum eytt í menningarmál í ræðu hæstv. forsrh. Það helsta sem ráðherrann sá ástæðu til að nefna og snýr að menntamálum var hversu vel hefði gengið að skera niður kostnað við Lánasjóð íslenskra námsmanna. Það virðist hins vegar vera algert aukaatriði hvort sjóðurinn þjónar sínum umbjóðendum og sú grein sem veldur námsmönnum mestum óþægindum og kostnaði sparar enga peninga.

Það hefur verið samþykkt ný stefna í vísinda- og tæknimálum innan ríkisstjórnarinnar. Það kom hins vegar fram í máli hæstv. menntmrh. í fréttum í gærkvöldi að sá fugl sem hæstv. ríkisstjórn hefur átt í skógi allt þetta ár og átti að stórauka fé til vísinda- og rannsóknastarfs hefur ekki skilað sér. Það átti að leggja hundruð milljóna í vísindastörf af hagnaði af sölu ríkisfyrirtækja. Nú liggur fyrir að svo til engin ríkisfyrirtæki hafa selst og forsrh. nefndi ekki einkavæðingu einu orði í ræðu sinni.

Hæstvirtur forseti. Næsta ár er ár fjölskyldunnar. Á þeirri skrá um þingmál ríkisstjórnarinnar sem dreift hefur verið meðal þingmanna eru mál sem varða fjölskylduna svo sem fjölskylduþjónusta ríkisins og umboðsmaður barna. Mér finnst ástæða til að fagna því að ríkisstjórnin hyggst flytja mál sem þessi. Það er hins vegar ekki að ástæðulausu sem maður veltir því fyrir sér hvort það er fyrst og fremst skortur á lagaákvæðum á þessu málefnasviði sem er þess valdandi að fjölskyldan sem eining nýtur ekki virðingar sem síðan bitnar á börnunum.

Við Íslendingar höfum alllengi átt lög um jafnrétti karla og kvenna. Samt sem áður eigum við langt í land með að ná viðunandi árangri á því sviði og nægir að benda á ráðherrabekkina í því sambandi. Ætli það þurfi ekki fyrst og fremst vilja til aðgerða.

Að síðustu þetta, hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. kom í sínum lokaorðum inn á það að vonleysi hefði aldrei verið fyrirferðarmikið í íslensku máli. Ég held að það sé í sjálfu sér rétt. Ég vil þó líka segja að ég held að það komi sér mjög vel núna því ekki hefur hæstv. forsrh. hingað til lagt sig fram um að auka bjartsýni meðal landsmanna og efla þá til dáða. Íslendingar hafa trú á landinu og þeir hafa trú á sjálfum sér en þeir hafa ekki trú á þeim stjórnvöldum sem loka sig af í litlum kassa. — Góðar stundir.

[21:25]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Góðir Íslendingar. Í kosningabaráttunni í Noregi fyrir nokkrum vikum gerðist það að talsmaður verkamannaflokksins í efnahagsmálum lýsti því yfir með skiljanlegu stolti að á næsta ári yrði Noregur skuldlaus við útlönd. Auðvitað er Noregur olíuríki en orkulindirnar okkar eru ekki enn farnar að mala okkur gull.

En þegar við skundum á Þingvöll 17. júní 1994 þá verður því miður öðruvísi um að litast í okkar þjóðarbúskap. Þá er því spáð að erlendar skuldir okkar til langs tíma fari að nálgast 70% af landsframleiðslu okkar og að greiðslubyrðin verði einhvers staðar á bilinu 30–40% af gjaldeyristekjum. Því er spáð með öðrum orðum að langtímaskuldir okkar verði um 265 milljarðar á afmælisárinu. Hvað er það í samanburði við eitthvað annað? Það nálgast að vera eins og fasteignamat allra fasteigna í Reykjavíkurborg sem er þó heldur hærri upphæð. Spáð er að greiðslubyrðin, það sem við þurfum að borga í vexti og afborganir af þessum háu upphæðum, verði á næsta ári um 51 milljarður króna.

Við erum ekki vön því að skilja svona háar tölur. En til samanburðar mætti nefna að heildaraflaverðmæti af Íslandsmiðum upp úr sjó, miðað við hráefnisverð, er metið á tæpa 50 milljarða. Útgjöld okkar til heilbrrn., veigamesta þáttar velferðarkerfisins, er metið upp á 47,7 milljarða á verðlagi fjárlagafrv. Þetta eru hrikalegar tölur. Vegna þeirra lána sem við áður höfum tekið munum við borga á næsta ári 16,6 milljarða bara í vexti til útlendinga. Það er eins og öll útgjöld menntmrn. Það er hærri upphæð en öll útgjöld allra sjúkrahúsa á Íslandi. Það er meira en heildartekjur Reykjavíkurborgar.

Stöldrum nú við. Þeir sem gagnrýna núverandi ríkisstjórn harðast, þeir sem veitast hvað harðast að t.d. núverandi heilbrrh., sem stendur frammi fyrir nokkrum vanda, eru þeir allir saklausir af því sem hér eru inni staddir að hafa efnt til þessara skulda? Hafa þeir allir efni á því að bera fram þessa gagnrýni? Og það skal tekið fram að sagan er ekki öll sögð þótt þessar tölur séu nefndar. Það er vissulega laukrétt sem fram kom í máli forsrh. að þrátt fyrir tekjubrest og þrátt fyrir aflabrest hefur samt sem áður tekist að snúa viðskiptahalla sem var upp á 18 milljarða árið 1991 í 5,5 milljarða. Það hefur tekist að skera niður lánsfjárþörf ríkissjóðs út 40 milljörðum í það sem spáð er, 23 milljarða á næsta ári. Það hefur dregið úr, þrátt fyrir þessa hrikalegu erfiðleika, hraða skuldasöfnunarinnar. En það breytir ekki því að það er ólíkt hlutskipti hinnar ungu kynslóðar í Noregi sem er að hasla sér völl á nýrri öld skuldlaus eða þeirrar ungu kynslóðar sem tekur við af okkur um aldamótin.

Virðulegi forseti. Um hvað snýst stjórnmálaumræða við þessi skilyrði? Leiðum fram nokkur vitni. Talsmenn stjórnarandstöðunnar segja að ríkisstjórnin hafi engum árangri náð og alls engum í ríkisfjármálum. Hverjar eru staðreyndirnar? Staðreyndirnar eru þessar: Ef við tökum ríkisútgjöld og færum þau upp til verðlags fjárlagafrv. þá voru þau 122 milljarðar 1991. Þið sem eruð búin að lesa fjárlagafrv. sjáið að þar er gert ráð fyrir útgjöldum upp á 112 milljarða. Með öðrum orðum sparnaður að raungildi upp á um 10 milljarða án þess að hafa hækkað skatta. Þetta er ekki forkastanlegur árangur en ég viðurkenni að hann er takmarkaður og við þurfum að gera betur. Við þurfum öll sameiginlega að gera betur. Það er ekki nóg að gera hróp að stjórn sem stendur frammi fyrir erfiðum ytri skilyrðum. Það þarf líka að láta reyna á þegnskap stjórnarandstöðunnar.

Þeir segja að við höfum rústað velferðarkerfið. Meira að segja dagfarsprúðar konur eins og sú sem hér talaði áðan, hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir, talaði um spellvirki í því sambandi. Af hverju er fólk með þennan ýkjustíl? Þeir sem eru búnir að lesa fjárlagafrv. vita að framlög til heilbrigðismála aukast að raungildi frá því í fyrra, eru upp á 47,7 milljarðar, voru 46,1 í fyrra. Framlög til félagsmála aukast um um það bil milljarð, framlög til menntamála standa nokkurn veginn í stað. Með öðrum orðum, það er aukning á framlögum um 2,2 milljarða.

Sighvatur Björgvinsson, hæstv. fyrrv. heilbrrh., stóð í ströngu við það að koma í veg fyrir að aukning útgjalda héldi áfram þreföld umfram aðra verðmætikvarða í þessu þjóðfélagi. Hann er fyrsti heilbrrh. sem náði þeim árangri að stöðva þensluna. Nú þegar Guðmundur Árni Stefánsson þreytir eldskírn sína í þessari pólitík þá á hann í raun og veru skilið að fá stuðning ykkar allra í staðinn fyrir það að þið gerið að honum hróp með t.d. þeim hætti að kalla þetta spellvirki. Þetta er ekki spellvirki. Þetta er barátta við erfið skilyrði til þess að varðveita fjárhagslegan grundvöll þýðingarmestu þátta velferðarkerfisins.

Talsmenn stjórnarandstöðunnar segja að það hafi ekki verið tekið nægjanlega tillit til þess að jafna byrðunum af réttlæti. Ég er ekki viss þegar það mál er skoðað að þeir sem hæst tala um það hafi rétt fyrir sér. Fyrrv. ríkisstjórn tekjutengdi margar bótagreiðslur velferðarkerfisins. Þessi ríkisstjórn hefur gengið lengra í því að því er varðar bæði lífeyrisbætur, barnabætur og vaxtabætur. Þjónustugjöld hafa verið lögð á en þau eru líka tekjutengd og þau eru með þökum til þess að reyna að hlífa þeim sem minnst bera úr býtum.

Hvernig stendur á því að það er þessi ríkisstjórn sem lagði á hátekjuskatt en ekki t.d. fyrrv. ríkisstjórn? Hvernig stendur á því að það er þessi ríkisstjórn sem dregur verulega úr virðisaukaskatti, lækkar virðisaukaskatt, og kemur þannig til móts við kröfur verkalýðshreyfingarinnar? Hvernig stendur á því að það er þessi ríkisstjórn sem tekur pólitíska ákvörðun um að koma á húsaleigubótum en ekki fyrrv. ríkisstjórn? Þannig mætti lengi telja. Og hvernig stendur á því að fyrrv. ríkisstjórn, vinstri stjórn, gat ekki komið á fjármagnstekjuskatti en þessi ríkisstjórn mun gera það? Ég er alveg sannfærður um það að þegar menn skoða þetta mál án fyrirfram hleypidóma þá er niðurstaðan önnur en sú sem stjórnarandstaðan vill vera láta.

Mesta öfugmælasmíðin er þó sú þegar hv. leiðtogar stjórnarandstöðunnar segja að þessi ríkisstjórn skipti

sér ekki af atvinnulífinu. Það hefur engin ríkisstjórn í sögu lýðveldisins á Íslandi lagt jafnmikið af mörkum við að treysta atvinnulífið á Íslandi eins og þessi. Og hver eru rökin fyrir þessari fullyrðingu? Þau eru ekki bara EES-samningur sem tryggir tollfrjálsan markaðsaðgang að helstu mörkuðum okkar. Nei. Þessi ríkisstjórn hefur létt sköttum af atvinnulífinu upp á marga milljarða króna. Þessi ríkisstjórn hefur ekki bara skuldbreytt upp á gamla mátann. Hún boðar t.d. núna þróunarsjóð fyrir sjávarútveginn til þess að hraða þar fjárhagslegri endurskipulagningu og aukinni hagræðingu. Þessi ríkisstjórn hefur lagt fram bein framlög á fjárlögum til atvinnusköpunar upp á a.m.k. 3 milljarða á árinu 1993, sennilega á bilinu 4–5 milljarða á árinu 1993–1994. Þannig mætti lengi telja. Það er öfugmæli að segja að þessi ríkisstjórn sé afskiptalaus af atvinnulífinu.

Virðulegi forseti. Ef við berum okkar saman við aðrar þjóðir þá er auðvelt að sýna fram á nokkrar bjartar hliðar og að árangur hefur náðst. Þrátt fyrir allt hefur náðst betri árangur hér í ríkisfjármálum en víðast hvar annars staðar. Munurinn er bara sá að skuldir okkar í útlöndum eru orðnar hættulega miklar. Svíar skulda sjálfum sér. Þótt hallinn í Svíþjóð sé mikill í ríkisbúskapnum er það svo að þegar þeir fara að borga til baka þá borga þeir sænskum þegnum og það mun auka framboð á fjármagni í þeirra bönkum. Það mun lækka þar vexti, það mun skapa þar nýtt vaxtarskeið. Þetta er hættustigið hjá okkur. Þetta er það sem við þurfum að laga. *Og þá kemur að því.*

Þrátt fyrir þann árangur sem náðst hefur, þá hefur þessi ríkisstjórn í samskiptum sínum við verkalýðshreyfinguna gengið ansi langt í því að fá sátt á vinnumarkaðinum gegn því að lækka tekjustofna eins og virðisaukaskattinn og leggja fram fé atvinnusköpunar. Látum vera. Það er matsatriði hvort þetta var í jafnvægi. En þetta er gert á kostnað þess að við erum áfram að auka erlendar skuldir okkar vegna hallareksturs í opinbera búskapnum. Og það er varasamt út af því að við verðum að viðhalda lánstrausti okkar. Það eru satt að segja engar vissar horfur um það hvenær snýr við til hins betra í okkar efnahagslífi. Það getur tekið nokkurn tíma. Jafnvel þótt klak á þorskfiskum takist bærilega núna þá getur það klak misfarist við breytileg náttúruskilyrði. Ef við fáum aftur 300 þús. tonn af þorski eftir fjögur ár þá má það ekki vera svo að við værum búnir að halda áfram að slá erlend lán þannig að við værum búnir að veðsetja 150 þús. tonn af þorski þannig að batinn, góðærið, færi áfram til útlendinga og kæmi okkur ekki að neinum notum við að skapa nýtt vaxtarskeið á nýju kjörtímabili. Það er þetta sem er hættulegt. Það er þessa áhættu sem ég vil ekki taka. Og ég skora á Alþingi Íslendinga, því að hér eru þessar ákvarðanir teknar, á alla flokka, á alla pólitíska forustumenn, ég skora á ykkur að efna til þjóðarsáttar um eitthvað annað en rányrkju, um eitthvað annað en skattsvik og um eitthvað annað en erlenda skuldasöfnun. Vegna þess að þegar við stöndum á Þingvöll til þess að fagna 50 ára afmæli lýðveldisins þá skulum við reyna eftir megni að sýna okkar þegnskap í verki með því að færa lýðveldinu aðra gjöf en gjaldfallna víxla. Við skulum láta það sannast á Alþingi Íslendinga að hér eru ekki bara í fyrirsvari sendiherrar sérhagsmuna. Að hér eru menn sem geta vikið þröngri sérhagsmunagæslu til hliðar og sameinast um það þegar almannaheill krefst að taka á þessum skuldamálum eins og lagt er til með því að við styrkjum þetta fjárlagafrv., meginmál þingsins með því að lækka frekar ríkisútgjöld. Tillögur um það verða lagðar fram fyrir ykkur, hv. þm., sem og mun að styrkja tekjuhliðina með því að sameinast um að koma á skattlagningu fjármagnstekna.

Virðulegi forseti. Besta afmælisgjöfin sem við getum gefið nýrri kynslóð sem tekur við af okkur væri sú að það skapaðist samstaða um slíkan þegnskap.

[21:38]

Petrína Baldursdóttir:

Frú forseti. Hv. þingmenn. Góðir landsmenn. Á hvaða leið erum við? Við fjárlagagerðina hefur enn frekar komið í ljós hvers konar vanda íslenska þjóðin á við að glíma. Skuldasöfnun þjóðarinnar á sl. 20 árum vekur með ungu fólki mikinn kvíða. Það er vissulega mikið áhyggjuefni fyrir það og ásku landsins bíður það hlutverk að greiða niður afborganir og vexti erlendra lána.

Ungt fólk er framtíð þessarar þjóðar og þess vegna hlýtur það að vera mikið mál fyrir ungt fólk að stjórnmálamenn sýni ábyrgð og einbeiti sér að því að ná niður halla á fjárlögum og draga úr ríkisútgjöldum.

Ríkisstjórn sú sem Alþfl. á nú aðild að hefur leitast við að sýna fram á ábyrgð í fjármálum og sporna við fótum í aukningu ríkisútgjalda við afar erfiðar kringumstæður í efnahagslífi okkar. Ég tel almenning í þessu landi vita að það þarf ráðamenn sem sýna ábyrgð og stefnufestu, sem ekki hlaupa útundan sér við hvert tækifæri til að öðlast tímabundnar vinsældir. Alþfl. hefur sýnt þá ábyrgð að láta verkin tala, ekki sársaukalaust. Það er erfiðleikum bundið að skera niður í velferðarmálum eins og nú hefur verið gert og, góðir áheyrendur, ekki líklegt til vinsælda. En þetta sýnir ábyrgð. Við viljum ekki stuðla að því að íslenska þjóðin verði gjaldþrota og missi lánstraust á erlendri grund. Við segjum sannleikann eins og hann er. Sparnaður í rekstri þjóðarbúsins bitnar á öllum. Þessu verðum við að átta okkur á því að allt of algengt er að fólk telji sparnað góðan svo framarlega sem hann bitnar ekki á því sjálfu. Það þarf hugarfarsbreytingu í íslensku þjóðfélagi, breytt hugarfar um sameiginlegan sjóð okkar, bæði hvað varðar að borga í hann og úr honum. Í hvert skipti sem á að draga úr útgjöldum rísa upp hagsmunahópar sem hafa hagsmuni af áframhaldandi fjáraustri. Þessu verður að breyta. Stjórnvöld verða að bregðast við undanskotum þegna frá skatti. Því hugarfari verður að breyta. Unga fólkið í þessu landi ber ekki ábyrgð á þeim fjáraustri sem hefur verið í alls konar sjóði á undanförnum árum, í fiskeldi, loðdýrarækt o.fl. En það er unga fólkið sem þarf að greiða þessa óráðsíu m.a. með háum bankavöxtum og niðurskurði í opinberum útgjöldum. Það er unga fólkið sem þarf að taka lán meðan það er að koma undir sig fót-

unum. Ungt fólk langar ekki til að sjá stærstan hluta tekna ríkisins í náinni framtíð fara til að greiða erlendar og innlendar skuldir til lánardrottna, skuldir sem eru tilkomnar vegna gæfulausra fjárfestinga fyrri kynslóðar. Þess vegna hlýtur ungt fólk að spyrja: Á hvaða leið erum við? Við viljum sjá bjarta framtíð hér fyrir börnin okkar, framtíð þar sem jafnaðarmennskan er í fyrirrúmi. Við viljum sjá ráðdeild í meðferð opinberra sjóða. Með ráðdeild getum við byggt upp réttlátt þjóðfélag þar sem enginn þarf að líða skort og börnin okkar þurfa ekki að líða fyrir óráðsíu fyrri kynslóðar. Stjórnmálamenn þurfa að breyta vinnubrögðum, sýna fordæmi og umgangast opinbert fjármagn með virðingu.

Frú forseti. Hv. þingmenn. Góðir landsmenn. Það er bjargföst trú mín að þessi ríkisstjórn sé á réttri leið. Ég trúi því að almenningur skilji og viti nauðsyn þess að sporna við fótum í útþenslu ríkisfjármála. Ég veit einnig að almenningur í landinu er til í að taka þátt í því svo framarlega sem einhver árangur sést í þeirri baráttu. Við alþýðuflokksmenn munum eftir sem áður gæta hagsmuna þeirra sem minna mega sín í þjóðfélaginu og standa vörð um réttlátt velferðarkerfi sem nýtist þeim sem á þurfa að halda. Stjórnmálamenn þurfa pólitískt hugrekki til að takast á við vandann. Það þarf hugrekki til að takast á við óvinsælar aðgerðir. Það vantar ekki hugrekki í alþýðuflokksmenn. Við trúum því að almenningur á Íslandi viti hverjum á að treysta og hverjum ekki.

Það er sameiginlegt markmið okkar þjóðfélagsþegna að gera þetta þjóðfélag að betra þjóðfélagi sem verður aðlaðandi fyrir börn framtíðarinnar að búa í. — Góðar stundir.

[21:43]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Við vitum það í raun og veru öll að verktími þessarar ríkisstjórnar er liðinn. Geta hennar til að ráða við vandann er búin. Það er eingöngu spurning hvort það verður vikan eða veturinn allur sem það tekur þá að átta sig á því að í raun og veru eiga þeir að sýna þann manndóm að standa upp og gefa þjóðinni tækifæri til þess að veita nýtt umboð nýrri landsstjórn.

Í raun og veru þarf það ekki, góðir Íslendingar, að lýsa því hér í kvöld hvernig stjórnin hefur starfað. Við þekkjum öll sumarið, yfirlýsingar þeirra um óheiðarleika hvers annars, um lögbrotin, um geðþóttann og um svikin. Og við heyrðum það hér í kvöld hvernig forsrh. kemur annars vegar með glansmynd en utanrrh. býður okkur á hryllingsvöku um það sem fram undan er. Í raun og veru þarf ekki að verja kvöldinu hér í kvöld til að rekja loforð þeirra og sýna fram á efndirnar. Við vitum öll hver reynslan hefur verið. Við sjáum að á borðunum hér liggur nýtt fjárlagafrv. sem er í raun og eru vitnisburður um uppgjöf þessarar ríkisstjórnar, frv. sem felur það í sér að á þremur heilum árum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar verður hallinn á ríkissjóði 30 milljarðar. Það verður farangurinn, virðulegur utanrrh., sem þú kemur með á Þingvöll 17. júní á næsta ári í afmælisgjöf til lýðveldisins eftir rúmlega tveggja ára ríkisstjórn. Og er það ekki merkilegt að eini raunverulegi árangurinn sem forsrh. gat státað af hér í kvöld eru rúmlega 4 milljarðar hvað snertir minnkandi ríkisútgjöld til landbúnaðarmála. En er sá árangur byggður á verkum þessarar ríkisstjórnar? Nei. Hann er byggður á búvörusamningnum sem við ráðherrar Alþb. gerðum í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það er nefnilega staðreyndin að þessi ríkisstjórn hefur ekki í reynd sýnt af sér getu til neinna stórra verka. En vandinn er vissulega mikill. Þar er ég sammála hæstv. utanrrh. Ágreiningur okkar hér í kvöld felst ekki í því hvort vandinn sé mikill eða lítill. Ágreiningurinn felst í því hvaða leiðir á að fara, hvaða svör á að veita, hver stefnan á að vera.

Í grófum dráttum er hægt að segja að um þrjár leiðir sé að velja. Sú hin fyrsta er sú sem ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur fylgt í tvö ár. Það er leið samdráttar og niðurskurðar. Hún hefur hér á landi eins og alls staðar búið til vítahring vaxandi samdráttar, vaxandi halla, sífelldra vaxtahækkana og þannig koll af kolli. Ef ráðherrarnir skoðuðu tölurnar sínar betur þá munu þeir sjá það að á fyrstu tveimur árum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hafa ríkisútgjöldin vaxið, ekki minnkað heldur vaxið, um 6 milljarða miðað við fyrstu tvö árin í tíð síðustu ríkisstjórnar. Þessi leið er því ekki fær. Það hefur reynslan þegar sannað.

Önnur leiðin er sú að gefa hallanum lausan taumin og taka erlend lán í trausti þess að ný eftirspurnaralda kunni að keyra þjóðfélagið upp úr öldudalnum. Það er leiðin sem Jóhanna Sigurðardóttir hefur verið að gæla við að undanförnu og ég verð að segja við vini mína í Framsfl. að mér finnst þeir einum of oft gæla einnig við þessa leið erlendrar lántöku. Við í Alþb. höfnum henni. Við höfum hins vegar á undanförnum vikum og mánuðum á trúnaðarmannafundum okkar í kjördæmum landsins, á fundum miðstjórnar og þingflokks verið að leggja drög að annarri leið, hinni þriðju leið sem er byggð á rannsóknum fremstu hagfræðinga á Vesturlöndum á undanförnum missirum þar sem þeir hafa vísað veginn út úr öldudal samdráttarins og kreppunnar á Vesturlöndum. Þessi leið felur það í sér að gera útflutninginn að forgangsatriði í hagstjórninni, að breyta áherslum banka og lánasjóða, kerfisins alls, skattamála á þann veg að smáfyrirtæki og miðlungsstór fyrirtæki fái forgang til að efla hagvöxtinn, útflutningsstarfsemina og framleiðsluna, að búa til víðtækt samstarf atvinnulífs, stjórnvalda, launafólks, fræðimanna, vísindamanna og hugsuða til þess að fara nýjar leiðir. Þessi leið felur í sér þann kjarna að það er bjartsýni og hugvit, það sem býr í okkur sjálfum sem býr til hagvöxtinn. Þjóðir eins og Japanir, Danir og Hollendingar, sem ekki hafa miklar auðlindir, hafa sýnt okkur hvernig með réttri hagstjórn og hugviti er hægt að skapa hagsæld á nýjan leik.

En það er líka spurning um landsstjórnina. Hvernig hefði það verið hér í fyrra fyrir ári síðan þegar forsrh. flutti sína svörtu messu ef hann hefði sagt þjóðinni þann sannleika, sem nú blasir við, að nýliðið fiskveiðiár var tíunda besta fiskveiðiárið í sögu okkar Íslendinga. Ætlast ríkisstjórn Davíðs Oddssonar og Jón

Baldvin, hæstv. utanrrh., virkilega til þess að fá betri feng af ytri skilyrðum heldur en tíunda besta aflaárið í sögu Íslendinga eins og var á liðnu fiskveiðiári. Þeir tala mikið um samdráttinn en birta svo í fjárlagafrv. töflu sem sýnir að hagvöxturinn á Íslandi varð meiri í ár heldur en á Norðurlöndum öllum og það sem athyglisverðara er að Ísland sker sig úr Evrópubandalaginu í heild þar sem hagvöxtinn hjá okkur er meiri en í Evrópubandalaginu öllu. Ef þessar staðreyndir hefðu legið fyrir þá hefði takturinn í hagkerfinu vissulega verið annar. Þá hefðu stjórnvöldin haft forustu um það að skapa tækifæri í atvinnulífinu þannig að menn legðu í áhættu og væru tilbúnir að skapa ný atvinnutækifæri. *Lykilorðin í umfjöllun okkar í Alþb. hafa verið:* atvinna, jöfnuður og siðbót. Atvinna sem er byggð á endurreisn efnahagslífsins og víðtækum kerfisbreytingum. Jöfnuður sem byggir á því að deila þeim mikla auði sem er í okkar landi, jafnt meðal landsmanna allra, að neita að viðurkenna þá forsendu þessarar ríkisstjórnar að velferðin á Íslandi sé komin á endastöð, heldur búa börnum okkar og fjölskyldum jafngóðan hag, menntun og umönnun, heilsugæslu og dagvist eins og þekkist í nágrannalöndum okkar.

Ísland morgundagsins hefur vissulega mikla möguleika. Við höfum löngum, Íslendingar, þegar einn fiskstofn brestur, notað aðra til þess að sækja okkur nýjan auð. Og ég hef bent á það á undanförnum mánuðum hvernig það sem ég hef kallað alþjóðavæðingu sjávarútvegsins getur fært okkur ný tækifæri álíka mikil og þegar við færðum út landhelgina. Alþjóðavæðing sjávarútvegsins sem byggir á því að stíga strax með stórum skrefum til samvinnu við þær þjóðir sem vilja nýta kunnáttu okkar, hæfni, tækni og bátakost, skipakost og fiskvinnsluhefðir til þess að vinna auð í sínum höfum. Nú þegar eru fjölmargar þjóðir, ekki bara Síle-búar heldur Indverjar, Mexíkanar og Rússar tilbúnir til samstarfs við okkur Íslendinga í þeim efnum en það er beðið eftir skilningi stjórnvalda til að stuðla að því að hægt sé að stíga þar stór skref.

Við sjáum hvernig ferðamannaþjónustan hefur á síðustu árum verið öflugasta uppspretta nýs gjaldeyris. En hvað gerir ríkisstjórnin? Hún skattleggur þessa miklu uppsprettulind framtíðarinnar þar sem við vitum að þúsundir Bandaríkjamanna, Evrópubúa og Asíubúa eru reiðubúnir að greiða mikið fé fyrir að koma hingað og dvelja í hreinu lofti og fagurri náttúru. Væri það ekki athyglisvert, líkt og vinir okkar í Grindavík og á Suðurnesjum sem ætla að gera Bláa lónið að uppsprettu gjaldeyristekna með hagnýtingu læknisfræði, hjúkrunar og nýrra sjónarmiða í þeim efnum, að nota hið góða íslenska heilbrigðiskerfi, ekki til niðurskurðar og samdráttar, heldur í raun og veru sem útflutningsgrein *líkt og sjávarútveginn* sjálfan?

Ég gæti, virðulegi forseti, varið öllu kvöldinu í kvöld og langt fram á nótt í að rekja þá möguleika sem okkar þjóð getur vissulega hagnýtt sér. En samt sem áður er það svo að endurreisn atvinnulífsins getur aldrei orðið nema við í þessum sal og þjóðin öll sameinist um það sem við höfum í umfjöllun okkar innan Alþb. á undanförnum vikum kallað nýja siðbót. Siðbót sem felst í því að heiðarlegar leikreglur, velsæmi og hegðun sé með þeim hætti að menn geti verið stoltir af. Það er ekki sæmandi að ráðherrar landsins séu á sumardögum með spilltum hætti á kafi í því að troða vinum sínum og flokksgæðingum í embætti. Það er ekki sæmandi að hegðun þeirra á opinberum vettvangi sé með þeim hætti að þjóðfélagið allt logar í sögusögnum mánuðum saman. Þeir sem gera tilkall til að leiða þjóð og það á erfiðum tímum verða að sýna gott fordæmi. Þeir verða að gæta velsæmis og heiðarleika og virða eðlilegar leikreglur. Hin nýja siðbót þarf þess vegna að fela það í sér að ráðherrarnir leggi ekki mest upp úr tignarsætunum, ferðalögunum, bílunum eða viðhöfninni, veislugleðinni eða öðru slíku, heldur ráðherrarnir af hógværð og sparnaði, stillingu og velsæmi hugi fyrst og fremst að verkunum sjálfum, breytingum og því að búa í haginn fyrir þjóðina alla. Sú nýja siðbót þarf að fela það í sér að fjármál stjórnmálaflokkanna og starfsemi þeirra öll verði opin bók, þeir hafi ekkert að fela. Sú siðbót þarf að fela það í sér að dómskerfið sjálft verði ekki vettvangur fyrir vinargreiða eða skipun flokksgæðinga í dómarastöður. Sú siðbót þarf að fela það í sér að stórfyrirtækin í landinu verði ekki vettvangur til að skipa ættmenni og afkomendur, vini og kunningja, í forstjórastöður eða stjórnarsæti. Við náum aldrei að endurreisa íslenskt efnahagslíf ef atvinnulífið í landinu heldur áfram að vera leikvöllur fyrir afkomendur og börn þeirra sem kolkrabbanum hafa ráðið.

Íslensk þjóð hefur menntað þúsundir af ungu hæfileikafólki. Hæfileikafólki sem er tilbúið að koma til starfa með menntun sína, hugmyndir og krafta en krefst þess að eðlilegar leikreglur ríki í okkar þjóðfélagi. Krefst þess að fá að sitja við sama borð. Krefst þess að hinar spilltu embættaveitingar séu liðin tíð. Krefst þess að stórfyrirtækin hætti að láta ættmenni og kunningja sitja fyrir um stjórnunarstöður. Ef við getum virkjað þessar þúsundir til starfa, þetta unga fólk á næstu árum, þá þurfum við ekki að óttast um íslenska framtíð en til þess þarf sú forustusveit sem situr í þessum sal og sérstaklega sú sem situr hér á ráðherrabekkjum að sameinast um hina nýju siðbót. Sameinast um eðlilegar leikreglur, heiðarleika og velsæmi.

Góðir Íslendingar. Það eru vissulega miklir erfiðleikar en erfiðleikarnir eru til að sigrast á þeim með breyttri stefnu, nýrri forustusveit, nýjum áherslum og víðtækri samvinnu í þjóðfélaginu öllu. Ég vil segja við þá ráðherrasveit sem hér situr til hliðar: Ábyrgð ykkar er mikil ef þið ætlið í tvö ár enn að sitja með þeim sama hætti og þið hafið setið til þessa. Þið skuluð sýna manndóm og skynsemi og standa nú upp og segja við þjóðina: Nú skal þjóðin veita nýtt umboð. Alþb. er reiðubúið að ganga til þess leiks með sína stefnu og sínar áherslur, við treystum því að skynsemi þjóðarinnar ráði heilt í þeim efnum. Megi gæfan fylgja okkur Íslendingum á komandi tíð. — Takk fyrir.

[21:57]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Samkvæmt þingskapalögum skal hæstv. forsrh. flytja þjóðinni stefnuræðu sína innan 10

daga frá setningu Alþingis og skal henni útvarpað svo heyra megi skilaboð ríkisstjórnarinnar til fólksins í landinu um afkomu þess og hag í næstu framtíð í framhaldi af ástandinu eins og það er. Fólk hlýtur því að hlusta grannt. Hver voru svo skilaboðin til íslensku fjölskyldunnar í aðdraganda árs fjölskyldunnar árið 1994 hér í kvöld? Hæstv. forsrh. sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „...hvar sem litið er á viðurkennd efnahagstákn sést ótvíræður árangur."

Íslenska fjölskyldan kynni að spyrja: Hvað eru viðurkennd efnahagstákn? Eru það launin okkar eins og þau eru orðin, skuldirnar okkar, atvinnuleysið, niðurskurður á velferðarþjónustunni sem í áratugi hefur verið þjóðarsátt um? Niðurskurðurinn á Lánasjóði ísl. námsmanna? Fólk hlýtur að hrista höfuð sín og hugsa sem svo: Þessi efnahagstákn hæstv. forsrh. koma okkur ekkert við. Þau eru auðvitað einungis fyrir fólkið í landinu sem á meira en það þarfnast og efnahagsbatinn er líklega þar, hann er ekki hjá okkur.

Hæstv. forsrh. svaraði þessum hugrenningum þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þau fáu skipti sem boðberar öfundarhyggju og stéttaátaka hafa haft sitt fram hefur það verið flestum til ills og fáum til góðs."

Það er sem sagt öfundarhyggjan sem herjar á sálir ykkar, góðir hlustendur, ef misréttið í landinu ergir ykkur. Það ætti einungis að gleðja ykkar spilltu hugi að hæstv. heilbrrh. hefur tíföld laun verkakonu meðan hann lokar leikskólum litlu barnanna og ákveður hvaða gamalmenni skuli á vetur sett. En hæstv. forsrh. trúir á sína þjóð og heldur áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef einhver þjóð er laus við stéttarmeting og ríg þá er það hin íslenska þjóð."

Einn er þó sá galli á hugmyndafræði hæstv. forsrh. og hann er sá að hann á ekki það sem honum hefur verið trúað fyrir. Við eigum það öll, líka þið, góðir landsmenn.

„Ein er sú orsök þess að mér er óhægt að ganga yðar erindi á Íslandi," sagði Arnas Arnæus við Þjóðverjann, „sú að hann sem býður að selja landið er ekki eigandi þess."

Það er þessi sama siðferðisvitund sem fær menn til að spyrja í undran: Af hverju á ég að borga 4 millj. kr. jeppa undir forstöðumann Byggðastofnunar? Af hverju eigum við að greiða 600 millj. kr. fyrir Miklalax? Af hverju eigum við að greiða 140 millj. fyrir útgerðarfyrirtæki sem fékk lán úr Atvinnutryggingarsjóði en notaði það til annars en til var ætlast? Vantaði mig og okkur tvo forstjóra í Tryggingastofnun ríkisins? Spurningarnar hrannast upp. — Öfundarhyggja, segir hæstv. forsrh. við fólkið sem hefur 50–70 þús. kr. á mánuði í dagvinnulaun.

Væri ekki ráð að tala hér mannamál? Það fólk í þessu landi, sem er að ala upp næstu kynslóð, undirstöðu framtíðar landsins og er að missa heimili sín vegna skulda, merkir í engu efnahagsbata. Gamla fólkið sem engan hefur til að annast sig gerir það ekki heldur. Litlu börnin sem ganga sjálfala eins og lausagöngufé hálfan daginn skilja ekki einu sinni orðið „efnahagsbati". Hinir fötluðu sem biðja þess eins að fá að taka þátt í störfum samfélagsins og búa á eigin heimili finna engan efnahagsbata.

Hæstv. forseti, góðir landsmenn. Ástæðan fyrir því að enginn skilur ræður af þessu tagi — og þetta er ekki sú eina — er sú að í henni var hvergi að finna nálgun við veruleika íslenskra launamanna. Þessi samsetningur starfsmanna ráðuneytanna á ekkert erindi inn á íslensk heimili. Hann var ekkert annað en skilaboð til þeirra sem yfir fjármagninu ráða um hvernig þeir gætu ávaxtað það best á komandi ári, sér einum til handa. Skilaboð um meiri gróða á færri hendur. Í honum var hvergi vikið að batnandi hag þeirra sem verkin vinna, betri samfélagsþjónustu, jafnrétti til náms, rétt allra barna til menntunar og þroska. Skuldir heimilanna víkja fyrir ríkistryggðu áhættufé misviturra atvinnurekenda sem ætla að græða sem mest á sem stystum tíma. Áhættufjárfesting allra foreldra er hins vegar framtíð barnanna þeirra en hún er ekki ríkistryggð. Enn skal frestað einsetnum skóla og skólamáltíðum. Skerða skal lífeyri ekkna, heimili fyrir farlama einstæðinga í Gunnarsholti skal lokað, heilbrigðisþjónustan skal háð efnahag og þetta heldur ríkisstjórnin að sé sparnaður. Varaforseti Bandaríkjanna hefði getað sagt hæstv. forsrh. að svo er ekki á fundi þeirra í Bandaríkjunum í ágúst sl.

Hæstv. forseti. Þessi ríkisstjórn hefur lent í villu. Sá einn efnahagsbati er marktækur er tryggir velferð allra sem í landinu búa svo að þjóðin gangi hraust og sterk til orðs og æðis inn í nýja öld. Slíkt samfélag getum við rekið, við höfum öll efni til þess. En til þess þarf að kalla til fólk sem horfir til framtíðar og hefur kjark og þor til að læra af mistökunum. Við þurfum að henda burt ónýtu stýrikerfi og byggja nýtt. Kasta burt sjálfvirku skömmtunarkerfi hinna ríku, kveða kastaladraugana niður. Við eigum að fela sjómönnunum í hverjum landshluta að stjórna fiskveiðum, þeir vita það best á meðan ekki er búið að flagga þeim út til Suðurhafseyja. Við eigum að efla ríkisbankana en leggja niður sjóðabáknið. Við eigum að fela heilbrigðisstéttunum að hagræða í heilbrigðiskerfinu og kennurum að skipuleggja menntunina í landinu. Við eigum að kalla þjóðina til ábyrgðar um eigin málefni. Þessi litla þjóð getur einfaldað stjórnsýsluna og farið betur með það sem til er eins og konur á Íslandi gerðu um aldir.

Börn og ungmenni innan 18 ára aldurs eru nú 30% landsmanna en eru um 20% í nágrannalöndum okkar. Hér á Íslandi verjum við um 2,5% af landsframleiðslu okkar til málefna sem varða velferð barna og fjölskyldna þeirra, svo sem félags- og heilbrigðismála, dagvistarstofnana, æskulýðsstarfsemi og barnaverndar. Aðrar Norðurlandaþjóðir verja 3,5% til þessara mála og Svíþjóð 5,1%.

Á þessum haustdögum blasa við okkur hörmulegar afleiðingar skeytingarleysisins í fréttum af ofbeldisverkum ógæfusamra ungmenna sem búa þó í einu auðugasta þjóðríki veraldar.

Hæstv. forseti. Það er kominn tími til að endurskoða fyrir hvað efnahagstákn ríkisstjórnarinnar standa. Við skulum taka höndum saman á ári fjölskyldunnar og búa þannig að henni að allir Íslendingar fái þrifist,

ungir sem aldnir, heilir sem vanheilir. Samfélag sem ræðir ekki hvort hinir ríku njóti betri heilsugæslu en þeir sem minna hafa. Samfélag sem ræðir ekki hvort gamla fólkið skuli fá sömu heilbrigðisþjónustu og við hin yngri. Þá getur farið svo að fólkið í landinu hlýði með athygli á umræður eins og þær sem fram fara hér í kvöld og treysti þeim sem valist hafa til forustustarfa. Þá gæti farið svo að hið háa Alþingi endurheimti virðingu sína og greinilegur bati yrði sýnilegur í þjóðfélaginu. — Ég þakka áheyrnina, hæstv. forseti og góðir landsmenn.

[22:07]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti, góðir áheyrendur. Síðustu nótt var skipst á skotum í Moskvuborg. Suður í Bosníu er fólk að búa sig undir annan vetur átaka, hungurs, kulda og dauða. Enn sunnar, í Sómalíu, eru sveitir Sameinuðu þjóðanna, sem áttu að koma á friði, í linnulausum átökum við landsmenn. Í 110 ríkjum heims er fólk beitt pyntingum samkvæmt skýrslum Amnesty International og er þá eftir að nefna harðstjórn, ofsóknir, misrétti gagnvart konum og börnum, hungur, sjúkdóma, fátækt og átök af ýmsu tagi.

Þegar við horfum út í hinn stóra heim og hugsum til þeirrar framtíðar sem bíður flestra barna jarðarinnar verður okkur ljóst hve mikil forréttindi það eru að vera Íslendingur. Við búum í landi vatns, jarðvarma, fallvatna, matvælaframleiðsla er meiri en við getum torgað, við eigum ár og vötn með gnægð fiskjar og úti fyrir ströndum eru gjöful fiskimið þótt hart sé að þeim sótt um þessar mundir. Við búum við frelsi og öryggi. Flest okkar alast upp hjá foreldrum sínum og fá mat, föt og húsaskjól. Við eigum þess kost að menntast, njóta menningar, ferðast, skiptast á skoðunum og mótmæla. Þótt eitt og annað þarfnist lagfæringar búum við í samfélagi þar sem mannréttindi eru virt. Íslands er ekki getið í skýrslum Amnesty International, sem betur fer.

Lýðræði og almenn mannréttindi eru ekki ýkja gömul fyrirbæri. Það eru ekki nema rúmlega 300 ár síðan almenningur, fyrst lítill hópur hvítra karla, fór að hafa einhver áhrif á stjórn og mótun samfélagsins í Vestur-Evrópu. Forréttindaaðallinn var smám saman sviptur völdum og þau færð til fólksins sem skyldi velja sér fulltrúa úr eigin röðum til að fara með völdin. En skjótt skipast veður í lofti. Í Vestur-Evrópu, vöggu lýðræðisins, er nú mjög til siðs að afsala sér því valdi sem tók mörg hundruð ár að öðlast og það jafnvel án þess að bera það undir þá þjóð sem valdið er komið frá. Valdið færist æ lengra frá fólkinu til framkvæmdastjórna og ráðherra, stjórnenda stórfyrirtækja og embættismanna, hinna nýju eða kannski endurreistu stétta forréttinda, miðstýringar og karlveldis. Stefnt er að því að gera einingarnar æ stærri, en um leið verður leiðin frá þeim sem eiga að ráða för til hinna nýju landsstjóra sem taka hér æ meiri völd og stjórna með tilskipunum. Hugsjónin um óheftan markaðsbúskap sem býr við flæði fólks, fjármagns, vöru og þjónustu á opnum innri markaði í Stór-Evrópu á að verða hið nýja hjálpræði í heimi harðnandi samkeppni undir stjórn embættismannaveldis.

Hver er árangurinn? Innri markaður Evrópubandalagsins hefur hvorki aukið hagvöxt né skapað meiri vinnu. Eina ríkið sem blómstrar með glæsibrag á meginlandi Evrópu er ríkið sem hafnaði aðild að EES, Sviss. Skyldi það vera af því að þeir móta sína efnahags- og atvinnustefnu sjálfir og eru óbundnir af tilskipunum EB?

Það er samdráttur í efnahagslífi Evrópu og því er spáð af OECD að hann standi fram yfir næstu aldamót. Atvinnuleysið er hrikalegt og fer vaxandi. Það bitnar mun harðar á konum en körlum og nú sjást þess merki að unnið sé markvisst að því að koma konum út af vinnumarkaðinum. Finnskur forstjóri lét þau orð falla nýlega í sjónvarpsþætti að sér fyndist að konur ættu að sýna þann skilning á efnahagsvandanum að draga sig út af vinnumarkaðinum. Réttindi kvenna sem barist hefur verið fyrir í rúmlega 200 ár eru langt í frá gulltryggð. Þau þarf að sækja og verja og konur verða að halda vöku sinni jafnt hér sem annars staðar.

Það er saumað að verkalýðshreyfingunni um alla Evrópu og ég fæ ekki betur séð en að stefnt sé að því að taka til baka þau réttindi og ávinninga sem náðst hafa í rúmlega 100 ára baráttu fyrir auknum jöfnuði. Hinn nýi aðall frjálshyggjunnar sem aldrei hefur sætt sig við þá hugsun að þurfa að gæta bróður síns og systur hefur tekið upp gömul vopn 19. aldarinnar, atvinnuleysi, réttindamissi og takmörkun á opinberri þjónustu. Enn á ný skulu þarfir og gróði stórfyrirtækjanna ráða för þótt ástand jarðarinnar kalli á nýtt skipulag og aðrar lausnir, smærri einingar, samvinnu, jöfnuð og brotthvarf frá vestrænni neysluhyggju. Þessi öfugþróun er afar umhugsunarverð fyrir lítla þjóð eins og okkur Íslendinga sem eigum þess kost að skapa réttlátt og gott samfélag í gjöfulu landi, samfélag sem gengur út frá jafnvægi manns og náttúru og byggist á frelsi kvenna og karla til að velja sér sinn lífsfarveg, samfélag sem setur velferð barna ofar öllu öðru. Lykillinn að slíkri þróun er að geta ráðið eigin för og vera ekki bundinn af óréttlátri og úreltri hugmyndafræði og kerfi langt í burtu sem stefnir í þveröfuga átt.

Góðir áheyrendur. Um rúmlega tveggja ára skeið hefur hugmyndafræði frjálshyggjunnar í evrópskum anda ráðið ríkjum í Stjórnarráði Íslands. Að sögn ráðherra átti að hefjast viðreisn á varanlegum grunni. Mikill uppskurður var boðaður með einkavæðingu, niðurskurði og samdrætti í ríkisrekstri. En það syrti í álinn með aflabresti, verðlækkunum erlendis, háum vöxtum, gjaldþrotum og enn meiri samdrætti sem m.a. má rekja til stefnu ríkisstjórnarinnar. Í tvö ár hefur dunið á þjóðinni endalaus bölmóður þungbrýnna og vonsvikinna ráðherra sem ekki gerðu annað en að rífa niður og draga kjark úr fólki þar til gripið var í taumana og stjórnin knúin til aðgerða í atvinnumálum af aðilum vinnumarkaðarins, enda stefndi í ógnvekjandi atvinnuleysi.

Nú bregður hins vegar nýrra við. Hæstv. forsrh. hefur tileinkað sér bjartsýnistón og sér ljós þar sem áður var svartnættið eitt. Það hefur rifjast upp fyrir honum gamalt kjörorð Sjálfstfl.: Á réttri leið. Hið und-

arlega er að sú fullyrðing er hvergi nærri í takt við raunveruleikann. Hann fullyrðir bara út í loftið að nú stefni til betri hags þótt allar áætlanir segi annað. Þjóðhagsstofnun spáir enn samdrætti á næsta ári í kjölfar minnkandi þorskafla og lækkunar fiskverðs. Atvinnuleysi mun aukast að nýju verði ekki gripið til sérstakra aðgerða. Raunvextir eru himinháir, erlendar skuldir komnar á hættustig og ef marka má fjárlagafrv. ársins 1994 verður hallinn á ríkissjóði meiri en nokkru sinni fyrr. Niðurskurður opinberrar þjónustu mun halda áfram, menntakerfið er svelt, uppbygging og nýsköpun í atvinnulífi er öll í skötulíki.

Það er vissulega þörf á því að efla bjartsýni og hvetja landsmenn til dáða. En af hverju er nú svo bjart í ranni forsrh. þegar óveðursskýin hrannast upp á himni þjóðarinnar? Það mætti halda að hann sé svo rækilega lokaður inni í gamla tugthúsinu við Arnarhól að þangað berist ekkert hljóð utan frá í gegnum hnausþykka veggina. Það mætti líka ímynda sér að fyrir forsrh. sé komið eins og Markúsi Árelíusi Rómarkeisara sem hélt sig úti í garði og sinnti pútunum sínum meðan herir Germana nálguðust óðfluga nema hvað í stjórnarráðsgarðinum er tautað: Á réttri leið, á réttri leið. En þessar skýringar duga ekki. Það er annað sem vakir fyrir forsrh. Lifi stjórnin af veturinn kemur að kosningum næsta vor sem nú snúast um sveitarstjórnir landsins. Íhaldið í Reykjavík er hrætt um sinn hag og óttast að gríðarlegar óvinsældir ríkisstjórnarinnar, formannsins og Sjálfstfl. valdi því að veldi þess riði til falls á ný. Það er mikið í húfi í þessum aðalstöðvum flokksins og nú þarf að breyta ímyndinni hvað sem raunveruleikanum líður. Heldur er þó ólíklegt að Sjálfstfl. takist að rétta úr kútnum eftir allar þær uppákomur sem þjóðin hefur orðið vitni að undanfarna mánuði.

Á ríkisstjórnarheimilinu er fátt um kærleika og ráðherrunum verður allt að ágreiningsefni. Þar lætur Jafnaðarmannaflokkur Íslands, Alþfl., ekki sitt eftir liggja og fer mikinn sem boðberi frelsis í landbúnaðarmálum en minna ber á að hann verji lítilmagnann gagnvart nýjum sköttum og skyldum. En það er svo sérkennilegt með frelsisást Alþfl. að hún liggur mjög í láginni þegar mest á reynir. Af hverju stöðvaði Alþfl. sem þá var í stjórn ekki frágang búvörusamningsins fyrir kosningarnar 1991, ef endurskoðun landbúnaðarstefnunnar var þeim svo mikilvæg? Af hverju krafðist Alþfl. þess ekki að fá landbrn. í þeirri stjórn sem nú starfar? Af hverju hefur Alþfl. ekki fylgt eftir kröfum um áframhaldandi endurskoðun landbúnaðarkerfisins þar sem tekið yrði á afurðastöðvunum, milliliðunum, verðmynduninni og því lagabákni sem reyrir landbúnaðinn í viðjar? Af hverju heyrist ekki múkk í Alþfl. þegar verið var að vinna að endurskoðun búvörulaganna í landbn. sl. vor? Svarið er einfalt. Alþfl. er nákvæmlega sama um íslenskan landbúnað. Hann hugsar um það eitt að verma valdastólana og raða flokksgæðingunum á ríkisjötuna, enda gerspilltur karlrembuflokkur. Upphlaup hans nú sl. sumar var ekkert annað en hræsni og lýðskrum af versta tagi.

Það þarf að halda áfram breytingum á íslenskum landbúnaði en það verður að gefa honum tíma til að aðlagast því sem koma skal, verði EES-samningurinn og nýr GATT-samningur að veruleika. Það er engum til góðs að vaða fram af ábyrgðarleysi líkt og Alþfl. hefur gert. Það þarf að hugsa allt dæmið til enda, ekki síst hvaða atvinnu það fólk á að fá sem missir vinnu sína vegna samdráttar og hvaðan jafnskuldug þjóð og Íslendingar á að taka gjaldeyri til að kaupa landbúnaðarvörur erlendis frá verði það raunin. Ein leiðin til að draga úr skuldum þjóðarbúsins er að draga úr innflutningi og efla innlenda framleiðslu en ekki að leggja hana niður.

Góðir áheyrendur. Hæstv. forsrh. bað hlustendur að taka vel eftir því hvað stjórnarandstaðan hefði til málanna að leggja hér og nú. Við sitjum ekki við stjórnvölinn og berum ekki ábyrgð á því sem gert er eða látið ógert. En svo mikið er víst að fengjum við kvennalistakonur að ráða væri hér öðruvísi umhorfs. Það sem við kvennalistakonur höfum að segja er þetta: Það eru engar töfralausnir til á efnahagsvanda íslensku þjóðarinnar og það tekur tíma að vinna sig út úr vandanum. Það þarf að spyrja réttra spurninga um orsakir og afleiðingar, setja sér markmið, raða í forgangsröð og gera áætlanir. Það þarf að leita allra leiða í samvinnu við landsmenn til atvinnusköpunar, nýta betur það sem við eigum og vera ódeig að prófa nýjungar. Atvinnusköpun þarf að beinast að konum sérstaklega vegna þess að atvinnuleysi er meira í þeirra röðum en meðal karla. Þær tillögur sem hingað til hafa litið dagsins ljós munu fyrst og fremst gagnast körlum. Það þarf nýjar áherslur, nýjar hugmyndir og nýtt blóð inn í íslenska stjórnkerfið. Eins og ræða hæstv. forsrh. hér í kvöld sýnir er nú komið fyrir ríkisstjórninni eins og keisaranum í ævintýri H.C. Andersens sem lét tvo loddara sníða sér föt úr engu. Nýju fötin keisarans sem kynnt voru hér í kvöld í bjartsýnistón eru ekki úr neinu og það er miklum meiri hluta þjóðarinnar löngu orðið ljóst. Þessir menn hafa ekkert fram að færa, engar framtíðaráætlanir eða framtíðarsýn. Ríkisstjórn sem gefist hefur upp á boðaðri stefnu sinni, jafnvel því trúaratriði að einkavæða, sem ég græt þó síst, stjórn sem nýtur ekki trausts og er nánast óstarfhæf vegna ágreinings og sundurlyndis á að sjá sóma sinn í að segja af sér og viðurkenna getuleysi sitt. Valdið er hjá þjóðinni og hún á að fá tækifæri til að gera upp við þá keisarahirð sem hér ráfar um klæðlaus eða skýlir sér undir pilsvaldi ríkisins. Þjóðin þarf að veita nýtt umboð til þeirra sem vilja setja samábyrgð, jöfnuð og réttlæti í öndvegi, þeirra sem vilja úthýsa þeirri rótgrónu spillingu sem gegnsýrir báða stjórnarflokkana. Valdið er hjá þjóðinni og nú er það hennar að knýja fram breytingar. — Góðar stundir.

[22:25]

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það var sérkennileg sýning sem landsfeðurnir settu á svið fyrir alþjóð á liðnu sumri. Farsi er tæplega rétta orðið til að lýsa þessu sjónarspili, svo yfirgengilegt hefur það verið. Hér hefur enn einu sinni sýnt sig að veruleikinn tekur öllum skáldskap fram, jafnvel fjarstæðusögur blikna.

Frestun þingsins af hálfu forsrh. sl. vor var einstæður atburður í sögu Alþingis og slík óvirðing við löggjafarsamkunduna og forseta hennar að engu tali tekur. Síðan tók við setning bráðabirgðalaga þó ekkert hafi verið því til fyrirstöðu að kalla þingið saman. Um það voru þeir samtaka, flokkarnir í ríkisstjórninni. En þá var heimilisfriðurinn úti og ráðherrarnir töldu sig betur komna í útlandinu en heima fyrir. Utanrrh. sameinaði raunar hvort tveggja í einni og sömu ferð. Ráðherrann hélt til Ísafjarðar og taldi sig þar kominn til Grænlands.

Varla var hann kominn frá þeim köldu ströndum að stríðið um landbúnaðarmál sem næstum hafði gengið af ríkisstjórninni dauðri á vordögum blossaði upp að nýju. Eins og menn vita, þá er orðið djúpt á hugsjónamálum í Alþfl., en þegar kemur að innflutningi á landbúnaðarvörum breytist gömul glóð í loga hjá þeim fáu sem enn hafa ekki komið sér fyrir hjá því opinbera. Fyrr en varði var hálf ríkisstjórnin komin í hár saman og hver veifaði sínu tré. Nú þegar komið er til þings hafa þeir engan veginn jafnað sig eftir hildarleiki sumarsins.

Í stefnuræðunni sem við heyrðum áðan bar forsrh. sig mannalega og telur ríkisstjórnina vera á réttri leið. Í tvö ár hafa stjórnarflokkarnir verið að draga kjark úr þjóðinni og notfært sér tímabundna erfiðleika til að koma fram grundvallarbreytingum á samfélaginu. Niðurskurði á félagslegri þjónustu, aðgangseyri hinna betur stæðu að heilbrigðis- og menntakerfinu, einkavæðingu og síðast en ekki síst óheftum markaðsbúskap eftir forskrift Evrópubandalagsins.

Eitt alvarlegasta sjúkdómseinkenni í efnahagslífi hér á landi og raunar um allan hinn vestræna heim er vaxandi atvinnuleysi. Hér á landi hefur það verið nær óþekkt á síðustu áratugum. Því miður virðist ekkert lát á þeim ófögnuði. Stefna ríkisstjórnarinnar í glímunni við atvinnuleysið minnir helst á Bakkabræður sem ætluðu að bera ljósið í húfunum sínum inn í gluggalaust húsið. Raunar efast ég um að stjórnarflokkunum sé í mun að uppræta atvinnuleysið.

Stefna ríkisstjórnarinnnar í efnahags- og atvinnumálum magnar upp þann vanda sem við er að fást. Í landbúnaðarmálum á innflutningur að koma í stað innlendrar framleiðslu. Í sjávarútvegi er kvótabrask það sem á að leysa allan vanda. Frystitogarar eiga að leysa fiskvinnslustöðvar og minni fiskiskip af hólmi og fiskur er í auknum mæli fluttur út óunninn. Í iðnaði halda menn enn dauðahaldi í stóriðjudrauminn þótt hann sé löngu orðinn að martröð. Jafnvel vaxtarbroddur eins og ferðaþjónusta fær ekki að vera í friði fyrir Bakkabræðrum ríkisstjórnarinnar sem leggja á hana skatta umfram aðrar útflutningsgreinar. Samanlagt leiða þessar aðgerðir og aðgerðaleysi ríkisstjórnarinnar til þess að þúsundir starfa tapast og heill og hamingja þeirra sem verða fyrir þeirri þungbæru reynslu að þjóðfélagið vill ekki lengur nýta krafta þeirra. Forsrh. hefur ekki miklar áhyggjur af þessari þróun ef marka má orð hans hér áðan. Það kemur líka skýrt fram í stefnu ríkisstjórnarflokkanna hverjir eiga að herða ólarnar. Það eru ekki hátekjumennirnir heldur þeir sem hafa varla til hnífs og skeiðar. Á aðeins tveim árum hefur ríkisstjórninni og stuðningsmönnum hennar tekist að gera mikinn óskunda. Menntakerfið hefur verið svelt, kennslustundum er fækkað, skólagjöld lögð á nemendur og námsmönnum vísað á bankakerfið eða foreldra sína séu þeir þá aflögufærir.

Í heilbrigðismálum hefur verið gengið fram með dæmalausu offorsi og nýi heilbrrh. gengur þar fram með enn meiri gassagangi og hroka en sá fyrri og er þá langt til jafnað.

Stefna ríkisstjórnarinnar er slæm fyrir þjóðina í heild en sérstaklega bitnar hún á konum. Niðurskurður í velferðarkerfinu kemur fyrst og fremst niður á þeim. Sparnaður á sjúkrahúsum leiðir til þess að fólk er sent heim og þá eru það konurnar sem ætlast er til að sjái um hina sjúku. Hver haldið þið að hugsi um börnin sem send eru heim af leikskólunum? Fyrst og fremst konurnar. Það hefur komið í ljós eins og við óttuðumst, að breytingar á reglum Lánasjóðs ísl. námsmanna leiða til þess að þeim konum fækkar sem fara í nám. Miklu fleiri konur en karlar eru atvinnulausar. Forsrh. ætlast augljóslega til þess að konur sýni fórnarlund og samstöðu með ríkisstjórninni. En nú er nóg komið. Konur ætla ekki enn einu sinni að láta skáka sér til eftir reikniformúlum sem búnar hafa verið til í fílabeinsturni karlaveldisins. Nú er mikilvægt sem aldrei fyrr að konur standi saman og komi í veg fyrir að sá árangur verði gerður að engu sem náðst hefur í réttindabaráttu kvenna.

Það neitar því enginn að á móti hefur blásið og nauðsynlegt sé að endurskoða og endurbæta, en það verður að gera það þannig að ekki sé rifið niður allt sem byggt hefur verið upp. Stuðningsmenn samningsins um Evrópskt efnahagssvæði lýstu honum í fyrra sem eina ljósinu í svartnætti kreppunnar. Það hefur hins vegar lítið farið yfir yfirlýsingum í þessa átt síðan og forsrh. var næsta lágmæltur þegar hann minntist á þetta óskabarn meiri hlutans hér á Alþingi.

Ekkert bitastætt hefur verið gert til að búa íslenskt atvinnu- og efnahagslíf undir þann veruleika sem við tekur þegar EES-samningurinn gengur í gildi. Afleiðingar hans verða þó m.a. þær að samkeppni harðnar verulega, að fyrirtæki neyðast til þess að hagræða og fækka starfsfólki og með EES kasta stjórnvöld frá sér helstu stjórntækjum í efnahagsmálum. Það er þessi gerningur sem við stöndum nú frammi fyrir. Ábyrgðin er þeirra sem greiddu götu samningsins hér á þinginu, beint og óbeint.

Sú ríkisstjórn sem enn hangir við völd nærist á kreppunni, raunverulegri og tilbúinni. Kreppan er hennar hreyfiafl sem notað er til að knýja fram þær þjóðfélagsbreytingar sem Alþfl. og Sjálfstfl. hafa fest trú á. Vandi samfélagsins er ekki fyrst og fremst minnkandi tekjur þjóðarinnar heldur misskipting þess sem aflað er og margháttuð sóun. Hver trúir því að aukinn hagvöxtur einn saman útrými atvinnuleysi og lækni aðrar þær meinsemdir sem hrjá vestræn samfélög, þar á meðal okkar fámenna þjóðfélag í vaxandi mæli? Við eigum gjöfult land, auðug fiskimið og mannauð sem staðið getur undir góðum lífskjörum ef rétt er á málum

haldið. Gæði lands okkar þurfum við að vernda og hlúa að þeim þannig að við skilum komandi kynslóðum betra landi og lífsmöguleikum. Umhverfisvernd er því mál mála nú og í framtíðinni.

Skilningur ríkisstjórninnar á umhverfismálum nær hins vegar skammt. Ekki þarf annað en að líta í fjárlagafrv. sem barst inn á borð þingmanna í gær. Það er því miður aðeins hægt að samhryggjast hinum nýja og orðglaða umhvrh. með þá ömurlegu niðurstöðu sem þar blasir við.

Virðulegur forseti. Íslenskt samfélag stendur um margt á tímamótum. Vegið er að sjálfstæði þjóðarinnar með því að binda okkur á klafa framandi skrifræðis og miðstýringar. Alþingi verður ekki svipur hjá sjón eftir að fjórfrelsi Evrópubandalagsins er orðin ófrávíkjanleg regla. Ríkisstjórn Sjálfstæðis- og Alþýðuflokks er að brjóta niður velferð á flestum sviðum og misskipting og óréttlæti fer ört vaxandi. Hagsmunir barna eru látnir víkja, einstæðir foreldrar gerðir að hornrekum og ekki er hlustað á konur sem fylla láglaunahópana. Eigum við konur þessa lands að láta okkur þetta lynda öllu lengur? Er ekki kominn tími til að þessum leikreglum verði breytt? Eigum við ekki að gera afturrækt það fádæma siðleysi þar sem landsfeðurnir ganga á undan í sólundinni með biðlaun á biðlaun ofan og blygðunarlausar stöðuveitingar? Í stað spillingar og valdhroka þurfa að koma önnur og uppbyggileg gildi. Kvennalistinn býður fram krafta sína til að þrífa upp eftir þá valdsmenn sem sett hafa mark sitt á samfélagið allt of lengi. Ef við konur fáum aukinn styrk og skilning er von um betri tíð. — Góðar stundir.

[22:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Við höfum nú hlýtt á ræður stjórnarandstöðunnar hér í kvöld og átt þess kost að kynnast úrræðum þeirra. Það verður varla sagt að margt nýtt hafi komið fram nema þá helst kröfur um ný útgjöld úr ríkissjóði eins og heyra mátti á síðasta ræðumanni. Í raun var hálfátakanlegt að heyra gamla bölmóðinn hjá Steingrími Hermannssyni, formanni Framsfl., sem hann flutti hér fyrr í kvöld. Segja má að einu verulegu tilburðirnir til að gera nýjar tillögur í efnahagsmálum hafi komið frá formanni Alþb., Ólafi Ragnari Grímssyni, sem lýsti því sem hann kallaði þriðju leiðinni sem er eins konar efnahagsleg eilífðarvél. En það er einmitt þessi sami Ólafur Ragnar sem hefur sagt og sagði nýlega, ég held í gær í sjónvarpsþætti, að hann vilji ekki skera niður útgjöld ríkisins heldur felist lausn hans í ríkisfjármálunum í því að leggja á 4–5 milljarða í hátekjuskatt. Við skulum aðeins átta okkur á því hvað þetta þýðir. Þetta þýðir að hjón með 300–400 þús. kr. mánaðarlaun þurfa að greiða 85% skatt í hærra skattþrepi í stað 45% nú. Maður hlýtur að spyrja: Hvers vegna lagði ekki maðurinn þessa hátekjuskatta á sjálfur þegar hann var fjmrh. í fyrri stjórn? En það er einmitt núverandi ríkisstjórn sem hefur farið út í það að leggja á nokkurn hátekjuskatt. Það er auðvitað ekki hægt að taka mark á svona málflutningi. En svona er samt reynt að blekkja í trausti þess að enginn nenni að kanna málið ofan í kjölinn. Ég held að þetta teljist varla gott upphaf í siðbótarstarfi hins nýheilaga stjórnmálamanns.

Þetta gefur hins vegar tilefni til að rifja upp þá dýrð sem var hér á landi þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh., en hann sat í ríkisstjórn fyrir aðeins tveimur og hálfu ári síðan. Á þrjátíu mánaða valdaferli hækkaði Ólafur Ragnar Grímsson skatta um hvorki meira né minna en 10 milljarða. Þessar skattahækkanir dugðu þó skammt einar og sér því að hallarekstur ríkissjóðs nam 27 milljörðum kr. á árunum 1989–1991. Öll sagan er þó ekki sögð því a.m.k. 5 milljörðum var velt yfir á framtíðina með lántökum í stað beinna framlaga til byggingarsjóðanna og Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þegar ríkisstjórn þeirra Steingríms og Ólafs Ragnars lauk starfstíma sínum hafði myndast 10 milljarða yfirdráttarskuld í Seðlabankanum. Svona var ástandið við stjórnarskiptin þrátt fyrir tiltölulega hagstætt árferði. Frá þeim tíma hefur ríkissjóður þurft til viðbótar að yfirtaka vel á fjórða milljarð vegna tapaðra útlána sjóðanna, þeirra sjóða sem Steingrímur og Ólafur stýrðu. Fyrirsjáanlegt er að sá reikningur sem sendur verður skattborgurunum verður miklu hærri á næstu mánuðum og árum. Það er einmitt af þessum ástæðum, ágætu áheyrendur, sem minna er til skiptanna nú og minna er til ráðstöfunar, m.a. til heilbrigðismála.

Flestir eru sammála um að við mjög erfiðar aðstæður í efnahagsmálum hafi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar náð verulegum árangri á mörgum sviðum. Gott jafnvægi hefur náðst í viðskiptum við útlönd, erlendar skuldir þjóðarbúsins munu ekki vaxa að raungildi á næsta ári, viðskiptahallinn á þessu ári verður líklega 5,5 milljarðar en var þrisvar til fjórum sinnum meiri 1991. Verðbólgan hér á landi mælist nú sambærileg og jafnvel lægri en í helstu viðskiptalöndum. Á þessu kjörtímabili hefur verðbólgan að meðaltali verið innan við 5% á ári og fer enn hjaðnandi. Árið 1994 verða útgjöld ríkisins 8,5 milljörðum kr. lægri en 1991 og skatttekjur ríkissjóðs verða 5,5 milljörðum lægri og hafa ekki verið lægri síðan á árinu 1987 að raungildi.

Ríkisstjórnin hefur hamlað gegn atvinnuleysi með öflugum stuðningi við atvinnulífið í formi skattalækkana og opinberum fjárfestingum sem stuðlað geta að hagvexti í framtíðinni. Samkeppnisstaða útflutningsgreina hefur sjaldan verið betri. Núverandi ríkisstjórn hefur algerlega skrúfað fyrir yfirdrátt í Seðlabanka þannig að ríkissjóður verður nú að taka sín lán á markaði eins og aðrir. Framlög til vísinda og rannsókna hafa aldrei verið meiri og þannig er lagður grunnur að meiri hagsæld í framtíðinni. Sérstök framlög hafa verið veitt til þess að efla atvinnu fyrir konur. Og það var athyglisvert að báðir fulltrúar Kvennalistans gengu fram hjá þessari staðreynd og minntust ekki einu orði á það sem gert hefur verið sérstaklega fyrir konur, bæði hér í Reykjavík og úti á landsbyggðinni.

Góðir áheyrendur. Í stefnuræðu forsrh. hér fyrr í kvöld var stjórnarstefnunni ítarlega lýst. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur náð verulegum árangri við afar erfiðar aðstæður. Sem betur fer hafa landsmenn

yfirleitt sýnt aðgerðum ríkisstjórnarinnar skilning. Aðilar vinnumarkaðarins hafa axlað sína ábyrgð með því að gera kjarasamninga sem gefa góða von um stöðugleika *næstu missiri*. Ríkisstjórnin telur enga ástæðu til að draga fjöður yfir þá erfiðleika sem fram undan eru á næsta ári. Aðalatriðið er að byrðunum sé skipt réttlátlega á fólk og þeim hlíft sem verst eru settir eins og ríkisstjórnin hefur kappkostað að gera í sínu starfi.

Sumpart eiga efnahagserfiðleikar okkar sér orsakir í fallandi markaðsverði á erlendum mörkuðum. Úr því mun rætast þegar efnahagsástand batnar í viðskiptalöndunum. Öðrum þræði má rekja vandann til slæms ástands verðmætra fiskstofna. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að draga tímabundið úr veiðum til að byggja upp þorskstofninn á nýjan leik. Þetta er uppbyggingarstarf sem mun vonandi skila árangri innan fárra ára. Með ráðdeild og fyrirhyggju hefur ríkisstjórnin lagt grunn að bættum lífskjörum. Við getum því horft bjartsýn fram á veginn.

[22:38]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Íslenskt samfélag hefur verið í mikilli tiltekt á undanförnum árum. Verðbólga sem áður mældist í tugum prósenta er nú hverfandi. Raunvextir voru áður stórlega neikvæðir og fjármagninu var stýrt pólitískt. Nú eru greiddir jákvæðir raunvextir, því miður of háir, en pólitísk stýring á fjármagni er nánast búin. Þrálátur viðskiptahalli og erlend skuldasöfnun með tilheyrandi innra ójafnvægi milli atvinnugreina hafa löngum verið vandamál. Nú er jafnvægið betra og fólk farið að leita út á landsbyggðina.

Áður var samkeppni verulega ábótavant í viðskiptalífinu og verðlagshöft gildandi á mörgum sviðum. Nú hefur samkeppnin haldið innreið sína í hverja atvinnugreinina á fætur annarri og lög um samkeppni hafa tekið við af lögunum um verðlag. Ekki er langt síðan verslun með gjaldeyri var í viðjum. Nú eru gjaldeyrisviðskiptin að verða algjörlega frjáls og íslenska krónan skráð á gjaldeyrismarkaði. Fyrir nokkrum árum var íslenska skattkerfið gamaldags en nú er það byggt upp í samræmi við það sem tíðkast hjá helstu viðskiptaþjóðum okkar. Ekki er langt síðan Ísland var í flestu sérstakt tilfelli meðal nágrannaþjóða okkar en nú erum við hluti af Evrópska efnahagssvæðinu og höfum öðlast mikilvæg réttindi á stærsta markaði heimsins. Íslenskt samfélag hefur verulega aukið samkeppnishæfni sína á undanförnum árum. Við höfum leitast við að beita sambærilegum aðferðum við uppbyggingu viðskiptalífsins og þær þjóðir sem mestum árangri hafa náð. Um þessa meginstefnu hefur verið þokkalegt samkomulag ráðandi afla í íslenskum stjórnmálum, að vísu með nokkrum mikilvægum undantekningum sem þó hafa verið og munu verða afmarkaðar og tímabundnar.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur unnið ötullega að veigamiklum umbótum á fjármagnsmarkaði og í skattamálum og afgreiðsla EES-samningsins er stórt framfaraskref.

Síðan 1987 höfum við mátt þola samdrátt í okkar þjóðarbúskap vegna versnandi ytri skilyrða. Á sjö mögrum árum í sögu okkar þolum við 22% lækkun á kaupmætti ráðstöfunartekna og 6% fækkun starfa í atvinnulífinu. Samdrátturinn hefur fyrst og fremst komið fram í minni einkaneyslu heimilanna og minni fjárfestingu í atvinnulífinu. Samneyslan hefur hins vegar aukist. En tiltektin mikla hefur gert okkur betur kleift að þola erfiðleikana. Við höfum horft upp á fjöldamörg heimili í fjárhagslegum erfiðleikum. Margir hafa mátt þola atvinnuleysi og skuldabasl af þeim sökum. Önnur heimili hafa reist sér hurðarás um öxl í húsnæðismálum, m.a. vegna lækkandi tekna og það er stór hópurinn sem hefur þurft að taka á sig skuldir vegna áfallinna ábyrgða ættingja, vina eða fyrir gjaldþrota atvinnurekstur.

Skuldir heimilanna eru mikið áhyggjuefni og skattkerfi okkar tekur engan veginn tillit til þess að margt fólk er orðið svo skuldsett. Einstaklingur sem tekur á sig milljón króna skuld vegna áfallinnar ábyrgðar og á að borga hana á þremur árum getur reiknað með greiðslubyrði á bilinu 30–35 þús. kr. á mánuði. Lítið má út af bera til þess að fólk í þannig stöðu lendi í vanskilum.

En í þessum erfiðleikum okkar nú bæði hjá heimilum og fyrirtækjum skulum við spyrja okkur: Hvernig væri staðan ef verðbólgan væri 40% en ekki 4%? Ætli okkur yrði þá ekki býsna lítið úr peningunum? Hvernig væri staðan ef raunvextirnir væru enn þá neikvæðir og bullandi pólitísk stýring á fjármagninu? Ætli ýmsum þætti ekki biðin hjá bankastjórunum býsna löng og ströng og þeir ekki vera inn undir á réttum stöðum til þess að fá úrlausn sinna mála? Og hvað ef EES hefði ekki náð í gegn og við haldið á vit einangrunarhyggjunnar? Hvaða möguleika og framtíðarvonir ættum við þá að bjóða unga fólkinu upp á? Ríkisstjórnin hefur gert skyldu sína á erfiðleikatímum. Ábyrgð hefur verið höfð að leiðarljósi en ekki hefur verið hlaupið eftir stundarvinsældum.

Ísland er í samkeppni á öllum sviðum. Ekki bara atvinnulífið heldur líka ríkið, velferðarkerfið og allt þjóðfélagið. Við verðum að hafa vilja til að standa okkur í þessari samkeppni, skapa hér þjóðfélag sem stenst samanburð við það sem best gerist meðal annarra þjóða. Íslendingar kusu sjálfstæði frá Dönum á sínum tíma vegna þess að þeir höfðu trú á framtíðina. Við sem nú höfum forræði mála verðum að skila landinu sterkara frá okkur en við tókum við því. Við þurfum því að halda áfram að breyta og bæta íslenskt samfélag.

Ég vil að lokum nefna að fullveldishugtakið er að breytast í heimi síaukinna heimsviðskipta, alþjóðlegra viðfangsefna og vandamála og samskipta milli þjóða. Fullveldi nítjándu aldarinnar þýddi rétt þjóðarinnar til að ráða málum sínum sjálf og á þeim forsendum unnum við sjálfstæði okkar. Fullveldi 21. aldarinnar þýðir hins vegar rétt þjóðarinnar til að taka þátt í þeim ákvörðunum á fjölþjóðlegum vettvangi sem snerta hagsmuni hennar. Við munum á næstu árum þurfa að halda vel á málum til þess að viðhalda fullveldi okkar og sjálfstæði.

Hver þjóð er sjálfri sér næst en við verðum að vernda okkar hagsmuni í nýjum heimi þar sem gerðir eru sífellt viðameiri samningar milli ríkja um gagnkvæm réttindi og skyldur. Þetta verða líka helstu átakamál íslenskra stjórnmála í næstu framtíð og það er ósk mín að hvar sem við komum til að standa í þeim átökum megum við aldrei gleyma arfi okkar, menningu og metnaði til að standa í fremstu röð meðal þjóða heims. — Góðar stundir.

[22:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Fjárlagafrv. er stærsti áfellisdómur um ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Enda segir á einum stað í frv. að það einstigi sem ríkisstjórnin hafi valið sér hafi víða reynst vandratað. Atvinnuleysi hafi margfaldast, afkoma ríkissjóðs hríðversnað og skuldir farið ört vaxandi. Þetta er sjúkdómslýsingin hér, gott að hæstv. fjmrh. greinir sjálfur bjálkann í eigin auga. Hér er því fyrst og fremst skollinn á kreppa af mannavöldum enda er ríkisstjórnin rúin trausti, sú óvinsælasta á þessari öld.

Fyrr í kvöld hitti ég hér á Austurvelli einn af fyrrum frammámönnum Sjálfstfl. Ég sagði við þennan ágæta mann: Nú ætla ég að deila hart á flokkinn þinn. Hann svaraði að bragði: Slepptu því og haltu frekar minningarræðu þar sem enginn Sjálfstfl. er lengur til. Fólkið segir sem er: Þessi stefna með sínum bölmóði og árásum var ekki boðuð í síðustu kosningum. Það hefur verið undarleg ógæfa yfir ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Spyrja má: Er hún verkfæri fámennrar klíku eða siglir hún undir óheillastjörnu? Um suma ráðherranna mætti nota lýsingarorð Halldórs Laxness fyrr á öldinni um umdeildan ráðherra þá. Versið er á þessa leið:

„Þó sumir ráðherranna hafi alls ekki verið ógeðfelldir menn áður en þeir tóku sæti í ríkisstjórninni þá er engu líkara en skaparinn hafi klúðrað á þá tréhendi svo allt sem þeir koma nærri verður að axarskafti."

Ríkisstjórnin er að fremja mörg axarsköft. Hún er að veikja heilbrigðis- og skólakerfið. Er það sparnaður að búa til biðraðir við skurðdeildir sjúkrahúsanna? Láta einstakling sem þarf í hjarta- eða mjaðmaaðgerð bíða í fimm mánuði? Hver er áhættan? Hvert er vinnutapið? Svo heyrast þær raddir innan úr heilbrigðisgeiranum að sú stefna sé í umræðu að neita öldruðu fólki um aðgerð. Það sé of dýrt og skipti svo sem ekki miklu máli hvort það deyi strax, aldurinn sé orðinn hár. Ég segi: Guð forði okkur frá svona hugsun. Það á ekki að meta líf eftir aldri eða peningum.

Hæstv. utanrrh. bað hér um stuðning við hæstv. heilbrrh. Við viljum láta hæstv. heilbrrh. í té allan stuðning. En hvernig er hægt að styðja ráðherra sem með skyndiákvörðunum sker 180 millj. af Landakotsspítalanum, lokar mikilvægu vistheimili í Gunnarsholti? Ráðherra sem vísar minni máttar þannig á guð og gaddinn? Ráðherra sem lokar barnadagheimilum með 700 börnum og í rauninni sviptir 1.400 foreldra atvinnu sinni? Svona ráðherra þarf að mínu viti að byrja á félagsmálanámskeiði. En um fram allt þarf þessi hæstv. ráðherra að lesa þær ræður sem hann flutti áður en hann klæddist í hin stóru föt Sighvats Björgvinssonar.

Ég tók eftir því að á einum stað henti það hæstv. forsrh. að fara með rangt mál og villandi upplýsingar. Það var þegar hann ræddi vaxtamál. Var það viljandi gert að skrökva að þjóð sinni? Hefur hann móral vegna þess að hann hefur fært fjármagnseigendunum allt frítt síðan hann tók við völdum á Íslandi? Hið rétta í vaxtamálunum er þetta: Þegar ríkisstjórnin tók við var frumsala spariskírteina 6,5% en ekki 8,45% eins og hæstv. forsrh. sagði. Hins vegar voru það fyrstu verk þessarar ríkisstjórnar að hækka vexti spariskírteina úr 6,5% í frumsölu upp í 8,30% hæst í október 1991. Menn skulu gera sér grein fyrir því að hér er um vexti á innlánsfé að ræða.

Í nýlegri athugun sem gerð hefur verið af einum verðbréfasjóði sker Ísland sig úr þar sem raunvextir ríkisbréfa eru hér miklu hærri en þekkist annars staðar. Eina raunhæfa leiðin til lækkunar vaxta er því sú að íslenska ríkið lækki sín tilboð um svona 3%. Þá er víst að almennir útlánsvextir munu lækka að sama skapi. Við þessa aðgerð yrðu stærstu fjármagnseigendurnir, sem eru lífeyrissjóðirnir í landinu, að lækka sína ávöxtunarkröfu. Spyrja má: Hverjir eiga lífeyrissjóðina? Er það ekki almenningur sem stynur undan hinni háu vaxtakröfu? Lífeyrissjóðirnir og stóru fjármagnseigendurnir í landinu verða að slá af kröfum sínum og taka þátt í nýrri þjóðarsátt.

Sjávarútvegurinn er rekinn með halla og hæstv. sjútvrh. unir gjaldþrotastefnunni vel. Hann hikar í stefnumótuninni og óvissa er daglegt brauð undir hans forustu. Þróunarsjóðurinn dagaði uppi í vor og engin samstaða er á milli stjórnarflokkanna um breytingar á fiskveiðistefnunni. Tekst Alþfl. að smygla inn auðlindaskatti? Það er undarlegt hvað þessi litli, agnarlitli flokkur ræður miklu í þessu landi. Sjútvrh. tekur að vísu dýfur og heldur þrumandi ræður en allar skulu þær vera langt frá Stjórnarráðinu. Bergmálið heyrist ekki einu sinni inn til hæstv. forsrh. Hann sendir að vísu fugla út af örkinni til að deila við sjómenn. Þröstur Ólafsson og Vilhjálmur Egilsson eru sjálfsagt gott afþreyingarefni í sjávarþorpum en stefnan skýrist ekki. Hæstv. sjútvrh. verður að eyða þessari óvissu. Stefnuleysið veldur lamandi ótta og átökum um okkar aðalatvinnuveg. Trillukarlar vilja lifa, útgerðin vill rekstrargrundvöll, fiskvinnslufólkið vill stefnu þar sem mest af aflanum er fullunnið hér í landinu. Hvar er hattur, hvar er húfa ráðherrans, hvar er stefna hæstv. sjútvrh.?

Hæstv. forsrh. varaði fyrr í kvöld við stéttaátökum og sagði, með leyfi forseta:

„Borgarbúinn hlýtur að koma til móts við bóndann og bóndinn að koma til móts við borgarbúann ef vel á að fara. Stundarhagsmunir þeirra kunna að rekast á en til lengri tíma eiga þeir í sameiginlegri baráttu og sameiginlega hagsmuni."

Þessi orð eru sögð af skynsemi og þau eru kjarni málsins. Þau eru spurningin um það hvort við ætlum að vera þjóð áfram. Alþfl. hefur ráðist enn einu sinni af heift á landbúnaðinn. Það hefur líka stærsta verslunarkeðja landsins gert. Alþfl. virðist ekki skilja leng-

ur þjóðarhagsmuni. Hann á sér engin landamæri.

Landbúnaðurinn sér 12–15 þús. manns í þéttbýli fyrir atvinnu við úrvinnslu og þjónustu. Eigum við að fela erlendu verkafólki að vinna þessi störf? Eigum við að fela versluninni að flytja þessa vöru inn í landið? Skilar *íslenska verslunin einhverjum vörum á heimsmarkaðsverði*? Ég segi nei.

Eitt dagblaðanna upplýsti að 10–15 þús. Íslendingar væru nú fyrir jólin að fara til Bretlands og Írlands til að kaupa fatnað og glingur. Hvers vegna? Vegna þess að varan hækkar *óeðlilega í hafi*.

Ég hygg að bændur deili áhyggjum sínum með neytendum. Milliliðirnir taka of mikið til sín, varan er dýr í borði verslunarinnar og hlutur bóndans rýrnar með hverju ári og í mörgum tilfellum hverfur hann alveg með tíðum gjaldþrotum verslana. Er þá sanngjarnt af hálfu verslunarkeðjunnar að bjóða erlendum bændum að selja vöruna án álagningar en í ýmsum tilfellum leggja 50–100% á það sem íslenski bóndinn er að selja?

Hvar eru neytendasamtök þessa lands? Eigum við gjaldeyri til að kaupa öll matvæli inn í landið? Ekki vex gjaldeyrir á trjánum hér vestur við Hagatorg.

Síðan er kalkúnaþáttur hæstv. ráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar, kapítuli út af fyrir sig. Hann snýst ekki um landbúnað heldur lög og siðferði.

Hæstv. forsrh. hefur lýst þessum ráðherra sem lögbrjót og sagt að ráðherrann hafi verið mjög óheiðarlegur. Framferði hæstv. utanrrh. var nefnilega grafalvarlegt. Hann braut reglugerð setta með lögformlegum hætti. Slíkt athæfi hefði í engu landi verið liðið. Forsrh. hefði leyst slíkan ráðherra frá störfum samdægurs. Þegnar þjóðfélagsins verða að hlýða lögum. Ráðherrum um víða veröld líðst ekki að brjóta lögin.

Íslenska þjóð, ég vona að það fari bjartari tími í hönd. Ég býð góða nótt.

[22:55]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur nú setið að völdum um tveggja ára skeið. Á þessum tveimur árum hafa utanaðkomandi aðstæður verið íslenskri þjóð miklu harðdrægari en nokkurn gat órað fyrir. Verð útflutningsafurða hefur fallið samfara gífurlegum samdrætti í þorskafla landsmanna. Í ofanálag hefur hallarekstur *ríkissjóðs* til margra ára og í framhaldi af því aukin skuldasöfnun gert okkur erfiðara um vik að takast á við aðsteðjandi vanda. Þannig hefur hinn stöðugi hallarekstur ríkissjóðs ásamt oft á tíðum óæskilegum afskiptum stjórnmálamanna af einstökum *atvinnufyrirtækjum* og *atvinnugreinum* haft þær afleiðingar að við búum við hærra vaxtastig en æskilegt er. Vaxtastigið getur ekki lækkað svo um munar ef stöðugt eru gerðar kröfur um aukin ríkisútgjöld og það án þess að aukin skattheimta komi til. Það er einfaldlega svo, *og eru ekki mikil vísindi*, að ekki verður bæði sleppt og haldið.

Það hlýtur að vera öllum alvarlegt umhugsunarefni, ekki síður almenningi en stjórnmálamönnum hvernig farið hefur verið með sameiginleg verðmæti þjóðarinnar síðustu tvo áratugi. Í góðærinu hefur átt sér stað sóun í stað þess að mynda sjóði til mögru áranna sem óhjákvæmilega kemur einhvern tíma að. Þessi mögru ár eru nú orðin sex í röð og því miður ekki útlit fyrir að á verði veruleg breyting til batnaðar á næstu missirum. Það hlýtur því að vera meginverkefni þessarar ríkisstjórnar í framtíðinni sem hingað til að hamla gegn því mótlæti sem þjóðin býr nú við.

Það er oft vel til vinsælda fallið að hafa uppi háreisti og stóryrði eins og ýmsir stjórnarandstæðingar hafa tíðkað þar sem því er haldið fram að velferðarkerfið sé að *hruni* komið. Stjórnarandstaðan hefur einkum beint spjótum sínum að þeim heilbrigðisráðherrum sem setið hafa í þessari ríkisstjórn. Undangegnin tvö ár var það fyrrv. hæstv. heilbrrh. sem var úthrópaður, hann sæist ekki fyrir í árásum á gamalmenni, öryrkja og sjúka í *þessu landi*. *Um tíma trúði þjóðin* þessum gífuryrðum. Það hefur hins vegar komið á daginn, eins og alþjóð veit nú, að þjónustu velferðarkerfisins hefur ekki sett niður. Þvert á móti hefur hún víða verið aukin en einkum hefur verið leitast til að nýta takmarkaða fjármuni, þannig að þeim sé fyrst og fremst beint til þeirra sem mest eru þurfandi í samfélaginu.

Ég veit og er þess fullviss að á þeim nótum mun núv. hæstv. heilbrrh. vinna og þrátt fyrir harkalega aðför sem hann hefur þegar orðið fyrir og mun verða fyrir nú á næstu vikum í þinginu og í þjóðfélaginu þá mun hann umfram allt vinna að því að bæta hag þeirra sem við lökust skilyrði búa. Því hlutverki mun heilbrrh. reynast trúr, trúrri heldur en ýmsir þeir sem hæst kann að láta í.

Á allra síðustu dögum höfum við heyrt válegri tíðindi frá grannþjóð okkar Færeyingum en nokkurn óraði fyrir. Ungt fólk er að yfirgefa þjóð sína þar sem rætur þess liggja og reynir að leita á önnur mið. Það fólk í Færeyjum sem aflað hefur sér menntunar sækist eftir störfum annars staðar. Þetta heitir atgervisflótti. Það er óþarft að rekja raunasögu Færeyinga en ég lít með hryllingi til þess kafla sem nú er að hefjast í þeirri harmsögu. Svo er komið að Færeyingum er ljóst að rót hins mikla vanda sem þjóðin býr við og mun búa við næstu árin er gegndarlaus skuldasöfnun í kjölfar offjárfestingar þjóðarinnar í skjóli þess að vilja gera allt fyrir alla án tillits til þess hvort fjármunir eru fyrir hendi og án tillits til þess hvort þarfir voru til staðar. Stjórnmálamönnum er þar um kennt enda hafa þeir farið með sameiginlega sjóði þjóðarinnar. Ég ætla í einlægni að vona að til þess megi aldrei koma í samfélagi okkar að unga fólkið kjósi að yfirgefa þjóð sína, að atgervisflótti verði. Svo mun hins vegar fara ef ekki verður spyrnt við fótum, smærri hagsmunir verða að víkja fyrir hinum stærri. Alþfl., Jafnaðarmannaflokkur Íslands, vill ekki vera einn þeirra stjórnmálaflokka sem koma þjóð sinni í vanda viðlíkan þeim sem er í Færeyjum. Við slíkar aðstæður geta hugsjónir jafnaðarmanna ekki náð fram að ganga, kjör hinna lakast settu verða ekki varin. Því er það þjóð okkar nauðsynlegt að ríkisstjórn, þing og þjóð megi greina kjarnann frá hisminu, sjá skóginn fyrir trjánum í þeirri baráttu sem fram undan er.

[23:01]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti, gott kvöld, góðir Íslendingar. Í lýðræðisþjóðfélagi er opin og hispurslaus umræða nauðsynleg. Eðli máls samkvæmt eru skiptar skoðanir um einstakar ákvarðanir og viðhorf stjórnmálamanna. Víða erlendis er gert út um slík ágreiningsefni með vopnavaldi. Það hefur verið að gerast í Rússlandi síðustu dægrin. Við hér á Íslandi förum hinar lýðræðislegu leiðir, við ræðum málin jafnvel þótt deila megi um gagnsemi umræðunnar á stundum. En þótt skoðanir séu skiptar um einstök mál eru ákveðin grundvallaratriði sem flestir ef ekki allir Íslendingar eru sammála um. Ég hygg að landsmenn allir telji það mannréttindi að hver vinnufær maður hafi atvinnu. Á sama hátt binst fólk tryggðarböndum um að gæta náungans, tryggja framfærslu og heilsu hvers einasta Íslendings eins og frekast er kostur. Þetta hefur stundum verið nefnt velferðarkerfi. Samhjálp og aðstoð fólks gagnvart meðbræðrum sínum og systrum sem eiga um sárt að binda. Í þeim efnum er málaflokkur heilbrigðis- og tryggingamála hvað mikilvægastur. Rúmlega 47 þús. millj. kr. renna til að tryggja heilsu og hag landsmanna á þessum vettvangi. Milli 10 og 15 þús. einstaklingar veita þessa þjónustu. Langflestir landsmanna njóta hennar. Það hefur verið mótstreymi í íslensku þjóðfélagi á umliðnum missirum og árum. Þjóðartekjur hafa dregist saman, það hefur harðnað á dalnum. Um þær staðreyndir þarf ekki að deila. Þessi efnahagskreppa er ekki bundin eingöngu við Ísland. Það hefur einnig verið atvinnu- og efnahagskreppa hjá öðrum iðnvæddum þjóðum. Hér hefur hún hins vegar lagst á með tvöföldum þunga vegna erfiðleikanna í sjávarútvegi. Við höfum því háð varnarbaráttu. Það er óhjákvæmilegt að slíkur samdráttur leiði til erfiðleika hjá fólki. Hvert einasta heimili finnur fyrir andstreyminu. En í mótvindi er mikilvægt að hrekjast ekki af leið, þá reynir á þolgæði og kraft. Íslendingar hafa kraftinn og þolið, það hafa þeir sýnt áður og það munu þeir aftur sanna nú. Við munum komast upp úr öldudalnum með sameiginlegu átaki.

Því hefur verið haldið fram að á erfiðleika- og samdráttartímum sé mikil hætta á því að samhjálpina bresti, að áhugi fólk á því að rétta náunganum hjálparhönd minnki — hver verði sjálfum sér næstur. Þetta má ekki gerast. Við verðum að standa vörð um grundvallaratriði, markmiðin um atvinnu fyrir alla, að allir geti notið menntunar sem þeir kjósa og við búum vel að öldruðum sem við eigum svo margt að þakka, að við hlúum að börnum okkar, framtíðinni, og við gætum að sjúkum, öryrkjum og öðrum þeim sem um sárt eiga að binda. Samhjálparþjóðfélagið má ekki bresta þótt vindar blási.

Í starfi mínu sem heilbrrh. á umliðnum mánuðum hef ég reynt að haga verkum mínum á þann veg að grundvöllur velferðarkerfisins raskist ekki. Hinu verður ekki fram hjá því horft að þeir fjármunir sem til þessara málaflokka renna eru af skornum skammti. Krónunum fækkar, peningarnir eru einfaldlega ekki til í þjóðarbuddunni til að halda áfram á óbreyttri braut. Í því ljósi hef ég reynt að spara og hagræða á þann veg að meginatriði, grundvöllurinn, máttarstólpar velferðar og samhjálpar megi halda sér.

Ýmsar þær tillögur sem ég hef kynnt með þessi markmið að leiðarljósi hafa hlotið hörð viðbrögð. Tillögur um að sveitarfélögin taki að sér rekstur leikskóla sjúkrahúsanna á næsta ári, sem lögum samkvæmt er þeirra verkefni, hafa verið gagnrýndar. Ég hef af þeim sökum verið sakaður um að vera óvinur barna — ekkert minna. Tillögur um tilfærslur og hagræðingu í kerfi áfengismeðferðar, þ.e. flutningur vistmanna á Gunnarsholti yfir í önnur jafnvirk en ódýrari úrræði hafa kallað fram viðbrögð þar sem mér hefur verið núið því um nasir að ýta fólki út á götu í eymdina og óöryggið, út á guð og gaddinn, sem virðulegur þingmaður orðaði svo skemmtilega hér áðan.

Hugmyndir mínar um að marka heilbrigðis- og velferðarkerfinu nýjan tekjustofn, heilsukort, nýja peninga sem skattgreiðendur borga, ekki aðeins þeir sem mest þurfa á heilbrigðisþjónustunni að halda, hefur verið kallað það að brjóta niður grundvöll heilbrigðiskerfisins, búa til tvöfalt kerfi fyrir ríka og fátæka — ekkert minna. Þetta er út í hött. Það má samkvæmt þessu hvorki spara né afla fjár. Er það trúverðugur málflutningur af hálfu stjórnarandstöðu? Ég segi nei.

Málefnalegar umræður um þessar tillögur og aðra þætti heilbrigðis- og tryggingamála eru nauðsynlegar. Ég frábið mér hins vegar að stóryrði og fráleitar staðhæfingar á borð við þær sem ég rakti á undan komi að gagni. Ég mun láta einskis ófreistað að tryggja hag þeirra barna sem hafa verið vistuð á leikskólum sjúkrahúsanna og það sama gildir um starfsfólk leikskólanna. Hver einasti vistmaður á Gunnarsholti sem hefur þörf fyrir áframhaldandi heilbrigðisþjónustu að mati okkar færustu sérfræðinga fær hana, svo einfalt er það.

Heilsukort munu ekki leiða til grundvallarbreytinga á velferðarkerfinu, þau munu hins vegar verða til þess að nýir fjármunir munu koma inn í heilbrigðis- og tryggingakerfið til að styrkja það. Framlag hvers einstaklings til þessa er ætlað um 2.000 kr. á ári, eða sem svarar 5 kr. og 48 aurum á hverjum degi. — Ég endurtek: 5 kr. og 48 aurar á hverjum degi, frá hverjum Íslendingi inn í heilbrigðiskerfið. Er það leiðin til að rústa okkar ágæta velferðarkerfi?

Það er nefnilega alvarlegt mál þegar því er skrökvað að tilfærslur og hagræðing og tekjuöflun til velferðarþjónustu þýði ekkert minna en eyðileggingu velferðarkerfisins. Það er auðvitað fráleitt. Ekki síst í ljósi þess að útgjöld til þessara mikilvægu málaflokka eru upp á 47 þús. millj. kr. á næsta ári og ríflega það, hækkar raunar að krónutölu milli ára, frá því að vera 46,1 milljarður í fjárlögum á þessu ári í 47,6 milljarða á næsta ári. Það er með öðrum orðum aðeins reynt að stemma stigu við útgjaldaaukningunni, treysta grundvöll velferðar.

Hér má ætla af ræðum stjórnarandstæðinga og fjölmiðlaumræðu á umliðnum vikum að ég hafi það eitt markmið og það er að rústa velferðarkerfið. Það eru algjör öfugmæli. Sumir sjá ekki skóginn fyrir trjánum.

Allt mitt starf miðar þvert á móti að því að tryggja áfram þau viðhorf samhjálpar og aðstoðar sem heilbrigðis- og tryggingakerfið okkar byggir á. Ég vil forða því að við stöndum frammi fyrir því eftir einhver missiri eða ár að þetta mikilvæga samhjálparkerfi okkar sé orðið okkur fjárhagslega ofviða og það hrynji til grunna. Við verðum að finna því fjárhagslega traustan grundvöll. Ég bið um samvinnu um þau markmið. Í því sambandi mun ég freista þess með aðgerðum í lyfjamálum að lækka álagningu lyfja, lækka með öðrum orðum lyf í verði. Kostnaður velferðarkerfisins vegna rannsókna og röntgens mun lækka. Fyrirkomulag á störfum lækna innan sjúkrahúsa og utan er til skoðunar hjá Ríkisendurskoðun og mun væntanlega leiða til sparnaðar. Þetta eru örfá dæmi um það að útgjöld í kerfinu verða minnkuð án þess að það muni hafa nokkur áhrif á þjónustu við notendur. Við höfum byggt upp trausta og góða þjónustu í heilsugæslustöðvum um allt land. Við eigum fullkomin sjúkrahús í öllum landshornum. Við eigum á að skipa vel menntuðu og hæfu starfsfólki í heilbrigðismálum. Við eigum gott almannatryggingakerfi. Við eigum þjóð sem er heilsuhraust, þjóð sem stendur saman, þjóð sem byggir á þeim grunni að samfélagið lætur sig varða um afkomu hvers einasta þjóðfélagsþegns.

Um leið og við hagræðum heldur uppbyggingin áfram þar sem þörfin er hvað brýnust. Ný deild fyrir 25–30 aldraða einstalinga opnar hjá Eir nk. föstudag hér í Reykjavík. Stofnun fyrir fjölfatlaða er að hefja rekstur á Reykjalundi þessa dagana. Við réttum sárum og þjáðum í Bosníu hjálparhönd. Nýir möguleikar, svo sem eins og í Bláa lóninu, vekja vonir um gjaldeyrisskapandi starfsemi í heilbrigðiskerfinu. Enginn veit hvað átt hefur fyrr en misst hefur þegar heilsan er annars vegar. Við skulum því ekki gleyma grundvallaratriðum heilbrigðismálanna, nefnilega þeim að stuðla að almennu heilbrigði með breyttum og bættum lífsháttum. Að því er unnið með vaxandi fyrirbyggjandi starfi ýmiss konar og síðan því að freista þess að lækna sjúka og lina þrautir þeirra. Heilbrigðiskerfið er til fyrir fólkið en ekki fólkið fyrir kerfið. Það er meginatriðið. Við megum ekki missa sjónar af aðalatriðum í hávaða um aukaatriðin. Margar fjölskyldur eiga erfitt með að láta enda ná saman. Það þarf að lækka vexti. Að því er unnið. Það þarf að lækka matarverð, það gerist m.a. með auknu frelsi varðandi innflutning landbúnaðarafurða. Það þarf að ná fram sátt um raunverulega hagræðingu í sjávarútvegi, þar mun Þróunarsjóður gegna mikilvægu hlutverki. Það þarf markaðssókn fyrir afurðir okkar, EES-samningurinn mun opna nýjar leiðir í þeim efnum. Við þurfum að styrkja stoðir atvinnuveganna og vinna gegn atvinnuleysi. Við munum nýta auðlindir okkar á næstu árum. Við munum halda áfram að virkja og selja rafmagn í auknum mæli til stór- og smáiðnaðar víða um land. Ferskvatnið okkar góða mun skila okkur gjaldeyristekjum í næstu framtíð. Hugvit og nýsköpun opnar okkur nýjar leiðir. Við Íslendingar munum vinna okkur út úr hinum stóru vandamálum en í þeirri baráttu gagnast ekki yfirboð eða langir óraunhæfir loforðalistar stjórnarandstöðu, heldur traust og ábyrg landsstjórn núv. ríkisstjórnar.

Góðir Íslendingar. Nú er ekki tíminn til að missa móðinn. Nú er tíminn til að þétta raðirnar og standa saman til nýrrar sóknar. Við Íslendingar eigum góða möguleika fyrir stafni. Við eigum að sníða okkur stakk eftir vexti og byggja á hinum góða grunni vinnusemi og þolgæði með trú á getu okkar og kraft. Stöndum saman að þeim markmiðum, þá þurfum við ekki að kvíða framtíðinni. — Góðar stundir.

[23:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Forseti, góðir landsmenn. Það hét víst svo samkvæmt dagskrá að hér yrði flutt stefnuræða forsrh. en í reynd heyrðum við talað í 30 mínútur um einhverja allt aðra veröld en þá sem landsmenn lifa í, veröld Stjórnarráðsins, veröld þar sem allt er á réttri leið. Meira að segja fortíðarvandinn var kominn ofan í tvær mínútur í ræðu hæstv. forsrh. þó samkvæmt venju væri byrjað á honum. En um leið og umfjölluninni lauk um fortíðarvandann þá hvarf hæstv. forsrh. í textum sínum inn í heimatilbúinn töfraheim, einhvers konar undraland hins mikla árangurs. Á bls. 2 í þessari kostulegu ræðu gefur m.a. að líta eftirfarandi:

„Verkefnin fram undan eru ljós og skýr. Meginviðfangsefnið er að tryggja þann mikla ávinning sem orðið hefur af efnahagsstjórn á þrengingartímum."

Hver er hann þessi mikli ávinningur sem forsrh. á við? Er það vöxtur atvinnuleysis á Íslandi úr 1% í 5% á valdatíma þessarar ríkisstjórnar, úr 1.200 manns í 6.000? Er það atvinnuleysi yfir 3% um hábjargræðistímann á þessu sumri og spá upp á 5,5% atvinnuleysi á næsta ári eða að 6.500 Íslendingar muni ganga án atvinnu á næsta ári?

Birtist þessi árangur, þessi mikli árangur sem rætt er um á bls. 2 í stefnuræðu forsrh., í 10 milljarða halla í fjárlagagfrv.?

Birtist þessi mikli árangur, hæstv. forsrh., í hæstu raunvöxtum í nokkru vestrænu ríki? Á sama tíma og vextir hafa hríðlækkað allt í kring um okkur standa þeir í stað hér. Raunvextir bankalána á Íslandi hafa allt frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar fíraði upp vöxtunum vorið 1991 verið 10%. Raunvextir bankalána í helstu viðskiptalöndum Íslendinga eru nú komnir niður fyrir 6% og fara lækkandi.

Birtist árangurinn, hæstv. forsrh., e.t.v. í lægsta fjárfestingarhlutfalli miðað við landsframleiðslu sem um getur í hálfa öld eða liðlega 15%? Með öðrum orðum hlutfallslega minna fer nú til fjárfestingar í nýjum atvinnutækifærum og uppbyggingar í þjóðfélaginu heldur en nokkru sinni fyrr í 50 ára sögu íslenska lýðveldisins.

Er það árangurinn, hæstv. forsrh., sem átt er við á bls. 2? Eða er árangurinn e.t.v. fólginn í því að það er búið að lækka skattleysismörkin í landinu um nokkur þúsund krónur í tíð þessarar ríkisstjórnar, þvert á gefin kosningaloforð vorsins 1991 um að þau yrðu hækkuð. Á tímum kjaraskerðingar, minni yfirvinnu og skuldasöfnunar heimilanna lækkar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skattleysismörkin um nokkur þúsund krón-

ur í valdatíð sinni. Eða er það e.t.v. nýja gjaldið með táknræna nafninu „atvinnuleysisskatturinn" í fjárlagafrv. sem er til marks um árangurinn, hæstv. forsrh., sem vitnað er til á bls. 2 í ræðu þinni? Er það „atvinnuleysisskatturinn" — nafn við hæfi — sem á að bera hróður ríkisstjórnarinnar inn í framtíðina eða „sjúklingakaskóið"?

Hvað er það, hæstv. forsrh., sem átt er við, hinn mikla ávinning í efnahagsstjórninni? Nei, forsætisráðherra góður. Kaldur og grár veruleikinn í kringum 5–6 þúsund atvinnulausa Íslendinga, skuldsettar lágtekjufjölskyldur sem sitja uppi með 10% raunvexti á bankalánum, þessi kaldi veruleiki á ekkert skylt við þennan töfraheim hins mikla árangurs. Undraland Davíðs Oddssonar forsrh. er þessu fólki lokuð bók.

Í reynd er það aðeins eitt sem hægt er að segja að hafi tekist í efnahagsstjórninni, eða öllu heldur ekki mistekist, og það er að verðbólgan hefur ekki farið úr böndunum að ráði, en þar er ekki um sértækan árangur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að ræða því eins og kunnugt er var verðbólgan komin niður í lága eins stafs tölu síðasta árið áður en ríkisstjórn Davíðs tók við.

Staðreyndin er sú, góðir áheyrendur, að ríkisstjórninni hefur mistekist, hún hefur gefist upp og það er ekkert annað en hræðsla við dóm kjósenda í landinu sem heldur henni saman. Ríkisstjórnin lagði af stað með vitlaust stilltan og úreltan kompás frjálshyggjunnar. Með endalausu tali um fortíðarvanda og kreppu var kjarkurinn dreginn úr þjóðinni. Ósmekklegar samlíkingar við þá erfiðleika sem frændur vorir Færeyingar hafa lent í voru og eru reyndar enn notaðar til að hræða og hóta.

Nú síðast er svo ríkisstjórnin að leysast upp í innbyrðis deilum og illindum þar sem ásakanir um lögbrot og óheiðarleika eru daglegt brauð. Á þessa hluti minntist hæstv. forsrh. ekki einu orði. Svo kom hæstv. utanrrh. úr allt öðrum göngum hér inn í þingsalinn, hann situr greinilega í allt annarri ríkisstjórn og hefur ekkert heyrt um þennan mikla árangur hæstv. forsrh. Það hriktir í rá og reiða þegar hæstv. utanrrh. er að lýsa siglingunni. Það verður á súðum og hæstv. utanrrh. sér ekki betur en að það verði ekki björgulegar gjafir sem þjóðin fær á 50 ára afmæli lýðveldisins.

En hverjar væru svo aðstæðurnar, aðstæður okkar Íslendinga ef hér í landinu sæti alvöruríkisstjórn sem með fólkinu í landinu, samtökum atvinnulífsins, sveitarfélögunum vildi bretta upp ermar og vinna sig með bjartsýni og kjark að leiðarljósi út úr þessum erfiðleikum?

Staðreyndin er sú að hin margumtalaða íslenska kreppa sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur notað sem allsherjarafsökun fyrir atvinnuleysi og kjaraskerðingu er í raun litlu meiri en sem nemur samdrættinum í efnahagslægð umheimsins. Það kemur e.t.v. einhverjum á óvart en er samt staðreynd að á fjórum af sl. fimm árum hefur verið hér á Íslandi jákvæður hagvöxtur. Árið 1989, árið 1990, árið 1991 og árið 1993, öll þessi ár er hagvöxtur yfir núlli á Íslandi.

Í töflu með sjálfu fjárlagafrv. á bls. 253, í þeirri bók, stendur það svart á hvítu að á sama tíma og spáð er samdrætti að meðaltali á öllum Norðurlöndunum upp á 0,4%, stefnir hér í hagvöxt upp á 0,5% á þessu ári og á sama tíma er spáð samdrætti í öllu Evrópubandalaginu. Í stað minni þorskafla hefur komið aukin loðnuveiði, rækja, síld og stórauknar veiðar utan íslensku landhelginnar. Á móti lækkandi afurðaverði hefur komið lægra olíuverð, lækkandi raunvextir erlendis og fleira sem er okkur hagstætt.

Ytri skilyrði ein og sér eru ekki tilefni til þeirra miklu þrenginga sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur leitt yfir þjóðina. Kreppan er að talsverðum hluta til heimtilbúin, afleiðing rangrar stefnu, hárra vaxta, svartsýni og kjarkleysis sem ríkisstjórnin hefur haft forgöngu um að innleiða. Vissulega eru ytri skilyrði erfið og það mun kosta átak og taka langan tíma að vinna sig upp úr lægðinni, en það er hægt. Þrengstar skorður setja okkur miklar erlendar skuldir sem í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa vaxið háskalega eða úr um 130% af vergum útflutningstekjum eins og þær voru í árslok 1990 í um 170% á þessu ári. Gífurlegar skuldir sjávarútvegsins og ískyggileg skuldaaukning heimilanna samfara vaxandi greiðsluerfiðleikum yngri kynslóðarinnar, allt eru þetta brotalamir í okkar samfélagi sem horfast verður í augu við. En við Íslendingar eigum mikla möguleika. Við getum jafnað lífskjörin, við getum stóraukið verðmætasköpunina, við getum sótt í vannýttar tegundir á veiðar utan landhelginnar, sérhæft fiskvinnslustöðvar, unnið í dýrari pakkningar beint á borð neytenda. Þeir sem sóttu heim sjávarútvegssýninguna í Laugardalshöll á sl. hausti, komust ekki hjá því að fyllast bjartsýni þegar menn sjá árangur íslenskra fyrirtækja í útflutningi á tækjabúnaði og þjónustu við sjávarútveg. Fyrirtæki eins og Marel, J. Hinriksson og Sæplast, svo dæmi séu tekin, auka nú útflutning sinn ár frá ári og það sem ber hróður þeirra er betra nokkurri auglýsingu, sem sagt gæði framleiðslunnar og áreiðanleiki í viðskiptum.

Við getum og við verðum að snúa vörn í sókn, við verðum að endurheimta þau störf sem tapast hafa í íslenskum iðnaði. Það er aumingjaskapur og til skammar okkur öllum sem hér sitjum að horfa á íslenska skipasmíðaiðnaðinn leggjast niður í landinu. Vegna hvers? Vegna þess að við höfum ekkert gert til að styðja við bakið á honum gagnvart samkeppni við niðurgreiddan iðnað nágrannalandanna. Við erum búin að tapa fleiri störfum út úr málmiðnaði á þessum árum heldur en átti að vinna í álverinu flóttamannsins í Seðlabankanum. Fyrst og fremst vegna þess að við höfum ekki leiðrétt með eðlilegum hætti samkeppnisskilyrði íslenskra atvinnugreina.

Góðir áheyrendur. Verkefnið sem fram undan er er erfitt og krefjandi en jafnframt spennandi og því fyrr sem þjóðin getur snúið sér að því sameinuð og undir forustu nýrrar ríkisstjórnar, því betra. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góðar stundir.

[23:23]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Lítilsvirðingin sem ríkisstjórnin sýnir þegnum þessa lands er illþolanleg. Þessi lítilsvirðing birtist með ýmsum hætti.

Með þyngri sköttum á laun, jafnvel þau allra lægstu, og það þótt kaupmáttur þessara launa fari minnkandi. Á sama tíma sleppa þeir sem eiga umtalsvert fjármagn. Undanbrögð ríkisstjórnarinnar nú þegar loksins átti að leggja á fjármagnstekjuskatt eru því miður ekki aðeins hlægileg heldur allt of dýr fyrir þá sem þurfa að borga í staðinn. Samningar við stéttarfélög eru í uppnámi vegna áforma ríkisstjórnarinnar um að sækja 1,5 milljarða í vasa launþega á móti á svona að sletta 150 millj. kr. í barnafjölskyldur og þykjast kvitt.

Sjúklingar fá sinn skerf af lítilsvirðingu. Þeir mega lifa í stöðugri óvissu um það hvort þeir hafi efni á því að greiða fyrir lyfin sín og núna síðast hvort þeir verði skattlagðir sérstaklega með einum eða öðrum hætti. Geðþóttaákvarðanir virðast ráða í samskiptum ríkisins við opinbera starfsmenn. Uppsagnir og endurráðningar upp á margvísleg býti verða sífellt algengari. Ræstingarfólki í skólum var heitið því að kjör þeirra yrðu þau sömu og fyrr í náðarfaðmi einkavæðingarinnar en annað kom á daginn. Starfsfólki á sjúkrahúsum er sagt að anda rólega þegar það fréttir óvænt að börnum þeirra verði vísað út af leikskólum sínum um áramótin. Heilbrrh. telur að þetta hljóti að reddast, en, hæstv. heilbrrh., þetta reddast ekki. A.m.k. ekki með þessum vinnubrögðum. Reykjavíkurborg er t.d. ekki reiðubúin til að hlaupa til með pyttlu og setja undir þennan leka. Svona vinnubrögð duga ekki.

Skólastjórnendum og nemendum er gert nánast ókleift að skipuleggja starf sitt vegna niðurskurðar og róðurinn er þungur þegar skólastarfið hefst. Íslenskukennslu hefur þurft að skera niður á sama tíma og erlend áhrif í sjónvarpi og öðrum miðlum eru ört vaxandi. Verkmennt á undir högg að sækja vegna niðurskurðarins. Það er dýr kennsla og freistandi að skerða hana. Á hverju á verkmenning framtíðarinnar að byggjast?

Í tungumálakennslu í framhaldsskólum er það orðið alsiða að fjöldi í hóp sé yfir 30 þótt allir séu sammála um að slíkt sé útilokað og ekki bjóðandi í nokkurri námsgrein.

Það er lítilsvirðing við fjölskyldur áfengissjúklinga og ýmsa þá sem standa höllum fæti í samfélaginu að skerða þjónustu við áfengissjúklinga og það án þess að geta bent á önnur og betri úrræði. Slíkt getur reynst dýr sparnaður og því miður var ekkert sem hönd var hægt að festa á að heyra í máli hæstv. ráðherra nú hér áðan.

Mesta lítilsvirðingin sem ríkisstjórnin hefur sýnt þjóðinni er þó sú að leyfa henni ekki að segja álit sitt á EES-samningnum í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hvað er svona háskalegt við álit þjóðarinnar?

Ríkisstjórnin verður þó seint sökuð um það að bera ekki virðingu fyrir einhverju og einhverjum. Hún ber greinilega óttablandna virðingu fyrir fjármagnseigendum. Það má ekki sýna neina fljótfærni þegar þeir eru skattlagðir, en sjúklingar mega sæta því að á þeim hafa verið gerðar margar og misvelhugsaðar skattheimtutilraunir. Ríkisstjórnin ber einnig óttablandna virðingu fyrir skrifræðinu í Brussel. Svo mikla að á verkefnalista hennar er enn að finnan ýmis forgangsverkefni beint af borðunum í Brussel, svo sem frv. til laga um flutninga með járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum og fleira vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Það leynir sér ekki að ríkisstjórnin telur að brýn þörf sé á slíkri löggjöf hér á landi. En þjóðina virðir ríkisstjórnin lítils eins og þau dæmi sanna sem ég rakti áðan.

Hugsunarháttur lítilsvirðingar er hættulegur. Hann eykur það bil sem er á milli þjóðarinnar og valdhafa. Lítilsvirðing getur haft mörg andlit, valdníðslu mannfyrirlitningar og stundum kvenfyrirlitningar. Athyglisvert dæmi um hið síðastnefnda er framkoma samherja hæstv. félmrh. í hennar garð. Þegar hún fékk sig fullsadda af óheilindum formanns síns afgreiddi hann gagnrýni hennar sem hálfgert bull. Það er sýnu athyglisverðara í ljósi þess að hæstv. forsrh. kvartaði nokkrum vikum síðar undan óheiðarleika Alþfl. í samstarfi og vísaði til samstarfs við sama formanninn. Þá þótti sú yfirlýsing hafa mikið vægi og menn veltu því fyrir sér hvort nú kæmi til stjórnarslita. Hugarfar og fordómar ráða æðimiklu í samfélaginu og slíkt birtist konum í ýmsum myndum. Slíkt birtist m.a. í því að gera lítið úr gagnrýni konu í ráðherrastól og alvarlegri eru þau þegar ofbeldi gegn konum fær slaka umfjöllun í rannsóknar- og dómskerfi okkar.

Fjölda nauðgunarmála er vísað frá á ári hverju og sumir dómar sem kveðnir eru upp í slíkum málum eru smánarlega vægir. Þegar svo er komið er varla að undra þótt þjóðin andmæli. Þegar slíkt hugarfar ræður ferðinni í dómskerfi eða hjá öðrum ráðamönnum þá er ástandið hjá okkur lítið betra en þar sem stjórnvöld líða það að nauðganir séu þáttur í stríðsrekstri.

Við höfum risið upp á alþjóðavettvangi og fordæmt grimmdarverk og nauðganir í Bosníu. Það er vel. En við ættum að gefa því gaum að sá hugsunarháttur sem umber kvenfyrirlitningu í einhverri mynd greiðir götuna fyrir ofbeldi gegn konum. Því hefur verið haldið fram að jarðvegurinn fyrir ofbeldisverkin í Bosníu hafi verið kvenfyrirlitning og klámiðnaður. Það kann að virðast langsótt en ef málið er skoðað í ljósi þeirrar staðreyndar að mörg þessara grimmdarverka voru fest á myndband og dreift á almennan klámiðnaðarmarkað er þó erfitt að neita þessum tengslum.

Valdhroki og lítilsvirðing birtist í ýmsum myndum í hinum margvíslegu samfélögum heimsins. Stríðsrekstur og grimmdarverk þrífast best í andrúmslofti valdhroka og lítilsvirðingar fyrir öllum mannlegum gildum.

Hroki mannsins gagnvart umhverfinu hefur valdið okkur öllum ómældu tjóni, hugsanlega óbætanlegu. Hroki Vesturlanda gagnvart ríkjunum í suðri er tímasprengja sem gæti sprungið þá minnst varir. Þróunaraðstoð í margvíslegri mynd er nauðsynleg til að bæta samskipti þjóðanna og siðferðisskuld, sem okkur ber að greiða. Við Íslendingar ættum ekki að gleyma tíma nýlendukúgunar, þótt við sitjum nú á bekk með þeim betur megandi í veröldinni.

Vaxandi lítilsvirðing í garð almennings ógnar lýðræði, bæði hér á landi og annars staðar. Lítilsvirðing í garð einstakra hópa samfélagsins, stórra og smárra, er

ekki bara siðlaus heldur einnig háskaleg. Við brjótum á börnum okkar ef við búum þeim ekki betra samfélag, sómasamlega skólagöngu og haldgóðan undirbúning út í lífið. Við verðum einnig að bregðast við því vaxandi ofbeldi og vímuefnaneyslu sem nú blasir við unglingum. Við verðum að tryggja sjúkum, öldruðum og fötluðum mannsæmandi líf í þjóðfélaginu. Ríkisstjórnin hefur engan rétt til að ráðskast með þessa hópa án þess að tala við þá sem í hlut eiga. Við verðum að útrýma þeim hugsunarhætti, sem elur á fordómum. Það kann t.d. að henta einhverjum að gera lítið úr því sem konur segja og gera. Þannig er reynt að þagga niður í konum í ráðherrastólum og víðar. Þannig er reynt að þegja ofbeldi gagnvart konum í hel. Þannig er reynt að þvæla konum inn og út af vinnumarkaðnum eftir geðþótta annarra en þeirra sjálfra.

Virðulegi forseti. Smærri hagsmunir verða að víkja fyrir hinum stærri, sagði hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson hér fyrr í kvöld. Ég held að hann hljóti að hafa meint: Hagsmunir hinna smærri verða að víkja fyrir hagsmunum hinna stærri.

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það er hart að þurfa yfir höfuð að fjalla um virðingu og lítilsvirðingu í þessum sölum. En virðingarleysi stjórnvalda gagnvart almenningi, gagnvart einstökum samherjum sínum, gagnvart stjórnarandstöðunni og gagnvart almennum kröfum um þokkalegt siðferði er slíkt að ekki verður við unað. Ríkisstjórn með einhverja sómatilfinningu væri fyrir löngu farin frá. — Góða nótt.

Fundi slitið kl. 23.33.

---

3. FUNDUR

miðvikudaginn 6. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
   a. allsherjarnefnd, 9 manna,
   b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
   c. félagsmálanefnd, 9 manna,
   d. fjárlaganefnd, 11 manna,
   e. heilbrigðis- og trygginganefnd, 9 manna,
   f. iðnaðarnefnd, 9 manna,
   g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
   h. menntamálanefnd, 9 manna,
   i. samgöngunefnd, 9 manna,
   j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
   k. umhverfisnefnd, 9 manna,
   l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.
2. Samstarfssamningur Norðurlanda, stjtill., 16. mál, þskj. 16. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldisverkum, 25. mál, fsp. JHelg, þskj. 25.

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, 23. mál, þáltill. StG, þskj. 23.

Orsakir atvinnuleysis, 27. mál, fsp. JHelg, þskj. 27.

Staða brotaþola í kynferðisbrotamálum, 26. mál, fsp. ISG, þskj. 26.

Tjón vegna gjaldþrota, 24. mál, fsp. GHelg, þskj. 24.

Fjarvistarleyfi:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Náttúruverndarsamtökum Austurlands.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

[13:32]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að áformað er að fram fari tvær umræður utan dagskrár á fundinum samkvæmt fyrri mgr. 50. gr. þingskapa, hálftíma umræður. Sú fyrri er að beiðni hv. 11. þm. Reykv., Finns Ingólfssonar, um tilflutning á rekstri dagheimila sjúkrahúsanna til sveitarfélaganna, en sú síðari að beiðni hv. 4. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, um niðurskurð fjárframlaga til Gunnarsholts og annarra meðferðarstofnana vegna áfengis- og vímuefnaneyslu. Umræðurnar fara fram að lokinni afgreiðslu dagskrármála og væntir forseti þess að umræður geti hafist fljótlega.

Afbrigði um kosningu í fastanefndir.

[13:34]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta hefur borist ósk frá formönnum þingflokka um að kosningu til fastanefnda, sem er 1. dagskrármál, verði frestað til morguns. Ef enginn hreyfir andmælum, skoðast samþykkt að fresta kosningu á fastanefndum til morguns.

Samstarfssamningur Norðurlanda, fyrri umr.

Stjtill., 16. mál. — Þskj. 16.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (GunnS, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKJ, FI, GB, JóhS, JBH, JVK, MB, ÓE, ÓRG, RA, SalÞ, SighB, VE) fjarstaddir.

[13:36]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um staðfestingu samkomulags um breytingar á samstarfssamningi Norðurlanda. Með tillögunni sem hér um ræðir fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu breytinga á samstarfssamningi Norðurlanda. Breytingar þessar eru í framhaldi af könnun á vegum forsætisráðherra Norðurlanda á nýjum forsendum norræns samstarfs sem leiða af þátttöku Norðurlandanna í viðskipta- og efnahagssamstarfi Evrópu. Frá þessari könnun er skýrt í skýrslu forsrh. um endurmat á norrænni samvinnu sem kynnt var á Alþingi 29. okt. 1992.

Breytingar þær sem hér um ræðir voru samþykktar að loknum viðræðum milli Norðurlandaráðs og norrænu ráðherranefndarinnar, en breytingarnar varða 1., 33., 40., 47., 48., 61., 63. og 64. greinar samstarfssamnings Norðurlanda. Hinar breyttu breinar eru birtar sem fskj. með þáltill.

Af einstökum breytingum má nefna breytingu á 40. gr. þar sem minnst er sérstaklega á fundi forsætisráðherra og utanríkisráðherra sem samstarfsvettvang. Í 64. gr. er að finna ný ákvæði um möguleika Norðurlandaráðs til þess að leggja til breytta forgangsröðun fjármuna norrænu ráðherranefndarinnar. Með breytingu sem felst í 5. mgr. ber ráðherranefndinni að fara að tillögum Norðurlandaráðs þegar um er að ræða fjárveitingar innan gefinna fjárhagsmarka sé ekki hægt að tilgreina sérstakar aðrar ástæður. Að öðru leyti vísast til athugasemda við þáltill.

Ég leyfi mér að leggja til, virðulegi forseti, að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og utanrmn.

[13:38]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að leggja til við þingið að staðfesta samkomulag um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda, sem fjallað var um á síðasta þingi Norðurlandaráðs og tekin þar afstaða til málsins. Ég styð samþykkt þessa samnings eða þessara breytinga á samstarfssamningi Norðurlanda, eins og ég held að hafi orðið niðurstaðan hjá okkur öllum í Íslandsdeild Norðurlandaráðs á þinginu, en ég tel rétt að það komi hér fram af minni hálfu ábendingar sem varða sérstaklega 64. gr., en talsvert var tekist á um hana innan Norðurlandaráðs við ráðherranefndina, þ.e. um fjárveitingavald Norðurlandaráðs. Í þessari 64. gr. segir:

„Ráðherranefnd Norðurlanda ber að leggja fyrir Norðurlandaráð til umsagnar tillögu sína að fjárhagsáætlun.

Norðurlandaráð getur lagt til breytta forgangsröðun verkefna innan þeirra fjárhagsmarka sem ráðherranefndin hefur sett.

Sé ekki hægt að tilgreina sérstakar ástæður ber ráðherranefndinni að fara að tillögum ráðsins þegar um er að ræða fjárveitingar innan gefinna fjárhagsmarka."

Þetta var það sem tekist var á um. Norðurlandaráð, þingmannavettvangurinn, óskaði eftir því að hafa fjárveitingavaldið innan ramma sem ráðherranefndin eða norræna ráðherraráðið setur. En á þetta var ekki fallist og í áliti laganefndar þingsins sem fjallaði um þetta, og alveg fram á fundardaga Norðurlandaráðs síðast, kom það fram af hálfu laganefndarinnar sameinaðrar að hún vildi túlka þessar sérstöku ástæður mjög þröngt og Hans Engel, formaður þingflokks danskra hægri manna, flutti álit laganefndarinnar. Og, með leyfi forseta, ef mér leyfist að lesa það hér örstutt á danskri tungu, af því að ég hef það ekki fyrirliggjandi í íslenskri þýðingu það sem hann segir um þessar sérstöku ástæður. Ég skil það svo að forseti hafi ekki við það að athuga að ég lesi hér á dönsku nokkrar línur úr áliti laganefndar Norðurlandaráðs. (**Forseti:** Forseti heimilar það.) Takk.

Hans Engel sagði í sínu áliti þegar hann flutti álit laganefndarinnar:

„Jeg vil gerne bede om, at man er meget opmærksom på udvalgets definition af udtrykket synnerliga skäl" — sem er tekið úr sænskum pappírum, „synnerliga skäl", sérstakar ástæður — „i artiklens sidste stykke. Vi mener, at der skal helt ekstraordinäre omstændigheder til, for at ministerrådet skal kunne fravige rådets prioriteringer indenfor budgetrammen. Skulle sådanne helt specielle situationer opstå, må ministerrådet også være klar til skriftligt at begrunde sine beslutninger for rådet og eventuelt deltage i en efterfølgende forhandling om spørgsmålet.

Udvalget mener endvidere, at det kunne være hensigtsmæssigt, om denne begrundelsespligt blev skrevet direkte ind i Helsingforsaftalen ved førstkommende revision af aftalen, og jeg vil gerne opfordre ministerrådet til at gøre det ved først givne lejlighed."

Ég tel rétt að þetta komi hér fram og jafnframt sú ósk talsmanns laganefndarinnar að þessi breyting, um að þessar sérstöku ástæður komi fram skriflega af hálfu ráðherranefndarinnar, verði tekin við fyrstu hentugleika upp í Helsingfors-sáttmálann. Ég hélt satt að segja að það hefði verið til athugunar að taka það upp hér við þessar breytingar sem nú eru því að í rauninni er það fyrsta tækifæri eftir að á þetta var fallist, en hæstv. ráðherra getur kannski gefið okkar skýringar á því.

Hitt atriðið að lokum, virðulegur forseti, sem ég vildi benda á, varðar greinargerð við 1. og 33. gr. þar sem segir:

„Mikilvæg niðurstaða í úttekt á vegum forsætisráðherranna var samstaða um að þróa samstarf ríkisstjórna Norðurlanda á sviði utanríkis- og varnarmála og hlutast til um nána norræna samvinnu um þau mál sem á dagskrá eru á vettvangi Evrópska efnahagssvæðisins, Evrópubandalagsins og á öðrum alþjóðlegum samstarfsvettvangi."

Ég vil vekja athygli á því að í 33. gr. er hvergi vikið að þessum stofnunum eða bandalögum, hvorki Evrópska efnahagssvæðinu né heldur Evrópubandalaginu, heldur segir þar einfaldlega, raunar í 2. mgr. 1. gr.:

„Samningsaðilar skulu ráðgast hver við annan um sameiginleg hagsmunamál sem eru til umfjöllunar í evrópskum og öðrum alþjóðlegum stofnunum og á evrópskum og öðrum alþjóðlegum ráðstefnum."

Þarna finnst mér verið í greinargerð að þrengja þetta með því að víkja sérstaklega að þessum fyrirbærum Evrópska efnahagssvæðinu og Evrópubandalaginu, hið fyrra raunar þannig að það er engan veginn orðin staðreynd þetta Evrópska efnahagssvæði og eru ýmsir sem bera það fyrirbæri fyrir brjósti áhyggjufullir um það hvort það yfirleitt kemst í höfn á þessu ári eða yfirleitt. Ég vildi vekja athygli á þessu. Ég tel að evrópskur vettvangur sé víðari heldur en þarna er dreginn fram, m.a. RÖSE þar sem Evrópuþjóðir eiga hlutdeild að, flestar eða allar.

[13:45]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil fagna því að þessi tillaga er fram komin og það er a.m.k. kunnugt þeim sem starfa fyrir hönd Alþingis á vegum Norðurlandaráðs. Ég vil hins vegar gagnrýna að hún skyldi ekki hafa komið fram á sl. vori sem ég vænti að hafi verið mistök af hálfu ríkisstjórnarinnar, en legg á það áherslu að þetta mál hljóti skjóta afgreiðslu hér á Alþingi.

Hér er um að ræða ákveðna niðurstöðu sem varð út úr þeirri vinnu sem fór fram í sambandi við endurskoðun á Helsingfors-sáttmálanum og það sem skiptir þar afar miklu máli er að forsætisráðherrar Norðurlandanna munu framvegis hafa á hendi meiri ábyrgð á norrænu samstarfi og það land sem gegnir formennsku hverju sinni mun að sjálfsögðu bera meiri ábyrgð en hingað til hefur verið. Það mun koma í Íslands hlut á næsta ári að hafa forustu í norrænu ráðherranefndinni og því legg ég á það áherslu að það verði upplýst eftir því sem kostur er, ekki endilega við þessa umræðu heldur síðar, með hvaða hætti íslenska ríkisstjórnin hyggst veita þessa forustu og styrkja stöðuna hér innan lands til þess að geta gegnt því hlutverki.

Ég sé að vísu að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir nokkurri aukningu á fjármagni til þessara hluta, en auk þess held ég að það sé einsýnt að það verður að gera ráðstafanir í mörgum ráðuneytum til að samhæfa þar kraftana og þetta mun að sjálfsögðu leggja auknar skyldur á íslensku ríkisstjórnina og þá ráðherra sem þar sitja og þá sérstaklega forsrh.

Þetta vildi ég ítreka hér og vænti þess að það verði tök á því að upplýsa það betur á síðari stigum. Ég er ekki að fara þess á leit við hæstv. utanrrh. að hann geri það hér, en vildi aðeins benda á þetta. Auk þess get ég tekið undir það að í þessu felst að sjálfsögðu sú mikilvæga breyting að vald ráðsins að því er varðar fjárveitingar verður meira. Það á hins vegar eftir að koma í ljós hvernig samstarf ráðsins og ráðherranefndarinnar mun takast. Það er ekki eingöngu í höndum okkar Íslendinga heldur allra ríkisstjórna Norðurlandanna og allra þingmanna sem starfa í Norðurlandaráði. Ég vil aðeins ítreka þá ósk að þetta mál fái skjóta afgreiðslu.

[13:49]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þær umræður sem hér hafa spunnist lúta einkum að 64. gr. og þá því hvernig beri að túlka það ákvæði eða þær breytingar og þá sérstaklega orðalagið um að ráðherranefndinni beri að fara að tillögum Norðurlandaráðs þegar um er að ræða fjárveitingar innan venjulegra gefinna fjárhagsmarka sé ekki hægt að tilgreina sérstakar ástæður. Og það er rétt að það komi hér fram að svokölluð laganefnd hefur lagt á það áherslu að þetta sé skilgreint. Laganefnd ráðsins óskar nefnilega eftir því að fá nákvæmar skýringar á þeim ástæðum sem ráðherranefndin kynni að bera fyrir sig ef ekki yrði gengið fullkomlega að tillögum ráðsins um skiptingu fjárveitinga og orðar það svo, svo ég fari nú ekki að bjóða þingheimi upp á dönskuframburð minn, þó danska hafi verið ágætlega kennd í Gagnfræðaskólanum á Ísafirði. Lagaráðið segir að það vilji leggja áherslu á að menn muni fylgjast nákvæmlega með framkvæmd ráðherraráðsins á þessum nýju fjárlagareglum. Laganefndin eða lagaráðið vill sérstaklega leggja á það áherslu að menn skilgreini orðalagið „sérstakar ástæður" sem aldeilis óvenjulegar kringumstæður í þeim tilvikum þegar ráðherraráðið fylgir ekki þessum venjulegu fjárlagareglum þá ber ráðherraráðinu í sérstakri tilkynningu að rökstyðja vandlega ástæður sínar.

[13:54]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, EKJ, GB, JóhS, JGS, JVK, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GB, JóhS, JGS, JVK, MB, ÓE, ÓRG, PP, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Rekstur dagvistarheimila sjúkrahúsanna.

[13:55]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs utan dagskrár vegna þeirrar tilskipunar hæstv. heilbr.- og trm-

rh. að þau sjúkrahús sem á undanförnum árum hafa rekið leikskóla og dagvistarheimili í tengslum við sína starfsemi skuli frá og með næstu áramótum hætta slíku. Það deilir enginn um að það er lagaleg skylda og lagalegt hlutverk sveitarfélaganna að sjá um slíkan rekstur. Hins vegar, þó eitthvað standi í lögum, þá verða menn að geta áttað sig á því hverjar ástæðurnar eru. Ástæðurnar fyrir því að þessar sjúkrastofnanir hafa farið út í að reka eigin dagvistarstofnanir eru þrjár. Í fyrsta lagi hefur verið skortur á dagvistarplássum í þeim sveitarfélögum þar sem viðkomandi sjúkrastofnanir eru. Í öðru lagi er nauðsynlegt fyrir þessar sjúkrastofnanir að geta boðið því sérhæfða starfsfólki, sem þarf að fá til starfa á viðkomandi stofnunum, dagvistarpláss fyrir börn sín. Í þriðja lagi veita þessar stofnanir, þ.e. leikskólarnir og skóladagheimilin, sérhæfðari þjónustu heldur en veitt er á sveitarfélagastofnununum með þeim hætti að opnunartími er lengri, það er opið um helgar og það er ekki lokað yfir sumartímann eins og gert er á flestum dagvistarstofnunum sveitarfélaganna. Það er ósanngjarnt af hálfu hæstv. heilbr.- og trmrh. þegar hann heldur því fram að með þessu fyrirkomulagi sé verið að mismuna fólki eftir búsetu. Það er ósanngjarnt að halda því fram af hæstv. heilbr.- og trmrh. að með þessu fyrirkomulagi sé verið að búa til í þjóðfélaginu ákveðinn forréttindahóp, hóp sem eigi að njóta forréttinda fram yfir hinn almenna þegn í viðkomandi sveitarfélagi. Við þessar aðstæður er auðvitað mikilvægt fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. að átta sig á því að það þarf starfsfólk til að reka sjúkrastofnanir. Og þetta ætti hæstv. heilbr.- og trmrh. að vera manna best ljóst og ekki síst í ljósi þess að um næstu áramót á að fara að selja aðgang með heilsukorti inn á þessar stofnanir. Það hlýtur því að vera krafa þess fólks sem þarf að greiða þennan aðgöngumiða að þar sé fólk til starfa sem á að veita þá þjónustu sem fyrirheit eru gefin um.

Það er mikilvægt fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. áður en slíkar tilskipanir eru gefnar út að kynna sér þær aðstæður sem uppi eru í þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga. Ef við tökum Reykjavík sem dæmi, sem stærsta sveitarfélagið, þá er ástandið þannig hér eftir langvarandi stjórnarsetu Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur — og auðvitað ber Sjálfstfl. ábyrgð á þessari tilskipun hæstv. heilbr.- og trmrh., hún er í tengslum við fjárlagafrv., og fjárlagafrv. er lagt fram af öllu stjórnarliðinu nema að manni skilst af hæstv. félamrh., sem ekki stendur að ákvörðuninni — þá er biðlisti um síðustu áramót hér í Reykjavík. Það eru 900 börn sem bíða eftir því að komast inn á dagvistarheimili í Reykjavík um síðustu áramót. Biðtíminn er mismunandi eftir hverfum. Börn þurfa að bíða eftir því í 15 mánuði að komast inn á dagvistarstofnanir hér í Reykjavík. Á barnaheimilum sjúkrastofnana í Reykjavík eru núna í kringum 450 börn. Með því að loka þeim um áramótin þá munu þessi 450 börn bætast á þann biðlista sem nú er fyrir, bætast við þau 900 sem fyrir eru. Þá sjá menn að biðtíminn mun einnig lengjast. Af þessum 450 börnum eru 50% eða um 200 börn hjúkrunarfræðinga. Staðreyndin er sú að það hefur skort hjúkrunarfræðinga til starfa á sjúkrastofnunum. Og ef 200 hjúkrunarfræðingar ganga út af þessum sjúkrastofnunum um næstu áramót vegna þess að barnaheimilunum verður lokað þá skapar það auðvitað neyðarástand á þessum stofnunum, það lamar þær. Og í mörgum tilfellum þar sem þjónustan er sérhæfðust, eins og t.d. á hjartaskurðdeild Landspítalans, þýðir það einfaldlega að þeirri deild verður lokað vegna þess að hjúkrunarfræðingar sem þar starfa eru með sín börn inni á þessum barnaheimilum. Það er sérhæfð þjónusta sem tekur fleiri vikur að skóla einstaklinga upp til að sinna. Þannig mætti lengi telja.

Að lokum, virðulegi forseti, eru þrjár spurningar til hæstv. heilbr.- og trmrh. Í fyrsta lagi: Hvernig ætlar hæstv. heilbr.- og trmrh. að tryggja öllum þessum börnum dagvist eins og hæstv. ráðherra hefur látið liggja að þó svo að þessum heimilum verði lokað? Í öðru lagi: Kemur til greina að fresta þessari ákvörðun, taka upp viðræður við sveitarfélögin sem í hlut eiga, taka upp viðræður við foreldrana þannig að þessi breyting geti gengið yfir hægt og hljótt og á löngum tíma? Að lokum: Með hvaða hætti kynnti hæstv. heilbr.- og trmrh. viðkomandi sveitarfélögum ákvörðun sína og þeim foreldrum sem í hlut eiga?

[14:01]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Þann 1. janúar 1990 tóku gildi lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar var kveðið m.a. á um það að rekstur leikskóla skyldi verða á hendi sveitarfélaga. Í þessum sömu verkaskiptalögum var kveðið á um fleiri þætti þar sem verkefni fór annars vegar frá ríki til sveitarfélaga og hins vegar frá sveitarfélögum til ríkis. Þar var m.a. kveðið á um það að sjúkraflutningar skyldu verða verkefni ríkisvaldsins. Í samræmi við þá lagasetningu hefur ríkisvaldið kostað sjúkraflutninga þótt í sumum tilfellum hafi verið um samninga að ræða við einstök sveitarfélög. Samningar hafa tekist við velflest sveitarfélög. Hér í Reykjavík er málum hins vegar þannig háttað varðandi sjúkraflutningana að ekki hefur enn þá tekist að ná samkomulagi um þá og viðræður hafa staðið lengi yfir. Ríkisvaldið ber engar brigður á það að því ber að kosta sjúkraflutninga hér í Reykjavík sem og annars staðar og niðurstaða fæst í þeim efnum. En í samningum milli ríkis og sveitarfélaga, milli höfuðborgarinnar og ríkisins þá verða þessi mál auðvitað að ganga jafnt á báða vegu. Þannig gildir það auðvitað um þá leikskóla sem höfuðborgin og önnur sveitarfélög standa undir.

Það er alveg ljóst að víða er skortur á leikskólarými hjá sveitarfélögum. En á það að ráða því hvar ríkið tekur um það ákvörðun að greiða niður dagvistun? Fyrirspyrjandi og málshefjandi vakti athygli á löngum biðlista í Reykjavík og ég skal ekki vefengja þær tölur. Er hann með þeim orðum að réttlæta nauðsyn þess að í þeim sveitarfélögum sem hugsanlega standa verr að vígi en önnur skuli ríkið hlaupa undir bagga og sjá um kostun? Ég hafna slíkum viðhorfum. Ég hygg að hér sé um skýra og afdráttarlausa verkaskiptingu að

ræða eins og ég tel mjög skynsamlega í samskiptum ríkis og sveitarfélaga. Við erum að ræða enn frekari verkaskiptingu í þessa veru. Við erum að hyggja á tilflutning verkefna milli ríkis og sveitarfélaga. Í því sambandi hefur verið rætt um heilsugæslu. Í því sambandi hefur verið rætt um öldrunarþjónustu í víðustu mynd. Í því sambandi hefur verið rætt um grunnskóla. Þetta er gert til að skýra mál og gera þau gleggri. M.a. trú manna á það að heimamenn geti sinnt þeim þáttum betur, í meiri nálægð við notendur viðkomandi þjónustu. En á þessi verkaskipting aðeins að virka sums staðar, í sumum málaflokkum og öðrum ekki? Á þessi verkaskipting aðeins að gilda hér á höfuðborgarsvæðinu, á Akranesi og á Akureyri en í öðrum sveitarfélögum ekki? Á þessi verkaskipting aðeins að gilda gagnvart tilteknum starfsstéttum í þjóðfélagi okkar en ekki gagnvart öðrum? Eru hv. þm. reiðubúnir til að tína út þær starfstéttir sem eru svo mikilvægar að þeirra áliti að þær eigi að njóta niðurgreiðslu ríkis hvað varðar leikskólana? Og hvaða starfstéttir eru ekki nægilega mikilvægar til að njóta ekki þeirrar niðurgreiðslu ríkisins? Þetta eru auðvitað lykilspurningar sem menn verða að hafa í huga um þessi mál.

Ég veit vissulega að það er stuttur tími til stefnu. En ég vek athygli hv. Alþingis á þeirri staðreynd að það eru engin lög sem segja til um það, ekki fjárlög sem segja til um það, að það sé hlutverk Ríkisspítala eða annarra sjúkrahúsa að reka leikskóla. Það er stoðþjónusta sem lögum samkvæmt á að vera á hendi annarra aðila. Það er forgangsverkefni mitt sem heilbrrh. að tryggja að þær stofnanir sem undir mig heyra geti gengið fram með þeim hætti að þeir sem þjónustunnar eiga að njóta fái hana. Við höfum ekki, við þær aðstæður sem nú eru, efni á stoðþjónustu sem lögum samkvæmt á að vera á annarra hendi. Viðræður eru þegar komnar í gang. Ég veit um sveitarfélög sem notið hafa þessarar niðurgreiðslu. Ég nefni þar Akranes og Hafnarfjörð þar sem viðræður sveitarstjórnanna og viðkomandi rekstraraðila, forsvarsmanna sjúkrahúsanna, eru komnar vel á veg. Þar munu þessi mál ganga hægt og hljótt. Ráðuneytið og forsvarsmenn viðkomandi sjúkrastofnana munu á sama hátt, og eru þær viðræður þegar hafnar, ganga fram í þá veru að þessi breyting megi ganga hægt og hljótt, þannig að börnin sem eru lykilatriði í þessari umræðu allri, fái vist og áframhaldandi öryggi. Um það snýst málið.

[14:07]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Starfsemi dagvistarstofnana sjúkrahúsanna er um margt ólík því sem gerist í svipuðum rekstri á vegum sveitarfélaga og einstaklinga. En að gefnu tilefni vil ég þó benda á það að allar dagvistarstofnanir eiga það sameiginlegt að gegna uppeldis- og fræðsluhlutverki með markvissri og faglegri starfsemi. Ástæða þess að sjúkrahúsin hafa kosið að reka dagvistarstofnanir á eigin vegum eru margvíslegar. Sveitarfélög, eins og t.d. Reykjavíkurborg hafa enn ekki getað annað vistunarþörf allra þeirra barna sem óskað hefur verið eftir heilsdagsvistun fyrir. Þannig hafa ákveðnir þjóðfélagshópar haft forgang eins og kunnugt er svo sem einstæðir foreldrar og nemendur og lítið rúm verið eftir fyrir börn hjóna eða sambýlisfólks. Vistun við einkastofnanir og hjá dagmæðrum hafa reynst mörgum ofviða. Rétt er þó að geta þess að vistun barna á barnaheimilum spítalanna hefur ekki miðast við búsetu í því sveitafélagi sem sjúkrahúsið starfar. T.d. búa 48 af 166 börnum á barnaheimili Borgarspítalans utan Reykjavíkur. Sjúkrahúsin hafa um langt skeið átt í erfiðleikum með að manna nauðsynlegar stöður og hafa eins og ýmsir aðrir vinnuveitendur orðið að leita leiða til að laða til sín starfsmenn. Mjög stór hópur starfsfólks sjúkrahúsanna er ungt fólk í sambúð og á barneignaraldri og hefur þetta fólk ekki átt um marga kosti að velja til vistunar fyrir börn sín. Því hefur sá háttur að laða fagfólk með vistun fyrir börn sín á sama verði og sveitarfélög bjóða verið heppileg lausn bæði fyrir sjúkrahúsin og fyrir þetta starfsfólk. Þetta fyrirkomulag hefur verið hluti af ráðningarsamningi ýmissa stétta við sjúkrahúsin. Í fyrstu voru þessi pláss ætluð börnum hjúkrunarfólks en hin síðari ár hafa ýmsar stéttir bæst í hópinn eftir því sem mannekla hefur vaxið meðal þeirra stétta.

Sjúkrahúsin hafa haft forgangsröðun í veitingu vistunarplássa. Starfsfólkið sem starfar á deildum þar sem hörgull er á vinnuafli gengur fyrir. Starfsfólk sem gegnir 100% starfi gengur einnig fyrir. Starfsfólk sjúkrahúsanna vinnur sem kunnugt er vaktavinnu og er því dvöl barnanna í vistuninni mun sveigjanlegri en gerist og gengur í öðrum sambærilegum rekstri. Börnin dveljast í vistuninni mislengi allt eftir vaktaálagi hverrar viku og hvers mánaðar. Þetta auðveldar starfsfólki að koma til móts við misjafnt vinnuálag innan sjúkrahúsanna. Ég vil einnig benda á að strangar reglur gilda um vistunarrétt barnanna, t.d. dvelja þau ekki í þessari dagvistun í barnsburðarleyfi foreldris, námsleyfis þess eða lengri veikindaleyfum. Uppsagnarfrestur er þrír mánuðir.

Að sjálfsögðu má til sanns vegar færa að það fyrirkomulag að veita ákveðnum starfsstéttum forgang að dagvistun fyrir börn sé ekki réttlát og æskilegt er að unnt sé að veita öllum sem þess óska vistun fyrir börn sín. Ef gera á grundvallarbreytingar á þessum rekstri verður að gæta þess vandlega að slíkt verði gert á skipulegan og mannúðlegan hátt þannig að það komi ekki niður á mikilvægum rekstri heilbrigðisþjónustunnar, starfsfólki og þeim sem oft vilja gleymast í umræðum þessum, viðkvæmum sálum barna þeirra sem á heimilunum dvelja.

[14:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er í sjálfu sér ekki tími til að ræða þá fjölmörgu þætti heilbrigðismála sem hafa verið í umræðunni að undanförnu. Fyrstu spor hæstv. ráðherra sem eru ekki nógu góð, því miður. Það er ekki ráðrúm til að ræða um heilsukortin og ekki atvinnuleysisskattinn sem hann ætlar að leggja á, sjúklingaskattinn og það er ekki ráðrúm hér til að ræða um það af hverju hann ætlar að leggja niður Framkvæmdasjóð aldraða. Hins vegar er hér ráðrúm til að ræða um það við hann af hverju hann fer svona fram í því máli sem

snertir leikskóla í tengslum við spítala. Af hverju eru vinnubrögðin svona? Ég trúi því ekki að hann hafi boðið Hafnfirðingum upp á vinnubrögð af þessu tagi þann tíma sem hann var bæjarstjóri í Hafnarfirði og var talinn hafa staðið sig vel. Ég trúi því ekki að hann hafi boðið Hafnfirðingum upp á vinnubrögð sem eru þannig að tilkynna með nokkurra daga fyrirvara að það eigi að loka heilu stofnununum. Ég trúi því ekki að hann hafi þar ástundað vinnubrögð eins og þau sem hafa það í för með sér að um 450 börn hafa eins og nú horfir ekki leikskólapláss um næstu áramót. Ég trúi því ekki að hann hafi boðið Hafnfirðingum upp á það að foreldrar hafi átt það yfir höfði sér að missa pláss fyrir börn sín eftir örfáa mánuði. Ég trúi því ekki að hann hafi unnið þannig gagnvart stofnunum í Hafnarfirði að þær yrðu í raun og veru í uppnámi vegna þess að fólkið hefði ekki aðstöðu til þess að börnin yrðu í einhverri gæslu eða á leikskóla. Þess vegna vil ég segja við hæstv. heilbr.- og trmrh. í fullri vinsemd: Það er vissulega ástæða til þess að ríkið leggi fjármuni til þess að reka leikskóla hér, alveg sérstaklega í Reykjavík af því að borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík hefur staðið sig mjög illa. Það er sérstök ástæða til þess að skora nú á hæstv. heilbr.- og trmrh. að fresta málinu. Fara í heiðarlegar og opnar viðræður við foreldrana, sjúkrahúsin og sveitarfélögin. Og ég er alveg viss um það að niðurstaðan úr þeim viðræðum gæti orðið jákvæð fyrir ríkið og a.m.k. jákvæðari fyrir hæstv. ráðherra en þau vinnubrögð sem hann hefur tamið sér að undanförnu sem eru því miður líkari vinnubrögðum forvera hans en góðu hófi gegnir, hæstv. forseti.

[14:13]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Um leið og ég þakka fyrir þessa umræðu sem hér fer fram þá vil ég segja að mér finnst það þyngra en tárum taki að við skulum þurfa eina ferðina enn að vera að ræða hér hugmyndir frá ríkisstjórninni um niðurskurð sem kemur beinlínis niður á börnum. Ég skal fyrst manna hér inni viðurkenna það að borgaryfirvöld í Reykjavík, þ.e. Sjálfstfl. í Reykjavík, hefur ekki veitt dagvistarmálum forgang. Það gerði m.a. núverandi hæstv. forsrh. ekki þegar hann var borgarstjóri í Reykjavík og þess vegna er ástand í dagvistarstofnunum borgarinnar sem nú er. Og ég verð að segja það að vinstri höndin veit ekkert hvað sú hægri er að gera eða hefur gert í þessu máli. Það breytir ekki því að þegar aðeins um 12% barna á aldrinum 0--5 ára í landinu njóta heilsdagsvistunar þá er það tómt mál að tala um að stofnanir eins og sjúkrahúsin sem byggja á sérhæfðu vinnuafli kvenna geti rétt si svona hætt þessum rekstri. Við skulum athuga að sjúkrahúsin eru ekki að reka þessar stofnanir af mannúðarástæðum, ekki vegna þess að þau geri það sem sérstakt verkefni að koma skjóli yfir börn hér í bænum, þau gera það sjálf sín vegna. Þau gera það sinna eigin hagsmuna vegna til að laða til sín fólk til starfa. Hvernig stendur á því að þegar konum, þetta eru að meiri hluta konur, eru boðin þessi starfskjör, af hverju er byrjað á því að höggva í þessi starfskjör? Tökum bílastyrki. Bílastyrkir eru eitthvað sem eru partur af starfskjörum hjá ákveðnum hópum og þeir hópar eru valdir út sem hafa bílastyrki. Það eru t.d. ráðherrar og þingmenn, ekki sóknarkonur eða sjúkraliðar. Af hverju er ekki höggvið í þetta? Er það verkefni ríkisins að sjá um samgöngutæki? Ég vissi það ekki. Við höfum hér strætó, það getur vel verið að hann fullnægi ekki þörfum okkar, frekar en leikskólarnir fullnægja þörfum þeirra sem vinna fulla vinnu, en þeir eru til staðar. Hvað með matinn? Það er niðurgreiddur matur víða, það er partur af starfskjörum. Er það í verkahring ríkisins að elda ofan í fólk? Ég vissi það ekki. Það gerir það til að laða fólk til starfa — sem part af starfskjörum til að ná í fólk. Sama er með dagvistarheimilin. Það er liður í því að fá fólk til starfa.

Nú hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. með aðstoð annarra í ríkisstjórninni sett tilveru 1.400 foreldra upp í loft og eins og ástandið er núna á vinnumarkaðnum og í dagvistarmálum þá á þetta fólk engan annan kost, aðeins eina leið, og það er að berjast fyrir stöðu sinni þarna með oddi og egg. [Lófatak á þingpöllum.]

[14:14]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að ekki er ætlast til þess að viðbrögð komi af þingpöllum.

[14:15]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta er í annað skipti sem umræður fara fram hér á Alþingi um að ríkið hætti að starfrækja dagvistunarstofnanir sem nú eru reknar fyrir sumar starfsstéttir en ekki allar á sjúkrahúsum á fjórum stöðum á landinu. Hið fyrra sinnið sem þessi umræða átti sér stað var verið að fjalla um þingsályktunartillögu sem við hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl., fluttum í þessa veru. Því er skemmst frá að segja að sú tillaga var mikið rædd hér í þinginu og hlaut einróma stuðning allra þeirra er til máls tóku sem voru raunar þingmenn úr öllum stjórnmálaflokkunum. Þess vegna neita ég að trúa því að fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem átti öll fulltrúa í þessum umræðum hafi svo gjörsamlega snúið við blaðinu eins og ætla má af viðbrögðum þeirra síðustu dagana. Eða getur það verið að skoðanir þeirra hafi verið settar í einhvern pólitískan úreldingarsjóð og séu nú ekki lengur góðar og gildar?

Hv. þm. og fyrrv. heilbrrh., Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e., tók mjög undir efni okkar tillögu og sagði m.a., með leyfi virðulegs forseta: „Ég tel að hér sé hreyft máli sem gjarnan hefði mátt orða fyrr í þingsölum". Enn segir hv. þm.: „Ég vil líka láta það koma fram á Alþingi að mál þetta hefur verið rætt í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna og verið tekið þar upp af hálfu tveggja þingmanna sem þar eiga sæti, þess sem hér stendur og hv. þm. Svavars Gestssonar". Svo kemur hér hv. þm. Finnur Ingólfsson og fyrrv. pólitískur aðstoðarmaður Guðmundar Bjarnasonar og talar á allt öðrum nótum. Það fer ekki hjá því að upp rifjist fyrir manni gamalt vísubrot:

Ekki sér hann sína menn,
svo hann ber þá líka.

Vissulega er skortur á starfsfólki í vissar starfsgreinar sjúkrahúsa. Sá skortur hefur verið notaður til að meina öðru starfsfólki sjúkrahúsanna aðgang með börnin sín í þessa ríkisreknu leikskóla. Það sjá auðvitað allir í hvílíkt óefni menn stefna ef þessi háttur verður viðurkenndur til frambúar.

Víða úti um landið vantar kennara. Hvernig bregðast menn við því? Ætli ríkið leggi fram dagvistarstofnanir eða önnur hlunnindi til að laða að kennara? Nei, alls ekki, það eru sveitarfélögin sjálf sem bregðast við með hlunnindum af ýmsu tagi sem þau borga sjálf þótt það sé skýrt og skorinort í lögum að ríkið eigi að greiða launakostnað.

Ég er þess hvetjandi að þetta mál sé leyst af fullri reisn gagnvart fólki sem notið hefur þjónustu á dagvistarstofnunum ríkisins. Í því sambandi finnst mér litlu skipta úr því sem komið er hvort þessi eðlilega og sjálfsagða breyting á rekstraraðild verði vikunni eða mánuðinum fyrr eða seinna og vil leyfa mér að hvetja hæstv. heilbrrh. til samningslipurðar í þeim efnum.

[14:18]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið þá var ég fyrsti flm. að tillögu sem fól það í sér að hefja viðræður við sveitarfélögin um að þau tækju yfir leikskólarekstur sjúkrahúsanna. Hér er í raun og veru verið að fjalla um tvö mál. Í fyrsta lagi það hver á að reka leikskóla í landinu og greiða rekstrarkostnað þeirra. Í öðru lagi eru það starfskjör starfsfólksins á sjúkrahúsunum. Er það hluti af starfskjörum að fá tryggða vist fyrir börn sín á leikskólum? Þetta eru tvö mál. Þau eru skyld en þau eru tvö. Á þau verður að horfa í sitt hvoru lagi. Ef við ætlum að hafa tvenns konar rekstrarform á leikskólum í landinu þá erum við að mismuna sveitarfélögum í landinu. Við getum ekki gert upp á milli sveitarfélaga í sambandi við rekstur leikskóla þegar um er að ræða 200 millj. kr. upphæð. 200 millj. kr. er meira en helmingurinn af öllum niðurgreiðslum ríkisins vegna upphitunar á köldum svæðum landsbyggðarinnar. Þannig að hér er verið að fjalla um lífskjör í landinu.

Virðulegi forseti. Hvað varðar starfskjör fólksins á sjúkrahúsunum, eigum við að niðurgreiða dagvistun með því að styrkja kjör fólksins með þeim hætti? Ég tel að það geti fyllilega komið til greina. En þá verða að gilda sömu kjör fyrir starfsfólk allra sjúkrahúsanna í landinu. Við getum ekki gert upp á milli starfsfólks sjúkrahúsa eftir búsetu. Mér er t.d. kunnugt um að það kostar 30 þús. kr. af hálfu ríkisins að hafa barn á leikskóla sjúkrahúss í Reykjavík. Á sama tíma nýtur starfsfólk á á sjúkrahúsum á landsbyggðinni ekki slíkra hlunninda í slíkum mæli. Hér er fólki mismunað í kjörum eftir búsetu.

[14:20]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Mér finnst við vera komin langt út fyrir efnið í þessum umræðum. Þegar hæstv. heilbrrh. svaraði hér áðan þá talaði hann aðallega um sjúkraflutninga. Hann talaði um sjúkraflutninga og öldrunarmál. Hann talar ekki um það mál hér sem er brýnast. Það var 28. sept. sl. sem forstöðumenn sjúkrahúsa fengu að heyra að 700 börnum ætti að segja upp á dagheimilum sjúkrahúsanna og 200 starfsmönnum. Bara si svona. Og nú segir hæstv. ráðherra að þetta sé samningur milli ríkis og sveitarfélaga. Þá spyr ég fyrrv. bæjarstjóra í Hafnarfirði: Hvernig í ósköpunum stendur á því að Hafnarfjarðarbær er ekki löngu farinn að reka dagheimili St. Jósefsspítala í Hafnarfirði? Hvernig stendur á því að hann er slíkur lögbrjótur? Ég spyr að því. Mér finnst það koma hér fram að menn vita ekki hvað fer fram almennt á sjúkrahúsum. Það eru 24 tíma vaktir á sjúkrahúsum og það er afbrigðilegur vinnutími, allt öðruvísi en annars staðar. Það er þannig á sjúkrahúsum að þú vinnur kannski á skurðstofu, hæstv. ráðherra, og það kemur upp slys eða eitthvert atvik og starfsfólkið hefur ekki tök á að ná til barnanna. Hvað gerir þú þá ef við erum á venjulegum leikskóla? Hvað gerum við þá? Við þurfum öðruvísi leikskóla fyrir börn þeirra sem vinna á sjúkrastofnunum. Eru sveitarfélögin tilbúin að reka slíka leikskóla? Séu sveitarfélögin tilbúin að reka slíka leikskóla þá er það gott. En hingað til hafa þau ekki verið tilbúnir til þess. Ég segi að mér finnst vera nóg komið. Alþfl. ætlar að uppræta spillingu. Þetta er kannski einn liðurinn í því. Kannski telja ráðherrar Alþfl. að það sé einhver spilling í því fólgin að sjúkrastofnanir reki dagvistarheimili.

En þetta er þannig á sjúkrahúsunum að þetta er notað sem stýritæki til að geta rekið deildirnar á sjúkrahúsunum.

[14:23]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Ákvörðun heilbrrh. um að hætta rekstri barnaheimila á ríkisreknum sjúkrastofnunum og gefa sveitarfélögunum kost á að taka við rekstri þeirra hefur hlotið hörð viðbrögð og gagnrýni starfsmanna Ríkisspítalanna síðustu dægrin. Í þeirri umræðu allri hefur lítið farið fyrir kjarna málsins sem er: Á ríkið að reka dagvistarstofnanir eða öllu heldur á ríkið að reka dagvistarstofnanir fyrir ákveðnar stéttir? Svarið við því er nei. Það er ekki í verkahring ríkisins að reka barnaheimili. Það er hins vegar verkefni sveitarfélaga. Sveitarfélögin hafa á sínum herðum þá almennu skyldu að þjóna íbúunum á þessu sviði. Þar á engin stétt að eiga réttindi fram yfir aðra. Það er þess vegna ógjörningur fyrir sveitarfélögin að taka við þessum barnaheimilum og reka þau á sama grunni og Ríkisspítalarnir hafa gert heldur hljóta þau, ef þau vilja taka við þessum stofnunum, að reka þær sem hluta af því kerfi sem þegar er til staðar hjá þeim og allri eiga að hafa aðgang að.

Ef hins vegar er litið á þetta mál frá sjónarhóli starfsmanna spítalanna er alveg ljóst að það hlýtur að snerta þá illa að aðdragandi slíkra breytinga sé ekki lengri en raun ber vitni og um það snýst hin hlið málsins.

Þetta fólk á vissulega sinn rétt. Það hefur gert samninga við sinn vinnuveitanda og barnaheimilisvist er í mörgum tilfellum hluti þeirra samninga. Í samskiptum manna er ætíð farsælast að ræða málin, undirbúa og

aðlaga þegar breytingar eru á döfinni. Ég treysti því að heilbrrh. finni viðunandi lausn á þessu máli og gefi því eðlilegan aðlögunartíma í samvinnu við sveitarfélögin, starfsfólk og forráðamenn Ríkisspítalanna.

[14:25]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er nú orðið óhjákvæmilegt að það verði kannað hvort Sjálfstfl. stendur að þessum harkalegu aðgerðum Alþfl. Hvort það er þannig að Alþfl. einn beri á því flokkslega ábyrgð að fara fram með þessum fruntaskap gagnvart leikskólum, börnum og foreldrum, sem þar hafa aðstöðu. (**Umhvrh.:** Og þingmaðurinn sem tók ...) Sjálfstfl. hefur í raun og veru í þessari umræðu skorað á hæstv. ráðherra að fara fram með allt öðrum hætti en hann hefur gert. Ég tek undir þessar áskoranir Sjálfstfl. og ég vona að þar fylgi hugur máli.

Ég bendi líka á það, virðulegur forseti, í þessu sambandi að það er einn vettvangur sem getur í raun og veru tekið núna ákvörðun um að fresta þessu máli og það er stjórnarnefnd Ríkisspítalanna. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að þar verði málið tekið upp með skipulegum hætti, sérstaklega eftir þær yfirlýsingar sem fram hafa komið hjá hæstv. ráðherra um að hann vilji taka vel á móti þeim sem ræða við hann um þessa hluti.

Hér er auðvitað um það að ræða að leikskólar þessir hafa verið hluti af starfskjörum þessa fólks og það þýðir ekkert að segja það við börnin, foreldrana eða aðra að sveitarfélögin eigi að sjá um þetta verkefni. Það þýðir ekkert að setja hlutina svona upp. Það er í raun og veru ósvífinn útúrsnúningur. Og það að menn hafa rætt þessi mál áður úr öllum flokkum hér úr þessum ræðustól þýðir ekki að menn hafi skrifað upp á þessar grófu aðgerðir af hálfu ríkisstjórnarinnar gagnvart þessu fólki eins og núverandi ríkisstjórn hefur beitt sér fyrir. Ég skora þess vegna á hæstv. ráðherra að beita sér tafarlaust fyrir því að á þessu máli verði tekið á nýjan leik með manneskjulegum samningum og sanngjörnum viðræðum sem ég veit að hann kann eða kunni a.m.k. á meðan hann var bæjarstjóri í Hafnarfirði.

[14:27]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þetta er dálítið merkileg umræða að halda því fram hér af hálfu einstakra þingmanna Sjálfstfl. að deilan snúist um það hvort sveitarfélögin eigi að sinna þessu verkefni eða ekki. Um það snýst þessi deila alls ekki. Hún snýst hins vegar um það hvort frá og með næstu áramótum verði hægt að halda þessum sjúkrastofnunum í rekstri. Vegna þess að það á að loka barnaheimilunum og fólkið sem þar er með börnin sín inni mun ganga út af þessum stofnunum. Það er farið að segja upp og fólk lítur svo á að þetta sé hluti af þeim ráðningarsamningi sem gerður var við það þegar það hóf störf. Og það er náttúrlega það hörmulegasta í þessari umræðu allri að hæstv. heilbrrh. gerir sér enga grein fyrir því að það þurfi starfsfólk á sjúkrastofnanirnar til að það sé hægt að reka þær. Það eigi bara að skera af allar stoðdeildir. Hvað eru stoðdeildir? Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir kom inn á það hér áðan. Það væri fróðlegt að fá svar við þeirri spurningu. Kemur þá til greina að eldhúsum þessara sjúkrastofnana verði lokað af því að þau eru stoðdeildir? Það er hluti af ráðningarkjörunum. Fólkið hefur ráðið sig á þessar stofnanir með það í huga. Ætlar hæstv. ráðherra að svara því hér á eftir hvort það verði gert eins og annað í samræmi við þessa stefnu? Og það er auðvitað rangtúlkun af hálfu hæstv. heilbr.- og trmrh. og hann veit betur. Þegar gengið var frá verkaskiptalögunum um áramótin 1989–1990, af því að ég sat í þeirri nefnd, þá var aldrei rætt um það enda ekki gert ráð fyrir því í tekju- og gjaldatilflutningnum að sjúkrahúsin hættu þessum rekstri og það færðist yfir á sveitarfélögin. Það var beinlínis gert ráð fyrir því þá að þetta yrði með óbreyttu sniði. Og af hverju? Jú, vegna þess að þetta er sérhæfð þjónusta sem sveitarfélögin treysta sér ekki til að taka að sér. Deilan hér snýst um það hvort menn ætla að koma manneskjulega fram við sveitarfélögin og við það starfsfólk sem þarna á hlut að máli og menn geti tryggt það eftir áramótin að halda þessum stofnunum opnum.

[14:30]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Rekstur leikskóla er ekki skriflegur hluti af ráðningarsamningi við starfsfólk heilbrigðisstofnana. Eða hvernig ætti það að vera að til að mynda aðeins 25% hjúkrunarfræðinga á Ríkisspítölunum nyti þessara kjara en aðrir ekki? Hvernig ætti það líka að vera þegar 50% hjúkrunarfræðinga sitja í þeim plássum sem til staðar eru en þær teljast á fingrum annarrar handar þær sóknarkonur sem njóta sömu kjara? Þannig er það ekki. Það er líka rangt að opnunartími leikskóla sjúkrahúsanna sé með svo ólíkum hætti sem hér hefur verið haldið fram. Hann fellur þvert á móti mjög að þeim verklagsreglum sem eru hjá öðrum sveitarfélögum. Það er staðreynd málsins og ég bið fólk um að kynna sér.

Það er líka rétt að vekja athygli á því að stór hluti þessa rekstrar er í formi skóladagheimila en það er yfirlýst stefna sveitarstjórna á höfuðborgarsvæðinu að bjóða grunnskólanemendum upp á heilsdagsvistun. Ég geng að því sem vísu að þessir aðilar og þessi börn sem eru á þeim aldri njóti þeirra tilboða eins og önnur börn í höfuðborginni og í nágrannasveitarfélögunum. (**Gripið fram í:** Er opið um helgar þar?) Það liggur líka ljóst fyrir að hluti foreldra þeirra barna sem eru vistuð á leikskólum spítalanna eru einstæðir foreldrar og njóta þar með forgangs í leikskólum sveitarfélaga. Með öðrum orðum, það er hægt að vinna þetta mál stig af stigi eins og fyrrum menntmrh. veit, sem stoltur gekk fram fyrir skjöldu og náði fram lögum um leikskóla, samþykkt á Alþingi 18. mars 1991. Í þeim lögum, hv. þm. Svavar Gestsson, finn ég ekki stafkrók um það að það eigi að gilda önnur lög um leikskóla í rekstri ríkisins hjá sjúkrahúsum — eða hvað? Nei, meginatriði máls er þetta: Hér er auðvitað verið að koma þeim skikk á til næstu og lengri framtíðar sem Alþingi Íslendinga samþykkti 1989 (Forseti hringir.) og

aftur 1991 með leikskólalögum. Ég mun auðvitað ganga til þeirra viðræðna og starfsfólk heilbrrn. og forsvarsmenn sjúkrahúsa og ná um þessi mál ásættanlegri niðurstöðu. Það verður gert af heiðarleika, með opnum huga og umfram allt vil ég árétta það að það eru kjör þeirra barna sem þarna eiga hlut að máli og kjör annarra (Forseti hringir.) barna á leikskólum hér í landinu sem hafa forgang þegar um rekstur leikskóla er að ræða. Það verður mitt meginmarkmið.

Umræður utan dagskrár.

Fjárframlög til Gunnarsholts.

[14:32]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ein af mörgum ákvörðunum sem felast í fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar er að dregið skuli úr útgjöldum til áfengismeðferðarstofnana og að fækkað verði vistrýmum fyrir áfengissjúklinga og eiturlyfjasjúklinga. Jafnframt skal þessum sjúklingum gert að greiða umfram aðra sjúklinga fyrir þá meðferð sem þeir fá.

Síðan árið 1991 hafa framlög til þessa málaflokks innan heilbrigðiskerfisins verið skorin niður um á annað hundrað milljónir króna.

Það er nú ljóst að aðförin að áfengis- og fíkniefnameðferðarstofnunum er ekki aðeins verk eins manns, það er fyrrv. hæstv. heilbrrh., heldur hlýtur að vera yfirlýst stefna Alþfl. sem fer með heilbrigðismálin í dag því ekki tók betra við með nýjum ráðherra í ráðuneyti heilbrigðismála.

Ein af sparnaðarákvörðun hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar er að loka meðferðarheimilinu að Gunnarsholti í Rangárvallahreppi. Þar eru 26 einstaklingar í meðferð vegna langvarandi drykkjuvandamála. Ýmsir þeirra eiga auk þess við önnur veikindi að stríða.

Flestir þessara 26 einstaklinga eiga það sameiginlegt að hafa ekki öruggt athvarf að meðferð lokinni. Að Gunnarsholti fá þeir starfsþjálfun og aðstoð sem miðar að því að gera þeim kleift að vera virkir þátttakendur í samfélaginu að nýju.

Starfsfólki vistheimilisins hefur verið sagt upp og er flestum gert að hætta störfum um næstu áramót. Stöðugildi á Gunnarsholti eru 12,6 og missi 12–13 manns vinnu í Rangárvallahreppi jafngildir það 3% ársverka í hreppnum sem er verulega slæmt eins og nú er ástatt í atvinnumálum.

Í bréfi, dagsettu 4. okt., frá Rangárvallahreppi til hæstv. heilbrrh. er bent á hversu mikil áhrif ákvörðun um lokun vistheimilisins hefur á atvinnulíf sveitarfélagsins og farið er fram á það við hæstv. ráðherra að hann taki þessa ákvörðun sína til endurskoðunar. Sú stefna ríkisstjórnarinnar að skera niður framlög til áfengis- og fíkniefnameðferðar á að mati þeirra að leiða til sparnaðar. Ég fullyrði að þegar til lengri tíma er litið mun þessi niðurskurður leiða til aukinna útgjalda ríkisins vegna þess stóra vanda sem áfengis- og fíkniefnaneysla er að verða hér á landi.

Í ræðu sinni á Alþingi í gærkvöldi gat hæstv. heilbrrh. þess að grundvallaratriði heilbrigðismála væri að stuðla að almennu heilbrigði með breyttum og bættum lífsháttum. Er leiðin til þess, hæstv. ráðherra, að skera niður framlög til meðferðarstofnana vegna áfengis- og vímuefnaneyslu, stofnana sem hafa að leiðarljósi í störfum sínum einmitt þetta grundvallarmarkmið?

Virðulegi forseti. Gert er ráð fyrir að lokun Gunnarsholtsheimilisins spari rúmar 40 milljónir. Þá tölu fær hæstv. ráðherra með því að segja að ódýrari sambærileg vistunarúrræði komi í stað Gunnarsholts. Nefnir hann sem dæmi í fréttaviðtölum Vog, sjúkrastöð SÁÁ, Vífilsstaði og eftirmeðferðarstaði SÁÁ. Á sama tíma sker hann niður framlög til þessara stofnana og samkvæmt upplýsingum sem við fáum frá forráðamönnum þessara stofnana, t.d. hjá SÁÁ, þýðir þessi skerðing fækkun vistrýma og jafnvel varanlega lokun einstakra staða.

Hvert á þá að vísa þeim vistmönnum sem nú eru á Gunnarsholti og öðrum þeim stofnunum þar sem fækka þarf vistrýmum? Hver verður hinn raunverulegi sparnaður af lokun Gunnarsholts? Hver eru daggjöld vegna sjúklinga á Gunnarsholti samanborið við aðrar sambærilegar stofnanir? Getur hæstv. ráðherra upplýst okkur um það hversu margir bíða meðferðar vegna áfengis- og eiturlyfjaneyslu? Liggja fyrir ákvarðanir um það hvernig húsnæðið að Gunnarsholti verður nýtt ef núverandi starfsemi verður hætt? Verður starfsmönnum að Gunnarsholti tryggð önnur atvinna hjá ríkinu eða öðrum aðilum? Mun hæstv. heilbrrh. beita sér fyrir viðræðum við sveitarstjórn Rangárvallahrepps vegna þess ástands sem skapast í atvinnumálum sveitarfélagsins ef uppsagnir starfsmanna koma til framkvæmda?

[14:37]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Á Íslandi eru um 450 rúm sem skilgreind eru til meðferðar gegn áfengissýkinni. Þau eru af misjöfnum toga. Sum þeirra eru með þeim hætti sem gerist á Vogi og þar fer afeitrun fram og virk meðferð. Önnur er af þeim toga að þar er um athvarf og endurhæfingu að ræða að aflokinni afeitrun og eftirmeðferð. Enn önnur rúm má skilgreina á þann veg sem litið er til þegar Gunnarsholt á í hlut. Þar liggur fyrir varðandi mat sérfróðra manna á stöðu þess fólks, sem þar hefur verið vistað til lengri eða skemmri tíma, að mjög er misjöfn þörf þeirra fyrir þessi ólíku meðferðarúrræði sem ég nefndi áðan. Það hefur komið fram í fjölmiðlum að sá vistmaður sem er til meðferðar í Gunnarsholti vegna áfengissýki hefur verið þar í 13 ár. Með öðrum orðum, menn kunna að spyrja hvernig skilgreining er á starfsemi Gunnarsholts? Ægir þar saman fólki sem er til virkrar meðferðar og nokkurra vikna eða í lengsta falli nokkurra mánaða áfengismeðferð og aftur hinna sem halda þar heimili?

Til að gera langa sögu stutta þá eru vistmenn á Gunnarsholti 25 talsins, þar af 23 karlar. Meðalaldur þeirra er 50 ár. Það er mat sérfróðra aðila að fjórir þessara ættu frekar heima á Víðinesi eða sambærilegri stofnun. Fimm á dvalarheimili. Sex í stoðbýlum og eftirmeðferðarstofnunum sem ég nefndi áðan og 10 í

virkri eftirmeðferð á borð við þá sem gerist að Staðarfelli.

Það er auðvitað ekki hægt að bera saman ólíka hluti þegar rætt er um kostnað. Ég nefni hins vegar hv. þingheimi nokkrar tölur. Það gefur auga leið að kostnaður við virka meðferð á Vogi, þar sem sérhæft starfsfólk er hvað flest, kostar mestan pening. Þar kostar dagurinn 5.896 kr. Í Gunnarsholti, þar sem visttími aðila getur þetta verið frá 3–6 mánuðum upp í 13 ár, er þessi tala 4.800 kr. Í Víðinesi er þessi tala 3.300 kr.

Með öðrum orðum, 1.600 þús. kr. kostar að vista hvern einstakling á ári í Gunnarsholti, 1.100 þús. kr. í Víðinesi, í Staðarfelli 1.200 þús. og á venjulegu dvalarheimili fyrir aldraða um 920 þús. kr.

Þær hugmyndir sem hér liggja að baki eru að skoða þessi mál með heildstæðum hætti, tryggja virka meðferð gagnvart þeim einstaklingum sem á því þurfa að halda. Tryggja skjól fyrir þá aðila sem á langtímameðferð þurfa að halda og síðan þá sem þurfa þak yfir höfuðið, heimili til lengri tíma, heimili við hæfi í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög þar sem framfærsluskyldan liggur.

Með öðrum orðum, virðulegi forseti, ég hygg að það leiði okkur ekki fram á veg að taka út einstaka þætti með þessum hætti, hvað þá hag einstaklinga, einstakra einstaklinga og vísa til langrar og strangrar ævi þeirra og að þeir hafi hvergi höfði sínu að halla. Grundvöllur þessara tillagna og hugmynda er auðvitað sá að hver einasti einstaklingur sem þarna á hlut að máli njóti öryggis og vistunar á stofnun sem er við hæfi. Sumir, sem betur fer, (Forseti hringir.) eiga þess kost að ganga út í lífið á nýjan leik með styrk og stuðning og verða mætir borgarar og leggja til samfélagsins í ríkum mæli. Við vonum að þeir verði sem flestir. En ég vil undirstrika, virðulegi forseti, að þær hugmyndir sem hér liggja að baki eiga ekkert skylt við það sem hér kom (**Forseti:** Tíminn er búinn.) fram í ræðum einstakra hv. þm. í gær að verið væri að reka menn út á guð og gaddinn. Það eru öfugmæli. (Forseti hringir.) Hér er verið að gæta að hag þessara manna og annarra þeirra sem um sárt eiga að binda.

[14:43]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Suðurl. fyrir að hreyfa þessu máli. Ég held að það sé útilokað fyrir hæstv. heilbrrh. að telja okkur alþingismönnum trú um það að það sé til þess að bæta möguleika fólks sem dvelur í Gunnarsholti að loka heimilinu. Að sjálfsögðu dvelur fólk þar vegna þess að það hefur ekki átt kost á að vera á öðrum betri stað. Við vitum að á sama tíma og á að loka í Gunnarsholti og hæstv. ráðherra segir að það megi flytja þetta fólk annað þá er verið að þrengja að fleiri stofnunum. Hann minntist hér á Staðarfell. Það kom í fréttum fyrir fáum dögum að miðað við fjárveitingu sem sú stofnun fær þá muni þurfa að loka henni um áramót og hvar eiga þá þeir sem þangað á að vísa að fá inni?

Því miður er ekki nokkur rökstuðningur í málflutningi hæstv. ráðherra og það er kaldranalegt að á sama tíma og þannig er verið að þrengja að þeim sem hafa misst fótanna í þjóðfélaginu og þurfa á þessari aðstoð og aðbúð að halda þá er sífellt að fjölga þeim sem lenda í þessum raunum og aldur áfengisneytenda lækkar. Það er að sjálfsögðu táknrænt fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar að lækka nú verð á bjórnum til þess að reyna að auka neyslu hans, reyna að fá fleiri til að drekka meira. Því miður þá virðist algjörlega vera öfugt að verki staðið.

Þjóðfélagið hlýtur að verða að sjá fyrir þeim aðilum sem fara svona illa og er aðeins spurning hvar það verður gert og af hverju er þá betra að loka í Gunnarsholti og ætla þeim að búa annars staðar.

[14:45]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hér fer fram þá bað ég í gær Ríkisendurskoðun að taka saman rekstraryfirlit áranna 1989–1992 yfir vistheimilið í Gunnarsholti, skipt á gjaldategundir. Hér er ekki tími til þess að rekja þetta yfirlit en samkvæmt því koma fram tölur sem ekki ríma við þær upplýsingar sem fram komu í máli hæstv. ráðherra hér áðan. Samkvæmt þessu yfirliti þá var heildarkostnaður á legudag árið 1992 3.800 kr. Ráðherra nefndi 4.800 kr. í máli. Er þá sérstakt viðhald og einnig almennt viðhald og umsjón húsnæðis tekið með. Sé þetta dregið frá og sérstakt eða almennt viðhald er ekki í ríkum mæli á hverju ári, þá lækkar þessi tala.

Heildarkostnaður í rekstri árið 1992 var 50 millj. kr. Sértekjur stofnunarinnar voru 15,5 millj. kr. og er þá heildarkostnaðurinn kominn í 35 millj. og að frádregnu sérstöku viðhaldi og umsjón með húsum væri kostnaðurinn 31 millj. kr. yfir það ár. Þess er einnig að geta að skrifstofa Ríkisspítalanna tekur til sín hluta af kostnaði vegna launaútreiknings og annarrar umsjónar við þessa stofnun og það er upplýst af hálfu þeirra aðila að sá kostnaður mun ekki falla niður vegna þess hvað hér sé um litla rekstrareiningu að ræða en sá kostnaður sem tekinn var af heimilinu 1992 var um 2 millj. kr. Þar með væri kostnaður við heimilið nettó kominn niður í 29 millj. kr. árið 1992. Er þá vandséð hvernig eigi að spara 40 eða 60 millj. kr. sem heyrst hafa tölur um.

Ég hvet hæstv. ráðherra til þess að kynna sér þetta mál vel. Hæstv. ráðherra er nýr í starfi og það virðist svo að honum hafi borist upplýsingar sem ekki ríma við það sem fram kemur í þessum gögnum og ég vænti þess að það verði skoðað vandlega áður en þetta mál verður endanlega afgreitt.

[14:48]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo sem fram kom í máli málshefjanda þá er lokun Gunnarsholts einungis hluti af stærri heild en allt í allt þá sýnist mér að hér sé verið að skera niður um fimmtung eða 20% þau framlög sem fara til áfengismeðferðar og það held ég að sé mjög dýr sparnaður. Þetta sýnir einnig mjög lítinn skilning á því vandamáli sem áfengissýki er og ég held að þetta sé mjög vond leið til að fara. Ég finn heldur ekki heila brú í því að ætla að þessu fólki sem á að fara — svo ég taki Gunnarsholt sem dæmi — þaðan út. Bent hef-

ur verið á að nú er í umræðu að loka Staðarfelli vegna sama niðurskurðar. Það er ekki hægt að hrekja fólk frá einu heimili sem er að fara að loka til annars ef svo hrapallega vildi nú til.

Forsvarsmenn Hlaðgerðarkots eru áhyggjufullir og það hefur einnig komið fram að sumir þeirra sem eru á Gunnarsholti hafa ekki átt annars staðar möguleika til þess að komast í hús vegna sinna sérstöku vandamála og vegna þess að þjóðfélagið býður ekki upp á kost fyrir þetta fólk.

Ég hlýt líka að spyrja: Er þingmeirihluti fyrir þessari hugmynd heilbrrh.? Ég bendi á grein eftir Árna Johnsen í Morgunblaðinu í dag og ég bendi líka á það sem hv. þm. Pálmi Jónsson sagði áðan og ég held að það hljóti að vera fleiri með efasemdir.

En stærsta málið finnst mér vera hinn almenni niðurskurður til áfengismála, framlag til áfengismála, og þau gjöld sem á að fara að heimta af þessum sjúklingum sérstaklega. Mér finnst þetta sýna nokkurt skilningsleysi og ég vona að það verði bragarbót á. Ég hef trú á því ef það verður sest yfir þetta mál þá muni finnast betri niðurstaða.

[14:50]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um það að hæstv. heilbrrh. langar að ganga hægt og hljótt um. Hann langar að ná árangri í sínum störfum en því miður þá er ráðherrann ekki sjálfum sér líkur. Ég hef mjög velt því fyrir mér eftir að Guðmundur Bjarnason, fyrrv. heilbrrh., hvarf úr embætti hvers vegna þessir ágætu menn sem hafa verið heilbrigðisráðherrar síðan hafa ekki ráðið við gjörðir sínar. Þeir ganga um með þeim hætti að það er ekki líðanlegt. Ég velti því fyrir mér hvort það búi eitthvert fól í heilbrrn. sem skipi þeim fyrir verkum með þeim hætti sem þeir vinna. Nú er það ljóst að hæstv. fyrrv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, komst að þessari sömu niðurstöðu og núv. ráðherra — að leggja Gunnarsholt niður. En hann fór í mjög nákvæma vinnu. Hann lét ekki útvega sér tölur. Hann komst að þeirri niðurstöðu að þetta væri vinnustaður sem mundi hjálpa fólki og ákvað að þetta heimili skyldi starfa áfram. Hann lét endurbyggja heimilið. Ég vil skora á hæstv. heilbrrh. að fara ofan í þær upplýsingar sem hér hafa komið fram í dag, hann er mataður einhvers staðar frá, og hann endurskoði afstöðu sína og fari ofan í það hvort þetta heimili á ekki rétt á sér. Hvort þar sé ekki sú sérþekking sem hefur verið að bjarga hundruðum manna og koma þeim út í lífið á nýjan leik. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að kynna sér alla vega hvað varð til þess að Sighvatur Björgvinsson skipti um skoðun og að þessu blessaða fólki sem þarna hefur athvarf í fögru umhverfi verði ekki vísað út á guð og gaddinn eins og hér er því miður verið að leggja til.

[14:52]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Fyrst örfáar upplýsingar um Gunnarsholtshælið. Það var stofnsett 1954 og er því senn 40 ára. Spyrja má, eru það vel valin tímamót að leggja það nú niður eftir góða þjónustu?

Sl. tvö ár hefur verið gert nokkurt átak til að viðhalda og betrumbæta fasteignir stofnunarinnar. Þessi stofnun var ein ódýrasta heilbrigðisstofnun landsins á síðasta ári og þar vil ég taka undir orð hv. þm. Pálma Jónssonar hér áðan. Þar er húsrými fyrir 35 vistmenn en á þessu ári hafa að jafnaði verið lagðir inn 24–28 vistmenn og er sú ráðstöfun vegna sparnaðar. Flestir vistmanna eiga ekki kost á að vistast annars staðar og þurfa langdvalarmeðferð. Öldruðum vistmönnum hefur verið komið fyrir á dvalarheimilum aldraðra að Ási í Hveragerði og víðar. Þetta hefur stundum tekist vel en í öðrum tilfellum engan veginn. Nú dvelja á hælinu fimm vistmenn sem ekki reynist unnt að hafa til vistunar annars staðar vegna agabrota. Meðalaldur vistmanna Gunnarsholtshælisins er 45–50 ár. Nú dvelja þar tveir vistmenn sem eru 72 ára.

Það hefur ávallt verið lögð áhersla á að vistmenn hafi aðstöðu til að vinna á hælinu og reynt að hafa vinnuna sem fjölbreyttasta. Þessi vinnuaðstaða fyrir vistmenn hefur verið undirstaða meðferðar. Þá er það nokkuð stórt atriði að oft er svo að mönnum er komið þangað af Landspítala og öðrum sjúkrahúsum til að stytta dvalartíma þeirra á dýrum spítölum. Oft hefur þetta til komið vegna þess að óreglumenn slasast, t.d. beinbrotna.

Ekkert samráð hefur verið haft við forstöðumenn Gunnarsholtshælisins um fyrirhugaða lokun staðarins eða væntanlega vistun sjúklinga á öðrum stofnunum. Hefði ekki verið ástæða til að ræða þessi mál fyrst í heilbrigðiskerfinu, leita hagræðingar og sparnaðar í stofnuninni, sem raunar er stöðugt verið að, í stað þessa óðagots og miskunnarleysis? Allar fjölskyldur í landinu þekkja vandamál ofdrykkjunnar en það slær misjafnlega fast. Stundum er það afi eða amma, faðir eða móðir, dóttir eða sonur, nákominn frændi eða frænka. Sumum er hægt að bjarga, öðrum ekki. Stofnun eins og Gunnarsholt þarf að vera til staðar þegar fjölskyldur eru vanmegna og hafa gefist upp við að leysa vandamál ættingja sinna. (Forseti hringir.) Ég skammast mín ekki fyrir að játa að vistheimilið í Gunnarsholti hefur leyst vandamál í minni fjölskyldu. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég vil benda hæstv. heilbrrh. á það sem virðist fara fram hjá honum að samdráttur á erfiðum tímum á ekki að vera í tekjutilfærslum ríkissjóðs milli þegnanna sem velferðarkerfið er hluti af heldur miklu fremur í beinum útgjöldum ríkissjóðs til kaupa á vörum og þjónustu. (Forseti hringir.) Nefna má sem dæmi — ég er alveg að ljúka máli mínu — að ferða- og bifreiðakostnaður stjórnvalda kostar milljarða kr. og skattsvik samkvæmt könnun á annan tug milljarða kr. eða meira en nemur halla á ríkissjóði. Þar á að bera niður en ekki hjá sjúkum og öldnum. Svo eru aðrir sem sleppa við skattgreiðslu lögum samkvæmt eins og t.d. fjármagnseigendur, þeir eru betur í stakk búnir til að taka á sig byrðar en vistmenn á heilsuhælum. (**Forseti:** Tíminn er löngu liðinn.) Við lokun Gunnarsholts sparast reyndar ekkert, það er mat Tómasar Helgasonar yfirlæknis og honum trúi ég betur en hæstv. ráðherra. (Forseti hringir.) Meðferð Íslendinga á áfengissjúklingum hef-

ur vakið athygli í öðrum löndum sem leitað hafa á náðir okkar. Ég mótmæli gerræði hæstv. heilbrrh. gagnvart sjúklingum og starfsfólki í Gunnarsholti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. að virða þau tímamörk sem eru við utandagskrárumræðu.

[14:57]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Við þurfum auðsjáanlega ekki að hafa eins miklar áhyggjur af þessu máli eins og ég hélt í upphafi því það hefur ekki farið neitt samráð fram milli ríkisstjórnarflokkanna þannig að þetta er greinilega óuppgert mál. En það sem vakti athygli mína í svörum hæstv. heilbrrh., í rökum hans, hvers vegna hann taldi rétt að loka Gunnarsholti, var að hann taldi það rétt m.a. vegna þess að sumir sjúklingar höfðu verið þar allt upp í 13 ár. Það vakti athygli mína vegna þess að á ýmsum sjúkrastofnunum er fólk sem hefur verið jafnvel í tugi ára. Ég vona að það sé ekki stefnan að loka þeim sjúkrastofnunum einungis vegna þess að fólki hafi verið þar svo lengi.

Síðan langar mig til þess að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að farið var í milljóna framkvæmdir að Gunnarsholti á sl. ári ef það var í deiglunni að loka heimilinu? Eru engin langtímamarkmið í heilbrigðismálum í landinu?

Mig langar líka að spyrja að því vegna þess að það kom fram í umræðunni áðan að hluti þeirra sjúklinga sem nú eru í Gunnarsholti á að vistast að Staðarfelli í Dölum. Það er skammtímavistun þar eins og hæstv. heilbrrh. veit, það er mánuður í senn, en eins og hér hefur komið fram var það í fréttum í gær að það á að loka því heimili um áramót ef fer sem horfir. Mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh.: Ætlar hann að koma í veg fyrir að Staðarfelli í Dölum verði ekki lokað um áramót?

Það er líka íhugunarefni að það er einmitt verið að loka þessum stofnunum sem eru úti á landi á sama tíma og verið er að tala um að færa verkefni ríkisins út á land.

En eins og ég sagði í upphafi þá vona ég svo sannarlega að ríkisstjórnarflokkarnir ræði betur um þessi mál og það verði uppi á teningnum að þessu heimili verði ekki lokað frekar en Staðarfelli í Dölum.

[14:59]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir þau fáu svör sem ég þó fékk, því ekki svaraði hann nema hluta þeirra spurninga sem ég var með. Jafnframt vil ég þakka þeim hv. þm. sem tóku þátt í þessari umræðu.

Hæstv. ráðherra talaði um það að ekki væri rétt af okkur að fara í umræðuna með þessum hætti, að taka einstaklinga, ákveðinn hóp einstaklinga eða einhverja sérstaka, heldur ættum við að tala um málið sem eina heild. Það er akkúrat það sem ég var að gera. Niðurskurður til meðferðarheimila almennt. Hins vegar stöndum við frammi fyrir því núna að það er verið að loka heilli stofnun þar sem 26 vistmenn eru og 12 starfsmenn og eins og hæstv. ráðherra sagði sjálfur í gær: Við erum þjóð sem stendur saman, þjóð sem byggir á þeim grunni að samfélagið lætur sig varða um afkomu hvers einasta þjóðfélagsþegns. — Það er einmitt það sem við erum að gera hér. Við erum að láta okkur varða hvað verður um þá einstaklinga sem nú eru í Gunnarsholti sem á að fara að loka.

Hæstv. ráðherra sagði að fjórir ættu heima að Víðinesi, sex ættu heima á stoðbýlum, tíu ættu heima í virkri eftirmeðferð, t.d. Staðarfelli, fimm ættu heima á dvalarheimili aldraða. — Eru þetta svörin til mín um það hvað verður um þessa einstaklinga, að þeir eigi heima á hinum eða þessum stöðunum? Eflaust væri það best að þeir ættu allir sín eigin heimili. Þannig vildum við helst hafa það. En ég spyr: Hvað verður um þessa einstaklinga? Ég óska eftir því að fá skýrari svör og spyr einnig: Hvernig á að nýta húsnæðið að Gunnarsholti og verður eitthvert samráð við sveitarstjórnina vegna þess atvinnuástands sem skapast og verður þeim mönnum sem nú vinna þarna tryggð atvinna með einhverjum hætti?

[15:01]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Það vekur nokkra athygli í þessari umræðu að fjórir þingmenn Suðurl. láta sig sérstaklega þetta mál varða. Hér lagði einnig inn orð einn hv. þm. Vesturl. sem hafði raunar meiri áhyggjur af framtíð Staðarfells sem mun vera í hans kjördæmi. Þetta vekur spurningar. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að ef áhyggjur af vistmönnum þarna eru efst á baugi og fara eftir kjördæmum þá væru það þingmenn Reykv. sem ættu að hugsa sinn gang. Frá Reykjavík eru 14, frá Akureyri koma 4, frá Reykjaneskjördæmi 4 og annars staðar frá 3, alls 25.

Ég vil segja almennt um þetta, virðulegi forseti, að það fer fram umræða og hefur farið fram og nýttur verður tíminn til áramóta að meta hvern einasta einstakling sem þarna er. Það verður engum einstaklingi þar vísað á dyr og út í önnur óundirbúin úrræði. Það verður litið á hvern einasta einstakling.

Ég er auðvitað tilbúinn til þess að ræða þau mál og skoða þau og skilgreina í samráði við fjárlaganefndarmenn og aðra þá sem málinu sýna áhuga og bera saman tölur þannig að við byggjum þessi mál á staðreyndum en ekki staðhæfingum sem ganga á víxl. Það er auðvitað lykill málsins. Það er annar lykill málsins. Hinn lykill málsins er sá að þessir aðilar fái úrræði við hæfi. Sannleikurinn er sá að ýmsir hafa efasemdir um það þegar jafnólíkum hópi manna og kvenna er safnað saman eins og hefur verið að Gunnarsholti um langt skeið þá hafi sú meðferð á stundum ekki passað fyrir alla þá sem þar hafa komið við. Vissulega, sem betur fer, hefur Gunnarsholt, Staðarfell, starfsemi SÁÁ, starfsemi Ríkisspítalanna á Vífilsstöðum, á Landspítalanum, skilað okkur bættum og betri þjóðfélagsþegnum og svoleiðis verður það vonandi áfram. Fleiri þætti mætti nefna eins og fyrirbyggjandi starf sem ég vil einnig leggja ríka áherslu á. Meginatriðið er það að við

höfum staðið býsna vel að þessu máli þó ævinlega megi betur gera.

Útbýting þingskjals:

Þingsköp Alþingis, 29. mál, frv. GHH o.fl., þskj. 29.

Fundi slitið kl. 15.05.

---

4. FUNDUR

miðvikudaginn 6. okt.,
að loknum 3. fundi.

Dagskrá:

Þingsköp Alþingis, frv., 29. mál, þskj. 29. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. GHH o.fl., 29. mál (ræðutími, nefndastörf). — Þskj. 29.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, KHG, KÁ, KE, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, StG, StH, SvÁ, ÖS) fjarstaddir.

[15:09]

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis frá árinu 1991 með breytingum sem á þeim voru gerðar sl. haust.

Flm. auk mín eru aðrir formenn þingflokka, þau hv. þm. Páll Pétursson, Rannveig Guðmundsdóttir, Ragnar Arnalds og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Tildrög þessa frv. eru þau að í sumar hafa átt sér stað nokkrar viðræður milli formanna þingflokka um breytingar á vinnubrögðum hér á Alþingi í því skyni að komast hjá deilum og þrætum um formsatriði, fundahöld og afgreiðslu mála sem því miður hafa sett allsterkan svip á störf þingsins. Reynt hefur verið að fá niðurstöðu um ýmis ágreiningsatriði í þingstörfunum og búa þannig um hnútana að afgreiðsla þingmála gæti orðið greiðari auk þess sem komið yrði á betri samvinnu milli þingflokka stjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar um þinghaldið í víðustu merkingu.

Reyndar sendi forseti þingsins sumarið 1992 formönnum þingflokka bréf með ábendingum um ýmis atriði sem æskilegt væri að tekin væru til umræðu á milli þingflokkanna í því skyni að breyta ákvæðum laganna í ljósi reynslunnar af þingstörfum á fyrsta þingi eftir þær miklu breytingar sem urðu á skipan Alþingis með stjórnarskrárbreytingu 1991, þ.e. þegar deildir þingsins voru afnumdar og Alþingi hóf störf í einni málstofu. Ekkert varð þó af breytingum í tilefni af þessu bréfi á síðasta þingi.

Nú er hins vegar fengin tveggja ára reynsla af störfum Alþingis í einni málstofu og nýjum þingsköpum og það verður að segjast eins og er að á þeim þingsköpum sem við höfum búið við undanfarið eru ýmsir gallar sem menn hafa talið nauðsynlegt að líta á með tilliti til þess að ná samstöðu um að sníða þá af. Ég hygg að það hafi verið sammæli allra þeirra sem stóðu að breytingum á þingsköpunum 1991 að þessar reglur yrðu til endurskoðunar um einhvern tíma meðan menn væru að átta sig á hinu nýja formi til fullnustu og nauðsynlegt gæti verið að breyta vinnubrögðum í samræmi við slíka endurskoðun.

Ég hygg að það sé einkum tvennt sem menn hafa tínt til sem ágalla í þingstörfunum: Annars vegar of langar umræður — og þar af leiðandi of langir fundir í þinginu — og svo hins vegar að ekki hafi tekist eins góð samvinna milli allra þingflokka um stjórn þinghaldsins og vonir stóðu til vorið 1991. Og það má segja að það hafi einkum verið þessi atriði sem við þingflokksformenn höfum haft í huga í viðræðum okkar nú upp á síðkastið um breytingar á þingsköpunum.

Þó að hér séu lagðar til breytingar á nokkrum greinum þingskapalaganna, sem sumar hverjar eru að okkar dómi mjög mikilvægar, er þó margt fleira sem til umræðu kom í viðræðum þingflokksformanna að þessu sinni. En ýmist var að ekki var samstaða um að taka á þeim atriðum sem þar voru reifuð eða ekki tími til þess að koma þeim í það horf að allir gætu sáttir talist. Mörg slík atriði bíða þess vegna síðari endurskoðunar og ekki víst að um þau verði mikill ágreiningur.

Eins og fram kemur í greinargerð þess frv. sem hér liggur frammi lítum við, sem þetta frumvarp flytjum, svo á að það sé einn liður í heildarendurskoðun þingskapa í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefur og það er ásetningur okkar að halda þeirri endurskoðun áfram með það að markmiði að ný þingsköp megi liggja fyrir við upphaf nýs kjörtímabils 1995.

Því er ekkert að leyna að það er á margan hátt erfitt að gera breytingar á þingsköpum á miðju kjörtímabili og breyta jafnframt trúnaðarstörfum í þinginu. Þess vegna væri að okkar dómi heppilegra að þingflokkar kæmu sér saman um framtíðarskipan mála í þinginu án tillits til þess hvaða einstaklingar skipa trúnaðarstörf á Alþingi um þessar mundir eða hvaða þingflokkar verða í stjórn og hverjir í stjórnarandstöðu.

Þetta vildi ég gjarnan að kæmi hér fram í upphafi máls míns um þetta frv., virðulegi forseti. Kem ég þá að efni sjálfs frv.

Í 1. og 2. gr. frv. eru ákvæði um störf þingnefnd-

anna. Annars vegar eru í 1. gr. ákvæði um boðun þingfunda. Þessi breyting er nú gerð til þess að tryggja það að skylt sé að halda fund í nefnd, ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna, til þess að taka til umræðu og hugsanlega afgreiðslu þau mál sem tilgreind eru. Það má segja að hér sé um nokkurs konar öryggisatriði að ræða þannig að formaður nefndar geti ekki staðið gegn óskum meiri hluta nefndar um að halda fund og afgreiða mál sem meiri hluti nefndarinnar telur áríðandi að fái afgreiðslu.

Ég vil taka það sérstaklega fram að ákvæði þessarar greinar eru fyrst og fremst hugsuð að því er varðar störf þingnefndanna yfir þingtímann enda eru í gildi sérstakar reglur um störf þingnefnda utan þingtíma sem settar voru af forsætisnefnd strax sumarið 1991. Þær reglur eru að því er ég tel í góðu samræmi við ákvæði þessarar greinar.

Í 2. gr. er svo ákvæði um það hvernig með skuli fara ef ágreiningur er í þingnefnd um hvort lokið skuli afgreiðslu máls og það „tekið út úr nefndinni" eins og við köllum það gjarnan hér á Alþingi. Í þessari grein eru sett þau ákvæði að komi fram tillaga frá einhverjum nefndarmanni um að mál skuli tekið út úr nefndinni, þá er formanni hennar skylt að taka þá tillögu til afgreiðslu á þeim fundi þegar hún kemur fram. Þannig getur formaður ekki komið í veg fyrir að meiri hluti nefndar ráði því hvenær mál er afgreitt frá nefndinni. En þar sem hér er um viðkvæmt atriði að ræða höfum við flutningsmenn orðið ásáttir um að til þess að mál sé tekið út úr nefnd með þessum hætti þurfi að liggja fyrir samþykki meiri hluta nefndarmanna, þ.e. fimm nefndarmanna í fastanefndum þingsins öðrum en fjárlaganefndinni, þar sem meiri hluti nefndarmanna er sex. Ég vænti þess fastlega að sem sjaldnast reyni á ákvæði 2. gr. frv. og að friður megi ríkja um það, eins og oftast hefur verið, hvenær mál skuli taka út úr nefnd. Hér er fyrst og fremst um nokkurs konar öryggisatriði að ræða sem sjálfsagt er að hafa í þingsköpum.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um umræður um skýrslur. Það ákvæði skýrir sig að mestu leyti sjálft og er einn þáttur af nokkrum í þessu frv. sem ætlað er að setja reglur og ramma utan um umræður í þinginu. Til þessa hafa ekki verið slík ákvæði um skýrslur og það þótti eðlilegt að hafa samræmi milli umræðna um þær og til að mynda hinna lengri utandagskrárumræðum, sem ákvæði eru um í 50. gr. þingskapa.

Þau ákvæði sem er að finna í þessu frv. um takmörkun ræðutíma koma fram í 5. gr. frv. en að nokkru leyti einnig í 3. gr. og 6. gr.

Ef ég vík fyrst að 5. gr., sem má telja meginefnisgrein frv., þá er nú stefnt að því að gera þá meginbreytingu á hinni almennu reglu um umræður í þinginu að takmarka 1. umr. um lagafrumvörp. Reglan verður sú að framsögumenn máls, hvort sem það eru ráðherrar eða þingmenn, megi ekki tala lengur en 30 mínútur í fyrsta sinn, 15 mínútur í annað sinn og 5 mínútur í þriðja sinn. Aðrir þingmenn og ráðherrar mega ekki tala lengur en 20 mínútur í fyrra sinn og 10 mínútur í síðara sinn.

Ég legg áherslu á að þessi regla á einungis við um 1. umr. en gert er ráð fyrir því að sömu reglur gildi um 2. og 3. umr. og verið hafa áður í þingsköpunum, þ.e. að þá sé ræðutími ekki takmarkaður.

Þar sem lagafrumvörp eru hins vegar mjög misjafnlega efnismikil hefur orðið samkomulag um það jafnframt að opna leið fyrir þingflokka til þess að óska eftir því að þessi ræðutími verði lengdur, allt að því tvöfaldaður, en þá þarf að liggja fyrir rökstudd beiðni frá formanni þingflokks þar að lútandi áður en frv. er tekið til umræðu hér í þingsalnum. Þess er fastlega vænst að slík lenging heyri til undantekninga og verði því aðeins beitt að um sé að ræða veigamikil og margþætt frumvörp.

Ég get ekki leynt því að um þetta atriði voru nokkuð skiptar skoðanir milli þingflokksformanna en þetta varð niðurstaðan og hér er á ferðinni málamiðlun sem við höfum gert í góðri trú og okkar í milli formenn þingflokka og aðrir þingmenn fallist á innan þingflokkanna að því er mér er best kunnugt.

Önnur meginbreytingin er á hinum svokölluðu þingskapaumræðum og er þau ákvæði að finna í 4. gr. frv. og a- og b-lið 5. gr. Með frv. er stefnt að því að þær umræður sem kallaðar hafa verið þingskapaumræður falli niður en í stað þess geti komið sérstakar umræður við upphaf þingfundar, athugasemdir sem þingmenn geti gert og varða störf þingsins. Gert er ráð fyrir því að slíkar athugasemdir og umræður um þær megi ekki standa lengur en í 20 mínútur á hverjum fundi. Enginn megi tala oftar en tvisvar og ekki lengur en tvær mínútur í senn. Ég vek athygli á því að með þessum ákvæðum geta fleiri en einn þingmaður komið athugasemd á framfæri við sama tækifæri og fengið um hana umræður ef það rúmast innan þess tíma sem til þessara umræðna er ætlaður í fundarbyrjun, þ.e. 20 mínútna.

Það er von okkar að þessi nýbreytni geti orðið farvegur fyrir þann hluta þingskapaumræðunnar sem hefur verið af almennu tagi og ekki lotið að raunverulegum athugasemdum við stjórn forseta á þingfundinum.

Að því er varðar hins vegar slíkar athugasemdir um fundarstjórn forseta, þá er gert ráð fyrir því að þingmenn hafi áfram skýlausan rétt til að gera athugasemdir ef þeim þykir sem fundarskapa sé ekki réttilega gætt eða eitthvað sé ábótavant í fundarstjórn eða skipulagi forseta. Það er hugmynd okkar að þetta ákvæði verði skýrt eins þröngt og kostur er þannig að athugasemdir af þessu tagi séu einungis um fundarstjórn forseta en ekki um önnur mál sem svo oft hafa flotið með þegar þingmenn hafa kvatt sér hljóðs um þingsköp.

Í þessu sambandi er svo lagt til að þingmönnum sé einungis heimilt að tala tvisvar ef þeir gera athugasemdir um fundarstjórn, þ.e. þeim er heimilt að gera athugasemd, síðan má reikna með að þeir fái svör frá forseta og þá hafa þeir jafnframt heimild til þess að hreyfa athugasemdum við svörin ef þeim sýnist svo. Tímamörk slíkra athugasemda um fundarstjórn verða hin sömu og um þingsköp áður, þ.e. þrjár mínútur í senn.

Ég vil taka það sérstaklega fram að það er von okkar, sem að þessu frv. stöndum, að þessar breytingar á þingskapaumræðunni verði til þess að aðskilja þær athugasemdir sem eru nánast af formlegu tagi og svo þær athugasemdir sem eru víðtækari, nálgast jafnvel að vera pólitískar yfirlýsingar; þessi atriði séu skilin að og fundið sitt formið fyrir hvort atriði. Ég vona að minnsta kosti að þetta muni draga úr umræðum af þessum toga og gera umræður um sjálf þingmálin samfelldari og hnökralausari.

Þá er jafnframt í 6. gr. ákvæði um það að stytta þann tíma sem þingmenn hafa til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu. Í núverandi þingsköpum eru engin bein ákvæði um þennan rétt þingmanna, en það hefur lengi tíðkast að menn gerðu grein fyrir atkvæði sínu við nafnakall og nú á síðustu missirum, eftir að atkvæðagreiðslukerfið var sett upp í þingsalnum, hafa menn enn fremur gert grein fyrir atkvæði sínu við slíka atkvæðagreiðslu. En okkur þykir að tími þingmanna til þess að flytja slíka greinargerð sé óeðlilega rúmur og það megi að skaðlausu stytta hann niður í eina mínútu.

Í 7. gr. frv. eru ákvæði er varða störf formanna þingflokka. Annars vegar ef milli þeirra er samkomulag, þ.e. allra þingflokka, þá sé forseta heimilt að breyta ræðutíma til samræmis við slíkt samkomulag frá því sem ákveðið er í öðrum greinum þingskapanna og ákveða hve lengi umræða megi standa. En það þykir sjálfsagt ef einhverjum þykir á sig hallað að þá sé slíkt samkomulag staðfest með samþykkt þingfundarins sjálfs. Þarf ósk um slíkt að koma frá a.m.k. þremur þingmönnum. Jafnframt er áréttað að formenn þingflokka séu umboðsaðilar flokka sinna gagnvart forseta að því er varðar lengingu á ræðutíma um þingsályktunartillögur, skýrslur og frumvörp þannig að forseti taki ekki við beiðnum frá einstökum þingmönnum um þessi atriði. Þetta teljum við mikilvægt að sé skýrt í þingsköpunum. Það eru hliðstæð ákvæði í kaflanum um útvarpsumræðu og hefur það orðalag verið haft til hliðsjónar að þessu leyti.

Í 8. gr. frv. eru þeir frestir sem gilda um stefnuræðu forsætisráðherra styttir frá því sem nú er. Í 73. gr. núgildandi þingskapa segir að stefnuræðu skuli flytja innan 10 daga frá þingsetningu en í frv. er gert ráð fyrir því að þessi frestur verði aðeins 5 dagar. Í frv. stendur að ræðunni skuli komið til þingmanna eigi síðar en þremur dögum áður en hún er flutt í stað viku eins og er í núgildandi lagaákvæðum. Þetta er m.a. gert til þess að stuðla enn frekar að því að stefnuræða forsætisráðherra verði flutt við upphaf þings og hinar fyrstu raunverulegu pólitísku umræður í þingsalnum fari fram um þá ræðu. Okkur þykir fara vel á því að hún sé nánast fyrsta mál þingsins þegar það hefur lokið þeim formsatriðum sem fram fara á þingsetningarfundi.

Ég hef þá, virðulegi forseti, lokið við að gera grein fyrir efnisatriðum þessa frv. og vísa að öðru leyti til athugasemda sem því fylgja. Ég vil eins og fram kemur í upphafi greinargerðar með frv. geta þess að jafnframt hefur tekist mikilvægt samkomulag milli þingflokkanna um að þingflokkar stjórnarandstöðunnar taki að sér formennsku í þremur þingnefndum og varaformennsku í fjórum nefndum. Þetta teljum við mikilvæga breytingu sem miði að því að efla samvinnu þingflokka um stjórn þinghaldsins. Ég get upplýst við þetta tækifæri að þær nefndir sem hér er um að ræða eru efh.- og viðskn., iðnn. og umhvn. þar sem gert er ráð fyrir að stjórnarandstöðuflokkarnir taki við formennsku, en einnig er gert ráð fyrir að þeir taki við varaformennsku í utanrmn., sjútvn., félmn. og heilbr.- og trn. þingsins. Þessi breyting byggist á því að milli manna hér á Alþingi ríki traust og að það sé samkomulag um þær vinnureglur sem hér tíðkast þótt ágreiningur sé um pólitísk stefnumál. Slíkur ágreiningur á ekki að ganga svo langt að þingmenn geti ekki átt góða samvinnu um þingstörfin sjálf og um afgreiðslu mála.

Við lítum svo á að hér sé verið að feta leið í þá átt að þingflokkar fari með formennsku í fastanefndum þingsins sem næst eftir þingstyrk sínum, en eins og ég hef áður sagt, þá er verið að stíga fyrsta skrefið — að sumu leyti til reynslu — og enn fremur verður að hafa í huga að það er erfitt á miðju kjörtímabili að gera róttækar breytingar í þessu efni. En ég legg áherslu á að þetta atriði er hluti af því samkomulagi sem tekist hefur um breytingar á þingsköpunum. Þetta er ekki löggjafaratriði heldur samkomulag milli þingflokkanna — gert í þeirri trú að það bæti starfshætti og vinnubrögð í þinginu.

Það má enn fremur geta þess að í þessu frv. er ákvæði til bráðabirgða um það að þessar nýju reglur verði teknar til endurskoðunar fyrir upphaf næsta þings í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af þeim á þessu þingi og geri ég þá fastlega ráð fyrir að þetta mál verði allt metið að nýju, hugsanlega með það fyrir augum að taka stærri skref ef vel gengur, en auðvitað verða menn að vega og meta reynsluna af öllum þessum atriðum þegar hún er fram komin.

Ég vil svo nota þetta tækifæri til þess að þakka meðflutningsmönnum mínum fyrir ágæta samvinnu við undirbúning þessa frv. Mér finnst sú samvinna og sú niðurstaða sem fengist hefur benda til þess að við séum á réttri leið við að endurbæta starfshætti okkar hér á Alþingi. Og þó ég viti mætavel að því trúir sjálfsagt enginn maður að það geti verið skemmtilegt á fundum þingflokksformanna, þá var það nú svo í þessari vinnu. Þetta var skemmtilegt samstarf og það tókst bara býsna vel, mundi ég telja.

Ég legg ekki til, virðulegi forseti, að þessu frv. verði vísað til nefndar. Það hefur verið til umfjöllunar í öllum þingflokkum undanfarin dægur og því ástæðulaust að taka frv. til athugunar í sérstakri þingnefnd. Ég legg hins vegar til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr.

[15:26]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Í þessu frv. felst nokkur breyting á gildandi þingskapalögum og ég tel alveg tvímælalaust að það styrki stöðu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu, þ.e. ríkisstjórn og embættismönnum.

Það hefur, eins og hér hefur þegar komið fram, ríkt gott samstarf milli formanna þingflokka um undirbúning að þessu frv. og okkur er það öllum ljóst, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, að þá mun að öllum líkindum eða getur hlutverkum verið skipt og þeir sem nú sitja í ríkisstjórn kunna að vera komnir í stjórnarandstöðu innan skamms og þeir sem nú eru í stjórnarandstöðu kunna að vera komnir stjórnarmegin við borðið. Og við höfum gengið að þessu verki með því hugarfari að reyna að finna sanngjarna lausn á ágreiningsatriðum og setja máin þannig fram að vel sé viðunandi, bæði fyrir stjórn og stjórnarandstöðu.

Í fyrsta lagi er hér um að ræða breytingu á skipulagi umræðu. Það er nokkur stytting á ræðutíma við 1. umr., þ.e. ræðutími við 1. umr. verður takmarkaður við ákveðinn mínútufjölda og málfrelsið ber að hafa mjög í heiðri. Ég held að við eigum að standa ákaflega árvökulan vörð um það. Stytting þessa ræðutíma heftir fyrst og fremst framsögumenn. Það er í öllum tilfellum þegar um stjfrv. er að ræða ráðherrar og ég vona nú að þessi nýju ákvæði leggi ekki of þröng bönd á hæstv. ráðherra þannig að þeir geti komið meiningu sinni á framfæri við þingið þó að innan ákveðinna tímamarka sé, enda hafa þeir líka, svo og þeir sem mæla fyrir frumvörpum, möguleika á ítarlegum rökstuðningi í greinargerð. Það er sem sagt síður en svo að þessar tímatakmarkanir séu fremur á kostnað stjórnarandstöðu heldur en stjórnarliðs.

Við breytum fyrirkomulagi umræðu sem stundum hefur orðið um þingsköp. Við afnemum þingskapaumræðuna í þeirri mynd sem hún hefur verið á undanförnum þingum og sumir hafa talið að keyri úr hófi. Þó að það hafi nú ekki verið hin allra síðustu ár þá hefur stundum, og ég nefni sérstaklega árin 1980–1983, verið ansi hvimleið þingskapaumræða á tíðum. Nú verða einungis gefin tækifæri til þess að gera athugasemdir við fundarstjórn og bera af sér sakir og síðan er opnað fyrir umræðu, skipulega umræðu um brýn málefni sem Alþingi varða í mjög knöppu formi. Þetta ætti að verða til þess að umræða um málefni verði ekki rofin af umræðu um óskyld mál eins og hér hefur stundum komið fyrir.

Þá er að tala um nefndirnar. Nú tekur stjórnarandstaða við formennsku í þremur fastanefndum Alþingis og varaformennsku í fjórum. Það er sammæli þeirra sem að þessari frumvarpsgerð unnu að það beri að stefna að því að formennska í nefndum fari eftir þingstyrk flokkanna þannig að vel má hugsa sér að í næstum helmingi nefndanna sitji stjórnarandstæðingar. Að sjálfsögðu eru það leikreglur lýðræðisins að meiri hlutinn ráði þannig að þetta hefur ekki úrslitaáhrif á gang mála í nefndum eða hér í þinginu, framgang mála hér í þinginu, en á hinn bóginn ætti þetta að gefa flokkunum meiri ábyrgð og meiri möguleika til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í nefndastarfinu.

Það er áformað að endurskoða þessi ákvæði eftir þetta nýbyrjaða þing og í ljósi þeirrar reynslu sem fæst af hinu daglega starfi undir þeim þingsköpum sem hér verða væntanlega samþykkt. Ég tel að þá þurfi einnig að líta á ákvæðin um forsætisnefnd sem ég tel að séu að sumu leyti ekki fullkomlega nógu vel lukkuð.

Menn hafa gjarnan á síðustu árum rætt um virðingu Alþingis eða dvínandi virðingu Alþingis. Einkum hafa það nú verið reiðir ráðherrar sem hafa misst út úr sér gáleysisleg ummæli þar um og fréttaþyrstir fjölmiðlamenn hafa gripið þau á lofti og gert að sínum. Svo eru einstöku aðilar í þjóðfélaginu sem segja eins og refurinn að vínberin séu súr, langar kannski hér inn en hafa ekki haft tækifæri til þess. Ég tel að öll þessi umræða sé mjög misvísandi og eigi ekki við rök að styðjast. En okkur er öllum annt um virðingu og veg þessarar stofnunar og ég tel að þessi lagabreyting eigi að fela það í sér að hér verði traustari vinnubrögð, aukið samstarf stjórnar og stjórnarandstöðu um þinghaldið og ég lýsi ánægju með þetta frv. og tel að það sé til bóta.

[15:33]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Alþingi sem stofnun nýtur mikillar virðingar meðal þjóðarinnar. Það heyrum við í umræðum fólks um Alþingi, það finnum við í viðmóti fólks sem kemur í þetta hús og það finnur sá sem kjörinn er til setu á Alþingi. Við alþingismenn finnum ekki síst þessa sterku tilfinningu á þeirri hátíðlegu stundu sem setning Alþingis er og í væntingum okkar þann dag varðandi störfin fram undan.

Hins vegar er það svo að í umræðunni um störf okkar alþingismanna kveður stundum við annan tón. Við heyrum þær gagnrýnisraddir að umræður sem fara fram í þessari virðulegu stofnun séu ekki ávallt með þeim brag og virðuleikablæ sem fólk ætlast til. Þessi sjónarmið höfum við alþingismenn oft rætt í okkar hópi og haft skoðanir á hvað sé til ráða. Í þeirri umræðu hefur það einmitt oft verið nefnt hve málum sé á annan veg háttað í þjóðþingum nágrannaþjóðanna, hvernig þar hefur í tímans rás verið breytt starfsháttum og hvað af því mætti læra og taka til eftirbreytni, hvað okkur sjálfum finnst að betur mætti fara.

Það frv. sem hér er til umræðu er afrakstur umfjöllunar þingflokksformanna um þessi mál og vilji þeirra til að gera breytingar á starfsramma þeim er við störfum eftir. Settar eru skorður við ræðutíma í 1. umr. auk annarra breytinga sem þegar hafa verið tilgreindar. Skiptir þar máli að brotin er upp hin hefðbundna þingskapaumræða sem fengið hefur á sig fremur neikvæðan blæ, ekki síst út í frá. Samkomulag er um að taka ákveðið skref í breyttri verkaskiptingu stjórnar og stjórnarandstöðu með því að færðir verða til stjórnarandstöðunnar mikilvægir þættir stjórnunarstarfa í þinginu, þ.e. formennska og varaformennska í nefndum.

Þingflokksformenn standa allir að baki þeim breytingum sem felast í þessu frv. og það er afar mikilvægt hve víðtæk sátt hefur náðst um þetta mál sem nefnt er tímamótasamkomulag og það tel ég einmitt þetta frv. vera. Alþfl. stendur einhuga að þessu samkomulagi og hefur viljað leggja verulega af mörkum til að efla þá nýju ásýnd sem Alþingi fær með því að stjórnarandstaðan tekst á hendur ný stjórnunar- og virðingarembætti og með breyttum þingsköpum. Þannig lætur Alþfl. af hendi formennsku í iðnn. og umhvn. sem stjórn-

arandstaðan mun fara með og jafnframt lætur Alþfl. stjórnarandstöðunni eftir varaformennsku í sjútvn. og utanrmn. Með þessu vill flokkurinn undirstrika vilja sinn til að bæta starfshætti á hinu háa Alþingi.

Hér erum við vissulega að fjalla um starfsrammann sjálfan, sjálf þingsköpin og verkaskiptingu okkar í milli. Það sem ræður þó úrslitum um hvernig til tekst erum við sjálf. Ramminn um starfsdag okkar er eitt, orð okkar, athafnir, samviska okkar og vinnulag er annað. Það mun reyna á okkur sjálf á því ári sem fer í hönd, hvernig við förum með það sem við hér sættumst á. Það mun reyna á hvort sá trúnaður skapast í samskiptum og vinnulagi að við, að loknu því tilraunaári sem fram undan er, óskum að halda áfram og vonandi gera enn betur í að efla ábyrgð, bæta vinnubrögð og þar með efla virðingu fyrir störfum okkar. Við höfum sameinast um veigamikið skref sem ég trúi að reynist til góðs.

[15:38]

Ragnar Arnalds:

Virðlegi forseti. Ég fagna eindregið því samkomulagi sem nú hefur tekist milli stjórnarmeirihlutans og stjórnarandstæðinga um breytingar á þingsköpum. Þetta samkomulag snýst um það, eins og hér hefur komið fram, að hraða umfjöllun og meðferð mála við 1. umr., setja markvissari ákvæði um þær umræður sem oft vilja verða um stjórn þingfunda og þingstörfin í víðtækustu merkingu þess hugtaks og að auka samstarf meiri hlutans og minni hlutans við stjórn þinghaldsins.

Ég vil rifja það hér upp að það var tvímælalaust merkilegt framfaraspor sem var stigið árið 1971 þegar stjórnarandstæðingar fengu fyrsta varaforseta í deildum og í sameinuðu þingi. Hins vegar er mér það í raun og veru undrunarefni hve lítt hefur síðan miðað í þá átt að afnema alræði meiri hlutans í þingstörfum og þannig dreifa völdunum innan þingsins.

Kosning forsætisnefndar var vissulega framfaraspor en ég legg á það áherslu hér og nú að einmitt þann samstarfsvettvang þarf að efla enn frekar. Ég legg líka áherslu á það að þessar breytingar eru ekki gerðar til þess að draga úr átökum stjórnar og stjórnarandstæðinga. Átök verða áfram. Málefnaleg en hvöss stjórnarandstaða er að sjálfsögðu bráðnauðsynleg, veitir nauðsynlegt aðhald og er í raun og veru aðalsmerki lýðræðislegra stjórnarhátta. En ég tel hins vegar einsýnt að tíma þingmanna sé misjafnlega vel varið og honum er augljóslega illa varið ef þeir komast lítt til annarra verka en þess eins að hlýða hver á annan tala. Það verður sem sagt að veita alþingismönnum gott svigrúm til nefndastarfa og annarra þeirra verka sem fram fara utan þingsala.

Staðreyndin er sú að heildarræðutími hér í þinginu hefur farið hægt og þétt vaxandi, mjög vaxandi í seinni tíð, og þrengir þar af leiðandi að svigrúmi þingmanna til annarra starfa sem eru þeim ekki síður nauðsynleg heldur en þau að sitja á þingfundum.

Það er líka staðreynd að ræðuhöld við 1. umr. um lagafrumvörp hafa stundum tekið meira en helming þingtímans eða ræðutímans í þinginu og þar hafa ekki hvað síst ráðherrarnir verið mjög frekir á tímann. (**Gripið fram í:** Nei.) Jú, herra ráðherra. Þeir hafa verið mjög langorðir, gjarnan. En þingmenn hafa verið það líka þannig að það er auðvitað við alla að sakast hvað þetta varðar.

Þess vegna tel ég að það sé skynsamleg leið sem nú er valin í þágu allra þingmanna að takmarka ræðutíma við 1. umr. til að skapa aukið svigrúm til annarra starfa.

Ef litið er á einstakar greinar þá fjalla fyrstu tvær greinarnar um það að auka rétt þingmanna í nefndastörfum. Þetta eru hvort tveggja mikilvægar greinar og þá ekki síst sú fyrri þar sem segir að formanni nefndar sé skylt að boða til fundar ef ósk berst um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna og taka á dagskrá þau mál sem tilgreind eru. Sama gildir um ósk frá þeim nefndarmanni sem falið hefur verið að vinna að athugun máls.

Eins og fram kemur í greinargerð eru hér fyrst og fremst höfð í huga störf nefndanna að þingmálum yfir þingtímann. En þessi orð í greinargerð verða auðvitað að skoðast eins og þau standa þar. Þar segir: „Hér eru fyrst og fremst höfð í huga störf nefndanna að þingmálum yfir þingtímann.“ Það segir ekki að hér séu eingöngu höfð í huga störf nefndanna að þingmálum yfir þingtímann þannig að þetta ákvæði opnar á það að þingmenn óski eftir því að nefnd sé kölluð saman utan þingtímans, enda þótt hér komi auðvitað glöggt fram að ákvæðinu sé þó aðallega ætlað til nota yfir þingtímann.

3.–7. gr. fjalla um takmörkun ræðutíma og ég hef þegar gert grein fyrir ástæðum fyrir því að umræður eru styttar við 1. umr. um lagafrv. Ég tel líka til bóta að sett séu markvissari ákvæði um þær umræður sem hér verða um þingstörfin. Ég hef alltaf kunnað því illa að menn kveðji sér hljóðs um gæslu þingskapa og tali svo um eitthvað allt annað sem er að gerast utan þingsins og koma þingsköpum ekkert við. Þetta hefur verið þinginu til vansa en hefur verið neyðarúrræði sem menn hafa gripið til vegna skorts á öðrum möguleikum til að taka nauðsynleg mál til umræðu. Og það er mjög til bóta að stíga þá frekar það skref að slíkar umræður fari fram í upphafi funda en að þingskapaumræður sem eru þá um fundarstjórn forseta fari fram undir því rétta heiti.

Í sambandi við takmörkun ræðutíma er rétt að veita athygli 7. gr. en þar segir: „Forseti getur þá, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími skuli vera annar en ákveðið er í 44., 48. og 50. gr. og hve lengi umræðan má standa. Um slíka ákvörðun skal þó leita samþykkis þingfundar ef a.m.k. þrír þingmenn krefjast þess.“

Ég vek á því athygli að þetta er í raun og veru undantekningarákvæði sem gripið er til þegar þingflokkar sjá sér þörf á því að hverfa frá þeim reglum sem eru um umræður um þingsályktanir og utandagskrárumræður. Þessi heimild hefur fyrst og fremst verið notuð til að lengja umræður. Hún hefur verið notuð þegar mönnum hefur fundist að hálftími í utandagskrárumræður væri of stuttur tími, of knappur tími, sérstaklega

fyrir fyrstu talsmenn flokkanna. Sá sem beðið hefur um slíka umræðu á kannski mjög erfitt með að gera grein fyrir máli sínu á þeim örskamma tíma sem er fyrir hendi og þá hafa flokkarnir komið sér saman um að úthluta til flokkanna hálftíma til hvers flokks og síðan hafa þingflokkarnir valið talsmenn í umræðuna þannig að umræðan hefur þá kannski staðið í tvo og hálfan tíma ef um fimm flokka hefur verið að ræða. En þá felur þetta í sér að það er verið að svipta aðra þingmenn málfrelsi sem ekki eru valdir af hálfu þingflokkanna til að tala. Þetta getur að sjálfsögðu gengið þegar um er að ræða utandagskrárumræður og þetta er sem sagt heimilt samkvæmt þessari grein ef um er að ræða þingsályktanir og utandagskrárumræður, en það er ekki heimilt þegar um er að ræða lagafrumvörp. Þá gildir reglan sem er í 55. gr. Ég vek á því athygli að þarna erum við vissulega komin út á svolítið hálan ís. Það hlýtur að vera meginstefnan að þingmenn hafi fullt málfrelsi og geti tekið til máls alveg óháð því hvort þingflokkur þeirra vill að þeir tali eða ekki. Þetta hlýtur að vera grundvallarregla í okkar störfum. Þess vegna vek ég á því athygli að þetta er í raun og veru undantekningarákvæði sem er fyrst og fremst sett í lög til þess að rýmka og skapa meira svigrúm í undantekningartilvikum og þá fyrst og fremst til lengingar ræðutíma, a.m.k. hefur það fyrst og fremst verið notað þannig, og að við verðum að vera á varðbergi að ekki sé haldið lengra inn á þessa braut. Það er sem sagt munur á því hvort flokkarnir efna til kappræðna, t.d. sjónvarpsumræðna eða útvarpsumræðna, og velja þá tiltekna menn til að taka þátt í þeim, þá geta ekki aðrir þingmenn talað, ellegar hafa hér tveggja tíma umræðu um eitthvert tiltekið mál og þá geta ekki aðrir þingmenn talað. En þegar verið er að afgreiða lagafrumvörp og þingsályktunartillögur þá verður auðvitað að vera meginreglan að allir þingmenn geti kvatt sér hjóðs og talað. Og slík regla eins og hér er í 7. gr. er auðvitað fyrst og fremst hugsuð þegar um einhvers konar kappræður er að ræða en ekki um afgreiðslu mála.

Að lokum vil ég segja það að hér er ákvæði til bráðabirgða um það að lögin skuli tekin til endurskoðunar fyrir 10. okt. 1994. Upphaflega þegar við þingflokksformenn sýndum þingflokkum þessi frumvarpsdrög þá var kveðið svo á að lögin féllu úr gildi að einu ári liðnu og það var því sólarlagsákvæði sem þvingaði þingheim til þess að endurskoða þessi lög að ári liðnu. Það var horfið frá þessu ráði og sett inn almennt endurskoðunarákvæði en í grg. eru uppi heitstrengingar um það að þetta verði framkvæmt á komandi hausti og ég dreg ekkert í efa að svo verði og treysti því fullkomlega. Ég hefði vissulega kosið heldur að þarna hefði verið um að ræða sólarlagsákvæði en úr því að ekki varð um það samkomulag við aðra þingflokka þá læt ég þetta gott heita, en vil lýsa því yfir að ég lít svo á að þetta samkomulag sé gert til eins árs, að þingflokkar hafi óbundnar hendur að einu ári liðnu, að hér sé um að ræða tilraunastarfsemi sem standi í eitt ár og að við ætlum okkur að endurskoða lögin að einu ári liðnu. Ég á hins vegar von á því að öll ákvæði laganna reynist vel og ég hef ekki trú á því að þau verði afnumin að einu ári liðnu.

Ég er sannfærður um það að við erum að stíga spor til réttrar áttar og kannski höldum við lengra í lýðræðisátt, t.d. hvað það varðar, eins og kemur skýrt fram í frv., að formennska og varaformennska í fastanefndum þingsins komi í hlut þingflokka í hlutfalli við þingstyrk þeirra. Hugsanlega ákveðum við þetta eftir eitt ár eða þá ekki fyrr en eftir tvö ár, en í grg. segir aðeins að stefnt skuli að því að þannig verði þetta síðar. Ég tel að þetta sé hin rétta stefna og stend að flutningi þessa frv. í trausti þess að um það hefur náðst ágæt samvinna og gott samkomulag og mér heyrist að það sé eining um það í öllum þingflokkum að hér sé um rétta stefnu að ræða.

[15:53]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þingflokksformaður Kvennalistans, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, sem er jafnframt einn af flm. þessa frv., er því miður fjarri góðu gamni af óviðráðanlegum ástæðum og þess vegna kem ég hér upp því ég vildi ekki láta undir höfuð leggjast að a.m.k. einhver kæmi frá Kvennalistanum og segði skoðun okkar á þessu frv. sem hér liggur fyrir sem tvímælalaust markar ákveðin tímamót. Þó kannski séu þau ekki stór, eða það er a.m.k. ekki stórt skref stigið, þá eru það tímamót engu að síður.

Ég held að það sé mjög útbreidd skoðun hjá þingmönnum og við séum svona nokkuð sammála um það að svipurinn á Alþingi og störfum þess hafi ekki alltaf verið nógu góður. Við heyrum þetta líka hjá fólki úti í samfélaginu að því líkar ekki með hvaða hætti hér hefur stundum verið starfað og talað og þess vegna held ég að við þingmenn skuldum þjóðinni það að reyna a.m.k. að setja okkur einhverjar þær reglur sem við getum verið sæmilega sátt við og starfað eftir í sæmilegri sátt. Það breytir auðvitað ekki því eins og hér kom fram hjá Ragnari Arnalds, hv. 3. þm. Norðurl. v., að auðvitað á stjórnarandstaða að vera hvöss og hér eiga að fara fram hvöss skoðanaskipti. En við þurfum að reyna að hafa reglurnar þannig að þau skoðanaskipti fari ekki úr böndum.

Ég vil segja það, sem þingmaður sem er nokkuð blaut á bak við eyrun, að mér hefur stundum fundist fara meiri tími í það að sitja hér í þingsal en góðu hófi gegnir og ég held að því sé þannig háttað að því meiri tíma sem við þingmenn eyðum hér í þingsölum þeim mun minni tíma höfum við til þess að ráðslagast við fólk fyrir utan þetta hús, þeim mun einangraðri verðum við hér innan þessara fjögurra veggja. Og mér finnst stundum sú einangrun vera tilfinnanleg. Ég finn það sjálf og ég heyri það líka á máli manna að þeir hafa einangrast hérna innan þessara fjögurra veggja og því er mikilvægt að við reynum að koma einhverjum böndum á störf þingsins og tímann sem við eyðum hér inni.

Ég sagði að þetta væru ákveðin tímamót og ég tel að það sem er kannski merkast við þessar tillögur sé að það hefur nú verið stigið það skref með samkomulagi þingflokka að skipta formennsku og varaformennsku í

nefndum, þó ekki í samræmi við þingstyrk sem ég tel að ætti að stefna að heldur að stjórnarandstaðan taki formennsku í þremur nefndum og varaformennsku í nokkrum. Mér finnst þetta mjög mikilvægt og að þetta geti styrkt sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Mér finnst það mjög miður sem ég hef stundum séð hérna að þingið sé orðið eins og framlengdur armur framkvæmdarvaldsins. Þingið á að reyna að gæta sjálfstæðis síns og ég held að það verði betur tryggt með því að formennska skiptist eftir þingstyrk flokka heldur en að það sé sjálfgefið að það séu alltaf þingmenn stjórnarflokka sem fari með formennskuna og fari með verkstjórn í nefndum.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð. Ég vil aðeins segja eitt varðandi einstök atriði í þessu frv. Það hefur nú verið farið nokkuð ítarlega í gegnum það og ég ætla ekki að bæta við það neinu. Ég vil bara segja það að ég að vissu leyti sakna þess úr þessu frv. að það er búið að fella niður það sem við höfum kallað gæslu þingskapa. Ég geri ekki mikið mál úr því en mér finnst það miður að við skulum vera í rauninni að útrýma því hugtaki út úr lögum sem heita engu að síður „Lög um þingsköp Alþingis". Mér finnst vera í þessu viss mótsögn að gera þetta.

Ég veit að þetta hugtak eða hvað eigum við að segja, þessi orð „gæsla þingskapa", hafa farið afskaplega fyrir brjóstið á ýmsum þingmönnum, og þjóðinni líka, og þessi orð hafa fengið slæma merkingu en í rauninni gildir það um öll orð og hugtök sem notuð eru gáleysislega. Fundarstjórn getur fengið þessa sömu merkingu. Það leysir í rauninni ekki vandann að útrýma orðum eða hugtökum. Það eitt leysir vandann að standa öðruvísi að málum heldur en gert hefur verið. En ég vil segja það að ég sakna þess að vissu leyti að þetta skuli tekið út.

[15:58]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa 1. umr. um þetta frv. Það sem ég tel mikilvægast í þessu samkomulagi sem hér hefur náðst milli þingflokksformanna á fundum þeirra sem ég trúi alveg að hafi verið mjög skemmtilegir, ég er ein af þeim sem trúi mjög vel því sem 1. flm. sagði um að það væru skemmtilegir fundir hjá þingflokksformönnum, en það er í sjálfu sér mjög óheppilegt að þurfa alltaf að vera að breyta þingsköpum þannig að ég get ekki sagt að ég sé mjög ánægð með það að þurfa ævinlega að vera að breyta þingsköpum. En þegar breytingar geta verið til bóta þá eigum við auðvitað að reyna breytingar. En ég legg áherslu á það sem hv. 3. þm. Norðurl. v. minntist hér á, þ.e. um ákvæði til bráðabirgða. Okkar þingflokkur lagði áherslu á það að þetta yrði tekið til endurskoðunar að ári og hefði gjarnan viljað sjá að þessi lög féllu úr gildi að ári en ekki að þau væru bara til endurskoðunar, en í sjálfu sér geri ég ekki mikið úr því, ég hef þá trú að þetta frv., ef að lögum verður, verði til bóta hér í þinginu.

Ég legg áherslu á þessi atriði, sem hafa verið tekin hér upp af þingmönnum, að stjórnarandstaðan kemur nú að stjórn þingsins með meira afgerandi hætti, þ.e. að nokkrar nefndir verða undir forustu stjórnarandstæðinga. Auðvitað hefði verið best að skrefið hefði verið stigið til fulls, þ.e. að formennska í nefndum hefði verið í samræmi við þingstyrk, því að ég tel að það sé mjög mikilvægt að þingið sé sjálfstætt gagnvart framkvæmdarvaldinu en á því hefur verið mjög mikill misbrestur og á þeim 6 árum sem ég hef hér verið hefur þetta að mínu mati mjög versnað, þ.e. mér hefur fundist ríkisstjórnin ákvarða alltaf meira og meira um það hvernig þingið starfar.

Ég vil sérstaklega taka fram varðandi 5. gr., ég er mjög sátt við þetta frv. að öllu öðru leyti nema 5. gr., þ.e. a-liðinn, um að í stað orðanna „gæslu þingskapa" komi „fundarstjórn". Ég vil bara lýsa því yfir að ég hefði gjarnan viljað breyta þessu. Ég hefði gjarnan viljað koma með brtt. við þetta, svo ósátt er ég við að þetta skuli vera tekið hérna upp. Ég ætla hins vegar að stilla mig um að gera það þar sem hér hefur orðið samkomulag. Ég veit alveg að þetta ákvæði þingskapalaganna um að hægt sé að gera athugasemd við þingsköp hefur verið misnotað hér undanfarið af mörgum en alls ekki öllum. Það eru mjög margir sem aldrei hafa tekið til máls undir liðnum um þingsköp nema um þingsköp. (**RA:** Það er búið að breyta þessum texta.) Það stendur hér: „Í stað orðanna „um gæslu þingskapa" í 2. mgr. kemur: Um fundarstjórn forseta." Það var það sem ég var að gera athugasemd við. Ég var að gera athugasemd við að það skyldu vera tekin út orðin „um gæslu þingskapa" eða „um þingsköp", það má vera það, það þarf ekki endilega að vera þessi gæsla sem hefur víst farið í taugarnar á mörgum, og það skuli vera tekin upp þessi fundarstjórn. Ég er ósátt við þetta og tel að það eigi að halda þessu orði og vil að þingmenn biðji um orðið um þingsköp en ekki um fundarstjórn. Mér hefði fundist það vera mjög slæmt og vil óska eftir því að þetta verði eitt af því sem verður tekið til endurskoðunar hér að ári liðnu og lýsi því enn og aftur að ég ætla að stilla mig um að flytja brtt. við þetta vegna þessa samkomulags sem gert hefur verið en það breytir ekki því að ég er mjög ósátt við að þetta skuli hafa verið gert svona, ekki síst í ljósi þess að þetta var tekið upp á fundi forsætisnefndar og ég heyrði ekki betur en þar væru flestir þeirrar skoðunar að þetta væri til hins verra.

[16:02]

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem þetta frv. hefur fengið og þær umræður sem hér hafa orðið. Það er nú þannig að hér er verið að gera mjög merkilegar breytingar á þingstörfunum að mínum dómi. Ég tek undir það sem fram hefur komið að hér er á vissan hátt um tímamót að ræða í þingstörfunum og í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu hér á Alþingi og vissulega er það von okkar allra sem að þessu stöndum að þessar breytingar verði til góðs og við höfum auðvitað sannfæringu fyrir því að svo verði. Við erum að stíga mikilvægt skref í þá átt að setja ramma utan um umræður hér á Alþingi, gera þær markvissari án þess þó að skerða með óhæfilegum hætti málfrelsi einstakra þingmanna. Við erum jafnframt að koma röð

og reglu, að ég tel, á fyrirkomulag svokallaðrar þingskapaumræðu. Ég get alveg viðurkennt að ég hef ákveðna samúð með því sjónarmiði hv. síðasta ræðumanns að orðið „þingsköp“ í sjálfu sér hafi ákveðið gildi. Við skulum athuga það hvort unnt er að taka það orð upp á nýjan leik við endurskoðun málsins, en ég tel hins vegar að það sé nauðsynlegt og eðlilegt við þessar aðstæður að fella orðið úr lögunum með þeim hætti sem það var áður og það sé eðlilegt að gera það. Orðið er hins vegar gott og gilt. Lögin heita „Lög um þingsköp“ og það vita allir hvað við er átt með því.

Ég vil í lokin einungis segja það, virðulegi forseti, að í nágrannaþingum okkar hafa fyrir löngu verið stigin skref í þessa átt og þar er fyrirkomulag með þeim hætti sem við hyggjumst nú stefna að. Þar er mikið og gott skipulag á umræðum yfirleitt. Þau þing eru að sjálfsögðu fjölmennari. Við getum nýtt okkur kosti þess að vera lítið þing. Það gefur mönnum meira svigrúm til umræðna en þar gerist en þar er líka almennt sá háttur hafður á að stjórn og stjórnarandstaða deila með sér verkum að því er varðar stjórn þingnefnda og ýmis önnur ábyrgðarstörf í þinginu. Við skulum sjá hvernig þessi tilraun gengur og ef hún gengur vel, sem ég hef ástæðu til að halda að verði, þá getum við stigið stærri skref í þessa átt.

Ég vil að lokum endurtaka þakkir mínar til samstarfsmanna vegna flutnings þessa máls, en ég vil jafnframt þakka starfsmanni þingsins, Helga Bernódussyni, sem hefur hjálpað okkur við þetta verk og innt af höndum gríðarlega mikla vinnu og verið okkur ómetanleg hjálparhella í þessu starfi.

[16:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

19 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HG, JóhS, JHelg, JVK, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SJS, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 16.08.

---

5. FUNDUR

miðvikudaginn 6. okt.,
að loknum 4. fundi.

Dagskrá:

Þingsköp Alþingis, frv., 29. mál, þskj. 29. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Verið er að útbýta dagskrá. Á þeirri dagskrá er aðeins eitt mál, þ.e. Þingsköp Alþingis, frv., 29. mál, þskj. 29, 2. umr., ef leyft verður. Þar sem of skammt er liðið frá 1. umr. þarf að leita afbrigða og verður það nú gert.

[16:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

16 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, GHelg, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Þingsköp Alþingis, 2. umr.

Frv. GHH o.fl., 29. mál (ræðutími, nefndastörf). — Þskj. 29.

Enginn tók til máls.

[16:09]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, GHelg, JóhS, JHelg, JVK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–9. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
16 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, GHelg, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, GHelg, JóhS, JHelg, JVK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, GHelg, JóhS, JHelg, JVK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 16.12.

---

6. FUNDUR

miðvikudaginn 6. okt.,
að loknum 5. fundi.

Dagskrá:
Þingsköp Alþingis, frv., 29. mál, þskj. 29. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Fyrir þessum fundi liggur dagskrá með einu dagskrármáli sem er þingsköp Alþingis, frv., 29. mál, þskj. 29, 3. umr., ef leyft verður. Þar sem of skammt er liðið frá 2. umr. verður að leita afbrigða um að málið megi koma á dagskrá og til umræðu. Verður nú þeirra afbrigða leitað.

[16:12]
ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, GHelg, JóhS, JHelg, JVK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Þingsköp Alþingis, 3. umr.

Frv. GHH o.fl., 29. mál (ræðutími, nefndastörf). — Þskj. 29.

Enginn tók til máls.

[16:13]
ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 50:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.
nei: StG.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁJ, EgJ, FrS, GuðjG, JóhS, JVK, KHG, ÓE, ÓÞÞ, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 30).

Fundi slitið kl. 16.14.

---

7. FUNDUR

fimmtudaginn 7. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
1. Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa:
a. allsherjarnefnd, 9 manna,
b. efnahags- og viðskiptanefnd, 9 manna,
c. félagsmálanefnd, 9 manna,
d. fjárlaganefnd, 11 manna,
e. heilbrigðis- og tryggingnefnd, 9 manna,
f. iðnaðarnefnd, 9 manna,

g. landbúnaðarnefnd, 9 manna,
h. menntamálanefnd, 9 manna,
i. samgöngunefnd, 9 manna,
j. sjávarútvegsnefnd, 9 manna,
k. umhverfisnefnd, 9 manna,
l. utanríkismálanefnd, 9 manna og 9 varamanna.

2. Valfrelsi í lífeyristryggingum, þáltill., 2. mál, þskj. 2. — Fyrri umr.

3. Gæsla íslenskra hafsbotnsréttinda, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Fyrri umr.

4. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.

5. Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.

6. Eftirlaunaréttindi launafólks, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.

7. Jarðhitaréttindi, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr.

8. Orka fallvatna, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.

9. Frumkvöðlar í atvinnulífinu, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

[10:31]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf til forseta Alþingis, dags. 7. okt. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er nú boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Tekjuskattur og eignarskattur, 30. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 31.

Þingfararkaup alþingismanna, 31. mál, frv. EH o.fl., þskj. 32.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:35]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að fyrirhuguð er utandagskrárumræða, hálftíma umræða, að beiðni hv. 8. þm. Reykn. um launagreiðslur til hæstaréttardómara. Stefnt er að því að utandagskrárumræðan geti farið fram kl. hálftvö í dag og gert er ráð fyrir að gera matarhlé milli kl. eitt og hálftvö.

Forseti vill jafnframt minna á að gert er ráð fyrir því, þegar regluleg þingstörf hefjast í næstu viku, að reynt verður að stefna að því að utandagskrárumræður verði frekast á mánudögum, en síður á þriðjudögum og fimmtudögum ef hægt er að komast hjá því.

Kosning í fastanefndir skv. 13. gr. þingskapa.

[10:38]

Við kosningu nefndanna komu fram hverju sinni tveir listar með samtals jafnmörgum nöfnum og menn skyldi kjósa. Kosningin fór því fram án atkvæðagreiðslu og urðu nefndir svo skipaðar:

1. Allsherjarnefnd.

Sólveig Pétursdóttir (A),
Jón Helgason (B),
Björn Bjarnason (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Gísli S. Einarsson (A),
Eyjólfur Konráð Jónsson (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

2. Efnahags- og viðskiptanefnd.

Vilhjálmur Egilsson (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Ingi Björn Albertsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Guðjón Guðmundsson (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

3. Félagsmálanefnd.

Guðjón Guðmundsson (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Eggert Haukdal (A),
Kristinn H. Gunnarsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jón Kristjánsson (B),
Gísli S. Einarsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

4. Fjárlaganefnd.

Sturla Böðvarsson (A),

Guðmundur Bjarnason (B),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Jón Kristjánsson (B),
Árni Johnsen (A),
Árni M. Mathiesen (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Guðrún Helgadóttir (B).

5. Heilbrigðis- og tryggingnefnd.
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ingibjörg Pálmadóttir (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

6. Iðnaðarnefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Páll Pétursson (B),
Guðjón Guðmundsson (A),
Svavar Gestsson (B),
Gísli S. Einarsson (A),
Finnur Ingólfsson (B),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

7. Landbúnaðarnefnd.
Egill Jónsson (A),
Guðni Ágústsson (B),
Eggert Haukdal (A),
Ragnar Arnalds (B),
Gísli S. Einarsson (A),
Einar K. Guðfinnsson (A),
Jóhannes Geir Sigurgeirsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

8. Menntamálanefnd.
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Árni Johnsen (A),
Svavar Gestsson (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Ólafur Þ. Þórðarson (B),
Björn Bjarnason (A),
Tómas Ingi Olrich (A),
Kristín Ástgeirsdóttir (B).

9. Samgöngunefnd.
Pálmi Jónsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Árni Johnsen (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Sturla Böðvarsson (A),
Guðni Ágústsson (B),
Egill Jónsson (A),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B).

10. Sjávarútvegsnefnd.
Matthías Bjarnason (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Árni R. Árnason (A),
Jóhann Ársælsson (B),
Gunnlaugur Stefánsson (A),
Stefán Guðmundsson (B),
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B).

11. Umhverfisnefnd.
Tómas Ingi Olrich (A),
Jón Helgason (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Árni R. Árnason (A),
Kristín Einarsdóttir (B),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B).

12. Utanríkismálanefnd.
Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Steingrímur Hermannsson (B),
Björn Bjarnason (A),
Ólafur Ragnar Grímsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Páll Pétursson (B),
Árni R. Árnason (A),
Lára Margrét Ragnarsdóttir (A),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

Varamenn:
Tómas Ingi Olrich (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Jón Helgason (B),
Vilhjálmur Egilsson (A),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun í framhaldi af kjöri til fastanefnda beita sér fyrir því sem fyrr að gerð verði áætlun um fundatíma nefndanna. Ætlun forseta er að slík fundaáætlun liggi fyrir á morgun, föstudag, og geti nefndirnar þá komið saman til síns fyrsta fundar samkvæmt þeirri áætlun í næstu viku og kosið sér formenn og varaformenn og eftir atvikum fjallað um þau mál er til þeirra hefur verið vísað.

Valfrelsi í lífeyristryggingum, fyrri umr.

Þáltill. ÁMM og VE, 2. mál. — Þskj. 2.

[10:52]

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Eitt mesta óréttlætið sem við búum við í þessu þjóðfélagi er að finna í lífeyriskerfinu. Það er ekki bara að þegnarnir búi við mismunandi möguleika til þess að vinna sér inn lífeyrisréttindi eins og raun ber vitni um ríkisstarfsmenn annars vegar og starfsmenn á hinum almenna vinnumarkaði hins vegar og eins og dæmin um SÍS-forstjórana einnig sýna. Það er einnig skattamisrétti þar sem sjálfstætt starfandi aðilar þurfa að greiða skatt af þeim hluta sem annars er skattfrjáls af hendi vinnuveitandans. En versta óréttlætið í þessu máli er skylduaðildin að tilteknum lífeyrissjóðum.

Samkvæmt lögum um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda, nr. 55/1980, er öllum launamönnum og þeim sem stunda atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi rétt og skylt að eiga aðild að lífeyrissjóði viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Í lögunum eru ítarleg ákvæði um það hvernig skyldutryggingunni, svo og skylduaðildinni, skuli fullnægt. Þegar lög þessi voru sett voru um það bil tíu ár liðin frá því að launþegar og atvinnurekendur höfðu samið um aðild launþega að lífeyrissjóðum og í sjálfu sér eðlilegt að kveða á um skyldutryggingu allra sem launatekna afla. Lífeyrissjóðir höfðu þá fest sig í sessi á grundvelli stéttarfélagsaðildar.

Þessi lög sem ég hef hér nefnt leiða til þess að þúsundir manna eru skyldaðir til þess að greiða lífeyrisiðgjöld í gjaldþrota lífeyrissjóði. Þetta er ekki af illgirni forsvarsmanna þessara sjóða heldur eru þeir einungis fangar kerfis og hagsmuna. En þessu þarf að breyta.

Staðreyndin er sú að það vantar talsvert upp á að margir lífeyrissjóðanna geti staðið undir lofuðum skuldbindingum samkvæmt skýrslu bankaeftirlitsins frá því í nóvember 1992 um ársreikninga og fjárhagsstöðu lífeyrissjóða árið 1991. Þrátt fyrir háa vexti undanfarin ár sem náðu hámarki í lok ferils síðustu ríkisstjórnar á árinu 1991, en lífeyrissjóðirnir munu væntanlega njóta á næstu árum þessara vaxta vegna þegar keyptra verðbréfa, vantar hjá mörgum lífeyrissjóðum það mikið upp á að eignir standi undir skuldbindingum að engar líkur virðast vera á að viðkomandi geti unnið sig út úr vandanum, eins og segir í skýrslu bankaeftirlitsins. Heildarstærð þessa vanda er á bilinu 74–142 milljarðar eftir því hvernig reiknað er en hærri talan gerir ráð fyrir áframhaldandi rekstri sjóðanna og segir því meira til um hinn raunverulega vanda en hin lægri.

Til glöggvunar má geta þess að heildarlaunagreiðslur á Íslandi árið 1992 voru 166,5 milljarðar. Um helmingur þessa vanda sem hér er nefndur er vegna Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna og er því vandi sem ríkissjóður þarf við að glíma.

Orsök vandans liggur fyrst og fremst í eignarýrnun sem varð á tímum óðaverðbólgu og fjölda og smæð lífeyrissjóða með tilheyrandi rekstrarkostnaði en sjóðirnir voru árið 1991 88 samkvæmt skýrslu bankaeftirlitsins. Rekstrarkostnaður bestu sjóðanna er 0,33% af eignum en rekstrarkostnaður verstu sjóðanna er margfaldur sá kostnaður sem fellur á þá best stæðu og að sumra mati er um tífaldan til fimmtánfaldan kostnað að ræða.

Erlendis er rekstrarkostnaður lífeyrissjóða á bilinu 0,01–0,1%. Þetta hefur auðvitað gríðarleg áhrif á ávöxtun og ávöxtunarmöguleika sjóðanna. Það hefur einnig áhrif á þennan vanda að meðalævi Íslendinga hefur lengst að undanförnu og að útgreiddur örorkulífeyrir er meiri en sumir sjóðir hafa reiknað með.

Vegna þessa vanda sem ég hef hér að framan lýst hef ég ásamt hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni lagt fram þáltill. um valfrelsi í lífeyrismálum. Tillagan felur í sér að Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fram á Alþingi frumvarp til breytinga á lögum nr. 55/1980 þannig að starfandi menn ráði sjálfir til hvaða lífeyrissjóðs eða samsvarandi stofnunar þeir greiða iðgjöld eða kaupa lífeyristryggingu hjá. Bönkum, sparisjóðum og tryggingafélögum verði leyft að starfa á sviði lífeyristrygginga og veita þjónustu sem samsvarar þjónustu lífeyrissjóða.

Í frumvarpinu verði ekki hróflað við skyldu launamanna og sjálfstæðra atvinnurekenda til kaupa á lífeyristryggingu hjá lífeyrissjóði eða samsvarandi stofnun og ekki verði gerðar minni kröfur til annarra stofnana sem selja lífeyristryggingar en gerðar eru til lífeyrissjóða.

Tillögunni er ætlað að ýta undir sameiningu lífeyrissjóða og bjarga þannig þeim verðmætum sem fyrir eru í hinum verr stöddu sjóðum og forða því að þúsundir manna verði áfram skyldaðir til þess að kasta peningunum á glæ í gjaldþrota sjóði. Tillagan mun einnig skapa grundvöll fyrir stærri og hagkvæmari rekstrareiningum í lífeyriskerfinu sem ber lægri kostnað og betri ávöxtun geta hugsanlega unnið upp eitthvað af því sem þegar hefur tapast.

Tillögunni er jafnframt ætlað að skapa samkeppni á meðal þeirra stofnana sem þessa þjónustu veita og auka þannig hvatninguna til hagræðingar og betri ávöxtunar.

Jafnframt er tillögunni ætlað að auka valmöguleika þeirra sem greiða lífeyrisiðgjöld þar sem aðstæður okkar og þarfir eru mjög mismunandi. Einhleypingurinn hefur aðrar þarfir heldur en fjölskyldumaðurinn og þarfir þeirra sem þegar hafa greitt í gjaldþrota lífeyrissjóði verða að sjálfsögðu aðrar í framtíðinni en þarfir þeirra sem greitt hafa í hina betur stæðu sjóði.

Ég er sannfærður um það að ef tillaga þessi nær fram að ganga og að frv. í anda tillögunnar verður lagt fram á Alþingi og það samþykkt þá verði það til þess að styrkja lífeyriskerfið og auka öryggi og fjárhagslegt sjálfstæði þegnanna. Það mun væntanlega í framtíðinni spara ríkissjóði fjármuni þar sem það mun létta álaginu á velferðarkerfi hins opinbera. Ég tel að það muni auka sparnað og þá sérstaklega ef jafnframt verða gerðar breytingar á skattlagningu lífeyrisframlaga og tvísköttun afnumin og skattfrelsisprósentan hækkuð.

Í tengslum við þetta er ekki hægt að komast hjá því

að nefna félagafrelsið svokallaða og þær umræður sem um það hafa verið í þjóðfélaginu að undanförnu. Það hafa verið færð góð rök fyrir því að það séu brot á mannréttindum okkar að skylda okkur til þess að greiða í tiltekna lífeyrissjóði. Þetta er sjónarmið sem við hér á Alþingi verðum að taka fullt tillit til en það sem vegur ekki minna í þessu máli er það að þetta kerfi skapar gríðarlegt óréttlæti og að það varnar okkur hverju og einu að gæta okkar eigin fjárhagslegu hagsmuna með því að velja um það hvert við greiðum okkar lífeyrisiðgjöld og hvers konar lífeyristryggingar og lífeyrisgreiðslur við viljum fá að lokinni starfsævi okkar.

Ég sagði í upphafi að það óréttlæti sem þetta kerfi skapar væri eitt hið mesta sem fyrirfinnst í okkar þjóðfélagi. Ég held að það séu engar ýkjur og ég held að við hér á Alþingi getum ekki skorast undan því að breyta þessu kerfi. Ég vil því leggja til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. efh.- og viðskn.

[11:04]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er vissulega hreyft afar stóru og mikilvægu máli og flm. leggja til að ríkisstjórnin leggi fram frv. um breytingu á lífeyriskerfi landsmanna í þá veru að færa það til frjálsræðisáttar og að menn geti ávaxtað sinn lífeyri í séreignasjóðum og það geti reyndar fleiri aðilar en lífeyrissjóðirnir tekið þá ávöxtun að sér. Hv. frsm. bar fram þá ósk í sinni ræðu að nú yrði ríkisstjórnin fljótt og vel við þessari beiðni.

Nú vill svo til að fyrir þinginu liggur frv. einmitt um þessi atriði. Þrír þingmenn Framsfl. lögðu í þá miklu vinnu á síðasta vetri, sem ekki er algengt varðandi þingmenn, að semja frv. um svo veigamikinn málaflokk sem lífeyrismálin eru. Það vaknar því í mínum huga m.a. sú spurning, virðulegi forseti, varðandi stjórn þingsins, þó svo ég hafi ekki farið hér upp með það undir þeim lið, hvernig eigi að fara með mál þegar svo háttar eins og hér er. Í mínum huga er enginn vafi að hér ætti að nota þá almennu reglu í þingsköpum og fundarstjórn að taka fyrst til umræðu þá tillögu sem gengur lengra og það er enginn vafi í mínum huga að fullmótað frv. um eitt tiltekið mál gengur mun lengra en þáltill. sem skorar á ríkisstjórnina að semja og leggja fram slíkt frv. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þennan þátt málsins en ég bendi á þetta.

Ég ætla að koma að örfáum atriðum sem framsögumaður nefndi í annars ágætri framsöguræðu sinni og m.a. um það óréttlæti sem nú gildir varðandi lífeyrismál. Vissulega er það rétt hjá framsögumanni. Hann nefndi sérstaklega þau réttindi sem opinberir starfsmenn hafa til lífeyris. Það er alveg rétt að þeir hafa mun betri lífeyrisréttindi heldur en starfsmenn á almennum markaði. Ég hygg hins vegar að þorri opinberra starfsmanna, svo ég nefni bara einstakar stéttir, t.d. kennara, hjúkrunarfræðinga og fleiri, telji að þeir greiði fyrir þessi réttindi mánaðarlega, þ.e. í hvert skipti sem þeir fá sitt launaumslag. Að mínu mati er tekið fyllilega tillit til þessa þáttar þegar samið er um laun opinberra starfsmanna, þ.e. að þau eru vegna þessa mun lægri heldur en annars þyrfti að vera. Ég tel reyndar að í þeim umræðum, sem hafa átt sér stað að undanförnu um breytingar á þessu, sé fullur skilningur á þessu af hálfu ríkisvaldsins. Þetta þýðir ekki að mínu mati að þessu eigi ekki að breyta, ég held að þessu eigi að breyta, þannig að landsmenn sitji sem mest við sama borð varðandi lífeyrismál en þá verða menn að horfast í augu við að sú breyting mun á næstu árum þýða verulegan útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Það mun þýða hærri laun vegna væntanlega minni lífeyrisréttinda heldur en þessir starfshópar njóta núna en skuldbindingar ríkisins á næstu árum um þó nokkra framtíð munu ekki lækka meðan verið er að standa við þær skuldbindingar sem eru áunnar í dag og eru færðar inn á ríkissjóð sem skuldbindingar fram í tímann. Á þessu vildi ég vekja athygli við þessa umræðu.

Ég ætla einnig aðeins að nefna að ávöxtun lífeyris hér á landi er eingöngu hluti af okkar peningakerfi. Það er alveg rétt að lífeyrissjóðirnir hafa verið að styrkjast á síðustu árum, þó nokkrir sjóðir sem horfðu fram á það fyrir nokkrum árum að geta ekki staðið við sínar skuldbindingar hafa rétt af sinn hag. En þetta hefur verið nokkuð dýru verði keypt. Þetta hefur gerst á þann hátt að ávöxtun peninga í okkar landi hefur um nokkurra ára bil verið langt umfram það sem atvinnuvegir og verðmætasköpun í landinu hefur getað staðið undir. Það sjáum við best með því að skoða hvernig eigið fé atvinnulífsins og heimilanna hefur þróast á síðustu árum.

Framsögumaður, hv. 3. þm. Reykn., sagði í ræðu sinni áðan að þetta hefði að vísu endurspeglast í afkomu lífeyrissjóðanna og að vextir hefðu verið hæstir að undanförnu á síðustu mánuðum síðustu ríkisstjórnar, ef ég man rétt. Nú veit ég ekki hvers vegna hv. þm. kaus að færa inn í þessa umræðu karp um hvenær vextir hafa verið hæstir. Um það getum við deilt endalaust. En ég minni hv. þm. á það að tvisvar á ferli núverandi ríkisstjórnar hafa vextir á Íslandi farið upp fyrir eða upp undir 20%. Í árslok árið 1991 fóru vextir á óverðtryggðum skuldbindingum upp í 21%. Á því sumri sem nú er að líða fóru vextir — nú man ég ekki alveg töluna — en hæst upp í 19–20%. Ég er löngu hættur að gera nokkurn greinarmun á nafnvöxtum og raunvöxtum. Einfaldlega vegna þess — svo við nefnum nú aftur fyrrv. ríkisstjórn — að eftir að fyrrv. ríkisstjórn tókst að koma hér á stöðugleika í verðlagsmálum og kveða niður verðbólgudrauginn þá verðum við að fara að hugsa vextina líka á annan hátt. Það er alveg ljóst að fyrir launamanninn sem fær enga launahækkun, fyrir fyrirtækið sem fær enga hækkun á sínum afurðum (Forseti hringir.) þá eru nafnvextirnir á hverjum tíma hinir raunverulegu raunvextir, 20% eins og hefur verið í tvígang hjá núverandi ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Ég kem nú reyndar víðar við í okkar þjóðfélagi heldur en hér á þingi. Ég var fyrir nokkrum dögum að ganga frá með öðrum lántöku fyrir fyrirtæki sem er að hasla sér völl í útflutningi. Það átti kost á því annars vegar að taka lánið hjá sínum viðskiptabanka hér heima. Þetta var fram yfir áramót, (**Forseti:** Tíminn er búinn.) — virðu-

legi forseti, ég er að ljúka máli mínu — á 15% vöxtum, hins vegar í landinu sem er verið að flytja til, vestur í Boston í Bandaríkjunum, á 6,5% vöxtum. Þetta er munurinn sem er á peningastefnu og vaxtastefnu á okkar landi og þeim löndum sem við erum að reyna að hasla okkur völl í og keppa við.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. að virða þau tímamörk sem sett eru varðandi umræður um þingsályktunartillögur.

[11:13]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er flutt mál varðandi valfrelsi í lífeyristryggingum og er ekki nema allt gott um það að segja. Hins vegar þótti mér framsögumaður fara nokkuð frjálslega með staðreyndir hvað lífeyrissjóði áhrærir og upphaf þeirra. Hann talar um að eitt mesta óréttlæti hér á landi sé svokölluð skylduaðild að lífeyrissjóðum. Það kann vel að vera en ef svo er þá hefur það verið allar götur frá því að lífeyrissjóðirnir voru stofnaðir. Áður og fyrr voru það eingöngu opinberir starfsmenn sem nutu þess að eiga aðild að lífeyrissjóði. En í kjarasamningum ýmissa stéttarfélaga náðist sá áfangi að lífeyrissjóðir voru stofnaðir og ég veit ekki hvar það fólk stæði í dag sem ekki ætti aðild að lífeyrissjóðum og er komið nokkuð til ára sinna og farið að þiggja greiðslur úr þessum sjóðum.

Hvað það áhrærir að einhver höft séu á mönnum sem lúti að því að enginn fái að eiga aðild að lífeyrissjóði nema hann sé bundinn tilteknu stéttarfélagi þá er það rangt. Aðild að lífeyrissjóði og stéttarfélagi eiga enga samleið öðruvísi en í þá veru að viðkomandi aðili greiðir í þann lífeyrissjóð hvar kjarasamningar lúta að. En það er engin skylduaðild að viðkomandi verkalýðsfélagi. Hins vegar er það svo allt annað mál hvort maðurinn greiði í viðkomandi stéttarfélag.

Það er einn stór þáttur í þessu máli sem hv. flm. hafa ekki vikið einu orði að og það er hinn tryggingarlegi þáttur lífeyrissjóðanna. Það eru dæmi um að lífeyrissjóðir, sumir hverjir, greiði í dag jafnháa upphæð í örorkubætur og þeir greiða í lífeyrisbætur. Hvar ætla menn að finna tryggingalegum þætti lífeyrissjóðanna stað? Það má kannski segja sem svo að þegar lífeyrissjóðirnir í upphafi lögðu upp með þá ætlan að greiða lífeyri þá hafi ekki verið hugað nógsamlega að þessum þætti lífeyrissjóðanna en það eru ekki neinir smáaurar, þær skuldbindingar sem lífeyrissjóðirnir eru búnir að gangast undir. Og þegar menn tala um að það sé óréttlæti að vera skyldugur til að vera í lífeyrissjóði þá hittir maður samt sem áður unga menn í dag sem hafa lent í þeirri ógæfu að verða öryrkjar og þeir segja: Ja, ég veit ekki hvar ég stæði með mína fjölskyldu ef ég hefði ekki verið skyldaður til að greiða í lífeyrissjóð vegna þess að ég fæ örorkubætur út úr sjóðnum. Og hvernig gerist það? Það gerist með þeim hætti að maður sem verður öryrki þrítugur — ég held að þingheimur geri sér ekki alveg grein fyrir þessu. Ungur maður, þrítugur, og hefur haft einhverjar X-tekjur undanfarin ár, hann er framreiknaður með sömu tekjur og hann hafði sl. fimm ár áður en hann varð öryrki fram til 65 ára eða 70 ára aldurs. Það er útgangspunktur örorkubóta sem hann fær greitt. Þetta er ekki hvað síst einn af mikilvægum þáttum lífeyrissjóðanna sem ég held að flm. hafi ekki horft á.

Það væri hins vegar mikið fagnaðarefni ef hægt væri að finna tryggingarlegum þætti lífeyrissjóðanna annan farveg en í dag vegna þess að það er að verða mikil byrði á sjóðunum. Og það er kannsi einn þátturinn af því sem hv. flm. kom hér inn á, sem er að gera mörgum lífeyrissjóðum mjög erfitt að standa við skuldbindingar sínar. En stærsti vandi lífeyrissjóðanna hvað það varðar að standa við skuldbindingar sínar liggur fram að árinu 1980. Þegar verðtrygging kemst á fara lífeyrissjóðirnir að fá inn greidda þá sömu upphæð og þeir lánuðu út áður og kannski ívið betur í þeirri vaxtapólitík sem rekin hefur verið hér í gegnum árin. Það hlýtur líka að vakna sú spurning með tilliti til Lífeyrissjóðs opinberra starfsmanna þegar ríkið þarf að borga á milli 10–20 þús. kr. á mánuði með hverjum einasta opinberum starfsmanni til verðtryggingar: Eru menn með þessari breytingu um valfrelsi í lífeyristryggingum að hugsa um að opna þá um leið Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna þannig að verkamaðurinn í Dagsbrún eða trésmiðurinn hjá Trésmíðafélagi Reykjavíkur eigi nú orðið greiðan aðgang inn í Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna? Það væri í sjálfu sér gott valfrelsi miðað við þann áunna rétt sem opinberir starfsmenn fá út úr sínum lífeyrissjóði umfram hina almennu lífeyrissjóði.

Það má svo deila um það hvort þetta sé brot á mannréttindum, að vera skyldaður til að greiða í lífeyrissjóð. En miðað við það sem ég sagði áðan og það sem hefur gerst meðal margra sem hafa því miður orðið öryrkjar vegna starfa síns, og ekki hvað síst er sá hópur stór meðal sjómanna, ég veit ekki hvar menn ætla að finna þeim stað í tryggingunum ef það á að opna þessa lífeyrissjóði, þ.e. að menn ráði því hvort þeir greiði í þessa sjóði eða ekki.

Ég verð að segja það að ég er ekki sammála flm. þessarar þáltill. um að það sé gríðarlegt óréttlæti að vera með skylduaðild að lífeyrissjóðum. Ég held að hún ætti að vera að einhverju leyti þó svo að það verði ákveðið að menn skuli greiða í lífeyrissjóði þó þeir hafi valfrelsi þar um. Og ekki væri það úr vegi ef Lífeyrissjóður opinberra starfsmanna yrði opnaður fyrir hinn almenna launamann.

[11:21]

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið þátt í umræðunni. Ég held að það gæti nokkurs misskilnings í málflutningi hv. 16. þm. Reykv. Hann nefndi sérstaklega tryggingaþáttinn og örorkubæturnar. Ég nefndi það alveg sérstaklega í minni ræðu að það væri einn hluti af vanda sjóðanna og var ég þá sérstaklega með í huga Lífeyrissjóð sjómanna þar sem greiðslur vegna örorkubóta hafa verið miklum mun meiri en útreikningar sjóðsins höfðu fyrir fram gert ráð fyrir. Hann gerði hið meinta óréttlæti að umræðuefni og taldi þá að flm. teldu að það væri óréttlæti í því

fólgið að menn væru skyldaðir til að greiða í lífeyrissjóði. Þar hefur hann hreinlega misskilið tillöguna og vil ég benda honum á að lesa seinustu málsgrein tillögunnar þar sem ekki er gert ráð fyrir að hróflað verði við skyldu launamanna eða sjálfstætt starfandi atvinnurekenda til að greiða í lífeyrissjóð. Það er um það að ræða að þeir geti valið í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða og á hvaða formi þeir tryggja sér þau lífeyrisréttindi og þær tryggingar sem þeir telja sig þurfa á að halda. Ég er í engum vafa um að sjómenn munu ekki hætt að greiða í lífeyrissjóð eða afla sér þeirra lífeyristrygginga sem fela í sér þann tryggingaþátt sem örorkubæturnar hafa sannanlega verið sjómönnum. Ég er ekki í nokkrum vafa um það. Þar af leiðir að ekkert í þessari tillögu ógnar þeim sem reka hagstæða lífeyrissjóði sem veita aðildarmönnum sínum sambærilega ávöxtun og þeir sjóðir gera sem best eru reknir.

Hv. 16. þm. Reykv. gerði einnig að umtalsefni Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna sem ég vék að í framsöguræðu minni. Ég tel einmitt að sú breyting sem við leggjum til í tillögunni sé grundvöllurinn fyrir því að hægt sé að breyta um kerfi á lífeyristryggingum opinberra starfsmanna. Það var rétt sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson nefndi í sinni ræðu að ríkið greiðir tugi þúsunda á mánuði með hverjum ríkisstarfsmanni vegna greiðslutryggingarinnar sem er á þeirra lífeyrisgreiðslum. Það þarf að semja um þetta atriði við opinbera starfsmenn. Ef það á að breyta því þá verður að kaupa þessi réttindi af starfsmönnunum. Það verður þá væntanlega að koma fram í hærri launum sem þeim eru greidd fyrir þeirra vinnu. En til þess að þeir geti þá notað þessi laun sín til að afla sér sambærilegra lífeyrisréttinda þá verður að vera valfrelsi í lífeyrissjóðsmálum hér á landi. Þá verða þeir að geta valið um þá sjóði sem þeir vilja greiða til og um þá sjóði sem veita þeim þá tryggingu sem þeir telja sig þurfa á að halda. Þessi breyting sem hér er lögð til er grundvöllurinn fyrir því að hægt sé að gera breytingar á lífeyrismálum opinberra starfsmanna.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. ræddi reyndar önnur atriði meira í sinni ræðu heldur en tillöguna sjálfa. Hann ræddi annars vegar frv. sem fram er komið svipaðs eðlis og hann ræddi þingsköp og hann ræddi vaxtamál, sem ég held að ég hafi vikið að með einni setningu í minni framsöguræðu, en oft veltir lítil þúfa þungu hlassi.

Það er um frv. að segja sem fram er komið og nokkrir þingmenn Framsfl. hafa lagt fram að það er mjög athyglisvert frv. og mjög í anda þeirrar tillögu sem hér er lögð fram. En málin eru ekki að öllu leyti samhljóða. Frv. um eftirlaunasjóðina er að vissu leyti þrengra en þáltill. er og þar af leiðandi sé ég ekkert því til fyrirstöðu að um þessi mál sé fjallað í þingnefnd samtímis eða samhliða. Það hvernig málum er raðað á dagskrá þingsins er að sjálfsögðu á valdi forseta. En eins og þingmenn geta séð á dagskránni þá held ég að þeim sé í dag raðað einfaldlega í númeraröð eftir því hvernig þau voru lögð fram á þinginu. Oftar hef ég heyrt þingmenn kvarta um það úr þessum ræðustóli að ekki sé nægilega mikið tillit tekið til þess hvenær þingmál eru lögð fram, hvenær þau eru sett á dagskrána og frekar að þeir hafi kvartað yfir því að forseti sé að nota einhverjar aðrar reglur en þá sem ég var hér að nefna, þannig að þetta kemur mér örlítið á óvart.

Varðandi vextina þá hafði ég í huga, þegar ég var að bera saman vaxtastigið, verðið á ríkisverðbréfum á eftirmarkaði, þá er ég ekki fyrst og fremst að hugsa um nafnvextina sem settir eru á bréfin því það er mjög auðvelt að vera með lága nafnvexti á ríkisverðbréfum en ætla sér ekki að selja nein ríkisverðbréf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Gæsla íslenskra hafsbotnsréttinda, fyrri umr.

Þáltill. EKJ, 3. mál. — Þskj. 3.

[11:28]

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir 3. máli þessa nýbyrjaða þings. Það er till. til ál. um gæslu íslenskra hafsbotnsréttinda. Tillögugreinin er raunar aðeins ein og fer ekki mikið fyrir henni þó að sjálfsögðu sé hér um mjög stórt og mikið mál að ræða. Ég vildi gjarnan hafa flutt málið með einhverjum þingmönnum úr einhverjum flokkum fremur en að gera það einn eins og raunin hefur nú á orðið. En þar ber margt til. Þegar við vorum í baráttunni miðri voru tillögurnar, óteljandi tillögur, gjarnan fluttar af öllum flokksmönnum eða einhverjum þingmönnum, einum úr hverjum flokki, og reynt að ná um það samstöðu. Hér hefur það ekki sérstaklega verið gert en það eru orðnar þær breytingar að margir eru ekki á meðal okkar sem stóðu að þessum flutningi. En ég vona að allir þingmenn muni nú styðja þessi mál þegar þeir hafa fengið kost til að kynna sér þau og þau hafa verið nægilega rædd. En tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að fylgja fast eftir, á grundvelli ítrekaðra ályktana Alþingis, réttmætum kröfum Íslendinga til hafsbotnsréttinda á Reykjaneshrygg og Rockall-svæðinu í nær tvo áratugi. Sérstaklega sé nú gætt íslenskra hagsmuna vegna nýlegra fregna af athöfnum Breta og Færeyinga.

Jafnframt ályktar Alþingi að kjósa sjö alþingismenn hlutbundinni kosningu til að starfa með ríkisstjórninni að framgangi málsins."

Mál þetta á sér langa forsögu. Flutt var tillaga til þingsályktunar á 100. löggjafarþinginu (1978–1979) um landgrunnsmörk Íslands til suðurs. Flutningsmenn voru Eyjólfur Konráð Jónsson o.fl. Var hún svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að mótmæla nú þegar öllum tilraunum Breta til að reyna að slá eignarhaldi á klettinn Rokk (Rockall).

Alþingi lýsir því jafnframt yfir, að ákvörðun ytri landgrunnsmarka Íslands til suðurs miðast við, að engri þjóð beri tilkall til Rokksins."

Í greinargerð með tillögunni sagði:

„Ríkisstjórn Stóra-Bretlands hefur gert tilraun til að

slá eignarhaldi Breta á klettinn Rockall í þeim tilgangi að teygja yfirráð þeirra út á hafsbotnssvæði, sem tilheyrir Íslendingum eftir þeim þjóðréttarreglum, sem nú eru í mótun. Öllum slíkum tilraunum ber þegar í stað að mótmæla, enda þótt sker þetta mundi ekki fá sjálfstæða efnahagslögsögu eftir þeim reglum, sem nú eru skráðar í uppkasti að hafréttarsáttmála.

Þegar fiskveiðilögsaga Íslands var loks færð út í 200 mílur, var þess að sjálfsögðu gætt, að engin skerðing yrði á henni vegna Rokksins. Bretar viðurkenndu síðan fiskveiðitakmörk Íslands skv. reglugerð frá 15. júlí 1975 með Oslóarsamkomulaginu 1. júní 1976 og staðfestu þar með, að engin efnahagslögsaga ætti að vera út frá Rokknum, þótt þeir teldu klettinn tilheyra sér. Ljóst er því, að nibba þessi getur ekki skert ytri landgrunnsmörk Íslands, fremur en efnahagslögsöguna."

Fyrsti flutningsmaður tillögunnar (Eyjólfur Konráð Jónsson) sagði m.a. í framsögu með tillögunni: „... vart getur farið á milli mála að ágreiningur verður milli Breta, Íra, Færeyinga og Íslendinga um ákvörðun ytri landgrunnsmarka langt suður af Íslandi og þær réttarreglur sem ákvörðun slíkra marka mun hlíta. ... Rétt er að Íslendingar taki af öll tvímæli um að þeir viðurkenna ekkert tilkall Stóra-Bretlands til Rokksins, því að bein eða óbein viðurkenning á tilkalli Breta til þessarar nibbu gæti firrt okkur rétti þegar við gætum hagsmuna okkar á umræddu hafsvæði."

Tillögunni var vísað til utanríkismálanefndar sem varð sammála um að leggja til að henni yrði vísað til ríkisstjórnarinnar svo breyttri:

„Alþingi lýsir því yfir, að ytri landgrunnsmörk Íslands til suðurs verði ákveðin án tillits til klettsins Rockall og að samvinna verði höfð við Færeyinga til að tryggja sameiginleg réttindi á landgrunnssvæðinu utan 200 sjómílna marka landanna."

Það var samþykkt og var málinu vísað til ríkisstjórnarinnar 22. desember 1978.

Þess má geta að þrjú fyrstu þingmál 100. löggjafarþings fjölluðu öll um hafréttarmál en auk tillögu til þingsályktunar um landgrunnsmörk Íslands til suðurs fluttu Eyjólfur Konráð Jónsson o.fl. tillögu til þingsályktunar um rannsókn landgrunns Íslands og tillögu til þingsályktunar um samninga við Norðmenn um réttindi landanna á Íslandshafi.

Þá var flutt tillaga til þingsályktunar á 102. löggjafarþingi (1979–1980) um hafsbotnsréttindi Íslands og samvinnu við Færeyinga. Voru flutningsmenn Eyjólfur Konráð Jónsson o.fl.

Eins og menn sjá þá er hér mikil upptalning á því hvað var að gerast á þessum árum. Ég ætla ekki við þetta tækifæri þar sem ræðutími er takmarkaður að tíunda það sem þá var að gerast og síðan gerðist. En það er skemmst frá að segja að við unnum auðvitað hvern stórsigurinn af öðrum þannig að nú má segja að Ísland sé með gífurlega mikil hafsbotnsréttindi, bæði til norðurs og eins í suðurátt og þessara réttinda þarf að gæta. Við höfum ekki gert það nægilega dyggilega og getum þó fært stanslaust rök að því að þessi réttindi sem ekki eru bara hafsbotnsréttindi heldur fiskveiðiréttindi líka, utan 200 mílnanna, það er réttur til hafsbotnsins sjálfs og allt sem á honum er og í hvort sem það er lífrænt eða ekki. Það er eign strandríkisins. Það er eins og menn sem eru að gera út skipin t.d. á Reykjaneshryggnum á milli 200 og 350 mílna viti ekkert um það að þar eiga íslenskir útgerðarmenn og íslenska þjóðin gífurlegra hagsmuna að gæta og þeir eiga að nýta þessi auðæfi sem þarna eru því hafrétturinn er alltaf ríkari eftir því sem tímar líða en hann var áður. Þannig er það nú einu sinni að strandríkin hafa ráðið ríkjum í heiminum, þau eru ⅓ af ríkjum heims og kannski rúmlega það. Þau hafa tekið sinn rétt og hafa verið að auka hann alla tíð. En það hefur orðið nokkur stöðnun á því að við Íslendingar héldum okkar rétti nægilega tryggilega fram og er ég þá ekki að ásaka einn eða neinn. Það stæði engum nær en mér að vinna dyggilegar að því en orðið hefur til þessa. En málið er endurflutt núna og það verður ekki stöðvað. Þessi umræða sem nú er hafin verður kannski ekki neitt sérstaklega merkileg á fyrsta stigi en við hljótum að fylgja málinu eftir því þetta eru okkar lífshagsmunir.

Ég get aðeins til gamans getið þess að rökin eru t.d.:

1. Sanngirni er sú meginregla sem ríkja á samkvæmt orðum og anda hafréttarráðstefnu og hafréttarsáttmála, og sanngjarnt hlýtur það að vera hverning við höfum veitt okkar málum í þessu tilliti, stanslaust boðið grannríkjunum að hafa við þau samvinnu en þau hunsa það meira og minna.

2. Í 100 milljónir ára hafa sömu jarðfræðilegu umbrotin sett einkenni sitt á jarðsögu Rockall-hásléttu, Íslands og Færeyja.

3. Eftir Íslands-Færeyjahryggnum tengjumst við Hatton-banka beint, en hryggurinn er náttúrulegt framhald Íslands.

4. Íslands-Færeyjahryggurinn er af sérstakri tegund úthafsskorpu sem kölluð er „Icelandic type crust".

5. Dýpi frá Íslandi til Hatton-banka er hvergi meira en 2500 metrar, en það eru mörk sem gjarnan er vitnað til.

Þegar við gerðum Jan Mayen-samningana þá tryggðum við þessi réttindi. En það sem menn þurfa gjarnan að átta sig á og margir gera nú raunar, er þetta náttúrulega og eðlilega og óslitna framhald af hafsbotninum þar sem hann leitar út í djúpin. „Natural prolongation" gengur þannig út að það má ekki vera neitt svæði algjörlega slitið frá, sem klýfur landið frá, til þess að hægt sé að tala um eðlilega framlengingu landsvæðisins. Það er svo með Rockall-hásléttu að hún er algjörlega skorin frá hyldýpinu sem er Rockall-trogið á 3000 m hafdýpi og ég held að menn séu búnir að átta sig á að verður ekkert skorið í sundur. Þessi „natural prolongation" er frá 12 mílunum og síðan alveg út og þó að síðar komi aftur grunnsævi þá er það alveg skorið frá og réttindin eru okkar.

Það er raunar einnig tilefni til þess að taka málið upp núna að það var t.d. í Morgunblaðinu 14. ágúst sl. frétt um það á forsíðu að leynileg olíuleit sé nú við Rockall og það er haft eftir dönskum heimildum og danska stjórnin hyggst reyna að flýta rannsóknum á

Rockall-svæðinu og gera það á bak við tjöldin. Það er það sem er að gerast núna. Það er verið að gera þetta allt á bak við tjöldin og við höfum ekki hönd í bagga.

En eins og mig grunaði þá var tíminn fljótur að líða og ég vil ekki syndga mjög upp á náðina. En eins og ég segi þá hafa þessar fréttir verið að berast og við Íslendingar hljótum að sameinast um að bregðast hart við eins og við höfum alltaf gert þegar mikið hefur verið í húfi. Með hliðsjón af framansögðu má ljóst vera að landhelgisbaráttu Íslands er ekki lokið, þvert á móti eigum við mikilla hagsmuna að gæta og því er tillagan flutt.

[11:44]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir að flytja þessa tillögu hér og um leið lýsa virðingu minni gagnvart því hve ötullega hann hefur á undanförnum árum haldið þessu máli vakandi. Ég held því miður að það hafi ekki verið nægilegur skilningur á því, hvorki innan stjórnkerfisins né meðal þjóðarinnar, hvað hér er stórt mál og brýnt.

Hv. flm., Eyjólfur Konráð Jónsson, hefur hins vegar haldið þessum málstað á lofti og vekur enn á ný athygli þingsins á því að hér eru miklir hagsmunir á ferð.

Ég vil þess vegna strax í upphafi lýsa yfir stuðningi okkar við þessa tillögu og teldi það gæfu fyrir þingið ef hún yrði samþykkt. Ég held líka að það sé nauðsynlegt að þingið sýni með afgerandi hætti að við viljum halda fram okkar hagsmunum í þessum efnum. Án þess að vera að saka einn eða neinn um vanrækslu þá held ég að það sé því miður staðreynd að innan íslenska stjórnkerfisins hafi á undanförnum árum of lítill áhugi verið á því að reka hagsmuni og réttindi Íslands á Reykjaneshrygg og Rockall-svæðinu. Við höfum af og til í utanrmn. óskað eftir því að þessi mál yrðu tekin til umfjöllunar en það hefur ekki gefist tími til þess og utanrrn. hefur ekki haft frumkvæði að því að koma með þessi mál til nefndarinnar. Mér sýnist verklagið þess vegna vera með þeim hætti að til þess að vekja á ný til lífsins málsókn okkar á þessu sviði þá þurfi að gera eitthvað sérstakt. Það sé ekki viðunandi að hafa það í þeim rólega farvegi sem það hefur verið á undanförnum árum, oft á tíðum aðgerðaleysi, vegna þess að það sé þá túlkað af hálfu hinna ríkjanna sem þarna eru líka að sækja hagsmuni að Íslendingar séu ekki mjög fylgnir sér í þessum efnum.

Ég tók það fram að ég ætlaði ekki hér að fara að lýsa sök á hendur einum eða neinum í þessum efnum. Ég held einfaldlega að málið sé svona vaxið og þess vegna sé skynsamlegt bæði að flytja tillögu af þessu tagi og jafnframt afgreiða hana á þinginu. Það er auk þess fyrir því nokkur hefð að þegar Alþingi hefur viljað leggja sérstaka áherslu á réttindamál þjóðarinnar af þessu tagi þá hefur verið skipuð til þess sérstök nefnd. Þau mál hafa verið tekin inn á sérstakan vettvang og áhersla þingsins birt með þeim hætti. Auðvitað mætti halda því fram að eðlilegt væri að öllu jöfnu að málið væri á vettvangi utanrmn. en staðreyndin er hins vegar sú, því miður, að samspil utanrmn. og utanrrn. í þessum efnum hefur ekki leitt til sérstakrar vöku í málinu. Þess vegna sé skynsamlegt að kjósa nefnd þingmanna til að hafa þetta verkefni sérstaklega.

Það er líka rétt hjá hv. flm. að fréttir hafa verið að berast af því að aðrar þjóðir hafa verið mjög virkar í þeim efnum að afla sér þekkingar og tryggja hagsmuni sína á þessu svæði. Auðvitað veit enginn hvað þeir hagsmunir eru miklir á mælistiku auðæva en það er hugsanlegt að þeir séu svo miklir að um ótrúleg auðævi sé að ræða samanborið við okkar þjóðartekjur. Málið liggur þar að auki þannig fyrir að við höfum að ýmsu leyti sterka stöðu til þess að gera tilkall í a.m.k. sameiginlegan búskap með öðrum þjóðum gagnvart þessu svæði. Það liggur ekki þannig fyrir að aðrar þjóðir geti ráðstafað þessum svæðum og hugsanlegri auðlegð þeirra eingöngu eftir sínu höfði án þess að leita samvinnu og þátttöku okkar Íslendinga í þeim efnum.

Í sjálfu sér tel ég ekki þörf á því að hafa fleiri orð um þessa tillögu, greinargerð hennar er mjög skýr, framsagan var einnig mjög ljós. En ég vildi nota þetta tækifæri við 1. umr. bæði til þess að þakka flm. fyrir að flytja tillöguna og lýsa yfir eindregnum stuðningi okkar alþýðubandalagsmanna við það að hún verði afgreidd.

[11:50]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og segir í greinargerð hv. flm. þá er það deginum ljósara að landhelgisbaráttu Íslendinga er ekki lokið. Fyrir skömmu leituðu íslensk veiðiskip á nýjar slóðir skammt undan fiskveiðilögsögu Noregs í Barentshafinu. Til umræðu er óljós þjóðréttarleg skipan mála að því er varðar Barentshafið og eins og greint er frá í greinargerð með tillögunni eru uppi kröfur af hálfu margra ríkja hvað snertir forræði eða hlutdeild í forræði að því er varðar hafsbotnsréttindi á Hatton Rockall-svæðinu.

Á undanförnum árum, eða allt frá árinu 1976, hafa staðið yfir af hálfu Íslendinga athuganir á hafsbotnsréttindum Íslands hugsanlega til suðurs á Hatton-Rockallsvæðinu. Viðræður um málið hafa átt sér stað milli íslenskra stjórnvalda og stjórnvalda Danmerkur og Færeyja annars vegar og Bretlands og Írlands hins vegar. Bretland og Írland hafa gert samning sín í milli um skiptingu svæðisins en Ísland og Danmörk hafa sett reglugerðir um lögsögu á svæðinu sem Bretland og Írland gera tilkall til. Bretland og Írland hafa vefengt lögsögu Íslands og Danmerkur en bresk stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til að ræða deiluatriði, annars vegar við íslensk stjórnvöld og hins vegar við dönsk stjórnvöld. Þótt efnisleg sjónarmið íslenskra og danskra stjórnvalda stangist á erum þau sammála um að vinna saman að athugun málsins. Íslensk stjórnvöld hafa fallist á tvíhliða viðræður við bresk stjórnvöld en telja samt æskilegt að fram fari viðræður á milli landanna fjögurra. Má í því efni vísa til bréfaskrifta sem fram hafa farið milli forsætisráðherra Íslands og Bretlands og vísa ég þá nánar til bréfa Margrétar Thatcher, páv. forsrh. Breta, frá 7. des. 1989, og svarbréfs páv. fors-

rh. Íslands, Steingríms Hermannssonar, frá 2. mars 1990.

Í framhaldi af þessum bréfaskriftum og fundi mínum við aðstoðarutanríkisráðherra Breta, William Waldegrave, sumarið 1990 var ákveðið að fela þjóðréttarfræðingum beggja landa að gera sameiginlega skýrslu um málið sem hægt yrði að miða framhaldsviðræður við. Á fyrsta fundi þeirra 11. okt. 1990 var gengið frá efnisyfirliti yfir skýrsluna og vinnuna eins og nánar hefur verið kynnt í utanrmn. Framhaldsfundur var síðan haldinn 18. apríl 1991 þar sem ég gerði grein fyrir afstöðu íslenskra stjórnvalda, samanber fréttatilkynningu sem birt var af þeim fundi.

Undanfarna mánuði hafa hlutaðeigandi embættismenn og ráðgjafar íslenskra stjórnvalda unnið að þeim köflum sameiginlegu skýrslunnar sem falla í hlut Íslands. Á fundi þeirra í Reykjavík 13. apríl á þessu ári var gengið frá fyrstu drögum þeirra.

Stefna Íslands í málinu hefur m.a. tekið mið af tillögugerð jarðeðlisfræðingsins Talwani og þykir mér í framhaldi af því rétt að gera hér lauslega grein fyrir helstu þáttum þessa máls.

Kröfur Íslands hafa grundvallast fyrst og fremst af ákvæðum hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 10. des. 1982. Ísland hefur fullgilt samninginn en hann hefur enn ekki tekið gildi og vantar þar á staðfestingu fjögurra ríkja. Réttarstaðan ákvarðast því af venjurétti, sérstaklega þar sem Danmörk, Bretland og Írland hafa ekki fullgilt samninginn enn sem komið er. Skilgreiningu ytri marka landgrunnsins er að finna í 76. gr. hafréttarsamningsins. Aðalskilgreininguna er að finna í 1. tölulið, þar eru ytri mörk ákveðin við ytri brún landgrunnssvæðisins sem síðan er skilgreint í 3. tölulið sem landfræðilega landgrunnið, hlíðin og hlíðardrögin. Landgrunnið nær alltaf til 200 sjómílna jafnvel þótt landgrunnssvæðið nái ekki svo langt.

Í 1. tölulið 76. gr. eru einnig sett skilyrði um svokallað eðlilegt framhald eða „natural prolongation", þ.e. að um sé að ræða óslitna framlengingu hafsbotns frá landi að ytri mörkum.

Á þriðju hafréttarráðstefnu Sameinuðu þjóðanna var deilt um það að hve miklu leyti viðurkenna ætti rétt strandríkja til landgrunns utan 200 sjómílna. Í umræðum var því annars vegar haldið fram að samkvæmt þjóðarétti væri mjög víðtækur réttur strandríkja til landgrunns utan 200 sjómílna viðurkenndur en hins vegar að við tilkomu efnahagslögsögunnar og réttar allra þjóða til alþjóðahafsbotnssvæðisins bæri að takmarka þennan rétt strandríkja.

Sem einn liður í lausn deilunnar voru samþykktar takmarkanir á víðáttu landgrunnsins í 4.–6. tölulið 76. gr. hafréttarsamningsins. Ytri mörk ber að skilgreina annað hvort með hliðsjón af þykkt setlaga samkvæmt írsku formúlunni svokölluðu eða við línu 60 sjómílur frá rótum landgrunnshlíðarinnar samkvæmt nánari skilgreiningu.

Önnur skilyrði í 5. og 6. tölulið eiga ekki við á umræddu svæði.

Samkvæmt hafréttarsamningnum tengjast ýmsir alþjóðlegir hagsmunir því hvernig strandríki ákveður ytri mörk landgrunnsins. Samkvæmt 8. tölulið 76. gr. og öðrum viðauka samningsins ber að leggja upplýsingar um mörk landgrunnsins utan 200 sjómílna fyrir nefnd um mörk landgrunnsins. Þar til nefndin fellst á skilgreiningu viðkomandi strandríkis ríkir óvissa um gildi þessara marka.

Samkvæmt 82. gr. ber strandríki að greiða framlag til aðildarríkja samningsins eftir að hann hefur öðlast fullgildingu vegna nýtingar ólífrænna auðlinda á landgrunninu utan 200 sjómílna.

Samkvæmt 6. tölulið 246. gr. er réttur strandríkis til að banna rannsóknir annarra ríkja á landgrunninu utan 200 mílna takmarkaður við svæði þar sem hagnýting eða rannsóknastörf fara fram eða munu fara fram innan hæfilegs tíma. Svæðið utan lögsögu strandríkja verður í umsjá Alþjóðahafsbotnsstofnunarinnar sem starfar samkvæmt XI. hluta samningsins. Þessir hagsmunir eru bundnir við hafréttarsamninginn en um það má deila hvort þeir geti talist gildandi þjóðaréttur fyrr en samningurinn tekur gildi.

Í 76. gr. er fjallað um lögsögu strandríkis á landgrunninu. Réttur strandríkis er ekki eins víðtækur og í landhelgi þar sem það nýtur nánast sama réttar og landið sbr. 2. gr. samningsins. Lögsagan er skilgreind sem fullveldisréttindi að því er varðar rannsóknir á landgrunninu og hagnýtingu náttúruauðlinda þess. Réttindi strandríkis á landgrunninu hafa ekki áhrif á réttarstöðu hafsins yfir landgrunninu eða loftrýmis yfir hafinu. Beiting réttinda strandríkisins má ekki valda óréttlætanlegum siglingatálmunum.

Fyrrgreind skilgreining og takmörkun á réttindum strandríkis er í samræmi við gildandi þjóðarétt. Varðandi hugsanlega þróun í átt til víðtækari réttinda strandríkja ber að hafa í huga þá gjörbreytingu á reglum um fiskveiðilögsögu ríkja sem gerst hefur á tiltölulega skömmum tíma. Strandríkið hefur samkvæmt hafréttarsamningnum lögsögu að því er varðar losun á landgrunnið, öðrum ríkjum er óheimilt að losa efni á landgrunnið án skýlauss samþykkis strandríkis.

Hafréttarsamningurinn hefur sem fyrr segir ekki enn öðlast gildi. Eins og málum er nú háttað er líklegt að hann taki gildi árið 1994 eða 1995. (**Forseti:** Ræðumaður hefur lokið þeim tíma sem hann hefur til umráða.) Það er einmitt það, þá mun ég að sjálfsögðu verða við tilmælum forseta að láta ræðu minni lokið. Ég hefði kannski kosið að gera ögn ítarlegra yfirlit yfir stöðu málsins en ég vil einfaldlega að lokum lýsa því yfir að ég tel þennan tillöguflutning þarfan og æskilegt að tillögunni verði líka vísað til umfjöllunar í utanrmn.

[12:00]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Fyrir fáum árum voru hafréttarmálin, í sem víðtækustum skilningi þess hugtaks, hvað mest áberandi í allri stjórnmálaumræðu hér á landi. Það er rétt sem fram hefur komið í þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar að áhugi á þeim málum hefur því miður slævst á undanförnum árum. Ég held að það sé mjög margt sem bendir til þess núna að þetta sé að breytast. Þetta sjáum við á því að útgerðir einstakra

skipa, sérstaklega frystiskipa sem hafa auðvitað meiri möguleika á þessu sviði, hafa verið að sækja út fyrir hefðbundna veiðislóð og verið að kanna möguleika á því að hasla sér völl á nýjum slóðum hvað þetta áhrærir. Jafnvel hefur komið fram eins og menn þekkja úr fréttum að einstaka útgerðir hafa skoðað þá möguleika að fara til veiða á Hatton-Rockall svæðinu og það mættu teljast nokkur nýmæli og nokkur tíðindi ef af því yrði.

Ég held að það sé dálítið áhyggjuefni hversu mjög áhuginn á þessum hafréttarmálum hefur slævst upp á síðkastið. Ég held að það sé líka áhyggjuefni hversu margir gera sér litla grein fyrir mikilvægi hafréttarsáttmálans fyrir okkur sem þjóð. Ég hef orðið var við þetta í umræðunni sem fram hefur farið um hvalamálið þar sem mjög hefur verið vísað til hafréttarsáttmálans. Þá hafa menn haft tilhneigingu til að afgreiða þetta sem svo og segja: Úr því að hafréttarsáttmálinn hefur ekki lagagildi þá eigum við ekki að láta hann þvælast fyrir okkur um ákvarðanir í þessum málum. Þessi umræða sem hefur farið fram í dag, greinargerðin sem fylgir þessari þáltill. undirstrikar auðvitað þýðingu hafréttarsáttmálans. Það er auðvitað vandi þessa máls sem við erum hér að ræða, að málatilbúnaður okkar byggir á hafréttarsáttmálanum sem, þó að við höfum fullgilt hann hefur hann ekki alþjóðlegt lagagildi þó að lítið vanti þar á og vonir standi til eins og hæstv. utanrrh. nefndi að hann kunni að öðlast alþjóðlegt lagagildi innan mjög skamms tíma.

Ég tel ástæðu til að taka undir þá þáltill. sem hér er sett fram og þau markmið sem hún stefnir að en ég held að það sé ástæða til þess að vekja athygli á þeirri meginhugsun sem þar kemur fram og byggir á hafréttarsáttmálanum. Hér er fyrst og fremst verið að vísa til 76. gr. hafréttarsáttmálans, eins og fram hefur komið, sem gerir ráð fyrir því að ríki þar sem þannig háttar til að um er að ræða eðlilega framlengingu landsins, þá geti menn haslað sér völl eða tileinkað sér svæði, ýmist einir eða í samráði við aðra, þrátt fyrir að þessi svæði séu utan hefðbundinna 200 mílna sem eru alþjóðlega viðurkennt svæði. Það er á þessum grunni sem við byggjum okkar málatilbúnað og okkar sókn og það skiptir auðvitað mjög miklu máli á hvaða hátt menn koma til með að líta á hafréttarsáttmálann hvernig það mun ganga fyrir okkur.

Ég held að það sé þessu máli mjög til framdráttar að við samþykkjum þáltill. af þeim toga sem hér er lögð fram og það yrði til þess að undirstrika vilja Alþingis, vilja þjóðþingsins, í þessum efnum og gæti vonandi orðið til þess að vekja upp þær nauðsynlegu umræður sem hér þurfa að fara fram. En ég nefndi raunar áðan að mjög margt bendir til þess að þær umræður væru að hefjast, áhuginn væri að vakna, sem sýndi sig m.a. í sókn ýmissa útgerða á svæði utan 200 mílnanna.

Ég held hins vegar að það þurfi að velta því fyrir sér og verður sjálfsagt gert í utanrmn. hvort það eigi að gerast með sérstakri nefnd eins og hér er lagt til eða hvort hæstv. utanrmn. eigi að fjalla um þetta mál.

Hér er gert ráð fyrir því að kosin verði sérstök sjö manna nefnd þingsins hlutbundinni kosningu til að starfa með ríkisstjórninni að framgangi þessara mála. Ég vona að menn geti komist sameiginlega að einhverri niðurstöðu um þetta. Ég tel að út af fyrir sig geti hvort tveggja komið til greina almennt í málum af þessu taginu að það geti stundum verið skynsamlegt að kjósa sérstaka nefnd til þess að fylgja eftir tilteknum málum og ekkert við því að segja. En mér finnst hins vegar við það að skoða sögu þessa máls flest benda til þess að það sé eðlilegra að hv. utanrmn. fjalli um þetta mál. Ég vek sérstaka athygli á því að með því að lesa gegnum greinargerðina þá kemur það auðvitað fram að það hefur verið utanrmn. Alþingis sem almennt hefur haft forræði þessa máls í gegnum tíðina af hendi Alþingis. Ég nefni sem dæmi, eins og ég les a.m.k. greinargerðina, þá kemur það m.a. fram í henni að á árinu 1980 var lögð fram þáltill. í þessum anda og þar var raunar gert ráð fyrir því eins og í þessari þáltill. að kosin væri sérstök nefnd, fimm manna, sem starfi með ríkisstjórninni að framgangi málsins. Niðurstaðan varð hins vegar sú að Alþingi kaus að hafa þetta þannig að það var utanrmn. sem starfaði með ríkisstjórninni að framgangi málsins. Ég tel að það séu söguleg rök, þó ekki væri fyrir annað, og í samræmi við þann framgang sem Alþingi hefur jafnan haft á hafréttarmálum af sinni hálfu, að utanrmn. Alþingis hefði forræði þessa máls.

Þetta held ég að sé hins vegar ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er auðvitað hið efnislega innihald tillögunnar, sú ákvörðun að Íslendingar fylgi fast á eftir á grundvelli ítrekaðra ályktana sinna, réttmætum kröfum Íslendinga til hafsbotnsréttinda á Reykjaneshrygg og Rockall-svæðinu. Þetta eru auðvitað efnisatriði málsins og þetta eru aðalatriði þess þannig að við ættum auðvitað ekki að velta því mjög lengi fyrir okkur hvaða form við hefðum síðan á því að fylgja þessu eftir.

En ég ítreka hins vegar stuðning minn við þessa tillögu. Ég tel að hún sé tímabær og í raun og veru sett fram á réttum tíma vegna þess, eins og ég hef rakið, þá er vaxandi áhugi íslenskra útgerða á því að nýta réttinn utan 200 mílna og þess vegna mjög í samræmi við það að við fylgjum eftir till. til þál. sem gerir ráð fyrir auknum réttindum Íslendinga á Reykjaneshrygg og Rockall-svæðinu.

Útbýting þingskjals:

Samstarfssamningur Norðurlanda, 16. mál, nál. utanrmn., þskj. 37.

[12:08]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það orkar kannski tvímælis sem hv. síðasti ræðumaður sagði að áhugi hefði farið dvínandi á hafréttarmálum á undanförnum árum. Það er rétt að því er varðar kannski áhuga almennings og útgerðaraðila hér innan lands. Hins vegar hefur það eðlilega verið svo eftir að gerð hafréttarsamningsins lauk að menn hafa lagt áherslu á að afla honum stuðnings, að afla honum staðfestingar nægilega margra ríkja til þess að hann yrði viðurkenndur sem gildur þjóðaréttur. Inn-

an hafréttarins hefur síðan orðið viss þróun svo sem m.a. í nefndarstarfi á vegum Sameinuðu þjóðanna þar sem fjallað er um úthafsveiðiréttindi utan efnahagslögsögu ríkja. Loks er þess að geta að Íslendingar og íslenskir útgerðarmenn þar með taldir eru loksins að vakna til vitundar um það að við erum ekki einasta strandríki og höfum ekki bara þrengstu hagsmuna strandríkja að gæta heldur hljótum við sem ein af fimmtán öflugustu fiskveiðiþjóðum heims einnig að huga að því sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kýs að kalla með upphöfnu orðalagi „alþjóðavæðing sjávarútvegsins". Það mál hefur verið á dagskrá íslenskra stjórnvalda á undanförnum áratugum einfaldlega vegna þess að fjölmargar þjóðir hafa leitað eftir samstarfi við okkur um þróun auðlinda og hagnýtingu og tækni á þessu sviði.

Virðulegi forseti. Það sem ég vildi fyrst og fremst gera með því að koma hér aftur upp í ræðustól, var að gefa örstutt yfirlit yfir þau atriði sem þær þjóðir sem sett hafa fram kröfur á Hatton-Rockall svæðinu byggja kröfugerð sína á. Íslendingar vísa auðvitað til 76. gr. hafréttarsamningsins og þar með til hugtaksins um eðlilegt framhald landgrunns sem telja má að sé aðalregla í skilgreiningu landgrunns samkvæmt samningnum. Krafa Íslands byggist þá á því að fundnar séu rætur landgrunnshlíðarinnar og dregin lína 60 sjómílur þar fyrir utan. Beiting viðkomandi ákvæða tekur mið af því að á íslenska hafsvæðinu séu ekki fyrir hendi skýr mörk landgrunns á Íslands-Færeyjahrygg fyrr en komið er að Hatton-Rockall bankanum. Ytri mörk þessi eru sett fram í reglugerð nr. 196/1985.

Á milli Hatton-Rockall svæðisins og Írlands/Skotlands liggur svokallað Rockall-trog sem er 3000 metra djúpt þar sem það er dýpst. Tilvera þess veikir mjög kenningar um að Hatton-Rockall svæðið sé óslitið framhald eða eðlilegt framhald meginlands Írlands og Bretlands. Írsk og bresk stjórnvöld hafa hins vegar haldið því fram að þar sem trogið liggi innan ytri marka efnahagslögsögu þeirra hafi það ekki áhrif á framhald landgrunnsins utan 200 sjómílna. Bresk stjórnvöld hafa bent á tengsl milli Skotlands og Hatton-Rockall svæðisins eftir Wyville Thomson-hryggnum. Danir halda því fyrst og fremst fram að Hatton-Rockall svæðið tengist Færeyjum sem eins konar „micro-meginland". Rannsóknir sem hafa farið fram benda til þess að jarðskorpan á Hatton-Rockall svæðinu sé sama eðlis og jarðskorpan undir Færeyjum.

Samkvæmt 125. gr. hafréttarsamningsins fá eyjar á stærð við Rockall hvorki landgrunn né efnahagslögsögu. Slík takmörkun á víðáttu landgrunns efnahagslögsögunnar teljast gildandi þjóðaréttur nú þegar og getur réttarstaða Bretlands og á Hatton-Rockall svæðinu byggst á eynni sem slíkri eða þessum 19 metra háa kletti. Á hafréttarráðstefnunni var hart barist á milli tveggja hópa sem studdu annars vegar skiptingu svæða eftir miðlínu og hins vegar skiptingu í samræmi við sanngirnissjónarmið. Í 83. gr. samningsins er að finna eins konar málamiðlun þar sem vitnað er annars vegar til þjóðaréttar og hins vegar til sanngjarnrar lausnar.

Í nýlegum dómum Alþjóðadómstólsins í Haag hefur ríkt tilhneiging til þess að taka ekki tillit til jarðfræðilegra þátta, enda oft talið óvinnandi verk að ráða úr mismunandi túlkun vísindamanna og þannig að vissu leyti er það fremur hvatning til þess að leita samninga sem byggja á sanngirnissjónarmiðum.

Virðulegi forseti. Ég held að það næsta sem gerist í þessu máli sé að þeir þjóðréttarfræðingar sem voru settir til verka af hálfu Íslendinga og Breta munu skila sinni sameiginlegu skýrslu nú á næstunni. Í framhaldi af því tek ég undir það sem fram kom hjá hv. þm. Einari Guðfinnssyni að ég teldi eðlilegast af öllum ástæðum að þessu máli yrði vísað til utanrmn. Málið hefur verið á dagskrá Alþingis og utanrmn. allan tímann frá 1976. Öll sérfræðileg gögn sem til eru um það eru í fórum utanrmn. Þessi skýrsla, sem ég vitnaði til áðan, verður lögð fram og kynnt í utanrmn. þannig að ég tel að það sé í samræmi við venjur hér á hinu háa Alþingi og hefðir að vísa málinu til þeirrar nefndar enda væri ella um tvíverknað að ræða.

[12:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. utanrrh. um hefðir verðandi nefndaskipanir af þessu tagi vil ég minna hæstv. ráðherra á það að þegar þjóðþing Íslendinga hefur verið að leggja sérstaka áherslu á réttindamál af þessu tagi þá hefur verið farin sú leið að velja sérstaka nefnd til að sinna því máli eingöngu. Þar með er gefið til kynna, út á við sem og inn á við, að málið sé sérstætt og mikilvægt. Með þeirri aðferð væri ekki verið að draga úr mikilvægi utanrmn. af neinu tagi heldur verið að velja aðferð vegna þess að nauðsynlegt sé að hefja málið til vegs á ný og leggja á það sérstaka áherslu.

Ég held að það sé rétt, hæstv. ráðherra, að málinu hefur ekki verið fylgt fram af nægilegum krafti og við getum öll deilt ábyrgð á því. Þess vegna vil ég biðja hæstv. ráðherra áður en hann slær því föstu hér í ræðustólnum, að það sé eðlilegt og í samræmi við einhverjar gamlar hefðir að hafa málið áfram í utanrmn., að hann a.m.k. sé reiðubúinn að athuga það hvort ekki sé rétt að þingið kjósi sérstaka nefnd í þessum efnum til að veita málinu sérstakt mikilvægi.

[12:15]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Með þáltill. sem hér er til umræðu er vakið máls á málefni sem rétt er að við tökum til umfjöllunar á þessum tíma. Í tillögunni eða í greinargerðinni kemur fram að Alþingi hefur ekki ályktað um þessa hagsmunagæslu eða réttindagæslu okkar um árabil en rétt er að málið hefur verið til umfjöllunar innan nefnda þingsins, í þinginu og í ráðuneytum sem um það fjalla.

Það sem mér þykir þó rétt að ég láti fram koma um þetta er í fyrsta lagi stuðningur minn við tillöguna en í öðru lagi að hér hefur verið sagt að umræða um að við höldum fram okkar réttindum á þessum hafsvæðum og öðrum hafi hljóðnað. Ég hygg að þar gæti nokkurs misskilnings ef við látum það fram fara frá Alþingi. Staðreyndin er sú að á undanförnum mánuð-

um hefur umræðan um rétt okkar á alþjóðlegum hafsvæðum og utan fiskveiðilögsögunnar vaknað til nýrrar áherslu með sókn íslenskra veiðiskipa á mið utan lögsögunnar. Fram að þeim tíma var umræðan að mestu innan þingsins og innan ráðuneytanna. En fyrir meira en áratug var þessi umræða að vísu í fjölmiðlum og mjög almenn en eðlilegt er þegar við lítum til baka að hún hafi ekki lengur verið mjög almenn. M.a. á þeim tíma sem um er liðinn lá fyrir nánast hvatning stjórnvalda til íslensks sjávarútvegs um að stunda veiðar innan lögsögunnar. Það var mjög lítil almenn hvatning og lítil almenn umræða sem vakti máls á þeim réttindum sem við hugsanlega eigum utan lögsögunnar. En á sl. vikum hafa bæði utanrmn. og sjútvn. Alþingis rætt þessi mál, einkum í samhengi við veiðar íslenskra skipa í Barentshafssmugunni, en inn í þær umræður nefndanna hafa líka komið málefni sem varða hugsanlegan rétt okkar á öðrum slíkum hafsvæðum.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, láta fram koma til þess að ekki yrði eftir sá skilningur að Alþingi og þingmenn hafi látið þessi mál liggja í þagnargildi.

Í þriðja lagi hvað varðar þessa tillögu tel ég mikið álitamál hvort við förum þá leið að velja sérstaka nefnd um mál sem hefur verið innan þingnefnda og ráðuneyta, innan fastanefnda þingsins, og virðist ekki hafa breytt um eðli eða efni, aðeins að áherslu. Ég tel rétt að við ræðum þetta atriði en ég vek athygli á því sem fram kemur í grg. að flm. vísar oft og ítrekað til Jan Mayen-sáttmálans. Í því samhengi verður þess að geta að þær þjóðir sem við þar náðum samningum við hafa ekki verið tilbúnar til sátta við okkur um Smuguna í Barentshafi sem við höfum nú sótt til og viljað ná samningum um hvernig yrði stjórnað veiðum á, en það samkomulag, Jan Mayen-sáttmálinn, er vissulega eða getur verið fyrirmynd í víðara samhengi um mál af þessu tagi en hefur samt sem áður ekki leitt til nýrra samninga í þeirri mynd. En ég tel rétt við umfjöllun um þetta mál, virðulegi forseti, að hv. utanrmn. ræði hvort ástæða er til að frá þinginu fari einnig þál. um málefni okkar eða réttindi okkar á öðrum alþjóðlegum hafsvæðum, þ.e. smugum sem við köllum svo. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé um sömu réttindi að ræða eða sömu spurningu eins og á þessum svæðum sem tillagan fjallar um en ég tel að réttindum okkar á þeim svæðum eigi að halda fram. Við verðum að sækja þau. Við megum ekki glata þeim með því að hætta að gæta þeirra.

[12:19]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykn. taldi það einhvern misskilning sem fram kom í máli mínu að umræðan og áhuginn á hafréttarmálum hefði eitthvað slævst í þjóðfélaginu. Ég held að það blasi nú svo við hverjum manni að umræðan um hafréttarmál hefði náttúrlega hljóðnað mjög miðað við þá miklu umræðu sem átti sér stað fyrir nokkrum árum síðan. Ég vakti hins vegar á því athygli að þetta væri nú sem óðast að breytast og undir þetta tók hv. þm. raunar í sínu máli og gerði að nokkru meginmáli í ræðu sinni þannig að mér virtist nú að eftir að hann hafði slegið fram að um misskilning væri að ræða af minni hálfu þá tæki hann undir þann málatilbúnað sem ég hafði hér uppi fyrr í dag.

Ég held, svo að það fari ekkert á milli mála, að auðvitað hafi þessi áhugi verið til staðar og einnig í stjórnkerfinu eins og fram hefur komið rækilega í máli hæstv. utanrrh. En það breytir hins vegar ekki því að áhugi, við skulum segja útgerðarmanna, sjómanna, alls almennings í landinu, á því að nýta þessa miklu möguleika sem vissulega eru fyrir hendi og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson hefur verið manna ötulastur að benda á, sá áhugi hefur því miður legið nokkuð niðri, einfaldlega vegna þess að við höfum verið á fullu að nýta þá möguleika sem eru til staðar í okkar eigin efnahagslögsögu. Núna þegar þeir möguleikar eru að þrengjast þá leita menn nýrra tækifæra, þeirra tækifæra sem fyrst og fremst bjóðast utan okkar efnahagslögsögu og þess vegna held ég að það sé mjög tímabært að sett er fram þáltill. af þessu tagi sem við erum hér að ræða og ég tel enga ástæðu til annars en um hana muni nást almennur og víðtækur stuðningur eins og fram hefur komið hér í þessu máli.

Ég held þess vegna að það sé enginn misskilningur í þessu máli. Þetta er svona eins og ég var að lýsa þessu. Þetta blasir við hverjum manni og sem betur fer er vaxandi áhugi á því að við förum að nýta okkur möguleikana utan okkar efnahagslögsögu á hvaða sviði sem er.

[12:21]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið mjög þarft verk að vekja hér upp á Alþingi umræðu um þessi viðfangsefni og sé ástæðu til þess að þakka flm. sérstaklega fyrir að hreyfa þessu máli með þeim hætti sem hér hefur verið gert. Hann hefur reyndar verið ötulastur talsmaður þeirra sem nú eiga sæti á Alþingi fyrir réttindabaráttu okkar í landhelgis- og landgrunnsmálum.

Það blasa við á næstu missirum og árum mikil verkefni á þessu sviði og við þurfum að fylgja fast fram okkar réttindum og verja okkar hagsmuni. Ég er ósammála því sem fram kom hjá hv. 8. þm. Reykn. að það væri gagnrýnivert hvernig haldið hefur verið á þessum málum að undanförnu eða á undanförnum árum. Það er vissulega svo að umræða um þessi viðfangsefni hefur verið minni en hún var áður þegar sjálf baráttan fyrir útfærslu landhelginnar stóð. En að mínu mati hefur verið haldið á þessum málum með fullkomlega eðlilegum hætti þó að hitt sé rétt að nú sé ástæða til þess að fylgja þeim fram af meiri þunga en áður hefur verið gert vegna þess að mál eru að skipast með þeim hætti á alþjóðlegum vettvangi. Og ég minni í þessu sambandi á að við erum hér annars vegar að tala um hafsbotnsréttindi og hins vegar beina fiskveiðihagsmuni og fiskveiðiréttindi. Hér þurfum við a.m.k. á stundum að gera greinarmun á að sjálf hafsbotnsréttindin geta verið víðtækari heldur en fiskveiðiréttindin eins og þau hafa verið viðurkennd í hafréttarsáttmálanum.

Við höfum fylgt mjög ákveðið eftir á alþjóðavettvangi kröfum okkar um að gera ákvæði hafréttarsáttmálans virkari en þau eru í dag að því er varðar stjórnun fiskveiða fyrir utan 200 mílur þegar um er að ræða deilistofna eða mikilvæga flökkustofna. Við höfum verið í hópi fimm ríkja á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna sem efnt var til í framhaldi af Ríóráðstefnunni sem hefur haft forustu fyrir því að knýja á um að settar yrðu með bindandi alþjóðasamningi reglur sem í raun og veru eiga að auðvelda framkvæmd á þeim viðurkennda rétti sem felst í hafréttarsáttmálanum. Við verðum að viðurkenna að þau réttindi sem þar er mælt fyrir um eru á ýmsan hátt erfið í framkvæmd og því þarf að knýja á um að viðurkenndar verði reglur til þess að unnt verði að fylgja þessu eftir. Á þessu sviði höfum við haft mjög merkilegt frumkvæði og Guðmundur Eiríksson, sendiherra og þjóðréttarfræðingur, hefur haft þar forustu og fengið lof okkar samstarfsþjóða fyrir framgöngu sína í því efni. Það er vafalaust svo að fyrir hans baráttu á þessum vettvangi hefur málinu þokað meir fram en ella hefði verið og áhrif okkar því verið býsna mikil. Nú þurfum við að fylgja mjög fast eftir á vettvangi ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna að þessar grundvallarreglur verði viðurkenndar jafnframt því sem við knýjum á um það að fylgja eftir þeim hugmyndum sem hér er verið að fjalla um í þessari þáltill. um hafsbotnsréttindin því að auðvitað eru þau mjög mikilvæg fyrir okkur sem fiskveiðiþjóð og það er rétt sem hér hefur komið fram að við erum að sækja í ríkari mæli út fyrir 200 mílna lögsöguna. Stærri togveiðiskip, fullvinnsluskip, frystiskip hafa gert okkur kleift að sækja þessi mið og stækka þá auðlind sem við getum sótt lífsbjörgina í og það er fyrirsjáanlegt að á næstu árum þurfum við í enn ríkara mæli en á undanförnum árum að huga að okkar réttindum í þessu efni þannig að okkur gefist ráðrúm til þess að byggja þorskstofninn upp innan okkar lögsögumarka.

Þess vegna vil ég ítreka það að ég fagna því að þessi tillaga er fram komin og vil minna á að við höfum verið að vinna að framgangi þessara mála í víðasta skilningi og mikilvægri réttindabaráttu okkar til þess að koma virkum framkvæmdareglum í framkvæmd þannig að við getum virkjað þann rétt sem við eigum samkvæmt hafréttarsáttmálanum sem strandríki.

[12:27]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. að framganga Íslands á Ríóráðstefnunni og síðar á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna á þessu ári um verndun sjávarstofna á úthafssvæðum er mjög merkilegt framlag til þeirrar þróunar og það ber að hæla stjórnvöldum fyrir það starf og við alþýðubandalagsmenn erum eindregnir stuðningsmenn þess að þar sinni menn málum af sama krafti og áður. En fyrst hæstv. ráðherra vék að þessu hér í umræðunni þá er óhjákvæmilegt að spyrja að því hvernig standi á því að sá sérfræðingur sem hefur veitt forustu þessu starfi af hálfu Íslands á þessum alþjóðlegu ráðstefnum og nafgreindur var af ráðherranum hér áðan, sérstakur sendiherra og þjóðréttarfræðingur utanrrn., var ekki hafður með í ráðum í viðræðum við Norðmenn um deilurnar í Smugunni. Á fundi utanrmn. og sjútvn. kom fram að álits hans hefði ekki verið leitað. Það vekur óneitanlega spurningar um meðferð mála í Stjórnarráðinu þegar svo er og ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvernig stendur á að sá sendiherra og þjóðréttarfræðingur, sem hann með réttu nafngreindi hér og hældi vel og ég vil taka undir það, var útilokaður frá því að veita ráðgjöf íslensku viðræðunefndinni við Norðmenn. Í staðinn var sóttur dr. Gunnar Schram, sem hefur sett fram nokkuð mótsagnakenndar álitsgerðir í þessum efnum, en sendiherrann og þjóðréttarfræðingurinn var víðs fjarri þegar viðræðurnar við Norðmenn fóru fram.

[12:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það geti nú varla talist vottur um það að nefndur þjóðréttarfræðingur og sendiherra hafi verið útilokaður frá störfum þegar ljóst er að framganga hans á alþjóðavettvangi hefur verið með þeim ágætum sem við erum sammála um og reyndar hefur verið viðurkennt af fjölmörgum erlendum ríkjum. Við höfum fengið til að mynda frá kanadískum stjórnvöldum sérstakt lof á hans störf. En að því er sjútvrn. varðar þá var leitað til Guðmundar Eiríkssonar um álit á þeim viðfangsefnum sem hér voru nefnd. Það hefur aldrei komið fram af hálfu okkar ráðuneytis að útiloka á nokkurn hátt umfjöllun eða álitsgerðir frá honum.

[12:31]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér var fullkunnugt um að Guðmundur Eiríksson, sendiherra og þjóðréttarfræðingur, nýtur mikils álits fyrir þau störf sem hann hefur unnið og sjútvrh. gat um hér áðan. Það vakti hins vegar athygli að utanrrn., sem samkvæmt eigin yfirlýsingu fór með forræði deilunnar við Norðmenn, leitaði ekki til þessa sérfræðings. Nú hefur hæstv. sjútvrh. upplýst það hér að sjútvrn. hafi leitað til hans. Það er nýtt í málinu, það hefur ekki komið fram áður. Ég verð þess vegna að spyrja hæstv. utanrrh. hér í umræðunni, fyrst þetta er komið hér á dagskrá: Hvernig stendur á því að utanrrn. leitaði ekki til þessa ágæta starfsmanns síns sem nýtur þessarar alþjóðlegu viðurkenningar, Guðmundar Eiríkssonar, sendiherra og þjóðréttarfræðings, þegar Íslendingar í fyrsta sinn eftir Ríóráðstefnuna og ráðstefnuna New York í sumar lenda í alþjóðlegri deilu um þessi mál? Það er óhjákvæmilegt að utanrrh. svari því hér hvort það er utanrrn. sem er að útiloka álitsgerðir frá sínum eigin starfsmanni sem nýtur þessarar alþjóðlegu viðurkenningar sem hefur komið hér fram, m.a. í ummælum hæstv. sjútvrh., og kýs í staðinn að leita annað, í annan mann sem starfar utan ráðuneytisins og eins og hér hefur komið fram hafði áður lagt fram álitsgerð sem nokkuð gekk á svig við það sem hann sagði í þessu máli. Ég tel nauðsynlegt að þingið fái að vita þetta fyrst að hæstv. sjútvrh. hefur vakið máls á þessu hér og bið hæstv. utanrrh. þá hér í umræðunni að svara því alveg skýrt hvers vegna utanrrn.

leitaði ekki álitsgerða hjá Guðmundi Eiríkssyni og hvers vegna hann var ekki í viðræðunefndinni og hvers vegna utanrrn. kaus að velja annan mann. Þetta eru svo mikilvæg mál að við þurfum að vita ef eitthvað er blandað málum til hvaða sérfræðinga menn bera traust í þessum efnum, sérstaklega þeir sem fara með málin fyrir hönd íslensku þjóðarinnar sem í þessu tilviki er utanrrn.

[12:32]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að hæstv. utanrrh. hefur þegar tekið tvisvar til máls í þessari umræðu og er ekki heimilt að tala oftar.

[12:33]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. flm. fyrir að flytja þetta mál hér inn. Enda hefur umræðan borið það með sér að hér er á ferðinni tímabært mál. Ég vil í upphafi máls míns endurtaka þær spurningar sem bornar voru hér fram áðan til hæstv. utanrrh. Ég held að það væri til upplýsingar og skýringar á málum ef það gæti komið hér skýrt fram hvers vegna þessi starfsmaður sem hér var hælt að verðleikum í ræðu hæstv. sjútvrh. var ekki talinn hæfur til að veita umsagnir þegar þessi mál voru til umfjöllunar.

Ég vil í þessu máli ræða lítllega um þá atburði sem hafa gerst í sumar. Það hefur verið fjallað töluvert mikið um réttindi okkar Íslendinga til veiða á alþjóðlegum hafsvæðum og hæstv. sjútvrh. nefndi þá deilu hér áðan og talaði þar um að það yrði að fylgja fast fram okkar rétti. Ég skildi hann þannig að hann væri þá bæði að tala um þau réttindi sem verið er að tala um í þessu þingskjali sem við höfum hér fyrir framan okkur og einnig réttinn til veiða á alþjóðlegum hafsvæðum. Það hefur orðið mér nokkuð til umhugsunar hvernig hæstv. sjútvrh. hefur haldið á þeim málum. Ég verð að viðurkenna að mér finnst að það hafi ekki verið tekið mjög skynsamleg afstaða til hlutanna. Það er mikilvægt að vanda sig í þessu. Íslenskir útgerðarmenn hafa lagt mikið af mörkum. Það kann vel að vera að menn geti verið með mismunandi afstöðu til málsins hvernig hafi verið af stað farið en íslenskir útgerðarmenn hafa lagt mikla fjármuni og mikla áhættu í það sem þeir eru að gera í Smugunni. Og það að þeir eru að reyna að koma íslenska flotanum í notkun á alþjóðlegum hafsvæðum er ekki lítið hagsmunaatriði fyrir okkur Íslendinga. En hvað gerist þá? Það gerist að hæstv. sjútvrh. virðist taka þá afstöðu til mála í upphafi að hann sé andvígur því að íslensk fiskiskip leiti til veiða á erlendum hafsvæðum. Og núna er það síðast af málinu að frétta að hæstv. sjútvrh. beitir sér fyrir því að það er sett veiðibann á flotann sem er í Smugunni. Gott og vel, það á auðvitað að stjórna fiskveiðum. En það á að gera það vísindalega. Það er ekki upp á það bjóðandi að íslenskum skipum sé bannað að veiða á alþjóðlegum hafsvæðum án þess að á bak við það bann sé vísindalegt eftirlit með því hvað þessi fiskiskip eru að fá. Og ég tel að það sé í sjálfu sér auðvelt að koma því eftirliti við. Ég efast ekki um að það er hægt að semja við íslenska útgerðarmenn um að um borð í þessum veiðiskipum séu eftirlitsmenn sem geta gefið skýrslur til sjútvrn. og á þeim forsendum verði síðan hægt að stjórna þessum veiðum. Það er ekki upp á það bjóðandi að banna þessar veiðar svona langan tíma án þess að það sé fylgst með hvernig ástandið er á fiskstofnunum á svæðinu. Og ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða afstöðu sína. Hann hefur neitað að verða við tilmælum um það þegar útgerðarmennirnir hafa boðist til að leggja af mörkum það að fara inn á svæðin og að það verði skoðað með því að toga á svæðunum hvernig ástandið er, því hefur líka verið neitað. Ég tel að þetta sé eitthvað sem menn verði að ræða hér og að menn þurfi að standa þannig að þessum málum að það sé um þetta friður og það sé eðlilega staðið að þessu. Eftirlit með veiðum er eðlilegt en það á að vera gert með svipuðum hætti eins og við gerum hér á miðunum heima hjá okkur.

Ég vil að lokum taka undir það sem hefur verið sagt um þá þáltill. sem hér er til umfjöllunar. Ég tel að það sé um mjög margt full ástæða til að taka þessi mál til umfjöllunar einmitt núna og það verði að gera það í raunverulega stóru samhengi. Þar eigi að taka til umfjöllunar hafsbotnsréttindin, réttindi til auðlinda á hafsbotninum, réttindi okkar til veiða á alþjóðlegum hafsvæðum. Og við þurfum að samræma þessa afstöðu. Þegar þessi umræða kom upp í sumar þá virtust menn vera mjög ráðvilltir og sumir töluðu eins og Íslendingar mættu alls ekki koma nærri úthafsveiðum vegna þess að þeir væru strandríki. Rétt eins og strandríkin væru ekki einmitt úthafsveiðiríkin. Ég tel að þetta hafi þess vegna verið mjög tímabært mál að lenda í, þ.e. þessar umræður sem urðu í framhaldi af því að íslenskir útgerðarmenn fóru að veiða í Smugunni. Það er þess vegna verkefni Alþingis Íslendinga að takast á við það að endurmeta afstöðuna til þessara mála allra og samræma hana. Ég tel að það eigi vel að vera hægt að hafa þá afstöðu til mála að það eigi að stækka íslensku landhelgina en jafnframt að Íslendingar eigi að taka þátt í að móta þær reglur sem þurfa að vera um nýtingu fiskstofna á alþjóðlegum hafsvæðum. Ég sé ekki annað en að þetta tvennt geti auðveldlega farið saman. Og það þarf að vera verkefni sem menn snúa sér að og ætla sér ekki allt of langan tíma til vegna þess að íslenskir útgerðarmenn hafa ekki tíma til að bíða eftir því að við mótum afstöðuna mjög lengi. Við þurfum á því að halda að nota flotann okkar eins og við mögulega getum. Það vita allir hvernig aðstæður eru í íslenskum sjávarútvegi í dag. Ef við ekki nýtum alla möguleika til að nýta þann flota sem við eigum þá mun það verða til þess að það verði enn þá meiri erfiðleikar í íslenskri útgerð.

[12:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hvort það stafar af misskilningi hv. þm. þau orð sem hann hafði um lokun veiðisvæðisins í Smugunni eða vegna þess að það kunni að vera stefna Alþb. að vera á móti þeim lögum sem í gildi eru um verndarráðstafanir til að koma í veg fyrir smáfiskadráp. En staðreynd málsins er sú að

íslensk stjórnvöld og strandgæslan norska gerðu með sér samkomulag um samvinnu í þessum efnum og starfsmaður Landhelgisgæslunnar var um tíma um borð í norsku strandgæsluskipi og gerði fjölmargar mælingar á veiðum íslenskra skipa á tilteknu svæði syðst í Smugunni. Allar þessar mælingar sýndu, bæði eftir íslenskum reglum og norskum reglum, að sá fiskur sem var verið að veiða var undir viðmiðunarmörkum. Þetta var í samræmi við mælingar norskra eftirlitsmanna um þó nokkuð langan tíma þar á undan. Í ljósi þessara staðreynda byggðum á vinnubrögðum sem eru nákvæmlega þau sömu og við beitum hér heima þá var tekin ákvörðun um lokun tiltölulega lítils svæðis sem togararnir höfðu verið á og höfðu fengið bæði lítinn afla og lítinn fisk. Þetta er í fullu samræmi við þessar reglur. Síðan er íslenskur eftirlitsmaður um borð í skipi sem hefur verið á veiðum á öðrum stað í Smugunni. Þannig að ásakanir um það að íslensk stjórnvöld hafi ekki framkvæmt eðlilegt eftirlit eru rangar. Og ásakanir um að teknar hafi verið ákvarðanir um friðunarráðstafanir með öðrum hætti en innan íslenskrar lögsögu eru líka rangar. Þá ályktun má helst draga af ummælum hv. þm. að hann sé í raun og veru á móti friðunarráðstöfunum af þessu tagi og sé hér að verja smáfiskadráp.

[12:43]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. virðist vera nokkuð viðkvæmur fyrir þessu máli og ég er ekkert hissa á því. Íslenskir útgerðarmenn, sem þarna eiga hlut að máli, hafa nefnilega gagnrýnt hann harðlega fyrir það hvernig að þessu hefur verið staðið. Það hefur ekki verið rétt að þessu staðið. Hvers vegna í ósköpunum þurfti að loka þessu svæði svona langan tíma? Hvers vegna mátti ekki skoða svæðið öðru hvoru með það fyrir augum að opna það ef þarna væru á ferðinni breytingar á þeirri fiskgengd sem væri á svæðinu? Það hafa verið mjög örar breytingar á fiskgengd á þessu svæði. Og það hefur komið fram þann stutta tíma sem íslenskir útgerðarmenn hafa verið að nýta svæðið að þarna eru einmitt þannig aðstæður að það getur breyst á milli daga hvað mikið af smáfiski kemur í aflanum. Og það að neita mönnum um að svæðið verði skoðað með styttra millibili það finnst mér ekki vera upp á bjóðandi. Að loka þessu svæði allan þennan tíma þýðir að það er búið að útiloka nýtingu þess á þessu ári. Það hefur örugglega verið gert með fullu ráði geri ég ráð fyrir. Ég er andvígur því, en ég er ekki að mæla með smáfiskadrápi. Hæstv. sjútvrh. hefur kannski tekið eftir því að það var verið að kanna afla úr tveimur íslenskum skipum í Þýskalandi í fyrradag. Hvað kom út úr því? Annað skipið var með afla úr Smugunni og það var nánast allt stórfiskur sem þar var landað en hitt skipið var með afla af Vestfjarðamiðum og smáfiskur var 60 eða 70% í þeim afla. Þannig að það getur vel verið að það sé ástæða til að huga að smáfiskadrápi annars staðar en í Smugunni. Því miður er nú ástandið þannig hjá okkur að við göngum býsna nærri okkar fiskstofnum með því að drepa smáan fisk.

Ég mótmæli því sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan, ég er ekki að mæla með smáfiskadrápi, en ég er að krefjast þess að íslensk stjórnvöld sýni ábyrgð og fari varlega í þessu máli.

[12:46]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að árétt það að að undanförnu hefur verið gripið til mjög róttækra og mikilla lokana á veiðisvæðum innan okkar lögsögu. M.a. fyrir frumkvæði Landsambands íslenskra útvegsmanna sem hafði með sérstöku bréfi til sjútvrn. óskað eftir því að gripið yrði til varanlegri lokana þannig að sjómenn og útgerðarmenn þyrftu ekki í jafnríkum mæli og verið hefur að búa við þá óvissu sem vikubundnar skyndilokanir Hafrannsóknastofnunar eðlilega valda þegar mjög mikið er um smáfisk á miðunum. Í ljósi þessa og með hliðsjón af þeim aðstæðum sem eru í hafinu kringum landið var gripið til mjög mikilla ráðstafana. Og það er ekkert óalgengt að það komi mótmæli frá sjómönnum þegar verið er að loka hólfum og veiðisvæðum. Býsna eðlilegt að mótmæli komi fram. En okkur ber skylda til að framfylgja íslenskum lögum og stuðla að verndun fiskveiða með því að koma í veg fyrir smáfiskadráp. Það er ekki aðeins íslensk lög sem mæla á um það. Við erum skuldbundnir til þess samkvæmt hafréttarsáttmálanum að koma í veg fyrir smáfiskadráp. Sú ákvörðun sem tekin var um lokun þessa litla svæðis í Smugunni sem er nú mjög lítill hluti af svæðinu öllu er í fullu samræmi við ákvarðanir sem teknar hafa verið innan íslenskrar landhelgi og byggð á fjölmörgum mælingum íslenskra og norskra eftirlitsmanna sem vísuðu allar til sömu niðurstöðu. Og það væri alveg fráleitt að ætla að fara að taka ákvörðun um lokun veiðisvæða eftir fréttaskeytum um landanir íslenskra skipa erlendis. Þá fyrst færu þessi mál nú algerlega úr böndunum ef stjórnvöld ættu að fara að byggja ákvarðanir sínar um lokun veiðisvæða á slíkum fréttaskeytum. Og ég vona að það sé ekki afstaða Alþb. að það eigi að taka upp slíkt stjórnleysi við verndunaraðgerðir innan íslenskrar lögsögu.

[12:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alls ekki að fara fram á það að menn taki ákvarðanir í framhaldi af einhverjum fréttum af löndunum togara erlendis af því hvað kemur upp úr skipunum þó það geti verið athyglisvert hvernig það kemur út. En það sem ég vil vekja hér athygli á að lokum er bara það að hæstv. sjútvrh. hefur ekki svarað því hvers vegna hann hefur neitað íslenskum útgerðarmönnum um að láta rannsaka hvernig ástandið er á þessum miðum síðan þessu svæði var lokað. Og það er það sem verið er að fara fram á, að þessum veiðum verði stjórnað með vísindalegum aðferðum, það sé ekki bara skellt þarna í lás og síðan eigi ekkert að skoða svæðið og mönnum neitað um að það verði skoðað því það hefur hann gert.

[12:49]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram vegna þess sem áður var sagt að forseta er alltaf heimilt að leyfa þingmönnum að

veita andsvör við ræðum og á það að sjálfsögðu við um utanrrh. eins og aðra þótt hann hafi tekið tvisvar til máls í umræðunni. Veitir hæstv. utanrrh. nú andsvar við ræðu hv. 3. þm. Vesturl.

[12:50]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki við hæfi að ræða málefni einstakra embættismanna úr ræðustól á Alþingi. En að gefnu tilefni vil ég taka það fram að það hefur enginn embættismaður verið útilokaður frá störfum í utanrrn. Það hefur engum álitsgerðum verið hafnað. Álitsgerðir frá þeim þjóðréttarfræðingi sem nefnur ... (**Forseti:** Forseti verður að vekja athygli ræðumanns á því að hann á að veita andsvar við ræðu viðkomandi þingmanns en ekki það sem áður hefur komið fram á fundinum.) Ég er að veita andsvar við spurningum sem beint var til mín af ræðumanni. (**Forseti:** Hv. 3. þm. Vesturl.?) Já. (Gripið fram í.) (**Forseti:** Þá leyfist ráðherranum að halda áfram.) Ég þakka forseta innilega fyrir. (**Forseti:** Forseti biðst afsökunar). Það hefur engum álitsgerðum verið hafnað og þær álitsgerðir hans sem varða þetta málefni liggja fyrir. Utanrrn. myndaði starfshóp lögfræðinga til þess að undirbúa viðræðurnar við Norðmenn og eins og eðlilegt er og mörg fordæmi eru fyrir þótti rétt og eðlilegt að leita líka eftir utanaðkomandi ráðgjöf, m.a. frá þjóðréttarfræðingi við Háskóla Íslands.

[12:51]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er nú ekki alveg ánægður með svarið. Ég tel að það hafi ekki verið fullkomið því að það var auðvitað ekki verið að spyrja um það hvort hafnað hefði verið álitsgerð frá þessum ágæta embættismanni. Það sem var verið að spyrja um var hvers vegna væri ekki óskað álitsgerðar frá viðkomandi embættismanni þegar um var að ræða þessi mál sem hann hafði fjallað um á vegum ráðuneytisins. Og það vakti undrun manna að það skyldi verða kallað á álitsgerðir annarra manna í þessu sambandi og við því hefði ég gjarnan viljað fá svar en ekki því ef hann hefði lagt fram einhverja álitsgerð að henni hefði verið hafnað. Ég tel að það ... (**Sjútvrh.:** Af hverju hann var ekki í viðræðunum?) Já, og hann skyldi ekki vera kallaður til starfa, til ráðuneytis við bæði nefndir þingsins og ráðuneytið um hvernig ætti að móta framgang þessa máls.

[12:52]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ástæðulaust að kalla eftir sérstakri álitsgerð frá þjóðréttarfræðingi vegna þess að þær eru margar og fyrirliggjandi. Ég hef þegar svarað því hvernig ráðuneytið kaus að mynda starfshóp um þetta mál og leita eftir ráðgjöf utan ráðuneytis. Það þarfnast engra frekari skýringa.

[12:53]

Flm. (Eyjólfur Konráð Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég vil nú lýsa ánægju minni yfir þessum umræðum sem hér hafa farið fram. Mér þóttu þær að flestu leyti mjög góðar og ánægjulegar og sérstaklega hefði ég hnotið um það og ætti kannski ekki að gera, ætti að vita betur, hvað þingmenn almennt hafa mikla þekkingu á hafréttarmálunum og því sem er að gerast og hefur verið að gerast síðustu 20 árin eða svo og við höfum fylgst rækilega með. Það gleður mann sérstaklega þegar maður sér það að Íslendingar ætla sér a.m.k. ekki að tapa neinu af því sem þegar hefur verið fengið heldur hljóti að sækja fram og sækja djarft fram til aukinna afreka á sviði hafréttarins. Og það er nauðsyn til að gera það einmitt nú og einmitt ágætt að kjósa nefnd þingmanna til þess að hafa um það forustu.

Það var nefnt hér sem eðlilegt er kannski af hæstv. utanrrh. að það vantaði nokkur ríki til að skrifa undir hafréttarsáttmálann til að hann væri fullgildur. Menn hafa væntanlega tekið eftir því hér og nú að við höfum verið að ræða um hafréttarsáttmálann sem fullgildan þó það vanti nokkrar undirskriftir undir hann. Og það er verið að gera það um allan heim. Það er algerlega út í bláinn að vera að tala um að það vanti einhverjar undirskriftir á hafréttarsáttmálann. Mikill meiri hluti þjóðanna hefur skrifað undir hann og hann er de facto, gildandi lög, alheimslög. Þess vegna er alveg út í bláinn að vera að draga það fram sem eitthvert atriði í þessum umræðum.

En það hefur líka verið talsvert rætt um Jan Mayen málin og deiluna skulum við segja. Við áttum í deilum við Norðmenn um Jan Mayen á sínum tíma. Ég er nú hér með til gamans álitsgerð, sem ekki minni menn en Hans G. Andersen, Jens Evensen og Elliot L. Richardson sömdu á sínum tíma og vakti mikla athygli á þessum vettvangi. Það voru tveir samningar gerðir, annars vegar um veiðar á þessum svæðum þar sem við náðum okkur nú í hvorki meira né minna en 85% af öllu saman, öllum fiskveiðunum, og þar var nú vel á spilunum haldið. Hinir fengu lítið og síðan var aftur olíuleit og rannsókn landgrunns á þessum svæðum og það var talið nokkuð öruggt og það er búið að finna þarna olíulindir sem við líka hefðum átt réttindi til að nýta í sameign með gagnaðilanum.

En sem sagt, ekki ætla ég að fara að draga á langinn þessa umræðu sem ég er himinlifandi með þegar öll kurl koma til grafar og ég veit eftir þennan fund og þá afstöðu sem kemur hér fram þó að hér séu ekki mjög margir þá er alla vega hægt að búast við því að þeir sem fjarverandi eru séu með eitthvað svipaðar hugsanir og ég gleðst yfir þessu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Auglýsingar ríkisins og stofnana þess, 35. mál, fsp. GuðjG, þskj. 36.

Jöfnunar- og undirboðstollar á skipasmíðaverkefni, 34. mál, fsp. JÁ, þskj. 35.

Móttaka flóttamanna, 33. mál, fsp. SJS, þskj. 34.

Rjúpnastofninn, 32. mál, fsp. VS, þskj. 33.

Út af dagskrá voru tekin 4.–9 mál.

Fundi slitið kl. 12.59.

---

8. FUNDUR

fimmtudaginn 7. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Samstarfssamningur Norðurlanda, stjtill., 16. mál, þskj. 16, nál. 37. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
2. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 4. mál, þskj. 4. — 1. umr.
3. Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Fyrri umr.
4. Eftirlaunaréttindi launafólks, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
5. Jarðhitaréttindi, frv., 17. mál, þskj. 17. — 1. umr.
6. Orka fallvatna, frv., 18. mál, þskj. 18. — 1. umr.
7. Frumkvöðlar í atvinnulífinu, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Fyrri umr.

Umræður utan dagskrár.

Launagreiðslur til hæstaréttardómara.

[13:32]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við þekkjum öll hér í þingsalnum þá sögu að þegar Kjaradómur kvað upp á sínum tíma úrskurð um verulegar hækkanir til þeirra aðila sem heyra undir Kjaradóm, taldi ríkisstjórn Íslands nauðsynlegt að setja sérstök bráðabirgðalög til þess að eyða þeim dómi. Þau bráðabirgðalög voru síðan staðfest hér á Alþingi. Í kjölfar bráðabirgðalaganna kvað Kjaradómur á ný upp úrskurð þar sem sagði alveg skýrt, að frá og með gildistöku hans skyldu launahækkanir til þeirra sem heyra undir Kjaradóm eingöngu vera hinar sömu og til allra annarra landsmanna eða 1,7%.

Nú hafa hins vegar síðustu daga og fram kemur að nokkru leyti í greinargerð fjárlagafrv. verið að berast þær fréttir að dómarar við Hæstarétt hafi einir manna sem heyra undir Kjaradóm á þessum tíma verið að fá umtalsverða launahækkun. Launahækkun sem birtist á þann veg að þeim eru greiddir með reglulegum hætti 48 yfirvinnutímar á mánuði. Þetta jafngildir um það bil 40% raunverulegri launahækkun til dómara við Hæstarétt.

Í Tímanum í dag er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson spurður að því með hvaða hætti hann réttlæti það að forsrn. sem Hæstiréttur heyrir undir, hafi samþykkt þessar greiðslur. Svar hæstv. forsrh. er á þá leið að þetta hafi ekki verið ákvörðun forsrh., þetta hafi verið ákvörðun réttarins sjálfs, eins og segir orðrétt. Síðar í þessari frétt í dag kemur fram að varaforseti Hæstaréttar, Hrafn Bragason, lýsir því skýrt yfir með leyfi forseta: „Það er óeðlilegt að nokkur annar taki hana. Það er vegna þess að dómstólar í landinu eiga að vera sjálfstæðir og óháðir framkvæmdarvaldinu og lagasetningarvaldinu.“ Og síðan segir hann einnig: „Dómsvaldið sjálft á að taka af skarið með aukavinnu.“

Þessar yfirlýsingar og þessi atburðarás er satt að segja öll með svo miklum eindæmum að það er ekki hægt annað en kveðja sér hljóðs þegar í stað á Alþingi og spyrja hæstv. starfandi forsrh., sem að þessu sinni er hæstv. fjmrh. sem gegnir embætti forsrh. í fjarveru hans, um þetta mál og ber vel við að sami maðurinn, fjmrh. og starfandi forsrh., sitji hér fyrir svörum.

Það virðist blasa við að Hæstiréttur Íslands hafi gerst sjálftökuaðili með kauphækkun sér til handa og varaforseti réttarins réttlætir það með þeim hætti að dómurinn eigi sjálfur að ákveða það. Þetta er rangt. Það er ekkert í lögum Íslands sem segir að dómarar við Hæstarétt ákveði sín eigin laun. Þvert á móti heyrir Hæstiréttur eins og nokkrir aðrir aðilar í þjóðfélaginu undir Kjaradóm. Dómsvaldið í launum hæstaréttardómara er hjá Kjaradómi. Það er ekki hjá Hæstarétti sjálfum. Og menn sjá hve fáránlegt þetta kerfi væri ef forseti þingsins sendi einfaldlega bréf til forsrh. og tilkynnti um yfirvinnugreiðslur þingmanna og forsrh. vísaði því beint til fjmrn. með sömu rökum og gert er í þessu máli. Hæstiréttur Íslands er ekki sérstakur aðili í þessum efnum. Það gilda ekki sérlög um Hæstarétt Íslands í þessu landi og allra síst þegar talið var nauðsynlegt að setja bráðabirgðalög um þessi mál á sínum tíma. Hæstiréttur Íslands er eini aðilinn sem er að skjóta sér undan þeim ákvörðunum.

Ég vil því spyrja hæstv. starfandi forsrh. og fjmrh. í fyrsta lagi hvort honum finnist eðlilegt að Hæstiréttur úrskurði sjálfur greiðslur sínar með þessum hætti eins og fram kemur í yfirlýsingu varaforseta réttarins og hvort Hæstiréttur sé þar með kominn undan áhrifavaldi Kjaradóms.

Í öðru lagi vil ég spyrja að því hvort einhverjir aðrir aðilar hafi fengið breytingar á sínum kjörum en hæstaréttardómarar síðan bráðabirgðalögin voru sett á sínum tíma.

Í þriðja lagi vil ég spyrja ráðherrann um álit hans á áhrifum þessarar ákvörðunar á aðrar launagreiðslur í því kerfi sem heyrir undir Kjaradóm.

Í síðasta lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki reiðubúinn að beita sér fyrir því að þessi ákvörðun verði afturkölluð þannig að Hæstiréttur í landinu starfi með eðlilegum hætti en ekki sé verið að festa hér í sessi það sem ég vil kalla ólöglega og ósiðlega sjálftöku Hæstaréttar á eigin launum.

[13:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við ýmsum fyrirspurn-

um hv. 8. þm. Reykn. vil ég taka fram að í bréfi dags. 28. júlí 1992 til forsrh. sem forseti Hæstaréttar ritaði, segir forseti Hæstaréttar að í forsendum Kjaradóms sem upp var kveðinn 12. júlí 1992 komi fram atriði sem gefi til kynna að ætlunin sé að laun séu greidd eins og áður hafði tíðkast þannig að ekki sé útilokað að greiða yfirvinnu til svokallaðra kjaradómsmanna.

Síðar í bréfinu er lýst ráðagerðum um aukin vinnuafköst þar sem segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Nú í haust eru uppi ráðagerðir um enn aukin vinnuafköst með því að fjölga munnlega fluttum málum í 10 á viku. Fjöldi þeirra hefur þó tvöfaldast á stuttum tíma, en hafa verður þó í huga að fjölgunin er eingöngu í þriggja dómara málum."

Þarna er um að ræða ákvörðun réttarins um aukin vinnuafköst og meiri yfirvinnu. Og loks segir í bréfinu, með leyfi forseta, orðrétt:

„Óhjákvæmilegt er að Hæstiréttur greiði laun fyrir unna yfirvinnu í samræmi við ofanskráð frá og með september nk. Er þess því hér með óskað að forsrn. afli aukafjárveitingar vegna þessa, svo og að tekið verði tillit til þessa við gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár.

Greiðslur samkvæmt þessu mundu nú nema 808 þús. kr. á mánuði. Þess er jafnframt óskað að fjmrn. verði tilkynnt um þessa breytingu svo að það geti gert viðeigandi ráðstafanir. Yfirvinnureikningar munu verða sendir mánaðarlega nema fjmrn. vilji hafa annan hátt á".

Þess skal getið að ekki taka allir hæstaréttardómarar þessi laun og ég vil taka fram að Þór Vilhjálmsson gerir það ekki.

Eins og fram kemur í þessu þá er málaleitun til forsrh. eingöngu sú að óska eftir aukafjárveitingu fyrir 1992 og fjármunum á fjárlögum yfirstandandi árs.

Hinn 5. okt. á sl. ári barst síðan fjmrn. afgreiðslutilkynning. Fjmrn. sneri sér til forsrn. og það er síðan í febrúar á yfirstandandi ári sem þessar greiðslur hafa farið fram. Þær ná til 1. sept. 1992 og það verður aflað heimilda með fjáraukalögum sem lögð verða fyrir eða frv. sem lagt verður fyrir þingið núna á næstu dögum.

Fyrirspurnin er á þá leið hvort það sé eðlilegt að Hæstiréttur úrskurði greiðslur fyrir sína vinnu. Hér er um að ræða ákvörðun um yfirvinnu. Það breytir ekki því að þeir tilheyra þeim hópi manna sem taka laun samkvæmt kjaradómsúrskurði. Það liggur alveg ljóst fyrir.

Í öðru lagi var spurt að því hvort aðrir hefðu fengið slíkar launabreytingar. Það hefur ekki gerst svo að ég viti.

Í þriðja lagi er spurt hvaða áhrif þetta hafi á aðrar launagreiðslur sem undir Kjaradóm heyra. Það hefur ekki áhrif, en það skal tekið fram að nú eins og áður eru það mjög margir menn sem taka laun samkvæmt kjaradómsúrskurði sem njóta yfirvinnu og það þekkir hv. þm. auðvitað mjög vel sem áður var fjmrh.

Í fjórða lagi er spurning, hvort þetta verði afturkallað. Það stendur ekki til. Hins vegar vil ég geta þess í lokin að með nýjum lögum sem Alþingi samþykkti á síðasta þingi kemur mjög skýrt fram að Kjaradómur á að úrskurða í tvennu lagi laun þeirra manna sem undir dóminn heyra, þ.e. í fyrsta lagi dagvinnuþátt launanna og í öðru lagi yfirvinnuþátt þeirra. Um leið og nýr dómur fellur þá ætti ágreiningur eins og hér er verið að ræða um og mismunandi sjónarmið að verða úr sögunni.

Ég vona, virðulegur forseti, að þetta sem ég hef sagt skýri það hvernig á þessum greiðslum stendur og hver er aðdragandi málsins.

[13:42]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur verið rakið varð mikið upphlaup sumarið 1992 vegna niðurstöðu Kjaradóms sem leyfði sér með rökstuddum hætti að hækka verulega laun þeirra sem undir hann heyrðu. Ríkisstjórnin setti bráðabirgðalög sem hnekktu dómnum og var inntak þeirra að ekki mætti raska launakerfinu í landinu þar sem það hefði afdrifaríkar afleiðingar fyrir efnahagslíf þjóðarinnar, enda hafði öllum launum verið haldið niðri nú um árabil. Það skýtur því skökku við þegar í ljós kemur að einn tiltekinn hópur opinberra starfsmanna sem heyrir undir Kjaradóm fær viðurkenndan sjálftökurétt í eigin launamálum. Samkvæmt fréttum hefur fjmrn. látið óátalið að hæstaréttardómarar skammti sér 48 tíma yfirvinnu á mánuði. En eftir að hafa heyrt skýringar hæstv. fjmrh. og starfandi forsrh. um þetta mál þá verð ég að segja að málið verður æ sérkennilegra.

Ég er þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að hæstaréttardómarar séu ekki of sælir af sínum launum og ég veit að á þeim er mikið vinnuálag. Það hlýtur öllum að vera ljóst að launakjör hæstaréttardómara verða að vera með þeim hætti að þeir geti verið óháðir öðrum störfum og hagsmunatengslum af öllu tagi. Það er hins vegar afar sérkennilegt að þessi eini hópur skuli komast upp með að hækka laun sín með eigin ákvörðun eða eru hóparnir kannski fleiri, hæstv. fjmrh.? Stenst þetta hin nýendurskoðuðu lög um Kjaradóm og kjaranefnd?

Ég er ansi hrædd um að sá launamunur sem forsrh. vísaði til, þ.e. að laun hæstaréttardómara hafi dregist aftur úr launum annarra dómara, eigi við um ýmsa aðra hópa hjá hinu opinbera.

Ég ítreka þá skoðun Kvennalistans að launakerfi ríkisins sé óréttlátt og reyndar handónýtt. Það dæmi sem hér er til umræðu sýnir og sannar að löngu er tímabært að hefja uppstokkun á launakerfinu, ekki síst með launajafnrétti kvenna og karla í huga. En spurningin er: Ætlar ríkisstjórnin að loka báðum augum og látast ekkert sjá eða á hið sama að gilda um alla opinbera starfsmenn?

[13:44]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Með leyfi forseta vil ég vitna í svar fyrrv. fjmrh., núv. hv. 8. þm. Reykn., varðandi það hvað sé ómæld yfirtíð. Ómæld yfirtíð telst vera í því svari „metin yfirvinna". Þetta er til skýringar. Ég tel að það sé nauðsyn að vekja máls á því sem hér er til umræðu vegna þess að það er alkunna að verulegur hluti launa starfsmanna hjá opinberum aðilum er greiddur sem yfirvinna án þess að það liggi á bak við stimplun

eða sérskráður tími. Það er líka ástæða til þess að ætla að slíkar launagreiðslur hafi veruleg áhrif á almenna launasamninga og geti beinlínis verið til þess að launakjörum lægra launaðra stétta sé haldið niðri með tiltölulega lágum launum viðmiðunarstétta. Ómæld yfirvinna ofan á lágt grunnkaup er einmitt til þess að halda niðri lágum launum ákveðinna stétta.

Ég tel að nauðsynlegt sé að það verði varpað skýru ljósi á staðreyndir þessa máls. Það er mín skoðun að grundvöllur íslensks launakerfis sé mjög brenglaður vegna yfirvinnugreiðslna á grundvelli óstimplaðs tíma.

Til viðbótar þessu er einnig rétt að geta þess að enn fremur viðgengst sá háttur sumra stofnana að greitt er orlof á ómælda yfirvinnu sem hlýtur að teljast ósvinna, þar sem ómæld yfirvinna fylgir orlofslaunum starfsmanna. Ég tel að þetta mál verði að rannsaka ofan í kjölinn. Vandinn er bara sá, hvar á að finna aðila sem geta leyst þá vinnu af hendi?

[13:47]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að sú umræða sem hér fer fram sé að sumu leyti framhald þeirrar sérstæðu stöðu sem upp kom þegar Kjaradómur hafði kveðið upp laun sem hækkuðu laun þeirra sem undir hann heyrðu allverulega. Þá gerðist það að kjaradómur götunnar ákvað að þetta væru röng laun, dómurinn væri vitlaus. Kjaradómur götunnar, skipaður af ritstjórum á miklu hærri launum, tók ákvörðun um það að það væri ekkert vit í því að þessi dómur gilti. Og þessi kjaradómur götunnar streymdi hér inn á Alþingi Íslendinga. Hann gerði hæstv. forsrh. svo hræddan að hann ákvað að láta breyta þessum lögum og hafði tilstyrk til þess. Og nú brosir hæstv. fjmrh. því að það er eins og hann minnist þess að hafa upplifað þetta.

Hitt er svo annað mál að það er jafnfáránlegt ef Alþingi Íslendinga undrast nú hvaða lög eru í gildi. Samkvæmt 12. gr. laganna, sem nú eru í gildi, segir svo með leyfi forseta:

„Nefndin skal í ákvörðun sinni greina á milli fastra launa fyrir dagvinnu og launa fyrir annað sem starfinu fylgir. Hún skal og kveða á um hvernig greitt skal fyrir sérstök tilfallandi störf sem starfinu geta fylgt og kveða á um önnur starfskjör.

Kjaranefnd skal í ákvörðunum sínum taka tillit til venjubundins vinnuframlags og starfsskyldna umfram dagvinnu. Hún úrskurðar hvaða aukastörf tilheyri aðalstarfi og hvern beri að launa sérstaklega."

Ég ætla ekki að lesa lengra í þessari grein, en ég vil aðeins undirstrika eitt: Hæstiréttur Íslands hefur skipað meiri hluta Kjaradóms lengi, við höfum treyst honum til þess. Hann hefur því faktískt ráðið sínum launum. Hann hefur ekki misfarið með það vald. Það var framkvæmdarvaldið íslenska sem ekki hafði þrek til að standa á niðurstöðu Kjaradóms í gegnum tíðina. Það voru fjármálaráðherrar þessa lands sem borguðu ómælda yfirvinnu til manna sem heyrðu undir þá. Og einn af þeim sem stóð að því að gera þetta er sá sem hóf hér umræðuna, því miður. En það var ekki auðvelt að komast út úr vitleysunni. En hún var til staðar.

[13:50]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að svörum hæstv. fjmrh., starfandi forsrh., vil ég segja við þann fulltrúa Kvennalistans sem hér talaði áðan, hv. þm., að ég er algerlega ósammála henni eða Kvennalistanum um það að hæstaréttardómarar séu ekkert ofsælir af sínum launum. Hæstaréttardómarar búa nefnilega nú þegar við mjög góð launakjör. Þeir hafa einir ásamt forseta Íslands þann rétt að frá því að þeir ljúka störfum halda þeir fullum mánaðarlaunum sínum til æviloka og það hefur færst æ meira í vöxt að hæstaréttardómarar hafa hætt í réttinum í fullu fjöri, kringum sextugt, og halda þar með mánaðarlaunum jafnvel í áratugi. Og ég hugsa að það séu nokkuð mörg dæmi um það að menn starfa í réttinum í kringum 10 ár eða svo en halda síðan fullum mánaðarlaunum í 20 ár eða jafnvel lengur þar á eftir. Nú eru um 9 fyrrv. hæstaréttardómarar í landinu sem búa við þessi einstæðu kjör. Það er þess vegna rangt að hæstaréttardómarar á Íslandi búi ekki við góð launakjör. Þeir búa við mjög góð launakjör að geta til æviloka verið á fullum mánaðarlaunum sem nú eru í kringum 250 þús. eftir jafnvel bara í kringum 10 ára starf í réttinum.

Það er satt að segja mjög sérkennilegt að fá það upplýst hér og það er sjálfsagt alveg rétt með farið hjá hæstv. ráðherra, að forseti Hæstaréttar hafi í bréfi til forsrh. farið að túlka Kjaradóm hæstaréttardómurum í hag. Þannig að hæstaréttardómarar, forseti Hæstaréttar er farinn að gerast dómari í hagsmunamálum hæstaréttardómaranna sjálfra með því að senda bréf til forsrh. þar sem hann er að lesa í úrskurð Kjaradóms möguleika hæstaréttardómara til þess að auka tekjur sínar með þessum hætti. Það segir alveg skýrt í úrskurði Kjaradóms sem enn er í gildi og kveðinn var upp 12. júlí á sínum tíma. Með leyfi forseta, verður ekki annað séð en fyrri launakerfum, þ.e. launakerfi Kjaradóms og launaákvörðun fjmrn. og annarra ráðuneyta sem í gildi voru fyrir kjaradómsúrskurðinn 26. júní sl., sé ætlað að haldast enn um sinn. Og hvernig forseti Hæstaréttar getur farið að lesa inn í þennan úrskurð tekjuauka fyrir Hæstarétt einan er satt að segja svo furðulegt að maður á varla orð til að lýsa undrun sinni yfir hvað er eiginlega að gerast hér í stjórnkerfinu.

Virðulegi forseti. Tími minn er liðinn. Ég vil hins vegar endurtaka þá ósk mína til hæstv. ráðherra að það sé íhugað í alvöru og með miklum þunga í ljósi þessa máls og hvernig það er tilkomið að sú ákvörðun forsrn. að samþykkja þessa sjálftöku Hæstaréttar verði afturkölluð. Það er ekki við það unandi að Hæstiréttur taki dómsvald í eigin málum í sínar hendur með þessum hætti. Það er brot á grundvallarreglum réttarkerfisins og siðferðiskerfisins í þessu landi.

[13:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það gefst ekki tími til þess hér og nú að ræða almennt um launa- og kjaramál. Það hefur komið fram í þessum umræðum að ný lög voru sett en nýr kjaradómur á grundvelli nýrra laga hefur ekki verið uppkveðinn.

Ég ætla að eyða þessum fáeinu mínútum sem ég hef hér til þess að skýra einn hlut og það er munurinn sem kemur fram í kjaradómsúrskurðunum, þeim þremur síðustu. Árið 1991 segir berum orðum í kjaradómsúrskurði frá 27. maí eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Mánaðarlaun eru þannig ákveðin að ekki skal vera um frekari greiðslu fyrir venjubundin störf að ræða þó að vinnutími sé að jafnaði lengri en 40 stundir á viku. Innheimtu- og uppboðslaun falla niður þar sem um þau hefur verið að ræða." Síðan segir: „Komi til greiðslna fyrir yfirvinnu skal tímakaup vera rúmlega 1% af mánaðarlaunum þess sem í hlut á."

Sams konar klásúla var ávallt í slíkum kjaradómsúrskurðum. En 26. júní 1992 hverfur þetta út og þar er alveg blákalt sagt að nú sé ekki ætlast til þess að um yfirvinnugreiðslur sé að ræða. Eftir að bráðabirgðalögin voru sett í júlí 1992 eða í lok júnímánaðar, ég man ekki hvort heldur var, þá er kveðinn upp nýr dómur 12. júlí. Ég er með hann hérna og þá bregður svo við í þeim dómi að nú er sem sagt aftur komin inn þessi klausa: „Komi til greiðslna fyrir yfirvinnu skal tímakaup vera 1% af mánaðarlaunum þess sem í hlut á." En það er búið að fella niður klausuna sem ég las og hafði verið 1991 þannig að forsendurnar hafa breyst. Það er Hæstiréttur sem les inn í þennan texta og þeir eru sérfræðingar í að lesa inn í dómsúrskurði þeir sem starfa við Hæstarétt, eins og allir vita. Eftir að ég hef upplýst þetta og skýrt þetta jafnrækilega og ég hef gert hér, þá hljóta menn að sjá á hverju þetta byggist.

Um aðra þætti málsins ætla ég ekki að ræða hér. Það getur beðið betri tíma. En eitt vil ég segja að lokum og það hef ég sagt áður, að um leið og farið verður að starfa eftir nýju lögunum ætti öllum slíkum misskilningi verða eytt. Og ég vil að allra síðustu, virðulegi forseti, segja það líka að mér finnst tími til kominn að 61. gr. stjórnarskrárinnar sé skýrð öðruvísi en hún hefur verið skýrð hingað til varðandi laun til eftirlaunamanna úr hópi hæstaréttardómara.

Samstarfssamningur Norðurlanda, síðari umr.

Stjtill., 16. mál. — Þskj. 16, nál. 37.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHall, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SvÁ, TIO, VS.

31 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FI, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KE, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

[14:01]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 37 um till. til þál. um staðfestingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Utanrmn. kom saman til fundar í morgun og tók afstöðu til málsins og hún leggur til að tillagan verði samþykkt.

Í umræðum um málið í nefndinni kom fram að túlkun greinargerðar tillögunnar á 1. og 33. gr. samstarfssamningsins væri of þröng því að evrópskt samstarf næði til fleiri þátta en Evrópska efnahagssvæðisins og Evrópubandalagsins.

Steingrímur Hermannsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en að öðru leyti undirrita allir nefndarmenn í utanrmn. álit nefndarinnar.

[14:03]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHall, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SAÞ, StG, SvÁ, TIO, VS.

31 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FI, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHall, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SvÁ, TIO, VS.

30 þm. (ÁJ, DO, EgJ, FI, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 39).

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Frv. MF og KHG, 4. mál (útrýming heilsuspillandi húsnæðis). — Þskj. 4.

[14:04]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. var hér í morgun á meðan við biðum eftir að þetta mál kæmi á dagskrá. Ég vildi að það yrði kannað hvort hún væri í húsinu því að hún ætlaði að koma hér aftur. (**Forseti:** Samkvæmt töflu forseta mun hæstv. félmrh. ekki vera kominn í húsið). Þá verð ég að óska eftir því að næsta mál sem ég er reyndar með líka verði þá tekið fram fyrir því að mér þykir það mjög slæmt ef hæstv. ráðherra er ekki á staðnum þar sem ég veit að hún ætlaði að svara spurningum sem ég er með.

Umræðu frestað.

Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, fyrri umr.

Þáltill. MF, 5. mál. — Þskj. 5.

[14:05]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um aukna þjónustu Ríkisútvarpsins á Suðurlandi. Tillagan hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að Ríkisútvarpið ráði fréttamann í fast starf til að annast fréttaöflun og úrvinnslu á fréttatengdu útvarpsefni frá Suðurlandi. Jafnframt verði komið á fót hljóðstofum á Selfossi og í Vestmannaeyjum og húsnæði tekið á leigu eða keypt til starfseminnar. Þar verði starfrækt reglubundið svæðisútvarp á vegum Ríkisútvarpsins."

Í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Hér er endurflutt tillaga samhljóða þeirri sem flutningsmaður lagði fram á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu.

Í greinargerð með þeirri tillögu kom m.a. fram að Sunnlendingar eru þeirrar skoðunar að þeir séu afskiptir í umfjöllun Ríkisútvarpsins um málefni líðandi stundar. Með stofnun svæðisútvarps á Norðurlandi, Austurlandi og Vestfjörðum og við það að ráða fréttamenn í fastar stöður utan höfuðborgarsvæðisins var gert stórátak í því að auka fréttaflutning frá landsbyggðinni. Starfsemi þessara svæðisútvarpsstöðva hefur fyrir löngu sannað ágæti sitt. Fréttir, fréttatengdir þættir og annað útvarpsefni hefur verið flutt frá þessum stöðum. Enginn vafi er á því að svæðisútvarp hefur sinnt hlutverki sínu afar vel.

Á Suðurlandi, að Vestmannaeyjum meðtöldum, eru samtals um 6000 heimili sem eiga rétt á sömu eða svipaðri þjónustu af hálfu Ríkisútvarpsins og Norðlendingar, Vestfirðingar og Austfirðingar njóta nú. Á Suðurlandi er fjölbreytt og kröftugt mannlíf sem borið er uppi af undirstöðuatvinnuvegum íslensks samfélags. Þar ber daglega eitthvað til tíðinda sem vert er að gefinn sé gaumur af hálfu fjölmiðla. Sunnlendingum er þess vegna mikið í mun að rödd þeirra fái að hljóma til jafns við aðra á öldum ljósvakans.

Vissulega höfum við haft ötula fréttaritara Ríkisútvarps á Suðurlandi sem sinnt hafa starfi sínu af alúð og samviskusemi en þar er aðeins um hlutastarf að ræða því ekki hefur fengist heimild til að fastráða fréttamann í fullt starf. Það segir sig því sjálft að þrátt fyrir dugnað fréttaritara hafa þeir aldrei mögleika til að rækja starf sitt sem skyldi.

Hlustunarskilyrði Ríkisútvarpsins á Suðurlandi eru á flestum svæðum vel við unandi. Þó er sums staðar verulegra úrbóta þörf, t.d. í Ölfusi, Hverageröi og neðanverðum Flóanum.

Það er eins og áður segir ánægjuleg þróun að þjónusta Ríkisútvarpsins við landsbyggðina skuli hafa verið stóraukin á síðustu árum. Þar má þó ekki vera um mismunun að ræða. Uppbygging á einum stað má ekki verða til þess að þjónusta við annan stað verði í lágmarki. Ríkisútvarpð þarf að koma víðar upp sambærilegri aðstöðu við þá sem nú er fyrir hendi í þeim þremur landshlutum sem áður hafa verið nefndir. Má þar benda á Selfoss eða annan heppilegan stað á Suðurlandi. Einnig er sjálfsagt að hafa í huga sérstöðu Vestmannaeyja.

Ríkisútvarpið er útvarp allra landsmanna. Þangað greiða menn þjónustugjöld án tillits til búsetu á landinu og þess vegna er eðlileg krafa að greiðendur allir njóti sambærilegrar þjónustu þessarar stofnunar.

Að lokum skal þess getið að Samtök sunnlenskra sveitarfélaga hafa ítrekað skorað á menntmrh. að hann hlutist til um að hafinn verði undirbúningur að rekstri svæðisútvarps á Suðurlandi í tengslum við Ríkisútvarpið."

Virðulegi forseti. Ég hef talað hér fyrir þessu máli að ég held þrisvar eða fjórum sinnum áður og ég legg til að tillagan fari að lokinni þessari umræðu til hv. menntmn. í trausti þess að hv. menntamálanefndarmenn sem nú hafa fjallað um tillöguna á tveimur þingum, því 115. og 116, hafi nú kynnt sér tillöguna það vel að þeir treysti sér til þess að afgreiða hana í vetur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. MF og KHG, 4. mál (útrýming heilsuspillandi húsnæðis). — Þskj. 4.

[14:13]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir)(frh.):

Virðulegi forseti. Mér þykir það auðvitað slæmt að hæstv. félmrh. skuli ekki vera komin hér í salinn en vonandi er hún væntanleg.

Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem flutt er á þskj. 4 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993. Frv. þetta er aðeins tvær greinar. Í 1. gr. er lagt til að við fyrri mgr. 11. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins bætist nýr töluliður er orðist svo:

4. Lán til endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. 2. gr. er gildistökuákvæði, að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins er tilgreint hverjir geti notið láns úr Byggingarsjóði ríkisins. Með frv. þessu er lagt til að við greinina bætist nýr töluliður er feli í sér heimild handa sjóðnum til að veita jafnframt lán til endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði.

Í eldri lagaákvæðum um Húsnæðisstofnun ríkisins var gert ráð fyrir að Byggingarsjóður ríkisins gæti veitt lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Það ákvæði var fellt brott með lögum nr. 70/1990. Rökin fyrir því að fella heimildina brott voru þau að lánsumsóknir vegna þessa væru afar fáar og álit manna að þær féllu innan ramma laganna annars staðar eftir breytingar.

Ákvörðun þessi sætti á sínum tíma töluverðri gagnrýni og efasemda gætti meðal hv. þm. um að þetta væri

rétt. Það hefur síðan komið í ljós að ekki hefur reynst unnt að afgreiða allar umsóknir sem borist hafa vegna endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Ástæða þess er sú að lagaheimildir vantar. Vegna þessa liggja óafgreiddar lánsumsóknir hjá Húsnæðisstofnun ríkisins eða þeim hefur verið hafnað. Þetta eru lánsumsóknir sem ekki er með nokkru móti hægt að fella undir lögin um félagslegt húsnæði og þar sem ekki er um nægjanlegar tekjur að ræða til þess að viðkomandi umsækjandi eigi lánsrétt í húsbréfakerfinu. Hér er t.d. átt við nokkra ábúendur lögbýla sem ekki falla innan ramma núverandi lánakerfis. Þeir sem geta sótt um lán til félagslegra íbúða eru sveitarfélög eða félagasamtök. Þar hafa framkvæmdaaðilar kaupskyldu og síðan forkaupsrétt þegar til endursölu íbúða kemur. Ekki er mögulegt samkvæmt núgildandi reglum að veita félagslegt íbúðalán vegna lögbýla vegna þess að þar fylgir jörðin með. Reglur um innlausnir og endursölu koma í veg fyrir að hægt sé að byggja félagslega íbúð á eignarjörð eða bújörðum. Því situr efnalítið fólk sem býr á lögbýlum eða bújörðum ekki við sama borð og þeir sem búa í sveitarfélögum, kaupstöðum eða hér í borginni og eiga rétt á lánum í félagslega húsnæðiskerfinu. Ég þekki dæmi þess að ungt fólk sem býr í lélegu húsnæði á lögbýli getur ekki byggt nýtt húsnæði eða endurbætt núverandi íbúðarhúsnæði vegna þess að það á engan lánsrétt.

Árið 1985 festu ung hjón í Skaftárhreppi kaup á jörð ásamt mannvirkjum sem tilheyra jörðinni. Þar með er talið lítið íbúðarhús sem byggt var árið 1933 og var því eðlilega orðið frekar lélegt. Í óveðrinu í febrúar 1991 skemmdist íbúðarhúsið mjög illa svo ekki hefur verið búið í því síðan nema yfir sumarmánuði. Heilbrigðisnefnd Skaftárhrepps hefur skoðað og metið húsnæðið og skilað greinargerð. Í niðurstöðu þeirrar greinargerðar kemur fram að húsið er við núverandi aðstæður með öllu óíbúðarhæft og að viðgerð borgar sig ekki. Ungu hjónin sem eiga þrjú börn eru illa stödd. Þau hafa sótt um lán til Húsnæðisstofnunar. En þar sem þau búa á lögbýli hefur ekki verið hægt að afgreiða umsókn þeirra jákvætt. Skaftárhreppur hefur einnig sótt um lán til að byggja félagslega kaupleiguíbúð á jörðinni sem ekki er heldur hægt að verða við af þeim ástæðum sem ég nefndi áðan. Jörðin fylgir húsinu og getur ekki fallið undir lög um úthlutun í félagslega kerfinu. Sveitarstjórnin sendi greinargerð með umsókn sinni til Húsnæðisstofnunar árið 1992. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna þekktra aðstæðna í héraðbundnum greinum landbúnaðar hafa tekjur fjölskyldunnar af búrekstrinum verið lágar hingað til en með því að stunda tilfallandi atvinnu samhliða hefur þeim tekist að standa við allar sínar skuldbindingar. Jörðin býður hins vegar upp á marga vannýtta möguleika til fjölbreyttari búskapar sem aukið geta tekjur þeirra í framtíðinni. Í því sambandi má nefna skógrækt, leigu eða sölu sumarbústaðalóða og lax- og silungsveiði. Takmarkaðar tekjur af búinu hingað til gera það hins vegar að verkum að möguleikar þeirra til lána úr almenna húsnæðislánakerfi ríkisins eru ófullnægjandi. Fram til ársins 1990 gafst sveitarfélögum í landinu kostur á hagstæðum lánum til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Fjölmörg dæmi eru um að slík lán hjálpuðu fólki í svipaðri aðstöð og að framan er lýst. Með lögum nr. 70/1990 var þessi lánaflokkur hins vegar felldur niður og svo virðist sem ekkert hafi komið í staðinn fyrir þá aðila sem búa utan þéttbýlisstaða og þarfnast sérstakrar fyrirgreiðslu. Íbúðarhúsnæði á nokkrum bújörðum í Skaftárhreppi er enn með þeim hætti að miðað við nútímaþarfir verða þar naumast eðlileg kynslóðaskipti nema þeim sem við taki gefist kostur á lánafyrirgreiðslu líkt og öðrum með sambærilegum tekjumöguleikum. Hver sveitarstjórn hlýtur að telja hagsmunum síns sveitarfélags best borgið með því að ungt fólk vilji búa þar. Skiptir þá ekki máli hvort fólk kýs að búa í þéttbýli eða á bújörð sem veitt getur viðunandi afkomu. Sveitarstjórn Skaftárhrepps skorar því á Húsnæðisstofnun ríkisins að taka tillit til erfiðra aðstæðna fjölskyldunnar sem að framan er getið og veita Skaftárhreppi lán til byggingar félagslegrar kaupleiguíbúðar á jörðinni og með því að gera þeim kleift að búa þar áfram. Jafnframt er óskað eftir því að málið fái skjóta afgreiðslu vegna eðlis síns."

Þetta erindi sveitarstjórnar Skaftárhrepps var afgreitt neikvætt vegna þess að hvergi er heimild í lögum til að veita slík lán vegna lögbýla. Sveitarfélögum ber að sjá til þess að íbúar þess séu ekki á götunni og því hefur Skaftárhreppur leitað allra leiða til að leysa húsnæðisvanda þessa fólks sem hér um ræðir. Ekki þýddi að leita eftir húsbréfum, efnahagur fólksins leyfði það ekki. Félagslega húsnæðiskerfið, hugsað til að mæta húsnæðisþörf þeirra efnaminni í þjóðfélaginu, hentaði þeim ekki. Það þekkja allir þann samdrátt sem orðið hefur í landbúnaði og kjör bænda hafa skerst verulega á nokkrum undanförnum árum. Sérstaklega bitnar þessi niðurskurður illa á ungu fólki innan bændastéttarinnar sem hefur nýhafið búskap. Margir bændur tilheyra nú þeim tekjulága hópi fólks sem félagslega húsnæðiskerfið er hugsað fyrir. En samt eiga þessir bændur ekki rétt til lána samkvæmt því. Hér áður mátti leysa vanda þessa fólks í gegnum almenna húsnæðiskerfið með hagstæðum lánum sem fengust til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. En eins og fram hefur komið voru heimildir til slíkra lána felldar út úr lögunum um Húsnæðisstofnun ríkisins og það hefur verið þrautreynt af hálfu sveitarstjórnar Skaftárhrepps að nýta félagslega kerfið til að aðstoða það fólk sem hér hefur verið nefnt.

Í júní sl. ítrekaði sveitarstjórnin beiðni sína og sendi eftirfarandi bréf til stjórnar Húsnæðisstofnunar, með leyfi forseta:

„Húsnæðisnefnd Skaftárhrepps í Vestur-Skaftafellssýslu þakkar fyrir lánveitingu húsnæðismálastjórnar til byggingar eða kaupa á einni félagslegri kaupleiguíbúð í Skaftárhreppi. Hér með óskar nefndin eftir því að húsnæðismálastjórn heimili að umrædd íbúð verði byggð á útmældri leigu- eða eignarlóð á jörðinni Hemru í Skaftártungu í um 30 km fjarlægð frá Kirkjubæjarklaustri. Húsnæðisnefnd setur þau skilyrði fyrir staðsetningu íbúðarinnar á þessum stað að húsið verði

byggt úr léttu byggingarefni, timbri, og hannað með tilliti til þess að unnt verði síðar meir að flytja það á brott ef aðstæður kynnu að krefjast þess. Þessi ósk húsnæðisnefndar er fram borin vegna sérstakra aðstæðna þessarar fjölskyldu sem þarna býr og húsnæðisstjórn mun fullkunnugt um og fram koma í greinargerð með lánsumsókn Skaftárhrepps dags. 8. maí 1992.

Það er von húsnæðisnefndar að erindi þetta fái skjóta afgreiðslu innan Húsnæðisstofnunar svo undirbúningur framkvæmda geti hafist hið allra fyrsta."

Þessu erindi var einnig neitað eins og hinu fyrra og húsnæðismálastjórn svarar bréfinu 2. sept. 1993 með eftirfarandi bréfi, með leyfi forseta:

„Á fundi húsnæðismálastjórnar hinn 26. ágúst 1993 var tekið fyrir erindi yðar í bréfi dags. 29. júní 1993 um byggingu félagslegrar kaupleiguíbúðar á jörðinni Hemru í Skaftártungu. Einnig var lögð fram vegna þessa máls umsókn frá lögfræðideild stofnunarinnar. Á grundvelli þessarar umsagnar synjaði húsnæðismálastjórn erindi yðar. Þetta tilkynnist yður hér með."

Sú umsögn sem vitnað er í var send með bréfinu og þar segir, með leyfi forseta:

„Í bréfi oddvita Skaftárhrepps dags. 29. júní 1993 er þess farið á leit að húsnæðismálastjórn heimili að félagsleg kaupleiguíbúð verði byggð á jörðinni Hemru í Skaftártungu. Húsnæðisnefnd Skaftárhrepps hafði áður hlotið lánveitingu húsnæðismálastjórnar til einnar félagslegrar kaupleiguíbúðar í Skaftárhreppi. Húsnæðisnefnd setur þau skilyrði að húsið verði byggt úr léttu byggingarefni og að það verði flytjanlegt á brott ef aðstæður krefjast þess. Undirritaðir eru þeirrar skoðunar að það sé ekki í samræmi við anda laga um félagslegt húsnæði að byggja félagslegt húsnæði fyrir fyrirframákveðna fjölskyldu á jörð þeirrar fjölskyldu. Beiðnin er sérstök fyrir þá sök að skilyrði nefndarinnar hljóða á flytjanlegt hús. Að mati undirritaðra fellur þessi beiðni ekki að þeim grundvallarhugmyndum laganna að félaglegt húsnæði sé byggt með almenna þröf í sveitarfélaginu fyrir augum. Á stað þar sem það er vel staðsett til að þjóna því höfuðmarkmiði að hinn almenni borgari sem fellur undir heimildir laganna geti sótt um. Í 23. gr. reglugerðar nr. 46 1991 um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna er skýrt kveðið á um skyldu húsnæðisnefndar til að auglýsa eftir umsóknum um félagslegt húsnæði þegar húsnæðismálastjórn hefur samþykkt lánveitingu og framkvæmdir eru hafnar. Með vísan til framanritaðs leggja undirritaðir til að beiðninni verði hafnað." Þetta er gert 20. júlí 1993 og undir þetta rita tveir lögfræðingar Húsnæðisstofnunar.

Af þessu má augljóst vera að þau lög sem varða félagslega húsnæðiskerfið — að fyrir þeim eru ekki allir jafnréttháir. Og efnalitlir bændur sem búa á lögbýlum hafa ekki sama rétt og þeir sem búa í sveitarfélögum, í kauptúnum eða hér í borginni. Þetta verður að laga. Eftir þeim upplýsingum sem hæstv. félmrh. gaf mér hér fyrir tæpu hálfu ári síðan var skipuð nefnd á vegum félmrh. sumarið 1992 til að skoða þessi mál sérstaklega. Þó ég hafi tiltekið hér ákveðnar umsóknir sem hafa borist Húsnæðisstofnun þá er vandinn stærri og það er um fleiri umsóknir að ræða sem ekki hefur verið hægt að afgreiða eða nú þegar hefur verið hafnað vegna þess að það er ekki heimild í lögum til að veita viðkomandi lán. Það var ekki ætlun við samþykkt þeirra breytinga sem gerðar voru á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins 1990 að mismuna fólki með þessum hætti og afar mikilvægt er að lánsrétturinn sé sá sami eða sambærilegur hvort sem búið er í dreifbýli eða þéttbýli. Vissulega má athuga hvort ekki sé hægt að breyta lögum um úthlutun lána í félagslega húsnæðiskerfinu til að bæta úr þessu. Eins og ég sagði hefur mér skilist að hæstv. félmrh. hafi skipað nefnd sem er að athuga þann möguleika. Við flm. þessa frv. leggjum hins vegar til að aftur verði tekin inn í lög um Húsnæðisstofnun ríkisins heimild til lána vegna endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Mér er kunnugt um að umsóknir vegna þess hafa borist frá ábúendum lögbýla og þær er ekki hægt að afgreiða þrátt fyrir augljósa þörf. Því vona ég að hv. þm. og hæstv. ráðherra verði jákvæðir gagnvart þessu frv. og að það hljóti skjóta afgreiðslu. Kostnaður sem samþykkt þess hefði í för með sér yrði óverulegur því hér er aðeins um fáar umsóknir að ræða og eftir því sem mér er sagt hafa þær verið á bilinu 2–5 á ári og því hægt að afgreiða þær innan þess fjárlagaramma sem Húsnæðisstofnun hefur.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til hv. félmn.

[14:26]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu breyting á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þess efnis að tekin verði á ný upp lánaflokkur, þ.e. lán til endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Ég get tekið undir með frsm. að að hluta til er það vandamál að þessi lánaflokkur er ekki lengur fyrir hendi. Vandamálið er þegar um er að ræða lögbýli þar sem jarðir fylgja með. Miðað við núgildandi lög er óframkvæmanlegt að veita félagsleg íbúðarlán vegna lögbýla m.a. vegna ákvæða um endursölu og kaupskyldu sveitarfélaga. Hins vegar þegar þessi lánaflokkur var felldur niður þá var hugmyndin sú að hann félli undir félagslega íbúðakerfið og að sveitarstjórnir og Húsnæðisstofnun hefðu lánveitingar vegna heilsuspillandi húsnæðis í forgangi þegar úthlutað væri félagslegum íbúðum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá Húsnæðisstofnun þá er þetta ekki almennt vandamál gagnvart heilsuspillandi húsnæði. Húsnæðisstofnun veitir slíkum umsóknum forgang og sveitarfélög tilgreina almennt ef um er að ræða sérstakar úthlutanir vegna heilsuspillandi húsnæðis. En aftur á móti er þetta vandamál þegar um er að ræða lögbýli. Undir þetta er m.a. tekið í ítarlegri skýrslu sem var gefin út í maí sem er afrakstur nefndar sem vann að því að leggja mat á reynsluna af lögum um félagslegar íbúðir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Um lán til að útrýma heilsuspillandi húsnæði.

Eftirfarandi kemur fram: Áður voru veitt sérstök lán úr Byggingarsjóði ríkisins til að útrýma heilsuspillandi húsnæði. Lán þessi voru felld brott úr lögum með lögum um félagslegar íbúðir nr. 70/1990, en samkvæmt

þeim skulu félagslegar íbúðir leysa heilsuspillandi íbúðir af hólmi. Þegar sú staða kemur upp að sótt er um lán til félagslegra íbúða á lögbýli til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði á jörðinni stendur það mál fast þar sem óheimilt er að lána félagsleg lán til lögbýla. Vandi vegna heilsuspillandi húsnæðis í sveitum er því óleystur."

Síðar kemur fram að það sé óframkvæmanlegt að veita félagsleg íbúðalán vegna lögbýla þar sem jörðin fylgi með, þ.e. slík lánveiting gengur ekki upp við endursölu íbúðarinnar. Þetta hefur augljóslega það í för með sér að fólk í sveitum situr ekki við sama borð og þéttbýlisfólkið en það er aftur í andstöðu við markmiðsgrein í kafla laganna um félagslegar íbúðir. Hér er því hnútur sem þarf að leysa. Inn í þetta mál fléttast heilsuspillandi húsnæði.

Síðan er það tillaga nefndarinnar sem þetta mál vann: „Að stofnaður verði nýr lánaflokkur Byggingarsjóðs verkamanna, lán vegna lögbýla. Í lánaflokknum felist að hlutaðeigandi sveitarfélag verði veitt sérstakt lán til lögbýla með ábyrgð sveitarfélags en án kaupskyldu þess. Sveitarfélagið endurláni síðan viðkomandi umsækjanda vegna lögbýlisins," en hér þarf lagabreytingu. Það er því alveg augljóst að undir þetta er tekið sem fram kemur hjá hv. frsm. að hér er um vandamál að ræða varðandi lögbýli sem leysa þarf.

Frv. eins og það er lagt upp hér er miklu víðtækara og tekur til þess almennt að stofna á ný þennan lánaflokk varðandi útrýmingu á heilsuspillandi húsnæði sem ég tel að hafi verið leyst með öðrum hætti.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef er ekki um mört tilvik að ræða þar sem vandamálið er varðandi lögbýli. Það er talið að það séu innan við fimm umsóknir sem liggi fyrir hjá Húsnæðisstofnun varðandi þetta mál. Ég vil taka undir það að þetta er mál sem þarf að leysa fljótt og vel. Ég hef látið skoða það með hvaða hætti það verður gert.

Nú er unnið að því í félmrn. að undirbúa tillögur sem fram koma í þeirri skýrslu sem unnin var á vegum nefndarinnar sem eru margháttaðar. Ég geri mér þó ekki vonir um að það frv. liggi fyrir fyrr en öðru hvoru megin við áramótin. Því hef ég hug á því að frv. sem kemur hér á næstu dögum inn í þing sem lýtur að því að breyta lögum varðandi skyldusparnað ungmenna, þ.e. koma þar á meiri sveigjanleika í útgreiðslu á skyldusparnaði vegna atvinnuleysis ungmenna, að því mætti fylgja breyting á ákvæðinu er lítur að þessu tiltekna vandamáli. Þannig að undir það sjónarmið er tekið, sem fram kemur hjá frsm., varðandi þetta tiltekna atriði og mun ég leggja áherslu á að það fái fljótan framgang hér á þinginu.

[14:32]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hennar og fagna því ef fram kemur frv. um breytingar á lögum um félagslega húsnæðiskerfið þar sem félagslega húsnæðiskerfið nær til allra. En ég á erfitt með að skilja það hvaða forsendur liggja að baki því að sveitarfélagi er óheimilt að reisa félagslegt húsnæði og selja fyrir utan þéttbýliskjarna. Það virðist vera í þessu lögfræðiáliti sem kemur fram vegna bréfs sem Húsnæðisstofnun fékk að það væri í raun óheimilt heldur verði þetta að vera reist nálægt einhverjum sérstökum þjónustukjarna og þá í þéttbýli. Ef svo er finnst mér sveitarstjórnunum vera gert afar erfitt fyrir, sérstaklega þeim sem eru þannig að það býr kannski meiri hluti íbúa sveitarfélagsins í dreifbýli í kringum lítinn stað eins og er í Skaftárhreppi, og ég hefði haldið það að eftir að hafa auglýst eftir umsóknum um félagslegt húsnæði þá væri sveitarstjórninni í raun í sjálfsvald sett hvar á sínu landi, svo fremi sem hún keypti ákveðinn landskika, hún reisti íbúðarhúsnæði. En svo virðist ekki vera.

En ég vil aðeins að lokum bæta því við til þess að ítreka þá skoðun sem hv. þm. höfðu þegar frv. var samþykkt 1990 og túlkun ráðherrans var á sömu lund og hv. þm., að 20. des. 1990 við umfjöllun um Húsnæðisstofnun ríkisins segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Að því er varðar heilsuspillandi húsnæði fór fram efnisleg umræða um það þegar frv. var til umfjöllunar á síðasta þingi. Þá gerði frv. ráð fyrir því að sá lánaflokkur sem fjallar um heilsuspillandi húsnæði, sem þá var í Byggingarsjóði ríkisins, yrði lagður niður. Þar var líka vakin athygli á því að umsóknir um slík lán hefðu verið afar fáar og Byggingarsjóður verkamanna þjónaði því fyllilega að því er varðar útrýmingu á heilsuspillandi húsnæði. Einmitt af því að í þeim breytingum sem voru gerðar sl. vor þá væri verið að rýmka verulega ákvæði varðandi félagslegu íbúðirnar sem auðvelduðu þá sveitarfélögunum að kaupa leiguíbúðir í stað heilsuspillandi húsnæðis. Það voru ýmis ákvæði í því frv. sem að lögum varð sem rýmkuðu mjög og auðvelduðu sveitarstjórnum að koma upp leiguíbúðum í stað heilsuspillandi húsnæðis. Þess vegna var ekki talin ástæða til þess að hafa þennan lánaflokk frekar hjá Byggingarsjóði ríkisins."

Þessi rýmkun sem sveitarfélögin fengu virðist þó vera þessum annmarka háð að þau eru í raun skuldbundin til þess að reisa húsnæði á ákveðnum stöðum í sínum sveitarfélögum og það væri mjög gott ef það yrði þá tekið fullt tillit til þess í því frv. sem hæstv. ráðherra hyggst leggja fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Ríkisreikningur 1991, 36. mál, stjfrv., þskj. 38.

Frumkvöðlar í atvinnulífinu, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 19. mál. — Þskj. 19.

[14:35]

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 19 mæli ég fyrir þáltill. um stuðning við frumkvöðla í atvinnulífinu. Tillagan er flutt að nýju, áður flutt á síðasta löggjafarþingi, hinu

116., en athugun þess og umfjöllun í allshn. varð ekki lokið. Því er tillagan flutt að nýju í sama formi með sömu greinargerð.

Ég sé ekki ástæðu til að flytja að nýju sömu ræðu og ég hafði hið fyrra sinnið en vek þó athygli á því að meginorsök þessa tillöguflutnings, samdráttur í atvinnulífi, er ennþá mikill og varanlegur. Rýrnun tekjustofna opinberra aðila er enn varanleg og þeirra afl til að standa fyrir framkvæmdum sem gætu orðið eftirspurn eftir atvinnu hefur ekki vaxið.

Sú hugmyndafræði sem höfð hefur verið að leiðarljósi til að auka atvinnu, þ.e. hugmyndafræði stórframkvæmda eða stóriðju eða stóriðnaðar, hefur ekki gefið þann afrakstur sem við höfðum vænst. Niðurstaðan er sú eftir allmörg ár mikils fjárausturs í tilraunir án mikilla rannsókna og undirbúningsathugana til að fá fram nýjar atvinnugreinar, að þau hafa skilið eftir sig langan skuldahala en ekki ný störf. Störfum hefur á hinn bóginn frekar fækkað heldur en hitt.

Á sama tímabili hefur sú breyting orðið á með grannþjóðum okkar að hlutdeild smárra fyrirtækja hefur farið vaxandi í umsvifum á vinnumarkaði, í aukningu hagvaxtar, í aukningu útflutningstekna og í bótum lífskjara. Hér hefur þessu kannski ekki verið veitt nægileg athygli en greinargerðin ber með sér að nokkrir menn hérlendir hafa gert það og vilja færa hingað heim hugmyndafræði sem að baki liggur og fá til þess tilstyrk hins opinbera í formi breyttra áherslna í menntun og veitingu nokkurra fjármuna. Breyttir atvinnuhættir að þessu leyti snúa að flestum greinum atvinnulífsins en einkum þó með þeim hætti að vekja athygli uppvaxandi kynslóða á því að þeim verður vart mikil atvinna boðin nema þær sjálfar taki til hendinni. Fram að þessu hefur að vísu nokkuð gætt þess að í menntun hafi fólki verið boðið upp á þá hugsun að að henni lokinni biði störf. Staðreyndin er sú, virðulegi forseti, sem margir fleiri en ég hafa vakið athygli á núna á síðustu árum, að þáttur langskólagenginna Íslendinga í frjálsri atvinnustarfsemi utan opinberra starfa hjá ríki eða sveitarfélögum, utan hálfopinberra starfa í þjónustu hagsmunasamtaka eða heilla atvinnugreina, er tiltölulega lítill.

Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, að minnast þess að það er ekki mjög langt um liðið síðan við stærsta atvinnuveg þjóðarinnar störfuðu tveir viðskiptafræðingar og annar þeirra var blaðafulltrúi. Það er ekki heil kynslóð gengin síðan þetta var svo. Að vísu hefur þetta breyst mikið. Sjávarútvegurinn notar nú starfskrafta og þekkingu margra vel menntaðra Íslendinga en enn er það svo að í skólanámi, jafnvel uppi í háskóla, er fólk menntað án þess að vakin sé athygli þess á möguleikum til eigin athafna. Framhaldsskólar starfa víða um landið og það er skoðun mín, virðulegi forseti, að þeir gætu tekið þátt í þessari mótun, þessari miðlun þekkingar og leyft því fólki, sem ætlar sér ekki að fara lengra í námi, hyggst ljúka sinni menntun í framhaldsskóla og fara síðan til þátttöku í atvinnulífinu — ég tel mikilvægt að þeim verði boðinn sá kostur að reyna þar hugmyndir sínar — að kynnast þar auðlindum mögulegum til nýtingar í atvinnustarfi og að kynnast þeirri staðreynd að atvinnulífið þarfnast þátttöku þess, ekki sem launþega eingöngu heldur líka sem drifkrafts.

Á síðasta þingi gafst allshn. ráðrúm til þess að fá umsagnir nokkurra aðila um tillöguna. Þær eru nær allar á einn veg, jákvæðar, taka undir tillöguflutninginn og telja að hér sé mál sem við þurfum að taka höndum saman um og að við getum bætt um betur. Aðeins einn skóli lýsir annarri skoðun og hann er raunar skóli ólíkur öllum hinum og það má vel vera rökrétt að hugmyndirnar sem þarna er fitjað upp á eigi ekki við í starfsemi þess skóla.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri um tillöguna að þessu sinni þar sem ég hef áður talað fyrir henni og tel ekki ástæðu til að endurtaka það mál en legg til að henni verði vísað til 2. umr. og til nánari athugunar í allshn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jarðhitaréttindi, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[14:42]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um jarðhitaréttindi. Mál þetta er flutt af þingmönnum Alþb. og er ég þar 1. flm. Þetta er gamall kunningi hér úr þingsögunni, búið að flytja á mörgum þingum þetta mál og það kemur hér fram með sama hætti og á síðasta þingi en þá fór það til iðnn. en var ekki afgreitt frá nefndinni.

Hér er um afar stórt mál að ræða, stefnumarkandi málefni, sem hefur verið mjög brýnt mál frá því að því var fyrst hreyft á þingi 1982–1983 en þá kom þetta mál fram sem stjfrv. Síðan hef ég reynt að minna á það með endurflutningi á mörgum þingum og leitað samstarfs við ráðuneyti iðnaðarmála um að þoka málinu fram. Það hefur hins vegar ekki gefið þá raun enn sem komið er að málið fengi þinglega afgreiðslu og yrði lögfest. En nú er það brýnna en nokkru sinni fyrr að á þessu máli verði tekið, ekki síst vegna alþjóðlegra skuldbindinga sem Alþingi hefur sett þjóðina undir með samþykkt samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Segja má að þær auðlindir landsins sem búa í orkulindum þess, vatnsafli og jarðhita, séu á uppboðsmarkaði fyrir hvern sem er innan hins Evrópska efnahagssvæðis þegar um er að ræða lendur í einkaeigu eða með óvissa eignaraðild og verði hér ekki breyting á og sett skýr lög um sameign þjóðarinnar á þessum auðlindum þá mun þetta verða með því fyrsta sem leitað verður eftir að komast yfir af þeim sem réttindi fá til þess að bjóða í jarðeignir og land til jafns við Íslendinga verði samningur um EES staðfestur endanlega og verði ekki girt fyrir þetta með skýrri löggjöf af hálfu Íslendinga.

Ég vil nefna það hér að iðnrh. sem sátu í Stjórnarráðinu eftir að ég fór þaðan hafa flestir í orði tekið undir nauðsynina á þessari lagasetningu, lagasetningu

í þá átt sem hér er gerð tillaga um. Ég minnist orða Sverris Hermannssonar í þessu efni, Alberts Guðmundssonar um sama efni og reyndar komu molar af hans borði inn í iðnn. eitt sinn þegar nefndin var að fjalla um þetta frv. og gekk eftir því við ráðuneytið hvort þar væri eitthvað á leiðinni og ég held að ég geti haldið upptalningunni áfram. Viðbrögð jákvæð í orði en í raun ekkert á borði. Og það var síðast í lok síðasta þings sem einn af þeim þingmönnum Alþfl. sem nú hefur verið færður yfir í hinn pólitíska grafreit eða kosið sér legstað þar, seðlabankastjórinn Jón Sigurðsson, svaraði hér fyrirspurnum mínum um þetta efni og hvað væri að gerast á stjórnarheimilinu varðandi þessi mál. En þá, haustið 1992, lá fyrir á málaskrá þáv. ríkisstjórnar, hinnar sömu og nú situr, hið sama og lesa má í málaskránni sem fylgdi stefnuræðu hæstv. forsrh. á dögunum, að væntanlegt væri frá iðnrn. frv. til laga um auðlindir í jörðu og frv. til laga um virkjunarrétt fallvatna og frv. til orkulaga en öll þessi frumvörp snerta það mál sem hér er mælt fyrir og það mál sem næst er á dagskrá þessa fundar, frv. til laga um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum. Og hæstv. iðnrh. sagði hinn 5. maí 1993 nokkuð um þetta efni. Ég vísa til þingtíðinda frá þeim degi þar sem rætt var um Evrópskt efnahagssvæði, breytinguna á lögum um Evrópskt efnahagssvæði í Alþt. 1992–93, 116. lþ. B.: Umr. 9903 og síðunum þar á eftir þar sem orðaskipti fóru fram um þetta mál. Og til að taka aðeins, með leyfi forseta, örstutt úr orðum ráðherrans, þá segir hann:

„Ég hef látið semja um þetta efni frumvörp sem hafa verið lögð fram í ríkisstjórn og verið þar rædd ítarlega milli stjórnarflokkanna og af mönnum sem þeir hafa kvatt til. Ég þarf ekki að lýsa því hér í þinginu hversu mikilvægt þetta mál er og hversu vandasamt það er lögfræðilega, einkum vegna þess að réttarsaga Íslands er óvenjuleg meðal Evrópuríkja að því leyti að verulegir hlutar landsins voru ekki ótvírætt í eigu eins eða neins frá upphafi, þ.e. landnámið náði ekki til alls landsins og almenningar sem í upphafi Íslandssögunnar voru í eigu fjórðungsmanna hafa ekki fengið ótvíræðan stað í eignarréttarrófinu, ef þannig mætti að orði komast. Þetta eru mál sem mjög mikilvægt er að Alþingi sinni. Ég bendi á að það er einmitt á stefnu og starfsáætlun þeirrar ríkisstjórnar sem nú starfar að setja lög um þau atriði sem hér er um rætt, óháð samningunum um EES. Í samningunum um EES er að sjálfsögðu svigrúm til þess fram til loka árs 1995 að haga málum á þessu sviði eins og okkur hentar best því þau ákvæði samningsins sem þessi mál kynnu að snerta taka ekki gildi fyrr en um þau áramót. Ég tel það ákaflega mikilvægt eins og oft hefur komið fram að ótvíræður eignarréttur íslensku þjóðarinnar og fullveldisréttur okkar yfir náttúruauðlindum landsins verði staðfestur."

Síðan vitnar ráðherrann í orð utanrrh. sem hafði svarað fyrirspurnum mínum nokkru áður um þetta efni og segir: „... þá munu frumvörpin tvö, sem ég ég hef lýst og verið hafa til athugunar nú um nokkurt skeið, koma fram í haust. Það skal vel vanda sem lengi á að standa og þetta eru hvort tveggja hornsteinar landnýtingar og nýtingar auðlinda Íslands. Ég bið menn þess vegna að hafa nokkra biðlund með því að þessi frumvörp birtist ..." o.s.frv.

Fleira mætti rekja úr ræðum ráðherrans, úr orðaskiptum okkar um þetta efni. Ég veit ekki hvort ég á að leiða einhverjum getum að því hver staða þessara mála er nú. Enginn ráðherra er hér til svara. Ljóst var af máli fyrrv. iðnrh. að hann vísaði á fyrirstöðu innan Sjálfstfl. í þessu máli og það væri nú fróðlegt fyrir þann eina sjálfstæðisþingmann sem hér situr og hlýðir á umræður að leita eftir því, ef það hefur ekki verið gert, hver staða þessa máls er. Ég tala nú ekki um ef hv. þm. gæti upplýst okkur um það hver staða þessa máls er í þingflokki Sjálfstfl. og í ríkisstjórninni, máls sem búið er að lofa hér ár eftir ár, haust eftir haust, en ég á við hv. 13. þm. Reykv., Láru Margréti Ragnarsdóttur, sem er hér á þingfundi, en ég ætla henni ekki meiri hlut heldur en hverjum öðrum í þingflokki hennar að þessu leyti og það er auðvitað ráðherra þessara mála, Alþýðuflokksráðherrann, sem verður að svara fyrir um þetta mál sem er á hans ábyrgðarsviði.

Ég vil alveg rætnislaust ræða þetta mál hér út frá almennum forsendum þess. Og ég vil vara Alþingi Íslendinga við að draga það lengur að taka á þessum málum og tryggja lögfestingu sem er í samræmi við grundvallarhagsmuni þjóðarinnar. Þetta á bæði við um það frv. sem ég hér mæli fyrir sem og mál nr. 18, frv. um orku fallvatna og nýtingu hennar og um breytingu á vatnalögum.

Ég minni á það að fyrr á öldinni þegar hér voru formenn í þeim stjórnmálaflokkum sem þá voru stærstir, Bjarni Benediktsson og Ólafur Jóhannesson, báðir löglærðir menn, viðruðu þeir þær skoðanir oft hér á þingi og meira að segja í búningi þingmála að það bæri að lögfesta þjóðareign á þessum auðlindum. En einhverra hluta vegna, þrátt fyrir forustu þeirra í sínum flokkum, megnuðu þeir ekki að koma þessum málum fram, koma þeim í höfn. En það er hollt fyrir okkur að rifja það upp nú við aðrar aðstæður og breyttar aðstæður þegar þetta mál er komið í miklu víðara samhengi, orðið miklu afdrifaríkara fyrir þjóðina að fá stöðu sína skýrt markaða í lögum um eignar- og yfirráðarétt á þessum orkulindum, sem margir telja verðmætar auðlindir fyrir þjóðina í framtíðinni og dreg ég ekki í efa að svo er. Því heiti ég á þingmenn til liðs um þetta mál óháð flokkum. Þingflokkur Alþb. hefur margoft lýst sínum sjónarmiðum. Talsmenn Alþfl. hafa látið í veðri vaka að þeir séu þessu máli fylgjandi. Þeir hafa haft ráðuneyti iðnaðarmála frá 1987 samfellt og vísa fyrst og fremst til fyrirstöðu hjá samstarfsflokkum, ef ekki Framsfl. þá Sjálfstfl. nú hin seinni árin, og þetta gengur auðvitað ekki. Það verður að koma fram á Alþingi Íslendinga hver er vilji manna í þessum efnum. Þetta er eitt af stærstu málum þjóðarinnar um þessar mundir, ekki síst eftir þann óhappagerning sem lögfestur var

hér á síðasta þingi með samningi um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég legg til, virðulegur forseti, að þessu máli sem og hinu 18., sem ég sé ekki ástæðu til að gera sérstaka grein fyrir við þessa umræðu, það er efnislega hliðstætt þessu máli sem ég mæli hér fyrir, að þessum frumvörpum verði að lokinni umræðu vísað til hv. iðnn. Að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til að ræða 18. málið sé þess óskað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[14:54]

Orka fallvatna, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 14.55.

9. FUNDUR

mánudaginn 11. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Valfrelsi í lífeyristryggingum, þáltill., 2. mál, þskj. 2. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Gæsla íslenskra hafsbotnsréttinda, þáltill., 3. mál, þskj. 3. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Húsnæðisstofnun ríkisins, frv., 4. mál, þskj. 4. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, þáltill., 5. mál, þskj. 5. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Frumkvöðlar í atvinnulífinu, þáltill., 19. mál, þskj. 19. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Jarðhitaréttindi, frv., 17. mál, þskj. 17. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Orka fallvatna, frv., 18. mál, þskj. 18. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[15:02]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf til forseta Alþingis, dags. 11. okt. 1993:

„Hér með tilkynnist að á fundi utanrmn. 7. okt. sl. var Björn Bjarnason kjörinn formaður utanrmn. og Steingrímur Hermannsson kjörinn varaformaður nefndarinnar."

Undir þetta bréf ritar Þorsteinn Magnússon, ritari nefndarinnar.

Þá hefur einnig borist bréf til forseta frá fjárln. Það er dags. 11. okt. 1993:

„Á fundi fjárln. fyrr í dag var Sigbjörn Gunnarsson, kjörinn formaður nefndarinnar og Sturla Böðvarsson varaformaður."

Undir þetta bréf ritar Sigbjörn Gunnarsson formaður.

Útbýting þingskjala:

Búfjárhald, 28. mál, frv. SJS o.fl., þskj. 28.

Hæstiréttur Íslands, 37. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 40.

Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, 40. mál, þáltill. KE o.fl., þskj. 43.

Meðferð opinberra mála, 38. mál, frv. SvG o.fl., þskj. 41.

Umhverfisgjald, 39. mál, þáltill. KE o.fl., þskj. 42.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun stjórnar Lögmannafélags Íslands um launakjör hæstaréttardómara.

Erindi frá Verkamannafélaginu Dagsbrún.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti minnir á þær tvær utandagskrárumræður sem boðaðar hafa verið í dag og munu hefjast að loknum atkvæðagreiðslum á þessum fundi. Annars vegar er það utandagskrárumræða að beiðni hv. 14. þm. Reykv., Guðrúnar Helgadóttur, um málefni Seðlabankans, og hins vegar utandagskrárumræða að beiðni hv. 2. þm. Vestf., Ólafs Þ. Þórðarsonar, um togveiðar innan 12 mílna landhelginnar og samkvæmt reglugerð nr. 402 útgefinni 6. okt. 1993. Báðar þessar utandagskrárumræður fara fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræður.

Þingmennskuafmæli Matthíasar Bjarnasonar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti til gamans og fróðleiks geta þess að í dag á hv. 1. þm. Vestf. 30 ára þingmennskuafmæli og vill af því tilefni færa honum árnaðaróskir þótt hann hafi fjarvistarleyfi í dag.

Matthías Bjarnason varð 11. landskjörinn þingmaður í kosningunum 9. júní 1963 og kom fyrst til þings 10. okt. þá um haustið og undirritaði drengskaparheit sitt daginn eftir. Hann er samkvæmt athugun skrifstofu Alþingis 30. maðurinn í hópi þeirra sem átt hafa sæti á Alþingi í 30 ár eða lengur.

Á sama fundi undirritaði drengskaparheit sitt hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, en þingseta hans hefur ekki verið samfelld síðan.

Valfrelsi í lífeyristryggingum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMM og VE, 2. mál. — Þskj. 2.

[15:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (EgJ, GHH, GHall, GÁS, HG, IBA, KHG, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, SP, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Gæsla íslenskra hafsbotnsréttinda, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKJ, 3. mál. — Þskj. 3.

[15:09]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (GHH, GHall, GÁS, IBA, KHG, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SP, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. MF og KHG, 4. mál (útrýming heilsuspillandi húsnæðis). — Þskj. 4.

[15:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EKJ, GHH, GHall, GÁS, IBA, KHG, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, SP, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Þjónusta Ríkisútvarpsins á Suðurlandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. MF, 5. mál. — Þskj. 5.

[15:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (GHH, GHall, GÁS, IBA, KHG, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, SP, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Frumkvöðlar í atvinnulífinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 19. mál. — Þskj. 19.

[15:11]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (GHH, GHall, GÁS, IBA, KHG, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, SP, StG) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Jarðhitaréttindi, frh. 1. umr.

Frv. HG o.fl., 17. mál. — Þskj. 17.

[15:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, GHH, GHall, GÁS, IBA, JGS, KHG, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, SP, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Orka fallvatna, 1. umr.

Frv. HG o.fl., 18. mál. — Þskj. 18.

[15:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (GHH, GHall, GÁS, IBA, KHG, MB, ÓRG, PJ, PBald, SP, StG) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Málefni Seðlabankans.

[15:14]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Nýtt fjárlagafrv. boðar niðurskurð á öllum sviðum í velferðarkerfinu. Sparnaður er ævinlega af hinu góða ef rétt er á málum haldið og flestir vilja stuðla að því að draga úr ofneyslu og sóun og fara vel með sameiginlega fjármuni okkar svo að allir megi þrífast í þessu landi. Til þess erum við kjörin á Alþingi Íslendinga. Það kemur því eins og löðrungur framan í landsmenn þegar kunnugt er að til þess að nýskipaður seðlabankastjóri komist utan af Seltjarnarnesi niður á Kalkofnsveg þurfi að kaupa undir hann 5 millj. kr. bifreið af almannafé. Ekki vekur þetta minni undrun þegar litið er á bifreiðaeign Seðlabanka Íslands sem er 10 bifreiðar alls eða sem hér segir:

R-69072, Chevrolet Suburban, árgerð 1984, til seðlaflutninga eingöngu og það er elsta bifreiðin, hún er 10 ára gömul.

R-8623, Range Rover Vogue, árgerð 1988.

LT 719 Pajero Wagon, árgerð 1990.

LO 484, Volvo 744 GLi, árgerð 1991.

UL 331, Audi 100, árgerð 1992.

Ofangreindar fjórar bifreiðar eru til bankaeftirlitsferða og eftirlits með seðlageymslum, til ýmissa verkefna fyrir bankann, fyrir bankastjórn og gestamóttöku, samkvæmt upplýsingum Seðlabankans.

En þessar 5 bifreiðar duga ekki. Bankastjórar hafa eftirtaldar bifreiðar til einkanota:

Jón Sigurðsson: SH 576, Cherokee Limited, árgerð 1993.

Tómas Árnason: RW 533, Chevrolet Blazer S 10, árgerð 1991.

Birgir Ísl. Gunnarsson: RR 838, Ford Explorer EB, árgerð 1991. (**Gripið fram í:** EB.)

Jóhannes Nordal: UH 890, Range Rover Vogue, árgerð 1989.

Þórður Ólafsson — mér er sagt að ég eigi að segja Four Runner en hérna stendur: 4 Runner 3000 i, árgerð 1991. Ég bið afsökunar ef framburður minn er ekki réttur.

Alls eru þetta 10 bifreiðar af dýrustu gerð. Athygli vekur að Jóhannes Nordal er enn með bifreið sína til tímabundinna afnota. Eðlilegt hefði þó verið að Jón Sigurðsson tæki við henni.

Rekstrarkostnaður bifreiðanna var árið 1992 5 millj. 6 þús. 296 kr. samkvæmt ársskýrslu bankans. En þrátt fyrir þessa myndarlegu bifreiðaeign var aðkeyptur akstur 3 millj. 396 þús. 39 kr.

En þetta er aðeins einn hluti hins taumlausa fjáraustur Seðlabankans. Á sama tíma og fjárfestingar í almannaþágu dragast saman er bankinn að lyfta risi stórhýsis að Einholti 4 sem hýsir bóka- og myntsafn bankans. Ég hef áður bent á að bókasafn Seðlabankans ætti vitanlega að flytjast í Þjóðarbókhlöðu þar sem ágætt safn handbóka er auk þess í sjálfu Seðlabankahúsinu. En fréttir eru einnig um að Jóhannes Nordal og fráfarandi bankastjóri Tómas Árnason, sem lætur af störfum vegna aldurs um áramót, fái þar skrifstofur.

Ástæða væri til að nefna fleira. Seðlabanki Íslands hefur um langt skeið keypt mikið safn listaverka svo að sérstakur listráðunautur starfar við bankann, frú Bera Nordal, forstöðumaður Listasafns ríkisins.

Hæstv. forseti. Samkvæmt lögum ber ríkissjóður ábyrgð á öllum skuldbindingum Seðlabankans. Samkvæmt ofansögðu hef ég því leyft mér að spyrja hæstv. viðskrh.:

1. Losnaði ekki bifreið forvera Jóns Sigurðssonar þegar hann lét af störfum?

2. Ef svo er ekki, er þá sá bankastjóri sem kominn er á eftirlaun áfram í starfi og sé svo, hver eru starfskjör hans og eftirlaun?

3. Er ætlunin að annar bankastjóri, sem lætur af störfum vegna aldurs um næstu áramót, starfi einnig við bankann? Hver verða starfskjör hans og eftirlaun?

4. Er það rétt að þessum tveim fyrrv. bankastjórum séu ætlaðar skrifstofur í húsakynnum bankans og þá til hvaða starfa?

Að lokum, frú forseti, úr því að mér endist tíminn: Hafi þingmenn ekki vitað það er rekstrarkostnaður Seðlabanka Íslands árið 1992, 608 millj. 407 þús. 254. kr. Á fjárlögum fyrir 1994 verða eftirtaldar stofnanir reknar fyrir sömu upphæð samtals: Tilraunastöð Háskólans að Keldum, Raunvísindastofnun Háskólans, Háskólinn á Akureyri, Tækniskóli Íslands og Verkmenntaskóli Austurlands.

[15:19]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Í gildandi lögum sem eru nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, er í VII. kafla fjallað um stjórn bankans. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Yfirstjórn Seðlabankans er í höndum viðskrh. og bankaráðs svo sem fyrir er mælt í lögum þessum."

Í 28. gr. þessara laga segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Bankaráð ákveður laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra."

Ég óskaði eftir því við lögfræðinga í viðskrn. að þeir gerðu mér grein fyrir hvert er valdsvið ráðherra í þessum efnum. Ég vitna hér orðrétt í álitsgerð sem mér barst í dag. Hún hljóðar svo:

„Ljóst er af lögunum og athugasemdum við þau að leitast hefur verið við að afmarka með skýrum hætti hlutverk þeirra aðila sem að yfirstjórn bankans standa, þ.e. hlutverk viðskrh., bankaráðs og bankastjórnar. Verður hver þessara aðila fyrir sig að lúta þeim takmörkunum sem í lögunum felast og viðskrh. þá með hliðsjón af 1. gr. laganna þar sem segir að bankinn sé sjálfstæð stofnun í eigu ríki ríkisins er lúti sérstakri stjórn samkvæmt lögum. Í nokkrum greinum laganna sem snerta yfirstjórn bankans er vikið að hlutverki viðskrh. Segir m.a. í 26. gr. að ráðherrann skipi bankastjóra að fengnum tillögum bankaráðs. Hins vegar segir í 28. gr. að bankaráðið ákveði laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra. Samkvæmt því hefur viðskrh. ekki í lögunum vald yfir kjaramálum bankastjóranna. Ákvörðun þar að lútandi er á ábyrgð bankaráðsins sem kosið er af Alþingi. Ákvarðanir bankaráðsins snerta því Alþingi að þessu leyti. Ekki er kveðið á um það í lögunum að ákvarðanir bankaráðsins um laun og önnur ráðningarkjör bankastjóra verði að hljóta samþykki ráðherra en samþykki hans þarf hins vegar til samkvæmt 9. gr. ef bankinn vill binda vaxtaákvarðanir innlánsstofnana takmörkum og samkvæmt 18. gr. vegna ákvörðunar bankans um nýtt gengi krónunnar."

Ég vil aðeins skýra frá því til viðbótar að í frv. til laga um viðskiptabanka, sem lagt var fram af fyrrv. viðskrh. á Alþingi og afgreitt á sl. ári, voru ákvæði þess efnis að það þyrfti samþykki viðskrh. til að bankastjórar ríkisviðskiptabanka gætu jafnhliða bankastjórastörfum sínum sinnt öðrum störfum. Það ákvæði var fellt út úr lögum um viðskiptabanka af Alþingi. Hefur því viðskrh. ekki heldur í þeim efnum neitt vald til afskipta. Það er því ljóst að það er bankaráð Seðlabanka Íslands sem tekur ákvörðun um launakjör seðlabankastjóra. Bankaráðið er kosið af Alþingi Íslendinga. Flestir stjórnmálaflokkar eiga þar sína fulltrúa og þar er réttur vettvangur til að taka mál þetta upp.

Ég hef hins vegar óskað eftir að fá yfirlit yfir launakjör bankastjóranna og ráðningarkjör þeirra, það kemur fram á minnisblaði sem ég hef fengið. Þar kemur fram að þessi ákvörðun er frá því í september 1987. Þá var bankaráð Seðlabankans undir forustu Ólafs B. Thors og í viðskrn. sat Matthías Bjarnason. Ákvæði eru þar um laun bankastjóra Seðlabankans, hver þau skuli vera. Þar segir í 4. lið c.: „Bifreiðahlunnindi eru byggð á þeirri reglu samkvæmt 560. fundi bankaráðsins að hver bankastjóri getur fengið til umráða bifreið í eigu bankans sem bankinn ber allan kostnað af."

Samkvæmt þessari samþykkt, sem ekki hefur verið breytt síðan, er miðað við laun hæstaréttardómara þegar laun bankastjóra Seðlabankans eru ákveðin. Þó er rétt að taka það fram að nýleg launahækkun til dómara Hæstaréttar, sem þeir hafa ákveðið að taka sér, gildir ekki gagnvart bankastjórum Seðlabankans heldur eru þeir með sömu laun og hæstaréttardómarar höfðu áður heldur en þeir tóku þessa viðbótarhækkun. Þetta byggist sem sé á samþykkt bankaráðs Seðlabanka Íslands frá því í september 1987 sem ekki hefur verið breytt síðan. Viðskrh. hefur ekki valdsvið til að taka neinar ákvarðanir hér um, heldur er það bankaráðsins sjálfs að taka á kvarðanir um þetta.

Ég mun hins vegar í framhaldi af þessum umræðum sem hér hafa orðið og verða óska eftir fundi með formanni bankaráðs Seðlabanka Íslands og gera honum grein fyrir þeim umræðum sem hér hafa farið fram og skoðun minni sem ég kem að hér á eftir.

Ég vil þó áður en lengra er haldið benda mönnum á að sambærileg hlunnindi og hér um ræðir virðast ríkja hjá öðrum opinberum stofnun, bæði hjá viðskiptabönkum og hjá opinberum lánasjóðum. Ég hef þess vegna í dag skrifað bréf til allra þeirra sjóðstjórna sem undir viðskipta- og iðnrh. heyra, en það eru: Iðnþróunarsjóður, Iðnlánasjóður, Seðlabanki Íslands og ríkisviðskiptabankarnir tveir. Bréfið er samhljóða (Forseti hringir.) til stjórna allra þessara stofnana og hljóðar svo:

„Ráðherra fer þess á leit við stjórn sjóðsins að hún gefi honum upplýsingar um heildarstarfskjör og fríðindi æðstu ráðamanna. Sérstaklega verði gefið yfirlit yfir grunnlaun og hvers kyns álag á laun svo og aðrar viðbótargreiðslur. Enn fremur upplýsingar um lífeyriskjör. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Jafnframt er óskað eftir upplýsingum um í hvaða mæli stjórnarmönnum og stjórnendum eru greidd laun fyrir stjórnunarstörf í þágu dótturfyrirtækja, tímabundinna rekstrarfélaga eða annarra fyrirtækja tengdum sjóðnum.

Einnig er óskað eftir upplýsingum um fríðindi vegna bifreiðakaupa og aksturs bifreiða viðkomandi aðila og fyrirkomulag á ferða- og risnugreiðslum."

Virðulegi forseti. Ég átti eftir að láta að lokum í ljósi mitt sjónarmið í þessu máli. Þar sem tími minn er búinn að þessu sinni þá verð ég að koma upp aftur síðar og nýta mér síðari ræðutíma til að gera það. (**ÓRG:** Þú svaraðir engri spurningu.)

[15:25]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Vegna stjórnsýslulegrar sérstöðu Seðlabanka Íslands er mjög eðlilegt að málefni hans séu sérstaklega rædd hér á Alþingi vegna þess að stjórn Seðlabankans er kosin af Alþingi. Þess vegna er það afar skiljanlegt að við tökum til umræðu ýmsa þætti er lúta að rekstri bankans.

Það sem vekur athygli og er tilefni til að ræða hér sérstaklega er þróun einstakra rekstrarliða bankans. Ég hef látið reikna út fyrir mig þróun einstakra rekstrarliða Seðlabanka Íslands undanfarin fjögur ár. Það kemur í ljós, gagnstætt því sem haldið hefur verið fram, að rekstrarútgjöld Seðlabanka Íslands hafa lækkað mjög lítið. Það er að vísu rétt að það varð lækkun á milli áranna 1990 og 1992. Þá ber þess líka að geta að árið 1991 hækkuðu mjög rekstrarútgjöld Seðlabanka Íslands. Staðan er einfaldlega sú að miðað við rekstrarreikninga Seðlabanka Íslands 1990 og 1992 standa útgjöld bankans nokkurn veginn í stað. Síðan er það auðvitað mjög fróðlegt að skoða einstaka liði. Ef við tökum t.d. bifreiðakaupin sérstaklega, sem hér eru til um-

ræðu, kemur það í ljós samkvæmt þeim útreikningum sem ég hef hér að miðað við núvirðisútreikning á bifreiðakostnaði vegna bifreiðakaupa Seðlabanka Íslands þá hefur Seðlabanki Íslands keypt bíla á undanförnum fjórum árum fyrir tæpar 20 millj. kr. Nú geta menn auðvitað velt því fyrir sér hvað sé eðlilegt í þessu sambandi. Er það eðlilegt að Seðlabanki Íslands, sem hefur þetta hlutverk sem allir vita, þurfi að fjárfesta í bílum á þessum þrengingartímum fyrir 20 millj. kr. auk alls annars?

Það blasir líka við þegar við skoðum aðra þætti eins og t.d. launareikninga Seðlabanka Íslands að gagnstætt því sem menn hafa látið í veðri vaka þá hefur t.d. launakostnaðurinn frá árinu 1990–1992, að undanskildu árinu 1991 sem var óvanalegt í öllu tilviki, hækkað. Þetta vildi ég láta koma fram, virðulegur forseti, í þessari umræðu. Væntanlega gefst síðar tækifæri til að fjalla almennt um störf bankans þegar tilefni er til.

[15:28]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hér í síðustu viku höfðum við utandagskrárumræður um starfskjör tiltekinna heilbrigðisstarfsstétta á sjúkrahúsunum. Starfskjör sem heilbr.- og trmrh. sá ekkert athugavert við að hrófla við og segja þeim upp. Nú koma menn hér upp og ræða starfskjör seðlabankastjóra og þá tala ráðherrar eins og þeir komi engum vörnum við. Seðlabankinn heyri ekki undir þá, það sé sérstakt bankaráð sem fari með þessi mál sem semji um kaup og kjör við þessa menn og ráðherra og ríkisstjórn komi engum vörnum við. Við heyrum líka í blöðunum þau svör frá þessum ráðamönnum í bönkunum, í Seðlabankanum og víðar, að þetta sé hluti af starfskjörum. Jú, jú, það megi kannski velta því fyrir sér hvort þetta séu eðlileg starfskjör en þetta sé nú einu sinni partur af starfskjörunum.

Þegar hinn almenni launþegi á í hlut þá vefst þetta ekki svona mikið fyrir mönnum að höggva í starfskjörin. Ég vil í þessu sambandi minna á þá umræðu sem átti sér stað hérna í síðustu viku.

Ríkisstjórnin kemur fram og krefst sparnaðar og krefst í rauninni þegnskapar af vinnandi fólki í landinu. Það er höfðað til einhvers konar þegnskapar. Hvar er þegnskapur þeirra manna sem stjórna þessum stofnunum? Og þá er ég ekki bara að tala um Seðlabanka, ég er líka að tala um ríkisbankana. Við erum nýbúin að sjá myndir í blöðunum af forstjóra Byggðastofnunar með nýjan jeppa. Það er tiltölulega nýkominn jeppi inn í Þjóðhagsstofnun. Ég veit ekki betur en heilbr.- og trmrh. sé nýbúinn að fá jeppa. Þannig að þetta er víðar en bara í Seðlabankanum. Hvar er þegnskapur þessara manna sem krefjast þess nú af almenningi í landinu að hann herði sultarólina? Ég hlýt að spyrja að því, hæstv. forseti.

[15:30]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin hefur boðað það að flytja hér frv. um Seðlabanka Íslands á þessu löggjafarþingi. Væntanlega verður hægt að taka á þessum málum í því frv. og taka þau til athugunar. Ég vil hins vegar af þessu tilefni fara þess á leit við ríkisstjórnina, og þá fyrst og fremst hæstv. fjmrh., að gera nú eina tilraun enn til að samræma reglur um bílakaup og bílanotkun. Þetta mál er búið að vera til umfjöllunar á Alþingi og í þjóðfélaginu árum saman ef ekki áratugum saman. Hins vegar er niðurstaðan orðin sú að bankastjórar og forstöðumenn margra stofnana keppast við að kaupa mjög dýrar torfærubifreiðar. Það hlýtur að vera eitthvað athugavert við það. Ég gagnrýni það ekki og tala þar m.a. af eigin reynslu að ráðherrar hafi hæfilegar bifreiðar til sinna afnota enda eru það menn sem eiga mjög langan vinnudag og þurfa að komast á milli í landinu. Það sama á ekki við um forstöðumenn ýmissa stofnana og þar á meðal bankastjóra. Og það getur ekki verið að þeim sé brýn þörf á því að hafa svo dýrar bifreiðar til afnota. Þetta á því miður ekki bara við um þá heldur á þetta líka við um ýmsa forstjóra fyrirtækja sem virðast kaupa þessa bíla og þeir virðast vera orðnir einhvers konar „status symbol". Þá held ég að það hljóti að vera betra að greiða mönnunum eitthvað hærri laun þannig að þeir taki ekki út óþarfa kostnað með því að kaupa þessa rándýru jeppa. Og ég vil mælast til þess af hæstv. fjmrh., ég veit að hann hefur góðan vilja til þess, að hann reyni enn á ný að koma á samræmdum reglum um þetta mál sem því miður verður ekki í fyrsta skiptið.

[15:33]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Þó að til þessarar umræðu sé stofnað fyrst og fremst vegna kaupa Seðlabankans á bifreið hefur komið í ljós nú á síðustu dögum að ýmsar fleiri ríkisstofnanir eru undir sama hatt settar. Það er óþolandi og hefur vakið hneykslun meðal þjóðarinnar að ýmsir af æðstu embættismönnum hennar njóta sérstakra bifreiðahlunninda í tengslum við starf sitt. Mörgum og þar á meðal þeim sem hér mælir reynist erfitt að koma auga á haldbær rök fyrir því að forstjórar ýmissa æðstu stofnana þurfi á bifreið að halda árið um kring starfs síns vegna.

Ýmsir embættismannanna hafa sagt að bifreiðahlunnindin séu hluti þeirra starfskjara sem um hafi verið samið við viðkomandi stofnanir. Því er nauðsynlegt að kallað sé eftir og að fram komi hvenær þessir samningar voru gerðir og hverjir gerðu þessa samninga. Hæstv. viðskrh. lýsti því yfir hér áðan að hann hygðist óska eftir slíkum upplýsingum varðandi þessi efni frá þeim stofnunum sem undir hann heyra en sömu reglur munu hafa gilt um ríkisbanka og ýmsar lánastofnanir. Það er nauðsynlegt að aðrir ráðherrar geri slíkt hið sama. Þjóð og þing mun fylgjast með því að svo verði gert og slíkir samningar teknir upp og færðir til betri vegar.

Ef okkur á að takst að ráða við þann efnahagsvanda sem við er að glíma í þjóðfélaginu verða allir, þing og þjóð, að sameinast um að afnema sérhagsmuni. Það er ekki trúverðugt að vilja afnema sérhagsmuni heilbrigðisstétta sem starfa hjá ríkinu með því að leggja af framlög til dagvistarstofnana á meðan æðstu embættismenn þjóðarinnar njóta fríðinda þótt með öðrum hætti sé. Það er heldur ekki trúverðugt af einstök-

um þingmönnum að krefjast þess að hlunnindi æðstu embættismanna verði afnumin en heilbrigðisstéttir eða aðrar stéttir haldi sínum hlunnindum. Slíkri hugsun verður að linna. Við eigum og viljum væntanlega vera ein þjóð í einu landi.

[15:35]

Árni Johnsen:

Virðulegur forseti. Í bílakaup stofnana og fyrirtækja ríkissjóðs, aksturskostnað og samninga þar að lútandi hafa farið um 2 milljarðar kr. á undanförnum árum, eða nær 2% fjárlaga. Þessa upphæð má að mínu mati stórlækka og standa eðlilegar að verki en gert hefur verið. Þess ber að geta að stór hluti bílasamninga er klár kaupuppbót og kemur ekkert við aksturspörf fyrir viðkomandi stofnanir. Í mörgum tilvikum er verið að láta menn hafa einkabíla, forstöðumenn ríkisstofnana, jafnvel menn sem hafa enga sérstaka ástæðu eða þörf fyrir bíl tengdan sinni vinnu. Ef stofnun hefur þörf fyrir bíl þá á hún að hafa hann og reka hann sjálf til daglegra þarfa en ekki til einkaafnota fyrir starfsmenn. Það er líka mjög einkennileg sú þörf margra forstöðumanna ríkisstofnana að eiga jeppa, fokdýr tæki og búin til aksturs á allt öðrum vettvangi en þessir menn eru að starfa. Ekki er til að mynda Seðlabanki Íslands eða Þjóðhagsstofnun með útibú á hálendinu og ættu ekki þar af leiðandi að hafa svo ríkulega búna jeppa. En í tilefni af því að þessar stofnanir kaupa slík tæki þá er svo sem ekkert undarlegt þó menn komi af fjöllum þegar slíkir samningar eru gerðir.

[15:37]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þjóðin hefur öll fordæmt hin siðlausu bílakaup Jóns Sigurðssonar. Það er auðvitað athyglisvert að ráðherra Alþfl., viðskrh. Sighvatur Björgvinsson, fordæmdi þau ekki hér áðan. Það er líka athyglisvert að hann kaus ekki að svara neinni af þeim spurningum sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir bar fram, en hún upplýsti það hér að í Seðlabankanum kynni að vera að gerast margt fleira sem er álíka siðlaust og þau jeppakaup sem hér hafa verið til umræðu að undanförnu. Þess vegna er óhjákvæmilegt að ítreka, hæstv. viðskrh.: Er það rétt að Jóhannes Nordal sé áfram með bíl frá Seðlabankanum þó hann sé hættur þar? Er það rétt að Jóhannes Nordal verði áfram með skrifstofuaðstöðu í Seðlabankanum og að það sé verið að innrétta sérstaka hæð ofan á safnhús bankans til að auðvelda það þó Jóhannes Nordal sé hættur þar og Tómas Árnason eigi einnig að fá skrifstofuaðstöðu í bankanum eftir að hann hættir? Er það virkilega rétt að þessir tveir bankastjórar muni fá greiðslur fyrir ýmis sérverkefni fyrir bankann ofan á eftirlaunin eftir að þeir eru hættir? Hvers konar siðleysi er verið að innleiða í þessu þjóðfélagi hjá hinni embættislegu yfirstétt þessa lands? Hætta þeir aldrei að ganga á sjóði almannafjár með þessum hætti? Það er óhjákvæmilegt að viðskrh. svari því sem hann er spurður um hér í þingsalnum en fari ekki með langar lagaskýringar um eitthvað sem sé ekki á hans valdi. Auðvitað er það á valdi viðskrh. að beina tilmælum til Seðlabankans um að afturkalla þessi bílakaup. Hann þekkir sem heilbrrh. tilmælavald ráðherra. Ríkisspítalarnir hafa auðvitað sérstaka stjórn eins og Seðlabanki bankaráð. Engu að síður beinir heilbrrh. tilmælum til Ríkisspítalanna. Sama getur viðskrh. gert í þessu máli ef viljinn er fyrir hendi, hæstv. ráðherra. Og auðvitað er það líka athyglisvert að oddvitar stjórnarflokkanna, forsrh. og formaður Alþfl., flýja úr salnum þegar þessi umræða fer fram. Þeir vilja ekki vera hér til svara þó ég hefði viljað beina því til forsrh. hvort hann væri ekki tilbúinn til að viðhalda siðferðilegu valdi þjóðstjórnarinnar í landinu, allrar, að beina þeim tilmælum ekki bara til Seðlabankans heldur Þjóðhagsstofnunar og Byggðastofnunar að þessi bílakaup verði þegar í stað afturkölluð.

[15:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var afar aumlegt að hlýða á hæstv. viðskrh. hér áðan. Hann talaði í raun og veru eins og gjörsamlega valdalaus maður. Nú bregður allt í einu svo við að Alþfl., sem hefur nú haft næg völd þegar hann hefur þurft að ráða sína menn í embætti í bankakerfinu m.a., ræður ekki nokkrum sköpuðum hlut. Þetta eru allt saman bara náttúrulögmál sem engum vörnum verður við komið. Ég varð ekki var við það að stjórnarflokkana vantaði meiri hlutann í bankaráði Seðlabankans þegar þeir voru að koma Jóni Sigurðssyni þar í embætti. Þeir gátu ráðið hann þangað inn en fá engu ráðið um það hvernig hann skammtar sér þar kjör. Þetta yfirklór dugar ekki, hæstv. viðskrh. Ég skora á hæstv. ráðherra að hrista af sér slenið og beina þeim eindregnu tilmælum til bankastjórnarinnar og bankaráðsins að afturkalla þessa gerninga og láta menn þá standa frammi fyrir því að óhlýðnast því. Þó að það standi kannski í ráðningarsamningi bankastjóranna að þeir eigi að hafa einhverja bíldruslu þá veit ég ekki til að það standi að það skuli vera lúxusjeppi af fínustu gerð upp á 5 millj. kr. Auðvitað ekki. Eins og bent var á hér vita menn heldur ekki að verkefni Seðlabankans liggja aðallega á miðhálendinu og það þurfi eitthvert torfærutröll til að sinna þeim störfum og þá er það náttúrlega mál umhvrh. hvað mennirnir eru að gera með alla þessa torfærujeppa. Ég held að Alþfl., sem hefur nú tekið mikið upp í sig um þessi bankamál og skipulagði heila fundaherferð hér á fyrri áratug um það að reka Jóhannes Nordal og allt blýantsnagið í Seðlabankanum, verði að gera betur en þetta, að koma nú hér og segjast fá engu um ráðið. Er ekki 6 ára valdatími Alþfl. í þessu ráðuneyti nógur til þess að hann þekki það mikið innviðina að hann fái þar einhverju framgengt?

Ég minni á það, hæstv. forseti, að það var látinn fjúka bankastjóri fyrir skömmu fyrir flottræfilshátt, bankastjóri Evrópubankans. Hann var knúinn til að segja af sér vegna þess að hann gerði stofnunina ótrúverðuga með framferði sínu og flottræfilshætti. Það verður að gera annað tveggja, ná að afturkalla þennan gerning seðlabankastjórans nýja eða láta hann fara sömu leið Attali, bankastjóra Evrópubankans. (**Forseti:** Það er ekki ætlast til að það sé klappað hér í þingsalnum.)

[15:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Ég held að hv. þm. hafi nú verið að klappa fyrir núv. fjmrh. en honum fyrirgefst í þetta sinn. En ég vil byrja á því að segja frá því að þannig hagar til í þessum málum að allir stjórnmálaflokkar að Kvennalistanum undanteknum bera ábyrgð á þessum bílamálum bankastjóranna einfaldlega vegna þess að þeir hafa átt fulltrúa í bankaráðunum þannig að við skulum vera sanngjörn í þessu máli.

Hér hefur verið talað aðeins um bíla ráðherranna. Ég vil taka það fram að þessi ríkisstjórn sem nú situr breytti reglum um bílamál ráðherranna þannig að nú er skylda að auðkenna bíla ráðherranna. Það kemur jafnframt fram í reglum að þeir skuli ekki kosta meira en 3 millj. á verðlagi í ársbyrjun 1992. Innkaupastofnun á að öðru jöfnu að sjá um innkaupin og hlunnindin eru skattskyld. Þetta voru allt breytingar frá því sem áður gilti þannig að núverandi ríkisstjórn breytti þeim reglum sem voru í gildi þegar t.d. fulltrúi Alþb. var fjmrh.

Ég skal ekki tefja frekar þessa umræðu en bendi á að það eru til bílareglur. Aksturskostnaður hefur lækkað hjá ríkinu en þessar bílareglur ná ekki til ríkisbankanna. En ég veit að fulltrúar stjórnmálaflokkanna, sem kjörnir eru á Alþingi og sitja í bankaráðum, bæði seðlabankaráði eða bankaráðum viðskiptabankanna og þeir sem sitja í stjórn Byggðastofnunar, munu að sjálfsögðu taka mark á þeim umræðum sem hér hafa farið fram, ekki síst þeir sem eru í sömu flokkum og þeir hv. þm. sem hér hafa farið hæst og flutt mestu siðbótarræðurnar. Vona ég að þessar umræður nái til allra og verði þeim einnig til eftirbreytni því að við megum ekki gleyma því að þeir bera líka ábyrgð á því hvernig komið er í þessum málum.

[15:44]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir hans svör þó þau væru nú raunar ekki efnismikil. Ég vil taka fram til að vera sanngjörn að ég hefði sennilega átt að lesa honum fyrirspurnir mínar áður en þessi fundur hófst, en hitt er annað að ég hygg að hann ætti að vita hvort seðlabankastjórar yrðu í framtíðinni fimm eða þrír eins og hingað til hefur verið gert ráð fyrir.

Það er jafnframt rangt hjá hæstv. fjmrh. að ákvörðun um bílakaup sé tekin í bankaráði. Hún er tekin í bankastjórn og í bankastjórn Seðlabankans eru þrír bankastjórar bankans. (**Fjmrh.:** Starfskjörin eru frá bankaráðinu.)

Þetta hefur satt að segja verið heldur raunaleg umræða. Nýskipaður formaður fjárln. og talsmaður jafnaðarmanna hér á þingi sagði nokkurn vegin orðrétt að það væri ekki sanngjarnt að svipta seðlabankastjóra starfskjörum sínum frekar en að okkur þætti eðlilegt að svipta hjúkrunarfræðinga þeim starfskjörum og forréttindum að hafa börnin á dagheimilum. Ég held nú að þessar tvær starfsstéttir séu ekki sambærilegar á nokkurn hátt og nálgast raunar að vera móðgun að tala um þetta tvennt í sama orðinu. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir hvað hér er um að ræða. Í lögum um Seðlabanka Íslands segir svo í 4. gr.:

„Í öllu starfi sínu skal Seðlabankinn hafa náið samstarf við ríkisstjórnina og gera henni grein fyrir skoðunum sínum varðandi stefnu í efnahagsmálum og framkvæmd hennar.“

Það eru efnahagsmál að kaupa bifreið undir einn bankastjóra að jafnvirði 100 mánaðarlauna iðnverkafólks. 10 bifreiðar í þessum verðklassa, ef ég má nota það orð, eru jafngildi 1000 mánaðarlauna þess fólks. Er þetta sæmandi, hæstv. forseti, á þeim tímum þegar almenningi í landinu er sagt að herða ólina og taka höndum saman um að spara? Svar mitt er auðvitað nei og ég fagna því ef ég hef skilið hæstv. viðskrh. rétt að hann muni nú beita valdi sínu til þess að stöðva þennan ósóma, og ekki bara einhvern tíma heldur eins fljótt og unnt er, áður en ríkisstjórnin verður rúin öllu trausti til nokkurra athafna.

[15:47]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Öll verðum við að sjálfsögðu að leika eftir þeim leikreglum sem okkur eru settar. Okkur eru settar leikreglur í lögum um Seðlabanka og lögum um viðskiptabanka og þar er það skýrt og skorinort tekið fram að það eru bankaráðin ein án afskipta viðskrh. sem taka ákvörðun um kaup og kjör bankastjóra. Og varðandi þær spurningar sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir beindi til mín eru það allt mál sem varða ákvarðanir bankaráðsins eins og mér er gersamlega ókunnugt um. Það eina sem ég veit er það að bankaráðið mun víst hafa heimilað Jóhannesi Nordal að hafa áfram afnot af þeirri bifreið sem hann hafði til afnota sem bankastjóri Seðlabanka Íslands. Það var ákvörðun bankaráðsins án vitundar og afskipta viðskrh.

Einmitt þess vegna lýsti ég því yfir áðan að ég mundi kalla þann bankaráðsmann sem viðskrh. skipar, sem er formaður bankaráðsins, á minn fund og gera honum grein fyrir þeim umræðum sem hér hafa orðið. Með nákvæmlega sama hætti getur hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fengið allar þessar upplýsingar sem hann er að spyrja mig um frá bankaráðsmanni Alþb., Geir Gunnarssyni, fyrrv. alþingismanni. Hann á sæti í bankaráði Seðlabanka Íslands og mér er ekki kunnugt um annað heldur en hann standi að öllum þessum ákvörðunum sem hér hafa verið umdeildar. (**GHelg:** Þetta er ekki rétt.) Og ég efa það ekki að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson mun með sama hætti kalla Geir Gunnarsson til skrafs og ráðagerða eins og ég mun kalla á formann bankaráðsins.

Ég átti aðeins eftir að segja hvaða álit ég hefði á þeim málum sem hér eru til umræðu. Hér er ekki aðeins til umræðu bílakaupamál seðlabankastjóra heldur þau fríðindi, þar á meðal bifreiðafríðindi, sem forsvarsmenn lánastofnana og opinberra bankastofnana njóta og það fyrsta sem þarf að fá upplýst er hver eru þessi fríðindi. Það hef ég þegar farið fram á við stjórnir þessara stofnana, þar á meðal stjórnir viðskiptabankanna, að fá upplýst. (Forseti hringir.)

Í öðru lagi finnst mér ekkert óeðlilegt að stjórnendur þessara stofnana taki til eftirbreytni þá reglugerð

sem fjmrh. hefur sett um bílamál ráðherra því að ég sé ekki rökin fyrir því að forsvarsmenn stofnana ríkisins eigi að njóta rýmri hlunninda en ráðherrar íslenska ríkisins. (Forseti hringir.) En mig grunar að það sé svo farið ekki aðeins í bílamálum heldur e.t.v. einnig í öðrum þáttum eins og í dagpeningum á ferðalagi erlendis o.fl. og það væri kannski ástæða til að spyrja formann bankaráðs eins viðskiptabankans, sem hér situr, hvort svo sé.

Umræður utan dagskrár.

Veiði togara innan 12 mílna landhelginnar skv. reglugerð nr. 402/1993.

[15:50]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að ræða hér reglugerð nr. 402, en 2. gr. þessarar reglugerðar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli."

21. gr. laga sem vísað er til hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir ákvæði 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, með áorðnum breytingum, skulu veiðar með vörpu heimilaðar á vannýttum fisktegundum á ákveðnum svæðum samkvæmt reglum er ráðherra setur."

Mín fyrirspurn til ráðherra er ákaflega einföld: Hvaða vannýttu fiskstofnar eru það sem ætlunin er að veiða á þessum svæðum? Ég er með bréf frá Jakobi Jakobssyni, dags. 11. okt., þar sem hann segir svo:

„Vísað er til beiðni þinnar varðandi upplýsingar um hvaða fisktegundir við Ísland séu ekki vannýttar. Enda þótt hugtakið „ekki vannýttar" geti verið skilgreiningaratriði verður að telja að alla helstu fiskstofna á Íslandsmiðum sem veiddir hafa verið í verulegum mæli undanfarna tvo áratugi megi skilgreina sem ekki vannýtta. Er þá átt við það að afrakstur aukist ekki með aukinni sókn þegar til lengri tíma er litið."

Í bók Hafrannsóknastofnunar, fjölrit nr. 34, er listi yfir þessar fisktegundir. Þar eru 19 fisktegundir taldar upp og þar er að sjálfsögðu skarkoli einn af þeim sem eru á þessum lista. Það verður þess vegna ekki séð að ráðherra hafi haft lagaheimild til að setja þá reglugerð sem hér hefur verið sett nema hann geti bent á vannýtta fiskstofna sem eigi að veiða innan þessara svæða. Ég kalla þess vegna ákveðið eftir því að fá nöfnin á þeim fisktegundum, ella er hér um valdníðslu að ræða á þann hátt að það er verið að taka heföbundið veiðisvæði frá smærri bátum og afhenda það stærri skipum til veiða á fisktegundum sem kvóti er á.

Mér var falið af vestfirskum sjómönnum, mælst til þess, að reyna að hafa vit fyrir hæstv. ráðherra í þessum efnum. Mér þótti þetta lýsa svo mikilli trú að mig setti hljóðan. En auðvitað má reyna að hafa vit fyrir hæstv. ráðherra í þessum efnum. En ég vil líka minna hæstv. ráðherra á það að þingmenn úr röðum Sjálfstfl. hafa áður sett reglugerðir sem ekki standast að lögum og hlotið dóma fyrir. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. óski ekki eftir því að komast á spjöld sögunnar með þeim hætti. Ég skora þess vegna á hæstv. ráðherra að leita til aðila utan ráðuneytisins, lögfróðra aðila sem hann treystir, til að meta þetta mál því að ég er sannfærður um það að ef þessi reglugerð verður ekki afturkölluð þá mun það kalla á málaferli.

[15:55]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á grundvelli þeirrar lagagreinar, sem hv. 2. þm. Vestf. vitnaði til, hafa allt frá árinu 1984 verið teknar ákvarðanir um opnun tiltekinna veiðisvæða um takmarkaðan tíma út af Breiðafirði, Vestfjörðum og á Héraðsflóa. Þessar heimildir eru byggðar á ákvæðum í lögum og á árinu 1983 voru slík ákvæði sett inn í lög en í athugasemdum með því frv. sagði svo, með leyfi forseta:

„Ákvæði þetta er sett til að ráðherra geti heimilað togveiðar á svæðum þar sem veiða má fisktegundir sem nú eru vannýttar eins og t.d. skarkola og steinbít."

Hv. 2. þm. Vestf. samþykkti þessi lög á grundvelli þeirra athugasemda sem fylgdu frv. frá hv. núv. 1. þm. Austurl. Þessi lög voru samþykkt á nýjan leik árið 1985 með sams konar athugasemdum og hv. 2. þm. Vestf. samþykkti lögin á grundvelli þeirra athugasemda sem páv. sjútvrh., núv. hv. 1. þm. Austurl., setti með lögunum. Og síðast árið 1990 samþykkti hv. 2. þm. Vestf. ný lög um stjórn fiskveiða með þessari lagaheimild og henni fylgdi svohljóðandi athugasemd frá páv. sjútvrh., hv. núv. 1. þm. Austurl.:

„Grein þessi er óbreytt frá gildandi lögum. Á grundvelli þessarar heimildar hefur ráðuneytið undanfarin ár opnað togsvæði út af Vestfjörðum og Héraðsflóa á haustin þar sem fengist hefur nokkur skarkolaafli."

Mér sýnist af þessu, og með hliðsjón af því að ákvarðanir um þetta efni hafa verið teknar á hverju ári síðan 1984 með skírskotun í þessar lagagreinar sem túlkaðar hafa verið eins og athugasemdirnar sem fylgdu hér með, að hv. 2. þm. Vestf. sé nú allt í einu farinn að túlka lög eftir því hvort ráðherrann sem framfylgir lögunum er framsóknarmaður eða ekki og er þá Bleik brugðið því að hv. þm. hefur nú getið sér orð fyrir það að vera meiri lögmaður en ýmsir virðulegir hv. alþm. og þykir mér það miður ef hann er farinn að túlka lög með þessum pólitíska hætti.

Það er svo að skarkolaafli hafði fallið mjög verulega á árunum milli 1970 og fram yfir 1980 og m.a. til þess að koma nýtingu hans í sama horf og áður var gripið til þess ráðs að opna veiðisvæði og á þeim grundvelli hefur það verið gert síðan. Í fyrsta skipti þegar þetta var gert var skarkolinn í kvóta. Hann var það ekki í nokkur ár en er það nú á nýjan leik. Það er mat þeirra sem stunda sjó fyrir vestan að skarkolinn rýrni mjög þegar líður á og þess vegna sé nauðsynlegt að nýta hann meðan hann er sem feitastur og er nær landinu. Þetta gildir ekki einvörðungu fyrir togara heldur líka minni togbáta og dragnótaveiðibáta. Og það er rétt að geta þess að þær ákvarðanir sem hafa verið

teknar af minni hálfu fela í sér að þessi svæði eru heldur minni en áður og tvískipt og hafa gilt um skemmri tíma en í upphafi þegar fyrrv. sjútvrh. tók ákvarðanir um opnun þessara svæða á grundvelli sömu lagagreina. Og með því að hér var vitnað í vestfirska sjómenn þá er rétt að geta þess að sú niðurstaða sem varð í þessu máli er mjög í samræmi við tillögur Bylgjunnar, skipstjóra- og stýrimannafélagsins á Vestfjörðum.

[15:59]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við stöndum frammi fyrir miklum vanda í okkar fiskveiðimálum með minnkandi afla og að smábátaeigendur mótmæli nú þessari reglugerðarsetningu er eðlilegt í ljósi þess, bæði vegna þess að ekki var haft neitt samráð við þá og ekki síður vegna þess að hér geti verið um lögleysu að ræða. Ég fer fram á það að hæstv. sjútvrh. sanni það með lögfræðilegri álitsgerð að sú reglugerð sem hann hefur gefið út um þetta standist lög.

Í blaðagrein eftir Önund Ásgeirsson sem birtist fyrir einu ári síðan í Morgunblaðinu, kom það fram að Kanandamenn hafa neyðst til þess að banna allar togveiðar úti fyrir Nýfundnalandi næstu tvö ár þar á eftir og ástæðan var sú að togskip frá Evrópu hafi gjöreytt veiðislóðinni.

Á síðasta þingi var lögð fram þáltill., sem ekki fékkst samþykkt, frá Magnúsi Jónssyni, um rannsókn á áhrifum botndreginna veiðarfæra á lífríki sjávar þar sem Alþingi átti að ályktа um að fela umhvrh. og sjútvrh. að beita sér fyrir því að fram færi rannsókn á áhrifum botndreginna veiðarfæra á lífríki sjávar og sjávarbotns.

Í grg. með þál. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Í þeim þrengingum, sem nú eru í fiskveiðum víða á Norður-Atlantshafi, hafa þær raddir orðið æ fleiri og háværari að sú veiðiaðferð að draga eftir sjávarbotninum veiðarfæri, sem geta verið allt að tugur tonna að þyngd, geti átt sinn þátt í minnkandi veiði úr helstu nytjastofnum okkar og fleiri þjóða. Aukin tækni í gerð veiðarfæra, svo og tækjabúnaður um borð í skipunum, gerir mönnum kleift að draga botnvörpu yfir nánast hvað sem er nema skipsflök svo vitnað sé í ummæli reyndra togarasjómanna."

Virðulegi forseti. Ég tel að það liggi ekki fyrir nægilegar rannsóknir á því hvaða áhrif botndregin veiðarfæri hafi á lífríki sjávar og ekki síst þess vegna er það ámælisvert að hleypa togskipum inn fyrir 12 mílna landhelgi.

[16:02]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þegar við færðum út landhelgina þá voru okkar rök m.a. þau að okkur væri best treystandi til að nýta fiskimiðin við landið. Við bentum á það að erlend skip væru hér t.d. upp að 12 mílum á sínum tíma, það væru stórir hópar breskra skipa sem væru að drepa smáfisk. Þegar við færðum út í 50 mílurnar bentum við á ryksugutogarana frá Rússlandi og Austur-Evrópuríkjunum sem væru allt í kringum landhelgina hjá okkur. Við fengum það sem við vildum, við fengum að stjórna nýtingu hafsvæðanna í kringum landið. Og hvernig förum við svo að því? Við úthlutum á skipin okkar ákveðnu magni af fiski í tonnum. Við skiptum okkur lítið sem ekkert af því hvernig menn fara að því að veiða þennan fisk og við hlustum ekki á heimamenn á svæðunum sem eru að benda á hvernig ýmis veiðarfæri fara með lífríkið. Það eru ákveðnir hagsmunaaðilar í útgerð og fiskvinnslu sem hafa ráðið ferðinni í þessum málum allan þennan tíma. Svo kemur hæstv. sjútvrh. hér upp þegar honum er bent á það að menn hafi kannski ekki farið alveg rétt að lögum og fer í sömu fötin og hann hefur verið í síðan hann tók við þessu embætti, þ.e. framsóknarfötin — ég er að gera það sama og fyrirrennari minn. (**Umhvrh.:** Þau fara honum vel.) Ég vil ekki taka undir það að framsóknarfötin fari honum vel. Ég hafði a.m.k. þá von í upphafi þegar hann tók við þessu embætti að hann mundi a.m.k. reyna að sýna svolítinn mannsbrag af sér þannig að hann mundi lagfæra það sem verst væri og hefði mistekist hjá fyrirrennara hans og í stefnu stjórnvalda við stjórn fiskveiða. En það virðist vera hans aðalafsökun að hann sé að gera þetta nákvæmlega eins og það hefur verið gert áður. — Nema að einu leyti: Nú stöndum við sem sagt frammi fyrir því, (Forseti hringir.) hæstv. forseti, að íslensk stjórnvöld loka veiðisvæðum á erlendum hafsvæðum fyrir íslenskum skipum en hleypa þeim hér upp í kartöflugarða við okkar eigið land.

[16:05]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér ræðum við afar vandmeðfarið og flókið mál sem oft hefur verið til umfjöllunar á vettvangi sjómanna og útgerðarmanna. Það er vandmeðfarið og flókið vegna þess að það reynir mjög á sambúð ólíkra veiðarfæra og ólíkra skipa. Sannleikurinn er sá að oftast hefur þetta gengið mjög vel og oftast hefur þetta gengið árekstralítið fyrir sig. Þetta hólf sem hér er verið að ræða um var á sínum tíma opnað árið 1984, í upphafi til þess að auðvelda togurum að nýta stofna eins og kola og ýsu sem ekki höfðu náðst með eðlilegum hætti fram að því. Síðan þetta var gert hefur hólfið verið þrengt og opnunartími þess líka verið skertur. Ég minnist þess t.d. að í fyrra þegar hæstv. sjútvrh. frestaði opnun hólfsins um einn mánuð þá varð mjög mikil óánægja meðal togveiðimanna af þessum ástæðum. Hér er þess vegna ekki um að ræða einfalt mál eða einhlítt heldur eru margar hliðar á því.

Samkvæmt upplýsingum sem ég aflaði mér í gærkvöldi hjá skipstjórum á nokkrum togurum þá stóð veiðin í fyrra í hólfinu yfir í u.þ.b. hálfan sólarhring. Eftir þetta var veiðin að mestu búin og menn fóru brott að svo komnu máli.

Það sem menn leggja upp úr varðandi þetta hólf hjá togurunum er einfaldlega það að menn segja sem svo að þegar brælir úti á hafsvæðinu fyrir utan Vestfirði þá er okkur það mjög mikilvægt að geta komist upp að landinu og náð að veiða þar kola og ýsu, lokið okkar túrum einmitt með því að veiða þessar tegundir.

Ég var að fá upplýsingar frá skipinu Hálfdáni í Búð sem var að koma úr veiðiferð rétt um hádegið þar sem

hann fékk að skoða þetta hólf. Niðurstaðan af þeirri veiði var sú að meðan á veiðiferðinni stóð inni í hólfinu þá var um að ræða svo til eingöngu kolaafla. Þetta finnst mér mjög mikilvægt innlegg í þessa umræðu.

Ég vil hins vegar segja að aðalatriði málsins er þetta: Til þess að komast að niðurstöðu í þessu máli er eingöngu um eitt að ræða. Það er það að menn reyni að fara samninga- og sáttaleið. Hér er um að ræða mjög flókið og erfitt mál sem snertir mikla hagsmuni margra og það er aðeins til ein leið, leið sátta. (Forseti hringir.) Í haust fara einmitt fram fundir á vegum fjórðungsþinga fiskideilda og hvet ég mjög til þess að þessi mál verði rædd þar og þau verði leidd þar til lykta.

[16:07]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg alls kostar sammála hæstv. síðasta ræðumanni. Ég held að það sé ekki nóg að fara leiðir sátta og samninga. Ég held að það verði líka að fara leiðir rannsókna og því miður skortir enn töluvert á um að við höfum þær upplýsingar sem duga okkur til að taka skynsamlegar ákvarðanir. Þær umræður sem eru í dag vitna um það. Okkur vantar meiri rannsóknir, raunhæfar rannsóknir og niðurstöður um áhrif veiðarfæra á botn og okkur ber líka að fara varlega þangað til slíkar niðurstöður liggja fyrir og það held ég að sé mergurinn málsins. Ég held að við ættum frekar að fara of gætilega heldur en of gassalega áfram. Stærsta málið varðandi opnun veiðisvæða fyrir togveiði er að við erum að taka ákveðna áhættu. Við erum jafnframt með samskiptaörðugleika á milli sjómanna í mismunandi útgerð og ekki skal ég gera lítið úr því, en ég held að við verðum að tala alvarlega ábendingar um að það sé verið að ganga of nærri lífríkinu þangað til við höfum niðurstöður um annað. Ég held að þetta sé kannski það sem ég vil bæta sérstaklega inn í umræðuna vegna þess að mér finnst það skorta.

Ég vil líka nota þetta tækifæri til þess að benda á það að við erum allt of skammt á veg komin með að meta lokanir. Við beitum skyndilokunum of mikið og varanlegum lokunum á svæðum eða lokunum fyrir ákveðnum veiðarfærum of lítið. Við beitum markvissum, sérhæfum lokunum allt of lítið. Þarna vantar enn á þekkingu. Fyrr en við höfum aflað þessarar þekkingar og kunnum að beita þeim tækjum sem við höfum, að loka á veiðarfæri, loka á einstök svæði, hrygningarsvæði og uppvaxtarsvæði, þá erum við í rauninni með mjög ómarkvissa sjávarútvegsstefnu.

[16:10]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Útgáfa þeirrar reglugerðar sem hér er til umræðu hefur vakið nokkurn óróa og þess vegna er nauðsynlegt og í rauninni afar mikilvægt fyrir hæstv. sjútvrh. að taka til athugunar þær ábendingar og athugasemdir sem komið hafa fram. Ég vil m.a. vekja athygli á því að sjómenn við Breiðafjörð hafa lýst miklum áhyggjum yfir því hversu dregið hefur úr veiðum og þeir hafa bent á þá hættu sem stafar af miklum togveiðum á Flákanum. Togveiðar geta valdið miklum skaða ef of langt er gengið í togveiðum á þeim svæðum. Þess vegna vil ég við þessa umræðu hvetja hæstv. sjútvrh. til þess að taka til sérstakrar athugunar þær ábendingar sem hafa komið fram og leita allra leiða til þess að takmarka eins og hægt er togveiðar á þessum svæðum, m.a. við Breiðafjörðinn.

[16:11]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég efa ekki að hæstv. sjútvrh. hefur þingstyrk til að koma í gegn þeim lagabreytingum sem hæstv. ráðherra hefur áhuga á, en gerðir Halldórs Ásgrímssonar verða ekki sjálfkrafa að lögum. Hann sinnti þessu embætti meðan hann var ráðherra en að allt sem hann gerði sé orðið að lögum, það er merkileg skýring hjá lögfræðingi, að ætla að fara að skýla sér á bak við allt sem Halldór Ásgrímsson sagði og gerði, að það sé sjálfkrafa orðið að lögum. (**Sjútvrh:** Voru það ólög?) (**ÖS:** Það er það í Framsóknarflokknum.)

Ég vil undirstrika eitt. Árið 1983 veiddu togararnir 34% af skarkolanum. Árið 1982 33%. Þeir hafa aldrei náð svo háu hlutfalli eftir að þessi breyting var gerð. Málið snýst einfaldlega ekki um það hvort þessi skip eigi að veiða þarna eða ekki. Málið snýst bara um einn hlut: Ráðherrann hefur ekki heimild samkvæmt lögunum til að setja þessa reglugerð. Það er ekkert ákvæði í lögunum sem heimilar honum að gera þetta. Eiga það að vera lög í þessu landi að ráðherra geti sagt að hann geti vísað í einhverja grein sem fjallar um allt aðra hluti og sagt: Ég set reglugerð í nafni þessarar greinar? Af hverju notaði hann ekki seinustu greinina, gildistökuna, til þess að vísa í varðandi reglugerðarákvæðið?

Það er gjörsamlega vonlaust að búa við það að hér sé slíkt tilskipunarvald af hálfu ráðherra að það minni á lýðræðisleikreglurnar hjá Jeltsín, tilskipanir, tilskipanir, tilskipanir. Það verður að vera hægt að fara fram á það að þær greinar sem vísað er í séu í samræmi við þær reglugerðir sem settar eru. Ráðherrann verður maður að meiri ef hann endurskoðar sitt mál og kallar þessa reglugerð til baka.

[16:14]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Kjarni þessa máls er sá að í athugasemdum sem í þrígang hafa fylgt þessu heimildarákvæði hingað inn á Alþingi er gefin sú leiðbeining um notkun þessa ákvæðis að það eigi sérstaklega við um nýtingu á skarkola og það á tilteknum svæðum. Þannig að í þeirri leiðbeiningu, sem gefin er og Alþingi tekur gilda hvað eftir annað, og þar á meðal hv. þm., þá kemur skýrt fram við hvað er átt og til hvers er verið að setja þessa lagagrein. Það er mín skoðun að forveri minn í embætti hafi verið að fylgja lögum en ekki brjóta lög þegar hann framfylgdi þessu lagaákvæði og ég er þeirrar skoðunar að svo sé enn. Hitt er annað mál, sem hér kom fram í umræðunum hjá öðrum hv. þm. en hv. málshefjanda, að þetta mál snýst í raun og veru um sambúð stærri skipa, togveiðiskipa og minni báta, og það er fullkomin ástæða á hverjum tíma að horfa á ákvarðanir af þessu tagi í ljósi þess að menn verða að finna eðlilegar leikreglur þar á milli. Ég hef,

þennan skamma tíma sem ég hef verið í ráðuneytinu, tekið ákvarðanir um þessi svæði sem hafa miðað að því að þrengja þau heldur og seinka því að þau væru opnuð í þeim tilgangi að koma til móts við þau sjónarmið að eðlilegar leikreglur gildi þarna á milli. Það er fullkomlega eðlilegt á hverjum tíma að meta þetta og ekkert sjálfgefið að hlutir standi að þessu leyti óbreyttir um alla framtíð.

Þetta er sjálfsagt og eðlilegt skoðunarefni. Hinu vísa ég á bug, að hér hafi verið gengið á svig við lögin með tilvísun í þær skýru athugasemdir sem hvað eftir annað hafa fylgt þessari lagagrein inn á Alþingi og hv. þm. hefur aldrei gert athugasemdir við fyrr.

Útbýting þingskjals:

Kostir þess að gera landið að einu kjördæmi, 42. mál, þáltill. JGS og FI, þskj. 45.

Fundi slitið kl. 16.17.

---

10. FUNDUR

mánudaginn 11. okt.,
að loknum 9. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til dómsmálaráðherra:

1. Skráning blóðflokka í ökuskírteini, fsp., 10. mál, þskj. 10.

Til fjármálaráðherra:

2. Embætti ríkislögmanns, fsp., 21. mál, þskj. 21.
3. Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana, fsp., 22. mál, þskj. 22.
4. Jöfnunar- og undirboðstollar á skipasmíðaverkefni, fsp., 34. mál, þskj. 35.
5. Auglýsingar ríkisins og stofnana þess, fsp., 35. mál, þskj. 36.

Til umhverfisráðherra:

6. Rjúpnastofninn, fsp., 32. mál, þskj. 33.

Skráning blóðflokka í ökuskírteini.

Fsp. MF, 10. mál. — Þskj. 10.

[16:19]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ökuskírteini er það persónuskilríki sem flestir einstaklingar sem náð hafa 17 ára aldri hafa að jafnaði á sér. Efni og form ökuskírteinis skal vera með sérstökum hætti eins og um getur í 43. gr. reglugerðar um ökukennslu og próf ökumanna, nr. 747/1983, með síðari breytingum. Þar segir að í ökuskírteini skuli greina númer skírteinis, nafn, fæðingardag og heimili skírteinishafa, kennitölu skírteinishafa, útgáfudag og gildistíma skírteinis, útgáfustað skírteinis, hvaða réttindi skírteinið veitir, takmarkanir og skilyrði, ef um þau er að ræða, og hvar og hvenær skírteinið er fyrst útgefið. Í skírteininu skal einnig vera mynd af skírteinishafa stimpluð af lögreglustjóra.

Allt þetta eru nauðsynlegar og traustar upplýsingar um handhafa ökuskírteinis enda er það svo að ökuskírteini er það skilríki sem hvað mest er notað þar sem persónuskilríkja er krafist.

Ég tel þó að upplýsingagildi ökuskírteina mætti enn auka með því að einnig sé skylt að tilgreina blóðflokka skírteinishafa í ökuskírteini og reyndar mætti hugsa sér þá reglu varðandi útgáfu annarra persónuskilríkja. Rökin fyrir þessu eru margvísleg, m.a. þau að í þeim tilvikum sem handhafi ökuskírteinis eða annarra persónuskilríkja slasast getur skipt máli að vitneskja um blóðflokk viðkomandi sé til staðar sem allra fyrst eftir að slys á sér stað. Það gæti því skipt afar miklu máli að hægt sé að ganga að slíkri vitneskju í persónuskilríkjum sem sá slasaði ber á sér. Því vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. dómsmrh.:

„1. Eru uppi áform í dómsmrn. um að breyta reglugerð um ökukennslu og próf ökumanna, nr. 787/1983, ásamt síðari breytingum, þannig að auk þeirra upplýsinga sem nú skal tilgreina í ökuskírteini við útgáfu þess skuli einnig greint frá blóðflokki skírteinishafa?

2. Ef svo er, hvenær mun sú breyting koma til framkvæmda?“

[16:21]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Því er til að svara að ökuskírteinunum hefur fyrst og fremst verið ætlað að vera vitnisburður um þau ökuréttindi sem hver einstaklingur hefur. Það hefur á hinn bóginn verið lauslega kannað hvort tilefni væri til þess að gera þær breytingar sem hv. fyrirspyrjandi innir hér eftir. Á það hefur verið bent af hálfu þeirra sem með framkvæmd þessara mála fara að það kunni að vera varasamt að útvíkka skírteinið með þessum hætti þar sem hætta geti falist í því þegar nákvæmnisupplýsingar af þessu tagi eru yfirfærðar frá einum aðila til annars, hætta á mistökum við yfirfærslu skráningarinnar yfir á ökuskírteinið geti verið fyrir hendi og fyrir þá sök hafa komið varnaðarorð af hálfu þeirra sem um útgáfu ökuskírteina fjalla.

Á það hefur einnig verið bent að skráning á blóðflokkum geti verið trúnaðarmál af því tagi að huga þurfi sérstaklega að því hvort almenn skráning þeirra í skýrslum lögreglunnar sé eðlileg. Þetta eru fyrst og fremst þau atriði sem hafa gert það að verkum að af hálfu dómsmrn. hafa ekki verið uppi áform um að færa út þau efnissvið sem ökuskírteinið felur í sér.

Á hinn bóginn er það svo að ef heilbrigðisyfirvöld telja að það sé fallið til aukins öryggis, sérstaklega í slysatilvikum, að taka upp skráningu með þessum hætti, þá væri dómsmrn. vissulega reiðubúið til viðræðna um þau efni.

[16:23]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svör

hans og vil beina því til hans að hann beiti sér fyrir því að þessar viðræður við heilbrrn. eigi sér stað. Ég hef kannað þetta aðeins og rætt við heilbrigðisstéttir hvort það sé ekki rétt að hafa þennan háttinn á, að blóðflokkur sé tilgreindur í ökuskírteini. Enn þá hefur það ekki komið fram í þeim viðræðum að þeir hafi haft á móti því, þvert á móti hvatt til þess að koma því þannig fyrir og þess vegna vil ég beina því til hæstv. dómsmrh. að hann beiti sér fyrir því að taka upp viðræður við heilbrrh.

Embætti ríkislögmanns.

Fsp. SvG, 21. mál. — Þskj. 21.

[16:24]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þegar lögin um embætti ríkislögmanns voru sett, ég hygg á árinu 1986, urðu nokkrar deilur um það hér í þessari virðulegu stofnun. Sumir þingmenn, þar á meðal sá sem hér stendur, töldu að þetta embætti væri óþarfi og gæti í raun og veru ekki þjónað þeim markmiðum sem því var ætlað vegna þess að það lýtur eingöngu boðvaldi fjmrh. en ekki annarra ráðherra. Á það var bent í umsögn Lögmannafélagsins á sínum tíma að svo gæti farið að tvö ráðuneyti væru í innbyrðis málaferlum svo að segja og þá gæti staða embættis ríkislögmanns orðið býsna flókin. Það varð engu að síður niðurstaða Sjálfstfl. að það væri óhjákvæmilegt að stofna þetta embætti aðallega vegna innanhússvandræða í fjmrn. Það var vegna þess að það þurfti að koma fyrir manni í skikkanlegt embætti og þá var stofnað embætti ríkislögmanns af því að það var ekki annað til sem honum þótti nægilega gott miðað við þær aðstæður sem þá voru innan Sjálfstfl.

Niðurstaðan hefur svo orðið sú að þetta embætti hefur í raun og veru verið meira og minna þarflaust að mínu mati. Ég tel að það sé langeðlilegast að lögmannsstörf af því tagi sem hér er um að ræða séu hjá lögmönnum úti í bæ að verulegu leyti. Ég tel að yfirsýn yfir verkið eigi að vera hjá einstökum starfsmönnum fjmrn. en ekki í höndunum á sérstöku embætti sem er í fjmrn. og lýtur boðvaldi fjmrh. Lögin um embætti ríkislögmanns voru reyndar mjög sérkennileg á sínum tíma þegar þau voru sett vegna þess að í frv. fólst staðfesting á reglugerð um breytingar á reglugerð um Stjórnarráð Íslands sem hafði verið sett áður. Með öðrum orðum, reglugerðinni var breytt í lög eftir á og mun það vera nýmæli og hefur ekki verið reynt síðar svo mér sé kunnugt um. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að með hliðsjón af öllu sé langeðlilegast að leggja þetta embætti niður.

Nú í sumar gerðist það að það urðu nokkur undur á milli utanrrh. og fjmrh. þar sem utanrrh. komst loksins að þeirri niðurstöðu að það væri langeðlilegast að leggja þetta embætti niður vegna þess að það léti honum ekki í té þær upplýsingar sem ráðherrann óskaði eftir. Þar tel ég að embætti ríkislögmanns hafi í raun og veru verið í fullum rétti vegna þess að embætti ríkislögmanns lýtur boðvaldi fjmrh. og einskis annars ráðherra, samkvæmt ákvörðun Alþingis. Með hliðsjón af því að mér hefur bæst í þessu máli óvæntur liðsauki sem er formaður Alþfl. og hæstv. utanrrh. þá taldi ég ástæðu til að bera þessa fyrirspurn fram og spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann sé tilbúinn til þess að beita sér fyrir því að minnka báknið — báknið burt — og leggja niður embætti ríkislögmanns? Byrja á því, hæstv. ráðherra.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér er ánægja af því að svara hv. þm. Svarið er nei. Ég vil taka það fram vegna orða hv. þm. að þetta var ekki lausn á innanflokksvandræðum Sjálfstfl. á sínum tíma. Albert Guðmundsson, þáverandi fjmrh., flutti frv. í þinginu, ég hef kynnt mér þau gögn. Það kom fram í ræðum hans nákvæmlega hvert markmiðið var með þessari breytingu. Mér er hins vegar kunnugt um að á þeim tíma hafði hv. þm. Svavar Gestsson nokkra sérstöðu í málinu, þó ekki eins mikla og hann getur um nú. Mest kom þó sú sérstaða fram í svokölluðu „Sturlumáli" sem kom upp á sínum tíma og ég ætla ekki að rifja upp í þessari umræðu en þá lýsti hv. þm. því yfir að hann teldi að leggja ætti þetta embætti niður og skal ekki frekar fjallað um það hér að sinni nema tilefni gefist til.

Það að breyta reglugerð í lög er ekkert nýtt og ekkert gamalt. Við í fjmrn. urðum að gera þetta fyrir fáeinum árum vegna þess að fráfarandi fjmrh. stóð þannig að útgáfu reglugerðar um aukatekjur ríkissjóðs að það varð að gera lög úr reglugerðinni til að hún stæðist að áliti umboðsmanns Alþingis.

En þetta gefur mér allt saman, virðulegur forseti, tækifæri til þess að gera aðeins grein fyrir embætti ríkislögmanns. Hlutverk embættisins er þríþætt:

Í fyrsta lagi, og aðallega, rekstur dómstóla. Þetta eru yfirleitt einkamál sem höfðuð eru á hendur ríkinu og mál ríkisins á hendur öðrum. Hin síðarnefndu mál eru einkum á sviði skattaréttar og vinnuréttar.

Í öðru lagi þá vinnur ríkislögmaður að uppgjöri bótakrafna en fjölda slíkra krafna er beint að ríkinu. Þess skal getið að fjöldi bótakrafna sem hefur borist í ár er um 78 talsins.

Í þriðja lagi er um að ræða lögfræðilegar álitsgerðir eftir því sem einstakir ráðherrar kunna að óska eftir. Í reynd koma fram fleiri óskir en hægt er að verða við.

Fjöldi starfsmanna ríkislögmanns eru þrír lögmenn auk eins deildarstjóra. Sl. eitt og hálft ár hefur einn hæstaréttarlögmaður að auki verið í tímavinnu hluta úr degi.

Það sem af er árinu hafa verið til meðferðar um 180 dómsmál, þar af hafa 62 mál verið höfðuð á þessu ári. Þau eru mörg hver mjög umfangsmikil. Þessi mál eru ýmist fyrir héraðsdómstólum, Hæstarétti eða Félagsdómi en þó nokkur hafa gengið fyrir matsnefnd eignanámsbóta og þá hefur embættið tekið þátt í rekstri mála fyrir íslenska ríkið hjá Mannréttindanefnd Evrópu og Mannréttindadómstóli Evrópu.

Kostirnir við það að halda úti ríkislögmannsemb-

ætti eru: Í fyrsta lagi að samræma afstöðu til krafna á hendur ríkinu. Í öðru lagi að samræma í túlkun og framkvæmd laga að öðru leyti við rekstur mála fyrir dómstólum. Í þriðja lagi er um ótvíræðan sparnað að ræða og þar höfum við gert nokkra athugun á.

Mér er ljóst að þetta útilokar ekki að neinu leyti að aðrir lögmenn komi til ákveðinna starfa og í raun og veru er það svo að leitað er að talsverðu leyti til lögmanna sem eru starfandi á lögmannsskrifstofum úti í bæ.

Ég tek það fram að ríkislögmannsembættið er ekkert einskorðað við Ísland, til að mynda er í Noregi til ríkislögmannsembætti. Kostnaður við embættið á árinu 1992 var u.þ.b. 16,7 millj. kr.

Varðandi lögfræðiálitin þá skal ég taka það fram að lögfræðiálit frá embætti ríkislögmanns eru ekkert æðri lögfræðiálitum frá öðrum lögmönnum og ber að skoða þau með tilliti til þess. Það er rétt sem hefur komið fram að þau tilvik geta komið upp að valdsvið ráðuneyta skarast með þeim hætti að fleiri en einn ráðherra getur með réttu óskað eftir slíkri álitsgerð að því er hans valdsvið varðar. Í framkvæmd hefur það oftast verið svo að ráðuneyti hafa, þegar þannig stendur á, leitað sameiginlega álits embættis ríkislögmanns.

Þá hefur forsrn. í einhverjum tilvikum óskað eftir álitsgerð þegar ágreiningur hefur verið kominn upp um valdsvið ráðuneyta. Ekki er heldur loku fyrir það skotið að hagsmunir ráðuneyta kunna að skarast í dómsmáli. Það liggur í eðli málsins að það er ekki á verkefnasviði embættis ríkislögmanns að reka mál þegar svo stendur á að aðilar dómsmáls eru sitt hvor fyrirsvarsmaður ríkisvaldsins. Þegar svo stendur á að þeir aðilar sem embætti ríkislögmanns á að annast málarekstur fyrir fari í dómsmál gegn hvor öðrum yrðu þeir báðir að leita til sjálfstætt starfandi lögmanna. Ekkert hefur reynt á slíkt þótt nærri hafi reyndar legið upp á síðkastið.

Virðulegi forseti. Ég vonast til þess að svarið sem var stutt nægi. Það var eitt orð, nei. En útskýringar komu fram frekar í minni ræðu.

[16:33]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil taka það fram í þessum umræðum um stöðu ríkislögmanns að mér finnst eðlilegt að það embætti sé starfrækt. Hins vegar finnst mér að umræður um málefni er snerta embættið nú í sumar gefi til kynna að það sé e.t.v. ástæða til þess að huga að starfssviði ríkislögmanns. Ég fagna því sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. að álitsgerðir ríkislögmanns eru að sjálfsögðu ekki réttherri heldur en álitsgerðir annarra lögmanna og ég tel mjög mikilvægt að það komi skýrt fram þegar menn ræða um starfsemi ríkislögmanns að hann eða framkvæmdarvaldið getur ekki með álitsgerðum sínum hnekkt í neinu því sem samþykkt hefur verið á Alþingi.

Það liggur ljóst fyrir að vegna stjórnarskrárákvæða um þrískiptingu valdsins þá er það aðeins á valdi dómstóla að hnekkja eða komast að endanlegri niðurstöðu varðandi það sem samþykkt er á hinu háa Alþingi en það er ekki á verksviði ríkislögmanns að gefa álit um það hvað vakað hafi fyrir alþingismönnum við afgreiðslu mála.

[16:34]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin og hv. 3. þm. Reykv. fyrir þau sjónarmið sem komu fram í hans máli sem mér fannst í raun og veru taka undir a.m.k. hluta af því sem ég hafði hér að segja. Mér finnst að vandinn á undanförnum vikum og mánuðum hafi stundum verið sá að ráðherrar gera sér ekki grein fyrir því hver er munurinn á dómi og niðurstöðu stofnunar eins og ríkislögmanns eða Ríkisendurskoðunar. Mér finnst dálítið sérkennilegt að heyra menn tala um þessar stofnanir eins og þær séu að kveða upp dóma, sýknudóma eða sakfellingu. Það er að sjálfsögðu ekki þannig. Hins vegar verð ég að segja það, virðulegi forseti, að ég undrast að hæstv. fjmrh. skuli vera orðinn svo gróinn fastur í fjmrn., þessi baráttumaður gegn ríkisbúskap og ríkisbúskaparþenslu og bákninu og öllu því, að hann skuli ekki einu sinni lyfta þeim möguleika að það megi leggja niður þetta embætti. Staðreyndin er auðvitað sú að við höfum komist af með þetta embætti í öllum meginatriðum til ársins 1986 og það voru sérstakar innri aðstæður í fjmrn. sem ollu því að þetta embætti var stofnað, það er tvímælalaust þannig, það þekkir hæstv. ráðherra. Þess vegna er auðvitað full ástæða til þess núna að staldra við, m.a. eftir að yfirlýsingar hæstv. utanrrh. um málið hafa komið fram.

Hæstv. forseti. Ég tel reyndar að það sé stórhættulegt að gefa sér það að svona embætti eigi að vera til um aldur og ævi. Því skyldi maður, eins og hæstv. fjmrh., sem hefur gagnrýnt ríkisbúskapinn oft og tíðum, sérstaklega áður en hann varð fjmrh., meðan hann var yngri, því í ósköpunum skyldi hæstv. ráðherra ekki opna fyrir þann möguleika að þessir hlutir verði skoðaðir? Mér finnst að hann eigi að gera það og ég skora á hann að taka því vel.

Ég vil segja það að lokum, hæstv. forseti, að ég mun beita mér fyrir því að hér verði til þingmál þannig að hæstv. ráðherra og flokksfélögum hans og öðrum þingmönnum gefist kostur á að fjalla um það í vetur með pólitískum hætti hvort á að leggja þetta embætti niður sem mér finnst sjálfsagt. (Forseti hringir.)Það á af og til, hæstv. forseti, að taka til í þessu drasli, það er óþarfi að hafa þetta alltaf eins.

[16:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hér hefur orðið og þeim sem tekið hafa til máls vegna þess að ég held að það hafi sannarlega skýrt ýmislegt fyrir okkur sem hér störfum. Þá sérstaklega það hvernig líta ber á úrskurði, eða réttara sagt álitsgerðir ríkislögmanns, ekki sem úrskurði eða dómsniðurstöðu. Því er stundum haldið fram, alveg réttilega kom það fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að niðurstöður Ríkisendurskoðunar og niðurstöður ríkislögmanns séu einhvers konar dómsúrskurðir. Svo er alls ekki.

Við í fjmrn. höfum skoðað það hvort það borgi sig að leggja niður þetta embætti og út frá ríkissjóði séð

sjáum við ekki annað en að það væri talsvert dýrara að leggja niður embættið með þeim hætti að vísa öllum málum til lögfræðinga úti í bæ. Hitt er svo annað mál að í stórum stíl er það gert og við höfum staðið að slíku upp á síðkastið, a.m.k. í tveimur tilvikum sem ég man eftir nýlegum, að fela lögmönnum á lögmannsskrifstofum annars staðar en í ráðuneytunum að taka að sér ákveðin mál.

Þá vil ég einnig taka það fram að til að koma í veg fyrir misnotkun á þessu embætti hefur sá háttur verið hafður á að ríkislögmannsembættið tekur gjald fyrir álitsgerðir til þess að koma í veg fyrir að viðkomandi ráðherrar séu að ofnota ríkislögmann og til þess að hvetja þá m.a. til þess að versla við aðra aðila sem auðvitað eiga sinn rétt á því, eins og aðrir, að fá að taka þátt í að vinna álitsgerðir fyrir hið opinbera. Þannig að komi fram síðar á þessu þingi þingmál eins og hv. þm. boðaði þá fagna ég því, því þá gefst okkur tækifæri til að ræða þessa hluti betur þótt ég geti ekki á þessari stundu sagt að það þingmál verði til þess að breyta minni skoðun á málinu.

Útbýting þingskjala:

Laun starfsmanna ríkisins, 44. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 47.

Þingfararkaup alþingismanna, 43. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 46.

Aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtaka ríkisstofnana.

Fsp. JÁ, 22. mál. — Þskj. 22.

[16:39]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Á síðasta þingi lagði ég fram till. til þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Tillgr. var eftirfarandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana.

Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld, sem eru innheimt vegna tiltekinnar þjónustu, séu metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar en aldrei hærri.

Ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skal koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er."

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn haft málið til úrlausnar í dágóðan tíma og ekkert hefur bólað á framkvæmd á vilja hv. Alþingis. Ég ber þess vegna fram eftirfarandi spurningar til hæstv. ráðherra:

„1. Hvernig miðar endurskoðun á aukatekjum ríkisins og gjaldtöku ríkisstofnana sem Alþingi fól ríkisstjórninni á síðasta þingi?

2. Hyggst ráðherra leggja tillögu fyrir yfirstandandi þing um breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs og hverjar verða þá helstu breytingar frá núgildandi lögum?

3. Hvenær má búast við að þær breytingar sem af endurskoðun á gjaldtöku ríkisstofnana leiðir muni koma til framkvæmda?"

Nú er það komið fram sem ég vil nefna hér sem dæmi um mál af því tagi sem hér er um rætt, að umboðsmaður Alþingis hefur haft mál til meðferðar. M.a. hefur tollstjóraembættið í Reykjavík orðið að hrekjast til baka með ákvarðanir um innheimtu á 50 kr. gjaldi fyrir tollskýrslueyðublöð sem kostaði raunar 4,19 kr. að prenta. Umboðsmaður Alþingis komst að þeirri niðurstöðu að líta bæri á þann þátt endurgjaldsins sem færi fram úr kostnaði við gerð eyðublaðanna sem skatt í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar.

Það kom líka fram í fjölmiðlum nú um helgina að embætti umboðsmanns Alþingis hefur gert athugasemdir um innheimtu og ráðstöfun á gjaldi fyrir veiðileyfi á hreindýrum þar sem embættið komst að þeirri niðurstöðu að það skorti lagaheimildir til að nota þessa fjármuni vegna starfsemi hreindýraráðs og til skilgreindra verkefna á vegum veiðistjóraembættisins. Umboðsmaður Alþingis hefur sem sagt gefið það til kynna að hin ýmsu ráðuneyti setji reglugerðir sem ekki hafi stoðir í lögum í því skyni að innheimta fjármuni.

Þessi þáltill. sem samþykkt var á síðasta vori er í sjálfu sér mjög skýr og greinileg. Alþingi er að segja við framkvæmdarvaldið: Það á að gera skýran mun á sköttum og þjónustugjöldum og hið opinbera á aldrei að innheimta þjónustugjöld sem eru hærri en sá kostnaður sem af starfseminni hlýst. Framkvæmdarvaldinu hefur verið falið að framkvæma þennan vilja Alþingis og nú hlýtur að vera liðinn nógu langur tími til að koma þessum málum af stað.

[16:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Sem svör við þessum spurningum vil ég segja þetta:

Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt er það verkefni sem felst í umræddri þáltill. sem varð að þál. þingsins hinn 8. maí sl. mjög viðamikið. Af þessum sökum var ákveðið að haga vinnu við þessa endurskoðun þannig að fyrst yrði unnið að endurskoðun á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, og síðan farið yfir önnur atriði sem þál. tekur til.

Það kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda hvert efni ályktunarinnar er, en það er að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta og það kemur einnig fram í lok þál. að ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skuli koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er. Ég tel að þetta sé fyllilega eðlilegt. Við höfum rætt hér fyrr í dag um það að umboðsmaður Alþingis bar fram þau tilmæli við fjmrh. að hann legði af þá reglugerð, sem í raun og veru var reglugerð um skattheimtu, og annaðhvort félli frá henni eða setti lög þar að lútandi og var það gert, lög voru sett.

Nú skal ég skjóta því hér inn í að umboðsmaður Alþingis er ekki heldur úrskurðaraðili frekar en þeir sem um var rætt í fyrirspurnatíma fyrr í dag, Ríkisendurskoðun eða ríkislögmaður, en reynt er að fara að tilmælum hans, þá við teljum að þau séu þess eðlis að stjórnvald sé að brjóta lög eða eðlilega reglu.

Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. að umboðsmaður Alþingis beindi einnig þeim tilmælum til tollstjórans í Reykjavík eða réttara sagt fjmrn. vegna tollstjórans í Reykjavík og tollstjóranna um allt land, að hætta að selja á því verði sem tolleyðublöð voru seld á. Það var því fallið frá því, en varðandi veiðileyfi á hreindýrum skal þess getið að frv. sem kemur fram í næstu viku inniheldur ákvæði sem ætti að leysa það mál því að öllum er ljóst að samkvæmt stjórnarskránni má ekki leggja á skatt nema með lögum.

Það er gert ráð fyrir því að frv. verði flutt á yfirstandandi þingi um breytingu á lögum nr. 88/1991, um aukatekjur ríkissjóðs, þar sem m.a. verði gerðar tillögur um breytingar á gjaldtöku. Í fjmrn. liggja nú fyrir drög að frv. Ég tel ekki rétt á þessari stundu að upplýsa, hvaða breytingar verða lagðar til í frv., enda á eftir að kynna það í ríkisstjórn og þingflokkum stjórnarinnar. Ekki liggur fyrir hvenær það verður gert.

Eins og fram kom hér áður er um viðamikið verkefni að ræða og þurfa mörg ráðuneyti að koma að þessu verki. Þetta starf er ekki hafið enda var ákveðið að leggja fyrst áherslu á endurskoðun á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. Því er vart við að búast að tillögur er varða heildarendurskoðun um gjaldtöku ríkisstofnana verði lagðar fyrir yfirstandandi þing, en vonandi getur það orðið við upphaf næsta þings. Því miður er það svo að starfsmenn ráðuneytisins hafa verið önnum kafnir við önnur verkefni varðandi tekjur ríkissjóðs þannig að ekki getur orðið af því að þessum verkefnum verði skilað fyrr.

Vona ég, virðulegi forseti, að þetta svar nægi og sýni að að þessu máli er unnið þótt ekki sé með þeim mikla hraða sem hv. fyrirspyrjandi lagði áherslu á.

[16:47]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Ég er út af fyrir sig mjög ánægður með að það skuli vera stefnt að því að leggja fram í vetur breytingar á lögum um aukatekjur ríkissjóðs. En ég verð að segja það eins og er að mér eru það dálítil vonbrigði að ekki skuli vera farið að vinna af fullum krafti að því að koma einhverri reglu á hlutina í sambandi við innheimtu hinna ýmsu stofnana ríkisins á gjöldum. Ég hélt satt að segja að það væri þessari hæstv. ríkisstjórn sem nú situr dálítið kappsmál að koma skikki á þá hluti. Hún hefur innleitt hér meira af þjónustugjöldum að ég held en nokkur önnur ríkisstjórn sem hefur setið og það er þess vegna full ástæða til að vanda sig svolítið við það hvernig farið er að þeim sem eiga að greiða þessi gjöld. Ég tel að ríkið hafi gengið fram með ótrúlega ósiðlegum hætti í innheimtu þjónustugjalda af ýmsu tagi. Menn hafa vogað sér að setja fram gjaldtöku sem hefur ekki verið í neinu samræmi við þá þjónustu sem hefur verið leyst af hendi. Öll höfum við sjálfsagt upplifað það að mæta á einhverri skrifstofu hins opinbera og þurfa að greiða peninga, fyrir einhverja eins eða tveggja mínútna afgreiðslu, þúsundkall eða eitthvað því um líkt sem virðist vera ákveðið bara svona út í loftið, ekki með neinu tilliti til þess hvað verið er að gera á viðkomandi stað fyrir viðkomandi viðskiptavin. Það er þess vegna ekki að ófyrirsynju að Alþingi Íslendinga samþykkti þessa þáltill.

Ég vona að hæstv. ráðherra beiti sér nú fyrir því að þetta verði látið ganga hratt fyrir sig. Ég held satt að segja að það væri a.m.k. þessari ríkisstjórn, ef hún lifir eitthvað áfram, fyrir bestu að það yrði komið skikki á þessi mál.

[16:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil einungis bæta því við það sem fram hefur komið nú þegar að núv. ríkisstjórn hefur tekið talsvert til í þessum málum. Þannig var þegar ég kom í fjmrn. að þá var í gildi reglugerð sem tók gjöld af ákveðnum starfshópum langt umfram það sem sannanlega var hægt að segja að væru þjónustugjöld. Það var eitt af mínum fyrstu verkum að taka til hendi og breyta þessari reglugerð í lög og það var gert á árinu 1991 til þess að ekki væri stjórnarskráin brotin. Ég vil að það komi mjög skýrt fram að ríkisstjórnin hefur gert þetta með þessum hætti.

Í öðru lagi vil ég segja að ég tel það til mikillar fyrirmyndar að efna til þjónustugjalda því að ég tel að þeir sem njóta þjónustunnar eigi yfirleitt að borga fyrir þá þjónustu sem þeir fá og ég held að það sé sem betur fer þannig núna að þetta er gert í vaxandi mæli. Við höfum hins vegar passað duglega upp á það — með einni eða tveimur undantekningum, og það hefur þá verið lagað — að láta ekki þjónustugjöldin kosta meira en sannanlegur kostnaður við þjónustuna er. Í langflestum tilvikum eru þjónustugjöldin aðeins lítið brot af kostnaðinum við veitta þjónustu. Við verðum nefnilega að átta okkur á því að margt af því sem ríkið gerir fyrir notendur opinberrar þjónustu er þess eðlis að viðkomandi aðilar eiga að borga fyrir viðvikið. Ég held að þessi stefna sé ekki bara ráðandi hér á landi heldur hefur hún einnig átt vaxandi fylgi að fagna í öllum okkar nágrannalöndum, ekki síst vegna þess að menn vilja geyma skattana, fjármagnið sem kemur inn frá skattborgurunum, til þess að geta staðið undir almennum kostnaði sem samstaða er um í þjóðfélaginu að skattféð eigi að standa undir.

Jöfnunar- og undirboðstollar á skipasmíðaverkefni.

Fsp. JÁ, 34. mál. — Þskj. 35.

[16:52]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum sem lætur sig atvinnumál í landinu einhverju skipta að stjórnvöld og forráðamenn í sjávarútvegi standa nú

á rústum íslensks skipaiðnaðar. 400–500 störf hafa glatast á síðustu fimm árum, fyrirtækin eru farin eða eru að fara á höfuðið. Þau hafa undanfarin ár staðið verkefnalítil meðan verkefni fyrir marga milljarða hafa verið unnin við íslensk fiskiskip í erlendum skipasmíðastöðvum, t.d. fyrir 5 milljarða á síðasta ári, ekki vegna þess að íslenskar skipasmíðastöðvar hafi ekki getað leyst verkin af hendi, heldur vegna þess að stjórnvöld í viðkomandi löndum hafa séð og skilið mikilvægi þess að hafa öflugan skipaiðnað og hafa viljað verja atvinnuna í sínu landi. Það fyrirfinnst nefnilega varla iðnaður sem er jafnatvinnuskapandi og skipaiðnaðurinn er. Það hefur þess vegna verið mér og mörgum öðrum mikið undrunarefni að á sama tíma og mikil áhersla hefur verið lögð á nauðsyn þess að skapa ný störf og miklir fjármunir verið lagðir í nýsköpunarverkefni, sem öll hafa reyndar byggst á áhættusömum útflutningi, þá hefur ekki verið skilningur á því að nýta þetta stærsta iðnaðartækifæri sem við eigum á innanlandsmarkaði.

Virðulegi forseti. Ég tek svona til orða að vel hugsuðu ráði því að það er sannfæring mín eftir að hafa fylgst með málefnum skipasmíðaiðnaðarins til margra ára, og ég hef reyndar starfað í greininni næstum alla mína starfsævi, að afstaða forsvarsmanna stórútgerðarinnar í landinu og undirlægjuháttur og vesaldómur stjórnvalda við þá ágætu menn hafi valdið því að allar hugmyndir og tillögur um að verja skipaiðnaðinn fyrir óeðlilegri samkeppni, þ.e. undirboðum og niðurgreiðslum, hafa verið kæfðar með því að gera ekki neitt.

Fyrir ári síðan lagði ég fram hér á hv. Alþingi till. til þál. um undirboðs- og jöfnunartolla á skipasmíðaverkefni. Alþingi samþykkti að vísa tillögunni til ríkisstjórnarinnar. Það hafði komið fram að á vegum ríkisstjórnarinnar væri verið að vinna að málinu. Nefnd á vegum viðskrn. hefur síðan skilað gagnlegri skýrslu um málið og staðfestir allt sem forráðamenn íslenskra skipasmíða hafa sagt á undanförnum árum um niðurgreiðslur í okkar helstu samkeppnislöndum. Það er ekkert lengur sem getur réttlætt að stjórnvöld víki sér undan því að taka afstöðu til þessa máls. Ég hef því, virðulegi forseti, leyft mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. fjmrh.:

„1. Hyggst ráðherra grípa til undirboðs og/eða jöfnunartolla til að jafna samkeppnisaðstöðu innlends skipasmíðaiðnaðar gagnvart erlendri samkeppni?

2. Mun ráðherrann leggja fyrir þingið í vetur tillögur um breytingar á XII. kafla tollalaga?

3. Eru í undirbúningi á vegum ríkisstjórnarinnar einhverjar aðrar ráðstafanir til endurreisnar skipasmíðaiðnaðinum og þá hverjar?"

[16:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrstu fsp. vil ég segja þetta: Í maí á þessu ári skilaði starfshópur sem skipaður var í október 1992 skýrslu til iðnaðar- og viðskrn. um ríkisstyrki og undirboð í skipasmíðaiðnaði. Í skýrslunni var ítarlegt yfirlit yfir ákvæði um ríkisstyrki og undirboð í alþjóðlegum viðskiptasamningum sem Ísland er aðili að. Enn fremur er í skýrslunni að finna greiningu á meintum, ólögmætum undirboðum pólskra skipasmíðastöðva í byggingu og breytingar á íslenskum fiskiskipum. Í skýrslunni kemur m.a. fram að heimildir í viðskiptasamningum til að leggja á undirboðstolla eru nokkuð óljósar og mismunandi eftir viðskiptasvæðum. Þessar reglur og annað sem þeim tengist, svo sem ákvæði um ríkisstyrki, eru enn í mótun, bæði í samstarfi Evrópuþjóðanna og á vettvangi GATT. Viðræður hafa verið í gangi á milli EFTA-landanna og EB í sumar um ríkisstyrki, einkum styrki í skipaiðnaði. Hefur af hálfu Íslands verið náið fylgst með framvindu þeirra mála og nokkrir þessara funda verið sóttir af Íslands hálfu.

Sameiginlegt reglum alþjóðlegra viðskiptasamninga um undirboðstolla er að strangar kröfur eru gerðar um sönnun undirboðs eða styrkja og þær rannsóknir sem fram þurfa að fara áður en slíkir tollar eru lagðir á. Eru þær einkum vandmeðfarnar þegar ekki er um að ræða vörusölu þar sem styðjast má við markaðsverð. Ákvæði íslenskra laga um heimildir til að leggja á undirboðstolla eru einkum miðaðar við ákvæði GATT-samkomulagsins og þeim þarf að beita í samræmi við heimildir samninganna.

Í skýrslu þeirri sem vikið er að hér að framan kemur fram að þessi lagaheimild kunni að vera hæpin að því er tekur til skipaviðgerða. Í skýrslunni kemur einnig fram að vandmetið er hvort eða að hve miklu leyti lágt verð á skipasmíðum, einkum í Póllandi sem sótt hefur inn í íslenskan markað, er að rekja til undirboða og styrkja eða lægri raunverulegs framleiðslukostnaðar. Yrði það miklum vandkvæðum bundið. Notkun undirboðstolla vegna skipasmíða og viðgerða virðist ekki notuð meðal annarra þjóða. Koma væntanlega til þau atriði sem nefnd hafa verið hér að framan og eins hitt að slíkar aðgerðir auka kostnað innlendra útgerða og draga úr samkeppnishæfni þeirra. Af þessum ástæðum telur fjmrn. ekki rétt á þessu stigi að gripið verði til undirboðstolla, en hefur falið ákveðnum starfshóp að undirbúa málið enn frekar um það eftir hvaða reglum skuli farið ef og þegar beita eigi jöfnunartollum.

Sem svar við 2. fsp. segi ég þetta: Ákvörðun um breytingu á XII. kafla tollalaga hefur ekki verið tekin. Mun hún m.a. ráðast af vinnu framangreinds starfshóps og eins þeim breytingum á alþjóðlegum ákvæðum um undirboðs- og jöfnunartolla, en þau eru til umræðu bæði meðal Evrópuþjóða og í tengslum við svokallaða Uruguay-lotu GATT.

Varðandi 3. fsp. vil ég segja að á ríkisstjórnarfundi 8. okt. sl. var lagt fram minnisblað frá iðn.- og viðskrh. þar sem kom fram að í undirbúningi væri nefndaskipan um úttekt á fjárhagsstöðu skipaiðnaðarins og var sú tillaga ráðherrans samþykkt á fundinum. Jafnframt beindi viðskrh. eða öllu heldur iðnrh. því til utanrrh. að hann fylgdist með því sem er að gerast í Noregi en nýlega bárust upplýsingar um umfangsmikla fjárfestingarstyrki til skipasmíðastöðvar í Kirkenesi í Norður-Noregi eða að upphæð 1.850 millj. ísl. kr. í heild. Þessi styrkur kemur til viðbótar þeim miklu

framleiðslustyrkjum sem fyrir eru í norskum skipaiðnaði og nema nú um 13% af nýsmíði þar í landi sem er hækkun frá fyrra ári. Utanrrh. tók að sér að mótmæla þessum styrkjum á grunni EFTA-samningsins og fyrirhugaðs EES-samnings og í yfirstandandi GATT-viðræðum, Uruguay-lotunni, og á grunni annarra samninga sem tilefni gefa.

Það kom fram á fundinum að sérstök áhersla verður lögð á það af hálfu Íslands í samningaviðræðum EFTA og EB á næstu vikum að tryggt sé eins og kostur er að skipasmíðar verði hluti EES-samningsins frá og með gildistöku hans. Þessari kröfu verði fylgt eftir í samningaviðræðum EFTA og EB á efri stjórnunarstigum reynist slíkt nauðsynlegt.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram sem svar við þremur fyrirspurnum hv. fyrirspyrjanda.

[17:01]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Það þolir enga bið að snúa vörn í sókn í íslenskum skipaiðnaði sem hefur búið við miklar þrengingar í hátt í áratug. Nú er svo komið að starfsmönnum í þessari grein hefur fækkað um a.m.k. helming og flest skipaiðnaðarfyrirtækin eru á síðasta snúningi og þola ekki óbreytt ástand miklu lengur. Það sem veldur þessu ástandi fyrst og fremst eru undirboð og ríkisstyrkir samkeppnisþjóða okkar sem hafa leitt til þess að flest meiri háttar nýsmíða- og endurbótaverk hafa verið framkvæmd erlendis á undanförnum árum. Við þessu verður að bregðast. Við megum ekki missa niður þá þekkingu og reynslu sem er í þessari iðngrein og mun glatast ef svo fer sem horfir. Þjóð sem byggir afkomu sína á fiskveiðum og útgerð verður að hafa öflugan skipaiðnað sem getur veitt flotanum góða þjónustu. Þjóðin hefur áhyggjur af atvinnuleysi og menn leita stöðugt að nýjum atvinnutækifærum. Í skipaiðnaðinum er möguleiki á stórfjölgun starfsmanna ef okkur tekst að beina verkefnunum heim. Þess vegna verður að finna ráð til að mæta ríkisstyrkjum og undirboðum samkeppnisþjóðanna. Það þolir enga bið og til skoðunar hljóta að koma ýmsir möguleikar, þar á meðal þeir jöfnunartollar sem getið er um í þeirri fyrirspurn sem hér er til umræðu.

Virðulegi forseti, ég vil að lokum lýsa ánægju minni með það sem kom fram í máli hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin skuli vera að fjalla um þetta mál um þessar mundir.

[17:02]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég á afar erfitt með að sætta mig við það að erlend stjórnvöld geti ráðið því með undirboðum eða niðurgreiðslum hvort íslenskar atvinnugreinar lifa eða deyja. Því tel ég að við eigum í slíkum tilfellum að beita jöfnunartollum eða undirboðum. Á þessu getur þó verið undantekning. Það er þegar það að njóta niðurgreiðslnanna eða undirboðanna bætir þjóðarhag meira en viðkomandi atvinnugrein skilar í þjóðarbúið og að við getum verið nokkurn veginn viss um að niðurgreiðslurnar eða undirboðin verði viðvarandi en verði ekki hætt um leið og búið er að drepa niður hina íslensku atvinnustarfsemi. Ég vil því spyrja fjmrh. hvort það hefur verið athugað hver ágóði útgerðarinnar er af því að njóta þeirra undirboða sem hinar erlendu skipasmíðastöðvar bjóða og hverju það skilar í þjóðarbúið? Jafnframt hverju skipasmíðaiðnaðurinn mundi skila í þjóðarbúið ef allt væri með felldu?

[17:04]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér flutti hæstv. fjmrh. dæmalausa undansláttarræðu. Á 6–10 árum hafa Íslendingar tapað 600–800 störfum í íslenskum skipasmíðaiðnaði. Enn verðum við að þola það að ráðherrar komi hér upp og segi: Það er verið að skoða, það er verið að safna gögnum. Það er verið að gera ekki neitt. Nú er þó Jón Sigurðsson farinn upp í Seðlabanka. Hann þvælist ekki lengur fyrir þessu máli. Það er undarleg staða — íslenska þjóðin lifir á sjávarútvegi — að það skuli vera að gerast í þessu landi að hér verður hvorki hægt að smíða skip né gera við þau. Þess vegna hlýtur það að vera krafa okkar að þessi mikilvæga atvinnugrein verði ekki drepin af erlendu valdi. Ég velti því oft fyrir mér, hæstv. forseti, hvort embættismennirnir hér í ráðuneytunum séu á mála hjá erlendum verktökum hvað þetta varðar. Þeir drepa allavega alla heilbrigða hugsun ráðherranna og frumkvæði af þeirra hálfu.

[17:05]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með svar hæstv. fjmrh. Ég vonaðist til þess að við fengjum yfirlýsingu um að það ætti nú loksins að taka til hendinni í þessum málum. Ég óttast að það sé nákvæmlega sú hugsun sem liggur að baki því að menn gera ekki neitt sem kom fram í efasemdum hv. 3. þm. Reykn. sem talaði hér áðan og var að velta því fyrir sér hvort útgerðin græddi svo mikið á þessu að það væri þjóðhagslega hagkvæmara að leggja íslenskan skipaiðnað í rúst heldur en koma í veg fyrir að þeir mundu nota sér eins mikið undirboð á erlendum mörkuðum. Það er sem sagt raunverulega verið að lýsa því yfir að þeir sem stjórna málum í öllum löndunum hér í kringum okkur séu hálfvitar, þ.e. þeir sem greiða niður eða styrkja sínar skipasmíðastöðvar sem virðist vera almennt gert. Ég tek hér dæmi: Norðmenn greiða niður skipasmíðar hjá sér fyrir erlenda aðila um 13,2%, í Finnlandi eru það 10%, í Svíþjóð 13%, í Bandaríkjunum eru 50% verndartollar og 15% ríkisstyrkir, í Kanada eru 25% verndartollar. Skipasmíðastöðvarnar á EB-svæðunum fá 139 milljarða til sín í styrkjum. Í Danmörku fá skipasmíðastöðvarnar 8,3 milljarða. Þetta kemur allt fram í skýrslunni sem nefnd var hér áðan af hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Þetta er alveg eins og með landbúnaðinn.) Í Austur-Þýskalandi fær skipasmíðaiðnaðurinn 245 milljarða styrki og 36% verðstyrki til viðbótar við nýsmíðarnar. Eru menn virkilega á þeirri skoðun að það sé ekki þjóðhagslega hagkvæmt að reka skipasmíðar? Þá ættu menn að kynna sér það hvað þessi atvinnuvegur bætir miklu við þá starfsemi sem hann er sjálfur. Það er talið að það séu þrjú störf sem bætast við fyrir hvert starf sem unnið er í skipasmíðastöðvum.

[17:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að vísa á bug ummælum hv. þm. Guðna Ágústssonar. Ég átta mig ekki alveg á því af hvaða fjöllum hann kemur inn í þessa umræðu. Staðreyndin er nefnilega sú að núv. ríkisstjórn hefur, eins og kom fram í mínu máli, verið að vinna að þessum málum. Utanrrh. hefur tekið að sér að mótmæla harðlega með þeim ráðum sem við höfum þeim niðurgreiðslum sem tíðkast hjá okkar viðskiptaaðilum, t.d. Norðmönnum, sem um þessar mundir eru í bókstaflegri merkingu að stela verkefnum, t.d. vegna Rússatogaranna, frá íslenskum skipasmíðastöðvum. Að þessu er unnið af fullri einurð. (**Gripið fram í:** Það tekur of langan tíma.) Auðvitað þarf að taka þann tíma sem þarf. En við skulum átta okkur á því að eitt grundvallaratriðið í þeim fríverslunarsamningum sem verið er að ræða við aðrar þjóðir er að hverfa frá niðurgreiðslunum, að hverfa frá því fyrirkomulagi sem gildir í Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Það er þannig sem við viljum vinna að þessu máli.

Við skulum átta okkur á því að vandinn er kannski sá að íslenskir útgerðarmenn hafa ekki hlutað í sundur útboðin þegar þeir eru að bjóða út t.d. togarana og fiskiskipin. Þess vegna hefur það gerst hér á landi að þeir sem framleiða tæki og tól fyrir skipin hafa ekki getað boðið í skipin heldur hefur allt verkefnið farið til útlanda. En lánasjóðirnir gera mun á því hvort skip eru byggð hér á landi eða annars staðar og ég held að við ættum að koma þeim tilmælum til útgerðarmanna hér á landi að þeir geri það að skilyrði þegar þeir láta byggja skip annars staðar að það séu að minnsta kosti keyptar vörur, tól og tæki sem eru þróuð hér á landi því við eigum allt okkar undir því að geta þróað þennan iðnað miðað við íslenskar aðstæður og þar ættum við að hafa mjög góða samkeppnisstöðu vegna þess að Íslendingar stunda þann sjávarútveg sem best er stundaður í heiminum. Þetta vil ég að komi hér fram.

Ég get því miður ekki svarað fsp. frá hv. þm. Árna M. Mathiesen um það hvað þetta sparar útgerðinni mikla peninga. Ég efast ekkert um að þetta eru talsverðir fjármunir en á móti kemur það tap sem íslenskur iðnaður verður fyrir vegna þess að hann getur ekki tekið þátt í þessum alútboðum sem ég hef nefnt í minni ræðu.

Auglýsingar ríkisins og stofnana þess.

Fsp. GuðjG, 35. mál. — Þskj. 36.

[17:11]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Fsp. mín til hæstv. fjmrh. er svohljóðandi:

Hvaða reglur gilda um birtingu auglýsinga ríkisins og stofnana þess í dagblöðum og héraðsfréttablöðum?

Nú er það svo þegar þarf að auglýsa vöru, þjónustu eða eitthvað annað reyna þeir sem auglýsa að gera það þar sem líklegt er að auglýsingin nái til sem flestra þeirra sem verið er að höfða til með auglýsingunni. Þess vegna er t.d. eðlilegt að birta í héraðsfréttablöðum auglýsingar sem varða viðkomandi hérað. Mér segja hins vegar útgefendur héraðsfréttablaða að þau svör fáist hjá ríkisstofnunum að þær auglýsi ekki í slíkum blöðum. Um þetta eru fjölmörg dæmi. Eitt nýlegt dæmi er slík auglýsing sem birtist í dagblöðunum nú í september þar sem Innkaupastofnun ríkisins auglýsti til sölu íbúð á Akranesi.

Nú er það svo að íbúðir þar í bæ seljast nær undantekningarlaust bæjarbúum eða fólki úr nærliggjandi byggðarlögum. Á Akranesi er gefið út héraðsfréttablað sem nefnist Skagablaðið og þetta blað gefur vikulega út vandað auglýsingablað sem er sent á hvert einasta heimili í Vesturlandskjördæmi. Nú hefði mátt ætla að Innkaupastofnun ríkisins auglýsti íbúðina í þessu blaði en ekki aldeilis. Þegar leitað var eftir þessari auglýsingu í blaðið voru svörin þau að reglur leyfðu ekki auglýsingar í héraðsfréttablöðum. Auglýsingin birtist hins vegar í Tímanum 11. sept. og í Alþýðublaðinu 15. sept. Hvort halda menn nú að sé meira gagn að birta síka auglýsingu í blaði sem fer inn á hvert heimili eða í dagblaði sem fer á örfá heimili í kjördæminu? Þarna er augljóslega verið að styrkja dagblöð og flokksmálgögn undir því yfirskyni að verið sé að auglýsa. Nú geta menn haft á því skiptar skoðanir hvort ríkið eigi að styrkja útgáfu dagblaða. Ég tel að það eigi ekki að gera það og þetta sé meðal þeirra útgjalda ríkisins sem hægt er að fella niður. Aðrir hafa ekki sömu skoðun eins og sést í fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir að ríkið styrki dagblöðin um 80 millj. kr. á næsta ári jafnframt því sem heimilt er að kaupa 100 eintök af hverju dagblaði. Ríkið kaupir ekki héraðsfréttablöðin og hefur meira að segja sagt upp því eina eintaki sem keypt var af hverju blaði.

Ég tel að hér verði að hafa skýrar reglur þannig að auglýsingar ríkisins og stofnana þess verði framvegis birtar þar sem líklegt er að þær nái til sem flestra en séu ekki notaðar sem dulbúinn aukastyrkur til blaða sem sárafáir lesa og enn þá færri kaupa.

[17:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru engar samræmdar reglur til um birtingu auglýsinga stofnana ríkisins í dagblöðum og héraðsfréttablöðum. Ríkisvaldinu er í einstökum lögum skylt að auglýsa og er þá ákvæði laganna látið ráða umfangi birtinga. Dæmi um slíkt eru t.d. lög um húsbréfaútgáfu en auglýsa skal útdrátt „í dagblaði" eins og segir í lögunum. Ég hef séð auglýsingu í Morgunblaðinu sem er örlítil og stutt þar sem vísað er til auglýsingar í Alþýðublaðinu. Einstök ráðuneyti og stærri stofnanir hafa sett sér ákveðnar vinnureglur um auglýsingar er varða markaðssetningu eða kynningu ríkisins á vöru eða þjónustu og ætti að mínu áliti útbreiðsla blaðsins að teknu tilliti til auglýsingaverðs að ráða, þ.e. viðskiptahagsmunir eingöngu. Þá verða menn að sjálfsögðu að taka tillit til þess ef um sværðisbundnar auglýsingar er að ræða. Þær stofnanir sem mest auglýsa hafa í auknum mæli falið auglýsingastofum að sjá

um þessi mál. Þessar stofur hafa samninga við blöðin og ljósvakamiðla um auglýsingataxta sem taka mið af auglýsingagildi. Til skamms tíma var það viðtekin venja að auglýsingar birtust í öllum dagblöðum án tillits til hagsmuna ríkissjóðs. Þau eru hins vegar ólík að umfangi og útbreiðslu og auglýsingagildið er því mismunandi eins og reyndar kom skýrt fram í máli hv. fyrirspyrjanda.

Ríkið eyðir árlega umtalsverðum fjárhæðum í auglýsingar. Mikilvægt er að það fé nýtist sem best. Því er eðlilegt að það sé á ábyrgð viðkomandi forstöðumanns að ákveða um tíðni og staðsetningu birtinga sé það ekki bundið í lögum. Ég vil nefna sem dæmi að víða segir að auglýsa skuli í Lögbirtingablaðinu.

Virðulegi forseti. Ég hef fullan skilning á viðhorfum hv. fyrirspyrjanda sem koma fram í hans máli og get í sjálfu sér litlu öðru bætt við en því sem komið hefur fram í þessu svari mínu.

[17:16]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda þegar hann gagnrýnir birtingar á auglýsingum ríkisins í pólitískum málgögnum sem fáir lesa og enn færri kaupa. Ég vil hins vegar benda á að það hafa orðið mikil umskipti hvað varðar þessi mál hjá ríkinu frá því að síðasta ríkisstjórn var við völd. Þá misnotaði þáv. hæstv. fjmrh. aðstöðu sína og aðrir félagar hans í ríkisstjórninni til að halda á floti pólitískum héraðsmálgögnum. Sem betur fer eru þessir tímar liðnir. (**Gripið fram í:** Þetta er ómerkilegt umræðuefni.)

[17:17]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hefja þessa umræðu og hæstv. fjmrh. fyrir hans svör. Ég held að sagan sem sögð var af Víkurfréttum á Húsavík sé lýsandi um ástand þessa máls. Ritstjóri þess blaðs vakti á því athygli að þegar verið var að auglýsa lokun togveiðihólfa á Skjálfandaflóa þá var það gert í því merka og fræga blaði Alþýðublaðinu en alls ekki í héraðsfréttablaðinu Víkurfréttum sem þó fer nánast inn á hvert einasta heimili á þessu svæði. Þetta sýnir okkur auðvitað í hvaða ógöngur þetta mál var komið á sínum tíma en er nú vonandi á réttri leið.

Ég hef heyrt þær röksemdir fyrir því að hafa þennan háttinn á að með því að styrkja þessi pólitísku dagblöð sé verið að ýta undir málefnalega pólitíska umræðu í landinu. Ég held að það sé alveg augljóst mál að ef menn vilja ýta undir pólitíska umræðu í landinu og efla lýðræði þá sé það best gert með því að treysta fremur rekstur hinna sjálfstæðu héraðsfréttablaða úti um allt land. Það væri miklu eðlilegra ef menn vilja láta fé af hendi rakna úr ríkissjóði til einhverra slíkra hluta að það fari frekar til hinna sjálfstæðu óháðu fjölmiðla úti á landsbyggðinni sem gefnir eru út þar flestum til sóma.

[17:18]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Varðandi athugasemd hv. 3. þm. Reykn. um að það hafi verið mikil framför hvað þetta snertir í núv. ríkisstjórn frá því sem var áður þá veit ég ekki alveg hvað hann á við. Þessi ummæli hans benda hins vegar til þess að hann lesi ekki Alþýðublaðið.

[17:19]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Þetta eru nú gagnlegar umræður. (**IP:** Það má nú segja.) Það er út af fyrir sig nokkuð merkilegur vettvangur að spyrja og tala við ráðherra um þessi mál. En með því að það er nú að hefjast umræða og undirbúningur að fjárlagaafgreiðslu hér á Alþingi og m.a. vegna þess að það eru a.m.k. tveir góðir vinir mínir og flokksbræður úr Sjálfstfl. sem hafa nú talað hér í þessari umræðu, sem líka eiga sæti í fjárln., þá vildi ég mjög eindregið óska eftir því að þeir notuðu aðstöðu sína þar við að koma fram tillögum sem kæmu skikk á þessi mál í þeim anda sem orð hafa hér fallið sem þeir sjálfir töluðu um og ég er hjartanlega sammála.

[17:20]

Fyrirspyrjandi (Guðjón Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svar hans. Þar kom fram að engar samræmdar reglur eru til um birtingar á auglýsingum ríkisins. Ég vil bara leggja áherslu á og ítreka að það verði settar skýrar og samræmdar reglur um það hvernig ríkið stendur að sínum auglýsingamálum. Ég tel að þessar reglur verði að byggjast á því að auglýsingar birtist þar sem þær koma til með að ná til sem flestra sem þær eiga að höfða til. Það er útilokað að láta það viðgangast að auglýsingum sé dælt ótakmarkað í blöð sem lítið eða ekkert gagn er að auglýsa í, ekki síst á samdráttartímum þegar reynt er að lækka útgjöld ríkisins á sem flestum sviðum. Það hlýtur að verða að gera þá kröfu að fé ríkisins sé ekki sóað með þessum hætti og það fé sem ætlað er til auglýsinga sé notað til virkra auglýsinga en ekki til viðbótarstyrkja til handa flokksmálgögnum sem fáir lesa.

Rjúpnastofninn.

Fsp. VS, 32. mál. — Þskj. 33.

[17:21]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Á þskj. 33 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. umhvrh. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Liggja fyrir upplýsingar um stofnstærð rjúpunnar?

2. Hyggst ráðherrann beita sér fyrir aðgerðum til verndar rjúpnastofninum?"

Það fer ekki illa á því að gera að umtalsefni í dag, að loknum alþjóðlegum fuglaþingum, málefni sem snerta stofnstærð fugla og í þessu tilfelli stofnstærð rjúpunnar. Aðalfundur Rjúpnaverndarfélagsins var nýlega haldinn og hann skorar á hæstv. umhvrh. að beita sér fyrir því að rjúpan verði alfriðuð næstu þrjú ár og auk þess skorar fundurinn á yfirvöld að stórauka rannsóknir á rjúpunni.

Í lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun frá árinu

1966, með síðari breytingum, er mjög skýrt kveðið á um það í 8. gr. laganna að veiðar séu heimilar á rjúpunni frá 15. okt. til 22. des. Í dag er 11. okt. þannig að ef það er vilji löggjafans að breyta þessum lögum þá höfum við þessa nýbyrjuðu viku til þess.

Öllum sem ég hef talað við ber saman um að stofninn sé í lægð, hann hafi verið í hámarki um 1986 og síðan þá hafi hann stöðugt verið á niðurleið. En miðað við þær sveiflur sem þykir nokkuð sannað að séu á stofnstærðinni þá hafa fram að þessu verið u.þ.b. 10–11 ár á milli toppa og þá hefði stofninn átt að vera farinn að stækka aftur fyrir 3–4 árum.

Rjúpan hefur verið friðuð, hún var friðuð í nokkur ár í senn upp úr 1920, upp úr 1930 og upp úr 1940, eftir því sem ég best veit. En síðan gerist það upp úr 1950 að ekki næst samstaða um að friða hana og hún hefur ekki verið friðuð síðan.

Það er náttúrlega ekki sambærileg afkastageta í veiðum nú á dögum og var fyrr á öldinni þannig að segja má að núna sé bókstaflega hægt að tæma heilu svæðin á stuttum tíma. Þetta gerir það að verkum að ég a.m.k., og miklu fleiri, velti því fyrir mér hvort það verði ekki að grípa til einhverra aðgerða.

Rjúpan á sér ekki mörg griðlönd en það má þó nefna Hrísey í því sambandi sem er þekkt fyrir rjúpuna og óvenjulega jákvæða afstöðu eyjarskeggja til hennar. Þar hefur farið fram talning á körrum til fjölda ára og það eru athyglisverðar tölur sem þar hafa sést um stærð stofnsins. Það voru hafnar yfirgripsmiklar rannsóknir, veit ég, undir stjórn Finns Guðmundssonar fuglafræðings árið 1963 en síðan datt botninn úr þeim rannsóknum við fráfall hans.

[17:25]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd umbjóðenda minna, rjúpunnar í landinu, þakka hv þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir þá samúð sem hún hefur með þessum hrjáða fugli og ég vænti þess, af því að mér er einkar hlýtt til þessa þingmanns, að sú samúð sé gagnkvæm.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að rjúpnastofninn er í lægð. Hún varpar til mín tveimur spurningum og sú fyrri er: Liggja fyrir upplýsingar um stofnstærð rjúpunnar? Því er til að svara að það liggja ekki fyrir nándar nærri nógu nákvæmar upplýsingar um stofnstærðina. Það er að vísu svo að fyrir skömmu gerði Skotvís, Skotveiðifélag Íslands, skoðanakönnun um neyslu á rjúpu og þá kom fram að landsmenn neyta u.þ.b. 100 þúsund rjúpna um sérhver jól. Á þeim grundvelli töldu fuglafræðingar mögulegt að reikna út að hauststofninn væri 1 milljón fugla. Ég vil draga þá útreikninga í efa. En eigi að síður er það svo að talningum hefur verið beitt um árabil til þess að reyna að meta breytingar á stofnstærðinni. Þessar talningar ásamt könnunum á útflutningi á rjúpu sem var talsverður milli áranna 1840 og 1950 sýndu einmitt þessar reglubundnu sveiflur á stofnstærðinni sem hv. þm. gat um áðan. Þær taka að jafnaði 10 ár og eru svipaðar og koma fram hjá fjölmörgum dýrastofnum á norðurhveli jarðar og engin einhlít skýring er á. En talningagögn frá 1950 sýna að það er líklegt að fjöldi para hafi sveiflast frá 50 þús. pörum og upp í 200 þús. pör og líkast til var stofninn minnstur árin 1969 og 1970. Nú hefur um skeið verið talið á ellefu stöðum á landinu og þær talningar benda til þess að stofninn sé í mikilli lægð. Sumir fuglafræðingar segja í mestri lægð en um það er deilt.

Það er sérstakt áhyggjuefni, sem einmitt kom fram í máli hv. þm., að stofninn sýnir engin batamerki því miðað við fyrri reynslu þá ætti hann nú þegar að vera farinn að stækka. Það er mögulegt að aukið veiðiálag á síðustu árum sem tengist til að mynda stórfelldum veiðum jeppa- og snjósleðamanna eigi hér einhverja sök.

Seinni spurningin, virðulegi forseti, er hvort ráðherrann hyggist beita sér fyrir aðgerðum til verndar rjúpnastofninum.

Svarið er já. Mér er að vísu nokkur vandi á höndum. Það er bundið í lög hvenær veiðitíminn á að vera og það er einungis hægt að víkja frá því ef gild rök liggja til þess, en það er eins og ég sagði áðan deilt um þetta á meðal fuglafræðinga, og ef fuglafriðunarnefnd, sem er hinn faglegi aðili sem á að vera ráðherra til ráðgjafar, telur að það sé rétt. Ég hef í framhaldi af mjög eindregnum tilmælum sem til mín hefur verið beint og vegna fjölmargra fyrirspurna frá bændum og reyndar líka skotveiðimönnum um land allt, beint mjög sterkum tilmælum til fuglafriðunarnefndar að hún kannaði hvaða aðgerða væri hægt að grípa til, til þess að draga úr rjúpnaveiði. En samkvæmt 13. gr. laganna sem gilda um fuglaveiði og fuglafriðun þá getur umhvrh. ákveðið hertar friðunaraðgerðir varðandi rjúpu að fenginni tillögu nefndarinnar. Ég hef á grundvelli þeirrar niðurstöðu sem nefndin komst að ákveðið að stytta veiðitímann á þessu ári. Í stað þess að hann verði frá 15. okt. til 22. des. mun ég á næstu dögum tilkynna formlega þá ákvörðun mína að veiðitíminn verði einungis frá 15. okt. til 22. nóv.

Nú er rétt að það komi fram að þetta felur ekki í sér verulega friðun á rjúpunni vegna þess að langmesta átakið er á fyrri hluta tímabilsins, áður en snjór er kominn, en rjúpan er búin að taka á sig hinn hvíta lit og er þess vegna auðveldara að veiða hana. Þetta birtir eigi að síður þá stefnu þessa ráðherra að varúðarreglan á að vera einn af hornsteinum umhverfisverndar og samkvæmt henni ber náttúrunni að njóta vafans þegar ákvarðanir um svona aðgerðir eru teknar. En ég mun í framhaldi af þessu og þeim gögnum sem fyrir liggja beita mér fyrir því að það verði hafnar auknar rannsóknir á rjúpnastofninum.

Varðandi veiðiálagið sem hv. þm. ræddi um þá er það í sjálfu sér alls ekki rétt að það þurfi endilega að vera meiri veiðigeta núna heldur en áður fyrr. Ég bendi á, eins og ég sagði áðan, að talið er að það séu veiddar u.þ.b. 100 þús. rjúpur á ári hverju, en t.d. voru árið 1927 fluttar út 253 þús. rjúpur.

[17:30]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir að taka þetta mál upp hér. Ég er sann-

færður um að rjúpnastofninn hefur af einhverjum sökum orðið fyrir miklu áfalli og því er mikilvægt að hæstv. umhvrh. geri ráðstafanir. Það er enginn vafi að áföllin hafa verið mörg sem þessi stofn hefur orðið fyrir. Hann hefur orðið fyrir áföllum á varptíma. Það er enginn vafi að hernaður af hálfu skotveiðimanna er með ólíkindum. Ég skipti veiðimönnunum nákvæmlega í tvennt: Það eru annars vegar veiðimenn og hins vegar menn sem ferðast um með vopnabúr. Þetta sjáum við í kringum rjúpuna og þetta sjáum við ekki síður í kringum grágæsina þannig að það eru mjög miklar áhyggjur hvernig slíkir aðilar vaða um hálendið þegar líður á ágústmánuð.

Ég vil segja það, hæstv. forseti, að ég er ekki viss um að stytting veiðitímans sé rétta leiðin. Ég er sannfærður um að það hefði þurft tímabundna friðun og um leið að stofninn væri rannsakaður.

Svo er það eitt atriði enn, hæstv. umhvrh., það er minkurinn. Hann er mikil ófriðarskepna á hálendinu í rjúpunni og heyrir undir hæstv. viðskrh.

[17:32]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil láta í ljós þá skoðun mína að ég tel að sú löggjöf sem við búum við hvað varðar dýravernd og vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum sé allsendis ófullnægjandi. Sl. tvö þing hafa verið lögð fram frv. um þetta efni sem við höfum því miður ekki borið gæfu til að afgreiða. Ég vonast til þess að ráðherra muni leggja bæði þessi frv. fram aftur á þessu þingi, þó ég sé kannski ekki fullkomlega sammála öllum þeim atriðum sem þar koma fram, og við höfum tækifæri til þess á þessu þingi að vinna í þessum málum og fá þau afgreidd.

Atburðir sl. sumars þegar ísbjörn á sundi var hengdur af nokkrum sjómönnum ættu að vera okkur hvatning til þess að ljúka þessu verki eins fljótt og mögulegt er.

[17:33]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Bændur sem fylgst hafa með rjúpnastofninum í áratugi eru allir sammála um að hann hafi aldrei verið minni en í ár. Það hefur komið hér fram. Þetta veldur mönnum miklum áhyggjum og ég gleðst yfir því að hæstv. umhvrh. ætlar að taka á þessum málum en hann tekur allt of lítið skref ef hann ætlar aðeins að stytta veiðitímann um mánaðartíma. Ég held að það væri rétt að hann byrjaði á, ef hann er ekki tilbúinn til þess að friða rjúpuna alfarið, að leyfa veiðar ekki lengur en í viku og hafa þá veiðitímabilið seinna á árinu en þarna er ákveðið.

Ég er alveg viss um að það mundu margir fagna því og hann mundi eiga síauknum vinsældum að fagna úti um allar sveitir ef hann tæki ákveðið á þessum málum og það fyrr en síðar.

[17:34]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans svör og óska honum til hamingju með þessa jómfrúræðu sína sem hann hélt sem ráðherra. Báðum spurningum var svarað nokkuð jákvætt en þó verð ég að segja að mér finnst þetta með tímann, 15. okt. til 22. nóv., að þar sé ekki tekið alveg rétt á málum. Það hefði átt að taka málið frá hinum endanum og byrja seinna. Það hefði t.d. verið miklu betra fyrir rjúpuna og hagsmuni okkar sem erum að berjast fyrir því að henni verði ekki útrýmt að veiðitímabilið hefði t.d. byrjað 1. nóv. þó svo það hefði náð alveg til 22. des. Þannig að ef hæstv. umhvrh. hefur ekki tekið lokaákvörðun í þessu máli þá vil ég endilega benda honum á að það hefði skipt miklu meira máli vegna þess að tíðarfar er betra núna og gerir það að verkum að afköst veiðimanna eru meiri.

Mig langar að fara hér með nokkrar tölur sem segja sína sögu og það eru tölur frá Hrísey. Þar hefur, eins og ég kom að áðan, karri verið talinn. Þó það sé kannski ekki rétt að lesa mjög margar tölur þá ætla ég að fara með nokkrar, með leyfi forseta. Árið 1986 telst 281 karri í eynni, árið 1988 295, árið 1990 140, árið 1992 125 og árið 1993 76, þ.e. núna í vor. Þetta á náttúrlega sína skýringu í því að á síðasta sumri kom hret í júní sem hefur áreiðanlega farið illa með unga það árið. En mér finnst þessar tölur svo sláandi að það verði að taka á málum og ég lýsi ánægju með það að hæstv. ráðherra sagðist vilja beita sér fyrir auknum rannsóknum. En ég vil endilega beina því til hans hvort ekki sé ástæða til þess frekar að stytta tímabilið í hinn endann.

[17:36]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. hafa e.t.v. ekki hlýtt nægilega vel á mál mitt. Eins og ég greindi frá áðan þá eru hendur mínar bundnar af því að í lögum er skýrt tekið fram að ég verð að fá tillögur frá Fuglafriðunarnefnd Íslands um þessar friðunaraðgerðir. Það er skemmst frá því að segja að þar eru menn ekki sammála þessu og þær friðunaraðgerðir sem ég hef ákveðið að grípa til ganga talsvert lengra heldur en menn þar vildu gera. Það er nefnilega þannig, eins og hv. þm. Árni M. Mathiesen sagði áðan, að núverandi lög eru algjörlega ófullnægjandi. Ráðherra hefur nær ekkert svigrúm til þess að grípa til friðunaraðgerða og þess vegna er svo nauðsynlegt að samþykkja það frv. sem hér hefur legið fyrir tvö þing án þess að hljóta náð fyrir augum þingsins. Varðandi þá gagnrýni sem hér hefur komið fram að það hefði frekar átt að stytta veiðitímann í hinn endann þá hefur það nokkuð til síns máls að því leyti til að það mundi leiða til þess að mun færri fuglar yrðu skotnir. Líffræðingar eru hins vegar þeirrar skoðunar að fall rjúpunnar sé fyrst og fremst í fyrstu hausthretunum og í vetrarstormunum. Með öðrum orðum: Þeir fuglar sem enn eru á lífi þegar kemur fram í desember eru hraustustu og sterkustu fuglar stofnins og það ríður á að friða þá. Þó að þessi friðunaraðgerð geti einungis leitt til þess að veiðiálagið minnki um 15% þá þýðir það eigi að síður að það er miklu stærri hluti af þeim fuglum sem eiga von um að verða sterkir og komast áfram og byggja upp stofninn sem lifa af heldur en ef það væri stytt í hinn endann.

Þetta vildi ég segja til þess að útskýra á hvaða rökum þessi ákvörðun er byggð. Ég vil hins vegar að það

komi fram að ef niðurstöður þeirra rannsókna, sem væntanlega verða gerðar á næsta ári, sýna það svart á hvítu sem um er deilt hjá fuglafræðingum að stofninn sé í algjörri lægð — það er bara einn fuglafræðingur sem heldur þessu fram, hinir telja að svo sé ekki, sumir segja jafnvel að stofninn sé ekkert sérstaklega lágt staddur um þessar mundir — þá mun ég íhuga að grípa til frekari friðunaraðgerða eins og m.a. þess að friða miðhálendið einmitt fyrir þeirri tegund styrjaldar sem hv. þm. Guðni Ágústsson lýsti svo vel hér áðan.

Fundi slitið kl. 17.39.

---

11. FUNDUR

þriðjudaginn 12. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
Fjárlög 1994, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Tilkynning hefur borist um kjör eftirtalinna embættismanna í fastanefndum Alþingis:

Félmn.: Formaður Rannveig Guðmundsdóttir, varaformaður Ingibjörg Sólrún Gísladóttir

Heilbr.- og trn.: Formaður Gunnlaugur Stefánsson, varaformaður Ingibjörg Pálmadóttir.

Landbn.: Formaður Egill Jónsson, varaformaður Gísli S. Einarsson.

Útbýting þingskjala:
Einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar, 57. mál, fsp. KÁ, þskj. 60.

Endurskoðun laga um mannanöfn, 46. mál, fsp. IP, þskj. 49.

Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, 41. mál, þáltill. StB, þskj. 44.

Fjárveitingar til útgáfumála og stjórnmálaflokka, 49. mál, fsp. EKG, þskj. 52.

Framkvæmdir og rekstur á Egilsstaðaflugvelli, 60. mál, fsp. JHall, þskj. 63.

Framlög til vísindarannsókna, 56. mál, fsp. KÁ, þskj. 59.

Húsnæðismál Stjórnarráðs Íslands, 55. mál, fsp. KÁ, þskj. 58.

Listaverkaeign Seðlabanka Íslands, 51. mál, fsp. GHelg, þskj. 54.

Listaverkakaup Listasafns Íslands, 50. mál, fsp. GHelg, þskj. 53.

Meðferðarheimilið að Staðarfelli í Dölum, 47. mál, fsp. IP, þskj. 50.

Niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg, 61. mál, beiðni um skýrslu, KÁ o.fl., þskj. 64.

Réttaráhrif tæknifrjóvgunar, 53. mál, fsp. GHelg, þskj. 56.

Réttur feðra til launa í fæðingarorlofi, 45. mál, fsp. ISG, þskj. 48.

Snjómokstur, 59. mál, fsp. JHall, þskj. 62.

Staða forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, 54. mál, fsp. GHelg, þskj. 57.

Útboð á ræstingu í framhaldsskólum, 48. mál, fsp. ISG, þskj. 51.

Veðmálastarfsemi, 52. mál, fsp. GHelg, þskj. 55.

Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins, 58. mál, fsp. KÁ, þskj. 61.

Fjárlög 1994, 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Borist hefur bréf frá formanni þingflokks sjálfstæðismanna með ósk um að ræðutími við þessa umræðu verði tvöfaldaður. Það þýðir að hæstv. ráðherra hefur 60 mínútur í fyrsta sinn, 30 mínútur í annað sinn og 10 mínútur í þriðja sinn, en þingmenn hafa þá 40 mínútur í fyrra sinn og allt að 20 mínútur í það síðara.

[13:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 en það var sem kunnugt er lagt fram fyrir rúmlega viku. Hv. þm. hafa haft gott tækifæri til að kynna sér helstu efnisatriði þess og því tel ég ekki ástæðu til þess að fjalla ítarlega um talnalega þætti frv. Í ræðu minni mun ég því fyrst og fremst fjalla um stefnumörkun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í efnahags- og ríkisfjármálum og skýra þær megináherslur sem í frv. felast og af hverju þær eru nauðsynlegar.

Meginboðskapur fjárlagafrv. er að draga úr hallarekstri ríkissjóðs án þess að hækka skatta. Þess vegna er óhjákvæmilegt að lækka heildarútgjöld ríkissjóðs á næsta ári. Minni halli á ríkissjóði stuðlar að lækkun vaxta. Það verður að gæta þess að fórna ekki því sem

áunnist hefur í hjöðnun verðbólgu og minnkandi viðskiptahalla. Einungis á þann hátt er unnt að tryggja þann stöðugleika í efnahagsmálum sem er forsenda fyrir hagvexti, nægri atvinnu og batnandi lífskjörum í framtíðinni.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar markaði þegar í upphafi ferils síns nýja stefnu í efnahagsmálum. Þessi stefna hafnaði gömlu leiðunum sem byggðust á umfangsmikilli sjóðafyrirgreiðslu, skattahækkunum og stórfelldum ríkisafskiptum. Þess í stað er lögð áhersla á að draga úr ríkisafskiptum, auka frjálsræði í viðskiptum og tryggja stöðugleika og lága verðbólgu með aðhaldssamri stefnu í peninga- og ríkisfjármálum.

Ríkisstjórnin hefur á sama tíma þurft að takast á við gjörbreyttar efnahagsaðstæður innan lands og utan. Aflaheimildir hafa verið skertar. Jafnframt hefur mikil alþjóðleg efnahagslægð skert viðskiptakjör okkar Íslendinga erlendis. Þetta tvennt hefur leitt til mikils samdráttar í þjóðarbúskapnum undanfarin tvö ár og horfur eru á frekari samdrætti á næsta ári. Ríkisstjórnin hefur á rúmlega tveggja ára starfsferli þrívegis þurft að grípa til verulegs niðurskurðar á aflaheimildum. Þetta hefur verið talið nauðsynlegt til þess að byggja upp fiskstofna á ný eftir ofveiði mörg undanfarin ár. Af þessum sökum mun þorskaflinn árið 1994 aðeins verða helmingur þess sem hann var 1989. Við þetta hafa þjóðartekjur óhjákvæmilega minnkað um sinn en jafnframt er lagður grunnur að auknum þjóðartekjum á næstu árum. Efnahagssamdrátturinn sem fylgt hefur í kjölfarið hefur veikt stöðu atvinnulífs og heimila og haft í för með sér meira atvinnuleysi en um langt árabil. Til að bregðast við þessum vanda hefur ríkisstjórnin gripið til umfangsmikilla efnahagsaðgerða sem hafa miðað að því að styrkja íslenskt atvinnulíf og leggja grunn að hagvexti og aukinni atvinnu. Fjárframlög úr ríkissjóði til margvíslegra framkvæmda og atvinnuskapandi verkefna hafa verið aukin. Jafnframt hafa skattar á fyrirtækjum verið lækkaðir. Óhjákvæmilegt var að fella gengi íslensku krónunnar vegna mikillar skerðingar aflaheimilda og lækkandi afurðaverðs á erlendum mörkuðum til að koma í veg fyrir aukinn viðskiptahalla, vaxandi erlenda skuldasöfnun og stórfelldan hallarekstur í sjávarútvegi. Við erfiðar aðstæður hefur ríkisstjórnin leitast við að hlífa hinum tekjulægstu og fremur lagt auknar byrðar á hina efnameiri og tekjuhærri. Þannig var lagður á sérstakur hátekjuskattur auk þess sem barnabætur og vaxtabætur hinna tekjuhærri hafa verið skertar.

Barnabætur hinna tekjulægri hafa á hinn bóginn verið hækkaðar. Þrátt fyrir strangt aðhald í ríkisútgjöldum hefur verið kappkostað að tryggja þjónustu velferðarkerfisins. Þá hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að draga úr áhrifum versnandi efnahagsástands á afkomu hinna lægst launuðu og greiða fyrir gerð kjarasamninga, m.a. með auknum niðurgreiðslum og áformum um lækkun virðisaukaskatts af matvælum. Með efnahagsaðgerðum ríkisstjórnarinnar hefur samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja styrkst til muna og er raungengi krónunnar nú hagstæðara en verið hefur um langt árabil fyrir íslensk fyrirtæki. Jafnframt hafa ráðstafanir í tengslum við kjarasamninga greitt fyrir gerð þeirra og stuðlað að vinnufriði út næsta ár. Þessar aðgerðir hafa hins vegar haft í för með sér bæði aukin ríkisútgjöld og minni skatttekjur og því meiri halla á ríkissjóði en ella.

Atvinnuleysi og hallarekstur á ríkissjóði er ekki einungis vandamál hér á landi því að í flestum nágrannaríkjum er við svipaðan vanda að stríða. Þar líkt og hér á landi má rekja orsökina til minnkandi hagvaxtar og skipulagsvanda í efnahagslífinu, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri. Þó er óhætt að fullyrða að óvíða hefur samdrátturinn verið meiri en hér á landi síðustu tvö ár.

Viðbrögð stjórnvalda hafa einnig verið svipuð. Hvarvetna hefur verið gripið til aðgerða til að styrkja atvinnulífið og örva hagvöxt. Skattar á fyrirtæki hafa verið lækkaðir, framlög til opinberra framkvæmda aukin tímabundið og sérstakar ráðstafanir verið gerðar til að draga úr áhrifum samdráttarins á hag hinna lægst launuðu.

Ríkisstjórnin hefur einnig beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að styrkja starfsemi innlends fjármagnsmarkaðar. Vaxtaákvarðanir hafa verið færðar út á markaðinn, m.a. með reglubundnum útboðum á ríkisverðbréfum og fjölbreyttri útgáfu óverðtryggðra ríkisbréfa til lengri tíma. Jafnframt er útgáfa á verðbréfum í erlendri mynt í undirbúningi og kemur væntanlega til framkvæmda fyrir lok þessa mánaðar. Þá er ekki lengur hægt að fjármagna hallarekstur ríkissjóðs með yfirdrætti í Seðlabanka. Með þessum aðgerðum er vaxtamyndun hér á landi færð nær því sem tíðkast erlendis en það ásamt frekari opnun fjármagnsmarkaðar gagnvart útlöndum mun stuðla að aukinni samræmingu í vöxtum milli Íslands og annarra landa þegar fram í sækir.

Þrátt fyrir afar erfið skilyrði hefur ríkisstjórnin náð umtalsverðum árangri í efnahagsmálum. Viðskiptahallinn við útlönd hefur minnkað verulega, erlend skuldasöfnun hefur verið stöðvuð og verðbólga er með því lægsta sem þekkist í Evrópu. Enn fremur hefur tekist að hamla gegn vaxandi atvinnuleysi og er það hvergi minna en hér á landi þegar horft er til helstu viðskiptalandanna. Erfiðar efnahagsaðstæður hafa hins vegar þrengt svigrúm ríkisstjórnarinnar til aðgerða í ríkisfjármálum. Vegna samdráttar í efnahagslífinu hafa skatttekjur ríkissjóðs lækkað ár frá ári um hvorki meira né minna en 8 milljarða kr. að raungildi frá árinu 1991. En samdrátturinn hefur einnig haft í för með sér aukin ríkisútgjöld. Þannig hafa útgjöld til atvinnuleysisbóta aukist um 1,5–2 milljarða kr. frá árinu 1991. Ríkisstjórnin ákvað jafnframt að auka útgjöld til opinberra framkvæmda um 3 milljarða kr. árið 1993 og 1 milljarð kr. árið 1994. Þrátt fyrir þetta allt er afkoma ríkissjóðs betri en í mörgum þeim nágrannaríkjum okkar sem eiga við svipaða erfiðleika að etja. Skýringin er m.a. sú að ríkisstjórnin hefur náð árangri með að stöðva útgjaldavöxtinn og hamla þannig gegn frekari halla á ríkissjóði. Til marks um þetta má nefna að með aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar hafa árleg útgjöld ríkisins verið lækkuð um 10 milljarða kr. frá því sem

var á árinu 1991. Þar af hafa greiðslur til landbúnaðarmála lækkað um 4,5 milljarða kr. og sparnaður í menntamálum nemur um 2 milljörðum kr. Með öðrum orðum, ef ekkert hefði verið aðhafst á útgjaldahlið væru ríkisútgjöldin nú 10 millj. kr. meiri en þau voru 1991. Það ár var reyndar sett nýtt útgjaldamet sem vonandi fær að standa sem lengst. Til samanburðar get ég nefnt að í tíð fyrrv. ríkisstjórnar á árunum 1988–1991 jukust útgjöld ríkissjóðs um 7,5 milljarða kr. Ríkisstjórnin hefur þannig náð verulegum árangri í efnahagsmálum þrátt fyrir afar erfið efnahagsskilyrði og uppsafnaðan fortíðarvanda fyrri ríkisstjórna. Ef ekki hefði komið til samdráttar í efnahagslífinu hefði upphaflegt markmið um hallalaus fjárlög nú verið innan seilingar.

Hinu er auðvitað ekki að leyna að þessi árangur hefur að hluta til orðið á kostnað ríkissjóðs. Hvað eftir annað hefur ríkisstjórnin hlaupið undir bagga með aðilum vinnumarkaðarins og greitt fyrir gerð kjarasamninga með því að auka ríkisútgjöld og lækka skatta. Ríkisstjórnin hefur hins vegar metið stöðuna svo að þessar tilslakanir í ríkisfjármálum hafi verið nauðsynlegar til að tryggja stöðu atvinnulífsins og draga úr atvinnuleysi. Það er mikilvægt að þjóðin láti ekki blekkjast af þeim áróðri að allt hafi mistekist og enginn árangur hafi náðst. Slíkar fullyrðingar eru einfaldlega ekki réttar, enda eru þær yfirleitt aldrei rökstuddar, einungis settar fram til að slá ryki í augu almennings í landinu.

Sú ríkisstjórn sem nú situr tók við slæmu búi og hefur þurft að taka margar erfiðar og óvinsælar ákvarðanir. Hún hefur haft kjark til þess að horfast í augu við vandamálin og taka á þeim áður en í frekara óefni er komið. Við þurfum ekki annað en líta til okkar helstu nágrannaríkja, Svíþjóðar og Finnlands en þó einkum Færeyja til að sjá hvað gerist ef vandamálunum er alltaf skotið á frest, til næstu ríkisstjórna og næstu kynslóða. Það hefur þessi ríkisstjórn ekki viljað gera. Ég tel mikilvægt að leita varanlegra lausna á efnahagsvandanum. Skattahækkanir og aukin ríkisútgjöld eru að mínu áliti afturhvarf til fortíðar og taka á engan hátt á vandamálum dagsins í dag. Ríkisstjórnin hefur kappkostað að skapa skilning á nauðsyn víðtækrar samstöðu um viðnámsaðgerðir. Það er ekki auðvelt þegar hver og einn finnur fyrir kaupmáttarskerðingu þjóðarbúsins í sínum eigin vasa. Ég tel þó að í þjóðfélaginu sé sem betur fer ört vaxandi skilningur á þeim erfiðleikum sem við er að etja og þörfinni fyrir róttæk úrræði. Það er þess vegna nauðsynlegt að sem flestir skynji að þær fórnir sem þeir hafa þurft að færa eru að skila árangri og munu gera það enn frekar í framtíðinni.

Eins og ég hef rakið í ræðu minni hafa erfiðar aðstæður sett svip sinn á fjárlagagerð undanfarin tvö ár. Því miður eru ekki horfur á að á þessu verði breyting á næsta ári því áfram stefnir í umtalsverðan samdrátt í efnahagslífinu. Auk þess gengust stjórnvöld undir ákveðnar skuldbindingar í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993 sem hafa í för með sér aukin útgjöld til framkvæmda og minni tekjur vegna lækkunar skatta. Þessi tvö atriði takmarka svigrúm ríkisstjórnarinnar til að draga verulega úr halla ríkissjóðs árið 1994 og mynda samanlagt, að öðru óbreyttu, allt að 5 milljarða kr. viðbótarhalla á árinu 1994. Sú niðurstaða hefði verið óviðunandi. Innlendur lánamarkaður ber ekki aukna lánsfjáröflun án þess að vextir hækki. Ekki er heldur verjandi að auka erlendar skuldir sem þessu nemur. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að mæta þessum vanda með auknum sparnaði í útgjöldum og annarri tekjuöflun. Ég mun nú í stuttu máli gera grein fyrir helstu niðurstöðum fjárlagafrv. og þeim áherslum sem ríkisstjórnin hefur markað.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 9,8 milljarða kr. halla á ríkissjóði árið 1994 eða fimmtungi minna en árið 1993. Hallinn nemur 2,5% af landsframleiðslu samanborið við 3,2% árið 1993. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 12 milljarðar kr. eða sem svarar til 3,1% af landsframleiðslu.

Tekjur ríkissjóðs árið 1994 eru áætlaðar 103,5 milljarðar kr. og lækka um rúmlega 1 milljarð að raungildi frá árinu 1993. Skatttekjur ríkissjóðs lækka meira eða um 1,5 milljarða kr. Helstu einkenni á tekjuhlið eru þessi:

1. Skatttekjur ríkissjóðs lækka að raungildi þriðja árið í röð og hafa ekki verið lægri í sjö ár eða síðan 1987.

2. Áframhaldandi efnahagssamdráttur skerðir skatttekjur ríkissjóðs um allt að 2 milljarða kr. á árinu 1994. Samanlagt hefur samdráttur þjóðarútgjalda skert tekjur ríkissjóðs um 8 milljarða kr. frá árinu 1991.

3. Yfirlýst áform ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna sl. vor um að lækka virðisaukaskatt á matvælum frá næstu áramótum fela í sér nálægt 2,5 milljarða kr. tekjutap á næsta ári og 400–500 millj. til viðbótar á árinu 1995.

4. Til að styrkja fjárhagsstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs og mæta um leið hluta af tekjutapi ríkissjóðs vegna lækkunar virðisaukaskatts hefur ríkisstjórnin ákveðið að innheimta sérstakt atvinnutryggingagjald af launþegum og atvinnurekendum.

5. Til að draga úr áhrifum þessarar gjaldtöku á afkomu tekjulágra barnafjölskyldna verður barnabótaaukinn hækkaður. Sú aðgerð leiðir til þess að skattbyrði meðalfjölskyldu helst sem næst óbreytt.

6. Samanlagt munu þessir þrír þættir, lækkun virðisaukaskatts, álagning atvinnutryggingagjalds og hækkun barnabótaauka fela í sér skattalækkun sem nemur 700–800 millj. kr. á næsta ári.

Heildarútgjöld samkvæmt fjárlagafrv. eru 113,3 milljarðar kr. og lækka um 4 milljarða að raungildi frá áætluðum útgjöldum á árinu 1993. Helstu einkenni á gjaldahlið eru þessi:

Rekstrarútgjöld ríkisstofnana á árinu 1994 eru áætluð 43 milljarðar kr. og lækka um 2 milljarða kr. að raungildi. Framlög til flestra stofnana lækka að raungildi milli ára og áform um nýjar stofnanir og starfsemi eru óveruleg. Með ströngum aðhaldsaðgerðum hefur að mestu tekist að stöðva sjálfvirka útgjaldaaukningu hjá ríkisstofnunum. Aukin fjárhagsleg ábyrgð ráðuneyta og forstöðumanna og skilningur starfsfólks

hefur átt mikilvægan þátt í þessum árangri.

Frá árinu 1991 hefur rekstrarkostnaður ríkisins lækkað að raungildi um ríflega 6%. Í fjárlagafrv. 1994 er að finna eftirfarandi áhersluatriði:

1. Átak verði gert til að styrkja þjónustu ríkisins við almenning með sameiningu stofnana. Slík hagræðing sparar verulega fjármuni. Í fyrsta áfanga er athyglinni beint að embættum sýslumanna og innheimtustofnunum ríkisins og hafa starfshópar um þetta þegar verið skipaðir. Markmiðið er að veita þjónustuna með sem hagkvæmustum hætti. Þá hefur ríkisstjórnin skipað starfshóp til að samræma starfsemi ýmissa eftirlitsstofnana og lækkað kostnað þeirra.

2. Stefnt er að því að færa grunnskóla yfir til sveitarfélaga haustið 1995 sem á að verða til einföldunar og hagræðingar í rekstri. Jafnframt er unnið að gerð nýrrar námsskrár fyrir framhaldsskóla þar sem boðið verður upp á styttri námsbrautir þannig að kennslustundum fækki.

3. Lækkun útgjalda sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana verður að mestu mætt án þess að draga úr þjónustu við sjúklinga. Hagkvæmni í rekstri bráðasjúkrahúsa verður aukin með skýrari verkaskiptingu og sameiningu deilda. Þá verður rekstri dagvistarstofnana á vegum sjúkrahúsa hætt enda er sá rekstur á verksviði sveitarfélaga.

4. Ekki er alls staðar verið að draga saman því auknu fé verður varið til málefna barna og ungmenna. Áhersla verður lögð á fjölskylduvernd, forvarnastarf, sérhæfða ráðgjöf og meðferð ungmenna sem standa höllum fæti félagslega.

Bótagreiðslur og rekstrarstyrkir nema 43,9 milljörðum kr. á árinu 1994 og lækka um 3% að raungildi frá áætlun yfirstandandi árs. Áhersluatriði í þessum flokki ríkisútgjalda eru þessi:

1. Átaksverkefni sveitarfélaga og ríkisins til atvinnueflingar verður haldið áfram og aukið á árinu 1994 með 600 millj. kr. framlagi sveitarfélaga. Verkefni þetta sem hófst í byrjun þessa árs hefur gefist vel og átt þátt í að atvinnuleysi á yfirstandandi ári er talið verða minna en spáð var í upphafi ársins.

2. Lög og reglur Atvinnuleysistryggingasjóðs verða endurskoðaðar til að draga úr útgjöldum.

3. Bótagreiðslur lífeyristrygginga hafa farið ört vaxandi á undanförnum árum. Til að hamla gegn áframhaldandi útgjaldaaukningu verður tilhögun eingreiðslna til bótaþega breytt og grunnlífeyrir tengdur fjármagnseignum. Með þessum aðgerðum er komist hjá lækkun bóta þeirra sem verst eru staddir.

4. Ákveðin er útgáfa heilsukorta sem veita afslátt á greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu. Kortin ná til lyfja og þjónustu hjá sérfræðingum og heilsugæslustöðvum. Að auki fá handhafar kortanna þjónustu á sjúkrahúsum án endurgjalds.

5. Greiðslur vegna búvöruframleiðslu halda áfram að lækka og hafa frá árinu 1991 lækkað að raungildi um 3,7 milljarða kr. á ári en áður kom fram að heildarútgjöld til landbúnaðar hafa lækkað um 4,5 milljarða kr. frá árinu 1991.

Heildarframlag ríkisins til verklegra framkvæmda tekur mið af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninga frá í vor um að verja 1 milljarði kr. til nýrra verkefna á árinu 1994. Áhersla er lögð á arðsöm verkefni sem ekki leiða til aukins rekstrarkostnaðar þegar til lengri tíma er litið. Enn fremur verður ráðist í brýn viðhaldsverkefni á húseignum ríkisins og framkvæmdum flýtt við verk sem þegar eru hafin.

Lánsfjármál og vextir hafa verið mikið til umræðu að undanförnu og ástæða til að fjalla sérstaklega um þann þátt. Vextir eru háir hér á landi í samanburði við önnur lönd, þó ekki eins háir og stundum er af látið. Enda þótt hallarekstur ríkissjóðs og lánsfjárþörf annarra opinberra aðila sé ein af skýringum hárra raunvaxta hér á landi koma önnur atriði ekki síður við sögu. Hér má nefna tvískiptingu peningamarkaðarins í óverðtryggðan og verðtryggðan hluta en það skapar misvægi á markaðinum. Smæð peningamarkaðarins veldur einnig óhagræði í rekstri fjármálastofnana og samkeppni og aðhald utan frá er af skornum skammti. Öll þessi atriði skýra tiltölulega hátt raunvaxtastig hér á landi í samanburði við önnur lönd. Sú staðreynd að raunvextir hafa haldist háir, þrátt fyrir að verulega hafi dregið úr lánsfjárþörf opinberra aðila á undanförnum árum, bendir til þess að verulegan hluta skýringarinnar sé að finna í sérkennum fjármagnsmarkaðar hér á landi.

Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir ýmsum aðgerðum til að styrkja starfsemi innlends fjármagnsmarkaðar og færa vaxtamyndun hér á landi nær því sem tíðkast erlendis. En það þarf fleira að koma til. Hallarekstur ríkissjóðs vinnur gegn markmiðum efnahagsstefnunnar um að glæða hagvöxt og hamla gegn atvinnuleysi þegar fram í sækir þar sem aukin lánsfjárþörf á innlendum markaði stuðlar að hærri vöxtum. Enda þótt ekki sé raunhæft að þurrka halla ríkissjóðs út með einu pennastriki, sérstaklega ekki eins og nú árar í þjóðarbúskapnum, skiptir miklu að draga úr hallarekstrinum ár frá ári. Það mun að sama skapi létta á innlenda lánsfjármarkaðnum og þannig stuðla að lægri vöxtum. Vaxtaútgjöld ríkissjóðs eru áætluð 11,7 milljarðar kr. á árinu 1994, samanborið við 10 milljarða á yfirstandandi ári. Þess skal getið að líkast til verða vaxtagreiðslur ríkissjóðs heldur minni á yfirstandandi ári en 10 milljarðar en gætu allt eins orðið heldur meiri á næsta ári þótt vonast sé til að þeir haldist innan þeirra marka sem sett er í fjárlagafrv.

Helsta skýring aukinna vaxtagjalda er þrálátur hallarekstur og mikil lánsfjárþörf ríkissjóðs mörg undanfarin ár. Upp á síðkastið hefur þó tekist að hamla gegn þessari þróun. Í því sambandi tel ég rétt að vekja athygli á eftirtöldum atriðum:

1. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs lækkar um 2 milljarða kr. á árinu 1994. Lánsfjárþörf annarra opinberra aðila dregst einnig nokkuð saman milli ára eða um rúmlega 1 milljarð kr.

2. Frá árinu 1991 hefur hrein lánsfjárþörf hins opinbera minnkað um helming, úr 45 milljörðum kr. í 23 milljarða, reiknað á föstu verðlagi.

3. Minnkandi lánsfjárþörf ríkissjóðs og annarra opinberra aðila að undanförnu hefur haft ótvíræð áhrif á vaxtastigið til lækkunar. T.d. hefur ávöxtunarkrafa spariskírteina á verðbréfamarkaði lækkað úr 8,5% á fyrri hluta árs 1991 í tæplega 7% nú.

4. Með aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar hafa útgjöld ríkisins verið lækkuð um allt að 10 milljarða kr. samanlagt frá árinu 1991. Með því hafa árleg vaxtagjöld ríkissjóðs í reynd verið lækkuð um rúmlega 800 millj. kr. miðað við það að þessir fjármunir höfðu verið teknir að láni.

Eins og þessi upptalning ber með sér eru áherslur fjárlagafrv. fyrst og fremst að draga úr hallarekstri ríkissjóðs með áframhaldandi sparnaði í ríkisrekstri en ekki með því að hækka skatta, enda lækka skattar á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. Þessar áherslur eru í beinu samhengi við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem miðar að því að tryggja þann stöðugleika í efnahagsmálum sem náðst hefur. Það er forsenda fyrir hagvexti, nægri atvinnu og batnandi lífskjörum.

Annað atriði sem ég vil nefna í þessu samhengi eru *ríkisábyrgðir og áhrif þeirra á lánsfjárþörf og vexti*. Núverandi ríkisstjórn hefur lagt mikla áherslu á að draga upp á yfirborðið allar skuldbindingar ríkissjóðs, ekki síst þær sem liggja í sjóðakerfinu. Jafnframt er lögð áhersla á að draga úr afskiptum ríkisins af rekstri sjóða og bankakerfisins. Með þessu dregur úr hættu á að skuldbindingar og ábyrgðir atvinnurekstrar lendi á ríkissjóði og þar með á hinum almenna skattborgara.

Mig langar, virðulegi forseti, að fara örfáum orðum um einn mikilvægan þátt ríkisfjármálastefnunnar en það eru aðgerðir sem miða að því að draga úr umsvifum ríkisins og auka hagræðingu í ríkisrekstri. Stefna ríkisstjórnarinnar á þessu sviði er þríþætt:

1. Að draga úr umfangi ríkisins með sölu ríkisfyrirtækja og einkavæðingu.

2. Að bjóða út rekstrarverkefni og þjónustu.

3. Að bæta rekstur ríkisstofnana.

Umræður um einkavæðingu og sölu ríkisfyrirtækja hafa nokkuð skyggt á aðrar umbætur í ríkisrekstri sem unnið hefur verið að í tíð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar. Enda þótt sala ríkisfyrirtækja hafi ekki skilað þeim tekjum sem að var stefnt í upphafi hefur verulega þokast í rétta átt. Nú þegar hafa hlutabréf í mörgum ríkisfyrirtækjum verið seld eða lögð niður og enn öðrum verið breytt í hlutafélög. Þannig hefur einkavæðingin nú þegar leitt til umtalsverðs sparnaðar fyrir hinn almenna skattgreiðanda.

Útboð verklegra framkvæmda ríkisins hafa gefist vel í gegnum tíðina. Með útboðum í rekstri er í senn stefnt að því að auka hagkvæmni í rekstri ríkisins og efla samkeppni. Á næstunni verður kynnt nýtt útboðsátak ríkisstjórnarinnar.

Þriðji þátturinn sem lýtur að nýskipan í ríkisrekstri miðar að því að bæta rekstur ríkisstofnana, auka hagræðingu í rekstri þannig að meira fáist fyrir hverja krónu. Það er eðlilegt að gera kröfu um að það fé sem skattgreiðendur láta af hendi sé sem best varið. Þetta kallar á hagsýna stjórnun í rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Í stuttu máli má lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar á þessu sviði þannig að hún miði að því að auka fjárhagslegt sjálfstæði einstakra stofnana og forstöðumanna þeirra hvað varðar ákvarðanir í þeirra eigin málum. Um leið kallar þessi stefnumörkun á aukinn sveigjanleika í launa- og starfsmannamálum, forstöðumenn þurfa að fá heimild til að umbuna einstökum starfsmönnum sem sýna frumkvæði og hæfni í starfi umfram það sem almennir kjarasamningar segja til um. Jafnframt þarf að vera unnt að veita starfsmönnum hlutdeild í hagræðingu og sparnaði. Á næstu árum er því ætlunin að gera tilraun með svokallaða samningsstjórnun en það er ný skipan í samskiptum ráðuneyta og stofnana sem hefur gefið góðan árangur í nálægum löndum. Þá fær stofnunin aukið sjálfræði um eigin rekstur gegn því að hún skili betri árangri. Fagráðuneyti og fjmrn. gera samning við viðkomandi stofnun um þjónustu hennar, þar á meðal um heildargreiðslur ríkisins og þær aðferðir sem notaðar eru til að meta árangurinn. Þessi nýskipan kallar á mjög skýra markmiðssetningu einstakra stofnana. Það er kannski einmitt *þetta atriði sem hefur hvað mesta þýðingu fyrir þessa* nýbreytni en það er að gera má ráð fyrir að stofnunum í ríkisrekstri verði sett markmið, skýr markmið, þannig að öllum sé ljóst til hvers verið er að halda úti starfsemi þessara tilteknu ríkisstofnana. Því miður hefur talsvert skort á það í gegnum tíðina að svo hafi verið gert og stundum sér maður að stofnanir lifa áfram, öðlast jafnvel eilíft líf, eins og sumir hafa sagt, án þess að stjórnmálamenn og þeir sem bera ábyrgð á viðkomandi stofnunum hafi nokkurn tímann endurmetið hlutverk þeirra, verkefni og markmið.

Þessi atriði sem ég hef rétt lauslega drepið á fela í sér nýja nálgun gagnvart starfsemi ríkisins þar sem litið er á ríkisrekstur frá sjónarhorni valddreifingar, frumkvæðis og ábyrgðar. Breytingar í þessa átt taka óhjákvæmilega nokkurn tíma og það er mikilvægt að á þeim sé skilningur og að um þær geti tekist sem víðtækust samstaða.

Virðulegi forseti. Ég vil einnig nota tækifærið til að nefna annað málefni sem hefur verið í sérstakri athugun að undanförnu en það eru skattsvikin. Nýlega skilaði nefnd sem ég skipaði í fyrravetur áliti sínu og tillögum um úrbætur á þessu sviði. Í nefndinni sátu fulltrúar stjórnvalda, launþega og vinnuveitenda. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru þær að tekjutap ríkis og sveitarfélaga vegna skattsvika væri um 11 milljarðar kr. þegar allt er tínt til. Þetta eru svimandi upphæðir. Tillögur nefndarinnar eru í megindráttum þær að skatteftirlit verði hert með auknum mannafla til skattrannsókna ásamt þyngri refsingum við skattsvikum.

Ég hef nú þegar gert ráðstafanir í samræmi við tillögu nefndarinnar. Þannig verður starfsemi skattrannsóknastjóra ríkisins styrkt með því að fjölga starfsmönnum sem eingöngu fást við að rannsaka svarta atvinnustarfsemi. Auk þess verður meiri áhersla lögð á reglubundið skatteftirlit á skattstofunni. Til viðbótar við þetta er nauðsynlegt að endurskoða ýmsar reglur skattalaga sem gefa færi á undanskotum og að samræma framkvæmd skattalaga eðlilegum nútímarekstri

fyrirtækja. Nýlega var skipuð nefnd til að vinna að þessu mikilvæga verkefni og ráð er fyrir því gert að hún skili starfi í áföngum þannig að hún taki fyrst fyrir brýnustu verkefnin og síðan koll af kolli þar til starfi nefndarinnar lýkur. En eins og hv. þm. vita er enn á skattstofum starfað eftir reglugerð frá 1963 þótt a.m.k. tvær skattabyltingar hafi átt sér stað frá þeim tíma.

Enda þótt skattsvik séu ekki meiri hér á landi en víðast annars staðar er það þjóðfélagslegt réttlætismál að á þessum málum verði tekið af festu. Það er óþolandi að horfa upp á að einstakir aðilar geti komið sér hjá því að leggja sinn eðlilega skerf til samfélagsins. Það leggur í raun meiri skattbyrði á hina sem telja rétt fram og borga eðlilega skatta sem þeim ber.

Þá vil ég hér örstutt minnast á starfsemi lífeyrissjóða en að undanförnu hafa málefni lífeyrissjóða verið til skoðunar í fjmrn. Sem kunnugt er hefur bankaeftirlitinu verið falið að draga saman með reglubundnum hætti ársreikninga og upplýsingar um rekstur lífeyrissjóða. En það eru ýmis önnur atriði sem þarf að huga að og endurskoða í rekstri sjóðanna. Formlegar viðræður hafa farið fram milli fjmrn. og helstu hagsmunaaðila sem að lífeyrissjóðamálunum koma og er stefnt að því að frv. geti legið fyrir sem fyrst.

Ég hef nú fjallað nokkuð um meginatriði efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar, markmið og helstu áherslur fjárlagafrv. Nú er það svo að framlagning fjárlagafrv. vekur alltaf upp ákveðnar spurningar og margir verða til þess að finna því ýmislegt til foráttu. Þess vegna mun ég hér á eftir leitast við að svara ýmsum áleitnum spurningum um fjárlagafrv. fyrir árið 1994, ekki síst með hliðsjón af þeirri gagnrýni sem helst hefur heyrst að undanförnu.

Í fyrsta lagi hafa menn spurt hvort ástæða sé til að ætla að markmið þessa fjárlagafrv. náist eitthvað frekar en markmið fyrri frv. eða hvort hallinn gæti farið í 18–20 millj. kr. þegar upp verður staðið. Hér hafa menn einkum horft til þess að hallinn á yfirstandandi ári stefnir í 12 milljarða kr. eða nánast helmingi meira en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þetta er að sjálfsögðu eðlileg spurning. Ég tel hins vegar að það sé margt sem gefur vonir um að markmið þessa frv. séu raunhæf.

Lítum fyrst á árið 1993. Ég vil í fyrsta lagi vekja athygli á því að hinn eiginlegi rekstur ríkisstofnana og ráðuneyta er að mestu innan ramma fjárlaganna. Þetta er mikilsverður árangur og veruleg umskipti frá því sem áður var þegar ríkisstofnanir gengu fyrir aukafjárveitingum og fjárlögin voru tæplega pappírsins virði. Þetta er liðin tíð. Frávik frá fjárlögum ársins 1993 skýrist af öðrum ástæðum en þeim að rekstur hafi farið úr böndum. Annars vegar af skuldbindingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga, á útgjaldahlið í formi aukinna framlaga til framkvæmda, niðurgreiðslna á búvörum og greiðslu láglaunabóta. Á tekjuhlið hafa skattar enn fremur verið lækkaðir. Hins vegar hefur meiri samdráttur í efnahagslífinu komið fram í auknum útgjöldum til atvinnuleysisbóta og minni skatttekjum ríkissjóðs. Þessir þættir skýra frávikið frá fjárlögum á yfirstandandi ári til áætlunar um niðurstöðu ársins.

Á fjárlögum næsta árs hefur þegar verið tekið tillit til atriða af þessu tagi. Skuldbindingar vegna kjarasamninga um skattalækkanir eru komnar inn í fjárlagagrunninn og sama gildir um aukin útgjöld til framkvæmda. Núgildandi kjarasamningar renna ekki út fyrr en í lok næsta árs þannig að ekki verða frekari útgjöld vegna þeirra. Þá má nefna að í fjárlagafrv. næsta árs er gert ráð fyrir að tekjur af sölu eigna verði um hálfur milljarður kr. eða einungis þriðjungur þess sem var í fjárlögum yfirstandandi árs enda er ekki reiknað með tekjum af sölu ríkisbanka árið 1994. Það verður að telja það happdrætti fyrir ríkissjóð ef tekst að selja þann banka sem sjálfsögðu að er stefnt og mikil samstaða er um. (**SvG:** Er hann til sölu enn þá?) Hann er til sölu og ég veit að hv. þm. tveir sem sitja hér glaðhlakkalegir úti í sal munu ábyggilega vera fulltrúar þeirra sem gjarnan vilja kaupa þennan banka, a.m.k. á þeim kjörum sem sá sem hér stendur hefur áður boðið hlutabréf í bankanum. Öll þessi atriði sýna að óvissuþættirnir eru færri en við síðustu fjárlagagerð. Það er því ástæða til að ætla að markmið fjárlagafrv. fyrir árið 1994 séu raunhæf.

Í öðru lagi hefur því verið haldið fram að heildarskattbyrði ríkissjóðs hafi sífellt verið að aukast en þetta er ekki rétt. Eins og ég nefndi fyrr í ræðu minni munu skatttekjur ríkissjóðs lækka að raungildi árið 1994 þriðja árið í röð um 1,5 milljarða kr. og hafa ekki verið lægri í sjö ár eða síðan 1987. Það er mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að í fjárlagafrv. er beinlínis verið að gera ráð fyrir skattalækkun. Þessi skattalækkun tengist gerð kjarasamninganna sl. vor og er óvefengjanleg. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna komu fram áform um að lækka virðisaukaskatt af matvælum frá næstu áramótum. Þessi áform fela í sér nálægt 2,5 milljörðum kr. í skattalækkun á næsta ári og reyndar til viðbótar 400–500 millj. kr. á árinu 1995 vegna seinkunar í greiðslustreymi. Að hluta verður tekjutapi ríkissjóðs vegna þessa mætt með álagningu skatts á fjármagnstekjur og að hluta með innheimtu sérstaks atvinnutryggingagjalds af launþegum og atvinnurekendum.

Ríkisstjórnin hefur eins og ég hef áður sagt lækkað skatta á fyrirtækjum og fært yfir á einstaklinga, einkum hina tekjuhærri og efnameiri, til að styrkja atvinnulífið og hamla gegn auknu atvinnuleysi. Þetta hefur að sjálfsögðu aukið skattbyrði einstaklinga en létt skattbyrði fyrirtækja, um það eru ekki deilt og ég hef ekki dregið dul á þetta atriði. Það er kannski ástæða hér til að minna á að einmitt lækkun skatta, eins og t.d. vegna aðstöðugjaldsins kom fram í lægra vöruverði og þess vegna meiri og betri kaupmætti launa. Menn mega ekki gleyma hver tilgangurinn var með þessari skattatilfærslu, hann var sá að skapa atvinnulífinu viðundandi rekstrarskilyrði á þeim samdráttartímum sem íslenskt efnahagslíf er að ganga í gegnum, styrkja samkeppnisstöðuna og hamla gegn auknu atvinnuleysi. Þetta var að sjálfsögðu megintilgangur efnahagsaðgerðanna.

Í þriðja lagi hefur því verið haldið fram að kaupmáttur heimilanna hafi dregist meira saman en nemur

samdrætti þjóðartekna undanfarin tvö ár. Auk þess hafi aðgerðir ríkisstjórnarinnar komið harðar niður á hinum lægst launuðu en hinum tekjuhærri og efnameiri. Loks hafi þjónusta velferðarkerfisins verið stórlega skert. Allar þessar fullyrðingar eru rangar.

Frá árinu 1991 hefur kaupmáttur þjóðartekna á mann rýrnað um 11–12%, kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna hefur minnkað um svipað hlutfall. Ríkisstjórnin hefur sérstaklega leitast við að hlífa hinum tekjulægstu og fremur lagt auknar byrðar á hina efnameiri og tekjuhærri. Þannig var lagður á sérstakur hátekjuskattur auk þess sem barnabætur og vaxtabætur hinna tekjuhærri hafa verið skertar. Barnabætur hinna tekjulægri hafa á hinn bóginn verið hækkaðar til að styrkja kaupmátt þeirra umfram aðra. Loks mun lækkun virðisaukaskatts af matvælum fremur koma hinum tekjulægri til góða en öðrum vegna þess að þeir nota hærra hlutfall heildartekna sinna til að kaupa matvæli en þeir tekjuhærri gera.

Með aðgerðum ríkisstjórnarinnar hefur verið hamlað gegn útgjaldaaukningu velferðarkerfisins en slík útgjaldaaukning er reyndar vandamál í flestum nágrannalöndum okkar. Þannig hefur verið kappkostað að tryggja þjónustuna. Áherslur hafa þó að sjálfsögðu breyst, m.a. vegna aukins atvinnuleysis. Þess vegna eru heildarútgjöld ríkissjóðs til almannatrygginga á árinu 1994 svipuð að raungildi og 1991. Framlagning fjárlagafrv. og 1. umr. um fjárlög marka ávallt þáttaskil í umræðunni um ríkisfjármálin. Þá liggur fyrir stefna ríkisstjórnarinnar fyrir næsta fjárlagaár. Umfjöllun Alþingis um frv. þýðir þó ekki að ríkisstjórnin hafi dregið sig í hlé. Þvert á móti halda ríkisfjármálin áfram að vera eitt aðalviðfangsefni ríkisstjórnarinnar.

Um þessar mundir er verið að vinna tekjufrv. sem fylgja fjárlögunum. Viðræður standa yfir við Samband sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins um þau atriði fjárlaga sem að þessum aðilum snúa. Þá hefur tveimur ráðherrum, utanrrh. og mér, verið falið að tína saman hugmyndir um frekari lækkun útgjalda ef á síðari stigum þarf að grípa til enn róttækari aðgerða. Þetta undirstrikar þá staðreynd að ríkisfjármálin eru sífellt til umfjöllunar innan ríkisstjórnarinnar. (**SJS:** Hvenær kemur þetta seinna frv.?) Ríkisstjórnin mun í viðræðum við fyrrnefnda aðila og í tillögugerð sinni leitast við að ná sem víðtækustum stuðningi um markmið sín í ríkisfjármálum. Og af því að einn stuðningsmaður okkar kallaði hér fram í og spurði hvenær það kæmi þá skal það tekið fram að á síðustu tveimur árum hefur það gerst að ríkisstjórn hefur þurft ásamt meiri hluta fjárln. að fara ofan í fjárlagagerðina í lok nóvembermánaðar til að tryggja það að fjárlagatölur fari ekki fram úr þeim tölum sem eru í fjárlagafrv. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var þegar nánast var regla að fjárlagafrv. var lagt fram en tók stórkostlegum breytingum hvað niðurstöðutölur varðar þegar frv. var síðan samþykkt og varð að fjárlögum fyrir næsta ár. Það er þetta sem átt er við og ég vona að hv. frammíkallandi skilji.

Virðulegi forseti. Eins og ég hef áður nefnt er stefna fjárlagafrv. rökrétt framhald af þeirri efnahags- og atvinnumálastefnu sem ríkisstjórnin hefur markað. Markmið hennar er að leiða íslenskt efnahagslíf út úr þeirri lægð sem það hefur verið í um alllangt skeið. Þar duga engar töfralausnir eða sértækar aðgerðir til skamms tíma.

Enda þótt töluvert hafi áunnist eru ýmis verkefni óleyst. Mikill hallarekstur ríkis og annarra opinberra aðila hér á landi þrengir svigrúm atvinnulífsins á lánamarkaði og heldur uppi vöxtum. Með öðrum orðum, það fer of stór hluti innlends sparnaðar til þess að fjármagna starfsemi opinberra aðila. Að sama skapi rennur of lítill hluti sparnaðar til að örva og efla atvinnulífið. Í fjárlagafrv. er stigið skref í þá átt að draga úr umsvifum ríkisins á lánamarkaði og skapa atvinnulífinu aukið svigrúm. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ég tel æskilegt að ganga enn lengra og bind ákveðnar vonir við það að samkomulag náist um frekari sparnað í umfjöllun þingsins. Ég tel sérstaka ástæðu til að fagna þeim mikla áhuga og skilningi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa sýnt á því að fastar verði tekið á fjármálum ríkisins. Aðalatriðið er að leita varanlegra lausna sem taka á hinum raunverulegu vandamálum. Að sama skapi er mikilvægt að forðast upphlaup og yfirboð og úreltar skammtímalausnir sem einungis fela í sér hærri skatta og aukin opinber útgjöld í kjölfarið. Sérstaklega vil ég vara við málflutningi þeirra sem halda því fram að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi aukið vandann og skapað atvinnuleysi. Þessi málflutningur er villandi og reyndar þversagnakenndur. Meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að styrkja samkeppnisstöðu íslensks atvinnulífs og skapa þannig skilyrði fyrir hagvexti og aukinni atvinnu hér á landi. Lykilatriðið í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fylgt verði trúverðugri stefnu í ríkisfjármálum þar sem markvisst verði dregið úr halla ríkissjóðs á næstu árum án þess að hækka skatta. Trúverðug stefna í ríkisfjármálum hefur áhrif á væntingar atvinnulífsins og stuðlar að lækkun vaxta.

Erfiðar efnahagsaðstæður hafa hins vegar sett strik í reikninginn og kallað á sérstakar stuðningsaðgerðir við atvinnulífið en það hefur leitt til aukinna útgjalda ríkissjóðs. Ríkisstjórnin hefur því í reynd orðið að þræða afar erfitt einstigi sem markast annars vegar af samdrætti í efnahagslífinu og hins vegar af nauðsynlegu aðhaldi í rekstri ríkisins til að hallinn fari ekki úr böndum. Þetta einstigi er engan veginn auðratað eins og reynsla margra nágrannaþjóða sýnir þar sem atvinnuleysi hefur margfaldast, afkoma ríkissjóðs hríðversnað og skuldir opinberra aðila farið ört vaxandi.

Hér á landi hefur tekist að sporna gegn miklu atvinnuleysi, koma í veg fyrir stóraukinn hallarekstur ríkissjóðs, tekist að draga úr viðskptahalla og erlendri skuldasöfnun og varðveita stöðugleika í verðlagsmálum. Jafnframt hefur ríkisstjórnin gripið til margvíslegra aðgerða á peningamarkaði til að stuðla að lægri vöxtum. Þetta er meiri árangur en margar aðrar þjóðir geta státað af.

Virðulegi forseti. Að svo mæltu legg ég til, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. fjárln.

[14:27]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í raun og veru hefði Alþingi getað sparað sér þennan tíma sem fór í að lesa upp þessa ræðu úr fjmrn. vegna þess að eins og kunnugt er þá er ætlunin að leggja hér fljótlega fram nýtt fjárlagafrv. á vegum ríkisstjórnarinnar sem þeir eru nú að vinna fjmrh. og hæstv. utanrrh. eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra og mætti ýmislegt fleira um þau vinnubrögð segja.

Það sem ég vildi hins vegar sérstaklega vekja athygli á er það að mér fannst að í ræðu hæstv. ráðherra væri afskaplega lítið fjallað um eitt stærsta málið sem fram hefur komið núna að undanförnu og það eru þau stórfelldu skattsvik sem enn þrífast hér í þessu landi þrátt fyrir þær skattkerfisbreytingar sem hæstv. utanrrh. beitti sér fyrir sem fjmrh. og fullyrti þá að mundu verða til þess að þurrka svo að segja alveg upp skattsvikin í landinu. Það hefur komið á daginn að það sem hann sagði á þeim tíma reyndist vera markleysa að öllu leyti. Skattsvikin blómstra sem aldrei fyrr. Það er dapurlegt til þess að vita að hæstv. fjmrh. skuli nú flytja þessa miklu ræðu sína án þess að gera grein fyrr því nákvæmlega hvernig hann ætlar að taka á skattsvikum þegar það liggur fyrir að það eru 16 þús. millj. kr. sem fara fram hjá hagkerfinu samkvæmt þeirri skýrslu sem hæstv. fjmrh. hefur nýlega gefið út á vegum nefndar sem starfaði á hans vegum.

[14:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. hefði getað sparað sér það að koma hér upp með í þessu andsvari vegna þess að ég hef þegar svarað fyrirspurn hans í minni ræðu. Þar kom fram í fyrsta lagi að ég og hæstv. utanrrh. erum að vinna að því að tína saman hugmyndir sem má nota þegar að því kemur að ríkisstjórnin ... (**ÓÞÞ:** Hvar fer tínslan fram?) (**SJS:** Í berjamó.) Tínslan fer m.a. fram með því að fletta fjárlagafrv. og koma fram með þær hugmyndir sem hægt er til sparnaðar í ríkisrekstrinum, en mér þykir hins vegar ekkert einkennilegt að hv. þm. sem hér talaði, sé hissa á því að það sé reynt því að enginn var meiri eyðsluseggur í ríkisfjármálum en hann. Hann gat aldrei neitt þegar átti að koma við sparnaði. (Gripið fram í.) Þetta er annar þátturinn.

Ef ég fæ svo, virðulegi forseti, að halda áfram með svarið í þessu andsvari, þá hefur það farið fram hjá virðulegum þingmanni að í fyrsta skipti í nokkuð mörg ár hefur verið unnin ítarleg skýrsla um skattsvik. Það var ekki gert þegar síðasta ríkisstjórn sat að völdum. Í þessari skýrslu er ítarlega fjallað um skattsvikin og vörn gegn þeim. Í nefndinni sátu fulltrúar aðila vinnumarkaðarins og á þeim málum hefur þegar verið tekið eins og kom fram í framsöguræðu minni. Annaðhvort hefur hv. þm. verið sofandi eða ekki í þingsalnum þegar um þessi mál var fjallað.

[14:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Það er rangt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra, virðulegi forseti, að þetta sé í fyrsta sinni sem ítarleg skýrsla hafi verið tekin saman um þessi mál. Það hefur áður átt sér stað þannig að annaðhvort hefur ráðherra verið sofandi eða annars hugar af einhverjum öðrum ástæðum þegar ég lét það koma fram í minni ræðu að þetta hefði verið gert áður, m.a. þegar ég benti á það sem hæstv. utanrrh. hefur sagt um þessa hluti hér á fyrri árum.

Ég tel að það sé auðvitað grafalvarlegt mál að hæstv. fjmrh. skuli umgangast þessi skattsvik og skattsvikatillögurnar með þeirri léttúð og þeim lausatökum sem fram komu í ræðu hans hér áðan. Hann benti í raun og veru ekki á neitt efnislegt sem mun skipta sköpum varðandi tekjur ríkissjóðs eða annarra opinberra aðila á næsta ári, 1994, þrátt fyrir þessa skýrslu. Og ég gagnrýni hæstv. ráðherra fyrir að láta nægja að segja að hann sé að tína saman tillögur með hæstv. utanrrh. Hvað eru þeir að gera í þessari tínslu? Þeir eru að lesa fjárlagafrv. Og það er rangt hjá hæstv. ráðherra að ég hafi verið sérstaklega hissa á ummælum ráðherrans að öðru leyti. Það sem ég var sérstaklega hissa á var það að hæstv. utanrrh. skyldi núna loksins hafa gefið sér tíma til þess að lesa fjárlagafrv. Það kom mér mjög á óvart.

[14:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri það að hv. þm. heyrir líka illa ofan á allt annað því að ég sagði ekki að þetta væri í fyrsta skipti sem slík skýrsla hefði verið útbúin eins og þessi skattsvikaskýrsla heldur hefði það ekki verið gert í tíð síðustu ríkisstjórnar. Og upphaf lífsins varð ekki til þegar hv. þm. sat í síðustu ríkisstjórn, það vita allir. Svo máttugur er hann ekki.

Ég hef heyrt það að undanförnu að hv. þm. Alþb. hver af öðrum koma hér í ræðustól og gerast siðbótaprédikarar. Þeir eru að halda því fram að þeir séu sá flokkur hér á Alþingi sem hafi mest efni á því að stunda siðbótarstörf og eru hérna í eins konar messu alla daga. Frægust var þó ræða hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem hann flutti við útvarpsumræður um daginn. Sannleikurinn er sá að þessi þingmaður, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, gaf eftir ýmsa skatta. Hann gaf eftir skatta til vina sinna og það varð að breyta skattalögum í framhaldi af því. (**Gripið fram í:** Gaf hann skatta til vina sinna?) Hann gaf eftir skatta eins og frægt var og margoft hefur komið fram hér í þingsölum. Það er þess vegna mjög kærkomið að fá að segja það hér í ræðustól af því tilefni sem hér gefst, að núv. ríkisstjórn hefur ásamt aðilum vinnumarkaðarins farið í gegnum skattsvikamálin, komist að niðurstöðu og er að vinna að úrlausn þeirra mála. Það er meira en síðasta ríkisstjórn gerði og það er staðreynd sem hér stendur.

Vegna vinnu okkar hæstv. utanrrh. skal þetta sagt. Fjárlagavinna og vinna við ríkisfjármál endar ekkert á einum tilteknum degi. Ríkisstjórnin mun á næstu vikum, mánuðum og vonandi árum halda áfram að vinna í ríkisfjármálunum. Þess vegna eru það engar fréttir þótt einstakir ráðherrar setjist niður og reyni að tína saman tillögur sem gætu komið að gagni og grípa þurfti til enn róttækari aðgerða. (**SvG:** Af hverju kom það ekki fram í ræðunni?) Þetta átti hv. þm. að vita.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg óhjákvæmilegt að það skýrist fyrr en seinna hvaða stöðu þetta fjárlagafrv. hefur, þetta þskj. nr. 1. Satt best að segja er vörn hæstv. fjmrh. og framsaga fyrir því harla vandræðaleg, enda mun hann fyrstur fjmrh. hafa mátt sæta því að frv. var skotið í kaf af samstarfsráðherrum hans í ríkisstjórn, jafnvel áður en það var lagt fram, en eins og kunnugt er lýsti hæstv. utanrrh. því yfir áður en frv. var lagt fram að það væri ónýtt og hæstv. félmrh. hefur fjölmarga óskilgreinda fyrirvara við frv., enda var hæstv. fjmrh. að lýsa því hér yfir í framsöguræðu sinni að í raun og veru væri verið að undirbúa annað frv., hið eiginlega fjárlagafrv. og það kæmi fram þegar þeir verða komnir af berjamónum, hann og hæstv. utanrrh., og búnir að tína til þessar hugmyndir í sparnaðinum. Þess vegna er það auðvitað svo, hæstv. forseti, að það er væntanlega því miður tímasóun að standa í miklum umræðum um þetta frv. á þessu stigi málsins og miklu nær að hæstv. ráðherrar vinni þessa heimavinnu og komi sínum endanlegu hugmyndum um fjárlög ársins 1994 hér fyrir þingið sem fyrst.

Í öðru lagi verð ég að gera athugasemdir við það, hvernig hæstv. fjmrh. í ræðu sinni og reyndar líka í grg. með frv. setur fram fullyrðingar um tilfærslu skattbyrðarinnar í tengslum við þetta fjárlagafrv. og í tengslum ríkisstjórnarinnar. Sú framsetning er með öllu ófullnægjandi. Þar er verið að reyna að læða því að, telja mönnum trú um það, að í raun og veru sé á ferðinni skattalækkun hjá hæstv. ríkisstjórn. Mér skilst jafnvel hvað einstaklingana snertir. Ekkert er fjær sanni. Aldrei í sögunni hefur verið að festast í sessi önnur eins tilfærsla á skattbyrði frá fyrirtækjunum og yfir á einstaklingana og nægir þar að nefna aðstöðugjaldið í heild sinni upp á 4 milljarða kr. og lækkun tekjuskatts upp á 1 milljarð í viðbót á næsta ári. Það er því óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að það verði tekin saman greinargerð um þessa hlið mála og ég held að efh.- og viðskn. sem á lögum samkvæmt að fara yfir tekjuhlið frv. verði að fara í þá vinnu úr því að greinargerð fjárlagafrv. og ræða hæstv. ráðherra er með þeim hætti sem raun ber vitni.

[14:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skal enn einu sinni áréttað í þeirri von að hv. þm. skilji þau orð sem hér eru sögð að staða þess fjárlagafrv. sem hér er til umræðu er nákvæmlega sú sama og staða annarra fjárlagafrv. sem hér hafa verið flutt á fyrri árum, nákvæmlega sú sama. Sú vinna sem fer fram á vegum einstakra ráðherra og ríkisstjórnarinnar er vinna sem er sjálfsögð og eðlileg og hefur ekkert með það að gera að það eigi að flytja nýtt fjárlagafrv. Það veit auðvitað hv. þm. sem er fyrrum ráðherra í ríkisstjórn að ríkisstjórnir þurfa á hverjum einasta degi, hverri einustu viku, hverjum einasta mánuði að vinna í ríkisfjármálunum. Það er í sjálfu sér ekkert fréttnæmt út af fyrir sig.

Í öðru lagi minntist hv. þm. á tilfærslu skatta. Í minni ræðu sagði ég mjög skýrt frá því að það hefðu verið fluttir skattar af fyrirtækjum yfir á einstaklinga. Hvers vegna skyldi það vera gert? Það er gert til þess að styðja atvinnureksturinn í landinu, til að styrkja hann, styrkja samkeppnisstöðu hans í því skyni að hægt sé að halda hérna uppi hærra atvinnustigi en í okkar nágrannalöndum. Þetta hefur tekist. Þetta hefur tekist svo vel m.a. að hér á landi gerist það að atvinnuleysi í ár verður minna en spáð var í upphafi ársins og það er önnur þróun en hefur verið í nágrannalöndunum. Og hverjum kemur það til góða? Það kemur auðvitað launafólkinu til góða því að það sem skiptir öllu máli er að sem flestir Íslendingar eigi þess kost að geta unnið. Og ég vona að hv. þm. sé mér sammála um það að það sé góð aðferð, það sé eðlileg ráðstöfun að færa til skattbyrðina þegar það er gert í þessu skyni. Og það hefur aldrei verið dregin fjöður yfir það að um tilfærslu var að ræða.

[14:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Í fyrsta lagi, hæstv. forseti, liggur það alveg fyrir og því hefur ekki verið mótmælt að hæstv. utanrrh., formaður samstarfsflokks fjmrh. í ríkisstjórn, hefur lýst því yfir að fjárlagafrv. sé ónýtt og það verði að skera niður um 5 milljarða í viðbót. Það er alveg út í hafsauga þegar hæstv. fjmrh. kemur svo hér og segir að það sé bara alvenjulegur hlutur. Ég minnist þess aldrei að formaður samstarfsflokks í ríkisstjórn hafi með slíkum hætti í raun og veru hent fjárlagafrv. og það jafnvel áður en það kom fram. Þetta er einsdæmi, hæstv. fjmrh., og því miður situr hæstv. fjmrh. uppi með það. Ég man aldrei til þess að neinn fjmrh., svo langt sem ég man og kann söguna, hafi fengið slíkar trakteringar af formanni samstarfsflokks í ríkisstjórn.

Og það liggur jafnframt fyrir, hæstv. fjmrh., að hæstv. félmrh. hefur fjölmarga skilgreinda og óskilgreinda fyrirvara við þetta frv. eða hvað? Stendur málið ekki enn þá þannig? Það er sömuleiðis mjög óvenjulegt, svo að ekki sé meira sagt, e.t.v. ekki alveg einsdæmi en þó stappar nærri því. Þessar staðreyndir liggja fyrir, hæstv. fjmrh., og ég veit svo sem og sé á brosviprum hjá hæstv. fjmrh. að hann viðurkennir þetta, að þetta er nákvæmlega svona. Sennilega á hann ekki annan kost en að reyna að berja hér í brestina með þeim hætti sem hann var að gera meðan stjórnarflokkarnir eru enn að reyna að halda þessu samstarfi áfram.

Varðandi skattatilfærsluna er að sjálfsögðu ekki tími til að ræða það í einstökum atriðum hér, hæstv. fjmrh., og ég viðurkenni að í ræðunni kom fram að um

þessa tilfærslu frá fyrirtækjum yfir á launafólk væri að ræða. Hún er hins vegar orðin gríðarleg og það er breyting frá því sem sagt var í fyrra þegar fullyrt var að hækkun tekjuskattsins væri eingöngu tímabundin aðgerð á meðan leitað yrði tekjustofna sem menn skildu þá að yrði að einhverju leyti hjá fyrirtækjunum en ekki eingöngu hjá launamönnum. Nú er verið að leggja til að festa varanlega í sessi að þessi tilfærsla verði 100% frá fyrirtækjunum án tillits til afkomu þeirra yfir á launamenn í formi 1,5% hækkunar útsvars. Þetta er annað en sagt var í fyrra, hæstv. fjmrh., og í raun, að ég tel, vanefndir á því sem þá var rætt.

[14:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hirði nú ekki um að svara í þriðja sinn um stöðu frv. og orð hæstv. utanrrh. Það mun bara koma í ljós og gefast næg tækifæri til þess síðar að ræða um þá hluti.

Um stöðu frv. vegna fyrirvara sem fram hafa komið þá hefur því verið svarað á opinberum vettvangi. Það er ljóst að ráðherra, sem ekki styður fjárlög, getur auðvitað ekki setið í ríkisstjórn. Ég veit að hv. þm. sat í ríkisstjórn áður og ég hugsa að hann kannst við fyrirvara frá þeim tíma, jafnvel frá sömu persónunni, og hann getur þá rifjað það upp hvernig það fór og hvort viðkomandi ráðherra sat áfram í þeirri ríkisstjórn.

Í lokin minntist hv. þm. á það að það hefði verið sagt að það væri tímabundin aðgerð að hækka tekjuskatt um 1,5% sem lið í því að taka aðstöðugjaldið út. Það er hárrétt. En það var aldrei nokkurn tíma sagt annað heldur en það væri tímabundin aðgerð út af fyrir sig af því að hún átti að vera í tiltekinn tíma. Nú er í undirbúningi og reyndar búið að endurskoða lögin og það er gert ráð fyrir því að tekjustofnalög sveitarfélaganna breytist og þá er gert ráð fyrir því að útsvar hækki sem nemur þessari tekjuskattshækkun þannig að það má halda því fram a það sé varanleg aðgerð að flytja skatta frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga. Ég tel að það sé misskilningur hjá hv. þm. að halda því fram að því hafi verið lofað að breyta eftir skamma stund. Það sem var sagt í fyrra, a.m.k. það sem ég hef sagt þá, var einungis að það væri tímabundið fyrirbæri að þetta væri gert í gegnum ríkissjóð eins og var gert á yfirstandandi ári. En því verður að sjálfsögðu breytt núna fyrir árslok þannig að nú verða hrein skipti á milli tekjustreymis til sveitarfélaganna annars vegar og ríkisins hins vegar.

[14:45]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Óhætt mun að fullyrða að margt hefur farið á annan veg hjá hæstv. ríkisstjórn heldur en hún boðaði í upphafi. Hafi menn í upphafi haft einhverjar væntingar, sem e.t.v. er nú ekki útilokað því að auðvitað hafði ríkisstjórnin þá sterkan þingmeirihluta og stóran hluta kjósenda á bak við sig, þá eru þær væntingar nú áreiðanlega að engu orðnar og roknar út í veður og vind. Ríkisstjórnin er eins og alþjóð veit rúin öllu trausti. Það sýna m.a. niðurstöður skoðanakannana margendurtekið á undanförnum vikum og mánuðum. Og hvernig á í raun annað að vera? Hvernig á annað að vera þegar á stjórnarheimilinu ríkir sundurlyndi, ósamstaða og jafnvel óeining svo sem fram hefur komið í hverju stórmálinu af öðru að undanförnu. Ásakanir um geðþóttaákvarðanir utan verksviðs, svo að notuð séu orð hæstv. fjmrh. sem hann beindi til félaga síns í ríkisstjórn, hæstv. utanrrh., út af atburðum nýlega, geðþóttaákvarðanir utan verksviðs kallar hann það sem þýðir í raun ekkert annað en lögbrot á mannamáli, trúnaðarbrestur og óheiðarleiki. Þetta eru orðin sem ganga í fjölmiðlum milli hæstv. ráðherra í hæstv. ríkisstjórn. Meðan slíkar ásakanir ganga kemur hæstv. utanrrh. og segir nú mest áríðandi að þjóðin treysti ríkisstjórninni, veiti henni fullt traust til þess að takast á við þann vanda sem vissulega er við að glíma. Er hægt að ætlast til þess að þjóðin treysti þessum mönnum? Eru þessi vinnubrögð líkleg til þess að skapa með þjóðinni það traust sem þarf á ráðherrum hennar? Ég held varla.

Ríkisfjármálin eru e.t.v. besta dæmið um gæfuleysi og getuleysi þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Ríkisfjármálin, þ.e. fjárlög ásamt þeim lögum sem þeim fylgja, lánsfjárlög og skattalög ýmis, eru hornsteinn efnahagsstefnu hverrar ríkisstjórnar. Núv. hæstv. ríkisstjórn lofaði hallalausum fjárlögum. Hún lofaði niðurskurði í ríkisútgjöldum. Hún lofaði skattalækkunum eða í það minnsta ekki skattahækkunum og í kjölfarið hafði hún uppi góð fyrirheit um vaxtalækkanir. Og hvernig hefur svo til tekist? Hvernig hefur hæstv. ríkisstjórn tekist að standa við þessi loforð eða fyrirheit?

Það er í raun spurning hvort það hefur nokkurn tilgang, eins og hér hefur komið fram í andsvörum og svörum hæstv. ráðherra við andsvörum þingmanna hér á undan, að eyða tíma í ítarlega umræðu um fjárlagafrv. og eyða tíma í alla þá miklu vinnu sem lögð er í málið venjulega. Það eru vangaveltur um einhverjar krónur til eða frá, kannski jafnvel tugi þúsunda, en hvernig er svo niðurstaðan þegar framkvæmdin er skoðuð? Eigum við að líta á markmiðin um hallalaus ríkisfjármál sem ríkisstjórnin setti sér?

Ríkisstjórnin glímir allt sumarið við að koma saman fjárlagafrv. Fjölmiðlar bera þjóðinni fréttir af því hvernig til tekst og hvernig fram gengur. Markmið eru sett, halli skal vera innan 5 milljarða, 7 milljarða, 10 milljarða eða hvað það nú er sem menn setja sér og ráðherrar kljást, lýsa yfir andstöðu við einstaka þætti og ekki er enn vitað hvort ríkisstjórnin stendur öll að því frv. sem hér liggur fyrir. Þingmeirihluti stjórnarinnar hér í þingi og þó kannski einkum í hv. fjárln. reynir að standa vörð um frv. allt til áramóta. A.m.k. hefur það verið svo undanfarin tvö ár. Brestir eru þó áberandi nú að þessu sinni. Þeir brestir hafa komið fram í umræðunum hér á þingi á seinustu dögum og eins og ég sagði áðan, vafi leikur á um stuðning allra ráðherra við frv. Og hver er svo reynslan? Fjárlög fyrir árið 1992 voru samþykkt með 4,1 milljarðs kr. halla. Niðurstaðan varð hins vegar 7–8 milljarðar kr. Fjárlög fyrir þetta ár voru samþykkt með 6,2 milljarða kr.

halla. Niðurstaða blasir við og allar líkur benda til að hallinn verði á milli 12 og 13 milljarðar kr. Nú erum við að fjalla um fjárlagafrv. fyrir árið 1994 sem gerði ráð fyrir halla upp á 9,8 milljarða kr. og verði reynslan hliðstæð eins og á undangengnum árum þá blasir við halli upp á 18–20 milljarða. Að vísu hefur hæstv. fjmrh. hér á undan reynt að berja í bresti og telja okkur hv. þm. og þjóðinni trú um það að nú sé við öðru að búast, nú séum við með miklu traustara frv. í höndunum, sem sé raunhæfara en þau hin fyrri. Ætli við höfum ekki heyrt hæstv. fjmrh. segja eitthvað líkt þessu áður? Ætli hann hafi ekki haft uppi eitthvað svipaðar setningar í fyrra og kannski hittiðfyrra líka. Það minnir mig alla vega og ég bið hv. þm. að rifja það upp með mér.

Ég get þó fallist á það að einstaka þættir í þessu frv. séu raunhæfari en áður, t.d. hugmyndirnar um tekjur af sölu ríkisfyrirtækja sem áttu á þessu ári að skila 1,5 milljörðum kr. en raunin verður líklega 100 millj. kr. Þá er auðvitað líklegt að nú þegar gert er ráð fyrir 500 millj. kr. verði mismunurinn þó ekki meiri en 400 millj. ef það er von til þess að salan á næsta ári verði í líkingu við það sem verður á þessu ári. Þannig að kannski er um raunhæfari tölur að ræða, vonandi stöndum við ekki frammi fyrir því að hallarekstur ríkissjóðs nálgist að ári liðnu um 20 milljarða kr.

En er hægt að tala um, hæstv. fjmrh., að svona frv. og vinnubrögð séu stefnumarkandi? Er það stefnumarkandi að eyða mörgum vikum og mánuðum af störfum þingmanna í að fjalla um frv. til fjárlaga fyrir komandi ár sem síðan reynist verða með helmingi meiri halla en þau lög sem samþykkt voru? Er þetta traustur hornsteinn fyrir efnahagsstefnu ríkisstjórnar? Ég vil leyfa mér að líkja því við að það sé ekki einu sinni eins og vikur sem molnar heldur líkara leir sem hnoðast. Fullyrðingar stjórnarandstöðunnar undanfarin tvö ár um raunveruleika fjárlagafrv. sem þá hefur verið til umræðu hafa því miður reynst réttar. Það hefur verið byggt á sandi og hnoðast eins og leirinn. Fjárlögin hafa verið óraunhæf og grunnurinn því ótraustur. Auðvitað má reyna að finna á þessu ýmsar skýringar og það hefur hæstv. fjmrh. vissulega reynt að gera í ræðu sinni hér á undan. Enginn efast um ýmsa erfiðleika sem stafa af utanaðkomandi aðstæðum eins og t.d. samdrætti í sjávarafla og ætla ég ekki að gera lítið úr því. Mér er fullljóst að það er mikið vandaverk fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að takast á við slíkan samdrátt í þjóðartekjum. Þó ber að minna á það að útlit er fyrir það að landsframleiðsla á þessu ári sem nú er að líða dragist ekki saman, aukist jafnvel um 0,5% þrátt fyrir spár um hið gagnstæða. Því miður held ég því að vandamálin í efnahagsstjórnuninni og efnahagsstefnunni séu meira og minna vegna stjórnarstefnunnar sjálfrar. Lögmál hins frjálsa markaðar er látið hreinsa til í atvinnulífinu. Eignatilfærslan sem af því leiðir eða því fylgir verður gífurleg, bæði hjá fyrirtækjum og hjá einstaklingum. Verðhrun blasir t.d. við á fasteignamarkaði og einstaklingar, að mestum eða miklum meiri hluta til ungt fólk, eru að missa hús sín og eignir til þeirra sem betur mega sín og hafa fjármuni til að spila úr nú á þessum markaði eins og hann verður til eftir gjaldþrotin og uppboðin. Fyrirtæki, einkum hin minni, sem hafa lítið úthald eða þol til að berjast við háa vexti, óraunhæf undirboð á markaði og kreppu verða gjaldþrota.

Afleiðingarnar eru síðan að sjálfsögðu stóraukið atvinnuleysi og það leggst auðvitað lítið fyrir kappann, hæstv. fjmrh., að hæla sér af því að atvinnuleysi hér sé þó þrátt fyrir allt miklu minna en í nágrannalöndunum. Það er vaxandi, það hefur verið vaxandi á undanförnum árum frá því sem við höfum átt að venjast og það er enn vaxandi miðað við spár fyrir næsta ár og verður maður þó kannski að vona að það verði ekki meira en spárnar gera ráð fyrir, 5,5%, en auðvitað eru ýmsar blikur á lofti sem gætu bent til þess að það yrði þrátt fyrir allt enn meira. Aukið atvinnuleysi þýðir síðan minni veltu í þjóðfélaginu, minni skatttekjur fyrir ríkissjóð en meiri útgjöld fyrir þann sama sjóð og auðvitað hærri vexti í þjóðfélaginu.

Komum síðar að vöxtunum en lítum næst aðeins á skattahliðina og niðurskurð ríkisútgjaldanna sem hangir að sjálfsögðu nokkuð saman og var annað markmiðið sem hæstv. ríkisstjórn setti sér varðandi framgang ríkisfjármála.

Það er nánast spaugilegt að lesa inngang eða upphafsorð greinargerðar frv. hæstv. fjmrh. sem hér er til umræðu. Þar segir, með leyfi forseta:

„Boðskapur frv. er skýr: Þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður verður að draga úr hallarekstri ríkissjóðs án þess að hækka skatta. Þess vegna verður að lækka ríkisútgjöld.“ — Þetta voru upphafsorð frv., hæstv. forseti. „Draga úr hallarekstri“ var sagt hér. Hallarekstur inn fór úr 4 milljörðum kr. í 8 í fyrra, fer úr 6 milljörðum kr. í 12 í ár og er nú 10 milljarðar kr. sem ráðherra talar um að sé að draga úr hallanum. Ég veit ekki hvort það er úr 6 milljörðunum kr. eða þessum áætluðum 12 milljörðum kr. en 10 milljarðar er áætlað núna og sennilega stefnir í áður óþekktar stærðir.

Fullyrt er að skatttekjur ríkissjóðs dragist saman að raungildi og rétt kann það að vera. Þær dragast saman vegna minni veltu í þjóðfélaginu, vegna minni tekna af innflutningi, vegna minni tekna einstaklinganna og vegna meira atvinnuleysis. Allt hefur þetta að sjálfsögðu áhrif á tekjur ríkissjóðs. En beina skattheimtan er auðvitað að aukast í raun og það mjög mikið ef aðeins er horft á einstaklingana. Það kom reyndar einnig fram í andsvörunum áðan og hæstv. ráðherra hefur viðurkennt.

Virðisaukaskatturinn af matvælum þýðir að vísu lækkun á skattheimtu upp á 2,5 milljarða kr. samkvæmt áætlun frv. en á móti því koma full áhrif af skattalagabreytingum sem samþykktar voru á seinasta þingi, m.a. breikkun skattstofns virðisaukaskattsins o.fl. upp á 1,5 milljarða kr. Hið nýja atvinnutryggingagjald, ef að lögum verður, upp á tæplega 1,5 milljarða kr., þannig að af þessum tveimur ástæðum einum eru skatttekjur þegar farnar að aukast um hálfan milljarð kr.

Allt er enn á huldu með fjármagnstekjuskattinn sem margsinnis hefur verið rætt um en komi hann til fram-

kvæmda þá er hann auðvitað viðbót við skattheimtuna. Verstir af þessu öllu eru þó feluskattarnir, þ.e. þjónustugjöldin sem hvergi koma fram. Í stað þess að takast á við raunverulegar skipulagsbreytingar til niðurskurðar hefur ríkisstjórnin aftur og aftur hopað í það far að hækka þjónustugjöldin og taka meiri skatta af borgurunum með því móti. Það er auðvelt að láta menn borga, það er erfiðara að lækka heildarkostnaðinn.

Ef við lítum aðeins á það sem gerst hefur í stjórnartíð hæstv. ríkisstjórnar þá lítur út fyrir að aukin þátttaka almennings, notenda lyfja, í kostnaði við lyfin nemi allt að 1 milljarði kr. í viðbótarþjónustugjöldum. Þátttaka almennings, þeirra sem einnig nota heilbrigðisþjónustuna, í sérfræðikostnaði hefur líka aukist um tæpan milljarð kr., líklega í kringum 900 millj. kr.

Nýr aðgangsskattur að heilsugæslunni, sem þessi hæstv. ríkisstjórn tók upp, er á bilinu 300–400 millj. kr. Hér eru nýir skattar upp á rúma 2 milljarða, hæstv. fjmrh., að ógleymdum nýjum sértekjum ýmiss konar og aukinni skattheimtu t.d. í skólagjöldum, svo eitthvað sé nefnt, en ég hirði ekki um að tína til á þessu stigi en það verður auðvitað gert og skoðað nánar í vinnu fjárlaganefndarinnar.

Nýjasta uppfinning hæstv. ríkisstjórnar eru síðan svokölluð heilsukort. Nýjasta uppfinningin í skattheimtunni. Það er að vísu lítið vitað enn þá um framkvæmd þessa nýja skatts en í fjárlagafrv. er tvisvar sinnum að finna heilar þrjár línur um málið. Með leyfi forseta ætla ég að leyfa mér að lesa aðra þessa tilvitnun, þrjár línur, en þar segir svo:

„Ákveðin er útgáfa heilsukorta sem veita afslátt á greiðslu fyrir heilbrigðisþjónustu. Kortin ná til lyfja og þjónustu hjá sérfræðingum og heilsugæslustöðvum. Að auki fá handhafar kortanna þjónustu á sjúkrahúsum án endurgjalds.“ Aðeins síðar kemur ein lína sem hljóðar svo: „Áætlað er að tekjur af sölu heilsukortanna verði um 400 millj. kr. á ári.“

Hvar skyldi nú þessi nýi skattur koma fram, virðulegi forseti, í frv. til fjárlaga hæstv. fjmrh.? Það hlýtur að vera í tekjuhliðinni með öðrum nýjum sköttum. Ég leitaði þar en fann ekki, þar er ekki þennan nýja skatt að finna. Líklega er hann þá með sértekjum, hjá Tryggingastofnuninni. Nei, hann er ekki heldur þar. Þá hljóta þetta að vera sértekjur sjúkratrygginganna og dregnar frá þar. Og hvað kemur í ljós — ekki heldur þar! Nei, þessi nýi skattur er vandlega falinn. Eini staðurinn þar sem hægt er að sjá hans stað er í töflu í greinargerðinni þar sem hann er dreginn frá ýmsum útgjöldum sjúkratrygginganna og nettótalan tæpir 10 milljarðar kr. síðan færð sem útgjöld til sjúkratrygginga í fjárlagafrv.

Finnst hæstv. fjmrh. þetta hægt? Er hægt að fara svona að með skattheimtu og fela hana svo rækilega? Ég tel að það sé ekki einu sinni verið að fela hér skattheimtu heldur er einnig verið að fela hér einhverja róttækustu breytingu á uppbyggingu heilbrigðis- og tryggingakerfisins sem gerð hefur verið í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar og er þó af ýmsu að taka. Hún er falin svo vel sem hægt er og upplýsingar þær sem fram hafa komið um málið eru reyndar enn þá mjög óljósar. Ég tel að hér sé um að ræða fyrsta skrefið að koma á tvöföldu kerfi í heilbrigðisþjónustunni og sjúkratryggingakerfinu. Annars vegar kerfi fyrir þá sem eiga nægja fjármuni til til að greiða ef á bjátar og hins vegar fyrir þá sem minna mega sín og munu smám saman hljóta annars flokks heilbrigðisþjónustu. Vonandi þó ekki alveg strax, vonandi sjá menn að sér áður en þetta skref er stigið og mér er auðvitað ljóst að slíkt gerist ekki á einu ári en þetta gerist fljótlega ef fram heldur sem horfir m.a. vegna þess að það er gefinn kostur á því að skattpeningar þeirra sem betur mega sín, hinna ríku, hverfi út úr tryggingakerfinu. Þeir eiga að fá val. Að vísu er óskiljanleg nýjasta uppákoma eða skýring á þessu nýja kerfi frá hæstv. heilbrrh. þar sem hann gaf mönnum kost á „að tryggja eftir á“ og ég veit ekki hvort hæstv. fjmrh. hefur skoðað það form og hvernig hann ætlar sér að innheimta þessar 400 millj. sem þó eru svo vandlega faldar en hann gerir sér líka vonir um að komast einhvers staðar yfir, ef menn eiga að geta farið þá leið „að tryggja eftir á“.

Það er erfitt að ræða ítarlega um þetta mál á þessu stigi, virðulegi forseti, af því að það er enn þá of lítið vitað um málið og reyndar komu heldur litlar skýringar fram í viðbót hjá hæstv. fjmrh. í framsöguræðu hans áðan á þessu mikilvæga nýja kerfi.

Það er auðvitað nauðsynlegt að taka á ýmsum þáttum í ríkisgeiranum, taka á ýmsum málum sem mega horfa til aðhalds og sparnaðar og heilbrigðis- og tryggingamálin eru þar ekkert undanskilin. En það er auðvitað skynsamlegra að ráðast í og reyna að ná fram kerfisbreytingum sem hafa áhrif til heildarsparnaðar og aðhalds í þessum útgjaldasama málaflokki en að framkvæma það með þessari óréttlátu skattheimtu sem felst í þjónustugjöldunum. Og enn þá er boðað að spara í lyfjum, í sérfræðiþjónustu og rannsóknum um 300 millj. kr. og ég vona sannarlega að hæstv. heilbrrh. núverandi takist á við kerfisbreytingar og nái sparnaðinum fram í lægri heildarútgjöldum þessarar þjónustu.

Að framansögðu finnst mér reyndar erfitt að skilja þær fullyrðingar sem aftur og aftur koma fram í greinargerð fjárlagafrv. að reynt sé að verja hag hinna lægst launuðu og verst settu í þjóðfélaginu og láta nýja skatta og nýjar álögur fremur bitna á þeim sem betur eru settir og allt sé þetta gert til þess að tryggja þjónustu velferðarkerfisins. Mér finnst ýmislegt hallast á í þessum málflutningi.

Ég vil láta það koma fram, virðulegur forseti, að ég er sammála þeirri meginhugsun sem fram kemur í frv. og er líklega að tillögu hæstv. heilbrrh. að sveitarfélögin reki leikskóla eða dagvistarstofnanir barna. Það er ekki hlutverk ríkisins. Hins vegar verð ég að segja það að eins og fram er farið þá er ekki líklegt að þær breytingar sem boðaðar eru nái tilætluðum árangri. Breyting af þessu tagi tekur tíma, hún þarf góðan og vandaðan undirbúning. Um hana þarf að semja og hún má ekki stofna rekstri heilbrigðisþjónustunnar, heilbrigðisstofnananna, í hættu. Sama má auðvitað segja um ýmsar aðrar stofnanir sem sjálfsagt er að skoða hvort hægt sé að breyta rekstri eða jafnvel leggja rekstur niður. Gunnarsholt er þar ekki undanskilið. Það er

sjálfsagt að skoða þann rekstur eins og annan í ríkisgeiranum og leita að ódýrari leiðum ef þær eru til. En það er málið, það er að finna ódýrari leiðir og við verðum að vera vissir um það að hinn nýi kostur eða sá sem við ætlum að taka upp sé ódýrari en sá sem er fyrir hendi.

Endurskipulagning á stjórnsýslustofnunum getur líka komið til greina eins og hæstv. fjmrh. boðaði í framsöguræðu sinni áðan en hann verður þá líka að boða raunverulegan sparnað. Hann má ekki aðeins leiða til þess að þjónusta sé færð frá einum stað til annars, til óhagræðis fyrir íbúa landsins, en hafi ekki í för með sér neinn raunverulegan sparnað í ríkisútgjöldunum. Það bið ég hæstv. fjmrh. einnig að athuga. Það á ekki að ana út í óvissuna með fljótfærnislegum ákvörðunum og vita ekkert hvert stefnt er.

Hæstv. forseti. Ég hef á undanförnum árum gagnrýnt ýmsar aðgerðir fyrrverandi hæstv. heilbrrh. og talið að oftar en ekki hafi hann kastað krónunni til að spara eyrinn. Ég hef rakið nokkrar aðgerðir hans og hæstv. ríkisstjórnar varðandi þjónustugjöldin og svokallaðan sparnað í heilbrigðiskerfinu sem ég tel að hafi í raun ekki verið sparnaður heldur tilfærsla á sköttum. En ekki er hægt að neita því að nokkur sparnaður muni hafa náðst í rekstri heilbrigðisstofnana. Nokkur sparnaður hefur náðst í rekstri dýrustu sjúkrahúsanna. En hvað ætli það hafi í för með sér ef til lengri tíma er litið? Er ekki einnig hér verið að spara eyrinn en kasta krónunni?

Það blasir við, sem ég hef haldið fram í þessari umræðu um sparnaðaraðgerðir hæstv. ríkisstjórnar og í tengslum við fjárlög á undanförnum tveimur árum, að sjúkrabiðlistar eru að lengjast á stofnununum, biðlistar til þess að komast í aðgerðir eru að lengjast og er það gagnstætt því sem haldið var fram, m.a. í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gerði fyrir hæstv. heilbrrh. á þessum sparnaði í rekstri sjúkrahúsanna þar sem talið var að það hefði ekki komið niður á þjónustu þeirra. Nú er auðvitað að sýna sig að það var ekki rétt. Nýlegar fréttir af aðgerðum á bæklunardeild Borgarspítalans sýna að einstaklingum sem nú eru á biðlista eftir aðgerðum hefur fjölgað á hálfu ári úr 390 í 520 eða um 130 manns. Í nýlegri grein í Morgunblaðinu eftir Ragnar Jónsson, sérfræðing á slysa- og bæklunardeild Borgarspítalans, er fjallað um þessi mál og mig langar, með leyfi forseta, að grípa hér á þremur stöðum niður í þessa ágætu og fróðlegu grein Ragnars Jónssonar. Þar segir fyrst:

„Biðlistar lengjast og er biðtími eftir helstu aðgerðum bæklunarlækna nú orðinn það langur að árangur ýmissa aðgerða er í hættu.“ — Árangur ýmissa aðgerða er í hættu — ég bið menn að taka eftir þessu vegna þess að biðtíminn getur auðvitað leitt til þess að erfiðara verði að gera aðgerðina eða láta hana skila þeim árangri sem henni er ætlað.

Síðar segir í þessari sömu grein, með leyfi forseta: „Mjög margar bæklunarlækningaaðgerðir fela í sér beinan fjárhagslegan ávinning, breyta óvinnufærum einstaklingi í vinnufæran, rúmföstum í rólfæran.“

Og að lokum í þessari ágætu grein: „Talsverð hætta er á að ýmsar nýjungar svo sem í hryggjarskurðlækningum muni hér lognast út af í nafni sparnaðar.“

Virðulegi forseti. Þetta er nákvæmlega það sem ég hef verið að halda fram í ræðum mínum um þetta mál, nákvæmlega að það er að gerast sem ég hef óttast, við erum að kasta krónunni en spara eyrinn. Sumt af þessu fólki sem er á biðlista vegna bæklunaraðgerða er jafnvel á örorkubótum og er þá auðvitað líka þar stór útgjaldaliður fyrir þennan sama ríkissjóðs sem við erum að reyna að spara fyrir.

Ég vona að fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh., núv. hæstv. viðskrh., sýni tilþrif við niðurskurð í bankakerfinu og lækkun vaxta ekki síður en í heilbrigðiskerfinu meðan hann sat þar en vonandi með meiri fyrirhyggju. Það vakti vissulega nokkrar væntingar strax í sumar við stólaskiptin frægu í hæstv. ríkisstjórn þegar hinn nýi viðskiptaráðherra fór að tala til bankanna, en það hefur lítið heyrst í honum síðan, það virðist sem fljótt hafi tekist að þagga niður í honum. Glíman við hávaxtastefnuna hefur reynst ríkisstjórninni erfið. Hverju skyldi einkum vera kennt um hallarekstri á ríkissjóði? Lausnarorðið til að glíma við hávaxtastefnuna er að knýja niður hallann á ríkissjóði. Vafalaust á hann sinn þátt í því að vextir haldast háir en hann ræður ekki einn ferðinni og mig langar að taka ríkissjóðshalla hjá okkur á Íslandi í samanburði við nokkur önnur OECD-ríki og síðan raunvöxtum af ríkisskuldabréfum og ríkispappírum í þeim samanburði.

Raunvextir hér eru með því allra hæsta sem gerist í OECD-löndunum, um 7%, á meðan meðalvextir í þessum sömu löndum eru á bilinu 3–5% og það lægsta er 1% eins og greinilega kemur fram í ágætri töflu sem Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér. Á sama tíma og menn segja að hávextirnir séu halla ríkissjóðs að kenna kemur í ljós að halli ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hjá okkur er með því lægsta sem gerist í þeim samanburði.

Það hlýtur eitthvað fleira að vera að. Og ég tel að ríkisvaldið sé knúið til þess að taka á þessum málum. Raunvextir ríkisskuldabréfa og ríkisvíxla hafa að vísu lækkað nokkuð á hinum almenna fjármagnsmarkaði á undanförnum mánuðum og er það vel. En bankavextir eru hins vegar ekki í neinum takt. Á meðan ríkisvíxlarnir og ríkisverðbréfin lækka hafa bankavextirnir því miður hækkað.

Í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1994, sem dreift hefur verið hér á borð okkar þingmanna, er m.a. rætt um þessi vaxtamál og langar mig, með leyfi forseta, að grípa hérna niður í þessa ágætu áætlun á tveimur stöðum þar sem m.a. segir:

„Ávöxtun í viðskiptum með spariskírteini var 6,9% í september, tæpu prósenti lægri en í jan. Vextir ríkisvíxla í viðskiptum á Verðbréfaþingi voru 2,8% lægri í september en í janúar. Athyglisvert að hin skammvinna aukning verðbólgu sem varð upp úr miðju ári í kjölfar gengisbreytingar hafði ekki áhrif til hækkunar vaxta á markaði fyrir ríkisvíxla. Hins vegar hækkuðu útlánsvextir banka og sparisjóða á þessum tíma. Þeir virðast vera næmir fyrir verðbólgubreytingum ...“

Ég spyr nú hæstv. fjmrh.: Hverjir? Bankastjórarn-

ir? Eru það þeir sem eru næmir fyrir verðbólgubreytingunum? Varla er það markaðurinn. Ekki er það markaðurinn sem hefur verið að hækka þá. Það er ekkert um að vera. Atvinnulífið í lamasessi, fjárfesting í landinu með því lægsta sem gerst hefur um langt tímabil, við hættumörk samkvæmt þessari sömu skýrslu um þjóðhagsáætlun, þannig að það er varla markaðurinn sem er að knýja vextina upp. Það eru líklega bankastjórarnir sem eru svona næmir fyrir verðbólgubreytingunum.

Síðar í þessari skýrslu segir hér, með leyfi forseta:

„Sömu þróunar [þ.e. þeirrar þróunar sem átt hefur sér stað á markaðnum] í átt til markaðsviðmiðunar allra vaxta hefur hins vegar ekki gætt í bankakerfinu.“ Og enn síðar: „Því hefur athyglin í sívaxandi mæli beinst að vaxtamyndunarkerfinu og þeirri spurningu hvort í því leynist innbyggðir veikleikar sem torvelda eðlilega vaxtaþróun hér á landi.“

Virðulegi forseti. Ég held að ríkisstjórnin hafi hér verk að vinna. Hæstv. ríkisstjórn verður að fara af meiri krafti og meiri hörku í þessa vaxtaþróun heldur en hingað til hefur gerst. Ég álít að ekkert eitt atriði gæti haft skjótari og stórvirkari áhrif á þróun efnahagsstefnunnar og atvinnumála en lækkun vaxta og má í því sambandi enn minna á upplýsingar úr þessum plöggum sem hér eru fyrir framan mig, fjárlagafrv. og greinargerðinni og þjóðhagsáætluninni, að 1% lækkun vaxta á innlendum lánamarkaði að meðaltali sparar ríkissjóði 800 millj. kr. í vaxtaútgjöldum á einu ári. Það þýðir t.d. tvöfalda innheimtu heilsukortanna svokölluðu, sem eiga að gefa 400 millj., ef hægt væri að lækka vextina um 1%, og ef tækist nú að lækka þá um 2% mundi það þýða fyrir ríkissjóð rúmlega allar tekjurnar af hinu nýja atvinnutryggingagjaldi sem á að skila 1.400 millj. Það er því mikið í húfi að það takist að ná niður vöxtunum í landinu.

Hæstv. sjútvrh. hefur m.a. rætt þetta og er honum fyllilega ljós þörfin á því að grípa hér inn í og ræddi það m.a. á aðalfundi Samtaka fiskvinnslustöðva í Stykkishólmi nú nýlega en þar skorar hann einmitt á bankana að taka til hendinni, bæði hvað varðar rekstrarkostnað og segir svo hér í ræðu sinni ef ég má enn einu sinni grípa niður í ritað mál, með leyfi forseta:

„Sú krafa hlýtur því að vera gerð til fjármagnsmarkaðarins og fyrst og fremst til bankanna að raunverulegar vaxtalækkanir verði á næstu mánuðum.“

Þetta var hæstv. sjútvrh. þessarar ríkisstjórnar sem var að tala og ég vona sannarlega og skora á hæstv. viðskrh. að leggja nú hæstv. sjútvrh. lið í stað þess að senda honum kaldar kveðjur eins og gerðist í fjölmiðlum út af þessari umræddu ræðu. Það virðist vera sátt og samlyndi á stjórnarheimilinu í þessu máli eins og mörgum öðrum.

Virðulegi forseti. Það er ekki tími til þess að fara ítarlega ofan í einstök atriði fjárlagafrv., einstaka gjaldaliði eða áætlanir frv. að öðru leyti. Það verður að sjálfsögðu gert nánar við 2. umr. um frv. að lokinni yfirferð fjárlaganefndar. Ég hef eingöngu hér eytt tíma mínum í það að ræða um hallann og markmiðin í því sambandi, skattana, niðurskurðinn og vextina og væri þó af mörgu fleira að taka. Ég vil þó hér lýsa yfir stuðningi mínum við tillögur hæstv. fjmrh. sem miða að því að styrkja skatteftirlitið og skattheimtuna í meira mæli en nú er og í samræmi við nýútkomna skýrslu frá ráðuneyti hans um umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim. Þetta kom reyndar aðeins fram í ræðum þingmanna áðan er þeir beindu spjótum sínum að ráðherra og ég tel og tek það fram að í frv. er vilji ráðherra til þess að takast á við þetta verkefni. Ég fagna því og lýsi stuðningi mínum það. Reyndar hefur hæstv. fjmrh. sýnt það áður. Það var m.a. í fyrra. Á seinasta ári lagði hann til breytingar á því formi sem var við skattinnheimtu og skattskil en auðvitað má betur ef duga skal og þarf sannarlega að stíga þar enn þá stærri skref því að um er að ræða stórar upphæðir þar ekki síður en í breytingum á vöxtunum, líklega enn þá stærri tölur ef vel tekst til að ná betri og skilvirkari innheimtu skatta og berjast gegn þeim skattsvikum sem vissulega viðgangast.

Ég skora einnig á hæstv. fjmrh. að beita sér fyrir réttari framsetningu fjárlaga á hinum raunverulegu tekjum og hinum raunverulegum gjöldum sem sýna umsvif ríkissjóðs í stað þess að fela hina ósanngjörnu skattheimtu þjónustugjaldanna með því að draga þau frá útgjöldunum eins og ég hef ítarlega rakið eða farið yfir hér fyrr í ræðu minni. Í grg. fjárlagafrv. er reyndar vikið að breyttri framsetningu ríkisreiknings og fjárlaga hvað þetta varðar, þar sem talið er að ríkisreikningsnefnd muni leggja til breytingar á gjaldfærslu ýmissa bótaflokka í tekjuskatti og tilfærslu á sértekjum frá gjaldahlið svo að vitnað sé til frv. Ég bið hæstv. fjmrh. að hafa þetta í huga.

Virðulegur forseti. Það er auðvitað auðvelt að gagnrýna. Og ég geri ekki lítið úr vandamálum og erfiðum viðfangsefnum í ríkisfjármálunum um þessar mundir. Við framsóknarmenn munum að sjálfsögðu skoða þau mál vandlega í þeirri vinnu sem nú er fram undan fram að afgreiðslu fjárlagafrv. Og e.t.v. getur náðst samkomulag um einhverjar skynsamlegar tillögur til aðhalds og sparnaðar í hinu nýja fjárlagafrv. sem mér skilst að þeir sitji nú við að semja, hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh., ef það má eiga von á því að eitthvað af skynsamlegum tillögum komi úr þeim sarpi.

Það kvað við nokkuð nýjan tón í stefnuræðu hæstv. forsrh. á dögunum. Hann taldi sig sjá betri tíð fram undan. En það er ekki nægjanlegt að byggja aðeins á óskhyggju, heldur verða verkin að tala, enda var það svo, að hæstv. utanrrh. sá lítið annað en hengiflugið fram undan. En eitt brýnasta verkefni stjórnvalda á hverjum tíma er að stuðla að aukinni verðmætasköpun í landinu og treysta atvinnulífið. Á samdráttartímum verður ríkisvaldið að leggja sitt af mörkum og til að ýta undir bjartsýni fólks og auka trú þess á land og þjóð. Við Íslendingar eigum mikla möguleika á aukinni verðmætasköpun á ýmsum sviðum þó nauðsynlegur tímabundinn samdráttur í fiskveiðum valdi vissulega miklum erfiðleikum. Það þarf að leggja áherslu á opinberan stuðning við hvers konar rannsókna- og markaðsstarfsemi sem undirstöðuatriðin í því uppbyggingar- og endurreisnarstarfi sem íslensku efna-

hagslífi er svo brýn nauðsyn á. Það fer hins vegar lítið fyrir því í tillögum hæstv. ríkisstjórnar. Þó má geta þess að góð fyrirheit voru uppi þegar átti að selja ríkiseignir fyrir 1,5 milljarða, þá áttu 20% af því að renna til rannsókna- og markaðsstarfsemi. Þokkaleg upphæð, en eins og menn vita nú verða ríkisfyrirtæki seld fyrir 100 millj. kr. og þá ættu litlar 20 millj. kr. af því að renna til þessa viðamikla viðfangsefnis. Og þó settar séu fram áætlanir og viljayfirlýsingar um það að efla rannsókna- og þróunastarf þá duga slíkar viljayfirlýsingar skammt ef ekki fylgir hugur máli og fjármunir til þess að starfa með eða eftir. Ég vil ítreka það sem ég hef sagt áður að veruleg vaxtalækkun þegar í stað er lífsnauðsyn fyrir heimilin og hið veikburða atvinnulíf í landinu.

Skattastefnunni þarf og að breyta þannig að þeir sem betur mega sín, hátekjumenn og fjármagnseigendur, létti byrðum af þeim efnaminni, horfið verði frá fyrirhuguðum flötum sköttum á laun svo og nefsköttum til heilbrigðisþjónustunnar.

Hæstv. forseti. Ört vaxandi hallarekstri ríkissjóðs verður ekki snúið við til betri vegar nema með aukinni tekjuöflun sem fyrst og fremst þarf að byggjast á meiri framleiðslu og meiri verðmætasköpun í þjóðfélaginu sem ríkissjóður fái síðan sanngjarnan hlut af.

[15:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. „Ríkisstjórnin leggur áherslu á þann ásetning sinn að gerbreyta fjármálastjórn hins opinbera. Dregið verður úr umsvifum ríkisins og þannig búið í haginn fyrir hóflega skattheimtu í framtíðinni. Þessar fyrirætlanir eru forsenda þess að viðreisn efnahagslífsins takist. Versnandi viðskiptakjör, aflasamdráttur og horfur á minnkandi landsframleiðslu undirstrika hve brýnt þetta er.

Um leið og dregið verður úr hallarekstri ríkissjóðs árið 1992 með því að stöðva þau vaxandi ríkisumsvif sem viðgengist hafa undanfarin ár verða næstu skref til uppbyggingar og kerfisbreytinga í ríkisrekstrinum undirbúin. Uppstokkun og ný vinnubrögð eru nauðsynleg ef tryggja á markvissa opinbera þjónustu. Ríkisvaldið mun beita nýjum aðferðum í ríkisrekstri til að tryggja hagkvæma en jafnframt hóflega og skilvirka skattheimtu. Markmiðið er öflug, vel skilgreind en góð ríkisþjónusta ásamt aukinni valddreifingu og ábyrgð stjórnenda og starfsmanna.

Stefnt er að því að fjármál ríkissjóðs verði komin í jafnvægi í árslok 1993 en með því skapast svigrúm fyrir aukna verðmætasköpun í atvinnulífinu. Með minnkandi lántöku ríkisins ætti einnig að vera unnt að lækka vexti og örva fjárfestingu og uppbyggingu."

Svona hefst kaflinn um ríkisbúskapinn í bókinni Velferð á varanlegum grunni sem gefin var út af hæstv. ríkisstjórn í október 1991, fyrir réttum tveim árum. Um það leyti var sú ríkisstjórn, sem hér flytur okkur sitt þriðja frv. til fjárlaga, að mæla fyrir sínu fyrsta fjárlagafrv. fyrir árið 1992.

Markmiðin voru háleit og flutt af miklum þrótti við 1. umr. fjárlaga það árið. Í dag virkar þessi kafli á blaðsíðu 17 í hvítu bókinni hálfhlálegur þegar horft er til verka og árangurs þessarar hæstv. ríkisstjórnar.

Ári seinna flutti hæstv. fjmrh. sitt annað fjárlagafrv. fyrir fjárlagaárið 1993. Í ræðu sinni þá fjallaði hæstv. ráðherra aðallega um heildarstefnumörkun ríkisins í efnahags- og ríkisfjármálum og minnti á nauðsyn róttækrar stefnubreytingar.

Ég tel nauðsynlegt, virðulegi forseti, að rifja aðeins upp hvað hæstv. fjmrh. sagði hér fyrir ári til þess að sjá hvernig til hefur tekist og hversu mikinn trúnað við getum lagt á það frv. til fjárlaga sem hér er til umræðu. Í upphafi ræðu sinnar sagði hæstv. fjmrh., með leyfi forseta:

„Núverandi ríkisstjórn markaði þegar í upphafi ferils síns nýja stefnu í efnahagsmálum — stefnu sem hafnaði gömlu aðferðunum; gengisfellingum, óhóflegri sjóðafyrirgreiðslu, skattahækkunum og stórfelldum ríkisafskiptum sem ætlað var að leysa hvers manns vanda. Þess í stað er lögð áhersla á að draga úr ríkisafskiptum, auka frjálsræði í viðskiptum og tryggja stöðugleika með föstu gengi og lágri verðbólgu."

Þetta var sagt stuttu áður en gengið var fellt í fyrsta sinn, áður en Miklilax var afgreiddur, áður en stórkostlegar skattahækkanir voru samþykktar og áður en efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, bein og óbein ríkisafskipti höfðu haft lamandi áhrif á alla atvinnustarfsemi í landinu þannig að atvinnuleysi varð hér meira en hafði þekkst í langan, langan tíma.

En hæstv. fjmrh. var í ræðu sinni sannfærður um að sú nýja stefna sem ríkisstjórnin boðaði í efnahagsmálum væri besta og jafnvel eina færa leiðin til þess að fá hjól atvinnulífsins til þess að snúast á nýjan leik.

Það reyndist ekki rétt frekar en annað sem boðað var fyrir ári.

Hæstv. fjmrh. ræddi einnig um andvaraleysi þeirra stjórnvalda sem á undan honum voru gagnvart erlendri skuldasöfnun, sem hann sagði hafa vaxið hratt og væri orðin hættulega mikil. Sú þróun væri uggvænleg og henni yrði að snúa við.

Þetta var og er vissulega rétt hjá hæstv. ráðherra. Skuldasöfnun okkar erlendis er allt of mikil. En hvernig hefur þessari hæstvirtu ríkisstjórn tekist það markmið að snúa þessari þróun við?

Í tíð þessarar ríkisstjórnar hafa hreinar erlendar skuldir vaxið mjög mikið. Þær eru nú um 170% af útflutningstekjum okkar samanborið við tæplega 130% í árslok 1990.

Og þá er það fjárlagahallinn. Fyrir ári sagði hæstv. fjmrh. þetta um hallann á fjárlögum ríkisins, með leyfi forseta:

„Eitt af því sem blasti við þegar núverandi ríkisstjórn tók við var að stjórn ríkisfjármála var í molum. Þetta lýsti sér meðal annars í því að fjárlög stóðust aldrei. Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á þessu sviði til að koma í veg fyrir að fjárlög fari úr böndunum. Meðal annars er sú breyting að einstakir ráðherrar, hver á sínu sviði, bera nú aukna ábyrgð á gerð og framkvæmd fjárlaga. Þetta gerir fjárlagagerðina sjálfa traustari og eykur líkur á að áætlanir fjárlaga standist í raun."

Aðeins seinna í ræðunni sagði hæstv. ráðherra:

„Forsendur fjárlagafrv. eru um margt traustari en áður hefur verið."

Mér skilst að við gerð frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 hafi verið notuð sama aðferð og sú sem kynnt var hér áðan. Má ég nú heldur biðja um þá gömlu þó vissulega þyddi hún ekki hallalaus fjárlög. Sú aðferð var ekki nógu árangursrík hvað það varðaði að rammi fjárlaga héldi. En hún var þó hátíð miðað við það sem við búum við núna.

Stjórnarandstaðan varaði við því fyrir ári að forsendur fjárlaga fyrir þetta ár væru kolrangar en á það var ekki hlustað.

Ríkisfjármálin voru í molum, fjárlög stóðust aldrei, sagði hæstv. ráðherra. Ef við berum saman tvö heil ár í tíð síðustu ríkisstjórnar, árin 1989 og 1990, við tvö heil ár þessarar ríkisstjórnar, árin 1992 og 1993, þá var samanlagður halli ríkissjóðs á föstu verðlagi ársins 1993 miðað við landsframleiðslu 12,7 milljarðar kr. árin 1989 og 1990 en verður 19,6 milljarðar kr. árin 1992 og 1993 miðað við þær tölur sem við höfum um áætlaðan halla 1993.

Munurinn liggur ekki í því að skatttekjur áranna 1989 og 1990 hafi verið svo miklu hærri eins og maður gæti haldið vegna þess að alltaf er verið að tala um samdrátt í tekjum ríkisins vegna þess erfiða efnahagsástands sem þjóðin býr nú við. En skýringin liggur ekki í því, því aðeins munar um einum milljarði á samanlögum tekjum þessara tímabila. Útgjöld ríkisins voru hins vegar um 6 milljörðum kr. hærri þessi tvö heilu ár núverandi ríkisstjórnar og rekstrarhalli ríkissjóðs 7 milljörðum kr. hærri.

Hvað varð um þessa skilvirku stefnu hæstv. ríkisstjórnar í peningamálum ríkisins? Hvert fór hún?

Hallinn í ár stefnir á þrettánda milljarðinn og frv. til fjárlaga er nú lagt fram með tæplega 10 milljarða kr. halla. Forsendurnar eins rangar og fyrir ári, þannig að augljóslega má bæta nokkrum milljörðum við þá hallatölu sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég get ekki skilið við ræðu hæstv. fjmrh. frá því á síðasta ári án þess að nefna eitthvað þar sem ríkisstjórninni hefur tekist að ná markmiðum sínum fram. Það hefur ekki tekist að lækka ríkisútgjöldin, draga úr hallarekstri ríkissjóðs, lækka vexti eða koma í veg fyrir aukinn samdrátt í nýjum fjárfestingum.

Fjárfesting er í sögulegu lágmarki. Raunvextir eru hér háir í samanburði við önnur lönd. En það markmið ríkisstjórnarinnar að færa til skattbyrði í þjóðfélaginu hefur náðst. Þar hafa háar fjárhæðir verið færðar frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga. Og þeirri stefnu er dyggilega fylgt í því frumvarpi sem hér er til umræðu.

Á þessu ári var aðstöðugjald sem fyrirtæki greiddu til sveitarfélaga fellt niður. Sú aðgerði átti að vera sérstaklega í þágu sjávarútvegsfyrirtækja vegna erfiðrar stöðu þeirra. Vafalaust hefur þessi ráðstöfun komið nokkrum sjávarútvegsfyrirtækjum til góða en vissulega var þarna einnig verið að létta til með tusku- og tískubúðum sem ef til vill var ekki ástæða til. Sveitarfélögum, sem áttu þennan tekjustofn, var bætt tekjutapið að hluta með því að hækka álagðan tekjuskatt einstaklinga um tæpa fjóra milljarða kr.

Ríkisstjórnin áformaði svo að nota þetta ár til þess að finna aðra tekjumöguleika fyrir sveitarfélögin til þess að mæta þessu tekjutapi. Og nú er leiðin fundin.

Álagt útsvar á einstakalinga verður hækkað sem nemur þessari upphæð, tæpum 4 milljörðum kr. Álagt útsvar mun þannig hækka, ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga, úr 14,4 milljörðum kr. á þessu ári í 17,5 milljarða kr. á næsta ári.

Hæstv. fjmrh. lagði mikið á sig við að útskýra fyrir þingi og þjóð að það væri ekki um skattahækkun að ræða þegar tekjuskatturinn var hækkaður á þessu ári vegna niðurfellingar aðstöðugjalda. Þetta væri aðeins bráðabirgðaráðstöfun. Ríkið tæki að sér innheimtu fyrir sveitarfélögin. Þessa 4 milljarða ætti því helst ekki að færa með heildarskatttekjum ríkisins og almenningur í landinu þyrfti aðeins að bera þessa „ekki skattahækkun" í eitt ár. Síðan kæmu aðrir tekjustofnar til.

Með þessari bráðabirgðahækkun á skatti væri fólkið í landinu að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að meiri atvinnu og gefa stjórnvöldum tíma til þess að finna varanlegar lausnir. Um þetta náðist svo að segja þjóðarsamstaða.

Sú samstaða hefði aldrei náðst ef hæstv. fjmrh. hefði lýst því yfir að aðstöðugjöldunum, tímabundna tekjuskattinum, sem ekki átti að færa sem skatttekjur ríkisins, ætti að velta alfarið yfir á launþega með því að hækka útsvarsálagningu sveitarfélaga. Þessi 4 milljarða skattlagning er samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar komin til að vera.

Ríkisstjórnin ætlar bara að þvo heldur sínar af þessari skattahækkun og velta henni yfir á sveitarfélögin.

Og sömu leið fer hæstv. ríkisstjórn með ýmsa aðra skattlagningu. Henni er velt yfir á stofnanir og fyrirtæki í formi þjónustugjalda og feluskatta. Og í trausti þess að almenningur átti sig ekki á þessu svara fulltrúar fjmrh. og hæstv. fjmrh. sjálfur spurningu þrjú í fréttatilkynningu nr. 22/1993 frá fjmrn. til dagblaða og fréttastofa um það hvort það sé rétt sem haldið hefur verið fram að heildarskattbyrði landsmanna hafi verið að aukast, þessu svaraði þeir neitandi. Spurningin er á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Því hefur verið haldið fram að heildarskattbyrði landsmanna hafi verið að aukast. Er þetta rétt?"

Svar fjmrn.: „Það er ekki rétt. Boðskapur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar sem endurspeglast í fjárlagafrv. er skýr. Þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður verður að draga úr hallarekstri ríkissjóðs án þess að hækka skatta. Þess vegna er verið að lækka ríkisútgjöld. Skatttekjur ríkissjóðs munu hins vegar lækka að raungildi árið 1994 þriðja árið í röð um 1½ milljarð kr. og hafa ekki veri lægri í 7 ár, síðan 1987.

Í fjárlagafrv. er beinlínis gert ráð fyrir skattalækkun. Yfirlýst áform ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninga sl. vor um að lækka virðisaukaskatt af matvælum frá næstu áramótum fela í sér nánast 2½ milljarðs kr. skattalækkun á næsta ári. Að hluta verður tekjutapi ríkissjóðs vegna þessa mætt með álagningu skatts á fjármagnstekjur og að hluta með innheimtu sérstaks at-

vinnutryggingagjalds af launþegum og atvinnurekendum. Samanlagt munu skatttekjur af þessum ástæðum lækka um 700–800 millj. kr. árið 1994.

Það er því rangt að heildarskattbyrði hafi verið að aukast. Þvert á móti hefur hún minnkað ár frá ári eins og tölur staðfesta. Ríkisstjórnin hefur hins vegar lækkað skatta á fyrirtækjum og fært yfir á einstaklinga, einkum hina tekjuhærri og efnameiri til að styrkja atvinnulífið og hamla gegn auknu atvinnuleysi." — Er það eignarskattslækkunin og hækkun á útsvari hjá sveitarfélögum sem gefur þær niðurstöður að heildarskattbyrði einstaklingsins hafi lækkað? Þeir segja sem sagt ekki rétt að heildarskattbyrði einstaklinganna hafi stóraukist í tíð þessarar ríkisstjórnar. Staðreyndin er önnur og skattarnir heita aðeins öðrum nöfnum núna en þeir gerðu áður: Þjónustugjöld, heilsukort eða útsvar sem ríkisstjórnin hefur neytt sveitarfélögin til að leggja á. Allt hefur þetta hækkað fyrir tilstilli þessarar ríkisstjórnar.

Og nú að leggja á nýjan skatt, 0,5% skatt á allar launatekjur fólks. Þessi skattur á að vera í sama hlutfalli hvort sem um er að ræða tekjur fiskverkakonu, bónda, sjómanns, kennara eða starfsfólks heilbrigðiskerfisins. Eða á ég heldur að nefna hæstaréttardómara, bankastjóra Seðlabankans, Íslandsbanka, Landsbanka og Búnaðarbanka og annarra hátekjumanna í þjóðfélaginu. Sama hlutfall verður tekið af tekjum þeirra sem eru með 700–800 þúsund kr. eða meira á mánuði, auk fríðinda, og þeirra sem eru með tekjur á bilinu 50–100 þúsund kr. á mánuði án nokkurra fríðinda. Fiskverkakonan þarf jafnvel að kaupa stígvélin sín, svuntuna og hanskana sjálf á meðan almenningur í landinu greiðir milljóna leikföng handa hátekjuliðinu. Sama hlutfall verður tekið af launum beggja, 0,5% skattur af launatekjum, atvinnuleysisskattur sem skila á 1 milljarði á næsta ári.

Og þetta er ekki eina skattahækkunin sem við sjáum í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994. Hverjum einstaklingi verður nú gert að kaupa sér aðgang að heilbrigðisþjónustunni með korti sem kostar 2.000 krónur. Þarna ætlar ríkisstjórnin að ná sér í 400 milljónir. Slíkur nefskattur er í framkvæmd óréttlátari en sá sem ég nefndi áðan, því hann er hlutfallslega miklu hærri á þá hópa sem hafa tekjur á bilinu 50–100 þúsund kr. á mánuði heldur en þá sem hafa á bilinu hálfa til eina milljón í tekjur á mánuði. Nefskattur hæstv. heilbrrh., jafnaðarmannsins Guðmundar Árna, leggst með mestum þunga á þá sem lægstu launin hafa og stórar fjölskyldur en verður hins vegar létt byrði þeim tekjuháu.

Að vísu er þeim sem ekki treysta sér til þess að greiða 2.000 kr. fyrir heilsukortið boðið upp á að setja það í umslag og endursenda heilbrrn., hæstv. ráðherra eða fulltrúum heilbrrn., með þeim skilaboðum að viðkomandi vilji ekki vera sjúkratryggður. En sá hinn sami á þá ekki jafnan aðgang að því heilbrigðiskerfi sem hann hefur tekið þátt í að byggja upp með skattgreiðslum sínum og sá sem greiðir aðgangseyri til hæstv. heilbrrh.

Er einhver sem ekki lítur á þetta sem beina skattahækkun á þá tekjulægstu í þjóðfélaginu, ofan á 0,5% skatt á allar launatekjur, ofan á stanslausa hækkun þjónustugjalda frá því að þessi ríkisstjórn tók við? Ef svo er þá er sá hinn sami blindur á kjör fólks og hvernig þau hafa stórversnað á síðustu tveim árum.

Auk þessara stórauknu skatta á láglaunafólk ætlar ríkisstjórnin að spara 200 milljónir með því að skerða láglauna-, orlofs- og desembergreiðslur þeirra sem eru atvinnulausir og eru á bótum, aldraðir og öryrkjar. Rökin fyrir þessum sparnaði eru þau að hæstv. fjmrh. finnst „skringilegt" að greiða þeim orlofsuppbætur sem ekki hafa vinnu og eru á bótum. Er nema von að samtökin Sjálfsbjörg, Landssamband fatlaðra, telji ástæðu til þess að senda hæstv. ráðherra bréf vegna svona ummæla. Auk þess mun 400 millj. kr. lækkun vaxtabóta nú koma til framkvæmda. Þá hefur persónuafsláttur lækkað og skólagjöldin hækkað.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki eytt miklum tíma í að fara yfir stöðu einstakra málaflokka miðað við þær tillögur sem fram koma í fjárlagafrv., heldur aðeins reynt að draga fram hversu ótrúverðug stefna er rekin og hefur verið rekin í ríkisfjármálum frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum.

Hvað einstaka málaflokka varðar virðist stefnan vera sú sama og við höfum áður séð og árangurinn verður vafalaust eftir því. Flötum niðurskurði er áfram beitt án tillits til hlutverka stofnana eða mikilvægis þeirra verkefna sem stofnunin fæst við. Manni virðist sem engin vinna hafi nú, frekar en áður, verið lögð í það að skoða gaumgæfilega hverja stofnun áður en framlög eru ákveðin.

Í þann tíma sem ég hef setið í fjárln. hefi ég séð hvernig fjárlög hvers árs fela í sér ákveðna sjálfvirka hækkun. Stofnanir sækja um og fá fjárveitingar til nýrra verkefna. Næsta ár koma umsóknir sömu stofnunar á borð fjárln. og enn koma ný verkefni auk uppfærslu í samræmi við verðlagsbreytingar á fjárveitingum síðasta árs. Þetta gerist ár eftir ár, ný verkefni bætast við, þau gömlu hverfa inn í fastar fjárveitingar viðkomandi stofnunar, að viðbættum verðbreytingum milli ára. Það er eins og gömlu verkefnunum ljúki aldrei, viðbótarfjárveitingin, sem fékkst vegna sérstakra tímabundinna verkefna, verði í mörgum tilvikum að fastri rekstrarfjárveitingu til viðkomandi stofnunar.

Þá þykir alveg eðlilegt að stofnanir ríkisins færi milli fjárlagaliða þannig að rekstrarfjárveiting sé að hluta nýtt til stofnframkvæmda og fjárfestinga, sem síðan næsta ár geta þýtt aukna þörf fyrir rekstrarfjárveitingu. Þannig getur átt sér stað ákveðin sjálfvirkni í vexti ríkisútgjalda þó viðkomandi stofnun fari í raun aldrei út fyrir þann ramma fjárlaga sem henni er ætlaður á hverju ári. Á þessu verður ekki tekið með því að beita flötum niðurskurði á rekstur og stofnkostnað, heldur með því að skoða viðkomandi stofnun og fylgjast náið með því að ekki sé fært milli fjárlagaliða, tegunda og viðfangsefna án heimilda.

Ég er alls ekki viss um að með því að færa fjárlagagerðina meira inn í fagráðuneytin sé tryggara að einmitt svona skoðun eigi sér stað. Fagráðuneytin hafa tilhneigingu til að halda verndarhendi yfir „sínum" stofnunum og neita að líta á fjárlög og framkvæmd

þeirra sem eina heild.

Að skera flatt er oft á tíðum auðveldasta leiðin. Þá þarf ekki að gera upp á milli stofnana, meta mikilvægi þeirra og verkefni. Það er svo einfalt að svara kröfum um aukið fjármagn á þann hátt að eitt skuli yfir alla ganga. Flatur niðurskurður leiðir því alls ekki til árangurs inn í framtíðina, þvert á móti. Ef valin er sú leið þá verða vandamálin áfram þau sömu og lítið eða ekkert endurmat á sér stað á verkefnavali og mikilvægi stofnana. Því er ekki við árangri að búast með þessu frv. þar sem flötum niðurskurði hefur verið beitt.

Þó örlar á tilraunum til þess að endurskipuleggja og það er þá helst í dómsmrn. Þar er lagt til að embætti verði lögð niður eða sameinuð. Þær tillögur virðast þó vera settar fram í fljótheitum, án mikils undirbúnings, og læðist að manni sá grunur að kappið við að ná því að vera innan þess fjárlagaramma sem því ráðuneyti var ákveðinn hafi ráðið ferðinni en ákvörðun ekki tekin að vel yfirlögðu ráði.

Ein tillagan er sú að sameina sýslumannsembættin á Hvolsvelli og í Vík. Raunverulegur sparnaður sem næðist með þeirri aðgerð hefur verið dreginn í efa. Einnig þær tölur sem birtast okkur í frv. Friðjón Guðröðarson, sýslumaður á Hvolsvelli, hefur sent frá sér greinargerð varðandi þetta mál. Með greinargerðinni fylgja síðan útfærðar tölulegar staðreyndir sem sýna, svo ekki verður um villst, að þær upplýsingar sem er að finna í frv. varðandi þetta málefni standast ekki og eru ekki til þess að auka trúverðugleika þessa plaggs.

Einstaka sinnum vottar þó fyrir því að hæstv. ríkisstjórn sé að komast nær raunveruleikanum en hún hefur verið á síðustu tveim fjárlagaárum. Til dæmis er nú aðeins gert ráð fyrir að selja ríkisfyrirtæki fyrir um 500 milljónir kr. á móti einum og hálfum milljarði í ár, þar sem þó eru horfur á að einungis um 100 milljónir skili sér.

Enn eru uppi áform um að selja Þvottahús Ríkisspítalanna fyrir 60 milljónir króna. Þær 60 milljónir eiga að stærstum hluta að renna til Ríkisspítala en takist ekki að selja þvottahúsið eiga Ríkisspítalar að skera niður sem því nemur eða auka verkefni þvottahússins, þ.e. þvo meira.

Þrátt fyrir loforð um að auka framkvæmdir á vegum ríkisins til þess að hamla á móti atvinnuleysi er gert ráð fyrir því í frv. að framkvæmdir á vegum ríkisins dragist verulega saman. Gert er ráð fyrir að 14,7 milljarðar fari til framkvæmda á árinu 1994 á móti tæplega 16,5 milljörðum í ár. Fjárfestingar á vegum ríkisins dragast því verulega saman frá því í ár, sem hlýtur að teljast slæmt þar sem, eins og ég sagði áðan, fjárfesting sem hlutfall af landsframleiðslu er í sögulegu lágmarki, 15,5%. Hún er of lítil til þess að bera uppi aukinn hagvöxt og bata á vinnumarkaði verður vart nema með auknum hagvexti. Því hefði verið skynsamlegt að beita öllum tiltækum ráðum til þess að auka fjárfestingu ríkisins í stað þess að draga úr henni. Fyrir utan það að við gerð síðustu kjarasamninga var af hálfu ríkisstjórnarinnar gefið loforð um auknar framkvæmdir á þessu og næsta ári, langt umfram það sem fram kemur í frv. Það eru því svik við verkalýðshreyfinguna ef ekki kemur til hækkun á þessum lið frv.

Þá hefur það komið fram að frv. felur í sér fleiri svik við gerða kjarasamninga, 0,5% atvinnuleysistryggingagjaldið, frestun á gildistöku fjármagnstekjuskattsins og 2.000 kr. aðgangseyri að heilbrigðiskerfinu. Allar þessar tillögur ríkisstjórnarinnar gefa fyllilega ástæðu til þess að endurmeta þær forsendur sem lágu að baki kjarasamnings og hreint alveg furðulegt að ríkisstjórnin skuli ganga svo á gerðan samning sem raun ber vitni.

Haft er eftir formanni VMSÍ að hugmyndaflug ríkisstjórnarinnar í þessum efnum sé með ólíkindum á sama tíma og það sé viðurkennt að undanskot frá skatti séu á bilinu 10–15 milljarðar króna.

Og enn einkennilegri eru þessar tillögur eða úrræði ríkisstjórnarinnar þegar haft er í huga að þessir tveir skattar, 0,5% á öll laun og heilsukortin, eiga að skila í ríkissjóð um 1,4 milljörðum króna þegar 1% vaxtalækkun á innlendum lánamarkaði mundi spara ríkinu um 800 milljónir króna í útgjöld vegna vaxtagjalda. 2% vaxtalækkun gerði því meira en að dekka þessa nýju skatta ríkisstjórnarinnar, auk þess sem vaxtalækkun myndi treysta þá kjarasamninga sem gerðir hafa verið í stað þess að splundra þeim.

Svigrúm til þess að lækka vexti núna er auk þess meira en það var á undanförnum árum samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum frá forstöðumanni Þjóðhagsstofnunar þegar hann kom á fund fjárln.

Frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 er ákaflega ótrúverðugt plagg og síst af öllu til þess fallið að treysta efnahagsástandið. Það er unnið út frá sömu meginlínu og fjárlög þessa árs sem virðast ætla að koma út með um 100% meiri halla en gert var ráð fyrir.

Þó má sjá af greinargerð frv. hver hin raunverulega stefna hæstv. ríkisstjórnar er, sem ekki var nokkur leið að lesa út úr stefnuræðu hæstv. forsrh. Við sjáum í greinargerðinni hverjir það eru sem eiga að bera byrðarnar og við sjáum þar hversu gífurlegar skattahækkanir stefna ríkisstjórnarinnar hefur haft í för með sér fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Við sjáum þar hvað er arðbært í augum hæstv. ráðherra og hvað er ekki arðbært.

Á bls. 250 í frv., þar sem fjallað er um framkvæmdir á vegum ríkisins, segir að áhersla verði lögð á arðsöm verkefni sem ekki leiði til aukins rekstrarkostnaðar þegar til lengri tíma er litið.

Efst á sömu síðu er fjallað um framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og Framkvæmdasjóði aldraða en framlög til beggja þessara sjóða eru verulega skert. Þar segir að ekki verði veitt framlög úr þessum tveimur sjóðum til þess að koma á fót nýjum stofnunum. Nýjar stofnanir fyrir fatlaða og aldraða falla sem sagt ekki innan ramma skilgreiningar hæstv. ríkisstjórnar á því hvað sé arðbær framkvæmd og hvað ekki.

Ný og gerbreytt efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar sem boðuð var strax haustið 1991 í hvítu bókinni hefur falist í því að treysta fyrst og fremst á samdrátt og niðurskurð til þess að koma á jöfnuði í hagkerfinu. Sú stefna hefur engan árangur borið. Niðurstaðan er samtals að minnsta kosti rúmlega 30 milljarða kr. halli

á fjárlagaárinu 1992–1993 og því frv. sem hér er til umræðu fyrir árið 1994. Vextir hér á landi eru hærri heldur en í nánast öllum viðskiptalöndum okkar þar sem þeir hafa farið lækkandi. Áframhaldandi samdráttur og kreppa eru í hagkerfinu og Þjóðhagsstofnun boðar vaxandi atvinnuleysi á komandi vetri.

Þrátt fyrir að augljóst sé að sú efnahagsstefna sem ríkisstjórnin ákvað að fylgja fyrir tveim árum hefur engum árangri skilað er henni enn fylgt í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Jafnvel þó augljóst sé að einstakir hæstv. ráðherrar innan ríkisstjórnarinnar séu búnir að missa alla tiltrú á þessari stefnu eins og fram kom í ræðu formanns Alþýðuflokksins, Jafnaðarmannaflokks Íslands, hæstv. utanrrh. um stefnu ríkisstjórnarinnar þar sem hann lýsti nánast fjárlagafrv. og þar með efnahagsstefnunni sem handónýtu plaggi. Eða ráðherra hefur sett fram fyrirvara við afgreiðslu þessa frumvarps ríkisstjórnarinnar, eins og hæstv. félmrh. hefur gert. Og ég held, virðulegi forseti, að nauðsynlegt sé að hæstv. félmrh. eða staðgengill hennar sem ég trúi að sé hér einhvers staðar í húsinu, hæstv. umhvrh., fari yfir það með okkur í hverju fyrirvarar félmrh. við frv. felast og hvaða leiðir hæstv. ráðherra vill fara.

Það hefur nokkuð borið á því á undanförnum mánuðum að þær raddir hafi heyrst að til þess að koma hagkerfinu í lag þurfi að fara leið erlendrar lántöku og að hallarekstur ríkissjóðs í líkingu við það sem lagt er til í fjárlagafrv. geti verið nauðsynlegur um tíma. Sú aðferð að taka erlend lán til framkvæmda og til þess að setja út í atvinnulífið er í senn hæpin og hættuleg miðað við þær miklu erlendu skuldir sem þjóðin býr nú við. Stöðugur hallarekstur ríkissjóðs er ekki vænleg leið til árangurs. Þess vegna telur Alþb. nauðsynlegt að skoða þriðju leiðina sem ýmsir af sérfræðingum í hagstjórn og efnahagslífi á Vesturlöndum hafa á undanförnum missirum mælt með. Sú leið er að flétta saman sókn í atvinnulífi og útflutningi, ábyrga hagstjórn og félagslegar áherslur. Þeir sem vilja fara þessa leið viðurkenna erfiðleikana sem við er að glíma og hafna því að stóraukin skuldasöfnun, sem ekki tengist arðbærum fjárfestingum, sé leiðin fram á við. Þeir leggja áherslu á að höfuðatriðið sé að auka útflutningstekjur. Það þarf að skapa undirstöður hagvaxtar og sóknar í útflutningi í samstarfi stjórnvalda og atvinnulífs. Til þess þarf að lækka vexti. Til þess þarf að nýta þau færi sem lágt raungengi skapar. Til þess þarf að efla rannsóknir og þróunarstarfsemi og stuðning við frumkvöðla og ný verkefni, sérstaklega á sviði útflutnings.

Þessi leið felur það einnig í sér að dregið verði úr hallarekstri ríkissjóðs og annarra opinberra aðila. Hallarekstur og erlend skuldasöfnun ríkissjóðs grefur til lengdar undan undirstöðum öflugrar útflutningsstarfsemi.

En niðurskurður ríkisútgjalda í þessu skyni má hins vegar ekki veikja alvarlega einmitt þær undirstöður hagvaxtar sem eru nauðsynlegar til sóknar, þ.e. mikilvæga þætti menntakerfis, rannsókna- og þróunarstarfsemi og eðlilegan stuðning við nýsköpun. Hann verður einnig að vera félagslega ábyrgur, því án þess næst ekki um hann nein sátt. Það verður því að dreifa byrðunum af aðhaldi í ríkisfjármálum réttlátlega. Við getum kallað þessa leið hagvaxtarleiðina, eða jafnvel það sem er enn betra, útflutningsleiðina. Með margvíslegum breytingum á skattakerfi, sjóðum og bankastofnunum verður smáum og stórum fyrirtækjum gert auðveldara að sækja fram á erlendum mörkuðum. Með víðtæku samstarfi atvinnulífs, launafólks og stjórnvalda verði mótaðar sóknarlínur í einstökum atvinnugreinum og á þann hátt náð aukinni framleiðslu og sölu á erlendum mörkuðum sem skapi vaxandi þjóðartekjur, dragi úr halla ríkissjóðs og skapi stöðugleika og jafnvægi í efnahagsmálum. Þetta er sú leið sem Alþb. telur að sé rétt til þess að ná varanlegum árangri í efnahagslífi landsins. Sú leið samdráttar og niðurskurðar sem ríkisstjórnin hefur fylgt og enn er höfð að leiðarljósi í fjárlagafrv. fyrir árið 1994 er þrautreynd og má gjarnan leggja hana til hliðar. Að fara leið erlendrar lántöku er einnig varhugavert vegna þess hve gífurleg skuldasöfnun hefur nú þegar átt sér stað. Frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 felur ekki í sér metnað til þess að örva og styrkja efnahagslíf landsins. Því ætti hæstv. ríkisstjórn að taka frv. til baka og endurskoða efnahagsstefnu sína því hún hefur þrátt fyrir háleit markmið brugðist algerlega.

[15:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vera að það sé til gagns að ég nefni hér bara tvö atriði að þessu sinni. Ég vil mótmæla því sem kom fram frá hv. þm. að yfirlýsing í fréttatilkynningu um heildarskattbyrði landsmanna sé röng. Þar stendur skýrum stöfum að það sé verið að tala um heildarskattbyrðina, þ.e. skattbyrði bæði af fyrirtækjum og einstaklingum.

Ég hef látið taka saman skatta og eins skatta miðað við landsframleiðslu sem hefur farið lækkandi þannig að nefnarinn lækkar sem hefur auðvitað tilhneigingu til þess að hækka hlutfallið. Það kemur í ljós að á yfirstandandi ári eru skatttekjur yfir 24,3%. Það er nákvæmlega sama hlutfall og var árið 1991 og 1990 þótt landsframleiðslan hafi dregist verulega saman. Á næsta ári verður hún 24,5%.

Ef litið er á skatttekjurnar á föstu verðlagi kemur í ljós að á næsta ári er hún lægri, það þarf að leita allt aftur til ársins 1987 og í ár er hún lægri heldur en 1989, 1990 og 1991. Þetta held ég að sé nauðsynlegt að hafa í huga þegar rætt er um þetta og menn, eins og ég veit að hv. þm. vill, hafa það sem sannara reynist.

Hv. þm. minntist líka á það hvernig frávik vilja verða frá fjárlögum til niðurstaðna á viðkomandi ári. Ég hef einnig látið taka þetta saman og það er ljóst að á yfirstandandi ári má búast við því að mismunurinn verði um 97–100% eða þar um bil, á sl. ári um 75% en árið 1991 var munurinn 208%. Árið 1990 var munurinn minnstur eða 20%. Árið 1989 var munurinn hins vegar hvorki meira né minna en 1000% og rúmlega það og mestur 1988 þegar hann var 13.000%, svo að notaður sé prósentureikningur. Þetta þýðir að sjálfsögðu að smám saman hefur þetta farið batnandi og skýringar hafa komið fram hvers vegna mismunurinn

er í ár, hann er m.a. vegna kjarasamninga. Vona ég að þetta skýri rækilega það sem kom fram hjá hv. þm.

[15:51]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég ræddi um heildarskattbyrði á einstaklinga þá tók ég þar inn í þau þjónustugjöld sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt á frá upphafi. Ég tel eðlilegt að þau séu talin með vegna þess að það sem einstaklingar eru að greiða í dag með þjónustugjöldum var áður greitt með þeim skattpeningum sem ríkið tók inn. Því verður ekki neitað að heildarskattbyrði heimilanna í landinu er mun hærri núna en þegar þessi hæstv. ríkisstjórn tók við völdum.

Ég get farið yfir tölur um heildartekjur og útgjöld einstakra ára á föstu verðlagi ársins 1993 og rekstrarhallann. Heildarútgjöld ríkisins árið 1989, á föstu verðlagi ársins 1993, voru 111 milljarðar 244 millj. kr. Rekstrarhallinn þar 7 milljarðar 691 millj. Árið 1990, á verðlagi ársins 1993, eru heildarútgjöld ríkisins 109 milljarðar 599 millj. kr., rekstrarhallinn er 5 milljarðar 81 millj. Árið 1992, á verðlagi ársins 1993, eru heildarútgjöld ríkisins 112 milljarðar 861 millj. kr., rekstrarhallinn er 7 milljarðar 301 millj. Árið 1993, þar hljótum við að vera að tala um áætlaðar tölur, en þær tölur höfum við frá fjmrn., þá eru heildarútgjöld ríkisins áætluð 113 milljarðar 940 millj. og rekstrarhalli 12 milljarðar 335 millj.

[15:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar rætt er um þjónustugjöld þá verða menn að hafa það líka í huga að þjónustugjöld hafa hækkað og lækkað. Ég fann t.d. ekki fyrir því að hv. þm. ræddi um að þjónustugjöld vegna Hafrannsóknastofnunar hafa lækkað þar sem Hagræðingarsjóðurinn hefur verið lagður niður. Ef við viljum vera sanngjörn þá verðum við auðvitað að nota samtölur í heilu lagi þannig að ég vil koma þeirri ábendingu til hv. þm. Það er enginn vandi að velja eitt eða tvö ár úr eins og hv. þm. gerði og þær tölur sem hv. þm. fór með eru án efa réttar. En það breytir því til að mynda ekki að halli á ríkissjóði varð verulegur árið 1988 og 1989 og var meiri 1991 en hann verður líkast til í ár þrátt fyrir miklu erfiðari efnahagsaðstæður eins og fram hafa komið. En með því að velja árið 1990 þá er hægt að finna hagstæðasta árið og það er einmitt það sem fyrrv. fjmrh. hefur gert. Það verður dálítið spaugilegt og skemmtilegt í framtíðinni ef fjármálaráðherrar á hverjum tíma geta alltaf valið uppáhaldsárið sitt, þegar þeir gátu skóflað aftur fyrir sig og fram fyrir sig eins og hæstv. ráðherra var þekktur fyrir að gera. Það gekk meira að segja svo langt í eitt skipti að hann innheimti tekjur næsta árs fjórum dögum eftir að frv. var samþykkt á milli jóla og nýárs. Það var þegar hann innheimti tekjur af Aðalverktökum sem frægt er orðið til þess að sýna betri útkomu ársins 1990 heldur en 1991. Þannig voru vinnubrögðin þá, þannig eru þau ekki lengur.

[15:56]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skyldi það nú vera tilviljun að þau ár sem hæstv. fjmrh. ákveður að miða við í frv. og í ræðum sínum eru ævinlega árin 1991 og 1987? Skyldi það nú vera tilviljun? Er það ekki fullkomlega eðlilegt þegar verið er að bera saman árangur einstakra ríkisstjórna að þá séu tekin þau tvö heilu ár sem viðkomandi ríkisstjórn hefur átt hlut að máli? Árið 1988 og árið 1991 urðu ríkisstjórnarskipti. Það hefur alltaf verið viðurkennt að ef maður notar þau ár til samanburðar, þau ár sem ríkisstjórnarskipti eru, þá sé um óraunhæfan samanburð að ræða. Það er fullkomlega eðlilegt að bera saman þau tvö heilu ár sem síðasta ríkisstjórn var með, 1989 og 1990, samanborið við þau tvö heilu ár sem hæstv. núv. fjmrh. hefur haft og þann árangur sem hann hefur sýnt á þeim tíma þar sem ekki hefur komið til nein truflun annarrar ríkisstjórnar. Það er fullkomlega eðlilegt og árangurinn sést.

Útbýting þingskjala:

Dýravernd, 69. mál, stjfrv., þskj. 72.
Fjáraukalög 1991, 68. mál, stjfrv., þskj. 71.
Fjáraukalög 1992, 67. mál, stjfrv., þskj. 70.

[15:57]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum hlustað á boðskap fjmrh. og eftir það sem hann sagði í fyrra, og hér hefur raunar verið rifjað nokkuð upp, þá hlýtur honum að líða fremur illa að þurfa nú að leggja fram frv. með tæplega 10 milljarða kr. halla. En þá sagði hann við 1. umr. fjárlaga, með leyfi forseta:

„Við settum okkur í upphafi það markmið að minnka hallann um helming á milli ára.“ — Árið áður fullyrti hann að hallinn yrði orðinn að engu á tveimur árum. Nú eru tvö ár síðan þessi ríkisstjórn tók við og við sjáum hér árangurinn.

Fjárlagafrv. fyrir árið 1993 var lagt fram með rúmlega 6 milljarða halla. Það stefnir í að hallinn verði 12,3 milljarðar eftir árið. Fjárlagafrv. næsta árs er með 9,8 milljarða halla og samkvæmt þumalputtareglunni mun sú tala þá líklega tvöfaldast.

Ríkisstjórnin hefur greinilega gefist upp á því að ná markmiðum sínum í gerð fjárlaga. Það væri hægt að nefna mörg fögur fyrirheit sem hæstv. ráðherra kynnti í fyrra og hafa ekki gengið eftir. Það átti til að mynda að setja í gang átak í nýjum verkefnum á sviði rannsókna- og þróunarstarfsemi. Fimmtungi af sölu ríkisfyrirtækja skyldi til þess verja eða 300 millj. kr. því selja átti ríkisfyrirtæki fyrir 1,5 milljarða. Reyndin varð hins vegar sú að það hefur aðeins tekist að selja fyrir 100 millj. kr. þannig að til ráðstöfunar eru aðeins 20 millj. í stað 300 millj.

Ég hef ekki fundið neitt í fjárlagafrv. sem segir að einhver hluti af sölu ríkiseigna eigi að fara, ef það tekst að selja þær, til þess að efla vísinda- og þróunarstarfsemi. Í þjóðhagsáætlun, þeim kafla sem heitir Efnahagsstefnan, sem útlit er fyrir að sé hinn pólitíski

kafli, segir hins vegar, með leyfi forseta:

„Öflugt rannsókna- og þróunarstarf gegnir stöðugt auknu hlutverki í því að skapa traust og fjölbreytt atvinnulíf. Ríkisstjórnin hefur nú markað stefnu í vísinda- og tæknimálum sem hrint verður í framkvæmd á næstu missirum. Með stefnu sinni hyggst ríkisstjórnin efla vísinda- og tæknistarfsemi í landinu og tengja hana stefnu í efnahags- og atvinnumálum. Um leið og auknum fjármunum verður veitt til starfseminnar verða meiri kröfur gerðar um vinnubrögð og árangur. Til þess að tryggja þetta verða gerðar veigamiklar breytingar á skipulagi vísinda- og tæknimála m.a. með því að sameina Vísindaráð og Rannsóknaráð í eina stofnun."

Eins og ég sagði áðan þá hef ég ekkert fundið í fjárlögum næsta árs sem kemur til móts við þessa stefnu ríkisstjórnarinnar. Hins vegar er að finna á einum stað að það eigi að selja Þvottahús Ríkisspítalanna, þ.e. markmið sem raunar var á síðustu fjárlögum en tókst ekki. Fyrir það eiga að koma 60 millj. Sagt er að söluandvirðið eigi að renna til Ríkisspítala að frádregnu framlagi til rannsókna- og þróunarverkefna, sem væri þá líklega 12 millj. ef þessi áform standast. Hins vegar er áformað að selja ríkiseignir samkvæmt þessu fjárlagafrv. fyrir 500 millj. kr. en það er ekkert um það hvaða eignir.

Hæstv. fjmrh. ræddi líka í fyrra um gengisfellingar, taldi þær engan vanda leysa og engar forsendur til slíks. Reyndin var tvær gengisfellingar á átta mánuðum og árið ekki liðið enn.

Í fjárlagafrv. í fyrra hét lokakafli efnahagsmarkmiða ríkisstjórnarinnar „Horfur til lengri tíma". Þar var því lýst að nú hefðum við náð botni efnahagslægðarinnar og fram undan væri vöxtur og uppbygging. Lítið hefur farið fyrir því og það er því von að kaflafyrirsögn í þessu frv. sé í spurnarformi, Hvað er til ráða? — spyrja menn nú.

Fleira væri svo sem hægt að nefna en þeir sem talað hafa á undan mér hafa gert því allítarleg skil hvað hægt væri að rekja af þeim loforðalista sem hér hefur komið fram við fyrri fjárlagafrumvarpsumræður og lítið hefur orðið úr.

Þetta fjárlagafrv. er niðurskurðarfrumvarp, þrátt fyrir að það sé sett fram með nærri 10 milljarða halla. Og hvert er svo útlitið í efnahagsmálum okkar samkvæmt fjárlagafrv. nú? Áframhaldandi samdráttur, fjárfesting í sögulegu lágmarki, aukin skuldasöfnun vegna halla ríkissjóðs, vaxandi atvinnuleysi, léttvægur árangur í lækkun vaxta.

Síðan er skattheimta aukin á einstaklinga og heimili í formi hækkaðrar staðgreiðslu, þjónustugjalda, skólagjalda og heilsukorta, að ekki sé nú talað um 0,5% tryggingagjald á allar tekjur launþega. Þetta gerist á sama tíma og kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur lækkað um 6% á þessu ári og mun skerðast um 4% á næsta ári. Kaupmátturinn mun því minnka um 10% á þessum tveimur árum. Launþegar taka á sig síauknar byrðar án þess að tekjur þeirra vaxi. Launabilið og stéttaskiptingin er að verða stórt vandamál okkar Íslendinga. Hinir fátæku verða fátækari, hinir ríku ríkari og þó höfum við ríkisstjórn sem kennir sig við jafnaðarmennsku.

Atvinnuleysisvofan er ekki lengur eitthvað sem bregður fyrir tímabundið á einstökum árstímum, hún er orðin eins og púkinn á fjósbitanum og fitnar stöðugt. Langtímaatvinnuleysi fer vaxandi, atvinnuleysi eykst hjá ungu fólki á aldrinum 15–24 ára. Fór yfir 10% hjá þeim aldursflokki á þessu ári. Atvinnuleysið er orðið hlutfallslega meira á höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og það er meira en helmingur atvinnulausra sem býr hér á þessu svæði.

Um miðjan síðasta mánuð voru 60% fleiri á atvinnuleysisskrá borgarinnar en á sama tíma í fyrra eða hátt í 2.300 manns miðað við 1.400 og atvinnuleysi er meira hjá konum en körlum.

Fyrir yfirstandandi ár var spáð 3,4% atvinnuleysi á öllu landinu. Það stefnir í að verða 4,5% af mannafla, þrátt fyrir tímabundnar aðgerðir sem vissulega voru gerðar til að draga úr atvinnuleysi. Nú er gert ráð fyrir 5–5,5% atvinnuleysi á næsta ári en það verður trúlega mun meira.

Allt þetta má lesa út úr fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Það er því ekki mjög bjart útlit í efnahagsmálum og vissulega er það rétt að ríkisstjórnin hefur við mikinn vanda að glíma, ekki síst vegna minnkandi þorskafla og verðlækkunar á sjávarafurðum erlendis á síðustu mánuðum.

En einnig má benda á það að framleiðniaukning hefur þrátt fyrir það orðið í sjávarútvegi. Fyrirtækin hafa brugðist við með hagræðingu og með því að vinna aflann í verðmætari söluvöru og loðnuaflinn varð mun meiri á þessu ári en búist var við. Viðskiptahallinn minnkaði og verg landsframleiðsla jókst um 0,5% þó því hefði verið spáð að hún mundi dragast saman um 0,5%. Búist er við því að útflutningsframleiðsla sjávarafurða árið 1993 aukist um 3% á föstu verðlagi. Á þessu sama ári er reiknað með að á föstu verði aukist tekjur af erlendum ferðamönnum um 10%.

Ég held því að ríkisstjórnin hefði getað náð betri árangri í stjórn efnahagsmála en raun ber vitni því þrátt fyrir ýmis áföll er líka annað sem hefur verið henni hagstætt. En ríkisstjórnin hefur í allt sumar verið svo upptekin af innbyrðis ósamkomulagi að hún hefur ekki mátt vera að því að sinna stjórn landsins. Ráðherrar hafa skipst á föstum skotum í fjölmiðlum bæði innan flokka og milli flokka. Menn hafa jafnvel orðið móðir og sárir. Það hefur líka talsverður tími farið í það hjá ráðherrum að forða sér af stjórnpalli þjóðarskútunnar og leita sér skjóls innan stofnana í stjórnkerfinu. Alveg frá því að þessi ríkisstjórn var mynduð hefur hún sungið um fortíðarvanda og fiskileysi en minna horft til framtíðar. Til þess þarf að byrja á grunninum, leggja hornsteina sem gætu t.d. verið að styðja við nýsköpun og þróun, nýta hugvit og þekkingu þjóðarinnar til nýrra átaka og hafa til þess fjármagn sem ekki er eins og fugl í skógi. Við eigum enn ónýttar auðlindir bæði til sjós og lands en menn eru svo hræddir vegna reynslu af minkaeldi, refarækt og fiskeldisævintýrum að þeir þora ekki lengur að taka neina áhættu. Þar voru vissulega gerð mörg mistök, kannski þau stærstu að

trúa á töfralausnir í stað þess að byggja upp reynslu og þekkingu í smærri stíl sem síðan leiddi til aukinnar starfsemi.

Sem betur fer eru enn nokkur fyrirtæki í fiskeldi sem komin eru með mikla reynslu og útlit er fyrir að fari að skila arði. Það væri afar slæmt ef sú þekking sem þar er komin yrði að engum notum í framtíðinni. Við Íslendingar erum fiskveiðiþjóð og við eigum að stunda fiskirækt líka, landið og sjórinn búa yfir góðum skilyrðum til þess. Tilraunir á lúðueldi í Eyjafirði hafa gefið góða raun og slíkt þarf að gera í vaxandi mæli. Það verður þörf fyrir meiri neyslufisk en úthöfin gefa af sér á næstu árum og áratugum.

Ríkisstjórnin hefur því miður ekki talið kjark í þjóðina og reynt þannig að örva menn til dáða í atvinnulífinu og þeir fjármunir sem fara áttu til rannsókna- og þróunarstarfsemi voru sem sagt eins og fugl í skógi í fjárlögum ársins 1993 og ég sé ekki mikið um það í fjárlagafrv. núna. Nýr liður er að vísu inni í menntmrn. sem heitir Nýsköpunarsjóður, með heilar 10 millj. kr. en á móti lækkar styrkur til Félagsstofnunar stúdenta um 5 millj. kr. og það er innan sama liðar. Þannig að aukningin er aðeins 5 millj. kr. Tæplega hægt að styrkja mikla nýsköpun fyrir þá upphæð.

Framlög til Rannsóknasjóðs og Vísindasjóðs eru þau sömu og í ár og nú eru engin áform um einkavæðingu og sölu ríkiseigna til að styðja rannsóknir og þróun, eins og ég sagði áðan.

Ég veit ekki hvort það er skýringin að ráðherrar séu komnir svo langt frá fólkinu, viti lítið um það sem er að gerast út um allt þjóðlífið, séu orðnir steinrunnir hér við Austurvöll og í Stjórnarráðinu. Eða vita þeir ekki að úti um allt land er fólk að reyna að bjarga sér, finna sér ný atvinnutækifæri, framleiða ýmsar vörur sem hægt er að selja og stofna fyrirtæki. Og alls staðar í þeim löndum sem við horfum til hefur það sýnt sig að það eru lítil og meðalstór fyrirtæki sem standa sig best. Stóriðjan hopar fyrir rekstri minni fyrirtækja. Smáfyrirtækin eru sveigjanlegri og betur í stakk búin til að aðlaga sig að breyttum þörfum nútímans heldur en stóru fyrirtækin. En það sem veldur mestu erfiðleikunum er öflun fjármagns til að koma rekstrinum af stað, prófa sig áfram, fá ráðgjöf o.s.frv. Og erfiðast er þetta fyrir konur. Þær hafa mjög takmarkaðan aðgang að fjármagni. Þær eiga aðeins í fáum tilvikum veðhæfa fasteign sem yfirleitt er skilyrði fyrir lánveitingum. Í bankastjórastólum sitja karlar sem horfa með lítilsvirðingu á þær konur sem sækja um lán til að stofna lítil fyrirtæki. Nærtækt er dæmið um konuna sem sótti um lán til að byggja eitt gróðurhús úti á landi og ætlaði að rækta grænmeti með lífrænum aðferðum. Svarið sem hún fékk var að það væri nóg af gróðurhúsum í landinu. En hún hafði nægan markað fyrir sína framleiðslu, annaði ekki eftirspurn og þurfti því að bæta við húsnæði.

Ég verð þó að unna ríkisstjórninni nokkurs sannmælis. Á nokkrum stöðum í frv. til fjárlaga á undanförnum árum, og svo er einnig nú, hefur verið að finna fjárlagaliði eins og „atvinnumál kvenna" í félmrn., 15 millj. kr., „smáiðnaður í dreifbýli" í iðnrn., 11 millj., og smáverkefnasjóður sem er einhvers staðar falinn í tölum í landbrn. Þetta eru allt einhverjir smásjóðir og upphæðirnar eru líka smáupphæðir miðað við aðrar tölur í fjárlögum.

Af nýjasta atvinnuátaki ríkisstjórnarinnar, milljarðinum, sem fara átti til atvinnuskapandi framkvæmda á þessu ári, voru aðeins 60 millj. ætlaðar til atvinnufyrirtækja kvenna eða 6%. Og ef við skoðum niðurskurðartillögur fjárlagafrv. þá bitnar það mjög hart á konum. Tryggingagjaldið á launin, 0,5% sem leggjast skal á allar launatekjur, bitnar jafnvel harðast á konum því að þær hafa yfirleitt lægstu launin í flestum tilvikum. Niðurskurður í heilbrigðis- og menntakerfinu bitnar á konum því að þær eru fjölmennustu starfshóparnir þar. Niðurskurður í Lánasjóði ísl. námsmanna bitnar harkalega á konum sem sýnir sig nú þegar í tölum um nýnema í háskólum. Ég skora á þær konur sem starfa í stjórnmálaflokkum að skilja sinn vitjunartíma og koma í veg fyrir frekari niðurskurð í velferðarkerfinu því að það bitnar harðast á konum.

Eina konan sem skipar ráðherrastól hefur skilið þetta því hún hefur lýst því yfir að frekari niðurskurður velferðarkerfisins sé hættulegur, við séum þar komin á hættumörk. Og í frv. til fjárlaga fyrir hennar ráðuneyti er líka að finna eitt atriði sem horfir til framfara og það er stofnun fjölskyldumeðferðar sem er einmitt eitt af því sem við þurfum að efla. Hins vegar er ekki gert ráð fyrir neinni aukningu í fjárlagafrv. til að mæta þeirri miklu þörf sem er fyrir fjölskyldumeðferð. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að hann beiti sér fyrir því að fjölskyldumeðferð verði efld og að hún verði ekki bara fyrir þá sem hafa efni á að borga hana.

Ég vil að lokum vekja athygli á því að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að lækka framlög til Kvikmyndasjóðs um 10 millj. kr. Ég tel að þetta sé mjög óheppilegt og ekki í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur lýst yfir að hún vilji efla íslenska menningu. Ég vil skora á hæstv. menntmrh. að hann beiti sér fyrir því að þessi upphæð verði hækkuð.

Ég hef hér aðeins tæpt á örfáum atriðum í fjárlagafrv. en ég vil að lokum segja að ég tel að ríkisstjórnin hafi ekki tekið á vandanum af nægilegri festu og hugrekki. Hún hefur ekki sýnt nægilegt hugmyndaflug til að leysa vandann. Hún hefur ekki sýnt nægilegt hugrekki til að leita nýrra leiða. Hún hefur ekki sýnt nægilegt hugmyndaflug til að leysa vandann. Hún hefur ekki sýnt nægilegt hugrekki til að leita nýrra leiða. Hún hefur ekki sýnt nægilegt hugmyndaflug til að leysa vandann. Hún hefur ekki sýnt nægilegt hugrekki til að leita nýrra leiða.

það er erfitt að reikna út kjör viðskiptalána vegna þessara verðtryggingarákvæða. Það hefur komið á daginn í sambandi við svokölluð neytendalán þar sem lög kveða á um að upplýsa skuli neytandann um heildarkostnað vegna lánsins.

Virðulegi forseti. Ég hef nú senn lokið máli mínu. Ég taldi það ekki ómaksins vert að leggja mikla og stóra ræðu hér fyrir Alþingi við 1. umr. þessara fjárlaga. Þetta er 1. umr. um fjárlagafrv. næsta árs. Það gefst tími til þess á næstu vikum í fjárln. að fara betur ofan í einstaka málaflokka. En ég ætla að lokum að ræða nokkuð um þá breytingu sem nýlega var gerð á þingsköpum en þetta er í fyrsta sinn sem fjárlög eru rædd eftir þeim lögum. Ég átti þess ekki kost að vera hér við umræðurnar af persónulegum ástæðum en átti þátt í mótun þeirra laga með öðrum þingflokksformönnum. Ég vona að breytingin verði til bóta. Mönnum kann að þykja það stutt að geta aðeins talað í hálfa klukkustund um frv. við 1. umr. en hægt er að fara fram á lengingu þess tíma um helming ef einhver þingflokkur óskar þess með rökstuðningi. Og svo skemmtilega vill til núna að það er ekki stjórnarandstaðan sem taldi sig þurfa að tala svo mikið að óskað var eftir lengingu umræðunnar heldur var það Sjálfstfl. sem lagði fram beiðni um það. (**Fjmrh.:** Það voru hrein mistök.)

Í janúar sl. fór ég ásamt formanni og varaformanni fjárln. til Noregs til að kynnast af eigin raun starfsemi norska þingsins við fjárlagavinnuna. Í sem stystu máli er þetta lýsingin á ferli frv. í gegnum þingið.

Þegar fjmrh. í norska þinginu leggur fram fjárlagafrv., í fyrstu viku október, fara engar umræður fram. Frv. er vísað til fjárln. og einstökum köflum frv. er vísað til viðkomandi fagnefnda. Fjárln. vinnur málið í nefndinni í einn mánuð og leggur fram nál., svokallað document 1, í byrjun nóvember.

Þá fer fram umræða í Stórþinginu og samið er um það fyrir fram hve langan tíma hún á að taka. Venjulega eru það tveir dagar, 10 tímar á dag. Tillaga um tímamörkin er borin upp í þinginu og er þá hægt að gera um það athugasemdir og hugsanlega lengja eða stytta tímann. Ræðutíma er síðan skipt niður á flokka eftir þingstyrk þeirra og þurfa menn að setja sig á mælendaskrá daginn áður en umræðan fer fram. Ræðumenn mega tala tvisvar, 30 mínútur í fyrra skiptið og 10 mínútur í seinna skiptið og einnig eru leyfð 5 andsvör eftir hverja ræðu. Daginn sem umræðan fer fram er hægt að setja sig á mælendaskrá en þá fær ræðumaður aðeins 3 mínútur til umráða tvisvar. Tímamörkin sem ákveðin hafa verið standast því nokkuð, geta í mesta lagi farið 2–4 tíma fram úr áætlun í heildina tekið, og er þá umræðu haldið áfram fram eftir kvöldi seinni daginn þar til henni lýkur. Af 165 þingmönnum Stórþingsins er algengt að um helmingur þeirra taki til máls um fjárlögin, meira að segja miklu fleiri heldur en hér.

Fagnefndir skila síðan af sér, hver af annarri, sínum málaflokkum beint inn í Stórþingið, ekki með milligöngu fjárln. og umræðan um það fer fram eftir því sem það berst og henni lýkur í nóvember. Frv. getur tekið nokkrum breytingum í meðferð nefndanna, en þeim er þó uppálagt að halda sig innan rammans. Nefndirnar fjalla bæði um tekjur og gjöld fyrir viðkomandi málaflokka. Verkaskipting er í föstum skorðum í öllum nefndum. Hver nefndarmaður ber ábyrgð á einum málaflokki nefndarinnar, t.d. er í fjárln. einn með skattamál, annar með gengismál o.s.frv. Í samgn. er einn með flugmál, annar með hafnir, þriðji með vegamál o.s.frv.

Þegar allar fagnefndir hafa skilað af sér er tekin fyrir svokölluð „salderingstillaga" ríkisstjórnarinnar í fjárln. og er hún rædd þar í um það bil viku. Að því loknu leggur fjárln. fram endanlegar tillögur á þingskjali sem merkt er 2. Þá er kominn miður desember. Lokaumræða um fjárlög og atkvæðagreiðsla er svo afgreidd á einum degi í Stórþinginu.

Þegar ég spurði hvort aldrei væru ótímabundnar umræður í þinginu var svarið að það hefði verið fyrir 50 árum. Fyrir allmörgum árum var tímalengdin ein klukkustund á mann en er sem sagt hámark hálf klukkustund núna.

Það væri hægt að segja ýmislegt fleira um þetta, en ég ætla ekki að fara að rekja ferðasögu fyrir ykkur hér í þinginu. (**Gripið fram í:** ... mjög ánægjulegt.) Já, ég veit að ykkur þykir þetta ákaflega skemmtilegt. En ég held að þær breytingar sem við vorum núna að gera á umræðutíma um frumvörp séu tímabærar þó ekki væri til annars en við þingmenn gætum skipulagt tíma okkar betur. Mér finnst alger tímaskekkja það skipulagsleysi sem hér ríkir allt of oft í störfum þingsins.

Ég hef ekki mikla þingreynslu, ég viðurkenni það fúslega, en nýir vendir sópa best og glöggt er gests augað, segir einhvers staðar. Öll verðum við að horfa til framtíðar og allt eins má búast við því að þeir sem nú eru í stjórnarandstöðu verði í ríkisstjórn áður en langt um líður og þannig verðum við að horfa á málin frá öllum hliðum.

Að síðustu þetta. Vinnan í fjárln. er rétt að fara í gang. Ég óska nýkjörnum formanni heilla í starfi og veit að hann nýtur góðs varaformanns. Við erum ekki sammála um áherslur í þessu fjárlagafrv. og það ræðum við áfram innan fjárlaganefndar. Þar verður tekist á um málin næstu vikur og ég vona svo sannarlega að það takist að lagfæra þar ýmsa liði ef menn leggja sig fram.

[16:22]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þau undanfarin tvö ár sem ég hef fylgst með umræðum um fjárlagafrv. við 1. umr. hafa augu manna einkum beinst að hinum gífurlega innbyggða rekstrarhalla ríkissjóðs. Það hefur virst mismunandi hversu alvarlegum augum menn hafa litið þennan óviðráðanlega halla. Einkum hafa línur dregist á milli stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga þótt undantekningar séu þar á.

Það vakti hins vegar athygli mína við umræðuna um stefnuræðu forsrh. hér á Alþingi í síðustu viku að í fyrsta sinn í þau tvö ár sem ég hef starfað innan þessara veggja virtist sem stjórnarandstaðan væri áhyggju-

fyllri um stöðu ríkisfjármála en áður hefur verið. Það hefur og komið fram í þessum umræðum í dag. Það er vonandi að þingmenn sem og þjóð séu að átta sig á því að áfram verður ekki haldið á sömu braut. Að þingmenn og þjóð átti sig á því að það er ekki sprottið af illmennsku og ótuktarskap ríkisstjórnarmeirihlutans að menn hafa boðað ráðdeild og sparnað. Þvert á móti er það vegna þess að nauðsynlegt er að snúa af þeirri braut óráðsíu sem mörkuð hefur verið á undanförnum 20 árum.

Svo hefur verið að sérhagsmunir hafa fengið of miklu ráðið á undangengnum tveimur áratugum. Á tíðum hefur verið litið fram hjá heildarvandanum en orka manna farið í deilur um hin smæstu atriði. Víst er svo að ætíð ber nauðsyn til að vera á varðbergi jafnt í hinum smæstu málum sem hinum stærstu. Menn verða hins vegar að sjá trén fyrir skóginum. Það er skylda okkar sem störfum á þessum vettvangi að setja þjóðinni fjárlög sem unnt er að byggja á, fjárlög sem vísa okkur veg til betri og bjartari framtíðar. Það einstigi sem fetað hefur verið undanfarin ár mun einungis leiða okkur fram af bjargbrúninni ef ekki verður snúið við. Við höfum allar aðrar skyldur en þær að leiða þjóðina fram af bjarginu líkt og félagar okkar í Færeyjum hafa leitt þarlenda þjóð.

Fyrir um það bil viku síðan lýsti ég í máli mínu hér á Alþingi að ég liti með hryllingi til þess kafla í harmsögu Færeyinga sem nú væri að hefjast og nefndi þar til sögunnar þann atgervisflótta sem brostinn er á. Síðan sú ræða var haldin er ekki mikið vatn til sjávar runnið. Samt sem áður hefur einum af bönkum landsins verið lokað og fréttir bárust síðast í morgun þess efnis að Marita Petersen, formaður færeysku landsstjórnarinnar, væri væntanleg til Danmerkur enn eina ferðina með betlistaf í hendi. Nú yrði óskað eftir 40–50 milljörðum kr. til liðveislu Færeyingum. Það er talið að um 4% þjóðarinnar muni yfirgefa landið á þessu ári. Það samsvarar því að á ellefta þúsund Íslendinga mundu flytjast af landi brott.

Við umræður um hið Evrópska efnahagssvæði hér á Alþingi á síðasta ári, og raunar árin þar á undan, var því gjarnan haldið fram af andstæðingum samningsins að með samþykkt hans mundi íslensk þjóð glata sjálfstæði sínu. Fylgjendur samningsins bentu hins vegar á að þjóð sem byggði afkomu sína í jafnríkum mæli og við Íslendingar á utanríkisverslun og hefði ekki óheftan aðgang að erlendum mörkuðum og þar með vald yfir utanríkisverslun sinni, væri þjóð sem mundi glata sjálfstæði sínu. Um þetta urðu snarpar umræður og tilfinningaheitar. Ég vildi óska að margir þeir sem þátt tóku í þeim umræðum, hvort sem var innan þings eða utan, áttuðu sig á að stöðugur hallarekstur ríkisins mun leiða okkur til glötunar sjálfstæðis og að þeir hinir sömu legðu sitt af mörkum til að snúa af þessari braut. Liðveislu er sannarlega þörf.

Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur setið að völdum um liðlega tveggja ára skeið. Ríkisstjórnin lagði upp með þau markmið í efnahagsmálum að ná tökum á hinum hrikalega og stöðuga halla ríkissjóðs m.a. með því að stemma stigu við auknum lántökum og þá einkum erlendum. Því er gjarnan haldið fram af stjórnarandstöðunni að árangri hafi ekki verið náð hvað þessi efni áhrærir. Vissulega er það svo að vonir stóðu til að mál væru í betra horfi eftir tveggja ára stjórnarsetu en raunin er. Hitt er öllum ljóst að allar ytri aðstæður hafa verið ríkisstjórninni og landsmönnum öllum mun harðdrægari en nokkurn óraði fyrir þegar ríkisstjórnin var mynduð. Óhjákvæmileg skerðing á aflamörkum þorsks hefur vissulega sett mark sitt á þjóðarbúskapinn. Það eru ekki mörg ár síðan þorskafli okkar var 400 þús. tonn, nú bendir allt til að þorskafli næsta árs verði ekki nema um 165 þús. tonn. Auk þessara hremminga hefur jafnframt orðið verðfall á afurðum okkar í kjölfar efnahagssamdráttar á helstu markaðssvæðum okkar.

Nú nýlega bárust upplýsingar frá Hafrannsóknastofnun sem gefa vonir um að þorskstofninn virðist vera að rétta úr kútnum. Það er óskandi að svo sé. Það er hins vegar sýnd veiði en ekki gefin og megum við forðast að gera út á væntingar um betra ástand meðan við höfum ekkert í hendi. Ein helsta meinsemdin er einmitt sú að allt of oft höfum við byggt útgjöld okkar á óskhyggju fremur en staðreyndum og þeim raunveruleika sem við blasir. Við getum ekki boðið þeim kynslóðum sem taka við í samfélaginu upp á að hafa eytt sameiginlegum auði þjóðarinnar fyrir fram þannig að sjálfsákvörðunarréttur þeirra verði fyrir borð borinn. Þrátt fyrir þessa erfiðleika hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tekist að hamla á móti. Ef útgjöld ríkissjóðs á árinu 1991 væru færð til verðlags þessa fjárlagafrv. sem hér er til umræðu ætti að blasa við okkur tala að upphæð 122 milljarðar kr. Útgjaldaniðurstaða frv. er hins vegar 112 milljarðar. Það þýðir með öðrum orðum að tekist hefur að draga úr raunútgjöldum upp á 10 milljarða. Þetta er sýnilegur árangur sem hefur náðst þrátt fyrir mikið tekjutap ríkissjóðs. Það hefur tekist að vinda ofan af viðskiptahallanum sem var 18 milljarðar árið 1991 en stefnir í að verða 5,5 milljarðar á þessu ári og á svipuðum nótum á því næsta. Þetta er sýnilegur árangur. Það hefur tekist að draga úr lánsfjárþörfinni sem var upp á 40 milljarða árið 1991 en sem stefnt er að verði 23 milljarðar á ári komanda.

Þrátt fyrir þennan árangur liggur fyrir fjárlagafrv. með 10 milljarða kr. halla. Það hlýtur því að vera öllum ljóst að enn þarf að taka til hendi og fjárlaganefndar og Alþingis bíður mikil vinna á næstu vikum og mánuðum. Ríkisstjórnin hefur létt sköttum af fyrirtækjum í þeirri von að þau mættu styrkjast þannig að atvinnuátandið væri skárra en ella. Ríkissjóður hefur ekki fórnað þessum skatttekjum. Byrðarnar hafa verið fluttar yfir á einstaklingana með þeim rökum að allra leiða þyrfti að leita til að styrkja fyrirtækin í landinu svo að böl atvinnuleysis riði ekki yfir íslenska þjóð með slíkum þunga sem orðið hefur meðal nágrannaþjóða okkar. Á þeim vettvangi hefur tekist að stemma stigu við, með góðu samstarfi við sveitarfélög og aðila vinnumarkaðar sem væntanlega mun haldast áfram. Íslensk þjóð er í varnarbaráttu sem allir verða að taka þátt í, jafnt æðstu embættismenn sem og aðrar stéttir og þjóðfélagshópar. Við verðum öll sem eitt að hafa

hag heildarinnar að leiðarljósi, það er skylda okkar og til þess standa væntingar barna okkar sem landið erfa.

Í tengslum við gerð og umræðu fjárlaga fer ekki á milli mála að kjaramál koma við sögu. Nú er málum þannig háttað að kjarasamningar aðila vinnumarkaðar eru í gildi út næsta ár. Í tengslum við kjarasamninganna á síðasta ári tókst ríkisstjórnin á hendur skuldbindingar upp á rúmlega 2 milljarða umfram fjárlög yfirstandandi árs. Auk þess voru í tengslum við kjarasamninga gerðar ýmsar breytingar á skattalögum sem hafa í för með sér útgjaldaauka á yfirstandandi ári. Það er afar mikilvægt að kjarasamningar megi halda út næsta ár.

Ýmsir forustumenn verkalýðshreyfingarinnar hafa haft á orði síðustu daga að segja beri upp kjarasamningum þar sem í frv. til fjárlaga séu atriði sem eru brot á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar við gerð síðustu kjarasamninga. Þar er vísað til þess atvinnutryggingagjalds sem leggja skal á launþega og atvinnurekendur. Víst er að slíkt atvinnutryggingagjald er ekki lagt á af mannvonsku einni saman. Á síðasta ári náðist um það allbærilegt samkomulag í þinginu að opna þúsundum manna leið til bótaréttar úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þúsundum sem ekki höfðu áður notið þess réttar. Það þótti sanngirnismál. Þá var ljóst að aukinn bótaréttur kallaði á meiri útgjöld til þessa málaflokks og þá ekki síst í ljósi aukins atvinnuleysis. Þeir fjármunir sem til þarf eru því miður ekki fyrir hendi nema með verulegum niðurskurði á öðrum sviðum. Mér hugnast því sú aðferð að þeir sem hafa atvinnu leggi brot launa sinna að mörkum til þeirra sem við atvinnuleysisböl búa. Það er einlæg von mín að til átaka á vinnumarkaði komi ekki á næsta ári. Íslensk þjóð þarf á öllu öðru að halda um þessar mundir.

Ég sagði fyrr í ræðu minni að eitt af markmiðum ríkisstjórnarinnar væri að stemma stigu við auknum lántökum. Á því sviði hefur náðst nokkur árangur þannig að lánsfjárþörfin verður nú um 17 milljörðum minni samkvæmt frv. en var 1991. Því miður auðnaðist okkur ekki í góðærinu að hemja lánsfjárþörf okkar. Það má vera okkur öllum íhugunarefni að þegar hagstæðar ytri aðstæður hafa verið fyrir þjóðarbúið þá hefur okkur ekki tekist að hafa hemil á ýtrustu kröfum og óskum og þá oft án þess að augljós þörf væri fyrir aukin útgjöld. Það er freistandi hugsun að vilja gera allt fyrir alla þó svo að fjármunir séu ekki fyrir hendi en slíkar freistingar verður að varast.

Útlit er fyrir samkvæmt frv. að erlendar skuldir okkar til langs tíma muni nálgast 70% af landsframleiðslu og greiðslubyrðin 30–40%. Það eru hættumörk. Greiðslubyrðin á næsta ári verður um það bil 50 milljarðar kr. eða svipuð upphæð og útgjöld okkar til heilbrrn. Við getum að sjálfsögðu ekki vikið okkur undan greiðslubyrðinni en umfram allt verðum við að varast að auka hana fyrir komandi kynslóðir. Auk þess er að sjálfsögðu ljóst að ásókn hins opinbera í lánsfé heldur uppi háum vöxtum innan lands sem aftur hittir fyrirtæki og einstaklinga illa fyrir og þá ekki síst ríkissjóð. Það ríður á að ná niður of háum raunvöxtum í landinu. Það er hins vegar tómt mál um að tala með síauknum útgjöldum ríkisins, útgjöldum sem fjármunir eru ekki til fyrir. Það er tómt mál um að tala með aukinni skuldasöfnun fyrirtækja og heimila. Nýlegur vaxtaskiptasamningur Seðlabanka og viðskiptabanka vekur vonir um að vaxtamarkaðurinn standi ekki eins ber og óskjaldaður fyrir tímabundnum verðbólgubreytingum og verið hefur. Það má hins vegar vera viðskiptabönkunum umhugsunarefni hvers vegna spár um aukna verðbólgu kalla á mjög skjót viðbrögð til vaxtahækkana en spár um hjöðnun verðbólgu skila sér mun síðar í vaxtalækkun. Slíkar leikreglur eru hvorki sanngjarnar né eðlilegar. Hinu er ekki að leyna að viðskiptabankarnir og fjárfestingarlánasjóðirnir standa frammi fyrir auknu útlánatapi. Það hefur á stundum verið farið óvarlega með fjármuni og því miður oft á tíðum vegna óæskilegra afskipta stjórnmálamanna af einstökum atvinnufyrirtækjum og atvinnugreinum. Slíkum pólitískum afskiptum verður að linna. Fyrirhyggja og fagleg vinnubrögð verða að sitja í fyrirrúmi hvað þessi mál varðar sem og önnur.

Fjárlagafrv. sem nú liggur fyrir tekur að sjálfsögðu mið af aðstæðum eins og þær voru metnar síðla sumars. Það er árangur mikillar vinnu margra aðila til að leita leiða til aukinnar ráðdeildar og sparsemi. Fjárlagafrv. og fjárlögin snerta alla þjóðfélagsþegna með einum eða öðrum hætti. Fjárlögum þeim sem nú verða sett mun væntanlega fylgja nokkur sársauki. Það er hins vegar bærilegra að þola nokkurn sársauka um skeið fremur en að beita deifilyfjum sem duga í skamman tíma en munu valda óbærilegum kvölum þegar áhrif deyfingarinnar hverfa.

Virðulegi forseti. Leiðarahöfundar blaðsins Dags á Akureyri hafa á undanförnum árum ekki beinlínis hvatt til ráðdeildarsemi eða til þess að stemma stigu við ríkisútgjöldum. Þvert á móti hefur á stundum verið ráðist harkalega að tilraunum í þá veru sl. tvö ár. Það brá því við verulega annan tón í leiðara blaðsins sl. fimmtudag en þar segir, með leyfi forseta:

„Þingmanna bíður nú það erfiða verkefni að setja lög um tekjur og gjöld ríkissjóðs á komandi ári. Þeir mega ekki undir nokkrum kringumstæðum samþykkja það frv. til fjárlaga sem nú hefur verið lagt fram. Menn verða að horfast í augu við þá staðreynd að þjóðarbúið hefur ekki efni á að reka ríkissjóð með yfir 10 þús. milljóna kr. halla á næsta ári. Þaðan af síður má almenningur við því að skattar verði hækkaðir. Þess vegna verða þingmenn að taka til hendinni og lækka útgjöld ríkissjóðs svo um munar."

Svo mörg voru þau orð leiðarahöfundar Dags. Þetta er áskorun málgagns stærsta flokks stjórnarandstöðunnar í stærsta landsbyggðarkjördæmi landsins. Undir þessi orð má taka. Efnahagsaðstæður taka gjarnan breytingum á skömmum tíma. Á þessari stundu eru engin teikn á lofti um breytingar til hins betra á næsta ári. Fjárlagafrv. og síðar fjárlögin snerta alla þjóðfélagsþegna á einhvern hátt. Það er því frumskilyrði að frv. verði fært í búning fjárlaga þar sem byrðum og skyldum er jafnað niður, þar sem smærri hagsmunir víki fyrir hinum stærri, þar sem sérhagsmunir einstakra stétta og hópa verði afnumdir. Þjóðin og ekki

síst komandi kynslóðir gera þær kröfur til okkar sem færum fjárlögin í endanlegan búning.

[16:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vakti ánægju mína að hv. 7. þm. Norðurl. e. vitnaði í leiðara Dags á Akureyri. Ég vil að því tilefni benda á að leiðarahöfundur Dags kom auga á það sem ríkisstjórnin virðist ekki hafa áttað sig á að það gengur ekki að leggja fram fjárlagafrv. með þeim halla sem nú stefnir í. Hvað þá ef svo fer sem horfir að það verði jafnmikið frávik frá frv. og raunveruleikanum eins og var á síðasta ári. (**Gripið fram í:** Þarf að skera meira niður?) Ég vona nú að þetta verði fleiri stjórnarþingmönnum til eftirbreytni og þeir fari að skoða hvað stjórnarandstöðublöðin hafa til málanna að leggja.

[16:40]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mér sönn ánægja að vitna í Dag og öll þau blöð sem mæla af skynsemi og taka undir skynsamleg sjónarmið sem sett eru fram. Ég veit og efast ekki um að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson mun gera slíkt hið sama.

[16:41]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Eins og vænta mátti hefur frumvarp til fjárlaga fyrir árið 1994 vakið viðbrögð og orðið tilefni til umræðu meðal þingmanna og reyndar þjóðarinnar allrar.

Fátt hefur orðið að undanförnu til þess að auka okkur Íslendingum bjartsýni hins vegar um bættan hag vegna betri skilyrða á mörkuðum eða afrakstri auðlindanna nema ef vera skyldi betri horfur í rekstri stóriðjunnar á Grundartanga og Straumsvík og tilraunir til nýsköpunar í sjávarútvegi m.a. tengd úthafsveiðum og aukinni nýtingu botndýra sem vissulega ber að fagna.

Það hefur orðið hlutskipti okkar í stjórnarflokkunum að takast á við mikinn samdrátt í þjóðartekjum og með minnkandi þorskveiðum á næsta ári bendir ekkert til þess að það ár verði léttara en það sem senn líður.

Markvissar varnaraðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa samt sem áður styrkt stöðu okkar og komið í veg fyrir þann mikla vanda sem allt stefndi í þegar stjórnin tók við.

Við slíkar aðstæður er ekki um annað að ræða en rifa seglin. Draga úr kostnaði á öllum sviðum enda þótt nauðsynlegt sé að meta og vega hvert tilefni sem til meðferðar er við uppstokkun og sparnað í hinum opinbera rekstri.

Hlutverk okkar alþingismanna hér á hinu háa Alþingi er að setja lög. Með þeim er einstaklingum jafnt sem félögum settur sá rammi sem samfélaginu er ætlað að þróast innan. Með fjárlögum er settur hinn efnahagslegi rammi um ríkisreksturinn sem hefur áhrif á alla þætti þjóðfélagsins í lengd og í bráð.

Með auknum rekstri og margskonar starfsemi hins opinbera á öllum sviðum verður stöðugt viðkvæmara að gera breytingar á framboði þeirrar þjónustu. Dæmi um það eru barnaheimili sjúkrahúsanna.

Það sem einu sinni hefur verið sett á stofn verður rótfast og þarf því oft mikið átak og vandaðan undirbúning ef gera á róttækar breytingar á þeim stofnunum sem starfandi eru. Það er sá lærdómur sem draga má af viðbrögðum við ýmsum hugmyndum sem á sveimi hafa verið innan ráðuneyta og sumar hafa komið fram með því frumvarpi til fjárlaga sem hér er til 1. umr.

Á uppgangstímum síðustu ára var þjóðin upptekin við að ausa af auðlindum sjávar. Byggja virkjanir sem og önnur mannvirki sem skapa umgerð um samfélag okkar. Opinber þjónusta hér stenst samanburð við það sem best gerist meðal annarra nágrannalanda, en ekki hefur verið gert ráð fyrir þeim afturkipp í efnahagsmálum sem gerði vart við sig strax í byrjun kjörtímabilsins og því hefur verið þeim mun erfiðara að bregðast við þeim vanda.

Þegar litið er til nágrannaþjóða okkar og borinn saman fjöldi íbúa og stærð landsins er óhætt að segja að á þeim tæpu 50 árum sem lýðveldið hefur staðið hér á Íslandi þá hafa gerst ótrúlegir hlutir við uppbyggingu á sviði velferðar-, mennta- og menningarmála.

Þrátt fyrir framfarir og nýjungar við flestar atvinnugreinar, og þá ekki síst í sjávarútvegi, hefur ekki tekist eins vel að efla atvinnulífið, þann grundvöll sem þjóðfélagið stendur allt og fellur með, eins og hina opinberu þjónustu. Þar stendur ekki síst á því að efla iðnaðinn í landinu og nýta þannig orku fallvatna, jarðhitann og ekki síður hugvit og færni vel menntaðra íslenskra starfsmanna sem hafa menntað sig á sviði iðnaðar og margvíslegrar tækni. Í því felst vandi okkar núna. Hann kemur fram við afgreiðslu fjárlaga allt til þess tíma að hagvöxtur getur aukist og þjóðartekjur þar með. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar er þess ekki að vænta að hagvöxtur glæðist fyrr en 1995 og 1996. Það skiptir því miklu máli að næsta ár verði vel nýtt, m.a. með því að takmarka ríkisútgjöldin og búa í haginn fyrir atvinnureksturinn og þá sérstaklega með lækkun vaxta og skatta. Vissulega væri freistandi við þessar aðstæður að hækka skatta og draga þannig úr halla ríkissjóðs. En það tel ég að væri hið mesta glapræði.

Einn mikilvægasti þáttur í rekstrarumhverfi er þróun raungengis og staða þess. Færa má rök fyrir því að í hvert skipti sem sjávarútvegurinn hefur gengið vel hefur gengi krónunnar verið rangt skráð svo sjávarútvegsfyrirtækin og sjávarbyggðirnar hafa ekki fengið notið afraksturs góðrar afkomu vegna aukinna veiða og bættrar afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Mætti halda um það langa ræðu hvernig fjármunir hafa verið fluttir frá framleiðsluatvinnuvegunum til hreinnar eyðslu og stórfelldrar uppbyggingar verslunar og þjónustu sem fleytt hafa rjómann af mikill framleiðni í sjávarútvegi en eiga sér tæplega rekstrargrundvöll nema í góðæri.

Forsendur þess frv. til fjárlaga sem hér er til 1. umr. koma m.a. fram í þjóðhagsáætlun sem forsætisráðherra hefur lagt fram. Samkvæmt henni er gert ráð fyrir stöðugleika árið 1994 með verðbólgu um 3%, sem er lægri verðbólga en áætlað er að verði í ríkjum Evrópu á sama tíma. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þjóðartekjur dragist saman og landsframleiðslan verði 2,6%

minni 1994 en 1993 vegna minni þorskafla.

Þetta eru mikilvægar staðreyndir. Annars vegar stöðugleiki með lágri verðbólgu sem er einhver mikilvægasti þáttur í efnahagsumhverfi okkar og hins vegar sú staðreynd að við stækkum ekki kökuna sem er til skipta fyrir landsmenn heldur mun hún minnka.

Við slíkar aðstæður ætti öllum að vera ljóst að það er erfiðleikum háð að loka fjárlögum án þess að á þeim verði halli. Að öðrum kosti köllum við yfir okkur stórfellt atvinnuleysi, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem þjónustugreinarnar eru fjölmennastar.

Sá halli, sem hér er lagt upp með í frumvarpi, er þó ekki eins alvarlegur og ella vegna þess að viðskiptahallinn hefur farið minkandi. Viðskiptahallinn var árið 1991 18 milljarðar kr., árið 1992 12 milljarðar kr. og hann er talinn verða 5,5 milljarðar á þessu ári og er spáð að hann verði svipaður á næsta ári.

Vissulega verður það að vera markmið okkar að ná jöfnuði í ríkisfjármálum og við sjálfstæðismenn leggjum á það ríka áherslu að hemja útgjöld ríkisins og draga úr skattheimtu til þess að reyna til hins ýtrasta að efla framtak einstaklinga og fyrirtækja.

Við þær aðstæður sem nú hafa skapast er það ekki létt verk að skera svo niður ríkisútgjöldin nema með því að loka fjölda stofnana og lækka laun.

Í umræðunni um efnahagsmálin fer það sem rauður þráður að lækka verður raunvexti til þess að koma til móts við fyrirtæki sem og skuldug heimili. Lækkun vaxta er ekki einungis kjarabót fyrir launþega heldur skiptir vaxtalækkun verulegu máli fyrir ríkissjóð þótt mikið af skuldum séu við erlendar lánastofnanir.

Bent er á að samband sé á milli halla á ríkissjóði og vaxtastiginu vegna þeirrar eftirspurnar sem ríkið veldur á lánsfjármarkaði. Vissulega er það rétt en hins vegar er ljóst að vaxtamyndunarkerfið er veikburða og því þörf að gera sérstaka athugun á því. Er nauðsynlegt að stjórnendur Seðlabankans taki til við og standi fyrir því að gera breytingu á vaxtamyndunarkerfinu við fyrsta tækifæri og er afar mikilvægt að hæstv. viðskrh. fylgi því fast eftir.

Eftir þá umræðu sem hér er hafin mun fjárln. fá frumvarpið til meðferðar. Ríkisstjórnin hefur fléttað það saman við erfiðar aðstæður og í meðförum þingsins er mikilvægt að hafa sýn til lengri tíma en þess eina árs sem fjárlögin ná til þegar gengið er til þess að stokka upp einstaka stofnanir eða fella niður þjónustu. Þá verður að taka mið af þeim vilja stjórnvalda að sameina sveitarfélög og ná fram hagræðingu og sparnaði í þjóðfélaginu.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1994 hér í þinginu tel ég að hafa þurfi eftirtalin markmið að leiðarljósi:

1. Að hemja útgjöld ríkisins og endurmeta tillögur um nýjar stofnanir, ekki síður en að endurmeta þær tillögur ráðuneyta um að leggja niður embætti og hætta rekstri þjónustustofnana.

2. Að lækkun raunvaxta verði að veruleika.

3. Að niðurgreiðslur og tilfærslur verði metnar rækilega.

4. Að með frekari einkavæðingu og flutningi verkefna til sveitarfélaga verði dregið úr beinum rekstri og þjónustu á vegum ríkisins. Slíkar aðgerðir þurfa að hafa eðlilegan aðdraganda og ekki má binda sig fastan við sigluna með því að horfa um of á áramót þegar verið er að gera breytingar á rekstri stofnana. Gefa verður stjórnendum eðlilegan aðlögunartíma og ekki síður þeim sem njóta þjónustunnar.

5. Að beina fjármunum til innri uppbyggingar, svo sem samgöngumannvirkja, til þess að gera rekstur þjóðfélagsins hagkvæmari. Það kann ekki góðri lukku að stýra að allt snúist um að setja á fót nýjar stofnanir og efla þjónustu á vegum ríkisins sem kallar síðan yfir okkur aukin ríkisútgjöld sem við í raun höfum ekki ráð á. Sameining sveitarfélaga og hafnarsvæða samfara bættum samgöngum á landi eru núna mikilvægustu þættir við innri uppbyggingu okkar ágæta þjóðfélags.

6. Að styrkja rannsóknir, ekki síst á sviði hafrannsókna og hvers konar þróunarstarfs. Er mikilvægt að ríkisvaldið auki verulega stuðning sinn við vísinda- og tækniþróun í landinu, en nýsköpun á grundvelli þekkingar og tækni er ein mikilvægasta undirstaða hagvaxtar í nútímaþjóðfélagi.

7. Að efla ferðamannaþjónustu svo fjárfesting í þeirri grein megi nýtast sem best.

8. Að í samstarfi við sveitarfélögin verði hamlað gegn atvinnuleysi með því að efla starfandi fyrirtæki ekki síður en ný, m.a. með því að takmarka skattheimtu og með því að auka þátt sveitarfélaganna við aðgerðir Atvinnuleysistryggingasjóðs með því að efla atvinnu með sérstökum framlögum til verkefna sem skapi atvinnutækifæri á tilteknum svæðum.

9. Að gera ráð fyrir frekari samdrætti ríkisútgjalda þegar hagvöxtur eykst að nýju og það er auðvitað nauðsynlegt að hafa í huga þegar fjallað er um fjárlög næsta árs.

Hér hef ég nefnt fáein dæmi sem ég tel að einkum þurfi horfa til við afgreiðslu fjárlaga og eru þau vissulega í samræmi við þá meginstefnu sem frv. markar en margt annað mætti nefna.

Virðulegi forseti. Með breytingum á lögum um þingsköp var gert ráð fyrir því að takamrka umræðutíma við 1. umr. frv. Því mun ég nú stytta mál mitt en vil segja að lokum: Fjárfesting er samkvæmt fjárlagafrv. í sögulegu lágmarki eins og það hefur verið nefnt. Það má vissulega velta því fyrir sér hvort með því sé hagvexti á næstu árum stefnt í hættu. Arðbær fjárfesting er mikilvæg undirstaða aukins hagvaxtar. Við afgreiðslu fjárlagafrv. verður að gera sérstaka athugun á þessari staðreynd.

Með því að draga verulega úr þoskveiðum er tekin sú ákvörðun að skerða tekjur þeirra fyrirtækja og þeirra byggða sem byggja hvað mest á þoskveiðum. Á sumum svæðum verður unnt að vega upp tekjutapið að einhverju leyti með aukinni loðnuveiði eða veiðum á stofnum sem ekki eru undir kvóta. Það vegur þó skammt og er ekki til staðar í mörgum byggðum sem verða því fyrir mikilli skerðingu. Þar er veruleg hætta á auknu atvinnuleysi.

Það er afar mikilvægt að gera sér grein fyrir þessari staðreynd og búa svo um hnúta, m.a. við afgreiðslu fjárlaga, að sá skellur verði mildaður svo sem nokkur kostur er.

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu nú en fæ tækifæri til þess að ræða fjárlagafrv. í fjárln. á næstu vikum og mánuðum.

[16:54]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við höfum hér heyrt að hv. varaformaður fjárln. veit hvað það er sem hann vill hafa að markmiðum við afgreiðslu og vinnu í fjárln. Eitt af því sem hann sagði hér áðan var að hann taldi þurfa að hafa það markmið við afgreiðslu fjárlaga að þar væri stuðningur við vísinda- og þróunarstarf. Og ég vil þá spyrja hv. varaformann fjárln., hvar er það skilgreint í þessu fjárlagafrv. hvernig standa á við þau markmið?

[16:56]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr hvar það komi fram. Ég var að sjálfsögðu að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra verkefna sem fram undan eru, en ég tel að fjárlagafrv. geri vissulega ráð fyrir því að styrkja vísinda-, þróunar- og rannsóknastarf og ég held að þau markmið sem koma fram í fjárlagafrv. og í þjóðhagsáætlun sanni það og það sé hægt að finna því rækilegan stað í þeim.

[16:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg ágætt að heyra það að hv. þm. Sturla Böðvarsson er mér sammála um að það þurfi að auka fjárframlög til vísinda- og þróunarstarfa en ég hef ekki getað fundið það neins staðar í þessu frv. eins og ég sagði áðan. Í kaflanum um menntmrn. þar sem ég vísa til þess framlags sem er m.a. til Rannsóknasjóðs og Vísindaráðs og Vísindasjóðs, þá eru hér yfirleitt um nákvæmlega sömu upphæðir að ræða og eru í fjárlögum þessa árs. Það var mikið rætt um það hér á síðasta þingi þær upphæðir sem ættu að fara til þess að auka þessa starfsemi, m.a. með sölu ríkiseigna sem ekki náði fram að ganga, og það er ekki hægt að sjá hér í þessu frv. að neitt sýni að það eigi að styðja eða auka við þessa starfsemi.

[16:58]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ríkisfjármálin og stjórn þeirra munu ráða miklu um hina efnahagslegu framvindu á næsta ári og þess vegna er það deginum ljósara að fjárlögin munu hafa mikil áhrif hér á landi á næstu árum, fjárlagagerðin nú eins og fjárlagagerðin endranær. Að undanförnu hefur fjárlagagerðin mótast af því að við höfum verið að aðlaga okkur að lægri tekjum en við bjuggum við á árunum á undan. Markmið fjárlaganna er auðvitað margþætt, m.a. það að tryggja hér tiltekið efnahagslegt jafnvægi, en ekki síður hitt, sem ég held að skipti kannski hvað mestu máli, að markmið fjárlaganna er í sjálfu sér það að skapa tiltekinn efnahagslegan ramma sem er atvinnulífinu hagfelldur og gerir það að verkum að atvinnulífið sjálft geti eflst og dafnað. Þetta held ég að sé í raun og veru það sem mestu máli skiptir þegar við erum að tala um ríkisfjármálin. Þau hafa ekki í sjálfu sér tilgang að öðru leyti en því auðvitað að við erum með tiltekinn ríkisbúskap og við erum með tiltekna þjónustu á vegum ríkisins, en aðalatriðið er auðvitað það að með ríkisfjármálunum erum við að tryggja það að gangverk atvinnulífsins sem er undirstaða ríkisfjármálanna í reynd verði sem ótruflaðast og sem öflugast.

Það er auðvitað hægt að benda á það að mjög margt hefur verið okkur öndvert upp á síðkastið í efnahagsmálum okkar og þá alveg sérstaklega það að tekjurnar hafa verið að dragast saman. Þrátt fyrir það held ég að sé hægt að benda á með nokkrum rökum að við höfum líka verið að ná verulegum árangri, árangri sem máli skiptir.

Ég vil í þessu sambandi nefna tvö atriði sem undirstrika það sem ég sagði hér áðan að væru grundvallaratriði varðandi ríkisfjármálin sjálf. Það er í fyrsta lagi það að eins og fram kemur hér í greinargerð með fjárlagafrv. og þjóðhagsáætlun þá hefur tekist að stöðva skuldasöfnun við útlönd þó að því miður sé það svo vegna minnkandi landsframleiðslu að hlutfall erlendra skulda af landsframleiðslu hafi farið vaxandi. Hins vegar hitt sem ég held að skipti ekki síður máli og er grundvallandi hagstærð fyrir okkur og það er að lánsfjárþörf hins opinbera, sem er atriði sem menn hafa meira og meira beint sjónum sínum að, hefur verið að dragast saman og minnka ár frá ári allt frá árinu 1991 þegar lánsfjárþörfin nam um 45 milljörðum kr. á núgildandi verðlagi og gerði meira en éta upp allan nýjan, innlendan sparnað hér á landi á því ári. Á næsta ári stefnir í það að þessi lánsfjárþörf verði 23 milljarðar kr. sem er nokkru minna heldur en á þessu ári.

Af hverju nefni ég þetta? Af hverju tek ég þetta hugtak sérstaklega út úr, hina opinberu lánsfjárþörf? Ástæðan er sú að menn hafa horft á þetta og sagt sem svo: Það er hin opinbera lánsfjárþörf, það er þörf og þorsti ríkisins eftir lánsfé sem mun ráða mjög miklu um vaxtastigið í landinu. Vaxtastigið hefur áhrif á kjör og afkomu allra heimila í landinu. Vaxtastigið hefur líka áhrif á stöðu atvinnulífsins og er örugglega grundvallandi þáttur fyrir framvindu atvinnulífsins að öllu leyti.

Ég er þess vegna alveg sammála því að það skiptir afar miklu máli fyrir framvindu efnahagslífsins, ekki síst fyrir atvinnulífið, hvernig til tekst um stjórn ríkisfjármála og hvernig til tekst um það að draga úr hinni opinberu lánsfjárþörf. Út af fyrir sig er það auðvitað rétt að það er ýmislegt sem bendir til þess að hin opinbera lánsfjárþörf, lánsfjárþörf opinberra aðila, hafi minni efnahagslega þýðingu hér á landi en sums staðar annars staðar og það er í sjálfu sér líka rétt að hallarekstur ríkissjóðs hér á landi er hlutfallslega minni en t.d. í OECD-ríkjunum eða Evrópuríkjunum þar sem hallareksturinn er allt að 10% af landsframleiðslu. Það er því í sjálfu sér rétt að þessi þáttur er kannski ekki alveg jafnráðandi um vaxtamyndunina í landinu og

stundum hefur verið látið í veðri vaka. Þetta stafar m.a. af því að við höfum hér á landi mjög veikburða atvinnulíf, atvinnulíf sem er skuldugra en atvinnulíf annarra þjóða almennt talað og þess vegna hefur eftirspurn eftir lánsfé að svo miklu leyti komi fram hjá atvinnulífinu sjálfu. Þess vegna er það mikið öfugmæli þegar menn tala sem svo að þær efnahagslegu skattaráðstafanir, sem gerðar voru á þessu ári og miðuðu að því að styrkja eiginfjárstöðu atvinnulífsins með því að lækka skatta þess, séu eitthvað neikvætt, eitthvað sem menn geti fundið að. Ég held þvert á móti að afnám aðstöðugjaldsins og lækkun tekjuskatta hafi verið mjög veigamikill þáttur í því að tryggja það að lánsfjárþörf atvinnulífsins gæti minnkað að hægt væri að bæta eiginfjárstöðu atvinnulífsins og þannig hafa áhrif á það að hin efnahagslegu skilyrði til vaxtalækkunar yrðu til staðar.

Í mínum huga er það enginn vafi að það sem er neikvæðast í þeirri efnahagslegu þróun sem hefur verið á Íslandi undanfarin allmörg ár er hið háa raunvaxtastig. Og ég er sammála því sem fram hefur komið í athyglisverðri grein eftir Ragnar Árnason prófessor í Háskóla Íslands að til viðbótar við hina ytri efnahagslegu erfiðleika hafi hið háa raunvaxtastig í raun og sannleik orðið til þess að bæði dýpka hina efnahagslegu lægð sem við erum stödd í og framlengja hana. Það er svo eins og hann hefur bent á í athyglisverðri grein í tímaritinu Vísbendingu hinn 6. sept. sl. að þessir háu vextir hafi átt ríkan þátt í því að koma atvinnurekstri á kné og draga úr fjárfestingu einkaaðila. Og hann vekur athygli á því að bæði hafa heildarfjárfestingar á Íslandi dregist saman um fjórðung frá árinu 1987 og það sem er kannski alvarlegast, fjárfestingar ativnnulífsins sjálfs hafa minnkað um hér um bil helming. Síðan segir Ragnar Árnason:

„Jafnframt þessu hefur hávaxtastefnan aukið verulega rekstrarerfiðleika fyrirtækjanna. Augljóst er að hvort tveggja, samdrátturinn í fjárfestingum og rekstrarerfiðleikar fyrirtækjanna, hefur dregið verulega úr eftirspurn úr hagkerfinu og þar með umsvifum í þjóðarbúskapnum."

Það er mitt mat að nú séu til staðar mjög miklar og ríkar efnahagslegar forsendur til mikillar vaxtalækkunar hér á landi og ég ætla að nefna í þessu sambandi fimm atriði sem að mínu atriði skipta mjög miklu:

1. Eins og ég hef þegar rakið, þá hefur tekist á undanförnum tveimur árum og gott betur að draga svo úr lántökuþörf hins opinbera að hún er núna um helmingur af því sem hún var á árinu 1991. Þarna hefur auðvitað verið stigið hvað mikilvægasta skrefið til þess að skapa forsendur til verulegrar vaxtalækkunar í landinu.

2. Hér ríkir samdráttur í efnahagslífi. Það er engin hætta á þenslu núna eins og var t.d. á árunum 1987 eða 1988 vegna þess að tekjurnar hafa verið að dragast saman. Og þess vegna er engin hætta á því þó það verði veittur einhver slaki á peningamálastjórninni með því að lækka vexti verulega, þá mun það ekki kalla á neina efnahagslega þenslu. Það mun ekki leiða til þess t.d. að hér hefjist gegndarlaus ótímabær innflutningur.

3. Raungengi íslensku krónunnar er núna lægra heldur en það hefur verið mjög lengi. Er hér auðvitað um að ræða mjög mikilvæga vísbendingu um samkeppnisstöðu atvinnulífsins, sjávarútvegsins, iðnaðarins, samkeppnisgreinanna, en hér er hins vegar ekki um að ræða nægjanlega forsendu vegna þess að ýmsar ytri aðstæður eru okkur mjög óhagstæðar.

4. Sem betur fer hefur tekist að vinda svo ofan af viðskiptahallanum að hann er minni núna heldur en hann hefur verið um margra ára skeið. Og vöruskiptajöfnuðurinn, þ.e. sambland útflutnings og innflutnings, vöruskiptajöfnuðurinn núna er okkur hagstæðari heldur en hann hefur verið um mjög langt árabil og þess vegna er það svo að áhyggjur okkar af því að lægri vextir kalli á mikinn innflutning eru tilefnislausar.

5. Eins og fram hefur komið í máli nokkurra annarra ræðumanna hér áðan erum við með minni fjárfestingu núna sem hlutfall af landsframeiðslu heldur en við höfum þekkt árum saman. Ég tel að það sé engin ástæða til að setja beint samband á milli fjárfestinga og lífskjara í landinu. Við vitum auðvitað um það að við Íslendingar höfum fjárfest í gegnum tíðina meira á löngum tímum en aðrar þjóðir án þess að það hafi skilað okkur samsvarandi bata í okkar efnahagslífi. Við höfum auðvitað gert okkar efnahagslegu fjárfestingarmistök og við höfum bundið meira af fjárfestingum okkar, t.d. í húsnæði, sem ekki hefur skilað auknum arði inn í okkar efnahagslíf umfram aðrar þjóðir, þannig að í sjálfu sér má ekki setja beint samband á milli fjáfestinga og batnandi eða versnandi lífskjara. En engu að síður er það svo að þessar litlu fjárfestingar, sem við erum með núna, eru auðvitað komnar niður í svo alvarlegt lágmark að það hlýtur að hafa afgerandi áhrif á lífskjör okkar til lengri tíma litið.

Ég hef heyrt þeim rökum fleygt að ástæðan fyrir því að hér séu háir vextir sé sú að bankakerfið í landinu hafi orðið að afskrifa mikið fé vegna tapaðra útlána. Það er rétt. Bankakerfið í landinu hefur þurft að afskrifa meira fé undanfarin ár en áður vegna tapaðra útlána þótt þær afskriftir séu verulega minni en t.d. á Norðurlöndunum. En hins vegar er það þannig að reynsla annarra þjóða bendir einfaldlega til þess að lægri vextir muni þvert á móti bæta hag útlánakerfisins, bankakerfisins í landinu. Það er mjög fróðlegt og mjög eftirtektarvert að rifja það upp sem fram kom í frétt í Morgunblaðinu núna í haust að einmitt lægri vextir í sænska bankakerfinu hafi haft mest að segja um það að hagur þess hefur farið batnandi á síðustu mánuðum og menn hafa þar verið að snúa miklu tapi í hagnað að nýju. Það er örugglega rétt sem fram hefur komið hjá mjög mörgum að okkar fjármagnskerfi er fábrotið, okkar fjármagnskerfi er á margan hátt ólíkt því sem gerist hjá öðrum þjóðum. Menn hafa sagt sem svo að einmitt vegna þess hve fjármagnskerfið er fábrotið og að sumu leyti vanþróað þá tekst okkur ekki að færa hér niður vextina.

Ég hef hins vegar leyft mér að halda því fram áður að einmitt það hversu fjármagnskerfið er fábrotið og að sumu leyti vanþróað gerir það að verkum að það er auðveldara að færa niður vexti og lækka vexti hér á

landi heldur en víða annars staðar. Menn tala stundum um þennan fjármagnsmarkað sem eitthvað óskilgreinanlegt stærðarinnar fyrirbrigði sem erfitt sé að ná utan um. Þannig er þetta auðvitað hjá milljónaþjóðfélögunum en hvernig er þetta hjá okkur? 40% af öllu lánsfé í landinu er í eigu lífeyrissjóðanna. Hverjir ráða þeim? Eru það ekki hinir sömu í veigamestu atriðum sem kallast aðilar vinnumarkaðarins og hafa verið að biðja um vaxtalækkun? Hverjir eru aðrir aðilar að þessum fræga fjármagnsmarkaði? Það eru í öðru lagi bankarnir, sparisjóðirnir og að hluta til þar með ríkisbankarnir. Og loks er það auðvitað ríkisvaldið sjálft með því að vera stærsti einstaki lántakandinn á innlendum fjármagnsmarkaði. Þetta finnst mér benda til þess að vandi okkar við það að lækka vexti eftir að vera búin að skapa hin efnahagslegu skilyrði eins og gert hefur verið með traustri og góðri fjármálastjón undanfarinna tveggja ára hefur auðvitað gert það að verkum að möguleikar okkar á því að lækka vexti verulega og tafarlaust eru núna fyrir hendi miklu ríkari heldur en oftast nær áður. (**Gripið fram í:** Samt hækka þeir alltaf.) Og samt hækka þeir alltaf. Hver er ástæðan? Hún er einfaldlega þessi: Þeir sem ráða yfir peningunum í landinu og tala í öðru orðinu um mikilvægi þess að lækka vexti, ekki síst fulltrúar lífeyrissjóðanna, hafa auðvitað ekki staðið við það að vilja lækka vextina eins og eðlilegt er og ég tel að allar efnahagslegar forsendur séu til staðar til að gera. (**SvG:** Ert þú á móti kapítalismanum?) Alls ekki. Hér greip fram í fulltrúi einkavæðingarinnar sem hefur mjög flutt þann málstað í þingsölunum. Ég held að menn þurfi að átta sig á því hvert raunvaxtastigið í landinu er hjá öllum almenningi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn átti sig á því að sú raunvaxtalækkun, sem nauðsynleg er og ég hef verið að tala mjög ákveðið fyrir, þarf að gerast bæði hratt og hún þarf að gerast með trúverðugum hætti. Ég tel að það sé mjög raunhæft markmið vegna þeirra aðstæðna, þeirra ágætu efnahagslegu forsendna, sem ég hef rækilega rakið að raunvextir lækki á mjög skömmum tíma um 3%. Hvaða staða er uppi samt sem áður í landinu eftir 3% raunvaxtalækkun? Almenningur í landinu sem fer í banka á möguleika á að fá lán, skuldabréfalán með verðtryggðum kjörum og raunvöxtum sem eru á bilinu 9–10%. Þriggja prósentustiga lækkun á raunvöxtum í landinu gerði það samt sem áður að verkum að raunvextir væru enn þá á milli 6 og 7%.

Það sjá auðvitað allir að þetta háa raunvaxtastig getur ekki gengið og það er ekki bara um að ræða hagsmuni einstaklinganna og atvinnulífsins, það er ekki síður um að ræða hagsmuni ríkissjóðs sjálfs. Það hefur komið fram og kemur fram í fjárlagafrv. að eins prósentustigs lækkun á raunvöxtum þýðir 800 millj. kr. í betri afkomu á ríkissjóði. Þetta eru hin beinu áhrif. Hin óbeinu áhrif, sem mundu verða sjálfkrafa með raunvaxtalækkun, mundu efla og örva atvinnulífið og hefðu líka áhrif á jákvæðan hátt fyrir ríkissjóð sjálfan.

Virðulegi forseti. Ég hef eins og aðrir kosið að ræða ekki einstök efnisatriði þessa fjárlagafrv., ég tel að það sé eðlilegra að það bíði bæði vinnu fjárln. og 2. umr. fjárlaga. Ég hef hins vegar fjallað um þann efnahagslega ramma sem ríkisfjármálin eru og hefur mikla þýðingu fyrir atvinnulífið og einstaklingana. Ég tel að eitt markmið ríkisfjármála sé, eins og ég nefndi áðan, að tryggja efnahagslegt jafnvægi og skapa atvinnulífinu og þar með einstaklingunum rekstrarlegan grundvöll og það verður ekki síst gert með því að ríkisfjármálin séu trúverðug og að þau skapi skilyrði til raunvaxtalækkunar. Ég tel að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi með ágætri fjármálastjórn ríkisfjármálanna skapað þessi skilyrði eins og ég hef þegar rakið og með því að vinna öflugt starf á þeim grundvelli séu forsendur til þess að lækka mjög verulega vexti í landinu.

[17:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að fagna þessari ræðu stjórnarsinna sem talaði svo ákveðið fyrir vaxtalækkun og tók meira að segja upp úr grænni bók okkar framsóknarmanna orðrétt þar að það væri raunhæft að lækka vextina um 3 prósentustig. Það er því miður svo eins og ræðumaður leiddi rök að að í okkar þjóðfélagi í dag er ekki hægt að finna nokkurt rökrænt orsakasamhengi á milli hárra vaxta eins og þeir eru núna og efnahagsstærða í þjóðfélaginu. Vextirnir virðast ráðast annars vegar af kerfisforsendum þar sem við höfum lánskjaravísitöluna sem mælir öll áhrif gengisfellingar, mælir hækkun á kaffi og sykri í innflutningi, upp í hækkun vaxta.

Í öðru lagi búum við við það kerfi að þar er nánast sjálftaka vaxta, eða eigum við að nota annað orð um það, fákeppni. Þessu verður að breyta. Það er ekki viðunandi eins og verið hefur síðustu vikurnar að vextir hafa verið á bilinu 15–20% því nafnvextir á hverjum tíma eru raunvextir fyrir þá sem enga tekjuhækkun fá og svo er um heimilin í landinu og svo er um meiri hlutann af atvinnulífinu.

Einn góður maður, reyndar Vestfirðingur og stendur ekki langt frá hv. þm. Einari Guðfinnssyni í pólitík, fyrrv. formaður Vinnuveitendasamands Íslands, hefur sagt að það verði að lækka vextina með því handafli sem heldur þeim uppi núna. Það held ég að sé stóra málið. Á sama hátt og þeir eru þvingaðir upp, þeim er haldið uppi með handafli, þá er hægt að lækka þá.

[17:19]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagði að ég hefði tekið töluna um raunvaxtalækkun úr grænni bók Framsfl. Ég vil leyfa mér að halda því fram að það hafi verið öfugt en hitt er auðvitað ekkert nýnæmi fyrir mig þessar vikurnar og mánuðina að vera sagður hafa pólitískan skyldleika við þann ágæta stjórnmálaflokk. Ég er alveg sammála hv. þm. um það að við þurfum að ná niður vöxtunum — og ég held að það hafi verið orð nafna míns Einars Odds — með því afli sem heldur þeim uppi í dag. „Með því afli" held ég raunar að hafi verið óbreytt orð Einars Odds Kristjánssonar og ég held að við höfum til þess mörg tækifæri og tæki. Við höfum að sjálfsögðu t.d. það að Seðlabanki Íslands getur auðvitað ruðst inn

á markaðinn og keypt ríkispappíra á lægri vöxtum en tíðkast í dag. Auðvitað er hægt að gera það með einhverjum slíkum brögðum. Að sjálfsögðu, eins og ég var að leiða rök að hér áðan, er þessi frægi fjármagnsmarkaður ekki þetta óskilgreinanlega, flókna, stóra fyrirbrigði sem menn hafa stundum látið í veðri vaka. Þetta eru ekki samtöl mjög margra manna sem satt að segja þurfa að eiga sér stað, fulltrúa lífeyrissjóðanna, nokkurra banka og ríkisvaldsins. Ég held að það væri auðvitað það eðlilegasta, menn mundu einfaldlega eins og rætt var um í kjölfar þjóðarsáttarinnar hinnar fyrri, fara í það með þeim hætti að tala sig saman um að lækka þessa vexti því það sér hvert einasta mannsbarn að þetta gengur ekki, hvorki fyrir heimilin, atvinnulífið né ríkissjóð í þessu landi.

[17:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bið hv. þm. afsökunar á því að hafa ætlað honum að taka þessa tölu upp úr plöggum Framsfl., ég áttaði mig ekki á því að auðvitað hugsar hann bara eins og við hinir framsóknarmennirnir. Auðvitað er það rétt að menn verða að ganga í það að lækka vextina og þar verður m.a. ríkisstjórnin að ganga í það verk að afnema lánskjaravísitöluna sem er eins og við vorum rækilega minnt á í sumar sem leið að hún hefur snúist í andhverfu sína og er orðin tæki til þess að spinna verðbólguna upp undir ákveðnum kringumstæðum. Ég vona að hv. þm. flytji þessa ræðu oft og hátt niðri í þingflokksherbergi Sjálfstfl. og á landsfundinum og við sjáum einhvern árangur á næstunni varðandi vaxtamálin.

[17:22]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef afar þykkan skráp en ég verð að játa að það gengur nokkuð nærri mér þegar ég er oft kallaður framsóknarmaður á hverjum degi. En hitt er það að þessar hugmyndir mínar eru kannski ekki nýjar af nálinni hvað mig áhrærir a.m.k., ég hef sjálfur skrifað um þessar hugmyndir og rökstutt þær í blaðagrein, m.a. í Morgunblaðinu, að vísu ekki með mjög mörgum orðum, og þar hefur sjálfsagt Framsfl. fengið þessa hugmynd. Þannig að ég mun auðvitað halda því bara áfram af því að ég vil vera sjálfum mér samkvæmur og tala fyrir þessu máli þar sem ég tel það vera viðeigandi og það verður sjálfsagt á landsfundi Sjálfstfl. eins og hvarvetna annars staðar.

[17:23]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hljómar auðvitað eins og brandari þegar maður hlustar á hv. þm. Einar K. Guðfinnsson halda því fram að ríkisfjármálastjórnin hafi verið svo traust undanfarin tvö ár að lagður hafi verið grunnur að því að vextir geti lækkað í landinu enda talaði þingmaðurinn sig frá því og sagði að það yrði að gera þetta með handafli. Þegar því er haldið fram að fjármálastjórnin sé traust þá verða menn að hafa það í huga að ríkisstjórnin lagði fram fjárlagafrv. fyrir árið 1992 sem gerði ráð fyrir 4 milljarða kr. halla en var með 7 milljarða kr. Árið 1993 átti hallinn að verða 6 milljarðar kr. Hann stefnir í það að mati Ríkisendurskoðunar að verða 12 milljarðar kr. Nú er lagt fram fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir 10 milljarða kr. halla og menn segja: Jú, við erum enn að reyna að nálgast raunveruleikann. En sennilega hafa menn aldrei verið fjær því en einmitt nú að nálgast raunveruleikann því þegar menn lesa í gegnum frv. þá gæti alveg eins stefnt í 20 milljarða kr. halla á árinu 1994 ef ekki verða gerðar verulegar breytingar á frv.

Þannig að það er mjög langt frá því, hv. þm. Jóhannes Geir, að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson hugsi eitthvað líkt og við framsóknarmenn ef hann telur að þetta sé ábyrg fjármálastjórn.

[17:24]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir verst af öllu ef ég hef komið af stað leiðindum í Framsfl. Það er hins vegar deginum ljósara að með þeirri ríkisfjármálastefnu sem framfylgt hefur verið undanfarin ár hefur okkur tekist það sem skiptir afar miklu máli og ég gerði að miklu umtalsefni raunar í minni ræðu og er það að tekist hefur að draga úr hinni opinberu lánsfjárþörf um helming og það auðvitað skiptir öllu máli þegar við erum að fara í þá vinnu sem þarf að leiða til verulegrar raunvaxtalækkunar í landinu. Munurinn á stefnu minni og stefnu Framsfl. er auðvitað sá að framsóknarmenn hafa lagt fram hugmyndir eða stóðu að því í síðustu ríkisstjórn að lækka vexti á ríkispappírum án þess að gera nokkrar aðrar ráðstafanir. Það hafði þær afleiðingar í för með sér að ríkispappírarnir voru að vísu skráðir á lægri vöxtum en þeir einfaldlega seldust ekki. Það er munurinn á þeirri stefnu sem ég hef verið að halda fram og þeirri stefnu sem Framsfl. hefur verið að halda fram, að ég hef sagt sem svo að til þess að þetta megi takast þá þurfi í fyrsta lagi að vera til efnahagslegar forsendur. Þær hafa verið skapaðar með traustri fjármálastefnu þessarar ríkisstjórnar. Í annan stað hitt að ég hef auðvitað verið að benda á það að fjármagnsmarkaðurinn hér á landi er svo fábrotinn og vanþróaður að það er tiltölulega auðvelt að tryggja það að gefnum ákveðnum efnahagslegum forsendum að hann verði til þess að hér lækki vextir. Það er stefna sem ég var að tala fyrir. Nú hefur það sem sagt komið á daginn að Framsfl. vill fara að eigna sér þetta en þá verður auðvitað að þvo þennan fortíðarvandastimpil af sér sem þeir skópu sér sjálfir vorið 1991 þegar þeir með óábyrgum hætti lækkuðu vexti á ríkispappírum án þess að gípa til nokkurra annarra efnahagslegra úrræða.

[17:26]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg sama hvernig á það er litið, það er ekki hægt í neinum tilfellum að tala um ábyrga ríkisfjármálastefnu þegar menn hafa hallatölur fjárlaganna í huga. Hins vegar, hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, það sem þessari ríkisstjórn hefur tekist hefur henni tekist með sífelldum skattahækkunum hvort sem menn tala þar um beinar skattahækkanir eða aukin þjónustugjöld sem eru ekkert annað en skattahækkanir þar sem menn eru þvingaðir til að borga gjöldin. Þá hefur þessari ríkisstjórn

tekist það að skerða þannig lífskjörin, skera niður, koma þannig á vítahring samdráttar í samfélaginu sem veldur því að það er minni fjárfesting hér, eins og menn eru búnir að koma inn á, heldur en nokkru sinni fyrr sem skerða lífskjörin, eins og hv. þm. sagði áðan, þegar til lengri tíma er litið. En til skemmri tíma litið eykur þetta ríkisútgjöldin vegna vaxandi atvinnuleysis og það er það sem þessi ríkisstjórn er búin að binda sig í, þennan vítahring samdráttar og efnahagslegrar stöðnunar og heldur áfram með þessu fjárlagafrv.

[17:28]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf náttúrlega ekki annað en að líta á það fjárlagafrv. sem hér er verið að ræða og fjárlögin frá síðasta ári til þess að sjá það að tekjur ríkisins á milli ára eru að dragast saman þannig að þetta er auðvitað alrangt sem hv. þm. var að halda fram í sínu máli.

Í annan stað hitt, þá vita það náttúrlega allir og hv. þm. Finnur Ingólfsson ætti að vita það a.m.k., þá hefur núv. hæstv. ríkisstjórn verið að stórauka fjárfestingarframlög ríkisins, bæði í vegamálum og ýmsum öðrum málum beinlínis til þess að treysta atvinnuna í landinu. Þess vegna er það alveg fráleitt þegar hv. þm. segir það að sú stefna í ríkisfjármálunum hafi orðið til þess að dýpka kreppuna og framlengja hana og draga úr fjárfestingu því fjárfestingunum hefur þó verið haldið uppi með þessum hætti. Ég hef hins vegar verið að halda því fram að nú sé komið lag til þess vegna ábyrgrar ríkisfjármálastefnu hæstv. ríkisstjórnar að lækka vexti mjög verulega. Hv. þm. hefur aldrei í sínu máli andmælt því að þetta lag sé til staðar. Hins vegar fór hann með þessa gömlu plötu Framsfl. að það sé eina leiðin til þess að skapa hér líf að nýju í þessu þjóðfélagi að það eigi að taka erlend lán. Það væri fróðlegt ef hv. þm. mundi upplýsa okkur um það hvaða leið aðra Framsfl. hefði viljað fara að þessu. Hefði Framsfl. viljað taka aukin erlend lán, hækka skatta eða skera eitthvað annað niður? Það hefði verið fróðlegt að heyra það í andsvari hans áðan.

[17:29]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur mikil umræða farið fram um frv. til fjárlaga. En fjárlög eru að sjálfsögðu stýritæki í fjármálum ríkisins. Það stýritæki hefur augljóslega verið mjög bilað undanfarin tvö ár eins og hér hefur mjög greinilega komið fram í umræðunum. Menn tala hér mikið um trúverðuga stefnu í ríkisfjármálum og það er einmitt á bls. 245 í fjárlagafrv. sérstakur kafli um það sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Lykilatriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fylgt verði trúverðugri stefnu í ríkisfjármálum þar sem markvisst verði dregið úr halla ríkissjóðs á næstu árum án þess að hækka skatta.

Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að hallinn á ríkissjóði á árinu 1994 verði umtalsvert minni en 1993. [Og þykir engum mikið.] Þessu marki verður náð með lækkun ríkisútgjalda en ekki skattahækkunum."

Þetta er ekki rétt því allir verða varir við skattahækkunina og hún er hér bæði leynt og ljóst í þessu frv. Síðan er áfram fjallað um þetta, hver lykillinn sé í þessu máli að ná trúverðugri stefnu í ríkisfjármálum. Það er alveg öruggt mál að ríkisstjórnin er ekki með rétta lykilinn og í frv. er ekki ljóst hvernig eigi að framkvæma ýmsa liði. Það er einmitt það sem fólkið í landinu spyr að. Hvernig á að framkvæma? Vegna þess að við höfum áður fengið slík fjárlög og það hefur ýmislegt komið fram í þeim sem er óframkvæmanlegt. Þess vegna er það sem brennur á mönnum hvernig eigi að framkvæma ýmsa liði fjárlaga. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. um það einmitt. Það minnir mig á að það var einhver ræðumaður sem sagði hér í umræðu um stefnuræðu forsrh.: „Við lifum á tímum sem stöðugt koma á óvart." Það voru orð að sönnu því þessir tímar sem við lifum á koma stöðugt á óvart.

En mig langar sem sagt að spyrja hæstv. fjmrh. hvernig eigi að framkvæma ýmsa liði fjárlaga. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig hann hafi hugsað sér hinn nýja meðferðarskatt varðandi vímuefnaneytendur? Ég sé hér að það á að ná 17,5 millj. kr. frá þessum aðilum. Ég hef kynnt mér þessi mál töluvert og það vill nú svo til að þeir sem neyta þessara efna eru því miður að stórum hluta til mjög ungt fólk. Ég fór einmitt á stofnun ekki alls fyrir löngu þar sem 30 sjúklingar voru á slíkri meðferðarstofnun og algengasti aldurinn var 15–18 ára. Ég spyr: Hvernig er ætlast til að þessir aðilar greiði fyrir sig? Og þeir sem eldri eru hafa lifað lengi í þessari óreglu og eiga einfaldlega ekki neina peninga. Mig langar líka að spyrja að því varðandi hin nýju heilsukort hvort þessir aðilar eigi líka að borga heilsukortin. Mig langar líka að fá nánari útfærslu á þessum heilsukortum.

Það er fleira sem mig langar að spyrja um. Mig langar að spyrja hvernig gengur að semja við sveitarfélögin um rekstur dagheimila sjúkrastofnana. Það kom fram í umræðu fyrir nokkrum dögum að hæstv. heilbrrh. taldi að hann væri farinn að ræða við sveitarfélögin um þessi mál en ég hef kynnt mér það síðan að a.m.k. þau sveitarfélög sem hann sérstaklega tilgreindi að hann væri farinn að semja við hafði hann þá ekki haft samband við. En nú spyr ég: Hvernig standa þessar viðræður? Það þarf ekki að orðlengja það að mikil óvissa ríkir á mörgum heilbrigðisstofnunum og ef þessum dagheimilum verður lokað, sem ýmislegt bendir til, þá loka líka margar deildir sjúkrahúsanna því þær verða ekki færar um að hafa opið vegna skorts á sérhæfðu starfsfólki.

Mig langar líka að spyrja að því hvað menn hafi hugsað sér varðandi lokun á ýmsum sýsluskrifstofum á landinu. Það er greinilegt ef maður lítur hér yfir fjárlagafrv. að það er ætlast t.d. til að það sé lokað í Borgarnesi. Þar eru aðeins áætlaðar 9 millj. kr. fyrir allt árið sem mér sýnist að dugi til að reka sýsluskrifstofuna í tvo mánuði. Það skýtur nú svolítið skökku við að á sama tíma og verið er að tala um að flytja ríkisfyrirtæki út á land og nýbúið er að koma með tillögur þar að lútandi þá er verið að taka ákvörðun um að loka öðrum. Og ef það fer sem horfir að það verði t.d. lok-

að í mínu kjördæmi, það má víst ekki tala um sitt kjördæmi lengur hér því það eru víst sérhagsmunir, þá er þjónustu almannatrygginga þannig háttað að fólk verður að keyra allt að 150–200 km til að nálgast þessa þjónustu. Og til að menn glöggvi sig á hvað fer fram á slíkum skrifstofum þá eru það allar bætur, allar almannatryggingabætur sækir fólk, svo sem ellilífeyri, meðlög, mæðralaun, örorkulífeyri, slysabætur og sjúkradagpeninga. Allar þinglýsingar fara þar fram sem eru í hundraðatali á hverri skrifstofu fyrir sig. Útgefin leyfi eins og vegabréf, meistarabréf, ökuskírteini o.s.frv. Þetta þekkir ráðherra mætavel. Nú er sem sagt verið að loka nýbyggðu skrifstofuhúsnæði. Það er nú svo einkennilegt að þar sem verið er að loka þar eru víðast hvar hallir sem búið er að byggja yfir þessar skrifstofur. En nú á engin þjónusta að fara þar fram nema eitthvað sé í farvatninu sem ekki hefur verið skýrt hér. Fólk bíður eftir að fá svör við þessum spurningum. Þetta skiptir verulegu máli. Þjónustustig úti á landi mun lækka. Ég gæti trúað því að ef fer fram sem horfir þá getum við alveg eins átt von á því að eftir nokkur ár að öll þessi þjónusta fari fram á Stór-Reykjavíkursvæðinu og þessar hallir verði tómar sem verið er að byggja um allt land.

Það eru þessar spurningar sem brenna á mönnum í dag og auðvitað margar fleiri. Menn hafa hér rætt mikið um vaxtastigið og auðvitað er það það þyngsta fyrir atvinnulífið hversu vaxtastigið er hátt. Það er nú merkilegt að heyra það enn þá einu sinni, maður heyrði þessa sögu fyrir ári síðan, að vextir væru að lækka. Og meira að segja var nákvæmlega sagt frá því að eftir hálfan mánuð mundu vextir lækka um 1%, það var sagt hér fyrir ári síðan. Það hefur ekki gengið eftir og mér sýnast engin teikn á lofti að það sé að gerast. En meðan almenningur á að sýna skilning þá sýna þeir sem skammta sér launin sjálfir engan skilning. Þeir sem tala fyrir hönd stjórnarinnar minna menn stöðugt á Færeyjar og svei mér þá ef það verða ekki örlög þeirra manna sem stýra hér stærstu bankastofnununum og Þjóðhagsstofnun og Byggðastofnun o.s.frv. að fara á nýju jeppunum niður hengiflugið. En ég vona að það fari að koma svör við þessum spurningum sem brenna á fólki varðandi það hvernig eigi að útfæra þessa ýmsu pósta sem eru í fjárlagafrv.

[17:40]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Umræðan um efnahagsmálin hefur verið í ákveðnum farvegi á undanförnum árum. Fyrst var deilt um vandann, hvort við vanda væri að etja eða ekki og hver þá vandinn væri. Síðan var deilt um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar, þar næst um framkvæmdir ríkisstjórnarinnar og núna er deilt um árangur ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** Hann er enginn.) Það er einungis hjáróma rödd hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem gerir lítið úr þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í dag. Hann hefur borið það á borð fyrir okkur að aukning á landsframleiðslu um 0,5% þýði það við eigum ekki við vanda að etja. Hann veit það hins vegar jafn vel og við hin að þjóðarframleiðsla eykst ekki vegna þess hversu vaxtajöfnuður er okkur óhagstæður. Og hann hefur átt sinn þátt í því að skapa þann ójöfnuð. Hann veit það líka eins vel og við að þjóðartekjur lækka um tæplega 2% á þessu ári en þjóðartekjurnar eru reiknaðar þegar búið er að taka tillit til viðskiptakjara af þjóðarframleiðslunni. Það er sú tala sem við sláum striki undir og það er sú tala sem segir okkur hversu mikið við höfum milli handanna. Það er staðreynd að sú tala hefur ekki verið lægri síðan árið 1986 og þjóðartekjur hafa lækkað ár frá ári frá árinu 1991. Það er deilt um árangurinn og það er ágætt að það skuli vera deilt um árangur. Því væntanlega fer það ekki fram hjá neinum að skuldasöfnun Íslendinga erlendis hefur verið stöðvuð. Það þýðir að við erum ekki lengur á þeirri sömu leið og frændur okkar Færeyingar hafa því miður orðið að fara. Verðbólga hér á landi er nú svipuð og í Evrópu og horfur eru á að hún verði á næsta ári minni en í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Raungengi íslensku krónunnar er lægra en það hefur verið í hálfan þriðja áratug. Það hefur gerst án þess að verðbólgan hafi farið úr böndunum. Viðskiptahallinn má teljast viðunandi miðað við það tekjutap sem þjóðin hefur orðið fyrir. Viðskiptahallinn er í dag í þeirri tölu að erlendar skuldir þjóðarinnar aukast ekki vegna hallans. Þetta er mikilsverður árangur.

Það verður hins vegar að viðurkennast að okkur hefur ekki tekist að minnka ríkissjóðshallann eins mikið og við hefðum óskað. Ástæðan fyrir því er það tekjutap sem þjóðarbúið hefur orðið fyrir. Að hluta til má rekja það tekjutap til þess að viðskiptahallinn er nú viðráðanlegri en skattakerfi okkar byggist að miklu leyti á veltusköttum þannig að mikill viðskiptahalli og mikil erlend skuldasöfnun hefði leitt til meiri tekna fyrir ríkissjóð. Ríkissjóðshallinn á einnig rætur sínar að rekja til þess að við höfum varið miklum fjármunum, milljörðum kr., til að halda aftur af atvinnuleysinu. Það verður líka að viðurkennast eins og fram hefur komið í umræðunni í dag að vextir eru of háir. En þeir hafa þó lækkað frá því sem var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Að hluta til eru þessir vextir of háir vegna ríkissjóðshallans og að hluta til vegna ófullkomleika hins íslenska fjármagnsmarkaðar. Ég vil einnig nefna að fjárfesting í þjóðfélaginu er of lítil. Til lengri tíma litið mun fjárfesting af þessari stærð ekki standa undir 3% meðalhagvexti. En hvað er það sem stendur á bak við þann árangur sem ég hef hér rætt? Á bak við árangurinn í lágri verðbólgu er aukið frjálsræði í viðskiptum og aukin samkeppni í verslun en þar á hafa orðið miklar breytingar á síðustu 10 árum. Þar stendur einnig að baki aukinn skilningur verkalýðshreyfingarinnar á því að verðmætaaukning þarf að liggja að baki kjarabótum. Þar stendur einnig að baki fastgengisstefna ríkisstjórnarinnar. Á bak við þann árangur að minnka viðskiptahallann og stöðva erlenda skuldasöfnun standa raunhæfir kjarasamningar, raunhæfar leiðréttingar á gengi, minni einkaneysla og minni fjárfesting. En eins og ég hef nefnt leiðir minni viðskiptahalli óbeint til þess að halli er meiri á ríkissjóði. Ríkisstjórnin hefur þurft að greiða fyrir raunhæfa kjarasamninga með fé úr ríkissjóði og samneyslan hefur aukist.

Aukinn halli á ríkissjóði leiðir til meiri lánsfjárþarfar, hærri vaxta og minni fjárfestinga. Verkefnið sem við stöndum frammi fyrir er því augljóst. Við þurfum að draga úr ríkissjóðshallanum frá því að útgjöld ríkisins náðu hámarki, í kringum 120 milljarða kr., á árinu 1991. Þetta þurfum við að gera án þess að auka skatta. Við þurfum að auka þannig svigrúm til að lækka vexti og auka fjárfestinguna og auka hagvöxtinn. Frv. ríkisstjórnarinnar er skref í þessa átt. Og frá forsendum þess megum við ekki hvika nema í eina átt og það er til lækkunar útgjalda. Tillögur til útgjaldalækkunar verða þó að vera raunhæfar, þær verða að fela í sér sparnað og vera rökstuddar en ekki sýndarmennskan ein sem síðan mun leiða til ófyrirséðs ríkissjóðshalla. Tillögurnar verða að fela í sér útgjaldalækkun en ekki skattahækkun. Þegar við neyðumst til að skerða þjónustu þá verður sú skerðing að koma jafnt niður á alla að öðrum kosti verður ekki sátt um skerðinguna, að öðrum kosti verður ekki sátt um sparnaðinn. Útgjaldalækkunin má ekki eyðileggja þá starfsemi sem við þurfum á að halda í stjórnkerfinu og í velferðarkerfinu, starfsemi sem yrði dýrara að endurreisa þegar frá líður og við þyrftum að nota dýrmætan hagvöxt sem við erum nú að berjast fyrir til þeirrar endurreisnar. Það má ekki eiga sér stað að við eyðileggjum eitthvað sem síðar mun verða okkur dýrara að endurreisa og valda því að við getum ekki nýtt þann hagvöxt sem við sköpum forsendur fyrir. Það eru þingmenn stjórnarliðsins sem fyrst og fremst bera ábyrgð á því að þetta sem ég hef hér lýst gangi eftir.

Því miður uppfylla ekki allar fyrirætlanir hinna ýmsu ráðherra þessi skilyrði sem ég hef gert að umræðuefni. Dæmi um þetta eru fyrirætlanir dómsmrh. um sameiningu sýslumannsembætta. Fyrir þessum tillögum liggur enn sem komið er enginn tölulegur rökstuðningur. Þvert á móti benda allar tölur sem birtar hafa verið til þess að sparnaður verði ekki af þessum tillögum. Svo virðist jafnvel sem dómsmrh. hafi heldur ekki mikla trú á tillögum sem þessum því hann hefur ekki gert tillögu um það að jafnt verði látið yfir alla ganga og að sameining embætta í hans eigin kjördæmi verði gerð á sama hátt og í öðrum kjördæmum þar sem hann hefur lagt til sameiningu. Þar á ég við að hann hefur ekki lagt til að sýslumannsembættin á Selfossi og Hvolsvelli væru sameinuð, en það væri auðveldlega hægt að færa rök fyrir því að sú sameining mundi fela í sér sparnað með þeim tölum sem þegar hafa birst í umræðunni um þetta mál. En ef ráðherrann hefur einhverjar tölur um þennan tölulega sparnað þá vil ég biðja hann um að koma þeim sem fyrst á framfæri. Þessar tölur er ekki að finna í greinargerð frv. og fjárln. hefur þegar hafið meðferð þessa máls og því brýnt að hún fái öll gögn sem liggja að baki tillögunum til meðferðar.

Hæstv. heilbrrh. hefur verið afar umdeildur á síðustu dögum, vikum og mánuðum. Má eiginlega segja að það sé einungis flokksbróðir hans í Seðlabankanum sem hafi ýtt heilbrrh. út af sviðinu í þessu efni núna síðustu dagana. Það er svo sem allt í lagi að ráðherrar séu umdeildir og að störf þeirra og fyrirætlanir séu umdeildar, ef það er von á því að störfin beri árangur eins og virðist hafa gerst hjá hæstv. fyrrv. heilbrrh., sem var afar umdeildur, en tölurnar virðast sýna að hann hafi náð einhverjum sparnaði í heilbrigðiskerfinu á sinni tíð. En þetta virðist ekki vera alveg ljóst hjá núv. hæstv. heilbrrh. því það hefur komið fram í umræðum í þinginu að tölulegur rökstuðningur fyrir lokun Gunnarsholts sé allavega vafasamur ef ekki beinlínis rangur.

Og önnur fyrirætlan ráðherrans er afar óljós en það eru hin svokölluðu heilsukort. Um hvers konar gjald er hér að ræða? Er hér um skatt að ræða eins og stjórnarandstaðan hefur haldið fram eða er þetta markaður tekjustofn eins og ráðherrann segir sjálfur? En hvert var verkefni heilbrrh.? Var það að finna upp og leggja á nýja skatta? Nei, það var ekki verkefni ráðherrans. Eða var verkefni ráðherrans að finna upp nýja markaða tekjustofna? Ég dreg það mjög í efa. Ef ráðherrann væri með grundvallarbreytingar í heilbrigðiskerfinu á prjónunum og heilsukortin væru hluti af slíkum breytingum þá væri ástæða til þess að fjalla meira um þær í greinargerð fjárlagafrv. en sem nemur svona 5–10 línum. Ef það væri um þá breytingu að ræða að taka upp þjónustugjöld, auka kostnaðarþátttöku neytenda þjónustunnar, þá ætti að gera grein fyrir því í frv. á þeim forsendum, en það er ekki heldur gert. Það er því nauðsynlegt fyrir okkur að fá sem fyrst greinagóðar upplýsingar um það hvað vaki fyrir ráðherranum í þessu efni. Það læðist aðeins að manni sá grunur að hér sé einungis um fljótfærnislega tilraun til þess að komast undan því að taka til í sínu ráðuneyti og spara með óskilgreindri gjaldheimtu.

Ég hef hér tæpt á nokkrum atriðum sem ég hef gagnrýnt. Og ég áskil mér rétt til þess að gagnrýna og krefjast rökstuðnings og leggja til breytingar á þeim fyrirætlunum sem ég tel að séu óraunhæfar, spari ekki það sem ætlað er eða ganga á annan hátt þvert á önnur meginmarkmið frv. Í þeirri vinnu sem fer í hönd hjá fjárln. mega ríkisútgjöld ekki hækka. Við verðum að leitast við að lækka þau eins og við höfum gert tvö undanfarin ár. Það er skylda stjórnarmeirihlutans að tryggja það að þetta markmið nái fram.

[17:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að fara hérna yfir fáein atriði í fjárlagafrv., aðallega það sem lýtur að menntmrn. en þar eru nokkur tíðindi sem ástæða er til að ræða. Jafnframt hafði ég hugsað mér að fara yfir fáein atriði sem snerta uppsetningu fjárlaga og loks ætlaði ég að fara yfir málefni sem snerta heilbrrn.

Ég ætla fyrst að víkja að þessum almennu atriðum og koma þá fyrst að uppsetningu fjárlaga og segja það að ég tel að óhjákvæmilegt sé að uppsetning fjárlaga og ríkisreiknings verði tekin til endurskoðunar. Staðreyndin er sú að það er ekki hægt að lesa saman ríkisreikning og fjárlög. Það er vegna þess að það eru svo margir safnliðir í fjárlögunum að útilokað er í raun og veru að átta sig á því hvernig þeim liðum er dreift þegar ríkisreikningurinn er lesinn. Þetta gerir það að verkum að alþingismenn hafa enga möguleika á því að

meta fjárlagavinnuna eftir á, enga möguleika til þess. Þetta er auðvitað þeim mun bagalegra þegar þess er gætt að greinargerð fjárlagafrv. verður stöðugt óvandaðri og það er stöðugt erfiðara að taka mark á því sem þar stendur, sérstaklega á því sem er skrifað þar niður um fjmrn.

Ég nefni í því sambandi t.d. liðinn sem ætlaður er til þess að standa undir heimildargrein fjárlaga, 6. gr., þar sem sami textinn hefur staðið frá fjmrn. í fjöldamörg ár. En það er alveg augljóst mál að þessi texti á ekki við þá fjármunanotkun sem fylgt hefur greininni núna undanfarin 2–3 ár. Ég er sannfærður um það að starfsmenn fjmrn. hafa ekki lesið eða endurlesið þennan texta, nema þá prófarkalesararnir, áður en þetta fór í prentun í haust og í fyrrahaust. Ég sé það í ríkisreikningnum fyrir árið 1992, sem við höfum verið að fjalla um að undanförnu, að þarna er um stórkostlega gallaða framsetningu að ræða og það er beinlínis hættulegt ef það er þannig að fjárln. tekur mark á greinargerð fjárlagafrv. eins og það kemur frá fjmrn. Það er óhjákvæmilegt að þetta verði tekið til endurmats og ég skora á fjárlaganefndarmenn sem hér eru að vanda sig við að lesa greinargerðina til þess að átta sig á því til hvers er ætlast samkvæmt greinargerð fjárlagafrv. og hvort eftir því er farið. Ég er hér að fullyrða, virðulegi forseti, að í mjög mörgum tilvikum er unnt að benda á það að ekkert mark er tekið á því sem stendur í greinargerð fjárlagafrv. þegar kemur að því að skipta og nota hina óskiptu liði í fjárlögunum á hverjum tíma. Þetta er auðvitað afar bagalegt og sérstaklega nú orðið eftir að það tókst fyrir nokkrum árum að ná verðbólgunni verulega niður þá er hægt að nota ríkisreikninginn sem stjórntæki ef menn stilla saman ríkisreikninginn annars vegar og uppsetningu fjárlaganna hins vegar. Það hefur á það skort og þess vegna nefni ég þetta. Ég tel að þetta sé satt að segja að verða mjög alvarlegt vandamál, sérstaklega eftir árið 1992 þegar hinir óskiptu liðir voru stærri en nokkru sinni fyrr. Þar sem ráðherrarnir gátu eftir afgreiðslu fjárlaganna hér dreift á stofnanir og einstaka fjárlagaliði þó nokkrum upphæðum án þess að Alþingi hefði skrifað það niður í einstökum atriðum til hvers þeir peningar ættu að notast. Þar var um gríðarlega stóra tilflutningsliði að ræða og þeir hafa aldrei verið stærri en á árinu 1992. Það má út af fyrir sig fagna því að í frv. fyrir árið 1994 eru þessir liðir miklu lægri en þeir voru t.d. vegna ársins 1992 sem var sérstaklega ljótt að þessu leytinu til. Það breytir hins vegar ekki því að í fjárlagaframkvæmdinni eru menn að fjármagna almenna rekstrarliði út af safnliðum, aftur og aftur, og ég beini þeim áskorunum líka til fjárlaganefndarmanna að það verði skoðað mjög rækilega hvernig að þeim hlutum er staðið.

Nú er auðvitað alveg ljóst að ráðuneytin gera þetta ekki nema í neyð, þau þurfa á þessu að halda og yfirleitt er engin ástæða til þess út af fyrir sig að gagnrýna það að peningar séu fluttir á þessa liði. Það er hins vegar ástæða til að gagnrýna það að enginn veit um það, fjárln. ekki af því hún sér það ekki og það er ekki skrifað niður í greinargerð fjárlagafrv. hvernig á að nota þetta. Þeir sem fara yfir ríkisreikninginn sjá það heldur ekki vegna þess að þeir bera ekki saman forsendur fjárlaganna annars vegar og ríkisreikninginn hins vegar. Þannig að þegar upp er staðið þá er mögulegt að mismuna hér í gegnum ríkisreikningskerfið mörg hundruðum millj. kr. án þess að menn í raun og veru geri sér grein fyrir því í einstökum atriðum á nokkru stigi málsins, af því að flækjan er svo rosaleg að menn komast ekki í gegnum hana, geta ekki höggvið sig í gegnum þennan frumskóg sem ríkisreikningurinn og fjárlögin eru.

Þetta vildi ég nefna númer eitt og tek það auðvitað fram að ég nenni ekki í þessu sambandi að taka þátt í einhverjum leik um það hverjum þetta er að kenna. Þetta er okkur öllum meira og minna að kenna sem ábyrgð höfum borið á þessu á undanförnum árum. En það er brýnt að á þessu verði tekið af því að núna væri hægt að nota ríkisreikninginn sem stjórntæki vegna þess að verðbólgan er minni. En menn þurfa að vanda sig við framsetningu fjárlaganna og sérstaklega þarf fjmrn. og fjárln. að vanda sig við framsetningu greinargerðar fjárlagafrv. Hún er mikilsvert gagn. Ég hef aldrei setið í fjárln. Ég veit ekki hvort menn lesa þetta saman og bera þetta saman miðað við notkun fjármunanna á sl. ári. Og það er auðvitað alveg rétt, að ef það á að gera þessa hluti vel, þá kallar það á gríðarlega vinnu og yfirlegu, ég viðurkenni það. En ég held að það sé nauðsynlegt, ekki síst þegar menn eru að setja sér það að vanda vinnubrögð hér almennt á Alþingi með nýju samkomulagi um þingsköp og fleira, að menn reyni að vanda sig við þessa hluti sérstaklega.

Þá vildi ég spyrja hæstv. fjmrh., hvort sem hann svarar því núna í umræðunni eða kannski síðar: Hvað er að frétta af þeim athugunum sem í gangi hafa verið á vegum ríkisreikningsnefndar? Mér er kunnugt um að hér verður umræða um ríkisreikninginn 1991, ég held á miðvikudaginn, jafnvel á morgun eða fimmtudaginn, þannig að það er hægt að fara yfir málin nánar þá ef hæstv. ráðherra kýs að hafa það svo.

Í öðru lagi var annað almennt atriði og það snertir fjárlagafrv. fyrir 1994 alveg sérstaklega og lýtur að kjarasamningunum frá því á árinu. Það er alveg ótrúlegt, verð ég að segja, að ganga frá fjárlagafrv. sem tekur jafnlítið mark á kjarasamningum og þetta frv. gerir, það er alveg ótrúlegt. Það er alveg ótrúlegt að staðan skuli vera þannig að þegar fjárlagafrv. kemur fram þá telji t.d. Alþýðusambandið alveg óhjákvæmilegt að kalla til sérstakra funda með fjmrh. og embættismönnum hans um frv. og uppsetningu þess.

Það eru aðallega þrjú atriði sem mér hefur heyrst að menn séu að gagnrýna í fjárlagafrv., af hálfu verkalýðssamtakanna. Það er í fyrsta lagi þessi atvinnuleysisskattur sem menn telja að sé brot á grundvallaratriðum samningsins, í öðru lagi framlögin til atvinnumála þar sem verkalýðshreyfingin telur að vanti 1,8 milljarða, ef ég hef tekið rétt eftir í fréttum, og í þriðja lagi framkvæmd vaxtalækkunarinnar á vegum ríkisstjórnarinnar sem er út af fyrir sig ekki aðeins fjárlagamál heldur almennt efnahagsmál.

Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji ekki

að það hefði verið ráðlegra að ganga betur frá fjárlagafrv. að því er varðar kjarasamningana en þarna hefur verið gert. Mér finnst að það eigi að sýna þessum aðilum vinnumarkaðarins lágmarksvirðingu og ég er viss um að hæstv. fjmrh. vill gera það. En ég tel að það hafi ekki gerst með þessu frv. eins og það lítur hér út og ég tel fulla ástæðu til að gagnrýna það og benda á, að það er útilokað að tala eins og hann gerir, og fleiri stjórnarliðar hér, eins og kjarasamningar verði óbreyttir allt næsta ár. Ríkisstjórnin hefur ekki haldið þannig á málum að það sé hægt að slá því alveg 100% föstu. Það er alveg augljóst mál að þó nokkur hópur í samtökum launafólks telur að það sé nauðsynlegt ýmist að hafa enga samninga, ef hlutirnir eru eins og þeir eru, eða þá að segja þeim samningum upp sem núna liggja fyrir. Ég bendi þar á yfirlýsingar t.d. frá formanni Verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar og ég bendi einnig á það að forseti Alþýðusambandsins hefur talið að það væri óhjákvæmilegt að fá þessa hluti miklu skýrar upp heldur en þeir liggja fyrir núna frá hæstv. ríkisstjórn.

Þessi tvö almennu atriði vildi ég nefna, virðulegi forseti, og vík þessu næst að tveimur ráðuneytum sérstaklega, þ.e. annars vegar menntmrn. og hins vegar heilbrrn. lauslega.

Fyrst varðandi menntmrn. Ég vil þakka fyrir það hvernig greinargerð frv. er að því er varðar menntmrn. vegna þess að þar er á bls. 293 yfirlit yfir raunverulegar breytingar á framlögum til menntamála síðustu 5 árin á föstu verðlagi. Þar er uppsetning sem ég verð að segja fyrir mitt leyti að ég tel að sé til fyrirmyndar. Ég hefði viljað sjá svona uppsetningu t.d. í heilbrrn. þar sem er óskaplega erfitt að átta sig á niðurskurðinum eins og textinn lítur út. Ég var satt að segja að glíma við það hérna áðan og um helgina að reyna að skilja þetta frá heilbrrn. í einstökum atriðum. Ég verð að játa að mér hefur oft tekist aðeins skár að lesa mig í gegnum torf heldur en í það skiptið, þegar ég reyndi að lesa þennan texta úr heilbrrn.

Það kemur í ljós að því er varðar menntmrn. að raunverulegur niðurskurður á framlögum til menntamála á árunum 1991–1994 er 1.623 millj. kr., 1,6 milljarðar kr. Nú geta menn út af fyrir sig velt því fyrir sér hvort það er ekki eðlilegt að menntamálaniðurskurðurinn fylgi kannski falli þjóðartekna á þessum tíma. Ég vísa því á bug. Ég tel að svo sé ekki. Ég bendi á það að við Íslendingar erum langt á eftir öðrum þjóðum í framlögum til menntamála og rannsókna. Við erum með framlög til menntamála sem eru, að því er varðar hlutfall af vergri landsframleiðslu, helmingurinn af því sem gerist í grannlöndum okkar og í Norður-Evrópu yfirleitt. Framlög til menntamála á Íslandi, miðuð við verga landsframleiðslu, eru svipuð og gerist í Tyrklandi og í Grikklandi. Þannig að við megum ekki við því að missa þessi framlög niður. En setjum samt sem svo að ríkisstjórnin telji eðlilegt, og hæstv. menntmrh., að þessi framlög séu tekin niður eins og annað. Hefur það verið gert? Svarið er já og gott betur, vegna þess að fallið í vergri landsframleiðslu á þessum tíma er miklu minna en nemur fallinu í framlögum til menntamála. Framlögin til menntamála hafa á föstu verðlagi 1991–1994 lækkað um 10%. Fallið í vergri landsframleiðslu á sama tíma er um 6%. Það er augljóst mál að menntamálin hafa farið verr út úr niðurskurðinum heldur en ytri aðstæður gera óhjákvæmilegt, ef menn vilja beygja sig undir þær, sem er svo aftur önnur pólitísk spurning.

Ég tel þetta sérstaklega alvarlegt, virðulegi forseti, vegna þess að ég tel að menntamálin séu undirstöðuþáttur hér í þjóðlífinu. Ef menn ætla sér að taka á móti batnandi lífskjörum einhvern tíma í framtíðinni, ef menn ætla t.d. að nýta orkuna hér á komandi árum og áratugum með innlendri þekkingu, verkkunnáttu og grunnþekkingu, þá verður auðvitað að halda hér uppi sæmilegu menntakerfi og sæmilegu rannsóknarkerfi. Ef menn vanrækja menntakerfið, þá eru menn í raun og veru að segja sem svo: Við ætlum ekki að breyta þessari orku í gull í framtíðinni heldur verðum við að fá einhverja aðra til að gera það fyrir okkur. Og með því að vanrækja menntamálin og rannsóknirnar erum við í raun og veru að segja við unga fólkið á Íslandi í dag: Þið skuluð fara héðan eftir nokkur ár. Þið skuluð koma ykkur eitthvað annað. Þið skuluð setja lykilinn ykkar í umslag og fara með umslagið í bankann eins og gert er í Færeyjum í dag. Þetta er auðvitað býsna hart, ekki síst hjá ríkisstjórn sem leggur mikla áherslu á að það þurfi að taka niður erlendar skuldir, sem er rétt. Ég tel reyndar að það sé gífurlega stórt mál og úrslitamál í stjórn ríkisfjármála að menn haldi þannig á hlutunum að erlendar skuldir séu teknar niður. Ég er þeirrar skoðunar að trassaskapur í þeim efnum sé hættulegur og geti komið okkur í koll síðar.

Þessi niðurskurður í menntamálum er auðvitað á ýmsum þáttum. Hann er ekki aðeins í rannsóknum og Lánasjóði ísl. námsmanna. Hann er líka t.d. í grunnskólanum. Í grunnskólanum er búið að skera niður í raunstærðum milli 1991 og 1994 um 222 millj. kr. Ég útvegaði mér upplýsingar um það, virðulegi forseti, hvað er búið að skera niður í raun og veru á barn í grunnskólum eftir fræðsluumdæmum. Það kemur í ljós að framlag á verðlagi fjárlagafrv. var 98.210 kr. á hvert barn í grunnskóla í Reykjavík 1991. Þetta framlag í fjárlagafrv. er 93.111 kr. Það er búið að skera þetta niður um u.þ.b. 5.100 kr. eða um 6% eða svo á hvert barn sem er í grunnskóla í Reykjavík. Ef við skoðum t.d. Vestfirði þá er framlagið á hvert barn í grunnskólum á Vestfjörðum 1991 130.610 kr. en í fjárlagafrv. 118.980 kr. Ef við skoðum t.d. Norðurland eystra er framlagið árið 1991 113.190 kr. en 1994 107.880 kr.

Það er því í raun og veru búið að taka af hverju barni, í hverju einasta fræðsluumdæmi landsins, 5–6.000 kr. á ári í framlagi til kennslu. Og grunnskólinn er líka menntakerfið og grunnskólinn er nefnilega líka rannsóknir ef menn vilja hafa það þannig. Ef við skoðum vikustundir á nemanda þá hefur þeim fækkað ótrúlega á þessum tíma, sérstaklega úti á landi. Vikustundum á nemanda á Vestfjörðum hefur t.d. fækkað úr 2,12 í 2,04 1994. Ef við tökum Reykjavík þá stendur vikustundafjöldi á nemanda þar nokkurn veginn í stað í grunnskólanum á þessum niðurskurðartíma. En þeg-

ar kemur út á land, og alveg sérstaklega á Vestfjörðum, þá er þar um að ræða verulegt fall, sömuleiðis á Norðurlandi vestra og á Norðurlandi eystra sé ég að fallið er einnig talsvert, sem bendir til þess að niðurskurðurinn, eins og hann var framkvæmdur í grunnskólanum, hafi ekki síst komið fram á landsbyggðinni þegar um er að ræða vikustundir á nemendur og framlag á nemendur á föstu verðlagi. Það er nokkurt umhugsunarefni líka. Þegar kemur t.d. að meðalfjölda í bekk þá hefur fjölgað verulega að meðaltali í hverri bekkjardeild. Það eru auðvitað langflestir nemendur að meðaltali hér, 21,8, en eru t.d. á Vestfjörðum 15,5 en voru 15,3 í upphafi þessa tíma. Ef ég tek t.d. Austurland þá verða nemendur í bekk að meðaltali 15,7 árið 1994 en eru núna að meðaltali 14,3 og þannig mætti enn telja.

Þetta er ég hér að rekja, virðulegi forseti, til þess að undirstrika það að ég tel að fjárlagafrv. sé ekki bara spurning um fjármálastefnu, ríkisfjármálastefnu, heldur felst líka í fjárlagafrv. menntastefna ársins 1994. Það er bersýnilegt að menntakerfið hefur farið verr út úr niðurskurðinum undanfarin ár en aðrir málaflokkar miðað við þær tölur sem ég nefndi áðan og að grunnskólinn leggur þar meira í púkkið heldur en t.d. ýmsir aðrir þættir í því sama kerfi eins og framhaldsskólinn svo ég nefni annað dæmi.

Í annan stað, virðulegi forseti, þá ætlaði ég að víkja lítillega að heilbrrn. og endurtaka það sem ég sagði áðan að ég verð að gagnrýna uppsetningu þessa texta í fjárlagafrv. Það er alveg ómögulegt að láta menn hafa þetta svona. Ég er alveg viss um að þau skilja þetta alveg sundur og saman í fjárln. en við sem erum ekki eins vön þessum ríkisfjármálum, við skiljum þetta ekki alveg eins vel. Ég sé það að fjárlaganefndarmenn nikka allir, þeir eru klárir á þessu. En það er verra með okkur hin. En nú ætla ég að gera tilraun til þess að fara yfir þetta, hvernig ég skil þetta, hæstv. ráðherra.

Ég hef skoðað lífeyristryggingarnar og mér sýnist að þar eigi að skera niður upp á 525 millj. kr. Það eru fjórir liðir. Það er tekjutenging lífeyrisgreiðslna, það á að skila 200 millj. kr. Þá á að endurskoða úthlutunarreglur, síðan á að tekjutengja ekkjulífeyri og svo á að endurskoða fyrirkomulag eingreiðslna. Allt sýnist mér að þetta gefi samtals 525 millj. kr.

Í öðru lagi eru það svo sjúkratryggingarnar. Þar sýnist mér að menn ætli sér að taka 30 millj. kr. af sérfræðingum og það sé eiginlega Ríkisendurskoðun sem á að finna út hvernig það á að gerast. Það er verið að rannsaka launasamsetningu lækna, hefur mér skilist í fréttum, og það á að græða 30 millj. kr. úr þeirri rannsókn. Svo á að taka inn 120 millj. kr. á röntgenmyndum og þess háttar. Síðan á að taka inn 150 millj. kr. af meðölum — það heita lyf hér, meðöl. Svo koma heilsukort — sem sumir kalla heilsuskort — 400 millj. kr. og ég ætla aðeins að staldra við þau smástund. Hvað eru eiginlega þessi heilsukort? Það hefur gengið eitthvað illa að skýra það. Ég heyri meira að segja að stjórnarliðið veit ekki almennilega hvernig þetta er og þá er nú okkur vorkunn hérna minni spámönnunum í þinginu. (Gripið fram í.) Í þessu frv. stendur ekkert um það, nei. En ég hef heyrt viðtöl við ráðherrann í fjölmiðlum og hann segir að allir eigi að borga fyrir heilsukortið sitt, þeir fái það sent heim og gíró. Það er þegar búið að ákveða að það verði gíró, það er nú strax fastur punktur í tilverunni, það er gíró. (Gripið fram í.) Við fáum það um áramótin, gíró, það er ofboðslega fínt að fá gíró frá ríkisstjórninni um áramótin. (**Gripið fram í:** Það kostar nú töluvert að senda það út í gíró.) Það kostar eitthvað að senda út gíróið en ég verð þó að þakka ríkisstjórninni fyrir að það skuli vera þó þessi fastur punktur í tilverunni, það er gíró. Mér finnst að við eigum ekki að gera allt of lítið úr því. Þetta er nógu lélegt hjá þeim samt. Jæja. Nú borgum við ekki gíróið — segjum að einhver maður borgi ekki gíróið sitt en veikist 2. janúar eða kannski 2. febrúar og er lagður á spítala. Og þá var ráðherrann spurður, heyrði ég í fjölmiðlum: Hvað á að gera við þennan mann sem kemur núna og er ekki búinn að borga og er ekki með neitt heilsukort? Á bara að rukka hann á staðnum? Nei, nei, það á að lækna hann, sagði ráðherrann, það á að lækna hann. Það er nefnilega það og hvað svo? Svo á bara að rukka hann og gera upp við hann eftir á. — Það er nefnilega það, gera upp við hann eftir á. Hvað þýðir þetta þá, hæstv. ráðherra? Þetta er sjúklingaskattur, skattur sem er lagður á hvern einasta mann. Þetta er sjúklingaskattur sem verið er að leggja hér á, að tillögu Alþfl. (Gripið fram í.) Og hver fann upp orðið „sjúklingaskattur"? Það var sá sem hér stendur, þegar Matthías Bjarnason reyndi að búa til frv. um það á sínum tíma en gafst upp við það af því hann hlustaði á það sem stjórnarandstaðan sagði. Nú hefur auðvitað heilbrrh. vit á því að vera aldrei í salnum nema helst í fyrirspurnatímum utan dagskrár. Auðvitað hefði hann þurft að vera hérna, og fagráðherrarnir, þannig að fjmrh. væri ekki einn að svara fyrir þessi ósköp.

En staðreyndin er auðvitað sú að það er ekki verið að gera neina tillögu um neitt annað en það að hér verði lagður á sjúklingaskattur sem heitir heilsukort. Þannig liggur það. — Það eru 400 millj. kr.

Síðan ætlar hann að ná inn 160 millj. kr. með því að Framkvæmdasjóður aldraðra hætti að láta peninga í byggingar. Ég sé ekki betur en að það sé tillaga um það. Það á ekki að leggja peninga í nýjar byggingar *heldur bara í viðhaldsverkefni og rekstur.* Það þýðir í fyrsta lagi að það verður þá að breyta lögunum að nýju um Framkvæmdasjóð aldraðra því ekki þrættum við svo lítið um það í fyrravetur, ég og hv. þm. Finnur Ingólfsson, við hæstv. fyrrv. heilbrrh. sem þjóðin saknar núna, allt í einu. (Gripið fram í.) Ég hef ekki kallað hann því nafni, Móðir Theresa, ég kann ekki við það, að hafa hennar nafn í flimtingum. En alla vega er greinilegt að það er ætlunin að leggja niður Framkvæmdasjóð aldraðra sem við komum á fyrir margt löngu, stjórnin 1980–1983, með stuðningi þeirra Matthíasar Bjarnasonar og Alberts Guðmundssonar og fleiri góðra manna úr Sjálfstfl. á þeim tíma. Það eru 160 millj. kr.

Svo er það Gunnarsholt. Loka því. Það eru 50 millj. kr. sem stendur í fjárlagafrv. Það er dregið í efa að það

sé svo mikið, en 50 millj. stendur í plöggunum.

Síðan koma barnaheimili spítala. Þar á að ganga þannig fram að það á að loka þeim, því það er svo óskaplegt ranglæti gagnvart hinum í þjóðfélaginu sem ekki geta komið börnunum sínum fyrir á barnaheimilum. Það verður auðvitað að vinda bráðan bug að því að loka þessum barnaheimilum til að stöðva þetta svívirðilega ranglæti að starfsmenn á spítölum geti haft börnin sín í gæslu á leikskólum. Á því ætlar ríkisstjórnin að græða á milli 100 og 200 millj. Ég sé ekki nákvæmlega hver talan er þar, mér sýnist að hún sé eitthvað talsvert á annað hundrað millj. kr.

Síðan á að leggja á áfengismeðferðargjald. Það er ekki nóg að það sé heilsukort, það á að leggja á áfengismeðferðargjald, sérstakan alkóhólistaskatt. Hann er 20 millj. sýnist mér. 17,2 hjá SÁÁ-stofnunum og 2,8 sá ég í Hlaðgerðarkoti. Þetta gerir samtals eitthvað um 20 millj. kr. og síðan geri ég ráð fyrir því að þær stofnanir sem ríkið rekur og eru í þessum geira eigi að taka þetta gjald líka, sambærilegt.

Síðan á auðvitað í þessu frv. að halda fast við þá stefnu fyrrv. heilbrrh. að selja Þvottahús Ríkisspítalanna. En það er gríðarlega mikið þjóðþrifamál að mati ríkisstjórnarinnar og var flutt um það, eins og menn muna, stjfrv. í fyrra sem var skemmtilegasta þingmálið vegna þess að þar var kveðið á um að það ætti að sauma á saumastofuninni og þvo þvott á þvottastofunni og strauja lín. Það var smámunalegasta frv. um báknið sem nokkru sinni hefur verið flutt. Það má segja að það komi vel á vondan þar sem er hæstv. fjmrh. að standa að svoleiðis ófreskju hér. Hann ætlar að taka inn 60 millj. kr. á því að selja Þvottahús Ríkisspítalanna. (Gripið fram í.) Og hæstv. ráðherra er reyndar fyrrv. formaður stjórnarnefndar Ríkisspítalanna þannig að hann veit alveg nákvæmlega hvað hann er að tala um. (**Gripið fram í:** Er þessi ræða að verða samstarfsverkefni?) Ræðan er að verða að samstarfsverkefni og veitir nú ekki af að hjálpa Sjálfstfl. við að halda ræðu.

Loks á að leggja á sérstakt atvinnuleysisgjald. Það er sem sagt sjúklingaskattur, atvinnuleysisgjald og áfengismeðferðargjald eins og það heitir fínu nafni. Þetta sýnist mér að sé í grófum dráttum það sem samtals á að taka þarna inn á heilbrrn. og ég vil spyrja hæstv. ráðherra, þannig að það liggi fyrir á einhverjum einum stað: Hversu miklar upphæðir eru það sem menn eru að taka þarna inn, annars vegar með niðurskurði og hins vegar með nýrri tekjuöflun? Hvað er það há tala? Ég held að það sé mjög æskilegt fyrir þá sem vinna í fjárln. og eru í þessum heilbrigðismálum að fá þær upplýsingar því eins og þetta er sett hér fram í fjárlagafrv. þá er þetta allt í graut.

Ég ætla í sjálfu sér, virðulegi forseti, ekki að fara út í fleiri mál sem snerta þetta fjárlagafrv. ítarlega. Hér hefur verið farið rækilega yfir málin og ég ætla ekki að fara að taka mikið lengri tíma hér. Það má kannski minna á að það stendur til samkvæmt þessu fjárlagafrv., eða ég hef séð það einhvers staðar, að selja Lyfjaverslun ríkisins. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað er búið að eyða miklum peningum í að gera við húsnæði Lyfjaverslunar ríkisins og tæki núna að undanförnu og hvort ráðherrann telur líklegt að Lyfjaverslun ríkisins seljist fyrir það verð að dugi til að borga reikningana fyrir lagfæringar fyrirtækisins núna á undanförnum vikum, mánuðum og missirum? Það eru satt að segja ótrúlegar tölur sem er búið að verja í endurbætur á þessu fyrirtæki sem núna á að fara að selja. Það er nokkuð kostulega að hlutunum staðið hjá ríkisstjórninni og ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra um það mál sérstaklega.

Virðulegi forseti. Að lokum vil ég segja það að þetta frv. er auðvitað, eins og fram hefur komið, í meginatriðum munaðarlaust. Það þykir engum vænt um þetta frv. Það reynir enginn að halda því fram að í því felist einhver tímamótastefna í ríkisfjármálum eða efnahagsmálum. Ráðherrann er eins og kunnugt er að tína saman breytingartillögur hér og þar og svo er hann að lesa frv. með utanrrh. Þeir eru núna að lesa frv. Hæstv. félmrh. er á móti frv., þ.e. útgjaldahliðinni, en sennilega með tekjuhliðinni. Þetta er aðferð sem hæstv. félmrh. hefur sennilega lært af Framsfl. frá því fyrir allmörgum árum, og hv. 2. þm. Suðurl., en þá var það þannig að Framsfl. sneri þessu alveg við. Honum tókst ekki þá, þ.e. einum ráðherra, að vera bæði með debet- og kredit-hliðinni heldur kaus hann aðra hliðina og eins er það núna með hæstv. félmrh. Þannig að það er búist við því að það komi nýtt frv. eða í meginatriðum verði þetta allt, allt annað mál sem verður afgreitt að lokum. Þannig að enginn maður tekur mark á þessu frv. Það má auðvitað heyra tómahljóðið í ræðu hæstv. fjmrh. og vissulega er honum vorkunn í þessari stöðu.

Staðreyndin er auðvitað sú að þessi ríkisstjórn hefur á hverju hausti lagt upp með það að hún væri að vinna tímamótaverk. Fyrsta árið átti að afnema hallann á ríkissjóði. Í fyrra var það alveg fyrirsjáanlegt að það mundi ekki takast en þá átti að leysa öll vandamál á Íslandi — með hverju, muna menn það? Það hét EES. Það átti að leysa öll vandamál á Íslandi. Nú er hér allt í steik áfram. Það hefur enginn vandi verið leystur af neinu tagi hér. (Gripið fram í.) Og allt er ívið bölvaðra en það áður var, að sögn ráðherranna. Þess vegna eiga þeir auðvitað bara að gera eitt sem liggur alveg í augum uppi og allir sjá nema þeir, þeir eiga að hætta þessu og segja af sér.

[18:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir ýmsar ábendingar sem hann kom með fyrir fjárlaganefndarmenn. Það er áreiðanlega full ástæða til þess fyrir okkur að skoða enn betur en við höfum hingað til gert, greinargerðina sem fylgir með fjárlagafrv. í síðustu umræðu um fjárlög. Við höfum orðið áþreifanlega orðið vör við það í sumar að sú greinargerð hefur ekki verið virt af framkvæmdarvaldinu. Það er komið í ljós, mjög berlega, og þetta á sérstaklega við í þeim kafla sem hann fór yfir, þ.e. menntmrn. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar framkvæmdarvaldið virðir ekki þær samþykktir sem gerðar eru á Alþingi og löggjafarvaldið sendir frá sér.

[18:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Vestf. sem á sæti í fjárln. fyrir þessar undirtektir við þessar ábendingar. Ég vona að þessi umræða geti orðið til þess að framvegis taki menn með skipulegri hætti á þessum málum en verið hefur og ég skil orð hennar svo að hún muni beita sér fyrir því. Mér þykir vænt um að það skuli komið fram, ekki síst með hliðsjón af því að við munum ræða hér næstu daga um ríkisreikninginn og þá höfum við öll þessi mál í samfellu og ég er viss um að við viljum öll standa sem faglegast að þessum málum.

[18:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir afar mikið hól í garð fjárln. þó að ég verði nú að játa það af hjartans lítillæti að það er fullkomlega óverðskuldað. En það er þó ekki aðalerindi míns máls heldur hitt að nefna nokkuð umfjöllun hans um þessa töflu sem birtist á bls. 293 í fjárlagafrv. og hann hafði stór orð um hversu vönduð væri og góð að allri gerð. Þá hefði ég kosið það mjög gjarnan að í umfjöllun hans um þessa töflu hefði hann skoðað hana í heild úr því að hann hafði sjálfur á orði að þetta væri vandað og gott plagg, ég er sammála honum út af fyrir sig um það. Ef maður skoðar þessa töflu frá árinu 1990, þessi tafla nær yfir árin 1990–1994, ekki 1991–1994, þá kemur auðvitað í ljós að framlög til skólamála, framlög til menntmrn., ef við undanskiljum Lánasjóð íslenskra námsmanna, hafa yfirleitt heldur hækkað en ekki lækkað í þeim gríðarlegu stærðum sem hv. þm. var að nefna. Ég tek sem dæmi háskóla og rannsóknir. Þar hafa framlögin hækkað á milli þessara ára um 121,6 millj. kr. Framhaldsskólar og sérskólar hækkað um 39 millj. kr., grunnskólar og sérskólar að vísu lækkað milli þessara ára um 222 millj. kr. En liðurinn annað sem eru ýmis framlög til lista og menningarmála, rannsóknamála og þróunarmála hefur hækkað um 235,8 millj. kr. Ef við skoðum í heild þessi framlög til menntmrn. á árunum 1990–1994 að undanskildum framlögum til LÍN þá er ljóst að framlögin voru 12 milljarðar 980 millj. 600 þús. kr. árið 1990 en eru þó komin upp í á næsta ári 13 milljarða 144 millj. 500 þús. kr. sem er aukning um 164 millj. kr.

[18:32]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Vestf. að meginhlutinn af þeim niðurskurði sem þarna er um að ræða eða stór hluti er af Lánasjóði íslenskra námsmanna. Það sem hefði auðvitað verið eðlilegt í því sambandi var það að menn hefðu sett sér það um leið að sækja þá fjármuni, sem þar voru e.t.v. skornir niður, inn á aðra þætti í menntakerfinu í staðinn fyrir að taka um það ákvörðun að skera niður lánasjóðinn og reyndar grunnskólann líka þannig að þegar maður skoðar framlög til skólamála sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu ríkjanna innan OECD þá er Ísland núna komið niður á svipað ról og Tyrkland, það er vond menntamálastefna.

[18:33]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er höfum við Íslendingar á undanförnum árum átt við ramman reip að draga í stjórnun efnahagsmála og við eigum flest þá ósk heitasta að hilli þar undir betri tíð. Það er okkur þó hollt að hafa í huga að samdráttur í efnahagslífi á undanförnum árum er ekkert sérvandamál okkar Íslendinga. Nágranna- og helstu viðskiptaþjóðir okkar hafa gengið í gegnum svipaðan hreinsunareld. En það verður að viðurkennast að vegna einhæfni í atvinnulífi okkar hefur samdráttur orðið meiri hér en víðast annars staðar. Það er því enn eitt árið í röð sem lagt er fram fjárlagafrv. sem stefnir áfram að lækkun ríkisútgjalda. Mönnum er ávallt mikill vandi á höndum við samningu slíks frumvarps þar sem gæta verður þess að aðgerðir hvetji til hagvaxtar og enn fremur að samdrátturinn komi ekki niður á þeim sem minnst mega sín. Ríkisstjórninni hefur að undanförnu tekist að ná góðum árangri á ýmsum sviðum sem síðar skapa grunn að hraðari hagvexti en ella hefði orðið. Má þar nefna minnkandi viðskiptahalla við útlönd og minnkandi erlendar skuldir að raungildi. Enn fremur hefur tekist að halda verðbólgunni í skefjum. Þessir þættir allir munu flýta fyrir hagvexti þegar ytri skilyrði þjóðarinnar batnar, fiskigengd eykst og verð á útflutningsafurðum okkar hækkar.

Ríkisútgjöld hafa vaxið jafnt og þétt á undanförnum áratugum og það að lenda í jafnerfiðum og langvarandi efnahagsvanda og raun hefur verið hefur neytt okkur til að taka til endurskoðunar ýmsa þætti í ríkisrekstrinum sem ella hefðu fengið að vaxa áfram án gagnrýnnar skoðunar á tilgangi og gildi þeirra. Þetta frv. ríkisstjórnarinnar ber þess merki eins og fyrri frv. að verið sé að taka á ríkisrekstrinum með hagræðingu með ýmsu móti, svo sem með samræmingu verkefna, fækkun embætta og sameiningu stofnana. Slíkt er af hinu góða þegar unnið er markvisst og skipulega að verkefninu og mun þannig að lokum skila skattborgurunum skilvirkari og ódýrari þjónustu. Ég vil sérstaklega nefna að menningarstarfsemi er varin í frv. eins og kostur er. T.d. er 1.183 millj. kr. varið til safna og listastofnana samkvæmt frv. borið saman við 923 millj. kr. samkvæmt reikningum ársins 1992. En ég ætla ekki að fjalla frekar um frv. almennt heldur ætla ég að fara nokkrum orðum um þætti þess málaflokks sem er einna frekastur á ríkisútgjöldin og sem jafnframt er hvað viðkvæmastur og flóknastur í ríkisrekstrinum, en það er heilbrigðisþjónustan.

Það þarf ekki um það að deila að heilbrigðisþjónustan hér á landi er með því besta sem gerist í heiminum. Okkur hefur tekist að veita hágæðaþjónustu undir því verði sem gerist í mörgum velferðarríkjum. Þrátt fyrir þetta höfum við nú á erfiðum tímum haft áhyggjur af útgjaldaaukningu, ekki síst vegna þess hversu flókið og erfitt það er að fylgjast með og reyna að stýra heilbrigðisþjónustunni að einhverju marki. Fólk verður nefnilega ekki veikt eftir pöntun og veikindi

taka ekki tillit til ástands buddunnar á hverjum tíma hvort sem um einkafjármál eða ríkisfjármál er að ræða. Hins vegar hafa nýlegar skoðanakannanir sýnt að fólk er sýnu viljugra til að auka framlög til heilbrigðismála en annarra málaflokka í umsjá ríkisins og ber að hafa slíkt í huga við mótun stefnu um heilbrigðisþjónustu.

Núverandi ríkisstjórn hefur tekist það verkefni að hamla gegn hraðri kostnaðaraukningu í heilbrigðisþjónustunni án þess að dregið hafi verið úr þjónustu við sjúklinga. Má fyllilega virða þann árangur sem náðst hefur. Samkvæmt frv. verður áfram lögð áhersla á hagkvæmni í rekstri án þess að dregið verði úr þjónustu. Í frv. er sérstaklega tiltekin aukning í hagkvæmni í rekstri bráðasjúkrahúsa. Rekstur bráðasjúkrahúsa hefur verið í brennidepli á undanförnum árum, einkum þeirra þriggja sem eru á Reykjavíkursvæðinu. Þar hefur borið einna hæst rekstur Landakotsspítala. En að rekstri þess spítala hefur verið svo sorfið að bráðaþjónusta er nú eingöngu rekin af barna- og augndeildum spítalans.

Leiða má rök að því að með breyttum starfsaðferðum í heilbrigðisþjónustu, sem sést best á því að sjúklingar eru í auknum mæli meðhöndlaðir utan sjúkrahúsa og legutími styttist, megi fækka þeim rúmum sem ætluð eru til umönnunar bráðasjúklinga. Hins vegar ber að gæta þess hvernig slík fækkun fer fram og hvernig beri að haga bráðaþjónustu í framtíðinni. Ég tel afar brýnt að hagræðing fari ekki þannig fram að hún komi niður á frelsi sjúklinga til að velja hvert þeir vilji leita, þ.e. að ekki myndist einokunaraðstaða í heilbrigðisþjónustunni. Auk þess sem valfrelsi eru sjálfsögð mannréttindi tel ég að samsöfnun heilbrigðisþjónustunnar í einni heild hefði neikvæð áhrif á þróun þessarar þjónustu sem við hingað til höfum getað státað af. Sjúkrahúsin á Reykjavíkursvæðinu hafa nú þegar ákveðna verkaskiptingu sín á milli sem flestir eru ásáttir um að gefist vel. Sú verkaskipting gefur okkur samanburð á frammistöðu sjúkrahúsanna að vissu marki og veitir þeim þannig aðhald. Verkaskiptingin veitir jafnframt sjúklingunum víðtækt valfrelsi og virkar sem hvati til framþróunar í sjúkraþjónustu. Því ber að ígrunda vandlega allar breytingar í verkaskiptingu og/eða sameiningu deilda. Í þessu sambandi vil ég sérstaklega vekja athygli á því að nota beri safnliðinn: Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, sem er að fjárhæð 204 millj. kr., í þágu þess samstarfsverkefnis sem fram undan er á milli Borgarspítala og Landakots.

Í utandagskrárumræðunni í síðustu viku ræddi ég um gagnkvæman ávinning stofnana og starfsfólks með rekstri dagvistarstofnana sjúkrahúsanna og enn fremur um vafasama réttlætingu þess að mismuna starfsstéttum með slíkum hlunnindum í ráðningarsamningum. Vil ég eingöngu ítreka mikilvægi þess ef fyrirhugaðar breytingar fara fram að þær verði markvissar og skipulegar og að þær komi ekki niður á starfsemi viðkomandi stofnana, starfsfólki eða börnum þess. Breytingar á starfskjörum verða að gerast í viðunandi sátt milli aðila. Í ráði er að framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og Framkvæmdasjóði aldraðra verði áfram varið til þjónustu við fatlaða og aldraða. Vil ég leggja áherslu á mikilvægi þeirra áforma ríkisstjórnarinnar að draga ekki úr þjónustu við þennan hóp fólks sem oft á þess ekki kost að verja sinn eigin málstað.

Eins og ég minntist á hér að framan þá hefur komið fram vilji meiri hluta þjóðarinnar til að auka framlög til heilbrigðismála. Ég hef um margra ára skeið verið talsmaður þess að til þess að unnt væri að koma til móts við þessar óskir þá verði að klippa á naflastrenginn sem tengir sjúkratryggingar við önnur útgjöld ríkissjóðs og aðskilja þannig alveg útgjöld til heilbrigðismála frá öðrum útgjöldum. Slíkt er eina tryggingin fyrir því að það aukna framlag sem skattborgarinn vill inna af hendi til heilbrigðismála renni ekki að einhverju leyti til annarra og óskyldra málefna.

Innan Sjálfstfl. hefur á undanförnum árum verið mjög undir það tekið að hverfa aftur til sambærilegs sjúkratryggingakerfis og áður tíðkaðist og þá með tekjutengdum iðgjöldum. Þótt e.t.v. megi segja að heilsukort séu leið að því marki að eyrnamerkja gjaldtöku vegna heilbrigðisþjónustu þá eru ýmsir vankantar á slíkri tillögu. Í því sambandi nægir að nefna að innheimta er æði dýr og um margt þung í vöfum, bæði fyrir hinn almenna borgara og fyrir sjúkrastofnanir. Þess vegna er nauðsynlegt að kanna einnig aðrar leiðir og bera þær saman við þá leið sem verið er að benda á í frv. T.d. má nefna hvort ekki sé einfaldlega betra og hagkvæmara að innheimta sömu fjárhæð í tengslum við almenna skattheimtu í stað þess að innleiða sérstakt heilsukort með öllu því sem því tilheyrir.

Ég vil leyfa mér að hvetja til þess að heilbrigðistryggingakerfið verði skoðað í heild sinni jafnframt því sem heildarstefna í heilbrigðisþjónustu verði endurskoðuð þannig að unnt verði að framfylgja óskum landsmanna um áframhaldandi heilbrigðisþjónustu í hæsta gæðaflokki.

Ég hef hér að framan nefnt dæmi í viðkvæmum og viðamiklum málaflokki sem skoða þarf mjög gaumgæfilega á næstu vikum og mikið starf bíður okkar þingmanna á þeim vettvangi sem í öðrum þáttum frv. til fjárlaga. Ég leyfi mér að vona að í starfi okkar allra munum við finna þær úrlausnir sameiginlega sem muni leiða okkur til vaxandi velferðar og hagsældar.

[18:43]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir því sem fleiri þingmenn Sjálfstfl. tala við 1. umr. um frv. til fjárlaga þá skýrist það auðvitað enn betur að þetta frv. nýtur alls ekki stuðnings þeirra flokka sem þó hafa lagt það fram og ætla að bera ábyrgð á því eins og það hefur verið lagt fram á þinginu.

Ég sagði það fyrr í andsvari að það er margt sem bendir til þess að fjárlagahallinn sem áætlaður er að verði með frv. sé 10 milljarðar kr., hann gæti stefnt í 20 milljarða kr. Og ef fram heldur sem horfir bara í umræðunni um heilbrigðismálin þar sem maður getur í fljótu bragði lesið út að það standi til að spara 1,5 milljarða kr. þá held ég að það sé nokkuð ljóst að með þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar, bæði í utan-

dagskrárumræðu í fyrri viku um Gunnarsholt og um barnaheimili sjúkrahúsanna og nú í þessari ágætu ræðu hv. þm. Láru Margrétar um heilsukort og þar fram eftir götunum, þá sé a.m.k. af þeim sparnaði sem þar er áætlað að ná farnar út 1.200 millj. kr. Eftir gætu kannski staðið 300 millj. kr. af því sem menn eru að tala um að spara í heilbrigðismálum. Ef fram heldur sem horfir þá er það ekkert fjarri lagi að það standi ekki steinn yfir steini í þessu fjárlagafrv. og hallinn sé þess vegna miklu meiri. 170 millj. kr. á að spara á barnaheimilunum, það er engin samstaða um það, 50 millj. kr. í Gunnarsholti, það er engin samstaða um það, 525 millj. kr. á að spara í sjúkratryggingunum, það er engin samstaða um neitt þar. Jú, það á að semja við verkalýðshreyfinguna um stærstu hlutana, um eingreiðslurnar, sem verkalýðshreyfingin hefur nú þegar lýst yfir að alls ekki komi til greina að semja um. Heilsukortin eiga að gefa í tekjur 400 millj. Það er ekki samstaða um þá leið sem á að fara. Til viðbótar því eiga þeir aðeins að greiða sem það vilja þegar þeir hafa notið þjónustunnar. Það skilar því engum 400 millj. Það er alveg sama hvar á þetta frv. er litið, a.m.k. í þessum málaflokki, að það stendur ekki steinn yfir steini.

[18:45]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins leyfa mér að gera smá athugasemd við það sem ég nefndi í sambandi við heilsukortin. Ég vildi benda á að það væru hugsanlega fleiri leiðir til að ná þessum tekjum inn og reyndar óska ég eftir því að það verði leitað fleiri leiða til að ná frekari tekjum inn fyrir heilbrigðisþjónustuna heldur en með þeim meðölum sem virðast vera á borðinu í dag. Því eins og fram hefur komið hér í umræðunum höfum við ekki fengið nægilegar upplýsingar um það hvernig eigi að framkvæma þá tekjuöflun og ég vænti þess að það verði unnið að því á næstu vikum að finna þær leiðir.

[18:46]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hv. þm. Láru Margrétar kom mér í sjálfu sér ekki á óvart. Ríkisstjórnarliðið veit ekkert hvernig á að gera þetta. Það er alltaf betur og betur að koma í ljós. Ef hins vegar sú leið er farin sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lýst að fara skuli í þessari heilsukortainnheimtu þá er hún mjög svipuð því, ef ég tek samlíkingu, að maður sem á bíl og lendir í árekstri, hefur tryggt hann í kaskó en greiðir auðvitað ekki tryggginguna og hefur aldrei dottið það í hug. Þegar hann hins vegar hefur lent í árekstrinum og búið er að gera við bílinn þá kemur hann með reikninginn til tryggingafélagsins og segir: Ja, þetta kostaði nú tjónið. Ég vil fá þetta að fullu greitt en þú mátt draga hérna frá iðgjaldið af kaskótryggingunni. Ef tryggingafélag væri rekið með þessum hætti, hvernig færi fyrir því? Það færi lóðbeint á hausinn. Þannig að hugmyndirnar um 400 millj. kr. skattheimtu með heilsukorti og ef framkvæmdin er eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lýst þá er auðvitað enginn fótur fyrir þessu og er bara tóm vitleysa eins og allt sem í þessu frv. er.

[18:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að fara hér aðeins í nokkra þætti sem snerta þetta frv. Mig langar í fyrstu til að ræða aðeins um vinnubrögð, síðan að koma inn á stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og loks að líta hér örlítið á nokkur þeirra tíðinda sem er að finna í þessu fjárlagafrv.

Eins og þingmenn minnast þá var gerð breyting á þingskapalögunum vorið 1991 sem gengu m.a. út á það að fagnefndir þingsins fengju hluta fjárlaganna til athugunar eða eins og segir í 25. gr. þingskapalaga:

„Fjárlaganefnd getur vísað til annarra fastanefnda þeim þáttum fjárlagafrumvarpsins sem fjalla um málefnasvið þeirra. Með sama hætti geta aðrar fastanefndir ákveðið að fjalla um einstaka þætti fjárlagafrumvarpsins. Til efnahags- og viðskiptanefndar vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps. Nefndirnar skila fjárlaganefnd áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárlaganefnd ákveður."

Ég hef verið að hugsa um þetta ákvæði og þá reynslu sem fengist hefur af þessum vinnubrögðum. Og ég spyr sjálfa mig: Hefur verið eitthvert gagn af þessu? Ég held að ég geti svarað því strax að það hefur verið töluvert gagn af þessu fyrir þá þingmenn sem hafa verið að glugga í fjárlögin og fara í gegnum einstaka þætti. Ég held að það sé mjög til bóta að þingmenn séu vel inni í stöðu þeirra málaflokka sem þeir eru að fjalla um. En sú spurning sem vaknað hefur í mínum huga er auðvitað þessi: Er eitthvert gagn að þessu fyrir framhaldsumræðuna um fjárlögin? Hvað er gert við álit og ég tala nú ekki um tillögur sem koma frá fagnefndum?

Við höfðum reynslu af því í landbn. þar sem farið var mjög ítarlega í gegnum kaflann um landbúnaðarráðuneytið á sínum tíma. Meiri hluti nefndarinnar var nú ekki ánægður með niðurstöður fjárlagafrv. fyrir árið 1992 og lagði til töluverðar breytingar á því frv. og sendi þær til fjárln. en síðan heyrðist ekki neitt. Það sama gildir um álit annarra nefnda. Mér hefur fundist að meiri hlutinn skili örlitlu áliti þar sem þeir bara leggja blessun sína yfir allt og koma ekki með neinar ábendingar eða athugasemdir á meðan minni hlutinn hefur iðulega samið mikil og ítarleg álit sem birt hafa verið í nál. meiri og minni hluta. Með þessu eru nefndirnar að leggja sitt af mörkum til umræðunnar um fjárlagadæmið. En þar sem kosinn hefur verið nýr formaður fjárln. og mannabreytingar orðið þar þá vil ég varpa fram þeirri spurningu til nýkjörins formanns, Sigbjarnar Gunnarssonar, hvort fjárln. hyggist gera einhverja breytingu varðandi þessa vinnu? Er t.d. hugsanlegt að fagnefndirnar fjalli um þær breytingartillögur sem eru til umræðu í fjárln., að við fáum fyrir fram að kynnast því hvaða breytingar er verið að ræða í fjárln. eða hvað ætla menn sér með þessu. Mér hefur fundist að fjárln., alla vega eins og dæmið hefur birst okkur í fagnefndunum, væri býsna íhaldssöm og vildi halda utan um þetta allt. Mér finnst að við þingmenn þurfum að ræða það hvernig þetta ákvæði 25. gr. hafi gefist og hvort hugsanlegt sé og æskilegt að stíga

lengra í þá átt að fagnefndirnar hafi í raun eitthvað að segja um fjárlögin og þær ákvarðanir sem teknar eru í viðkomandi málaflokkum. Ég vildi vekja athygli á þessu atriði hér en þó ítreka að ég er eindregið þeirrar skoðunar að við höfum öll haft mjög gott af því að fara í gegnum þessa einstöku þætti fjárlagafrv. Ég tel að það hafi auðgað og bætt umræðuna varðandi fjárlögin og við þessar athuganir hafi margt komið fram sem fjárln. hefði ella ekki tekið eftir eða lagt sömu áherslu á og við gerum í fagnefndunum.

En hér er auðvitað fjárlagafrv. fyrir árið 1994 til umræðu. Eins og vænta má þá boðar það allnokkur tíðindi. En það verður ekki annað sagt en að það sé í beinu framhaldi af því sem hér hefur verið að gerast á undanförnum árum. Ég get ekki stillt mig um að vitna í hina hvítu bók sem þeir ráðherrarnir veifa lítið nú á dögum (**Gripið fram í:** Betra er að veifa röngu tré en öngvu.) en það verður að segja þeim til vorkunnar að margt hefur breyst í samfélaginu frá því að þeir settust niður í Viðey og sömdu fyrstu drög að þessari stefnuskrá. En því er auðvitað ekki að neita að í þessari hvítu bók, Velferð á varanlegum grunni, koma fram meginstefnumið ríkisstjórnarinnar og þrátt fyrir ýmsa erfiðleika þá hafa þeir fylgt þessari stefnu. Að mínum dómi vill nú svo til að sú stefna, og þá er ég einkum að hugsa um einkavæðingu og niðurskurð af ýmsu tagi, takmörkun á ríkisbúskapnum, eigi illa við á samdráttartímum. Í hvítbókinni segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl. hefur sett sér það markmið að rjúfa langvarandi kyrrstöðu í íslenskum þjóðarbúskap. Efnahags- og atvinnulíf þjóðarinnar hefur á undanförnum árum einkennst af stöðnun og samdrætti og hefur ekki verið svo lengi í lægð frá því á fjórða áratug þessarar aldar. Hefja þarf nýja framfarasókn í íslensku samfélagi svo hagur landsmanna geti á ný farið batnandi."

Þegar maður les þessi orð og hugsar til þess sem gerst hefur á þessu tveimur og hálfa ári frá því ríkisstjórnin tók til starfa þá verður manni náttúrlega bæði ljóst hve miklum andbyr hún hefur mætt og hve röng hennar stefna er. Þegar litið er á kaflann um ríkisbúskapinn segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin leggur áherslu á þann ásetning sinn að gerbreyta fjármálastjórn hins opinbera. Dregið verður úr umsvifum ríkisins og þannig búið í haginn fyrir hóflega skattheimtu í framtíðinni." — Hóflega skattheimtu. Ég vek sérstaka athygli á því. — „Þessar fyrirætlanir eru forsenda þess að viðreisn efnahagslífsins takist. Versnandi viðskiptakjör, aflasamdráttur og horfur á minnkandi landsframleiðslu undirstrika hve brýnt þetta er.

Um leið og dregið verður úr hallarekstri ríkissjóðs árið 1992 með því að stöðva þau vaxandi ríkisumsvif sem viðgengist hafa undanfarin ár verða næstu skref til uppbyggingar og kerfisbreytinga í ríkisrekstrinum undirbúin."

Síðan segir, með leyfi forseta: „Stefnt er það því að fjármál ríkissjóðs verði komin í jafnvægi í árslok 1993."

Það var sem sagt stefna ríkisstjórnarinnar að koma á jafnvægi í ríkisbúskapnum, að ná ríkishallanum niður á tveimur árum, sem ég tel að þá strax hafi verið algerlega óraunhæft markmið, en jafnframt að draga mjög úr umsvifum ríkisins. Það er kannski ekki síst sá þáttur sem við höfum orðið vör við og hafa valdið miklum deilum hér á Alþingi og þá ekki síst sá þáttur að koma kostnaði við velferðarkerfið yfir á hinn almenna borgara.

Einn mikilvægur þáttur í stefnu ríkisstjórnarinnar sem ég get ekki látið hjá líða að vekja athygli á er auðvitað sá að selja eignir ríkisins eða að einkavæða eins og það hefur verið kallað. Mér finnst þetta einkavæðingarmál vera eitt besta dæmið um það hvað ríkisstjórnin hugsar málið illa og hversu lítið raunsæi er í hennar áætlunum. Ef maður bara lítur á tölurnar yfir einkavæðingaráformin þá var það svo að í fjárlögum fyrir árið 1992 var áætlað að selja eignir ríkisins fyrir 1 milljarð kr. en raunin varð 283 millj. kr. Árið 1993 átti að seilast enn lengra og selja eignir fyrir 1,5 milljarða kr. en samkvæmt því sem segir hér í frv. er útlit fyrir að það náist inn 100 millj. kr. (**Umhvrh.:** Er þingmaðurinn að kvarta yfir því?) Samkvæmt frv. fyrir árið 1994 er áætlað að selja ríkiseignir fyrir 500 millj. kr. þannig að menn eru nú heldur að draga í land.

Nú hef ég margt að athuga við einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar og ekki síst hvað þeir vilja selja. En ég er fyrst og fremst að vekja athygli á því að hér er að mínum dómi mjög gott dæmi um áætlanir sem eru svoleiðis út í bláinn að það nær ekki nokkurri átt. Þess vegna vakna auðvitað margar spurningar varðandi fjárlög þessa kjörtímabils, hvernig þau hafi staðist. Hér hefur margsinnis verið minnst á ríkishallann sem hefur aukist ár frá ári og allar áætlanir sem gerðar hafa verið hafa reynst kolvitlausar og því spyr maður sig auðvitað enn einu sinni, það er hin eðlilega spurning: Er þetta fjárlagafrv. eitthvað raunsærra en hin fyrri? Ég bendi á það að ég er búin að lesa vel í gegn tekjukaflann sem við í efh.- og viðskn. eigum síðan að fjalla um og hér er verið að gera ráð fyrir auknum tekjum í ýmsum greinum, m.a. auknum tekjum af bifreiðum og bensíni og hér er m.a. að finna þau tíðindi að það á enn að hækka bensíngjald. Ég skal taka fram að ég er ekki að gagnrýna það því að ég tel eðlilegra að leggja skatt á bensín heldur en ýmislegt annað. En það sem er auðvitað spurningin í þessu er hversu raunsæjar eru þessar tölur. Það hefur orðið samdráttur í bílainnflutningi, samt er gert ráð fyrir allverulegum innflutningi bifreiða og mjög auknum tekjum af þeim og jafnframt er gert ráð fyrir auknum tekjum af bensíni. Þá er gert ráð fyrir því í samræmi við spá Þjóðhagsstofnunar að virðisaukaskattur skili sér á svipaðan hátt og á þessu ári þrátt fyrir að spáð sé almennum samdrætti. Ég spyr auðvitað líka: Hvernig koma þessar spár Þjóðhagsstofnunar heim og saman?

Það kemur fram hér í frv. einn tekjuliður sem ríkisstjórnin hefur mikið uppáhald á, hinar svokölluðu sértekjur í ýmsum greinum. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig hafa áætlanir um sértekjur staðist? Ef við t.d. lítum á skólakerfið, á heilbrigðiskerf-

ið, hvernig hafa þær staðist og er einhver ástæða til að halda að þær áætlanir sem hér eru gerðar upp á 6,6 milljarða kr., ef ég man rétt um sértekjur, að þær standist. Ég veit það og hef dæmi um það af heilsugæslustöðvum hér í Reykjavík að þar ósköp einfaldlega stendur fólk frammi fyrir því í afgreiðslunum að verða að hætta við að innheimta gjöld af fólki vegna þess að það getur einfaldlega ekki borgað. Og mér leikur forvitni á að vita hversu mikið skilar sér af þessum sértekjum. Ég vil nefna það sem dæmi að við þingkonur Kvennalistans vorum á ferð um Austur-Skaftafellssýslu og komum þar í heimsókn í framhaldsskólann rétt utan við Höfn í Hornafirði. Þar kom í ljós að sá framhaldsskóli er nú rekinn með lánum og yfirdrætti. Honum var gert að afla sér sértekna sem ekki nær nokkurri átt og hann fær ekki peninga til síns reksturs. Ég vil nú biðja fjárlaganefndarfólk að athuga þetta alveg sérstaklega. Og ég spyr auðvitað: Hvernig er með aðra skóla og þessar sértekjur yfirleitt. Ég man líka eftir dæmi frá Keldum þar sem áætlun um sértekjur var algerlega út í bláinn. Þannig að það er margt að athuga í þessu og þær áætlanir sem hér eru gerðar vekja þær spurningar hvort þessi fjárlög standist eitthvað fremur en þau fyrri.

Það eru geysilega mörg atriði sem hér væri hægt að taka fyrir og ég vil aðeins minnast á það atriði sem fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. um að það sé ekki meiningin að auka skattheimtu. Menn geta reiknað sundur og saman hvort skattar vaxa eða hvort þeir lækka en auðvitað er staðreyndin sú að skattheimta hefur stóraukist. Maður auðvitað spyr sig hvað sé að gerast hér í þessu frv. og þá er ég að sjálfsögðu að vísa til þjónustugjaldanna og hinna svokölluðu sértekna sem eru ekkert annað en skattheimta á almenning, nemendur, sjúklinga og fleiri. Hér er það boðað að leggja eigi nýjan skatt á allan almenning í landinu og fyrirtæki upp á hálft prósent, gjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í sjálfu sér get ég samþykkt það að vissulega er ástæða til að afla tekna til Atvinnuleysistryggingasjóðs en það sem er gagnrýnivert er það að enn einu sinni er lagður flatur skattur á allan almenning án þess að taka tillit til hinna lægst launuðu. Nú tek ég fram að það kemur fram í frv. að meiningin sé að bæta barnafólki upp þennan aukna skatt. Við erum auðvitað ekki að tala um mjög háar upphæðir en mér verður iðulega hugsað til þess stóra hóps af eldra fólki og þá ekki síst af eldri konum, t.d. hér í Reykjavík, sem vinna á sjúkrahúsum, á barnaheimilum, í skólum á mjög lágum launum og munar um hverja einustu krónu. Þessi hópur fær engar bætur. Ég hef fulla samúð með barnafólkinu en ég vil vekja athygli á því að það eru líka fleiri, það eru fleiri sem þurfa að greiða þessa skatta. Og ég gagnrýni það að ríkisstjórnin skuli leggja á svona flatan skatt. Það tel ég vera mjög gagnrýnivert.

Enn eitt atriði sem reyndar hefur verið komið inn á hér í umræðunni varðar launastefnu ríkisins. Mér finnst það í raun og veru alveg furðulegt að enn einu sinni skuli því vera haldið fram í fjárlagafrv. að engar launabreytingar verði aðrar en þær sem fylgja starfsaldri og slíku vegna þess að reynslan sýnir okkur að ár eftir ár eru gerðir samningar og hinir svokölluðu aðilar vinnumarkaðarins senda reikninginn til ríkisins, ár eftir ár. Það er ríkissjóður sem ber aðalkostnaðinn af kjarasamningunum. Það þarf enginn að ímynda sér miðað við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir að það gerist ekki eitthvað slík einu sinni enn. Hvort sem það er í framlögum til atvinnusköpunar eða einhvers konar láglaunabótum þá lendir þetta á ríkissjóði og menn eiga að taka þetta inn í dæmið.

Ég ætla aðeins að koma hér inn á menntamálin áður en ég lýk máli mínu, frú forseti. Ég á að vísu sæti í landbn. og við munum þar fara rækilega í gegnum fjárlagafrv. en að svo komnu máli sé ég ekki ástæðu til að fara ítarlega í þau mál, heldur langar mig að vekja athygli á nokkru af því sem snertir menntamálin. Ég hef, eins og hv. þm. Svavar Gestsson sem situr með mér í menntmn., miklar áhyggjur af niðurskurði til skólamála. Hér kemur það fram í frv. að ýmsum skólum er gert að skera niður með því sem kallað er í frv. hagræðing, hagræðing sem m.a. á að koma fram í niðurskurði á kennslu. T.d. er Tækniskólanum og Kennaraháskólanum gert að hagræða með því að skera niður kennslu. Og ég get ekki annað en gagnrýnt þetta harðlega. Það hefur verið hart sótt að skólakerfinu á undanförnum árum og ég á mjög erfitt með að sjá að skólarnir geti tekið á sig meiri niðurskurð, en jafnframt er verið að leggja á þá aukin verkefni. Ef við hugsum nú til þeirrar framtíðarstefnu að hér þurfi að byggja upp rannsóknir og bæta tækni og byggja upp iðnað og fjölbreytni í atvinnulífinu þá kemur það auðvitað úr hörðustu átt að ráðast á Tækniskólann og Kennaraháskólann, Kennaraháskólann sem auðvitað leggur grunn að allri menntun í landinu.

Grunnskólanum er gert að spara 100 millj. kr. til viðbótar við það sem á undan er komið. Ég veit ekki hvernig í ósköpunum þeir eiga að fara að því. Það segir í frv. að það eigi að spara með því að draga úr öðrum kostnaði í beinni kennslu. Ég veit ekki betur en ríkið greiði fyrst og fremst kennslu í grunnskólum landsins, það er auðvitað önnur starfsemi sem tengist henni. Er verið að tala um skrifstofuliðið eða hvað á að spara núna? Menn vita að það er búið að ganga svo hart að kennslu í grunnskólanum að sem betur fer á ekki að stíga enn eitt skrefið, a.m.k. ekki samkvæmt þessu frv. hvað sem síðar gerist. Maður á svo sem á öllu von þegar þessi ríkisstjórn er annars vegar. En mér er það hulin ráðgáta hvernig þessi sparnaður á að nást fram og það hefði verið fróðlegt að fá tækifæri til að spyrja hæstv. menntmrh. að því.

Ég vil líka í tengslum við menntamálin vekja athygli á stöðu Háskóla Íslands sem hefur búið við mikinn niðurskurð á undanförnum árum. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál í tengslum við háskólann og hans framtíð hve mjög hefur dregið úr tekjum Happdrættis Háskólans. Margir þingmenn hér vita það að háskólinn er að þreifa fyrir sér á nýjum brautum í því efni, nokkuð umdeildum brautum að vísu, en hversu lengi getur það viðgengist að stærsta háskóla landsins, sem heldur uppi kennslu í ýmsum grunngreinum, sé gert að byggja framtíð sína og uppbyggingu á happdrætti? Nú

þekkjum við það frá löndum eins og Bandaríkjunum að háskólar eru styrktir af stofnunum og fyrirtækjum og hafa sjóði á bak við sig. En ég er ansi hrædd um að það gangi ekki miklu lengur að gera háskólanum að stýra sinni uppbyggingu með happdrætti. Tími happdrættanna virðist vera að líða undir lok eða alla vega eiga þau undir högg að sækja. Og málefni háskólans þarf auðvitað að taka fyrir og horfa á í samhengi við það hvað við viljum gera með þessum skóla okkar, hvert hans hlutverk á að vera. Þetta er nú stærsti háskóli landsins.

Að lokum, frú forseti, tvö atriði sem ég ætla að nefna. Það hefur komið upp sú umræða í efh.- og viðskn. hvernig eiginlega sé hægt að gera þjóðfélaginu og þá ekki síst atvinnulífinu það að þurfa að búa við breyttar skattareglur á hverju einasta ári. Í frv. er augljóst að það er von á mörgum skattafrumvörpum frá ríkisstjórninni. Hvernig á að vera hægt að skipuleggja starf þegar menn vita aldrei hvers er að vænta frá yfirvöldum? Þetta er auðvitað mjög slæmt ástand að menn skuli vera að breyta skattalögum svona á hverju einasta ári og ímyndið þið ykkur bara kostnaðinn við sjálfar breytingarnar sem því fylgja. En í tengslum við það get ég ekki annað en óskað hæstv. fjmrh. til hamingju með það ef honum tekst loksins að afnema skatt af verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem ég veit að hefur verið honum þung raun að þurfa að samþykkja hér ár eftir ár. En það mál tengist því að það verða þær breytingar að sá skattur verður lagður niður og sveitarfélögin fá í staðinn aukið rými til að leggja á fasteignaskatta.

Allra síðast, frú forseti, vil ég ítreka þá skoðun mína að sú stefna sem lesa má út úr þessu fjárlagafrv. er mjög handahófskennd eins og raunin hefur verið undanfarin ár. Ég held að við eigum öll að hugleiða að auðvitað kann það ekki góðri lukku að stýra að skipuleggja fjármál íslenska ríkisins eitt ár í senn, að það skuli ekki vera horft til lengri tíma og gerðar áætlanir til lengri tíma. Það er auðvitað erfitt fyrir alla að búa við það að vita aldrei hvers er að vænta og við hljótum að geta gert áætlanir í hinum ýmsu málaflokkum ríkisins eins og gert er í vegamálum og flugmálum og aðrar þjóðir beita þeim aðferðum að smíða fjárlög til lengri tíma. Vissulega er við erfiðleika að etja í þjóðarbúinu sem gera það að verkum að það er erfitt að skipuleggja þegar menn vita ekki hvers er að vænta. En ég er ansi hrædd um að þetta frv. byggi ekki á raunveruleikanum heldur óskhyggju því að allar spár Þjóðhagsstofnunar fela það í sér að það verði aukinn samdráttur hér á næsta ári. Og ég óttast því miður að sá samdráttur komi harðar niður á ríkinu en menn vilja viðurkenna í þessu frv.

[19:14]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna spurningar hv. síðasta ræðumanns þess efnis hvort fjárln. muni veita fagnefndum meira vægi þá vil ég segja þetta: Ég tek undir með þingmanninum eftir að hafa starfað í fagnefndum í tvö ár að það er heppilegt að fagnefndir komi að verki og það er gott veganesti fyrir fólk sem situr í fagnefndunum að kynna sér þann þátt fjármála sem þær nefndir snertir. Hitt er svo annað að ég er nýlega kominn til starfa í fjárln. og síðustu sólarhringar hafa farið í að kynna mér störf þeirrar nefndar, m.a. hef ég kynnt mér ítarlega Noregs-skýrsluna sem flokksbróðir hv. þm. nefndi til sögunnar hér fyrr í umræðunum. Þar er auðvitað margt athyglisvert að finna. Ég held þó að aðdragandinn að slíkum breytingum sem þar er um getið þurfi að vera lengri en tök eru á um þessar mundir. En ég mun beita mér fyrir því í upphafi næsta árs að fjárln. ræði ítarlega hvort möguleikar séu til breytinga í þessa veru.

[19:15]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka formanni fjárln. fyrir þessi svör. Ég held að það mikilvæga í þessu sé það að við reynum að meta reynsluna af þessari nýbreytni hér á þingi og reynum að átta okkur á því hvað við viljum með þessu vegna þess að það er auðvitað spurning hvort nefndir eigi að vera að verja miklum tíma og kröftum í að vinna í fjárlagafrv. ef það er svo ekkert gert með það. Ef eini ávinningurinn er bara okkar sjálfra. Ef það skilar sér ekki inn í sjálfa fjárlagavinnuna. Það er fyrst og fremst þetta sem mér finnst að við þingmenn allir eða öll eigum að hugleiða og ræða okkar í milli. Hver er reynslan? Viljum við halda þessu áfram og þá í hvaða formi?

[19:16]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi þessi efni þá þiggur fjárln. allar ábendingar og þær eru af hinu góða. Ég hygg að að þessu sinni verði haft svipað verklag og verið hefur undanfarin ár. En ég ítreka það sem ég sagði hér áðan að ég tel ástæðu til að huga rækilega að breytingum.

[19:17]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það tvennt sem hlýtur fyrst og fremst að móta fjárlagafrv. hverju sinni er stefna ríkisstjórnar og aðstæður í þjóðfélaginu. Reyndar má segja að nú sé þetta hvorutveggja nátengt þegar ríkisstjórnin er búin að sitja að völdum í hálft þriðja ár, svo mjög sem stefna hennar hefur mótað aðstæður hér innan lands.

Tvímælalaust afdrifaríkustu afleiðingarnar af frjálshyggjutrú ríkisstjórnarinnar á afkomu þjóðarbúsins eru að sjálfsögðu þrengingar atvinnulífsins. Háu vextirnir vega þar þyngst og eru táknrænir um vinnubrögðin. Við framsóknarmenn vöruðum sterklega við þessari stefnu og oft síðan höfum við bent á afleiðingarnar í umræðum hér á Alþingi. Það er að vísu rétt að hávaxtatrúin var ríkjandi í mörgum nágrannalöndum okkar þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók vaxtaheljarstökkið í upphafi ferils síns. En þegar stjórnendur þeirra ríkja sáu hinar hrikalegu afleiðingar af villutrú þessari og afleiðingarnar urðu vaxandi atvinnuleysi, sérstaklega hjá ungu fólki, þá beittu þeir valdi sínu til að knýja fram lækkun vaxta. Þar með viðurkenndu þeir ekki aðeins voðann sem hávaxtastefnan veldur heldur kollvörpuðu þeir einnig því trúaratriði Sjálfstfl. og Al-

þfl. að háir vextir væru svo heilagt lögmál að mannlegt vald ætti ekki og gæti ekki haft nein áhrif á vextina. Í þessum nágrannalöndum okkar eru ríkisverðbréf víðast hvar nú boðin á 2–5% vöxtum. En hér býður ríkið skuldabréf með 7–8% vöxtum sem er miklu hærra en nú þekkist nokkurs staðar hjá nágrönnunum. Og þó er fjárlagahalli í sumum þessara landa miklu hærra hlutfall en hér á landi svo það getur ekki verið ástæðan fyrir þessum háu vöxtum hér. Orsakanna taldi hæstv. fjmrh. reyndar einkum að leita í sérkennum íslensks fjármagnsmarkaðar. Ég held að réttara væri að segja að orsökin sé sérkenni íslensku ríkisstjórnarinnar sem rígheldur í þessa stefnu.

Hv. 3. þm. Vestf. flutti hér athyglisverða ræðu um að stefna hans í vaxtamálum væri algjör andstæða stefnunnar sem hann hefur stutt ríkisstjórnina til að framkvæma á undanförnum árum eins og honum var reyndar bent á í andsvörum við ræðu hans áðan. Hv. þm. sagði líka að fjármálastjórn hefði verið hér traust. En hvar sjáum við þessa traustu fjármálastjórn? Ber þetta fjárlagafrv. með 10 milljarða kr. halla vitni um trausta fjármálastjórn hjá ríkinu? Birtist þessi trausta fjármálastjórn hjá fyrirtækjunum sem hvert af öðru eru að leita nauðasamninga vegna yfirvofandi gjaldþrota? Birtist þessi trausta fjármálastjórn hjá þeim einstaklingum sem eru að missa eignir sínar fyrir lítið vegna verðfalls á fasteignum? Því miður er staðreyndin sú að stjórnarflokkarnir eru hér kaþólskari en páfinn í vaxtastefnu sinni og í verki virðist það hana engu máli skipta þó vaxtabyrðin sé ekki aðeins að sliga undirstöðuatvinnuvegina heldur einnig fjölmarga einstaklinga í þjóðfélaginu og einnig ríkissjóð sem kemur skýrt fram í þessu fjárlagafrv.

Þegar árlegur halli ríkissjóðs er orðinn á milli 10–20 millj. kr. eins og því miður er staðreynd hjá núv. fjmrh., og enginn veit hvar í ósköpunum endar með óbreyttri stjórnarstefnu, þá er augljóst að hið háa vaxtastig leggur slíkar drápsklyfjar á ríkissjóð að það hrekkur skammt til að mæta því þó af handahófi sé dregið úr ýmissi samfélagslegri þjónustu sem bitnar harðast á þeim sem höllum fæti standa.

Eina færa leiðin til að bæta afkomu ríkissjóðs og þjóðarbúsins er að sjálfsögðu að efla þá atvinnuvegi sem auka raunverulega verðmætamyndun í þjóðfélaginu. En það er því miður með fleira en vaxtastefnunni sem ríkisstjórnin leggur stein í götu þess að það megi takast. Íslensk ferðaþjónusta horfir með kvíða fram til næstu áramóta þegar nýi ferðaþjónustuskatturinn gengur í gildi. Og það vofir meira að segja yfir að veitingahús verði frá næstu áramótum krafin um hærri virðisaukaskatt af matarsölu en verslanir sem selja unna matvöru og væri æskilegt að hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því hvernig þar verður að verki staðið.

Margir hafa sýnt í verki trú sína á framtíðarmöguleikum ferðaþjónustunnar og lagt á sig ærið erfiði til að byggja upp aðstöðu í því skyni. Á liðnum árum og áratugum hafa íslenskir bændur verið í fararbroddi þó væntanlega sé það ekki af þeim sökum sem stjórnarflokkarnir náðu samstöðu um þessa ákvörðun sem bæði hindrar komu útlendinga hingað og hvetur til utanfara Íslendinga. Ef til vill er þetta fordæmi sótt til Svía sem gerðu þetta fyrir fáum árum að leggja aukinn skatt á ferðaþjónustu með hrapallegum afleiðingum fyrir þarlenda ferðaþjónustu og eru þeir nú að hverfa frá villu síns vegar. Vonandi verða afleiðingarnar ekki eins alvarlegar hér og þær reyndust Svíum og enn þá er e.t.v. von um að ríkisstjórnin sjái villu síns vegar.

Þannig væri lengi hægt að halda áfram að telja upp þau axarsköft ríkisstjórnarinnar sem leggja grunninn að þessu dapurlega fjárlagafrv. Því miður virðist ríkisstjórnin harla lítið hafa lært af þeim og heldur áfram að vega í sama knérunn.

Við framsóknarmenn höfum oft bent á þá augljósu staðreynd að það eru framleiðsluatvinnuvegirnir umhverfis landið sem standa undir afkomu þjóðarbúsins alls og þar með einnig íbúa höfuðborgarinnar. Samdráttur hjá þessum atvinnuvegum muni því fljótlega bitna á öllum landsmönnum. Því miður er þetta nú að koma í ljós með vaxandi atvinnuleysi hér á höfuðborgarsvæðinu og fleiri dökkar blikur eru á lofti. Húseigendafélagið hefur ákveðið að boða til umræðufunda um verðhrun fasteigna. Slíkt þekkja að vísu þeir sem hafa búið við þær aðstæður víðs vegar á landinu að undirstöður atvinnulífsins þar hafa brostið en það hefur verið óþekkt hér á höfuðborgarsvæðinu. Það er því eðlilegt að þessi staðreynd komi í opna skjöldu ekki síst þeim sem trúa á kenningu úr frægum sjónvarpsþætti, reyndar af endemum, á sl. sumri þar sem fram kom sú skoðun að það væru hagfræðingarnir sem sköpuðu verðmætin. En þrátt fyrir það að afleiðingarnar af samdrætti atvinnulífsins á landsbyggðinni bitni nú með vaxandi þunga á landsmönnum öllum þá sjást þess ekki merki að ríkisstjórnin vilji bregðast við þeim vanda með tillögum fjárlagafrv. um framlög til Byggðastofnunar.

Hæstv. forsrh. hóf harða hríð að Byggðastofnun í upphafi stjórnarferils síns og þeim atlögum var fylgt eftir með samdrætti í fjárveitingum og reglugerð sem batt mjög hendur stjórnanda Byggðastofnunar til góðra verka. Hefur þetta skýrt komið fram í orðum formanns Byggðastofnunar, hv. 1. þm. Vestf. Þeim mun alvarlegra er þetta þar sem mjög þrengir nú að undirstöðuatvinnuvegum okkar, sjávarútvegi og landbúnaði. Þörfin er því brýn að byggja upp á nýjum sviðum og að rétt sé fram til þess örvandi hönd. Það ætti að segja öllum sem um það vilja vita sína sögu að samdráttur í þeim verkefnum sem nú eru færð í fjárlagafrv. undir landbrn. nemur 4,5 milljörðum kr. eins og fram kom í ræðu hæstv. fjmrh. Eru það 40% miðað við töluna í frv. Mikill hluti þeirrar upphæðar er samkvæmt búvörusamningnum sem bændur gerðu við ríkið og sýnir hversu gífurlegar byrðar bændur taka nú á sig. Annað gengur þar í þveröfuga átt við þann samning. Þar má nefna atriði sem valda óviðunandi mismunun vegna þess að nú er ákveðið með þessu fjárlagafrv. að þá falli algjörlega niður framlög til jarðræktarframlaga en undir þau falla vatnsveitur á lögbýlum. Þar með fá bændur engan stuðning við vatnsveitur á sama tíma og vatnsveitur sem gerðar eru í nafni sveitarfélags fá framlög frá Jöfnunarsjóði. Hér er því eitt dæmi um

óviðunandi mismunun. Einnig má nefna að framlög til skógræktar og landgræðslu eru skorin niður frá núgildandi fjárlögum og gengur það þvert á þau fyrirheit sem bændum voru gefin með búvörusamningnum og þvert á það sem virðist vera almenn skoðun og vilji í þjóðfélaginu. A.m.k. virðast allir sammála um að gróðureyðingu þurfi að stöðva en þar er nú sérstök vá fyrir dyrum.

Nú er að koma í ljós að gífurlegt sandfok úr farvegi Skaftár vegna jökulhlaupanna á undanförnum árum er að verða að óviðráðanlegu vandamáli eða lítt viðráðanlegu. Framkvæmdastjóri Náttúruverndarráðs, Þóroddur Þóroddsson, orðaði það svo eftir skoðun á aðstæðum á liðnu sumri að þar væri um að ræða náttúruhamfarir sem væru sambærilegar við eldgos. Vissulega er erfitt að ráða við náttúruöflin þegar þau eru í slíkum ham en sérfræðingar eru sammála um að ýmislegt sé hægt að gera til að draga úr afleiðingunum. Verði það ekki reynt nú þegar, að stemma stigu við þeim, þá verði kostnaðurinn margfaldur að fáum árum liðnum, enda muni sandurinn þá hafa fært í kaf mikið af grónu landi, einnig sérstæða náttúru eins og Lakagíga og jafnvel ógna byggð og samgöngum. En við gerð fjárlagafrv. virðist ekki tekið tillit til ábendinga Landgræðslu vegna þessa yfirþyrmandi vanda og honum þar með velt með margföldum þunga yfir á framtíðina.

En þrátt fyrir að þannig sé víða að verki staðið í þessu fjárlagafrv., þá er það lagt fram með 10 milljarða kr. halla. Það er víst öllum ljóst hversu mikil fjarstæða sjálfstæðismönnum hefði fundist það ef við framsóknarmenn hefðum haft hugmyndaflug til að segja það fyrir síðustu kosningar að eftir tveggja ára setu í ríkisstjórn mundi Sjálfstfl. leggja fram slíkt fjárlagafrv. En tölurnar í þessu frv. segja því miður ekki alla söguna, við meðferð Alþingis á frv. mun það koma betur í ljós. Ég vil aðeins nefna eitt dæmi. Hæstv. dómsmrh. hefur boðað mikinn sparnað í útgjöldum ráðuneytisins með fækkun sýslumannsembætta og hefur sá skrifborðsvinnusparnaður verið tekinn inn í frv. Á meðal þess sem þar á að gera er að leggja niður sýslumannsembætti í Vestur-Skaftafellssýslu og færa þau undir sýslumann á Hvolsvelli. Eitt stærsta verkefni þessara embætta er löggæsla og í fjárlagafrv. er nú lagt til að veita 18,5 millj. kr. til löggæslu í báðum þessum sýslum. Í fjárlögum á yfirstandandi ári fær sýslumaðurinn á Hvolsvelli 17,2 millj. Það eru því aðeins ætlaðar 1.300 þús. kr. til viðbótar til að sinna löggæslu í núverandi Vestur-Skaftafellssýslu. En allir sem til þekkja vita að löggæsla verður ekki ódýrari ef henni á að sinna allri frá einum stað á Hvolsvelli. Jafnframt má benda á að hún hefur að undanförnu verið í algjöru lágmarki í Vestur-Skaftafellssýslu þar sem flestir íbúar hafa verið að baki fastráðnum lögregluþjóni.

Hæstv. dómsmrh. hefur lýst því yfir á fundum með sveitarstjórnum í Vestur-Skaftafellssýslu að úr löggæslunni eigi samt alls ekki að draga. Hér er því um algerlega óraunhæfa tölu að ræða og þarf að hækka hana a.m.k. um 28% til þess að uppfylla það sem hæstv. dómsmrh. segir, að ekki eigi að draga úr löggæslunni. Því má svo bæta við að með hinni breyttu skipan er íbúum héraðsins ætlað að sækja þjónustu allt að 200 km vegalengd sem er sambærilegt við það að Reykvíkingar ættu að sækja sína þjónustu austur í Vík í Mýrdal eða norður fyrir Holtavörðuheiði. Og fyrir þetta fámenna byggðarlag hefur þetta sambærileg áhrif og að 500 stöður ríkisstarfsmanna væru lagðar niður hér í Reykjavík. Það er því spurning, hvort þannig er í framkvæmd tillaga um stefnu í byggðamálum sem Byggðastofnun sendi til hæstv. forsrh. á sl. sumri þar sem segir að ekki eigi að draga úr opinberri þjónustu.

Hv. 3. þm. Reykn. hafði reyndar harðari orð um málatilbúnað hæstv. dómsmrh. en ég hafði látið mér detta í hug að stjórnarþingmaður mundi gera. Ef allir hv. stjórnarþingmenn héldu áfram að taka hér til máls og gerðu það á svipuðum nótum og hann og fleiri stjórnarþingmenn hafa gert, þá stæði harla lítið eftir af þessu stjfrv. En það eru ekki aðeins þingmenn stjórnarliðsins sem sýna lítinn stuðning við frv. Það er áberandi hversu þunnskipaður bekkur ráðherra er og nú situr hér aðeins hæstv. fjmrh. einn. (**Fjmrh.:** Það er nú allnokkuð.) Já, vissulega er það rétt hjá hæstv. fjmrh., það er allnokkuð, enda er þetta hans frv. En mér finnst að það væri samt lágmark hjá fleiri hæstv. ráðherrum að vera hér vegna þess að til þeirra hefur verið beint ýmsum spurningum sem komið hefur í ljós að a.m.k. hv. stjórnarþingmenn vita engin svör við og ég veit ekki hversu auðvelt hæstv. fjmrh. á með að veita svör við þeim öllum. En það á eftir að koma í ljós hér á eftir.

Það hafa einkum verið bornar fram spurningar til hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. félmrh. Ég ætla að bæta þar við einni spurningu og láta á það reyna hvort hæstv. fjmrh. getur svarað því en ég ætlaði að beina henni til hæstv. félmrh. eða staðgengils hennar, sem hér hefur nú verið öðru hvoru fram undir þetta. Hún er um það hvernig viðræður um húsaleigubæturnar standa núna, en húsaleigubæturnar voru eitt af þeim málum sem hæstv. félmrh. gerði fyrirvara um við samþykkt fjárlagafrv. Niðurstaðan var sú að hennar tillögur voru samþykktar í þingflokki Alþfl., að því er sagt var, og þar með virtist hæstv. utanrrh. hafa breytt sinni afstöðu eins og hún hafði komið fram á ríkisstjórnarfundi. Hins vegar var sagt að þá væri eftir að semja um málið við samstarfsflokkinn, Sjálfstfl. Ég vildi því spyrja hæstv. fjmrh.: Eru þeir samningar til lykta leiddir eða hvernig standa þeir?

Ég tók hér aðeins eitt dæmi um það hversu vanáætlaðar tölur fjárlagafrv. eru og ég ætla ekki að tefja tímann með því að nefna þar fleiri tölur. En þessi eina tala sýnir skýrt á hvaða brauðfótum fjárlagagerðin er og nauðsynlegt að skoða hvern einasta lið rækilega við umfjöllun Alþingis á frv. Og þá er spurningin: Hversu dýr verður Hafliði allur? Hvað verða leiðréttingarnar miklar úr því að hægt er að benda á tuga prósentu skekkju á einum smáum lið?

Þegar allshn. fær gjaldahliðina í fjárlagafrv. sem varðar dómsmrn. til meðferðar mun ég fara fram á það að fulltrúum héraðsnefnda á þeim svæðum þar sem á að leggja niður sýslumannsembætti verði gefinn kost-

ur á að koma á fund nefndarinnar til að skýra mál sitt. En vegna spurninga sem hv. 18. þm. Reykv. bar hér fram um gildi starf fagnefnda og hvaða áhrif það hefði á gerð fjárlagafrv., þá vil ég taka undir það að mér virðist að þau áhrif hafi orðið of lítil, enda því miður oft verið orðin tímaþröng. Þær fréttir bárust stundum frá fjárveitinganefnd að þessi álit fagnefndanna hefðu ekki öll verið lesin upp. Ég held því að fagnefndirnar þyrftu að fylgja þessu betur eftir og fá tækifæri til að skýra sín viðhorf á fundum hjá fjárln. Vildi ég beina þessari ábendingu til hv. formanns hennar sem hér er enn staddur.

Ég mun hér láta staðar numið að þessu sinni að fjalla um þetta fjárlagafrv., enda gefst kostur á því síðar þegar nánari athugun hefur farið fram. En óhætt er að segja að þetta fjárlagafrv. er þyngri áfellisdómur ríkisstjórnarinnar á hennar eigin stjórnarstefnu en nokkurn gat órað fyrir að hún mundi fella yfir sjálfri sér, enda umkomuleysi þessa frv. í umræðunni hér algert.

Hæstv. fjmrh. hefur áreiðanlega gert sitt besta til að þurfa ekki að láta það líta svona út. En við það getur hæstv. fjmrh. ekki ráðið á meðan haldið er óbreyttri *stjórnarstefnu. Því miður gefur boðskapur hæstv.* forsrh. í stefnuræðu hans, þar sem hann taldi að flest horfði nú til betri vegar, ekki tilefni til að hægt sé að vona að breytingar til bóta á stefnunni séu í nánd, þar sem hann telur að reynslan hafi sannað svo ágæti hennar. Þegar glundroðinn og ásakanirnar milli ráðherra í ríkisstjórninni hafa keyrt úr hófi á undanförnum vikum og mánuðum hefur hæstv. forsrh. reynt að afsaka það með því að sum þessi orð ráðherra séu í gamni sögð. Það var líka svo hjá Goðmundi á Glæsivöllum að gleði var í höll, enda mungátið áfengt og óminnishegrinn undir niðri í stiklunum þrumdi. Og þótt á Glæsivöllum aldrei með ýtum væri fátt og allt kátt og dátt, þá var bróðernið flátt mjög og gamanið grátt þar sem í góðsemi vógu menn hver annan. Frá öllum þessum ósköpum slapp Grímur Thomsen kalinn á hjarta. En hversu helfrosið verður íslenska þjóðfélagið þegar það sleppur undan hinu harða hnútukasti núv. hæstv. ríkisstjórnar?

[19:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mun reyna að svara nokkrum fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint og fjalla um önnur atriði sem ég hef kost á, á þeim stutta tíma sem mér er ætlaður. Því miður má búast við því að eitthvað verði eftir, bæði vegna þess að ég kann ekki skil á öllum málunum og atriðunum og einnig vegna þess að sjálfsagt kemur tímaskortur til með að hamla því að ég nái utan um öll svörin.

Fyrst langar mig til þess að víkja hér að einu atriði sem kom fram m.a. hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. og fjallar um hluti eins og sértekjur og gjöld teknamegin. Reyndar voru það fleiri hv. þm. sem ræddu nokkuð þetta atriði, um framsetningu og uppsetningu á fjárlögum.

Það hefur verið til skoðunar hjá okkur, og reyndar m.a. vegna vinnu sem fram hefur farið á vegum OECD, að færa fjárlögin upp með öðrum hætti en gert hefur verið þannig að allar tekjur komi fram teknamegin og öll gjöld gjaldamegin en ekki eins og nú er að tekjur vegna gjalda, svokallaðar sértekjur, séu færðar gjaldamegin og gjöld vegna tekna, ýmsir afslættir og frádrættir séu færðir teknamegin. Þetta gæti þýtt, fljótt á litið, að niðurstöðutölur fjárlaga mundu hækka líklega svona 20–30%. Ég er sammála því sem sagt hefur verið að það er ekkert á móti því að þessi breyting sé gerð.

Ég vil hins vegar enn og aftur mótmæla því sem fram hefur komið af hálfu margra þeirra sem gagnrýnt hafa þetta frv. og sagt að það sé verið að hækka skatta. Ég hef reyndar sýnt fram á það að ekki er verið að hækka skatttekjur ríkisins. Menn hafa þó oft gripið til þess að segja: En hvað þá um sértekjurnar? Sé litið á bls. 281 í frv. og skoðaðar þær sértekjur sem koma inn til frádráttar rekstrargjöldum kemur berlega í ljós að þær tekjur munu lækka á næsta ári og skiptir þar auðvitað mestu að Hagræðingarsjóðurinn fellur brott. Ég bið menn um að skoða þetta áður en þeir fella dóma um það að einhverjar sértekjur bætist við skattana, því það er að sjálfsögðu alrangt. (**Gripið fram í:** Hvaða blaðsíða er þetta?) Ég held að það sé á bls. 281, ef ég man rétt. Það er tafla og í töflunni kemur þetta fram. Það er á bls. 281, þar sem sýnt er hvernig sértekjurnar dragast frá rekstrargjöldunum. Þetta er uppsetningin.

Ég ætla ekki að fjalla hér ítarlega um vaxtamál eins og margir gerðu. Það urðu hér ágætar umræður um vaxtamálin í svörum og andsvörum en ég held að ég geti sagt að það sem stendur í þjóðhagsáætluninni um næmi eigi við vextina en ekki bankastjórana. Það held ég auðvitað að fyrrv. sparisjóðsstjóri og bankastjóri átti sig á.

Það er hins vegar kannski ástæða til þess að segja frá því að í dag var kynnt í ríkisstjórninni mjög ítarleg skýrsla um vexti. Skýrsla sem er upp á marga tugi blaðsíðna. Mjög ítarleg og fróðleg skýrsla um vexti sem viðskrh. gaf út og hélt blaðamannafund um í dag og ég hygg að sé verið að segja frá í fréttum einmitt þessa stundina. Þessi skýrsla er ákaflega gagnleg og *rekur þróun mála. Í henni eru ýmsar tillögur til þess* fallnar að ná niður vöxtum og er bent þar á ótal úrræði. Þetta segi ég hér af því að nokkuð hefur borið á því í þessum umræðum að menn hafa talið helsta vandamál okkar hve vextir eru háir og ekki skal ég gera lítið úr þeim vanda. Það ber þó að taka það fram að eftir að ríkið fór að selja sína pappíra alla á markaði, hætta yfirdráttarlánum hjá Seðlabankanum, hefur okkur tekist að þróa lánsfjármarkaðinn íslenska með þeim hætti að vextir hækkuðu ekki neitt að ráði þrátt fyrir nokkra verðbólgu á síðari hluta þessa árs. Þvert á móti hafa vextirnir á ríkisbréfum, einkum á óverðtryggðum ríkisbréfum til skamms tíma, farið ört lækkandi og er það að sjálfsögðu góðs viti.

Mig langar aðeins vegna ræðu Jónu Valgerðar, hv. 6. þm. Vestf., að benda á að um rannsókna- og þróunarfjármagnið er getið í 6. gr. fjárlaga. Þetta er uppsetningaratriði þannig að í 5. tölul. í 5. lið 6. gr. er sagt

að 20% af andvirði af sölu ríkisfyrirtækja gangi til rannsókna- og þróunarverkefna og það er gert ráð fyrir að það séu 100 millj. kr. til viðbótar þeim fjármunum sem koma fram í beinum útgjaldaliðum frv.

Þær eignir sem hugsanlega gætu orðið til sölu á næsta ári eru t.d. SR-mjöl hf., Lyfjaverslun ríkisins, Fjárfestingarbankinn, verði hann að lögum, þar mun ríkið eiga 40% og er tilgangslaust reyndar að ríkið sé minnihlutaaðili að slíkum sjóði, og hugsanlega Sementsverksmiðja ríkisins og fleiri fyrirtæki í eigu ríkisins. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir því að Búnaðarbankinn seljist en ég tel hins vegar, og ég segi það á mína ábyrgð, að það sé eðlilegt að reyna fyrir sér um sölu á t.d. hlut ríkisins í Aðalverktökum.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. ræðumanni að atvinnuleysið er vissulega alvarlegasta vandamálið sem við stöndum frammi fyrir og þá ekki síst atvinnuleysi kvenna. Einmitt þessa dagana er verið að skila skýrslu um hvernig eigi að ráðstafa þeim 60 millj. sem ganga eiga til að byggja upp atvinnu fyrir konur. Mér skilst að hægt verði að kynna þá skýrslu í næstu viku og þar er um að ræða fjárframlög sem kalla á nýtt framlag frá sveitarstjórnum og fyrirtækjum. Þannig að í raun og veru gæti þetta fjárframlag ríkisins orðið til þess að nýir fjármunir kæmu á móti og þess vegna verður að líta á heildarfjármagnið sem kemur til ráðstöfunar í þessu sambandi.

Við verðum að átta okkur á því að atvinnuleysið núna er afleiðing af minni fiskveiðum og lægra verði á okkar afurðum erlendis, fyrst og fremst, en þá verðum við einnig að geta þess að stefna ríkisstjórnarinnar er uppbyggingarstefna. Sú stefna að takmarka veiðarnar um stundarsakir byggist á því að fiskstofnarnir, þorskstofninn aðallega, geti byggst upp á nýjan leik. Og þetta er auðvitað gert viljandi til þess að við getum skapað hagvöxt þegar fram í sækir sem byggist á þessari mestu auðlind Íslands.

Hv. þm. spurði um erfðafjárskattinn. Því er til að svara að talan er áætluð tala og miðast eingöngu við það sem kom inn í tekjur af skattinum á yfirstandandi ári. Það var talsvert bætt í þessa tölu í fyrra vegna þess að hækkun hafði átt sér stað 1991 en svo kemur fram lækkun á yfirstandandi ári þannig að hér aðeins um áætlaða tölu að ræða sem getur auðvitað lækkað eða hækkað, en allur skattur verður að sjálfsögðu til ráðstöfunar.

Ég sé að sumir hv. þm. sem tóku þátt í umræðunum og beindu heilmörgum fyrirspurnum til mín eru ekki í salnum, eðlilega vegna þess að klukkan er að verða átta, en mig langar þó til þess að nefna nokkur atriði sem fram hafa komið hjá þeim. Fyrst um heilsukortin. Ég vil taka það fram að samkvæmt almannatryggingalögunum er gert ráð fyrir útgáfu heilsukorta. Það er ekkert bundið við það hve gjaldið er hátt. Hins vegar töldum við að það væri heppilegt, vegna þess að það skortir nýtt fjármagn til heilbrigðismálanna, ef við ætlum ekki að draga úr þjónustunni, að fara þessa leið. Og þessi leið er þannig að hún er valkvæð. Menn eiga að geta valið á milli þess að taka kortin eða að borga fyrir tiltekna afmarkaða þjónustu. Mér er það ljóst að það þarf að færa út þessa hugmynd fyllilega og vera kann að þau orð hafi fallið sem gætu leitt til þess, ef þau væru tekin eins og þau voru sögð, að erfitt reyndist að heimta inn gjöldin. En ég tel að ríkisstjórnin eigi eftir endanlega að komast að niðurstöðu um það hvernig það verði gert og að sjálfsögðu verður að tryggja það að hér sé fullt valkvæði og menn greiði annaðhvort fyrir heilsukortin eða þá þjónustu sem þeir fá. 2.500 kr. á mánuði er eins og ein bók í bókaklúbbi (**Gripið fram í:** 2.000.) 2.000 eða 2.500, hvor talan sem er notuð, og ég man nú ekki hver er í frv., 2.000 kr., hún er eins og bók í mánaðarklúbbi, bókaklúbbi. Það er nú allt og sumt og þeir sem eru undir 16 ára aldri greiða ekkert. Í þessu sambandi er kannski ástæða (Gripið fram í.) ja, ég nefndi það að ég tel að það verði að tryggja það að greiðsla komi og ég hélt að ég hefði svona í tiltölulega hóflega óskýru máli verið að benda á að það er ekki sama hvernig farið er að við innheimtuna. Ég tel að það megi gefa mönnum færi á því að greiða eftir einn, tvo eða þrjá mánuði, en það þarf að sjálfsögðu að ganga eftir því að greiðslan komi og ég tel að að sé varhugavert að gefa það til kynna að hægt sé að greiða gjaldið eingöngu ef menn þurfa á þjónustunni að halda. Það kann að ganga í berhögg við það sem hæstv. heilbrrh. hefur sagt. Þess vegna orðaði ég það svo hér áðan, að ríkisstjórnin ætti eftir að fara ofan í reglugerðaratriði málsins og ég held að það sé nú eðlilegt að bíða til þess tíma að ræða nákvæmlega hvernig framkvæmdin verður á þessu máli.

Varðandi sveitarfélögin og dagvistarmálin, þá veit ég ekki nákvæmlega hvar þær viðræður standa. En eitt af því sem menn hafa t.d. rætt er að afhenda þær eignir sem Ríkisspítalar t.d. eiga, Borgarspítalinn og önnur sjúkrahús, starfsmannafélögum eða þeim sem vildu nýta þessi dagvistarpláss og þá mundu viðkomandi sveitarfélög væntanlega styrkja þá starfsemi. Þetta er gert í sumum tilvikum við vissar starfsstöðvar og mér finnst sjálfsagt að líta til þess sem hugmynd, en ætla ekki að kveða upp neinn endanlegan dóm hvernig að þessu verður staðið. Ég tel þó ástæðu til að hér komi fram að dagvistarstofnanirnar og dvöl barna á þeim eru ekki byggð á ráðningarsamningi. Við höfum grennslast fyrir um það, þetta byggist ekki á ráðningarsamningum. Það breytir ekki því að ég efast ekkert um að margir sem eiga börn á þessum stofnunum telji að þeir hafi ráðið sig í vinnu vegna þess að möguleiki var á því að koma börnum á þessar stofnanir. En það þýðir ekki það að um ráðningarsamninga sé að ræða né heldur kjarasamninga sem er auðvitað enn síður.

Mér fannst hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir gera dálítið mikið úr daglegri þjónustu sýsluskrifstofanna. Það má auðvitað færa vissa þjónustu yfir til bæjarskrifstofanna eins og t.d. almannatryggingabætur, þá með sérstökum samningi. Póstur og sími er nú í ágætu standi og starfar ágætlega þannig að ég held að menn ýki dálítið allar heimsóknir á slíkar skrifstofur. Það er einu sinni eðli þess að bæta samgöngurnar að einingarnar stækka í þjónustunni. Í raun og veru er örskotsvegur t.d. á milli Akraness og Borgarness svo að dæmi sé tekið. En það er rétt sem bæði hv. þm. Ingibjörg

Pálmadóttir og aðrir hafa bent á, að það verður auðvitað að gæta þess að halda því þjónustustigi sem fólk á rétt á. Á móti kemur hins vegar að það er ekki lengur hægt að búast við því að við getum kallað fram meiri sparnað í rekstri ríkisins nema sameina stofnanir eða leggja stofnanir niður, og mér finnst ekkert óeðlilegt við það. Og þegar farið er að bora í gegnum fjöll til þess að stytta vegalengdir á milli staða þá hlýtur það að koma fram í því að við getum sparað okkur hafnargjald og sparað okkur ýmsar þjónustustöðvar, annars væri enginn tilgangur með þessum bættu samgöngum og við gætum sparað okkur þessar samgöngur. Þetta vil ég biðja þingmenn að íhuga og þetta veit ég að allir hv. þm. skilja.

Hv. þm. Svavar Gestsson flutti hér ágæta ræðu um uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Það er nú gamalkunnugt vandamál. Ég held að ég sé ekki að þreyta þá fáu hv. þm. sem hér eru með því að fara að endurtaka málfundaræfingar um slíkt. Ég á von á því að það takist núna í lok þessa árs að semja um það hvernig uppsetning fjárlaganna eigi að vera. Og í næstu viku er fundur í ríkisreikninganefnd, sem er fundur sem haldinn er utan bæjar og tekur nokkra daga, og satt að segja vænti ég þess að þegar þeim fundi lýkur þá rjúki hvítur reykur þar upp úr reykháfinum, þannig að friður hafi nú skapast. Því að ég skil vel að þetta er óþolandi umræða hér í þingsölum um bókhaldsæfingar eins og við höfum kynnst nokkur undanfarin ár og vænti þess að ríkisreikningar og fjáraukalög, lánsfjárlög og slíkir þættir geti runnið greiðlegar í gegnum þingið en hingað til.

Hv. þm. Svavar Gestsson taldi að ríkisstjórnin hefði svikið Alþýðusambandið með fjárlögunum eins og þau standa núna. Ég mótmæli því og ég tel að við höfum borið fulla virðingu fyrir Alþýðusambandinu. Við stöndum núna í viðræðum við þá, forustumenn sambandsins, og einnig reyndar við forustumenn sveitarstjórnanna, og ég á von á því að menn geti lokið þeim viðræðum með sameiginlegum skilningi á því hvað það var sem menn sömdu um í vor. En ég skal viðurkenna að miðstjórn Alþýðusambandsins hefur haft efasemdir uppi um það að staðið sé við öll gefin loforð í fjárlagafrv. Ég vil einungis segja að við töldum okkur, þegar við vorum að vinna að þessu frv., vera að vinna á forsendum kjarasamninganna.

Hv. þm. ræddi síðan um ýmislegt fleira og gat þess að það væri mikill niðurskurður í menntmrn. Niðurskurðurinn kemur fyrst og fremst fram á liðnum Lánasjóður ísl. námsmanna. Þrátt fyrir að framlög séu skorin niður þar þá vil ég geta þess að nú er séð fyrir nægum framlögum þannig að lánasjóðurinn þarf ekki að una við að gengið sé á eigið fé sjóðsins. Því miður bar á því, einnig í tíð hv. þm. sem þá var menntmrh., að framlög ríkisins voru allt of lítil en lántökur of miklar og þannig var gengið á eiginfjárstöðu sjóðsins.

Hv. þm. taldi síðan upp úr heilbrigðisráðueytiskafla fjárlaganna ýmislegt og reyndi að leggja það saman til þess að fara nær um það hve mikinn sparnað væri þar að finna og ég hygg að hann hafi farið nokkuð nærri þegar hann var að leika sér þar með tölur.

Hann spurðist síðan fyrir um Lyfjaverslun ríkisins. Ég vil taka það fram að Lyfjaverslun ríkisins fær ekki fjármuni úr ríkissjóði til þess að standa undir framkvæmdum á snærum fyrirtækisins. Hins vegar mun Lyfjaverslunin taka einhverja fjármuni að láni, ég held að 70 millj. séu á næsta ári, ef ég man rétt. Það liggja fyrir pappírar um það að þeir fjármunir sem fara nú til fjárfestingar og breytinga á fyrirtækinu muni skila sér við sölu þess og á því byggðist heimild til þess að leyfa Lyfjaversluninni að efna til breytinga á fyrirtækinu.

Kristín Ástgeirsdóttir, hv. 18. þm. Reykv., ræddi hér enn á ný um hina hvítu bók, hina helgu hvítu bók ríkisstjórnarinnar, sem vissulega þarf að endurskoða, ég skal taka undir það. Þingmaðurinn benti réttilega á það að margt hefði breyst frá þeim tíma að bókin var gefin út. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ætlunin var að ná jafnvægi í ríkisfjármálum í lok ársins 1993. Ástæðan fyrir því að það hefur ekki gengið eftir er sá samdráttur sem orðið hefur í efnahagslífinu, sem hefur valdið tekjutapi og útgjaldaauka, og þeir kjarasamningar sem gerðir hafa verið, m.a. á yfirstandandi ári, og hafa líka valdið útgjaldaauka, m.a. með niðurgreiðslum og tekjutapi, eins og menn vita. Ef við hefðum ekki þurft að sæta þessum samdrætti og kjarasamningar hefðu verið gerðir á kostnað annarra en ríkissjóðs hefði verið stutt í það að endar næðust saman milli gjalda og tekna ríkissjóðs. En það er rétt, það er ef, eins og ég sagði, og ég skal fyrstur manna viðurkenna að við höfum fórnað markmiðinu í ríkisfjámálunum vegna þess að við höfum talið að önnur markmið væru mikilvægari um sinn. Þá er ég að minnast á það markmið að reyna að halda uppi atvinnustiginu hér um stundarsakir, sem auðvitað er gert núna að nokkru leyti á kostnað ríkisins.

Hv. þm. taldi að áætlanir vegna einkavæðingar væru út í bláinn. Ég hef þegar rakið hvaða hugmyndir eru að baki þessum 500 millj. og þessar 500 millj. eru þó þriðjungur af þeirri upphæð sem var á fjárlögum yfirstandandi árs. En ástæðan fyrir því að okkur hefur mistekist að ná þessari upphæð inn er auðvitað sú að til stóð að selja Búnaðarbankann, en frá því var horfið a.m.k. um sinn.

Þá efaðist hv. þm. um tekjuáætlun fjárlaganna. Það er nú svo um tekjuáætlun fjárlaga að hún byggir alveg á þjóðhagsforsendum Þjóðhagsstofnunar þannig að það er aðeins um reiknikúnstir að ræða og þar getur fjmrh. auðvitað ekki breytt neinu um.

Það er einnig hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. að það er afar erfitt að þurfa á hverju ári að standa frammi fyrir jafnviðamiklum skattbreytingum eins og við höfum þurft að gera í núv. ríkisstjórn. Ástæðan fyrir því að núna þarf að eiga við skattkerfisbreytingu er auðvitað kjarasamningarnir en jafnframt sú staðreynd að við erum að færa skatta af fyrirtækjum yfir á einstaklinga og ljúka því verki nú með því að láta sveitarfélögin sjálf annast sína tekjuöflun en það verði ekki gert í gegnum ríkissjóð, eins og gert var á yfirstandandi ári.

Hv. þm. Jón Helgason ræddi hér nokkuð almennt

um þá villutrú sem hann kallar frjálshyggjuna og taldi að þar væri að finna upphaf og endi alls ills í þjóðfélaginu. Ég held að ef grannt er skoðað þá sé nú ekki hægt að kenna frjálshyggjunni, þótt slæm sé að áliti hv. ræðumanns, t.d. um verðfall á erlendum mörkuðum og ekki heldur um minni fiskveiðar. Ég held að það sé ekki heldur hægt að kenna henni um það að við höfum verið að fást í þessari ríkisstjórn við umframeyðslu frá fyrri árum. Frjálshyggjan er máttug en ég held að hún sé ekki svo máttug að það sé hægt að kenna henni um allt þetta.

Hv. þm. ræddi um vexti og ég ætla ekki að taka mikinn þátt í þeim viðræðum. Ég vil þó segja að þegar ríkið býður 6–7% vexti á skuldabréfum til langs tíma þá er það gert vegna þess að það er á þessu bili sem bréfin seljast. Það er tilgangslaust að bjóða lægri vexti og láta síðan fjárstreymið verða úr ríkissjóði eins og gerðist á fyrstu mánuðum ársins 1991. Þannig stóð á, mönnum til upprifjunar, að þegar ríkisstjórnin tók við og ég settist í fjmrn., þá var yfirdráttarskuld í Seðlabankanum 10 milljarðar kr. vegna þess að útstreymið hafði orðið svo mikið úr ríkissjóði. Mönnum sem áttu skuldbréf datt ekki í hug að endurnýja þau hjá ríkinu vegna þess að í boði voru of lágir vextir. Hins vegar stóðu páv. forsrh. og páv. fjmrh. oftsinnis í pontu fyrir þær kosningar og sögðu: Við höfum lækkað vextina. Það var þessi handaflsaðferð. Auðvitað er það tilgangslaust að lækka vextina ef það seljast engin bréf. Þessu verðum við að átta okkur á. Þetta eru nú einu sinni lögmál lífsins á þessum vettvangi. Og sem betur fer held ég að sumir þeirra sem ég nefndi áðan, svona um það bil helmingurinn, hafi eitthvað þroskast, a.m.k. af veru sinni í bankaráði Landsbankans, því það er ágætis skóli fyrir þá sem trúa því ekki að það séu einhver tengsl á milli vaxta og lánsfjármarkaðar.

Hv. þm. ræddi síðan um virðisaukaskatt á veitingum vegna þess að það er verið að skattleggja ferðaþjónustuna umfram það sem gert hefur verið hingað til. Þetta mál er til skoðunar í ráðuneytinu og ég tel mig geta fullyrt að það er reynt að leita lausna á því þannig að það verði ekki um aukinn skatt að ræða. Það er hægt að fara tvær leiðir í þeim efnum og ég hygg að við finnum lausn sem verður á þann veg að þessi lækkun á matarskattinum komi ekki eins og hækkun á veitingasöluna, en það er sjálft vandamálið sem hér á sér stað. Og ég vil minna á það þegar rætt er um ferðaþjónustuna að tryggingagjaldið verður lækkað frá næstu áramótum og það er umtalsvert á ferðaþjónustunni sem aðeins að hluta til hefur verið skattlögð með virðisaukaskatti hingað til.

Varðandi framlög til Byggðastofnunar skal það eitt sagt að ríkissjóður hefur þurft að yfirtaka erlend lán Byggðastofnunar. Og mér finnst í fullri alvöru, og ég er ekki að gagnrýna einn eða neinn í því sambandi, að stjórnendur Byggðastofnunar, þar á meðal stjórnarmenn kjörnir af Alþingi, skuldi hinu háa Alþingi nokkrar skýringar á gerðum sínum. Ég hygg að almenningur taki eftir því þegar þarf að afskrifa kannski hjá einu fyrirtæki hálfan milljarð. Ég er hræddur um að það hafi nú eitthvað sungið í ýmsum ef ríkisstjórnin hafi átt í hlut. Ég ætla því ekki að gagnrýna neinn en menn verða að átta sig á að það er búið að moka miklum fjármunum inn í Byggðastofnun. Og mér finnst nú að þeir sem þar hafa stjórnað hafi verið býsna duglegir við að moka þeim síðan út og því miður hafa heimtur í mörgum tilvikum ekki verið góðar.

Hv. þm. sagði svo að Framsfl. hefði ekki haft hugmyndaflug sem hefði nægt til þess að halda að það kæmi til greina að íhaldið legði fram, ég held að hann hafi nú sagt Sjálfstfl. eða sjálfstæðismenn, frv. með 10 milljarða halla. En Framsfl. hafði nú samt, hv. þm., hugmyndaflug til þess að skila niðurstöðutölum á fjárlögum bæði 1988 og 1991, svo að ég taki nú tvö ár sem Framsfl. ber nokkra ábyrgð á, með yfir 10 milljarða halla eða 11,5 milljarðar og 13,5 á verðlagi dagsins í dag. Þá skorti ekki hugmyndaflugið hjá Framsókn. (Gripið fram í.) Hárrétt var það. En það breytir því ekki að það var unnið eftir áætlun fyrri ríkisstjórnar og sú sem tók við skar nokkra milljarða niður, a.m.k. 3 eða 4 milljarða, ef ég man rétt. En þetta var reyndar kosningaár og um kosningaár hefur fyrrv. hæstv. fjmrh. sagt þegar hann vill ekki telja það með: Það er ekkert að marka kosningaár því þau hafa tilhneigingu til þess að verða svona allt öðruvísi heldur en hin venjulegu ár. Það er áreiðanlega rétt sem Bjarni Bragi sagði einhvern tíma að kosningar í lýðræðisríkjum, ég man ekki hvernig hann orðaði það nákvæmlega, það væri sem sagt efnahagslegt böl að hafa kosningar í lýðræðisríkjum því þær hefðu alltaf tilhneigingu til þess að þvinga fjármuni úr ríkissjóði. Þetta kannast sjálfsagt allir lýðræðislega kjörnir fulltrúar þjóðarinnar við, ef þeir líta í eigin barm. (Gripið fram í.) Já, eða þá — það er náttúrlega ein aðferð, það er að fresta kosningum eða hætta bara við að hafa kosningar. En önnur er líka sú að rjúfa þing sem stundum er gert og það er vissulega gert hjá öðrum þjóðum. Ég minni á að í Danmörku t.d. var stjórnað með þeim hætti að það var rofið þing aftur og aftur og aftur til að koma í veg fyrir einmitt nákvæmlega þetta. (**Gripið fram í:** Þú ættir að gera það.) Ég get því miður ekki, virðulegi forseti, haldið úti samtölum við einstaka hv. þm. þótt skemmtilegt sé. Ég tel að það séu ekki góð rök að nefna til sögunnar að í Vík í Mýrdal jafngildi það að leggja niður sýslumannsembættið að 500 stöður séu lagðar niður í Reykjavík. Ég skal síðan að allra síðustu, virðulegi forseti, nefna það sem sagt var um húsaleigubætur, það var fyrirspurn um húsaleigubætur, að húsaleigubæturnar snerust ekki um framlagningu fjárlaga fyrir 1994. Þær snúast um það hvort taka eigi tillit til þess á árinu 1995.

[20:18]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Þingforseti. Góðir þingfulltrúar, þeir fáu alþingismenn sem hér eru í salnum. Það hefur komið hvað eftir annað mjög skýrt fram í máli hæstv. heilbr.- og trmrh., í Tímanum í tvígang að ég hygg og í ríkisfjölmiðlunum, að sú framkvæmd verði á þegar heilsukortin verða tekin upp að menn geti greitt heilsukortið sitt eftir á, þ.e. eftir að viðkomandi einstaklingur hefur lagst inn á sjúkrahús og komist þess vegna hjá því að

greiða það gjald er upp verður sett á sjúkrahúsunum, hafi viðkomandi ekki greitt heilsukortið, og geti síðan greitt heilsukortið eftir að hann kemur út, því að það verður ekki gengið að neinum í þessum efnum.

Nú hefur hins vegar hæstv. fjmrh. sagt, og sem er auðvitað mjög skiljanlegt, að framkvæmdin geti ekki orðið með þessum hætti, ef þetta á að skila ríkissjóði sértekjum upp á 400 millj. kr. Með þessu hefur hæstv. fjmrh. skapað ákveðna réttaróvissu, líkt og hæstv. utanrrh. gerði þegar hann lofaði því og taldi að það væri allt í lagi að flytja inn kjúklinga eða kalkúnalæri í gegnum Keflavík. Því er mikilvægt að úr þessu verði skorið sem allra fyrst. Það getur hæstv. fjmrh. auðvitað gert með því að lýsa því yfir að framkvæmdin sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lýst að skuli verða á innheimtu heilsukortanna, sé ekki með þeim hætti sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lýst. Það er því mikilvægt að fá úr þessu skorið, að þetta sé alveg skýrt.

[20:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég eyddi nokkrum tíma í ræðu minni til þess að ræða einmitt þetta tiltekna atriði og ég hygg að það sé hollast fyrir mig að segja ekki fleiri orð að sinni. (**FI:** Hvað er með réttaróvissuna?) Það kemur að því innan skamms tíma að reglurnar verða tilbúnar. Ég get fullyrt að þær verða tilbúnar vel áður en kortatímabilið tekur gildi sem verður ekki fyrr en á næsta ári. Þannig að það þarf enginn að kvíða því að um óvissu verði að ræða eftir að það tímabil rennur upp sem þessi fjárlög taka til.

[20:21]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör hér áðan. Það er alveg rétt hjá honum, mér hafði yfirsést það að í 6. gr. fjárlagafrv. er talað um að verja allt að 20% af greiddu andvirði seldra fyrirtækja og hlutabréfa til rannsókna- og þróunarverkefna. En ég vil þá enn og aftur gagnrýna það að þessi grein er orðuð þannig að það sé af greiddu andvirði. Það liggur svona nokkuð ljóst fyrir að ef það tekst að selja fyrirtæki eða hlutabréf, þá verður það ekki allt saman staðgreitt. Þannig að þó að áætlað sé að selja fyrir 500 millj., eða reiknað með því að það seljist e.t.v., þá þurfum við tæplega að reikna með því að 100 millj. kr. fáist út úr því, því það verður ekki allt staðgreitt.

Í öðru lagi nefndi hann að það væri ekki um ráðningarsamning að ræða í sambandi við dagheimilispláss Ríkisspítalanna. Ég benda honum á að í Tímanum í dag er örstutt grein þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í bókun með kjarasamningi sjúkraliða frá árinu 1987 er kveðið á um að sjúkraliðar geti fengið greiddan mismun á gjaldi hjá dagmóður og barnaheimilum Ríkisspítala en að undanförnu hefur heilbrrh. hafnað því að leikskólapláss sé hluti af ráðningarsamningi heilbrigðisstétta.“ Og það segir hér í lokin á þessari grein: „Svo virðist sem sjúkraliðar hafi það fram yfir hjúkrunarfræðinga að hafa ákvæði um leikskólapláss í kjarasamningi“. Ég vildi því benda ráðherranum á þetta. Nú hef ég ekki aðra sönnun fyrir þessu en það sem hér stendur, en mér sýnist að þessi mál þurfi þá að skoða.

[20:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vissi nú ekki um þessa bókun hjá sjúkraliðum á Ríkisspítölum. En ég vil að það komi hér fram að sú breyting hefur orðið á að nú hefur verið stofnað Sjúkraliðafélag Íslands sem fer með samningsrétt sjúkraliða. Við það félag hefur verið gerður nýr samningur og ég kannst ekki við að það sé nein bókun með þeim nýja kjarasamningi, sem mig minnir að hafi tekið gildi fyrr á þessu ári eða seint á því síðasta.

[20:24]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Hann má eiga það, sá ágæti ráðherra, að hann leitast yfirleitt við að svara nokkuð ítarlega því sem til hans er beint. Hann tók það reyndar fram að hann kynni kannski ekki svör við öllu sem hér væri spurt um. En það er auðvitað alveg ófært að það skuli ekki vera fleiri ráðherrar hér við 1. umr. um fjárlög ríkisins fyrir næsta ár, til þess að svara fjölmörgum spurningum sem vaknað hafa, ekki síst í heilbrigðismálum og reyndar í ýmsum öðrum málaflokkum. Einnig hefði hæstv. viðskrh. gjarnan mátt vera hér og fleiri. En það þýðir ekki að sakast um það.

Það voru tvö eða þrjú atriði sem mig langaði að nefna við hæstv. ráðherra. Það er í fyrsta lagi að hann talar um að skattar hafi ekki verið hækkaðir. Við stjórnarandstæðingar höfum verið að benda á að þjónustugjöldin séu utan við þessa skattaumræðu. Ég verð að segja við hann að þrátt fyrir að sértekjur séu hér taldar upp og breytist ekki mikið, reyndar aðeins til lækkunar vegna Hagræðingarsjóðsins eins og hann greindi frá hér í grg. fjárlagafrv., þá eru þjónustugjöldin auðvitað þar fyrir utan. Þau eru ekki sértekjur. Þátttaka einstaklinganna í lyfjakostnaði, þátttaka einstaklinganna í sérfræðiþjónustu, sem er líklega upp undir milljarður hvort um sig, tveir milljarðar kr. eru bara ekkert hér inni, hæstv. forseti þannig að þetta er því miður ekki rétt hjá ráðherra. En auðvitað mun fjárln. fara betur ofan í þetta og líta yfir þau mál.

Annað sem ég vil nefna, ég sé nú reyndar að tíminn er hlaupinn frá mér, ég hélt að ég hefði þó tvær mínútur en ekki bara eina. Það er í sambandi við vaxtamálin. Auðvitað er mér ljóst að næmið er hjá vöxtunum en ekki hjá bankastjórunum, það er það sem hér er verið að tala um. En ég verð þó að segja að maður gæti álitið að það séu bankastjórarnir því sem fyrrv. bankaútibússtjóri verð ég að segja það að ég skil ekki hvernig bankavextirnir geta verið í svona miklu ósamræmi við vextina á verðbréfaþingi sem hæstv. ráðherra benti á. Meira að segja ríkisvextirnir til skamms tíma, óverðtryggðu, hafa ekki hækkað, hefðu þó átt að vera næmir fyrir verðbólguverðbreytingunum ef einhverjir vextir eiga að vera næmir fyrir verðbólgubreytingunum.

Virðulegi forseti. Ég átti hér eftir svolítið fleiri atriði en ég sé að tíminn er búinn og ég níðist ekki á honum.

[20:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt. Varðandi fjarveru heilbr.- og trmrh. vil ég segja að hann hefur fjarvistarleyfi í dag. Ég gáði að því hér áðan þannig að þess vegna er hann ekki í húsinu.

Það er rétt hjá hv. þm. að tilfærslurnar koma ekki inn í rekstrargjöldin og þeir fjármunir sem koma inn sem þjónustugjöld eða þátttökugjöld þeirra sem njóta þjónustunnar koma þess vegna ekki fram á þeim sértekjum sem ég nefndi, það er hárrétt.

Ég veit ekki hvort það er í mínum verkahring að reyna að skýra út það sem segir um vextina. En ég hygg þó að þetta sé mjög skýranlegt þegar við berum saman annars vegar ríkið sem lántakanda á markaði og hins vegar bankana. Bankarnir verða að láta innlán og útlán standast á, eins og þeir segja í bankaheiminum að „matsa saman", svo þeir tali nú þessa amerísku íslensku. En ríkissjóður er ekki í raun og veru að lána út. Hann tekur bara við peningum og notar síðan í sína þágu.

Vandi bankanna er að innlánin eru að stórum hluta til verðtryggð en útlánin óverðtryggð. Þegar verðbólga eykst, t.d. í kjölfar gengisfellingar, þá stórhækka raunvextir innlánanna sem neyðir bankana til þess að stórhækka útlánin, einnig óverðtryggðu útlánin. Þetta þarf ríkissjóður ekki að hafa áhyggjur af. Þetta er einmitt ástæðan fyrir þessum háu vöxtum á skammtímamarkaði, sem leiða til þess að nú er verið að fjalla um það að koma í veg fyrir verðtryggð innlán til skamms tíma í bönkum. Síðan er kannski næsti kafli við að ef okkur tekst að ná niður vöxtum á skammtímamarkaði, þá má búast við því að vextir í framhaldinu lækki til lengri tíma, þar á meðal á ríkisskuldabréfum til þriggja, fimm og tíu ára.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er alsiða að leyfa mönnum að njóta vafans eins og sagt er, svo forseti hefur nú úrskurðað að hv. þm. fái þrjár mínútur. Tekur nú hv. 1. þm. Norðurl. e. til máls.

[20:29]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Þakka þér fyrir, virðulegi forseti. Ég ætla ekki heldur að deila um þetta frekar. Ég nota ekki einu sinni þessar þrjár mínútur, rétt aðeins að bæta hér við að ég hefði viljað spyrja ráðherra í framhaldi af þessari umræðu um vaxtamál: Hvað vill ráðherrann gera? Hvað telur ríkisstjórnin að sé hægt að gera í þessari stöðu? Ég skil hans útskýringar hér áðan á þessu vaxtaferli öllu sem er flókinn og ekki alveg einfalt að fara ofan í það í stuttu máli. En hér var t.d. bent á það af einum hv. þm. stjórnarliðsins, Einari Guðfinnssyni, að það væru auðvitað til leiðir sem ríkisstjórnin hefur á valdi sínu með aðstoð Seðlabanka. Það gerist í öllum öðrum löndum, virðulegi hæstv. fjmrh. Við heyrum talað um að það sé verið að þrýsta á Seðlabanka og stjórnvöld í Þýskalandi að færa til vexti. Að færa til vexti. Hvað er það? Eiga þá stjórnvöld að biðja markaðinn að breyta eftirspurninni? Nei, það er ekki þannig. Auðvitað eiga stjórnvöld bara að hafa áhrif á vaxtastigið, beinlínis. En hér eru menn, eins og fram hefur komið, heilagri en páfinn og geta ekki tekið á þessum málum af neinu viti. Og þó er það yfirlýst. Og meira að segja í þessu plaggi, þjóðhagsáætlun, sem lögð er fram af forsrh., er ekki hægt að finna annað en það sé nokkur vanstilling yfir þessu ástandi sem ríkir á vaxtamarkaðinum. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því yfir að það sé nauðsynlegt að taka á þessum málum og ég held að ríkisstjórnin verði að gera það. Og ég spyr því ráðherra einu sinni enn: Er það virkilega svo að hann sjái ekki neina möguleika á því að ríkisvaldið komi inn í og hafi einhver áhrif á þessa vaxtaþróun, heldur horfi bara upp á það að næmi bankastjóranna sé eins og við höfum rætt hér fyrr? Ég eyði svo ekki frekari orðum í það.

Einnig langaði mig aðeins, fyrst ég fékk smástund í viðbót, að tala um sölu ríkisfyrirtækja og hvaða líkur eru á því að 500 millj. skili sér á næsta ári. Ekki átti Búnaðarbankinn einn sér að skilja þessum 1500 millj., Það var eitthvað fleira sem átti að selja á þessu ári heldur en Búnaðarbankann og það hefur selst fyrir 100 millj. Ráðherra taldi upp nokkrar stofnanir sem hugsanlega væri meiningin að selja, Sementsverksmiðju, Aðalverktaka, Lyfjaverslunina og ég minni á t.d. að í 6. gr. fjárlaga er talað bæði um Jarðboranir ríkisins og Bifreiðaskoðunina. Þannig að eitthvað hefði e.t.v. verið hægt að fá inn af þessum áætluðu tekjum. Ef menn eru að gera sér vonir um að þær yfir höfuð skili sér, af hverju ættu þær að skila sér frekar á næsta ári?

Og að lokum, virðulegur forseti, vildi ég aðeins undirstrika að það er mjög furðulegt sem fram hefur komið í þessum umræðum, hve mikil ósátt virðist í raun vera í stjórnarliðinu með þetta frv. sem hér liggur fyrir. Það er alveg greinilegt að bæði hv. þm. Árni M. Mathiesen og hv. þm. Lára Margrét Ragnarsdóttir og reyndar að hluta til hv. þm. Einar K. Guðfinnsson eru afar óánægð með það sem hér kemur fram, fyrir utan það sem við vissum fyrir fram, að einstakir ráðherrar hafa haft allan fyrirvara.

Þakka þér fyrir, virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu, enda búinn með þessar þrjár mínútur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að 15 mínútur til andsvara eru liðnar. Þess vegna hyggst forseti gefa hv. 2. þm. Suðurl. orðið og ég vænti þá að hæstv. fjmrh. geti svarað undir þeim lið.

[20:33]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það hljóta að vera gleðitíðindi fyrir marga það sem hæstv. fjmrh. sagði hér, að nú væri komin skýrsla í hendur ríkisstjórnar með ótal úrræðum til vaxtalækkunar. Það liggur því ljóst fyrir að nú eru það ekki lengur úrræðin sem skortir, nú er það að framkvæma hlutina. Ég held að í ljósi þessa sé ekki

þörf á því að halda áfram miklum vaxtaumræðum þar sem mér sýnist að hér sé fundin lausn sem allir eigi að geta við unað þegar vextirnir fara nú að hrapa.

Ég sagði það held ég ekki að frjálshyggjunni einni væri allt um að kenna. En ég stend við það að ég tel að vaxtahækkunin og vaxtastefnan sé ósvikið afkvæmi frjálshyggjunnar, þetta að ekki megi neitt snerta við vöxtum. Ástæðan fyrir því hversu vextir eru háir núna er að sjálfsögðu sú að lífeyrissjóðunum, sem eru stærstu fjármagnseigendurnir í landinu, gefst kostur á að kaupa ríkisbréfin með þessum háu vöxtum. Ef það væri ákveðið að vextir af þeim skyldu ekki vera svona háir þá hefðu lífeyrissjóðirnir ekki annað úrræði en kaupa þau á lægri vöxtum. Ég held að það sé gersamlega útilokað að atvinnulífið geti tekið meiri lán með þessum vöxtum og jafnvel þó þeir væru eitthvað lægri og staðið undir því, þannig að það muni ekki streyma þangað þó að ríkissjóður setti þarna þröskuld á.

Hæstv. fjmrh. benti á að halli ríkissjóðs á árunum 1988 og 1991 hefði verið meiri en 10 milljarðar. Á árinu 1988 var við völd 9 mánuði ársins ríkisstjórn formanns Sjálfstfl. og þar sem hæstv. núv. fjmrh. var einnig ráðherra og þáv. fjmrh. er núv. hæstv. utanrrh. Ég held að það sé því erfitt að kenna Framsfl. sérstaklega um fjármálastjórn þess árs þó vissulega tæki Framsfl. síðan við stjórnarforustu síðustu þrjá mánuðina. En segja má að allt árið hafði Framsfl. varað mjög sterklega við því í hvert óefni stefndi í efnahagsmálum án þess að á það væri hlustað af þáv. forustuflokki og það endaði síðan með því að Framsfl. taldi slíkt algerlega óviðunandi og sú ríkisstjórn sprakk.

Á árinu 1991 var núv. ríkisstjórn við völd 8 mánuði af 12. Það er að sjálfsögðu rétt að fjárlög voru samin og samþykkt af fyrrv. ríkisstjórn. En mig minnir að töluverður hluti af þessum halla sem færður var í ríkisreikningi stafaði af breytingu á bókhaldi, einhver þáttur af því vegna ábyrgða. Er það rangminni? Það stóð a.m.k. örugglega deila um það þá, eins og reyndar hefur gert síðan, hvernig eigi að færa ríkisreikninginn. (**Fjmrh.:** Það er á ríkisreikningi. Það er ekki í greiðsluflæði, ekki í niðurstöðu fjárlaga.)

Þá vil ég aðeins víkja að sölu ríkisfyrirtækja. Ég skal ekki leggja dóm á það hvernig til tekst að selja ríkisfyrirtæki á næsta ári. En ég held að það sé öllum augljóst að sala ríkisfyrirtækja, góðra fyrirtækja sem eru líkleg til þess að vekja áhuga þeirra sem vilja leggja fjármagn í atvinnurekstur, dregur auðvitað úr möguleikum annarra fyrirtækja á að fá fjármagn til atvinnurekstrar, því við vitum að fjármagnið er takmarkað. Þar af leiðandi er það neikvætt fyrir atvinnulífið í landinu, ef þetta verður gert.

Ég vil að lokum aðeins víkja aftur að húsaleigubótunum. Þótt ég sé ekki kunnugur umræðum hjá stjórnarflokkunum þá var mér ljóst að það hafði ekki bein áhrif á fjárlagagerð fyrir næsta ár hvernig niðurstaðan yrði í viðræðunum um þær milli stjórnarflokkanna. Hins vegar tel ég það rétt munað að hæstv. félmrh. setti það sem skilyrði að lagt yrði fram frv. á þessu Alþingi og það væri staðfest með því að húsaleigubæturnar mundu taka gildi 1. jan. 1995. Það væri því nauðsynlegt að fá það fram. Mig minnir að deilan standi um þetta atriði. Hæstv. félmrh. setti þetta sem skilyrði fyrir stuðningi við fjárlagafrv. núv. að þarna yrði tryggilega um hnúta búið. Það var um það atriði sem ég var að spyrja, hvernig það mál stæði nú hjá stjórnarflokkunum, hvort það væri líklegt að þetta væri enn þröskuldur þarna í vegi eða hvort þetta mál væri leyst.

[20:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst örlítið um vexti. Í þessari skýrslu sem kom út í dag eru tillögur nefndarinnar. Þær flokkast í kafla, tillögur um breytingar á vaxtamyndun á verðbréfamarkaði, tillögur um breytingar varðandi vaxtamyndun á peningamarkaði, tillögur um önnur atriði varðandi vaxtamyndun og síðan tillögur um ýmsar beytingar varðandi verðtryggingu fjárskuldbindinga. Þannig að það er að finna fjölda tillagna. Það er rétt sem komið hefur fram hér í umræðunum að Seðlabankinn hefur vissulega hlutverki að gegna, m.a. með millibankavöxtum og kaupum og sölum á verðbréfamarkaði.

Hv. þm. minntist hér á einkavæðinguna. Ég minni á Gutenberg, Landssmiðjuna, Skipaútgerð ríkisins, Bæjarútgerðina. Ég held að það sé ekki sagt að það verði teknir peningar frá atvinnulífinu sem hafi orðið til þess að skerða hlutverk þess með neinum hætti. Loks um húsaleigubætur. Það liggur fyrir ríkisstjórnarsamþykkt um málið og sú samþykkt stendur enn. Hæstv. félmrh. hefur óskað eftir breytingum á þeirri samþykkt og með atbeina þingflokks Alþfl. hefur verið beðið um viðræður. Þeim viðræðum er ekki lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 20.43.

---

12. FUNDUR

miðvikudaginn 13. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjárlög 1994, stjfrv., 1. mál, þskj. 1. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg, beiðni um skýrslu, 61. mál, þskj. 64. *Hvort leyfð skuli.*
4. Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — 1. umr.

5. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

[13:32]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Tilkynning hefur borist um kjör eftirtalinna embættismanna í fastanefndum Alþingis:

Sjútvn.: Formaður Matthías Bjarnason, varaformaður Steingrímur J. Sigfússon.

Efh.- og viðskn.: Formaður Halldór Ásgrímsson, varaformaður Vilhjálmur Egilsson.

Samgn.: Formaður Pálmi Jónsson, varaformaður Petrína Baldursdóttir.

Allshn.: Formaður Sólveig Pétursdóttir, varaformaður Gísli S. Einarsson.

Menntmn.: Formaður Sigríður A. Þórðardóttir, varaformaður Petrína Baldursdóttir.

Iðnn.: Formaður Svavar Gestsson, varaformaður Gísli Einarsson.

Útbýting þingskjala:

Átak gegn einelti, 66. mál, fsp. AÓB, þskj. 69.

Happdrætti Háskóla Íslands, 70. mál, frv. GHelg o.fl., þskj. 73.

Happdrætti Háskóla Íslands, 71. mál, frv. ÓÞÞ, þskj. 74.

Húsnæðiskannanir sveitarfélaga, 65. mál, fsp. KÁ, þskj. 68.

Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, 62. mál, þáltill. IP o.fl., þskj. 65.

Lögheimili, 72. mál, frv. ÓÞÞ, þskj. 75.

Styrkveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs 1990–1993, 64. mál, fsp. StB, þskj. 67.

Útboð framkvæmda hjá Vegagerð ríkisins, 74. mál, fsp. ÓÞÞ, þskj. 77.

Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, 63. mál, þáltill. IP og GÁ, þskj. 66.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Staðfesting EES-samningsins.

[13:37]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. Eins og menn rekur minni til voru samþykktar breytingar á lögum um aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði núna fyrir lok funda á síðasta þingi en þessi samningur hefur ekki enn þá gengið í gildi þar eð nokkrir aðilar eiga eftir að staðfesta hann. Hér er um mál að ræða sem varðar miklu hverjar lyktir fær og hvenær skellur á ef samþykkt verður endanlega. Því vil ég spyrja hæstv. utanrrh. að því hver sé staðan í þeim þjóðþingum sem enn hafa ekki staðfest þennan samning, þeim þremur þjóðþingum og raunar hluti af hinu fjórða ef Belgía, hinn þýskumælandi hluti Belgíu er talinn með, hver sé staðan í þeim efnum og hvernig hann meti það hvenær hann geri ráð fyrir að samningurinn taki gildi. Upphaflega var gert ráð fyrir því að það yrði í ársbyrjun 1991, en nú erum við að nálgast lok ársins 1993. Ég vænti að hæstv. ráðherra upplýsi okkur um þessa stöðu þannig að við séum nokkru fróðari.

Hið sama vildi ég einnig spyrja um að því er snertir fiskveiðisamskipti Íslands og Evrópubandalagsins og þá samninga sem tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, stöðu þeirra og gildistöku.

[13:39]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Gert er ráð fyrir því að EES-samningurinn öðlist gildi í seinasta lagi um næstu áramót. Þeir menn munu vera til sem gera sér vonir um það að það geti orðið 1. des. en ég treysti mér ekki til þess að slá því föstu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hafði seinastar áttu þrjú þjóðþing eftir að staðfesta samninginn. Það var breska þingið, hið franska og hið spænska. Því er haldið fram af stjórnvöldum í Bretlandi að hann verði örugglega samþykktur í tæka tíð. Sömuleiðis er því haldið fram af hálfu franskra stjórnvalda. Samkvæmt samtali sem hæstv. forsrh. átti á leiðtogafundi Evrópuráðsins í Vín við spænska forsætisráðherrann þá fullvissaði hann íslenska forsrh. um að það væri traustur meiri hluti fyrir samningnum í spænska þinginu og hann yrði staðfestur í tæka tíð.

Af hálfu belgískra stjórnvalda hefur verið sagt að ekki þurfi að hafa áhyggur af staðfestingu að því er varðar Belgíu vegna þess að stjórnvöldum sé í lófa lagið að láta samninginn taka gildi vegna þeirra aðferða sem þeir viðhafa þar í landi.

Um tvíhliða samninginn um skipti á gagnkvæmum veiðiheimildum við Evrópubandalagið er það að segja að hann frestast til sama tíma, þ.e. í fyrsta lagi um áramót sem hann tæki gildi.

[13:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. þessi svör. Það er fróðlegt að heyra mat hans á þessum málum. Hann er ekki bjartsýnn á að samningurinn gangi í gildi 1. des. heldur um næstu áramót en þá þurfa líka öll kurl að vera komin til grafar eða skjölin sem varða staðfestingu málsins að vera komin til skila 15. des. eða fyrir 15. des. Samkvæmt bókun við lagabreytinguna, sem samþykkt var í vor, þá þurfa fullgildingarskjöl að vera komin eigi síðar en 15. viðkomandi mánaðar til að samningurinn gangi í gildi 1. næsta mánaðar, ella frestist það þar til um mánaðamótin hin þar

næstu. Það mun vera staðan að mig minnir.

Það er út af fyrir sig gott til þess að vita að íslensk stjórnvöld hafa beðið með að láta samninginn um fiskveiðimálefni frestast þar til útséð er um þennan samning. Það er alla vega lán í óláni að svo er en það munu vera, virðulegur forseti, um 25 frumvörp sem við eigum von á hér í þingið sem varða EES og þurfa að fá sína afgreiðslu samkvæmt áætlunum ríkisstjórnar.

Heilsukort.

[13:42]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina spurningu minni til hæstv. heilbr.- og trmrh. Í síðdegisþætti Rásar 2 19. sept. sl. var ráðherrann á tali við fréttamanninn Sigurð G. Tómasson og til umræðu voru ýmis verk sem heilbrrh. ætlar að beita sér fyrir, þar á m.a. heilsukort. Vil ég hér vitna orðrétt í svar hæstv. ráðherra við þeirri spurningu þegar hann segir:

„Ég ætla akkúrat að skýra það núna hvað þetta þýðir. Það gerist þannig að sá maður sem ekki hefur borgað kortið, sá maður verður að borga kostnaðinn við innlögnina á sjúkrahúsið eða lækniskostnaðinn. Síðan þarf hann að fara í sjúkrasamlagið, gera upp kortið sitt og fá mismuninn endurgreiddan."

Þetta þýðir það með öðrum orðum að menn þurfa ekki að greiða þetta heilsukort fyrr en eftir á þegar á það hefur reynt, hvort viðkomandi þarf á heilbrigðisþjónustu að halda. Nú spyr ég hæstv. ráðherra: Er þetta einhver misskilningur? Hefur ráðherrann misskilið málið frá upphafi? Er þetta einhver vitleysa, sem hæstv. ráðherra sagði í þessum þætti vegna þess að í gærkvöldi við lok 1. umr. um fjárlagafrv. kom það skýrt fram hjá hæstv. fjmrh. að auðvitað gæti framkvæmdin ekki verið með þessum hætti ætti hún að skila þeim tekjum sem ráð er fyrir gert. Ég er hérna með útskrift af þeirri ræðu hæstv. fjmrh. en það er ekki rétt að vitna í það nú þar sem hún er óyfirlesin af hans hálfu. En þetta kom mjög skýrt fram hjá ráðherra, framkvæmdin gæti ekki verið með þessum hætti. Hann sagði hins vegar: Það á eftir að ákveða þetta í ríkisstjórninni og það mun koma síðan í ljós hver framkvæmdin verður. En auðvitað til þess að eyða allri réttaróvissu þannig að ekki myndist hér einhvers konar kalkúnaástand, þá er mjög mikilvægt að ráðherra skýri það fyrir þjóðinni hvað það er sem menn eiga við með þessum hlutum.

[13:45]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Það er sannarlega kærkomið að fá til þess tækifæri hér á hinu háa Alþingi að fara örfáum orðum um nokkur meginatriði framkvæmdar um hin svokölluðu heilsukort. Hver einasti Íslendingur eldri en 16 ára fær þessi kort send til sín í upphafi árs. Innan tilskilsins frests, sem enn þá hefur ekki verið ákveðinn, gæti skipti 1–2 vikum, hefur viðkomandi tök á því að endursenda kortið. Sá sem ekki gerir það telst sjúkratryggður og heldur sínu korti.

Gjalddagi á þessu korti verður þá örfáum vikum síðar og þessi skuld hins sjúkratryggða við samfélagið verður innheimt eftir hefðbundnum leiðum eins og hver önnur skattaskuld með lögtaksrétti. Með öðrum orðum, hver einasti einstaklingur sem hefur þetta kort undir höndum telst sjúkratryggður. Það er síðan seinni tíma mál hvenær og hvernig það greiðist. Það fer eftir efnum og ástæðum auðvitað. Sumir standa í skilum, aðrir gera það ekki, en þetta eru meginatriðin.

Hinn þáttur þessa máls sem valdið hefur misskilningi liggur í þeirri staðreynd að sá aðili sem er ekki með kortið undir höndum þegar hann sækir tiltekna þjónustu á kost á því síðar meir að ná í sitt kort, fara með þann reikning sem hann hefur greitt og fá mismunagjald greitt hjá umboðsskrifstofu Tryggingastofnunar ríkisins.

Þetta eru nú hinar einföldu staðreyndir þessa máls og þurfa ekki að þykja neitt sérstaklega flóknar. Sjúkrasamlagsskírteini voru þekkt hér á árum áður. Kort af þessum toga eru þekkt víða í Skandinavíu, svo sem í Danmörku, þannig að hér erum við Íslendingar ekki að finna upp hjólið.

[13:47]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er auðséð á þessu svari að framkvæmdin hefur breyst í meðförum ráðherrans frá því að þetta viðtal var tekið. Ef ég man rétt, þá kom það fram í viðtali annaðhvort við Dagblaðið, það er rétt að fletta því upp þegar fram líða stundir, eða Tímann, að auðvitað yrði þetta ekki innheimt eftir hefðbundnum innheimtuleiðum. Hæstv. ráðherra hefur látið slíkt fara frá sér þannig að nú á að gera það sem sagt að innheimta þetta eins og hverja aðra skattaskuld þannig að þarna er náttúrlega um skatt að ræða og ekkert annað.

Hins vegar er það náttúrlega mjög einkennilegt ef svo vill til að maður hefur greitt sitt kort og er sjúkratryggður, lendir hér í slysi og er fluttur með sjúkrabíl inn á sjúkrahús, þarf þar á þjónustu að halda, en af því að hann var ekki með kortið á sér þegar hann lenti í slysinu, þá skal hann takk greiða reikninginn, fer ekki út af sjúkrahúsinu fyrr en hann er búinn að greiða reikninginn. Hann getur farið með reikninginn í sjúkrasamlagið og framvísað kortinu þar. En það kemur fram í þessu viðtali við hæstv. ráðherra á Rás 2 að menn geti farið með kortið eftir á og greitt það í sjúkrasamlaginu og fengið mismuninn greiddan þannig að þetta er framkvæmdin með allt öðrum hætti, hæstv. ráðherra, í dag heldur en hún var 19. sept. sl.

[13:48]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Svo mætti ætla af viðbrögðum hv. þm. að ég hafi stolið af honum glæp. Þessi framkvæmd er ákaflega einföld og það er hreinn og klár útúrsnúningur og snertir ekki efni hans fyrirspurnar né heldur komið orði inn á það að ekki verði gert að sárum fólks sem lendir í óhöppum og yrði flutt „akút" á

spítala. Því er auðvitað ekki að heilsa. Um það er ekki að ræða. Það fær auðvitað hver sem er hér eftir sem hingað til alla þá nauðsynlegu þjónustu sem heilbrigðiskerfið kann og getur veitt.

[13:49]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þetta er auðvitað lýsandi fyrir það hvernig framkvæmdin verður. Hér í sinni fyrri ræðu segir hæstv. ráðherra: Framkvæmdin á að vera með þeim hætti að ef maður er ekki með kortið á sér, þá fái hann mismuninn greiddan. En ef hann lendir í slysi og er ekki með kortið á sér, þá verður þetta ekki með þessum hætti. Hvers konar réttarfar er þetta? Hvers konar reglur eru þetta sem menn eru hér að setja? Og við hvers konar rétt og reglur eiga menn að búa ef það er algerlega óvíst hver framkvæmd málsins verður og það eru ekki nema fáir mánuðir þar til á að setja þessi kort af stað.

[13:50]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Mér er nú satt að segja til efs hvort það þjóni miklum tilgangi að reyna að skýra þetta öllu nánar. Ég vil hins vegar koma því að gagnvart hv. þm. að fyrst þarf auðvitað að stofna til útgjaldanna og þannig er það nú þegar einstaklingur lendir í óhappi og þarf að leita á náðir sjúkrahúsa eða heilsugæslustöðva, þá getur meðferðin auðvitað tekið einhvern tíma. Hann greiðir með öðrum orðum ekki fyrir fram og það hefur aldrei verið. Það gegnir öðru máli þegar afgreidd eru lyf yfir búðarborð. Þannig skulum við halda okkur við meginatriði þessa máls og ekki reyna að gera tiltölulega einföld mál flókin eins og virðulegur þingmaður reynir hér að gera.

Leyfi setts framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins.

[13:51]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég beini fsp. minni til hæstv. menntmrh. Eins og okkur rekur væntanlega öll minni til þá ákvað menntmrh. á sl. vori að setja Hrafn Gunnlaugsson í embætti framkvæmdastjóra sjónvarps til eins árs því að framkvæmdastjórinn sem þá var fór í ársleyfi. Nú gengur það fjöllum hærra að Hrafn Gunnlaugsson hafi fengið tveggja mánaða leyfi frá stöðu sem hann gegnir tímabundið fyrir annan sem er í leyfi. Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort þetta sé rétt, hvort honum sé kunnugt um þetta og hvort slíkar leyfisveitingar tíðkist almennt hjá ríkinu.

[13:52]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér er ekki kunnugt um að Hrafn Gunnlaugsson hafi farið í tveggja mánaða leyfi og svara því einfaldlega þannig.

Hvort slíkt tíðkist að menn fái leyfi frá því að gegna opinberu starfi, að sjálfsögðu tíðkast það. En ef átt er við hvort það tíðkist að maður sem er settur um tíma til þess að gegna tilteknu starfi fái leyfi frá störfum þá hef ég ekki nein dæmi á takteinum um það en sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að hann fengi slíkt leyfi ef það væri rökstutt.

[13:52]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Menntmrh. hefur eitthvað misskilið orð mín vegna þess að ég sagði ekki að Hrafn Gunnlaugsson væri farinn í tveggja mánaða leyfi heldur væri á leið í tveggja mánaða leyfi, hefði fengið slíkt leyfi eða sé á leið í slíkt leyfi.

Menntmrh. segist ekki hafa á takteinum dæmi um slíkar leyfisveitinar. Hins vegar er það alþekkt að menn fái tímabundin leyfi frá störfum sem þeir gegni í þjónustu ríkisins. Mig langar bara í þessu sambandi að vitna í álitsgerð Ríkisendurskoðun um þetta mál, um samskipti Hrafns Gunnlaugssonar og Ríkisútvarpsins, þar sem segir m.a. að á árinu 1987 hafi hann verið í launalausu leyfi samtals 6 mánuði. Þann 1. febr. 1989 fékk hann launalaust leyfi til fjögurra ára. Auk þessara leyfa hefur hann fengið stutt launalaus leyfi. Þá segir: „Það er ekki hafið yfir gagnrýni að yfirstjórn sjónvarpsins skuli á liðnum árum hafa veitt starfsmönnum sínum, einkum í stjórnunarstöðum, launalaus leyfi í svo ríkum mæli sem verið hefur."

Hefði nú ekki verið ástæða til að fara eftir þessum ábendingum Ríkisendurskoðunar? (**Umhvrh.:** Eða bara lengja leyfið?)

Lækkun vaxta.

[13:54]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Í morgun var í hólfi okkar þingmanna skýrsla um vaxtamyndun á lánsfjármarkaði. Hún staðfestir það sem við stjórnarandstæðingar sem harðast höfum gagnrýnt vaxtamál á Íslandi tvö síðustu árin. Hér í umræðum á Alþingi í gær sagði einn þingmanna Sjálfstfl. að hann teldi raunhæft og eðlilegt markmið að raunvextir hér á Íslandi lækkuðu um 3 prósentustig. (**ÁMM:** Hvaða þingmaður?) Það var hv. þm. Einar Guðfinnsson.

Nú virðist það vera svo að ráðherra viðskiptamála á Íslandi hafi vaknað til meðvitundar um það að vextir hér séu allt of háir og þá verði að lækka. Þess vegna vil ég nú varpa fram spurningu til hæstv. ráðherra og gefa honum nú tækifæri til þess áður en sú vinna hefst við lækkun vaxta að gera þinginu grein fyrir hvaða markmið hæstv. ráðherra hafi varðandi lækkun vaxta. Er hann sammála þingmanni Sjálfstfl. að það sé eðlilegt að raunvextir lækki hér á landi um 3 prósentustig? Þetta er mjög gagnlegt fyrir okkur þingmenn, ekki síst okkur sem vinnum í efh.- og viðskn. og fáum þessi mál vonandi til umfjöllunar á næstu dögum og vikum, að við vitum hvaða markmið hæstv. ráðherra hefur varðandi þetta atriði.

[13:56]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er stefna ríkisstjórnarinnar að stuðla að lækkun vaxta og ætti nú vart að koma hv.

þm. á óvart því að það hefur verið tekið fram, bæði af hæstv. forsrh. og öðrum ráðherrum skriflega og í ræðustól. Þessi skýrsla sem kynnt var í gær er afrakstur nefndar sem ég skipaði í tengslum við framlengingu þjóðarsáttar svokallaðrar. Þar var gert ráð fyrir því að þessi grunnvinna yrði unnin. Þetta er grundvöllur að heildstæðum aðgerðum til lækkunar vaxta, sem ríkisstjórnin mun beita sér fyrir, og ég mun að sjálfsögðu byrja á því að ræða mínar tillögur innan ríkisstjórnarinnar áður en ég geri grein fyrir þeim opinberlega. Ég ætla ekkert að meta það hversu mikið vextir þurfa að lækka. Þeir þurfa að lækka sem mest og verða sem líkastir því sem sem er í nálægum löndum. En ég vil vekja athygli hv. þm. á því sem stendur og kemur fram í skýrslunni að það hefur ekki verið eins mikill munur á vöxtum á Íslandi og í áþekkum löndum, þ.e. smærri iðnríkjum, eins og menn vilja vera láta þó að sá munur hafi verið að aukast núna upp á síðkastið.

[13:57]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Því miður eru svör hæstv. ráðherra mjög í líkingu við það sem við höfum fengið á Alþingi þegar við höfum spurt um vaxtamál og lækkun vaxta. Málið er í athugun og menn vilja ekkert úttala sig um það hvað sé eðlilegt í því sambandi. Ég minni hæstv. ráðherra á það sem hann nefndi réttilega að vextir hafa verið að hækka mjög hér á landi síðustu mánuði miðað við þau lönd sem við berum okkur saman við. Það hefur gerst eftir að hæstv. ráðherra vaknaði til meðvitundar um það að vextir væru of háir. Hvað hefur gerst síðan? Það sem hefur gerst er að vextir hafa enn hækkað og eins og ég nefndi hér úr ræðustól í gær að vextir hér á landi virðast ráðast annars vegar af kerfisforsendum, af úreltu kerfi verðtryggingar, og hins vegar af fákeppni á þessum markaði og á þessu verður að taka tafarlaust.

[13:58]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég við leiðrétta hv. þm. Nú upp á síðkastið, þ.e. allra síðustu vikurnar hafa vextir verið að lækka. Við síðustu ákvörðun bankanna lækkuðu vextir. Í síðasta útboði ríkisvíxla lækkuðu vextir og ég vil aðeins benda á það að nú þegar hefur vaxtaskiptasamningurinn sem Seðlabankinn gerði við viðskiptabanka og sparisjóði haft áhrif að því leytinu til að sú tímabundna hækkun verðbólgu sem verður nú í október veldur því ekki að bankar hækki nafnvexti sína eins og gerst hefur við sambærilegar aðstæður hér áður þannig að aðgerðir þær sem ríkisstjórnin hefur gripið til nú þegar í samvinnu við Seðlabankann, sem eru að vísu ekki nema tiltölulega lítill hluti þessa máls alls, hafa þegar skilað árangri.

[13:59]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Þakka skyldi það að vextir séu að lækka núna frá þeim tæpu 20% sem þeir fóru upp í á miðju sumri. En ég vil nú ekki beygja mig og bugta í þakklæti fyrir það eins og hæstv. ráðherra gerir hér og nú þannig að ég ítreka það enn að ekkert hefur enn sést til aðgerða ríkisstjórnarinnar til þess að lækka vexti. Það mun ekki standa á Alþingi, það get ég fullyrt, að taka á því með ríkisstjórninni ef hún nú mannar sig til slíkra aðgerða.

Bifreiðahlunnindi.

[14:00]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. fjmrh. Um leið og ég velti fyrir mér ýmsum siðferðilegum spurningum og siðabótaprédikunum ýmissa stjórnmálamanna vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann hyggist taka til endurskoðunar bifreiðahlunnindasamninga sem Ólafur Ragnar Grímsson, páv. fjmrh., gerði við yfirmenn Lánasýslu ríkisins árið 1990. Jafnframt vil ég spyrja ráðherra hvort honum sé kunnugt um að ráðherrar í núv. ríkisstjórn hafi gert slíka samninga.

[14:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um að ráðherrar í núv. ríkisstjórn hafi gert slíka samninga.

Varðandi samning sem gerður var á síðasta kjörtímabili við forstjóra og aðstoðarforstjóra Lánasýslu ríkisins, en sá samningur var gerður að mig minnir 1990, er frá því að segja að hann mun að sjálfsögðu taka sömu breytingum og aðrir sams konar samningar. Ef ég veit rétt, það eru nú aðrir í salnum fróðari um það en ég, þá tekur sá samningur mið af samningum þjóðhagstofustjóra og samningur þjóðhagsstofustjóra tekur mið af samningi við seðlabankastjóra. Þannig mun þetta vera Einbjörn í Tvíbjörn og Tvíbjörn í Þríbjörn o.s.frv. (**ÁMM:** Og Jón Sigurðsson í Sigbjörn.) Það er hann sem spyr hins vegar. En mér finnst það eðlilegt að á sama hátt og viðskrh. hefur skrifað bönkunum bréf, gerði það í fyrradag ef ég veit rétt, og óskaði eftir skýringum á ýmsum hlunnindum bankastjóra þá verða sömu reglur látnar gilda um þá sem heyra beint undir viðkomandi ráðherra.

Eftirlaun hæstaréttardómara.

[14:03]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að halda áfram á sömu braut og síðasti fyrirspyrjandi, en undanfarnar vikur hafa launamál og sérréttindi ákveðinna hópa opinberra starfsmanna og æðstu embættismanna ríkisstofnana vakið mikið umtal og hneykslun í samfélaginu.

Eins og við vitum verða slík upphlaup alltaf öðru hvoru en kerfið bara mallar áfram og ekkert breytist. Að vísu hefur hæstv. viðskrh. lýst því yfir að hann ætli að kanna ástandið í bankakerfinu og ekki veitir af en það þarf að gera meira. Það þarf að endurskoða fríðindakerfi ríkisins í heild og því er mín spurning til forsrh. sem yfirmanns og verkstjórnanda í ríkisstjórninni: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að afnema þau óþolandi forréttindi sem eru við lýði hjá hinu opinbera? Er ríkisstjórnin tilbúin til þess að breyta 61. gr.

stjórnarskrárinnar, þar sem m.a. er kveðið á um eftirlaun hæstaréttardómara? Ég held að ég geti fullyrt að það mun ekki standa á okkur stjórnarandstæðingum að breyta þessu ákvæði stjórnarskrárinnar þannig að það megi nú boða til kosninga sem allra fyrst, en hvað ætlar ríkisstjórnin að gera?

[14:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það kom reyndar fram í svari hæstv. fjmrh. rétt áðan að aðrir ráðherrar munu fylgja fordæmi hæstv. viðskrh. og knýja á um svör varðandi fríðindi ýmissa embættismanna, forstjóra sem undir þá heyra. Það kom jafnframt fram að menn hefðu ekki gert slíka fríðindasamninga síðan hv. 8. þm. Reykn. gerði það síðastur manna og þeir munu væntanlega ekki verða gerðir.

Ég tel sjálfsagt og eðlilegt að menn fari ofan í þessa hluti. Hins vegar býst ég við að það sé nú þannig að þessir þættir hafi verið mönnum allljósir og kunnir. Það eru engin ný tíðindi að bankastjórar hafa haft bankastjórabíla. Ég hygg að flestir þigmenn hafi vitað það. Það þarf enginn að koma af fjöllum með það. Hins vegar er eðlilegt að í slíkum tilvikum kaupi menn bíla sem eru á skikkanlegu verði rétt eins og ég tel að ráðherrabílar séu núna, þeir séu á skikkanlegu verði miðað við það sem þekkist og hefur tíðkast.

Varðandi spursmál hv. þm. um það hvort ástæða sé til þess að breyta stjórnarskránni varðandi hæstaréttardómara, þá vek ég athygli á því að þessi grein er hugsuð sem réttarvernd fyrir dómara. Greinin er hugsuð þannig að hinir geirar hins þrískipta valds geti ekki ef þeim mislíkar við dómarana til að mynda klekkt á þeim. Og þetta er sérstaklega hugsað til þess að þetta ákvæði stemmi stigu við slíkum þáttum. Reyndar vil ég geta þess að það var sagt hér á þinginu að hæstaréttardómarar hefðu laun til æviloka eins og forseti Íslands. Þetta var rangfærsla. Forseti Íslands hefur ekki laun til æviloka. Forseti Íslands fær eftirlaun, 60% eftir eitt kjörtímabil, 70% eftir tvö, 80% eftir þrjú og borgar af þeim skatta.

[14:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Það er að sjálfsögðu rétt sem fram kom í máli hæstv. forsrh. að hér eru ekki ný tíðindi á ferð eins og ég reyndi að koma að hér áðan í spurningu minni, heldur kemur þetta upp aftur og aftur og spurningin er sú, hvers vegna er ekki tekið á þessu? Auðvitað þarf að kanna þessa mál og kalla fram upplýsingar um ástandið í hinum ýmsu ríkisstofnunum, en það þarf að taka á þessu. Það þarf að afnema þessi forréttindi og því var mín spurning: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera? Og það er auðvitað rétt sem fram kom hjá forsrh. varðandi 61. gr. stjórnarskrárinnar að þar er verið að verja dómendur en það kom líka fram í máli hæstv. fjmrh. þegar þessi mál voru til umræðu hér á þinginu í síðustu viku að þessi grein væri túlkuð fullfrjálslega og hún er notuð til þess m.a. að tryggja hæstaréttardómendum að þeir haldi óbreyttum launum. Og nú eru þau mál reyndar að fara fyrir dómstóla. En mergurinn málsins er sá að þessi fríðindi og forréttindi, sem verða æ meira óþolandi eftir því sem ástandið versnar í þjóðfélaginu, verður að afnema.

[14:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. sagði. Það er deilt um túlkun á þessari grein stjórnarskrárinnar. Ég vek þá athygli á því að þessi túlkun hefur verið með sama hætti nú um áratuga skeið og ég býst við því að erfitt kunni að reynast að breyta þessari skipan mála með því að taka upp nýja túlkun í málinu. Að því leyti til þyrftu menn hugsanlega að breyta ákvæði stjórnarskrárinnar þannig að réttarverndin héldist en afleiðingarnar sem henni hafa fylgt þurfi ekki að vera þær sem við höfum kynnst.

Fjárlög 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1.

[14:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, KE, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg.

Beiðni KÁ o.fl. um skýrslu, 61. mál. — Þskj. 64.

[14:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðni leyfð með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁJ, EgJ, GÁ, GunnS, JóhS, JGS, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, 1. umr.

Stjfrv., 9. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 9.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það hefur borist bréf frá formanni þingflokks Alþb. þar sem farið er fram á að ræðutími verði tvöfaldaður, skv. 3. mgr. 55. gr. þingskapalaga, og færð rök fyrir því hvers vegna þessi beiðni kemur fram. Hefur forseti ákveðið að verða við henni.

[14:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga en frv. þetta er lagt fram sem staðfestingarfrv. á bráðabirgðalögum sama efnis sem sett voru 28. maí 1993. (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli á óróa í þingsalnum.) Bráðabirgðalögin voru sett til þess að fylgja fram yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins sem gerðir voru hinn 21. maí 1993 og gilda til ársloka 1994 með endurmatsákvæðum.

Það má segja að samningar þessir hafi átt mjög langan aðdraganda sem tóku til hins fyrra árs, 1992, og fyrri parts þessa árs sem nú er að líða, 1993. Svo sem kunnugt er, þá leiddu þær viðræður ekki til niðurstöðu haustið 1992 en þá voru gerðar nokkrar efnahagsráðstafanir, þar á meðal breyting á gengi íslensku krónunnar. Þær aðgerðir, sem þá var gripið til, voru á marga lund í framhaldi af þeim viðræðum sem átt höfðu sér stað milli aðila vinnumarkaðarins en þeir treystust ekki til að styðja allar þær aðgerðir eins og menn muna. Það var frá upphafi tekið fram af hálfu ríkisvaldsins og þeirra sem stóðu í þessum viðræðum af þess hálfu að atbeini ríkisins mundi eingöngu koma til ef um væri að ræða að greiða fyrir kjarasamningum til lengri tíma og þá til ársloka 1994. Ríkisstjórnin lýsti því ótvírætt yfir að hún mundi ekki koma nálægt kjarasamningum til skamms tíma eins og um var rætt, nokkurra mánaða samningum. Það gerðist nokkrum sinnum að ekki náðist samstaða, einkum hjá Alþýðusambandinu, um að fara þessa leið en niðurstaðan varð þó sú að lokum að þau miklu samtök kusu að fara þessa leið.

Meginsjónarmið ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð þessara kjarasamninga komu fram í yfirlýsingunni frá 21. maí og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin telur mikilvægt að eyða óvissu í kjaramálum, tryggja frið á vinnumarkaði og treysta þannig stöðugleika í efnahagsmálum með víðtækri samstöðu kjarasamninga til loka næsta árs. Á þessum forsendum er ríkisstjórnin reiðubúin að ganga eins langt og nokkur kostur er í ljósi erfiðrar stöðu í ríkisbúskapnum í þá átt að greiða fyrir gerð kjarasamninga til lengri tíma. Ríkisstjórnin er reiðubúin til samstarfs við samtök launafólks og atvinnurekenda um öfluga sókn í atvinnumálum sem treystir íslenskt atvinnulíf."

Þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar voru forsenda þess að samningar tókust og gilda þeir til ársloka 1994 eins og fyrr sagði nema því aðeins að samningsaðilar telji forsendur brostnar og samningum verði sagt upp.

I. kafli frv. fjallar um aðgerðir í atvinnu- og verðlagsmálum. Þar er fjmrh. veitt heimild til að verja á árinu 1993 allt að einum milljarði kr. til atvinnuskapandi aðgerða, einkum fjárfestinga og viðhalds og allt að 300 millj. kr. til tímabundinnar niðurgreiðslu á kjötvörum og mjólkurvörum. Varðandi undirbúninginn að aðgerð vegna atvinnuskapandi þátta upp á 1.000 millj. kr. þá fylgdust aðilar vinnumarkaðarins með þeim undirbúningi og það var lögð áhersla á að framkvæmdir samkvæmt þeim lið gætu hafist fljótt og aðilar og fulltrúar frá Alþýðusambandinu fylgdust einnig með framkvæmdinni. Þær 300 millj. kr. til tímabundinnar niðurgreiðslu á kjötvörum og mjólkurafurðum sem var getið um í 1. gr. þessa kafla, sem er reyndar kaflinn í heild, jafngilda lækkun virðisaukaskatts á þessum vörum um 14%. Þessi lækkun stendur til áramóta en þá er fyrirhugað að virðisaukaskattur af matvörum yfirleitt lækki ef samningarnir standa sem menn hljóta að binda vonir við.

II. kafli fjallar í fyrsta lagi um tímabundna endurgreiðslu tryggingagjalds sem lagt er á þá aðila sem stunda útflutning. Þessi niðurfelling stóð frá júnímánuði til desemberloka en leggst þá á á nýjan leik. Í 2. gr. er tilgreint frekar hvaða aðila er um að ræða sem njóta þessar niðurfellingar á tryggingagjaldinu. Það má geta þess að þessi aðgerð kom í kjölfar niðurfellingar á aðstöðugjaldi til fyrirtækja sem tekin var ákvörðun um haustið 1992.

Í III. kafla laganna er fjallað um breytingu á hafnalögum nr. 69/1984, með síðari breytingum. Þetta ákvæði hefur nokkuð verið í umræðu fjölmiðla að undanförnu og því hefur verið haldið fram af hálfu talsmanns samtaka fiskvinnslunnar að ríkisvaldið hafi ekki með öllu staðið við það sem til stóð í þessum efnum. Ég held að þetta sé á misskilningi byggt. Tilurð þessa ákvæðis í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er sú að aðilar vinnumarkaðarins, sérstaklega í þessu tilviki vinnuveitenda megin, töldu sig vita um að ýmsar hafnarstjórnir vildu koma til móts við sjávarútveginn með lækkun á almennum gjaldskrám en gátu það ekki þar sem samgrn. hlaut að hafna því þar sem lagaskilyrði voru ekki fyrir hendi, þannig að því var lofað í þessari yfirlýsingu sem gefin var í tilefni af kjarasamningum að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að þessi lagaskilyrði væru fyrir hendi. Annað fólst ekki í þessu loforði.

Varðandi IV. kafla laganna sem fjallar um úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og sjávarútvegsins var yfirlýsingin sem gefin var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Til að draga úr áhrifum þorskaflaskerðingar á þessu ári verður þeim aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sem óseldar eru nú úthlutað án endurgjalds og er þar með komið til móts við þá sem urðu fyrir mestri skerðingu við síðustu úthlutun."

Upphaflega var um það rætt eins og mönnum er sumum hér í fersku minni að bæta mönnum upp þorsk-

tapið með öðrum hætti. Það var rætt í tengslum við ákvörðun aflakvóta fyrir fiskveiðar árið 1992 og 1993. Síðan voru eins og ég hafði áður sagt gerðar ýmsar aðgerðir og ákveðnar af ríkisstjórn og þingi. M.a. var ákveðin gengisbreyting og skattalækkun á atvinnuvegina og þar með var fallið frá í raun þeim aðgerðum til jöfnunar vegna aflabrests sem til hafði staðið. En í tengslum við gerð kjarasamninga var þessi leið farin sem reyndar var vitað um að var meginósk aðila í sjávarútvegi og reyndar margra hv. þm. Þessi leið var farin vegna þess að afurðaverð hélt áfram að lækka eins og menn vissu og síðar kom á daginn að nauðsynlegt var enn skömmu eftir kjarasamningana og eftir að þorskúthlutunin lá fyrir að gera enn nokkrar breytingar á gengi hinnar íslensku krónu.

Það er ljóst að yfirlýsing sú sem gefin var við gerð kjarasamninga fjallar um mörg önnur atriði en þau sem lagagrundvöll þarf fyrir og því fjalla þessi lög ekki nema takmarkað um þá þætti. Mikilvægast í því er auðvitað það loforð sem tengist kjarasamningunum og kemur til kasta þingsins nú í haust og lýtur að lækkun virðisaukaskatts af matvælum í 14% frá næstu áramótum. Það er auðvitað hafið yfir allan vafa að fari svo að kjarasamningar verði ekki framlengdir þá fellur þessi ákvörðun niður og reyndar aðgerðir sem henni tengjast í fjárlagafrv. og tekjuöflunarfrumvörpum sem fjárlögunum tengjast.

Ég tel, virðulegi forseti, að meginmarkmið kjarasamninganna og aðgerða ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana hafi sem betur fer náðst. Það var meginmarkmið þessara kjarasamninga að standa vörð um atvinnuskilyrðin í landinu eins og frekast væri fært miðað við minnkandi afla og lækkandi verð. Það var annað meginmarkmið, samtengt hinu auðvitað, að tryggja hér stöðugleika. Það hefur tekist þrátt fyrir að allverulegar breytingar hafi verið gerðar á gengi krónunnar í tvígang á tiltölulega fáum mánuðum. Þótt nokkurs óróleika hafi gætt í verðlagi um örstutt skeið þá er það svo að stöðugleikinn hefur ekki raskast. Þvert á móti hefur hann haldist.

Það var líka markmiðið að minnka viðskiptahallann og stöðva erlenda skuldasöfnun. Þetta markmið hefur líka náðst. Viðskiptahallinn hefur minnkað mjög mikið eða um 13 milljarða kr. og erlend skuldasöfnun í rauntölum talið hefur stöðvast. Það er auðvitað afskaplega mikilvægt fyrir grundvöllinn að framtíðarskipan okkar efnahagsmála að þessir mikilvægu þættir hafi gengið í það far sem þeir hafa gengið.

Hinu er ekki að leyna að auðvitað hefur nokkur kaupmáttarrýrnun orðið. Menn gengu ekki að slíku gruflandi en kjarasamningarnir eins og þeir voru í pottinn búnir tryggðu það að sú kaupmáttarrýrnun lenti ekki á þeim sem lökust kjörin hafa haft. Ég tel því að frv. þetta, bráðabirgðalögin og staðfestingarfrv., hafi náð tilætluðum árangri. Lögin hafi tryggt að kjarasamningar náðust. Kjarasamningarnir og aðgerðirnar hafa tryggt að þau efnahagslegu markmið hafi náðst sem menn settu sér.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, leggja til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:25]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. um þetta mál þykir mér rétt að segja fáein orð um efnahagsþróun almennt hér á landi. Ég vil taka það fram strax að ég hef út af fyrir sig ekki sérstakar athugasemdir að gera við frv. sjálft sem er til staðfestingar á bráðabirgðalögum. Það er hins vegar ekki nema hluti af þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ríkisstjórn gaf við gerð þessara kjarasamninga. Ég held að allir geti verið sammála um það að þessir kjarasamningar voru afar hliðhollir atvinnulífinu og mjög ríkulega tekið til greina það ástand sem hér hefur verið með samdrætti í afla og á mörkuðum. Það voru engar launahækkanir ákveðnar. Hins vegar vó þungt við gerð þessara kjarasamninga sú yfirlýsing ríkisstjórnarinnar sem fylgdi.

Ég sagði að ég sé ástæðu til þess að ræða efnahagsmálin almennt og geri það ekki síst með tilliti til þeirra upplýsinga sem koma fram í þjóðhagsáætlun fyrir árið 1994 sem dreift hefur verið hér á Alþingi af hæstv. forsrh. Hæstv. forsrh. lýsti í stefnuræðu sinni mikilli ánægju með þróun mála. Mér sýnist það ekki staðfest af þjóðhagsáætlun. Þjóðhagsáætlun er þó í raun lýsing á stefnu sitjandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum og kemur það greinilega fram, sérstaklega þegar skoðað er árið 1993. Hins vegar þegar þjóðhagsáætlun lítur til lengri framtíðar þá kemur allt annað í ljós.

Í þjóðhagsáætlun er m.a. rakið að fjármunamyndun eða fjárfesting hér á landi hefur fallið mjög. Þetta kemur fram á bls. 37 og 38 og hér segir m.a. í texta að spáð sé að fjárfesting samtals hér á landi verði 15,7% af þjóðarframleiðslu. Ég held að allir geti verið sammála um það að þetta eru mjög alvarleg tíðindi og ég vil gjarnan mega spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann telji þetta bera vitni um batnandi ástand í íslenskum efnahagsmálum. Getur verið að hæstv. forsrh. líti þetta ekki alvarlegum augum?

Getið er um það í þjóðhagsáætlun að afskriftir í landinu eru um það bil 13% þannig að fjárfestingin til nýsköpunar og endurnýjunar í þjóðfélaginu er aðeins um 3%. Og Þjóðhagsstofnun dregur réttilega þá ályktun af þessu að atvinnuleysi muni fara mjög vaxandi og spáir því eins og kemur fram á bls. 29 í þjóðhagsáætlun að atvinnuleysi vaxi upp að 5% á árinu 1994.

Það er fleira vitanlega sem vekur til umhugsunar þegar þessar tölur eru skoðaðar. Slíkt hrun á fjárfestingu kemur alls ekki fram í atvinnu- og efnahagsmálum á fyrsta ári. Menn geta lengi nýtt sér það sem er orðið gamalt og slíkt hrun í fjárfestingu hins vegar boðar það að hér geti atvinnuleysi farið mjög vaxandi á næstu árum ef því verður ekki snúið við. Og mér sýnist óhjákvæmilegt og trúi vart öðru en hæstv. ríkisstjórn hafi sest yfir þessar tölur og reynt að gera sér grein fyrir því hvað veldur. Ef ég man rétt þá lýsti hæstv. forsrh. því í stefnuræðu sinni að dregið hefði verið úr þeirri offjárfesting sem áður hefði verið og hún væri engin orðin, en það má nú fyrr rota en dauðrota er sagt, og ég hygg að sú litla fjárfesting sem Þjóðhagsstofnun spáir sé ekki síður váleg tíðindi en sú fjárfesting sem hæstv. forsrh. var að tala um. Hæstv.

forsrh. talaði í þessu sambandi um svonefndan framsóknaráratuginn þar sem í samstarfi við Framsfl. voru m.a. Sjálfstfl. og það er alveg hárrétt að á þeim áratug, upp úr 1970, var fjárfest hér mjög mikið, ekki síst til þess að geta nýtt þá útvíkkun fiskveiðilögsögunnar sem þá var framkvæmd. Og ég leyfi mér að halda því fram að sú mikla fjárfesting hafi lyft þjóðinni frekar en flest annað upp í það að ná þriðja hæsta sæti með þjóðarframleiðslu á hvern íbúa, þ.e. hún var með allra hæstu þjóðum í heimi með þjóðarframleiðslu á hvern íbúa. Ég er ansi hræddur um að þessi litla fjárfesting sem nú virðist vera fram undan geti valdið hér hruni og valdið því að þjóðin falli æðilangt niður í þessum samanburði á milli ríkja. Ég álít hana með öðrum orðum miklu alvarlegri heldur en þá miklu fjárfestingu sem var þá. Þá var hugur í mönnum, menn vildu nýta fiskveiðilögsöguna af krafti og menn gerðu það með því að fá sér betri skip. Satt að segja held ég að það sé allt of mikið úr því gert að sú fjárfesting hafi reynst hættuleg. Sú fjárfesting var miðuð við 380 þús. tonn af þorskkvóta sem hefur þvert gegn spám manna hrunið og þess vegna að sjálfsögðu nýtist sú fjárfesting ekki sem skyldi í dag.

En ég er fyrst og fremst að tala um þetta mikla hrun sem er núna boðað fram undan og þau alvarlegu tíðindi sem það merkir. Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi í raun engar áhyggjur af þessu og hvað ríkisstjórnin hugsi sér að gera til að fá þessu snúið við.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er fyrsti liður um lækkun vaxta. Ríkisstjórnin hefur talað um að vextir af ríkistryggðum ríkisskuldabréfum hafi lækkað og það er rétt, þeir hafa lækkað lítillega. Þeir munu nú vera rétt fyrir neðan 7%. Hins vegar kemur fram í öllum þeim gögnum sem á er litið, t.d. í Hagvísi Þjóðhagsstofnunar, að bankavextir hér á landi af verðtryggðum lánum, ég tek fyrst og fremst verðtryggð lán, eru enn þá um 9,2–9,3%. Það er afar hátt. Staðreyndin er sú að vextir hér í þjóðfélaginu hafa ekki verið hærri svo um munar nema eftir þennastrikið fræga hjá hæstv. fjmrh. í upphafi setu þessarar ríkisstjórnar þegar vextir í bankakerfinu fóru upp að 10% af verðtryggðum skuldabréfum.

Það er afar athyglisvert sem kemur fram hér í þessari nýju grænu bók, Vaxtamyndun á lánsfjármarkaði, sem ég hef ekki haft tíma til að lesa en aðeins opnað. Og ég rakst strax á hér á bls. 40 línurit sem sýnir raunvexti af skammtímalánum til fyrirtækja. Með leyfi forseta, þá segir þar fyrir neðan þessa mynd: „Á mynd 8 eru sýndir raunvextir skammtímalána banka til fyrirtækja. Ólíkt því sem gildir annars staðar á Norðurlöndum hafa þeir farið hækkandi hér á landi frá fjórða ársfjórðungi 1992. Eftir vaxtahækkun í ágúst er raungildi vaxta af skammtímalánum banka til fyrirtækja mun hærri hér á landi en í nokkru öðru samanburðarlandi eins og sjá má bæði á mynd 8 og töflu 6 í viðauka."

Mér sýnast raunvextir af skammtímalánum til fyrirtækja u.þ.b. 14%. Sem sagt langtum hærri heldur en Hagvísir Þjóðhagsstofnunar gefur upp af verðtryggðum skuldabréfum. Hér er eflaust, ég tek það fram að ég hef ekki haft tíma til að lesa þetta nægilega vel, tekið tillit til þess að afar mikið af lánum til íslenskra fyrirtækja eru víxillán sem eru á langtum hærri vöxtum, einhvers staðar í kringum 16% raunvöxtum, heldur en er á skuldabréfum. Í Noregi hins vegar, sem er hæst af þeim löndum sem tekin eru til viðmiðunar, eru raunvextir af skammtímalánum í kringum 10% sem þykir mjög hátt. Í öðrum löndum, eftir því sem ég fæ séð í skjótu bragði af töflunni eru þeir langtum lægri í öðrum löndum. Menn verða einnig í þessu sambandi að taka tillit til þess að hér eru skammtímalán til fyrirtækja langtum stærri hluti lána til fyrirtækja en almennt gengur og gerist, langtum stærri. Menn verða einnig að skoða það að hér eru fyrirtæki skuldsettari heldur en erlendis þannig að hári vextir vega langtum þyngra í rekstri þessara fyrirtækja. Skyldi ekki vera komin hér skýringin á því hvers vegna fjárfesting í atvinnulífinu hefur hrunið? Það er afar skiljanlegt að fyrirtæki treysti sér ekki til að fjárfesta þegar vextirnir eru svo háir. Einnig hefur komið fram í mjög glöggum línuritum bæði frá t.d. fréttabréfi Samvinnubankans, sem að sjálfsögðu er nú gefið út af Landsbanka Íslands, og í þjóðhagsáætlun og víðar að vextir af skuldabréfum hér eru miklu hærri heldur en vextir af ríkisskuldabréfum hjá löndum Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París. Munar þar í flestum tilfellum eitthvað í kringum jafnvel 50% eða sem sagt í kringum helming. Jafnvel eru þeir sums staðar upp í tvöfalt hærri heldur en er hjá mörgum þessum löndum.

Menn verða að minnast þess að vextir af ríkistryggðum skuldabréfum ákveða innlánsvextina. Að sjálfsögðu fer sá sem á fjármagn fremur og kaupir sér ríkistryggð skuldabréf með tæplega 7% vexti heldur en að leggja inn í banka á t.d. 2–3% vöxtum sem er hið algenga sem gildir um innlánsvexti erlendis.

Ég er með þessu alls ekki að afsaka þá miklu vaxtahækkun sem orðið hefur hjá ríkisbönkunum t.d. og reyndar var það einkabanki sem reið þar á vaðið og ríkisbankarnir fylgdu á eftir. Engu að síður verður að viðurkennast að þessi vaxtataka ríkissjóðs er ákvarðandi um innlánsvextina og síðan þegar vaxtamunurinn er tekinn ofan á um útlánsvexti. Ég er sannfærður um að þeir háu vextir sem bankarnir taka nú munu ekki skila sér í betri afkomu bankanna eftir árið í ár. Ég er sannfærður um það. Ég er sannfærður um að afskriftir hjá bönkunum verða miklu meiri en þeir gerðu ráð fyrir. Og ég veit að vanskil hjá bönkunum hafa stórlega aukist upp á síðkastið. Þannig að ég óttast að þessir háu vextir sem nú eru innheimtir geti leitt til vandræða hjá langtum fleiri en þeim skuldsettu fyrirtækjum sem ekki geta greitt þessa vexti. Ég vek athygli á því í sambandi við skuldsettu fyrirtækin að skuldsetning í sjávarútvegi hefur samkvæmt þjóðhagsáætlun aukist mjög upp á síðkastið og er nú einhvers staðar í kringum 150% eða um það bil 50% hærri heldur en aflaverðmætið í sjávarútveginum.

En ég er sem sagt viss um að þessir háu vextir eiga eftir að koma bönkunum sjálfum í erfiðleika, þeir eru ekki sá hagnaður sem lítur út fyrir í reikningum bank-

anna. Það er kannski rétt að minna á það einu sinni enn að hæstv. fyrrv. viðskrh., núv. seðlabankastjóri, gerði það eitt af sínum síðustu verkum að veita bankastjórum frjálsræði í ákvörðun vaxta, þannig að bankaráðin koma þar ekki neitt nálægt enda hækkuðu vextirnir fljótlega á eftir. Hér spilar sem sagt saman hin háa vaxtataka ríkissjóðs og hin háa vaxtataka bankanna og að mínu mati alveg tvímælalaust hrun í fjárfestingu á vegum atvinnuveganna. Það er nú fyrst og fremst þetta sem ég vildi ræða og enn þá einu sinni vara mjög við þessari stefnu. Það hlýtur að vera hæstv. forsrh. áhyggjuefni hvað hann er oft búinn að lýsa því yfir að hinn háheilagi frjálsi markaður muni sjá um að lækka vextina. Vextir munu lækka, hefur hæstv. forsrh. sagt hvað eftir annað. Er hann ekkert farinn að efast um ágæti þessarar frjálshyggjustefnu sinnar og vilja eða getu hins frjálsa markaðar til að takst á við slíka hluti? Aðrir forustumenn í vestrænum löndum eru farnir að efast um þetta. Menn sjá afar athyglisverðar greinar svo ég vísi aftur t.d. í fréttabréf Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París þar sem menn eru farnir að velta því fyrir sér að kannski sé þessi svokallaði alfrjálsi markaður ekki sá góði alfrjálsi markaður sem menn hafa viljað trúa á. Menn benda stöðugt á fleiri og fleiri nauðsynlegar aðgerðir stjórnvalda til að hafa þar hömlur á. Hinn alfrjálsi markaður lítur ekki langt fram á veg en það er nú út af fyrir sig annað mál sem kannski mætti ræða betur hér á hinu háa Alþingi, hvert stefnir þegar til lengri tíma er litið og þá meina ég fram yfir t.d. aldamótin, en það ætla ég ekki að ræða nú.

Ég held sem sagt að mjög rík ástæða sé til að hafa miklar áhyggjur af því hvert stefnir í íslenskum efnahagsmálum. Ég held að stefni þar miklu verr, með atvinnuleysið sem er afleiðing að sjálfsögðu af lítilli fjárfestingu og ég óttast miklu fleiri gjaldþrot og erfiðleika í atvinnulífinu fram undan heldur en menn gera sér grein fyrir á yfirborðinu. Ég óttast með öðrum orðum að aðeins sjáist yfirborðið á ísjakanum.

Ég sagði áðan að ég þarf út af fyrir sig ekki að ræða mikið um þessi bráðabirgðalög. Ég ætla þó aðeins að spyrja um breytingu á hafnalögum þar sem höfnum er heimilað að gefa eftir af gjöldum. Það hefur vakið athygli í fréttum að þar hefur ríkissjóður harðneitað, að því að tjáð er, að taka þátt í slíkum eðlilegum aðgerðum til að létta fiskveiðiflotanum og útflytjendum sjávarafurða róðurinn. Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. hvernig í ósköpunum standi á því og hvort hann vilji ekki beita sér fyrir því að ríkissjóður taki þátt í þessu, sem hann gefur svo mjög til kynna með bráðabirgðalögunum.

Ég hefði einnig viljað ræða hér um ráðstafanir til að örva íslenskt atvinnulíf en tíminn leyfir það varla núna. Ég ætla aðeins að geta þess að ég fékk hér í hendurnar nýlega þingsályktun frá sænsku ríkisstjórninni. Eins og allir vita þá er það hægri miðjustjórn. Þetta er afar fróðleg þingsályktun. Þar segja þeir, í ítarlegu máli, að ljóst sé að til þess að örva nýsköpun í atvinnulífi þurfi áhættufjármagn. Þeir leggja til að settur verði á fót sjóður, áhættusjóður, fjármögnunarsjóður, og lýsa því sem hann þarf að gera með því að hann eigi að lána til 15 ára, fimm ár afborgunarlaust, vaxtalaust í tvö ár og að hann eigi að lána 30% af kostnaði við að koma á fót nýju litlu eða meðalstóru fyrirtæki. Hann á ekki að taka veð í neinum fasteignum, það á ekki að þurfa að veðsetja hús pabba og mömmu og afa og ömmu eins og hér tíðkast, hann á ekki að taka veð í fasteignum heldur í hugmyndinni sjálfri. Þeir segja að þeir geri ráð fyrir að láta renna í þennan sjóð 6.500 millj. sænskra kr. Þ.e. um 65 milljarða íslenskra króna. Þetta er mjög fróðleg grein sem sannarlega styður það sem ríkisstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. 1983–1987 leitaðist við að gera með því að setja á fót Þróunarfélagið og fleira.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi ekki haft áhyggjur af þeim augljósa samdrætti sem verið hefur í sjávarútveginum og finni ekki hjá sér neina hvöt til þess að hið opinbera hlaupi undir bagga með nýjum atvinnugreinum, nýjum vaxtamöguleikum. Tíminn leyfir ekki að ræða þá hér en ég get gert það seinna, þeir eru ótalmargir. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar eru nefndar ýmsar aðgerðir, með leyfi forseta: Skipuleg fjármögnun öflugrar kynningar á íslenskum vörum og þjónustu á erlendum vettvangi. Það væri fróðlegt að heyra hvað hefur verið gert í þessu skyni. Ég vona að það sé meira en þær 50 millj. sem ríkisstjórnin veitti um daginn. Fjárfesting erlendra fyrirtækja hér á landi — það væri fróðlegt að heyra hverju markaðsnefnd iðnrn. hefur fengið áorkað í því sambandi. Hún hefur verið í umræðunni nýlega og fróðlegt væri að vita hvað það mikla fjármagn sem þar hefur runnið í gegn hefur gefið í aðra hönd. Ég tek undir það hér að íslensk fyrirtæki þurfa að fjárfesta erlendis og ég met það sem hæstv. sjútvrh. hefur talað um í þessu sambandi. En hvað hefur í raun verið gert? Þetta eru áhættusamar fjárfestingar og það þarf fjármagn til að koma sér á framfæri og kynna sér þessi mál, það er mjög kostnaðarsamt. Fróðlegt væri að vita hver ætlunin er eða hvað hefur verið gert í því sambandi. Meira að segja er minnst hér á fiskeldið og ákveðið að stuðla að því að nýta þá möguleika sem felast í fiskeldi. Ég hef satt að segja heyrt töluvert annað. En ég er þessu út af fyrir sig mjög sammála. Ég tel að fiskeldið sé grein sem hljóti að eiga erindi til okkar eins og annarra þjóða.

Virðulegi forseti. Tíma mínum er lokið og ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Hann var nú reyndar tvöfaldur, ég held að ég sé búinn með hálfan tímann, svo ég hlýt að fá rós í hnappagatið fyrir það. En þetta er nóg fyrir mig. Ég vona að við getum rætt hér efnahagsmálin ítarlega undir þessum lið.

[14:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé tímabært að hér gefist tækifæri til að ræða aðeins stöðu efnahagsmála og þá ekki síst út frá ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga. Hér er á ferðinni staðfestingarfrumvarp á þeim bráðabirgðalögum sem ríkisstjórnin setti í maílok sl. í framhaldi af undirritun kjarasamninga aðila vinnumarkaðarins.

Ég vil leyfa mér að gera fyrst að umtalsefni þá stað-

reynd að hér eru til afgreiðslu a.m.k. önnur ef ekki þriðju bráðabirgðalög þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Sú var tíðin að menn töldu sig vera nokkurn veginn að útrýma þessu fyrirbæri, bráðabirgðalögum, úr lagasetningargerðinni. Einn virðulegur hæstv. ráðherra í núverandi ríkisstjórn, núverandi hæstv. menntmrh., hafði það m.a. sérstaklega sem markmið og takmark við viðkomandi lagabreytingu að setning bráðabirgðalaga ætti að heyra sögunni til. En engu að síður stendur þetta nú svona að við erum hér að afgreiða bráðabirgðalög sem ríkisstjórnin setti tiltölulega skömmu síðar, fáeinum dögum, eftir að þinginu var slitið hér með miklu offorsi eins og kunnugt er. Þetta hljótum við að átelja í ljósi þess að stjórnarandstaðan hafði lýst sig reiðubúna til að starfa áfram m.a. með það í huga að unnt væri að afgreiða með venjubundnum hætti hér á Alþingi nauðsynlegar lagabreygingar í tengslum við kjarasamninga ef þeir yrðu gerðir.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, hlýt ég að mótmæla því að hluti af þessum bráðabirgðalögum eru breytingar á lagaákvæðum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins sem lágu fyrir í frumvarpsformi í nefnd þingsins og óskað var eindregið eftir afgreiðslu á af hálfu stjórnarandstöðunnar. Meiri hluti ríkisstjórnarinnar neitaði að afgreiða þær lagabreytingar um Hagræðingarsjóð en setur síðan með bráðabirgðalögum sams konar ákvæði fáeinum dögum síðar. Þetta er auðvitað, hæstv. forseti, alveg ólíðandi framkoma við góðar venjur í störfum Alþingis. Á þessu er mjög ljótur svipur og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann sé hreykinn af frammistöðunni í þessum efnum. Að þetta skuli gerast svona að frv. sem lá tilbúið í sjútvn., sem reyndar hafði verið sameinað úr tveimur og óskað var eindregið eftir afgreiðslu á, sem hefði gert nákvæmlega þetta sama, opnað fyrir ókeypis útdeilingu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs. Það var harðlega neitað að afgreiða það en sambærileg ákvæði síðan sett með bráðabirgðalögum nokkrum dögum seinna. Þetta er heldur til skammar svo ekki sé meira sagt, hæstv. forseti, fyrir stjórnarliðana, meiri hlutann sem ber ábyrgð á þessu hér.

Kemur þá að því sem eftir er og verst er nú að mínu mati við málið. Það er það að vegna þess hvernig ríkisstjórnin stóð að breytingunum um lagaákvæði Hagræðingarsjóðs, þ.e. að afgreiða einungis lagaheimildir gagnvart ráðstöfun veiðiheimildanna á yfirstandandi fiskveiðiári, sem þá var að líða, þá gilda nú á haustdögum óbreytt eldri ákvæði laga um Hagræðingarsjóð. Sem þýðir að stjórn sjóðsins ber skylda til að selja veiðileyfin hæstbjóðendum að undangengnu því að menn geta nýtt sér forkaupsrétt. Í raun og veru er það þannig að stjórnin ætti þegar að vera búin að ráðstafa þessum veiðileyfum og þar með auðvitað vanefna þau fyrirheit sem gefin voru um ókeypis úthlutun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðsins. Til viðbótar kemur því það að ríkisstjórnin valdi þarna auðvitað mikið verri leið heldur en þá sem lögð var til að hálfu stjórnarandstöðunnar, að heimilt væri að útdeila veiðiheimildunum án endurgjalds og það yrði gert með varanlegri breytingu laganna um Hagræðingarsjóð. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. um þetta atriði jafnframt. Hvernig stendur þetta mál varðandi veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs og hvernig ætlar ríkisstjórnin að snúa sig út úr því ef stjórn sjóðsins uppfyllir nú lagaskyldur sínar og framkvæmir gildandi lög um Hagræðingarsjóð sem uppáleggja henni að selja veiðiheimildirnar?

Í öðru lagi, hæstv. forseti, hlýt ég að gera hér að umræðuefni vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar varðandi skiptingu þeirra fjármuna sem ákveðið var að leggja til atvinnuskapandi aðgerða í tengslum við kjarasamningana. Um það varð allmikil umræða á sl. sumri og ég er þá sérstaklega að vitna til skiptingarinnar á þeim milljarði kr. sem ákveðið var að bæta við opinberar framkvæmdir eða fjárfestingar og viðhald á árinu 1993. Þau furðulegu tíðindi urðu að hæstv. ríkisstjórn valdi m.a. að leggja enga sérmerkta fjármuni til þess svæðis landsins þar sem atvinnuleysið er mest, þ.e. á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu. Samt var það nú svo að þessar þúsund milljónir áttu alveg sérstaklega að ganga til þess að bæta úr atvinnuástandinu þar sem það væri alvarlegast í landinu. Hér situr í salnum hv. þm. Tómas Ingi Olrich og ég man ekki betur en hann hafi haft allhörð orð um það að honum líkaði ekki þessi skipting og nú reynir á kappann. Hvað segir nú hv. þm. Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e., og hvernig vill hæstv. forsrh. forsvara þessi vinnubrögð? Nú liggur það fyrir að atvinnuástandið er því miður langverst á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu og hefur haldist þar í óþolandi háu stigi jafnvel yfir hábjargræðistímann. Þess vegna er það auðvitað þannig að þessi úthlutun var úr öllu samhengi við þær aðstæður sem ríktu að þessu leyti. Það er auk þess, hæstv. forseti, að verða harla leiðigjarnt að horfa upp á þessa tvískiptingu fjárveitingavaldsins sem okkur birtist nú í æ ríkari mæli. Annars vegar sé fjárln. eða samgn. eða aðrar slíkar nefndir Alþingis og hið eiginlega fjárveitingavald hér á löggjafarsamkomunni að puða við það að skipta naumt skömmtuðum fjármunum niður á einstök verkefni, en hins vegar sé svo sullað út milljörðum kr. þegar því er að skipta á grundvelli einhverra ráðstafana í tengslum við kjarasamninga eða annað og þá fer skipting þeirra fjármuna fram við ríkisstjórnarborðið eða jafnvel af hálfu einhverra embættismanna úti í bæ. Þetta gengur auðvitað ekki. Þetta á ekki að vera svona.

Við sáum framan í einhvers konar tvöfalda vegáætlun hér fyrir tveimur árum síðan þegar hæstv. samgrh. kom upp sinni einkavegáætlun og skipti sjálfur stórum hluta framkvæmdafjár til vegamála á þau verk sem honum féll best í geð. Núna heldur þetta innreið sína gagnvart almennum framkvæmdum, uppbyggingu í skólakerfinu, viðhaldi mannvirkja o.s.frv. Ríkisstjórnin á ekki að fara að taka að sér að vera einhver fjárveitinganefnd í þessum efnum. Hún hefur ekki stjórnskipulega stöðu til þess, það er hlutverk Alþingis. Þetta er að fara úr böndunum, þetta er að fara í vitleysu og ég trúi því ekki að hæstv. fjmrh. mæli því bót að þetta gangi svona til ár eftir ár. Eða hvers eiga þá þessir hv. þm. að gjalda sem puða daginn út og daginn inn í fjárln. Sitja þar á löngum fundum, taka á móti fulltrúum sveitarstjórna hringinn í kringum landið og

hlusta á óskir þeirra um milljón hér eða hálfa milljón þar, liggja yfir því að færa til jafnvel fjármuni svo nemur tugum eða hundruðum þúsunda, en síðan sulla menn út milljörðunum með þessum hætti. Ég tek það fram að ég er ekki með þessu að gagnrýna eða taka neikvæða afstöðu til þeirrar aukningar á framkvæmdafé sem hér var á dagskrá, en ég held að þessi vinnubrögð hljóti að verða okkur hér á Alþingi nokkurt umhugsunarefni.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, hafði ég hugsað mér að gera að umræðuefni efndir hæstv. ríkisstjórnar á þeirri yfirlýsingu sem hún gaf í tengslum við kjarasamninga. Ég vona að hæstv. forsrh. sé ekki hlaupinn langt í burtu frá okkur þannig að hann nái að fylgjast með. Þar liggur fyrir, að mínu mati, að það vantar allnokkuð upp á að hæstv. ríkisstjórn hafi staðið við sinn hluta yfirlýsingarinnar. Ég tel að það sé alveg ljóst. Á það mun reyna núna innan skamms hvort verkalýðshreyfingin metur það svo að ríkisstjórnin hafi í raun og veru sagt samningunum upp með einhliða vanefndum af sinni hálfu.

Í fyrsta lagi nefni ég vextina, en þar sem hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, hefur gert þá ítarlega að umræðuefni læt ég nægja að vísa til þess. Vextirnir hafa ekki lækkað eins og yfirlýsingar stóðu til að mundi verða.

Í öðru lagi nefni ég fjárveitingar til framkvæmda. Á bls. 2 í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í maí stendur að auka skuli framlög eða útgjöld ríkisins til atvinnuskapandi aðgerða, einkum fjárfestinga og viðhalds um 1.000 millj. kr. Þetta feli í sér að heildarútgjöld ríkissjóðs vegna fjárfestinga og viðhalds á árinu 1993 verði um 17 milljarðar kr. Í reynd sýnist mér stefna í að þessi útgjöld verði um 16,5 milljarðar þannig að það vantar rúmlega 500 millj. upp á, miðað við þá úttekt sem ég hef undir höndum, að þetta markmið náist á yfirstandandi ári.

Þá var sagt að á árinu 1994 skyldi jafnframt varið 1 milljarði kr. í sérstök verkefni og þannig skyldu heildarútgjöld ríkissjóðs til fjárfestinga og viðhalds á árinu 1994 verða allt að 2 milljörðum kr. meiri en á árinu 1992, þ.e. um 16 milljarðar kr. En samkvæmt fjárlagafrv. er verið að tala um 14,7 milljarða eða rúmlega það. Þarna vantar á þrettánda hundrað millj. kr., ef ég hef lesið rétt út úr þessum tölum, þannig að miðað við þetta eru vanefndir ríkisstjórnarinnar eða stefnir í að þær verði, að óbreyttu fjárlagafrv., eitthvað í nágrenni við 1.800 millj. kr. Þessa hluti verður auðvitað að fá á hreint og ég er sannfærður um að forsvarsmenn verkalýðshreyfingarinnar munu fyrir sitt leyti veita ríkisstjórninni aðhald í þessum efnum og fara ofan í saumana á þessum hlutum á næstu dögum. En stjórnarandstaðan mun að sjálfsögðu einnig fyrir sitt leyti fara yfir það hvernig þetta stendur.

Í þriðja lagi nefni ég t.d. framgöngu hæstv. ríkisstjórnar í sambandi við hafnargjöldin. Það er auðvitað alveg fráleitt að ríkisstjórnin skuli ætla að hegða sér með þeim hætti sem raun ber vitni í þeim efnum að leggjast á sveitarfélögin sem reka hafnirnar og eru ábyrg fyrir rekstri þeirra og pína þau til að lækka hjá sér gjaldskrárnar, jafnvel í þeim höfnum sem eru í fjárhagsvandræðum, en áskilja sér síðan sjálf rétt til þess að halda áfram sérstakri aukagjaldtöku á þessu sviði. Það gengur auðvitað ekki. Svoleiðis samyrkjubúskapur ríkis og sveitarfélaga getur ekki gengið. Ríkisstjórnin verður þarna a.m.k. að sýna sveitarfélögunum þá tillitssemi að ganga ekki inn á þennan tekjupóst með sérstökum aukaálögum eins og nú er áformað. Og ég vil spyrja hæstv. forsrh. um þetta. Er það virkilega svo að ríkisstjórnin ætli jafnvel að stofna þessu máli í uppnám út af ekki stærri fjármunum en þarna eru á ferðinni í þessu sérstaka hafnargjaldi?

Í fjórða lagi, hvað varðar efndir eða vanefndir kjarasamninga, hlýtur svo að koma til skoðunar frammistaða hæstv. ríkisstjórnar hvað varðar fjármögnun á þeim útgjaldaliðum sem tengjast kjarasamningunum. Það er alveg ljóst að verkalýðshreyfingin getur ekki litið á það öðruvísi en sem vanefndir á loforðum um þetta samstarf ef nú á að fjármagna þessi útgjöld með allt öðrum hætti en gefið var í skyn á þeim tíma, þ.e. með nefsköttum, heilsukortum og öðrum slíkum aðferðum og fresta því á sama tíma að leggja á fjármagnstekjuskattinn sem sérstaklega var nefndur og tiltekinn í þessu sambandi og var reyndar baráttumál verkalýðshreyfingarinnar að fjármagnseigendur í landinu legðu sanngjarnan hlut af mörkum í þessum efnum. Nú er það allt saman að lenda í útideyfu en í staðinn koma hlutir eins og atvinnuleysisskatturinn og heilsukortin. Hæstv. ríkisstjórn hlýtur að skilja að þetta getur ekki verkað traustvekjandi í augum verkalýðshreyfingarinnar sem efndir á samningunum af hálfu ríkisstjórnar.

Það er svo í fjórða lagi, hæstv. forseti, að mínu mati óhjákvæmilegt að fara hér aðeins yfir þær efnahagslegu tilfærslur sem orðið hafa og eru að verða með breytingum hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum og á fleiri sviðum. Þær hljóta að tengjast þessu máli þegar verkalýðshreyfingin m.a. metur það hvort forsendur séu fyrir því að halda áfram samstarfi við þessa ríkisstjórn um kjarasamninga eins og hún hefur í góðri trú gert. Ég undirstrika það að enginn hefur haldið öðru fram en að verkalýðshreyfingin hafi staðið fullkomlega við sinn hlut að öllu leyti og í raun og veru, að mínu mati, sýnt þessari ríkisstjórn ótrúlega þolinmæði. En þannig er það nú, hæstv. forseti, að þegar farið er yfir hvaða tilfærslur hafa orðið í skattkerfi landsmanna á árabilinu 1992 til og með 1994 þá er það satt best að segja ótrúlegur listi, ótrúlegur. Því að tilflutningur skattbyrðarinnar er nánast allur á einn veg, yfir á herðar hinna almennu launamanna. Og það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að ríkisstjórninni hafi tekist að hlífa þeim sérstaklega sem lægst hafa kjörin. Því miður er það þvert á móti þannig að mjög margar af skattkerfisbreytingum hæstv. ríkisstjórnar lenda einmitt af mestum þunga á þeim sem eru á tekjubilinu frá og með skattleysismörkunum og upp í 100, 120, 150 þúsund, með öðrum orðum hinum almennu láglaunafjölskyldum í landinu. Það eina sem hægt er að tína til er þá þessi óverulegi bráðabirgðahátekjuskattur sem settur var á í fyrra.

En ef farið er aðeins yfir þetta, hæstv. forseti, sem

breyst hefur í þessum efnum, þá tek ég fram að hér er af minni hálfu ekki um tæmandi yfirlit að ræða, ég hef ekki haft tóm til þess að vinna það svo óyggjandi sé. En ég vil nefna nokkur atriði frá þessu árabili, 1992–1994, miðað við forsendur fjárlagafrv. og það sem þar er verið að boða, á þessu þriggja ára tímabili, valdatíma ríkisstjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar.

Í fyrsta lagi nefni ég það að ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota var færður yfir á vinnumarkaðinn. Áður greiddi ríkissjóður kostnað sem til féll í slíkum tilvikum þegar ógreidd laun fengust ekki greidd vegna gjaldþrota fyrirtækja. Þessu var eins og kunnugt er velt yfir á atvinnulífið á árinu 1992.

Í öðru lagi var með einhliða ráðstöfunum ríkisstjórnar um sömu áramót 600 millj. kr. settar yfir á sveitarfélögin í landinu í formi sérstaks nefskatts eða íbúaskatts og síðan var það fært yfir í Jöfnunarsjóð á yfirstandandi ári.

Í þriðja lagi nefni ég skerðingu sjómannafrádráttar frá sama tíma og í fjórða lagi skerðingu barnabóta upp á hálfan milljarð kr.

Í fimmta lagi nefni ég þær breytingar sem orðið hafa eða eru að verða á virðisaukaskattskerfinu. Hvernig liggja þær nú? Jú, þær liggja þannig að það er búið að setja virðisaukaskatt á húshitun. Undanþága um niðurfellingu hans var afnumin. Það er búið að setja virðisaukaskatt á afnotagjöld útvarps og sjónvarps, bækur, blöð og tímarit og frá og með næstu áramótum leggst virðisaukaskattur á ferðaþjónustu, þar á meðal flugfargjöld í innanlandsfluginu. Það er nú einhver mesta hugkvæmni í skattlagningu sem ég hef vitað, að láta sér detta í hug að hækka þann útgjaldalið enn með virðisaukaskatti, þvílíkur eins og hann er nú orðinn miðað við flugfargjöldin eins og þau standa og menn þekkja.

Þá nefni ég afnám aðstöðugjalds. Það var upp á 4 milljarða kr. flutt á einu bretti frá fyrirtækjunum yfir í tekjuskatt á síðasta ári í formi 1,5%, þ.e. flatrar hækkunar á tekjuskattsprósentunna í landinu, þ.e. hún hækkaði úr 32,8% í 34,3%. Og það munar nú um minna en tilflutning upp á 4 milljarða kr. á einu bretti eða sem nemur um fjórðungs hækkun á heildargreiðslum tekjuskatts launamanna í landinu. (Gripið fram í.) Tilfærslan er 4 milljarðar í tekju- og eignarskatti í formi niðurfellingar aðstöðugjaldsins, hæstv. fjmrh. Það er að vísu rétt að fleira kemur til sem breytti skattbyrðinni, svo sem lægri skattfrelsismörk og ég kem að því á eftir. Ég veit að hæstv. fjmrh. vill náttúrlega ekki gleyma því að hann lækkaði líka skattfrelsismörkin.

Nú er það svo að gerast að þessi mikla tilfærsla er að færast yfir í útsvarið í formi sambærilegrar hækkunar og að langmestur þungi hennar verður þannig fjármagnaður. Að vísu er vísað á niðurfellingu skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á móti, en við munum hvað hann gaf, hæstv. fjmrh., nokkur hundruð millj. kr. þannig að þar er ekki stór hluti af þessari upphæð.

Nú er það auðvitað svo að flestir voru sammála því að gott væri að losna við aðstöðugjaldið út af fyrir sig vegna þess að það var gallaður skattstofn og lagðist á fyrirtækin án nokkurs tillits til afkomu þeirra. En minna má nú gagn gera heldur en færa alla þessa skattbyrði á einu bretti frá fyrirtækjunum án tillits til afkomu þeirra. Það er að segja, niðurfellingin gildir jafnt gagnvart mestu gróðafyrirtækjum landsins eins og hinum sem eru í erfiðleikum og menn voru kannski sérstaklega að hugsa um, og þá auðvitað sjávarútveginn ekki síst. Ég verð að segja alveg eins og er að ég var svo barnalegur eða bláeygur að ég var að ímynda mér og trúði því að menn mundu leita að öðru formi skattlagningar sem a.m.k. að einhverjum hluta til yrði áfram hjá fyrirtækjunum og þá vonandi einhvers konar skattlagning sem tengdist afkomu þeirra eða stöðu, þannig að gróðafyrirtækin eins og t.d. Eimskipafélagið, sem hefur nú getað leyft sér ýmislegt hér í landinu á undanförnum árum og áratugum og verið aldeilis að færa út kvíarnar í formi eignakaupa o.s.frv., legði nú eitthvað pínulítið af mörkum þó svo menn hefðu á hinn bóginn t.d. vegna slæmrar afkomu sjávarútvegsins reynt að hlífa honum við skattlagningu af þessu tagi. Auðvitað var hægt og er hægt að færa þessa skattbyrði að einhverju leyti yfir í afkomutengd gjöld á fyrirtækin þó svo að menn geti sameinast um að flatur skattur eins og aðstöðugjaldið var sé ekki heppilegur, bæði vegna þess að hann tekur ekki neitt tillit til afkomu fyrirtækjanna og hefur uppsöfnunaráhrif. En svona er þetta nú samt. Það er verið að festa í sessi með varanlegum hætti hreina tilfærslu þessarar skattbyrði frá fyrirtækjunum yfir á launamenn og sveitafélögunum er ætlað að taka þennan kaleik til sín í formi útsvarshækkunar.

Þá nefni ég tekju- og eignarskatt fyrirtækja. Það verð ég að segja alveg eins og er að enn kom mér á óvart að ríkisstjórnin skyldi í ljósi ríkjandi aðstæðna og eftir allt talið um vandann í ríkisfjármálum, gatið mikla, hallann og allt þetta, láta engan bilbug á sér finna í sambandi við það að halda áfram lækkun tekjuskatts fyrirtækjanna. Hún er nú boðuð upp á einn milljarð kr. milli áranna 1993 og 1994 og það á sem sagt að lækka tekjuskattsprósentuna niður í 33% úr þeim 45% sem hún var fyrir ári síðan. Og þetta þýðir að lækkun tekjuskatts fyrirtækja á þessu tveggja ára bili er talsvert hátt á annan milljarð kr. því samkvæmt ríkisreikningi ársins 1992 var innheimtur tekju- og eignarskattur fyrirtækja 4,9 milljarðar en fer niður í tæplega 3,7 á árinu 1994 og það munar um minna. Þetta er hrein tilfærsla á skattbyrði því að ekki er verið að lækka heildarskatttekjur ríkisins eins og við vitum, hvorki að raungildi og þaðan af síður sem hlutfall af landsframleiðslu.

Og ef áfram er haldið má nefna nýju skattana, t.d. atvinnuleysisskattinn upp á 0,5% af öllum launatekjum í þjóðfélaginu og það munar um minna. Nefskatt upp á 0,5% af öllum launatekjum í landinu, hreinn launamannaskattur, heilsukortin, skólagjöldin sem í sumum tilvikum á að hækka, gjaldtakan í heilbrigðiskerfinu er öll inni samkvæmt forsendum fjárlagafrv. og lækkun persónufrádráttarins er á sínum stað óbreytt frá fyrra ári. Og það sem meira er, ríkisstjórnin ætlar ekki

miðað við forsendur fjárlagafrv. að uppreikna upphæðir persónufrádráttar, barnabóta og vaxtagjalda. Samkvæmt greinargerð með fjárlagafrv. skulu þessar upphæðir vera óbreyttar í krónutölum og ekki taka verðlagsbreytingum fyrr en í júní á næsta ári sem auðvitað þýðir að þessir skattar bíta meira í og bæturnar skila sér síðar sem því nemur. Ég hef ekki handbærar tölur um það en ég býst við því að þetta þýði einhvers staðar á milli 600 og 1.000 millj. kr., þetta álitamál hvort upphæðir persónufrádráttarins, vaxtabótanna og barnabótanna verði uppreiknaðar um áramót eins og áður var gert eða ekki fyrr en um mitt næsta ár og standi þar með óbreyttar hálft skattárið 1994.

Þannig er það nú, hæstv. forseti, ef farið er yfir þessar tilfærslur, sem menn hljóta auðvitað að gera því allt er þetta hluti af sömu myndinni, samskiptum ríkisins og launamannanna í landinu, þá er borin von fyrir hæstv. fjmrh. að neita því að það er að eiga sér stað stórkostleg tilfærsla skattbyrði í landinu. Líklega sú stórkostlegasta í sögunni, leyfi ég mér að segja. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef miklar efasemdir um, burt séð frá hinni siðferðilegu hlið þess máls, að það muni reynast Íslandi efnahagslega farsælt að keyra svona upp skattbyrðina á almennu launafólki og lækka að sama skapi skattbyrði fyrirtækjanna og það alveg án tillits til afkomu þeirra. Ég tala nú ekki um þegar í hlut á svona mikil lækkun á tekjuskatti sem eins og við vitum hefur ekki verið borin uppi nema af tiltölulega litlum hluta best stæðu fyrirtækjanna í landinu. Reyndar hefur það lengi verið til skammar hve mörg stórgróðafyrirtæki á Íslandi hafa komist upp með það árum saman að leggja ekkert af mörkum til samfélagsins vegna þess að þau hafa getað nýtt sér of rúmar reglur um uppkaup á uppsöfnuðu tapi og öðrum slíkum hlutum. Þannig að ef eitthvað væri hefðu einhverjir sennilega talið ástæðu til þess að fara í þann enda málsins og reyna að auka skatttekjur ríkisins með því að loka slíkum smugum sem stórgróðafyrirtækin hafa nýtt sér um árabil. En það er ekki. Nei, heldur skal haldið áfram, þrátt fyrir allan barlóminn um hallann og vanda ríkissjóðs, með því að lækka einhliða skattbyrði fyrirtækjanna.

Nú liggur t.d. fyrir, ef horft er á það hverjir hafa verið að safna skuldum undanfarin ár, að menn mundu þá telja ástæðu til að gera alveg hið gagnstæða, því þeir aðilar sem mestum skuldum hafa safnað á undanförnum árum eru heimilin í landinu. Skuldabyrði atvinnulífsins hlutfallslega er þó þrátt fyrir allt ekki nema svipuð hundraðslega og hún hefur verið um alllangt skeið, en skuldir heimilanna, fjölskyldnanna, hafa nálægt því fjórfaldast á 12–15 ára tímabili. Þannig að ég, hæstv. forseti, hlýt að lýsa miklum efasemdum um að ríkisstjórnin sé þarna á réttri braut, svo ekki sé meira sagt.

Ég vil svo að lokum segja það, hæstv. forseti, að ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að yfir þessa hluti verði farið rækilegar heldur en hér gefst tími til í þessari umræðu og gögn lögð á borðið um það hvað hefur verið að gerast í formi tilfærslna í skattbyrði í landinu á þessu þriggja ára tímabili eða mundi gerast að óbreyttu miðað við afgreiðslu fjárlagafrv. og skattafrumvarpa eins og ríkisstjórnin nú boðar. Ég held að þá hljóti menn að sjá að þarna eru að safnast saman hlutir sem eru í raun og veru út úr öllu korti.

Ég er alveg sannfærður um að þegar það er skoðað, lögð er saman vaxandi tekjutenging sem búið er að grípa til á nokkrum sviðum í skattkerfinu og í bótakerfinu, nefskattarnir sem hafa haldið innreið sína og er verið að boða áframhaldandi í þessu frv., gjaldtakan á ýmsum stöðum, í heilbrigðiskerfinu, skólakerfinu og víðar, lækkun skattfrelsismarkanna o.s.frv., þá er verið að þyngja skattbyrði ákveðins tekjuhóps í þjóðfélaginu óheyrilega. Jaðarskattprósentan er þarna orðin fáránlega há og í raun og veru spólar þessi tekjuhópur algjörlega, frá og með því að þetta fer allt saman að bíta á sama tekjubilinu, frá skattfrelsismörkunum og upp í 70–80 þús. kr., og þangað til menn eru komnir upp úr þökunum á tekjutengingunni og bera eftir það ekkert meira en þennan einfalda tekjuskatt sem lagður er á. Þetta er skattstigi sem alveg er út úr öllu korti að mínu mati, í raun öfugur skattstigi þar sem skattlagningin er langgrimmust á tekjurnar á tilteknu lágtekjubili, sem ég verð því miður að leyfa mér að kalla það. Þegar við horfum svo á það að launatekjur þessa fólks eru að dragast saman, yfirvinnan er að minnka, vextirnir eru jafnsvimandi háir og raun ber vitni, er þá einhver hissa á því að fólkið sé að lenda í greiðsluerfiðleikum? Fólkið sem m.a. fór í gegnum hið fína greiðslumat hjá hæstv. félmrh. og er síðan búið að missa kannski upp undir 20% eða 25% í tekjum á fáeinum árum? Hvernig á það nú að standast greiðslumatið hafandi fengið lán alveg upp í þak? Það gefur auðvitað auga leið að þetta er að sigla í mikið óefni, svo ekki sé meira sagt.

Ég held að þessir hlutir séu mjög alvarlegir, hæstv. forseti, og vilji menn nálgast þessi vandamál af einhverju raunsæi og einhverri sanngirni þá verði að fara í það að skoða dreifingu byrðanna með alveg nýjum hætti. Allt hefur þetta líka áhrif á þann mikla aðstöðumun kynslóðanna sem við þekkjum og oft hefur verið ræddur og birtist í því að yngri kynslóðirnar sem lagt hafa út í þessa fjárfestingu, komið upp heimili, keypt sér húsnæði, lokið námi o.s.frv. frá og með tímum verðtryggingarinnar, standa á öllum vígstöðvum verr að vígi en hinar sem gerðu sambærilega hluti fyrir daga verðtryggingar og hárra raunvaxta. Þessar breytingar núna auka þennan aðstöðumun enn vegna þess að það er verið að þyngja þarna skattbyrði sömu hópa. Þegar svo koma til viðbótar hlutir eins og skerðing barnabóta og lækkun vaxtafrádráttar þá spyr maður sig oft að því í hvaða þjóðfélagi erum við eiginlega stödd. Er það virkilega markhópurinn, eini markhópurinn sem menn geta alltaf farið til og seilst dýpra ofan í vasana hjá, eru ungar barnafjölskyldur sem eru að berjast við að koma yfir sig húsnæði? En það eru þær sem þessar breytingar lenda á af mestum þunga á öllum vígstöðvum og skólagjöldin og heilbrigðiskostnaðurinn og allt þetta leggst líka þungt á.

Hæstv. forseti. Ég vildi koma þessum atriðum að í tengslum við þetta fyrsta tækifæri sem við höfum til að

ræða hér annars vegar efnahagsmálin almennt og stefnu hæstv. ríkisstjórnar og hins vegar þetta frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögum um kjarasamninga. Ég vona að hæstv. forsrh., þó hann láti ekki svo lítið að sitja hér undir umræðunni, treysti sér til að svara þeim spurningum sem ég hef lagt fyrir hann.

[15:18]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. gat hér um viðbrögð mín við sérstakri ráðstöfun á einum milljarði til eflingar atvinnulífi og til þess að eyða atvinnuleysi og minntist þess að ég gerði athugasemdir opinberlega við þessa úthlutun. Það er alveg hárrétt og ég stend við það. Það var ástæða til þess að gera athugasemd bæði við efni og aðferð þegar þessum milljarði var úthlutað. Hins vegar finnst mér að hv. þm. hefði átt að geta þess að ríkisstjórnin hefur í raun og veru sýnt skilning á sérstöðu atvinnulífsins á Akureyri. Vil ég þar nefna sérstaklega hlutafjáraukningu í Slippstöðinni sem var vissulega gerð til þess að koma því fyrirtæki aftur fyrir vind. Nú síðast ber að athuga að það hafa verið gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja viðgang skinnaiðnaðar í landinu sem ég hygg að sé raunar ein af undirstöðunum fyrir því að nú er verið að setja aftur á stofn skinnaiðnaðarfyrirtæki á Akureyri.

Ég treysti því einnig að ríkisstjórnin muni líta til erfiðs atvinnuástands þegar opinberar framkvæmdir koma til nánari umfjöllunar. Ég held hins vegar að það hefði verið ástæða til þess fyrir hv. þm. að hugleiða það að erfiðleikarnir á Akureyri eru ekki nýtilkomnir, þeir eiga nokkuð langan aðdraganda. Þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum þá voru mjög stór fyrirtæki á Akureyri, ég nefni þar Slippstöðina og þá má líka gjarnan nefna skinnaiðnaðinn, nánast komin í gjaldþrot vegna þess að hjá þeim fyrirtækjum höfðu hlaðist upp skuldir. Þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum á vormánuðum 1991 þá hafði Slippstöðin, ef ég man rétt, safnað um 700 millj. kr. í skuld og var með óselt verkefni við hafnarbakkann sem safnaði 20 millj. kr. á ári. Þetta var ástandið hjá þessu fyrirtæki þegar hæstv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar fór frá.

[15:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er lengi hægt að flýja á vit fortíðarinnar þegar menn lenda í vandræðum. Auðvitað áttu fyrirtæki í erfiðleikum á Akureyri í tíð fyrri ríkisstjórnar og þeirrar sem sat þar áður og þar áður og þar áður. Við getum farið út í þá umræðu alla saman hér en þurfum nú meira en tvær mínútur til. Mér fannst hv. þm. vera fullfljótur að draga í land. Hann gekkst að vísu við því að hann hefði eitthvað verið að malda í móinn norður á Akureyri í sumar en þá var langt til Reykjavíkur og hinn þungi hrammur forsrh. hvergi nærri. En nú kemur hér prúður maður í ræðustólinn og segir að ríkisstjórnin hafi sýnt mikinn skilning á þessu og þetta sé allt heldur að vænkast á Akureyri. — Og nefndi svo Slippstöðina. Og þá vil ég náttúrlega spyrja hv. þm.: Er það ekki þrátt fyrir allt svo að sú hlutafjáraukning sem hv. þm. var að tala um er frá fyrra ári? Núna berst þetta fyrirtæki fyrir lífi sínu í greiðslustöðvun og ríkið hefur hafnað frekari þátttöku í endurfjármögnun þess nema því sé kannski enn ósvarað hvort ríkið tekur að sínu leyti þátt í nauðasamningum varðandi niðurfellingu skulda. Ég veit ekki betur, eftir samtöl við forráðamenn skipasmíðastöðvarinnar frá því fyrir nokkrum dögum síðan, en að málið standi þannig að ríkið hafi hafnað frekari þátttöku sem einn af stærstu eignaraðilum í fyrirtækinu. Ef annað er uppi á teningunum og hv. þm., eða hæstv. forsrh. sem enn er fjarstaddur, getur komið og glatt okkur með þeim fréttum, þá stendur ekki á mér að fagna því, það er alveg á hreinu.

Varðandi svo aftur ástandið á Akureyri þá er það auðvitað þannig að þar hefur keyrt um þverbak nú á síðustu missirum, það held ég að við þekkjum báðir, ég og hv. þm. Það er vissulega af ýmsum orsökum og hlutir eins og fall Sovétríkjanna og því um líkt verður ekki skrifað á reikning ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar enda er þar nóg fyrir, allar veðheimildir búnar þar. En samt er það þannig að undan því verður ekki vikist að atvinnuástandið er þarna verst á öllu landinu. Og auðvitað ætti ekki síður þar, ef menn væru sjálfum sér samkvæmir, að vera í gangi átak af því tagi sem ákveðið var að ráðast í á Suðurnesjum í ljósi erfiðs atvinnuástands þar og allt gott er um að segja þó það hafi síðan að vísu farið svo að atvinnuástandið sé blessunarlega skárra þar um þessar mundir heldur en það er því miður á Eyjafjarðarsvæðinu.

[15:23]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er reyndar svo að málefni Slippstöðvarinnar á Akureyri eru enn í umfjöllun. Það fyrirtæki var svo illa komið þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum að þessi hlutafjáraukning og endurskipulagning á því fyrirtæki, sem ekki veitti nú af, bar ekki tilætlaðan árangur. Það þarf að koma meira til. En ég vil aðeins geta þess að þetta er að sjálfsögðu afleiðing þess að fyrirtækið var svo illa komið þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar skildi við að það hefur ekki einu sinni nægt það mikla hlutafjárframlag sem hefur farið inn í þetta fyrirtæki.

Önnur fyrirtæki eru einnig í skoðun. Það er verið að ganga í þessi mál núna, það hefur tekið dálítinn tíma og ég reikna með að það taki enn nokkurn tíma. Það verður gert af fullri einurð og ég hef enn þá fulla trú á því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar muni sinna þessu verkefni með eðlilegum hætti og geri þá kröfu til þeirrar ríkisstjórnar.

Mér finnst að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon geti tæplega talað eins digurbarkalega hér í ræðustóli eins og hann gerði, miðað við það hvernig fyrri ríkisstjórn skildi við málefni atvinnulífsins á Akureyri.

[15:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að ég og hv. þm. Tómas Ingi Olrich gerum okkar kjördæmi og þessu svæði ekki sérstaklega gagn með því að fara hér í meting og samanburð á því hvaða ríkisstjórn hafi staðið betur eða verr við bakið á atvinnulífinu á Akureyri, ég er ekk-

ert feiminn við þann samanburð. Ég get nefnt þá uppbyggingu sem t.d. varð í skóla- og menntamálum á Akureyri í tíð fyrri ríkisstjórnar og ég vænti þess að hv. þm. kannist við að dregur um og gerir þó þrátt fyrir allt ástandið skárra en það ella væri, vegna þess mikla hruns sem orðið hefur í hinum almenna iðnaði á Akureyri og við þekkjum. (Gripið fram í.) Það er alveg rétt að málefni skipasmíðaiðnaðarins í landinu hafa lengi verið erfið og ég er ekkert allt of hreykinn af því t.d. hvernig hæstv. fyrrv. iðnrh. og sá sem ég starfaði með í ríkisstjórn tók á þeim málum. Ég reyndi m.a. að koma þeim inn á dagskrá ríkisstjórnar þegar á leiðinni út úr landinu voru risastórir smíðasamningar á frystitogurum sem við Íslendingar hefðum getað byggt og vorum samkeppnisfærir um að byggja, ef ekki hefðu komið til vaxtaniðurgreiðslur norskra stjórnvalda. Ég vildi að þeirri spurningu yrði svarað hvort ekki væri skynsamlegt að ríki og sveitarfélag, fyrirtæki og jafnvel kaupendur reyndu að leggja í púkk og jafna þessar niðurgreiðslur þannig að einhverjir af stóru smíðasamningunum um frystitogara upp á einn milljarð kr. stykkið kæmust inn í landið, en fékk því ekki framgengt. Það er því ekki svo að ég ætli að fara að verja alla skapaða hluti sem áttu sér stað í tíð fyrri ríkisstjórnar bara af því einu að ég sat í henni. Það er ekki svo.

En á hitt mun reyna, hv. þm., hvort ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sýnir þann skilning á atvinnumálunum á Akureyri sem hér er verið að boða og lofa. Ég ætla svo sannarlega að vona að það verði en þá þarf hún að taka sig saman í andlitinu, svo ekki sé meira sagt. Vegna þess að satt best að segja er það ekki vansalaust hvað þetta svæði, sem hefur lengur og meir búið við þessa plágu, atvinnuleysið, heldur en nokkurt annað svæði í landinu, hefur fengið litla aðstoð. Ef við berum það t.d. saman við þær gríðarlegu fórnir (Forseti hringir.) sem Akureyrarbær hefur orðið að færa og leggja af mörkum í þessum efnum þá er hlutur ríkisins bæði fyrr og nú heldur ræfilslegur.

[15:27]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Ég vil í upphafi máls míns gera athugasemdir við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég verð að segja að mér þykir það heldur illa unnið og afar sérkennilegt að hér fylgja engar skýringar. Í athugasemdum er eingöngu prentaður upp á nýtt formáli sá sem forseti Íslands skrifaði undir og síðan eru greinar frv. endurprentaðar. Það fylgja engar skýringar á því hvað í þessum aðgerðum felst eða um hversu miklar fjárhæðir er að ræða í einstökum tilvikum, fyrir utan það sem fram kemur í 1. gr. frv. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. forsrh. að frv. af þessu tagi verði vandaðri í framtíðinni þannig að þingmenn geti áttað sig á því hvað í þessum málum felst og þurfi ekki sjálfir að leggja í mikla vinnu til að kanna hvað er hér á bak við. Maður hugsar ekki síður til almennings sem nær sér í frv. og vill kynna sér málin, þá er auðvitað mikill galli þegar skýringarnar eru engar, nákvæmlega engar.

Það er auðvitað ekki hægt annað þegar þetta mál kemur hér til umræðu en velta því fyrir sér hvers vegna efni sem þetta er að finna í bráðabirgðalögum og hver sú brýna nauðsyn hafi verið að setja bráðabirgðalög um kjarasamninga. Ég leyfi mér að gagnrýna það að ríkisstjórnin skyldi grípa til þess ráðs að setja bráðabirgðalög þegar jafnauðvelt er að kalla þing saman og raun ber vitni. Ég held að ráðamenn í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar þurfi að breyta sínum hugsunarhætti í garð þingsins og gera tilraun til þess að kalla þingið saman þótt sumar sé, þannig að við fylgjum þeim lögum sem hér gilda og það sé ekki sífellt verið að teygja og toga 28. gr. stjórnarskrárinnar með þeim hætti sem gert hefur verið á undanförnum árum. Nú er ég ekki að gagnrýna sérstaklega þessi bráðabirgðalög því þetta hefur auðvitað verið tíðkað árum saman, en að mínum dómi þarf að verða breyting á. Starfsemi þingsins hefur verið breytt þannig að hægt er að kalla það saman með litlum fyrirvara og það eru engir þeir erfiðleikar í samgöngum hér á landi sem hamla því að það sé hægt. Þarna er fyrst og fremst um það að ræða að breyta hugsunarhætti og auðvitað er hægt að semja um það að afgreiða svona mál á u.þ.b. tveimur dögum. Við þekkjum þess dæmi m.a. frá Danmörku að þar er þetta gert. 28. gr. stjórnarskrárinnar er auðvitað fyrst og fremst til þess ætluð að ríkisvaldið geti gripið inn í þegar eitthvert neyðarástand er í landinu en kjarasamningar og aðgerð af því tagi sem gripið er til í þessum lögum og ganga misjafnlega fljótt í gildi teljast auðvitað ekki til neins konar neyðarástands.

Ef ég vík aðeins að frumvarpinu sjálfu þá felast í því ýmsar aðgerðir sem snerta þá kjarasamninga sem var verið að gera og í þeim formála, sem forseti Íslands undirritaði 28. maí 1993, segir, með leyfi forseta, að: „... mikilvægt sé að eyða óvissu í kjaramálum, tryggja frið á vinnumarkaði og treysta þannig stöðugleika í efnahagsmálum með víðtækri samstöðu um kjarasamninga til loka næsta árs."

Að sjálfsögðu skipta kjarasamningar miklu máli fyrir ástandið í þjóðfélaginu og auðvitað er mikilvægt að þeir náist. En það er afar umhugsunarvert fyrir hvern þann sem situr í ríkisstjórn hvernig staðið hefur verið að gerð kjarasamninga nú um margra ára skeið þar sem hinir svokölluðu aðilar vinnumarkaðarins tíðka það að höfða stöðugt til ríkisvaldsins og senda reikninginn þangað og krefjast þess að ríkið grípi til aðgerða þannig að hægt verði að ná samningum. Með því er auðvitað verið að deila því niður á allt þjóðfélagið að standa undir ýmiss konar breytingum sem með fylgja. Auðvitað er ríkisvaldið tæki til þess að jafna kjörin en við hljótum að spyrja okkur hvert erum við komin ef íslenskt atvinnulíf getur ekki staðið undir mannsæmandi launum og engar leiðir séu færar til þess að jafna kjörin í landinu eða leiðrétta kjör einstakra hópa aðrar en að senda reikning til ríkisvaldsins. Þetta er mjög alvarleg spurning og alvarlegt ástand sem við stöndum frammi fyrir þegar svo er komið að það virðist lífsins ómögulegt að ná fram leiðréttingum af einu eða neinu tagi. Nú er auðvitað hægt að taka undir það að ef horft er á meðaltöl, þá standa flestar atvinnugreinar illa að vígi og gildir það jafnt um landbúnað, sjáv-

arútveg sem iðnað. Það hefur verið samdráttur í öllum útflutningsgreinum og þar á ofan höfum við horft á lækkandi verðlag fiskafurða þannig að það er rökrétt að hugsa sem svo að þar séu ekki miklir möguleikar til launahækkana. En hins vegar er ástandið afar misjafnt eftir því hvar er á landinu og eftir því hvaða fyrirtæki eiga í hlut. En hér tíðkast að semja á alla línuna, leggja skatt á alla línuna, nákvæmlega sama hvernig á stendur. Þetta er afar umhugsunarvert og að mínum dómi þá getur það ekki gengið til lengdar að ríkinu séu sendir allir reiknigar því hvaðan eiga peningarnir að koma sem eiga að standa undir því? Við höfum einmitt orðið vör við það að fjmrn. og starfsmenn þess hafa verið í örvæntingarfullri leit að tekjuleiðum til þess að standa undir þessum samningum sem gerðir voru í vor. Þarna er búið að skapa ákveðinn vítahring. Það nást ekki samningar öðruvísi en að ríkið komi inn í og síðan þarf ríkið að leita leiða til að afla tekna til að standa undir þeim samningum, leggur álögur á allan almenning sem auðvitað verður til þess að kjörin versna og hringurinn snýst upp á nýtt. Út úr þessu þurfum við einhvern veginn að komast.

Ég held, hvað sem okkur annars finnst um verkalýðshreyfinguna og hina svokölluðu aðila vinnumarkaðarins, að við stöndum einfaldlega frammi fyrir kjaraskerðingu í þessu þjóðfélagi. Það er ekkert annað hægt en að horfast í augu við það, tekjurnar eru að minnka, erfiðleikarnir eru miklir, spurningin er bara hver á að taka á sig kjaraskerðinguna? Á hverjum á hún að bitna? Það er skoðun okkar kvennalistakvenna að þeir sem meira bera úr býtum eigi að bera þar þyngri byrðar og það eigi að verja þá sem verst standa að vígi. Því miður fer ríkisstjórnin þá leið ár eftir ár að leggja skatta á alla línuna og þó að það sé reynt að koma til móts við barnafólk þá eru auðvitað aðrir hópar sem verða mjög illa úti.

Í þessu frv. er í 1. gr. vikið að framlagi ríkisins til atvinnusköpunar og þar er hinn margnefndi milljarður sem var til umræðu í sumar. Það hafa auðvitað vaknað margar spurningar um það hvað eigi að gera fyrir þennan milljarð og mín fyrsta spurning til hæstv. forsrh. er: Hvað er farið að framkvæma af þeim aðgerðum sem tíundaðar voru á þessum lista sem ég hef undir höndum og er frá 16. júlí 1993 og ættaður er frá fjmrn.? Er byrjað að framkvæma eitthvað af þessu? Við hljótum líka að velta því fyrir okkur á hvaða leið stjórnvöld eru þegar teknar eru ákvarðanir svona fram í tímann um fjárveitingar án þess að samþykki Alþingis hafi komið til. Nú veit ég að slíkt hefur líka tíðkast um árabil en ég vek athygli á því að það er brot á stjórnarskránni þegar teknar eru ákvarðanir um fjárveitingar og ekki eru fyrir því heimildir. Þannig að mér leikur mikil forvitni á að vita hvað er búið eða byrjað að framkvæma af þessum aðgerðum sem þessi milljarður — reyndar er þetta aðeins rúmur milljarður á lista fjmrn. — hvað er farið að framkvæma af þessum verkefnum.

Ég get í því sambandi ekki annað en vakið athygli á því að þau verkefni sem ríkið setur upp og eru ættuð frá hinum ýmsu ráðuneytum eru með þeim hætti að ég fæ ekki betur séð en þau muni fyrst og fremst koma karlmönnum til góða. Hér er um að ræða viðhaldsverkefni og reyndar undirbúning nýbygginga og ýmislegt af því tagi. Eins og háttar í okkar þjóðfélagi þá verða það væntanlega fyrst og fremst karlar sem verða ráðnir í þessi störf þó vonandi bjóði konur sig fram líka og að þau fyrirtæki sem munu fást við þessi verkefni geri tilraun til þess að ráða konur í þessi störf. Þetta nefni ég auðvitað vegna þess að tölur sýna að atvinnuleysi er næstum því helmingi meira meðal kvenna en karla. Þess vegna þarf að mínum dómi að grípa til sérstakra ráðstafana til þess að draga úr atvinnuleysi kvenna. En af þessum milljarði sem ríkisstjórnin lofar í þessu frv. eru einungis 80 millj. sem sérstaklega eru merktar til verkefna kvenna og það er alls ekki nóg þó auðvitað felist í hinum verkefnunum einhver störf sem konur munu stunda þá er þetta ekki nóg. Það þarf að beina sjónum miklu meira en gert er að atvinnumálum kvenna og atvinnusköpun í þeirra þágu. Ég vil beina þeim tilmælum til hæstv. ráðherra, fjmrh. og forsrh., að þeir hugi sérstaklega að þessu. Í því samhengi vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvað líður undirbúningi hönnunarmiðstöðvar sem er eitt af þeim verkefnum sem nefnt var í þessu samhengi og ég tel reyndar vera hið besta mál og vona að komist til framkvæmda. En það þarf alveg sérstaklega að huga að atvinnumálum kvenna.

Þá vaknar líka sú spurning varðandi þennan milljarð hvað menn áætla um áhrif hans. Hvað á hann að skapa mörg störf og hvað segir hann í því atvinnuleysi sem Þjóðhagsstofnun spáir á næsta ári að verði í kringum 5%? Hvað ætla menn að gera frekar? Í því samhengi, þ.e. þegar komið er að atvinnuleysinu, get ég ekki annað en vitnað til fjárlaga fyrir árið 1994 þar sem allmikið er fjallað um atvinnuleysið og atvinnuleysisvandann. Fjmrn., sem er höfundur þessa frv. eða starfsmenn þess, benda á ýmsar orsakir fyrir vaxandi atvinnuleysi á landinu og segja að atvinnuleysið sé orðið það sem þeir kalla kerfislægt vandamál. Þ.e. atvinnuleysið er orðið viðvarandi.

Ég er ekki alveg sátt við þær skýringar. Reyndar er svo sem ekkert rangt í þeim skýringum sem hér koma fram en mér finnst vanta mjög mikilvæga skýringu og hlut sem við þurfum mjög að hugleiða í tengslum við atvinnusköpun og það er að vinnan er einfaldlega að minnka. Vinnan er að minnka í samfélaginu, ekki aðeins vegna samdráttarins heldur ekki síður vegna tæknibreytinga, bæði í iðnaði, landbúnaði og sjávarútvegi og þess vegna er það svo gríðarlega mikilvægt fyrir okkur að hugleiða hvar og hvernig við ætlum að skapa störf. Þó að margt gott megi segja um aðgerðir ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna í því að skapa vinnu, þá verðum við að hugleiða þessi mál í miklu víðara samhengi og horfa til lengri tíma því það gengur auðvitað ekki að við förum að semja ár eftir ár um einn milljarð, tvo milljarða, þrjá milljarða í atvinnusköpun. Við verðum að finna leiðir til þess að skapa varanlega vinnu. Verðmætasköpunin í þjóðfélaginu, sem spáð er að fari minnkandi, getur ekki staðið undir þessu til eilífðar. Við verðum að finna leiðir til þess

að skapa arðbær störf sem skila þjóðarbúinu tekjum og þar eru leiðirnar margar þó ég ætli ekki að tíunda þær hér, ég ætla reyndar að leggja fram tillögu um það innan örfárra daga.

En þetta eru hlutir sem þarf að hugleiða mjög alvarlega í þessu samhengi vegna þess að í þessu frv. er verið að grípa til bráðabirgðaaðgerða sem auðvitað duga skammt og okkur ber skylda til þess að skoða þessi mál til lengri tíma. Og eins og ég segi, leiðirnar eru margar.

Þá er það tryggingagjaldið sem ég ætla ekki að koma inn á að neinu marki en get ég ekki annað en nefnt það sem dæmi um það hversu illa er frá þessu frv. gengið að það kemur ekkert fram í frv. um hvað er verið að ræða, hvað þarna er mikið fé sem verið er að létta af atvinnulífinu. Ég hef þær upplýsingar frá fundi í sumar sem við áttum með fulltrúum fjmrn., þ.e. þeir sem sitja í efh.- og viðskn., að þarna er um að ræða u.þ.b. 500 millj. kr.

Þá er ekki annað hægt en að minnast á hafnargjaldið. Ég held ég hafi heyrt það í fréttum í gær að hafnarstjórnir væru þegar farnar að kvarta yfir framkvæmd þessa máls og það er ekki einleikið hvernig samskiptum þessarar ríkisstjórnar og sveitarfélaganna er háttað og löngu tímabært að ríkisstjórnin taki sig á í þeim samskiptum. Það verður reyndar fróðlegt að sjá þegar vinnunni vindur fram í fjárlagafrv. hvað gerist varðandi þær tilfæringar á sköttum sem þar eru boðaðar.

Þá vil ég í örfáum orðum minnast á Hagræðingarsjóðinn og tek undir það sem hér hefur komið fram fyrr í dag að þetta er auðvitað hálfhlálegt eftir þær umræður sem hér áttu sér stað um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins að ríkisstjórnin skyldi svo grípa til þess ráðs að deila aflaheimildum hans til þeirra fyrirtækja sem verst standa rétt eins og stjórnarandstaðan lagði til.

Þá hefur það komið fram að verkalýðshreyfingin efast um að ríkisstjórnin standi við gerða samninga og það má ljóst vera að það er aðeins hluti af kjarasamningunum og aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem koma fram í þessu frv. en það mun væntanlega koma í ljós í framhaldinu og þá einkum í afgreiðslu fjárlaganna hvort í raun verður staðið við þennan samning sem hér átti að tryggja frið og ró. Það mun koma í ljós.

Að lokum, frú forseti, þá vil ég segja það að það má öllum ljóst vera að ríkisstjórnin gekk ekki mjög viljug til þessarar samningagerðar, hún hafði lengi vel haldið uppi þeirri stefnu að skipta sér sem minnst af atvinnulífinu og að sumu leyti er hægt að taka undir það að atvinnulífið á auðvitað að stjórna sér sjálft og ríkisvaldið að skapa aðstæðurnar, góðar aðstæður fyrir atvinnulífið, en það koma auðvitað þær stundir að það þarf að grípa inn í og það er ýmislegt sem enginn getur gert annar en ríkisvaldið og eins og ég nefndi fyrr þá er auðvitað ríkið, þessi sameiginlegi sjóður sem við eigum öll, tæki til að jafna kjörin. En við getum auðvitað ekki annað en velt því fyrir okkur hvað er fram undan í þessum málum. Mér sýnist, eftir að hafa hlustað á og tekið þátt í umræðunum um fjárlögin í gær, að það séu ýmis tíðindi og átök fram undan en í gær var því haldið fram og það kemur fram víða í gögnum frá Þjóðhagsstofnun og í fjárlagafrv. að það sé betri tíð í vændum. Það var bjartsýnistón að heyra í forsrh. í stefnuræðu hans og menn auðvitað vona að ástandið batni og að ástand fiskstofnanna skáni, þ.e. sérstaklega þorskstofnins, en það mun taka langan tíma og ég vil vekja athygli á því og í raun og veru biðja þingmenn að hugleiða það vel hvað er fram undan vegna þess að því ber ekki saman sem maður les í erlendum blöðum og því sem Þjóðhagsstofnun sér fyrir sér. Reyndar segir í þjóðhagsspánni að allar horfur um efnahagsþróun úti í Evrópu séu óvissar en samt sem áður spáir Þjóðhagsstofnun því að ástandið muni heldur skána á árinu 1995 og 1996 meðan erlendar spár segja að ekki sé að vænta bata, samkvæmt þeim skilgreiningum sem þeir hafa þar að baki, fyrr en upp úr eða eftir næstu aldamót. Þannig að menn verða að hafa í huga hvað er fram undan og að bráðabirgðaaðgerðir og inngrip af því tagi sem hér er um að ræða duga auðvitað ekki til lengdar. Við verðum að reyna að horfa lengra fram í tímann og skipuleggja og byggja upp, það er eina leiðin til þess að ná einhverjum tökum á efnahagslífinu og atvinnulífinu. Þó það sé auðvitað gott að menn séu bjartsýnir, þá verða menn að passa sig á blekkingum og blindu og einhverri von sem ekki stenst. Ég vek enn einu sinni athygli á því að það er mjög mikið ósamræmi í því sem fulltrúar ríkisstjórnarinnar segja og því sem fram kemur hjá hinum ýmsu sérfræðingum, hvort sem þeir eru í fjmrn. eða hjá Þjóðhagsstofnun eða það sem birtist í erlendum blöðum.

Varðandi frv. sem hér er til umræðu vil ég geta þess að ég hef að sjálfsögðu kost á því að kanna það nánar í efh.- og viðskn. en ég held að það sé rétt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á þessu máli.

[15:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fæ nú tækifæri til þess að svara hv. þm. efnislega sem og öðrum hv. þm. sem þegar hafa talað. Ég vil aðeins nota tækifærið í andsvari til þess að svara þeim athugasemdum sem hv. þm. gerði varðandi frv. og frágang þess. Ég hef náttúrlega ekki langa þingreynslu en mér er sagt að staðfestingarfrumvörp á bráðabirgðalögum séu í þeim búningi sem bráðabirgðalögin eru og ekki í öðrum. En varðandi bráðabirgðalögin og þann þátt að ríkisvaldið væri að teygja sig langt í þeim efnum, vegna þeirra breytinga sem voru gerðar á sínum tíma, þá er það algerlega lögfræðilega ljóst að það hafa engar breytingar verið gerðar til takmörkunar á valdi bráðabirgðalöggjafans frá þeim sem áður var. Það hefur engin slík takmörkun verið gerð. Þetta hefur verið mjög rækilega athugað og þetta hefur ekki verið gert.

Á hinn bóginn er það svo að sú breyting hefur verið gerð að bráðabirgðalög koma nú fyrr til kasta þingsins en var áður. Það var áður fært að draga meðferð frumvarpanna til þingloka, síðan féll frumvarpið um sjálft sig ef það var ekki tekið til meðferðar eða samþykkt fyrir þinglok. Þetta hefur hins vegar breyst og þess vegna erum við að ræða þessi bráðabirgðalög nú. Hins vegar hygg ég að þrátt fyrir að bráðabirgðalaga-

valdið hafi ekki breyst á neina lund, þá hafi þessi ríkisstjórn farið afskaplega sparlega með það vald ef það er samandregið og ég hygg að hún geti vel borið sig saman við hvaða ríkisstjórn sem er í þeim efnum. Ég ætla að athuga þetta, láta taka þetta saman. Mér segir hugur um að svo sé, enda er það góð regla. Ég hygg að það hafi verið nauðsynlegt vegna þess að hv. þm. nefndi hina brýnu nauðsyn, það væri afskaplega mikilvægt að kjarasamningsaðilarnir fengju sem allra fyrst fast land undir fætur og reyndar í þessu tilfelli hygg ég að það hafi ekki verið neinn efniságreiningur við þingið, hvorki meiri hluta né minni hluta þess, um þessi bráðabirgðalög sem voru sett samkvæmt stjórnarskránni.

[15:52]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég dreg ekki í efa vald ríkisstjórnarinnar til þess að setja bráðabirgðalög. Það er kveðið á um það í 28. gr. stjórnarskrárinnar og í sjálfu sér hefur ekki orðið breyting á því valdi. En það sem hefur breyst er starfsemi þingsins og það að menn skilgreini starfsemi Alþingis þannig að hún vari allt árið sem m.a. gerir það að verkum að það er hægt að kalla nefndir saman hvenær sem er yfir sumartímann. Við erum hérna kannski í „prinsippumræðu" um þetta mál, hversu langt á að ganga í að beita þessum rétti og er ekki nauðsynlegt að breyta út af þeirri venju sem hefur verið í gildi. Ég tek undir það, ég held að þessi ríkisstjórn hafi alls ekki gengið langt í þeim efnum miðað við ýmsar aðrar ríkisstjórnir. Þetta er einfaldlega venja sem hér hefur skapast og hefur tíðkast vegna þess að þingið var ekki starfandi en nú er hægt að kalla þingið saman? Ég skora á hæstv. forsrh. að næst þegar ríkisstjórnin telur brýna nauðsyn bera til að kalla þingið saman að láta á það reyna hvernig það gengur. Þetta er neyðarréttur ríkisvaldsins og það á ekki að nota hann í nánast hvaða tilviki sem er þegar hægt er að fara aðrar leiðir. Það er einfaldlega lýðræðislegra og þingræðislegra að kalla þingið saman og ræða málin þar.

[15:53]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að niðurstaðan hafi verið sú við endurskoðunina sem ég gat um, einmitt að viðhalda valdi bráðabirgðalöggjafans en jafnframt að stuðla að því að úr notkun þess valds dragi og það hefur gengið eftir. Valdið er fyrir hendi en notkunin hefur minnkað þannig að það má segja að hugarfarsbreytingin hefur gengið í þá áttina. Ég er ekki endilega að segja að sú breyting að ekki þarf að byrja fundi á því að kjósa nýjar nefndir sem mun tefja störf kannski um hálfan dag eða einn dag, skipti sköpum í þessum efnum. Ég hygg nú hins vegar að sú breyting að bráðabirgðalög séu rædd fljótlega sé góð breyting og holl breyting þannig að bráðabirgðalöggjafinn þurfi að standa sem fyrst reikningsskil sinna gerða gagnvart þinginu. Ég hygg að það sé góð breyting og ég get tekið undir með hv. þm. að auðvitað á að láta á það reyna ef aðstæður skapast hvort þingið geti ekki einmitt tekið á málum þó að á sumri sé þegar aðstæður séu slíkar.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Aðaltollhöfn í Þorlákshöfn, 80. mál, fsp. GÁ, þskj. 83.

Almannatryggingar, 83. mál, stjfrv., þskj. 86.

Félagsleg aðstoð, 84. mál, stjfrv., þskj. 87.

Jöfnun húshitunarkostnaðar, 78. mál, fsp. JVK, þskj. 81.

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 86. mál, stjfrv., þskj. 89.

Landkynning í Leifsstöð, 79. mál, fsp. JVK, þskj. 82.

Lánsfjárlög 1993, 76. mál, stjfrv., þskj. 79.

Lánsfjárlög 1994, 75. mál, stjfrv., þskj. 78.

Matvæli, 85. mál, stjfrv., þskj. 88.

Samningur gegn ólöglegri verslun með fíkniefni, 81. mál, fsp. RG, þskj. 84.

Vegasamband hjá Jökulsárlóni, 73. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 76.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 15.56.

---

13. FUNDUR

fimmtudaginn 14. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr.

2. Eftirlaunaréttindi launafólks, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.

3. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.

4. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 31. mál, þskj. 32. — 1. umr.

5. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 43. mál, þskj. 46. — 1. umr.

6. Laun starfsmanna ríkisins, frv., 44. mál, þskj. 47. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun slysabóta sjómanna, 87. mál, þáltill. GHall og GuðjG, þskj. 90,

Sjómannalög, 82. mál, frv. GHall og GuðjG, þskj. 85.

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 9. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 9.

[10:33]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi spyrja um það í upphafi hvort til stendur að ræða þetta mál að fjarstöddum forsrh., fjmrh. og sjútvrh. sem þetta mál varðar. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að ráðstafanir hafa verið gerðar til þess að hæstv. forsrh. komi til fundarins, en forseti vill spyrja hv. þm. hvort óskað sé eftir nærveru hæstv. fjmrh. einnig.) Ja, ég teldi það nú, forseti, æskilegt að bæði fjmrh. og sjútvrh. væru viðstaddir þessa umræðu en ég geri ekki kröfu til þess. Ég geri mér grein fyrir því að þetta mál er fyrst og fremst á ábyrgð forsrh. þó það snerti málaflokka annarra ráðherra, þá vildi ég a.m.k. að hæstv. forsrh. væri viðstaddur umræðuna áður en hún heldur áfram. Ég hafði ekki hugsað mér að vera mjög lengi með mitt mál, en ég tel æskilegt að hæstv. forsrh. væri viðstaddur. (**Forseti:** Forseti ítrekar að það er verið að kanna hvort hæstv. forsrh. getur komið til fundarins. Vill hv. þm. fresta ræðu sinni?) Já, ég tel það æskilegra heldur en að standa hér. (**Forseti:** Þessum fundi verður þá frestað í fimm mínútur á meðan athugað er hvort hæstv. forsrh. getur sótt fundinn.) — [Fundarhlé.]

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, en bráðabirgðalög voru sett þar um í lok maí. Ég tel að það séu full efni til þess að ræða um það hvort hér hafi verið eðlilega staðið að málum, þ.e. að setja bráðabirgðalög um öll þessi mál svo fljótt eftir að þingi var slitið, ekki síst í ljósi þess að það voru uppi mjög ákveðnar kröfur um það að sum þeirra mála sem hér voru afgeidd með bráðabirgðalögum væru afgreidd á því þingi. Ég nefni sérstaklega ákvæði laganna um úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, en frumvörp um það efni höfðu legið fyrir síðasta Alþingi og því oft verið neitað að afgreiða það mál. Í lok þingsins var það enn á ný ítrekað og þess krafist í sjútvn. þingsins að mál sem eru nánast samhljóða þeim ákvæðum sem hér eru væru afgreidd út úr nefndinni. Þar var fyrst og fremst um það að ræða að afgreiða heimildir til ríkisstjórnarinnar til þess að hún gæti staðið við fyrri yfirlýsingar um þessi mál. Ríkisstjórnin neitaði því og beitti til þess meiri hluta Alþingis að þau mál væru afgeidd og er augljóst að ríkisstjórnin hafði í huga að afgreiða það með bráðabirgðalögum síðar á sumrinu.

Ég tel að í ljósi þess að hér hafa verið sett ný ákvæði um bráðabirgðalagavaldið, þá sé það á allan hátt óeðlilegt að ríkisstjórn komi þannig fram við Alþingi að því sé neitað að afgreiða mál sem augljóslega mun þurfa að afgreiða áður en næsta Alþingi kemur saman. Ég tel að þetta sé ekki í samræmi við þann vilja sem lá að baki breytingum á bráðabirgðalagavaldinu og vil því sérstaklega mótmæla því að þessi vinnubrögð séu viðhöfð.

Það má einnig ræða hér ýmis önnur atriði þessara laga, t.d. það að hér er varið 1.000 millj. af fjármunum ríkissjóðs til ákveðinna verkefna sem er skipt af framkvæmdarvaldinu án þess að Alþingi hafi þar nokkur áhrif sem teljanleg eru fyrr en eftir á. Það eru að mínu mati mjög óæskileg og óeðlileg vinnubrögð að slíkar opnar heimildir séu afgreiddar og ekki sé leitað samstarfs við Alþingi í slíkum málum. Fjárln. situr við það mestallan veturinn að skipta ýmsum fjárveitingum og eyðir í það ómældum tíma, síðan ákveður ríkisstjórnin það að afgreiða mál eins og þetta með litlu sem engu samráði við Alþingi, en það er að sjálfsögðu orðið of seint þegar þessum fjármunum hefur verið eytt að ræða það hér á Alþingi.

Það hefur gætt vaxandi tilhneigingar í þessa átt hjá núv. ríkisstjórn. Ég minni á í þessu sambandi að framkvæmdarvaldið tók upp þann sið að skipta vegafé með nýjum hætti og var það gert þannig að ákveðnir ráðherrar settust niður með yfirvöldum vegamála og skiptu því fjármagni án samráðs við þingmenn sem hafa þó ávallt haft mikil áhrif í þeim málum. Ég átel þessi vinnubrögð og vænti þess að þar geti orðið breyting á og það verði virt að Alþingi á að sjálfsögðu að fjalla um mál eins og þessi og ekki á að beita bráðabirgðalagavaldi að óþörfu í málum sem þessum. Ég geri mér hins vegar ljóst að ríkisstjórnin heldur því fram að með þessu hafi verið tryggður vinnufriður í landinu og þess vegna hafi verið nauðsynlegt að grípa til bráðabirgðalaga. En að hluta til var það vitað að afla þyrfti heimilda til þess að kjarasamningar yrðu framlengdir og gengju í gildi og menn hljóta að reyna að afla nauðsynlegra heimilda í því skyni eftir því sem hægt er til þess að komast hjá því að beita bráðabirgðalögum. Ég vil jafnframt minna á að það er ávallt hægt að kalla Alþingi saman til stuttra funda þegar brýn mál ber að og sjálfsagt að leita samninga um það fyrir fram hvort ekki sé hægt að afgreiða mál með þeim hætti á tiltölulega stuttum tíma. Ég tel að síðan breytingin var gerð á bráðabirgðalagavaldinu hafi nánast engin breyting orðið á framkvæmdinni nema sú sem augljós er að frumvörp þessa efnis verður að leggja fram í upphafi þings og hljóta þar afgreiðslu innan tilskilins tíma. Það er ljóst í máli eins og þessu að þingið getur nánast engin áhrif haft á málið eftir á, en ég tel að með þessari breytingu hafi átt að tryggja meiri áhrif þingsins í sambandi við meðferð slíkra mála.

Ég vil þá koma að efnisatriðum þessa frv. og fyrst víkja að IV. kafla bráðabirgðalaganna um úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Ég vil taka það fram að ég styð þessar ákvarðanir og vísa í því sambandi til frumvarpa sem við í stjórnarandstöð-

unni fluttum um þetta mál en hlutu ekki afgreiðslu á síðasta Alþingi vegna andstöðu ríkisstjórnarinnar þrátt fyrir yfirlýsingar hennar í málinu. Við hljótum að spyrja: Hvað mun gerast í framhaldi af þessari afgreiðslu? Þarna er ákveðið að úthluta þessum aflaheimildum að því er varðar síðasta fiskveiðiár, en nú eru engar lagaheimildir fyrir hendi að því er varðar yfirstandandi fiskveiðiár sem nýlega er hafið og er þó engu minni ástæða til og í reynd mun meiri að beita jöfnunaraðgerðum í sambandi við þá úthlutun, en ekki verður séð að ríkisstjórnin hafi uppi neina tilburði í þá átt. Vil ég þá vitna til yfirlýsingar sem kom frá ríkisstjórninni fyrr í sumar eða í lok júní vegna aðgerða til að mæta aflasamdrætti. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarp til laga um stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verður lagt fram strax í upphafi þings og afgreitt sem sjálfstætt þingmál og forgangsmál."

Þetta eru út af fyrir sig kunnuglegar yfirlýsingar frá hæstv. ríkisstjórn. Það má segja að í þessu máli hafi komið yfirlýsing eftir yfirlýsingu en efndir verið þeim mun minni. Sama á við um Hagræðingarsjóðsmálið. Það vantaði ekki yfirlýsingarnar en það var loks afgreitt með bráðabirgðalögum, en síðasta yfirlýsingin fjallar um það að frv. um þessi mál verði ekki aðeins lögð fram í upphafi þings heldur strax í upphafi þings. Ég held að það hljóti að þurfa að skilja það með þeim hætti að strax í upphafi þings þýði að það komi fram jafnhliða fjárlagafrv. En það bólar ekkert á málinu og við í stjórnarandstöðunni höfum hvorki heyrt það né séð, en því hefur brugðið fyrir að málið hafið verið til umfjöllunar í ríkisstjórnarflokkunum.

Það er náttúrlega alveg augljóst mál og getur hver séð sem vill eitthvað sjá að það er enn þá mjög mikill ágreiningur í ríkisstjórninni um þetta mál og það verður ekki séð að það standi til að leysa þann ágreining. Má vel vera að ýmsir þeir, sem lýstu því yfir í síðustu kosningabaráttu að þeir mundu aldrei styðja kvótakerfi, séu nú að ná yfirhöndinni í þessu máli eins og t.d. hæstv. iðn.- og viðskrh. sem lýsti því yfir fyrir nokkrum árum að hann mundi aldrei — og það var skriflegt af hans hálfu — styðja ríkisstjórn sem styddist við kvótakerfi í fiskveiðistjórnun. Ég get vel skilið að það sé erfitt fyrir hæstv. iðn.- og viðskrh. að sitja í ríkisstjórn sem styðst við kvótakerfi í stjórn fiskveiða, þó að yfirlýsingar hans hafi að vísu ekki gengið í þá átt, en væntanlega styður hann þá ríkisstjórn sem hann situr í.

Þetta er að sjálfsögðu algerlega óþolandi fyrir sjávarútveginn í landinu. Það stendur þróun hans mjög fyrir þrifum að búa við eitthvert öryggi um framtíðarskipulag og endalaus umræða um einhver frumvörp sem á að fara að leggja hér fram á Alþingi dugar ekki í því sambandi.

Komið hafa fram yfirlýsingar um að það standi til að greiða meiri úreldingarbætur út á fiskiskip og þessi yfirlýsing hefur í reynd stöðvað allar frekari úreldingu fiskiskipaflotans. Það dettur engum í hug að úrelda fiskiskip þegar ekki er staðið við yfirlýsingar árum saman. Og það liggja líka fyrir yfirlýsingar um að það standi til að styrkja þá aðila sem hyggjast leggja niður fiskvinnsluhús. Menn reyna að sjálfsögðu að halda öllum fiskvinnsluhúsum í rekstri meðan ekki er staðið við yfirlýsingarnar þannig að ríkisstjórnin verður að fara að svara því hvað hún ætlar að gera í þessu máli og stuðningsmenn hennar, sem hafa haft margir hverjir mjög hátt um andstöðu við núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi sem þarf ákveðinna breytinga við. Og ef mál fara ekki að skýrast, þá á þessi ríkisstjórn að sjálfsögðu að segja af sér í stað þess að halda mönnum í endalausri óvissu. Rekstrarskilyrði sjávarútvegsins eru alveg nægilega erfið þótt menn búi ekki líka við slíka yfirlýsingagleði sem aldrei er staðið við. Menn hljóta að spyrja sjálfa sig hvað hæstv. sjútvrh. ætlar að sitja lengi í gíslingu þessara manna og búa við ákvörðunarleysi þeirra. Ég hef skilið það svo að hæstv. sjútvrh. væri búinn að gera upp hug sinn um hvað hann vill leggja til. En ekki verður séð að hann hafi mikinn stuðning í ríkisstjórninni jafnvel þótt hún hafi sett það á prent að þetta yrði nú lagt fram strax í upphafi þings. Ekki meira um það mál að sinni, en ég vænti þess að hæstv. forsrh. geti e.t.v. gefið enn nýja yfirlýsingu í málinu, þótt þær fari nú að verða heldur ótrúverðugar.

Ég ætla ekki að fjalla hér um heimildir til fjmrh. að verja allt að 1.000 millj. kr. til atvinnuskapandi aðgerða. Ég veit að þarna hefur verið uppi ágreiningur milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar hvort það hafi verið staðið við þær yfirlýsingar sem gefnar voru og jafnframt hefur verið mikil óánægja með það víða hvernig þessu fjármagni hefur verið ráðstafað. Það er að sjálfsögðu eins og gengur og gerist í tilvikum sem þessu að ekki geta allir verið ánægðir, en það er mikilvægt að fullrar sanngirni sé gætt í máli sem þessu og fjármagni ekki úthlutað af handahófi. En ég hef haft það á tilfinningunni að allmikið handahóf hafi verið ráðandi í þeim málum og ekki hafi alltaf verið farið að eðlilegum leikreglum í því sambandi jafnvel þótt hæstv. ríkisstjórn og hæstv. forsrh. hafi oft og tíðum notað hin stærstu orð um það hvernig oft hefur verið staðið að málum hér áður fyrr. Ég ætla ekki að gera mönnum upp neitt í því sambandi að menn vilji ekki standa eðlilega að málum, en það fer ekki hjá því að þegar mikil fljótaskrift er á hlutunum eins og var í þessu tilviki, þá fer alltaf eitthvað úrskeiðis. Ég vænti þess hins vegar að við fáum nánari upplýsingar um þetta mál við umfjöllun þess í nefnd.

Þá fjallar þetta frv. um endurgreiðslu á tryggingagjaldi sem ég tel að hafi verið nauðsynleg aðgerð til þess að bæta hag atvinnuveganna, en vil hins vegar minna á það að fljótlega eftir að lögin voru gefin út var því lýst yfir af forustumönnum atvinnurekstursins að ekki hefði verið staðið við þau orð sem gengu á milli í þessu máli og kom það fyrst og fremst fram hjá fulltrúum fiskvinnslunnar sem töldu að framkvæmd fjmrh. hefði verið með öðrum hætti en um var talað. Ekki get ég fullyrt hvað rétt er í því, en augljóst er að þarna hefur a.m.k. verið um einhvern misskilning að ræða og það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir hæstv. ríkisstjórn, ef það er strax dregið í efa að staðið sé við

yfirlýsingar, en þetta er að sjálfsögðu mál, sem þingnefnd hlýtur að taka til umfjöllunar.

Ég vil af þessu tilefni fjalla lítillega um skattamál sem hljóta að vera mjög ríkur þáttur í þeim jöfnunaraðgerðum sem þurfa að eiga sér stað í okkar samfélagi. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það er ekki mögulegt við þær aðstæður sem nú eru að lækka skatta og minn flokkur hefur ekki verið með neinar tillögur í því sambandi að gera sér upp vonir um það að hægt sé að stórlækka skatta við þær aðstæður sem nú eru. Og við vorum ekki með neinar slíkar hugmyndir þegar gengið var til síðustu kosninga. Hins vegar vill svo til að núverandi stjórnarflokkar gerðu sér miklar vonir um, og voru með yfirlýsingar um það, að skattar yrðu lækkaðir. Sjálfstfl. gekk mjög fram í þeim efnum og taldi að hann væri eini flokkurinn á Íslandi sem gæti tryggt það að skattar mundu ekki hækka, og í reynd mundu þeir stórlækka, og gekk til kosninga undir þeim merkjum og aðrir voru svo afgreiddir eins og hverjir aðrir skattpíningarflokkar.

Ég held að það sé alveg ljóst að Sjálfstfl. getur ekki leikið þennan leik aftur, verkin hafi talað í þeim efnum. Auðvitað þýðir ekki að lofa kjósendum slíkum hlutum vitandi um það ástand sem er í ríkisfjármálunum, og er búið að vera alllengi ljóst, að þar væri við mikinn vanda að etja. Ég tel það vera nauðsynjamál að gæta fyllsta aðhalds á útgjaldahlið fjárlaganna og ríkisstjórnin þurfi að skera niður útgjöld eftir því sem nokkur kostur er. Það er hins vegar mikilvægt að menn gangi þar fram af festu en ekki með hringlandahætti, eitt sé ákveðið í dag og annað á morgun, hvort sem það er á sviði heilbrigðismála eða annarra mikilvægra þjóðfélagsmála. Það er líka mikilvægt að ríkisstjórnin geti staðið við yfirlýsingar sínar til þess að skapa trúverðugleika á peningamarkaði, ekki síst ef takast á að lækka vexti. Og þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig hvað ríkisstjórnin hafi átt við þegar hún gaf út yfirlýsingu fyrr í sumar, í lok júní, um ríkisfjármál, en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnin hefur ítrekað fyrri markmið um að fjárlagahalli næsta árs verði verulega minni en áætlaður halli á þessu ári. Á næstu vikum verði unnið að endanlegum undirbúningi fjárlagafrv., í samræmi við þau markmið."

Nú hefur það verið upplýst að fjárlagahalli yfirstandandi árs verður trúlega a.m.k. 12 milljarðar kr. eða helmingi hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögunum og skýringanna er að leita bæði á útgjaldahlið og tekjuhlið. Nú hefur verið lagt fram fjárlagafrv. þar sem gert er ráð fyrir 10 milljarða kr. halla og verulegar líkur á að hallinn verði nokkru meiri þannig að engan veginn er hægt að álykta sem svo að það verði minni halli á komandi fjárlögum en því ári sem rennur senn á enda. Því hlýtur maður að spyrja: Hvernig eiga aðilar á peningamarkaði, almenningur, erlendar lánastofnanir og atvinnurekstur að skilja orðalag ríkisstjórnarinnar almennt þegar sagt er að það sé markmið að fjárlagahallinn verði verulega minni en áætlaður halli á þessu ári og það verði unnið í samræmi við þessi markmið? Er það að dómi ríkisstjórnarinnar verulega minni fjárlagahalli ef hann lækkar úr 12 milljörðum í 10 milljarða þegar jafnframt er óvissa um niðurstöðu fjárlaganna eins og ávallt er? Ég hefði getað skilið það ef í yfirlýsingunni hefði staðið að hann yrði minni. En þegar bætt er við „verulega minni", þá tel ég að það sé villandi orðalag með sama hætti og þegar sagt er í upphafi þings sé nokkurt svigrúm, einhverjir dagar frá því að þing hefst. En ef sagt er „strax" í upphafi þings, þá hefði ég litið svo á að það væri sama daginn og þing kæmi saman. Eiga menn almennt að fara að strika út svona „lýsingarorð" úr öllum yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar? Væri ekki betra að ríkisstjórnin gerði það sjálf og fengi í það góðan íslenskumann til að taka þetta orðagjálfur út? Ég held að það væri rétt í ljósi reynslunnar.

Ég er ekki með þessum orðum að gera lítið úr þeim vanda sem ríkisstjórnin stendur frammi fyrir í ríkisfjármálum. Auðvitað er það vandi samfélagsins alls, Alþingis, og ríkisstjórnin á ekki að vera þar ein á báti. Ég tel að það eigi að vera almennur skilningur á því hér á Alþingi að þarna þurfi að taka til hendinni vegna þess að vöxturinn í ríkisbúskapnum er of mikill. Það hefur margvísleg löggjöf verið afgreidd, því miður, með þátttöku allra stjórnmálaflokka án þess að menn gerðu sér oft og tíðum nægilega góða grein fyrir því hvaða útgjöld hún mundi hafa í för með sér. Þetta eru staðreyndir sem ekki verður vikist undan og auðvitað gerir það málið erfiðara í allri framkvæmd því að það hafa oft og tíðum verið skapaðar væntingar í ríkisfjármálunum af hálfu Alþingis, núv. ríkisstjórnar og fyrri ríkisstjórna, sem erfitt hefur verið eða ómögulegt að standa við og það er að sjálfsögðu ekki góð framkvæmd af hálfu löggjafarsamkomunnar.

Ég vil jafnframt nefna það að ýmislegt af því sem ríkisstjórnin hefur ákveðið í skattamálum, sem ekki mun skila mjög miklum tekjum, mun að mínu mati draga úr verðmætasköpun í þjóðfélaginu og gera það að verkum að hallarekstur samfélagsins verði meiri en annars hefði orðið. Það er alls ekki nóg að tryggja minni halla í ríkisbúskapnum ef það verður til þess að hallinn í þjóðfélaginu verði jafnvel meiri. Ég vil nefna sem dæmi því sambandi þann virðisaukaskatt sem nú stendur til að leggja á ferðaþjónustu. Ég er ekki í nokkrum vafa um að það mun mjög draga úr vexti þessarar atvinnugreinar og verða til þess að Íslendingar verða af verulegum gjaldeyristekjum og mun jafnframt verða til þess að auka atvinnuleysi í landinu. Það má vel vera að þetta muni lagfæra hallann hjá ríkissjóði um einhverjar milljónir. Þó hef ég verulegar efasemdir um það því að veltuminnkunin og auknar atvinnuleysisbætur munu vega þar verulega upp á móti því að hækkun á þessari þjónustu gagnvart erlendum mörkuðum mun hafa mjög slæm áhrif og draga úr komu ferðamanna hingað til lands.

Það sama á við um virðisaukaskatt á flugferðir sem stendur til að leggja á um næstu áramót sem mun væntanlega verða til þess að draga mjög úr því að Íslendingar ferðist flugleiðis innan lands og jafnframt draga úr því að ferðamenn fari út um landið sem getur líka haft þær afleiðingar á flugreksturinn í landinu

að þjónusta hans minnki og jafnvel leggist niður, enda hefur þessi þjónusta verið rekin með umtalsverðum halla og miklar fjárfestingar hafa átt sér stað að undanförnu í góðri trú.

Hæstv. samgrh. hefur lýst því yfir, hann gerði það strax í upphafi þessa árs, mig minnir 5. jan., eftir vel heppnaða ferð til Egyptalands, að hann hefði komist að raun um það að þar hefðu ferðamálayfirvöld afskipti af slíkum málum. Og jafnvel þótt menn væru hrifnir þar af einkavæðingu þá mundu menn þó ekki vilja ganga svo langt að öllum afskiptum væri hætt. Og hann lýsti því yfir við þessa vel heppnuðu ferð að það gengi ekki að leggja þessa skatta á. Ég veit það að hæstv. samgrh. hefur nú brugðið sér til alþýðulýðveldisins Kína til þess að kynna sér sambærilega hluti og ég vænti þess að hann muni koma þaðan til baka fróður og enn þá viljugri í því að koma í veg fyrir það að þessir skattar verði lagðir á til tjóns fyrir ferðaþjónustuna og til tjóns fyrir þjóðarbúið í heild.

Ég vil jafnframt benda á það að stöðugar breytingar í skattkerfinu gera það að verkum að það reynist erfitt að uppræta skattsvik. Skattkerfið hefur ekki við að breyta og embættismennirnir eru í stöðugum verkum að framkvæma nýja löggjöf sem kemur frá Alþingi og það er því miður ekkert nýtt. Alþingi hefur verið mjög duglegt við það að afgreiða löggjöf á sviði skattamála og það á sér stað stöðugur hringlandaháttur á þessu sviði, m.a. vegna þrýstings frá samfélaginu og verkalýðshreyfingu. Eitt dæmið, nýjasta dæmið þar um, eru núna fyrirhugaðar breytingar ríkisstjórnarinnar á skattalagningu matvæla.

Ég man vel eftir því í fyrri ríkisstjórn og fyrri ríkisstjórnum að þáv. forsrh., Þorsteinn Pálsson, kom með tillögu um að það væri rétt að lækka skatta á matvælum og hækka aðra skatta. Það var í september 1988, ef ég man rétt. Ég minnist þess mjög vel að þáv. utanrrh., sem jafnframt er núv. utanrrh. og formaður Alþfl., kallaði þessa tillögu hnífsstungu í bakið. Það var nú ekkert annað, þetta var bara hnífsstunga í bakið. Mér finnst að núv. utanrrh. hafi gengið mjög vel að ná hnífnum úr og er eiginlega merkilegt hvað honum hefur tekist vel í þeim efnum. Ég vil trúa því að hann hafi notið mikillar umhyggju meðráðherra sinna í ríkisstjórninni við þessar aðgerðir. Ég man vel eftir því að ég og hæstv. þáv. utanrrh. vorum mjög sammála um það að þetta væri ekki mjög skynsamleg aðgerð í skattamálum. Ég er þeirrar skoðunar enn. Það er hins vegar alveg ljóst að minn flokkur hefur ályktað í þá átt að það beri að lækka verð á matvælum og hefur verið mikill áhugi þar að lækka þennan skatt. Ég er jafnsannfærður um það nú og ég var þá að þetta er ekki rétt aðferð vegna þess að lækkunin mun fyrst og fremst eiga sér stað á innfluttum matvælum og þar að auki mun þetta verða þess valdandi að skatteftirlit mun verða verra og skattkerfinu mun ganga illa að framkvæma þessa breytingu og mun ekki geta snúið sér að málum sem það þarf að snúa sér að. Ég veit að allir þeir sem best þekkja til í skattkerfinu hafa komið þessum aðvörunum á framfæri og hafa gert það í gegnum árin. Það hafa verið gerðar margar úttektir á þessum málum, ekki aðeins hér á landi heldur jafnframt erlendis og jafnvel þótt að slíkur háttur sé hafður á annars staðar þá er ekki þar með sagt að hann eigi mjög vel við hér á landi.

Ég vænti þess að þetta séu mál sem hægt verði að ræða í fullri einlægni á því þingi sem nú er nýhafið, menn taki tillit til þeirrar hættu sem þarna er á ferðinni og hæstv. utanrrh. rifji upp orðin og yfirlýsingarnar frá 1988, en menn sem koma með slíkar yfirlýsingar, þótt í annarri ríkisstjórn hafi verið, eru að sjálfsögðu ekki teknir alvarlega. En ég sakna þess vissulega að hæstv. utanrrh. skuli ekki vera hér til að gera okkur grein fyrir þessum merkilegu atburðum sem hann hafa hent en sjálfsagt mun gefast tækifæri til þess síðar.

Virðulegur forseti. Ég hef þá gert grein fyrir þeim hugleiðingum sem ég vil koma á framfæri í upphafi þessa máls. Ég vænti þess að þau atriði sem ég hef rætt verði tekin til umfjöllunar í nefnd og hæstv. ríkisstjórn geri betur grein fyrir stefnu sinni í ríkisfjármálum, peningamálum og efnahagsmálum í því skyni að hægt verði að taka hana af meiri alvöru í yfirlýsingum í þessum málum. Ég bendi líka á í þessu sambandi að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. tala sitt á hvað í þessu máli. Hæstv. utanrrh. telur að við séum komin á mjög hættulegt stig, og sjálfsagt sér hann marga hníf fyrir framan sig núna, en hæstv. forsrh. virðist ekki vera sömu skoðunar ef marka má yfirlýsingar þeirra og ræður. Þetta eykur ekki á trúverðugleika núv. ríkisstjórnar og veitir henni ekki af að bæta álit sitt í því sambandi í þeim erfiðu viðfangsefnum sem hún stendur frammi fyrir. Ég vil ítreka það að hún stendur frammi fyrir vandasömum verkefnum og hún þarf á því að halda að hafa að baki sér traustan þingmeirihluta, sem mér sýnist að hún hafi ekki. Hún þarf að sjálfsögðu líka á því að halda að hafa gott samstarf við stjórnarandstöðu um þessi erfiðu úrlausnarmál því að þótt við séum miklir áhugamenn um það að ríkisstjórnin fari frá þá viljum við að á meðan hún er þá sé hún bærilega studd til góðra verka.

Ég skal þá ekki hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti, tími minn er liðinn og ég mun að sjálfsögðu virða það og vænti þess að þessi mál fái góða umfjöllun í nefnd og ég mun taka mið af þeirri vinnu sem þar fer fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Borist hefur tilkynning um að Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., biður um fjarvistarleyfi í dag.

[11:17]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja mjög umræður um þetta frv. um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga en er þó vissulega af ýmsu að taka varðandi þetta mál sem tengist efnahagsaðgerðum eða efnahagsgjörðum hæstv. ríkisstjórnar.

Mig langaði fyrst og fremst að gera að umtalsefni efni 1. gr. frv. en eins og fram kemur og menn vita setti ríkisstjórnin bráðabirgðalög um mánaðamótin maí/júní og um miðjan júlímánuð tilkynnti hún síðan

hugmyndir sínar um það hvernig ætti að standa að ráðstöfun þess 1 milljarðs kr. sem getið er um í 1. gr. frv. að ætti að renna til atvinnuskapandi aðgerða. Um það mál urðu þá strax nokkuð skiptar skoðanir. Ég minnist þess að einstakir stjórnarliðar settu fram athugasemdir sínar við þessar tillögur eða hugmyndir ríkisstjórnarinnar og töldu sig mundu krefjast breytinga á þessum lista ef hann ætti að hljóta samþykki eða stuðning stjórnarliðanna. Nú gerði ég líka athugasemdir við vinnubrögð á seinasta sumri sem einn af nefndarmönnum í fjárln. Alþingis. Eins og menn vita þá starfa þingnefndir allt árið og hefði verið eðlilegt að bera þessar tillögur eða hugmyndir undir fjárln., í það minnsta að hafa eitthvert samráð við hana áður en þessi listi var birtur og þessi skipting kunngjörð.

En það sem ég gerði fyrst og fremst athugasemdir við voru þau vinnubrögð að ætla að ganga fram hjá Alþingi varðandi þessa upphæð og ráðstöfun hennar, ekki endilega hvernig henni var skipt til einstakra verkefna þó svo að það hefði að sjálfsögðu komið fram í nefndarstarfinu hefðum við fengið sem fjárln. Alþingis að koma eitthvað að því máli. En þegar orðið var við þeirri ósk og boðað til fundar til að sýna eða kynna þessar hugmyndir fyrir fjárln. kom auðvitað í ljós að hér var um hálfgerðan blekkingarleik að ræða. Það var rifjað upp rækilega í sumar og ég ætla aðeins að minna menn á það aftur að meira en helmingi af þessum 1 milljarði kr. átti að verja til þess að standa við þær hugmyndir, og reyndar ekki bara hugmyndir heldur þær samþykktir sem höfðu verið gerðar samkvæmt fjárlögum sl. árs og höfðu ekki verið hafnar á seinasta ári heldur færðar yfir áramót.

Nú vil ég nefna það til upprifjunar að fjmrn. hefur sett sér þá vinnureglu að gefa ríkisstofnunum svigrúm til þess að hafa nokkur áhrif á það og ráða nokkru um það hvenær fjármunum sem á að verja til viðhalds og fjárfestinga er eytt, hvenær ráðist er í framkvæmdir. Ég tel að það sé mjög af hinu góða, að það sé ekki endilega bundið við það þó að ákveðið hafi verið að verja til einhvers verkefnis einhverjum milljónum eða tugum milljóna kr., þá sé ekki endilega bundið við það að þeirri upphæð sé eytt fyrir einhvern ákveðinn tíma eða ákveðna dagsetningu heldur sé látið ráðast hvenær heppilegast og hentugast sé að fara í þessar framkvæmdir. En þá verða líka forstöðumenn ríkisstofnananna eða viðkomandi stofnana að eiga það tryggt að þessar fjárveitingar standist og í þessum vilyrðum og þessum vinnureglum sé einhver meining.

Nú segir hæstv. fjmrh. og sjálfsagt hefur það verið samkomulag í hæstv. ríkisstjórn að það eigi að verja hluta af þessum milljarði til að standa við þær fjárveitingar sem búið var að ákveða í fjárlögum fyrir árið 1992. Það er reyndar meira en helmingurinn af þessum lista sem lagður var fram og kynntur af hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. um miðjan júlímánuð.

Það hlýtur að vera algjörlega óásættanlegt að slík vinnubrögð eigi að taka upp og það eigi að vera meginregla varðandi yfirfærslu slíkra fjárveitinga og fjármuna milli ára eða yfir áramót að það sé samkomulag við aðila vinnumarkaðarins hverju sinni hvort á að nýta þessa fjármuni eða ekki. Ég hefði viljað beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort það sé meiningin, hvort hinar ágætu vinnureglur fjmrn. standi ekki lengur og það þurfi í kjarasamningum að bera það undir aðra aðila, utanaðkomandi aðila í þessu tilviki, hvort og þá hve miklu af þessum fjármunum megi ráðstafa, hvernig og hvenær. Þetta getur ekki verið ásættanlegt og hlýtur að koma upp núna í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaganna þegar þetta mál kemur þar fram því það á auðvitað eftir að koma inn í fjáraukalög endanlega. Þó að þessi bráðabirgðalög verði staðfest af Alþingi, þá á það eftir að koma fram í fjáraukalögum og þá reyndar einnig skipting þessara fjárveitinga.

Mig langar einnig til að spyrja hæstv. forsrh. hverju af þessum milljarði hefur í dag í raun verið eytt. Hvað mikið af þessum fjárveitingum er búið að vinna fyrir? Hversu mikla atvinnu hafa þær nú þegar skapað? Samkvæmt hugmyndunum sem kynntar voru á miðju sl. sumri átti þetta að skapa 300–400 störf samkvæmt fréttatilkynningu frá hæstv. ríkisstjórn. Ég leyfi mér að efast um að það hafi gengið eftir því ég hygg að enn þá sé töluverðu af þessum fjárveitingum óráðstafað, þær hafi ekki verið nýttar, það hafi ekki enn verið unnið fyrir þær og hvort heldur það eru þær hinar gömlu sem voru samkvæmt fjárlögum 1992 eða hvort það eru viðbótartillögurnar sem fram voru settar, hvort framkvæmt hefur verið fyrir þær, og hvort það er þá svo einnig, ef ekki verður búið að framkvæma fyrir þennan milljarð um áramótin, að það eigi þá aftur að semja um það í nýjum kjarasamningum eða kannski láta það verða hluta af efndum um viðbótarfjárfestingu á næsta ári að yfirfæra eitthvað af þessum milljarði til næsta árs.

Þetta finnst mér vera vinnubrögð sem ekki er hægt að sætta sig við, hæstv. forseti, og Alþingi getur ekki sætt sig við að þannig sé staðið að málum meðan það er hlutverk Alþingis að fjalla um skiptingu á fjárveitingum til hinna ýmsu fjárfestingarliða. Það getur svo verið álitaefni hvort ekki á að veita ráðuneytunum meira sjálfstæði og meira vald í því efni og afhenda ákveðnar upphæðir til fjárfestingar sem ráðuneytin hafi síðan til ráðstöfunar ef menn telja að það sé skynsamlegt. Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni hér og nú en það er ekki enn þá þannig og þess vegna hlýtur að vera óásættanlegt að gengið sé svo fram hjá Alþingi eins og reynt hefur verið að gera.

Varðandi síðan hvernig fjárveitingar þessar skiptust á hin ýmsu verkefni og til hinna ýmsu staða eða landshluta þá voru auðvitað líka gerðar við það athugasemdir og þótti a.m.k. ýmsum að ekki væri nægjanlega tekið tillit til þess atvinnuástands sem var í í ýmsum landshlutum og hefði verið nær að hafa það einnig til athugunar við ráðstöfun þessa fjár. Og hvað sem okkur alþingismönnum kann að hafa sýnst um það, af því að það hefur stundum verið sagt að þetta hafi allt verið gert í samráði við aðila vinnumarkaðarins og þá sem töldu sig eiga hlut að máli af því að verið væri að efna hluta af kjarasamningi, þá vil ég leyfa mér að vitna hér til ummæla í Morgunblaðinu laugardaginn 17. júlí sl. sem höfð eru eftir Birni Grétari

Sveinssyni, formanni Verkamannasambandsins, þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Það er gott að ríkisstjórnin hefur lokið þessu verki eins og um var samið í síðustu kjarasamningum en það má gera þá athugasemd að í þessari skiptingu er ekki nægjanlegt tillit tekið til þess að atvinnuástand er mismunandi alvarlegt í einstökum landshlutum og einna verst á Norðurlandi eystra."

Þetta voru ummæli eins af forustumönnum verkalýðshreyfingarinnar. Þegar þetta var rætt við fulltrúa fjmrn., og ef ég man rétt sjálfan hæstv. fjmrh. á fundi fjárln., þá var þar lagður fram listi um það hvernig fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir fjárveitingum til hinna ýmsu staða. Það skipti bara ekki máli, það var ekki verið að veita þessa fjármuni nú í samræmi við það að leiðrétta eitthvað hlut einstakra byggðarlaga gagnvart fjárlögum sem Alþingi hafði samþykkt heldur var verið að veita fjármuni til þess að styrkja atvinnulíf og hlaut þá að eiga að taka mið af atvinnuástandinu á viðkomandi svæðum hefði það átt að vera hinn raunverulegi tilgangur.

Þetta langaði mig fyrst og fremst til að láta koma fram, hæstv. forseti, og fylgja eftir þeim athugasemdum mínum sem ég gerði við þessa afgreiðslu á þeim eina fundi sem haldinn var um málið á sl. sumri í hv. fjárln. Reyndar var því lofað þar að fljótlega aftur yrði kallað saman til nýs fundar og hugmyndir ráðuneytanna kynntar um þá liði sem þó voru óskiptir á þessum lista ríkisstjórnarinnar, t.d. upphæð upp á 184 millj. kr. sem átti að renna til viðhalds húseigna ríkisins og 150 millj. kr. sem átti að renna til skóla og stofnana á vegum menntmrn. Sá fundur hefur ekki verið haldinn enn, virðulegur forseti, og ég beini þeirri athugasemd til hæstv. forsrh. að mér þykir leitt að við það skuli ekki hafa verið staðið og ítreka þá enn spurningu mína: Er það kannski fyrir það að þessum fjármunum hafi ekki enn verið ráðstafað? Hefur ekki enn verið unnið fyrir þessa fjármuni sem eru u.þ.b. þriðjungurinn af þessum margumtalaða milljarði?

Mig langaði aðeins til þess, hæstv. forseti, að gera önnur atriði efnahagsstefnunnar að umræðuefni í þessum umræðum um frv. til laga um efnahagsaðgerðir en það er sérstaklega þróun vaxtamála sem mig langaði til að nefna hér af því að við höfum nú tækifæri til þess að ræða það aðeins við hæstv. forsrh. Að vísu urðu allnokkrar umræður um það mál þegar fjárlagafrv. var til 1. umr. fyrir tveim dögum síðan og ræddum við þá við hæstv. fjmrh., en aðrir hæstv. ráðherrar sáu ekki ástæðu til þess að fylgjast mjög með þeirri umræðu að undanskildum þó hæstv. umhvrh. sem hér situr nú og sat reyndar, ef ég man rétt, undir þeim umræðum að mestu. (**Umhvrh.:** Hann hlustar alltaf á framsóknarmenn.) Já, enda hefur hæstv. umhvrh. lýst því yfir í fjölmiðlum að sér þyki framsóknarmenn skemmtilegir og hafi gaman af því að ræða við þá og við fögnum því auðvitað. Það er ánægjulegt að hann skuli fylgjast með umræðum í Alþingi enda ber hæstv. ráðherrum að gera það, a.m.k. þegar svo veigamikil mál og málaflokkar eru til umræðu eins og fjárlög ríkisstjórnarinnar sem eiga að vera hornsteinn undir efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar — þó menn geti nú reyndar efast um það hversu traustur hornsteinn fjárlögin hafi verið undanfarin tvö ár og óljóst með það frv. sem nú liggur fyrir Alþingi.

En mig langaði aðeins til að ræða um vexti við hæstv. forsrh., einkum vegna þess að í þjóðhagsáætlun, sem hann lagði fyrir þingið fyrir nokkrum dögum síðan, finnst mér vera að finna þann tón að nokkurrar óþreyju gæti hjá hæstv. ríkisstjórn með þróun vaxtamálanna. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji ekki ástæðu til þess og jafnvel möguleika á því að ríkisstjórnin láti meira að sér kveða varðandi það að hafa áhrif á þessa þróun. Nú er það auðvitað svo að okkar frjálsi fjármagnsmarkaður, þó hann sé veikur, hefur samt haft þau áhrif á yfirstandandi ári að vextir af ríkisskuldabréfum, bæði spariskírteinum og ríkisvíxlum, hafa farið lækkandi og er það vel. Samkvæmt upplýsingum í þessu skjali sem ég nefndi kemur t.d. fram að vextir á bæði spariskírteinum og húsbréfum hafa lækkað nokkuð frá áramótum þó það hafi verið með nokkrum sveiflum m.a. vegna áhrifa af gengisfellingu og verðlagsþróun á miðju sumri. En þó varð sú breyting afar lítil. Og það sem er kannski enn undarlegra og kemur fram í nýju riti frá viðskrn. um vaxtamyndun á lánsfjármarkaði er að vextir af skammtímabréfum, skammtímaríkisvíxlum hafa breyst enn þá minna, þeir hafa nánast ekkert rótast þrátt fyrir verðlagshreyfingu á árinu. Hefði þó verðlagsþróunin og verðbólgubylgjan sem kom átt að hafa öllu fremur áhrif á skammtímabréfin heldur en skuldabréf eða ríkispappíra til lengri tíma. En það er allt önnur þróun sem gerist síðan í bankakerfinu. Og það er það sem hlýtur að vekja nokkra undrun á sama tíma og atvinnulífið á í miklum erfiðleikum, á sama tíma og fjárfesting er í sögulegu lágmarki, jaðrar jafnvel við að vera hættulega lítil ef tekið er tillit til eðlilegrar þróunar í þjóðfélaginu til lengri tíma litið. Og í þessu skjali hæstv. forsrh., þjóðhagsáætlun, segir að bankavextirnir virðist vera mjög næmir fyrir verðbólgubreytingum. Ég veit eiginlega ekki hvort hægt er að segja það. Ég held að hér sé um eitthvað annað að ræða, eitthvert innra lögmál, einhverja innri samkeppni milli bankanna sjálfra. Það sé ekki markaðurinn, það sé ekki eftirspurnin og það sé ekki einu sinni verðbólguþróunin sem hefur þessi áhrif því að bankavextir, t.d. víxilvextir, hanga enn ótrúlega mikið uppi. Mér finnst þess vegna að þessi tónn eða óþolinmæði sem virðist koma fram í þjóðhagsáætluninni eigi að geta þýtt það að ríkisstjórnin sé nú að búa sig undir það að taka hér aðeins á málum.

Mig langar til að lesa eina setningu upp úr þessu þingskjali, með leyfi forseta, þar sem segir: „Því hefur athyglin í sívaxandi mæli beinst að vaxtamyndunarkerfinu og þeirri spurningu hvort í því leynist innbyggðir veikleikar sem torvelda eðlilega vaxtaþróun hér á landi." Hér segir, virðulegur forseti, „hvort í því leynist innbyggðir veikleikar". Því langar mig að spyrja forsrh.: Hvað finnst honum eða telur hann að hægt sé að gera til að hafa áhrif á það og skoða það ef það er ekki í raun markaðurinn eða þær aðstæður sem við

búum við í þjóðfélaginu sem hafa áhrif heldur eitthvað annað? Eru það kannski ekki vextirnir heldur bankastjórarnir sem eru svona næmir fyrir verðlagsþróuninni og verðbólgubreytingunum?

Við vitum að breyting á vöxtum hefur gífurleg áhrif, ekki bara fyrir ríkissjóð, hefur reyndar mikil áhrif fyrir ríkissjóð því að í fjárlagafrv. kemur fram að 1% lækkun á meðalvöxtum á innlendum lánsfjármarkaði gæti þýtt 800 millj. kr. sparnað í útgjöldum fyrir ríkissjóð og er það ekki lítil upphæð ef litið er til þeirrar stöðu sem ríkissjóður er í og þeirra aðgerða sem nú er verið að grípa til til að afla tekna þó reynt sé reyndar að fela þá skatta, t.d. með heilsukortunum svokölluðu og fleiri aðgerðum ríkisstjórnarinnar á undanförnum missirum. 1% þýðir 800 millj. kr. í lækkuðum ríkisútgjöldum. En enn þá meiri áhrif mundi þetta þó hafa á atvinnulífið og hag einstaklinga í landinu ef hægt væri að knýja niður hina almennu bankavexti. Í þessu nýútkomna riti viðskrn. um vaxtamyndun á lánsfjármarkaði er bent á ýmsar leiðir, m.a. það hvernig tekið hefur verið á málum í löndunum í kringum okkur. Þar er t.d. sagt að nokkrir seðlabankar á Vesturlöndum hafi knúið fram lækkun á vöxtum á peningamarkaði. Hvað hefur okkar seðlabanki gert í þessu sambandi og hvað hefur hæstv. ríkisstjórn reynt að gera til að hafa áhrif á Seðlabankann í þessu efni og vinna með honum til þess að knýja á um enn frekari lækkun á vöxtum?

Við heyrum það ávallt í umræðu um gengismál og vaxtaþróun í kringum okkur að seðlabankarnir og ríkisvaldið er að hafa áhrif á málin. Hér hefur því hins vegar oftar en ekki verið haldið fram að það eina sem ríkisstjórnin gæti gert, það eina sem ríkisvaldið gæti gert sé að draga úr ríkissjóðshalla. Það sé eina lækningin og eina lögmálið sem einhverju máli skipti. Vissulega hefur það áhrif, ég ætla ekki að gera lítið úr því, en mig langar þó að minna einu sinni enn á það að vextir af ríkisskuldabréfum, þó þeir hafi lækkað á árinu, eru samt með því hæsta sem gerist í þeim löndum sem við höfum verið að bera okkur saman við, eru um 7% hér á meðan þeir eru að meðaltali í OECD-löndunum á bilinu 3–5% og lægstir um eða rúmlega 1%. Við erum með langsamlega hæstu vextina á þessum lánsskjölum, þ.e. ríkisskuldabréfum, á sama tíma og þessi margumræddi ríkissjóðshalli er með því lægsta sem gerist í þessum sömu samanburðarlöndum. Mig langar því einnig til að heyra aðeins álit hæstv. forsrh. á þessu máli og ég vildi gjarnan heyra það frá honum að ríkisstjórnin hugsaði sér nú að taka sig á í þessu máli. Við höfum heyrt það á fleiri hv. stjórnarþingmönnum, t.d. hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni sem tók til máls í umræðunum um fjárlagafrv. fyrir tveim dögum síðan. Hann ræddi einkum um vextina og vaxtaþróunina og mikilvægi þess að hægt væri að takast á við að knýja vexti niður, taldi til þess full efni nú. Ég trúi því að það sé stundum rætt um þetta mál í þingflokki Sjálfstfl. og treysti því að hæstv. forsrh. muni leggja sig allan fram um það að standa við bakið á hæstv. sjútvrh. þegar hann knýr á hæstv. viðskrh. um að beita sér í þessu máli.

Útbýting þingskjala:

Mat á umhverfisáhrifum, 88. mál, frv. umhvn., þskj. 91.

Sjóður til eflingar atvinnumálum kvenna, 89. mál, fsp. VS, þskj. 92.

Skuldbreytingar og lán vegna skattaskulda árin 1988–1992, 90. mál, fsp. StB, þskj. 93.

[11:39]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hér hafa menn verið að ræða um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar sem tengjast gerð kjarasamninga frá því í sumar. Ég ætla ekki að fara yfir þau mál í heildina heldur vildi ég ræða um örfá atriði sem tengjast þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og trúverðugleika þeirrar yfirlýsingar og kannski bera það pínulítið saman við yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar eða a.m.k. þá sem gerð var á síðasta hausti og var hér til umræðu þá.

Í upphafi máls míns langar mig að lesa upp til upprifjunar hvað stendur í 1. mgr. þessarar yfirlýsingar, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin telur mikilvægt að eyða óvissu í kjaramálum, tryggja frið á vinnumarkaði og treysta þannig stöðugleika í efnahagsmálum með víðtækri samstöðu um kjarasamninga til loka næsta árs. Á þessum forsendum er ríkisstjórnin reiðubúin að ganga eins langt og nokkur kostur er í ljósi erfiðrar stöðu í ríkisbúskapnum í þá átt að greiða fyrir gerð kjarasamninga til lengri tíma."

Ég tel að þessi ríkisstjórn hafi fram að þessu staðið sig ákaflega illa í þeim markmiðum sem þarna eru sett fram. Mig langar til að benda mönnum á yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá því í fyrrahaust og hvernig staðið hefur verið að efndum á þeirri yfirlýsingu að einu leyti. Í þeim ráðstöfunum sem voru gerðar þá var það eitt af aðalatriðunum að fella niður aðstöðugjaldið og mig langar, með leyfi forseta, að lesa upp það sem stóð í greinargerð með yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í því sambandi til að rifja upp fyrir mönnum hvernig þau mál voru sett fram. Þar segir:

„Þetta fyrirkomulag gildir til bráðabirgða á árinu 1993. Næsta ár verður notað til að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga í því skyni að finna sveitarfélögunum varanlegar tekjur í stað aðstöðugjaldsins. Þessi endurskoðun verður gerð sameiginlega af fulltrúum ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga og er stefnt að því að nýtt tekjuöflunarkerfi sveitarfélaganna verði tekið upp í ársbyrjun 1994."

Þarna er að vísu ekki getið um að launamenn eigi að koma að þessari tillögugerð en þetta var nú mál sem sneri kannski mest að launamönnum. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég held að það hafi aldrei verið gerð eins stórkostleg breyting í skattalögum og þessi án þess að um það færi fram víðtæk umræða í þjóðfélaginu þar sem menn stæðu frammi fyrir því hvað ætti þá að koma í staðinn. En þetta var sem sagt bráðabirgðaráðstöfun og í dag sjá menn hvaða tillögur ríkisstjórnin kemur með um það hvernig eigi að deila þessum byrðum niður. Þetta eru nefnilega engir smáaurar. Á þessu ári voru þetta um 4 milljarðar kr. og

núna sjáum við það að ríkisstjórnin leggur til að þessu verði að langstærstu leyti breytt í útsvar og það er á fjórða milljarð króna. Það er sem sagt verið að tala um tæplega 50 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu og það breytist sem sagt í útsvar um næstkomandi áramót. Til viðbótar er síðan verið að leggja á nýtt gjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem mun að öllum líkindum kosta launþega eitthvað á annan milljarð kr. Þannig að álögurnar frá því í fyrrahaust, sem voru til bráðabirgða upp á 4 milljarða vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins, halda áfram af nákvæmlega sama þunga á næsta ári. 4 milljarðar eru settir á almennt launafólk í landinu í staðinn fyrir atvinnureksturinn. Það er að mínu viti algjörlega gegn þeim yfirlýsingum sem menn voru með. Því var lýst yfir skýrt og greinilega að það ætti að leita nýrra leiða til tekjujöflunar fyrir sveitarfélögin og að þetta væri bráðabirgðaráðstöfun. Fólkið í landinu væri að leggja þetta á sig til endurreisnar atvinnulífinu en þetta væri bráðabirgðaráðstöfun. Þannig skildu launþegar þetta, það er ég ekki í vafa um.

Mig langar líka til að benda á annað og það kemur fram í fjárlagafrv. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í fjárlagafrv. á bls. 271. Þar segir:

„Þyngst vega fyrirhugaðar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga á móti niðurfellingu aðstöðugjalds. Á þessu ári var tekjutapi sveitarfélaga alfarið mætt með hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Í forsendum frumvarpsins er hins vegar gert ráð fyrir að fjármögnunin verði tvíþætt í samræmi við tillögur nefndar sem hefur fjallað um þetta mál. Annars vegar er gert ráð fyrir að útsvar sveitarfélaga hækki um 1½% að meðaltali á næsta ári en tekjuskattur ríkisins lækki um sama hlutfall. Hins vegar er skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði felldur niður, sem lækkar tekjur ríkissjóðs, en á móti er svigrúm sveitarfélaga til frekari tekjuöflunar af fasteignasköttum aukið."

Hvers vegna er verið að blanda þessum hlutum saman? Hvað eru menn eiginlega að fara? Var niðurfellingin á sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eitthvað tengd þessu máli? Nákvæmlega ekki neitt. Það skyldi nú ekki vera að þetta væri komið þarna inn í þeim tilgangi að Reykjavíkurborg gæti frekar notfært sér hækkanir á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og atvinnuhúsnæði til þess að hala upp í tapið sem verður vegna þess að það er búið að taka af henni aðstöðugjaldið og hún tapar mest allra sveitarfélaga á þeirri niðurfellingu? Það er a.m.k. í mínum huga engin sérstök skýring á því að tengja saman niðurfellingu á sérstökum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og þessum málum. Það er alveg sérmál og séráhugamál sjálfstæðismanna að fella þann skatt niður en það út af fyrir sig tengist ekki hinu. Þetta er sú eina skýring sem ég get haft á þessu. Það er nefnilega stórkostleg breyting, sérstaklega fyrir Reykjavíkurborg, að aðstöðugjaldið er fellt niður. Og ef Reykjavíkurborg fær einungis tekjur á móti sem svarar til 1,5% í útsvari þá mun borgin verða fyrir miklu tekjutapi fram yfir önnur sveitarfélög. Mig langar til að spyrja hæstv. forsrh. hvernig hann getur tengt saman þessi tvö mál. Ég hef ekki áttað mig á því hvernig það á að gerast.

Mig langar til að benda á örfá atriði í þessari yfirlýsingu. Í fyrsta lagi langar mig til að spyrja hæstv. forsrh. hvað hafi verið gert í þeim lið þar sem segir: „Jafnframt mun ríkisstjórnin beina því til ríkisstofnana að fresta tækjakaupum eftir því sem unnt er og auka í þess stað viðhald þar sem slíkt er aðkallandi." Var þessum tilmælum beint til allra ríkisstofnana og hvaða tæki höfðu menn í huga? Höfðu menn kannski í huga farartæki? Tæki á heilsugæslustöðvum? Tæki til að skúra stofnanirnar? Eða hvað var þetta? Voru þetta bílar? Eða hvers konar tæki áttu menn við? Komust þessi tilmæli ekki til skila til ríkisstofnananna? Hvað hafði þessi tilkynning í för með sér?

Ég ætla að gera að umtalsefni einn lið sem er merktur með bókstafnum c. Þar stendur: „Íslensk fyrirtæki þurfa í auknum mæli að styrkja stöðu sína á alþjóðavettvangi með því að fjárfesta í atvinnulífi annarra þjóða. Greitt verði fyrir fjárfestingu íslenskra fyrirtækja í erlendum sjávarútvegi." Mig langar líka að spyrja hvað hafi verið gert í þessu. Ég er ekki að spyrja vegna þess að ég hafi svo óskaplegan áhuga á því að það verði gert mikið í þessu. Ég tel ekki að við Íslendingar höfum efni á því að flytja mikið fjármagn úr landi um þessar mundir og tel að það sé út af fyrir sig ekkert sérstakt kappsmál yfirvalda nú um stundir að moka peningum út úr landinu sem þarf nú á öllu öðru að halda öðru en því að missa héðan fjármagn. En þess vegna langar mig til að vita hvað hafi verið gert í þessu og með hvaða hætti menn standa að því að auka fjárfestingu íslenskra fyrirtækja á erlendum vettvangi.

Síðan langar mig að gera að umtalsefni lækkun virðisaukaskattsins á matvælum, sem lofað er í þessu plaggi og þá yfirlýsingu sem hér kom fram frá hæstv. fjmrh. um það — og mér skilst að hæstv. forsrh. hafi líka látið einhver orð falla í þá áttina — að þetta loforð um að fella niður virðisaukaskattinn mundi ekki standa ef kjarasamningum yrði sagt upp. Ég tel að það sé óskaplega mikil ósvífni fólgin í svona yfirlýsingu. Verkalýðsfélögin hafa staðið að öllu leyti við sína hlið á kjarasamningunum frá því í vor. Ríkisstjórnin er búin að lýsa því yfir að hún ætli ekki að standa að öllu leyti við sína hlið þessa samkomulags. Meðal annars hefur hún sagt að skattur á fjármagnstekjur verði ekki settur á 1. janúar eins og stendur í þessari yfirlýsingu, en þegar verkalýðsfélögin velta því fyrir sér hvort eigi að framlengja þennan samning þá hljóta þau að skoða dæmið að öllu leyti og ég tel það mjög alvarlegt mál ef ríkisstjórnin ætlar að svíkja þetta loforð sitt um lækkun. Þetta loforð snýr ekki að verkalýðsfélögunum einum. Það snýr að fólkinu í landinu og fólkið í landinu á auðvitað kröfu á því að ríkisstjórnin hagi sér þannig að það sé hægt að sýna henni lágmarkstiltrú. Hún hefur að mínu viti ekki gert það undanfarið, kannski ekki allan þann tíma sem hún hefur setið, en sérstaklega finnst mér að það hafi orðið trúnaðarbrestur í sambandi við það mál sem ég var að lýsa hérna áðan hvernig byrðunum af atvinnulífinu var velt yfir á almennt launafólk án þess að það færi fram um það

eðlileg umræða. 4 milljarðar króna hafa verið færðir þannig á milli og núna koma menn með nýja tillögu um það í haust hvernig eigi að koma þessum álögum fyrir og þá er þeim komið nákvæmlega öllum fyrir á launafólkið áfram þó að það væru skýlausar yfirlýsingar í fyrra um að það ætti að finna nýja tekjustofna og fólkið í landinu skildi það þannig að það væru ekki sömu tekjustofnar og í fyrra, þ.e. þá er þetta tekið með tekjuskatti, 4 milljarðar kr. Nú á að taka það með útsvari og nýjum launaskatti og ég held að það væri nú affarasælla fyrir þessa ríkisstjórn að hún reyndi a.m.k. að koma til móts við fólk eftir þessar aðfarir og fara a.m.k. ekki að lýsa því yfir að það eigi að taka til baka það sem samið var um við verkalýðsfélögin í vor vegna þess að verkalýðsfélögin munu kannski segja upp þessum samningum vegna þess að ekki hafi verið staðið við þá að öðru leyti.

Til viðbótar þessu er á sama tíma og þessir 4 milljarðar kr. eru færðir frá atvinnulífinu yfir á almennt launafólk verið að lækka tekjuskatt fyrirtækja og þá erum við ekkert að tala um aumingjana í þessu þjóðfélagi. Þá erum við að tala um þá sem græða peninga á sínum rekstri. Höfum við efni á því á sama tíma og þjóðin á í vandræðum að vera að lækka tekjuskatt á þeim sem hafa afgang, þeim sem geta raunverulega lagt peninga til samfélagsins, taka þá út úr og lækka á þeim sérstaklega álögurnar? Er það rétti tíminn? Ég held ekki. Ég tel að það eigi að taka þetta til baka. Það eru hlutir eins og þessir sem ættu að bíða þess tíma þegar betur árar en ekki nú.

Það má kannski minna á að það varð mikil samstaða um það í umræðum á Alþingi að það ætti að taka aðstöðugjaldið af, það ætti að finna leiðir til þess að koma því öðruvísi fyrir. En það hefur misheppnast með þvílíkum endemum að koma þessu í framkvæmd að það hefur fátt held ég farið verr úr höndum þessarar ríkisstjórnar og er þá langt til jafnað. Það er t.d. einn hluti þessa máls að á sama tíma og menn ákváðu að fella niður aðstöðugjaldið ákvað ríkisstjórnin að fella gengi íslensku krónunnar þannig að það hefur ekki nokkur lifandi maður möguleika á því að átta sig á því t.d. hvort aðstöðugjaldið hefur orðið til lækkunar á vöruverði. Það er útilokað að svo sé. Aðstöðugjaldið hefði auðvitað þurft að leggja af í þeim aðstæðum að fólk gæti fylgst með og séð hvernig það skilaði sér í lækkuðu vöruverði. Ég hef ekki trú á því að menn finni það út eftir að verðbólgan er búin að rúlla áfram, eftir að ríkisstjórnin er búin að fella gengið tvisvar á því tímabili sem þessi aðgerð hefur staðið yfir, að fella niður aðstöðugjaldið.

Ég vil að lokum nefna hér eitt mál sem ég tel ástæðu til að minna á. Það var í þessari yfirlýsingu sagt í lið nr. 8 að til að draga úr áhrifum þorskaflaskerðingarinnar á þessu ári yrði aflaheimildum Hagræðingarsjóðs úthlutað án endurgjalds og þannig komið til móts við þá sem urðu fyrir mestri skerðingu við síðustu úthlutun. Þarna hengslaðist hæstv. ríkisstjórn til þess að lokum að taka á máli eftir að hafa legið á því að allan þingtímann í fyrra, eftir að hafa neitað að afgreiða frumvörp sem lágu hér fyrir og eftir að þinginu var slitið mjög snögglega án þess að það væri hægt að fá mál eins og þessi afgreidd. Fáeinum dögum síðar afgreiðir ríkisstjórnin málin með nákvæmlega sama hætti eins og lagt hafði verið til, með bráðabirgðalögum. Ég tel að þetta sé ólíðandi og það sé hæstv. ríkisstjórn til skammar að standa svona að málum að neita að láta Alþingi afgreiða mál en koma síðan með málið og fá það afgreitt með bráðabirgðalögum stuttu seinna.

Þar fyrir utan vil ég láta það koma fram enn einu sinni að það er mín skoðun að þarna hafi verið staðið öfugt að þessum hlutum. Það var hægt að úthluta veiðiheimildum ef menn hefðu haft vilja til þess þannig að það hefði orðið miklu jafnara, það hefði komið miklu jafnara niður heldur en gert var. Þetta varð til þess að þessi úthlutun sem loksins þó kom var það seint á ferðinni að margir af þeim útgerðarmönnum sem fengu úthlutað aflaheimildum gátu ekki notfært sér þær. Þær féllu hreinlega niður. Menn höfðu ekki tíma til þess að veiða ýsuna og menn höfðu ekki möguleika á að færa þetta á milli ára og því síður að einhver gæti keypt þessar aflaheimildir. Ég veit um nokkur dæmi þess að t.d. aflaheimildir í ýsu, sem var úthlutað, féllu niður dauðar vegna þess að það var enginn möguleiki til að veiða þann fisk. Og auk þess var verið að úthluta aflaheimildum til smábáta í tegundum sem þeir höfðu enga möguleika til að veiða og aðrir útgerðaraðilar gátu þá ýmist fengið þessar aflaheimildir fyrir lítið eða ekki neitt eða þær féllu niður dauðar þannig að það má segja að þarna hafi nú enn einu málinu verið klúðrað af hæstv. ríkisstjórn.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að ræða þetta mál meira. Mér finnst að það sé ekki mikill tilgangur í því að öðru leyti heldur en því að mig langaði til þess að vekja fyrst og fremst athygli á því hvernig þessi ríkisstjórn er smám saman að koma fólkinu í landinu í skilning um það að hún virðir ekki þær leikreglur sem eðlilegar eru í samskiptum við almenning í landinu. Ég hef verið að nefna hér dæmi um það hvernig málflutningur í kringum það að færa skattana til eins og gert var með aðstöðugjaldinu hefur allt í einu snúist við og það raunverulega svikið sem fólki var gefið í skyn. Það er því miður þannig með hið opinbera, þessa ríkisstjórn og jafnvel ýmsar stjórnarstofnanir í landinu, að þær virða ekki almennar leikreglur í þessu þjóðfélagi. Hæstv. heilbrrh. hefur t.d. komið með tillögu sem ég tel að virði alls ekki almennar leikreglur. Hann kemur með tillögu um það að leggja nýjan skatt á þegnana í þjóðfélaginu. Hann lýsir því þannig fyrir þegnunum að þeir séu nú búnir að borga til samfélagsins 50–60 milljarða á ári í sínum sköttum og eigi þannig rétt á þjónustu í heilbrigðiskerfinu en leggur síðan til að það verði komið á nýjum skatti upp á einhverjar 400 millj. eða svo og ef menn borgi hann ekki þá missi menn allan bónusinn sem þeir hafi unnið sér inn með því að borga skattana sína í stóra pottinn. Er þetta verjandi?

Það er annað, sem ég vil nefna í þessu sambandi. Hæstv. heilbrrh. lýsti því hér fyrir stuttu síðan með hvaða hætti ætti að snúa sér að almenningi í landinu til

þess að bjóða þessa þjónustu ríkisins, þ.e. þessa tryggingu, þessi heilsukort og hann sagði: Við ætlum að senda fólki þessi kort bara heim. Ef menn endursenda þau ekki, þá eru þeir komnir í viðskipti, þá eru þeir orðnir viðskiptavinir ríkisins. Og ég spyr: Geta aðrir aðilar í þjóðfélaginu farið svona að? Geta tryggingafélög eða einhverjir aðrir sent mönnum samninga heim og haft neðst á blaðinu: Ef þið verðið ekki búnir að endursenda okkur þetta eftir hálfan mánuð, þá eruð þið orðnir viðskiptavinir. Þá förum við í það að rukka ykkur um þetta og það verða settir á ykkur dráttarvextir og þetta verður innheimt eins og aðrar venjulegar skuldir ef þið hafið ekki endursent þetta innan viss tíma. Ég segi alveg eins og er að mér finnst ekki koma til mála að ríkið hagi sér með þessum hætti. Ríkið á vitaskuld að stunda það að vera til fyrirmyndar í viðskiptum við þengana. Og ætli ríkið að bjóða upp á eitthvað sem það kallar þjónustu þá á ríkið auðvitað ekki að gera það með einhverjum allt öðrum hætti en talið er eðlilegt í þjóðfélaginu. Ég vildi láta þetta koma fram sem mína skoðun og ég skora á hæstv. forsrh. að endurskoða málið að þessu leyti til, ég trúi því nú ekki, ef menn fara að hugsa þetta vandlega, að þeir vilji bjóða þegnum þjóðfélagsins upp á þessa vinnuaðferð. Það er ekki verið að bjóða fólki neitt val. Það er verið að stilla fólki upp að vegg. Annaðhvort borgar þú tvöþúsundkallinn þinn eða þú ert búinn að kasta frá þér því sem þú hefur verið að taka þátt í að skapa hérna í þjóðfélaginu. Og að senda mönnum heim einhvers konar þjónustusamning og segja: Ef þið skilið ekki þessu til baka innan viss tíma þá eruð þið viðskiptavinir, það gengur ekki heldur. Það mundi aldrei ganga í almennum viðskiptum og ríkið á ekki að haga sér öðruvísi heldur en aðrir aðilar í þjóðfélaginu þegar það býður fram sína þjónustu.

[12:03]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. gerði hér að umtalsefni mikilvægar aðgerðir sem stjórnarflokkarnir hafa staðið fyrir til þess að efla atvinnulífið, þ.e. niðurfellingu aðstöðugjaldsins og lækkun tekjuskatts. Vegna ræðu hans hlýt ég að vekja athygli á þessu því að það hefur sannarlega ekki veitt af því að reyna að styrkja atvinnulífið með öllum ráðum og þetta tel ég vera einhverjar allra þýðingarmestu aðgerðirnar. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að það hefur aldrei verið gert ráð fyrir öðru en sveitarfélögunum væru tryggðar tekjur til þess að mæta tekjufallinu sem þau verða fyrir með niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Það hefur verið undirbúið og það á auðvitað ekki að koma neinum á óvart og allra síst hv. þm. að Reykjavíkurborg mun verða fyrir miklu tekjutapi vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins. Það eru uppi tillögur um það að mæta þessu með því að gera tilfærslu á milli tekjuskattsins og útsvarsins annars vegar og hins vegar að gera sveitarfélögunum kleift að hækka hluta af fasteignasköttum en á sama hátt yrði felldur niður hinn vafasami skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Vegna þess að niðurfellingin á aðstöðugjaldinu gagnvart verslun var verulega mikil þá er ekki óeðlilegt að sveitarfélögin hafi heimild til þess að hækka fasteignaskatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og út á það ganga þessar tillögur.

Ég vildi bara að þetta kæmi hér fram og vildi vekja athygli á þessu en ég tel að sjálfsögðu óhjákvæmilegt að bæta sveitarfélögunum og þar á meðal höfuðborginni þetta tekjutap sem verður vegna aðstöðugjaldsins sem var á hinn bóginn afar mikilvæg aðgerð til þess að styrkja atvinnulífið.

[12:05]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði það í ræðu minni og endurtek að það var samstaða um að reyna að finna leiðir til þess að leggja niður aðstöðugjaldið. En menn mega ekki vera svona fljótir að gleyma. Því var lýst yfir hér í Alþingi og víðar að það ætti að finna aðra tekjustofna og fólkið í landinu skildi þær yfirlýsingar þannig að það væri ekki fyrirhugað til frambúðar að taka þetta með þeim hætti eins og gert var á síðasta ári með tekjuskatti og fólkið í landinu gerir ekki mun á því hvort verið er að taka svona gjöld með tekjuskatti eða útsvari í buddunni sinni, það skiptir engu máli. Skilaboðin voru skýr, það ætti að finna aðra tekjustofna og þau hafa örugglega verið skilin með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Það verður hins vegar höfuðverkur sveitarstjórnarmanna innan fárra mánaða þegar þeir taka ákvarðanir um gjöldin á þegnana og fyrirtækin í vetur, þá munu þeir taka ákvarðanir um hækkun á útsvari upp í kannski níu komma eitthvað prósent eða a.m.k. hátt í 9% og þeir munu taka ákvörðun um það að taka upp eins og hér í Reykjavík þennan vafasama skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hann er allt í einu orðinn í fína lagi þegar Reykjavíkurborg á að leggja hann á sjálf. Þessi skattur sem hv. sjálfstæðismenn hafa lagt sérstaklega mikið á sig við að reyna að koma út úr heiminum.

En ég vil að lokum segja það að ákvarðanirnar um að þessir 4 milljarðar kr. verði áfram á almennu launafólki eru teknar af ríkisstjórninni og engum öðrum. Það er ekki um það neitt samkomulag svo að ég hafi séð eða heyrt neins staðar milli ríkisstjórnarinnar og aðila vinnumarkaðarins eða sveitarstjórnarmanna.

[12:07]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil bara ítreka það að það átti ekki að koma nokkrum hv. þm. á óvart að það yrðu skapaðir möguleikar fyrir sveitarfélögin að afla sér tekna, en það er gert ráð fyrir því að þetta komi að langmestu leyti með tilfærslu innan staðgreiðslunnar þannig að útsvarið til sveitarfélaganna hækki en tekjuskatturinn verði þeim mun minni sem gengur til ríkisins. Þetta er grundvallaratriði.

Hins vegar hlýt ég vegna orða hv. þm. að vekja athygli á þeirri staðreynd sem ég kom reyndar inn á hér áðan í mínu andsvari að skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði hefur verið greiddur af öllum þeim atvinnuvegum sem ráða yfir skrifstofu- og verslunarhúsnæði en það er nú lagt í hendur sveitarfélaganna, ef þessar tillögur og hugmyndir sem liggja fyrir frá sérstakri nefnd verða samþykktar, að sveitarfélögin geti

tekið um það ákvörðun með hvaða hætti innan tiltekinna marka þau leggi viðbótarfasteignagjöld á verslunar- og skrifstofufyrirtæki sem eiga fasteignir. Þetta er að sjálfsögðu í höndum sveitarfélaganna og verður eins og verið hefur og ég á ekki von á öðru en að með það verði farið með eðlilegum hætti. En aðalatriðið er það að við höfum aldrei gert ráð fyrir öðru en því að sveitarfélögin hefðu möguleika á að tryggja sínar tekjur innan eðlilegra marka á móti því tekjutapi sem varð af aðstöðugjaldinu. Og á það vil ég leggja áherslu og ég tel ekki eðlilegt eða sanngjarnt af hv. þm. að reyna að vekja einhverja úlfúð upp gagnvart launþegum eða skattgreiðendum í landinu með því að hér sé eitthvað nýtt á ferðinni.

[12:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nei, það kemur mér ekki á óvart að menn standi í þessum sporum. Ég varaði við þessu hér í fyrra þegar var verið að ræða um þessi mál. Ég taldi það óverjandi að ákveða að fella niður gjald eins og aðstöðugjaldið öðruvísi heldur en það lægi fyrir með hvaða hætti ætti að koma þessum byrðum fyrir á fólk í landinu. Því er ég að ræða þessi mál hérna núna að ég tel að menn séu að komast upp með það að breyta aðstöðugjaldinu í skatt á almenna launamenn að öllu leyti því það er ekki bara að það sé þetta 1,5% sem á að hækka útsvarið það er líka 0,5% á allar launatekjur sem er á annan milljarð kr. Við erum með í höndunum tillögur frá ríkisstjórninni að almennir launamenn eigi að borga vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins á fimmta milljarð kr. á árinu 1994. Þannig liggur það skýrt og greinilega fyrir. Auðvitað veit ég að menn gerðu ráð fyrir að sveitarfélögin ættu að geta fengið tekjustofna í staðinn fyrir þetta, það var yfirlýst skoðun manna, en launþegarnir hafa örugglega ekki skilið það þannig að allar þessar tekjur ættu að koma úr þeirra vösum og það væri þá einungis um það að ræða að til vibótar væru sveitarfélögin að ná sér í það sem upp á vantaði, þau sveitarfélög sem hafa verið með mestar tekjurnar eins og Reykjavík. Sjálfstæðismenn virðast vera ánægðir með að bjóða þeim upp á það að taka nú við hlutverki ríkisins við að innheimta þennan skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði sem hefur verið þeirra baráttumál að fella niður. Nú skal meiri hlutinn í Reykjavík fá að halda honum lifandi og verði honum að góðu.

[12:12]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlustaði af athygli á ræðu hv. 3. þm. Vesturl. og að henni lokinni var mér það aldeilis ekki ljóst hver afstaða hans er til fyrirliggjandi frv. um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga. Mestöll ræða hann fjallaði svona almennt um efnahagsmál, var afar neikvæð, ég segi ekki uppbyggileg fyrir þjóðarbúið, frekar að hún gæti stuðlað að einhvers konar niðurrifi og allsherjar bölsýni. Þess vegna verð ég að spyrja hv. þm. þegar hann hefur lokið ræðu sinni nú hver afstaða hans er til frv. Mun hann greiða þessu frv. atkvæði sitt eða er hann kannski á móti því að styrkja atvinnulífið, að greiða niður matvæli og að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs með þeim hætti sem hér er kveðið á um í þessu frv.? Ég hélt satt að segja að hv. þm. mundi kannski fagna einhverjum ákvæðum þessa máls en svo er aldeilis ekki. Ég verð þess vegna að líta svo á á meðan hann ekki gefur frekari skýringar en að hann sé hálffúll og óánægður með þetta mál allt saman. (**JGS:** Það varst þú á Fáskrúðsfirði líka.) Í öðru lagi og langar mig að spyrja hv. þm. um það ef ekki má spara, ef ekki má auka hagræðingu og ekki heldur auka tekjur ríkissjóðs hvernig á þá að verja velferðarkerfið í landinu? Þá er ein leið til viðbótar og hún er sú að auka erlendar og innlendar lántökur. Ef það er stefna hv. þm. þá er rétt að hann segi það hér en gefi það ekki alltaf í skyn án þess að þora að standa við það.

[12:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki á móti því að matvæli — ég get nú ekki kallað það sömu orðum og hv. þm. að þau verði greidd niður — það er ekki það sem verið er að leggja hér til, það er verið að tala um að leggja til að það verði lækkaður virðisaukaskattur á mætvæli og ég er fylgjandi því og mun örugglega styðja hann í því. Ég get aftur á móti svarað því til að ég er ekkert ánægður með þessa tillögu sem hér er gerð um að úthluta Hagræðingarsjóðnum eins og þarna er gert. Ég vil láta gera þá hluti öðruvísi þó það hafi kannski verið skárra en það sem fyrir lá áður en tillagan kom.

Það getur vel verið að hv. þm. finnist ég koma þannig fyrir að ég sé bara fúll yfir þessu öllu saman og finni ekkert jákvætt. Ég held að það sé nú ekki þannig. Hins vegar var ég að reyna að koma þeim hlutum til skila inn í umræðuna sem mér finnst vera mikilvægir. Það er það að þessi ríkisstjórn þarf að hugsa sinn gang. Hún á ekki að koma fram við fólkið í landinu með þeim hætti sem lýsir sér í því hvernig hún tekur einn af stærstu tekjuöflunarpóstum í landinu úr sambandi og breytir honum í annað. Tekur tekjur af fyrirtækjum og breytir í tekjur af einstaklingum. Þegar sú yfirlýsing lá fyrir á sínum tíma þá gat fólkið í landinu ekki skilið það öðruvísi en að það ætti að koma þessum álögum öðruvísi fyrir í framtíðinni heldur en gert var í fyrra. Það er það sem ég er að gagnrýna hér. Og ég held að ríkisstjórnin verði að fá þá gagnrýni. Hún hefði þurft að fá hana í fyrra því það átti auðvitað að standa frammi fyrir þessu máli þegar það var ákveðið að fella niður aðstöðugjaldið en ekki núna þegar búið er að fella niður aðstöðugjaldið og menn hafa enga leið til að semja um hlutina. Ég held að þannig eigi að standa að þessum málum að menn gangi hvert mál til enda en því sé ekki komið í einhvers konar bráðabirgðaástand sem verður til að umræðan fer ekki fram á réttum tíma.

[12:16]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skildi ræðu hv. 3. þm. Vesturl. og ég trúi því að hann mæli hér fyrir hönd síns flokks Alþb., að hann og flokkur hans muni styðja þetta frv. Hann segir að hann sé ekki ánægður með frv.

Ég skil það samt ekki svo að hann sé óánægður með að það sé verið að lækka verðlag á matvælum í landinu eða greiða niður verðlag á matvælum í landinu og að reyna að styrkja atvinnulífið með greiðslum úr ríkissjóði. Hv. þm. hlýtur að vita það að til þess að slíkt megi gera þá verði að afla til þess einhverra tekna. (**SJS:** Með heilsukortum.) Þess vegna spurði ég hann annarrar spurningar í mínu fyrra andsvari, hvernig ætti að afla tekna til ríkissjóðs ef ekki má spara og ekki afla tekna með því að leggja álögur á fólkið í landinu. Ríkissjóður er ekkert annað en almenningur í landinu. Þetta eru ekki einhverjir peningar sem koma einhvers staðar annars staðar að. Ég var að spyrja hv. þm. um hvort hann vildi halda áfram að afla þessara peninga í útlöndum og á lánsfjármarkaði innan lands með lántöku og stofna þar með enn frekar sjálfstæði þessarar þjóðar okkar í hættu en orðið er. Ég gef þess vegna hv. þm. tækifæri á að svara þessari spurningu minni sérstaklega vegna þess að þetta er spurningin sem skiptir kannski veigamestu máli. Já, með heilsukortum já. Það er ein leið til að verja velferðarkerfið. Og ég veit að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon mun styðja það þegar hann skilur að það er betra að verja kerfið heldur en að rústa því með lántökum, með erlendum lánum þegar kemur síðan að skuldadögum. (**SJS:** Koma ekki skólakort næst?)

[12:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get svarað því skýrt og greinilega að ég tel það koma til greina að hækka skatta til að verja velferðarkerfið. En ég tel að það komi ekki til greina á þessari stundu að lækka skatta á fyrirtækjum, tekjuskatta á fyrirtækjum sem hafa arð þegar þjóðin berst í bökkum, þá stendur hv. stjórnarþingmaður að tillögum hér um að lækka skatta á fyrirtækjum. Á sama tíma stendur hann að tillögum um að fella niður skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, hann stendur að tillögum um að létta byrðum af ýmsum í þjóðfélaginu sem kannski geta borið þær áfram, a.m.k. þeir sem hafa arð af sínum fyrirtækjarekstri. Ég get ekki stutt hv. þm. í því að við eigum að taka upp einhvers konar heilsukort, að minnsta kosti ekki með þeim hætti sem hér hefur verið lagt til hér að verði gert. Ég lýsti því vonandi skýrt í minni ræðu hér áðan hvers vegna. Það stríðir gegn almennum viðhorfum til viðskipta hvernig farið er með þessi kort (**Gripið fram í:** Hvað má hækka skattana mikið?) og stríðir líka gegn minni siðferðiskennd að það sé hægt að stilla þegnum þjóðfélagsins upp frammi fyrir því að þeir hafi borgað skattana sína skilvíslega en ef þeir borgi ekki sameiginlega 400 millj. til viðbótar þá verði þeir sviptir því sem þeir hafa tekið þátt í að byggja upp hér í heilbrigðiskerfinu.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir á grundvelli laga um EES, 91. mál, fsp. HG, þskj. 94.

Verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, 92. mál, fsp. HG, þskj. 95.

[12:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst að vísu óskaplega leiðinlegt að fá ekki að kveðja mér hér hljóðs um þingsköp eins og gert hefur verið um áratuga, mér liggur við að segja alda skeið. Og ég vil nú líta svo á að ég sé í raun og veru að tala hér um þingsköp. En ég ætlaði að spyrja hæstv. forseta hvort ekki stæði til að gera hér eitthvert hádegisverðarhlé þannig að þeir sem vildu næra sig þyrftu ekki að hverfa frá umræðunni til þess. Nú skilst mér að fundur eigi að standa hér eitthvað talsvert fram eftir degi og ég held að það sé eðlilegt við þær aðstæður að það sé gert hlé á fundinum þó ekki væri nema eins og í hálfa stund þannig að þeir sem ekki vilja missa af neinu í umræðunni eigi þess kost að hverfa frá smá stund. Ég vil óska eftir að forseti svari þessu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hafði reiknað með því að þessari umræðu væri senn lokið þar sem nú er einungis forsrh. á mælendaskrá og hafði hugsað sér að meta það þegar forsrh. hefði talað hvort það væri ástæða til að gera hlé á fundinum. (**JÁ:** Það er ekki hægt að gera hlé þegar forsrh. hefur talað.) (**Gripið fram í:** Það er óviðing).

[12:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég geri engar athugasemdir við þessa tilhögun fundarstjórnar. En ég vil þó vara forseta við þeirri bjartsýni að ræða forsrh. veki engin tilefni til frekari umræðna. Ég hygg að hér séu allmargir sem hafa einmitt beðið eftir því að hæstv. forsrh. talaði og svaraði spurningum og ætli svo að sjá til hvort þeir sjái ástæðu til frekari umræðna. Þannig að mér þykir ekki ólíklegt að þannig fari að það væri þá rétt að gefa hlé eftir að forsrh. hefur talað.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti telur ekki rétt að tala um bjartsýni í þessu sambandi þar sem stjórnandi fundarins, forseti, er hlutlaus í þessum efnum.

[12:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er ekkert óeðlilegt þó það sé sæmileg sátt um þetta frv. út af fyrir sig og með sama hætti er heldur ekkert óeðlilegt þó um frv. sé sæmileg sátt að efni til að þá fari fram umræður eins og hér hafa farið fram um ýmsa þætti efnahagsmálanna sem þessa atburði snerta, kjarasamningana og síðan frv. eða bráðabirgðalögin. Það má þó kannski segja að þar sem sæmileg sátt er um efnisatriði frv. að því er best verður séð þá ætti að vera minna ádeiluefni að lögin hafi verið sett með bráðabirgðalögum því oft er það nú svo að menn halda því fram að ríkisvaldið á hverjum tíma sé að forðast málefnalegar umræður eða atgang gagnvart stjórnarandstöðu með því að setja bráðabirgðalög. Þannig að að þessu leyti til ætti þetta nú að vera jákvæðara. Hv. 7. þm. Reykn. skýrði mér frá því að hann þyrfti að fara á bankaráðsfund þannig að ég mun

fjalla ... (Gripið fram í.) Það er nú komið yfir í bankastjórnina hygg ég þannig að það er ekki bankaráðsmannanna lengur. Ég mun fjalla heldur minna um það sem hann sagði af því tilefni. Hins vegar hefur margt af því sem kom fram hjá hv. þm. komið fram hjá öðrum þingmönnum jafnframt. Aðeins vil ég þó nefna þar sem hann sagði í upphafi að það væri ljóst að þessir samningar, sem voru tilefni laganna, hefðu verið atvinnulífinu hliðhollir eins og hann orðaði það. Ég hygg að það sé alveg hárrétt hjá honum og skýringin var reyndar sú að meginmarkmið samninganna var ekki eins og þegar vel árar kauphækkanir heldur til að reyna að tryggja stöðu atvinnunnar sem menn höfðu miklar áhyggjur af. Og samningarnir gengu út á það að skaða ekki stöðu atvinnulífsins, þ.e. ekki að gera kröfur um launahækkanir sem ekki var grundvöllur fyrir annars vegar og hins vegar að knýja á um að ríkisvaldið kæmi til móts við atvinnulífið eins og gert var og til móts við samtök launamanna eins og gert var. Þannig að það var hárrétt sem hv. þm. sagði í upphafi að þessi samningsgerð var atvinnulífinu hliðholl.

Hv. þm. sagði að sá bjartsýnistónn sem ég hefði haft í stefnuræðunni á sínum tíma ætti sér ekki stoð í þeirri þjóðhagsáætlun sem af hálfu míns embættis var lögð fram hér 4. okt. En ég tel nú að það megi segja að einmitt í upphafi og inngangi og yfirliti þeirrar áætlunar þá komi mjög svipuð sjónarmið fram. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verðbólga hér á landi er nú svipuð og annars staðar í Evrópu og horfur eru á að hún verði minni á næsta ári. Gert er ráð fyrir að almennt verðlag á Íslandi hækki um 4% á milli áranna 1992 og 1993 borið saman við spá OECD um 4,1% hækkun verðlags í Evrópu. Á næsta ári er spáð um 3% verðbólgu hér á landi en 3,9% í Evrópu. Viðskiptahallinn stefnir í 5,5 milljarða kr. á þessu ári sem svarar til 1,4% af landsframleiðslu og hefur hann ekki verið minni um árabil. Til samanburðar var hallinn 12 milljarðar kr. í fyrra og 18 milljarðar í hittiðfyrra. Þessi halli felur í sér að skuldasöfnun Íslendinga erlendis hefur verið stöðvuð og reyndar lækka erlendar skuldir þjóðarbúsins lítillega að raungildi á milli áranna 1992 og 1993. Reiknað er með að viðskiptahallinn verði svipaður á árinu 1993 og á þessu ári eða um 5,5 milljarðar kr.

Þessi árangur hefur náðst þótt erfið ytri skilyrði hafi leitt til samdráttar og stöðnunar í þjóðarbúskapnum um nokkurra ára skeið. Gagnstætt því sem venja hefur verið við slík skilyrði hefur bæði verðbólga og viðskiptahalli minnkað. Í því sambandi nægir að benda á reynsluna frá erfiðleikaárunum um miðjan áttunda áratuginn og á fyrri hluta þess níunda. Í báðum tilvikum fór hvort tveggja úr böndum, verðbólga og viðskiptahalli. Að baki hagstæðri þróun nú en áður við svipaðar aðstæður liggur aðhaldssöm hagstjórn og raunsætt mat aðila vinnumarkaðarins á efnahagslegum forsendum."

Af þessu er ljóst að sá grunntónn sem var í minni ræðu og þar sem sagði að ýmis tákn bentu til þess að bjartara gæti verið fram undan eiga forsendur í þessari þjóðhagsspá.

Auðvitað er það svo að tákn eru eitt og svo aftur veruleikinn annar. Táknin eru bara vísbending og síðan þurfa menn að sjá hverju fram vindur. Tákn eru ekki staðreyndir og ég geri mér fulla grein fyrir því eins og við öll sem hér erum inni.

Hv. 7. þm. Reykn. ræddi heilmikið um vexti eins og hv. þm. gerir reyndar oft. Hann hefur oft sagt að ríkisstjórnin hefði ekki átt að hækka vexti á spariskírteinum eins og hann hefur orðað það og að ríkisstjórnin eigi að halda slíkum vöxtum niðri. Mér þykir stundum hv. þm. tala um þessi mál með mikilli einföldun. Og raunar ekki gefa haldbæra skýringar á hugsun sinni. Hv. þm. veit það auðvitað að vaxtastigið á spariskírteinum er ekki ákveðið með þeirri tölu sem skráð er á skírteinin. Það er kaupverð skírteinanna sem ræður ferðinni. Og þannig er það nú að kaupverð þessara skírteina, markaðsverð þessara skírteina er lægra, vaxtakrafan er lægri nú en hún var þegar hv. þm. fór með stjórn efnahagsmála í landinu. Það skiptir máli en ekki hvaða tala er skrifuð eða skráð á ríkisskuldabréfin.

Hitt er annað mál að skilyrðin sem þessar staðreyndir skapa hafa ekki skilað sér í vaxtakerfi bankanna með sama hætti. Það eru auðvitað margar skýringar á því sem hafa komið fram hér í umræðunum af hálfu hv. þm. Meðal annars þær skýringar að yfirfjárfesting á undanförnum áratugum og einkum síðustu árum, fjárfesting sem ekki skilaði arði því miður, hefur gert bönkunum það nauðsynlegt að hafa vaxtamun gríðarlega háan hér. Þessi vaxtamunur er fyrirtækjum sem nú eru að stofna til skuldbindinga afskaplega erfiður. Það er okkur öllum líka ljóst að bankarnir verða að fá svigrúm til að greiða niður töpuð útlán. Það er enginn vegur til annars en að þeir hafi það svigrúm. Það gerir okkur erfiðara um vik að ná vöxtum bankakerfisins niður eins og nauðsynlegt væri við þrengingaraðstæður sem nú eru.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. og reyndar hv. 1. þm. Austurl. ræddu um málatilbúnaðinn af hálfu ríkisstjórnarinnar og þá einkum bráðabirgðalagasetninguna. Ég svaraði því reyndar aðeins í gær í andsvari við ræðu hv. 18. þm. Reykv. almennt um bráðabirgðalögin en þeir tóku sérstaklega til, þessir tveir hv. þm., það atriði sem snerti Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og bentu á að til hefði verið fullmótað frv. sem hefði verið rætt í þinginu, ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn í þinginu hefði ekki viljað samþykkja það frv. eða aflað sér þeirra heimilda sem með því frv. fengjust en hefðu síðan í bráðabirgðalögum skömmu síðar, eftir að þingi lauk, sett sams konar frv. eða sams konar lög.

Það má viðurkenna að þetta lítur ekki vel út en þetta er ekki heldur alveg allur sannleikurinn í málinu. Sannleikurinn í málinu er sá að það vissu menn að yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar, sem drógust á langinn eins og hv. 11. þm. Reykv. hefur iðulega minnst á, um með hvaða hætti ætti að bæta úr þorskskerðingunni hnigu í aðra átt en Hagræðingarsjóðsáttina. Á það var deilt í þinginu. Það var síðan sjónarmið ríkisstjórnarinnar að eftir að efnahagsaðgerðir höfðu verið gerðar og þar með talið breyting á gengi krónunnar á haustmánuðum 1992 þá höfðu forsendur breyst í þeim efnum. Það

var því ekki pólitískur vilji á lokavikum þingsins til að afgreiða frv. um Hagræðingarsjóð. Þegar hins vegar var ljóst, að okkar mati að það atriði að setja lög um úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs gæti haft grundvallarþýðingu á síðustu stundu við lausn kjarasamninganna þá var ákvarðað af þeirri pólitísku nauðsyn að setja um lög, þannig að forsendur á pólitísku mati höfðu breyst. Það var mat ríkisstjórnarinnar. Ég veit að um þetta geta menn deilt en þetta er skýringin á þessu atriði sérstaklega.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði reyndar um lagaóvissu um þennan sjóð núna og í tengslum við það að dregist hefur að frv. um þróunarsjóð sjávarútvegs kæmi fram á þinginu og yrði afgreitt. Ég hygg að það sé ekki út af fyrir sig veruleg lagaóvissa. Það hefur áður komið fyrir að dregist hefur ákvörðun réttra aðila um úthlutun úr þeim sjóði umfram það sem menn neyðast til að gera eins og gerðist varðandi Bíldudal þar sem eru tímasettir frestir varðandi forkaupsrétt. En það er óverulegur þáttur, hlutur af þessum heildarpakka sem þarna er á ferðinni.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. og reyndar fleiri þingmenn spurðu um það hvað væri farið að framkvæma af þeim rúmlega milljarðs kr. lista sem kynntur var. Ég hef ekki þær tölur handbærar hér, því miður, en geri ráð fyrir því að hv. þm. muni afla þeirra upplýsinga í nefndinni sem fær málið til meðferðar. Meginatriðið er þó það að allir þessir þættir verða framkvæmdir. Aðilum vinnumarkaðarins er ljóst að einhverjir þessir þættir kunna að dragast fram á næsta ár en þeir verða framkvæmdir og eru ekki hugsaðir sem frádráttur við það framkvæmdamagn sem á að koma á því ári. Í rauninni má segja að miðað við það að veitt var miklu meira á þessu ári en menn höfðu búist við og mismunurinn verður því enn þá meiri á næsta ári þá er kannski ekkert óheppilegt að allnokkur þungi þessara framkvæmda dragist yfir á næsta ár og ég hygg að það sé skilningur á því hjá aðilum vinnumarkaðarins sem fjölluðu um þetta mál.

Hv. 18. þm. Reykv. spurði sérstaklega um ráðstöfun framlags til atvinnumála kvenna. Eins og fram kom þegar þessi sérstaki liður, um 60 millj. kr., var kynntur þá var talað um að ráðstafanir á þeim framlögum yrðu gerðar í samráði við samningsaðilana og það yrði starfshópur skipaður til þess að fjalla um þau atriði. Sá starfshópur hefur skilað tillögum til félmrh. en hópinn skipuðu Hulda Finnbogadóttir formaður, Ásdís Sigurjónsdóttir, fulltrúi fjmrn., Hansína Stefánsdóttir, fulltrúi Alþýðusambands Íslands, Þorkell Sigurjónsson, fulltrúi Vinnuveitendasambands Íslands, og Ingibjörg Broddadóttir, deildarsérfræðingur í félmrn., var starfsmaður starfshópsins. Það var samstaða í þessum starfshópi að gera tillögur um eftirfarandi skiptingu fjárins:

A. Námsaðstöðu til atvinnulausra kvenna, 5 millj. 443 þús. kr., til sveitarfélaga, 20 millj. 445 þús. kr., til einkaaðila 33 millj. 660 þús. kr., óráðstafað 452 þús. kr.

Þessi greinargerð mun sjálfsagt ganga til þeirrar nefndar sem um málið fjallar en samandregið mun það vera svo að mest af þessu fjármagni muni ganga til höfuðborgarsvæðisins og Norðurl. e. enda er atvinnuleysi meðal kvenna mest þar, eins og segir í minnisblaði starfsmanns fjmrn. til fjmrh. En það er síðan félmrh. að taka afstöðu til tillagna starfshópsins.

Hv. 18. þm. Reykv. spurði líka um hvað liði ráðstöfun þeirra fjármuna sem sérstaklega áttu að ganga til heimilisiðnaðar.

Það var ákvarðað að leggja 20 millj. kr. til þess verkefnis. Síðasta ríkisstjórn hafði skipað nefnd til að undirbúa það mál og sú nefnd hafði unnið ákaflega gott starf að því máli og þess vegna þótti eðlilegt að nýta þá vinnu sem þar lá fyrir til þess að koma þessum fjármunum í þágu atvinnuskapandi aðgerða fyrir konur. Þetta mál er fullunnið og gert er ráð fyrir því að niðurstaðan verði kynnt nú allra næstu daga. Það er hugsað að þær 20 millj. gangi til eflingar á heimilis- og listiðnaði. Það hefur verið haft samráð við fulltrúa Byggðastofnunar og Heimilisiðnaðarfélags Íslands og formann áðurnefndrar nefndar, sem ég gat um, um með hvaða hætti þessu yrði við komið og niðurstaðan er sú að setja á stofn handverksmiðstöð sem rekin verði til reynslu í 3 ár. Það er gert ráð fyrir að þriggja manna verkefnisstjórn hafi yfirumsjón með rekstri miðstöðvarinnar og verkefnisstjórnin ráði verkefnisstjóra til sama tíma, auk sérstakra tengiliða á landsbyggðinni sem deili með sér einu stöðugildi. Meginhlutverk miðstöðvarinnar verði að aðstoða þá fjölmörgu aðila sem starfa að handverki ýmiss konar en vert er að benda á að á síðustu missirum hefur orðið veruleg vakning á því sviði og æ fleiri einstaklingar hafa starf af þessari atvinnugrein eins og kemur fram í minnispunktum sem ég fékk vegna þessarar spurningar sérstaklega frá hv. þm.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. og reyndar fleiri hv. þm. sem töluðu fundu að því að ríkisstjórnin, bráðabirgðalöggjöfin, hefði með lögunum veitt tiltekna heimild til þess að hafnarsjóðir gætu gefið afslátt á tilteknum hafnargjöldum, almennum gjöldum til sjávarútvegsins, og síðan hefði ríkisstjórnin brugðist með því að halda öllu sínu. Þetta er ekki alveg rétt vegna þess að tilkoma þessa ákvæðis var eingöngu þannig að aðilar vinnumarkaðarins, í þessu tilfelli vinnuveitendamegin frá, sögðu að allmörg sveitarfélög vildu gefa afslátt til sjávarútvegsins á almennum hafnargjaldataxta en skorti til þess heimildir. Þess var óskað sérstaklega að ríkisvaldið aflaði þessara heimilda til þess að þennan afslátt mætti veita. Þegar pakkinn, ef svo má að orði komast, var veginn og metinn og vigtaður til kostnaðar þá var ekki gert ráð fyrir því að þessi yfirlýsing hefði kostnað í för með sér fyrir ríkisvaldið, hins vegar var þarna lagaskortur og úr honum var bætt. Það er líka vitað að það voru ekki öll sveitarfélög endilega ánægð með það að það skyldi gert því þau sjónarmið heyrðust að þetta auðveldaði ríkari höfnum að bæta samkeppnisstöðu sína, ef svo má að orði komast, gagnvart öðrum höfnum. En þetta var ósk aðila á vinnumarkaðinum og það var ákveðið að verða við því. Þannig að þarna hefur ríkisstjórnin ekki í neinu efni svikist um það sem lofað var.

Ég hef svarað því sem hv. 1. þm. Austurl. hóf ræðu

sína á um bráðabirgðalögin og Hagræðingarsjóðinn og ég vil í upphafi óska honum til hamingju með kjör sem formaður í þessari mikilvægu þingnefnd sem fær málið til meðferðar. Ég hygg að sú staðreynd að stjórnarandstaðan hefur fengið forustu í þeirri nefnd bendi á tvennt, annars vegar það að ríkisstjórnin vildi sýna að henni var full alvara með þessari ákvörðun og hins vegar hitt auðvitað líka að hv. þm. sem nú gegnir formennsku í nefndinni hefur mikið almennt traust í þinginu eins og kunnugt er.

En ég hef áður svarað þessum athugasemdum varðandi þetta atriði sem hann hóf mál sitt á. Ég verð að segja þó til viðbótar eins og ég reyndar nefndi í gær að það var meginmarkmið með breytingum sem gerðar voru gagnvart bráðabirgðalagaheimildunum að ríkisvaldið, og ég hygg að hans flokkur hafi verið þeirrar skoðunar, hefði áfram bráðabirgðalagavaldið en úr notkun þess yrði dregið og um leið bráðabirgðalagalöggjafinn, ríkisvaldið, yrði að standa fyrir máli sínu innan tiltölulega skamms tíma í þinginu. Þetta hefur allt gengið eftir eins og þessi umræða reyndar sýnir og lögin segja fyrir um og í annan stað þá hafa menn gætt sín betur á notkun bráðabirgðavaldsins heldur en oft áður og ég hygg að þessi núv. ríkisstjórn standist fyllilega samanburð við aðrar ríkisstjórnir í þeim efnum og ég hygg reyndar að það sé ekki vegna þess að hún sé jafnágæt og mér finnst hún vera, það kann að vera ágreiningur um það í salnum, en heldur vegna hins að menn eru að taka tillit til þessara hugsana sem voru. Menn eru að fara varlega í notkun á bráðabirgðalagavaldi umfram það sem áður var gert og ég hygg að sú þróun verði ekki stöðvuð hvaða ríkisstjórn sem situr í landinu á hverjum tíma. En auðvitað þarf líka, eins og hv. 18. þm. Reykv. benti á í gær, að láta á hitt reyna að kalla þingið saman, jafnvel þó væri um ágreiningsmál að ræða og láta þingið ráða ráðum sínum. Ég get gert þá játningu úr þessum ræðustól nú að ég hefði talið að það hefði verið skynsamlegt þegar kjaradómslögin voru sett á sínum tíma að þá hefði þingið komið saman og fjallað um það mál en ekki bráðabirgðalöggjafinn. Ég var ekki þeirrar skoðunar þá en svona eftir á að hyggja þá held ég að það hefði verið skynsamlegt í ljósi ýmissa hluta sem síðar hafa gerst. Ég býst við því að menn vilji fremur velja slíka kosti oftar hér eftir en hingað til.

Hv. 1. þm. Austurl. velti því fyrir sér hvort það hefði verið staðið við þær yfirlýsingar sem gerðar hefðu verið gagnvart Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Ég tel að það hafi verið gert. Hins vegar eru uppi sjónarmið núna af hálfu Alþýðusambandsins að það bendir til þess atriðis í fjárlagafrv. að það standi ekki til að gera það gagnvart næsta ári og það kunni að hafa áhrif á afstöðu verkalýðshreyfingarinnar um framlengingu á samningum. Ég hygg að þeir hafi ekki haldið því fram að fram til þessa hafi ekki verið staðið við það sem hafi verið lofað og ég tel reyndar að þeir telji að forsendur, hinar efnahagslegu forsendur sem gefnar voru, hafi ekki verið brotnar. Það sem hins vegar út af stendur núna er tiltekin fjárhæð sem menn deila um til atvinnuskapandi þátta hvort það standist í fjárlagafrv. Þar er um að ræða spursmál hvort menn hafa staðið við þær yfirlýsingar sem þeir gáfu. Hins vegar ræða menn síðan um hugmyndir ríkisvaldsins um tekjuöflun á móti útgjöldum vegna virðisaukaskattslækkunar og þar mundi ekki vera um brigð að ræða. Hins vegar vissu allir aðilar báðum megin við borðið eða á þrem vegum við borðið að útfærsla þeirrar tekjuöflunar gæti haft áhrif á afstöðu verkalýðshreyfingarinnar til framlengingar kjarasamninga en það var ekki um brigð að ræða í því sambandi.

Hv. þm. ræddi um skattamál og sagði að yfirlýsingar míns flokks, ég man ekki orðrétt hvað hann sagði, en efnislega var það á þá lund að þær hefðu ekki verið merkilegar fyrir síðustu kosningar og menn ekki getað staðið við þær. Ég hygg að við höfum sagt — a.m.k. gerði ég það fyrir kosningar — að við mundum stoppa af skattahækkunarskriðu vinstri stjórnar og síðan þegar fram liðu stundir að reyna að lækka skatta. Við áttum ekki von á þá, frekar en hv. þm., að efnahagsforsendur mundu breytast svo til hins verra eins og þær hafa gert með minnkandi afla. Það gat enginn maður séð fyrir né þá heldur að það verð sem var á okkar afla sem var í sögulegu hámarki á árunum fyrir þær kosningar skyldi fara í slíkt sögulegt lágmark eins og það hefur gert á sama tíma og okkar afli hefur dregist saman.

Hv. þm. ræddi um samhengið í skattamálum og hringlandahátturinn í þeim efnum væri ekki til þess fallinn að minnka hættu á skattsvikum og undandrætti. Ég get tekið undir það með honum en hins vegar verð ég að segja að þegar skattabreytingar ganga í þá áttina að samræma skattkerfið eins og til að mynda virðisaukaskattsbreytingin á ferðaþjónustu þá ætti það frekar að stuðla að bættum skattheimtum heldur en hið gagnstæða. Á hinn bóginn má deila aftur um breytingar varðandi virðisaukaskattinn á matvæli.

Hv. þm. nefndi að menn væru með virðisaukaskattinum mjög að ganga á hag ferðaþjónustunnar en þá verður hv. þm. að hafa í huga að það má ekki taka virðisaukaskattinn einan og sér þegar verið er að meta fyrri stöðu ferðaþjónustunnar og núverandi stöðu hennar eftir að virðisaukaskattur verður á lagður um áramótin því í fyrsta lagi er búið að lækka aðstöðugjöldin, í annan stað er búið að lækka tryggingagjaldið og í þriðja lagi hefur raungengislækkunin hjálpað mjög ferðaþjónustunni. Það kom til að mynda fram þegar birtir voru reikningar eða stöðureikningar Flugleiða að bara frá sex mánaða yfirliti yfir í átta mánaða yfirlit hafði staða Flugleiða batnað verulega þó enn væri um töluvert tap að ræða og þar var einmitt gengisbreytingin sem menn höfðu í fyrstu talið að mundi ekki hafa jákvæð áhrif, hvorki jákvæð eða neikvæð áhrif á rekstur Flugleiða, það kom í ljós þegar tveim mánuðum eftir hinar fyrri yfirlýsingar að gengisbreytingin hefur haft jákvæð áhrif.

Hv. þm. sagði að hann teldi sjálfur að lækkun matarskatts væri ekki til þess fallin að skapa öryggi í skattkerfinu, þvert á móti og hann hefði ekki verið sannfærður um það í september 1988 frekar en hæstv. ut-

anrrh. og væri það ekki enn, en hins vegar væri hans flokkur þessarar skoðunar og hefði ályktað um það. Síðan er hávær krafa frá almenningi eða öðrum fulltrúum almennings heldur en þeim sem hér sitja um slíkt hið sama og oft er það nú svo að það er fundið að því að stjórnvöld vilji lítið gera með kröfur og áhugamál af því tagi en þarna verða menn sem sagt við því. Ég get haft sömu efasemdirnar eða áhyggjurnar af áhrifum á skattkerfið en ég taldi hins vegar verjandi engu að síður til að stuðla að því að kjarasamningar gætu gengið út árið 1994 að samþykkja að slík skattbreyting yrði gerð. Ég held að það hefði verið skynsamlegt.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. taldi að það sem hefði komið fram að allnokkur hluti sérstaks framkvæmdaátaks á þessu ári hefði falist í því að veita heimildir til flutnings fjármuna milli ára, þá hefði verið um blekkingaleik, eins hv. þm. sagði, að ræða gagnvart verkalýðshreyfingunni. Yfirlýsingar forustumanna verkalýðshreyfingarinnar sjálfrar liggja fyrir um það að ekki hafi verið um neinar blekkingar að ræða, þeim hafi ætíð verið fullljóst með hvaða hætti þessi milljarður á þessu ári væri fenginn. Þar var því ekki um neina blekkingu að ræða heldur gengið hreint til verks og beint framan að mönnum og menn voru alveg klárir á því hvað það var sem þeir voru að fara yfir í því sambandi.

En hv. þm. spurði einnig hvort það væri meiningin að framvegis væri slíkur tilflutningur háður samþykki aðila vinnumarkaðarins hverju sinni og auðvitað er það ekki svo. Það er út af fyrir sig ljóst.

Ég tel að hv. 3. þm. Vesturl. hafi algerlega misskilið það sem hann var að fjalla um, varðandi aðstöðugjaldið og tilfærsluna gagnvart sveitarfélögunum og þegar hann fjallaði um bráðabirgðaþáttinn í því sambandi. Í fyrsta lagi var það nú svo að mikil samstaða var um það að fella aðstöðugjaldið niður. Ég hugsa að ég hafi nú verið þingmanna tregastur persónulega til þess að það væri gert þó ég félllist auðvitað á sjónarmið mikils meiri hluta í því sambandi, þegar fram liðu stundir. En bráðabirgðaástand sem um var talað var eingöngu það að fyrsta árið, þar sem það lá á að gera þessa breytingu, þá mundi ríkisskattkerfið bera þessa breytingu en síðar með samkomulagi við sveitarfélögin yrði breytingin færð aftur á ný yfir á þau. Og það er að gerast nú. En hv. þm. talaði rétt eins og nú væri verið að auka útgjöldin skyndilega með þessum aðgerðum og hann blandaði alltaf saman hugmyndum í fjárlagafrv. um sérstakt tryggingagjald eins og það væri að koma til vegna aðstöðugjaldsins. Það er misskilningur. Það gjald er lagt til vegna tekjuminnkunar vegna virðisaukaskattsbreytingarinnar og á ekkert skylt við þetta sem hv. þm. fjallaði um.

Hv. þm. sagði jafnframt að vegna efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og gengisbreytingar hefði ekki sést hvort lækkun aðstöðugjaldsins hefði skilað sér í lækkun á vöruverði. Það liggur fyrir að lækkun aðstöðugjaldsins skilaði sér í vöruverði. Það kom fram vegna þess að verðhækkanir urðu minni en menn bjuggust við og aðilar eru sammála um það, Neytendasamtökin jafnframt, að lækkun aðstöðugjaldsins skilaði sér einmitt og hefur komið fram í lækkun á vöruverði, eins og til var stofnað.

Ég hef farið nokkuð hratt yfir sögu, enda er tíma mínum lokið. En eins og ég segi, þingmálið sem slíkt fer til afgreiðslu væntanlega í hv. efh.- og viðskn. Þar gefst færi á að svara spurningum sem ég hef ekki svarað hér, annaðhvort vegna þess að ég hef ekki haft svörin á reiðum höndum eða vegna tímaskorts, hvort tveggja gæti verið, enda gefst kjörið tækifæri til þess að svara slíkum spurningum í hv. þingnefnd sem fær málið til meðferðar.

[12:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel mig ekki hafa misskilið neitt í því hvernig menn hafa fært til þessi gjöld. Það er búið að hringla í mörgum sköttum og gjöldum í sambandi við aðstöðugjaldið. Það voru skýrar yfirlýsingar frá höndum hins opinbera í sambandi við málið. Það liggur meira að segja fyrir í skriflegum skjölum frá ríkisstjórninni að þetta hafi verið bráðabirgðaástand. Það var ekki vafi á því að fólkið í landinu skildi það þannig að þetta bráðbirgðaástand ætti að vara í eitt ár, á meðan menn fyndu nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin til þess að bæta sér upp aðstöðugjaldið. Ég er ekki í vafa um að allir skildu það þannig að það væri ekki meiningin að innheimta öll þessi gjöld af almenningi í landinu. Það ætti að leggja þau að stórum hluta til á fyrirtæki og aðra starfsemi. Það voru nefndir í því sambandi tekjustofnar eins og tekjur af umferð, eins og tekjur af bílum og einhvers konar umhverfisgjöld. Þetta var allt saman talað um í mjög óljósu formi, hvað það ætti að vera, en það var enginn vafi á því hvað menn voru að útskýra með þessu. Það var verið að segja fólkinu í landinu að aðstöðugjaldið ætti að breytast í einhvers konar aðra skattheimtu, ekki í ígildi tekjuskatts eins og það er að gera með því að verða að útsvari. Það er enginn munur á því í vösum fólks hvort það heitir útsvar eða tekjuskattur þegar menn greiða það af sínum launum. Ég tel að það sé ekki nokkur vafi á því að þarna hafi umræðan frá því á fyrra ári verið með allt öðrum hætti heldur en hún hefði átt að vera. Ef menn hefðu staðið frammi fyrir því þá að það ætti að breyta aðstöðugjaldinu í tekjuskatt og það ætti að taka upp álögur á annan milljarð til viðbótar með tryggingagjaldi, þá hefði verkalýðshreyfingin örugglega barið í borðið og fólkið í landinu líka.

[12:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að hv. þm. ætti að kynna sér umræðurnar sem urðu hér þegar fyrir þessu máli var mælt. Ég hygg að hann finni þar hvergi staf eða stoð fyrir fullyrðingu sinni og skilningi á þessum skattabreytingum.

[12:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hvet hæstv. forsrh. eindregið til þess að lesa þessar umræður yfir og ég efast ekkert um að þar mun hann finna það sem ég er hér að segja. Ég mótmælti því t.d. sjálfur að það væri stað-

ið svona að málum. Ég taldi mjög óheppilegt að mynda svona bráðabirgðaástand, að breyta þessum stórkostlega skatti, sem raunverulega er á fimmta milljarð kr., í einhvers konar bráðabirgðaskatt og ganga ekki í málið til enda. Það var mjög hættulegt og nú eru menn að súpa seyðið af því að það er verið að gera þetta að nýjum álögum á fólkið í landinu. Það hefði átt að standa hreinskilnislega frammi fyrir fólki þegar það var ákveðið að leggja niður aðstöðugjaldið og segja því þá í hvers konar formi ætti að innheimta tekjur á móti því.

[12:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átti nú reyndar ekki við viðhorf hv. þm. að hann ætti að kynna sér þau sérstaklega, ég býst við að hann þekki þau. Ég var að tala um viðhorf þeirra sem mæltu fyrir málinu og þá gæti hann séð hvort það væru einhver svik í tafli eða brögð í tafli. Ég bendi á að einmitt sú aðferð sem notuð var þetta bráðabirgðaár þar sem þessi gjöld voru innheimt með tekjuskattinum voru hvað skýrust vísbending um það í hvaða farveg málið hlyti að fara. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Kostnaður og umfang rannsókna á vatnaflutningum til Fljótsdals, 93. mál, fsp. TIO, þskj. 96.

Rannsóknir á umhverfisáhrifum vatnaflutninga, 94. mál, fsp. TIO, þskj. 97.

Vatnaflutningar til Fljótsdals, 95. mál, fsp. TIO, þskj. 98.

[13:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki lengja þessar umræður mikið. Það eru þó örfá atriði sem ég ætla að koma hér að. Það er nú hins vegar þannig að maður er eiginlega hálffeiminn yfir þessu milda yfirbragði hæstv. forsrh. sem hann sýndi hér í ræðu áðan. Hann gekk meira að segja svo langt að viðurkenna mistök ríkisstjórnarinnar þannig að maður veit ekki alveg á hverju við eigum von næst.

Hann ræddi einnig um að ríkisstjórninni væri full alvara með að fylgja eftir breytingunum á þingsköpunum og það sýndi sig m.a. í því trausti sem ríkisstjórnin fæli stjórnarandstöðunni varðandi trúnaðarstörf hér í þinginu. Það metum við í stjórnarandstöðunni, en ég vil hins vegar benda á að fyrst og fremst ræðst það af hálfu ríkisstjórnarinnar hvernig til tekst með þessi atriði, að ríkisstjórnin virði sjálfstæði Alþingis í verki og sýni því fulla virðingu.

Virðulegi forseti. Nú er það svo að ég ætla mér alls ekki að tala meira en 20 mínútur í þessari umræðu en ég spyr hins vegar hvort ég eigi ekki 40 mínútna tíma núna, tvöfaldan tíma þar sem þetta er fyrri ræða mín í þessu máli, en hér kom annað fram á tímatöflu. (**Forseti:** Forseti tekur fram að að sjálfsögðu á hv. þm. 40 mínútur í þessari umræðu.) Ég þakka virðulegum forseta fyrir, en ég fer í sjálfu sér ekki fram á að hann lengi tímann hér á töflunni.

Ég ætla að fara örfáum orðum um aðstöðugjaldið. Ég get ekki talað öðruvísi en svo að það hafi alltaf verið ljóst að með þessari aðgerð átti að færa skatta af atvinnulífinu og yfir á einstaklingana í þjóðfélaginu. Ég get ekki annað því að ég talaði margsinnis fyrir þessari aðgerð hér í þinginu áður en hún var kynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar og í þessu fólst efnahagsaðgerðin að verulegu leyti, að færa til á þennan hátt. Ég geri mér einnig grein fyrir að það yrði mjög erfitt að finna tekjustofna í staðinn á annan hátt heldur en tengja það beinu sköttunum og ég er ekki búinn að sjá að það að leggja á bifreiðaskatta eða umhverfisskatta eða eitthvað annað slíkt hefði komið betur út fyrir einstaklingana í þjóðfélaginu. Hverjir hefðu borgað það á endanum? Það hefði endað þar og þá sé ég nú ekki að það sé verri leið að setja þetta í samhengi við tekjuskattinn og útsvarið því að það er þó skattur þar sem lægstu tekjurnar eru varðar. Hitt er svo annað mál að ég gagnrýndi mjög harðlega í fyrravetur þá aðgerð ríkisstjórnarinnar að breyta skattleysismörkunum á þann hátt sem þá var gert og að mínu mati gekk þveröfugt við þá stefnu sem ég var hér að nefna, að verja lægstu tekjurnar.

Að öðru leyti ætlaði ég, virðulegi forseti, fyrst og fremst að ræða hér um vaxtamálin. Ég var á pólitískum fundi norður í landi í gærkvöldi. Þar var mikið rætt um peningastefnuna og við þingmenn brýndir á því að halda áfram baráttu okkar fyrir breytingum þar á. Ég sagði reyndar þar að ég hefði rætt þetta við viðskrh. í gær, fjmrh. deginum áður og ég skyldi halda áfram að flytja þessa ræðu um vextina á hverjum degi ef svo bæri undir ef ég fengi tækifæri til þess og það tækifæri gefst hér í dag.

Hæstv. forsrh. ræddi nokkuð um vextina og sagði réttilega að bankarnir væru að slást við afskriftir vegna fjárfestinga fyrri ára. Það er hins vegar ekki þannig að það sé eingöngu vegna þess að það hafi allt saman verið offjárfestingar. Það er að hluta til vegna þess að vextirnir hafa viðvarandi verið allt of háir, hærri heldur en atvinnulífið í landinu stendur undir og það er svo enn. Við erum komnir í þann vítahring að bankarnir pína upp vaxtamuninn hjá þeim sem enn þá geta borgað vexti til þess að borga afskriftirnar fyrir hina sem eru farnir á hausinn. Þetta er vítahringur, eins og ég sagði, því það verða alltaf fleiri og fleiri eftir því sem vaxtamunurinn er hækkaður sem heltast úr lestinni og skuldir þeirra bætast við afskriftasjóðina.

Ef ekki verður horfið af þessari braut þá blasir ekkert annað við en hrun peningakerfisins innan örfárra missira. Þetta er hin napra staðreynd í málinu og það er allt of billegt eins og hæstv. forsrh. nefndi að þessu gætu bankarnir mætt með því að auka stöðugt vaxtamuninn og þeir þyrftu á því að halda. Það setur bara meiri hraða á þessa rúllettu.

Ég spyr einnig hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin hafi ekki séð fyrir afleiðingarnar á vextina í landinu sem hlutust af efnahagsaðgerðunum í sumar. Þar á ég fyrst og fremst við gengisfellinguna. Sá hæstv. ríkisstjórn það virkilega ekki að hækkun á innflutningi, hvort það var nú kaffi eða sykur eða hvað annað, fannst hæstv. ríkisstjórn rétt að sú hækkun væri öllsömul mæld í lánskjaravísitölunni og yrði til þess að lyfta öllum

vaxtafætinum í landinu upp? Þarna brugðust stjórnvöld að mínu mati mjög alvarlega, að taka ekki lánskjaravísitöluna úr sambandi þegar verðlagsþróunin var komin á það stig sem hún hefur verið síðustu tvö árin og ég held að við séum öll sammála um að við viljum standa vörð um og varðveita þann árangur. Það var ekki gert með þeim afleiðingum að fyrirtækin í landinu, og nú tala ég um þau sem eru miðlungi skuldsett og þar yfir, byrjuðu á því að taka inn á sinn rekstur gengistapið af gengisfellingunni. Sumt fellur til gjalda á þessu ári, annað ekki fyrr en seinna. Síðan beint í kjölfarið tóku þau á sig vaxtahækkun og það verulega vaxtahækkun á öllum innlendum fjárskuldbindingum. Það mikla vaxtahækkun að vikum og mánuðum saman hafa raunvextir hér á Íslandi, því ég geri engan mun eins og staðan er í dag á nafnvöxtum og raunvöxtum, hafa raunvextir hjá fyrirtækjum og heimilum, fyrirtækjum sem ekki geta hækkað sínar afurðir og heimilum sem ekki fá hækkaðar sínar tekjur, hafa raunvextir á skammtímaskuldbindingum verið á bilinu 15–20%. Þetta staðfestist í vaxtaskýrslu sem hér er nýlega komin út. Raunvaxtamælikvarðinn er nefnilega svo blekkjandi. Ef við erum með 15% nafnvexti eins og nú er eða eitthvað nálægt því, ég man það ekki alveg upp á prósentustig, þá eru þeir sem eru með óbreyttar tekjur með 15% raunvexti. Hjá hinum sem hafa einhverja hækkun á móti er það eitthvað lægra. En lítum til að mynda á þá sem hafa verið að koma yfir sig húsnæði og hafa bundið sitt lánsfé í fasteignum, fasteignum sem hafa lækkað í verði. Hverjir eru raunvextirnir þar? Ég spyr hæstv. forsrh. Þeir eru einhverjir allt aðrir og enn þá hærri.

Staðreyndin er nefnilega sú að vaxtauppbyggingin í okkar þjóðfélagi á sér enga rökræna skírskotun til annarra efnahagsþátta hjá okkur. Því betur virðist þetta ljós vera að renna upp fyrir ríkisstjórninni núna en það hefur hins vegar ekkert komið fram enn þá hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að taka á þessu máli í framtíðinni. En meðan þetta ástand varir, meðan fyrirtækin eru að slást við allt upp í 20% vexti og meðan sömu fyrirtæki eru að verulegu leyti að fjármagna sig með skammtímalánum verður engin nýsköpun í atvinnulífinu. Með þessari stefnu eru menn að keyra sig lengra og lengra niður í lægðina og bíða eftir því að það komi að hruninu.

Hæstv. forsrh. sagði áðan að bankarnir yrðu að fá að taka vaxtamun til þess að vinna úr þessum afskriftum vegna tapaðra útlána. Hvernig hafa nágrannaþjóðir okkar brugðist við þessu? Hvernig hafa Norðmenn brugðist við þessu? Þeir gerðu það ekki þannig að láta þetta allt saman skella á þeim sem enn standa í skilum með sín lán. Það er ekkert siðferði í slíku. Að mínu mati verður þetta ekki leyst fyrr en menn horfast í augu við vandamálið og taka út fyrir sviga einhverja upphæð í þessu dæmi. Það verður að gera á margvíslegan hátt, það verður að gera með verulegum lánalengingum, það verður að gera með því að styrkja eiginfjárstöðu fjármunastofnana, það verða eigendur að gera og það verður ríkissjóður að gera, það verður ríkið að gera gagnvart ríkisbönkunum ef á þarf að halda. Fyrst og fremst gengur það ekki að við þessar aðstæður sé höfuðstóll þeirra sem eiga peningana alltaf tryggður númer eitt.

Í þjóðarsáttinni 1990 viðurkenndu aðilar vinnumarkaðarins að ef menn eyddu umfram það sem þeir öfluðu, ef laun væru hærri en það sem atvinnulífið stæði undir á hverjum tíma þá kæmi það ekki öðruvísi fram en í aukinni verðbólgu og með þeim vítahring sem því fylgir. Fjármagnseigendur hafa ekki fengist til þess að viðurkenna þessa staðreynd enn. Fjármagnseigendur hafa enn krafist þess að allar mældar vísitölur á Íslandi hækki þeirra höfuðstól hvað sem líður greiðslugetu íslensks atvinnulífs og íslenskra heimila. Þetta er að mínu mati eitt allra stærsta málið sem við höfum við að glíma núna og ég skora á hæstv. ríkisstjórn, þar sem hún virðist vera búin að átta sig á þessu ef marka má ummæli síðustu daga og þessa skýrslu sem hér er komin fram, að taka á þessum málum.

En ég segi hins vegar líka að því miður þá hefur hæstv. ríkisstjórn ekki tekið mark á varnaðarorðum okkar stjórnarandstöðumanna á þingi síðustu tvö ár. Ég er búinn að halda þessa ræðu sem ég er að flytja hér núna ekki einu sinni og ekki tvisvar, ekki eingöngu í gær og í fyrradag, ég er búinn að halda hana margsinnis á síðustu tveimur árum. Svörin hafa alltaf verið þau að þetta fari allt í einu að koma af sjálfu sér. Fyrst átti það að koma ef tækist að ná niður ríkissjóðshallanum, minnka þensluna. Þenslan minnkaði, vextirnir lækkuðu ekki. Síðan kom hæstv. fyrrv. viðskrh. og sagði: Þetta er af því að það er fákeppni, nú breytum við lögum og leyfum erlendum bönkum að starfa hér á landi og þá lækka vextirnir. Það er búið að breyta þeim lögum og vextirnir, ef eitthvað er, hafa hækkað. (**Gripið fram í:** Það hafa engir bankar komið.) Nei, það er að vísu rétt það hafa ekki komið hér bankar og það eru kannski engar líkur á því að vextir lækkuðu við það því ég er nánast fullviss um það að erlendar fjármálastofnanir sem hér kæmu mundu staðsetja sig eins nálægt því vaxtastigi sem er í landinu og þær geta því þær mundu ekki koma í neinni góðgerðastarfsemi, þær mundu væntanlega koma hér til þess að njóta góðs af þeirri veislu sem hér hefur verið fyrir þá sem eiga peninga.

Málið er það að á þessu verður ekki breyting fyrr en aðilar setjast niður og tala saman á svipaðan hátt og gert var varðandi þjóðarsáttina varðandi kjarasamninga. Þetta er ekki flóknara en það. Ég varpa því hér fram til hæstv. forsrh. varðandi skatta á fjármagnstekjur, sem ég tel brýnt réttlætismál að verði gert og verði tekið upp á næstunni, hvort ekki væri skynsamlegra í þessari stöðu ef menn settust niður og reyndu að tala vextina niður, ef ekki má tala um handafl, að menn næðu einhverju samkomulagi um það að fresta um sinn að skattleggja fjármagnstekjur en sameinast þess í stað um að lækka vextina verulega. Það væri einhver sú mesta bót sem gæti komið fyrir atvinnurekstrinn í landinu og heimilin. Það væri sú öflugasta aðgerð sem nú væri hægt að gera til þess að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað því það eru ekki allar aðstæður slæmar í dag. Við búum við eitt mesta aflaár í

Íslandssögunni til sjávarins. Það hefur orðið minnkun varðandi þorskinn en það hafa aðrar tegundir komið inn í staðinn, það hefur komið rækja, það hefur komið meiri loðna og því betur þá eru menn á ýmsum sviðum í sjávarútveginum að fara yfir á brautir sem gefa okkur meiri tekjur úr takmörkuðum afla. Þannig að ég vil enn ganga eftir því við hæstv. forsrh. á hvern hátt ríkisstjórnin hugsar sér að ná niður vöxtum á næstunni.

Einn stjórnarþingmaður kom í fyrradag og talaði um að það væri fyllilega raunhæft að lækka raunvexti mjög hratt um 3 prósentustig. Ég er honum sammála og reyndar settum við framsóknarmenn þetta fram í okkar grænu bók í vor sem leið. Það var einu sinni sagt úr þessum stól: Vilji er allt sem þarf. Það er allt sem þarf núna til að lækka vextina, það er vilji, það er vilji aðila fjármagnsmarkaðarins og það er vilji ríkisstjórnarinnar til þess að leiða þessa aðila saman til þess að taka á þessum málum.

[13:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get verið hv. þm. sammála um það að við núverandi aðstæður séu nafnvextir í þjóðfélaginu raunverulega raunvextir. Að því leyti til er það mikilvægt að nafnvextirnir lækki og fylgi verðbólgunni sem fer hraðlækkandi, þá er þar um raunvaxtalækkun að ræða gagnvart flestum fyrirtækjum. Þessi verðbólgukippur sem fylgdi gengisbreytingunni gengur hratt niður og þar með vonandi vextirnir.

Ég get líka verið sammála hv. þm. um að það er visst hættuspil við núverandi aðstæður að setja fjármagnstekjuskatt á þó að langflestir í þjóðfélaginu séu sammála því að til lengri tíma horft sé það sanngirnismál að tekjumyndun með þeim hætti lúti sömu lögmálum og tekjumyndun með einhverjum öðrum hætti, hinni venjulegu vinnu eða eignatekjumyndun.

Vegna lánskjaravísitölunnar sem hv. þm. nefndi þá held ég að það hafi ekki verið efni til þess að taka hana sérstaklega úr sambandi og efast um að það hefði staðist lagalega í tengslum við gengisbreytinguna, ef hann meinti það. Ég hef kannski misskilið hann. En ég vek þó athygli á því að með breytingunni sem gerð var og orkaði vissulega tvímælis þá er það svo að lánskjaravísitalan mælir ekki verðbreytingar í þjóðfélaginu með sama hætti og áður því launavísitalan var sett inn í hana að þriðjungi til og á samdráttartímum í launum sem öðru þá dregur það úr vægi lánskjaravísitölunnar. Við skulum vona að laun fari til lengri tíma horft hækkandi í landinu. Það hefur sem betur fer gerst nokkuð þótt hægt hafi farið. Þannig að þá er hætt við að launavísitalan mundi frekar virka til hækkunar á lánskjaravístölu. En á undanförnum allmörgum árum þá hefur hún virkað til lækkunar á lánskjaravísitölunni.

Vaxtanefndin hefur skilað hugmyndum um ráð til að lækka vexti. Þær hugmyndir eru núna í athugun hjá ríkisstjórn. Ég tel að vaxtamyndasamningur bankanna sem kannski hefur ekki áhrif til vaxtalækkunar við núverandi aðstæður sé einmitt til þess fallinn að ef menn þurfa í framtíðinni að grípa til aðgerða af því tagi sem við þurftum að gera sl. vor og sl. haust þá mundi vaxtamyndasamningurinn einmitt leiða til þess að menn mundu ekki lenda í verðbólgukippi í jafnríkum mæli og menn lentu nú.

[13:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að lýsa vonbrigðum mínum að hæstv. forsrh. gefur ekki skýrari svör um það hvernig ríkisstjórnin hyggist lækka vexti. En hæstv. ráðherra sagði þó að hæstv. ríkisstjórn hefði horft á það aðgerðalaust í sumar að raunvextir fóru upp í nítján komma eitthvað prósent, ég man ekki hvað mikið. Að vaxtatoppurinn fór upp fyrir verðbólgutoppinn sem kom á eftir gengisfellingunni. Það held ég að þekkist hvergi í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við og í þeim gengisfellingum sem þar hafa verið gerðar á síðustu árum að vextir hafi síðan fylgt á eftir og upp fyrir verðhækkunartoppinn. Ég hygg að þess muni hvergi finnast dæmi.

Í öðru lagi nefndi hann annað dæmi um samsetningu vísitölunnar og í því dæmi kannski fólst að hluta til hvað þessi vísitöluleikur er vitlaus því hann sagði: Ef laun færu hækkandi þá mundi það mælast í lánskjaravísitölunni og hækka allan vaxtafótinn. Og þá sjáum við fáránleikann í þessu kerfi ef það á að mælast ef menn telja að það sé grundvöllur fyrir að bæta eitthvað launakjör í landinu að þá eigi einnig að hækka um leið sjálfkrafa allan vaxtafótinn. Þetta er algjörlega órökrétt og kannski eitt mest lýsandi dæmi um það hvað það er rangt að vera í þessum vísitöluleik ef menn vilja halda verðlagi stöðugu því að í stöðugu verðlagi er hættan sú, það var hægt að hugsa sér að þetta væri raunhæft meðan við bjuggum við verðbólguna, að þessi vísitöluleikur allur skrúfi verðlagið upp á sjálfvirkan hátt, á allt annan hátt heldur en menn vilja starfa.

[13:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að þessi breyting á lánskjaravísitölunni var gerð í tíð síðustu ríkisstjórnar og flokkur hv. þm. átti auðvitað fulla aðild að þeirri breytingu. Hún kemur mönnum til góða í skamman tíma og er freistandi að því leyti til en til lengri tíma horft þá vonandi kemur hún okkur illa. Það er dálítið skrítið að orða þetta svo, en við erum að vona það að laun muni í framtíðinni hækka heldur meira en verðlag og það rætist úr hjá þjóðinni og þá mundi þessi breyting koma okkur illa þegar fram í sækir.

Sú er staðreyndin jafnframt að þegar rætt er um vaxtatoppinn þá var það svolítið mismunandi hvernig bankarnir tóku á því. Sumir bankanna kusu að taka toppinn mjög hátt og hratt og ganga þá hraðar niður. Aðrir bankar kusu að taka þetta með jafnari hætti á lengri tíma. Ég vona að þetta ætti að skýrast og sjást þegar verðbólgan gengur niður eins og hún er að gera núna þannig að þá sjáist að menn eru ekki að notfæra sér stöðuna. Ég vek líka athygli á því eins og kom fram í fyrri umræðum að vextir á skammtímaríkispappírum fylgdu ekki þessum toppi og það er mikil-

vægt. Ríkispappírarnir hafa verið að lækka, bankarnir hafa vitnað til þeirra á undanförnum árum. Fjármagnsþörfin hefur snarlækkað, hin opinbera fjármagnsþörf, það á líka að hjálpa til lengri tíma til þess að raunvextir í gamla skilningnum lækki, ekki bara nafnvextir.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru nokkur atriði sem ég vil víkja hér að í framhaldi af ræðu hæstv. forsrh. fyrr á fundinum og vel að merkja vil ég fyrst þakka honum fyrir að svara því sem fyrir hann var lagt og sjálfsagt að meta það sem vel er gert. Hæstv. forsrh. hefur greinilega fylgst vel með umræðunni og tekið niður þær spurningar sem til hans var beint og ég get í flestum tilvikum verið ánægður með svörin að því leyti til að hann reyndi heiðarlega að svara því sem um var spurt.

Í fyrsta lagi varðandi setningu bráðabirgðalaga í þessu tilviki þá telur hæstv. forsrh. það vera sér eða ríkisstjórninni til málsbóta að um efni laganna sé ekki ástæða til að ætla að sé mikill ágreiningur. Út af fyrir sig er það þannig, a.m.k. pólitískt séð, að því get ég verið sammála að það er til bóta ef gripið er til þessa ráðs að setja bráðabirgðalög að þar séu þá ekki á ferðinni mjög umdeild deilumál. Formlega séð hins vegar breytir það í sjálfu sér ekki því að fyrir hendi voru ekki þær brýnu knýjandi aðstæður eftir að kjarasamningar höfðu verið gerðir vorið 1993 að ekki hefði, miðað við núverandi fyrirkomulag, verið tiltölulega auðvelt að kalla þingið saman eða öllu heldur kveðja þing til fundar sem situr allt árið eins og kunnugt er. Spurningin snýr meira að því hvort þessar forsendur sem menn ætluðu sér að þrengja með lagabreytingunum síðast og var af mörgum talið að væri í raun og veru einungis látið halda sér sem neyðarákvæði í tilviki náttúruhamfara eða annarra slíkra aðstæðna, væri óhjákvæmilegt að beita lagasetningarvaldinu tafarlaust. Ég held að slíkar forsendur hafi alls ekki verið á ferðinni þarna í maí og tiltölulega auðvelt hefði verið að kveðja þingið saman, t.d. til tveggja daga funda, til að afgreiða þessi lög. En hitt er út af fyrir sig nokkur málsvörn að það er rétt, hygg ég vera, sem hæstv. forsrh. segir, að um efni þessa frv. sem slíks er ekki ástæða til að ætla að sé mikill pólitískur ágreiningur. Fremur um efndirnar eða framkvæmdina á fyrirheitum og skuldbindingum ríkisins að þessu leyti.

Þá vil ég í leiðinni fagna því og tel það reyndar nokkur tímamót og til marks um það að hæstv. forsrh. er nokkuð breyttur maður eins og hann birtist okkur nú á hinu háa Alþingi. (**Forsrh.:** Í hverju er breytingin fólgin?) Í þeim hógværu og merkilegu ummælum sem hæstv. forsrh. hafði um setningu bráðabirgðalaga um Kjaradóm fyrir rúmu ári síðan. Hæstv. forsrh. lýsti því hér yfir að hann hefði að nokkru leyti skipt um skoðun frá því þá og teldi nú, eftir á að hyggja, að það hefði verið heppilegra og eðlilegra að kalla þingið þá saman. Þessu fagna ég. Ég tel hæstv. forsrh. vera heldur mann að meiri að viðurkenna þetta og fallast þar með á að nokkru leyti eða taka undir þá hörðu gagnrýni sem við margir hverjir höfðum uppi gagnvart þeirri bráðabirgðalagasetningu. Hún var að sjálfsögðu, eins og þá var í pottinn búið, með öllu óásættanleg miðað við þau markmið að bráðabirgðalagasetning heyrði sögunni til nema þá sem hreint neyðarúrræði.

Í öðru lagi vil ég aðeins víkja að því sem hæstv. forsrh. sagði um Hagræðingarsjóð. Þar verð ég að segja, á hinn bóginn, að mér fannst hæstv. forsrh. ætla sér að fara fullbillega frá málinu. Það er auðvitað ekki þannig að hægt sé að hafa jafnskýran lagabókstaf og er í 6. gr. laganna um Hagræðingarsjóð, teygjanlegan bara svona eftir hendinni. Þó svo einhver ríkisstjórn áformi að leggja einhvern tíma síðar fram frumvörp sem breyti þeim lagatexta þá er hann gildandi lög í landinu og hann er alveg afdráttarlaus. Það stendur í upphafi 6. gr. laganna, með leyfi forseta:

„Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa“ o.s.frv. „Við upphaf hvers fiskveiðiárs skal gefa útgerðum skipa í landinu sem aflakvóta hafa kost á því að neyta forkaupsréttar að þeim veiðiheimildum sem þá hafa ekki verið boðnar sveitarfélögum á grundvelli hinna sérstöku ákvæða þar um.

Þau sveitarfélög sem ætla sér að nýta rétt sinn eða sækja um, skulu hafa gert það mánuði áður en fiskveiðiárið hefst. Enda mun það vera svo að stjórn Hagræðingarsjóðs er þegar búin að útkljá þann þátt málsins og ef ég man rétt gefa byggðarlaginu Bíldudal kost á því að kaupa okkrar aflaheimildir úr þessum óskipta sjóði. Í beinu framhaldi af því er það lagaskylda stjórnar Hagræðingarsjóðs að bjóða útgerðum allra skipa sem veiðiheimidir hafa að nýta sér forkaupsrétt sinn og það er að verða liðinn einn og hálfur mánuður frá því að stjórnin átti að hefja framkvæmd þessarar lagaskyldu. Og það er ekki þannig að skýr og afdráttarlaus lagaákvæði, tímasett lagaákvæði af þessu tagi, séu bara eins og harmoníkubelgur sem menn geti teygt fram og til baka. Auk þess verður að minna á það að hæstv. ríkisstjórn hefur nú gengið svona og svona að lenda hinum viðkvæmari málum í sambandi við stjórn fiskveiða. Er einhver vissa fyrir því að hæstv. ríkisstjórn hafi í hendi meiri hluta til að afgreiða breytingar á lögum um Hagræðingarsjóð á skömmum tíma í gegnum þingið? Ég held ekki. Eða þróunarsjóð, þó hann komi til með að heita það? Og þá er þetta auðvitað orðin spurning um það, geta menn bara í slíkum pólitískum tilgangi teygt á svona lagaákvæðum út í hið óendanlega?

Ég tel að þetta með forkaupsréttinn sé náttúrlega ekki neitt smámál. Það sé ekki rétt hjá hæstv. forsrh. að orða það svo að þar sé um óverulegan hluta málsins að ræða. Nú liggur það fyrir að veiðiheimildir hafa verið skertar og þar með eru væntanlega, að breyttu breytanda, meiri líkur á því að útgerðirnar nýti sér forkaupsréttinn, vegna þess að þær eru í þrengri stöðu með sínar veiðiheimildir miðað við skipakost. Þær hafa tekið á sig enn eina skerðinguna og hafa þar af leiðandi enn minna svigrúm til þess að nýta sér ekki þennan forkaupsrétt.

Í þriðja lagi um framkvæmdir samkvæmt yfirlýs-

ingu ríkisstjórnarinnar. Hæstv. forsrh. afgreiddi það mál í raun að nokkru leyti til þannig að við þær yrði staðið, með öðrum orðum að það sem kynni að vanta upp á núna yrði þá lagfært. Og síðan fullyrti hæstv. forsrh. að hann hefði ekki heyrt efasemdir um að varðandi yfirstandandi fjárlagaár stæði ríkisstjórnin við sinn hlut þó að álitamál kynnu að vera uppi gagnvart árinu 1994, miðað við forsendur fjárlagafrv. Þá er best að hæstv. forsrh. heyri þær efasemdir nú. Ég hélt því fram í minni ræðu í gær að það vantaði um hálfan milljarð kr. upp á, samkvæmt yfirstandandi fjárlögum, að ríkisstjórnin eða ríkið legði til framkvæmda í heild það sem forsendur samningsins hljóða upp á eða um 16 milljarða og 450 millj. í stað þeirra 17 sem samningurinn gerir ráð fyrir. Á næsta ári er samkvæmt einfaldri samlagningu í yfirlitstöflu í greinargerð fjárlagafrv. ekki ætlunin að verja nema tæpum 15 milljörðum í heild til þessara liða, fjárfestingar og viðhalds. Þá vantar um 1.200 millj. upp á að þeim 16 milljörðum sé náð sem fjallað er um á bls. 2 í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga frá því í maí sl. Samtals er þetta vöntun upp á 1.800 millj. og ég held að þessa hluti verði auðvitað að fá alveg á hreint.

Mér er sagt að hæstv. fjmrh. hafi aðspurður vísað í B-hluta fjárlaganna eða B-hluta stofnanirnar og talið að með þeirra fjárfestingum til framkvæmda og viðhalds mundi þetta nokkuð lagast. En þegar skoðað er hvernig fjárfestingar B-hluta stofnananna hafa breyst milli ára þá versnar dæmið en batnar ekki vegna þess að það hefur dregið úr fjárfestingum B-hluta stofnananna miðað við fyrri ár, einmitt á þessum sömu tímamótum. þannig að ríkisstjórninni er því miður ekki heldur vörn í því að vísa í B-hlutann. Eftir stendur þá að miðað við upplýsingar úr fjárlagafrv. sjálfu, yfirlitstöflur um fjárfestingar, byggingar og viðhald á þessum tveimur árum, yfirstandandi fjárlagaári og því næsta, er um verulega vöntun að ræða. Slíkar tölur hljóta menn að geta sannreynt og lagt á borðið, hvernig sem menn taka síðan á því í framhaldinu og hvaða afleiðingar sem það hefur í samskiptum aðila vinnumarkaðarins o.s.frv. Um það ætla ég kannski ekki að tjá mig, enda ekki okkar hlutskipti í sjálfu sér hér á Alþingi að hafa miklar skoðanir á því. Það er mat og ákvörðun aðila vinnumarkaðarins, í þessu tilviki væntanlega fyrst og fremst verkalýðshreyfingarinnar, hvort hún telur þarna vera á ferðinni vanefndir sem gera það að verkum að hún sjái sig knúna til uppsagnar kjarasamninga.

Um hafnargjöldin held ég að standi í sjálfu sér ekki efnislegur ágreiningur. Ég hef hvergi haldið því fram að ríkisstjórnin hafi beinlínis lofað að fella niður sérstök álög á hafnargjöld í tengslum við þessa samninga. Ég fjallaði fyrst og fremst um það mál út frá sanngirnissjónarmiðum í þessum samskiptum. Eins og hæstv. forsrh. snýr málinu þá lá nú næstum að segja í orðunum, að það hefði verið af sérstakri greiðasemi við þau sveitarfélög sem endilega vildu lækka hafnargjöld sem ríkisstjórnin hafði fallist á að opna til þess lagaheimildir. Og það kann vel að vera að einhver sveitarfélög, með best staðu hafnirnar, hafi verið meira en tilbúin til þess að gera m.a. vegna þess að það hafi verið nokkur samkeppni t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu milli sveitarfélaga um viðskipti. En ég óttast að allur þorri sveitarfélaganna, sem t.d. rekur fiskihafnir hringinn í kringum landið, hafi talið þetta talsverða fórn sem þau væru að færa, með lækkun gjaldskrár af þessu tagi. Þegar þau horfa síðan upp á það að ríkið hefur farið inn á þennan tekjustofn og tekið sér þar aukinn hlut á undanförnum árum og ætlar á sama tíma að halda því til streitu, þá er auðvitað ekki mjög góður svipur á því, hæstv. forsrh., hvort sem það er vanefndamál í sjálfu sér eða ekki, því hef ég ekki haldið fram og skal ekkert um fullyrða.

Ég minni þó á, ég man ekki betur, en ríkisstjórnin hafi gert meira en vera bara hlutlaus í málinu og hafi gert meira en hlutast bara til um lagabreytinguna. Ég man ekki betur en ríkisstjórnin hafi beint tilmælum, og það býsna eindregnum, til sveitarfélaganna um þessa lækkun. Alla vega komu slík tilmæli fram af einhverra hálfu í tengslum við þessa samningagerð og ég man ekki betur en ríkið hafi átt þar hlut að máli.

Að síðustu nokkur orð, hæstv. forseti, um aðstöðugjaldið. Það er greinilega alveg nauðsynlegt að fara yfir það mál, að draga fram í dagsljósið ræður og pappíra sem því máli tengjast. Því nú er í raun látið í veðri vaka að það ætti ekki að koma neinum manni á óvart þó þessi tekjustofn, upp á um 4 milljarða kr., verði gerður að hreinum launamannaskatti samanber forsendur fjárlagafrv. Og hæstv. forsrh. sagði hér að skýrasta vísbendingin um í hvað stefndi hefði átt að vera sú að þetta var fjármagnað í fyrra eða öllu heldur á þessu ár með 1,5% hækkun tekjuskatts. En hæstv. forsrh., það var margítrekað að þar væri um hreina bráðabirgðaráðstöfun að ræða á meðan nefnd yrði sett í það að skoða með stjórnvöldum nýja tekjustofna sem kæmu í staðinn. Og ég fullyrði, það var aldrei sagt á þeim tíma að um það hefði verið tekin endanleg ákvörðun að þetta skyldi breytast yfir í hreinan launamannaskatt. Ég held þvert á móti að menn hafi almennt trúað því að það sem yrði skoðað yrði m.a. að nýir skattar, t.d. afkomutengdir skattar á fyrirtækin, kæmu að hluta til í staðinn fyrir aðstöðugjaldið. Ég hef aldrei heyrt það t.d. að menn hafi komið hér í ræðustól eða gefið um það yfirlýsingar að það ætti að gefa Eimskipafélagi Íslands þetta varanlega eða öðrum fyrirtækjum sem hafa gert það gott í landinu á undanförnum árum. Það var nefnt, hverjir sem hafa nú staðið fyrir þeirri umræðu, að til greina gætu komið einhver afkomutengd gjöld, umhverfisgjöld, skattar á umferð eða aðrir slíkir hlutir. Ég býst við því að flestir hafi gert ráð fyrir því að þarna yrði að einhverjum hluta til um tilfærslu að ræða yfir í launamannaskatta. En ég held að því hafi aldrei verið haldið fram að svo yrði einhliða. Þvert á móti reyndu menn í fyrra að skjóta sér á bak við það fyrst og fremst að um bráðabirgðaráðstöfun væri að ræða, að fjármagna þetta með tekjuskattinum í eitt ár, um bráðabirgðaráðstöfun. En ég óska hins vegar íhaldinu í Reykjavík til hamingju með það að leggja upp í borgarstjórnarkosningar með þessa hækkun á útsvari og verði þeim að góðu. Það verður þeim örugglega til mikils framdráttar hér í borg-

inni að hafa það veganesti inn í kosningabaráttuna að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh. og fyrrv. borgarstjóra í Reykjavík, hafi m.a. afrekað það að láta þau hafa í malinn þetta nesti á kosningaári, að keyra útsvarið upp um 1,5% í Reykjavík.

Hitt er svo það sem er alveg óhjákvæmilegt að minna á í þessu sambandi, að samtímis þessu er ríkisstjórnin að lækka eina afkomutengda skattinn sem atvinnulífið í landinu ber, tekjuskatt fyrirtækja, stórkostlega milli ára. Og það er auðvitað sýnu alvarlegra mál þegar það er boðað í samhengi við niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Því væntanlega mundi niðurfelling aðstöðugjaldsins í einhverjum mæli, að svo miklu leyti sem það skilar sér þá ekki út í lægra verðlagi, færast yfir í hagnað þeirra fyrirtækja sem eru að hagnast á annað borð. Þannig hefði niðurfelling aðstöðugjaldsins að einhverju leyti skilað sér inn í ríkissjóð í gegnum tekjuskatt fyrirtækjanna, ef hann hefði verið lagður á með svipuðum hætti og áður var, en það var ekki gert heldur er tekjuskattur fyrirtækja lækkaður á tveimur árum úr 45% niður í 33%. Það finnst mér vera fullmikil rausnarsemi við þau fyrirtæki sem hafa haft bærilega afkomu að gera þetta hvort tveggja samtímis. Og nú er rétt að minna á það, ef menn skyldu vera búnir að gleyma því, að þegar um tekjuskatt fyrirtækja er að ræða er að sjálfsögðu eingöngu um að ræða skattlagningu þess hagnaðar sem eftir stendur í fyrirtækjum þegar þau hafa nýtt sér allar frádráttarheimildir og gert upp allan sinn kostnað, þar á meðal t.d. afskriftir að fullu samkvæmt skattalögum. Þannig að inni í fyrirtækjunum er búin að eiga sér stað mikil fjármunamyndun áður en til skattlagningarinnar kemur. Menn segja stundum að það sé gott að hafa tekjuskatt fyrirtækjanna lágan vegna þess að þá hafi þau meiri hagnað til að setja í uppbyggingu og fjárfestingar. En fyrirtækin geta gert það í eigin rekstri eins og skattalög leyfa, áður en tekjuafgangur þeirra skattleggst. Þannig að það eru ekki rök nema að litlu leyti og eiga þá fyrst og fremst við um fjárfestingu fyrirtækjanna í öðrum fyrirtækjum eða kaup út fyrir rekstur viðkomandi fyrirtækis. Og við þær aðstæður sem við búum við í okkar þjóðarbúskap, halla á fjárlögum upp á tugi milljarða og fjárlagafrv. sem í fyrsta skipti í sögunni birtist okkur hér á borðum með næstum 10 milljarða halla, þá er það auðvitað alveg kostulegt að sjá einmitt þar tillögur um enn frekari lækkun á tekjuskatti lögaðila. Ég held að það sé meiri rausnarsemi heldur en við höfum efni á við þessar aðstæður. Og þetta allt saman er í raun gert undir yfirskini erfiðleika hluta af fyrirtækjunum í landinu, sérstaklega sjávarútvegsins. Og ef það sem vakir fyrir mönnum fyrst og fremst, með niðurfellingu aðstöðugjaldsins og með lækkun tekjuskatts, er að koma sjávarútveginum til aðstoðar, þá til eru til margar aðrar leiðir heldur en sú að lækka um leið bæði tekjuskattinn á Eimskipafélaginu og fella niður á því aðstöðugjaldið eða öðrum fyrirtækjum sem eru að hagnast. Þess vegna held ég, hæstv. forsrh., að það sé alveg óhjákvæmilegt, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, að yfir þessar tilfærslur í skattakerfinu verði farið. Ég held að það sé verið að þyngja skattbyrðina á ákveðnum tekjuhópum almenns launafólks óheyrilega núna á þessum árum og við skulum minnast þess að það eiga fleiri í erfiðleikum heldur en fyrirtækin. Heimilin geta átt það líka.

[14:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í gær talaði hv. 7. þm. Reykn. og fyrrv. forsrh. og sagði að eitt mesta hættumerkið sem nú væri á ferðinni væri lítil fjárfesting og þá einkum fyrirtækja. Ég er sammála honum um það. Spursmálið er: Hvaða fyrirtæki eru nú líklegust til að auka fjárfestingu á nýjan leik? Eru það ekki fyrirtæki sem kynnu að hafa nokkurn hagnað þó að hagnaður fyrirtækja hér sé yfirleitt mjög lágur miðað við það sem erlendis þekkist? Getur ekki einmitt verið að sú ráðstöfun að lækka aðstöðugjöldin og lækka tekjuskattinn gæti aukið svigrúm fyrirtækja til að fara í fjárfestingu sem er í lágmarki um þessar mundir? Ég svara því játandi. Ég tel þess vegna að aðgerðin sé fullkomlega eðlileg.

Í sjónarmiðum hv. þm. sem síðast talaði fólst að hann vill ekki hafa jafnræði í skattlagningu fyrirtækja. Hann vill ekki að þau fyrirtæki sem greiða skatta fái niðurfellingu á aðstöðugjaldi heldur bara þau fyrirtæki sem greiða ekki skatta. Það er afskaplega sérkennileg hugsun. Það verður að vera jafnræði í þessum efnum og það á einmitt að hvetja fyrirtæki til þess að sýna hagnað og vinna að því að sýna hagnað og stuðla að því að þau auki fjárfestingu.

Vegna þess sem hv. þm. sagði um bráðabirgðalögin vil ég benda á í sambandi við notkun bráðabirgðalaga í framtíðinni að áratugum saman var það kennt og viðurkennd lögfræði, sem átti stuðning í úrskurðum dómstóla, að bráðabirgðalöggjafinn sjálfur legði mat á það einn og sér og endanlega hvort hin brýna þörf væri til staðar. Þetta hefur breyst. Dómstólar hafa nú áskilið sér rétt til að meta það hvort skilyrði sé fyrir hendi eða ekki. Þetta hygg ég að muni leiða til þess að bráðabirgðalöggjafinn, hver sem hann er í framtíðinni, muni fara varlegar en ella í setningu bráðabirgðalaga.

[14:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg óþarfi og ekkert tilefni til útúrsnúninga af því tagi sem hæstv. forsrh. var með hér, þ.e. að ég hafi talað fyrir því að það hefði átt að fella niður aðstöðugjald af sumum fyrirtækjum en öðrum ekki. Ég var hins vegar ósköp einfaldlega að benda á það að þegar hvort tveggja er gert samtímis, að aðstöðugjald er fellt niður af öllum fyrirtækjum, jafnt skuldugum sjávarútvegsfyrirtækjum sem eru í erfiðleikum sem hinum sem eru að græða og afkomutengdi skatturinn er lækkaður, þá er það auðvitað sérstaklega í þágu þeirra fyrirtækja sem áður greiddu einhvern tekjuskatt og það er það sem ég hef fyrst og fremst efasemdir um. Auðvitað þarf að ríkja jafnræði í skattlagningunni og ekki kæmi til greina að vera með t.d. eitthvert sértækt aðstöðugjald þó að við skulum nú minnast þess að það hafi verið hér bullandi sértækir skattar af því tagi. Eða hvað var mismunandi tryggingagjald? Hvað var skattur á skrifstofu- og verslun-

arhúsnæði en ekki annað húsnæði o.s.frv. til atvinnurekstrar? Við skulum því ekki tala eins og heilagir menn hér. Á hinn bóginn er það auðvitað svo að með tekjutengdu eða afkomutengdu sköttunum fyrst og fremst jafna menn út skattbyrðina með tilliti til afkomu og það er það ótrúlega sem er að gerast hér. Ég tel auðvitað að þessi tekjuskattsprósenta á fyrirtækin — að taka ekki nema 33% af endanlegum hagnaði þeirra að undangengnum fullum afskriftum og að undangenginni nýtingu á öllum frádráttarmöguleikum, á sama tíma og hver króna sem launamenn vinna er inn er skattlögð upp á 45% þegar komið er upp úr persónufrádrætti, og reyndar miklu meira ef jaðarskattprósentan að teknu tilliti til tekjutengingar bóta o.s.frv. er höfð í huga — sé komin úr öllu samræmi. Með þessu er líka verið að drepa niður t.d. þá sjálfstæðu einstaklinga í atvinnurekstri sem hafa kosið að gera upp sín fyrirtæki sem einkaaðilar, samanber Þorvald Guðmundsson skattakóng. Skattprósentan er núna orðin þannig að hann hlýtur að þurfa að stofna hlutafélag ef hann vill ekki vera að gefa ríkinu eða borga ríkinu tugi milljóna. (Forseti hringir.)

Svo vil ég segja, hæstv. forseti, ef ég má um bráðabirgðalagasetninguna og hlutverk dómstóla í því sambandi, (**Forseti:** Tíminn er búinn.) — ég veit það og er að ljúka máli mínu, forseti — gæti hugsast að málaferli sem standa yfir fyrir dómstólum landsins um bráðabirgðalagasetningu hæstv. ríkisstjórnar valdi einhverju um hógværð hæstv. forsrh. í þessum orðaskiptum?

[14:08]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að reyna að leika heilagan mann. Ég hef reyndar tekið eftir því að eini maðurinn sem virkar heilagur hér í þessum sal er nú formaður flokks hv. þm. og leiðtogi lífs hans. Ég held að við hinir þorum ekki að fara í þau sporin.

En varðandi sjávarútveginn sem nefndur var, þá hlýt ég að vekja athygli á því að þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið, ekki bara aðstöðugjaldið því að það tengdist náttúrlega mun fleirum heldur en sjávarútvegsfyrirtækjunum og reyndar í ríkari mæli, stærri hluti fyrirtækjanna, heldur aðgerðirnar almennt hafa styrkt mjög stöðu sjávarútvegsins sem við höfðum mjög miklar áhyggjur af sl. vor. Staðan er í sæmilegum járnum nú, má segja. Hins vegar er hallinn, að öðru jöfnu ef ekkert annað gerist, nokkur á næsta ári. En þá kemur það inn í myndina að greiðslubyrðin mun verða léttari vegna þess að allmikið af lánum fjölmargra fyrirtækja er fleytt af árunum 1994 og 1995 og kemur á móti þessum halla upp á 4,5% sem ég hygg reyndar að verði lægri því að inni í þeirri hallatölu eru hvorki hagræðingarátök sem hafa skilað árangri né heldur væntingar um nokkuð hærra verð sem ég held að menn megi búast við.

Ég held þess vegna að aðgerðirnar sem heild hafi dugað sjávarútveginum af því að hv. þm. nefndi hann sérstaklega, en það var óhjákvæmilegt um leið að hafa sem mest jafnræði í skattlagningunni og það hefur ríkisstjórnin leitast við að gera.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er hárrétt, hæstv. forseti, að menn hafa haft og hafa miklar áhyggjur af afkomu sjávarútvegsins. En ég held að einmitt niðurfelling aðstöðugjaldsins hafi ekki nema að litlu leyti komið sjávarútveginum til hjálpar sérstaklega. Og lækkun tekjuskattsins, ja því miður þekki ég nánast ekki eitt einasta sjávarútvegsfyrirtæki sem hefur nokkurn skapaðan hlut út úr því að tekjuskattur fyrirtækja sé lækkaður. Eða þekkir t.d. hv. 1. þm. Vestf. eitthvert sjávarútvegsfyrirtæki í svo miklum gróða að það hafi verið að borga tekjuskatt? (**Gripið fram í:** Það er til.) Það er til, jæja, kannski er það til, tvö eða svo. (**Gripið fram í:** Þau eru mjög fá.) Þau eru mjög fá. Ég held að þegar betur er að gáð borguðu og borga því miður sárafá fyrirtæki í sjávarútvegi tekjuskatt. Í öðru lagi liggur fyrir að vegna erfiðleika og taps í sjávarútvegi mörg undanfarin ár var aðstöðugjaldið í stórum stíl lækkað eða jafnvel fellt niður hjá sjávarútvegsfyrirtækjunum hringinn í kringum landið og hefur það haft sín áhrif á afkomu þeirra sveitarfélaga sem mestar fórnir hafa fært í því samhengi. Sem sértæk aðgerð gagnvart vanda sjávarútvegsins held ég að manni hafi dottið margt fyrr í hug en flöt niðurfelling aðstöðugjalds án þess að ég sé að draga úr því að það var á margan hátt gott að losna við þann skatt. En ef menn hefðu í staðinn a.m.k. að einhverju leyti haft manndóm í sér til að reyna að útfæra einhverja afkomutengda skatta þannig að betur stæðu fyrirtækin í landinu, tækju einhvern þátt í erfiðleikunum með öðrum, held ég að það hefði frekar verið hægt að ná um þetta einhverri sátt.

[14:12]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef ræða mín hér áðan hefur að einhverju leyti verið tilefni hv. þm. til ummæla hans varðandi niðurfellingu aðstöðugjaldsins og tekjur í staðinn þá vil ég taka fram til að forðast allan misskilning að að sjálfsögðu átti að mæta þessu að hluta með því að halda því tekjuskattshlutfalli sem var á fyrirtækjunum. Ef það hefði verið gert, þá hefðu betur stæðu fyrirtækin, þar sem niðurfelling á aðstöðugjaldinu hefði komið fram sem auknar skattskyldar tekjur, orðið að skila af því 45% inn í ríkissjóð. Þess vegna finnst mér alls ekki tímabær sú aðgerð sem ríkisstjórnin er að framkvæma núna að lækka tekjuskattinn á fyrirtækjunum. Auðvitað eiga þau að greiða afkomutengda skatta. Aðstöðugjaldið hins vegar, sem var skattur sem lagðist á kostnað fyrirtækjanna, er sú ranglátasta skattaferð sem hægt er að hafa gagnvart fyrirtækjum og sá skattur bitnar langsamlega þyngst á þeim sem eru að byggja sig upp, auk þess sem sá skattur safnaðist saman í innlendri framleiðslu umfram innflutning. Við getum fundið dæmi þess þar sem hið endanlega vöruverð á innlendri framleiðslu var búið að taka á sig 2–3 prósentustig í gegnum aðstöðugjaldið vegna þess að þar voru það margir liðir sem voru undirframleiðendur í viðkomandi framleiðslu. Það er síðan sorglegt, eins og ég nefndi í ræðu minni áðan, að þegar kemur að því að útfæra hluta af þessu sem tekju-

skatt eða útsvar, þá skuli ríkisstjórnin bregðast hvað það snertir að fara þannig að með skattleysismörkin að það kemur þyngra niður á þeim tekjulægri en öðrum.

[14:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé í raun enginn ágreiningur milli mín og hv. þm. um þetta atriði og ég tók ekki orð hans svo hér um niðurfellingu aðstöðugjaldsins að það væri í neinni mótsögn við það sem ég hafði sagt. Ég hafði einmitt nákvæmlega reynt að draga athyglina að þessu eðli þessara aðgerða, að með því að gera hvort tveggja samtímis, að lækka tekjuskattinn og fella niður aðstöðugjaldið, var verið að koma í veg fyrir það að þessi niðurfelling og bætt afkoma betur stæðu fyrirtækjanna skilaði sér þó a.m.k. að einhverju leyti inn í ríkissjóð í gegnum eðlilega skattlagningu eignar- og tekjuskatts þeirra. Ég held að það sé auðvitað mikið umhugsunarefni að tekju- og eignarskattur fyrirtækja skuli á tveggja ára tímabili vera að lækka úr eitthvað yfir 5 milljörðum kr. á núverandi verðlagi, samkvæmt ríkisreikningi ársins 1992, niður í 3,6 milljarða samkvæmt forsendum fjárlagafrv. á næsta ári. Minna má nú gagn gera heldur en lækka þennan stofn um eitthvað nálægt 1,5 milljarða kr. En samkvæmt ríkisreikningi ársins 1992 var tekju- og eignarskattur fyrirtækja, ef ég man rétt, tæpir 4,9 milljarðar á verðlagi þess árs.

Varðandi fjárfestingarnar og að það sé nauðsynleg leið til að örva þær að lækka svona tekjuskattsprósentu fyrirtækjanna minni ég á að fyrirtækin geta fjárfest í uppbyggingu í sínum eigin rekstri eða nýrri starfsemi á sínum vegum innan ramma gildandi skattalaga og hafa til þess ákveðnar afskriftareglur áður en kemur til framtalningar skattskylds hagnaðar. Ég held að hæstv. forsrh. viti eins vel og ég að allir hagfræðingar nefna fyrst vexti þegar spurningin snýr að því að reyna að örva fjárfestingu. Það eru vextir, vextir, vextir sem menn eru að lækka allt í kringum okkur til að örva efnahagslífið. Ég hef ekki heyrt mikið talað um lækkaða tekjuskattsprósentu á fyrirtækjum í Þýskalandi, Bandaríkjunum eða annars staðar þar sem menn eru að reyna að örva atvinnulífið um þessar mundir fyrst og fremst með lækkun vaxta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Stytting vinnutíma, 77. mál, þáltill. AÓB o.fl., þskj. 80.

Þingfararkaup alþingismanna, 1. umr.

Frv. EH o.fl., 31. mál (réttur til biðlauna). — Þskj. 32.

[14:17]

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Á þinginu 1978–1979 flutti svokölluð þingfararkaupsnefnd, sem þá var starfandi, frv. um biðlaun alþingismanna. Þessir menn, sem nú eru allir horfnir af þingi, voru hv. þm. Garðar Sigurðsson, Sverrir Hermannsson, Eiður Guðnason, Ingvar Gíslason, Friðjón Þórðarson og Árni Gunnarsson. Frv. þeirra, sem varð að lögum, er örstutt og vil ég, með leyfi forseta, hafa það yfir:

„1. gr. Alþingismaður sem setið hefur á Alþingi eitt kjörtímabil eða lengur á rétt á biðlaunum er hann hættir þingmennsku. Biðlaun skal greiða í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu en í sex mánuði eftir þingsetu í 10 ár eða lengur.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda þau einnig um þá sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar."

Greinargerðin með frv. var svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á síðasta þingi var þingfararkaupsnefnd sammála um að hér væri um réttlætismál að ræða og samþykkti að beita sér fyrir framgangi þess á þessu þingi. Allir opinberir starfsmenn njóta uppsagnarfrests. Síðan 1955 hafa og verið í gildi ákvæði um biðlaun ráðherra. Ætlast er til að þessi ákvæði laganna taki til þeirra þingmanna sem létu af þingmennsku við síðustu alþingiskosningar."

Frv. þetta var samþykkt í neðri deild með 20 atkvæðum gegn 3 og í efri deild með 12 atkvæðum gegn 5. Meginhluti þingmanna stóð því að frv. Í meðferð málsins var ágreiningur um tvennt: Að biðlaun skyldu aðeins ná til þriggja mánaða en ekki sex mánaða þótt tíu ára þingmennska væri að baki. Einnig var ágreiningur um afturvirkni laganna. Þeir sem vildu fara varlega og spara vildu aðeins þriggja mánaða biðlaun, en niðurstaðan varð að meginþorri þingmanna samþykkti lögin svo sem fyrr segir. Enginn þingmaður vakti athygli í umræðunni á þeim vankanti sem átti eftir að koma upp í framkvæmd laganna sem það frv. sem hér liggur fyrir, ef samþykkt verður, mun sníða af.

Ég vil láta þá skoðun mína í ljós að frv. um biðlaun alþingismanna, sem samþykkt var fyrir rúmum áratug, var eðlilegt mál en þó vantaði skýrara orðalag. En skýst þó skýrir séu, má segja um okkur alþingismenn í ljósi þeirrar sjálftöku sem leitt hefur af samþykkt frv. í einstökum tilfellum. Hana verður að stöðva. Hún er máski lögleg en siðlaus.

Ég hef því leyft mér ásamt þremur öðrum þingmönnum Sjálfstfl. að flytja frv. til breytinga á lögunum um þingfararkaup. Ásamt mér flytja það hv. þm. Matthías Bjarnason, Tómas Ingi Olrich og Guðjón Guðmundsson. Frumvarpið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. gr. Aftan við 8. gr. laganna bætist: Réttur til biðlauna fellur niður ef fyrrverandi alþingismaður tekur við starfi í þjónustu ríkis, sveitarfélags eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eign ríkisins enda fylgja stöðunni jafnhá eða hærri laun um þingfararkaup. Ella greiðist launamismunurinn til loka tímabilsins.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Greinargerðin með frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hefur komið í ljós að ósamræmi er í ákvæðum laga um biðlaun ráðherra og þingmanna. Fumvarp þetta er flutt til að taka af öll tvímæli um að biðlaunagreiðslur falli niður ef sá sem þeirra á að njóta tekur við öðru starfi sem er jafnt eða hærra launað en þingfararkaup þegar hann lætur af þingmennsku."

Grundvallaratriði þessa frv. er að biðlaun falli niður ef alþingismaður tekur við öðru opinberu starfi með jafnháum launum eða hærri, ella greiðist launamismunur.

Biðlaun eru laun milli embætta til þess ætluð að brúa tímabil atvinnuleysis að loknu starfi. Það stríðir því gegn anda laganna að greiða alþingismanni slík laun ef hann fær nýtt starf um leið og hann lætur af þingmennsku. Þetta mál hefur mikið fordæmisgildi og getur rutt brautina til frekari umbóta og á því er ekki vanþörf eftir þá umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu undanfarna daga. Nóg er af dæmum í opinbera kerfinu að menn taki rétt sinn sjálfir, greiði sér laun í ýmsu formi sem ekki er bein lagaheimild fyrir. Með þessum hætti gengur ríkisgeirinn á undan í kaupskrúfu. En þetta gildir, virðulegi forseti, bara fyrir hina betur settu, sjálftökufólkið. Ekki aldeilis fyrir hina lægra settu. Þegnar þjóðfélagsins sætta sig ekki við þessa mismunun og fjársóun. Virðing Alþingis og ríkisstjórnar, virðing lýðræðisins bíður hnekki við slíkt. Það þarf að taka á bílakaupum og fríðindum bankakerfisins, já og á öllu sjálftökuliði. Steypa þarf öllum launa- og kjaramálum ríkis og ríkisstofnana í nýtt form frá grunni. Þetta frv. gæti verið byrjunin.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:24]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir er skiljanlegt og að mörgu leyti eðlilegt þar sem nokkur umræða hefur farið fram um biðlaun opinberra starfsmanna, hvort sem er sveitarstjórnarmanna eða þingmanna. Menn þurfa ekki að deila um hvað biðlaun séu, nafnið eitt er skýrt og skorinort. Það eru að sjálfsögðu laun sem menn taka meðan menn bíða eftir nýju starfi, um það þarf held ég ekki að ræða. (Gripið fram í.) En gallinn er sá að menn yfirgefa störf sín oft til ærið langs tíma þegar þeir taka þingsæti og ekki víst að þeir eigi greiðan aðgang aftur að fyrra starfi og ekkert er eðlilegra heldur en að menn njóti í einhverju margra ára starfs á Alþingi Íslendinga. Það er ekki ætlunin að refsa mönnum fyrir að taka sæti á hinu háa Alþingi.

Hitt er annað mál að þegar talað er um önnur störf sem menn fara í sem njóta annars biðlauna er ævinlega talað um störf hjá ríki og bæ. Hitt er minna metið þó menn fari í hálaunastörf hjá einkaaðilum. Það eitt sýnir hversu mikil þörf er orðin á að endurskoða gjörsamlega lög um þingfararkaup. Það kemur mér a.m.k. dálítið spánskt fyrir sjónir að enginn gerir athugasemd við það að menn gegna háum stöðum hjá einkafyrirtækjum og almannasamtökum, veita forstöðu stofnunum eins og Verslunarráði Íslands, svo eitthvert dæmi sé tekið, jafnframt þingmennsku og engum dettur í hug að skerða laun manna þess vegna. Þannig að til þess að lögin verði trúverðug verður auðvitað að endurskoða þau frá byrjun. Fátt kemur meira róti á hugi landsmanna en þegar talað er um að bæta í einhverju kjör þingmanna. Það er raunar löngu nauðsynlegt og ekki síst að taka af allan vafa og allar grunsemdir sem menn eru uppfullir af án þess að þekkja til um hvernig kjör þingmanna eru í raun og veru. Virðist nokkuð vera sama hvað á gengur í þessu þjóðfélagi en tali einhver um að hækka laun þingmanna er haldinn útifundur á Lækjartorgi. Ég held að það sé löngu kominn tími til að Alþingi Íslendinga hreinsi sig af þessu rugli með því að setja ný lög um þingfararkaup. Ég sé ekki að Kjaradómur sé á nokkurn sé á nokkurn hátt fær um að ráða við þau mál lengur eftir revíuna sem upphófst hér í þjóðfélaginu á síðasta sumri með dyggum stuðningi þingmanna sem virðast stundum ofurlítið feimnir og fara hjá sér yfir því að stunda störf eins og að vera alþingismaður Íslendinga. Ég er ekki ein af þeim og hef aldrei verið. Ég tel að við vinnum fyrir kaupinu okkar hér, og eigum að vera a.m.k. launuð á borð við miðlungsembættismenn í þjóðfélaginu. En menn óttast kjósendur sína meira en allt annað í þessu lífi og halda að það sé þeim til góðs að halda hér niðri kjörum svo að nú er stór hópur manna sem koma nýir til þings sem ræður ekki við að sleppa fyrri störfum vegna þess að þeir treysta sér ekki til að lækka svo mjög í launum sem raunin er á ef menn koma til Alþingis. Þetta er vitaskuld misjafnt og fer eftir því hvaða störfum menn hafa gegnt áður en þeir settust á þing.

Ég mun ekki greiða atkvæði gegn þessu frv. sem hv. 6. þm. Suðurl. er hér 1. flm. að. En ég tel hvergi nærri nóg að gert með því frv. Ég tel að við eigum að sameinast um að setja hér niður nefnd hv. þingmanna og semja frv. til laga um þingfararkaup. Ég ætla ekki að tíunda hér alls kyns mismunun sem á sér stað milli þingmanna innan Alþingis. Það er önnur saga. Margt af þeim ákvæðum byggir á gömlum grunni þar sem samgöngur voru erfiðar og menn bjuggu allt öðruvísi en þeir búa núna. Ég held að það sé löngu kominn tími til að endurskoða þetta allt saman og vil beina þeirri ósk til hæstv. forseta að forsætisnefnd þingsins — og ég get beitt mér fyrir því þar líka þar sem ég á þar sjálf sæti — hafi frumkvæði um að endurskoða lög um þingfararkaup. Ég hygg að þeir sem hæst tala um kjör þingmanna og hæstv. ráðherra yrðu harla undrandi ef þeir raunverulega sæju hvernig þessi kjör eru og ekki síst í kjölfar þeirrar umræðu sem orðið hefur á síðustu dögum um kjör annarra háttsettra aðila í þjóðfélaginu.

Frú forseti. Ég er efnislega hlynnt þessu frv. en vil leggja áherslu á að ég tel að mikla nauðsyn beri til að endurskoða allan lagabálkinn um þingfararkaup.

[14:30]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að þingmenn hefðu margir hverjir lagst gegn úrskurði Kjaradóms um hækkun launa þingmanna af ótta við kjósendur sína, sem sagt af einhverjum lágkúrulegum hvötum, en að þar hafi

ekki komið til aðrar ástæður. Ég held að það sé ástæða til þess fyrir hv. þm. og þingmenn almennt að gera sér grein fyrir því að þegar þeir bera kjör sín saman við laun almennt í landinu þá er ekki ósennilegt að taka beri tillit til þess að á þenslutímum, sem hafa staðið hér lengi, raunar alveg fram til 1988, þá hækkuðu þeir sem ofar eru í launastiganum mjög mikið og raunar í mörgum tilfellum langt umfram það sem fyrirtækin báru. Þegar þingmenn eru að bera saman laun sín við almennan markað þá eru þeir oft að bera saman laun við það sem enginn grundvöllur er fyrir. Þess eru mörg dæmi að fyrirtæki hér á Íslandi borgi afar há laun, allt að tvöföld eða þreföld þingmannslaun á sama tíma sem þau eru að fara lóðbeint á höfuðið. Ég vil leyfa mér að draga í efa að það hafi vakað fyrir þingmönnum þegar þeir þóttust ekki sjá til þess nokkur tök að sætta sig við kjaradóm í fyrra að þar hafi verið að verki einhver lágkúrulegur ótti við kjósendur. Þeir hafa að mínu mati einfaldlega komist að þeirri eðlilegu niðurstöðu að við þær aðstæður í þjóðfélaginu sem þá ríktu og ríkja enn þann dag í dag þá séu engin tök á því að hækka laun þingmanna. Sumir þingmenn hafa staðið í því innan stjórna fyrirtækja að vera að lækka starfsmenn fyrirtækjanna í launum vegna þess að staða þessara fyrirtækja hefur ekki gefið tilefni til þess að þeir héldu sínum launum. Gefur staða ríkissjóðs tilefni til þess að hækka þingmenn í launum? Ég held að svo sé ekki.

[14:32]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. 5. þm. Norðurl. e. hafi misskilið mál mitt illilega. Ég hafði ekkert orð um það að hækka þyrfti laun alþingismanna, sagði það ekki, það getur vel verið að mér finnist það en ég lagði ekki á það áherslu í því máli sem ég flutti hér áðan, heldur talaði ég um að það þyrfti að endurskoða lög um þingfararkaup.

Annað það sem fram kom í ræðu hv. þm. var mér nú harla óskiljanlegt vegna þess að hv. þm. viðurkenndi að ýmis fyrirtæki í landinu sem væru að fara eins og hann sagði orðrétt, með leyfi hæstv. forseta: „lóðbeint á höfuðið", greiddu mönnum þreföld þingmannalaun. Þetta þætti mér ærin ástæða til að endurskoða lög um þingfararkaup. Ég hef ekki ráð á því eða við hér hvað einkafyrirtæki í landinu greiða starfsmönnum sínum.

En inntak máls míns var það að endurskoða þyrfti lög um þingfararkaup þar sem þau eru orðin afar úrelt og úr takt við þá starfsháttu sem Alþingi er rekið eftir núna og það var þetta sem ég lagði áherslu á.

[14:34]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki farið rangt með orð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur. Hún fullyrti það hér í ræðu sinni áðan að þingmenn hefðu lagst gegn hækkunum sem í kjaradómi voru fólgnar af ótta við kjósendur sína. Með öðrum orðum af einhverjum lágkúrulegum hvötum.

[14:34]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því síður sagði ég í máli mínu að þingmenn hefðu barist gegn launahækkunum alþingismanna af lágkúrulegum hvötum. (**TIO:** Af ótta við kjósendur.) Það fer hins vegar ekkert á milli mála að alþingismenn og hið háa Alþingi hefur ekki verið rismikið þegar tal berst að kjörum þingmanna. Og ég hika ekkert við það þó ég leyfi mér að fullyrða að menn hafa að sjálfsögðu ekki þorað að tala um kjör alþingismanna af ótta við kjósendur. Auðvitað er það ástæðan. En ég var ekki beinlínis að beina því til hv. 5. þm. Norðurl. e. sérstaklega. Ef hann er óttalaus við kjósendur þá ber að fagna því. Þess vegna held ég að hann ætti að ganga í lið með þeim sem reisa vilja veg Alþingis, sjá Alþingi þar sem menn þurfa ekki að stunda önnur störf en geta einbeitt sér að þeim störfum sem þeir eru kjörnir til og það Alþingi vil ég sjá. Það er nefnilega ekkert einkamál okkar hérna hvort við höfum tíma til að vinna okkar störf, það er mál allrar þjóðarinnar og þjóðin á að sjá um að alþingismenn geti einbeitt sér að því sem þeir eru kjörnir til. (**TIO:** Alþingismenn þurfa ekki að stunda önnur störf.)

[14:36]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég mun ekki bera það á stjórnarsinna að þeir séu hræddir við kjósendur því ef þeir væru hræddir við kjósendur þá mundu þeir ekki styðja ríkisstjórnina. Það fer ekki milli mála. En burt séð frá því þá er það mál eitt og sér ekki á dagskrá heldur hitt hvaða reglur eigi að gilda um biðlaun.

Nú er það svo að biðlaun eru greidd í þessu þjóðfélagi ýmsum aðilum. Vafalaust hefur það verið ástæðan fyrir því að þau eru sett á að menn ætla að gæta jafnræðis, menn ætla að gæta jafnræðis í þeim efnum. Við höfum ýmis dæmi um að þetta kemur út á allsérstæðan hátt. Sérstæðasta aðferðin er vissulega sú þegar menn hætta störfum sem þingmenn og fara í mun hærri stöður. Þá eru þeir vissulega á tvöföldum launum, kannski meira en tvöföldum þingmannslaunum á eftir, kannski á þreföldum þingmannslaunum. En spurningin er aftur á móti sú hvort þeir sem sömdu þetta frv. hafa fyrst og fremst ætlað að ná sér niðri á krötunum í eitt skipti fyrir öll. Mér sýnist nefnilega að það blasi við að frv. sé of seint á ferðinni til að ná þeim tilgangi sínum að refsa þeim alþýðuflokksmönnum sem kosnir voru á þing fyrir seinustu kosningar, þá hefði þurft að flytja þetta í fyrra og láta samþykkja þetta þá. (**EH:** Menn athuguðu ekki öll ósköpin sem gengu á í sumar í embættaveitingum.) Lög þessi öðlast þegar gildi, þau eru ekki afturvirk þannig að þeir eru sloppnir fyrir horn. Ég spyr aftur á móti sjálfan mig mjög að því ef þessar leikreglur sem hér eru settar upp yrðu samþykktar, hvort þær lúti þeirri almennu kröfu um lög að jafnræðis sé gætt? Og þegar ég segi jafnræðis þá á ég við að það er ekki jafnræði að mínu viti ef alþingismaður heldur biðlaunum ef hann gerist starfsmaður hjá einkafyrirtæki á miklu hærri launum, þá er ekki jafnræðis gætt. Þá er farið að mismuna mönnum eftir því hvar í þjóðfélaginu þeir starfa. Sjálf-

stæðismenn eru margir hverjir úr einkageiranum. Þeir eru margir hverjir líklegir til þess að taka að sér störf að loknu starfi sínu á þingi sem forstjórar fyrirtækja. Ef við viljum vera sjálfum okkur samkvæm í þessari uppsetningu þá ætti að standa hér: Réttur til biðlauna fellur niður ef fyrrv. alþingismaður tekur við stöðu með jafnháu eða hærra kaupi en hann hafði sem þingmaður. Þá er upprunalega hugsunin um biðlaun í fullu gildi, að þau séu laun sem eigi að greiða á meðan menn bíða eftir öðru starfi.

Ef hv. þm. sem talaði hér áðan, Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv., sæi nú að það væri miklu skynsamlegra að standa bara í því að gefa út bækur og hefði tvöföld laun fyrir það ætti þá að hafa hana á biðlaunum við að skrifa þessar bækur? Eru einhver rök fyrir því? Eru einhver rök fyrir því að ef stórbóndinn af Suðurlandi, Eggert Haukdal, sem býr þar miklu myndarbúi, gengur beint til verka sinna ef hann skyldi nú taka ákvörðun um að hætta, og ég segi ef hann skyldi taka ákvörðun, ég veit að hann þarf ekki að hætta vegna þess að hann skorti stuðning, ef hann skyldi taka ákvörðun um að hætta á þá að hafa hann á biðlaunum við það starf ef hann hefur meiri tekjur en hér á þingi? Er ekki grunnhugsunin sú að það verði að gæta jafnréttis og jafnræðis? Og ef menn setjast að í fyrirtæki, gerast forstjórar Sementsverksmiðju ríkisins, og svo gerist það bara eftir að þeir eru búnir að vera í mánuð forstjórar þá selja þeir öll hlutabréfin og þá er þetta ekki lengur eign ríksins, eiga þeir þá að fá biðlaunin upp á nýtt en tapa þeim ef þeir eru skipaðir á meðan ríkið á meiri hluta? Gengur það upp? Við skulum ganga djarfar til leiksins. Við skulum segja að það mundi gerast að Guðjón Guðmundsson, hv. 5. þm. Vesturl., yrði skipaður forstjóri Sementsverksmiðju ríkisins. Hann er að vísu ekki krati, hann er sjálfstæðismaður, og það setur það í mikinn vafa hvort þetta gæti orðið. (**Gripið fram í:** Gísli er hérna.) Segjum að hann yrði skipaður forstjóri og af því að bréfin eru í eigu ríkisins þegar þetta gerist þá fær hann engin biðlaun. Svo selur bara Friðrik bréfin, þá er hann komin á full biðlaun og forstjóralaun líka. Stenst þetta svona? Ég held ekki.

Ég er hlynntur því að þessi ákvæði séu endurskoðuð. Og ég er sannfærður um það að flm. eru vel meinandi með sínar hugmyndir í sinni uppsetningu. En ég held að það verði að taka mið af því, ef þetta er sett upp á þann hátt, að laun manna verði lögð til grundvallar hvaða starf sem þeir vinna. Aðeins með þeim hætti sýnist mér að jafnræðis sé gætt milli þingmanna og líka að þess sé gætt að menn fari ekki hreinlega að spila á þetta kerfi eins og flest kerfi sem sett eru upp. En auðvitað er það hárrétt hjá flm. að þetta var ekki í upphafi hugsað til þess að þeir sem yfirgæfu þingið og færu í toppstöður hjá ríkinu fengju líka þessar bætur. Enda hygg ég að það hefði verið frekar auðvelt hjá ráðherrum sem skipuðu í þessar stöður að láta menn skrifa undir yfirlýsingu þess efnis áður en þeir fengu stöðuna að þeir féllu frá þessum biðlaunum ef þeir hefðu verið að hugsa um hagsmuni ríkisins.

En mér sýnist aftur á móti að jafnræðisreglunni þurfi að fylgja eftir, anda hennar þurfi að fylgja eftir. Ef þetta verður gert eins og hér er lagt til þá sýnist mér að hún sé brotin og af þeirri ástæðu stóð ég hér upp að ég vona að sú nefnd sem tekur þetta til athugunar kynni sér það nokkuð hvernig að þessu er staðið í nágrannalöndunum, hvaða reglur gilda um þess hluti og að menn gefi sér tíma til að búa þannig um hnútana að þetta sé ásættanlegt og það sé ekki hægt að finna nýjar leiðir til að spila á þetta kerfi.

[14:45]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar að biðja hv. síðasta ræðumann, Ólaf Þ. Þórðarson, að útskýra fyrir mér hvernig hann sér þetta kerfi fyrir sér sem hann var að lýsa hér áðan þegar hv. þm. Guðrún Helgadóttir hættir nú hugsanlega á þingi og fer að skrifa bók. Á þá að setja biðlaunin í bið og bíða eftir því að sjá hvort bókin selst eða ekki og hvort hún skapar þann hagnað sem nær launum þingmannsins eða á að greiða þingmanninum biðlaunin og hún síðan að endurgreiða þau ef salan verður það góð að hún nær launum þingmannsins? Ég ætla að biðja hv. þm. að útskýra þetta fyrir mér.

[14:46]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vel í anda hv. 5. þm. Reykv. að gera þá kröfu til mín að ég útskýri lífshlaup hv. 14. þm. Reykv., hvernig það komi út. Það er náttúrlega gjörsamlega vonlaust.

En ég hugsa mér í grundvallaratriðum þetta kerfi á þann veg að þegar menn þurfa að greiða sinn skatt, þá liggi það fyrir í staðgreiðslukerfinu hvaða tekjur þeir hafa og út frá því verði farið þegar greiðslan er innt af hendi eða látið endurgreiða. Það kemur til greina að endurgreiða það sem menn hafa fengið. Ég tók dæmið sem Guðrúnu aðeins til benda á það (**GHelg:** Hv. 14. þm. Reykv.) — hv. 14. þm. Reykv. með meiru, að ég er viss um það, hvað sem dómi hv. 5. þm. Norðurl. e. viðvíkur, að hv. 14. þm. Reykv. getur haft meiri tekjur af því að skrifa bækur og vera utan þings en að sitja á þingi. Það er ég ekki í nokkrum vafa um. En það sem ég vildi biðja um er að þetta mál yrði skoðað í samræmi við það sem gert er í kringum okkur og að menn geri sér grein fyrir því að þeir sem fara í vel launuð störf hjá einkageiranum eiga ekkert frekar að vera með tvöföld laun. Ef alþingismaður gerist bankastjóri Íslandsbanka, á hann þá að hafa tvöföld laun? En ef hann gerist bankastjóri í Búnaðarbankanum, á hann þá að verða af launum? Er það það sem menn eru að fara fram á, tvöfalt kerfi? Það gengur ekki upp.

[14:48]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég er einn af flm. þessa frv. og tel að það sé full ástæða til að gera þessa breytingu við 8. gr. laganna um þingfararkaup alþingismanna. Það má segja það eins og fram kom hjá einum ræðumanni hér áðan að þetta frv. hefði mátt koma fram fyrr. En það er þó komið fram og kemur væntanlega til afgreiðslu á hv. Alþingi hér í vetur.

Þegar síðustu lög um þingfararkaup alþingismanna voru sett, þá kom greinilega fram í umræðu um biðlaun það atriði að greiðsla biðlauna næði ekki til þeirra sem færu í há störf. Það kom raunar fram á þann veg að biðlaun væru eðli sínu samkvæmt til þess að sá sem væri að leita sér að starfi tapaði ekki launum á meðan, í tiltekinn tíma. Ég tel að það hafi verið rangt að greiða þessi biðlaun til manna sem fóru í betur launuð störf samkvæmt gildandi lögum og túlkun sem fór fram hér á hv. Alþingi, en það er víst of seint að tala um það. Hér er verið að tala um þessa breytingu og við flm. þessa frv. töluðum um það hvort það væri rétt að þetta sama ákvæði næði til þeirra sem kynnu að hefja störf við einkarekstur eða hjá einkafyrirtæki. Við komumst að þeirri niðurstöðu að það væri hægt að haga svo til að þessi biðlaunatími liði þangað til væri komið á laun þar. Það er ekki hægt að haga því þannig til í opinberum rekstri. Hitt finnst mér sjálfsagt og eðlilegt að nefndin sem fær málið til athugunar kanni það betur. Við komumst að þessari niðurstöðu. Ég er ekkert að segja að hún sé hin eina sanna og rétta.

Hins vegar er það annað mál og sem er lítið talað um að laun þingmanna eru lág miðað við önnur ábyrgðarstörf. Þingmenn eru kjörnir í mesta lagi til fjögurra ára. Þá geta kjósendur sparkað þeim eða fleygt þeim fyrir borð eða sett þá á aftur næstu fjögur ár. Það getur líka verið um eitt ár að ræða. Sá sem fer í framboð á það auðvitað alltaf á hættu að falla. Það er svona *heldur lítt launað starf að vera frambjóðandi* eða a.m.k.var það þegar ég var ungur og ég hygg að það hafi ekkert breyst. Ég held að menn hafi þurft að gera það á eigin kostnað alveg fullkomlega. En það má segja að Alþingi Íslendinga hafi á þessum árum verið afskaplega veikgeðja þegar rætt hefur verið um laun alþingismanna. Lengi vel réð þingið því sjálft hvert þingfararkaup væri. Þingmenn almennt og yfirgnæfandi meiri hluti þeirra á þeim tíma voru alveg orðnir dauðhræddir við að hafa sjálfir þessa ákvarðanatöku því að fjölmiðlar — og það sem nú á dögum er kallað þjóðarsálin og maður má aldrei vera að því að hlusta á nema þegar maður er í sumarbústað — þeir afgreiða þessi mál á undan öllum öðrum. Þingmenn guggnuðu og sögðu: Nú ætlum við ekki að hafa lengur þessa ábyrgð, við ætlum að varpa því á Kjaradóm sem á að fjalla um laun æðstu embættismanna þjóðarinnar, og svo vita menn allir hvernig fór. Að vísu skal það viðurkennt að ástandið í þjóðfélaginu var ekki gott, en ef það er mjög gott, þá var sagt hér fyrr á árum að þingmenn gætu aukið tekjur sínar með öðrum hætti heldur en að hækka þetta þingfararkaup og þessi hlunnindi sem þingmenn hafa, þessi litlu hlunnindi eins og styrk í kjördæmi sem er mismunandi. Menn bera það gjarnan saman við það sem áður var og þá vil ég nú bera saman af því að ég er nú orðinn svo fullorðinn sem á má sjá, að á meðan einmenningskjördæmi voru, þá var ólíkt léttara að vera þingmaður. Við skulum taka muninn á Vestfjörðum. Hvaða starf hefur það verið að vera þingmaður Ísafjarðarkaupstaðar? Kaupstaðurinn stóð á lítilli eyri. Þar var hægt að tala við hvern einasta mann á kannski tveimur til þremur dögum. Eða að ferðast um alla Vestfirði þó að samgöngur hafi stórbatnað? Að hafa með að gera framlag til einnar hafnar eða 20 hafna, jafnvel þó að þingmennirnir séu fimm. Starf þingmannsins breyttist gersamlega við stækkun kjördæmanna og það er ætlast til þess að þingmenn taki nú miklu meiri þátt í því sem er að gerast í þjóðfélaginu. Það er ætlast til að þeir mæti hjá mörgum samtökum. Í raun og veru eiga þingmenn sjaldan frí, ég tala nú ekki um ráðherrana. Ráðherrar eiga eiginlega aldrei frí. Þeir eiga eiginlega aldrei fríhelgi. Ég minnist þess oft þegar ég var nýkominn í sumarbústað minn vestur í Trostansfirði að maður var rétt búinn að kveikja upp þegar kom sendiboði frá Bíldudal, það væri áríðandi símtal og maður þurfti að keyra aftur til baka án þess að fá að sofa eina nótt. Þetta hefur ekkert breyst. Þetta er alveg það sama.

Hins vegar er eitt sem hefur breyst. Þingmenn voru mjög margir í vel launuðum störfum umfram þingmennsku hér fyrr á árum. Þegar ég kom á þing þótti ekkert að því að bankastjórar væru þingmenn, væru bara að útdeila peningum. Nú er þetta talinn einn af höfuðglæpum þjóðarinnar. Henni hefur farið mikið fram, þessari þjóð, eins og allir vita. Nú eru flestir þingmenn orðnir algjörlega tekjulausir nema með kannski eina eða tvær nefndir fyrir utan þessi þingstörf með örfáum undantekningum. Þetta er sem sagt breytingin sem hefur orðið á þessum tíma.

Þegar kjaradómur var kveðinn upp og hávaðinn var *sem mestur, þá skildi ég fólk sem hafði lægstu tekjurnar*. Það hafði ekki hæst. Þeir sem öskruðu hæst, bæði á torgum og í fjölmiðlum voru menn sem voru með kannski tvisvar, þrisvar sinnum hærri tekjur en þingmenn og ráðherrar. Hvar í heiminum ætli þð þekkist að ráðherrar hafi það kaup sem þeir hafa á Íslandi? Forsrh. Íslands er einhvers staðar svona um miðjuna í skattaskránni. Bæjarstjórar og ýmsir menn hjá sveitarfélögunum eru miklu betur launaðir og það er undarlegt fólk — ég bið nú þá að fyrirgefa sem hlut eiga að máli — sem fer úr slíkum störfum og í þetta.

Ég held að það megi líka minna á að þingmenn hafa enga aukavinnu. Við sjáum í blöðunum að þegar þing hættir í maí og byrjar 1. okt. séu allir þingmenn komnir í frí, þurfi ekkert að gera. Þetta er auðvitað tóm vitleysa eins og allir þingmenn vita og flestir vita. En það þarf alltaf að reyna að bera á borð, er hægt að gera einhvern grunsamlegan, að hann vinni ekki fyrir kaupinu sínu? Aðrir skrifa aukavinnu þegar þeir vinna aukavinnu og fá hana greidda, þeir eru flestir. Það er sem ég sæi framan í allt liðið í pressuheiminum ef þingmenn væru farnir að skrifa aukavinnureikninga og þá verður sagt: Þeir kjöftuðu nú fram til kl. 5 í morgun bara til að geta skrifað aukavinnureikninga. Þingmenn eiga að vera í samanburði við einhvern ákveðinn starfshóp, þá sleppa þeir. Hér fyrr á árum voru þingmenn sem sögðu: Það á að leggja að jöfnu þingmannsstarfið og ráðuneytisstjórastarfið. Ég er ekkert að segja að það sé það eina sanna og rétta, en það á að leggja að jöfnu við eitthvert ákveðið starf sem er háð Kjaradómi. Þannig á að vinna, finnst mér. Hvaða menn fást í framtíðinni til að sitja hérna á Alþingi fyrir þetta

kaup? Þeir sem er mestur fengur er í að fá eru á þreföldum, fjórföldum launum. Þó að þeir sjálfir væru svo vitlausir að vilja það, þá ættu þeir flestir kannski eiginkonu eða eiginmenn sem segði þeim að steinhætta við þessa vitleysu, þeir fengju ekki að fara í þetta. Þetta er framtíðin sem blasir við.

Svo er til líka annað sem er hægt að minnka nokkuð útgjöld þess opinbera. Það má fækka þingmönnum. Ég tel að það hafi verið mjög þörf breyting að færa þingið í eina málstofu. Hún auðvitað tekur sinn tíma, reyndist ekki vel á síðasta vetri, vonandi reynist hún vel á þessum vetri. Ég tel að það hafi verið mjög þarft verk. Og það er líka þarft verk að fækka þingmönnum. Við þurfum ekki að vera 63 hér inni. En það þýðir heldur ekki að um að það sé hægt að fækka þingmönnum niður í 30. Það er bara fólk sem þannig talar sem hefur ekkert vit á því sem er að gerast. Það þurfa ekki að vera svona margir þingmenn í hverri nefnd eins og er núna. Þeir voru það ekki. Þeim var fjölgað á sínum tíma. Og við versnandi afkomu þjóðarinnar og minnkandi tekjumöguleika verður auðvitað að draga saman líka í stjórnkerfinu. Það verður að draga saman í Stjórnarráðinu með því að fækka ráðuneytum. Allt er þetta hægt.

Ég sagði nú einu sinni í vor, og það var ekkert af neinni illgirni, að það hefði verið þarft verk ef ríkisstjórnin hefði beitt sér fyrir því að fækka bankastjórum Seðlabankans niður í einn, þurfti engan að særa því tveir voru að hætta hvort sem var. En það hefði eyðilagt alveg stórkostlega rismikla umræðu um bíla, ef þetta hefði verið gert. Það skal ég viðurkenna. (**Gripið fram í:** Og framavonir sumra.)

Ég gerðist meðflm. að þessu frv. sem Eggert Haukdal, hv. 6. þm. Suðurl., er 1. flm. að vegna þess að ég taldi nauðsynlegt að þetta lægi svart á hvítu, að þetta gengi ekki og ætti ekki að ganga lengur til. Ég hef síður en svo á móti því að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar kanni það til hlítar. Ef þetta er öðruvísi hjá nágrannaþjóðum okkar og það hefur reynst vel þar, þá á að taka það upp. Ef það hefur ekki reynst vel þar, þá eigum við ekki að hlaupa eftir því. Við eigum auðvitað fyrst og fremst að setja okkur lög sem eru við okkar hæfi og eru í samræmi við okkar litla þjóðfélag sem við búum í.

[15:03]

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka öllum hv. þm. fyrir að taka þátt í þessari umræðu, það hefur ýmislegt komið hér fram.

Varðandi það sem hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, sagði þá er það út af fyrir sig góðra gjalda vert að beita sér fyrir því að skipuð verði nefnd til að athuga kjör þingmanna og ég skal ekki standa á móti því. En það dugar ekki að það sé gert til þess að drepa þessu þjóðþrifamáli á dreif sem þetta frv. boðar, þ.e. að strax verði þetta frv. afgreitt til að koma í veg fyrir að fleiri hneykslanir en orðið hafa verði í þessum efnum. Þess vegna ríður á að þetta frv. gangi fljótt og hratt fram.

Út af orðum hv. 2. þm. Vestf. þá hefur hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, svarað því að hluta varðandi einkageirann, að við tókum hann ekki inn í þetta frv., en hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson situr einmitt í þeirri nefnd sem fær þetta frv. þannig að ég vona að hann skoði þetta ítarlega þar. En umfram allt vona ég að hann beiti sér fyrir því í þeirri nefnd og láti málið ekki dragast heldur að nefndin afgreiði það frá sér þannig að þetta verði fljótt að lögum.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ræddi um að ekki mætti vera mismunun í þessu og þetta frv. mætti ekki stríða gegn neinum og kom mjög að því að sá sem hér stendur mundi nú ekki eiga rétt til biðlauna þar sem hann væri stórbóndi. Þegar þar að kemur að ég hverf héðan, þá mun ég sannarlega taka því vel þó biðlaunin muni ekki koma í mínar hendur. En út frá hans orðum, þá hef ég heyrt það að hann sé hættur skólastjórn í Reykholti en blöðin hafa talað stríttt um það að hann sé orðinn stórbóndi líka eins og ég þar sem hann hafi hafið stórbúskap í Borgartirði. Þannig kynni svo að fara eftir að þetta frv. er orðið að lögum og við hættum báðir á þingi að við mundum hvorugur hljóta þessi ágætu biðlaun og munum vafalaust lifa af þótt það verði ekki. Annars held ég að hann muni sitja á þingi svo lengi lifir því að hann er öruggur í sínu kjördæmi og á snilli hans þarf hv. Alþingi að halda. Við könnumst við að í Reykholti bjó maður sem hafði mikil áhrif og lengi og Ólafur hefur gáfur eins og fyrirrennari hans í Reykholti til að hafa góð áhrif hér á hv. Alþingi.

En að meginmáli fagna ég þessari umræðu og vona að frv. fái skjótan og góðan framgang.

[15:07]

Ingi Björn Albertsson:

Virðulegur forseti. Ég átti von á því að hér væri að hefjast kapphlaup þingmanna upp í ræðupúltið til þess að afsala sér biðlaunum að lokinni þingmennsku. Það hefur þegar gerst í einu tilfelli og áskorun komin til annars og ég bíð auðvitað eftir því að hann komi hér upp og svari þeirri áskorun. En af því að hv. 1. flm. óskaði eftir því að allshn. flýtti málinu sem mest mætti vera, þá mun ég sem nefndarmaður í þeirri nefnd gera mitt ýtrasta til þess, en ég tel hins vegar að það verði auðvitað að nota það lag sem hér hefur skapast til að kíkja á þingfararkaup almennt, hvernig sú staða er. Ég get auðvitað tekið fullkomlega undir málflutning bæði hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar vegna þess að þau fóru þar með alveg hárrétt mál þar sem þau voru að fjalla um launakjör þingmanna og hversu bág þau eru í raun og veru. Þetta er auðvitað ekkert nýtt mál hér á meðal okkar þingmanna, hefur verið rætt sennilega mála mest á kaffistofunni, en verið miklu meira feimnismál þegar komið hefur verið hér upp í ræðupúltið eða bara út fyrir dyr Alþingis.

Auðvitað eru laun þingmanna allt of lág. Þau eru ágætislaun sem laun fyrir heföbundinn vinnutíma, en það vita allir menn að starfstími þingmannsins er miklu, miklu meiri en það. Hér störfum við oft langt fram á nætur og jafnvel fram í morgunsárið og erum svo komin á nefndarfund strax kl. 8 síðar þann dag.

Það er því alveg ljóst að með tilliti til þess og með tilliti til vinnutíma eru laun þingmannsins afar lág að ekki sé minnst á laun ráðherranna, en það hangir auðvitað allt saman. Ég tel því nauðsynlegt að nota það lag sem hér er skapað til þess að skoða þennan þátt mála líka.

Það má líka skoða þann þátt hversu langur biðlaunatíminn á að vera. Hafi menn verið þingmenn í níu ár, þá er biðlaunatíminn aðeins þrír mánuðir og menn þekkja það nú af mörgum, mörgum dæmum að þingmenn labba ekki beint inn í störf eftir níu ára þingsetu. Við þekkjum það að menn hafa þurft að bíða svo mánuðum skiptir — nema þeir séu það heppnir að vera inn undir hjá þessari svokölluðu flokksforustu. Þá er hugsa um sína, en aðrir mega éta það sem úti frýs. Það má því vel kíkja á það hvort þriggja mánaða biðlaunatími sé nægilegur, hvort hann eigi ekki yfir höfuð að vera sex mánuðir, en auðvitað falli biðlaunin svo niður þegar viðkomandi fær starf, ef hann fær það innan þessara mánaða. Ég tel nauðsynlegt að launakjör þingmanna verði skoðuð um leið og þetta er gert.

Það sló mig svolítið þegar ég heyrði hv. þm. Tómas Inga Olrich, flokksbróður minn, segja það hér að þingmenn þyrftu ekki á öðrum störfum að halda. Ég mundi gjarnan vilja fá útlistun á því hvernig bara ég persónulega með átta manna fjölskyldu á að lifa á brúttólaunum upp á 170 þús. kr. á mánuði. Ég hef ekki séð fram úr því. Venjuleg íslensk fjölskylda ræður ekki við að lifa á þeim launum. Hún ræður ekki við það þannig að það er náttúrlega algjör firra að þingmannsstarfið eitt og sér dugi fyrir venjulegan fjölskyldumann og eina fyrirvinnu, algjörlega út í hött. Við erum ekki að miða okkur við einstaklinga úti í þjóðfélaginu sem starfa hjá einkafyrirtækjum. Við erum að miða okkur við embættismenn. Þeir eru með svimandi hærri laun heldur en nokkurn tíma þingmaðurinn. Við erum líka að miða okkur hvert við annað því að það er launamisrétti hér eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom inn á. Þetta á auðvitað allt að taka og skoða núna. Það er verið að bjóða upp á það tækifæri með þessu máli og með öðrum málum sem aðrir þingmenn flytja um sama efni og auðvitað eigum við þá að fara í allsherjarendurskoðun á málinu, en við skulum engu að síður reyna að flýta henni eins og við getum.

Hæstv. forseti. Ég kom fyrst og fremst upp til þess að lýsa stuðningi við málið, en jafnframt að lýsa því yfir að ég vil að það verði litið á málið í heild sinni.

Aðeins í lokin af því að það var minnst hér á fjölmiðla, að ég hygg af hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, þá væri athyglisvert að benda þeim fjölmiðlamönnum á sem hugsanlega taka þetta mál upp og reyna að búa til eitthvað úr því í sjónvarpsfréttum í kvöld að geta þess um leið og þeir fara með frétt sína hvað þeir hafi nú sjálfir í laun þegar þeir ætla að gagnrýna laun okkar, vegna þess að ég er nokkuð klár á því að þeir hafa miklu hærri laun en við.

[15:12]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins taka það fram að mér finnst full ástæða til að afgreiða þetta frv. sem hér liggur frammi og tel að það sé hægt að afgreiða það út úr nefndinni þó að því starfi sé ekki lokið sem ég vona að muni eiga sér stað almennt um þingfararkaup þannig að ef nefndin tæki sig til og semdi nýtt frv. um þingfararkaup almennt, þá vil ég taka það fram að mér finnst ástæðulaust að þetta frv. þurfi að bíða eftir því. Þetta frv. fjallar um ákveðið vandamál sem þarf að skýra og ég vil bara að flm. viti það að ég get alveg stutt það frv. og treysti mér til að stuðla að afgreiðslu þess þó að heildarendurskoðun sé ekki lokið, en ég held jafnframt að hún sé mjög svo nauðsynleg.

[15:13]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil fullvissa 1. flm. þessa máls um það að ég mun að sjálfsögðu styðja það að málið verði afgeitt út úr nefnd eftir eðlilega skoðun og anda þeirrar stefnu, sem þetta mál boðar, er ég hlynntur þó að ég geti ekki skrifað upp á frv. eins og það er orðað.

Varðandi hlýleg orð í minn garð sem hann lét falla eins og hans var von og vísa get ég ekki látið hjá líða að minnast þess að á Bergþórshvoli sat sá maður er hvers manns vandræði leysti er á hans fund leitaði. Og ég hygg að þannig hafi það verið á undanförnum árum að menn hafi getað sagt að svo væri enn á Bergþórshvoli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2., 3., 5. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 15.15.

14. FUNDUR

mánudaginn 18. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, stjfrv., 9. mál, þskj. 9. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 31. mál, þskj. 32. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Skýrsla dómsmrh. um málefni Happdrættis Háskóla Íslands og almannavarna.

Fjarvistarleyfi:

Friðrik Sophusson fjmrh.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 18. okt. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að vegna sérstakra anna 1. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi, Einars Sigurðarsonar, taki 2. varaþm., Þuríður Backman hjúkrunarfræðingur, sæti á Alþingi í fjarveru minni næstu tvær vikur.

Þetta tilkynnist yður hér með, virðulegi forseti.
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl."

Þá er hér annað bréf, dags. 18. okt. í Neskaupstað:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Hjörleifs Guttormssonar á Alþingi næstu tvær vikur sem varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi.
Virðingarfyllst, Einar Már Sigurðarson."

Þuríður Backman hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er boðin velkomin til starfa.

Þá eru tvö bréf til viðbótar. Hið fyrra er dags. 18. okt. 1993 og hljóðar svo:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Sjálfstfl. í Norðurl. v., séra Hjálmar Jónsson, er erlendis, taki 2 varaþm. Sjálfstfl., Runólfur Birgisson skrifstofustjóri, Siglufirði, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v."

Þá er hér annað bréf, dags. 16. október 1993:

„Hæstv. forseti Alþingis.

Það tilkynnist yður hér með að þar sem ég dvelst erlendis um þessar mundir á ég þess ekki kost að taka sæti á Alþingi að þessu sinni í forföllum Vilhjálms Egilssonar, hv. 5. þm. Norðurl. v.
Hjálmar Jónsson."

Kjörbréf Runólfs Birgissonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því samkvæmt 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Runólfur Birgisson, 5. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Runólfur Birgisson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Útbýting þingskjala:

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 101. mál, stjfrv., þskj. 104.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 100. mál, frv. EH o.fl., þskj. 103.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 102. mál, stjfrv., þskj. 105.

Umfang ómældrar yfirvinnu, 99. mál, fsp. GE, þskj. 102.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., 103. mál, stjfrv., þskj. 106.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, 96. mál, þáltill. GuðjG o.fl., þskj. 99.

Vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands, 97. mál, þáltill. HG og SJS, þskj. 100.

Verkefnaflutningur til fámennra sveitarfélaga, 98. mál, fsp. SvÁ, þskj. 101.

Tilkynning um kosningu embættismanna fastanefnda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tilkynning hefur borist um kjör eftirtalinna embættismanna í fastanefnd Alþingis:

Umhvn.: Formaður Kristín Einarsdóttir, varaformaður Petrína Baldursdóttir.

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 9. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 9.

[15:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, GHH, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

16 þm. (EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, ISG, ÓÞÞ, PP, SighB, StB, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GÁ, GHelg, HBl, ISG, ÓÞÞ, PP, RB, SighB, StB, SvG) fjarstaddir.

Þingfararkaup alþingismanna, frh. 1. umr.

Frv. EH o.fl., 31. mál (réttur til biðlauna). — Þskj. 32.

[15:11]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHelg, HBl, ISG, JÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, GHH, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHelg, ISG, IP, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Skýrsla dómsmrh. um málefni Happdrættis Háskóla Íslands og almannavarna.

[15:14]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og sjá má á prentaðri dagskrá hefur hæstv. dómsmrh. óskað eftir að flytja Alþingi munnlega skýrslu samkvæmt 45. gr. þingskapa og fer umræða um hana fram á eftir, en forseti vill geta þess að forseta bárust nokkrar óskir um það á helginni að fram færu umræður utan dagskrár um það málefni sem hér verður rætt. Á fundi formanna þingflokka í morgun tókst samkomulag um þessa málsmeðferð að ráðherra flytti þinginu skýrslu og jafnframt að tímamörk yrðu þau að ráðherra hefði allt að 15 mínútur í fyrra sinn og allt að 7 mínútur í síðara sinn, en þingmenn hefðu allt að 7 mínútur í fyrra sinn og allt að 4 mínútur í síðara sinn. Samkomulag þetta er gert skv. 2. mgr. 72. gr. þingskapa eins og henni var breytt með nýsamþykktum lögum við upphaf þingsins.

Þá vill forseti jafnframt geta þess að það hafði borist ósk frá hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni, um utandagskrárumr. skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða, um viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framtíð starfsemi Bandaríkjahers á Íslandi, og er gert ráð fyrir að sú umræða fari fram á morgun, sennilega um eða upp úr kl. 3.

Loks vill forseti láta þess getið að það má búast við að fyrirspurnafundur dragist eitthvað vegna umræðna um skýrslu dómsmrh.

[15:15]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég hef í tilefni af þeim miklu umræðu sem hafa orðið um helgina um málefni Happdrættis Íslands og almannavarna óskað eftir því að gera Alþingi stuttlega og munnlega skýrslu um þessi málefni. Full ástæða væri til að gera það skriflega og í ítarlegu máli vegna mikilvægis þessara mála og einnig vegna þess, einkum að því er happdrættin varðar, að við búum við mjög ófullkomna löggjöf sem mjög mikilvægt og brýnt er að bæta úr þannig að skýr lagagrundvöllur sé um þessa umfangsmiklu starfsemi í þjóðfélaginu sem því miður er ekki fyrir hendi í dag.

Aðdragandi þessarar miklu umræðu um helgina að því er mig varðar var með þeim hætti að formaður Rauða krossins hafði símasamband við mig á laugardagsmorgni og spurði um stöðu þessa máls og að fengnum þeim svörum tilkynnti hann mér að Rauði krossinn mundi veitast að mér vegna málsins. Í öðru lagi tilkynnti hann mér að ákveðið hefði verið að taka málið upp á Alþingi.

Það er nýtt fyrir mér að samtök úti í bæ taki ákvaraðanir um það hvernig mál eru tekin upp á Alþingi en einhvern tíma verður allt fyrst. Umræðan um helgina hefur eins og menn hafa orðið varir við í fjölmiðlum fyrst og fremst verið persónugerð í samræmi við það sem formaður Rauða krossins tilkynnti mér í símtali á laugardag. Rauði krossinn mun hafa ráðið auglýsingastofuna Athygli til þess að undirbúa og stjórna þeirri herferð og söfnunarfé almennings er notað í því skyni og er ekkert við því að segja ef þessi

samtök kjósa að gera það. Þetta er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Það er ekki óeðlilegt að lagt sé á ráðin um það að snúa svona málum upp í persónuleg átök en það er auðvitað ekki efni málsins og ekki sá þáttur sem við eigum að ræða hér heldur efnisatriðin og að þeim vil ég fyrst og fremst víkja og öll störf mín að þessu og afskipti hafa miðast við efnisatriði þessara mála.

Í bréfi sem mér barst frá Rauða krossinum og samstarfsamtökum hans í gær segir svo, með leyfi forseta:

„Það er stjórnum samtakanna óskiljanlegt ef þér leggið að jöfnu þörf ríkissjóðs fyrir tekjuöflun til reksturs og viðhalds opinberra bygginga og þörf fjölmennra félagasamtaka fyrir fjárhagsgrunn landsmönnum öllum til heilla."

Hér er alvarlegur misskilningur sem ég veit að a.m.k. formaður Rauða krossins kann full skil á en vera má að auglýsingastofunni hafi þótt henta að setja málið í þennan búning því eins og hv. alþm. vita er það ákveðið með lögum að Háskóli Íslands aflar fjár með happdrætti til byggingarframkvæmda og þetta er árlega staðfest í fjárlögum af Alþingi þannig að það er ekki persónulegt mat mitt eða persónuleg afstaða sem ræður því hvort háskólinn aflar fjár með þessum hætti eða ekki, það er ákvörðun Alþingis. Háskólinn hefur einkarétt til peningahappdrættis og þeim lögum var síðan breytt þannig að til viðbótar hinu hefðbundna flokkahappdrætti er nú svohljóðandi heimild í lögunum:

„Dómsmrh. er enn fremur heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar skyndihappdrættis með peningavinningum, svo og peningahappdrættis sem ekki yrði rekið sem flokkahappdrætti."

Hér er að sjálfsögðu um heimild að ræða, en ég hef litið svo á að það væri ekki hlutverk dómsmrh. að segja til um það að háskólinn megi ekki nýta sér nýjustu tækni sem er fyrir hendi í þessu efni. Hlutverk ráðherrans sé að ganga úr skugga um að sú tækni sem óskað er eftir að taka upp sé í samræmi við lögin og rúmist innan þeirra og setja síðan almennar reglur um vinningshlutfall, vinningsupphæðir og fjölda véla og annað af þeim toga sem ákveðið er með reglugerð. Þetta hef ég litið á að væri hlutverk ráðherrans en honum væri óheimilt eða a.m.k. væri það í fyllsta máta ómálefnalegt af hans hálfu að synja háskólanum um að taka upp nýjustu tækni til þess að nýta sér þann einkarétt sem hann hefur að lögum. Þannig hef ég litið á að skyldur mínar sem ráðherra væru að afgreiða þetta mál. Það væri að minni hyggju eins og nú standa sakir fullkomlega ómálefnalegt og ekki í samræmi við rétta stjórnsýslu ef ég léti undan þrýstingi og færi í hrossakaup um framkvæmd laga um Happdrætti Háskóla Íslands og hins vegar um framkvæmd laga um almannavarnir eins og óskað hefur verið eftir. Ég get ekki sem ráðherra varið það hvorki fyrir sjálfum mér, Alþingi né þjóðinni að fara í slík hrossakaup. Ég hlýt að framkvæma hvor tveggja þessi lög á grundvelli hefðbundinnar og góðrar stjórnsýslureglu. Þess vegna hefði það verið ósiðlegt og ég hygg ólögmætt af minni hálfu að ganga til slíkra hrossakaupa.

Því hefur verið haldið fram að skrifstofustjórinn í dómsmrn. sé vanhæfur til þess að fjalla um þessi mál í ráðuneytinu vegna setu í happdrættisráði. Lögum samkvæmt ber dómsmrh. að skipa í happdrættisráð. Nafnið er villandi. Það er ekki á nokkurn hátt stjórn happdrættanna. Sama regla gildir um önnur happdrætti sem rekin eru með því nafni. Hér er um að ræða eftirlitsaðila af hálfu ríkisvaldsins, lögbundinn eftirlitsaðila, sem kveður á um og úrskurðar um vinningsupphæðir, vinningshlutföll og önnur atriði af því tagi. Því miður eru ekki sambærileg ákvæði um eftirlit með fjársöfnunum eins og þeim sem Rauði krossinn stundar og fyrir því eru ekki nein lagafyrirmæli eða lagastoð en ég tel að væri eðlilegt til þess að svipuð regla gilti í öllum efnum. Þetta veit formaður Rauða krossins, honum hefur oft verið greint frá þessu. Eigi að síður hefur verið talið rétt að koma villandi upplýsingum um þetta efni á framfæri.

Ég hvatti mjög í sumar til samkomulags milli þessara aðila þegar formaður Rauða krossins tók þetta mál upp og lýsti áhyggjum sínum við mig um þessar nýju happdrættisvélar til háskólans. Ég kallaði aðila á minn fund og óskaði eftir því að þeir settust niður og reyndu að ræða þessi mál og komast að samkomulagi. Það er auðvitað á ábyrgð þeirra sjálfra, samkomulag aðila frjálsra félagasamtaka og stofnunar eins og háskólans er auðvitað á ábyrgð þeirra sjálfra en ég taldi rétt og skylt að hvetja til þess. Það fóru fram, held ég, mjög gagnlegar umræður um þessi efni. Ég óskaði fyrst eftir að þeim lyki 15. sept. en veitti fresti til þess að reyna að halda þeim áfram og ég ætla ekki að varpa sökinni á annan aðilann í því efni hvers vegna samkomulag náðist ekki. Ugglaust er það svo að þegar tveir deila þá er báðum að einhverju leyti um að kenna. En niðurstaðan varð sú að samkomulag hafði ekki náðst á þeim umræðugrundvelli sem fyrir lá.

Eftir því sem mér skilst var höfuðágreiningurinn um það hvort háskólahappdrættið ætti að fá leyfi til að reka happdrættisvélar utan hótela og vínveitingahúsa en Rauði krossinn og samstarfsaðilar hans gátu ekki fallist á samkomulag ef háskólinn hefði þennan rétt. Á móti sögðu háskólamenn við okkur að þeir væru með happdrætti allra landsmanna og teldu að það væri ekki verjandi fyrir þá að bjóða einvörðungu þeim þátttöku í happdrættinu sem væru gestir á hótelum eða hugsanlega að taka þátt í skemmtunum. Þeir yrðu að geta boðið öðrum sem ekki væru gestir á hótelum að stunda skemmtanir að taka þátt í happdrættinu og þess vegna óskuðu þeir eftir hér í Reykjavík að hafa tvær eða þrjár stofur utan við þessa staði. Ég ætla ekki að leggja dóm á þetta en finnst persónulega að siðferðilega, fyrst þeim málum er blandað inn í þetta, þá sé það ekkert lakara að hafa svona stofur utan við hótel og veitingastaði. En ég hygg að þetta hafi verið meginástæðan fyrir því að samkomulag tókst ekki.

Ráðuneytið hefur í gegnum tíðina reynt að koma til móts við alla þá aðila sem afla fjár með happdrætti. Alþingi hleypti af stað mjög umfangsmikilli getraunastarfsemi sem er í eðli sínu mjög svipuð starfsemi, byggist einungis á talnaröðum. Þetta hafði áhrif á afkomu annarra. Bæði háskólinn og Rauði krossinn og

þeirra samstarfsaðilar töpuðu tekjum. Það var reynt að koma til móts við þessa aðila. Rauði krossinn fékk víðtækari heimildir og þeirra samstarfsaðilar og fullkomnari vélar af þessu tagi og það var komið til móts við háskólann einnig til þess að rétta stöðu þessara aðila. Ég tel að ríkisvaldið verði að hugsa með sama hætti til þeirra allra. Allir þessir aðilar eru að vinna mikið þjóðþrifaverk og það á ekki að gera upp á milli þeirra. Háskólinn hafði þegar mest lét held ég um 500 millj. í tekjur af þessari starfsemi en mér skilst að þær séu að falla niður í 200 millj. Þessar nýju happrættisvélar munu væntanlega leiðrétta þeirra hlut að einhverju leyti en þó hvergi nærri eftir því sem þeir áætla að þeir nái sínu fyrra hámarki, enda kannski ekki tilefni til þess við þær aðstæður sem við búum við í þjóðfélaginu að háskólinn geti gert kröfu til þess.

Þetta er í stórum dráttum staða þessara mála. Rauði krossinn hefur tilkynnt mér að hann muni segja upp samstarfssamningi hans og samstarfsaðilanna við almannavarnaráð af þessu tilefni. Það er í sjálfu sér alveg lögmæt aðgerð af þeirra hálfu. Samstarfssamningurinn er gagnlegur held ég fyrir báða aðila, bæði fyrir björgunarsveitirnar og almannavarnir, en eins og hv. alþm. er kunnugt, þá er það borgaraleg skylda að taka þátt í starfi almannavarna á hættutímum, fara í björgunarsveitir samkvæmt ákvörðunum almannavarna og hlíta fyrirmælum þeirra í einu og öllu á grundvelli þess skipulags sem þær hafa þjálfað og byggt upp. Þetta er borgaraleg skylda að viðlagðri refsingu.

Uppsögnin á samstarfssamningnum segir í sjálfu sér ekkert til um það hvort þessi samtök ætli að neita að taka á grundvelli laganna þátt í starfi almannavarna. Uppsögn samninganna getur þess vegna verið fullkomlega málefnaleg en það vakti nokkrar áhyggjur mínar þegar formaður Rauða krossins tók svo til orða sl. föstudagskvöld í sjónvarpsviðtali, með leyfi forseta:

„Almannavarnir geta ekki reitt sig á að við störfum eftir því skipulagi sem þegar hefur verið þjálfað upp."

Ég veit í sjálfu sér ekki hvað þessi orð eiga að þýða en maður veltir því fyrir sér hvort þetta sé yfirlýsing um það að þessi samtök ætli ekki að sinna þeirri borgaralegu skyldu sem lögin kveða á um og það er mjög mikilvægt að samtökin skýri þetta nánar því að þetta gefur fyllilega tilefni til að ætla að samtökin ætli ekki að virða þá borgaralegu skyldu sem kveðið er á um á hættutímum þegar líf og heilsa almennings er í hættu. Og þetta er því kynlegra sem mál eru þannig vaxin að formaður Rauða krossins er jafnframt skrifstofustjóri í heilbrrn. en heilbrrh. fer einmitt með mikið vald, á að gefa fyrirmæli um framkvæmd ákveðinna þátta varðandi almannavarnir á hættutímum.

Rauði krossinn hefur fyrst og fremst verið að leggja á það áherslu í viðræðum við dómsmrn. að koma í veg fyrir að háskólinn fái að taka upp nýjung í þessu efni. Þeir hafa ekki verið að óska eftir viðræðum um að treysta lagagrundvöllinn fyrir eigin fjáröflunarstarfsemi en í lögfræðiáliti frá Tryggva Gunnarssyni lögfræðingi, sem Rauði krossinn að ég hygg óskaði eftir, kemur einmitt fram að vafasamt sé að lagagrundvöllur sé undir þeirri fjáröflun sem fram fer á vegum þessara samtaka. Ég hygg að það sé rétt mat og þess vegna sé ástæða fyrir alla aðila að ræða hvort ekki er hægt að mæta þörfum þeirra og á styrkja lagagrundvelli. Ef þessi samtök óska eftir viðræðum við dómsmrn. um það að styrkja lagagrundvöllinn, um það hvort unnt er að koma til móts við þau ef tekjur þeirra minnka, um það hvernig skipting teknanna á að vera milli þeirra, þá er ég meira en fús til þess að eiga slíkar viðræður. (Forseti hringir.) Ég tel að þessi samtök hafi á heimsmælikvarða sýnt með störfum sínum þjónustu í þágu þessa þjóðfélags sem við eigum að virða. En þá verður að óska eftir viðræðum á þessum grundvelli.

Frú forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Ég tel sem sagt eðlilegt ef það er vilji þessara samtaka að óska eftir viðræðum við ráðuneytið að þær gætu farið fram á þessum þríþætta grundvelli; að ræða um styrka lagastoð fyrir fjáröflun þeirra, hvort rétt sé að útvíkka hana og þá á kostnað annarra aðila ef í ljós kemur að tekjur þessara samtaka minnka. (Forseti hringir.) Og eins að ræða um skiptinguna því að nú hefur þetta verið beint tengt almannavörnum en þegar framlag þessara samtaka til almannavarna er skoðað kemur í ljós að Slysavarnafélagið leggur fram í mannafla 50%, (Forseti hringir.) björgunarsveitirnar 40% og Rauði krossinn 10% þannig að út frá því sjónarmiði þegar þetta er beint tengt almannavörnum sýnist manni ekki sanngjarnt að Rauði krossinn fái stærsta hlutann. Það væri eðlilegt að björgunarsveitirnar í tengslum við almannavarnir fengju stærri hluta. Allt eru þetta atriði sem ég tel eðlilegt að ræða. Af minni hálfu og ríkisstjórnarinnar er alveg ljóst að við viljum standa vörð um fjárhag þessara mikilvægu samtaka og erum fúsir hvenær sem óskað er eftir að ræða málið á þeim grundvelli en það er ekki hægt að knýja ráðherra til þess að fara ómálefnalega fram varðandi framkvæmd á öðrum lögum. Það er annar hlutur sem mér finnst að eigi ekki að blanda saman.

[15:32]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum að upplifa hér allsérstakt mál og því miður er hlaupinn mikill í hiti í það eins og heyra mátti á skýrslu dómsmrh. Hann á líka eftir að kynna sér ýmsar hliðar þessa máls sem við fengum að heyra í gær, þeir þingmenn sem mættu á fund sem félagasamtökin fern, Slysavarnafélagið, Rauði krossinn, SÁÁ og Landsbjörg stóðu fyrir, en væntanlega skýrist þetta nú allt saman.

Hér er upp hafið mikið áróðursstríð á báða bóga og því miður mætast þar stálin stinn. En það er skylda okkar þingmanna að kynna okkur málin frá báðum hliðum og ég vil segja það hér að mér hefur ekki gefist kostur á að kanna ýmsar þær fullyrðingar sem fram komu á fundinum í gær og varða Háskóla Íslands og það kerfi sem þeir eru að setja upp en þessi mál munu væntanlega skýrast.

Ef við horfum á það um hvað þessi deila snýst þá stendur öðrum megin Háskóli Íslands sem lögum samkvæmt er gert að afla fjár með happdrætti og hann vill fara inn á nýjar brautir til að bæta sér upp það tekju-

tap eða þann samdrátt sem orðið hefur í Happdrætti Háskóla Íslands. Og hann hyggst setja upp tölvustýrða spilakassa á vínveitingastöðum, hótelum og ýmsum öðrum stöðum auk þess sem fyrirhugað er að koma upp sérstökum spilastofum. Hinum megin stendur svo fylking hinna fernu félagasamtaka, Rauða krossins, SÁÁ, Landsbjargar og Slysavarnafélags Íslands, sem telja hagsmunum sínum ógnað komi Háskóli Íslands inn á þann markað sem þessi félagasamtök hafa verið nánast einráð á. Þetta mál snýst einfaldlega um bullandi samkeppni um peninga almennings þar sem höfðað er til spilagleði og vinningsvonar og það eru miklir peningar í húfi, verði þetta nýja kerfi háskólans að veruleika.

En málið snýst líka um ýmislegt annað og á því eru siðferðilegar hliðar, spurningar sem við verðum að spyrja okkur og sem nauðsynlegt er að skoða. Það felst m.a. í þessu máli sú spurning hvað hæfi virðulegri stofnun eins og Háskóla Íslands og hver verða áhrifin ef þetta mikla spilakerfi kemur upp. Hver verða áhrifin m.a. á almannavarnir? Og ég spyr: Er það verjandi að góðgerðarsamtök afli fjár með spilakössum þótt vinningsupphæðirnar séu lágar? Er það virðingu Háskóla Íslands samboðið að afla fjár til uppbyggingar sinnar á vínveitingahúsum og spilastofum? Er íslensku ríkisvaldi stætt á því að gera Háskóla Íslands einum skóla á háskólastigi hér á landi skylt að fjármagna byggingar, tól og tæki með happdrættisfé sem skila miklu eitt árið en minna því næsta og þeir búa þar með við mjög sveiflukenndar tekjur? Og ég spyr enn: Hversu lengi á að reka illa fjársveltan Háskóla Íslands með þessum hætti? Við hljótum að verða að spyrja þessarar spurningar og horfa á hina siðferðilegu hlið málsins.

Ég veit auðvitað að það er ekki feitan gölt að flá hjá ríkinu þessa stundina og því er háskólinn knúinn til þess að leita nýrra leiða í sinni fjármögnun. En ég get ekki annað en látið í ljós þá skoðun mína að það sé í rauninni verið að leiða háskólann inn á vægast sagt hæpnar brautir ef uppbygging hans á næstu árum byggist á því að magna enn upp spilafíkn landans og þar sem vinningar verða allt að 6 millj. kr. Ég verð bara að viðurkenna það að þetta stríðir gegn minni siðferðiskennd og ég á bágt með að sjá Háskóla Íslands í þessari stöðu. Að dómi okkar kvennalistakvenna á ríkið að taka á sig rögg og axla þá ábyrgð að reka hér myndarlega akademíu. Það eru ýmsar aðrar leiðir færar til þess að afla fjár og það má líta til annarra landa í leit að fyrirmyndum. Ég vil taka það skýrt fram að ég skil auðvitað þann vanda sem Háskóli Íslands stendur frammi fyrir. En það sem nú ber að gera er auðvitað að leita samninga, að leiða þessa stríðandi aðila aftur að samningaborðinu og að leita leiða til þess að finna lausn á deilunni, jafnframt því sem menn verða auðvitað að fara í það verk að ná niður þörf háskólans fyrir happdrættisfé og ríkið axli sína ábyrgð. Þetta er allt spurning um forgangsröð í ríkiskerfinu.

Það er ekki nokkur vafi á því að ef hér bætast við til að byrja með á þriðja hundrað spilakassar með háum vinningum til viðbótar þeim sem fyrir eru þá verður það auðvitað sprengja á markaðnum. Það er alger barnaskapur að neita því. Auðvitað verður þetta sprengja á markaðnum. Og við skulum gæta að því að þetta nýja spil háskólans hefur fengið gífurlega auglýsingu og þar af leiðandi er það ekki að ástæðulausu sem þessi fern félagasamtök hafa miklar áhyggjur af því hvaða áhrif þetta muni hafa á þeirra tekjuöflun og auðvitað hafa þau ástæðu til að hafa áhyggjur af þessari væntanlegu samkeppni. Og vegna orða hæstv. dómsmrh. hér áðan þá snúast þeirra áhyggjur auðvitað um það að þeir geta ekki uppfyllt sína skyldu gagnvart Almannavörnum ríkisins. Þeir geta ekki fjármagnað kaup á tækjum og bílum og þeir geta ekki þjálfað fólk. Um það snýst auðvitað málið. Þetta er ekki spurning um einhverja borgaralega skyldu heldur það að geta byggt upp á þjónustu sem þessi félagasamtök hafa sinnt.

Virðulegi forseti. Tími okkar er takmarkaður og ég ítreka það að þessa deilu verður að leysa við samningaborðið og ég skora á hæstv. dómsmrh. að beita sér að nýju fyrir viðræðum á milli deiluaðila og að hann fresti á meðan undirritun reglugerðarinnar. Ég vona alla vega að hann sé ekki búinn að undirrita hana. Það hefur verið dregið í efa af virtum lögmanni að spilakassar og kassahappdrætti standist lög og það kom hér fram í máli hæstv. dómsmrh. að það þarf að skýra lagabókstafinn og gera hann fyllri.

Að lokum, virðulegi forseti, hér þarf að fara sér hægt. Það má ekki eyðileggja mikilvægt sjálfboðaliða- og líknarstarf sem unnið er í landinu og það verður að finna leiðir til þess að halda áfram uppbyggingu Háskóla Íslands á þann hátt sem sæmir þeirri gömlu og virðulegu stofnun. Boltinn er hjá dómsmrh. en finni hann ekki lausn þá verðum við hér á Alþingi að grípa í taumana og taka málið í okkar hendur.

[15:39]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst nefna upphafsorð hæstv. dómsmrh. sem fann að því að félagasamtökin hefðu ráðið sér auglýsingaskrifstofu til að vinna að stuðningi við sinn málstað um helgina þótt hann vefengdi ekki rétt þeirra til þess að ráðstafa fé sínu til þess. Ég vil benda ráðherranum á að hann er ráðherra í sömu ríkisstjórn og hefur falið hæstv. félmrh. að framfylgja stefnu ríkisstjórnarinnar hvað varðar sameiningu sveitarfélaga og á vegum þess félmrh. hefur verið ráðin sú sama auglýsingaskrifstofa til þess að reka áróður fyrir tillögum ríkisstjórnarinnar og fá landsmenn sem um þær eiga að kjósa, að kjósa eins og ríkisstjórnin vill. Það hefði einhvern tíma verið spurt hvort það væri siðferðilega rétt að ríkisstjórnin, framkvæmdarvaldið, réði sér auglýsingaskrifstofu til að reka áróðursherferð gegn þegnum sínum. (**Dómsmrh.:** Þetta var nú ákvörðun Alþingis.) Nei, hæstv. dómsmrh. Þetta var ákvörðun hæstv. félmrh.

Ég vil út af því sem hér hefur verið dregið upp sem umræðuefni benda á að ákvörðun sú sem hæstv. dómsmrh. hyggst taka með útgáfu reglugerðar, hafi hann ekki þegar gefið hana út, að það stefnir í hættu rekstrargrundvelli þessara fernu félagasamtaka. Þessi

félagasamtök vinna starf sem enginn annar er tilbúinn til að taka að sér fyrir jafnlítið fé og þau gera. Það er alvarlegt mál af hálfu ráðherra að vega að tilverugrundvelli þessara samtaka með ákvörðun sem sviptir þau hugsanlega stórum hluta af sínu ráðstöfunarfé.

Talsmenn Happdrættis Háskóla Íslands hafa haldið því fram að þetta þyrfti ekki að fara svo, heldur mundi ávinningurinn vera sá að það sem kæmi í þeirra hlut væri viðbót á markaðnum. Þá spyr ég: Viljum við búa til aukna eftirspurn á þessum happdrættismarkaði og sækja þessa auknu eftirspurn inn á vínveitingastaði og staði sem ekki er heimilt að hleypa börnum og unglingum inn á? Og þá kemur önnur siðferðileg spurning: Er það hlutverk sem við ætlum Háskóla Íslands að sækja tekjur á staði sem eru bannaðir fyrir börn og unglinga? Er það við hæfi fyrir virðulega stofnun eins og Háskóla íslands að fara þangað að sækja sér fé? Það tel ég ekki. Og ég er ekki talsmaður þess að menn sæki sér aukna eftirspurn í þessum efnum.

Núna lítur þetta þannig út, og má minna hæstv. ráðherra á það, að í dag eru 10 skólar á háskólastigi. Það er ekki bara Háskóli Íslands heldur aðrir skólar líka sem eru á háskólastigi. Það er hins vegar háskólinn einn sem fær þær tekjur af happdrættinu sem eftir verða þegar búið er að greiða vinninga og rekstrargjöld. Það er því fleira sem þarf að endurskoða en tekjustofna Happdrættis Háskóla Íslands. Það þarf líka að endurskoða tilverugrundvöllinn sjálfan því það eru komnir fleiri háskólar en Háskóli Íslands. Það má nefna Háskólann á Akureyri og fleiri og þessir skólar eiga auðvitað að lögum að eiga sama rétt til tekjustofns og Háskóli Íslands. Þar gildir ekki að mínu mati neitt forræði eins aðila umfram aðra.

Ég vil líka minna á það sem hefur komið fram í gögnum um þetta mál, sem gefur okkur tilefni til þess að íhuga hvort ekki sé þörf á að skoða þessi mál upp á nýtt í heild sinni, að happdrættismarkaðurinn er áætlaður vera um 4 milljarðar kr. Af því rennur ekki nema rúmur 1 milljarður kr. til þeirra starfa sem ætlað er. Tæplega ¾ hlutar af veltunni fara í vinninga og kostnað. Og maður kann að spyrja: Erum við ekki að sækja of litla peninga með of dýrum hætti?

Það má nefna Happdrætti Háskóla Íslands, en á síðasta ári var velta þess um 1,5 milljarðar kr. Það sem eftir varð þegar búið var að greiða út vinninga og rekstrarkostnað voru um 200 millj. kr. Af þessum 200 renna síðan 40 millj. eða 20% til ríkisins í formi einkaleyfisgjalds. Er þá ekki einfaldara að ætla Háskóla Íslands fé á fjárlögum en ætla honum að sækja það með þessum hætti? Það væri verðugt og fróðlegt að fá að vita frá hæstv. menntmrh. hvaða afstöðu hann hefur til þessa máls. Er það með hans samþykki sem þetta er gert, að gefa eða fyrirhuga að gefa út reglugerð sem boðuð hefur verið? Er það menntastefna núv. ríkisstjórnar að sækja fé með þessum hætti á vínveitingastaði, í fjárhættuspil, í stað þess að afla þeirra með skattfé?

Það sem ég tel að gera eigi í núverandi stöðu eru í fyrsta lagi aðgerðir sem eiga að skapa svigrúm til viðræðna. Þar tel ég að brýnast sé í fyrsta lagi að afgreiða það frv. sem fyrir liggur á þskj. 73 um að afnema 20% einkaleyfisgjaldið til ríkissjóðs og leyfa Háskóla Íslands að hafa það fé á meðan menn eru að fara í gegnum tekjustofna þessara aðila. Það hefur líka verið upplýst að félagasamtökin hafa verið tilbúin og hafa boðið Háskóla Íslands 20% af sínum tekjum ef ekki yrði farið út í þessa spilasali. Með þessu tvennu tel ég að væri fyllilega hægt af hálfu hæstv. dómsmrh. að hætta við að gefa út þessa reglugerð sem hann hefur boðað og þá hefur verið skapaður sá grundvöllur að aðilar geti rætt saman. Síðan á hæstv. dómsmrh., að loknum viðræðum og niðurstöðum þeirra, að leggja fyrir þingið nýtt frv. til laga um þessi happdrættismál sem endurskoðar þau í heild sinni, en á því tel ég vera mikla þörf.

[15:46]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er komið á dagskrá Alþingis að mínu mati mjög alvarlegt mál sem er eðlilegt að við tökum hér til umfjöllunar og það viðurkennir hæstv. dómsmrh. Annars vegar er Háskóli Íslands með sitt mikilvæga og merkilega starf sem allir vilja styðja og standa við bakið á í þessu þjóðfélagi. Hins vegar eru öflugustu frjálsu félagasamtök í landinu sem telja sér ógnað, félagasamtök sem standa fyrir almannavörnum, standa fyrir björgunarstarfi, standa fyrir áfengisvörnum, unglingahjálp, alþjóðlegu hjálparstarfi og margvíslegri aðstoð við sjúka. Það er alveg ljóst að ef starfsemi allra þessara samtaka er talið ógnað, þá hlýtur það að hafa mjög mikil áhrif á fjárlög íslenska ríkisins og hlýtur að verða til þess að ráðherrar þurfa að endurskoða ýmislegt sem þeir hafa lagt til við Alþingi nú á þessu hausti.

Hæstv. dómsmrh. sagði áðan að hann væri tilbúinn í viðræður um þessi mál ef yrði óskað eftir þeim. Ég tel það vera skyldu ríkisstjórnarinnar að óska eftir viðræðum um þessi mál og það sé ekki eingöngu spurningin um hver fari fram á þessar viðræður. Auðvitað hljótum við hér á Alþingi að ætlast til þess að það sé reynt að leysa þessi mál í friði og það stríð sem nú er hafið haldi ekki áfram öllum til vansa. Þess vegna væri best að reyna að stöðva að miklu leyti í bili þessa umræðu sem farin er af stað og menn reyni að ná saman og um það á hæstv. dómsmrh. að hafa forgöngu.

Það er líka umhugsunarefni hvort æskilegt er að fara út á þá braut sem háskólinn er að fara út á. Þar er verið að fara út í peningahappdrætti sem er a.m.k. öðruvísi en annað peningahappdrætti, hvað svo sem menn vilja kalla það, þar sem vinningar eiga að vera einhverjar milljónir í stað þess að vinningar í þeim spilakössum sem reknir hafa verið fram að þessu eru einungis rúmar 3 þús. kr. og um 8 þús. kr. Hér er um mikla breytingu að ræða og það hljóta að vera siðferðilegar spurningar samfélagsins hvort það sé æskilegt að setja upp slíkar spilastofur víðs vegar um landið og hvaða vandamál mun það skapa. Hverjir munu sækja þessar spilastofur? Mun það verða gamalt fólk? Munu það verða unglingar? Og munu þar ekki koma upp margvísleg vandamál sem kalla á margvíslega félagslega aðstoð?

Hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan að löggjöfin um þessi mál væri ekki nægilega fullkomin og um það geta allir verið sammála. Það hefur lengi dregist úr hömlu, að mínu mati, og er á engan hátt á ábyrgð núv. dómsmrh. að taka á þessari löggjöf. Í þeirri álitsgerð sem borist hefur frá hæstaréttarlögmanni um þessi mál eru þessar staðreyndir raktar án þess að þar sé verið að kveða upp úr um það að það sem hæstv. dómsmrh. er nú að gera sé á einhvern hátt ólöglegt. Ég er ekki á nokkurn hátt að halda því fram. En hins vegar er löggjöfin ófullkomin og það hlýtur að vera spurning hvort ekki sé nú rétt að staldra við og fara yfir löggjöfina áður en frekari leyfi eru veitt.

Ég bendi á að það eru ýmis önnur happdrætti sem eru að biðja um hið sama. SÍBS og DAS eru líka að biðja um að fá að taka upp spilakassa. Þetta eru mikilvæg samtök sem við verðum jafnframt að standa við bakið á. SÍBS hefur rekið hér afar merkilegt starf áratugum saman og sem betur fer er það jafnframt í samvinnu við aðila eins og Rauða kross Íslands. Það er því ástæða til þess nú að staldra við og líta betur á þessi mál og það á enginn að verða neitt minni af því að gera það. Það er óheppilegt ef þessi mál ætla að fara út á einhverjar persónulegar brautir, ég get tekið undir það með hæstv. dómsmrh. En hann var í ræðu sinni hér áðan líka að ræða um einstakar persónur í þessu máli sem ég tel að hann hefði átt að láta vera. Ég held að það sé mikilvægt að við komum þessari umræðu á annað stig. Við viljum vera án þess hér á Alþingi að þurfa að skipa okkur í fylkingar um það hvort við styðjum Háskóla Íslands annars vegar eða þessi mikilvægu líknarfélög hins vegar. Auðvitað er fullur stuðningur hér á Alþingi við alla þessa aðila og menn vija standa vörð um þeirra starf.

Ég vil þá að lokum spyrja hæstv. ráðherra tveggja spurninga: Hefur hann gefið út þessa reglugerð? Og ef hann hefur ekki gert það, mun hann kalla til aðila til þess að reyna að ná samkomulagi? Ég hef skilið það svo á öllum sem koma að þessu máli að fyrir því sé vilji. Og ef sá vilji er fyrir hendi, þá hefði ég haldið að dómsmrn. ætti að geta komist að niðurstöðu í málinu án þess að þar væri um einhver hrossakaup að ræða. En dómsmrn. hlýtur jafnframt að viðurkenna að starfsemi þessara samtaka er mjög mikilvæg.

Í öðru lagi vildi ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Mun hann beita sér fyrir breyttri löggjöf á þessu sviði og endurskoðun hennar og telur hann koma til greina að gefa ekki út frekari leyfi í sambandi við happdrættisrekstur, þar á meðal til Háskóla Íslands, fyrr en löggjöfin hefur verið endurskoðuð?

[15:53]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Hér er um allt of mikilvægt mál að ræða til þess að það megi snúast um persónulegar deilur hæstv. dómsmrh. og formanns Rauða kross Íslands. Hér er ekki bara um fjárhagslega hagsmuni þessara fernu samtaka og Háskóla Íslands að ræða, heldur er um að ræða lífshagsmuni þeirra sem þessi samtök hafa þjónað og þeirra sem stunda nám við Háskóla Íslands.

Það er auðvitað umdeilanlegt hvort það eigi að afla samtökum og stofnunum sem þessum fjár með fjárhættuspili, með spili eða rekstri fjárhættuspilastofa. Mér finnst ekki erfitt að réttlæta það vegna þessara góðu málefna. En um þetta mega ekki vera harkalegar deilur eða hörð barátta um markaðshlutdeild því að það getur mjög auðveldlega eyðilegt alla þessa starfsemi og vilja fólks til þess að taka þátt í þessu spili og til þess að styðja þessi samtök. Ef það eiga að verða breytingar á þessum málum þá verða þær að gerast í sátt, í sátt allra þeirra aðila sem hlut eiga að máli. Ég tel að dómsmrh. verði að hafa frumkvæðið í því að ná þessum sáttum þrátt fyrir meintar árásir formanns Rauða krossins. Ef hæstv. ráðherra telur að lagaheimildir séu of veikar og sátt og samkomulag væri í ætt við hrossakaup, þá er ég sannfærður um að það mun ekki standa á þessari samkomu hér að ræða breytingar á lögum og koma þeim til skila í lagabálk þjóðarinnar. Ég vil fagna vilja ráðherrans til þess að ganga til viðræðna. En ef það er eitthvert vandamál hver á að hafa forgöngu um viðræðurnar eða hver á að biðja um þær, þá skal ég hér með biðja alla viðkomandi aðila um að ganga hið snarasta til viðræðna til þess að leysa þetta mál. Ég veit að það er góður vilji allra aðila og þennan vilja verðum við að nota til þess að leysa málið. Ég treysti hæstv. dómsmrh. til þess að beita sér í málinu og tryggja farsæla lausn fyrir okkur öll, þjóðina alla, hvort sem við erum í háska eða í námi. Það mun styrkja okkur öll og verða okkur öllum til góðs og það þolir ekki bið.

[15:56]

Petrína Baldursdóttir:

Frú forseti. Ég verð að segja að illa er komið fyrir æðstu menntastofnun þjóðarinnar að þurfa að reka spilakassa, nokkurs konar fjárplógsstarfsemi til að fjármagna starfsemi sína. Um leið er höggvið að rótum meginfjáröflunar líknarfélaga á borð við Rauða krossinn, SÁÁ, Landsbjörg og Slysavarnafélag Íslands. Umrædd félagasamtök hafa nú boðað að þau treysti sér ekki lengur í þá starfsemi sem þau inna af hendi og því langar mig að spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvað á að verða um starfsemi á borð við kaup á sjúkrabifreiðum, þjálfun áhafna, hina miklu og góðu vinnu SÁÁ með vímuefnaneytendur og þjálfun björgunarsveitarmanna sem eru tilbúnir að leggja borgurum landsins lið á neyðarstundu allan ársins hring? Svo til allt starf þessara aðila er unnið í sjálfboðavinnu og að baki liggur margra ára þjálfun og reynsla. Er ríkissjóður nú á tímum niðurskurðar og samdráttar í íslensku efnahagslífi tilbúinn að standa undir því sem fellur niður?

Margt af þeirri vinnu sem unnin er fellur undir almannaheill. Það hlýtur að vera í verkahring ríkisvaldsins að tryggja öryggi þegnanna. Þegar vá ber að dyrum eru opinberir aðilar, t.d. lögreglan, engan veginn í stakk búnir til að sinna öllum þeim hjálparbeiðnum sem koma upp víða um land. Því eru í gildi samningar milli almannavarnanefnda og björgunarsveita á viðkomandi stöðum.

Í mínu byggðarlagi eru 4–6 tilfelli árlega þar sem kalla þarf björgunarsveitir til aðstoðar vegna óveðurs og sinna þær um 90% þeirra hjálparbeiðna sem berast

og gefur því auga leið mikilvægi þess að hafa vel þjálfað lið. Verði úr að þessi starfsemi falli niður er hætt við að tjón borgaranna verði mun meira en ella. Margt fleira væri hægt að telja upp sem miður færi.

Hæstv. dómsmrh. Er það ekki stundargróði að kippa fótunum undan starfsemi áðurtaldra líknarfélaga en standa uppi með háskóla sem fær fjármagn fyrir starfsemi sína frá spilakössum? Ég skora á hæstv. ráðherra að endurskoða afstöðu sína.

[15:59]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Nú ætlar hæstv. dómsmrh. að etja saman í hinni svokölluðu frjálsu samkeppni virtustu menntastofnun þjóðarinnar og stórum félagasamtökum áhugafólks um björgunarstörf. Og til þess dugar ekkert minna en að koma á fót 350 spilakössum eða spilavítum um allt land. Frá árinu 1972 hafa björgunarsveitir fjármagnað sína starfsemi í almannaþágu með rekstri spilakassa og þannig staðið straum af margháttuðu björgunarstarfi. Nú skal öðrum hleypt inn á þann markað og um leið er reynt að æsa upp spilafíkn í enn meira mæli með þjóðinni, með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Nú skal það tekið fram að sú sem hér stendur er ekki par hrifin af rekstri spilakassa og vildi helst sjá þá alla aflagða. Ég er viss um að þeir æsa upp spilafíkn í börnum og unglingum og það hefur alvarlegar afleiðingar seinna meir. Ég hef reyndar horft upp á það sjálf. Ég tel þó að hægt sé að réttlæta rekstur þeirra sem fyrir eru að nokkru með því að afrakstur þeirra þjóni góðu málefni í þágu almennings. Í þeim kössum sem eru á markaðnum er ekki spilað um stórar fjárhæðir. Það er alveg augljóst að fari Happdrætti Háskólans með slík spilavíti, sem við erum hér að ræða um, inn á markað, þá dettur sala í öðrum spilakössum niður. Landinn hefur nú alltaf verið nýjungagjarn eins og við vitum. Þess vegna hafa forustumenn Rauða kross Íslands, Slysavarnafélagsins, Landsbjargar og SÁÁ ákveðið að segja upp gildandi samningi við Almannavarnir ríkisins um björgunarstörf og neyðaraðstoð á hættutímum. Samtökin telja að með því að veita Happdrætti Háskólans leyfi til að reka spilavíti á Íslandi þá ógildi ráðherra forsendur umræddra samninga og segi þeim í rauninni upp.

Síðan er spurning sem hefur verið velt upp í þessum umræðum um lagagildi þessarar leyfisveitingar hjá hæstv. dómsmrh. Samkvæmt álitsgerð Tryggva Gunnarssonar sem unnin var fyrir þessi fern félagasamtök þá er hæpinn lagagrundvöllur fyrir þeim leyfum sem hingað til hafa verið gefin Rauða krossinum og öðrum félagasamtökum. Hann telur að það þyrfti að styrkja þann rétt með lögum en það er líka spurning hvort háskólinn hefur rétt til þess samkvæmt lögum um Happdrætti Háskólans að setja slíkt happdrætti af stað. Það er hægt að vitna hér í niðurstöður Tryggva sem hann sendi þessum fernum félagasamtökum en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ekki verður talið að lög nr. 13/1973, um einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands til reksturs happdrættis og bann laganna við stofnun annars peningahappdrættis, taki til starfrækslu þeirrar söfnunar eða spilakassa sem dóms- og kirkjumrn. hefur heimilað félagasamtökum að reka enda þótt kassarnir teldust almennt falla undir hugtakið happdrætti í merkingu laga. Ákvæði laga nr. 13/1973 eru ekki talin leiða til þess að Happdrætti Háskólans geti á grundvelli þeirra laga gert kröfu um að það fái að reka söfnunar- eða spilakassa af því tagi sem félagasamtökin hafa leyfi til að reka eða fái einkaleyfi til þeirrar starfsemi."

Þetta er ein af þeim niðurstöðum sem hæstaréttarlögmaðurinn kemst að við að skoða þessa lagabálka og þessar leyfisveitingar.

Það má líka minna á að þegar einstaklingar hafa starfrækt slíka spilakassa þá er það talið fjárhættuspil sem stangist á við almenn hegningarlög. Af lestri þessara leyfisveitinga er ljóst að leyfin hafa verið byggð á því að með starfsemi söfnunar- eða spilakassa væru samtökin að afla fjár til starfsemi sinnar, en þau sinna, eins og hér hefur komið fram, öll starfsemi á sviði mannúðar-, björgunar- eða velferðarmála. Ég tel því að hæstv. ráðherra ætti að endurskoða þessa afstöðu sína. Það er alveg rétt að háskólinn þarf á framlögum að halda en það væri réttara að hið íslenska ríki tæki það á sínar herðar að sjá um að rekstur háskólans geti gengið rétt eins og annarra háskóla í landinu.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari þeim spurningum sem beint hefur verið til hans og vona svo sannarlega að hann sé ekki búinn að gefa þá reglugerð út sem hér hefur verið talað um og hægt sé enn á ný að koma á samningaumleitunum milli þessara aðila sem leiði til þess að þeir finni farsæla lausn.

[16:05]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi harma það að hæstv. dómsmrh. skyldi kjósa í ræðu sinn að ráðast með jafngrófum hætti og hann gerði á formann Rauða kross Íslands. Það vita allir að sá einstaklingur var valinn sem talsmaður fyrir þau fjölmennu samtök sem hér eiga hlut að máli, Rauða krossinn, Slysavarnafélag Íslands, Landsbjörg og SÁÁ. Og að dómsmrh. landsins skuli í ræðustól hér á Alþingi ráðast að þessum einstaklingi með þeim hætti sem hann gerði hér í skýrslu sinni til þingsins er bæði vítavert og ósæmilegt. Það er á engan hátt til þess fallið að hægt sé að leysa þá illvígu deilu sem upp er komin þegar sjálfur ráðherrann, sem á að hafa það hlutverk að leita sátta, gengur fremstur í persónulegum árásum af því tagi sem hér komu fram áðan. Það er líka vítavert að hann skuli saka formann Rauða krossins um að fara í hrossakaup gagnvart almannavörnum þegar formaður Rauða krossins var einfaldlega að benda á þá staðreynd að ef tekjustofnar þessara samtaka, sérstaklega þriggja þeirra, mundu bregðast hefðu þau ekki aðstöðu til að þjálfa mannafla, sjálfboðaliða, eða kaupa tæki til að geta með sæmd tekið þátt í störfum almannavarna og leyst þær skyldur af hendi sem þeim ber. Ég skil satt að segja ekki hvar hæstv. ráðherra er staddur í þessu máli að hann skuli kjósa að opna það með þeim hætti sem hann gerði hér á Alþingi. Ég vona satt að segja að þeim kafla sé lokið og hæstv. ráðherra gangi í það með

fleirum að reyna að ná sáttum í þessu máli.

Ég vil í öðru lagi vekja athygli á því að Háskóli Íslands er ríkisstofnun. Það fjármagn sem hefur verið aflað með Happdrætti Háskólans hefur fyrst og fremst farið í byggingar á vegum háskólans. Hér er þess vegna verið að ræða með hvaða hætti ein tiltekin ríkisstofnun fjármagnar byggingar sínar og viðhald á næstu árum.

Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Er það rétt sem sagt hefur verið við okkur ýmsa þingmenn að hæstv. menntmrh. hafi jafnvel ásamt fjmrh. átt viðræður við dómsmrh., einhvern tímann á liðnum missirum, til að eiga aðild að ákvörðun um þessa nýju stefnu í happdrættismálum háskólans af því að það gæti verið liður í því að leysa fjárlagaþrýstinginn hvað háskólann snertir að öðru leyti? Ég tel nauðsynlegt að hæstv. mennmrh. upplýsi hér á Alþingi hver er hlutur hans í málinu. Í öðru lagi vil ég óska eftir því að hæstv. menntmrh. birti þann samning sem Happdrætti Háskóla Íslands hefur gert við hinn erlenda aðila sem framleiðir þau tæki sem hér um ræðir. Háskóli Íslands er opinber stofnun. Hún getur ekki né happdrættið gert viðskiptasamninga við erlendan aðila af þessu tagi án þess að þeir séu opinber skjöl. Það hefur ekki fengist upplýst hvort það sé virkilega rétt að hinn erlendi aðili eigi að fá hundruð milljóna á ári, ef veltan verður af því tagi sem háskólinn býst við, í sinn hlut. Við sem eigum að taka þátt í umræðum um þetta mál hér á Alþingi eða annars staðar verðum að fá þennan samning upp á borðið, hann getur ekki verið leyndarskjal.

Ég vil einnig segja við hæstv. dómsmrh., Þorstein Pálsson. Hér voru fyrir nokkrum árum á Alþingi harðar umræður um þá hugmynd að leggja á svokallaðan happdrættisskatt. Þá var það talið af ýmsum, m.a. þeim sem hér stendur, að það gæti verið réttlætanlegt að allir þeir aðilar sem tækju þátt í því að velta 4 milljörðum árlega greiddu hluta af því í sameiginlegan sjóð landsmanna til að standa undir margvíslegum framkvæmdum. Enginn, enginn hér á Alþingi gekk jafnhart fram í því að biðja páv. ríkisstjórn um að hætta við þau áform og páv. þingmaður Þorsteinn Pálsson og núv. dómsmrh. Rök hans voru þau að það mætti ekki skerða með neinum hætti tekjumöguleika hinna frjálsu félagasamtaka í landinu sem öfluðu tekna með þessum hætti, eins og Slysavarnafélagsins, eins og íþróttahreyfingarinnar, eins og Hjálparsveitar skáta og fjölmargra aðila sem þar eiga hluta að máli. Það var fallist á þessi sjónarmið og þessar hugmyndir voru dregnar til baka og hin frjálsu félagasamtök fengu að njóta alfarið þessara tekna. Nú vil ég spyrja hv. þm. og núv. hæstv. dómsmrh., Þorstein Pálsson: Hefur hann skipt um skoðun? Hefur hann skipt um skoðun? Því Happdrætti Háskóla Íslands er ekki frjáls félagasamtök, það er tekjustofn fyrir ríkisstofnun sem fjármagnar viðhald og byggingar með þessum tiltekna hætti. Ég er reiðubúinn til að ganga til samstarfs við hæstv. dómsmrh., eins og ég gerði á sínum tíma, um að greitt verði fyrir því að hætt verði við þessi áform þannig að hin frjálsu félagasamtök fái að njóta þeirra tekjuöflunarmöguleika sem þau hafa haft til þessa.

Við alþýðubandalagsmenn höfum lagt fram ákveðna tillögu hér í því skyni að greitt verði fyrir þessu. Í fyrsta lagi, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson lýsti hér áðan, að efnt verði strax til viðræðna og reglugerðin verði ekki gefin út. Í öðru lagi að frv. sem Guðrún Helgadóttir o.fl. flytja hér á Alþingi, um að háskólinn þurfi ekki lengur að greiða einkaleyfisgjaldið verði samþykkt. Þar með hefur háskólinn fengið nokkuð í sinn hlut án þess að gengið verði þá braut að skerða möguleika hinna frjálsu samtaka. Ég bið hæstv. ráðherra að hugleiða þessar tillögur okkar alþýðubandalagsmanna því ég er sannfærður um að þær geta orðið til þess að menn slíðri nú sverðin.

[16:12]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hvað sem líður lagalegri heimild hæstv. ráðherra í þessum efnum og hvað sem líður þörf Háskóla Íslands fyrir fjármagn til uppbyggingar skólans og hvað sem líður afleiðingum þessa fyrir þá aðila sem fyrir eru á þessum markaði þá er það svo stórt mál að leyfa uppsetningu á hundruðum spilakassa af þeirri gerð sem hér um ræðir að það er óásættanlegt að hæstv. dómsmrh. skuli ætla að gera það án umræðu í þjóðfélaginu. Það er líka óásættanlegt að Háskóli Íslands sem fram til þessa hefur verið talinn æðsta og virtasta menntastofnun þjóðarinnar skuli ætla að fara út í starfsemi sem þessa.

Það hefur lengi verið ljóst að hæstv. ríkisstjórn er ekki sérstaklega vel í takt við sitt þjóðfélag en mér þykir leitt að þurfa að segja að mér sýnist þetta gefa það til kynna að háskólinn sé það ekki heldur.

Hvers vegna skyldu aðrar þjóðir Evrópu ekki hafa sett upp starfsemi sem þessa? Ætli það sé fyrir það að enginn hafi vitað af þessum tólum? Mér segir svo hugur að ástæðan sé miklu frekar sú að þessi leikur, ef leik skyldi kalla, býður upp á fíkn. Þessir kassar eru nefnilega nær eingöngu í spilavítum í þeim fjórum fylkjum Bandaríkjanna sem á annað borð hafa leyft kassana og það segir meira en mörg orð.

Það er erfitt fyrir Háskóla Íslands að hafa á örfáum árum hrapað úr því að hafa um 60% af markaðshlutdeild af happdrættisfé þjóðarinnar niður í það að vera kannski með 15–18%. Þetta er öllum ljóst. Þess vegna þurfa að fara fram umræður um það hvernig happdrættisfé verði skipt á sanngjarnan hátt. Fulltrúar Rauða kross Íslands, SÁÁ, Slysavarnafélagsins og Landsbjargar héldu að þeir væru í alvöruviðræðum við dómsrn. og fulltrúa Háskóla Íslands um að finna leiðir sem miðuðu að því að skipta fé á sanngjarnan hátt án þess að taka upp rekstur á þessum spilakössum sem kenndir hafa verið við gullnámu. Það virðist hins vegar vera svo að þetta hafi eingöngu verið málamyndaumræða. Ef til vill var ákvörðunin af hálfu hæstv. ráðherra tekin fyrir löngu síðan. Getur verið að þarna hafi tíma verið eytt algjörlega til ónýtis? Að minnsta kosti er það ljóst að fréttina fengu þessir aðilar í gegnum fjölmiðla án þess að slitnað hefði upp úr viðræðum að þeirra mati. Dómsmrh. hafði ákveðið að leyfa gullnámuna og segir núna að þetta sé ekkert annað en ný tækni, ný tækni í öflun happdrættisfjár.

Við skulum láta það liggja milli hluta hvort hægt er að tala um spilavíti í þessu sambandi en hitt vil ég að komi fram að mér finnst það jafnvel skárra að opna raunverulegt spilavíti á Íslandi þar sem alþjóð vissi og færi ekki í grafgötur með hvers konar starfsemi færi þar fram innan dyra heldur en að skella upp 350 kössum af þeirri gerð sem hér um ræðir og laumast þannig bakdyramegin að landsmönnum.

Við Íslendingar erum delluþjóð og það gerir kannski smæð þessa þjóðfélags. Bíladellan hjá æðstu embættismönnum þjóðarinnar er eitt afbrigðið, snuðin sem grunnskólabörn gengu með um hálsinn í fyrravetur er annað afbrigðið og svona mætti lengi telja. En ég vil segja að það er mikil ábyrgð sem hvílir á hæstv. dómsmrh. ef hann verður valdur að því að nýjasta dellan verði þessi svokallaða gullnáma.

Mér finnst þetta mál dapurlegt og það er dapurlegt að fólk skuli ekki geta náð samkomulagi og talað saman og þar átti hæstv. dómsmrh. að vera í lykilhlutverki. Ég vil svo sannarlega vona að þau orð sem hafa verið sögð um þessa helgi, og kannski hefur eitthvað verið ofsagt þar, verði ekki til þess að það verði ekki hægt að setjast aftur við samningaborðið.

Það er í sjálfu sér óþarfi að endurtaka það sem hér hefur komið fram um mikilvægi þeirra félagasamtaka sem hafa leyfi til rekstrar spilakassa í dag og hvað það hefði í för með sér ef tekjuforsendum yrði rústað. Og ég vil trúa því, og leyfi mér að halda því fram, að það vilji enginn Íslendingur og ekki heldur hæstv. dómsmrh. En hver skyldi svo heildarkostnaðurinn vera við happdrættin og við að afla þessa fjár? Mig langar til að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hann hefur tölur um það og hvort honum finnst ekki augljóst að kostnaður muni stóraukast með tilkomu þessara kassa.

Ég vil að síðustu segja það, hæstv. forseti, að ég varð fyrir miklum vonbrigðum með ræðu hæstv. ráðherra hér áðan þar sem hann notaði tímann mikið til til að skamma formann Rauða krossins sem er að sjálfsögðu fjarstaddur og hefur ekki tækifæri til að taka þátt í þessari umræðu. Svo klikkti hann nánast út með því að hóta björgunarsveitum lögsókn. Svona vinnubrögð ganga ekki. Ég endurtek það sem ég sagði áðan, hæstv. forseti, að það þarf að koma aftur að samningaborðinu í þessu viðkvæma og erfiða máli og í þeim efnum á hæstv. dómsmrh. að beita sér.

[16:18]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það blandist engum hugur um hve mikilvægt starf björgunarsveita, Rauða krossins og háskólans er í þessu þjóðfélagi. Auðvitað vilja menn leiða þetta mál til lykta þannig að í sátt geti verið. Þess vegna gera menn sér grein fyrir því að vandi dómsmrh. er mjög mikill.

Það er nú svo, eins og hér hefur verið getið um áður, að það eru fleiri happdrætti sem eru á því sviði að vinna að líknarmálum heldur en þeir aðilar sem hér hafa verið nefndir. Ég vildi t.d. nefna Happdrætti SÍBS, sem rekur Reykjalund og þar eru um 1.200 sjúklingar og öryrkjar til lækninga og endurhæfingar árlega auk þess sem þessi ágætu samtök reka Múlalund, vinnustofu SÍBS þar sem um 90 öryrkjar koma að. Happdrætti DAS rekur Hrafnistu þar sem á sjöunda hundrað aldraðir hafa fengið húsaskjól. Það er sammerkt með þessum báðum happdrættum að þau leggja allan sinn ágóða til þessarar líknarstarfsemi og veit ég ekki hvar við værum á vegi stödd ef þessi frjálsu félagasamtök ynnu ekki jafngifturíkt starf og raun ber vitni.

Það er hins vegar athyglisvert þegar talað er um þau happdrætti önnur en flokkahappdrætti að í gegnum árin hafa margs konar vanhugsuð upphlaup á happdrættismarkaði skaðað hin hefðbundnu flokkahappdrætti. Menn hafa orðið varir við það í flokkahappdrættum eins og t.d. Happdrætti DAS þar sem seldur miðafjöldi hefur fallið úr 60.000 miðum niður í rétt tæplega 26.000 miða á tíu ára tímabili. Þessi tvö happdrætti hafa leitað líka til dómsmrn. til þess að fá úrlausn sinna mála með sama hætti og hér er verið að deila um núna. Ég veit það að Happdrætti DAS væri mjög í mun ef það fengi breytingar á lögum eins og nú er verið að ræða um. Það er nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því að það þarf að taka lög happdrætta almennt til endurskoðunar. Ég veit það að menn hjá Happdrætti DAS væru mjög fegnir því að fá það út úr lögunum að í vinning skuli þar vera búnaðarvélar, traktorar og búpeningur. Þetta segir sína sögu um þá tíma er þessi happdrætti upphaflega hófu starfsemi sína. Þau hafa í nokkur skipti reynt að fá lögum breytt í þá átt sem hér er verið að deila um. En allt kom fyrir ekki.

Það mál sem hér er tekist á um er mjög erfitt og ég trúi ekki öðru en að leitað verði leiða til að leysa þessa deilu sem upp er komin. Það var athyglisvert á fundinum í gær í húsi SVFÍ hvað þeir héldu tölur, þeir ágætu fulltrúar þessara félagasamtaka sem nú svo mjög deila um þá spilakassa sem Happdrætti Háskólans er að setja á laggirnar. Varðandi þá kassa sem reknir eru nú sögðu þeir að bæði Rauði krossinn og SÁÁ væru búin að koma sér upp sérstöku kerfi til þess að „afvatna", ef svo mætti segja, spilafíkla sem fyrirfinnast vegna þeirra kassa sem þegar eru fyrir. Það er því ljóst, eins og hv. síðasti ræðumaður kom hér inn á, að þessu spilakassamáli mun fylgja ákveðinn vandi. Við erum að kalla vanda yfir okkur. En hvernig hins vegar má leysa það mál sem á milli þessara aðila hefur komið upp er annar handleggur. Og það er mín skoðun að ef lög um happdrætti verða endurskoðuð og þeim verður breytt, þá er nauðsynlegt að það gildi þá jafnt yfir alla aðila er að happdrættismálum standa. Við skulum ekki gleyma þeim mikilvæga þætti happdrættanna hvað varðar líknarfélög og eru þau þó miklu fleiri heldur en ég hef hér getið um.

Ég hlýt því að spyrja dómsmrh. um einkaleyfi Háskóla Íslands til peningahappdrættis. Stangast þetta ekki á við gildandi samkeppnislög? Og hvað með hið margumtalaða EES? Er það einkaleyfi sem háskólinn hefur í anda þeirra laga sem þar er um fjallað varðandi samkeppni og annað því um líkt?

Ég vil ljúka máli mínu hér með sama hætti og flestir þingmenn hér í dag. Ég vona að þetta mál verði leitt

til lykta þannig að ekki þurfi miklar deilur upp um þetta að spinnast frekar en orðið er í ljósi mikilvægis allra þeirra aðila sem hér eiga hlut að máli, en þá líka væntanlega með það að menn horfi til fleiri átta en þessara aðila. Menn horfi þá líka til þeirra aðila sem vinna fjölmörg líknarstörf og þurfa að leita á happdrættismarkaðinn til fjáröflunar.

[16:24]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir skýrslu hans þó að ég telji að hún svari ekki þeim spurningum sem vaknað hafa varðandi þetta mál né leysi þau vandamál sem við er að glíma.

Vandinn er að mínu mati þrenns konar. Í fyrsta lagi með hvaða hætti rekstrargrundvöllur Háskóla Íslands er tryggður. Í öðru lagi með hvaða hætti er tryggður rekstrargrundvöllur þeirra frjálsu félagasamtaka sem séð hafa um líknar- og björgunarstörf hér á landi. Og í þriðja lagi nauðsyn þess að bæta og breyta allri löggjöf um rekstur hvers konar happdrættis.

Eins og hér hefur komið fram hafa stjórnir fernra samtaka ákveðið að segja upp gildandi samningum við almannavarnir ríkisins um björgunarstörf og neyðaraðstoð á hættutímum. Forsendan fyrir þessari ákvörðun er sú að þau telja að með því að heimila Happdrætti Háskóla Íslands að setja hér upp öflugt kerfi spilakassa sé hæstv. dómsmrh. að kippa fótunum undan fjárhagslegum grundvelli samtakanna. Á fundi sem forustumenn Rauða kross Íslands, Slysavarnafélags Íslands, Landsbjargar og SÁÁ boðuðu þingmenn til í gær kom fram rökstuðningur þeirra fyrir þessari ákvarðanatöku. Ég tel að ekkert í þeim upplýsingum eða þeim málflutningi sem fram kom á fundi þessara aðila í gær megi túlka sem illvíga aðför að Háskóla Íslands, æðstu menntastofnun þjóðarinnar eins og fram kemur í samþykkt háskólaráðs frá því í dag. Ég lít aðeins á þær upplýsingar sem fram komu sem tilraun þessara samtaka til að halda í þá tekjustofna sem þessi frjálsu félagasamtök hafa haft af rekstri spilakassa í um það bil 20 ár og eru í reynd um 70–80% af sjálfsaflafé þeirra.

Eins lít ég á þennan rökstuðning félaganna sem fram kom á fundinum sem mótmæli gegn því að ríkisvaldið, sem vissulega á að sjá um fjárveitingar til Háskóla Íslands til rekstrar, stofnkostnaðar og viðhalds, neyði háskólann inn á þessa braut fjáröflunar með því að skera stöðugt niður framlög til skólans og rýra með því um leið tekjumöguleika frjálsra félagasamtaka, félagasamtaka sem gegna afar mikilvægu hlutverki í þjóðfélaginu. Mér er það óskiljanlegt hvernig stjórnvöld, sem samþykkja að Háskóli Íslands nái sér í 200 millj. kr. tekjur í gegnum rekstur spilakassa á vínveitingahúsum og í sérstökum spilasölum, ætla að mæta þeim kostnaði sem af hlýst ef samstarfssamningi um björgunarstörf og neyðaraðstoð verður sagt upp. Ef fjárhagsgrundvelli er kippt undan þeim félagssamtökum sem unnið hafa þessi björgunarstörf hlýtur að þurfa að semja upp á nýtt við þau eða aðra aðila um að sinna þessum störfum. Og þeir samningar munu áreiðanlega kosta ríkið þær 200 millj. sem háskólinn verður vegna fjársveltis að ná sér í með því að spila á spilafíkn landans. Það hlýtur að vera erfitt fyrir þessa æðstu menntastofnun landsins að fara þessa leið í fjáröflunarskyni og það er siðferðilega rangt að neyða háskólann inn á braut slíkrar starfsemi.

Verði þetta leyfi gefið af hæstv. ráðherra er einnig verið að breyta eðli þessarar spilakassastarfsemi. Mikill munur er á þeim vinningum sem fást úr svokölluðum rauðakrosskössum og þeim sem Happdrætti Háskóla Íslands ætlar að setja upp. Hér á líka að hefja rekstur á sérstökum spilastofum sem e.t.v. er fyrsti vísir að því að heimila hér rekstur spilavíta. Í samningaviðræðum milli þeirra aðila sem koma að þessu máli hafa samningar einmitt strandað á því að þeir aðilar sem nú reka spilakassa hafa ekki viljað fara út í það að reka slíkar spilastofur.

Í þessum samningaviðræðum buðu núverandi rekstraraðilar Happdrætti Háskólans samstarf. Það tilboð fól í sér að Happdrætti Háskólans fengi 20% af ágóða þeirra kassa sem nú eru í gangi. Það hefði gefið háskólanum 80–100 millj. kr. Hér á Alþingi hefur hv. þm. Guðrún Helgadóttir lagt fram frv. þess efnis að einkaleyfisgjald það, sem Happdrætti Háskólans hefur verið gert að greiða, verði fellt niður. Ef þetta frv. verður samþykkt gæfi það háskólahappdrættinu um 40 millj. kr. tekjur. Þarna erum við komin með um 140 millj. kr. upp í þær 200 millj. kr. tekjur sem happdrættið ætlar að ná sér í til viðhalds bygginga háskólans með því að setja upp þessa nýju spilakassa. Hefði nú ekki verið nær að ganga með þessum hætti frá málum og nálgast þessar tekjur með því að stuðla að samningum og samþykkja þetta frv. sem nú þegar hefur verið lagt fram og síðast en ekki síst að sjá til þess að fjárveitingar til Háskóla Íslands séu þingi og þjóð til sóma?

Ég tel að þessar leiðir hafi ekki verið fullreyndar. Þá hefði að mínu mati verið nauðsynlegt að endurskoðun á lögum um rekstur happdrættis og lögum um aðrar fjársafnanir, svo sem lottó, skafmiða, spilakassa o.fl., væri lokið og nýtt frv. um alla slíka starfsemi séð dagsins ljós hér á Alþingi og hlotið afgreiðslu áður en hæstv. dómsmrh. tæki ákvörðun um að útvíkka heimildir til starfrækslu spilakassa meira en orðið er.

Verði reglugerðin undirrituð nú og tekjutap þeirra samtaka sem þá munu segja upp samningi um björgunarstörf verður að veruleika, þá stöndum við frammi fyrir vandamáli sem er miklu, miklu stærra en 200 millj. kr. framlag til viðhalds bygginga háskólans. Þá verður að taka ákvörðun um það með hvaða hætti við stöndum að fjármögnun þeirrar starfsemi sem þessi fern félagasamtök hafa staðið fyrir meira og minna með sjálfboðastarfi auk þeirra tekna sem spilakassar hafa veitt þeim. Og aðeins til þess að nefna dæmi um umfang þeirrar starfsemi má geta þess að rekstur um 90 björgunarsveita Slysavarnafélags Íslands kostar á ári hverju um 630 millj. og áætlað verðmæti eigna þeirra er um 1 milljarður 131 millj. kr.

Starfsemi sú sem Rauði krossinn rekur t.d. fyrir unglinga hér í Reykjavík og víðar kostar einnig verulegar fjárhæðir.

Það er mikilsvert að hæstv. dómsmrh. beiti sér fyrir því að samkomulag náist í deilu Happdrættis Háskólans og þeirra félagasamtaka sem hér um ræðir og að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir heildarendurskoðun á löggjöf um happdrætti og leggi hana fyrir þingið. Ég vil taka undir þær spurningar sem fram komu hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni þar sem hann spurði hæstv. ráðherra hvort hann væri tilbúinn til þess að fresta gildistöku þessarar reglugerðar þar til slík heildarendurskoðun og afgreiðsla á löggjöf hefði farið fram. Ég styð þá tillögu og einnig það að við förum aðrar leiðir, við stuðlum að annars konar tekjuöflun fyrir Háskóla Íslands sem vissulega er mikilsverð stofnun. Við viljum veg háskólans sem mestan, en við viljum einnig standa vörð um þær tekjur sem hin frjálsu félagasamtök, sem hafa gegnt svo mikilvægu hlutverki í þjóðfélagi okkar, hafa haft fram að þessu.

[16:31]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka ráðherra fyrir hans skýrslu um stöðu þessa máls sem útskýrði að mörgu leyti tæknilega stöðu málsins. Það skiptir auðvitað miklu máli í öllu er lýtur að björgunar- og hjálparstarfi að menn haldi jafnt ró sinni og snerpu. Því miður hefur það gengið þannig fram að einstaka aðili hefur kannski gengið of langt í umræðum helgarinnar og það ber að harma, en það er búið og gert.

Það þýðir ekki að vera að tala hér um einhver hundruð millj. kr. eins og sumir hv. stjórnarandstöðuþingmenn hafa gert sem einhverja liggjandi upphæð á eldhúshillu stjórnarbúsins. Þessir peningar liggja ekkert á lausu og um það snýst málið. Þess vegna eru menn að keppa eftir fjármagninu. Það er stundum eins og þær lendi í því, hv. blessaðar kvennalistakonur, að halda að það sé til nóg af peningum í skúffunni eða eldhúshillunni og það þurfi bara að færa þá á milli. Þetta er bara ekki þannig og fólk gerir sér grein fyrir því að það er ekki þannig. (Gripið fram í.)

Sagt er að það sé fyrir neðan virðingu Háskóla Íslands að afla fjár með happdrætti eins og skólinn hefur gert um 60 ára skeið. Er þá ekki alveg eins fyrir neðan virðingu Rauða kross Íslands og annarra íslenskra stofnana að afla fjár með sama hætti? Hvaða munur er á því? Er það fólk sem vinnur í björgunarsveitum og á vegum Rauða krossins lægra sett en fólk í Háskóla Íslands? Hvaða tvískinnungur er þetta?

Það er áhyggjuefni, og það hefur komið fram og um það snýst málið, það er áhyggjuefni björgunarsveitarmanna hjá Slysavarnafélagi Íslands, hjá Landsbjörg, það er áhyggjuefni hjá Rauða krossi Íslands og SÁÁ að tapa tekjum í þeim rekstri sem þeir sinna. Á hinn bóginn er það áhyggjuefni hjá háskólarektor að tapa tekjum til nýbygginga því að ríkissjóður hefur ekkert lagt fram í nýbyggingar Háskóla Íslands. Þess fjár hefur verið aflað með happdrætti um áratuga skeið til nýbygginga og ýmissa þátta í rannsóknum og öðru er lýtur að framtíðarmöguleikum og stöðu Háskóla Íslands. Þess vegna hlýtur það að vera æskilegast og eðlilegast að menn haldi nú sjó í þessu máli og nái samkomulagi um það, að menn séu beinlínis neyddir til þess. Hæstv. dómsmrh. hefur að mínu mati opnað hér dyr með sinni ræðu þar sem hann vék að því að ef þeir aðilar allir sem hafa sótt málið óskuðu eftir breytingu á þeim lögum sem við búum við þar að lútandi um skiptingu og hlutdeild í aflafé af happdrættum, þá sé það opið. Mér finnst það mjög jákvætt í þessari umræðu að það hafi komið fram. Og ég sé ekki annað en talsmenn allra þessara ágætu samtaka muni ekki seinna en í dag óska eftir þeim viðræðum.

Það má skilgreina nokkuð þá aðila sem hér er um að ræða. Við skulum láta Háskóla Íslands liggja á milli hluta, en þeir fjórir aðilar sem hafa sótt fram undir merki Rauða kross Íslands í þessum umræðum um helgina eru tveir sem sinna almennri björgunar- og slysavarnaþjónustu og tveir sem sinna annarri þjónustu. Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg sinna þætti sem er mjög víðtækur um alla landsbyggðina og með þátttöku mjög margs fólks sem leggur mikla vinnu af mörkum, óeigingjarna vinnu og mikilvæga í þágu þjóðarinnar í heild. Á hinn bóginn eru tveir aðilar, SÁÁ og Rauði krossinn, SÁÁ sem vinnur nánast eingöngu á heilsugæslusviði eða heilbrigðisþjónustu og Rauði krossinn sem vinnur á heilbrigðisþjónustusviði og svo erlendu hjálparstarfi þannig að það er ástæða til þess að skilgreina þetta.

Það er líka ljóst að hagsmunir Rauða kross Íslands eru mestir í þessu dæmi, langmestir, er með um 70–80% af þeim tekjum sem koma inn af því sem þessir fjórir aðilar hafa aflað. Ég ligg ekkert á því að ég tel að það eigi að breyta þessu hlutfalli. Ég tel eðlilegt við uppstokkun á þessu og væntanlega í samningum að það eigi að auka hlut Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar. Það eru full rök fyrir því. Sú fjárfesting, sem þessir aðilar um allt land hafa staðið fyrir og eru skuldbundnir af, er mikil og hún er í miklum mínus. Það segir auðvitað ákveðna sögu að það var áhyggjuefni hjá Rauða krossinum m.a. við tekjuminnkun að það kæmi fyrst niður á erlendu hjálparstarfi. Við skulum ekkert hundsa það, en ég tel að við eigum fyrst að horfa á okkar eigin vanda í þessum efnum og klára hann á skynsamlegan hátt.

Það kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að hlutdeildinni í almannavarnakerfinu, almennu björgunarþjónustunni, neyðarvaktinni — því að auðvitað eru það björgunarsveitirnar, Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg sem fyrst og fremst eru sérþjálfaðar björgunarsveitir landsmanna ef upp koma hvort sem er slys eða náttúruhamfarir. Aðrir eru það ekki og hafa ekki búnað til þess, hvorki Rauði krossinn, víkingasveitin, lögreglan almennt eða aðrir og til þess verður að horfa. (Forseti hringir.) Ég tel, hæstv. forseti, að það eigi að horfa til þess að þessi skipting er eins og kom fram 50% hjá Slysavarnafélagi Íslands, 40% hjá Landsbjörg og 10% hjá Rauða krossi. Það segir ekki endilega um niðurstöðu í slíku en eitthvert verður að horfa til þess og ég vil, hæstv. forseti, hvetja til þess að menn haldi nú sjó í þessu máli og gangi til viðræðna eins og ég tel að hæstv. dómsmrh. hafi boðið upp á og að menn nái samkomulagi því að það er vilji allra í málinu, það er ég sannfærður um.

[16:39]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Mér þykir miður að af óviðráðanlegum orsökum gat ég ekki sótt þann ríkisstjórnarfund þar sem hæstv. dómsmrh. kynnti áform sín um setningu þessarar reglugerðar. Hins vegar fagna ég því mjög að í þessum umræðum hefur hæstv. ráðherra lýst sig reiðubúinn til að gefa þessu máli meiri tíma og lýsir sig reiðubúinn til að halda áfram viðræðum, taka aftur upp þráðinn þar sem hann var slitinn til þess að leita eftir raunverulegu samkomulagi milli málsaðila.

Aðalatriði þessa máls að mínu mati eru ekki lagakrókarnir, ekki deilan um túlkun laga, annars vegar á þann veg að hæstv. ráðherra sé nánast embættislega skylt að verða við óskum háskólans með vísan til gildandi laga um háskólann eða þá renging sem fram hefur komið á grundvelli lögfræðilegrar álitsgerðar sem samtökin fern hafa aflað sér þar sem þau vefengja þessa lagalegu túlkun. Þetta eru ekki aðalatriði málsins. Aðalatriði málsins er hvort það er vilji til þess hjá öllum aðilum, ekki síst þeim tveimur aðilum sem hér takast á, til þess að setjast aftur að samningaborði. Miðað við þær upplýsingar sem ég hef fengið í hendur, þá trúi ég því ekki að það hafi verið þrautreynt og ég tel sjálfsagt að hæstv. dómsmrh. geri sitt ýtrasta til þess að leiða deiluaðila aftur að samningaborðinu og leita þá eftir einhverri niðurstöðu sem fælist í því að annaðhvort væri um að ræða sameiginlegan rekstur að hluta til eða að menn settu með sér reglur um skiptingu á ágóðahlut og jafnvel með endurskoðunarákvæði í ljósi fenginnar reynslu.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki á þessu stigi málsins að hafa um þetta fleiri orð. Ég fagna þeirri niðurstöðu sem orðin er í þessari umræðu um að gefa málinu meiri tíma og treysti því þar með að það liggi fyrir að reglugerð verði ekki sett fyrr en á það hefur verið látið reyna til þrautar.

[16:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort ég hef heyrt alveg sömu ræðu flutta af hæstv. dómsmrh. eins og hæstv. utanrrh. virðist hafa gert, en hvað um það. Það skýrist vonandi hér á eftir hvort fyrir hæstv. dómsmrh. hafi vakað eða hann hafi sagt það sem hæstv. utanrrh. lét hér að liggja, þ.e. að hæstv. ráðherra hafi ákveðið að fresta útgáfu reglugerðar um þetta kassahappdrætti Háskóla Íslands og gefa málinu meiri tíma. Hæstv. utanrrh. virtist hafa tekið það svo að bein yfirlýsing af slíku tagi hafi verið flutt hér af hálfu hæstv. dómsmrh. Sé svo þá er málið náttúrlega komið í annan farveg, ef ekki þá vonandi skýrist það í svörum hæstv. dómsmrh. á eftir.

Að öðru leyti er það ljóst að í þetta mál er hlaupin mikil stífni og stefnir heldur ógæfulega, svo ekki sé meira sagt. Hæstv. dómsmrh. kvartar undan því að að honum sé veist persónulega í þessu máli sem ég tel reyndar óþarfa af hans hálfu að gera. Ég tel að hér sé með eðlilegum hætti verið að víkja að embættisfærslu hans sem ráðherra. Hæstv. ráðherra verður að venja sig við að greina á milli sín sem opinberrar persónu sem fer með ákveðin völd og hins að heita Þorsteinn Pálsson og allt það. Hér held ég að ekki sé verið að veitast að persónunni sem á bak við embættið er heldur að þessari tilteknu embættisgerð hæstv. dómsmrh. og það verða hæstv. ráðherrar að þola.

Hitt er svo miklu alvarlegra og í raun og veru hvimleiðara þegar nafngreindir einstaklingar eru teknir fyrir með þeim hætti sem hæstv. dómsmrh. gerði hér áðan og átti þar við formann Rauða kross Íslands. Það er reyndar ekki nýtt að aumingja Rauði krossinn verði fyrir barðinu á þessari ríkisstjórn og ég fer að spyrja: Hvers á hann að gjalda? Síðast var það hæstv. heilbrrh. sem rauk upp og sakaði Rauða krossinn um okur með rekstri hjálpartækjabankans fyrir ekki löngu síðan. Þetta virðist vera að verða fremur að reglu en undantekningu að hæstv. ríkisstjórn gangi í skrokk á Rauða krossinum eins og hann sé sérstaklega til þess fallinn að verða fyrir barðinu á geðvonsku manna. Ég hélt satt best að segja að orðstír Rauða krossins, bæði innan lands og alþjóðlega og það verkefni sem hann hefur með höndum, verðskuldaði eitthvað annað heldur en slíka meðferð. Sama á auðvitað við um þau samtök sem hér eiga hlut að máli. Það er afar mikilvægt að þeim sé tryggður sæmilegur starfsgrundvöllur, nógu erfitt er það nú samt að sinna við okkar aðstæður því hlutverki sem þessi samtök gera hvert á sínu sviði, annars vegar í björgunarstörfunum og hins vegar í þeim hjálparstörfum eða varðandi áfengismeðferð sem hér á í hlut. Staðreyndin er auðvitað sú að það ætti miklu frekar að vera viðfangsefni okkar hér og til umræðu á Alþingi hvort hægt sé að reikna með því til frambúðar að við getum á grundvelli sjálfboðavinnu haldið úti öllum þeim störfum sem þarna eiga í hlut. Þær tekjur, sem þessi samtök hafa aflað sér með spilakössum eða öðrum hætti, hafa hvergi nærri dugað til þess að endurnýja tækjakost og halda honum úti hvað þá að þeir sem þarna leggja af mörkum ómælda sjálfboðavinnu fái hana t.d. bætta þó ekki sé nema það vinnutap sem útköll oft og tíðum valda.

Á hinn bóginn er líka ljóst að staða Háskóla Íslands er í þessu sambandi erfið vegna þess að hvort tveggja hefur verið að gerast samtímis að tekjur hans vegna rekstrar happdrættisins hafa hríðfallið og hann hefur búið við stórkostlegan niðurskurð á fjárveitingum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Þetta tvennt fer auðvitað mjög illa saman. En ég held að aðferðin til að leysa það sé ekki sú sem hér er verið að boða. Ég held að það væri Háskóla Íslands sjálfum fyrir bestu að sá kaleikur væri frá honum tekinn að þurfa að fara út í rekstur á þessu happdrætti við þær aðstæður sem nú er boðið upp á, í stórkostlegum illdeilum og átökum við fjölmenn almannasamtök í landinu. Það er ekki gæfulegt. Þess vegna er það svo, hæstv. forseti, að nú verða góðir menn að taka höndum saman og afstýra því óefni sem hér ella stefnir í.

Ég vil í þessu sambandi minna á það farsæla samkomulag sem fyrir nokkrum árum síðan tókst með íþróttahreyfingunni og Öryrkjabandalaginu um rekstur lottósins. Það muna sjálfsagt einhverjir eftir því hér á hinu háa Alþingi að það stefndi í ekki ósvipaðar deil-

ur um það mál og mikil átök fóru fram á bak við tjöldin og að hluta til bárust hér inn í þingsali á vordögum 1986, ef ég man rétt, en þá var einmitt sú deila sett niður. Menn gáfu sér tíma og menn tóku sumarið í samningaviðræður milli þessara samtaka sem leiddu til þess farsæla samkomulags sem nú stendur á bak við rekstur lottósins og ég fullyrði að var báðum aðilum til mikils góðs.

Ég held að það sé hægt að finna enn sambærilega lausn og niðurstöðu í þessu máli og það á að leita eftir henni. Ég held að líka þurfi að því að hyggja að ef allt of margir eru að keppa um þessar sömu krónur á þessum markaði þá stefnir greinilega í það að allt of mikill hluti teknanna fari í sjálfan sig, þ.e. uppskeran verði of lítil í formi hagnaðar til hvers og eins og allt of stór hluti af þessari veltu á happdrættis-, getrauna-, flugeldasölumarkaðnum eða hvað það nú er fari í rekstur og of lítið verði eftir í formi hagnaðar eða tekna til handa þeim samtökum sem í hlut eiga. Það væri miklu nær að menn einbeittu tíma sínum að því hér að endurskoða og setja almennilega löggjöf á þessu sviði. Það vantar bæði löggjöf sem er nútímaleg og tekur mið af þeim aðferðum sem nú er farið að tíðka í þessu sambandi að hluta til í formi mjög tæknivæddra véla og það vantar starfsreglur á þessum markaði. Þetta er nánast frumskógur þegar kemur að fjáröflunarmálum samtaka og fyrirtækja í formi happdrætta, getrauna, spilakassarekstrar og alls konar sölustarfsemi sem sárlega vantar einhverjar leikreglur um. Þetta þekkja hv. þm. og þess vegna vona ég að fátt verði svo með öllu illt að ekki boði nokkuð gott. Þessi deila verði okkur hvatning til að taka þessi mál öllsömul til gagngerrar endurskoðunar.

Hæstv. forseti. Að síðustu vona ég að hæstv. dómsmrh. sjái að sér og beiti sér fyrir því að viðræður hefjist á nýjan leik, hann skapi þann tíma sem þarf til að koma slíkum viðræðum á og leiða þær farsællega til lykta. Hæstv. ráðherra mun verða maður að meiri ef hann breytir þannig.

Útbýting þingskjals.

Fjáraukalög 1993, 105. mál, stjfrv., þskj. 108.

[16:48]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst og fremst taka undir það að nú sé tóm til þess að setjast niður og komast að skaplegri niðurstöðu. Það þarf nokkurn umþóttunartíma. Við erum að glíma við það núna að það eru sífellt stærri verkefni sem veitt er út á þann markað, sem betur fer takmarkaða markað, sem spila- og happdrættismarkaðurinn vissulega er. Þar er um tvennt að ræða. Annars vegar að einhverjum af þessum verkefnum sé létt af þessum markaði eða að hann sé stækkaður og ég get ekki ímyndað mér að nokkur sækist eftir því að meira af fé landsmanna fari í slík happdrætti en það er vissulega áhyggjuefni að það er alveg hægt að hugsa sér að sú staða komi upp. Við vitum ekki hvar það gráa svæði liggur nákvæmlega sem æsir upp spilafíkn en það er þó vitað að aukin ágóðavon verður aukin áhætta. Ég held að það sé enginn að tala um að það sé verið að sækja í meira fé á kostnað þess fólks sem verður spilafíkninni að bráð. Hvað er þá til ráða? Það er greinilegt að Háskóla Íslands er gert að sækja út á þennan markað með beinum eða óbeinum hætti. Verkefni skólans hafa ekki minnkað heldur frekar aukist. Það eru gerðar auknar kröfur. Jafnframt má hann sæta því að það er ekki ausið í hann fé annars staðar frá. En það er nokkur munur á Háskóla Íslands og þeim félögum sem nú róa lífróður fyrir tilvist sinni, og þá er ég að tala um Slysavarnafélagið, Landsbjörg, SÁÁ og Rauða krossinn. Það er nefnilega þannig að happdrættismarkaðurinn er að vissu leyti þeirra leið, ekki síst vegna þess mikla sjálfboðaliðastarfs sem þar er unnið og það er ákveðin hvatning og það er ákveðin stemmning — ef ég má nota það orð — í kringum það að reyna að samræma sjálfboðaliðastarf, áhuga og það að fara út á þennan markað sem happdrættisrekstur af öllu tagi alltaf er. Þannig má segja að þarna hafi skapast ákveðið jafnvægi. Oft hefur vissulega komið til árekstra, þeir hafa verið leystir fram til þessa. Núna er ljóst að ef af þessum áformum verður sem verið er að tala um, þá mun þetta jafnvægi sem nú er raskast. Það er verið að tala um það að þarna komi á einu bretti mjög stór nýr aðili, eða öllu heldur ný aðferð, inn á markaðinn og það hlýtur að setja hann í mikla óvissu. Það er ekkert skrýtið þótt þessi fjögur félög og samtök, sem hafa verið með þessa umræðu um helgina, veki athygli á því að verði fé skert til þessara samtaka þá er ekki hægt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru vegna almannavarna til þessara samtaka. Það var raunhæft á meðan staðan var slík sem hún var þegar samningar voru gerðir en það er ekki raunhæft ef þau verða fyrir mikilli tekjuskerðingu og snöggri.

Þetta finnst mér skipta verulegu máli en ég vil jafnframt vekja athygli á því af því að það hefur ekki komið mikið fram hér að það er ekki bara Háskóli Íslands sem þarf að sækja meira fé inn á þennan markað vegna þess að það skortir fé eftir öðrum leiðum, heldur er verið að skerða framlög og auka verkefni ýmissa þessara samtaka. Það virðast allir sáttir við það að velta fleiri verkefnum yfir á þessi samtök. Það virðast allir sáttir við það að þau sinni mikilvægri þjónustu í samfélaginu en á sama tíma mega mörg þessara samtaka, og þá vil ég nefna t.d. SÁÁ, sæta því að það er verið að ræða það að skerða framlög til þeirra, t.d. til áfengisvarnamála. Ég vil benda á það að Rauði krossinn gegnir mikilvægu hlutverki í vímuvörnum. Ég vil líka benda á það að þörfin fyrir fullkomin tæki hjálparsveita til leitar minnkar ekki, hún eykst. Þörfin fyrir alþjóðlegt hjálparstarf eykst, hún minnkar ekki. Og ef við drögum okkur út úr því þá er ekki einhver önnur þjóð tilbúin að hlaupa undir bagga. Þetta er peningur sem tapast úr þeim verkefnum. Þannig er hér í afskaplega mörg horn að líta og það væri mikill skaði ef það væri bara slengt fram lausn sem væri meira og minna til þess að skapa bæði ólgu og mikil vandamál í samfélaginu. Slíkt er engin lausn. Ég held að við stöndum frammi fyrir því að Háskóli Íslands þurfi í auknum mæli að fá trygga tekjustofna frá ríkinu vegna þess að

hann stendur að mörgu leyti allt öðruvísi en aðrir sem hafa þurft að sækja út á þennan happdrættismarkað. Það á að vera verðugt verkefni ríkisins og góð fjárfesting í framtíðinni að fjárfesta í menntun fólks. Það skilar sér út í samfélagið og það á að standa myndarlega að því. Það er verið að setja Háskóla Íslands í óþolandi stöðu ef þetta er ekki íhugað í fullri alvöru og vikist undan með því að segja að það sé ekki nóg til af peningum því það er ekki aðalvandamálið heldur hvernig þessum peningum er skipt.

[16:55]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi lýsa vonbrigðum mínum með þann farveg sem þessi umræða hefur fallið í að undanförnu. Hæstv. dómsmrh. er borinn þungum sökum, að hann sé með leyfisveitingu sinni til Happdrættis Háskóla Íslands að ógna fjárhagslegri tilveru þessara mikilvægu samtaka, Rauða krossins, Slysavarnafélagsins, björgunarsveitanna og SÁÁ. Eins og skýrt kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh. er hann í raun ekki að gera annað en lög heimila honum og góð stjórnsýsla krefst. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er það sem hann er að gera. Hins vegar hefur það komið fram að sá lagagrunnur, sem þessir svokölluðu spilakassar Rauða krossins byggjast á, er vafasamur. Menn ættu heldur að snúa sér að því að styrkja þann grunn heldur en að vera með deilurnar á þessu stigi sem þær hafa verið núna.

Mér sýnast viðbrögð háskólans vera eðlileg og sjálfsögð. Sú var tíðin að Happdrætti Háskóla Íslands var eitt á happdrættismarkaðinum. Ég kann ekki alveg að segja í hve mörg ár en ef ég man rétt þá hefur það sjálfsagt verið frá stofnun 1934 og fram yfir stríð. Nú er hlutdeild háskólahappdrættisins aðeins 15–18% á þessum markaði. Háskólahappdrættið hefur orðið undir vegna þess að það hefur ekki tileinkað sér nýjungar sem hafa komið fram. Þetta eru viðbrögð háskólans við þessari samkeppni.

Sú var tíðin að háskólinn hafði á verðlagi dagsins í dag 500 millj. í hagnað af happdrættinu. Á næsta ári er þessi tala áætluð 200 millj. og er 20% af því greitt í einkaleyfisgjald með þeirri röksemd að háskólahappdrættið sé með einkaleyfi á peningahappdrætti í landinu. Aðrir borga ekki nein slík gjöld.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að Rauði krossinn og samstarfsaðilar hans verji söfnunarfé sínu til hinna mikilvægustu mála og það er vissulega rétt, það gera þessir aðilar allir og það hefur margt verið nefnt í þessu samhengi sem ríkið leggi ekki fé til, sem er líka rétt. En við skulum hafa þetta þá allt í samhengi og rifja það upp að það sama á við um háskólann að því er tekur til byggingarframkvæmda og viðhalds háskólabygginganna. Það er ekki ein einasta króna á fjárlögum veitt til byggingarframkvæmda hjá Háskóla Íslands og hefur ekki verið. Það er happdrættisfé sem stendur undir því öllu saman. Og svo ég skjóti því hér að vegna þess að það hefur komið fram í máli a.m.k. tveggja ræðumanna, þá hefur þetta ekkert að gera með rekstur háskólans, ekki nokkurn skapaðan hlut. Rekstur háskólans er fjármagnaður af framlögum á fjárlögum en ekki byggingamálin. Og svo ég skjóti því líka hér að vegna þess að það kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að Háskóli Íslands byggi við stórskert framlög. Það er bara rangt. (**SJS:** Nei.) Það er rangt og það er margbúið að segja það en hv. stjórnarandstæðingar halda enn áfram þessum sama söng. Ég held næstum því að þeir séu farnir að trúa þessu sjálfir, að Háskóli Íslands hafi verið stórlega skertur í framlögum frá Alþingi á undanförnum árum. Það er rangt. (Gripið fram í.) Það er rangt.

Ég held að í máli mínu hafi þegar komið fram svar við fyrirspurn hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Hann vildi fá að vita hver væri afstaða menntmrh. til þessa máls. Ég hef sagt það að ég telji viðbrögð háskólans eðlileg og sjálfsögð þegar hann er orðinn undir í samkeppni á þessum markaði.

Menn tala hér um siðferði og spyrja hvort það sæmi Háskóla Íslands að vera á þessum markaði. Það hafa fleiri spurt en ég, hvort það sæmi eitthvað frekar einhverjum öðrum eins og Rauða krossinum, SÁÁ, björgunarsveitunum, Slysavarnafélaginu? Af hverjum sæmir það frekar þeim en háskólanum?

Ég þykist vita það með vissu að það hafi verið samkomulagsvilji hjá báðum aðilum í viðræðunum og ég á satt að segja dálítið erfitt með að átta mig á því hvað það var sem kom í veg fyrir að samkomulag tækist. Ég hef fylgst með þessu máli frá því í sumar og þá get ég svarað fyrirspurn hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar hvort ég hafi átt í viðræðum við hæstv. dómsmrh. og, að mér skildist á fyrirspurninni, hvort ég hefði verið að þrýsta á til þess að létta af þrýstingnum á fjárveitingar til háskólans. Það hef ég ekki gert en ég vænti þess að það þurfi ekki að koma hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni á óvart, hæstv. fyrrv. fjmrh., þótt menntmrh. vilji fylgjast með því hvernig háskólanum reiðir af í sínum happdrættismálum. Það á svo sem ekki að koma neinum á óvart.

Ég mun kanna það hvort nokkuð er í veginum af hálfu háskólans að samningurinn við hina erlendu aðila verði birtur. Í sjálfu sér sé ég ekkert í veginum með það og ég skal kanna það við þá háskólamenn. En ég held að það sé ekki rétt ágiskun hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að það kunni að skipta hundruðum milljóna á ári sem rynnu til hinna erlendu aðila. Ég hef ekki heyrt það, en ég tek fram að ég veit þetta ekki með vissu. Ég hef aðeins séð það frá þeim háskólamönnum að það muni verða um ⅓ hluti af því sem inn kemur fyrir þessa kassa, það muni verða um þriðjungur sem fari í kostnað bæði til innlendra og erlendra aðila. Það er það sem hefur komið fram hjá þeim.

Hér hefur líka verið minnst á 20% einkaleyfisgjaldið og það liggja raunar fyrir hv. Alþingi núna tvö frumvörp, annað um afnám þess og hitt um aðra ráðstöfun þess heldur en núna er. Ég mun ræða það þegar þau mál ber á góma en ég get skotið því hér að að ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að þetta 20% einkaleyfisgjald eigi að afnema. Það eigi ekki að renna til ríkisins. Ég hef hins vegar skoðanir á því hvernig eigi að fara með það en það eigi að renna til háskólans.

Hæstv. forseti. Ég sé að ég er búinn með tímann þótt ég hafi ýmislegt fleira um þetta að segja.

[17:03]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það á kannski vel við að vera að ræða hér fjárhagstjón eða fjárhagshagnað einstakra aðila á hálfrar aldar afmæli sjálfs fjmrh. (**Gripið fram í:** Ha?) Ha, kemur úr salnum. Fjmrh. er fimmtugur í dag og þingheimur á auðvitað að óska honum til hamingju með það.

Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir hans skýrslu. Það var tvennt sem mér þótti frekar leitt að heyra í skýrslu hans. Það er annars vegar sú túlkun hans á viðbrögðum formanns Rauða kross Íslands, að hann hafi ákveðið að veitast að ráðherranum. Minn skilningur á þessu er sá að formaðurinn hafi meint það að hann mundi berjast með oddi og egg gegn embættisfærslu ráðherrans en ekki að hann væri að veitast að honum persónulega.

Ég er einn af þeim sem eru sammála formanni Rauða krossins, en ég er á engan hátt að veitast að ráðherranum sem slíkum. Ég er einfaldlega ósammála þessari ákvörðun sem ráðherrann hyggst framkvæma með undirritun þessarar reglugerðar sem við erum hér að ræða.

Hitt sem mér þótti leitt að heyra var að Rauði krossinn væri að fara fram á hrossakaup vegna samningsins við almannavarnaráð. Ég tel að Rauði krossinn sé einfaldlega að benda á það að hann geti ekki framfylgt þessum samningi ef af þessari reglugerð verður. Þá þótti mér líka leitt að heyra að það var gefið lítið fyrir þennan samning og sagt í raun og veru að hann skipti engu máli, þetta væri hvort eð er borgaraleg skylda þannig að mönnunum bæri skylda til þess að bregðast við ef á þyrfti að halda. Þetta tvennt þótti mér svolítið leitt að heyra og vona að hugur hafi ekki alveg fylgt þarna máli.

Ég er einn af þeim sem vilja gera allt til að leita sátta og að aðilar slíðri sverðin. En það má auðvitað ekki vera á kostnað annars aðilans að hinum sé hjálpað. Það má ekki hífa annan upp og draga þá hinn niður í sömu mundinni. Menn verða að finna leiðir, leiðir til þess að fjármagna þessa starfsemi, hvort sem það heitir Háskóli Íslands eða þessi fern samtök sem við erum hér að ræða um.

Ég tel að ef skilningur hæstv. utanrrh. á ræðu hæstv. dómsmrh. er réttur, þá þurfi ég auðvitað ekki að hafa hér fleiri orð. Það var ekki sá skilningur sem ég lagði í ræðuna, en ég vona að ég hafi þá skilið hana rangt. Ef svo er, þá er málið auðvitað leyst og það fer í frekari skoðun og við getum þá rætt það seinna ef ekki næst farsæl lausn. Hins vegar tel ég að í ræðu sinni hafi hæstv. dómsmrh. gefið upp boltann. Það kom fram hjá honum að löggjöfin um happdrættismálin er ófullkomin og hún þarfnast endurskoðunar. Ég tek því undir það sem hér hefur komið fram hjá nokkrum þingmönnum að við frestum þessu máli, við frestum undirritun reglugerðarinnar, flýtum okkur í vinnu á endurskoðun á lögunum og ég skal lofa því sem allsherjarnefndarmaður, sem fengi þau frv. til yfirferðar, að ég skal ekki tefja málið þar. Þetta tel ég að væri góður samningsgrundvöllur, að menn gætu unað við sáttir ef þeir færu þessa leið, ef mönnum bæri gæfu til.

Menn hafa verið að ræða hér um siðferði, um spilavíti, spilafíkn og annað slíkt. Það verður auðvitað að segjast eins og er að þetta er stefnumótandi ákvörðun sem er verið að taka hér, ef þessi reglugerð verður undirrituð. Það er auðvitað stefnumótandi að því leyti að við erum að fara út í það að opna hér spilavíti. Það er alveg ljóst að þegar menn eru komnir með sal sem er uppfullur eingöngu af vélum sem menn koma til að veðja við, þá er auðvitað komin mini-útgáfa af spilavíti. Og þá finnst mér mikið hreinlegra að stíga skrefið til fulls, fara hér út í spilavíti með þeim aldurstakmörkun sem þar gilda og með þeim skyldum og reglum sem þekkjast úti í hinum stóra heimi frekar en taka þetta litla skref, sem er þá auðvitað bara fyrsta skrefið í áttina að hinu raunverulega spilavítakerfi.

Spilafíknin hefur töluvert verið hér til umræðu og hana þekkja allir. Ég hugsa að menn þekki hana t.d. úr sínum eigin fjölskyldum. Ég þekki hana úr minni fjölskyldu. Ég á oft í basli með að rífa mína krakka frá þessum vélum. En við erum þó að spila þar um mjög litlar upphæðir. Þetta eru ekki nema nokkur þúsund krónur sem er mesta hagnaðarvon á móti því sem við erum núna að tala um, allt upp í 6 millj., að því mér skilst. Og menn geta vel séð það fyrir sér að menn reyna alveg út í hið ýtrasta og geta ánetjast þessu og hafa verið að gera það þrátt fyrir að upphæðirnar séu lágar. Menn eru að fara í meðferð út af slíkum hlutum. Og það má segja að þeirra sé valið, það má segja það. En við verðum alla vega að gera okkur grein fyrir því að þetta er stefnumótandi ákvörðun og hún getur haft mjög alvarlegar afleiðingar. Ég tel því að við eigum að láta hjálparsveitirnar og líknarfélögin í friði með sinn tekjustofn alveg eins og við látum Öryrkjabandalagið og íþróttahreyfinguna vera í friði með lottó og getraunir og það mætti þá alveg eins spyrja: Er von á öðrum inn á þann markað? Fá íþróttahreyfingin og Öryrkjabandalagið að vera í friði með þann tekjustofn? Og það má áfram spyrja: Er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni hér áðan að Happdrætti DAS og SÍBS séu líka að sækja um að fá að starfrækja spilakassa og hvernig verður þá tekið á því máli? Er ekki fordæmið komið? Verður ekki að hleypa þeim inn á markaðinn alveg eins og Happdrætti Háskólans? Það er því að mörgu að gæta í þessu efni.

Mig langar líka að spyrja: Hvenær fékk Happdrætti Háskólans grænt ljós á þessa ákvörðun? Það hlýtur að vera alveg ljóst að það kom fyrir nokkru síðan. Kassarnir, eftir því sem mér skilst, eru þegar komnir til landsins og ég veit að uppi í háskóla eru skarpgáfaðir menn og þeir hefðu ekki farið að panta þessa kassa og látið senda þá til landsins nema þeir hefðu fullvissu fyrir því að heimildin væri klár, að hún fengist. Ég hefði því gaman af að vita hvenær þeir fengu græna ljósið.

Ég vil líka spyrja: Á þá ekki að herða eftirlit með

noktun þessara kassa? Við vitum hvernig eftirlitinu er háttað í dag. Það er nánast ekki neitt. Hér er orðið um miklu, miklu stærra og alvarlegra mál að ræða þannig að það verður að herða það. Þá má spyrja í framhaldi af því, hver á að greiða fyrir það eftirlit? Á að taka það af háskólanum eða hverjum þeim sem fær að reka þessa kassa þegar upp verður staðið?

Hæstv. forseti. Það eru fjölmargar spurningar sem vakna þegar þetta mál er skoðað. Ég vil hjálpa þessum samtökum alveg eins og hér hefur komið fram hjá öllum öðrum, en ég vil ekki gera það á kostnað hins aðilans. Ef það vantar tekjustofn fyrir háskólann þá verðum við bara að finna hann, en ekki á kostnað þessara fernra samtaka.

[17:11]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessar umræður sem hér hafa farið fram, sem um flest hafa verið gagnlegar. Auðvitað er það svo, og kom mér ekki á óvart, að um grundvallaratriðin í þessu eru menn yfirleitt á einu máli. Fyrst og fremst að það er skylda Alþingis og stjórnvalda að standa vörð um þá mikilvægu hagsmuni sem háskólinn annars vegar og björgunarsveitirnar, Slysavarnafélagið og Rauði krossinn á hinn bóginn, standa fyrir. Og það hefur ekki komið fram hjá nokkrum manni önnur skoðun en sú að Alþingi og stjórnvöldum beri að styðja við bakið á þessum aðilum og tryggja þeim eftir því sem föng eru á nauðsynlega tekjustofna. Þetta er auðvitað aðalatriðið.

Sumt sem hér hefur komið fram byggir á áframhaldandi misskilningi. Það hefur verið endurtekið hér af hálfu nokkurra hv. þm. að það sé persónulegt mat mitt eða persónuleg ákvörðun mín sem ráðherra að kveða upp úr um það hvort háskólinn eigi að fjármagna byggingarframkvæmdir með happdrættisfé eða fá það fjármagn af fjárlögum. Ég gerði ítarlega grein fyrir því hér í upphafi, og þess vegna hefði sá misskilningur ekki átt að þurfa að koma fram aftur í ræðum hv. þm., að lög landsins kveða á um það að háskólinn afli fjár til byggingarframkvæmda með þessum hætti. Flestir hv. þm. hafa einmitt staðfest það athugasemdalaust við fjárlagaafgreiðslu ár eftir ár og ekki haft uppi ræður um að það væri ósiðlegt eða ótilhlýðilegt. Ég get alveg tekið átt í umræðum um það hvort þetta er rétt eða ekki. En það er ekki sú ákvörðun sem ég stóð frammi fyrir. Ég stóð frammi fyrir því að taka á grundvelli gildandi laga afstöðu til óska frá Háskóla Íslands um að fá að nýta nýjustu tækni við framkvæmd happdrættismála. Það sem ég tók fram hér, að ég gæti ekki tekið þátt í hrossakaupum um framkvæmd þeirra laga annars vegar og laga um almannavarnir hins vegar, byggir auðvitað því að ég varð að taka málefnalega afstöðu til framkvæmda á einstökum lögum. Það að leiðrétta nokkuð hlut háskólans innan þeirra lagaheimilda sem fyrir hendi eru felur ekki í sér að ég sé að taka ákvörðun um það að leggja í rúst fjárhag annarra samtaka. Þvert á móti hefur alltaf komið fram af minni hálfu að ég væri reiðubúinn til þess að ræða við þau samtök og ef hlutur þeirra skertist að bæta þar úr. Og það er rangt að bera mér það á brýn að þessi afstaða mín gagnvart því að framkvæma lög um Happdrætti Háskóla Íslands á eðlilegan og málefnalegan hátt feli í sér neikvæða afstöðu gagnvart öðrum. Það er útúrsnúningur á því sem rétt er í málinu og ég kann illa við að mér sé borið á brýn það sem ekki er hægt að rökstyðja með góðu móti.

Ég lýsti því hér yfir að ég sakna þess að þessir aðilar skuli fyrst og fremst hafa lagt áherslu á það að ég legði stein í götu háskólans til þess að tryggja þeirra stöðu, frekar en að óska eftir því að ræða um lagalegan grundvöll þeirrar starfsemi, möguleika á að útvíkka hana ef líklegt væri að á hana hallaði. Og ég ítreka það hér enn og aftur að ég er reiðubúinn til þess að taka upp þær viðræður og get gert það þegar í kvöld ef menn eru tilbúnir til þess.

Það er kallað eftir því að ég leiði þessa aðila saman, Rauða krossinn og björgunarsveitirnar annars vegar og háskólann hins vegar. Það hef ég reynt að gera. Það liggur hins vegar hér fyrir skjalfest að Rauði krossinn og samstarfsaðilar telja ekki grundvöll fyrir áframhaldandi samkomulagi ef háskólinn stendur fast á sinni kröfu um að fá að reka í Reykjavík tvær eða þrjár stofur utan hótela og veitingahúsa. Háskólinn segir á hinn bóginn: Við erum ekki reiðubúnir til samkomulags ef þetta er ekki með. Allir þessir aðilar eru ábyrgir menn og þegar þeir setja fram gagnstæð skilyrði af þessu tagi, þá get ég ekki rekið þessa menn saman. En ábyrgðin er auðvitað þeirra. Þeir hafa hvor um sig fengið frá löggjafarvaldinu og stjórnvöldum réttindi til þess að afla fjár með sérstökum hætti og ábyrgðin hvílir auðvitað á þeim að ná saman. Ég hef ekki gert og mun ekki gera að gera öðrum upp sakir í þessu efni. Ég ætla ekki að halda því fram að strand viðræðnanna sé öðrum aðilanum að kenna en ekki hinum. Það hefur aldrei komið fram af minni hálfu og mun ekki koma fram, enda er ekki efni til þess. Báðir aðilar hafa sett þessi skilyrði fyrir framhaldi viðræðnanna.

Ég hefði talið eðlilegt að þeir hefðu haldið viðræðunum áfram og ekki sett þessi skilyrði fyrir því, báðir aðilar. Það hefði ég talið eðlilegt. En ég stjórna ekki afstöðu þessara manna og get ekki gert. Þess vegna væri ég fús til þess að láta ráðuneytið eiga áframhaldandi viðræður ef báðir aðilar væru reiðubúnir að falla frá skilyrðum fyrir áframhaldandi viðræðum.

Ég er líka, eins og hér hefur komi fram, reiðubúinn að ræða við Rauða krossinn og björgunarsveitirnar og Slysavarnafélagið sérstaklega um þeirra fjáröflun. En eins og hv. alþm. er kunnugt, þá fór hún af stað 1972 á grundvelli almennra heimilda til þess að leyfa fjársafnanir. Það var Ólafur Jóhannesson sem staðfesti þessa heimild og þar er sérstaklega tekið fram að það sé ekki hægt að mismuna aðilum í þessu efni. Allir aðrir sem standa að mannúðar- og líknarmálum geti farið fram á það að fá leyfi til þess að reka fjáröflun með sama hætti og Rauði krossinn í því tilviki. Það eru þau lög í landinu sem í gildi eru og Ólafur Jóhannesson staðfesti á sínum tíma. Ég hef talið fullkomlega eðlilegt að menn ræddu um það að skjóta sterkari lagastoð undir þetta og jafnvel að verja með því rétt þess-

ara samtaka til þess að njóta einir þessarar aðferðar við fjáröflun. Ég hef alltaf verið tilbúinn að ræða það og hef saknað þess að umræðan af þeirra hálfu skuli ekki hafa í ríkara mæli snúist um þetta heldur frekar um að leggjast á háskólann sem væri ómálefnalegt af minni hálfu.

[17:18]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að það hafi verið staðfestur hér í umræðunni ágreiningur í ríkisstjórninni um þetta mál og kemur það nú satt best að segja ekki á óvart því það virðist nánast vera ágreiningur um öll mál í núverandi ríkisstjórn. Hæstv. utanrrh. leyfði sér að koma hér upp áðan og túlkaði niðurstöðu hæstv. dómsmrh. en síðan kemur í ljós að niðurstaða *dómsmrh. er ekki sú sama og hæstv. utanrrh.* þannig að hér er komið enn eitt ágreiningsmálið og við hljótum nú að spyrja: Um hvað er þessi ríkisstjórn sammála? Er hún sammála um eitthvað? Hún er ekki sammála um landbúnaðarmál. Hún er ekki sammála um sjávarútvegsmál. Hún er ekki sammála um fjárlögin. Hún er ekki sammála um *þessi happdrættismál. Hvaða mála*flokkar eru það sem hæstv. ríkisstjórn er sammála um? (Gripið fram í.) Já, það má vera.

Ég er ekki alveg sammála hæstv. dómsmrh. í þeirri túlkun að honum beri fyrst og fremst skylda til að framkvæma lögin á eðlilegan og málefnalegan hátt. Hæstv. dómsmrh. ber að sjálfsögðu pólitíska ábyrgð á framkvæmd þessara laga. Og það er vitað mál að það hefur ávallt verið ágreiningur um framkvæmd þessara laga, það er ekkert nýtt og ekki nýtilkomið. Hæstv. dómsmrh. gerir sér að sjálfsögðu grein fyrir afleiðingum þess að hafa nú tekið þessa ákvörðun og jafnframt hlýtur hann að taka á sig pólitíska ábyrgð á því sem þá mun gerast. Hins vegar er ekki samkomulag um það hvernig ber að túlka það. Hæstv. dómsmrh. telur að það muni ekki hafa mikil áhrif á þau samtök sem hér eiga hlut að máli en þeir halda því hins vegar fram að það muni bókstaflega rústa þeirra starfsemi.

Ég ætla ekki að gerast dómari í því en miðað við þær fullyrðingar hlýtur það að vera skylda núverandi ríkisstjórnar að koma mönnum saman til viðræðna um málið. Ef það strandar á því að annar aðilinn vill opna þessar spilastofur en hinn vill ekki opna spilastofurnar þá hlýt ég að spyrja: Hver er skoðun hæstv. dómsmrh. á því? Telur hann það vera tímabært og heppilegt að fara að opna þessar spilastofur á þeim lagagrundvelli sem nú er? Ég dreg það mjög í efa að heppilegt sé að gera það, en e.t.v. mætti þá gera það með einhverjum þeim hætti sem báðir aðilar geta sætt sig við, að stofurnar verði opnaðar í einhverju öðru formi og þá í tilraunaskyni til þess að sjá hvernig það gengur.

Ég vil því ítreka þá spurningu til hæstv. dómsmrh. sem hann svaraði ekki beint hér áðan: Mun hann beita sér fyrir viðræðum? Hann hefur lýst vilja til þess og ég vil þá túlka það þannig að hann sé reiðubúinn til þeirra, en mun hann beita sér fyrir þeim? Í öðru lagi, og hann svaraði því ekki heldur: Mun hann beita sér fyrir breytingu á þessari löggjöf sem hann hefur sjálfur sagt að sé nauðsynleg? Hvenær er þess að vænta að sú vinna geti farið fram? Og telur hann ekki heppilegt að fresta framkvæmd þessara mála þar til tími hefur unnist til að fara yfir þau? Því ég held að það sé mjög skaðlegt ef menn ætla að horfa upp á þá þróun sem þarna er að verða. Ég tel, eins og ég sagði áðan, að háskólinn muni jafnframt skaðast á því.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti verður að taka það fram að það hafði verið samið um þessa umræðu þannig að hver ræðumaður má einungis tala tvisvar og reyndar er það bundið í þingsköpum. Þess vegna er ekki æskilegt að það komi fram spurningar til hæstv. dómsmrh. núna í síðari umferð.

[17:23]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Kjarnaatriðið í því hvort þessi umræða hefur orðið til gagns er hvort hæstv. dómsmrh. ætlar að fresta því að gefa út reglugerðina. Það er höfuðatriði þessa máls. Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir hér *áðan að hann væri þakklátur hæstv. dómsmrh.* fyrir það að hafa nú ákveðið að fresta útgáfu reglugerðarinnar. Þrátt fyrir ítrekaðar spurningar sagði hæstv. dómsmrh. ekki orð um það í sinni seinni ræðu hvort hann ætlaði að fresta útgáfu reglugerðarinnar eða ekki. Þannig að þrátt fyrir langar útskýringar ráðherrans hér áðan þá sagði *hann ekki orð um kjarna málsins.* Ef hann gefur reglugerðina út þá er nánast tilgangslaust að hvetja menn til þess að setjast að viðræðuborði og sáttaborði. Hæstv. dómsmrh. hefur þess vegna í hendi sér hvort sáttaviðræður verða árangursríkar eða ekki. Ég vil fordæma það mjög harðlega að hæstv. dómsmrh. skuli ekki svara því hér á þinginu nú hvort það sé rétt að hann ætli að fresta útgáfu reglugerðarinnar.

Þetta mál er allt of brýnt mál fyrir þúsundir sjálfboðaliða í Slysavarnafélagi Íslands, Rauða krossinum, SÁÁ og Landsbjörg til þess að blandast inn í valdatogstreitu hæstv. ráðherra, Jóns Baldvins Hannibalssonar og Þorsteins Pálssonar. Þeir hafa ekki heimild til þess að blanda þessu máli inn í sína valdatogstreitu. Þess vegna er það brýnt að hæstv. dómsmrh. upplýsi það hér: Er það rétt sem hæstv. utanrrh. sagði áðan að því verði frestað að gefa út reglugerðina? Ef svo er þá ber að fagna því, þá hefur þessi umræða orðið til gagns og tími skapast til þess að reyna að ná sáttum í málinu. (**Umhvrh.:** Sem fyrr reiðir þú þig á Alþfl.) Það er greinilegt á ummælum og frammíkalli hæstv. umhvrh. að ráðherrar Alþfl. virðast vera í einhvers konar pólitískum hráskinnsleik í þessu máli. Þetta mál er allt of mikilvægt til þess að þeir geti leyft sér það. Ég skora því á hæstv. dómsmrh. að með einum eða öðrum hætti komi hann því á framfæri hér hvort hann er reiðubúinn að fresta útgáfu reglugerðarinnar og þó hann sé búinn að tala tvisvar þá er öruggt að hæstv. menntmrh. tekur að sér að koma þeim skilaboðum hér upp í ræðustólinn þannig að dómsmrh. hefur möguleika til þess að koma þeim skilaboðum á framfæri við þingið.

Ég vil svo þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör. Ég vil þakka honum fyrir það að hafa upplýst það hér

að hann hafi ekki beitt dómsmrh. þrýstingi í þessu máli út frá fjárhagslegum hagsmunum háskólans. Ég vil einnig þakka honum fyrir það að hafa tekið vel í það að samningur háskólahappdrættisins við hinn erlenda aðila verði lagður á borðið svo hægt sé að eyða öllum grun um það hvað í honum felst því hér á í hlut opinbert fyrirtæki, Háskóli Íslands. Og í þriðja lagi vil ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir það að hafa lýst yfir efnislegum stuðningi við það frv. sem Guðrún Helgadóttir og fleiri hafa flutt hér um að fella leyfisgjaldið niður. Ég tel að slík ákvörðun þingsins væri veigamikið skref til þess að ná sáttum í málinu.

Ég leyfi mér þess vegna að túlka það hér að það sé þingmeirihluti fyrir því að fella niður einkaleyfisgjald háskólans, það er niðurstaða sem háskólinn ætti að meta mikils og þess vegna tel ég í ljósi þess að það liggur nú fyrir að Háskóli Íslands eigi að stíga fyrsta skrefið til sátta. Nú hefur það gerst í dag að það virðist vera þingmeirihluti fyrir að fella einkaleyfisgjaldið niður sem háskólinn hefur orðið að greiða og ég segi það sem gamall starfsmaður þeirrar virðulegu stofnunar að í ljósi þess á Háskóli Íslands nú að stíga fyrsta skrefið til sátta.

[17:28]

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Það eru alltaf jafnfróðlegar hinar háalvarlegu og þjálfuðu söguskýringar hjá hv. síðasta ræðumanni en það kemur ekki á óvart.

Það er ljóst í þessari umræðu að mönnum þykir fýsilegast að samkomulag náist. Í sjónvarpinu í gærkvöldi var viðtal við háskólarektor, Sveinbjörn Björnsson, þar sem hann hvatti til þess að menn mundu taka sér tíma til að fara yfir málið svo það þarf enga brýningu frá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni til háskólarektors til þess að hans skoðun liggi ljós, hún kom fram í sjónvarpinu í gærkvöldi.

Það hefur einnig komið fram hjá forustumönnum þeirra samtaka sem hafa fjallað um málið um helgina, m.a. hjá forseta Slysavarnafélags Íslands, Einari Sigurjónssyni, og Ólafi Proppé, formanni Landsbjargar, að þeir telji mikilvægt að samkomulagi sé náð um málið. Á því stigi stendur það og til þess ber að hvetja.

En mig langar að skjóta inn einu atriði í þessa umræðu sem hefur kannski ekki verið ástæða til að fjalla um beinlínis en það er hvenær þessir spilakassar hjá Rauða krossi Íslands komu til landsins og í hvaða tilgangi þeir komu. Það er kannski kominn tími til að það komi fram. Rauði kross Íslands hafði að vísu haft uppi áform um það 1972 að fá einhvers konar fjáröflun í formi söfnunarbauka og hafði heimild til þess, en 27. febr. 1973 var tekin ákvörðun um það í Finnlandi af finnska Rauða krossinum og hjálparstofnun kirkjunnar þar að senda til Íslands spilakassa til þess að afla fjár til að styrkja fólk og fyrirtæki vegna eldgossins í Heimaey. Þetta gekk eftir. Fyrstu spilakassarnir komu til landsins frá Finnlandi og fóru í gagnið. Þá var einn fastráðinn starfsmaður hjá Rauða krossi Íslands, Eggert Ásgeirsson, og starfsmaður í hálfu starfi að auki, en á nokkrum mánuðum varð Rauði krossinn stórveldi með sterka fjárhagsstöðu. Nú eru þar um 50 starfsmenn, 25 innan lands og um 25 erlendis og fara um 100 millj. a.m.k. á ári til erlends hjálparstarfs. Mér er hins vegar ekki kunnugt um það að ein einasta króna úr þessum spilakössum í 20 ára sögu Rauða krossins hafi farið til þess verkefnis sem það átti að fara upphaflega, vegna eldgossins í Heimaey og mér þykir rétt að það komi fram hér.

[17:31]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar til hæstv. dómsmrh. get ég upplýst að hann hefur ekki tekið neina ákvörðun um hvenær reglugerðin verður gefin út. Hún hefur ekki verið gefin út enn. Rauði krossinn og samstarfsaðilar Rauða krossins hafa óskað eftir fundi með hæstv. dómsmrh. Sá fundur verður í kvöld og ég geri ráð fyrir að staðan verði metin að þeim fundi loknum og við skulum vona að það takist samkomulag í þessu máli.

Fundi slitið kl. 17.32.

---

15. FUNDUR

mánudaginn 18. okt.,
að loknum 14. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til utanríkisráðherra:

1. Ratsjárstöðvar, fsp., 20. mál, þskj. 20.
2. Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins, fsp., 58. mál, þskj. 61.

Til félagsmálaráðherra:

3. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldisverkum, fsp., 25. mál, þskj. 25.
4. Sjóður til eflingar atvinnumálum kvenna, fsp., 89. mál, þskj. 92.

Til forsætisráðherra:

5. Orsakir atvinnuleysis, fsp., 27. mál, þskj. 27.

Til dómsmálaráðherra:

6. Móttaka flóttamanna, fsp., 33. mál, þskj. 34.
7. Endurskoðun laga um mannanöfn, fsp., 46. mál, þskj. 49.

Til menntamálaráðherra:

8. Framlög til vísindarannsókna, fsp., 56. mál, þskj. 59.

Til heilbrigðisráðherra:

9. Meðferðarheimilið að Staðarfelli í Dölum, fsp., 47. mál, þskj. 50.

Til iðnaðarráðherra:

10. Jöfnun húshitunarkostnaðar, fsp., 78. mál, þskj. 81.
11. Vatnaflutningar til Fljótsdals, fsp., 95. mál, þskj. 98.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn ofbeldisverkum.

Fsp. JHelg, 25. mál. — Þskj. 25.

[17:33]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 25 hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til hæstv. félmrh.:

„1. Hvenær ætlar ríkisstjórnin að leggja fram tillögur um úrræði til verndar börnum og unglingum sem *henni var falið að gera samkvæmt þingsályktun er* samþykkt var á Alþingi 9. maí 1992?

2. Telur ríkisstjórnin ekki að hinir tíðu válegu atburðir leggi henni þær skyldur á herðar að gera öflugt átak til að draga úr orsökum þeirra?"

Þingsályktunin sem þarna er vísað til, hljóðar svo með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera úttekt og semja skýrslu um orsakir vaxandi erfiðleika *og hættur fyrir börn og unglinga sem* koma m.a. fram í aukinni neyslu vímuefna, sjálfsvígum, ofbeldi og öðrum afbrotum.

Til að vinna að þessu verkefni skipi ríkisstjórnin nefnd með fulltrúum frá öllum stjórnmálaflokkum á Alþingi. Í starfi sínu leiti nefndin upplýsinga hjá þeim stofnunum, félagasamtökum og öðrum aðilum sem um þetta málefni hafa fjallað.

Nefndin skili skýrslu sinni og ábendingum um úrbætur *svo fljótt* að *taka megi málið til* meðferðar á næsta Alþingi í samræmi við þá niðurstöðu sem nefndin kemst að í starfi sínu."

Nú er liðið það þing sem átti að fá tillöguna samkvæmt þál. og það næsta er hafið án þess að nokkuð jákvætt hafi komið frá ríkisstjórninni um það málefni. Flestum öðrum mun þó vera ljóst að brýnna aðgerða er þörf þó reynt sé að leita ólíkra skýringa á óheillaþróun síðustu ára. Ýmsar staðreyndir liggja þó fyrir.

Nýlega voru birtar niðurstöður úr könnun sem sýndi að síðan meiri hluti Alþingis samþykkti sölu á áfengum bjór hefur áfengisneysla barna og unglinga 13–15 ára tvöfaldast og 16–19 ára aukist um 80%. Hjá báðum hópunum hefur neysla sterkra drykkja vaxið auk þess sem bjórinn bætist við. Sjálfsagt hefur það haft mikil áhrif að á þessum tíma hefur verið rekinn ofstækisfullur áróður fyrir því að allt eigi að vera frjálst, ekki megi leggja hömlur á neinn eða ætla sér að hafa *vit fyrir öðrum. Allir virðast* eiga að bera ábyrgð á sjálfum sér frá vöggu til grafar. Jafnframt hefur verið haldið uppi skefjalausum áróðri fyrir áfengisneyslu og er þar skemmst að minnast sjónvarpsauglýsingarinnar þegar forseta bæjarstjórnar sem kom í sjónvarpið og hvatningar hans þó að áfengisauglýsingar séu bannaðar með lögum. En athyglisvert var að hann birtist ekki þegar fréttir voru fluttar morguninn eftir af miklum árangri athafna hans.

Það virðist þannig mörgum erfitt að tengja saman orsök og afleiðingu, eða a.m.k. að viðurkenna hana fyrir sjálfum sér og öðrum. En hvenær mun ríkisstjórnin finnast mælirinn fullur ef hinir hörmulegu atburðir gera það ekki? Þar við bætist að ríkisstjórnin þrengir nú að eða jafnvel lokar stofnunum sem geta tekið á móti þeim sem fótanna missa af völdum áfengisneyslu. Hvernig verður þá ástandið þegar afleiðingarnar af tvöföldun áfengisneyslu unga fólksins eru komnar fram af fullum þunga, en það er viðurkennd staðreynd að tvöföldun neyslu áfengis eykur miklu meira fjölda áfengissjúklinga.

[17:37]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessari fsp. vil ég upplýsa að nefnd sem falið var að vinna umræddar tillögur og úttekt áætlar að ljúka störfum sínum innan skamms og mun ég þá kynna samantekt nefndarinnar og sjónarmið og hef ég lagt áherslu á það við nefndina að þessum niðurstöðum verði hraðað. Ég vil jafnframt vekja athygli fyrirspyrjanda á því að í október 1992 skilaði samráðsnefnd um málefni barna og ungmenna á höfuðborgarsvæðinu tillögum. Þar var um að ræða viðamikla skýrslu um margvísleg atriði sem lúta að *málefnum barna og ungmenna. Nokkrum* þeirra atriða sem fram komu í skýrslu nefndarinnar hefur þegar verið hrint í framkvæmd eða eru í undirbúningi. Ég nefni það vegna þess að það kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda að ekkert jákvætt hefði komið frá ríkisstjórninni í málefnum barna. Ég nefni í því sambandi að hafin er starfsemi lokaðrar meðferðadeildar á vegum Unglingaheimilis ríkisins. Ég nefni að heimili fyrir vegalaus börn hefur verið sett á laggirnar. Ég nefni að það er aukið fjármagn núna á fjárlögum næsta árs til málefna barna. Ég nefni að það er verið að vinna að endurskoðun lögræðislaga. Ég nefni að það er verið að kanna ástæðu þess að rýmka heimild þá sem er í lögum um vernd barna og ungmenna um nauðungarvistun ungmenna gegn vilja þeirra. Ég nefni að það er unnið að því að semja frv. til laga um skoðun kvikmynda. Það er unnið að undirbúningi þess að samræma betur starfsemi þeirra sem afskipti hafa af kynferðisbrotamálum og ég nefni að á vegum félmrn. hefur farið fram gagngerð úttekt á þeim stofnunum og þeirri þjónustu sem til er að dreifa fyrir börn og fjölskyldur og undir félmrn. heyra.

Í grg. með till. til þál. um velferð barna og ungmenna sem fsp. nær til er fullyrt að vaxandi fjöldi unglinga lendi í miklum erfiðleikum áður en fullorðinsaldri er náð en með þáltill. var sú hugmynd sett fram að samin yrði skýrsla um orsakir vaxandi erfiðleika barna. Ég held að enda þótt vert sé að vera afar vel vakandi yfir málefnum barna og ungmenna sé óvarlegt án fullnægjandi vísindalegra gagna að fullyrða um atriði eins og það að ofbeldi aukist meðal barna, að börn séu í aukinni hættu svo sem hvað varðar neyslu fíkniefna, sjálfsvíga o.s.frv. Í því sambandi vil ég nefna að skýrslur lögreglunnar í Reykjavík frá árinu 1989 og 1990 leiddu í ljós að ofbeldismálum hefði fjölgað um 5% á milli þessara ára, nær eingöngu vegna aukningar á minni háttar málum. Á sama tíma fækkaði alvarlegum málum vegna líkamsmeiðinga um 23%. Þá fækkaði árásaraðilum yngri en 20 ára öll árin 1989–1991, enda þótt hlutfall hinna yngri sé talið af lögreglunni nokkuð hátt við aldursskiptingu íbúa. Sem

betur fer er því ekki hægt að fullyrða að ofbeldi meðal barna og ungmenna hafi aukist undanfarin ár. Hvað sem þessu líður er þó ljóst að tilhæfulaust og óvægið ofbeldi ungs fólks í miðborg Reykjavíkur að kvöld- og næturlagi um helgar er mjög alvarlegt vandamál sem bregðast verður við af fullri festu.

Það liggur líka fyrir að borgaryfirvöld og lögreglan í Reykjavík munu á næstunni grípa til margþættra aðgerða til að varna því að ofbeldisverk séu unnin í miðbæ Reykjavíkur og eru þær ráðstafanir sumar komnar til framkvæmda svo sem um að kynna útivistartíma barna og ungmenna.

Vegna síðari liðar fsp. minni ég einnig á að lög um félagsþjónustu og vernd barna og ungmenna mæla fyrir um að ábyrgð á framkvæmd þessara laga hvíli á sveitarfélögum landsins. Það eru aðeins hinar sérhæfðu stofnanir fyrir börn og ungmenni, uppbygging þeirra og rekstur, eftirlit með störfum fagnefnda sveitarfélaganna, yfirstjórn og leiðbeiningar sem er á hendi ríkisins.

[17:41]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin þó að ég verði bæði að láta í ljós vonbrigði mín yfir því hversu hægt hefur gengið með aðgerðir og líka undrun á sumum viðhorfum hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra sagði að það væri hafin starfsemi lokaðra deilda og ýmislegt fleira til þess að bjarga þeim sem illa fara en að öðru væri síðan hafinn undirbúningur. En ég held að það komi skýrt fram í þessari þál. og því sem ég hef sagt að það er til þess að koma í veg fyrir að börn og unglingar lendi í þessum voða sem ég tel að það þurfi að gera öflugri ráðstafanir en ekki það að glíma við afleiðingarnar þó að vissulega verði að gera það þegar illa er komið. En aðalatriðið hlýtur að vera að reyna að koma í veg fyrir að svona fari fyrir unga fólkinu. Að vísa því frá og segja að það sé á ábyrgð sveitarfélaganna en ekki Alþingis eða ríkisstjórnar að sinna þessum málum finnst mér furðulegt þegar það er Alþingi sem setur rammann um þær aðstæður sem hafa skapast, eins og t.d. með því að heimila sölu áfengis öls. Það þýðir auðvitað ekkert að segja að sveitarfélögin eigi að taka við vandanum þegar ríkisvaldið skapar hann. Það er þetta sem ég vil leggja áherslu á að verði gert. Og að segja að það sé varlegt að fullyrða að börn og unglingar séu í aukinni hættu þegar það liggur fyrir að áfengisneysla þeirra tvöfaldast. Ég skil satt að segja ekki hæstv. félmrh. sem segir svona lagað. Það er svo ótrúlegt.

[17:43]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns þá var ég eingöngu að lýsa staðreyndum í málinu og nefndi hér það sem fram hefur komið varðandi sjálfsvíg o.fl. og vitnaði þar í skýrslu lögreglunnar um að dregið hefði úr alvarlegum líkamsmeiðingum. Ég er alls ekkert að gera lítið úr áfengisneyslu unglinga með þeim hætti eins og mér fannst koma fram í máli fyrirspyrjanda. Og þegar fyrirspyrjandi minnist á forvarnastarf og fyrirbyggjandi starf þá er það hlutur sem ég legg mikla áherslu á og er sammála honum um. Ýmis af þeim atriðum sem eru í undirbúningi og ég taldi hér upp lúta að forvarnastarfi og kom það skýrt fram í máli mínu áðan.

Ég vil nefna það sem einmitt lýtur að forvarna- og fyrirbyggjandi starfi og unnið er að á vegum ráðuneytisins og ég nefndi ekki áðan. Það er undirbúningur að stofnun fjölskylduþjónustu ríkisins, þar sem einmitt verður lögð mjög mikil áhersla á fyrirbyggjandi og forvarnastarf. Veitt verður þjónusta ekki eingöngu fyrir unglinga á aldrinum 12–16 ára eins og er núna hjá Unglingaheimili ríkisins, heldur einnig fyrirbyggjandi og forvarnastarf fyrir yngri börn upp að 12 ára aldri. Ég tel að það sé ómaklegt að haga orðum sínum með þeim hætti sem fyrirspyrjandi gerði að það sé ekkert aðhafst á vegum ríkisvaldsins í þessu efni.

Sjóður til eflingar atvinnumálum kvenna.

Fsp. VS, 89. mál. — Þskj. 92.

[17:45]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju með það að það var ákveðið að verja ákveðnum fjármunum til eflingar atvinnumálum kvenna í tengslum við gerð kjarasamninga. En ég hef hins vegar orðið vör við að það hefur verið nokkur óánægja í þjóðfélaginu með hvernig staðið var að t.d. auglýsingu þessa sjóðs og því hef ég leyft mér að leggja fram fyrirspurn hér á hv. Alþingi til hæstv. félmrh. um sjóðinn og fleira er hann varðar á þskj. 92.

Það er ekki bara það að ég óttist að einhverjar konur hafi alls ekki sótt um vegna þess að þær hafi talið sig vera orðnar of seinar til þess að sækja um heldur líka hitt að þær umsóknir sem sendar voru inn hafa ekki verð nægilega vel unnar út af þessum stutta umsóknarfresti. Og mér þykir þetta enn torkennilegra, þegar svo langur tími hefur liðið frá því að átti að vera búið að skila inn umsóknum og ekkert hefur heyrst frá sjóðnum eða hæstv. ráðherra um það hverjir hljóti náð. En atvinnuleysi kvenna er mjög mikið og alvarlegt og sýna tölur það sem liggja fyrir opinberar í þessu þjóðfélagi. Ég get nefnt sem dæmi að í mínu kjördæmi, nánar tiltekið á Akureyri, varð sú breyting núna á sl. vori að konur urðu fleiri en karlar á atvinnuleysisskrá og gildir það fyrir alla mánuðina frá því í apríl og munar suma mánuði mjög miklu. T.d. í sept. eru 228 konur á atvinnuleysisskrá en 149 karlar.

Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hvernig var staðið að auglýsingu á „60 millj. kr. sjóði“ til eflingar atvinnumálum kvenna?

2. Hversu langur frestur var gefinn til að leggja inn umsóknir?

3. Hversu margar umsóknir bárust?

4. Hverjir meta umsóknir?

5. Hvenær verða niðurstöður um styrkveitingar birtar?

6. Hvernig verður háttað eftirliti með styrkveitingum?"

[17:48]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er spurt:

„Hvernig var staðið að auglýsingu á „60 millj. kr. sjóði" til eflingar atvinnumálum kvenna?"

Því er til að svara að starfshópur sá sem skipaður var hélt sinn fyrsta fund 17. ágúst sl. Föstudaginn 20. ágúst var sent auglýsing til allra dagblaða á símsendi með beiðni um birtingar í helgarblöðum um þá helgi. Einhver misbrestur varð á að auglýsingin birtist en í þeim tilfellum birtist hún bara í næsta blaði á eftir.

Þá má geta þess að frétt um framlag þetta birtist í nokkrum fjölmiðlum, svo sem Morgunblaðinu, Ríkisútvarpinu og fleiri stöðum. Þá var öllum atvinnuráðgjöfum símsent bréf, dags. 20. ágúst, þar sem þeir voru beðnir að kynna framlag þetta og kynna starfshópnum hugmyndir sínar um skiptingu fjárins. Haft var samband símleiðis við sveitarstjóra stærstu sveitarfélaganna eða fulltrúa þeirra og þeim kynnt framlagið.

„Hversu langur frestur var gefinn til þess að leggja inn umsóknir?" er spurt í 2. tölul. Skilafrestur sá sem gefinn var var til 1. sept. Vegna þessa stutta frests var tekið við umsóknum allt til 10. sept. Engar kvartanir hafa borist frá umsækjendum um að þeir hafi ekki mætt lipurð og tillitssemi í sambandi við umsóknir.

„Hversu margar umsóknir bárust?" er spurt í þriðja lagi. Alls bárust yfir 150 umsóknir þar sem sótt var um rúmar 300 millj. kr., þar af um 250 millj. kr. frá einkaaðilum og um 60 millj. kr. frá sveitarfélögum. Það skýrir kannski það sem hv. fyrirspyrjandi kom inn á áðan að það hefur tekið nokkurn tímam að vinna úr þessum umsóknum en hér er um að ræða hvorki meira né minna en 150 umsóknir og það er mjög vandasamt að fara yfir allan þennan fjölda og meta þær. En ég tel líka að þessi fjöldi umsókna sýni að framlagið hefur verið vel kynnt og þess má geta hér að þau verkefni sem sótt var um styrki til voru mjög fjölbreytt. Það má nefna saumaskap hvers konar, vinnslu sjávarafurða, smáiðnað og margs konar aðhlynningu barna, fatlaðra, aldraðra og sjúkra og fleiri verkefni.

„Hverjir meta umsóknirnar?" er einnig spurt. Starfshópur var skipaður 10. ágúst sl. Hann var skipaður fulltrúfum ASÍ, VSÍ, fulltrúa fjmrn. og fulltrúa félmrn. sem var formaður starfshópsins. Auk þess vann starfsmaður ráðuneytis með hópnum en hópurinn hefur nú skilað tillögum sínum.

Síðan er spurt hvenær niðurstöður um styrkveitingar verði birtar. Tillögur starfshópsins verða kynntar á ríkisstjórnarfundi á morgun. Öllum umsækjendum verða send bréf væntanlega í þessari viku með svari við umsóknum. Starfshópurinn lagði til að 64 einkaaðilar yrðu styrktir til hinna margvíslegu verkefna. Erfitt er að meta fjölgun stöðugilda en lausleg athugun sýnir að um 370 konur munu tengjast þessari fjárveitingu á einn eða annan hátt. Síðar munu um 190 konur bætast í þann hóp ef áætlanir umsækjenda ganga eftir. Auk þess má ætla að einhver margfeldisáhrif verði af þessum aðgerðum.

Í lokin er spurt: „Hvernig verður háttað eftirliti með styrkveitingum?" Það verður gerður sérstakur samningur vegna hverrar einustu styrkveitingar þar sem gerð verður grein fyrir með hvaða hætti styrkir verða greiddir, þ.e. óskað verði eftir greinargerð um gang verkefna áður en hver styrkhluti verður greiddur og ef misbrestur verður á að þetta verði notað í það sem umsóknin og styrkurinn gaf tilefni til þá verður þess krafist að framlagið verði endurgreitt. Í samningnum verður krafist þess að atvinnulausar konur verði látnar ganga fyrir vinnu.

Ég vænti þess að ég hafi svarað þeim liðum sem fyrirspyrjandi spurði um.

[17:52]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég get ekki neitað því að þessi tími er stuttur frá 20. ágúst til 1. sept. ekki síst þegar það er haft í huga að dagblöðin, sem gefin eru flestöll út hér í Reykavík, eru nokkurn tíma að berast til landsbyggðarinnar en hæstv. ráðherra talaði um að það hefði verið tekið við umsóknum til 10. sept. og það er í sjálfu sér ágætt en það er þó ekki því að neita að þetta getur hafa orðið til þess að einhverjir hafa talið of seint að senda inn umsókn og ekki vitað af þessum liðlegheitum sem þarna áttu sér stað.

En þar sem hæstv. ráðherra sagði að það hefðu engar kvartanir borist þá er ég hér með afrit af bréfi frá Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi þar sem kvartað er yfir þessu. Þetta er sent af framkvæmdastjóra þeirra samtaka og gengur bréfið út á það, ég hef nú ekki tíma til að lesa það allt hér, að koma á framfæri mikilli óánægju með þennan stutta frest. Þetta er stílað á félmrn. og ráðherrann þannig að þessu er hér með komið á framfæri við hæstv. ráðherra.

Það sýnir sig á svari ráðherrans að margir hafa þó frétt af þessum styrkjum og margar umsóknir borist og ég get vel skilið að það hafi tekið sinn tíma að fara yfir þær allar. Og það segir kannski meira um atvinnuástandið meðal kvenna í landinu en mörg orð hér úr þessum ræðustóli.

Ég hef engar athugasemdir í sambandi við það sem kom fram hjá ráðherranum og tengist eftirlitinu. Það er í sjálfu sér skiljanlegt að það þurfi að vera til staðar og ég lýsi ánægju með það að atvinnulausar konur eigi að sitja fyrir um vinnu en það að ráðherrann skuli ekki hafa orðið vör við þetta bréf frá Austurlandi þykir mér einkennilegt.

[17:54]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að sú hugsun sem býr að baki verkefninu sé góðra gjalda verð og ekki nema gott eitt um hana að segja. En ég vil í ljósi þess sem fram kom hjá hæstv. ráðherra að fyrir liggur tillaga um úthlutun spyrja ráðherrann hvernig skiptingin er eftir kjördæmum eða ef ekki er hægt að svara því til hlítar hvernig skiptingin er milli höfuðborgarsvæðisins annars vegar og landsbyggðarinnar hins vegar. Og mér finnst, svo að ég gagnrýni þetta pínulítið, einkennilegt á þeim tímum sem lögð er megnáhersla á að frumkvæði og þekking heimamanna eigi að ráða verkefna-

vali og ákvarðanatöku þá skuli ríkið taka það í sínar hendur að búa til sjóð og útdeila úr honum. Mér hefði fundist eðlilegra fyrst menn vilja á annað borð búa til sjóð að skipta honum þá upp og láta aðra útdeila sem nær eru vettvangi hvort sem það eru sveitarstjórnir, landshlutasamtök eða aðrir aðilar innan kjördæma.

[17:56]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst vegna þess sem fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. þar sem hún las upp kvörtun sem borist hefði vegna þessa stutta frests þá er mér kunnugt um þessa kvörtun sem þarna kom fram þar sem ég lét koma fram í mínu máli hér áðan að það hefðu engar kvartanir borist frá umsækjendum um að þeir hefðu ekki mætt lipurð og tillitssemi í sambandi við umsóknir og gat þess að þó að umsóknir hefðu borist eftir 1. sept. þá hefði verið tekið við þeim.

Út af fyrirspurnum hv. 5. þm. Vestf., Kristins H. Gunnarssonar, þá verða þessar tillögur kynntar í ríkisstjórn á morgun. Hann spyr um hlutfall milli höfuðborgarsvæðis og landsbyggðar. Hlutur höfuðborgarsvæðisins er 45% og þá er hann um 55% úti á landsbyggðinni. Vil ég í því sambandi minna á það að í þau 2–3 ár sem við höfum haft framlag til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni, þá hefur það eingöngu gengið til landsbyggðarinnar en ekki til kvenna á höfuðborgarsvæðinu. Nú hefur atvinnuleysi aukist á höfuðborgarsvæðinu, ekki síst hjá konum, þannig að það er alls ekki óeðlilegt að það fari þetta hlutfall, sem er 45% til höfuðborgarsvæðisins en 55% út á landsbyggðina.

Meðferðarheimilið að Staðarfelli í Dölum.

Fsp. IP, 47. mál. — Þskj. 50.

[17:57]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín á þskj. 50 er til hæstv. heilbr.- og trmrh. og er svohljóðandi:

„Hyggst heilbrrh. tryggja áframhaldandi rekstur meðferðarheimilis SÁÁ að Staðarfelli?"

Ástæða þessarar fsp. er sú að vegna síminnkandi framlags til SÁÁ til reksturs meðferðarheimila hafa forráðamenn þeirra samtaka tjáð m.a. þingmönnum Vesturlands að þeir muni ekki geta að óbreyttu annað en lokað þeirri stofnun sem hér um ræðir strax á næsta ári. Nokkuð ljóst er að ef meðferðarheimilinu á Staðarfelli verður lokað þá verður það ekki opnað aftur, m.a. vegna þess að húsakynnin eru ekki í eigu Samtaka áhugamanna um áfengisvarnir. Húsnæðið er gamalt og mundi fljótlega drabbast niður ef það er ekki nýtt. Hér er mikið í húfi. Ekki þarf að rifja upp fyrir hæstv. heilbrrh. gildi þessarar stofnunar. Þær eru honum eflaust ljósar. 30 sjúklingar eru í senn að Staðarfelli og 8 starfsmenn. Árangur af meðferð er einstaklega góður. Staðsetning á heimilinu er slík að sjúklingar njóta mikils næðis, óvenjumikillar náttúrufegurðar og kyrrðar og hundruð manna telja í dag að þeir eigi líf sitt að launa verunni á þessum stað.

Margoft hefur því verið haldið fram af þeim sem hafa ekki allt of mikið fyrir því að kynna sér hlutina að rétt sé að draga verulega úr meðferðarúrræðum varðandi áfengissýki. Þeir sem því halda fram telja að sífellt komi sömu drykkjusjúklingarnir sér til hressingar fyrir næsta túr en raunveruleikinn er annar. Hér er oftast um mjög ungt fólk að ræða sem leitar sér aðstoðar og þau úrræði sem boðið er upp á að Staðarfelli eru mun ódýrari en önnur úrræði fyrir unglinga.

Ég heimsótti Staðarfell ekki alls fyrir löngu og það kom mér satt að segja á óvart hve ungir sjúklingarnir voru. Yngsti var 15 ára en algengast var fólk á aldrinum 18–20 ára. Að líta inn á meðferðarstofurnar hjá þessu fólki var eins og að horfa inn í bekk í framhaldsskóla. En þegar vel tekst til að lækna þessi börn áður en lengra er haldið þá er verið að vinna dýrmætt forvarnastarf og auk þess gert á langódýrastan hátt því að önnur meðferðarúrræði eru mun dýrari.

Í atvinnulegu sjónarmiði hefur þetta mikið gildi fyrir Dalasýslu sem hefur þurft að heyja stöðuga varnarbaráttu í atvinnulegu sjónarmiði. Því er það afleitur kostur frá byggðasjónarmiði engu síður en frá heilbrigðissjónarmiði að loka Staðarfelli. Ég minnist þess í umræðunni um Gunnarsholt hér á dögunum að hæstv. ráðherra benti á að ef lokað yrði í Gunnarsholti færi hluti sjúklinga að Staðarfelli.

Sú óvissa sem ríkir almennt um heilbrigðisstofnanir í landinu kostar ómæld óþægindi og hlýtur að koma niður á gæðum þjónustunnar. Það er ekki hægt að reka heilbrigðisstofnanir í stöðugri óvissu. Því er það ósk mín að hæstv. heilbrrh. staðfesti það hér, að hann muni tryggja áframhaldandi rekstur að Staðarfelli í Dölum.

[18:01]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint fsp. frá 2. þm. Vesturl., hvort heilbrrh. hyggist tryggja áframhaldandi rekstur meðferðarheimilis SÁÁ á Staðarfelli. Í fyrsta lagi hygg ég að engum blandist um það hugur að árangur þeirrar starfsemi hafi verið umtalsverður og óumdeildur. Ég get svarað því að ég hef áhuga á að tryggja áframhald þessa reksturs, í ljósi þess sem ég sagði áðan. Í öðru lagi liggur fyrir að hvort tveggja, fjárbeiðni Samtaka áhugafólks um áfengisvandamálið svo og fjárveiting í fjárlagafrv., er óskipt. Með öðrum orðum: ekki liggur fyrir á þessari stundu til hvaða einstakra verkefna SÁÁ hyggst verja þeim fjármunum sem þau hafa undir höndum, sem eru annars vegar framlög á fjárlögum og hins vegar seld þjónusta og framlög, auk fjáraflana meðal annarra af rekstri spilakassa Rauða krossins og samstarfsaðila, þar eru um 28 millj. kr.

Í þessu ljósi liggur fyrir að samkvæmt núv. fjárlagafrv. er heildarframlag til SÁÁ á fjárlögum óbreytt frá yfirstandandi fjárlögum, þó þannig að sértekjur hækka en framlag lækkar að sama skapi, en brúttóniðurstaða er breytt.

Ég vil hins vegar láta það koma hér skýrt fram að á næstu vikum mun ég vitaskuld ræða við forsvarsmenn SÁÁ um framhald málsins, skiptingu fjárins og með hvaða hætti félagið hyggst ráðstafa því fjármagni sem það hefur til gagnsemi fyrir þann rekstur sem félagið hefur með höndum. Þá vegur auðvitað rekstur Staðarfells þungt í því sambandi.

Það er rétt sem kom fram hjá fyrirspyrjanda að Staðarfell er ekki í eigu samtakanna heldur er það í eigu menntmrn. Ég vil láta koma fram að ég er áhugamaður um að beita mér fyrir því að þessi eign geti orðið eign samtakanna, þannig að ekki þurfi að velkjast í vafa um þann þátt málsins. Í bláendann vil ég segja að samtök áhugafólks um áfengisvandamál hafa sannað tilverurétt sinn með árangursríkri starfsemi í gegnum árin. Ég tel að í þeirri stefnumörkun sem ég hef beitt mér fyrir í áfengismeðferðarmálum gegni Staðarfell hér eftir sem hingað til veigamiklu hlutverki.

[18:05]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir að hreyfa þessu máli. En ég vil segja við hæstv. heilbrrh. að hann verður að gera betur en hann gerði í svörum sínum. Hann svaraði spurningunni þannig að hann hefði áhuga á því að tryggja rekstur meðferðarheimilisins að Staðarfelli. Ég tel að ráðherra geti gert betur og eigi að gera betur og svara því afdráttarlausar hver hugur hans er, hver vilji hans er, hvað hann muni gera. Þá kom fram í máli ráðherrans að SÁÁ hefði tæplega 30 millj. kr. tekjur af rekstri spilakassa. Ég vildi því spyrja hæstv. ráðherra: ef svo færi að þær tekjur minnkuðu, af ástæðum sem mönnum gætu nú verið kunnar eftir umræðurnar í dag, mundi hann beita sér fyrir því að SÁÁ fengi tekjur í þess stað af fjárlögum?

[18:06]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. svörin. Hann hefur áhuga fyrir að halda áfram starfsemi að Staðarfelli og er gott að heyra það, en það þarf meira til. Hann sagði réttilega að á fjárlögum væri óbreytt upphæð til SÁÁ, en inni í þeirri upphæð eru sértekjur upp á 17,5 millj. kr. af meðferðargjöldum. Ég held að það sé mikill vafi á að 17,5 millj. kr. innheimtist í meðferðargjöld hjá vímuefnaneytendum. Eins og ég sagði hér áðan, í fyrri ræðu minni, þá er þetta mikið til ungt fólk, mjög ungt fólk. Oft kemur þetta unga fólk frá heimilum þar sem eru miklir erfiðleikar. Og hinir sem koma þarna til meðferðar eru að stórum hluta fólk sem er búið að eiga við langvarandi drykkju og hefur því enga peninga til að borga þetta meðferðargjald. Þannig að þegar upp er staðið þá er miklu minna fjármagn til SÁÁ á þessum fjárlögum heldur en var í fyrra og var það þó of lítið til að hægt væri að halda óbreyttum rekstri.

Það kom einnig fram í máli 5. þm. Vestf. að af spilakössum hefur SÁÁ 30 millj. kr. Nú er mikil óvissa um það hvernig þeim málum verður háttað. Það er því eðlilegt að menn hafi áhyggjur og það hefði verið mikilvægt að fá skýrari svör frá hæstv. heilbrrh. um þessi mál núna. Ég ætla að minna á það að ríkissjóður fær yfir 6 milljarða árlega frá ÁTVR í hreinar tekjur. Það eru því hreinir smáaurar sem koma á móti til áfengisvarna og meðferðar.

[18:08]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að það komi ekki að gagni að framlengja þá umræðu sem fram fór í þinginu fyrr í dag varðandi spilakassamálið. Ég tel æskilegt að við sjáum niðurstöðu þeirra mála áður en nokkuð er fullyrt í því efni.

Vitaskuld hefur það engu að síður áhrif á starfsemi SÁÁ ef þau mál þróast á þann veg sem 5. þm. Vestf. gaf til kynna, að þar yrði tekjutap til SÁÁ. Ég trúi því hins vegar ekki fyrr en ég tek á. En ef svo fer þá er ég tilbúinn að endurskoða og endurmeta þær forsendur sem hér eru lagðar til grundvallar.

Varðandi þann þátt málsins að sértekjur eru áformaðar hærri en verið hefur þá hygg ég að það séu um það bil 3.000 innlagnir á Vog, Staðarfell og Vík, þessi helstu meðferðarúrræði SÁÁ. Auðvitað er ekki hægt að fullyrða neitt um það á þessu stigi máls hvernig til tekst með gjaldtöku af þeim toga sem lagt er upp með. Hins vegar vil ég segja það að nálgun þess máls er með þeim hætti að við það verður miðað að meðferðaraðilar sjálfir leggi fram tillögur að gjaldtökunni, hvernig að henni verði staðið, en fyrirkomulagið verði síðan háð staðfestingu ráðherra.

Í viðræðum við forsvarsmenn SÁÁ telja þeir þessa nálgun máls ekki óraunhæfa. Meðal annars er vísað til þess að fyrir árið 1987 þekktist slík gjaldtaka þó undir öðrum formerkjum væri. Hér er því ekki um nýmæli að ræða heldur fyrirbrigði sem áður er þekkt.

En ég árétta að hugur minn til þessa máls er ljós. Ég hef áhuga á að tryggja áframhald þessa rekstrar. Á hinn bóginn liggur það fyrir að fjárveitingin er óskipt sem og fjárbeiðnin sem er auðvitað lykilatriði málsins.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2., 5., 6., 7., 8., 10. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 18.11.

---

16. FUNDUR

þriðjudaginn 19. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lánsfjárlög 1994, stjfrv., 75. mál, þskj. 78. — 1. umr.

2. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 76. mál, þskj. 79. — 1. umr.

3. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 67. mál, þskj. 70. — 1. umr.

4. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 68. mál, þskj. 71. — 1. umr.

5. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38. — 1. umr.

6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31. — 1. umr.

7. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 41. mál, þskj. 44. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umfjöllun um skýrslu frá Ríkisendurskoðun í menntamálanefnd.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 18. þm. Reykv. hefur óskað eftir að gera athugasemd um störf þingsins skv. nýrri 3. mgr. í 50. gr. þingskapa.

[13:33]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta hér reyna á hin nýju þingsköp og gera athugasemd um störf þingsins.

Þannig er mál með vexti að í sumar fór stjórnarandstaðan í menntmn. þess á leit við formann menntmn. að kallaður yrði saman fundur í nefndinni til þess að ræða um skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálasamskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsar ríkisstofnanir. Af ýmsum ástæðum varð ekki af þeim fundi en í morgun kom þar að nefndin fór loksins í þessa skýrslu. Í lok fundarins fór ég þess á leit að það yrðu kallaðir til fjórir aðilar til viðbótar til þess að spyrja frekar út í ýmsa þætti þessarar skýrslu og hvernig við henni hefur verið brugðist. En þá gerðist það að formaður nefndarinnar og meiri hluti hafnaði þeirri beiðni og tillaga um það að málinu yrði haldið áfram í menntmn. var felld með fjórum atkvæðum gegn þremur. Ég tel þetta vera ákaflega óeðlileg vinnubrögð, virðulegi forseti. Samkvæmt þingsköpum hafa nefndir þingsins heimild til þess að taka mál til athugunar. Hér er um að ræða skýrslu þar sem fjallað er stofnanir sem heyra undir verksvið menntmn. auk þess sem þarna er um atriði að ræða sem snúa að framkvæmdarvaldinu og nauðsynlegt er að Alþingi taki á. Það er hins vegar ljóst að sérstaklega fulltrúum Sjálfstfl. er mjög sárt um að rætt sé um þetta og þeir vilja greinilega ekki að umræðum sé áfram haldið. Sú spurning vaknar hvort vinnubrögð af þessu tagi séu eðlileg í nefndum þingsins og ég tel nauðsynlegt í framhaldi af þessu að það eigi sér stað umræður um verklag nefnda. Ég þekki það ekki úr öðrum nefndum þingsins að því sé hafnað að kalla saman fundi eins og hér hefur átt sér stað, hvað þá að okkur sé neitað um það að skoða mál af þessu tagi sem eru jafnalvarleg og raun ber vitni. Mér fannst nauðsynlegt að þetta kæmi fram hér, virðulegi forseti.

[13:36]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að skýrsla sú sem hér um ræðir og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi birist landslýð og þingmönnum þar á meðal á miðju sumri. Þá óskaði hv. 18. þm. Reykv. eftir því að haldinn yrði fundur í menntmn. til þess að fjalla um skýrsluna. Við því var ekki orðið og ég segi: Það er einstakt. Miðað við reynslu mína af forustumönnum annarra nefnda sem ég hef verið í, t.d. forustumönnum iðnn. og heilbr.- og trn. þá þekki ég það ekki að því hafi verið neitað að halda slíka fundi. Þvert á móti hafa menn brugðist vel við, bæði í iðnn. og heilbrn., til þess að halda fundi ef stjórnarandstaðan hefur óskað eftir því jafnvel þó að tilefnin væru formlega séð minni en þau að fyrir lægi skýrsla á málefnasviði viðkomandi nefndar.

En í öðru lagi er það svo sérstaklega alvarlegt og umhugsunarvert miðað við hin nýju þingsköp og þau réttindi sem minni hluta eru þar tryggð, því þar eru minni hluta tryggð ákveðin réttindi, þremur mönnum í hverri nefnd, þá er það alvarlegt að meiri hlutinn skuli hafa kosið að fella beiðni hv. 18. þm. Reykv. um að kalla fyrir fulltrúa frá fjórum stofnunum eða svo til þess að ræða frekar um innihald þessarar skýrslu sem lýtur að fjármálalegum samskiptum framkvæmdastjóra sjónvarps við ýmsar stofnanir ríkisins.

Ég tel að það sé afar slæmt upp á samstarfið hér í þinginu að formaður menntmn. beiti sér með þessum hætti og meiri hluti menntmn. sem gerðist í morgun. Ég vona að þetta sé ekki vísbending um það hvernig forustumenn úr stjórnarliðinu hugsa sér að vinna úr hinum nýju þingsköpum í vetur. Ég vona að þetta sé undantekning en ekki til marks um þá reglu sem hér eigi að taka upp af stjórnarliðinu þrátt fyrir þá góðu samstöðu sem náðist á dögunum um hin nýju þingsköp.

Ég vil taka undir þá beiðni sem fram hefur komið frá hv. 18. þm. Reykv. um það að forustumenn þingsins og þingflokkanna ræði um þessi vinnubrögð og vinnubrögð í nefndum almennt þannig að tíðindi af því tagi sem áttu sér stað í menntmn. í morgun gerist ekki framar.

[13:38]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að það væri eðlilegt að settar yrðu verklagsreglur nefnda. Hins vegar vil ég taka það fram í tilefni af orðum hv. þm. Svavars Gestssonar að það er ekki rétt sem hann var að hafa hér uppi áðan að formaður menntmn. hefði ekki orðið við ósk um að halda fund. Það gerði formaður menntmn. í morgun vegna þessa máls. Óskin kom fram sl. sumar og þá voru þingmenn í leyfum þannig að það vannst ekki

tími til að halda fund þá.

En í tilefni af þessu vil ég rifja aðeins upp forsögu þessa máls og minna á það að hér er ekki um þingmál að ræða og það var að ósk fjárln. Alþingis sem beðið var um þessa skýrslu frá Ríkisendurskoðun, þar átti menntmn. enga aðild að. Ég vil einnig minna á það að fjárln. hefur afgreitt þetta mál frá sér með ákveðnum hætti og hefur ekki talið ástæðu til að fara frekar ofan í það. Það komu engar nýjar upplýsingar fram á fundi menntmn. í morgun sem gefa tilefni til frekari skoðunar af hálfu nefndarinnar. Þetta vil ég að komi skýrt fram í dag. Þess vegna taldi meiri hluti menntmn. að það væri ekki ástæða til að halda málinu frekar áfram. Ég hlýt að ítreka það líka að meiri hlutinn hefur auðvitað rétt til þess að hafa þá skoðun á þessu máli og afgreiða með þeim hætti sem gert var.

[13:41]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. 26. gr. þingskapa hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr."

Það er heimilt að taka upp mál sem nefnd kýs að kanna og það var verið að gera í þessu tilviki. Ég mótmæli því að þetta mál sé að fullu upplýst, það eru margir þættir óupplýstir sem snerta þetta mál og það getur ekki verið annað en eðlilegt að við spyrjum í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar: Hvernig hefur henni verið fylgt eftir? Hvað hefur menntmrn. gert? Hvað hafa ríkisstofnanir gert til þess að fylgja eftir þeirri gagnrýni sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar? Vegna þess að skýrslan snýst ekki um einn einstakling heldur snýst hún um ýmislegt sem varðar stjórnsýslu í landinu og okkur ber skylda til þess sem löggjafa og sem eftirlitsaðila að framkvæmdarvaldinu að fylgja því eftir. Því mótmæli ég því að þessu máli sé á nokkurn hátt lokið. Ef meiri hluti nefndar neitar að taka mál upp þá er auðvitað ekki um annað að ræða en að taka það hingað inn í þingsali.

[13:42]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem það hefur komið til tals hvernig afgreiðsla fjárln. hafi verið á þessu máli í sumar þá get ég upplýst það að nefndin fór yfir þessa skýrslu en tók ekki afstöðu til hennar á því stigi heldur ákvað að gera skýrsluna opinbera, vísa henni til allra þingmanna, til þingsins, og að fjölmiðlar gætu fjallað um hana frekar sem var gert í framhaldi af því. Að öðru leyti afgreiddi fjárln. ekki skýrsluna að mig minnir. Ég tel það mjög eðlilegt í framhaldi af því að fjárln. hafi vísað þessari skýrslu inn í þingið að menntmn. taki þetta mál upp þar sem málefni Ríkisútvarpsins heyra undir menntmn.

[13:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Vandinn í þessu máli er sá að meiri hluti menntmn. hefur hafnað því að ræða málið frekar. Það er að vísu rétt hjá formanni nefndarinnar að málið fékkst rætt á fundi hennar í morgun. Það er kannski ástæða til að þakka fyrir það að málið sé tekið fyrir á reglulegum fundi menntmn. en það var ekki haldinn sérstakur fundur í nefndinni um þetta mál að beiðni hv. 18. þm. Reykv. heldur vék formaður menntmn. sér undan því verkefni í marga mánuði og það var ekki kallað til fundar um þetta mál í nefndinni fyrr en komið var fram á haust og boðaður var reglulegur fundur núna í morgun. Þess vegna er það auðvitað mjög athyglisvert og umhugsunarvert hvernig á þessu máli hefur verið haldið og það er bersýnilega rangt, sem hv. formaður menntmn. reyndi að skýla sér á bak við, að fjárln. hafi fjallað um málið og tæmt umfjöllun sína. Það er ekki svo. Fjárln. tekur málið fyrir og vísar því til þingmanna og sérstaklega til menntmn., segir hv. 6. þm. Vestf. En það er ekki þannig að fjárln. hafi lokið umfjöllun um þetta mál. Þess vegna er þetta mál því miður, segi ég — því miður, virðulegi forseti — enn þá opið og alveg óhjákvæmilegt að forusta þingsins taki það til meðferðar.

[13:45]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram í þessari umræðu fjallaði fjárln. um þetta mál á fundi sínum í sumar og samþykkti þann 8. júlí eftirfarandi ályktun:

„Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar, framkvæmdastjóra sjónvarps, við ýmsa opinbera aðila og fleiri, kemur m.a. fram að stofnunin telur ekki að við nefnda athugun hafi neitt komið fram sem bendir til þess að hann hafi brotið af sér í opinberu starfi eða dregið sér fé. Hins vegar komi fram í skýrslu stofnunarinnar alvarlegar athugasemdir varðandi verklag þeirra opinberu sjóða sem veita framlög til innlendrar kvikmyndagerðar. Sérstaklega er bent á hættu á hagsmunaárekstrum þeirra aðila sem að afgreiðslu máls koma.

Í ljósi þeirra upplýsinga er koma fram í nefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar beinir fjárln. því til menntmrh. að hann beiti sér fyrir heildarendurskoðun á lögum um kvikmyndamál, svo og ákvæðum laga um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Við þá endurskoðun sé tekið m.a. mið af þeim upplýsingum og athugasemdum sem fram koma í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar."

Þetta er sú afgreiðsla sem fjárln. Alþingis hafði á þessu máli. (**KÁ:** Hvað hefur verið gert í málinu?) Hv. þm. sem hóf þessa umræðu hefur tök á því í fyrirspurnatíma að leita upplýsinga hjá menntmrh. um það hvernig hann hafi við þessu brugðist. En ég sé enga ástæðu til þess að þetta mál fari eins og einhver farandbikar milli nefnda í þinginu til afgreiðslu þar sem málið heyrir í fyrsta lagi sem fjárlagamál og málefni Ríkisendurskoðunar undir fjárln. og hún afgreiddi málið fyrir sitt leyti 8. júlí á þessu ári.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Áður en gengið verður til dagskrár vill forseti upp-

lýsa að upp úr klukkan þrjú verður hér utandagskrárumræða um viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framtíð starfsemi Bandaríkjahers. Er hún að beiðni hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar.

Lánsfjárlög 1994, 1. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 78.

[13:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vona að ég brjóti ekki þingsköp þótt ég í upphafi máls míns misnoti þetta tækifæri sem ég hef til að þakka hv. þm. fyrir góðar kveðjur sem mér voru sendar í gær í tilefni fimmtugsafmælis míns og gjafir og góð orð sem féllu þar í minn garð. Jafnframt vil ég, virðulegi forseti, koma þeim skilaboðum áleiðis til starfsmanna þingsins.

Ég mæli hér fyrir frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1994 sem er að finna á þskj. 78 en það er 75. mál Alþingis.

Frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1994 nær til allra lána sem ríkissjóður hyggst taka eða ábyrgjast á því ári. Þannig næst heildarsýn yfir lánsfjármál ríkissjóðs á einum vettvangi. Framsetning frv. er hliðstæð því sem kemur fram í núgildandi lánsfjárlögum.

Með frv. er horfið frá því að skipta lántökuheimildum í innlendar og erlendar sérstaklega. Leitað er lántökuheimildar fyrir ríkissjóð, ríkisfyrirtæki og lánasjóði ríkisins til nota innan lands eða utan eftir því sem aðstæður á markaði leyfa hverju sinni. Frá og með næstu áramótum verða nær allar hömlur á fjármagnsflutningum milli landa afnumdar og verða skilin á milli innlendrar og erlendrar lántöku afar óskýr, til að mynda getur íslenskur aðili þá keypt ríkisverðbréf gefin út erlendis eða erlendur aðili eftir atvikum keypt ríkisverðbréf gefin út á Íslandi.

Þá er rétt að taka fram að ákvæði er varða ráðstafanir í ríkisfjármálum í tengslum við fjárlagafrv. er ekki að finna í þessu frv., enda verður flutt sérstakt frv. til laga um það efni og vonandi verður það lagt fram innan skamms tíma. Þar verður að finna þessi þekktu „þrátt-fyrir-ákvæði" sem fylgt hafa lánsfjárlögum og lánsfjárlagafrv. í gegnum tíðina.

Í greinargerð eða athugasemdum við lagafrv. sem hér er til umræðu er fjallað um stöðu fjármagnsmarkaðarins, þróun eftirspurnar og framboðs lánsfjár og um heildarlánsfjárþörf hins opinbera. Ég vísa að mestu leyti til þeirrar greinargerðar sem birtist með frv. Það má segja, virðulegi forseti, að eitt helsta einkenni innlends fjármagnsmarkaðar hafi verið ójafnvægi í eftirspurn lánsfjár og framboði sparifjár. Lánsfjáreftirspurn hefur verið mikil á undanförnum árum og verulega meiri en aukning á innlendum sparnaði. Þetta hefur, ásamt öðru, leitt til hárra raunvaxta hér á landi og mikillar skuldasöfnunar erlendis. Erlendar skuldir þjóðarinnar, sem hlutfall af landsframleiðslu, eru með því allra hæsta sem þekkist meðal aðildarríkja OECD. Það er að sjálfsögðu, eins og öllum hv. þm. er kunnugt og flestir eru sammála um, afar mikilvægt að snúa þessari þróun við, draga úr lánsfjáreftirspurninni og auka innlendan sparnað. Ég legg áherslu á það hér að það sem einkennir Ísland fyrst og fremst þegar við skoðum þessi mál í samanburði við aðrar þjóðir er hve erlendu skuldirnar eru hátt hlutfall af heildarskuldum.

Á liðnum árum hefur mikið verk verið unnið í því að markaðssetja ríkisverðbréf. Ríkissjóður hóf markaðssölu á verðbréfum um mitt ár 1992 með útboði á sex mánaða ríkisbréfum. Í nóvember sama ár var byrjað að bjóða út ríkisvíxla til þriggja mánaða. Á árinu 1993 er gert ráð fyrir að seldir verði ríkisvíxlar með útboði fyrir 60 milljarða kr. brúttó og ríkisbréf fyrir 8,8 milljarða kr. Þá er gert ráð fyrir að sala spariskírteina verði alls 9,5 milljarðar kr. á árinu, þar af 7 milljarðar kr. með útboði.

Á bls. 5 í greinargerð með frv. er mynd af skammtímaávöxtun á fjármagnsmarkaði 1993. Þessi mynd er athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Fram kemur á myndinni, og reyndar í texta, að vextir ríkisverðbréfa hafa farið lækkandi á árinu ef undan er skilin lítils háttar hækkun í kjölfar gengisfellingarinnar sl. sumar. Það vekur hins vegar athygli að meðalvextir almennra víxillána banka fylgja frá miðju ári engan veginn þeim vöxtum sem myndast á viðmiðunarbréfum ríkissjóðs. Það hlýtur að vera umhugsunarefni að ávöxtun ríkisverðbréfa, sem ræðst alfarið með útboði á markaði, skuli ekki endurspeglast í vaxtaákvörðunum banka á víxillánum. Þetta gefur tilefni til að ætla að samkeppnisumhverfi banka og sparisjóða sé ábótavant og að vextir á óverðtryggðum ríkisverðbréfum hafi takmörkuð áhrif á vaxtamyndun þeirra.

Í þessu tilviki er þó rétt að það komi skýrt fram að það vandamál sem bankarnir hafa við að stríða er að sjálfsögðu það að þeir þurfa að láta útlán mæta innlánum. Þegar innlán eru verðtryggð þá hlýtur það að gerast í verðbólgu, sem myndast m.a. af gengisfellingu, að hækka verður útlánsvexti til að óvenjumikið tap myndist ekki hjá viðkomandi lánastofnunum. Þetta vandamál er alkunnugt og á því hefur verið tekið og bent á lausnir m.a. í nýlegri skýrslu sem unnin var fyrir viðskrh. og ríkisstjórnina.

Vegna markaðssetningar ríkisverðbréfa vil ég jafnframt taka fram að á sl. sumri var gerð tilraun með sölu á verðbréfum í erlendri mynt hér innan lands og það er stefnt að því að ríkissjóður gefi út markaðsverðbréf í erlendri mynt til frumsölu hér innan lands fyrir árslok. Hér er um nýmæli að ræða en það er eðlilegt að til þessa ráðs sé gripið nú þegar ljóst er að íslenski lánsfjármarkaðurinn rennur nánast saman við hinn erlenda.

Þegar litið er á ríkisábyrgðir kemur í ljós að ríkisábyrgðir á fjárskuldbindingum eru allvíðtækar hér á landi. Tveir af þremur viðskiptabönkum eru í eigu ríkissjóðs; allir helstu fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna eru í eigu ríkissjóðs; almenna húsnæðislánakerfið er í höndum ríkissjóðs; auk þess veitir ríkissjóður ábyrgð á lántökum ýmissa aðila. Þetta kerfi þarf að sjálfsögðu að endurskoða ekki síst vegna þess að því fylgja ýmsir ókostir. Til að mynda þeir, annars vegar,

að ríkisábyrgð ýtir undir aukna lánsfjáreftirspurn og hins vegar er hætta á því og reyndar kannski dæmi til um það að ekki sé tekið nægilegt tillit til arðsemi þeirra fjárfestinga sem njóta ríkisábyrgðar. Með hliðsjón af þessu er rík ástæða til að notkun ríkisábyrgða verði takmörkuð. Þess má geta í þessu sambandi að í frv. til laga um stofnun Íslenska fjárfestingarbankans hf., sem er í undirbúningi, er ríkisábyrgð á nýjum lántökum Iðnlánasjóðs og Iðnþróunarsjóðs afnumin með því að starfsemi þeirra er felld inn í bankann. Þannig mun þetta breytast ef slíkt frv. yrði að lögum.

Virðulegi forseti. Seðlabanki Íslands skiptir eftirspurn eftir lánsfé í fjóra flokka eftir því hver endanlegur notandi fjármagnsins er. Hér er um að ræða ríkið, sveitarfélög, fyrirtæki og heimili. Þessi skipting er kannski ekki alltaf nákvæm en er þó athyglisverð þegar skoðað er hvernig framboð og eftirspurn lánsfjár er á íslenska lánsfjármarkaðnum. Lán til ríkisins jukust um 15,2% á fyrri hluta ársins. En sé leiðrétt fyrir áhrifum gengisfellingarinnar er aukningin um 8–9%. Á sama tíma í fyrra var aukningin um 8,3%. Það er því ekki um verulegan mun á milli ára að ræða. Lánsfjáreftirspurn sveitarfélaganna hélst u.þ.b. óbreytt. Lánsfjáreftirspurn heimilanna jókst um 5,4% á fyrri helmingi þessa árs en 7,6% á fyrri helmingi síðasta árs. Þannig hefur verulega dregið úr lánsfjáreftirspurn þeirra en erfitt er hins vegar að segja á þessu stigi hvort um varanlega lækkun sé að ræða.

Það hefur verið umdeilt í umræðunni að hve miklu leyti húsbréf hafa áhrif á lánsfjáreftirspurn heimilanna og ætla ég ekki að hætta mér inn í þær deilur. Sumir telja að nýja húsbréfakerfið hafi ýtt undir lánsfjáreftirspurn og skuldir heimilanna en aðrir eru þeirrar skoðunar að hið nýja kerfi hafi þvert á móti dregið úr lánsfjáreftirspurn heimilanna, einkum hjá lífeyrissjóðum og jafnvel hjá innlánsstofnunum. Lánsfjáreftirspurn fyrirtækja er talin hafa aukist um 7% á fyrri helmingi þessa árs en aukningin er 2–3% þegar tekið er tillit til gengisfellingarinnar. Á sama tíma í fyrra er talið að lánsfjáreftirspurn fyrirtækja hafi aukist um 0,8%. Ég hygg að þetta hafi breyst á allra síðustu mánuðum og nú dragi talsvert úr lánsfjáreftirspurn fyrirtækja sem þýðir að ákveðin batamerki eru að koma fram og ég tel það athyglivert hvernig t.d. aukin loðnuveiði hlýtur að hafa skilað sér í betri fjárhagsstöðu þeirra fyrirtækja sem stunda loðnuútgerð.

Innlendur sparnaður jókst um 4,5% á fyrri hluta ársins og námu þá peningalegar eignir 473 milljörðum kr. í lok júní sl. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun Seðlabanka Íslands er talið að innlendur sparnaður verði um 25 milljarðar kr. árið 1993, þar af kerfisbundinn sparnaður 17 milljarðar kr. eða fimmtungi minni en á síðasta ári. Aukning frjáls sparnaðar verður hins vegar meiri en á síðasta ári, eða 8 milljarðar kr. Áætlað er að heildarsparnaður verði um 26 milljarðar kr. á árinu 1994, eða 6,6% af landsframleiðslu. Reiknað er með að kerfisbundinn sparnaður verði um 18 milljarðar kr. en hinn frjálsi um 8 milljarðar kr. Það skal tekið fram að veruleg skekkjumörk eru þegar talað er um nýjan peningalegan sparnað og oftar en ekki hefur komið fram að áætlanir Seðlabankans hafa breyst í verulegum atriðum. Þetta geta menn séð þegar þeir bera saman áætlanir annars vegar og útkomu hins vegar og stundum hefur skakkað heilmiklu á þessum tölum. Ég geri þó ráð fyrir því nú að upplýsingar séu betri, ekki síst vegna þess að verðlag er með kyrrari kjörum en oft áður á undanförnum árum.

Ég vek athygli á því að varðandi heimildina sem kemur fram í 1. gr. frv. um lántökur ríkissjóðs þá er um að ræða eignfærð framlög upp á 500 millj. kr. en þar er átt við stofnframlög ríkisins til alþjóðafjármálastofnana og til að kaupa hlutabréf í innlendum fyrirtækjum. Þessi tala er skýrð í athugasemdum með fjárlagafrv. og sýnd á töflu þar á bls. 377. Þess ber að geta að þar er gert ráð fyrir því að ríkið auki hlut sinn í Íslenska járnblendifélaginu hf. á Grundartanga um 200 millj. kr. Það er samkvæmt heimild sem Alþingi veitti fjmrh. á sl. vetri eða við upphaf þessa árs. En þess skal getið að þetta framlag er bundið því, af hálfu ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar, að aðrir eignaraðilar leggi fram sem nemur hlutfalli sínu í eign félagsins á móti og ég tel að það séu góðar horfur á því að það gerist.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að sinni að rekja efni þessa frv. í einstökum atriðum, það skýrir sig sjálft. Þetta er frv. í hefðbundnum stíl og ég óska eftir því í lokin að frv. fái afgreiðslu þingsins og verði sent fjárln. samkvæmt ákvæðum í 25. gr. þingskapalaga en þar er gert ráð fyrir að fjárln. geti vísað málinu til efh.- og viðskn.

[14:04]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Í athugasemdum með frv. segir að með því sé horfið frá að skipta lántökuheimildum sérstaklega í innlendar og erlendar og það endurtók hæstv. fjmrh. í sinni framsöguræðu. Rökin fyrir því eru þau að frá næstu áramótum verði nær allar hömlur á fjármagnsflutningum milli landa afnumdar og verða skilin á milli erlendrar og innlendrar lántöku afar óskýr. Mig langar því að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort frá næstu áramótum muni það ekki liggja ljóst fyrir hversu miklar erlendar skuldir íslensku þjóðarinnar verða.

[14:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. að hugmyndin er að greina ekki frá því í frv. hvernig skiptin eru á milli erlendra og innlendra lántaka. Ekki eingöngu af þeim ástæðum sem hann nefndi, þótt það séu aðalástæðurnar, heldur ekki síður vegna þess að á litlum markaði eins og íslenska lánsfjármarkaðnum held ég að það sé hyggilegt fyrir ríkisvaldið að geta stjórnað innlendum og erlendum lántökum dálítið til þess að reyna að ná sem allra bestum kjörum og lækka vexti. Við ætlum, eins og kom fram í ræðu minni, að reyna að einhverju marki að selja bréf innan lands á erlendu gengi. En þetta allt saman breytir því ekki að það mun að sjálfsögðu í lok hvers árs verða hægt að greina á milli innlendra og erlendra

skulda. Sú greining fer eftir því hver á kröfur á hendur Íslendingum þannig að t.d. þau bréf sem seld verða innan lands í erlendri mynt mynda ekki erlendar skuldir heldur eru skuldir við innlenda aðila. Vandamálið verður hins vegar það að eftir því sem þessi markaður opnast meira þá verður erfiðara að greina á milli innlendra og erlendra skulda. Ég vil einnig bæta því við, virðulegi forseti, að ég hygg að það geti verið skynsamlegt fyrir ýmsa aðila, t.d. lífeyrissjóði, að leita eftir fjárfestingum erlendis. Í ágætri grein eftir Guðmund Guðmundsson í Fjármálatíðindum benti hann á að íslenski markaðurinn þyldi engan veginn fjárfestingar lífeyrissjóðanna þegar kemur nokkuð fram á næstu öld eða a.m.k. fyrir 2020 og það er ekki langt í það ártal eins og menn vita.

[14:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þau voru athyglisverð og hógvær síðustu orðin í ræðu hæstv. fjmrh., þegar hann sagði sem svo að hann sæi ekki ástæðu til að hafa fleiri orð um þetta frv., hann væri hér að mæla fyrir hefðbundnu frv. til lánsfjárlaga. Það var ekki ætlunin hjá hæstv. fjmrh., ef ég man rétt, þegar hann var nýr í embætti, að hann mundi standa hér tveimur eða þremur árum síðar og í allri hógværð mæla fyrir hefðbundnum frumvörpum. Þá átti að brjóta í blað, eyða halla ríkissjóðs á tveimur til þremur árum, snarlækka erlendar skuldir og á flestan hátt að innleiða nýja tíma í fjármálastjórninni, ef ég man rétt. Nú er sem sagt öldin önnur. Raunsæismaður mikill kominn á stól fjmrh., þar sem áður sat frjálshyggjumaðurinn Friðrik Sophusson, sem öllu ætlaði að breyta og bæta í anda sinna hugmynda.

Ég ætla að gera lítillega að umtalsefni það sem varð hér tilefni orðaskipta í andsvari áðan. Í fyrsta lagi spurninguna um flokkun erlendrar og innlendrar lántöku samkvæmt þessu frv. Ég segi það fyrir mitt leyti að ég held að það sé um margt eðlilegt að menn breyti þeirri uppsetningu sem við lýði var á meðan þetta var í föstum skorðum og leyfisbundið og í raun hægt að ákveða með einföldum miðstýrðum ákvörðunum hve mikil erlend lántaka var og í hve miklum mæli t.d. ríkissjóður beitti sér þá að innlenda lánsfjármarkaðnum með erlendum lántökum. Hitt finnst mér öllu lakara ef þessi nýja uppsetning samkvæmt frv. og 6. gr. þess, verður til þess að hæstv. ríkisstjórn hefur í raun og veru enga stefnu hvað æskilegar framkvæmdir og áherslur í þessum efnum snertir. Ég geri mikinn greinarmun á því að þetta sé annars vegar eins og áður var fastákveðið fyrir fram í lánsfjárlagafrv. og hinu að það liggi fyrir stefna hæstv. ríkisstjórnar um mál af þessu tagi, hvað hæstv. ríkisstjórn ætlast fyrir um erlendar lántökur og hver hún telur vera æskileg markmið í þessum efnum.

Auðvitað hlýtur það að vera keppikefli, eins og nokkur kostur er, að halda hinum erlendu lántökum í lágmarki og reyna eins og frekast er unnt að fjármagna útgjöld ríkissjóðs og auðvitað annarra aðila eftir föngum hér á innanlandsmarkaði. Á því er auðvitað reginmunur þegar að skuldadögunum kemur hvort við borgum þá peninga út úr landinu í formi vaxta og afborgana af erlendum lánum eða þeir peningar koma aftur í umferð innan lands þegar ríkið borgar af innlendum skuldum.

Ég vil líka segja að það skiptir miklu máli að mínu mati, ekki síst hvað varðar lánstraust Íslands út á við, hver staða hinnar opinberu erlendu lántöku er. Nú er það auðvitað þannig að þegar lánstraust ríkja er metið þá er í raun fyrst og fremst verið að meta áreiðanleika hinna opinberu skuldunauta. Það er fyrst og fremst horft á það hverjar erlendar skuldir opinberra aðila eru og hver erlend lántaka með opinberri ábyrgð er og hver greiðslugeta þessara sömu aðila er. Þetta sést vel ef skoðaðar eru þær alþjóðlegu mælingar sem helst er stuðst við í þessum efnum og í nýjasta hefti Fjármálatíðinda er ágæt grein þar sem farið er yfir þessar mælingar og gerð úttekt á því hvernig það snýr að mati á lánshæfi Íslands. Þar kemur alveg skýrt fram að það eru einkum og sér í lagi hinar opinberu lántökur sem skipta þarna máli. Þess vegna getur það líka verið sjálfstætt úrlausnarefni hvort heppilegra sé e.t.v. að einkaaðilar fari frekar í vaxandi mæli á erlendan markað en ríkið og aðrir opinberir aðilar fjármagni sín umsvif hlutfallslega í meira mæli innan lands. Vegna þess að það kann að reynast til lengri tíma litið heppilegra fyrir lánstraust þjóðarinnar út á við að það sé sérstaklega haft að markmiði að stemma stigu við erlendum lántökum hins opinbera.

Það er að vísu svo að samkvæmt þessum listum hefur lánstraust Íslands ekki breyst frá því að mælingar voru teknar upp og Ísland kom inn á þessa lista, bæði hjá Moody's og Standard & Poor's. Það mun hafa verið á árum 1987–1988 sem Ísland kom fyrst inn í þennan samanburð og það hefur haldist nokkurn veginn á svipuðum slóðum þessi ár sem síðan eru liðin, eða um það bil í 20.–25. sæti. Og út af fyrir sig má telja það ekkert slæma stöðu. Þó er ljóst að við erum í hópi þeirra Evrópuríkja og þeirra OECD-ríkja sem lægst eru sett á þessum lista.

Um erlendar skuldir að öðru leyti vil ég segja það, að það er áhyggjuefni að hlutfall lántöku hinna opinberu aðila sem tekið er erlendis, hefur verið að aukast í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég bendi hæstv. fjmrh. á töflu á bls. 16 í greinargerð með hans eigin frv., þ.e. því frv. til lánsfjárlaga sem við nú ræðum. Þar kemur fram að veitt og tekin lán ríkissjóðs flokkast þannig að af teknum lánum, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu á síðustu árum, þá hefur heildarlántakan vaxið úr um 30% af vergri landsframleiðslu á árinu 1989 upp í 45% á yfirstandandi ári og áformað er að þetta verði rúm 46% á hinu næsta. En það sem er öllu lakara er að þar hafa erlend lán hækkað að hlutfalli úr 16–18% á árunum 1989–1991 í 22,8% 1992 og 26,3% 1993 og á árinu 1994 er engin tala gefin upp. En það væri fróðlegt að vita hvort hæstv. fjmrh. getur upplýst okkur um hvort þarna eru jafnvel enn horfur á því að þetta hlutfall fari vaxandi. Þetta er að mínu mati tvímælalaust óhagstæð þróun. Henni þyrfti að snúa við eða a.m.k. að halda þarna í horfinu, þ.e. að hlutfall erlendu lántökunnar af heildarlántökum ríkissjóðs væri ekki á upp-

leið. Það er ógæfumerki.

Svo ætla ég lítillega að nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, sem ég vona að sé nú fullkomlega á réttum stað, til að gera athugasemdir við, þó að seint sé, umfjöllun í stefnuræðu hæstv. forsrh. um erlendar lántökur. Ég sé ekki að það eigi annars staðar betur heima, að svo miklu leyti sem því varð ekki við komið í sjálfri stefnuumræðunni, en að gera athugasemdir við það hér.

Í stefnuræðu forsrh. er með beinlínis villandi hætti fjallað um þróun erlendra skulda og erlendrar lántöku í tíð fyrri ríkisstjórnar og þeirrar sem nú situr. Það er ekki hægt að láta þeim rangfærslum sem þar eru settar fram ómótmælt og ég vil gera það hér með. Hæstv. forsrh. sagði, með leyfi forseta, m.a. eftirfarandi:

„Margoft hefur verið vakin á því athygli að Íslendingar hafi verið að safna erlendum skuldum á undanförnum árum. Auðvitað er það forkastanlegt ef stjórnvöld láta það viðgangast að skuldir þjóðarinnar í útlöndum vaxi stórkostlega þegar engar efnahagslegar ástæður eru til þess, þegar aflabrögð og afurðaverð er hagstætt, eins og var á tímabilinu 1988–1991. Þá voru ytri skilyrði hagstæð en stjórnmálaforustan brást," segir hæstv. forsrh. „Á undanförnum árum hefur hins vegar verið tekist á við vandann en ekki hlaupist undan honum þótt andróður hafi verið töluverður. Nú er skuldasöfnun Íslendinga erlendis hætt ...," sagði hæstv. forsrh. þarna.

Þetta er rangt. Þetta er í fyrsta lagi rangt vegna þess að erlendar skuldir stóðu um það bil í stað á árunum 1988–1990. Að vísu er það svo að ef árið 1991 er tekið þarna með, þá vaxa erlendar skuldir á nýjan leik. En hæstv. forsrh. ætti þá a.m.k. að sjá sóma sinn í því að láta það koma fram að það ár urðu stjórnarskipti og reyndar situr ríkisstjórn hans meiri hlutann af því ári. Það er þannig, hæstv. forseti, samkvæmt óhrekjanlegum tölum að árin 1988–1990 eru hreinar erlendar skuldir í hlutfalli við t.d. útflutningstekjur, nokkurn veginn þær sömu á þessum árum. Þær taka hins vegar stökk upp á við á árinu 1991 og enn meira stökk á árinu 1992. Þá sat hæstv. ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar að völdum allt árið og hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson fór með það embætti allt það sama ár. Þeir geta því ekki skotið sér á bak við það að það sé við aðra að sakast en þá sjálfa. Ég kann ekki við það, hæstv. forseti, að í jafnmikilvægu plaggi og í sjálfri stefnuræðu hæstv. forsrh. séu staðreyndir meðhöndlaðar með þessum hætti. Ég er t.d. hér með upplýsingar sem ættaðar eru frá Seðlabanka Íslands þar sem fram kemur að hreinar erlendar skuldir í hlutfalli við útflutningstekjur voru á árinu 1988 rétt liðlega 120%, á árinu 1989 um 125% og á árinu 1990 aftur liðlega 120%. Síðan vaxa þessar skuldir í 140% 1991, tæplega 160% 1992 og stefna í tæplega 180% á þessu ári. Þetta eru hreinar erlendar skuldir sem hlutfall af útflutningstekjum. Þetta er að mínu mati einn marktækasti mælikvarðinn á þessa hluti því það eru auðvitað útflutningstekjurnar sem koma til með að þurfa að standa undir greiðslum af erlendu skuldunum. Það eru þær, það er gjaldeyrissköpunin, það eru útflutningstekjur þjóðarinnar sem skipta mestu máli í sambandi við það hvernig okkur gengur að borga af þessum skuldum og hvernig við ráðum við það í framtíðinni.

Það má nota marga fleiri mælikvarða til þess að skoða þessa hluti, t.d. eru hér samkvæmt töflu í sjálfri þjóðhagsáætluninni, mældar hreinar erlendar skuldir sem prósenta af vergri landsframleiðslu. Þá er að vísu á ferðinni nokkur hækkun milli áranna 1988 og 1989 vegna falls landsframleiðslunnar á þeim tíma, en síðan standa skuldirnar sem hlutfall af landsframleiðslu akkúrat í stað árin 1989, 1990 og reyndar 1991, þegar það er skoðað. Nú geta menn flúið á náðir þess, eins og gert er í greinargerð með fjárlagafrv. og víðar í plöggum hæstv. ríkisstjórnar núna, að segja að það sé ekki rétt og ekki mikil vísindi að skoða þessar erlendu skuldir sem hlutfall af þjóðartekjum, landsframleiðslu eða útflutningstekjum. Það eigi að skoða raunaukningu skuldanna og þá yfirleitt mælt í erlendri mynt. Og það má líka fara út í þann mælikvarða. En það er alveg sama hvernig þetta er skoðað. Skuldirnar hafa stóraukist á tveimur fyrstu árum þessarar ríkisstjórnar og þó að svo kunni að fara, vegna fallandi kaupmáttar og hagstæðra viðskiptakjara að ýmsu leyti, minni viðskiptahalla, þá verði ekki raunaukning skulda mæld í erlendri mynt. Núna milli ára situr þessi ríkisstjórn samt uppi með sennilega einhverja mestu raunaukningu skulda í hlutfalli við landsframleiðslu og á raunmælikvarða þegar tímabil hennar í heild er skoðað. Og fram hjá þeirri staðreynd kemst hæstv. forsrh. eða hæstv. fjmrh. eða aðrir ráðherrar ekki, að þetta er í samanburði við það að erlendar skuldir stóðu nokkurn veginn í stað á því árabili sem hæstv. forsrh. gerði að umtalsefni í stefnuræðu sinni, þannig að þessi uppstilling stenst ekki. Þetta eru rangfærslur sem óhjákvæmilegt er að mótmæla og ég geri það hér með og tel mig hafa lokið því, þannig að vonandi skilst það.

Um vextina hefur mikið verið rætt, hæstv. forseti, og er svo sem kannski ekki mikil þörf á að bæta þar við í þessari umræðu þó að auðvitað sé það morgunljóst að vaxtastigið er ein allra mikilvægasta breytan í allri þessari efnahagsumræðu. Hinir háu raunvextir sem við búum við og sitjum uppi með nú, nánast einir þjóða í þessum hæðum, á sama tíma og vextir erlendis fara nánast alls staðar lækkandi, meira að segja í Þýskalandi, sjálfu höfuðvígi hárra vaxta, undir stjórn þýska seðlabankans. Þar hafa vextir verið að lækka sl. missiri. En ekki á Íslandi, nei takk. Þar skulu þeir vera í þeim himinhæðum sem þeir hafa verið í raun allan valdatíma þessarar ríkisstjórnar og reyndar miklu lengur, þó á köflum hafi tekist að ná þeim eitthvað niður. Staðreyndin er sú að það fer að slaga upp í áratug sem vaxtaokrið hefur viðgengist hér, frá og með því í raun og veru að vaxtaákvarðanir voru gefnar frjálsar í einu vetfangi á árunum 1985 og 1986. Sú ákvörðun var illa grunduð og illa undirbúin. Það var hreint bráðræði að ætlast til þess að hinn íslenski fjármagnsmarkaður, ef svo skyldi kalla, öllu má nú nafn gefa svo sem, gæti bara í einu vetfangi, á grundvelli pólitískrar ákvörðunar, tekið það heljarstökk sem þá var ætlast til að hann gerði. Afleiðingarnar urðu hrikalegar, raunvext-

ir ruku hér upp úr öllu valdi og vaxtamunur hefur alla tíð síðan verið óþolandi mikill. Þessi áratugur er orðinn landsmönnum dýr og verður svo enn frekar á næstu árum ef ekki tekst að snúa ofan af þessu háa vaxtastigi.

Ég vil lítillega gera einn lið í frv. sérstaklega að umtalsefni. Þó að hæstv. fjmrh. kysi að fjalla ekki um lántökur einstakra aðila hér í umræðu um frv., þá ætla ég að leyfa mér strax við 1. umr. að vekja athygli á einum lið og stöðu eins fyrirtækis sem þarna er að taka erlend lán og kemur fram í þessu frv. og það er Landsvirkjun. Í 4. gr. er Landsvirkjun heimilað að taka allt að 5.900 millj. kr. að láni. Í greinargerð með frv. kemur fram að þetta þarf Landsvirkjun að gera þrátt fyrir að engar meiri háttar framkvæmdir séu fyrirhugaðar hjá fyrirtækinu og eins og segir í greinargerðinni, með leyfi forseta: „... fer lántakan öll til að endurfjármagna lán sem falla í gjalddaga á næsta ári. Afborganir Landsvirkjunar á næsta ári eru áætlaðar samtals 6.100 millj. kr. " Með öðrum orðum, það koma aðeins 200 millj. kr. út úr rekstri fyrirtækisins til þess að ganga upp í afborganir af skuldum. Annað árið í röð verður Landsvirkjun að slá, erlendis væntanlega, ný lán nokkurn veginn fyrir öllum afborgunum sínum vegna skulda. Þetta er auðvitað augljóst hættumerki sem þarna er á ferðinni og vekur miklar spurningar um það hvernig fjármálastjórn hjá þessu fyrirtæki hefur verið og hver staða fjárfestinga og í raun og veru þessa fyrirtækis er, sem, eins og kemur fram í greinargerðinni, er þó ekki að standa þessi árin, eða þetta ár a.m.k., í neinum meiri háttar framkvæmdum. Maður skyldi þá ætla, ef allt væri með felldu, að við slíkar aðstæður tækist fyrirtækinu að borga skuldir sínar eitthvað niður, en svo er ekki. Þær munu nokkurn veginn standa í stað miðað við þetta, þ.e. fyrirtækið tekur erlent lán sem nemur nokkurn veginn þeim afborgunum sem það situr uppi með. Og ef ég man rétt, var staðan eiginlega alveg hin sama á síðasta ári, nema þá voru einhverjar lítils háttar leifar af framkvæmdum eftir frá fyrri tíð sem fyrirtækið var að fjármagna.

Þetta hlýtur óhjákvæmilega að koma til skoðunar og hv. þingnefndir sem fá málið til umfjöllunar hljóta að fara ofan í saumana, ekki síst á þessari stöðu.

Ég vil svo að lokum segja, hæstv. forseti, að í raun og veru gefur þetta frv., ekki frekar en sjálft fjárlagafrv., tæplega tilefni til mikilla umræðna á þessu stigi málsins, ósköp einfaldlega sökum þeirrar miklu óvissu sem uppi er um stefnu hæstv. ríkisstjórnar í fjármálum og peningamálum. Það er yfirlýst að fjárlagafrv. er í raun og veru einungis vinnuskjal, drög að frv. og annað er væntanlegt hér á borð þingmanna innan skamms þegar hæstv. ráðherrar hafa komið sér saman um breytingar á því. Og skyldi það nú ekki fara svo að einnig þetta lánsfjárlagafrv. gæti reynst hálfgert pappírsgagn og einhvers konar drög að frv. þegar til kastanna kemur. Það eru t.d. ekki mikil vísindi sem standa á bak við áætlaðan halla ríkissjóðs á næsta ári upp á 9,8 milljarða og þegar maður skoðar það í ljósi reynslunnar, allar tölur yfirstandandi fjárlaga sem áttu að verða 6,2 milljarðar stefna núna í 12,3 eða tvöföldun. Hvað segir okkur þá að við gætum ekki staðið frammi fyrir næsta sambærilegum hlutum þegar kemur inn á árið 1994? Ef við beitum tvöföldunarreglunni yrði hallinn þá 20 milljarðar tæpir. Ef við tökum sömu upphæð sem munar, 6 milljörðum, yrði hann 16 milljarðar. Það munar nú um minna. Og áætlanir um erlendar lántökur og innlendar verða harla marklitlar þegar áætlanagerðin að öðru leyti er með þessum vikmörkum sem raun ber vitni.

Ég sé svo ekki, hæstv. forseti, ástæðu til þess að hafa um þetta fleiri orð á þessu stigi og vona að hæstv. fjmrh. svari þeim spurningum, tveimur eða þremur, sem ég hef fyrir hann lagt.

Útbýting þingskjals:

Alþjóðleg skráning skipa, 104. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 107.

[14:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði. Ég ætla að geyma mér spurningar og svör til seinni tíma. En það er eitt atriði sem ég held að sé mikilvægt að komi hér fram og það er um erlendar skuldir og skuldahlutföll, annars vegar þjóðarinnar og hins vegar ríkisins.

Ég vil byrja á því að segja að það er augljóst að ríkisskuldirnar munu vaxa sem hlutfall af framleiðslu og að erlenda hlutdeildin mun vaxa í heildarskuldum ríkisins, því miður. Þetta er ekki þróun sem við viljum sjá.

Ég bendi á að það er ekki einungis halli ríkissjóðs sem veldur þessu heldur líka yfirtaka á ýmsum skuldum sem fer beint yfir á efnahagsreikning eins og t.d. þegar teknar eru yfir skuldir Byggðastofnunar, Framkvæmdasjóðs o.s.frv. En ég minni líka á að á árinu 1992 voru tekin erlend lán upp á milli 5–6 milljarða vegna hallans 1991, þannig að við megum ekki einungis horfa á ártölin. Í febrúar 1992 voru tekin lán upp á 5–6 milljarða vegna hallans 1991, en yfirdráttur skulda í Seðlabankanum var um 10 milljarðar þegar hv. þm. lauk störfum sínum sem samgrh. og landbrh. En þetta hefur ekkert að gera með skuldasöfnun þjóðarinnar því að ef við skoðum skuldasöfnun þjóðarinnar er besti mælikvarðinn að líta til viðskiptahallans. Það er spáð að hann verði núna 5,5 milljarðar og í þjóðhagsáætlun segir:

„Þessi halli felur í sér að skuldasöfnun Íslendinga erlendis hefur verið stöðvuð og reyndar lækka erlendar skuldir þjóðarbúsins lítillega að raungildi milli áranna 1992 og 1993."

Þetta þýðir raungildi, þetta er ekki hlutfall af framleiðslu heldur raungildi í erlendum verðmæli, á gengi, en tekið tillit til verðbólgunnar annars staðar þannig að það er verið að tala um kaupmátt hinna erlendu skulda. Þetta vildi ég að kæmi fram og sýnir að forsrh. fór að sjálfsögðu ekki með staðlausa stafi í sinni ræðu.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir heið-

arleg og hreinskilin svör. Hann staðfesti það sem ég vakti athygli á að hlutfall ríkisins í erlendu skuldunum er að hækka og hlutfall hinnar erlendu lántöku af heildarlántöku ríkisins er einnig að hækka. Það er hvort tveggja ískyggilegar staðreyndir sem við erum greinilega sammála um og ég þakka fyrir þá staðfestingu. Hitt er ég með allt saman fyrir framan mig, hæstv. fjmrh., fjármálatíðindin, þjóðhagsáætlunina, greinargerðina með fjárlagafrv., upplýsingar frá Seðlabankanum og Hagstofunni og allt staðfestir það það sem ég var að segja, að framsetning hæstv. forsrh. á þessu með erlendu skuldirnar annars vegar í tíð fyrri ríkisstjórnar og hins vegar í tíð þessarar er ekki rétt. Það er ekki hægt að setja hlutina fram með þeim hætti að erlendar skuldir hafa verið að stóraukast í góðæri á árunum 1988 til 1990 en hins vegar hafi ríkisstjórn Davíðs Oddssonar brotið í blað og snúið þeirri þróun við. Það er öfugt, því fyrstu tvö ár ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar stórjukust erlendar skuldir á alla mælikvarða. Það er að vísu rétt og það tók ég einmitt fram að að raungildi standa skuldirnar núna í stað vegna þess að viðskiptahallinn er minni og ekki nema nokkurn veginn sem nemur alþjóðlegri verðrýrnun, þ.e. þannig að verðbólgan erlendis étur nokkurn veginn upp þann 5 milljarða viðskiptahalla sem spáð er á þessu ári. En hvers vegna er þetta svona? Það er vegna þess að fjárfestingar í landinu eru þær minnstu í hálfa öld og kaupmáttur almennings hefur skerst stórlega þannig að bæði neyslu- og fjárfestingarstigið í landinu hefur verið skrúfað mjög langt niður. Það eru heldur ekki aðstæður sem við erum par ánægð með, hæstv. fjmrh., þannig að ég mundi í sporum ríkisstjórnarinnar fara varlega í það að hrósa sér sérstaklega af þessum aðstæðum.

[14:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn á ný ítreka þetta með erlendar skuldir þjóðarbúsins. Það kemur skýrt fram í þjóðhagsáætluninni sem er 7. mál á þskj. 7, bæði innganginum og ekki síður á bls. 40 þar sem fjallað er um erlendar skuldir, hvernig á því stendur að hægt er að halda því fram mjög auðveldlega að erlendar skuldir fari heldur lækkandi þegar um raungildi þeirra er að ræða. En þar segir, með leyfi forseta: „En 7–8 milljarða kr. halli [þ.e. viðskiptahalli], 1,5–2% af landsframleiðslu, samsvarar því að raungildi erlendra skulda þjóðarbúsins standi í stað miðað við um 3% erlenda verðbólgu.“ En hér stefnir í 5,5 milljarða halla sem þýðir að í raun og veru lækkar raungildi erlendra skulda þjóðarbúsins. — Ég endurtek: þjóðarbúsins, en ekki ríkisins.

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er allt rétt hjá hæstv. fjmrh. svo langt sem það nær. Ég er líka með þjóðhagsáætlunina hérna, opna á bls. 40 og 41, en það sem hæstv. fjmrh. gleymir er það sama og hæstv. forsrh. að þeir sátu líka við völd sjö mánuði á árinu 1991, tólf mánuði á árinu 1992 og þeir ætla sér að verða í ríkisstjórn á árinu 1994. (**Fjmrh.:** Og 1995.) Það skulum við vona að verði ekki a.m.k. langt fram á það ár, hæstv. fjmrh. Vonandi verður kosið snemma á því ári og snaggaraleg stjórnarskipti fara svo fram í kjölfarið. Það hef ég satt best að segja tröllatrú á að gerist. Og hinu breytir hæstv. fjmrh. ekki, enda reyndi hann ekki að mótmæla því að hlutfallið var þetta sem ég nefndi á árunum 1988 til og með 1990. Við getum svo sem rætt um það eins og fleiri hafa gert hvernig við eigum að skipta upp á milli okkar árinu 1991, þeir sem báru ábyrgð á fyrri ríkisstjórn og hinni. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ætlar þó væntanlega ekki að láta það gleymast að hún sat við völd í sjö mánuði á árinu 1991 og ætlar sér væntanlega að bera pólitíska ábyrgð á þeim tíma. Og það verður fjandakornið ekki hægt að þvo ábyrgðina af árinu 1992 alveg af hæstv. ríkisstjórn, nema þeir hafi meira og minna verið meðvitundarlausir á þessu tímabili og þeir ætli bara á spjöldum sögunnar að gangast við einu ári í valdatíma sínum, þ.e. 1993, af því að það eina ár komi sæmilega út í samanburði. (Gripið fram í.) Hver var við völd 1991 og 1992 og hver verður við völd 1994? spyr ég nú. Það væri fróðlegt að heyra í hæstv. fjmrh. um það. Getur hann komið, eða hæstv. forsrh., og haldið sömu ræðuna hér að ári ef þeir sitja svo lengi? Ég óttast ekki, ég held að það stefni í það að erlendar skuldir aukist á nýjan leik á árinu 1994 þannig að þetta verður skammgóður vermir hjá hæstv. ríkisstjórn.

[14:35]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það frv. til lánsfjárlaga sem hér liggur frammi er fyrst og fremst lagt fram til þess að við höfum tölu sem á að loka fjárlagagatinu fyrir næsta ár. Það er það mikið óunnið hjá fjárln. og ríkisstjórninni hefur haft uppi orð um það að endanlegur halli eigi að vera einhver allt annar en sá sem er í núverandi frv. og ef ég man rétt þá er hæstv. fjmrh. að vinna að því með hæstv. utanrrh. þannig að væntanlega breytist þessi tala sem við erum að vinna hér með í því hlutfalli sem þeim tekst að lækka fjárlagahallann og ekki get ég óskað þeim annars en velfarnaðar í því starfi.

En framlagning þessa máls gefur hins vegar tilefni til almennra umræðna um stöðu íslenska þjóðarbúsins og um stöðu peningamarkaðarins. Ég ætla ekki að fara í þær þrætur sem hér hafa verið um hlutfall erlendra skulda í tíð þessarar ríkisstjórnar eða þeirrar fyrri. Það er að nokkru leyti deila um keisarans skegg. Ég hefði frekar viljað líta á þetta þannig að ég horfi á fyrirtækið Ísland og reyni að greina þetta eins og menn væru að horfa á rekstrar- og efnahagsreikning hjá fyrirtæki. Þá er það svo að skuldastaðan, eins og það heitir á fyrirtækjamáli, eiginfjárstaðan, segir ekki nema lítið af sögunni. Það sem ræður úrslitum um það hvort fyrirtæki lifir eða deyr — og það á alveg eins við um fyrirtækið Ísland — er greiðslugetan til þess að standa við sínar skuldbindingar, bæði vexti og afborganir af lánum. Ég held að okkur væri svolítið hollt að horfa á þetta út frá þessum sjónarhóli. Ef við gerum það þá er það sem skiptir langsamlega mestu máli að auka tekjurnar, það gera fyrirtækin, fyrirtækið Ísland yrði þá að

gera það með því að örva útflutning og örva innlenda framleiðslu. Það er hin eina raunhæfa leið til þess að ná niður skuldunum við útlönd. Við erum ekki að fara þá leið núna, sú leið sem við erum að fara núna er samdráttarleiðin. Það er hægt að réttlæta hana í sumum tilfellum en ég held að það sé ekki hægt að réttlæta hana eins og nú er.

Ég tek undir það sem síðasti ræðumaður sagði að það að viðskiptahallinn stefnir núna ekki nema í 5 milljarða er að vissu leyti hættumerki. Það er merki um það vegna þess að þetta gerist á samdráttartímum. Við erum ekki að ná viðskiptahallanum niður með því að auka tekjur okkar og borga af lánum okkar heldur með hreinum samdrætti sem kemur m.a. þannig fram að fjárfestingar í landinu eru komnar undir hættumörk. Í okkar tæknivædda þjóðfélagi þar sem breytingarnar eru eins örar og nú er þá verður afar erfitt fyrir okkur að komast upp úr öldudalnum og ná okkur á strik sem framleiðslu- og útflutningsþjóð ef fjárfesting verður til lengri tíma eins lítil og hún er í dag.

Það er hins vegar samhengi á milli þessa hlutar og vaxtastigsins í landinu. Við erum komnir með vaxtastig í okkar þjóðfélagi í dag sem beinlínis verkar orðið lamandi á atvinnuvegina, verkar lamandi á nýsköpun.

Hæstv. fjmrh. veifaði hér mynd áðan af bls. 5 í frv. sem er afar athyglisverð. Hvað segir þessi mynd? Hún segir mér það að íslenskir atvinnuvegir, íslensk fyrirtæki hafa á því ári sem nú er að líða búið við raunvexti á skammtímafjármagnsmarkaði á sínu skammtímafjármagni á bilinu, ef ég get lesið beint út úr þessu, svona 13–20%. Það er einu sinni svo, hæstv. ráðherra, að fyrir fyrirtæki sem fær enga hækkun á sínum tekjum eða heimili sem ekkert hækkar sín laun eru nafnvextirnir á hverjum tíma raunvextir. Þetta staðfesti hæstv. forsrh. er ég átti orðastað við hann um þetta mál í fyrradag. Og nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann er sammála mér og hæstv. forsrh. um það að eins og nú er þá séu nafnvextirnir sem fyrirtækin eru að borga í raun raunvextir. Þetta er þeim mun alvarlegra sem sú staða er uppi í okkar þjóðfélagi í dag að fyrirtæki eru að verulegu leyti að fjármagna sig á skammtímaskuldbindingum.

Ég vil í framhaldi af þessu spyrja hæstv. fjmrh. því nú er það er eitt af höfuðhlutverkum ríkisstjórna að sjá til þess að peningakerfi í landinu sé virkt og það þjóni þeim tilgangi sem það á að gera. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Sá ríkisstjórnin ekki fyrir hvað mundi gerast í kjölfar gengisfellingarinnar í sumar varðandi verðtryggt fjármagn? Sá ríkisstjórnin það ekki fyrir að ef lánskjaravísitalan fengi að leika lausum hala eins og hún hefur gert þá mundu skammtímaskuldbindingar rjúka upp úr öllu valdi? Eða hélt ríkisstjórnin í einfeldni sinni að þar sem skammtímaskuldbindingar eru almennt ekki verðtryggðar í dag þá mundu þær ekki hækka? Vissi hæstv. ríkisstjórn ekki að innlán bankanna eru nánast öll verðtryggð þannig að það gat ekki farið öðruvísi meðan lánskjaravísitalan er í sambandi en að vextirnir stigju upp úr öllu valdi eftir aðgerðir ríkisstjórnarinnar í sumar?

Ef ekki verður horfið af þessari braut þá gerist ekkert annað en það á næstu missirum að fjármálakerfið í landinu, bankakerfið og sjóðirnir sem eiga að standa undir fjármögnun fyrirtækjanna, hrynur. Það er svo einfalt. Það mundi kannski einhver segja að menn ættu ekki að ræða svo viðkvæm mál úr ræðustól Alþingis en mér er annað ómögulegt. Það verður að rjúfa þann vítahring sem peningamarkaðurinn íslenski er kominn í því til viðbótar við það að lánskjaravísitalan hafi lyft öllum vaxtafætinum upp vegna þess að kaffi, sykur, olía og fleiri vörur sem við fluttum inn hækkuðu í verði, eins og það er nú rökrétt, til viðbótar við það eru bankarnir að taka í vaxtamun inn fjármögnun á afskriftareikningum sem er langt umfram það sem hægt er að ætlast til að þeir beri sem enn standa í skilum við bankakerfið. Þetta skrúfar vítahringinn áfram: Eftir því sem vaxtamunurinn og vextirnir hækka eru fleiri sem ekki geta staðið í skilum.

Ef ég lít yfir farinn veg tvö síðustu árin þá tel ég að hvergi hafi núverandi ríkisstjórn tekist eins hrapallega til eins og varðandi þessi atriði, enda hefur hæstv. ríkisstjórn aldrei fengist til þess að horfast í augu við vandann. Hæstv. viðskrh. sagði okkur þegar við byrjuðum að ræða um þetta fyrir tveimur árum síðan að þetta mundi allt saman lagast ef við næðum ríkissjóðshallanum niður. Það hefur ekki gerst enn þá. Því miður hefur ríkissjóðshallinn lítið náðst niður en þrátt fyrir það að spenna á lánsfjármarkaði hafi minnkað þá hefur kostnaður fyrirtækjanna og heimilanna í landinu af lánsfé ekki lækkað, þvert á móti hækkað.

Næsta kenning var sú að það þyrfti að breyta lögum, við byggjum hér við fákeppnismarkað, það þyrfti að leyfa erlendum fjármálastofnunum að vinna og starfa hér á landi og þá mundi þetta breytast. Við gengum í þetta, stjórnarandstaðan, með ríkisstjórninni að breyta lögum á þennan hátt. Það varð engin breyting. Næsta kenning var sú að hæstv. fjmrh. sagði á síðasta ári að þetta væri eiginlega allt því að kenna að ríkissjóður gæti fjármagnað sig fyrirhafnarlaust með yfirdrætti á Seðlabankanum. Það er skýrt frá því í þessu frv. að þessu sé verið að breyta en vextirnir hækka enn. Vextirnir sem fyrirtæki og heimili í landinu þurfa að borga. Þeir hafa aldrei verið hærri en núna seinni partinn í sumar og á síðasta ársfjórðungi ársins 1991. Í þessum tilfellum fóru nafnvextir upp fyrir 20% 1991, upp undir 20% núna og allt þetta hafa þeir aðilar þurft að bera bótalaust sem ekki hafa haft hækkun á sínum tekjum á móti.

Ég vil einnig spyrja hæstv. fjmrh., ef menn ætla að ræða um raunvexti, hvernig skyldu raunvextir þeirra aðila á Íslandi sem á síðustu árum hafa lagt sína peninga í húsnæði, hvort sem það er atvinnuhúsnæði eða íbúðarhúsnæði, hvernig skyldu raunvextirnir vera þar, ef hæstv. ráðherra færi að reikna vísitölu húseigna sem hafa lækkað í verði? Þeir væru einhverjir aðrir og allt hærri.

Niðurstaða mín er þessi: Það vandamál sem við erum að slást við hér varðandi vextina er að verulegu leyti kerfislægt og ríkisstjórnin hefur ekki enn þá tekið á því. Hún virðist vera að vakna til meðvitundar eft-

ir að skýrslan um innlenda lánamarkaðinn kom út núna á dögunum en það bólar ekkert á aðgerðum. Það eru eingöngu óljós ummæli um það. Hæstv. fjmrh. sagði við 1. umr. um fjárlögin um daginn að það væru ótal leiðir til að lækka vextina og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvaða leiðir hann sér í því samhengi.

Virðulegi forseti. Ég fer ekki að lengja mál mitt mikið úr þessu. Ég sagði það við hæstv. forsrh. fyrir tveim dögum að ég hefði haldið þessa vaxtaræðu yfir núv. ríkisstjórn bráðum í tvö ár með reglulegu millibili og ég mundi halda hana á hverjum degi framvegis ef til þess gæfist tækifæri. Hér er eitt tækifærið og ég hef flutt þessa ræðu einu sinni enn. Því það er ófært að Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn horfi upp á það að *peningakerfið sé að þróast á þann hátt sem* það hefur verið að gera. Þetta er e.t.v. engum aðila eins hættulegt og bönkunum sjálfum og ég held að það sé reyndar að renna upp ljós fyrir þeim sem þar starfa. En það er enginn aðili í þjóðfélaginu sem getur leitt alla hlutaðeigandi aðila saman, eini aðilinn sem það getur gert er ríkisstjórnin. Hún getur haft forgöngu um lækkun vaxta því ég leyfi mér að fullyrða að það sé að skapast skilningur fyrir því í þjóðfélaginu að svo verði að vera. Fjármagnseigendur voru ekki tilbúnir til þess á árinu 1990 eins og launþegar að horfast í augu við staðreyndir efnahagslífsins. Horfast í augu við það að ekki væri hægt að fara fram á meira, krefjast meira en þjóðarbúið stæði undir. Þeir hafa enn þá staðið fastir á því að þeim bæri að fá allar hækkanir í okkar þjóðfélagi *upp bornar í hækkuðum vaxtafæti í landinu*. Þessu verður að linna og á þessu verður að taka.

Að lokum, virðulegi forseti, varðandi ríkissjóðshallann sem slíkan sem endurspeglast í þessu frv. þá hef ég löngum litið þannig á að ríkissjóðshallinn sem slíkur væri kannski ekki vandamálið. Við þekkjum þjóðir í nágrenni okkar sem eru í raun með miklu hærri ríkissjóðshalla heldur en við sem hlutfall af sinni framleiðslu og sem hlutfall af sínum fjárlögum. Þetta gerir það að verkum að umræða um ríkissjóðshalla á Íslandi hlýtur að vera með nokkuð öðru sniði heldur en í okkar nágrannalöndum.

[14:51]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er í þriðja sinn sem ég tek þátt í umræðu um lánsfjárlög. Og rétt eins og síðasti ræðumaður flytur hér sömu ræðuna aftur og aftur þá finnst mér að ég sé farin að endurtaka mínar ræður um lánsfjárlögin. Fjmrh. lýsti því hér í upphafi að hann hefði haldið hefðbundna ræðu um lánfjárlögin þannig að þetta er allt með hefðbundnu sniði sem ræðst líklega af því að stefnan er hin sama en því miður heldur niður á við. Það má kannski segja að það sé ekki fallega gert við hæstv. fjmrh. að láta hann glíma við jafnerfið mál og ástandið í ríkisbúskapnum daginn eftir að hann á stórafmæli en þetta verður hann líklega að búa við hvað sem öllu líður.

Ég vil byrja á að hrósa fjmrn. fyrir það hvað frv. er vel uppsett og ég vil taka það fram vegna þess að ég var fyrir nokkrum dögum að gagnrýna frv. frá forsrn. eða bráðabirgðalögin, ráðstafanir vegna kjarasamninga, þar sem vantaði allar skýringar með því frv., en þetta frv. finnst mér sérlega vel unnið og góðar skýringar og mér finnst rétt að það komi fram og mönnum sé hrósað fyrir það sem er vel gert.

Út úr þessu frv. má auðvitað lesa þróunina í fjármálum ríkisins og ástandið á fjármagnsmarkaðnum. Annars vegar er fjmrh. að reyna að opna markaðinn þannig að m.a. vextir ráðist af framboði og eftirspurn, en hinum megin er svo ríkissjóður og opinberir aðilar með sína gífurlegu eftirspurn eftir lánsfé sem halda uppi himinháum vöxtum á markaðnum. Þetta er ástandið í hnotskurn en þar við bætist svo auðvitað annar rekstur ríkisins og opinberra stofnana og sjóða sem kalla á mikið lánsfé enda skuldastaða þeirra margra *mjög slæm að ekki sé nú minnst á sjálfan ríkissjóð*. Það vaknar sú spurning hvernig lánstrausti Íslendinga er varið á erlendum mörkuðum þar sem við erum að leita eftir fé og ég spyr hæstv. fjmrh. hvort menn hafi orðið varir við einhvern óróa hjá þeim aðilum sem við höfum helst leitað til í ljósi þess erfiða efnahagsástands sem hér ríkir og versnandi stöðu sem við stöndum frammi fyrir.

Það kemur fram í þessu frv. að það dregur úr sparnaði svo sem vonlegt er. Það leiðir auðvitað af samdrættinum og versnandi kjörum að allur almenningur og fyrirtæki eiga erfiðara með að leggja til hliðar. Þetta hefur líka áhrif á lánsfjármarkaðinn. Ríkisstjórnin ætlar sér að koma á fjármagnstekjuskatti og ég hygg að sá skattur njóti fylgis flestra hér á Alþingi, þ.e. *fjármagnstekjuskattur í einhverri mynd, en menn verða* auðvitað að spyrja sig þeirrar spurningar hvaða áhrif hann hafi á sparnaðinn í landinu. Við kvennalistakonur höfum mótað okkar hugmyndir eftir þeim farvegi að það verði í rauninni að vera ákveðið bil þar sem fólk fær að hafa sínar vaxtatekjur í friði. Það getur ekki verið meiningin að seilast djúpt í vasana hjá gamla fólkinu og menn hljóta að hafa í huga áhrifin sem slíkur skattur hefði þó að almennt séum við fylgjandi því að fólk borgi skatt af þeim tekjum eins og öðrum.

Það er afar athyglisvert að skoða í greinargerðinni yfirlitið yfir lánsfjáreftirspurnina og hvernig hún skiptist milli hinna fjögurra aðila sem þar eru sundurgreindir, þ.e. ríki, sveitarfélög, fyrirtæki og heimilin landinu. Þar kemur fram að eftirspurn ríkisins eykst. *Og þó að mikill niðurskurður eigi sér stað hjá ríkinu* og menn séu að reyna að ná útgjöldunum niður, þá er það erfitt við að eiga og ár eftir ár hefur allt farið úr böndunum hjá þessari ríkisstjórn svo sem búast mátti við, enda hennar áætlanir um margt mjög óraunhæfar eins og hér var rakið í umræðunni um fjárlögin. Það er hins vegar mjög athyglisvert að lánsfjáreftirspurnin hjá sveitarfélögunum stendur í stað og ég spyr hæstv. fjmrh. eftir skýringu á þessu. Er þetta fyrst og fremst vegna þess að sveitarfélögin hafi haldið að sér höndum eða er einhver önnur skýring á þessu? Nú veit ég að sveitarfélögin hafa lagt sitt af mörkum til atvinnusköpunar og fengið ákveðna styrki til þess en mér finnst þetta mjög athyglisverð staðreynd að lánsfjáreftirspurn þeirra eykst ekki. Það leiðir okkur kannski að spurningum um verkaskiptingu milli ríkis og sveit-

arfélaga og hvort hún sé að einhverju marki óeðlileg.

Lánsfjáreftirspurn fyrirtækjanna eykst líka sem ræðst af lélegri stöðu þeirra, ekki því að það sé verið að fjárfesta og byggja upp, því miður, heldur er það fyrst og fremst léleg staða sem þar er að baki.

Skuldastaða heimilanna eða lánsfjáreftirspurn heimilanna vex líka og það er einnig athyglisvert í ljósi samdráttarins í þjóðfélaginu og segir okkur að að hluta til eru einhverjir sem enn þá geta tekið lán, en að hluta til er líka um það að ræða að fólk reyna að bjarga sínum heimilum. Það væri fróðlegt að fá að vita hvernig staðan er hér á landi samanborið við önnur lönd. Hefur fjmrn. framkvæmt einhvern samanburð á því? Eru íslensk heimili skuldugri heldur en gerist hjá öðrum þjóðum eða er þetta eitthvað sambærilegt?

Það er erfitt að ræða skuldastöðu og lántöku án þess að þar komi inn í vanskil. Það sem vantar inn í þetta dæmi er það hver eru skilin. Hvað skilar sér til baka og hversu miklar eru afskriftir? Því miður hafa nú borist fregnir um það úr bankakerfinu að vanskil og afskriftir eru mun meiri en reiknað hafði verið með og nú síðast voru fréttir frá Landsbankanum um það að bankinn þurfi mjög að auka sínar afskriftir. Allt eru þetta teikn um það að efnahagsástandið er því miður að versna, jafnt staða heimilanna sem staða fyrirtækjanna.

Í greinargerðinni er vikið að verðtryggingu. Það hefur verið inni í umræðunni hér og er reyndar komið fram frv. hér á hinu háa Alþingi um það að afnema lánskjaravísitölur og verðtryggingu lána. Það er afar umhugsunarvert hvernig að því skuli staðið, en í greinargerðinni er bent á það að í mörgum ríkjum heims hafa menn haldið sig við verðtryggingu á langtímaskuldbindingum, langtímalánum, og mér leikur forvitni á að vita hvað ríkisstjórnin hyggst fyrir í þeim efnum. Er ætlunin að gera á þessu breytingu, að afnema verðtryggingu á skammtímalánum eða hvað er meiningin að gera? Hvernig ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir því að stoppa þessa skrúfu sem m.a. keyrir áfram verðbólgu og vexti hér á landi?

Ég á eftir að fara í gegnum einstaka liði frv., hæstv. forseti, en eftir því sem ég best veit á að hefjast hér utandagskrárumræða. Ég á eftir svona fimm mínútur. (Gripið fram í.) Þá skal ég reyna að klára.

Ég ætla þá að víkja að einstökum liðum þessa frv. Þar er haldið áfram þeirri stefnu að hinum ýmsu sjóðum er vísað út á lánamarkaðinn eins og gert hefur verið árum saman, sem auðvitað hefur í för með sér mikinn kostnað fyrir þessa sjóði. Þar verður fyrstur fyrir mér Lánasjóður ísl. námsmanna sem ætlað er að taka 3,7 milljarða kr. að láni, en enn eitt árið er framlag ríkisins til sjóðsins skorið niður. Sjóðurinn ber mikinn kostnað af þessum lántökum, en hér kemur fram að lánþegum hefur fækkað og þar af leiðandi hefur stefna ríkisstjórnarinnar varðandi lánasjóðinn gengið upp, þ.e. lánþegum hefur fækkað og það hefur eins og við vitum bitnað harðast á konum. En ég tel þetta ekki vera rétta stefnu sem hér er farin. Sjóðurinn ber af þessu gríðarlegan kostnað eins og m.a. kom fram þegar fulltrúi þess sjóðs kom á fund efh.- og viðskn. í fyrra.

Ég spyr eins og fyrri ræðumaður, hv. 4. þm. Norðurl. e., um Landsvirkjun. Það vekur athygli hvílíkar gífurlegar upphæðir Landsvirkjun er að taka að láni til þess eins að borga upp fyrri lán. Við hljótum að spyrja okkur um stöðu þess fyrirtækis. Þar er lítið um framkvæmdir, enda fátt að gerast í virkjunarmálum og orkusölu og við hljótum að spyrja okkur bæði um stöðu þessa fyrirtækis og framtíð ef svo heldur fram sem horfir.

Ég vil líka gjarnan fá skýringu á þessari lántöku Byggingarsjóðs ríkisins. Það hafa orðið miklar breytingar á hlutverki hans og ég spyr: Er fyrst og fremst verið að borga upp fyrri lán eða hvaða lánveitingar eru hér á ferðinni? Þær fara að vísu minnkandi sem hlýtur að leiða af breyttu hlutverki en mér þykir þetta býsna há upphæð sem hér um ræðir og óska eftir skýringu á henni.

Sama gildir um Byggingarsjóð verkamanna. Honum er gert að taka gríðarlega mikil lán, en bæði í þessu frv. og fjárlagafrv. segir að lánageta þessa sjóðs sé óbreytt.

Síðan koma fram vangaveltur um að fram undan sé að afnema ríkisábyrgð á húsbréfum og ég hlýt að spyrja þeirrar spurningar hvort það sé tímabært. Hvenær er að vænta niðurstaðna þeirrar nefndar sem er að kanna það mál? Það væri fróðlegt að fá það fram.

Síðast en ekki síst kemur það fram að Lyfjaverslun ríkisins ætlar að taka 72 millj. kr. lán til endurnýjunar á framleiðsludeildum, en það segir jafnframt í frv. að það eigi að selja Lyfjaverslun ríkisins. Það væri gaman að fá að vita hvað hún á að kosta og hvernig þessi áform standa. Hér er á ferðinni enn eitt einkavæðingaráform fjmrh. en svo sem mönnum er kunnugt hafa þau gengið heldur illa upp.

Að lokum, virðulegi forseti, hlýt ég að spyrja eins og fleiri hafa gert hversu raunhæft þetta frv. er. Ég held að kannski svari 76. mál á þskj. 79 þeirri spurningu þar sem hæstv. fjmrh. er að fara fram á auknar heimildir vegna lántöku á þessu ári, þar sem verið er að hækka heimildina úr 15,9 milljörðum í 20,2 milljarða og ég held einmitt að þetta segi okkur meira en flest annað um það hvernig staðan er í ríkisfjármálunum. Því miður óttast ég að sú saga endurtaki sig og það frv. sem hér er til umræðu sé engu raunhæfara en hin fyrri, enda benda allar spár til þess að ef eitthvað er, þá fari ástandið því miður versnandi þannig að við eigum eflaust eftir að sjá breytingar á þessu frv. eins og hinum fyrri.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Framtíð starfsemi Bandaríkjahers á Íslandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú fer fram utandagskrárumræða sem áður hafði verið boðuð um viðræður íslenskra og bandarískra stjórnvalda um framtíð starfsemi Bandaríkjahers á Íslandi. Sú umræða fer fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr.

þingskapalaga og er að beiðni hv. 8. þm. Reykn.

[15:06]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í fyrstu viku ágústmánaðar lagði viðræðunefnd Bandaríkjanna fram tillögur um umtalsverðar breytingar á starfsemi Bandaríkjahers á Íslandi. Rúmum tveimur vikum síðar lögðu fulltrúar íslensku ríkisstjórnarinnar fram ítarlegar tillögur um þau sjónarmið sem ríkisstjórn Íslands vildi að ættu að ríkja í samningum milli Íslands og Bandaríkjanna í þessum efnum.

Það hefur legið fyrir í um það bil tveggja mánaða skeið að bæði hafa Bandaríkin sett fram ítarlegar tillögur um breytingar á umsvifum Bandaríkjahers á Íslandi og ríkisstjórn Íslands hefur sett fram gagntillögur. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli hefur hæstv. utanrrh. neitað að upplýsa utanrmn. um það hverjar eru tillögur Bandaríkjanna og einnig neitað að upplýsa utanríkismálanefnd um það hverjar eru tillögur íslensku ríkisstjórnarinnar.

Samkvæmt lögum ber ríkisstjórn Íslands að hafa samráð við utanrmn. um mótun utanríkisstefnu. Tillögur ríkisstjórnar Íslands um svo veigamikið atriði eins og breytingar á samstarfi Bandaríkjanna og Íslands um herstöðvar á Íslandi eru grundvallarþáttur í íslenskri utanríkisstefnu. Það er því að mínum dómi tvímælalaust lögbrot að hæstv. utanrrh. hefur ítrekað neitað að upplýsa utanrmn. um það hverjar eru hans tillögur og ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Það var hugsanlega hægt að réttlæta það að verða við ósk Bandaríkjanna um að greina ekki frá tillögum Bandaríkjanna ef þess var óskað af hálfu Bandaríkjanna en það er á engan hátt hægt að réttlæta það að þeirri stofnun, sem samkvæmt stjórnskipun lýðveldisins er samráðsaðili ríkisstjórnar Íslands, sé neitað um slíkar upplýsingar.

Í Morgunblaðinu sl. laugardag birtist frétt um það að innan bandaríska stjórnkerfisins sé verið að móta tillögur sem geti falið það í sér:

Í fyrsta lagi að Bandaríkjaher hverfi algjörlega brott af Íslandi.

Í öðru lagi að verulegar breytingar verði á umsvifum hans og nánast eingöngu verði um hreyfanleika að ræða en ekki varanlega dvöl.

Í þriðja lagi að umsvifin verði minnkuð allverulega þó að hér verði áfram eingöngu það sem kallað er lítil flotastöð.

Það er athyglisvert að þótt hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hafi reynt að bera þessa frétt til baka gera þeir það með þeim hætti að greinilegt er að hér eru á ferðinni töluverð tíðindi. Í yfirlýsingu sem utanrrn. gaf út í gær, 18. okt., kemur það fram að utanrrn. neitar að þrjú af þeim efnisatriðum sem Morgunblaðið nefnir í frétt sinni hafi komið til umræðu. En þögnin um önnur þrjú efnisatriði hrópar mjög hátt í tilkynningu utanrrn. Í tilkynningu utanrrn. segir ekkert um þá tillögu sem kölluð er tillaga númer 2 í frétt Morgunblaðsins, þ.e. hugmyndir Bandaríkjanna um að hér verði eingöngu hreyfanlegur herafli. Í öðru lagi kemur ekkert fram í greinargerð og fréttatilkynningu utanrrn. um þá hugmynd að herstöðinni verði breytt í litla flotastöð. Í þriðja lagi kemur ekkert fram um tillögur íslenskra stjórnvalda.

Ég óskaði eftir því við hæstv. utanrrh. að hann gerði þinginu grein fyrir hvernig þetta mál væri á vegi statt. Því miður varð hæstv. utanrrh. ekki við þeirri ósk. Ég hef þess vegna talið nauðsynlegt að kveðja mér hér hljóðs utan dagskrár og spyrja hæstv. utanrrh.:

1. Hvenær telur hann tímabært að aflétta þeirri þögn sem hann hefur samþykkt í þessu máli?

2. Telur hann ekki tímabært að nú þegar verði hann við þeirri ósk að greina utanrmn. frá tillögum íslenskra stjórnvalda í þessu efni í samráði við lagaskylduna um samráð við utanrmn.?

3. Hvers vegna ríkir þögn í fréttatilkynningu utanrrn. um svo mörg höfuðatriði í frétt Morgunblaðsins?

4. Er ekki tímabært að íslensk stjórnvöld hefjist nú handa til að undirbúa viðbrögð okkar Íslendinga við brottför bandaríska hersins eða verulegri minnkun umsvifa hans? Þá á ég við stórkostlegt átak í atvinnumálum Suðurnesja. Þar á ég við að sá mikli húsakostur sem senn mun standa auður, flugskýli, skálar, íbúðablokkir og fjölmargt annnað verði nýttur í þágu atvinnuöflunar hér á landi (Forseti hringir.) en ekki sé beðið aðgerðalaust eftir því að Bandaríkin framkvæmi það sem þau eru greinilega nú þegar búin að ákveða, að minnka umsvif sín hér.

Ég vona að lokum, virðulegi forseti, að þessi þögn og þessi tregða hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnarinnar boði ekki það að ríkisstjórnin sé að reyna af annarlegum fjárhagslegum hagsmunum (Forseti hringir.) fáeinna fjölskyldna, sem hafa verið eignaraðilar í verktakafyrirtækjunum á Íslandi, að knýja Bandaríkin til að halda áfram hernaðarumsvifum á Íslandi sem þau vilja nú hætta.

[15:12]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Í tilefni af þeim orðum sem hv. 8. þm. Reykn. lét falla hér áðan um að það væri um tvímælalaust lögbrot að ræða hvernig á þessu máli hefði verið haldið gagnvart hv. utanrmn. þá vil ég andmæla þeim málflutningi. Ég tel að hér sé ekki um lögbrot að ræða. Hins vegar tel ég og hef látið þá skoðun í ljós annars staðar og vil ítreka hana hér að sú þögn sem hefur ríkt um þetta mál í utanrmn. og gagnvart utanrmn. sé farin að skaða málið sjálft og það er nauðsynlegt til að gróusögur séu ekki fluttar í fréttum eða annars staðar um þetta mikilvæga mál að þingnefndinni sé skýrt frá þessu og helst sé skýrt frá því á opinberum og almennum vettvangi þannig að menn átti sig á þeim atriðum sem hér eru til umræðu.

Ég vil taka það fram einnig að Alþingi hefur oftar en einu sinni fjallað um þetta mál á þeim viðræðuferli sem hófst við Bandaríkin í september fyrir rúmu ári og öll meginatriði málsins liggja skýr og ljós fyrir. Það stendur ekki til að rifta varnarsamstarfinu eða slíta því góða samstarfi sem verið hefur á milli Íslands og Bandaríkjanna um varnar- og öryggismál allt frá árinu 1949 eða 1951. Hins vegar virðist vandinn vera sá sem

margir eiga við að etja sem eiga í viðræðum við Bandaríkjastjórn að það tekur sinn tíma í Washington að komast að niðurstöðu og taka ákvarðanir um mál sem þessi. Ég vona að utanrrh. og utanrrn. verði kleift að fá sem fyrst þau svör frá Washington að unnt sé að ræða þetta mál og ítreka það sem fram hefur komið í utanrmn. og ég hef áður lagt áherslu á við hæstv. utanrrh. að áður en næsta viðræðulota verður í þessu máli á milli Íslands og Bandaríkjanna verði utanrmn. skýrt frá öllum málavöxtum.

[15:14]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vona svo sannarlega að við fáum að heyra í hæstv. utanrrh. áður en þessu lýkur. Í raun og veru ætla ég að segja mjög svipað og hv. formaður utanrmn. Ég held að við í nefndinni og reyndar þingið hljóti að gera kröfu til þess að staðið sé við það ákvæði laga að virða utanrmn. þess að skýra henni frá því a.m.k. hver er tillaga hinnar íslensku ríkisstjórnar í þessu máli þótt orðið verði við ósk Bandaríkjamanna um trúnað gagnvart þeirra tillögum. Ég hygg að engum þeim er les leiðara Morgunblaðsins í morgun dyljist að hér er satt að segja orðið hið furðulegasta mál úr þessu alvarlega og stóra máli, dvöl varnarliðsins hér á landi. Leiðari Morgunblaðsins rekur þetta ítarlega og segir síðan að það verði að hafa það, ef utanrrh. og forsrh. viti ekki staðreyndir málsins, Morgunblaðið viti hvað er rétt í þessu máli. Hverju eigum við að trúa?

Ég held að það sé alveg hárrétt sem hv. formaður utanrmn. sagði áðan að slík umræða um þetta mál hlýtur að stórskaða það. Ekki aðeins er þetta erfitt fyrir þá hina ýmsu sem eiga hagsmuna að gæta í þessu sambandi heldur er hér um svo stórt mál fyrir þjóðina alla að ræða það má ekki fá þá umfjöllun sem það hefur fengið í skrifum blaða og orðum þeim sem hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hafa látið um það fjalla.

Ég skal viðurkenna að ég hef heldur tilhneigingu til að trúa Mogganum. Að minnsta kosti þar til ég heyri annað betra. Þetta er langtum betur rakið og ítarlegar í Morgunblaðinu og virðist vera byggt þar á einhverjum upplýsingum sem ætla má að séu traustar. A.m.k. hlýt ég að gera það þar til hæstv. utanrrh. léttir þessari leynd og upplýsir okkur a.m.k. utanríkismálanefndarmenn og helst þjóðina alla um sannleika málsins.

[15:17]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki bara eitt heldur tvennt sem skiptir máli í þessari umræðu. Annars vegar að horfast í augu við að herinn mun draga mikið saman og allt eins fara á næstu árum. Herinn hefur reynst Suðurnesjum blendin blessun í atvinnumálum. Vinnuafl hefur sogast að hernum, önnur atvinnustarfsemi átt í erfiðleikum við að keppa við hann. Suðurnes hafa goldið nærveru hersins í atvinnuuppbyggingu. „Þið hafið herinn" er staðlað svar sem Suðurnesjafólk þekkir allt of vel. Það væri síðan að bíta hausinn af skömminni að ætla að neita að horfast í augu við veruleikann.

Samdráttur í hermálum er ekkert séríslenskt fyrirbrigði sem betur fer. Hann er til marks um að jafnvel harðasta kaldastríðskynslóðin telji nógu friðvænlegt hér á norðurslóð til að spara herútgjöld. Er það harmsefni? Gífurlegum fjármunum er varið í hernaðarútgjöld um allan heim, fjármunum sem betur væri varið til einhvers uppbyggilegra, svo sem atvinnumála, heilbrigðismála, umhverfismála og þróunarhjálpar og þetta eru þjóðir víða um heim að uppgötva.

Við kvennalistakonur höfum hvað eftir annað þurft að benda ríkisstjórnum á að búa sig undir þennan samdrátt, ekki síst með tilliti til allra þeirra kvenna sem hafa þegar misst vinnuna eða atvinnuleysi vofir yfir. Svörin hafa verið rýr og ekki upp á annað boðið en að reynt verði að hanga á hernum eða reisa álver. Hvort tveggja eru lélegar lausnir að mínu mati og óraunsæjar þar að auki.

Hjá þeim sem gerst þekkja atvinnumál á Suðurnesjum eru uppi allt aðrar og mun raunsærri hugmyndir um það á hvern hátt aðlögun geti farið fram. Þar á meðal er tekið tillit til þeirra sem hafa starfað lengi hjá hernum og þurfa að eiga kost á endurmenntun eða nýjum tækifærum og þá hefur m.a. verið litið til atvinnu- og nýsköpunarhugmynda frá Háskóla Íslands.

Þetta tel ég nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu áður en ég vík að hinu atriðinu sem hefur verið meginþungi þessarar umræðu. Það er virðingarleysi utanrrh. við utanrmn. og það að lögboðið samráð við hana hefur verið hunsað. Ég hef ekki miklu við þá gagnrýni að bæta, tek undir hana og tel það ámælisvert að ekki hafi verið staðið öðruvísi að þessu máli.

[15:19]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þær samningaviðræður sem fram hafa farið að undanförnu milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda eru bundnar trúnaði að því er varðar opinbera umfjöllun um efnisatriði enn sem komið er. Það er að ósk samningsaðilans en af Íslands hálfu var á það fallist. Það var gert í ljósi þess að það átti að hraða þessum samningaviðræðum og reyndar ljúka þeim snemma í septembermánuði.

Það er óþarfi að tíunda rök fyrir því að þetta sé eðlilegur hlutur. Að sjálfsögðu hljóta stjórnvöld að áskilja sér rétt þegar um er að ræða milliríkjasamninga á viðkvæmu stigi að hafa um þá trúnað um opinbera umfjöllun meðan samningar fara fram. Því er haldið fram að þetta sé brot á lýðræðislegum starfsvenjum og jafnvel á lögum. Því fer náttúrlega víðs fjarri. Að sjálfsögðu er þetta ekkert lagabrot. Þaðan af síður er þetta brot á eðlilegum starfsvenjum. Þetta er heldur ekki brot á þeirri starfsreglu að samráð skuli haft við utanrmn. um mótun stefnu.

Ég vísa til þess að stefna í þessu máli hefur verið mótuð fyrir opnum tjöldum. Nefnd var skipuð til þess að undirbúa þessar viðræður í júnímánuði árið 1992. Hún hefur skilað sýrslu sem hefur verið lögð fram hér á Alþingi, skýrslu sem hefur verið rædd bæði í utanrmn. og á Alþingi Íslendinga sem og í ríkisstjórn. Með öðrum orðum, stefnan hefur verið mótuð fyrir

opnum tjöldum í fullu samráði við Alþingi og utanrmn. Það sem við erum að tala um er að á þessu stigi málsins er trúnaður um samningaviðræðurnar sjálfar. Slíkt er að sjálfsögðu hvorki brot á lögum né starfsvenjum.

Hitt er rétt að það var ákveðið af okkar hálfu að verða við ósk um trúnað í ljósi þess að það átti að hraða þessum viðræðum og ég tek undir það að það er gagnrýnisvert að viðræðurnar hafa dregist á langinn. Það er hins vegar ekki af okkar völdum og í gær kvaddi ráðuneytisstjóri utanrrn. samkvæmt mínum fyrirmælum starfandi sendiherra Bandaríkjanna á sinn fund og lýsti óánægju okkar, íslenskra stjórnvalda, með það að viðræðurnar hafa dregist úr hófi fram og tók jafnframt fram að það væru ströng tímamörk á því hversu lengi væri unnt að verða við ósk samningsaðilans um að viðhalda fullum trúnaði ef viðræðurnar drægjust svona á langinn.

Þar með tel ég að ég hafi svarað þeim atriðum sem fram hafa verið færð hér í gagnrýnisskyni. Að því er varðar fjölmiðlaumfjöllun skal það tekið fram að í gær birti utanrrh. yfirlýsingu af tilefni fréttaflutnings Morgunblaðsins þar sem borin voru til baka þau efnisatriði sem ástæða var til, þ.e. að í viðræðunum hafi komið til tals að varnarsamningnum yrði sagt upp eða hitt, sett fram krafa um að varnarliðið hyrfi úr landi eða af hálfu íslenskra stjórnvalda hafi verið samþykkt að hernaðarlegt mat á viðbúnaði varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli yrði alfarið í höndum Bandaríkjahers. Þetta eru þau efnisatriði í fréttinni sem ástæða var til að bera til baka vegna þess að þau eru villandi, gefa villandi mynd af viðræðunum. Þessar fullyrðingar eru rangar og gætu þess vegna skaðað málið út af fyrir sig eins og fram kom í máli hv. formanns utanrmn.

Að því er varðar önnur efnisatriði, þ.e. viðbúnað íslenskra stjórnvalda gagnvart samdrætti, breytingum á starfsemi varnarliðsins og að því er varðar atvinnumál á Suðurnesjum, þá hafa þau mál verið lengi í undirbúningi. Það hefur verið gripið til sértækra aðgerða til þess að efla atvinnustig á Suðurnesjum með mjög góðum árangri eins og hv. þm. er fullkunnugt um.

[15:24]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég held vegna þessarar umræðu að það sé hollt að rifja það upp að ein yfirlýsing þeirra stjórnmálaflokka sem bera ábyrgð á veru hersins hér var ævinlega skýr og vafalaus. Þegar váboðar ófriðarins hyrfu færi herinn úr landinu. Hér skyldi aldrei vera her á friðartímum hét það. Og hér skyldi aldrei vera her af neinum öðrum ástæðum en vegna öryggismála, ekki t.d. vegna efnahagsmála eða atvinnumála.

En nú eru runnir upp friðartímar eða hvað? Skilgreining á þessu hugtaki er erfið en ég er ekki í vafa um að í hugum okkar Íslendinga var sá skilningur ríkjandi að friðar- og afvopnunarsamningar milli stórveldanna yrðu teknir gildir sem sönnun fyrir friði. Og hefði einhver haft hugmyndaflug til að setja fram þá skilgreiningu á friðartímum að þeir væru þó alla vega komnir þegar Sovétríkin hefðu liðast í sundur og Rússland hefði óskað eftir hernaðarsamstarfi við NATO, þá hefði líklega enginn andmælt þeim skilningi. Og varla hefði nokkur maður andmælt því að þegar Ameríkanar teldu ekki lengur þörf á veru sinni hér þá væri örugglega brostinn á friður. Það eru þess vegna ómótmælanlega komnir þeir friðartímar sem eiga að hafa í för með sér brottför hersins. Og fagna ráðamenn þá ekki þessari langþráðu stund allra Íslendinga að erlendur her geti farið úr landinu? Nei, ekki aldeilis. Íslenska þjóðin hefur ekki heyrt forsrh. sinn eða utanrrh. tilkynna að loksins, loksins geti nú herinn farið. Þvert á móti virðist hægt og hljótt og án umræðna hafa orðið sú stefnubreyting af hálfu stjórnvalda að hér eigi að vera her á friðartímum og hæstv. ráðherrar Íslendingar leita allra leiða að tjaldabaki til að koma í veg fyrir að herinn fari úr landinu. Það er send hver betlinefndin eftir aðra til Ameríku til að væla í amerískum stjórnvöldum um að draga sem minnst úr umsvifum hersins í landinu. (Forseti hringir.) Forsvarsmenn þessarar stoltu þjóðar stunda sams konar „lobbísma" í ameríska stjórnkerfinu og amerískir hergagnaframleiðendur sem nærast á hörmungum stríðsátaka í heiminum. Þeir óttast líka um atvinnu sína.

Virðulegur forseti. Ég trúi því ekki (**Forseti:** Tíminn er búinn.) að íslenska þjóðin sé svo lítilþæg að hún sé samþykk þessum ölmusuferðum íslenskra ráðamanna til Ameríku.

[15:26]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög mikilvægt að leggja áherslu á að Bandaríkjamönnum hefur þegar verið kynnt óánægja íslenskra stjórnvalda með þann seinagang sem verið hefur í viðræðunum um framtíð varnarstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Stefnan í utanríkismálum er eitt stærsta mál hverrar þjóðar og öryggismál Íslands er stórmál sem við öll berum fyrir brjósti. Öll viljum við að sem minnst óvissa ríki um þau mál og það á einnig við varðandi breytingar á starfsemi varnarliðsins. Hugsanlegar afleiðingar breytinga á starfsemi varnarliðsins fyrir íbúa á Suðurnesjum, fyrir starfsfólk sem óttast að atvinnuöryggi sínu sé ógnað er annað mál og ekki síður mikilvægt að eyða óvissu í þeim efnum. Að eyða óvissu varðandi þessi mál er því sameiginlegt áhugamál okkar allra.

Mitt mat er að utandagskrárumræða á þessum tímapunkti sé ekki til þess fallin að eyða þessari óvissu sem ég geri hér að umtalsefni. Staða þessa máls hefur verið rædd í utanrmn. Það er ljóst að á þessum tíma er ekki hægt að veita svör við spurningunum sem vaknað hafa við umfjöllun fjölmiðla. Þess vegna eykur umræða sem þessi fremur ótta en eyðir honum. Sá sem stofnar til þessarar umræðu veit fyrir fram að svör fást ekki í dag. Það er verið að nýta sér fjölmiðlaumfjöllun þar sem staðhæfingar hafa verið settar fram. Umfjöllun um slíkar staðhæfingar kveikir enn frekari vangaveltur um að ef ekki þetta þá trúlega hitt og það kom einmitt berlega fram hér áðan í máli málshefjanda, Ólafs Ragnars Grímssonar.

Þegar stjórnvöld eiga í viðræðum við erlenda aðila er æskilegt að menn séu ekki með innbyrðis krytur en standi sameiginlega vörð um hagsmuni lands og þjóð-

ar. Það er vafasamt að nota slíka stöðu í pólitískum tilgangi og hæpið að reyna að skora punkta í fjölmiðlaumræðu um mál sem snerta svo mikilvæga hagsmuni okkar. Ég tek undir orð formanns utanrmn. að við munum fá upplýsingar um þessi mál um leið og þær upplýsingar liggja fyrir.

[15:29]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Það vekur nokkra umhugsun hvernig þessi umræða er hafin í dag og raunar líka hversu ólíkar eru raddir alþýðubandalagsmanna í umræðunni. Einn spurði hvort það ætti að stefna að því að Keflavíkurstöðin yrði virkilega lítil flotastöð. Það er góð spurning. Hún er lítil flotastöð í dag og hefur verið það alla tíð. En ég velti því fyrir mér hvort við erum í raun og veru að ræða öryggis- og varnarmál út frá skrifum sem jafnvel eru getsakir í fjölmiðlum þegar við vitum jafnvel að stefna okkar í málinu hefur verið mótuð fyrir opnum tjöldum, hefur verið rædd í þinginu. Hún liggur fyrir alls staðar þar sem hún þurfti að liggja fyrir. Og í henni liggur skýrt að hverju við stefnum í viðræðunum. Það hefur þegar komið fram.

Það sem mér finnst hins vegar skipta máli er að það er ekkert nýmæli að hér séu varnarmál eða öryggismál ofarlega á baugi og mikið rædd. Þau hafa verið ofarlega á baugi núna um árabil. Samstarf okkar við Bandaríkin um varnarhagsmuni okkar hafa verið til endurmats aftur og aftur og fyrir nokkrum vikum hófu Bandaríkjamenn sjálfir endurmat niður í kjölinn sem þeir kalla „bottoms up" endurskoðun á varnarþörf sinni, á þörf fyrir varnarbúnað, bæði heima og erlendis. Það er alveg ljóst að það endurmat mun hafa áhrif á endanlegt starf eða umsvif í stöðinni í Keflavík, mun endanlega hafa áhrif á hversu mikil umsvif verða í samstarfi okkar og Bandaríkjamanna. Við vitum að miklar breytingar hafa orðið í alþjóðamálum og þær hafa áhrif á áhættu hér á norðurslóðum. Hins vegar hefur áhættan vaxið annars staðar og það kallar á breyttar áherslur í varnarviðbúnaði, ekki aðeins okkar heldur allra Vesturlanda. Það hefur kallað fram það sem talað er um sem meiri hreyfanleika varnarsveita, meiri viðbragðsflýti, minni viðveru. Ég tel skipta miklu máli að við hættum að ræða getsakir og efasemdir, umræðunni og viðræðunum verði flýtt sem kostur er, án þess að fljótfærni nái að ríkja, svo að þeir aðilar sem hlut eiga að máli fái réttar upplýsingar en standi ekki berskjaldaðir fyrir getsökum.

[15:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var nú þakkarvert að hæstv. utanrrh. fékk loksins málið þó að við yrðum að vísu ekki miklu nær af svörum hans. Hæstv. ráðherra getur auðvitað ekki vikið sér undan því að veita upplýsingar um stórmál af þessu tagi eða a.m.k. að skýra frá því hvenær þess megi vænta að upplýsingar verði fram reiddar.

Varðandi það atriði að með því að fallist var á að sýna Bandaríkjamönnum trúnað í þessum viðræðum sé þar með ekki hægt að eiga lögbundið samráð við utanrmn., þá hafna ég þeirri lögskýringu af þeirri einföldu ástæðu að utanrmn. er bundin trúnaðarskyldu í störfum sínum og henni er vel treystandi fyrir þessum upplýsingum. Hann er heldur geðlítill hv. formaður utanrmn. að koma hér upp og kyngja því í raun og veru með ummælum sínum að utanrmn. sé ekki treystandi fyrir svona heitum upplýsingum. Það sé eðlilegt að ríkisstjórnin liggi á þeim og afhendi þær ekki utanrmn. þó svo að utanríkismálanefndarmenn séu samkvæmt lögum bundnir trúnaði í störfum sínum. Auðvitað á sá trúnaður að ná yfir svona upplýsingar og ég spyr hæstv. utanrrh.: Var Bandaríkjamönnum lofað einhverjum hástigstrúnaði í þessu sambandi, einhvers konar „top secret"-meðferð á málinu þannig að það mætti ekki einu sinni upplýsa utanrmn. um það? Það er stigsmunur á því og meira en það, líka eðlis, að hafa samráð við utanrmn. og hinu að afhenda almenningi eða fjölmiðlum upplýsingarnar og mér kemur í hug að það hafi verið þess konar trúnaður sem Bandaríkjamenn hafi verið að ræða um en ríkisstjórnin hafi kosið að skjóta sér á bak við það til þess að þurfa ekki að upplýsa málið.

Svo segi ég það, hæstv. forseti, að það er að sjálfsögðu fagnaðarefni að nú hillir undir það að erlendur her hverfi af landinu og ég vona það og vænti þess að til þess komi aldrei, aldrei, að við Íslendingar lendum í þeirri ógæfu og þeirri niðurlægingu að biðja erlendan her að vera hér lengur í landinu en hann vill sjálfur.

[15:33]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. sagði hér áðan að hann hefði talið sér skylt að verða við þeirri ósk Bandaríkjamanna að skýra ekki frá þeirra tillögum og út af fyrir sig get ég skilið það. En ég skil hins vegar ekki að hann geti lofað Bandaríkjamönnum því að skýra ekki utanrmn. frá þeim tillögum sem hann fyrir hönd ríkisstjórnarinnar gerir. Hann sagði einnig áðan að hann hefði að vísu gert það, en það hefði verið gert í þeirri trú að þessar umræður tækju stuttan tíma, langtum styttri tíma en nú hefur orðið. Tíminn er sem sagt orðinn langtum lengri en gert var ráð fyrir og ég vil spyrja hæstv. utanrrh. að því: Er ekki rétt að eyða þessari leiðu umræðu og þeirri óvissu sem um þetta ríkir með því að kalla hið fyrsta saman fund utanrmn. og gera nefndinni nú grein fyrir því án tafar hverjar gagntillögur Íslendinga í þessu máli eru þótt jafnvel ráðherrann treysti sér ekki til þess að skýra frá því sem Bandaríkjamenn lögðu til? Ég tel að með því móti væri þeirri tortryggni sem skapast hefur að verulegu leyti eytt.

[15:35]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt að það komi fram vegna þess að utanrrh. er nú að skjóta sér á bak við vilja Bandaríkjamanna um leynd að hæstv. utanrrh. og embættismenn utanrrn. sögðu á sínum tíma að það hefði einnig verið ósk íslensku viðræðunefndarinnar að leynd hvíldi í málinu. Það var það sem utanrrh. sagði áður. En það er nýtt hjá honum að vera nú bara að skjóta sér á bak við Bandaríkin.

Það er líka mjög athyglisvert að þó að hæstv. utanrrh. hafi nú fengið tvö tækifæri til þess að bera til baka veigamikil efnisatriði í frétt Morgunblaðsins þá hefur hann ekki gert það.

Eftir fund utanrmn. í gær þar sem hæstv. ráðherra var fullkunnugt um það sem sagt var í nefndinni ákvað hann að birta yfirlýsingu. Þar bar hann ekki til baka þessi tvö efnisatriði. Ég rakti þau síðan hér á nýjan leik og spurði ráðherrann sérstaklega hvort þau væru rétt og þögn hans um þetta atriði var auðvitað mjög hrópandi í ræðunni hér áðan. Þessi tvö efnisatriði snerta tvo af þeim þremur kostum sem raktir eru í frétt Morgunblaðsins. Kostur númer tvö sem Morgunblaðið segir að sé tillaga bandaríska varnarmálaráðuneytisins er að herinn fari sem varanleg stofnun á Íslandi en það verði breytileg umsvif og ákveðinn hreyfanleiki þannig að herþotur geti komið hingað í eftirlitsskyni. Um þessa tillögu bandaríska varnarmálaráðuneytisins sem Morgunblaðið greinir frá segir utanrrh. ekki orð.

Þriðji kosturinn var að dregið væri verulega úr umsvifum bandarískra hersins og flugvélum fækkað og um þennan kost, númer þrjú, segir hæstv. utanrrh. heldur ekki orð. Það segir sína sögu að þrátt fyrir tækifærið í yfirlýsingu í gær (Forseti hringir.) og ræðuna áðan segir utanrrh. ekki neitt um málið. Þess vegna er ályktunin auðvitað sú að fréttamenn Morgunblaðsins hafa betri aðgang að upplýsingum (Forseti hringir.) um þetta efni en Alþingi Íslendinga og utanrmn. Íslands. Við það verður ekki búið og ég skora á hæstv. utanrrh. að koma nú þegar til fundar í utanrmn. og greina nefndinni frá tillögum íslenskra stjórnvalda í þessum viðræðum, það er tvímælalaus skylda að það sé gert. (Forseti hringir.)

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka formanni utanrmn. fyrir það að hann hefur enn á ný ítrekað þann vilja sinn að fundur í utanrmn. muni fjalla um þetta mál áður en næsti viðræðufundur Bandaríkjanna og Íslands fari fram og það er merkileg reynsla í þessu máli (**Forseti:** Tíminn er búinn.) að þurfa að reiða sig frekar á hv. þm. Björn Bjarnason en hæstv. utanrrh.

[15:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er dálítið erfitt að verða við óskum hv. þm. Steingríms Hermannssonar um að birta nú þegar gagntillögurnar ef tillögurnar sjálfar, sem lagðar hafa verið fram, eru bundnar trúnaði. Þessi umræða hefur upplýst eftirfarandi:

Það er að sjálfsögðu svo að það hefur fullt samráð verið haft við utanrmn. og Alþingi Íslendinga um mótun stefnunnar í þessum málum sem eru varnar- og öryggismálin. Það er trúnaðarstig að svo stöddu um þær tillögur sem samningsaðili okkar hefur lagt fyrir okkur og gagntillögur okkar. Þegar spurt er hvenær unnt er að létta þeim trúnaði af þá eru mín svör þessi: Það var orðið við óskum samstarfsaðilans um þennan trúnað í ljósi þess að þeir lögðu höfuðáherslu á að hraða þessum samningaviðræðum og eins og ég sagði stefndu að því að ljúka þeim í byrjun september. Sjálfsagt hefði ekki verið orðið við því ef við hefðum þá vitað að þessar viðræður drægjust á langinn svo lengi sem raun ber vitni.

Hvenær er unnt að aflétta trúnaðinum? Ég hef þegar skýrt frá því að við höfum lýst óánægju okkar með formlegum hætti við sendimann Bandaríkjastjórnar og sagt honum fullum fetum að þau tímamörk séu þröng að því er varðar það að framlengja þetta trúnaðarstig. Með öðrum orðum, að því kemur, það er búið að koma þeim skilaboðum til bandarískra stjórnvalda. Við bíðum eftir svörum frá þeim og ég get fullyrt það að þess er skammt að bíða að þessar tillögur verði lagðar fram til umræður í utanrmn.

Virðulegi forseti. Að því er varðar þau orð sem hér hafa fallið um fréttaflutning Morgunblaðsins þá er ekkert um það að segja annað en þetta: Fréttaflutningur Morgunblaðsins er að sjálfsögðu á ábyrgð ritstjórnar blaðsins og það er ekki mitt hlutverk að ritskoða það. (Forseti hringir.) Ég hef hins vegar að gefnu tilefni birt yfirlýsingu þar sem þau efnisatriði sem voru beinlínis röng og skaðlegt var að menn legðu trúnað á voru leiðrétt. Ég ætla ekki hins vegar að fara út í neinar efnisumræður frekar. (**ÓRG:** Hin efnisatriðin voru rétt.)

Lánsfjárlög 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 78.

[15:41]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er fjallað um, lánsfjárlög, snertir að sjálfsögðu mjög mikið fjárlagafrv. Ég vil því í upphafi óska hæstv. fjmrh. til hamingju með það að hann gengur nú til landsfundar Sjálfstfl. eftir tvo daga með hærra skatthlutfall en ég held að áður hafi þekkst í landinu.

Það er rétt að rifja það upp að síðasti fundur ráðherrans með sínum fulltrúum ályktaði um það að tekjuskattur skyldi lækka í 35% en nú getur ráðherrann upplýst landsfundinn um það að tekjuskattshlutfallið er rúmlega 41%.

Ráðherrann getur líka upplýst landsfundinn um það að virðisaukaskattur er 24,5% en fundurinn ályktaði um það að það væri rétt að stefna að því að koma honum í 15%. Auðvitað voru þessi kosningaloforð Sjálfstfl. sem gefin voru á síðasta landsfundi óraunsæ og fáir lögðu trúnað á þau sem þekktu til ríkisfjármála. En ég býst við því að margir kjósendur flokksins hafi lagt trúnað á þessi hlutföll og það verður merkilegt að hlusta á útskýringaræðu fjmrh. á komandi landsfundi þegar hann kemur því til skila hvernig í ósköpunum standi á þessu. Sjálfsagt verður fyrri ríkisstjórnum kennt um eins og venja er á þeim bæ. En það er að mínu mati ekki fullnægjandi. Þetta voru kosningaloforð sem voru gefin gegn betri vitund og hæstv. fjmrh. hlýtur að þurfa að útskýra það fyrir þjóðinni hvers vegna flokkur eins og Sjálfstfl. gefur slík loforð gegn betri vitund.

Ég vil þá aðeins ræða nokkur atriði sem snerta þetta frv. til lánsfjárlaga. Það eru nokkur atriði í því sem

hljóta að vekja verulegar áhyggjur meðal landsmanna og það eru einkum skuldsetning ríkisins, skuldsetning atvinnulífsins og skuldsetning einstaklinga í landinu. Nú er ég þeirrar skoðunar að skuldsetning atvinnulífs og einstaklinga séu miklu alvarlegri mál en nokkru sinni skuldsetning ríkisins enda þótt ég vilji ekki gera lítið úr því að þar eru vissar hættur á ferðinni.

Ríkið skuldar eins og fram kemur í þjóðhagsáætlun um það bil 50% af landsframleiðslu eða tæplega 200 milljarða á árinu 1993. Og til samanburðar mældust þessar skuldir af landsframleiðslu 45% árið 1992. Það er hins vegar villandi þegar því er haldið fram oft og tíðum í opinberri umræðu að hér sé ríkissjóður mun skuldugri en almennt gerist í okkar viðskipta- og samstarfslöndum.

Það kemur fram í þjóðhagsáætlun að opinberar skuldir aðildarríkja OECD séu að meðaltali á þessu ári 66% af landsframleiðslu. Þetta skuldahlutfall er mjög hátt. Og ég er ekki með þessum orðum að mæla með því að við söfnum meiri skuldum af hálfu íslenska ríkisins, þvert á móti. En mér finnst hins vegar að núv. ríkisstjórn leggi of mikla áherslu á það að gera þetta skuldahlutfall að aðalatriði þegar helstu áhyggjuefnin eru að mínu mati skuldir atvinnulífsins og skuldsetning einstaklinganna.

Það kemur fram í þeirri lánsfjáráætlun og greinargerð með því frv. sem hér er til umræðu að skuldir atvinnulífsins séu mjög miklar og það kemur fram að lánsfjáreftirspurnin hefur aukist. Það kemur jafnframt fram að samdráttur í nýfjárfestingu fyrirtækja veldur áhyggjum og þar sem á þeim muni velta hagvöxtur í framtíðinni. Og það kemur líka fram að eiginfjárhlutfall íslenskra fyrirtækja hafi minnkað og það sé nauðsynlegt að efla innlendan hlutafjármarkað. Þegar þetta er lesið þá kemur það á óvart að núv. ríkisstjórn, sem hefur þó talið sig vera meiri stuðningsaðila atvinnulífsins en ýmsar aðrar ríkisstjórnir — en ég er alls ekki sammála því, ég tel að þessi ríkisstjórn hafi oft og tíðum sýnt atvinnulífinu gífurlegt skilningsleysi hvort sem það er nú komið frá Alþfl. eða Sjálfstfl., ég skal ekki neitt um það segja, — hvernig stendur á því að ein helsta aðgerð ríkisstjórnarinnar í sambandi við hlutafjármarkaðinn er að fella niður í áföngum frádrátt vegna hlutabréfakaupa þrátt fyrir það að núv. fjmrh. hafi verið einn helsti stuðningsmaður þess hér á Alþingi? Það verður líka gaman að hlusta á ræðu fjmrh. um þetta mál á landsfundinum þegar hann gerir fulltrúum atvinnulífsins grein fyrir því hvernig stendur á því að hann vill í sínum lánsfjárlögum efla innlendan hlutafjármarkað en afnemur svo í skattalögum eitt helsta tæki til þess að gera það.

Íslenskt atvinnulíf er því miður mjög skuldsett og það er mikilvægasta ráðstöfun sem þarf að geta átt sér stað í íslensku efnahagslífi er að lagfæra þetta hlutfall. Og það verður ekki gert nema með því að vextirnir lækki. Vextir hér á landi eru mun hærri en almennt gerist í OECD-löndunum. Raunvextir ríkisskuldabréfa í október 1993 í OECD-löndunum eru að meðaltali um 3,5–4%, lægstir í Þýskalandi, rúmlega 1% en langhæstir á Íslandi, rúmlega 7% eða alveg um 7% og hafa farið heldur lækkandi. Þarna er allt of mikill munur þegar litið er til þess hverjar hallatölur eru í þessum sömu löndum og einnig þegar litið er til þess hver viðskiptahalli er og verðbólga. Þarna virðist skorta mikið á í samræmingu á peningamarkaðinum og dugir ekki að kenna bankakerfinu eingöngu um þótt það hagi sér oft undarlega í vaxtaákvörðunum. Það er t.d. rétt sem hæstv. fjmrh. sagði hér að víxilvextir eru mjög háir og það er ekki bara það, t.d. eru vextir á eins mánaðar víxlum 17% en verða í reynd 30% þegar leggst við 0,75% lántökukostnaður og 0,25% stimpilgjald. (**Fjmrh.:** Þeir eru bara til eins mánaðar.) Til eins mánaðar. Þetta eru þeir vextir sem atvinnulífið má oft og tíðum sætta sig við að borga til þess að fá rekstrarfé. Þar við bætist að afgreiðslur bankakerfisins eru oft afar seinar, t.d. í sambandi við afurðalán sem ríkisstjórnin hefur að nokkru haft milligöngu um, t.d. í sambandi við landbúnaðinn, og fyrirtækin verða þá að sætta sig við það að gefa út innstæðulausar ávísanir sem bankarnir virðast þola fyrirtækjunum og jafnvel sækjast eftir því til þess að bæta hag sinn.

Ríkisstjórnin ber að sjálfsögðu ekki ábyrgð á bönkunum en hún ber ábyrgð á því að koma á betra samstarfi við þá til þess að lækka vaxtakostnaðinn og ein helsta forsenda þess er að vextir af ríkisskuldabréfum lækki. Ég geri mér grein fyrir því að þarna þarf að taka nokkra áhættu. En ég vek athygli á því að ýmsar stærðir í efnahagslífinu eru þó hagstæðari en áður og verður að sjálfsögðu að viðurkenna það og það sem hæstv. fjmrh. hefur lagt áherslu á er að sjálfsögðu mjög þýðingarmikið en það er sú staðreynd að viðskiptahallinn hefur lækkað mjög mikið og má nánast segja að hann sé vel viðunandi miðað við það að þurfa að sætta sig við viðskiptahalla en við erum nú vonandi í dýpstu lægð kreppunnar sem við höfum verið að ganga í gegnum. En þetta hlýtur að gefa viss tækifæri til þess að taka ákvarðanir sem fá hjól atvinnulífsins til að snúast betur. Og ég er þeirrar skoðunar að það sé betra að sætta sig við eitthvað meiri ríkissjóðshalla ef það má verða til þess að hjól atvinnulífsins snúist betur. Ég er hins vegar ekki þeirrar skoðunar að það sé hægt að sætta sig við meiri ríkissjóðshalla sem fer í beina eyðslu. En ef skattaálögur eins og t.d. virðisaukaskattur af ferðaþjónustu sem nú stendur til að leggja á verða teknar aftur þá tel ég það vera rétta aðgerð. Það er rangt að leggja skatt á atvinnurekstur sem er að vaxa upp og drepa þar með einn helsta vaxtarbrodd í okkar atvinnulífi. Það mun aðeins skaða ríkissjóð en ekki færa honum meiri tekjur og þetta á núv. ríkisstjórn að viðurkenna og breyta þeim ákvörðunum. Þar að auki mun skattur á flugþjónustu innan lands gera hana illa samkeppnisfæra við bílaakstur og mun trúlega verða til þess að draga mjög úr þjónustu við landsbyggðina. Þetta eru staðreyndir sem núv. ríkisstjórn þarf að viðurkenna.

Ég vildi einnig koma að þeirri staðreynd sem kemur ágætlega fram í þeim gögnum sem við höfum fengið hvað skuldahlutfall einstaklinga hefur hækkað mikið. Ég hef oft á það bent hér á Alþingi og er ekki að undanskilja mig ábyrgð frá þeim ákvörðunum sem

teknar voru á sínum tíma að húsbréfakerfið er hér mikill orsakavaldur. Því var haldið fram og það er viðurkennt í fyrsta skipti í skjali frá fjmrn. og ég ætla að vitna hér í það, með leyfi hæstv. forseta. Þar stendur:

„Á undanförnum árum hafa heimilin aukið mjög eftirspurn sína eftir lánsfé. Þá aukningu má að verulegu leyti rekja til tilkomu húsbréfakerfisins sem olli þáttaskilum í þeim efnum. Húsbréfunum var m.a. ætlað að létta útlánum af lífeyrissjóðunum og bönkum. Svo hefur hins vegar ekki orðið raunin og hefur húsbréfakerfið orðið veruleg viðbót við lánsfjáreftirspurn heimilanna." Það kemur jafnframt fram að húsbyggingar hafi ekki aukist heldur dregist saman.

Ég fagna því að loksins eru menn farnir að skrifa í staðreyndastíl um þetta mál og væri út af fyrir sig fróðlegt að fá hæstv. félmrh. hér til viðræðu um þær staðreyndir sem þarna eru settar á blað og vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort hæstv. félmrh. stendur að þessu frv. eða hvort hún er með fyrirvara í málinu eins og að því er varðar fjárlagafrv. Og ég vil einnig spyrja um það sem stendur hér á bls. 6, með leyfi forseta:

„Loks er afnám ríkisábyrgðar á húsbréfum til athugunar í sérstakri nefnd sem félmrh. skipaði fyrr á árinu. Með þessu móti er stigið veigamikið skref í þá átt að jafna samkeppnisskilyrði á fjármagnsmarkaði."

Ég get nú ekki séð að það sé veigamikið skref að félmrh. hafi skipað þessa nefnd og finnst mér það vera mikið ofmat hjá fjmrn. Þess vegna vil ég spyrja um það hvort þetta mat sé byggt á því að það sé vitað að nefndin muni leggja það til að ríkisábyrgð verði afnumin. Ég tel mjög mikilvægt að almenningur verði upplýstur um það. Ég er ekki að segja að það komi ekki til greina. Ég tel að þetta kerfi hafi gengið út í hreina vitleysu og það hefði fyrir löngu átt að vera búið að grípa þar inn í.

Virðulegur forseti. Ég hef tíma míns vegna ekki möguleika á því að fara hér inn á einstök efnisatriði þessa frv. og mun fjalla um það í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar og vænti þess að fjmrn. gefi okkur þar góðar upplýsingar um einstök atriði og skal því ekki hafa fleiri orð um þetta en ég óska hæstv. fjmrh. allra heilla á væntanlegum landsfundi en get ekki annað en lýst yfir samúð minni með honum að þurfa að verja þar málstað sinn.

[15:59]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara mjög mikið í efnisatriði þessa lánsfjárlagafrv. sem hér er verið að ræða þó að fullkomin ástæða væri auðvitað til. En það sem ég vildi helst koma á framfæri hér er að mér finnst að frv. um lánsfjárlög eigi fyrst og fremst að tengjast umræðu um fjárlög og þar af leiðandi að ræðast og afgreiðast í meira mæli en gert er í fjárln. Hallinn á fjárlögum kemur fram í þessu frv. og það er því eðlilegt að fjárln., jafnhliða því að fjalla um fjárlögin, taki lánsfjárlögin fyrir.

Ég tel það alveg nauðsynlegt til þess að hafa heildarsýn yfir ramma fjárlaganna að lánsfjárlögin séu rædd jafnhliða fjárlagafrv. í fjárln. Ég hef komið þessum sjónarmiðum á framfæri inn í fjárln. og því hefur verið svarað til að það mundi gera það að verkum að fjárln. hefði þá enn meira að gera og margir telja að hún hafi nægilegt á sinni könnu þann tíma sem hún fjallar um fjárlögin fyrri hluta vetrar. Ég hef jafnframt lýst þeirri skoðun að samhliða því að fjárln. hafi með lánsfjárlögin að gera í meira mæli og vísi því ekki svo til beint yfir til efh.- og viðskn., þá skuli hún jafnframt vísa ýmsum öðrum málaflokkum innan fjárlagafrv. til fagnefnda sem hafi þá meira vægi við að fjalla um þau mál en í dag er gert.

Eins og þetta snýr við okkur núna, þá hafa lánsfjárlögin aðeins viðkomu í fjárln. en það er ekki fjallað mjög mikið um þau þar heldur er þeim vísað þaðan til efh.- og viðskn. Það má einnig sjá það á því að í dag hafa aðallega fjallað um þetta frv. nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Ég tel að vinnubrögð þau sem fjárln. hefur haft til þessa við að fjalla um fjárlagafrv. séu ekki nógu markviss. Við förum að vísu vandlega yfir gjaldahliðina. Á okkar fund koma fulltrúar ráðuneyta, sveitarfélaga, stofnana, félagasamtaka og einnig einstaklingar til að skýra sitt sjónarmið. Eftir þær viðræður og með fundum áfram þar sem fjallað er um frv. þá er reynt að meta þörfina á útgjöldum en teknahliðin er venjulega geymd til 3. umr. og þá er oft ekki nægur tími til að fara vel í forsendur tekjuöflunar. Og það má minna á það að þegar verið var að ljúka umræðu um fjárlög fyrir yfirstandandi ár þá gerðu fjárlögin ráð fyrir því að lækka hlutfall af endurgreiðslu virðisaukaskatts á vinnu við íbúðarhúsnæði. Það kom síðan í ljós að hefði það náð fram að ganga hefði það haft hinar ýmsu afleiðingar á forsendur fjárlaganna og verðbólgustigið í þjóðfélaginu þannig að sú ákvörðun var degin til baka fljótlega eftir áramótin. Það sem ég er að segja með þessu er að ég tel að lánsfjárlögin tengist svo mjög tekjuöflun ríkisins og ég tel að það hafi ekki tekist nægilega vel að fylgja eftir þeim breytingum sem gerðar voru á þingsköpum Alþingis, að framkvæma ýmsar breytingar á nefndastarfinu, og það m.a. tel ég að fjárln. eigi að fjalla í meira mæli um lánsfjárlögin en ekki að vísa þeim svo að segja beint til efh.- og viðskn.

[16:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka þær málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram. Því miður get ég nú kannski ekki í ítarlegu máli fjallað um þau efnisatriði sem komu fram hjá einstökum hv. ræðumönnum. Tíminn hefur breyst þannig að ég get ekki sóað tíma Alþingis í 1. umr. með þeim hætti eins og stundum hefur verið gert en ég vænti þess hins vegar að það sem á vantar svör í minni ræðu verði fengið hjá fjmrn., starfsmönnum þess, þegar til nefndastarfanna kemur.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, ræddi um hver væri stefna ríkisstjórnarinnar varðandi skuldamálin, hvort ríkisstjórninni væri sama um það hvort skuldað væri hérlendis eða erlendis. Stefnan er að sjálfsögðu skýr. Hún er sú að taka sem mest innlend lán en við viljum hins vegar ekki vera bundnir af því á næsta ári til þess að geta haft áhrif á lánsfjármarkaðinn og freistað þess að lækka vexti. En auðvit-

að hlýtur það að vera hjá okkur eins og öðrum þjóðum stefnan að Íslendingar sjálfir spari fyrir þeim útgjöldum sem ríkið stendur fyrir umfram tekjur ríkissjóðs.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að lánshæfni Íslendinga erlendis hefur ekki breyst og það er mjög athyglisvert. Hann sagði hins vegar að það kynni að vera hyggilegt að íslensk einkafyrirtæki leituðu meira fyrir sér erlendis eftir lánsfjármagni en þá er því til að svara að íslensk einkafyrirtæki eins og einkafyrirtæki víðast annars staðar eiga miklu erfiðara um vik en íslenska ríkið nema um ríkisábyrgð sé að ræða og er þetta þekkt saga og óþarfi að fara frekari orðum um. Það er reyndar þekkt að sum fyrirtæki hafa lent í erfiðleikum þegar þau hafa reynt fyrir sér um erlendar lántökur.

Varðandi Landsvirkjun vil ég eingöngu segja það að við þekkjum öll umframgetu Landsvirkjunar í raforkuframleiðslunni. Það er auðvitað dýrt. Það hafa margoft komið fram tilmæli um að afskrifa skuldirnar hægar en gert hefur verið til þess að halda niðri orkuverði og án þess að ég geti fyllilega svarað fyrir stjórn Landsvirkjunar þá býst ég við að ástæðan fyrir því hve lítið er tekið úr rekstri sé sú að Landsvirkjun er ætlað að halda raforkuverði sem allra lægstu.

Ég ætla ekki hér, virðulegi forseti, að ræða um hallann á ríkissjóði, hver hann verður. Sú umræða var tekin við 1. umr. fjárlaga. Ég held það hafi verið gefnar nægar skýringar á því hvers vegna hallinn fór umfram það sem að var stefnt á yfirstandandi ári og ég vísa aðeins til fyrri umræðna og þess sem segir í fjárlagafrv. varðandi það mál.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e., ræddi hér um ýmis atriði sem ástæða hefði verið til að fara mjög vel í gegnum og taka þátt í því að þar er um að ræða umræðu sem kom okkur öllum sérstaklega við, ekki síst þegar rætt er um vextina. Ég vil þó fyrst af öllu mótmæla því að það sé hættumerki þegar viðskiptahallinn fer niður og reyndar bætti hv. þm. við: Vegna þess að það gerðist þrátt fyrir það að útflutningur ykist ekki. Ég held að það sé alveg sama hvernig á málið er litið að minni viðskiptahalli er markmið og ég tek undir orð hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar sem ræddi þessi mál talsvert í sinni ræðu og tel að það sé batamerki fremur en hættumerki þegar viðskiptahallinn dregst saman. Ég minni á að það þýðir í raun að gengið er réttar skráð en áður og nú er staðan svo að raungengi íslensku krónunnar, hvernig sem menn vilja mæla það raungengi, er með þeim hætti að samkeppnisstaða íslenskra útflutnings- og samkeppnisgreina ætti að vera betri en oftast áður.

Ég ætla ekki að fara ítarlega hér inn í vaxtaumræðuna þótt hún sé mikilsverð eins og ég sagði áður. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að vaxtamunur er hér talsverður vegna afskriftareikninganna en þá er þess að geta að aðrar þjóðir hafa þurft að leysa samsvarandi vanda með því að fá fjármuni frá skattgreiðendum til að standa undir þessum mun og ég hygg að við þurfum að taka tillit til þess þegar við ræðum um vanda bankakerfisins og skattgreiðslur almennt. Með öðrum orðum: Í flestum tilvikum að fráskildu því sem gerðist í Landsbankanum eru það viðskiptamenn bankanna sem hafa tekið það að sér að greiða það tap sem myndast hefur í bankakerfinu en ekki skattgreiðendur eins og t.d. hefur gerst sums staðar annars staðar á Norðurlöndum.

Um viðbrögð bankanna við gengisfellingunni og þeirri verðbólgu sem óhjákvæmilega hlaut að fylgja henni þá skal það sagt að þau viðbrögð í sumar og haust voru nokkuð með öðrum hætti en áður, ég minni á það, og þeir ákváðu, a.m.k. Íslandsbanki, það var yfirlýst stefna Íslandsbanka að hækka snögglega vextina og lækka þá snögglega aftur en taka ekki á þessu vandamáli á lengri tíma eins og gert hafði verið við fyrri gengisfellingar.

Hv. 18. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, ræddi um lánstraust ríkisins. Ég hef rætt um það mál áður. Það er ljóst að lánstraustið er gott og það hefur ekki versnað hingað til og ég á ekki von á því að það komi til með að versna. Ástæðan er sú að þegar við berum íslensku ríkisfjármálin saman við það sem er að gerast annars staðar þá stöndum við okkur tiltölulega vel. Það er rétt sem hér hefur komið fram að erlendu skuldirnar eru of miklar og vaxa of ört, en þegar litið er á hallann sjálfan, einan sér og skuldasöfnunina, þá stöndum við ekki illa. Við stöndum jafnvel frekar vel miðað við nærliggjandi þjóðir. Hins vegar líta menn á það og að því er maður spurður þegar maður fer út í þessar sláttuferðir: Hvernig ætlið þið að leysa vandamálið? Við höfum lagt áherslu á eitt og það er þetta: Við erum að taka niður aflann á Íslandsmiðum, sérstaklega í þorskveiðunum til þess að byggja hann upp á nýjan leik. Þetta skilja þeir sem eru að lána okkur fjármuni og þeir skynja það á þann veg að íslenska þjóðin sé nú um stundir að taka sér tak, að sá til þess að geta uppskorið síðar. Menn skilja slíkt í fjármálaheiminum sem betur fer.

Hv. þm. ræddi síðan um Lánasjóð ísl. námsmanna, Landsvirkjun, byggingarsjóði, húsbréf og lyfjaverslun. Um það get ég aðeins sagt að það er rétt sem kom fram um Lánasjóð ísl. námsmanna að framlagið hefur breyst og minnkað en það sem skiptir öllu máli er að það dugar í dag til þess að ekki er gengið á eigið fé Lánasjóðs ísl. námsmanna. Sú var tíðin að íslenska ríkið lagði allt of lítið inn í þennan sjóð sem varð til þess að það var gengið á eigið fé, skuldirnar söfnuðust upp. Nú hefur verið ráðist á þetta vandamál og reyndar einnig í Byggingarsjóði ríkisins sem tekur nú lán eingöngu til þess að endurfjármagna eldri lán.

Varðandi húsbréfin sem nokkuð hefur verið rætt um og m.a. hv. þm. vék að og reyndar hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, líka þá skal það tekið fram að nefnd, ef nefnd skal kalla, það eru menn á vegum fjmrn. og félmrn., allt má nú kalla nefnd reyndar, er að vinna að þessu máli. Ég vil í þessu sambandi rifja það upp að upphaflega þegar lögin voru sett um húsbréfin var gengið út frá því að ríkisábyrgðin yrði tímabundin og það er svo að fjmrh. þarf að gefa út bréfin ásamt félmrh. og þess vegna getur fjmrh. beitt sínu valdi ef hann kærir sig um. Ég tel að áður en gefinn

verður út nýr flokkur á næsta ári þá þurfi að liggja fyrir með skýrum hætti hvernig dregið verður úr ríkisábyrgðinni. Ég held að það sé ekki skynsamlegt að gera það í einu vetfangi, það verður að gerast á einhverjum tíma, en ég er algjörlega þeirrar skoðunar að það verður að taka á þessu vandamáli og það sé kominn tími til þess. Ég get tekið undir margt af því sem kom fram hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni varðandi húsbréfakerfið en bendi þó á að það hafa verið skrifaðar nokkuð lærðar ritgerðir um þetta upp á síðkastið og nýjasta ritgerðin sem er handbær fyrir hv. þm. eins og aðra landsmenn er í Fjármálatíðindum, 2. hefti yfirstandandi árs, þar sem Helgi Ólafsson tekur út húsbyggingasjóðakerfið og gerir það nokkuð ítarlega. Ég held að það sé hyggilegt fyrir nefndina sem fær málið til meðferðar að kíkja á þá ritgerð.

Um Lyfjaverslun ríkisins er það að segja að ég get auðvitað ekki sagt hve mikils virði það fyrirtæki er og á hvaða verði það muni seljast. Ég get hins vegar sagt frá því að við fengum fyrirtæki út í bæ, eitt af verðbréfafyrirtækjunum, til að meta það fyrir okkur hvort ríkisvaldið ætti að fara í það verkefni að innrétta upp á nýtt hjá fyrirtækinu, auka við fjárfestingar þess og fengum þau svör að það væri óhætt og væri jafnvel til bóta og slíkt mundi skila sér í kaupverði fyrirtækisins þegar það yrði selt.

Nokkuð hefur verið rætt og ritað um þetta mál að undanförnu og af því tilefni vil ég taka fram að það hefur alltaf staðið til að halda úti fyrirtæki eins og Lyfjaverslun ríkisins og ég tel að það sé í raun og veru skylda *ríkisvaldsins að koma því fyrirtæki í hendur* einkaaðilum með þeim hætti að fyrirtækið starfi áfram því annars er hætta á því að um einokun eða fákeppni verði að ræða á þessum markaði. Ég tel að ríkinu beri skylda til að halda úti samkeppni á lyfjamarkaðnum sem er gífurlega stór markaður, gífurlega fjárfrekur og hefur verulega þýðingu fyrir ríkisfjármálin því að íslenska ríkið greiðir milljarða með lyfjum eins og menn þekkja.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson minnti mig á það að í þessari viku hefst landsfundur Sjálfstfl. og sagði réttilega frá því og rifjaði upp að á síðasta landsfundi hefði verið ætlunin að lækka skatthlutföll og breikka skattstofna. Það er hárrétt hjá þingmanni að við höfum breytt um áherslur. Við höfum vegna bágs efnahagsástands þurft að lækka skatta af fyrirtækjum og færa skattbyrðina yfir á fólkið í landinu. Fólk hefur fundið fyrir þessu en þetta er að sjálfsögðu gert til þess að tryggja atvinnuna, til þess að tryggja það að fyrirtækin geti starfað, til þess að tryggja það að atvinnuleysi setjist ekki að í landinu eins og gerst hefur víða annars staðar.

Ég vil hins vegar þakka árnaðaróskir hv. þm. en bendi honum á að stundum er betri krókur en kelda og ég tel að ég sé nú að velja krókinn fram hjá keldunni, eftir sem áður er markmiðið það sama og áfangastaðurinn hlýtur að vera sá og reyndar ferðalokin verða væntanlega á þeim stað að við getum í framtíðinni lækkað skatthlutföllin og breikkað skattstofnana. (**ÓÞÞ:** Hvenær er keldan betri?) Það fer nú eftir því til hvers það er. Ef það á að steypa einhverjum í keldu eins og t.d. hv. þm., þá vildi ég nú frekar steypa þingmanninum í keldu heldur en að hengja hann upp á krók. Að því leytinu til má segja að keldan sé betri en krókurinn.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fjalla um ræðu Jónu Valgerðar sem var um nefndarstarfið, einungis benda á það að í 25. gr. þingskapalaganna er gert ráð fyrir því að fjárln. fái þetta frv. til meðferðar og meðhöndlunar frá hv. efh.- og viðskn. og tilgangur með þessari grein var áreiðanlega sá að láta starfið fara þannig að menn hefðu hvort tveggja undir. Ég legg mikla áherslu á það, virðulegi forseti, í lokin að þessi frumvörp, fjárlagafrv. og lánsfjárlagafrv. fyrir næsta ár, verði samferða og tel það afleitt að lánsfjárlagafrv. situr eftir eftir jólaleyfið því þá er hætta á að böndin bresti og ýmsir verði til þess að gera út á laust frv. — og veit ég að hv. þm., margir hverjir þingvanir, vita hvað við er átt þegar þessi varnaðarorð eru héðan sögð.

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður og vænti þess að nefndin hafi með þeim í farteskið ýmsar hugmyndir sem hægt er að moða úr í nefndarstarfinu.

[16:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að auðvitað er ég sammála því að við eigum að stefna að því að viðskiptajöfnuður okkar sé jákvæður. Ég bendi hins vegar á, og þá er ég að tala út frá fyrirtækinu Ísland, að það þykir ekki góð latína í fyrirtækjarekstri að halda greiðslujöfnuði góðum með því að ganga á eignir eins og við erum farnir að gera í hinu íslenska þjóðfélagi þegar fjárfesting er orðin minni heldur en afskriftirnar. Það kemur yfirleitt í bakseglin aftur.

Síðan ætla ég að endurtaka spurningu sem ég lagði beint fyrir hæstv. ráðherra. Það er út frá myndinni á bls. 5 í frv. Ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé sammála mér og hæstv. forsrh. eins og hann upplýsti hér í fyrradag að þessi mynd sýni í lok þessa tímabils að fyrirtæki og einstaklingar í landinu voru að borga 20% raunvexti. Þetta er sú dapra mynd sem við höfum í okkar peningamarkaði í dag. Hæstv. ráðherra var ánægður með það að vextir á ríkispappírum hefðu lækkað. Hvers vegna skyldi það vera? Það er væntanlega vegna þess að hæstv. ríkisstjórn er búin að fara þannig að ráði sínu gagnvart atvinnurekstri og uppbyggingu á atvinnulífinu hér á landi að þeir sem ráða yfir peningum þora ekki fyrir sitt litla líf að leggja þá þangað inn þannig að þeir eru farnir að keppast um að kaupa ríkispappíra. Á meðan slást fyrirtækin í landinu og bankakerfið og róa lífróður þar sem ekki er séð fyrir endann á.

En ég ætla að spyrja hæstv. ráðherra aftur hvort hann sé sammála okkur forsrh. varðandi þetta atriði.

[16:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég geti ekki svarað

þeirri fyrirspurn sem til mín var beint öðruvísi en svo að raunvextir hljóta að vera þeir vextir sem verða til þegar frá nafnvöxtum er dregin verðbólgan á tilteknu tímabili. Ég hélt að ég þyrfti ekki að svara þessu vegna þess að ég hélt að það hefði komið ágætlega fram í ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar við hvaða kjör atvinnulífið býr nú um stundir. Ég skal vissulega taka undir það að vextir fyrir atvinnulíf eru allt of háir nú um stundir.

Ef ég má, virðulegi forseti, snúa síðan aðeins að öðru efni sem hv. þm. ræddi, þ.e. um viðskiptahallann og þá hættu sem við stöndum frammi fyrir og þessum vaxtamálum, þá hangir þetta allt saman. Það er rétt hjá hv. þm. að lífeyrissjóðirnir hafa því miður ekki viljað fjármagna fjárfestingar í atvinnulífinu. Þeir hafa ekki treyst sér til þess heldur telja þeir sér betur borgið með því að kaupa ýmsa aðra pappíra.

Nú hefur það hins vegar gerst að viðskiptahallinn hefur dregist niður, m.a. vegna gengisfellingarinnar sem varð, raungengið hefur þess vegna orðið atvinnurekstrinum hagstæðara, samkeppnisstaða útflutnings- og samkeppnisgreina er betri og þess vegna má búast við því að innan tíðar muni fyrirtækin geta farið að byggja sig upp á nýjan leik og þá hlýtur það að vera keppikefli lífeyrissjóðanna sem eiga vaxandi hlutdeild í auðæfum landsmanna að taka þátt í slíku uppbyggingarstarfi. Á þetta vil ég leggja áherslu því menn þurfa að sjá alla heildarmyndina í einu þegar þeir ræða um efnahagsmálin eins og hér er verið að gera.

[16:24]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Einhvern veginn finnst mér að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn skilji ekki enn þá alvöru málsins. Hæstv. ráðherra sagði: Raunvextirnir eru munurinn á verðbólgu og vöxtum. Fyrirtækin og einstaklingarnir hafa alveg í hendi og þeir sjá hvað þeir borga í vexti. Einhver mæld verðbólga lyftir ekki tekjum viðkomandi aðila. Hæstv. ráðherra veit mætavel að launþegar fá ekki hækkun á sínum launum. (Forseti hringir.) Hæstv. ráðherra veit væntanlega líka að þorri fyrirtækja fá óbreytt verð fyrir vöru sína og áður og sum meira að segja að glíma við verðlækkanir (**Forseti:** Tíminn er búinn.) og fyrir þau eru þessir nafnvextir raunvextir og ekkert annað.

[16:25]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. var að tala um einhvern krók sem hann hefði ákveðið að fara í stað þess að ana út í einhverja keldu sem hann sá fram undan. Ég vil aðeins upplýsa hæstv. fjmrh. betur um hvað hann samþykkti á síðasta landsfundi og ég held að það sé tímabært að undirbúa hann fyrir fundinn. Hann samþykkti nefnilega þar að tekjuskattshlutfall fyrirtækja lækkaði líka í 30–35% og það stendur hér um aðstöðugjald: „Þetta gjald verður að hverfa.“ Síðan átti að afnema fleira eins og þjóðarbókhlöðuskatt, háeignaþrep og mjög margt fleira er í þessu safni þeirra fyrir síðustu kosningar.

Það væri meiri sómi að því fyrir hæstv. fjmrh., sem nú er nýlega orðinn hálfrar aldar gamall, að viðurkenna það á þessum tímamótum að hér hafi verið um óraunhæf loforð að ræða sem ekki var hægt að standa við og beita sér fyrir því að önnur eins vitleysa verði ekki samþykkt á komandi fundi.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að fylgjast svo vel með því sem við sjálfstæðismenn samþykkjum á fundum okkar, (Gripið fram í.) okkur veitir ekkert af því að hafa slíkt aðhald. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. sagði að við höfum þurft að hverfa frá þessari stefnu. Hann kýs að kalla það svo að við höfum samþykkt tóma vitleysu, við getum líka orðað það þannig að því miður hafi ástandið leitt til þess að við höfum orðið að stefna að öðrum markmiðum fyrr. En ég skal gjarnan gera það bandalag við hv. þm. að minna hann jafnframt á öll þau ósköp sem Framsfl. hefur samþykkt á sínum flokksþingum og svo skulum við sáttir skoða hvernig okkur hefur tekist báðum um markmið sem við höfum sett á okkar fundum, hver niðurstaðan hefur orðið. Ég er ekkert viss um að það halli mikið á ef við skoðum þetta báðir af fyllstu sanngirni og skal ég gjarnan taka þátt í þeim leik ásamt hv. þm. sem er fundvísastur á það sem hefur kannski aflaga farið í okkar stefnu en ég hef e.t.v. ekki nægilega mikið hirt um að fletta upp í stefnu Framsfl. upp á síðkastið af því að ég hef talið að önnur tæki væru betri til þess að stjórna landinu.

[16:28]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að viðurkenna það að ég hafi verið fundvís á það sem hafi farið mest aflaga í stefnu Sjálfstfl. Ég tel að þetta sé mikilvæg játning að hérna hafi verið rangt farið að. Ég vil fullvissa hæstv. fjmrh. um það að Framsfl. samþykkti ekki annað eins fyrir síðustu kosningar og þetta. Hann sagði hins vegar að það væri ekki hægt að lækka skattana og það gæti verið, sagði formaður flokksins einhvern tímann, að það þyrfti jafnvel einhvers staðar að hækka gjöld. Hæstv. fjmrh. hefur verið í því. Hann hefur væntanlega ekki verið að framfylgja stefnu Framsfl. í sinni ríkisstjórnartíð. Ég vænti þess að hann hafi það gott samband við landsfund Sjálfstfl. að hann sé ekki að framfylgja stefnu Framsfl. Hitt er svo annað mál að við viljum ekki hækka skatta, ég get fullvissað fjmrh. um það. Við erum þeirrar skoðunar að það eigi fremur að lækka ríkisútgjöldin. Og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. breyti um stefnu og sé ekki að bera fyrir sig þennan krók sem hann veit að er ekki réttur.

[16:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því sannarlega að hv. þm. gefur þær yfirlýsingar hér að hann vilji ekki hækka skatta heldur fremur lækka ríkisútgjöldin. Ég tek þá yfirlýsingu eins og hún er sögð og mér sýnist hún gefa tilefni til þess að Framsfl. sé opnari til sam-

starfs við ýmsa aðra flokka nú kannski fremur heldur en þegar gefin var út sú yfirlýsing sem hann vitnaði sjálfur til fyrir síðustu kosningar. Hitt er svo annað mál að það er ekki hægt að segja annað en það að þessi ríkisstjórn sem nú hefur setið hefur reynt að halda niðri sköttum og hefur ekki hækkað skatta með þeim hætti sem hv. þm. lét í veðri vaka því að það er staðreynd að skatttekjurnar og heildarskattbyrðin hefur verið að lækka þegar við teljum saman skatta af fyrirtækjum og einstaklingum.

[16:31]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vel að hálfrar aldar gamall hæstv. fjmrh. þykist nú fara að lesa samþykktir Framsfl. aftur í tímann og óska ég honum til hamingju með það lestrarefni sem hann hefur valið sér. Jafnframt vil ég geta þess að mér þykir vænt um að sú breyting hefur orðið að hann telur nú að stundum sé krókurinn betri en keldan og verður það mikil breyting á ferðalagi miðað við það sem verið hefur því að hann hefur verið svo fundvís að sigla beint í hverja kelduna eftir aðra að undanförnu að aðdáun vekur.

Ég vil upplýsa hann um það að hengingar hafa gefist illa og eru aflagðar í flestum löndum, jafnvel þó að markmiðið sé að taka menn af hvort sem er þingmenn eða aðra og tel að hann þurfi að leita annarra ráða hyggist hann fara að nota krókinn í annarlegri merkingu. En ég vil minna hæstv. fjmrh. á það að hér úr þessum stól talaði gjarnan fyrr á tímum ágætur þingmaður úr liði alþýðubandalagsmanna, hv. þm. Geir Gunnarsson. Hann sagði gjarnan að sér fyndist stundum að málshátturinn „lofa skal mey að morgni og mann þegar öll er hans ævi" ætti við dálítið útfærður varðandi fjárlögin og lánsfjárlög, þ.e. það ætti að lofa fjárlögin þegar fjárlagaárið væri búið, ekki áður, og sama væri með lánsfjárlögin. Og nú vænti ég þess að hæstv. fjmrh. lesi ríkisreikninginn og samþykkt fjárlög og meti hversu mjög beri að lofa.

[16:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að hv. þm. hefur verið viðstaddur umræðuna og fylgst með því sem hér fór fram, enda mátti heyra það af efni máls hans. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég er kominn á þann aldur að ég fer að velja mér öðruvísi lestrarefni en ég gerði fyrr á ævinni og þar kemur auðvitað til greina að líta á það sem þeir framsóknarmenn hafa skrifað.

Þetta hafa orðið fróðlegar umræður hér um krókinn og kelduna og það er alveg rétt hjá hv. þm. að krókinn má nota til þess að hengja. En ég vænti þess að þegar menn skoða reynsluna af ríkisfjármálastefnu þessarar ríkisstjórnar og handleiðslu minni í fjmrn., að hv. þm. taki ekki þátt í því að hengja bakara fyrir smið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1993, 1. umr.

Stjfrv., 76. mál (heildarlántökur ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 79.

[16:34]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lánsfjárlögum fyrir árið 1993. Þetta er 76. mál þingsins á þskj. 79. Þetta frv. er ekki langt en það er þeim mun dýrara því að í 1. gr. er gert ráð fyrir að á fimmta milljarð kr. bætist við í heimild til lántöku. Í 2. gr. laganna er um að ræða hækkun á lántökuheimildum. Annars vegar er það vegna atvinnutryggingardeildar Byggðasjóðs ef ég man rétt og hins vegar vegna lántöku Spalar sem er tilkomin vegna rannsóknar á botni Hvalfjarðar í tengslum við fyrirhuguð jarðgöng undir Hvalfjörð.

Heildarlántökur ríkissjóðs voru áætlaðar 15,4 milljarðar kr. í fjárlögum 1993. Við afgreiðslu lánsfjárlaga 1993 á Alþingi í janúar var heimildin hækkuð í 15 milljarða 970 millj. kr. í tengslum við breytingar á tekjuhlið fjárlaga og aukinnar lánahreyfingar ríkissjóðs. Samkvæmt endurskoðaðri lánsfjáráætlun stefnir heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á yfirstandandi ári í að verða um 20,2 milljarðar kr.

Í greinargerð með frv. er frekari grein gerð fyrir frv. Þetta frv. er auðvitað flutt til þess að fylla út í það sem áður hefur verið fjallað um hér á hinu háa Alþingi, en það er nauðsyn að taka lán vegna þess að halli ríkissjóðs hefur reynst meiri en ætlað var í upphafi. Skýringar á því hafa þegar komið fram í umræðum hér á hinu háa Alþingi.

Í frv. er lántökuheimildinni ekki skipt í innlenda og erlenda heimild sérstaklega og er það í samræmi við þá stefnumörkun sem fyrr var rædd á þessum fundi þegar rætt var um lánsfjárlögin fyrir 1994. Þá á ég þar fyrst og fremst við hinn opna fjármagnsmarkað.

Ég tel ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara frekari orðum um þetta frv. því að flest efnisatriðin sem koma fram í greinargerð hafa þegar verið rædd þegar rætt var um frv. til laga um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1994. Ég vil enn fremur taka fram að fyrir þinginu liggur nú frv. til fjáraukalaga fyrir yfirstandandi ár og með því að skoða það frv. með þessu og fjárlögum yfirstandandi árs geta menn lesið sér til um það hvernig þróun ríkisfjármálanna hefur verið frá upphafi árs til þessa dags.

Virðulegi forseti. Að þessari framsöguræðu lokinni legg ég til að málið verði sent til efh.- og viðskn. sem væntanlega mun senda málið áfram til fjárln. samkvæmt 1. og 2. mgr. 25. gr. þingskapa.

[16:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nota tækifærið til að vekja athygli á því í kjölfar ræðu hv. 2. þm. Vestf. sem hér talaði áðan var hæstv. fjmrh. að lofa fjárlög yfirstandandi árs og hefði hann kannski mátt spara sér að gera það á haustdögum á síðasta ári því að nú þegar samkvæmt þessu frv. hér erum við að ræða um ríkissjóðshalla upp á 12,3 milljarða kr. en ekki 6,2 eins og

hæstv. fjmrh. kynnti þegar frv. var kynnt á síðasta ári.

[16:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem kemur fram hjá hv. þm. að talsverðu skakkar þegar um er að ræða niðurstöðutölur fjárlaga og því sem mun koma fram sem halli á yfirstandandi ári. Skýringar á þessu er að finna í fjárlagafrv. Þær eru einkum af tvennum toga. Annars vegar hefur samdrátturinn orðið meiri í efnahagslífinu heldur en við áttum von á. Það hefur framkallað bæði á tekjuhlið minni tekjur og á gjaldahlið frekari útgjöld, einkum í formi atvinnuleysistryggingabóta. Hins vegar voru teknar ákvarðanir á vegum ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga sem kosta ríkissjóð talsverða fjármuni, bæði á tekjuhlið með niðurfellingu á sköttum vegna atvinnureksturs og hins vegar á gjaldahlið, m.a. til þess að greiða niður vöruverð í landinu. Þetta eru meginskýringarnar. Þær eru fleiri en þegar málið er síðan skoðan í heild sinni og við berum þetta saman við það sem gerst hefur fyrr þá kemur í ljós að hér fyrir nokkrum árum síðan munaði talsvert miklu meiru yfirleitt á fjárlagatölunum og niðurstöðutölunum og ég tel að sem betur fer hafi þessi mál verið að færast í betra horf þótt aldrei megi búast við því að niðurstöðutölur fjárlaga verði nákvæmlega þær tölur sem koma út í raun.

[16:41]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því betur er það nú svo að hæstv. fjmrh. eða hæstv. núv. ríkisstjórn er ekki alls varnað. Og það er alveg rétt að fjárlög eru smám saman með tímanum að verða raunhæfari en var áður, ég tala nú ekki um á þeim tíma þegar ráðherrar voru í fjárlaganefndarleik nánast allt árið eins og var ef við förum lengra aftur í tímann.

En hitt vil ég benda hæstv. ráðherra á að hann staðfesti það sem ég sagði í ræðu minni fyrr í dag að sú samdráttarstefna, sem núv. hæstv. ríkisstjórn rekur og þar sem peningastefnan á ekki síst stóran þátt, dregur allt samfélagið niður og það bitnar á ríkissjóði ekki síður en öðru. Eina leiðin út úr þessu er að örva framleiðsluna, örva útflutninginn og innlendu framleiðsluna. Það er eina færa leiðin sem við eigum út úr þeim ógöngum sem við erum í í dag.

[16:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég er algjörlega sammála hv. þm. að það sem íslenska þjóðfélagið þarf mest á að halda er að auka útflutningsframleiðsluna. Og þess vegna hefur hæstv. ríkisstjórn stefnt að því með öllum tiltækum vopnum að styrkja samkeppnisstöðu útflutningsgreinanna.

En við skulum hafa eitt í huga að á sama hátt og þegar við setjum af stað atvinnurekstur í þessu landi og beitum margföldunaráhrifum, segjum t.d. að þegar við komum upp stóriðju megi margfalda með tveimur eða þremur, þá gerist það nákvæmlega sama þegar saman dregur að það eru margfölduð áhrif í því líka. Þetta liggur í eðli hlutanna en réttlætir hins vegar ekki að við aukum sífellt ríkissjóðshallann og beitum ríkissjóði þegar illa árar. Ef við gerðum það þá endar slíkt að sjálfsögðu illa.

[16:44]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. sem hér er flutt, sem er ekkert nýmæli, vekur að sjálfsögðu upp spurningar um þær ákvarðanir sem ríkisstjórnir taka eftir að fjárlög ríkisins hafa verið samþykkt. Hér segir með saklausum hætti að rekstrarafkoman hafi verið helmingi verri en áætlað var og þess vegna þurfi að samþykkja þar viðbótarútgjöld en á bak við þessa rekstrarafkomu eru ekki eingöngu breyttar forsendur heldur nýjar ákvarðanir. Og það vekur líka upp spurningar þegar ríkisstjórnin fer nú fram á heimild til þess að veita fyrirtækinu Speli hf. allt að 50 millj. kr. lán vegna undirbúningsrannsókna fyrir væntanleg jarðgöng í Hvalfirði. Nú ætla ég ekki hér og nú að leggja mat á það mál, en hefur ríkisstjórnin með þessu ákveðið að þessi jarðgöng verði byggð? Væntanlega hefur hún gert það fyrst þarna stendur að hér sé um væntanleg jarðgöng að ræða.

Eru það heppileg vinnubrögð að ríkisstjórnin ákveði það á sumarfundi að nú sé rétt að fara í stórframkvæmd sem þessa? Hefur það reynst skynsamlegt í gegnum árin að svona ákvarðanir hafi verið teknar með þessum hætti? Ég leyfi mér að segja nei í því sambandi og ég dreg mjög í efa að ríkisstjórnin hafi heimild til þess. Ég vil benda á að við höfum tekið upp nýja starfshætti á Alþingi eins og samþykkt var að gera. Alþingi starfar nú allt árið og það er mögulegt að kalla það saman til þess að taka nýjar ákvarðanir ef sérstakar aðstæður gefa tilefni til þess eins og t.d. yfirvofandi ófriður á vinnumarkaði.

Það er eins og hæstv. ríkisstjórn hafi lítið áttað sig á þessum breytingum og vilji ekki notfæra sér það aðhald sem í þessu getur verið. Á fjmrn. að samþykkja útgjöld í ýmsum málaflokkum án þess að leita til þess samþykkis Alþingis? Telur hæstv. fjmrh. það heppilegt? Telur hann ekki ástæðu til að nota það til að staldra við og halda það í heiðri að mál hljóti góðan undirbúning á Alþingi og umfjöllun þar? Ég vek líka athygli á því að margt af þeim útgjöldum sem hefur verið stofnað til hefur verið gert alveg án samráðs við Alþingi og ég sé ekki að ráðherrar hafi einu sinni látið sér detta það til hugar að biðja um það að þingnefndir Alþingis sem starfa þó allt sumarið líti á þau mál til þess að auðvelda meðferð málsins þegar til þings kemur. Það er talið óþarft. Og ég leyfi mér að fullyrða að það er ekki í anda þeirra breytinga sem hafa átt sér stað hér á Alþingi og mig undrar það að hæstv. fjmrh. skuli ekki vilja viðhalda þessari hugsun. Ég hefði haldið að það væri nú heldur til að aðstoða fjmrh. á hverjum tíma í þeirri glímu, sem hann á ávallt í við samráðherra sína í ríkisstjórn sem vilja stundum fara hraðar í útgjöldum en æskilegt er, að halda ríkissjóðshallanum í lágmarki. Og ég vil af þessu tilefni spyrja og taka það sem dæmi í sambandi við lánveitingu til Spalar hf.: Er búið að veita það lán og er búið

að ákveða það að ráðist verði í þessi jarðgöng og telur ríkisstjórnin að ekki þurfi að eiga sér stað nein umfjöllun á Alþingi til þess að svo geti orðið?

[16:50]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingar á lánsfjárlögum fyrir árið 1993. Ég vil í því tilefni lýsa yfir stuðningi við þetta frv. En ekki síst vegna ræðu hv. 1. þm. Austurl. sem snerist m.a. um þann þátt þessa frv. sem lýtur að heimild til þess að *veita Speli hf. lán vegna rannsókna, þá vildi ég leggja* áherslu á það að hér er afar mikilvægt mál á ferðinni, það hafa staðið yfir athuganir á hagkvæmni þess að bora göng undir Hvalfjörðinn. Það var stofnað sérstakt félag til þess að vinna að þeim undirbúningi. Ég vil minna á að það var m.a. í tíð fyrrv. ríkisstjórnar, þar sem hv. 1. þm. Austurl. átti sæti, sem gerður var sérstakur samningur við Spöl hf. og ég hef litið svo á að Spölur hafi fulla heimild til þess að vinna að þessum undirbúningi. En nú er komið að því að vinna að rannsóknum sem kosta nokkra fjármuni og þess vegna er leitað eftir þessari heimild.

Ég vil bara í tilefni af þessari umræðu hér og orðum hv. 1. þm. Austurl. leggja áherslu á að þetta fyrirtæki hefur unnið hið ágætasta starf og ég legg ríka áherslu á að ekki verði brugðið fæti fyrir það að fyrirtækið fái lán og hér verði veitt heimild til þess að standa að því með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

[16:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það var eingöngu vegna fyrirspurnar um Spöl hf., þá kom það fram hjá hv. síðasta ræðumanni hver var aðdragandi þess máls. Ég tel að ríkisstjórnin hafi í sjálfu sér ekki tekið neina endanlega ákvörðun í þessu máli. Spölur er einkafyrirtæki og það fyrirtæki sem hefur lýst því yfir að það hyggist standa fyrir framkvæmdum án þess að ríkið sé aðili að þeim. Þessar 50 millj. kr. þurfti hins vegar til þess að gera nauðsynlegar rannsóknir. Ef ekki hefði verið farið fram á ákveðna lántöku eins og hér er gert ráð fyrir, og þá þannig jafnvel að hægt sé að greiða þetta til baka í tímans rás, þá hefði þetta að sjálfsögðu þótt eðlilegt verkefni Vegagerðar ríkisins.

Ég tel með öðrum orðum að það sé ekki mál ríkisvaldsins hvort af þessari framkvæmd verður. Ég vil hins vegar segja að mér sýnist að þetta geti verið mál sem horfir til góðs, komi á eðlilegum og góðum tíma fyrir okkur. Það byggist hins vegar alveg á því hvernig til tekst með fjármögnun og endanlega samninga við ríkisvaldið. Ég skal láta það koma fram hér að ég er nokkuð íhaldssamur á það að gerðir séu sérstakir samningar við það fyrirtæki sem sér um verkið og tel að útreikningar sýni að svo þurfi ekki. Það kann að þurfa einhverja tilhliðrun en mér sýnist, eins og málið liggur fyrir, að hér sé um arðsama framkvæmd að ræða.

Það sem skiptir Vegagerð ríkisins máli er að ef ekki verður gripið til þessarar framkvæmdar þá þarf að taka veginn, nánast allan veginn í Hvalfirði upp, moka honum upp á pall og setja alveg nýtt lag, bæði neðra lagið og slitlagið. Að því leytinu til má því segja að hugsanlega spari ríkið fjármuni.

Það sem hins vegar verður erfitt, og ég held að það hafi kannski verið það sem hv. þm. átti við, er að þessi framkvæmd mun kosta verulega fjármuni og ef þeirra fjármuna er leitað á íslenskum lánsfjármarkaði umfram erlendan þá hefur það auðvitað áhrif á vexti með sama hætti og lánsfjárþörf ríkisins gerir.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjalla frekar um þetta mál en get að ýmsu leyti tekið undir annað sem hv. *þm. sagði. Það er ætíð spurning hvenær á að kalla* til nefndir þingsins og ræða við þær um einstakar ákvarðanir. Það sem gerðist í kjarasamningum í sumar var með þeim hætti að það þurfti að taka ákvörðun um þá hluti strax. Það var gert af hálfu bráðabirgðalöggjafans. Það hefur þegar komið fram í frv. og verið rætt hér. Ég fagna því hins vegar að hv. þm., sem nú er formaður efh.- og viðskn., sé tilbúinn til þess að eiga gott samstarf við fjmrh. um þessi mál og vil gjarnan fá tækifæri til þess að ræða við hann um það hvernig hentugast er að samstarf ráðuneytis og nefndarinnar geti orðið í framtíðinni.

[16:56]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig ekkert nýtt, þegar menn tala um að það sé rétt að hafa varúð í sambandi við útgjöld ríkisins, að þá koma upp raddir um að í slíkri gagnrýni felist að það sé verið að reyna að bregða fæti fyrir málið. Ég vil ekki að mín orð séu skilin þannig. En ég tel að það sé á margan hátt óeðlilega að þessu máli staðið. Hér er verið að veita ríkisábyrgð, sem ég skil hæstv. fjmrh. að sé búið að veita og búið að veita lánið, án þess að Alþingi hafi fjallað um það, sem síðan geti orðið ráðandi um það hvort í þessa framkvæmd verður ráðist eður ei. Ég vil bara ítreka það að ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að það sé málefni Alþingis að fjalla um slík stórmál og menn eigi að leita nauðsynlegra samþykkta í málinu alveg án tillits til þess þó einhver samningur hafi verið gerður um málið í tíð minni í ríkisstjórn. Það kemur þessu máli ekkert við. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. hafi metnað til þess að halda á þessum málum þannig að það sé eðlilega að hagsmunum ríkisins staðið og það er það sem ég var að leggja áherslu á. En ég ætla ekki að leggja endanlegt mat á það hvort í þetta mikla verk skal ráðist eður ei. Það hlýtur að ráðast af framkvæmdaþörfum í landinu, möguleikum Vegagerðarinnar og arðsemi verksins, umfram önnur verk sem bíða. Þar tel ég að mikilvægast af öllu sé að efla okkar útflutningsframleiðslu og efla atvinnulífið. Það stoðar lítið að eiga góða vegi ef framleiðslan er lítil.

[16:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann að vera þannig að góðir vegir og góðar samgöngur geti örvað útflutning landsmanna. Ég hygg að ástæðan fyrir því að menn sækjast eftir því að hafa samgöngur góðar hér á landi sé einmitt sú að við teljum okkur vera að styrkja at-

vinnulífið og byggðirnar með þeim hætti.

Varðandi þessar 50 millj. sem hér er verið að ræða um þá fannst okkur í ríkisstjórninni og meiri hlutanum eðlilegt að gripið væri til þess nú þegar að rannsaka botninn í Hvalfirði. Það hefði verið gert annaðhvort með lánveitingu til Spalar, eins og hér er verið að fara fram á, eða, sem mörgum þótti eðlilegra, að Vegagerð ríkisins greiddi þetta fé sjálf og þá hefði komið upp sú staða að það hefði verið beðið um aukafjárveitingu í haust. Niðurstaðan af þessum rannsóknum er síðan væntanlega ráðandi um það hvort fyrirtækið, sem er einkafyrirtæki og starfar án ríkisábyrgðar, mun fara í það að framkvæma það sem að er stefnt og bora undir Hvalfjörðinn. Hér er því ekkert um annað að tefla en þessar 50 millj. sem ég hygg að Vegagerðin hefði hvort sem er þurft að taka að láni vegna þess að öllum er ljóst að það þarf að taka upp veginn í kringum Hvalfjörð ef ekki verða gerð jarðgöng.

[17:00]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út frá ummælum hæstv. ráðherra um það að ef farið yrði í þessa framkvæmd þá yrði að fjármagna það með lánum og taka til þess lán, þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Ef það væri niðurstaðan hjá viðkomandi fyrirtæki að framkvæmdin væri arðbær, það sparaðist það mikið í styttri vegalengdum sem menn ækju að ríkið gæti sparað sér verulega fjármuni þannig að ekki þyrfti að endurbyggja allan veginn fyrir Hvalfjörð, telur þá hæstv. ráðherra að út frá þessum forsendum gæti verið eðlilegt að taka til framkvæmdarinnar lán með bestu kjörum, burt séð frá því hvort sem það væri innlent eða erlent? (**Fjmrh.:** Til heildarframkvæmdarinnar?) Já, hvort ráðherra teldi að út frá þessum forsendum gæti það verið eðlilegt að taka til þess lán og jafnvel þó það væri að öllu leyti erlent.

[17:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég hef skilið spurninguna rétt þá er verið að spyrja um það hvað mér sýnist um að fyrirtæki, sem er fyrirtæki reyndar í eign opinberra fyrirtækja, að nokkru leyti, taki lán án beinnar ríkisábyrgðar, hvernig mér litist á að það taki erlend lán eða innlend. Ég get því miður ekki svarað þessari fyrirspurn. Ég tel það reyndar ekki í mínum verkahring að gera það. Hins vegar munu fjmrn. og samgrn. koma að þessu verki, fyrir utan það að hafa gert fyrirliggjandi samning og reyndar nýjan samning, þegar og ef um það verður beðið að um einhvers konar ábyrgð verði að ræða eða þá tilhliðrun í sköttum. En á meðan svo er ekki þá tel ég það ekki í mínum verkahring að svara þessari fyrirspurn frekar en að svara fyrirspurn þess efnis hvort eitthvert annað fyrirtæki sem starfar hér á landi eigi eða geti tekið erlend lán.

[17:03]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef kannski ekki komið mínum skilningi eða minni meiningu nóg vel til skila hvað þetta snertir. En það sem ég var einfaldlega að fiska eftir er það að þegar við ræðum um erlend lán, eins og ég reyndi að gera í ræðu minni í dag, þá skiptir kannski ekki máli hver lánsupphæðin er eða hvað við skuldum erlendis heldur hvort við erum að fjármagna framkvæmdir sem standa undir sér og skila þeim tekjum að við stöndum undir láninu. Ég held að það sé meginmarkmiðið sem menn eiga að horfa meira á heldur en endilega hvert lánshlutfall er á hverjum tíma.

[17:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er það gleðiefni að fá að svara þessu, því þegar spurt er svona þá tel ég það fyllilega réttlætanlegt að taka erlend lán ef um er að ræða framkvæmd sem stendur undir sér. Og ég tel að ef vel tekst til og ákveðið verður að fara þessa leið sem þarna er verið að tala um að hér sé um að ræða nokkurs konar einkavæðingu á sviði samgangna á landi. Þetta hefur verið gert í Noregi í stórum stíl upp á síðkastið og með þessu hefur verið mælt sérstaklega af hálfu ýmissa opinberra aðila á Norðurlöndum. Þetta hefur lengi tíðkast annars staðar og í öðrum löndum, að einkafyrirtæki byggi vegi eða byggi brýr eða grafi göng og taki síðan gjald af vegfarendum. Sé það ljóst af hagkvæmnisskýrslum að þetta geti borgað sig og sé þjóðþrifafyrirtæki sem standi undir sér, þá sé ég ekkert að því að það séu tekin erlend lán til þessarar starfsemi eins og annarrar slíkrar starfsemi. Ég vona að þetta sé skýrara svar en áðan.

[17:05]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hæstv. fjmrh. að það er vissulega afar mikilvægt, m.a. við uppbyggingu atvinnulífsins í landinu, að samgöngur séu sem bestar. Umræður um svokölluð jarðgöng undir Hvalfjörð hafa verið á þeim nótum að það hefur verið talinn álitlegur kostur að bæta svo samgöngur um þessa fjölförnu leið með jarðgöngum að það gæti orðið til þess að efla þá atvinnu sem m.a. byggir á því að flytja varning og afurðir um þetta svæði.

Það var m.a. bent á það að ef ekki verður ráðist í þessar framkvæmdir við Hvalfjarðargöng þá er alveg ljóst, eins og kom fram í umræðunni, að það þarf að byggja upp veginn fyrir Hvalfjörð, ekki aðeins að endurbyggja veginn sjálfan heldur brú í Hvalfjarðarbotni. Allt kostar þetta töluverða fjármuni, þannig að á þetta þarf að líta þegar verið er að meta hagkvæmni þessara framkvæmda.

En vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið er kannski ástæða til að velta því upp hvort ekki hefði e.t.v. verið eðlilegra að ráðast í þessar rannsóknir, sem nú er talið nauðsynlegt að ráðast í, áður en gengið var til þess að gera samninga, m.a. af hálfu ríkisins, við þetta fyrirtæki, þetta hlutafélag sem hefur verið stofnað um framkvæmdir og rekstur á jarðgöngum.

Mér finnst að það væri full ástæða til þess að velta þeirri spurningu upp, e.t.v. til þess að leggja áherslu á

það í framtíðinni að rannsóknir vegna slíkrar mannvirkjagerðar eru afar mikilvægar. Okkur Íslendingum hættir allt of oft til að ákveða fyrst framkvæmdirnar og fara síðan að rannsaka og gera áætlanir sem kannski leiða síðan til annarrar niðurstöðu en menn höfðu í upphafi gert ráð fyrir.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess samt sem áður að þrátt fyrir þessar umræður, sem eru út af fyrir sig nauðsynlegar, fái þetta frv. og þessi heimild sem frv. gerir ráð fyrir greiðan gang í gegnum þingið, þannig að ekki verði horfið frá því að hefja þær rannsóknir sem talið er nauðsynlegt að gera í Hvalfirðinum svo þessi merkilega framkvæmd geti farið af stað sem allra fyrst og eflt þar með atvinnulífið í landinu, bæði á byggingartíma og svo ekki síður þegar og ef samgöngurnar verða bættar um Hvalfjörðinn með þeim hætti sem Spölur hefur hugsað sér að gera.

[17:09]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Við 1. umr. fjárlaga sagði hæstv. fjmrh. að ríkisstjórninni hefði borist í hendur plagg þar sem fram kæmi að það væru ótal úrræði til að lækka vexti. Ég taldi þá að það mundi ekki líða á löngu þangað til að vextirnir færu að lækka, ríkisstjórnin notaði eitthvað af þessum óteljandi úrræðum. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort að viku liðinni hafi ríkisstjórnin ekki tekið neina ákvörðun um að nota þessi góðu ráð þannig að vextirnir fari að lækka strax, sérstaklega þá vegna þess sem hæstv. fjmrh. sagði að honum væri ljóst, og því fagna ég, að mikilvægasta verkefnið nú sé að efla útflutningsatvinnuvegina. Reyndar tel ég að þarna skilgreini hæstv. fjmrh. þörf atvinnuveganna of þröngt því að ég tel að það sé jafnmikilvægt fyrir okkur að auka þá framleiðslu sem sparar innflutning. Ég tel að þar hafi ríkisstjórnin verið á algjörum villigötum þegar hamrað hefur verið á því að það sé hagkvæmara fyrir þjóðina að flytja meira inn og slá lán til þess heldur en að framleiða vöruna hér. Og ekki aðeins framleiðslu á samkeppnisvöru sem sparar gjaldeyri og mikilvægt er að efla heldur einnig þjónustu sem skapar gjaldeyri og flytur þannig inn verðmæti. Þar á ég við ferðaþjónustuna sem ég impraði líka á í umræðu um fjárlagafrv. En ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það hafi ekki komið til umræðu hjá ríkisstjórninni þar sem henni er nú orðin ljós þörf atvinnuveganna að draga eitthvað úr þeirri skattheimtu sem leggja skal á ferðaþjónustuna um næstu áramót.

[17:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Í lok þessarar umræðu vil ég segja vegna orða síðasta hv. ræðumanns að nú liggur fyrir það plagg sem ég var að vitna til, þ.e. þessi vaxtaskýrsla sem einmitt var verið að gefa út þann dag sem 1. umr. fjárlaga fór fram og ég var að vitna til. Ég tel satt að segja að ríkissjóður sem slíkur hafi gert ákaflega margt til þess að lækka vexti og það sýnir sig t.d. á því að vextir á ríkisverðbréfum hafa farið lækkandi að undanförnu og hafa jafnvel nafnvextir lækkað þrátt fyrir það að verðbólgan hafi aukist. Ég viðurkenni það hins vegar eins og við höfum gert hér, flestir þeir sem hafa tekið þátt í umræðunum í dag og frá því að þing kom saman, og reyndar miklu fyrr, að okkur hefur enn ekki tekist að hafa þau áhrif í bankakerfinu sem við helst vildum sjá.

Í þessari skýrslu liggja fyrir ýmsar hugmyndir og tillögur og fyrir örfáum dögum byrjaði Seðlabankinn á því að lækka millibankavexti til þess einmitt að reyna að ná niður vöxtum. Ég tel að viðskrh. muni á næstunni fylgja eftir þeim tillögum sem er að finna í þessari grænu bók, Vaxtamyndun á lánsfjármarkaði.

Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. að það er full ástæða til að gefa gaum þeirri framleiðslustarfsemi sem fer fram hér á landi og er gjaldeyrissparandi eins og margoft hefur komið fram, og þá á ég ekki síst við landbúnaðinn sem auðvitað verður ekki lagður niður í bráð á Íslandi. Ég held að ekki nokkrum einasta manni detti það í hug. En ég vil minna á að með því að taka niður viðskiptahallann, með því að skrá gengið rétt, með því að raungengið núna er lægra en það hefur verið frá því að mælingar hófust, þá erum við að styrkja þessar heimagreinar og við erum að styrkja þær ekki síst vegna þess að við eigum von á því innan tíðar að gengið verði frá GATT-samkomulaginu, Uruguay-lotunni. Þegar við skrifum undir þann samning, þá alþjóðlegu skuldbindingu, getum við ekki lengur lokað íslenskum landamærum fyrir erlendum landbúnaðarafurðum, heldur þurfum við að beita öðrum tækjum. Og þeim tækjum munum við að sjálfsögðu beita með þeim hætti sem landbrh. hefur lýst að undanförnu í sínum ræðum og ég veit að hv. þm. þekkir það.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram. Og vegna ferðaþjónustunnar, þá hygg ég að gengisfellingin og hin breytta staða í kjölfar hennar hafi styrkt verulega ferðaþjónustuna hér á landi og ekki síst stærri fyrirtækin, bæði þau sem eru í beinni ferðaþjónustu og eins í flutningum á vörum. Ég á von á því sem betur fer að það verði hagstæðara árferði fyrir þessi fyrirtæki fyrir vikið. Við erum að ræða það um þessar mundir í fjmrn. og væntanlega á milli samgrn. og fjmrn. hvernig bregðast skuli við vegna sérstakra vandamála sem koma upp við virðisaukaskattinn sem fellur á þann hluta ferðaþjónustunnar sem hingað til hefur verið virðisaukaskattsfrjáls. Vonandi fáum við þar niðurstöðu sem verður á þá leið að ferðaþjónustan geti vel við unað.

[17:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fór nú svo að mitt bóndahjarta tók eilítinn kipp þegar hæstv. ráðherra sagði að það dytti engum í hug að íslenskur landbúnaður yrði lagður niður, í það minnsta í bráð. Og nú vil ég svona spyrja hæstv. ráðherra hvað hann átti við með þessu, hvenær hann telji þá að það væri tímabært að leggja íslenskan landbúnað niður.

[17:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti hálfrar aldar afmæli í gær og þá sá ég eftir það miklu betur en áður að það fer að

styttast dálítið í þessu hjá manni og líklega er vísast að gefa ekki neinar yfirlýsingar fram í tímann. Þegar ég sagði í bráð, þá átti ég að sjálfsögðu við þann tíma sem ég hef einhver áhrif í íslenskum stjórnmálum. Ég get ekki orðað þetta nema svona því að ég veit að við erum sammála um það, ég og hv. þm., að við erum hvorugur eilífur og getum ekki talað þannig að við vitum nákvæmlega hvað gerist um alla framtíð.

[17:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú vex enn ótti minn því að ég sé ekki fram á að þessi ríkisstjórn sitji mjög lengi og ef það er svo að það séu þau tímamörk sem hæstv. ráðherra er að tala um, þá er ég ekki rólegur.

[17:18]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. gaf hér mjög merkilega yfirlýsingu áðan sem er nauðsynlegt að fylgja eftir. Hann sagði að það væru nú í gangi viðræður á milli samgrn. og fjmrn. um þau vandamál sem kæmu upp vegna þess að það ætti að fara að leggja virðisaukaskatt á íslenska ferðaþjónustu. Þessi ákvörðun var því miður tekin á síðasta Alþingi en nú skilst mér að það séu einhverjar viðræður í gangi um þau vandamál sem munu koma upp. Gerðu ráðherrarnir sér ekki grein fyrir því þegar þeir voru að setja þessi lög að það mundu koma upp vandamál? Eru þeir fyrst að gera sér grein fyrir þessu núna? Eina leiðin til þess að bregðast við þessum vandamálum er að sjálfsögðu að fella skattinn niður. Það getur ekki verið neitt annað sem mennirnir eru að tala um. Eða á að fara að koma með einhver ný undanþáguákvæði, einhvern nýjan skattabastarð til þess að mæta þarna málum? Mér þykir afar ólíklegt að íslensk ferðaþjónusta muni sætta sig við neitt annað en að fella þennan skatt niður, enda er það þjóðhagslega hagkvæmt. Það veit hæstv. fjmrh. en ég get vel unnað honum þess að viðurkenna það ekki fyrr en á landsfundinum um helgina. Hann þarf ekki endilega að gera það hérna í dag. Það er aðalatriðið að hann geri það fljótlega.

[17:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvaða gífurlegur ótti þetta er hjá hv. þm. vegna landsfundar Sjálfstfl. Hann klifar á þessu stöðugt í sínum ræðum í dag að landsfundur sé fram undan. (**Gripið fram í:** Þetta er auglýsing.) Já, ég skal þakka hv. þm. fyrir að auglýsa þennan landsfund. Ég veit að þeir sem horfa a.m.k. á þessa útsendingu í Sýn verða fegnir að fá svona auglýsingu vegna þess að ég vonast til að einhver hluti landsfundarins verði sýndur þar.

En ég skal skýra þetta aðeins nánar. Vandamálin voru kunn og þau eru m.a. þessi: Þegar virðisaukaksattur lækkar af matvælum sem eru aðföng í ferðaþjónustunni, aðföng hjá þeim hluta starfseminnar sem nú er skattskyldur, þegar virðisaukaskatturin lækkar, þá lækkar ekki matarverðið, ekki kjötið, ekki mjólkin, ekki landbúnaðarvörurnar vegna þess að niðurgreiðslurnar lækka að sama skapi. Þetta þýðir að innskatturinn lækkar og þegar innskatturinn lækkar verður minna til frádráttar frá útskattinum. Það er með öðrum orðum hætta á því að vöruverðið hækki. Auðvitað þarf að koma í veg fyrir slíkt og það verður ekki gert nema með því að gera breytingar á reglum og lögum og að því er unnið. Annað var ekki verið að segja, en það eru vissulega önnur atriði sem þarf að ræða. Síðan minni ég á það, sem ég vona að hafi ekki farið fram hjá hv. þm., að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir áforma einnig, og það liggur fyrir í lögum, það er búið að breyta lögum, að lækka tryggingagjaldið sem er verulegt af ferðaþjónustunni.

[17:21]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er langt síðan ég gerði mér grein fyrir því að þessi breyting á svokölluðum matarskatti mun trúlega valda því að verðlag á innlendum matvælum mun hækka en ekki lækka. Hins vegar mun verðlag á innfluttum matvælum lækka verulega, það er rétt. Þetta ættu ekki að vera nein ný sannindi fyrir hæstv. ríkisstjórn. En að nú eigi að fara að grípa til einhverra aðgerða vegna ástands sem var alveg ljóst þegar þessar ákvarðanir voru teknar kemur mér mjög á óvart. Ég hélt að þetta væri eitthvað sem ríkisstjórnin ætlaði hreinlega að láta ganga yfir þótt óskynsamlegt væri. Hún er vön því. En mér finnst nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. upplýsi þetta betur því að hann sagði jafnframt að hann gerði ráð fyrir að íslensk ferðaþjónusta yrði ánægð með niðurstöðuna. Hvað hefur hæstv. fjmrh. fyrir sér í þeim efnum þegar hann lýsir því yfir að hann vænti þess að ferðaþjónustuaðilar verði ánægðir með niðurstöðuna? Hvaða ástæðu hafa þeir til þess? Ég leyfi mér að halda því fram að þeir hafi enga ástæðu til að vænta þess að geta orðið ánægðir með niðurstöðuna nema þá fjmrh. upplýsi það hér að skatturinn verði felldur niður eða þá einhverjar aðrar aðgerðir sem geti orðið til þess að lagfæra þetta mál.

[17:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru ekki eingöngu skattamálin sem snerta ferðaþjónustuna. Það eru önnur mál einnig sem skapa þá umgjörð sem ferðaþjónustan býr við. Ég minni á að það eru gengismálin enn fremur sem hafa áhrif. Þessi ríkisstjórn hefur hagað sínum gjörðum þannig í gengismálum að nú býr ferðaþjónustan, a.m.k. þegar verið er að ræða um erlenda ferðamenn, við betri kjör en oftast áður, við betri samkeppniskjör en oftast áður. Ég vonast satt að segja til þess að það sé virt ríkisstjórninni þegar þetta er sagt því að það eru ekki eingöngu skattarnir sem hafa þýðingu heldur líka gengismálin.

[17:24]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Þegar ég bað um orðið þá var það til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þá yfirlýsingu að nú stæðu yfir viðræður milli samgrn. og fjmrn. um málefni ferðaþjónustunnar og hann vonaðist til þess að sú niðurstaða mundi veita þessari atvinnugrein ánægju.

Mér fannst þetta vera ákaflega mikilvæg yfirlýsing, sérstaklega af því að þá rifjaðist upp fyrir mér yfirlýsing sem hæstv. samgrh. gaf rétt eftir áramótin síðustu. Þá skrapp hann til Egyptalands og var þar kynnt það að ferðaþjónusta í Egyptalandi væri ákaflega mikilvæg fyrir það land og þeir gerðu mjög margt til þess að styðja hana og væru með til athugunar að lækka gjöld á henni. Jafnframt sagði hann þá í fréttaviðtali þaðan: „Það gengur sko ekki að leggja gjöld á íslenska ferðaþjónustu." Þetta hlýtur því að vera það sem samgrn. er að leggja áherslu á núna. Ferðaþjónustan getur náttúrlega ekki orðið ánægð ef þarna verður gert það sem hæstv. samgrh. telur algjöra fjarstæðu eins og að leggja gjöldin á. Þetta var að vísu rétt eftir að lögin höfðu verið samþykkt, en það gaf til kynna að þau yrðu tekin til endurskoðunar, enda minnir mig hann segja í þessu viðtali þegar hann var spurður um það, að allt mætti endurskoða.

En mér fannst svo í andsvari hæstv. fjmrh. að hann drægi nokkuð í land og sagði að nú hefði ferðaþjónustan það orðið svo gott af því að það væri búið að lagfæra gengið og minntist einu sinni enn á tryggingagjaldið sem ætti að lækka. En tryggingagjaldið var almenn aðgerð sem allir atvinnuvegir áttu að njóta og þá er það hart ef það á sérstaklega að taka þann ávinning af ferðaþjónustunni með nýrri skattlagningu. En í þeirri hörðu samkeppni sem er um ferðaþjónustuna eða að fá hingað útlendinga, þá megum við ekki við slíkum álögum. Ég nefndi það í 1. umr. um frv. til fjárlaga að Svíar gerðu þetta fyrir fáum árum og þá brá svo við að það varð að mig minnir 30% samdráttur í komu erlendra ferðamanna til Svíþjóðar. Slíkt ætti að vera nægileg aðvörun fyrir íslensk stjórnvöld til að falla ekki í sömu gryfju. Ég held að flestir sem til þekkja séu sannfærðir um að það fjármagn sem notað er til að styðja íslenska ferðaþjónustu, og þar með að draga úr skattheimtu, skilar sér margfaldlega til baka því að þar séu möguleikarnir fyrir hendi fyrir okkur.

[17:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins út af einu atriði sem kom fram hjá hv. þm. Það er missskilningur að niðurfelling á tryggingagjaldi til ferðaþjónustunnar sé almenn aðgerð. Ég hugsa að hv. þm. rugli því saman við þá aðgerð sem átti sér stað í tengslum við kjarasamninga þar sem fellt var niður tryggingagjald af útflutningsgreinum það sem eftir lifði yfirstandandi árs. En aðgerðin í ferðaþjónustunni gildir frá næstu áramótum eða frá sama tíma og virðisaukaskatturinn er tekinn upp og gildir áfram og er eingöngu gerð fyrir ferðaþjónustuna sem slíka, en nær hins vegar til fleiri þátta ferðaþjónustunnar en þeirra sem nú þurfa í fyrsta sinn að greiða virðisaukaskatt. Það er nefnilega misskilningur að öll ferðaþjónustan í dag sé laus við virðisaukaskattinn. Það er einungis hluti hennar eins og ég veit að hv. þm. þekkir.

[17:29]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér vegna þeirra umræðna sem hér hafa farið fram um 50 millj. kr. lánveitingar til Spalar vegna undirbúningsrannsókna vegna væntanlegra jarðganga um Hvalfjörð. Ef ég hef heyrt rétt, þá fannst mér það koma fram í máli hv. 1. þm. Vesturl., sem því miður er nú farinn hér úr salnum, það mátti skilja orð hans svo, að ef þessi kostur væri talinn arðbær og göngin undir Hvalfjörð yrðu lögð, þá mundum við spara mikið fé vegna þess að vegagerð fyrir Hvalfjörð væri þá fyrir bí og menn þyrftu ekki að sinna því að halda við vegi fyrir Hvalfjörð, ég tala nú ekki um að byggja hann upp. Ég hefði áhuga fyrir því að fá svör við þessu frá hæstv. fjmrh. Ég hef skilið málið þannig alla tíð að þetta fyrirtæki, Spölur hf., eða hvað það fyrirtæki héti sem mundi reka þessi jarðgöng, það væri þá trúlega einkafyrirtæki og yrði rekið með heimild til gjaldtöku af þeirri umferð sem um jarðgöngin mundi fara, og það er út af fyrir sig alveg sjónarmið að gera slíkt og hefur víða reynst vel. En þá hef ég jafnan skilið það svo að menn ættu þá ef um þessa gjaldtöku væri að ræða, einhvern annan kost til að fara og það er þá ekki um annað að gera, og menn komast ekkert undan því, en að halda uppi vegi og byggja upp veg fyrir Hvalfjörð. Það er auðvitað hrein blekking að ætla að halda því fram að jarðgöng undir Hvalfjörð þýði það að það megi spara sér alla vegagerð fyrir Hvalfjörð. Það er mikil blekking að halda slíku fram og ég held, a.m.k. ef þetta er meiningin, að þá sé nú ástæða til þess að við fáum fulltrúa Vegagerðar og þessara aðila til viðræðu við samgn. um málið. Mér líst ekki á það ef þetta er sú stefna sem á að taka upp. Ég hef þá misskilið hv. þm. mjög hastarlega ef ég fer ekki hér rétt með.

[17:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hv. 4. þm. Norðurl. v. hafi eitthvað misskilið þær fyrirætlanir sem eru á ferðinni þarna fyrir Hvalfjörð. Það hefur legið fyrir frá því að gert var samkomulag við fyrrv. ríkisstjórn um málið að það ætti að viðhalda vegi fyrir Hvalfjörð. Og það lá alveg nákvæmlega fyrir með hvaða hætti yrði staðið að því, þannig að hv. þm. hefur nú líklega vitað eitthvað um málið á sínum tíma þegar þetta samkomulag var gert. Ég held út af fyrir sig að það sé ekki neitt að óttast í því og það muni ekki valda neinum vanda. Þarna er á ferðinni kostur sem kemur í ljós mjög bráðlega hvort verður fýsilegur, hvort kostnaður við gerð ganganna sé það — hvað eigum við að segja, hagstæður, að gjaldtaka í gegnum göngin geti keppt við það að keyra fyrir Hvalfjörð. En það hefur auðvitað aldrei staðið til að menn hættu að viðhalda og endurbæta veginn fyrir Hvalfjörð þó svo að kannski stærstu fyrirætlanir í því efni verði ekki að veruleika vegna jarðganganna.

[17:34]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Vesturl. fyrir upplýsingarnar. Þær koma mér ekki neitt á óvart. Þær eru í þeim anda sem ég hafði reiknað með. En merkilegra er það þó að ég beindi ekki fsp. til hans. Ég beindi fsp. til hv. 1. þm. Vesturl. því það var hann sem

var að ræða þetta mál og ég bað hann um skýringar á því sem hann sagði, vegna þess að það mátti skilja málflutning hans þannig að með þessu móti mundi sparast svo gífurlega mikið fé við uppbyggingu og viðhald vegarins um Hvalfjörð. Ég er ekki á móti jarðgöngum undir Hvalfjörð, það má enginn misskilja orð mín svo. Ég vil að þessi rannsókn fari fram og menn skoði og meti þessa kosti. En ég vil ekki að þeirri blekkingu sé haldið fram að þó að jarðgöng verði grafin undir Hvalfjörð, að ekki þurfi jafnframt að halda við veginum fyrir fjörðinn.

[17:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um að hv. 1. þm. Vesturl. var ekki viðstaddur þegar þessi fyrirspurn var borin fram. En mér þótti samt rétt að ræða málið því að ég held að það sé í raun og veru enginn misskilningur þarna á ferðinni. Ég held að allir aðilar hljóti að hafa gert sér grein fyrir því hvernig þetta mál liggur fyrir og að ákveðnir kaflar, t.d. á veginum, bíða úrlausnar þessa verkefnis sem nú er verið að skoða. Það hefur t.d. staðið til að farið yrði í brúargerð út í Þyrilsnes og sú ákvörðun verður tekin í beinu framhaldi af því ef menn komast að þeirri niðurstöðu að það verði hætt við jarðgöngin. En verði af jarðgöngunum þá mun ekki verða farið í þá stóru framkvæmd. Menn munu síðan viðhalda veginum eins og eðlilegt er.

[17:37]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er haldið uppi sérkennilegu andófi í þessu máli af hálfu hv. þm. Framsfl. og vekur það satt að segja töluvert mikla athygli. Sem betur fer var ég í hliðarsölum og heyrði ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar og get þess vegna sagt, vegna hans ræðu, að ég hef ekki haft uppi nokkrar blekkingar. Ég skil ekki hvernig hann getur haldið uppi slíkum málflutningi og haldið því fram að um blekkingar hafi verið að ræða í mínum málflutningi.

Ég vil hins vegar að það komi alveg skýrt fram að ef jarðgöng undir Hvalfjörð verða að veruleika, þá liggur það alveg fyrir að ekki þarf að byggja upp veginn fyrir Hvalfjörð með sama hætti og ef þetta væri meginumferðaræð. Vegna þess að ef svo væri, þá þyrfti að byggja upp allan veginn og það þyrfti að byggja nýja brú í Hvalfjarðarbotni. Þess vegna held ég að það sé m.a. sem jarðgöng geti orðið hagkvæmari kostur vegna þess að þarna sparast framkvæmd við dýra vegagerð fyrir Hvalfjörðinn. En það hefur aldrei hvarflað að mér að við stæðum ekki að því að halda við vegi fyrir Hvalfjörðinn, að þeim mannvirkjum og að þeirri byggð sem í Hvalfirðinum er. Það hefur aldrei hvarflað að mér og ef hv. þm. gerir ráð fyrir því að fara eilíflega fyrir Hvalfjörðinn, þá mun ég fyrir mína parta stuðla að því að hann geti það áfram hvort sem göngin verða eða ekki. En þessi afstaða sem hefur komið hér fram frá hv. þm. Framsfl. gagnvart jarðgöngum undir Hvalfjörð vekur vissulega athygli.

[17:40]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kostulegur málflutningur þetta. (**HÁ:** Það er nú ekki í fyrsta skipti.) Nei, það er ekki í fyrsta skipti, það er rétt, hv. þm. Halldór Ásgrímsson.

Ég kom hér upp á undan hv. 1. þm. Vesturl. og sagði að ég styddi þetta mál sem hér væri verið að biðja um. Þá kemur 1. þm. Vesturl. og segir að það sé einkennilegt andóf okkar framsóknarmanna í þessu máli, eftir að ég er búinn að koma hér upp og lýsa yfir stuðningi við þetta mál, að rannsóknin fari fram þannig að það liggi fyrir hversu arðsöm þessi framkvæmd geti verið. Hvers lags útúrsnúningur er þetta? (Gripið fram í.) Já.

Ég verð nú að segja hv. þm. það líka að hann þarf ekkert að leiðbeina mér hvort ég fer endilega fyrir Hvalfjörðinn, þá keyrandi, ef ég mundi ekki borga vegtollinn. Ég vildi þá bara spyrja, mætti ég kannski ekki líka fá að velja um hvort ég færi með Akraborginni?

[17:40]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að veita fólki sérstaka leiðsögn um það hvaða vegi það eigi að velja þegar það vill komast á milli landshluta. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að það hefur alltaf verið gert ráð fyrir því að rekstri Akraborgar yrði hætt ef jarðgöng yrðu sett undir Hvalfjörðinn þannig að ég verð að hryggjat hv. þm. með því að það er ekki gert ráð fyrir því að hann komist með Akraborginni.

Hins vegar, vegna fyrri ræðu hans, er ástæða til þess að taka það fram að þessi mikilvæga mannvirkjagerð á sviði samgöngubóta sem jarðgöng undir Hvalfjörð eru hlýtur að koma til umræðu í samgn. þingsins með einum eða öðrum hætti vegna þess að hún tengist að sjálfsögðu vegakerfinu sem Vegasjóður kostar að öllu leyti. Við hljótum að sjálfsögðu að fá þetta til umfjöllunar og m.a. fyrirhugaðar endurbætur á veginum fyrir Hvalfjörðinn. Við fáum því gott tækifæri til þess, ekki síst hv. þm. Stefán Guðmundsson sem situr í samgn. þingsins, að fjalla um þessar samgöngubætur sem eru fyrirhugaðar undir Hvalfjörðinn. Ég held að við hér á hinu háa Alþingi fáum gott tækifæri til þess að skoða þetta mál frá ýmsum hliðum þegar rannsóknir liggja fyrir og þegar það liggur fyrir hvort þarna er um hagkvæman kost að ræða sem á auðvitað eftir að leggja fyrir.

[17:42]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður mikið sem hæstv. fjmrh. virðist vera búin að missa út um víðan völl og meira að segja neðan jarðar. En tilefni þess að ég kem hér upp eru nú afar sérkennileg viðbrögð hv. 1. þm. Vesturl. við því að menn skuli spyrja út í það í lánsfjárlögum að það sé verið að leita eftir heimild, eftir á í þessu tilfelli, um 50 millj. kr. lán til þess að rannsaka hvort skynsamlegt sé að grafa göng undir Hvalfjörð og draga síðan af þessu þá niðurstöðu að það sé í gangi eitthvert samsæri framsóknarmanna gegn þessari framkvæmd. Ef hv. þm. hefði fylgst með umræðunum hérna og hlustað á andsvar mitt við hæstv. fjmrh. áðan þá hefði hann heyrt

mig segja að ég var að fiska eftir því hjá ráðherra hvort þarna gæti ekki einmitt verið um framkvæmd að ræða, ef rannsókn sýndi að hún væri það arðbær að það væri skynsamlegt fyrir einkaaðila að ráðast í þetta en þetta væri ekki framkvæmd sem væri fyllilega réttlætanlegt að taka erlent lán til að fjármagna.
Hæstv. ráðherra var mér sammála í því.

Nú er það svo, hv. þm., að það er það lýðræði í Framsfl. að þar geta menn haft eilítið skiptar skoðanir á málefnium eins og þessu. Og ég ítreka það sem ég sagði áðan að mér fannst það alveg með ólíkindum hvað það kom við hjartað á hv. 1. þm. Vesturl. að menn skuli dirfast að tala hér úr ræðustól um jarðgangagerð undir Hvalfjörð og þær lántökur sem eru nauðsynlegar til þess.

[17:45]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að vekja hér upp efnislegar umræður um jarðgöng undir Hvalfjörð, það var ekki mín hugmynd. Ég ætlaði hins vegar að vekja upp umræðu um það hvort það væri eðlilega og réttilega staðið að þessu máli samkvæmt lögum og ég átti nú von á því að a.m.k. þeir aðilar sem sitja í fjárln. tækju því heldur vel.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef miklar efasemdir um það að hér sé eðlilega staðið að málum samkvæmt vegalögum og samkvæmt venjum sem hafa skapast í kringum vegamál. Ég held að það sé rétt að leita álits Ríkisendurskoðunar í því sambandi. Ég taldi á sl. ári að það væri óeðlilega staðið að því að ríkisstjórnin væri farin að úthluta sérstöku fjármagni til vegagerðar og skipta því á einhverjum kvöldfundum tveggja ráðherra með einhverjum hugsanlegum símtölum að næturlagi við einstaka þingmenn. Þetta eru venjur sem ekki hafa verið áður og ég tel að við eigum að vera sammála um það að á Alþingi séu virtar leikreglur og það sé staðið að þessum málum samkvæmt lögum á eðlilegan hátt. Þar má líka vera til skoðunar sá samningur sem hér hefur verið nefndur sem gerður mun hafa verið í tíð fyrri ríkisstjórnar. Ég ætla ekki að leggja neitt mat á það. Ef það er álit að það hafi eitthvað verið óeðlilega staðið að honum eins og mér heyrðist á hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, hv. 1. þm. Vesturl., þá er sjálfsagt að draga það fram því að auðvitað skal hann tekinn til athugunar í þessu sambandi.

En hins vegar er það alveg fráleitt þegar menn koma síðan hér upp og lýsa því yfir að hér sé komin upp mikil andstaða um þetta mál, alveg eins og hv. 1. þm. Vesturl. sé það eitthvað sérstaklega í mun að safna andstæðingum við málið. Ég hefði haldið að hann mundi nú fremur leggja sig fram um það að safna stuðningsmönnum. Hann lýsir því meira að segja yfir að þingmaður sem kom hér upp, hv. þm. Stefán Guðmundsson, og lýsti stuðningi við málið — sem ég gerði ekki og hef ekki gert enn þá, ég vil bíða eftir því að málið fái frekari umfjöllun, mér fannst þetta nú kannski ótímabær yfirlýsing hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni — sé sérstakur andstæðingur þessa máls. Þetta er alveg dæmalaus málflutningur. Ég vænti þess að það verði haldið áfram á þeirri braut að reyna að skapa hér fastar venjur hvernig staðið er að málum að því er varðar vegamál og það verði tekið til athugunar í fjárln. eða í efh.- og viðskn. með aðstoð Ríkisendurskoðunar, hvort hér sé og hafi eðlilega verið staðið að máli og hvort ekki sé eðlilegra að mál sem þessi hljóti umfjöllun og undirbúning á Alþingi áður en í þau er ráðist.

[17:49]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. virðast vera ákaflega viðkvæmir fyrir þessari umræðu sem hér hefur orðið sem reyndar vill nú svo til að þeir stofnuðu til, eins og hv. 1. þm. Austurl. Það má kannski segja að það sé af hans hálfu eðlilegt að við hv. þm. Vesturl. bregðumst til varnar þegar fjallað er um þetta mál. En ég lít nú svo á að málefni eins og jarðgöng undir Hvalfjörð varði, eins og kom fram í minni fyrri ræðu, ekki einungis Vesturlandið heldur aðra landshluta. Þetta eru málefni sem eru hagsmunamál þjóðarinnar allrar vegna þeirra miklu flutninga sem fara fyrir Hvalfjörð.

Um málsmeðferðina almennt þá hef ég ekki haldið því fram að samningurinn sem Spölur vinnur eftir sé óeðlilegur. Hins vegar velti ég því fyrir mér að það hefði kannski verið eðlilegt að þær rannsóknir sem er meiningin að vinna að á botni Hvalfjarðar og nú þarf að fá heimild til þess að afla fjármuna til, hefðu kannski farið fram að einhverju leyti eða öllu áður en gengið var til samninga af hálfu ríkisins við Spöl hf. Þetta er atriði sem ég velti aðeins fyrir mér. En að öðru leyti tel ég ekki nokkur efni til þess að þær nefndir þingsins sem fjalla um þetta mál kalli til einhvern rannsóknarrétt í þessu máli. Ég tel að það hafi verið farið að öllu leyti með eðlilegum hætti að þessu máli og sé enga ástæðu til þess og vona svo sannarlega að þetta mál fái greiðan gang í gegnum þingnefndir.

[17:51]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að ég á erfitt með að skilja þennan málflutning hv. 1. þm. Vesturl. Mér er það lífsins ómögulegt að skilja það hvaða erindi hann á upp í þennan ræðustól með slíkan málflutning. Að segja það hér að það séu framsóknarmenn sem hafa vakið upp þessa umræðu. Hvaða umræðu? Er þetta mál ekki á dagskrá þingsins? Hver hefur sett þetta mál á dagskrá? Eru það við framsóknarmenn? Þetta mál er eðlilega hér á dagskrá og eðlilegt þá að við ræðum málið. Ég vil bara segja það við hv. þm. að jarðgöng undir Hvalfjörð eða vegur um Hvalfjörð er ekkert einkamál Vesturlands. (**StB:** Ég tók það fram.) Hv. þm. gerir það ekki í þessum ræðustól, þá er hv. þm. að læða því inn að við sem hér tölum séum á móti þessari framkvæmd. Ég var að lýsa því yfir að ég er stuðningsmaður þessa máls að rannsóknin fari fram þannig að það liggi ljóst fyrir um arðsemi þessarar framkvæmdar. Þess vegna er hart að liggja undir því frá hv. þm. að hann komi upp trekk í trekk og lýsi því yfir að ég tali hér sem andstæðingur þessa máls. Skilur þingmaðurinn ekki mælt mál, eða hvað?

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að það er ekki ætlast til þess að þingmenn séu ávarpaðir beint í 2. persónu.

[17:53]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að lengja þessa umræðu en ég fagna því svo sannarlega að hv. þm. Stefán Guðmundsson skuli vera einlægur stuðningsmaður þessarar framkvæmdar og ég hef ekki sagt úr ræðustóli að svo væri ekki. (**StG:** Jú.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1992, 1. umr.

Stjfrv., 67. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 70.

[17:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni frv. sem var flutt á síðasta þingi en umræðum lauk ekki. Það skal tekið fram að nál. var skilað hinn 6. maí 1993 en því miður tókst ekki að ljúka málinu vegna tímaskorts og vegna þess að þingi var slitið nokkuð snögglega.

Undir nál. rituðu allir hv. þm. í fjárln. en minni hlutinn með fyrirvara. Nú er þetta frv. flutt aftur og hafa verið gerðar tvær breytingar á því. Annars vegar á yfirfærslu heimilda vegna óseldra aflaheimilda Hafrannsóknastofnunar. Hins vegar er leiðrétt yfirfærsla stofnkostnaðar hjá Þjóðleikhúsinu. Þetta kemur fram á bls. 7 í inngangi athugasemda við lagafrv. Að öðru leyti er frv. óbreytt og mun ég, virðulegi forseti, þess vegna ekki lesa þá ræðu sem ég hef verið nestaður með úr fjmrn. því ég sé að hún er sama ræðan og ég flutti í vor og tel óþarfa að lesa hana aftur yfir hér á hinu háa Alþingi.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, óska ég eftir því að þetta mál fái þá meðferð sem um getur í 25. gr. þingskapalaga.

[17:56]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég gæti nú haft sama hátt á og hæstv. fjmrh. að hafa ekki langa ræðu um frv. þetta sem hér er nú til 1. umr. og skal reyndar ekki gera það en mig langar þó aðeins að nefna eða árétta nokkur atriði sem komu fram við umræðu um málið í fyrra en eins og hæstv. fjmrh. sagði þá er þetta í annað skipti sem frv. þessa efnis er lagt hér fyrir hv. Alþingi og líklega önnur fjáraukalögin við fjárlög fyrir árið 1992 sem ætlast er til að Alþingi samþykki. Hin fyrri voru samþykkt á seinasta ári og þá var fjárlögum fyrir árið 1992 breytt umtalsvert en þetta frv. sem nú er til umræðu gerir hins vegar ráð fyrir því að dregið sé verulega úr þeim fjárheimildum sem þá voru samþykktar, þ.e. að gjöld séu færð verulega niður.

Ég man eftir því að ég gerði það að umtalsefni á seinasta þingi að ég teldi að sumt af þeim fjárveitingum, sem lagt er til að séu dregnar til baka, mundu ganga aftur, ef það má orða það svo, að þær yrðu endurvaktar og kæmu til útgjalda á árinu 1993, þ.e. á þessu ári í einu formi eða öðru og þyrfti að sækja um heimildir fyrir slíkum útgjöldum í fjáraukalögum fyrir árið 1993, þannig að hér væri ekki í raun verið að sýna endanlega afkomu ríkissjóðs vegna útgjalda sem heimildir voru veittar fyrir árið 1992, heldur aðeins reikningslega niðurstöðu. Þetta ætla ég ekki að ítreka frekar en tel að frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993, sem nú hefur verið lagt á borð hjá okkur þingmönnum, sanni á vissan hátt þessi ummæli mín þá sem ég hef nú endurtekið.

Ég vil líka ítreka það sem við höfum áður rætt um í umræðu um fjáraukalög að fjmrn. og hæstv. ríkisstjórn hefur sett sér ákveðna leikreglu til þess að styrkja stjórnendur ríkisstofnana í sinni fjármálastjórn og gera þeim kleift að gæta ýtrasta aðhalds og hagræðingar. Settar hafa verið ákveðnar leikreglur um yfirfærslu fjárheimilda. Þetta kemur reyndar einnig fram í því frv. sem við ræðum á eftir, frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991, enda hygg ég að það hafi verið í tengslum við þau fjáraukalög sem þessar vinnureglur voru fyrst kynntar.

Ég fagnaði þeim vinnureglum og taldi þær mjög til bóta og tel enn. Þá tel ég líka að þær vinnureglur eða leikreglur þurfi að virða og það er kannski fyrst og fremst það sem ég vil gera að umtalsefni, hæstv. forseti. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi nokkuð breytt um á sl. sumri þegar hún kynnti ráðstafanir sem tengdust kjarasamningum og byggðust á tillögum um úthlutun á einum milljarði kr. sem átti að veita til nýrra verkefna til þess að skapa eða auka atvinnu í landinu. Þá kom fram að ríkisstjórnin hafði samið við aðila vinnumarkaðarins við úthlutun þessa milljarðs um það hvað af fjárveitingum, sem áður hafði verið búið að heita forsvarsmönnum stofnana að þeir mættu treysta á að fá og gætu nýtt sér á næsta ári samkvæmt þessum vinnureglum, ætti að nýta og hvað af þeim ætti að flytja yfir áramót til næsta árs. Þetta er breyting og hef ég reyndar gert þetta að umtalsefni áður, við 1. umr. fjárlaga nú fyrir nokkrum dögum í hv. Alþingi, en ég vil undirstrika þetta aftur nú og minna á það í tengslum við þessi fjáraukalög sem nú eru til umræðu að þetta eru auðvitað vinnubrögð og vinnureglur sem ekki er hægt að sætta sig við. Og ég spyr hæstv. fjmrh. að því hvort hann hugsi sér að slíkar vinnureglur verði framvegis með þessu formi eða á þennan hátt að það þurfi að semja við aðra aðila heldur en ríkisvaldið sjálft, þ.e. fjmrn. og hin einstöku fagráðuneyti, hvernig eigi að standa að þessum fjárveitingum.

Í því nál., sem hæstv. fjmrh. vitnaði til áðan og undirritað er 6. maí 1993, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fram hefur komið að í væntanlegum fjáraukalögum fyrir árið 1993 verði heimild til að flytja milli ára fjárveitingar vegna viðhalds- og stofnkostnaðar og enn fremur í nokkrum tilvikum rekstrargjöld vegna aðhalds og sparnaðar í rekstri á árinu 1992."

Þetta var í nál. og samkvæmt þeim leikreglum sem við höfðum sett okkur og reiknað með að yrðu virtar.

Þetta er 6. maí, þetta er áður en kjarasamningar eru gerðir og löngu áður en ríkisstjórnin setti fram tillögur sínar um hvernig ætti að úthluta þessum margumræddu eina milljarði kr.

Þetta vildi ég draga fram í þessari umræðu og spyrja hæstv. ráðherra um hvernig hann hugsaði sér að að yrði staðið og með yrði farið í framtíðinni. Einnig það að ég hygg að það liggi nokkuð ljóst fyrir að þessum milljarði sem úthlutað var í sumar hafi ekki verið að fullu eytt og e.t.v. verði þessum fjárveitingum ekki öllum eytt fyrir áramót, þannig að þær verði ekki allar, ekki einu sinni þá, komnar til útgreiðslu. Er það þá meiningin að það þurfi enn að semja um þessar upphæðir um leið og þá líklega er samið um upphæðir sem kunna að liggja eftir samkvæmt fjárlögum ársins 1993 um næstu áramót? Þarf þá enn að semja um þessar upphæðir við einhverja utanaðkomandi aðila, aðila vinnumarkaðarins, hvernig og hvort eigi að nýta og þá hvenær?

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara um þetta öllu fleiri orðum nú. Ég vísa til þess sem áður hefur komið fram í umræðum um frv. sama efnis hér í þinginu og auðvitað til þess líka að fjárln., sem ég á sæti í, á síðan eftir að fjalla um málið og gefst þá tími og tækifæri til þess að ræða það betur við 2. umr.

[18:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örstutt. Við ætlum okkur að virða leikreglurnar og teljum okkur hafa gert það. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að gerðir voru kjarasamningar og í tengslum við þá var því lýst yfir að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir því að milljarði yrði eytt til viðhalds og framkvæmda umfram fjárlagatölur yfirstandandi árs. Það er einnig rétt sem kom fram hjá honum að að hluta til voru þetta framkvæmdir sem höfðu verið á fjárlögum ársins á undan og ætlunin var að flytja yfir á þetta ár. En eftir sem áður eru upphæðirnar utan fjárlaga yfirstandandi árs og það er það sem skiptir máli. Ég gerði fjárln. ítarlega grein fyrir þessu og ég vil benda á að í fskj. II með fjáraukalagafrv. fyrir 1993 er greinargott yfirlit yfir þessi framlög til atvinnuskapandi aðgerða. Við munum ekki semja um þetta aftur einfaldlega vegna þess að við gáfum þá yfirlýsingu að þessar upphæðir mundu fara til atvinnuskapandi verkefna. Ef ekki væri hægt að verja þeim til þessara verkefna á yfirstandandi ári mundi ríkisstjórnin beita sér fyrir því að þær færðust yfir á árið 1994 með sama hætti og þær færðust sumar hverjar á milli áranna 1992 og 1993. Þannig að loforð ríkisstjórnarinnar í kjarasamningunum voru þau að sjá til þess að þessar framkvæmdir færu yfir á þessum yfirfærslum og þeim mundi verða ráðstafað algjörlega burt séð frá því hverjar eru fjárlagatölur á næsta ári.

[18:06]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að gefa þá yfirlýsingu hér alveg skýrt að leikreglur sem ráðuneytið hefur sett sér verði áfram virtar þrátt fyrir þetta sem ég tel að hafi verið viss vanefnd á nýliðnu sumri og reyndar þessu ári og vil t.d. grípa niður í það fskj. sem hann vitnaði til með frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993 þar sem gerð er grein fyrir því að meira en helmingurinn af þessum margumræddu milljarði eru yfirfærslur frá fjárlögum 1992 og innan við hálfur milljarður sem er raunverulega nýjar heimildir. Í viðbót við það sem hæstv. ráðherra sagði í lok síns andsvars um að það lægi alveg skýrt fyrir að fyrirheit um að það sem ekki væri búið að vinna fyrir eða eyða af þessum milljarði, sem þarna var lofað, yrði yfirfært til næsta árs þá langar mig að spyrja: Má kannski gera ráð fyrir því, hæstv. ráðherra, að það verði síðan hluti af þeim milljarði eða þeirri viðbótarfjármögnun sem hæstv. ríkisstjórn hefur lofað í tengslum við gerð kjarasamninga að auka atvinnu á næsta ári? Verður það kannski svo að hluti af því sem lofað var í sumar verði síðan aftur lofað með nýjum lista á næsta ári, ég veit ekki hvað miklu af þessu, kannski helmingi?

[18:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að öllum hv. þm. sé það ljóst eftir að hafa séð hvernig þetta fskj. er útbúið og hvernig farið var með þetta mál á sl. sumri það var ekki gerð nein minnsta tilraun til að blekkja einn eða annan í þessu sambandi. Það var heildarupphæðin sem varið er til framkvæmda sem skiptir máli fyrir verkalýðshreyfinguna og Vinnuveitendasambandið.

Það eru engar áætlanir uppi um það að gera þann hluta milljarðsins sem færist síðan yfir á næsta ár að hluta þess milljarðs sem um ræðir í yfirlýsingunni með kjarasamningunum að öðru leyti. Síður en svo.

Ég vil af þessu gefna tilefni segja það síðan að ég tek undir það með hv. þm., og við erum sammála um það, að það er til stórra bóta að færa heimildir og reyndar skuldbindingar á milli ára og það hefur sýnt sig að ábyrgð stjórnenda í opinberum rekstri hefur batnað að mínu viti þegar þeim er ljóst að þeir fá að njóta þess ef þeir fara sparlega með fé skattgreiðendanna og eins er ábyrgð þeirra meiri þegar þeim er það fullljóst að þeir þurfa að bera með sér skuldbindingar frá fyrra ári ef þeir hafa ekki staðið sig eins og skyldi.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram því ég hygg að ég og hv. 1. þm. Norðurl. e. séum nokkuð sammála í þessu máli.

[18:09]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 sem var lagt fyrir þingið í vor. Því miður hlaut það ekki afgreiðslu eins og eðlilegt hefði verið. Nú er það til umfjöllunar að nýju. Það er auðvitað afskaplega mikilvægt að fjáraukalagafrv. komi sem allra fyrst fram í þinginu þannig að góð og vönduð umfjöllun geti farið fram, bæði í fjárln. og í þinginu. Fjárln. mun að sjálfsögðu taka þetta frv. til ítarlegrar umfjöllunar og gefst því tækifæri til þess fyrir mig að fjalla um það þar og síðar hér við 2. umr. Ég mun því ekki lengja þennan fund með efnislegri umræðu um frv. en vænti þess að það takist að afgreiða

það sem allra fyrst héðan frá þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1991, 1. umr.

Stjfrv., 68. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 71.

[18:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 en það frv. er að finna á þskj. 71 og er 68. mál þingsins.

Það er frá því að segja að þetta frv. er endurflutt í annað sinn. Á síðasta þingi skilaði hv. fjárln. nefndarálitum sem birtust á þingskjölum, annars vegar nál. minni hlutans sem var dagsett 7. maí og hins vegar nál. meiri hlutans sem var dagsett 8. maí 1993. Meiri hluti nefndarinnar taldi þá að fullnægjandi skýringar hefðu fengist við öllum efnisatriðum frv. og mælti með samþykkt þess en minni hlutinn gerði ýmsar athugasemdir sem eru reyndar þekktar úr deilum sem hafa komið upp á Alþingi á undanförnum árum um það hvernig færa skuli. Í lok nál. segir minni hlutinn að hann kjósi að sitja hjá við afgreiðslu frv. og til viðbótar að meiri hluti nefndarinnar hljóti að taka ábyrgð á misvísandi vinnubrögðum sínum. Er þetta síðan rökstutt fyrr í nál. eins og þar segir.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa mörg orð um þetta frv., það hefur verið gert áður. Það er vitað um deilumálin sem liggja fyrir hv. þingi og tengjast um leið ríkisreikningi fyrir árið 1991. Ég tel þó ástæðu til þess að leiðrétta villu á bls. 8 í þessu frv. þar sem gleymst hefur að leiðrétta orðin „síðasta árs" í 1991 vegna þess að málið er endurflutt öðru sinni og þá segir þannig, með leyfi forseta:

„Þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um efnahagsþróun 1991 sýna umtalsverð frávik frá forsendum fjárlaga." Nú eru orðin tvö ár síðan. Ég legg mikla áherslu á að hv. nefnd ljúki afgreiðslu þessa frv. sem fyrst. Ég vil taka það fram að ríkisreikningsnefnd mun á næstunni væntanlega ljúka niðurstöðum sínum og gerist það þá vonandi með þeim hætti að þingheimur ásamt Ríkisendurskoðun, sem er stofnun Alþingis, og fjmrh. geti vel við unað þá niðurstöðu sem þar fæst. En mér er auðvitað ljóst að hér er um umdeild atriði að ræða, sem kannski eru enn umdeildari þegar litið er á ríkisreikning fyrir 1991 sem er síðar á dagskrá þessa fundar.

Að svo mæltu óska ég eftir því, virðulegur forseti, að þetta mál verði sent til fjárln. samkvæmt ákvæðum í 25. gr. þingskapa.

[18:14]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég skal vera stuttorður um frv. þetta því eins og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir í framsöguræðu sinni þá var um málið fjallað á seinasta ári og fjárln. var þá raunar búin að afgreiða málið af sinni hálfu og hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir því með hvaða hætti, þannig að ég ætla ekki að rifja það upp eða ítreka frekar heldur aðeins minna á það sjónarmið sem kom fram í nál. minni hlutans og við munum auðvitað fylgja eftir nú fyrst tækifæri gefst til þess að taka málið enn upp til vinnslu í fjárln. þó ég sé ekki með því að boða neitt að tefja framgang málsins, það er ekki ástæða til þess. Það er búið að fjalla um málið og nefndin ætti auðvitað að geta afgreitt það og þarf að gera það. Það er ekki til sóma út af fyrir sig að draga lengur að ganga frá fjáraukalögum fyrir árið 1991 þegar þau liggja fyrir. En það sem ég vil að sé skoðað að lokum er það að samræmi sé eins og best verður með fjáraukalögum fyrir árið 1991 og ríkisreikningi fyrir árið 1991 eða fjáraukalögum fyrir árið 1992 eftir því hver verður endanleg niðurstaða um afgreiðslu ríkisreikningsins fyrir árið 1991 sem ég held að við þurfum að reyna að vera sammála um að sé með sem bestum hætti án þess að ég ætli nú að fara einu sinni enn að eyða tíma í að taka þær umræður upp hér að þessu sinni, hæstv. forseti.

Það er aðeins eitt sem auðvitað þarf ekki heldur að endurtaka en má kannski aðeins minna á að þetta fjáraukalagafrv. sem hér er nú lagt fram einu sinni enn segir okkur eða minnir okkur á það hvernig rekstrarhallinn fór algerlega úr böndunum á því herrans ári og var þó búið að gera áður ráð fyrir því að ríkissjóðshallinn yrði frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir 4,1 milljarður kr., hækkaður í 8,9 milljarða og með endanlegri afgreiðslu yrði hallinn 12,5 milljarðar kr. Þetta er okkur öllum til aðvörunar og áminningar og full ástæða til að við höfum það í huga við þá vinnu sem fram undan er varðandi fjárlög fyrir komandi ár.

Svo aðeins til að ítreka þær leiðréttingar sem hæstv. ráðherra gerði hér á greinargerðinni af því að frv. er margendurflutt að þetta á nú því miður víðar við þar sem talað er um sl. desember eða sl. ár en er nú aukaatriði í raun, en það þyrfti þá að hafa það í huga við lestur greinargerðarinnar allrar.

[18:17]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Um þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 er ljóst að standa nokkrar deilur. Deilur standa um færslur og meðferð á einstökum útgjaldaliðum. Þær deilur hafa m.a. komið fram í umræðum um ríkisreikning fyrir þetta ár þannig að allt hefur það komið fram hér áður í þinginu. Ég mun ekki hefja efnislegar umræður um þetta frv. eða þau mismunandi sjónarmið sem eru uppi í þessum efnum. Hins vegar fagna ég því ef ríkisreikningsnefnd kemst að niðurstöðu og skilar áliti fyrir næstkomandi áramót eða sem allra fyrst reyndar. Ég fagna því sérstaklega og vænti þess að fyrr en seinna geti náðst bærileg niðurstaða um þau mál sem ágreiningur hefur verið um þó ekki sé nú víst að allir verði þar á eitt sáttir. Fjárln. mun að sjálfsögðu fá þetta frv. til umfjöllunar og skoða það, fara rækilega yfir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991, sem ætti að sjálfsögðu að vera löngu búið að afgreiða. Ég fæ þar tækifæri til að skoða þetta mál á nýjan leik og síðan hér við umræðu og mun því ekki orðlengja um þetta frv.

[18:19]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er enn á ný verið að ræða um mjög gamalt frv. sem kom fram á þinginu í fyrra og hittiðfyrra. Þar var uppi viss ágreiningur og ætti að sjálfsögu að vera löngu búið að afgreiða þetta þar sem hér er verið að ræða um árið 1991 og nánast verið að ganga frá lokauppgjöri til samræmis við ríkisreikning. Ég ætla heldur ekki að fara að endurtaka allt það sem ég sagði um þetta í fyrra. Það er talsverður ágreiningur um það hvernig skuli fara með a.m.k. tvö atriði sem ekki er samhljóða skoðun margra alþingismanna og einnig ágreiningur milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. þar sem talað er um að færa til gjalda framlag til Framkvæmdasjóðs Íslands sem ekki er samþykkt fyrr en með lánsfjárlögum fyrir árið 1992. Þetta er ágreiningur sem mikið var ræddur hér á þinginu í fyrra og ég hef grun um að hann muni koma aftur upp á borðið og ekki hvað síst í sambandi við ríkisreikning fyrir árið sem einnig verður ræddur hér á eftir.

Eins og ég segi ætla ég ekki að fara mjög náið út í þessa umræðu einu sinni enn. Ég geri ráð fyrir að reynt verði að leysa þetta mál í fjárln. En ég vil þó endurtaka það að mér finnst það mjög ankannalegt að ekki skuli vera búið að ganga frá fjáraukalögum áður en ríkisreikningur er fram kominn og það virðist eiga að samþykkja hann þrátt fyrir að þar sé mjög mikill ágreiningur á milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1991, 1. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 38.

[18:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem er 36. mál þessa þings og liggur fyrir á þskj. nr. 38.

Frv. þetta var lagt fram á síðasta þingi og er nú endurflutt í óbreyttri mynd. Frv. er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta Alþingis í janúar 1993. Þetta er þriðji ríkisreikningurinn sem gerður er upp með nýjum hætti en með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóðs nær almennum reikningsskilavenjum. Breytingarnar voru gerðar að tilhlutan ríkisreikningsnefndar og fela þær í sér að færa skal í ríkisreikningi allar áfallnar kröfur og skuldbindingar ríkissjóðs. Áður höfðu slíkar skuldbindingar komið til færslu þegar Alþingi samþykkti greiðsluheimild til verksins.

Með þessum breytta færsluhætti fæst réttari mynd af efnahag ríkissjóðs og raunverulegt rekstrarumfang á árinu er sýnt þar sem gjalda- og tekjufærslur eru óháðar því hvenær greitt er eða innheimt. Tilgangurinn er að tryggja sem réttasta mynd af eigna- og skuldastöðu ríkissjóðs og koma í veg fyrir að upplýsingum sé misvísað milli ára.

Það sem hér um ræðir er að hið háa Alþingi hefur jöfnum höndum með almennum lögum eða sérlögum lagt ýmsar fjárhagslegar skuldbindingar á ríkissjóð. Veigamestu dæmin um þetta eru ríkisábyrgðir, sameiginlegar framkvæmdir með sveitarfélögum og lífeyrisskuldbindingar. Þessar skuldbindingar falla til með ýmsu móti og án þess að hv. Alþingi hafi nokkur bein áhrif á eða fái beinlínis við ráðið. Þegar slíkar skuldbindingar hafa fallið til hefur Alþingi hins vegar þurft að veita heimildir til greiðslu þeirra. Slíkar heimildir ráða tímasetningu greiðslna en breyta engu um skuldbindinguna sem þegar hefur myndast vegna fyrri lagasetningar.

Í áritun Ríkisendurskoðunar með ríkisreikningi 1991 er gerð athugasemd við færslu á áföllnum skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Telur Ríkisendurskoðun að þessa skuldbindingu hafi átt að færa í ríkisreikningi 1992 þar sem þá fyrst hafi Alþingi með formlegum hætti heimilað yfirtöku á hluta af skuldum Framkvæmdasjóðs Íslands.

Fjmrn. telur hins vegar að um þessa færslu gildi það sama og sagt var hér að framan, þ.e. að hv. Alþingi hefur samþykkt með lögum um Framkvæmdasjóð Íslands að ríkissjóður beri fulla ábyrgð á skuldbindingum hans og því þurfi ekki sérstaka lagaheimild til að færa allar áfallnar skuldbindingar vegna hans. Var um þessa niðurstöðu leitað álits endurskoðenda og sérfræðinga í reikningsskilum.

Það leiðir af þeim breytingum sem ákveðnar voru með uppgjöri ríkisreiknings 1989 að skuldbindingar sem ríkissjóður stofnar til eða á hann falla á árinu séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar enda í samræmi við gerðar reikningsskilavenjur. Þannig er t.d. nú lagt mat á skuldbindingar ríkissjóðs gagnvart sveitarfélögum og til stöðu verkefna í vegagerð, hafnargerð og byggingarframkvæmdum og þær færðar til bókar óháð greiðslu. Þar ræður ekki samþykkt hins háa Alþingis á greiðsluheimild til verkefnisins heldur hvort ríkissjóður telst ábyrgur fyrir skuldbindingum. Það sama á við um áfallnar ábyrgðir ríkissjóðs.

Þessi sjónarmið sem ég hef hér rætt um eru umdeild og mér er kunnugt um að hv. þm. sumir hverjir eru á öndverðri skoðun og ég veit að hv. 2. þm. Norðurl. v. mun taka til máls hér á eftir. Hann er yfirskoðunarmaður ríkisreiknings og mun hann að sjálfsögðu gera grein fyrir sínum sjónarmiðum.

Þetta frv. er samkvæmt venju í þremur greinum. Í 1. gr. eru sýndar niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings A-hluta ríkissjóðs og í 2. gr. með sama hætti niðurstöðutölur rekstrar- og efnahagsreiknings B-hluta stofnana ríkisins. 3. gr. felur svo í sér gildistökuákvæði laganna.

Eins og áður segir er frv. þetta endurflutt í óbreyttri mynd og mun ég því ekki rekja frekar efnisinnihald frv. en vísa að öðru leyti í skýrslu fjmrh. um ríkisfjármál árið 1991 og endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um rík-

isreikning 1991 en þessi skýrsla var að sjálfsögðu til umræðu um leið og rætt var um ríkisreikninginn á síðasta þingi.

Frv. hlaut á síðasta þingi ítarlega umfjöllun í fjárln. sem skilaði nál. 6. maí sl. þar sem meiri hluti nefndarinnar lagði til að frv. yrði samþykkt óbreytt. Í þessu nál. kemur fram sú ósk að allar athugasemdir yfirskoðunarmanna ríkisreiknings er varða reikningsskil ríkisins verði teknar til gaumgæfilegrar athugunar og ríkisreikningsnefnd taki þær til umfjöllunar.

En í lok nál. er sagt, með leyfi foreta, orðrétt:

„Að lokinni athugun nefndarinnar á frv. og með vísun til þess sem segir í nál. leggur meiri hlutinn til að frv. verði samþykkt.“ Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að ég hef beint þessum orðum sem koma fram í nál. meiri hlutans til ríkisreikningsnefndar og mér er kunnugt um að hún mun á næstunni taka þessi mál fyrir, ræða þau og vonandi skila niðurstöðu sem allir þeir sem hafa látið sig þetta mál varða geta verið sáttir við.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að frv. verði vísað til fjárln. eins og um getur í 25. gr. þingskapalaga.

[18:28]

Pálmi Jónsson:

Virðulegur forseti. Frv. þetta var lagt fram á sl. Alþingi eins og hæstv. fjmrh. hefur greint frá í sinni framsöguræðu. Við 1. umr. málsins á síðasta þingi ræddi ég skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og að nokkru skýrslu Ríkisendurskoðunar og rakti þar í fyrsta lagi vinnulag yfirskoðunarmanna og ýmsar þær athugasemdir sem fram koma í skýrslu þeirra fyrir þetta ár, þ.e. við ríkisreikninginn fyrir árið 1991. Að sjálfsögðu sé ég ekki ástæðu til að fara að rekja hér að nýju hið sama og þar kemur fram og vísa til þeirrar ræðu minnar eins og hún er skráð í þingtíðindum.

Í þessari ræðu rakti ég einnig nokkuð viðbrögð fjmrn. við þeirri gagnrýni sem fram kemur í skýrslu yfirskoðunarmanna að því er varðar tiltekna þætti og sé ekki heldur ástæðu til að fara að ítreka það. Varðandi þau atriði sem hér komu fram og hæstv. ráðherra gat um að kunnugt væri að væru ágreiningsefni á milli hæstv. fjmrh. annars vegar og Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings hins vegar tel ég ástæðu til að segja örfá orð og skal þó ekki fara langt út í þá sálma.

Þessi ágreiningur að því er snertir þennan ríkisreikning beint varðar færslu sem er á framlagi til Framkvæmdasjóðs Íslands og við teljum að eigi heima á árinu 1992 og ríkisreikningi þess árs. Það er kunnugt að þessi færsla fór reiknislega fram á ríkisreikningi 1991 þrátt fyrir að framlag úr ríkissjóði ætti sér ekki stað fyrr en í marsmánuði 1992 og þrátt fyrir að Alþingi hafði eigi afgreitt heimild til þessarar færslu á milli A-hluta ríkissjóðs og B-hluta fyrirtækis fyrr en á árinu 1992.

Þess má geta í leiðinni að reikningur Framkvæmdasjóðs Íslands fyrir árið 1991 er gerður upp með sama hætti. Hann er gerður upp með þeim hætti að þar er fært til tekna framlag frá ríkissjóði á árinu 1991, 1.633 millj. kr. sem ekki voru greiddar af ríkissjóði til sjóðsins fyrr en að ég hygg 13. mars 1992. Endurskoðendur, sem eru virtir endurskoðendur, gerðu við þetta athugasemdir, en þeim athugasemdum var ekki sinnt.

Ég tel enn, eins og ég hef talið áður og þarf ekki að fara um það fleiri orðum, að hér sé um ranga færslu að ræða og ég tel að Alþingi beri að breyta þessari færslu.

Hæstv. ráðherra las hér að hluta upp úr greinargerð frv., sem er sú hin sama að ég ætla og var á síðasta ári, þar sem röksemdir fyrir þessari færslu eru sóttar í svokallað samkomulag sem gert hafði verið á vegum ríkisreikningsnefndar með aðild fulltrúa Ríkisendurskoðunar. Ég vitna enn til ræðu minnar við 1. umr. þessa máls á síðasta Alþingi þar sem ég vitnaði í þetta samkomulag og ég hvet hv. fjárln. til þess að kynna sér þetta samkomulag sem hæstv. ráðherra hefur gert að grunngagni í röksemdafærslu fyrir þessari færslu á 1.633 millj. kr. til Framkvæmdasjóðs á árinu 1991. Ég taldi mig sanna það með tilvitnun í þetta samkomulag á síðsta ári, þ.e. við 1. umr. þessa máls á síðasta Alþingi, að þetta sé rangt. Þetta tilvitnaða samkomulag nær aðeins yfir færslur á vegum A-hluta ríkissjóðs. Framkvæmdasjóður Íslands er B-hluta fyrirtæki og samkomulagið sem gert var á vegum þessarar nefndar, svo langt sem það nær, nær ekki yfir B-hlutann. Ef það hefði náð yfir B-hlutann þá hefði það einnig náð yfir aðra sjóði og stofnanir í B-hluta sem margar hverjar eru í svipaðri stöðu og Framkvæmdasjóður Íslands var um þessar mundir. Ég hvet því hv. fjárln. til þess að kynna sér einnig þessa hlið málsins um leið og ég hvet hv. nefnd til þess að kynna sér þetta mál í heild og taka afstöðu í samræmi við þá niðurstöðu sem nefndin kemst að.

Hæstv. ráðherra vitnaði hér til þess að nefndin hefði skilað áliti sl. vor og að meiri hluti nefndarinnar hafi mælt með að frv. um ríkisreikninginn fyrir 1991 væri samþykkt óbreytt. Ég vil fyrir mína parta hafa fá orð um það nefndarálit. En það þarf ekki að lesa það vandlega til þess að sjá að hv. nefndarmenn meiri hlutans taka í raun undir þau sjónarmið sem yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og Ríkisendurskoðun hafa sett fram í þessu efni.

Ég ætla ekki að lengja þetta mál mitt. Hér var að vísu sagt af hæstv. ráðherra, að ríkisreikningsnefnd mundi væntanlega senn ljúka störfum varðandi þau ágreiningsatriði sem hér hafa verið rædd, eða varðandi þetta mál og annað sem ég hef ekki rætt hér og varðar samræmi í færslu á milli fjárlaga og fjáraukalaga annars vegar og ríkisreiknings hins vegar. En ég tel það góðra gjalda vert ef slíkt samkomulag verður. Væntanlega verður það fólgið í því að hægt sé að starfa eftir því í framtíðinni. Og ef það felur í sér einhverjar breytingar frá gildandi lögum, þá verður væntanlega lögum breytt. En ef slíkt samkomulag felur í sér eitthvert frávik frá því sem gildandi lög segja til um, þá hefur það engin áhrif á þau mál sem við erum að fjalla um hér í dag, engin áhrif. Við höfum í landinu lög sem eru í gildi og eru býsna skýr um þau efni sem við höfum oft talað um, en það eru lög nr. 52/1966 um ríkisbókhald, gerð ríkisreiknings og fjárlaga, með

breytingum nr. 84/1985. Þessi lög eru skýr og afdráttarlaus um það að fullt samræmi skuli vera í uppsetningu fjárlaga/fjáraukalaga annars vegar og ríkisreikningsins hins vegar, að svo miklu leyti sem unnt er eða við á, vegna þess að það getur aldrei orðið nákvæmlega eins því að það segir í fráviki að sundurgreining má þó vera minni í fjárlögum heldur en í ríkisreikningi. En niðurstöður skulu á hinn bóginn vera hinar sömu. Því beini ég því enn til hv. fjárln. að kynna sér vel þessi lög áður en tekin eru til afgreiðslu fjáraukalögin fyrir árið 1991 og 1992, sem hæstv. ráðherra mælti hér fyrir áðan, og afgreiða þessi mál í samhengi, þannig að þeir gæti að því hvað þessi lög segja og starfi í samræmi við þá niðurstöðu sem þeir komast að eftir þann yfirlestur.

Ég held að það sé engin ástæða til frekari brýninga. *Þessi mál verða vitaskuld rædd hér á þingi þegar þau* koma til 2. umr. En það er býsna veigamikið það hlutverk sem Alþingi hefur ætlað þeim aðilum sem sinna eiga eftirliti á þess vegum, þ.e. eftirliti með ýmsum gerðum framkvæmdarvaldsins, sumpart gagnvart borgurunum í landinu sem er á verksviði umboðsmanns Alþingis og að því er lýtur að framkvæmd fjárlaga og meðferð ríkisfjármála af hálfu handhafa framkvæmdarvaldsins, sem er á verksviði Ríkisendurskoðunar og síðan endurskoðunarhlutverk á vegum yfirskoðunarmanna ríkisreikninga. Ég vænti þess að það verði leitast við að halda á málum með þeim hætti að starf þeirra eftirlitsstofnana sem Alþingi sjálft hefur talið nauðsynlegt að koma á fót í þessum tilgangi verði að nokkru virt.

[18:40]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum þeirra manna sem hér hafa talað á undan, hæstv. fjmrh. og hv. þm. *Pálma Jónssonar, þá er hér enn eitt mál*ið á dagskrá þessa þingfundar sem endurflutt er frá seinasta þingi og fóru fram um það þá, ekki síður en hin tvö sem við höfum rætt hér næst á undan, ítarlegar umræður. Það er því kannski ekki ástæða til þess að upphefja ítarlega umræðu einu sinni enn um þetta mál. Efni frv. og ágreiningsefni, sem reyndar því miður er uppi um afgreiðslu þess, eru þekkt.

Það er vissulega rétt sem fram kom hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að fjárln. ber að fara ítarlega yfir þetta mál og auðvitað gæta þess að samræmi sé í afgreiðslum nefndarinnar frá einum tíma til annars, það sé samræmi í afstöðu til þess hvernig fara eigi með hliðstæð mál. Þetta er ekki fyrsta málið sem upp kemur og ágreiningur er um milli fjmrn. annars vegar og Ríkisendurskoðunar hins vegar um það hvernig staðið skuli að færslu á ríkisreikningi og það komi réttilega fram og í sé samræmi við fjárlög viðkomandi árs. En meginágreiningsefnið, sem kemur fram í ítarlegri skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreikn*ings sem gefin var út í febrúar á þessu ári*, er auðvitað færslan á framlagi til Framkvæmdasjóðs Íslands sem hér hefur verið rakin.

Eins og fram kom líka í ræðum þeirra sem hér hafa talað á undan mér þá gekk fjárln. frá nál. í lok síðasta þings sem ég er ekki viss um að hafi einu sinni verið dreift í þinginu. Þó kann að vera að svo hafi verið, að nál. hafi verið lögð fram, en þau lágu fyrir. Þá var það reyndar afstaða minni hlutans í fjárln. að málinu væri vísað frá með rökstuddri dagskrá þar sem ríkisreikningsnefnd, sem ætlað er það hlutverk samkvæmt lögum að vera fjmrh. og ráðuneyti hans til ráðuneytis um atriði er varða uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings, hefði ekki skilað áliti um ágreiningsmál. Þess vegna væri rétt að fresta afgreiðslu þessa máls og bíða eftir slíkri niðurstöðu, ef hún gæti orðið ásættanleg. Vonandi verður það eins og hæstv. fjmrh. hefur lýst hér, að hann vænti þess að sú nefnd fjalli nú um málið einu sinni enn áður en langt líður. Ég held að hann hafi lýst því svo við umræðu um fjárlagafrv. fyrir næsta ár, að hann vonaði að þeir kæmu ekki af þeim fundi fyrr en hvítur reykur kæmi upp úr því herbergi sem sýndi það að um samkomulag væri að ræða í nefndinni um málin. En sjálfsagt er það rétt, svo að ég vitni aftur til ræðu hv. þm. Pálma Jónssonar, að það er e.t.v. ekki stórmannlegt af hálfu fjárln. og af hálfu Alþingis að afgreiða ekki málið, því auðvitað er það Alþingi sem þarf að segja álit sitt og taka endanlega afstöðu hvernig það vill afgreiða þetta mál og hver afstaða þess er til málsins. En vissulega hlýtur það að vera okkur hv. þm. mjög til stuðnings ef samkomulag er um það hjá þeim aðilum sem um málið fjalla, og eiga að vera okkur til ráðuneytis, hvernig eigi að taka á málum.

Ég ætla því, virðulegur forseti, ekki að fara mikið fleiri orðum um þetta ágreiningsmál að þessu sinni heldur vísa til þess sem ég sagði hér áðan við umræðu um fjáraukalagafrumvörpin tvö, að fjárln. þyrfti að fjalla um málið allt og gæta samræmis við afgreiðslu annars vegar á þeim og hins vegar á þessum ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem einnig verður þar til umfjöllunar. En í skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, sem ég vitnaði til áðan, voru fjölmargar athugasemdir við ýmsa aðra þætti sem eru öllu fremur til þess að taka til athugunar heldur en að þar sé um ágreiningsefni að ræða. Í skýrslunni var bent á fjölmörg atriði. Og ég fór rækilega yfir það í ræðu minni um ríkisreikninginn hér á síðasta þingi og ætla ekki að endurtaka það, en vil minna á að í skýrslunni er ýmislegt sem Alþingi og framkvæmdarvaldið þarf að taka til umræðu og koma sér niður á það hvernig eigi að meðhöndla, hvernig eigi að afgreiða og hvernig eigi að fylgja því eftir að þær athugasemdir sem þar eru settar fram séu teknar til athugunar og til eftirbreytni. Eða þá a.m.k. að forsvarsmenn ríkisstofnana og ráðuneyta geri grein fyrir afstöðu sinni til þessara athugasemda og ef viðkomandi aðilar telja ekki ástæðu til að fara eftir því eða hafa það að leiðarljósi. Ég minni t.d. á þær fjölmörgu ábendingar sem þar komu fram, athugasemdir um viðveruskráningu starfsfólks hjá hinum ýmsu stofnunum, um áherslu á notkun stimpilklukku, um að bókhald sé eins og það á að vera, aksturssamningar séu í gildi, eignaskrár séu færðar, svo að eitthvað sé tínt til af því sem hér var drepið á og ég beini því til hæstv. fjmrh. að hann á ein-

hverju stigi og í einhverju formi fjalli um það hvernig eigi að fylgja slíku eftir. Við höfum reyndar rætt um það ítrekað í fjárln. hvernig eigi að fylgja eftir hinum ýmsu skýrslum sem berast frá Ríkisendurskoðun, hvort það eigi að vera hlutverk fjárln. að gera það eða hvort það eigi að vera hlutverk hugsanlega einhverrar nýrrar nefndar sem gæti heitið eftirlitsnefnd eða eitthvað slíkt á vegum hins háa Alþingis en þannig mun því t.d. vera háttað í sumum nágrannalöndum okkar. Það kom m.a. fram í ferð sem nokkrir fjárlaganefndarmenn fóru til Noregs fyrr á þessu ári til þess að kynna sér meðferð hliðstæðra mála þar, að þar er sérstök nefnd sem fer yfir þessi mál og fylgir þeim eftir.

Þetta er rétt sagt hér, virðulegur forseti, til upprifjunar og ég ætla ekki að eyða frekari tíma í þetta mál, en lýsi því yfir fyrir mína parta að ég mun leggja mig fram um það eftir bestu samvisku að reyna að afgreiða þessi mál í fjárln. og að það þurfi ekki að dragast úr hömlu, heldur að það sé gert svo fljótt sem tækifæri er til. En úr því sem komið er tel ég að það væri nú samt æskilegt að sú afgreiðsla tengdist þeim fundi sem hæstv. fjmrh. hefur greint frá að væri fyrirhugaður í þessari ríkisreikningsnefnd og við sæjum þá hvað út úr þeim fundi kæmi. En að öðru leyti hlýtur það auðvitað að vera Alþingis að taka endanlega afstöðu til málsins.

[18:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Örstutt, virðulegi forseti. Í umræðum sem urðu hér um daginn um ríkislögmann var nokkuð rætt um hver staða ákveðinna stofnana væri og þá ekki síst ef kæmu niðurstöður frá þeim í formi til að mynda álitsgerðar eins og hjá ríkislögmanni. Þar var réttilega bent á að slík álitsgerð hefur ekkert meiri þýðingu heldur en álitsgerð annarra lögmanna sem starfa á frjálsum vettvangi.

Þá var einnig rætt um Ríkisendurskoðun og umboðsmann Alþingis til að benda á að í raun og veru er þar um að ræða stofnanir sem eru stoðstofnanir og kveða ekki upp úrskurði nema það sé sérstaklega tiltekið í lögum heldur er þar um að ræða tilmæli. Og við í fjmrn. teljum t.d. að ef tilmæli koma frá umboðsmanni Alþingis þá tökum við það alvarlega og reynum að bæta úr. Ef við teljum hins vegar að hann fari ekki með mál með þeim hætti sem við teljum rétt, þá sendum við honum skrifleg svör þar sem við bendum á okkar hlið málanna. Og niðurstaðan er sem betur fer oftast sú að friður verður um hana.

Varðandi þá skýrslu sem hv. þm. ræddi og ábendingar sem þar koma fram, þá hef ég talið að fjmrn. beri að bera þau boð sem þar koma fram, þau tilmæli sem ég tel að svo séu, til viðkomandi stofnana framkvæmdarvaldsins. Ég tel hins vegar að það sé ástæða til þess, eins og reyndar hefur komið fram margoft áður og m.a. hjá yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, að það kunni að vera önnur aðferð betri í því sambandi. En þetta vildi ég láta koma fram þannig að það sé skýrt að ég tel að það sé verkefni fjmrn. að sjá um að þessi tilmæli, ábendingar, berist réttum aðilum þótt engan veginn sé um úrskurði að ræða.

[18:50]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi þrjú mál sem hér hafa verið síðast á dagskrá tengjast í raun og veru öll innbyrðis eins og raunar hefur komið fram í máli manna. Hvorki var lokið að ræða ríkisreikning fyrir árið 1991, fjáraukalög fyrir það sama ár né fjáraukalög fyrir 1992 í lok síðasta þings. Ástæðan var eins og hér hefur margoft komið fram í máli manna þessi ágreiningur sem uppi er um færslu á tæpum 1.700 millj. kr.

Það er alveg augljóst að við náum ekki neinni niðurstöðu um þetta mál við 1. umr. um ríkisreikning en ég vil þó geta þess og taka undir það sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason sagði áðan í sinni ræðu að minni hlutinn í fjárln. hafði lagt það til þegar átti að ræða í lok þings í fyrra um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1991 að því máli yrði vísað frá, að frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir þetta ár yrði vísað frá. Það sem við rökstuddum þetta með var svohljóðandi:

„Samkvæmt 6. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, skal hún endurskoða ríkisreikning. Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað ríkisreikning fyrir árið 1991. Í ríkisreikningi 1991 er framlag ríkissjóðs til Framkvæmdasjóðs Íslands fært til gjalda hjá forsrn. Þetta er byggt á 13. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992 sem staðfest voru 24. jan. 1992 og heimila fjmrh. að yfirtaka skuldir Framkvæmdasjóðs Íslands að fjárhæð allt að 1.700 millj. kr. á því ári. Fjmrh. hefur þegar nýtt þessa heimild samkvæmt samkomulagi við Framkvæmdasjóð sem er dagsett 9. mars 1992. Það er álit Ríkisendurskoðunar að færa nefnt framlag til gjalda í ríkisreikningi 1992 í stað 1991 og því sýnir rekstrarreikningur A-hluta ríkissjóðs á árinu 1991 verri afkomu sem þessu nemur.

Um endurskoðun að öðru leyti vísar stofnunin til sérstakrar endurskoðunarskýrslu sem lögð verði fyrir Alþingi samhliða skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings."

Þetta segir Ríkisendurskoðun í athugasemdum við þennan reikning. Það var á því sem minni hluti fjárln. byggði þá afstöðu sína að þessu væri vísað frá þar sem ekki hefði náðst neitt samkomulag um það og mikill ágreiningur var uppi um þennan reikning.

Ég verð að segja það að ég hef verið á þeirri skoðun að þær athugasemdir sem yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun eru hér að gera séu fullkomlega rökréttar og get ekki fallist á sjónarmið fjmrn. í þessu máli. Ég vil því endurtaka það að ég tel að öll þessi mál, fjáraukalög 1991, fjáraukalög 1992 og ríkisreikningur fyrir árið 1991 tengist því að sú ákvörðun sem tekin verður um það hvernig með þessa færslu skuli fara hlýtur að hafa áhrif á öll þessi mál. Það er því augljóst að það verður að fresta því að afgreiða þetta mál þar til að niðurstöður ríkisreikningsnefndar liggja fyrir. Við höfum ítrekað spurt að því í fjárln. hvenær þær niðurstöður muni verða til og síðustu svör sem við fengum voru þau að þær yrðu lagðar fram og yrðu

kynntar tilbúnar fyrir áramót a.m.k., í desember held ég að hafi verið nefnt, og úr því að svo mikil seinkun hefur orðið á afgreiðslu þessara fjáraukalagafrv. tveggja og ríkisreiknings fyrir árið 1991 þá sé ég ekki að tveir mánuðir til eða frá skipti máli þannig að ég legg til að þessu máli verði frestað þar til ríkisreikningsnefnd hefur skilað sínu áliti.

[18:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil mjög vel að hv. fjárlaganefndarmenn geri athugasemdir og á von á því að umræður í nefndinni verði um þær færslur sem hafa verið deildar meiningar um. Ég vara hins vegar við að fresta málinu of lengi því hér er um að ræða mál sem Alþingi þarf að afgreiða sem fyrst. Ég vonast hins vegar til þess að ríkisreikningsnefnd skili sínu áliti á þessum viðfangsefnum sem allra fyrst og það geti flýtt starfi nefndarinnar.

Síðan vil ég einungis segja eitt við viðbótar og það er að jafnvel þótt gerðar séu athugasemdir við ríkisreikning af hálfu Ríkisendurskoðunar þá er það Alþingi sem ræður. Það gerist oft eins og þeir þekkja sem hafa sinnt bókhaldi og reikningsskilum að gerðar eru athugasemdir við reikninga viðkomandi félaga og fyrirtækja þó þannig að aðalfundur samþykki reikninginn með viðkomandi athugasemdum. Þannig er víðast farið að og auðvitað ekkert því til fyrirstöðu að slíkt verði gert einnig á hinu háa Alþingi því þar með eru tilmælin komin til skila til þeirra aðila sem þurfa að taka á málinu og hv. nefnd, þ.e. meiri hluti nefndarinnar, skilaði á sl. vori einmitt slíkri niðurstöðu og sagði: Við skulum samþykkja frv. en við óskum eftir því að það verði tekið tillit til athugasemdanna í framtíðinni.

Ég verð að segja það að mér fannst það vera réttlát og sanngjörn niðurstaða sem hefði orðið til þess að hægt væri að ná friði með sæmd í þessu máli.

[18:57]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. segir að það þurfi að ljúka þessu máli og ekki megi draga það of lengi. Það var líka sagt sl. vor þegar við vorum að fjalla um öll þessi mál að mjög nauðsynlegt væri að afgreiða það fyrir þinglok sem var í byrjun maí. Síðan eru liðnir þó nokkrir mánuðir og það líður senn að því að ríkisreikningsnefnd skili af sér álitinu. Eins og ég sagði áðan þá sé ég ekki að þetta sé svo brýnt nú frekar en það var í maí sl. að því var ekki lokið þá að það megi ekki dragast þar til þetta álit liggur fyrir.

[18:58]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið þá hefur verið og er ágreiningur um meðferð á ýmsum atriðum í ríkisreikningi fyrir árið 1991 og ekki ástæða til þess að fjölyrða um það sérstaklega eða fjalla á þessu stigi um þau efnisatriði. Fjárln. Alþingis fjallaði mjög ítarlega um ríkisreikninginn, kallaði til sín fulltrúa bæði fjmrn. og Ríkisendurskoðunar og fór yfir málið í heild sinni. Það er alveg ljóst að hér er um mjög flókin og viðamikil mál að ræða og e.t.v. mál sem er auðvelt að hafa mismunandi meiningar um og kannski ekki óeðlilegt að upp komi ágreiningur. En ég vil leggja á það áherslu, virðulegi forseti, við þessa umræðu að það er afar mikilvægt að taka þetta mál núna til umfjöllunar og afgreiðslu og ég tel að ekki eigi að draga afgreiðslu þessa máls, það sé okkur öllum nauðsynlegt að ná niðurstöðu í því.

Ég hlustaði með athygli á ræður hv. þingmanna og hæstv. fjmrh. og kannski ekki hvað síst ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. sem hefur fjallað mjög mikið um ríkisreikninginn. Ég tel að það sé í fyllsta máta eðlilegt að fjárln. taki þetta mál til afgreiðslu og skoðunar á nýjan leik. Að vísu liggja fyrir nál. bæði frá meiri hluta og minni hluta nefndarinnar en til þess er nú umfjöllun á hinu háa Alþingi og í nefndum þingsins að skoða málin í ljósi hverrar stundar og ég vænti þess að fjárln. í heild sinni nái niðurstöðu í þessu máli þó e.t.v. sé ekki líklegt að það verði ein niðurstaða sem nefndin öll kemst að. En ég vænti þess, virðulegi forseti, að okkur takist að ljúka afgreiðslu á ríkisreikningi fyrir árið 1991 sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 7. mál.

Fundi slitið kl. 19.01.

---

17. FUNDUR

miðvikudaginn 20. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lánsfjárlög 1994, stjfrv., 75. mál, þskj. 78. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 76. mál, þskj. 79. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 67. mál, þskj. 70. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 68. mál, þskj. 71. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Yfirstjórn menningarstofnana, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
7. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Fyrri umr.

8. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — 1. umr.
9. Meðferð opinberra mála, frv., 38. mál, þskj. 41. — 1. umr.
10. Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, þáltill., 62. mál, þskj. 65. — Fyrri umr.
11. Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, þáltill., 63. mál, þskj. 66. — Fyrri umr.
12. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 71. mál, þskj. 74. — 1. umr.
13. Lögheimili, frv., 72. mál, þskj. 75. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:
Endurmat iðn- og verkmenntunar, 113. mál, þáltill. StG o.fl., þskj. 118.
Héraðslæknisembættin, 111. mál, fsp. ÞBack, þskj. 115.
Íþróttakennsla í framhaldsskólum, 109. mál, fsp. KE, þskj. 113.
Launagreiðslur til starfsmanna ráðuneytanna, 110. mál, fsp. FI, þskj. 114.
Leigutekjur af embættisbústöðum, 107. mál, fsp. EKG, þskj. 111.
Skrifstofur heilibrigðismála, 112. mál, fsp. ÞBack, þskj. 116.
Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga, 108. mál, fsp. KHG, þskj. 112.
Þjóðfáni Íslendinga, 106. mál, þáltill. GHall og ÁRÁ, þskj. 109.

Lánsfjárlög 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 78.

[13:35]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PJ, PBald, RA, RB, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP.
21 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EKJ, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, ISG, JHelg, JVK, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddur.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Lánsfjárlög 1993, frh. 1. umr.

Stjfrv., 76. mál (heildarlántökur ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 79.

[13:36]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PJ, PBald, RA, RB, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP.
18 þm. (ÁJ, DO, EKJ, GE, GÁS, GÁ, GHelg, ISG, JHelg, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fjáraukalög 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 67. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 70.

[13:37]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP.
18 þm. (ÁJ, DO, EKJ, GE, GÁS, GÁ, GHelg, ISG, IP, JHelg, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Fjáraukalög 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 68. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 71.

[13:38]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP.
17 þm. (ÁJ, DO, EKJ, GE, GÁS, GÁ, GHelg, ISG, JHelg, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Ríkisreikningur 1991, frh. 1. umr.

Stjfrv., 36. mál. — Þskj. 38.

[13:38]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, DO, EKJ, GE, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JHelg, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, fyrri umr.

Þáltill. StG, 23. mál. — Þskj. 23.

[13:40]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um flutning á verkum Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að leita leiða til að flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti hafist í ríkissjónvarpinu á árinu 1994. Jafnframt verði athugað með hverjum öðrum hætti starfsemi þessara stofnana og annarra hliðstæðra geti sem best náð til allra landsmanna."

Í greinargerðinni segir svo:

„Árlega gengst Þjóðleikhúsið fyrir fjölda leiksýninga, jafnt á innlendum sem erlendum verkum. Sinfóníuhljómsveit Íslands heldur og á ári hverju marga tónleika. Flutningur þessara menningarverka á sér þó oftast stað í Reykjavík enda er Þjóðleikhúsið þar og Sinfóníuhljómsveitin er með starfsaðstöðu sína í borginni. Aðrir landsmenn en þeir sem búa á höfuðborgarsvæðinu eiga því erfiðara um vik að njóta þeirra sýninga og tónleika, sem í boði eru, í jafnríkum mæli og æskilegt væri. Með flutningi þingmáls þessa er lagt til að menntamálaráðherra verði falið að leita leiða til að landsmenn allir geti sem best notið listflutnings Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Flutningsmanni er ljóst að hér er ekki um það að ræða að ríkissjónvarpið flytji öll verk sem þessir aðilar flytja á ári hverju en einhver þeirra skulu þó ætíð flutt.

Ríkisútvarpið er sjálfstæð stofnun í eigu íslenska ríkisins, sbr. 14. gr. útvarpslaga, nr. 68/1985. Þá er Þjóðleikhúsið eign íslensku þjóðarinnar, sbr. 1. gr. laga nr. 58/1978, og greiðist kostnaður af rekstri þess úr ríkissjóði, sbr. 18. gr. laganna. Ríkissjóður greiðir 56% rekstrarkostnaðar Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Ríkisútvarpið 25%, sbr. 3. gr. laga nr. 36/1982. Hlutur Ríkisútvarpsins greiðist af menningarsjóðsgjaldi sem leggst á allar auglýsingar í útvarpi, sbr. 11. gr. laga. nr. 68/1985.

Forsvarsmenn Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar hafa eftir megni reynt að sinna öllum landsmönnum, t.d. með leikferðum, sbr. 15. gr. laga nr. 58/1978, og tónleikahaldi um land allt. En betur má ef duga skal. Allir landsmenn eiga rétt á að njóta verka þessara aðila. Það má m.a. auðveldlega gera með því að sjónvarpa frá leiksýningum og tónleikum þeirra. Til þess er ríkissjónvarpið rétti aðilinn, enda í eigu allra landsmanna. Slíkar sjónvarpssendingar tíðkast víða í nágrannalöndum okkar og hafa gefist vel. Þá hefur ríkissjónvarpið lítillega reynt fyrir sér á þessu sviði með góðum árangri.

Ríkisútvarpið–sjónvarp hóf útsendingar sínar 30. september 1966 og hefur því starfað í 27 ár. Starfsemi þess hefur tekið miklum breytingum frá upphafi og er í stöðugri þróun enda háð tíðaranda hverju sinni. Ríkissjónvarpið hefur miklum skyldum að gegna við fólkið í landinu enda sameiginleg menningarstofnun þjóðarinnar. Því er eðlilegt að það sjái um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitarinnar í sjónvarpi. Rétt þykir einnig að fela menntamálaráðherra að athuga með hverjum öðrum hætti starfsemi Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti náð sem best til allra landsmanna, svo og starfsemi annarra hliðstæðra stofnana, t.d. Íslensku óperunnar og Leikfélags Reykjavíkur."

Hér mætti nefna fleiri til. Það er skoðun flutningsmanns að verði þessi þáltill. samþykkt verði þeir fjölmiðlar, sem hér eru nefndir, vakandi yfir því hlutverki sínu að opna möguleika fyrir sem flesta til listflutnings í ríkisfjölmiðlunum. Verði svo er tilgangi þessarar þáltill. náð.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og menntmn.

[13:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í örfáum orðum taka undir efni þessarar tillögu og fagna því að hún skuli komin fram. Það er ekki eðlilegt hve Ríkisútvarpið–sjónvarp sinnir því illa að útvarpa og sjónvarpa frá ýmsum menningarviðburðum sem hér eiga sér stað. Mér verður þá sérstaklega hugsað til klassískrar tónlistar sem því miður virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá núverandi stjórnendum sjónvarpsins. Þar er oft um gríðarlega gott efni að ræða, efni sem á erindi til allra landsmanna. Og það sama gildir um sýningar Þjóðleikhússins þar sem bæði getur verið um það að ræða að sjónvarpa beint eða taka upp sýningar og sýna þær seinna.

Nú held ég að ég viti það fyrir víst að leikhúsin láta taka upp sínar sýningar og sama gildir um Íslensku óperuna en það er yfirleitt gert frekar af vanefnum með einni vél til að festa á band þessar sýningar en ekki þannig að þær séu hugsaðar til flutnings í sjónvarpi. Þar verður auðvitað að leggja meira til. Það vaknar sú spurning, sem ég vil beina til flm., hvort hann hafi eitt-

hvað reynt að gera sér grein fyrir kostnaðinum sem þessu fylgir, vegna þess að það er það sem ríkissjónvarpið ber alltaf fyrir sig, að þetta sé svo dýrt. Auðvitað er þetta spurning um forgangsröð og hvaða efni menn velja til sýningar. Við verðum að gera okkur grein fyrir hvað þetta kostar en þar með að ríkissjónvarpið sníði sér þann stakk sem hæfir.

Ég tek undir það meginefni að þetta verði kannað og að í rauninni beri ríkissjónvarpinu skylda til að sinna efni af þessu tagi og að því þurfi að gefa meira rými í dagskrá ríkissjónvarpsins.

[13:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég stend hér upp til að lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þann efnisþátt sem snýr að því að sýna í sjónvarpi frá Sinfóníunni og Þjóðleikhúsinu, það hefur flm. skýrt og rökstutt í sinni ræðu. Ég ætla fyrst og fremst að koma að einum þætti í framsögu flm. og það var gagnvart því hvernig Sinfónían og Þjóðleikhúsið gætu nýst á breiðari grunni fyrir tónlistarlíf og leiklistarlíf í landinu. Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því að bæði tónlistar- og leiklistarlíf er með miklum blóma víða um land í formi áhugafélaga bæði um söng, hljóðfæraleik og leiklist. Svo hefur verið um leiklistina um langt árabil. Hins vegar hefur á síðustu árum verið mikil vakning og mikill áhugi gagnvart tónlistarstarfi. Það hefur fylgt í kjölfarið með mikilli eflingu tónlistarnáms víða um land. Við erum farin að sjá hvernig tónlistarskólarnir eru farnir að smita út frá sér í öllu tónlistarlífi. Það er því enginn vafi á því að jarðvegurinn er fyrir hendi og þörfin á þeirri starfsemi sem hér er rætt um.

Það sem ég vil þá að lokum, virðulegi forseti, leggja áherslu á er að þegar viðkomandi nefnd skoðar þetta mál þá verði það athugað á hvern hátt til að mynda Sinfónían gæti komið tónlistarfólki úti um land til aðstoðar þegar verið er að setja upp metnaðarfull verk. Ég sé það fyrir mér að það geti bæði verið í formi faglegrar leiðsagnar, það getur verið í formi þess að útvega stjórnendur og hugsanlega í formi þess að útvega hljóðfæraleikara til að fylla upp í til þess að hægt sé að ná saman hljómsveitum til að leika undir. Það hefur til að mynda verið afar ánægjulegt að fylgjast með þróun Kammersveitarinnar á Akureyri á síðustu árum sem er að ná því núna þessar vikurnar að heita sinfóníuhljómsveit og er farin að takast á við verkefni sem menn hefðu ekki einu sinni dreymt um að reyna við fyrir 5–10 árum síðan. Þessi hljómsveit byggir á þeim kjarna sem þarna er, fyrst og fremst tónlistarkennurum á svæðinu og lengra komnum nemendum og tónlistarfólki sem þarna býr. Ég er alveg viss um að svona hluti er hægt að vinna upp þó kannski ekki í alveg sömu stærðargráðu á fleiri stöðum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa tillögu en vonast til að við berum gæfu til að afgreiða hana frá þinginu í vetur.

[13:52]

Gunnlaugur Stefánsson:

Frú forseti. Mig langar til að þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir að hreyfa þessu verðuga máli um að leita leiða til þess að flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands geti hafist í ríkissjónvarpinu eða alla vega aukist frá því sem nú er. Það gefst sannarlega ekki oft tækifæri hér á Alþingi til að ræða menningarmál. Nú segir mér svo hugur að það sé líka önnur hlið á þessu máli sem við ættum að huga rækilega að en það er að vekja athygli á hinu fjölbreytta og fjölskrúðuga menningarstarfi sem fer fram á landsbyggðinni og á hvern hátt Ríkisútvarpið gæti í vaxandi mæli komið til móts við þetta mikla starf og gefið landsmönnum öllum kost á að njóta. Það er rétt sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan að tónlistar- og leiklistarstarf er mjög blómlegt um þessar mundir á landsbyggðinni. En þess sjást ekki merki ef við fylgjumst með fréttum og viðburðum í sjónvarpi og útvarpi þar sem fjallað er um þetta starf. Mörg þúsund manns starfa í kórum á Íslandi og taka þar með þátt í mjög mikilvægu menningarstarfi. Ég tel að það gæti orðið mikil hvatning fyrir þetta starf ef Ríkisútvarpið kæmi þarna til liðs með öllum þeim mögulega hætti sem kostur er á. Einnig er það mikil hvatning við menningarstarfið á landsbyggðinni að Ríkisútvarpið gefi því sama gaum og því menningarstarfi sem fram fer hér í Reykjavík. Það verður að segja það eins og er að listflutningur sem birtist í sjónvarpi og hljóðvarpi á fyrst og fremst rætur að rekja hingað á höfuðborgarsvæðið. Það kunna að vera ástæður til þess. Það liggur best við bæði tæknilega og jafnvel fjárhagslega fyrir sjónvarpið og hljóðvarpið að sækja í smiðju til listafólks hér í nágrenni við höfuðstöðvar Ríkisútvarpsins og sannarlega mundi það hafa kostnað í för með sér ef Ríkisútvarpið ætlaði í vaxandi mæli að fara að gefa menningarstarfinu á landsbyggðinni meiri gaum.

Þess vegna legg ég áherslu á það að þegar þessi tillaga til þingsályktunar verður tekin til skoðunar í viðkomandi þingnefnd þá verði horft á þetta mál á sem víðtækustum grundvelli þótt tillagan sjálf fjalli einvörðungu um verk Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. En ég er viss um að ef Ríkisútvarpið kæmi til liðs við Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveitina með því að sýna meira af verkum þessara ágætu stofnana þá yrði það um leið hvatning fyrir Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveitina til að gera enn betur.

Ég vil leggja á það áherslu að það er unnið mjög gott starf í Þjóðleikhúsinu og Þjóðleikhúsið hefur eftir mætti reynt að fara með sín verk út á landsbyggðina. Sérstaklega vakti það athygli sl. sumar hvað Þjóðleikhúsið lagði mikið af mörkum í þeim efnum og það sama verður að segja um Sinfóníuhljómsveit Íslands. Íslensk þjóð getur verið stolt af sínu Þjóðleikhúsi og ekki síður stolt af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég lít svo á að þessi tillaga sé ekki síður flutt til þess að styrkja þetta starf sem fram fer innan veggja Þjóðleikhússins og hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ég vil aftur þakka hv. flm. fyrir að hreyfa þessu mikilvæga máli.

[13:57]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hv. þm.

Stefáni Guðmundssyni fyrir þá þrautseigju sem hann hefur sýnt í því að flytja þetta mál hér í þessari virðulegu stofnun og einnig segja að það er mjög ánægjulegt að heyra þau ummæli sem hér hafa fallið, m.a. um Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands reyndar líka, m.a. frá síðasta ræðumanni.

Hér er um að ræða mál sem hefur að sjálfsögðu verið rætt og kannað mjög ítarlega á undanförnum árum. Það hefur auðvitað fyrst og fremst rekist á eitt, það hefur kannski ekki rekist á viljaleysi eða hugmyndaleysi þeirra sem ráða ríkjum í þessum stofnunum heldur hygg ég að málið hafi fyrst og fremst rekist á peningaleysi eða öllu heldur kannski það að menn hafa ekki talið sig hafa aðstæður til að losa peninga úr rekstri stofnananna til að nota í því skyni sem hér er gerð tillaga um. Þetta er með öðrum orðum tillaga um breytingu á ráðstöfun þeirra fjármuna sem þær þrjár menningarstofnanir hafa sem hér er verið að tala um, þ.e. Ríkisútvarpið, Þjóðleikhúsið og Sinfóníuhljómsveit Íslands, að þessar stofnanir hagi sínum áherslum í fjárveitingum og sínum fjárlögum öðruvísi en nú er gert og gert hefur verið. Eða þá að menn eru hér með hugmyndir um að bæta við þá fjármuni sem þessar stofnanir hafa, þ.e. Ríkisútvarpið, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Þjóðleikhúsið. Ég hygg að það sé kannski einhver blanda af þessum tveimur leiðum sem menn yrðu að fara í þessu. Annars vegar að auka aðeins við þá fjármuni sem þessar þrjár stofnanir hafa og hins vegar að reyna að raða aðeins öðruvísi niður þeim peningum sem stofnanirnar eru þegar með á milli handanna. Ég tel þess vegna að það sé sjálfsagt mál — ég heyrði nú ekki hvaða tillögu hv. flm. gerði um nefnd, en ég tel út af fyrir sig sjálfsagt mál að menntmn. fjalli um málið. En ég tel að þetta sé líka fjárlagamál og ég teldi eðlilegt að bæði fjárln. og menntmn. fengju þetta mál til meðferðar og kannski alveg sérstaklega fjárln. einmitt núna á næstunni. Vill hún koma fram með beinar tillögur eða ábendingar um það að þessar stofnanir verji sínum fjármunum öðruvísi þannig að unnt verði að stuðla að auknum flutningi verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu?

Nú háttar auk þess svo til, virðulegur forseti, að hér með eru ekki öll kurl komin til grafar þó svo að málið geti þegar virst nægilega flókið vegna þess að hér eru auðvitað starfandi í landinu fleiri en ein sjónvarpsstöð. Hér er rekin sjónvarpsstöð á vegum einkaaðila sem nær mjög víða um land í seinni tíð eins og menn þekkja. Þess vegna hlytu eigendur þeirrar sjónvarpsstöðvar að segja sem svo: Við viljum með einhverjum hætti koma inn í þetta mál þannig að við getum komið í gegnum okkar stöð líka listaverkum sem hér er um að ræða.

Til viðbótar þessu bætist svo það, virðulegur forseti, og það tel ég að geri tillöguna sérstaklega tímabæra einmitt núna í upphafi þings, að nú er verið að vinna að endurskoðun útvarpslaga undir forustu hv. 5. þm. Norðurl. e., sem heiðrar okkur hér með nærveru sinni í salnum. Ég tel eðlilegt að á þessu máli yrði einnig tekið í þeirri nefnd þannig að þegar allt er lagt saman þá ætti auðvitað að vera hægt að gera sér vonir um árangur einmitt núna af því að málinu er yfirleitt vel tekið og af því að að því koma menn hverra fé stendur víða föstum fótum, m.a. í útvarpslaganefnd og í fjárln. sjálfri, að nú ekki sé minnst á hv. menntmn. og ekki gert lítið úr henni, en ég er viss um að þar verði málinu vel tekið.

[14:02]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að nota mér réttinn til andsvara til að beina spurningu til hv. 9. þm. Reykv. þar sem hann hefur verið yfirmaður allra þessara stofnana um árabil og hans álit á því — hann nefndi kostnaðarhliðina og vissulega snýst þetta um peninga að nokkru leyti. En mín tilfinning segir mér að það að vinna upp sjónvarpsþátt til að mynda úr starfsemi Sinfóníuhljómsveitarinnar, það þyrftu ekki að vera einir heildstæðir tónleikar, það gæti verið úr fleiri verkum með kynningum á milli, það væri kannski síst dýrari dagskrárgerð en margt af því sem hafa verið lagðir peningar í í innlendri dagskrárgerð að undanförnu og ætti ekkert síður erindi en margt sem þar hefur verið á ferðinni. Ég varpa þessari spurningu til hv. þm. og fyrrverandi menntmrh. hvað hann telur um það.

[14:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get út af fyrir sig ekki svarað því í einstökum atriðum hversu miklir fjármunir eru þarna á ferðinni og heldur ekki því hvort þetta er dýrara eða ódýrara en eitthvað annað sem stöðvarnar eru með. Enda finnst mér að málið snúist ekki um það hér í þessari stofnun. Það er tæplega okkar hlutverk að hafa skoðun á því hvernig á að raða þessu saman. Ég hygg t.d. að ef menn ætluðu að senda út dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands þá yrði að senda út a.m.k. nokkrum sinnum heila dagskrá. Einhver skipti samsetta dagskrá. Eins gæti það verið með leikhúsin, þetta yrði að vera matsatriði hverju sinni. En ég hygg að ef sæmilega er að þessu staðið, þ.e. upptöku á einu leikverki með viðeigandi fjölda myndavéla og eðlilegri tæknivinnu við klippingu og vönduðum frágangi filmunnar, þá séu menn hér að tala um að því er varðar heils kvölds leikrit ekki mikið lægri tölu en 5–7 millj. kr.

[14:04]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og fleiri hafa gert á undan mér þakka hv. flm. þessarar tillögu fyrir að halda þessu máli vakandi. Ég segi eins og aðrir hafa sagt að þetta er mjög þarft mál sem hér er vakið upp, í raun og veru alveg sjálfsagt mál. Þá á ég auðvitað fyrst og fremst við það að þær leiksýningar sem mikla athygli vektu og fengju verulega aðsókn væru teknar upp, að sjálfsögðu með fullgildri tækni, minnst þremur vélum, og þetta væri síðan sýnt í sjónvarpinu kannski einu eða tveimur árum eftir að viðkomandi leiksýning var í leikhúsinu.

Ég þekki þetta mál nokkuð vel og hef eins og margir aðrir haft áhuga á því. Fyrir nokkrum árum var þetta

töluvert á döfinni bæði í sjónvarpinu og hjá Þjóðleikhúsinu með nokkrar leiksýningar. Það gekk svo langt reyndar að Þjóðleikhúsið tók upp nokkrar sýningar á þennan hátt ekki bara með einni vél sem auðvitað er ekki hægt að sýna í sjónvarpi heldur með bæði fjarmyndum og nærmyndum og þremur vélum og allri tilheyrandi tækni. En þegar til átti að taka þá vildi sjónvarpið ekki leggja í þann kostnað sem eftir var til að koma þessu í flutningshæft form. Það hefur sem sagt strandað á sjónvarpinu að það fylgdi þessari samvinnu áfram til enda og lyki verkinu. Það má segja að Þjóðleikhúsið hafi farið af stað með þetta og gert það sem í þess valdi stóð til að koma þessu í gang en viðbrögðin í ríkissjónvarpinu voru ekki nægilega jákvæð. Auðvitað bera menn fyrir sig að þarna sé um kostnaðarspursmál að ræða og það má vafalaust til sanns vegar færa að þarna er um nokkurn kostnað að ræða, en að sjálfsögðu eins og hér hefur komið fram miklu, miklu minni kostnað heldur en er af dagskrárgerð sem þarf að undirbúa alveg frá grunni og oft og tíðum bara örlítið brot af þeim kostnaði sem er t.d. við að undirbúa og setja upp sjónvarpsleikrit í sjónvarpssal, örlítið brot af þeim kostnaði.

Ég hef verið óánægður með það undanfarin ár að þarna skyldi ekki takast betri samvinna en raun ber vitni og hef nú helst hallast að því að það vantaði einhvern tengilið milli ríkissjónvarpsins annars vegar eða sjónvarpsstöðvanna beggja og leikhúsanna og Sinfóníuhljómsveitarinnar sem tæki að sér að skipuleggja þessa hluti, velja þau verk sem yrðu styrkt og greiða þarna einhvern kostnað til að koma á þessari samvinnu. Það virðist vera að þetta strandi eins og er og ekki sé hægt að teyma viðkomandi stofnanir til þeirrar samvinnu sem þyrfti. Það virðist þurfa að koma til eitthvert frumkvæði, einhver forusta og einhver lítils háttar fjármögnun af hálfu menntmrn. væntanlega sem tæki að sér forustu í þessu máli og kæmi því í framkvæmd. Þess vegna er þessi tillaga á réttum stað og með réttu orðalagi. Það er skorað á menntmrh. að leita leiða til að gera þetta mögulegt. Ég held að sú leið hljóti að vera fólgin í því að annaðhvort sé stofnaður einhver lítill sjóður, ég undirstrika að það þarf ekki mikið fé í þetta, þetta er ekki mjög dýrt í sjálfu sér. Eða þá að vísað er á einhvern þann sjóð sem fyrir er sem geti tekið að sér forustu í þessu. Ég nefni bara Menningarsjóð útvarpsstöðva, hann gæti auðvitað komið til álita í þessu samhengi.

En ég vildi fyrst og fremst koma hér upp til að lýsa stuðningi mínum við þetta mál sem ég tel að sé mjög þarft og einmitt ágætt að Alþingi ýti á þannig að málið komist til framkvæmda.

[14:09]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Eins og hefur komið fram í máli margra þingmanna sem hafa látið sig þessa þáltill. varða þá er hér á ferðinni athyglisvert mál sem varðar fyrst og fremst samskipti Ríkisútvarpsins, Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það er mjög brýnt að leitað sé allra leiða til þess að veita íslenskri listsköpun farveg inn í sjónvarpssendingar, í raun og veru bæði hjá Ríkisútvarpinu en ég tek undir þau orð hv. þm. Svavars Gestssonar að það er ekki síður mikilvægt að veita þessari listsköpun farveg einnig inn í aðra ljósvakamiðla. Það er svo að samkvæmt núgildandi lögum hvíla menningarlegar skyldur ekki einungis á Ríkisútvarpinu heldur einnig á öðrum þeim sem leyfi hafa til útvarps þannig að það er ekki síður ástæða til þess að huga að því með hvaða hætti væri hægt að veita listsköpun á sviði leiklistar og tónlistar inn í ljósvakamiðlana.

Ég hygg að það sé full ástæða til að skoða þetta vel í menntmn. Ég get upplýst það hér á þessum vettvangi af því að ég veiti útvarpslaganefnd forustu sem nú er að störfum, að samkvæmt erindisbréfi hennar á hún að fjalla sérstaklega um Menningarsjóð útvarpsstöðva, hlutverk hans og framtíð, en einnig almennt um menningarhlutverk og menningarskyldur ljósvakamiðla og þar á meðal Ríkisútvarpsins.

Ég er þeim þingmönnum sammála sem hér hafa látið í ljósi þær skoðanir að e.t.v. þurfi ekki að láta af hendi rakna til þessa verkefnis mjög mikla fjármuni til þess að það skili sér í verulegum árangri. Ég held að litlir peningar mundu geta gert verulega mikið gagn í þessum efnum.

Ég hefði hins vegar álitið að það væri rétt af minni hálfu hér og nú að vekja athygli á því að fyrir utan þessi viðamiklu verk, sem flutt eru á vegum Sinfóníuhljómsveitar Íslands annars vegar og Þjóðleikhússins hins vegar, þá á sér stað hér á Íslandi mjög viðamikil listsköpun af hálfu einstaklinga. Þá vil ég nefna sérstaklega tónlistarlífið en við verðum að flokka undir íslenska listsköpun það þegar íslenskir listamenn flytja t.d. erlenda tónlist. Það hlýtur að flokkast undir íslenska listsköpun þegar íslenskir flytjendur lifandi tónlistar flytja erlenda tónlist, túlka erlenda tónlist. Þessi túlkunarlist hefur verið vaxandi hér og hún á líka að geta leitað sér leiða inn í fjölmiðlana, ljósvakamiðlana, og ég er ekki síður sannfærður um að tiltölulega litlir fjármunir mundu gera mikið gagn á þessu sviði. Ég vil því almennt lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu og þann anda sem á bak við hana er. Ég hef skilið orðalag þáltill. þannig þar sem segir, með leyfi forseta: „Jafnframt verði athugað með hverjum öðrum hætti starfsemi þessara stofnana [þ.e. Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Þjóðleikhússins] og annarra hliðstæðra geti sem best náð til allra landsmanna“ — ég hef skilið anda þessarar þáltill. þannig að þegar rætt er um „aðra hliðstæða aðila“ þá sé það mjög vítt hugtak og nái einnig til þessarar listsköpunar sem ég nefndi sérstaklega sem þarf kannski ekki að ná til fleiri aðila en tveggja eða þriggja, en listflutningur af því tagi á mjög vel heima í ljósvakamiðlunum.

[14:15]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil færa bestu þakkir til þeirra sem hér hafa komið upp og tekið svo jákvætt undir þennan tillöguflutning. Ég trúi því nú satt að segja að þetta mál nái í höfn á þessu þingi. Ég held, eins og reyndar hefur komið fram hjá mörgum sem um þetta hafa rætt, að hér sé ekki um það háar kostnaðartölur að

ræða ef grannt er skoðað að málið ætti þess vegna ekki að geta náð fram.

Það er hins vegar fleira sem þarf að ræða. Mér er ljóst, þó að ég hafi ekki vikið að því í mínum upphafsorðum hér hvað varðar kostnaðinn, að þetta mun trúlega grípa inn á kjarasamninga viðkomandi aðila hvort sem það er hjá Sinfóníuhljómveit, Þjóðleikhúsi, Íslensku óperunni, Leikfélagi Akureyrar eða einhverra slíkra sem hér er meiningin að reyna að ná til. Ég veit að það mun þurfa að taka þá upp. En ég trúi því að það fólk sem að þessari listsköpun starfar hafi fullan skilning á því og vilja til þess að þau verk sem það er að flytja hverju sinni megi sem best komast til sem flestra landsmanna þannig að þeir geti notið þessarar listar.

En það er alveg rétt eins og kom hér fram í máli hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar og nú undir lokin hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich að þar sem segir einmitt hér í lokasetningu tillögunnar er réttur skilningur hjá hv. þm., að það er meining flm. að þetta nái vissulega til fleiri aðila þó að hér sé fyrst og fremst lögð áhersla á Þjóðleikhús og Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hér er t.d. rætt um Íslensku óperuna, Leikfélag Reykjavíkur og ýmis áhugaleikhús úti á landi og margs konar menningarstarfsemi sem þar er og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að ríkissjónvarpið geti í auknum mæli tekið upp slíkan flutning og komið honum sem best til landsmanna.

Ég tek einnig undir það með hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni að nái þessi tillaga fram að ganga, þá muni þetta ekki síður styrkja starf Þjóðleikhússins og Sinfóníunnar. Ég er sannfærður um það að landsmenn allir munu öðlast meiri skilning á því starfi sem þarna fer fram um leið og þeir njóta þess ágæta listflutnings.

Ég er sammála hv. þm. Ragnari Arnalds um það hvað kostnaðinn varðar. Ég veit að það er nokkur stofnkostnaður sem mun fylgja þessu á ákveðnum stöðum þar sem menn mundu setja sig niður, en ég held að þar sé ekki um óviðráðanlegar upphæðir að ræða og ég held að það sé einmitt hárrétt hjá hv. þm. að þetta er töluvert minni kostnaður heldur en á sér stað við ýmsa þáttagerð hjá fjölmiðlunum.

Ég er sannfærður um það eftir að hafa skoðað þetta og rætt við marga, sérstaklega við leikhúsmenn, að þetta er tæknilega vel mögulegt og raunverulega ekkert vandamál sem ekki er einfalt að leysa. Hér er fyrst og fremst um ákvarðunartöku að ræða og ég treysti því að hv. menntmn. taki þetta mál vinsamlegum tökum og afgreiði það frá sér hingað til Alþingis þannig að við getum afgreitt það sem fyrst á jákvæðan hátt.

[14:20]

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég stenst ekki mátið að segja hér nokkur orð og þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir að vekja máls á því sem þáltill. fjallar um, þ.e. málefni Sinfóníuhljómsveitarinnar og annarra menningarstofnana eins og Þjóðleikhússins. Ég held að landsmenn hafi í raun og veru ekki gert sér alveg grein fyrir því hvað við eigum góða hljómsveit sem Sinfóníuhljómsveit Íslands er.

Nú vitum við að Ríkisútvarpið sendir út a.m.k. helming tónleika beint þegar þeir eru haldnir, en það er ekki það sama að flytja slíka tónlist í útvarpi eins og sjónvarpi ef við viljum reyna að útvíkka hlustendahópinn. Þess vegna fagna ég þessari tillögu og ég vona svo sannarlega að það verði í framtíðinni hægt að snúa sér að því að sjónvarpið taki upp eða sendi út slíka tónleika.

Það hefur verið minnst á það hvað þetta mundi kosta og með hvaða hætti þetta gæti farið fram. Það kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv., sem er fyrrv. menntmrh. og þekkir væntanlega eitthvað til þessara mála. En nú vitum við að það er oft þannig að sjónvarpið sendir út á sunnudagseftirmiðdögum ýmsa dagskrá sem mætti hugsa sér að nýta einmitt Sinfóníuhljómsveitina til og væri jafnvel heppilegur tími.

Það er ekki víst að allir landsmenn hafi gert sér grein fyrir því að orðspor Sinfóníuhljómsveitarinnar er komið langt út fyrir landsteinana. Sinfóníuhljómsveitin er nýlega komin úr tónleikaferð til München, þangað sem henni var boðið. Sinfóníuhjómsveit Íslands hefur þurft að neita slíkum boðum áður vegna fjárskorts. Þessi tónleikaferð tókst frábærlega vel, hún fékk frábæra dóma en það var alls ekki hægt að segja um allar aðrar sinfóníuhjómsveitir annarra stórborga sem voru þarna á undan eða á svipuðum tíma og Sinfóníuhljómveit Íslands svo að við getum verið stolt af okkar hljómsveit.

Mig langar líka til að nefna það að gefnir hafa verið út nokkrir geisladiskar sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur leikið inn á og hafa fengið mjög góða dóma hjá virtum tónlistargagnrýnendum erlendis. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi hér inn í umræðuna til upplýsinga og fáist fest í þingtíðindum.

En ég vil aðeins endurtaka þakkir mínar til hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir að hafa einu sinni enn lagt þetta mál fram og ég vona að það fái þann framgang að það beri einhvern árangur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 38. mál (skipunartími ríkissaksóknara o.fl.). — Þskj. 41.

[14:24]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér ásamt öðrum þingmönnum Alþb. frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, nr. 19/1991. Frv. gerir ráð fyrir því í mjög stuttu máli að ríkissaksóknari verði skipaður til fjögurra ára í senn og sama manninn megi aðeins skipa tvisvar samfellt í þetta starf og hið sama gildi um embætti vararíkissaksóknara.

Það er kannski rétt að byrja á því að taka það fram að við lítum svo á að hér sé um að ræða hluta af víðtækari tillöguflutningi sem snertir stjórnkerfið. Á dagskrá þessa fundar er frv. til laga um yfirstjórn menn-

ingarstofnana og á dagskrá þessa fundar er líka frv. til laga um breytingu á lögum um Hæstarétt og við lítum svo á að hér sé um að ræða tillöguflutning sem hefur þann tilgang að koma á dagskrá umræðum um stjórnkerfið hér yfirleitt.

Þetta frv. felur í sér býsna róttæka breytingartillögu eins og ég hef hér rakið. Við erum þeirrar skoðunar að það sé fráleitt að æviráða mann sem hefur jafnmikið vald og ríkissaksóknari hefur. Það var vissulega mikil framför þegar ákæruvaldið var flutt frá pólitískum ráðherra yfir til ríkissaksóknara, en þá láðist að tryggja um leið að ríkissaksóknarinn byggi við sama aðhald og stjórnmálamennirnir, þ.e. að hann yrði aðeins ráðinn til takmarkaðs tíma í senn. Í greinargerðinni segir svo, með leyfi forseta:

„Það er óframkvæmanlegt fyrir nokkurn mann að gegna þannig starfi ríkissaksóknara að alltaf og ævinlega sé hafið yfir gagnrýni. Þeim mun brýnna er þá að ráðningin sé aðeins til takmarkaðs tíma en ekki til ótakmarkaðs tíma eins og nú háttar til. Hætta er á því að hvers konar klíkuskapur og geðþóttaviðhorf ráði gerðum manna sem sitja of lengi í starfi. Það er háskalegt, ekki síst þegar um er að ræða einstaklinga sem einir gegna starfi eins og því embætti sem hér um ræðir."

Nú er það svo að umræður um embætti ríkissaksóknara voru miklu meiri fyrr á öldinni en þær hafa verið allra síðustu áratugina og menn kunna kannski að draga þá ályktun af því að það ríki almennt meiri sátt um þetta embætti en var fyrir 60 árum eða svo. Ég hygg að það megi segja að það ríki að sumu leyti meiri sátt um þetta embætti en var fyrir 60 árum eða svo, en þá voru deilurnar kannski fyrst og fremst vegna þess að saksóknarinn var pólitískur aðili, hann var dómsmrh. sjálfur. Eftir að ákveðið var að ráða í þetta starf embættismann með þeim hætti sem gert var, þá hefur aðeins kyrrst í kringum embættið, en engu að síður heyrast af og til mjög alvarlegar gagnrýnisraddir um vinnubrögð embættisins af ýmsu tagi sem auðvitað er ekki nærri alltaf ástæða til að taka fullt mark á, en eru þó með þeim hætti að við sem hér erum hljótum að leggja við hlustirnar þegar þessar raddir heyrast.

Nú er það svo með þetta frv. sem hér er flutt, þar sem gert er ráð fyrir tímatakmörkun á embættisráðningu ríkissaksóknara, að það á sér mjög langan aðdraganda þegar grannt er skoðað vegna þess að þegar menn voru að fjalla hér um embætti ríkissaksóknara og ákæruvaldið á sínum tíma, þá ræddu menn ýmsa möguleika af því tagi sem hér er um að ræða.

Gunnar Thoroddsen flutti sem alþingismaður nokkrum sinnum frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, um sjálfstæðan ríkissaksóknara, þannig að ákæruvaldið yrði tekið úr höndum dómsmrh. Hann sagði m.a. í ræðu er hann flutti um þetta mál árið 1943, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Þess vegna verður einnig að koma í veg fyrir að sá ráðherra, sem kynni að veita þetta embætti, gæti valið í það eftir geðþótta flokksbróður og fylgismann því að þá gæti svo farið að þessi lög næðu ekki tilgangi sínum. Ráðherrann gæti eftir sem áður haft öll ráð yfir ákæruvaldinu þegar hann hefði skipað einhvern þægan þjón sinn til þessa starfs. Það er því óhjákvæmilegt, ef þessi löggjöf á að verða að einhverjum notum, að leggja hömlur á veitingavald ráðherra."

Þegar Gunnar Thoroddsen flutti frv. sitt gerði hann ráð fyrir því að hömlurnar væru í því fólgnar að Hæstiréttur ákvæði hvaða tillögur dómsmrh. gerði um ríkissaksóknara þannig að veitingavald dómsmrh. að því er þetta embætti varðar var beinlínis takmarkað í frv. og Hæstarétti ætlað að fjalla um málið. Það ákvæði var svo fellt út úr frv. þegar það varð að lokum að lögum, mér liggur við að segja mörgum árum ef ekki áratugum seinna. En þarna strax eru menn þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmilegt að takmarka veitingavald ráðherra á einhvern hátt þegar embætti ríkissaksóknara er veitt. Hér er valin sú leið að takmarka það þannig að embætti sé veitt til takmarkaðs tíma en Gunnar Thoroddsen lagði til að Hæstiréttur fjallaði um þá umsækjendur sem væru til staðar vegna embættis ríkissaksóknara.

Fjöldamargir fleiri aðilar hafa fjallað um þetta viðkvæma og mjög mikilvæga embætti með hliðstæðum hætti. Það er t.d. gert í grein í Úlfljóti, 3. tbl. í október 1955, í greininni Um ákæruvaldið eftir Bjarna Benediktsson. Þar segir hann í lok greinarinnar, þar sem hann fjallar almennt um þetta mál, með leyfi forseta:

„Veruleg hætta er hins vegar á að ekki mundu þær umbætur fylgja breytingunni [yfir í það að ráða embættismann] er ýmsir vilja ætla. Vandinn og vafaatriðin haldast þó að ákvörðunarvaldið væri tekið af ráðherra. Enginn skyldi ætla að tortryggni og deilur mundu ekki öðru hvoru verða um ákvarðanir opinbers ákæranda þótt hann væri sjálfstæður embættismaður. Hann mundi hins vegar eiga erfiðara með að verja sig en ráðherra og örðugra yrði að skipta um mann í stöðu hans en ráðherra sem í starfi sínu hefur meira aðhald og raunverulegri ábyrgð en flestir aðrir."

Hér tel ég að sé í raun og veru einnig tekið undir þau sjónarmið að þetta mikilvæga embætti, embætti ríkissaksóknara, þurfi sérstakt aðhald umfram í raun og veru flest ef ekki öll önnur embætti sem um er að ræða í réttarkerfi landsmanna.

Ég tel að það sé einnig mjög athyglisvert í þessu sambandi að lesa greinar sem Þórður Björnsson, lengi ríkissaksóknari, birti um þetta mál. Meðal annars birti hann þann 1. júlí 1986 á 25 ára afmæli ríkissaksóknaraembættisins eftir 13 ára setu í embættinu ítarlega grein um málið í Morgunblaðinu sem er afar fróðleg um þau sjónarmið sem eiga að vera á bak við þetta embætti. Og í Úlfljóti í apríl 1959 birtir Þórður Björnsson, þá fulltrúi sakadómara, grein um málið undir fyrirsögninni „Um opinberan ákæranda" og hann segir í þessari grein, með leyfi forseta:

„Á hinn bóginn verður því vart neitað að möguleiki væri á því að löng embættistíð opinbers ákæranda gæti orðið óæskileg. Það mætti hugsa sér að hann með árunum gerðist t.d. einhver ofsatrúarmaður eða ofstækismaður í einhverri annarri mynd." — Hann útskýrir

það reyndar ekki nánar hvað það væri. — „Einnig mætti hugsa sér að hann á langri embættisævi „forpokaðist" þannig að hann hætti að fylgjast nægilega með lífi og lifnaðarháttum landsmanna og breytingum á hugmyndum þeirra um rétt og rangt, um siðgæði og svívirðu. Þetta þyrfti heldur alls ekki að vera í ríkum mæli og mundi einnig helst vera í svo smávægilegum stíl að ekki væri talin nægileg ástæða eða grundvöllur fyrir því að veita honum lausn frá embætti enda mundi heimild til slíks jafnan vera þröngur stakkur sniðinn. Hér gæti því löng embættistíð opinbers ákæranda orðið óæskileg.

Þessi möguleiki sem nánast er fræðilegur getur þó engan veginn ráðið úrslitum á þann veg að hafna beri skipan opinbers ákæranda af þessum ástæðum einum.

Bent hefur verið á að þar eð pólitískur ráðherra mundi skipa opinberan ákæranda og hafa eftirlit með honum væri hætta á að ákærandinn yrði ósjálfstæður og háður ráðherranum.

Viðurkenna verður að þessu má halda fram en hér mun þó um of mikið úr gert. Þess ber að gæta að opinber ákærandi mundi án efa njóta sömu lögkjara og hæstaréttardómarar í því skyni að hann yrði sem sjálfstæðastur og óháðastur í starfi sínu. Því þyrfti hann ekki að óttast frávikningu en hana mundu dómstólarnir meta endanlega en ekki hinn pólitíski ráðherra.

Hins vegar verður því ekki neitað að möguleiki væri á því að pólitískur ráðherra sem hefði alveg óskorað vald til skipunar opinbers ákæranda innan takmarka hinna almennu embættisskilyrða misbeitti þessu valdi sínu og t.d. skipaði pólitískan skjólstæðing sinn í embættið. Þetta hafði Gunnar Thoroddsen einmitt í huga þegar hann flutti frv. sitt á Alþingi árið 1934 „ — en þá flutti Gunnar frv. sitt fyrst — " því að í því frv. var ákveðið að ráðherra skipaði hinn opinbera ákæranda „eftir tillögum Hæstaréttar". Þingnefnd sem um málið fjallaði lagðist gegn þessu og var það síðan fellt niður úr frv."

Hér hef ég, virðulegi forseti, vitnað í nokkra mjög mikilvæga höfunda í þessu máli sem skrifað hafa um lögfræði og sérstaklega um hlutverk ríkissaksóknara, þ.e. í grein eftir Þórð Björnsson sem gegndi þessu starfi í 13 ár, í grein eftir Bjarna Benediktsson, prófessor og dómsmrh., og í ræðu eftir Gunnar Thoroddsen sem starfaði sem prófessor við Háskóla Íslands einnig og flutti frv. um þetta mál nokkrum sinnum.

Loks liggur fyrir, án þess að ég fari nánar yfir það, mjög fróðleg grein um þetta mál í Úlfljóti, 1. tbl. 1962, eftir Valdimar Stefánsson sem gegndi, eins og kunnugt er, embætti saksóknara ríkisins, sá fyrsti sem gegndi því embætti utan þeirra sem voru beinlínis dómsmálaráðherrar og sinntu þessu starfi.

Af þessu tel ég að það megi sjá það að hér er hreyft máli sem á sér mjög langan aðdraganda og ætti að gera verið mjög víðtæk samstaða um. Nú verð ég hins vegar að játa það, virðulegi forseti, að ég tek eftir því að það er kannski ekki beint brennandi áhugi með þjóðinni á einstökum atriðum máls af þessu tagi, þó veit ég það ekki. Ég hygg að allir þeir sem af einhverjum ástæðum hafa átt skipti við embætti ríkissaksóknara hafi velt því fyrir sér hvort það sé rétt að hafa þá skipan á því embætti sem nú er. Ég er sannfærður um það að allir þeir sem til þekkja hljóta að hafa velt því fyrir sér hvort ekki væri rétt að takmarka með einhverjum hætti veitingu þessa embættis. Þá koma auðvitað til greina ýmsir möguleikar. Einn er sá að embættið sé veitt til fjögurra ára í senn. Einn er sá að dómnefnd fjalli um hæfi mannsins. Einn er sá að Hæstiréttur fjalli um hæfi mannsins. Einn er sá að Alþingi fjalli um málið eins og gerð er tillaga um í öðru frv.

Í raun og veru eru þetta allt möguleikar sem ber að skoða og koma út af fyrir sig allir til greina. Ég segi fyrir mitt leyti og ég hygg að ég tali fyrir hönd okkar allra flm., við erum opin fyrir hvaða tillögu sem er í þessu efni en við teljum að núverandi skipan á embætti þessa ákæruvalds ríkisins sé óeðlileg af því að hvorki er fjallað sérstaklega um hæfi hans af dómnefnd, né heldur er hann skipaður til takmarkaðs tíma.

Virðulegi forseti. Hér hafa stundum komið inn fyrirspurnir í þinginu um kærumál m.a. frá embætti ríkissaksóknara. Það hafa verið lagðar fram fyrirspurnir með beiðni um skrifleg svör um það hvernig tekið hafi verið á ýmsum málum. Ég hef tekið eftir því að þeir sem hafa borið þær fyrirspurnir fram hafa stundum undrast nokkuð að svörin frá embætti ríkissaksóknara væru óljós og ekki nægilega glögg. Ég vil einnig í þessu sambandi nefna það að ég tel að núv. dómsmrh. t.d. hafi sýnt það í störfum sínum að hann vilji að embætti ríkissaksóknara sé sjálfstætt og að það taki sínar sjálfstæðu ákvarðanir, en hann sé ekki að hafa pólitísk áhrif á það að einu eða neinu leyti. Ég hygg að það megi segja að sú hefð hafi myndast í dómsmrn. að ráðherrarnir séu ekki að skipta sér af saksóknaranum þó svo að embættið sé veitt af ráðherranum.

Engu að síður eru þarna tengsl á milli sem geta orkað tvímælis og leiðin til að lágmarka hættuna af þeim er þessi tillaga m.a. sem við erum hér með þingmenn Alþb.

Ég endurtek það, virðulegi forseti, að þessi tillaga er fyrst og fremst flutt hér til þess að setja af stað umræður um stjórnkerfið í heild. Við teljum að það sé gallað að mörgu leyti, við teljum að í skjóli æviráðninga og sérréttinda geti þrifist spilling og við teljum að reynslan sýni að ráðherrar fari misjafnlega vel með veitingavald sitt. Ég hygg að það sé ekki mikið sagt og geta allir verið sammála mér um það orðalag út af fyrir sig að ráðherrar fari misjafnlega vel með veitingavald sitt. Af þeirri ástæðu er það sem við viljum setja þessi mál hér á dagskrá, viljum fá þingið til að ræða þessi mál alvarlega, fara yfir mál af þessu tagi eins og embætti ríkissaksóknara og eins og embætti hæstaréttadómara sem flutt er annað frv. um og er 8. mál á dagskrá þessa fundar.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allsh.

[14:41]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er að mínum dómi hreyft mjög merkilegu og athyglisverðu máli sem vekur mjög

margar spurningar um íslenska stjórnkerfið. Það var á 17. öld að menn fóru að velta fyrir sér hugmyndum um hlutverk ríkisvaldsins og því hvernig ná mætti valdinu af þeim sem þá sátu með öll völd í sínum höndum, konungar og aðall, og þeir valdhafar réðu bæði yfir löggjafarvaldinu, framkvæmdarvaldinu og dómsvaldinu, þ.e. þessum þremur meginþáttum sem menn hafa greint ríkisvaldið niður í. Þegar þessar hugmyndir um þrískiptingu ríkisvaldsins fóru að þróast voru þær hugsaðar þannig að þessi valdsvið ættu að vera aðskilin og hafa eftirlit hvert með öðru.

Ég hygg að í rauninni sé það hvergi nema í Bandaríkjunum sem þessari þrískiptingu er fullkomlega fylgt eftir eða þar sem ríkir verulegur og skýr aðskilnaður milli þessara valdsviða en hér á landi búum við í rauninni enn þá við þennan gamla arf frá Danakonungi og dönskum stjórnvöldum sem m.a. felur í sér þetta veitingavald sem flm. þessa frv. var að tala um, þ.e. að það séu handhafar framkvæmdarvaldsins sem veita embætti m.a. hjá dómsvaldinu. Þar af leiðandi getur maður spurt sig að því hvort hér ríkir raunverulegur aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdarvalds. Þegar ég var að hlusta á ræðu hv. flm. þá fór ég einmitt að hugleiða hvort það væru til aðrar leiðir en hann leggur til og hvort það sé ástæða til þess að ganga lengra og í rauninni að taka þetta veitingavald algjörlega af framkvæmdarvaldinu. Ef dómsvaldið á að vera algjörlega sjálfstætt og óháð þá er það spurning hvort það á ekki að vera á höndum þess að veita þessi embætti eins og embætti saksóknara. Það mætti velta fyrir sér þeirri spurningu, hvort það ætti að vera Hæstiréttur sem skipar í þessi embætti, ef maður hugsar þetta út frá því sjónarmiði að þessi aðskilnaður sé algjör.

Ef ég man rétt eða þekki rétt til í Bandaríkjunum þá er það almenningur sem kýs þar dómara og m.a. saksóknara í fylkjum, en ég þekki bara ekki nógu til, það væri gaman að fá það upplýst hvort þar er til eitthvert embætti ríkissaksóknara eða hver hefur slíkt með höndum, ég þekki ekki nógu vel til til að átta mig á því. Það eru auðvitað ýmsar leiðir í þessu og mjög vert að velta því fyrir sér hvernig þetta kerfi virkar hér og hvort framkvæmdarvaldið er ekki of mikið með puttana í þessum málum. Þó það hafi á sínum tíma verið stigið skref til þess að taka valdið beint af ráðherranum þá er spurning hvort ekki ætti að ganga enn lengra. En samkvæmt þessu frv. þá eru menn í sjálfu sér ekki að breyta því að veitingavaldið er áfram hjá ráðherra og þar af leiðandi hægt að skipa menn sem eru viðkomandi ráðherra þóknanlegir en aðhaldið felst auðvitað í því að það er möguleiki til þess að skipta um menn á fjögurra ára fresti. En það er auðvitað ekki það sem er mergurinn málsins. Ég hef ekki gert það upp við mig hvort þessi aðferð sé rétt, ekki síst í málum eins og viðkvæmum sakamálum, þá skiptir reynslan auðvitað gífurlega miklu máli. Reynsla og þekking, að menn hafi reynslu sem dómarar og séu starfi sínu vaxnir og þar af leiðandi er það spurning, þó að við kvennalistakonur séum ákaflega hrifnar af því að skipta um fólk sem víðast og láta það ekki sitja of lengi í embættum og stöðum, í tilfelli eins og þessu hvort átta ár í mesta lagi er hin rétta viðmiðun. Ég held að maður verði að skoða viðkvæma stöðu eins og saksóknara ríkisins mjög alvarlega.

Það voru athyglisverðar ábendingar sem komu fram í ræðunni áðan þar sem vitnað var í grein Þórðar Björnssonar, fyrrverandi saksóknara, um hvernig menn geta þróast við það að sitja lengi í sömu embættum. Þetta er náttúrlega frægt úr hæstarétti Bandaríkjanna þar sem menn eru núna að reyna að hreinsa út eða bíða eftir því að sæti íhaldssamra dómara losni þannig að hægt sé að skipa frjálslyndari menn. (**ÓÞÞ:** Það er ekki að gerast á Íslandi.) Nei, en ég er að horfa á þetta í þessu samhengi ... (**ÓÞÞ:** Það eru þeir íhaldssömu sem eru að koma inn.) Hv. framsíkallandi getur komið hér í pontu á eftir og lýst sínum sjónarmiðum í þessu máli, en hér eru tengslin þau hversu mikil hætta fylgi því að menn sitji lengi í embættum, en almennt séð þá er ég fylgjandi því að skipt sé um menn.

En það sem er auðvitað mergurinn málsins er að siðferðið í íslensku stjórnkerfi þarf að breytast. Það þarf að breytast í þá átt að menn horfi fyrst og fremst á hæfni viðkomandi umsækjenda, reynslu, þekkingu og menntun og hætti að kíkja á flokksskírteinin. Það er það sem verður að gerast hér. Ég hef marglýst þeirri skoðun minni að ég held einmitt að þessar pólitísku stöðuveitingar sem hér hafa tíðkast um áratuga skeið hafi valdið miklum skaða bæði í íslenska stjórnkerfinu og ekki síður í fjármálakerfinu og verður mér þá hugsað til bankanna eins og dæmin sanna undanfarnar vikur.

Hér er eins og ég nefndi í upphafi hreyft mjög athyglisverðu máli og mjög þakkarvert að menn skuli beina sjónum að skipan þessa opinbera kerfis okkar en ég bíð spennt eftir að sjá hvernig fjallað verður um þetta mál í allshn., ég á ekki sæti þar því miður, en hér er sem sagt um athyglisverða tillögu að ræða.

[14:49]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft máli sem vissulega er stórt og vekur ýmsa hugrenninga og rétt að skoða málið í heild út frá þeirri meginhugsun að um þrískiptingu valdsins sé að ræða í íslensku samfélagi. Ákæruvaldið er hluti af framkvæmdarvaldinu og verður það alltaf. Dómsvaldið er ekki orðið sjálfstætt í þrískiptingunni ef við afhendum því líka ákæruvaldið. Þess vegna er það ekki að mínu viti skynsamleg leið að láta Hæstarétt þar um véla á nokkurn hátt hvernig ef skipaður saksóknari, hins vegar hygg ég að það væri ekki óeðlilegt að Alþingi Íslendinga ætti að staðfesta það í atkvæðagreiðslu hvort sá sem ráðherra hefur skipað nýtur þess trausts að litið sé á hann sem fulltrúa fyrir þjóðina. Það væri ekkert athugavert við það þó að þjóðin sjálf kysi þennan mann. Það yrðu aðeins settar leikreglur um það hvaða menntun hann þyrfti að uppfylla og svo mundi þjóðin sjálf velja þennan mann í kosningum.

Ég er aftur á móti þeirrar skoðunar að það þurfi að liggja fyrir að sá sem gegnir þessu embætti sé ekki meðlimur í neinum leynifélagsskap. Ég tel það reyndar grundvallaratriði. Sá sem er meðlimur í leynifélags-

skap hefur unnið einhverjum aðila trúnað án þess að við vitum hver sá trúnaður er og hvaða skyldur fylgja honum. (**BBj:** Hvað er leynifélagsskapur?) Nú spyr sá sem mest veit þeirra sjálfstæðismanna hér á Alþingi Íslendinga, hv. þm. Björn Bjarnason Hvað er leynifélagsskapur? Leynifélagsskapur er félagsskapur sem er lokaður á þann hátt að það getur enginn sótt um að ganga þar inn, menn geta ekki fengið fyrir fram að vita hvaða verk þar eru unnin og menn fá ekki heldur tæmandi lista yfir það hverjir eru þar félagar. Fundir eru haldnir með leynd o.s.frv. Morgunblaðið hefur t.d. ekki fulltrúa á fundum leynifélagsskapar. Ég gæti haldið áfram með þessa skilgreiningu en ég veit að þetta frammíkall var ekki hugsað á þann veg að sá sem varpaði spurningunni fram teldi sig ekki vita svarið heldur hitt að hann vildi prufukeyra það á þeim sem hér stóð hvort hann hefði myndað sér einhverjar hugmyndir um það hvað væri leynifélagsskapur.

Ég held reyndar að það sama eigi að gilda með hæstaréttardómara. Ég held að þeir eigi ekki að vera meðlimir í leynifélagsskap. Ég held að þeir eigi ekki að hafa unnið neinum hollustueið án þess að við vitum um hvað hann fjallaði. Þetta eru mínar skoðanir á þessu atriði.

Hér hefur því verið varpað fram að það sé skynsamlegt að koma í veg fyrir það að sá sem gegnir embætti ríkissaksóknara forpokist. Því er slegið föstu að menn geti ekki forpokast á fjórum árum eða átta og segi ég nú eins og er að ég er ekki viss um hvort sú regla er alveg örugg. Menn geta líka verið skipaðir forpokaðir til starfa. En eitt er alveg öruggt að það veikir embættið, það eru meiri líkur á því að menn verði þægir þjónar þess ráðherra sem skipaði þá eða þess flokks, ef það liggur fyrir að þeir þurfa aftur að leita á hans náðir eftir fjögur ár og leggja það undir hans vald hvort þeir verða skipaðir áfram. Það veikir þess vegna embættið. Það eykur líkurnar á því að sá sem með embættið fer hugleiði það oftar en hann ætti að gera hvort gjörð hans sé þóknanleg þeim sem situr í ráðherrastól hverju sinni. Ég er þeirrar skoðunar að að væri til skaða. Aftur á móti sýnist mér að hitt sé virkilega umhugsunarefni hvort æviráðningin sem slík sé ekki röng. Það mætti vel hugsaði sér að sá sem skipaði þetta embætti þyrfti að víkja úr því mun fyrr en algengt er, t.d. að hann yrði að víkja þegar hann væri sextugur. Og það mætti líka hugsa sér að hann væri skipaður til ákveðins tíma. Hvort tveggja tel ég að komi vel til greina, sérstaklega væri ég þó hlynntur því að það yrðu sett aldurstakmörk á þetta embætti vegna þess að það má gera ráð fyrir því að það verði meira bil á milli viðhorfa saksóknarans sem embættismanns og þjóðarinnar eftir því sem hann nær hærri aldri ef hann hefur verið samnefnari fyrir það almenningsálit sem var þegar hann var settur í embættið á miðjum aldri, þá eru miklar líkur á því að það hafi á einhvern hátt breyst eftir því sem hann nær hærri aldri.

Ég tel að þeir sem flytja þetta hreyfi hér vissulega þarfri umræðu og það sé nauðsynlegt hjá okkur að vera opnir fyrir því hvernig að þessum málum eigi að standa. Hins vegar hallast ég að því og játa það að mér finnst það nokkuð stuttur tími, átta ár. Ég er ekki viss um að það sé æskilegt að það gerist mjög oft að saksóknari sem hefur sett mál af stað víki frá því máli í miðjum klíðum fyrir dómskerfinu og nýr maður taki við. Það getur líka leitt til þess að þá verði meiri pressa á veitingavaldið að stuðla að því að sá sem taki við verði kannski ekki sami áhugamaðurinn um að fylgja eftir máli sem umdeilt hefur verið.

En ég vil taka undir það að þær hættur sem hv. flm., Svavar Gestsson, gat hér um í sínu máli eru vissulega til staðar og þær eru ærið umhugsunarefni, en það er örugglega erfitt að ganga svo frá þessu máli lagalega séð að það sé ekki ávallt fyrst og fremst á hverjum tíma aðalatriðið hvernig tókst til með veitinguna. *Hver var settur í þetta embætti, hvernig dugði* hann til þess verks sem honum var ætlað að vinna?

[14:57]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ástæðan fyrir því að ég stend hér upp er einmitt það sem hv. 2. þm. Vestf. vék að í seinni hluta ræðu sinnar, þ.e. spurningin um sjálfstæði ríkissaksóknara og ég skildi 1. flm., 9. þm. Reykv., á þann veg að það væri vilji til þess að styrkja sem mest sjálfstæði ríkissaksóknara sem handhafa ákæruvaldsins og það er sú spurning sem vaknar sem vikið var að hér áðan, hvort það sé til þess fallið að styrkja sjálfstæði ríkissaksóknara að hafa hann skipaðan í embætti tímabundið, hvort það einmitt veikir ekki stöðu ríkissaksóknara gagnvart skipunarvaldinu, þ.e. dómsmrh., sem hann á að starfa sjálfstætt gagnvart. Það er þetta atriði sem ég vildi aðeins vekja máls á hér. Þessi spurning hlýtur að vakna þegar þetta frv. er íhugað, hvort því markmiði að styrkja embætti ríkissaksóknara í sessi sem sjálfstætt embætti, sé þjónað með því að hafa ríkissaksóknara skipaðan tímabundið.

Mér finnst að það hljóti að koma til athugunar í hv. allshn. þegar hún tekur þetta mál til meðferðar, einmitt þessi þáttur málsins, staða embættisins gagnvart framkvæmdarvaldinu að öðru leyti. Ég er sammála því sem fram kom einnig hjá hv. 2. þm. Vestf. að hér er um handhafa framkvæmdarvalds að ræða. Þessi maður er skipaður af framkvæmdarvaldinu og hann á að tilheyra framkvæmdarvaldinu. Við höfum gengið í gegnum mikla breytingu á okkar dómstólakerfi, aðskilnað milli dómsvalds og framkvæmdarvalds, sem m.a. snerist um þetta að koma í veg fyrir að þarna væri ruglað reitum á milli dómstóla og framkvæmdarvaldsins og ég tel að það yrði skref aftur á bak miðað við þann aðskilnað ef það yrði farið að rugla reitum á milli embættis ríkissaksóknara og dómstólanna. Það þarf að vera skýrt þar á milli. Einnig finnst mér sjálfum að það sé ekki eðlilegt að þessi maður sé kjörinn hér á Alþingi eða Alþingi hafi atbeina að skipun ríkissaksóknara en hins vegar þarf hann að hafa öryggi í sínu starfi og sjálfstæði. Það er sem sagt þessi spurning hvort þessu markmiði sem mér heyrðist hv. 9. þm. Reykv. vera hlynntur að sjálfstæðið yrði sem mest, hvort það gæti veikt sjálfstæði ríkissaksóknara með því að skipa hann aðeins tímabundið.

[15:00]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Stjórnkerfi sem byggð eru á þrískiptingu ríkisvaldsins fela í sér viðleitni til þess að halda hverjum þætti ríkisvaldsins, löggjafarvaldi, framkvæmdarvaldi og dómsvaldi, aðgreindu frá hinum. Þær fela einnig í sér margvíslegar aðferðir sem tryggja það með gagnkvæmu aðhaldi að einn armur ríkisvaldsins misnoti ekki aðstöðu sína og skekki þannig myndina. Þegar stjórnskipun Bandaríkjanna var mótuð voru ritaðar margvíslegar greinar af höfundum þeirrar stjórnskipunar þar sem bent var á þær hættur sem gætu verið samfara því að einn armur ríkisvaldsins gæti beitt sér án þess að fá aðhald frá hinum.

Þótt okkar stjórnskipun hafi ekki falið í sér margar aðferðir af því tagi þá eru þær þó nokkrar. Ein slík aðferð er fólgin í því að ráðherrar þurfa að mæta á Alþingi, gera þar grein fyrir máli sínu, svara fyrirspurnum og Alþingi getur flutt vantraust á ráðherra. Þar með er tryggt í okkar stjórnskipun að löggjafarvaldið geti sett framkvæmdarvaldshafa af. Íslenska stjórnskipunin byggist þess vegna ekki á þeirri kenningu að hver armur ríkisvaldsins eigi að vera sjálfstæður frá hinum. Þvert á móti eru í íslenskri stjórnskipun ýmsar aðferðir sem beinast að því að telji einn þáttur ríkisvaldsins að annar hafi misbeitt valdi sínu og sé um það víðtæk samstaða þá sé hægt að koma í veg fyrir að þeir einstaklingar sem með það vald fara gegni því áfram.

Því miður er það þannig að hefðin í íslenska dómstóla- og réttarfarskerfinu er pólitísk ítök. Því miður er það þannig að það er ekki mjög löng hefð hér á Íslandi fyrir sjálfstæðu dómsvaldi þótt kenningin feli það í sér. Hér sátu t.d. á Alþingi ærið lengi sýslumenn og dómarar og tóku víðtækan þátt í því að setja lögin og fóru síðan heim í héruð og dæmdu eftir þeim og fóru jafnvel líka með rannsóknarvald heim í héraðið. Mig minnir einnig að það hafi tíðkast að dómarar í landsyfirrétti á sínum tíma hafi setið hér á þinginu. Það var þess vegna ekki talið neitt óeðlilegt áratugum saman eftir endurreisn Alþingis 1845 og langt fram á þessa öld að handhafar dómsvaldsins gætu einnig átt sæti á löggjafarþinginu. Ekki voru settar neinar reglur um að koma í veg fyrir slíkt en smátt og smátt skapaðist sá skilningur að það væri óeðlilegt að starfandi dómarar sætu á Alþingi. Þannig hafa sýslumenn smátt og smátt horfið úr röðum þingmanna og dómarar hafa ekki boðið sig fram til þings á síðari árum.

Því miður er það þó þannig að pólitísk áhrif á dómsvaldið hafa haldið áfram. Við þingmenn Alþb. flytjum hér annað frv., sem hv. þm. Svavar Gestsson er 1. flm. að, sem fjallar um Hæstarétt. Ég ætla ekki að ræða það frv. hér en það er þó ljóst að flokkspólitísk sjónarmið hafa með afgerandi hætti á allra síðustu árum sett svip á val dómara í Hæstarétt. Það er hægt að sýna með rökstuddum hætti og verður gert þegar það frv. kemur til umræðu. Það er mjög óeðlilegt að slík flokkspólitísk sjónarmið setji svip á val dómara í Hæstarétt.

Þegar við horfumst í augu við þá reynslu hvað snertir hæstaréttardómarana þá þurfum við einnig að fyrirbyggja það að flokkspólitísk sjónarmið geti sett svip á val ríkissaksóknara. Ríkissaksóknari fer með veigamikið vald í okkar þjóðfélagi. Embættisfærsla hans er trygging fyrir því að hér sé réttarríki og allir séu jafnir gagnvart ákæruvaldi og lögum. Við þurfum því að byggja inn í okkar stjórnkerfi formlegar tryggingar sem koma í veg fyrir misbeitingu flokkspólitísks valds í veitingu þessa embættis. Það er það vandamál sem þetta frv. tekst á við.

Vissulega má færa rök fyrir því eins og tveir hv. ræðumenn hafa hér gert að sé farin sú leið að ákveða tímann sem tiltekinn einstaklingur geti gegnt embætti ríkissaksóknara þá geti það haft áhrif á embættisfærslu hans. En það eru líka rök fyrir því að ef slík tímamörk eru sett þá er formleg trygging fyrir því að hafi embætti verið veitt af pólitískum hvötum í upphafi, þá býr þjóðin ekki við slíka embættaveitingu nema um takmarkað skeið og sjálfkrafa verður hún losuð undan þeirri áþján, ef nota má það orð. Ég vil spyrja þessa tvo ágætu þingmenn, sem hér töluðu, hvernig ætla þeir að tryggja að veiting embættis ríkissaksóknara á grundvelli þröngra flokkspólitískra sjónarmmiða verði ekki varanleg, kannski í 10, 15 eða 20 ár. Það væri mikið slys fyrir íslenskt réttarfar.

Það eru til ýmsar leiðir í því. Ein er sú að Alþingi þurfi að staðfesta skipunina. Ég er sammála hv. þm. Birni Bjarnasyni um að það er ekki eðlilegt að Alþingi kjósi ríkissaksóknara með heföbundnum hætti en það er nokkuð annað að Alþingi þurfi að staðfesta valið. Þar með veit dómsmrh. að hann getur ekki leyft sér þrönga, flokkspólitíska hagsmuni eða sjónarmið eða tillitssemi við val á manni heldur verður að standa frammi fyrir þinginu og án umræðu færi fram atkvæðagreiðsla hér í þinginu. Það er ein aðferðin.

Önnur aðferð er að embættið sé veitt til ákveðins tíma og sé ekki endurnýjað. Þar með væri komið í veg fyrir þá hættu sem þessir tveir ágætu þingmenn nefndu áðan, hættuna að handhafi embættisins færi að taka tillit til ráðherrans eða stjórnvalda í hegðan sinni og ákvörðunum vegna þess að hann vildi geta átt kost á því að fá embættið að nýju.

Reynslan sýnir nú hins vegar að setutími dómsmrh. er yfirleitt það skammur hér á Íslandi að afar ólíklegt er að sami maður gegni embættinu þegar kemur að því að veita það að nýju þó það geti vissulega verið þannig að sami flokkur fari með embættið. En önnur aðferðin væri sem sagt sú að binda embættið í tíma. Það eru þess vegna til nokkrar aðferðir sem fela í sér að dregið sé úr þeirri hættu að flokkspólitísk sjónarmið eða persónuleg sjónarmið, ákveðin persónuleg valdasjónarmið einstaklinga hafi áhrif á val og kannski störf ríkissaksóknara.

Ég tek undir með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, það er óeðlilegt að dómrar í Hæstarétti eða öðrum dómstólum eða þá ríkissaksóknari sé félagi í leynireglum af ýmsu tagi. Það eru þó dæmi þess að svo hafi verið hér á landi. Það skapar tortryggni, umræður og gerir það að verkum að tiltrú manna til þessara embætta minnkar. Við þurfum þess vegna með margvíslegum hætti að koma á þeirri skipan að menn beri fullt traust til meg-

inmáttarstólpa réttarríkisins á Íslandi. Við höfum knúið hér í gegn mjög víðtæka breytingu á dómstólakerfinu í landinu í samræmi við nútímasjónarmið um aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds. En við þurfum líka að tryggja með breytingum, þótt við séum ekki knúnir til þess erlendis frá, að þau embætti sem fara með æðsta vald í íslenska réttarríkinu séu sjálfstæð og hljóti trúnað allra og veiting þeirra sé með þeim hætti að hún sé hafin yfir allan grun um að einhver önnur sjónarmið en hin faglegu og stjórnkerfislegu hafi ráðið vali á mönnum.

Virðulegi forseti. Ég vildi láta þetta koma fram hér í umræðunni vegna þeirra tveggja ræðna sem hér voru fluttar áðan. Ég vona að hv. nefnd taki þetta frv. til alvarlegrar athugunar, kanni þá möguleika sem hér hafa verið nefndir. Viðleitni okkar er að reyna að skapa víðtæka samstöðu um að styrkja heilbrigði íslenska réttarríkisins og koma í veg fyrir, eða að minnsta kosti leitast við að koma í veg fyrir, pólitíska misnotkun á veitingu embætta í æðstu stofnunum íslenska réttarríkisins.

[15:11]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ef Alþingi Íslendinga þyrfti að staðfesta tillögu dómsmrh. þá lægi það nokkuð ljóst fyrir að þann veg hefur Alþingi Íslendinga ekki verið skipað, að einn flokkur hafi haft þar hreinan meiri hluta og þess vegna yrði dómsmrh. að sýna nokkra víðsýni við þá embættisveitingu. Aftur á móti er það engin trygging fyrir því að pólitískt vald sé ekki notað í þessu sambandi, að maðurinn sé skipaður til skamms tíma. Það segir nákvæmlega ekkert um það, vegna þess að þá mundi dómsmrh. alveg eins, ef honum sýnist svo, skipa þægan þjón fyrir sig, ef hann hefur veitingavaldið. Þess vegna held ég að það yrði ekki til þess að auka sjálfstæðið ef það yrði skipað til skamms tíma og svo aftur heimilt að skipa þann mann aftur. Hann yrði þá að vera vel trúr þeim flokki sem hefði skipað hann, til að eiga von á því að halda embættinu. Ég held að það væri þess vegna mikil veiking. Hitt er svo annað mál, eins og ég gat um hér áðan, að það kemur vel til greina að mínum viti að setja aldurstakmark, færa það niður, og eins hitt að skipa þennan aðila í eitt skipti fyrir öll til ákveðins tíma þannig að hann sé ekki æviráðinn í þeirri merkingu. Það er þó fyrst og fremst grunngjörðin í upphafi, hvernig staðið er að skipuninni, sem skiptir máli.

[15:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að það að setja tímatakmörk er ekki í sjálfu sér nein trygging sem kemur í veg fyrir pólitíska misnotkun. Tímamörk geta hins vegar haft áhrif á það að afleiðingar pólitískrar misnotkunar séu ekki viðvarandi nema um skamma hríð. Þannig að sú aðferð er valin að treysta veitingavaldinu fyrir fram en hafa síðan öryggisákvæði, að mistökin verði ekki varanleg ef þau hafa orðið. Það er sú hugsun sem einkennir þessa aðferð sem hér er farin.

Ég vil einnig nefna það hér, þó það sé e.t.v. ekki í samræmi við tíðarandann, að ég er ekki endilega viss um að við eigum að setja aldurshámark á embætti af þessu tagi. Satt að segja held ég að við höfum horft of mikið á það að setja aldurstakmörk á ýmis embætti. Við lifum sem betur fer í þjóðfélagi þar sem einstaklingar halda fullu líkamlegu og andlegu þreki miklu lengur en áður. Það er nú einu sinni þannig að þeir sem safnað hafa mikilli lífsreynslu og þekkingu og eru kannski orðnir rúmlega sextugir eða jafnvel um sjötugt eru kannski betur færir til þess að gegna mikilvægum embættum á sjálfstæðan hátt og njóta til þess trausts heldur en ýmsir af þeim sem yngri eru. Ég nefndi sem dæmi val Alþýðusambands Íslands á forseta Alþýðusambandsins í fyrra. Það gekk nokkuð á þann tíðaranda að velja sífellt yngri menn til ábyrgðar og setja aldurstakmörk og knýja menn til að hætta. Ég held þó að allir, hvar í flokki sem þeir standa, séu sammála því að val þingfulltrúa á Benedikt Davíðssyni hafi verið gott og hann hafi sýnt mikla hæfni til að gegna þessu starfi.

Ég ætla nú ekki í almennar umræður um þetta atriði hér en vildi vegna þess að þingmaðurinn gerði aldurstakmarkið að aðalaðferð sinni aðeins vekja athygli á þessu sjónarmiði.

[15:16]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér virðist Benedikt Davíðsson svo mikill friðarsinni að ég efast um að hann mundi lögsækja nokkurn mann þó hann hefði það embætti að vera ríkissaksóknari, þannig að ég veit ekki hvort hann er mjög gott dæmi í þessum efnum.

En það sem ég vildi sérstaklega undirstrika er að vissulega er það rétt hjá hv. ræðumanni, 8. þm. Reykn., að ef vanhæfur maður er skipaður og hann fer fljótt úr embætti þá er það kostur, en það sannar ekki á nokkurn hátt að það verði þá ekki annar vanhæfur skipaður strax á eftir, þannig að það leggist aðeins við vanhæfnisskeiðið. Og það er þess vegna sem ég legg það ekki að jöfnu hvort sá öryggisventill yrði að þingið yrði látið staðfesta ákvörðun ráðherrans eða hin aðferðin að ráðherrann hefði veitingavaldið óskert eftir sem áður og þyrfti ekki að leita til þingsins. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að ef menn vilja raunverulega tryggja að ráðherrann misnoti ekki sitt vald, að skipa þarfan þjón sinn í þetta embætti, þá hljóti að koma til það aðhald að Alþingi Íslendinga þurfi að staðfesta ákvörðunina. En ég vil bæta því við að ég gæti vel hugsað mér að þjóðin sjálf kysi sér saksóknara. Það er trú mín á lýðræðinu sem veldur því að ég tel að það væri hægt að búa þannig um hæfnishnútana að menn yrðu að uppfylla viss skilyrði en svo yrði þjóðin látin velja hvern af þeim hún vildi hafa sem saksóknara.

Útbýting þingskjals:

Eftirlit með opinberum fjársöfnunum, 11. mál, svar dómsmrh., þskj. 110.

[15:18]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Hv. flm. mæla hér fyrir ekki ókunnri breytingu á lögum varðandi skipan og starf-

semi Hæstaréttar og þá sérstaklega hvernig valið skuli í dóminn. Sýnist mér að hér sé verið að feta inn á þá leið sem ... (**Forseti:** Forseti vill vekja athygli á að það er 9. dagskrármálið sem er til umræðu.) Þessi mál eru bæði af sama meiði og fjalla um það að Alþingi komi nær þeirri skipan á þeim embættum sem hér hafa verið til umræðu í dag. Áður var rætt um skipan hæstaréttardómara og nú skipan svonefnds ríkissaksóknara. (**Forseti:** Forseti vill aðeins vekja athygli hv. þm. á að 8. dagskrármálið verður ekki á dagskrá í dag. Það verður ekki tekið fyrir. Það er aðeins 9. dagskrármálið, hitt hefur ekki verið rætt.) Í því sambandi þá langar mig til að taka fram að hér er náttúrlega verið að stíga inn á nýstárlega braut og verið að reyna að tengja saman með ákveðnum hætti löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið og þar með að gefa í skyn að framkvæmdarvaldið hafi ekki staðið sig nægilega vel í því að skipa í embætti á undanförnum árum og að ráðherrum sé ekki treystandi til að gera það eins og lög mæla fyrir um. Ég get tekið undir það að það þurfi að styrkja löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hamla gegn miðsækni embættiskerfisins sem virðist fara mjög vaxandi og hefur verið að gera á undanförnum árum. Því tel ég það koma til skoðunar að nýjar leiðir verði athugaðar mjög gaumgæfilega til að styrkja hið sjálfstæða stofnanakerfi í landinu og auka aðhald, og þá í gegnum löggjafarþingið, til að sem best verði staðið að vali hæfustu manna til embætta eins og til saksóknarastarfa og eins til dómarastarfa, þegar það kemur hér til afgreiðslu í þinginu.

[15:21]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál og endurtaka það sem ég sagði í framsöguræðu minni að tilgangurinn með málinu er auðvitað fyrst og fremst sá að koma þessum hlutum af stað hér í þessari virðulegu stofnun. Talandi af nokkurri reynslu þá tekur yfirleitt þó nokkurn tíma að vinna málum af þessu tagi stuðning. Þó verð ég að segja að mér finnst hafa komið fram mjög áberandi skilningur á forsendum málsins hér í ræðum manna þó svo einstakir þingmenn hafi kannski ekki verið alveg sáttir við þá aðferð sem hér er um að ræða, enda finnst mér það ekki aðalatriðið. Aðalatriðið er það að við séum sammála um að núverandi skipan þurfi skoðunar við og það heyrist mér að við séum.

Það koma auðvitað ýmsar leiðir til greina varðandi takmörkun á skipunartíma ríkissaksóknara. Ein leiðin er sú sem hér er lögð til þ.e. tvisvar sinnum fjögur ár. Hv. þm. Björn Bjarnason segir að með því móti geti saksóknarinn orðið nokkuð háður veitingavaldinu og það er út af fyrir sig röksemd. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur þessi sjónarmið uppi líka sem ég tel fulla ástæðu til að hlusta á. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson bendir þá á hvort það mætti hugsa sér að þetta væri skipun til tiltekins alllangs tíma, kannski tíu ára eða hvað það nú er, og að það yrðu sett aldursmörk. Síðan hefur verið nefndur sá möguleiki að Alþingi staðfesti skipan ríkissaksóknara með einhverjum hætti. Svo er líka til sá möguleiki líka að þjóðin kjósi ríkissaksóknara eins og hér var nefnt af hv. 2. þm. Vestf. Hv. 18. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, spurði: Er það víst að þessi átta ára viðmiðun sé endilega rétt viðmiðun? Mitt svar er nei. Það er ekkert víst að það sé endilega rétt viðmiðun. Ég held að aðalatriðið sé að við skoðum þetta af víðsýni og sanngirni og gerum okkur grein fyrir að það verður að taka á málinu því núverandi skipan dugir ekki. Það var í raun og veru viðurkennt af löggjafanum þegar lögin voru sett að hér væru menn kannski að stíga þrjá fjórðu skrefs en ekki allt skrefið.

Mér finnst mjög mikilvægt að það hefur komið fram skilningur á forsendum málsins hér í umræðunni hjá tveimur hv. nefndarmönnum í allshn., bæði hv. 2. þm. Vestf. og hv. 3. þm. Reykv. Ég tel að sú allshn. sem nú situr hafi að mörgu leyti sýnt að hún er umbótasinnuð að því er varðar þessi dóms- og réttarfarsmál og framkvæmd réttarríkisins yfirleitt, þá sé allshn. yfirleitt heldur umbótasinnuð og opin fyrir nýjum hugmyndum og tillögum. Ég tel að það hafi auðvitað komið langbest í ljós þegar nefndin stóð að því að hafa forustu um að leggja fyrir þingið tillögu um afgreiðslu á stjórnsýslulögunum sem ég tel reyndar að sé eitthvert allra stærsta framfaraspor sem stigið hefur verið hér í þessari virðulegu stofnun um langt árabil að því er varðar það að reyna að skapa sátt um það að við búum hér saman í heiðarlegu réttarríki þar sem fólk geti treyst því að það sé meðhöndlað með heiðarlegum hætti, heiðarlegum og drengilegum hætti. Og í raun og veru sé ekki verið að fara fram á neitt annað en það að við eigum hér heiðarlegt og drengilegt stjórnkerfi.

Það er hins vegar rétt að taka það fram vegna orða sem hér hafa fallið að ég tel að það sé engin endanleg trygging til í þessu máli. Ævinlega geti farið svo að eitthvað mistakist, annað hvort skipan manns eða um embættisverk hans, vegna þess að það er aldrei til nein endanleg trygging í málum af þessum toga. Og ég held að við eigum að umgangast mál af þessu tagi þannig að við munum leitast við af fremsta megni, sem er orðalag sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson kannast við, að reyna að ná þeim markmiðum heiðarlegs og drengilegs stjórnkerfis sem við erum hér að tala um. En við vitum að það er ekki endilega víst að við komumst á leiðarenda þó við setjum okkur það að leitast við af fremsta megni.

Ég hef farið fram á það við hæstv. forseta, þar sem hæstv. dómsmrh. er í burtu, að frv. um Hæstarétt fái að koma hér seinna til umræðu þannig að hægt sé að eiga orðastað við hæstv. dómsmrh. um það mál og þá þetta kannski að einhverju leyti í leiðinni. Því eins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson benti á þá eru þessi mál nauðaskyld í rauninni, þetta eru almennar tillögur um breytingar og lagfæringar á stjórnkerfinu.

Ég þakka sem sagt hv. þm. fyrir ágætar undirtektir við málið og vænti þess að það sé til marks um að því verði vel tekið í hv. allshn. þar sem það komist til meðferðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað

Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 62. mál. — Þskj. 65.

[15:27]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Þáltill. sú er ég mæli hér fyrir er á þskj. 774 og er um lendingu ferjuflugvéla á Rifi. Flm. auk mín eru Guðjón Guðmundsson, Jóhann Ársælsson og Gísli S. Einarsson. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á aukinni notkun flugvallarins á Rifi á Snæfellsnesi til móttöku erlendra ferjuflugvéla. Í því skyni skipi ráðherra nefnd sem í eigi sæti m.a. fulltrúar Flugmálastjórnar og heimamanna. Skal nefndin gera úttekt á flugvellinum og tillögur að úrbótum, svo og hvernig fá megi erlenda ferjuflugmenn til að nota flugvöllinn. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. janúar 1995."

Í greinargerðinni stendur: „Á undanförnum árum hefur margsinnis verið bent á hve margir flugvellir úti á landi eru vannýttir á meðan mikið álag er á Reykjavíkurflugvelli. Þar sem mikil nauðsyn er á að nýta sem best þau mannvirki, sem fyrir eru í landinu, er eðlilegt að athugað sé hvort ekki megi nýta eitthvað af ónýttum flugvöllum til móttöku ferjuflugvéla. Samkvæmt skilgreiningu samgönguráðuneytisins er ferjuflug „þegar loftfari er flogið (venjulega án farþega eða farms) milli staða, til dæmis til afhendingar nýjum eiganda eða milli viðhaldsstöðvar og heimaflugvallar". Það sem í daglegu tali er nefnt ferjuflug er einkaflug, leiguflug eða annað þjónustuflug og ferjuflug. Á árunum 1988–1992 voru skráðar lendingar minni flugvéla (með hámarksmassa undir 5.700 kg), sem höfðu viðkomu hér á landi, alls 12.322 eða 2.464,4 að meðaltali á ári. Árið 1988 voru 1.420 (62,4%) lendingar á Reykjavíkurflugvelli en 854 (37,6%) á Keflavíkurflugvelli. Lendingum ferjuflugvéla í Reykjavík hefur síðan fækkað ár frá ári og voru þær á því síðasta 1.126 (47,8%) á móti 1.231 (52,2%) í Keflavík. Ástæður þess má eflaust rekja til aukins kennslu- og einkaflugs í Reykjavík, auk umræðna í tengslum við flugslys við Reykjavíkurflugvöll um staðsetningu vallarins og þá hættu sem fylgir aðflugi og lendingum ferjuflugvéla á honum.

Á flugvellinum á Rifi á Snæfellsnesi eru tvær flugbrautir og báðar með bundnu slitlagi. Önnur er 1.000 metra löng með olíumöl sem slitlagi og er búin flugbrautar- og aðflugshallaljósum. Hin er 800 metra löng þverbraut með klæðningu sem slitlagi.

Staðsetning flugvallarins á Rifi er að mörgu leyti heppileg til móttöku erlendra ferjuflugvéla. Er því eðlilegt að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á aukinni notkun hans í þessu skyni. Minni erlendar flugvélar geta lent á flugvellinum í samræmi við brautarlengdir og burðarþol flugbrauta. Hins vegar þyrfti væntanlega að bæta aðflugs- og snjóhreinsibúnað og eldsneytisafgreiðsla á vellinum ætti að auka notkun hans til móttöku á erlendum ferjuflugvélum. Þá þyrfti einnig að lengja opnunartíma vallarins og auka veðurupplýsingagjöf. Allt kostar þetta nokkra peninga. Því er hér lagt til að ráðherra skipi nefnd með þátttöku Flugmálastjórnar og heimamanna, auk annarra til að gera úttekt á flugvellinum og gera tillögur að úrbótum, þannig að leiða megi í ljós hagkvæmni þessara ráðstafana. Rétt þykir að nefndin skili áliti eigi síðar en 1. janúar nk."

Virðulegi forseti. Tillagan sem ég mæli hér fyrir ásamt öðrum hv. þm. Vesturlandskjördæmis, er flutt sökum þess að við viljum nýta betur þær fjárfestingar sem eru úti á landi. Það eru ekki margar tillögur í fjárlagafrv. sem liggur nú fyrir, fyrir árið 1994, sem vekja vonir manna úti á landi að það sé verið að færa þangað nýjar stofnanir. Menn muna að það var nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem skilaði af sér á sl. vori tillögum um flutninga fyrirtækja ríkisins út á land, en í þessu fjárlagafrv. er ekki eitt orð um flutning þessara ríkisstofnana. Því vil ég endilega að þessari tillögu verði vel tekið hjá hæstv. ríkisstjórn því að landsbyggðin er í stöðugri varnarbaráttu og meira að segja í dag er landsbyggðin í varnarbaráttu með þá þjónustu sem nú þegar er til staðar. Menn eru í varnarbaráttu varðandi sýslumannsembættin. Menn eru í varnarbaráttu varðandi ýmsar heilbrigðisstofnanir úti á landi. Þessi tillaga sem hér er flutt er sem sagt flutt í von um það að menn hafi skilning á því að það er nauðsynlegt að nýta þær fjárfestingar sem fyrir eru úti um allt land.

[15:34]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál er nú flutt í annað sinn, ef ég man rétt, og hlaut ekki afgreiðslu í fyrra. Ég á sæti í samgn. og mun reyna að hafa áhrif á störf nefndarinnar til þess að þetta mál verði nú afgreitt. Ég vona að þeir nýju vindar sem blása um þingið í vetur af því tagi að menn ætla að starfa betur saman og ætla að leyfa málum að hafa sinn gang í nefndum, kannski með öðrum hætti en áður, eða ég hef a.m.k. skilið það þannig, geti orðið til þess að þingmannafrumvörp fái greiðari framgang en verið hefur á undanförnum árum. Mér hefur fundist að mörg þingmál þingmanna stjórnarandstöðunnar, og reyndar stjórnarflokkanna líka, sem hefðu átt að fá framgang, hafi strandað í nefndum. Mér finnst m.a. að þetta mál sé eitt af þeim sem væri eðlilegt að fengi framgang. Þetta er ótrúlega mikill fjöldi lendinga ferjuflugvéla frá öðrum stöðum á hnattkúlunni sem verða hér og ég held að það geti orðið mjög til góðs á svona litlum stað eins og Rifi ef menn gætu komið því þannig fyrir að þarna yrði áningarstaður. Þessi flugvöllur er sérstaklega vel staðsettur vegna flugs frá Ameríku og úr vestri þannig að ég vil meina að þarna geti kannski allt farið saman, hagkvæmni og um leið orðið til þess að auka starfsemi út á landsbyggðinni.

[15:36]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. síðasta ræðumanni fyrir að taka vel undir þessa tillögu Hann er nú reyndar flm. með mér og hann er í samgn. Mér láðist að geta þess hér áðan að ég vænti þess að lokinni um-

ræðu um þetta mál að málinu verði vísað til hv. samgn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, fyrri umr.

Þáltill. IP og GÁ, 63. mál. — Þskj. 66.

[15:37]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. á þskj. 881, um gerð vegar milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót. Flm. auk mín er Guðni Ágústsson. Þáltill. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að kanna möguleika á gerð varanlegs vegar á hinni gömlu þjóðleið um Leggjabrjót milli Þingvalla og Hvalfjarðar."

Þessa till. flutti ég ásamt Guðna Ágústssyni í fyrra en þessi þáltill. var ekki afgreidd og því flyt ég hana aftur. Og, með leyfi forseta, les ég hér úr greinargerð:

„Allt frá upphafi Íslandsbyggðar og fram á þessa öld var fjölfarin leið milli Þingvalla og byggðanna norðan Hvalfjarðar. Var leiðin kennd við Leggjabrjót sem er urðarkast á miðjum fjallveginum. Um Leggjabrjót lá leið manna þegar farið var til Alþingis og að Skálholti. Leiðin geymir spor liðinna kynslóða sem fóru um veginn, bæði í skóla og til biskupssetursins í Skálholti, til Alþingis og í öðrum erindum. Leiðin um Leggjabrjót tengdi saman byggðir Hvalfjarðar og Suðurlands, einkum Þingvallasveit.

Um Leggjabrjót eru aðeins 20 km frá Botnsskála í Hvalfirði og að Þingvöllum. Hér er um stutta en afar fagra og söguríka leið að ræða. Oft hefur verið rætt um að leggja akfæran veg um Leggjabrjót og hefur áhugi í þeim efnum farið vaxandi á síðustu árum. Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps hafa ályktað um málið. Og í tillögu að svæðisskipulagi sveitarfélaganna sunnan Skarðsheiðar, sem nú er á lokastigi, er lagt til að gerð verði „akfær vegtenging um Leggjabrjót upp úr Botnsdal" og að Þingvöllum.

Vegur um Leggjabrjót hefði geysimikla og jákvæða þýðingu í sambandi við ferðamál og ferðamannaþjónustu. Með tilkomu vegar um Leggjabrjót mundi opnast nýr Þingvallahringur sem yrði vinsæll og fjölfarinn og mundi skapa ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu bæði í Hvalfirði og á Akranesi. Þá yrði stutt af þessum vegi að hæsta fossi landsins, Glym í Botnsá, sem er sérstakt náttúruundur. Fram hafa komið hugmyndir um framtíðarútivistar- og skíðasvæði í Botnssúlum fyrir Akranes, Borgarnes og höfuðborgarsvæðið, enda er Bláfjallasvæðið nú þegar næstum fullnýtt. Í Botnsdal og Botnssúlum er kjörið svæði til útivistar og heilsuræktar. Botnsdalur er skjólgóður dalur, þar er náttúrufegurð mikil og jarðhiti. Það er því kjörið að byggja upp aðstöðu og þjónustu í tengslum við útivistar- og skíðasvæði í Botnssúlum. Forsenda þess er bættar samgöngur og akfær vegur um Leggjabrjót. Fjárfesting í slíkum vegi mundi verða arðbær og hagkvæm, skapa nýja möguleika og ný atvinnutækifæri í ferðaþjónustu og heilsurækt og tengja saman að nýju hinar fögru byggðir Árnessýslu og syðri hluta Borgarfjarðar."

Virðulegi forseti. Ferðaþjónusta er það sem margir Íslendingar trúa á að sé einn stærsti vaxtarbroddur í atvinnulífi okkar. Því megum við ekki láta neins ófreistað að bæta vegakerfi landsins og samgöngur almennt, enda er það forsenda fyrir aukinni ferðaþjónustu.

Þegar ég legg fram þessa þáltill. þá tel ég ekki að hér sé um forgangsverkefni að ræða í vegamálum á Vesturlandi, það er langt frá því. Ég tel að það sé miklu meira áríðandi að vegir í Borgarfirði fáist gerðir og það er víða um Borgarfjörð sem þarf að setja mikla fjármuni til vegabóta. Þar eru mjög fjölfarnir margir ferðamannastaðir en ekki að sama skapi góðir vegir. En ég legg þessa þáltill. fram vegna þess að ég tel mikið atriði að fá þetta á langtímavegáætlun, þessa vegagerð frá Þingvöllum að Hvalfirði, vegna þess að það er aðeins um 20 km að ræða frá Botnskála að Þingvöllum. Þessi tenging yrði mjög mikilvæg, að fá þarna þann mikla ferðamannastraum sem stöðugt fer til Þingvalla yfir á Vesturland.

Ég vona að þessi tillaga fái jákvæða umfjöllun og ég legg til að lokinni umræðu um hana að hv. samgn. fái hana til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 71. mál (greiðslur til annarra skóla á háskólastigi). — Þskj. 74.

[15:42]

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til laga um breytingu á lögum nr. 13/1973, um Happdrætti Háskóla Íslands, með síðari breytingum. 1. gr. frv. er svohljóðandi:

„Síðasti málsliður e-liðar 1. gr. laganna orðast svo: Leyfishafi skal greiða 20% af nettóársarði til annarra skóla á háskólastigi í hlutfalli við fjölda nemenda í fullu námi á næstliðnu kennsluári og skal fénu varið til uppbyggingar skólanna."

2. gr. hljóðar svo:

„Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994. Jafnframt fellur niður 2. tölul. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 48/1987."

Kjarni þessa máls er sá að Háskóli Íslands hefur lengi haft peningahappdrætti, en 20% af því sem hefur verið arður þess happdrættis hefur ekki runnið til skólamála. Hér legg ég til að því verði breytt að þessi 20% fari til skólamála, en að aðrir háskólar á Íslandi

fái þá fjármuni til uppbyggingar, í samræmi við þann nemendafjölda sem þar er.

Ég hygg að það hafi verið mikið gæfuspor þegar Háskóla Íslands var veitt leyfi til að reka peningahappdrætti, Ég hygg að um það sé ekki deilt. Og það er óhætt að fullyrða að staða háskólans í dag væri önnur og verri ef það hefði ekki verið gert. Nú hefur íslenska þjóðin veitt öðrum skólum rétt til að starfa á háskólastigi og við þá skóla eru bundnar miklar vonir. Aðeins með því að gefa þeim einnig tækifæri á sjálfstæðum tekjustofnum, eins og hér er um að ræða, er verið að gæta eðlilegs jafnræðis í leikreglum á milli þeirra sem starfa á háskólastigi.

Ég vil undirstrika það að Háskóli Íslands er að sjálfsögðu háskóli okkar allra og alls góðs maklegur. En ég vil líka líta svo á að aðrir háskólar, hvort heldur þeir starfa norðan heiða eða vestan eða sunnan, séu líka háskólar okkar allra og að við þurfum að veita þeim þennan stuðning. Ég lít einnig svo á að menn kaupi ekki happdrættismiða Háskóla Íslands af þeirri ástæðu einni saman að þeir eigi gróðavon. Ég hygg að margir kaupi miða í Happdrætti Háskóla Íslands vegna þess að þeir vilja styðja gott málefni og að mínu viti yrðu velunnarar happrættisins fleiri ef Alþingi Íslendinga samþykkti þá tillögu sem hér er lögð fram. Ef velunnarar happdrættisins yrðu fleiri, þá yrðu tekjur happrættisins meiri og þess vegna yrði þetta í reynd að hluta til viðbót við þá fjármuni sem Happdrætti Háskólans hefur í dag.

Ég sé ekki ástæðu til, herra forseti, að endurflytja þá ræðu sem ég flutti í fyrra um þetta mál. Þar var vikið að svipuðu efni en tel eðlilegt að sú nefnd, hv. menntmn. sem ég legg til að fái þetta mál — herra forseti. Ég held ég muni það rétt að þessu máli hafi verið vísað til menntmn. Annaðhvort er það allshn. eða menntmn. sem ber að vísa því til, en ég legg það í vald forseta að meta það. En ég vil ekki eyða hér löngum tíma í að ræða þetta og vísa þess vegna til þeirrar ræðu að öðru leyti sem ég flutti um þetta mál í fyrra.

Mér er ljóst að þær hugmyndir eru uppi hjá sumum að það eigi að láta háskólann fá þessi 20% en dreifa því ekki til annarra skóla á háskólastigi. Vissulega eru rök fyrir því. Hins vegar hygg ég að það muni kalla á það að aðrir skólar munu þá leita eftir því að koma sér upp tekjustofnum og að mínu viti er betra að reyna að ná samkomulagi milli aðila um skiptingu þess fjármagns sem fæst með happdrættisstarfsemi í landinu heldur en að fjölga stöðugt aðilum sem leita út á þann markað. Ég vil því, með leyfi forseta, ljúka hér máli mínu án þess að leggja fram ákveðna tillögu um það hvort þetta fari til menntmn. eða allshn. en vísa því til forseta að úrskurða þar um.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti getur upplýst að þegar þetta mál var hér áður til umfjöllunar, þá var því vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 116. mál, frv. sjútvn., þskj. 121.

Lögheimili, 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 72. mál (dvalarheimili aldraða). — Þskj. 75.

[15:50]

Flm. (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að endurflytja hér frv. til laga um breytingar á lögum nr. 21 frá 5. maí 1990, um lögheimili.

1. gr. frv. hljóðar svo:

„Á eftir 3. mgr. 4. gr. laganna kemur ný svohljóðandi málsgrein:

Manni, sem býr á dvalarheimili aldraðra eða í öðru húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, skal heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem hann hafði fasta búsetu áður.“

2. gr. Við 5. mgr. 4. gr. laganna (er verður 6. mgr.) bætist nýr málsliður svohljóðandi: Sama gildir um lögheimili manns skv. 4. mgr.

3. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Árið 1990 var sú breyting gerð að þeir sem dvöldu á dvalarheimilum fyrir aldraða eða í öðru húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum höfðu fram að þeim tíma, í sumum tilfellum takmarkaðan rétt eða engan rétt haft á að mega eiga þar lögheimili. Þeir urðu að eiga lögheimili annars staðar. Nú var þessu alveg snúið við og þeir skyldaðir til að eiga lögheimili á þessum stað. Það er einu sinni svo að að mínu viti er hér um mannréttindamál að ræða. Þetta er fyrst og fremst spurningin um það hvaða virðingu við berum fyrir öldruðum og hvaða virðingu við berum fyrir mannlegri reisn sem vill fá að ráða sumum hlutum í sínu umhverfi. Mér hefur verið bent á það að ef eitthvað er þá sé sú skilgreining sem hér er lagt til að upp verði tekin of þröng. Þess eru dæmi að hjón lendi í því að annað hjónanna verður það heilsulaust að það fer á dvalarheimili fyrir aldraða og á ekki afturkvæmt sakir þess að það er með langvinnandi sjúkdóm sem stöðugt þyngir á því tökin. Þessi hjón hafa ekki áhuga á skilnaði. Hinn aðilinn dvelur heima og meira að segja stundum færir sig á milli frá því sveitarfélagi sem hann var í til annars sveitarfélags.

Samkvæmt núverandi lagasetningu eins og hún er þá væri það brot á sifjalögunum að aðilar ættu lögheimili sinn á hvorum staðnum. Þess vegna tel ég, ef eitthvað er, að þá ætti að rýmka þessa tillögu til lagabreytingar frekar en að þrengja hana.

Ég hef horft á það að menn hafa verið fluttir af sínu lögheimili á þann stað sem þeir hafa þurft að dvelja á, jafnvel þó þeir hafi ekki dvalið þar nema vissan tíma af árinu og ætli svo að vera heima hinn tímann. Aðrir hafa hreinlega talið þetta svo stórt mál, og þeir eru þó nokkrir, sem neita að láta færa sig af þessari ástæðu. Ég get nefnt út af fyrir sig að lagalega séð

liggur það ljóst fyrir að ef maður er leigjandi að ríkisjörð og er þar ábúandi þá tapar hann ábúðaréttinum um leið og hann er fluttur á elliheimili. Hann hefur ekki ábúðaréttinn áfram. Hann hefur þá ekki möguleika til að vera þar hálft árið ef gengið væri fast eftir lögunum eins og þau eru.

Mér er ljóst að á þinglega vísu er þetta mjög lítið mál. Það kostar ekkert í útgjöldum fyrir ríkissjóð þó það verði samþykkt, ekki krónu, og e.t.v dregur það úr útgjöldum að samþykkja það. En það er stórt í augum einstaklinganna sem e.t.v. fyrr á ævinni hafa mátt ráða einhverju í sínu umhverfi en standa allt í einu frammi fyrir því að það á að fara að skikka þá til að færa sitt lögheimili. Þeir eiga kannski íbúð hér í bænum, eru þar með alla sína búslóð, sínar minningar, sínar myndir, mæta þar kannski af og til og hitta sína fjölskyldu þar, eiga kunningja á ýmsum stöðum um landið og úti í heimi líka sem hafa verið að senda þeim bréf stílað á þetta heimilisfang. Nú skal það afmáð og þeir komnir með sitt lögheimili inn á einhverja stofnun.

Ég vænti þess að Alþingi Íslendinga geri sér grein fyrir því að það er mikið virðingarleysi gagnvart öldruðum að hafa það sem skyldu að þeir skuli eiga lögheimili á stofnunum fyrir aldraða ef þeir á annað borð þurfa að búa þar.

Það er eins með þetta mál eins og hið fyrra sem ég talaði fyrir áðan, þetta mál er endurflutt, það var afgreitt úr nefnd í fyrra og ég vil þakka allshn. fyrir þá afgreiðslu. Mér gafst ekki tækifæri til að gera það í vor því að þingslitin brustu á með meiri hraða en menn höfðu átt von á.

Ég vil vísa að öðru leyti til þeirrar framsögu sem ég hafði fyrir málinu þá og legg til að þessu máli verði vísað til hv. allshn. og vænti þess að það fái jákvæða meðferð eins og það fékk á liðnu þingi og vænti þess að þinglausnir beri ekki svo brátt að að það verði hægt að afgreiða málið á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6. og 8. mál.

Fundi slitið kl. 15.59.

---

18. FUNDUR

fimmtudaginn 21. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 23. mál, þskj. 23. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Meðferð opinberra mála, frv., 38. mál, þskj. 41. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, þáltill., 62. mál, þskj. 65. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

4. Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, þáltill., 63. mál, þskj. 66. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

5. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 71. mál, þskj. 74. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

6. Lögheimili, frv., 72. mál, þskj. 75. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

7. Umhverfisgjald, þáltill., 39. mál, þskj. 42. — Fyrri umr.

8. Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, þáltill., 40. mál, þskj. 43. — Fyrri umr.

9. Dýravernd, stjfrv., 69. mál, þskj. 72. — 1. umr.

10. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 88. mál, þskj. 91. — 1. umr.

11. Almannatryggingar, stjfrv., 83. mál, þskj. 86. — 1. umr.

12. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 84. mál, þskj. 87. — 1. umr.

13. Matvæli, stjfrv., 85. mál, þskj. 88. — 1. umr.

14. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 86. mál, þskj. 89. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Fasteignir í eigu banka og sparisjóða, 118. mál, fsp. GHall, þskj. 123.

Fjárveitingar til útgáfumála og stjórnmálaflokka, 49. mál, svar fjmrh., þskj. 117.

Reglur um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna, 115. mál, fsp. GHall, þskj. 120.

Skjaldarmerki lýðveldisins, 117. mál, þáltill. StG, þskj. 122.

Umhverfisgjald, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 39. mál. — Þskj. 42.

[10:37]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um umhverfisgjald sem er á þskj. 42. Flm. þessarar tillögu eru allar þingkonur Kvennalistans. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögur um umhverfisgjald sem hafa það að markmiði að efla umhverfisvernd og draga úr mengun. Gjaldið verði lagt á mengandi starfsemi og lækki eftir því sem mengunarvarnir skila árangri."

Tillaga samhljóða þessari var flutt í lok síðasta þings og var henni þá vísað til umhvn. en umhvn. tók tillöguna aldrei fyrir vegna þess hve skammt þá lifði

þings og þess vegna er hún flutt hér aftur óbreytt.

Íslendingar hafa löngum talið að Ísland væri ómengað og óspillt en því miður er það ekki alls kostar rétt. Ef við lítum okkur nær þá vitum við að það er langt frá því að allt sé í lagi hjá okkur. En við verðum samt að líta á umhverfismálin í víðara samhengi. Ef við horfum á það úti í heimi þá tengjast umhverfisvandamálin vaxandi megnun, eyðingu auðlinda, fólksfjölgun, fátækt og misskiptingu gæða jarðarinnar. Ferskvatnsbirgðir heimsins fara minnkandi, votlendi og vötn þorna upp og súrt regn og skógareyðing leiðir til eyðingar á vistkerfinu. Giskað hefur verið á að um ein milljón tegunda dýra og plantna hafi nú þegar horfið af yfirborði jarðar fyrir tilverknað manna.

Í loftinu sem við öndum að okkur hefur magn mengandi efna, svo sem koldíoxíðs, kolmónoxíðs, köfnunarefnisoxíða, metans og klórflúorkolefnis aukist verulega. Þetta mun að margra mati leiða til hækkaðs hitastigs á jörðinni, jöklar bráðna og yfirborð sjávar hækkar með hrikalegum afleiðingum. Heil svæði gætu jafnvel horfið af yfirborði jarðar, jafnvel heilu löndin og ég tali nú ekki um mikilvæg ræktarlönd. Þetta allt saman mun að margra mati leiða til verulegra loftslagsbreytinga á jörðinni. Eins og þingmenn eflaust muna var óvanalega mikið um að óveður geisaði í Evrópu og víðar á síðasta vetri. Þetta varð til þess að mjög margar greinar birtust bæði í innlendum og erlendum blöðum um þessi mál og margir vildu tengja þessi óveður breyttu loftslagi sem væri hægt að rekja til umhverfismengunar. Þetta er auðvitað ekki sannað og erfitt að sýna beinlínis fram á þetta, en fleiri og fleiri hafa bent á þetta. Fram hefur komið að um allan heim hefur tíðni eyðileggjandi náttúruhamfara meira en tvöfaldast síðan 1980. Það eru tryggingafélög sem hafa sérstaklega kannað þetta þar sem þau bera oftast skaða af þegar um náttúruhamfarir er að ræða og þá sérstaklega stormar og óveður. Þess vegna hafa margir haft vaxandi áhyggjur af mengandi efnum í andrúmslofti ef það er reyndin að tenging sé þarna á milli. En ég verð að ítreka að það eru ekki nærri allir sammála um þetta en þó er bent á þetta í vaxandi mæli.

Ef við lítum okkur nær, bara til Reykjavíkur, þá mun hækkað hitastig hafa veruleg áhrif. Margir hafa nú talið að það mundi hafa jákvæð áhrif á Íslandi, þ.e. hitna verulega og allt yrði miklu lífvænlegra. En það er öðru nær. Það þarf ekki mikla hækkun á yfirborði sjávar til þess að t.d. miðbær Reykjavíkur mundi eyðileggjast verulega. Ef yfirborð sjávar hækkar þó ekki sé nema um nokkra tugi sentimetra, eins og jafnvel er talað um að geti orðið á næstu öld, munu hafnarmannvirki víða um land fara mjög illa.

Það efni sem mestan þátt á í gróðurhúsaáhrifunum er koldíoxíð í andrúmslofti þó auðvitað komi ýmis önnur efni einnig við sögu. Ef fram heldur sem horfir mun koldíoxíð í andrúmslofti tvöfaldast á næstu öld og er því eðlilega nú lögð aðaláherslan á að reyna að draga úr koldíoxíðmengun í andrúmslofti.

Í janúar 1991 skilaði nefnd skýrslu um útstreymi koldíoxíðs á Íslandi til umhvrh. Skýrslan er gefin út í maí 1992 en nefndin lauk störfum 1991. Eins og segir í skýrslunni þá er í henni reynt að skapa grundvöll til stefnumótunar á þessu sviði hér á landi. Ég verð að viðurkenna að það að sjá þetta svart á hvítu hversu illa við stöndum að þessum málum, þ.e. hversu mikið koldíoxíð við setjum út í andrúmsloftið miðað við önnur lönd, kom mér á óvart. Útstreymi koldíoxíðs hér á landi er um 2,4 tonn á hvern íbúa. En á Norðurlöndum er útstreymið 1,9–3 tonn á íbúa. Og ef við tökum land eins og Japan sem við höfum venjulega litið á sem er mjög mengandi land og það er mikið iðnaðarríki, þá er útstreymi á hvern íbúa í Japan 2,2 tonn. Að vísu verður að hafa það í huga að þar er þéttbýli miklu meira og áhrifin meiri á mann af því að íbúar t.d. hér á landi er dreifður á miklu stærra landsvæði en það breytir ekki því að hvert mannsbarn hér á landi skilar meiri koldíoxíði út í andrúmsloftið samkvæmt þessari skýrslu heldur en t.d. Japanir.

Í skýrslunni er einnig lagt mat á útstreymi annarra mengandi lofttegunda hér á landi og samkvæmt henni og reyndar því sem vitað var fyrir fram er fyllsta ástæða til þess að við tökum þessi mál föstum tökum hér á landi, ekkert síður en reynt er að gera annars staðar, þó að mínu mati sé allt of lítið að gert.

Í stærstu iðnríkjum heims hefur verið samþykkt að reyna að draga úr útstreymi koldíoxíðs og hefur verið miðað við að fyrsta skrefið væri að árið 2000 yrði útstreymi koldíoxíðs á íbúa um það bil það sama og var árið 1990. Þetta er auðvitað mikilvægt fyrsta skref, en það nægir engan veginn. Í blaði OECD, Observer, frá því í janúar 1993 er grein þar sem fjallað er um þetta atriði eftir mann sem heitir Tom Jones. Þar er reynt að leggja mat á hversu mikil áhrif það hefði ef útstreymi koldíoxíðs minnkaði, ekki vera hærra árið 2000 en það var árið 1990, og er fullyrt að það hefði ekki nein veruleg áhrif þannig að það þarf að taka miklu, miklu harðara á útstreymi koldíoxíðs en þær áætlanir sem uppi hafa verið um minnkun útstreymis gera. Talað er um að það þurfi að fara niður fyrir 80% lágmark af því sem iðnríkin hafa sleppt út í andrúmsloftið á íbúa árið 1990 til þess að það geti haft einhver veruleg áhrif. Og þá er það skilyrði að það verði ekki veruleg hækkun á útstreymi koldíoxíðs hjá öðrum löndum heldur en OECD-ríkjunum og iðnríkjunum, þ.e. þeim ríkjum sem nú hafa mjög lítið útstreymi koldíoxíðs. Þrátt fyrir miklar heitstrengingar og áætlanir um að reyna að vinna gegn þessu þá hefur því miður ekki gengið nægilega vel. Það er mat flestra að eina leiðin til þess að hafa einhver veruleg áhrif sé að leggja gjald á mengandi efni, t.d. gjald á koldíoxíð. Það hefur mikið verið rætt að reyna að gera það en því miður hefur það gengið frekar erfiðlega þrátt fyrir mikla bjartsýni eftir Ríó-ráðstefnuna, umhverfisráðstefnuna í Ríó, þá hafa því miður ekki gengið eftir þær yfirlýsingar sem þar voru settar fram og þær samþykktir sem þar voru gerðar. Því miður voru þær samþykktir ekki bindandi og sýnir kannski hve nauðsynlegt er að gera bindandi samninga varðandi umhverfismál.

Við kvennalistakonur leggjum til að það verði lagt á sérstakt umhverfisgjald og teljum að það sé raunverulega eina leiðin til þess að draga verulega úr

mengun. Reyndar stendur það í stefnuskrá Kvennalistans og við höfum löngum haldið því fram hér að það væri eina leiðin t.d. að fá spilliefni inn í móttökur að leggja gjald á spilliefnið til þess að fólk þurfi ekki eins og t.d. er núna að greiða verulegar upphæðir til þess að fá þessum spilliefnum eytt. Nú er það þannig að Sorpa tekur við mengandi efnum og fólk þarf að greiða fyrir. Þetta gerir það að verkum að margir reyna því miður að koma þessum efnum fyrir annars staðar, t.d. með því að þynna þau að einhverju leyti og setja þau bara út í skolpið. Ég sé því ekki aðra leið til þess að reyna að koma í veg fyrir þessa mengun en að setja verulegt gjald við innkaup á þessum efnum. Fólk getur þá á einhvern hátt fengið til baka það gjald þegar það skilar. Víða erlendis er það þannig að þó að lagt sé gjald á þessi efni þá er ekki greiddur til baka neinn hluti af gjaldinu heldur er einungis lagt á og vonað síðan að fólk skili þessum mengandi efnum þó að það fái ekki neitt í aðra hönd. Þetta er útfærsluatriði. Ég held sjálf að það sé betra að fólk fái eitthvað örlítið til baka af þeim peningum sem það hefur lagt til en þetta er auðvitað ekki skilyrði heldur verður þetta að vera útfærsluatriði eftir því hvað við á.

Ég hef lagt á það áherslu og flm. þessarar tillögu að það gjald sem hér er lagt á og þær hugsanlegu tekjur sem gætu orðið af þessu færu eingöngu í umhverfismál, þau séu sérstaklega merkt til þess. Þetta sé ekki þar með almenn skattheimta sem fari í ríkissjóð og síðan sé það an deilt út aftur heldur sé þetta beintengt þannig að þetta sé umhverfisgjald sem fari í umhverfismál og ekkert annað. Ef Íslendingar ætla sér að standa við yfirlýsingar sínar á alþjóðavettvangi og vilji standa í fremstu röð í umhverfismálum, þá verðum við að gera eitthvað alvarlegt í málunum.

Ég tel eðlilegt að umhvrn. verði látið vinna að þessum málum, auðvitað í samvinnu við fjmrn. (**Gripið fram í:** Og umhvn.) og legg til, að lokinni þessari umræðu, að málinu verði vísað til síðari umr. og umhvn.

[10:51]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Nú hefur enn á ný verið flutt hér þingmál um svokölluð hagræn stjórntæki í umhverfismálum. Hér er um að ræða endurflutning á máli sem var flutt á sl. ári um umhverfisgjald. Þá átti ég og hv. 1. flm. nokkurn orðastað um það hvers eðlis þetta gjald væri, hvort hér væri um að ræða eitthvað sem mætti líkja við þjónustugjald eða hvort hér væri um skatt að ræða. Það var ekki ljóst af þeirri umræðu sem þá fór á milli okkar hvernig ætti að flokka þetta og það er ekki að sjá á tillögunni eða greinargerðinni að 1. flm. hafi reynt neitt að skýra þetta frekar. En þó finnst mér einhvern veginn á framsöguræðunni að hv. flm. hallist frekar að því að hér sé um almenna tekjuöflun að ræða fyrir ríkissjóð og þar með er um skatt að ræða og þess vegna held ég að það sé alveg nauðsynlegt að frv. eins og þetta komi á einhverju stigi til kasta efh.- og viðskn. þar sem hún að öllu jöfnu fjallar um skattamál hér í þinginu. Því til rökstuðnings vil ég minna á það að á síðasta þingi var flutt tillaga um umhverfisskatta og þeirri tillögu var vísað til hv. efh.- og viðskn.

Ég ætla ekki að leggja til að tillögu hv. 1. flm. um það til hvaða nefndar málinu verður vísað, verði breytt, en ég held að hv. formaður umhvn. þurfi að taka það til athugunar mjög alvarlega að málinu verði vísað til efh.- og viðskn.

Það verður að segjast eins og er að hin svokölluðu hagrænu stjórntæki, umhverfisgjöld og umhverfisskattar, eru mjög vandmeðfarin og auðvitað væri best að við gætum losnað við slíka skattheimtu og að það mundi eingöngu duga að setja lög og reglur og allir færu eftir þeim án þess að þurfa að hafa neinn sérstakan hag af því.

Mig langar þó til þess að vekja athygli hv. 1. flm. á því að lög og reglugerðir um umhverfismál hafa borið þó nokkurn árangur hér á landi og þá sérstaklega hvað varðar halónefni og CFC. Á síðustu árum hefur orðið veruleg minnkun á notkun þessara efna í samræmi við alþjóðasamninga og notkun halóns, ef ég man rétt, hefur minnkað um 80% á síðustu árum og notkun CFC um 70%. Þetta er allnokkur árangur og ég efast um að skattur eða umhverfisgjald gæti bætt verulega þar úr.

Ég verð þó að segja, þar sem hér er um endurflutta óbreytta tillögu að ræða, að mér finnst nokkuð vafasamt hvort það sé rétt að eyða miklum tíma í að fjalla um þessa tillögu á þinginu í vetur, því hún felur í sér að ríkisstjórnin undirbúi og leggi fyrir Alþingi tillögur um umhverfisgjald og gjaldtöku. En frá því að tillagan var fyrst flutt þá hefur ríkisstjórnin lagt fram og kynnt skýrslu um mótun stefnu í umhverfismálum þar sem fram kemur að ríkisstjórnin hefur á prjónunum skoðun einmitt á því að leggja á umhverfisgjöld og umhverfisskatta. Það læðist því að manni sá grunur að hér sé um eitthvert kapphlaup að ræða, hver hafi nú fyrstur átt hugmyndina og hver eigi að fá heiðurinn, þingmennirnir sem komu með þáltill. eða ríkisstjórnin sem búin er að gefa út sína stefnu í þessu máli.

[10:56]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst ekki skipta máli hver verpti fyrstur þessu eggi. Staðreyndin er sú að hér er um þarft mál að ræða og ef menn líta yfir síðustu árin og reyna að meta það hvaðan þeir straumar hafa komið sem ýtt hafa undir bætta umhverfisvitund þá held ég að það sé óhætt að segja að einn af þeim fersku straumum sem Kvennalistinn hefur flutt inn í íslensk stjórnmál er einmitt þessi græna lína. Það er oft svo að það er hlutverk nýrra flokka og nýrra hreyfinga að vekja athygli á nýjum málum sem aðrir flokkar taka síðan upp. Ég held að það sé óhætt að segja að í árdaga var Kvennalistinn það afl sem lagði allra stjórnmálaflokka hvað mest vægi á umhverfismál í sinni stefnu.

Hins vegar er það svo að þessi viðleitni sem Kvennalistinn hratt af stað hefur haft áhrif á alla flokka, á minn flokk og ég held alla íslensku flokkaflóruna, (Gripið fram í.) raunar báða flokkana sem ég hef verið í. Reyndar hef ég, eins og fram hefur kom-

ið, nokkurn stuðning jafnvel í stjórnmálaflokkum sem ég hef aldrei verið í og það bendir kannski til þess að Kvennalistinn, einnig þar, hafi vakið síðbúna vitundarvakningu í þessum málum. Guð láti gott á vita.

Varðandi þessa þáltill., sem flutt er óbreytt, þá er hún í sjálfu sér ágæt. Þar er talað um að setja á umhverfisgjald sem hafi það markmið að efla umhverfisvernd og draga úr mengun. Í greinargerð með tillögunni vantar hins vegar, að mér finnst, svona frekari útfærslu á því hvað er átt við. Hvað eru umhverfisgjöld? Ég hjó eftir því í máli hv. flm. að hún virtist breiða væng sinn í senn yfir það sem kallað hefur verið umhverfisgjald og líka skilagjald. Ég held í sjálfu sér að það væri þörf á nokkurri umræðu til þess að skerpa þetta. Ég hef sjálfur tilhneigingu til þess að segja að umhverfisgjald og skilagjöld séu eitt og hið sama. Um þetta er raunar deilt. Ég tek hins vegar eftir því að greinargerðin gengur fyrst og fremst út á það að dregið sé úr losun mengandi lofttegunda. En það er auðvitað margvísleg önnur starfsemi sem hefur mengun í för með sér. Ég held t.d. að það sem er allra brýnast og þarfast í dag sé ekki að setja á svona gjald — ég kem að því síðar af hverju — heldur frekar að setja skilagjöld á t.d. bíla og spilliefni.

Það er hárrétt að það hefur verið mikil umræða um hækkandi hitastig og það hefur verið kennt gróðurhúsalofttegundum. Fram á allra síðustu ár hafa menn deilt um það hvort þessi umræða eigi rétt á sér, hvort það sé hægt að benda á það með óyggjandi rökum að hitastigið hafi raunverulega hækkað. Menn hafa að vísu mælingar sem ná yfir áratugi. Flestir þessir mælingapunktar eru í grennd við þéttbýli sem eru eins konar hitagildrur þar sem hitastig er að jafnaði 4–5 gráðum hærra heldur en annars staðar. Þetta hefur verið notað sem rök gegn þessari kenningu.

Á ráðstefnu sem hér var haldin fyrir tveimur vikum komu hins vegar fram verulega sannfærandi rök fyrir því að hitastig hafi hækkað. Það voru birtar hitamælingar á borholum, olíuholum, sem höfðu verið í notkun bæði í Alaska og Síberíu, sumar yfir 100 ár, og þar kemur í ljós að hitastigið, þar sem mælt er daglega í þessum holum, hefur hækkað yfir síðustu 100 árin. Á hinn bóginn velta menn því fyrir sér hvort það geri eitthvað til þó að hitastigið hækki. Á allra síðustu árum hafa komið fram rannsóknir sem gjörbylta hugmyndum manna um veðurfarsþróun. Rannsóknir sem hafa verið gerðar t.d. á borkjörnum í sjávarseti, á suðurskautslandinu og tveimur borkjörnum á Grænlandsjökli gjörbylta öllum hugmyndum manna um getu jarðarkringlunnar til þess að taka við miklum og óvæntum hitasveiflum. Þar kemur t.d. fram að hitabreyting sem skilgreina má sem upphaf eða lok ísaldar getur gerst á 10–12 árum. Engan mann óraði fyrir þessu áður. En náttúran á að njóta vafans og þó að þessar upplýsingar séu það nýjar þá er ekki hægt að túlka það með þeim hætti sem sumir eru byrjaðir að gera erlendis og segja sem svo að það sé allt í lagi þó að hitastigið hækki talsvert vegna þess að náttúran geti jafnað þetta sjálf út. Það kemur nefnilega líka fram í þessum rannsóknum á fornveðurfari að við erum núna stödd á mjög óvanalega löngu hlýskeiði. Þeir vísindamenn sem hafa um þetta vélað, verið í þessum fornhitamælingum, þeir segja: Það má ekkert gera sem getur sett þetta langa hlýskeið úr jafnvægi. Um leið og það er sett úr jafnvægi þá gætu þessir hlutir gerst sem hv. þm. ræddi um áðan. Það er staðreynd að með hækkandi hitastigi voru menn búnir að spá því að óveður mundu aukast. Ég var t.d. fyrir tilviljun staddur á ráðstefnu, vegna þess að ég vann einu sinni hjá tryggingafélagi, árið 1986, þar sem settir voru fram spádómar sem hafa gengið eftir. Hamfaraveðrum t.d. á norðurhveli jarðar hefur stórfjölgað á síðustu árum. Þetta er mikið vandamál í tryggingaheiminum, enda kom ég mér þaðan.

Hv. þm. bendir á það að ef fram heldur sem horfir þá muni losun CO_2 tvöfaldast á næstu öld og hún segir líka að Íslendingar verði að gera eitthvað alvarlegt í málunum til að standa skil á skuldbindingum sínum.

Ég leyfi mér að efast um þetta. Eins og kom fram hjá hv. þm. Árna M. Mathiesen þá hefur það gerst frá árinu 1976 að losun klórflúorefna og halónefna hefur minnkað alveg gríðarlega hér á landi, um 70–80%, og kæliiðnaðurinn hefur raunverulega verið langt á undan stjórnmálaflokkum, jafnvel langt á undan Kvennalistanum, hvað varðar úrbætur í þessum efnum. Fleiri fyrirtæki hafa tekið þetta mál upp á sína arma. Ég hef stundum verið gagnrýnandi Eimskipafélagsins en Eimskipafélagið hefur t.d. beitt sér fyrir nýjungum sem gera það að verkum að fyrirtækið er eiginlega fremst í sinni röð í Evrópu.

Varðandi koldíoxíð þá er það alveg rétt að Íslendingar losa verulegt magn af koldíoxíð út í andrúmsloftið. Þeir hafa gengist undir vissar alþjóðlegar skuldbindingar, sem hér voru raktar áðan. Þeir eru aðilar að samningnum um loftslagsbreytingar sem tekur gildi fyrr en menn ætluðu, þ.e. í mars á næsta ári vegna þess að þá munu um 50 ríki vera búin að fullgilda hann. En það er eigi að síður svo að hér hefur verið nefnd að störfum að kanna þessi mál og það kemur í ljós, þó að þær niðurstöður séu ekki birtar, að losun koldíoxíðs á Íslandi hefur náð jafnvægi. Hún hefur ekki aukist um árabil. Nú er það auðvitað svo að það má gera ráð fyrir því að vegna fjölgunar landsmanna, fjölgunar fyrirtækja, þá sé ekki víst að þessi stöðnun í losun á koldíoxíði muni haldast. Þess vegna eru menn að gera framkvæmdaáætlanir til þess að tryggja minni losun, einmitt í þessari nefnd sem þingmaðurinn gat um áðan. Þannig að allt það sem hv. þm. lagði til áðan er nú í vinnslu. Þeim gjöldum sem hún drap hér lítillega á er verið að vinna að í umhvrn. samkvæmt stefnuáætlun ríkisstjórnarinnar. Ég er ekki að segja að með þessu sé þessi tillaga óþörf. Það er ágætt að vekja athygli á málum eins og þessum. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég vildi einungis segja það og leggja á það áherslu að allt það sem hv. þm. drap hér á áðan og raunar miklu fleiri atriði eru í vinnslu í umhvrn. og það hefur allt saman komið fram opinberlega á síðustu mánuðum. Flest af því er líka með einum eða öðrum hætti á stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar.

[11:04]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins með örfáum orðum lýsa stuðningi við þá hugsun sem fram kemur í þessari þáltill. Ég var að vísu lengi efasemdarmaður um mengunargjald og hlustaði á menn sem sögðu: Mega þeir þá menga sem telja skárra að greiða gjaldið en leggja í dýrar framkvæmdir? Og það er vitanlega hugsun út af fyrir sig. En ég verð að viðurkenna að á síðari árum hef ég meira og meira horfið að því að líklega kunni þetta að vera skásta leiðin.

En ég vil alveg sérstaklega taka undir það sem hv. flm. sagði áðan um þá hættu sem að okkur steðjar og ég held að við séum löngu komnir fram hjá þeim punkti að við getum í raun lýst efasemdum. Það er að vísu rétt sem hæstv. umhvrh. sagði að það eru enn þá miklar efasemdarraddir og sumar þessara radda eru áhrifamiklar eins og t.d. þær efasemdir sem réðu mjög stefnu Bandaríkjanna í þessum málum, bæði á umhverfisráðstefnunni í Ríó og fjöldamörgum öðrum fundum sem um þetta mál hafa verið haldnir.

Ég held að hvað sem menn vilja segja þá er það staðreynd að maðurinn, með sínum framkvæmdum og í sínu lífi, er að gjörbreyta öllu lífkerfi jarðar. Ég held að það verði ekkert um það deilt að þessar breytingar eru ekki til batnaðar. Það er afar fróðlegt að lesa bók eins og eftir varaforseta Bandaríkjanna, Earth in a Balance eða Jörð í jafnvægi. Þar dregur varaforsetinn fram gífurlega mikið safn upplýsinga um það sem er að gerast og leiðir að því, að mér sýnist, afar sterk rök að þessar breytingar vaxi mjög hratt og það geti vel farið svo að mannkynið standi fyrr en varir á þeim punkti sem er ekki endurkomu auðið frá, eða „point of no return", eins og sagt er á enskunni, og þetta kunni jafnvel að vera skemmra fram undan heldur en margir hafa talið.

Ég tel að við Íslendingar verðum að leggja okkar af mörkum til þess að snúa þessari þróun við. Mér finnst satt að segja ekki þolanlegt að hér sé útstreymi koltvísýrings meiri á hvern mann heldur en almennt gerist og tel að við eigum að taka það mjög föstum tökum.

En tillagan fjallar um meira heldur en koltvísýring. Hún fjallar um mengunargjald almennt og vitanlega er það staðreyndin, og það er rétt sem hæstv. umhvrh. sagði að vísu, að hér hefur dregið meira úr notkun á ósoneyðandi efnum heldur en víða annars staðar. En engu að síður er það þó að við sleppum töluverðu af ósoneyðandi efnum út í andrúmsloftið eru mörg þessara efna að hafa áhrif í yfir 100 ár þannig að það er svo langt, langt frá því að þau efni sem horfið hafa út í andrúmsloftið hafi lokið sínum líftíma. Því fer víðsfjarri. Ég hugsa að út af fyrir sig sé ósoneyðingin fullt eins mikið áhyggjuefni í dag og upphitun andrúmsloftsins vegna þessa gífurlega langa líftíma sem þessi efni hafa. Þar held ég að þurfi að taka á málunum af miklu meiri snerpu jafnvel heldur en í sambandi við koltvísýringinn.

Það er rétt að það hafa komið fram ýmsar kenningar um það og reyndar mælingar sem sýna að hækkun á hitastigi hafi ekki orðið eins mikil og margir spáðu hér áður fyrr, fyrir örfáum árum. En það hefur líka verið sýnt fram á að eyðing ósonlagsins verkar þar að vissu leyti í gegn, gegnupphitun andrúmsloftsins, en er hins vegar afar skaðleg að öðru leyti og jafnvel ekki síður skaðleg, þó á annan máta sé, heldur en upphitun jarðar.

Ég held að flestir sem um þetta hafa fjallað upp á síðkastið hafi komist að þeirri niðurstöðu, með öðrum orðum, að þarna sé um afar flókið samspil að ræða, mjög flókið, og miklu flóknara heldur en menn höfðu áður almennt gert sér grein fyrir. Ég held þess vegna að það þurfi að ráðast gegn öllum þessum þáttum. Ég er ekki í nokkrum vafa að bæði hér og yfirleitt í heiminum þá hefur þetta daglega efnahagskapphlaup mjög skyggt á þá miklu nauðsyn að líta til lengri framtíðar.

Ég var að fá í hendurnar afar fróðlega skýrslu sem er skrifuð fyrir mikið þing trúarleiðtoga sem haldið var í Chicago á sl. sumri. Þar mættu held ég 8.000 manns. Skýrslan er út af fyrir sig hrollvekja en þar er dregið saman á afar athyglisverðan máta ýmislegt af því sem blasir við að þessu leyti.

Þó að mannfjöldaaukning sé ekki hér á dagskrá þá er þetta tengt þeim stóru vandamálum sem þjóðir heimsins þurfa að horfast í augu við. Ég sat nýlega fund þar sem fulltrúar Sameinuðu þjóðanna og fulltrúar FAO, Matvælastofnunar Sameinuðu þjóðanna, töluðu. Þar sagði fulltrúi Sameinuðu þjóðanna, sem hefur með mannfjöldaaukningu að gera, að það verði ekki með nokkrum ráðum hægt að stöðva það að mannkynið tvöfaldaðist á næstu 30 árum og yrði orðinn um 11 milljarðar eftir 30 ár. Fulltrúi FAO sagði að hvernig sem þeir reiknuðu og hvernig sem þeir skoðuðu þá gætu þeir ekki með nokkrum móti gert sér vonir um að það væri hægt að fæða þennan mannfjölda, ekki með nokkrum móti, það væri ekki hægt. Þannig að þar er náttúrlega þegar stórkostlegt vandamál og þó það sé af öðrum toga spunnið þá tengist það vitanlega þessu að vaxandi mannfjöldi mengar meira, langtum meira. Það verður meira notað af áburði til að knýja fram meiri vöxt og svo framvegis sem allt veldur mengun sem ekki er tími hér til að fara nánar í.

Sem sagt ég fyrir mitt leyti hallast nú meira og meira að því að það kunni að verða að taka upp svona mengunargjald. Það verður vandásett og verður að gæta þess vandlega hvernig það verður ákveðið. En fyrst og fremst stóð ég upp til að styðja almennt þá hugmynd að við Íslendingar lítum lengra fram á veg og stöndum okkur eins vel og frekast er kostur í því að verða þarna leiðandi og reyndar þurfum við að taka í vaxandi mæli þátt í alþjóðlegu samstarfi sem um þessi mál fjalla og beita áhrifum okkar þar til góðs.

[11:12]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til að víkja að orðum hv. síðasta ræðumanns þar sem hann lýsti að mér fannst hálfum stuðningi við tillöguna. Það var ekki beint afgerandi stuðningur og hann nefndi ekki þann hluta tillögunnar þar sem hv. 1. flm. lagði til að þetta yrði nokkurs konar markaður tekjustofn og að þessar álögur þær rynnu beint til umhverfismála. Er hv. þm.

fylgjandi því að þessu gjaldi verði hagað á þann hátt?

[11:13]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan þá hef ég haft mínar efasemdir um mengunargjaldið og óttast að þeir sem efni hafa á fari fram hjá. Þetta er eiginlega reikningsdæmi. Borgar sig að menga og borga mengunargjaldið eða taka til hendi og hreinsa og losna við mengunargjaldið? Ég hef ekki enn þá séð nógu sannfærandi útreikning á þessu eða skoðanir á þessu. En ég tel sjálfsagt ef mengunargjald verður lagt á þá verði það notað til umhverfismála. Ég er fylgjandi því að slíkt gjald verði notað til að hreinsa upp.

[11:14]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. þessarar tillögu fyrir þetta ágætismál sem hér er lagt fram um umhverfisgjald. Í morgun fór umhvn. Alþingis til að skoða Endurvinnsluna hf. Þar er tekið á móti og eytt að miklum hluta umbúðum utan af drykkjarföngum, annaðhvort til endurvinnslu eða eyðslu. Það hefur tekið fá ár fyrir landann að móttaka þessi skilaboð að þessar einnota umbúðir eru mengandi og safna þeim saman og koma þeim í förgun, að vísu gegn gjaldi en ég hugsa að langflestir mundu skila þessum umbúðum þrátt fyrir það að þeir fengju ekkert gjald fyrir. Það sýnir sig í mörgum sveitarfélögum þar sem íþróttafélög eða líknarfélög hafa safnað þessum dósum að fólk gefur þetta glaðlega í stað þess að menga umhverfið með þeim. Þetta var nú svolítill útúrdúr, þetta er ekki um loftmengun en mengandi efni eftir sem áður. Spillefnamóttakan er dýr og við þurfum þar af leiðandi að hugsa fyrir því hvernig við ætlum að afla tekna til að eyða okkar úrgangi. Það er kannski ekki síður með hugarfarsbreytingu eða upplýsingum til okkar landsmanna um hvað séu mengandi efni og hvað ekki. Við höfum hent rafgeymum, batteríum og öðrum efnum á haugana eða í ruslið án þess að hafa í raun vitað um að það væri mengandi. Þannig að það er margt sem hægt er að gera til að koma í veg fyrir og draga úr mengun án þess að það sé tekið gjald af því.

En af því að hér er talað um loftmengun, þá veit ég ekki alveg hvernig á að útfæra það með koldíoxíðmengunina, hvort það á að vera gjaldtaka á bensín eða ákveðnar tegundir bíla, en þar kemur það líka til að það er hægt að breyta menguninni með hugarfarsbreytingu. Ég tek sem dæmi þetta litla landsvæði sem ég bý á austur á Egilsstöðum og í sveitarfélögunum þar í kring. Fyrir fáum árum var tekið að framleiða á vernduðum vinnustað skilti, falleg lítil skilti þar sem á stóð: Drepið á bílnum, hafið hann ekki í gangi. Þetta hefur sannarlega haft áhrif því maður sér varla bíla í lausagangi lengur. Það er einmitt þá, þegar bílarnir eru í lausagangi, sem mesta loftmengunin er þannig að þetta getur nú snúið að okkur líka að draga úr menguninni. En það er líka dýrt fyrir sveitarfélögin að eyða úrgangi og þau eru langflest að basla við það nú á þessum tíma að koma upp betri sorpmóttöku og förgun og er það þeim flestum ofviða. Þau hafa reynt að sameinast mörg hver um þetta stóra verkefni en mundu vilja gera miklu betur ef þau réðu við þetta stóra dæmi. Ég tel að í umhverfismálum þurfi að styðja sveitarfélögin til þess að þau geti ráðið við að taka á móti sorpi og fargað því.

Loftmengun frá verksmiðjum hér á Íslandi er mest frá bræðslunum okkar, fiskiðnaðinum, og þar veit ég að er mikill áhugi á að setja upp hreinsibúnað en hann er feykilega dýr og þau ráða ekki við það nema með góðum stuðningi. Sá stuðningur gæti verið í formi þess að fyrirtækin fengju lán hjá bönkum til að koma þessu upp. En það væri okkur til skammar að fara að setja mengunargjald á þessar verksmiðjur þegar þeim á sama tíma er settur stóllinn fyrir dyrnar með að geta komið upp hreinsibúnaði. Þannig að að þarf fyrst og fremst að gera sveitarfélögunum kleift að ráða við að eyða sorpi, verksmiðjunum kleift að koma upp hreinsibúnaði og koma síðan inn hugarfarsbreytingu hjá okkur Íslendingum til að ganga betur um jörðina.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Af gefnu tilefni vill forseti upplýsa að það er stefnt að því að atkvæðagreiðslur verði hér um þau mál sem eru fyrst á prentaðri dagskrá að lokinni umræðu um þetta mál.

[11:19]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það væri nú ekki verra ef hæstv. forseti hefði tök á að gera hv. 3. þm. Reykn. viðvart svo hann gæti verið hér í kallfæri undir minni ræðu, ég þarf aðeins að víkja að því sem fram kom í hans máli.

Ég vil almennt lýsa yfir stuðningi við tillöguna sem slíka að ríkisstjórninni verði falið að undirbúa og leggja fyrir Alþingi tillögur um umhverfisgjald með því markmiði sem lýst er í tillögunni. Það er hins vegar ekki þar með sagt að ég sé að lýsa yfir stuðningi við það að taka upp umhverfisgjald yfir höfuð. Ég er ekki fyllilega sannfærður um að það sé leiðin sem menn eiga að fara að nota markaðshyggjuna í þessu skyni. Ef við horfum á það hvernig praxísinn verður á þessu máli þá yrði hann þannig að menn mundu borga þetta gjald sem yrði mishátt eftir því hve starfsemi þeirra væri slæm gagnvart umhverfinu eftir einhverjum mælikvörðum. Það gjald ætti að stuðla að því að menn réðust í fjárfestingu til að minnka mengunina og lækka þar með gjaldið. Þá þyrftu viðkomandi fyrirtæki á sama tíma og þau eru að borga gjaldið líka að leggja út í fjárfestingu til að minnka það, hvort tveggja í senn. Ég er því ekki viss um að þetta sé endilega betri leið því eins og kom fram að því mér heyrðist í máli hv. 7. þm. Reykn. þá gætu fyrirtæki einfaldlega valið þá leið bara að borga gjaldið og upp kæmi það hugarfar að það væri í raun og veru kannski ódýrara heldur en hitt og menn fjarlægðust það markmið, sem þeir ætluðu sér með þessari tillögu, að innleiða það hugarfar að menn eigi ekki að menga. Það er spurning hvort það væri ekki betra sem almenn regla að mengun væri bönnuð eftir einhverjum reglum og slíku að viðlögðum refsingum. Þetta eru þær tvær leiðir sem menn sjá í fljótheitum. Ég er engan veginn sannfærður um að

umhverfisgjaldið sé betri leið en mér finnst eðlilegt og sjálfsagt að láta þá það mál fá skoðun og fá fram tillögur um það til að sjá hvernig þær líta út þannig að maður geti áttað sig betur á því því kannski er maður að meta hlutina út frá of óvissum forsendum.

En ég vil benda mönnum á það sem fram kemur í greinargerð með tillögunni að þetta mundi samkvæmt henni fyrst og fremst koma niður á fiskiskipaflotanum. Gjaldið mundi fyrst og fremst vera lagt á hann ef meginþunginn á að vera að draga úr útstreymi koldíoxíðs. Þá legst það fyrst og fremst á fiskiskipaflotann og er nú ekki ærin skattlagningin á fiskiskipaflotann þessi síðustu ár þó menn bæti ekki meiru við án þess að hugsa fyrir heildarrekstrarafkomu.

Það sem vakti athygli mína var sú yfirlýsing hv. 3. þm. Reykn. að það væri líklega rétt að þessi tillaga færi til efh.- og viðskn. þar sem um skatt væri að ræða. Ekki endilega fyrir það að ég sé honum ósammála, það má vera að hann hafi rétt fyrir sér, það eru nokkur rök í hans máli, heldur fyrir það hitt að þau rök sem hann notar fyrir sínu máli eru nákvæmlega þau sömu og gilda um svonefnd heilsukort. Þannig að með þessu hefur þingmaður Sjálfstfl. í raun og veru lýst því yfir að heilsukortin séu skattur. Það er mjög merkileg yfirlýsing að hún skuli koma hér fram einmitt sama dag og landsfundur Sjálfstfl. er að hefjast. (**ÓÞÞ:** Ekki seinna vænna.) Svo landsfundarfulltrúum megi vera það ljóst að ríkisstjórnin er að taka upp nýjan skatt því það er með heilsukortin nákvæmlega það sama og með umhverfisgjaldið eins og segir í greinargerð, með leyfi forseta, að „fé sem inn kemur ætti hins vegar einungis að nota í þágu umhverfismála en ekki gera það að almennum tekjustofni fyrir ríkissjóð eða sveitarfélög". Þetta er nákvæmlega það sama og með heilsukortin. Það á einungis að notast til heilbrigðismála en ekki að vera almennur tekjustofn. Það á sem sagt að koma útgjaldamegin á fjárlög, kredit þar á móti útgjöldum, lækka útgjöldin nákvæmlega eins og hugmyndin er með þessu umhverfisgjaldi. Þannig að það liggur alveg ljóst fyrir í mínum huga og vonandi annarra sem hafa fylgst með þessari umræðu að aðaltalsmaður Sjálfstfl. í umhverfismálum hefur hér viðurkennt að fyrirhuguð upptaka heilsukorta er nýr skattur.

[11:25]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er alltaf gaman að heyra í hv. þm. Alþb. þegar þeir minnast á markaðshyggju og markaðslögmál. Þá kemur í ljós að þeir eru í fyrsta lagi haldnir miklum kvíða og í öðru lagi að þeir skilja ekki hvað í málinu felst. Þannig fór hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hér í dálítið skemmtilegan rökfræðilegan hring sem sýnir að hann skilur ekkert út á hvað markaðshyggjan gengur og hvernig menn reyna að beita markaðslögmálum t.d. í umhverfisvernd. Hann sagði að það væri, hafi ég skilið hann rétt, alls ekki gott fyrir fyrirtæki bæði að þurfa að greiða umhverfisgjald og síðan líka að leggja út í fjárfestingar til að draga úr menguninni. En þetta vegur auðvitað hvort annað upp. Um leið og fyrirtæki mundi leggja útí fjárfestingar til að draga úr mengun þá mundi það líka í framhaldi af því þurfa að greiða minna umhverfisgjald. Í þessu er fólginn hinn hagræni hvati í svona gjöldum.

Ég vildi síðan segja það, virðulegur forseti, út af orðum hv. þm. Steingríms Hermannsonar þar sem hann réttilega talaði um þá hættu sem stafar af eyðingu ósonlagsins. Að því er það varðar hafa Íslendingar verið í fararbroddi og sennilega staðið fremstir þjóða í baráttunni gegn losun ósoneyðandi efna. Við höfum t.d. nú þegar bannað notkun nema endurnýtingu þeirra efnategunda sem eru skaðlegust ósonlaginu.

Það er í sjálfu sér góðra gjalda vert að velta því fyrir sér hvort tímabært sé að setja upp umhverfisgjald og ég er sannfærður um að til framtíðar verður það gert í ríkari mæli heldur en nú er. Einstök lönd hafa tekið þetta upp. En við verðum líka að hugsa þetta út frá fyrirtækjunum og samkeppnishæfni þeirra. Ef við ætlum að fara að gera þetta t.d. bara hér á Íslandi þá dregur það úr samkeppnishæfni ýmissa fyrirtækja gagnvart erlendum fyrirtækjum. Punkturinn í þessu og niðurstaðan er sú að við verðum að gera þetta samstiga öðrum þjóðum.

Hv. 4. þm. Austurl. fór hér nokkrum orðum m.a. um bræðslur og mengun af þeirra völdum og það er hárrétt að draga það fram að það er sérstaða íslensks efnahagslífs sem gerir það að verkum að við erum að losa miklu meira af ýmsum mengandi lofttegundum en aðrar þjóðir. En þessi ríkisstjórn og reyndar fyrri ríkisstjórnir hafa beint kröftum sínum í þá átt að reyna að t.d. fá bræðslur til að nota rafmagn í staðinn fyrir olíu. Það hafa komið fram tillögur í þá veru frá fyrrv. iðnrh. Svona almennt um þetta vil ég segja að það er þörf á að ræða þessi mál og reyna að skilgreina betur hvað menn eru að fara. (**ÓÞÞ:** Hefur ekki verið fleiri en einn á undan þessum?) Einn sem mestu máli skiptir, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) (**Forseti:** Ekki frammíköll.) Hingað til, virðulegur forseti, þá hafa hefðbundin viðhorf ríkisins verið þau að setja lög og reglur um þau viðmið sem allir verða að fylgja. Kosturinn við þessa boða- og bannaaðferð er sá að markmiðin eru alveg skýr og þeim á að vera hægt að ná án undantekninga. Þannig að þessi aðferð getur t.d. verið mjög heppileg þegar um hættuleg spilliefni er að ræða eða um almenn heilbrigðissjónarmið eins og t.d. vegna drykkjarvatns en ókostirnir eru hins vegar ýmsir. Annars vegar er ókosturinn sá að það er mikill kostnaður vegna upplýsingaöflunar og eftirlits og hins vegar ósveigjanleiki kerfisins. Ef sömu viðmiðanir eru t.d. settar fyrir öll fyrirtæki er ekki tekið tillit til mismunandi kostnaðar þeirra við að draga úr mengun. Það eru þessir annmarkar boða- og bannakerfisins sem hafa orðið til þess að vestræn ríki hafa í vaxandi mæli litið til nýrra leiða til að aðlaga sitt efnahagslíf að markmiðum umhverfisverndar í dag.

Kostnaður við umhverfisvernd fer alls staðar vaxandi. Innan OECD-landanna þá er t.d. talið að hann sé um 1,5–2% af þjóðarframleiðslu og sum ríki eins og t.d. Holland gera ráð fyrir að innan skamms muni þetta fara upp í 3–4%. Það er þess vegna mjög mikilvægt að menn finni hagkvæmustu leiðirnar til að draga úr menguninni. Það er þess vegna sem þessi umræða um

umhverfisgjöld kemur inn. Núna eru menn víða erlendis farnir að tala um að bylta skattkerfinu. Byggja raunverulega skattkerfið út frá umhverfissjónarmiðum, út frá notkun mengandi efna. Ég er sannfærður um það þegar líður fram undir lok næstu aldar þá verða skattkerfi á Vesturlöndum í miklu ríkari mæli miðuð við þetta.

[11:31]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt að útskýra þetta aðeins svo hæstv. umhvrh. vaði ekki reyk í þessum efnum um mína afstöðu eða skilning á þessum tveimur möguleikum, annars vegar umhverfisgjaldi og hins vegar leyfakerfinu. Það lýsir sér sjálft í þessari tillögu hvernig umhverfisgjaldið er í meginatriðum hugsað. Rekstur á að borga gjaldið, hann þarf sem sé að borga bæði gjaldið og fjárfestinguna til þess að fá lækkun á gjaldinu. Hin leiðin sem við getum notað og hefur verið notuð eins og t.d. með síldarverksmiðjur er að veita starfsleyfi og gefa mönnum aðlögunartíma til að uppfylla ákveðin skilyrði, þá er augljóslega um að ræða minni útgjöld fyrir viðkomandi rekstur og líklegra að hann geti uppfyllt þau þegar einungis þarf að leggja út fyrir fjárfestingunni en ekki eins og í hinni leiðinni að leggja út bæði fyrir fjárfestingunni og skattinum samtímis. Þetta er munurinn á þessum tveimur leiðum og gerir það að verkum að ég er engan veginn sannfærður um að það að taka upp umhverfisgjald sé betri leið heldur en að veita starfsleyfi eins og við höfum notað sem meginreglu í þessum efnum. Hins vegar finnst mér jafnsjálfsagt að láta athuga þessi mál og koma þá með tilllögu þannig að menn sjái það betur hvernig þeir hugsa sér að útfæra þetta.

[11:32]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil fyrst taka undir það sem er megininntak þess efnis sem hér er að álagning skatta er nauðsyn, það vita allir, það þarf að leggja á skatta og það er vel að á þessum degi hafi orðið samstaða á milli Sjálfstfl. og Alþfl. um þessa nauðsyn. Við gleðjumst að sjálfsögðu yfir því að þetta ber upp á sama dag og landsfundurinn hefst þannig að boðskapurinn hlýtur að fara inn í þá sali.

Hins vegar vil ég líka tala fyrir því að viss markaðslögmál séu virt. Það sé ekki bara reynt að tala um fyrir mönnum heldur að markaðslögmálin séu virt. Þetta á sérstaklega við varðandi sölu á raforku í landinu.

Fyrrv. hæstv. iðnrh. sem upplýst er að mun vera Jón Sigurðsson, þegar talað er um fyrrv. hæstv. iðnrh., hafði ákaflega lítinn skilning á þessu með markaðinn. Hann fyllti allt hér af rafmagni en þegar kom að því að selja það þá var bara talað við álfursta og þeir keyptu ekki þetta rafmagn. Þess vegna á þessi þjóð alveg óhemju auð í ónotuðu rafmagni sem lýtur markaðslögmálum eins og fleira. Það þarf að keppa við olíu og gas og niðurstaðan er sú að það tapar bæði í viðskiptunum við olíu og gasið. Það er vonlaust að koma hæstv. ríkisstjórn til þess að skilja að það er ekki nein prúðmannleg umræða um þetta sem skiptir máli, það sem skiptir máli er einfaldlega að verðið á raforkunni verði látið fara það langt niður að verksmiðjurnar sjái sér hag í því að kaupa þetta rafmagn. Og rafmagnið verður líka að fara það langt niður í verði að þeir sem nota gasið í dag sjái sér hag í því að kaupa rafmagnið. (Forseti hringir.) Og af því að hæstv. umhvrh. er maður mjög málsnjall vænti ég þess að hann reyni að færa það í tal við núv. hæstv. iðnrh. að hann láti markaðslögmálin gilda.

[11:35]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist á fiskiskipaflotann og hvernig umhverfisgjald mundi koma við hann. Þetta er auðvitað hárrétt athugað hjá honum og ég hef fyrir löngu gert mér grein fyrir þessu enda er þetta ein helsta skýringin á því auk þess að við erum fámenn þjóð í stóru landi að koltvísýringsútblástur á Íslandi er jafnmikill og hjá meðal iðnaðarþjóð. Þess vegna er það alveg ljóst að gjald sem þetta mundi koma mjög illa við sjávarútveginn. Þess vegna gerði ég ásamt samflutningsmönnum mínum ráð fyrir því í tillögu sem við fluttum um umhverfisskatta á síðasta þingi, að ef að umhverfisskattar yrðu lagðir á þá yrði önnur skattheimta minnkuð að sama skapi. Það er hins vegar ekki gert ráð fyrir þessu í tillögu hv. 15. þm. Reykv. Kristínar Einarsdóttur og samflutningsmanna.

Í stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er gert ráð fyrir því að notfæra sér umhverfisgjöld og umhverfisskatta og önnur hagræn stjórntæki til þess að hafa áhrif á umhverfið og hvernig við notum það eða misnotum. En það er ekki bara lagt til að nota hagræn stjórntæki heldur er gert ráð fyrir samspili laga og reglna og gjalda og skatta og ekki síst fræðslu hjá almenningi til þess að gera allan almenning, þjóðina alla, meðvitaða um mikilvægi umhverfisins og mikilvægi þess að við förum vel með það sem við höfum undir höndum og skilum því í ekki verra ástandi til afkomenda okkar.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson er á móti því, ef ég skildi hann rétt, að nota markaðshyggjuna á þennan hátt umhverfinu til framdráttar. En ég vil spyrja hann: Hvernig hefur sósíalisminn ráðið við umhverfisvandamálin? (**GHelg:** Ekki vel.) Nei, það er alveg rétt hv. þm., sósíalisminn hefur ekki ráðið vel við umhverfismálin og það sjáum við í löndum Austur-Evrópu þar sem sósíalisminn hefur ráðið ríkjum allt of stóran hluta af þessari öld.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist örfáum orðum á heilsukortin og ef hann er að uppgötva það núna að ég sé búinn að velta því mikið fyrir mér um hvers konar gjaldtöku sé að ræða í þessu tilfelli, þá hefur hann ekki fylgst nægilega vel með hér í þingsölunum. Ég hef einmitt gert það að umræðuefni úr þessum stóli og reyndar á öðrum vettvangi hvers konar gjaldtöku er hér um að ræða. Ég verð að segja það að mér finnst það skipta verulega miklu máli að við gerum okkur grein fyrir því hvaða áhrif þau gjöld og þeir skattar hafa á efnahagslífið og hvaða áhrif þau hafa á breytni borgaranna. Það er ekki af engu sem í hinum

ýmsu þjóðhagslegu úttektum og þjóðhagslegu reikningum að gjaldtöku er skipt í mismunandi flokka, það er einmitt vegna þess að þeir hafa mismunandi áhrif.

Enn sem komið er er ekki búið að gera grein fyrir því hvernig heilsukortin eiga að vera þannig að ég sé fullkomlega viss um það hvernig þau muni virka. En af því sem við vitum þá munu verða þar valákvæði sem gera það að verkum — ef ég má halda áfram máli mínu fyrir truflunum frammíkallandans Ólafs Þ. Þórðarsonar (**ÓÞÞ:** Hvað er á dagskrá, forseti?) (**Forseti:** Ekki frammíkall.) — þessi valákvæði gera það að verkum að borgararnir þurfa ekki að greiða þetta gjald, þá flokkast þetta ekki sem skattur heldur sennilega það sem kallað er aðrar tekjur. Spurningin er hins vegar: Verður þetta valákvæði virkt? Það getur vel verið ef við fáum ekki svar við þessari spurningu fyrr en það fer að reyna á það við innheimtuna hvort að borgararnir vilja inna þetta gjald af hendi eða ekki.

Þetta gjald skilst mér að heiti núna eða samkvæmt því sem hæstv. heilbrrh. kallaði það í sjónvarpinu á dögunum ekki nefskattur heldur nefgjald. (Gripið fram í.) Ég vil hins vegar þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir hans spöku orð úr stólnum þar sem hann fór nokkrum orðum um það hvernig ætti að nota markaðinn umhverfinu til hagsbóta og ég er viss um að þessum skilningi hv. þm. mun verða fagnað sérstaklega á landsfundi Sjálfstfl.

[11:41]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég vil þakka þingmönnum og hæstv. umhvrh. fyrir undirtektir við þessa tillögu og sérstaklega hæstv. umhvrh. fyrir hlý og góð orð í garð Kvennalistans og stefnu hans. Ég þarf svo sem ekki að hafa mörg orð fleiri. Hér hefur bæði verið skýrt út ýmislegt í hverju slíkt umhverfisgjald gæti falist og hefur hæstv. umhvrh. m.a. komið fram og gert það. Ég ætla ekki að fara að ræða hér um heilsukort og hvort heilsukort eru skattar eða gjöld. Hins vegar finnst mér mjög sérkennilegt þegar verið er að velta því fyrir sér hvað heitir skattur og hvað heitir gjöld. Mér finnst það ekki aðalatriðið, heldur er það aðalatriði hvernig þetta kemur niður, þessi gjöld eða skattar, og fyrir mér t.d. er ekkert stórmál hvort umhverfisgjald heitir umhverfisgjald eða umhverfisskattur ef menn kjósa svo. Aðalatriðið í mínum huga er að það fé sem innheimtist með þessum hætti sé ekki notað sem almennur tekjustofn fyrir ríki eða sveitarfélög heldur sé það gert í þágu umhverfisins. Ég get tekið sem dæmi að í Svíþjóð er t.d. lagt verulega hátt gjald á klórflúorkolefni og vetnisflúorkolefni. Það er t.d. sett upp í 600 kr. gjald á þessi efni til að reyna að koma í veg fyrir notkun og allt gjaldið er notað í þágu rannsókna til að reyna að finna önnur hættulaus eða mjög lítið skaðleg efni í sama tilgangi. Þannig er þetta umhverfisgjald oft notað. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hafa breytilegt form á gjaldinu eftir því hvaða efni er um að ræða.

Hv. 5. þm. Vestf. Kristinn H. Gunnarsson minntist á að það væri eðlilegra að banna mengun. Auðvitað er það hægt með ýmis efni og það hefur verið gert hér á landi með ágætisárangri stundum en því miður ekki alltaf. Það er bara ekki hægt að banna öll efni heldur verður að draga úr notkun hættulegra efna eða útblæstri mengandi efna eins og t.d. CO_2 eða koldíoxíðs, það er ekkert hægt að banna þann útblástur. Hann er óhjákvæmilegur. Þess vegna verður að beita mismunandi aðferðum eftir því hvaða efni er um að ræða og misháum gjöldum. Stundum er kannski ekki hægt að beita gjöldum en það er hægt að gera einhverjar ákveðnar kröfur. Ég tek dæmi um bíla, þar eru núna gerðar kröfur um hreinsunarbúnað á bílum sem fluttir eru inn til landsins. Það er hægt að hugsa sér ýmislegt þannig og þá smám saman minnkum við væntanlega koldíoxíðmengun frá bílum ef við gerum það að skilyrði að mengunarvarnaútbúnaður sé settur á bíla.

Mér hefur t.d. fundist koma vel til greina að það verði reynt að koma til móts við bíleigendur sem vilja setja mengunarvarnaútbúnað á sína bíla eins og t.d. þá sem eiga eldri bíla. Það er nú einu sinni þannig að þó að hv. 5. þm. Vestf. hafi ekki mikla trú á markaðslögmálunum þá veltir fólk því fyrir sér hvað það fær í staðinn. Ef það getur t.d. minnkað sína mengun og fær einhverja peninga í staðinn þá mun það frekar gera það, jafnvel þó það kosti einhverju til sjálft.

Það var minnst hér á hvort um væri að ræða skilagjald eða eitthvað annað. Mér finnst engu máli skipta hvort það heitir skattur, umhverfisgjald eða skilagjald. Það var minnst t.d. á skilagjald af bílum. Það var tekið upp á Alþingi fyrir þó nokkrum árum síðan, ég man ekki hvort það eru fjögur eða fimm ár síðan, það hlaut hins vegar ekki stuðning. Það var sá fyrrv. iðnrh. sem hér var minnst á áðan sem kom með þá tillögu en hún fékkst ekki afgreidd frá Alþingi. Það finnst mér t.d. mjög álitlegt og tel að skilagjald á bíla eigi að koma hér á.

Hv. 3. þm. Reykn. talaði um að þessi tillaga væri sett fram e.t.v. sem liður í einhverju kapphlaupi eða til að vera á undan einhverjum öðrum. Ég vísa því á bug því í mínum huga skiptir það ekki nokkru máli hver kemur fyrstur með hugmyndina ef við ætlum að fara út í svoleiðis og þá held ég að við þurfum að leita jafnvel mjög langt aftur til þess að finna hver hefur fyrstur minnst á þetta. Ég treysti mér ekki til þess og er eiginlega viss um það að þó að þetta standi í stefnuskrá Kvennalistans sem gefin var út 1983 þá hafa örugglega aðrir komið með slíka hugmynd áður en það. Í mínum huga breytir það ekki nokkru hver er fyrstur og hverjir koma þar á eftir í því sambandi. Ég get auðvitað ekki verið annað en ánægð með að stefna ríkisstjórnarinnar sé með þeim hætti sem hér hefur verið lýst, bæði af hæstv. umhvrh. og hv. 3. þm. Reykn. Ég man ekki betur þó ég hafi ekki við höndina stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í upphafi kjörtímabilsins þá er eitthvað minnst á umhverfismálin þar þó ég muni ekki nákvæmlega hvort þar er minnst á umhverfisgjald eða umhverfisskatta. Þannig er þetta ekki ný hugmynd, ekki einu sinni á þessu kjörtímabili. Ég held að það breyti ekki nokkru, það gerir það a.m.k. ekki í mínum huga hver var fyrstur í þessu sambandi. Aðalatriðið er að við tökum eitthvað á þessum málum. Það er mjög brýnt. Ég fagna því auð-

vitað að það sé verið að gera allt sem hér hefur verið minnst á innan umhvrn. og það hlýtur að vera umhvrn. mikill styrkur ef Alþingi samþykkti tillögu sem þessa. En ráðuneytinu hlýtur að vera það mikill styrkur ef Alþingi samþykkir tillögu sem styður við bakið á því sem ráðuneytið er að vinna að ef það er í þá veru sem hæstv. umhvrh. sagði.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa tillögu, frú forseti — jú, eitt í viðbót, ég gleymdi því sem hv. 3. þm. Reykn. minntist einnig á að það ætti að senda þessa tillögu til efh.- og viðskn. Sem 1. flm. þessa máls þá tel ég mjög eðlilegt að umhvn. sendi málið til efh.- og viðskn. til athugunar eins og oft hefur verið gert, þ.e. að þingmál hafi verið sent á milli nefnda til athugunar til þess að fleiri sjónarmið komi fram áður en endanlega er fjallað um málin í viðkomandi nefnd. Ég tel að það sé auðvitað alveg sjálfsagt að gera það en ítreka að ég tel að umhvn. eigi að fá þetta mál til meðferðar eins og gert var ráð fyrir á síðsta þingi.

[11:50]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þegar umræðan fór yfir í heilsukortin taldi ég nú ekki seinna vænna að ganga úr skugga um það hvort mér hefði skjátlast með það hvaða mál væri á dagskrá. Svo reyndist nú ekki vera heldur munu vera hér á milli lína, ætlað stjórnarsinnum, einhvers staðar upplýsingar um að undir þessum lið sé ætlunin að ræða líka heilsukortin.

Nú er það svo að það er mjög afstætt hvað er skattur og hvað er gjald. Hér í Reykjavík hefur það lengi viðgengist að gjaldheimtan hefur verið látin innheimta skatta en ætti bara náttúrlega að innheimta gjöld. Sýnir það best hvað þetta getur verið misvísandi. Ég þekki þó nokkuð af fólki sem ég er sannfærður um að breytir ekki háttum sínum, það hefur labbað að staðaldri, það mun aldrei borga neina skatta til umhverfismála vegna síns útblásturs. Það liggur alveg ljóst fyrir. Alveg sama hvaða kerfi menn hafa í þessum efnum. Eins er það svo að sumir eru svo blessunarlega heilsuhraustir að þeir fara ekkert á spítala. Þeir borga vissulega skatta og gjöld en þeir þyrftu ekki að kaupa sér nein heilsukort sérstaklega. Þeir slyppu, það liggur alveg ljóst fyrir. Fyrir aðra væri þetta aftur á móti alveg örugg nauð að gera þetta nema auðvitað er frjálst val að kveðja strax, það vita menn. En burt séð frá þessu þá er það undarlegt að einn af þingmönnum Sjálfstfl. hefur komist að þeirri sérstæðu niðurstöðu að hann sé stuðningsmaður heilsukorta ef þau eru gjald en andstæður ef þau eru skattar. Það skiptir sem sagt engu máli hver upphæðin er, engu máli til hvers þetta er ætlað, bara að þetta sé ekki kallaðir skattar. Þetta minnir mig nú á það að það gerist stundum við ofnotkun á einstökum lyfjum að menn verða ónæmir fyrir þeim og stundum bara þola þau alls ekki. Hér hefur það gerst að þessi hv. þm. er kominn með slíkt ofnæmi fyrir sköttum að það fer bara um hann hrollur, hann sefur ekki, hann liggur andvaka og hugsar málið ef það er minnst á skatta. Þetta er náttúrlega ákaflega alvarlegt mál ef þessi sótt skyldi breiðast út. En burt séð frá því þá vona ég að með rólegri íhugun núna næstu nætur ef hann sefur lítið þá komist hann að niðurstöðu um það hvað séu skattar og hvað séu gjöld og beiti sér svo fyrir því að nafni Gjaldheimtunnar verði breytt til samræmis við hlutverkið.

[11:55]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓE, ÓRG, RA, RB, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓRG, RA, RB, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG, 23. mál. — Þskj. 23.

[11:55]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓRG, RA, RB, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 38. mál (skipunartími ríkissaksóknara o.fl.). — Þskj. 41.

[11:56]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓRG, RA, RB, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lendingar ferjuflugvéla á Rifi, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 62. mál. — Þskj. 65.

[11:57]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

26 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓRG, RA, RB, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Vegur milli Þingvalla og Hvalfjarðar um Leggjabrjót, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP og GÁ, 63. mál. — Þskj. 66.

[11:58]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

26 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓRG, RA, RB, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 71. mál (greiðslur til annarra skóla á háskólastigi). — Þskj. 74.

[11:58]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

26 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓRG, RA, RB, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lögheimili, frh. 1. umr.

Frv. ÓÞÞ, 72. mál (dvalarheimili aldraðra). — Þskj. 75.

[11:59]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞBack, ÖS.

26 þm. (ÁJ, DO, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JBH, JHelg, JVK, JHall, MF, ÓRG, RA, RB, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 40. mál. — Þskj. 43.

[12:00]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar sem er á þskj. 43. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og Jón Helgason.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framvegis fara fram á undirbúningsstigi mat á hugsanlegum umhverfisáhrifum nýrrar löggjafar. Slíkt mat verði prentað sem fylgiskjal með stjórnarfrumvörpum með sama hætti og verið hefur með kostnaðarmat.“

Þessi tillaga var flutt í lok síðasta löggjafarþings. Henni var þá vísað til umhverfisnefndar en hlaut ekki afgreiðslu og var raunar ekkert fjallað um tillöguna þar sem ekki vannst tími til þess í umhverfisnefnd og er því þessi tilllaga flutt óbreytt.

Eins og hv. þm. er kunnugt þá er það nú orðin venja að kostnaðarmat fylgir stjfrv., þ.e. fjárlagaskrifstofu fjmrn. er falið að leggja mat á hvaða kostnaðaráhrif ákveðin frumvörp hafa í för með sér fyrir ríkissjóð og er það álit prentað sem fylgiskjal. Það er einni gert ráð fyrir því í 30. gr. þingskapa að ef nefnd mælir með samþykkt frv. eða þáltill. þá skuli hún láta prenta í áliti sínu áætlun um kostnað sem samþykkt tillögunnar gæti haft í för með sér.

Að mati flm. er mjög mikilvægt að þingmenn geri sér ekki aðeins grein fyrir hvaða kostnað frv. getur haft í för með sér heldur ekki síður hvaða áhrif samþykkt viðkomandi tillaga eða frv. getur haft í för með sér fyrir umhverfið. Ég get tekið sem dæmi veruleg áhrif á umhverfið sem ákveðin lagasetning hafði í för með sér. Það eru þó nokkuð mörg ár síðan að ákveðið var að lækka toll á bifreiðum í tengslum við kjarasamninga. Þetta var gert til að laga vísitöluna. Þetta hafði auðvitað ákveðin kostnað í för með sér fyrir ríkissjóð en þetta hafði veruleg önnur áhrif, m.a. fyrir umhverfið. Að vísu hafði það einnig mjög mikil áhrif fyrir heilbrigðiskerfið þar sem talið er að bara þessi eina aðgerð hafi orsakað verulega aukningu umferðarslysa en það er nú kannski annar handleggur og erfiðara að meta hvað sú eina aðgerð hafði í för með sér. En slíkar samþykktir geta haft veruleg önnur áhrif en beint er hægt að sjá um leið og viðkomandi tillaga er lögð fram eða samþykkt sem breyting á lögum. Þess vegna tel ég mjög mikilvægt að það verði reynt að leggja mat á það hvaða áhrif lagasetning hefur á umhverfið. Þess vegna er þessi tillaga flutt.

Ég held að það þurfi ekki að hafa fleiri orð um þessa tillögu, virðulegur forseti, þar sem svo augljóst er hvað flm. hafa í huga með henni. Legg ég því til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umræðu og hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýravernd, 1. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 72.

[12:05]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um dýravernd. Aðdragandi þessa frv. er orðinn æði langur eða hartnær tveir áratugir. Þar sem hann hefur verið rakinn hér í umræðum um svipuð frv. bæði í fyrra og árið þar áður þá hirði ég ekki að rekja hann en vísa um þau mál til þeirra umræðna.

Það frv. sem hér liggur fyrir var endanlega samið af nefnd sem fyrrv. umhvrh. skipaði. Í henni áttu sæti Árni M. Mathiesen alþingismaður, Margrét Haraldsdóttir menntaskólakennari, Páll Hersteinsson, veiðistjóri ríkisins, Sigurður H. Richter dýrafræðingur og Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóri umhverfisráðuneytisins, sem jafnframt var formaður.

Nefndin skilaði fullbúnu frv. í nóvember 1991 sem var lagt fram á 115. löggjafarþingi en varð hins vegar ekki útrætt þá.

Frv. var síðan endurflutt á 116. löggjafarþingi með nokkrum breytingum en hlaut ekki heldur afgreiðslu og frv., virðulegi forseti, eins og það birtist er að mestu óbreytt frá þessari síðustu útgáfu. Þó þótti ástæða til að bæta við ákvæði um milliríkjasamninga m.a. vegna Evrópusamnings um vernd dýra í landbúnaði sem Ísland gerðist aðili að fyrir skömmu. Það hafa líka verið gerðar örfáar orðalagsbreytingar sem er ekki ástæða að minni hyggju til að rekja hér. Þessu frv. er ætlað að koma í stað gildandi laga um dýravernd sem eru nr. 21/1957. Helstu breytingarnar sem gerðar eru varða stjórn og skipulag dýraverndarmála og eftirlit með framkvæmd laganna.

Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þeirrar dýraverndarnefndar sem starfar samkvæmt gildandi lögum komi dýraverndarráð sem tekur til landsins alls.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að settar verði á stofn dýraverndarnefndir í héruðum landsins til að auka og tryggja eftirlit með framkvæmd laganna en á því hefur verið nokkur misbrestur. Þá er opinberum aðilum fengið aukið vald til að grípa til aðgerða vegna illrar meðferðar á dýrum. Auk þessara helstu breytinga eru ýmis ákvæði gildandi laga umorðuð til að gera þau markvissari og hnitmiðaðri. Þá eru einnig mörg ný ákvæði í frv. sem ekki er að finna í gildandi lögum.

Virðulegur forseti. Í 1. gr. þessa frv. er gildissviðið skilgreint en slík skilgreining lá ekki fyrir í núgildandi lögum. Samkvæmt þeirri grein er lagt til að lög um dýravernd taki til allra hryggdýra. Það þykir hins vegar eðlilegt að leggja sérstaka áherslu á þau dýr sem eru í vörslu manna eða umsjá vegna þess hversu erfitt er að láta sum ákvæði frv. ná til villtra hryggdýra eins og t.d. fugla og fiska.

Það hefur verið nokkur ágreiningur um þetta atriði og ýmsir talsmenn dýraverndar hafa viljað ganga enn þá lengra og láta lög um dýravernd ná til allra dýra. Um þetta var mikið rætt í þeirri nefnd sem samdi þetta frv. en að mati meiri hluta hennar var það ekki framkvæmanlegt. Í athugasemd með greininni er lögð mikil áhersla á að þrátt fyrir þessa takmörkun á gildissviði beri öllum augljóslega að fara vel með öll dýr.

3. gr. frv. er sambærileg við 2. gr. gildandi laga en nokkuð ítarlegri. Áhersla er lögð á að aðbúnaður dýra og umhirða þeirra sé fullnægjandi með tilliti til tegundar viðkomandi dýrs sem og aldurs. Það er auðvitað álitamál, virðulegur forseti, hversu nákvæmur lagatextinn þarf að vera þannig að tryggt sé að hann gegni því hlutverki sem honum er ætlað. Í fyrri gerðum frv. sem dýraverndarnefnd samdi hefur textinn verið mun ítarlegri en í þessari gerð sem ég mæli hér fyrir. Þess hefur verið freistað að hafa einstakar greinar frv. stuttar í stað þess að úrskýra efnið í smáatriðum. Áherslan er lögð á að setja almennar reglur í stað þess að tí-

unda öll hugsanleg dæmi sem upp kunn að koma.

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að í 4. gr. frv. eru ný ákvæði sem ég tel afar mikilvæg. Þau varða tæknivæddan stórbúskap. Verksmiðjubúskap svokallaðar þar sem störf eru vélvædd hefur færst mjög í vöxt hér á landi hin síðari ár. Þetta á helst við um búskap með hænsnfugla, svín, kálfa, loðdýr en einnig fiska. Eftir því sem vélvæðingin er meiri þeim mun meiri hætta er á að virkt eftirlit með líðan einstakra dýra minnki. Vegna þessa þótti sérstaklega mikilvægt að setja bein fyrirmæli í lög um eftirlit með dýrum á verksmiðjubúum. Í 2. mgr. er kveðið sérstaklega á um það að héraðsdýralæknir eða fulltrúi yfirdýralæknis skoði og samþykki vistarverur sem ætlaðar eru dýrum á tæknivæddum stórbúum. Með þessu er skotið brandi fyrir þá gagnrýni sem hefur komið fram á síðustu árum frá dýraverndarsinnum og samtökum sem varða einmitt þessi atriði.

Í 5. gr. er fjallað um þarfir og meðferð búfjár sem gengur úti, er haldið til beitar eða látið liggja við opið að vetrarlagi. Í þeim tilvikum er skylt að hafa á staðnum vistarverur við hæfi, að teknu tilliti til ólíkra þarfa hinna ýmsu tegunda, og áherslan er lögð á að dýrin hafi öruggt og hentugt skjól. Orðalag greinarinnar ber þess merki að þarfir hinna ýmsu dýrategunda eru vitanlega mjög misjafnar. Hugtökin „vistarverur" og „öruggt og hentugt skjól" fela þannig eðlilega í sér mjög ólíkar kröfur eftir dýrategundum.

Það er ekki kveðið á um daglegt eftirlit með dýrum sem eru látin liggja við opið að vetrarlagi eins og var í því frv. sem lagt var fyrir 115. löggjafarþing og var ekki síst tilkomið vegna einstakra þekktra dæma um slæma meðferð á hrossum. Þess í stað er kveðið á um reglubundið eftirlit.

Í 6. gr. er kveðið á um að umhvrh. setji í reglugerð nánari fyrirmæli um aðbúnað dýra og um umhirðu dýra. Slíkar reglur eru settar í samráði við landbrn. samkvæmt lögum um búfjárhald nr. 46/1991.

Í 7. gr. frv., sem er raunar samsvarandi 3. gr. gildandi laga um dýravernd, er fjallað um umgengni við dýr. Þar er skýrt kveðið á um að þeim skal sýna vægð og nærgætni í brúkun og þar er kveðið á um að einungis sé heimilt að nota í keppni dýr sem eru heilbrigð og vel þjálfuð. Þar er einnig að finna það nýmæli að óheimilt er að nota örvandi efni til þess að hafa áhrif á afkastagetu dýra í keppni, en því miður hefur þróunin erlendis verið sú að menn hafa freistast til þess að grípa til slíkra bragða til þess að láta keppnisdýr ná frekari árangri en ella.

Í 9. gr. frv. er að finna nýmæli. Greinin er tilkomin vegna þess hversu algengt það er að skepnur verði fyrir ökutækjum á vegum úti. Þar er tekið fram, virðulegi forseti, að ef dýr verði fyrir ökutæki, þá beri stjórnanda þess skylda til þess að stöðva ökutækið og ganga úr skugga um hversu alvarlegt slysið er. Þetta ákvæði er raunar hliðstætt ákvæði sem er í 1. mgr. 10. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Í 11. gr. er einnig það nýmæli að sú skylda er lögð á herðar eigenda og umsjónarmanna dýra að þeir geri ráðstafanir til þess að hafa upp á dýrum sem villast eða strjúka frá heimkynnum sínum. Jafnframt er löggæslumönnum heimilt, samkvæmt greininni, að taka þessi dýr í sína vörslu og þar er áréttað að sérreglur um skil á sauðfé samkvæmt lögum um afréttarmál og fjallskil ganga framar þessu ákvæði.

Þar er líka minnt sérstaklega á lög um varnir gegn smitandi búfjársjúkdómum þegar búfé á í hlut.

III. kaflinn, virðulegi forseti, fjallar um sérstakt dýrahald í atvinnuskyni, annað en í landbúnaði. Þar er í 13. gr. kveðið á um að það þurfi sérstakt leyfi til hvers konar ræktunar, verslunar, þjálfunar, tamningar, geymslu og leigu dýra í atvinnuskyni sem ekki fellur undir búfjárhald. Þá þurfi sömuleiðis sérstakt leyfi til að setja á stofn dýragarða, dýrasýningar eða dýrahappdrætti og jafnframt sérstakt leyfi til þess að veiða villt dýr fyrir dýragarða eða önnur söfn lifandi dýra. Þessi grein samsvarar 4. gr. gildandi laga, en er eigi að síður talsvert ítarlegri.

Menn geta velt því fyrir sér hvað felst í hugtakinu „dýrahald í atvinnuskyni." Hér hefur sú leiðin verið valin að miða við að tekjur af viðkomandi starfsemi nái lágmarki virðisaukaskattslaga, en þessi mörk þurfa að vera skýr svo að það sé hægt að framfylgja lögum. Hér er hugsað til ýmiss konar starfsemi. Þar má nefna ræktun hunda til sölu, tamningu hrossa og er gert ráð fyrir að umhvrh. setji nánari fyrirmæli um leyfisveitingar af þessum toga í sérstakri reglugerð.

IV. kafli frv. er um aðgerðir á dýrum og aflífun. 14. gr. samsvarar í rauninni 10. og 11. gr. gildandi laga, en þar er kveðið á um að dýralæknum einum sé heimilt að framkvæma læknisaðgerðir á dýrum, en þó eru lyfjagjafir undanþegnar þessu ákvæði. Það er jafnframt gert ráð fyrir því, til þess að skýra þetta frekar, að umhvrh. setji nánari fyrirmæli í reglugerð varðandi aðgerðir á dýrum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna.

Í 15. gr. getur umhvrh. samkvæmt frv. sett nánari reglur um það hvernig eigi að standa að aflífun dýra við slátrun.

V. kafli frv. fjallar um veiðar á dýrum. Í honum er aðeins ein grein, 16. gr. Þessi grein er nýmæli. Hún er sett inn í frv. til þess að árétta að ávallt skuli staðið þannig að veiðum á dýrum að þær valdi sem minnstum sársauka og er líka kveðið á um að veiðimönnum sé skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til þess að aflífa dýr sem þeir hafa veitt áverka. Því miður er of algengt að veiðimenn særi dýr og láti þar við sitja.

Þá er jafnframt minnt þar á lög um vernd, friðun og veiðar dýra en hér er m.a. átt við frv. til laga sem ég mun leggja fram hér á Alþingi á næstunni. Í því frv. eru settar nákvæmar reglur um veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Hins vegar vek ég athygli á því, virðulegi forseti, að orðalag greinarinnar er með þeim hætti að það þótti ekki ástæða til að breyta því þótt umrætt frv. um veiðar, vernd og friðun dýra nái ekki fram að ganga á þessu þingi. Það tel ég mikilvægt að komi fram.

Í VI. kafla, í 17. gr., er kveðið á um tilraunir á dýrum. Hér er um afskaplega viðkvæmt mál að ræða sem hefur vakið heiftúðugar deilur erlendis. Það hefur ver-

ið fallið frá því, virðulegi forseti, að banna tilraunir með dýr sem þó var kveðið á um í því frv. sem lagt var fyrir 115. löggjafarþingið. Þess í stað er gert ráð fyrir að sérstök nefnd geti veitt leyfi til slíkra tilrauna. Eins og ég sagði, hér er um að ræða sérhæfð og viðkvæm mál sem geta valdið bitrum deilum hér á landi eins og dæmin sýna erlendis og þess vegna tel ég eðlilegt að lögfesta ákvæði þess efnis að nefndin skuli skipuð sérfróðum mönnum. Með þessari breytingu frá eldri gerð frv. er bæði verið að taka tillit til þess að efnislega voru ákvæði greinarinnar ekki í samræmi við núv. stöðu og framkvæmd mála, sem hefur reynst nokkuð vel, né heldur í fullu samræmi við Evrópusamning um vernd dýra, sem tók gildi að því er Ísland varðar árið 1990.

Ég vil vekja á því athygli að þessi grein heimilar einungis tilraunir á lifandi dýrum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til þess að ná sambærilegum árangri.

Í VII. kafla frv. er fjallað um skipan og stjórn dýraverndarmála. Í 18. gr., sem svarar til þeirrar 17. í gildandi lögum, er frá því greint að umhvrh. fari með yfirstjórn allra mála er varða dýravernd. *Honum til aðstoðar* er hins vegar dýraverndarráð sem hann skipar til fjögurra ára í senn. Í því ráði eiga sæti fimm menn, einn tilnefndur af Búnaðarfélagi Íslands, einn af Hinu íslenska náttúrufræðifélagi, einn af Dýralæknafélagi Íslands og einn af Sambandi dýraverndarfélags Íslands. Umhvrh. er síðan, samkvæmt þessari grein, falið það mikilvæga vald að skipa formann ráðsins.

Dýraverndarráð kemur í stað dýraverndarnefndar sem starfar samkvæmt gildandi lögum og hlutverk þeirra er sambærilegt. Nafnbreytingin er gerð til þess að aðgreina dýraverndarráðið frá dýraverndarnefndum sem áformað er að skipa samkvæmt 19. gr. frv. Þar er kveðið á um að við setningu reglugerða, við leyfisveitingar og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli er varða dýravernd skuli ætíð leita eftir tillögum eða umsögnum frá dýraverndarráði. Jafnframt skal ráðið láta dýraverndarnefndum, héraðsdýralæknum, löggæslumönnum, ákæruvaldi og dómstólum í té umsagnir um nýmæli og málefni er varða dýravernd. Kostnaður vegna þessarar starfsemi dýraverndarráðs greiðist úr ríkissjóði.

Í 19. gr., virðulegi forseti, er síðan kveðið á um það að í hverju umdæmi héraðsdómstóls skuli skipa sérstaka dýraverndarnefnd. Umhvrh. er gert að setja í reglugerð nánari fyrirmæli um skipan þessara nefnda og hlutverk. Stofnun slíkra dýraverndarnefnda er nýmæli og meginástæðan fyrir því að þær fylgja umdæmum héraðsdómstóla er að nauðsynlegt er talið að náið samstarf verði með dýraverndarnefndum og dómsvaldi, en það hefur verið töluverður misbrestur á því að lögum um dýravernd hafi verið framfylgt á undanförnum árum.

VIII. kafli frv. fjallar um eftirlit með framkvæmd laganna og viðurlög. 20. gr. frv. svarar í raun til 14. gr. gildandi laga, en þar er m.a. kveðið á um skyldu þeirra sem verða varir við illa meðferð á dýrum að tilkynna það til viðkomandi aðila og í 3. og 4. mgr. eru heimildir til handa dýraverndarnefndum, héraðsdýralæknum og löggæslumönnum að grípa til aðgerða vegna brota á þessum lögum. Og í þeim tveimur greinum sem á eftir koma, 21. og 22. gr., eru ákvæði þess efnis að brot á lögunum varði sektum eða varðhaldi. Jafnframt mun, ef frv. hlýtur hér jákvæða afgreiðslu, verða heimilt með dómi að svipta mann leyfi til að hafa dýr í sinni umsjá hafi viðkomandi gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögunum eða reglum sem settar verða með stoð í þeim.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir þetta frv. Ég tel að hér hafi vel tekist til með endurskoðun og gerð tillagna um breytingar á gildandi lögum um dýravernd sem eru löngu orðnar tímabærar. Gildandi lög eru að mörgu leyti úrelt og það er nauðsynlegt að breyta þeim í samræmi við breytt þjóðfélag og breytta tíma. Og það er vert að greina frá því að ráðuneytinu hafa borist tilmæli víða að um að endurskoða lögin og leggja frv. að breyttum lögum fyrir þingið. Má geta þess sérstaklega að 22. kirkjuþingið, sem haldið var í Bústaðakirkju árið 1991, skoraði á umhvrh. að leggja endurskoðað frv. til laga um dýravernd *hið fyrsta fyrir þingið.*

Það er von mín, virðulegi forseti, að frv. fái hér jákvæðar undirtektir á þinginu og það fái afgreiðslu nægilega fljótt til þess að það geti gengið í gildi snemma á næsta ári.

Ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

[12:22]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er góðra gjalda vert að flytja hér frv. til laga um dýravernd, en bæði er að sumt í þessu frv. (**Umhvrh.:** Hefur þingmaðurinn lesið frv.?) er á þann veg að það hlýtur að kalla á spurningar og það fyrsta sem ég vil spyrja hæstv. ráðherra um er: Hvaða rými er eðlilegt fyrir hænsni? Hvert er eðlilegt rými fyrir hænu? Sé það metið eins og hér stendur, þá liggur það ljóst fyrir að þetta er ákvörðun um að banna búreldi. Því það er vitað að hver einasta hæna sem býr við svo þröngan kost að vera ásamt 5 eða 6 geymd í lokuðu hólfi, heldur ekki andlegu heilbrigði sínu. Hæstv. ráðherra getur gengið úr skugga um það með því að taka í sínar vörslur slíkar hænur og sleppa þeim við hliðina á hænum sem hafa eðlilegt rými. — Ég sé að hæstv. ráðherra er þegar farinn að lesa frv. og er það vel, því ekki er seinna vænna. (**Umhvrh.:** Veit ekki virðulegur þingmaður hvar ráðherrann er alinn upp?) (**Gripið fram í:** Hann er alinn upp á hænsnabúi.) Það eru nú nákvæmlega engar reglur um það hvort heimilt sé að ala menn upp með hænsnunum eða ekki í þessu frv. og vík ég mér alveg undan að taka það sérstaklega fyrir.

En ég sé hér aftur á móti aðra hluti sem vekja mjög umhugsun mína. Ég er hlynntur því að það sé farið vel með dýr og ég er hlynntur ýmsum ákvæðum þessa frv., m.a. skyldunni að stöðva bíl og athuga hvort dýr hefur slasast það mikið að það verði að aflífa það og láta vita og eins gagnvart veiðum að því sé fylgt eftir að menn reyni að aflífa dýr, þau sem hafa ekki fallið við

fyrsta skot, en láti þau ekki afskiptalaus. En það sem mér finnst vera að þegar ég skoða þetta frv. er fyrst og fremst sá stóri þáttur sem snýr að hæstv. ráðherranum sjálfum.

Íslendingar fluttu inn bústofn til Íslands. Þeir fluttu inn kýr og kindur, þeir fluttu inn hross. Stjórnvöld fluttu inn hreindýr. Stjórnvöld fengu þessi hreindýr hjá hirðingjum sem höfðu fylgt þeim eftir að vetrarlagi, tryggt þeim haga, séð um að þau lentu ekki í þannig landþrengslum að þau syltu í hel og önnuðust þessi hreindýr. Þeir höfðu engin hús yfir þau en þeir fylgdu þeim eftir. Með því að flytja þessi hreindýr til Íslands var ætlunin að bæta hér við búskap landsmanna og ég tel ástæðulaust að atyrða á nokkurn hátt þá sem það gerðu, ég hygg að hugsunin hafi verið góð. En þeir voru að flytja hreindýr frá svæðum þar sem var meginlandsloftslag yfir til svæðis þar sem að mestu leyti er úthafsloftslag, með smáundantekningum. Munurinn á vetrarríki þessara svæða er sá að þar sem meginlandsloftslag er fellur snjórinn til jarðar, getur að vísu orðið mikill en hjarnmyndun er miklu minni og dýrin eiga þess vegna möguleika á að krafsa sig í gegnum þennan snjó. Þar sem úthafsloftslag er aftur á móti, verða oft blotar að vetrarlagi, hjarn myndast, og svell og hjarn meina dýrum að ná í þann gróður sem er undir snjónum. Þess vegna lít ég svo á að það sé tómt mál að tala um það að hægt sé að telja það eðlilega umsýslu með hreindýrunum, eins og er í dag, að hirða um það eitt að fjöldi þeirra fari ekki yfir visst hámark, sem er náttúruvernd gagnvart landinu, leyfa veiðimönnum að skjóta og fella fallegustu dýrin, því í reynd er þetta ákvarðanataka um það að fella úr hor öll þau dýr sem eru lasburða og eldri.

Ég hygg að hæstv. umhvrh., sem er nýkominn í þennan stól, verði á engan hátt sakaður um þá fortíð sem við höfum mátt búa við í þessum efnum. Hins vegar hefur hann tekið að sér mikla ábyrgð með þeirri stöðu sem hann gegnir og ég vænti alls góðs af. Ég tel aftur á móti að þetta mál sé svo stórt að það sé vonlaust að láta það liggja utan garðs þegar við ræðum almennt um dýravernd á Íslandi.

Önnur dýr sem hér eru, eru dýr þessarar náttúru, þessa svæðis og hafa þess vegna miklu betri möguleika til að bjarga sér í íslensku umhverfi heldur en hreindýrin. Því geri ég þetta hér að umræðuefni að mér er ljóst að þeir sem sömdu þetta frv. hafa vissulega samið það út frá þeim jákvæðu forsendum að dýravernd er sjálfsögð og hluti af menningu hvers lands að tryggja eðlilega dýravernd. Ég tel aftur á móti að sú nefnd sem fær þetta til meðferðar hljóti að verða að taka á því máli hvernig eigi að bregðast við þegar vitað er að hreindýrin munu falla í stórum stíl ef ekkert er gert.

Hér sat sem varamaður á seinasta þingi ágætur Austfirðingur sem á eða átti fjallajörð þar sem íslenska ríkið horfelldi í gegnum tíðina mikið af hreindýrum á. Honum var þetta ekkert gamanmál frekar en mér, þegar ég ræði þetta, því ég tel að á þessu máli verði að taka. Því beini ég því til hæstv. umhvrh. að hann láti þetta mál ekki liggja utan garðs heldur fari í það að kanna hvað sé hægt að gera og hvað það sé sem hirðingjarnir eða Lapparnir, sem nytja þessi hreindýr, telja að sé lágmark gagnvart eðlilegri umhirðu þessara dýra.

Hér eru ýmis ákvæði gagnvart þeim dýrum sem menn hýsa ekki að staðaldri heldur hafa úti við. Ég er þeirrar skoðunar að það geti verið eðlilegt undir mörgum kringumstæðum að fara fram á það að þar sé haft skjól fyrir stóð sem haft er úti. Ég hygg að sums staðar veiti landið nægilegt skjól og því sé ekki hægt með réttu að kveða á um sterka þörf í þeim efnum, en fóðrun er skilyrðislaus nauðsyn. Fóðrun handa útigangsstóði er skilyrðislaus nauðsyn, að mínu viti, allt annað gengur ekki upp og ég hygg að það hljóti að vera aðalatriðið.

Hér eru ýmsar hugmyndir um það hverjir og hvernig eigi að standa að því að svipta menn skepnum sem þeir hafa undir höndum, ef umhirða stenst ekki. Í þeim efnum vil ég segja það eitt að þar finnst mér að mjög ríkt verði að ganga eftir að fylgt sé eðlilegum stjórnsýsluaðgerðum. Við höfum verið að aðgreina dómsvald og framkvæmdarvald og það verður að gera þær kröfur til þess texta sem hér er að hann standist það að framkvæmdarvaldið sé ekki í reynd bæði dómsvald og framkvæmdarvald. Þetta veit ég að hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir að er mikilvægt og að stjórnsýsluákvæði verði könnuð mjög gaumgæfilega í því sambandi þannig að við séum ekki að feta okkur frá því sem við vorum að gera, að aðgreina þarna á milli.

Ég tel þetta frv. miklu betra en það sem áður hafði legið fyrir þinginu og dagaði uppi, eins og menn vita. En ég spyr aftur á móti varðandi það frv. sem hér er lagt fram, að ég hygg að það þurfi að ganga mjög gaumgæfilega frá orðalagi texta þess þannig að menn viti nákvæmlega hvað þeir eru að samþykkja, eins og ég gat um þegar ég minntist á þá einu dýrategund sem ég tel að búi við þrengri kost en hægt sé að tala um að eðlilegur geti talist og ræddi þar um hænsnin.

Nú er það svo að það er mikil umræða um það sums staðar hvort það geti verið eðlilegt að geyma þau í búrum eins og gert er. Ég vænti þess að þeir sem um þetta fjalli geri sér grein fyrir því að texti frv. þýðir, að mínu viti, að það væri óheimilt að hafa hænsni í búrum sem varpfugla, vegna þess að þau halda ekki andlegu heilbrigði við þær kringumstæður, eins og ég minntist á hér áðan.

[12:34]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hæstv. umhvrh. þegar hann í lok ræðu sinnar lagði áherslu á að þetta frv. verði samþykkt til þess að bæta þá óviðunandi löggjöf sem við búum við í dag hvað varðar dýravernd. Það lýsir kannski forgangsröð okkar hérna á hv. Alþingi að þetta frv. hefur verið lagt fram sl. tvö þing og ekki hlotið afgreiðslu. En við höfum hins vegar eytt ómældum tíma í ýmiss konar dægurmál sem upp hafa komið og ekki reynst síðan umræðunnar verð.

Þar sem ég átti sæti í þeirri nefnd sem þetta frv. samdi, þá vil ég þakka bóndanum í Efra-Nesi, hv. þm.

Ólafi Þ. Þórðarsyni, hlý orð í okkar garð. Það var að sönnu ekki auðvelt verk að semja frv. sem þetta því það eru mjög mörg álitamál sem upp koma þegar fjallað er um dýravernd og erfitt að skilgreina alla hluti út í hörgul svo enginn geti hártogað þar orð og hugmyndir sem fram koma. Ég hef sagt það áður hér í þessum ræðustóli að það þurfi ekki nema svona meðalhúmorista til þess að hártoga aðra hverja grein og búa til úr því brandara. Og ég er þakklátur hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni sem, eins og þingheimur veit, er meira en meðalhúmoristi, eins og hann sýndi hér fyrr í morgun, fyrir það að falla ekki í þá freistni að gera þetta frv. að gamanmáli nema þegar hann gat aðeins gert grín að uppeldisstöðvum umhvrh.

Ég vil efnislega drepa á eitt atriði sem hann nefndi þegar hann fjallaði um umhirðu dýra sem ekki nytu húsaskjóls á vetrum. Ég er auðvitað sammála honum um það að þau þurfa bæði fóður og vatn í nægilegum mæli á þessu tímabili, en ég er einnig þeirrar skoðunar að þau þurfi á skjóli að halda fyrir verstu vetrarvindunum. Það hefur reynsla mín sem dýralæknir kennt mér. Það þarf ekki endilega að vera hús, en það þarf að vera skjól fyrir verstu norðanáttinni og reyndar oft á tíðum líka fyrir votri sunnanáttinni.

En hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson villtist aðeins af braut þegar hann fór að fjalla um hreindýrin í samhengi þessa frv. því samhliða þessu frv. hefur á síðustu tveimur þingum verið lagt fram annað frv., um veiðar og verndun villtra dýra og fugla, og þar er fjallað um hreindýrin, en það var ekki verkefni þeirrar nefndar sem þetta frv. samdi. Ég vona að sú umræða sem farið hefur fram um þetta frv. á síðustu tveimur þingum, bæði í þingsalnum og í nefnd og eins sú umræða sem farið hefur fram úti í þjóðfélaginu og hefur síðan leitt til breytinga sem gerðar hafa verið á þessu frv., leiði til þess að við getum verið tiltölulega fljót að vinna þetta mál í nefndinni og jafnvel afgreitt það fyrir jólin til þess að við getum fagnað nýju ári með nýjum lögum um dýravernd.

[12:38]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það sem ég vildi undirstrika varðandi hreindýrin er að samkvæmt því sem ég hef lesið um þau mál þá flokkast íslensku hreindýrin ekki undir það að vera villt dýr. Þau hegða sér ekki á sama hátt og hreindýrastofn sem aldrei hefur lotið aga frá manninum. Íslenski hreindýrastofninn er tekinn úr hjörðum dýra sem um langan tíma höfðu verið í umsjá mannsins. Þess vegna finnst mér að þau eigi heima innan þess lagaramma sem hér er verið að tala um.

[12:39]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má auðvitað færa fyrir því ýmis rök að hreindýrin á Íslandi séu frekar húsdýr vegna uppruna síns. En þau hafa verið skilgreind sem villt dýr í meðferð ráðuneytisins og ég held að það standi meiri og sterkari rök til þess í dag heldur en að flokka þau með húsdýrum. Ég vil benda á að minkurinn er flokkaður sem villt dýr í frv. um verndun og veiðar villtra dýra og fugla og á hann þó miklu skemmri tíma villtur í íslenskri náttúru heldur en hreindýrin.

[12:40]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Þó að uppeldisstöðvar mínar og hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar séu talsvert frábrugðnar þá get ég eigi að síður ekki tekið mér það vald að dæma um það hvort hænsn eigi við geðveilur að stríða eða ekki, en það er bersýnilegt að hv. þm. telur sig búa yfir einhvers konar reynslu sem gerir það kleift. Ég vil ekki segja að það sé vegna þess hvar hann hefur alið manninn til þessa. En ég vil að öðru leyti þakka honum fyrir þær umræður sem hann stóð hér fyrir. Þær voru málefnalegar. Mér þótti sérstaklega athyglivert að hann tók hér upp það atriði sem varðar réttaröryggi þeirra sem kunna að verða sviptir réttinum til þess að halda dýr. Og það er rétt að það komi fram að þetta var athugað sérstaklega. Yfir það fór hæstaréttarlögmaðurinn Eiríkur Tómasson og komst að þeirri niðurstöðu að eins og frv. er búið þá stenst það allar þær kröfur sem menn gera um slíkt.

Svo að ég komi nú aftur að þeim fugli sem hv. þm. hefur mesta samúð með, hænsnunum, þá er ekki svo að þetta frv. komi í veg fyrir að hægt sé að halda hænsni í búrum. Þetta frv. og reyndar fyrri frumvörp sem samin voru en ekki voru lögð fram, tóku ítarlegar á þessu heldur en gert er hérna. Þar var t.d. lagt niður það skilyrði að fuglar þurftu að geta blakað væng. Ég hygg að ég og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson getum nú verið sammála um að það sé e.t.v. ekki nægjanlegt til þess að tryggja velferð þessara dýra. En af því að málið er mér skylt þá veit ég auðvitað að það hefur verið mikil umræða, bæði meðal bænda og meðal dýraverndarsinna, um það hvort hægt sé að réttlæta eldi fugla í búrum. Af því að ég hef reynslu af því þá verð ég að segja það að umræddir fuglar haldast vel við í búrum, vaxa vel, sýna ekki tiltakanleg merki um geðveilu, en ég tek það fram að ég hef ekki reynslu til að dæma um það. En gjarnan er það svo að góður þrifnaður og viðhald dýra er tekið sem dæmi um velferð þeirra. Þetta segi ég ekki hér til þess að lýsa því afdráttarlaust yfir að það sé mín skoðun að þetta sé heppileg meðferð. Hins vegar er það svo að yfirvöldin í landinu hafa talið það og ég vek athygli á því, út af ummælum hv. þm., þegar hann segir að lögin komi veg fyrir að það sé hægt að halda hænsni í búrum, að í 6. gr. er gert ráð fyrir því að umhvrh. í samráði við landbrh. gefi nánari fyrirmæli um vistarverur og aðbúnað dýra, m.a. skilyrði fyrir eða bann við innilokun dýra í búrum. Þetta er í 6. gr., hv. þm. Með öðrum orðum, þarna er það alveg ljóst að opnað er fyrir að hægt sé að halda dýr í búrum að settum sérstökum skilyrðum.

Hvað hreindýrin varðar þá má auðvitað um það deila hvort þau eigi heima í þessu frv. eða því frv. sem nefnt hefur verið villidýrafrv. En ég vek athygli hv. þm. á 1. gr. frv. þar sem tekið er fram að þessi lög eigi einkum að taka til þeirra dýra sem eru í vörslu eða umsjón manna og síðan er hér í 16. gr. einmitt aðeins tekið á veiðum villtra dýra, en bent að öðru leyti til þess að um veiðar villtra dýra skuli fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar dýra. Ég

benti á það í minni framsögu hvað þar var átt við. Það má deila um það, eins og hv. þm. gerir hér ágreining um, hvort hreindýrin eigi heima undir þessu frv. eða hinu. Ég er andstæðrar skoðunar við hv. þm. En ég vænti þess að þetta viðhorf hans verði þá rætt í hv. umhvn.

Þingmaðurinn drap hér aðeins á meðferð hrossa sem látin eru liggja við opið að vetrarlagi og taldi nauðsynlegt að þar væri einhvers konar skjól fyrir stóð og jafnframt séð til þess að fóður og vatn væri til staðar. Nú er það einmitt svo að í 5. gr. frv. er þetta tekið sérstaklega fram.

Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, og þakka hv. þm. fyrir þær ábendingar sem hann hefur hér komið með.

[12:45]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fyrst vil ég víkja að því sem hér var fullyrt varðandi minkinn að þar sem hann hefði verið miklu skemur í náttúrunni þá bæri að líta svo á að frekar ætti að líta á hann sem tamið dýr heldur en hreindýrið. Nú er það svo að það er ekki mjög löng hefð fyrir því að ala mink og nýta. Hann er tekinn úr náttúrunni og settur í þessar aðstæður. Ég veit ekki hvort það eru aldir en þær eru ekki margar ef svo er. En hirðinginn aftur á móti er örugglega með meira en 2000 ára tímabil á bak við sig þar sem villtustu dýrin voru tekin frá og alltaf valið úr það sem handhægast var að hafa til meðferðar og meðhöndlunar. Þess vegna er alveg tómt mál að tala um það að íslenski hreindýrastofninn lúti þeim lögmálum í hátterni sem hreindýr lúta ef þau eru alvillt.

Mér er ljóst að með því að skjóta á þessi dýr, eins og gert hefur verið, þá hefur skapast meiri styggð hjá þeim en væri ella. Og ég skil ekki að það sé meiri nauðsyn, hreint út sagt, að líta svo á að hreindýrin eigi að sleppa við þessar reglur sem hér er verið að setja upp heldur en íslenska stóðið þar sem það fær að vera í nægilega frjálsum haga. Um leið og við setjum girðingar, þá komum við í veg fyrir það að dýr geti leitað sér skjóls. Ég er þess vegna eindregið þeirrar skoðunar að það beri að taka hreindýrin inn í þetta frv. og vil biðja nefndina að kanna það alveg sérstaklega.

Ég fullyrti ákveðna hluti gagnvart meðferðinni á hænsnunum og vil bæta því einu við að okkur hæstv. umhvrh. hefur að því leyti báðum orðið á í messunni að það er ekki okkar verk að dæma eftir þessum lögum þegar þar að kemur, það gera aðrir. Við eigum að setja lögin. Og það er nú svo að texti laga er það sem gildir þegar upp er staðið, það er texti laganna, ekki heimildir til reglugerðar sem aldrei verða nema innan þess ramma sem lögin setja. Og hér stendur í 3. gr. óumdeilanlega, með leyfi hæstv. forseta:

„Eigendum eða umráðamönnum dýra ber að sjá þeim fyrir fullnægjandi vistarverum, nægilegu fóðri, vatni og umhirðu."

Ég tel að vistarvera geti ekki verið fullnægjandi ef dýrin halda ekki eðlilegu jafnvægi, hvort sem við köllum það andlegu jafnvægi eða eðlilegri skynsemi, því það er vitað að hænsni sem eru geymd í búrum og er sleppt, ná ekki að hegða sér eðlilega eftir fyrri meðferð.

Ég ætla ekki að þreyta þingið með langri ræðu um þessi mál. Ég tel þetta gott mál, ég hef áður sagt það. Ég er þeirrar skoðunar, eins og ég gat um varðandi stóð, að í sumum tilfellum leysi landið það vandamál betur en gert væri með venjulegu skýli sem við settum upp. En þar sem sléttlendi er, þar verður að setja upp skýli. Það tel ég að sé rétt. Ég hef komið t.d. í Hindisvík, svo að ég nefni dæmi, og horft á það landslag sem þar er, sem er lygilega góð vörn fyrir norðanveðrum, svo ekki sé meira sagt. Varnarveggurinn sem er þar er hærri en svo að hann verði byggður á sama hátt af mönnum.

En megintilgangur þessara laga er sá að tryggja dýrum betri meðferð. Það er vissulega rétt sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykn. að það er óviðunandi ástand í þessum efnum og eitt af því sem hefur verið leikið er að flytja dýr á milli lögsagnarumdæma til þess að komast undan því að þurfa að lúta eðlilegum reglum. Og það er mjög til bóta að það er tekið á því alveg sérstaklega í þessu frv.

[12:52]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst sú afstaða sem kemur fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni til eldis á dýrum, hann nefnir sérstaklega hænsni í búrum, virðingarverð. Ég er ekki endilega sammála henni en mér finnst umræðan vera þörf og hann túlkar hér viðhorf sem mjög margir búa yfir. En mig langaði þá til þess að varpa fram til hans spurningum.

Hann telur að það eigi ekki að leyfa eldi hænsna í vistarverum eins og búrum vegna þess að ... (**ÓÞÞ:** Það sagði ég ekki.) Það skildist mér. Þá bið ég hv. þm. afsökunar. En hann greindi a.m.k. frá því að þegar slíkum dýrum væri sleppt þá höguðu þau sér ekki eins og önnur hænsni sem ganga laus. Mig langaði til þess að varpa fram til hans eftirfarandi spurningu: Hvað finnst honum þá um fiskeldi? Ég þekki þá grein talsvert vel. Þar eru fiskar settir saman í ker, sem er nokkuð ónáttúrulegt umhverfi, oft við gríðarlegan þéttleika, kannski 30–40 kg á rúmmetra. Hvað segir hann um það?

[12:53]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gerð athugun á því ef lax væri tekinn úr slíku keri og honum sleppt, hvort atferli hans væri orðið á þann veg að hann hefði sjáanlega borið skaða á skynsemi sinni. Ég hygg að það væri nú fróðlegt að athuga það. En ég hef tekið eftir því aftur á móti, að það á sér stað meðferð á þessum fiskum sem ég tel vítaverða, eins og t.d. fréttir bera með sér nú, að lax er hafður í kerum án þess að honum sé gefið. Ég tel vítavert að geyma fiskinn lengi á þann hátt. Ég er ekki að tala um einn eða tvo daga, enda er það ekki það sem fréttir bera með sér, heldur mun lengri tíma.

Ég vil ekki fara í neina þrætubókarlist í þessum efnum, en við þurfum að hafa einhverjar reglur um þessa

hluti líka. Það held ég að sé alveg óumdeilanlegt.

[12:54]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað alveg sjálfsagt að taka til athugunar í nefndinni það sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf., hefur komið fram með í sambandi við hreindýrin. En þar sem hann var að nefna þann tíma sem hreindýr hefðu verið í umsjá manna og þann tíma sem minkurinn hefði verið undir manna höndum og hvað varðar breytingu frá því að vera villt dýr yfir í húsdýr eða frá því að vera húsdýr yfir í villt dýr, þá mælir maður þá breytingu ekki í almanaksárum. Það er kynslóðabilið og viðkoman hjá hverri dýrategund sem þar skiptir máli og kynslóðabil minksins og viðkoma minksins. En kynslóðabilið er miklu minna, miklu styttra heldur en hjá hreindýrinu og viðkoman miklu meiri þannig að breytingin yrði þar miklu hraðari. Það er þessi líffræðilega klukka sem þar er um að ræða. En umræðan um það hvernig hænsnfuglunum líður í búrinu og hvernig eldisfiskinum líður í kerinu er afar hættuleg og afar vandmeðfarin.

Ég held að ég hafi áður sagt söguna af tilrauninni sem gerð var með hænsnfuglana, hvers konar botnlag ætti að vera í búrunum. Það var sett þrenns konar botnlag undir hænsnin og það var ákveðið að mælikvarðinn á það hvar skepnan vildi helst vera og hvert væri besta botnlagið, það færi eftir því hvar hænsnin verptu flestum eggjunum. Þetta voru mismunandi botnlög, veittu mismunandi stoð fyrir fæturna, en í upphafi tilraunarinnar voru allir sammála um það að gamla hænsnanetið væri örugglega verst. En þegar niðurstöðurnar komu í ljós þá verptu hænurnar langsamlega flestum eggjunum á gamla hænsnanetinu, öllum til mikillar furðu. Og þessi saga þarf að kenna okkur að við þurfum að fara mjög varlega þegar við metum það hvernig dýrunum líður á hverjum og einum stað. Ég held að besti mælikvarðinn sé hin líffræðilegu þrif skepnunnar, hvort afurðirnar sem þær framleiða eru góðar og nægilegar miðað við það viðurværi í fóðri sem dýrin fá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Lyfjaverslun ríkisins, 121. mál, stjfrv., þskj. 126.
Lögskráning sjómanna, 120. mál, stjfrv., þskj. 125.
Vegalög, 119. mál, stjfrv., þskj. 124.

Mat á umhverfisáhrifum, 1. umr.

Frv. umhvn., 88. mál (áætlanagerð um framkvæmdir). — Þskj. 91.

[12:57]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum, sem er frá umhvn. Ástæða þess að umhverfisnefnd ákvað að flytja þetta frv. eru mistök sem urðu af hálfu nefndarinnar á síðasta þingi varðandi afgreiðslu á frv. til laga um umhverfismat, sem lagt var fyrir í upphafi 116. löggjafarþings af hálfu umhvrn. Í meðförum nefndarinnar á því frv. ákvað nefndin að breyta því verulega bæði uppsetningu og nokkrum ákvæðum laganna. Margir töldu breytingarnar það miklar að eðlilegast væri að flytja nýtt frv. um umhverfismat. Það var horfið frá því og þetta var lagt fram sem breytingar á lögunum sem samþykkt voru í vor því það féll burtu ein grein sem nauðsynlegt er að hafa í lögunum til þess að hægt sé að framkvæma þau. Það er grein sem var í upphaflega frv. Í upphaflega frv. var þetta 13. gr. og er hún hér flutt nákvæmlega orðrétt. Mistökin eru því fyrst og fremst umhvn. en ekki ráðuneytisins hvað varðar þessa einu grein. Þess vegna töldum við eðlilegt að umhvn. flytti þetta frv. til laga til þess að leiðrétta þessa handvömm okkar. 1. gr. þessa frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 12. gr. kemur ný grein er orðast svo:

Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda sem lög þessi taka til, hefja framkvæmdir eða staðfesta skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum, nr. 19 21. maí 1964, ásamt síðari breytingum, nema ákvæða laga þessara hafi verið gætt.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Ég vænti þess að Alþingi geti afgreitt þetta fljótt og vel. Ég legg til að lokinni þessari umræðu að frv. verði vísað til 2. umr. en tel óþarft að vísa því til umhvn. af fyrrgreindum ástæðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 1. umr.

Stjfrv., 86. mál. — Þskj. 89.

[13:34]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem undirritaður var 2. maí 1992 er nauðsynlegt að breyta ýmsum lögum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála. Á síðasta þingi var lagt fram frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Frv. náði ekki fram að ganga og er því endurflutt.

Frv. er í nokkuð breyttri mynd frá því að það var lagt fram síðast. Eftirtaldar breytingar hafa verið gerðar á frv.:

1. Breytingar á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, og um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, munu lagðar fram í sérfrv. og því felldar burtu hér.

2. Breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands, nr. 91/1955, hafa og verið felldar burtu þar sem lagafrv. um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands verður lagt fram á næstu vikum.

3. Breytingar á lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988, hafa verið felldar burtu og munu fluttar síðar í sérstöku frv.

4. Breytingar á lyfjalögum, nr. 108/1984, og lögum um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, hafa verið felldar í burtu þar sem frv. til lyfjalaga verður endurflutt á næstu vikum. Það frv. hefur að geyma nauðsynlega aðlögun vegna reglna EES-svæðisins.

Frv. skiptist nú í fjóra kafla og hefur að geyma brtt. við fjórtán lög. Hér er um að ræða breytingar á átta lögum um heilbrigðisstéttir, fimm lögum á vátryggingarsviði og lögum um atvinnuleysistryggingar. Lögum um heilbrigðisstéttir þarf að breyta vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins, sbr. VII. viðauka hans um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Lögum um atvinnuleysistryggingar þarf að breyta vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins, sbr. VI. viðauka hans um félagslegt öryggi. Lögum á vátryggingarsviði þarf að breyta vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins, sbr. IX. viðauka hans um fjármálaþjónustu.

Í frv. vantar breytingar á lögum um bátaábyrgðarfélög, lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og lögum um vátryggingarstarfsemi. Nauðsynlegar breytingar á þessum lögum vegna EES-samningsins verða bornar fram í sérstökum frumvörpum nú fljótlega. Ég hyggst á næstunni leggja fram sjö lagafrumvörp vegna ESS-samningsins til viðbótar við það frv. sem hér liggur frammi. Þessi frumvörp eru:

1. Frv. til laga um breytingu á lögum um bátaábyrgðarfélög og lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

2. Frv. til laga um vátryggingarstarfsemi.

3. Frv. til laga um almannatryggingar, sem raunar er hér á dagskrá síðar í dag.

4. Frv. til laga um félagslega aðstoð, sem einnig er á dagskrá síðar í dag.

5. Frv. til laga um brunatryggingar, sem ég gerði hér grein fyrir áðan.

6. Frv. til laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

7. Frv. til laga um val á vátryggingasamningalögum.

Þrjú þessara frumvarpa eru endurflutt frá síðasta þingi, þ.e. frv. til laga um vátryggingarstarfsemi, frv. til laga um almannatryggingar og frv. til laga um félagslega aðstoð.

Efnislega mun frv. til laga um brunatryggingar vera að verulegu leyti samhljóða þeim breytingum sem var að finna í þessu lagafrv. er það var til meðferðar á síðasta þingi.

Ég mun nú víkja nánar að einstökum atriðum þess frv. sem hér er til umræðu.

Í I. kafla frv. er að finna breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir, þ.e. læknalögum, lögum um hjúkrunarfræðinga, tannlækna, lyfjafræðinga, ljósmæður, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara og sjóntækjafræðinga. Reglur Evrópubandalagsins sem staðfestu rétt og frjálsa för fólks kalla á þessar breytingar á íslenskri löggjöf. Hjá Evrópubandalaginu eru í gildi sérstakar tilskipanir um fimm heilbrigðisstéttir, lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og lyfjafræðinga. Tilskipanirnar kveða á um skyldu aðildarríkja til að viðurkenna prófskírteini, vottorð og annan vitnisburð um formlega menntun og hæfi sem önnur aðildarríki veita ríkisborgurum aðildarríkja í samræmi við þessar tilskipanir. Þetta þýðir að starfsleyfi lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og lyfjafræðinga í einu EB-ríki skulu gilda í öðru aðildarríki.

Samkvæmt EES-samningnum skal þessum reglum EB beitt á EES-svæðnu. Af því leiðir að hér á landi þarf að breyta 1. gr. í lögum þessara fimm heilbrigðisstétta því þar segir að sá einn megi starfa hér á landi í viðkomandi starfsstétt sem til þess hefur leyfi heilbr.- og trmrh.

Í frv. er því gerð breyting á 1. gr. allra þessara laga og skýrt tekið fram að innan viðkomandi heilbrigðisstéttar hér á landi geti starfað annars vegar þeir sem hafa til þess leyfi heilbr.- og trmrh. og hins vegar þeir sem hafa fengið staðfestingu heilbr.- og trmrh. á leyfi sínu í EES-ríki. Gert er ráð fyrir að með reglugerð verði nánari reglur settar um hvernig heilbr.- og trmrn. standi að þessari staðfestingu.

Í læknalögum og lögum um tannlækningar er að finna ákvæði um sérfræðingsleyfi sem sömu reglur gilda um. Af þeim sökum þarf að breyta 5. gr. læknalaga og 5. gr. tannlæknalaga. Rétt er hins vegar að benda á að í læknisfræði eru viðurkenndar sérgreinar mun færri hjá EB en hér á landi. Réttur til staðfestingar á sérgrein nær eingöngu til sérgreina sem eru sambærilegar milli landanna.

Þá er talið nauðsynlegt að skýrt komi fram í lögunum um þessar fimm heilbrigðisstéttir að ef ríkisborgari í EES-landi, sem hér starfar á grundvelli staðfestingar í öðru EES-landi, er sviptur leyfi sínu þar þá falli niður heimild hans til þess að starfa hér á landi. Sömuleiðis er talið nauðsynlegt að taka skýrt fram að ef EES-borgari sem hér starfar á grundvelli staðfestingar brýtur af sér í þeim mæli að það mundi varða hann leyfissviptingu, hefði hann leyfi heilbr.- og trmrh., þá geti ráðherra svipt hann staðfestingunni sem starf hans hér á landi grundvallast á.

Í þrennum lögum um heilbrigðisstéttir, lögum um iðjuþjálfun, sjúkraþjálfun og lögum um sjóntækjafræðinga er það gert að skilyrði fyrir starfsleyfi hér á landi að viðkomandi sé íslenskur ríkisborgari. Þeir sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar geta fengið leyfi en með öðrum skilyrðum. Reglur EB krefjast þess að engum sé mismunað á grundvelli ríkisfangs. Því er nauðsynlegt að breyta þessum þrennum lögum og tryggja að umsóknir ríkisborgara í EES-landi um starfsleyfi í þessum heilbrigðisstéttum séu meðhöndlaðar með sama hætti og umsóknir Íslendinga.

Löggilding allmargra heilbrigðisstétta byggist á reglugerðum. Rétt er að geta þess að flestum þessarar reglugerða mun þurfa að breyta þar sem EES-samn-

ingurinn mælir fyrir um að engum megi mismuna á grundvelli ríkisfangs.

Í II. kafla frv. er fjallað um breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði. Þar er fimm lögum breytt vegna ákvæða í III. hluta EES-samningsins um frjálsa fólksflutninga, frjálsa þjónustustarfsemi og frjálsa fjármagnsflutninga. Breytingarnar lúta að því að ryðja úr vegi einkarétti einstakra vátryggingarfélaga til að selja tilteknar tryggingar, skattalegum ívilnunum sem sum þessara félaga njóta umfram önnur félög og ákvæðum um staðfestingu ráðherra af vátryggingarlögum eða iðgjöldum svo að nokkuð sé nefnt.

Nokkur þeirra laga sem hafa að geyma vátryggingarákvæði sem þarf að breyta vegna EES-samningsins heyra undir önnur ráðuneyti. Tveimur þeirra er breytt með þessu frv. í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Um er að ræða umferðarlög sem heyra undir dómsmrh. og lög um búfjártryggingar sem heyra undir landbrh. Ekki er ástæða til að fjalla hér ítarlega um breytingar á lögum á vátryggingarsviði, heldur vísa ég til greinargerðarinnar með frv.

Í III. kafla er fjallað um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar en á þeim lögum er nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar vegna EES-samningsins. Lögin gera nú ráð fyrir að greiðsla atvinnuleysistryggingabóta sé bundin við dvöl hér á landi. Þessu þarf að breyta því að reglur EB sem verða reglur EES-svæðisins gera ráð fyrir að fari atvinnulaus einstaklingur í atvinnuleit innan svæðisins, beri landinu þar sem hann á rétt á atvinnuleysisbótum að greiða honum áfram bætur þann tíma sem honum er atvinnuleitin heimil eða þrjá mánuði. Sömuleiðis verður að heimila Atvinnuleysistryggingasjóði að hafa milligöngu um greiðslu atvinnuleysistryggingabóta þeim sem með þessum hætti komu hingað til lands í atvinnuleit því að reglur EB gera ráð fyrir að stofnun í dvalarlandinu annist greiðslu bótanna á kostnað þar til bærrar stofnunar í landinu sem viðkomandi kom frá.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið helstu breytingar sem gerðar eru í þessu frv. á löggjöf á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES-samningsins. Ég leyfi mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og til meðferðar heilbr.- og trn.

[13:44]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur nú mælt fyrir því máli sem var mikið til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. á síðasta þingi og fékk þar allrækilega umfjöllun, fá mál hafa fengið jafnmikla umfjöllun í þeirri ágætu nefnd eins og þetta mál, enda var það til umfjöllunar allan veturinn.

Af hálfu stjórnarandstöðunnar stóð ekkert í vegi fyrir því að hægt væri að afgreiða málið hér á þingi sl. vor. Hins vegar var það svo að ekki var samstaða í stjórnarliðinu um það hvernig málið skyldi út úr nefnd tekið og með hvaða hætti.

Minni hluti hv. heilbr.- og trn. flutti brtt. við frv. sem ég sé ekki ástæðu til þess að rekja hér og nú, enda er það svo að allir þeir málaflokkar sem stóðu í ríkisstjórninni og stjórnarliðinu og þurfti að ná samkomulagi um í þessu frv. eins og það lá fyrir á síðasta þingi hefur nú öllum verið kippt út og hæstv. heilbr.- og trmrh. boðar að í öðrum lagafrumvörpum sem hér munu verða lögð fyrir þingið á næstu dögum og vikum muni verða gengið frá þeim hlutum. Eftir stendur það að öll þau atriði er samstaða var um í nefndinni og samstaða var um milli stjórnarflokkanna eru nú inni í þessu frv. þannig að í sjálfu sér þarf það ekki að fá mikla umfjöllun í hv. heilbr.- og trn. og ætti þess vegna að vera hægt að afgreiða það mjög fljótlega.

Hins vegar langar mig til að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í því hvernig eigi að meðhöndla Brunabótafélag Íslands, lagalega stöðu þess, eignarhald fyrirtækisins og ekki síst hvernig á að koma fyrir brunatryggingum íbúa í Reykjavík og svo hins vegar brunatryggingum íbúa utan Reykjavíkursvæðisins?

Það er mjög mikilvægt fyrir þingið að fá svör við þessu þó svo það sé boðað að það verði gert og það komi fram síðar í öðrum lagafrumvörpum, en þetta var nú kannski sá hluti málsins sem var langstærstur af þessu EES-máli eins og það lá fyrir. Hinir þættirnir eru allir mjög einfaldir vegna þess að í raun og veru bara með samningnum þegar hann hefur verið samþykktur, þá er búið að gangast inn á allar þær breytingar sem gera þarf á lögunum þannig að það er ekki annað en lagaskylda hér eða skylda þingsins formlega séð að ganga frá málinu. En ég vildi gjarnan fá svör við þessum spurningum hjá hæstv. heilbr.- og trmrh.

[13:47]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur hv. þm. Finnur Ingólfsson beint fyrirspurnum, að vísu ekki varðandi frv. sem er til umræðu heldur frumvörp sem ég boðaði að yrðu kynnt þinginu í frumvarpsformi á næstunni.

Þau tvö frumvörp, sem hann tiltekur sérstaklega, annars vegar sem varðar Brunabótafélag Íslands og hins vegar brunatryggingar innan og utan Reykjavíkur eru mál sem eru til umfjöllunar í ríkisstjórn þessa dagana og mér þykir eðlilegast að svör við þeim fyrirspurnum sem fram komu, komi fram á þeim réttu vettvangi þegar frumvörpin verða kynnt. Ég vil hins vegar segja það eitt og vísa til framsögu minnar í þeim efnum að í öllum meginatriðum er sama hugsun framhaldandi hvað varðar brunatryggingar í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Og þar er einfaldlega um að ræða ákvæði EES-samningsins sem ekki verður mjög auðveldlega fram hjá komist.

Rétt í lokin varðandi Brunabótafélag Íslands. Eins og kom fram í framsögu minni þá er gert ráð fyrir því að um það verði stofnað sérstakt eignarhaldsfélag eins og ég gat um.

[13:48]

Kristinn H. Gunnarsson:

Hæstv. forseti. Það er eins og fram hefur komið hjá hv. 11. þm. Reykv. ekki ástæða til að fjölyrða mikið um frv. Úr því hafa verið tekin nánast öll þau efnisatriði og reyndar öll sem ágreiningur stóð um, sérstak-

lega milli stjórnarflokkanna. Ég vildi leyfa mér að spyrja um eitt atriði í 1. gr. þar sem gert er ráð fyrir því í staflið a að ráðherra setji með reglugerð nánari ákvæði um þá sem stunda mega lækningar hér á landi samkvæmt 2. tölul. 1. mgr., eins og þar stendur. Ég spyr ráðherra að því hvaða ákvæði eru það sem átt er við og eiga að vera í reglugerðinni. Ég spyr eiginlega út frá lagatæknilegum forsendum því að ég vildi gjarnan vita og það væri ljóst í lögunum sjálfum, sem menn ætla að setja, hvaða atriði það eru sem menn eiga að hafa til hliðsjónar við reglugerðarsmíð. Mér finnst þetta vera óljóst og er almennt á því að lög eigi að vera ljós, einkum og sér í lagi þar sem fylla á út í lagarammann með reglugerð og þá eigi lagaramminn sjálfur að vera ljós. Ef einhver ákvæði á að fylla út nánar með reglugerðarsetningu, þá teldi ég eðlilegt að þessi ákvæði yrðu upp talin þannig að það væri ljóst hvaða ákvæði það eru sem menn eiga við í þessu sambandi.

Oft hefur maður séð í reglugerðum að ráðherrar eru að koma þar fyrir allt öðrum atriðum en til stóð á sínum tíma með lagasetningunni þó að ég sé ekkert að halda neinu sérstöku fram um það í þessu tilviki, þá er þetta svona almenn spurning til ráðherranna.

[13:51]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki beint andsvar við því sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði hér áðan, heldur ætla ég fyrst og fremst og nota tækifærið og þann möguleika sem andsvarið gefur til þess að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. einnar spurningar sem ég gleymdi hér áðan og fram kom í hans máli. Hann lét þess getið að ef læknar hefðu sérfræðiviðurkenningu í EES-landi þá gilti hún einnig hér á landi. Það er að vísu alveg rétt og ekkert við það að athuga, undir það höfum við gengist. Hins vegar sagði ráðherrann, ef ég man rétt, að það væru miklu fleiri sérgreinar á Íslandi en í öðrum löndum. Þess vegna þyrfti að skoða það sérstaklega ef upp kæmi, eins og ég skildi hæstv. ráðherra, að læknar sem væru með sérfræðiviðurkenningu annars staðar og sæktust eftir henni hér en sérfræðigreinin væri ekki til hér á landi, hvernig að slíku yrði farið. Að því vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að andsvör er einungis hægt að veita við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar. Forseti lítur svo á að þetta hafi ekki verið andsvar við ræðu þeirri sem flutt var næst á undan eins og reyndar þingmaðurinn sjálfur sagði í upphafi máls síns þannig að það er ekki samkvæmt þingsköpunum að nota andsvar á þennan hátt.

[13:52]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég ætlaði í sjálfu sér ekki að blanda mér í umræðu um þetta frv. sem hér liggur fyrir en taldi þó ástæðu til þess að gera það eftir að hér var lítillega minnst á brunatryggingar húseigna í og utan Reykjavíkur. Frv. eins og það liggur hérna fyrir finnst mér til verulegra bóta frá því í fyrra af þeirri einföldu ástæðu að það er búið að taka út úr því allt það sem við í stjórnarandstöðunni gerðum ágreining um í heilbr.- og trn. Það er ekki ríkisstjórninni að þakka eða andstæðum skoðunum í ríkisstjórnarflokkunum að frv. er hér núna í þessari mynd heldur fyrst og fremst stjórnarandstöðunni. Það tók í rauninni síðustu daga þingsins að fá því framgengt að frv. væri dregið til baka eins og það þá lá fyrir og komið er með það aftur inn á þetta þing. Við höfum greinilega haft erindi sem erfiði í stjórnarandstöðunni vegna þess að frv. er til bóta að því leytinu til að það eru engin sérstök ágreiningsmál í því eins og það liggur fyrir. Hins vegar eigum við eftir að sjá hvernig lagaákvæðin um brunatryggingar koma til með að líta út þegar þau frumvörp verða lögð fram. En eins og frv. var á síðasta þingi var réttarstaða bæði Reykjavíkurborgar sem sveitarfélags og Reykvíkinga almennt verulega skert og það var gert án þess að haft væri samráð við borgaryfirvöld í Reykjavík og auðvitað gegn miklum mótmælum frá þeim sem þingmenn Reykjavíkur í stjórnarliðinu gerðu þó ekki mikið með fyrr en eins og maður segir var nánast snúið upp á handlegginn á þeim.

En þetta vildi ég láta koma fram hérna, forseti, en blanda mér ekki að öðru leyti í þessa umræðu þar sem ég sé ekki að hér sé í sjálfu sér ágreiningsmál á ferðinni. Ef eitthvað nýtt er hér á ferðinni sem ekki var efnislega í heilbrigðiskafla frv. í fyrra þá kemur það væntanlega fram í nefnd.

[13:54]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint fyrirspurnum nánast samhljóða frá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni og hv. þm. Finni Ingólfssyni varðandi innihald þeirrar reglugerðar sem ráðherra hefur heimild til að setja og ber að setja raunar varðandi þá sem stunda mega lækningar hér skv. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. í I. kafla laganna.

Hér er um að ræða almenn atriði, prófskírteini og kröfur sem almennt talað eru ekki og verða ekki undir nokkrum kringumstæðum síður gerðar til íslenskra aðila. Ég hef ekki við hendina nákvæmari útlistun á þessari kröfugerð. Það eru þó ákveðnar hugmyndir að baki en gæti þó komið þeim upplýsingum nánar til fyrirspyrjenda og þá nefndarmanna í hv. heilbr.- og trn. milli umræðna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 83. mál (heildarlög). — Þskj. 86.

[13:56]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um almannatryggingar. Frv. er lagt fram að mestu óbreytt frá því sem var þegar það var lagt fram á síðasta þingi.

(**GHelg:** Hversu lengi á þessi fundur að standa?) (**Forseti:** Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hversu lengi fundurinn á að standa en gert er ráð fyrir að reyna að ljúka þeim málum sem eru á dagskrá. Það verður að sjá til þegar fram líður en ekki er ráðgert að hann standi langt fram eftir degi. Nákvæm tímasetning hefur ekki verið ákveðin.)

Gildandi lög um almannatryggingar, nr. 67/1971, gengu í gildi 1. janúar 1972. Lögunum hefur á liðnum áratugum verið breytt rúmlega 60 sinnum. Þrátt fyrir það að ýmsar þessar breytingar hafi verið allumfangsmiklar hafa lögin aldrei verið endurútgefin á þessu tímabili.

Í byrjun ársins 1992 var ákveðið í heilbr.- og trmrn. að nauðsynlegt væri að útbúa endurútgáfu laga um almannatryggingar. Fljótlega kom hins vegar í ljós að við síendurteknar breytingar höfðu eyður myndast í lögin og jafnvel hafði númeraröð greina raskast. Niðurstaðan varð því sú að nauðsynlegt væri að fella lögin saman og leggja þau þannig fyrir Alþingi ásamt þeim breytingum sem gera þyrfti á þeim vegna aðildar Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu.

Frv. það sem hér liggur frammi er því annars vegar samfelling laganna og hins vegar nauðsynlegar breytingar á almannatryggingalögum vegna EES-samningsins. Öðrum breytingum hefur verið haldið í lágmarki. Þó hafa ýmis ákvæði laganna sem í raun voru orðin úrelt vegna eldri breytinga verið felld niður. Þá hefur orðalag nokkurra ákvæða verið aðlagað breyttri framkvæmd. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar vegna annarra lagabreytinga. Loks hafa verið gerðar breytingar í framhaldi af ábendingum tveggja starfshópa. Annars vegar hefur verið breytt orðalagi ákvæðis til bráðabirgða varðandi öryrkjavinnu í samræmi við ábendingar starfshóps um öryrkjavinnu. Hins vegar hafa nokkrar breytingar verið gerðar á ákvæðum um svokallaða sjúklingatryggingu almannatrygginga að fengnum tillögum vinnuhóps sem skoðaði reynsluna af framkvæmd þessara ákvæða.

Þá hefur og endurkröfuheimild almannatrygginga verið felld niður í samræmi við ákvæði skaðabótalaga, nr. 50/1993, sem gengu í gildi þann 1. júlí sl.

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. er gerð grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á viðkomandi ákvæði.

Ég tel rétt að víkja stuttlega að meginreglum Evrópubandalagsins á sviði almannatrygginga sem jafnframt verða meginreglur hins Evrópska efnahagssvæðis á þessu sviði. Reglurnar stefna ekki að því að koma á sameiginlegu almannatryggingakerfi í aðildarríkjunum. Þeim er á hinn bóginn ætlað að tryggja samspil almannatryggingalöggjafar aðildarríkjanna. Meginreglurnar koma ekki í veg fyrir að reglur aðildarríkja á sviði almannatrygginga séu ólíkar bæði að formi og efni þannig að réttindi launþega og sjálfstæðra atvinnurekenda geti verið mismunandi eftir því hvar þeir starfa.

Meginreglur EB um almannatrygginga hvíla á fjórum meginstoðum:

1. Jafnræðisreglan tryggir að launamenn og einstaklingar sem starfa sjálfstætt skulu að því er varðar aðgang þeirra að almannatryggingabótum og greiðslu þeirra standa jafnfætis ríkisborgurum viðkomandi Evrópubandalagsríkis.

2. Samlagningarreglan tryggir að launamenn og einstaklingar sem starfa sjálfstætt missa í engu áunnin réttindi eða réttindi sem þeir eru um það bil að ávinna sér þó svo þeir flytjist til eða hefji störf í öðru aðildarríki.

3. Útflutningsreglan tryggir að bótaþegi fær áunnin réttindi án tillits til þess hvort hann búi í landinu þar sem réttindin eru áunnin eða ekki.

4. Hlutfallsreglan sem tryggir bótaþega hlutfallsgreiðslu ef hann vegna breytingar á vinnustað hefur ekki náð því að vinna sér inn nægileg réttindi til að tryggja fullar bætur.

Með samningi um Evrópska efnahagssvæðið hafa EFTA-löndin ákveðið að hlíta reglum EB á sviði almannatrygginga. Samanburður á íslenskri löggjöf á sviði almannatrygginga og reglur EB á þessu sviði hefur leitt í ljós að íslensku lögin eru í nokkrum atriðum ósamrýmanleg. Þær breytingar sem þarf að gera á íslenskum almannatryggingalögum lúta að því að tryggja það að meginreglurnar fjórar séu virtar. Íslensk almannatryggingalög gera hvergi kröfu um íslenskt ríkisfang, þannig að það kallar ekki á breytingu. Hins vegar þarf að taka af öll tvímæli um að það sé ekki háð heimild tryggingaráðs að aðrar bætur almannatrygginga en grunnlífeyrir séu greiddar úr landi. Þá þarf að bæta inn í lög um almannatryggingar ákvæði um að almannatryggingabætur annars staðar frá dragist frá almannatryggingabótum hér á landi. Ákvæði af þessu tagi á að tryggja það að bótaþegi fái aldrei bætur oftar en einu sinni fyrir sama tryggingatímabilið. Ákvæðið er mikilvægt vegna þess að tryggingakerfi EES-ríkjanna byggist ýmist á búsetu eða vinnu og því ekki óhugsandi að einstaklingur geti áunnið sér tvöfaldan rétt.

Ein helsta breytingin á almannatryggingalögum hér á landi vegna reglna EB á sviði almannatrygginga er sú að tryggja þarf að í ákvæðum laga um almannatryggingar séu engin ákvæði um bætur sem í raun eru bætur af félagslegum toga. Eins og fyrr hefur verið rakið verður að flytja bætur almannatrygginga á milli landa í samræmi við þann rétt sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér í landinu. Þar sem kerfi félagslegrar aðstoðar hér á landi er skammt á veg komið, hefur verið gripið til þess ráðs í gegnum tíðina að setja inn í almannatryggingalög ýmis ákvæði um aðstoð sem bera frekar keim félagslegrar aðstoðar heldur en almannatryggingar. Í frv. því sem hér liggur fyrir hafa öll slík ákvæði verið felld út og sett í frv. til laga um félagslega aðstoð sem er lagt fram samhliða þessu frv. og ég mun mæla fyrir hér á eftir. Með þessu móti er tryggt að við munum ekki þurfa að flytja á milli landa þessar bætur því að bætur félagslegrar aðstoðar er ekki skylda að flytja á milli landa líkt og bætur almannatrygginga.

Virðulegi forseti. Ég hef nú rakið helstu ástæður þess að hér er lagt fram nýtt frv. til laga um almannatryggingar. Frv. telst til svokallaðra EES-frumvarpa.

Það er því nauðsynlegt að frv. verði afgreitt á þessu þingi.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og umfjöllunar og meðferðar í hv. heilbr.- og trn.

[14:02]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. heilbr.- og trmrh. að síðan 1971 hafa verið gerðar milli 60 og 70 breytingar á þeirri almannatryggingalöggjöf sem við búum við í dag. Það hefur farið fram mikið nefndarstarf á vegum heilbrrn. og allra þeirra heilbr.- og trmrh. sem setið hafa í þeim stóli síðan 1978 ef ég man rétt. Allir hafa þeir gert tilraunir til þess að fá endurskoðaða almannaryggingalöggjöfina. Menn hafa því miður litlum árangri náð. Einna lengst gekk þetta þó í tíð hæstv. heilbr.- og trmrh. þáv., Guðmundar Bjarnasonar, er hann kynnti hér fyrir þinginu nýtt almannatryggingalagafrv. sem hafði það að meginmarkmiði að færa til innan almannatryggingalöggjafarinnar, frá þeim sem betur mega sín til hinna sem búa við erfiðari aðstæður. Það frv. gerði ekki ráð fyrir útgjaldaauka á sviði heilbrigðis- og tryggingamála heldur tilfærslu frá þeim sem betri aðstæður hafa til hinna sem búa við lakari kjör. Alþfl. sem þá sat í ríkisstjórn treysti sér ekki til þess að standa að þessu frv. á þeim tíma af þeirri ástæðu að þeir treystu sér ekki til að styðja tekjutengingu almannatryggingabóta og þá sérstaklega örorkulífeyris og ellilífeyris.

Fyrsta verk fyrrv. heilbr.- og trmrh., Sighvatar Björgvinssonar, var það að tekjutengja bætur almannatrygginga, þ.e. ellilífeyri og örorkulífeyri án þess að neitt kæmi í staðinn, fyrst og fremst í þeim eina tilgangi að spara útgjöld en ekki að nýta þá peninga á öðrum stöðum innan almannatryggingalöggjafarinnar til þess að bæta stöðu þeirra sem búa við erfiðar aðstæður. Þetta kom því á óvart á sínum tíma. En það er full ástæða til þess að taka almannatryggingalöggjöfina eins og hún er nú til heildarendurskoðunar og það frv. sem hér er lagt fram er í sjálfu sér ágætis endurskoðun að því leyti til að það fer fram nokkur lagahreinsun með því að fá það samþykkt hér á þingi. Aftur á móti er um engar grundvallarbreytingar að ræða. Það er engin heildarendurskoðun að öðru leyti en því að það er bara verið að endurlögsetja þau lög sem menn nú þegar búa við.

Hins vegar er mjög mikilvægt að skoða frv. um almannatryggingar og frv. um félagslega aðstoð í samhengi vegna þess að þetta er nátengt hvort öðru. Með þessum frumvörpum er verið að skilja að annars vegar almannatryggingaþátt málsins og svo hinn hlutann sem er þessi félagslega aðstoð. Og það hlýtur alltaf að myndast ákveðið grátt svæði á milli þess hvað menn telja félagslega aðstoð og hvað menn telja tryggingu.

Þó frumvörpin bæði láti ekki mikið yfir sér þá er um grundvallarbreytingu að ræða þegar frumvörpin eru skoðuð í samhengi. Þessi grundvallarbreyting felst í því að eins og almannatryggingalöggjöfin er núna er gert ráð fyrir því að einstaklingarnir eigi rétt. Í sárafáum tilfellum er um heimildarbætur að ræða. Aftur á móti, ef þetta frv. og frv. um félagslegu aðstoðina verður að lögum, þá er rétturinn tryggður í almannatryggingalöggjöfinni en allar heimildirnar eru fengnar í frv. um félagslegu aðstoðina. Þegar búið er að færa yfir heimilisuppbót, sérstaka heimilisuppbót, aðrar uppbætur er beinlínis tengjast þeim greiðslum er ellilífeyrisþegar og öryrkjar hafa fengið sem fastar greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir hafa getað treyst á þá er það ekki lengur réttur heldur er þetta heimild til þess að greiða slíkar bætur þannig að þarna er auðvitað um grundvallarbreytingu að ræða. Og mér finnst að í meðförum hv. heilbr.- og trn. verði að skoða þennan þátt alveg sérstaklega með það í huga að ekki verði um neina skerðingu og ég trúi því að það sé ekki ætlun hæstv. heilbr.- og trmrh. að nota þetta tækifæri til þess að skerða kjör þessa hóps.

Ég sakna þess úr frv. að það er ekki umsögn Hagsýslunnar um málið. Það er heldur ekki í frv. um félagslega aðstoð, það eru ekki umsagnir frá Hagsýslunni um það hvaða fjárhagslegu áhrif þetta frv. muni hafa.

Í frumvörpunum sem lögð voru hér fyrir seinasta þing var áætlað að sparnaður af þessari aðgerð að skipta þarna á milli tryggingarþáttar málsins og hins félagslega þáttar yrði í kringum 70–80 millj. Það kom fram í umsögn frá Hagsýslu ríkisins að sparnaður af þessu gæti orðið þessi. Þá hefði auðvitað hvergi annars staðar verið hægt að ná sparnaðinum en með því að skerða heimildarbæturnar. Og því vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er það svo að menn hafi fallið frá því að spara með þessum frumvörpum og er það ekki alveg tryggt að það er ekki ætlunin að skerða rétt einstaklinganna með þessum frumvörpum verði þau að lögum?

[14:09]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að þetta frv. komi til umræðu hér aftur. Vegna fjarveru minnar í þessari viku hefur mér gefist lítill tími til að skoða frv. nákvæmlega, en vil þó, hæstv. forseti, í framhaldi af því sem hv. 11. þm. Reykv. benti á ítreka það að hér er auðvitað um grundvallarbreytingar á tryggingakerfinu að ræða. Það er grundvallarbreyting á almannatryggingum eins og við höfum litið á þær — ég vil aðeins, hæstv. forseti, leyfa ráðherra að tala við ritara sinn en ég kysi frekar að hann hlýddi á mál mitt, (**Heilbrrh.:** Hann hlustar.) — ég vil ítreka það, hæstv. forseti, að þegar almannatryggingalögin voru sett sem löngum hafa nú verið stærsta rósin í hnappagati íslenskra jafnaðarmanna og ekki síst hefur Alþfl. þakkað sér setningu þeirra laga að verulegu leyti og með réttu, þó að ýmsir kæmu nú aðrir að því sem einnig telja sig jafnaðarmenn, var það auðvitað þessi grundvallarhugmynd að greiðslur úr almannatryggingum væru engin ölmusa, þær væru engin félagsleg aðstoð. Það er réttur sem hver einasti Íslendingur hefur. Sjálfur hefur hann unnið fyrir þessum rétti og þess vegna á hann að geta notið hans án þess að líta á sig sem þiggjanda félagslegrar aðstoðar. Þetta var sjálfsagður réttur.

Á þetta benti ég reyndar, hæstv. forseti, þegar far-

ið var að tekjutengja sjálfan ellilífeyrinn. Vissulega get ég skilið þá hugsun sem þar var á bak við, en ég sé eftir þeirri grunnhugsun sem allt almannatryggingakerfið byggðist á og var vissulega skarðað í þegar ellilífeyrisréttinum var breytt. En hér er sem sagt haldið áfram og eins og hv. 11. þm. Reykv. bendir á, þá eru allar heimildarbætur teknar út úr almannatryggingalögunum sem voru þar og aðrar einnig gerðar að heimildarbótum. Hingað til hefur það verið sjálfsagður réttur einstæðra foreldra að njóta mæðra- eða feðralauna. Ég hef ævinlega skilið það svo að við Íslendingar viljum líta á það svo að okkur varði um öll íslensk börn og við viljum tryggja það af sameiginlegum sjóðum okkar að börn líði ekki fyrir það að hafa ekki báða foreldra sína á heimili. Vissulega getum við öll verið sammála um að við getum auðvitað ekki gert það vegna þess að þessar greiðslur hafa ekki verið af þeirri stærðargráðu að það væri raunhæft. Hitt er annað mál að á bak við þessar greiðslur var skilyrðislaus réttur allra barna til að alast upp við sæmileg skilyrði og ekki að sama skapi rýr og burtvera annars foreldris gefur tilefni til þannig að ég lít það mjög alvarlegum augum að nú skuli einhver ráð eða nefnd eða ég veit ekki hvað ákveða hvaða börn skulu njóta þessara greiðslna og hver ekki. Að vísu er hér um fleiri málaflokka að ræða. T.d. hafa menn nú séð ofsjónum yfir afar lágum greiðslum til ekkna og hingað til hefur það verið sjálfsagður réttur ekkna sem orðnar voru fimmtugar þegar þær misstu maka sína að fá lífeyri. Hann fór að vísu stighækkandi á 10 árum milli fimmtugs- og sextugsaldurs konunnar. Þetta voru nú ekki greiðslur sem neinn varð ríkur af en komu sér þó áreiðanlega stundum vel þegar um láglaunakonur var að ræða og það er fleira svona sem greinilega er farið að gera að heimildum til greiðslu sem áður voru sjálfsagðar greiðslur.

Hins vegar vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Með því að fara í fljótheitum yfir þetta frv. þá átta ég mig ekki alveg á því, hver á svo að heimila þessar greiðslur. Er það starfsfólkið í Tryggingastofnun ríkisins sem á að ákveða það hver fær greiðslurnar og hver ekki? Það gefur auga leið að það hlýtur þá að verða að fara yfir skattskýrslur og annað hjá hverjum einasta einstaklingi. Mér liggur við að segja að það verði bókstaflega að gera heimiliskönnun til þess að það verði eitthvert réttlæti í því hverjir fái þetta og hverjir ekki og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig í ósköpunum á að framkvæma þetta.

Hingað til hafa Íslendingar forðast það sem hefur viðgengist víða erlendis að það væri næstum því verið að skoða heimili manna til þess að ákveða greiðslur og þá væri aðallega um að ræða svokallaða félagslega aðstoð, það hafa verið greiðslur félagsmálastofnana. Þetta hafa nú þótt heldur óskemmtilegar aðfarir og ég hélt að við vildum ekki endilega taka þær eftir. Ég vil því spyrja: Eigum við að treysta ráðherrum framtíðarinnar til þess að setja endalausar reglugerðir um framkvæmd þessara mála? Og erum við þá, hæstv. forseti, ekki farin að tvöfalda kerfið? Oft er það nú svo að þessar greiðslur almannatrygginga eru ekki meiri en svo að fátækt fólk verður jafnframt að leita til félagsmálastofnana og eiga þá að sitja nefndir á báðum stöðum til að fjalla um sömu fjölskylduna? Eða hvernig hugsa menn þetta? Það er nefnilega stundum þannig að menn gleyma að sjá fyrir endann á því hvernig framkvæmdin á þessu kemur til með að verða og hvort hún gæti ekki farið að kosta það sem til sparast. Því þegar öllu er á botninn hvolft, þá eru þetta ekki háar upphæðir sem hér er um að ræða. Mér er t.d. afskaplega mikið til efs að það geti hugsanlega borgað sig að fara að kanna vandlega hagi og tekjur þeirra ekkna í landinu sem hafa fengið frá held ég 7.000 kr. á mánuði og kannski upp í 18–20, mér er til efs að sá sparnaður fari ekki í framkvæmdina þannig að ég vil nú biðja menn að fara sér aðeins varlega og sjá fyrir sér hvernig eigi að framkvæma þetta. Það verður ekkert smámál ef allir þessir bótaflokkar sem hér eru nefndir og nú eru það heimildarbótaflokkar, ef það á að framkvæma þetta af einhverju skynsamlegu viti. Það verður ekkert smáverk. Og fer þetta ekki að verða þannig að það þarf 3–4 aðila á hverja einustu fjölskyldu í landinu til að kanna hagi hennar og aðstæður? Hvað erum við að gera í þessu litla landi?

Frú forseti. Við höfum síðan 1936 haft efni á að hafa hér heilsugæslu og almannatryggingar sem byggðust á réttindum allra manna til læknishjálpar eins og til þurfti. Það hefur ekkert gerst nema síður væri frá þeim tíma sem ætti að geta komið í veg fyrir að við réðum vel við þetta enn þann dag í dag. Og það er auðvitað alltaf sjálfsagt að spara. Það er sjálfsagt að hagræða í heilbrigðiskerfinu og ég hygg að hver einasta manneskja og flestir sem í því vinna séu tilbúnir til þess að aðstoða hæstv. ráðherra við að spara þar óþarfa kostnað. En ég er alveg sannfærð um að það þarf ekkert á sjúklingum að halda til þess. Við getum alveg séð um það við hin eins og við höfum alltaf gert og erum alveg tilbúin til þess og við borgum sjálfsagt glöð skatta okkar og skyldur ef við getum treyst því að það fé fari m.a. í gott, stöðugt og öflugt heilbrigðiskerfi. Ég átta mig ekki alveg á hvað er verið að fara hér út í en eins og ég sagði í upphafi máls míns, frú forseti, þá vissi ég ekki að þetta mál yrði á dagskrá í dag og tel mig þurfa að fara vandlega yfir þetta þó að þessi málaflokkur sé mér nú e.t.v. kunnugri en ýmsir aðrir vegna margra ára starfa minna í Tryggingastofnun ríkisins og þess vegna verður metnaður minn að vera að skila því mjög vel frá mér og ég mun því reyna að gera það milli umræðna. En ég vil biðja hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn. að skoða þessi mál vel. Hér varð alvarlegt slys við lagasetningu sl. vor varðandi viðskipti vátryggingarfélaganna og Tryggingastofnunar við setningu skaðabótalaga sem nú er verið að fara yfir og ég bið menn um að láta sér það mál að kenningu verða og reyna að vinna betur og athuga betur þegar verið er að hrófla við margra ára framkvæmd sem gætu að mínu viti orðið mjög kostnaðarsamt og varla til sparnaðar.

[14:19]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka heils hugar undir lokaorð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur í þá veru að vita-

skuld ber að stíga varlega til jarðar og gæta vel að þegar farið er höndum um jafnmikilvægan og í raun viðkvæman málaflokk og almannatryggingar og raunar félagsleg aðstoð eru. Það er ekki síst í ljósi þeirrar staðreyndar þegar fyrir liggur að á ekki löngum tíma hafa verið gerðar alls 60 breytingar á þessum lögum og vafalaust flestar til bóta. Þannig að ég vil árétta og undirstrika það sem ég sagði áður að hér er ekki síður um ákveðna lagahreinsun og aðlögun að breyttri framkvæmd að ræða í því frv. sem lagt er hér fram. Það er því laukrétt hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni að hér er að sönnu ekki, eins og hann gat um í upphafi sinnar ræðu, um að ræða byltingarkenndar hugmyndir á almannatryggingalöggjöfinni. Meginbreytingin er engu að síður sú, sem fram kom í ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, að þar er skilið á milli bóta annars vegar og félagslegrar aðstoðar hins vegar. Ég er henni hins vegar ekki sammála um það að það gildi svo mjög ólík lögmál eða viðhorf til þess gagnvart þiggjendum bóta, annars vegar í almannatryggingakerfinu og hins vegar hvað lýtur að félagslegum bótum. Sem betur fer hefur orðið umtalsverð hugarfarsbreyting í þeim efnum í okkar samfélagi og það er held ég vel. Það er ekki og telst ekki sem betur fer almennt, vera á neinn hátt niðurlægjandi að njóta réttinda á hinum félagslega grunni. Þannig á það ekki að vera og þannig er það ekki í vaxandi mæli.

Hvað varðar aðaláhyggjuefni tveggja síðustu ræðumanna og það er um þann þátt, sem er að sönnu veigaþungur, um tilflutning frá almannatrygginalöggjöfinni og yfir í frv. til félagslegrar aðstoðar að þá fjölgar heimildarákvæðum. Þau eru hins vegar alls ekki ný af nálinni því ég vil vekja á því athygli og árétta, sem raunar kom hér fram í framhjáhlaupi, að í almannatryggingalögunum hafa heimildarbætur verið mjög algengar og út af fyrir sig ekki staðið í nokkrum hvað varðar framkvæmdina. Þeim hefur, einkanlega á síðari árum, fjölgað mjög verulega. Það er einnig á það að benda í öllum þeim fjölmörgu breytingum sem átt hafa sér stað á löggjöfinni á umliðnum 20 árum, að þá hafa einmitt tekjutengingarþættir vaxið mjög og löggjöfin orðið mun ítarlegri. Að mínu viti, og er ég nú ekki að kalla til höfunda allra þeirra breytinga, hefur það nú engu að síður ekki leitt til þess að framkvæmdin hjá Tryggingastofnun ríkisins á greiðslu þessara bóta hafi orðið svo þung að til vansa hafi verið ellegar að rétthafar og bótaþegar hafi misst þann rétt sem þeir ella hefðu haft. Ég fæ því ekki séð að í því frv. sem hér er lagt fram né heldur því sem ég mun kynna á eftir um félagslega aðstoð, séu þær efnislegu breytingar sem snúa að skilyrðum og skilmálum bótaþega til þess að njóta réttmætra bóta, að hér séu tekin þau risaskref hvað varðar aukið eftirlit með rétti bótaþega, þ.e. rétt hans til að njóta bótanna, að stór munur sé á frá gildandi löggjöf um þessi efni. Þvert á móti hygg ég að þar sé ekki um stórar breytingar að ræða.

Hvað varðar heimildarbæturnar þá vil ég segja það eitt að það eru engin áform um það í heilbr.- og trmrn. að leggja neinn þann bótaflokk af sem hér er tilgreindur. Þær hugmyndir eru alls ekki á ferð við framlagningu frv. um almannatryggingar né heldur frv. um félagslega aðstoð sem ég mun gera nánari grein fyrir hér á eftir.

[14:24]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hæstv. ráðherra um það að engin manneskja á að minnkast sín fyrir það að þurfa að leita félagslegrar aðstoðar hjá sínu bæjarfélagi. Auðvitað ber hverju einasta bæjar- og sveitarfélagi skylda til að veita hana þegar ekki er annars kostur. Það er samt allt annað en sjálfsagður réttur til almannatrygginga. Ég held að hæstv. ráðherra þekki ekki mjög vel til ef hann heldur að fólki sé það jafnlétt að leita til Félagsmálastofnunar bæjarfélaganna og að fara til Tryggingastofnunar ríkisins eftir sjálfsögðum rétti sínum. Ég held að á þessu sé mikill munur því miður. Ég veit ekki hvort ég á að segja því miður, vegna þess að ég held að það sé öllum Íslendingum í blóð borið að reyna að bjarga sér eins og þeir best geta. Þegar hins vegar allt um þrýtur, fólk missir heilsu, verður fyrir áföllum af öllu tagi, þá á fólk auðvitað engan annan kost og auðvitað er það skylda sveitarfélaganna að styðja við slíka einstaklinga. En það er mikill munur á að ganga þau spor að leita þeirrar hjálpar og leita réttar síns hjá almannatryggingum.

Hæstv. ráðherra sagði áðan að það væri engin hugsun á ferðinni um það að leggja af neina þá bótaflokka sem verið hefðu, þá getur vel verið að það sé ekki fyrirætlun hans en með því að breyta þeim í heimildarbætur er það í valdi hvers ráðherra að gera svo miklar kröfur til manna að það sé ósköp auðvelt að fækka þeim niður í svo sem ekki neitt. Og fyrir því hef ég enga tryggingu að það verði ekki gert. Það er munur á heimild og afdráttarlausu lagaákvæði.

[14:26]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir það að hann skuli hafa lýst því yfir að það standi ekki til að fækka bótaflokkum. Það er að vissu leyti nokkur áfangi. Hins vegar, og ég tek undir það með hv. 14. þm. Reykv., er mjög mikill munur á hvort það er skýlaus réttur eða heimild sem gefin er í lögunum til bóta. Og það er rétt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að það hefur verið svo á undanförnum árum að menn hafa verið að stíga stærri og stærri skref í því að afla sér heimilda til að greiða út bætur. En hvaða bætur hafa það aðallega verið? Það hafa verið heimildir til uppbóta á þær bætur sem fyrir hafa verið, fyrst og fremst. Í nýjum bótaflokkum sem komið hafa inn hefur verið skýrt kveðið á, að ég hygg í flestum tilfellum, að rétturinn væri til staðar.

Mig langar að taka tvö dæmi af því sem hér er verið að breyta. Í 15. gr. almannatryggingalaganna, ég held að þetta sé enn þá svona, það sé 15. gr., vegna þess að það eru nokkrar breytingar sem hafa orðið á almannatryggingunum á undanförnum árum, en þar er sagt í núgildandi lögum: „Mæðralaun skulu greidd ekkjum". Í 2. gr. þessa frv. segir: „Heimilt er að greiða mæðra- og feðralaun til einstæðra foreldra". Þarna er grundvallarmunur á. Þetta eru ekki uppbætur á ein-

hverjar bætur sem almannatryggingalögin gera ráð fyrir nú þegar. Þarna er um sérstaka bótaflokka að ræða sem Tryggingastofnun ríkisins er skylt að greiða út.

Annað dæmi: 14. gr. almannatryggingalaganna, ef lagagreinarnar eru enn réttar, ég tek það fram, er lagagreinin um barnalífeyri. Barnalífeyrir er greiddur með *börnum yngri en 18 ára, hann er greiddur.* Hins vegar segir í 3. gr. frv.: „Lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins er heimilt að greiða barnalífeyri vegna skólanáms eða starfsþjálfunar". Á þessu er grundvallarmunur. Auðvitað er það og ég trúi því að hæstv. heilbr.- og trmrh. *núverandi muni ganga þarna varlega um.* En það er ekki víst að allir alþýðuflokksráðherrarnir muni gera það.

[14:29]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það er mikill munur á fullum réttindum eða heimild til bóta. Það eru þyngri sporin fyrir bótaþega eða þá sem þurfa á aðstoð að halda að fara til Félagsmálastofnunar síns sveitarfélags heldur en að þiggja frá almannatryggingum eða Tryggingastofnun ákveðin gjöld sem er skýrt og ljóst að þeir hafa fullan rétt á.

Mig langar aðeins að nefna hér kafla 37. gr. um tannlæknaþjónustu. Ég hef flutt hér áður fsp. varðandi tannréttingar því þannig er málum komið í dag að frá og með næstu áramótum falla niður svo til allar bætur vegna tannréttinga barna. Í dag eru greiddar bætur allt að 50% fyrir þær tannréttingar sem þegar er verið að vinna að. Allar bætur falla niður frá og með næstu áramótum og eins allur stuðningur við ferðalög vegna tannréttinga. Því miður er það þannig að sérfræðingar eru ekki alls staðar á landinu. Þeir hafa komið sér upp aðstöðu á nokkrum stöðum úti á landi og sækja þessa staði nokkuð reglulega. En þrátt fyrir það eru þetta mikil ferðalög fyrir börn og foreldra þeirra að koma þeim í þessa þjónustu. Og eins og ég segi, um næstu áramót fellur þetta alfarið niður og það er miður. Því ef þetta eiga að verða forréttindi þeirra sem hafa efni á því að láta rétta tennurnar í börnum sínum og að bæta því svo við að ofan á kemur ferðakostnaður þeirra sem búa úti á landi, þá verður mikið órétttlæti í þessu. Þá er ég ekkert að réttlæta það að Tryggingastofnunin eigi að greiða fyrir hvað sem er, t.d. lítilfjörlegar fegrunaraðgerðir, heldur þær aðgerðir sem tannlæknar eru sammála um að þurfi að laga svo ekki hljótist tjón af.

[14:32]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að í orðinu andsvar felist ekki að sá sem veitir andsvar sé að mæla mót ræðumann, það er nú öðru nær. Ég get bara ekki stillt mig um að benda hæstv. ráðherra á að þegar verið er að breyta lögum erum við alltaf að móta stefnur. Getur það verið *stefna okkar hér á hinu háa Alþingi* að fólk utan Reykjavíkur og í hinum dreifðu byggðum landsins eigi minni rétt á að halda tannheilsu barna sinna eins og bestu menn geta séð um hana? Við erum að gera hér mjög alvarlega hluti oft og tíðum. Auðvitað er sú þróun til bóta sem orðið hefur í tannréttingum barna, nokkuð sem var næstum algerlega óheyrt þegar við vorum ung. Það má vel vera að fegurðarárráttan hafi farið út í öfgar í sumum tilvikum, ég skal ekkert um það segja, en oft er hér um mjög nauðsynlegar aðgerðir að ræða. Með því að draga úr greiðslum til þeirra sem búa þar sem sérfræðingarnir ekki eru þá erum við einfaldlega að segja: þið eigið ekki sama rétt á þessu úti á landi og við eigum hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Ég vil biðja menn að hugsa vandlega um þetta og er þess vegna hjartanlega sammála síðasta *ræðumanni.*

[14:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði sem mig langar til að drepa á. Sumt af því sem ég hafði hugsað mér að nefna er komið fram og ég vil taka undir t.d. athugasemdir um ferðakostnað vegna tannlækninga og tannréttingaþjónustu sem er mismunandi eftir búsetu og hefur ekki verið vilji til hjá núv. ríkisstjórn eða heilbrigðisráðherrum Alþýðuflokksins að rétta þar hlut landsbyggðarinnar. Þeir hafa sent þau skýru skilaboð til fólks úti á landi að það sé fólk í A-flokki sem búi hér þar sem tannréttingalæknarnir eru og svo í B-flokki úti á landi, því miður er það þannig. Það væri fróðlegt að fá upplýst hjá hæstv. núverandi heilbrrh. hvort hann hyggst breyta þessu. Beita sér fyrir því að jafna þennan mun frekar en verið hefur. Sem er nú varla hægt að tala um að menn hafi verið að jafna í þá veru. Þetta er það atriði sem ég tel rétt að undirstrika sérstaklega að menn verði að taka á.

Það eru fleiri atriði sem mér finnst ástæða til að nefna og þá vil ég fyrst bera niður í 8. gr. frv. Það kemur greinilega fram þar að það er ekki réttur íbúanna úti á landi að eiga greiðan aðgang að umboðsmanni Tryggingastofnunar. Það er ekki tekið fram skýrum stöfum heldur er ákvæðið einungis þannig að Tryggingastofnunin skuli hafa umboðsskrifstofu utan Reykjavíkur og fer um staðarval eftir ákvörðun tryggingaráðs. Síðar segir að í sveitarfélagi þar sem ekki sé umboðsskrifstofa sé sveitarstjórn heimilt í samráði við tryggingaráð að tilnefna sérstakan trúnaðarmann. Réttur*inn* til þjónustunnar nær ekki til allra íbúa landsins. Og það er hlálegt í lagasetningu um stofnun eins og Tryggingastofnun ríkisins að hafa ekki skýlausan rétt, jafnan rétt fólks til þess að geta sótt til þessarar stofnunar.

Þó ég hyggi að þetta kerfi sé að mörgu leyti sæmilega uppbyggt eins og það er í dag, þá stendur til að breyta því. Núv. ríkisstjórn hefur lagt til að breyta því, m.a. með breytingum sem hún hefur lagt til að verði á sýslumannsembættum. En sýslumannsembætti landsins gegna yfirleitt starfi umboðsmanns Tryggingastofnunar ríkisins. Þar sem menn ætla að leggja þau embætti niður eru menn að færa þessa þjónustu frá íbúum þar lengra í burtu, menn eru að minnka þessa þjónustu. Þetta heitir jafnaðarmennska eða hvað? Eða er Alþýðuflokkurinn gjörsamlega búinn að gefa landsbyggðina upp á bátinn? Er hann búinn að taka strikið á það að afmarka kosningafylgi sitt við höfuðborgar-

svæðið og komast kannski helst ekki suður fyrir Hafnarfjörð? Ef það á að vera einhver meining í því að setja lög um rétt manna þá verða menn að gæta að þessum þáttum og verða að skoða 8. gr. laganna í ljósi þessa hugarfars og menn verða líka að skoða þær breytingatillögur sem ríkisstjórnin er nú að leggja fram í fjárlagafrv. í ljósi þessa frv.

Þá vil ég vekja athygli á 3. gr. frv. sem er um skipun forstjóra og aðra tilgreinda embættismenn stofnunarinnar. Ég vil fyrst minna á það sem við alþýðubandalagsmenn höfum oft lagt til og stundum líka í frumvarpsformi hér á Alþingi, að afmarka skipunartímann. Og ég teldi það skynsamlegt og í anda þeirrar lagasetningar sem menn hafa verið að standa að undanförnu, að afmarka skipunartíma forstjóra. Ég minni hæstv. heilbrrh. á það að samflokksráðherra hans, hæstv. félmrh., hafði það í frv. því sem síðar varð lög um Húsnæðisstofnun ríkisins að afmarka skipunartíma forstjóra Húsnæðisstofnunar ríkisins. Mér finnst það vera góð regla og mér finnst að það ætti að vera samræmi í þessu. Menn ættu að setja sams konar ákvæði varðandi forstjóra í þessari opinberu stofnun alveg eins og mér finnst að það eigi að vera í öðrum opinberum stofnunum. Þetta bið ég menn að taka niður hjá sér sem ábendingu.

Þá lýsi ég dálítilli undrun yfir því hvernig á að skipa starfsmenn innan stofnunarinnar. Skýringin sem gefin er á 2. mgr. 3. gr. í frv. er engin, það er bara sagt: Þetta er svona í núgildandi lögum, punktur. Það getur svo sem verið alveg rétt en það dugar mér ekki. Ég vil fá að vita af hverju. Ég get skilið það að ráðherra eigi að skipa forstjórann. En ég á dálítið erfiðara með að skilja það af hverju ráðherrann á að fara að skipa einhverja embættismenn inni í stofnuninni. Er ekki best að skipstjórinn sé skipstjóri á skútunni, það sé enginn yfirskipstjóri eða utanborðsskipstjóri? Mér finnst að ef það er einhver forstjóri í stofnun þá eigi hann að sjá um mannaráðningar, annaðhvort hann sjálfur eða þá sú stjórn sem yfir stofnuninni er. Og ég spyr ráðherra að því: Hvers vegna á að hafa þetta ákvæði svona að ráðherra skipi skrifstofustjóra? Af hverju þá ekki að hafa deildarstjóra líka svo að ráðherra hafi nóg að gera, ef einhvern tíma skyldi svo og svo marga menn vanta störf, þá gæti það komið sér vel að ráðherra hafi það í hendi sinni að geta skipað í þessi störf.

Ég held að við ættum að fara út úr þessu kerfi með allri virðingu fyrir Alþfl. sem ég vil helst ekki tala illa um af því að þetta á nú að heita að upplagi jafnaðarmannaflokkur og það er mér dálítið kær hugsun. Ég sé engin rök fyrir því að ráðherra sé að skipa skrifstofustjóra, tryggingafræðing, tryggingayfirlækni, aðalgjaldkera. Ja, það var nú aldeilis. Ráðherra á að skipa aðalgjaldkera í Tryggingastofnun. Það er eins gott að hann sé maður sem sé með prófið í lagi. Eða hvaða próf á hann að hafa, hæstv. ráðherra? Væri þá ekki nær ef ráðherra á að skipa aðalgjaldkera að það sé fjmrh. sem skipar hann. Það fara um 20–30 milljarðar um hendur þessa aðalgjaldkera þannig að það væri þá eðlilegt að fjmrh. réði þessu, virðulegi forseti. Og svo kemur hér það sem ég hafði bara ekki tekið eftir. Ráðherra á að skipa deildarstjóra þannig að það er fátt orðið eftir sem ráðherra á ekki að skipa. Geta menn nú ekki fallist á það svona undir lok 20. aldarinnar að breyta þessu og fjarlægja ráðherra út úr skipunarvaldi stofnunarinnar í þessu tilliti? Ég held það. Og ég vænti þess að hæstv. ráðherra sé mér í raun sammála þegar hann hugsar þetta mál því að ég býst við að hann hafi fengið þessa pappíra þannig í hendurnar að um þetta atriði hafi ekkert verið fjallað eða á það bent af þeim sem unnu að undirbúningi málsins.

Þá vil ég minnast á 5. gr. frv. og aðeins minna hv. þm. á það að ég hef flutt hér tvö síðustu þing frv. um breytingu á skipan stjórnar Tryggingastofnunarinnar sem kölluð er tryggingaráð þannig að það verði 7 manna í stað 5. Ég bið menn að hafa það hjá sér og muna eftir því. Þar hef ég lagt til að hagsmunaaðilar komi að tryggingaráði, Samtök aldraðra annars vegar og Samtök öryrkja og fatlaðra hins vegar. Fyrir því eru eðlileg og skiljanleg rök og fyrir því eru líka fordæmi í lagasetningu sem óþarft er að tíunda hér. En þetta nefni ég til að minna menn á það atriði.

Það sem mér finnst svona dálítið einkennilegt að sjá í frv. sem á að verða burðarásinn í almannatryggingakerfinu íslenska, þessu réttarkerfi þjóðfélagsins, það er gildistökugreinin, 67. gr. Þar stendur, með leyfi forseta: „Lög þessi öðlast gildi um leið og EES-samningurinn.“ Er nú ekki hægt að hafa þetta aðeins öðruvísi þannig að allur þessi lagabálkur sé ekki allur hengdur til Brussel. Það hlýtur að vera hægt að setja löggjöf um þetta réttarkerfi á tryggingarsviði í íslensku þjóðfélagi án þess að hengja það við einhvern EES-samning þó að einhver tiltekin ákvæði lagabálksins séu tengd þar við.

Í 66. gr. finnst mér vera ákvæði sem er umhugsunarefni en það er heimildargrein fyrir ráðherra til að setja reglugerð um nánari framkvæmd laganna, en þar segir, með leyfi forseta:

„Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar.“

Hvað þýðir þetta? Hvað þýðir þetta í náinni framtíð eða fjarlægri framtíð? Þýðir þetta það að við erum að veita ráðherra heimild til að setja eða gefa út sem lög á Íslandi einhverjar breytingar sem menn gefa út í löndum án þess að það þurfi nokkurn tíma að koma hingað inn á Alþingi? Og viljum við hafa þetta svoleiðis? Viljum við ekki einu sinni hafa stoppistöð hér á Alþingi í lagasetningunni? Ég held að þetta sé mikið umhugsunarefni.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, taka undir það sem hér hefur verið rætt um félagslega aðstoð og þessa skiptingu á þessum bótaflokkum upp í tvö frumvörp. Það kemur ekkert fram um það hvernig menn ákvarða þessa skiptingu, en það er bara einfaldlega vísað í reglur Evrópubandalagsins. Eru það þær sem eiga að fara að ráða því hvernig við skiptum bótaflokknum hjá okkur í lög? Mér finnst það mjög ankannalegt og ég set spurningarmerki við það, bæði þessa forsendu fyrir skiptingunni og eins líka skiptingunni sjálfri. Af hverju eru mæðralaun félagsleg aðstoð? Mér finnst ekkert vera sjálfsagt að þau séu einhver félagsleg að-

stoð. Og af hverju er eitthvað annað sem er nefnt í hinu frv. ekki félagsleg aðstoð? Ég næ ekki alveg þræði í þessu.

Svo vil ég að endingu, virðulegi forseti, aðeins tala um þessi orð „félagsleg aðstoð." Er þetta einhver aðstoð eða félagsleg aðstoð og hver er munurinn á því? Mér finnst þetta vera frv. til laga um samfélagslegan rétt ef eitthvað er. Menn eru að ræða hérna um rétt einstaklinga til ákveðinna hluta frá samfélaginu. Nú heitir allt orðið félagslegt eitthvað og mér finnst að menn mættu gjarnan þurrka það orðskrípi út og sérstaklega finnst mér það meinloka í hinu frv. svo að ég leyfi mér að syndga upp á það, virðulegi forseti, að tala um aðstoð í fyrirsögn þess frv. Í mínum huga er ekki um aðstoð að ræða.

[14:48]

Þuríður Backman:

Virðulegi forseti. Ég tók hér upp eina grein áðan í máli mínu vegna bóta, tryggingabætur fyrir tannréttingar. Ég nefndi ekki þann sjálfsagða hlut að tannréttingar vegna meðfæddra galla og stórslysa falla ekki niður án þess að þessi slys séu nánar tilgreind, vegna þeirra er hægt að fá bætur frá Tryggingastofnuninni áfram. Það er, held ég, í huga okkar allra svo sjálfsagður réttur að þetta sé bætt að ég nefndi það ekki. En allt annað sem við höfum talað um sem venjulegar tannréttingar hjá unglingum, það fellur niður þegar það er ekki stórkostleg missmíði frá náttúrunnar hendi og við fæðumst ekki öll með þennan Colgate tanngarð sem margir hafa verið að sækjast eftir með tannréttingum og ég er ekki að réttlæta.

Það er annað sem ég vil fá að bæta við því að ég spurði fyrrv. heilbrrh. líka um hvort ekki stæði til að koma upp svokölluðu grænu númeri hjá Tryggingastofnun ríkisins. Hér í 8. gr. er talað um aðalskrifstofu Tryggingastofnunarinnar og aðrar umboðsskrifstofur. En þó svo að það sé umboðsskrifstofa á staðnum, þá geta mál verið þannig að einstaklingur treystir sér ekki til þess að tala um sín mál við umboðsaðila og/eða treystir honum ekki fyrir sínum málum þannig að hann vill leita beint til Tryggingastofnunarinnar. Það þekkja allir sem hafa reynt að fara í gegnum það flæði upplýsinga hjá Tryggingastofnun að þar vísar maður á mann. Þetta getur tekið æðitíma og er mjög kostnaðarsamt fyrir þá sem þurfa að standa í einhverjum málaferlum eða um einhvern tíma að leita eftir bótum hjá Tryggingastofnun. Svar fyrrv. ráðherra var á þá leið að þetta teldi hann sanngirnismál en því miður hefði, þegar þessi fsp. kom fram, ekki verið gert ráð fyrir því í fjárlögum að það væri grænt símanúmer hjá Tryggingastofnun svo að e.t.v. er hægt að bæta úr því núna að koma þessu á. Ég treysti því að þetta þyki nú það mikið sanngirnismál að þessi stofnun fái grænt símanúmer.

Útbýting þingskjals:

Hvalveiðar, 114. mál, þáltill. GuðjG og MB, þskj. 119.

[14:51]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka um margt ágætar og gagnlegar ábendingar frá þeim hv. þm. sem hér hafa talað og vil fara nokkrum orðum um nokkrar þeirra.

Rétt vegna ábendinga 4. þm. Austurl. um græna númerið, þá mun ég taka það mál upp og skoða nú þegar. Ég hygg að þar sé um mikilvægt réttlætismál að ræða og raunar kemur það inn á athugasemdir sem hv. 5. þm. Vestf. nefndi nú um umboðsskrifstofur í héraði og það mundi a.m.k. koma til móts við þau sjónarmið sem hann lýsti þar að einhverju leyti þannig að ég mun skoða það mál nú þegar.

Mönnum hefur orðið nokkuð tíðrætt hér um einn þátt þessara almannatryggingalaga og það eru tannréttingarnar. Það mátti með köflum skilja það þannig að tannréttingar og hlutdeild Tryggingastofnunar í þeim útgjöldum væru bundin við höfuðborgarsvæðið eitt. Þannig er það auðvitað ekki í 37. gr. frv. Það er ekki að öllu jöfnu um að ræða þátttöku Tryggingastofnunar í aðgerðum vegna tannréttinga og gildir það sama auðvitað um höfuðborgina og dreifðari byggðir landsins. Það er hins vegar álitamál sem ég tel fullkomlega réttmætt og eðlilegt að menn ræði. Á það hefur verið réttilega bent hvort meiri skynsemi væri í því að samhjálpin úr sameiginlegum sjóði landsmanna greiddi viðgerðir skólabarna vegna hugsanlegrar sælgætisneyslu eða áunninna atriða annarra en tæki ekki þátt í meðfæddum göllum sem væru á tanngarði. Þetta er auðvitað íhugunarefni og þess virði að ræða þau öllu nánar.

Hins vegar gerði hv. 4. þm. Austurl. réttilega grein fyrir því að þegar um sértæk tilvik er að ræða eins og getið er um hér í 33. gr. frv. þá er veittur sérstakur styrkur til aðgerða hjá tannlækni umfram það sem segir í 37. gr. um tannlækningar og hlutdeild Tryggingastofnunar í þeim efnum vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Mér vitanlega er tekið sérstaklega tillit til búsetu og möguleika viðkomandi aðila til að leita sér þessara lækninga. Ef svo er ekki verð ég leiðréttur með það, en ég vil skoða það sérstaklega með hv. 5. þm. Vestf. sem gerði þetta að umtalsefni að bæta úr því. Ég hygg að það sé í þeim tilvikum sem þarna er um sértækar aðgerðir að ræða eins og segir í 33. gr., þá eigi að skoða þá sérstöðu sjúklingsins í heild og þá um leið búsetu hans.

Hér hefur að vísu verið farið, og sérstaklega í máli hv. 5. þm. Vestf., yfir ýmsar greinar frv. sem eru eins og hann gat um réttilega að miklu leyti óbreyttar frá núgildandi lögum um þessi efni. Ég get hins vegar tekið undir það með honum og verið honum sammála um það að hvað varðar skipunartíma forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins og skipunartíma forstöðumanna og forstjóra ríkisfyrirtækja yfirleitt, svo og ráðuneytisstjóra og annarra háttsettra embættismanna hér hjá hinu opinbera, að ég teldi það skynsamlegt og eðlilegt að hv. Alþingi stæði saman að því og kláraði það verk sem oft hefur nú verið farið af stað með og liti til stjórnskipunarmála hins opinbera og tæki kannski ekki

hvað síst á þessum þætti hvað varðar tímasetningu skipunar háttsettra embættismanna. Þannig að ég lýsi mig sammála þeirri meginhugsun að þar megi hrókera mönnum milli embætta ef ekki vill betur eða undir öllum kringumstæðum að setja ákveðið þak þar hvað tíma varðar.

Ég get nú fátt um fjölda tryggingaráðsmanna sagt. Get þó líka að vissu leyti tekið undir með hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að það eru auðvitað stór spurningarmerki sem vakna um skynsemi þess að ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála skuli skipa allt upp í 6, 8 eða 10 embættismenn Tryggingastofnunar ríkisins. (Forseti hringir.) Þannig er þetta nú í mörgum lögum um opinberar stofnanir og ég held að það væri ákveðin lagahreinsun einmitt í því að það væru forstjórar viðkomandi stofnunar sem færu með það vald fyrst og síðast en að ráðherra hefði yfirumsjón þannig að ég vil þakka fyrir þessar ábendingar. Ég held að þær séu margar réttmætar.

Bara rétt í bláendann, virðulegi forseti, mér finnst dálítið bera keim af því í þessum umræðum hér að menn séu viðkvæmir fyrir þessu orði, félagslega aðstoð, og það hjá forsvarsmönnum sem kenna sig við félagshyggju. (Forseti hringir.) Ég vil vísa til þess sem ég sagði í upphafi. Við erum mjög aftarlega hvað varðar félagslega aðstoð og skilgreiningu í þeim efnum, höfum hlaupið undir þann bagga að skilgreina þetta undir almenna tryggingakerfið, (Forseti hringir.) fyrirgefðu að ég syndga upp á náðina, virðulegi forseti, og ég held að við ættum að horfast í augu við raunveruleika þessara hluta. Það er gott samfélag sem tryggir fólki félagslegan rétt og félagslega aðstoð.

[14:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka hæstv. heilbrrh. fyrir góðar undirtektir við allnokkrar af þeim hugmyndum sem ég hreyfði og ég vænti þess að hann sýni hug sinn í verki og stuðning við þessar hugmyndir við meðferð málsins hér á Alþingi. Mér þykja blása nýir vindar í heilbrrn. þegar þessar hugmyndir frá undirtektir og ekki slíku vanur þannig að ég má segja að að sumu leyti er ég bara nokkuð ánægður með hæstv. heilbrrh. eftir þessa ræðu. En ég vildi hvetja hann til þess að kynna sér reglur Tryggingastofnunar um ferðakostnað vegna tannréttinga og tannviðgerða af öðrum toga. Þær eru að vísu dálítill frumskógur en ég get þó sagt það að þar er misréttið allnokkurt eftir búsetu sem helgast af því að tannréttingalæknar búa flestir hér á þessu svæði en ekki úti á landi í miklum mæli. Ég vildi skora á hæstv. ráðherra að kynna sér þær og vænti þess að hann muni beita sér fyrir breytingum á þeim ef hann sannfærist um að þær séu með þeim hætti sem ég hef hér lýst.

Það er út af fyrir rétt sem hæstv. ráðherra sagði. Hann orðaði það nú svo að menn væru viðkvæmir fyrir orðinu félagsleg aðstoð. Þessir menn voru ég, ég held að það hafi ekki annar til nefnt þetta. Ég er ekki viðkvæmur fyrir því í öðrum skilningi en þeim að mér finnst þetta orðið útjaskað og meiningarlaust eins og það hefði verið ofnotað í einu og öllu í nánast hverri lagasetningunni á fætur annarri á þessu málasviði, heilbrigðis- og félagsmála. Ég held að menn ættu að fara sér hægar í að nota orð svona mikið því þau verða merkingarlaus með slíkri ofnotkun. En ég stend við hitt að orðið aðstoð í fyrirsögn hins frv. finnst mér ekki eiga þar heima.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 1. umr.

Stjfrv., 84. mál. — Þskj. 87.

[15:00]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Í raun og sanni fór nokkur umræða fram um það frv. sem ég mun hér fara nokkrum orðum um rétt áðan undir formerkjum frv. um almannatryggingalög. En eins og ég vék að í framsögu minni um frv. til laga um almannatryggingar er hér um að ræða fylgifrv. þess frv. Eins og ég gat um einnig þá er ein helsta breytingin á almannatryggingalögum hér á landi vegna reglna EB á sviði almannatrygginga sú að tryggja þarf að í ákvæðum laga um almannatryggingar séu engin ákvæði um bætur sem í raun eru bætur af félagslegum toga.

Eins og fyrr hefur verið rakið verður að flytja bætur almannatrygginga milli landa í samræmi við þann rétt sem hlutaðeigandi hefur áunnið sér í landinu. Þar sem kerfi félagslegrar aðstoðar hér á landi er skammt á veg komið hefur verið gripið til þess ráðs í gegnum tíðina að setja inn í almannatryggingalög ýmis ákvæði um aðstoð sem bera frekar keim félagslegrar aðstoðar heldur en almannatryggingar.

Í frv. sem hér liggur fyrir hafa verið sett öll ákvæði almannatryggingalaga sem talið er að sé í raun ákveðin félagsleg aðstoð. Með þessu móti er tryggt að ekki mun þurfa að flytja á milli landa þessar bætur því bætur félagslegrar aðstoðar er ekki skylt að flytja milli landa líkt og bætur almannatrygginga. Þetta er veigaþungt atriði.

Til að undirstrika að bætur þessar séu félagsleg aðstoð eru þær settar fram sem heimildarbætur og jafnframt ákveðið með reglugerð að tengja greiðslu bótanna við tekjur. Til að tryggja þetta enn frekar er það tekið skýrt fram að almenn skilyrði þessara bóta sé lögheimili á Íslandi eins og það er skilgreint í lögheimilislögum. Til bóta félagslegra aðstoðar teljast samkvæmt frv. mæðra- og feðralaun, umönnunarbætur, barnalífeyrir vegna skólanáms eða starfsþjálfunar ungmennis á aldrinum 18–20 ára, endurhæfingarlífeyrir, makabætur, ekkju- og ekklabætur, ekkjulífeyrir, heimilisuppbót, sérstök heimilisuppbót, uppbætur vegna sérstakra aðstæðna, uppbót vegna reksturs bifreiðar og bifreiðakaupastyrkur.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta frv. en minni á að það telst til svokall-

aðra EES-frumvarpa. Hér rétt áðan fór nokkur umræða fram um ákveðna þætti þessa frv. en ég legg til að að umræðu lokinni verði því vísað til 2. umr. og meðferðar heilbr.- og trn. Alþingis.

[15:03]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að það eru ekki miklar breytingar á frv. sjálfu fyrir utan það að verið er að sundurskilja þarna félagslega þjónustu og almannatryggingar til að koma í veg fyrir útflutningsbætur, ef svo má segja. Það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt en það er ein breyting í þessu frv., það er í 7. gr. Hún er að vísu ekki mjög veigamikil en samt sem áður er það í sambandi við ekkjulífeyri. Áður var það þannig að ekkjulífeyrir var greiddur alveg þar til konan gifti sig, nú er það nóg að ekkja fari í sambúð þá missir hún þennan lífeyri. Út af fyrir sig geri ég ekki neinar sérstakar athugasemdir út af því. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra fyrst á annað borð var verið að skoða þessa 7. gr.: Hefur aldrei komið til greina að maður sem missir konu sína fái bætur? Mér finnst þarna vera mikið ósamræmi á milli að eftir 50 ára aldur fær kona ekkjubætur hafi hún misst mann sinn en maður sem missir konu sína fær aftur á móti ekki ekkilsbætur.

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi ekkert verið skoðað fyrst á annað borð var verið að skoða þessa 7. gr.

[15:04]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint fyrirspurn varðandi 7. gr. nefnds frv. um félagslega aðstoð, ekkjubætur. Það er vissulega rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að vakin hefur verið sérstök athygli á þessari misvísun sem ég hygg að liggi í þeirri staðreynd að þessi bótaflokkur tekur til þess tíma þegar samsetning atvinnulífsins var með eilítið öðrum hætti en áður var, eða þegar konan var heimavinnandi húsmóðir að mestu og fráfall maka leiddi til tekjutaps og tekjuhraps raunar. Í því ljósi hafa komið fram hugmyndir um það hversu virkur bótaflokkur þetta er orðinn í ljósi breyttra aðstæðna, þegar báðir aðilar, karlinn og konan, eru í mörgum tilfellum fyrirvinnur heimilanna. Nokkur athugun á greiðslu þessa bótaflokks sýnir, ef ég man rétt, að bótaþegar í einstaka sveitarfélögum, að vísu hefur ekki verið gerð heildstæð athugun á þessu, þá kemur í ljós að um 70% bótaþega eru útivinnandi. Það er þó meira í lægri aldurshópnum, þ.e. 50 og 60 ára heldur en þegar ofar dregur. En þessu vil ég svara eingöngu á þann veg að menn hafa auðvitað skoðað þetta nokkuð en staldra þá á hinn bóginn við þá spurningu hvort að þessi bótaflokkur sé í raun og sann ekki kominn dálítið langt frá upphaflegum markmiðum sínum sem var að bæta eða milda það tekjuhrap sem varð vegna fráfalls maka, heimavinnandi húsmóður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Matvæli, 1. umr.

Stjfrv., 85. mál. — Þskj. 88.

[15:07]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um matvæli. Frv. er lagt fram öðru sinni en það var lagt fram til kynningar á síðasta þingi. Frv. er óbreytt frá því að það var lagt fram síðast að öðru leyti en því að breytt hefur verið orðalagi 2. mgr. 19. gr. frv. í samræmi við tilmæli frá menntmrn.

Frv. sem liggur fyrir var samið af nefnd sem Guðmundur Bjarnason, þáv. heilbr.- og trmrh., skipaði í ársbyrjun 1989. Nefndinni var falið að gera tillögur á nýjum matvælalögum sem áttu að koma í stað laga nr. 24/1936, um tilbúning og dreifingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara, svo og annarra síðar tilkominna laga er tengjast framleiðslu, dreifingu, sölu og eftirliti með matvælum. Nefndinni var sérstaklega ætlað að kanna löggjöf Norðurlanda og athuga hvort og með hvaða hætti hægt væri að samræma íslenska löggjöf á þessu sviði löggjöf þessara landa í samræmi við samþykktir norrænu ráðherranefndarinnar um samræmingu löggjafar á matvælasviðinu.

Nefndin hefur í starfi sínu kynnt sér og haft til hliðsjónar matvælalöggjöf í nágrannaríkjum og löggjöf Evrópubandalagsins EB um matvæli ásamt íslenskum lögum og reglum á þessu sviði. Á starfstíma nefndarinnar hafa orðið miklar umræður um matvælalöggjöf, ekki síst í tengslum við samning um Evrópskt efnahagssvæði, EES, en óvíða hefur hann meiri áhrif en á matvælasviðinu. Fyrir því taldi nefndin eðlilegt að flýta sér ekki um of heldur reyna að standa þannig að málum að frv. til nýrra matvælalaga tæki mið af reglum Evrópubandalagsins. Nefndin telur að lagafrv. það sem hér liggur frammi taki tillit til efnisþátta sem fram koma í áðurgreindri löggjöf.

Matvælalöggjöf og matvælaeftirlit hefur verið í þróun hér á landi frá því á árunum 1935–1936 en á þeim árum hófst örverufræðilegt matvælaeftirlit auk þess sem fyrsta heildarlöggjöfin um eftirlit með matvælum og öðrum neysluvörum tók gildi á þessum tíma. Lögin um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum nr. 24/1936 er að mestu leyti í gildi enn þann dag í dag og í kjölfar þeirra tóku gildi ýmsar reglugerðir um matvæli og matvælaeftirlit.

Á grundvelli laganna var matvælaeftirlit ríkisins starfrækt á árunum 1936–1938 og sérstakt mjólkureftirlit var einnig starfrækt á árunum 1945–1947, síðan mjólkureftirlit fram til ársins 1969. Að öðru leyti var almennt matvælaeftirlit í höndum heilbrigðisnefnda og héraðslækna víðs vegar um land.

Þróun mála hefur leitt til margra breytinga í matvælaframleiðslu og eftirliti og fyrstu reglugerðir um matvæli og matvælaeftirlit koma að litlum notum í dag þó svo að sumar þeirra séu enn í gildi. Matvælalögin hafa þó á margan hátt haldið gildi sínu þannig að nú er tímabært að endurskoða þau með hliðsjón af breyttum tímum og þeim áherslubreytingum sem fyrirsjáanleg-

ar eru í nánustu framtíð í matvælaeftirliti.

Frumvarp að nýjum matvælalögum er samið með hliðsjón af eldri löggjöf á þessu sviði en jafnframt er tekið tillit til breytinga sem verða með samræmingu innri markaðar í Evrópu og reynslu sem fengin er af matvælalöggjöf og matvælaeftirliti hér á landi á undanförnum áratugum og því samstarfi sem Norðurlöndin hafa haft á því sviði.

Jafnframt má vísa til þeirra breytinga sem eru að verða við framkvæmd eftirlits í Kanada og mikilvægum viðskiptaríkjum eins og Bandaríkjunum. Markmið með setningu laga um matvæli er ekki eingöngu að tryggja heilnæmi og hollustu þeirra þó svo að þeir þættir vegi þungt heldur einnig tekið mið af almennum gæðum vörunnar og þáttum sem varða hagsmuni neytenda, svo sem upplýsingagjöf og réttmæta viðskiptahætti.

Helstu nýmæli í frv. eru:

1. Yfirstjórn matvælalöggjafar er samræmd og eftirlit verður á vegum þriggja ráðuneyta.

2. Meðferð matvæla á einkaheimilum er undanskilin gildissviði laganna nema þar fari fram framleiðsla til dreifingar utan heimilisins.

3. Sett eru ákvæði um þekkingu og fræðslu með tilliti til þess að framleiðendur og dreifendur skulu bera ábyrgð á eigin vöru og vandað sé til framleiðslu og meðferðar hennar.

4. Sett eru ákvæði um sérfæðu og þá m.a. fæðu sem ætluð er börnum með hliðsjón og umfangsmikilli og ítarlegri löggjöf annarra ríkja og EB á þessu sviði.

5. Ákvæði um umbúðamerkingar eru ítarlegri og taka mið af þeirri áherslu sem lögð er á góðar umbúðamerkingar í löggjöf annarra ríkja t.d. Bandaríkjanna og EB-ríkjanna.

6. Ný ákvæði um fræðslustarfsemi eru talin mikilvæg til að ná markmiðum greinarinnar til að stuðla að bættri framleiðslu og meðferð matvæla og auka þekkingu og skilning neytenda.

7. Frv. endurspeglar viðhorf varðandi eftirlit þar sem lögð er áhersla á innra eftirlit framleiðenda og dreifenda.

Virðulegur forseti. Ég hef hér stuttlega rakið efni frv. til laga um matvæli. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar heilbr.- og trn.

[15:12]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að ræða innihald frv. sem hér er rætt en langar hins vegar að spyrja hæstv. heilbrrh. einnar spurningar. Hann sagði að heimilisiðnaður, sem seldur væri, væri undir sértöku eftirliti í þessu frv. Ég ætla að spyrja hann að því hvort hann sé í raun og veru að koma í veg fyrir að það sé hægt að baka heima og selja. Þetta hefur verið mikið í umræðu í sumar. Það hafa verið eigendur stórra heimiliseldhúsa sem hafa verið hræddir um að þeim væri gjörsamlega fyrirmunað að fá að framleiða. Ég vona að í þessu frv. felist ekki að þessi heimilisiðnaður verði lagður af.

[15:13]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Þetta var nú eitt þeirra atriði sem ég staldraði við og spurði höfunda frv. sem var nú komið í nokkuð ítarlegt form þegar ég tók við embætti heilbr.- og trmrh. hvernig stæði. Mér skilst að og ég hygg að innihald frv. geri ráð fyrir því að ef um er að ræða sölu utan heimilis þá lúti viðkomandi eldhús almennri löggjöf um hreinlæti og heilbrigðishætti. Með öðrum orðum þá gildi lögin gagnvart því eldhúsi en ekki hin almennu ákvæði um hreinlæti húsmóðurinnar eða heimilisfólksins. Kleinumálið hér í Kolaportinu var auðvitað eitt af þeim málum sem menn horfðu til sérstaklega og það er mat mitt að þessi lög verði til þess að viðkomandi kleinueldhús þurfi á sérstöku leyfi að halda ef um áframhaldandi sölu á þeim kleinum — svo ég taki það dæmi sérstaklega út úr — verði að ræða.

[15:14]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Bara eitt atriði í viðbót. Ég vona að þessi leyfi verði ekki svo ströng að þessi iðnaður verði útilokaður. Ég er viss um að það eru ekki mörg heimili á Íslandi sem eru ekki svo vel búin að það sé ekki óhætt að borða matvæli frá þeim. Það er heilbrigðisfulltrúi í öllum sveitarfélögum þannig að það ætti að vera alveg nóg að heilbrigðisfulltrúi liti yfir svæðið, það þyrftu ekki að koma til einhverjar sérstakar kröfur langt umfram það sem allur almenningur getur greitt fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 15.15.

19. FUNDUR

mánudaginn 25. okt.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, þáltill., 40. mál, þskj. 43. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Dýravernd, stjfrv., 69. mál, þskj. 72. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 88. mál, þskj. 91. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 86. mál, þskj. 89. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almannatryggingar, stjfrv., 83. mál, þskj. 86. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 84. mál, þskj. 87. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Matvæli, stjfrv., 85. mál, þskj. 88. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur þingsæti á ný:

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.

Útbýting þingskjala:

Árangur af einkavæðing bifreiðaeftirlits, 122. mál, beiðni JÁ o.fl. um skýrslu, þskj. 127.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 123. mál, frv. MF o.fl., þskj. 128.

Rekstur grunnskóla, 12. mál, svar menntmrh., þskj. 130.

Styrkveitingar Atvinnuleysistryggingasjóðs 1990–1993, 64. mál, svar heilbrrh., þskj. 129.

Tilflutningur sýslumannsembætta, 125. mál, fsp. IP, þskj. 134.

Útfararþjónusta, 124. mál, fsp. GB, þskj. 133.

Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KE o.fl., 40. mál. — Þskj. 43.

[15:05]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, RG, RB, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, DO, EH, EKJ, FI, FrS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓÞÞ, PBald, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Dýravernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 72.

[15:06]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, FrS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Mat á umhverfisáhrifum, frh. 1. umr.

Frv. umhvn., 88. mál (áætlanagerð um framkvæmdir). — Þskj. 91.

[15:06]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, FrS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG, ÞBack) fjarstaddir.

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 86. mál. — Þskj. 89.

[15:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, DO, EH, FrS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, MF, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 83. mál (heildarlög). — Þskj. 86.
[15:08]
ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, DO, EH, FrS, IBA, JóhS, KHG, MF, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Félagsleg aðstoð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 84. mál. — Þskj. 87.
[15:08]
ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, DO, EH, FrS, IBA, JóhS, KHG, MF, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Matvæli, frh. 1. umr.

Stjfrv., 85. mál. — Þskj. 88.
[15:09]
ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, RB, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, DO, EH, FrS, IBA, JóhS, KHG, MF, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 3.10.

---

20. FUNDUR

mánudaginn 25. okt.,
að loknum 19. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):
Til utanríkisráðherra:
1. Ratsjárstöðvar, fsp., 20. mál, þskj. 20.
2. Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins, fsp., 58. mál, þskj. 61.
3. Landkynning í Leifsstöð, fsp., 79. mál, þskj. 82.
Til dómsmálaráðherra:
4. Staða brotaþola í kynferðisbrotamálum, fsp., 26. mál, þskj. 26.
5. Móttaka flóttamanna, fsp., 33. mál, þskj. 34.
6. Endurskoðun laga um mannanöfn, fsp., 46. mál, þskj. 49.
7. Veðmálastarfsemi, fsp., 52. mál, þskj. 55.
8. Réttaráhrif tæknifrjóvgunar, 53. mál, þskj. 56.
9. Samningur gegn ólöglegri verslun með fíkniefni, fsp., 81. mál, þskj. 84.
Til forsætisráðherra:
10. Orsakir atvinnuleysis, fsp., 27. mál, þskj. 27.
Til fjármálaráðherra:
11. Réttur feðra til launa í fæðingarorlofi, fsp., 45. mál, þskj. 48.
12. Einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar, fsp., 57. mál, þskj. 60.
13. Umfang ómældrar yfirvinnu, fsp., 99. mál, þskj. 102.
14. Leigutekjur af embættisbústöðum, fsp., 107. mál, þskj. 111.
Til heilbrigðismálaráðherra:
15. Staða forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins, fsp., 54. mál, þskj. 57.
16. Héraðslæknisembættin, fsp., 111. mál, þskj. 115.
17. Skrifstofur heilbrigðismála, fsp., 112. mál, þskj. 116.

Til félagsmálaráðherra:

18. Húsnæðiskannanir sveitarfélaga, fsp., 65. mál, þskj. 68.

Til menntamálaráðherra:

19. Átak gegn einelti, fsp., 66. mál, þskj. 69.

Til iðnaðarráðherra:

20. Jöfnun húshitunarkostnaðar, fsp., 78. mál, þskj. 81.

21. Vatnaflutningar til Fljótsdals, fsp., 95. mál, þskj. 98.

Til umhverfisráðherra:

22. Rannsóknir á umhverfisáhrifum vatnaflutninga, fsp., 94. mál, þskj. 97.

Til samgönguráðherra:

23. Stefnumörkun ríkissjórnarinnar vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga, fsp., 108. mál, þskj. 112.

24. Reglur um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna, fsp., 115. mál, þskj. 130.

Ratsjárstöðvar.

Fsp. EKG, 20. mál. — Þskj. 20.

[15:10]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Fyrir tæpum áratug síðan fóru fram miklar umræður um hugsanlega endurnýjun á ratsjárkerfi varnarliðsins og uppsetningu tveggja nýrra ratsjárstöðva á Norðvesturlandi og Norðausturlandi. Í tengslum við þær umræður var því m.a. velt fyrir sér hvort ætlunin væri eða æskilegt væri að setja upp sérstakar skiparatsjár í tengslum við ratsjárstöðvarnar sem síðar voru reistar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli. Í sérstakri skýrslu sem varnarmáladeild utanrrn., ratsjárnefnd, gaf út í október 1984 eru þessi mál m.a. tekin til umfjöllunar og sérstaklega skoðað notagildi uppsetningar skipaeftirlitsratsjáa. Niðurstaða þessarar skýrslu er sú að upplýsingar frá skiparatsjám á stöðvum norðvestanlands og norðaustanlands mætti nota m.a. á eftirfarandi hátt:

1. Til öryggiseftirlits með skipum af öllum gerðum.

2. Til eftirlits með fiskveiðum.

3. Til að fylgjast með veðri og jafnvel til að greina hafís.

Síðan er farið nákvæmari orðum um þetta og m.a. vakin athygli á að hægt væri að fylgjast með umferð á viðkomandi hafsvæði og ferðum einstakra skipa og frá því greint að ratsjárkerfi af þessu tagi séu algeng á fjölförnum skipaleiðum, t.d. á Ermarsundi. Enn fremur er sagt um eftirlit með fiskveiðum að ljóst sé að nota mætti upplýsingar frá skiparatsjám til þess að fylgjast með sókn á þau fiskimið sem eru innan sjónmáls frá þeim stöðvum þar sem ratsjárnar eru staðsettar. Varðandi önnur not er vakin athygli á því í þessari ítarlegu skýrslu að hægt sé að nýta skipa- og flugratsjár til að greina úrkomusvæði og hefði þess vegna ómetanlegt gildi fyrir veðurspá. Þessi úrkomusvæði væru þá auðkennd á ratsjárskjánum og gerður greinarmunur á t.d. allt að 7 úrkomustigum.

Niðurstaðan af þessum vangaveltum skýrsluhöfunda er þessi, með leyfi virðulegs forseta:

„Sérstökum skiparatsjám yrði komið fyrir á þeim stöðum þar sem rætt hefur verið um að reisa ratsjárstöðvarnar til eftirlits með flugumferð umhverfis landið. Þessar stöðvar gætu greint skip í allt að 56 sjómílna fjarlægð frá Stigahlíð, 34 sjómílna fjarlægð frá Hrollaugsstaðafjalli og 59 sjómílna fjarlægð frá Gunnólfsvíkurfjalli. Upplýsingar frá þessum ratsjám kæmu einkum að gagni við öryggiseftirlit með skipaumferð á þessum svæðum. Upplýsingar frá stöðvunum kæmu einnig að gagni við stjórn leitar- og björgunaraðgerða á lofti og legi. Er ljóst að nota má slíkar ratsjár til að fylgjast með úrkomu og jafnvel hafís á þeim svæðum sem ratsjáin nær til. Þessi atriði eru þó háð tæknilegri útfærslu á búnaði skipaeftirlits ratsjárinnar og þeim aðferðum sem beitt yrði við að vinna úr upplýsingum frá henni."

Nú eru fjórar ratsjárstöðvar í gangi á Íslandi og samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef aflað mér hafa ekki enn þá verið settar upp neinar skiparatsjár og í sérstökum bæklingi um þessar ratsjárstöðvar sem Ratsjárstofnun gefur út, eru heldur ekki nefndar þessa skiparatsjár né hvort ætlunin sé að standa við það sem talað var um í þessari fyrrnefndu skýrslu ratsjárnefndar frá 1984. Því hef ég leyft mér að leggja fram eftirfarandi fsp. til hæstv. utanrrh.:

„Hvað líður uppsetningum skiparatsjáa í tengslum við ratsjárstöðvarnar á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli?"

[15:14]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Uppsetning skiparatsjáa á ratsjárstöðvunum á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli var á sínum tíma samþykkt af hermálayfirvöldum Atlantshafsbandalagsins sem hluti af endurnýjun ratsjárkerfisins á Íslandi. Sú ákvörðun stendur enn og á því hefur ekki orðið breyting. Uppsetning þessara skiparatsjáa hefur hins vegar dregist frá því sem stefnt var að og er ástæðan endurskoðun á framkvæmdaáætlunum Mannvirkjasjóðs bandalagsins. Það sem hefur hamlað endanlegri afgreiðslu er að verulegur fjárskortur hefur verið á fjármagni til nýframkvæmda bæði árin 1992 og 1993.

Nú stendur yfir endurskoðun. Hún er fyrst og fremst tilkomin vegna nýrrar öryggismálastefnu Atlantshafsbandalagsins sem var ákveðin á leiðtogafundi bandalagsins í Róm 1991. Að því hefur verið unnið að meta hvaða verkefnaflokka Mannvirkjasjóðurinn skuli kosta áfram og hvaða verkefnaflokkar skulu aflagðir. Sérstök nefnd hefur unnið að þessu mati og er henni ætlað að ljúka störfum fyrir varnarmálaráðherrafund Atlantshafsbandalagsins í desember nk. Í þeim drögum sem fyrir liggja er áfram gert ráð fyrir þátttöku Mannvirkjasjóðsins við kostnað við framkvæmdir á skiparatsjám eins og áform eru um á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli. Það virðist vera afstaða flestra ríkja sem eiga aðild að Mannvirkjasjóðnum hins vegar að fresta ákvarðanatöku um flest verkefni þar til endurskoðun-

inni, sem ég vék að á vegum varnarmálaráðherranna, er lokið.

Eins og fram hefur komið í svari mínu er meginástæðan fyrir þeirri seinkun sem orðið hefur á framkvæmdinni sú að frá miðju ári 1992 til dagsins í dag hefur ekki verið fyrir hendi nægilegt fjármagn til þess að greiða fyrir nýjum framkvæmdum Mannvirkjasjóðsins. Framlög einstakra ríkja hafa lækkað eða það hefur verið dregið á langinn að inna þau af hendi, m.a. með vísan til framangreindrar heildarendurskoðunar.

Nú eru líkur á því að úr þessum vanda rætist að nokkru á næstunni. Það verður hlutverk hermálayfirvalda að endurskoða forgangsröð nýrra verkefna í ljósi þess fjármagns sem þá verður fyrir hendi þannig að ekki er unnt á þessu stigi málsins að slá neinu föstu um framhaldið annað en það að ákvörðun hefur enn ekki verið dregin til baka.

[15:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var þannig á sínum tíma þegar verið var að reka áróður fyrir þessum hernaðarframkvæmdum í landinu á árunum 1983–1985, að þá var mikið gert úr þessu borgaralega hlutverki ratsjárstöðvanna og þvílík hlunnindi það mundu verða fyrir íslenska sjómenn, veðurstofustarfsmenn og jafnvel bændur að njóta allra kostanna sem þessari starfsemi mundi fylgja. Það yrði hægt að fylgjast með skipaumferð, spá fyrir um veður og sjá regnskúri koma, jafnvel mætti ætla að hægt væri að auðvelda bændum heyskapinn með þessu tækniundri þegar ratsjárstöðvarnar segðu fyrir um úrkomuskýin. Það er afar athyglisvert í ljósi þessa málflutnings nú að hlýða næstum 10 árum síðar á svör utanrrh. og dæmigert fyrir aðferðafræðina alla í þessum málum, að efndirnar hafa orðið þær sem raun ber vitni.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svar hans sem var ákaflega skýrt. Það liggur sem sagt fyrir að ætlunin er að efna það fyrirheit sem gefið var fyrir tæpum áratug síðan eða á árinu 1984–1985 um það að koma upp þessum skiparatsjám. Ég tek undir það með hv. 4. þm. Norðurl. e. að af þessum skiparatsjám verður auðvitað mjög mikið gagn eins og hann rakti mjög ítrlega hér í sínu máli hér áðan og í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. Orð hans styrkja mjög þennan málflutning sem ég hef verið að hafa hér frammi og er mjög í samræmi við það sem við héldum fram sem töluðum máli ratsjárstöðvanna á árinu 1984–1985.

Ég held að það sé ástæða til þess að endurtaka að það er auðvitað hægt að hafa mjög margvísleg not af þessum ratsjárstöðvum, ekki bara til þess að sjá rigningarskúr á lofti ef menn ætla að fara í heyskap, heldur líka til þess að fylgjast með skipaumferð og getur þetta þess vegna verið ómetanlegt öryggistæki eins og öllum er ljóst. Ég held því að það sé ástæða til þess að taka undir það og ítreka það og leggja á það áherslu við hæstv. utanrrh. að þessu máli verði fylgt fast eftir. Það kom fram í máli hans að það eru enn þá samkvæmt þeim drögum sem liggja fyrir áform um að þessum skiparatsjám verði komið upp í þessum ratsjárstöðvum og eins og menn hafa bent á eru mjög gild rök fyrir því að það verði og við höfum auðvitað mjög mikil borgaraleg not af því eins og það var orðað hér áðan. Þess vegna er ástæða fyrir okkur að fylgja þessu máli fast eftir í þeim viðræðum sem fara fram núna á næstu vikum og mánuðum og ég fagna því að hæstv. utanrrh. hefur talið ástæðu til að þessu máli verði fylgt eftir og vakið athygli á mikilvægi og nauðsyn þess.

Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins.

Fsp. KÁ, 58. mál. — Þskj. 61.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Íslendingar eru aðilar að fjölda alþjóðasamtaka og stofnana sem gegna margvíslegum hlutverkum. Innan þessara stofnana er að finna ráð, nefndir og sjóði sem Íslendingar taka þátt í og greiða gjöld til en oft fréttist lítið af því starfi sem þar fer fram. Einn af þeim sjóðum sem Evrópuráðið hefur á sínum snærum er svokallaður Viðreisnarsjóður Evrópuráðsins eða Council of Europe Resettlement Fund eins og hann heitir á ensku. Sjóður þessi hefur það hlutverk að veita þeim þjóðum Evrópuráðsins lán sem verða fyrir áföllum af einhverju tagi, svo sem jarðskjálftum, flóðum eða öðrum náttúrhamförum, en einnig og ekki síst að styðja þær þjóðir ráðsins sem stríða við hvers kyns félagslegt misrétti að leiðrétta það. Þannig hafa lán verið veitt til að útrýma heilsuspillandi húsnæði, til aðstoðar flóttamönnum og fleira.

Viðreisnarsjóðurinn heyrir undir aðra þeirra nefnda sem ég á sæti í í Evrópuráðinu, þ.e. þá nefnd sem fjallar um málefni flóttamanna, fólksfjöldaþróun og lýðfræði.

Á fundi nefndarinnar sl. vor var þeim tilmælum beint til þingmanna að vekja athygli á sjóðnum og kanna hvort og hvernig viðkomandi ríkisstjórnir hefðu nýtt sér sjóðinn.

Í þeim gögnum sem ég hef undir höndum kemur fram að Íslendingar hafa fengið lán úr sjóðnum án þess að það komi fram til hvers þau hafi verið notuð. Því legg ég eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. utanrrh. á þskj. 61:

„1. Hversu mikið fé hafa Íslendingar greitt árlega til Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins á árunum 1988–1993?

2. Hversu mikla peninga hafa Íslendingar fengið að láni úr sjóðnum frá stofnun hans?

3. Hvenær var síðast sótt um lán og til hvaða verkefnis?

4. Til hvaða verkefna hefur lánum frá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins verið varið hér á landi?"

[15:23]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Fyrst er spurt hversu miklu fé Ís-

lendingar hafi varið árlega til Viðreisnarsjóðs Evrópuráðsins á árunum 1988–1993. Svarið er að Ísland hefur ekki greitt bein framlög til sjóðsins á þessum árum, hins vegar fer hluti af framlagi Íslands til Evrópuráðsins til almenns reksturs þess en það nam 184.500 kr. á yfirstandandi ári. Því má bæta við að Ísland tók hins vegar þátt í höfuðstólsaukningu sjóðsins, bæði 1987 og 1988 og eins 1991 og 1992. Með höfuðstólsaukningunni voru styrkari stoðir færðar undir starfsemi sjóðsins, engar greiðslur fóru fram af Íslands hálfu, einungis tilfærslur úr varasjóði og trygging sem íslensk stjórnvöld gefa. En með þátttöku í þessari höfuðstólsaukningu tryggði Ísland sér áfram sömu eignarhlutdeild í sjóðnum og verið hafði.

Í annan stað er spurt hversu mikla peninga hafa Íslendingar fengið að láni úr sjóðnum frá stofnun hans. Svarið er að Ísland hefur fengið lán frá stofnun hans árið 1956 til ársloka 1992 samtals að upphæð 67 millj. ECU eða sem svarar 5,5 milljörðum íslenskra króna miðað við gengi íslensku krónunnar í dag.

Þriðja spurning: Hvenær var síðast sótt um lán og til hvaða verkefnis? Svarið er að þann 16. júlí sl. var sótt um lán fyrir hönd Byggðastofnunar að fjárhæð 7,2 millj. ECU eða um 580 millj. ísl. kr. Umsóknin var dregin til baka þar sem verkefni þau sem Byggðastofnun ætlaði að endurlána til þóttu ekki nægilega traustlega skilgreind. Umsókn Byggðastofnunar verður væntanlega lögð fram að nýju á næstunni. Þá ákvað ríkisstjórnin þann 23. febr. sl. að afsala sér 115 millj. kr. lánsheimild á niðurgreiddum vöxtum frá sjóðnum með því skilyrði að lánið yrði notað til aðstoðar við flóttamenn í fyrrverandi Júgóslavíu. Ætla má að vextir af þessu láni séu nú um 9 millj. ísl. kr. lægri á ári en á almennum lánamarkaði þannig að þetta var umtalsverð aðstoð við þá sem eiga um sárt að binda í þessum löndum.

Síðasta lán sem Ísland fékk til uppbyggingar hér á landi var 23. júlí 1984 til Byggðastofnunar sem endurlánaði til ýmissa verkefna, bátasmíði, frystihúsa og hafnarmannvirkja.

Í fjórða lagi er spurt: Til hvaða verkefna hefur lánum frá Viðreisnarsjóðnum verið varið hér á landi? Ísland hefur fengið lán vegna samgönguáætlunar Vestfjarða 1965–1968 og byggðalínuverkefnisins sem fólst í samtengingu raforkuvera á Íslandi. Einnig tók Framkvæmdasjóður fyrir hönd Byggðastofnunar ýmis lán hjá Viðreisnarsjóðnum, Byggðastofnun endurlánaði síðan til fjölda verkefna, þar á meðal til uppbyggingar í Vestmannaeyjum eftir eldgosið 1973.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þessi svör, þau voru skýr og skilmerkileg. Mér þótti þó merkilegt það sem kom fram sem svar við fyrstu spurningunni að það væri ekki greitt beint til sjóðsins því það kom fram á þessum fundi í vor að það væru einmitt vandræði hvað fáar þjóðir greiddu beint til hans.

Mér finnst líka athyglisvert að heyra hvaða verkefni hafa verið hér á ferð því samkvæmt þeim skilgreiningum sem fylgja þeim plöggum sem ég hef undir höndum þá teygja menn sig greinilega nokkuð langt í að skilgreina hvað er að draga úr félagslegu misrétti eða bæta stöðu fólks, en það er kannski bara af því góða. En samkvæmt ársskýrslu 1992 þá eru það einkum Tyrkir og Grikkir sem hafa notið styrkja eða lána úr sjóðnum, enda geta menn sagt sér það að þar er við ýmsa erfiðleika að etja. Það er svo sem ekki meira um þetta að segja, ég mun kanna þetta mál nánar en það er athyglisvert að Íslendingar skuli afsala sér lánum en greinilegt að menn þurfa líka að vanda betur umsóknirnar þegar Byggðastofnun á í hlut.

Landkynning í Leifsstöð.

Fsp. JVK, 79. mál. — Þskj. 82.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Í því ástandi í atvinnumálum sem við Íslendingar búum nú við er brýnt að efla allt framtak á sviði atvinnuuppbyggingar. Ferðaiðnaður hefur verið vaxtarbroddur í atvinnulífi okkar undanfarin ár. Ferðamálaráð hefur sett sér það markmið að fjölga störfum fram til aldamóta þannig að ferðaiðnaðurinn geti fjölgað störfum um 2.200 á þeim árum. Þetta telur Ferðamálaráð vera hægt án verulega aukins fjármagns nema í markaðssetningu. Nú eru auglýsingar stór hluti af markaðssetningu og tilvalið að ná til þeirra ferðamanna sem fara um Leifsstöð.

Á ferðamálaráðstefnu í Stykkishólmi í fyrra var samþykkt svohljóðandi ályktun, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðstefna Ferðamálaráðs Íslands, haldin í Stykkishólmi 30. okt. 1992, beinir því til utanríkisráðuneytisins að gert verði átak í að nýta möguleika Leifsstöðvar til landkynningar með því að þar verði komið upp myndum af landinu og/eða myndbandasýningum þannig að sá fjöldi ferðamanna sem fer um stöðina eigi þess kost að sjá meira af Íslandi en nú er.“

Nú á þessu hausti var enn ítrekuð þessi samþykkt og hún send til samgrh. Nú veit ég að utanrrh. telur að hann hafi algjörlega yfir málefnum flugstöðvar að segja og hvað þar fer fram. Það er því spurning mín hvort hæstv. ráðherra hafi eitthvað gert í málinu eða hvað sé því til fyrirstöðu að verða við þessum óskum Ferðamálaráðs. Hef ég leyft mér að bera fram til hans svohljóðandi fyrirspurn á þskj. 82:

„Er eitthvað í vegi fyrir því að hægt sé að kynna land og þjóð með veggmyndum eða myndbandasýningum í Leifsstöð á Keflavíkurflugvelli?“

[15:29]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr: Er eitthvað sem kemur í vegi fyrir að hægt sé að kynna land og þjóð með veggmyndum eða myndbandasýningum í Leifsstöð? Svarið er það að það er ekkert í vegi fyrir því að kynna land og þjóð með þessum hætti ef einhverjir að-

ilar hafa að því frumkvæði og undirbúa kynningu vel enda hafa tímabundnar kynningar farið fram í flugstöðinni þó ekki verði því haldið fram að tíminn hafi verið nýttur til fulls.

Á þeim rúmum sex árum sem liðin eru frá vígslu flugstöðvarinnar þá hafa verið haldnar tvær stórar myndkynningar af sérstökum tilefnum. Hið fyrra var vegna samnorrænnar víkingahátíðar, Scandinavia Today, þegar Norðurlönd voru kynnt með veglegum hætti. Í tengslum við hana var komið fyrir stórum myndum í röð á standi eftir miðjum landgangi flugstöðvar og vöktu þær töluverða athygli ferðamanna. Hin kynningin var vegna ferðamálaárs Evrópu árið 1990. Veggmyndum var þá komið fyrir á veggjum ganga flugstöðvarinnar utan hins svokallaða „transit-svæðis".

Þess eru ekki dæmi að komið hafi verið upp kynningarbásum eða myndbönd notuð, flugstöðin hefur sjálf ekki hingað til haft frumkvæði að slíku kynningarátaki. Óskir hafa komið fram frá ýmsum aðilum um að efna til slíkrar kynningar. Yfirleitt hefur verið gert ráð fyrir þeim í bland við margvíslega auglýsingastarfsemi en þá hefur verið gert ráð fyrir því að auglýsingarnar ættu að vera ráðandi og í þeim tilvikum hafa kynningaraðilar undantekningarlaust ætlað sjálfum sér tekjur af auglýsingunum og þannig farið fram á það að flugstöðin veitti þessa þjónustu endurgjaldslaust.

Auglýsingar í skjóli kynningar hafa hingað til ekki þótt nægilega góður kostur og þeim beiðnum hefur ýmsum verið hafnað. Almenna reglan er sú að veggir Leifsstöðvar eru ætlaðar fyrir auglýsingar því flugstöðin þarf á tekjum að halda. En þótt stöðin hafi ekki beinar tekjur af einhverri kynningu gæti hún til lengri tíma aukið tekjur sínar vegna slíkrar kynningar og hver hugmynd um kynningu hefur því verið metin sérstaklega með það í huga hvaða ávinningur gæti orðið af henni, hvort sem er fyrir flugstöðina sjálfa eða fyrir ferðaþjónustu og íslenskt atvinnu- og menningarlíf.

Það er ekki alltaf auðvelt að meta ávinning af kynningu í krónum og aurum til skamms tíma. Hins vegar er hægt að leitast við að tryggja ávinning sem best með því að þeir aðilar sem best þekkja til beiti sér fyrir kynningu og hafi samráð sín í milli þegar það á við og helstu aðilar væru t.d. Ferðamálaráð, Útflutningsráð og Listasafn Íslands, auk þess sem fleiri aðilar gætu eflaust verið þátttakendur í því.

Utanrrn. leitar stöðugt eftir því að finna nýjar leiðir til þess að kynna starfsemi flugvallarins og íslenskt atvinnu- og menningarlíf. Komi fram hugmyndir um kynningu verða þær að sjálfsögðu skoðaðar með jákvæðu hugarfari og velvilja í samráði við flugstöðvarstjóra og aðra aðila sem gætu þurft að koma að málinu.

Ég kýs að bæta því við að undan því hefur verið kvartað að flugstöðin sé heldur ekki nýtt nægilega til auglýsingastarfsemi af hálfu íslenskra fyrirtækja og íslensks atvinnulífs svo sem venja er í flestum sambærilegum flugstöðvum vítt og breitt um heiminn.

Á árinu 1993 eru einungis fimm aðilar sem hafa keypt auglýsingar í stöðinni. Þeir greiða ársfjórðungslega sem svarar 157 þús. ísl. kr. fyrir þessa kynningu en tekjur flugstöðvarinnar hafa orðið mestar af slíkri auglýsingastarfsemi árið 1990, 88.000 bandaríkjadalir sem jafngildir 4,9 millj. ísl. kr. á núverandi gengi. Þetta hefur dregist saman, kvartanir hafa heyrst um það að auglýsingaverðið sé of hátt af hálfu flugstöðvarinnar. Ég tel að hvort tveggja þurfi að auka, kynningarstarfsemi á vegum landkynningaraðila eða samtaka sem og auglýsingastarfsemi á vegum íslenskra fyrirtækja, og að efna þurfi þá til viðræðna og samninga um þá taxta sem að lágmarki verður að setja fram kröfu um að flugstöðin hafi fyrir slík viðskipti.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir svörin. Það er greinilegt að þarna fer fram einhver auglýsingastarfsemi og þá kannski landkynning í framhaldi af því. Ég held hins vegar, eins og kom fram í hans máli, að það sé hægt að auka þetta verulega og skýringin á því að Ferðamálaráð hefur ekki talið sig hafa aðstöðu til þess eða ekki hafa raunverulega leyfi til þess séu fjárhagserfiðleikar vegna þess að fjárframlag til Ferðamálaráðs er mjög mikið skorið niður og það fær aldrei sína lögbundnu tekjustofna sem það á að fá samkvæmt lögum. Sá niðurskurður er á milli 700 og 800 millj. á síðustu sjö árum. Það er kannski skýringin á því ef þeir eiga að fara að greiða stórar upphæðir fyrir auglýsingarnar þarna þá sjái þeir sér það ekki fært. En þar sem ég heyri að hæstv. ráðherra er þess mjög fýsandi að þetta sé aukið þá vænti ég þess að hann muni áfram beita sér í þessu máli og það er kannski ekki úr vegi að hann hafi til þess liðsinni hæstv. samgrh. því það væri áreiðanlega heppilegt að skoðanir þeirra færu saman um það hvaða starfsemi fer fram í Leifsstöð.

[15:35]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka undir orð hv. þm. og fyrirspyrjanda að það færi mjög vel á því í framtíðinni að skoðanir samgrh. og utanrrh. færu saman.

Útbýting þingskjala:

Árangur viðræðna við EB um landbúnaðarmál, 127. mál, fsp. JHelg, þskj. 137.

Flutningur ríkisstofnana, 126. mál, fsp. JónK, þskj. 136.

Staða brotaþola í kynferðisbrotamálum.

Fsp. ISG, 26. mál. — Þskj. 26.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Á þskj. 26 ber ég fram svohljóðandi fyrirspurn til dómsmrh.:

„Er þess að vænta að í því frv. til laga um breyting á lögum nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála,

sem boðað er í stefnuræðu forsrh., verði reynt að styrkja stöðu brotaþola í kynferðisbrotamálum í samræmi við ábendingar sem Alþingi sendir dómsmrh. á síðasta þingi?"

Ástæðan fyrir því að ég ber fram þessa fsp. í upphafi þings er sú að á síðasta þingi var samþykkt þál. Fyrsti flm. þeirrar tillögu var Sólveig Pétursdóttir en þar ályktaði Alþingi m.a. að fela dómsmrh. að skipa nefnd til að athuga hvort taka ætti upp það fyrirkomulag að ríkissjóður ábyrgðist greiðslur dæmdra bóta vegna grófra ofbeldisbrota.

Þá var líka samþykkt að vísa til ríkisstjórnarinnar till. til þál. sem ég var fyrsti flm. að en í afgreiðslu Alþingis á þeirri tillögu segir m.a., það er nál. allshn. sem ég vísa í, með leyfi forseta:

„Nefndin telur að tillagan hreyfi við mikilvægu máli sem vert er að fela ríkisstjórninni að kanna og leggja fram tillögur um svo fljótt sem auðið er. Sérstaklega er athyglisverð hugmynd sem reifuð er í grg. með tillögunni á bls. 2. Snýr hún að því að þolendur kynferðisbrota öðlist fortakslausan rétt til endurgjaldslausrar aðstoðar löglærðs talsmanns allt frá upphafi rannsóknar og þar til meðferð máls lýkur."

Þetta var samþykkt á þinginu í fyrra og nú sá ég í fylgiskjali með stefnuræðu forsrh. að ætlunin væri að leggja fram frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála og því hlýt ég að spyrja hvort þessi mál komi þar sérstaklega til skoðunar. Ekki síst í ljósi þess að nýverið eða þann 22. sept. sl. var haldinn mjög fjölmennur fundur hér í bænum á vegum svokallaðrar kvennakeðju um meðferð kynferðisofbeldismála og þar var ályktað sérstaklega út af meðferð þessara mála í réttarkerfinu. Þar er ályktun í níu liðum þar sem listað er upp hvaða breytingar það fólk, það voru reyndar bæði karlar og konur sem fjölmenntu á þennan fund og skrifuðu nafn sitt undir þessa ályktun, hvaða breytingar það vill sjá á lögum um meðferð opinberra mála. Því spyr ég nú ráðherra hvort standi til að taka tillit til þessara ábendinga sem berast úr ýmsum áttum.

[15:39]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það frv. sem hv. fyrirspyrjandi víkur að í fsp. sinni tengist heildarendurskoðun reglna um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála almennt fyrir Hæstarétti. Í því frv. verður þess vegna ekki fjallað um þetta viðfangsefni sem hér er gert að umtalsefni.

Það er vissulega svo að á síðasta þingi var þessu máli hreyft og ég fyrir mitt leyti tek undir það að mjög mikilvægt er að huga að nauðsynlegri endurskoðun á lögum vegna þessara mála og vegna nýrra viðhorfa sem uppi eru í þeim efnum. Ráðuneytið hefur nú í undirbúningi, í framhaldi af ályktunum Alþingis sl. vor, að skipa sérstaka nefnd til þess að kanna þessi mál og gera nauðsynlegar tillögur um breytingar á lögum að þessu leyti. Það hefur einnig komið til skoðunar hvort sama nefnd muni fjalla um viðfangsefni sem einnig hafa verið til meðferðar í ráðuneytinu og það er könnun á því hvort setja eigi nýjar reglur um nálgunarbann vegna ofsókna sem konur sæta í of ríkum mæli. Það er til athugunar hvort það má vera til hagræðis og til þess að flýta fyrir meðferð beggja málanna að sama nefndin fjalli um þessi viðfangsefni.

Hvað lögfræðiaðstoðina varðar þá er einnig í undirbúningi endurskoðun á lögum um þau efni. Ég taldi hins vegar að það væri of svifaseint að bíða eftir slíkri heildarendurskoðun og ákvað þess vegna nú í haust að veita sérstakan styrk til lögfræðiaðstoðar þeirra sem verða fyrir nauðgun þannig að þegar hefur a.m.k. að hluta til verið komið til móts við þau sjónarmið. En það verður unnið mjög ákveðið og skipulega að endurskoðun þessara mála og nýjum tillögum og ég vænti þess að við getum séð þær eða kynnt þær hér á þinginu áður en þessu þingi lýkur.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég fagna þessum svörum dómsmrh. sem mér fannst bera vott um að hann væri tilbúinn til að skoða þessi mál með jákvæðum huga og láta ekki þar við sitja heldur stefna að því að leggja fram á þessu þingi einhverja breytingu á lögum í þessa veru. Ég held einmitt að þetta sé mjög brýnt og fagna því að til standi að skipa nefnd til að vinna í málinu og gera tillögur til breytinga. Ég vona sannarlega að í þeirri nefnd sitji m.a. fulltrúar þeirra hópa eða þeirra samtaka sem hafa unnið sérstaklega að þessum málum og hafa mjög víðtæka reynslu og mjög mikla sögu að segja um hvernig þessum málum er nú háttað.

Ráðherra minntist hér á nálgunarbann, hvort nefndin ætti að fjalla sérstaklega um það. Ég held að það sé alveg tímabært að setja eitthvað slíkt í lög eða taka á því máli vegna þess að eins og málum er háttað í dag, þá er það oft þannig, og því miður verð ég að segja, að menn sem koma t.d. út úr fangelsum á svokallaðri reynslulausn eiga að baki talsvert mikla ofbeldissögu, ekki síður á heimili heldur en annars staðar. Þegar þessir menn fara á reynslulausn út úr fangelsunum, þá fara konurnar þeirra í rauninni í fangavist í Kvennaathvarfið eða annars staðar. Og það eru fleiri en eitt og fleiri en tvö og fleiri en þrjú dæmi sem ég hef um þetta og það eru nýleg dæmi um menn, sem í raun og veru eru hættulegir ofbeldismenn. Og það er grátlegt til þess að vita að þegar þeir fara út, þá fara þær inn sem ekkert hafa af sér brotið.

Ég heyrði líka í hádegisfréttum útvarpsins í dag að það stæði til að taka á nauðgun sem hugsanlega gæti komið til af gáleysi, þ.e. ekki af ásetningi og það finnst mér líka mál sem er tímabært að skoða.

Móttaka flóttamanna.

Fsp. SJS, 33. mál. — Þskj. 34.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir

hæstv. dómsmrh. fyrirspurnir sem varða frammistöðu okkar Íslendinga eða framkvæmd á móttöku erlendra flóttamanna. Það er þannig, eins og kunnugt er, að þó Íslendingar hafi fullgilt flóttamannasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 1951, þá virðist ýmsu ábótavant hvað varðar fyrirkomulag þeirra mála í okkar löggjöf og þó ekki síður hvað varðar framkvæmdina, ef á hana reynir eða á hana kynni að reyna. Réttur flóttamanna á Íslandi er til að mynda hvorki tryggður í lögum né í okkar stjórnarskrá. Það vantar skilgreiningu á hugtakinu „flóttamaður". Það eru í raun engar skýrar reglur til um það né heldur hvenær megi vísa manni sem óskar eftir hæli frá og hvernig fara skuli með meðferð slíkra mála og hver réttarúrræði þess fólks skuli vera.

Hins vegar höfum við, eins og áður sagði, fullgilt flóttamannasamninginn og þar eru slíkar skilgreiningar og ýmis ákvæði eins og t.d. þau sem banna frávísun flóttamanns frá landamærum og meginregla samningsins er sú að mál hælisumsækjanda skuli könnuð. Hann skal njóta lögfræðiaðstoðar á öllum stigum og hafa rétt til þess að áfrýja máli sínu til dómstóla. Að sjálfsögðu skulu honum aðgengileg öll þau gögn sem varða hans réttarstöðu og þar fram eftir götunum. Á þessu eru verulegar brotalamir án þess að tími sé til þess að rekja það hér frekar. En sem dæmi má nefna að lögin um málefni útlendinga hafa ekki verið til á erlendum tungumálum nema ef vera skyldi dönsku, en eins og kunnugt er eru nú ekki mestar líkur á því að erlendir flóttamenn eða pólitískir komi hingað frá Danmörku.

Það er að vísu svo að sem betur fer hefur e.t.v. ekki reynt á það, þannig að hægt sé að sýna fram á að við Íslendingar höfum með beinum hætti gerst brotlegir og brotið rétt á flóttamönnum sem hér hafa leitað hælis. En engu að síður er það mjög athyglisverð og umhugsunarverð staðreynd að Íslendingar hafa aldrei veitt einstaklingi sem hér hefur leitað eftir hæli sem flóttamaður vist. Nú er við því að búast að samgöngur séu að breytast þannig til landsins að reglubundnar samgöngur verði frá Íslandi til þriðja heims landa. Sú þægindastaða sem við höfum að nokkru leyti búið við og skýlt okkur á bak við í þessum efnum, að geta endursent flóttamenn eða einstaklinga, sem hingað koma án fullgildandi pappíra, til nágrannalandanna, Norðurlandanna, og treyst því að þar fái mál þeirra réttláta meðferð, verður því e.t.v. ekki fyrir hendi í framtíðinni ef héðan hefjast t.d. áætlunarsamgöngur til þriðja heims ríkja.

Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh. eftirfarandi spurningar:

„Hefur dómsmálaráðuneytið í undirbúningi að gera úrbætur varðandi meðferð mála erlendra flóttamanna sem kunna að beiðast hér hælis?

[15:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Því er til að svara að dómsmrn. fyrir sitt leyti stuðlar að því að flóttamenn sem hingað koma og beiðast hælis njóti allra þeirra réttinda sem alþjóðlegar skuldbindingar krefjast. Lög um eftirlit með útlendingum kveða svo á að ef útlendingur sem hingað kemur ber að hann hafi orðið að leita sér hælis sem pólitískur flóttamaður og framburður hans telst sennilegur, þá má lögreglan ekki meina honum landgöngu. Skal leggja málið án tafar fyrir dómsmrh. til úrskurðar.

Þegar rætt er um úrbætur er varða meðferð mála erlendra flóttamanna ber þess að geta að allar úrbætur hljóta að ráðast af því hver þörfin er á hverjum tíma. Flóttamenn hafa ekki lagt leið sína hingað til lands með sama hætti og til margra annarra landa og eru þarfir hér því aðrar en víðast hvar annars staðar þar sem hópar flóttamanna koma dag hvern eins og hv. fyrirspyrjandi gat reyndar um í ræðu sinni. Atriði sem nefnd hafa verið og talin er þörf úrbóta á varða einkum stöðu flóttamanns þegar hann kemur til landsins, t.d. að hann geti notið aðstoðar túlks og eftir atvikum lögmanns og hann hafi aðgang að reglum sem gilda um útlendinga. Þegar útlendingur kemur til landsins hvort sem hann er flóttamaður eða ekki ber honum eins og öðrum að gera grein fyrir sér. Ef hann kveðst vera flóttamaður þá er það hlutverk lögreglu eða vegabréfaeftirlits að kanna frásögn hans. Er þá m.a. haft samráð við útlendingaeftirlitið sem síðan hefur samband við dómsmrn. um frekari meðferð málsins. Ráðuneytið hefur þegar gert ráðstafanir til þess að lögin um eftirlit með útlendingum og reglugerð um sama efni verði þýdd á ensku og einnig er fyrirhugað að þau verði þýdd á frönsku. Til þessa hafa lögin og reglugerðin eingöngu verið til í danskri þýðingu. Með þessu ættu reglur um þetta að verða aðgengilegri fyrir útlendinga og er fyrirhugað að þessar þýddu útgáfur liggi frammi á þeim stöðum þar sem útlendingar koma til landsins.

Ráðuneytið telur rétt að miða við það að túlkur verði fenginn til aðstoðar við skýrslutöku og eftir atvikum einnig lögmaður þegar þess er þörf eða óskað er eftir. Þetta er reyndar gert eftir því sem unnt er þegar til beinnar skýrslutöku kemur en er ekki lögboðið. Hefur ráðuneytið þegar áréttað þetta atriði við útlendingaeftirlitið og mun það einnig beina því til utanrrn. sem fer svo sem kunnugt er með framkvæmd mála á Keflavíkurflugvelli.

Á það hefur einnig verið bent að ekki sé unnt að bera ákvörðun dómsmrn. um það hvort einstaklingi skuli veitt hæli undir æðra stjórnvald eða dómstóla. Er í þessu sambandi rétt að vekja athygli á breytingu sem lögð er til í frv. til laga um breyting á ýmsum lögum er varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að EES, sem lagt var fram á síðasta þingi og hefur nú verið endurflutt. Þar er lagt til að lögum um eftirlit með útlendingum verði breytt á þann veg að ákvarðanir sem nú eru í höndum dómsmrn. flytjist til útlendingaeftirlitsins en með kærurétti til ráðuneytisins. Í sambandi við umræðu um þessi mál ber að hafa í huga þá staðreynd að fáir flóttamenn leggja leið sína hingað til lands og eru umsóknir um hæli því fátíðar. Mál vegna flóttamanna komu síðast til úrskurðar í dómsmrn. fyrir fáeinum árum, árið 1990 að ég hygg. Árið 1991 kom hingað fjölskylda frá Pakistan og baðst hælis en hún fór fljótlega utan áður en málið hafði fengið afgreiðslu hjá stjórnvöldum.

Örfá dæmi eru hins vegar um að hingað komi

flóttamenn eftir dvöl í einhverju nágrannalandanna þar sem þeir hafa sótt um hæli, einkum frá Norðurlöndum. Samkvæmt gögnum frá útlendingaeftirlitinu eru þrjú dæmi um það frá síðasta ári og eitt á þessu ári. Höfðu þeir allir lagt inn umsóknir í Noregi eða Svíþjóð. Þessum flóttamönnum hefur ekki verið leyfð landganga og þeim því snúið til baka. Er í því efni fylgt sömu framkvæmd og víða annars staðar þar sem að meginstefnu er miðað við að svokallað fyrsta hælisland, þ.e. að það örugga land sem fyrst er komið til eigi að fjalla um umsóknir um hæli. Þetta á þó eingöngu við að stjórnvöld hafi vissu fyrir réttsýnni málsmeðferð í því landi sem útlendingurinn snýr aftur til.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. svörin og sömuleiðis það að í undirbúningi eru ákveðnar úrbætur í þessum efnum. Það er aðalatriðið og megintilgangur minn með því að hreyfa þessu máli, að leggja á það áherslu og leggja því lið að það verði gerðar þær réttarúrbætur og framkvæmdalegu úrbætur sem sannarlega er þörf á að gera.

Mér sýnist að vísu, þrátt fyrir svör hæstv. dómsmrh. hér áðan hvað framkvæmdaatriðin snertir, sem ég fagna og geri síður en svo lítið úr, að eftir sem áður sé ákveðin hætta á því að það verði misræmi milli annars vegar alþjóðlegra eða þjóðréttarlegra skuldbindinga okkar Íslendinga og hins vegar landsréttarins. Ég hefði gjarnan viljað heyra að til stæði að fara yfir íslenska löggjöf, þó ekki væri nú meira, og við létum stjórnarskrána bíða um sinn, a.m.k. þá löggjöf sem þetta snertir, gagngert til þess að tryggja að það verði alls ekki neitt misræmi og Íslendingar séu ekki að bregðast þjóðréttarlegum skuldbindingum hvað það atriði varðar að ganga frá þeim í landsréttinum. Það er hárrétt og kom líka fram í mínu máli, að þessi tilvik eru enn sem komið er fá og í flestum tilvikum hafa þau leyst á þann einfalda hátt að Íslendingar hafa í trausti réttlátrar málsmeðferðar á hinum Norðurlöndunum eða í öðrum nágrannaríkjum getað endursent þá menn sem hér hafa barið að dyrum sem flóttamenn. En ég held að það sé alveg ljóst að við þurfum að búa okkur undir breytta tíma í þessum efnum af tveimur ástæðum. Annars vegar er flóttamannavandamálið vaxandi í nálægum heimshlutum og því hlýtur að skola hingað upp á okkar strendur. Hins vegar eru samgöngur til og frá landinu að breytast þannig að inn eru að koma lönd sem ég efast um því miður að við getum treyst að sýni í öllum tilvikum réttláta málsmeðferð. Ég nefni í því sambandi áform um eða þegar tilkomið áætlunarflug frá Íslandi til Suður-Evrópu og jafnvel annarra heimsálfa.

[15:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er vissulega svo að það hefur verið ágalli á okkar löggjöf að ekki hefur verið unnt að skjóta málum eða úrskurðum til æðra stjórnvalds. Nú er ráðgert að á því verði bragarbót með því að Alþingi samþykki það frv. sem lagt hefur verið fram og gerir ráð fyrir því að frumúrskurðir verði kveðnir upp af útlendingaeftirliti en þeim megi síðan skjóta til dómsmrn. sem æðsta stjórnvalds.

Ég hygg að með þeirri breytingu og þeim úrbótum, sem gerðar hafa verið og verið er að vinna að á framkvæmd þessara mála, getum við sagt að við stöndum í einu og öllu við alþjóðlegar skuldbindingar okkar í þessu efni. Og ég tek undir með hv. þm. að það er auðvitað mjög mikilvægt að við getum sýnt fram á að svo sé.

Endurskoðun laga um mannanöfn.

Fsp. ÍP, 46. mál. — Þskj. 49.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er á þskj. 49 og er til hæstv. dómsmálaráðherra og er svohljóðandi:

„Hvenær má vænta að endurskoðun laga um mannanöfn verði lokið?“

Á síðasta þingi var lögð fram fyrirspurn af sama toga og fengust þá þau ánægjulegu svör frá hæstv. dómsmálaráðherra að þessi lög yrðu endurskoðuð.

Nú er það svo að á þeim lista sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram um mál sem hún hyggst leggja fram á þessu þingi er ekki að sjá að við megum vænta nýrra laga um mannanöfn. Það er flestum kunnugt um þann mikla sársauka og óánægju sem lög um mannanöfn sem tóku gildi haustið 1991 hafa valdið. Góð og gild nöfn sem hafa varðveist mann fram af manni eru ekki lengur gjaldgeng, jafnvel þó að prestar hafi í heilagri skírn innsiglað þessi nöfn. Þá hefur Hagstofan neitað að skrá þau í þjóðskrá og börnin eru enn þá skráð óskírð.

Áralöng hefð er fyrir mörgum þessara nafna, t.d. nafninu Berg, sem er millinafn, sbr. Sævar Berg o.s.frv. Þetta er að sjálfsögðu alíslenskt nafn en ekki lengur löglegt. Þá eru millinöfn bönnuð. Ég þekki marga ættliði sem allir hafa þetta millinafn, Berg. En þau börn sem eru skírð eftir lagabreytingu hafa að sjálfsögðu ekki fengið þetta nafn viðurkennt þrátt fyrir að eiga eldri systkini með þetta millinafn.

Í núgildandi lögum segir að nafnið verði að vera íslenskt og hafa unnið sér nokkra hefð í íslensku máli. Ekki veit ég hversu margar kynslóðir þurfa að bera nafn til að það sé komin hefð á nafnið. Það er ævinlega þannig að þegar börn eru skírð, þegar barni er gefið nafn, þá er það gert að vandlega íhuguðu máli. Nöfn forfeðranna eru mönnum kær og því óviðunandi að þrengja svo svigrúm til nafngiftar sem raun ber vitni.

Ég taldi nauðsynlegt að ýta við þessu máli aftur því það eru svo margir sem bíða úrlausnar sinna mála hvað þetta varðar. En um leið vil ég fagna því að nokkur mál hafi verið leiðrétt vegna harðfylgis foreldra. En þrátt fyrir að ný mannanafnanefnd hafi verið mun sveigjanlegri upp á síðkastið tel ég nauðsynlegt að endurskoða lög um mannanöfn.

[15:58]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þann 5. ágúst sl. var skipuð nefnd til þess að endurskoða lög um mannanöfn frá 1991 og semja frv. til laga um breytingu á þeirri lagasetningu. Í nefndinni eiga sæti Drífa Pálsdóttir, skrifstofustjóri í dómsmrn., sem er formaður nefndarinnar, dr. Halldór Ármann Sigurðsson, dósent við Háskóla Íslands, og séra Hjálmar Jónsson prófastur.

Vegna fjarveru eins nefndarmanna hefur orðið töf á því að nefndarstarfið gæti hafist. En ég vænti þess og veit að nefndin mun um leið og aðstæður leyfa hraða störfum sínum og leggja fram tillögur ef hún telur nauðsyn á breytingum á gildandi lögum. En eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda hefur orðið nokkur breyting á framkvæmd laganna.

Frá því að ný mannanafnanefnd var skipuð í júlímánuði sl. hefur kvörtunum vegna framkvæmdar laganna stórlega fækkað í dómsmrn. og ég hef ekki orðið í sama mæli og áður var við óánægju fólks í fjölmiðlum með framkvæmd laganna frá því að nefndin endurskipuð tók til starfa á sl. sumri, enda hefur túlkun hennar á ákvæðum laganna verið með öðrum og um margt rýmri hætti en fyrri mannanafnanefndar.

Ég tel einnig rétt að hér komi fram að hin nýja mannanafnanefnd hefur mótað sér verklagsreglur, m.a. um hvaða nöfn séu íslensk í skilningi 2. gr. mannanafnalaga og um það hvenær nöfn teljist hafa áunnið sér hefð í málinu. Ráðuneytið hefur fyrir sitt leyti samþykkt þessar verklagsreglur og þær hafa nú verið birtar opinberlega.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og ég fagna því að þessi nefnd skuli vera að hefja störf og vona að það verði mjög fljótlega, en ég vona að þeir verði sveigjanlegir í sinni lagagift. En vegna þess að hæstv. ráðherra talaði um verklagsreglur sem ný mannanafnanefnd hefði en ég tel þær vera afar flóknar og vil, með leyfi forseta, lesa upp úr þeim:

„Ung tökunöfn eru þau tökunöfn sem hafa komið inn í íslenskt mál eftir 1703. Ungt tökunafn telst hafa unnið sér hefð ef það fullnægir einhverju einu af eftirfarandi skilyrðum:

a. Það er nú borið af a.m.k. af 20 Íslendingum.

b. Það er nú borið af 15–19 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 30 ára aldri.

c. Það er nú borið af 10–14 Íslendingum og sá elsti þeirra hefur náð a.m.k. 60 ára aldri.

d. Það er nú borið af 5–9 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntalinu 1910 (eða fyrr).

e. Það er nú borið af 1–4 Íslendingum og kemur þegar fyrir í manntali 1845 (eða fyrr).

f. Það er nú ekki borið af neinum Íslendingi en kemur þegar fyrir í manntali árið 1845 (eða fyrr) og hefð þess hefur ekki rofnað eftir 1910."

Virðulegi forseti. Fyrir mér eru þetta ákaflega flóknar reglur og ég vona sem sagt að ný nefnd sem fjallar um þetta hafi þetta ofurlítið ljósara svo að almenningur átti sig á hefðinni.

Veðmálastarfsemi.

Fsp. GHelg, 52. mál. — Þskj. 55.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Happrætti og opinberar fjársafnanir hafa verið nokkuð til umræðu að undanförnu og ekki af tilefnislausu. Ljóst er að stór hluti allra þeirra milljarða sem aflað er með þessum hætti er án lagaheimildar og án eftirlits með því hvað verður um þetta fé. Leyfi ég mér að benda á skriflegt svar við fsp. hv. 4. þm. Suðurl., Margrétar Frímannsdóttur, á þskj. 110, en þar kemur fram að 5 aðilar af 190 hafa sent tilkynningar til lögreglustjóra um opinbera birtingu á reikningsyfirliti söfnunar sem fram fór í umdæmi þeirra eins og lög mæla fyrir um.

Í refsilögum nr. 19/1940 segir svo í 183. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Sá, sem gerir sér fjárhættuspil eða veðmál að atvinnu eða það að koma öðrum til þátttöku í þeim, skal sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári, ef miklar sakir eru."

Í 184. gr. sömu laga segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hver, sem aflar sér tekna beint eða óbeint með því að láta fjárhættuspil eða veðmál fara fram í húsnæði, er hann hefur umráð yfir, skal sækta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að 1 ári."

Árið 1945 voru sett lög um heimild til dómsmrh. til að veita leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar og kappróður. Skyldi 10% ágóðans af happdrætti hestamannafélaganna renna til lagningar reiðvega, en 75% af hagnaði sjómannadagsráðanna í sjóminjasafn. Lagasetning þessi er óneitanlega kyndug þegar litið er til ákvæða hegningarlaga sem sett voru fimm árum áður en hana verður að skoða sem sérstaka undanþágu. En síðan hafa fleiri lög verið sett sem erfitt er að líta á nema sem veðmálastarfsemi. Nefna má lög um getraunir, nr. 59/1972, lög um talnagetraunir, nr. 26/1986, en þess utan hafa sprottið upp aðrar tegundir veðmála, alls kyns bingóspil og síðast en ekki síst spilakassar Rauða krossins sem engin lög eru fyrir, en notuð mun hafa verið takmörkuð undanþáguheimild fyrir peningahappdrætti. Reglugerð sem gefin var út til þessara kassa Rauða krossins mun eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um hafa runnið út árið 1973 og aldrei verið endurnýjuð og ég skal þá taka leiðréttingu ef hér er farið með rangt mál.

Þar sem nú stendur fyrir dyrum frekari útfærsla á þessari mjög svo ógeðfelldu veðmálastarfsemi með Háskóla Íslands í broddi fylkingar hef ég séð ástæðu til að spyrja hæstv. dómsmrh. eftirfarandi spurninga sem frammi liggja á þskj. 55. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að tími minn er búinn og því mun ég ekki lesa spurningarnar og treysti því að hv. þm. hafi þær á þskj. fyrir framan sig.

[16:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við 1. spurningu skal þetta tekið fram: Samkvæmt ákvæðum greindra laga veitir

dómsmrh. leyfi fyrir slíkri veðmálastarfsemi með reglugerð. En einnig hefur ráðuneytið veitt heimild til veðmálastarfsemi við einstakar kappreiðar með sérstöku leyfisbréfi og þá með vísun til settra reglugerða. Engin slík reglugerð er nú í gildi.

Sem svar við 2. spurningu skal þetta tekið fram: Seinast var veitt leyfi til veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar bikarmóts Norðurlands í hestaíþróttum á Melgerðismelum í Eyjafirði 20. og 21. ágúst árið 1988. Seinast var gefin út reglugerð um veðmálastarfsemi 23. maí 1980 og var það fyrir veðmálastarfsemi Hestamannafélagsins Fáks í Reykjavík. Sú reglugerð gilti í 5 ár.

Varðandi veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður var gefin út reglugerð nr. 78 28. maí 1942 og gildir sú reglugerð um veðmálastarfsemi í sambandi við kappróður Sjómannadagsins. Sú reglugerð var ekki tímabundin.

Sem svar við spurningu nr. 3 er það að segja að engar upplýsingar liggja fyrir varðandi þessa spurningu. Þeir sem rekið hafa veðmálastarfsemi við kappreiðar eða kappróður hafa ekki skilað uppgjöri til ráðuneytisins.

Varðandi 4. spurninguna er það að segja að af hálfu dómsmrn. liggja engar slíkar skilgreiningar fyrir á öðrum lögum sem þar er spurt um.

Varðandi þau ummæli sem hv. fyrirspyrjandi hafði hér um söfnunarkassa Rauða krossins er þess að geta að Rauði krossinn fékk leyfi til fjársöfnunar með sérstökum kössum árið 1972. Það var útgefið af þáv. dómsmrh. Ólafi Jóhannessyni. Þetta leyfi byggist ekki á sérstökum lögum, heldur er það almennt leyfi til fjársöfnunar en ekki happdrættisreksturs og þess vegna er það á misskilningi byggt að einhver reglugerð um það efni hafi runnið út árið 1973 og ég veit ekki hvaðan sú hugmynd er komin því að um þetta efni hefur ekki verið sett nein reglugerð, enda byggist þessi starfsemi ekki á sérstökum lögum heldur heimild til almennrar fjársöfnunar. Það er hins vegar annað mál sem ég hef vakið athygli á að það má deila um hvort nýjustu söfnunarkassarnir sem svo hafa verið nefndir séu í samræmi við þá skilgreiningu að um sé að ræða almenna fjársöfnun, hvort þeir eru ekki nær því að vera happdrættisvélar, og ráð er fyrir því gert að setja um þetta efni almenna löggjöf.

[16:10]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir svör hans sem voru áreiðanlega rétt og heiðarleg, en óneitanlega benda þau á ýmsa annmarka og ágalla sem eru á rekstri veðmálastarfsemi hér í landi. Það kom t.d. fram í svari hans að þeir aðilar sem hafa fengið nú síðast árið 1988 leyfi til að efna til veðmálastarfsemi hafa ekki gert nein skil og maður hlýtur að spyrja sig: Hvert fer þetta fé sem inn hefur komið? Og það er auðvitað fráleitt, eins og kemur raunar fram í svari sem ég minntist á áðan við fyrirspurn hv. 4. þm. Suðurl., að það er ekkert eftirlit með þessari starfsemi. Nú er ég ekki að áfellast núv. hæstv. dómsmrh. fyrir það. Ég held að fleiri eigi þar svo sannarlega sök á.

Mér þykir hins vegar þetta mál sanna það að mikil nauðsyn er á að setja heildarlög um happdrætti, veðmálastarfsemi og annað slíkt í landinu. Ég á erfitt með að taka svar hæstv. ráðherra við 4. spurningu minni öðruvísi en að hann vildi lítið úttala sig um hvað hann liti á sem veðmálastarfsemi en spurningin var hvaða önnur lög fjalla um það sem dómsmrh. skilgreinir sem veðmálastarfsemi.

Nú er það alveg ljóst að lög um getraunir geta auðvitað ekki verið neitt annað en veðmálastarfsemi og sama er að segja um lög um talnagetraunir. Þessi lög hafa verið sett og það er auðvitað fráleitt að á sama tíma og við erum með ákvæði í hegningarlögum um að bannað sé að efna til veðmálastarfsemi, þá sé í sífellu verið að setja ný lög um veðmálastarfsemi. Ég held að þetta hljóti að valda hæstv. ráðherra vanda og vil leggja á það mikla áherslu að niðurstaða þessarar umræðu verði sú að hæstv. ráðherra láti vinna frv. til laga um þessi mál og ég vil heyra áður en umræðunni lýkur hvort hæstv. dómsmrh. getur ekki verið sammála mér um það.

[16:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég tók það fram í umræðum á Alþingi í síðustu viku að ég teldi fulla þörf á því að setja heildstæða löggjöf um þessa starfsemi. Það er að vísu ekki einfalt og eins og hv. alþm. vita þá blandast inn í það miklir hagsmunir og á stundum æði miklar tilfinningar. En hvað sem því líður, þá er ég enn þeirrar skoðunar að það sé á þessu full þörf.

Það er einnig þörf að finna ákveðnar reglur til þess að vinna eftir varðandi eftirlit með fjársöfnunum og ráðstöfunum á fjármunum sem aflað er með sérstökum happdrættum eða öðrum þvílíkum leiðum þannig að allur almenningur eigi aðgang að upplýsingum um ráðstöfun þessa fjár. Það er í verkahring sýslumanna að ganga eftir upplýsingum um fjársafnanir. Ég held að allir geri sér hins vegar grein fyrir því að eins og þessari starfsemi er háttað og eins og starfsemi sem fer fram á grundvelli sérstakra laga er umfangsmikil, þá þarf að koma nýju skipulagi á eftirlitið þannig að endurskoðendur, hugsanlega Ríkisendurskoðun, eigi aðgang með öruggum hætti að bókhaldi þessara aðila og geti gert grein fyrir rekstri og ráðstöfun fjár. Ég tel þetta vera mjög nauðsynlegt og að því verður auðvitað unnið að koma þessum málum í eðlilegt horf.

Réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

Fsp. GHelg, 53. mál. — Þskj. 56.

[16:14]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. á 109. löggjafarþingi flutti ég ásamt hv. þm. Birgi Ísl. Gunnarssyni, Davíð Aðalsteinssyni, Jóni Baldvin Hannibalssyni, Guðrúnu Agnarsdóttur og Stefáni Benediktssyni tillögu til þál. um réttaráhrif tæknifrjóvgunar. Hinn 25. mars 1986 var tillagan sam-

þykkt sem svohljóðandi ályktun Alþingis, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að skora á dómsmrh. að skipa nú þegar fimm manna nefnd til að kanna réttaráhrif tæknifrjóvgunar og gera tillögur um hvernig réttarstaða aðila verði ákveðin.

Nefndin verði skipuð sem hér segir: Dómsmrh. skipi formann nefndarinnar án tilnefningar, tveir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Lögmannafélags Íslands, einn samkvæmt tilnefningu læknadeildar Háskóla Íslands og sé hann sérfræðingur í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp og einn nefndarmaður samkvæmt tilnefningu Barnaverndarráðs Íslands.

Nefndin ljúki störfum áður en næsta löggjafarþing kemur saman. Ríkissjóður greiði kostnað af störfum hennar."

Fimm árum síðar lagði hv. þm. Sigríður Lillý Baldursdóttir fram svipaða tillögu og voru meðflytjendur hv. þm. Lára V. Júlíusdóttir, Birgir Ísl. Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Ingi Björn Albertsson og Guðrún Helgadóttir. Sú tillaga hlaut einnig samþykki þingsins og var ályktuninni vísað til hinnar áður skipuðu nefndar.

Nú skipta þau börn hundruðum sem orðið hafa til með tæknifrjóvgun og ég leyfi mér að nota það orð yfir alla þá tækni sem til þess er notuð. Ljóst er að réttarstaða a.m.k. sumra þessara barna, t.d. í tilvikum þar sem sæðisgjafi er ekki maki móðurinnar, er óljós og getur það valdið miklum skaða ef til hjónaskilnaðar foreldra kemur, í hugsanlegum erfðamálum eða vefengingarmálum. Ég tel að yfirvöld sýni mikið ábyrgðarleysi gagnvart þessum aðilum þar sem þau hafa leyft þessar aðgerðir án þess að tryggja réttarstöðu þessa fólks með lögum.

Ég veit að ég er að valda hæstv. dómsmrh. leiðindum með því að spyrja enn einu sinni þessarar sömu spurningar sem frammi liggur hér á þskj. 56 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„*Hvað líður störfum nefndar sem falið var að gera tillögur um réttaráhrif tæknifrjóvgunar samkvæmt ályktun Alþingis sem samþykkt var 25. mars 1986?*"

Og nú vona ég, hæstv. forseti, að ég þurfi aldrei að spyrja hæstv. dómsmrh. þessarar spurningar aftur.

[16:17]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þetta er ekki í fyrsta skipti sem spurt er um starf *þessarar nefndar og stöðu nefndarstarfsins*. Ég hafði vissulega gert mér vonir um það þegar ég svaraði sambærilegri fyrirspurn á síðasta þingi að nefndarstarfinu yrði lokið áður en því lauk. Því miður tókst það nú ekki. Ég taldi þegar ég kom að þessu máli að það væri nauðsynlegt að *fá fleiri aðila inn í nefndina* þannig að fulltrúi frá heilbr.- og trn. kæmi inn í nefndina og fyrir ári síðan var skipaður nýr aðili í nefndina samkvæmt tilnefningu frá heilbr.- og trn. Ég vona og tek undir með hv. þm. að ekki þurfi til þess að koma að ástæða sé til að bera enn á ný fram fyrirspurn af þessu tagi og mun enn beita mér fyrir því að nefndin hraði sínum störfum og ljúki þeim. Það er alveg fullkomin ástæða til þess að ýta eftir því eins og hér hefur verið gert.

Ég vil aðeins minna á að það má segja að hluti af þessu máli hafi fengið nokkra úrlausn með ákvæðum nýju barnalaganna en það er engan veginn svo að þar hafi þetta mál verið leyst með fullnægjandi hætti. Það gengur aðeins á hluta þessa vandamáls og ég er engan veginn að taka þetta fram hér til þess að halda því fram að málið hafi fengið úrlausn en vil aðeins minna á að þar var tekið á hluta þessa viðfangsefnis en það er mjög brýnt að réttaróvissu í þessu efni sé eytt.

[16:19]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég get ekki annað en þakkað fyrir þessa árvissu fsp. sem Guðrún Helgadóttir flytur hér, hún er sannarlega þörf ef hún mætti verða til þess að ýta við hinni mjög svo sofandi nefnd sem um þetta mál fjallar því að hún hlýtur að vera nokkuð vel sofandi fyrst þetta er búið að vera hér meira og minna til umfjöllunar frá 1986 og hvorki meira né minna en tvær þáltill. hafa verið samþykktar um að þetta skuli gert, að hér skuli koma fram frv. til laga um tæknifrjóvganir. Þetta er náttúrlega afskaplega mikilvægt mál og mikilvægt að slíkt frv. komi vegna þess að það eru svo margir viðkvæmir hlutir sem þarna eru á ferðinni. Ef við nefnum bara fósturvísana. Hvernig er með fósturvísana sem eftir verða? Hvað má gera við þá o.s.frv. og eftir hve langan tíma á að fleygja þeim? Og fleira mætti nefna þannig að þetta er mjög mikilvægt mál sem ég vona sannarlega að komi hér hið fyrsta inn til þingsins í frumvarpsformi.

[16:21]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. enn fyrir að hafa skilning á þessu máli, en ég vildi vegna orða hans um ákvæði í barnalögum leyfa mér að upplýsa hv. þm. um að ákvæðið í barnalögunum frá 22. maí 1992 var sett inn á síðustu stundu til að bjarga einhverju í þessu máli. Það er örstutt grein sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú hefur maður samþykkt að tæknifrjóvgun fari fram á eiginkonu eða sambúðarkonu sinni, sbr. 3. gr., og er þá í máli skv. 52. gr. því aðeins unnt að taka til greina kröfu um vefengingu á faðerni barnsins að ljóst sé að það sé ekki getið við tæknifrjóvgunina."

Þetta er allt og sumt sem í barnalögunum stendur og það segir sig auðvitað sjálft að þetta er haldlítið þegar kæmi til hugsanlega flókinna erfðamála eða einhvers slíks. Ég vil því leggja á það mikla áherslu að farið verði að tryggja rétt þessara aðila. Mér er sagt að *börn sem getin eru við tæknifrjóvgun, glasafrjóvgun* og hvað þetta nú allt saman heitir og ég kann ekki að nefna, séu að nálgast 500 og það nær auðvitað ekki nokkurri átt að slíkir einstaklingar búi við það og sum þeirra eru orðin nokkurra ára gömul að hafa ekki sama *rétt og önnur íslensk börn*. Ég vil þess vegna leggja á

það mikla áherslu að þetta mál komi til þingsins í frumvarpsformi áður en allt of langt um líður.

Samningur gegn ólöglegri verslun með fíkniefni.

Fsp. RG, 81. mál. — Þskj. 84.

[16:22]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir þremur árum bar ég fram við þáv. dómsmrh. þessa sömu spurningu um hvort Ísland hygðist staðfesta samning Sameinuðu þjóðanna gegn ólöglegri verslun með fíkniefni og skynvilluefni sem gerður var í Vínarborg 1988. Þáv. dómsmrh. kvað það staðfasta ætlun íslenskra stjórnvalda að fullgilda samninginn.

Það kom fram að um tvíþætt verkefni væri að ræða. Annars vegar að undirbúa málið fyrir Alþingi og leita heimildar þess til að mega staðfesta samninginn. Hins vegar að um flókið lagatæknilegt úrlausnarefni væri að ræða þar sem kanna þyrfti hvaða lögum þyrfti að breyta og á hvern hátt.

Í umræðum um fíkniefnavandann fyrr á þessu kjörtímabili var upplýst að dráttur á fullgildingu samningsins væri fyrst og fremst vegna þess að ólokið væri lagasetningu um svokallaðan peningaþvott. Lög um það efni voru samþykkt frá Alþingi sl. vor. Það er því eðlilegt að leita svara um hvað líði fyrrgreindum áformum.

Í nokkur ár hafa alþjóðleg samtök beitt sér fyrir lögleiðingu fíkniefna. Umræða um slík viðhorf hefur verið vakin á Vesturlöndum og hér í norðri. Fyrir þremur vikum tók ég þátt í norrænni ráðstefnu hér í Reykjavík sem foreldrasamtök á Norðurlöndum gegn fíkniefnanotkun stóðu að og undirbúin var af fræðslumiðstöð samstarfsnefndar sem Vímulaus æska og fleiri samtök hérlendis standa að. Þar voru þessi mál rædd og því sjónarmiði hafnað að lögbinding geti verið lausn á þessum mikla vanda. Fjölmargir aðilar starfa saman og leggja sitt af mörkum að forvarnastörfum, en skýra löggjöf vantar á mörgum sviðum varðandi þessi mál. Samningur Sameinuðu þjóðanna er ítarlegur og fjallar m.a. um afbrot og viðurlög, refsivald, upptöku, framsal, gagnkvæma dómsmálaaðstoð, samvinnu og þjálfun. Það er afar mikilvægt að taka þátt í slíkum alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna sem og í öðru samstarfi sem fyrirhugað er á þeim vettvangi.

Áhugavert er að í laganefnd Norðurlandaráðs er einnig til umfjöllunar tillaga um nýja norræna samstarfsáætlun varðandi fíkniefnavandann og önnur tveggja tillgreinanna fjallar um að Norðurlandaráð mæli með því við ríkisstjórnir á Norðurlöndum að þær beiti sér fyrir að lönd innan EB og EFTA staðfesti samning Sameinuðu þjóðanna sem hér er til umræðu. Með tilliti til þessa og mikilvægis baráttunnar gegn fíkniefnavandanum og innflutningi á ólöglegum efnum ber ég spurninguna fram á ný.

[16:26]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er fyrirhugað að fullgilda framangreindan samning af Íslands hálfu og hefur undirbúningur að því verkefni þegar verið hafinn í ráðuneytinu. Samningurinn hefur þegar verið þýddur á íslensku en nú er verið að yfirfara þá þýðingu. Áður en samningurinn verður fullgiltur þarf að breyta nokkrum ákvæðum almennra hegningarlaga og e.t.v. fleiri laga.

Ég hef einnig talið eðlilegt að jafnframt því að undirbúa fullgildingu þessa samnings verði unnið að undirbúningi að fullgildingu á samningi um þvætti og um hald, leit og upptöku ávinnings af afbrotum sem gerður var í Strassborg 1989, en efni þessara samninga er að sumu leyti skylt. Við gerum ráð fyrir því að það muni taka um 3–5 mánuði að ljúka undirbúningi málsins þannig að unnt verði að leggja það fyrir Alþingi. Miðað við stöðu þessa verkefnis og annarra í ráðuneytinu geri ég ráð fyrir því að samkvæmt þessu ætti að vera unnt að leggja málið fyrir Alþingi í marsmánuði.

[16:27]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér finnst það mjög jákvætt að fyrirhugað er að fullgilda þennan samning en nokkuð finnst mér svörin vera áþekk því sem áður hefur komið fram og lítið hafi miðað umfram það að þýða samninginn, en það kom einmitt fram við umræður sem fóru hér fram varðandi fsp. frá hv. þm. Guðna Ágústssyni á síðasta þingi.

Það eru mjög mikil umsvif á þessum ólöglega fíkniefnamarkaði hér hjá okkur og við höfum sannarlega fundið þess ýmis merki og er skemmst að minnast að um þessa helgi var fjallað um stóra málið frá því í sumar þar sem gerð voru upptæk 20 kg af hassi og 3 kg af amfetamíni. Það er líka slegið á að veltan á þessum markaði nemi hundruðum millj. kr. Í nágrannalöndunum er líka haft orð á því að unglingafíkniefnið „ecstasy" hafi náð slíkri útbreiðslu að nánast er talað um nýja fíkniefnamenningu í neikvæði merkingu og að framleidd eru neysluefni í því formi að höfða á sérstaklega til barna og unglinga og varað er við eins konar „design drugs". Mér finnst þetta mjög alvarlegt og við eigum að leita allra leiða til þess að vinna bug á þessum vanda og nýta okkur þá stöðu sem við höfum.

Ég vil líka geta þess að í yfirliti yfir verkefni 48. allsherjarþings sem fram undan er kemur fram að árið 1990 var efnt til aukaallsherjarþings Sameinuðu þjóðanna sem samþykkti áætlun um stærð samtakanna í baráttunni gegn fíkniefnum og að stofnað var fíknilyfjaeftirlit Sameinuðu þjóðanna á næsta allsherjarþingi á eftir. 47. allsherjarþingið samþykkti áætlun þar sem ákveðið var að halda fjóra allsherjarþingsfundi í haust með þátttöku ráðherra í því skyni að kanna stöðu alþjóðasamvinnu í baráttunni gegn fíkniefnum.

Það hefur komið fram að íslensk stjórnvöld styðja starfsemi Sameinuðu þjóðanna á þessu sviði og leggja áherslu á þátttöku í þessum störfum og því er mikilvægt að þetta veganesti verði með sem fyrst að samningurinn verði staðfestur.

[16:29]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. hversu brýnt er að taka á þessum viðfangsefnum. Þau eru margþætt og úrræðin sem við ráðum yfir eru líka margþætt og á mörgum sviðum þjóðlífsins. Kannski skiptir nú öllu máli eða mestu máli að koma fram *meiri ábyrgð einstaklinga og fjölskyldna en hvers konar* önnur félagsleg viðfangsefni, lögregluviðfangsefni og alþjóðlegt samstarf er mjög mikilvægt í þessu efni.

Við höfum stutt viðleitni Sameinuðu þjóðanna að þessu leyti og í þessari viku fara fram á vettvangi allsherjarþingsins sérstakar umræður um þetta viðfangsefni. Aðstoðarmaður minn sækir þing allsherjarþingsins þar sem verið er að fjalla um þessi efni og við höfum viljað leggja á það sérstaka áherslu að við tækjum fullan þátt í því starfi, ekki aðeins til þess að sýna það út á við, heldur einnig til þess að styrkja okkur sjálfa í viðureigninni við þennan vágest.

Orsakir atvinnuleysis.

Fsp. JHelg, 27. mál. — Þskj. 27.

[16:31]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Vaxandi atvinnuleysi og margvíslegar afleiðingar þess er tvímælalaust alvarlegasta vandamál íslensku þjóðarinnar. Sú uggvænlega þróun á sér fleiri en eina ástæðu sem vega þar misjafnlega þungt. Til að sigrast á þessum vágesti hlýtur að vera mikilvægt að reyna að gera sér sem best grein fyrir hverjar orsakirnar eru. Ég hef því á þskj. 27 borið fram eftirfarandi fsp. til hæstv. forsrh.:

„Hve stóran þátt í auknu atvinnuleysi í landinu á síðustu tveimur árum á samdráttur í landbúnaði á því tímabili ásamt samdrætti í úrvinnslu- og þjónustugreinum sem af minnkandi búvöruframleiðslu stafar?"

Í ályktun sem allsherjarnefnd búnaðarþings lagði fram á sl. vetri kom fram að haustið 1991 og 1992 hafi framleiðslusamdráttur og verðlækkun í mjólkur- og sauðfjárframleiðslu numið sem svarar 1.350 ársverkum. Þar við bætast 180 ársverk sem talið er að leiði af samdrætti á þessu hausti. Þá er eftir að meta hve margir munu missa atvinnu í úrvinnslu- og þjónustugreinum sem stafar af svo miklu minni frumframleiðslu og er þessi fyrirspurn borin fram til að fá upplýsingar um það. Og þá hvað þessi hópur allur sem byggir afkomu sína á einhvern hátt á landbúnaði er stór hluti af þeim fjölda sem nú er skráður atvinnulaus. En samkvæmt nýjustu upplýsingum fer sá fjöldi nú því miður aftur vaxandi og horfur taldar slæmar fyrir næsta ár.

Aðdragandi fyrrnefnds samdráttar í landbúnaði er búvörusamningurinn 1991 en síðan hann var gerður hafa ýmsar forsendur hans brugðist, svo sem vegna sölusamdráttar á innanlandsmarkaði. Sérstaklega er þó alvarlegt að gengið var út frá því þá að flestir sem yrðu að draga saman búrekstur gætu fengið aðra atvinnu í nágrenni. Það er nú víðast hvar ekki hægt vegna hins almenna atvinnuleysis. Það er því brýnt að gera sér glögga grein fyrir því hversu mikið áfall slíkur framleiðslusamdráttur er fyrir þjóðarbúið svo að það sé til aðvörunar ríkisvaldinu að taka ekki neinar ákvarðanir sem kynnu að auka þennan vanda jafnframt því sem það gæti gefið vísbendingar um hvernig snúa megi vörn í sókn.

[16:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. hefur borið fram fyrirspurn svohljóðandi:

„Hve stóran þátt í auknu atvinnuleysi í landinu á síðustu tveimur árum á samdráttur í landbúnaði á því tímabili ásamt samdrætti í úrvinnslu- og þjónustugreinum sem af minnkandi búvöruframleiðslu stafar?"

Ég bað Þjóðhagsstofnun um upplýsingar til þess að nota í svar við þessari spurningu og upplýsingar Þjóðhagsstofnunar eru eftirfarandi:

Þjóðhagsstofnun áætlar að landbúnaðarframleiðslan á föstu verðlagi mun dragast saman um 6,5% á tímabilinu 1991–1993. Þar munar mest um samdrátt í kindakjötsframleiðslu sem dróst saman um 14% og framleiðslu mjólkur sem minnkaði um tæp 8% á þessu tímabili. Framleiðsla á öðru kjöti en kindakjöti hefur farið vaxandi á síðustu árum og nemur aukningin rúmum 12% á síðustu tveimur árum. Ekki liggja fyrir endanlegar tölur um fjölda ársverka í einstökum atvinnugreinum eftir 1990 en samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar fyrir tímabilin 1991 og 1993 hefur störfum í landbúnaði fækkað um 4% á þessu tveggja ára tímabili. Þetta er nokkuð minni fækkun en varð á síðasta áratug en þá fækkaði störfum í landbúnaði að meðaltali um 3% á ári.

Veltutölur fyrir vinnslugreinar landbúnaðar gefa til kynna að á síðsta ári hafi samdráttur í slátrun og kjötiðnaði numið 2% að raungildi miðað við árið 1991 en í mjólkuriðnaði hefur á móti átt sér stað 3,5% raunaukning á milli ára.

Ekki er hægt að draga einhlítar ályktanir um þátt minnkandi landbúnaðarframleiðslu í aukningu atvinnuleysis á síðustu tveimur árum. Íslenskur landbúnaður hefur á síðustu árum verið að laga sig að breyttum aðstæðum á innanlandsmarkaði og búvörusamningnum frá 1991. Afleiðingin hefur m.a. verið minni framleiðsla og fækkun starfa í greininni. Rétt er þó að benda á að fækkun starfa í landbúnaði er síður en svo ný af nálinni, enda var hlutfall vinnuafls í landbúnaði árið 1990 komið niður í 4,9% af heildarmannafla úr 7,8% 1980 og 13,3% 1970. Þessi fækkun landbúnaðarstarfa varð án þess að atvinnuleysi ykist að ráði.

Í vinnslugreinum landbúnaðar hefur störfum einnig fækkað á síðustu árum. Árið 1987 var heildarfjöldi ársverka í slátrun, kjöt- og mjólkuriðnaði um 2.150 en hafði fækkað í 1.800 árið 1990 sem samsvarar tæplega 6% fækkun á hverju ári. Fækkun starfa í landbúnaði og tengdum greinum var því töluvert umfram þá tæplega 2% fækkun árlegra starfa á landsvísu á tímabilinu 1987–1990.

Í könnun sem gerð var í vor á vegum félmrn. og unnin af Félagsvísindastofnun háskólans kom í ljós að

af þeim sem skráðir voru atvinnulausir um áramótin 1992–1993 höfðu 3,4% starfað við landbúnað áður en þeir misstu vinnuna. Ekki var kannað hlutfall þeirra sem störfuðu við úrvinnslu eða þjónustugreinar landbúnaðar.

Ég vona, hæstv. forseti, að þetta takmarkaða svar gefi nokkra mynd af þeirri stöðu sem hv. þm. sérstaklega spurðist fyrir um.

[16:37]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svarið og vil taka undir lokaorð hans að það var ákaflega takmarkað og sýnir að það þarf að fylgja þessu máli betur eft ir. Vonast ég til þess að hæstv. forsrh. geri það í sam ræmi við ályktun sem samþykkt var á síðasta búnaðarþingi og beint til hans að hann skoði þetta mál ítarlega. En ég held að það sýni þó að eins og staðan er hjá okkur í atvinnumálum, þá er hvert atvinnutækifæri sem leggst niður okkur mikilvægt og það er mikilvægt að standa vörð um íslenska atvinnuvegi og skerða ekki þá markaði sem framleiðsluvörur þeirra hafa. Og ég legg áherslu á það hér vegna þess að því miður eru þeir aðilar til hér á landi sem telja sig hafa hag af því. Skýrast dæmi um það er málið sem verið var að kveða upp dóm um í dag um innflutning á svínaskinku en sá dómur staðfestir að leyfi það sem hæstv. utanrrh. gaf í síðasta mánuði fyrir innflutningi á kalkúnum, var algert lögbrot. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvernig hann ætli að bregðast við þeirri niðurstöðu. Telur hæstv. forsrh. að ráðherra geti setið eins og ekkert hafi í skorist þó að öllum sé ljóst að um lögbrot var að ræða eftir að þessi dómur er kveðinn upp? Hvernig ætlar hæstv. forsrh. öðrum að bera virðingu fyrir lögum ef ráðherrar eiga ekki að gera það?

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og hæstv. forsrh. fyrir svörin þó að þau væru kannski ekki nógu ítarleg. En þau eru nógu ítarleg til þess auðvitað að sjá hvílíkur háskaleikur þær leikfimiæfingar sem hafa verið tíðkaðar í sumar af hæstv. utanrrh. og viðskrh. varðandi innflutning og áróður fyrir innflutningi landbúnaðarvara er. Það er hér í skýrslu Byggðastofnunar, um breyttar áherslur í byggðamálum, tiltekið að ársverk í landbúnaði og úrvinnslu séu um 10.000. Ef þriðjungur af þessu væri brotinn niður eða helmingur með innflutningi þá mundi atvinnuleysi aukast um helming, svo einfalt er málið.

[16:41]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að það komi hér fram að landbn. fjallaði á fundi sínum sl. þriðjudag, og mun gera það aftur á morgun, sérstaklega um horfur í landbúnaði og hefur kvatt á sinn fund þá menn sem ættu að vera fróðastir um þau mál. Jafnframt hefur nefndin ritað Byggðastofnun bréf þar sem leitað er svara við þeirri þróun sem uppi er í þessum málum. Ég vænti að þegar þau svör liggja fyrir og niðurstaða úr nefndarstarfinu einnig þá muni þessi mál skýrast enn fremur. (**Gripið fram í:** Hvernig eru horfurnar?)

[16:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. fyrirspyrjanda vil ég taka fram að ég vil gjarnan stuðla að því að fyllri upplýsingar fáist heldur en ég hafði í höndum nú og koma þeim til þingsins þegar þær liggja fyrir og verða jafnframt við áskorunum búnaðarþings í því sambandi. Hins vegar mun ég ekki fjalla hér um önnur atriði sem voru fyrirspurninni algerlega óviðkomandi.

Réttur feðra til launa í fæðingarorlofi.

Fsp. ISG, 45. mál. — Þskj. 48.

[16:42]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Þann 10. sept. sl. gaf kærunefnd jafnréttismála út álit í tveimur málum sem til hennar höfðu borist og vörðuðu fæðingarorlof feðra sem eru í starfi hjá ríkinu. Ég ætla að leyfa mér að hlaupa hér á öðru málinu til að gefa þingmönnum til kynna hvað þarna er um að ræða en vil jafnframt taka það fram að bæði þessi álit eru fáanleg hér á skrifstofu þingsins.

Í fyrra málinu eru málavextir þeir að í bréfi kæranda, sem hann sendi kærunefnd jafnréttismála, segir að hann hafi eignast dóttur í aprílmánuði 1992 og samkomulag hafi orðið með þeim hjónum um að hann tæki einn mánuð í fæðingarorlof, frá 2. sept. til 2. okt. 1992. Þessa fyrirætlan hafi hann tilkynnt yfirmönnum sínum í menntmrn. með bréfi, dags. 7. maí. Þann 30. júní hafi hann skrifað fjmrn. og óskað staðfestingar á rétti sínum til launaðs fæðingarorlofs. Með bréfi, dags. 1. júlí 1992, hafi fjmrn. tilkynnt honum að hann ætti aðeins rétt á ólaunuðu fæðingarorlofi. Þá sótti þessi maður um greiðslu fæðingardagpeninga hjá Tryggingastofnun ríkisins — reyndi að fara þá leið — en með bréfi, dags. 26. ágúst 1992, hafi því erindi verið synjað með þeim rökum að til þeirra ætti hann ekki rétt þar sem konan hans hefði aldrei notið fæðingardagpeninga, þ.e. hún var opinber starfsmaður. Úrskurður tryggingaráðs byggði á því að réttur feðra væri afleiddur af rétti mæðra. Hefði móðir ekki fengið greidda fæðingardagpeninga ætti faðir ekki slíkan rétt. Starfsmannaskrifstofa fjmrn. rökstyður aftur synjun sína með því að lögin um fæðingarorlof fjalli aðeins um rétt til töku fæðingarorlofs en um greiðslur í fæðingarorlofi er vísað til laga um almannatryggingar. Um rétt ríkisstarfsmanna til greiðslna í fæðingarorlofi fari samkvæmt reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir:

„Ákveða skal með reglugerð, hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar."

Á grundvelli þessa telur starfsmannaskrifstofan að

karlar í starfi hjá ríkinu eigi ekki rétt á launuðu fæðingarorlofi.

Kærunefndin fjallaði um þetta og álit hennar er það að með framkvæmd almannatryggingalaganna standi stór hluti feðra, þar á meðal kærandi, án nokkurs réttar til greiðslna taki þeir fæðingarorlof. Þeir séu þannig beittir misrétti sem engin efnisleg rök virðist fyrir og sem virðist ekki hafa verið ætlan löggjafans á sínum tíma. Það er m.a. vísað í umræður hér á þingi.

Kærunefndin telur þá túlkun starfsmannaskrifstofu fjmrn., að ríkinu sé ekki skylt að greiða körlum í sinni þjónustu laun í fæðingarorlofi, hvorki í samræmi við 4. gr. laga nr. 28/1991, sem eru jafnréttislögin, tilgang þeirra laga né skilning og fyrirrætlan löggjafans þegar sett voru lög nr. 57/1987 og lög nr. 59/1987. (Forseti hringir.) Ég er alveg að ljúka máli mínu, forseti. Hér eru lokaorðin í áliti kærunefndar jafnréttismála:

„Með vísan til 20. gr. laga nr. 28/1991 er þeim tilmælum beint til fjmrn. að það hlutist til um að gerðar verði þær ráðstafanir sem þarf til þess að viðurkenndur verði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi."

Nú spyr ég: Hvað hyggst fjmrh. gera?

[16:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrirspurn hv. þm. vil ég segja: Lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eru frá árinu 1954 og bera augljós merki síns tíma þegar umsvif ríkisins voru aðeins brot þess sem nú er og um margt annars eðlis. Á þeim tíma höfðu starfsmennirnir ekki samningsrétt og þaðan af síður verkfallsrétt. Því var nauðsynlegt að setja fram í lagatexta ýmislegt það sem nú er ákvarðað við samningaborðið eða hefur síðar komið fram í almennum heildarlögum í takt við breyttar skoðanir um samfélagsgerðina. Þannig hafa ýmis ákvæði laga nr. 38/1954 dagað uppi á langri vegferð og sum eru alls ekki í takt við almenna þróun laga og réttar en önnur veita starfsmönnum ríkisins betri stöðu og betri réttindi en aðrir launamenn í landinu búa við. Þetta er öllum þeim sem að starfsmannamálum ríkisins koma löngu ljóst og skiptir þá ekki máli hvort í hlut eiga stjórnskipulegir ábyrgðaraðilar eða stéttarfélög. Því hefur fylgi við endurskoðun þessara laga vaxið hin síðari ár.

Eitt þeirra atriða sem staldrað hefur verið við er sú takmörkun sem felst í 17. gr. eins og hv. þm. gat um. Það er auðvitað rétt að takmörkun á launaðri fjarvist feðra við fæðingu barns rímar ekki við almenna réttarstöðu og ríkjandi viðhorf í dag. En menn hafa líka vakið athygli á þeirri staðreynd að réttur til launaðs fæðingarorlofs er betri hjá ríkisstarfsmönnum en öðrum starfsstéttum. Það er mínu áliti eðlilegt að þessi mál séu skoðuð í heild sinni. Það er þess vegna ljóst að það er ekki hægt að takmarka umræðu um breytta stöðu starfsmanna ríkisins við endurskoðun á niðurlagi 17. gr. laganna heldur verða menn, að mínu áliti, að ganga til heildstæðrar umfjöllunar um lögin og þau réttindi og þær skyldur sem ríkisstarfsmenn eiga að búa við. Að slíku verki verða væntanlega kallaðir fulltrúar þeirra stéttarfélaga sem hjá ríkinu starfa en ekki einungis fulltrúar Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. En það eru ákvæði í lögunum um að skylt sé að kalla þá til. Þetta segi ég vegna þess að fjöldinn allur af starfsmönnum ríkisins er utan þessara samtaka og hafa ekki þann rétt sem um getur í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að mér finnst sjálfsagt og eðlilegt að þetta ákvæði 17. gr. laganna verði endurskoðað og tel að það eigi að gerast ásamt annarri bráðnauðsynlegri endurskoðun á lögunum sem nú eru að verða 40 ára gömul.

[16:50]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Þetta svar hæstv. fjmrh. kalla ég að fara eins og köttur í kringum heitan graut. Mér finnst vera ansi loðið hvort hann ætli, sem hann getur auðvitað gert, að beita sér fyrir nýrri túlkun á þeim lögum sem í gildi eru, þ.e. túlkun sem væri þá hagstæðari feðrum í þjónustu ríkisins sem taka fæðingarorlof.

Það sem mér fannst ég skilja af ræðu hans hér áðan var það að hann væri tilbúinn að beita sér fyrir því að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1954 væru endurskoðuð, 17. gr. yrði breytt, það væri bara sjálfsagt og eðlilegt. En henni yrði breytt á þann veg að konur í þjónustu ríkisins yrðu í rauninni að greiða fyrir þann rétt, sem hann lýsti sig hugsanlega tilbúinn til að veita feðrum, með því að skerða réttarstöðu sína með vissum hætti frá því sem hún er núna, því auðvitað njóta konur í þjónustu ríkisins þeirrar sérstöðu, ásamt þeim sem vinna hjá bönkunum, að halda launum í fæðingarorlofi. Mér heyrðist á fjmrh. hér áðan að hann væri í rauninni að segja það að hann teldi að þessu ætti að breyta, að konur í þjónustu ríkisins ættu ekki eftir endurskoðun laganna, sem hann hyggst beita sér fyrir, að njóta fullra launa í fæðingarorlofi og feður ættu með ákveðnum hætti að koma þarna inn. Þetta skildi ég af ræðu hæstv. fjmrh. En eins og ég sagði: Mér fannst hann fara eins og köttur í kringum heitan graut og þetta er eitthvað sem ég verð bara lesa í ræðu hans hér áðan. Þykir mér auðvitað mjög miður ef þetta er ætlun ráðherrans að standa svona að málum en ekki að vinda bráðan bug að því að túlka lögin með þeim hætti að feður í þjónustu ríkisins geti notið þessa sjálfsagða réttar.

[16:52]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er eins og allir vita skynsemi kattarins að fara varlega að heitum graut. Gæti hver maður séð að það fer illa fyrir þeim ketti sem ekki gerði það. Hins vegar fannst mér hæstv. fjmrh. ekki fara beinlínis skynsamlega að því að svara þessari fyrirspurn. Hann valdi þann kostinn að tala svo óljóst að ég kalla það nánast kraftaverk hvernig hv. fyrirspyrjandi Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gat lesið það út úr ræðu hæstv. fjmrh. sem hún túlkaði hér sem hans svar. Það er út af fyrir sig list.

Nú vildi ég biðja hæstv. fjmrh. sem vafalaust kemur í stólinn aftur að endursegja í örfáum orðum hvað hann hyggst gera.

[16:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég er ekkert uppnæmur fyrir því að vera kallaður köttur og allra síst eftir þá ágætu ræðu sem hér var flutt áðan um eðli og skynsemi kattarins, sérstaklega þegar heitur grautur á í hlut.

En það er hins vegar rangt að ég hafi sagt í minni ræðu að konur ættu að greiða fyrir með lakari réttindum ef þessi réttur yrði útvíkkaður þannig að hann næði til karla. Það sem ég sagði, og skal nú segja í stuttu máli, var það að þetta atriði er eitt af mörgum sem tekið verður fyrir þegar lögin verða endurskoðuð og það þýðir til að enginn fari í grafgötur um það að ég tek ekki ástæður til þess að taka þetta eina ákvæði út úr nú og endurskoða það því það eru fjölmörg önnur í þessum lögum sem snerta betri rétt opinberra starfsmanna sem þarf að skoða og er ég þá ekki að segja að þau verði skert í þeirri endurskoðun, heldur er ég að tala um það að það sé eðlilegt samningsatriði á milli ríkisins og starfsmanna ríkisins hvernig réttindum, skyldum og kjörum er fyrir komið.

Einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar.

Fsp. KÁ, 57. mál. — Þskj. 60.

[16:54]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Mér er það ljóst að ég hreyfi hér viðkvæmu máli en það verður ekki komist hjá því að spyrja. Eins og menn muna þá er einn af hornsteinum stefnu ríkisstjórnarinnar svokölluð einkavæðing. Fljótlega eftir valdatöku núverandi ríkisstjórnar var einkavæðingarnefnd sett á laggirnar sem hefur skilað af sér víðtækum tillögum um sölu á sameiginlegum eignum okkar eða lagt til breytingar á ríkisstofnunum í hlutafélög sem eru ekkert annað en fyrsta skref í átt til einkavæðingar. Í hvítbókinni, Velferð á varanlegum grunni, er heill kafli um einkavæðingaráformin þar sem segir, m.a. með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin stefnir að því að gera átak til einkavæðingar starfsemi hins opinbera á kjörtímabilinu. Markmið þessara ráðstafana er fyrst og fremst að auka skilvirkni og hagkvæmni í opinberum rekstri, bæta afkomu og skuldastöðu ríkissjóðs, draga úr vaxtagreiðslum og koma í veg fyrir skattahækkanir."

Halli ríkissjóðs á næsta ári mun ná nýjum hæðum og það þarf ekki að rifja upp fyrir þingmönnum hér skattahækkanir sem yfir okkur hafa gengið og aukna gjaldtöku af almenningi. Þessi stefnumörkun hefur því ekki náð fram að ganga í neinu. Þegar litið er á framkvæmd einkavæðingarstefnunnar blasir sama sagan við enda hafa hin miklu áform runnið út í sandinn að mestu leyti.

Árið 1992 átti að einkavæða fyrir 1 milljarð kr. en 238 millj. skiluðu sér í ríkiskassann. Á þessu ári átti að selja fyrir 1,5 milljarða kr. þótt öllum mætti ljóst vera að það mundi aldrei ganga eftir enda stefnir í að salan skili um 100 millj. kr. nú. Enn skal þó haldið áfram og á næsta ári er meiningin að selja ríkiseignir fyrir 500 millj. kr. Maður spyr sig: Í hvaða heimi lifir fólk sem gerir áætlanir af þessu tagi í því efnahagsástandi sem hér ríkir og hvernig leyfa menn sér að halda svona áfram þegar ljóst er að kaupendur eru ekki til staðar? Og að svona loftkastalar gera ekki annað en að skekkja tekjuáætlanir ríkissjóðs og auka hallann?

Ég vil taka fram að einkavæðing á rétt á sér að vissu marki en flest þau áform sem uppi eru á borði ríkisstjórnarinnar eru að mínum dómi mjög hæpin og skaðleg hagsmunum þjóðarinnar. Mér finnst ríkisstjórnin skulda okkur skýringu hér á hinu háa Alþingi á stefnu sinni ekki síst því hvernig hún skýrir skipbrot hennar enda var lítið minnst á þetta óþægilega mál í stefnuræðu forsrh. hér fyrr í haust, hvað þá í ræðu þeirri sem fjmrh. flutti þá við umræðuna. Því spyr ég hæstv. fjmrh. á þskj. 60: Hvaða skýringar telur fjmrh. vera á því að einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar hafa runnið út í sandinn og að sala ríkiseigna sem átti að skila 1.500 millj. kr. í ríkissjóð skilar aðeins 100 millj. kr. á þessu ári?

[16:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Sú fullyrðing að einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnari hafi runnið út í sandinn er röng að mínu áliti jafnvel þótt útlit sé fyrir að sala ríkiseigna skili aðeins 100 millj. kr. á þessu ári. Á síðasta ári voru eftirtaldar ríkiseignir seldar:

1. Hlutur ríkisins í Ferðaskrifstofu Íslands,
2. Prentsmiðjan Gutenberg,
3. framleiðsludeild ÁTVR,
4. hlutur ríkisins í Þróunarfélagi Íslands.

Sala á hlutabréfum í Jarðborunum var hafin og söluandvirði Skipaútgerðar ríkisins og Menningarsjóðs var ráðstafað til greiðslu á skuldum. Þar að auki voru ýmsar fasteignir seldar og söluandvirði þeirra fært til tekna í ríkisreikningi. Og einnig má nefna sem ekki kemur fram sem bein sala, þann sparnað sem felst í því að ekki þarf að sjá fyrir framlögum til félaga og fyrirtækja sem rekin voru með tapi.

Auk sölu á fyrirtækjum og eignarhlutum hafa einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar og einstök ráðuneyti unnið að undirbúningi þess að breyta ríkisstofnunum í hlutafélög. Á síðasta þingi voru lögð fram frv. um breytingu margra stofnana í hlutafélög og má í því sambandi nefna Síldarverksmiðju ríkisins, Áburðarverksmiðju ríkisins, Sementsverksmiðju ríkisins og Lyfjaverslun ríkisins. Einnig er rétt í þessu sambandi að minna á frv. um afnám einkaréttar ÁTVR á innflutningi og heildsölu tóbaks. Frv. um síldarverksmiðjurnar og Sementverksmiðju ríkisins voru samþykkt en ekki náðist að afgreiða önnur frv. en þau verða vonandi afgreidd nú á haustþinginu.

Sala ríkiseigna skilaði ekki þeim 1.500 millj. á þessu ári eins og áformað var fyrst og fremst vegna þess að ákveðið var að bíða með einkavæðingu ríkisbankanna tveggja. Eins og áður hefur komið fram var ástæðan tímabundnir erfiðleikar í efnahagslífinu sem m.a. birtast í mikilli lægð á hlutabréfamarkaðnum og slæmri afkomu bankanna. Við gerð fjárlaga kom skýrt

fram að umrædd tekjufjárhæð var grundvölluð á því að sala hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hæfist á þessu ári. Frestun málsins breytir því hins vegar ekki að stefnt er að einkavæðingu viðskiptabankanna í eigu ríkisins. Áformað er að breyta þeim í hlutafélög og hefja sölu á hlutabréfum í Búnaðarbankanum þegar aðstæður leyfa.

Önnur ástæða fyrir minni tekjum á þessu ári en áformað var, er að ekki náðist að fá frv. um Lyfjaverslun ríkisins samþykkt á síðasta þingi, en sala á fyrirtækinu var áformuð á seinni hluta þessa árs. Jafnframt er talið ráðlegt að gefa sér meiri tíma en upphaflega var áætlað til að hefja sölu hlutabréfa í SR-mjöli.

Einkavæðingin og aðrar leiðir af sama toga sem núv. ríkisstjórn hefur kynnt og innleitt eru rétt að festa rætur hér á landi. Þegar brautin hefur verið rudd verður um varanlegar umbætur og nýskipan í ríkisrekstri að ræða. Það mun ekki skipta sköpum þegar upp er staðið þó hægar hafi gengið í upphafi en áformað var, einkavæðingin er hafin, ákveðin og markviss skref hafa þegar verið tekin og undirbúningur fyrir þau næstu er í fullum gangi. Ég fagna því að hv. fyrirspyrjandi skyldi lýsa því yfir í ræðu sinni að einkavæðing ætti rétt á sér að vissu marki. Reyndar kemur það mér ekki á óvart því hún skrifaði grein í DV fyrir skömmu þar sem þessi sjónarmið komu fram, þótt hún vilji ganga skemmra en ríkisstjórnin vill.

Ég heyri að margir hafa beðið um orðið og ég býst við að velunnarar Búnaðarbankans séu hér komnir og vilji fá að tala og skal það nú leyft, að sjálfsögðu. En af því tilefni vil ég þó bæta í það púkk að ekki stendur til á þessu ári og ekki er gert ráð fyrir því í fjárlögum næsta árs að inn komi tekjur af sölu Búnaðarbankans. Þannig að það sé alveg ljóst að í þeim 500 millj. sem standa í fjárlögum er ekki gert ráð fyrir að selt sé hlutafé Búnaðarbankans verði hann gerður að hlutafélagi, sem ég tel vera mjög skynsamlegt.

[17:02]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég hélt ég hefði heyrt það rétt í máli hæstv. fjmrh. þegar hann sagði að það ætti að selja Búnaðarbanka Íslands. Þegar hann varð hins vegar var við það að við, eins og hann kallaði okkur, velunnarar Búnaðarbankans, báðum um orðið þá var eins og hann áttaði sig á því og fór að draga í land lítillega. En mig langaði aðeins til að fá upplýsingar hjá hæstv. fjmrh. vegna þess að það er svo stutt síðan hann gekk af landsfundi Sjálfstfl. Hver var landsfundarsamþykkt Sjálfstfl. um sölu á Búnaðarbankanum?

[17:03]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég minnist þess að þegar Austurstræti var breytt í göngugötu þá var sagt að verið væri að opna Austurstræti fyrir gangandi fólk. Reyndar hafði Tómas ort um það að menn hefðu gengið þarna áður. En hvað um það. Núv. ríkisstjórn segist vera að einkavæða. Ég veit ekki til að nokkurn tíma hafi átt sér stað jafnmikil þjóðnýting einkaframtaksins eins og framkvæmt hefur verið af núv. ríkisstjórn. Hún á banka, hún á skipafélög, hún á sláturhús, hún á allan þann rekstur sem nöfnum tjáir að nefna í þessu landi, að vísu í eigu sjóða og banka ríkisins. Það er nefnilega halli á einkavæðingunni. Það er verið að þjóðnýta íslenska athafnamenn aftan frá í stórum stíl í þessu landi. Þjóðnýta þá aftan frá. Og það verður að óska krötunum til hamingju með árangurinn í þjóðnýtingunni, kommúnisminn er dauður en kratarnir sjá um að þjóðnýta einkaframtakið aftan frá.

[17:05]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í máli hæstv. fjmrh. þegar hann ræddi um einkavæðinguna að hann mælti eitthvað á þá leið að það hefði verið beðið með einkavæðingu Búnaðarbankans eða viðskiptabankanna vegna óhagstæðra aðstæðna á hlutabréfamarkaði — ef ég tók rétt eftir því sem hann sagði. Ég vil þess vegna spyrja: Er komið samkomulag í ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum um þetta mál? Er bara beðið eftir réttu aðstæðunum á peningamarkaðinum og þá verði þetta gert? Er orðið samkomulag í stjórnarflokkunum um málið og allt klappað og klárt?

[17:06]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin en ég er jafnósammála honum eftir sem áður því ég get ekki lesið annað út úr þeim tölum sem ég tíundaði áðan en að sú stefna sem ríkisstjórnin markaði og hefur sett í fjárlög ár eftir ár hafi mistekist. Menn hafa ætlað sér að selja eignir fyrir allt að 1,5 milljarða kr. en það hefur ekki gengið eftir.

Ég get ítrekað það hér að ég tel að einkavæðing eigi rétt á sér og ríkið sé enn þá að vasast í ýmsum málum sem það á ekki að vera að skipta sér af og eru arfur frá gömlum tíma, en hins vegar eru mörg þau áform sem ríkisstjórnin er með mjög af hinu slæma og menn þurfi þar að líta til reynslu annarra þjóða. Ég hugsa þá ekki síst til Pósts og síma og fleiri slíkra fyrirtækja sem þjóna öllum almenningi og hafa verið einkavædd í ýmsum löndum með þeim afleiðingum að verð hefur hækkað og þessi fyrirtæki treysta sér ekki til þess að standa í samkeppni og skera niður þjónustuna.

Þess ber að minnast að ríkisstjórnin hefur af gæsku sinni tengt einkavæðinguna framlögum til vísindarannsókna og hefur nefnt það margsinnis að það þurfi að efla vísindarannsóknir hér á landi til að efla atvinnulífið, en tengt þessari tekjuöflun sem hefur skilað sáralitlu. Þar af leiðandi hefur lítið fé runnið til vísindarannsókna. Þetta er enn eitt dæmið um það að einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar hefur mistekist og þeir eiga að taka sig á og hætta þessari vitleysu. Einbeita sér að uppbyggingu atvinnulífsins og uppbyggingu rannsókna og breyta sinni forgangsröð.

[17:08]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er oft verið að áminna almenna þingmenn um að þeir séu í sætum sínum og það sé ró meðan þingfundur stendur. En að ráðherra sé hér í almenningsskokki þvert um salinn fram og til baka. Mér

finnst vítavert að vekja ekki athygli á því að það er sanngjarnt að þeir sitji einnig í sætum sínum og fylgist með þegar fyrirspyrjandi er að yfirheyra þá með sínum spurningum.

[17:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég skil nú ekki þessar athugasemdir sem hv. þm. er að gera. Rétt áðan lýsti hann því yfir að það væri skynsamlegt að fara eins og köttur í kringum heitan graut. Ég get ekki skilið hvernig menn geta gert það og setið á sama staðnum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill, áður en hún gefur hv. 2. þm. Vestf. orðið, taka það fram að forseti gerir ekki athugasemdir við hv. þm. og hæstv. ráðherra þó þeir gangi um þingsalinn. En auðvitað er óæskilegt ef það er gert í ríkum mæli.

[17:09]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér var ekki ljóst að kettir hefðu seturétt hér þannig að ég tek það ekki til greina sem skýringu. Í annan stað hef ég ekki gert athugasemd við það að menn gangi um salinn, en að iðka hér skokk fram og til baka um salinn finnst mér óviðeigandi.

[17:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Fyrst ætla ég að upplýsa hv. þm. Framsfl. um það að það mun vera í þremur ályktunum frá landsfundi Sjálfstfl. þar sem samþykkt er að einkavæða ríkisviðskiptabankana, þannig að það er alveg skýr stefna Sjálfstfl. Í öðru lagi vil ég segja frá því að þetta er stefna ríkisstjórnarinnar frá upphafi. En það er hárrétt, sem látið var í veðri vaka í fyrirspurn eins hv. þm., að um það hefur ekki verið fullt samkomulag innan stjórnarflokkanna. Það hefur ekki verið látið á það reyna nýlega og ég get því haldið því fram og tel það eðlilegt að það sé stefna ríkisstjórnarinnar að gera ríkisviðskiptabankana að hlutafélögum. Hins vegar er það ekki á sama hátt skynsamlegt að selja hlut í þeim bönkum fyrr en markaðurinn er með þeim hætti að það fáist eðlilegt og gott verð fyrir.

Þá vil ég benda hv. fyrirspyrjanda á það að ég tel það ekki vera mistök þótt okkur hafi ekki tekist að selja Búnaðarbankann eins og til stóð og áformað var á yfirstandandi ári. Það var ný ákvörðun sem tekin var að yfirlögðu ráði að fresta því um sinn. Það er nú einu sinni þannig að tölur í fjárlagafrv. eru áætlaðar tölur og þessar 10–11 hundruð millj. sem áttu að koma inn var sala eigna, sumpart vegna einkavæðingar en sumpart vegna sölu á fasteignum ríkisins. Ég hef þegar lýst því yfir að ég tel að á næsta ári séu inni tölur sem ættu að geta staðist þó ég geti ekki fullyrt um það nú að áætlun í fjárlagafrv. standist fyrr en að loknu næsta ári. Það er eðli áætlana að þær eru áætlanir en ekki raunveruleikinn.

Umfang ómældrar yfirvinnu.

Fsp. GE, 99. mál. — Þskj. 102.

[17:12]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að bera fram eftirfarandi fsp. til hæstv. fjmrh.:

„1. Í hve miklum mæli er greidd ómæld (óunnin) yfirvinna hjá ríkinu?

2. Er greidd ómæld yfirvinna í orlofi?

3. Er greitt orlof á ómælda yfirvinnu?

4. Hversu margir ríkisstarfsmenn fá greidda aksturspeninga (bílastyrk) og hve mikilli fjárhæð námu þeir á sl. ári?

5. Hefur verið reynt að meta hvaða áhrif slíkar yfirvinnugreiðslur hafa á launakjör og launasamninga í landinu?“

Umræða um það sem ég vil kalla tvöfalt launakerfi hefur ekki verið hávær. Ástæðan fyrir því að ekki er almenn umræða um þennan, mér liggur við að segja ósóma, er að ég tel að ekki liggi fyrir umfang þessa dulda launakerfis. Engin umræða hefur verið um að þessar yfirvinnugreiðslur, sem stundum eru kallaðar metin yfirvinna, en einnig er verið að krefjast orlofslauna á þessa yfirvinnu þó svo að þessar greiðslur fylgi með launum í orlofsmánuði, sem sagt orlof á orlof.

Annað sem verra er, slíkar greiðslur eru framkvæmdar. Það er ósvinna að mínu mati.

Ég hef í höndum kröfugerð hæstaréttarlögmanns á hendur sveitarfélagi þar sem farið er fram á slíkar greiðslur. Þeir sem þekkja til þessara greiðslna vita að einnig eru tilvik þar sem ómæld yfirtíð er hrein launauppbót og ef unnin er raunveruleg yfirvinna þá er greitt fyrir hana sérstaklega.

Hvers kyns launafeluleikur, sem hér er um að ræða, er til ills og skapar efasemdir og vantraust. Trúnaður milli stétta er brostinn ef óheilindi eru viðhöfð. Þetta eru m.a. ástæðurnar fyrir mínum framlögðu fyrirspurnum.

[17:15]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mun byggja svar mitt á upplýsingum frá starfsmannaskrifstofu fjmrn. En fyrst vil ég aðeins útskýra hugtök sem gætu hjálpað til þegar menn ræða um hugtök eins og ómæld eða óunnin yfirvinna.

Í launakerfi starfsmannaskrifstofu fjmrn. er yfirvinna greind í tvo þætti. Í fyrsta lagi í mælda yfirvinnu, þ.e. vinna umfram dagvinnu sem fæst við aflestur stimpilklukku eða annarrar ábyrgrar skráningar. Í öðru lagi í metna yfirvinnu, en þá er yfirvinna heils árs áætluð og greiðslu hennar jafnað niður á 12 mánuði. Seinni aðferðinni, sem við köllum metin yfirvinna, er beitt þar sem ekki er með góðu móti hægt að koma við skráningu með hefðbundnum hætti, t.d. hjá ýmsum ábyrgðarmönnum og einyrkjum hvers konar en einnig eru dæmi um að brugðið hefur verið til sama ráðs við gerð kjarasamninga. Þannig er nú um yfirvinnu t.d. hjá skólastjórnendum og yfirlögregluþjónum, hún er ákvörðuð með kjarasamningi.

Síðan vil ég minnast á aksturspeninga eða bílastyrk. Hjá starfsmannaskrifstofu er notað hugtakið akstursgjald sem er greiðsla fyrir eigin bifreið starfsmanna sé notkun hennar nauðsynleg vegna starfans, svo vitnað sé til orðalags kjarasamninga.

Ef ég vík að fyrirspurnunum þá er við þeirri fyrstu það að segja, að árið 1992 námu vinnulaun sem fóru um starfsmannaskrifstofuna 30 milljörðum 190 millj. og 260 þús. kr. Yfirvinna og orlof er þar af 8 milljarðar 338 millj. 672 þús. kr. eða 27,62% heildarvinnulaunanna. Metin yfirvinna var þar af 419 millj. u.þ.b. eða rúmlega 5% allrar yfirvinnunnar. Þessi metna yfirvinna skiptist á 1.521 einstakling en þetta ár voru heildarársverk hjá ríkinu tæplega 19.000.

Svar við annarri fyrirspurn er svohljóðandi: Svo sem áður greindi er metin yfirvinna áætluð yfirvinna heils árs sem jafnað er niður á alla mánuði ársins. Eins mætti auðvitað deila upp í áætlunina með ellefu eða einhverri annarri tölu. Þetta þýðir auðvitað að það er greitt í orlofi af því að það er deilt með tólf en það væri hægt að deila með ellefu alveg eins.

Þriðja fyrirspurn: Orlof er greitt bæði á mælda og metna yfirvinnu.

Fjórða fyrirspurn: Ríkið mætir akstursþörf sinni með mismunandi hætti. Í fyrsta lagi getur verið um bifreiðakaup að ræða, þá leggur ríkið til bifreiðina. Bifreið getur verið tekin á leigu, t.d. á bílaleigu. Það geta verið leigubílar sem teknir eru og síðan er það samningur við starfsmann um afnot bifreiðar og eins tilfallandi notkun bifreiðar starfsmanns. Þetta er því gert með mjög mismunandi hætti og alveg í föstum skorðum. En þessar greiðslur til starfsmanna ríkisins námu árið 1992 tæplega 424 millj., en heildargreiðslur til starfsmanna sem vinnulaun voru, eins og ég sagði áður, upp undir 32 milljarðar.

Svar við fimmtu fyrirspurn er — ég verð að fara hratt yfir sögu tímans vegna — að sú metna yfirvinna sem mælanleg er í launakerfi ríkis hefur ekki verið sérstaklega skoðuð með tilliti til áhrifa á launakjör og launasamninga í landinu. En þegar tekið er tillit til þess hve lág þessi fjárhæð er í launagreiðslum ríkisins, hvað þá í launum á landsvísu, má ganga út frá því að áhrifin séu mjög lítil.

Hitt er svo annað mál að það kann að vera að einhver hluti þeirrar mældu yfirvinnu sem tilkynnt er til launakerfis ríkisins mánaðarlega sé ákvarðaður fyrir fram milli stjórnenda og starfsmanna og jafnvel án vinnuframlags. Hversu útbreitt þetta er og hve stór hluti yfirvinnugreiðslna er ákvarðaður með þessum hætti er ógjörningur fyrir mig að ákvarða að sinni en flest bendir til þess að með öflugri stjórntækjum sem við höfum yfir að ráða þá sé minna rými til slíkra athafna og ég tel að ástandið í þessum málum fari batnandi ár frá ári.

[17:20]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka svar hæstv. fjmrh. Slíkar greiðslur eru í raun og veru þannig í mörgum tilvikum að telja má að verið sé að bæta lág grunnlaun upp þannig að ekki verði samanburðarhæft milli starfsstétta. Mér finnst þegar yfirvinna er orðin 30% hlutfall af launum sé verið að brengla launakerfi og þar sem þetta á aðeins við um ríkið tel ég að það sé ástæða til þess að skoða þessi mál miklu nánar.

Launabilið á Íslandi er orðið miklu meira en tíðkast. Tíðkast launabil útborgaðra launa ætti að vera nægjanlegt svigrúm fyrir allar starfsstéttir og það verður að ætlast til þess að þegar þrengist að geti aðilar vinnumarkaðarins komist að samkomulagi innan þess ramma.

Ég held að þegar svona er komið og þegar einn getur borið tuttugufaldan hlut fyrir sína vinnu á móti lægstu viðmiðunarlaunum, þá verði að stokka upp og gefa upp á nýtt í samræmi við raunveruleika og staðreyndir.

Ég vil segja það hér að ef engin hreyfing kemur frekar á þessi mál á næstu dögum, þá treysti ég því að þeir hv. þm. úr öllum flokkum sem höfðu vilja til þess að styðja ályktun um þessi mál taki höndum saman og hrindi af stað aðgerðum sem duga.

[17:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég ætla ekki að leggja dóm á ummæli hv. þm. og tel þau vera eðlileg og auðvitað mun hann fylgja þeim málum eftir sem honum finnst hér á hinu háa Alþingi. Það er þó ástæða til þess að benda á að yfirvinna ásamt orlofi er 27,6% af heildarlaunagreiðslunum og ég get giskað á að orlof sé 8–9 prósentustig af því þannig að þetta er innan við 20% sem eru hreinlega yfirvinnulaun.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að þetta skiptist ójafnt á starfsmenn. Það er nú einu sinni þannig að vinnan leggst misjafnlega á starfsmennina og þess vegna myndast stundum talsverður launamunur.

Virðulegi forseti. Mitt erindi í stólinn var fyrst og fremst að segja frá því að ég tel það vera hlutverk mitt hér fyrst og fremst að gefa upplýsingar um þessi atriði. Ef þær upplýsingar verða síðan til þess að um áframhaldandi vinnu verður að ræða af hálfu þingmannsins þá fagna ég því að sjálfsögðu og tek þátt í umræðu og eftir atvikum meðferð slíkra mála.

Staða forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins.

Fsp. GHelg, 54. mál. — Þskj. 57.

[17:24]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Í lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, er svo kveðið á, með leyfi hæstv. forseta, að „ráðherra skipar forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins að fengnum tillögum tryggingaráðs."

Eins og alþjóð er kunnugt brást tryggingaráð þeirri skyldu sem lögin setja því og lagði ekki fram tillögu um einn úr hópi umsækjenda áður en nýskipaður forstjóri var ráðinn, heldur taldi ákveðinn hóp manna hæfari en aðra. En eitt er þó víst að það lagði ekki til að forstjórar yrðu tveir fyrst um sinn.

Nú lesum við það í fjölmiðlum að fyrrv. forstjóri sé enn við störf og verði enn um sinn og því hef ég leyft mér að óska svars við fyrirspurnum sem fyrir liggja á þskj. 57. Þær hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hversu lengi verða forstjórar Tryggingastofnunar tveir og samkvæmt hvaða lögum?

2. Hver eru laun forstjóranna tveggja og fríðindi?

3. Hver var kostnaður við innréttingu skrifstofu handa fyrrv. forstjóra í húsi Tryggingastofnunar?

4. Verður beiðni um framlag til þessarar breyttu skipunar í frv. til fjáraukalaga?"

[17:26]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi: Það er einn forstjóri fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Forstjóraskipti fóru fram hinn 1. okt. sl. eins og kunnugt er. Á hinn bóginn varð það að samkomulagi milli ráðherra og fyrrv. forstjóra að hann tæki að sér sérstök verkefni fyrir stofnunina sem áætlað er að ljúki þann 1. febr. nk. Verkefni þessi eru einkum fólgin í því að vinna að skipulagsbreytingum og hagræðingu sem áætlað er í framhaldi af úttekt á stofnuninni sem nýlega fór fram auk annarra verkefna sem forstjóri mun fela honum. Fyrrv. forstjóri heldur fyrri launum á meðan hann starfar við þetta verkefni.

Önnur spurning var: Hver eru laun forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins? Laun forstjóra eru samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins samkvæmt launaflokki 167-1 sem nemur 199.158 kr. á mánuði. Að auki greiðir Tryggingastofnun 26.388 kr. fyrir nefndastörf, bílastyrkur er 13.146 kr.

3. Hver var kostnaður við innréttingu skrifstofu handa fyrrv. forstjóra í húsi Tryggingastofnunar? Svar: Fyrrv. forstjóri hefur vinnuaðstöðu í herbergi sem er 15,86 fermetrar að stærð. Húsögn, þ.e. skjalaskápur, skrifborð, þrír stólar, skrifstofustóll og önnur skrifstofuáhöld, kostuðu kr. 185.691 kr. Þessi húsgögn og skrifstofuáhöld munu nýtast stofnuninni að fullu næstu árin.

4. Verður beiðni um framlag til þessarar breyttu skipunar í frv. til fjáraukalaga? Svar: Það verður ekki gert, enda rúmast þessi útgjöld innan fjárhagsáætlunar stofnunarinnar sem skýrist m.a. af því að ekki var ráðið að Tryggingastofnuninni í ný störf sem áætlað var á fjárlögum fyrr en seinni hluta ársins.

[17:28]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Á fundi forsætisnefndar Alþingis í morgun lá fyrir beiðni hv. heilbr.- og trn. um 10 þús. kr. til að heimsækja sjúkrastofnanir á Suðurlandi. Við þeirri beiðni var orðið. Hér er hins vegar um að ræða laun sem fara hátt í 1 millj. kr. fyrir starfsmann sem ekki var gert ráð fyrir á fjárlögum. Innréttingakostnaður skrifstofu var 200 þús. Forsætisnefnd Alþingis tekur slíkar upphæðir alvarlega og telur ekki að þær rúmist innan fjárlaga. Ef slík ný útgjöld koma upp sem ekki hefur verið ráð fyrir gert á fjárlögum þykir það síður hér í húsi að fara fram á aukafjárveitingu. Það er því furðulegt að hæstv. ráðherra skuli upplýsa hér að ekki minna en 1 millj. kr. skuli rúmast innan fjárlaga og hvergi þurfa að biðja um heimild fyrir slíkri greiðslu. Þetta eru ný tíðindi fyrir mér sem nefndarmanni í fjárln.

Í Dagblaðinu 1. okt. sl. er haft eftir hæstv. heilbrrh. undir fyrirsögninni „Heilbrigðisráðherra með tvo forstjóra í Tryggingastofnun ríkisins." Það hefur þegar komið hér fram að þeir eru tveir þar sem tveir menn njóta forstjóralauna. Og þar segir hæstv. ráðherra, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég óskaði strax eftir því að Eggert yrði áfram við störf í Tryggingastofnun næstu mánuði til að forstjóraskiptin gætu orðið með þeim hætti að fyrrum starfsmaður yrði nýjum forstjóra til ráðuneytis. Samhliða því hef ég óskað eftir að hann taki að sér ýmis sérverkefni. Eggert tók umleitan minni mjög vel."

Nú vill svo til að í Tryggingastofnun ríkisins veitir forustu hverri deild heill hópur mjög svo vel menntaðra starfsmanna sem tvímælalaust hefði verið forstjóra sínum til aðstoðar við hagræðingu og breytingar hvers konar og það segir sig auðvitað sjálft að hér er ekkert á ferðinni annað en persónuleg fyrirgreiðsla sem er auðvitað óþolandi að horfa upp á.

Héraðslæknisembættin.

Fsp. ÞBack, 111. mál. — Þskj. 115.

[17:31]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Á þskj. 115 beini ég þeirri fsp. til heilbr.- og trmrh. um héraðslæknisembættin og spurningar mínar eru þessar:

„1. Hvaða stefna hefur verið mótuð um framtíð héraðslæknisembættanna?

2. Eru erindisbréf héraðslækna í endurskoðun? Ef svo er, hvenær má búast við að þeirri vinnu ljúki?

3. Hvaða tíma er heilsugæslulækni í fullu starfi ætlað að taka til að sinna embættisverkum héraðslæknis og hvernig er séð fyrir afleysingu á meðan þeim verkefnum er sinnt?

4. Hverjum verður falið að taka við þeim verkefnum sem héraðslæknisembættin í Reykjavík og á Akureyri hafa unnið ef sá niðurskurður sem boðaður er í fjárlagafrv. nær fram að ganga?"

Héraðslæknisembættin eru einn hlekkur í stjórnun heilbrigðismála í landinu. Þennan hlekk þarf að styrkja því að svæðisbundin stjórnun þjónar íbúum svæðisins betur en ómarkvissar ákvarðanir ráðuneytis og landlæknisembættis. Svæðisbundna stjórnun þarf að styrkja með því að skapa héraðslæknum og heilbrigðismálaráðum héraðanna þá aðstöðu að geta sinnt þeim verkefnum sem ákveðin eru í lögum. Fram til þessa hafa bæði embættin verið óstarfhæf sökum skorts á starfskröftum og rekstrarfé.

Í dag er unnið að stækkun sveitarfélaganna. Tilgangurinn er að styrkja þau og gera hæfari til að sinna núverandi og nýjum verkefnum og hefur heilsugæslan verið nefnd í því sambandi.

Hlutverk héraðslæknisembættanna er með þeim hætti að það skiptir ekki höfuðmáli hvort rekstur heilbrigðisstofnana er í höndum ríkis eða sveitarfélaga. Það sem skiptir máli er að draga úr núverandi miðstýringu og koma ákvarðanatöku nær verkefnunum og fólkinu sem á að takast á við þau.

Hlutverk og staða héraðslækna er óljós í stjórnkerfinu. Línur eru óljósar og því tilviljunarkennt hvaða málum er vísað til embættanna og hvaða málum þau sinna frá íbúum og stofnunum sinna héraða. Þetta er öllum ljóst og hlýtur því að veikja enn frekar embættin og þá einstaklinga sem þeim sinna. Heilsugæslulæknir í fullu starfi sem skipaður hefur verið sem héraðslæknir verður að eiga við eigin samvisku hvaða tíma hann tekur til að sinna embætti héraðslæknis. Meðan núv. fyrirkomulag varir verður að ákveða vinnuskyldu og skipuleggja afleysingaþjónustu til heilsugæslustöðvanna. Núv. fyrirkomulag þjónar þeim tilgangi einum að viðhalda veikburða embættiskerfi en það getur líka verið markmiðið í sjálfu sér og skýringin á því hve litlar undirtektir tillögur til úrbóta hafa fengið hjá ráðuneyti og landlækni.

Til að styrkja svæðisbundna stjórnun heilbrigðismála verða embætti héraðslækna að fá stöðugildi. Héraðslæknisembætti á Norðurl. e. hefur haft heilt stöðugildi undanfarin 5 ár. Þetta embætti hefur því getað sinnt sínum verkefnum og náð að skipa sér sess í sinni heimabyggð. Eins er með héraðslæknisembættið í Reykjavík. Það hefur alltaf haft sérstöðu og frá borgarlæknisembættinu og verkefnum í fjölmennasta læknishéraðinu.

Samkvæmt frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 er lagt til að framlög til þessara tveggja embætta lækki um tæplega 15 millj. kr. Framkvæmdin verði með þeim hætti að embætti héraðslæknis á Norðurl. e. verði sem áður, þ.e. heilsugæslulæknir gegni jafnframt embætti héraðslæknis og gert er ráð fyrir óskilgreindi fækkun starfsmanna hjá héraðslæknisembættinu í Reykjavík.

[17:35]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint fjórum fyrirspurnum.

„1. Hvaða stefna hefur verið mótuð um framtíð héraðslæknisembættanna?“ Heilbr.- og trmrn. hefur um árabil viljað styrkja embætti héraðslækna. Nauðsynlegar lagabreytingar hafa aldrei náð fram að ganga fyrr en með breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu árið 1990. Þar var ákveðið að heimilt væri að reka þrjú sjálfstæð embætti héraðslækna í Reykjavíkurhéraði, í Reykjaneshéraði og Norðurlandshéraði eystra. Jafnframt var heimilað að stofna sjálfstæð embætti í nokkrum héruðum ef nauðsyn krefði. Annars staðar skyldi skipa einn heilsugæslulækni héraðsins sem héraðslækni með sama hætti og verið hefur, nánast frá setningu fyrstu laganna um heilbrigðisþjónustu. Þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir ráðuneytisins hefur ekki tekist að fá fjárveitingar á fjárlögum til embættis héraðslæknis í Reykjaneshéraði. Í ljósi takmarkaðra fjárveitinga og nauðsynlegs sparnaðar taldi ráðuneytið rétt að breyta að nýju öllum embættum héraðslækna annarra en héraðslæknisins í Reykjavík í eldra form, þ.e. að einn heilsugæslulæknir er jafnframt skipaður héraðslæknir.

„2. Eru erindisbréf héraðslækna í endurskoðun? Ef svo er, hvenær má búast við að þeirri vinnu ljúki?“ Gildandi erindisbréf héraðslæknis eru nr. 118/1980. Endurskoðun erindisbréfsins hefur staðið yfir um hríð. Búast má við að þeirri vinnu ljúki innan tíðar.

„3. Hvaða tíma er heilsugæslulækni í fullu starfi ætlað að taka til að sinna embættisverkum héraðslæknis og hvernig er séð fyrir afleysingu á meðan þeim verkefnum er sinnt?“ Heilsugæslulæknir í fullu starfi fær leyfi frá störfum að eigin ósk til að sinna embættisverkum héraðslæknis. Oftast er annar læknir ráðinn til afleysinga á meðan. Heilsugæslulæknar sem jafnframt eru héraðslæknar fá á mánuði 20% af launum samkvæmt launaflokki 153 vegna héraðslæknisstarfanna. Þegar þeir sinna eingöngu héraðslæknisstörfum fá þeir full laun samkvæmt launaflokki 153 þann tíma ásamt umsaminni eftirvinnu en falla á meðan af launaskrá sem heilsugæslulæknar.

„4. Hverjum verður falið að taka við þeim verkefnum sem héraðslæknisembættin í Reykjavík og Akureyri hafa unnið ef sá niðurskurður sem boðaður er í fjárlagafrv. nær fram að ganga?“ Í fjárlögum 1993 eru fjárveitingar til héraðslæknisembættisins í Reykjavík 16,9 millj., í fjárlagafrv. 1994 6,8. Á sama hátt eru í fjárlögum yfirstandandi árs 6,6 millj. kr. til héraðslæknisins á Akureyri en 1,9 millj. í fjárlagafrv. fyrir komandi ár, 1994. Gert er ráð fyrir að uppstokkun verði á starfsemi skrifstofu héraðslæknisins í Reykjavík og einhver hluti þeirra verkefna sem skrifstofan hefur sinnt verði fært til heilsugæslustöðvanna líkt og er úti á landi. Þá er gert ráð fyrir að starf héraðslæknisins á Akureyri verði hálft starf og staða ritara við skrifstofu héraðslæknisins verði lögð niður. Þess er þó að geta að eftir sem áður mun fjárveiting til embættis héraðslæknisins á Akureyri verða því sem næst þreföld samanborið við fjárframlög til héraðslækna í öðrum héraðslæknisumdæmum, svo sem á Vesturlandi, Vestfjörðum, Norðurlandi vestra, Austurlandi, Suðurlandi og Reykjanesi þar sem almenna reglan hefur verið 20% starfshlutfall.

Það segir með öðrum orðum að þrátt fyrir sparnað í þessum málaflokki er hér ekki um að ræða neina grundvallarbreytingu á þjónustu héraðslækna um landsbyggðina alla. Stærsta breytingin verður hér í Reykjavík. Þar mun væntanlega eflt landlæknisembætti koma inn og sinna ákveðnum þáttum þeirrar þjónustu sem embætti héraðslæknisins í Reykjavík hefur sinnt.

[17:39]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra svörin. Svörin voru í líkingu við það sem mátti lesa úr fjárlagafrv. og við mátti búast, en erindisbréf héraðslæknanna hafa verið lengi í endurskoðun og það er eiginlega spurning á hverju strandar. Lögin hafa breyst á þessum 13

árum frá því að þeir fengu sín erindisbréf og margt sem þarf að taka tillit til. Eins hefur verið gerð hér þál. um skrifstofur heilbrigðismála og þar þarf líka að skýra línurnar ef af þeim verður. Hlutverk héraðslækna er margþætt og þeim er ekki ætlaður tími eða starfsaðstaða til að sinna þessum verkum og ef þeirra hlutverk þykir lítið í stjórnkerfinu þá er ekki hægt að ætlast til meira miðað við þá aðstöðu sem þeir búa við. En það er sóun á starfskröftum að nýta ekki þessa embættismenn betur og koma á valddreifingu í heilbrigðisstjórnun landsins. Þetta með afleysingarnar er mjög óþægileg staða að biðja um afleysingar eftir því sem hver og einn treystir sér til og vill leggja á sína samstarfsmenn með fjarveru.

Ég fékk skýringar á því hvert eigi að flytja verkefni frá héraðslæknisembættinu í Reykjavík en þar eru unnin störf sem það embætti hefur eingöngu sinnt og það má vera að það sé hægt að koma þeim yfir á önnur embætti en þá mætti líka líta til rannsóknarlögreglunnar og annars ráðuneytis í því sambandi.

Skrifstofur heilbrigðismála.

Fsp. ÞBack, 112. mál. — Þskj. 116.

[17:41]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Á þskj. 116 er fsp. til heilbr.- og trmrh. um skrifstofur heilbrigðismála, svohljóðandi:

„1. Hvernig miðar undirbúningi að stofnun skrifstofu heilbrigðismála í kjördæmum landsins, sbr. ályktun Alþingis frá 7. febrúar 1991?

2. Hvernig samrýmist áformaður niðurskurður fjárveitinga til héraðslæknisembættanna ályktun Alþingis um uppbyggingu stjórnsýsluþáttar heilbrigðisstofnana úti í landshlutunum og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, þar á meðal á sviði heilbrigðismála?"

Þál. um skrifstofu heilbrigðismála sem samþykkt var á Alþingi 7. febr. 1991 er stórt framfaraspor í stjórnsýslu þessa málaflokks. Skrifstofunum er ætlað að sinna m.a. verkefnum héraðslækna, heilbrigðismálaráða og Tryggingastofnunar og fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð og eftirliti með heilbrigðisþjónustu á svæðinu. Tími til undirbúnings styttist ef vinna á samkvæmt tillögunni því það þarf að huga að mörgu í svo stóru valddreifingarmáli. Í dag er markvisst unnið að stækkun sveitarfélaga, tilgangurinn er að gera sveitarfélögin sterkari og hæfari til að takast á við núverandi verkefni og taka að sér ný. Sveitarfélög verða þrátt fyrir sameiningu mörg hver fámenn og veikburða. Nokkrir málaflokkar eru þess eðlis að fjárhagslegri og faglegri áætlanagerð ásamt því að vera með faglega ráðgjöf og eftirlit er betur stjórnað í stærri einingum í þágu sameiginlega hagsmuna svæðisins. Þar má t.d. nefna héraðslæknisembættin, heilbrigðismálaráð og fræðsluskrifstofur. Þegar verkefni eru flutt yfir á sveitarfélögin verður að tryggja þeim tekjustofna og stjórnunarlega ábyrgð. Án þess að vantreysta sveitarstjórnum þá verður jafnhliða flutningi á svo mikilvægum og viðkvæmum málaflokk sem heilbrigðismálin eru að styrkja sveðisbundna ráðgjöf og eftirlitsstofnanir.

Ráðið til að draga úr hinni miklu miðstýringu sem nú er í heilbrigðismálum er að koma fót skrifstofum heilbrigðismála, styrkja héraðslæknisembættin og koma á fót lögboðnum embættum héraðshjúkrunarfræðinga.

Á miklum sparnaðar- og niðurskurðartímum er erfitt að koma með tillögu um fjölgun stöðugilda og stofa ný embætti. Í þessu tilfelli er að einhverju leyti hægt að tala um flutning verkefna og mannafla frá stofnunum í Reykjavík út í kjördæmi landsins.

[17:44]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint tveimur fsp. Í fyrsta lagi: „Hvernig miðar undirbúningi að stofnun skrifstofu heilbrigðismála í kjördæmum landsins samanber ályktun Alþingis 7. febr. 1991?"

Tilvitnaðri þál. var vísað til nefndar sem skipuð var í september 1991 og falið var að endurskoða lög um heilbrigðisþjónustu. Nefnd þessi sendi ráðherra tillögur sínar um mánaðamótin apríl/maí sl. Nefndin sendi sem fskj. með frv. hugmyndir um héraðsráð, skrifstofur héraðsráðs og héraðslækna. Í frv. er þó ekki að finna tillögur um lagabreytingar hér að lútandi.

Tillögur þessar hafa verið um skeið til skoðunar í heilbr.- og trmrn. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um það hvenær og hvort um framlagningu frv. til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu í samræmi við tillögur nefndarinnar verði að ræða m.a. í ljósi þess að tveir nefndarmenn voru með fyrirvara um tiltekin ákvæði í frv.

Í öðru lagi er spurt: „Hvernig samrýmist áformaður niðurskurður fjárveitinga til héraðslæknisembættanna ályktun Alþingis um uppbyggingu stjórnsýsluþáttar heilbrigðisstofnana úti í landshlutunum og stefnumörkun ríkisstjórnarinnar um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, þar á meðal á sviði heilbrigðismála?"

Ályktun Alþingis um uppbyggingu stjórnsýsluþáttar heilbrigðisstofnana úti í landshlutum sem ítrekuð var í 5. gr. íslenskrar heilbrigðisáætlunar frá 19. mars 1991 hafa ekki fylgt fjárveitingar sem gera uppbyggingu þessa mögulega. Ráðuneytið hefur því ákveðið að á meðan fjárveitingar fást ekki til uppbyggingar stjórnsýsluþáttar heilbrigðisstofnana úti í landshlutunum verði starfsemi héraðslækna á landinu annars staðar en í Reykjavík svipuð. Þetta þýðir að einum heilsugæslulækni í hverju umdæmi verður falið að sinna jafnframt héraðslæknaskyldum samkvæmt lögum og reglugerðum. Flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga mun væntanlega treysta mjög alla nauðsynlega stjórnsýslu heima í héraði. Tek ég undir með fyrirspyrjanda í þeim efnum, og ekki síst á vettvangi heilbrigðismála sem og annarra málaflokka.

Ég vænti þess að viðkomandi sveitarstjórnir muni gæta þess þegar þær endurmeta og raða í forgangsröð á nýjan leik þegar þessi verkefni eru komin heim í hér-

að að hafa m.a. þau mál sem fyrirspyrjandi nefndi í forgangi.

[17:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það var ákveðin þversögn í svari hæstv. heilbrrh. hvað varðar afstöðuna til uppbyggingar á stjórnsýsluþætti héraðslæknisembættanna. Annars vegar sagði ráðherrann efnislega eitthvað á þessa leið: Á meðan það er á okkar höndum hér á Alþingi að ákvarða þessa hluti þá látum við bara litla peninga í það þannig að það sé ekki hægt að byggja upp þennan þátt. En svo sagði hann: Síðan ætlum við að láta sveitarfélögin fá þetta verkefni og þá verður blómabrekka fram undan. Það mun mjög treysta stjórnsýslu heima í héraði þegar sveitarfélögin eru komin með þetta. Það gerist ekki, virðulegur forseti, nema því aðeins að þeir hinir sömu sem halda þessu fram, hæstv. ráðherrar og hans fylgismenn og stuðningsmenn í ríkisstjórninni, fyrir utan nokkra Hafnfirðinga, láti fé til verkefnisins. Hvernig eigum við að trúa því og treysta, virðulegur forseti, að ráðherra sem ekki er reiðubúinn að berjast fyrir því að fá þá fram fé til þessa verkefnis meðan það er á hans höndum gerir það eftir að verkefnið er komið til sveitarfélaganna?

[17:48]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina því til hæstv. heilbrrh. varðandi færslu verkefna á sviði heilbrigðismála til sveitarfélaga í ljósi yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar hvort sú vinna er langt komin í heilbrrn. að skilgreina verkefni sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva og hvernig þau verkefni eiga að flytjast til sveitarfélaganna. Hvar sú vinna er á vegi stödd?

[17:49]

Fyrirspyrjandi (Þuríður Backman):

Virðulegi forseti. Það kom fram þversögn hjá hæstv. heilbrrh. með forgangsröðun. Í þessu tilfelli er það ekki forgangsröðun sveitarstjórnanna heldur forgangsröðun ríkisins hvenær skrifstofur heilbrigðismála verða settar á laggirnar. Það er ekki sveitarstjórnanna. Sveitarstjórnirnar hver um sig fá það verkefni að stjórna heilbrigðisstofnunum í sínu héraði. Sveitarstjórnirnar hafa ekki þá stjórnsýslu sem heilbrigðisskrifstofnunum er ætlað. Án þess að efast nokkuð um heiðarleika sveitarstjórnarmanna um að stjórna sínum málum þá verður það ekki síður þegar búið verður að koma heilbrigðisþjónustunni yfir á sveitarfélögin sem þarf faglegt eftirlit og ráðgjöf til þess að samræma og fylgja því eftir að íbúar landsins fái þá þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum.

[17:50]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings hjá hv. 5. þm. Vestf. hvað varðar fyrirhugaðan tilflutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Að minni hyggju getur sá tilflutningur aldrei orðið með þeim formerkjum að einn stóll sé fluttur frá ríki yfir til sveitarfélaga. Málið hlýtur öllu heldur að vera undir þeim formerkjum að tekjustofnar séu fluttir og síðan sé það undir sjálfsvald viðkomandi sveitarfélaga og sveitarstjórna sett hver forgangsröðun verkefna verður. Ég held að það eigi ekki nema undir almennum lögmálum að vera verkefni ríkisins að segja fyrir um það upp á punkt og prik hvernig það eigi að sinna þessari þjónustu, því þá er til lítils gengið í þessum efnum. Sjálfræði og sjálfdæmi heimamanna verður auðvitað að ráða þar ríkjum. Það finnst mér vera lykilatriði þegar menn ræða þessi mál.

Hvað varðar stöðu þeirra mála í heilbrrn. og möguleika um tilflutning á ákveðnum þáttum heilbrigðismála, svo sem heilsugæslustöðva og fleiri þátta, öldrunarmálin hafa verið þar mjög til skoðunar, þá hygg ég að heilbrrn. sé allvel í stakk búið til þess að hefja viðræður við forsvarsmenn sveitarfélaganna í landinu um þennan tilflutning. Það eru að sönnu ekki nema þrjú ár frá því að heilsugæslan var að stórum hluta til í höndum heimamanna, sveitarfélaganna, og vissulega má segja að menn séu að snúa til baka frá því ráðslagi. Ég held að það sé hins vegar skynsamlegt að horfa til þess að það hafi ekki verið rétt skref sem stigið var 1990 og það eigi að snúa til baka með heilsugæsluna og fleiri þætti og nefni ég þar kannski fyrst og síðast öldrunarþjónustu í sinni víðustu mynd.

Jöfnun húshitunarkostnaðar.

Fsp. JVK, 78. mál. — Þskj. 81.

[17:53]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 81 til iðnrh. svohljóðandi:

„1. Hvernig hefur ríkisstjórnin fylgt fram stefnu sinni um jöfnun húshitunarkostnaðar meðal landsmanna?

2. Hver var mismunur á verði einstakra orkuveitna til húshitunar 1. janúar 1991 og hver var þessi munur 1. október sl.?

3. Hyggst ráðherra leggja fram á þessu þingi frv. til laga um jöfnun orkuverðs í landinu?“

Tilefni þessarar fyrirspurnar eru þær umræður sem hér hafa verið á undanförnum þingum um jöfnun húshitunarkostnaðar og í hvítbók ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, eru áætlanir um að lækka húshitunarkostnað og jafna hann í áföngum á tveimur árum. Þau tvö ár eru liðin, þau voru liðin þann 1. júní sl. því 1. júní 1991 var sett fram aukið fjármagn til að jafna húshitunarkostnað. Í fjárlögum ársins 1993 eru 347 millj. kr. til niðurgreiðslu á rafhitun. Sama upphæð er í frv. til fjárlaga fyrir næsta ár. Samkvæmt því sýnist mér að markmiði sínu nái ríkisstjórnin ekki. Um síðustu áramót gaf hæstv. iðnrh. þáv. það út að niðurgreiðslur yrðu auknar á raforku til húshitunar á íbúðarhúsnæði og kæmi það til framkvæmda frá síðustu áramótum. Það kom svo í ljós að þessar auknu niðurgreiðslur áttu að fara til að milda þá hækkun sem ríkisstjórnin var að ákveða með því að leggja virðisaukaskatt á húshitun. Hins vegar kemur engin aukning sam-

kvæmt fjárlagafrv. eða fjáraukalögum í ár. Ég fæ ekki séð að neitt hafi breyst í þessum málum síðan 1991. Það væri því fróðlegt að fá að heyra hvernig þessi mál standa nú og hvernig staðan var áður en ríkisstjórnin tók við og hvernig sagan er sem sagt í dag. Hefur eitthvað áunnist að mati hæstv. iðnrh. í jöfnun húshitunarkostnaðar?

Í till. til ál. sem var lögð fyrir Alþingi veturinn 1990–1991 stendur að til þess að ná jöfnun húshitunarkostnaðar þurfi ríkissjóður að leggja til þeirra mála 470 millj. á þávirði árið 1994 sem mundi þá líklega vera rúmar 500 millj. með verðlagsuppfærslu.

Ég vænti því svars hjá hæstv. ráðherra við þessum spurningum sem ég hef nú borið fram.

[17:56]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta fsp. hv. þm. hljóðar svo: „Hvernig hefur ríkisstjórnin fylgt fram stefnu sinni um jöfnun húshitunarkostnaðar meðal landsmanna?"

Svarið er að eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnarinnar var að auka niðurgreiðslur á rafmagni til hitunar íbúðarhúsnæðis frá 1. júní 1991. Hinn 1. jan. sl. voru niðurgreiðslurnar auknar enn frekar. Það er misskilningur hjá hv. þm. að þar hafi aðeins verið um að ræða jöfnun á virðisaukaskatti. Þar var um að ræða viðbótarniðurgreiðslur á hitun íbúðarhúsnæðis og það gerðist um leið og Landsvirkjun jók afslátt sem fyrirtækið veitir á raforku til húshitunar. Nú er niðurgreiðsla ríkissjóðs 1 kr. og 12 aurar á kwst. og afsláttur Landsvirkjunar er 26 aurar á kwst. og er þak á niðurgreiðslunum miðað við 30.000 kwst. á ári. Fyrir 1. júní 1991 til samanburðar var niðurgreiðsla ríkissjóðs 63 aurar á kwst. og afsláttur Landsvirkjunar 16 aurar á kwst. fyrir allt að 40.000 kwst. á ári. Í krónum talið þýðir þetta lækkun á húshitunarkostnaði hjá öllum notendum með meira en 30.000 kwst. ársnotkun, um 41.400 kr. á ári. Fyrir 1. júní 1991 var þessi lækkun 23.700 kr. á ári miðað við 30.000 kwst. og 31.600 kr. ef notkunin var 40.000 kwst. á ári eða meira. Með öðrum orðum þá hafa niðurgreiðslur á raforku til húshitunar frá 1. júní 1991 aukist á bilinu 9.800 til 17.700 kr. á ári fyrir meðalstórt íbúðarhúsnæði.

Í október á sl. ári yfirtók ríkissjóður hluta af skuldum Hitaveitu Eyra og liðkaði þannig fyrir stofnun byggðasamlags um rekstur hitaveitna og rafveitna á Eyrarbakka, Stokkseyri og Selfossi. Í júní sl. yfirtók ríkissjóður hluta af skuldum Hitaveitu Suðureyrar og liðkaði fyrir kaupum Orkubús Vestfjarða á veitunni m.a. með því að fella úr gildi ákvæði í samningi ríkissjóðs og orkubúsins frá 1989 um greiðslu orkubúsins af 70% af framlegð frá rekstri til ríkissjóðs. Báðir þessir samningar hafa, fyrir utan það sem hér hefur verið talið upp, haft í för með sér lækkun orkuverðs, annars vegar á Eyrarbakka og Stokkseyri og hins vegar á Suðureyri.

Fyrrv. iðnrh. skipaði í febrúar sl. að höfðu samráði við fjmrh. nefnd til að gera úttekt á fjárhagsstöðu nokkurra hitaveitna og gera tillögur um leiðir til að lækka kostnað við húshitun enn frekar á veitusvæði þeirra. Ríkisstjórnin hefur því fylgt stefnu sinni um að stuðla að lækkun húshitunarkostnaðar þar á landinu sem hann er hæstur.

Í öðru lagi spyr hv. þm. hver sé mismunur á verði einstakra orkuveitna til húshitunar 1. janúar 1991 og hver þessi munur hafi verið 1. október sl. Svarið er:

Hinn 1. janúar 1991 kostaði 2,07-falt meira að hita vísitöluhúsið með rafmagni frá RARIK en heitu vatni miðað við vegið meðalverð hitaveitna. Hinn 1. október 1993 var þetta hlutfall 1,91%. Hinn 1. janúar 1991 kostaði 2,58-falt meira að hita vísitöluhúsin með rafmagni frá RARIK en heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur. Hinn 1. október 1993 var þetta hlutfall 2,14. Hinn 1. janúar 1991 kostaði 1,95-falt meira að hita vísitöluhúsið með rafmagni frá Orkubúi Vestfjarða en heitu vatni miðað við vegið meðalverð hitaveitna. Hinn 1. október 1993 var þetta hlutfall 1,64. Hinn 1. janúar 1991 kostaði 2,42-falt meira að hita vísitöluhúsið með rafmagni frá Orkubúi Vestfjarða en heitu vatni frá Hitaveitu Reykjavíkur. Hinn 1. október 1993 var þetta hlutfall 1,84.

Þessar tölur sýna að það hefur náðst verulegur árangur í að jafna orkuverð í landinu þó svo ekki sé jafnlangt gengið og æskilegt hefði verið.

3. Er fyrirhugað að leggja fram á þingi frv. til laga um jöfnun orkuverðs? Svarið er að það er ekki í bígerð að leggja slíkt frv. fram, enda er það þarflaust þar sem iðnrh. hefur í höndunum öll tæki til þess að auka jöfnun orkuverðs svo fremi Alþingi hækki framlag til þeirra hluta á fjárlögum. Það er fjárlagatalan sem ræður hversu stór skref hægt er að stíga til orkujöfnunar

Virðulegi forseti. Ég vona að þessi svör séu fullnægjandi við fyrirspurnum hv. þm.

[18:02]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. fór með margar tölur en hann fór ekki með það sem máli skipti. Hann minntist ekki á yfirlýsingu iðnrh. Alþfl. frá 1991 og þáltill. sem lögð var hér fram fyrir síðustu alþingiskosningar sem lýsti stefnu Alþfl. í þessu máli sem var að lækka húshitunarkostnað niður í 5 þús. kr. á mánuði á næstu 2–3 árum. Hæstv. iðnrh. kom ekki inn á það hvort því markmiði hefði verið náð. Það átti að gerast í þremur skrefum og auknar niðurgreiðslur í júní 1991 voru fyrsta skrefið af þessum þremur. Og spurningin er: Hvað var um hin tvö skrefin? Við sem borgum þessa háu reikninga bíðum eftir efndum frá iðnrh. Alþfl. og það er spurning hvort við þurfum að bíða mjög lengi eða hvort við megum vænta þess að þurfa enn að skipta um mann í þessu ráðuneyti áður en við fáum að sjá reikninga upp á 5 þús. kr. en ekki hærri.

[18:03]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. hefur nú upplýst að raforkuverð á köldum svæðum landsbyggðarinnar til upphitunar hefur lækkað. Við erum að borga núna minna en við gerðum t.d. þegar Alþb. sat í ríkisstjórn og ég held að hv. 5. þm. Vestf. ætti að líta í eigin barm og spyrja sinn flokk að því hvernig stóð á því að hann kom ekki þessum lækkunum til skila þegar hans

flokkur var í ríkisstjórn. Hann var að vísu ekki þingmaður þá en mætti spara sér gífuryrðin og stóryrðin úr ræðustóli einmitt á þeim tímum þegar verðið fer fremur lækkandi en hitt miðað við þau erfiðu ytri skilyrði sem þjóðarbúið stendur andspænis nú um stundir. Ég held að þessi málflutningur sé ekki til þess gerður að auka vonir um að enn megi gera betur í þessum efnum og er kannski skýringin á því af hverju Alþb. hefur gengið svona illa að ná árangri á þessum vettvangi.

[18:04]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Eins og kom fram í máli hv. 5. þm. Vestf. þá þuldi hann upp ansi mikið af tölum sem ekki var hægt að *ná öllum á þessum stutta tíma.* En ég vil enn og aftur minna á það að ríkisstjórnin fór af stað með góð loforð. Hún byrjaði á því 1. júní 1991 að leggja til fyrstu atlögu við að lækka húshitunarkostnað sem gerast átti í þremur áföngum, en það hefur bara ekkert gerst síðan. Í raun og veru hefur ríkisstjórnin ekkert gert síðan því að það sem hefur áunnist í að lækka lítils háttar þennan mismun er í raun og veru það sem virkjanirnar sjálfar, það sem orkuveiturnar sjálfar hafa gert. Þær hafa tekið á sig allmargar hækkanir Landsvirkjunar án þess að láta þær koma fram í verðinu. Þær hafa líka, t.d. Orkubú Vestfjarða, lengt afskriftatíma sinna virkjana úr 40 árum 60 ár til þess að lækka þennan kostnað. Það er meira heldur en Landsvirkjun gerir. Hún lækkar ekki afskriftartíma sinn. Hins vegar hefur Landsvirkjun komið lítils háttar inn í þessa lækkun, *þ.e. um síðustu áramót,* en það var eingöngu vegna þess að þá ákvað ríkisstjórnin að hækka verð til þeirra sem nota rafmagn til húshitunar, hækka það með 14% virðisaukaskatti. Hún varð síðan vegna mikils þrýstings að gera eitthvað til þess að draga úr þeirri hækkun. Ég er hér með línurit frá Landsvirkjun frá síðustu áramótum sem sýnir að þær lækkanir sem áttu að nást hafa ekki náðst. Munurinn á milli er nákvæmlega sá sami árið 1991. Hann eykst heldur á árinu 1993 þannig að það hefur ekkert áunnist frá 1. júní 1991.

[18:06]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er einfaldlega ósatt að það hafi ekkert gerst frá 1. júní 1991. Það kom mjög glögglega fram í mínu máli hér áðan að frá þeim tíma hefur hvort tveggja gerst að Landsvirkjun hafi aukið afslátt sinn og að ríkissjóður hafi aukið niðurgreiðslur sínar þannig að ég lýsi hv. þm. ósannindamann að því að það hafi ekkert gerst.

Í öðru lagi skulum við ekki heldur gleyma því að það hefur á sama tíma bæst við, sem var raunar inni í þáltill. sem samþykkt var hér á hinu háa Alþingi, að ríkisstjórnin hefur gert ráðstafanir til þess að yfirtaka skuldir af hitaveitum þannig að þær gætu náð fram lækkun á orkuverði. Það hefur m.a. gerst í kjördæmi okkar hv. þm. á Suðureyri. Ég vil aðeins benda á það hv. þm. til umhugsunar að menn eru nú ekki svo langt frá því marki sem þeir settu sér þegar tillit er tekið til þeirra afslátta sem hafa verið gefnir, m.a. vegna þess að fyrrv. iðnrh. og þáv. ríkisstjórn tók þá ákvörðun að yfirtaka skuldir bæði Rariks og Orkubús Vestfjarða sem stuðlaði að 5% lækkun á útseldu verði frá því orkubúi og gerði því fært af því að aðrir en þeir þurfa að borga skuldirnar sem hefur verið stofnað til, að veita enn frekari afslátt. Og til upplýsingar, virðulegi forseti, vil ég aðeins geta þess að ef tekið er tillit til virðisaukaskattsins og miðað er við verðuppfærslu samkvæmt vísitölu á upphaflegum fyrirheitum um 5 þús. kr. útgjöld á mánuði, þá ætti hitunarkostnaður vísitöluhússins nú að vera á ári 78.145 kr. Hann er hjá Orkubúi Vestfjarða 81.253 kr. þannig að það vantar nú ekki mikið á að hitunarkostnaður á svæði Orkubús Vestfjarða á ári sé sá sem að var stefnt. (Gripið fram í.) Það munar hins vegar nokkru meiru á svæði Rafmagnsveitna ríkisins. Þar er þessi orkukostnaður á vísitöluhúsinu nú 94.585 eða um 13 þús. kr. hærri en hjá Orkubúi Vestfjarða.

Vatnaflutningar til Fljótsdals.

Fsp. TIO, 95. mál. — Þskj. 98.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Í áætlunum Landsvirkjunar um stofnkostnað fyrirhugaðra virkjana kemur í ljós að meðal þriggja langódýrustu virkjunarkosta eru Arnardalsvirkjun og Brúarvirkjun með samanlagt uppsett afl 635 megawött. Forsenda þessara virkjana er að Jökulsá á Fjöllum verði veitt til Fljótsdals.

Í áætlun Landsvirkjunar um flutning raforku um sæstreng er gert ráð fyrir Arnardals- og Brúarvirkjunum. Þær áætlanir sem hér um ræðir ásamt rannsóknum sem þær styðjast við, kosta væntanlega talsverða fjármuni. Þessar áætlanir eru væntanlega grundvöllur viðræðna við erlenda aðila um flutning orku um sæstreng og eru einnig grundvöllur, geri ég ráð fyrir, hagkvæmniútreikninga slíkra flutninga. Flutningur fallvatna milli landshluta snertir sem slíkur heildarstefnumörkun í orkuvinnslu og umhverfismálum og af þessum sökum hef ég talið rétt að beina *þeirri fsp. til* hæstv. iðnrh. sem er svohljóðandi:

„1. Hafa hugmyndir um að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals vegna virkjana austan Arnardals og í Fljótsdal verið bornar undir iðnrn.?

2. Telur ráðherra ráðlegt að láta undirbúning orkuframkvæmda ganga lengra en orðið er án þess að könnuð séu viðhorf Alþingis til þeirrar röskunar á umhverfi sem framangreindar hugmyndir um vatnsveitu og orkumannvirki hafa væntanlega í för með sér?“

[18:11]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning hv. þm. hjóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hafa hugmyndir um að veita Jökulsá á Fjöllum til *Fljótsdals vegna virkjana austan Arnardals og í Fljóts-*

dal verið bornar undir iðnrn.?" Svarið við þessari spurningu er nei. Það hefur ekki verið gert.

Önnur spurning hljóðar svo: „Telur ráðherra ráðlegt að láta undirbúning orkuframkvæmda ganga lengra en orðið er án þess að könnuð séu viðhorf Alþingis án þeirrar röskunar á umhverfi sem framangreindar hugmyndir um vatnsveitu og orkumannvirki hafa væntanlega í för með sér?" Svarið við þessari spurningu hljóðar svo: Samstarfsnefnd iðnrn. og Náttúruverndarráðs um orkumál, SINO, hefur undanfarna tvo áratugi fjallað um umhverfisathuganir vegna virkjunarhugmynda, einkum vatnsorkuvera. Í nefndinni sitja fulltrúar Náttúruverndarráðs, iðnrn., Landsvirkjunar, Orkustofnunar og Rariks, auk þess sem fulltrúi umhvrn. hefur setið fundi sem haldnir hafa verið á þessu ári.

Nefndin hefur á starfstíma sínum oft fjallað um hugmyndir um virkjun Jökulsár á Fjöllum og Jökulsá á Dal. Árið 1989 gerði starfshópur á vegum SINO, skipaður fulltrúum Náttúruverndarráðs, Orkustofnunar og Landsvirkjunar, skýrslu sem bar heitið „Virkjunarkostir í Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal, samanburður með tilliti til umhverfis." Samtímis lét Landsvirkjun gera úttekt á miðlunarþörf. Í framhaldi af þessum athugunum fór fram á vegum Landsvirkjunar lausleg endurskoðun á áætlun um þá virkjunarkosti sem helst þóttu geta komið til greina. Þessi vinna var kynnt á fundi SINO í janúar 1992. Í febrúar sama ár var ákveðið að tillögu fulltrúa Náttúruverndarráðs að láta gera samanburð af virkjunaráhrifum mismunandi virkjunarleiða og lögðu fulltrúar ráðsins til að dr. Kristján Þórarinsson líffræðingur yrði ráðinn verkefnastjóri og að hann ræddi við þá einstaklinga sem unnið hefðu að rannsóknum á svæðinu og fengi nokkra þeirra til liðs við sig. Tillagan var samþykkt og tóku Landsvirkjun og Orkustofnun að sér að greiða kostnað við verkefnið.

Verkefnishópurinn kynnti skýrslu sína á fundi í júní sl. Í skýrslunni segir að markmiðið með úttektinni sé „að nota fyrirliggjandi upplýsingar til að gera upp á milli virkjunarútfærslna á Austurlandi út frá umhverfisverndarsjónarmiðum þannig að frekari áætlanagerð sé beint að þeim útfærslum sem skástar þykja og frá þeim útfærslum sem síður þykja koma til greina."

Í formála segir verkefnisstjóri einnig: „Það er ekki markmið þessa verkefnis að leggja fullnaðarmat á umhverfisáhrif virkjunarkosta né að leggja til fullnægjandi grunn að ákvörðunum stjórnvalda um hvort rétt sé að ráðast í stórvirkjanir á Austurlandi eða ekki. Val á milli virkjunarkosta byggir einkum á þeim atriðum sem eru mismunandi á milli kostanna, en tekur ekki tillit til umhverfisspjalla sem eru sameiginleg öllum kostum. Markmiðið á þessu stigi er einungis að aðstoða hönnuði við að beina áframhaldandi hönnunarvinnu á eins umhverfisvænar brautir og kostur er. Þetta er gert með því að reyna að útiloka verstu útfærslurnar strax og benda á helstu agnúa þeirra tillagna sem þá standa eftir þannig að reyna megi að draga úr áhrifum þeirra með bættri hönnun."

Á fundi SINO 22. júlí sl. var ákveðið að láta fara fram athugun á gróðurfari í Arnardal, enda gerði verkefnisstjórnin fyrirvara þar um við samanburð á umhverfisáhrifum miðlana í Fagradal og Arnardal. Jafnframt er verið að kanna ýmsa aðra þætti varðandi umhverfismál hugsanlegra virkjana á svæðinu, sem svo varðandi mikilvægi lónsstæðis við Jökulsá á Dal fyrir hreindýr á burðartíma, áhrif virkjana og rennsli á aurburð varðandi farveg Lagarfljóts til þess að meta hvaða aðgerða er þörf til þess að koma í veg fyrir að aukið rennsli í fljótinu valdi landrofi. Ég tel að undirbúningur þessa máls sé í eðlilegum farvegi. Það er verið að afla gagna og vinna að rannsóknum til að hægt sé að móta stefnu um það hvort og þá með hvaða hætti Jökulsá á Fjöllum og Jökulsá á Dal verði virkjaðar. Ég vísa í því sambandi til orða dr. Kristjáns Þórarinssonar sem ég hef vitnað til.

Ég vek jafnframt athygli á að um þetta mál verður fjallað í samræmi við þær leikreglur sem Alþingi hefur sett. Þannig þarf að sjálfsögðu að fara fram umhverfismat vegna framkvæmda einnig og ekki síður vegna skipulags. Áður en nokkrar ákvarðanir verða teknar um val virkjunarkosta verður eðlilega haft um það samráð við heimaaðila, svo sem sveitarstjórnir og alþingismenn, og þeim gefinn kostur á að kynna sér virkjunarkostina rækilega og láta í ljós álit sitt. Málið er hins vegar langt í frá komið á ákvörðunarstig, enda ekki í vændum neinir þeir samningar um raforkusölu sem kalla á virkjun af þeirri stærðargráðu sem svokölluð Austurlandsvirkjun með miklum miðlunarmannvirkjum væntanlega yrði.

[18:16]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Þetta var mikill upplestur hjá hæstv. iðnrh. og orkuráðherra. En mér virðist þó að þar sé fyrst gengið út frá virkjunarkostinum og síðan athugað hvað hann hefði mikla röskun og skaða í för með sér fyrir umhverfið. Þeir virkjunarkostir sem um er að ræða eru augljóslega til þess fallnir að raska umhverfinu. Væri ekki betra að leita að kostum sem raska umhverfinu sem allra minnst þannig að það sé forsenda í upphafi að virkjunarkostir raski umhverfinu sem minnst en ekki að það sé eftir á farið að athuga hversu miklu þeir raski?

[18:17]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda þessa fsp. og iðnrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Eins og kom fram í svari hans þá er langt frá því að þessi mál séu á ákvörðunarstigi. Erindi mitt í þessa umræðu er aðeins að leggja á það áherslu að rannsóknir á umhverfisáhrifum þessara virkjunarkosta verði eins vandaðar og unnt er því að þarna er mikið í húfi og það er mjög áríðandi að eins vandaðar upplýsingar og kostur er liggi fyrir um áhrif þessa. Ég vil ekkert segja um það á þessu stigi hvert útlit er á þessum miklu vatnaflutningum. Það er mikið mál og umdeilt í þjóðfélaginu en það er langt frá því að nein ákvörðun liggi á borðinu í því efni.

[18:19]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir hans

svör. Í svari hæstv. iðnrh. komu fram upplýsingar um rannsóknir sem fram hafa farið í tengslum við þessi virkjunaráform og í raun og veru held ég að einmitt upplagið á þeim rannsóknum sýni fram á að sú aðferð sem hefur verið notuð til þess að nálgast rannsóknarverkefnið orkar tvímælis. En aðferðin sem farin er er sú, eins og réttilega var bent á hjá hv. 3. þm. Reykn., að það eru fyrst settir upp virkjunarkostir og þeir byggjast á vatnaflutningum milli héraða og síðan eru rannsóknaraðilar beðnir að meta og forgangsraða þessum virkjunarkostum. En í sjálfu sér hefur ekki verið tekin nein grundvallarafstaða til þess hvort það er rétt og í samræmi við almenn umhverfissjónarmið að flytja vötn milli héraða til þess að virkja þau. Og þeir aðilar sem hafa unnið að þessum umhverfisrannsóknum hafa ekki verið spurðir um þetta í sjálfu sér. Þessar grundvallarspurningar eru því þannig að þeim hefur ekki verið svarað. Þess vegna leyfi ég mér að efast um að það sé rétt hjá hæstv. ráðherra að það hafi verið spurt um það frá umhverfissjónarmiði í sambandi við þessar áætlanir, hvort virkja eigi með þessum hætti. Það hefur fyrst og fremst verið spurt um hvernig það verði gert og farið fram umhverfismat á þeim þáttum.

Ég vil einnig taka það fram að lögin um mat á umhverfisáhrifum koma ekki hér til álita, vegna þess að hér er ekki um framkvæmdir að ræða heldur er um áætlanir að ræða. Spurningin varðaði það kannski fyrst og fremst hvort það væri eðlilegt að halda áfram slíkum rannsóknum, áætlunum um uppbyggingu á hlutum eins og þessum, og ganga út frá verði sem er reiknað út frá þessum forsendum, á meðan svo stórum grundvallarspurningum væri kannski ósvarað. Sjálfur er ég hlynntur nýtingu fallvatna landsins og orku landsins til iðnaðaruppbyggingar og er mér því mjög annt um að þessir hlutir séu á traustum grunni.

[18:21]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Það er fólginn verulegur misskilningur hjá sumum hv. þm. á því hvernig að málum er staðið. Það eru nú þegar til á Íslandi ýmsir fullhannaðir virkjunarkostir sem munu fullnægja og vel það raforkuþörf landsmanna eins og hún er fyrirsjáanleg, jafnvel þó það hlypi það happ á okkar snæri að við fengjum álver í náinni framtíð. Það er enginn skortur á slíkum fullhönnuðum virkjunarkostum sem full sátt er um í landinu. Það sem menn eru hins vegar að skoða eru hugsanlegir kostir fram í tímann. Menn eru að athuga hvort það sé rétt að stefna að því að efna til stórrar og fjárfrekrar virkjunar á Austurlandi. Auðvitað er ekki hægt að skoða líkleg umhverfisáhrif af slíkum valkosti nema valkosturinn sé skilgreindur. Það verður að vera eitthvað til að rannsaka umhverfisáhrifin af. Það sem menn eru einfaldlega að gera er að skoða þá möguleika sem þarna eru fyrir hendi og reyna að velta því fyrir sér hver umhverfisleg áhrif yrðu af hverjum kostinum fyrir sig. Fljótsdalsvirkjun er fullhönnuð þannig að það liggur fyrir hvaða kostur þar er í boði ef eingöngu yrði virkjað í Fljótsdal það vatn sem þar fellur um í dag. Það eru líka hugmyndir uppi um virkjun Jökulsár á Brú sérstaklega út af fyrir sig, án þess að steypa nokkrum vötnum saman. En ég fullyrði að það er ekki verið að athuga neitt mál sem er á ákvörðunarstigi og til þess að ganga endanlega úr skugga um það þá vil ég upplýsa að á fundi sem ég átti með stjórn Landsvirkjunar nú nýlega var ákveðið að við, þ.e. iðnrn. og Landsvirkjun, mundum óska eftir samstarfi við umhvrn. um það mál, kynntum fyrir heimamönnum á Norður- og Austurlandi þær hugmyndir sem menn eru að ræða um hugsanlegar virkjanir þar einhvern tímann í framtíðinni. En það eru mörg ár í það, ef það kemur einhvern tímann upp, að við höfum þörf fyrir rúmlega 600 mw virkjun eins og sú risavirkjun yrði sem reist yrði á Austurlandi.

Rannsóknir á umhverfisáhrifum vatnaflutninga.

Fsp. TIO, 94. mál. — Þskj. 97.

[18:24]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Það kom fram í þeirri fyrirspurn sem ég bar fram hér áðan og sem nauðsynlegt er að nálgast nánar frá sjónarhóli umhverfismála, að það hafa farið fram allítarlegar rannsóknir sem tengjast virkjunaráformum og vatnaflutningum Jökulsár á Fjöllum til Fljótsdals. Það sem vekur athygli við þessar rannsóknir er að þar er verið að huga að ýmsum tiltölulega staðbundnum umhverfisvandamálum sem tengjast ákveðnum virkjunarkostum og rannsóknaraðilum hafa verið settar nokkuð þröngar skorður þar sem þeir eru beðnir að raða upp í forgangsröð virkjunarkostum og lýsa þeim umhverfisáhrifum sem þessir virkjunarkostir hafa hver fyrir sig. Er hægt að geta þess að í skýrslunni er t.d. fjallað sérstaklega um gæsavarp og hreindýr. Hitt er svo annað mál að rannsóknaraðilum hefur ekki enn sem komið er verið falið, svo mér sé kunnugt, að skoða grundvallaráhrif sem vatnaflutningar milli héraða kæmu til með að hafa á náttúru landsins. Þá á ég sérstaklega við t.d. áhrif sem flutningur Jökulsár á Fjöllum gæti haft í Öxarfirði, á landbrot þar, svo dæmi sé tekið, eða áhrifin sem gætu komið fram ef öllu þessu vatnsmagni væri veitt yfir í Fljóstdal. Það kann að vakna sú spurning hvort ekki sé eðlilegt að taka grundvallarafstöðu til þess hvort vatnaflutningar af þessu tagi eru í samræmi við heildarsjónarmið í umhverfismálum. Það er rétt að geta þess að nokkrar þjóðir hafa brennt sig illilega á því að leyfa slíka röskun á náttúrunni sem hér er um að ræða. Vegna þess að við embætti umhvrh. hefur nú tekið mjög vaskur maður og orðhagur, en almennt líka vegna þess hvernig þetta mál er vaxið, burt séð frá hver gegnir þessu mikilvæga embætti, þá hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. umhvrh. eftirfarandi fyrirspurnir:

1. Hve miklar rannsóknir hafa farið fram í tengslum við hugmyndir um að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals til raforkuframleiðslu, á umhverfisáhrifum sem slíkir vatnaflutningar mundu hafa á öræfum norð-

an Vatnajökuls, í Kelduhverfi og Öxarfirði og í Fljótsdal og Héraðsflóa?

2. Telur ráðherra ekki rétt, með tilliti til framangreindra orkunýtingaráforma, að Alþingi taki hið fyrsta afstöðu til þess hvort það samrýmist almennum markmiðum þjóðarinnar í umhverfismálum að ráðast í vatnaflutninga af því tagi sem hér um ræðir?

[18:27]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Herra forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrich þá virðist hann hafa gleggri þekkingu á þeim rannsóknum sem þarna hafa farið fram heldur en flestir aðrir og spurningin að því leyti til nánast óþörf.

En hvað varðar fyrri spurninguna, sem ég ætla nú ekki að endurtaka hér, þá er það svo að Landsvirkjun hefur látið yfirfara og bera lauslega saman hugmyndir sem hafa verið settar fram um mögulegar virkjanir á vatnasvæði Jökulsár á Brú og Jökulsár á Fjöllum. Það var m.a. gert til að fá sem gleggsta mynd af hagkvæmni mismunandi leiða og umhverfisáhrifum sem af þeim kunna að leiða. Einn af þremur kostunum sem kemur til greina er að veita jökulsánum til Fljótsdals. Það þykir hagkvæmara að veita vatni úr Jökulsá á Fjöllum yfir í Jökulsá á Brú heldur en að virkja ána í sínum eigin farvegi. Landsvirkjun hefur verið að láta kanna þennan möguleika og vikjunarkost í því sambandi.

Það hefur komið hér fram að í febrúar 1992 stóð samstarfsnefnd iðnrn. og Náttúruverndarráðs um orkumál fyrir samanburði á umhverfisáhrifum sex mismundandi virkjunarleiða Jökulsár á Fjöllum og Jökulsár á Brú, þar sem ánum er veitt til Fljóstdals. Þetta mat nær til áhrifasvæðis veitu og virkjana og landsvæða á milli jökulsánna sunnan Þríhyrningavatns og miðar m.a. að því að kanna og bera saman hugsanleg lónstæði. Niðurstaða úttektarinnar liggur fyrir í meginatriðum eins og fram hefur komið í skýrslu samstarfsnefndarinnar sem kom út fyrr á þessu ári, raunar í febrúar. Það er álit Náttúruverndarráðs að rannsóknir á umhverfisáhrifum á mögulegum virkjunarstöðum og lónstæðum á öræfum norðan Vatnajökuls séu vel á veg komnar. Það er hins vegar alveg ljóst að ýmsum spurningum er enn ósvarað eins og kemur fram í skýrslunni, en þar eru settar fram ábendingar um frekari rannsóknir sem lúta einmitt að áhrifum á öræfin norðan Vatnajökuls. Umhverfisáhrifin hafa hins vegar ekki verið metin í Kelduhverfi og í Öxarfirði né í Fljótsdal og Héraðsflóa. Það er t.d. ókannað hvaða áhrif minna vatnsrennsli og minni framburður í Jökulsá á Fjöllum hefði niður í Öxarfirði, bæði á farveg árinnar og nærliggjandi votlendi. Sömuleiðis er ljóst að það þarf líka að kanna til hvaða ráðstafana menn þurfa að grípa til þess að farvegur Lagarfljótsins geti flutt aukið vatnsmagn og hvaða áhrif aukið vatnsmagn kynni að hafa á láglendið við Héraðsflóa.

Vegna þess að hér var rætt áðan um aurburð og hvaða áhrif þetta hefði á framburð og landbrot þá er það svo að það eru ekki til rannsóknir á áhrifum þessara framkvæmda á strendurnar fyrir botni Héraðsflóa og Öxarfjarðar. En það er hins vegar ljóst að fram hafa komið mjög mikilvægar og sterkar vísbendingar hjá fræðimönnum, kannski ekki fyrr en á þessu ári, sem sýna að þarna er ákveðin hætta fyrir hendi. Þarna kann að skapast veruleg hætta á landbroti vegna minni framburðar. Aurburður ánna mun að öllum líkindum minnka þegar þær verða virkjaðar og raunar er búið að sýna fram á það. Orkustofnun hefur einungis gert frumkönnun á líklegum breytingum á ströndum fyrir botni Héraðsflóa og Öxarfjarðar með hliðsjón af þessum vatnaflutningum, en engar eiginlegar rannsóknir hafa farið fram enn þá. En ég ítreka að það hefur verið bent á það af fræðimönnum sem t.d. eru nýlega komnir úr námi og hafa stundað rannsóknir sem lúta beinlínis að þessu, að þarna er bersýnilega um að ræða hlut sem menn hafa alls ekki gefið nægilegan gaum.

Þá er rétt að geta þess einnig að vegna fyrri hugmynda um að virkja Jökulsá á Fjöllum í eigin farvegi þá hefur Náttúruverndarráð mótað þá stefnu sem var samþykkt á fundi ráðsins 2. maí 1990, að það beri að vernda fossa í Jökulsá á Fjöllum þannig að í þeim verði eðlilegt vatnsmagn að sumarlagi og að ekki skuli reisa virkjunarmannvirki í Jökulsárgljúfrum.

Við þetta svar má síðan bæta að samkvæmt nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum sem voru samþykkt á sl. vori og hv. þm. lagði gjörva hönd að, þá er auðvitað ljóst að það verður ekki ráðist í að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals án þess að fyrir liggi ítarlegt mat á áhrifum þeirrar framkvæmdar á umhverfið.

Seinni spurningin, virðulegur forseti, var svo:

„Telur ráðherra ekki rétt, með tilliti til framangreindra orkunýtingaráforma, að Alþingi taki hið fyrsta afstöðu til þess hvort það samrýmist almennum markmiðum þjóðarinnar í umhverfismálum að ráðast í vatnaflutninga af því tagi sem hér um ræðir?“

Svar mitt við því er ósköp einfalt: Það er já.

[18:32]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Það kom fram í umræðu áðan hjá hæstv. iðnrh. að það væri búið að undirbúa nægjanlega virkjunarkosti fyrir fyrirsjáanlega framtíð okkar Íslendinga hvað orkuþörf áhrærir, jafnvel þá orkuþörf sem fyrir hendi væri ef við yrðum svo heppnir að fá hér eitt álver. (**Umhvrh.:** Eða tvö.) Eða tvö, segir hæstv. umhvrh. Ég leyfi mér einmitt að efast um að það sé búið að kanna nægilega marga virkjunarkosti til að sjá fyrir orkuþörf tveggja álvera. En þetta eru þó allténtt allumfangsmiklar athuganir sem hafa farið fram.

En miðað við þá umræðu og þá miklu stefnumörkun sem farið hefur fram á vegum ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum væri þá ekki ráð að bera alla þessa virkjunarkosti og þessar virkjunarathuganir saman við hugmyndir okkar í umhverfismálum og þá framtíð sem við hugsanlega sjáum fyrir okkur sem hreinasta land Evrópu upp úr aldamótum og hvernig það allt saman fer saman?

[18:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er að mínu viti rétt að menn

svari því áður en byrjað er að rannsaka ýmsa hluti eins og þessa hvort menn vilji yfir höfuð ráðast í framkvæmdina sem verið er að rannsaka. Það er til lítils að vera að eyða peningum í það ef menn eru fyrir fram ráðnir í því að þeir vilji ekki ráðast í þær framkvæmdir sem rannsóknirnar beinast að hvort mögulegar eru. Ég er því sammála því sem hér kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. að menn verða að byrja á því að svara þessari spurningu.

Ég hef tekið eftir því að báðir ráðherrarnir, hæstv. umhvrh. og iðnrh., hafa vikið sér hjá því að svara því, svo ég skýri það þannig að þeir séu tilbúnir að fara í þessar framkvæmdir ef þeim lýst á fjárhagslega dæmið.

Ég vil vegna þess sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. þegar hann vitnaði í Náttúruverndarráð minna á það að aðalfundur Náttúruverndarsamtaka Austurlands hefur einmitt varað við þessum hugmyndum og mótmælt áformum um virkjun af þessu tagi.

[18:35]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans svör. Ég tel þau fullnægjandi og er ánægður með hans viðbrögð við þessari fyrirspurn.

Það er alveg ljóst að þessir útreikningar sem snerta Brúarvirkjun og Arnardalsvirkjun eru mjög langt komnir. Ég þykist þess alveg fullviss að í viðræðum íslenskra aðila við erlenda aðila um flutning raforku um sæstreng til annarra landa þá séu þessar verðviðmiðanir þegar komnar inn. Það er reiknað með því að Brúarvirkjun og Arnardalsvirkjun séu nýttar þegar um sæstreng II, sem svo hefur verið nefndur, er að ræða, þannig að þessar rannsóknir hafa þegar gefið tilefni til niðurstaðna í sambandi við arðsemisútreikninga og eru grundvöllur umræðna um þessi mál. Þess vegna endurtek ég það að ég tel að sú aðferð sem hefur verið notuð til að nálgast þennan vanda sé röng. Ég ósáttur við þá aðferð og get þess vegna ekki annað en mótmælt henni eins og hún kom fram hér áðan í máli hæstv. iðnrh. En ég er mjög sáttur við það svar sem hv. umhvrh. gaf í þessu sambandi. Mér þykir leitt að hæstv. iðnrh. skuli ekki vera hér til að heyra þessa athugasemd mína sem beindist að honum.

[18:37]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þær ágætu umræður sem hérna fara fram. Ég vil fyrst byrja að vísa því gersamlega á bug sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson las út úr mínum orðum. Ég sagði einmitt hið öfuga hér rétt áðan. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi alls ekki að taka ákvörðun um það að ráðast í virkjanir eingöngu út frá arðsemissjónarmiðum. Það eru komin ný sjónarmið inn í þá mynd í dag, það eru umhverfissjónarmiðin. Þau nýju viðhorf sem hafa verið að grafa um sig kristölluðust einmitt í orðum hv. þm. Árna M. Mathiesens hér í fyrri umræðu áðan og er í raun kjarni þessa máls. Mér finnst sem sagt eins og honum að það eigi ekki að ráðast í ákvarðanir um svona virkjanir fyrr en búið er að fara í gegnum hvað er hagkvæmast frá sjónarmiði náttúruverndar og umhverfisverndar, hvernig það fellur að náttúrunni.

Það er líka annað sem er nauðsynlegt að komi hérna fram. Þegar menn fara þá leið að ákveða fyrst virkjunarstæðin og fara síðan í umhverfismat samkvæmt nýjum lögum þá kann sú staða að koma upp, fræðilega a.m.k., að þegar upp er staðið þá komist menn að þeirri niðurstöðu að af umhverfisástæðum sé ekki rétt að gera þetta. Þá er kannski búið að leggja í gríðarlegan kostnað við rannsóknirnar. Það er af þessum sökum sem ég tek undir með hv. þm. Árna M. Mathiesen og raunar hv. þm. Tómasi Inga Olrich líka. Menn eiga að fara hina leiðina, þið kannist nú við það hv. framsóknamenn að fara hina leiðina. Að öðru leyti vil ég líka aðeins segja það út frá því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson drepur hér á mótmæli náttúruverndarsamtaka Austfirðinga. Ég get ekki annað en sagt það að ég hef mikla samúð með þeim viðhorfum sem koma fram í þeirri ályktun og sem ég hef einmitt séð. Maður verður auðvitað að velta því fyrir sér hvort það sé í raun inni leyfilegt að fara í svona gríðarlegar framkvæmdir sem hafa áhrif á stórkostleg landsvæði eins og við höfum verið að ræða hér um. Ég hef miklar efasemdir um það.

Stefnumörkun ríkisstjórnarinnar vegna átaks í sameiningu sveitarfélaga.

Fsp. KHG, 108. mál. — Þskj. 112.

[18:39]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Þessar vikurnar er mjög á dagskrá umræða um sameiningu sveitarfélaga og hefur ríkisstjórnin m.a. látið það mál til sín taka. Það er öllum ljóst sem um þessi mál fjalla að samgöngur eru snar þáttur í þeirri atburðarás sem hrint hefur verið af stað og afstaða manna til þeirra tillagna sem fyrir liggja mun að sjálfsögðu að miklu leyti ráðast af því hvernig fyrir samgönguþættinum er séð. Ég minni á að það varð niðurstaða svonefndrar sveitarfélaganefndar að greiðar samgöngur væru forsenda sameiningar. Ég minni líka á að það kemur fram í forsendum sumra umdæmanefnda að ráðist verði í tiltekin verkefni í samgöngumálum. T.d. má nefna að umdæmanefndin á Suðurlandi bendir á tvö verkefni sem eru forsenda að tillögugerð um Árnessýslu að hluta til, þ.e. efri hluta hennar. Það er brú á Hvítá við Hvítárholt og vegurinn yfir Gjábakkahraun en hvorugt þessara verkefna eru á vegáætlun. Enn fremur má nefna að umdæmanefndin á höfuðborgarsvæðinu gerir tillögu um sameiningu Reykjavíkur, Seltjarnarness, Mosfellsbæjar, Kjalarneshrepps og Kjósarhrepps og ein af forsendum þeirrar sameiningar er ráðist verði í vegtengingu á næstu 10 árum milli Geldinganess, Gunnuness og Kollafjarðar og enn fremur að Kjósarskarðsvegur verði lagður bundnu slitlagi. En ég hygg að ég fari rétt með að bæði þessi verkefni eru utan vegáætlunar.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá því í síðasta mánuði kemur fram að við ákvörðun um fjárveitingar og forgangsröðun framkvæmda í samgöngumálum á næstu

árum verði m.a. tekið tillit til sameiningar sveitarfélaga eins og lesa má í fréttatilkynningu frá félmrn. og í sérstakri auglýsingu sem um þetta hefur verið gerð og birt í dagblöðum kemur fram að sameinuð sveitarfélög njóti forgangs um fé til samgöngubóta. Og af þessu öllu saman, áformum og yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar er eðlilegt að upp vakni sú spurning hvort ríkisstjórnin sé að boða að breyta þeirri vegáætlun sem samþykkt var sl. vor. Ég hef því, virðulegi forseti, leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 112 sem er svohljóðandi:

„Felst í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá síðasta mánuði, um það að við ákvörðun um fjárveitingar og forgangsröð framkvæmda í samgöngumálum á næstu árum verði m.a. tekið tillit til sameiningar sveitarfélaga, að ríkisstjórnin muni beita sér fyrir breytingum á nýsamþykktri vegáætlun 1993–1996 í ljósi úrslita kosninganna 20. nóv. nk. og ef svo er, hvaða breytingum?"

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Áður en ég gef hæstv. samgrh. orðið til að svara, þá verð ég að minna hv. 5. þm. Vestf. á það að hér gildir ákveðinn lágmarkstími og að hann virði þann tíma sem honum er úthlutaður.

[18:43]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þessi fsp. lýtur að gerð vegáætlunar og þess hvert tillit eigi að taka til sameiningar sveitarfélaga og þess að reyna að tengja saman byggðarlög og atvinnusvæði. Ég vil svona til þess að reyna að skýra málið nefna nokkur dæmi um framkvæmdir sem unnið hefur verið að eða lokið nú á síðustu árum sem öll stuðla að því víkka út atvinnusvæðin og eru liður í því að sveitarfélög geti sameinast. Brú á Ölfusárósa milli Eyrarbakka og Þorlákshafnar, vegagerð á Mýrum, vegagerð um Hálfdán sem enn er í gangi og gjörbreytir ástandi þar vestra. Nú eru uppi hugmyndir um að stofna þar nýtt hafnasamlag og ég veit ekki betur en fyrir því sé nokkurt fylgi, kannski mikið, að sameina sveitarfélög í Vestur-Barðastrandarsýslu vegna þeirra góðu samgangna sem komnar eru á landi en auðvitað bíða þar önnur verkefni, jarðgöng undir Breiðadals- og Botnsheiðar ásamt með vegagerð um Óshlíð. Það er verið að ræða um það að bjóða annan vegskála út nú á þessu hausti sem auðvitað tryggir veginn milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar. Einnig má nefna Ólafsfjarðarveg ásamt jarðgöngum um Ólafsfjarðarmúla. Það var nokkuð rætt um það hér á Alþingi þegar ákvörðun var tekin um það á síðasta hausti að hefja þá framkvæmd þó hún væri ekki inn á vegáætlun. Það væri einmitt mjög brýnt til þess að hægt væri að stofna hafnasamband við utanverðan Eyjafjörð og leggja grunn að því að Ólafsfjarðardalur gæti sameinast í eitt sveitarfélag ef íbúar á þeim slóðum vildu það eða yrði hluti af stærri heild. Tenging Héraðs við Reyðarfjörð og Eskifjörð með endurbyggingu vegar á Fagradal og raunar áfram til Norðfjarðar með endurbyggingu vegar milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.

Af verkum á gildandi vegáætlun sem ekki eru hafnar nægir að nefna vegagerð um Gilsfjörð, brú á Vesturós í Skagafjarðarsýslu og brú á Jökulsá á Dal. Jafnframt liggur fyrir skýrsla um undirbúning jarðgangagerðar á Austurlandi.

Auk þessa verður að benda á að unnið er að ýmsum þýðingarmiklum tengingum landshluta og má þar nefna endurbyggingu vegar yfir Öxnadalsheiði og gerð brúar á Kúðafljót ásamt tilheyrandi vegagerð, en þeim verkum lýkur væntanlega báðum á næsta ári. Þá eru framkvæmdir hafnar við að koma veginum milli Norðurlands og Austurlands í viðunandi horf. Fyrir þessum vegi er mikill áhugi og stendur til að þingmenn kjördæmanna hittist ásamt fulltrúum sveitarfélaga.

Þýðingarmikið atriði í vegasamgöngum er sú þjónusta sem veitt er á vegakerfinu og þá ekki hvað síst vetrarþjónusta. Þessi þjónusta hefur á undanförnum árum farið vaxandi og batnandi og hefur verið lögð sérstök áhersla á að hún stuðlaði að myndun þjónustu- og atvinnusvæða. Nú er unnið að endurskoðun á reglum um snjómokstur og er sennilegt að þjónusta á því sviði verði enn aukin.

Dæmi um aðrar vegatengingar, sem eflaust verður ráðist í á næstu árum og bæta munu tengingar byggðar og gætu einmitt verið liður í því að fylgið vaxi við að sameina sveitarfélög, eru brú yfir Hvítá hjá Flúðum og endurbygging fjallvega á Snæfellsnesi. Ef við lítum til Norður-Þingeyjarsýslu og Kelduhverfis, þá vaknar auðvitað spurningin um það hvernig hægt sé að tengja Þistilfjörð Öxarfirði með nýjum vegi yfir Öxarfjarðarheiði eða yfir Stíg. Vegur yfir Tjörnes er að sjálfsögðu nauðsynlegur tengiliður milli norðursýslu og suðursýslu ef hugmyndin er að þar verði eitt sveitarfélag, en á hinn bóginn ef horft til þess að Húsavík ásamt allri Suður-Þingeyjarsýslu verði eitt sveitarfélag, liggur beint við að nauðsynlegt verður að huga að því hvernig hægt verði að leggja bundið slitlag á Kísilveginn sem svo er kallaður þannig að við getum bent á ótal verkefni sem eru mjög kostnaðarsöm. Aðalatriðið í þessu máli er að í kjölfar þessara kosninga og þeirra nýju viðhorfa sem munu koma í kjölfar þeirra nú á þessum vetri fram til vors er eðlilegt að sveitarstjórnarmenn og þingmenn hinna ýmsu kjördæma hittist áður en til endurskoðunar vegáætlunar kemur og ræði um það hvort sameining sveitarfélaga valdi því að nauðsynleg áherslubreyting verði að eiga sér stað.

[18:49]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ein af ástæðunum fyrir því að verið er að ræða um sameiningu sveitarfélaga er auðvitað að samgöngur hafa mjög batnað á undanförnum árum. Sannar upptalning hæstv. samgrh. það.

En erindi mitt og sú athugasemd sem ég vildi gera eru varnaðarorð til hæstv. ráðherra, og það er nú ekki síður hæstv. félmrh. sem mætti heyra þau, að gefa ekki í umræðunni væntingar um framkvæmdir í vegamálum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga sem eru ekki inni á vegáætlun nema það sé virkilega ætlunin að breyta vegáætlun og gera þá tillögur um þær framkvæmdir. Ég hef reynslu fyrir því varðandi sameining-

armál að slíkt getur verið mjög erfitt svo að ekki sé meira sagt að gefa slíkar væntingar.

[18:50]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Hann nefndi í sinni ræðu ýmis verkefni sem eru bæði innan vegáætlunar og utan hennar og eru öll saman þörf og góð og er vonandi að í það verði ráðist, a.m.k. þau sem ekki eru í vegáætlun, sem fyrst. Hins vegar var svar ráðherra skýrt þegar kom að því að draga saman niðurstöður í lokin. Það var að mínu mati á þá lund að ríkisstjórnin ætlar ekki að hafa forgöngu um það að breyta vegáætlun hvernig svo sem þessar kosningar fara. Það var alveg skýrt.

Hæstv. ráðherra vísaði þessu til sveitarstjórnarmanna og þingmanna að þeir hittust einhvern tíma í framtíðinni og veltu fyrir sér hvort ástæða væri til að leggja til breytingu á gildandi vegáætlun, en það kom alveg skýrt fram hjá hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin ætlar ekki að hafa frumkvæði að því. Ég dreg þá ályktun af því að ríkisstjórnin ætli ekki að leggja til aukið fé til vegamála á þessu árabili svo að unnt verði að taka inn verkefni sem þarf að ráðast í svo að sameining verði möguleg en eru ekki innan vegáætlunar.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hreinskilnina í þessu máli en hún tekur að öllu leyti til baka þá samþykkt sem getið er um að gerð hafi verið á ríkisstjórnarfundi í september sl. og hæstv. félmrh. kynnti í blaðagrein 30. sept. sl.

[18:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hafði ekki nægilegan tíma til að ljúka ræðu minni áðan. Ég ætla að reyna að koma að þeim efnisatriðum sem ég átti eftir.

Það sem ég sagði áðan var að það er eðlilegt þegar fyrir liggur hvort eða hvaða sveitarfélög sameinist að athuga samgöngumálin í því tilliti að reyna að styrkja slíka sameiningu og ég tel að einn liðurinn í því sé sá að endurskoða vegáætlun með hliðsjón af stækkun sveitarfélaga um leið og ég tel eðlilegt að til endurskoðunar á hafnaáætlun geti komið þegar við erum að tala um stofnun hafnasamlaga og breyttar forsendur með stækkun sveitarfélaga eða þjónustusvæðis einstakra hafna, þannig að ummæli hv. þm. voru ekki rétt. En á hinn bóginn er honum kunnugt um að þannig er staðið að gerð vegáætlunar hverju sinni og endurskoðun hennar verður hafin nú síðari hluta þessa vetrar vegna áranna 1995 og 1996, þá er eðlilegt að inn í þá endurskoðun komi breyttar forsendur og breytt viðhorf sem kunna að skapast vegna sameiningar sveitarfélaga þannig að það er ekki rétt ályktun hjá hv. þm. að ég hafi að einhverju leyti talað óðruvísi en hæstv. félmrh. Ég sagði einungis að á þessari stundu er ógerningur að gera sér grein fyrir því hvaða sveitarfélög sameinist eða hvaða sérstöku þarfir kunni að rísa af því tilefni.

Reglur um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna.

Fsp. GHall, 115. mál. — Þskj. 120.

[18:54]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Lög frá 30. mars 1987 tengjast alþjóðasamþykkt um þjálfun, skírteini og vaktstöðu sjómanna frá 1978 og gerð var á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar IMO og samþykkt á ráðstefnu sem haldin var í London 14. júní til 7. júlí 1978. Tilgangur alþjóðasamþykktarinnar er að áhafnir allra kaupskipa uppfylli lágmarkskröfur um þjálfun, menntun og starfsskyldur sem varða öryggi kaupskipa með það að markmiði að tryggja eftir megni öryggi allra skipa og sjófarenda. Tilefni samþykktarinnar var ekki síst að mikils misræmis gætti í menntunar- og þjálfunarkröfum sjómanna á kaupskipum hjá einstökum aðildarríkjum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Í samþykktinni er fjallað um menntun og þjálfun yfirmanna, svo og undirmanna er standa vaktir í brú eða vélarrúmi og þjálfun til nánari tiltekinna starfa.

Í samþykktinni er einnig að finna margháttuð fyrirmæli til aðildarríkja, svo sem samræmda útgáfu atvinnuskírteina yfirmanna og annarra hæfnisskírteina til þeirra starfa sem krafist er sérstakrar þjálfunar, samræmt hafnareftirlit með erlendum skipum er koma í höfn aðildarríkja og upplýsingamiðlun til Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Í samþykktinni eru enn fremur ákvæði um heimildir aðildarríkja til að stöðva erlend skip í höfnum uppfylli þau ekki ákvæði samþykktarinnar, svo og heimild til að veita tímabundið undanþágur til einstakra sjómanna á kaupskipum sem fullnægja ekki að öllu leyti lágmarkskröfum.

Kröfur samþykktarinnar um menntun og þjálfun sjómanna eru fyrst og fremst miðaðar við nýliða, þ.e. þá sjómenn sem hefja störf eftir gildistöku samþykktarinnar, svo og þá sem öðlast hafa tiltölulega stuttan reynslutíma á sjó. Fyrir sjómenn sem öðlast hafa tilskylda reynslu gilda aðrar reglur, þar sem litið er svo á að við tiltekna reynslu hafi menn öðlast fullnægjandi hæfni.

Samþykktin tók gildi þann 28. apríl 1984 og hafa um 85 ríki staðfest þessa samþykkt. Með þetta í huga legg ég hér fyrir samgrh. tvær spurningar:

„1. Hafa verið settar reglur til að framfylgja alþjóðasamþykkt um þjálfun skírteini og vaktstöðu sjómanna á kaupskipum (STCW, 1978), sbr. 1. gr. laga nr. 47/1987?

2. Hafa verið settar reglur um heildarmönnun kaupskip í samræmi við ályktun A. 481 sem samþykkt var á 12. þingi Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar árið 1981, sbr. 2. gr. laga nr. 47/1987?“

[18:57]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég tel að þessi fyrirspurn lúti að mjög þörfu máli og þess vegna fullkomlega eðlilegt að hún sé borin fram.

Markmið þeirrar samþykktar sem hér er vitnað til er í fyrsta lagi að tryggja eftir megni öryggi skipa og áhafna og í öðru lagi að samræma menntun og þjálfun sjómanna og mönnun skipa.

Fyrr á þessu ári skipaði ég nefnd til þess að fara yfir og leggja fram frv. um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna og vélstjóra og taldi rétt að sú nefnd kæmi einnig inn á þau atriði sem nauðsynlegt er að breyta íslenskri löggjöf til þess að unnt sé að fullnægja framkvæmd þeirrar alþjóðasamþykktar sem hér er vitnað til. Formaður þeirrar nefndar er Sveinn Snorrason hæstaréttarlögmaður en ásamt honum eiga sæti í nefndinni fulltrúar hagsmunaaðila; kaupskipa, farmanna, háseta og yfirmanna.

Ég geri mér vonir um það að niðurstaða þessarar nefndar geti legið fyrir nú í haust ekki síðar en í næsta mánuði og verður þá ekkert því til fyrirstöðu að leggja það frv. fram hér á Alþingi sem nefndin verður sammála um en frv. sem lýtur að þessu efni hefur áður verið lagt fyrir Alþingi en ekki náð fram að ganga. Ég tel sem sagt að það þurfi að afla nauðsynlegra lagaheimilda og þær muni liggja fyrir nú á þessum vetri þannig að unnt verði að fullgilda þessa alþjóðasamþykkt.

Síðari hluti fyrirspurnarinnar lýtur að því hvort settar hafa verið reglur um heildarmönnun kaupskipa í samræmi við samþykkt Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar. Slíkar reglur eru nú í undirbúningi. Mönnunarskírteini samkvæmt ályktun IMO A. 481 sem hér er spurt um eru hins vegar gefin út af mönnunarnefnd sem starfar undir samgrn. Þau mál eru einnig til athugunar hjá þeirri nefnd sem ég vísaði áður til og ég er þess fullviss að málið komi fyrir Alþingi á allra næstu vikum, ekki síðar en í næsta mánuði.

[19:00]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir þessa fsp. en ég verð að játa að ég átta mig ekki alveg á um hvað er verið að tala. Ég átta mig ekki alveg á hvort þetta varðar öll þau kaupskip sem til Íslands koma og hér leggjast að bryggju eða hvort þetta varðar einungis íslensk kaupskip, ég hef kannski ekki hlustað á hv. þm. nógu gaumgæfilega. Ég vil aðeins minna á að okkar eigin kaupskip sem er búið að setja undir erlenda þægindafána hafa auðvitað enga möguleika á að framfylgja þessum reglum þar sem við vitum öll að hundruð sjómanna á þessum skipum fullnægja ekki á nokkurn hátt alþjóðlegum samþykktum um þjálfun, skírteini og vaktstöður sjómanna. Þetta vitum við ósköp vel og ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra hvað sé gert þegar þessi ágætu skip okkar, sem sigla undir erlendum fánum, koma hingað því öðru hverju munu þau koma hér að bryggju þó þau sigli mestan part milli annarra landa. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Er eitthvað farið að þessum kröfum?

[19:02]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður hafði ekki telið eftir því sem ég sagði. Þetta skiptir nefnilega verulegu máli varðandi íslenska farmenn og ekki síst erlenda og einkum þá eftirlit með erlendum skipum vegna þess að í samþykktinni eru ákvæði um heimild aðildarríkja til að stöðva erlend skip í höfnum uppfylli þau ekki ákvæði alþjóðasamþykktarinnar svo og heimild til að veita tímabundnar undanþágur til einstakra sjómanna á kaupskipum sem fullnægja ekki að öllu leyti lágmarkskröfunum. (**GHelg:** En íslensk?) Það á við um innlendu skipin. Íslensk skip eða leiguskip sem eru undir erlendum fána falla þá undir þessi ákvæði.

Ég vildi þakka ráðherra þau svör sem hann hefur gefið og ég legg áherslu á að það er full þörf á að fá þessum lögum framfylgt og hrint í framkvæmd. Ég veit að það hefur verið unnin í samgrn. mjög greinargóð kennslubók fyrir verðandi háseta á kaupskipum og þar eru hinar ítarlegustu upplýsingar og fróðleikur fyrir þá sem eru að stíga frumspor sín á skipsfjöl þannig að ég sé, hæstv. ráðherra, að verkið er komið þó nokkuð á veg og ég vonast til þess að það líði ekki á löngu áður en þessari vinnu verði lokið.

Út af dagskrá voru tekin 14., 18. og 19. mál.

Fundi slitið kl. 19.04.

---

21. FUNDUR

þriðjudaginn 26. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Árangur af einkavæðingu bifreiðaeftirlits, beiðni um skýrslu, 122. mál, þskj. 127. *Hvort leyfð skuli.*
2. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 105. mál, þskj. 108. — 1. umr.
3. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — 1. umr.
4. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 70. mál, þskj. 73. — 1. umr.
5. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 102. mál, þskj. 105. — 1. umr.
6. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106. — 1. umr.
7. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104. — 1. umr.
8. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126. — 1. umr.
9. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 41. mál, þskj. 44. — Fyrri umr.
10. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 88. mál, þskj. 91. — 2. umr.
11. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frv., 116. mál, þskj. 121. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:
Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 132. mál, stjfrv., þskj. 145.

Héraðsskólinn í Reykjanesi, 128. mál, fsp. JVK, þskj. 138.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 131. mál, stjfrv., þskj. 144.

Listaverkaeign Seðlabanka Íslands, 51. mál, svar viðskrh., þskj. 132.

Listaverkakaup Listasafns Íslands, 50. mál, svar menntmrh., þskj. 140.

Málefni Blindrabókasafns, 130. mál, fsp. AÓB, þskj. 141.

Starfsemi héraðsskóla, 129. mál, fsp. JVK, þskj. 139.

Verndun vatnsfalla og jarðhitasvæða, 92. mál, svar umhvrh., þskj. 135.

Tilkynning um dagskrá.

[13:35]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill láta þess getið að á morgun verða óundirbúnar fyrirspurnir á dagskrá. Eftirtaldir ráðherrar verða viðstaddir: Friðrik Sophusson fjmrh., Guðmundur Árni Stefánsson heilbr.- og trmrh., Halldór Blöndal landb.- og samgrh., Sighvatur Björgvinsson viðsk.- og iðnrh., Þorsteinn Pálsson dóms- og kirkjumrh. og sjútvrh., Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fyrirspurn um listaverkakaup Seðlabankans.

[13:37]

Guðrún Helgadóttir:
Hæstv. forseti. Eins og getið var um hér áðan hafa borist skrifleg svör við tveim fyrirspurnum sem ég hef borið fram. Annað á þskj. 140 og er svar við fsp. til menntmrh. um listaverkakaup Listasafns Íslands sl. fimm ár. Þar er fyrirspurnum mínum svarað og ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir það.

Svar við hinni fsp. liggur fyrir á þskj. 132 sem var fsp. til hæstv. viðskrh. um listaverkaeign Seðlabanka Íslands og þar kveður við annan tón. Þar er einungis svarað þrem af fimm fyrirspurnum mínum og við því fæst ekki svar af hverjum verkin 193 voru keypt og hvenær og hvert var kaupverð hvers listaverks. Þetta vefst hins vegar ekkert fyrir Listasafni Íslands að setja á þingskjal. Í svari segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á listaverkaskrá bankans kemur ekki fram kaupverð listaverka, af hverjum þau hafa verið keypt og hvenær, þótt um það séu að sjálfsögðu heimildir í bókhaldsgögnum bankans sem ekki hefur verið unnið úr."

Nú veit ég ekki, hæstv. forseti, hvort það eru ár eða áratugir sem þau bókhaldsgögn hafa verið án úrvinnslu en eftir stendur að þetta svar er ekki boðlegt þegar þingmaður beinir fsp. til hæstv. viðskrh. um svo sjálfsagt mál, sem varðar auðvitað þjóðina alla, af hverjum, hvenær og fyrir hvað mikið verð 193 listaverk hafa verið keypt, mörg hver eftir mestu meistara íslensku þjóðarinnar. Ég vil því mælast til þess, hæstv. forseti, að gengið verði eftir því við hæstv. viðskrh. að þingmanni sé svarað þegar fsp. er lögð fram.

[13:40]

Ólafur Þ. Þórðarson:
Herra forseti. Þegar athugasemd kemur frá þingmanni eins og kom hér áðan þá er að sjálfsögðu ekki verið að tala við veggina, það er verið að tala við hæstv. forseta þingsins. Spurningin er: Telur forseti óeðlilegt að svara þingmanninum hvort eftir verði leitað eða hvort þögnin ein eigi að geyma þessa niðurstöðu?

Ég tel eðlilegt að hæstv. forseti veiti svar undir slíkum kringumstæðum og ég veit að þeir sem hafa orðið fyrir svipaðri reynslu að fá ekki svar við fyrirspurnum þeir hljóta að spyrja: Er það niðurstaðan að það sé marklaust að leggja fram fyrirspurnir á þennan hátt, ráðherrar hæstv. telji sér einfaldlega ekki skylt að sjá til þess að þeim sé svarað?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Nú háttar þannig til að hæstv. ráðherra sem hv. 14. þm. Reykv. beindi athugasemd sinni að hér áðan er ekki á fundinum og þess vegna hefur hann ekki getað svarað. Að sjálfsögðu verður honum gert viðvart um þessar athugasemdir þingmannsins, en það er hæstv. ráðherra að svara slíkum athugasemdum.

Árangur af einkavæðingu bifreiðaeftirlits.

Beiðni JÁ o.fl. um skýrslu, 122. mál. — Þskj. 127.

[13:42]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðni leyfð með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GB, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StB, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, RB, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Mat á umhverfisáhrifum, 2. umr.

Frv. umhvn., 88. mál (áætlanagerð um framkvæmdir). — Þskj. 91.

Enginn tók til máls.

[13:44]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StB, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, RB, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EKG, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JVK, LMR, ÓE, ÓRG, RG, RB, SigG, SighB, SP, StH, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VS, ÞBack, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, RB, SigG, SighB, SP, StH, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 1. umr.

Frv. sjútvn., 116. mál (ný fullvinnsluskip). — Þskj. 121.

[13:46]

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, sem liggur fyrir á þskj. 121.

Með lögum nr. 54 16. maí 1992, um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, sem tóku gildi 22. júní í fyrra var reynt að stemma stigu við þeirri þróun að fullvinnsluskipum fjölgaði óhóflega á Íslandsmiðum. Þá var með lögunum einnig komið til móts við þær skoðanir að ekki hafi af opinberri hálfu verið gerðar nægar kröfur til nýtingar hráefnis og vinnsluaðstöðu um borð í þessum skipum. Til að ná þessum markmiðum var í lögunum farin sú leið að gera afar strangar kröfur varðandi nýtingu á öllum fiski, fiskhlutum og fiskúrgangi hinna svonefndu fullvinnsluskipa. Þessum skipum er óheimilt með öllu að fleygja fiskúrgangi fyrir borð og óheimilt er að veita skipum vinnsluleyfi nema aðstaða sé um borð til að fullnægja þessum kröfum og nýta aflann með fullnægjandi hætti. Skipum sem stunduðu fullvinnslu fyrir gildistöku laganna var með bráðabirgðaákvæði veittur aðlögunarfrestur til 1. sept. 1996 en skip sem hófu fullvinnslu eftir gildistöku laganna þurftu strax að fullnægja ýtrustu kröfum. Aðlögunarfresturinn var einnig látinn ná til nýrra fullvinnsluskipa sem samið hafði verið um smíði eða kaup á með bindandi hætti fyrir 10. nóv. 1991, enda væri smíðin það langt komin að breytingum til samræmis við kröfur laganna yrði ekki við komið án verulegrar röskunar og kostnaðarauka.

Með framangreindum lögum var mörkuð sú stefna að allur afli skuli fullunninn. Margir halda því hins vegar fram að eins og málum er nú háttað standi verð afurða ekki undir þeirri fjárfestingu og kostnaðarauka sem fylgir því að hirða allan fiskúrgang, þar á meðal innyfli, og eins þurfi að þróa frekar tækni varðandi geymslu og nýtingu úrgangs, t.d. í formi meltu áður en rétt sé að skyldubinda slíka vinnslu. Með hliðsjón af þessu hyggst sjútvrh. á næstu vikum skipa starfshóp til að endurmeta hvort þau tímamörk sem lögin nr. 54 frá síðasta ári setja til að ná markmiði sínu séu raunhæf. Verður frv. þar að lútandi væntanlega lagt fyrir Alþingi. Á meðan það starf stendur yfir þykir hins vegar ástæða til að endurskoða kröfur þær sem þessi lög gera til fullvinnslu skipa sem samið hafði verið um kaup eða smíði á á tímabilinu 10. nóv. 1991 til gildistökudags laganna 22. júní 1992 þannig að þau njóti sama aðlögunartíma og eldri fullvinnsluskip. Með það í huga er þetta frv. flutt. Jafnframt er lagt til að undanþága nái einnig til eldri skipa sem samið hafði verið um breytingar á fyrir gildistöku laganna. Vitað er aðallega um tvö skip sem undir þetta ákvæði falla en það eru Otto Wathne NS 90 og Sléttanes ÍS 108. Hins vegar var ekki samið um breytingar á Ásgeiri Frímanns ÓF 21 heldur var eingöngu um kaup á flökunarvél að ræða samkvæmt upplýsingum sem bárust frá sjútvrn. eftir að þessu frv. hafði verið útbýtt með þessari greinargerð sem henni fylgdi.

Útgerðir þessara skipa hafa talið á sig hallað með því að láta hinar ströngu kröfur ná til skipa sem búið var að semja um kaup eða breytingar á og því sýnist ástæða til eins og málum er nú háttað að breyta bráðabirgðaákvæði laganna nú þegar og láta aðlögunarreglurnar einnig ná til þeirra skipa eins og orðalag þessa frv. gerir ráð fyrir. Frv. er flutt af sjútvn. og stendur hún öll að flutningi frv. og með vitund og samþykki sjútvrn. og sjútvrh.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. En þar sem þetta frv. er flutt af nefnd er óþarfi að vísa því til nefndar og því legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr.

[13:53]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég er sammála því frv. sem hér er lagt fram og sé sérstaka ástæðu til að þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir að beita sér fyrir samkomulagi í nefndinni um flutning málsins.

[13:54]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StH, VS, ÞBack, ÞorstP.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RG, RB, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddur.

Út af dagskrá voru tekin 2.–9. mál.

Fundi slitið kl. 13.54.

---

22. FUNDUR

þriðjudaginn 26. okt.,
að loknum 21. fundi.

Dagskrá:

1. Mat á umhverfisáhrifum, frv., 88. mál, þskj. 91. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frv., 116. mál, þskj. 121. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 105. mál, þskj. 108. — 1. umr.
4. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — 1. umr.
5. Háskóla Íslands, frv., 70. mál, þskj. 73. — 1. umr.
6. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 102. mál, þskj. 105. — 1. umr.
7. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106. — 1. umr.
8. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104. — 1. umr.
9. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126. — 1. umr.
10. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 41. mál, þskj. 44. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með tvö fyrstu dagskrármál þessa fundar að of skammt er liðið frá 2. og 1. umr. og þarf því að leita afbrigða um að þessi mál megi koma á dagskrá og til umræðu. Verður þeirra afbrigða nú leitað í einu lagi, þ.e. bæði varðandi 1. og 2. dagskrármálið.

[13:55]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞBack, ÞorstP.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RG, RB, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Mat á umhverfisáhrifum, 3. umr.

Frv. umhvn., 88. mál (áætlanagerð um framkvæmdir). — Þskj. 91.

Enginn tók til máls.

[13:56]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞBack, ÞorstP.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, RB, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 146).

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 2. umr.

Frv. sjútvn., 116. mál (ný fullvinnsluskip). — Þskj. 121.

Enginn tók til máls.

[13:57]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VS, ÞBack, ÞorstP.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, RB, SigG, SighB, SP, StH, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VS, ÞBack, ÞorstP.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, RG, RB, SigG, SighB, SP, StH, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VS, ÞBack, ÞorstP.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RG, RB, SigG, SighB, SP, StH, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 3.–10. mál.

Fundi slitið kl. 13.59.

---

23. FUNDUR

þriðjudaginn 26. okt.,
að loknum 22. fundi.

Dagskrá:

1. Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, frv., 116. mál, þskj. 121. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 105. mál, þskj. 108. — 1. umr.
3. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — 1. umr.
4. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 70. mál, þskj. 73. — 1. umr.
5. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 102. mál, þskj. 105. — 1. umr.
6. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106. — 1. umr.
7. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104. — 1. umr.
8. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126. — 1. umr.
9. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 41. mál, þskj. 44. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með 1. mál þeirrar dagskrár sem nú hefur verið útbýtt að of skammt er liðið frá 2. umr. og verður því að leita afbrigða um að málið megi koma á dagskrá og til umræðu.

[13:59]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞBack, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RG, RB, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Fullvinnsla botnfiskafla um borð í veiðiskipum, 3. umr.

Frv. sjútvn., 116. mál (ný fullvinnsluskip). — Þskj. 121.

Enginn tók til máls.

[14:00]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SAÞ, StG, StH, StB, VS, ÞBack, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, ÓRG, RG, RB, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 147).

Fjáraukalög 1993, 1. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 108.

[14:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til fjáraukalaga

fyrir árið 1993. Þetta 105. mál og er að finna á þskj. 108. Áður en ég lýsi sjálfu frv. vil ég að það komi fram að það eru nokkur mál sem enn eru til skoðunar á milli ráðuneyta og gætu þurft að koma til þingnefndarinnar síðar. Þetta eru mál sem varða Landakot, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, Sjúkrahúsið í Keflavík og Íslenska dansflokkinn. Þessi mál eru nú til sérstakrar skoðunar og má búast við því að hv. þingnefnd sem fær málið til meðferðar þurfi að taka við þeim málum á síðari stigum ef á aukafjárveitingum þarf að halda.

Að öðru leyti hefur þetta frv. verið unnið í samvinnu fjmrn. annars vegar og annarra ráðuneyta hins vegar.

Frv. er eins og venja er í fjórum greinum með gildistökugreininni og ég mun við 1. umr. málsins ekki lýsa einstökum greinum nema sérstakt tilefni gefist til.

Fjárlög ársins 1993 voru afgreidd með 6,2 milljarða kr. halla, þar af mátti rekja tæplega 2 milljarða kr. til ákvarðana ríkisstjórnarinnar um aukin útgjöld til vegaframkvæmda. Þrátt fyrir þetta var stefnt að áframhaldandi lækkun útgjalda ríkissjóðs um tæplega 2 milljarða kr. að raungildi. Jafnframt var áætlað að tekjurnar yrðu nálægt 1 milljarði kr. lægri en árið 1992.

Frá því að fjárlög þessa árs voru samþykkt hafa ýmsar forsendur breyst í veigamiklum atriðum.

Í fyrsta lagi hafa skuldbindingar stjórnvalda í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993, einkum aukin framlög til ýmissa viðhaldsverkefna og auknar niðurgreiðslur á matvælum, valdið rúmlega 2 milljarða kr. útgjaldaaka umfram fjárlög.

Í öðru lagi hafa ýmsar breytingar á skattalögum, m.a. í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á þessu ári, skert tekjur ríkissjóðs. Þessar breytingar munu samanlagt skerða tekjur ríkissjóðs um 1 milljarð kr. frá áætlun fjárlaga.

Í þriðja lagi munu áform fjárlaga um sölu ríkiseigna ekki ganga eftir á árinu. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að eignasala skilaði ríkissjóði um 1.500 millj. kr. en nú er sýnt að hún nemur aðeins um eða innan við 100 millj. kr. Um þessi mál var fjallað nokkuð á hinu háa Alþingi í fyrirspurnatíma í gær.

Í fjórða lagi hefur viðvarandi samdráttur í þjóðarútgjöldum skert tekjur ríkissjóðs og aukið útgjöld umfram það sem reiknað var með í fjárlögum. Aukið atvinnuleysi hefur komið fram í lægri tekjum einstaklinga og þar með dregið úr útgjöldum heimilanna. Af þessu leiðir að tekjur ríkissjóðs af launa- og veltusköttum verða lægri en reiknað var með í fjárlögum. Á gjaldahlið munu framlög til greiðslu atvinnuleysisbóta fara verulega fram úr áætlun fjárlaga eða sem nemur 1.200 millj. kr.

Til að hv. þm. átti sig nokkuð á stærðarhlutföllum í þessum efnum má gera ráð fyrir að hvert atvinnuleysisstig kosti ríkissjóð um 650 millj. kr.

Þegar allt þetta er lagt saman stefnir í að tekjur ríkissjóðs verði 3 milljörðum kr. minni árið 1993 en áætlað var í fjárlögum. Frávik á gjaldahlið er einnig um 3 milljarðar kr. Eins og nú horfir er halli á ríkissjóði í árslok 1993 áætlaður 12,3 milljarðar kr. eða 6 milljarðar kr. umfram fjárlög. Þar af má rekja 3 milljarða kr. til skuldbindinga í tengslum við kjarasamninga og annað eins til aukins atvinnuleysis og samdráttar í þjóðarútgjöldum umfram forsendur fjárlaga.

Það skal tekið fram að það er ekki hægt að sjá þessu frv. nákvæmlega hver verður endanlegur halli á ríkissjóði, það sést ekki fyrr en síðara frv. um fjáraukalög fyrir yfirstandandi ár kemur fram sem væntanlega verður fljótlega eftir áramótin. Ástæðan er auðvitað sú að hér er verið að leita heimilda sem ekki er alveg ljóst hvort nýttar verða á þessu ári samkvæmt þeim reglum sem upp hafa verið teknar um að færa heimildir á milli ára og skuldbindingar jafnframt samkvæmt tilteknum ákveðnum reglum.

Það er ljóst að þessi aukni hallarekstur sem verður á ríkissjóði miðað við fjárlög yfirstandandi árs gerir það að verkum að lánsfjárþörf ríkisins eykst. Á fjárlögum var hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. sú fjárhæð sem ríkissjóður þarf að afla til að mæta halla á rekstrarreikningi og ýmsum lánahreyfingum, áætluð tæplega 9 milljarðar kr. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun verður lánsfjárþörfin á þessu ári hins vegar um 14 milljarðar kr. Hækkunin er 1 milljarði kr. lægri en aukning rekstrarhalla ríkissjóðs sem skýrist af því að innheimtar afborganir af veittum lánum eru hærri en áætlað var í fjárlögum. Það er þess vegna sem viðbót lánsfjárþarfar verður ekki eins mikil og hallaviðbótin sem ég hef þegar lýst í minni ræðu.

Ef við lítum næst á tekjuhliðina þá voru heildartekjur ríkissjóðs á fjárlögum yfirstandandi árs áætlaðar 104,8 milljarðar kr. en allt bendir nú til að þær verði rúmlega 3 milljörðum kr. minni.

Samdráttur skattteknanna er heldur minni en heildarteknanna eða nær 2,5 milljarðar kr. Skýringin er sú sem hefur verið áður gefin en hún er um aðrar tekjur og þá fyrst og fremst eignasölu.

Það er einkum þrennt sem skýrir tekjusamdráttinn frá áætlun fjárlaga. Það eru í fyrsta lagi ýmsar breytingar á sköttum sem samþykktar hafa verið og má þá minna á niðurfellingu tryggingagjalds af útflutningsgreinum og jafnframt var horfið frá því að lækka endurgreiðslur virðisaukaskatts vegna vinnu við íbúðarhúsnæði en það átti að skila ríkissjóði um 400 millj. kr. Ég hef þegar minnst á sölu ríkiseigna en einnig má benda á að meira atvinnuleysi en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga kemur auðvitað fram í minni tekjum einstaklinga sem aftur dregur úr útgjöldum heimilanna og framkallar þannig veltusamdrátt í þjóðfélaginu og leiðir til minni tekna ríkissjóðs af óbeinum sköttum.

Ég ætla ekki að lýsa í einstökum atriðum hvernig skattarnir sem innheimtast og munurinn á innheimtu þeirra eða á skatttekjunum eins og þær voru áætlaðar í ríkissjóði og eins og þær eru áætlaðar nú, í hverju þær liggja í einstökum atriðum, en vísa til texta í grg. með frv., fyrst og fremst á bls. 29 og 30.

Ég mun þá næst snúa mér að útgjöldunum en áætluð útgjöld ríkissjóðs við afgreiðslu fjárlaga 1993 voru 111 milljarðar kr. samanborið við 110,6 milljarða kr. árið 1992. Nú hafa útgjöldin verið endurmetin í tengslum við gerð fjárlagafrv. fyrir árið 1994 og með tilliti

til þeirra upplýsinga sem fyrir liggja um framvindu ríkisfjármála það sem af er þessu ári. Talið er að útgjöldin verði um 113,9 milljarðar kr. en það er 2,9 milljarða kr. hækkun frá því sem gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Rekstrarkostnaður er nú ætlaður 44,2 milljarðar, en það eru 900 millj. kr. meiri kostnaður en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Af þeirri fjárhæð má rekja 600 millj. kr. til ákvarðana tengdum kjarasamningum á þessu ári. Annars vegar var um að ræða kjarasamning við aðildarfélag BHMR og fleiri um að hækka launagreiðslur um 300 millj. kr. Hins vegar var ákveðið með lögum að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs endurgjaldslaust til útgerðarinnar nú í ár. Í fjárlögum var gert ráð fyrir að þessar heimildir skiluðu Hafrannsóknastofnun um 300 millj. kr. í ár. Það sem eftir stendur, þ.e. liðlega 300 millj. kr., skýrist af ýmsum smærri tilefnum sem nánar eru rakin með athugasemdum við einstaka liði þessa frv. sem hér er til umræðu.

Tryggingabætur og framlög eru nú áætluð 43,2 milljarðar kr. sem er 2 milljörðum kr. hærri fjárhæð en í fjárlögum. Í fyrsta lagi aukast bótagreiðslur atvinnuleysistrygginga sem nemur ríflega 1.200 millj. kr. og áður hefur verið minnst á, en í forsendum fjárlaga var gert ráð fyrir að atvinnuleysi yrði 3% en nýjustu spár ætla að það geti orðið um 4,5% á yfirstandandi ári. Í annan stað hækka eingreiðslur lífeyristrygginga um 600 millj. kr. og niðurgreiðslur á búvörum um 300 millj. kr. Er það í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamningana á sl. vori. Í fjárlögum voru einungis 250 millj. kr. til að mæta þessum eingreiðslum. Í þriðja lagi eru ýmis smærri framlög sem ýmist hækka eða verða ekki nýtt að fullu á árinu.

Vaxtagreiðslur ríkissjóðs eru áætlaðar um 10 milljarðar kr. eða 500 milljörðum kr. lægri en í fjárlögum. Þetta skýrist fyrst og fremst af því að vextir á erlendum lánamörkuðum hafa verið lægri en áætlað var.

Viðhald og stofnkostnaður er talinn nema 16,4 milljörðum kr. á árinu 1993 og hækkar um 500 millj. kr. frá fjárlögum. Í tengslum við gerð kjarasamninga ákvað ríkisstjórnin að verja rúmum 1 milljarði kr. til atvinnuskapandi verkefna. Helmingur þeirrar fjárhæðar voru heimildir í fjárlögum 1992 sem ekki voru nýttar á því ári. Talið er að álíka há fjárhæð til framkvæmda í fjárlögum 1993 verði ekki nýtt á því ári. Ríkisstjórnin hefur hins vegar gefið vilyrði um að þær flytjist til ársins 1994 þannig að staðið verði við það að þessi milljarður komi til framkvæmda eða viðhalds á samningstímabilinu.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga sl. vor segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Á árinu 1993 verða útgjöld ríkissjóðs til atvinnuskapandi aðgerða, einkum fjárfestingar og viðhalds, aukin um 1.000 millj. kr. frá því sem áður hefur verið ákveðið. Þetta felur í sér að heildarútgjöld ríkissjóðs vegna fjárfestingar og viðhalds á árinu 1993 verða um 17 milljarðar kr. eða 3 milljörðum kr. meiri en árið 1992."

Ég hef skýrt það að við gerum ráð fyrir því að kannski um það bil 16,5 milljarðar komi á þetta ár, en það sem á vantar verði þá framkvæmt á næsta ári utan við fjárlagatölur þess árs.

Verkefnalistinn er birtur í fskj. 2 og er ástæða til að benda á það fskj. en þar eru sundurliðuð framlög til atvinnuskapandi aðgerða og tekið fram hvar nýjar heimildir er að finna og hvar yfirfærslu frá 1992 er að finna, en eins og hv. þm. vita fékkst ekki afgreitt endanlegt fjáraukalagafrv. ársins 1992 í lok síðasta þings. Þetta er ákaflega skýrt upp sett og vísa ég til þessa fskj. sem sparar mér það að lesa upp þessar heimildir því að þar eru þær sundurliðaðar sem mest á einstök viðfangsefni.

Fjárheimildir til rekstrar eru nú í annað sinn fluttar á milli ára með almennum hætti. Áður höfðu geymdar fjárveitingar nær eingöngu miðast við óhafin framlög til stofnkostnaðar og viðhalds.

Af rekstrargjöldum ríkissjóðs á árinu 1992 er lagt til að alls verði fluttar 958 millj. kr. til ársins 1993, en á móti verði heimildir fjárlaga 1993 lækkaðar um 435 millj. kr. vegna umframgreiðslna 1992. Loks nema ónotaðar heimildir til stofnkostnaðar og viðhalds 696 millj. kr. Sótt er um þessar fjárheimildir undir liðnum 09-989 Launa- og verðlagsmál í frv., en í fskj. 1 kemur fram frekari sundurliðun á einstakar stofnanir ríkisins og vil ég beina sjónum hv. þm. að því fskj. sem er mjög ítarlegt og sýnir hvernig ætlað er að rekstrarinneign myndist, hvernig rekstrarskuld færist yfir á milli ára, þar sem ætla má að viðkomandi aðilar geti tekið að sér skuldbindingar þrátt fyrir fjárlagatillögur sem fyrir liggja, og síðan hvernig stofnkostnaður og viðhald flyst á milli ára. Samtalan er jafnframt sýnd og niðurstöðutölur koma fram í lok þessarar upptalningar á bls. 52 í frv. Það eru þær tölur sem ég áður vitnaði til.

Ég vil segja það almennt um þessi mál að ég tel að það hafi verið til mikilla bóta fyrir rekstur á ríkissjóði að farið var að líta á reksturinn sem rekstur til lengri tíma en á milli áramóta og gefa þannig ráðdeildarsömum stjórnendum í ríkisrekstri tækifæri til þess að áætla öðruvísi en gert hefur verið og spara þannig og sæta frekar lagi þegar um innkaup er að ræða. Þetta hefur orðið til þess að stjórnendur hafa ekki keppst eins mikið og áður um að kaupa eða eyða sínum heimildum í lok ársins því að þeir mega nú eiga vissu fyrir því að geta safnað upp heimildum og nýtt fjármagnið síðar ef um það er að ræða. Ég tel þetta til mikilla bóta og tel að áfram eigi að þróa þessar hugmyndir og þurfa þá að því máli að koma auk fjmrn. að sjálfsögðu önnur ráðuneyti og hv. fjárln. og Ríkisendurskoðun sem fylgjast með þessu starfi.

Ef litið er á lánahreyfingar þá vil ég aðeins bæta örlitlu við það sem ég áður hef sagt. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun er hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs nú talin vera 14 milljarðar kr. Heildarlánsfjárþörfin er áætluð 20,2 milljarðar kr. sem er 4,2 milljörðum kr. hærri þörf en gert var ráð fyrir á lánsfjárlögum. Skýringanna er að leita í 6 milljarða kr. auknum rekstrarhalla ríkissjóðs og 0,6 milljarða kr. minna innstreymi

í lánahreyfingum, en á móti kemur að innheimtar afborgarnir af áður veittum lánum eru 1,6 milljörðum kr. meiri en gert var ráð fyrir í fjárlögum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu að svo stöddu að gera grein fyrir einstökum greinum frv. en bendi á að í athugasemdunum er fjallað ítarlega um einstaka liði og ég held að skýringar séu næsta góðar og það sé vandalaust fyrir fyrir hv. þm. að átta sig á því í hverju heimildirnar felast. Ég kemst þó ekki hjá því, virðulegi forseti, að benda hv. Alþingi á að í kaflanum um æðstu stjórn ríkisins, lið 401, um Hæstarétt, er að finna tillögu um 13 millj. kr. sem eru laun hæstaréttardómara. Hér er um að ræða ósk um það að Hæstiréttur fái 13 millj. kr. vegna yfirvinnu sem skiptist á dómarana alla nema einn sem ekki tekur yfirvinnugreiðslur. Þetta eru greiðslur fyrir tímabilið frá 1. sept. árið 1992 og til ársloka 1993, en byrjað var að greiða hæstaréttardómurunum að mig minnir í febrúar á yfirstandandi ári. Mál þetta hefur verið talsvert í fjölmiðlum eins og menn þekkja og hefur verið rætt hér á hinu háa Alþingi, en eins og varaforseti dómsins hefur sagt í blaðagrein þegar Hæstiréttur var að gera grein fyrir sínum málum, þá er það auðvitað Alþingi sem hefur síðasta orðið um fjárveitingar og gildir það jafnt um Hæstarétt eins og aðrar stofnanir þjóðfélagsins. Á þetta vildi ég benda því að þetta er hinn eðlilegi málatilbúnaður, að sækja um heimildir fyrir slíkum greiðslum.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki rætt hérna um einstakar greinar. Starfsmenn fjmrn. munu að sjálfsögðu vinna að þessum málum með hv. fjárln. og munu þeir þá geta gefið skýringar í einstökum smærri atriðum en hér í 1. umr. vonast ég til þess að umræðan verði fyrst og fremst um stefnuna en auk þess mun ég að sjálfsögðu eftir bestu getu reyna að svara þeim fyrirspurnum sem til mín verður beint.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því í samræmi við ákvæði þingskapalaga að málið fái umfjöllun í hv. fjárln. og verði vísað til 2. umr.

[14:23]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér er komið til 1. umr. er í rauninni fyrsti prófsteinninn á það hvernig þau fjárlög standast sem voru samþykkt rétt fyrir síðustu áramót. Þetta er fyrsta fjáraukalagafrv. sem fram kemur og það er hægt að sjá nokkur merki þess með frv. hvernig efnahagsstefnan hefur staðist og hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur tekist til í efnahagsstefnunni því að ríkisfjármálin eru að sjálfsögðu einn meginþáttur hennar.

Ég á sæti í fjárln. og hef því að sjálfsögðu tækifæri og við aðrir nefndarmenn til að fara yfir einstök atriði frv. nánar í nefndinni og mun ég því ekki rekja hvert atriði frv. hér, enda rúmast það ekki innan þeirra tímamarka sem ég hef. Eigi að síður er óhjákvæmilegt að nefna nokkur meginatriði varðandi þetta mál.

Með fjárlögum fyrir árið 1993 voru sett nokkur meginmarkmið og þau voru m.a. að heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs verði um 15,4 milljarðar kr., rekstrarhalli ríkissjóðs yrði 6,2 milljarðar kr. og það hefur komið fram í ræðu hæstv. fjmrh. hvernig þessi markmið hafa staðist. Þau hafa að sjálfsögðu ekki staðist og munar þar milljörðum. Það er alltaf hættan á því þegar rætt er um stórar upphæðir að við hv. þm. og hæstv. ríkisstjórn dofni fyrir þeim upphæðum. Milljarður er nefnilega álitleg upphæð og 4 milljarðar eru enn þá hærri upphæð. Heildarlánsfjárþörf ríkissjóðs á þessu ári er komin yfir 20 milljarða kr. og það er ljóst með þessu fjáraukalagafrv. að rekstrarhallinn hefur vaxið um 7,3 milljarða kr. Þetta eru engar smáupphæðir sem hér er fjallað um og það er hætt við því þegar um þær er fjallað ár eftir ár eins og nú hefur verið, að menn geri sér kannski ekki grein fyrir afleiðingunum af þessum hallarekstri.

En þá liggur næst fyrir að spyrja: Af hverju er þróunin á þennan veg? Af hverju hefur þróunin orðið svo til hins verra á yfirstandandi ári? Ég held að þetta fjáraukalagafrv. beri með sér að aðalástæðan fyrir þessari öfugþróun er sú að það hefur ekki tekist að snúa blaðinu við í atvinnumálum og fá hjól atvinnulífsins til að snúast á þann veg að ríkissjóður sé rekinn á viðunandi hátt. Þetta er mjög alvarlegt því að auðvitað viðurkenni ég það að viðvarandi hallarekstur ríkissjóðs gerir það að verkum að ríkissjóður þarf að þrengja sér út á lánamarkaðinn, annaðhvort innlendan lánamarkað eða erlendis, og það hefur áhrif á eftirspurnina eftir lánsfé og þrýstir vöxtunum upp. En ein af ástæðunum fyrir lakri afkomu ríkissjóðs eru þeir háu vextir sem ríkissjóður þarf að borga.

Það er nú svo að þeir liðir sem er verið að biðja um viðbótarfjárveitingar til eru liðir sem stjórnarandstaðan varaði sérstaklega við á sl. ári þegar þessi mál voru til umræðu. Stjórnarandstaðan varaði við eignasölunni, að hún gengi ekki eftir. Hún varaði við því að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs yrðu seldar og sú hefur orðið raunin. Það varð ekkert samkomulag um það mál. Hún varaði við því að áætla atvinnuleysi ekki nema 3% í forsendum fjárlaga sl. ár en það varð 4,5–5%. Útgjöldin jukust þar með um 1.200 millj. af þeim sökum. Og það var alveg ljóst að tekjur mundu ekki standast miðað við óbreytt ástand í atvinnumálum. En það hefur ekki tekist að hafa forustu um að snúa blaðinu við í atvinnulífi landsmanna. Það hefur ekki tekist að vekja bjartsýni hjá fyrirtækjum. Það hefur ekki tekist að auka fjárfestingar í þjóðfélaginu þannig að fjárfestingar eru og verða á næsta ári í sögulegu lágmarki þannig að það lágmark ýtir enn þá undir atvinnuleysið í landinu. Nú er ríkisstjórnin ósammála um — eins og annað, hún er yfirleitt ósammála um allt — hvernig forustu á að veita í þessu, hvernig á að tala í raun. Hæstv. forsrh. virðist vera búinn að komast að þeirri niðurstöðu að það eigi að tala með nokkurri bjartsýni og reyna að snúa þróuninni við með þeim efnum. Stefnræðan fól í sér nokkra bjartsýni. Hins vegar er forustumaður og formaður hins stjórnarflokksins, hæstv. utanrrh, ekkert sammála þessu fremur en öðru og talar af mikilli svartsýni. Þannig að þjóðin veit auðvitað ekkert hvað er fram undan og það er engin forusta hjá þessar ríkisstjórn um að vekja þá bjartsýni sem þarf til þess að snúa blaðinu við í at-

vinnulífi landsmanna. Takist það ekki þá verðum við með enn þá verra fjáraukalagafrv. núna rétt fyrir áramótin og enn þá verra næsta ár. Það er alveg ljóst.

Ég viðurkenni það og það kemur fram í þessu frv. að ríkissjóður tók nokkuð á sig til þess að greiða fyrir kjarasamningum. Ég er ekki að gagnrýna það í sjálfu sér. Hitt er miklu verra að það virðist verða misbrestur á því að það eigi að standa við þau áform og þarf ekki annað en vitna til ályktunar miðstjórnar ASÍ um það mál frá 6. okt. sl. En hún endar svo, með leyfi forseta, eftir að forsagan er rakin:

„Það er álit miðstjórnar að ef ekki verði gerðar verulegar breytingar á þessum atriðum frá því sem nú er í fjárlagafrv. muni það óhjákvæmilega hafa áhrif á niðurstöðu við endurskoðun kjarasamninga. Með þessu móti gæti ríkisstjórnin ekki einungis valdið verulegum trúnaðarbresti í samskiptum aðila, heldur einnig dregið úr þeim stöðugleika sem ríkt hefur bæði á vinnumarkaði og í efnahagslífi hér á landi á undanförnum árum."

Það er gagnrýnisvert að ekki skuli vera staðið við þau áform og þau fyrirheit sem gefin voru við gerð kjarasamninga og það ber að vona að hæstv. ríkisstjórn sjái að sér í þeim efnum. Hitt er svo annað mál og það verð ég sem þingmaður og fjárlaganefndarmaður að gagnrýna harðlega, það samráð sem hefur verið við þingið og fjárln. í þessum efnum.

Það kemur fram hér í fjáraukalagafrv. varðandi þær framkvæmdir til atvinnuskapandi aðgerða sem fyrirhugaðar eru, að fjmrn. hefur í samráði við önnur ráðuneyti gengið frá verkefnalista vegna framkvæmdanna og hann er birtur í fskj. 2 við þetta frv. Þar er m.a. leitað eftir 1.045 millj. kr. heimild vegna þeirrar framkvæmdaáætlunar. Um þennan lista hefur ekkert verið fjallað í fjárln. Hann hefur ekki verið afgreiddur þar og ekkert samráð verið haft við nefndina um skiptingu þessara liða sem eru þó verulegar, eins og kemur hér fram á bls. 54. Nýjar heimildir eru upp á 487 millj. kr. og um þetta mál hefur ekkert samráð verið haft við nefndina. Til að ég sé nú alveg nákvæmur í þessu, þá mun hafa verið minnst á á einum fundi í nefndinni að það stæði til að gera slíkan lista. En hann hefur ekki verið borinn undir nefndina eða samþykktur þar og auðvitað er þetta alveg óviðunandi og ber að gagnrýna það mjög harðlega.

Hér kemur einnig fram á bls. 42 í fjáraukalagafrv. þar sem fjallað er um framlög til viðhalds og endurbóta á húseignum ríkisins að skipting á því fé liggi ekki fyrir en hún verði kynnt fjárln. Hér er komið inn í athugasemdir fjáraukalagafrv. að skiptingar verði kynntar fjárln. Mér er spurn hvort það eigi þá ekki að taka þær þar til afgreiðslu og samþykkja þær. Mér er spurn, hvort fjárveitingavaldið sé komið algerlega til framkvæmdarvaldsins með slíkum yfirlýsingum eða hvort þetta sé merki um það. Ég vona að hér verði teknir upp betri hættir varðandi afgreiðslu þessara mála.

Á bls. 31 í frv. er rætt um viðhald og stofnkostnað og segir svo:

„Í tengslum við gerð kjarasamninga sl. vor ákvað ríkisstjórnin að verja rúmlega 1 milljarði króna til atvinnuskapandi verkefna. Helmingur þeirrar fjárhæðar voru heimildir í fjárlögum 1992 sem ekki voru nýttar á því ári. Talið er að álíka há fjárhæð til framkvæmda í fjárlögum 1993 verði ekki nýtt á því ári. Ríkisstjórnin hefur gefið vilyrði um að þær flytjist til ársins 1994."

Hér er sagt að viðhald og stofnkostnaður sé talinn nema 16,4 milljörðum kr. á árinu 1993 og hækki um 500 millj. kr. frá fjárlögum. Hins vegar segir hér neðst á sömu blaðsíðu:

„Á árinu 1993 verða útgjöld ríkissjóðs til atvinnuskapandi aðgerða, einkum fjárfestingar og viðhalds, aukin um 1.000 millj. kr. frá því sem áður hefur verið ákveðið. Þetta felur í sér að heildarútgjöld ríkissjóðs vegna fjárfestingar og viðhalds á árinu 1993 verða um 17 milljarðar kr. eða 3 milljörðum kr. meiri en árið 1992."

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvernig stendur á þessu misræmi þarna á milli? Hér er viðhald og stofnkostnaður á sömu bls. talinn nema 16,4 milljörðum kr. á árinu 1993 og síðan 17 milljörðum kr. Þarna skakkar einhverju og væri fróðlegt að heyra skýringar á því. Þarna skakkar um 600 millj. kr.

Varðandi það mál sem hæstv. ráðherra kom hér inn á um Hæstarétt og fjallað er um á bls. 34 í frv., þá er það rétt að auðvitað hefur Alþingi fjárveitingavaldið. Það hefur það á meðan framkvæmdarvaldið er ekki búið að taka það af því svona smám saman. En eigi að síður er mér spurn: Hver hefur ákveðið þessar launagreiðslur? Ég veit ekki betur en þessar launagreiðslur séu í ákveðnum farvegi. Þær séu í höndum Kjaradóms. Þess vegna finnst mér náttúrlega fullkomlega óeðlilegt að það sé hægt að senda ríkissjóði þennan reikning eða Alþingi sem auðvitað er rétt að á að veita heimildir af eða á um að greiða hann. En hins vegar þurfa að vera heimildir og launaákvarðanir hjá réttum aðilum þurfa að liggja þar að baki. Það vildi ég taka fram varðandi þetta mál.

Ég vildi bera fram eina fyrirspurn til hæstv. fjmrh. varðandi Hafrannsóknastofnun sem fjallað er um hér á bls. 38. Þar stendur að gerð sé tillaga um að sértekjur stofnunarinnar verði lækkaðar og verði frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins að lögum mun Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins verða lagður niður og lækkar þá fjárþörf Hafrannsóknastofnunar sem nemur 190 millj. kr. óhöfnum innistæðum í sjóðnum. Nú kann það að vera að ég hafi ekki lesið frv. um þróunarsjóð nógu vel og skýringar sé þar að finna, en ég vil eigi að síður biðja hæstv. fjmrh. um nánari skýringar á þessu atriði.

Það kemur auðvitað fram í þessu frv. að sparnaður sem ákveðinn hefur verið, gengur ekki upp, t.d. í heilbrigðiskerfinu þar sem verið hefur röð af slíkum ákvörðunum sem hafa ekki gengið upp m.a. vegna ónógs undirbúnings. Dæmi um það er að finna á bls. 40 þar sem fjallað er um Tryggingastofnun ríkisins og farið er fram á aukafjárveitingu að upphæð um 350 millj. kr. vegna þess að ýmsar aðgerðir sem áætlaðar hafa verið hafa ekki gengið upp. Sama er að segja um

gjaldheimtur og innheimtukostnað þar sem farið er fram á 70 millj. kr. viðbótarheimild og væri fróðlegt að fá nánari skýringar á því hvers vegna farið er fram á slíka heimild. Síðan er farið fram á 50 millj. kr. viðbótarheimild vegna ferjurekstrar sem átti nú að koma í mjög gott horf og skikkanlegt við síðustu fjárlagagerð, en auðvitað voru ekki allir endar þar hnýttir.

Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu að sinni, enda tíminn búinn samkvæmt hinum nýju þingsköpum og láta nægja, ef ég má, að enda á því að auðvitað sýnir þetta fjáraukalagafrv. að fjárlagafrv. var eins og stjórnarandstæðingar héldu fram meira og minna marklaust plagg. Það hefur mistekist að koma bjartsýni og framkvæmdahug í þjóðina og snúa hjólum atvinnulífsins við og kjarasamningar eru meira og minna að verða í uppnámi. Þetta er ekki góður dómur yfir þeim sem stjórna.

[14:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég tel ástæðu til þess að svara núna þannig að það sé með í umræðunni — annað verður að bíða til síðari tíma — en það varðar fyrirspurn sem kom frá hv. þm. vegna mismunandi talna um viðhald og stofnkostnað á bls. 31 í þessu frv. Annars vegar segir að viðhald og stofnkostnaður verði talinn nema 16,4 milljörðum kr. og hækki um 500 millj. en í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar neðar á blaðsíðunni segir að 17 milljarðar kr. muni ganga til þessara verkefna. Hluti af skýringunni er að það var tekið gilt að nokkur atriði væru tekin með í þessum milljarði sem ekki eru viðhald og stofnkostnaður. Það eru örfá atriði sem eru með slíkum hætti og færast á aðra liði. En að meginstefnu til er þetta vegna þess að við gerum ekki ráð fyrir að okkur auðnist að verja öllum þessum fjármunum til viðhalds og fjárfestinga á þessu ári en það er verið að undirstrika það að þær heimildir verða færðar yfir á næsta ár og með sama hætti og við færum heimildir yfir á milli ára. Þetta misræmi kemur fram af þeim sökum, að við gerum ráð fyrir því að það nýtist ekki nema u.þ.b. helmingurinn af milljarðinum á yfirstandandi ári en 500 millj. eða þar um bil færast yfir á næsta ár.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, láta koma fram núna sem andsvar. Önnur atriði verða að bíða þar til síðar.

[14:45]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að með þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. hafi það verið staðfest að þessir fjármunir muni færast á milli ára og er það nokkurs virði að fá þá yfirlýsingu og það eyðir þá öllum vafa um vilja ráðherra í því efni.

[14:46]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993 liggja nú hér enn fyrir. Eins og hv. 2. þm. Austurl. hefur þegar farið í gegnum, þá sýnir það sig auðvitað að við hv. stjórnarandstöðuþingmenn höfðum rétt fyrir okkur þegar við spáðum því að fjárlög ársins 1993 yrðu ekki afgreidd með 6,2 milljarða kr. halla eins og lagt var upp með, heldur er hér talað um halla sem nemur 12,3 milljörðum. En ég held að við getum öll verið nokkuð viss um að sá halli verður enn meiri þegar ári lýkur.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka það sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan, en fjárln. Alþingis hefur lagt á það mikla áherslu að ráðuneyti og stofnanir greiði ekki út fé sem ekki er heimild fyrir. Og von okkar var sú að fjáraukalög mundu verða óþörf í meira mæli en áður. Hér hefur legið fyrir þinginu um nokkurra ára skeið og því miður ekki fengið afgreiðslu, frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði sem fjárln. og raunar tvær hafa flutt. Von okkar er nú að á þessu ári náist það frv. í gegnum hið háa Alþingi.

Við höfum einnig reynt að beita okkur fyrir því að hægt sé að lesa saman ríkisreikning og fjárlög. Eins og frá ríkisreikningi hefur verið gengið hefur það verið nær ógerlegt og við eigum von á því að nefnd sem er að fjalla um þau mál ljúki nú loks störfum eins og hæstv. ráðherra hefur lofað fyrir næstu áramót.

Það er annað sem hv. fjárln. hefur gert að umræðuefni og lagt nokkra áherslu á, en það er að safnliðir sem fjárln. leggur vinnu í að deila út, verði síðan ekki greiddir á allt annan hátt þegar kemur til ráðuneytanna og ég mun koma aðeins að því síðar í sambandi við mál sem kemur einmitt fram í þessa veru hér í frv. til fjáraukalaga.

En ég hyggst fara í gegnum ráðuneytin eitt á eftir öðru og ætla að leyfa mér, hæstv. forseti, að hefja mál mitt með því að mæla fyrir brtt. sem við hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, hv. þm. Margrét Frímannsdóttir og sú sem hér stendur höfum borið fram við 3. gr. en það er 13 millj. kr. framlag til Hæstaréttar vegna yfirvinnu sem Hæstiréttur hefur ákveðið að greiða starfsmönnum sínum.

Það er óþarfi að fara mörgum orðum um þetta mál. Það hefur þegar hlotið nokkra umfjöllun í fjölmiðlum. Við teljum það ekki verjandi að einstakar stofnanir geti ákveðið laun sín sjálfar. Í þessu tilviki er það Kjaradómur sem á að annast ákvarðanir um laun hæstaréttardómara og ég vil taka það fram fyrir mitt leyti að í orðum mínum felst ekki að ég telji að hæstaréttardómarar hafi of há laun. Ég tel hins vegar að það sé óhæfa með öllu að einstakar stofnanir taki fram fyrir hendurnar á Kjaradómi og ákveði sér laun sjálfar. Það gefur auga leið hver áhrif það hefði ef fleiri færu að þeirra dæmi, enda taka dómarar við Hæstarétt fram í greinargerð frá réttinum að hið endanlega ákvörðunarvald liggi hjá hinu háa Alþingi. Þess vegna hljóta hv. þm. að greiða um það atkvæði við afgreiðslu þessa frv. hvort þeir eru því sammála að hæstaréttardómarar ákveði þessa viðbótargreiðslu sjálfum sér til handa að upphæð 13 millj. kr.

Þá er hér liður sem hlýtur að vekja athygli manna, en það er liður 02-872. Lánasjóður ísl. námsmanna. Það er alkunna að margir námsmenn hafa nú hrökklast frá námi. Sérstaklega hefur það bitnað á konum sem hafa vikið úr námi til þess að vinna fyrir fjölskyldum sínum. Menn tala hins vegar hátt um það að

tekist hafi að spara í útgjöldum Lánasjóðs ísl. námsmanna. Hér er m.a. farið fram á að framlag ríkissjóðs lækki hlutfallslega jafnmikið og endurskoðuð áætlun um lánveitingar sjóðsins í ár bendir til og það er beðið um að taka 60 millj. frá sjóðnum. Þetta kemur okkur spánskt fyrir sjónir sem eigum börn enn í námi og teljum að nær hefði verið að nýta þessar 60 millj. til handa þeim sem nú verða að hverfa frá námi vegna þrenginga sem sjóðurinn hefur valdið þeim.

Þá er óhjákvæmilegt að víkja hér að liðnum 02-982 og ég vil benda hv. þm. á að síðasta setningin í aths. um þann lið hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í annan stað er borin upp tillaga um 5,3 millj. kr. aukafjárveitingu vegna kaupa á sýningarrétti kvikmynda til afnota fyrir grunnskóla."

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsa opinbera aðila kemur fram að keyptar hafa verið í leyfisleysi, án heimildar, tvær kvikmyndir að upphæð 5,3 millj. sem eru kvikmyndirnar „Í skugga hrafnsins" og „Óðal feðranna" til sýningar í grunnskólum eins og þar segir. Þar kemur jafnframt fram að ekkert samráð var haft við Námsgagnastofnun og engin ósk frá henni lá þar fyrir. Aðrar kvikmyndir sem keyptar hafa verið til stofnunarinnar, og þessar tvær voru þær einu á árinu 1993, eru kvikmyndir sem eru byggðar á bókum sem grunnskólabörn hafa verið að lesa. En hér er ekkert um það að ræða. Þar sem þessi skýrsla verður tekin til umræðu hér í næstu viku skal ég ekki lengja mál mitt mjög. En hér er einfaldlega sagt frá því í skýrslu Ríkisendurskoðunar að eftir að kvikmyndamaðurinn hafði fengið neitun um framlag frá norrænum kvikmyndasjóði hafi hann komið að máli við ráðherra og niðurstaða þeirra fundar var að menntamálaráðuneyti Íslendinga greiddi 5,3 millj. kr. skuld í Landsbanka Íslands og þar segir að menntmrh. segist hér hafa tjáð Ríkisendurskoðun að hann hafi sjálfur tekið ákvörðun um kaup á þessum myndum. Hann tekur enn fremur fram að ráðherra hefði fullyrt að auk hans hefðu aðstoðarmaður hans, ráðuneytisstjóri og deildarstjóri, fjallað um málið og hefði enginn þeirra lagst gegn kaupunum. Námsgagnastofnun hefur hins vegar ekki tekið afstöðu til þess hvort umræddar myndir henti til notkunar í skólum, enda hefur erindi þess efnis ekki enn borist stofnuninni frá menntmrn.

Þarna eru sem sagt blygðunarlaust settar 5,3 millj. til aðstoðar einstaklingi í bænum undir því yfirskini að það eigi að sýna þessar myndir í grunnskólum. Það hefur þegar komið fram að þær eru báðar bannaðar börnum. Og ég vil ráðleggja landsmönnum, ef þeir eru hart keyrðir í peningamálum, að fara til fundar við hæstv. menntmrh. og spjalla um fjármál sín og vita hvort ekki finnst flötur á því að greiða skuldir þeirra sem bágast eiga. Ég mun að sjálfsögðu ásamt félaga mínum, hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, leggja fram brtt. við þessa grein einnig um að þetta falli niður. Það er fullkomlega fráleitt að vera að troða upp á Námsgagnastofnun kvikmyndum sem hún hefur ekkert við að gera.

Það eru einmitt svona hlutir sem fjárln. hefur verið að reyna að berjast gegn, að ekki sé farið með fjármuni landsmanna eins og ríkiskassinn sé í einkaeign.

Það er kannski einmitt menntmrn. sem er viðkvæmast ráðuneyta fyrir slíkum greiðslum. Það hefur margsinnis sýnt sig að ráðherrar hafa ekki hirt um þær úthlutanir sem fjárln. hefur ákveðið, einfaldlega vegna þess að þær hafa ekki birst í smáatriðum í fjárlögunum sjálfum og ekki heldur í nál. Nú hefur þeirri hugmynd verið fleygt í fjárln. að framvegis verði þessar úthlutanir tíundaðar í nál. þannig að fyrir liggi vilji nefndarinnar um hvernig þessum fjármunum skuli skipt, því að þarna er oft um verulegar upphæðir að ræða.

Hæstv. forseti. Það vekur athygli hér á bls. 39 hversu ónákvæm fjárhagsáætlun sýslumannsembættisins í Reykjavík hefur verið. Það er sýnt fram á að útgjöld embættisins fari a.m.k. 15 millj. kr. umfram heimildir fjárlaga í ár. Það er að einhverju leyti skýrt með barnsburðarleyfum, en ég held að svo margar konur geti nú ekki verið við það embætti að það geti nálgast þessa upphæð þannig að ég held að eitthvað annað hljóti að koma til ella er þetta embætti frjósamara en almennt gerist um opinber embætti í landinu. (**MB:** Það eru fleiri.) Væri það vissulega gleðilegt.

Á bls. 40, hæstv. forseti, er liður 07-981 þar sem talað er um að sótt sé um 60 millj. kr. til atvinnumála kvenna. Þar er um að ræða hluta þeirrar fjárhæðar sem ríkisstjórnin ákvað að beita sér fyrir að veitt yrði til atvinnuskapandi aðgerða í tengslum við gerð kjarasamninga fyrr á árinu. Svo segir hér, með leyfi hæstv. forseta: „Félmrn. hefur skipað starfshóp" o.s.frv. Síðan segir: „Ráðuneytið leggur til að um 35 millj. kr. fari til fyrirtækjarekstrar einkaaðila af margbreytilegum toga, um 20 millj. kr. fari til ýmissa verkefna á vegum sveitarfélaga og um 5 millj. kr. fari til námsaðstoðar til að skapa atvinnulausum konum betri aðstöðu á vinnumarkaði."

Hér er sama vandamálið uppi að fjárln. hefur auðvitað ekkert haft um að segja hvernig þessi upphæð skuli skiptast og það kemur mér spánskt fyrir sjónir að 5 millj. þurfi til námsaðstoðar. Ég man ekki betur en í lögum um atvinnuleysistryggingar geti fólk átt kost á fjárframlögum til námskeiðahalds og framhaldsmenntunar þannig að mér þykir mjög kyndugt að fara að nota hluta af þessum 60 millj. til slíkra hluta. Það hljóta að vera aðrar leiðir til þess.

Í kaflanum 08 við lið 271 er dálítill sorgarsöngur. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta: „Að auki lítur út fyrir að áform um 50 millj. kr. sparnað í fæðingarorlofi og 75 millj. kr. sparnað með einföldun og samræmingu bóta nái ekki fram að ganga í ár. Á móti kemur að horfur eru á að útgjöld vegna lífeyristryggginga hafi verið ofmetin um 185 millj. kr. í fjárlögum en slíkt frávik má telja innan eðlilegra skekkjumarka."

Hér sést enn og aftur að allar þessar tilfærslur innan tryggingakerfisins koma að engu gagni, sparnaðurinn er enginn. Og þó að hæstv. heilbrrh. sem við höfum haft á þessu kjörtímabili hafi jafnvel reynt að hafa áhrif á barnsfæðingar, þá hefur það nú ekki tekist og áætlaður sparnaður í fæðingarorlofi hefur ekki tekist

þar af leiðandi. Ég veit ekki hvernig á að taka svona yfirlýsingum, en tölur sýna að hér koma útgjöld á móti sparnaði þannig að þegar upp er staðið virðist allt standa á sléttu hvernig sem menn brjótast um á hæl og hnakka.

Það er gleðilegt fyrir landsmenn í Norðurlandskjördæmi eystra að þar er blómlegt um þessar mundir og eftir umtalsverðar vegaframkvæmdir í Ólafsfirði þá skal einnig flýta hafnarframkvæmdum. Ekki skal ég hafa á móti þessu. En það er lítið annað sem hæstv. samgrh. þarf á aukafjárlögum en þessar framkvæmdir í kjördæmi sínu og auðvitað björgunarfé til Herjólfs og verður það nú sjálfsagt ekki fyrsta upphæðin sem við fáum að berja augum.

Hæstv. forseti. Þrátt fyrir allt hygg ég að aukafjárlög séu minni að vöxtum en oft áður og kannski mjakast þó hægt fari að aðilar geri raunhæfar fjárhagsáætlanir þannig að fjárlög séu ekki jafnórafjarri raunveruleikanum og oft var áður. En hitt er annað mál að ríkisstjórnin er þar auðvitað mikill örlagavaldur og með ákvörðunum sem átti að taka en ekki eru teknar eru auðvitað bæði fjárlagagerð ársins 1994 og raunar aukafjárlög meira og minna í uppnámi. Við höfum ekki fengið svar við því hvers vegna milljarðurinn sem átti að koma til atvinnuskapandi verkefna verður ekki nýttur á þessu ári. Sá siður hefur verið tekinn upp að menn geti fært ónýtt framlag yfir á næsta ár og þá langar mig að spyrja: Kemur þá samt hinn milljarðurinn sem samið var um við verkalýðshreyfinguna? Og þannig mætti lengi spyrja. Heilsukortin sem áttu að standa vörð um heilbrigðiskerfið svo það hryndi ekki til grunna virðast vera úr sögunni og hvað kemur þá? *Hvernig á hv. fjárln. að vinna störf sín nú, sem situr* yfir því dag hvern að berja saman fjárlög næsta árs, þegar ríkisstjórnin eða landsfundur Sjálfstfl. eða einhverjir aðilar eru að berja niður það sem þegar er að finna í fjárlögum næsta árs. Það segir sig auðvitað sjálft að slík vinna er mestan part marklaus og það væri þess vegna gott að vita eiginlega tvennt:

Í fyrsta lagi, er þetta umtalsverður hluti af aukafjárveitingum ársins 1993 sem hér er beðið um eða er að vænta verulegra upphæða enn, áður en ári lýkur?

Í öðru lagi, hver verða örlög þess fjárlagafrv. fyrir árið 1994, sem hér liggur fyrir og verið er að vinna að? Verður það tekið upp vegna ákvarðana sem teknar voru um helgina? Eða eigum við að halda áfram að vinna í fjárlögum sem enga þýðingu hafa?

Þetta hefði ég nú gaman af að heyra hæstv. ráðherra upplýsa okkur um og ekki síst hvort milljarðurinn sem átti að koma á næsta ári kemur til viðbótar við milljarðinn sem ekki var notaður nema að litlu leyti eða verður farið fram hjá því að greiða hann?

Hæstv. forseti. Það þjónar kannski ekki miklum tilgangi að lengja þessa umræðu á þessu stigi. Málið kemur auðvitað til kasta hv. fjárln. og er raunar á dagskrá þegar á morgun svo ég mun auðvitað vinna í því þar. En það er satt að segja heldur raunalegt að sitja í fjárln. og fjalla um þau skelfilegu mistök sem hér hafa verið gerð.

[15:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara einstökum spurningum um einstaka liði sem fram komu hjá hv. þm. Mér gefst tækifæri til þess síðar. En ég vil vegna umræðna um fjárlög næsta árs sem reyndar eru ekki á dagskrá núna, þó segja það, að við teljum okkur í fjárlagagerðinni hafa farið að þeim samningum sem gerðir voru við verkalýðshreyfinguna. Viðræður hafa staðið yfir við aðila vinnumarkaðarins upp á síðkastið svo ég get ekki skotið fyrir það loku að það verði ekki gerðar einhverjar breytingar í framhaldi af því. Þessi stjórn er ekki svo föst og óbreytanleg að hún vilji ekki eiga gott samstarf við aðila vinnumarkaðarins til að halda vinnufrið í landinu.

Í öðru lagi var rætt um heilsukortin. Það er nú þannig að þótt landsfundur Sjálfstfl. sé merk stofnun þá hefur hann ekki yfir Alþingi að segja. En því til viðbótar má geta þess að landsfundur Sjálfstfl. ályktaði ekkert um heilsukortin og hefur komið mjög skýrlega fram að það er á misskilningi byggt, enda var þar verið að tala um stefnumótun til lengri tíma.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram strax í þessum umræðum sem andsvar við pörtum úr ræðu hv. þm.

[15:08]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Svo sem fram hefur komið hjá þeim sem hér hafa talað á undan mér, þá er halli fjárlaga allmiklu meiri heldur en gert var ráð fyrir og kemur það raunar ekki á óvart svo venjubundið sem það hefur verið. En ég veit ekki hvort menn hafa gert sér *grein fyrir því að hér er ekki aðeins um tvöföldun* á hallanum að ræða, sem er þó talað um svona sem þumalputtareglu, heldur meira en það því hann gerir meira en tvöfaldast. Hækkunin er 133% frá því sem áætlað hafði verið.

Frv. til lánsfjárlaga, bæði það sem hér hefur nýlega verið rætt og lagt til viðbótar við lánsfjárlög árið 1993, endurspeglar að sjálfsögðu þessa staðreynd að hallinn hefur aukist svona mikið. Heildarlánsfjárþörfin var eins og kom fram hjá fjmrh., ég tel fyllstu ástæðu til þess að endurtaka þær staðreyndir, heildarlánsfjárþörfin var 15,3 milljarðar. Viðbótin er samkvæmt þessu fjáraukalagafrv. núna 6 milljarðar, en þar er ótalið framlag til Landsbanka Íslands upp á 2 milljarða kr. sem samþykkt var hér á þinginu sl. vetur og þar að auki uppkaup í fullvirðisrétti sem eru 700 millj. kr. þannig að hallinn verður nokkuð meiri þegar upp er staðið. Það er spurning hvort þessar upplýsingar eiga að vera með í fjáraukalagafrv. eða að koma aðeins í ríkisreikningi. Það er enn þá deila um það milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar hvernig með skuli fara. En staðreyndin er samt sem áður sú að Landsbankinn fær þessa 2 milljarða. Það er búið að samþykkja það hér á hinu háa Alþingi. Það er auðvitað hlutur sem kemur þegar upp er staðið til gjalda hjá ríkissjóði og eykur þar af leiðandi halla ríkissjóðs á þessu ári.

Til frekari skýringar ætla ég að vitna hér í niðurstöður úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd

fjárlaga fyrir fyrstu sex mánuði ársins í ár. Því miður hefur Ríkisendurskoðun ekki enn unnist tími til að skila af sér skýrslu fyrir níu mánuði ársins, en þessi skýrsla er þó unnin í ágúst þannig að ég tel að inn í hana hafi verið teknar allmargar forsendur og það sé fullkomin ástæða til að skoða það sem Ríkisendurskoðun segir þar um afkomuhorfur í árslok 1993. Það snertir þá það frv. sem við erum hér að ræða. Það hefur reyndar komið í ljós þegar maður skoðar mat Ríkisendurskoðunar á afkomu ríkissjóðs allt frá árinu 1986 að Ríkisendurskoðun hefur tekist nokkuð vel upp við að spá á miðju ári fyrir um það hver yrði lokahalli fjárlaga og hefur komið í ljós að ekki munar mjög miklu á því sem endanlega verður. En í þessari skýrslu um framkvæmd fjárlaga fyrstu sex mánuði ársins 1993 í kaflanum um afkomuhorfur í árslok 1993, segir Ríkisendurskoðun, með leyfi forseta:

„Niðurstöður Ríkisendurskoðunar eru þær að ef stjórnvöld taka engar nýjar ákvarðanir í ríkisfjármálum það sem eftir er ársins og verðlags- og launaþróun haldast innan viðmiðunarmarka mun lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs aukast um 7,5–8 milljarða kr. eða úr 15,4 milljörðum kr. eins og fjárlög ársins gerðu ráð fyrir í 23–23,5" — en ekki í 20 milljarða kr. eins og segir í fjáraukalögum nú.

„Að frádreginni afborgun lána ríkissjóðs er hrein lánsfjárþörf áætluð um 17 milljarðar króna og hækkar um svipaða fjárhæð og heildarlántökur ársins. Meðtalin í lántökum ríkissjóðs á árinu 1993 er lántaka vegna Landsbanka Íslands og lokauppkaup á fullvirðisrétti bænda samtals að fjárhæð 2,7 milljarðar kr. Mat á rekstarafkomu A-hluta ríkissjóðs í árslok þessa árs er að rekstrarhallinn muni verða á bilinu 14–14,5 milljarður kr. að meðtöldum framlögum til Landsbanka Íslands og lokauppgjöri vegna fullvirðisréttar. Í fjárlögum ársins 1993 var gert ráð fyrir rekstrarhalla A-hluta ríkissjóðs að fjárhæð 6,2 milljarðar kr. og gerir stofnunin því ráð fyrir að hann aukist um rúmlega 8 milljarða kr."

Og hækkun á hallanum er þá samkvæmt þessari úttekt Ríkisendurskoðunar 133% og er það allhá tala.

Það er í raun og veru ekki hægt að ræða um fjáraukalög fyrir þetta ár öðruvísi en að koma jafnframt inn á forsendur fjárlaga fyrir næsta ár. Það má spyrja hvort það fjárlagafrumvarp, sem nýlega var kynnt, muni verða jafnóraunsætt og þetta sem við erum hér að ræða. Það mátti raunar heyra í framsögu hæstv. fjmrh. þegar hann kynnti það frv. að enn væri verið að tína saman hugmyndir um hvernig lækka mætti þann halla sem þar var settur fram og er kannski ástæða til að spyrja að því hvort eitthvað hafi orðið ágengt í því að finna einhverjar leiðir til að lækka hann.

Það er líka svolítið furðulegt þegar maður ræðir um stefnu ríkisstjórnarinnar í fjárlögum ríkissjóðs hvernig hún forðast sífellt að ræða um það að hér sé um að ræða skattahækkanir á almenning, skattahækkanir á einstaklinga. Til þess að forðast að tala um skatta og skattahækkanir þá er sífellt rætt um einhver önnur orð. Ég held að það megi nánast segja að það sé farið að finna upp mjög mörg nýyrði í sambandi við það að fela þetta orð, skattar. Það er talað um þjónustugjöld, það er talað um skólagjöld og það er talað um heilsukort og tekjutengd þjónustugjöld og ég bara spyr: Hvað eru tekjutengd þjónustugjöld annað en skattar? Eru ekki skattar tekjutengd þjónustugjöld? Ég held að þeir hljóti að flokkast undir það. Heilsukortin eru hins vegar ekki tekjutengd þjónustugjöld, þau koma jafnt á alla, alveg sama hvaða tekjur menn hafa. Það sýnir enn og aftur að það er sífellt bætt sköttum á launþega, einstaklinga, en dregið af fyrirtækjum.

Nú veit ég að ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin tók þessa stefnu var sú að hún hélt að með því mundi hún bæta atvinnuástandið, það væri verið að draga úr kostnaði fyrirtækja. En það er kannski vert að velta þeirri spurningu fyrir sér: Er nokkur ástæða til þess að vera að lækka skatta á fyrirtækjum sem á annað borð geta greitt skatta? Þau sem tapa greiða hvort sem er engan tekjuskatt því þau hafa engan ágóða til þess að greiða tekjuskattinn af þannig að lækkun tekjuskatta á fyrirtæki endurspeglar í raun og veru að það er verið að hygla þeim fyrirtækjum sem koma þó út með einhvern ágóða og ég bara spyr: Er ekki alveg eins hægt að skattleggja þau og einstaklinga?

Það er spurning í 1. umr. hversu mikið á að fara í einstaka liði. Ég hef nokkuð reynt að rekja það hvert stefnir í þessum málum og hver stefna ríkisstjórnarinnar er. Þrátt fyrir það sem ég sagði áðan um að draga úr kostnaði fyrirtækja þá hefur ekki tekist að stemma stigu við atvinnuleysinu og kemur það auðvitað fram í því að Atvinnuleysistryggingasjóður þarf á meira framlagi að halda eins og sagt var fyrir um í raun og veru þegar yfirstandandi fjárlög voru rædd. Þá lá alveg ljóst fyrir að atvinnuleysi yrði meira en 3% enda sýnir reynslan að það hefur a.m.k. orðið 4,5 eða jafnvel 5% og farið yfir það á stundum.

Ég veit ekki hvort ástæða er til þess að fara yfir í það hvernig þessi hækkun á fjárlögum sundurliðast sem hæstv. fjmrh. hefur raunar rakið og er ég ekkert að rengja það að hann hafi rakið það rétt. Hins vegar vil ég enn og aftur leggja áherslu á það að ég tel að hallinn verði enn þá meiri en þetta fjáraukalagafrv. sýnir og að heildarlánsfjárþörfin sé hærri en hér kemur fram.

Hér hefur nokkuð verið rætt um aukaframlag vegna yfirvinnu Hæstaréttar og tel ég að þar sé um mál að ræða sem verður þá rætt innan fjárln. hvernig með skuli fara, en ég tel það mjög ámælisvert að það sé byrjað að greiða þessa yfirvinnu án samþykkis Alþingis og án þess að þetta hafi nokkurs staðar komið upp á borðið fyrr en núna fyrir nokkrum dögum, að Hæstiréttur hafi ákveðið að dómarar við réttinn fái greidda yfirvinnu og byrjað hafi verið að greiða þetta í febrúar á þessu ári. Hitt er svo mjög mikið álitamál hvort yfirleitt dómarar hafa þann rétt að ákveða sér þessa yfirvinnu.

Byggðastofnun sækir hér um 20 millj. kr. til að styrkja heimilis- og listiðnað í landinu og hef ég ekki nema gott um það að segja.

Í menntmrn. er einnig sótt um viðbótarheimild fyrir Rannsóknasjóð til þess að koma til móts við fyrri stefnumörkun um það að gera sérstakt átak í rann-

sókna- og þróunarmálum. Eins og mönnum er kunnugt þá átt fimmtungur af sölu eigna að fara til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Þær hugmyndir gengu ekki eftir þannig að hér virðist eiga að reyna að bæta Rannsóknasjóði þetta að einhverju leyti með 45 millj. kr. viðbótarheimild — eða ég spyr: Er það ekki meiningin, hæstv. fjmrh., að það sé verið að bæta það þarna að einhverju leyti? (**Fjmrh.:** Það er meiningin.)

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að leita eftir 10 millj. kr. heimild fyrir sérstöku viðbótarframlagi til fullorðinsfræðslu til kennslu nýbúa og verð ég að lýsa yfir ánægju minni með það þar sem við kvennalistakonur lögðum til við síðustu fjárlagaumræðu fyrir árið 1993 að það yrði tvöfaldað það framlag sem færi til kennslu nýbúa sem þá var áætlað að yrði um 10 millj. kr. Við drógum þá tillögu til baka vegna þess að við höfðum ákveðin vilyrði fyrir því að þetta yrði skoðað gaumgæfilega og ég sé að hér er í raun og veru orðið við þeirri brtt. okkar, þ.e. það er lagt til að hækka framlag til kennslu nýbúa um 10 millj. kr.

Hv. 14. þm. Reykv. ræddi nokkuð um kaflann um Listir, framlög og ég vil taka undir það sem hún sagði um þá tillögu sem hér er borin fram að veitt sé 5,3 millj. kr. aukafjárveiting vegna kaupa á sýningarrétti kvikmynda til afnota fyrir grunnskóla. Það held ég að sé mjög umdeilt og ég segi fyrir mig að ef hún hefur ákveðið að leggja fram brtt. um að fella þetta framlag þá tek ég alveg heils hugar undir það. Ég sé enga ástæðu til þess ef ráðherra hefur ákveðið upp á sitt einsdæmi að kaupa þessar kvikmyndir sem allir vita raunar hver hefur átt, þá held ég að hann verði að taka það af sínu sérstaka ráðstöfunarfé en ekki leita eftir heimild Alþingis til slíks. Ég er sannfærð um að Alþingi samþykkir það ekki.

Í utanrrn. kemur fram að heildarkostnaður við þýðingar vegna EES-samningsins stefnir í það að verða allt að 100% hærri en áætlað hafði verið, þ.e. það er um 90% hækkun frá því sem ætlað var þegar verkið var hafið á árinu 1990 og það er sem sagt útlit fyrir það að kostnaðurinn við það tvöfaldist frá áætlun og er það í samræmi við aðra áætlunargerð þessarar ríkisstjórnar.

Ég get ekki sagt að ég harmi það mjög að það þurfi að fella niður 48 millj. kr. vegna þess að framlag Íslands til þróunarsjóðs EFTA fellur niður þar sem samningurinn hefur ekki tekið gildi. Sumir kunna e.t.v. að segja að þetta sé gott mál, að það sé gott að leggja til þróunarsjóðs EFTA, við fáum það margfalt á móti. Ég hef hins vegar upplýsingar um það að þeir sem hugsanlega mundu sækja í þennan sjóð eigi mjög óhægt um vik að gera það, standa illa að vígi. Það hefur ekki verið unnið það vel að vísinda- og þróunarstarfi innan lands að þeir aðilar sem hugsanlega gætu sótt í þennan sjóð séu raunverulega í stakk búnir til að gera það. Ég held að það sé mjög mikið álitamál hvað okkur nýtist af þessum sjóðum sem við erum að greiða í þegar samningurinn tekur gildi. Það er jafnvel farið að tala um það af aðilum í sjávarútvegi að þau helstu atriði sem voru jákvæð við þennan samning, þ.e. niðurfelling tolla og lækkun tolla af útfluttum sjávarafurðum sem átti að vera helsti plúsinn í samningnum, muni ekki koma fiskútflytjendum neitt sérstaklega til góða því þar sé jafnvel verið að gera einhverjar breytingar á. Hvort það er rétt skal ég ekki um segja en e.t.v. getur hæstv. fjmrh. svarað því. Hvort þar eru fyrirhugaðar breytingar á tollum sem muni þá draga úr þeim hagnaði sem hér hefur mjög verið tíundaður af þeim sem studdu samninginn.

Í kaflanum um Ríkismat sjávarafurða kemur í ljós að biðlaun voru vanmetin um 8 millj. kr. þegar verið var að leggja niður stofnunina. Ekki virðast vera öll kurl komin til grafar í því að það hafi verið mjög hagstætt að leggja niður Ríkismat sjávarafurða. Staðreyndin er líka sú að alls konar eftirlitsstofnanir hafa þotið upp í framhaldi af þeim gjörningi og það hefur aukið kostnað þeirra sem skyldaðir eru til þess að hafa þessi vottorð undir höndum. Það hefur aukið kostnað þeirra mjög mikið og ég held að það sé hafin víðtæk umræða um það í þjóðfélaginu að þetta hafi ekki tekist sem skyldi fyrir utan það að ég held að ríkismatið þurfi eftir sem áður að starfa því oft og tíðum þarf að vera opinbert vottorð, en ekki bara frá einkastofu.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er búinn, ég hefði gjarnan viljað fara yfir nokkur atriði í viðbót en ég verð þá að geyma mér það til síðar.

[15:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt atriði sem ég kýs að taka núna og vil benda sérstaklega á en það eru afkomuhorfur í A-hluta ríkissjóðs í árslok 1993. Miðað við álit Ríkisendurskoðunar annars vegar og fjmrn. hins vegar, þá er það svo að að undanförnu hefur það sýnt sig að afkoma ríkissjóðs hefur reynst betri en menn áttu von á á haustin einmitt vegna þess að þegar uppgjörsfrumvörpin koma fram þá kemur í ljós að heimildirnar hafa verið tiltölulega rúmar og vonandi verður þannig einnig nú. Það sem þó skekkir aðeins myndina þegar við annars vegar lítum á niðurstöðutölur Ríkisendurskoðunar og hins vegar ráðuneytisins er gamall draugur eða gömul viðhorf sem eru ólík hjá þeim báðum og vonandi verður saminn friður um það í framtíðinni en það eru framlögin til Landsbanka Íslands. Þannig er að við lítum á þetta sem eignfærð framlög sem fara á efnahagsreiknig og munum færa greiðslur þegar greitt er af pappírnum sem lagður var inn í Landsbankann, þ.e. vextirnir koma inn í fjárlög og eins ef til þess kemur að greiða þarf af skuldabréfinu. Ríkisendurskoðun telur eins og áður að þetta eigi að gjaldfærast á árinu jafnframt þótt engar greiðslur eigi sér stað. Þetta skýrir kannski að nokkru þann mun sem kemur fram í niðurstöðutölum um lánsfjárþörf. Ríkissjóður eða fjmrn. segir: Það verður engin lánsfjárþörf til þó að við skrifum pappír og leggjum pappírinn inn í Landsbankann. Greiðslan sem þarf að nota kemur ekki til skjalanna fyrr en við þurfum að greiða af þessum pappír annaðhvort vexti eða afborganir. Þetta skýrir muninn.

[15:31]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að vísu alveg rétt hjá

hæstv. fjmrh. að þetta er ágreiningur um hugtök eða túlkanir á reikningnum, þ.e. hvort strax skuli færa skuldbindingar sem ríkið tekur á sig eða hvort þær skuli færa þegar greitt er af skuldbindingunum. Ég tel alveg tvímælalaust að það skuli færa skuldbindingarnar þegar þær eru ákveðnar jafnvel þó svo þetta skuldabréf sem hæstv. ráðherra nefndi hér áðan fyrir Landsbanka Íslands, 2 milljarðar kr., sé til allt að 20 ára og þó að það hafi nú raunar aldrei komið hér inn í þingið eða inn í fjárln. að sjá það bréf. En mér er sagt að það sé til allt að 20 ára þannig að ríkisstjórnin er að búa til fortíðarvanda fyrir framtíðina þarna.

Hvað varðar það að þetta frv. til fjáraukalaga muni ekki sýna alveg rétta stöðu í árslok, vegna þess að það hafi breyst þá er það alveg rétt að það frv. sem kom til fjáraukalaga fyrir ári, á því voru áætluð miklu hærri gjöld heldur en svo urðu þegar upp var staðið. Það breyttist síðan með lokafjáraukalagafrv. sem nýlega er búið að leggja hér fram fyrir árið 1992, en það sem er nokkuð merkilegt í því eru einmitt þessar millifærslur á heimildum og umframgjöldum milli ára og það er búið að taka ákvarðanir á einu ári, við skulum segja árinu 1992, og það er ákveðið að ákveðin útgjöld skuli fara bæði til rekstrar og stofnkostnaðar eða viðhalds. Síðan er ákveðinn hluti af því sem ekki er nýtt fært yfir á næsta ár. Eftir sem áður var búið að taka ákvarðanir um þessi gjöld en heimildirnar færast til næsta árs og koma þá í raun og veru ekki fram fyrr en á því ári. Og það er kannski líka fróðlegt fyrir þá sem á hlusta að athuga milljarðinn sem fara átti til atvinnuskapandi framkvæmda. Hér er fskj. með þessu frv. þar sem kemur fram að yfirfærsla frá árinu 1992 er 558 millj. af þessum milljarði.

[15:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst um yfirfærslu á heimildum. Þetta er alveg hárrétt sem kemur fram hjá hv. þm. að við verðum þá að horfa á málið alla leið. Nú gerist það til að mynda á næsta ári að það verða færðar heimildir af þessu ári til næsta árs, við skulum segja að það séu 400–500 millj. sem eru ekki í fjárlögum næsta árs. Verði þær greiddar á næsta ári, þá munu þær koma til gjalda og færast sem greiðslur og koma fram í afkomu næsta árs þannig að við verðum að horfa á þetta í þessum tíma.

Með sama hætti vil ég nefna þetta með Landsbankann, að við leggjum áherslu á greiðslugrunninn og við munum að sjálfsögðu færa til gjalda þegar greiðslur fara fram. En ég minni á að það er óvíst hvort nokkurn tíma þarf að greiða af þessu bréfi sem er til langs tíma og við það er miðað í bankanum að þess þurfi ekki. Það er verið að taka þar á málum. Bankinn var ekki í neinni hættu. Það eina sem var verið að gera var að tryggja það að bankinn sem slíkur stæðist svokallaðar BIS-reglur og um væri að ræða 8% eigiðfjárhlutfall í bankanum. Þess vegna þurfti að leggja þennan pappír fram, en þegar greiðslur koma af pappírnum þá munu þær að sjálfsögðu sjást á fjárlögum en fyrr ekki. Það er hins vegar rétt sem kom fram hjá hv. þm. að Ríkisendurskoðun vill hafa annan háttinn á, en það breytir ekki samt greiðslugrunnsniðurstöðu fyrir þetta ár.

[15:35]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1993 sem hér er til umfjöllunar er á margan hátt athyglisvert og vil ég í örfáum orðum fjalla um það hér við 1. umr.

Fjáraukalagafrv. ber að sjálfsögðu mjög merki þess samdráttar í þjóðartekjum sem við Íslendingar höfum þurft að búa við og þurfum að búa við á þessu herrans ári 1993. Þjóðartekjur eru minnkandi. Þær koma m.a. fram í minni tekjum ríkissjóðs. Það er minni velta í þjóðfélaginu og þar af leiðandi minni tekjur af veltusköttum og þetta kemur að sjálfsögðu fram eins og sést hér á frv. en tekjur eru áætlaðar að verði 3 milljörðum minni en fjárlög þessa árs gera ráð fyrir.

Hins vegar eru hinar jákvæðu hliðar efnahagslífsins auðvitað þær að stöðugleikinn sem hér hefur verið og er í verðlagsmálum hefur þau áhrif að öll áætlanagerð er auðveldari og rekstur stofnana verður þess vegna viðráðanlegri. Það er betra að gera áætlanir og betra og auðveldara að halda rekstri stofnana innan áætlana og innan þess fjárlagaramma sem þær eiga að vinna innan. Það má glögglega sjá í þessu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993 að bein rekstrarútgjöld eru einungis um 1,2 milljarða inni í þessum auknu útgjöldum um ríkissjóð sem frv. gerir ráð fyrir. Þannig eru auðvitað bæði bjartar og örlítið dekkri hliðar á þessu, en ég vil vekja sérstaka athygli á þessum þætti að stöðugleikinn hefur vissulega mjög jákvæð áhrif á rekstur ríkissjóðs og það hefur auðvitað komið í ljós síðustu árin.

En það er annað sem setur mjög mark sitt á þetta frv. til fjáraukalaga. Það eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar sem var gengið til í tengslum við kjarasamninga og auka útgjöldin og þá einkum og sérstaklega er það gagnvart stofnkostnaði og viðhaldi eins og fram kemur í frv. en þær aðgerðir eru fyrirhugaðar m.a. til þess að treysta og tryggja atvinnustigið. Það skiptir auðvitað afar miklu máli að reyna að búa svo um hnúta að fjárveitingar geti orðið til þess að efla atvinnu og draga þar með úr útgjöldum ríkissjóðs á hinn bóginn af atvinnuleysisbótum. Auðvitað er það þannig að það hefur margþætta þýðingu að tryggja atvinnuna, ekki einungis að spara ríkissjóði greiðslu úr Atvinnuleysistryggingasjóði heldur einnig það að bæta þá félagslegu stöðu sem þeir sem verða fyrir atvinnuleysi hljóta að standa frammi fyrir.

En þegar fjallað er um fjáraukalög, þá hljótum við að líta til þess hvernig staðið er að framkvæmd fjárlaganna. Og það hittist nú þannig á að í morgun var ríkisendurskoðandi á fundi með fjárlaganefndinni þar sem hann fór yfir skýrslu sína um framkvæmd fjárlaga fyrir 6 mánuði ársins og það er auðvitað afar mikilvægt að fylgjast glöggt með því hvernig framkvæmd fjárlaga er. Ég held að óhætt sé að segja að það hafi gengið allvel og framkvæmd fjárlaganna sé innan þess ramma sem áætlanir stóðu til og það er auðvitað afar

mikilvægt. Einn stærsti og mikilvægasti þáttur Í starfi fjárln. og reyndar Alþingis er að sjá til þess að það sé eðlilegt aðhald sem framkvæmdarvaldið fær varðandi framkvæmd þeirra fjárlaga sem afgreidd hafa verið frá þinginu og þess vegna held ég að þingið ætti að líta e.t.v. enn frekar eftir því hvernig að verki er staðið þegar fjallað er um fjáraukalög.

Það er mjög athyglisvert og hlýtur að verða okkur hv. alþm. umhugsunarefni þegar við lítum til þess hvernig á mörgum undanförnum árum hefur verið staðið að framkvæmd fjárlaga. Það er mjög athyglisverð grein í nýlegu fréttabréfi um verðbréfaviðskipti þar sem gerð er athugun á því hvernig fjárlög annars vegar, áform um ríkisútgjöldin hafa verið og svo hins vegar raunveruleikinn. Og það hefur satt að segja komið í ljós að halli á fjárlögum hefur árum saman orðið mun meiri en fjárlög hafa gert ráð fyrir hér á Íslandi. Þetta hlýtur að vera okkur ærið umhugsunarefni og ég held að bæði ríkisstjórn, framkvæmdarvaldið svo og Alþingi þurfi að bæta ráð sitt allverulega en sem betur fer held ég að með stöðugleika í verðlagsmálum ætti að verða auðveldara að vinna að því markmiði að halli verði sem minnstur á fjárlögum og svo hins vegar að við reynum að láta áætlanir standast.

Það er m.a. hlutverk okkar hv. þm. í fjárln. að fara rækilega yfir bæði fjáraukalögin og frv. til fjárlaga þegar þau eru til meðferðar og ég fæ gott tækifæri til þess að skoða þetta frv. til fjáraukalaga núna eftir 1. umr. og mun því ekki lengja þessa umræðu. En ég vænti þess að okkur takist að afgreiða þetta fjáraukalagafrv. sem allra fyrst vegna þess að ég tel að það sé afar mikilvægt að stofnunum á vegum ríkisins sé það ljóst eftir hvaða ramma þær eigi að vinna og með því sköpum við einnig verulega meira aðhald en þegar lausatök eru á þessu og frumvörp eru ekki afgreidd eins og fyrsta fjáraukalagafrv. hvers árs.

Með þeim orðum, virðulegi forseti, vil ég ljúka þessari ræðu.

[15:44]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson, sem er varaformaður fjárln., gerði hér að umtalsefni að við þyrftum að fylgjast vel með framkvæmd fjárlaga og framkvæmd fjárlaga sýndi það að það hefði verið staðið mjög vel að þessum málum. Ég get tekið undir þau orð hans að það er nauðsynlegt að fylgjast vel með framkvæmd fjárlaga en ég get ekki tekið undir það að það hafi verið staðið mjög vel að þessum málum þar sem á bls. 18 í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga fyrstu 6 mánuðina kemur fram að þrjár umframheimildir eru 2,2 milljarðar kr. Það sem gerir stöðuna aftur skárri er það að óhafin framlög voru nokkru meiri þannig að það stóð í járnum. Það breytir samt ekki því að þessi óhöfnu framlög eru framlög sem koma til greiðslu síðar á árinu eða eru þá færð á milli ára. Eftir stendur að það er farið fram úr þeirri áætlun sem gerð hafði verið fyrir 6 mánuðina á þessu ári um rúma 2 milljarða kr. Og eins og hv. þm. Jón Kristjánsson sagði hér áðan, við erum hér alltaf að tala um stórar upphæðir, margar milljónir og milljarða, en 2,2 milljarðar kr. í umframgreiðslur á þessum fyrstu 6 mánuðum er allmikil upphæð.

[15:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja þessa umræðu lengi. Ég vil þakka fyrir hana og flest þau atriði sem nefnd hafa verið ættu að skýrast betur í starfi þeirrar hv. nefndar sem fær málið til meðferðar. Það eru þó örfá atriði sem ég tel ástæðu til þess að ræða örlítið frekar um í þessari 1. umr. og skal ég nefna þau og reyna að vera stuttorður.

Í fyrsta lagi vil ég nefna hæstaréttardómarana, en á bls. 38 í þessu frv. er að finna skýringu á því hvers vegna leitað er þeirrar heimildar, en um það var spurt í umræðunni. Hv. 2. þm. Austurl. spurði hver hafi ákveðið þessi laun til handa hæstaréttardómurum. Ég tel réttast að vísa til athugasemdar sem birst hefur opinberlega frá dómurum við Hæstarétt, en þar segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar komið var fram á árið 1992 hafði vinnuálag í Hæstarétti mjög aukist frá því sem áður var. T.d. má nefna að dómar og aðrar ákvarðanir réttarins voru 275 á árinu 1990, 391 á árinu 1991, en urðu 412 á liðnu ári. Horfir ekki til breytinga í því efni, enda skipta þau mál hundruðum er úrlausnar bíða. Sú ákvörðun var því tekin að kynna forsrh. þá skoðun dómara við Hæstarétt að óhjákvæmilegt væri við þessar sérstöku og óvenjulegu aðstæður að greiða laun fyrir unna yfirvinnu umfram þá yfirvinnu sem ákvörðun Kjaradóms um föst laun tekur til. Þessi yfirvinna var varlega áætluð 48 stundir á mánuði í 10 mánuði á ári. Forsrh. var kynnt þetta með bréfi 28. júlí 1992 og þess óskað að *ráðuneytið aflaði aukafjárveitingar vegna þessa* og að tillit yrði tekið til þess við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 1993."

Síðan kemur og ég legg áherslu á það: „Hæstaréttardómarar leggja á það áherslu að þeir töldu ekki rétt með hliðsjón af sérstöðu og sjálfstæði dómsvaldsins að semja sérstaklega við framkvæmdarvaldið um þessar greiðslur fyrir unna yfirvinnu. Frumkvæði dómaranna laut að því einu að kunngera þá staðreynd sem ekki yrði lengur litið framhjá þ.e. að óhjákvæmilegt væri að greiða fyrir aukið vinnuframlag er fylgdi sívaxandi *málafjölda*." Og síðar segir, með leyfi forseta: „Þess er svo að gæta að löggjafarvaldið á lokaorð um þessar sem og aðrar fjárveitingar úr ríkissjóði. Það er því bæði rangt og ósæmilegt að bera hæstaréttardómurum á brýn „sjálftöku" launa eða látið að því liggja að þeir hafi fundið og nýtt sér „gat" í lögum sjálfum sér til ávinnings."

Lýkur hér tilvitnun í ummæli hæstaréttardómaranna sem sent var út sérstaklega í tilefni af þessu. Þetta vil ég að komi fram vegna fyrirspurnar frá hv. þm.

Á bls. 38 í frv. sem hér er til umræðu er fjallað um sjútvrn., Hafrannsóknastofnun, lið ur 05-202, og þar segir í lokin orðrétt, með leyfi forseta:

„Verði frv. um Þróunarsjóð að lögum mun Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins verða lagður niður og lækkar þá fjárþörf Hafrannsóknastofnunar sem nemur 190 millj. kr. óhöfnum innstæðum í sjóðnum."

Hér er verið að vísa til þess að í samningum sem gengu á sínum tíma um Þróunarsjóð sjávarútvegsins var ráð fyrir því gert að fallið yrði frá innheimtu þeirra fjármuna sem fengust vegna svokallaðs Hagræðingarsjóðskvóta, ég held það sé kallað það, og þegar sá samningur var gerður var gert ráð fyrir því að Verðjöfnunarsjóðurinn yrði lagður af. Í honum voru 230 millj. kr. Nokkuð hefur gengið á þessa fjármuni og það munu vera um 180–190 millj. kr. í dag. Þetta er þess vegna sett þarna inn til að sýna hvernig þessar greiðsluhreyfingar munu verða þegar búið er að ganga frá þeim lögum sem fjalla um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og önnur skyld mál sem tengjast munu tilkomu þess sjóðs. Vona ég að þetta skýri það hvað þarna er á ferðinni.

Hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, ræddi um safnliði og útdeilingu þeirra. Því miður gefst ekki tækifæri hér til að fara ítarlega í þau mál en þess skal þó getið að við höfum látið kanna það hvert sé lögmæti þess að deila út fjármunum af hálfu fjárveitingavaldsins ef það er ekki tiltekið í fjárlögunum sjálfum eða með öðrum tryggilegum hætti eins og t.d. í ræðu formanns nefndar eða í nál. Niðurstaðan er sú að svokallaðir safnliðir séu til ráðstöfunar fyrir framkvæmdarvaldið nema að annað sé tiltekið í slíkum heimildum, eins og að sjálfsögðu fjárlögunum sjálfum sem auðvitað er tryggast, í áliti nefndar eða í ræðu formanns. Best er auðvitað að samkomulag sé frá upphafi um það hvernig skipta skuli safnliðum á milli nefndarinnar og viðkomandi ráðuneytis ef hv. nefnd telur æskilegt að skrifuð séu bréf til viðkomandi aðila sem njóta eiga fjármuna úr ríkissjóði með þessum hætti.

Um Lánasjóð ísl. námsmanna er það eitt að segja að upphæðin sem kemur frá ríkinu miðast við tiltekið hlutfall útgreiðslu úr sjóðnum og það hlutfall er fundið út með þeim hætti að það er reynt að koma í veg fyrir að gengið sé á eigið fé sjóðsins, það markast af því, þetta eru að mig minnir 54% eða þar um bil af ráðstöfunarfé sjóðsins. Þetta er mikil breyting frá því sem áður var. Ekki vegna þess að reglur hafi verið hertar heldur vegna þess að nú er ekki lengur um það að ræða að sjóðnum sé ætlað að taka lán og þessu sé síðan ýtt inn á framtíðina með þeim hætti að einhvern tíma og einhvern tíma komi að skuldadögum. Nú er séð fyrir því að sjóðurinn hafi nægilegt fjárframlag úr ríkissjóði og lántökurnar og framlagið leiða ekki til þess að gengið sé á eigið fé sjóðsins.

Ég vek athygli á því vegna liðar 02-982, Listir og framlög, að ríkisstjórnin stendur að sjálfsögðu að þessu frv. og þar með að þeirri tillögu sem þar kemur fram í öllum atriðum, þar á meðal varðandi fjárframlag til kaupa á kvikmyndum sem hér hafa verið til umræðu.

Ég ætla ekki að fjölyrða um sýslumanninn í Reykjavík, þar eru viss vandamál uppi sem verið er að taka á þessa stundina og ég vænti þess að strax á næsta ári verði fjármál stofnunarinnar komin í gott og viðunandi horf og ég tek það skýrt fram að hér er ekki um að ræða neitt brot á lögum eða þess háttar heldur er einungis nauðsynlegt að tryggja betur áætlanagerð hjá sýslumanninum í Reykjavík.

Um það sem getur í liðnum 07-981, þ.e. sá hluti 60 millj. kr. sem gengur til námsaðstoðar, get ég einungis vísað til skýrslu sem gefin hefur verið út af félmrn.

Hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, ræddi nokkuð um skatta sem kannski tilheyra ekki beinlínis þessari umræðu en taldi það ósanngjarnt að færa tekjuskatta niður á fyrirtækjum á sama tíma og tekjuskattar væru hækkaðir á einstaklingum og færði rök að sínu leyti fyrir þeirri skoðun sinni.

Ég vil taka það fram að það er mjög mikilvægt fyrir okkur hér á landi að haga skattamálum fyrirtækja þannig að íslensk fyrirtæki séu vel samkeppnishæf miðað við fyrirtæki erlendis og að skattalög séu með þeim hætti að erlendir aðilar, jafnt sem innlendir, séu hvattir til þess að fjárfesta hér á landi. Það sem er að í okkar atvinnulífi er auðvitað fyrst og fremst það að atvinnulífið fjárfestir mjög lítið um þessar mundir og þeim mun meiri líkur eru á því að atvinnulífið fáist til þess að fjárfesta meira hér ef skattbyrðin minnkar. Við verðum að átta okkur á því að með því að styrkja þannig samkeppnishæfni fyrirtækjanna, bæði útflutningsgreinanna og samkeppnisgreinanna, eru meiri líkur á því að okkur takist að halda niðri atvinnuleysinu umfram það sem öðrum þjóðum hefur tekist.

Það er nokkuð athyglivert að sjá síðasta tölublað af vikuritinu breska Economist. Í því riti er fjallað um velferðarþjóðfélögin á Norðurlöndum og rakið mjög greinilega og með einföldum og skýrum hætti hvernig þessum þjóðum hefur reitt af upp á síðkastið í þeim mótvindi sem verið hefur í Norður-Evrópu í efnahagsmálum. Ef þær tölur sem þar eru birtar eru bornar saman við tölurnar hjá íslenska ríkinu og þjóðarbúinu íslenska þá held ég að sá samanburður sé kannski mjög góður dómur um það hvernig okkur hefur tekist til hér á landi við afspyrnu erfiðar aðstæður. Ég nefni þetta vegna þess að hér eru á ferðinni nýjar upplýsingar, hér eru á ferðinni upplýsingar sem ég hygg að hv. þm. stjórnarandstöðunnar geti varla sagt að komi upp úr áróðurskokkabókum ríkisstjórnarinnar. Ég hvet þingmenn til þess að kynna sér þessar upplýsingar og bera þær saman við þær upplýsingar sem eru fyrirliggjandi um niðurstöður í íslenskum efnahagsmálum, ekki síst á sviði ríkisfjármála.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að í liðnum 02-233 er verið að setja meiri fjármuni til rannsókna og þróunarstarfa heldur en okkur var skylt samkvæmt fjárlögum. Ástæðan er sú að við teljum ekki viðunandi að bíða eftir því að tekjur komi af einkavæðingu og vildum setja þessa lágmarksupphæð til hliðar. Þetta eru u.þ.b. 45 millj. kr.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hv. þm. um nýbúana og það má gjarnan koma fram hér að við erum sammála, hygg ég, allir alþm., að ef við erum að fá til landsins, til þessa harðbýla lands, fólk af öðru þjóðerni, sérstaklega fólk sem kemur úr allt öðrum menningarheimi þá er það tvímælalaus skylda íslenskra stjórnvalda og íslenska samfélagsins að taka þannig á móti þessu fólki að það geti aðlagast sem best íslenskum veruleika og íslenskri menningu. Það liggur bókstaflega í hlutarins eðli að það þýðir ekki að óska eft-

ir því að þetta fólk komi hingað, fólk sem hefur átt við erfiðleika að etja heima hjá sér, fólk sem hefur þurft að flýja frá sínum heimkynnum, án þess að gera þannig við þetta fólk að það geti aðlagast íslenskum veruleika, íslensku lífi, íslenskri menningu. Ég vil láta það koma fram og ég fagna því að um þetta mál sýnist mér vera veruleg samstaða.

[16:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess hluta í ræðu hæstv. fjmrh. sem fjallaði um safnliði þá sé ég ástæðu til þess að segja örfá orð. Sú vinnuregla hefur viðgengist í gegnum tíðina, að því er fjárln. hefur verið upplýst um, að tilteknir liðir í fjárlögum, svokallaðir safnliðir, hafa fengið þá meðhöndlun hjá fjárln. að þeim hefur verið skipt með tilteknum hætti og hefur verið litið svo á að það hafi verið gert í fullu samráði og með samkomulagi við viðkomandi ráðuneyti.

Við afgreiðslu fjárlaga fyrir þetta ár vann fjárln. þetta með þeim heföbundna hætti sem hefur viðgengist og stóð í þeirri meiningu og stendur enn að það hafi verið í fullu samráði og í samkomulagi við viðkomandi ráðuneyti enda hefur ekki komið nein athugasemd fram nema e.t.v. frá einu ráðuneyti.

Ef hins vegar þessi framkvæmd getur ekki orðið þannig að talið sé viðunandi þá er auðvitað alveg ljóst að fjárln. verður að taka til athugunar þessa vinnureglu og breyta henni þá þannig að það komi óyggjandi fram í tillögum nefndarinnar sem lagðar eru fyrir Alþingi að ráðuneyti geti ekki gert tilraun til þess að víkja sér undan þeim tillögum og samþykktum sem gerðar eru á Alþingi eða reynt að útfæra þær með öðrum hætti en samkomulag hefur orðið um og samþykkt hefur verið í fjárln. Þetta vildi ég að kæmi fram við þessa umræðu.

[16:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem ekki hingað til að andmæla sjónarmiðum hv. þm., ég held að það skipti mestu máli að hv. þingnefnd og viðkomandi ráðherra verði sammála um niðurstöðuna. Það einasta sem ég vildi hafa sagt er að ég tel, og það er engin gagnrýni fólgin í því sem ég segi, að ef engin skýr skilaboð koma, að sjálfsögðu í sjálfu fjárlagafrv., í nál. meiri hluta eða nefndar eða í ræðu formanns eða í ræðum ákveðinna nefndarmanna, getur nefndin ekki reitt sig á að viðkomandi ráðherra, sem fær til ráðstöfunar safnlið sem ekki er greindur í sundur, taki ekki þann safnlið og deili honum út eftir því sem honum þykir eðlilegast. Þess vegna skiptir miklu máli til að koma í veg fyrir árekstra að ef nefndin telur sig eiga og vill skipta slíkum lið gerist það í fullu samkomulagi. Þetta er vandamál sem hefur verið rætt á milli nefndarinnar og einstakra ráðherra og ég tel að það sé hægt að leysa án þess að meiri háttar ágreiningur verði af því máli.

Það eina sem ég vildi segja er það að hver væri að mínu mati lagaleg staða málsins, en auðvitað skipta lög miklu minna máli þegar um er að ræða víðtækt og gott samkomulag um framkvæmdina.

[16:03]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir síðustu orð hæstv. fjmrh. í ræðu hans áðan um nýbúana og skyldur okkar í þeim efnum. En það kom einnig fram í hans ræðu að ríkisstjórnin stæði öll að þeirri tillögu sem er að finna í frv. undir liðnum Listir og framlög um það að veita 5,3 millj. kr. til kaupa á sýningarrétti kvikmynda til afnota í grunnskóla, eins og stendur í greinargerð. Ég vil þá spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig á að nota þessar kvikmyndir fyrst ríkisstjórnin stendur öll að þessu, hvernig á að nota þessar kvikmyndir? A.m.k. önnur þeirra var bönnuð börnum innan 14 ára og í þeirri mynd er að finna að mínum dómi ofbeldi og manndráp. Því miður er það lýsing á því sem gerðist fyrr á öldum að vísu, ekki sannsöguleg heldur er þar um mynd höfundarins að ræða af þessum tíma, þannig að það hefur auðvitað vakið furðu hvers vegna þessar myndir voru keyptar því þær eru að mínum dómi ekki nothæfar í grunnskólum. Námsgagnastofnun var ekki höfð með í ráðum þegar þær voru keyptar heldur var verið að bjarga kvikmyndaleikstjóranum. En fyrst ráðherrarnir standa að þessu hvernig hugsa þeir sér að nota þessar myndir?

[16:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get satt að segja ekki svarað fyrirspurninni fullkomlega því það er helst á færi menntmrh. og þeirra sem um málið fjalla. Hins vegar hygg ég að það sé hægt að nota kvikmyndir þótt í þeim séu ákveðin atriði sem verður að fara varlega með ef fullorðinn aðili, kennari eða einhver slíkur, skoðar myndirnar með börnunum. Ég man eftir því og ég veit að hv. þm. man ugglaust einnig að maður var látinn lesa ýmsar sögur í æsku úr Íslendingasögunum. Maður var t.d. látinn lesa um Orm á Stórólfshvoli sem rakti garnir úr mönnum og vafði þeim utan um staur. Ég man eftir því þegar Grettir, sveitungi minn, var að klappa föður sínum á bakið með klóru þannig að það lá við stórslysi og varð reyndar stórslys. Og ég man ekki betur en maður væri látinn lesa um það að Egill hafi verið blindfullur að þvælast þriggja ára gamall. Þetta þóttu allt hinar bestu bókmenntir en ég er ansi hræddur um að þetta væri bannað innan 12 eða 14 ára aldurs ef þetta væri á kvikmynd.

Ég veit að í sjónvarpinu er verið að sýna á hverju kvöldi kvikmyndir sem eru bannaðar börnum. Aðalatriðið er það að ef það er kennslugildi í þessum kvikmyndum þá séu þær skoðaðar af kennurum með börnum og þá á ekki að vera mikil hætta á því að börnin spillist af myndunum því það á að vera auðvelt að hlaupa fram hjá grófustu senunum ef um þær er að ræða í þessum kvikmyndum.

Því miður veit ég, virðulegur forseti, að þetta er ekki mjög faglegt svar að öllu leyti, það er einfaldlega vegna þess að ég hygg að hæstv. menntmrh. og þeir sem þekkja betur til efnisins séu betur um það færir að svara í einstökum faglegum atriðum þessari fyrirspurn sem kom fram hjá hv. þm.

[16:07]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt af þessu svari að hæstv. fjmrh. hefur ekki séð þessar myndir. Ég hef nefnilega séð þær báðar og hann kom líka að kjarna málsins sem er það hvort þessar myndir hafi eitthvert kennslugildi. Það er einmitt það sem þær hafa ekki. Nú kannski fullyrði ég stórt, það má að vísu taka Óðal feðranna sem kennsludæmi um flutning sveitadrengs til stórborgarinnar sem er margnotað efni í íslenskum bókmenntum og íslenskum kvikmyndum reyndar líka, en það er fyrst og fremst hin myndin, Í skugga hrafnsins, sem er að mínum dómi mjög ofbeldiskennd og er fyrst og fremst mynd sem höfundurinn gerir út frá sínum eigin hugmyndum. Hún byggist ekki á neinni ákveðinni sögu, hún er aðallega grautur upp úr Sturlungu og blandað saman ofbeldi af ýmsu tagi. Málið er auðvitað það hvers vegna var verið að kaupa þessar myndir. Það er hægt að fela sig á bak við það að vinna megi eitthvert verkefni upp úr þeim og eitthvað slíkt en þar sem þessi mynd sérstaklega er af því tagi að hún á ekkert erindi inn í skóla landsins vil ég minni á umræður sem urðu á landsfundi Sjálfstfl. um ofbeldi í kvikmyndum og tillögur sem ráðherra er að gera í þeim efnum. Þessi mynd er einmitt dæmi um slíka mynd sem á ekkert erindi inn í skóla landsins.

[16:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó það komi kannski ekki þessari umræðu sérstaklega við þá hygg ég nú að myndin Í skugga hrafnsins sé ein besta kvikmynd þessa framleiðanda og leikstjóra sem hingað til hefur verið sýnd (**KÁ:** Það er Hrafninn flýgur.) — er það Hrafninn flýgur? (**KÁ:** Já.) Ég veit ekki, það er sjálfsagt smekksatriði (**KÁ:** Hún var góð þó hún sé blóðug.) — það er mjög athyglivert og til bóta að hv. þm. kallar fram í að hún hafi álit á einni kvikmynd Hrafns Gunnlaugssonar og það verður auðvitað séð fyrir því í flýti að sú mynd komist vel til skila. Ég hef sem betur fer upp á síðkastið fengið að skoða nýjustu myndina, Hin helgu vé, hún er að koma út. Ég fullyrði að þar er á ferðinni langsamlega besta mynd Hrafns Gunnlaugssonar. Við höfum rætt heilmmikið um þessa ákveðnu persónu og mér skilst að það sé búið að boða umræður frekar um hrafninn, þ.e. Hrafn Gunnlaugsson, á næstunni þannig að ég ætla nú að spara mér frekari orð um þetta.

Aðalatriðið var að sú tillaga sem kemur fram í þessum fjáraukalögum og varðar þessi kvikmyndakaup er á ábyrgð ríkisstjórnarinnar allrar. Þetta er stjfrv. og þetta segi ég af því tilefni sem kom hér upp áðan þar sem gefið var í skyn að eingöngu menntmrh. bæri ábyrgð á þessari tillögu.

[16:11]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við þingmenn erum kannski ekki enn þá alveg búnir að innstilla okkur á þennan skammtaða tíma í 1. umr. en ég ætla ekki að deila um það þar sem ég átti nú hlut að því að koma því á og tel að þar hafi verið vel að verki staðið. En ég átti nokkur atriði eftir sem ég vildi raunar koma hér til þess að benda á og ætla að nýta mér þessar 10 mínútur sem eftir eru til þess.

Það er í fyrsta lagi að í kaflanum um félmrn. er greint frá því að sótt sé um 60 millj. kr. til atvinnumála kvenna. Þetta er hluti af milljarðinum svokallaða sem átti að fara til atvinnusköpunar, en ég vil vekja athygli á því hér hversu lítill hluti fer sérstaklega til atvinnumála kvenna. Þetta eru aðeins 6% af þeirri upphæð sem áætluð var til atvinnumála og ég tel að hér sé farið illa með, að hafa það ekki stærri upphæð en þetta.

Í kaflanum um heilbrigðis- og tryggingamál er lagt til, eins og hér hefur komið fram, að auka framlag til Atvinnuleysistryggingasjóðs vegna atvinnuleysisstigsins í landinu. En það sem ég vildi vekja athygli á er að í fjárlagafrv., greinargerð fjárlagafrv. fyrir árið 1994, er talað um að endurskoða löggjöf sjóðsins með það að markmiði að lækka framlög til hans. Í því sambandi er rétt að vekja aftur athygli á því að á síðasta ári voru víkkaðar heimildir til þess að greiða bótaþegum úr sjóðnum og það skýtur því svolítið skökku við að nú skuli allt í einu eiga að fara að endurskoða löggjöfina með það að markmiði að draga úr greiðslum. Ég sé ekki að þetta geti farið heim og saman.

Ég hef áður vakið athygli á þessum 558 millj. sem eru yfirfærðar heimildir á milli ára og hluti af þeim milljarði sem á að fara til atvinnusköpunar. Ég ætla ekki að ræða það neitt frekar. En hvað varðar samgrn. þá vil ég enn og aftur vekja athygli á og kannski má líka gera það í sambandi við þennan milljarð sem talað hefur verið um til atvinnusköpunar, þeirri braut sem ríkisstjórnin er að fara inn á með því að ákveða sífellt framlög til einhverra sérstakra verkefna og taka sjálf ákvörðun um það hvernig þeim skuli úthlutað. Það er ekki borið undir Alþingi. Það má nefna Vegagerð ríkisins t.d., þar var áætlað að leggja fram 1.550 millj. í sérstakt átak í vegagerð og það var einnig ákveðið með ríkisstjórnarákvörðunum hvernig því skyldi dreift. Ég tel að þessi braut sem ríkisstjórnin er þarna komin inn á í sambandi við fleiri en eitt atriði og kemur hér fram í ýmsum liðum í fjáraukalögum, sé ekki af hinu góða. Hún dregur úr valdi Alþingis og færir það meira til framkvæmdarvaldsins að taka ákvarðanir um fjárframlög ríkisins.

Það er svo sem hægt að fara yfir fleiri atriði, en ég ætla ekki að gera það að þessu sinni. Að lokum vil ég vekja athygli á því að á síðasta ári var ákveðið að Veðurstofa Íslands aflaði sér 10 millj. kr. sértekna með því að láta greiða fyrir þjónustu við innanlandsflugið. Þetta náði ekki fram að ganga á yfirstandandi ári. Þetta er inni nú í fjáraukalögum og verið að fella þessa upphæð niður vegna þess að það hefur ekki náðst að koma þessu ákvæði fram. En þetta er aftur inni í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 þannig að það er greinilega ekki búið að gefast upp á því að ná þessum peningum inn fyrir þjónustu við innanlandsflugið. Það var gagnrýnt mjög hér á síðasta þingi hvort þetta væri rétt stefna, að fara að taka greiðslur fyrir þessa þjónustu, þar sem segja má að hér á landi byggist flugsamgöngur alger-

lega á veðrinu og það er mjög fljótt að breytast hér. Það þarf sífellt að vera að fá nýjar veðurspár. Og ef það að taka gjald fyrir þessa þjónustu mundi leiða til þess að hættunni væri frekar boðið heim, þá tel ég að það væri mjög illa farið.

Ég mun síðan að öðru leyti geyma mér það til 2. umr. að fjalla nánar um einstök atriði og að sjálfsögðu hef ég aðstöðu til þess í fjárln. að skoða þetta rækilega.

[16:16]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það eru örfá orð til viðbótar inn í þessa umræðu. Hv. varaformaður fjárln. kom þar að í sinni ræðu áðan að hallinn á fjárlögum hefði verið meiri árum saman að lokum heldur en fjárlögin gerðu ráð fyrir og það ætti að vera okkur hv. þm. ærið umhugsunarefni. Það er það vissulega. Það er rétt að fjáraukalög eru með mjög miklum viðbótarheimildum og alveg full þörf á því að fara rækilega yfir það hvort þær heimildir séu raunhæfar. En meginástæðuna núna held ég þó vera þá að fjárlögin eru samþykkt með svo veigamikil atriði óklár og ófrágengin af hálfu ríkisstjórnarinnar. Til dæmis allt þetta föndur með einkavæðingu, að setja inn í fjárlög 1.500 millj. kr. í tekjur vegna einkavæðingar og 330 millj. kr. til rannsókna í Háskóla Íslands sem hluti af þessari einkavæðingu. Niðurstaðan er 100 millj. kr. eftir árið. Það er náttúrlega ekki furða þó að það sé halli á fjárlögum umfram það sem gert er ráð fyrir þegar svona er gert. Og t.d. föndrið með Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og fram og til baka með sölu á þeim veiðiheimildum. Það er náttúrlega engin furða þó það sé halli á fjáraukalögum fram yfir fjárlög þegar slíkt ráðslag er. Og síðan sú staðreynd að þegar fjárlög voru samþykkt síðasta ár voru kjarasamningar lausir í landinu og það gat hver maður séð að kjarasamningar mundu alls ekki nást nema ríkissjóður kæmi þar inn í með verulegt fjármagn. Ég vildi því undirstrika að þetta er ekki neitt náttúrulögmál, við þurfum ekki að leggjst undir feld til að sjá meginástæðurnar. Það er sem betur fer rétt að ýmsar stofnanir hafa staðið þokkalega í stykkinu sem betur fer og ég vildi láta það koma fram. En meginástæðurnar eru auðvitað þessar.

Ég hef fulla samúð með hæstv. fjmrh. þótt hann viti ekki hvernig á að nota þessar myndir í grunnskólunum. En hins vegar verð ég að segja það að hann hefur fullt höfuðið af hugmyndum um nýjar myndir, m.a. um frændur hans í Víðidalnum, klóra foreldrum sínum á bakinu. Og ég heyri að framkvæmdastjóri sjónvarps er búinn að ræða við fjmrh. um nýjustu mynd sína og sýna honum hana. Vafalaust hafa þeir þá rætt þessar hugmyndir um ný myndverk og ég ætla ekki að blanda mér í það. Vafalaust fáum við á næstu fjáraukalögum einhverjar upphæðir í því, varðanid þá kvikmyndagerð en skemmtilegra væri nú að fjalla um þær við fjárlagagerð. En hæstv. fjmrh. á kannski takmarkaða aðild þarna að þótt hann taki að sér að skera hæstv. menntmrh. ofan úr snörunni.

En það er eitt atriði að lokum sem ég vildi glöggva mig betur á og vil spyrja hæstv. fjmrh. um þó við höfum komið aðeins að þessu áður í umræðunni, en það er að heimildir um fjármagn til atvinnuskapandi aðgerða verði fluttar á milli ára. Nú er ætlunin samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar að 1 milljarður verði á árinu 1994 veittur til atvinnuskapandi aðgerða. Mun þá þetta fjármagn sem fært verður yfir koma til viðbótar því? Ég skil það svo, en ég óska eftir að fá staðfestingu á því hvort sá skilningur minn sé réttur.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hef tækifæri til þess að fjalla um einstök atriði fjáraukalagafrv. nánar í fjárln.

[16:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi milljarðinn á næsta ár, þá held ég að það sé hyggilegt að það sé rætt í fjárln. með öðrum málum sem snerta fjárlög næsta árs, þ.e. þennan milljarð og ég á von á því að hv. fjárln. fái tækifæri til þess að fylgjast náið með framvindu þeirra mála. Ég ætla ekki að gera það hér að umtalsefni, heldur hitt þegar því er haldið fram að það sé eitthvað nýtt eða það mátti a.m.k. skilja á orðum þingmannsins, að það væri eitthvað nýtt að fram það kæmi munur á niðurstöðu í fjárlögum og fjárlögum eins og þau eru samþykkt á hverjum tíma.

Sannleikurinn er sá að árið 1988 var munurinn svo mikill að það þurfti að margfalda með 137 til þess að jafna útkomuna á fjárlögunum eins og þau voru samþykkt og til þess að fá niðurstöðuna eins og hún varð. Árið eftir, 1989, þurfti að tífalda þá upphæð. Það er aðeins eitt ár sem munaði 20%. Það var á árinu 1990. Síðan hefur munað tvöfalt og heldur (**GHelg:** Það hefur verið öðruvísi bókhald.) Nei, nei, nei, og heldur hefur þetta minnkað upp á síðkastið því að nú munar þó ekki nema tvöfalt eða þar um bil. Á þessu ári erum við að tala um að hallinn verði kannski tvöfaldur miðað við það sem að var stefnt í upphafi.

Þetta segi ég hérna til þess að benda á að þrátt fyrir allt, og það er ekki verið að kenna neinni einni ríkisstjórn um heldur einungis verið að benda á, að smám saman þokast þetta í þá átt að það er minni munur á niðurstöðu fjárlaganna í fjárlögunum sjálfum og niðurstöðunni í raun þegar upp er staðið. Og ástæðurnar fyrir þessu eru m.a. þær að það er staðið betur að fjárlögunum, reksturinn er betri og nákvæmari heldur en hann hefur verið og við sjáum núna fyrr í eftirlitinu hvað fer úrskeiðis þannig að það er fjöldi atriða sem hefur áhrif á þessi mál.

[16:25]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að orð mín standi alveg óhögguð þrátt fyrir þessi orð ráðherra. Hins vegar vil ég minna á það að þetta er nú ekki alveg sambærileg talnaleikfimi því að verðlag ársins 1988 var annað og þarf auðvitað að taka inn í þessa mynd. Það var sem betur fer, og það er arfur frá fyrri ríkisstjórn, búið að slá niður verðbólguna þegar þessi hæstv. ríkisstjórn tók við. Það hefur auðvitað skipt sköpum og ýmsar stofnanir hafa staðið sig bærilega og haldið sínum rekstri innan marka. Það tók ég fram og auðvitað ber að

þakka það sem vel hefur verið gert í þeim efnum. Ekki ætla ég að draga fjöður yfir slíkt. En það er náttúrlega verðbólgan sem skiptir einnig sköpum í þessu efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 70. mál (einkaleyfisgjald). — Þskj. 73.

[16:26]

Flm. (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Það var ánægjulegt að fylgjast með landsfundi Sjálfstfl. um helgina og einkum vakti það athygli mína og aðdáun hversu vel menn sátu fundinn. En því minnist ég á þetta að hér í sal Alþingis eru nú þrír hv. stjórnarþm., tveir ráðherrar og einn þingmaður, sá eini sem oftast situr þingfundi, hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson. Aðrir hér í salnum eru stjórnarandstæðingar. Ég harma þetta vegna þess að þegar þingmenn eru að tala fyrir málum, þá er það auðvitað mjög til baga að menn skuli ekki hlýða á þann málflutning. En ég mun ekki láta það koma í veg fyrir að tala fyrir þessu máli og hef svo sem áður gert það fyrir hálftómum sölum.

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum. Meðflm. mínir eru hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og hv. þm. Svavar Gestsson.

Þetta er lítið frv., einfalt og auðskilið. Fyrri grein þess hljóðar svo:

„Lokamálsliður e-liðar 1. gr., orðin „Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettóársarði í einkaleyfisgjald," fellur brott."

2. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frumvarpstexti þessi skýrir sig sjálfur en rökin fyrir breytingunum eru eftirfarandi:

Þegar Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum nr. 44/1933 var happdrættið eina peningahappdrættið í landinu. Enginn annar hafði leyfi til að reka peningahappdrætti. Vegna þessa einkaleyfis háskólans þótti eðlilegt að ríkissjóður nyti í einhverju hluta af arðinum því að þetta var ábatavænlegt fyrirtæki sem mikill þorri landsmanna tók þátt í. Og það hefur svo sannarlega sýnt sig að hér var vel að verki staðið því segja má að húsakostur Háskóla Íslands hafi að verulegu leyti verið byggður fyrir ágóðann af Happdrætti Háskóla Íslands.

Nú hefur farið svo að þetta einkaleyfi hefur í raun og veru ekkert gildi lengur því að æ fleiri aðilar hafa fengið leyfi til að reka peningahappdrætti og þar með veitt Háskóla Íslands síharðnandi samkeppni án þess að þurfa að greiða sams konar hluta af arðinum og Háskóli Íslands verður að gera. Og það leiðir af sjálfu að tekjur háskólans af happdrættinu hafa farið mjög minnkandi og þess vegna verður það að teljast í hæsta máta ósanngjarnt að háskólinn einn eða Happdrætti Háskólans greiði eitt 20% af arði sínum til ríkissjóðs.

Það hefur áður komið fram í umræðum hér á hinu háa Alþingi að mikill skortur er á heildarlöggjöf um happdrætti í landinu. Í greinargerð frá Háskóla Íslands segir að einkaleyfi Happdrættis Háskóla Íslands af rekstri peningahappdrættis hafi ekki fengist ókeypis og er það réttilega sagt. Happdrætti Háskóla Íslands hefur verið gert að greiða ákveðið hlutfall, 20% af hagnaði sínum, til ríkisins fyrir einkaleyfið. Síðan er talið upp hvaða happdrætti hafa komið síðan, svo sem lottó, getraunir og alls kyns peninga- og veðmálastarfsemi og því segir hér í greinargerð frá Háskóla Íslands eða happdrættinu:

„Ljóst er því að happdrætti Háskóla Íslands, sá aðili sem einn greiðir 20% af hagnaði sínum til ríkisins vegna einkaleyfis á rekstri peningahappdrættis, á í vök að verjst."

Og þessi er m.a. ástæðan fyrir því mikla stríði sem upphófst hér fyrir nokkrum dögum milli Rauða kross Íslands og háskólans um stofnun svokallaðra spilakassa.

Ég var ekki viðstödd vegna starfa erlendis þegar þessi umræða fór fram, en mér er mikil ánægja að lesa það í þingtíðindum að félagar mínir minntust á þetta frv. sem hér er nú mælt fyrir í þeirri umræðu og hæstv. menntmrh. segir í ræðu sinni 18. okt. sl., með leyfi hæstv. forseta:

„Hér hefur líka verið minnst á 20% einkaleyfisgjaldið og það liggja raunar fyrir hv. Alþingi núna tvö frumvörp, annað um afnám þess og hitt um aðra ráðstöfun þess heldur en núna er. Ég mun ræða það þegar þau mál ber á góma, en ég get skotið því hér að að ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að þetta 20% einkaleyfisgjald eigi að afnema. Það eigi ekki að renna til ríkisins. Ég hef hins vegar skoðanir á því hvernig eigi að fara með það, en það eigi að renna til háskólans."

Þar virðumst við vera sammála, hæstv. menntmrh. og flm. þessarar tillögu, og ber að fagna því.

Áður en ég lýk máli mínu, hæstv. forseti, vil ég leyfa mér að gera aðeins að umræðuefni orð virðulegs háskólarektors við útskrift kandídata nú fyrir örfáum dögum. Mér þótti rektor fara hörðum og harla ósanngjörnum orðum um Alþingi Íslendinga þar sem hann deildi hart á hv. þm. fyrir að vera ekki sammála hinni nýju aðferð við fjáröflun sem háskólinn hefur barist svo hart fyrir. Ég vil lýsa því yfir að sem þingmaður er ég tilbúin til að gera allt sem í mínu valdi stendur til að styðja við eflingu Háskóla Íslands. En ég mun ekki og get ekki stutt þær aðferðir sem nú á að taka upp, sem sagt að háskólinn þurfi að fjármagna byggingar sínar fyrir spilafé. Ég held að það hljóti að vera til aðrar og geðfelldari aðferðir. Og virðulegur rektor verður að sætta sig við það að á því mega hv. alþm. hafa sínar skoðanir. Mér þykir það töluvert harmsefni að svo sé komið fyrir áhuga Íslendinga á menntun og menningu í landinu að Háskóli Íslands skuli þurfa að afla sér fjár með því að setja upp spilakassa í bjórbúlum landsmanna. Mér finnst það ekki skemmtileg að-

ferð og vil því leyfa mér að mótmæla mjög harðlega orðum, sem ég tók til mín m.a., sem rektor lét falla og vil reka þau heim til föðurhúsanna. Ég hygg að hann hafi aldrei þurft að væna þá sem hér stendur um að hafa ekki verið tilbúin hvenær sem er að styðja við bakið á Háskóla Íslands, en ég get ekki fallist á að háskólinn afli fjár á þennan ógeðfellda hátt.

Þetta vil ég að komi fram og vona að samskipti hins háa Alþingis og Háskóla Íslands hafi ekki beðið tjón í þessari leiðu umræðu sem hér varð.

Ég treysti því hins vegar, hæstv. forseti, að aðrir hv. þm. en hæstv. menntmrh., sem þegar hefur lýst stuðningi við þetta frv., geti fallist á að það nái fram að ganga. Ég held að við getum öll með góðri samvisku fellt þetta ákvæði um 20% niður. Hv. 4. þm. Suðurl. hefur reiknað það út í ræðu sem hún hélt hér í fyrri viku að þar með fengi háskólinn 40 millj. til viðbótar og það er vel. Ég hygg að allir ættu að geta fallist á að það sé engin sanngirni í að háskólinn einn greiði þennan arð. Ég vænti þess því að sú hv. nefnd sem fær þetta frv. til meðferðar geti orðið sammála um að veita því forgöngu.

Eftir nokkra umhugsun, hæstv. forseti, hvert bæri að vísa þessu frv., þá hygg ég að það sé smekklegra að ég vísi því til hv. efh.- og viðskn. Nú sé ég að hæstv. dómsmrh. hristir höfuðið og telur sennilega að ég ætti að vísa því til hv. fjárln. (**Gripið fram í:** Allshn.) Dómsmrh. hefur sennilega bent á hina réttu leið að allshn. fái þetta mál til meðferðar. Mér finnst það nú reyndar orka aðeins tvímælis þar sem hér er um beint peningamál að ræða, en ég get fallist á það og leyfi mér því hér með, hæstv. forseti, að vísa málinu til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 1. umr.

Stjfrv., 102. mál. — Þskj. 105.

[16:37]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um mannréttindasáttmála Evrópu. Með lagafrv. þessu er lagt til að mannréttindasáttmála Evrópu verði veitt lagagildi hér á landi.

Tildrög þess að frv. þetta sem hér liggur fyrir var samið eru þau að hinn 25. júní 1992 gekk í fyrsta sinn áfellisdómur á hendur íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstóli Evrópu. Þar var komist að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hafi brotið gegn skyldum sínum samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu sem Ísland fullgilti 19. júní 1953. Mál það sem hér um ræðir varðar kæru Þorgeirs Þorgeirssonar rithöfundar á hendur íslenska ríkinu.

Í dómi sínum taldi dómstóllinn að íslenska ríkið hefði brotið gegn 10. gr. samningsins um tjáningarfrelsi er Þorgeir var dæmdur í Hæstarétti til sektargreiðslu á grundvelli 108. gr. almennra hegningarlaga fyrir tiltekin ummæli um lögregluna. Í framhaldi af dómsmáli þessu skipaði ég þann 8. júlí 1992 nefnd til að gera tillögur um viðbrögð við dómi þessum, þar á meðal að kanna hvort tímabært væri að lögfesta mannréttindasáttmála Evrópu hér á landi og þá eftir atvikum að undirbúa frv. til laga um það efni. Í nefnd þessari áttu sæti Ragnhildur Helgadóttir, fyrrv. ráðherra, og var hún jafnframt formaður nefndarinnar, Björn Bjarnason alþm., Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður, Markús Sigurbjörnsson prófessor og Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður.

Með bréfi dags. 7. apríl sl. afhenti formaður nefndarinnar mér frv. sem nefndin hafði undirbúið þar sem lagt er til að sáttmálinn hafi lagagildi hér á landi. Er það frv. það sem hér liggur fyrir. Jafnframt fylgdu frv. ítarlegar athugasemdir og eru þær prentaðar í heild með frv. Það var samdóma álit nefndarmanna að rétt væri að leggja til að mannréttindasáttmáli Evrópu yrði lögtekinn hér á landi, en sú niðurstaða var einkum byggð á því að lögfesting sáttmálans væri til að auka réttaröryggi.

Þótt nefndarmenn væru sammála um réttmæti þess að lögfesta sáttmálann var einn nefndarmanna, Ragnar Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður, ekki sammála því að leggja til að sáttmálinn í heild yrði lögfestur, heldur taldi hann nægjanlegt að lögfesta aðeins efnisákvæði hans. Hann lagði fram sérálit þar sem hann leggur til að einungis bein réttarákvæði sáttmálans verði lögfest, en ekki ákvæðin um stofnanir sem starfa samkvæmt honum og meðferð þeirra á kærumálum. Tillögur hæstaréttarlögmannsins eru prentaðar sem viðauki við athugasemdirnar með frv.

Frv. var lagt fram til kynningar í maímánuði skömmu fyrir lok síðasta þings og er hér flutt að nýju í óbreyttri mynd.

Enda þótt nú séu liðin liðlega 40 ár frá því að mannréttindasáttmáli Evrópu var fullgiltur af Íslands hálfu hefur ekki komið til þess fyrr að gerð hafi verið af hálfu stjórnvalda tillaga um lögfestingu ákvæða hans hér á landi. Í flestum aðildarríkjum Evrópuráðsins hefur samningurinn hins vegar verið lögfestur. Þó hafa Norðurlöndin haft þar nokkra sérstöðu, svo og Bretland og Írland. Lönd þau sem ekki hafa lögfest sáttmálann hafa þannig aðeins verið skuldbundin að þjóðarrétti til að hlíta ákvæðum hans. Það er ekki fyrr en á allra síðustu árum sem hreyfing hefur komið á umræðu um það á Norðurlöndum að lögfesta bæri ákvæði sáttmálans. Finnland var fyrst Norðurlandanna til að lögfesta ákvæði sáttmálans, en svo sem kunnugt er eru aðeins fá ár síðan Finnland gekk í Evrópuráðið. Í tengslum við það var mannréttindasáttmálinn lögfestur þar í landi í maí 1990. Í Danmörku var sáttmálinn lögfestur 1. júlí 1992. Frumvörp um lögfestingu voru kynnt bæði í Noregi og Svíþjóð á fyrri hluta þessa árs. Má því búast við að svo til öll aðildarríki Evrópuráðsins hafi áður en langur tími líður lögfest sáttmálann. Vegna þess sérálits sem fram er komið um að lögfesta aðeins efnisákvæði sáttmálans skal hér bent á að bæði finnsku og dönsku lögin lögfesta sáttmálann í heild og í tillögum Norðmanna og Svía um lög-

festingu er lagt til að texti sáttmálans verði lögfestur í heild.

Ástæður þess að nú fyrst hefur komið upp hreyfing innan Norðurlandanna um að lögfesta ákvæði sáttmálans má e.t.v. rekja til þess að á síðustu 10 árum hefur sáttmálinn orðið mun þekktari í löndum Evrópuráðsins og dómsmálastofnanir orðið mun virkari sem sést best á því að á 30 ára ferli Mannréttindadómstólsins frá 1960–1990 lauk hann við að dæma í 191 máli, en af þeim málum voru aðeins 40 dæmd á fyrstu 20 árunum. Hin 150 voru dæmd á síðustu 10 árunum. Nú er svo komið að endurskipuleggja þarf starfsemi dómsmálastofnananna til þess að gera málsmeðferð hraðari og skilvirkari.

Áhrif lögfestingar mannréttindasáttmálans eru fyrst og fremst þau að í stað þess að íslenska ríkið er nú skuldbundið að þjóðarrétti til að virða ákvæði samningsins og haga setningu laga með tilliti til þeirra, verða við lögfestinguna ákvæði sáttmálans beinlínis gerð að landslögum og mundi þannig lögfesting sáttmálans hafa í för með sér að líta má svo á að fyrirmæli eldri laga sem kunna að reynast ósamþýðanleg ákvæðum sáttmálans teldust að meginreglu falla niður við gildistöku lögfestingarlaganna. Með því að hér yrði um almenn lög að ræða yrðu ákvæði þeirra yfirleitt að víkja fyrir yngri lögum en þó svo að ákvæði yngri laga en lögfestingarlaganna kynnu að vera andstæð ákvæðum sáttmálans, þá stæði skuldbinding íslenska ríkisins samkvæmt sáttmálanum samt óhögguð að þjóðrrétti. Gætu því dómstólar með sama hætti og hingað til beitt ákvæðum sáttmálans í úrlausnum sínum til skýringar á yngri lögum.

Svo sem að framan segir er ein helsta röksemd þess að lögfesta ákvæði sáttmálans sú að réttaröryggi aukist, en fleiri atriði koma þar einnig til. Eru þau nánar rakin í VII. kafla athugasemda með frv. Vil ég þó geta nokkurra þeirra sérstaklega hér.

Er þess þá fyrst að geta að réttindi einstaklinga munu fá aukna vernd. Þá er í sumum greinum sáttmálans að finna ákvæði sem ítarlegri eru en í íslenskri löggjöf um einstaka þætti mannréttindamála. Sem dæmi má nefna 10. gr. sáttmálans sem samkvæmt orðalagi sínu tekur til tjáningarfrelsis almennt meðan 72. gr. stjórnarskrár okkar nær einvörðungu til prentfrelsis samkvæmt orðanna hljóðan. Samkvæmt þessu yrði lögtaka sáttmálans gagngert til þess að fylla upp í það sem kalla mætti eyður í íslenskri löggjöf.

Þá getur einstaklingur borið ákvæði sáttmálans fyrir sig sem beina réttarreglu fyrir dómi eða stjórnvöldum ef sáttmálinn er lögfestur, en nú verður aðeins til hans vísað til leiðbeiningar við lögskýringar. Eftir lögfestingu sáttmálans geta einstaklingar fengið dómsúrlausn hér á landi um ýmis þau kæruefni sem ella hefði þurft að leggja fyrir dómsmálastofnanir Evrópuráðsins í Strassborg.

Þá vil ég að lokum geta þess að lögfesting mannréttindasáttmála Evrópu hér á landi væri í samræmi við almenna stefnu í flestum öðrum Evrópuríkjum og yrði þannig bæði til að færa íslenska löggjöf um þessi efni í sama horf og löggjöf þeirra ríkja sem við eigum hvað helst samskipti við og samstöðu með og til að auka á alþjóðavettvangi traust á virðingu ríkisins fyrir mannréttindum.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna því sérstaklega að þetta frv. skuli komið fram og að nefnd sú sem verið hefur að störfum nokkurt skeið hafi nú skilað af sér. Þessi orð mín þýða það auðvitað að ég er því mjög hlynnt að mannréttindasáttmáli Evrópuráðsins verði lögtekinn hér á landi og ég tek undir þær skýringar sem fram komu í máli hæstv. dómsmrh., og reyndar í áliti nefndarinnar, þar sem það er rökstutt hvers vegna beri að gera þetta. Ég vil líka hrósa nefndinni sérstaklega fyrir mjög vel unnið frv. og góða greinargerð. Þetta er alveg sérdeilis vel unnið og miklar og góðar skýringar. Mér datt reyndar í hug þegar ég var að lesa þetta að hér er komið hið besta kennslugagn, hvar sem menn vilja nú æfa sig í tungumálum, því að efni sáttmálans er birt á íslensku, ensku og frönsku. Ef menn vilja leika sér í samanburðarfræðum og æfa sig í að þýða, þá er hér komið hið besta efni til þess. En þetta er ákaflega vel unnið og mér finnst ástæða til að taka það fram sérstaklega.

Eins og fram hefur komið er ekki síst ástæða til þess að gera hér gangskör að því að lögtaka þennan sáttmála vegna þeirra dóma sem við Íslendingar höfum fengið á okkur, en þeir sem þekkja til Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins og þeirrar miklu virðingar sem hann nýtur vita að það þykir ekki gott að fá á sig dóma þessa dómstóls og menn taka það mjög alvarlega þegar hann fellir dóma sem fela það í sér að ríki Evrópuráðsins hafi ekki staðið við mannréttindasáttmálann, en auðvitað eru sakir misþungar. Og það hefur sem sagt komið í ljóst á undanförnum árum að það er ýmislegt í okkar lögum sem ekki stenst mannréttindasáttmálann og þarfnast lagfæringar.

Hér með frv. fylgir greinargerð Guðrúnar Gauksdóttur þar sem hún fer í gegnum íslensk lög og reynir að tína þar til hverju þurfi að breyta og það reynist nú vera ýmislegt. Fyrsta spurning mín til hæstv. dómsmrh. er sú hvort hann hugsi sér að láta vinna það verk að gera nauðsynlegar lagabreytingar til samræmis við sáttmálann eða hvort það verði látið gerast eftir því sem málin koma upp. Ég get lýst þeirri skoðun minni að mér fyndist rétt að menn færu einfaldlega í að verk að breyta íslenskum lögum til samræmis við sáttmálann þó að þar kunni að vera eitt og annað sem menn eru ekki alveg sáttir við og rekst á við þær hefðir sem hér hafa ríkt og þá verður mér einkum hugsað til félagafrelsisins. En ef við undirritum sáttmála og samþykkjum sáttmála um mannréttindi, þá ber okkur auðvitað að standa við þá þó að það rekist á við hefðir.

Sú skoðun kemur fram í álitinu, sem ég vil taka undir, að í kjölfar þess að sáttmálinn verði lögtekinn og reyndar ekki bara þess vegna, heldur af ýmsum ástæðum, þá sé nauðsynlegt að endurskoða íslensku

stjórnarskrána. Og ég tek undir þau orð sem fram komu í máli hæstv. dómsmrh. að íslenska stjórnarskráin, sem er mjög gömul að stofni, er mjög fátæk af mannréttindaákvæðum og miðast við tíma sem löngu eru liðnir. Það er ýmislegt sem við þurfum að skoða í þeim efnum og setja í íslensku stjórnarskrána þannig að hún tryggi það sem við nú skilgreinum sem mannréttindaákvæði.

En rétt eins og við Íslendingar höfum fengið á okkur dóma, þá kemur það í ljós þegar maður fer að glugga í skjöl og heimildir að það er ekkert auðvelt að standa við mannréttindasáttmála, hvort sem við erum að tala um sáttmála Evrópuráðsins eða mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Ég fletti upp í skýrslu Amnesty International fyrir árið 1993 og þar kemur í ljós að það eru hvorki meira né minna en 20 ríki Evrópuráðsins sem eru nefnd í skýrslu Amnesty International og þeirra á meðal eru bæði Danmörk og Noregur. Það er að vísu í mörgum tilvikum ekki um alvarleg brot að ræða, en þó það alvarleg að þau hafa komist á skrá hjá Amnesty. Þegar maður lítur betur á þessi brot, þá eru þau fyrst og fremst brot sem snerta fangelsismál, ýmislegt sem gerist í fangelsum. En Ísland er sem betur fer ekki í skýrslu Amnesty International og þó við vitum að ýmislegt sé að í okkar fangelsismálum þá eru vonandi ekki framin þar mannréttindabrot þó ég þori ekki að fullyrða neitt um það. En það eru 20 af ríkjum Evrópuráðsins sem nefnd eru í skýrslum Amnesty af 31 aðildarríki og þar að auki eru nefnd sex ríki sem nú hafa gestaaðild að Evrópuráðinu. Mér finnst þetta mjög umhugsunarvert og bendir auðvitað til þess hversu vandmeðfarin mannréttindamálin eru og viðkvæm að mörgu leyti.

Eins og ég hef komið hér að þá höfum við verk að vinna í okkar lagagerð og ég held líka að þegar hið háa Alþingi hefur lögtekið þennan sáttmála, sem ég efast ekki um að muni gerast, þá þarf auðvitað að kynna hann mjög vel. Ég held að það veiti ekki af að kynna Íslendingum mannréttindi, hvaða réttindi fólk hefur. Það er mjög nauðsynlegt að allur almenningur þekki til þeirra. Sáttmálinn sjálfur hefur þróast frá því að hann var fyrst undirritaður 1949 og það hafa verið gerðar við hann ýmsar viðbætur. Ég var einmitt að hugleiða það þegar ég var að fara í gegnum þetta frv. hvort leiðtogafundurinn í Vínarborg í október mundi leiða af sér einhverjar viðbætur við sáttmálann. Ég vildi gjarnan heyra álit hæstv. dómsmrh. á því hvort menn sjái fyrir sér fleiri viðbætur við sáttmálann, því á Vínarfundinum var mikið rætt um ýmis vaxandi vandamál í Evrópu, þar á meðal málefni flóttamanna. En þó ekki síst þær hugmyndir sem menn héldu nú kannski að væru ekki hátt skrifaðar í Evrópu eins og kynþáttamisrétti, útlendingahatur og þjóðernishyggja sem hafa blossað upp á undanförnum árum og valda því að menn þurfa að skoða mannréttindin og þar með talið sáttmálann aðeins upp á nýtt. Okkur var einmitt að berast í gær, held ég að það hafi verið, yfirlýsing Vínarfundar Evrópuráðsins þar sem lögð er mikil áhersla á þessi efni og mér fannst rétt að benda á það hér í þessu samhengi að það kunna að vera viðbætur við sáttmálann á leiðinni í kjölfar þess fundar þótt ég geti reyndar ekki fullyrt um það.

Það er eitt atriði sem ég vil einnig nefna í þessu sambandi og sem snertir okkur kannski. Það er það að á vettvangi Evrópuráðsins hafa menn nokkuð verið að velta því fyrir sér hvaða áhrif það muni hafa á meðferð mannréttindamála og ekki síst dómstólsins þegar þangað koma inn nýjar þjóðir. Þjóðum Evrópuráðsins er stöðugt að fjölga og þar er um að ræða þjóðir sem hafa búið við allt annað stjórnarfar og allt annað réttarfar og hefðir en tíðkast hafa í Vestur-Evrópu. Menn hafa verið að velta því fyrir sér þegar og ef dómurum Mannréttindadómstólsins verður fjölgað og þessar þjóðir fá þar sína fulltrúa hvaða áhrif það muni hafa á dómstólinn. Við erum m.a. að tala um þjóðir í Austur-Evrópu þar sem múslimar eru í meiri hluta og þar sem ýmsar aðrar hugmyndir hafa verið ríkjandi. En þetta er nú reynar allt framtíðarmúsik. En kannski ítrekar það fyrir okkur hversu nauðsynlegt það er að standa vörð um mannréttindasáttmála Evrópuráðsins. Ég held að ef við Íslendingar stígum það skref að lögtaka hann þá verði það til þess að styrkja sáttmálann og muni auðvelda okkur sem erum hluti af Evrópu að standa vörð um þau mannréttindi sem við viljum verja og bæta hér í okkar álfu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 103. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 106.

[16:56]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Þetta frv. er endurflutt. Það var lagt fram á síðasta þingi og þá fóru hér fram nokkuð ítarlegar umræður við 1. umr. og því hafði verið vísað til hv. allshn.

Frv. er samið í dóms- og kirkjumrn. til breytinga á lögum sem eru á starfssviði ráðuneytisins til aðlögunar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Helstu forsendur fyrir þeim lagabreytingum sem hér er getið um eru eftirfarandi:

1. Í III. hluta samnings um Evrópska efnahagssvæðið er gert ráð fyrir þeirri aðalreglu að þegnar annarra ríkja, sem njóta réttinda samkvæmt samningnum, verði jafnsettir innlendum þegnum á hverjum stað, m.a. varðandi atvinnuréttindi og heimildir til fjárfestingar, auk þess að njóta vissra réttinda til ferða og dvalar í samningsríkjunum.

2. Gera verður breytingar á nokkrum lögum á sviði ráðuneytisins til samræmis við tilskipun 89/48/EBE um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á

æðra skólastigi sem staðið hefur að minnsta kosti í þrjú ár.

3. Ákvæði frumvarpsins miða að auki að nokkru marki að breytingum á löggjöf á sviði ráðuneytisins sem varðar leyfisbundna þjónustustarfsemi málflutningsmanna, fasteigna- og skipasala og niðurjöfnunarmanna sjótjóns.

4. Í bókun 5 með samningi milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls er að finna stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins en í 25. og 26. gr. bókunarinnar koma fram reglur um gagnaöflun fyrir dómstólnum sem kosta tvenns konar breytingar á lögum á sviði ráðuneytisins.

Að öðru leyti, frú forseti, vísa ég til þeirra athugasemda sem fylgja með frv. og þeirrar umræðu sem fram fór um það á fyrra þingi og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:59]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. dómsmrh. þá er hér verið að endurflytja eitt þeirra frv. sem lögð voru fram í fyrra vegna væntanlegrar aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu en ekki urðu þá útrædd eða hlutu afgreiðslu hér á Alþingi.

Um mörg þessara mála urðu mjög skiptar skoðanir eins og öllum er kunnugt. Í þessu frv. eru einnig slík atriði og þau munu að sjálfsögðu verða skoðuð rækilega í nefndinni. En ég skal ekki tefja tímann með því að fara út í einstök atriði frekar að þessu sinni en það mun þá koma í ljós við nefndarstörfin hvert viðhorfið verður.

[17:00]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég stend hér upp vegna þess að ég á ekki sæti í hv. allshn. en vil brýna hv. nefnd að skoða þetta mál vandlega. Það er að vísu svo að hendur okkar alþingismanna eru bundnar eða eru að verða bundnar ef samningur um Evrópskt efnahagssvæði gengur í gildi og við verðum að lögtaka það sem að okkur er rétt. Hér kann að vera um atriði að ræða í þessu frv. sem sneiða nálægt stjórnarskránni. Sumt í þessu frv. er nú nokkuð sérkennilegt. Ég nefni t.d. VI. kafla, lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra veitir leyfi til að víkja frá skilyrðum 1. mgr.:

1. Samkvæmt umsókn frá þeim sem hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni eða til að halda þar heimili."

Gott og vel. Síðan kemur liður 2 og hann hljóðar svona:

„2. Ef annars þykir ástæða til."

Þetta finnst mér nú dálítið rúmt og ég spyr heiðraða lögfræðinga hér í salnum hvort þeim þyki þetta ekki vera farið alveg á fremstu nöf.

Ég ætla ekki að orðlengja um þetta mál en ég vil biðja hv. allshn. að skoða þetta mál mjög vandlega og hrapa ekki að afgreiðslu þess. Við höfum dæmi þess að í embættismannakerfinu íslenska eru til menn sem eru kaþólskari en páfinn, þ.e. menn sem vilja fullnægja herrunum í Brussel jafnvel enn meir heldur en þeir krefjast. Þess vegna mæli ég þessi orð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 1. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 104.

[17:03]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér liggur fyrir frv. til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta frv. er flutt í samræmi við þann samning sem við höfum gerst aðilar að um Evrópska efnahagssvæðið og felur efnislega í sér að unnt er fyrir íslenska dómstóla að ákveða að leita eftir fyrirframáliti frá EFTA-dómstólnum ef íslenskum dómstólum þykir nauðsyn bera til samkvæmt nánari ákvæðum í lagafrv. þessu.

Þetta frv. er endurflutt. Það var rætt hér allítarlega við 1. umr. á síðasta þingi og hafði verið vísað til hv. allshn.

Ég vísa að öðru leyti til athugasemda með frv. og þeirrar umræðu sem fram fór á síðasta þingi og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:04]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur hér gert grein fyrir efni þessa frv. en það er um það að við þurfum að leita til erlendra aðila til að vita hvernig skuli dæma hér á landi eða þangað eigi að leita eftir erkibiskups boðskap. Eitt af þeim meginatriðum sem ágreiningur var um á sl. ári við meðferð EES-samningsins hér á Alþingi var um það hvort hann stæðist stjórnarskrána eða ekki.

Í áliti sem Guðmundur Alfreðsson gaf um það efni fjallar hann nokkuð um þetta og ég vil lesa örstuttan kafla úr hans áliti, með leyfi hæstv. forseta:

„107. gr. EES-samningsins og bókun nr. 34 með samningnum hljóta einnig að valda stjórnskipunarlegum vandkvæðum, aðallega vegna ónákvæmni í greinargerð með EES-frumvarpinu. Bókunin heimilar, einfaldlega að útgefinni tilkynningu EFTA-ríkis, að dómstólar í EFTA-ríkjunum láti EB-dómstólinn kveða upp forúrskurði með bindandi skýringum á EES-samningnum. Svona samningsákvæði væri greinilega ekki marktækt að óbreyttri stjórnarskrá.

Þessi stjórnskipunarafstaða er viðurkennd með hálfum huga í greinargerð frv." — það er ekki þetta frv. en þar segir svo:

„Enga nauðsyn ber til að gefa slíka tilkynningu. Slík heimild til handa íslenskum dómstólum myndi krefjast lagaheimildar og jafnvel stjórnarskrárbreytingar."

Þarna þarf að marka skýrar línur og taka af allan

vafa um hvernig að framkvæmd heimildarinnar skyldi staðið ef stjórnvöld vildu gefa út umrædda tilkynningu. Það á enginn vafi að leika á því, að bindandi forúrskurðir frá dómstól alþjóðastofnunar, sem við erum þar að auki ekki aðilar að, mundu útheimta stjórnarskrárbreytingu."

Þarna er vikið að því að það sé margt óljóst í þessu máli og mikill vafi eða jafnvel kannski enginn vafi réttara sagt á að þetta gæti stangast á við stjórnarskrána. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann telji ekki að þetta álit, forúrskurðarálit, verði í reynd algerlega bindandi fyrir íslenska dómara þegar búið er að leita eftir því. Það skilst mér að sé að hljóta viðurkenningu t.d. á Norðurlöndunum, að þarna þýði það raunverulega að þar með sé endanlegur dómur fallinn. Enda hefði það litla þýðingu fyrir íslenskan dómstól að vera að kveða upp andstæðan dóm þegar vitað er að honum má skjóta til EFTA-dómstólsins sem er þá búinn að láta í ljós þetta viðhorf sitt.

Í frv. er talað um það að dómari geti valið um það hvort það eigi að skjóta máli til forúrskurðar eða ekki. En mér sýnist nú að það geti farið svo að dómari eigi þarna ekkert val og verði hreinlega knúinn til að fá svona forúrskurð þó hann vilji það ekki. Það er sagt í frv. að héraðsdómari geti ákveðið að leita forúrskurðar hvort sem málsaðilar leggja það til eða ekki. En hins vegar geti þá málsaðilar skotið úrskurði héraðsdómara, ef hann hafnar því að leita eftir forúrskurðinum, til Hæstaréttar. Hæstiréttur, eftir því sem ég skil, getur þá knúið dómarann til þess að leitað verði eftir þessum forúrskurði. Þar með sé ég ekki að héraðsdómarinn eigi lengur neitt val. Mér sýnist að þetta stangist nokkuð á eftir því sem ég get skilið.

En það er að sjálfsögðu margt sem kemur upp í hugann í sambandi við framkvæmd þessara mála og sem er nú ekki í mínum huga a.m.k. mjög skýrt. Hvernig geta málsaðilar tryggt það t.d. að vel komist til skila öll þeirra viðhorf til dómstóls sem er svo fjarri? Að vísu er kveðið á í þessu að málflutningur geti farið fram fyrir íslenskum dómstóli, að ég skil, eða upplýsingaöflun, en hversu skýrt það kemst til hins erlenda dómstóls er mér ekki ljóst og ekki heldur hver sá kostnaður gæti orðið sem af þessu hlytist fyrir þann sem væri dæmdur til þess að greiða málskostnað vegna þess að máli væri þangað skotið að hans ósk.

En það eru sem sagt fjölmörg atriði og ég held að allshn. muni verða að skoða þetta mjög rækilega í meðferð sinni á frv. Þó frv. sé ekki langt þá eru þarna mörg atriði sem hljóta að orka mjög tvímælis, svo að vægt sé til orða tekið, og æskilegt að fá skýringar á því hvernig þetta muni ganga fyrir sig, sama hvaða viðhorf menn hafa til þessa máls, til þess að gera sér grein fyrir því hvað þarna er verið að fjalla um.

[17:12]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil taka undir orð hv. síðasta ræðumanns sem sagði að vægt væri til orða tekið þegar sagt væri að hér orkaði mjög margt tvímælis. Ég tel að þarna sjáum við svart á hvítu og reyndar kom það fram í fyrra líka, að verið er að flytja hluta af dómsvaldinu úr landi. Ég tel ekki á því nokkurn vafa. Við munum eftir þeim umræðum sem hér fóru fram, bæði í þessum sal og reyndar utan hans líka um það hvort samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði stæðist íslensku stjórnarskrána, m.a. að því er varðaði dómstóla. Þá var því haldið fram að grundvallaratriðið væri að þó leitað væri úrskurðar eða álits EFTA-dómstólsins þá væri hann ekki bindandi og þess vegna gæti þetta staðist stjórnarskrána. En það hljóta allir að sjá það sem lesa þetta litla frv., sem þó er svo stórt, að það verður mjög erfitt ef ekki ómögulegt fyrir íslenska dómstóla annað en að fara eftir þeim úrskurðum sem EFTA-dómstóllinn kveður upp, því það álit sem þeir hafa á EES-samningnum hlýtur að vera ráðandi og þeim reglum sem þar gilda. Og það er ekkert lítið, því það er ekki bara samningurinn heldur allar þær bókanir sem honum tilheyra. Við hljótum að muna eftir því að mörg ákvæði samningsins eru síbreytileg þannig að við erum stöðugt að fá nýjar reglur frá Evrópubandalaginu sem þarf að vera að túlka. Við erum því í raun að veita erlendum dómstóli rétt til að hafa veruleg áhrif á dómstóla hér á landi. Að mínu mati er þarna um bindandi úrskurði dómstólsins að ræða. Þó að því sé haldið fram og bæði talað um það í þessu að þetta sé eingöngu ráðgefandi og eins var talað um það í fyrra að þetta væri ekki bindandi, þá lít ég svo á að þarna sé um bindandi úrskurði að ræða. Þannig lít ég á að verið sé að fara í kringum stjórnarskrána með því að orða það með þeim hætti sem þarna er gert. Ég skora því á hv. allshn. að fara vel ofan í þetta mál og sé ekki annað en að þarna sé verið að flytja, ef þetta frv. verður að lögum, hluta af dómsvaldi til erlendra aðila.

[17:16]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Ég veit að hv. nefnd tekur þetta mál til ítarlegrar skoðunar og þar verður tekið á ýmsum þeim álitaefnum sem hv. þm. hafa hér varpað fram í spurnarformi. En mér þykir þó rétt að ítreka það að hér er um að ræða sjálfstæða ákvörðun íslenskra dómstóla. Þeir þurfa ekki að leita til erlendra aðila um úrskurði eins og hv. 2. þm. Suðurl. orðaði. Það er sjálfstætt mat dómara. Frumkvæði í því getur komi frá öðrum hvorum málsaðila eða dómara sjálfum.

Hv. 2. þm. Suðurl. taldi að sjálfstæði dómarans væru takmörk sett með því að Hæstiréttur gæti breytt niðurstöðu hans ef mál væri kært til Hæstaréttar og það er vissulega rétt. En það byggir á þeirri grundvallarreglu íslenskrar stjórnskipunar að við búum við tvö dómsstig þar sem Hæstiréttur Íslands hefur endanlegt úrskurðarvald og getur endurskoðað dóma undirréttar. Og sú staðreynd breytir því ekki að það er íslenskur dómstóll sem endanlega tekur um það sjálfstæða ákvörðun hvort álits er leitað fyrir fram frá EFTA-dómstólnum og það vald er alfarið í höndum íslenskra dómstóla.

Spurningunni um það hvort álitið er bindandi eða ekki er svarað með mjög skýrum hætti í lögunum. Þetta er ráðgefandi álit. Hver maður getur vitaskuld sagt sér að í mörgum tilvikum a.m.k. hlýtur að verða

tekið tillit til þess sem fram kemur í þessu ráðgefandi áliti, en kjarni málsins er sá að það er ekki bindandi og dómari eða dómstóll tekur sjálfstæða afstöðu til þess álits sem þannig er aflað. En af því getur auðvitað verið hagræði að fá að vita fyrir fram um afstöðu EFTA-dómstólsins.

Ég vildi fyrst og fremst víkja að þessum atriðum vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið. En mér þykir eðlilegt að nefndin fjalli ítarlega um þessi álitaefni og tek undir ummæli hv. þm. sem hér hafa talað um það efni. Hér er vissulega um að ræða mál sem þarfnast gaumgæfilegrar skoðunar og nákvæmrar umfjöllunar hér á Alþingi.

[17:18]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér stendur í athugasemdum við 1. gr. frv. m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Álitið á aðeins að vera ráðgefandi eins og segir í 1. mgr. 1. gr. og bindur það því ekki héraðsdómara við úrlausn máls þótt vissulega verði að telja að eftir því yrði að öðru jöfnu farið að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu."

Þarna gengur sem sagt hæstv. ráðherra sjálfur út frá því í grg. með frv. að það séu litlar líkur til þess að nokkur fari að dæma öðruvísi. Það kom fram í máli mínu að það væri Hæstiréttur sem gæti knúið héraðsdómara til þess að leita eftir forúrskurði þó að hann teldi ekki þörf á því. Því það segir svo í niðurlagi greinargerðar við 1. gr. frv., með leyfi hæstv. forseta:

„Kæruheimildin í 3. mgr. 1. gr. frumvarpsins er þó ekki bundin við þau tilvik þar sem héraðsdómari úrskurðar að álits EFTA-dómstólsins verði leitað heldur nær hún einnig til úrskurðar um gagnstæða niðurstöðu hans."

Sem sagt, ef hann hafnar því þá getur Hæstiréttur knúið hann til þess. Það er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að Hæstiréttur er íslenskur dómstóll, en hann getur tekið fram fyrir hendur dómara og ekki treyst honum til þess að kveða upp dóm af eigin dómgreind. En þá finnst mér náttúrlega vakna spurningin, og það kemur held ég hvergi fram í þessu frv. og gögnum öllum: Eftir hvaða rökum á Hæstiréttur að dæma að það skuli knýja héraðsdómara til þess að fá forúrskurð áður en dómur er fallinn eða kveðinn upp? Hvaða forsendur þurfa að liggja fyrir til þess að það sé hægt að taka þá ráðin af héraðsdómara og hvað er það raunverulega sem á þannig að meta í þessu sambandi? Það er hvergi vikið að slíku eins og svo fjölmörgu öðru í þessu frv. sem virðist vera áþekkt því sem ég held að hafi nú einkennt mjög margt af því sem verið var að samþykkja á síðasta þingi og á sjálfsagt eftir að samþykkja nú í vetur, að við vitum harla lítið út í hvað við erum að fara. Og einhvern veginn finnst mér nú að andrúmsloftið og viðhorfið sé óðum að breytast í þá átt að helst vildu margir gleyma því sem gert var á síðasta þingi.

[17:23]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins vegna ummæla hv. 2. þm. Suðurl. um málsskot eða um kæru til Hæstaréttar, þá er það svo að það eru ýmis dæmi um það að kæra má til Hæstaréttar einstaka þætti í málsmeðferð og rétturinn tekur þá afstöðu til þeirra álitaefna og það er engan veginn svo að þetta sé undantekning í því efni.

Varðandi þá spurningu á hvaða grundvelli Hæstiréttur kemst að niðurstöðu sé slíkt mál kært. Vitaskuld kemst hann að niðurstöðu á grundvelli þeirra gagna sem fyrir eru lögð. Sá sem óskar eftir að slíks álits sé leitað færir fyrir því rök. Ef dómari synjar í héraði þá færir hann rök fyrir þeim úrskurði og Hæstiréttur leggur síðan mat á málsástæður beggja og byggir sínar niðurstöðu á því. Þetta er hin venjulega aðferð við að komast að niðurstöðu í dómsmálum og hún verður vitaskuld sú sama í þessu efni eins og öðrum.

[17:24]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég held að það þurfi ekkert að deila um það að verið er að flytja hluta af dómsvaldinu úr landi. Ég vil vekja athygli hv. alþm. á 2. gr. þessa frv. sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur Félagsdómur leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar." — Ég endurtek: „Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar." Síðan segir: „Hæstiréttur getur jafnframt kveðið upp úrskurð eins og að framan segir."

Félagsdómi er það í sjálfsvald sett hvort hann leitar úrskurðar hjá EFTA-dómstólnum og þá hefur Hæstiréttur ekkert yfir honum að segja ef EFTA-dómstóllinn fellir úrskurð. Hins vegar er honum heimilt, hann þarf ekki að fara út fyrir landsteinana, honum virðist vera heimilt, eða ég skil það svo samkvæmt þessari grein, að hann geti jafnframt kveðið upp úrskurð eins og EFTA-dómstóllinn, bara ekki um sama atriði. Mér sýnist að ekki þurfi nú frekar vitnanna við um það að hér sé um að ræða atriði sem samræmist hvorki efni né anda íslenskrar stjórnarskrár.

[17:26]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta ákvæði sem hv. 1. þm. Norðurl. v. vitnar hér til í 2. gr. frv. á sér þá eðlilegu skýringu að til þess að Félagsdómur geti með sama hætti og héraðsdómarnir leitað slíks álits þarf að taka það sérstaklega fram í lögum. Og eins og kunnugt er þá er úrskurðum eða dómum Félagsdóms ekki áfrýjað til Hæstaréttar.

[17:26]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki er þetta nú fortakslaust hjá hæstv. dómsmrh. Í 67. gr. laga um Félagsdóm segir:

„Úrskurðir og dómar Félagsdóms eru endanlegir og verður ekki áfrýjað. Þó má innan viku frá dómsuppsögn eða úrskurði áfrýjað til hæstaréttar:

1. Frávísunardómi eða úrskurði um frávísun.

2. Dómi til ónýtingar, sökum þess að málið heyri ekki undir félagsdóm.

3. Úrskurð um skyldu til að bera vitni, um eiðvinning og sektir."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjaverslun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 126.

[17:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi. Þetta mál er að finna á þskj. 126 og er 121. mál þessa þings.

Þetta frv. er flutt óbreytt frá síðasta þingi. Reyndar eru gerðar örlitlar breytingar í athugasemdum með frv. sem ég skal skýra frá nánar. Ég vek athygli á því að þetta frv. er nokkuð ólíkt öðrum frumvörpum af sama tagi, sér í lagi með tilliti til þess sem segir í síðari mgr. 4. gr., að fjmrh. sé heimilt að selja hlutabréf ríkissjóðs að öllu leyti eða hluta, sem ekki er óvenjulegt, en til viðbótar kemur orðrétt, með leyfi forseta:

„Við sölu hlutabréfa skal þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja."

Hér er með öðrum orðum, og það kemur fram í greinargerðinni með frv. um 4. gr., verið að setja nokkrar skorður við heimild fjmrh. til sölu hlutabréfanna þannig að þess verði gætt að tryggð verði áframhaldandi samkeppni á sviði lyfjadreifingar og framleiðslu lyfja. Og á það er bent í athugasemdunum við 4. gr. að hagsmunir ríkisins séu afar miklir á þessu sviði þar sem ríkissjóður greiðir í raun langstærstan hluta lyfjakostnaðar landsmanna eða tæplega 70% með endurgreiðslum í gegnum tryggingakerfið og greiðslu lyfjakostnaðar á sjúkrahúsum.

Það hefur verið gerð nokkur úttekt á íslenska lyfjamarkaðnum, en það eru til dágóðar upplýsingar um hann og samkvæmt þeim upplýsingum sem til eru í ritinu „Íslenski lyfjamarkaðurinn" kemur í ljós að það munu vera um 8 fyrirtæki sem stunda heildsöludreifingu lyfja á Íslandi. Þar er langstærst fyrirtækið Pharmaco hf. sem er eitt af sterkustu og best reknu fyrirtækjum landsins vil ég fullyrða. Það hefur 55% markaðshlutdeildarinnar, en í öðru sæti er Lyfjaverslun ríkisins sem hefur 18% og í þriðja sæti er síðan Stefán Thorarensen með 14% og önnur fyrirtæki með minna.

Eins og kemur fram í almennum athugasemdum með frv. er tilgangur þessa frv. að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag og er jafnframt aflað heimildar ríkisins til sölu hlutabréfa í félaginu.

Ég tel ástæðulaust, virðulegi forseti, að lýsa í einstökum atriðum frumvarpsgreinunum. Þær eru allar eins og þær voru á síðasta þingi og reyndar athugasemdirnar einnig. Það hefur þó bæst við ein setning í athugasemdunum þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nú stendur yfir endurnýjun framleiðsludeilda svo þær standist nýja staðla um góða framleiðsluhætti."

Varðandi þetta atriði skal það sagt að á sl. sumri urðu nokkrar umræður um þetta mál og þótti sumum óeðlilegt að fyrirtækið væri að fjárfesta verulega þegar ljóst var að ríkisstjórnin stefndi að því að selja fyrirtækið. Það er gert ráð fyrir því að endurnýjun þessara deilda sem um getur í athugasemdunum kosti u.þ.b. 200 millj. kr. eða tæpar 200 millj. kr. Annars vegar er um að ræða framkvæmdina sjálfa sem er u.þ.b. 140 millj. og síðan eru það tæki sem kosta um 45 millj. kr. Þessi fjárfesting á sér stað að undangenginni mikilli athugun og niðurstaðan varð sú að það væri eðlilegt að hefja þessar framkvæmdir jafnvel þótt ljóst væri að fyrirtæki yrði einkavætt. Það skal tekið fram til þess að fyrirbyggja allan misskilning að fyrirtækið fær ekki fjármuni úr ríkissjóði til þessara framkvæmda, heldur mun það fjármagna framkvæmdirnar úr eigin rekstri. Að sjálfsögðu þarf fyrirtækið að taka eðlileg viðskiptalán, en þar sem fyrirtækið er ríkisfyrirtæki fylgir slíku láni að sjálfsögðu ríkisábyrgð með sama hætti og hjá öðrum ríkisfyrirtækjum. Þess vegna er upphæðin tiltekin í því lánsfjárlagafrv. sem liggur fyrir Alþingi og mælt hefur verið fyrir nú þegar.

Í athugasemdum með frv. nú eru nýrri upplýsingar en á sl. ári, en það stafar að sjálfsögðu af því að nú liggja fyrir reikningar félagsins, réttara sagt fyrirtækisins, fyrir árið 1992. Þar kemur í ljós að sala fyrirtækisins nemur yfir 800 millj. kr. Hagnaður af rekstri Lyfjaverslunarinnar var á sl. ári 66,9 millj. og bókfært eigið fé í árslok 1992 er samtals 355,2 millj. kr. Í lok hinnar almennu greinargerðar er sagt frá nokkrum ákvæðum laganna sem koma til með að breytast og falla niður þegar fyrirtækið verður einkavætt. Það skal tekið fram að öll þessi atriði eru sett hér í þessa greinargerð í fullu samráði við heilbr.- og trmrn.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð öllu fleiri. Umræður fóru fram á síðasta þingi, 1. umr. Málið hlaut ekki endanlega afgreiðslu. Leitað var umsagna og þær liggja fyrir þannig að gera má ráð fyrir að athugun á málinu taki skemmri tíma nú en þá.

Það er ósk mín að þetta mál gangi til efh.- og viðskn. þingsins og því verði enn fremur vísað til 2. umr.

[17:36]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er ævinlega álitamál hversu mikið hið opinbera, ríkisvaldið í þessu tilfelli, á að vera að skipta sér af atvinnurekstri og/eða reka fyrirtæki og stofnanir sem hinn almenni markaður getur séð um og er kannski þegar með hliðstæða starfsemi í gangi og ríkið er að veita viðkomandi aðilum ákveðna samkeppni. Hins vegar tel ég að í hverju tilviki þurfi að skoða mál sérstaklega og þá auðvitað einnig með hagsmuni ríkisins og ríkissjóðs í huga hvað er í raun skynsamlegt og hagkvæmt fyrir ríkið. Það má ekki líta á einkavæðingu sem svo heilaga að hún sé nánast rekin eins og trúarbrögð og ríkið megi yfirleitt ekki skipta sér af neinu sem að einhverju leyti gæti flokkast undir atvinnurekstur í samkeppni við aðra aðila. Það finnst mér að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn þurfi að hafa í huga alla jafnan og skoða sérstaklega í hverju einstöku tilviki.

Ég vil aðeins drepa á nokkur atriði sem mér finnst vera sérstaklega umhugsunarverð varðandi flutning þessa frv. sem nú er til umræðu um að stofna hlutafélag um Lyfjaverslun ríkisins og heimila síðan sölu á því hlutafélagi eða hlutabréfum í því félagi.

Ég ítreka það aftur, og reyndar hefur það komið fram á undanförnum missirum þegar hæstv. ríkisstjórn hefur verið að flytja sín frv. um einkavæðingu og selja sum opinber fyrirtæki, að ég og við framsóknarmenn getum vel stutt ýmsar hugmyndir í því sambandi en vörum hins vegar við því að það sé eitthvað algilt og viljum að það sé skoðað rækilega í hverju tilviki.

Það sem mig langar að nefna í sambandi við þetta frv. og það fyrirtæki eða þann atvinnurekstur sem hér er verið að ræða um, Lyfjaverslun ríkisins, er ekki síst í tengslum við þau ákvæði sem kveðið er á um í 4. gr. frv. og hæstv. fjmrh. gerði sérstaklega að umtalsefni í framsöguræðu sinni. Þar er kveðið á um það með sérstöku ákvæði að við sölu hlutabréfa þessa fyrirtækis eða hlutafélags ef af verður skuli þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja. Hvers vegna skyldu menn vera að skoða það sérstaklega? Af hverju þarf það að takast sérstaklega fram í þessu sambandi og hvað er það sem ríkið telur að það þurfi að gæta að einmitt til þess að setja svona lagaákvæði inn? Það hlýtur að vera fyrir það að ríkið telur sig hafa einhverja sérstaka hagsmuni í þessu sambandi umfram það sem kann að vera í ýmsum öðrum almennum atvinnurekstri. Einhverja sérstaka hagsmuni og þeir koma m.a. fram í því að ríkið sjálft er stærsti viðskiptaaðili fyrirtækja sem selja og framleiða lyf. Ekki bara að það greiði tæplega 70% af kostnaðinum eða rétt um það bil og reyndar stundum meira, það er svolítið breytilegt hvað hlutfall einstaklinga sem neyta lyfja eða þurfa að kaupa lyf er hátt og eins hvað fer í gegnum aðra farvegi en í gegnum apótekin til einstaklinganna. Þannig að þetta getur verið breytileg tala og ég hygg að stundum sé hún hærri heldur en 70%. Það eru einmitt þessir hagsmunir sem ríkið hlýtur að vera að hugsa um þegar hæstv. ráðherra setur það hér í frv. að þess skuli gætt að samkeppni verði tryggð á sviði lyfjadreifingar og framleiðslu lyfja við sölu á hlutabréfum.

Þetta vildi ég undirstrika og draga fram sérstaklega, virðulegur forseti, vegna þess að ég tel að þetta sé kannski eitt af stærstu atriðunum sem þarf að huga að.

Í öðru lagi langar mig að spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig hann hyggst beita þessu ákvæði í lögunum. Það er eitt að hafa svona ákvæði í lögunum og annað er hvernig menn ætla að framkvæma það. Það held ég að hljóti að vera öllu erfiðara að eiga við. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að sjá til þess með sölu á þessum hlutabréfum að samkeppni verði tryggð og ekki skapist ákveðin einokun á þessum markaði, sem gæti leitt til þess að kostnaður hins opinbera við lyfin fari vaxandi? Ég leyfi mér að efast um að hann hafi mikið vald á því nema kannski rétt í upphafi, þ.e. við fyrstu sölu þegar hæstv. fjmrh. nýtir sér þessa heimild í 4. gr. til að selja hlutabréfin, að öllu leyti eða að hluta, en síðan er gamanið búið. Enginn getur held ég með vissu tryggt það þótt hér sé ágætis lagaákvæði inni um mikilvægi samkeppninnar, tryggt það hver eignast hlutabréfin síðar þegar ríkið hefur selt þau og þá finnst mér þetta vera heldur léttvægt ákvæði.

Nú erum við auðvitað með lög sem eiga að tryggja samkeppni og réttmæta viðskiptahætti og kann að vera að hæstv. ráðherra hugsi sér að slík almenn lagasetning geti haft áhrif í þessu sambandi og vissulega er það mikilvægt, en ég vildi hafa a.m.k. sagt þetta hér og sett fram ákveðin varnaðarorð í þessu sambandi.

Annað er það sem mig langar að drepa á og er dregið fram í greinargerðinni og reyndar hygg ég að það hafi m.a. verið rætt þegar frumvarpið var til umræðu á seinasta þingi, var að þetta fyrirtæki hefur sérstöðu hvað varðar framleiðslu á ákveðnum lyfjum, svokölluðum dreypilyfjum. Lyfjaverslun ríkisins hefur nær alfarið verið með þessa framleiðslu á sínum vegum og uppfyllt þörf sjúkrahúsanna fyrir þessi lyf. Nú er auðvitað sjálfsagt hægt að segja sem svar við því að það er ekkert sjálfgefið að það sé Lyfjaverslun ríkisins, það getur auðvitað hvert annað lyfjaframleiðslufyrirtæki sem er framleitt þessi lyf og þar að auki getur Lyfjaverslun ríkisins haldið áfram að framleiða þau hver svo sem eigandinn er, það þarf ekki að vera bundið við það að ríkið sé eigandi þessa fyrirtækis. En þarna er alveg tvímælalaust um að ræða mikla hagsmuni fyrir ríkið eða hið opinbera vegna þess að það er sjálfsagt ekki bara 70% greiðandi af þessum lyfjum heldur 100% því þau fara öll í gegnum sjúkrahúsin eða að mestu, kannski eitthvað í gegnum einkastofur sérfræðinga, ekki skal ég fullyrða um það en líklegt þykir mér að þetta sé nánast einvörðungu notað á sjúkrahúsunum og þá er ríkið eini kaupandinn að þessari framleiðslu.

Eitt sem ég vildi líka nefna í greinargerðinni og er nú svona fullyrðing sem ég skil kannski ekki, er fallegur texti, þar sem segir að ýmislegt bendi til þess að einkavæðing fyrirtækisins geti orðið til góðs fyrir ríkissjóð. Þetta er auðvitað bara svona eins og ég segi falleg orð á blaði, þau segja mér bókstaflega ekki neitt. Hún getur líka verið góð fyrir rekstrareininguna sem slíka. Það getur vel verið að einhverjir aðrir geti rekið þetta betur en ríkið hefur gert, þó hygg ég að þarna hafi verið gott starfsfólk með afar áhugasaman framkvæmdastjóra fyrir þessari stofnun sem hefur rekið hana af miklum myndarbrag. Síðan segir að þetta geti verið til góðs fyrir markaðinn í heild. Það er sjálfsagt gott fyrir þá sem koma til með að eignast fyrirtækið og geta þá haft það með hinum lyfjaframleiðslufyrirtækjunum sem þeir eiga fyrir þegar þeir eru búnir að kaupa þetta af hæstv. fjmrh. Þannig að mér finnst þetta ekki segja mikið.

Mig langaði líka til þess að spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að velta fyrirtækisins er mikil og hagnaðurinn á seinasta ári tæplega 70 millj. kr., 67 millj. kr. sem fyrirtækið hefur skilað í ríkissjóð trúlega, þ.e. hagnaður af rekstri Lyfjaverslunarinnar. Auðvitað fer það sjálfsagt að einhverju leyti í endurbyggingu á fyrirtækinu sem hæstv. ráðherra nefndi áðan og hefur nú verið a.m.k. í umræðu og ég hef heyrt suma gagnrýna

vegna þessara hugmynda sem fram komu á síðasta þingi að breyta fyrirtækinu í hlutafélag og selja það síðan.

En þá er líka um mikla eign að ræða ef hér er talað um að bókfært eigið fé sé 355 millj. kr. og síðan er verið að framkvæma í fyrirtækinu fyrir 200 millj. kr. og sjálfsagt er það eitthvað slíkt sem ráðherra horfir til að þarna séu allmiklir fjármunir sem gætu lagað stöðu ríkissjóðs í bili en það er aðeins í bili ef það þýðir að það gæti leitt til stóraukins kostnaðar hjá hinu opinbera við lyfjaútgjöldin. Nú segir hagnaður kannski ekki mikið heldur vegna þess að það er auðvitað ríkið sem greiðir meginhluta af hagnaðinum ef ríkið greiðir yfir 70% af þessum kostnaði.

Eitt enn vildi ég nefna, virðulegur forseti. Það kemur fram í athugasemdum með frv. þar sem gerð er grein fyrir þeim breytingum sem þurfi að gera á núgildandi lögum um lyfjadreifingu nr. 76/1982 þar sem segir að lyfjaverslunin annist framleiðslu lyfja og birgðahald fyrir almannavarnir. Hér er auðvitað líka um að ræða ákveðinn öryggisþátt sem mér finnst ekki mega líta alveg fram hjá og vildi beina þeirri spurningu einnig til hæstv. ráðherra, hvort það sé ekki mál sem þurfi að huga að, kannski ekki alveg sjálfgefið að menn felli bara niður án þess að eitthvað sé um það getið hvernig þessum málum skuli að öðru leyti hátta. E.t.v. er þetta orðið nú þegar óvirkt lagaákvæði eða hægt sé að gera þessar kröfur til einhverra annarra aðila. Þó segir í greinargerðinni að ákvæðið sé fellt niður þar sem ekki verði gerðar frekari kröfur til hins nýja hlutafélags en annarra fyrirtækja til þess að annast þetta öryggishlutverk en mér finnst það þó vera atriði sem ætti að hafa til umhugsunar.

Að lokum: Ef það er svo að það sé staðfastur ásetningur hæstv. ráðherra að selja en umræður og hugsanlega rök sem hníga að því að þessi einkavæðing, eins og hún er boðuð, sé ekki að öllu leyti skynsamleg, þá beini ég því til hæstv. ráðherra og þeirrar nefndar sem fær málið til umfjöllunar hvort ekki mætti hugsa sér að breyta starfsemi Lyfjaverslunarinnar og selja hluta starfseminnar eða hreinlega leggja niður, þ.e. þann þáttinn sem varðar beinlínis samkeppni við viðskiptaaðila, þ.e. innflutning og sölu og dreifingu á lyfjum jafnvel fyrir umboðsaðila. En eftir sem áður mætti hugsa sér að hið opinbera hefði fyrirtæki á sínum snærum sem sæi um framleiðslu ákveðinna lyfja og líklega hefur það verið upphaflegi tilgangurinn með þessu fyrirtæki en ekki það að það væri í viðskiptalegri samkeppni við aðra aðila sem eru framleiðendur eða innflytjendur og umboðsaðilar lyfja. Auðvitað hef ég heyrt og það er reyndar hluti af þeirri gagnrýni sem haldið er uppi á starfsemi Lyfjaverslunar ríkisins.

Þetta vildi ég nefna, virðulegur forseti, og hef spurt ráðherra nokkurra spurninga sem ég vil gjarnan fá hans svör eða álit við.

[17:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í umræðum þá var þetta frv. lagt fram á seinasta þingi og tók ég þá þátt í umræðum um það og ætla ekki að endurtaka það sem ég sagði þá um þær greinar sem ég hafði ákveðnar athugasemdir við, það má finna í þingtíðindum frá síðasta þingi. Það sem hins vegar hefur bæst við nýtt síðan er að það hafa staðið yfir allmiklar framkvæmdir á þessu ári, endurnýjun framleiðsludeilda, eins og segir hér, svo það standist nýja staðla um góða framleiðsluhætti. Hæstv. fjmrh. upplýsti áðan í framsöguræðu að til þess hefði verið tekið lán, 200 millj. kr. ef ég tók rétt eftir (**Fjmrh.:** Framkvæmdin kostar 200 millj., lánið sem beðið er um er 70 millj.) já, þá bið ég afsökunar á því, ég hef ekki tekið nægilega vel eftir því en framkvæmdin mun hafa kostað um 200 millj. kr. og það þarf að taka lán til þessara framkvæmda. Þó að reksturinn hafi gengið nokkuð vel þá hefur það ekki nýst allt til þess og það lán er tekið með ríkisábyrgð eins og ráðherra upplýsti áðan. Nú er það stefna ríkisstjórnarinnar að draga mjög mikið úr lántöku með ríkisábyrgð og mér finnst það skjóta nokkuð skökku við og orka mjög tvímælis að þegar búið er að ákveða að selja eitthvert fyrirtæki, eins og hér kemur fram í þessu frv., það er stefnt að því að selja þessa hluti, þá er byrjað á því að framkvæma fyrir 200 millj. kr. og taka lán með ríkisábyrgð. Það er mjög einkennilegt að standa þannig að verki ef þetta er fyrirtæki sem ríkið ætlar ekki að eiga í framtíðinni á sama tíma og ríkið stefnir að því að hætta að veita ríkisábyrgð fyrir lánum.

Þetta vildi ég kæmi hér fram, að ég hefði þessar athugasemdir um þetta. Einnig í framhaldi af því, sem hér er sagt í 4. gr., að fjmrh. sé heimilt að selja hlutabréfin: Hvernig verður þá með að meta andvirði þessara hlutabréfa þar sem hér hefur verið lagt í allmiklar fjárfestingar að því er virðist til að gera fyrirtækið söluhæft? Heldur fjmrh. að það náist að fá fyrir þeim breytingum ásamt þeim stofnkostnaði þá sem liggur í þessu fyrirtæki? Hefur hann einhverja von um það að geta selt þetta fyrirtæki fyrir þeim útlagða kostnaði sem búið er að leggja í það ásamt með stofnkostnaði?

[17:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar umræður, þær draga dám af því að sjálfsögðu að málið hefur verið rætt nokkuð áður. Ég vil strax í upphafi geta þess að mér finnst eðlilegt að málið verði sent áfram til heilbr.- og trn. þingsins úr efh.- og viðskn., ekki síst vegna þeirra breytinga sem þarf að gera á lögunum og varða sjúkrahús og heilbrigðisþjónustuna og reyndar Almannavarnir ríkisins.

Ég mun leitast við að svara örfáum fyrirspurnum og nefna nokkur atriði önnur sem fram komu í ræðum hv. ræðumanna.

Ég tek undir það sem kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. e. að það er afar mikilvægt að halda lyfjaverðinu sem lægstu og þess vegna skiptir miklu máli hvernig fer með sölu þessa fyrirtækis ef af verður. Mín skoðun er sú að það þurfi að tryggja samkeppnina á þessum markaði og það sé skilyrðislaus skylda ríkisvaldsins að sjá til þess að slík samkeppni sé fyrir hendi og að hún geti leitt til lægra verðlags, þannig að ég er

alveg sammála því sem kom fram hjá hv. þm. enda greiðir ríkið verulegan hlut af lyfjakostnaði hér á landi. Það hefði verið ástæða til þess að ræða dálítið um lyfjaverð, ekki einungis hér á landi heldur í heiminum því lyfjakostnaður er orðinn einn aðalkostnaður heilbrigðisþjónustu og jafnvel ríkisútgjalda í hinum vestræna heimi og nánast óyfirstíganleg stærð hjá ýmsum iðnvæddum þjóðum.

Ein af spurningunum sem til mín var beint var sú hvernig ætti að framkvæma 4. gr., þ.e. hvernig ráðherra ætlaði að tryggja það að fyrirtækið lenti ekki höndum þeirra fyrirtækja sem nú eru á markaðnum. Í raun lét einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar fyrirtækið Kaupþing kanna þetta á sínum tíma og það liggja fyrir tillögur um það frá því í október á sl. ári. Nú er ekki þar með sagt að eftir þeim tillögum verði farið, en það eru til hugmyndir um það hvernig hægt væri að standa að slíkri sölu. Til að nefna hugmyndirnar — og ég vil taka það skýrt fram að ég er ekki þar með að segja að þeim verði fylgt heldur einungis að gefa það í skyn að málið hafi verið kannað — þá bendir fyrirtækið á að svonefndum millifjárfestum verði gefinn kostur á að taka þátt í kaupunum með kvöð um að setja félagið á markað innan ákveðins tíma. Það skipti einnig máli að ríkið haldi a.m.k. fimmtungi hlutafjárins og stjórnarmanni um sinn til þess að ljóst sé og því sé fylgt að hlutdeildin fari á almennan markað. Þá er á það bent í áliti fyrirtækisins að hugsanlegt sé að fara þá leið að bjóða fyrirtækið út og láta hópa eða tiltekna aðila skila inn hugmyndum um verð og fyrirkomulag enda verði ríkið áfram inni sem þátttakandi. Allar hugmyndirnar sem fram hafa komið eru á þann veg að ríkið geti ekki í einni svipan horfið úr eignaþátttöku í fyrirtækinu heldur beri að fylgja þessum sjónarmiðum eftir sem fram koma í 4. gr. frv.

Við höfum áður rætt um dreypilyfin sem ég hygg að fyrirtækið hafi byrjað að framleiða á miðjum sjötta áratugnum. Þetta er kannski einn mikilvægasti þáttur framleiðslunnar og hefur tekist vel og ég sé ekki annað heldur en einkafyrirtæki geti hæglega tekið við slíkri starfsemi.

Það er rétt að það er yfirlýsing í greinargerðinni um það að einkavæðingin sé góð fyrir ríkissjóð. Það sem býr að baki þeim ummælum er að sjálfsögðu það að einkavæðingin eins og hún er hugsuð hér á að leiða til harðari samkeppni og ég rifja það upp að á sínum tíma var Lyfjaverslun ríkisins rekin með allt öðrum hætti heldur en nú á undanförnum árum þannig að Lyfjaverslunin var eins konar banki fyrir heilbrigðiskerfið, ekki síst fyrir Ríkisspítalana. Það söfnuðust stundum upp hundruð milljóna skuldir um áramót sem síðan voru leystar með aukafjárveitingum á þeim tíma. Frá þessu hefur verið horfið og á undanförnum árum hefur fyrirtækið verið að breytast í venjulegt viðskiptafyrirtæki.

Þegar rætt er um sölu fyrirtækisins, og reyndar kom hv. 6. þm. Vestf. að því máli einnig, þá er það mat þess fyrirtækis sem hefur skoðað og tekið út Lyfjaverslunina að það verði hægt að ná inn fjármunum, bæði fyrir fyrirtækið eins og það stendur nú og þeim viðbótum sem koma í fyrirtækið þegar framkvæmdum er lokið Við verðum að hafa það í huga að nokkur hluti framkvæmdanna er fjármagnaður með lánum þannig að það er ekki hægt að leggja saman virði fyrirtækisins og viðbæturnar og fá heildartölu út úr því, því að fyrirtækið mun þurfa að skuldsetja sig um nokkurra ára skeið og þá ber að líta á nettótöluna. Það er hins vegar alveg óvíst hvert markaðsverð fyrirtækisins er og á það reynir ekki fyrr en við fáum kauptilboð frá tilvonandi eigendum fyrirtækisins.

Varðandi birgðahald fyrir almannavarnir skal það tekið fram að aðstandendur frv. telja eðlilegt að dómsmrn. fyrir hönd almannavarna geri samning annaðhvort við sjúkrahús eða sjúkrahús og lyfjadreifingar- og lyfjasölufyrirtæki um birgðahald fyrir almannavarnir. Slíkir samningar eru þekktir, t.d. við apótek í dag, þar sem þau eru skylduð til að halda úti lágmarksbirgðum og það er ekkert sem þarf að koma í veg fyrir að slíkan samning sé hægt að gera við tiltekin fyrirtæki og greiða fyrir eða skylda þannig að skyldan nái jafnt til allra. Það er hins vegar óeðlilegt að einu einkafyrirtæki séu sett þessi takmörk umfram önnur slík fyrirtæki sem eiga í samkeppni á þessum markaði.

Varðandi ríkisábyrgðina, þá er það hárrétt sem hv. 6. þm. Vestf. sagði að það er unnið að því að draga úr ríkisábyrgð og þess vegna finnst mér mjög mikilvægt að ég taki það fram að sú ríkisábyrgð sem við erum að fjalla um í þessu tilliti er ekki þessi venjulega ríkisábyrgð þar sem ríkið samþykkir að veita ábyrgð á viðkomandi láni, heldur er ríkisábyrgðin einungis eigendaábyrgð ríkisins og það er skylt að setja í lánsfjárlög lántökur B-hluta stofnana og fyrirtækja. Það er eingöngu það sem ég átti við þegar ég talaði um ríkisábyrgðina og það þýðir auðvitað að áður en kemur til kasta ríkisins sem ábyrgðaraðila, þá verður fyrirtækið gert upp, gert gjaldþrota eins og gengur og gerist með venjuleg viðskiptaleg fyrirtæki, þannig að það sem ég átti við var einungis það að ríkisábyrgðin er sams konar og sú ábyrgð sem ríkið ber á opinberum fyrirtækjum, B-hluta fyrirtækjum og stofnunum og fyrirtækjum í eigu ríkisins. Ég minni í því sambandi á Síldarverksmiðjur ríkisins, ríkisviðskiptabankana og svo mætti lengi telja. Það var það eina sem ég átti við í mínu máli. Og það er skylda þessara fyrirtækja að afla lánsfjárheimildar með lögum.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi með þessum orðum a.m.k. nefnt flest það sem kom fram í ræðum hv. þm. Ég vænti þess að málið gangi til efh.- og viðskn. og fái síðan umfjöllun í heilbr.- og trn. og lýsi því yfir að ráðuneytið mun að sjálfsögðu gefa allar þær upplýsingar sem um verður beðið og er í valdi ráðuneytisins á meðan málið er til umfjöllunar í viðkomandi nefnd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, fyrri umr.

Þáltill. StB, 41. mál. — Þskj. 44.

[18:03]

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda. Tillagan er 41. mál á þskj. 44. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 63 frá 1970, um skipan opinberra framkvæmda. Endurskoðunin miði að því að koma á breyttri skipan við undirbúning og gerð langtímaáætlana um opinberar framkvæmdir."

Í greinargerð með tillögunni segir svo, með leyfi forseta:

„Með lögum nr. 63 frá 1970 var opinberum framkvæmdum skipað með ákveðnum og skýrum hætti og sagt fyrir um hvernig staðið skuli að undirbúningi, áætlanagerð og framkvæmdum.

Frá því lögin voru sett hefur orðið ör framþróun á sviði verklegra framkvæmda auk þess sem breytt hefur verið verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Þá hefur mannvirkjagerð aukist. Það er því mat flutningsmanns að nauðsynlegt sé að endurskoða lögin og gera breytingar á þeim, einkum varðandi kröfur til undirbúnings framkvæmdum. Setja þarf ákvæði um hvernig meta eigi stærð bygginga áður en hönnun hefst, hvernig taka eigi ákvarðanir um flokk gæða viðkomandi byggingar og um leið kostnað á fermetra og hvernig hönnunarstjórn skuli háttað. Þá er mjög mikilvægt að herða ákvæði um skilamat opinberra framkvæmda þar sem gerð er grein fyrir hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun.

Á sama hátt og gerð er áætlun til margra ára um framkvæmdir í vegagerð og hafnagerð er eðlilegt að langtímaáætlun um mannvirkjagerð sé lögð fram og samþykkt. Slík áætlun nái til allra flokka framkvæmda sem ríkið stendur að.

Viðhald mannvirkja fer vaxandi með fjölgun opinberra bygginga. Því er nauðsynlegt að setja ákvæði um það í lög um opinberar framkvæmdir hvernig skuli staðið að skipulegu viðhaldi opinberra bygginga og fjármögnun þess af leigu eða reiknuðum tekjum af þeirri starfsemi sem nýtir viðkomandi byggingu eða mannvirki."

Greinargerðinni fylgir erindi forstöðumanns framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins sem hann flutti á mannvirkjaþingi á síðasta ári og er ástæða til þess að vekja athygli á því.

Árið 1965 setti þáv. fjmrh. Magnús Jónsson nefnd til þess að vinna að skipulagi opinberra framkvæmda. Nefndin skilaði ítarlegri skýrslu um skipan opinberra framkvæmda og á grundvelli hennar var unnið frv. til laga um framkvæmdir á vegum ríkisins. Var það lagt fyrir þingið 1967. Nokkur tími fór í vinnu við frv. og voru samþykkt lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda.

Meginhugmyndafræði laganna byggir á þeirri skipan að opinberar framkvæmdir hefjist með frumathugun sem skuli meta áður en frekari áætlanagerð og hönnun hefst. Verklegar framkvæmdir skuli hefjast að undangenginni kostnaðaráætlun, tímaáætlun og rekstraráætlun. Að loknum framkvæmdum skal gera skilamat sem lagt skal fyrir fjárlaganefnd Alþingis, samstarfsnefnd um opinberar framkvæmdir og eignaraðila.

Að mati margra þeirra sem unnið hafa á grundvelli þessara laga eru þau um flest vel gerð og ættu að geta verið rammi um góða tilhögun og framvindu framkvæmda. En á þeim 23 árum sem liðin eru síðan þau tóku gildi hefur margt breyst hvað varðar opinberar framkvæmdir í landinu. Í greinargerð nefndar sem undirbjó frv. sagði svo, með leyfi forseta:

„Nefndin telur fullvíst að ein af meginorsökum þess hversu mörg af opinberum mannvirkjum verða dýr sé ónógur tæknilegur og fjárhagslegur undirbúningur framkvæmdanna. Nefndin telur vafalaust að lægstum tilkostnaði við mannvirkjagerð megi ná með því að vinna samfellt að verkinu á skemmsta mögulegum tíma, en til þess að það geti orðið þarf öllum tæknilegum undirbúningi verksins að vera lokið áður en verkið sjálft hefst og allt fjármagn til verksins að vera tryggt á hinum skamma byggingartíma.

Þetta hefur ekki verið gert á undanförnum árum, heldur hafa ákvarðanir um að hefja opinberar framkvæmdir verið teknar örar en fé hefur verið veitt til þeirra og afleiðingin hefur ekki hvað síst sagt til sín í miklum kostnaði."

Það sem hér er sagt árið 1966 í greinargerð með frv., sem síðar varð að lögum, er enn í fullu gildi og því ástæða til þess að endurskoða lögin og gera á þeim breytingar sem herði á allri framkvæmd og mati á árangri í verklok. Þeir þættir sem ég tel mikilvægast að endurskoða og taka til sérstakrar skoðunar af þeirri nefnd sem tillagan gerir ráð fyrir að skipuð verði, eru eftirgreindir:

1. Hvernig skilgreina eigi sameiginleg verkefni ríkis og sveitarfélaga og annarra aðila svo að koma megi í veg fyrir togstreitu og ágreining með skýrt afmarkaðri ákvörðun um verkaskiptingu þegar um sameiginleg verkefni er að ræða. Þá er nauðsynlegt að koma á skýrum ákvæðum um lántökur og endurgreiðslu þeirra vegna verka sem unnin eru hraðar af öðrum samningsaðila. Má þar m.a. nefna fjármagnskostnað og verðtryggingu og einnig þann arð sem mannvirki gefur eftir að verki er lokið.

2. Hvernig meta eigi stærðarþörf bygginga og hvaða kröfur eigi að gera til gæða þeirra, sem skiptir afskaplega miklu máli.

3. Hvernig hönnunarstjórn skuli vera háttað og mati hvað varðar kostnaðar- og rekstraráætlun. Þá er mjög mikilvægt að setja skýrar reglur um áætlanagerð og mat á fráviki í áætlun eftir gerð mannvirkja.

4. Hvaða mannvirki eigi að falla undir langtímaáætlun um mannvirkjagerð á vegum ríkisins. Má þar draga saman reynslu af vegalögum og hafnalögum og fella inn í löggjöf um opinberar framkvæmdir langtímaáætlun um húsbyggingar og viðhald mannvirkja.

5. Hvaða reglur eigi að gilda um viðhald mannvirkja og fjármögnun þess og forgang umfram nýbyggingar.

6. Hvernig herða skuli skilamat og reglur um útboðsgögn og verklýsingar. Það gildi bæði um nýbyggingar og ekki síður viðhald þeirra.

7. Hvernig undirbúningi og yfirumsjón með verkum skuli háttað, hvernig styrkja megi framkvæmdadeild Innkaupastofnunar og koma í veg fyrir að einstök ráðuneyti eða stofnanir fari eigin leiðir sem stangist á við lög og þær verklagsreglur sem í gildi eiga að vera.

Verulegur hluti útgjalda ríkisins gengur til nýbygginga og viðhalds mannvirkja. Það varðar því miklu að allur undirbúningur sé vandaður og ekki ríki tortryggni milli þeirra sem bera ábyrgð á framkvæmdum og þeirra stjórnmálamanna sem er gert að taka pólitíska ábyrgð á framkvæmdum. Í ljósi þess er tillagan flutt og vona ég að hún nái fram að ganga og lög um opinberar framkvæmdir megi falla að þeim aðstæðum sem hafa verið að þróast og fjármunir ríkisins nýtist sem allra best.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til, virðulegi forseti, að tillögunni verði vísað til fjárln. og síðari umr.

[18:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessi tillaga er fram komin á nýjan leik þó ekki væri nema til þess að hv. nefnd fái tækifæri til þess að ræða sérstaklega um útboðsstefnu ríkisins, bæði á framkvæmdasviðinu og jafnvel einnig um innkaup. Ég vil láta það koma fram að nýlega samþykkti ríkisstjórnin útboðsstefnu og það má kannski segja að slík útboðsstefna sé hluti af þeirri stefnu sem sú ríkisstjórn sem nú situr að völdum hér á landi vill fylgja í ríkisbúskapnum, en hún er að læra sem mest af einkamarkaðnum, reyna að draga sem mest úr umsvifum ríkisins, einkavæða þau fyrirtæki sem best eru til þess fallin, bjóða sem mest út af verkefnum ríkisins, ekki bara framkvæmdum heldur líka rekstrarverkefnum til þess að stækka útboðsmarkaðinn, tryggja hann í sessi og ná fram sem mestum gæðum, enda hlýtur það fyrst og fremst að vera hlutverk ríkisins að hafa eftirlit með því að sú starfsemi sem fer fram á vegum ríkisins, þarf ekki endilega að vera unnin af ríkisstarfsmönnum, sé góð og skili sér vel til skattgreiðenda og hinna sem þurfa og eiga að njóta ríkisþjónustunnar, hver sem hún er.

Þessi útboðsstefna hefur verið kynnt og ég held að það sé full ástæða til þess að kanna sérstaklega framkvæmdirnar og útboð á framkvæmdum sem auðvitað var meginefni í ræðu flm., enda fjallar tillagan um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda.

Ég vil sérstaklega taka undir það sem kom fram hjá honum hve mikilvægt það er að koma skilamatinu í lag. Í raun er það kannski sá hluti laganna sem hefur ekki verið í lagi allt frá upphafi þess að farið var að fylgja þessum lögum eða frá 1970. Það er nefnilega gífurlega mikilvægt að ríkið sem er svona stór framkvæmdaaðili læri af mistökum og reynslu og árangri af ýmsum framkvæmdum sem unnið er að á vegum ríkisins. Í vaxandi mæli og ekki síst nú á allra síðustu missirum hafa útboðin á vegum ríkisins verið að breytast. Þeir aðilar sem koma að byggingum og framkvæmdum eru gerðir ábyrgari gerða sinna. Því hefur stundum verið haldið fram að það megi margfalda frumáætlun með tveimur eða þremur, fjórum eða fimm til þess að fá út endanlegt verð, en í vaxandi mæli eru núna allir kvaddir til verksins og gerðir jafnvel ábyrgir fyrir niðurstöðunni. Ég hygg að það kunni að vera fróðlegt fyrir nefndina að kynna sér það hvernig staðið er að fyrirhugaðri byggingu hæstaréttarhúss sem er áreiðanlega gott dæmi um nýjung í framkvæmd.

Varðandi þá þætti sem hv. þm. og tillögumaður ræddi hér sérstaklega þá vil ég láta það koma fram að framkvæmdadeildin hefur nýlega verið að gera samninga við einstök ráðuneyti, nú síðast við heilbr.- og trmrn., um það hvernig samstarfi þess og framkvæmdadeildarinnar eigi að vera háttað. En ég vil lýsa því yfir hér að ég tel það mjög mikilvægt að allar ríkisstofnanir, og þá sérstaklega ráðuneytin, virði þær meginreglur sem eiga við um útboð. Það hlýtur að vera í verkahring stærstu stofnananna eins og Pósts og síma og Vegagerðarinnar að sjá um útboðsstarfsemina á þeirra sviðum en það er alveg bráðnauðsynlegt að ráðuneytin öll virði grundvallarleikreglur útboðanna því aðeins þannig getum við vænst þess að fá þann árangur sem við þurfum á að halda í útboðsstarfseminni.

Ég fagna því að þessi tillaga er fram komin þó ekki væri nema vegna þess að það gefur færi á að ræða málið við framkvæmdarvaldið í fjárln. og ég tel að það sé mjög góður vettvangur til þess að fulltrúar fjmrn. og stofnananna eins og framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar ríkisins og jafnvel annarra stofnana sem sjá um sín útboðsmál sjálf geti komið þar saman og rætt um það hvernig gera má betur í þessum efnum.

[18:17]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því að hv. þm. hefur lagt þessa þáltill. fram aftur um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda. Þetta er löngu tímabær tillaga og vonandi auðnast okkur að afgreiða hana á þessu þingi. Það er nauðsyn á endurskoðun þessara laga, ekki síst með tilliti til þess að verkaskipti ríkis og sveitarfélaga hafa breyst og verulegar breytingar eru áætlaðar á verkaskiptum ríkis og sveitarfélaga. Ég er ekki viss um að það sé hægt að ganga frá langtímaáætlun varðandi opinberar byggingarframkvæmdir eins og í vegagerð og hafnargerð en þó væri fullkomlega eðlilegt að slík langtímaáætlun lægi fyrir og sé a.m.k. stefnumótandi þó ekki færi hún í endanlega afgreiðslu í þinginu. Það heyrist oft að opinberar framkvæmdir verði dýrar vegna þess að undirbúningur og skipulag framkvæmda er ekki í lagi og vegna þess að þær taka mjög langan tíma en það heyrist líka oft það sjónarmið að þegar um opinberar byggingar er að ræða, sé óþarfi að spara þar sem ríkið eigi í hlut. Það er sjónarmið sem heyrist allt of oft.

Ég hef sjálf reynt það í starfi mínu sem oddviti, það

var töluvert stríð fyrir nokkrum árum við ákveðið ráðuneyti, heilbrrn. svo ég tiltaki það sérstaklega, þar sem átti að fara að reisa heilsugæslustöð í mínu litla sveitarfélagi. Kostnaðaráætlunin fyrir nýbyggingu hljóðaði upp á einhverja tugi milljóna. Við áttum íbúðarhús sem hægt var að breyta og kostnaðurinn við það var u.þ.b. 8 millj. kr. Það var töluvert stríð að fá það viðurkennt af ráðuneytinu að við mættum fara í þessar breytingar. Ég held að það þyrfti að taka það inn við endurskoðun laga um skipun opinberra framkvæmda að ef möguleiki er á þá skuli ávallt reynt að fara ódýrustu leiðina. Ég vil einnig taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. og hæstv. ráðherra að það er nauðsynlegt að koma skilamatinu í lag, það hefur verið verulegur misbrestur á undanfarin ár. Ég fagna þessari tillögu og styð hana eindregið.

[18:20]

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þingmönnum og hæstv. fjmrh. undirtektir við þessa tillögu. Ég fagna því út af fyrir sig sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. að ríkisstjórnin skuli hafa markað sérstaka útboðsstefnu, það er mjög ánægjulegt. Hins vegar skiptir auðvitað afskaplega miklu máli hvernig raunin verður og þess vegna tel ég að það þurfi að endurskoða lögin um opinberar framkvæmdir til þess að ráðuneytum verði mörkuð skýr leið til að fara eftir við þá útboðsstefnu sem mörkuð hefur verið og ber að fagna.

Hæstv. fjmrh. nefndi sem dæmi um vandaðan undirbúning væntanlega byggingu hæstaréttarhúss. Það kann vel að vera, það þekki ég ekki og væri fróðlegt að kalla eftir upplýsingum um það þegar þessi tillaga verður til meðferðar í fjárln. ef hún fer þangað eftir þessa 1. umræðu í þinginu. En ég tel einmitt að undirbúningur hæstaréttarhússins væntanlega sé e.t.v. skólabókardæmi um það hvernig hægt er með staðsetningu einnar byggingar að velja e.t.v. allra dýrasta kost sem völ er á. Það er valin dýr lóð og erfið staðsetning inni á milli húsa sem er alveg ljóst að þarf að taka tillit til og það er valinn staður þar sem er alveg ljóst að byggingarhraði verður að vera mjög mikill og e.t.v. meiri en hagkvæmnissjónarmið mundu telja að væri æskilegt. Ég tel því að bygging væntanlegs hæstaréttarhúss sem ég tel að vísu, þó það skipti ekki máli í þessari umræðu, sé alveg á kolómögulegum stað. Ég tel að lóð undir hæstaréttarhús hefði átt að finna á öðrum stað í borginni. Það er auðvitað sér mál en það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hvernig fyrirhugað er að standa að þessari framkvæmd.

Ég fagna því einnig sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að það skuli hafa verið gerður samningur milli ráðuneyta og framkvæmdadeildar Innkaupastofnunar, sérstaklega heilbrrn., en það kom fram á síðsta hér þingi, eins og hv. þm. þekkja, að heilbrrn. hafði hugsað sér að standa ögn öðruvísi að framkvæmdum en þingmenn almennt höfðu búist við þannig að á vegum ráðuneytisins sjálfs væri staðið fyrir framkvæmdum í staðinn fyrir að framkvæmdadeildin sæi um þær. Ég tel að skýra og góða löggjöf um opinberar framkvæmdir þurfi til að taka á þessu þannig að það sé ekki þeirri hendingu háð hverjir veljast til þess að verða ráðherrar hvernig staðið er að þessum málum.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um langtímaáætlanagerð, það kunni að vera erfitt að gera áætlun til langs tíma um byggingarframkvæmdir, þá er það alveg rétt og ég tek undir það, það er mun erfiðara og vandasamara en að taka á hinum stærri viðfangsefnum, svo sem framkvæmdum við vegagerð og hafnargerð. En ég tel þó að þarna þurfi að skapa ákveðinn ramma um þær framkvæmdir sem ríkið ætlar sér að fara í á sviði opinberra bygginga og það sé líka liður í því að hafa stjórn á útgjöldum ríkisins, bæði til nýframkvæmda og ekki síður viðhalds.

Einnig var mjög athyglisvert sem kom fram hjá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur að það sé oft afstaða til opinberra framkvæmda að ekki þurfi að spara. Þetta vill vissulega liggja í landi og ber auðvitað að harma en með því að í lögum um opinberar framkvæmdir sé ákvæði um að áður en farið er út í framkvæmdir skuli gera sér grein fyrir því í hvaða kostnaðarflokki viðkomandi bygging eigi að vera og það sé val fyrir fram hvort hún eigi að vera dýr eða ódýr eða allt þar á milli, þá er hægt að fjalla um þetta á undirbúningsstigi og er ófært annað en að það sé sniðinn nokkuð þröngur stakkur þeim sem taka ákvarðanir um opinberar framkvæmdir þannig að það sé ekki eilíflega valinn dýrasti kosturinn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en þakka undirtektir og vænti þess að tillagan fái greiðan gang í gegnum þingið og vonast til þess að í þeirri nefnd sem fjallar um tillöguna verði hægt að kalla til aðila sem gætu veitt fyllri upplýsingar um framkvæmd á löggjöf um opinberar framkvæmdir.

[18:26]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta en af því að hús fyrir Hæstarétt eða dómshús kom aðeins til umræðu þá vil ég bara að það komi fram að mér finnst sú ákvörðun að fara út í þessa byggingu núna kolröng og sýna dæmi um þá forgangsröð verkefna sem verið hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar, þar sem aðhalds á að gæta í ríkisfjármálum og niðurskurður er til allra félagslegra þátta og félagslegrar þjónustu, þá er farið í þessa byggingu. Ef til vill er byggingin sjálf eða verkefnið vel undirbúið en alla vega ekki forgangsröðun verkefna á fjárlögum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 18.27.

24. FUNDUR

miðvikudaginn 27. okt.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 105. mál, þskj. 108. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 70. mál, þskj. 73. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 102. mál, þskj. 105. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 41. mál, þskj. 44. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Vegalög, stjfrv., 119. mál, þskj. 124. — 1. umr.
10. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 120. mál, þskj. 125. — 1. umr.
11. Sjómannalög, frv., 82. mál, þskj. 85. — 1. umr.
12. Endurskoðun slysabóta sjómanna, frv., 87. mál, þskj. 90. — 1. umr.
13. Búfjárhald, frv., 28. mál, þskj. 28. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Afli krókaleyfisbáta, 14. mál, svar sjútvrh., þskj. 142.

Afli línubáta, 15. mál, svar sjútvrh., þskj. 143.

Barnaverndarnefndir í fámennum sveitarfélögum, 134. mál, fsp. AÓB, þskj. 149.

Fagleg ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir, 135. mál, fsp. AÓB, þskj. 150.

Fjöleignarhús, 143. mál, stjfrv., þskj. 159.

Heilsutjón vegna háspennuvirkja, 137. mál, fsp. ÞBack, þskj. 152.

Hlutafélög, 138. mál, frv. KHG og EKJ, þskj. 153.

Húsaleigulög, 144. mál, stjfrv. þskj. 160.

Nýting síldarstofna, 139. mál, þáltill. JÁ o.fl., þskj. 154.

Ólympískir hnefaleikar, 141. mál, þáltill. KHG og IBA, þskj. 156.

Sameining barnaverndarnefnda, 133. mál, fsp. AÓB, þskj. 148.

Sjávarútvegsskóli, 142. mál, þáltill. FI og HÁ, þskj. 157.

Starfsmenn félagsmálaráðuneytisins í barnaverndarmálum, 136. mál, fsp. AÓB, þskj. 151.

Tekjuskattur og eignarskattur, 140. mál, frv. KHG, þskj. 155.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fordæmisgildi dóms um innflutning á skinku.

[13:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. fjmrh. og það er reyndar einnig gott að hæstv. landbrh. er hér.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um fordæmisgildi þess dóms sem fallinn er í héraðsdómi Reykjavíkur í máli Hagkaupa gegn landbrh. og fjmrh., í skinkumálinu svonefnda, gagnvart þeirri ákvörðun utanrrh. að leyfa innflutning á sambærilegri vöru, kalkúnalæri mun það hafa verið, í gegnum Keflavíkurflugvöll skömmu síðar. Er ekki óhjákvæmilegt að líta svo á að með dómnum sé það staðfest að ákvörðun utanrrh. hafi verið ólögmæt þar sem dómurinn sýknar landbrh. og fjmrh. með öllu af því að hafa brotið lög með því að neita að tollafgreiða umrædda skinku?

Í öðru lagi: Mun þessi niðurstaða málsins hafa í för með sér að fjmrh. sem yfirmaður Tollgæslunnar aðhafist frekar gagnvart þessu máli þegar þessi ólögmæti varningur á grundvelli ákvörðunar utanrrh. kom inn í landið?

Ég vil í þriðja lagi spyrja hæstv. fjmrh. hvort eftirköst verði af þeirri niðurstöðu dómsins að fallast á mótmæli stefndu í málinu, sem voru landbrh. og fjmrh., við því að af hálfu stefnanda voru lögð fram sem sönnunargögn í réttinum lögfræðilegar álitsgerðir og greinargerðir frá utanrrn. sem höfðu nær einvörðungu að geyma lögfræðilegt álit starfsmanna í því ráðuneyti. Þessu mótmæltu stefndu og dómurinn fellst á þau mótmæli. Ég spyr hvort þetta ráðuneyti muni jafnframt aðhafast eitthvað í framhaldi af þessu? (**Gripið fram í:** Það er dómsmrh. sem á að svara þessu.)

[13:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þessi dómur sem hér er verið að fjalla um er undirréttardómur. Það kann auðvitað svo að fara að málinu verði vísað til Hæstaréttar, ég tel að það hafi komið fram, þannig að það er ekki fyrr en þá sem endanleg niðurstaða fæst. En sá dómur sem liggur fyrir er auðvitað niðurstaða um það réttarástand sem hér ríkir í þessum málum nú. Þess vegna gildir dómurinn.

Dómurinn hefur auðvitað fordæmisgildi og það er alveg ljóst að vöruinnflutningur, hvort sem hann kemur til Keflavíkurflugvallar eða einhvers annars staðar á landinu, fer eftir sömu reglum. Það liggur því í augum uppi að samkvæmt niðurstöðu dómsins var óheimilt að flytja inn í landið með þeim hætti sem utanrrh. leyfði með bréfi til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli.

Það hefur ekki neitt verið rætt um það hvort eigi að aðhafast frekar í þessu máli enda sé ég ekki hvernig það mætti verða. Dómurinn liggur fyrir og það er búið að aflétta réttaróvissunni sem var fyrir hendi. Varðandi lögfræðiálitin skal það tekið fram að lögfræðiálit, hvort sem það er lögfræðiálit ríkislögmanns eða annarra lögmanna í landinu, hafa auðvitað ekki neitt annað gildi en að vera álit og koma aldrei í staðinn fyrir dóm, þannig að það skiptir engu máli fyrir ríkisstjórnina, utanrrh. eða nokkurn annan að ég fæ best séð þótt *reynt hafi verið* að leggja eitthvert lögfræðiálit fyrir dóminn. Það skiptir í raun og veru engu máli hvaðan það álit kemur. Ég held að í forsendum dómsins sé nægilega vel tekið á því máli.

Ef ég má, virðulegi forseti, aðeins segja að það sem skiptir máli (Forseti hringir.) er bara eitt og það er að niðurstaða þessa dóms hvílir á því að það sé vilji Alþingis *sem ræður í þessu máli og það var ekki vilji* Alþingis að breyta lögum þegar innflutningslögin tóku breytingum (**Forseti:** Tíminn er liðinn, hæstv. ráðherra.) í nóvember fyrir rúmu ári síðan. Ég biðst afsökunar að vera svona lengi.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Þau eru alveg skýr. Það er mat fjmrh. að dómurinn hafi ótvírætt fordæmisgildi gagnvart því máli sem ég spurði um. Þá liggur það mál ljóst fyrir. Það er að vísu rétt að það brot sem þar var framið heyrir sem slíkt ekki undir fjmrh. heldur landsdóm og það er okkur alþingismönnum kunnugt.

Varðandi aðgerðir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í framhaldi af þessari dómsniðurstöðu þá var ég meira að leita eftir viðbrögðum gagnvart því hvort til stæði að koma meðferð á yfirstjórn tollgæslumála á Keflavíkurflugvelli þannig fyrir í stjórnkerfinu að tryggt væri að þar væri farið að lögum.

Um gögnin vakti ég eingöngu athygli á því að dómurinn fellst á mótmæli stefndu sem eru fjmrh. og landbrh., en í þeirra kröfum kemur beint fram að þeir mótmæla því sérstaklega að stefnandi, Hagkaup, skuli leggja fram þessar greinargerðir frá utanrrn.

[13:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Það er nánast engu við að bæta, öðru en því að tollgæslan á Keflavíkurflugvelli, rétt eins og tollgæsla annars staðar á landinu, lýtur auðvitað lögum. Það gilda sömu lög um land allt og það er ríkistollstjóraembættið sem samkvæmt lögum á að sjá um að það séu samræmdar reglur í gangi. Þannig er farið að í þessu landi.

Varðandi álitin þá má ekki misskilja það að það sé eitthvert stórmál að hafa lagt þessi gögn fram í dómnum. Þetta er munnlegur málflutningur og þess vegna er ekki heimilt að leggja fram með skriflegum hætti gögn í þessu máli. Um það held ég snýst orðalagið í forsendum dómsins. Það snýst ekki um það að þetta hafi verið eitthvað vont álit eða að utanrrh. hafi ekki mátt leita sér álits eða mátt afhenda álitið þeim lögmanni sem stefndi eða var fulltrúi stefnanda í málinu heldur hitt að það væri um skriflegan málflutning að ræða, og það er ekki heimilt.

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Enn vil ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin. Það er út af fyrir sig ekki ástæða til að gera að miklu umtalsefni þetta formlega atriði varðandi meðferð gagna í réttinum. Það sem hlýtur þó að vekja nokkra athygli er að stefnandi byggir málsvörn sína gagnvart tveimur ráðherrum og tveimur ráðuneytum í ríkisstjórn ekki síst á gögnum frá þriðja ráðuneytinu.

Mér er svo ljóst eins og ég sagði áðan að frekari málsmeðferð hvað varðar það brot sem til umræðu er hér og átti sér stað með ólögmætum innflutningi varningsins á Keflavíkurflugvelli, samanber fordæmisgildi dómsins, heyrir undir annað réttarstig en hæstv. fjmrh. hefur með höndum. Ég segi það að lokum að einhvern *tíma einhvers staðar á byggðu bóli hefur* ráðherra sagt af sér af minna tilefni en því að fá á sig dóm sem ótvírætt staðfestir að tiltekin embættisgjörð hans var ólögleg.

Virðisaukaskattur á flugfargjöld innan lands og ferðaþjónustu.

[13:46]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi beina máli mínu til hæstv. samgrh. Nú er það staðreynd að það verður fljótlega lagður virðisaukaskattur á flugfargjöld innan lands og á íslenska ferðaþjónustu. Það er vitað mál að þetta mun rýra samkeppnisstöðu flugsins og ferðaþjónustunnar mjög verulega þannig að þessi vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi mun trúlega lamast. Hæstv. samgrh. lýsti því yfir hér á Alþingi sl. vetur að þessa ákvörðun mætti endurskoða og hann taldi að það væri nóg komið af skattlagningu á þessa grein, sérstaklega eftir að hann fór í mjög lærdómsríka ferð til Egyptalands og kynnti sér þar ferðamál og var það vel að ráðherrann virtist hafa tekið nokkrum sinnaskiptum í þessu máli.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það á hvern hátt hann hafi undirbúið þetta mál, hvort þessi skattur verði lagður á um næstu áramót, m.a. með þeim afleiðingum að flugfargjald til Egilsstaða, svo dæmi sé nefnt, mun hækka um 2.000 kr., og er þó ærið hátt fyrir með þeim ójöfnuði sem þessu mun fylgja, og hvort hæstv. samgrh. muni á þeim stutta tíma sem eftir lifir í þessu máli beita sér fyrir því að þessari ákvörðun verði breytt eða einhverjar aðrar ráðstafanir verði gerðar í samræmi við orð hans oft í umræðum hér á síðasta þingi.

[13:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kemur mér mjög á óvart ef það er rétt hjá hv. þm. að flugfargjald til Egilsstaða muni hækka um 2.000 kr. af þessum sökum ef teknar eru í heild þær efnahagsráðstafanir sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á sl. hausti og síðan. Ég veit að sjálfsögðu að honum er ljúft að láta mér í té þá útreikninga sem standa á bak við þá fullyrðingu.

Ég vil einnig taka það fram að það er rétt sem ég sagði á sínum tíma að ég taldi að ferðaþjónustan ætti í erfiðleikum með að standa undir frekari álögum en orðið var vegna þess hversu dýrt er að koma hingað til lands, hversu dýr matvæli eru hér og þar fram eftir götunum. En því miður er ástandið í ríkisfjármálum þannig nú að ekki eru forsendur fyrir því að hverfa frá þeim áformum sem uppi eru um virðisaukaskatt á mannflutninga hér innan lands. Því miður er það nú svo og ber ég fulla ábyrgð á því sem ráðherra eins og aðrir. Ég tók þátt í þeirri ákvörðun og ætla ekki að skorast undan því. Ég vil á hinn bóginn vekja athygli á því að ýmislegt hefur gerst vegna góðrar efnahagsþróunar vegna þess að ríkisstjórnin hefur gert meira en aðrar ríkisstjórnir til að létta álögum af atvinnurekstrinum að verðbólga hér hefur ekki verið jafnmikil og áður og sérstaklega er það eftirtektarvert að dýrtíðin hefur minnkað. Matarverð hefur lækkað og af þeim sökum er ódýrara en áður var að ferðast um landið.

[13:50]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Flugfargjald til Egilsstaða kostar fram og til baka tæpar 17 þús. kr. og 14% virðisaukaskattur er rúmar 2 þús. kr. til viðbótar. Það eru nú ekki flóknari útreikningar, hæstv. samgrh. En ráðherrann vill halda því fram að önnur atriði í efnahagsráðstöfunum ríkisstjórnarinnar hafi orðið til þess að þetta hefði átt að lækka. Ég hef miklar efasemdir um að það fyrirtæki telji sig geta staðið í slíkum ráðstöfunum og kemur mér á óvart. Samgrh. hefur þá væntanlega aðrar upplýsingar en ég um það mál. En auðvitað er nauðsynlegt að það verði upplýst sem fyrst hvað þarna stendur til.

Ég vil svo láta í ljós þá skoðun mína að þessi skattur á ferðaþjónustuna mun draga úr tekjum ríkissjóðs en ekki bæta tekjustöðu ríkissjóðs. Veltan mun minnka svo mikið í þessari grein og gjaldeyristekjurnar rýrna þannig að ríkissjóður mun skaðast og það mun verða verk hæstv. samgrh. og hæstv. fjmrh. í núv. ríkisstjórn að koma þeim gjörningi á.

[13:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eins og fram kom hjá hv. þm. eru hans reikningar í sambandi við flugfargjöldin mjög einfaldir. Hann tekur ekki tillit til þess að aðstöðugjald, tryggingagjöld og ýmislegt annað hefur lækkað, sem ég út af fyrir sig skil þar sem hann leggur málið fyrir með þeim hætti að reyna að gera sem mest úr áhrifum þess að virðisaukaskatturinn verður lagður á flugfargjöldin. Það er auðvitað umræða sem er í samræmi við venjulega stjórnarandstöðuumræðu.

Hitt liggur auðvitað alveg ljóst fyrir að matarverð hefur farið lækkandi. Það hefur ýmislegt lækkað sem lýtur að ferðaþjónustu og nú er m.a. verið að ræða um það í tengslum við lækkun á matarskatti sem svo er kallaður um áramótin að lækka virðisaukaskattinn á útseldum matvælum á veitingastöðum sem auðvitað munar um.

Ég vil líka geta þess að ég hef rætt sérstaklega um það við hv. þm. hvort hægt sé með einhverjum hætti að finna aðferð til þess að koma til móts við þau gistihús sem byggð voru á árinu 1992 til þess að draga úr þeim áhrifum sem virðisaukaskatturinn hefur á þau.

[13:52]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu fyrst og fremst ákvörðun ríkisstjórnar hvernig standa á að því að létta þessari skattbyrði. Það er hins vegar mjög erfitt mál, hæstv. ráðherra, að fara að gera það með þeim hætti að fara nokkur ár aftur í tímann. Hvað á þá að fara mörg ár aftur í tímann? Ég held að ráðherrann ætti ekki að dvelja mjög lengi við þær hugmyndir heldur einfaldlega snúa sér að því að viðurkenna að hér var ranglega að málum staðið og það eina sem hægt er að gera af viti er að ganga til baka. Nú væri það út af fyrir sig mjög merkilegt og mikið nýmæli ef núv. ríkisstjórn gæti tekið slíka ákvörðun því að á þeim bæ virðist almennt ekki vera hægt að taka nokkra ákvörðun þannig að öll mál eru í óvissu. En að fara nú að tala um að þeir séu svona að tala um það hvort eitthvað sé hægt að gera aftur í tímann, það tel ég ekki skynsamlegt, hæstv. ráðherra, og ég vænti þess að þú beitir þér fyrir því næstu vikurnar að þessi skattur verði aflagður.

Endurskoðun laga um náttúruvernd.

[13:54]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að leggja nokkrar spurningar fyrir hæstv. umhvrh. Þannig er mál með vexti að þann 29. jan. 1992 var ég skipuð í nefnd af fyrrv. hæstv. umhvrh. samkvæmt tilnefningu þingflokks framsóknarmanna til endurskoðunar á lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd. Hér var um níu manna nefnd að ræða og formaður var Höskuldur Jónsson. Um það leyti sem þingi var frestað sl. vor hafði nefndin haldið 20 fundi. Nú í haust barst mér bréf frá formanni nefndarinnar, dags. 15. sept., þar sem hann segir að umhvrh. hafi tjáð sér að hann muni leggja niður umrædda nefnd og sendir með ljósrit af gögnum sem hann hafi sent fyrrv. umhvrh. þann 7. júní 1993 og þakkar jafnframt samstarfið. Þau gögn sem formaðurinn sendi ráðherranum innihalda m.a. frv. til nýrra laga um náttúruvernd sem hann tekur fram að séu hans tillögur þar sem það hafi þurft tvo fundi til viðbótar til þess að sjá hversu víðtæk samstaða sé um tillögurnar, þ.e. frv., í nefndinni. Og ég hlýt því að spyrja hæstv. umhvrh.:

a. Hvers vegna leyfði hann nefndinni ekki að hittast tvisvar í viðbót þannig að eitthvað lægi fyrir um

það hvort það gæti orðið af sameiginlegri niðurstöðu?

b. Mun hann skipa nýja nefnd til þess að semja frv. að nýjum náttúruverndarlögum þar sem honum leist ekki nógu vel á þá nefnd sem var að störfum?

c. Telur hann ekki ástæðu til þess að leggja fram frv. til breytinga á lögunum frá 1971?

d. Mun hann leggja fram það frv. sem samið var af fyrrv. formanni nefndarinnar?

Vil ég nú skilja þessar spurningar eftir hér til þæginda fyrir hæstv. ráðherra.

[13:56]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það getur nú varla talist héraðsbrestur þó að nýr ráðherra slái af eina af fjölmörgum nefndum sem eru í ráðuneytunum. En ástæðan fyrir því að eitt af mínum fyrstu verkum var að leggja niður þessa nefnd er einfaldlega sú að það er nauðsynlegt að semja frv. til laga um stjórnskipan Náttúruverndarráðs í framhaldi af því að það er búið að stofna umhvrn. Þetta gerði forveri minn sér mætavel ljóst og þess vegna setti hann á laggir nefnd sem átti einmitt að gera það, átti að véla um hlutverk Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála. Hann setti þessari nefnd ákveðinn frest. Hún átti að vera búin að skila 1. ágúst 1992.

Nú er það svo að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir er glöggur þingmaður, vel að sér í tímatalsfræði og ég tók við embætti sem umhvrh. tæpu ári síðar. Þá var ekkert komið frá þessari nefnd og þess vegna tók ég þá rökréttu ákvörðun að slá þessa nefnd af vegna þess að hún hafði ekki skilað því sem hún átti að gera. Í því felst enginn áfellisdómur á þá ágætu nefndarmenn sem margir hafa vafalaust unnið vel í nefndinni, en ég taldi það að undir þessari forustu og eins og nefndin hafði starfað væri kominn tími til þess að leggja hana niður. Þetta er raunar ekki eina nefndin sem núv. umhvrh. hafði lagt niður.

En af því að spurt er hvers vegna ráðherra hafi ekki leyft nefndinni að hittast tvisvar í viðbót, þá varð það nú að samkomulagi milli mín og þáv. formanns nefndarinnar og hún fengi að hittast einu sinni til þess að borða saman síðustu kvöldmáltíðina. (**Gripið fram í:** Var það rjúpa?) Formaður nefndarinnar kaus að nýta ekki það tækifæri, það frétti ég einungis á skotspónum síðar, en ég hefði talið það mikla ofrausn að ætla nefndinni að hittast tvisvar sinnum.

Ég mun ekki skipa nýja nefnd til þess að semja frv. að nýjum náttúruverndarlögum og ég mun heldur ekki leggja fram það frv. sem formaður nefndarinnar skilaði mér, enda kom það glöggt fram þegar ég las frv. að þar var vélað um allt annað heldur en nefndin var fyrst og fremst sett niður til þess að ræða. (Forseti hringir.)

Og svo að ég komi í c-liðinn, virðulegi forseti, þá er spurt þar hvort ég telji ekki vera ástæðu til þess að leggja fram breytingar á lögunum frá 1971. Svarið er jú. Ég tel að það sé rétt og ég mun kynna drög að þeim hugmyndum á náttúruverndarþingi sem hefst á föstudag.

[13:58]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að vekja athygli á þessu máli til þess að fá ráðherrann til að lýsa því yfir að hann gæti hugsað sér að bjóða mér út að borða, heldur hitt að mér finnst að þarna hafi verið farið illa með tíma nefndarmanna með því að halda 20 fundi og ekkert liggur eftir nefndina annað en þau gögn sem formaðurinn sendir á eigin ábyrgð til fyrrv. hæstv. umhvrh. Og ég segi: Það er ekki rétt hjá hæstv. ráðherra að nefndin hafi ekki fjallað um stjórnskipan Náttúruverndarráðs því að hún gerði það líka. Það sést reyndar á tillögum formannsins fyrrverandi að hann leggur til nokkuð róttækar breytingar á Náttúruverndarráði sem ég neita ekki að var fjallað um í nefndinni þó svo að við berum ekki ábyrgð á endanlegum tillögum.

Ég lýsi ánægju með það að hæstv. ráðherra ætlar að leggja fram tillögur að breytingum á þessum lögum og mér finnst að þar þurfi margt að skoða og m.a. 11. gr. þeirra laga sem gilda í dag sem þýða nánast það að almenningur hefur ekki heimild til þess að ganga um girt land.

[14:00]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég get fullvissað hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur um að ef ég hefði áhuga á að bjóða henni út að borða mundi ég ekki gera það hér í þessu mikla fjölmenni. Ég er hins vegar alveg sammála þingmanninum um að það hefur verið illa farið með góðan tíma nefndarinnar. Þegar ég kom sem ráðherra í ráðuneytið, þá lágu fyrir þessi drög frá formanni nefndarinnar. Ég las þau og komst að raun um að þar var allt annað að finna en nefndin hafði verið sett niður til þess að fjalla um. Ég gekk síðar úr skugga um að svo var með því að ræða við nokkra nefndarmenn, að vísu ekki hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur.

Virðulegi forseti. Ég gerði mér grein fyrir því að það þurfti að breyta þessum lögum og forveri minn hafði ætlað sér að fá frv. frá nefndinni fyrir ári síðan. Það sem lá fyrir frá formanni nefndarinnar fjallaði einungis um fyrstu 15 greinar laganna þannig að með einfaldri þríliðu komst ég að því að með sama áframhaldi mundi formaður nefndarinnar sjá til þess að þessu yrði lokið einhvern tíma undir aldamót. Þá verð ég ekki ráðherra og ég tel að það þurfi að breyta lögunum miklu fyrr.

[14:01]

Valgerður Sverrisdóttir:

Herra forseti. Mér heyrist að hæstv. ráðherra viti ekkert um þessa tveggja funda áætlun fyrrv. formanns. Það vantaði tvo fundi að mati formannsins til þess að það lægi fyrir hvort nefndin kæmist að sameiginlegri niðurstöðu. Ég er ekkert að segja að ég sé sammála honum um það, en það var hans mat. Ég er m.a. að vekja athygli á vegna þess að mér finnst svo illa farið með tíma þingmanna, sem svo sannarlega hafa nóg að gera, að sitja þarna á 20 fundum — að vísu hefur maður frætt um ýmislegt — en það liggur ekkert eftir þessa nefnd. Og þar að auki kostar þetta peninga fyrir ríkissjóð.

[14:02]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég fellst á það eins og ég gerði áðan að þarna hefur atgervi og tíma verið á glæ kastað, en það var m.a. til þess að forða nefndinni frá því að eyða mörgum árum í viðbót til þess að véla um afganginn á frv. að ég tók þessa ákvörðun. Það kann vel að vera að það hafi verið hastarlega gert, en ég mat það svo að það væri alveg út í hött að nefndinni tækist að ljúka sínu starfi á tveimur dögum eftir að hún var þegar komin heilt ár fram yfir áætlaðan lokatíma. Ég gerði mér líka grein fyrir því að það er mjög nauðsynlegt að breyta lögunum, laga Náttúruverndarráð og stjórnskipun náttúruverndarmála að hinu nýja umhvrn. Ég segi það hreinskilnislega, að ég hef ekki tíma til þess að bíða annað ár. Síðan er það líka ljóst af bréfum sem mér hafa borist frá mönnum í nefndinni að þau drög sem formaðurinn sendi virðast hafa fjallað um margt annað og yfirleitt flest annað en það sem rætt var í nefndinni. Það hef ég samkvæmt tveimur bréfkornum sem mér hafa borist frá mönnum sem í nefndinni voru. En auðvitað vænti ég þess að fá tækifæri til þess að ræða við hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur um náttúruverndarmál, jafnvel yfir borðum.

Sameining sjúkrahúsa í Reykjavík.

[14:03]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. vita stendur nú fjárlagavinna yfir og til þess að fjárlög megi verða sem raunhæfust er til mikilla þæginda að stjórnendur stofnana viti hvert hlutverk sé ætlað hverri stofnun. Þess vegna vil ég beina fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. um framtíð sjúkrahúsanna í Reykjavík. Fjárlög byggjast ekki á umræðum um eitthvað heldur ákvörðunum um hvernig stofnanir skuli starfa. Stendur til að ákvörðun verði tekin um sameiningu einhverra af sjúkrahúsunum í Reykjavík og þá hverra? Hvenær verður sú ákvörðun tekin? Verður hún tekin áður en gengið verður frá fjárlögum fyrir árið 1994?

[14:04]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Spurt er um tímasetningar og vinnu við verkaskiptamál sjúkrahúsa í Reykjavík sem að sönnu eru mjög til umfjöllunar, ekki síst nú á tímum þegar ákveðin viðhorfsbreyting hefur orðið hjá formlegum eigendum Landakotsspítala.

Verkaskiptanefnd hefur verið að störfum frá því í febrúar og formaður hennar, ráðuneytisstjórinn í heilbrrn., hefur sagt mér að sú vinna sé á lokastigi og vænta megi tillagna frá þeirri nefnd á næstu tveimur vikum. Í kjölfar þeirrar vinnu þurfa sannarlega að liggja mjög fljótt fyrir tillögur um framtíðarskipan þessara mála. Ég hygg þó að nokkuð ljóst sé að stórar kerfisbreytingar geta ekki átt sér stað innan nokkurra vikna eða mánaða. Þær þurfa eilítið lengri tíma, misjafnlega langan tíma þó. Sum mál eru e.t.v. betur undirbúin en önnur þannig að þau megi ganga hraðar fram. Með öðrum orðum: Já. Svarið er það að til þessa hlýtur að verða tekið tillit við endanlega gerð fjárlaga nú í desember.

[14:06]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Ég fæ hins vegar ekki annað séð en að þessar upplýsingar segi okkur í fjárln. aðeins það að þær tillögur sem fyrir liggja í frv. til fjárlaga séu annaðhvort gjörsamlega óraunhæfar ef fyrir dyrum er að sameina einhver sjúkrahúsanna í Reykjavík eða þá að þau eru raunhæf miðað við óbreytt ástand. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telji nokkra möguleika á því að einhver sameining fari fram á næsta fjárlagaári, þ.e. 1994, því að ég tel að það sé afar nauðsynlegt að við vitum það áður en lengra er haldið. Ég get hins vegar verið sammála honum um að það sé næstum því vonlaust vegna þess að það er auðvitað hárrétt að það er ekki hlaupið að því að sameina stór og gróin sjúkrahús. Því miður er búið að gera þar hluti sem betur hefðu verið látnir bíða þar til endanleg ákvörðun hefði verið tekin.

Ég þakka fyrir svörin. En ég vil fá það skýrt hvort engin ástæða er til að vera að velta þessum sameiningarmálum fyrir sér við gerð fjárlaga næsta árs.

[14:07]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég svaraði þessu áðan: Jú, vissulega er ástæða til að velta þessum sameiningarmálum fyrir sér nú við gerð fjárlaga fyrir árið 1994. Ég hygg hins vegar að skynsamlegra sé að nálgast þessi mikilvægu verkefni undir þeim formerkjum að stóru sjúkrahúsin eru nú að ræða skynsamlega verkaskiptingu sín á milli. Þar hefur verið mjög ofarlega í umræðunni og ekki síst nú á síðustu dögum framtíð barnadeildar eða barnadeilda og það er auðvitað mál sem kemur til með að vega nokkuð í fjárlagavinnunni. Ég held því að orðið sameining milli tveggja stofnana sé kannski ekki lykilhugtakið í þessu, heldur hvernig skipast munu verk á sjúkrahúsunum þremur sem nú eru í framtíðinni. Ég tel að í því ljósi séu forsendur í fjárlagafrv. fullkomlega rökréttar og vel ígrundaðar.

Aðild Íslendinga að Svalbarðasamkomulaginu.

[14:09]

Runólfur Birgisson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. sjútvrh. Nú eru allt að 25 íslensk skip að veiðum í svokallaðri Smugu í Barentshafinu. Þar hafa veiðst um 8 þús. tonn af þorski að aflaverðmæti allt að 1 milljarði. Samkvæmt yfirlýsingum útgerðar og skipstjórnarmanna munu íslensk skip halda til veiða á verndarsvæði við Svalbarða ef veður og ís hamla veiðum í Smugunni, einnig ef veiðar minnka mikið á þessu veiðisvæði. Ég vil því bera fram eftirfarandi fyrirspurnir. Ég veit reyndar að þær snerta að einhverju

leyti hæstv. utanrrh. en hann er ekki til svara svo að ég beini fyrirspurnum mínum til hæstv. sjútvrh.:

1. Hver er afstaða íslenskra stjórnvalda og hæstv. sjútvrh. til veiða á Svalbarðasvæðinu?

2. Getur hugsast að Íslendingar eigi aðild að Svalbarðasamkomulaginu frá 1925 eða 1926, ég man ekki hvort árið það var, vegna aðildar Dana að samkomulaginu á þeim tíma?

3. Hafa íslensk stjórnvöld hugleitt þann möguleika að gerast aðilar að Svalbarðasamkomulaginu ef það er ekki fyrir hendi og ef svo er hve langt er sú vinna komin?

[14:10]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hefur ekki verið litið svo á að við ættum aðild að Svalbarðasamkomulaginu vegna ákvörðunar Dana á sínum tíma. Það hefur hins vegar verið til skoðunar hvort ekki væri rétt að Íslendingar gerðust aðilar að þessu samkomulagi og sú skoðun hefur farið fram í utanrrn.

Á sl. hausti höfðu nokkrir skipstjórar uppi áform um að hefja veiðar innan þessa svæðis. Sjútvrn. sendi þá skipstjórum sem voru við veiðar í Smugunni orðsendingu að höfðu samráði við forsrn. og utanrrn. þar sem skipstjórarnir voru varaðir við að fara þar til veiða. Reikna mætti með því að norsk strandgæsluskip mundu halda þar uppi löggæslu og íslensk stjórnvöld gætu ekki veitt vernd innan svæðisins. Þessi afstaða er óbreytt af hálfu íslensku ríkisstjórnarinnar. En það er rétt að taka það fram að innan utanrrn. hefur verið starfshópur sem hefur verið að skoða réttarstöðuna að því er Svalbarðasvæðið varðar.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þá er þessari umræðu lokið og allir sem þess óskuðu hafa borið fram fyrirspurnir og fengið sín svör.

Fjáraukalög 1993, frh. 1. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 108.

[14:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.

Frv. GHelg o.fl., 70. mál (einkaleyfisgjald). — Þskj. 73.

[14:14]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 102. mál. — Þskj. 105.

[14:15]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 103. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 106.

[14:16]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 104.

[14:17]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv.
Frv. vísað til allshn. með 40 shlj. atkv.

Lyfjaverslun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 126.

[14:18]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv.
Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 37 shlj. atkv.

Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, frh. fyrri umr.

Þáltill. StB, 41. mál. — Þskj. 44.

[14:19]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv.
Till. vísað til fjárln. með 39 shlj. atkv.

Vegalög, 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 124.

[14:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir var

lagt fyrir síðasta Alþingi en varð eigi útrætt og er nú endurflutt. Það er árangur nefndarstarfs.

Í febrúarmánuði 1992 skipaði ég nefnd til að endurskoða vegalögin. Í henni áttu sæti Þórhallur Jósepsson deildarstjóri, samgrn., formaður, Árni M. Mathiesen alþm., Gunnlaugur Stefánsson alþm., Karl Steinar Guðnason alþm., Pálmi Jónsson alþm., Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga, Gunnar Gunnarsson framkvæmdastjóri, Vegagerð ríkisins, og Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri.

Nefndin fór yfir gildandi vegalög og tillögur sem Vegagerðin hafði til úrbóta og athugasemdir sem frá öðrum bárust og er frv. niðurstaða þeirrar vinnu.

Helstu nýmælin eru þau að í gildandi vegalögum eru fjórir meginflokkar vega, þ.e. þjóðvegir (stofnbrautir og þjóðbrautir), sýsluvegir, þjóðvegir í þéttbýli og einkavegir. Er þá ótalinn flokkur vega sem inniheldur ýmsa vegi, svo sem aðalfjallvegi, aðra fjallvegi, þjóðgarðavegi og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum.

Samkvæmt frv. verða meginflokkar vega einungis tveir, þ.e. þjóðvegir og einkavegir. Þjóðvegir skiptast í fjóra undirflokka, stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Einkavegir skiptast í tvo undirflokka, þ.e. vegi sem veita má fé til í vegáætlun og þá sem alfarið eru kostaðir af eigendum sínum.

Með þessu móti verður til samfellt þjóðvegakerfi sem nær til allra þéttbýlisstaða, svo og byggðra bóla utan þéttbýlis auk flugvalla og hafna ef þaðan eru stundaðar reglubundnar áætlunarferðir.

Í öðru lagi felast í þessu frv. ákvæði um veghald. Samkvæmt gildandi lögum er Vegagerðin veghaldari allra opinberra vega. Þess utan er veghald eða forræði og ábyrgð á vegum ekki skilgreind í lögum, en þó verður að líta svo á að veghald einkavega sé í höndum eigenda þeirra. Ýmsir flokkar vega verða þá eftir án veghaldara (fjallvegir, þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum).

Með frv. er ráðin bót á þessu. Vegagerðin er veghaldari allra þjóðvega. Heimilt er vegamálastjóra að fela öðrum aðilum veghald einstakra vegarkafla eins og verið hefur, og eru þær heimildir heldur rýmkaðar frá gildandi lögum. Í reynd hefur veghald þjóðvega í þéttbýli að verulegu leyti verið í höndum viðkomandi sveitarfélags.

Í þriðja lagi er hér fjallað um vegáætun og langtímaáætlun. Ákvæðum um vegáætlun er breytt að því marki sem leiðir af breyttum reglum um flokkum vega. Að öðru leyti er ekki um miklar efnisbreytingar að ræða. Þannig fjallar Alþingi, auk meginþátta í áætluninni, fyrst og fremst um stofnvegi og tengivegi. Héraðsráð og vegasamlög fjalla um safnvegi. Samgrh. ákveður skiptingu til landsvega og styrkveitingar til einkavega.

Nýmæli í frv. eru ákvæði um langtímaáætlun, en ekkert er um hana í gildandi lögum. Langtímaáætlun var fyrst gerð 1983 samkvæmt þál. sem samþykkt var á Alþingi vorið 1981. Þrátt fyrir að langtímaáætlanir hafi ekki verið formlega afgreiddar frá Alþingi hafa þær reynst notadrjúgar sem stefnumörkun. Við endurskoðun vegalaga þykir nefndinni rétt að setja þar inn ákvæði um langtímaáætun, skapa henni lagagrundvöll og þar með meiri festu. Ákvæðin eru í sama anda og þál. frá 1981 en að teknu tilliti til þeirrar reynslu sem af þeirri framkvæmd hefur hlotist.

Loks eru ákvæði um skipulagsmál en samkvæmt skipulagslögum frá 1978 eru öll sveitarfélög skipulagsskyld. Öll mannvirki önnur en byggingar á lögbýlum skulu byggð í samræmi við áður gerðan skipulagsuppdrátt. Ný ákvæði eru tekin inn í frv. til að árétta þetta að því er varðar vegi.

Ég sé ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég gerði ítarlega grein fyrir málinu fyrir einu ári og sú ræða liggur fyrir í þingtíðindum.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn. Ég geri mér vonir um að unnt verði að afgreiða frv. á þessu þingi þar sem umsagnir liggja fyrir og þingmönnum hefur gefist gott svigrúm í sumar til þess að athuga einstaka efnisþætti þess og að sjálfsögðu mun Vegagerð ríkisins láta í té alla aðstoð og upplýsingar sem beðið er um.

[14:25]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hæstv. samgrh. sagði hér áðan að 1. umr. um þetta frv. fór fram í fyrra en ekki var lokið að ræða það innan samgn. og kom það aldrei til 2. umr. Hins vegar bárust ýmsar umsagnir um frv. sem samgn. var búin að fá og mér finnst rétt að gera að nokkru leyti grein fyrir þeim. Þær umsagnir eru nokkuð í takt við þær athugasemdir sem við höfðum uppi um þetta frv. Til dæmis er frá ýmsum héraðsnefndum, héraðsnefnd Strandasýslu, héraðsnefnd Vestur-Húnavatnssýslu og fleirum, mjög tekið undir sérálit Þórðar Skúlasonar sem fylgir frv., sérstaklega um það að komið verði á fót samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga sem fjalli um ýmis ágreiningsmál milli Vegagerðarinnar og sveitarfélaganna. Þessi samþykkt frá héraðsnefnd Strandasýslu er nokkuð samhljóða öðrum og ég ætla að lesa hana hér, með leyfi forseta:

„Héraðsráðið lýsir yfir eindregnum stuðningi við sérálit Þórðar Skúlasonar. Sérstaklega vill ráðið hvetja til þess að komið verði á fót samstarfsnefnd ríkis og sveitarfélaga. Samstarfsnefndin gæti þá eftir atvikum fjallað m.a. um framsal veghalds skv. 5. gr. frv. og hugsanlegan ágreining vegna ákvæða 29. gr. Héraðsráðið telur æskilegt að fyrir liggi drög að flokkun vega til að unnt verði að átta sig á því hvernig breytingar á vegalögum samkvæmt frv. koma við einstök svæði."

Í þessu sambandi hefur héraðsráð nokkrar áhyggjur af því að fjárveitingar til þeirra safnvega, sem áður töldust þjóðbrautir, minnki frá því sem nú er. Hér er verið að gera allverulegar breytingar á flokkun veganna, að það verði aðeins tveir flokkar vega, þ.e. að ekki verði allir þeir flokkar vega sem áður hafa verið, t.d. þeir sem ekki eru stofnvegir, þjóðvegir, verði einkavegir. Það verði í raun og veru aðeins tveir flokkar, þjóðvegir og einkavegir. Síðan skiptast aftur þjóðvegirnir niður í undirflokka, sem er skilgreint í 8. gr.

Eins og ég sagði er kannski ekki nein ástæða til að

endurtaka allt sem sagt var í 1. umr. á síðasta þingi. Það er ástæða til að fjalla mjög vel um þetta frv. í samgn. og skoða þær umsagnir, sem hingað hafa komið og munu sjálfsagt enn þá eiga fleiri eftir að berast, en mér sýnist að það sé verið að færa nokkuð mikið vald til Vegagerðarinnar. Það er verið að auka vald Vegagerðarinnar. *Og þó að hún sé alls góðs makleg og hafi unnið vel að þeim málum sem hún á að vinna að* og ég treysti mjög vel þeim mönnum sem þar eru, þá tel ég að Vegagerðin sem stofnun eigi ekki að fá allt það vald sem hér er fært til hennar.

Það hefur einnig verið rætt nokkuð í sambandi við þessa breytingu og m.a. komið athugasemd frá Búnaðarfélagi Íslands í sambandi við þær girðingar sem þurfi að setja upp við nýja vegi sem lagðir eru, að það fylgi jafnframt með að viðhald þeirra sé kostað af vegafé, ekki aðeins kostnaðurinn við að girða, sem nauðsynlegt er að fara að gera í miklu meira mæli heldur en hingað til hefur verið gert, að girða af þjóðvegi. Höfum við dæmi um það, því miður, hversu hættulegt það getur verið og hefur valdið stórslysum. *En það er líka nauðsynlegt að það komi fram hver á að* sjá um viðhaldið og það sé jafnframt af vegafé.

Ég tel að það sé nokkuð sem segir í athugasemdum Þórðar Skúlasonar í séráliti með frv. þar sem hann segir, með leyfi forseta:

„Frumvarpið felur í sér þá breytingu, að áhrifavald Vegagerðarinnar varðandi flokkun vega og skipulagsmál er aukið en dregið úr áhrifum sveitarfélaga og skipulags þeirra. Sveitarfélögin eiga þó mikilla hagsmuna að gæta bæði fjárhags- og skipulagslegra og samskipti og samningagerð einstakra sveitarfélaga við Vegagerðina munu aukast verði frumvarpið að lögum. Því er gert ráð fyrir að komið verði á fót sérstakri samstarfsnefnd Vegagerðarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga."

Það má einnig geta þess að þeir vegir, sem í dag teljast sýsluvegir og eru á forræði sýslusjóða eða héraðsnefnda og þeirra sjóða í dag, verða í raun og veru lengdir, þ.e. það verður enn þá lengra vegakerfi sem á að falla undir þá skilgreiningu. Hingað til hefur sýsluvegur verið frá enda að þriðja býli, það hefur verið í umsjón sýsluvega, en samkvæmt þessu frv. þá lengist sá vegur þannig að núna verður það að fjórða býli og þannig er verið að setja meira á sýsluvegina. Það er út af fyrir sig gott ef heimamenn hafa meira um það að segja en þá verður einnig að fylgja þeim flokki aukið fjármagn. Það er ekkert komið um það eða hvernig það verður hugsað.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla sérstaklega um þetta en geymi það þar til í samgn.

[14:34]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er kannski eins tilbúinn að ræða ítarlega um þetta mál og ég hefði kosið því ég átti satt að segja ekki von á því að það yrði hér á dagskrá. Þetta er mál nr. 119 og fjöldi mála sem fram hafa verið lögð eru 144 sem komið er þannig að ég átti satt að segja ekki von á að þetta kæmi svo skyndilega hér til umræðu. En þó vil ég segja hér örfá orð, mér gefst að vísu tækifæri til að fjalla ítarlegar um þetta mál í samgn. þar sem ég á sæti, en ég tel það mjög nauðsynlegt að samgn. og þingið allt fjalli mjög ítarlega um þessi mál sem hér eru til umræðu. Ég bendi m.a. á þar sem vikið er að skipulagsmálum í þessu frv. Þar er gripið á ýmsum þáttum sem nauðsynlegt er að fara ítarlega út í og fjalla um og fá skýringar við. Einnig eins og hér var vikið að áðan af fyrri ræðumanni í sambandi við girðingarþáttinn, þar þarf að fara um af nokkurri vandvirkni og með ákveðinni tillitssemi. En það eru hér stærri mál, ég veit ekki hvort er stærra, en mig langar aðeins til að vitna í, eins og gert hefur verið, sérálit Þórðs Skúlasonar þar sem einmitt er farið yfir 8. gr. frv. sem er náttúrlega umhugsunarefni og við hljótum að þurfum að taka allítarlega umræðu um. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Það er álit undirritaðs, að flokkun stofn- og tengivega í þéttbýli samkv. hinni nýju skilgreiningu í 8. gr. frumvarpsins muni leiða til þess, að stofn- og tengivegir í þéttbýli verði um þriðjungi styttri en þjóðvegir í þéttbýli samkv. núgildandi reglugerð þar um. Þannig færðist þriðjungur stofn- og viðhaldskostnaðar þjóðvega í þéttbýli yfir á hendur sveitarfélaga án þess að þeim væri í nokkru bættur sá kostnaðarauki."

Hér er auðvitað verið að tala um gríðarlega stórt mál fyrir sveitarfélögin og ég hlýt þess vegna að spyrja hæstv. ráðherra við þessa umræðu hvernig með þetta verði farið, hvort það sé virkilega meiningin að koma ekkert til móts við þær álögur eða þann aukakostnað sem hér er beint verið að færa yfir á sveitarfélögin.

23. gr. er einnig umhugsunarefni líka og mig langar að fá skýringar við hjá hæstv. ráðherra þar sem talað er um ferjurnar, en þar stendur: „Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr árinu. Einnig er heimilt að greiða hluta kostnaðar við bryggjur fyrir slíkar ferjur."

Hér er nefnilega eins og segir í umsögn frá fjmrn. til skýringar að heimilt sé að greiða kostnað við ferjur af vegáætlun enda komi ferjan í stað vegasambands — og ég legg áherslu á það — enda komi ferja í stað vegasambands. Í ákvæðum til bráðabirgða við frv. segir þó að í þrjú ár sé heimilt að greiða kostnað við ferjur þó þær uppfylli ekki skilyrði um að koma í stað vegasambands. Þannig mundu t.d. framlög til Akraborgarinnar og Fagranessins falla niður eftir þrjú ár að óbreyttu.

Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra einnig hvort það sé þá meiningin að þessu samþykktu að að þremur árum liðnum muni framlög t.d. til Akraborgarinnar og Fagranessins falla niður.

Það eru fleiri ákvæði og atriði í þessu frv. sem ég hefði haft vissulega ástæðu til þess að fara ítarlegar yfir í viðræðum við hæstv. ráðherra en ég geymi mér það nú vegna þess að ég hef þá aðstöðu með setu í samgn. að ræða þetta mál þá ítarlegar við fulltrúa Vegagerðarinnar og ráðuneytisins sem munu verða kallaðir fyrir nefndina en á þessu stigi vildi ég bera

fram þessar óskir til hæstv. ráðherra og vona að hann geti svarað mér einhverju þar um.

[14:40]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Í fyrra þegar þetta frv. var lagt fram og rætt við 1. umr. komu fram ýmsar athugasemdir frá mér og fleirum hv. þm. Ég ætla að gera að umtalsefni fáeinar af þeim en ég hef tækifæri til þess að taka þátt í umfjöllun um málið í samgn. þannig að ég ætla ekki að hafa um þetta mjög langt mál.

Ég vil fyrst koma að þessari nýju skiptingu í þjóðvegi og einkavegi og ítreka það sem ég sagði í fyrra að ég tel að skiptingin út af fyrir sig geti vel gengið en mér finnst að það þurfi að skipta einkavegum upp í það sem ég mundi vilja kalla einkavegi og síðan aðra vegi sem ég hef ekki tillögu um hvaða nafn ættu að bera. Ég segi þetta vegna þess að ég tel að það sé óeðlilegt að vegir sem opinberir aðilar eiga, t.d. sveitarfélög, séu kallaðir einkavegir. Fólk hefur einu sinni ákveðinn skilning á því hvað sé einkavegur og menn hafa meira að segja merkt sína einkavegi með það fyrir augum að vegfarendur átti sig á því að þetta væri ekki alfaraleið heldur væri þetta heimreið að húsi eða landareign sem menn ætluðust ekki til að væri almenn umferð um. Ég held að út af fyrir sig sé bara eðlilegt að halda orðinu einkavegur í þeim skilningi sem menn leggja í það í dag og þess vegna sé ekki gott að skilgreina þetta svona að einkavegir séu, eins og stendur í 9. gr.: „Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum."

Ég tel að þetta geti gengið um einstaklinga og fyrirtæki en tæplega um opinbera aðila. Munurinn er aðallega sá að um vegi opinberra aðila er yfirleitt frjáls umferð og aðgangur allra en einkavegirnir eru ekki endilega opnir öllum til umferðar. Mér finnst þetta skipta dálitlu máli.

Þá langaði mig til að koma að 23. gr. þar sem fjallað er um ferjur. Þar er mjög ákveðin tillaga um það að komi ferja í stað vegasambands um stofnveg eða tengivegi eða eigi að koma, a.m.k. hluta úr árinu, og að heimilt sé að greiða kostnað við bryggjur fyrir slíkar ferjur.

Það er sem sagt verið að segja okkur að það verði óheimilt að greiða styrki eða taka þátt í rekstri ferja sem eru milli staða þar sem samgöngur á landi eru fyrir hendi. Það velkist enginn í vafa um hvaða ferjurekstur er verið að tala um, það eru tvö skip sem nú eru rekin, það eru Akraborgin og Fagranesið sem þarna er verið að tala um og það er sagt skýrt og skorinort að það eigi að leggja niður þennan rekstur innan þriggja ára. Ég tel að það þurfi að fjalla ítarlega um þetta mál, að vísu eru málefni Skallagríms eða Akraborgarinnar í biðstöðu eins og er og hljóta að ráðast fyrst og fremst af því hvort verður af þeim fyrirætlunum manna að leggja eða gera göng undir Hvalfjörð. Það vita náttúrlega allir fyrir fram að verði af þeim áætlunum þá mun rekstur Akraborgarinnar í þeirri mynd sem hann er núna falla niður. Hins vegar ef ekki verður af þeim rekstri þá tel ég að það þurfi að skoða það mál miklu betur heldur en búið er að gera, hvort að það er þjóðhagslega hagkvæmt og skynsamlegt að halda áfram rekstri bílaferju á leiðinni milli Akraness og Reykjavíkur.

Ég tel að það sé ástæðulaust að slá því föstu hér og nú án þess að fara yfir útreikninga aftur að það sé ekki hagkvæmt að reka slíkt skip.

Síðan langaði mig til þess að koma að 29. gr. frv. þar sem verið er að fjalla um skipulag. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá. Ef þjóðvegi er að ósk sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar skal viðkomandi sveitarfélag greiða kostnaðarmun."

Þarna finnst mér vera á ferðinni mjög vafasamt ákvæði í þessum lagatexta. Ég tel að það sé mjög hæpið að leggja það í vald Vegagerðarinnar að úrskurða um það að fyrirætlanir sveitarstjórna á einhverju ákveðnu svæði í skipulagsmálum séu ekki réttar vegna þess að þær velji dýrari leið en hægt sé að velja. Dýrari leið er ekki alltaf vitlausasta leiðin og það geta verið ýmsar skipulagsástæður fyrir því að menn velji dýrari leið fyrir veg. Það getur verið vegna þess að menn séu að sækjast eftir því að byggðin þróist á betri stöðum en annars væri og það getur verið að menn séu að sækjast eftir einhverju allt öðru, einhverju sem ég hef ekki hugmyndaflug til að telja hér upp en ég tel að það sé óeðlilegt að Vegagerð ríkisins hafi þetta úrskurðarvald. Ég held að sveitarstjórnum og skipulagsyfirvöldum sé alveg treystandi til þess að fara með skipulagið og sú niðurstaða eigi að gilda í sambandi við þann kostnað sem síðan á að falla á heimamenn í sambandi við vegagerð. Þannig að ég hef fyrirvara um þetta ákvæði og vonast til þess að menn í nefndinni vilji skoða það vandlega hvort ekki sé ástæða til að breyta því.

Þá langaði mig til þess að ræða um flokkun vega og mig langaði til þess að spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hann sé sannfærður um að það sé úthugsað til enda hvernig flokkun vega eigi að vera. Ég ætla að nefna sérstakt atriði í því sambandi þar sem verið er að skipa vegunum í flokka. Þar sem lína skerst í því hvort það megi veita styrki til einkavega þar er gefið upp að götur í þorpum sem hafa undir 200 íbúa geti ekki notið styrks. Nú spyr ég: Ber að skilja orðið þorp þá þannig að sveitarfélag sem hefur yfir 200 íbúa en þeir eru kannski ekki allir staðsettir í þessu þorpi, og slíkt sveitarfélag fær ekki styrk en annað sveitarfélag sem væri kannski fámennara en menn væru svo hamingjusamir að búa allir í sama þorpinu, það fengi sem sagt styrkinn?

Ég held að þarna sé verið að fara svolítið óljóst í hlutina og það geti valdið vandamálum síðar meir að úrskurða í þessu efni. Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi leitt hugann að þessu.

Flokkun veganna er auðvitað stórt mál í þessu og þarna verða verulegar breytingar. Vegakerfið lengist um 830 km sem verið er að tala um við þessa breyt-

ingu og það kallar væntanlega á meiri kröfur til ríkisins um framlög til vega, en að sumu leyti er þó verið að ýta byrðum frá ríkinu yfir á sveitarfélög þannig að ég svo sem hef ekki aðstöðu til þess að meta hver kostnaðarmunurinn verður að lokum. En eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. benti á hérna áðan, þá er verið að tala um í þessum tillögum að þjóðvegir í þéttbýli sem hafa verið styrktir verulega úr sjóðum landsmanna styttast um það bil um þriðjung og það er ekkert lítið mál og þyrfti nefndin að láta reikna út fyrir sig og fá skoðun á hvað það gildir fyrir sveitarfélögin í landinu.

En þeir sem hafa talað hér á undan mér hafa bent á ýmis af þeim atriðum sem ég hefði annars komið að og ætla þess vegna að stytta mál mitt. Ég vil enda á því að kvarta aftur við hæstv. ráðherra um það að hann skyldi setja nefnd í þetta mál þar sem eingöngu voru fulltrúar stjórnarflokkanna og annarra aðila en fulltrúar frá stjórnarandstöðunni skyldu ekki taka þátt í þessari vinnu, það hefði örugglega sparað mönnum eitthvað af þeim tíma sem nú fer í það að fara yfir málið í samgn. og það verður auðvitað til þess að málið kemst kannski ekki alveg jafnhratt áfram eins og hans óskir standa til. En ég hef út af fyrir sig ekki neinar óskir um það að þetta mál tefjist hér í þinginu. Ég tel alveg fulla ástæðu til þess að koma þessu málum áfram og mun taka þátt í því í samgn. að vinna að því að málið fái þar greiðan framgang en ég tel að það muni koma fram töluvert af brtt. frá minni hluta það sé óhjákvæmilegt vegna þess hvernig að málinu hefur verið staðið.

[14:52]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er um mjög mikilvæga lagasetningu að ræða. Samgöngur á vegum eru snar þáttur í daglegu lífi okkar Íslendinga og þetta varðar okkur öll með einum eða öðrum hætti.

Ég vil byrja á því að taka undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram að mér finnst annarlega staðið að undirbúningi frv. Það er raðað þarna inn alþingismönnum úr stjórnarliðinu en úr flokkum stjórnarandstöðunnar eru engir fulltrúar. Ég mæli þetta ekki vegna þess að ég hafi neitt sérstakt vantraust á hv. þm. sem að þessu máli komu frá stjórnarliðinu, en þetta er svo sem í samræmi við mörg önnur vinnubrögð hjá hæstv. núv. ríkisstjórn.

Ég tel að þetta frv. sé þannig unnið að það þurfi að skoða það mjög vel í nefnd. Það er ýmislegt ágætt í því eins og við var að búast en ég held að það þurfi að gaumgæfa vel mörg atriði í því. Sum þeirra hafa verið nefnd hér og ég ætla ekki að fara að endurtaka hér það sem hér hefur verið sagt í síðustu ræðum. Ég ætla að nefna tvö atriði sem ég vil leggja sérstaka áherslu á og varða bæði umferðaröryggi.

Öll vitum við að það kemur fyrir að búfé lendir úti á þjóðvegum. Af því stafar að sjálfsögðu mikil slysahætta. Það er engin önnur leið til þess að fyrirbyggja þessa slysahættu, því miður, en að Vegagerðinni sé skylt að girða með vegunum, þ.e. stofnbrautunum og halda við girðingunum og setja hlið með þeim hætti að þau hindri ekki umferð, en haldi samt búfé frá stofnvegunum. Þetta er eina leiðin sem hugsanleg er til þess að skapa þarna viðunandi öryggi.

Það er svo sem hægt að gera bændum það að girða með veginum hver fyrir sínu landi en það er alltaf hætta á að mistök verði á. Eins þarf að loka tengivegum inn á hina fjölförnu vegi og það er eðlilegt að það sé Vegagerðin sem sjái bara um þetta og reyni að tryggja þennan þátt umferðaröryggis eins og aðra þætti. Vegagerðin reynir að koma í veg fyrir að vegir séu tepptir eða á þeim séu sérstakar slysagildrur og þetta er náskylt og eðlilegt að Vegagerðin fái þetta verkefni. Auðvitað kostar þetta peninga fyrir Vegagerðina en það verður þá að leysa. Það er ekki eðlilegt að ætla einstökum bændum eða treysta einstökum bændum fyrir því að verja vegina með þeim hætti sem óhjákvæmilegt er. Og þegar ég tala um að Vegagerðinni verði gert skylt að girða meðfram vegunum með fjárheldri girðingu, þá á ég að sjálfsögðu við fjárhelda girðingu en ekki þær rafmagnsgirðingardruslur sem Vegagerðin hefur sums staðar sett upp meðfram vegum og halda ekki skepnum af neinu öryggi og alls ekki ef um snjóalög er að ræða. Þetta verður aldrei í lagi nema Vegagerðin taki þetta verkefni yfir. Ég held að öllum bændum eða a.m.k. hér um bil öllum bændum sé mjög í mun að gripir þeirra komist ekki á fjölfarna vegi. Það er bæði af því skömm og skaði og þjáningar fyrir menn og skepnur og fyrir utan eignatjón. Það er engin leið að tryggja þetta nema yfir því sé samræmd stjórn og samræmd umsjón.

Það er auðvelt að segja sem svo að það sé hægt að setja lög um bann við lausagöngu búfjár og á dagskránni í dag er einmitt frv. þess efnis. Ég held að það sé ekki nægilegt og sú lausn sem þar er lögð til er hið mesta klúður og ekki ástæða til að reyna þá leið. Sumar sveitarstjórnir og reyndar allnokkrar hafa prófað það að leggja á bann við lausagöngu búfjár, en það ber á það að líta að sveitarstjórn getur bakað viðkomandi bændum í sínu sveitarfélagi sérstaka bótaskyldu með því að leggja þetta bann á þannig að það mál er ekkert einfalt eða auðleyst.

Síðan er enn eitt atriði sem gæti verið til bóta í þessu máli að við sem förum nú mikið um þjóðvegi landsins eða stofnbrautir vitum svona hér um bil að á sumum stöðum er meiri hætta á búfé á veginum heldur en á öðrum og það væri vel til reynandi að setja upp sérstök aðvörunarmerki þar um sem umferðarmerki til leiðbeiningar fyrir ökumenn og þeir ættu að sýna sérstaka aðgát á ákveðnum stöðum þar sem þessi hætta er sérstaklega fyrir hendi.

Hitt atriðið sem ég vildi minnast á, herra forseti, er það að ekki er í þessum lögum nema að mjög litlu leyti tekið tillit til umferðar hestamanna. Reiðvegagerð hefur verið algerlega eða hér um bil algerlega forsómuð hér í landinu. Samningur var einu sinni gerður milli Landssambands hestamanna og Vegagerðarinnar. Það hefur ekki verið farið eftir honum nema að sáralitlu leyti. Kannski er það samtökum hestamanna að einhverju leyti að kenna að þeir hafa ekki fylgst nægilega vel með en ástandið eins og það er nú er algerlega óviðunandi. Ég vil að það sé tekið fullt tillit til þarfa

hestamanna til umferðar um landið. Þetta er svo upprunaleg og þjóðleg aðferð við ferðalög að ferðast á hestum og það er ástæðulaust að ekki einasta hugsa ekki fyrir þessum þætti samgangna heldur hefur Vegagerðin í mörgum tilfellum beinlínis lokað fyrir þær leiðir sem hestamennirnir eru vanir að fara og með því skapað sérstaka slysahættu því að auðvitað verða menn að reyna að komast leiðar sinnar með einhverjum hætti. Nýjasta dæmið eða eitt af nýjustu dæmunum er ástandið uppi á Vesturlandsvegi í kjölfar framkvæmda þar. Það er eins og hestamenn séu réttlausir eða nánast réttlausir og hjá sumum starfsmönnum Vegagerðarinnar fá þeir ekki nema hortugheit í svör. Reiðvegagerð er fremur ódýr á langflestum stöðum, mjög ódýr, og af því þyrfti ekki að vera mikill kostnaðarauki fyrir Vegagerðina að sjá til þess að umferð hestamanna gæti verið með eðlilegum hætti og gömlum reiðleiðum haldið við eða þeim a.m.k. ekki lokað.

Herra forseti. Ég læt máli mínu lokið og læt þetta duga í bili. Ég á ekki sæti í hv. samgn. og ég hef áhuga á að flytja brtt. um þessi efni við þetta frv. Að endingu vil ég undirstrika það sérstaklega að ég tel að það orki mjög tvímælis hve úrskurðarvald Vegagerðarinnar er gert mikið með þessu frv.

[15:02]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Við erum sjálfsagt öll sammála um það hér að það sé þarft verk að endurskoða girðingarlög vegna þess að aðstæður hafa breyst frá því að þau voru sett og því vil ég þakka hæstv. samgrh. fyrir að leggja hér nýtt frv. fram svo tækifæri gefist til þess að koma þar á þeim breytingum til bóta sem samstaða næst um. Ég vil taka undir það sem fyrri ræðumenn hafa hér bent á að við undirbúning hafa eingöngu komið að fulltrúar stjórnarflokkanna og það veldur því kannski að færri sjónarmið hafa komið þarna til athugunar við undirbúning frv.

Mér eru sérstaklega ofarlega í huga girðingar meðfram vegum og vil þá benda á að mér sýnist að þörf sé jafnframt því að þetta frv. verður til meðferðar að endurskoða girðingarlög því að þar er miklu ítarlegar fjallað um girðingar en í þessu vegalagafrv. eins og eðlilegt er og mörg atriði hljóta því að byggjast á girðingarlögum um framkvæmd þeirra ákvæða sem sett eru í vegalög. Það er að sjálfsögðu mikilvægt að reyna að koma í veg fyrir umferð búfjár á vegum vegna þeirrar hættu sem af því stafar. Að því verða að sjálfsögðu allir að reyna að hjálpast sem þar eiga hlut að máli en það verður þó að varast að leggja of miklar skyldur á einstaklinga til þess að koma í veg fyrir þá hættu sem öllum sem um veginn fara geta af því stafað. Þar hlýtur samfélagið að verða að taka verulegan þátt í. Það er sett í þetta frv. ákvæði um að það sé bannað að hafa búfé á vegum sem eru girtir af og það megi fjarlægja á kostnað eigenda. En eins og hér hefur áður verið vikið að þá er eitt erfiðasta atriðið í þessu sambandi viðhald girðinganna. Og þar eru viðhorf líka mjög að breytast. Við vitum að þeim jörðum fjölgar sífellt þar sem búskapur leggst af eða fara í eyði og eigandinn á heima í einhverjum fjarlægum landshluta, þá er orðið erfitt að sinna því verkefni að halda við girðingu. Og einnig má benda á að þar sem búfjárhald er ekki lengur á jörðum þannig að viðhalds girðinga er ekki þörf af þeim sökum hjá viðkomandi ábúanda þó hann sitji þar áfram þá skapar það líka kvöð á hann að halda girðingunni við.

Ég hef nýlegt dæmi um bónda þar sem girt er meðfram vegi sem liggur í gegnum hans land og samkvæmt núgildandi lögum ber honum að halda þessari girðingu við en hún mun hafa verið girt á kostnað Vegagerðar ríkisins. En nú er girðingin orðin svo léleg og hann telur sig ekki hafa neitt gagn af því að girða hana á ný en samkvæmt lögum er gerð krafa til hans að setja þar upp nýja girðingu og leggja þar í æri inn kostnað sem hann hefur raunverulega engan ávinning af og er eingöngu baggi því að hann er ekki með neinn atvinnurekstur sem getur staðið undir slíku.

Ég vil því koma því á framfæri að ég tel nauðsynlegt að samgn. sem fær þetta mál til meðferðar skoði ítarlega alla þessa þætti og jafnframt ákvæði girðingarlaganna og athugi hverju þar þarf að breyta til samræmis við breyttar aðstæður og þá þau ákvæði sem sett verða inn í vegalög svo að ekki skapist þar óviðunandi ranglæti.

[15:08]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær góðu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið hjá þeim þingmönnum sem til máls hafa tekið. Það er greinilegt að þeir eru allir þeirrar skoðunar að hér sé fitjað upp á nauðsynlegum breytingum á vegalögum og eins og ég tók fram í upphafi máls mín hér áðan, þá hygg ég sameiginlegt áhugamál mitt og samgn. að vandlega verði farið yfir einstök efnisatriði þessa frv. Það sem við erum að stefna að með frv. er vitaskuld að reyna að koma þessu máli í það horf að það sé hentugt í þeirri merkingu að framkvæmdin verði ódýr eins og hægt sé en á hinn bóginn standi Vegagerðin undir þeim kröfum sem eðlilegt sé til hennar að gera.

Inn í þessi mál koma mörg álitaefni. Það er auðvitað álitamál hversu eigi að skipta ábyrgð á veghaldi eða vegagerð milli sveitarfélaga og Vegagerðar og verður að finna þar einhverja reglu. Auðvitað hlýtur að orka tvímælis hvort mörkin séu dregin nákvæmlega þar sem loks verður niðurstaðan. Hér eru settar fram skýrar reglur um það og ég geri ráð fyrir því að nefndin muni í samvinnu við sveitarfélög og Vegagerð fara yfir þær og reyna að gera sér grein fyrir því hvort um eðlilega kostnaðarskiptingu sé að ræða.

Auðvitað eru tekjustofnar Vegagerðarinnar nú til endurskoðunar, sérstaklega á það þó við um þungaskattinn, eins og oft hefur komið fram. Ef það er álit nefndarinnar að hallað sé á sveitarfélögin hefur það auðvitað þau áhrif að nefndin leggur til að frekara fé sé þangað veitt, sem aftur hefur þær afleiðingar að minna fjármagn verður til annarra vega. Því við erum auðvitað að tala um einn sameiginlegan sjóð og ríkissjóður getur ekki vísað þeim kostnaði sem til fellur á einhvern annan og þriðja aðila. Við erum með öðrum orðum að reyna að ráðstafa opinberu fé, við erum að

reyna að gera okkur grein fyrir því hvernig það nýtist sem best, út á það gengur þessi vinna.

Ef rætt er um einstök atriði sem hér voru talin upp vil ég fyrst fjalla um ferjur. Því hefur verið slegið föstu að Vegagerðin skuli bera ábyrgð á rekstri ferju- og flóabáta. Ástæðan er einfaldlega sú að áður hafði það viðgengist um árabil að ekki var horfst í augu við það hvað reksturinn raunverulega kostaði, hver stofnkostnaður nýrra ferja raunverulega var. Afleiðingin af því er sú að á næsta ári er svo komið að stuðningur við ferjur í landinu, stofnkostnaður og rekstrarkostnaður, er milli 500 og 600 millj. kr. sem er auðvitað feiknalegt fé og sýnir að ekki hefur verið stigið nógu gætilega til jarðar í þeim efnum.

Hér er gert ráð fyrir því að það skuli verða skilyrði fyrir því að hið opinbera styðji ferjurekstur að hann sé hluti af vegakerfi landsins eða samgöngukerfi landsins í þeim skilningi að ekki sé hægt að leggja vegi á viðkomandi staði eins og til Vestmannaeyja og Grímseyjar. Þótt við hv. þm. Árni Johnsen höfum einu sinni lagt fram þáltill. um það að athuga gangagerð til Vestmannaeyja, þá á það langt í land. Sömuleiðis er það að segja um flóabátinn Baldur að vegagerð er svo skammt á veg komin um Barðastrandarsýslu og auðvitað eyjar í Breiðafirði, að ekki er álitaefni að þar þurfi áfram að reka ferju og hefur hún ærnu verkefni að sinna.

Á hinn bóginn, eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Vesturl., sjáum við fram á það að Akraborgin kunni að leggjast niður einfaldlega vegna þess að jarðgöng koma undir Hvalfjörð. Það er margt sem bendir til þess einmitt nú að til slíkrar jarðgangagerðar komi vegna þess að rannsóknir á botnlagi Hvalfjarðar virðast gefa það í skyn að þar sé ekkert óvænt uppi sem komi í veg fyrir slíka gangagerð. Ég veit ekki betur en þær athuganir sem hafa farið fram á því að afla fjár til verksins á þeim forsendum sem Alþingi gerði ráð fyrir, þannig að fjárfestar standi undir stofn- og rekstrarkostnaði og endurgreiði með vegtollum gangagerðina, ætli að ganga upp.

Um Fagranesið er það aftur að segja að sérstök nefnd er að athuga það hvað eigi að gera, hvernig eigi að standa að rekstri þess. Ef hugmyndin er sú að Fagranesið verði bílferja þarf að leggja í verulegan kostnað inn í Djúpi, hvar svo sem ferjubryggjan yrði. Það er alveg ljóst að við erum að tala þar í fyrstu lotu um tugi milljóna. Ef horfur eru á hinn bóginn á því að vegur komi yfir Kollafjarðarheiði er auðvitað hálfúrleiðis að hugsa sér að ferjan komi miklu utar í firðinum, Ísafirði, þannig að það er mikið álitamál hvað gera skuli. Það er greinilegt að verulegar fjárveitingar þurfa að koma til með þeim ferjurekstri og ég hef verið þeirrar skoðunar að skynsamlegra sé að reyna að hraða veginum inn Djúpið en að leggja fé til slíks rekstrar í framtíðinni.

Á hinn bóginn eru þessi mál í athugun og ég hef síður en svo á móti því og vil stuðla að því að sveitarfélög og aðrir geti komist að góðri niðurstöðu. Þannig að í þessu er ekkert offors, hvorki gagnvart Akraborginni né Fagranesinu.

Það er hins vegar það vonda við Akraborgardæmið að það var tekið svokallað kúlulán þegar hún var keypt til landsins sem olli því að ekki var farið að greiða af henni fyrr en á árinu 1992 má ég segja, frekar en á þessu ári, sem var auðvitað mjög bagalegt. Auðvitað hefði átt að vera búið að greiða hana niður með öllu ef rétt hefði verið staðið að fjárlagagerð á undanförnum árum og svo hefði verið ef Vegagerðin hefði borið ábyrgð á rekstri ferjubáta á þeim tíma. Vegna þess að forveri minn, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, spyr hver hafi borið ábyrgð á kúlulåninu, þá get ég fullvissað hann um að það var ekki hann.

Hér hefur verið rætt verulega um girðingamálin og það er eðlilegt að þau mál komi líka inn, en það verður að reyna að finna sanngjarna reglu um það hverjum beri að standa undir því að reisa girðingar og halda þeim við. Hér er gengið út frá ákveðinni reglu í þeim efnum og ég tek undir það með hv. þm. Jóni Helgasyni að eðlilegt er að taka girðingarlögin sjálf til endurskoðunar. Ég skal beita mér fyrir því að það verði gert og geri ráð fyrir því að nefndin taki þeirri ábendingu að skoða þau í sambandi við athugun á þessu frv.

Ég man ekki hvort það var eitthvað fleira sem minnst var á, en ég hygg að ég hafi komið inn á aðalþætti málsins. Við erum að fjalla um heildarfrv. til vegalaga, við erum að undirbúa nýja löggjöf í þeim efnum. Það má auðvitað deila um það hvort flokkun vega eigi að vera nákvæmlega eins og gert er ráð fyrir í þessu frv. Mér finnst eðlilegt að þingnefndin kalli til Vegagerð, skipulagsyfirvöld og aðra til þess að gera grein fyrir þeim álitamálum sem hér hafa verið vakin upp, því af minni hálfu er það auðvitað alveg sjálfsagt að breyta slíkum tæknilegum atriðum í þessu frv. til þess að það megi betur fara. Hef ég svo ekki meira um þetta mál að segja að sinni.

[15:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til þess að svara hæstv. ráðherra aðeins. Í fyrsta lagi vil ég þakka honum fyrir það að hann tekur jákvætt undir það að í nefndinni geti orðið samkomulag um breytingar á frv. Ég held að það sé mjög jákvætt innlegg frá hæstv. ráðherra í málið vegna forsögu þess, að minni hlutinn hefur ekki fengið að koma neitt að undirbúningi þess.

Ég vil líka fagna því að hann upplýsir okkur hér um það að miklar líkur séu á því að það verði af þessum framkvæmdum, með veg undir Hvalfjörð, og þá fer auðvitað allt öðruvísi með framtíð Akraborgar heldur en annars væri. En ég get ekki annað en sagt það að ég hef bara skilið það þannig og ég held að það sé fortakslaust í þessu frv. að þessi tvö skip, Akraborgin og Fagranesið, verði lögð af. Þau verða ekki rekin nema í hæsta lagi í þrjú ár, miðað við það sem sagt er í frv. Mér fannst eins og ráðherrann væri að gefa það til kynna áðan að það gilti ekki um Fagranesið. Það þarf þá að skoða málið eitthvað betur en a.m.k. það hefur verið lagt hér upp.

Hann nefndi Akraborgina og þetta kúlulán sem honum er svo hugleikið og hann nefnir í hvert skipti sem Akraborgina ber á góma. Ég vil bara minna menn á að það er ríkissjóður sem á 65% af þessu fyrirtæki og

hann hefur leyft sér það að láta þennan rekstur vera í lamasessi. Þarna hafa safnast upp dráttarvextir ár eftir ár og skuld hefur vaxið langt fram yfir það sem eðlilegt væri í staðinn fyrir að koma þessum lánum í einhverja „konverteringu". Það hefur ekki verið gert og þess vegna er nú svona komið þar.

Að lokum vil ég segja það, virðulegi forseti, að ég fagna því að hæstv. ráðherra er svona jákvæður í málinu. Ég minni á það að hann nefndi það áðan að hann hefði lagt til að menn skoðuðu það að leggja göng til Vestmannaeyja. Hann er nýlega kominn úr ferð frá Kína, ég spyr hann: Voru ráðleggingar hans um vegagerð á þeim slóðum eitthvað í líkingu við þær sem hann er að leggja fyrir hv. Alþingi ?

[15:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það hefði verið tæknilega mögulegt að leggja jarðgöng til Vestmannaeyja þá hefði það ekki orðið dýrari kostur hlutfallslega en sá að kaupa Herjólf eins og að því var staðið.

Ég vil segja það um Akraborgina og Fagranesið og þessi mál almennt að við erum að bæta vegina stórkostlega. Það er auðvitað alveg ljóst að ef niðurstaðan verður sú að ekki komi til þess að ráðist verði í göng undir Hvalfjörð þá er óhjákvæmilegt að bæta veginn fyrir Hvalfjörð með öðrum hætti. Auðvitað getur það ekki gengið til langframa hvorki við Ísafjarðardjúp né milli Akraness og Reykjavíkur að verið sé að halda uppi kostnaðarsömum ferjurekstri eftir að vegirnir eru komnir í viðunandi horf. Aðrir sem að þessu máli koma geta auðvitað ekki sætt sig við þetta og íbúarnir á stöðunum sjálfum skilja að þetta gengur ekki. Auðvitað gengur það ekki. Menn vilja að vel sé farið með opinbert fé og ætlast til þess að ferjur séu lagðar niður og flóabátar þegar þeirra er ekki lengur þörf.

[15:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur mér á óvart ef það er mikið ódýrara að leggja jarðgöng til Vestmannaeyja og reka þau heldur en að kaupa Herjólf sem kostaði um 1.200–1.300 millj. Jarðgöng þarna út mundu áreiðanlega kosta tíu milljarða eða svo, miðað við þá kostnaðartölu sem við höfum heyrt um önnur jarðgöng.

Ég tek auðvitað undir með ráðherra með það að vitanlega verður vegurinn fyrir Hvalfjörð bættur ef ekki verður af þessum jarðgöngum. En það er ekki þar með sagt og það á ekki að slá því föstu fyrir fram að það verði ekki áfram samgöngur á sjó milli Reykjavíkur og Akraness. Mér finnst fráleitt að halda því fram nema að undangengnum góðum rannsóknum og athugunum á rekstri ferju hér á milli.

[15:23]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held ég þurfi að tala skýrar til þess að ummæli mín misskiljist ekki eins og stundum hefur komið fyrir þegar ég hef gert samgöngur fyrir Hvalfjörð að umræðuefni, kannski vegna þess að ég hef engu síður en hv. þm. farið oft fyrir þann fjörð. Það liggur auðvitað fyrir að verið er að bæta stórkostlega samgöngur frá Reykjavík til Vesturlands. Ef ekki kemur til jarðgangagerðar þá er óhjákvæmilegt að bæta veginn fyrir Hvalfjörð með öðrum hætti. Auðvitað er það alveg út í hött að láta sér detta í hug að ný bílferja verði keypt til þess að annast siglingar milli Reykjavíkur og Akraness samtímis því sem lagt verður í mikinn kostnað við að bæta veginn fyrir fjörðinn ef ekki kemur til jarðganganna. Þetta vita menn og ég held að það sé langbest að tala hreint út um það. Við erum ekki að tala um eitthvað sem gerist á þessu ári og eitthvað sem gerist á næsta ári. Það er yfirlýst af minni hálfu og ég held að aldrei hafi komið fram raddir um annað á Alþingi en að rekstur Akraborgarinnar haldi áfram þangað til jarðgangagerð lýkur undir Hvalfjörð.

[15:24]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það virðist alltaf koma til umræðna hér um Akraborg og Fagraness þegar verið er að ræða ný vegalög og ég heyri það á þeim sem hér hafa skipst á skoðunum á undan mér að þeir þekkja vel veginn fyrir Hvalfjörð. Það geri ég reyndar líka. En ég þekki líka veginn um Ísafjarðardjúp og sá vegur er um 200 km og af honum er ekki nema um þriðjungur með bundnu slitlagi. Hitt er óuppbyggður vegur að mestu leyti og ekki með bundnu slitlagi. Ég sé ekki fram á það, þó ég sé mjög ánægð með að heyra að það sé unnið að því að þarna verði betri og varanlegri vegur, þá held ég að það náist ekki á 2–3 árum það sem hugsað er að samkvæmt þessum nýju lögum, að leggja niður allan ferjurekstur þar sem vegasambandi sé haldið uppi.

Ég held því að það þurfi endurskoðunar við hvort ekki þurfi jafnframt um einhvern tíma a.m.k. og líklegast lengur en 3 ár, að halda uppi rekstri Fagraness. Ég tel að þær úrbætur sem mundu verða gerðar með því að þessi ferjubryggja kæmi gætu einmitt hugsanlega bæði skotið stoðum undir ferðaþjónustu á þessu svæði og orðið til þess að Fagranesið gæti alveg rekið sig án nokkurra styrkja í framtíðinni þegar vegur um Djúp yrði orðinn í þeim farvegi að það væri það eina sem haldið væri uppi af þjóðvegi.

[15:26]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er verið að athuga það hvernig menn vilja standa að samgöngum inni í Djúpi. Menn eru annars vegar að reyna að gera sér grein fyrir hvað það kosti að koma viðunandi aðstöðu upp til þess að Fagranesið geti verið bílferja á milli Ísafjarðar og Ísafjarðar, ef ég má orða það þannig. Auðvitað kostar það verulega fjármuni. Ég er ekki með það nákvæmlega hvað við erum að tala um mikla fjármuni þegar búið verður að byggja bryggju, komið verður plan, aðstaða til þess að fólk geti beðið eftir ferjunni og þar fram eftir götunum. Við erum að tala um verulega fjármuni. Á móti hef ég talað um það hvort ekki sé nauðsynlegt að horfa á aðra kosti líka. Það er alveg ástæðulaust að vera að snúa út úr því. Það er verið að reyna að komast að skynsamlegri niðurstöðu um samgöngumál Djúpsins að þessu leyti. Almennt hef ég lýst því yfir

að ég telji það einna brýnasta málið í samgöngumálum hér á landi að ljúka Djúpveginum, að gera áætlun um það hvenær hægt verði að koma bundnu slitlagi inn allt Djúpið. Sömuleiðis hef ég lagt áherslu á nauðsyn framhalds á veginum yfir Gilsfjörð, eftir að hann er kominn til að stytta leiðina til Ísafjarðar, hvort sem farið verður Kollafjarðarveginn eða Þorskafjarðarheiðina. Mér finnst alveg ástæðulaust að vera að tala um þetta á einhverjum öðrum nótum en þessum. Ég hef áhuga á því að reyna að beita mér fyrir góðum samgöngum einmitt þarna fyrir vestan og fór sérstaklega í sumar til að sjá hvernig Kollafjarðarheiðin lítur út, sem ég vissi ekki áður, og satt að segja langar mig til að fara hana aftur.

[15:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef engan veginn verið að reyna að snúa út úr fyrir hæstv. samgrh. Mér var einmitt kunnugt um þessa ferð sem hann fór og get upplýst það að ég hef reyndar sjálf ekki farið þessa heiði, það hlýtur að vera mjög gaman að fara Kollafjarðarheiði úr því hann vill fara hana aftur. En það sem ég er að leggja áherslu á út frá þessu frv. er að þarna stendur að ferjur skuli ekki reknar nema í þrjú ár. Ég tel að það geti ekki verið endanlegt vegna þess að það geti þurft að gera það lengur og ekki hvað síst í sambandi við veg eins og í Djúpinu. Ég hugsa að ef þingmenn sem hér sitja inni, sem eru raunar allmargir, færu þennan veg jafnoft og ég hef t.d. gert og margir aðrir þá mundu þeir vera mér sammála.

[15:29]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega hefur nokkuð af því komið hér fram sem ég ætlaði að fara yfir þegar ég kvaddi mér hljóðs. Ég vil þó undirstrika það að ég er sannfærður um að hæstv. núv. samgrh. hefur fullan vilja til þess að reyna að vinna vel að bættum vegasamgöngum. Ég er sannfærður um að hugur hans stendur til þess og hann á minn stuðning í þeim efnum. En það sem ég vakti máls á, hæstv. ráðherra, var að ég tel að það sé óskhyggjan ein, því miður, að það verði komin jarðgöng undir Hvalfjörð og það verði búið að byggja upp veginn frá Ísafirði til kaupstaðarins Ísafjarðar innan þriggja ára. Vegna þess að ég tel að þetta verði ekki til staðar, þá liggur það í augum uppi, hæstv. ráðherra, að þá á að leggja niður bæði Akraborgina og Fagranesið. Það var það sem ég gat um í mínum upphafsorðum og vildi fá að skoða betur í samgn.

Annað sem ég vildi einnig geta um er að í þeirri nefnd sem endurskoðaði þetta mál voru að sjálfsögðu eintómir stjórnarsinnar. Enginn af þeim sér ástæðu til þess að sitja hér inni nú. Að vísu var hæstv. 6. varaforseti þingsins dæmdur til þess að sitja hér um stund í ræðustólnum og þurfa að hlusta á mál okkar en lengur gat hann ekki verið og enginn sést nú í salnum af þeim stjórnarliðum sem voru við að semja þetta frv.

Hæstv. ráðherra svaraði ekki þeirri spurningu sem ég bar hér fram um það hvaða kostnaðartölur við værum hugsanlega að ræða um eftir að búið væri að færa um þriðjung kostnaðar af stofn- og viðhaldskostnaði þjóðvega í þéttbýli frá ríkinu yfir á sveitarfélögin. Hæstv. ráðherra hefur ekki svarað þessari spurningu minni og því beini ég henni til þeirra þingmanna Sjálfstfl. og Alþfl., þar af tveggja hæstv. varaforseta þingsins sem hljóta nú að vera hér í húsinu, að þeir svari þessu. Þetta hlýtur að hafa komið fram í störfum nefndarinnar. Um það háar upphæðir hlýtur að vera að ræða að það getur ekki annað verið en nefndin hafi gert sér einhverja grein fyrir því um hvað var verið hér að fjalla. (**Gripið fram í:** Í sambandi við hvað?) Kostnað. (**Gripið fram í:** Við hvað?) Flutning. (**Gripið fram í:** Á hverju?) Verkefnum til sveitarfélaga.

[15:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég áttaði mig ekki alveg á spurningunni, hvernig hv. þm. hugsar sér að henni sé svarað. Hann er að velta því fyrir sér hvort til sé áætlun um það hvernig dæmið kemur út hjá sveitarfélögunum og ríkinu ef við berum vegalögin eins og þau liggja nú fyrir saman við það frv. sem hér liggur fyrir. Ég sagði í ræðu minni áðan að mér fyndist sjálfsagt að samgn. færi yfir þetta með Vegagerðinni. Ef menn eru á einu máli um að hallað sé á ríkið í þeim efnum, þá er alveg sjálfsagt að reyna að greiða úr því. En ef hv. þm. eru of áfjáðir í það, þá hefur það auðvitað í för með sér að ríkið hefur minna en ella til þjóðvegagerðar hjá sér. Það er svo einfalt mál.

[15:33]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alveg skýrt um hvað ég spurði áðan. Ég vitnaði í sérálit Þórðar Skúlasonar, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, sem átti sæti í nefndinni og ég skal lesa enn og aftur það sem hann segir hér:

„Það er álit undirritaðs að flokkun stofn- og tengivega í þéttbýli samkvæmt hinni nýju skilgreiningu 8. gr. frv. muni leiða til þess að stofn- og tengivegir í þéttbýli verði um þriðjungi styttri en þjóðvegir í þéttbýli samkvæmt núgildandi reglugerð þar um. Þannig færist þriðjung stofn- og viðhaldskostnaðar þjóðvega í þéttbýli yfir á hendur sveitarfélaga án þess að þeim væri í nokkru bættur sá kostnaðarauki."

Og það er einmitt þetta sem ég er að spyrja um. Lá það ekki fyrir hver þessi kostnaðarauki er eða verður?

[15:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að hv. þm. vissi að fé til framkvæmda samkvæmt fjárlögum fer auðvitað eftir því sem Alþingi ákveður hverju sinni. Auðvitað liggur ekki fyrir nein áætlun um það á þessu stigi og allra síst hjá Vegagerðinni í hvaða framkvæmdir verði ráðist hjá einstökum sveitarfélögum á næstu árum nákvæmlega og í hvaða framkvæmdir verður farið úr Vegasjóði samkvæmt ákvörðun Alþingis. Slík niðurstaða liggur ekki fyrir. Þess vegna er gersamlega útilokað að ætla að svara því núna eða fara fram á að ég hafi einhver svör um það hversu miklum fjármunum

verði varið til vegamála á næstu árum, hvernig þeim verði skipt milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna og þar fram eftir götunum. Slíkar upplýsingar liggja ekki fyrir og geta ekki legið fyrir eðli málsins samkvæmt.

[15:35]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir undirtektir hans við það að einnig verði litið á girðingarlög og þau endurskoðuð.

Ég vil aðeins benda á eitt atriði sem undirstrikar það að á því er þörf. Í 11. gr. girðingarlaga segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nú myndast langar girðingartraðir með vegi, og er þá hlutaðeigandi bændum skylt að gæta þess eftir föngum, að búfénaður þeirra sleppi ekki inn á veginn."

En 56. gr. þessa frv. hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda."

Það væri að sjálfsögðu algerlega útilokað að afgreiða lög sem þannig væru ósamhljóða öðrum lögum sem fyrir eru án þess að þeim sé breytt og þau færð til samræmis. Reyndar er það nú svo að í 56. gr. má segja að hún sé eiginlega opin í báða enda því það virðist vera að þessar girðingartraðir þurfi ekki að vera lokaðar til þess að þetta eigi þar við. Ég held að það sé náttúrlega augljóst að það þurfi að vera.

[15:37]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er stjfrv. á dagskrá en ráðherrar horfnir úr salnum. Það er mikil spurning hvort þá verði ekki að fresta umræðunni. (**Forseti:** Ráðherra er hér til hliðar.)

Ég vil fyrst segja það að auðvitað er það ekki nema eðlilegur hlutur að menn leitist við að setja ný lög um vegamál. En eitt af því sem vekur athygli hér er sú hugsun sem er eins og rauður þráður í gegnum þetta frv., að í viðskiptum við bændur beri að hafa af þeim land eins og hægt er án kvóta og er það nú ærið umhugsunarefni hver sé ástæðan fyrir þessu. Það er krafist svars við því innan árs, ef menn vilja hefja kröfur á Vegagerðina vegna framkvæmda sem hún hefur gert í þessu og það er ekki gert ráð fyrir því að það sé sjálfgefið litið svo á að óræktað land sé eign. Það er ekki talið sjálfgefið að hægt sé að líta á óræktað land sem eign. Þetta finnst mér í sjálfu sér vera algerlega út í hött.

Hér er notað orðið „veghaldari", ekki vegeigandi. Skýringin er ákaflega einföld. Vegagerðin er ekki þinglýstur eigandi að landi nema í sárafáum tilfellum, hún er ekki þinglýstur eigandi að landi. Hún vill vera veghaldarinn, hún vill eiga landið án þess að greiða fyrir það. Og ef hún ætti landið undir vegunum þá sæti hún uppi með sömu skyldur og eru á milli tveggja einstaklinga sem eiga land, þ.e. báðir geta krafist þess með árs fyrirvara að girt sé á merkjum og báðir bera jafnan kostnað af viðhaldi girðingarinnar eftirleiðis. Þetta eru þær leikreglur sem gilda á milli einstaklinga. Spurningin er þessi og hlýtur að vera: Hvers vegna telur ríkisvaldið sér aldrei nóg að hafa sama rétt og einstaklingar í skiptum við annan einstakling? Hvers vegna ætlar ríkisvaldið sér alltaf meiri rétt heldur en eðlilegt er talið að einstaklingar hafi í skiptum hver við annan? Þetta er hlutur sem ég held að menn verði að gera upp við sig.

Vegir voru í upphafi lagðir um sveitir og víðar fyrir farartæki sem fóru mjög hægt. Vörubílar voru þá á 30–40 km hraða. Það stóð engri skepnu hætta af þessu. Það er meira að segja svo að flestar skepnur gætu forðað sér undan þeirri ferð sem skipin eru á ef það væri nú umferðarhraðinn. Svo breytist þetta. Hraðinn verður margfalt meiri. Bithaginn sem einu sinni var ekki hættusvæði fyrir búpening verður að hreinu hættusvæði, bæði fyrir þann sem situr undir stýri á bílnum og fyrir búpeninginn. Þannig hafa hlutirnir verið að breytast og það hafa í sjálfu sér ekki komið fram neinar vitrænar niðurstöður í því hvernig eigi að ná sáttum í þessum málum. Sumar jarðir eru gersamlega vonlausar til búsetu eftir að þar er orðin hraðbraut í gegnum landið.

Nú veit ég að hæstv. ráðherra er þeirrar gerðar að hann vill grandskoða mál út frá lögum og meta hvað standist að lögum, jafnt stjórnsýslulögum sem öðrum. Og ég hygg að það væri mjög fróðlegt fyrir hæstv. ráðherra að láta skoða þessi mál, ekki með hagsmunagleraugu ríkisins á nefinu heldur hlutlaust eins og ef tveir einstaklingar ættust við eða ef hlutafélag væri að leggja þennan veg, þá yrði að virða leikreglur eignarréttarins sem eru í sjálfu sér eitt af grundvallaratriðum stjórnarskrárinnar. Það þýðir ekki að ætla að setja einhver undirlög sem ætla að troða á þeim rétti eða einhver ákvæði sem eru á þann veg að mönnum sé ætlaður minni tími til að athuga mál sín í þessu sambandi en öðru. Allt er þetta umhugsunarefni.

Ég vil aftur á móti leyfa mér þótt þess sé hvergi getið hér, að hreyfa örlítið við vegmálum ákveðins kjördæmis, eins og kom nú hér á dagskrá, og líka að leyfa mér að fara örlítið út fyrir það. Fyrst ætla ég að víkja örfáum orðum að Hvalfirði.

Það er út af fyrir sig ekki skrýtið að menn vilji stytta leið fyrir Hvalfjörð og þá sérstaklega í tíma. Tíminn er það sem skiptir máli og það er eitt og annað hægt að gera til þess að auðvelda það.

Sú hugmynd hefur verið mjög ofarlega að gera göng undir Hvalfjörð. Fram að þeim tíma hafði verið rætt um brú. Ég er nú þeirrar gerðar að ég skil ekki almennilega hvers vegna menn hafa hafnað þeim hugmyndum að fara í brúargerð í Hvalfirði. Mín hugsun er sú að það væri eðlilegt að gera það innar í firðinum, við Þyrilsnesið, og það væri jafnskynsamlegt að fara í brúargerð frá Reykjavík yfir Kollafjörð og stytta leið upp á Kjalarnes. Ég hygg að ef þessa tvær framkvæmdir yrðu gerðar, þá yrði niðurstaðan sú að það yrði meiri flýtir tímalega að fara fyrir Hvalfjörð heldur en þær hugmyndir sem nú eru uppi um jarðgöng. Jarðgöngin mundu vera með brekku niður, svo yrði lárétt svæði trúlega og svo yrði brekka upp aftur og

menn yrðu að sjálfsögðu að slá mjög af ferð á leið sinni gegnum þessi jarðgöng. En hitt vildi ég gjarnan að ráðherra hugleiddi og það er hversu mikill vatnsleki gæti orðið í þessum jarðgöngum, en nú sýnist mér á öllu að hann sé endanlega horfinn úr salnum, hæstv. forseti. Mér þætti nú vænt um að hann yrði til kvaddur að vera í salnum því það er erfitt að bera fram spurningar til fjarstadds ráðherra. Ég mun nú gera hlé á máli mínu svo að ég trufli ekki forseta við að boða ráðherrann aftur í salinn. (Gripið fram í.) Ég vil fara fram á það við forseta að þagnartíminn sé dreginn frá því það er gert ráð fyrir 15 mínútum sem menn mega tala í þessum stól (**Forseti:** 20 mínútum.) eða 20 mínútum, en að sjálfsögðu er ekki ákvæði um þagnirnar. (Gripið fram í.)

Nú er hæstv. ráðherra kominn í salinn og fyrirspurnin var svohljóðandi: Hefur hann hugleitt hversu mikið vatn gæti lekið niður í þessi göng?

Nú er það svo að það hefur komið upp í Vestfjarðagöngunum það vandamál að það er fyrst og fremst vatn sem hefði getað heft þar möguleika á jarðgangagerð. Bergið er í lagi en vatnsagi hefur verið þar miklu meiri en menn áttu von á. Það þarf enginn að segja mér að hættan á vatni undir Hvalfirði sé ekki margföld á við það sem er í þeim jarðgöngum, fyrir utan það sem ekki er hægt að horfa fram hjá heldur að þetta er á jarðskjálftasvæði. Og það hlýtur að vera mikil spurning hvort það sé ekki eðlilegt að Vegagerðin láti fara fram mat á því hvort skynsamlegra sé að fara í brúargerð eða í jarðgangagerð. Ég segi þetta vegna þess að mér sýnist að það hafi átt sér stað einstefna í þessu máli. Menn hafa allt í einu slegið því föstu að það væri ekkert nema jarðgangagerð sem kæmi til greina. En þeir vísu menn, Íslendingar, sem áður höfðu talað fyrir því að það væri eðlilegt að fara í brúargerð yfir Hvalfjörð, virðast taldir úreltir með allar sínar hugmyndir.

Ef ég vík frá þessu og vestur á firði, þá þykir mér eðlilegt að fagna því ef ráðherra treystir sér til að koma á bundnu slitlagi fyrir Ísafjarðardjúp á þremur árum. Síst yrði ég til að leggjast gegn því og auðvitað væri það gífurlega stór áfangi ef það yrði. En nú er það svo að hugmyndir um brú yfir Gilsfjörð hafa vissulega áhrif á hvaða leið er styst til Ísafjarðar, en allt til þessa hafa Vestfirðingar fyrst og fremst mátt horfa á þann þátt hvaða leið er fær allan ársins hring. Og það hafa fleiri mátt búa við það að þurfa fyrst og fremst að horfa á það eina atriði, hvaða leið er fær. Af þeirri ástæðu var tekin ákvörðun um að fara Steingrímsfjarðarheiði úr Ísafjarðardjúpi vegna þess að þar liggur vegurinn upp úr tveimur dölum sitt hvorum megin og það er örstutt á milli dalbotnanna. Mannhætta á þeim vegi er þess vegna miklu minni heldur en á vegi yfir Þorskafjarðarheiði. Þorskafjarðarheiðin er tiltölulega flöt heiði og sá sem færi þar frá bíl í vondu veðri hefur að mínu viti sáralitla möguleika að sleppa lifandi til byggða, sáralitla möguleika. Þar er kennileitalaust svo gott sem og vindur þyrfti ekki annað en breytast til að hann gæti ekki með nokkru móti áttað sig á því hvort hann væri að ganga í rétta átt. Það hafa menn á besta aldri náð byggð mjög þrekaðir með því að ganga frá bíl á Þorskafjarðarheiði í vondu veðri, en það er engu að síður staðreynd að það eru miklu minni líkur á því að menn sleppi lifandi frá slíku tiltæki heldur en með því þá að sitja inni í bílnum og bíða þar þótt þeir þyrftu að bíða einn eða tvo daga í von um að hjálp bærist.

Varðandi hugmyndir um Kollafjarðarheiði þá er það nú svo að okkur Vestfirðingum hefur fundist að við gætum kannski ekki gert allt í einu og gætum ekki gert kröfu á ríkisvaldið um að gera allt í einu. Þess vegna höfum við litið svo á að það væru tvær leiðir sem við þyrftum að styðja, annars vegar leiðina í gegnum Strandasýslu, yfir í Ísafjarðardjúp um Steingrímsfjarðarheiði og hins vegar leiðina frá Ísafirði gegnum jarðgöngin yfir Önundafjörð og Dýrafjörð niður í Arnarfjörð yfir Dynjandisheiði og þaðan suður. Sú leið ef hún er byggð upp kæmi líka sunnanverðum Vestfjörðum að fullu gagni þar sem eru um 2.000 íbúar. Auðvitað gætum við hugsað okkur að við hefðum það mikla peninga að við gætum farið í það að byggja þessar heiðar allar upp. Ég ætla ekki að gera lítið úr hugmyndum um að byggja upp Kollafjarðarheiði, mér er ljóst að hún er mjög stutt. Hins vegar er það svo að það getur orðið verulega langt til byggða Breiðafjarðarmegin sé maður að fara í vetrarveðri yfir Kollafjarðarheiði og er kominn þar niður, það er ekki nema einn bær þar á verulega löngu svæði. (**Samgrh.:** En komum við nú ekki að minnismerkinu hans Matthíasar Jochumssonar?) Það er nú svo, Halldór minn, hæstv. ráðherra Blöndal, að það mega vera hraustir menn sem ganga alla leið frá Kollafirði að minnismerkinu hans Matthíasar. Nú sé ég að hæstv. ráðherra hefur áttað sig á því að þetta voru gamanmál hjá honum. Auðvitað mundu þeir stoppa í Skálarnesi og í dag mundu þeir stoppa í Múla, en það er eini bærinn sem er í nágrenni við rætur Kollafjarðarheiðar. En fyrsti bær þar var Fjarðarhorn sem er kominn í eyði. Því segi ég þetta að ég hygg að það sé enn ríkt í huga okkar Vestfirðinga að þessi hringleið sem ég var að tala um sé það sem við viljum vinna að að hrinda í framkvæmd.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast á einn veg á Vestfjörðum sem ég vona að hæstv. ráðherra mundi örugglega fást til að flokka undir landsveg. Það er leiðin norður í Árneshrepp. Það er nú svo að sú byggð stendur veikast á Vestfjörðum, þar er náttúrufegurð með ólíkindum mikil. Ég hygg að þangað komi enginn án þess að hrífast og ferðamannastraumur norður eftir hefur verið að vaxa. Hins vegar hefur sá galli verið á gjöf Njarðar varðandi þá aðila sem hafa viljað ferðast norður að hafi þeir ekki verið á jeppabifreið þá hafa þeir verið í hættu með að skemma bílinn á þessari leið. Ég vil bæta því við eftir að Ríkisskip lagði niður þjónustu við dreifbýlið samkvæmt ákvörðun ráðherra má gera ráð fyrir að í vaxandi mæli verði allar vörur að flytjast landveginn norður eftir. Það verður einfaldlega ekki gert nema það verði gert stórátak í að byggja þennan veg upp.

Sem betur fer er verið að rjúfa einangrun Vestur-Ísafjarðarsýslu. Það er verið að og búið skulum við

segja að rjúfa einangrun Bíldudals eða ég vil trúa því. En þessi staður er skilinn eftir og það er ekki verjandi að horfa ekki til þeirra miklu möguleika sem við eigum í tengslum við ferðamennsku með því að byggja upp þennan veg jafnvel þó sumir mundu segja að byggðin stæði tæpt. þá er hægt að minnast á það sem Einar Ben. orðaði svo, spurningin er alltaf þessi: „Vilja menn hrinda þeim hrasandi til falls?“ Er það kjarninn í því sem menn vilja gera eða vilja menn styðja við?

Ég tel þessa byggð útvörð á þessu svæði og ég er sannfærður um að það væri mikill skaði ef Alþingi Íslendinga fengist ekki til að styðja við þessa byggð. Ég hef trú á að hæstv. ráðherra sé sama sinnis, hef ekki ástæðu til að ætla annað, en þarna er vandinn stór og þarna verður að taka á.

Ég held að þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram með þessu frv. um hvernig eigi að standa að vegalögum í landinu hljóti að fá verulega umfjöllun í nefnd. Þetta er stórmál sem Alþingi hefur ávallt látið sig miklu skipta og ég tel ekki ástæðu til að fjalla frekar um við 1. umr. en mun að sjálfsögðu fylgjast grannt með hvað gert verður í þeirri nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar.

[15:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Vestf. um það að menn hafi ekki skoðað nægilega vel hvort það ætti að byggja brú yfir Hvalfjörð þá vil ég segja að ég var og er einn af þeim sem hafa talið mjög skynsamlegt að skoða það vel. Mér var sagt á fundi með þeim sem hafa staðið að þessum athugunum að sú hugmynd hafi verið skoðuð vel og borin saman við aðra kosti og niðurstaðan varð sú að það var verulegur kostnaðarmunur á því að gera þessi göng eða gera brú. Hins vegar á sú hugmynd þingmannsins að brúa yfir Þyrilsnesið ekkert skylt við þessa lausn sem nú er verið að tala um þarna fyrir Hvalfjörðinn og er miklu minni stytting á leiðinni fyrir Hvalfjörð heldur en þessi jarðgangagerð.

Með það hvort þarna verði mikið vatn — ég er ekkert hissa á því þótt Vestfirðingar séu kvekktir á þessum mikla vatnsaga sem þarna er í göngunum hjá þeim. Rannsóknir hafa sýnt að það er ekki mikil hætta á vatni að minnsta kosti ofan frá í þessi göng. Hitt vita menn ekki hvort það gæti komið neðanfrá og verið kannski í heitara lagi. Það hefur kannski ekki verið rannsakað sem skyldi. Það sem hann sagði síðan um hallann á göngunum að menn mundu keyra hægar vegna hallans eða það mundi verða minni stytting á tíma vegna hallans, við því er það að segja að það er lítill halli í þessum göngum. Hann yrði 5–6° þannig að menn munu ekki upplifa sig í miklum halla þó þeir keyri þarna í gegnum þessi göng.

Ég vil fagna úr því að ég er hér í ræðustól yfirlýsingu ráðherrans áðan um þessi göng. Hann sagði skýrt og skorinort Akraborgin verði ekki lögð niður fyrr en göngin verða tekin í notkun.

[16:00]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég gat um það að tvær aðgerðir mundu stytta leiðina til Reykjavíkur jafnmikið og sú aðgerð sem menn eru að tala um með jarðgöngum, þ.e. annars vegar að fara í brúargerð út frá Reykjavík svo menn komist m.a. skammlaust fram hjá því byggðarlagi sem hæstv. forseti þessa þings er nú búsettur í og hin aðgerðin væri að fara yfir á Þyrilsnesinu. Ég horfi á þetta í tíma. (**Samgrh.**: Svo væri kannski að fljúga.) Ráðherra hæstv. leggur nú til að bílarnir fái vængi og menn fljúgi bara. Það er auðvitað langfrumlegasta hugmyndin sem hér hefur komið fram. En það er nú einu sinni svo að það er í tíma sem menn mæla vegalengdir eða fara á milli staða, það er í tíma. Það er alveg tvímælalaust að mesta styttingin í tíma eru þessar tvær aðgerðir. Menn eru mjög fljótir satt best að segja að keyra hinn hluta þessa vegar sérstaklega ef hann yrði breikkaður.

Varðandi hitt atriðið hvort hætta sé á vatni eða ekki þá hef ég einnig verið að lesa það sem um þetta hefur verið sagt og mér finnst það út af fyrir sig dálítið kómískt að þeir vilja bera ábyrgð á vatninu ofan frá en ekki neðan frá. Ég verð að segja eins og er að mér fannst þetta alveg stórkostlega kómískt þegar ég sá þetta. Og mér er spurn: Hver er ábyrgur ef þessar hugmyndir standast ekki hjá þeim með vatnið? Hver er ábyrgur? Er yfir höfuð hægt að ætlast til þess að þessir ágætu menn sem eru að skoða þetta viti þetta? Ég held bara að þeir viti sáralítið um það.

[16:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er stórt spurt þegar menn spyrja hver beri ábyrgð á vatninu sem kemur neðan frá. Ég á ekki svar við því. En ég vil bara segja það vegna hugmynda hv. 2. þm. Vestf., um að hafa þennan hátt á að byrja á því að brúa út frá Reykjavík að sá möguleiki er veruleg stytting á vegalengd hér vestur um og fyrir alla sem fara vestur og norður um land. Ég tel að það komi mjög vel til greina. Mér er sagt að þeir sem hafa skoðað þetta mál hafi komist að þeirri niðurstöðu að sú brúargerð muni hvort sem menn fara í veginn fyrir Hvalfjörð eða ekki vera mjög raunhæf á næstu 10 árum. Þá eru menn náttúrlega búnir að stytta vegalengdina frá Reykjavík og út á land, hvort sem menn ætla norður eða vestur, mjög mikið þegar göngin væru líka komin undir Hvalfjörð.

[16:03]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hinar prúðmannlegu athugasemdir sem hér hafa verið bornar fram frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni þær eru út af fyrir sig vangaveltur á vissan hátt um þessa hluti. En það sem situr fastast í mínu höfði er út af fyrir sig sú eina staðreynd að sömu peningar verða ekki notaðir tvisvar. Það er út af fyrir sig sagt að þetta eigi að vera hlutafélag sem geri þetta en í þeirri skýrslu sem ég las um þetta mál kom greinilega fram að þeir töldu að það væri forsenda fyrir því að þeir fengju lánsfé með nægilega hagstæðum kjörum að um ríkisábyrgð yrði að ræða. Þess vegna sýnist mér að það sé ekki óeðlilegt þó að menn meti það svo að þarna sé í reynd verið með vegafé, í það minnsta er það í áhættunni, og þess vegna sé spurn-

ingin: Hvað er skynsamlegast að gera fyrir það takmarkaða fé sem við höfum til að bæta þessa leið til að ná þar auknum hraða?

Nú er það svo að mér er fullkomlega ljóst að þetta mál er á því stigi að sumir telja að það sé nánast landráð við hugmyndina að ræða það að brúa. Hins vegar sýnist mér að það væri hægt að fá tilboð í brúargerð sem væri miklu áhættuminna að gera heldur en tilboð í jarðgöngin. Það mundi eilíflega vera með stórkostlegum fyrirvörum um það hversu mikið vatn kæmi í göngin. Þar yrði sá fyrirvari settur. Ég hefði gaman af að sjá framan í þann verktaka sem mundi taka þá áhættu að bjóða í þessi jarðgöng fasta upphæð án nokkurs fyrirvara. En það væri vafalaust hægt að fá slíkt tilboð í brúargerð yfir Hvalfjörð. Kannski er eðlilegt að það yrði leitað útboðs á báðu.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 149. mál, stjtill., þskj. 166.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, 148. mál, stjtill. þskj. 165.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, 150. mál, stjtill., þskj. 167.

Út af dagskrá voru tekin 10.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16.07.

---

25. FUNDUR

fimmtudaginn 28. okt.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Eftirlaunaréttindi launafólks, frv., 6. mál, þskj. 6. — 1. umr.
2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31. — 1. umr.
3. Kostir þess að gera landið að einu kjördæmi, þáltill., 42. mál, þskj. 45. — Fyrri umr.
4. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 43. mál, þskj. 46. — 1. umr.
5. Laun starfsmanna ríkisins, frv., 44. mál, þskj. 47. — 1. umr.
6. Vegasamband hjá Jökulsárlóni, þáltill., 73. mál, þskj. 76. — Fyrri umr.
7. Vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands, þáltill., 97. mál, þskj. 100. — Fyrri umr.
8. Stytting vinnutíma, þáltill., 77. mál, þskj. 80. — Fyrri umr.
9. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 100. mál, þskj. 103. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Fjárframlög til stjórnmálaflokka, 147. mál, þáltill. JVK o.fl., þskj. 163.

Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, 151. mál, þáltill. GunnS og GE, þskj. 168.

Héraðsskólinn að Núpi, 146. mál, þáltill. JVK o.fl., þskj. 162.

Launagreiðslur til starfsmanna ráðuneytanna, 110. mál, svar fjmrh., þskj. 158.

Verkefnaflutningur til fámennra sveitarfélaga, 98. mál, svar félmrh., þskj. 164.

Eftirlaunaréttindi launafólks, 1. umr.

Frv. GÁ o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[10:34]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að spyrja: Hvar er allt fólkið? Hvar eru allir hæstv. ráðherrar? Ég geri kröfu til þess að alla vega verði haft samband við hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. til þess að vera við þessa umræðu því að hér er hreyft einu stærsta máli sem bíður úrlausnar í okkar þjóðfélagi og mér finnst það virðingarleysi af ráðherrum, sem varðar mjög um þennan málaflokk og hann heyrir undir, að vera ekki viðstaddir þegar mælt er fyrir svo viðamiklu frv. í þinginu.

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem er 6. mál á þessu 117. löggjafarþingi. Auk mín flytja þetta frv. hv. þm. Finnur Ingólfsson og Halldór Ásgrímsson. Við lögðum þetta frv. fram á síðasta þingi en þá var það ekki afgreitt. Tekið skal fram að við undirbúning þessa frv. hafa flm. notið aðstoðar Baldurs P. Erlingssonar lögfræðings og Arnars Gústafssonar viðskiptafræðings. Enn fremur aðstoðuðu okkur við XI. kafla, um fjárfestingarstefnu, þeir Bjarni Ármannsson, forstöðumaður fjárvörslu- og markaðssviðs Kaupþings, og Gunnar Birgisson hagfræðingur.

Það er í mikið ráðist þegar þrír alþingismenn leggja í þá vinnu að semja frv. um eftirlaunaréttindi til breytinga á lífeyrissjóðakerfi landsmanna. Við gerðum okkur grein fyrir að við vorum að ráðast í viðamikið og flókið verkefni sem skiptar skoðanir væru um. Við gerðum okkur grein fyrir að það skipulag eða skipu-

lagsleysi sem væri í landinu í dag í málefnum lífeyrissjóðanna væri niðurstaða af samkomulagi milli atvinnurekenda og launþega. Við teljum hins vegar málið svo mikilvægt að það þoli enga bið. Það er grár veruleiki að löggjöf um lífeyrissjóði og eftirlit með þeim er í nágrannalöndum komið á fyrir mörgum áratugum síðan meðan hér á landi er ekki til heildarlöggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna, um suma þeirra gilda að vísu lög frá Alþingi, um aðra einungis reglugerðir settar af stofnendunum sjálfum. Eftirlit og opinber skráning hefur enn fremur fram undir þetta verið afar bágborin hér á landi.

Fyrir 17 árum síðan hóf 17 manna nefnd störf til að semja tillögur um nýskipan lífeyrissjóðsmála. Frv. varð til 1987 og á 112. þingi birtist umkomulaust frv., síðan hefur lítið um þetta stóra mál heyrst.

Þótt lífeyrissjóðakerfið rambi í dag án fyrirheits og kóngarnir í kerfinu fordæmi nýjar tillögur hlýtur fólkið að kalla eftir björgunarbát og umræðu um þetta stærsta mál íslenskra launþega. Fólkið skynjar að kerfið gengur ekki upp og að í lífeyrissjóðunum, reknum með þessu sniði, veltur áfram ógnvænleg tímasprengja og hrikaleg kjaraskerðing verði ekkert að gert. Það má færa að því sterk rök að vandi lífeyrissjóðanna og stefnuleysi sé þegar að verða vandi einstaklinga og fyrirtækja í þessu þjóðfélagi. Það á kannski stærstan þátt í hinu neikvæða hagvaxtarskeiði síðustu sex ára, þar á ég við að lífeyrissjóðirnir bera mesta ábyrgð á hinu háa raunvaxtastigi hér á landi sem veldur því að einstaklingarnir, eigendur sjóðanna, eru margir um þessar mundir að tapa eignum sínum og gjaldþrot fyrirtækja og uppgjöf í atvinnurekstri er sprottin af sömu rót.

Lífeyrissjóðirnir krefjast affalla og hárra vaxta af ríkispappírum, þeir glíma að vísu við sinn vanda sem verður að viðurkenna en hann er fólginn í hvernig sparifé brann upp í verðbólgu fyrri ára og stuttum starfstíma ásamt háum rekstrarkostnaði, en að vísu mjög misháum. En við skulum stutta stund setja okkur í spor launamannsins sem lætur 10% af sínum launum renna í lífeyrissjóðinn. Hann eða hún fær kannski í raun lán með tvennu móti: Annars vegar beint úr sjóðnum, hins vegar í gegnum húsbréfakerfið sem lífeyrissjóðirnir fjármagna að hluta.

Hverjir neita oft að kaupa húsbréf nema gegn hærri kröfu um afföll? Hverjum hefur liðist á síðustu árum að standa báðum megin við borðið? Aðilar vinnumarkaðarins, vinnuveitendur og verkalýðshreyfingin, hafa sagt við ríkisstjórnina: Við gerum kröfu um vaxtalækkun. Þeir hafa brugðið sér hinum megin við borðið og sagt: Við kaupum ekki meiri húsbréf nema fá hærri afföll. Þannig hafa þeir með tvískinnungshætti knúið raunvexti upp hér á landi og bera þar þyngsta ábyrgð.

Haustið 1991 voru afföll með þeim hætti að húsbyggjandi fékk aðeins í hendur þrjár af hverjum fjórum milljónum sem hann þó verður að borga af næstu 25 árin. Ein milljónin fór í afföll. Því miður er þetta sorgleg staðreynd sem tengist því að við verðum með almennum aðgerðum að taka á fjármálakerfi þjóðarinnar og þar eru lífeyrissjóðirnir stærsti aðilinn.

Á fjögurra ára tímabili húsbréfakerfisins hafa verið gefin út húsbréf fyrir 44 milljarða. Ef við skjótum á meðalafföll upp á 15% hafa launþegar tekið á sig afföll upp á 6,7 milljarða kr. plús lántöku- og stimpilgjöld upp á 1,1 milljarð. Íslenskir launþegar hafa verið að gefa inn í vaxtakerfið á Íslandi andvirði 1.000–1.300 íbúða á síðustu fjórum árum. Íslenskir launþegar hafa að auki verið að tapa atvinnu sinni vegna þess að á sjö ára tímabili hafa lífeyrissjóðirnir viðhaldið raunvaxtastigi sem hvorki atvinnulífið né launafólkið þolir. Mig minnir að Benedikt Davíðsson, forseti ASÍ, hafi sagt eitthvað á þá leið, nýr í því starfi en gamalgróinn í lífeyrissjóðunum, að vaxtataka sjóðanna hefði verið há síðustu árin. Nú yrðu menn að hugsa um yngra fólkið, að yngra fólkið þyrfti vinnu og staðreyndin væri sú að ekkert atvinnulíf stæðist þessa vaxtatöku. Hvar eru efndirnar? Hefur einhver fylgt þessum orðum eftir við íslenska verkalýðshreyfingu? Hefur ríkisstjórnin reynt með markvissum hætti að ná fram raunvaxtalækkun?

Því miður þá sýnist okkur mörgum að leiðin sé einföld. Launþegarnir og atvinnulífið þurfi að að gera þá kröfu til þessara sjóða sinna að þeir lækki kröfur sínar, vaxtakröfur sínar í ríkispappírana, um helming. Það þýddi að raunvextir á Íslandi færu á einni nóttu í sama stig og gerist í helstu viðskiptalöndum.

Það er ótrúleg staðreynd að á sama tíma og lífeyrissjóðirnir eru orðnir stærsta aflið á íslenska peningamarkaðnum skuli þeir eigi að síður margir ekki standa við sínar skuldbindingar. Um sl. áramót höfðu lífeyrissjóðirnir yfir að ráða 171 milljarði meðan bankar og sparisjóðir höfðu í sínum fórum 170 milljarða af sparnaði landsmanna. Lífeyrissjóðirnir geyma um næstu áramót fast að 200 milljörðum. Er nokkur í vafa um að um starfsemi þessara mikilvægu stofnana, sem hirða stærstan hluta af nýjum sparnaði árlega, eða 27 milljarða kr., eigi að gilda ströng lög og þeir allir búi við strangt eftirlit? Sjá ekki hv. alþm. það í hendi sinni að þeir hafa flotið sofandi að þeim feigðarósi sem blasir við ef ekkert verður að gert? Þessi orð ættu að nægja til þess að menn átti sig á að Alþingi hefur í þessum efnum brugðist skyldu sinni hvað þetta stóra mál varðar.

Eru menn kannski ekki þeirrar skoðunar að móta þurfi nýja fjárfestingarstefnu þar sem þetta mikla afl komi í ríkari mæli inn í atvinnulífið? Þessir peningar fólksins væru notaðir til að kaupa hlutafé og styrkja íslenskt veikburða atvinnulíf með nýrri og markvissri fjárfestingarstefnu? Skyldum við ekki þurfa á fjárfestingarstefnu að halda þar sem ný gildi taka við? Í dag er öllum peningaauðnum stefnt að því að kaupa ríkistryggðan pappír, hvort það eru peningar stóreignamanna eða lífeyrissjóðanna. Það er meinloka samtímans að verja endalaust þetta pappírskaupatímabil sem veldur hæstu raunvöxtum á Vesturlöndum eins og ég hef áður sagt og á kannski stærstan þátt í halla á ríkissjóði þegar grannt er skoðað. Sterkt atvinnulíf er styrkur hverrar þjóðar og það tryggir nýsköpun og framfarir, það tryggir góð laun og lífskjör fólksins.

Ég minntist á það fyrr í ræðu minni að rekstrar-

kostnaður lífeyrissjóðanna í dag væri mikill. Hann mun vera 650–700 millj. en mjög mishár. Væri hægt með endurskipulagningu lífeyrissjóðanna að lækka þessa upphæð t.d. um 300 millj. á ári? Það væri ekki lítið atriði, það mundi á 10 ára tímabili spara 3 milljarða.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá í örfáum orðum að hlaupa yfir meginefni þessa frv. sem hér er lagt fram.

Með frv. þessu er gert ráð fyrir að launamanni beri skylda til að greiða í eftirlaunasjóð, eins og verið hefur, en velji sér sjóðinn sjálfur og velji, jafnframt tilskilinnar lágmarks- og verðtryggingarverndar, þá viðbótarvernd sem honum hentar. Í þessu felst grundvallarbreyting þar sem launamaður ræður engu í núgildandi lífeyrissjóðakerfi um það hvar eftirlaun hans eru ávöxtuð eða hvernig. Með þessum hætti myndast samkeppni um eftirlaunaframlög launamanna með vali launamanns um eftirlaunasjóð, fara saman hagsmunir um bestu ávöxtun eftirlaunaframlagsins og heimild til ráðstöfunar þess.

Frv. þetta leysir ekki þann ógnvænlega fortíðarvanda sem að lífeyrissjóðunum steðjar en kemur í veg fyrir frekari öfugþróun í lífeyrismálum landsmanna. Hér á landi er ekki til heildarlöggjöf, eins og áður sagði, um starfsemi lífeyrissjóða sem um þessar mundir eru 88 að tölu með eignir um sl. áramót upp á 171 milljarð kr. samanborið við 10 milljarða verðbréfaeign allra verðbréfasjóða í landinu. Um suma þessara sjóða gilda lög frá Alþingi en um aðra gilda reglugerðir og samþykktir sem settar hafa verið af stofnendum sjóðanna. Eftirlit og opinber skráning hafa til skamms tíma verið afar bágborin og hlýtur það að vera umhugsunarefni hvers vegna þessi mikilvægi málaflokkur hefur orðið út undan í lagasetningu.

Umræðan um lífeyrissjóðakerfið hefur hingað til einkennst af gagnrýni á núverandi kerfi en minna verið um raunhæfar tillögur til úrbóta. Í núverandi lífeyrissjóðakerfi er tiltekið óréttlæti. Launamanni ber skylda til að greiða í lífeyrissjóð viðkomandi starfsstéttar eða starfshóps. Þannig ber launamanni að greiða í sameignarsjóði sem eru misvel í stakk búnir til að standa við skuldbindingar sínar. Ákveðinn hópur launamanna má hins vegar greiða í séreignarsjóði, hina svokölluðu frjálsu lífeyrissjóði. Þrátt fyrir þá ókosti að ekki er gert ráð fyrir neinni vátryggingavernd í slíkum sjóðum hefur sjóðfélögum farið fjölgandi, m.a. vegna tortryggni á núverandi kerfi. Almennum launamönnum er óheimilt að greiða lífeyrisframlög sín í þessa svokölluðu frjálsu lífeyrissjóði. Við getum sett okkur í þau spor að um leið og atvinnurekandinn greiðir gjöld launamannsins inn í þennan sjóð sem hann verður nauðugur viljugur að vera í þá getur hann sjálfur verið frjáls á markaðnum og valið sér annan sjóð þar sem hann á sinn sparnað sjálfur.

Frv. þetta gerir ráð fyrir að launamanni sé skylt að greiða í eftirlaunasjóð frá 16–67 ára aldurs en velji sér sjóðinn sjálfur. Eftirlaunasjóður er sjóður sem hefur eingöngu það hlutverk að taka við eftirlaunaframlögum frá launamönnum, fjárfesta fyrir andvirði þeirra í verðbréfum og fasteignum samkvæmt kunngerðri fjárfestingarstefnu og bjóða launamanni upp á ákveðna vátryggingavernd. Eftirlaunasjóði ber síðan að greiða launamanni eftirlaun eða rétthafa vátryggingabætur eftir því sem reglugerð kveður á um. Eftirlaunasjóður er stofnaður sem hlutafélag og þarf að uppfylla tiltekin lágmarksskilyrði. Sjóðurinn hefur sérstaka stjórn, sérstakt ársuppgjör og sjálfstætt aðildarhæfi, t.d. að dómstóli.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum eftirlaunasjóðs. Á aðalfundi er kosin fimm manna stjórn með meiri hluta frá félagsmönnum eftirlaunasjóðs en tveimur aðilum skipuðum af rekstraraðila. Stjórn sjóðsins hefur almennt eftirlit með að starfsemi sjóðsins sé í samræmi við ákvæði laga og reglugerðar.

Gert er ráð fyrir að líftryggingafélög, viðskiptabankar og sparisjóðir, verðbréfafyrirtæki og lífeyrissjóðir séu rekstraraðilar eftirlaunasjóðs. Um alla þessa aðila gildir víðtæk löggjöf sem kveður á um starfsemi og eftirlit með starfsemi þeirra að undanskildum lífeyrissjóðunum. Rekstraraðila ber að gera samstarfssamning við stjórn eftirlaunasjóðs. Það sem hamlar því að umsýsluþóknun verði of há miðað við afkomu eftirlaunasjóðs er samkeppni eftirlaunasjóða innbyrðis. Umsýsluþóknun fær rekstraraðili greidda af tekjum eftirlaunasjóðs. Of há umsýsluþóknun miðað við afkomu eftirlaunasjóðs leiðir til þess að launamaður leitar annað með sitt eftirlaunaframlag. Þannig er eðlilegt að ímynda sér að vinsælastur verði sá sjóður sem hefur jafnaðarlega mesta traustið og mestu ávöxtunina til ráðstöfunar til launamanns. Hvað varðar starfsemi núverandi lífeyrissjóða er í fyrsta lagi ekki gert ráð fyrir breytingum á starfsemi þeirra. Vilji stjórn lífeyrissjóðs hins vegar breyta starfsemi sjóðsins er í öðru lagi ekkert því til fyrirstöðu að því tilskyldu að þeir uppfylli skilyrði laganna um að þeir reki starfsemi sína sem eftirlaunasjóð. Í þriðja lagi getur lífeyrissjóður stofnað eftirlaunasjóð sem rekstraraðili en rekið starfsemi lífeyrissjóðsins áfram. Í fjórða lagi getur eftirlaunasjóður yfirtekið rekstur lífeyrissjóðs.

Lagafrv. gerir ráð fyrir að eftirlaunasjóðir fjárfesti samkvæmt fyrir fram ákveðinni fjárfestingarstefnu. Meginreglan er sú að eftirlaunasjóðum er heimilt að fjárfesta 70% eigna sinna í framseljanlegum verðbréfum. Þar á meðal framseljanlegum eignarhlutum í íslenskum fyrirtækjum að tilteknu lágmarki. Hin 30% eignanna má eftirlaunasjóður m.a. fjárfesta í íbúðarhúsnæði. Eftirlaunasjóðum er heimilt að fjárfesta með lánveitingum til sjóðfélaga en ekki annarra aðila. Hverjum eftirlaunasjóði ber að fjárfesta innan ramma frv. en fjárfestingarstefna hvers sjóðs kemur fram í reglugerð hans. Launamaður velur sér eftirlaunasjóð á grundvelli reglugerðar viðkomandi sjóðs.

Frv. gerir ráð fyrir því að tiltekin atriði séu í reglugerð eftirlaunasjóðs. Launamaður á þannig auðveldara með að bera saman reglur eftirlaunasjóða innbyrðis og réttindi sjóðfélaga samkvæmt þeim. Reglugerð eftirlaunasjóðs verður að hljóta staðfestingu fjmrh. sem gætir þess að samræmis sé gætt.

Eins og að ofan greinir er eftirlaunasjóði skylt að hafa lágmarksvátryggingavernd. Hér er annars vegar átt við örorkutryggingu sem tryggir viðkomandi gegn slys-

um eða sjúkdómum bæði í vinnu og í frítíma. Tryggingin verður bæði að taka tillit til tímabundinnar örorku og varanlegrar örorku. Hins vegar er skylt að hafa lífeyristryggingu sem greiðir launamanni eftirlaun frá 67 ára aldri eða síðar svo lengi sem hann lifir en fellur niður að honum látnum. Ef launamaðurinn hefur keypt vernd sem nemur 40.000 kr. á mánuði fyrir ofangreitt tímabil fellur skylda til kaupa á lífeyristryggingu niður. Í frv. er lögð sú skylda á eftirlaunasjóð að hafa ofangreinda lágmarksvernd þar sem öllum mönnum er þörf að hafa slíka vernd óháð fjölskylduaðstæðum. Gæta verður að því að hér er einungis um lágmarksvernd að ræða sem auka þarf við svo hún teljist viðunandi. Launamanni er hins vegar ekki skylt samkvæmt frv. að hafa tryggingavernd sem samsvarar maka- og barnabótum lífeyrissjóðanna, enda háð fjölskylduástæðum og fjárhag hver sú vernd á að vera eða hvort þörf sé fyrir hana. Það er því lagt í vald hvers og eins að ákveða hvort þörf sé fyrir slíka vernd. Til að fylgjast með því að launamaður uppfylli skyldu laganna til að greiða í viðurkenndan eftirlaunasjóð og jafnframt til að gæta þess að lágmarksvátryggingavernd sé fyrir hendi skal viðkomandi launamaður skrá eftirlaunaréttindi á skattskýrslu.

Samkvæmt frv. ber að greiða 13% eftirlaunaframlag af öllum launum. Hér er um að ræða 3% hækkun frá því sem verið hefur. Það er hins vegar háð kjarasamningum stéttarfélaga og vinnuveitenda hvernig þessi prósenta skiptist innbyrðis milli þessara aðila enda samningsatriði. Í dag er þetta hlutfall þannig að launamaður greiðir 4% en atvinnurekandi 6%.

Í lögum um tekju- og eignarskatt er kveðið á um að eftirlaun og lífeyrir séu skattskyldar tekjur. Launamaður greiðir síðan skatt af ellilífeyri sínum þegar hann kemur til ráðstöfunar og er þannig um tvísköttun að ræða í dag. Frv. leggur til breytingar á þessari skipan skattamála þannig að framlag launamanns verði við inngreiðslu í sjóðinn undanþegið tekjuskatti. Að tilteknu hámarki er það 7% af launum. En sköttun eigi sér stað þegar launamaður fær eftirlaunaframlagið til ráðstöfunar. Verði eftirlaunaframlagið undanþegið tekjuskatti allt að 7% af launum verður hið opinbera af nær 2,5 milljörðum kr. í skatttekjum. Á móti vinnst þó ýmislegt fyrir hið opinbera. Þar vil ég nefna að staða lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins batnar verulega til lengri tíma litið og áfallnar skuldbindingar ríkisins minnka þar sem eftirlaunaframlag hækkar um 3% en skuldbindingar námu 56 milljörðum kr. árið 1989.

Aukinn langtímasparnaður leiðir til minni neyslu sem hefur jákvæð áhrif á greiðslujöfnuðinn við útlönd. Aukinn styrkur lífeyrissjóðanna og eftirlaunasjóða til að standa við skuldbindingar sínar mun leiða til þess að framfærslubyrði ríkisins mun minnka til lengri tíma litið og þar með útgjöld Tryggingastofnunar.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir að allt eftirlaunaframlagið, það er 13%, sé eign launamanns og undanskot eða vanskil atvinnurekenda á því varði við almenn hegningarlög. Þessi breyting leiðir til þess að hægt er að beita að fullu refsiviðurlögum vegna 13% eftirlaunaframlagsins. Þessi breyting ætti að gera innheimtu og fullnustu refsingar virkari í framkvæmd en er í dag.

Það er engin vafi að á síðustu árum hafa margir íslenskir launþegar verið að tapa því fjármagni sem tekið hefur verið af þeim í lífeyrissjóðina. Þarna þarf að koma til nýskipan mála.

Hæstv. forseti. Ég hef farið yfir helstu atriði þessa frv. Við flm. gerum okkur grein fyrir því að hér er fyrst og fremst um tilraun að ræða til þess að vekja þetta mál upp til umræðu bæði hér á Alþingi og ekki síður í þjóðfélaginu. Ég vænti þess að ég hafi hér vakið athygli á hinum stórkostlega vanda, hinni miklu tímasprengju sem bíður okkar ef við ekki tökum á málinu.

Mér er það ljóst að þetta verk verður að vinna í samvinnu við marga aðila. En mín lokaorð eru gamalt spakmæli þar sem segir að sú saga sem lýsir tilraunum manna til umbóta á heiminum skrái eina staðreynd stórum stöfum. Hún er sú að sé beitt þvingunum vekur það þrjósku og tilganginum verður ekki náð. Sú stefna sem hrósa á sigri verður að styðjast við siðferðilegar fortölur og skírskotun til mannlegrar skynsemi. Ég vænti þess að ég hafi hér í ræðu minni af hógværð reynt að höfða til mannlegrar skynsemi og mikilvægi þess að menn endurskoði lífeyrissjóðakerfið í heild sinni. Og ég fagna því að til þessarar umræðu eru mættir bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., svo maður tali nú ekki um þann sem tilbúinn er að hætta stólnum sínum, hæstv. umhvrh., sem hér situr ásamt hæstv. heilbrrh. Ég vænti þess að hér verði umræður um þetta mál og að þeim loknum verði þessu þingmáli vísað til efh.- og viðskn.

[10:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Því miður gat ég ekki verið við hér við upphaf umræðnanna því ég var á fundi annars staðar, né heldur hef ég lesið þetta frv. ítarlega, en ég vil þó segja að umræður um þessi mál eru ákaflega gagnlegar og ég held að það sé hollt fyrir okkur hér á hinu háa Alþingi að ræða þau eins og gert var í hógværri ræðu hv. 1. flm. Það eru reyndar fleiri mál sem hafa komið inn á þingið sama efnis og af því tilefni vil ég segja að það voru í fyrra — (Gripið fram í.) Það hafa komið fram fleiri þingmál um þetta efni, svo ég endurtaki það, frá öðrum þingmönnum og það er ekkert kynlegt við það að þingmenn skuli hafa áhuga á þessum málaflokki sérstaklega.

Ég vil láta það koma fram í þessari umræðu að þessi mál eru til skoðunar sérstaklega í fjmrn. Við höfum beint sjónum okkar að vissum þáttum málsins. Á sínum tíma skilaði svokölluð sautjánmannanefnd tillögum í málinu. Þær tillögur voru viðamiklar og ljóst er að það er erfitt að halda því starfi áfram án þess að það komi til verulegs ágreinings á milli þeirra aðila sem um þessi mál fást því að lífeyrissjóðarétturinn er misjafn hér í landi eftir því hvar menn standa. Það sem fjmrn. hefur verið að gera fyrst og fremst er að reyna að tína út úr því frv. þau atriði sem við teljum að hægt sé að ná víðtæku samkomulagi um. Við höfum enn fremur verið að kanna með hvaða hætti við getum skil-

greint lykilhugtök í þessum málum og þá ekki síst vegna þess að það liggur ekki alveg skýrt fyrir hvað felst í hugtakinu lífeyrissjóður. Eins og allir vita er nauðsynlegt að þessi atriði séu skýr því það fylgja því skattafríðindi ef um er að ræða lífeyrissjóði en ekki venjuleg bundin innlán til langs tíma. Þetta er vandamál sem er uppi vegna svokallaðra sérsjóða þar sem menn geta lagt inn fjármuni og tekið þá síðan út aftur þegar þeir eru komnir á tiltekinn aldur. Fjmrn., sem þarf að viðurkenna lífeyrissjóði, hefur hins vegar talið að það þurfi að liggja fyrir mjög skýr skilgreining og það er verið að vinna í því núna að finna út að hve miklu leyti við getum gert kröfu til þess að um tryggingasjóði sé að ræða.

Þá kem ég að því sem kom fram í málflutningi hv. 1. flm. og það eru skattarnir. Hv. 1. flm. sagði að lífeyrisgreiðslur, útgreiðslurnar væru skattskyldar og það er rétt. En þegar við skoðum málið nánar þá eru skýringar á þessu.

Ég rifja það upp að á sínum tíma — það var áður en núgildandi skattalög voru samþykkt — gátu menn dregið frá tekjum sínum 10% og það hafði m.a. með það að gera að það væru skattfríðindi sem kæmu til af ýmsum ástæðum og voru þá lífeyristillög tilgreind í því sambandi. Ef við lítum hins vegar á lífeyrisgreiðslurnar í dag þá skiptast þær í tvennt. Annars vegar sem venjulega er, greiða fyrirtækin 6% en einstaklingarnir 4%. Þessi 6% sem koma frá viðkomandi fyrirtækjum dragast að sjálfsögðu frá tekjum þannig að það er ekki hægt að halda öðru fram en að þar sé um skattfríðindi, ef menn vilja tala um það, skattfríðindi því að þetta eru eðlileg útgjöld fyrirtækjanna til þess að afla tekna. Hin 4% renna síðan til lífeyrissjóðanna og ef litið er til stærstu sjóðanna, t.d. Lífeyrissjóðs verslunarmanna, þá get ég giskað á, vil ekki fara með það öðruvísi, það má auðvitað staðreyna í nefnd, en það er mín ágiskun, að um helmingurinn renni til annarra en þeirra sem lögðu til hliðar fjármunina, þ.e. til maka, barna eða til viðkomandi aðila af öðrum ástæðum en þeim að um útgreiðslur sé að ræða vegna aldurs. Þá á ég að sjálfsögðu við örorku og veikindi.

Þetta nefni ég hér vegna þess að þegar rætt er um tvísköttun í þessu sambandi þá er það afar lítill hluti útgreiðslanna sem lendir í tvísköttun. Við höfum lauslega giskað á að það séu kannski 10% eða svo af þeim greiðslum sem renna í gegnum lífeyrissjóðina sem verður tvískattað, þ.e. fyrst með launum og síðan þegar útgreiðslan á sér stað. Það er auðvitað sáralítið brot af því sem menn hafa verið að ímynda sér þegar því er haldið fram að hér sé um fulla tvísköttun að ræða. Þetta bið ég menn um að hafa í huga, ekki vegna þess að ég hafi á móti því að þetta mál sé skoðað, mér finnst það sjálfsagt, heldur er ég að benda á að það kann að vera að málið sé ekki eins einfalt og það er lagt upp þegar menn ræða það með þessum hætti. Ég tel að hv. nefnd sem fær málið til meðferðar eigi að kynna sér þetta ofan í kjölinn.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða frekar um þetta frv. enda hef ég ekki nægilega þekkingu á einstökum greinum þess. Ég sé hins vegar að frv. sýnist vera ágætlega unnið og það er fengur að því þegar hv. þm., hvar í flokki sem þeir standa, leggja það á sig að koma með sjónarmið í þessum mjög svo mikilvægu málum.

[11:07]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það er engin nýlunda að gerðar séu athugasemdir við núverandi lífeyrissjóðakerfi. Það er reyndar rétt eins og hér kom fram að mál hafa komið inn í þingið fyrr sem tengjast þessu og ég held að það sé ekki rétt að vera að fara út í neina togstreitu í þeim efnum. Hins vegar er náttúrlega grundvallarmunur á því máli sem hér liggur fyrir og þáltill. tveggja þingmanna Sjálfstfl. og rétt að minna á í því sambandi að hv. þm. Guðni Ágústsson lagði fram þáltill. fyrir nokkrum árum síðan sem gekk í þessa veru einnig. En ég sé ekki að það þjóni miklum tilgangi í sjálfu sér að vera með togstreitu um það hver eigi málið.

Hins vegar er það svo, eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh., að árið 1976 var skipuð 17 manna nefnd sem gera átti tillögur um nýskipan í lífeyrissjóðakerfinu og eins og fram kom hjá hæstv. fjmrh. skilaði nefndin áliti árið 1987 þar sem gerð var tillaga um samræmda löggjöf um starfsemi lífeyrissjóðanna.

Um þessa tillögu nefndarinnar hefur ekki myndast pólitísk samstaða. Það er kannski einkum þrennt sem deilan snýst um. Í fyrsta lagi að það sé of víðtæk heimild sem þar er veitt í lögum. Í öðru lagi að það frv. gangi of skammt til þess að finna tillögu til lausnar á fortíðarvanda lífeyrissjóðanna. Og í þriðja lagi að tillögur þess frv. séu ekki ásættanlegar að því er að eftirlitinu snúi. Staðreyndin er hins vegar sú að þegar þetta frv. er skoðað þá tekur það á öllum þessum þáttum nema ef vera kynni á fortíðarvanda. Það er raunar rétt að þetta frv. tekur ekki á fortíðarvanda lífeyrissjóðanna enda veit ég satt að segja ekki, hæstv. fjmrh., hvernig menn ætla að taka á þeim vanda. Er þessi ríkisstjórn vön að takast á við ýmsan fortíðarvanda sem er mun minni í sniðum en fortíðarvandi sá sem hefur safnast upp í lífeyrissjóðakerfinu. Ég held því að það sé óviðráðanlegur vandi nema með stórkostlegri hækkun iðgjalda eða verulegri skerðingu á útgreiðslum úr sjóðunum.

Í skýrslu þeirri sem bankaeftirlit Seðlabankans gaf frá sér í nóvember árið 1992 er sagt að það séu starfandi 88 lífeyrissjóðir í landinu. Þar af voru 9 lífeyrissjóðir sem ekki taka lengur við iðgjöldum. Af þessum 88 sjóðum teljast 76 vera sameignarsjóðir og 12 séreignarsjóðir. Af sameignasjóðunum eru 17 með ábyrgð ríkissjóðs, sveitarfélaga og ríkisbanka, 3 með ábyrgð hlutafélga og 56 án ábyrgðar launagreiðanda eða annarra aðila. Síðan er gerð nákvæm grein fyrir því hver sé eignastaða og greiðslustaða þessara sjóða. Og í fáum orðum sagt kemur það skýrt fram að allir sjóðirnir, nema ef vera kynnu tveir þeirra, eru í raun og veru gjaldþrota og má furðu sæta, þegar það er skoðað hversu gríðarlegir fjármunir velta í gegnum lífeyrissjóðakerfið og hver staða lífeyrissjóðanna er í raun og veru, að það skuli ekki vera til nein heildarlöggjöf um lífeyrissjóðakerfið í landinu. Þetta frv. gerir ekki ráð

fyrir því að um lífeyrissjóðakerfið sé sett heildarlöggjöf. Hins vegar gerir þetta frv. ráð fyrir því að tilteknum þætti, vali einstaklinganna um lífeyrissparnað sé komið í ákveðinn farveg og þar séu nákvæm og greinargóð lög sem um það gilda.

Eins og ég segi, þá kemur það fram í þessari skýrslu að það vantar mjög mikið upp á að lífeyrissjóðirnir geti staðið undir þeim skuldbindingum sem þeir hafa tekið að sér. Í þeim lífeyrissjóðum þar sem ekki er um ríkisábyrgð að ræða eða ábyrgð sveitarfélaga eða ábyrgð ríkisbankanna, þá blasir í raun og veru ekkert annað við en að á næstu árum verði stórkostleg skerðing á réttindagreiðslum til þeirra sem þar eiga rétt eða að það þurfi verulega að hækka framlagið inn í lífeyrissjóðina. Hins vegar geta allir þeir aðilar, sem eru í lífeyrissjóðum þar sem ríkisábyrgð er eða ríkisbankarnir bera ábyrgð eða sveitarstjórnir eða sveitarfélögin bera ábyrgðina, sofið rólegir vegna þess að þeir hafa sinn rétt að fullu tryggðan. En það eru bara í þessum tilfellum alveg sárafáir sjóðir.

Þess vegna hafa stjórnir lífeyrissjóðanna á undanförnum árum farið á leið að skerða verulega rétt þeirra sem hafa átt rétt í lífeyrissjóðunum. Í svari því sem ég fékk frá hæstv. fjmrh. við fyrirspurn minni hér á síðasta þingi, þá kemur það fram að í SAL-sjóðunum hefur orðið á undanförnum árum um verulega réttindaskerðingu að ræða bæði með breytingum á útgreiðslum og eins með reglugerðarbreytingum er snerta makalífeyri.

Þeir sem sitja í stjórnum þessara sjóða eru þeir sömu aðilar sem síðan koma og gera sífellt auknar kröfur um að ríkisvaldið standi við skuldbindingar er snúa greiðslum úr almannatryggingunum, svo sem láglaunauppbót, orlofsuppbót, desemberuppbót og þannig mætti lengi telja. Og árlega eru kröfur frá þessum sömu aðilum sem sitja í stjórnum lífeyrissjóðanna og eru að skerða rétt einstaklinganna sem þar eiga rétt. Þessir sömu aðilar gera kröfur um það að frítekjumarkið gagnvart útgreiðslum úr lífeyristryggingunum sé hækkað sem þýðir í raun og veru að það er verið stórkostlega að auka á útgjöld ríkissjóðs. Haldi menn áfram á þessari braut og fari menn þessa leið, þá mun hér í næstu framtíð verða sprenging í lífeyristryggingum og sprenging í þeim útgjöldum sem ríkissjóður þarf að standa undir er snertir lífeyristryggingarnar. Það er því orðið mjög knýjandi að nú þegar verði tekið á og lífeyrissjóðakerfinu komið í fastan farveg. Hér er bent á þá leið, að menn geti valið sér eigin eftirlaunasjóði án allrar ríkisábyrgðar, en það er gerð sú krafa að eigendurnir sem skipta með sér stjórnarsetunni í sjóðunum og eigendur sjóðanna geti haft mun meiri áhrif á hverjir sitja í stjórn, hvernig þeim fjármunum sem í sjóðunum eru er ráðstafað þannig að ábyrgðin er færð yfir á eigendurna sjálfa.

Tilgangur þessa frv., eins og ég hef komið að, er ekki sá að takast á við fortíðarvandann. Hann er fyrst og fremst sá að breyta því fyrirkomulagi sem nú ríkir í skipun lífeyristrygginga landsmanna og færa það yfir í nútímalegra horf með lagasetningu um starfrækslu eftirlaunasjóða þar sem lífeyrissjóðir, líftryggingafélög, viðskiptabankar, sparisjóðir og verðbréfafyrirtæki geta tekið að sér starfrækslu slíkra sjóða.

Þá skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli að einstaklingarnir sem eru að spara geti valið hvar þeir vilja ávaxta þá fjármuni sem þeir í raun og veru eiga. Í núgildandi kerfi ræður einstaklingurinn engu um þetta. Hann er skyldaður til að greiða inn í ákveðinn lífeyrissjóð, lífeyrissjóð sem er í raun og veru gjaldþrota og þegar hann greiðir inn sitt framlag þá veit hann að hann á von á því að það verði skert þegar það er greitt út. Auðvitað er ekki við slíka hluti hægt að búa.

Í þessu frv. er mótuð mjög skýr og afdráttarlaus fjárfestingarstefna fyrir eftirlaunasjóðina.

Eitt af því sem veikir stöðu atvinnulífsins nú er það hversu sparnaður í þjóðfélaginu er lítill og þeir ógnvænlegu erfiðleikar, sem lífeyrissjóðakerfið stendur núna frammi fyrir, munu þegar fram líða stundir þýða stórkostlega aukin útgjöld í almannatryggingunum. Eftirlaunasjóðunum er gert skylt að fjárfesta að lágmarki 5% af eignum sínum í hlutafélögum eða sambærilegu félagsformi, enda séu engar hömlur í viðskiptum eða eignarhlut í félaginu. Eftirlaunasjóðir mega hins vegar ekki eignast meira en 10% eignarhlut í einstökum félögum með eða án atkvæðisréttar. Skýr fjárfestingarstefna er mótuð fyrir eftirlaunasjóðina, þar sem gert er ráð fyrir að meginreglan sé sú að eftirlaunasjóðunum sé heimilt að fjárfesta 70% eigna sinna í framseljanlegum verðbréfum, þar á meðal framseljanlegum eignarhlutum í íslenskum fyrirtækjum að tilteknu lágmarki.

Hæstv. fjmrh. kom inn á það áðan hvernig tvísköttunin í núverandi lífeyrissjóðakerfi gengur fyrir sig. Þær upplýsingar sem þar komu fram voru að sönnu athyglisverðar, ef það eru aðeins um 10% sem af þessum fjármunum verða fyrir tvísköttun. Það er full ástæða til að skoða þessa hluti mjög gaumgæfilega af hálfu nefndarinnar. Hins vegar gerir þetta frv. ráð fyrir því að eftirlaunaframlagið sé hækkað um 3% og fallið frá tvísköttuninni. Og ef þessi leið yrði valin, þá eru menn í raun og veru að styrkja þann sjóð sem er Lífeyrissjóður ríkisstarfsmanna verulega með hærri inngreiðslum og þannig erum við í raun og veru að taka á þeim fortíðarvanda sem að þeim sjóði snýr. Ef hins vegar einstaklingarnir snúa sér með 13% framlag til annarra lífeyrissjóða þá er hættan sú að eftir standi lífeyrissjóðir sem erfitt verður að leysa fortíðarvandann fyrir.

En hæstv. fjmrh. lét þess getið í ræðu sinni hér áðan að hann vildi að nefndin skoðaði málið allt gaumgæfilega og það er í sjálfu sér gott því ég held og er sannfærður um að hér er á ferðinni mjög athyglisvert mál, mál sem full ástæða er til að skoða. Og þrátt fyrir allar ágætar þáltill., þá er þetta mál miklu þroskaðra heldur en þál. og ég spyr hæstv. fjmrh.: Komi það nú í ljós í skoðun nefndarinnar að þau atriði sem í þessu frv. eru séu raunverulega til bóta og það sé trú manna að þetta frv. sé leið til að losa að vissu leyti þá einstaklinga, sem nú greiða inn í gjaldþrota lífeyrissjóði, út úr þeim vítahring sem þar er skapaður og taki á vandamálum lífeyrissjóðakerfisins í landinu að vissu marki,

er þá hæstv. fjmrh. tilbúinn til að stuðla að því með stjórnarliðinu og stjórnarandstöðuliðinu hér á þingi að þetta frv. geti fengið afgreiðslu á þinginu?

[11:19]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins bæta við nokkrum orðum út af því máli sem hér er til umfjöllunar. Það er oft haft á orði í okkar samfélagi að stjórnarandstaða á hverjum tíma geri lítið annað en að gagnrýna ríkisstjórn og setja út á hennar gerðir. Það er vissulega rétt að það er hlutverk stjórnarandstöðu á hverjum tíma að gagnrýna það sem verið er að gera og koma með ýmsar tillögur til úrbóta. Það er hins vegar ekki mjög algengt að stjórnarandstaða taki á mjög viðamiklu og umdeildu máli og setji fram frv. um mál sem hafa verið til umfjöllunar í samfélaginu árum og jafnvel áratugum saman og komi með ákveðnar tillögur í því sambandi, tillögur sem vissulega eru á margan hátt gagnrýni verðar og munu valda deilum. En hins vegar er það staðreynd að þetta mál er langstærsta úrlausnarverkefnið á sviði stjórnmálanna nú alveg á næstu missirum. Í því sambandi er rétt að virða fyrir sér nokkrar staðreyndir í málinu sem koma fram í greinargerð með frv.

Það er staðreynd að kerfisbundinn sparnaður, sem er fyrst og fremst sá sparnaður sem myndast í lífeyrissjóðunum, er að verða ein alstærsta hagstærðin í okkar samfélagi. Það er gert ráð fyrir því í lánsfjárlögum að kerfisbundinn sparnaður verði í árslok 1994 tæpir 300 milljarðar á sama tíma og spáin fyrir frjálsan sparnað er 240 milljarðar. Það er því ljóst að þessi hagstærð í okkar peningakerfi verður mjög ráðandi um efnahagslegar framfarir á Íslandi á næstu árum og áratugum.

Það er líka staðreynd að þessir lífeyrissjóðir munu á næstu árum og áratugum vart geta gegnt því hlutverki sem þeim er ætlað. Jafnvel þótt margir lífeyrissjóðanna eigi fyrir skuldbindingum sínum í dag að því er talið er, þá er það hins vegar staðreynd að það byggir m.a. á því að vextir eru mjög háir hér á landi um þessar mundir. Það er ekki hægt að vænta þess, þó að það verði e.t.v. allnokkuð lengur ef miða má aðgerðir ríkisstjórnarinnar í sambandi við þessi mál, að vextir muni verða jafnháir til lengri framtíðar. Og það mun að sjálfsögðu hafa mjög mikil áhrif á ávöxtun þeirra 300 milljarða, sem ég áður gat um.

Það er líka staðreynd að spár um fjölda fólks sem verður 65 ára og eldra eru á þann veg að því muni fjölga úr 16% af þjóðinni á árinu 1990 í 33% þjóðarinnar árið 2040 eða eftir um það bil 50 ár. Hvernig ætlar sú kynslóð sem hefur völd í þjóðfélaginu í dag og ber mikla ábyrgð gagnvart framtíðinni að tryggja hag þess fólks sem verður 65 ára gamalt að 50 árum liðnum? Hvað þá eftir styttri tíma. Þessari spurningu þurfum við að sjálfsögðu að svara. Ef fram fer sem horfir mun framfærslubyrði þessa fólks lenda í stórauknum mæli á ríkissjóði. Og jafnvel þótt fjmrh. af eðlilegum ástæðum sé nokkuð sárt um það að 7% af launum væri ekki lengur skattlagt hjá hinu opinbera eins og fram kemur í greinargerð frv. á bls. 15 — og ég geri mér grein fyrir því að þar með yrði hið opinbera af um það bil 2.500 millj. kr. skatttekjum — þá eru það tiltölulega lágar fjárhæðir í samræmi við þær skuldbindingar sem ríkissjóður stendur frammi fyrir að öðru leyti.

Í árslok 1989 var talið að áfallnar lífeyrisskuldbindingar ríkisins væru um 56 milljarðar og má gera ráð fyrir því að sú fjárhæð nálgist óðfluga 100 milljarða. Ég held að öllum megi vera ljóst að það er verkefni framtíðarinnar, verkefni komandi kynslóða að standa við þessar skuldbindingar. Við getum ekki horft upp á það að þessi bolti vaxi stöðugt án þess að nokkuð sé að gert.

Það er líka ljóst að með því að hækka iðgjald lífeyrisgreiðslna, sem er nauðsynlegt til þess að standa undir skuldbindingum framtíðarinnar, þá mun það þýða aukinn sparnað samfélagsins og um leið minn neyslu. Þetta mun að sjálfsögðu minnka ráðstöfunartekjur fólks í dag, en verða til þess að ráðstöfunartekjur geti orðið meiri í framtíðinni.

Núv. ríkisstjórn hefur kynnst því í nokkrum mæli hvernig er að glíma við almannatryggingakerfið og standa undir skuldbindingum þess. Núverandi ríkisstjórn hefur gripið þar til niðurskurðar á ýmsum sviðum og einnig er ríkisstjórnin upptekin við það að finna gjöld til þess að leggja á almenning til að standa undir þeim útgjöldum sem þar eru og eru stöðugt vaxandi. Við sem störfum í stjórnarandstöðu höfum gagnrýnt þessi vinnubrögð, ekki eingöngu vegna þess að við teljum að það sé ekki nauðsyn aðhalds, heldur fyrst og fremst vegna þess hvað vinnubrögðin hafa verið handahófskennd og lítt hugsuð til lengri framtíðar.

Það eru því viss vonbrigði, hæstv. fjmrh. — mér þætti nú betra ef hæstv. fjmrh. vildi aðeins hluta á mig í nokkrar mínútur. — Það eru því viss vonbrigði að fjmrh. hefur ekki haft aðstæður til að kynna sér þetta mál en ég vænti þess að ráðuneyti hans hafi samið um það einhverja greinargerð. Málið hefur verið sent til umsagnar ráðuneytanna og ég átti von á því, hæstv. fjmrh., að núv. ríkisstjórn tæki þetta mál alvarlega og vísaði ekki eingöngu til þess að það væri verið að skoða þau í ráðuneytum ríkisstjórnarinnar heldur liti á þá staðreynd að hér er um mikilvægt pólitískt úrlausnarefni að ræða sem er nauðsynlegt að ná sem bestri samstöðu um hér á Alþingi. Þetta mál hefur verið til umfjöllunar milli ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins mjög lengi og það hafa margar nefndir verið settar á stofn sem ekki hafa leyst málið.

Ég geri mér grein fyrir því að forsvarsmenn lífeyrissjóðanna gagnrýna þetta mál og telja á því ýmsa galla. Og að þeirra mati eru gallarnir fyrst og fremst þeir að hér er því snúið við að fólk er ekki lengur skyldugt til þess að greiða í tiltekna lífeyrissjóði heldur getur valið um lífeyrissjóði, lífeyrissjóði sem þurfa að standast ákveðin skilyrði, lífeyrissjóði sem þurfa að hafa ákveðna eignfjárstöðu, lífeyrissjóði sem þurfa að kaupa tryggingavernd og lífeyrissjóði sem þurfa að reka bæði ákveðna fjárfestingarstefnu og standast kröfur og eftirlit.

Þetta má að sjálfsögðu gagnrýna vegna þess að það

verður til þess að ýmsir þeir sem þurfa að greiða í tiltekna sjóði í dag munu e.t.v. kjósa að skipta um lífeyrissjóði. En kosturinn er hins vegar sá að við það munu þeir lífeyrissjóðir sem starfa í landinu verða þvingaðir til þess að standast ákveðnar kröfur með því að sameinast og með því að breyta um reglur og starfsemi. Þess vegna er nauðsynlegt að líta að fullu til þess máls.

Það er líka ljóst að í núverandi kerfi er mjög mikið misrétti. Tilteknir aðilar geta valið sér sjóð, það er staðreynd, meðan allur fjöldinn verður að greiða í ákveðinn sjóð. Það er jafnframt ljóst að margir búa þar við allt aðra réttarstöðu en fjöldinn. Á sama tíma og algengustu greiðslur úr lífeyrissjóði eru nú á bilinu 20–40 þús. þekkjum við greiðslur sem eru jafnvel mörg hundruð þúsund krónur. Þetta þýðir að mjög stór hluti lífeyrisþega fær bætur frá Tryggingastofnun ríkisins og þessar bætur munu fara mjög vaxandi á næstu árum, hvað þá ef hugsað er til þess sem gerist eftir 50 ár. Þetta eru svo stór úrlausnarefni að það hljóta allir hv. þm. að takast á við þau af fullri alvöru. Þess vegna vænti ég þess að hæstv. fjmrh. haldi sínum góðu viðbrögðum áfram þannig að þetta mál verði betur skoðað í hans ráðuneyti og reynt verði að ná um það samstöðu að gera nauðsynlegar breytingar á þessu kerfi.

Við flm. erum ekki að halda því fram að þetta frv. eins og það er, eigi að verða að lögum algjörlega óbreytt. Á því eru vissulega nokkrir gallar en jafnframt stórir kostir. En við teljum að þetta frv. ætti að geta skapað góðan grunn til þess að fjalla um málið og í það hefur verið lögð mikil vinna. Þetta frv. hefði kostað stóra nefnd og dýra og þess vegna ætti það að vera af hinu góða að þetta mál er komið inn á Alþingi með þessum hætti, án þess að mjög miklu hafi verið kostað til. Við væntum þess af heilum hug að hægt verði að ná góðu samstarfi á grundvelli málsins eins og það liggur fyrir, en erum opnir bæði fyrir gagnrýni og breytingum á því.

[11:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vera má að það sé á mörkunum að hægt sé að kalla þetta andsvar en ég vildi svara tveimur síðustu hv. ræðumönnum. Ég hef þegar sagt frá því að ég tel að þetta frv. sé afar gott og vel unnið og sé dæmi um það að stjórnarandstaðan geti verið málefnaleg og unnið mál með þessum hætti og ég vil bara ítreka það. Hins vegar geta hv. þm. ekki á þessari stundu fengið skýr svör frá mér um það hvort ég muni beita mér nákvæmlega fyrir þeim efnisatriðum sem standa í þessu frv. Ég mun taka frv., það fer inn í þá vinnu sem er nú hafin í ráðuneytinu og ég mun kappkosta að nefndin geti ásamt þeim sem hafa verið að vinna að málinu í ráðuneytinu, rætt þetta mál ítarlega. En það er of fljótt fyrir mig að lýsa því yfir hver skoðun mín er á einstökum efnisatriðum enda er málið mjög flókið og ég sé eftir stuttan lestur að það þarf að skoða sumt af því sem er í frv. mun betur en þar er gert enda eru viss atriði nokkuð opin. Þetta vildi ég að kæmi fram þótt varla sé hægt að kalla þetta andsvar við því sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram vegna orða hæstv. fjmrh. að það er einungis heimilt að veita andsvar við síðustu ræðu en forseti telur að það sem hæstv. ráðherra sagði hafi verið innan þeirra marka.

[11:36]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni mjög athyglisvert mál og flm. eiga skilið bestu þakkir fyrir það starf sem þeir hafa lagt af mörkum í því að vinna þetta frv. og þá á ég sérstaklega við 1. flm., en hann hefur sýnt það á þinginu áður að þetta er honum mikið áhugamál. Flutningsmenn hafa líka haft vit á því, eins og sést á greinargerð, að leita í sjóð til mjög reyndra manna á tryggingasviðinu sem ég hef einnig haft góða reynslu af því að starfa með.

Þetta frv. er í grundvallaratriðum samhljóða þáltill. sem ég, ásamt hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, flutti á þinginu í fyrra og endurflutti á þessu þingi. Ég vænti þess að í umræðunni á undan, hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni, hafi hann verið að vísa til þessarar þáltill. Tilvist hennar virðist eitthvað vefjast fyrir honum og trufla hann aðeins í ræðunni, þótt hann vildi ekki gera það að neinu deilumáli eða ásteitingarsteini, hver hefði átt upphaflegu hugmyndina. Ég held að við sem sitjum á Alþingi í dag getum ekkert okkar talist hafa verið málshefjendur í þessu máli. Þetta mál á langa sögu og eins og kemur fram í grg. með frv. þá var skipuð mjög stór nefnd, 17 manna nefnd, árið 1976 til þess að hefja endurskoðun á þessu máli.

Það kom mér hins vegar svolítið á óvart og reyndar fannst mér það leiðinlegt að hv. formaður efh.- og viðskn. sem nú er farinn úr salnum, það kom fram í frammíkalli hjá honum, hann vissi ekki um þessa till. til þál. sem ég og hv. varaformaður efh.- og viðskn. höfum lagt fram í þinginu. Mér þótti það þeim mun leiðinlegra þar sem hv. formaður efh.- og viðskn. steig í pontu og ræddi þetta mál af nokkurri kunnáttu að hann skyldi ekki hafa fylgst betur með því sem hér fer fram í þingsölum.

En fyrir þessari tillögu var mælt 7. október sl. og henni var vísað til hv. efh.- og viðskn. þann 11. október sl. Síðan þá hef ég upplýsingar um það að nefndin hefur hist a.m.k. fimm sinnum og málið hefur ekki enn þá verið tekið á dagskrá og ekki verið sent út til umsagnar. Ekki veit ég hvað tefur málsmeðferð nefndarinnar en mér er það alveg að meinalausu að þessi tvö þingmál verði nokkuð samferða í umfjöllun nefndarinnar. Ég vona að það að hv. þm. Finnur Ingólfsson minntist á þessa tillögu í ræðu sinni, komi hv. formanni efh.- og viðskn. til þess að kynna sér hvaða mál er hér á ferðinni.

Það er tekið á ýmsum vandamálum í þessu frv. og sums staðar sýnist mér að þau séu tekin nokkuð föstum tökum og ég get út af fyrir sig séð fyrir mér að löggjöfin gæti verið í nokkuð frjálsara formi heldur en í frv. er gert ráð fyrir. Ég held að það sé þó ekki ástæða til þess að tefja umræðuna að sinni meira um

þetta atriði. En ég óska þess að þetta mál fái mjög góða og vandaða meðferð í nefndinni og að sú málsmeðferð muni leiða til þess að við fáum fljótlega betri og réttlátari löggjöf í lífeyrismálum hér á landi og það verði ekki til þess að tefja málið, að það vefjist fyrir einhverjum hverjir fluttu tillögur um mál sem þetta fyrst og hverjir voru á eftir.

[11:42]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að standa upp til að svara fyrir hv. formann efh.- og viðskn., hann er fullfær um að svara fyrir sig. Ég vil aðeins þakka hv. þm. Árna Mathiesen fyrir hans ágætu ræðu og lýsa sérstakri ánægju minni yfir því að hann tók það sérstaklega fram að þetta frv. væri efnislega samhljóða þeirri hugsun sem kæmi fram í þeirri þáltill. sem hann og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafa hér flutt. Þetta segir manni auðvitað að um málið er í grundvallaratriðum víðtæk pólitísk samstaða. Sú pólitíska samstaða hlýtur auðvitað síðar meir þegar málið hefur verið rætt í hv. efh.- og viðskn. að koma inn í þennan sal aftur til afgreiðslu. Ég fagna því að ef það eru talsmenn málsins til í stjórnarflokkunum, þá hlýtur þetta mál að eiga góðan meiri hluta á hv. Alþingi.

[11:43]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni að hv. formaður efh.- og viðskn. er fullfær um að svara fyrir sig sjálfur þótt hann hafi auðvitað góða reynslu af því að hafa hv. þm. sem aðstoðarmann sinn. En það er of snemmt fyrir mig að segja fyrir um hvaða meðferð þetta mál muni fá í nefndinni. *Ég get ekkert fullyrt um það hvort og hvaða meiri hluti* er fyrir grundvallaratriðum þessa máls í þinginu, en ég vil leyfa mér að óska að með góðri og vandaðri málsmeðferð þá muni sá meiri hluti verða til og það leiða til þess að málið fái farsæla úrlausn.

Útbýting þingskjala:

Afmæli heimastjórnar og fullveldi Íslands, 154. mál, fsp. KÁ, þskj. 172.

Ávinningur iðnaðarins af GATT-samkomulagi, 153. mál, fsp. EKG, þskj. 170.

Ávinningur sjávarútvegs af GATT-samkomulagi, 152. mál, fsp. EKG, þskj. 169.

[11:44]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það verður margt á þessum fallega haustmorgni til þess að gleðja hv. þm. Finn Ingólfsson. Hann gleðst yfir stuðningi hv. þm. Árna M. Mathiesens við þetta ágæta frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil auka á gleði hans með því að lýsa því yfir líka að ég er sammála grundvallarhugmyndunum í því frv. sem hér liggur fyrir. Ég hygg að eftir þær umræður *sem hér hafa farið fram þá sé ljóst að það er víðtæk* samstaða í þinginu fyrir því að breyta kerfinu í þá veru sem fram kemur í þessu frv. og í þáltill. og grg. með henni sem hv. þm. Árni M. Mathiesen flutti með félaga sínum. Ég tel að það frv. sem hér liggur sé vel unnið og það sé gríðarlega mikil vinna sem í það hefur farið og ljóst að flm. hafa vandað til málatilbúnings alls. Frv. gerir ráð fyrir því að eftirlaunakerfið eins og það er í dag sé fært til nútímalegra horfs og í svipað kerfi og ríkir víða erlendis en þar hefur verkalýðshreyfingin fagnað breytingum í þessa veru. Frv. gerir ráð fyrir því að þó að launamanni sé að sjálfsögðu áfram skylt að greiða í eftirlaunasjóði þá hefur hann hins vegar valfrelsi til þess að kjósa sjálfur hvert hann greiðir. Það tel ég vera mjög mikilvægt og mikla framför. Ég held líka að með þeim hætti sé líklegt að þegar upp verður staðið þá verði meðaltalsávöxtun á iðgjöldum greiðenda meiri. Í frv. er líka gert ráð fyrir nýbreytni sem er löngu kominn tími á að verði tekin hér upp, sem felst í því að með því að gerast aðili að slíkum sjóði geti menn um leið keypt sér ákveðna lágmarkstryggingavernd sem í fyrsta lagi gæti samsvarað þeirri vernd sem er núna við lýði í kerfinu, en jafnframt ef menn kjósa svo þá geta þeir valið sjálfir að stærri hluti ávöxtunarinnar fari í að afla þeim meiri verndar. Það finnst mér vera mjög mikilvægt og tel að það geti gefið mönnum möguleika á að búa sér áhyggjulausari elli heldur en menn geta í dag.

Ég tel því að þau nýmæli sem felast í þessu frv. horfi mjög til betri vegar. Nú er það auðvitað svo að lífeyriskerfið í dag er í miklum ólestri og eins og ég hygg að komi fram í grg. flm. þessi nýbreytni getur ekkert gert til þess að skafa upp þann vanda en hún snýr hins vegar ofan af þróuninni og kemur í veg fyrir að það aukist á vandann. Ég held að sá vandi sé svo gríðarlegur að það verði mjög erfitt fyrir ríkisvaldið að takast á við hann og ég held að því fyrr sem menn leggja út á þessa braut, *þeim mun betra fyrir* þjóðfélagið allt.

[11:47]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé hreyft afar mikilvægu máli með mjög athyglisverðum hætti. Á bak við þennan málatilbúnað er mikil vinna og ber að þakka þá vinnu. Ég tel að hér sé á ferðinni afar flókið mál sem þarfnast ítarlegrar skoðunar og tel að þetta þingmál eins og það er búið í hendur þinginu sé verulega mikilsvert framlag til þessarar skoðunar. Þetta frv. tekur á mjög mörgum málum sem eru þannig vaxin að ég hef sjálfur áhuga á því með hvaða hætti frv. gerir ráð fyrir því að á þeim málum sé tekið. Ég vil þá geta sérstaklega um umfjöllun frv. um skylduaðild að tilteknum lífeyrissjóðum og þróun í frjálsræðisátt sem þar er tekið á. En ég vil ekki síður geta um það efnisinntak frv. sem kemur til með að hafa mest áhrif á efnahagsumhverfi íslensks atvinnulífs en það eru ákvæðin um þátttöku lífeyrissjóðanna eða eftirlaunasjóðanna í atvinnulífinu.

Það vill svo til að þátttaka lífeyrissjóðanna í atvinnulífinu ræður miklu um það umhverfi sem atvinnulífið þrífst í og eins og það ástand er nú þá eru lífeyrissjóðirnir fyrst og fremst athyglisverðir í atvinnulífinu vegna þess að þeir eru þar mestmegnis fjarverandi. Þeir koma lítið við sögu í beinni fjárfestingu í atvinnulífinu.

Ég held að ég fari rétt með þær tölur að heildareignir lífeyrissjóðanna sú um 158 milljarðar, það kemur fram raunar í þskj, og ég hygg að fjárfestingar lífeyrissjóðanna í áhættufjármunum séu u.þ.b. 2,7 milljarðar af þessum heildareignum upp á 158 milljarða. Þetta þýðir það í raun og veru að örlög atvinnufyrirtækja skila sér ekki inn í fjárhag lífeyrissjóðanna með mjög beinum hætti. Langmestur hluti af eignum lífeyrissjóðanna er bundinn verðbréfum ríkissjóðs, ríkisbréfum með einum eða öðrum hætti. Ég hygg að það sé ekki fjarri lagi að þær eignir nemi 80–90 milljörðum sem eru þannig bundnar í bréfum ríkissjóðs. Þegar þetta er borið saman, annars vegar eign lífeyrissjóðanna í ríkisbréfum og hins vegar eign þeirra í hlutabréfum, þá er augljóst að lífeyrissjóðirnir eiga ekki eðlilegra hagsmuna að gæta í atvinnulífinu og skilaboðin sem koma frá lífeyrissjóðunum til stjórnvalda bera þess merki. Þar verður oft um að ræða mótsagnakennd skilaboð eins og hefur raunar komið mjög skýrt fram í máli flm. þessa frv. Það er ekki óalgengt hygg ég að víðast hvar erlendis sé allt að 5% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóða varið til fjárfestingar í áhættufjármunum eða hlutabréfum. Í þessu frv. er ráð fyrir því gert að 5% að lágmarki af eignum eftirlaunasjóðanna skuli fjárfest í íslensku atvinnulífi.

Ef við lítum svo til að ráðstöfunarfé þessara 88 lífeyrissjóða hafi árið 1991 numið 30 milljörðum og reiknum með að 5% af þeirri upphæð fari til fjárfestingar þá sjáum við að á tveimur árum færi sú fjárfesting fram yfir það sem nú er heildareign lífeyrissjóðanna í hlutabréfum. Þannig að það er ljóst að með þeim hugmyndum sem hér eru settar fram mundi þátttaka lífeyrissjóðanna í atvinnulífinu gjörbreytast og þau skilaboð sem í kjölfar af þessum breytingum mundu koma frá lífeyrissjóðunum til stjórnvalda um þróun atvinnulífsins mundu bera þess merki að lífeyrissjóðirnir ættu meiri hagsmuna að gæta í atvinnulífinu.

Þetta vildi ég láta koma fram. Ég tel að hér sé tekið á mjög athyglisverðu máli og legg til að það fái gagngera skoðun og lýsi því yfir hér með að mjög mörg atriði í þessu frv. eru mér að skapi og ég tel að þau komi til með að vera verðugt framlag til umræðunnar um þetta mjög mikilvæga atriði sem snertir íslenskt atvinnulíf og íslenskt efnahagslíf í heild.

[11:53]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu hefur fengið ákaflega góðar viðtökur í umræðunum í morgun. Eftir því sem ég hef hlustað þá hafa menn ekki gagnrýnt mikið þetta mál. Ég held að það sé lofsvert að velta þessum málum fyrir sér. Lífeyrissjóðamál okkar Íslendinga eru ekki í góðu lagi. Sjóðirnir eru of margir, kóngaveldið of mikið o.s.frv. Ég held að þetta frv. sé að mörgu leyti mjög vel unnið og það hefur verið lögð geysimikil vinna í að setja það saman. Það er út af fyrir sig lofsvert og margt í þessu frv. er áreiðanlega til bóta. Margt af því er áreiðanlega ástæða til að skoða með opnum huga.

Ég finn hins vegar á þessu máli æðistóran galla. Mér finnst málið í heild sinn eins og það er sett fram bera of mikinn keim af einstaklingshyggju og það sem mér finnst vanta í þetta frv. er fyrst og fremst meiri félagshyggja. Ég er félagshyggjumaður en þetta finnst mér bera nokkurn keim af einstaklingshyggju sem hér er fram sett. (**Umhvrh.:** Er Guðni Ágústsson orðinn frjálshyggjumaður?) Hann er mikill einstaklingshyggjumaður. Ég vil nú ekki nota svo svívirðilegt orð um einn besta vin minn að fara að kalla hann frjálshyggjumann. Það er búið að eyðileggja það orð og gera það að svo miklu skammaryrði að ég fer ekki að nota orðið frjálshyggjumaður um einn besta vin minn. (**Gripið fram í:** En um frændur þína?) Ég get hins vegar notað það um suma frændur mína.

En því stend ég hér upp að ég vil láta það koma fram að ég styð þetta frv. ekki í öllum greinum og það er vegna þess að í það vantar nauðsynlega félagshyggju. Ég held að það hefði nú ekki haft neitt vond áhrif á frv. þó hinir ágætu höfundar þess hefðu haft meira samráð við lífeyrissjóðina heldur en mér sýnist hér hafa verið gert. Af því hvað félagshyggjan stendur tæpt í þessu máli þá styð ég það ekki.

[11:56]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hlaut að vera að það væri maðkur í mysunni fyrst að ég var orðinn sammála svo mörgum framsóknarmönnum í grundvallaratriðum og svo kemur reyndar í ljós að þingflokksformaður þeirra og helsti foringi er algjörlega ósammála frv. í mörgum atriðum. Þá fer nú aðeins að minnka öryggið á þingmeirihlutanum sem hv. þm. Finnur Ingólfsson var að vonast til að væri hér í þinginu. En ég vil þá spyrja hv. formann þingflokks Framsfl.: Er þessi klofningur hjá framsóknarmönnum í þessu máli eins og í EES-málinu og svo mörgum öðrum, er þetta enn ein myndin á klofningi flokksins í þéttbýlismenn og dreifbýlismenn?

[11:57]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Því er nú til að svara að ég tel að við hv. þm. Guðni Ágústsson séum báðir dreifbýlismenn. Ég held að það sé ekki hægt að vera að tala um neinn klofning í þessu máli. Það getur vel verið að þetta mál eigi bullandi þingmeirihluta. Ég veit fyrir víst og eins og hefur komið hér rækilega í ljós að margir þingmenn eða ýmsir þingmenn Framsfl. styðja málið. Ég stóð ekki hér upp sem talsmaður fyrir þingflokk framsóknarmanna. Ég ætla að biðja hv. þm. að athuga það. Ég stóð upp hér og sagði mína persónulegu skoðun á þessu máli. En það hefur ekki farið fram nein skoðanakönnun innan þingflokks framsóknarmanna um þetta mál. Flm. fengu hins vegar heimild þingflokksins til þess að leggja þetta mál fram og ég var því hlynntur að þeir legðu það fram og fengju þessa umræðu um hugmyndir sínar. Þeir höfðu lagt mikla vinnu í að útbúa þarna frv. um áríðandi málefni og mér fannst mjög eðlilegt að þingflokkurinn væri ekki að leggja stein í götu þeirra, að þeir fengju umræður um þetta. Ég vildi hins vegar einungis láta það koma fram í örfáum að ég hef ákveðnar efasemdir um þetta mál.

(**Umhvrh.:** Hver hefur mengað Guðna Ágústsson?) Ég veit ekki hvort Guðni Ágústsson hv. þm. er neitt mengaður. Ég hef ekki neina trú á því. Hann er hins vegar mikill einstaklingshyggjumaður. Það sómir sér ágætlega fyrir framsóknarmenn en þeir þurfa að hafa dálitla félagshyggju í töskunni líka.

[11:59]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram í framsöguræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar að hann væri hógvær maður og afar hógvær í málflutningi og af hógværð sinni þá bar hann það auðvitað undir formann Framsfl. hvort hann mætti flytja þetta frv. En hv. þm. Guðni Ágústsson er íbúi á einu þéttbýlasta svæði landsins þar sem oft í daglegu tali er kallað Árborgarsvæði og það má því með réttu telja hv. þm. Guðna Ágústsson borgarbúa. (**Gripið fram í:** Árborgarbúa.)

[12:00]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil nú ekki halda því fram að hægt sé að kalla íbúa þessa svokallaða Árborgarsvæðis eða Selfoss sérstaka borgarbúa og hv. þm. Guðni Ágústsson er þingmaður fyrir víðlent dreifbýliskjördæmi og gegnir því starfi af mikilli prýði.

Okkur er öllum kunnugt að hv. þm. Guðni Ágústsson er hógvær maður og siðvandur. Það er ekki einasta að hann hafi borið þetta frv. undir mig heldur sagði hann frá hugmyndum sínum í þingflokki framsóknarmanna, ekki bara mér heldur öllum þingmönnum flokksins sem sæti eiga í þingflokknum og um þetta mál varð talsverð umræða í þingflokknum. Síðan hélt hann áfram að vinna að máli sínu og hann fékk heimild þingflokksins, ekki bara mína heimild, til að leggja það fram. Ég tók það fram að ég hefði stutt það að hv. þm. fengi þetta leyfi.

[12:02]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins varðandi þingmeirhluta sem var verið að reikna hér í málinu þá var mér fullkunnugt um þessa afstöðu hv. þm. Páls Péturssonar til þessa frv. (**ÁMM:** Forseti, er þetta andsvar við andsvari?) Nei, þetta er andsvar við ræðu hv. þm. Páls Péturssonar hér áðan. Ég er ekki sammála honum í málinu. Vandamálið er hins vegar þetta: Félagshyggjan í lífeyrissjóðunum er búin að vera við lýði í langan tíma. Félagshyggjan í lífeyrissjóðunum kemur fram í skýrslu bankaeftirlits Seðlabankans. Þar er félagshyggjan í lífeyrissjóðunum gjaldþrota því miður. En hv. þm. Páll Pétursson er mikill félagshyggjumaður. Hann er ekki gjaldþrota og langt frá því, hann er dyggur stuðningsmaður félagshyggjunnar og ég kann vel að meta það. Það er aftur annað mál að félagshyggjan í lífeyrissjóðunum er gjaldþrota.

[12:03]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil í lok þessarar umræðu þakka undirtektir við þetta mál og þá miklu umræðu sem það fékk hér á þessum þingfundi. Ég vænti þess að það sem ég sagði í upphafi að þetta frv. er fyrst og fremst tilraun til að hefja þessa umræðu og taka á þessu stóra máli sem hefur svo lengi legið kyrrt í þjóðfélaginu og framtíðin þolir ekki slíkt.

Hér hafa menn komið inn á mörg atriði og hér síðast hv. þm. Páll Pétursson, taldi frv. hafa stóra galla og ræddi um að félagshyggjan í frv. væri ekki næg. Nú ætla ég ekki að fara að reyna að túlka hvaða viðhorf ég í sjálfu sér hef en það er hárrétt hjá honum að ég tel mig einstaklingshyggjumann með félagslegu ívafi. Ég tel að menn megi ekki misnota félagshyggju. Við þurfum í þessu samfélagi að búa þeim veika, smáa og þeim aldraða ákveðið öryggi en félagshyggjan má ekki ganga svo út fyrir mörk að hún drepi framtakið í dróma. Ég hygg að ef hv. þm. les þetta frv. af kostgæfni þá muni hann sjá að við tökum á öllum aðalatriðum til að vernda og verja litla manninn. Hann ætti að vera gulltryggur í gegnum þetta frv. en meginatriðið er það að við ögum peningamarkaðinn á Íslandi með nýjum hætti, eins og hér hefur komið fram, til þátttöku í atvinnulífi og við forðum íslensku samfélagi frá því stórslysi sem blasir við. Ég kallaði það ógnvænlega tímasprengju í mínu máli. Við skulum gá að því þótt einhverjir þykist geta sloppið þegar tímasprengjan springur, ef við verðum samfélag áfram sem ég vona, þá er mér ljóst að það sleppur enginn ef sprengjan springur. Því þá verða þeir sem eru í öruggu sjóðunum að taka á sig skellinn í gegnum skatta o.fl. En aðalatriðið er það nú hvar sem menn standa í flokki og ég hygg að það sé svo með flesta Íslendinga að þeir skilja ekkert betur heldur en veskið sitt. Það er nefnilega svo að hugur manna liggur nærri veskinu, jafnvel býr hjarta margra í veskinu. Þess vegna er það sem betur fer að þjóðin hefur verið að vakna til vitundar um það að með peninga hvers og eins og almennings verður að fara af gætni. Og ég hygg að almenningur sé á þeirri skoðun sem hér hefur komið fram að lífeyrissjóðakerfið eins og það er rekið hefur ekki farið vel með peninga almennings. Því er illa stjórnað og það rekur áfram án lagasetningar og án eftirlits. Og það sem er stærst í því máli er að þar búa tvær þjóðir. Opinberir starfsmenn búa við öruggt kerfi að því er þeir telja en aftur á móti þeir sem eru á almennum markaði búa við allt önnur kjör, þeir búa við óvissuna um hvort sjóðurinn verði gjaldþrota þegar að honum er komið. Við skulum hugleiða það sem er kannski hámark tvískinnungsháttarins að það skuli viðgangast að foringi fólksins á almennum markaði, forseti Alþýðusambands Íslands, tekur sín lífeyrisréttindi úr sjóði opinberra starfsmanna. Hann greiðir í lífeyrissjóð opinberra starfsmanna á meðan þeir sem hann er að berjast fyrir eru margir hverjir í sjóðum sem ljóst er að geta ekki staðið við sínar skuldbindingar.

Ég vil þá svona að lokum taka undir það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich kom inn á og ég í minni upphafsræðu. Eins og hann benti á er áhættufjárfesting lífeyrissjóðanna, sem í dag eru með fjármagn sem er að nálgast 200 milljarða kr., væri sama og engin en aðeins 2,7 milljarðar kr. í áhættufjárfestingu, sagði hv. þm. og fór vel yfir það svið hversu tvískinnungsháttarinn er í sambandi við ýmis mál sem snúa að atvinnulífinu og ég gerði að umtalsefni í minni ræðu.

Þess vegna er mikilvægur kafli í þessu frv. sem boðar það að lífeyrissjóðirnir fjárfesti í atvinnulífinu og taki þátt í að endurreisa það og breyta þessu samfélagi á betri veg. Þetta er mjög stórt atriði í þessu frv.

Hér hafa menn eytt löngu máli í að ræða það hversu málið á langa sögu og hverjir eru upphafsmenn. Það skiptir engu máli. Ég fagna því bara að menn flytji sem flest mál af þessum toga og taki þetta mál til umræðu á hinum pólitíska vettvangi hvar sem þeir fara.

Ég hef hér nokkur þing flutt annars konar mál sem ég er kannski enn þá skotnari í en þessari hugmynd en því miður var það þingsályktun og tókst í öllum aðalatriðum að drepa umræðu um það mál, en það sneri að því að hver einasti einstaklingur ætti sinn eigin eftirlaunasjóð. Þar gerði ég t.d. merkilega athugun á því að t.d. ef maður með 70.000 kr. á mánuði, sem eru nú lág laun, greiddi 7.000 kr. í þennan sjóð sinn og hefði aðeins 5% raunvexti á þetta sparifé, lífeyrissjóðirnir eru að taka 8–10% í dag, þá reiknaði ég það út að þessi ungi maður sem væri á svo lágum launum ætti að starfsdegi loknum eftir 45 ár 13,5 millj. kr. og gæti á næstu 30 árum greitt sér hvorki meira né minna en 74.000 á mánuði. 100.000 kr. maðurinn á mánuði ætti með þessum hætti 20 millj. og gæti greitt sér 104 þús. á mánuði á næstu 30 árum.

Þetta mál fékk góðar undirtektir í þjóðfélaginu en það var ekki frv. og fékk ekki þá umræðu sem ég vona að jafn vel unnið og viðamikið frv. þetta hlýtur að fá, ekki bara hér á Alþingi heldur einnig í verkalýðshreyfingunni, í atvinnulífinu og verði til þess að ríkisstjórnin, eins og hér hefur kannski verið heitið í þessari umræðu þar sem hæstv. fjmrh. og hæstv. umhvrh. hafa lýst góðum viðhorfum til vinnu þessa frv. og styðja í meginatriðum mörg atriði í því, að það verði til þess að okkur takist nú á næstu missirum að leysa þetta stóra mál og marka lífeyrissjóðunum framtíðarbraut sem verður almenningi á Íslandi til heilla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 30. mál (leigutekjur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 31.

[12:12]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Þetta frv. er 30. mál þingsins á þskj. 31.

Frv. er svohljóðandi, það er í tveimur greinum.

1. gr.: „Við 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna bætist nýr málsliður: Hafi maður leigutekjur af íbúðarhúsnæði, án þess að það teljist vera atvinnurekstur eða sjálfstæð starfsemi, er honum heimilt að draga húsaleigugjöld íbúðarhúsnæðis frá leigutekjum í stað beins kostnaðar, enda sé íbúðarhúsnæðið nýtt til eigin nota.

2. gr.: Lög þessi öðlast þegar gildi og skulu koma til framkvæmda við álagningu opinberra gjalda á árinu 1994 á tekjur ársins 1993.“

Í greinargerð með þessari tillögu er farið yfir helsta tilgang þessarar lagabreytingar.

„Samkvæmt gildandi skattalögum mega einstaklingar ekki telja til gjalda neinn kostnað af öflun tekna eins og gildir um menn með atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi og um lögaðila. Tekjur af útleigu á eigin íbúðarhúsnæði eru skattskyldar og hefur ekki verið lagaheimild til þess að draga leiguútgjöld íbúðarhúsnæðis frá leigutekjum. Hins vegar er heimilt skv. 2. mgr. 30. gr. tekjuskattslaga að draga beinan kostnað við íbúðarhúsnæði frá leigutekjum.

Í 2. mgr. 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna segir að af íbúðarhúsnæði, sem skattaðili á og notar til eigin þarfa, skuli hvorki reikna tekjur né gjöld. Er með frumvarpinu leitað leiða til að útfæra nánar þetta ákvæði.

Oft háttar svo til að menn þurfa að flytja milli byggðarlaga eða landshluta, t.d. vegna tímabundinna starfa eða náms. Við slíkar aðstæður getur verið verulega íþyngjandi fyrir íbúðareigendur að vera knúnir til þess af skattalegum ástæðum að selja eigin íbúð í heimabyggð og tryggja sér með kaupum húsnæði á þeim stað sem flutt er til. Dæmi eru um það að einstaklingar, sem þannig flytjast tímabundið milli landshluta, greiði mun hærri leigugjöld fyrir íbúð en sem nemur leigutekjum af eigin húsnæði í heimabyggð. Eru þeim þó í slíku tilfelli reiknaðar leigutekjur til skattlagningar. Sprettur af þessu bagaleg mismunun eftir búsetu.“ — Þess má einnig geta að þegar harðnar í ári í atvinnulífinu þá leita menn víða fanga til þess að verða sér úti um störf og því verður þetta vandamál sem af þessum sökum hlýst og hér er verið að fjalla um, enn brýnna en ella.

„Með þeirri breytingu, sem hér er gerð tillaga um, verður heimilað að draga húsaleigugjöld frá tekjum af útleigu á eigin íbúðarhúsnæði í stað beins kostnaðar. Verði tekjur af útleigu eigin húsnæðis umfram leiguútgjöld er gert ráð fyrir að með slíkar tekjur verði farið samkvæmt ákvæðum laganna um skatta á tekjur utan atvinnurekstrar.

Tillagan snertir 7. gr. laganna og ber þar til tvennt. Annars vegar er verið að útfæra nánar ákvæði 2. tölul. C-liðar 7. gr. laganna um skattalega meðferð eigin íbúðarhúsnæðis. Hins vegar verður með þessari breytingu ekki til sjálfstæður frádráttarliður og er því ekki efni til að fella þessa breytingu inn í 30. gr. laganna þar sem skilgreindir eru sjálfstæðir frádráttarliðir frá tekjum utan atvinnurekstrar.

Ekki er gerð tillaga um að þessi breyting nái aðeins til tímabundinnar útleigu á eigin íbúðarhúsnæði. Verið er að útvíkka skattalega stöðu eigin íbúðarhúsnæðis eins og hún er skilgreind í 7. gr. Af ýmsum ástæðum getur verið hagstætt fyrir einstakling að leigja út eigin íbúðarhúsnæði í lengri eða skemmri tíma og tryggja sér íbúðarhúsnæði með leigu. Er ekki talin vera sérstök ástæða til þess að skattaleg meðferð eigin íbúða komi í veg fyrir slíkan sveigjanleika í húsnæðismálum.“

Rétt er að geta þess að þetta mál var flutt á 116. löggjafarþingi og var vísað til nefndar en hlaut ekki afgreiðslu í nefndinni enda kom málið seint fram. Þess ber einnig að geta að á 113. löggjafarþingi var flutt frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Flm. þess frv. voru Valgerður Sverrisdóttir, Danfríður Skarphéðinsdóttir, Guðmundur Ágústsson, Eiður Guðnason, Margrét Frímannsdóttir og Salome Þorkelsdóttir.

Efnislega var frv. sem flutt var á 113. löggjafarþingi nánast það sama að því er varðar 1. gr. þess frv. eins og það frv. sem hér er verið að mæla fyrir.

Ég vil geta þess í lokin að meðflm. mínir á þessu frv. eru Guðjón Guðmundsson og Sturla Böðvarsson.

[12:18]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í örstuttu máli lýsa stuðningi mínum við efnisþætti þessa frv. um leið og ég lýsi yfir þeirri von minni að það fái meiri athygli í efh.- og viðskn. í vetur heldur en það fékk á síðasta vetri. En eins og hv. flm. nefndi þá kom frv. fram og fór í raun aldrei lengra þar heldur en að vera sent út til umsagnar. En því miður þá virðist það vera svo að sumir umsagnaraðilar hafa ekki skilið frv. því það þarf að herða eilítið á því í vetur.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta mál, ég hef tækifæri til að fjalla um það í nefnd og mun fyrir mitt leyti stuðla að því að það geti fengið þar eðlilegan og skjótan framgang.

[12:19]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft miklu og góðu réttlætismáli sem er sjálfsagt að lýsa miklum stuðningi við. Í raun og veru þarf ekki að hafa mörg orð um þetta frv., það hefur komið mjög skýrt fram í máli hv. 1. flm., hv. þm. Tómasar Inga Olrich, út á hvað þetta mál gengur. Hér er fyrst og fremst verið að leggja til að lögum sé breytt til réttlætis fyrir þá sem þannig stendur á að hafi þurft að flytja heimili sitt tímabundið á milli staða. Ég held að þetta mál sé afar einfalt og það er skýrt og ætti ekki að vefjast fyrir hv. efh.- og viðskn. að afgreiða það frá sér.

Ég vil aðeins vekja athygli á í þessu sambandi hversu afkáraleg skattalögin eru í dag, þau gera í raun og veru ráð fyrir því að það myndi sérstakan skattstofn þegar menn þurfa að flytja á milli landshluta og þannig stendur á að menn þurfa að leigja sér húsnæði á einum stað og hugsanlega leigja frá sér sitt eigið húsnæði á öðrum stað. Það sjá auðvitað allir af þessu hversu fráleitt og afkáralegt þetta er og sjálfsagt mál að þessu sé breytt.

Ég vek athygli á því, eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. e. og raunar hv. 6. þm. Norðurl. e. líka, að þetta mál kom fremur seint fram í fyrra og gat af þeim ástæðum ekki hlotið afgreiðslu. Nú háttar svo til að þetta mál er lagt fram snemma á þinginu og engin ástæða til annars en að miðað við þær viðtökur sem það hefur fengið og þann víðtæka stuðning sem ég vænti þess að það njóti, þá verði það afgreitt fyrr á þessu þingi og vonandi sem fyrst til þess að hægt sé að hrinda þessu sjálfsagða réttlætismáli úr vör.

[12:21]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls um þetta mál góðar undirtektir. Ég vil kannski gera það að veganesi mínu til þeirrar nefndar sem fær málið til umfjöllunar að í grg. er varpað fram þeirri hugmynd ef þetta frv. verður að lögum þá verði með tekjur af útleigu eigin húsnæðis, sem verða umfram leigugjöld, farið samkvæmt ákvæðum laganna um skatta og tekjur utan atvinnurekstrar. Þetta er það atriði þessarar grg. sem kannski orkar tvímælis og ég tel að það væri full ástæða til þess fyrir nefndina að skoða þetta mál mjög rækilega og væri fyrir mitt leyti reiðubúinn sem 1. flm. að líta svo á að þar kæmu fleiri kostir til greina.

Það kom fram í máli hv. 6. þm. Norðurl. e. að í meðferð frv. á 116. löggjafarþinginu þá var þessu frv. vísað til umsagnar og bárust tvær umsagnir ef ég man rétt, þá hafi þar gætt misskilnings og ég hygg að það sé alveg hárrétt hjá honum. Þar var gerð tillaga um breytingu á frv. en sú brtt. benti til þess að umsagnaraðilinn hefði lesið frv. afar flaustурslega ef hann hefur lesið það á annað borð. Þannig að ég legg til að hugsanlega mætti vísa þessu frv. aftur til umsagnar þó það sé efnislega nákvæmlega það sama, eins og það var á síðasta þingi og í lok máls míns hér vil ég leggja til að frv. verði vísað til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.— [Fundarhlé.]

Kostir þess að gera landið að einu kjördæmi, fyrri umr.

Þáltill. JGS og FI, 42. mál. — Þskj. 45.

[13:00]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að kanna kosti þess að gera landið að einu kjördæmi í kosningum til Alþingis. Ég mæli fyrir tillögunni sem 1. flm. en meðflm. minn er hv. 11. þm. Reykv., Finnur Ingólfsson.

Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að kjósa nefnd tveggja fulltrúa frá hverjum þingflokki til þess að skoða kosti þess fyrirkomulags að landið verði eitt kjördæmi í kosningum til Alþingis.

Sérstaklega verði kannað hvernig þetta fyrirkomulag hefur verið framkvæmt í þeim löndum sem við það búa.

Þá verði hugað að því á hvern hátt þessi breyting geti tengst hugmyndum um tilfærslu verkefna frá ríkinu til héraða."

Í grg. segir m.a.: „Ljóst er að enn á ný er að hefjast umræða um skiptingu landsins í kjördæmi í kosningum til Alþingis. Það er eðlilegt þar sem að hér er

um að ræða málefni sem hlýtur að vera til stöðugrar endurskoðunar. Um áratuga skeið hefur verið byggt á því að visst misvægi sé milli landshluta varðandi atkvæðavægi. Fyrir því hafa á hverjum tíma verið færð rök sem sæst hefur verið á. Á það skal hins vegar bent að við síðustu breytingu á kosningaákvæðum stjórnarskráinnar og kosningalögum var jafnað að fullu milli flokka."

Sú breyting, þ.e. að jafna á milli flokka en halda áfram misvægi á milli landshluta og kjördæma er í raun órökrétt. Þar er verið að reyna að samræma hluti sem eru ósamræmanlegir. Út úr því kemur sá óskapnaður sem núverandi skipan er. Þrátt fyrir jöfnun á milli flokka á landsvísu er skipting þingmanna á milli flokka í einstökum kjördæmum álíka og úrdráttur í happadrætti eða hver kannast ekki við þá rúllettu sem getur farið af stað eftir til þess að gera litla breytingu í einu kjördæmi.

Til þess að nefna dæmi get ég nefnt að ef Framsfl. hefði fengið 35 atkvæðum færra en hann fékk við síðustu kosningar í Norðurl. e. hefði hann verið með tvö þingmenn af sjö í kjördæminu með 36% atkvæða. Sjálfstfl. með 25% atkvæða hefði hins vegar fengið þrjá af sjö. Í það minnsta fjórir þingmenn í öðrum kjördæmum hefðu einnig víxlað sætum og væntanlega flakkarinn líka þó þar hefðu engar breytingar orðið á fylgi stjórnmálaflokka.

Hér er um að ræða kerfi sem er ógegnsætt og ekki líklegt til þess að stuðla að trausti almennings á kosningaforminu.

Þá vil ég benda á að sú ákvörðun sem tekin var við síðustu breytingu að jafna að fullu milli flokka setur þeim möguleikum sem til staðar eru varðandi kosningaform verulegar skorður. Ýmsir þeir möguleikar sem nefndir hafa verið, svo sem einmenningskjördæmi, blönduð aðferð þar sem þingmenn væru að hluta kosnir af landslista í einu kjördæmi og að hluta í smærri kjördæmum, mundi ekki njóta sín við slík skilyrði. Í það minnsta ekki ef við göngum út frá flokkaskipun í þá veru sem hún er í dag.

Ég varpa þeirri spurningu til þeirra sem aðhyllast þessar aðferðir hvort þeir telji að pólitískur vilji muni vera til þess að hverfa frá þessu skilyrði, þ.e. fullri jöfnun á milli flokka.

Hér er um að ræða grundvallaratriði og niðurstaðan í þessu máli mun óhjákvæmilega setja mark sitt á umræðuna í framhaldinu.

Ég sagði hér áður að það hefði verið pólitísk sátt um að hafa nokkurt ójafnvægi milli landshluta. Við síðustu breytingu var gengið út frá því að meiri hluti þingmanna kæmi ekki frá kjördæmunum tveim af suðvesturhorninu. Krafan um frekari jöfnun á milli landshluta er hins vegar það ákveðin nú að það eru ekki neinar líkur á að þessu markmiði verði viðhaldið við næstu breytingu. Hér erum við komin að öðru grundvallaratriði sem verður að horfast í augu við, hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Og það er vendipunktur í þessari umræðu ef tekin væri ákvörðun um það að meiri hluti þingmannanna kæmi af þessu svæði. Það er því afar mikilvægt að þær breytingar sem fram undan eru dragi á jákvæðan hátt úr þeirri spennu sem óneitanlega er til staðar milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðisins. Hugmyndir í þá átt að jafna atkvæðisréttinn á grundvelli núverandi kjördæmaskipunar eða með því að fjölga kjördæmum í Reykjavík og Reykjanesi ganga hins vegar í þveröfuga átt. Út frá sjónarhóli landsbyggðarinnar væri það sú versta staða sem upp gæti komið. Þá væri komin upp sú staða að meiri hluti þingmanna liti á það sem skyldu sína að vinna sérstaklega að hagsmunum þessara tveggja kjördæma. Hætt er við að með því væri enn aukið á kjördæmatogstreitu. Það er því skoðun flm. þessarar tillögu að tímabært sé að skoða kosti og galla þess að gera landið allt að einu kjördæmi. Það kunni að vera sú leið sem mest sátt geti náðst um og komist næst því að uppfylla héraðaríg í starfsemi löggjafarsamkomunnar.

Hér er í sjálfu sér ekki um nýja hugmynd að ræða. Hún hefur verið í umræðunni af og til á þessari öld. Þá er vert að geta þess að á árunum 1916–1934 var helmingur þingmanna í efri deild kosinn á landslista þar sem landið var allt í raun eitt kjördæmi. Það sem er nýtt í þessari umræðu nú er það að henni er ekki síður hreyft af landsbyggðarmönnum en fólki á höfuðborgarsvæðinu. Til að mynda var flm. tillögu í þessa veru á landsfundi Sjálfstfl. af landsbyggðinni.

Sérstaklega er nauðsynlegt að tengja þessa umræðu hugmyndum um að flytja aukin verkefni frá ríkinu til héraðanna. Það gæti verið lykillinn að því að ná samstöðu um þessa leið. Við þá breytingu mun umfjöllun um mörg af þeim verkefnum Alþingis sem hafa mesta skírskotun til sérhagsmuna einstakra landshluta væntanlega flytjast heim til héraðastjórna. Þetta er jafnframt sá þáttur í starfi Alþingis sem stæði næst framkvæmdarvaldinu og samkvæmt eðli máls krefst nánastra tengsla við íbúa einstakra landshuta. Og ég vil taka skýrt fram að í mínum huga er þetta grundvallaratriði ef menn vilja skoða þá leið að gera landið að öðru leyti að einu kjördæmi í kosningum til Alþingis.

Þessi umræða hefur að nokkru verið tengd umræðu um fækkun þingmanna. Það má hins vegar ekki gera það að neinu aðalatriði málsins, því hvort þingmenn eru t.d. 53 eða 63 getur ekki ráðið neinum úrslitum um skilvirkni löggjafarstarfsins. Í þessu sambandi má þó benda á að þegar fjölgun þingmanna hefur átt sér stað, þá hefur hún ráðist af pólitískum málamiðlunum vegna kjördæmabreytinga en ekki af séðri þörf.

Við þá könnun sem hér er farið fram á þarf sérstaklega að kanna hvernig þetta fyrirkomulag hefur reynst í þeim löndum sem við það búa. Í okkar nágrenni má nefna Holland og Ísrael. Eins og allar aðrar aðferðir, þá hefur þessi aðferð bæði kosti og galla. Gallarnir eru m.a. þeir að hætta er á að við val á framboðslista verði flokksræðið sterkt. Það er því nauðsynlegt að kanna hvaða ráð eru tiltæk til þess að vinna á móti því. Þar má nefna sameiginlegt prófkjör, upprröðun á kjörseðli o.fl. Þá er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hvaða þröskuld þarf að setja varðandi kjörfylgi til þess að framboð komi manni á þing. Við þessa könnun væri einnig eðlilegt að skoða þann möguleika að kjósa eftir þýska kerfinu svokallaða, þ.e. blandaðri

aðferð þar sem bæði væri um að ræða kjör af landslista og í kjördæmum. Ég hef hins vegar bent á það fyrr í máli mínu að framkvæmd á slíku gæti verið annmörkum háð ef jafna á að fullu milli flokka.

Virðulegi forseti. Í umræðu um kjördæmamálið að undanförnu hefur komið í ljós að það er áhugi fyrir því í öllum stjórnmálaflokkum að kanna þá leið sem hér er til umfjöllunar. Breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan eru mál sem eru þess eðlis að ekki er líklegt að afstaða til þeirra ráðist eftir flokkspólitískum línum. Það er því eðlilegt að allar leiðir verði skoðaðar á málefnalegan hátt áður en nokkur ákvörðun er tekin. Flutningur þessarar tillögu er liður í því að svo megi verða. Hún beinist að því að sá möguleiki að gera landið að einu kjördæmi í kosningum til Alþingis og flytja þá þætti sem hafa verið á höndum alþingismanna og standa næst byggðunum heim í héruðin, hún miðar að því að þessi leið verði skoðuð og geti orðið gjaldgeng í þeirri umræðu sem er fram undan.

[13:11]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt þegar menn fara í þessa mjög svo þörfu umræðu að þeir tali skýrt. Hv. flm. Jóhannes Geir flutti hér snjallt mál um nauðsyn þess að kanna kosti þess að gera landið að einu kjördæmi, en ég tel að það sé nauðsynlegt að afstaða hans til þessa máls komi fram. Er hann fylgjandi því að landið verði eitt kjördæmi?

[13:11]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég taldi nú að afstaða mín kæmi nokkuð skýrt fram í minni framsögu. Afstaða mín er sú að að því gefnu að þær breytingar séu gerðar á okkar stjórnsýslu að sá þáttur þess starfs sem hefur farið fram á vegum þingmanna og Alþingis sem stendur næst kjósendum, sem stendur næst framkvæmdarvaldinu og hefur mesta skírskotun til héraðsbundinna hagsmuna, að því tilskildu að sá þáttur sé fluttur heim til héraðanna, þá gæti ég séð það fyrir mér og talið eðlilegt að eftir stæði landið sem eitt kjördæmi í kosningum til löggjafarsamkomunnar. Það væri að vísu að verulegu leyti öðruvísi löggjafarsamkoma heldur en við sitjum á í dag sem kannski, eins og einn góður benti mér á á fundi fyrir norðan fyrir nokkrum dögum, mundi beita sér að hinni hreinu löggjöf, að samskiptunum við útlönd og kannski öðru fremur forða því að menn gerðu þar stórar vitleysur.

[13:12]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er hreyft nokkuð stóru máli hér, máli sem þó hefur verið allnokkuð í umræðu frá árinu 1991 þegar síðast var kosið og hv. flm. hefur gert grein fyrir sínum skoðunum í framsögu.

Það er spurning þegar við ræðum um það að kanna kosti þess og galla að gera landið að einu kjördæmi hvaða markmiðum við ætlum þar með að ná, hvaða markmið ætlum við að hafa í huga. Ætlum við að hafa það í huga að það sé réttur manna til að hafa áhrif á hvaða einstaklingar veljist til þingsetu og ætlum við líka að hafa áhrif á að tryggja tiltölulega jafnan rétt kjósenda án tillits til búsetu og ætlum við líka að jafna vægi á milli flokka? Þetta eru allt saman góð og gild markmið, en ég held að við yrðum þegar við erum að skoða þetta mál að raða því í forgangsröð. Það er alveg greinilegt að við breytinguna 1987 náðist það markmið að jafna á milli flokka. Atkvæðaskipting á milli flokka er tiltölulega jöfn á bak við hvern þingmann, munar kannski 100–150 atkvæðum þar á milli flokka, en það náðist engan veginn að jafna rétt kjósenda án tillits til búsetu. Og það náðist heldur ekki að auka rétt manna til að hafa áhrif á hvaða einstaklingar veljast til þingstarfa. Sá réttur varð í raun og veru enn fjarlægari vegna þess að menn gátu haft áhrif á röðun lista áður en þessi breyting varð. Það þurfti ekki nema 12% kjósenda til að breyta röðun á lista, en eftir breytinguna 1987 þurfti um 50% kjósenda að breyta listanum til þess að það hefði einhver áhrif. Þannig að réttur manna til þess að velja á listann var enn minni eftir þessa breytingu. Það sem raunverulega náðist með síðustu breytingu var að jafna á milli flokka.

Ég held að ef við ætlum að skoða þetta í heild og reyna að fara að ná réttlæti sem við vissulega hljótum að stefna að, þá þurfum við að skoða fleira heldur en vægi hvers atkvæðis. Við þurfum líka að skoða hvernig stjórnkerfið er í heild. Það má segja að þær umræður sem eru þessa dagana um sameiningu sveitarfélaga komi nokkuð mikið inn á það hvernig stjórnkerfið hér á Íslandi á að líta út. Þar erum við að reyna að færa valdið meira út til héraðanna, út til landsbyggðarinnar. Það veit í raun og veru enginn í dag þó að skoðanakönnun hafi átt sér stað, sem frekar fáir tóku þátt í þannig að ég tel hana tæpast marktæka þó hún gefi að vísu vísbendingar, en ég held að við vitum ekki í dag hvernig sú kosning fer sem fram á að fara þann 20. nóv. Við vitum því í raun og veru ekki, þegar við erum að ræða þetta, hvernig stjórnkerfið á Íslandi muni líta út eftir eitt ár eða svo.

Ég tel að það væri fyllilega tímabært að ræða það að setja landið í eitt kjördæmi ef meira vald og ákvarðanataka væri úti í landshlutunum. Ég hefði raunar helst séð það að með ákveðnum stjórnkerfisbreytingum kæmum við á þriðja stjórnsýslustiginu og það má kannski segja að sé nokkuð skondið að í raun og veru eru menn að ræða um það svona bakdyramegin. Menn eru að ræða um það að koma á stórri sameiningu, en jafnframt eru menn að ræða um það að ákveðin svæði hafi áfram sínar stjórnir. Það er rætt um sameiningu m.a. hér í Reykjavík við önnur sveitarfélög hér í kring, en jafnframt yrði þá svæðaskipulag hér í borginni eða borginni yrði skipt upp í ákveðin svæði sem hefðu meira með sín sérmál að gera. Þetta eru menn líka að segja úti á landi þar sem menn horfa á stóra sameiningu, að þeir vilji halda einhverju valdi innan gömlu sveitarstjórnanna. Ég sé það ekki fyrir mér á þessari stundu hvernig þessar kosningar, sem fram eiga að fara um sameiningu sveitarfélaga, muni koma til með að breyta okkar uppbyggingu á stjórnkerfinu. En ég vænti þess að það verði okkur til góðs og menn nái þar saman til þess að standa saman um sín mál.

Eins og ég hef sagt þá held ég að það sé rétt þróun að jafna vægi atkvæða. Og sú skoðanakönnun sem gerð var fyrir tveimur árum síðan sýnir að um 60% af þeim sem þá tóku þátt í þeirri skoðanakönnun vilja breytingu og vilja gera landið að einu kjördæmi. Þannig að fyrir tveimur árum var greinilega nokkuð mikil fylgni við það og ég hygg að sú fylgni hafi aukist síðan og vissulega þurfum við þingmenn að taka tillit til þess. (Forseti hringir.)

En það er margt sem þarf að skoða. Ég sé að ég er búin með tíma minn. Það er margt fleira sem ég hefði viljað koma inn á, en að sjálfsögðu verð ég að láta það bíða, virðulegi forseti. (**Forseti:** Forseti hlýtur að biðja menn í hliðarsölum að reyna að hafa lægra svo að heyrist í hv. ræðumanni. — Forseti var ekki að hringja á virðulegan ræðumann.)

Ég þakka hæstv. forseta. Það er ágætt að hafa svolítið meiri tíma. En þegar við ræðum um allsherjarkjördæmi eða eitt kjördæmi fyrir landið, þá held ég að við verðum að gera okkur grein fyrir því hverju við ætlum fyrst og fremst að ná fram. Ætlum við að reyna að hafa þau áhrif að hinn almenni kjósandi hafi meiri áhrif? Það er líka hægt að hugsa sér það með öðrum breytingum og það er að koma inn í stjórnarskrá ákvæði um þjóðaratkvæðagreiðslu sem væri meira tekið mark á og þar sem menn hafa þá aðstöðu til þess að segja skoðun sína um tiltekin mál og geta reiknað með því að eftir því sé farið að einhverjum eða a.m.k. að miklum hluta.

Það er auðvitað ljóst að ef landið er gert að einu kjördæmi þá næst tvennt fram. Það verður fullur jöfnuður eftir búsetu og það verður jafnframt jafnræði með flokkum. En ég er nú þeirrar skoðunar að þetta sé mál sem þingmenn ættu ekki að ákveða sjálfir. Þeir eiga sjálfsagt of mikilla hagsmuna að gæta þar margir hverjir, kannski ekki síst sú sem hér stendur, þó að mér sé nú ekkert rosalega sárt um mitt sæti. En ég held að það væri miklu eðlilegra að það væri skipað stjórnlagaþing sem fjallaði um þetta mál.

[13:22]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil láta það koma alveg skýrt fram strax að ég styð ekki hugmyndina um að landið verði gert að einu kjördæmi. (**Gripið fram í:** Datt aldrei nokkrum manni í hug.) En hins vegar hef ég ekkert á móti því að nefnd sé sett í málið til að skoða kosti og galla þess að gera landið að einu kjördæmi. Það er vegna þess að ég tel að gallarnir séu svo augljósir og svo yfirgnæfandi að það sé engin hætta á því að það verði niðurstaða nefndarinnar að heppilegt sé að fara þessa leið.

Ég tel að gallarnir séu fyrst og fremst þeir að auka mjög flokksræði. Það kann að styrkja foringja stjórnmálaflokkanna ef þeir geta ráðið því sjálfir persónulega hverjir verði með þeim í þingflokkum, en það held ég að sé ekki heppileg þróun. Ég hef ekkert á móti umræðu um kosningalög og ég tel að hún muni hvort sem við viljum eða viljum ekki verða hér talsverð sem eftir lifir kjörtímabilsins. Ég tel að forustumönnum núv. stjórnarflokka sé það mjög brýn pólitísk nauðsyn að gera breytingar á kjördæmaskipan eða kosningalögum, þ.e. fá fram stjórnarskrárbreytingu áður en þessu kjörtímabili lýkur, og vel að merkja með ágreiningi, þannig að tekist verði á um stjórnarskrárbreytingu í næstu kosningum. Það verði ekki kosið um verk núv. ríkisstjórnar, heldur verði kosið um breytingu á stjórnarskrá. Það er mín spá að talsmenn stjórnarflokkanna eða foringjar stjórnarflokkanna muni leggja fram breytingarfrv. á stjórnarskrá sem ekki verður samstaða um. Ef samstaða yrði um málið þá færi eins og seinast þegar stjórnarskrá var breytt, það var gert í sátt á milli flokka og stjórnarskrárbreytingin hvarf í kosningabaráttunni. Hins vegar var ekki sátt 1959. Þá voru átök um stjórnarskrána eða kjördæmabreytinguna sem yfirgnæfðu annað í þeirri kosningabaráttu þannig að menn voru ekki að kjósa yfir sig sérstaka ríkisstjórn. Menn voru að kjósa um hvort þeir vildu breyta kosningalögum eða ekki.

Núverandi kosningalög voru sett í sæmilegu samkomulagi á milli allra stjórnmálaflokka hér á Alþingi. Sæmilegu, segi ég. Það var enginn ánægður, enginn hamingjusamur yfir þessari breytingu sem gerð var, en það voru allir á því máli að geta sætt sig við hana. Auðvitað eru núverandi kosningalög gölluð að vissu leyti. En þau eru samt ekki eins gölluð og menn vilja nú oft vera láta í tali sínu um þau. Það er vissulega mjög mikill galli á þeim hvað þau eru ógagnsæ og hvað þau eru flókin. Það er náttúrlega illt við það að búa að sú rúlletta sem fer í gang við atkvæðatalninguna sé ófyrirséð. Út úr því geta komið hin ólíklegustu úrslit. En það var verið að sætta tvö ósamrýmanleg markmið með þessum flóknu reiknireglum. Í fyrsta lagi að viðhalda nokkru misvægi atkvæða og í öðru lagi að koma á fullum jöfnuði milli stjórnmálaflokka. Bæði markmiðin náðust, annað markmiðið næstum því nákvæmlega, þ.e. að ná fullum jöfnuði á milli flokka. Það markmið náðist. Og þar af leiðandi þrátt fyrir það að kjördæmaskipunin sé eins og hún er og þrátt fyrir það að vægi atkvæða sé að vissu leyti meira í einu kjördæmi en öðru, þá hefur það ekki áhrif á stjórn landsins. Þó að í síðustu kosningum hefði verið kosið í einu kjördæmi, þ.e. landið hefði verið orðið eitt kjördæmi fyrir síðustu kosningar, þá hefði núv. stjórnarmeirihluti verið nákvæmlega jafnstór. Núverandi ríkisstjórn sæti að völdum úr því að þeir Viðeyjarbræður ákváðu að gera kúppið. Núverandi ríkisstjórn sæti að völdum og með svipaðan þingstyrk á bak við sig þó að landið hefði verið eitt kjördæmi þannig að í hinu stóra atriði skiptir það ekki máli, þá ná menn lýðræðinu, þ.e. að hver stjórnmálaflokkur sé með fulltrúa miðað við atkvæðamagn.

Menn hafa verið að fjargviðrast yfir því margir hverjir að dreifbýlið ætti hér allt of marga fulltrúa hlutfallslega á Alþingi. Það er að vísu hægt að finna töluleg rök fyrir því. En það sem máli skiptir og skiptir miklu meira máli heldur en það hvernig við í fótgönguliðinu skipum okkur, hvar við fótgönguliðarnir erum kosnir, er að 70% hæstv. ríkisstjórnar eru þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness og það er út af fyrir sig það sem skiptir máli. Og það er ekki hægt að

segja að Reykjavík og Reykjanes séu „undirrepresenteruð" í ríkisstjórn Íslands.

Ég vil undirstrika það sérstaklega, að dreifbýlið á ekki ráðherra í samræmi við þingstyrk og flokkarnir hafa á því vald sjálfir að velja þetta og hafa valið þingmenn Reykjavíkur og Reykjaness til að skipa ráðherrastólana.

Það er talað um að fækka þingmönnum dreifbýlisins og það er ein leiðin til að jafna vægi atkvæða. Ég er nú á því að það sé fullt verk að vinna fyrir alla þingmenn dreifbýlisins og ég er sannfærður um að það er nóg fyrir alla dreifbýlisþingmenn að gera. Það er miklu auðveldara, það er miklu minna starf að vera þingmaður fyrir Reykjavík heldur en dreifbýliskjördæmi og það eru tveir hv. þm. sem hafa reynslu af hvoru tveggja, hv. þm. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og ég hygg að þeir séu báðir sammála um það að það sé miklu auðveldara (Gripið fram í.) jú, og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, ég er ansi hræddur um að þeir séu allir sammála um það að það sé auðveldara að vera þingmaður fyrir þetta svæði.

Frú forseti. Nú mun tími minn vera búinn og ég mun að sjálfsögðu hverfa hér úr ræðustól en kveðja mér hljóðs jafnharðan aftur þannig að ég geti lokið því sem ég hef hér að segja.

[13:31]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ætlar hv. 1. þm. Norðurl. v. virkilega að halda því fram að misvægi atkvæðanna hafi engin áhrif á stjórn landsins?

[13:32]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég benti á það að 70% ráðherra núv. ríkisstjórnar eru þingmenn Reykjavíkur og Reykjaneskjördæmis, ekki þingmenn utan úr dreifbýlinu. Og það er út af fyrir sig það sem skiptir máli. Það er það sem skiptir máli hverjir fara með stjórn landsins.

[13:32]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hv. 1. þm. Norðurl. v. ætlar að halda því fram að misvægi atkvæðanna skipti ekki máli, hvers vegna þá að viðhalda því? Af hverju ekki þá að breyta því og hafa það jafnt?

[13:32]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Að sjálfsögðu skiptir það einhverju máli, frú forseti. En það hefur engin úrslitaáhrif og það sem ég var að reyna að benda á er það að ástandið í dreifbýli á Íslandi í dag er með þeim hætti að það er full ástæða og fullt verk að vinna fyrir okkur dreifbýlisþingmenn.

[13:33]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér var ekki alveg ljós kjarninn í máli hv. þm. Páls Péturssonar en mér þykir nauðsynlegt að hann svari einni spurningu: Telur hann ekki nauðsynlegt að draga úr núverandi misvægi atkvæða eftir búsetu?

[13:33]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Kjarni míns máls var nú sá að ég styð ekki hugmyndina um að gera landið að einu kjördæmi. Ég er hins vegar alveg til viðtals um það að breyta vægi atkvæða, jafna það að einhverju marki. Ég er ekkert bundinn við það að viðhalda því nákvæmlega eins og það er í dag. Það eru fólksflutningar í þjóðfélaginu milli kjördæma og það er ekkert óeðlilegt við það þó að kosningalög á hverjum tíma séu endurskoðuð af og til og tekið mið af því hvernig fólkið býr í landinu. Ég er ekkert að festa mig í neinum yfirlýsingum um það.

[13:34]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil vekja máls á því hér í þessum umræðum að á síðasta landsfundi Sjálfstfl. var fjallað ítarlega um þetta mál, breytingar á kosningalöggjöfinni, og ég vil, með leyfi frú forseta, lesa þá ályktun sem um það mál var gerð þannig að hún sé þingheimi kunn og þá geta menn áttað sig á því hver er afstaða Sjálfstfl. til þess máls sem hér er til umræðu. Þar segir:

„Landsfundur Sjálfstfl. 1991 ályktar að alþingismönnum verði fækkað og kosningalöggjöf tryggi jafnræði kjósenda. Í starfsáætlun ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar segir jafnframt að á vegum ríkisstjórnarinnar verði unnið að gerð nýrra kosningalaga þar sem leitast verði við að gera kosningalöggjöfina einfaldari auk þess sem stefnt sé að því að tryggja sem mestan jöfnuð í atkvæðisrétti landsmanna.

Á vegum réttarfars- og stjórnskipunarnefndar Sjálfstfl. hefur verið unnið að tillögugerð um fækkun þingmanna og ný kosningalög. Hefur nefndin kynnt hugmyndir sem byggjast á grundvelli núverandi kjördæmaskipunar og gera ráð fyrir fækkun þingmanna. Hugmyndir þessar hafa verið sendar trúnaðarmönnum og miðstjórn Sjálfstfl. til kynningar og umræðna.

Landsfundur Sjálfstfl. hvetur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar til að gera kosningalöggjöfina einfaldari og tryggja jöfnuð í atkvæðisrétti landsmanna. Ýmsar leiðir má fara að þessu markmiði. Áður er minnst á tillögu sem byggist í megindráttum á núverandi kjördæmaskipan. Þá hafa verið kynntar hugmyndir um að gera landið að einu kjördæmi og skipting landsins í einmenningskjördæmi er gamalt baráttumál Sjálfstfl.

Landsfundurinn telur að Sjálfstfl. sé einum treystandi til að hafa forgöngu um víðtæka sátt um sanngjarna breytingu á kosningalöggjöfinni. Núverandi reglur eru ekki aðeins flóknar heldur geta þær leitt til óeðlilegrar niðurstöðu auk þess sem vægi atkvæða er mjög misjafnt milli kjördæma. Fækkun alþingismanna mundi m.a. auka skilvirkni í störfum Alþingis, auka á sparnað og frekara samræmis mundi gæta milli fjölda þeirra og fólksfjöldans í landinu. Í samræmi við fækkun þingmanna er eðlilegt að ráðuneytum og ráðherrum sé fækkað.

Landsfundurinn áltur rétt að Sjálfstfl. gangi til viðræðna við aðra flokka um breytingar á kosningalöggjöfinni á þeim forsendum að fulltrúar flokksins séu

óbundnir af einni leið frekar en annarri að því markmiði sem að er stefnt — jöfnun atkvæðisréttar, að þingstyrkur flokka sé í samræmi við atkvæðamagn, fækkun þingmanna og að kjósendum verði tryggð sem mest áhrif á það hverjir veljist til þingsetu. Við meðferð málsins verði m.a. athugað hvaða hluta kosningalaganna ber að binda í stjórnarskrá."

Þetta er, frú forseti, ályktun sem gerð var á landsfundi Sjálfstfl. nú um síðustu helgi um þetta mál. Ég tel að sú tillaga sem hér liggur fyrir varðandi athugun á því hvort landið eigi að verða eitt kjördæmi sé of þröng. Hún taki ekki mið af öllum þeim atriðum sem þarf að kanna til þess að um þetta mál náist víðtæk sátt.

Það hefur nú þegar komið fram í umræðunum að um málið er ágreiningur innan Framsfl. og þar eru menn mismunandi skoðunar varðandi þetta því að það er alveg augljóst af greinargerðinni með þeirri tillögu sem hér liggur fyrir, að það er vilji flm. að landið verði gert að einu kjördæmi og þeir telja að með því verði komið á þeirri skipan sem helst sé í samræmi við þau sjónarmið sem þeir hafa í þessu máli.

Við höfum heyrt í máli hv. 1. þm. Norðurl. v., formanns þingflokks Framsfl., að hann er algerlega andvígur því að landið verði gert að einu kjördæmi þannig að það þarf ekki að saka núv. ríkisstjórn um það að efna til deilna í þjóðfélaginu um þessi mál því að þessi tillaga ein hefur greinilega valdið hér deilum innan Framsfl. og þannig kann það að verða ef menn ætla að binda sig áður en málið er kannað til hlítar við eina ákveðna leið í þessu máli. Það er því nauðsynlegt að um þetta náist víðtæk sátt og það er stefna okkar sjálfstæðismanna að vinna að því. Eins og fram kemur í stefnu og starfsskrá ríkisstjórnarinnar þá hefur hún það að markmiði að vinna að þessu máli nú á kjörtímabilinu og ég tel eðlilegt að á vegum ríkisstjórnarflokkanna verði að þessu máli unnið en einnig eins og fram kemur í ályktun okkar sjálfstæðismanna verði stefnt að viðræðum milli allra flokka.

Varðandi þá hugmynd sérstaklega sem hér er gerð tillaga um, þ.e. að landið yrði eitt kjördæmi, þá verð ég að lýsa því að ég hef ýmsar efasemdir um réttmæti þess að sú leið verði farin án þess að menn hugsi til hlítar með hvaða skilyrðum það verði gert og hvert fyrirkomulagið verði. Þar er um margar mismunandi leiðir að ræða en fordæmi í þessu efni sækja menn einna helst nú á tímum til Hollands þar sem landið er eitt kjördæmi og mér skilst að t.d. Ísrael hafi sniðið sína löggjöf um þetta mál að hollenskri fyrirmynd. Í Hollandi er landið eitt kjördæmi, þ.e. atkvæði eru öll talin saman af landinu öllu. Hins vegar er landinu jafnframt skipt upp í 19 kosningasvæði ef svo mætti orða það til þess að auðvelda mönnum skipan manna á framboðslista, en það er einmitt það sem talið er eitt höfuðvandamálið við þessa skipan hvernig ákvarðanir skuli teknar um skipan manna á framboðslista og vafalaust eru ýmsar leiðir til í því sem ástæða er til að kanna. En mér finnst að þessi tillaga, eins og hún er og það að gera tillögu um að aðeins verði athuguð ein leið í þessu á vegum þingflokka, ganga of skammt og ég get ekki verið því hlynntur að hún nái fram að ganga og að það verði þannig staðið að þessu máli að þingflokkarnir setjist niður við að athuga þetta mál eitt og sér. Það þarf raunar ekki nefnd á vegum þingflokka til þess að kanna þetta því að hver og einn getur náttúrlega aflað sér þeirra upplýsinga sem hann kýs um þetta fyrirkomulag. Það hefur verið framkvæmt eins og ég segi í Hollandi og það er til mikið af fræðilegum ritgerðum um það kerfi og menn geta vafalaust án þess að allir þingflokkar setjist í það mál aflað sér þeirra upplýsinga sem þeir kjósa og unnt væri að gefa út greinargerðir um það hér á íslensku varðandi það hvernig þetta hefur reynst t.d. í Hollandi. Mér finnst að þessi tillaga gangi of skammt. Hún er ekki í samræmi við það sem ályktað var á landsfundi Sjálfstfl. Ég tek hins vegar undir þau meginmarkmið sem þarna er getið, nauðsyn þess að jafna atkvæðisrétt milli kjósenda og einnig að stefnt skuli að því að sem mestur jöfnuður sé á milli flokka. Á hinn bóginn tel ég að í athugunum varðandi þetta mál, ef menn vilja ræða alla þætti þess, eigi einnig að líta á kosti þess og galla að gerbreyta því fyrirkomulagi að því leyti að menn leggja ekki jafnmikla áherslu á jafnræði milli flokka og nú er gert, heldur verði hugað að því að veita kjósendum sem mest áhrif á það hverjir sitja hér á Alþingi og hvernig ríkisstjórn sé mynduð að kosningum loknum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú hafa fjórir hv. þingmenn óskað eftir að veita andsvar. Forseta er því nauðugur einn kostur að skera tímann niður um helming þannig að hver hv. þm. fær eina mínútu.

[13:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til þess að bera fram þrjár spurningar til hv. 3. þm. Reykv.:

1. Hvernig útskýrði hann fyrir okkur að jöfnuður sem er yfirskriftin fyrir því að menn ætli að fara í breytingar á þessari kosningalöggjöf, hvernig kemur hann út gagnvart því fólki sem mun óhjákvæmilega missa fulltrúa sína úti á landsbyggðinni ef þingmönnum verður fækkað á landsbyggðinni eins og allar tillögur ganga út á?

2. Hvernig eykur það skilvirkni þingsins að fækka þingmönnum?

3. Yfirlýsing hans um það áðan að ríkisstjórnarflokkarnir ætli að vinna að undirbúningi þessa máls og hafa síðan samráð við stjórnarandstöðuflokkana, er það sams konar fyrirkomulag og hefur verið á samráði t.d. um undirbúning að tillögum um stjórn fiskveiða og önnur mál sem þessi ríkisstjórn hefur verið að leggja fyrir Alþingi?

[13:43]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst nú í fyrstu spurningu gæta þess misskilnings að misvægi í atkvæðaþunga sé nauðsynlegt til þess að mannréttindi séu í heiðri höfð hér í landinu og allir sitji við sama borð. Ég tel að það sé unnt að tryggja réttindi allra landsmanna án þess að

þetta misvægi sé fyrir hendi í atkvæðavægi landsmanna.

Varðandi það hvernig skilvirkni þingsins eykst við fækkun þingmanna, þá eru það einfaldar reglur varðandi stjórnun hvar sem menn eru að það fer ekki eftir fjölda þeirra sem koma að málum endilega hvaða niðurstaða er best og fjölmenni tryggir ekki endilega betri niðurstöðu heldur en þar sem menn setjast niður í fámennari hópum þannig að þessari spurningu má vísa til hv. ræðumanns og biðja hann um að kanna sjálfan með hliðsjón af þeim reglum sem taldar eru duga best við töku ákvarðana.

Ég tel að stjórnarflokkarnir muni hafa eðlilegt samráð við stjórnarandstöðuna um þetta mál. Ég veit ekki hvaða dæmi hv. þm. átti við þegar hann spurði. Ég tel að það sé eðlilegt að allir flokkar komi að þessu máli og samráð verði milli þeirra um lausn málsins.

[13:45]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var nú misvægi atkvæðanna sem var grundvöllurinn fyrir því að menn tóku þetta mál upp og ég var einfaldlega að spyrja að því að ef fulltrúar einstakra flokka missa fulltrúa sína á landsbyggðinni hvort það megi ekki líta á það álíka augum eins og menn eru að tala um að það sé óréttlæti hér í *þéttbýlinu að fólk fái ekki nógu marga fulltrúa miðað* við þingstyrk.

Síðan vil ég segja um það sem þingmaðurinn sagði áðan um að það fari ekki eftir fjölda þingmanna með skilvirknina, hvers vegna í ósköpunum eru þá Reykjavíkurþingmenn að sækjast eftir því að þeim verði fjölgað? Þeir eru 18 nú þegar. Til hvers ættu þeir svo sem að vera fleiri ef þeir skila betra verki eftir því sem þeir eru færri? Það er ekki á þessum nótum sem hægt er að ræða þessi mál. Ég hefði viljað að það væri ekki farið út í útúrsnúninga. Ég held að þetta mál sé alvarlegra en svo.

[13:46]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel nú að hv. fyrirspyrjandi hafi verið með útúrsnúning í þessu máli því að það verður að nota almennar reglur þegar menn ræða um þetta mál. Það er ekki unnt að rökstyðja það með nokkrum hætti að það sé eðlilegt að misvægi atkvæða sé með þeim hætti sem nú er og það er hljómgrunnur fyrir því í öllum flokkum að úr þessu misvægi verði dregið, hvarvetna hér í öllum flokkum á þinginu. Og það eru allir menn, held ég, sem líta á þetta af réttsýni sannfærðir um að það sé til þess að skapa betri aðstæður í stjórnmálalífi í landinu að úr þessu misvægi verði dregið og það hverfi helst alveg úr sögunni.

[13:47]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og væntanlega fleiri landsmenn fylgdist ég með landsfundi Sjálfstfl. í gegnum Moggann en það víðsýna og frjálslynda blað breytist nú ævinlega í ómengað flokksblað á ögurstundum í lífi flokksins stóra og sagði okkur náttúrlega frá öllu sem þarna gerðist. Þar las ég reyndar mér til mikillar undrunar að aðalmálið og brýnasta verkefnið fram undan hjá ríkisstjórninni núna og væntanlega þinginu væri að vinna að breytingum að kosningalögum og kjördæmaskipan. Ég hélt reyndar að það væru ýmis stærri og brýnni verkefni sem þessi þjóð þyrfti að takast á við, en látum vera. Síðan sé ég hér að það voru 1.800 manns sem voru viðstaddir setningu fundarins sem ætluðu að taka á þessu máli. Það verður að segja um þetta eins og fjallið, það tók jóðsótt og fæddist lítil mús. Því ég sé ekki betur en í þessari ályktun Sjálfstfl. sé einfaldlega ekki tekið á þessu máli. Það er sagt að það þurfi að jafna atkvæði, það vita menn og það hafa margir sagt hér um langan tíma. Það er líka sagt að það þurfi að fækka þingmönnum. Ég sé nú ekki að það hafi svo mikið með þetta mál að gera. Síðan er boðið upp á annars vegar einmenningskjördæmi og hins vegar landið eitt kjördæmi. Á milli þessara tveggja hugmynda er himinn og haf og þetta segir mér ekkert um stefnu Sjálfstfl. í þessu máli.

[13:48]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið eru leiðirnar að markmiðunum sem menn setja sér mjög mismunandi og það er hægt að fara mismunandi leiðir og það er kannski frekar um útfærsluatriði heldur en pólitíska stafnumörkun.

En varðandi það meginatriði sem samþykkt var á landsfundinum um jöfnun atkvæða þá geta menn kynnt sér ályktanir Sjálfstfl. fyrr um þetta mál og þá sjá þeir hve mikilvæg þessi ályktun var í því ljósi.

[13:48]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í mínum huga hafa leiðir og markmið alltaf þurft að fara saman. Það tvennt getur ekki farið í ólíkar áttir. Og ef landsfundur Sjálfstfl. getur alls ekki tekið á því hvaða leiðir eigi að fara að þessu markmiði þá þýðir það bara að það er einhver lítil og lokuð forusta í Sjálfstfl. sem ætlar að ákveða það fyrir þennan breiða fjölda hvaða leið eigi að fara. Á sama tíma tala menn um að það eigi að auka vald og vægi kjósenda. Ég sé ekki annað en að það sé alveg hrópleg þversögn í þessu tvennu.

[13:49]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og kom fram í máli mínu þá liggur fyrir innan Sjálfstfl. fullbúin hugmynd um breytingar á kosningalöggjöfinni þar sem byggt er á þeim grunni sem við byggjum nú á sem tekur á þessum viðfangsefnum en Sjálfstfl. áttar sig á því að það er nauðsynlegt að taka upp viðræður við alla flokka um málið. Hann vill ekki eins og gert er í þessari tillögu sem við erum að ræða binda sig við einhverja eina leið. Hann vill að það sé rætt um þá kosti sem fyrir hendi eru hvort sem er einmenningskjördæmi landið allt eitt kjördæmi eða aðlögun á núverandi kerfi að breyttum kröfum varðandi mannréttindi.

[13:50]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Það flaug um huga minn ein setning eftir að leið á ræðu hv. 3. þm. Reykv., og hún

var: „Vér einir vitum". Ég verð eiginlega með hliðsjón af ræðu hv. þm. að biðjast afsökunar á því að hafa flutt hér tillögu sem eins og hv. þm. sagði með eilitlum vandlætingartón: „er ekki í samræmi við landsfundarályktun Sjálfstfl.". Það er nú einu sinni svo að þó að mönnum finnist það sjálfsagt að landsfundur Sjálfstfl. leggi undir sig Morgunblaðið þá er Alþingi Íslendinga ekki skyldugt til að haga tillögugerð sinni í samræmi við landsfundarsamþykktir Sjálfstfl.

Ég vil síðan ítreka þá spurningu, sem hefur komið fram áður: Hver er stefna Sjálfstfl. í málinu? (Gripið fram í.) Að lokum vil ég harma það að hv. 3. þm. Reykv. kaus að reyna að koma þessu máli inn á flokkspólitískt plan sem það ekki er. Ég tók það fram í minni framsögu að skoðanir í þessu máli, eðli máls samkvæmt hlytu að ganga þvert á alla stjórnmálaflokka.

[13:51]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef þegar gert grein fyrir stefnu Sjálfstfl. í þessu máli. Mig langar til að vita: Hver er stefna Framsfl. í málinu?

[13:52]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég tel að hér sé ekki um að ræða flokkspólitískt mál og það eigi að fá málefnalega umfjöllun á öllum vígstöðvum þar á meðal á Alþingi. Framsfl. hefur ákveðið að taka þetta mál upp á sínum miðstjórnarfundi sem er eftir rúma viku. Þar munu menn væntanlega skiptast á skoðunum og e.t.v. ályktа öðruvísi en landsfundur Sjálfstfl. Ég vona í það minnsta að hv. þm. hafi ekkert við það að athuga þó honum líki ekki að hér ræði menn málin á Alþingi á öðrum grunni heldur en sagt er í landsfundarályktun Sjálfstfl.

[13:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú satt að segja síst ástæða til að gagnrýna Sjálfstfl. í þessum sal fyrir það að hafa óskýra stefnu í þessu máli. Ég tel að það sé í raun og veru fagnaðarefni að Sjálfstfl., þessi stóri flokkur komi tiltölulega opinn að viðræðuborði um kjördæmamálið. Þess vegna vil ég vísa því á bug og gagnrýna þingmenn fyrir að ráðast með þessum heiftarhætti að hv. 3. þm. Reykv. eins og hér hefur verið gert.

Ég tel í alvöru talað að það sé í raun og veru mikilvægast sem fram kom í hans ræðu hér upphaflega áðan að flokkarnir og forustumenn þeirra tali um þessi mál og tali um þau út frá tveimur grundvallarsjónarmiðum.

Í fyrsta lagi að það sé um að ræða eins góðan jöfnuð á milli sjónarmiða, milli pólitískra sjónarmiða í landinu og kostur er. Í öðru lagi því að það sé eins góður jöfnuður og kostur er á milli byggðarlaga í landinu. Þetta tvennt þarf að fara saman. Ef menn læsa sig fasta í einhverjar flokkssamþykktir áður en menn leggja af stað í viðræður af þessu tagi þá komast menn aldrei á leiðarenda. Þess vegna vil ég bera af hv. 3. þm. Reykv. þá rakalausu og ósanngjörnu gagnrýni sem flutt hefur verið á hann hér á þessum fundi, hæstv. forseti.

[13:54]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki illa til fundið að setja mál sem varðar kjördæmaskipan og kosningareglur hér á dagskrá. Því sannleikurinn er sá að þó leitað sé með logandi ljósi í gegnum allar kosningarannsóknir og skoðanakannanir þá finnur maður tæplega nokkurn einasta aðila sem hefur talið að þar væri um að ræða eitt af þessum stóru málum, þessum þýðingarmiklu málum sem þjóðin þyrfti að takast á við. Ég held nefnilega að þetta mál sé í eðli sínu þannig að þetta er fyrst og fremst áhugamál nokkurra atvinnustjórnmálamanna og áhugamanna um stjórnmál sem setjast á landsfundi og flokksfundi stjórnmálaflokkanna en hafi tiltölulega litla skírskotun úti í þjóðfélaginu. Þess vegna er út af fyrir sig ánægjuefni að það sé reynt að draga þetta mál hér á flot og víst skal ekki standa á mér að ræða það nokkuð.

Ég tel að það hafi verið lögð óskiljanleg ofuráhersla á þýðingu kjördæmaskipaninnar. Ég er ósammála því að það ráði svo miklu um stjórn landsins eins og mér hefur fundist menn stundum láta í veðri vaka. Það er auðvitað margt annað og í flestum tilvikum allt annað sem ræður úrslitum um það hvernig til tekst um stjórn landsins. Sannleikurinn er sá að undanfarna áratugi hefur ríkt í þjóðfélaginu nokkur sátt um tiltekið misvægi atkvæða. Það er alveg ljóst að um þessi mál hefur verið ákveðinn ágreiningur innan stjórnmálaflokkanna, ekki milli þeirra, heldur fyrst og fremst innan þeirra. En samt sem áður, þegar allt hefur komið til alls, þá hefur ríkt ákveðin sátt um tiltekið misvægi atkvæða í landinu.

Það er heldur ekkert sérkennilegt vegna þess að þetta er ekkert sérístenskt fyrirbrigði að það sé nokkurt misvægi atkvæða á milli einstakra kjördæma. Þannig háttar til í mjög mörgum öðrum lýðræðisríkjum. Ég hef oft nefnt sérstaklega til sögunnar það land sem stundum er kallað vagga þingræðisins í heiminum, þ.e. Bretland, þar sem ríkir tiltekið misvægi atkvæða. Ég hef veitt því athygli upp á síðkastið að menn hafa verið mjög að vísa til misvægisins á milli Vestfjarða og Reykjavíkur. Þá er í hita leiksins þess gætt að taka með að það hittist svoleiðis á við síðustu kosningar að hinn svokallaði flakkari lenti á Vestfjörðum, sem auðvitað jók á þetta misvægi atkvæðanna. Eðlilegast væri auvitað þegar menn eru að tala um þetta að það væri miðað við þá þingmannatölu sem er almennt á Vestfjörðum, þ.e. þingmannatöluna fimm. Fyrir síðustu kosningar var misvægi atkvæða milli Vestfjarða og Reykjavíkur þrefalt sem er nokkurn veginn það sama og gildir í tilteknum kjördæmum í Bretlandi og þar sem mesti fjöldinn er á bak við einstaka þingmenn. Þannig að menn mega ekki tala sem svo að hér sé um að ræða eitthvað sérstakt fyrirbrigði hér á Íslandi og það út af fyrir sig kalli á einhverjar skjótar ákvarðanir.

Ég er sammála því sem fram hefur komið bæði í máli hv. 3. þm. Reykv. og eins í máli hv. 9. þm.

Reykv. að það er allt of þröngt sjónarhorn sem kemur fram í þessari tillögu til þingsályktunar. Þegar við ræðum um breytingar á kjördæmaskipan þá er auðvitað eðlilegast að hafa undir sem flestar tillögur. Ég er enginn sérstakur talsmaður núverandi kjördæmaskipunar. Ég held að það séu mjög margir áberandi og slæmir gallar á þessari skipan. Í fyrsta lagi er hér um að ræða mjög flókið kosningakerfi og erfitt fyrir allan almenning að skilja það. Ég held að það sé markmið í sjálfu sér að kjördæmaskipanin sé þannig að allur almenningur skilji út á hvað hún gangi og geti með sæmilegu öryggi áttað sig á því hvernig hún virkar.

Það er líka stór galli við núverandi kjördæmaskipan að hún leiðir í mörgum tilvikum til tilviljanakenndrar niðurstöðu. Atkvæði greitt einum flokki í einu kjördæmi þarf ekki endilega að þýða stuðning við þingmann í því kjördæmi, heldur þingmann viðkomandi flokks í einhverju allt öðru kjördæmi. Menn tóku oft dæmi af kosningunum 1987 þar sem t.d. það að ef Alþfl. á Austurlandi hefði fengið sjö atkvæðum meira en hann fékk og Sjálfstfl. sjö atkvæðum minna þá hefði það komið af stað hringekju í sjö kjördæmum gagnvart fjórtán þingmönnum. Þannig mætti auðvitað tína til mörg önnur dæmi. Ástæðan er auðvitað sú sem hér hefur komið fram í ræðum manna að með núverandi kjördæmaskipan er verið að reyna að ná fram tveimur gjörsamlega ósamrýmanlegum markmiðum. Þannig að ég er út af fyrir sig alveg sammála því að það þurfi að endurskoða núverandi kjördæmaskipan. En ég er hins vegar ósammála því að það reki einhverjar sérstakar nauðir til þess vegna misvægis atkvæða eins og ég hef verið að reyna að koma orðum að hér.

Það sem ber að gera og skoða í þessum efnum eru mjög margar hugmyndir. Það er í fyrsta lagi hugmyndin um einmenningskjördæmi sem er ríkjandi í Bretlandi og mörgum öðrum ríkjum, einkanlega þeim sem mótuð eru af hinni bresku stjórnskipunarhefð. (**KÁ:** Kanada.) Sem er nákvæmlega rétt hjá hv. þm. Í öðru lagi er það auðvitað þannig að almennt meirihlutakjör er ríkjandi í langflestum lýðræðisríkjum heimsins. Í þriðja lagi get ég nefnt t.d. írska kosningakerfið sem var mjög uppi á borðum fyrir einum og hálfum áratug síðan. Gallinn við það er hins vegar sá sami og er á núverandi kosningafyrirkomulagi okkar að það er mjög flókið og alls ekki gagnsætt fyrir allan almenning. Í fjórða lagi gæti ég nefnt hér þýska kosningakerfið sem mér að mörgu leyti hugnast afar vel og tel að sé ástæða fyrir okkur til að fara alveg sérstaklega ofan í og skoða. Í fimmta lagi mætti nefna franska kerfið og í sjötta lagi er hugmynd réttarfar- og stjórnskipunarnefndar Sjálfstfl. sem hér var nefnd áðan.

Þetta eru nokkrar hugmyndir sem eðlilegt er að skoða hverja fyrir sig. Engin þeirra er örugglega gallalaus. Allar hafa þær einhvern galla. Þannig er líka með þessa hugmynd sem hér er uppi á borðinu, hugmyndina um landið sem eitt kjördæmi. Í fyrsta lagi vek ég athygli á því að henni hefur ekki verið hrint í framkvæmd nema í tveimur ríkjum sem mér er kunnugt um, þ.e. í Hollandi og Ísrael. Það út af fyrir sig finnst mér vekja nokkra tortryggni að ekki skuli fleiri ríki hafa hrint þessari hugmynd í framkvæmd. Í annan stað, eins og menn hafa nefnt hér, leiðir þessi hugmynd til tiltekinnar miðstýringar og hugsanlegs flokksræðis. Í þriðja lagi vil ég nefna það sem er kannski verst af þessu og það er að í Hollandi hefur þetta m.a. leitt til þess að þar hefur orðið óeðlileg fjölgun flokka og framboða sem hefur gert kosningar í því landi ómarkvissar og kostina þar af leiðandi óskýrari sem augljóslega er slæmt í lýðræðisríki. Í fjórða lagi er hættan við þetta kosningafyrirkomulag sú að það rýfur ákveðin og nauðsynleg tengsl milli íbúa landsins, kjósendanna og þingmannanna. Þannig vil ég segja að það eru áberandi ókostir við þetta kerfi. Ég tel að það sé rangt að skoða þetta út frá mjög þröngum sjónarhóli og ítreka þess vegna þá skoðun mína að það beri að skoða þetta miklu víðar og er að því leytinu sammála hv. 9. þm. Reykv. og hv. 3. þm. Reykv.

[14:02]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mismunandi matið sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson og hæstv. forsrh. leggja á hlutina. Hv. þm. Einar K. Guðfinnsson telur að þetta mál, kjördæmaskipan og kosningalöggjöf, sé áhugamál nokkurra atvinnustjórnmálamanna, þetta höfði ekki til fólksins. En á landsfundi Sjálfstfl., þegar hæstv. forsrh. var að halda sína opnunarræðu þá lýsti hann því fyrir landsfundarfulltrúum og fyrir þjóðinni um leið sem horfði á Sýn, hver væru brýnustu verkefni sem væru fram undan hjá þessari ríkisstjórn. Hæstv. forsrh. tiltók aðeins eitt atriði, aðeins eitt atriði, og það var breytingin á kjördæmaskipan og kosningalöggjöf. Auðvitað er þetta náttúrlega undravert skilningsleysi á aðstæðum í þjóðfélaginu þar sem atvinnuleysi og skattpíning er að leggja fjölskyldurnar og heimilin í rúst. Forsrh. horfði bara á þetta eina atriði sem aðalatriðið sem ríkisstjórnin þyrfti að gera á næstunni. Þannig að það er mismunandi skilningur sem menn leggja í hlutina í þessum stóra flokki sem heitir Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Hann er atvinnustjórnmálamaður.) Já, enda er hæstv. forsrh. atvinnustjórnmálamaður.

Það er sátt um misvægi atkvæða, sagði hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Það kann vel að vera að það sé hægt að ná sátt um slíka hluti. Það er hins vegar útilokað að ná sátt um þá kosningalöggjöf sem menn búa nú við. Af því að hv. þm. taka oft dæmi af eigin kjördæmum þá langar mig til að taka dæmi um Reykjavíkurkjördæmi. Alþfl. fékk í síðustu kosningum 14% atkvæða í Reykv. Að baki hverjum þingmanni þar eru 3.052 atkvæði, Framsfl. fékk 10,1% en er með 6.300 atkvæði að baki sínum þingmanni, Kvennalistinn fékk 12% atkvæða og er með 2.481 atkvæði að baki hverjum þingmanni sínum og þrjá þingmenn, Alþb. fékk 13,3% atkvæða, fleiri atkvæði en færri þingmenn í Reykjavík heldur en Kvennalistinn. Menn sjá að það er ekki búandi við þessa kosningalöggjöf þegar til lengri tíma er litið.

[14:05]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé greinilegt að

tvítaka þurfi suma hluti ofan í hv. 11. þm. Reykv. Ég vakti einfaldlega athygli á þeirri staðreynd að það hefur komið glögglega í ljós í öllum kosningarannsóknum og skoðanakönnunum að það er einfaldlega afstaða þjóðarinnar að breyting á kjördæmaskipan og kosningalögum sé ekki eitt af hinum stóru málum sem brýnast sé að ráðast í. Það var það sem ég var að vekja hér athygli á og gerði að nokkru umtalsefni.

Ég fagnaði því hins vegar í ræðu minni að þetta mál væri dregið inn á dagskrá þjóðmálaumræðunnar og hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga. Hitt er það að hv. þm. fór síðan nokkrum orðum um nauðsyn þess að breyta núverandi kosningafyrirkomulagi og ég ræddi það alveg sérstaklega í ræðu minni að það væri ekki hægt að búa við þetta kosningafyrirkomulag eins og það er í dag. Ég er honum hjartanlega sammála um það, eins og margfaldlega kom fram í ræðu minni hér áðan og ég undirstrikaði alveg sérstaklega, að þetta kosningakerfi eins og það er í dag er í eðli sínu flókið og ógagnsætt og lítt skiljanlegt öllum almenningi í landinu. Það er í sjálfu sér óásættanlegt og að mínu mati verður að gera þær kröfur til kosningakerfis og kjördæmaskipunar að hún sé með þeim hætti að öllum almenningi sé þetta ljóst og það tel ég að sé meginástæðan fyrir því að ástæða sé að taka þetta til endurskoðunar.

[14:07]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kann vel að vera rétt og ég tek undir það með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að þetta séu kannski ekki alveg þau brýnustu verkefni sem þjóðinni finnst að blasi við um þessar mundir og þurfi að leysa. En ræða hv. þm. lýsti því dómgreindarleysi sem ég var að koma hér inn á að væri í málflutningi hæstv. forsrh. Að hæstv. forsrh. skuli meta það svo að þetta sé það eina verkefni, og hann lýsir því fyrir þjóðinni á landsfundi Sjálfstfl., að þetta sé það eina verkefni sem mikilvægast sé fyrir þjóðina núna. Þannig að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson undirstrikar þetta dómgreindarleysi sem ég var að koma inn á áðan í minni ræðu.

[14:08]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hv. þm. Finns Ingólfssonar leiðir fram þrennt. Í fyrsta lagi að hv. þm. var ekki á landsfundi Sjálfstfl. Í öðru lagi að hv. þm. hefur ekki horft á Sýn nægilega glögglega. Í þriðja lagi að hv. þm. hefur ekki lesið Morgunblaðið nægilega vel. En þar kemur þetta auðvitað allt saman greinilega fram, hæstv. forsrh. lagði áherslu á mjög marga aðra hluti heldur en einmitt þessa. Ég veit ekki hvers vegna hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur eingöngu hlustað eftir þessum orðum hæstv. forsrh. en ég get sagt honum það og frætt hann á því að hæstv. forsrh. flutti athyglisverða ræðu þar sem hann lagði áherslu á mjög mörg framfaramál sem þessi ríkisstjórn hyggst beita sér fyrir.

[14:09]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú út af fyrir sig mín skoðun að það sé ekki æskilegt að þessi umræða fari í þann flokkspólitíska farveg sem hv. 3. þm. Reykv. sveigði hana hér í mjög snemma. En það var út af fyrir sig ágætt hjá hv. síðasta ræðumanni að hann staðfesti það að landsfundur Sjálfstfl. og Morgunblaðið eru eitt.

En það eru tvö efnisatriði sem ég ætla að nefna hér. Það er fyrst varðandi þá hugmynd um landið sem eitt kjördæmi, að það þýði miðstýringu. Þá vil ég ítreka það sem kom fram í minni framsögu að í mínum huga er þessi möguleiki ekki brúklegur nema í samhengi við valddreifingu, þ.e. hluti af því valdi sem nú er hjá Alþingi og ríkisstjórn verði fært heim til byggðanna. Það er í mínum huga grundvallaratriði við frekari útfærslu á þessari hugmynd.

Að lokum, virðulegi forseti, þá vil ég nefna varðandi það sem hv. þm. sagði um misvægi atkvæða, það væri mjög víða að það væri misvægi atkvæða. Það er rétt, en ég hygg hins vegar að þær aðstæður sem við búum við og hvað þetta misvægi atkvæða getur þýtt í raun sé einstakt, þ.e. við búum við þá dreifingu íbúa á okkar landi sem er mjög erfitt að finna hliðstæðu við í öðrum löndum. Það gerir það að verkum að samanburður milli landa hvað þetta snertir er mjög lítið marktækur.

[14:11]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði einhvern veginn á þá leið að forsendan fyrir að hægt væri að gera landið að einu kjördæmi væri sú að hluti af því valdi sem nú hefði safnast saman á Alþingi yrði fært til byggðanna. Nú væri mjög fróðlegt fyrir okkur aðra hv. þm. að vita hvað hv. 6. þm. Norðurl. e. á nákvæmlega við í þessum efnum. Á hann t.d. við að þær fyrirhuguðu breytingar, sem standa fyrir dyrum á skipan sveitarstjórnarmála í landinu og þau áform að færa til sveitarstjórnanna viðurhlutamikil verkefni upp á marga milljarða kr., séu nægjanleg forsenda fyrir því að gera landið að einu kjördæmi? Á hv. þm. við að það sé ástæða til að setja á hið svokallaða þriðja stjórnsýslustig eða hvað á hv. þm. nákvæmlega við? Ég held að það væri fróðlegt fyrir okkur að vita það og alveg nauðsynlegt til að halda áfram þessari umræðu. Því sé það svo að hv. þm. sé að tala um eitthvað enn þá róttækara en menn eru almennt með uppi á borðunum í þjóðfélaginu, þá er hann auðvitað að segja sem svo að þessi hugmynd hans um landið sem eitt kjördæmi sé mjög fjarlæg, einhvers staðar inni í blámóðu fjarskans, kannski einhvers staðar á næstu öld. Þó ég sé út af fyrir sig sammála um að það sé rétt að halda öllum leiðum opnum í umræðunni sjálfri, þá held ég að fyrir framgang þessarar þáltill. þá sé alveg bráðnauðsynlegt að hv. 1. flm. hennar tali hérna alveg skýrt og segi okkur nákvæmlega hvað hann eigi hér við, hvort við séum að tala um einhverja lauslega hugmynd sem sé efni hér til einhvers konar málfundaæfinga eða hvort hér sé um að ræða einhverja alvöruhugmynd sem hv. þm. hyggst fylgja eftir og fylgja þá væntanlega eftir með þeim nauðsynlegu breytingum sem hann vill gera á því valdakerfi sem er í þjóðfélaginu.

[14:13]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú bað hv. þm. mig um miklu lengri ræðu en ég get flutt á þeim tveim mínútum sem ég hef hér. Ég get þó sagt þingmanninum að ég hef ekki rætt mikið opinberlega um þá breytingu sem er fyrirhuguð á sveitarstjórnarstiginu og kosið er um í næsta mánuði einfaldlega vegna þess að ég tel mig vera einn af ábyrgðarmönnum þeirrar aðgerðar þar sem ég studdi á síðasta þingi þau lög sem unnið er eftir.

Ég get hins vegar sagt hv. þm. að það er mín skoðun að það verði ekki mikil breyting eftir þá kosningu. Ég held hins vegar að umræðan um valddreifingu stærri stjórnsýslueiningar úti á landi og flutning valds þangað sé komin á fulla ferð í okkar þjóðfélagi og hún muni halda áfram eftir kosningarnar 20. nóv. og þar muni menn leita nýrra leiða. Ég hygg að það sé styttra í það heldur en hv. þm. telur að menn finni þeim vilja sínum nýjan farveg. Og ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hv. 6. þm. Vestf. hér áðan að í þeirri umfjöllun allri eru menn í raun að ræða um einhverja útfærslu á því sem menn hafa stundum kallað þriðja stjórnsýslustigið. Ég minni hv. þm. á það líka, að í raun erum við í dag á mjög óburðugan hátt að framkvæma hið þriðja stjórnsýslustig án nokkurs valds með þeim verkefnum sem sveitarfélögin í dag hafa falið byggðasamlögum, héraðsnefndum, landshlutasamtökum og öðrum slíkum samtökum. Það er bjargföst skoðun mín að þessi umræða muni halda áfram og við sem erum í stjórnmálum munum finna þessu eðlilegan farveg í okkar stjórnskipun.

[14:15]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get nú ekki sagt að ræða hv. 6. þm. Norðurl. e. hafi gert þetta mál mikið skýrara í mínum huga. Sannleikurinn er sá að hv. þm. talaði hér áfram mjög óljóst. Hann greindi okkur frá ákveðnum hugleiðingum sínum um líklega niðurstöðu af þeim kosningum sem fara fram eftir rúmar þrjár vikur. Það var allt saman fróðlegt að heyra. Hann greindi okkur frá því að þetta þyrfti að vera hluti af einhverri valddreifingu, stærri breytingu á stjórnsýslunni og einhvers konar útfærsla á þriðja stjórnsýslustiginu. Þetta hefur ekki skýrt málið í mínum huga, því miður. Það er auðvitað rétt ábending og athugasemd hjá honum að þau byggðasamlög sem við höfum í dag eru einhvers konar vísir að þriðja stjórnsýslustiginu. En ég hef a.m.k. skilið það svo að með þeim breytingum sem menn vilja gera núna á skipan sveitarstjórnarstigsins, með því að flytja þangað aukin verkefni, með því að stækka sveitarfélögin, þá séu menn í raun og veru að gera óþarfan þennan vísi að þriðja stjórnsýslustiginu. Mér finnst að umræðan hafi nú við þessi andsvör hv. 1. flm. málsins orðið mun óvissari og ómarkvissari og vekur a.m.k. ekki með manni þær hugmyndir að það sé ætlunin að gera þessar breytingar raunverulegar fyrr en þá einhvern tíma í óvissu framtíðarinnar.

[14:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni stórt mál og hefði kannski af minna tilefni einhvern tíma verið slegið upp í lengri ræðutíma. Hér er á góðri leið með að verða mikill eldhúsdagur um kjördæmaskipan og kosningalög og ekki ætla ég að lasta það.

Ég held að það sé rétt að nálgast þetta mál út frá þeirri staðreynd að kosningalöggjöf og kjördæmaskipan er ein allra mikilvægasta grundvallarlöggjöf í hverju landi. Af þeim sökum er það auðvitað venju fremur mikilvægt að um þá tilhögun sé sæmilega gott samkomulag. Ég held að menn eigi að nálgast þetta mál og umgangast það með þann útgangspunkt alveg sérstaklega að leiðarljósi.

Í öðru lagi er rétt að hafa í huga að núgildandi lög eru ekki gömul. Það er búið að kjósa tvisvar sinnum til Alþingis á grundvelli núgildandi kosningalöggjafar og mér finnst menn horfa dálítið fram hjá því í þessum umræðum að með þeirri breytingu náðist sá mikilvægi árangur fram í fyrsta sinn að fullur jöfnuður ríkir nú milli flokka. Flokkarnir í landinu sem á annað borð hafa til þess fylgi að fá menn kjörna á Alþingi fá fulltrúa hér á löggjafarsamkomunni nokkurn veginn nákvæmlega í hlutfalli við fylgi sitt meðal þjóðarinnar. Í þeim skilningi er Ísland eitt kjördæmi í dag, þ.e. þeir flokkar sem hér eiga fulltrúa eru með nokkurn veginn sama atkvæðamagn á bak við hvern kjörinn mann þegar upp er staðið. Það er mikilvægur árangur sem menn eiga ekki að horfa fram hjá þegar rætt er um skipan þessara mála í dag.

Vissulega eru á þessu fyrirkomulagi ágallar, enda augljóst mál að að nokkru leyti var og er alltaf verið við svona aðstæður að reyna að sætta óásættanleg sjónarmið, andstæð sjónarmið. Menn gera mikið úr því að úthlutun öftustu þingsætanna í hverju kjördæmi geti gefið nokkuð skrautlega niðurstöðu og fáein atkvæði geti sett af stað mikla rúllettu eins og allir þekkja. En ég verð nú að segja við talsmenn þess hér að gera landið allt að einu kjördæmi: Ja, guð minn góður, skyldi nú ekki hlutfall fulltrúa hinna einstöku landhluta geta orðið ærið skrautlegt þegar talið væri upp úr þeim potti? Við skulum t.d. hugsa okkur að þannig tækist til á þessum eina lista sem boðinn væri þá fram í landinu að fulltrúar úr einum landshluta væru alls staðar í óvissusætum og ef tækist svo illa til að þeir meira og minna dyttu allir út vegna sérstakrar skiptingar þingsætanna á milli flokka. Það er nú líklegt að efstu menn á þeim listum verði héðan úr stærstu byggðarlögunum og svo koll af kolli þannig að þegar kemur út í minni byggðarlög og fámennari landshluta þá yrði komið ansi langt niður á þennan eina lista. Og ef engin önnur jöfnunartæki væru heldur en úthlutun á þessum lista þá held ég að það gæti orðið harla tilviljanakennt hvernig búsetudreifing þeirra fulltrúa yrði sem kosnir væru eftir slíkum kerfum.

Staðreyndin er auðvitað sú að það eru mjög margar aðferðir sem koma til greina ef menn ætla að fara að breyta þessu á annað borð og hafa verið nefndar og eru allar í umræðunni. Þar er í fyrsta lagi talað um óbreytta kjördæmaskipan en breyttan fjölda þingmanna, yfirleitt einhverja fækkun af því að menn sjá í því alveg sérstakt sáluhjálparatriði og mikla björg fyrir þjóðina

í þrengingunum að fækka þingmönnum.

Í öðru lagi er talað um breytta kjördæmaskipan, t.d. að sameina eitthvað af núv. landsbyggðarkjördæmum og stækka þau þannig og ná þannig fram breyttu vægi atkvæða á bak við hvern fulltrúa.

Í þriðja lagi er talað hér af og til um tvöfalda lista, þ.e. annars vegar kjördæmislista, jafnvel í einmenningskjördæmum, og hins vegar einhvers konar landslista.

Í fjórða lagi er svo þessi hugmynd um landið allt eitt kjördæmi.

Í fimmta lagi er þá enn eftir að ræða hvort menn ætli síðan að gera til viðbótar einhverjar breytingar á sjálfu kosningafyrirkomulaginu sem slíku, t.d. varðandi uppröðun á lista eða það að taka hér upp fyrirkomulagið óraðaðir listar þannig að kjósendur sjálfir í kosningunum fái til viðbótar því valdi sem felst í því að merkja af einhvern tiltekinn flokk samtímis vald til þess að raða á listann. Kjörið verði þannig fært meira í átt til persónukjörs sem ég held að væri mjög holl breyting vegna þess m.a. að þá fá menn á sig ákveðna mælingu hver og einn hvernig frammistaða þeirra hefur verið ef þeir eru að leita endurkjörs. Væntanlega mundi það þá birtast í misjafnlega sterkri útkomu. Ég held þess vegna að það sé að mjög mörgu að hyggja í þessu ef menn vilja fara út í þetta á annað borð. Og þetta leiðir líka að þeirri spurningu: Verður ekki svona grundvallarbreyting á sjálfri stjórnskipun landsins að vera í samhengi við endurskoðun á stjórnarskrá og uppbyggingu stjórnsýslunnar? Er þar af leiðandi ekki tímaskekkja að ræða um þetta sem sjálfstæða breytingu á kosningalöggjöfinni einni og sér? Ég held það. Nær væri að setja þetta inn í samhengið heildarendurskoðun á stjórnarskrá og kosningalöggjöf og stjórnsýsluuppbyggingunni í landinu. Þar með erum við auðvitað að tala um mjög viðamikið starf sem ekki verður hrist fram úr erminni á einum vetri.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á það að þættir eins og fyrirkomulag mögulegs þjóðaratkvæðis í stjórnarskrá hljóta að skipta hér máli, sömuleiðis stjórnsýsluuppbyggingin og dreifing verkefna og valds milli ríkis og sveitarfélaga. Ég tel þess vegna að þetta mál eigi að fara á þann grundvöll að formenn flokkanna eða forustumenn eigi að setjast yfir það. Þetta er ekki mál til að meðhöndla í einhverjum ágreiningi. Þetta er ekki mál til að undirbúa sitt hvorum megin víglínunnar stjórn/stjórnarandstaða. Okkur alþingismönnum ber öllum sú skylda umfram allt að reyna að hafa um þessa hluti sem allra best samkomulag. Ég vil þess vegna skora alveg sérstaklega á hæstv. forsrh. að beita sér með þessum hætti í málinu, að kalla til forustumenn flokkanna og leggja til hliðar hugmyndir einstakra flokka eða þess vegna stjórnarsamning ríkisstjórnar og reyna að fá alla til þess að setjast með óbundnar hendur og án skilyrða að því að skoða þessi mál.

Þá kem ég að því að lokum, hæstv. forseti, sem ætti auðvitað að vera aðalinnihald minnar ræðu að segja nokkur orð um þessa tillögu á einni mínútu og 21 sekúndu sem ég á eftir. Ég hef ekkert á móti því að menn viðri hugmyndir sínar og hreyfi þeim hér með tillöguflutningi ef svo ber undir ef þeir hafa þær um landið allt sem eitt kjördæmi. En ég get ekki stutt það að hér verði sett á laggirnar nefnd sem sé með bundnar hendur gagnvart því að hún eigi eingöngu að skoða þann möguleika að landið verði allt eitt kjördæmi. Það er þrengslavegur sem ég vil ekki fara í þessum efnum. Ef til þess kemur, sem ég ætla síður en svo að lasta, að þetta mál verði sett í farveg, þá vil ég fyrst og fremst að það gerist undir forustu forsrh. og hann kalli til forustumenn allra flokka og í öðru lagi setjist menn að því máli með óbundnar hendur. Ég get þess vegna ekki stutt, hæstv. forseti, tillögu af þessu tagi sem gengur út frá því að sett verði í það nefnd að skoða einn tiltekinn möguleika og hendur hennar væru bundnar frá upphafi við það. Það er ekki sú nálgun í þessu máli sem ég tel farsæla.

[14:25]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur komið hér fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns og áður í umræðunum að það virðist vera eins og hv. þm. Alþb., einhverjir a.m.k., hafi horn í síðu þess að þingmönnum sé fækkað. Ég vil aðeins gera tilraun til þess að glöggva mig á þessu máli því að hv. formaður Alþb. hefur lýst því yfir í umræðum oftar en einu sinni að hann telji eðlilegt að þingmönnum sé fækkað og hefur nefnt töluna 50 ef ekki töluna 40 í því sambandi. Mig langar til þess að spyrja, ef það er tillaga hv. varaformanns Alþb. að formenn flokkanna verði sérstaklega kallaðir til í þessu efni, hvort formaður Alþb. muni hafa umboð til þess að ræða fækkun þingmanna.

[14:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er vel þekkt staðreynd að í öllum flokkum er svona á bak við tjöldin viss áhugi á því að fækka tilteknum þingmönnum. Það þekki ég, en við höfum svo sem ekki hátt um það, hvorki ég né hv. þm. Björn Bjarnason. Við þekkjum okkar heimafólk.

Ég var fyrst og fremst að leggja hér áherslu á þá aðferðafræði sem ég tel vera rétta í þessum efnum. Ég tel þetta vera stórmál af því tagi að það eigi fyrst og fremst að meðhöndlast sem slíkt í samstarfi og samskiptum forustumanna flokkanna, formanna flokka og formanna þingflokka eðli málsins samkvæmt.

Varðandi þetta sérstaka álitamál, að fækka þingmönnum, þá er talan 63 eða 50 eða 90 ekkert sáluhjálparatriði í mínum huga svo lengi sem fjöldi þeirra er nægur til þess að í fyrsta lagi eigi öll byggðarlög og allir landshlutar með eðlilegum hætti raddir sínar hér inni á þinginu. Í öðru lagi sé tryggt með lýðræðislegum hætti jafnræði skoðana hér á löggjafarsamkundunni. Hið praktíska verkefni okkar er að búa því þannig umgjörð í löggjöf að þessi markmið nái fram að ganga. Ef við komumst af með 50 þingmenn til þess þá er það allt í góðu lagi og ábyggilega miklu meira en nóg í sjálfu sér miðað við stærð þjóðarinnar að hafa þá svo marga. En ég segi hins vegar að það er að mínu mati ekkert sáluhjálparatriði þó svo það verði okkar niðurstaða að við þurfum að hafa þá 60 eða 65 til þess að ná fram öllum þessum markmiðum sem við eigum

að reyna að sætta í skynsamlegri kosningalöggjöf. Og gagnvart þeim erfiðleikum sem íslenska þjóðin stendur frammi fyrir nú, atvinnuleysi, erlendum skuldum og öðru slíku, þá teldi ég það mikið glapræði að fara að skipta henni nú upp á þessum dögum í harkaleg átök um kosningalöggjöfina. Það eru aðrir og nærtækari hlutir sem við ættum að beina kröftum okkar að.

[14:28]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mig knúinn til þess að benda hv. 4. þm. Norðurl. e. á það að í tillgr. er talað um það að sérstaklega eigi að skoða þetta í því samhengi að verið sé að flytja vald og áhrif til byggðanna. Og ef hv. þm. hefði nú hlustað á framsögu mína þá hefði hann heyrt þar að ég lagði á það höfuðáherslu að einmitt þetta væri lykilatriði til þess að skoða þessa leið.

Ég get alveg tekið undir það að á einhverju stigi hlýtur þetta mál að koma á þann vettvang að það verði formenn og forustumenn stjórnmálaflokkanna sem fjalla um það. Ég sé hins vegar ekkert athugavert við það og taldi það bráðnauðsynlegt að þessu máli, þ.e. kjördæmamálinu, væri hreyft hér á Alþingi og í þeim tilgangi flutti ég þessa tillögu, til þess að fá hér málefnalega umræðu um þetta mál, ekki flokkspólitískar erjur einfaldlega vegna þess, eins og hér er komið fram, að skoðanir í þessu máli gagna þvert á alla stjórnmálaflokka.

Að lokum, virðulegi forseti, einhverra hluta vegna er það nú samt svo að það að ég skyldi leyfa mér að flytja þessa tillögu virðist pirra forustumenn stjórnmálaflokkanna eilítið og ég gat ekki að því gert að mér fannst þess gæta eilítið í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. áðan, varaformanns Alþb.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er misskilningur að ég hafi ekki hlýtt á framsöguræðu 1. flm. Ég lagði það einmitt á mig til þess að reyna að glöggva mig á málinu. Sömuleiðis var ég búinn að lesa þessa tillögu spjaldanna á milli. Það er svo sem ekki mikið verk því hún er ein örk og tóm að innan og á baksíðunni, þannig að það er nú ekki lengi gert. Meiri rökstuðning sáu flm. nú ekki ástæðu til að hafa þarna en hálfa framsíðuna. Ég er líka ágætlega læs á sjálfa tillgr. og það er það sem ég var að gagnrýna, hv. þm. Ég var að gagnrýna það að í 1. mgr. tillgr. er þetta bundið við það að skoða þennan tiltekna og eina kost, að landið verði gert að einu kjördæmi.

Það er síðan alveg rétt að í síðustu málsgreininni er fjallað um það að þetta þurfi að skoða í samhenginu við það hvernig verði með tilfærslu verkefna frá ríki til héraða. En við vitum það báðir, ég og hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, að þar eru nú flest fuglar í skógi um þessar mundir en ekki í hendi. Ég á eftir að sjá hvað út úr því kemur, ef nokkuð, á næstu árum eins og þau mál hafa þróast. Þess vegna held ég að það væri rétt að fá þá a.m.k. eitthvað fast land undir fætur í því, svo sem með því að afgreiða þá samtímis eða í tengslum við endurskoðun kosningalöggjafarinnar og kjördæmaskipanarinnar, einhvers konar nýja stjórnsýsluskipan fyrir landið. Væri þetta hvort tveggja samferða þá gæti það auðvitað og eðlilega komið til skoðunar.

Það er auðvitað hárrétt sem hv. flm. benda á að ef til þess kæmi að menn færu að gera þá stórkostlegu kerfisbreytingu hér að landið yrði allt eitt kjördæmi, þá kæmu örugglega upp umræður um margþættar breytingar í kjölfarið eða samtímis, t.d. að þá yrði á ný tekin upp á borðið hugmyndin um að kjósa til stjórnsýslustigs í landshlutunum. Það er óhjákvæmilegt að menn mundu taka þá umræðu upp á borðið. Það sýnir mönnum eingöngu stærð þessa máls og hversu viðamikil breyting þetta væri, ef til kæmi.

Svo er það ekki rétt að það pirri mig eitthvað að þessi mál séu rædd, síður en svo. En ég áskil mér nú rétt til þess að hafa skoðun á því hvernig best væri að standa að því eftir sem áður og get verið í prýðilegu skapi þegar ég ræði það ef því er að skipta.

[14:32]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er það svo að þegar mál er lagt fyrir Alþingi og því er vísað til nefndar og ef um það verða eins og í þessu tilfelli miklar og málefnalegar umræður, þá er það út af fyrir sig eðlilegt að viðkomandi þingnefnd skoði hvort það sé ástæða til þess að breyta tillgr. á einhvern hátt ef menn vilja skoða þarna fleiri þætti þannig að ég tel fulla ástæðu til þess að þetta mál fái þinglega meðferð.

Varðandi það atriði hjá hv. þm. þegar hann veifaði hér tillögunni og sagði að hún væri tóm að innan, þá verð ég nú að segja það að ég er ekki einn af þeim sem mæli innihald mála eftir því hvað menn leggja fram margar blaðsíður eða tala langt mál. Ég er þeirrar skoðunar að það sé hægt að koma kjarna mála fram í til þess að gera fáum orðum.

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það var auðvitað strákslegt, hæstv. forseti, að vera að sýna þessa tómu örk hér og ég átta mig alveg á því. En það var svona undir áhrifum af því að hv. 1. flm. var að tala um að ég væri pirraður þannig að mig langaði til að vita hvernig hann mundi bregðast við ef ég svona laumaði þessu að honum. Ég held að ég verði að segja að mér fannst hann pirrast svolítið þegar ég benti á að þeir hefðu ekki farið út í frekari rökstuðning en raun ber vitni fyrir tillögunni.

[14:34]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af ummælum síðasta hv. þm. vil ég taka það fram að ég er lítið pirraður í dag. Í tilefni af ummælum hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar um það að formenn stjórnmálaflokkanna væru pirraður út af þessari tillögu hans, þá vil ég að það komi fram að meðal forustumanna Alþfl. ríkir almenn gleði og ánægja með þessi þroskamerki sem við teljum að þessir tveir hv. þm. Framsfl. séu nú farnir að sýna, vonum seinna að vísu. Og það er rétt að það

komi líka fram að við sjáum í þessum þingmönnum nokkur vonarlömb þegar til framtíðar er litið.

Ég vil, virðulegi forseti, byrja á því að hlaupa í vörn fyrir minn ágæta samstarfsflokk gagnvart hinum uppreisnargjarna hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni sem hefur lýst því hér yfir að það sé einungis áhugamál atvinnustjórnmálamanna sem hafa litla skírskotun í þjóðfélaginu að taka þetta mál til umræðu. Ég verð að segja að ég miða nú bara við mitt nánasta umhverfi að hv. þm. Björn Bjarnason hefur talsverða skírskotun þar og hæstv. forsrh. hefur allverulega og kannski óhóflega mikla skírskotun í því líka. Ég tel að það sé nauðsynlegt að menn ræði þetta mál af fordómaleysi og dragi það ekki til að mynda niður á það plan sem hv. þm. Páll Pétursson, þingflokksformaður framsóknarmanna, gerði hér áðan. Það að setja þetta mál á dagskrá lítur hann á sem einhvers konar samsæri til þess að draga athygli landsmanna frá einhverjum öðrum málum. Ég verð að segja að mér finnst það gegna mikilli furðu ef formaður þingflokks Framsfl. telur að þessir tveir hv. piltungar Framsfl. séu orðnir einhvers konar málaliðar hjá stjórnarliðinu í þessum efnum.

Hv. þm. Björn Bjarnason gerði sér nokkurn mat úr því að það væri ágreiningur innan Framsfl. um þetta mál. Ég segi það hins vegar að ég tel að það sé mjög eðlilegt að það ríki ágreiningur innan Framsfl. í þessu máli því að þetta er mál sem sker á flokka. Það er ágreiningur um þetta innan allra stjórnmálaflokkanna, innan Sjálfstfl. og innan Alþb., enda hefur komið í ljós að formaður Alþb. og varaformaður tala í sína áttina hvor í þessu máli eins og reyndar mörgum öðrum. Innan Alþfl. ríkir e.t.v. mest sátt um þetta mál, en einnig þar eru menn ekki á eitt sáttir, einnig þar eru skiptar skoðanir. (Gripið fram í.) Ég tel að það sé nauðsynlegt að menn leyfi sér að ræða þetta í nokkrum friði frá þessum hefðbundnu, flokkspólitísku línum. Og ég verð að fagna því, virðulegi forseti, að það skuli vera Framsfl. sem hefur frumkvæði að því að ræða þetta mál hér á Alþingi. Í ljósi sögunnar er það nokkuð merkilegt vegna þess að það er einmitt Framsfl. sem hefur gegnum alla öldina sýnt mesta tregðu til þess að breyta kosningamálum landsmanna til réttlætisáttar.

Hins vegar er það svo að þegar menn flytja svona tillögur þá hvíla á þeim ákveðnar skyldur vegna þess að þeir vekja vissar væntingar. Það er ágætt fyrir hv. þm. Finn Ingólfsson, sem er þingmaður fyrir kjördæmi þar sem hugmyndin um að gera landið að einu kjördæmi nýtur sennilega mests fylgis, það er gott fyrir hann að geta veifað svona tillögum. Það hentar honum ágætlega. Það er hins vegar nauðsynlegt að sá flokkur sem hefur hér frumkvæði að umræðunni komi fram með skýra stefnu. Til að mynda hver væri nú afstaða formanns Framsfl., sem illu heilli er ekki staddur hér í dag, til jöfnunar atkvæðisréttar? Við heyrðum hér fyrr í dag viðhorf formanns þingflokksins. Hann sló úr og í. Hann sagði ef og ef og ef þá gæti verið að hann væri til í að draga úr misvægi atkvæða. Og hver er afstaða forustu Framsfl. til þeirrar tillögu að gera landið að einu kjördæmi? Ég verð að taka undir með hv. þm. Einari Kristni Guðfinnssyni að ég skildi ekki alveg mál flm. hér í upphafi þegar þeir voru að gera veikburða tilraun til þess að skýra afstöðu sína til málsins.

Þegar menn flytja tillögu eins og þessa þá gefa þeir mönnum væntingar um vissan stuðning við hana. Það kemur líka fram allt að því stuðningur við hugmyndina í greinargerðinni, en það þarf að koma fram svart á hvítu hvort sá stuðningur er raunverulega fyrir hendi.

Það sem er merkilegt við þessa umræðu, virðulegi forseti, er að það hefur til þessa, eins og þingmenn hafa bent á hér í dag, ríkt nokkur sátt um það ójafnvægi sem hefur verið varðandi atkvæði milli landshluta. Þessi sátt er ekki lengur fyrir hendi. Það er þess vegna sem það er tímabært að draga þetta hér til umræðunnar. Ég fagna þessu frumkvæði Framsfl. og ég segi það líka: Ég fagna því að samstarfsflokkur minn í ríkisstjórn gengur til þessarar umræðu fordómalaus. Þeir hafa á sínum landsfundi gert þetta mál að forgangsmáli, ég lít svo á, en þeir hafa jafnframt ekki sett nein skilyrði og ekki tekið neina afstöðu til þess hvernig þetta eigi að verða í framtíðinni. Þeir koma með óbundnar hendur til umræðunnar og það er vel.

Formaður Alþb. hefur líka lýst nokkuð skýrum stuðningi við þessar hugmyndir þó að þær kunni að falla í grýtta jörð í hans flokki eins og því miður margar hans ágætu hugmyndir. Það sem e.t.v. er ferskt nýmæli í þessari umræðu er það að landsbyggðarmenn úr fleiri en einum flokki eru farnir að taka undir þessar hugmyndir.

Ég er auðvitað þeirrar skoðunar að það sé mjög brýnt að gera breytingar á kjördæma- og kosningakerfinu. Reykvíkingar og Reyknesingar eru hálfdrættingar á við landsbyggðarmenn þegar kemur að vægi atkvæða. Atkvæðamagn á hvern þingmann í Reykjavík og Reykjanesi eru rúmlega 4.000 en tæplega 2.000 að meðaltali á landsbyggðinni. Ef við berum síðan saman meðalþingmann Reykv. við meðalþingmann Vestf. þá kemur í ljós, að Vestfirðingarnir hafa fjórgilt atkvæði á við okkur Reykvíkinga þegar kemur að því að kjósa þingmenn. Það er líka verulegt misvægi innan landsbyggðarinnar. Sérhver þingmaður Vestfjarða hefur rúmlega þúsund kjósendur á bak við sig en á Norðurl. e. eru þeir u.þ.b. 2.600 og maður spyr sig: Hvers vegna á að halda þessu kerfi við lýði? Staðreyndin er sú að núverandi kosningakerfi er moðsuða. Það er árangurinn af hrossakaupum sem hafa gengið út öldina og síðasta breytingin sem gerð var 1987. Hver varð niðurstaðan? Kerfi sem ekki nokkur einasti maður í landinu skilur utan einn. Það er einungis einn maður sem skilur það kerfi og stjórnvöld verða að kalla hann sér til fulltingis í hvert einasta skipti sem kosið er og treysta því og trúa að útreikningar hans séu réttir. Því það getur enginn tékkað þá af. (**Gripið fram í:** En er hann ekki orðinn ráðuneytisstjóri?) Það er að vísu svo, að svona mikilvægum mönnum er ævinlega lyft til metorða.

Það er hins vegar svo að það sem mér finnst vanta, virðulegi forseti, í þessa umræðu er umræðan um grundvallaratriðin sem er jafn kosningarréttur. Ég tel

að kosningarréttur sé hluti þeirra mannréttinda sem okkar lýðræðislega stjórnskipan hvílir á. Þessi mannréttindi grundvallast á jafnræði, jafnræði án tillits til kynferðis, litarháttar, trúarbragða og búsetu. Jafn kosningarréttur án tillits til búsetu er því hluti af þessum mannréttindahugmyndum sem okkar lýðræðislega samfélag byggir á. En í dag búum við gríðarlegt misvægi atkvæða eftir búsetu og ég spyr: Er munur á beinni skerðingu kosningarréttar og óbeinni skerðingu kosningarréttar, sem felst auðvitað í því gríðarlega misvægi atkvæða sem nú ríkir? Það er ekki að minni hyggju og mér finnst að umræðan þurfi að minnsta kosti að taka til þessa grundvallaratriðis, en hún hefur ekki gert það í dag.

[14:42]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki langan tíma í mitt andsvar. Hæstv. umhvrh. var ónákvæmur í sinni umfjöllun um afstöðu Framsfl. til kjördæmamálanna. Þetta fyrirkomulag sem nú er í gildi er Framsfl. ekkert heilagt, síður en svo. Hins vegar tók Framsfl. fullan þátt í því að ná þeirri samstöðu sem varð um það kerfi sem nú er í gildi og það er rangt að Framsfl. hafi eitthvað dregið lappirnar í því fremur en aðrir. Hins vegar er þetta ekkert heilagt kerfi sem einn maður skilur sem er orðinn ráðuneytisstjóri hjá hæstv. viðskrh. Ég býst við að menn vilji ganga til næstu kosninga án þess að þurfa að fara upp í viðskrn. til að láta túlka þessi kosningalög þannig að þessi fullyrðing hæstv. umhvrh. er einfaldlega röng.

[14:43]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni fagnaði ég því sem tímamótum að landsbyggðarþingmenn komi nú til fylgis við hugmyndir um að breyta kosningakerfinu. Ég lít svo á að yfirlýsing hv. þm. Jóns Kristjánssonar um að þetta kerfi sem við búum við núna sé ekkert heilagt, feli í sér yfirlýsingu um það að hann sé reiðubúinn til að koma til samstarfs við þá sem vilja leita sátta um að breyta kerfinu og draga úr því ójafnvægi sem í því felst í dag. Því auðvitað fagna ég.

[14:44]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna þess að hæstv. umhvrh. minntist á misjafnt vægi atkvæða eftir landshlutum og jafnvel misjafnt vægi þingmanna eftir kjördæmum, þá vildi ég bara minna ráðherrann á það að Alþfl. í Reykjavík hefur þrjá þingmenn ef ég man rétt og hann mun einnig hafa þrjá ráðherra.

[14:45]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í samanburði sínum varðandi vægi atkvæða nefndi hæstv. umhvrh. úrslit síðustu kosninga sem ég tel vera afar ósanngjarnan samanburð því að þá háttaði þannig til að hinn svokallaði flakkari kom fyrir tilviljunar sakir í hlut Vestfirðinga og breytti auðvitað nokkru vægi atkvæða. Ég nefndi það hér áðan í ræðu minni að eðlilegast væri þegar menn eru að bera saman vægi atkvæða að bera saman úrslitin miðað við þá heföbundnu þingmannatölu sem viðkomandi kjördæmi hefðu. Og eftir því sem ég hef upplýsingar um þá mun misvægi atkvæða eftir t.d. kosningarnar 1987 milli Vestfjarða og Reykjavíkur hafa verið álíka og t.d. þekkist í Bretlandi sem er nú vagga þingræðisins, þannig að ég tel að þetta sé afar ósanngjarn samanburður hjá hæstv. umhvrh.

[14:46]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að sú áhersla sem hv. þm. leggur á vægi flakkarans inn í útreikninga varðandi Vestfirði skipti ekki miklu máli. Mig minnir að án flakkarans séu á bak við hvern þingmann Vestf. eitthvað rösklega 1.200 atkvæði en með flakkaranum eru það innan við 1.100 þannig að það er bitamunur en ekki fjár. Það skiptir engum sköpum í þessum útreikningum.

Að öðru leyti er ég ánægður yfir þeirri djúpu vitneskju sem þingmaðurinn býr yfir um kosningakerfi Breta eins og margoft hefur komið hér fram í dag.

[14:46]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka flm. þessarar þáltill. fyrir að flytja hana. Ég er að vísu að einu leyti ekki sammála henni. Ég tel að hún sé of einhæf vegna þess að í henni er verið að tala um að rannsaka sérstaklega einungis eina útfærslu á hugmyndum um að breyta kosningalöggjöfinni og kjördæmaskipuninni. En hv. 1. flm. hefur sagt að hann telji eðlilegt að það verði endurskoðað í nefnd og ég tek það fullkomlega gilt.

Ég hef líka tekið það alveg fullkomlega gilt að það væri full meining hjá stjórnarflokkunum í því að þeir ætluðu sér að taka þetta mál á dagskrá og það er þess vegna sem ég hef hreyft umræðu áður, bæði í mínum þingflokki og víðar, um það hvernig Alþb. ætti að bregðast við nýjum hugmyndum um það hvernig ætti að skipa þessum málum. Ég er einn af þeim sem tel að núgildandi fyrirkomulag sé út af fyrir sig að mörgu leyti nokkuð gott og það tryggir ákveðna hluti sem ekki voru fyrr hendi áður en það varð til. Það tryggir að það er jöfnuður milli flokkanna og það tryggir annað sem ég tel mjög mikilvægt. Það tryggir flokkunum flestum að mestu leyti fulltrúa í hverju kjördæmi. En það er mesti ágallinn á þeim hugmyndum sem ég hef heyrt um breytingar að flestar ganga þær út á það sama, þ.e. að taka fulltrúa af kjördæmunum úti á landi. Ef menn ætla að lækna eitt óréttlæti sem menn finna í því að þeir fái ekki nógu marga fulltrúa hér í þéttbýlinu með því að koma á öðru óréttlæti sem felst í því að menn fái engan fulltrúa í ýmsum kjördæmum fyrir ýmsa flokka hér út um allt land, þá er það ekki nógu góð niðurstaða og ég mun ekki styðja slíka niðurstöðu. Ég tel aftur á móti að það séu nægilegar röksemdir fyrir því að segja sem svo að þetta sé út af fyrir sig kannski viðunandi fyrir fólkið í þéttbýlinu. Fólkið í þéttbýlinu gerir t.d. alls ekki þá kröfu að fá sama vægi atkvæða sinna í sveitarstjórnarkosningum eins og

gerist út um land. Það þyrfti t.d. æðimarga borgarfulltrúa í Reykjavík ef það ætti að jafnast á við hreppsnefndarfulltrúa í einhverjum litlum hreppi eða eitthvað í þessum dúr. Ég geri mér alveg grein fyrir því að þetta snýst um þá pólitísku skoðun manna að það sé eins konar togstreita í gangi milli þéttbýlis og dreifbýlis og þess vegna þurfi fjöldi þingmanna úr þéttbýlinu að vera miklu meiri heldur en úr dreifbýlinu. Það sé það sem menn vilji rétta af. Ég hef ekki skilið útskýringar manna á því að það væri meira réttlæti að gera menn fulltrúalausa á landsbyggðinni heldur en að þeir fái eins og nú er fyrst sinn fulltrúa kosinn inni í þéttbýlinu en hjálpi síðan til við að kjósa fulltrúa fyrir sinn flokk inni á landsbyggðinni. En þannig kemur þetta mér fyrir sjónir.

En þessi umræða hefur verið vakin upp og ég tel að hún eigi að ganga fram. Við þurfum á henni að halda. Það hefur verið mikill áróður í gangi um að það þurfi að jafna þennan atkvæðisrétt og við þurfum að ganga í gegnum þessa umræðu. En þessar tillögur sem ég nefndi hér áðan um jöfnun atkvæðisréttarins ganga sem sagt út á þetta annars vegar, einhvers konar fækkun þingmanna í kjördæmum og kannski smærri kjördæmi og hins vegar eina hugmynd sem er um það að fækka kjördæmunum. Ég tel að fækkun þingmanna í kjördæmum með þeim hætti sem hefur verið lýst komi ekki til greina vegna þess að hún skapi þetta óréttlæti sem ég var að lýsa áðan, þ.e. að fólk missti þá fulltrúa sína í hinum dreifðu byggðum.

Hin hugmyndin, að fækka kjördæmunum, er ekki gallalaus heldur. Hún gæti tryggt meiri jöfnuð atkvæða, en hún mundi á móti auka ójafnvægið milli þingmanna og þeirra starfa sem þeir ættu að vinna. Það væri mjög óeðlileg verkaskipting, finnst mér, að hafa 20–23 þingmenn í hinum dreifðu kjördæmum en síðan eitthvað yfir 40 þingmenn sem væru kosnir í þéttbýlinu. Verkefni þingmanna úr dreifbýlinu, við skulum segja Vesturlandskjördæmi eða hvað það nú héti sem næði allt frá Hvalfirði og að Norðurlandi sem er kallað Norðurl. v. núna, það væri mikill munur á verkefnum þingmanna. Það væri síðan aragrúi þingmanna sem væri kosinn hér úr þéttbýlinu, sem væri talinn kjördæmakosinn hér úr þéttbýlinu. Þess vegna hefur það flögrað að mér og verið mín niðurstaða að ef landsbyggðarfólk stendur frammi fyrir þeirri staðreynd að fólk vilji ekki una þessu misvægi atkvæða, þá verði menn að meðtaka það sem staðreynd. Og svarið við því hljóti þá að vera að athuga það gaumgæfilega hvort hægt væri að gera landið að einu kjördæmi þannig að allir stæðu jafnt gagnvart þeim fulltrúum sem kosnir væru til löggjafarsamkomunnar. Það er ýmislegt sem mundi vinnast með þessu. Það er ekki ágallalaust heldur. Það er alveg efalaust að þetta er meira miðstýringarkerfi heldur en við búum við í dag. En það yrði kannski meiri friður um það og ég hugsa að fólkið á landsbyggðinni sé frekar tilbúið til þess að taka þátt í einhverjum breytingum þar sem allir eru settir við sama borð heldur en að sæta því að heilu landsvæðin verði þá án fulltrúa.

Ég held líka, og ég vil koma að því, að þingmenn sem væru kosnir á þennan hátt fyrir landið mundu vinna öðruvísi. Þeir mundu vinna þannig að þeir litu á sig sem fulltrúa fyrir allt landið. Þeir færu að vinna bæði í tengslum við atvinnugreinar og landsvæði með öðrum hætti en áður. En flokkarnir stæðu síðan frammi fyrir því að það þyddi ekki að bjóða upp á lista sem ekki höfðuðu til kjósenda á landsbyggðinni á hverju svæði. Flokkur sem ætlar að vera með alvöruframboð á landsvísu hlýtur að þurfa að bjóða upp á einhverja möguleika fyrir viðkomandi landsvæði sem væri ekki lengur kjördæmi til þess að styðja þann lista. Ég held að ef við bara bregðum okkur aðeins yfir í þetta hlutverk, svo að ég nefni dæmi um jákvæða breytingu, þá væri t.d. Kvennalistinn með sinn þingflokk í dag ef landið væri eitt kjördæmi, þá væri það auðvitað eðlilegt hlutverk Kvennalistans að þingmenn hans sinntu öllum kjördæmunum í landinu, öllum landsvæðunum. Það er eins og þingmenn vita ekki þannig að þingflokkar sem eiga ekki fulltrúa í kjördæmunum geti með sama hætti, þó þeir vilji, sinnt öllum kjördæmum landsins og tekið þátt í þeim málefnum sem þar eru leyst.

[14:55]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Í tilefni af orðum hv. síðasta ræðumanns langar mig til að spyrja hann hvort hann líti þannig á að með fækkun borgarfulltrúa hér í Reykjavík úr 21 í 15 á sínum tíma hafi verið aukið eitthvað misrétti kjósenda í Reykjavík? Mér finnst eins og þingmaðurinn sé eitthvað að velta því fyrir sér að réttur kjósenda eða vægi atkvæða ráðist af því hve margir fulltrúar eru kjörnir. Þetta er tvennt ólíkt. Það þarf að veita öllum mönnum sömu mannréttindi. Hitt er síðan annað atriði hvað menn hafa rétt til að kjósa marga. Ég sé nú ekki að okkar réttindi hvers og eins hér í Reykjavík hafi neitt minnkað við það þótt borgarfulltrúum hafi verið fækkað úr 21 í 15 eins og sjálfstæðismenn gerðu eftir að vinstri menn höfðu fjölgað þeim í 21 á sínum tíma.

[14:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil svara þessu með því að segja að ég sé ekki raunverulega heldur að mannréttindi fólks hér á þéttbýlissvæðunum hafi neitt minnkað við það að fá sína fulltrúa kosna fyrst inn og taka síðan þátt í að kjósa þingmenn í öðrum kjördæmum fyrir sinn flokk. Það er eiginlega hægt að líkja þessu nokkuð saman. Ég get alveg tekið undir það að mannréttindi hafa ekki minnkað hér hjá sjálfstæðismönnum í Reykjavík (**Gripið fram í:** Sjálfstæðismönnum?) eða fólkinu hérna sem hefur kosið að kjósa Sjálfstfl. í það miklu magni að það eru reyndar sjálfstæðismenn sem ráða borginni og að þeirra réttindi hafi ekki minnkað. En mér finnst þetta svolítið sambærilegt. Ég held að menn verði að gera sér grein fyrir því að menn fá alltaf fulltrúa sína kosna hér í þéttbýlinu áður en þeir fara að taka þátt í því að kjósa um fulltrúa af öðrum landsvæðum. Og það er þess vegna sem ég tel að menn ættu að geta unað við þetta.

Ég vil svo, vegna þess að ég hef örlítinn tíma í við-

bót, segja það sem ég ætlaði reyndar að gera áðan, að ég vonast til þess að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir setji málið í þann farveg að allir fái að koma að því frá upphafi og það verði ekki gert með einhverju samráði milli stjórnarflokkanna sem síðan verði borið undir stjórnarandstöðuflokkana.

[14:58]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég átta mig ekki enn á því sem hv. þm. er að fara, hvað hann er að fara þegar hann segir að fulltrúar hér í þéttbýlinu fái alltaf sína fulltrúa kjörna á undan öðrum. Ef hann er að tala um landið sem eitt kjördæmi þá mun það náttúrlega ráðast af því hvernig flokkarnir raða mönnum niður á sína framboðslista og það verður þá það sem ræður mestu um það hvernig menn komast inn á þingið en ekki endilega eftir því hvar menn eru búsettir. Það er einmitt talið einn af höfuðókostum þess kerfis að hafa landið eitt kjördæmi, hve erfitt kann að verða að raða mönnum niður á framboðslistana með tilliti til þess að þeir endurspegli sem best vilja sem flestra kjósenda eða sem víðast af landinu. Og þetta er einmitt höfuðókosturinn við þá hugmynd sem hér er gerð að umtalsefni, landið eitt kjördæmi, en það snertir ekki hitt hvort menn njóti sömu mannréttinda hvar sem þeir búa því við hljótum öll að vera sammála um að það sé eðlilegt að menn njóti hér sömu mannréttinda.

[14:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var nú að tala út frá því kerfi sem nú er gildandi en ekki út frá landinu sem einu kjördæmi þegar ég var að bera saman þessa hluti. Núgildandi kerfi kemur einfaldlega svona út, að fólk fær fyrst kosna sína fulltrúa hér inn á þéttbýlissvæðunum áður en fulltrúar komast inn á kostnað fólks hér í þéttbýlinu úti á landsbyggðinni. Þannig virkar það. Það sem ég er að segja er að ég get ekki séð að þetta sé brot á mannréttindum, einfaldlega vegna þess að fólkið hér hefur aðgang að fulltrúum og ég teldi að það væri frekar hægt að segja að það væri brot á mannréttindum að snúa þessu við, að taka fulltrúa burt af landsbyggðinni þannig að fólkið þar hafi ekki fulltrúa í viðkomandi kjördæmum til að snúa sér til. En vegna þess að búið er að jafna vægi atkvæða milli flokkanna þá tel ég að það sé ekki hægt að tala um nein mannréttindabrot. Mér finnst menn ganga allt of langt í samlíkingum þegar þeir ræða um það á þeim nótum.

Ég hef hins vegar gert mér grein fyrir því að menn eru mjög óánægðir með þetta fyrirkomulag í þéttbýlinu og það er þess vegna sem ég hef ljáð máls á því að ræða um aðra hluti og tel það eðlilegt og þá hef ég komist að þeirri niðurstöðu að raunverulega séu menn bara að tala um eitt. Menn eru að tala um að fækka fulltrúum á landsbyggðinni. Ég hef ekki séð neina leið til þess að gera það með réttlæti þannig að fulltrúar séu þá fyrir ákveðin landsvæði, allir hafi möguleikana, sama og jafna, öðruvísi en að breyta landinu í eitt kjördæmi. Og það er þess vegna sem ég hef léð því lið.

[15:01]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að það hafi nú bara verið fljótfærni hjá hv. þm., ummæli hans um Kvennalistann þarna í lokin þar sem hann taldi að það væri forsenda fyrir því að Kvennalistinn gætu sinnt öllu landinu að hafa annaðhvort landslista eða fulltrúa í öllum kjördæmum. Vissulega væri það hið ákjósanlega, ég tek undir það með honum að við þyrftum að hafa sem breiðasta skírskotun, en ég vona að hann sé ekki að gefa það í skyn að kjörnir fulltrúar Alþb. í kjördæmunum séu einungis fulltrúar kjósenda í því kjördæmi sem þeir eru kjörnir í en ekki alls landsins, því þá held ég að alþýðubandalagsfólk um allt land verði að fara að hugsa sinn gang.

[15:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get sagt það að auðvitað eru allir alþýðubandalagsmenn ábyrgir fyrir öllu því liði sem þeir kjósa á þing og ég tel að menn hafi ekki óðruvísi afstöðu til þess heldur en þeir sem hafa kosið Kvennalistann. En það að ég tók dæmi með Kvennalistann var sérstaklega vegna þess að hann er í þeirri stærð akkúrat í dag að hann á ekki þingmenn í öllum kjördæmum landsins. Við höfum líka verið í þessari stærð. Ég held því ekki fram að þingmenn Kvennalistans sinni ekki sínu starfi og hafi ekki samband við fólkið í þeim kjördæmum sem þær hafa ekki fulltrúa í. En ég veit það vegna þess að ég er þingmaður í kjördæmi þar sem Kvennalistinn á ekki þingmann að þær sem sinna málum Kvennalistans t.d. á Vesturlandi geta ekki nálægt því haft sömu möguleika til þess að sinna þeim eins og þingmennirnir úr Vesturlandi gera. Og ég hef t.d. aldrei orðið var við það að boðaðir hafi verið á fundi þingmenn Kvennalistans sem væru þá að sinna t.d. Vesturlandi sem þyrfti auðvitað að vera, ef flokkur ætti að geta sinnt sínu hlutverki eins og helst ætti að vera. Ef landið væri eitt kjördæmi þá liti viðkomandi þingflokkur á sig sem apparat til þess að sinna öllu landinu og það yrði auðvitað sett á hlutverk einstakra þingmanna að sinna ákveðnum landsvæðum þannig að það yrði óðruvísi staðið að þessum málum.

[15:03]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég heyri að hv. þm. hefur þegar komið auga á lausn sem er ekki alveg eins róttæk eins og að gera landið allt að einu kjördæmi og það er einfaldlega að hafa kvennalistakonur með á fundum þingmanna í þeim kjördæmum þar sem þær ekki eiga fulltrúa. Og ég vona að sjálfsögðu að hv. þm. hafi forgöngu um það að þetta verði gert og það sem allra víðast.

[15:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg tilbúinn til þess að skoða það með öðrum. Ég hef ekki neinn einkarétt eða úrskurðarvald á því hvort menn geti komið þessu svona fyrir. En eins og menn vita þá hefur það víða gerst í bæjum og sveitarstjórnum allt í kringum landið að menn hafa farið að taka t.d. inn áheyrnarfulltrúa á bæj-

arráðsfundi og annað því um líkt. Menn sem sagt setja það ekki sem fullt skilyrði fyrir því að fulltrúar taki þátt í ákveðnum stjórnarathöfnum að þeir hafi þingstyrk til að komast þar að. Það kann vel að vera að menn geti fundið leið til þess að ná saman um einhvers konar svona samstarf. En ég færði þetta einfaldlega fram sem ein af rökunum fyrir því að það væri kannski leið í þessu að breyta landinu í eitt kjördæmi vegna þess að ég hef ekki komið auga á það og það hefur enginn komið með neina tillögu hér sem ég hef getað séð að leysi þetta vandamál að ef þið ætlið að fækka þingmönnum á landsbyggðinni, þá verða einfaldlega eyður. Það verða ekki þingmenn fyrir öll landsvæði og þá verður að gera þingmennina sem verða kosnir til þingsins ábyrga fyrir því að sinna öllu landinu. Það er mín niðurstaða.

[15:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi umræða fer nú vítt og breitt um landið og miðin, en ég lít þannig á að með þessari tillögu sé fyrst og fremst verið að taka upp umræðuna um kjördæmaskipanina. Hér er lögð til ein ákveðin leið sem sjálfsagt er að kanna, en þær eru auðvitað fleiri og það er þingsins að ákveða það hvernig meðferð þessa máls verður háttað.

En ég verð að lýsa því hér að mér þykir þessi umræða hafa verið að mörgu leyti mjög sérkennileg og menn gleyma því stundum um hvað málið snýst. Málið snýst um kosningarrétt, kosningarrétt fólks. Það er fólk sem hefur kosningarrétt, ekki landshlutar. Það er ekki verið að kjósa fulltrúa landshluta. Það er verið að kjósa fulltrúa fólksins í landinu. Það er fólkið sem er að kjósa sér sína fulltrúa til þess að setja lög og stýra landinu. Og hverjar eru skyldur þingmanna? Skyldur þingmanna eru fyrst og fremst þær að hugsa um hagsmuni heildarinnar. Það eru hagsmunir heildarinnar sem eiga að sitja í fyrirrúmi. Síðan verða menn auðvitað að gæta þess sem sérstaklega kemur upp í einstökum landshlutum. En grundvöllurinn er auðvitað sá að við erum að tala um rétt fólks og sá réttur á að vera sem jafnastur og það kosningakerfi sem við búum við þarf að vera eins einfalt og réttlátt og hægt er. Við megum heldur ekki gleyma því að við erum hér 260 þúsund manns, að vísu í stóru landi og búum dreift en við hljótum að spyrja okkur: Hvað er eðlilegt að deila landinu niður í mörg kjördæmi? Ég treysti mér ekki til að svara því af því að ég sé að það eru ýmsar leiðir til í þessu. Það má hugsa sér landið eitt kjördæmi, það má hugsa sér það 2, 3, 4. Það má hugsa sér persónukjör, það eru ýmsar leiðir sem eru færar. Í því samhengi langar mig að minna á að það er búið að breyta kjördæmaskipaninni og vægi þingsæta býsna oft á þessari öld og framan af var það nú einkum Framsfl. sem stóð á móti öllum breytingum því að það voru hans hagsmunir að tryggja sem best hagsmuni landsbyggðarinnar meðan Sjálfstfl. var sá flokkur sem hélt fastast í hugmyndir um einmenningskjördæmi. Og ég get nú ekki annað en lýst furðu minni yfir þeim hugmyndum sem enn eru uppi á borði í Sjálfstfl. sem ganga út á það að fækka þingmönnum, fækka ráðherrum, koma á einmenningskjördæmum. Út úr þessu les ég einfaldlega það að menn eru að draga úr lýðræði. Með þessum hugmyndum er verið að færa ákvarðanatökuna á færri hendur og verið að koma á ólýðræðislegra kerfi.

Við þurfum ekki annað en horfa til þeirra atburða sem gerðust í Kanada nú í vikunni. (**ÓÞÞ:** Það voru gleðileg tíðindi sem gerðust í Kanada.) Já, ég get tekið undir það með hv. framm íkallanda að það voru merkileg pólitísk tíðindi, en það sem ég ætlaði að koma að var það að auðvitað sýndu þessi úrslit í Kanada það hvað þetta einmenningskjördæmafyrirkomulag er óréttlátt, enda hurfu menn frá því hér á landi. Hins vegar verð ég að segja að mér finnst skrýtið að þingmenn skuli ekki skilja það hvers vegna Sjálfstfl. er með þessar hugmyndir því að hann er í svo erfiðri stöðu að hann er að leita allra leiða til að treysta stöðu sína fyrir næstu kosningar. En ég á svo sem ekki von á því að menn verði búnir að koma á einhverjum breytingum fyrir þann tíma því að reynslan sýnir okkur að hugmyndir af þessu tagi þurfa nokkuð langan tíma og menn verða að komast að samkomulagi um það hvernig kerfinu skuli háttað.

En menn verða líka að gera sér grein fyrir því hvaða afleiðingar fylgja breytingu af þessu tagi. Ef við hugsum okkur að það yrði að veruleika að landið yrði eitt kjördæmi — og menn hafa áhyggjur af því hvort það tækist að tryggja eðlilega dreifingu fólks á framboðslistum að dreifingin væri nokkuð eðlileg miðað við byggð í landinu — þá sýnist mér ef ég hugsa til þeirra landa þar sem eitt kjördæmi eru við lýði, þ.e. Ísrael og Holland, að það sem hefur gerst þar er að flokkum hefur fjölgað. Menn grípa einfaldlega til þess ráðs að taka sig saman um ákveðin málefni og ákveðnar stefnur, hvort sem það er gamalt fólk eða einhverjir ákveðnir hagsmunahópar, múhameðstrúarmenn eða heittrúarmenn í Ísrael, hvernig sem menn túlka það. Holland er tiltölulega „homogen" samfélag eða einsleitt samfélag, en Ísrael er býsna flókið þannig að menn mættu búast við því hér að kerfi af þessu tagi mundi allavega ýta undir fjölflokkakerfi. Ég held að það megi fullyrða að landið sem eitt kjördæmi mundi ýta undir fjölflokkakerfi, þ.e. fleiri en tvo eða þrjá flokka þó að það sé auðvitað erfitt að fullyrða um það.

Ég ætla aðeins að koma inn á umræðuna um það að fækka þingmönnum. Ég get ekki annað en varað við því að menn séu að hugsa mikið til þess að fækka þingmönnum og þá er ég ekki að hugsa um það út frá einhverjum kjördæmasjónarmiðum heldur horfi ég fyrst og fremst á starfið hér í þinginu. Mér verður þá ekki síst hugsað til alþjóðastarfsins sem okkur er ætlað að sinna. Ef menn ætla að fækka þingmönnum um 10 eða jafnvel 20, hvað á þá að verða um þetta starf? Ætla menn hreinlega að skera niður starf þingsins í alþjóðastofnunum eða hvernig á að sinna því? Ég fæ ekki betur séð en við sem erum í þessum alþjóðanefndum eigum fullt í fangi með að sinna þeim og fáum ekki einu sinni nægilegt fjármagn til þess. Menn verða að hugsa þessi mál í samhengi hvaða afleiðingar svona breytingartillögur mundu hafa, þ.e. um að fækka þingmönnum.

Ég vil taka undir það með 1. flm. að verði af þeirri breytingu að gera landið að einu kjördæmi, þá er forsendan auðvitað sú að sveitarstjórnarstigið verður að vera öflugt, þ.e. stjórn mála heima í héraði, hversu stór sem þau nú eru, verður að vera öflug sem mótvægi við landsstjórnina og til þess auðvitað að menn geti tryggt stöðu sína og réttindi.

Tími minn er að verða búinn, virðulegi forseti. Ég vil að lokum taka undir þá skoðun að það beri að jafna kosningarrétt. Það er einfaldlega lýðræðislegt og mjög óeðlilegt að einhverjir ákveðnir landshlutar hafi margfalt vægi á við aðra þegar kemur að því að kjósa til löggjafarsamkundunnar og eins og ég sagði í upphafi máls míns, þá er þetta fyrst og fremst spurning um réttindi fólks, lýðræðisleg réttindi fólks til að kjósa sér sína fulltrúa og þar eiga menn að sitja við sama borð og rétturinn að vera sem allra jafnastur.

[15:14]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þetta mál hefur nú verið sett hér á dagskrá inn á þingið, þ.e. spurningin um breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan, reyndar kannski ekki af þeim sem hafa verið upphafsmenn þessarar umræðu og sett þetta á dagskrá úti í samfélaginu, þ.e. stjórnarflokkunum, heldur af framsóknarmönnum hér á þingi. Ég fagna því út af fyrir sig að þessi umræða skuli vera komin upp. Ég vil þó segja það áður en ég vísa almennt afstöðu minni til þessarar tillögu eða þessarar umræðu, að mér finnst þessi sameiningarumræða vera öll angi af ákveðnu tískufyrirbæri. Við sjáum að það er hvarvetna verið að ræða um sameiningu fyrirtækja, sameiningu sveitarfélaga, sameiningu verkalýðsfélaga, sameiningu flokka, nánast sameiningu þjóðríkja og nú er verið að tala um að sameina kjördæmi. Þetta er einhver tískubylgja sem gengur yfir núna og er svolítill partur af þessum hugmyndum um patentlausnir á öllum hlutum og ég óttast svolítið að þetta almennt gangi í þá átt að auka einsleitni, draga úr fjölbreytileika og breiða svolítið yfir andstæða hagsmuni sem vissulega eru til staðar. Þess vegna vil ég að vissu leyti gjalda varhug við því, ekki síst þegar þetta fellur niður á það stig að þetta sé einhver patentlausn á þeim vanda sem við er að glíma.

Það sem skiptir öllu máli þegar til sameiningar kemur, eða þegar sú umræða er sett á dagskrá, það er hverju á að ná með sameiningu, hvert er markmiðið með sameiningunni, hvert er inntakið með sameiningu? Mér skilst að inntakið almennt í þessari umræðu, a.m.k. eins og hún hefur endurspeglast á landsfundi Sjálfstfl. sé jöfnun atkvæðisréttar og helst þannig að það sé einn maður eitt atkvæði. Út af fyrir sig er þetta mjög eðlilegt grundvallarsjónarmið hjá einstaklingshyggjumönnum, að það sé einn maður eitt atkvæði, en maðurinn er nú ekki bara einn. Enginn er eyland, eins og þar stendur, heldur eru menn og einstaklingar hluti af hóp, þeir eru hluti af stétt, þeir eru hluti af kyni og þeir eru hluti af landsvæði. Og það sem við verðum líka að huga að í þessari umræðu allri saman er hvernig á að tryggja hagsmuni mismunandi þjóðfélagshópa? Hvernig á að tryggja það að raddir mismunandi þjóðfélagshópa heyrist t.d. héðan úr þingi. Það er auðvitað mjög góðra gjalda vert að skera upp herör gegn misvægi í atkvæðisrétti. En ég vildi sannarlega óska þess að þingmenn vildu skera upp herör gegn því stóra misrétti og því stóra misvægi sem er á milli karla og kvenna hér á þingi, að þeir vildu gera það af jafnmiklum myndarskap og þessi umræða fer fram sem hefur staðið yfir í allan dag og mjög margir hafa tekið þátt í. Því að mesta misvægið er auðvitað það misvægi sem er á milli karla og kvenna hér á þingi. Þetta vantar algerlega inn í þessa umræðu. Það hefur enginn minnst á það í þessari umræðu. Og ég sé ekki að hjá Sjálfstfl. hafi nokkurs staðar verið minnst á það hvernig Sjálfstfl. ætlar að beita sér gegn því misvægi sem er mesta misvægið.

Ég vil reyndar bæta því við í þessu sambandi að þessi tillaga getur verið innlegg, ágætt innlegg í rauninni í þá umræðu, en það þarf bara að setja umræðuna þá þannig á dagskrá, vegna þess að það má segja það að því færri sem kjósa á, þeim mun minna rými er fyrir konur. Þar af leiðandi eiga konur mjög erfitt uppdráttar í þeim kjördæmum þar sem flokkarnir eiga almennt bara einn fulltrúa. Því lengri sem listarnir eru, því meiri líkur eru á því að konur komist þar ofarlega á lista og komist inn. Þess vegna má kannski segja það að ef hér væri bara eitt kjördæmi, landið væri eitt kjördæmi og hver flokkur væri með langan lista og það væri kannski ekki eins hörð barátta um efstu sætin, þá ættu konur meiri möguleika. Ég hygg að við getum líka tekið umræðuna um fjölda þingmanna út frá þessum sjónarhól, þ.e. hversu margir þingmenn eigi að vera, vegna þess að því færri þingmenn sem við veljum, því harðari er baráttan um þessi fáu sæti og þeim mun minni líkur eru á því að konur komist inn. Þessa reynslu höfum við hvarvetna í kringum okkur og þess vegna vil ég gjalda varhug líka við þeirri umræðu að fækka þingmönnum því að ég óttast að það muni gera konum róðurinn erfiðari en hann er.

Það gæti auðvitað komið til greina að fækka kannski þingmönnum ef því yrði þannig fyrir komið að ráðherrar yrðu teknir utan þings en ekki innan eða ef ráðherrar þá segðu af sér þingmennsku og það kæmu inn varamenn í staðinn eða eitthvað slíkt. En ég held að vandi þingsins sé kannski ekki síst sá hvað þingið er í rauninni áhrifalítið gagnvart framkvæmdarvaldinu. Hluti af þeim vanda á sér kannski rót í því að á þingi sitja tíu ráðherrar og á þingi sitja oft tíu fyrrverandi ráðherrar og svo eru kannski 10 sem eru með ráðherrann í maganum þannig að um það bil helmingurinn af löggjafarsamkundunni er svona (**Gripið fram í:** Ráðherraígildi.) ráðherraígildi. (**MB:** Það eru miklu fleiri ...) Já, það kann að vera. Ég fór varlega í tölur um þetta. En ég held að þingmenn ættu að vera fullsæmdir af því að vera þingmenn og að við ættum að ganga erinda löggjafarsamkundunnar en vera ekki með annan fótinn inni í framkvæmdarvaldinu og þetta sé hlutur sem ætti alveg eins að skoðast.

Ég hygg að Sjálfstfl. sé nú veikastur fyrir hugmyndinni um einmenningskjördæmi og þess vegna sagði ég hér áðan að á milli hugmyndarinnar um ein-

menningskjördæmi og landið eitt kjördæmi er himinn og haf vegna þess að ég held að hugmyndin um einmenningskjördæmi sé óhagstæðasta hugmyndin sem hugsast getur fyrir konur. Hvarvetna held ég að hún hafi í framkvæmd sýnt það að konur eiga mjög erfitt með að komast inn í slíkum kjördæmum. Og þess vegna er himinn og haf þarna á milli og Sjálfstfl. verður auðvitað að taka þessa umræðu upp frá öðrum sjónarhól heldur en bara þeim að jafna vægi atkvæða.

Ég sé hér að í ályktun frá landsfundi Sjálfstfl. segir að landsfundurinn telji að Sjálfstfl. sé einum treystandi til að hafa forgöngu um — og svo segir — „víðtæka sátt um sanngjarna breytingu á kosningalöggjöfinni". Eitthvað kannast ég nú við þennan frasa, víðtæka sátt um sanngjörn kjör, hét þetta einhvern tíma. Nú er það víðtæk sátt um sanngjarna breytingu á kosningalöggjöfinni. Mér sýnist að í Sjálfstfl. sé víðtæk sátt um sanngirni á forsendu þeirra sem völdin hafa.

[15:21]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hefði sjálfsagt getað fallið frá andsvarinu því að hv. þm. nefndi það í ræðu sinni sem ég ætlaði að vekja athygli á en það er það atriði að þar sem landslistar hafa verið í boði, hvort sem það er að landið sé eitt kjördæmi eða að hluta kosið á landslista þá hefur það alls staðar farið eftir, eins og hv. þm. benti á, að konum hefur fjölgað verulega við þessa breytingu.

Þetta var nú eitt af þeim atriðum sem ég hafði í huga þegar ég var að semja mína framsögu, en það var margt sem ég varð að fella niður vegna þess að ég hafði nokkuð ströng tímamörk. En ég undirstrika það sem hv. þm. sagði að þetta hefur alls staðar verið reynslan þar sem þessar breytingar hafa átt sér stað.

[15:22]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst margt til í því sem hv. ræðumaður, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, sagði áðan. Ég held að það sé mjög óheppileg skipun, sem er hjá okkur, að ráðherrar gegni þingmennsku jafnframt því sem þeir sitja í ráðherrastólum. Ég er alveg eindreginn stuðningsmaður þess að ráðherrar séu valdir úr hópi þingmanna, en ég tel hins vegar að það sé heppilegt fyrirkomulag að þegar þingmenn taka sæti í ríkisstjórn taki varamenn sæti þeirra hér á Alþingi. Það er óþolandi að kannski sjötti partur eða jafnvel meira löggjafarþingsins sé framkvæmdarvaldið. Úr þessu verður ekkert annað en óskapnaður, ekkert annað en óeðlileg tengsl framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Þar fyrir utan eru þetta venjulega áhrifamestu þingmennirnir í sínum flokkum sem veljast í ríkisstjórn sem sjálfsagt er og ég tel miklu heppilegra að varamenn taki sæti þeirra. Þar fyrir utan má náttúrlega nefna það að þessir menn gegna ekki þingstörfum nema í skötulíki eftir að þeir eru orðnir ráðherrar. Það er mikið verk að vera ráðherra og vandasamt og það er eðlilegt að menn gefi sig að því, en þá eru þeir ekki hér á Alþingi að vinna sín störf í nefndum eða annars staðar.

[15:24]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði bara að lýsa ánægju minni með það sem kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni. Ég held að þetta sé líka til vandræða og ég get alls ekki skilið t.d. hvernig sjálfstæðismenn hugsa sér það ef þeir ætla að fækka þingmönnum niður í 50 og ef þeir ætla síðan að taka, við skulum segja að þeir taki ekki nema 8 ráðherra úr þeim hópi, eftir sætu hérna 42 þingmenn og eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir benti á, þá er mikið alþjóðlegt starf í gangi. Ég veit ekki hversu margir þeir þingmenn eru sem eru í einhverjum alþjóðlegum nefndum, en það mætti segja mér að það væri nánast daglegt brauð að hér væru einhverjir þingmenn fjarverandi vegna starfs að alþjóðamálum. Þannig fæ ég ekki alveg séð hvernig á að manna þau störf sem hér eru unnin með þessum hætti. En þetta er hugmynd sem ég, og við kvennalistakonur höfum reyndar áður viðrað, að það sé rétt að taka inn varamenn þegar þingmenn verða ráðherrar og hafa þá varamenn inni í staðinn. Ég vil benda á það að þegar varamenn koma inn þá fjölgar verulega í hópi kvenna á þingi vegna þess að þær eru yfirleitt í þessum sætum fyrir neðan öruggu sætin. Þannig að um leið og öruggu sætin fara út annaðhvort til æðri metorða í stjórnkerfinu einhvers staðar eða hætta á þingi þá koma fleiri konur inn á þing.

[15:26]

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Það hefur ekki komið fram í þessari umræðu að allt frá stofnun lýðveldis hafa verið starfandi nefndir til endurskoðunar á stjórnarskránni. Það starf hefur gengið hægt en þó hefur þokast nokkuð áleiðis bæði hvað snertir hina tæknilegu hlið kosningalaganna og sömuleiðis þá breytingu sem var gerð fyrir nokkrum árum. Þar var sótt sú breyting til þeirra atriða sem rædd voru mjög ítarlega í þeirri nefnd. Hins vegar þó allir stjórnmálaflokkar, sérstaklega hinir gömlu flokkar, hafi átt fulltrúa í þessari nefnd frá fyrstu tíð þá hefur kjördæmaskipanin verið rædd í flokkunum og þar hafa komið fram margar hugmyndir. Það varð ofan á í stjórnarskrárnefndinni að kjördæmaskipun ætti að vera óbreytt, átta kjördæmi eins og verið hefur. Ég vil aðseins segja frá því sem ég var með í stjórnarskrárnefndinni fyrir allmörgum árum og ég hef ekki fallið frá að það gæti orðið til þess að menn næðu frekar saman. Við skulum ekki líta svo á að fækkun þingmanna hafi þau áhrif að einhverjir minnihlutahópar hverfi af þingi. Út af fyrir sig er það nauðsynlegt að við drögum saman seglin í þjóðfélagi sem er jafnþungt í vöfum og okkar hvað snertir allan kostnað við æðstu stjórn. Mín skoðun er sú að við eigum að fækka kjördæmakjörnum þingmönnum og halda okkur við óbreytta kjördæmaskipan en kjósa í landskjöri um það bil 40% þingmanna. Þá kemur fullt jafnræði á milli atkvæða hvar sem fólk er á landinu.

Nú kunna menn úti á landi að segja: Þetta þýðir að það fækkar þingmönnum utan af landi. En ég hygg að enginn stjórnmálaflokkur leyfi sér að stilla upp á landslista eingöngu úr tveimur kjördæmum, Reykjavík og

Reykjanesi. Það er líka sú breyting orðin að stjórnmálaflokkar fara að huga meira að því en áður að stilla ekki eingöngu öðru kyninu til framboðs. Ég hygg að það verði engin hætta á þessu. Ég held að breytingin síðasta sem gerð var þegar þingmönnum var fjölgað úr 60 í 63 hafi verið mjög til óhagræðis. Hún er flókin og illskiljanleg flestum mönnum. Ég man eftir því að þegar aðalhöfundur þessara breytinga var að skýra hana í þingflokki Sjálfstfl. þá sögðu menn: Hvernig verður með þennan flakkara? Kemur hann nú til þess að auka enn misræmið og hann komi frá fámennustu kjördæmunum? Ég man alltaf eftir því að viðkomandi maður sagði að það væru svo litlar líkur fyrir því að flakkarinn félli til fámennustu kjördæmanna að það mundi allt að því þurfa að líða 4.000 ár á milli svo að Jóna Valgerður hún á þá langt í að verða endurkjörin aftur að óbreyttri kjördæmaskipan. Þetta er nú sagt svona meira til gamans.

Ég hef líka verið með þá hugsun að hafa atkvæðaseðilinn tvöfaldan. Annars vegar listakosningu eins og er og hins vegar að stilla á neðri helming kjördæmaseðilsins í stafrófsröð öllum frambjóðendum og útdráttur hvar skuli byrja. Þannig að sá sem vill ekki kjósa ákveðinn stjórnmálaflokk eða stjórnmálasamtök geti þá valið um að kjósa persónulega jafnmarga menn og kjósa á í hverju kjördæmi. Þetta kemur einnig til greina finnst mér. Mér finnst einnig koma til greina að sú breyting verði gerð að hver kjósandi hafi heimild til þess, auðvitað með ákveðnum fyrirvara fyrir hverjar kosningar, að segja sjálfur til um það í hvaða kjördæmi hann vill nýta sinn atkvæðisrétt. Þetta getur líka orðið til þess að breyta misræminu. Misræmið á milli flokka var mikið eins og allir vita. Því misræmi var eytt á nokkuð löngum tíma en misræmið á milli kjördæma það hefur breikkað verulega. En svo komum við aftur að því stóra atriði að ef verður farið eitthvað í þessa átt þá stöndum við frammi fyrir því að það verður áfram misræmi á milli þegnanna í þjóðfélaginu. Það er ekki alls staðar það sama sem þegnarnir mega búa við. Þá kostar það að gera í kjölfarið aðrar stærri og meiri breytingar. Ég tel sjálfsagt að setja á og inn í annaðhvort stjórnarskrá eða lög að það þurfi tiltekinn ákveðinn meiri hluta umfram 50%, að ráðherrum sé fækkað og það sé tekið í lög hver heildarfjöldi ráðherra megi vera. Það er ekki skylda að fara í það. Ég tel mjög vel koma til greina að þegar maður verður ráðherra þá afsali hann sér sæti á meðan og varamaður komi inn á þing.

Ég tel að við höfum rætt í þessari stjórnarskrárnefnd hér fyrr á árum og það ítarlega einmenningskjördæmafyrirkomulagið sem mér persónulega féll vel við á margan hátt. En ég fann það strax að það var enginn grundvöllur fyrir því. Breyting á kjördæmaskipaninni og því sem henni fylgir getur ekki gengið fram nema með allvíðtækri samvinnu og samstarfi. Og það verður fyrst og fremst að eiga sér stað innan hvers flokks. Þannig að fulltrúarnir sem fjalla um þetta eiga að hafa og fá umboð til þess hvað þeir mega ganga langt í þessum efnum til þess að ná sem breiðastri samstöðu. Það er margt fleira sem þarf að breyta. Það þarf að breyta meðmælendatölu við framboð. Ég sá í síðustu kosningum að einn lista vantaði 19 atkvæði upp á lágmarksmeðmælendatölu ef ég man rétt. Þannig má lengi halda áfram. Ég hefði kosið að mega eiga kost á að ræða þetta mál frá málefnalegu sjónarmiði miklu ítarlegar en mér gefst kostur á við þennan þrönga tíma sem hér er til umræðu.

[15:34]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hefði viljað beina einni spurningu til hv. 1. þm. Vestf., sem er formaður stjórnarskrárnefndar, og inna hann eftir því hvaða horfur hann telur vera á því að nefndin geti skilað áliti. Þetta mál var nokkuð rætt hér í tengslum við þáltill. um afmæli íslenska lýðveldisins á næsta ári. Þá var að sjálfsögðu fátt um svör frá hæstv. ríkisstjórn í þessu efni en ég er þess fullviss að hv. 1. þm. Vestf. hefur fjallað um þessi mál eða að minnsta kosti hugleitt þau hvort það er hugsanlegt að það fáist botn í stjórnarskrármálið núna á næstu missirum. Ég held að það væri mjög æskilegt. Þá er ég að tala um stjórnarskrármálið fyrir utan kjördæmamálið út af fyrir sig og vildi þess vegna inna hv. þm. eftir því hvort þess er að vænta að niðurstöður fáist í stjórnarskrármálinu núna alveg á næstu missirum. Ég vil fyrir mitt leyti hvetja til þess.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir í þessu kjördæmamáli, sem er þessi: Síðast þegar við breyttum kjördæmaskipuninni þá náðu menn samstöðu um kerfi sem tryggði jöfnun á milli flokka, skoðana og pólitískra sjónarmiða í landinu. Þá var einnig ákveðið að fjölga nokkuð þingmönnum þéttbýlisins. Niðurstaðan varð sú að þingmenn Reykv. og Reykn. geta núna orðið 30 ef flakkarinn lendir í öðru hvoru þessara kjördæma. Það þýðir það að dreifbýlið hefur að jafnaði 33 eða 34 þingmenn, gætu orðið 31 reyndar, það er hugsanlegt. Ef menn ætla sér að breyta þessu þá eru menn að taka ákvörðun um að R-kjördæmin tvö geti haft meiri hluta á Alþingi. Um það snýst málið. Út af fyrir sig situr ekki á mér sem þingmanni Reykvíkinga að ræða alla hluti en ég bendi á að það er þessi þröskuldur sem menn vísvitandi neituðu að fara yfir síðast.

[15:37]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljúft að verða við þeirri beiðni að ég tel að það séu tiltölulega fá atriði sem eftir eru miðað við allt það sem búið er og þær breytingar sem hafa verið gerðar. Þau atriði sem ekki eru enn fyllilega útrædd eru eignarréttarákvæðin og um það er verulegur ágreiningur á milli Alþfl. og Alþb. annars vegar og Sjálfstfl. og Framsfl. hins vegar. Ég hygg að það ætti að vera hægt að ná samkomulagi um eignarréttarákvæðin. Þá er kaflinn um mannréttindaákvæðin ekki afgreiddur en að honum er unnið. Það er mjög erfitt og seinlegt að fá vinnu frá hæfustu mönnum í þessum efnum og hefur tekið miklu lengri tíma en maður hugsaði sér í upphafi. Þá er þriðja atriðið hlutverk sveitarfélaganna. Á því er nokkur hængur núna vegna þeirra róttæku breytinga sem ætla má að standi yfir. En í núverandi stjórnarskrá er örlítið minnst á

hlutverk sveitarfélaganna og langt frá því að vera nægilega fullkomið. Þá hefur komið til í nokkur önnur veigaminni atriði en þó veigamikil, t.d. valdsvið forseta sem hafa orðið nokkur blaðaskrif um á undanförnum árum.

Stóra málið er auðvitað kjördæmamálið en tæknihlið kosningalaganna er afgreidd og löngu orðin að lögum og töluvert af þeim atriðum sem stjórnarskrárnefndin fjallaði um voru tekin upp í frv. sem formenn þingflokkanna, ef ég man rétt, voru flm. að.

Út af því hvenær þessu gæti lokið ætti það að takast fyrir vorið.

[15:39]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Vestf. og formanni stjórnarskrárnefndar fyrir svörin. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að það liggi fyrir sem hans skoðun að það ætti að vera unnt að ljúka þessu máli fyrir vorið. Það er í nefndinni geri ég þá ráð fyrir. (**MB:** Já.) Ég hef skilið málið svo að í raun og veru stæði þetta fyrst og fremst upp á flokkana. Málið væri hjá þeim að gera upp ágreiningsefnin. Mér er auðvitað ljóst að miðað við þau ágreiningsefni t.d. um eignarréttinn sem þarna eru inni þá er það kannski eilítið flókið að taka á þeim með hliðsjón af núverandi stjórnarsamstarfi og núverandi skipan stjórnarandstöðunnar eins og gengur, en engu að síður þá held ég að það ætti að gera þetta. Mér er kunnugt um það að forsætisnefnd Alþingis hefur tekið um það ákvörðun að það verði haldinn fundur á Þingvöllum í tengslum við 50 ára afmæli lýðveldisins 17. júní 1994. Mér er að sjálfsögðu ljóst að það er engu hægt að ljúka fyrir þann tíma. En ég teldi það engu að síður mikilvægt ef á þeim fundi á Þingvöllum væri með einhverjum hætti hægt að slá því föstu að stigið verði spor sem menn hefðu þá ákveðið varðandi endurskoðun á stjórnarskránni. Þess vegna tel ég að sú yfirlýsing sem fram kom hér frá hv. 1. þm. Vestf. sé þýðingarmikil og í henni felist tíðindi sem við hljótum að taka eftir og vinna að hér á komandi vikum og mánuðum. Það eru þingflokkarnir sem þurfa auðvitað að taka á málinu og ræða það núna á næstu vikum og mánuðum.

[15:41]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Það er rétt sem hæstv. umhvrh. sagði að það eru nokkrir í Alþfl. sem ekki eru sammála þeirri skoðun að taka hér upp kjördæmaskipan sem byggir á landið eitt kjördæmi. Ég held meira að segja að þeir séu ekki bara nokkrir heldur sé það allfjölmennur hópur sem aðhyllist þá skoðun að það sé ekki skynsamlegt. Fyrst og síðast vegna þess að sú kjördæmaskipan sem við höfum búið við allt frá árinu 1959 hafi reynst okkur afar vel. Hún hafi gagnast þjóðinni mjög vel og lagt grunn að kosningakerfum sem hafa að vísu tekið breytingum einu sinni á þessu tímabili og við þetta kerfi megi enn una vel. Þegar við hugsum um að breyta kjördæmaskipan til eins kjördæmis þá verður mér strax eitt atriði í huga. Það er það að ég held að það muni veikja samband þings og þjóðar af því að kjördæmaskipanin eins og hún er núna leggur þennan grundvöll og hún treystir samband þings og þjóðar betur en ef landið væri eitt kjördæmi. Þetta finnst mér mjög mikilvægt, sérstaklega nú á tímum þegar ríkisvald hefur verið að eflast í Reykjavík, ríkisstofnanir að þenjast út og þeim fjölgað og embættiskerfinu öllu vaxið fiskur um hrygg, þá tel ég afar mikilvægt að styrkja þingið og ég held að þingið styrkist ekki ef við ætlum að byggja það á kosningakerfi sem á rætur að rekja til landsins sem eins kjördæmis.

Í þessu sambandi og þessu tengt eru umræður sem Sjálfstfl. hefur haft forustu fyrir og kom fram á landsfundi hans og var ályktað sérstaklega um það nú fyrir stuttu að það beri að fækka þingmönnum og ráðherrum. Ég hef ekki enn þá heyrt nein skynsamleg rök lögð til grundvallar því að rétt sé að stefna að fækkun þingmanna og ráðherra. Það kann að vera að það sé til vinsælda vel fallið að tala þannig en vona að svo verði alls ekki. Mér segir svo hugur að sá vilji liggi að baki þessari landsfundarályktun Sjálfstfl. Aftur á móti ef sá hugur fylgir máli að þessi tillaga sé lögð fram til þess að stuðla að sparnaði í ríkisrekstri og að draga úr kostnaði við uppihald og rekstur þingsins þá er náttúrlega annað upp á teningnum og ber að skoða málið í víðara samhengi. (Gripið fram í.) Ég er viss um það ef þjóðin yrði spurð að því hvort hún mundi frekar vilja spara hjá Seðlabankanum eða hjá Alþingi að þá mundi þjóðin taka afstöðu með þinginu. Vegna þess að það kostar nánast það sama að reka Seðlabankann og Alþingi. Það kostar nánast það sama að reka og halda Alþingi uppi með öllu inniföldu og Seðlabankann. Þetta segir náttúrlega mikla sögu og ég verð að segja það að ég hefði fremur vænst þess að við hefðum fengið að sjá sparnaðartillögur af landsfundi Sjálfstfl. sem hefðu horfið í þá átt að spara í Seðlabankanum, í miðstýringunni, í kerfinu heldur en að draga úr lýðræðinu í landinu vegna þess að það hlýtur hver maður að sjá að ef fækka á stórlega alþingismönnum, fulltrúum kjörins valds í landinu, þá erum við náttúrlega að veikja lýðræðið með ákveðnum hætti. Við þurfum að taka afstöðu til þess hvort við ætlum að þjappa valdi á færri hendur. Það er sérstakt að sjá hvernig fjöldi þingmanna hefur þróast frá árinu 1920 og allt fram til þessa dags. Þeir voru 40 árið 1920 og eru 63 í dag. Það er merkilegt að þeim hefur alltaf fjölgað þegar kjördæmaskipan hefur verið breytt. (**KÁ:** Hvað hefur þjóðinni fjölgað á þessum tíma?) Það væri rétt að skoða það í samhengi þó að ég segi ekki að það þurfi að vera endilega algildur mælikvarði á það hvað þingmenn eigi að vera margir og talan 63 sé ekki heilagri en önnur í þessu sambandi. Hitt tel ég aðalatriðið að þegar við ræðum um fækkun eða fjölgun, að við ræðum það á einhverjum rökrænum grundvelli, að við gerum það ekki á grundvelli fljótfærni, öfga eða hentistefnu af því að okkur finnst það bara. Þannig skipum við ekki grundvelli lýðræðisins í landinu.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég láta koma fram í sambandi við þessa umræðu. Auðvitað skiptir það máli hvar alþingismenn eiga heima og hvar þeir eru kosnir. Það skiptir máli. Og ef við ætlum að rjúfa þessa hefð, sem við höfum byggt lýðræðið í landinu á, að

kjósa þingmenn í nokkrum kjördæmum í landinu sem fólkið þekkir vel, þá á ég við kjördæmaskipunina, þá er ég hræddur um að það veiki samband þings og þjóðar sem ég tel langtum fremur að þurfi að efla núna.

Og síðast en ekki síst þetta: Ef við breytum landinu í eitt kjördæmi og á sama tíma ætlum að fækka þingmönnum þá tel ég að við séum að veikja löggjafarvaldið andspænis framkvæmdarvaldinu. En einmitt hið gagnstæða held ég að sé meginmál núna og virkilegt umhugsunarefni fyrir Alþingi að hugleiða hvernig við getum styrkt þingið gagnvart framkvæmdarvaldinu, gagnvart embættiskerfinu. Það er satt og það er rétt. Mér finnst það og mörgum fleiri að embættiskerfið hafi verið að taka til sín meiri og meiri völd. Það býr yfir meiri þekkingu og það býr jafnvel yfir meiri tækni til þess að safna þekkingunni og beita henni. Og Alþingi eins og búsetan á landsbyggðinni á í vök að verjast. Þar fara saman búsetan og Alþingi gagnvart þessu kerfi og ég er hræddur um að ef við ætlum að fækka þingmönnum og veikja grundvöllinn undir kosningaskipuninni þá séum við að veikja lýðræðið í landinu og það vil ég ekki.

[15:50]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir síðustu orð hv. ræðumanns. Ég er honum sammála um það að ég held að það sé vanhugsað að ætla að fækka þingmönnum en ég er hins vegar ekki sammála honum í því að kjördæmaskipanin núverandi tryggi samband þings og þjóðar eins og hann orðaði það eða að það sé hin besta skipan til að tryggja samband þings og þjóðar. Ég mundi halda að með því að fækka kjördæmum og jafnvel gera landið að einu kjördæmi þar sem allir landsmenn ættu þátt í að kjósa þingmennina sameiginlega, þá fyndu menn til meira samhengis þar á milli heldur en er núna þar sem menn eru fyrst og fremst að kjósa þingmenn af takmörkuðu svæði og líta þar af leiðandi ekki á alla þingmenn sem sína. Það er auðvitað spurning hvernig menn vilja haga þessu. En ég vildi gjarnan biðja hv. þm. að rökstyðja þessa skoðun sína betur.

[15:52]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki gert það nógu vel að skýra út í hverju þetta felst að tengsl þings og þjóðar eru betur varðveitt á grundvelli núverandi kjördæmaskipunar en ef landið yrði eitt kjördæmi. Það felst náttúrlega í því að núna sækir þingmaðurinn umboð sitt inn á afmarkað svæði og ber ábyrgð á gjörðum sínum fyrst og fremst á þessu svæði þó að hann beri ábyrgð á gerðum sínum gagnvart þjóðinni allri um leið og hann er hluti af tilteknum þingflokki.

Og annað sem ég vildi benda á í þessu sambandi líka, sem kannski ekki er tími til að skýra út né hef reynslu af að vera hvort tveggja í senn þingmaður hér á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Það kemur mér virkilega á óvart hvað fólk virðist búa í langtum meira nábýli við hinar pólitísku ákvarðanir á landsbyggðinni heldur en það gerir hér á höfuðborgarsvæðinu. Í því náttúrlega birtist um leið þessi atvinnuskipan sem við búum við. Það eru 2000 krókaleyfisbátaeigendur sem bíða núna eftir því hvaða ákvörðun verður tekin hér um lífsafkomu þeirra allra. Ég er hræddur um að það verði vandfundnar þær stéttir í Reykjavík sem eru svo nákomnar hinni pólitísku ákvörðun um lífsafkomu sína, jafnvel frá ári til árs.

[15:53]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekkert um það að margir landsbyggðarþingmenn eru í miklu og nánu sambandi við sína kjósendur og ég veit að það er ekki eins náið samband t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu milli þingmanna og kjósenda og mætti gjarnan vera meira, en þar á móti kemur að við þingmenn hér á höfuðborgarsvæðinu höfum tilhneigingu til þess að horfa á allt landið og hugsa út frá hagsmunum heildarinnar. Og ég sé ekki að það samband þurfi að rofna þó að breyting verði á kjördæmaskipaninni því að ég held að það sem okkur kannski vantar mest í okkar löggjafarstarfi og ekki síst í stjórnkerfinu sé að huga meira að hagsmunum heildarinnar, hagsmunum þjóðarbúsins. Við verðum einfaldlega að horfast í augu við það að við höfum gert ýmis mistök á grundvelli núverandi kjördæmaskipunar. En okkar þing er opið almenningi. Það er tiltölulega auðvelt að nálgast þingmenn hér á landi og það var einmitt verið að bera þetta saman við danska þingið þar sem menn komast ekki svo auðveldlega að sínum þingmönnum öðruvísi en panta viðtal, en hér er býsna greiður aðgangur að þingmönnum og það er mikill kostur. Það er mikill kostur að fólk telji sig geta talað við þingmenn hverjir sem þeir eru og í hvaða flokki sem er og það er auðvitað hlutur sem við eigum að varðveita, en ég fæ ekki séð að það að fækka kjördæmum þurfi að leiða til þess að samband þings og þjóðar, eins og hv. þm. kallar það svo fagurlega, þurfi að rofna eða versna.

[15:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst hv. ræðumaður tala út frá því sjónarmiði að óbreytt kjördæmaskipan væri viðfangsefnið. Ég tel að sú hugmynd að breyta landinu í eitt kjördæmi sé fædd út af því að menn vilji koma til móts við þær kröfur að laga misvægi atkvæðanna og að menn standi þess vegna einfaldlega frammi fyrir því að fulltrúum af landsbyggðinni verði fækkað á Alþingi. Þess vegna spyr ég hv. þm.: Ef hann vill gera þetta með óbreyttri kjördæmaskipan, með hvaða hætti ætlar hann þá að tryggja þetta samband þings og þjóðar? Því að það er alveg á hreinu miðað við úrslit nokkurra síðustu kosninga t.d. að ekki yrði um að ræða neinn fulltrúa fyrir Alþfl. á Austurlandi svo að ég taki dæmi miðað við það að breyta ekki kjördæmaskipaninni en fækka þingfulltrúum á landsbyggðinni.

[15:56]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kosningakerfi sem við búum við var lögfest 1983 og það tók fyrst gildi í kosningum 1987 þannig að það hefur verið kosið eftir því tvisvar sinnum. Innifalin í því er ákveðin sjálfvirkni til breytinga í jöfnunarátt sem ég tel afar skynsamlegt. En

það sem ég vil leggja áherslu á er það að hvert kosningakerfi þarf tíma til þess að öðlast sess í hefð og sögu. Það er afar óskynsamlegt að vera að hringla mikið með kosningakerfið. Það tók líka langan tíma fyrir fólk að aðlagast og læra á kerfi sem tekið var í gildi 1959. Það voru ekki allir sáttir við það strax en þekktu það síðar meir og kunnu flestir vel að meta, enda er kerfið sem við búum við núna ekki ólíkt því á margan hátt í grunnhugmyndinni. En hvernig ég vil frekar leiðrétta þetta misvægi sem er að koma upp og sem hefur verið vaxandi núna síðustu árin milli höfuðborgarsvæðisins og landsbyggðarinnar. Ég vil gera það á grundvelli þess að styrkja búsetuna á landsbyggðinni. Ég vil gera það með þeim hætti að snúa þeirri búsetuþróun við að fólk þurfi að flýja af landsbyggðinni hingað á höfuðborgarsvæðið. Ég vil ekki sætta mig við að það þurfi að vera að breyta um kosningakerfi af því að við sjáum fram á það að fólkið ætlar að halda áfram að flýja, af því að við stöndum okkur ekki nógu vel í því að tryggja mannréttindi með því að tryggja búsetu fólksins þar sem það á heima. Þar reynir á okkur í staðinn fyrir að vera stöðugt að breyta kerfunum.

[15:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það að ég er ekki andstæðingur síðasta ræðumanns í þessu máli. Ég tel að núverandi kosningakerfi sé út af fyrir sig vel viðunandi. En ég tel að við þurfum að standa frammi fyrir þessum kröfum og við þurfum að svara því hvernig við viljum hafa kerfið ef ekki verður sátt um að hafa það eins og það er núna. Og það er á þeim grundvelli sem menn eru að ræða þessi mál í raun og veru. Ég gæti alveg hugsað mér að taka þátt í þeim leiðangri með hv. síðasta ræðumanni að reyna að koma þjóðinni til skilnings um það að hún ætti að una við þetta kerfi. En ég er svolítið vonlítill fyrir fram um að sú barátta mundi leiða til sigurs.

[15:59]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur verið á margan hátt mjög athyglisverð, bæði vegna kosta hennar og ekki síður vegna galla hennar. Gallarnir vekja a.m.k. mig til umhugsunar um það hvort Alþingi sé endilega réttur vettvangur fyrir þessa umræðu og ég vil koma því sjónarmiði á framfæri. Ég held að reynsla sögunnar sýni okkur það jafnframt, að það getur verið álitamál að hagsmunaaðilar eins og alþingismenn vissulega eru séu alls ráðandi um það í hvern farveg þessi umræða fer. En kostirnir eru engu að síður til staðar og sá helsti að mínu mati að ég tel að þessi umræðu endurspegli fyrst og fremst þá ólgu og þann vaxandi þrýsting sem er í þjóðfélaginu frá almenningi sem er orðinn langþreyttur á því að hafa ekki þau áhrif á stjórn landsins sem almenningi ber. Ég held að það séu viðbrögð við þessum þrýstingi og þessari ólgu sem koma fram í þessari umræðu og kannski nokkru fáti sem hefur verið í umræðunni að undanförnu.

Ég er hins vegar ekki sannfærð um það að sú leið sem hv. flm. þessarar tillögu leggja til að könnuð verði sé endilega sú farsælasta til þess að auka áhrif kjósenda. Hún kemur til móts við hluta af þeim kröfum sem gerðar eru en ekki allar og ég held að það sé alveg nauðsynlegt að sjá þetta samhengi áður en lengra er haldið. Ég velti því fyrir mér hve lengi sé hægt að jafna áhrifalítil atkvæði og gera það þá til þess að slá á raunverulega óánægju almennings, þ.e. vegna áhrifaleysis kjósenda gagnvart framkvæmdarvaldinu sem virðist ekki hafa nokkurn snefil af skilningi á því sem er að gerast fyrir og í kosningum og telur sig allsendis óbundið af þeim loforðum sem gefin hafa verið.

Ég tel því nauðsynlegt að ef sú nefnd verður sett á laggirnar sem hv. flm. vilja, þá fjalli hún um fleiri möguleika heldur en þá að gera landið allt að einu kjördæmi. Ég geri mér grein fyrir að þarna er um grundvallarbreytingu að ræða og það er ekki endilega víst að það sé best að gera hana á grunni þessarar tillögu, en ég vænti þess að hv. nefnd sem fær þessa tillögu í sínar hendur hafi þessi sjónarmið í heiðri og ég held að það hafi komið skýrt fram í umræðunni hér í dag að það eru gerðar kröfur um það.

Ég vil nefna það sem mér finnst skipta mestu máli. Það er m.a. möguleikinn á því að kjósendur hafi virk áhrif á röðun á lista og má þar t.d. nefna það kosningakerfi sem tíðkast á Írlandi og í Finnlandi. Varðandi Finnland vil ég taka það fram að þar eru 200 þingmenn í 15 kjördæmum. Þar af er Áland með einn þingmann en hinir 199, eru í 14 kjördæmum og flokkar raða á lista en kjósandinn hefur síðasta orðið um hvern einasta frambjóðanda og raðar sjálfur sínum lista, fær einungis skilaboð frá flokkunum um hvernig hann vill raða. Og það sem mér finnst sérstaklega merkilegt er það að þetta kosningafyrirkomulag hefur skilað einna hæsta hlutfalli kvenna í öllum heiminum á þjóðþingi. Það eru um 40% og konur af þjóðþingum í allri veröldinni líta mjög til finnska kerfisins og velta því fyrir sér hvað þær hafi gert rétt í Finnlandi. Ég held að það sé ekki hægt að afgreiða þetta með hinni þroskuðu og vel þróuðu Skandinavíu þótt það sé áreiðanlega hluti af skýringunni. Kosningafyrirkomulagið er að mati finnskra kvenna grunnurinn að þessum árangri.

Ég tel nauðsynlegt að líta á þetta og jafnframt önnur atriði og þá er ég komin að áhrifaleysi almennings. Það verður í fyrsta lagi að styrkja þingið, ekki síst gagnvart framkvæmdarvaldinu. Það þarf í öðru lagi að styrkja byggðirnar og þá gagnvart ríkisvaldinu bæði í formi framkvæmdarvalds og þings. Í þriðja lagi þarf að styrkja beint og óbeint lýðræðislegt vald almennings og þar má nefna að með nálægð við öflugt og dreift vald hvort sem er í formi héraðsstjórna eða sveitarstjórna er óneitanlega auðveldara að hafa áhrif en þegar allt þarf að sækja til fjarlægs valds.

Í öðru lagi er það auðvitað hægt að gera með beinum hætti, með auknum möguleikum á því að kjósa beint um ákveðin mál, bæði í sveitarstjórnum og á landsvísu eftir eðli hvers máls. Þetta er atriði sem við kvennalistakonur höfum lengi borið fyrir brjósti og mér þykir í rauninni undarleg tregða svo að ég segi ekki bara hreinlega ámælisverð tregða að taka tillit til því

þetta er í mörgum tilvikum langbesta leiðin sem hægt er að fara.

Ég sé að þessar 8 mínútur sem hér eru til umráða eru fljótar að líða. Það er ýmislegt fleira sem ég vildi gjarnan koma að, en ég vil að lokum enda mitt mál á smá brýningu. Dettur hv. þm. ekki í hug að óánægja ýmissa kjósenda eigi frekar rætur að rekja til þeirrar staðreyndar að kjósendur hafa aftur og aftur mátt sæta því að fá litlu ráði, ef nokkru, um stjórn landsins? Það er ekki verið að bjóða þeim upp á að hafa á virkan hátt áhrif á röðun framboðslista og það er ekki búið að finna neina algilda aðferð til þess að gefa kjósendum kost á því að rétta hlutfall milli kynja í þjóðþinginu. En ég vil leyfa mér að ætla það að kjósendur séu almennt á því að það þurfi að vera miklu jafnara hlutfall milli kynja og það sé tregða þingmanna og stjórnmálaflokka, og undanskil ég þá Kvennalistann, sem veldur því að konur eru ekki fleiri hér á Alþingi. Ég bara leyfi mér að fullyrða þetta og benda á það að kjósendum er miklu betur en stjórnmálaflokkum treystandi til þess að leiðrétta þetta.

[16:08]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni alveg afleit tillaga að mínu mati. Burt séð frá því hvort rétt sé að gera landið að einu kjördæmi eða ekki þá finnst mér sú uppstilling að leggja til að Alþingi kjósi sérstaka nefnd til þess að kanna einn valkost í því að breyta kjördæmaskipuninni vera alveg afleitur kostur og að mínu mati til þess eins fallinn að tefja málið með því að eyða tíma í kost sem væntanlega síðan verði hafnað. Og mér finnst einhvern veginn að tillagan sé einungis flutt til þess að reyna að afmá þann smánarblett sem er á nafni Framsfl. sem er hvernig þeir hafa beitt þingfylgi sínu til þess í gegnum árin að varna því að kjördæmaskipulaginu væri breytt og það kæmist á atkvæðajafnvægi alls staðar á landinu.

Ég tel að landið sem eitt kjördæmi mundi leiða til flokksræðis í landinu sem við búum ekki við í dag. Ég held að þrátt fyrir að það séu ýmsir gallar á okkar flokkum og okkar flokkakerfi þá sé tiltölulega mikil valddreifing innan flokkanna og það sé merki um það að hér hjá okkur sé virkt lýðræði þar sem íbúarnir hafi tækifæri til þess að koma skoðunum sínum á framfæri og hafa áhrif á það hvernig við veljum fulltrúa á Alþingi á öðrum vettvangi heldur en einungis þegar við kjósum í kjörklefanum. Ég held að við eigum skilyrðislaust að stefna að því að ná jafnvægi í vægi atkvæða en við eigum að reyna að gera það innan þeirrar kjördæmaskipunar sem við búum við í dag. Ég held að það sé nauðsynlegt að við höfum kjördæmi. Ég held að þingmenn tiltekinna kjördæma hafi hlutverki að gegna en það verði að vera jafnvægi á milli allra kjördæmanna. Það er kannski ofurbjartsýni að þetta náist í einni tilraun. Það er búið að reyna það svo oft og einhvern veginn höfum við alltaf runnið aftur á bak, að vægi atkvæðanna hefur alltaf runnið í sama horfið að suðvesturhornið hefur haft margfalt minna vægi heldur en landsbyggðarkjördæmin hafa haft. En ég held að við verðum að setja okkur háleit markmið jafnvel þó að það sé erfitt að ná þeim og við verðum að halda áfram að reyna að ná þeim þótt til þurfi blóð, svita og tár til að ná þeim árangri. Við megum ekki gefast upp og falla í gryfju einhverra sýndartillagna um gervilausnir á raunverulegu vandamáli okkar.

[16:10]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð því miður að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með þessa ræðu hv. þm. Ég vil frábiðja mér það að að baki þessa tillöguflutnings liggi einhver sýndarmennska. Ef ég hins vegar hefði tíma til — og það mun ég gera á öðrum vettvangi og seinna — að rekja þá röksemdafærslu sem hv. þm. hafði hér í sinni ræðu, þá veit ég ekki hvaða orð við mundum hafa yfir það.

Ég sá að þessi ræða féll í sérlega góðan farveg hjá hv. 3. þm. Reykv. sem kinkaði kolli brosandi (**BBj:** Það er rétt.) og það er í samræmi við þann málflutning hv. þm. hér í dag að reyna að koma þessari umræðu niður á sem lægst plan í flokkspólitísku karpi og niður á það plan datt hv. síðasti ræðumaður einnig. Ég geri meiri kröfur þegar við ræðum grundvallaratriði í stjórnmálum heldur en þessa og því betur hefur þorri þeirra þingmanna sem hér hefur rætt þetta mál í dag staðist þær kröfur með nokkrum undantekningum og þær eru flestar úr Sjálfstfl.

[16:12]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að mér hljóti að fyrirgefast þó að ég haldi ekki ræður hér til þess að gleðja hv. þm. Jóhannes Geir. En það er tillaga hans sem hefur sett mark sitt á þessa umræðu. Það er planið sem umræðan er á þegar menn flytja sýndartillögur og saga Framsfl. í kjördæmamálinu talar sínu máli, hún er allt of skýr til þess að hann geti komist hjá því að horfast í augu við hana.

[16:13]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af fyrir sig þarf ekki að svara þessari ræðu. Hún er á sama plani og fyrri ræða hv. þm. Og hún bendir til þess að hann sé sammála 3. þm. Reykv. þegar þeir taka undir málflutning Morgunblaðsins, að Sjálfstfl. sé einum treystandi til þess að ræða og leiða þetta mál. E.t.v. er það einhver angi af því að hv. þm. Sjálfstfl. detta niður á þetta plan að þeir þola það ekki, þola ekki öðrum að taka eitthvert frumkvæði í þessum umræðum.

Framsfl. á sína sögu alveg eins og Sjálfstfl. Ég bendi hv. þm. á það að ég sat ekki á þingi 1934, 1950 eða 1959 þegar rætt var um breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan. Því betur er það svo með Framsfl. að hann þróast með tímanum, tekur eilítið mið af því sem er að gerast í kringum okkur, en stendur ekki uppi eins og nátttröll í umræðunni eins og því miður virðist vera raunin með Sjálfstfl. í dag.

[16:14]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hv. þm. Jóhannes Geir telur sig ekki þurfa að svara rökum mínum hér í umræðunni þá veit ég ekki til hvers hann er að fara hér upp í pontu

hvað eftir annað. Auðvitað veit ég vel að hann var ekki á þingi 1934. En hver er það sem alla tíð hefur spornað við fótum í kjördæmabreytingunni? Það er Framsfl. Og síðan koma þingmenn hans með þessa tillögu, tillögu sem ég get á engan hátt litið á sem lausn á þeim vanda sem við erum að reyna að leysa. Og þeir leggja bara til þann kost að hann verði skoðaður og engan annan. Ég get ekki túlkað það öðruvísi heldur en það sé bara verið að þæfa málið og reyna að koma í veg fyrir frekari breytingar á kjördæmaskipaninni. Ég get ekki túlkað það öðruvísi. En vonandi er Framsfl. að breytast. Ég get ekki annað en leyft mér að vona það. Að vísu voru umræður fyrr í dag um lífeyrismálin og um þetta mál hér fyrr í umræðunni en ræður formanns þingflokksins báru ekki mikið vitni um það að flokkurinn væri að breytast. Að vísu hafnaði hv. þm. Finnur Ingólfsson, sem er flm. að báðum þessum tillögum, félagshyggjunni hér í ræðupúlti í dag, sagði að hún hefði brugðist og það út af fyrir sig eru tíðindi og kannski er það rétt hjá hv. þm. Jóhannesi Geir að Framsfl. sé að breytast. Ég vona að svo sé.

[16:16]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo, hv. þm. Árni Mathiesen, að það eru allir stjórnarmálaflokkar sem eiga sína sögu og það er nú oft og tíðum fróðlegt að skoða söguna og líta aðeins á orð og efndir í þeim efnum. Það sem skiptir kannski mestu máli er að menn líti sér örlítið nær í tíma og fari nú ekki allt aftur til ársins 1934 eða eitthvað enn lengra aftur vegna þess að það er kannski þjóðin sem spyr að því í dag: Hvernig fara orð og efndir saman? Og þá held ég að við framsóknarmenn séum óhræddir við að leggja okkar orð og efndir í dóm kjósenda, en ég hygg að það væri þyngri dómur sem kæmi þá yfir orð og efndir sjálfstæðismanna í þessari ríkisstjórn.

Framsóknarmenn studdu það kosningafyrirkomulag sem komið var á 1983, hv. þm., tóku þátt í því og leiddu að mörgu leyti þá umræðu bæði áður en málið kom inn í þing og líka í þingnefndum þannig að Framsfl. tók fullan þátt í því.

Til þess að hægt sé að láta fara fram umræðu af einhverju viti um þáltill. þá er mjög mikilvægt fyrir þingmenn að þeir lesi hana því að þáltill. fjallar um að kannaðir verði kostir þess að gera landið að einu kjördæmi. Staðreyndin er sú að á undanförnum árum hefur farið fram mikil umræða og mikil skoðun á ýmsum kostum er snúa að kjördæmaskipan og kosningalögum en kannski er þessi þáttur, þ.e. að gera landið að einu kjördæmi, skoða kosti þess og galla, hann hefur örlítið orðið út undan og því full ástæða til að það verði sérstaklega skoðað í þeirri umræðu sem nú mun fara fram um breytingar á kosningalögunum og kjördæmaskipan. Og ég veit ekki hvort hv. þm. getur haft á móti því að slík skoðun fari fram.

[16:18]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt ekki að hv. þm. Finnur Ingólfsson mundi fara að vekja athygli á því hvernig tillagan er orðuð því hún er orðuð alveg afskaplega loðið og það verður á engan hátt skilið af orðalagi tillögunnar að hv. flm. séu fylgjandi því að gera landið að einu kjördæmi. Þeir eru ekki einu sinni að tala um að skoða kosti og galla þess þannig að þess vegna er ég að segja það að tillagan sé sýndartillaga til þess að drepa málinu á dreif og skoða einn þann kost sem ég tel vera versta kostinn í stað þess að fara í gagngera endurskoðun og leita að leið sem allir geta sætt sig við og hafa þá ekki bara eina tillögu undir heldur fleiri tillögur. (**BBj:** Það á bara að skoða kosti þess, ekki galla.) Greinargerðin er ekki skýrari en tillagan. Og seinast í greinargerðinni segir, með leyfi forseta: „Þá væri eðlilegt að einnig yrði skoðaður sá möguleiki að kjósa eftir „þýska kerfinu", þ.e. blandaðri aðferð þar sem bæði er um að ræða kjör af landslista og í kjördæmum." Þetta er náttúrlega engan veginn í samræmi við texta tillögunnar. Þar er bara talað um að skoða kosti einnar tegundar af kjördæmabreytingum. Og hvað svo sem líður breytingu sem gerð var 1983, þá veit hv. þm. Finnur Ingólfsson það og reyndar allir aðrir hér inni að Framsfl. hefur aldrei fallist á breytingar á kjördæmaskipan nema tilneyddur. Það segir sagan okkur og það eru hvorki útúrsnúningar né verið að detta niður á eitthvert lélegt plan að minna á þá staðreynd. Við vitum þetta öll.

[16:20]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í þessari ræðu hv. þm. Árna Mathiesens að hann er algerlega á móti því að gera landið að einu kjördæmi. En af hverju? Það kom ekki fram. Það eru engin rök, kostir og gallar hafa ekki verið skoðaðir í málinu. Þess vegna er það mikilvægt fyrir hvaða þingmann sem er að láta slíka könnun fara fram og af því að hv. þm. sakar mig og 1. flm. tillögunnar um að hafa ekki stefnu í málinu, þá er það einmitt það sem við viljum að fari fram, þ.e. umræða og það verði skoðaðir kostir og gallar þess að gera landið að einu kjördæmi. Þegar það liggur fyrir geta menn valið og hafnað en ekki að hafna áður en menn vita hvað í því felst eins og hv. þm. er nú búinn að gera.

[16:21]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef náttúrlega ekki tíma til þess að flytja upphaflega ræðu mína aftur en þar færði ég rök fyrir því hvers vegna ég tel það að gera landið að einu kjördæmi vera lakasta kostinn við úrlausn þessa vandamáls. Ég legg hins vegar til að við skoðum alla kosti í þessari stöðu. Eins og hv. 3. þm. Reykv. greindi frá hérna í dag þá var samþykkt ályktun á landsfundi Sjálfstfl. um síðustu helgi sem gekk einmitt út á þetta að við reynum að ná samtöðu um að leysa þetta mál en ekki að flytja tillögur eins og þessa sem einungis einangra lausn málsins við lakasta kostinn og tefja það að lausn fáist að lokum.

[16:22]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Svo sem margsinnis hefur komið fram í þessum umræðum þá fjallar tillaga þessi um að efna til könnunar á kostum þess að gera landið að

einu kjördæmi í kosningum til Alþingis. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að hv. flm. aðhyllast þessa leið og láta þess getið að það kunni að vera sú leið sem best sátt geti náðst um og í framsöguræðu sinni sagði hv. 1. flm. að áhugi í öllum stjórnmálaflokkum sé á þessari leið.

Ég verð að segja það að þessi ummæli komu mér nokkuð á óvart og þau boða kannski einhverja nýlundu. Ég minnist þess að þegar núverandi kjördæmaskipan var tekin upp í grundvallaratriðum 1959, þá komu fram hugmyndir um það af hálfu forustumanna Alþfl. að þessi leið gæti verið til athugunar en þeir féllu frá því þegar í ljós kom að enginn hinna stjórnmálaflokkanna vildi taka undir það og þeir beittu sér ásamt Sjálfstfl. og raunar með stuðningi Alþb. fyrir þeirri kjördæmaskipan sem síðan var lögfest á því ári og hefur í grundvallaratriðum gilt síðan.

Á því tímabili sem síðan er liðið hafa raddir verið tiltölulega fáar þess efnis að fara þessa leið. Þær hafa þó einstöku sinnum verið viðraðar af einstökum flokksmönnum Alþfl. en ekki svo orð sé á gerandi fyrr en nú með flutningi þessarar tillögu og ég segi það eins og það liggur fyrir að ég man ekki eftir því að hafa heyrt raddir í þessa átt af hálfu minna flokksmanna fyrr en eftir að þessi tillaga var flutt hér á hinu háa Alþingi. Hv. flm. hafa þess vegna komið af stað umræðu um þessa leið sem legið hefur í þagnargildi að mestu leyti í öll þessi ár.

Ég vil láta þess getið hér í þessum ræðustól að ég er þessari leið gjörsamlega andvígur og tel hana lakari en aðrar leiðir sem til greina koma eða a.m.k. flestar ef ekki allar leiðir sem til greina koma við breytingu á kjördæmaskipun og kosningalögum. Ég ætla ekki að rökstyðja þetta í mörgum orðum en það hefur verið sagt hér sem ég geri einnig að mínum orðum að þessi leið felur í sér mjög aukið flokksræði. Hún felur það í sér að miðstýring vex af hálfu þeirra sem fara með forustu í stjórnmálaflokkunum. Að sama skapi dvína eða verða fyrir borð borin áhrif hinna almennu flokksmanna og mér liggur við að segja hins almenna kjósanda því að flestir þeirra eru einhvers staðar í flokki.

Það er sem sagt af hálfu flokksstjórna sem því verður ráðstafað hverjir skipa framboðslista og það vaxa stórkostlega áhrif þeirra sem fara með forustu í flokkunum á það hvernig Alþingi verður skipað. Ég er sem sagt gjörsamlega andvígur þessari leið. Ég hef alla tíð verið hlynntur þeirri leið sem er lengst frá þessari. Hér sagði hv. 3. þm. Reykn. í dag, þar sem hann vitnaði til ályktunar landsfundar Sjálfstfl., að einmenningskjördæmi hefðu alltaf átt sterkan hljómgrunn í Sjálfstfl. Ég verð að segja að ég tel að það hafi ekki verið gott þegar kjördæmaskipuninni var breytt 1959 að a.m.k. tveir stærstu flokkar þjóðarinnar skyldu ekki geta náð samkomulagi um að taka upp einmenningskjördæmi. Kostir þess eru að mínum dómi ótvíræðir. Það yrði hreinni skipan stjórnmála og á stjórn landsins á Alþingi. Það er tvímælalaust að það kerfi mundi leiða til þess að Alþingi yrði betur skipað vegna þess að þeir sem ekki standa sig sem alþingismenn í einmenningskjördæmi mundu falla í hvaða flokki sem þeir eru. Það er reynsla fyrir því í sumum þeirra þjóðlanda sem lýðræði og stjórnskipan hefur verið í hvað bestu og traustustu horfi þá hefur þetta kerfi verið við lýði.

Hér var sagt af talsmönnum Kvennalistans að það kerfi mundi koma í veg fyrir það eða torvelda mjög að konur kæmust til áhrifa í stjórnmálum. Ég held að þetta sé mikið vanmat hv. talsmanna Kvennalistans á konum sjálfum. Er skemmst að minna á það að sú kona sem reynst hefur mestur stjórnmálaskörungur á síðari tímum í Vestur-Evrópu var kjörin og hvað eftir annað kjörin í einmenningskjördæmi. Þar á ég að sjálfsögðu við Margréti Thatcher. Þannig að það er ástæðulaust að ætla að ekki geti risið upp konur í stjórnmálum sem rísi undir því trausti sem þarf á meðal kjósenda til að vera kosin í einmenningskjördæmi. Það er ástæðulaust vantraust á konur.

Ég tel því miður að það séu ekki miklar líkur til þess að það náist samkomulag um þessa leið. Þó er það ekki örvænt og ég vil láta kanna það. En ég tel einnig að ef það næst ekki þá komi til álita að stofna til kjördæma þar sem kosnir eru tveir til þrír þingmenn í hverju kjördæmi og með því skipulagi megi ná mjög mörgum af þeim kostum sem einmenningskjördæmum fylgja. Að sjálfsögðu mundi ekki nást samkomulag um slíkt fyrirkomulag án þess að taka upp landslista og sú leið var m.a. skýrð af formanni stjórnarskrárnefndar, hv. 1. þm. Vestf., hér áðan í ræðu hans. Ég tel að þessa leið beri að sjálfsögðu að kanna mjög rækilega, einnig ef eigi næst fram það sem ég tel best í þessu og ég hef hér lýst.

Ég held að það sé eðlilegt að þess verði freistað nú á síðari hluta þessa kjörtímabils að vinna það verk sem þarf til þess að reyna að ná samkomulagi um þessi mál. Að sjálfsögðu er það eðlilegt að það sé gert undir forustu Sjálfstfl. hvort tveggja fyrir þá sök að hann fer með forustu í landsmálum og er stærstur stjórnmálaflokkanna. (**ÓÞÞ:** Það má nú deila um það.) Ég tel að þetta segi sig sjálft. En ég tel að það sé hlutverk okkar að reyna að ná um það samkomulagi á sem víðustum grundvelli á milli stjórnmálaflokkanna allra.

[16:31]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir góða ræðu. Ekki geri ég kröfu til þess að menn séu sammála mér. Það er eðli stjórnmála að menn takist á á málefnalegum grundvelli. En ég ætla að spyrja hv. þm. að einni spurningu og hún er sú: Studdi þingmaðurinn það í áliti landsfundar Sjálfstfl. varðandi kjördæmamálið að jafna skyldi að fullu milli flokka? Þetta er einföld spurning og ég leita eftir svari þingmannsins við henni.

[16:32]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get glatt hv. 6. þm. Norðurl. e. með því að ég studdi þá yfirlýsingu sem gerð var af hálfu landsfundar Sjálfstfl. Þar er talað um nauðsyn þess að jafna kosningarréttinn. Ég tel að það sé rétt og það verði eigi komið við breytingum á kosningalög-

unum án þess að það verði gert. Hitt er annað mál hvort það verður einhvern tímann jafnað að fullu. Ég tel að menn geri of mikið úr því atriði að það sé einhver nauðsyn að jafna eitthvað alveg að fullu á milli einstakra kjördæma, milli einstakra landshluta, jafnvel á milli flokka ef kerfið að öðru leyti er gott. (**JGS:** Spurningin var milli flokka.)

[16:33]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur komið í ljós að hv. þm. studdi tillögu sem flutt var á landsfundi Sjálfstfl. Þar var sagt að jafna skuli að fullu milli flokka. Þá vil ég spyrja hv. þm. að því: Hvernig hann — nú ætla ég, virðulegur forseti, að bíða á meðan hv. 3. þm. Reykv. túlkar landsfundarályktunina fyrir þingmanninum — (**Forseti:** Má ég biðja hv. 2. þm. Norðurl. v. að hlýða á mál ræðumanns.)

Virðulegur forseti. Það hefur komið í ljós að hv. þm. studdi fulla jöfnun á milli flokka. Þá vil ég spyrja hv. þm. hvernig hann ætlar að samræma það þeirri skoðun sinni að hann telji að hér eigi að vera einmenningskjördæmi og þá væntanlega með þeirri meirihlutastjórn sem mundi leiða af því að breskri fyrirmynd.

[16:34]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð nú að virða hv. 6. þm. Norðurl. e. það til vorkunnar að hann hafi ekki lesið nákvæmlega það sem afgreitt var á landsfundi Sjálfstfl. og, með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa hér þá málsgrein sem að þessu lýtur en hún hljóðar svo:

„Landsfundurinn álítur rétt að Sjálfstfl. gangi til viðræðna við aðra flokka um breytingu á kosningalöggjöfinni á þeim forsendum að fulltrúar flokksins séu óbundnir af einni leið frekar en annarri að því markmiði sem að er stefnt, jöfnun atkvæðisréttar, að þingstyrkur flokka sé í samræmi við atkvæðamagn, fækkun þingmanna og að kjósendum verði tryggð sem mest áhrif á það hverjir veljist til þingsetu. Við meðferð málsins verði m.a. athugað hvaða hluta kosningalaganna beri að binda í stjórnarskrá."

Það kemur sem sagt fram að þó það sé skoðun landsfundar Sjálfstfl. að það beri að jafna atkvæðisréttinn eins og hér segir þá eru fulltrúar flokksins óbundnir af einni leið fremur en annarri. Það er auðvitað ljóst að ef valin væru einmenningskjördæmi þá mundi það ekki geta leitt til þess að fullur jöfnuður næðist milli flokka þrátt fyrir það að landslisti væri jafnframt tekinn upp.

[16:36]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er hrædd um að við kvennalistakonur og sjálfstæðismenn verðum seint sammála um einmenningskjördæmi hér á Íslandi. Ég vil mótmæla þeirri skoðun sem fram kom í máli hæstv. ræðumanns að þeir sem ekki standi sig í einmenningskjördæmum einfaldlega falli. Það sýnir okkur reynslan frá Bretlandi og nú síðast frá Kanada að stjórnmál eru auðvitað fyrst og fremst spurning um stefnur og hugmyndir en ekki einstaklinga þótt einstaklingarnir skipti að sjálfsögðu miklu máli. Kjósendur í Kanada voru fyrst og fremst að hafna stefnu Íhaldsflokksins og ætti Sjálfstfl. að draga lærdóm af því.

En þessi einmenningskjördæmi sem hv. þm. heldur svo fast í eru einfallega óréttlátt kerfi, þetta er mjög óréttlátt kerfi, og var ekki að ástæðulausu að það var afnumið hér á landi. Menn hafa verið að berjast gegn því áratugum saman í Bretlandi enda held ég að það sé leit að jafnóréttlátri skiptingu þingsæta og þar í landi.

Hv. þm. kom inn á þá fullyrðingu að þetta kerfi væri konum óhagstætt. Það sýnir einfaldlega reynsla frá öllum löndum, það hafa verið gerðar miklar rannsóknir á kosningakerfum um alla Evrópu, og þarna eru aðrir kraftar á ferð en verðleikar einstaklinganna. Það er verið að slást um völd og áhrif og þar hafa karlmenn einfaldlega sterkari stöðu en konur. Þar af leiðandi felst ekkert vanmat á konum í því að hafa ekki trú á einmenningskjördæmum. Þetta er kerfi sem alls staðar hefur leitt af sér að karlmenn eru svona um það bil 90%–95% þingmanna og konur eiga einfaldlega mjög erfitt uppdráttar. Þetta er dýrt kerfi og fyrir utan það að vera óréttlátt, fólk þarf að leggja í mikinn kostnað við að koma sér áfram og að auglýsa sig. Það er nú einu sinni svo að karlmenn eru yfirleitt bæði betur launaðir og ríkari en konur og þetta er kerfi sem fyrst og fremst þjónar þeim. Þess vegna höfnum við kvennalistakonur einmenningskjördæmahugmyndinni.

[16:38]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nú ekki að það séu rök gegn einmenningskjördæmum að karlmenn séu betur launaðir og ríkari en konur því ef hæfileikamaður hvort sem um er að ræða karl eða konu býður sig fram í einmenningskjördæmi þá dregur sá einstaklingur að sér fylgið út fyrir flokka í mörgum tilvikum.

Ég get auðvitað sagt að kostir kerfisins eru fyrst og fremst jákvæð áhrif á stjórn landsins og á styrk þeirra einstaklinga sem sitja á Alþingi. Það er nokkuð veigamikið atriði þegar við fjöllum um þessi mál. Hvort einhver fer þannig orðum um þetta kerfi að það sé ekki nægilega réttlátt, það geri ég minna með heldur en hina kostina sem vega þyngst í mínum huga.

[16:40]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvar er nú lýðræðisást þingmannsins, spyr ég, ef það er skiptir meira máli að ákveðnir flokkar nái meiri hluta á Alþingi heldur en það að hinn raunverulegi vilji kjósenda endurspeglist á löggjafarsamkomunni? Er það ekki það sem skiptir máli að þær skoðanir sem eru við lýði í þjóðfélaginu, hverjar sem þær eru, þær eigi sína fulltrúa á hinu háa Alþingi? Það er lýðræðið í reynd. Ekki það að einhverjir ákveðnir hópar eða flokkar geti í krafti einhvers kerfis náð meiri hluta. Ég veit að það hefur verið draumur Sjálfstfl. frá því um 1930 að ná meiri hluta á hinu háa Alþingi. En sem betur fer hefur honum ekki tekist það og ég vona að það verði ekki.

[16:40]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. fer fram hjá því að ég

minntist ekkert á flokka. Ég ætlast til að við getum hér í þessum sal rætt kosningaskipulag án þess að vera alltaf með flokkana fyrir augum. Mér er það alveg ljóst að einmenningskjördæmafyrirkomulag mundi væntanlega riðla því flokkakerfi sem er í dag. Og það mundu myndast fylkingar sem mundu síðan vegast á um það eða skiptast á um að fara með völdin. Slík er reynslan þar sem slíkt kerfi er við lýði. Það er öðru nær en ég telji að það sé einhver trygging fyrir því að Sjálfstfl. mundi ná meiri hluta við þetta kerfi. Væntanlega mundi hann vera ásamt kannski einhverjum öðum sem í fylkingu væri með honum það afl í stjórnmálum sem mundi hafa meiri hluta annað veifið og fara þá með stjórn landsins og bera fulla ábyrgð á stjórn landsins. En síðan mundi væntanlega einhver önnur fylking fara með stjórn landsins annað veifið og bera á því fulla ábyrgð. Væntanlega og vonandi mundu konur koma að stjórnmálum og stjórn landsins í slíku kerfi ekkert síður en því kerfi sem við búum við.

[16:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. um að kanna kosti þess að gera landið að einu kjördæmi í kosningum til Alþingis hefur vakið hér upp allfjörlegar umræður í dag. Vissulega hefur hún vakið mig til nokkurrar umhugsunar um það hvað menn eru að meina. Ég get sagt það alveg strax að mér finnst vera tvískinnungur í þessum tillögflutningi. Það er annars vegar það yfirbragð sem er á málinu að það snúist um réttlæti atkvæðisréttarins. Það er sú slæða sem menn sveipa málið með, vilja færa þau rök fyrir máli sínu sem grundvallast á því réttlæti sem menn tala um að sé fólgið í jöfnun atkvæðisréttar. Reyndin er auðvitað allt önnur og það gera menn sér allir grein fyrir væntanlega. Menn eru ekki að tala um þetta, menn eru að tala um völd, menn eru að tala um hvernig við ætlum að skipa málum í okkar þjóðfélagi um það hverjir eigi að ráða.

Undirliggjandi í þessari tillögu er krafa um breytingu frá því sem nú er. Óþolinmæði vissra afla í þjóðfélaginu sem telja sig ekki ráða nógu miklu um framgang og meðferð mála hér á Alþingi. Það má orða þetta skýrar þannig að óþolinmæðin kemur héðan frá höfuðborgarsvæðinu og beinist gegn þeim sem búa úti á landi. Mönnum þykir sem landsbyggðin ráði meiru en góðu hófi gegni að mati þeirra sem halda þessum málstað fram. Þannig blasir þetta mál við mér. Ég geri nefnilega ekki mikið með meininguna hjá mönnum sem að baki liggur talinu um réttlætið, jöfnun atkvæðisréttarins. Ég vil segja um það að það er mín skoðun að menn meini satt að segja ekki nokkurn skapaðan hlut með þessu. Og þeim sem eru að halda þessu fram er yfirleitt hjartanlega sama um jöfnun atkvæðisréttar. Ef mönnum væri einhver alvara í því að jöfnun, huglæg jöfnun atkvæðisréttar væri réttlætismál þá væru menn búnir að breyta t.d. skipan á kosningum til sveitarstjórna. Er það ekki misrétti, misvægi atkvæða að í Reykjavík skuli atkvæði mannsins vera nálægt 10 sinnum minna á metunum en atkvæði kjósenda í Mosfellsbæ? Víst er það misvægi atkvæða. Það eru ekki nema um 700 íbúar á bak við bæjarfulltrúa í Mosfellsbæ, það eru um 7.000 íbúar á bak við sveitarstjórnarmann í Reykjavík. Er það ekki misvægi atkvæða? Þessar tölur eru menn að reikna og í stað þess að nefna Reykjavík og Mosfellsbæ þá segja menn Reykjavík og Vestfirðir. (Gripið fram í.) Ég tel að þarna sé sýndarmennska á ferðinni. Ég hef ekki heyrt nokkurn mann hér hafa áhyggjur af rétti manna til að kjósa til þeirra kosninga sem eiga að hefjast 20. nóv. Það gerðist í síðustu viku og voru þá ekki nema rétt rúmar fjórar vikur til þeirra kosninga að menn uppgötvuðu að menn höfðu ekki rétt til þeirra kosninga. Skipverjar á togurunum Sléttanesi frá Þingeyri voru að fara á veiðar í Smugunni í Barentshafi og ætluðu að fá að kjósa áður en þeir legðu úr höfn en það var ekki hægt af því að utankjörfundaratkvæðagreiðsla var ekki hafin. Þeir máttu gjöra svo vel og fara án þess að fá að kjósa. Lagasetningin sviptir þá atkvæðisrétti ef sá sem ræður fyrirtækinu sendir skipið af stað það tímanlega. Hver hefur haft áhyggjur af því að menn ættu að hafa þennan rétt? Ekki þeir sem hér tala um jöfnun atkvæðisréttar.

Ég bið því menn að taka það af dagskrá að menn séu að ræða eitthvað um huglæga jöfnun. Hitt vil ég segja um það sem málið snýst um, völdin sjálf, þar auðvitað skiptir máli um hvað menn eru að tala hvort maður er tilbúinn að ræða hinar eða þessar breytingarhugmyndir. Ef menn eru að tala um það að allt vald eigi að vera í þeim mæli sem verið hefur síðan 1904 þá gef ég ekki mikið fyrir þessar tillögur. En ef menn eru tilbúnir til að tala um að breyta þessu valdi, skipta því upp og færa það héðan út í einhverjum mæli, þá skiptir minna máli hvaða þingmannafjöldi situr á Alþingi og hvernig þeir eru kosnir því valdið er þá komið í meira mæli til þeirra sem eiga að velja þessa sömu menn.

Það sem mér finnst skipta mestu máli er hverjir ráða auðlindum landsins. Halda menn að það sé einhver tilviljun að íbúum á landsbyggðinni, t.d. á Vestfjörðum, fækkar stöðugt? Það er ekki tilviljun. Það er vegna þess að menn ráða ekki nógu miklu um sitt eigið umhverfi, menn ráða ekki nógu miklu um verðmætin sem menn eru að búa til. Menn hafa ekki tök á málinu. Þeir sem hafa tök á málinu sitja á Alþingi og þeir ráða þeim málum til lykta sem hentar meiri hlutanum og meiri hlutinn er þjónustusvæðið á höfuðborgarsvæðinu. Þess vegna eru hlutir eins og gengisskráning miðuð við þarfir þessa samfélags hér á höfuðborgarsvæðinu en ekki þarfir samfélaganna úti á landi sem eru útgerðarsamfélög.

Ef menn ætla að afhenda forræði auðlindanna út á landshlutana þá finnst mér hlutirnir líta allt öðruvísi út, þá skiptir líka miklu minna máli hvernig við höfum þetta kosningakerfi inn á þennan vettvang. Ef við ætlum hins vegar að láta þennan vettvang hafa það vald áfram sem hann hefur haft þá skiptir gríðarlega miklu máli að þeir sem eru í minni hluta í þjóðfélaginu hafi áfram þann aðgang að honum sem þeir hafa haft. Um þetta snýst málið. Menn eiga að tala um það sem máli skiptir, ekki hitt sem er yfirbreiðsla í þessu máli.

[16:50]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar menn ráðast í það að saka menn um sýndarmennsku og ómerkilegheit eins og hv. síðasti þingmaður hefur gert, reyndar bæði í ræðu út af þessu máli og einnig í viðtölum í dagblöðum, þá er það svona lágmarkskrafa að viðkomandi menn fylgist með umræðunni. Ef hv. þm. hefði fylgst með umræðunni í dag og hlustað á minn málflutning bæði í framsögu og einnig í andsvörum í tvígang, þá hefði hann væntanlega heyrt mig segja það að forsendan fyrir þessari breytingu væri flutningur á valdi og verkefnum út til byggðanna. Það stendur reyndar líka í tillögunni. En það er einu sinni þannig að sumir hv. þm. eru svo uppteknir af sjálfum sér að þeir virðast ekki geta gefið sér tíma, hvorki til að hlusta á umræður né lesa málskjöl. Ég hef einnig verið að fylgjast með málflutningi hv. þm. gagnvart þeim veikburða tilburðum sem nú eru uppi um að flytja verkefni út á landsbyggðina. Ég geri mér alveg grein fyrir því að það gerist ekki mikið í því núna þann 20. nóv. en ég held hins vegar að sá vísir að þeirri umræðu eigi eftir að vaxa og dafna og bera vonandi ávöxt. Ég verð að segja alveg eins og er af því að hv. þm. kaus að færa umræðuna inn á þennan vettvang þó ég hafi lagt mig eftir að hlusta eftir málflutningi þingmannsins þá átta ég mig engan veginn á viðhorfum hans eða skoðunum varðandi þetta grundvallaratriði að það eigi að færa verkefni, fjármagn og vald út til byggðanna.

[16:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef nú einmitt lesið þingskjalið og það stendur ekki í því að verkefnaflutningur sé forsenda breytinga á kjördæmaskipan. Það stendur nánast hið gagnstæða að þá breytingu geti menn gert án þess að hitt fylgi með, það er bara hlutur sem menn ætla að huga að. Það er ekki einu sinni að það sé fastar tengt saman en svo.

En vegna upphafsorða hv. þm. þá hlífði ég honum við því sem er auðvitað öllum ljóst sem fylgjast með í pólitík að hann sem 1. flm. er þingmaður Norðurl. e. Sú sjálfvirka breyting hefur orðið að það er búið að flytja hans þingsæti úr kjördæminu Norðurl. e. yfir á Reykn., þannig að auðvitað hefur hann áhuga á breytingu til að halda í sitt sæti. Ef hann á annað borð ætlar að færa umræðuna inn á það að menn horfi á málið út frá persónulegum hagsmunum þá ætti hann að varast það manna helst.

[16:53]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi niðurlagsorð hv. þm. sögðu held ég miklu meira um þingmanninn sjálfan heldur en þann sem hér stendur.

Ég hef ekkert legið á því í umræðu um þessi mál hver staða mín sem þingmanns er í dag. Ég hefði væntanlega tekið það með í mína framsögu ef ég hefði haft tíma til þess. Það er alveg rétt að ég nýt þess sem ég tel vera forréttinda að vera eini þingmaðurinn sem ég veit um í þingsögu Alþingis Íslendinga sem situr í þingsæti sem ekki er lengur til. En ég lít þannig á að það veiti mér þau forréttindi að geta að nokkru leyti litið á mig sem gest hér inni í þingsölum og tali ekki endilega út frá hagsmunum atvinnustjórnmálamannanna sem ætli sér helst að gerast hér ævilangir augnakarlar. Ég sé margt annað í framtíðinni heldur en þingmennsku þannig að persónulega er hvorki himinn né jörð að farast þó ég sæti ekki hér á Alþingi nema þetta eina kjörtímabil.

[16:54]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem er auðvitað kjarni málsins er að menn eru fulltrúar fyrir ákveðna hagsmuni. Þessi tillaga gengur ekki út á að þjóna þeim hagsmunum sem ég tel mig standa fyrir. Ég tel þvert á móti að hún gangi gegn þeim hagsmunum að verja stöðu þeirra sem búa fjarri þessari byggð hér við Faxaflóa. Það er nákvæmlega það sem málið snýst um.

Þessi tillaga eða sú hugmynd sem varpað er fram í þessari þáltill. gengur út á það að þéttbýlið hér við Faxaflóa muni og geti ráðið því meira og minna í framtíðinni hverjir sitja hér. Það er fyrir hagsmuni þeirra sem hér eru og gegn hagsmunum hinna sem annars staðar búa.

[16:55]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér hafa nú orðið allfróðlegar umræður um þetta mikilsverða mál í dag. Ég verð að játa það þó ég sé mikill vinur lýðræðisins að ég sé mjög ákveðna kosti við það að gera landið að einmenningskjördæmum. Ég sé að vísu verulega annmarka á í Reykjavík, en annars staðar held ég að það sé mögulegt og að það hafi mjög marga kosti. Það hefur reyndar þá ókosti að sú skipan er andvíg smáflokkakerfi. Hinir smærri flokkar eiga það á hættu að verða undir en þetta getur skapað vissa festu í stjórnarfari. Það er alls ekki að einmenningskjördæmi þurfi að vera eitthvað hliðholl Sjálfstfl. Það er síður en svo. Við þurfum ekki nema líta til Kanada. Og ef gengið væri til kosninga hér í einmenningskjördæmum þá á ég von á því að þingmenn Sjálfstfl. mundu falla eins og flugur eins og bræður þeirra í Kanada í gær og fyrradag. (**Gripið fram í:** Tveir kæmust að.) Kannski kæmust tveir að en það er ekki víst að þeir yrðu í sama flokki.

Það eru hins vegar ýmsir gallar á einmenningskjördæmakerfinu. Það er ekkert sérstaklega eftirsóknarvert að vera minnihlutamaður í einmenningskjördæmi og það er ósköp þægilegt að eiga aðgang að þingmanninum. Núverandi kjördæmaskipun er að mörgu leyti brúkleg. Ég held að við eigum að halda í hana því hún er lýðræðisleg. Ég vil taka fram sem ég hef reyndar gert áður í þessum umræðum að seinasti maður eða fimmti maður í fámennu kjördæmunum er raunverulega landskjörinn. Hann er ekki kosinn af fólkinu í sínu kjördæmi, það eru atkvæðið annars staðar greidd sem ráða því hvort hann verður þingmaður eða ekki.

Ég viðurkenni það alveg að þessi skipan með flakkarann er bastarður. Hún var sett til þess að reyna að jafna enn frekar atkvæðavægi milli flokka en það væri hægt að ná því með því með því að kjördæmabinda bastarðinn, þ.e. flakkarann, hér í stóru kjördæmunum

á Faxaflóasvæðinu. Þessi flókna reikniregla sem við búum við var sett af lýðræðisást og góðum hug. Það er algjör misskilningur ef menn halda að ráðuneytisstjórinn í viðskrn. sé eini maðurinn sem skilur hana. Menn þurfa hins vegar kannski að fletta upp og það eru miklu fleiri menn sem geta reiknað þetta heldur en hann. Enda teldi ég það mjög óheppilegt ef svo væri að hann réði því og hefði úrslitaáhrif um það hverjir yrðu þingmenn. Ég held að við eigum að halda í núverandi kjördæmaskipan. En til þess að jafna vægi atkvæða ef menn telja að það sé óþolandi að hafa ekki nema 70% ríkisstjórnarinnar úr þessum tveimur kjördæmum hér á suðvesturhorninu þá væri út af fyrir sig kannski einfaldasta leiðin að fjölga þingmönnum þar. Ég er hins vegar andvígur því að fjölga þingmönnum í hinum kjördæmunum vegna þess að ég þekki það af eigin reynslu að þeir hafa alveg nóg að gera. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé grundvöllur fyrir því eða vilji hér á Alþingi að fjölga þeim þannig að fullur jöfnuður næðist.

Það væri hægt að hugsa sér fyrir utan það að kjördæmabinda flakkarann að færa landskjörnu þingmennina, þ.e. 5. þingmann í litlu kjördæmunum, hingað á þetta svæði og gera þá landskjörna þingmenn á tölu og þá mundu veljast frambjóðendur úr Reykjavík og af Reykjanesi. Þetta mundi að vísu hafa það í för með sér að verulegur meiri hluti þingmanna sem eru í framboði, yrðu þingmenn Reykjaness og Reykjavíkur.

Ég vil viðhalda ákveðnu misvægi atkvæða og ég teldi það mjög óheppilegt ef yfirgnæfandi meiri hluti þingmanna væri bara út tveimur kjördæmum. En ég hef enga fordóma hins vegar gagnvart hv. þm. af Reykjanesi eða úr Reykjavík. Ég held að þeir séu ekki neitt sérstaklega fjandsamlegir dreifbýli. Og þeir sem láta ógætileg og kuldaleg orð falla í garð dreifbýlisins úr þingmannahópi þessara tveggja kjördæma gera það vil ég vona fremur af ókunnugleika heldur en ásetningi. Og ég þekki engan þingmann dreifbýlisins sem er andvígur þessu suðvesturhorni. Ég held að það sé mjög mikilvægt að auka persónukjör. Og til þess að auka persónukjör, auka valfrelsi kjósandans í kjörklefanum þannig að fólkið í landinu raunverulega ráði því hverjir sitja hér á Alþingi, það sé finnska aðferðin. Og finnska aðferðin er þannig að það eru fleirmenningskjördæmi, bornir fram raðaðir listar en kjósandi er skyldur að merkja við þann frambjóðanda sem hann vill helst sjá á þinginu. Þar með fær hann að ráða því hver er hans fulltrúi. Þannig raðast listarnir upp með eðlilegum hætti og með raunverulegan styrk á bak við sig. Þetta gerir þingmenn frjálsari, ég held að þetta væri mjög til bóta og gerði þingmennina sjálfstæðari. Þetta er líka ákaflega hagstætt konum og það sannast ef maður þekkir eitthvað til í þjóðþingum hér í kringum okkur þá er hvergi neitt viðlíka mikið af hæfum konum í pólitík eins og í finnskri pólitík. Síðan held ég að það sé mjög mikilvægt líka að hækka þröskuldana þannig að flokkur þurfi að ná ákveðnu atkvæðamagni til þess að eiga kost á því að koma að þingmanni.

Mér finnst líka vanta inn í þessa umræðu að við verðum að taka upp þjóðaratkvæði í miklu ríkari mæli heldur en við höfum gert. Ég tel sem sagt að við eigum að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um hin mikilsverðustu mál. Það var okkur til mikils vansa að efna ekki til þjóðaratkvæðagreiðslu t.d. um inngönguna í EES. Ég er sannfærður um að allir hefðu sætt sig betur við útslit þess máls ef þjóðaratkvæðagreiðsla hefið verið á undan gengin.

Ég ætla, herra forseti, að ljúka máli mínu. Mín hugsun er sú að heppilegast sé að ef menn á annað borð fara að breyta kosningalögum að halda sig við núverandi skipan en taka upp finnsku leiðina, að kjósendur velji sjálfir frambjóðendur í kjörklefa.

[17:04]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Áður en ég hef efnislega umræðu um þetta mál vil ég segja hv. þm. Árna M. Mathiesen, 3. þm. Reykn., að Framsfl. hefur hugprúða menn sem ekki láta neyða sig til eins eða neins. Og sá sem las grein Björns Bjarnasonar um samstarf við framsóknarmenn sem hann skrifaði á sínum tíma í Dagblaðið ætti að vera þess meðvitandi að það var mat þess þingmanns að framsóknarmönnum yrði ekki svo auðveldlega vafið fram og til baka. Ég vænti þess að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu og beri ekki öðrum hugleysi á brýn. Hann þarf þá að sanna sitt hugrekki ef hann ætlar að standa á slíkum fullyrðingum.

Hitt atriðið sem ég vildi vekja athygli á er að mér þykir það nokkuð mikil bjartsýni hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að fullyrða að Sjálfstfl. sé stærsti flokkur landsins. Ég held að menn ættu að fara að hugleiða kanadísku örlögin. Það er varla hægt að segja að Íhaldsflokkurinn í Kanada hafi verið stærsti flokkurinn daginn fyrir kosningar. Þar voru 160 þingmenn, tveir komust að. Þeir eru að tala um færeysku leiðina í efnahagsmálum gjarnan. En núna vilja þeir gefa mikið til að forðast kanadísku örlögin og það er skiljanlegt því að það er það sem þeir eru á handahlaupunum að forða sér frá. Alþfl. þorir ekki í kosningar í Reykjavík einn og óstuddur. Hann vill ekki að það komist upp hvert fylgishrunið er. Sjálfstfl. vill ekki láta kjósa um efnahagsmál í næstu kosningum. Þeir vilja láta kjósa um kjördæmismál. Þeir þora ekki að láta kjósa um hitt, við vitum það. Kanadísku örlögin bíða.

Þá skulum við víkja að því máli sem hér er á dagskrá og renna yfir aðalatriði þess máls. Þetta er þríþætt. Í fyrsta lagi er sú tillaga sem hér er sett fram, tillaga um að kjósa nefnd tveggja fulltrúa frá hverjum þingflokki. Þetta gerir ekki ráð fyrir jöfnun atkvæða því að þingflokkar eru misstórir og allt sýnir vikilegt lýðræði í þeirri merkingu að yfirbjóða til góðmennsku gagnvart smæstu flokkunum, en látum það vera. Og þeir eiga að skoða kosti þess. Ég hefði talið að það ætti að skoða gallana líka (**JGS:** Þeir koma þá í ljós.) — skoða kosti þess að gera landið að einu kjördæmi. Og aðferðin er sú að athuga þetta í öðrum löndum.

Þegar við stofnuðum þing á sínum tíma á Íslandi þá sendum við mann til Noregs til að kynna sér aðstæður og sá kom heim með hugmyndir hvernig að þessu bæri að standa. Ég get ekki lagst gegn því að menn kynni sér lýðræðið í öðrum löndum. Það er alveg von-

laust. Ég held meira að segja að sumir sem eru 100% vissir í því hvernig þetta eigi að vera hefðu gott af því að líka að fara til Ísraels t.d. Ég held að þessi tvö lönd sem mér er sagt að hafi þetta kerfi, Ísrael og Holland, séu flokkuð undir lýðræðisríki af öllum. Það fer ekki á milli mála. En hins vegar blasir það líka við að við höfum horft á ýmsa galla í þessu kerfi. Aðalgallarnir við landið allt sem eitt kjördæmi er styrkur smáflokkanna sem kemur út úr því. Það má gera ráð fyrir að smáflokkum fjölgi mjög. Í Ísrael hafa öflugustu trúarhreyfingarnar komið inn mönnum sem stóru flokkarnir reyna að kaupa til fylgis við sig með því að fara verulega langt frá því sem almenningsálitið samþykkir. Þetta er það sama og gæti gerst hér. Við horfum á það að Sjálfstfl. er í samstarfi við Alþfl. og það verður að segjast eins og er að það er nokkuð gott í búi hjá krötum þessa dagana. Það er engin sérstök vesæld hjá þingmönnum. Þeir hafa átt kost á þokkalegustu örlögum, ég tala ekki um miðað við að fara aftur til kosninga. Það er kannski ekki hægt að ætlast til þess. Þeir fá góð örlög ef þeir gera það en að öðru leyti hafa þeir átt kost á þokkalegum örlögum með þessu fyrirkomulagi. Og við skulum fullyrða það líka að það sama mundi gerast sennilega hér á landi. Ég veit ekki hvort það yrði Hjálpræðisherinn eða aðrar hreyfingar, Hvítasunnusöfnuðurinn, Krossinn eða einhverjar slíkar sem byðu fram. Það yrði þing að mínu viti þar sem það kæmu fulltrúar af allt annarri gerð en í dag sitja á þingi. Það yrðu fulltrúar stéttarsambanda, það yrðu fulltrúar hagsmunasamtaka, trúarsamtaka og fleiri slíkra. Hér er ég fyrst og fremst að horfa á það sem mér virðist að hafi gerst í Ísrael. Ég ætla ekki að dæma um Holland í þessu sambandi. Ég hef ekki kynnt mér stöðu mála þar.

En það er annað líka sem sækir á minn hug. Það er það að sterkir foringjar raða já-mönnum á bak við sig á listana. Þar yrði aftur á móti trúlega enginn sem fengi mikinn fjölda atkvæða. Sjálfstfl. mundi skiptast í nokkra flokka eftir foringjum. Þeir mundu ekki fara að leggja sig í það að vera þjónar hvers annars sem núna láta sér þó lynda að sitja í sama flokki. Við skulum ganga að því vísu að það væru eðlileg viðbrögð. En það eru ekki já-menn sem vantar inn á Alþingi Íslendinga. Það eru menn sem þora að segja nei. Það er kjarninn. Það er búið að segja of oft já við atkvæðagreiðslur í þessum sal við alls konar vitleysum. Það er kjarni málsins. Þess vegna er það spurning: Er það æskilegt að við söfnum inn á Alþingi Íslendinga talhlýðnu liði í þessum efnum? Ég efa að svo sé. Þarna er ég að viðra mínar skoðanir á því hvað mundi gerast en ég er aftur á móti ekki að segja það að ég telji ekki rétt að menn skoði þetta með kosti og galla að sjálfsögðu. Ég hefði talið rétt að tillagan yrði útvíkkuð þannig að menn skoðuðu fleira en þetta því að það er nú einu sinni svo ef menn ferðast til útlanda til að fara að skoða þetta þá eru þeir ekki of góðir til að gera eitthvað fleira í leiðinni. Það er ekkert svakalegt verk að kynna sér kosningakerfi lýðræðisþjóða ef menn setjast niður yfir það. (Forseti hringir.) Hvað boðar bjöllusöngur? (**Forseti:** Hann boðar það að tími þingmannsins er búinn.) Í 1. umr. Ég ætla þá að víkja hér, en hef hugsað mér að biðja aftur um orðið.

[17:13]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna þess að hv. þm. vísaði sérstaklega til Ísraels þá vil ég láta þess getið mönnum til fróðleiks að árið 1988 þegar fóru fram þingkosningar í Ísrael, þá voru 27 flokkar í framboði, 15 flokkar fengu menn kjörna á þing, en ef það hefði verið 5% gólf í kosningareglunum í Ísrael, þá hefðu tveir flokkar fengið menn kjörna, þ.e. stóru flokkarnir, Likud-flokkur sem fékk 31% atkvæða og Verkamannaflokkurinn sem fékk 30% atkvæða. En það er ekki þannig í Ísrael þannig að flokkarnir voru sem sagt 15 á þingi og stóru flokkarnir hafa orðið að semja við smáflokkana og það er rétt sem hv. þm. sagði að það hefur leitt til þess að þessir smáflokkar eða flokkabrot hafa fengið óeðlilega mikil áhrif á landsstjórnina.

Ég vil aðeins láta þess getið við hv. þm. þegar hann er að fagna kosningaúrslitum í Kanada að ég hef alltaf verið þeirrar skoðunar og hef átt orðræður um þetta mál við framsóknarmenn, sérstaklega í blöðum því að áður fyrr í Tímanum var því ansi oft hampað að hinir og þessir menn út um heiminn væru framsóknarmenn ef þeim vegnaði vel á alþjóðavettvangi og það var meira að segja svo komið einu sinni að það mætti halda að Jóhannes Páll páfi annar væri framsóknarmaður af skrifum Tímans, (**ÓÞÞ:** Er það dregið í efa?) en mér finnst eðlilegt að menn haldi sig nú við heimaslóðir þegar þeir fagna kosningaúrslitum og líti í eigin barm en séu ekki að fagna kosningaúrslitum í útlöndum, sérstaklega að ástæðulausu eins og það er fyrir framsóknarmenn í þessu tilviki í Kanada.

[17:15]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka í upphafi seinni ræðu minnar þá umræðu sem hefur farið fram. Hún hefur í meginatriðum verið málefnaleg og að mínu mati gagnleg fyrir áframhaldandi umræðu um þetta mál, þ.e. kosningalöggjöfina og skipan landsins í kjördæmi.

Það hefur reyndar farið svo að nokkrir hv. þm. hafa kosið að reyna að koma þessari umræðu í farveg hinna þröngu, flokkspólitísku sjónarmiða sem er að mínu mati afar erfitt því að eins og hér hefur komið fram, þá ganga skoðanir í þessu máli þvert á alla stjórnarmálaflokka. Það hefur reyndar þessi umræða staðfest.

Það var einlægur vilji flm. að flutningur þessarar tillögu og umfjöllun um þetta mál yrði til þess að við þá skoðun sem fram undan er yrðu allir kostir til umfjöllunar og sá kostur sem minnst hefur verið ræddur á síðustu árum, að gera landið allt að einu kjördæmi, kæmi þar inn í umræðuna.

Sem almennur þingmaður hér og meira að segja þingmaður sem situr í þingsæti sem ekki er lengur til fannst mér það ekki geta verið í verkahring mínum að hafa forgöngu um að skoða þetta mál í heild. Það er mál sem verður að vera á vettvangi forustumanna flokkanna. Ég sá hins vegar fulla ástæðu til þess að þessi kostur yrði einnig skoðaður og hann yrði með í áframhaldandi umræðu.

Ég hef velt kjördæmamálinu heilmikið fyrir mér á síðustu mánuðum og þeim línum sem þar liggja. Það hefur ýmislegt skýrst í þessari umræðu. Það stendur upp úr þessari umræðu að nánast allir sem hafa talað hafa sagt að það ætti að jafna að fullu á milli flokka. (**ÓÞÞ:** Það er að fullu jafnað.) Það er að fullu jafnað, hv. þm., það er rétt og það á að vera fullt jafnræði á milli flokka. Það hefur einnig mikill meiri hluti þingmanna lýst því yfir að það bæri að jafna frekar milli landshluta. Mín hugsun um þetta mál á undanförnum mánuðum hefur tekið mið af þessum sjónarmiðum sem ég hef talið að yrði ekki fram hjá gengið og það finnst mér að umræðan hér staðfesti. En þá verða menn líka að skoða hvað þetta þýðir. Ég veit að vísu ekki að fullu hvað Sjálfstfl. meinar með sinni landsfundarályktun því að hann segir í tillögugreininni sjálfri að við vinnuna eigi að hafa það að leiðarljósi að það verði jafnt að fullu milli flokka og það verði einnig jafnað verulega á milli landshluta. Að vísu kemur síðan eftirmálsgrein sem opnar allt málið upp á nýtt og segir að við vinnu við málið sé flokkurinn ekki bundinn af þessu. Það verður að segjast alveg eins og er að ég er ekki miklu nær við lestur þessarar ályktunar. En mér finnst hins vegar línurnar hér í þinginu liggja þannig að það sé ljóst að það sé fullur vilji til þess að það sé áfram að fullu jafnað milli flokka en þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því að ef menn halda því áfram, þá er hluti af þeim leiðum sem eru í umræðunni út af borðinu. Þá er í raun einmenningskjördæmahugmyndin út af borðinu. Ég hefði alveg getað hugsað mér að skoða þá leið. En þeir sem hafa aðhyllst þá leið hafa um leið sagt að þeir aðhyllist meirihlutakosningu og þeir vilja að þessar kosningar verði í anda breska kerfisins og hinnar bresku lýðræðishefðar. En þar er langur vegur frá því að það sé jafnað á milli flokka. (**Gripið fram í:** Vilt þú það, bresku leiðina?) Nei, ég vil ekki bresku leiðina.

Virðulegi forseti. Þetta ákvæði að það sé að fullu jafnað milli flokka gerir það einnig að verkum að hin blandaða leið eins og farin er í Þýskalandi er afar torfarin líka því að hún mundi þýða það mikið við okkar flokkakerfi — og þó ég vilji ræða þetta sem mest út frá málefnum en ekki flokkakerfi, þá getum við ekki horft fram hjá því að hér í landinu er til þess að gera gróið flokkakerfi — þá mundi hún koma þannig út að stóru flokkarnir mundu vera með kjördæmakjörnu mennina í megindráttum. Minni flokkarnir mundu örugglega ná inn manni í einhverjum kjördæmum og út á það vera með nánast alla landskjörnu þingmennina. Ég bið menn að skoða nú þessi mál út frá þessum sjónarmiðum.

Það eru fleiri leiðir eftir. Sú leið sem nefnd Sjálfstfl. kynnti á sl. vori í mars ef ég man rétt gekk út á það að fækka þingmönnum niður í 53, fjölga kjördæmum í 11. Þar af yrðu 5 í Reykjavík og Reykjanesi. Í þeim kjördæmum yrðu 30 þingmenn af 53. Við þessa breytingu yrðu þingmenn í landsbyggðakjördæmunum, það er eftir því hvernig yrði unnið út frá því en ég sé ekki til að mynda að Vestfjarðaþingmenn yrðu fleiri en þrír. Þetta er að mínu mati sú versta leið sem ég gæti séð og ég bendi á það að við erum líka á vendipunkti varðandi jöfnun milli landshluta. Hvaða jöfnun sem kemur til viðbótar, hvað sem hún er lítil, þá snýr hún við því hlutfalli sem var pólitískt sátt um í síðustu breytingu að það væru fleiri þingmenn á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Í því kerfi sem við erum í geta orðið 31 af höfuðbogarsvæðinu og 32 af landsbyggðinni þannig að minnsta breyting færir okkur yfir þennan þröskuld og þegar það hefur gerst er málið allt saman komið í nýtt ljós. Auk þess er það er mín skoðun að verði þessi breyting fara menn ekki rétt yfir þröskuldinn heldur fara menn þá eitthvað í átt við það sem nefnt er í tillögum Sjálfstfl., 30 á móti 23. Út frá þessum staðreyndum og þessari hugsun hef ég komist að svipaðri niðurstöðu og hv. 3. þm. Vesturl. að að þessum forsendum gefnum væri best fyrir landbyggðina að allir þingmenn væru kjörnir sem þingmenn landsins alls og þeir bæru ekki bara ábyrgð gagnvart sínu kjördæmi heldur landinu öllu. Og það er mín skoðun og ég get stutt hana með rökum ef ég hefði tíma að þetta væri landsbyggðinni til góða. Það yrðu fleiri þingmenn sem ynnu fyrir landsbyggðina og kynntu sér hagi fólksins vítt og breitt um landið í því kerfi.

Ég vil einnig vekja athygli á einu sem ég hef gert fyrr í mínum málflutningi í dag og það er að ég vil einnig skoða þetta í samhengi við þær breytingar sem nú er verið að ræða um á sveitarstjórnarstiginu. Ég sé ekki fyrir endann á hvernig það endar. En ég mundi vilja sjá það gerast þar að mun meiri verkefni og þau verkefni sem standa næst fólkinu af því sem við erum að sýsla hér á Alþingi færist út til héraðanna. Og með úrlausn þeirra mála leiti menn til sinna héraðsstjórna hvað sem þeir heita, hvort sem þær heita sveitarstjórn eða hvað annað en ekki hingað á Alþingi.

Ég geri mér grein fyrir því að þessi leið hefur ýmsa ókosti, enda er það svo að það er engin patentlausn til. Málið er svo einfalt. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi að vera hægt að finna leiðir sem komast fram hjá því að það verði flokksræði sem ráði hvernig mönnum er skipað á framboðslista og það eru ýmsar leiðir til þess. Það hefur komið hér fram í þessari umræðu að í Hollandi er landinu héraðsskipt til þess að velja menn til pólitíska starfa. Það er einnig hægt að ganga svo langt að kjósandinn raði upp endanlega á listanum í kjörklefanum þó svo að ég vil taka fram að ég sé verulega annmarka á því þar sem þá yrðu frambjóðendur hvers flokks fyrir sig í raun í prófkjörsslag fram á síðasta dag þannig að það eru margir vankantar á því. Og svo er með alla þá möguleika sem hér hefur verið velt upp. Á þeim eru bæði kostir og gallar. Og að sjálfsögðu, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, ef menn líta á kostina, þá koma gallarnir í ljós. (**ÓÞÞ:** Það er ekki alltaf. Sumir sjá aldrei nema kosti.)

Virðulegi forseti. Ég vil einnig nefna það að hér hefur verið rætt um það sem sérstakan galla ef þessi breyting leiddi að af sér að að kæmu fleiri sjónarmið fram, fleiri aðilar sem leituðu eftir því að bjóða sig fram til setu á löggjafarsamkomunni. Það er vissulega hægt að sjá á því galla en það er einnig hægt að sjá á því kosti. Það er einnig hægt að koma í veg fyrir slíkt

ef menn vilja með því að setja þar þröskuld og ég tel reyndar rétt að það verði þar þröskuldur.

Ég bendi einnig á að samanburður til annarra landa hvað þetta snertir er mjög ómarktækur vegna þess að hinar pólitísku hefðir eru svo misjafnar eftir löndum. Það hefur nú sýnt sig í okkar þjóðfélagi, þrátt fyrir allt, að það flokkakerfi sem við búum við er afar traust í sessi og ég geri mér engar vonir um þrátt fyrir að það komi hér einmenningskjördæmi að Sjálfstfl. þurrkist út við næstu kosningar eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson virtist gera hér áðan.

Hver er breytingin eftir allt umrót tveggja síðustu áratuga? Hún er sú að í staðinn fyrir að tala um fjórflokka í upphafi tímabilsins tala menn nú um fimmflokkinn þannig að hér er þrátt fyrir allt veruleg festa í hinu pólitíska starfi.

Virðulegi forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að fara hér út í einstök efnisatriði sem komu fram í umræðunni önnur. Ég hef svarað þeim nokkrum um leið og þau hafa komið upp. Ég vil þó taka það fram að lokum og ég vona að það fari ekkert á milli mála hjá neinum sem hafa hlustað á mína lokaræðu hér, að ég set þessa tillögu fram af einlægum hug til þess að fá um þetta atriði og reyndar kosningaskipunina í heild góða umræðu hér inn á Alþingi.

Ég hef, held ég, verið þekktur fyrir annað á hinum pólitíska vettvangi en að tala þvert um hug minn og hefur nú reyndar oft átt að setja mig af, bæði á hinu pólitíska sviði og víðar fyrir að segja það sem ég meina. (**Umhvrh.:** Er það Páll?) Það er nú ekki komið svo langt, hæstv. ráðherra, að það hafi reynt á það. En ekki skal ég segja um það hvernig gæti farið í því máli þannig að ég skal taka við blóðugum skömmum fyrir skoðanir mínar en ekki fyrir það í svona veigamiklum málum að tala þvert um hug minn.

[17:29]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst að þessar umræður hafi leitt í ljós að tillöguflutningurinn þjónar ekki þeim tilgangi sem hv. síðasti ræðumaður vildi. Það hefur komið hér fram í þessum umræðum að það er meiri andstaða við þetta mál heldur en menn kannski ætluðu áður en umræðan hófst og málið er komið í sjálfheldu og mun ekki leiða til þeirrar niðurstöðu að leysa nokkurn vanda.

Varðandi það sem flm. sagði um ályktun okkar sjálfstæðismanna þá verður hann að átta sig á því að hún er tvískipt. Það er annars vegar verið að lýsa stefnu ríkisstjórnarinnar og hvernig má ná markmiðum þeim sem þar eru sett fram. Það er hægt að gera það eftir ýmsum leiðum, einmenningskjördæmum eða gera landið að einu kjördæmi og byggja á þeim grunni sem nú er fyrir hendi.

Á hinn bóginn lýsir Sjálfstfl. því yfir að hann telur að það eigi að taka upp viðræður allra flokka um þetta mál og þar eigi að huga að þessum atriðum eins og jafnræði á milli flokka, jöfnun atkvæðisréttar og öllum þeim þáttum sem menn hafa verið að ræða hér í dag þannig að menn verða að líta á þetta í því ljósi sem segir beinlínis í textanum og það er algerlega ástæðulaust að vera að draga það í efa að Sjálfstfl. hafi ekki fastmótaða og skýra stefnu í þessu máli.

[17:30]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt það sem ég hef gert. Ég hef lesið þessa ályktun eins og hún er framsett og það kallar fram þá niðurstöðu sem ég nefndi hér í ræðu minni áðan. Hitt get ég sagt við hv. þm. að það getur hver túlkað sem hann vill niðurstöðu þessarar umræðu. Niðurstaða þessarar umræðu hefur ekkert verið á annan veg heldur en ég reiknaði með. Hún staðfestir það sem ég sagði í minni framsöguræðu að í öllum flokkum eru til sjónrmið með og móti þessari skipan og ég minni hv. þm. á það að í landsfundarályktunar Sjálfstfl. er einmitt tekið fram að þessa leið skuli skoða með öðrum þannig að ég get ekki séð að sé nú eins langt á milli og hv. þm. vill vera láta.

[17:32]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tel að það sé alveg ótvírætt að það hafi komið fram hér í þessum umræðum almennt það viðhorf að ef menn ætluðu að halda sér við þá tilhögun sem tillögumenn gera ráð fyrir þá gangi það þvert á vilja meiri hluta manna sem hér hafa talað. Meiri hluti manna vill að það séu skoðaðir miklu fleiri kostir en þessi eini sem hv. tillögumenn hafa gert tillögu um og telja að það eigi bara að skoða hinar jákvæðu hliðar á eins og fram kemur í ályktunartextanum sjálfum.

[17:32]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú fer kannski svo að ég verð að fara að stafa og vita hvort hv. þm. skilur þá. En ég hef margsinnis tekið fram í dag að þetta mál sé sett fram til þess að það sé skoðað sem raunverulegur möguleiki og verði með í umræðunni í framhaldinu um breytingar á kosningalögum og kjördæmaskipan. Ég sagði einnig í ræðu minni áðan að ég sem óbreyttur þingmaður taldi mig ekki hafa neina stöðu til þess að setja fram tillögu um að málið væri skoðað í heild. Þá hefði ég fyrst allt of mikið í fang. Það er hlutur sem á að vera á vettvangi forustumanna í stjórnarflokkunum. Það tekur hins vegar ekki þann rétt af einstökum þingmönnum að leggja til að þar verði einstakar leiðir skoðaðar ofan í kjölinn þannig að þær verði gjaldgengar inn í þá umræðu.

[17:33]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en fagnað því að hv. 1. flm. skuli taka undir þá skoðun mína að það beri að skoða málið í heild og þá séu fleiri kostir skoðaðir en bara sá sem nefndur er í tillögunni.

Ég verð að harma það að þrátt fyrir það að hann láti þingsæti sem ekki er lengur til og hógværð sína verða sér að fótakefli í þessu efni og hafi ekki flutt tillögu um það að kjördæmamálið væri skoðað í heild sinni því að þá hefðum við væntanlega komist hjá þeim deilum sem hér risu fyrr í dag og ég hefði komið upp og hrósað honum fyrir hugprýðissakir eins og Ólafur Þ.

Þórðarson telur að enn þá finnist í Framsfl. Annars tel ég að umræðurnar hér í dag hafi verið afar merkilegar, ekki bara þessi umræða hér heldur fyrr í dag líka. Og hvað það varðar sem kom fram hjá einum hv. þm. Framsfl. að Framsfl. væri að breytast, þá er það alveg ljóst á ræðum þeirra hv. þm. Páls Péturssonar og Ólafs Þ. Þórðarsonar að það er ekki nema hluti Framsfl. sem er að breytast.

[17:35]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skil mætavel ótta þeirra hv. þm. sem hér hafa talað í dag við það að Framsfl. sé að breytast.

[17:35]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið fróðlegt að fylgjast með því að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson heldur hverja ræðuna á fætur annarri og beinir máli sínu einkum til hv. þm. Framsfl. Hann vill leiða þá á braut betri þroska. Ég get þá sagt honum af eigin reynslu að þar mun hann sennilega ekki hafa erindi sem erfiði.

En ég vil segja það, virðulegi forseti, að í ræðu sinni hér áðan drap hv. þm. á ýmsa kosti sem koma til greina. Nú er það svo að við þurfum með einhverjum hætti að reyna að finna sameiginlega lendingu í þessu máli. Ein gæti t.d. verið sú að taka upp þýska kerfið þar sem þingmenn eru kjörnir bæði úr kjördæmum og líka af landslistum. Í ræðu sinni reifaði þingmaðurinn lítillega þennan möguleika og sagði sem svo: Þetta mun leiða til þess að þingmenn stærri flokkanna munu verða kjördæmakjörnir og smærri flokkarnir munu fá einn og einn þingmann í kjördæmi og þess vegna fá líka þingmenn af landslistum. En hvað er að því? Þetta voru í rauninni rök af hans hálfu gegn þessu fyrirkomulagi og mér þætti vænt um að fá að heyra frekar úr hans munni hvers vegna hann telur að þetta fyrirkomulag verðskuldi ekki umræðu og hvaða galla hann sér á því.

[17:36]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að mínu mati auðséð hvaða galli er á þessu. Þarna væri verið að tala um tvískiptingu þingmanna þar sem annar hlutinn væri kjörinn heima í kjördæmum og ætti þá eðli máls samkvæmt, annars væru menn ekki að fara þessa leið, að sinna frekar þeim svæðum. Það gefur þá auga leið að ef menn vilja viðhalda þessu tvískipta hlutverki þingmannanna á þennan hátt, þá væri það afar óæskilegt að kjördæmakjörnu þingmennirnir kæmu að miklu meiri hluta úr til að mynda tveimur stjórnmálaflokkum, en landslistamennirnir úr hinum. Ég held að þetta liggi alveg í augum uppi því að menn væru ekki með þessa tvískiptingu nema þeir meintu eitthvað með því og teldu að það ætti að vera munur á hlutverki þessara þingmanna.

[17:37]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skýring þingmannsins var einkar ljós. Hins vegar finnst mér þetta vera afskaplega léttvæg rök gegn þessu kerfi og í rauninni út í hött. Að öðru leyti vil ég hughreysta hann með því ef hann telur nú að pólitískri tilvist sinni sé ógnað, að eins og formaður Alþfl. hefur margoft bent á, þá er ævinlega rúm fyrir hann í Alþfl. þannig að þó að hv. þm. hafi tapað þingsæti, þá stendur honum þó flokkur til reiðu.

[17:38]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afar hræddur um að fljótlega verði sá flokkur án þingsæta.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Andsvörum er lokið. (**ÓÞÞ:** Andsvar. Ég bankaði í borðið.) Er það misskilningur að hv. þm. hafi óskað eftir að taka til máls á mælendaskrá? (**ÓÞÞ:** Það er rétt að þingmaðurinn hefur óskað eftir að tala til máls, en hann barði líka í borðið til þess að fá að tala í andsvari.) Ég vil beina því til hv. þm. að hann sýni ekki svo mikla hæversku að biðja um orðið svo hæglætislega að þingforseti taki ekki eftir því. Hv. 2. þm. Vestf. tekur til máls og veitir andsvar.

[17:39]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég mun reyna að hafa þann ófrið í frammi sem nauðsynlegur er til að hafa hér eftirtekt. En það sem ég vildi vekja athygli á og kom fram í mál flm. er fyrst og fremst eitt atriði.

Hann talar um það annars vegar sem gefna forsendu að hafa jöfnuð á milli flokka og hins vegar að hafa gólf. Þetta tvennt gengur aldrei upp. Annaðhvort hefur hann jöfnuð á milli flokka eða gólf. Hafi hann hlustað á það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um úrslitin í Ísrael þá blasir það við að það var ekki lýðræðisleg niðurstaða þó að frambjóðendurnir yrðu svona margir í upphafi eða flokkarnir sem buðu fram. Ég held þess vegna að menn verði að átta sig á því að þetta tvennt fer aldrei saman. Ef það er ekkert gólf þá er niðurstaðan sú að að verði jöfnuður á milli flokka. Ef það er gólf, þá er það úti og stærstu flokkarnir fá út úr niðurstöðunni meira en þeir eiga samkvæmt jöfnuði á milli flokka.

[17:40]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég tala um jöfnuð á milli flokka, þá tala ég um það út frá þeim forsendum sem hér eru í dag og vissulega á nákvæmlega það sama við um þá reglu sem við búum nú við, að í síðustu kosningum hafa verið hér framboð sem ekki hafa komið manni á þing þannig að þar er í raun og veru um enga breytingu að ræða. Hér er eingöngu um að ræða spurningu um reiknireglu en ekki grundvallaratriði.

[17:40]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að samkvæmt núverandi kerfi eru það fyrst og fremst stóru kjördæmin, þau stærstu, sem eiga mikla möguleika á fjölgun þingflokka. Og auðvitað yrði fjöldi þingflokkanna sem byði fram miklu meiri ef landið væri eitt

kjördæmi. Þess vegna gengur það ekki upp annars vegar að hafa gólf og hins vegar að hafa jöfnun á milli flokkanna. Þessu er mjög auðvelt að komast að bara með því að kynna sér þær staðreyndir sem liggja fyrir um þær niðurstöður sem vitað er. En málið snýst ekki um hvort það eigi að verða eitt kjördæmi, heldur hvort eigi að kanna það þannig að ég ætla ekki að ræða það frekar.

[17:42]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þau eru dálítið skrýtin þingsköpun, þegar maður verður að labba úr ræðustól og aftur í ræðustól eftir hinu nýja kerfi sem hér gildir, þó að enginn mæti í ræðustól í millitíðinni.

Það sem fyrst og fremst er að því kjördæmaskipulagi sem sett var upp 1959 er að landið var bútað niður í svæði sem gerðu það að verkum að samstaða stærri svæða hrundi. Vestfirðingafjórðungurinn forni er klofinn um Breiðafjörð og Breiðafjörður gerður að jaðarsvæðum tveggja kjördæma til verulegrar bölvunar fyrir það svæði. Norðurland er sett í tvennt. Tröllaskagi er látinn skilja Norðurland í sundur og það var nú svo að þegar Norðlendingar sóttu Jón Arason, þá var aðeins eitt Norðurland. Og þegar Davíð orti um sitt Norðurland, þá var aðeins eitt Norðurland þar sem klukkan sló 12. Þetta er afleiðingin. Það er búið að splundra samstæðum heildum sem voru áður og það mun ekki gróa um heilt á nýjan leik. Sveitarstjórnarsamtök á Norðurlandi eru komin í tvær fylkingar. Það er búið að veikja héraðavitundina með þessu tilæki.

Annar stórkostlegur galli á þessu kerfi er það að það voru mismargir þingmenn í kjördæminu í stað fyrir þá að skipta Reykjavík upp og hafa jafnræði í fjölda í kjördæminu því að afleiðingin af þessu blasir við þegar skoðað er hvernig er með skiptingu ráðherraembætta. Þau fylgja stærstu kjördæmunum.

Ég vil þess vegna undirstrika það að ég græt það ekki þó að þessu verði bylt, ég græt það ekki. Ég held að menn verði að horfa á kjarna málsins. Alþingi Íslendinga er kosið til þess að með lýðræðislegum hætti sé hægt að mynda stjórn yfir þessu landi og það er heiðarlegra að menn neyðist til að koma sér saman fyrir kosningar um hvernig eigi að standa að málum heldur en eftir kosningar gerist það að útkoman verði jafnfurðuleg eins og hún getur orðið með þessu fyrirkomulagi. Menn ganga til kosninga vígreifir eins og Alþfl. gerði seinast, búinn að ganga frá því í bak og fyrir að mynda ríkisstjórn með Sjálfstfl. (**MB:** En ráðherrastóllinn?) Það er ekki talað úr ráðherrastól núna. Það er ekki skrýtið þó menn tali ekki úr ráðherrastól þegar þeir þurfa að gefa svona yfirlýsingu. Það er dálítið annað að blaka við en að lýsa því yfir kalt að þetta sé rangt úr ráðherrastól. Þetta er sannleikurinn. Og í þokkabót var ekki samið um neitt hvað ætti að gera. Það var bara samið um völd.

Ég vil undirstrika það við hv. 3. þm. Reykn. að þau eru völt þessi sæti, þau eru völt. Það fóru 158 íhaldsmenn í Kanada út úr þinginu í einni kippu. Það er ekki skrýtið þó menn horfi niður á borðið þegar menn hugsa um þessi örlög. Þetta eru kanadísku örlögin. Björn Bjarnason er að velta því fyrir sér, hverjar pólitískar skoðanir séu hjá páfanum, Jóhannesi páfa. Hann má kjósa íhaldið fyrir mér. Það skiptir engu máli. En kjarni málsins er sá að frjálshyggjan, sem íhaldið studdi í Kanada, hrundi og bókin sem gefin var út, Svikin við Kanada, var lesin um allt landið og þeir sannfærðust um það að þessi flokkur hefði brugðist sinni þjóð.

Hér inni er einn ágætur þingmaður með biblíu Sjálfstfl. undir arminum með mynd af Thatcher utan á. Hann segir að við eigum ekki að horfa til annarra landa, hverjir stjórni. Hvað er hann að gera með þessa bók hér inn í þingsalinn innan um þingskjölin, ef hann telur það ekki skipta neinu máli hvað Thatcher gerði í Bretlandi? Af hverju fleygir hann ekki skræðunni strax í ruslafötuna? (**Umhvrh.:** Sjáið bókina á borði umhvrh. Það er hin eina sanna biblía.) Ég ætla nú ekki að fara að lesa mér til um rjúpuna strax. Það verður að bíða betri tíma. En þetta hefur fyrst og fremst hrært upp þessa umræðu. En kjarni málsins er sá að hvorki Sjálfstfl. né Alþfl. vilja láta kjósa um þjóðmálin í næstu kosningum. Þeir vilja ekki láta kjósa um þjóðmálin. Annars vegar er sameiningarallí í gang í sveitarstjórnarkosningum um land allt. Gott og vel. Og hins vegar er Sjálfstfl. staðráðinn í því að reyna að berjast á móti því eins og hægt er að það verði kosið um efnahagsmálin í næstu kosningum. Hvers vegna? Áróðurssérfræðingur íhaldsins, Hannes Hólmsteinn, dugar ekki. Það er niðurstaðan. Dugar ekki jafnvel þó að það sé búið að koma honum fyrir í háskólanum og nú riti hann alltaf lærðar greinar sem einn af starfsmönnum háskólans. Þrátt fyrir það að háskólinn mótmælti rækilega tilvist þessa manns þar inn fyrir veggi. En ég virði alltaf þann menntmrh. sem skipaði hann fyrst til starfa. Hann skipaði hann án kennsluskyldu af því að hann gerði sér grein fyrir takmörkununum. Svo urðu mistökin miklu að fela manninum kennsluskyldu og síðan hefur hann talið að hann gæti frætt alla þjóðina og sérstaklega leiðbeinir hann Sjálfstfl. um stefnuna núna. Auðvitað er það þetta sem hefur brostið.

Ég skil það vel að sumir telji að nú sé best að lesa Nýja testamentið daga og nætur. Það er hárrétt athugað. Það var það sama sem séra Sigvaldi komst að á sínum tíma eins og menn muna.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill í fullri vinsemd minna hv. síðasta ræðumann og aðra hv. alþm. á það að samkvæmt þingsköpum ber að kenna þingmann við kjördæmi sitt og samkvæmt þingvenju að nefna hann háttvirtan.

[17:50]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur tekið upp þá venju hinna útdauðu kommúnista að skamma Albaníu en meina Kína. Hér heldur hann flenniræðu gegn frjálshyggjunni. Hvers vegna skyldi hann velja þennan dag? Einmitt vegna þess að á þessum degi hefur það gerst að hv. þm. Páll Pétursson, for-

maður þingflokks framsóknarmanna, hefur tekið hina ungu framsóknarþingmenn tvisvar og vænt þá um frjálshyggju og það er auðvitað út af því sem þingmaðurinn heldur þessa miklu stólparæðu gegn frjálshyggjunni. *Í þeim hópi er hinn ungi þingmaður,* hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Hann er einn af þeim nýju frjálshyggjusveinum Framsfl. og ekki nema von að þingmaðurinn þurfi að skamma þá talsvert hér.

En þingmaðurinn talaði um galla núv. fyrirkomulags og sagði að m.a. leiddi það til þess að héraðsvitund manna væri deydd. Ég get tekið undir þetta. Það er óheppilegt að skipta Norðurlandi í tvennt og skipta landinu í marga hluta eins og þingmaðurinn sagði. En skilur hann ekki hvað hann er að segja. Hann er að taka undir með þeim sem vilja gera landið að einu kjördæmi og þar með eyða þessari skiptingu. Hvers vegna kemur ekki þingmaðurinn og gerir upp við þetta mál og viðurkennir það að hann hefur haft rangt fyrir sér. Hann hafi eins og Sál á leiðinni til Damaskus séð ljósið þó vera kunni að hann hafi ekki fengið eldingu í hausinn eins og Sál á sínum tíma.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram að þar eð þrír hv. þingmenn hafa óskað eftir að veita andsvör, þá verður ræðutími takmarkaður í síðari umferð, tvær mínútur í fyrri umferð, ein mínúta í síðari umferð.

[17:51]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það skal beðið velvirðingar á því hafi mér orðið á að gleyma að ávarpa 3. þm. Reykv. sem háttvirtan en það efa ég aldrei að hann er.

Hæstv. umhvrh. horfði á ágætan þingmann Framsfl. og bauð hann velkominn í Alþfl. Hinn efaði að flokkurinn yrði til eftir næstu kosningar (**JGS:** Eðlilega.) og bætir því nú við, eðlilega. Þetta gerðist fyrst á þessum degi eftir að hv. þm. varð fyrir ádeilum frá formanni um að hann væri frjálshyggjusinnaður. Ég verð nú að segja eins og er að mér finnst þetta benda til þess að hann sé þá að leita eftir því að velja þá til sín sem *þannig séu sinnaðir.* Ég vil *aftur á móti* ekki bera það á hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, hv. 6. þm. Norðurl. e., að hann sé frjálshyggjusinnaður. Ég hef litið á hann sem félagshyggjumann. En ég vil taka það fram að mér finnst að miðað við aðstæður sé hæstv. ráðherra Össur Skarphéðinsson mjög prúður og stilltur hér í ræðustól og svo skemmtilegur að ég stend ekki í því að skamma þennan prúðbúna mann sem stendur nú í því að verja fylgi fyrir foringja sem búið er að dæma. Við verðum að una því að menn séu svolítið *hvassari undir þeim kringumstæðum.* Það er fáheyrt að það gerist á Íslandi að annar stjórnarflokkurinn láti standa nánast í því að dæma ráðherra úr hinum stjórnarflokknum.

[17:53]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. hefur áhyggjur af líðan minni, þá vil ég nú fara með þau orð sem standa í þeirri bók sem ég gaukaði hér að honum áðan, „Mitt ok er létt." Ég vildi hins vegar gjarnan að hv. þm. svaraði því sem ég varpaði til hans. Hann sagði að núverandi kosningafyrirkomulag svipti menn héraðsvitund, það væri búið að skipta landinu upp, tók sérstaklega til Norðurlöndin sem nú væru orðin tvö og hefði verið annar uppi er þeir ortu fyrr á öldum um fegurð landsins. Getur hann tekið undir það að með því að gera landið að einu kjördæmi, þá væri í rauninni búið að skapa möguleika til þess að vekja aftur upp héraðsvitundina sem núverandi fyrirkomulag hefur útrýmt?

[17:54]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Gamla þjóðveldið var sáttargjörð *hinna fornu fjórðunga, þeir voru fjórir.* Héraðsvitund þessara fjórðunga verður ekki burtu máð. Það er greypt inn í menningararf Íslendinga, það er greypt inn í menningararfinn. Hitt hefur aftur á móti gerst að það er búið að kljúfa Norðurland í tvennt. Ég tel að á grundvelli hinna fornu fjórðunga eigi menn að koma sér saman um lýðræðislega stjórn þessa lands og að sjálfsögðu eiga þeir sem búa í Reykjavík sama rétt og aðrir í þessu landi. Ég vona að enginn efi það.

En kjarni málsins er þessi. Það er ekki héraðsvitund sem verið er að tala um ef við ætlum að hafa eitt kjördæmi, þá er það bara landsvitund. Auðvitað eru menn þingmenn alls landsins og eiga að vera það. En *þeir eru líka kvaddir til að gæta vissra svæða.*

[17:56]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. umhvrh. að eftir þær umræður sem urðu hér fyrr í dag varðandi frv. til laga um eftirlaunasjóði, þá finnst mér það koma úr hörðustu átt frá hv. 2. þm. Vestf. að bera það fram sem sérstakt ásökunarefni að menn aðhyllist frjálshyggju því að það kom glögglega fram í þeim umræðum að hv. 1. þm. Norðurl. v., formaður þingflokks Framsfl., taldi að þessi skoðun væri að ryðja sér mjög til rúms innan þingflokks framsóknarmanna. Og það fer framsóknarmönnum ákaflega illa að setja á þessar deilur hér og nota okkur þingmenn úr öðrum flokkum sem skotspæni í þeim ágreiningsmálum. Þeir verða að leysa þessi mál á eigin vettvangi og ég er viss um það að dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson mun fúslega veita þeim leiðbeiningar í þessum fræðum þannig að þeir geti sætt sín sjónarmið og áttað sig á því um hvað þessi mál snúast, enda er hann náskyldur eins og fram hefur komið formanni þingflokksins þannig að þar eru stuttar leiðir á milli ef menn vilja hafa uppi samræður. Ég gæti sjálfur tekið að mér að *koma þessum boðum til Hannesar Hólmsteins ef* óskað væri.

Varðandi málið sem er hér til umræðu, kosningalöggjöfina, þá vildi ég spyrja hv. þm. hvort það sé rétt að skilja orð hans þannig að hann aðhyllist einna helst hugmyndir um meirihlutakjör, þ.e. að kosningalöggjöfinni verði hagað þannig að kjósendur geti sagt sem mest um það hvaða ríkisstjórn taki við að kosningum loknum.

[17:57]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að játa að mér finnst umburðarlyndi forseta mikið þegar hér er tekið á dagskrá lífeyrissjóðsmál undir þessari umræðu. Ég vil undirstrika það að ég hygg að frjálshyggjumönnum fækki hratt í flestum flokkum, fækki hratt. En hitt er svo annað mál að sú spurning efnislega um þetta mál sem kom hér fram er allrar athygli verð. Ég tel að þá aðeins sé lýðræði eins og ég vil hafa það og skil það ef fólkið sem gengur að kjörborðinu hefur verulega vissu fyrir því hvaða ríkisstjórn það er verið að setja yfir landið með sínu atkvæði. Það finnst mér vera kjarni málsins að fólkið hafi áhrif á það við kosningarnar hvaða ríkisstjórn það er að setja yfir landið. Það er erfitt að búa við það að menn bjóði sig fram undir merkjum félagshyggju og jafnaðarmennsku, en gangi svo beint til þess leiks að setja frjálshyggjuna í öndvegi jafnvel þótt ég taki undir það að í dag hafa þeir verið að færa með lagni úr þinginu helstu frjálshyggjupostulana úr sínum röðum. Og nú nikkar hæstv. umhvrh. Hann gerir sér grein fyrir því hvað þeir hafa verið að gera.

[17:59]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við höfum margir hér í þinginu fylgst með kosningunum í Kanada og þar tapaði Íhaldsflokkurinn að sönnu mörgum þingsætum, reyndar 153 af 155 en ekki 158 eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði áðan. Honum hefur orðið tíðrætt um þessi kanadísku örlög og að þau gætu beðið okkar sjálfstæðismanna í næstu kosningum. En ég er hræddur um að annar íslenskur flokkur hafi orðið fyrir þessum örlögum í síðustu kosningum því að íhaldsflokkurinn kanadíski fékk í kosningunum um daginn 16% atkvæða en Framsfl. fékk í síðustu kosningum 17% atkvæða þannig að út frá þessu sýnist mér að að veiti ekki af því að það fari fram umræða um kjördæmaskipan í kanadíska þinginu.

Það er hárrétt hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að þeir eru valtir þingmannsstólarnir og ég ætla að fullvissa hann um það að ég á tangirnar mínar enn óryðgaðar og ef það kemur upp júgurbólga í Efra-Nesi, þá getur hann hringt til mín.

[18:01]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kom fram stuttu eftir að ágætur þm., 3. þm. Reykn., kom á þing og settist inn í þingherbergi Sjálfstfl. að hann taldi að sín þekking sem dýralæknir kæmi þar verulega að gagni og ég hafði nú ekki hugmyndaflug til að átta mig á þessu með tangirnar fyrr en núna. En burt séð frá því tel ég ekki að það þurfi að endurskoða kosningalögin í Kanada. Ég tel að þau hafi sýnt með sanni að það á að skipta um ríkisstjórn með þessum hætti.

[18:02]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að biðja hv. þingheim að ímynda sér það ef kjördæmaskipan í Kanada hefði verið hér á landi og það hefðu aðeins orðið tveir frambjóðendur, annar frá Vestfjörðum og hinn frá Reykjavík, og þeir hefðu verið sóknarmenn á þingi, þeir Ólafur Þ. Þórðarson og Páll Pétursson, hv. þm.

[18:02]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er örstutt í ljósi þeirra orða sem menn höfðu hér áðan þegar þeir voru að draga saman niðurstöðu umræðunnar. Að mínu mati er niðurstaðan sú að menn eru með mál í höndunum sem þarfnast breytinga. En það er ekki kjördæmamálið sem slíkt sem er það sem á brennur að mínu viti, það er ekki það mál þar sem eldurinn logar hvað mest. Það er sjálf búseturöskunin. Það er hún sem við þurfum að reyna að takast á við og reyna að snúa hlutunum til betri vegar.

Þessi þáltill. tekur að mínu mati ekki á því máli sem til þess getur orðið. Því hef ég ekki lýst yfir miklum fögnuði með þessa tillögu því að ég tel að menn séu að víkja umræðunni frá meginatriðinu til annars atriðis sem minna máli skiptir og tekur ekki á þessu atriði sem mér er efst í huga, að snúa við búsetuþróun hér á landi. Ég tel að það gerist ekki með því að ræða um þennan þátt stjórnskipunarinnar.

Hins vegar tel ég að menn ættu að ræða það hvernig menn skipuðu valdinu, þ.e. hvernig menn skiptu hlutverkum milli ríkis og annarra stjórnsýslustiga. Þar er ég að tala um hlutverk sveitarfélaga og ég er líka að tala um þriðja stjórnsýslustigið. Ég tel nauðsynlegt að ef menn eigi að geta náð því valdi heim í héruð sem menn þurfa til að snúa búsetuþróuninni við þá verði menn að hafa það vald yfir ákveðin héruð eða svæði.

Ég skal ekkert segja um það hvað þau eiga að vera stór. Þau gætu verið kjördæmi en það getur líka verið rétt sem fram hefur komið hjá hv. 2. þm. Vestf. að það ættu að vera hinir gömlu fjórðungar. Þá fyrst held ég að við værum farnir að tala um hluti sem skiptu máli í því samhengi sem ég set þá.

Ég vil minna á það að hér kom upp fyrr í umræðunni hv. 1. þm. Vestf. sem er formaður stjórnarskrárnefndar. Hann upplýsti að sú nefnd mundi væntanlega ljúka störfum að vori komanda. Ég tel að ef einhver árangur er af þessari umræðu þá sé hann að mínu mati sá að sú nefnd fær þetta mál til alvarlegrar umfjöllunar og mun væntanlega ræða um þetta atriði sem ég legg áherslu á innan síns hóps. Hins vegar upplýsti formaður nefndarinnar, hv. 1. þm. Vestf., að það væri ágreiningur í nefndinni um ákveðin atriði milli Alþfl. og Alþb. annars vegar og Sjálfstfl. og Framsfl. hins vegar. Það eru atriði sem skipta mestu máli í þessu samhengi, um forræði yfir eignum, náttúruauðlindum og annað slíkt. Ég bíð spenntur eftir tillögum stjórnarskrárnefndar hvað þessi atriði varðar. Hún kann að koma með tillögur sem skipta máli ef hún nær að ráða fram úr þessum ágreiningi en hún kann líka, því miður ef illa tekst til, að einangra sig við það sem þessi tillaga gerir, að ræða eingöngu kjördæmaskipanina og hvernig á að velja menn til þessa vettvangs í óbreyttri mynd, með óbreytt hlutverk. En ég tel að menn geti ekki tekið þetta mál upp til umræðu á þeim forsendum að hlutverk Alþingis verði óbreytt. Ég er að því leyti sammála öðrum þeim sem hér hafa talað að breyt-

inga er þörf. Búsetuþróunin á landsbyggðinni er óviðunandi. Við sjáum ekki fram á að hún muni breytast og það er ástand sem kallar á breytingar.

Ég vil svo að lokum geta þess af því að fyrri flm. málsins kom inn á það að menn væru að gera breytingar á skipan sveitastjórna og verkefna þeirra að þær breytingar sem í boði eru þar núna eru þannig að mínu viti að þær breyta engu til eða frá um valdsvið eða afl sveitarstjórna því það er blekking að halda því fram að það sé verið að færa einhver verkefni til sveitarfélaga. Það er einungis verið að gera þau að verktökum hjá ríkinu, þar sem ríkið setur alla skilmála. Það er ekki breyting sem ég vil sjá, ég vil sjá miklu róttækari breytingar.

Ég tel því að þær tillögur sem hann vísaði til séu ekki spor í þá átt sem menn ættu að ganga. Því miður hefur Alþingi einblínt um of á óbreytt ástand hvað þetta varðar. Það hefur verið að afgreiða frá sér löggjöf um hlutverk og verksvið sveitarstjórna sem er að mörgu leyti hálfgert fúsk, síðasta dæmið er löggjöfin frá síðasta vori, bráðabirgðaákvæði um kosningar um sameiningu sveitarfélaga. Ég nefndi sem dæmi að samkvæmt því og kosningalögum þá er mjög stuttur tími fyrir þá sem vilja kjósa sem þeir hafa til að neyta atkvæðisréttar. Ef þeir þurfa að vera fjarri vettvangi þó ekki sé nema rúmlega mánuði fyrir kjörfund þá eiga þeir þess ekki kost eins og er í lögunum. Ég nefndi dæmi frá Sléttanesinu frá Þingeyri sem þurfti að fara áður en utankjörfundaratkvæðagreiðsla hófst.

Hins vegar hafa mér borist upplýsingar um það tiltekna mál sem ég vil koma á framfæri þannig að öllu sé rétt til haga haldið að sýslumaðurinn á Ísafirði gerði það sem hann gat til að bæta út þessum annmörkum sem eru á málinu af hálfu Alþingis og það var reynt að ná í alla skipverja og þeim boðið að kjósa og þær upplýsingar sem ég hef fengið eru að níu hafi kosið. Þar hefur þá, að mínu viti, sýslumaður Ísfirðinga reynt að gera gott út þeim annmarka sem er á málinu af okkar hálfu.

[18:10]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að fagna því að hv. 5. þm. Vestf. telur í seinni ræðu sinni að þessi umræða í dag geti leitt af sér eitthvert gagn. Ég er honum alveg sammála um það að við þurfum miklu róttækari breytingar varðandi dreifingu á valdi og verkefnum heldur en menn eru að tala um núna í þeirri aðgerð sem á að fara fram og kosið er um 20. nóv. Ég hef hins vegar ekki viljað beita mér í þeirri umræðu af neinni hörku einfaldlega vegna þess að ég tel mig vera einn af ábyrgðarmönnum þeirra kosninga ásamt með hv. þm. sem síðast talaði. Ég held að ég muni það rétt að við höfum báðir samþykkt þau lög sem þarna er unnið eftir. Hv. þm. hristir höfuðið en ef ég man rétt þá skrifaði hann undir það nál. sem þar er unnið eftir án fyrirvara. Ég held að það jákvæða sem út úr því kemur sé það að til þess að framkvæma þann sem ég held að sé orðinn meirihlutavilji Alþingis, að færa verkefni og ábyrgð út til byggðanna, þá leiði þessi umræða í ljós að það þurfi miklu róttækari aðgerðir. Ég geri mér vonir um að í þá vinnu verði farið í framhaldinu. Þessi umræða er komin af stað út um allt land og viðhorf sveitarstjórnarmanna er orðið allt annað núna en það var bara fyrir nokkrum vikum síðan. Þannig að sú umræða verður ekki stöðvuð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18.12.

26. FUNDUR

mánudaginn 1. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Eftirlaunaréttindi launafólks, frv., 6. mál, þskj. 6. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Kostir þess að gera landið að einu kjördæmi, þáltill., 42. mál, þskj. 45. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Varamenn taka þingsæti.

[15:04]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 28. okt. 1993:

„Þar sem ég vegna annarra aðkallandi starfa get ekki setið lengur á Alþingi í forföllum Hjörleifs Guttormssonar, 4. þm. Alþb. í Austurl., fer ég fram á að 1. varaþingmaður flokksins, Einar Már Sigurðarson kennari, Neskaupstað, taki nú sæti á Alþingi.

Þetta er yður hér með tilkynnt, hæstv. forseti.

Þuríður Backman, 2. varaþm. Alþb. í Austurlandskjördæmi."

Einar Már Sigurðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Borist hefur bréf, dags. 28. okt. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Reykv., Þuríður Pálsdóttir yfirkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv."

Þuríður Pálsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Borist hefur bréf, dags. 28. okt. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Alþfl. í Vesturl., Sveinn Þór Elinbergsson kennari, Ólafsvík, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl."

Sveinn Þór Elinbergsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hann boðinn velkominn til starfa.

Borist hefur bréf, dags. 29. okt. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur, leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, að óska þess að þar sem 1. varaþingmaður Alþb. í Vestf. er forfallaður vegna sérstakra anna, taki 2. varaþingmaður Alþb. í Vestf., Bryndís Friðgeirsdóttir kennari, Ísafirði, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf."

Borist hefur bréf, dags. 29. okt. 1993:

„Vegna sérstakra anna heima fyrir sé ég mér ekki fært að taka sæti Kristins H. Gunnarssonar, 5. þm. Vestf. á Alþingi, sem 1. varaþingmaður Alþb. í Vestf. í forföllum hans vegna setu á þingi Sameinuðu þjóðanna fyrri hluta nóvembermánaðar.

Lilja Rafney Magnúsdóttir."

Bryndís Friðgeirsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Félagi íslenskra fornleifafræðinga um endurskoðun þjóðminjalaga.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysi í röðum opinberra starfsmanna, 159. mál, fsp. KÁ, þskj. 177.

Biðlaun opinberra starfsmanna, 161. mál, fsp. KÁ, þskj. 179.

Erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, 157. mál, þáltill. ÁRÁ, þskj. 175.

Fjáraukalög 1993, 105. mál, brtt. KÁ, þskj. 171.

Framkvæmd reglugerðar um löggæslu á skemmtunum, 163. mál, fsp. KHG, þskj. 181.

Húsbréfakerfið, 160. mál, fsp. GÁ, þskj. 178.

Löggæsla á skemmtunum, 162. mál, fsp. KHG, þskj. 180.

Orlof, 155. mál, frv. KHG, þskj. 173.

Sveitarstjórnarlög, 156. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 174.

Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, 158. mál, frv. KHG o.fl., þskj. 176.

Verkefni reynslusveitarfélaga, 164. mál, fsp. KHG, þskj. 182.

Eftirlaunaréttindi launafólks, frh. 1. umr.

Frv. GÁ o.fl., 6. mál. — Þskj. 6.

[15:11]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, StB, SvG, SE, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (BF) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKG, JÁ, SAÞ, StG, SJS, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 30. mál (leigutekjur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 31.

[15:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BF, DO, EH, EgJ, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, StB, SvG, SE, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (EKG, JÁ, SAÞ, StG, SJS, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kostir þess að gera landið að einu kjördæmi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JGS og FI, 42. mál. — Þskj. 45.

[15:13]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, BF, DO, EH, EgJ, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, StB, SE, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EKG, JÁ, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15.15.

---

27. FUNDUR

mánudaginn 1. nóv.,
að loknum 26. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Húsnæðismál Stjórnarráðs Íslands, fsp., 55. mál, þskj. 58.
2. Afmæli heimastjórnar og fullveldis Íslands, fsp., 154. mál, þskj. 172.

Til menntamálaráðherra:

3. Framlög til vísindarannsókna, fsp., 56. mál, þskj. 59.
4. Átak gegn einelti, fsp., 66. mál, þskj. 69.
5. Málefni Blindrabókasafns, fsp., 130. mál, þskj. 141.

Til félagsmálaráðherra:

6. Húsnæðiskannanir sveitarfélaga, fsp., 65. mál, þskj. 68.
7. Sameining barnaverndarnefnda, fsp., 133. mál, þskj. 148.
8. Barnaverndarnefndir í fámennum sveitarfélögum, fsp., 134. mál, þskj. 149.
9. Fagleg ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir, fsp., 135. mál, þskj. 150.
10. Starfsmenn félagsmálaráðuneytisins í barnaverndarmálum, fsp., 136. mál, þskj. 151.

Til fjármálaráðherra:

11. Leigutekjur af embættisbústöðum, fsp., 107. mál, þskj. 111.

Til dóms- og kirkjumálaráðherra:

12. Útfararþjónusta, fsp., 124. mál, þskj. 133.
13. Tilflutningur sýslumannsembætta, fsp., 125. mál, þskj. 134.

Til landbúnaðarráðherra:

14. Árangur viðræðna við EB um landbúnaðarmál, fsp., 127. mál, þskj. 137.

Húsnæðismál Stjórnarráðs Íslands.

Fsp. KÁ, 55. mál. — Þskj. 58.

[15:15]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Sú saga er sögð frá dögum ríkisstjórnar Tryggva Þórhallssonar að þáverandi fjármálaráðherra sá út um glugga gamla Stjórnarráðshússins við

Lækjartorg að byggingarframkvæmdir voru hafnar efst á Arnarhóli. Hann spurði starfsmann ráðuneytisins hver væri farinn að byggja þarna og fékk það svar að það væri ríkisstjórnin. Dómsmálaráðherrann Jónas Jónsson hefði ákveðið að byggja hús yfir ráðuneytin. Honum hafði bara láðst að segja fjármálaráðherranum frá því hvað þá að leita eftir nauðsynlegum heimildum á fjárlögum.

Slíkir stjórnarhættir tíðkast ekki nú á dögum þó ýmsu sé ábótavant. En reyndar hefur ekki verið byggt yfir ráðuneytin sérstaklega frá dögum Jónasar, heldur eru þau meira og minna í leiguhúsnæði eða öðru húsnæði í eigu ríkisins sem ýmist hefur verið keypt eða var áður til annarra nota.

Það hefur komið fram að mjög þröngt er um sum ráðuneytin. Utanrrn. verður brátt að víkja úr lögreglustöðinni við Hverfisgötu og er þá horft til hins myndarlega húss Byggðastofnunar fyrir það, en þar er landbrn. fyrir í fleti.

Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 kemur fram í 6. gr. að leitað er heimilda til að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhváls í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og að til þess verði tekin nauðsynleg lán. Þá er einnig leitað eftir heimild til að kaupa húsnæði fyrir aðalskrifstofur ráðuneyta og að til þess verði einnig tekin nauðsynleg lán. Út úr þessum beiðnum les ég að ýmislegt standi til varðandi húsnæðismál ráðuneytanna sem auðvitað eru ekkert einkamál þessarar ríkisstjórnar. Því legg ég eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. forsrh. á þskj. 58:

„Hvaða áform eru uppi um húsnæðismál Stjórnarráðsins, sbr. 6. gr. í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 1994 (liður 4.5) varðandi

a. nýbyggingar,

b leiguhúsnæði,

c. breytta nýtingu á núverandi húsakosti ríkisins?

[15:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Sú heimild sem hv. þm. vitnaði til hljóðar svo: Liður 45 í 6. gr. fjárlagafrumvarpsins heimilar fjmrh. „að kaupa húseignir og lóðir í nágrenni Arnarhváls í Reykjavík fyrir Stjórnarráðið og taka til þess nauðsynleg lán". Heimildir sama efnis hafa verið í fjárlögum mörg undangengin ár. Stefnt hefur verið að því til lengri tíma að flytja skrifstofur Stjórnarráðsins sem mest á svæðið í nágrenni Arnarhváls. Því hefur þótt rétt að hafa heimild af þessu tagi til staðar ef aðstæður mundu skapast til að nýta hana.

Eins og kom fram hjá hv. þm. þá hafa ýmis húsnæðismál Stjórnarráðsins verið til athugunar að undanförnu og einkum, eins og hv. þm. nefndi, hefur verið rætt um að koma starfsemi utanrrn. fyrir á einum stað. Í því sambandi hafa augun beinst að húsnæði því sem Byggðastofnun og Framkvæmdasjóður hafa haft yfir að ráða og þar er reyndar landbrn. einnig til húsa. Engar ákvarðanir hafa enn verið teknar í þeim efnum, en ég hygg að vel geti farið á því að utanrrn. verði þar staðsett, enda verði þá séð með sæmilegum hætti einnig fyrir þeirri starfsemi sem þegar er í því húsi og að eignaraðilinn sé við það sáttur.

Varðandi landbrn., ef til þessara ákvarðana kæmi, þá hafa menn skoðað ýmsa kosti en engin niðurstaða fengist. Í því sambandi hafa menn m.a. horft á efstu hæð í nýbyggingu fjmrn. við Ingólfsstræti eða Sölvhólsgötu. Ég er ekki alveg klár á því hvernig þetta er staðsett, en menn vita hvaða hús það er. Það hefur heldur engin ákvörðun verið tekin í þeim efnum þannig að meginsvarið er þetta: Þessi heimild hefur á mörgum undanförnum árum verið til staðar og mönnum hefur þótt rétt að hafa þá heimild áfram ef aðstæður mundu skapast til að nýta þær.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Af þeim mátti heyra að það er allt óljóst um þessi áform. Ég skil þetta svo að menn hafi augun opin gagnvart húsum og lóðum í nágrenni Arnarhváls en að það liggi ekki neinar áætlanir fyrir um hvernig starfsemi Stjórnarráðsins skuli skipað á næstu árum.

Það er kannski ekki sanngjarnt að spyrja hæstv. forsrh. í framhaldi af þessu hversu hagkvæm sú nýting og sú leiga er sem ráðuneytin búa við. En ég held að það hljóti að vera ljóst að skoða þarf skipan þessara mála nánar og það hljóti nú að vera frekar óhagkvæmt að ráðuneytin séu mjög dreifð þó að það sé yfirleitt ekki háttur hjá öðrum þjóðum að öll ráðuneyti séu í sömu byggingum, þeim er gjarnan dreift og ekkert við það að athuga. En ég skil þessi svör þannig að menn hafa fyrirvara á en engar áætlanir liggi fyrir.

[15:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þetta er réttur skilningur en það hefur náttúrlega nokkuð miðað þó ekki kannski á þessu kjörtímabili nema að hluta til, áður hafði menntmrn. farið í gamla Sambandshúsið og reyndar fengið nánast allt það hús því umhvrn. flutti í húsnæði Félagsmálastofnunar í Vonarstræti, þannig að húsnæðisaðstaða Stjórnarráðsins hefur aðeins verið að skána en hún er hvergi nærri fullkomin og verður það víst seint.

Afmæli heimastjórnar og fullveldis Íslands.

Fsp. KÁ, 154. mál. — Þskj. 172.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Íslendingar munu halda upp á hálfrar aldar afmæli íslenska lýðveldisins hinn 17. júní á næsta ári og er undirbúningur afmælisins hafinn þótt seint sé. Það hefur hins vegar farið minna fyrir umræðum og undirbúningi fyrir önnur afmæli sem fram undan eru og einnig tengjast stórmerkum áföngum í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga. Það er að vísu alltaf spurning hvort og hversu mikið eigi að gera úr sögulegum viðburðum fortíðarinnar en ef við viljum að Íslendingar þekki sögu sína og viti hvað forfeður okkar

og formæður lögðu af mörkum til að skapa okkur velsæld, eigum við að nota tækifæri eins og afmæli til að fræða, rannsaka og meta hvort gengið hafi verið til góðs.

Það má ljóst vera að umræður um sjálfstæði, þjóðríki og framtíð þess, stjórnarhætti og stjórnskipan, eru í mikilli deiglu vegna þeirra milliríkjasamninga sem meiri hluti Alþingis hefur ákveðið að gerast aðili að, vegna samrunaþróunarinnar í Evrópu og annarra breytinga sem fram undan kunna að vera. Lítilli þjóð er ekki síst nauðsynlegt að átta sig á stöðu sinni og ræða hvert halda skuli.

Hinn 1. des. nk. verða 75 ár liðin frá því að Ísland varð fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku. Að mínum dómi var sambandslagasáttmálinn sem samþykktur var 1918 stærsti áfanginn í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og margt í þeim sáttmála og hugmyndum kringum hann sem vert er að velta fyrir sér, svo sem hugmyndin um ævarandi hlutleysi Íslands og ýmsar pólitískar hugmyndir sem hann byggðist á.

Hinn 1. febr. nk. verða 90 ár liðin frá því að Íslendingar fengu heimastjórn og fengu þar með fyrsta íslenska ráðherrann og Stjórnarráð Íslands var stofnað. Með heimastjórninni tóku Íslendingar í eigin hendur stjórn flestra þeirra mála sem Danir höfðu farið með. Framkvæmdarvaldið kom inn í landið enda hófst þá mikið framfaraskeið. Saga Stjórnarráðsins hefur verið skráð en sagnfræðileg úttekt á fyrsta ráðherranum og gjörðum hans er enn ónunnin. Það er því margs að minnast og margt að gera ef vilji er til þess að halda sögunni til haga og læra af henni.

Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. í tilefni þessara afmæla sem fram undan eru:

„Hvernig hyggjast stjórnvöld, skólakerfið og ríkisfjölmiðlar minnast þess að

a. 1. desember nk. verða 75 ár liðin frá því að Ísland varð fullvalda ríki,

b. 1. febrúar nk. verða 90 ár liðin frá því að Íslendingar fengu heimastjórn og Stjórnarráð Íslands var stofnað?"

[15:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er skemmst frá því að segja að af hálfu ríkisins hefur ekki farið fram neinn undirbúningur til þess að minnast sérstaklega þessara merku atburða sem hv. þm. nefndi. Báðir þessir atburðir sem þingmaðurinn nefndi eru mjög þýðingarmiklir í sögu þjóðarinnar og jafnvel má færa rök fyrir því að þeir séu hvor um sig þýðingarmeiri að efni til heldur en lýðveldisstofnunin sjálf sem þó er að vísu endapunktur í sjálfstæðisbaráttu þjóðar.

Það hefur reyndar verið þannig að við Íslendingar höfum aldrei lagt þá rækt við fullveldisdaginn, 1. des., sem mikilvægi hans gæfi kannski tilefni til. Sumir hafa sagt að aðstæðurnar á þeim tíma hafi gert það að verkum að svo margir hafi svo lengi átt um sárt að binda að þess vegna hafi menn ekki fagnað þeim tímamótum. Á þessu merka ári var reyndar heimsstyrjöld að ljúka, frostaveturinn mikli, Kötlugosið og síðast en ekki síst spánska veikin sem var okkur Íslendingum mjög erfið. Sumir hafa gefið þá skýringu, ég er að vísu ekki sagnfræðingur, að þetta sé ein af ástæðum þess að menn hafa ekki haft fögnuð uppi varðandi þessi tímamót sem svo mjög eru merkileg. Þó hefur háskólinn, stúdentar við háskólann og stúdentafélögin sérstaklega, bæði hér heima og reyndar erlendis líka og Íslendingafélögin, haldið minningu þessa dags í heiðri.

Ég hygg að það hafi yfirleitt ekki verið sérstök hátíðarhöld í tilefni af 1. febr. 1904 þótt merkur atburður sé, en ég teldi vel til fundið á þessum tímamótum að stíga skref í það að láta skrifa framhaldssögu Stjórnarráðsins sem var töluvert þrekvirki þegar hún var skráð. Ég held það færi vel á því að það yrði gert og tel rétt að láta athuga það alveg sérstaklega.

Reykjavíkurborg hefur allmikla dagskrá vegna 50 ára afmælis lýðveldisins. Í drögum að þeirri dagskrá kemur fram að 1. febr. verður opnuð ljósmyndasýning í Ráðhúsi, Árið 1904 — 90 ár frá heimastjórn, kvöldvaka sem hæfir deginum og gert er ráð fyrir að sýningartími standi frá 1. febr. til 1. mars. Þannig að á þeirra vegum verða hátíðahöld af þessu tilefni sem er út af fyrir sig jákvætt, en það má segja auðvitað að þessi dagur er dagur þjóðarinnar allrar þó að það hafi verið opnað stjórnarráð í Reykjavík þá er það auðvitað stjórnarráð landsins alls og haldin var mikil hátíð eins og menn muna í lðnó á þessum tíma og fluttar frægar ræður. Reyndar er það svo að það er einmitt verið að endurvinna og endurgera Iðnó en ég hygg að það verði ekki tilbúið á þessum tíma.

[15:28]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil taka undir með fyrirspyrjanda að það sé nauðsynlegt að minnast þessara tímamóta. Ég vil einnig hvetja hæstv. ríkisstjórn eindregið til þess að það verði gengið til þess verks að skrifa framhald sögu Stjórnarráðs Íslands. Það var hafist handa við að skrifa þá sögu í tilefni af 60 ára afmæli heimastjórnarinnar 1964 og nú eru 30 ár liðin frá þeim tíma og ég held að það sé mjög tímabært að það sé tekið upp að nýju. Ég veit að það er áhugi hjá Sögufélaginu sem var útgefandi að þessu verki að vinna að því og ég skora eindregið á ríkisstjórnina að taka þetta mál upp í tilefni af þessum tímamótum 1. febr. 1994.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Það fór eins og mig grunaði að það yrði fátt um svör því það hefur auðvitað ekki farið fram hjá mér frekar en öðrum að það hefur ákaflega lítilli athygli verið beint að þessum afmælum sem fram undan eru og mér þykir það mjög slæmt. En þó stuttur tími sé til stefnu þá vona ég að þessi umræða verði til þess að vekja athygli á þessum afmælum og að t.d. skólar og ríkisfjölmiðlar taki aðeins við sér og átti sig á því að það eru þarna stór tímamót fram undan. Það kemur mér hins vegar ekki á óvart að Reykjavíkurborg skuli hafa opnað augu sín fyrir því hvað er fram undan á næsta ári því á vegum hennar eru starfandi sagnfræðingar og fornleifafræðingar og ýmsir fræðimenn sem sinna þessum málum ágæta vel.

Ég vil taka undir það að framhaldssaga Stjórnar-

ráðsins verði skráð því í þeim bókum sem ritaðar voru af Agnari Klemenz Jónssyni er að finna margar og merkar upplýsingar þó það sé ekki um mjög fræðilega úttekt að ræða heldur er miklu frekar um uppflettirit en samt mikill og góður fróðleikur manns sem hafði mikla reynslu af íslenskri stjórnsýslu.

En ég vona svo sannarlega að menn ranki við sér og noti þann tíma sem til stefnu er til þess að átta sig á því hvað hægt er að gera. Ég minni enn á það sem ég nefndi í inngangi að fyrirspurninni að það er svo sannarlega tími til kominn að menn fari að skoða þann merka mann Hannes Hafstein upp á nýtt og hugmyndir hans og gjörðir því hann var að mínum dómi afar merkur stjórnmálamaður.

Framlög til vísindarannsókna.

Fsp. KÁ, 56. mál. — Þskj. 59.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég á mörg erindi í þennan ræðustól í dag. Ég hef fsp. til hæstv. menntmrh. um framlög til vísindarannsókna.

Eins og menn minnast eflaust þá gaf ríkisstjórnin frá sér yfirlýsingu hinn 23. nóv. 1992 vegna aðgerða í efnahagsmálum þar sem fram kom að ríkisstjórnin ætlaði að leggja sérstaka áherslu á að efla rannsóknir og þróun. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1993 voru tillögur um það að hluta af sölu ríkiseigna yrði varið til þess að efla vísindi og rannsóknir. Á bls. 244 í frv. frá 1993 segir:

„Gangi áformin eftir [þ.e. áformin um sölu ríkiseigna] er ákveðið að ⅓ hluti greidds andvirðis þeirra renni til þess að örva rannsóknir og þróunarstarf."

Það var gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að ríkiseignir yrðu seldar fyrir 1,5 milljarða kr. en eins og við höfum öll séð og heyrt þá hafa þau áform ekki gengið eftir heldur stefnir í að salan verði fyrir u.þ.b. 100 millj. kr. Það má því ljóst vera að þessi áform um að efla vísindi og rannsóknir og þróunarstarf hafa ekki gengið eftir en mig fýsir að vita hversu miklu fé hefur verið varið til þessara rannsókna af þeim peningum sem komið hafa inn fyrir sölu ríkiseigna. Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

„1. Hversu miklu af því fé, sem komið hefur í ríkissjóð af sölu ríkiseigna á árinu 1993, hefur verið varið til rannsókna og þróunarstarfs, sbr. yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóv. 1992 og fjárlög ársins 1993?

2. Hvaða verkefni hafa verið styrkt með tekjum af sölu ríkiseigna?"

[15:33]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svar mitt til hv. fyrirspyrjanda er þetta:

Eins og Alþingi er kunnugt hefur sala ríkiseigna á þessu ári aðeins skilað ríkissjóði litlum hluta þeirra tekna sem að var stefnt. Í ljósi þessarar niðurstöðu hef ég haft frumkvæði um að frekari fjárframlögum verði varið til rannsókna og þróunarstarfs á vegum Rannsóknasjóðs Rannsóknaráðs ríkisins og nýstofnaðs Rannsóknanámssjóðs sem mun styrkja rannsóknatengt framhaldsnám á vegum Háskóla Íslands. Þannig hefur ríkisstjórnin samþykkt að í fjáraukalögum verði leitað heimilda Alþingis um að auka ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs um 45 millj. kr., þ.e. úr 115 millj. kr. á árinu 1992 í 160 millj. á þessu ári.

Í grg. með frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 er síðan gert ráð fyrir að framlög til Rannsóknasjóðs hækki í 200 millj. kr. Einnig hefur ríkisstjórnin samþykkt að ráðstafa á þessu ári 8 millj. kr. til áðurnefnds Rannsóknanámssjóðs. Jafnframt hef ég miðað við og mun beita mér fyrir að á næsta ári verða 25 millj. kr. veittar til Rannsóknanámssjóðsins.

Þannig hafa markmið um sölu ríkiseigna orðið hvatning til þess að verja meira fé til rannsókna og þróunarverkefna en áður var raunin og er stefnt að því að fjárframlög til rannsóknasjóða aukist verulega á næsta ári eða u.þ.b. um eða yfir 100 millj. kr. miðað við fjárlög 1993.

Þá er einnig spurt um hvaða verkefni hafi verið styrkt með tekjum af sölu ríkiseigna. Þar sem tekjur af sölu ríkisfyrirtækja eru mun minni en gert var ráð fyrir er enn sem komið er ekki hægt að benda á sérstök verkefni sem styrkt hafa verið með þessum tekjum. Ég hef nú þegar skipað þriggja manna sjóðstjórn Rannsóknanámssjóð sem mun annast styrkveitingar til rannsókna til framhaldsnáms við Háskóla Íslands. Sjóðstjórnina skipa dr. Axel Björnsson, framkvæmdastjóri Vísindaráðs, dr. Helgi Valdimarsson, formaður Vísindanefndar Háskóla Íslands, og dr. Stefán Baldursson, skrifstofustjóri í menntmrn., sem er formaður stjórnarinnar.

Ég hef þegar staðfest úthlutunarreglur sjóðstjórnarinnar og auglýst hefur verið eftir styrkumsóknum. Umsóknarfrestur er til 1. nóv. og það er gert ráð fyrir að styrkúthlutanir sjóðsins liggi fyrir eftir u.þ.b. tvo mánuði.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin en þau sýndu að hörmungasaga einkavæðingarinnar virðist engan enda ætla að taka hjá ríkisstjórninni. Eins og menn bentu á fyrir u.þ.b. ári síðan þá hafa þessi áform ekki gengið eftir og þar af leiðandi hafa þeir peningar sem áætlað var að verja til vísindarannsókna og þróunar ekki skilað sér. Þetta er auðvitað mjög bagalegt vegna þess að við þurfum ekki á neinu meira að halda en að efla rannsóknir og þróunarstarf í atvinnulífi og grunnvísindum af ýmsu tagi. Því get ég ekki annað en harmað það að ríkisstjórnin skyldi fara þessa leið í fyrra og nú skuli þurfa að leita eftir heimildum á fjáraukalögum til þess að reyna að standa við þau fyrirheit sem ríkisstjórnin gaf. Þetta eru auðvitað vinnubrögð sem eru ekki bjóðandi, ég verð nú að segja það, virðulegi forseti. En ég vona svo sannarlega að það aukna fé sem nú á að verja til vísindarannsókna skili sér en þetta er ekki nóg, við þurfum meira og við þurfum peninga til vísindarannsókna á fleiri

sviðum og þau fjárframlög verða að hvíla á traustum grunni.

Ég fagna því að menn eru að beina þessu inn í ákveðna sjóði sem vonandi verður til þess að það verður haldið fastar um og peningar veittir í verkefni sem skipta máli, en það er einu sinni svo í vísindum að það er erfitt að meta hvað skilar sér og hvað ekki og ýmislegt sem gert er kann að vera tilraunanna virði en ekki víst að árangurinn sýni sig í atvinnulífinu eða annars staðar. En það fór sem sagt eins og mig grunaði að þessi einkavæðingaráform hafa ekki skilað sér til vísindanna.

[15:38]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er vissulega illt til þess að vita að ekki skuli hafa gengið betur með sölu ríkiseigna sem áttu að talsverðu leyti að renna til þessara mála. Ég nefni að nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem fjallaði um ráðstöfun hluta tekna af sölu ríkisfyrirtækja skilaði tillögum til ríkisstjórnarinnar í janúarmánuði sl. og þar var lagt til að þeim fjármunum sem um ræðir yrði ráðstafað þannig að 25% renni til grunnrannsókna, 50% renni til hagnýtra rannsókna og þróunarstarfa en 25% fari til markaðsrannsókna í þágu atvinnulífsins, af þessum fimmtungi vel að merkja sem átti að fara til þessara mála.

Þó að þetta hafi ekki gengið eins og að var stefnt þá hafa markmiðin að hluta til náðst vegna þess að þessar samþykktir ríkisstjórnarinnar hafa orðið til þess að það hefur verið lagt til á fjáraukalögum og við undirbúning fjárlaga 1994 að þetta fjármagn verði a.m.k. að hluta til tryggt þótt ekki gangi betur með sölu ríkiseigna sem við getum ekki fullyrt neitt um á þessu stigi.

Átak gegn einelti.

Fsp. AÓB, 66. mál. — Þskj. 69.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Þann 20. des. 1990 var eftirfarandi ályktun samþykkt á Alþingi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir því að gert verði átak gegn einelti meðal barna og unglinga og skipa í þessu skyni samstarfshóp kunnáttufólks til að gera tillögur um úrbætur."

Ástæðan fyrir því að ég spyr nú um það hvað gert hafi verið í þessum málum er sú að mjög mikil umræða hefur verið meðal skólafólks, sálfræðinga og annarra, sem sérstaklega hafa látið sig hag barna og ungmenna varða, um einelti. Ekki virðist öllum vera ljóst að þessi ályktun var samþykkt á Alþingi né heldur að eitthvert sérstakt átak sé í gangi. Þrátt fyrir að ýmislegt sé verið að gera jákvætt sýnist mér að það sé ekki um neina heildarsamhæfingu að ræða í því máli og upplýsingar miðlist ekki sem skyldi og það sé í raun inni ekki hægt að skynja það á viðtölum við aðila sem gerst þekkja til að neitt átak af þessu tagi sé í gangi núna.

Í umræðum um þetta mál fyrir þremur árum var m.a. vitnað til þróunar sem hefur verið í Noregi. Þar var gert átak á ákveðnum tíma á svæðinu kringum Bergen og það átak bar mikinn árangur. Síðan verður að segjast eins og er að eftir að þessu átakstímabili lauk, þá hefur því miður sótt í verra horf. Einkum er talað um eitt atriði sérstaklega sem þar veldur. Það er aukning á ofbeldi í myndmiðlum, einkum í sjónvarpi, og þetta er farið að valda verulegum áhyggjum fólks í Noregi. Ég held því að það sé nauðsynlegt að vita hvað gert hefur verið hér á landi, einkum í ljósi þess að nákvæmlega sama þróun hefur átt sér stað hér.

Einnig er ástæða til þess að athuga hvort eitthvert átak af þessu tagi sé í gangi vegna þess að nú berast fregnir um að gæsla á leikvöllum við skóla hafi verið skorin niður og sé jafnvel engin sums staðar og þetta er í kjölfar mikils niðurskurðar í skólakerfinu. Samkvæmt upplýsingum Guðjóns Ólafssonar sérkennslufræðings, á 75% af ofbeldi og einelti sér stað í grunnskólum og skólavellirnir eru að flestra mati eitt erfiðasta svæðið.

Ég vil líka benda á það sem vel hefur verið gert m.a. í Hjallaskóla í Kópavogi, sem færir okkur heim sanninn um að það er hægt að taka á einelti. Því spyr ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Á hvern hátt hefur ályktun Alþingis um átak gegn einelti sem samþykkt var 20. desember 1990 verið fylgt eftir?"

[15:43]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og fram kemur í fyrirspurn hv. þm. þá ályktaði Alþingi um átak gegn einelti árið 1990. Í tilefni þessarar fyrirspurnar hef ég athugað hvernig þingsályktuninni hefur verið fylgt eftir. Í ljós kom að viðræður höfðu átt sér stað milli menntmrn. og félmrn. um efni þáltill. og á grundvelli þeirra viðræðna liggja fyrir tillögur um skipan starfshóps sem falið skyldi að fjalla um aðgerðir gegn einelti meðal barna og unglinga. Þessum starfshópi var ekki ætlað að gera neina tæmandi úttekt á stöðu mála með könnun eða ítarlegum skýrsluskrifum heldur fyrst og fremst að benda á leiðir til aðgerða og úrbóta. Ég sé ekki að þessari ályktun hafi verið fylgt eftir að öðru leyti af hálfu ráðuneytisins.

Tíðni og umfang eineltis hefur hins vegar verið athuguð í nokkrum skólum á landinu. Flestar slíkar athuganir hafa farið fram í Reykjanesumdæmi á vegum skólasálfræðinga við fræðsluskrifstofu eða á vegum skólasálfræðinga sem starfa á vegum einstakra bæjarfélaga. Einnig var nýlega gerð athugun á vegum Fræðsluskrifstofu Reykjavíkur í nokkrum skólum, en niðurstöður hafa ekki enn verið gerðar opinberar. Á grundvelli þessara rannsókna hefur verið brugðist við einelti á tvenns konar hátt og hefur báðum aðferðum verið beitt samtímis. Annars vegar með einstaklingsviðtölum, bæði við foringjahóp sem staðið hefur að einelti, svo og fórnarlömb eineltis. Hins vegar hefur verið brugðist við með almennri fræðslu í viðkomandi skóla eða umdæmi. Fræðslan nær til nemenda og forráðamanna þeirra, svo og starfsfólks skóla.

Nýleg rannsókn á áhrifum aðgerða gegn einelti hér á landi bendir til að hægt sé að hafa veruleg áhrif á tíðni þess, a.m.k. til skemmri tíma. Rannsóknin var gerð í meðalstórum grunnskóla í Kópavogi. Þrjár athuganir voru gerðar á tíðni eineltis í skólanum og var aðgerðum gegn einelti beitt strax eftir fyrstu könnunina. Strax eftir að aðgerðum lauk var gerð könnun til að meta skammtímaárangur og var þriðja könnunin gerð ári síðar til að meta langtímaáhrif.

Fyrstu vikurnar eftir eineltisaðgerðir dró mjög úr öllum tegundum eineltis. Þegar frá leið sótti hins vegar aftur í fyrra horf. Ári síðar var tíðni eineltis í skólanum orðið svipuð því sem verið hafði fyrir átakið að því undanskildu að minna var um barsmíðar. Samkvæmt þessum niðurstöðum má því ætla að takmarkað gagn sé af einstökum aðgerðum og farsælla að vinna markvisst jafnt og þétt yfir skólaárið. Slíkt er hægt að gera með því að útbúa fræðsluefni fyrir skóla, bæði kennsluefni og leiðbeiningar um forvarnir og viðbrögð. Í því sambandi vil ég geta þess að Námsgagnastofnun hefur í samvinnu við Rauða kross Íslands og Íþrótta- og tómstundaráð Reykjavíkur unnið að gerð myndbands þar sem fjallað er um einelti. Myndbandið er bæði ætlað kennurum og nemendum. Þá hafa sömu aðilar gert skyggnuröð um sama efni. Mér er tjáð að þetta myndband verði tilbúið á næsta ári.

Að öðru leyti vil ég aðeins segja að ég mun athuga sérstaklega hvernig unnt er að vinna að þessu máli frekar af hálfu ráðuneytisins.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans. Ég er sammála því sem fram kom í hans máli, að ýmislegt sé hægt að gera í þessum málum. Jafnframt var mér kunnugt um þær tilraunir sem gerðar hafa verið, einkum í Reykjanesumdæmi. Það eru hins vegar mikil vonbrigði að þessi starfshópur sem átti að setja á laggirnar, skuli ekki enn vera kominn í gang. Það er liðið of langt til þess að ég geti talið að hægt sé að réttlæta að hópurinn sé ekki farinn að starfa og mér fannst það ekki alveg koma nógu skýrt fram í máli hæstv. ráðherra, hvort þessi hópur á að taka til starfa. Ég held að það sem hæstv. ráðherra nefnir sé út af fyrir sig alveg rétt, hvernig þarf að standa að þessu, að flétta þetta inn í skólastarf. En ég bendi á það að á sama tíma er verið að skera niður fjármagn og tíma skóla eða réttara sagt niðurskurður frá síðasta ári hefur ekki verið bættur. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt og einnig hvernig umhverfi skóla er hannað og hvaða möguleikar eru á gæslu í frímínútum. Þetta eru atriði sem snúa beint að ráðuneytinu og aðstæðum hvers skóla fyrir sig.

Það eru einkum atriði af þessu tagi, sem ég held að réttlæti það að slíkur starfshópur sé til, til þess að halda yfirvöldum og skólum við efnið og samhæfa og gefa sem flestum börnum og unglingum kost á því að vera í skóla án eineltis og annars ofbeldis. Ég er alveg sannfærð um að þetta er hægt að gera.

[15:51]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég get verið fyrirspyrjanda sammála um að það sé of langt um liðið frá því að þessi þáltill. var samþykkt og til þess að ráðuneytið skipaði þennan starfshóp sem tillögur lágu fyrir um. Ég verð einfaldlega að viðurkenna það að mér var þetta ókunnugt í ráðuneytinu, en mun að þessu gefna tilefni taka málið til sérstakrar athugunar, eins og ég sagði áðan. Um það hvort niðurstaðan verður sú að fara eftir þessum hugmyndum sem þá voru uppi, að skipa starfshóp sem hefði með tiltekin atriði að gera í sambandi við málið eða hvort gripið verður til annarra aðgerða ætla ég ekki að segja á þessari stundu. En mér þykir eðlilegt að það verði settur í þetta mál sérstakur starfshópur og ég mun beita mér fyrir því.

Málefni Blindrabókasafns.

Fsp. AÓB, 130. mál. — Þskj. 141.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er hafa málefni Blindrabókasafnsins verið nokkuð til umfjöllunar að undanförnu. Skiptar skoðanir hafa verið á því, hvort nauðsynlegt væri að flytja safnið úr húsi Blindrafélagsins við Hamrahlíð í Reykjavík að Digranesvegi 5 í Kópavogi. Fyrir hvoru tveggja má að sjálfsögðu færa rök, að leyfa safninu að vera kyrru eða flytja það. Vegna þessa vil ég þó taka fram eftirfarandi:

Það er ljóst að fulltrúar blindra og sjónskertra, bæði í Blindrafélaginu og Öryrkjabandalaginu, telja að safnið komi blindum og sjónskertum verulega minna að gagni ef það verður flutt og sumir taka jafnvel það djúpt í árinni að segja að þetta yrði eyðilegging á starfi safnsins.

Í öðru lagi er bætt aðstaða og betra rými það sem forsvarsmenn Blindrabókasafnsins eru að sækjast eftir. Mín spurning er sú hvort fullreynt hafi verið hvort uppfylla mætti þessar kröfur, a.m.k. að verulegu leyti á þeim stað þar sem safnið er nú til húsa. Mér er m.a. kunnugt um að það hafa komið fram hugmyndir um það að koma verulega bættri aðstöðu á laggirnar innan þess húss og þá jafnvel á jarðhæð.

Í þriðja lagi er ljóst að flutningur safnsins er verulega kostnaðarsamur. Á sama tíma og verið er að skera niður eitt og annað þá er spurningin hvort það sé ástæða til þess að eyða verulegum fjármunum í þetta umdeilda verkefni. Mestu máli finnst mér þó skipta að mál sem þetta sé unnið í nánu samstarfi við notendur safnsins eða fulltrúa þeirra. Mér skilst að á þessu hafi orðið verulegur misbrestur að þessu sinni.

Sl. þriðjudag sendi Öryrkjabandalagið frá sér fréttatilkynningu um málið þar sem greint var frá ályktun aðalfundar Öryrkjabandalagsins og ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þessa ályktun:

„Aðalfundur Öryrkjabandalags Íslands mótmælir

harðlega þeirri síendurteknu tilhneigingu stjórnvalda, einstakra ráðherra og embættismanna, að taka ákvarðanir í mikilvægum málefnum fatlaðra án þess að hafa samráð eða samstarf við forustumenn öryrkja í viðkomandi málum samanber fyrirhugaðan flutning Blindrabókasafns Íslands úr Félags- og þjónustumiðstöð blindra og sjónskertra.“

Af þessu tilefni vil ég spyrja hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga:

„Hafa verið í gangi viðræður við Blindrafélagið og Öryrkjabandalagið um fyrirhugaðan flutning Blindrabókasafnsins úr húsi Blindrafélagsins? Ef svo er, í hvaða farvegi eru þær viðræður nú? Hefur öllum erindum aðila málsins verið svarað?“

[16:00]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Upphaf þessa máls má rekja til þess að stjórn Blindrabókasafnsins taldi á fundum sínum þann 12. mars og 19. nóv. 1992 að stækkunarmöguleikar safnsins væru ekki fyrir hendi í húsi Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17 í Reykjavík og hóf þess vegna leit að öðru húsnæði. Menntmrn. fól Hagsýslu ríkisins með bréfi, dags. 11. júní nú á þessu ári, athugun á húsnæðismálum Blindrabókasafnsins. Óskað var eftir að gerð yrði húsrýmisáætlun fyrir safnið, athugað yrði miðað við húsrýmisáætlunina hvort möguleikar væru fyrir hendi að safnið gæti áfram starfað á núverandi stað og kannað yrði hvernig starfsemi safnsins gæti fallið inn í húsnæði á jarðhæð hússins að Digranesvegi 5 í Kópavogi, en það hús er í eigu ríkissjóðs. Hagsýsla ríkisins skilaði skýrslu sinni 25. júní sl. og á stjórnarfundi Blindrabókasafnsins 5. júlí samþykkti meiri hluti stjórnarinnar að safnið yrði flutt.

Í framhaldi af samtali mínu við formann Öryrkjabandalagsins boðaði ég til fundar með honum fulltrúa frá Blindrafélaginu og forstöðumanni og stjórnarformanni Blindrabókasafnsins til þess að ræða stöðu og hugsanlegar aðrar lausnir á húsnæðismálum safnsins en þá að flytja að Digranesvegi 5. Í framhaldi af þessum fundi sem haldinn var í ráðuneytinu þann 30. sept. sendi ég erindi Öryrkjabandalagsins, erindi sem dags. var þennan sama dag með tillögum að lausnum á húsnæðisvanda safnsins, til stjórnar Blindrabókasafnsins og óskaði eftir að stjórnin tæki málið til nýrrar yfirvegunar á grundvelli nýs tilboðs frá Blindrafélaginu.

Stjórn Blindrabókasafnsins hélt fund daginn eftir, þann 1. okt. Niðurstaða stjórnarfundarins var sú að hafnað var tillögum Öryrkjabandalagsins og Blindrafélagsins og ítekuð fyrri samþykkt um að flytja safnið að Digranesvegi 5.

Aðilum þessa máls er það vel kunnugt að ráðuneytið mun ekki grípa fram fyrir hendur stjórnar Blindrabókasafnsins í þessu máli. Það var þeim kunnugt þegar í byrjun október en þessa ákvörðun hef ég staðfest með bréfi.

Ég vil svo aðeins í tilefni af því að hv. fyrirspyrjandi sagði að misbrestur hefði orðið á samstarfi við þá sem þarna eiga hlut að máli. Það má vel vera að meira hefði mátt tala saman, ég skal ekkert fullyrða um það. En ég bendi á að Blindrafélagið, sem hefur lagst gegn þessum flutningi, á fulltrúa í stjórn Blindrabókasafnsins þannig að Blindrafélagið hefur fylgst með þessu máli allan tímann. Ég bæti því líka við að mér virðist ríkja sá misskilningur að þetta safn þjóni eingöngu blindum. En það er ekki svo. Það þjónar miklu fleirum og í húsi Blindrafélagsins í Hamrahlíð búa innan við 20 lánþegar safnsins og útlán þess byggjast að langestu leyti á sendingum til lánþega og það hefur verið tekið upp sérstakt tölvukerfi í því sambandi.

Árið 1992 voru lánþegar hljóðbóka í Blindrabókasafninu 1.230 einstaklingar og 136 stofnanir. Lánþegar blindraletursbóka eru hins vegar 13, en félagar í Blindrafélaginu munu vera um eða yfir 200.

Þetta er svar mitt við fyrirspurn hv. þm.

[16:01]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. ráðherra sé ljóst að ég er sérstaklega að vísa til margítrekaðra athugasemda frá Blindrafélaginu og Öyrkjabandalagið þar sem beðið hefur verið um miklu nánara samráð og samvinnu. Ég tek ekki afstöðu til þess, hvort þetta samráð heyri endilega einungis undir eina fulltrúa Blindrafélagsins í stjórn Blindrabókasafnsins. En ég vil nefna það sérstaklega að þetta hefur verið gagnrýnt og það ekki bara einu sinni eða tvisvar heldur mjög oft. Þær upplýsingar sem fram komu í máli hæstv. ráðherra um það að þarna sé í rauninni ekki um þann hóp sem helst þarf á að halda að ræða sem sækir þjónustumiðstöðina að Hamrahlíð 17, heldur sé þetta hópur sem er dreifður út um allt hafa verið vefengdar. Þarna eru fullyrðingar á móti fullyrðingum eins og ég veit að hæstv. ráðherra veit um. Ég ætla ekki að rekja þau bréfaskipti sem hafa verið þarna á milli. Ég veit að hæstv. ráðherra er þetta ljóst og mig langar því að spyrja hann núna í framhaldi: Telur hæstv. ráðherra að það hafi verið reynt til þrautar að ná sáttum í þessu máli því að það er ekki í sátt hér og nú. Í öðru lagi: Telur hæstv. ráðherra að það sé ásættanlegt að gera þetta í ófriði við Blindrafélagið og Öryrkjabandalagið, ef af þessum flutningi yrði?

[16:02]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Já, ég tel að það hafi verið reynt til þrautar að ná sáttum. Það hefur komið fram margítrekað, ég held ég megi segja á fjórum fundum stjórnar Blindrabókasafnsins, ákveðin samþykkt um að safnið yrði flutt. Ég hef fyrir utan þennan fund sem ég gat um og á voru fulltrúar frá Öryrkjabandalagi, Blindrafélagi og Blindrabókasafni, auk þess átt viðræður við stjórnarformann Blindrabókasafnsins og forstöðumann og ég hef sannfærst um að þetta muni ekki ganga, að safnið verði áfram í Hamrahlíð 17. Því miður, segi ég, vegna þess að mér er ljóst að það er ekki í fullum friði við Blindrafélagið og mér þykir auðvitað mjög slæmt að það skuli ekki hafa getað orðið um þetta sæmileg sátt. En hún sýnist ekki geta orðið og það eru fyrir þessu bæði þær ástæður að húsnæðið er afar óþénugt, það væri komið á þrjár hæðir sem er ekki gott og það er í þröngu sambýli þarna við aðra aðila sem ég skil svo á stjórn safnsins að sé mjög óþægilegt. Það er því

mitt mat eftir þessar viðræður að það hafi verið reynt til þrautar að ná sátt í þessu máli. Og ég tek enn og aftur fram að ég treysti mér ekki til þess að grípa fram fyrir hendur stjórnar safnsins. Þó að ég hafi kannski vald til þess að ógilda þessa samþykkt, þá hef ég ekki talið það réttlætanleg afskipti ráðherra af málinu.

Húsnæðiskannanir sveitarfélaga.

Fsp. KÁ, 65. mál. — Þskj. 68.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Árið 1990 voru gerðar verulegar breytingar á þeim kafla laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins sem snúa að félagslega húsnæðiskerfinu. Eitt af því sem tekið var á í þessari endurskoðun laganna var sá þáttur sem snýr að skipulagningu og mati á þörf fyrir félagslegt húsnæði. Það má ljóst vera að til að fjármagn nýtist sem best og þeir peningar sem til skiptanna eru fari þangað sem þörfin er mest verður þekking að vera til staðar um samsetningu íbúa og félagslegt ástand. Því var sett inn í lögin árið 1990 ákvæði um að heildarþörf fyrir félagslegt húsnæði yrði könnuð með reglulegu millibili í hverju umdæmi og áætlanir gerðar í samræmi við niðurstöðuna. Einnig áttu slíkar áætlanir að vera stjórn Húsnæðisstofnunar til leiðbeiningar við úthlutun lána. En hvernig hefur framkvæmdin verið? Það fýsir mig að vita og því spyr ég hæstv. félmrh. á þskj. 68 eftirfarandi spurninga:

„1. Hversu mörg sveitarfélög könnuðu heildarþörf á félagslegu húsnæði í umdæmi sínu á árunum 1991–1993, sbr. 45. gr. laga nr. 97/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins?

2. Hversu mörg sveitarfélög hafa gert áætlanir til fjögurra ára um byggingu og kaup á félagslegu húsnæði, svo sem skylt er samkvæmt lögum, á grundvelli slíkra húsnæðiskannana?

3. Hvernig hefur verið staðið að húsnæðiskönnunum sveitarfélaganna? Hafa þær verið samræmdar þannig að um sambærilegar niðurstöður sé að ræða?

4. Hafa húsnæðiskannanir sveitarfélaga verið lagðar til grundvallar lánveitingum Húsnæðisstofnunar ríkisins til félagslegra íbúðarbygginga eða kaupa á undanförnum þremur árum?“

[16:07]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Kannanir þær sem fsp. fjallar um eru venjulega tengdar undirbúningi umsókna um lán til bygginga félagslegra íbúða. Upplýsinga er yfirleitt aflað með sérstökum könnunum, en í einhverjum tilvikum mun stuðst við nýlega biðlista húsnæðisnefnda eftir íbúðum.

Upplýsingar þær sem Húsnæðisstofnun ríkisins hefur um þetta efni eru fyrst og fremst í gögnum með umsóknum um framkvæmdalán. Af þeim 76 sveitarstjórnum sem sóttu um lán vegna ársins 1991 sendu 58 þeirra upplýsingar um þörf og áætlun til þriggja ára. Vegna ársins 1992 skiluðu 69 sveitarfélög slíkum áætlunum og 54 aðilar vegna 1993.

Varðandi annan lið fsp., þá vil ég skýra frá því að upplýsingar um áætlanir um byggingu og kaup félagslegra íbúða berast Húsnæðisstofnun ríkisins einnig fyrst og fremst í tengslum við umsóknir um framkvæmdalán. Af þeim aðilum sem sóttu um framkvæmdalán skiluðu eins og áður sagði 58 slíkum áætlunum vegna 1991, 69 af þeim sem sóttu um framkvæmdalán vegna 1992 og 54 þeirra sem sóttu um framkvæmdalán vegna ársins 1993. Þessir aðilar fylltu út eyðublað Húsnæðisstofnunar ríkisins varðandi þörf fyrir félagslegar íbúðir næstu árin og skiluðu greinargerð þar að lútandi.

Í þriðja lagi. Húsnæðisstofnun ríkisins notar sérstakt umsóknareyðublað svo að unnt sé að samræma upplýsingar sem koma frá framkvæmdaaðilum þannig að allir sem sækja um lán hjá Byggingarsjóði verkamanna verða að fylla það út. Eyðublað þetta er sent öllum félagslegum framkvæmdaaðilum sem sækja um lán hjá Byggingarsjóði verkamanna og er sérstaklega auglýst. Meðal annars er óskað eftir upplýsingum um eftirfarandi:

Hvað kemur fram þörf fyrir margar félagslegar íbúðir í könnuninni. Hve margir umsækjendur eru undir tekju- og eignamörkum. Hve margar fjölskyldur eru af hverri stærð. Hver er núverandi húsnæðisaðstaða umsækjenda.

Vegna íbúðaþarfa næsta ár á eftir verður að fylgja greinargerð um stöðu húsnæðismála, atvinnumála og byggingarframkvæmda í sveitarfélaginu. Umsóknunum þarf einnig að fylgja greinargerð um íbúafjölda næstu árin og í henni þarf m.a. að koma fram hvað er til sölu á almennum markaði í sveitarfélaginu og upplýsingar um ástand og horfur í byggingarmálum.

Eins og fram kemur af þessu eru húsnæðiskannanir samræmdar þannig að upplýsingar og niðurstöður eiga að vera sambærilegar.

Í fjórða og síðasta lagi. Húsnæðiskannanir sveitarfélaga hafa verið lagðar til grundvallar lánveitingum Húsnæðisstofnunar ríkisins til félagslegra íbúðabygginga eða kaupa á undanförnum þremur árum, en önnur atriði hafa einnig áhrif á veitingu lánanna. Þau atriði sem einkum eru þar höfð að leiðarljósi eru eftirfarandi:

1. Húsnæðisþörf einstaklinga og fjölskyldna er metin og eru lagðar til grundvallar húsnæðiskannanir sem fylgja umsóknum sveitarstjórna og félagasamtaka.

2. Lánveitingar síðustu tveggja ára til félagslegra íbúða í hverju byggðarlagi fyrir sig eru hafðar til hliðsjónar, svo og fjöldi félagslegra íbúða í byggðarlaginu.

3. Höfð er hliðsjón af því hvort fyrri lánveitingar til byggingar eða kaupa á félagslegu húsnæði hafa verið notaðar.

4. Tekið er tillit til þess hvort sveitarstjórnir þær sem hlut eiga að máli hafa undanfarið hafnað forkaupsrétti við kaup á félagslegum íbúðum sem komið hafa til innlausnar hjá þeim eða fengið íbúðir fluttar milli kerfa.

5. Tekið er tillit til þess hvort félagslegar íbúðir hafa í einhverju tilviki verið seldar einstaklingum sem hafa verið yfir gildandi tekjumörkum eða litlum fjölskyldum seldar óhóflega stórar íbúðir.

6. Atvinnuástand og hugsanleg búsetuþróun á hverjum stað fyrir sig er höfð í huga miðað við tiltækar upplýsingar, svo sem úr lánsumsóknum og víðar að.

7. Tekið er tillit til greiðslustöðu umsækjenda við Byggingarsjóð verkamanna.

8. Tekið er tillit til stöðu íbúðamála í hlutaðeigandi sveitarfélögum, aldurssamsetningu íbúða og hvort búið sé í löku eða heilsuspillandi húsnæði.

9. Tekið er tillit til þess að af hálfu stjórnvalda er gert ráð fyrir að ákveðið hlutfall af nýjum skuldbindingum Byggingarsjóðs verkamanna fari til almennra kaupleiguíbúða.

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ef ég hef skilið hana rétt, þá er mikið um það að menn vinni út frá biðlistum sveitarfélaganna. Eins og ég þekki það hér í Reykjavík þá er reyndar ekki um biðlista að ræða heldur miða menn við það hversu margir sækja um á hverju ári og fólk sækir um aftur og aftur þangað til röðin kemur að því eða það hreinlega gefast upp. Hér í Reykjavík hafa menn stuðst við þessa biðlista eða þessa lista umsækjenda og greint út frá þeim hverjir sækja um, hver fjölskyldustærð er og hvernig aðstæður eru.

En það er nú eiginlega ekki þetta sem ætlunin var að gera með þessum lagabreytingum, heldur að menn gerðu almennilegar kannanir með úrtaki og könnuðu þar með vilja fólks; hvað er það sem fólk vill, hver er þörfin fyrir félagslegt húsnæði og hvers konar húsnæði o.s.frv., og menn reyndu að horfa fram í tímann. Vegna þess að hópar umsækjenda geta verið að sækja um, eins og hérna í Reykjavík, á fleiri en einum stað. Menn geta sótt um hjá húsnæðisnefnd Reykjavíkur, menn geta sótt um hjá Búseta og jafnvel ef um fatlaða einstaklinga er að ræða geta menn verið að sækja um á þriðja staðnum og það er vitað að einhver hluti af þessu er sama fólkið sem kemst svo kannski annars staðar að.

En þetta var ekki tilgangurinn þannig að ég vil gagnrýna það ef menn byggja fyrst og fremst á þessum umsóknum, því það gefur ekki alla myndina. Síðan kemur það greinilega í hlut Húsnæðisstofnunar að vinna úr þessu og leggja eitthvert mat á þessar upplýsingar sem koma frá sveitarfélögunum. Ég held að það þurfi að skoða þetta svolítið nánar, hvernig að þessu er staðið og hvort þessi aðferð gefur okkur nægilega skýra mynd af hinni raunverulegu þörf og því hvort fjármagnið nýtist eins og til er ætlast, virðulegi forseti.

[16:13]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með fyrirspyrjanda að það er mjög mikilvægt að það sé skipulega staðið að þessum könnunum og þær séu samræmdar. Ég vil einnig taka undir það að það er ófullnægjandi að einstök sveitarfélög láti sér nægja að taka einungis mið af biðlistum eða umsóknum sem berast. Félmrn. hefur fullan hug á að bæta úr þessu og í sumar óskuðum við eftir því við Húsnæðisstofnun að það yrði gerð spá um íbúða- og byggingaþörf allt fram til ársins 1998 og þar á meðal þörf á félagslegum íbúðum og það yrði gert alls staðar á landinu, sömuleiðis þróun á fasteignamarkaði og í byggingarstarfsemi.

Ég vænti þess að þessi könnun liggi fyrir fljótlega og það er alveg ljóst að tekið verður tillit til þeirrar niðurstöðu sem þar kemur fram við úthlutun á félagslegum íbúðum.

Sameining barnaverndarnefnda.

Fsp. AÓB, 133. mál. — Þskj. 148.

[16:15]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Sl. vetur bar ég fram nokkrar fyrirspurnir um hin nýju barnaverndarlög og vörðuðu þær einkum framkvæmd af hálfu félmrn. sem tók sem kunnugt er við þessum málaflokki þá nýverið.

Enn langar mig að halda áfram á sömu braut og snúa þá einkum máli mínu að því hvernig barnaverndarnefndir eru skipaðar og einnig faglegum þætti málsins. Á þskj. 148 ber ég fram eftirfarandi fyrirspurn til hæstv. félmrh.:

„Hve margar barnaverndarnefndir hafa verið sameinaðar skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, og á hvaða svæðum eru þær nefndir?"

Ég held að ég þurfi ekki að rifja það upp fyrir áhugafólki um þetta mál að það urðu allnokkrar umræður um það með hvaða hætti þessum málum yrði best skipað, hversu langt skyldi ganga í því að gera sveitarfélögum að sameinast um barnaverndarnefndir. Þar toguðust á sjónarmið um sjálfstæði sveitarfélaga, sem ég er vissulega hlynnt, og svo hins vegar efasemdir um það að hægt væri að sinna á faglegan hátt barnaverndarmálum nema með því að sameina barnaverndarnefndir í fámennum sveitarfélögum. Nú finnst mér ástæða til þess að Alþingi fái að heyra hvað hefur gerst í þessum málum. Það var valið að fara tiltölulega mjúka leið og ég vil lesa hér 1. mgr. 6. gr. laganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Á vegum sveitarfélaga skulu starfa barnaverndarnefndir. Borgarstjórn Reykjavíkur og bæjarstjórnir í kaupstöðum kjósa barnaverndarnefndir, sbr. þó 2. mgr. Minni sveitarfélög skulu sameinast um kosningu barnaverndarnefndar. Heimilt er sveitarstjórn að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar er nær yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semja um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti en að framan greinir."

Það eru einkum smærri sveitarfélögin sem ég er að velta fyrir mér hér og það eru í rauninni engin skýr ákvæði hvernig fara skuli með þau mál að öðru leyti

en því að segja að minni sveitarfélög skuli sameinast um kosningu barnaverndarnefndar.

Þarna vantar útfærslu og mér finnst full ástæða til þess að grennslast fyrir um þetta mál. Ég vil einnig benda á skýrslu frá Hagsýslu ríkisins frá því í október á þessu ári um málefni barna og ungmenna, stjórnsýsluskipulag og rekstur. En ég geymi mér að taka tilvitnun úr þeim texta.

[16:18]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Með bréfi, dags. 20. jan. 1993, ritaði félmrn. öllum bæjarstjórnum og hreppsnefndum umburðarbréf þar sem kynnt var að ný lög um vernd barna og ungmenna hefðu tekið gildi. Í bréfinu voru kynnt ákvæði 1. mgr. 6. gr. barnaverndarlaga þar sem kveðið er á um kosningu barnaverndarnefnda og um heimild sveitarstjórna að fela félagsmálaráði störf barnaverndarnefndar. Þá er þar kynnt að sveitarstjórnum sé heimilt að fela héraðsnefnd eða stjórn byggðasamlags kosningu barnaverndarnefndar sem nái yfir fleiri en eitt sveitarfélag eða semji um svæðisbundið samstarf með öðrum hætti.

Í bréfi sínu lagði ráðuneytið ríka áherslu á það við hreppsnefndir að þær hefðust þegar handa við fyrrgreinda samvinnu og sameinuðust um kosningu barnaverndarnefnda á þann hátt sem þær teldu ákjósanlegastan. Lét ráðuneytið í ljós það álit að stækkun barnaverndarumdæma væri forsenda þess að unnt væri að ráða sérhæft starfslið eins og lögskylt væri. Óskaði ráðuneytið eftir því í bréfi sínu að því yrði tilkynnt þegar hreppsnefndir hefðu komið sér saman um tilhögun á kosningu sameiginlegra barnavernda á tilteknu svæði. Því miður er það svo að engin slík tilkynning hefur borist ráðuneytinu til þessa. Má búast við að þær breytingar sem fyrir dyrum standa vegna sameiningar sveitarfélaga og að sveitarstjórnarkosningar eru fram undan, hafi haft þar einhver áhrif. Hins vegar hafa verið skipaðar nýjar barnaverndarnefndir í þeim sveitarfélögum sem sameinast hafa fram að þessu og má sem dæmi nefna að ein barnaverndarnefnd er í Eyjafirði þar sem þrjár voru áður.

[16:20]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Mér þykja svör hæstv. ráðherra benda til þess að ótti fólks hafi ekki verið alveg ástæðulaus þegar ýmsir töldu að það þyrfti að kveða skýrar á um fyrirkomulag og hvernig ætti að standa að sameiningu og samvinnu barnaverndarnefnda. Vera kann að tillögur um sameiningu sveitarfélaga hafi dregið þetta mál á langinn en engu að síður hefur tími liðið sem að mínu mati hefði betur verið varið til þess að þrýsta á um þessa sameiningu og ég held að það hefði kannski verið ágætis prófsteinn á samvinnu sveitarfélaga sem nú er lagt til að sameinist.

Það má vera að eftir 20. nóv. nk. verði einhver sveitarfélög sem tillögur eru um að sameinist búin að fella þá tillögu. Þetta geri ég ráð fyrir að hæstv. ráðherra sjái að geti orðið og þá langar mig að spyrja hvort ráðuneytið hafi í hyggju að ýta með einhverjum hætti frekar á þau sveitarfélög sem enn hafa ekki sinnt þessum hugmyndum og þessum tilmælum í lögunum og í rauninni lagaákvæði sem að vísu er óskýrt og þá með hvaða hætti.

[16:22]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem vakir í máli fyrirspyrjanda hve mikilvægt það er að fækka barnaverndarnefndum og sameina þær þannig að þær geti betur sinnt sínu hlutverki m.a. með faglærðu fólki. Ég hygg einnig að ástæða til þess að ekki hefur verið brugðist við með þeim hætti sem ráðuneytið óskaði eftir í janúar sl. að um kjörtímabil barnaverndarnefndar er ekki að finna ákvæði í lögum um vernd barna og ungmenna. Meginreglan er sú að kjörtímabil nefnda á vegum sveitarfélaga skal vera það sama og kjörtímabil sveitarstjórnar og barnaverndarnefndir þær sem hreppsnefndir kusu vorið 1990 halda því umboði sínu þar til kosning sameiginlegrar barnaverndarnefndar hefur farið fram en umboð þeirra rennur út í síðasta lagi við næstu sveitarstjórnarkosningar sem fram munu fara vorið 1994. Þannig að í raun og sanni samkvæmt orðanna hljóðan í lögunum þá hafa þau þennan tíma fram að sveitarstjórnarkosningunum á næsta ári þó að ráðuneytið hafi ítrekað að það teldi brýnt að þetta yrði gert fyrr þar sem því væri við komið. En ráðuneytið mun ítreka frekar við sveitarstjórnir og hreppsnefndir að þessu brýna máli samkvæmt lögum verði sinnt.

Barnaverndarnefndir í fámennum sveitarfélögum.

Fsp. AÓB, 134. mál. — Þskj. 149.

[16:23]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Að vissu leyti er þessi fsp. óþörf þar sem upplýsingarnar eru þegar komnar fram í næstu fsp. á undan en ég vil, með leyfi hæstv. forseta, þó beina henni til hæstv. félmrh.:

„Hve mörg sveitarfélög með 500 íbúa eða færri eru með sérstaka barnaverndarnefnd? Hefur verið þrýst á þessi sveitarfélög að starfrækja barnaverndarnefndir í samvinnu við önnur sveitarfélög, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?"

Ástæðan fyrir því að ég segi að þessi fsp. sé óþörf er að mér sýnist að það hefur þegar komið fram að öll sveitarfélög með 500 íbúa eða færri séu með sérstaka barnaverndarnefnd. Ég skildi það svo. Það finnst mér út af fyrir sig áhyggjuefni. Ég er ekki að gera lítið úr starfi þess fólks sem er í fámennum sveitarfélögum að vinna að þessum málum eftir mætti en návígið er mikið í slíkum sveitarfélögum. Það er afskaplega hæpið að það fólk sem er í barnaverndarnefndum í fámennum sveitarfélögum hafi einhverja sérstaka fagþekkingu í þessum málum. Það hlýtur að vera undir hælinn lagt. Og spurningin er að hvaða leyti þetta fólk á yfir höfuð kost á faglegri þjónustu.

Mig langar að vitna til þessarar skýrslu frá Hag-

sýslu ríkisins um málefni barna og unglinga sem ég gat um í næstu fsp. á undan en þar kemur fram á bls. 28 að það séu lagalegar forsendur fyrir hendi til þess að barnaverndarnefndir sameinist og bent er á að sveitarfélög hafi raunar sameinast um þjónustu á fjölmörgum sviðum, þannig að það sé eðlilegt að á þessu sviði verði það einnig hægt.

Það er síðan sagt, með leyfi forseta: „Ríkið getur gengið lengra í að skapa sveitarfélögum hagstæð skilyrði, t.d. með því að fela þeim önnur verkefni sem styrkt geta grundvöllinn fyrir þjónustu við börn og unglinga. Að auki þarf ríkið að bjóða upp á markvissa aðstoð í erfiðari og sérhæfðari málum.“ Að þessu síðastnefnda komum við raunar á eftir í fleiri fsp.

Ég vil síðan geta þess að það er bein tillaga, tillaga nr. 4.1.2 í þessari skýrslu, um að félmrn. hafi frumkvæði að því að sveitarfélög sameinist um þjónustu við börn og unglinga og þar sýnist mér greinilega átt við að frumkvæðið sé bara meira en ákveðin tilmæli.

[16:27]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að svar við þessari fsp. kom að mestu fram í síðustu fsp. sem ég svaraði rétt áðan. Ég vísa því til svars við fsp. þingmannsins á þskj. 148 þar sem spurst var fyrir um það hve margar barnaverndarnefndir hefðu verið sameinaðar. Af því svari má draga þá ályktun að öll sveitarfélög í landinu með 500 íbúa eða færri hafa enn sem komið er ekki sérstaklega skipað barnaverndarnefndir.

Þá vil ég einnig vísa til svars míns við fsp. á þskj. 148 þar sem fram kemur hvaða ráðstafanir félmrn. hefur gert til þess að þrýsta á að framkvæmd verði ákvæði 1. mgr. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna um skipan barnaverndarnefnda.

Í því svari lét ég þess m.a. getið að sameiningaráform sveitarfélaganna og væntanlegar sveitarstjórnarkosningar hefðu haft þau áhrif að sveitarfélögin vildu gefa sér tíma til að vinna að þessu verkefni sem skipan sameiginlegra barnaverndarnefnda er. Engu að síður hyggst ráðuneytið innan tíðar senda annað bréf til sveitarstjórna þar sem þetta atriði er ítrekað.

Fagleg ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir.

Fsp. AÓB, 135. mál. — Þskj. 150.

[16:28]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 150 ber ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um faglega ráðgjöf fyrir barnaverndarnefndir. Fsp. er í fjórum liðum og er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hve margar barnaverndarnefndir hafa sérmenntað starfsfólk í þjónustu sinni, sbr. 7. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992?

2. Hve margar barnaverndarnefndir hafa aðgang að þjónustu sérmenntaðs starfsfólks í samstarfi fleiri en eins sveitarfélags?

3. Hve margar barnaverndarnefndir hafa ekki aðgang að þjónustu sérmenntaðs starfsfólks?

4. Hvers konar ráðgjöf býður félagsmálaráðuneytið barnaverndarnefndum sveitarfélaga, sbr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna?“

Mig langar til glöggvunar að vitna í, með leyfi forseta, þessar greinar sem ég vitna til í 1. og 4. lið, en það stendur í 7. gr. barnaverndarlaga:

„Barnaverndarnefnd skal að fenginni heimild hlutaðeigandi sveitarstjórna ráða sérhæft starfslið. Skal það miðað við að hægt sé að veita foreldrum, forráðamönnum barna og stofnunum, er annast uppeldi, viðhlítandi ráðgjöf, fræðslu og leiðbeiningar samkvæmt lögum þessum. Jafnframt skal miðað við að nægilegir möguleikar séu til félagslegra og sálfræðilegra rannsókna á börnum er með þurfa vegna könnunar og meðferða barnaverndarmála.

Heimilt er barnaverndarnefnd að semja við stofnanir, svo sem félagsmálastofnanir, fræðsluskrifstofur, svæðisstjórnir eða heilsugæslustöðvar, um sameiginlegt starfsmannahald og sérfræðiþjónustu, svo og að leita til sérfræðinga í einstökum málum.

Barnaverndarnefnd er heimilt að fela starfsmönnum sínum könnun og meðferð einstakra mála eða málaflokka og skal hún setja um það reglur sem héraðsnefnd eða sveitarstjórn staðfestir. Ákvörðun um þvingunaraðgerð getur barnaverndarnefnd þó ein tekið, sbr. þó 47. gr.“

Svo sem sjá má þá er ekkert smáræði sem lagt er á þetta sérmenntaða starfsfólk og því hlýtur að vera mikill munur á barnaverndarmálum þar sem slík þjónusta er fáanleg og þar sem slík þjónusta er ekki fáanleg. Mér finnst því full ástæða til þess að vita hversu stór hluti barnaverndarnefnda hefur aðgang að þessari þjónustu því hún er sannarlega ekki lítil ef hún er veitt samkvæmt lagabókstaf.

Í 3. gr. sem er alllöng eru einnig ákveðnar skyldur lagðar á herðar ráðuneytis og að því mun ég víkja nánar e.t.v. í næstu fsp.

[16:32]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ráðuneytinu telst til að 19 sveitarfélög hafi nú um stundir á að skipa starfsmönnum einum eða fleiri á vegum barnaverndarnefnda. Ráðuneytið hefur engar tæmandi upplýsingar um menntun þeirra starfsmanna og get ég því ekki fullyrt hvort um er að ræða sérmenntaða starfsmenn. Þær upplýsingar sem ráðuneytið hefur um þetta atriði benda til að menntun og reynsla meðal starfsmanna barnaverndarnefnda sé afar mismunandi þegar á allt er litið. Má þar nefna menntun svo sem uppeldisfræði, kennaramenntun, félagsþjálfun, mannfræði, guðfræði o.s.frv. Starfsmenn barnaverndarnefnda í fjölmennustu sveitarfélögum landsins hafa flestir menntun á sviði félagsráðgjafar eða eru sálfræðingar. Þessar starfsstéttir eru langfjölmennastar.

Varðandi 2. og 3. tölulið fsp. er því til að svara að félmrn. er ekki kunnugt um að nokkurt sveitarfélag

hafi sem stendur sameiginlegt mannahald við annað sveitarfélag í barnavernd. Í tveimur sveitarfélögum á Suðurnesjum hefur þessi háttur þó verið hafður á um skeið. Fyrir utan þau sveitarfélög sem hafa fasta starfsmenn sem vinna að vernd barna og ungmenna eru a.m.k. 2–3 sveitarfélög sem gert hafa samning við fræðsluskrifstofur um að sálfræðingur starfi að tilteknum verkefnum í fræðsluumdæminu og að hluta fyrir félmrn. og barnaverndarnefnd. Þessi tilhögun hefur eftir því sem ráðuneytinu er um kunnugt reynst afar vel. Hér er um að ræða athyglisverða nýjung.

Þá ber þess að geta að barnaverndarnefndir hafa í ríkara mæli gert óformlegan samning við skólasál-fræðinga, fræðsluskrifstofu eða starfsmenn á félags-málastofnun í nærliggjandi þéttbýlissvæði um vinnu-framlag þegar erfið úrlausnarefni eru til umfjöllunar. Breytilegt er frá einum tíma til annars í hvaða mæli þessi tilhögun þjónustunnar er. Það fer m.a. eftir því hvernig sálfræðiþjónusta er veitt í grunnskólum í við-komandi umdæmi en erfiðlega hefur gengið að manna nokkrar stöður í sálfræðiþjónustu skóla úti á landi. Ráðuneytið telur að aðeins fáein sveitarfélög geti auð-veldlega átt greiðan aðgang að sérfræðiþjónustu með þessum hætti, önnur geta haft það ef mikið liggur við.

Í þriðja lagi er til að taka að barnaverndarnefndir ráða gjarnan til starfa sérfræðing, einn eða fleiri, til að vinna að afmörkuðu verkefni. Þessa þjónustu veita gjarnan félagsráðgjafar eða sálfræðingar sem reynslu hafa af viðfangsefni sveitarfélaga.

Að öðru leyti er þeim sem á þurfa að halda bent á viðkomandi fagfélög, svo sem Sálfræðingafélag Íslands og Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa, um frek-ari upplýsingar. Ráðuneytið telur ljóst að mjög fáir sér-fræðingar hafi reynslu og menntun til að sinna erfið-um barnaverndarmálum. Þannig má telja að endanlegt svar við 2. og 3. lið fsp. það að allar barnaverndar-nefndir í landinu ættu að hafa aðgang að sérfræðilegri þekkingu ef á þarf að halda og eftir er leitað. Hve auð-veldlega nefndum vegnar við að fá aðgang að þeirri þjónustu er afar mismunandi. Ráðuneytið hefur að sjálfsögðu miklar áhyggjur af því að þetta veitist oft erfitt. Óhjákvæmilegt er í þessu sambandi annað en að benda á að mörg verkefni barnaverndarnefnda eru þess eðlis að ekki er nægjanlegt að leita sérfræðiálits held-ur er oft um að ræða langtímaverkefni, stuðning og af-skipti hvers konar sem erfitt eða illmögulegt getur ver-ið að rækja á fullnægjandi hátt nema þar sem fastir starfsmenn barnaverndarnefnda eru. Í slíkum tilvikum verða nefndarmenn sjálfir að vinna þau verk sem um er að ræða. Það er kunnara en frá þurfi að segja hvaða erfiðleikum það er bundið fyrir óþjálfaða og undir mörgum kringumstæðum ómenntaða einstaklinga að leiða í höfn þær flóknu skyldur sem barnaverndarlög-in leggja á herðar meðlimum barnaverndarnefnda í landinu.

Í fjórða og síðasta lagi er leiðbeiningarskylda ráðu-neytisins mörkuð í 2. mgr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna eins og fsp. réttilega vísar til. Ráðuneyt-ið hefur tilheigningu til að túlka hlutverk sitt svo að það sé öðru fremur að sjá um að við úrlausn barna-verndarmála og málsmeðferð sé í einu og öllu farið eft-ir ákvæðum laga og að gefa leiðbeiningar um eðlilega og góða stjórnsýsluhætti. Samskipti ráðuneytisins geta einnig einfaldlega falist í því að meta hvort eða að hvaða leyti sérfræðilegrar aðstoðar geti verið þörf í barnaverndarmálum. Ráðuneytið túlkar leiðbeiningar-hlutverk sitt síður það að leggja efnislegt mat á þau atriði sem til umfjöllunar eru. Hins vegar er það svo í reynd að mikil tilhneiging er hjá þeim sem eftir leið-beiningum leita að fá ráðuneytið til að ganga mun lengra í leiðbeiningaskyldu en að framan er lýst. Stafar þetta einfaldlega af þeirri staðreynd að flestar barna-verndarnefndir í dreifbýli landsins hafa engum starfs-manni á að skipa, eiga ekki greiðan aðgang að sér-fræðiaðstoð í daglegum störfum og telja sér algjörlega um megn að vinna algeng verkefni sem ættu að vera á færi hverrar nefndar að vinna. Fullyrða má að í flest-um erindum sem leitað er til ráðuneytisins með sé þess óskað að einhvers konar mat sé lagt á málavöxtu og er það gert að nokkru leyti eftir því sem við á.

[16:37]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki láta hv. 9. þm. Reykn. standa einan í þessum fsp. vegna þess að ég tel að þær séu mjög brýnar og nauðsynlegar og vil þakka henni fyrir að bera þær fram.

Sannleikurinn er auðvitað sá eins og við höfum mörg hver sagt hér oft í þessum ræðustól að barna-verndarnefndarstarf í landinu hefur verið í hreinum ólestri. Ekki af slæmum vilja heldur skorti á bæði fé og starfsfólki og satt best að segja hefur það oft ver-ið meira til skaða en gagns og það er kannski alvar-legur hlutur að segja en ég held að margir fagmenn sem til þekkja mundu taka undir þau orð.

Ég hef um skeið átt sæti í nefnd sem er að fjalla um úrlausnir í málefnum barna og hef átt þess kost að starfa þar með fólki sem er mjög kunnugt þessum mál-um. Það sem það fólk kvartar yfir er skortur á heild-arstefnu og leiðbeiningum til nefndanna, til hvers sé í raun og veru ætlast af þeim. (Forseti hringir.) Ég er rétt að verða búin, hæstv. forseti. Nú er ekki langt síð-an hæstv. félmrh. tók við þessum málaflokki og er því ekki við hana að sakast en ég vona að það verði unn-ið að því að koma betri skipan á þessi mál.

[16:38]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Svo sem fram kom í svari hæstv. ráðherra þá eru það afskaplega fá sveitarfélög sem eiga aðgang að þjónustu sérmenntaðs starfsfólks og því er þarna enn þá pottur brotinn. Ég tek undir orð hv. sein-asta ræðumanns að við væntum þess að hæstv. ráð-herra taki þarna myndarlega á málum. Ég efast ekki um hug hennar í því efni.

En það er alveg augljóst líka á því sem fram kom í máli hæstv. ráðherra að þetta veldur því m.a. að þetta starf verður óskipulegt og ber stundum e.t.v. vott um að barnaverndarfólk úti um allt land sé nokkuð ráð-villt í sínu starfi, það er kannski að leita með smærri mál til ráðuneytis heldur en ástæða er til í stað þess að eiga kost á faglegri ráðgjöf nær sér. Ég sé ekki að

þetta verði leyst nema með markvissri sameiningu barnaverndarnefnda og ég brýni enn hæstv. ráðherra að þarna muni félmrn. koma inn í ef venjuleg tilmæli bera ekki árangur. Ég skal ekki segja til um hvað sé heppilegast en ég held að þetta sé slíkt réttindamál fyrir börnin í landinu, foreldrana og í rauninni fyrir okkur öll að það verði ekki undan því vikist að taka myndarlega á þessu.

Ég vil vekja athygli á því að í Noregi hefur verið gert mjög myndarlegt átak í barnaverndarmálum og því fylgdu umtalsverðir fjármunir. Að sjálfsögðu hefði það þurft að gerast líka hér á landi þegar málaflokkurinn var fluttur á milli ráðuneyta.

[16:41]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þess sem fram kom hjá hv. 14. þm. Reykv., Guðrúnu Helgadóttur, þá get ég tekið undir með henni að það vantar að móta heildarstefnu í þessum málum og það er alveg ljóst að það er víða brotalöm í barnaverndarmálum hér á landi. Þegar litið er aftur í tímann og borin saman framlög til barnaverndarmála hér á landi t.d. við Norðurlandaþjóðir þá erum við langt á eftir.

Því tek ég undir það að þessa stefnu þarf að marka, við erum þegar með það í undirbúningi vegna þess að við erum að endurskipuleggja alla starfsemi í barnaverndarmálum og m.a. eru hugmyndir um að koma á fót fjölskylduþjónustu ríkisins. Það liggur fyrir úttekt hjá Hagsýslunni um þá starfsemi sem fyrir er í landinu sem tengist barnaverndarmálum sem mun nýtast okkur mjög vel í þeirri endurskipulagningu.

Að lokum vil ég nefna það sem hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur er best kunnugt um að það er unnið að fullum krafti í ráðuneytinu að frv. um stofnun embættis umboðsmanns barna.

Starfsmenn félagsmálaráðuneytisins í barnaverndarmálum.

Fsp. AÓB, 136. mál. — Þskj. 151.

[16:42]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram á þskj. 151 fsp. til hæstv. félmrh. um starfsmenn félmrn. í barnaverndarmálum. Með leyfi hæstv. forseta þá vil ég bera upp þessa fyrirspurn hér:

„1. Hve margir starfa sérstaklega að barnaverndarmálum í félagsmálaráðuneytinu, sbr. 3. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992? Hvaða fagmenntun hafa þeir starfsmenn?

2. Eru gerðar svipaðar faglegar kröfur til starfsmanna ráðuneytisins í barnaverndarmálum og annars staðar á Norðurlöndum, t.d. í Noregi?"

Ástæðan fyrir því að ég spyr sérstaklega um þetta er í fyrsta lagi ákvæði 3. gr. barnaverndarlaga. Í öðru lagi og kannski ekki síður vegna þess átaks sem ég nefndi hér áðan, sem Norðmenn hafa gert í barnaverndarmálum og mér skilst að flestir séu á einu máli um að hafi tekist býsna vel. Þar hefur farið fram mikil samhæfing og ég verð að viðurkenna að töluvert fjármagn sem því miður hefur ekki verið að heilsa hér á landi hefur verið lagt til málaflokksins. En það hefur jafnframt verið farið mjög ítarlega í það faglega starf sem þarf að inna af hendi. Ég vil nú sérstaklega vegna umræðna um síðustu fsp. taka fram að það skiptir máli í barnaverndarmálum að það sé klárt hver á að sinna hvaða verkefnum og nákvæmlega hvaða kröfur, faglegar kröfur eru gerðar á hverjum stað í kerfinu, ef ég má taka svo til orða.

Það sem ég á einkum við í 3. gr. barnaverndarlaga er eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðuneytið skal hafa frumkvæði að þróunarstarfi og rannsóknum á sviði barnaverndar. Það skal enn fremur veita barnaverndarnefndum leiðbeiningar og ráðgjöf varðandi fjölskylduvernd og úrlausn barnaverndarmála. Það skal hafa eftirlit með störfum allra barnaverndarnefnda á landinu, heimta frá þeim ársskýrslur og gefa árlega út skýrslu um starfsemi barnaverndaryfirvalda."

Í öðru lagi segir í lok þessarar greinar:

„Það skal annast fræðslustarfsemi fyrir þá sem starfa að barnaverndarmálum, m.a. með útgáfustarfsemi og námskeiðum."

Þetta finnst mér í rauninni vega þyngst og því ber ég fram eftirfarandi fsp. og fagna því jafnframt að fjölskylduráðgjöf skuli vera í bígerð.

[16:46]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er tók félmrn. við málaflokknum 1. jan. sl. Fram að 1. apríl fóru einkum tveir starfsmenn með þau verkefni sem ráðuneytinu voru falin með lögunum. Voru þeir annars vegar með félagsráðgjafamenntun og hins vegar einn af lögfræðingum ráðuneytisins. Hinn 1. apríl flutti starfsvettvangur fyrrverandi framkvæmdastjóra Barnaverndarráðs í ráðuneytið enda höfðu lagabreytingar það í för með sér að mörg þau verkefni sem Barnaverndarráð hafði áður fluttist þangað. Sá starfsmaður sem fer nú með þessi verkefni í ráðuneytinu hefur lokið lokið BA-prófi í sálfræði frá Háskóla Íslands og stundað nám í klínískri sálfræði í tvö ár í háskóla á Norðurlöndum. Hann hefur sem fyrr greinir verið framkvæmdastjóri Barnaverndarráðs Íslands sl. tíu ár. Sérstök verkefni á þessu sviði kunna einnig að koma til kasta annarra starfsmanna ráðuneytisins, svo sem lögfræðinga, og á það að sjálfsögðu við um þetta svið eins og önnur sem undir ráðuneytið heyra. Má benda á að verkefni sveitarfélaga á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga skarast mjög við verkefni þeirra á sviði barnaverndar. Starfsmaður ráðuneytisins sem sinnir leiðbeiningaskyldu og eftirliti vegna félagsþjónustu hefur lokið BA-prófi í sálfræði og meistaraprói í félagsráðgjöf frá viðurkenndum bandarískum háskóla. Hann hefur sjö ára starfsreynslu við barnaverndarstörf í sveitarfélagi. Þessi starfsmaður kennir á námskeiðum í barnavernd hjá félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

Varðandi 2. tölul. fyrirspurnarinnar þá vil ég segja að allur samanburður milli Norðurlanda með tilliti til starfsmannahalds, faglegra krafna og verkefna, er örðugur þar sem lög eru mismunandi og stjórnvaldsstig einnig. T.d. fer norska barna- og fjölskyldumálaráðuneytið með þennan málaflokk í Noregi. Þar starfa um 35 starfsmenn að barnaverndarmálum. Þeir hafa mjög mismunandi reynslu og menntun. Sumir hafa háskólapróf en aðrir ekki. Mun færri stafsmenn vinna að þessum verkefnum í sænska félagsmálaráðuneytinu eða fimm. Þar eru aðeins taldir þeir sem eingöngu hafa þetta verkefni. Aðrir starfsmenn ráðuneytisins vinna að reglugerðarsmíð, gerð frv. o.s.frv. og eru þeir ekki meðtaldir. Í Svíþjóð er hins vegar annað stjórnstig, „socialstyrelsen", sem fer með viðamikil verkefni á þessu sviði. Þar eru um 10–15 starfsmenn sem starfa að þessu verkefni eingöngu. Í Noregi fara fylkismenn með verkefni svo sem að sjá um uppbyggingu stofnana og hafa eftirlit með þeim. Upplýsingar sem ráðuneytið gat aflað bentu til að félagsráðgjafar, lögfræðingar og sálfræðingar væru langfjölmennastar starfsstétta sem ynnu að barnaverndarverkefnum í stjórnsýslunni í Svíþjóð og Noregi. Samanburður hvað varðar mannahald, faglegar kröfur, fjölda o.s.frv. starfsmanna ráðuneyta Norðurlandanna gefur án frekari samhengis takmarkaðar upplýsingar. Á hinn bóginn væri hægt að hugsa samanburð á hlutfallslegum fjölda starfsmanna sem vinna að vernd barna og ungmenna en það er einnig örðugt þar sem löggjöf milli landanna er alls ekki sambærileg. Stjórnstig eru mismunandi mörg eins og áður greinir.

[16:49]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegur forseti. Mér fannst að þessi fyrirspurn væri nauðsynlegur endahnútur á þessar fjórar fyrirspurnir sem ég leyfi mér að bera fram í dag til hæstv. félmrh. um barnaverndarmál vegna þess að það hefur komið í ljós að aðrir starfsmenn í samfélaginu með sérhæfða menntun, fagmenntun, eru afskaplega fáir. Því hlýtur, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, að mæða meira á ráðuneytinu en ella væri.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að samanburður er erfiður milli Norðurlanda. En það sem ég var kannski að leita eftir með þessari fyrirspurn var að vita hvort það væri einhvers konar hugmyndafræðilegur grunnur sem ráðning starfsmanna hvíldi á, hvort búið væri að móta ákveðna stefnu. Ég tek undir það sem hv. 14. þm. Reykv. sagði hér áðan að það bendir allt til þess að okkur skorti átakanlega heildstæða stefnu í barnaverndarmálum þrátt fyrir ákveðnar skipulagsbreytingar sem vonandi munu með tíða og tíma leiða til þess að þessi mál komist í betra horf.

Í þeirri skýrslu Hagsýslu ríkisins sem nokkuð hefur verið hér til umræðu þá eru tillögur um stjórnsýslu og samhæfingu í þessum málum. M.a. er lagt til að undirstofnun félmrn. sinni daglegri framkvæmd stjórnsýsluverkefna og barna- og unglingamálum og samhæfingarstarfi bæði almennt og í málefnum tiltekinna einstaklinga. Það er einkum bent á tvær leiðir til þess og ég held að það væri forvitnilegt í framhaldi af svörum hæstv. ráðherra að vita hvort það er að vænta einhverrar heildstæðrar stefnu í þessum málum.

Útbýting þingskjals:

Útfærsla landhelginnar, 145. mál, þáltill. SJS o.fl., þskj. 161.

Leigutekjur af embættisbústöðum.

Fsp. EKG, 107. mál. — Þskj. 111.

[16:51]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegur forseti. Um langt skeið hefur það tíðkast að tilteknir embættismenn á nokkrum stöðum hafi fengið til afnota embættisbústaði frá hinu opinbera. Mér er ekki kunnugt um hvaða reglur gilda um slíka embættisbústaði í smáatriðum en býður í grun að í tímans rás hafi þær reglur orðið nokkuð óljósar eins og gengur.

Embættisbústaðir eru fáheyrðir hér á höfuðborgarsvæðinu þó vissulega fyrirfinnist þeir. Á landsbyggðinni hefur ríkið lagt tilteknum embættismönnum til íbúðarhús, embættisbústaði. Þetta á m.a. við um lækna, presta, sýslumenn, skattstjóra, héraðsdóma og e.t.v. nokkra fleiri. Umfang þessarar starfsemi sést m.a. á hinni svokölluðu 6. gr. fjárlaganna þar sem æði oft fyrirferðarmikil að jafnaði áform ríkisins um kaup og eða sölu á embættisbústöðum. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta fyrirkomulag hefur verið til góðs. Með því að unnt hefur verið að útvega þessa embættisbústaði hefur verið hægt að tryggja að fengist hafa til starfa hæfir embættismenn, oft til langs tíma. Það er einu sinni svo að eðli málsins samkvæmt flytja embættismenn oft á milli embætta, byrja gjarnan í minni embættunum en sækja síðan um þau stærri og ábyrgðarmeiri. Sérstaða embættismannanna er því allmikil og af þeirri ástæðu getur verið nauðsynlegt að þeim sé látið í té íbúðarhúsnæði af vinnuveitanda sínum, ríkinu. Þegar það bætist við að víða út um landið er íbúðamarkaðurinn afar veikur er alls ekki óeðlilegt nema síður sé að embættisbústaðir á vegum ríkisins séu til staðar.

Gallinn við þetta fyrirkomulag hingað til hefur verið sá að skort hefur á að samræmi væri við framkvæmdina. Má í því sambandi nefna einkum tvennt. Fyrir það fyrsta hefur a.m.k. í hugum heimamanna ekki verið alveg klárt hvenær og af hvaða tilefni menn eigi rétt á embættisbústað. Í annan stað hefur komið í ljós að leigu- og afgjöld embættismanna af bústöðunum hafa verið með ýmsum hætti og án innra samræmis. Þetta hefur valdið ýmiss konar togstreitu og jafnvel samanburði sem í alla staði er afar óæskilegur. Það er því fagnaðarefni sem fram kemur í greinargerð fjárlagafrv. fyrir næsta ár, árið 1994, að í byrjun þessa árs, ársins 1993, hafi tekið gildi endurskoðaðar reglur fyrir embættisbústaði. Þar er sérstaklega vakin athygli á því að viðhaldi og endurbótum þessara eigna hafi verið mjög ábótavant og er það því miður ekki ofmælt.

Sú stefna hefur nú verið tekin upp að halda húsnæðinu við með leigutekjum og mun sú regla líka verða látin gilda um embættisbústaðina.

Ég hef því leyft er að leggja fyrir hæstv. fjmrh. eftirfarandi spruningar:

„1. Hverjar voru heildarleigutekjur af embættisbústöðum árið 1992 og hverjar er áætlað að þær verði á þessu ári og því næsta, á sambærilegu verðlagi?

2. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á leigugreiðslum vegna embættisbústaða?"

[16:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ný reglugerð um leiguhúsnæði í eigu ríkisins tók gildi um síðustu áramót. Vegna þess að á þessu ári hefur verið unnið að því að koma reglugerðinni í framkvæmd eru ekki til marktækar tölur um leigugreiðslur á þessu ári. Tölur eru hins vegar til fyrir árið 1992 og áætlun vegna næsta árs. Fimm ráðuneyti ráða yfir langflestum embættisbústöðum ríkisins í A-hluta ríkissjóðs. Það eru: heilbrrn., landbrn., menntmrn., dóms- og kirkjumrn. og fjmrh. Í B-hluta er Póst- og símamálastofnunin með um 40 bústaði sem flestir eru leigðir símstöðvarstjórum. Í samanburði húsaleigugreiðslna milli áranna 1992 og 1994, sem ég mun lýsa hér á eftir, eru eingöngu taldir þeir bústaðir sem tilheyra A-hluta. Prestsbústaðir eru ekki taldir með dómsmrn., þar sem stefnt er að því að þeir verði á forræði kirkjunnar og í hennar umsjá á árinu 1994.

Heildarleigutekjur af embættisbústöðum heilbrrn. árið 1992 voru 4 millj. 987 þús., tæplega 5 milljónir kr. Árið 1994 er gert ráð fyrir að þessi tala verði 6 millj. 246 þús. kr., eða hækkun um 25,2%. Í landbrn. eru tölurnar þannig að árið 1992 voru heildarleigutekjur 8,2 millj. kr. en verða 12,5 millj. kr. árið 1994, hækkunin 53% tæp. Í dómsmrn. voru tekjur 2,2 millj. kr. en verða 5,6 millj. kr., hækkun um 153,2%. Í heilbrrn. eru tölurnar 12,9 millj. kr. en verða 30,3 millj. kr., hækkun 135%. Í fjmrn. voru tekjurnar 954 þús. kr. verða það sama 1994, engin hækkun. Samtals eru leigutekjurnar þannig 28,3 millj. kr. en verða 55,7 millj. kr., hækkun 96,7%.

Ný reglugerð um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins nr. 480/1992 tók gildi í ársbyrjun 1993 og féll þá jafnframt úr gildi eldri reglugerð um sama efni. Nýja reglugerðin gerir ekki ráð fyrir verulegri hækkun húsaleigu og má segja að leigugjald samkvæmt eldri reglugerð sé í flestum tilfellum það sama og er samkvæmt nýju reglugerðinni. Ástæða þess að heildarleigugreiðslur munu hækka með gildistöku nýju reglugerðarinnar er að í henni er fækkað undanþáguheimildum og frádráttarákvæðum. Þegar reglugerðin tók gildi var ákveðið að þau ráðuneyti sem hafa embættisbústaði á sínum vegum ættu samstarf um að koma reglugerðinni í framkvæmd. Þannig hefur verið unnið markvisst að því á vegum ráðuneytanna að gera nýja húsaleigusamninga í samræmi við reglugerðina. Meðal nýrra ákvæða í gildandi reglugerð er að gera skuli skriflega húsaleigusamninga, húsaleigugjald skuli framreiknað miðað við byggingarvísitölu og að tilnefndur skuli umsjónaraðili með hverjum bústað er annist eftirlit og viðhald. Jafnframt er skýrt kveðið á um það að húsaleigutekjum skuli varið til greiðslu kostnaðar vegna eignanna og skuli tekjum og gjöldum vegna eignanna haldið sérgreindu í bókhaldi. Með þessum ákvæðum er áformað að koma viðhaldsmálum bústaðanna í gott horf.

[17:01]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að taka þetta mál upp hér. En ég vildi gjarnan spyrja hæstv. fjmrh. að því hvaða samráð hafi verið haft við leigutaka eða þá sem sitja í embættisbústöðum því að það er auðvitað ljóst að þessi lága leiga er hluti af kjörum þessara hópa, hvort sem við erum að tala um presta, lækna eða aðra. Það eru kannski ekki síst prestarnir sem hafa kvartað mjög yfir sínum kjörum og þetta kann að koma illa við þá.

Hins vegar er það ljóst að víða eru bústaðir ríkisins í mikilli niðurníðslu og þarfnast viðgerðar og er auðvitað ekki gott til þess að vita að þeir skulu látnir grotna niður. En það sem mig langaði fyrst og fremst til að fá að vita er það, hvernig samráði hefur verið háttað við viðkomandi hópa. Það voru nefndir hér leigusamningar og ég spyr: Eru þessir hópar sáttir við það að fara nú að borga leigutekjur af embættisbústöðum?

[17:02]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil einnig þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu hér og spyrja hæstv. fjmrh. um hvernig þessum málum sé háttað. Ég tel að það sé full ástæða til þess að samræma leigugreiðslur fyrir embættisbústaði en auðvitað þarf að huga að því ef þetta er, eins og hér var bent á áðan í stuttri athugasemd, hluti af samningskjörum. Þá þarf auðvitað að taka tillit til þess og gera þetta á þann hátt, að það raski því ekki .

En mig langaði til þess, ef ég má bæta aðeins við fyrirspurnina til hæstv. fjmrh., að fá fram viðhorf hans á því að þar sem hefur verið staðið eðlilega að leigumálum á húseignum ýmissa opinberra stofnana, t.d. heilsugæslustöðva eða sjúkrahúsa svo að ég taki dæmi, finnst þá ráðherra eðlilegt, eins og lagt er til í grg. fjárlagafrv. fyrir næsta ár, að draga þessar leigutekjur inn í sameiginlegan sjóð sem síðan eigi að forvalta hjá Innkaupastofnun ríkisins og ráðstafa þaðan úr honum aftur, trúlega þó í samráði við viðkomandi ráðuneyti? Á frekar að gera þetta svona heldur en að leyfa þeim stofnunum sem vel hafa staðið að málum að hafa áfram yfirumsjón með þeim og eftirlit?

[17:03]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir mjög greinargóð svör við þessum spurningum. Ég held að það sem þetta mál snúist ekki síst um sé að reynt hefur verið að samræma þessi leigukjör. Ég nefndi það áðan að það væri mjög nauðsynlegt að þessir embættisbústaðir væru til staðar, af ástæðum sem ég rakti, en það sem hefur náttúrlega skort á er tiltekið samræmi í

leigukjörunum milli einstakra staða og einstakra bústaða.

Ég lít þannig á, án þess að hafa haft aðstöðu til þess að kynna mér það til hlítar, að af svari hæstv. fjmrh. megi ráða það að hér hafi verið reynt að gæta samræmis milli einstakra starfshópa.

Það er auðvitað ljóst, eins og hér hefur komið fram, að þessir embættisbústaðir hafa verið hluti af starfskjörum einstakra stétta og starfshópa og ekkert nema eðlilegt um það mál að segja og sjálfsagt að þau mál séu m.a. skoðuð í því ljósi. En það breytir hins vegar ekki því að þessi afgjöld og þessi leiga hefur verið með ýmsum hætti og þess vegna hefur verið ástæða til þess að endurskoða það.

Það sem hefur líka gert þetta mál dálítið slæmt er að þessar húseignir ríkisins hafa verið, eins og fram hefur komið, í mjög misjafnlegu ástandi og sums staðar svo hraklegu að það hefur verið til stórrar skammar fyrir eiganda húsnæðisins, þ.e. ríkið hvernig að þessum málum hefur verið staðið. Sem betur fer var nokkurt átak gert núna á þessu ári að bæta viðhald og ástand ýmissa húseigna ríkisins og ég vænti þess að það verði svo, eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh., að hinar auknu leigutekjur af þessum embættisbústöðum verði notaðar til þess að bæta þetta húsnæði þannig að sómi sé að, bæði fyrir eigendurna og líka þá sem búa í þessum húsum.

[17:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég er fyllilega sammála hv. fyrirspyrjanda um að það sé nauðsynlegt að taka á þessum málum, samræma og hreinsa til í reglugerðinni, samræma þessi mál á milli ráðuneytanna sem ekki hafði verið gert, eins og menn þekkja af umræðu sem varð hér fyrir einu eða tveimur árum síðan.

Það var spurt um heilsugæslustöðvar. Reyndar fjallar þessi fsp. ekki beinlínis um þær, heldur um embættisbústaðina. Ég get þess vegna ekki gefið nægilega góðar skýringar á því sem þar hefur gerst, en ég veit ekki betur en það sé fullt samkomulag orðið á milli ráðuneytanna tveggja, fjmrn. og heilbrrn., um það að þetta fyrirkomulag verði viðhaft. Sjálfsagt má deila um það hvort það er gott eða slæmt, hvort eðlilegt sé að fara að með þessum hætti. Ég get ekki í raun svarað því hér hver er ástæða fyrir breytingunni.

Þá ræddi hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir um það hvort haft hefði verið samráð við þá sem eru leigutakar eða þá sem njóta þessara sérstöku fríðinda. Aðferðin sem notuð var var sú að ráðuneytisstjórnarnir komu sér saman um þessar reglur og ég vonast til þess að þeir hafi a.m.k. gætt þeirra sjónarmiða sem hljóta að vera uppi af hálfu þeirra sem njóta þessara sérstöku réttinda. Öðruvísi get ég ekki svarað því. Prestarnir eru ekki inni í þessari upptalningu sem ég nefndi. Það mun verða tekið á þeirra málum sérstaklega.

Ég vil hins vegar að lokum segja það að þessi mál hljóta að verða í endurskoðun áfram. Það kann að vera að það sé orðið úrelt að ýmsar stéttir sem áður nutu þess að hafa þessi fríðindi, þurfi síður á þeim að halda í dag. Það er viss ósanngirni þegar starfsmenn stofnana fá afnot af húsnæði fyrir kannski miklu lægri leigu heldur en aðrir sem búa á viðkomandi stöðum. Það verður einnig að taka tillit til þeirra sjónarmiða við endurskoðun á þessum reglum.

Útfararþjónusta.

Fsp. GB, 124. mál. — Þskj. 133.

[17:08]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að koma hér með fyrirspurn til hæstv. kirkjumálaráðherra um aðskilnað útfararþjónustu frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórna. Ástæðan fyrir þessari fyrirspurn er sú mikla umræða sem orðið hefur að undanförnu, á undanförnum mánuðum og missirum, um starfsemi útfararþjónustu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma og samkeppni þeirrar útfararþjónustu við einkaaðila með sams konar þjónustu á þessum markaði. Mér finnst þetta skjóta nokkuð skökku við hin svokölluðu einkavæðingaráform og einkavæðingarhugsjón hæstv. ríkisstjórnar, að standa í raun óbeint fyrir opinberri, niðurgreiddri þjónustu í samkeppni við einkaaðila með hliðstæða þjónustu.

Fyrirspurn mín er í fjórum liðum og er fyrsti liðurinn um framkvæmd laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, 2. mgr. 21. gr. þeirra laga, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þar sem kirkjugarðsstjórnir reka útfararþjónustu skal sú starfsemi og fjárhagur henni tengdur vera algerlega aðskilin frá lögboðnum verkefnum kirkjugarðsstjórnar."

Mig langar að heyra álit ráðherra á þessu máli. Í 2. lið fyrirspurnarinnar er spurst sérstaklega fyrir um það hvernig þessu sé háttað hér í Reykjavíkurprófastsdæmum.

Í 3. lið fyrirspurnarinnar er spurt um afstöðu ráðherra til fyrirhugaðrar stofnunar einkafyrirtækis til þess að annast þessa þjónustu á vegum Kirkjugarðanna. Það segir í fundargerð sem ég er hér með frá fundi í stjórn Kirkjugarðanna frá 30. sept. sl. að þar hefur stjórnin lagt mikla áherslu á að þetta verði gert og telur að hvorki sé hægt að stofna hlutafélag né sameignarfélag af því að þar þurfi fleiri aðilar að koma til. Því sé mögulegt að stofna einkafirma fyrir þennan rekstur til þess að hann geti haldið áfram og jafnframt er þar fullyrt að með því móti sé engin ábyrgð af hálfu söfnuða á þessari starfsemi, þ.e. að hér verði um sjálfstætt fyrirtæki að ræða. En ef það er eftir sem áður alfarið í eigu Kirkjugarðanna, hvernig getur það þá samrýmst þessu lagaákvæði sem ég hef áður vitnað til?

4. liður fyrirspurnarinnar er síðan um það hvort til greina komi að bæta fyrirtækjum með útfararþjónustu það tjón sem þau hafa orðið fyrir eða kunna að verða fyrir í samkeppni við þessa niðurgreiddu útfararþjónustu. Staðreyndin er sú að þarna er verið að brjóta lög og það er enn verið að því, því þessi útfararþjónusta á

vegum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma er enn í gangi. Það er enn þá verið að niðurgreiða þá þjónustu, því það kemur fram í þessari áður tilvitnuðu fundargerð að tap af starfseminni hefur samkvæmt árshlutareikningi til 31. ágúst verið rúmar 9 millj. 579 þús. kr. Því langar mig til að heyra álit ráðherra á því en eins og hann veit auðvitað og vitað er, þá er í gangi dómsmál um þetta. En í þessari áður tilvitnuðu fundargerð er lagt til að leitað verði sátta í því máli svo vera kann að enn sé hægt að forða miklu tjóni sem blasir við hjá þessum einkaaðila.

[17:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við fyrstu spurningu er það að segja að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma eru einu kirkjugarðar landsins sem reka útfararþjónustu. Um eiginlegan rekstur útfararþjónustu er ekki að ræða hjá öðrum kirkjugörðum. Því varðar mál þetta eingöngu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæmis.

Dóms- og kirkjumrn. átti fund með forráðamönnum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma fljótlega eftir gildistöku laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, þar sem framkvæmd 21. gr. laganna var rædd. Af hálfu ráðuneytisins var lögð áhersla á að Kirkjugarðarnir hlutuðust til um hið allra fyrsta að aðskilja útfararþjónustu sína algerlega frá annarri lögboðinni starfsemi Kirkjugarðanna og legðu fram gögn sem sýndu hvernig að þeirri aðgreiningu yrði staðið. Þá þegar var upplýst að undirbúningur væri hafinn að breytingu af þessu tagi.

Í framhaldi af þessum fundi hefur verið unnið að undirbúningi stofnunar fyrirtækis eða útfararstofu á vegum Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma sem hafa mundi með höndum útfararþjónustu Kirkjugarðanna. Fyrirtækið mun hafa aðskilinn fjárhag frá fjárhag Kirkjugarðanna, sérstakt bókhald og fjárreiður að öðru leyti og verður samkvæmt því að keppa við aðra sem reka útfararþjónustu á jafnréttisgrundvelli.

Þá er unnið að samningu reglugerðar á grundvelli hinna nýju kirkjugarðalaga í dóms- og kirkjumrn. og er fyrirhugað að kynna lögin og reglugerðina samhliða fyrir kirkjugarðsstjórnum, prestum og öðrum hlutaðeigandi þegar reglugerðin liggur fyrir, en vonandi verður það innan ekki langs tíma. Væntanlega verður þá gerð sérstök grein fyrir helstu nýmælum laganna, þar á meðal 21. gr. þeirra.

Varðandi 2. lið spurningarinnar er það að segja að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma hafa þegar eins og unnt er aðskilið útfararþjónustu sína og fjárhag hennar frá allri starfsemi Kirkjugarðanna, en þar er þó einungis um bráðabirgðaráðstöfun að ræða uns fyrrnefnd útfararstofa Kirkjugarðanna hefur tekið til starfa. Í öðrum prófastsdæmum er ekki um það að ræða að eiginlegur rekstur útfararþjónustu sé á hendi kirkjugarða eins og áður sagði.

Varðandi þriðju spurninguna er það að segja að miðað við það rekstrarform og þær rekstrarforsendur og upplýsingar um bókhald sem ráðuneytinu hafa borist, þá sýnist ráðuneytinu að skilyrðum laganna verði fullnægt með þessu móti.

Varðandi 4. lið spurningarinnar er það að segja að Kirkjugarðarnir eru sjálfseignarstofnanir sem lúta sérstakri stjórn samkvæmt núgildandi lögum og reyndar eldri lögum einnig og því ekki á ábyrgð ríkisins. Það kemur því ekki til álita að taka afstöðu til bótakröfu í þessu samhengi. Ég minni á í þessu sambandi sem hv. fyrirspyrjandi kom fram með í sinni ræðu að nú er einmitt rekið dómsmál út af þessu á milli aðila sem töldu á sig hallað og hins vegar Kirkjugarðanna, þar sem úr þessu máli fæst þá væntanlega skorið.

[17:15]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Bjarnason):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svör hans við þessum fyrirspurnum. Þau voru ítarleg og greinargóð út af fyrir sig, þó að ég væri kannski ekki alveg alls kostar ánægður með þau öll. Ég leyfi mér að hafa t.d. uppi efasemdir um það að þetta nýja væntanlega fyrirtæki geti verið svo sjálfstætt frá annarri starfsemi Kirkjugarðanna, eins og lögin kveða skýrt á um. Auðvitað er ég ekki lögfróður maður og get ekki kveðið upp neinn dóm í því efni. Vafalaust hefur ráðuneytið skoðað þetta vel og vandlega, en ég sé það þó á fundargerðum sem ég vitnaði til áðan og ég hef hér fyrir framan mig, að um þetta eru reyndar mjög skiptar skoðanir hjá þeim fulltrúum sóknarnefnda sem sæti eiga í stjórn Kirkjugarðanna og sátu þennan fund. Tillaga um stofnun þessa fyrirtækis sem þar var borin til atkvæða var samþykkt með 10:6 atkvæðum og segir hér í fundargerðinni að þar að auki hafi einhverjir setið hjá, þannig að um málið er alls ekki einhugur hjá Kirkjugörðunum. Það er auðvitað leitt til þess að vita að svo skuli vera.

Varðandi það hver eigi að bera bótakröfuna ef hún yrði nú samþykkt, þá er sjálfsagt erfitt að kveða upp úr um það meðan mál er fyrir dómstólum og réttara að bíða eftir úrskurði þeirra. En þegar um bótakröfu af þessu tagi er að ræða, þá hafa sjálfsagt ýmsir verið valdir að því að svona hafa mál þróast á undanförnum árum. Mér fannst þess vegna ekki óeðlilegt að spyrja hæstv. ráðherra eftir því hvort það kæmi ekki til greina að hið opinbera, ráðueyti hans eða fjmrn., ríkissjóður, tæki þátt í því að bæta það tjón sem kann að hafa orðið eða kann að verða í þessari samkeppni, þegar ljóst er að enn er verið að niðurgreiða útfararþjónustuna af hálfu Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma svo sem staðfest er í þessum fundagerðum sem ég hef hér fyrir framan mig.

Tilflutningur sýslumannsembætta.

Fsp. IP, 125. mál. — Þskj. 134.

[17:18]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín til hæstv. dósmmrh. á þskj. 134 er lögð fram vegna þeirra áforma ríkisstjórnarinnar að leggja niður mörg embætti sýslumanna. Spurt er í fyrsta lagi:

Hefur ríkisstjórnin látið kanna hvaða kostnaðarauka

það mun hafa í för með sér fyrir einstaklinga að sýslumannsembætti víða um land verða lögð niður þannig að þeir verða að sækja þjónustu embættanna annað?

Það má taka dæmi. Það er gert ráð fyrir að embættið í Búðardal muni leggjast af og Dalamenn muni sækja þessa þjónustu í Stykkishólm. Það er ekki einungis langt að fara úr Dölum í Stykkishólm, heldur um sérstaklega vonda vegi að ræða og því ekki úr vegi að spyrja hvort ríkisstjórnin hafi skoðað þann kostnaðarauka fyrir einstaklinga sem af því hlýst að sækja þessa þjónustu um enn lengri veg. Þetta dæmi sem ég er með hér er ekkert einsdæmi.

2. spurning: „Hve mikið tekjutap mun verða í verslun og þjónustu á þeim stöðum þar sem sýslumannsembætti verða lögð niður?

Ef tekið er dæmi af Borgarnesi, þá eiga um 50 manns erindi á skrifstofu sýslumanns daglega. Þegar Mýramönnum og Borgfirðingum verður vísað niður á Akranes liggur það beint við að menn muni reka önnur erindi sín þar í leiðinni, svo sem verslun og margvíslega aðra þjónustu sem hingað til hefur verið innt af hendi í Borgarnesi. Hvorki Borgarnes né Búðardalur mega við því að missa spón úr aski sínum hvað varðar verslun og viðskipti. Búðardalur hefur t.d. um margra ára skeið mátt heyja harða varnarbaráttu í atvinnumálum. Hér virðist mér verið að riðla alvarlega þeirri þjónustu sem byggð hefur verið upp í samræmi við umsvif sem eru á stöðunum. Sú niðursveifla sem yrði í þessum tveimur sveitarfélögum mundi eflaust kosta ríkissjóð eitthvað.

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi fram að mér finnst eðlilegt að endurskoða sýslumannsembættin sem slík. Á þessum embættum hafa orðið víðtækar breytingar á liðnum árum en ég tel útilokað að draga svo verulega úr daglegri þjónustu, t.d. almannatrygginga og ýmiss konar vottorða og leyfisveitinga, fólki til mikils óhagræðis og kostnaðarauka.

[17:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Svarið við báðum liðum fyrirspurnarinnar er nei.

[17:21]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það blasir við að hér hefur verið fylgt leikreglum ríkisstjórnarinnar og anað af stað án þess að athuga það sem verið er að gera. Mér hefði þótt eðlilegt að þetta mál hefði verið fyrst flutt í því formi að það kæmi inn í þingið og allshn. fengi að fjalla um þetta mál með rökrænum hætti. Ég hef litla trú á því að það sé eðlilegur farvegur fyrir svona mál að fara í gegnum fjárveitinganefnd eða að fara í gegnum embættislið dómsmrn. sem mér virðist telja vitlegast að viðhafa þær leikreglur í niðurskurði að skera niður það sem fjærst þeim er.

[17:21]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Svör hæstv. ráðherra komu mér alls ekki neitt á óvart. Það eru engin langtímamarkmið í gangi. Ef við skoðum t.d. þessi tvö dæmi sem ég var með áðan, Borgarnes og Búðardal, þá er nýlega búið að byggja yfir bæði þessi embætti. Nú er nýhafin bygging á Akranesi fyrir sýslumannsembættið. Ef fer sem horfir, þegar búið er að byggja yfir það embætti, þá eiga Akurnesingar trúlega að sækja þá þjónustu til Reykjavíkur. Það væri eftir öðru.

Í fyrra var kostað til mjög dýrs tölvunets fyrir embættið í Borgarnesi sem nýtist okkur ekki neitt vegna þess að það eru engin langtímamarkmið í gangi.

Héraðsdómur var opnaður í fyrra í Borgarnesi og undir héraðsdóm var keypt húsnæði sem kostaði 40 millj. kr. Nú á að skilja eftir húsnæði sýslumanns í Borgarnesi tómt og ekki að nýta.

Í ár er verið að kaupa embættisbústað fyrir héraðsdómara í Borgarnesi, sá bústaður mun kosta um 10 millj. kr.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að selja sýslumannsbústaðinn sem eflaust er ekki mjög góð söluvara þannig að það er ekkert samhengi í hlutunum, akkúrat ekki neitt. Þannig að svör hæstv. dómsmrh. komu mér alls ekkert á óvart.

[17:24]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég held að þau svör sem komu við þessari fsp. sanni að það hefur verið flanað í þessar aðgerðir án þess að undirbúa þær. Það sannar það eitt að þessi aðgerð eða þessi áform þarf að skoða mjög vandlega, m.a. í fjárln. Það er rétt hjá hv. 2. þm. Vestf. að þetta er ekki eina dæmið um vanhugsaðar aðgerðir ríkisstjórnarinnar, síður en svo, því þar rekur sig eitt á annars horn og er dregið til baka á morgun það sem var ákveðið í gær, samanber heilbrigðismálin. Þetta er mál af þeim toga.

[17:25]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er á miklum misskilningi byggt þegar hv. þm. segja að svör mín við þessum spurningum færi þeim heim sanninn um það að málið hafi ekki verið nægilega vel undirbúið. Menn ættu fyrst að átta sig á því um hvað var verið að spyrja.

Áður en þessar tillögur voru settar fram fór fram á því athugun að sjálfsögðu hvaða rekstrarhagræði og sparnaður yrði af þessu fyrir ríkissjóð. En hér er verið að spyrja um það hvaða áhrif þetta hafi á verslunarrekstur á viðkomandi stöðum. Ég veit að hv. þm. gera sér fulla grein fyrir því að sýslumannsembættin eru ekki starfrækt til að halda uppi verslunarþjónustu og alveg fráleitt að láta fara fram nokkra athugun á því hvaða áhrif þetta hefur á verslun og viðskipti. Við erum að tala um mjög mikilvæg embætti, þjónustu þeirra og hvernig haganlegast er að koma henni fyrir. En ég vísa því algjörlega frá að það sé eðlilegur undirbúningur að slíkri ákvörðun að framkvæma könnun á áhrifum þess á verslunarrekstur.

Í annan stað er rétt að taka fram vegna athugasemda hv. 2. þm. Vestf. að þetta mál verður að sjálfsögðu ekki til lykta leitt með afgreiðslu fjárlagafrv. Hér þarf að breyta lögum og það er ráð fyrir því gert að leggja fram sérstakt frv. þar sem kveðið er á um þessar breytingar til þess að fylgja eftir þeim ákvörðunum sem fyrir liggja í tillögum fjárlagafrv. og þá koma þau

mál eðlilega til meðferðar í hv. allshn. eins og önnur lög. En fyrr en Alþingi hefur samþykkt slíkar lagabreytingar geta tillögur af þessu tagi ekki orðið að veruleika.

[17:27]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins lýsa yfir algjörri andstöðu minni við það viðhorf sem kom fram hjá hæstv. dómsmrh. að það þurfi ekkert að skoða aðra hluti í sambandi við svo róttæka ákvörðun sem hér er gert ráð fyrir að taka, að leggja niður þriðjung af öllum sýslumannsembættum í landinu. Ég held að það þurfi ekki annað en að líta á þskj. 168 þar sem tveir stjórnarþingmenn gera tillögu um athuganir á því að auka umsvif sýslumannsembættanna og styrkja þessi embætti, að þarna er réttmætt að líta til margra átta. En ég held að hið upphaflega svar hæstv. ráðherra staðfesti aðeins að þarna hafa málin lítið verið skoðuð enda hefur það komið fram að þær tölur sem lagðar eru til grundvallar eiga ekki við rök að styðjast.

Árangur viðræðna við EB um landbúnaðarmál.

Fsp. JHelg, 127. mál. — Þskj. 137.

[17:28]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 137 hef ég borið fram eftirfarandi fsp. til hæstv. landbrh. um árangur viðræðna við Evrópubandalagið um landbúnaðarmál, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvernig hefur ráðherra tekist að standa á verði um hagsmuni íslensks landbúnaðar í samningaviðræðum við Evrópubandalagið um viðbæti 2–7 við bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið?"

Þegar hæstv. utanrrh. skrifaði undir samninginn um Evrópska efnahagssvæðið 2. maí 1992 voru enn þá margir endar lausir. Svo var einnig þegar hann var til meðferðar og samþykktur á síðasta þingi. Þar á meðal var viðauki við bókun 3 sem eru nefndir viðbætar 1–7 og eru um ýmsar búvörur. Frá viðbæti 1 virðist þó vera búið að ganga og í 5. gr. hans eru sérákvæði um Ísland. Í niðurlagi þeirrar greinar segir að upphæð aðflutningsgjalda skuli þó aldrei vera hærri en Ísland lagði á innflutning frá nokkrum samningsaðila árið 1991.

Eins og allir vita var innflutningsbann á þeim vörum og því engin innflutningsgjöld lögð á. Hæstv. utanrrh. sagði að þrátt fyrir þetta ákvæði takmarkaði það ekki rétt okkar til álagningar en aðrir gátu ekki skilið það. Því skiptir miklu máli að fá staðfest hvernig Evrópubandalagið túlkar þetta.

Í viðbætum 2–7 er aðeins ein setning undir hverjum tölustaf sem á að gefa í skyn um hvaða efni þar skuli fjallað. Af þeim atriðum sem þar skipta miklu máli má nefna í fyrsta lagi hvert verður lágmarkshlutfall af kjöti í unnum vörum svo leggja megi jöfnunargjöld á kjötið.

Í öðru lagi eigum við að miða mjólkurverð við mjólkina sem fer í vinnsluvörur eða á nýmjólk þegar jöfnunargjaldið er ákveðið.

Í þriðja lagi við hvaða kjötverð verður jöfnunargjaldið miðað? Verður það dýrasti hluti skrokksins sem á að miða við? Þannig væri áfram hægt að telja þó þetta séu þau atriði sem mér eru efst í huga.

En um þetta og fleiri atriði sem skipta miklu máli hafa verið ólíkar skoðanir og því nauðsynlegt að vita þegar á að fara að fullgilda samninginn í næsta mánuði hvernig hæstv. landbrh. hefur tekist að ná fram okkar sjónarmiðum og líka að gefnu tilefni, hvaða gögn hann hefur í höndunum sem staðfestir þá niðurstöðu hæstv. ráðherra.

[17:31]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Á þsk. 137 er fsp. frá hv. 2. þm. Suðurl., Jóni Helgasyni, svohljóðandi:

„Hvernig hefur ráðherra tekist að standa á verði um hagsmuni íslensks landbúnaðar í samningaviðræðum við Evrópubandalagið um viðbæti 2–7 við bókun 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið?"

Í þessari spurningu vísar hv. þm. til þeirrar óvissu sem verið hefur um verðjöfnun á unnum landbúnaðarvörum samkvæmt bókun 3 með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Þessu er til að svara:

1. Eitt helsta ágreiningsefnið hefur verið um það hvort Íslendingar mættu verðjafna fyrir kjöt og fitu í unnum vörum, en Evrópubandalagið hefur haldið því fram að það gengi ekki vegna þess að við höfum ekki lagt verðjöfnunargjald á þær vörur fyrir 1. jan. 1992.

Nú hefur bandalagið boðið okkur undanþágu að þessu leyti gegn því að EFTA-ríkin fallist á þessa viðmiðunardagsetningu að öðru leyti. Eins og staðan er núna er því talið af okkar samningamönnum að hagsmunir okkar eigi að vera tryggðir hvað þetta atriði varðar en endanlegur texti liggur þó ekki fyrir.

2. Önnur deila hefur staðið um svokallaða „minimize-reglu" varðandi verðjöfnun þar sem Evrópubandalagið vildi upphaflega ekki viðurkenna verðjöfnun vegna kjötinnihalds nema kjötið næmi a.m.k. 10% af viðkomandi vöru. Ísland og Noregur hafa á hinn bóginn haldið sig við 1% viðmiðun.

Nú hefur talsmaður EFTA-ríkjanna lagt til 4% mörk sem málamiðlun en það samsvarar 2–3% kjötinnihaldi samkvæmt eldri reiknireglum. Norðmenn hafa gefið í skyn að þeir sætti sig við þetta og mín skoðun er sú að Íslendingar eigi að gera það einnig að því tilskildu að heimild okkar til verðjöfnunar vegna kjötinnihalds verði ótvíræð og engum skilyrðum háð að öðru leyti. Þá tel ég engum hagsmunum fórnað með þessari 4% viðmiðun.

3. Ísland hefur gert þá kröfu að við útreikning á verðjöfnun mjólkurafurða skuli miðað við niðurgreitt eða óniðurgreitt verð á mjólkurfitu og mjókurpróteini eftir því sem við á hverju sinni.

Þetta hefur enn ekki fengist viðurkennt, en á hinn bóginn hefur Evrópubandalagið viðurkennt það að

heimilt verði að nota tvenns konar verð á smjöri sem gefur vísbendingu um það að þarna muni nást lausn. Þetta hefur grundvallarþýðingu fyrir íslenska hagsmuni.

4. Ekki er að fullu gengið frá því hvernig hagað verði öðrum viðmiðunarverðum vegna verðjöfnunar. Samningsaðilar hafa nálgast hvorir aðra og náist samkomulag um öll fyrrgreind atriði á þann veg sem um er rætt virðist það viðunandi fyrir Ísland.

[17:34]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans og jafnframt þakka honum fyrir það að vera að reyna að halda fram okkar hagsmunum. En hins vegar hlýt ég að láta í ljós vonbrigði mín um það að mál skuli standa þannig, eins og hann lýsti, að um atriði sem hafa grundvallarþýðingu fyrir okkur skuli ekki enn hafa fengist niðurstaða og það svífi allt í lausu lofti enn þá um hver niðurstaðan verður. Ég býst við að mörgum okkar a.m.k. finnist að það sé sérstök ástæða til að fylgjast vel með og fá örugga niðurstöðu þar sem það hefur ekki farið fram hjá neinum að það er mjög mikill ágreiningur milli ráðherra um þessi mál og samráðherrar hæstv. landbrh. hafa lýst því yfir að í samningum við erlendar þjóðir ætli þeir að ná sér niðri á þeim sem hafa viljað hafa einhverja stjórn á innflutningi.

Því vil ég skora á hæstv. ráðherra að láta ekki deigan síga og halda áfram vörslu sinni.

[17:36]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil í þessu sambandi láta þess getið að þetta mál var rætt í utanrmn. Alþingis í morgun þar sem voru bæði fulltrúar utanrrn. og landbrn. og farið yfir þetta mál. Niðurstaðan þar er að sjálfsögðu í samræmi við það sem kom fram í máli landbrh. og ég tel að þar hafi menn litið þannig á að þetta mál væri komið í viðunandi farveg til úrlausnar miðað við þær óskir sem Íslendingar hafa sett fram í þessu máli og fram hafa komið í þessum viðræðum.

Fundi slitið kl. 17.37.

---

28. FUNDUR

þriðjudaginn 2. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjöleignarhús, stjfrv., 143. mál, þskj. 159. — 1. umr.
2. Húsaleigulög, stjfrv., 144. mál, þskj. 160. — 1. umr.
3. Stytting vinnutíma, þáltill., 77. mál, þskj. 80. — Fyrri umr.
4. Yfirstjórn menningarstofnana, frv., 8. mál, þskj. 8. — 1. umr.
5. Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, þáltill., 96. mál, þskj. 99. — Fyrri umr.
6. Endurmat iðn- og verkmenntunar, þáltill., 113. mál, þskj. 118. — Fyrri umr.
7. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — 1. umr.
8. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 43. mál, þskj. 46. — 1. umr.
9. Laun starfsmanna ríkisins, frv., 44. mál, þskj. 47. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Útbýting þingskjala:

Auðlindakönnun í öllum landshlutum, 172. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 190.

Einkavæðing embættis húsameistara ríkisins, 170. mál, fsp. IP, þskj. 188.

Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra, 168. mál, fsp. MF, 186.

Framtíðarskipulag á Laugarvatni, 166. mál, fsp. MF, þskj. 184.

Fréttaflutningur af slysförum, 165. mál, þáltill. GunnS, þskj. 183.

Friðunaraðgerðir á Breiðafirði, 174. mál, fsp. StB, þskj. 192.

Laun lækna á sjúkrahúsum, 171. mál, fsp. IP, þskj. 189.

Mat vegna umönnunarbóta, 167. mál, fsp. MF, þskj. 185.

Rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra, 175. mál, fsp. StB, þskj. 193.

Sala ríkisins á verðbréfum og spariskírteinum, 169. mál, fsp. SJS, þskj. 187.

Þvottahús Ríkisspítalanna, 173. mál, stjfrv., þskj. 191.

Fjöleignarhús, 1. umr.

Stjfrv., 143. mál (heildarlög). — Þskj. 159.

[13:35]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um fjöleignarhús. Frv. þessu er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 59/1976, um fjölbýlishús.

Fyrir þessu frv. var mælt á síðasta þingi í ítarlegu máli en þá náði það ekki fram að ganga enda lifði skammt eftir af þinginu þegar frv. var lagt fram. Get ég því stytt mál mitt nú verulega.

Gildissvið frv. er að segja má hið sama og fjölbýlishúsalaganna. Engu að síður þótti nauðsynlegt að velja

frv. aðra yfirskrift. Nafnið fjölbýlishús gefur gildissvið ekki nægilega glöggt til kynna. Það hefur þótt misvísandi, að sumu leyti of þröngt en að öðru leyti of rúmt. Núgildandi lög taka til margs konar annarra húsa en fjölbýlishúsa, svo sem raðhúsa, blandaðs húsnæðis, atvinnuhúsnæðis, auk annarra sambyggðra og samtengdra húsa.

Flest lönd hins vestræna heims hafa lögfest einhvers konar reglur um séreignaríbúðir og fjölbýlishús. Þó má nefna að auk Íslands hafa af Norðurlöndunum aðeins Danmörk og Noregur slíka heildarlöggjöf. Dönsku lögin eru frá 1966 og þau norsku frá 1983. Var Ísland því fyrst Norðurlanda til að setja slík lög, sem voru lög nr. 19/1959, um sameign fjölbýlishúsa.

Núgildandi lög eru mjög knöpp, aðeins 19 greinar, og er gildissvið þeirra mjög vítt. Gefur auga leið að hin ófrávíkjanlegu fyrirmæli laganna hljóta að eiga misjafnlega vel við um þau margbreytilegu hús sem þau taka til. Þegar settar eru fáar og víðtækar meginreglur leiðir af sjálfu sér að mörgum atriðum hlýtur að vera ósvarað og hafa menn helst fundið það núgildandi lögum til foráttu að þau veki upp fleiri álitamál en þau svari. Hefur það leitt til óvissu meðal eigenda um réttarsstöðu sína í mörgum efnum sem svo hafa fætt af sér ágreining, deilur og jafnvel málaferli út af stórum sem smávægilegum álitaefnum. Slíkt ástand er óviðunandi. Hús mega ekki loga í deilum vegna óljósrar og ófullkominnar löggjafar. Að minnsta kosti ekki þegar sýnt er að gera má betur.

Það er nauðsynlegt að svo skýrar og nákvæmar reglur gildi að menn geti jafnan gengið að því sem vísu hver réttindi þeir eiga og hverjar skyldur á þeim hvíla.

Af þessum ástæðum skipaði ég nefnd hinn 6. des. 1988 til að endurskoða lögin um fjölbýlishús. Í nefndinni sátu Lára V. Júlíusdóttir, sem var formaður nefndarinnar, deildarstjórarnir Þorgerður Benediktsdóttir og Ingi Valur Jóhannsson og Sigurður Helgi Guðjónsson hæstaréttarlögmaður.

Á starfstíma nefndarinnar vék Lára V. Júlíusdóttir úr nefndinni að eigin ósk og var þá formaður í hennar stað skipaður Grétar J. Guðmundsson verkfræðingur.

Aflaði nefndin sér margvíslegra gagna og upplýsinga um framkvæmd laga um fjölbýlishús og reynsluna af þeim og einnig fyrri laga um sama efni, um sameign fjölbýslishúsa. Þá kallaði nefndin eftir ábendingum og upplýsingum frá mörgum aðilum, þar á meðal Húseigendafélaginu, dómaraembættum og þinglýsingaryfirvöldum. Einnig hefur nefndin fengið gagnlegar ábendingar frá Fasteignamati ríkisins og fjölmörgum öðrum aðilum sem búa yfir þekkingu og reynslu á þessu réttarsviði. Loks aflaði nefndin sér upplýsinga og gagna um löggjöf og réttarframkvæmd á þessu sviði á öðrum Norðurlöndum og í fleiri Evrópulöndum.

Meðal þeirra, sem lásu yfir drög að frumvarpinu á undirbúnings- og vinnslustigi og gáfu gagnlegar ábendingar og ráð, má nefna Dr. Gauk Jörundsson, umboðsmann Alþingis, Arnljót Björnsson prófessor, Markús Sigurbjörnsson prófessor, Friðgeir Björnsson dómstjóra, Jón Steinar Gunnlaugsson hrl., Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra tryggingafélaga, Karl Axelsson hdl., fyrrverandi lögfræðing Húseigendafélagsins, Sigrúnu Benediktsdóttur, hdl. og fyrrverandi formann Húseigendafélagsins, og formann Húseigendafélagsins, Magnús Axelsson, löggiltan fasteignasala.

Þótt í frv. felist ýmsar mikilvægar breytingar frá gildandi löggjöf þá eru þær í rauninni minni, að minnsta kosti frá gildandi rétti, en virðast kann við fyrstu sýn. Byggist það á því að í frv. er safnað saman öllum eða flestum réttarreglum bæði skráðum og óskráðum sem taldar hafa verið gildar á þessu réttarsviði. Koma því upp á yfirborðið ýmis atriði og ýmsar reglur sem í raun gilda ólögfestar en eru þó flestum ókunnar nema þeim sem hafa rannsakað þessi mál sérstaklega. Einnig er í frv. leitast við að skýra ýmis atriði sem hafa þótt óljós og ófullkomin í gildandi löggjöf.

Mun ég nú greina frá helstu breytingum frá núgildandi löggjöf sem felast í frv.

Frumvarpið er allt fyllra og ítarlegra en gildandi lög. Þarf að kunna góð skil á ýmsum öðrum réttarsviðum svo sem eignarrétti, félagarétti og kröfurétti og skaðabótarétti til að geta glöggvað sig á réttarstöðu eigenda.

Ekki er hægt að ætlast til þess að eigendur búi almennt yfir slíkri þekkingu eða afli sér hennar. Þess vegna eru dregnar saman í þessu frv. allar réttarreglur, skráðar og óskráðar, sem gilda á þessu sviði og leitast við að gera frv. eins aðgengilegt, auðskiljanlegt og ítarlegt og framast er kostur.

Löggjöf á þessu sviði þarf að vera þannig úr garði gerð að almenningur geti sjálfur á eigin spýtur glöggvað sig á réttarstöðu sinni. Þetta er sú löggjöf sem hvað mest og beinast snertir daglegt líf fólks í landinu og eignir þess og þarf þess vegna annarri löggjöf fremur að vera skýr og ítarleg og aðgengileg almenningi. Hefur sá kostur verið valinn að taka ýmsar skýringar inn í lagatextann sjálfan sem e.t.v. ættu lagatæknilega séð frekar heima í athugasemdum með greinargerð. Byggist það á þeim sjónarmiðum sem ég hef rakið og því að lögin eigi að vera sem ítarlegust og þar eigi að vera að finna sem flest svör og að almenningur þurfi ekki nema í undantekningartilvikum að leita svara og skýringa í lögskýringagögnum sem eru fæstum aðgengileg og handgengin.

Horfið er frá því að hafa ákvæði um húsfélög í sérstakri reglugerð og eru slík ákvæði felld inn í lagatextann þar sem þau eiga ótvírætt betur heima. Er því horfið frá danska fyrirkomulaginu í þessu efni og lagt til að tekið verði upp svipaður háttur og t.d. í norsku lögunum frá 1983. Byggist þetta á því að sem allra mest eigi að vera í lögunum sjálfum.

Í frv. er notað og skýrt nýtt heiti eða hugtak, fjöleignarhús, sem ég hef skýrt hér áður. Ákvæði frv. eru almennt betur löguð að hinu víðtæka gildissviði þess og þeim margvíslegu húsum sem falla undir þau. Þótt gildissviðið sé hið sama og í gildandi lögum að mestu þá eru núgildandi lög aðallega miðuð við íbúðarhús og

þau af stærri gerðinni. Ákvæði frv. eru sveigjanlegri og opna leið til að tekið sé meira mið af sérháttum í mismunandi húsum, svo sem smærri húsum og atvinnuhúsnæði, en gildandi lög. Sá kostur er þó valinn eins og í gildandi lögum að hafa ákvæði frv. að meginstefnu til ófrávíkjanleg.

Frv. hefur hins vegar að geyma miklu rýmri heimildir til frávika en gildandi lög. Það er ekki sjálfgefið að lög á þessu sviði þurfi og eigi að vera ófrávíkjanleg en að öllu virtu verður þó að telja æskilegra að hafa þann háttinn á einkum með tilliti til samræmissjónarmiða og réttaröryggis.

Í frv. eru ýmis hugtök rækilega skýrð sem sum hver eru óljós og á reiki í gildandi lögum. Má þar nefna hugtök eins og hús, séreign, sameign og sameign sumra. Ákvæði um hlutfallstölur og þýðingu þeirra eru ítarlegri og að sumu leyti aðrar en áður. Sömuleiðis eru ákvæði um skiptayfirlýsingar gleggri og nákvæmari. Þá eru nýmæli fólgin í ákvæðum um breytingar á skiptayfirlýsingu og hlutfallstölum en slík ákvæði skortir í núgildandi lögum.

Í frv. eru skýrari, fyllri og nákvæmari reglur um ráðstöfunar- og hagnýtingarrétt eigenda yfir séreign. Er tekið á ýmsum álitamálum sem hafa reynst óþrjótandi þrætuefni, t.d. breyttri hagnýtingu, svo sem þegar atvinnustarfsemi er sett á laggirnar í íbúðarhúsnæði, skiptingu séreigna í fleiri eignarhluta, bílskúra og ráðstöfun þeirra, eignatilfærslu innan hússins og fleira. Þá er hnykkt á skyldu eigenda til að halda eign sinni við og húsfélagi veittur íhlutunarréttur ef út af er brugðið. Um þessi atriði eru ekki eða þá mjög ófullkomin ákvæði í núgildandi lögum.

Í frv. eru ákvæði um ráðstöfun sameignar, breytta hagnýtingu hennar og byggingu ofan á hús, við hús eða á lóð þess og um bílastæði sem fela í sér nokkrar breytingar frá gildandi lögum en eru fyrst og fremst ítarlegri og nákvæmari. Í frv. eru nýmæli um heimildir eigenda til að gera ráðstafanir varðandi sameign til að forða tjóni og til að ráðast í nauðsynlegar viðgerðir þegar húsfélagið fæst ekki til athafna.

Reglur frv. um ákvarðanatöku um sameiginleg málefni eru mun ítarlegri og sumpart nokkuð frábrugðin því sem nú gildir. Á það t.d. við um úrræði eiganda sem ekki er hafður með í ráðum en núgildandi ákvæði um það efni hafa þótt veita eiganda of mikinn rétt og stundum leitt til óeðlilegrar og ósanngjarnrar niðurstöðu. Reglur frumvarpsins um töku einstakra ákvarðana eru í megindráttum þær sömu og í gildandi lögum eða öllu heldur gildandi rétti því teknar eru inn í frv. ýmsar ólögfestar meginreglur sem taldar hafa verið gilda í því efni. Í frv. eru miklu skýrari reglur um sameiginlegan kostnað og skiptingu hans en í núgildandi lögum. Sameiginlegur kostnaður er skilgreindur rækilega og reglur um skiptingu hans að nokkru aðrar en nú gilda.

Eftir sem áður er meginreglan sú að sameiginlegur kostnaður skiptist eftir hlutfallstölum en í frv. er lagt til að þeim kostnaðarliðum sem skipta skal að jöfnu verði fjölgað. Er þar að sínu leyti um að ræða afturhvarf til þess sem gilti í tíð gömlu laganna frá 1959. Byggist þessi breyting annars á eðli máls og sanngirnissjónarmiðum.

Þá hefur frv. einnig að geyma það mikilvæga nýmæli að heimilt er innan vissra marka og í vissum tilvikum að semja um frávik frá kostnaðarskiptingunni. Núgildandi lög eru hins vegar algerlega ófrávíkjanleg í því efni. Í frv. eru skýrari ákvæði um bótaskyldu eigenda gagnvart öðrum eigendum og afnotahöfum í húsinu vegna vanrækslu á viðhaldi séreignar, mistaka við meðferð hennar og viðhald og bilunar á búnaði hennar og lögnum.

Núgildandi ákvæði hennar um það efni hafa þótt mjög óskýr og óljós og hafa sætt mikilli gagnrýni. Þá er það nýmæli í frv. að samsvarandi bótaregla verði látin gilda um skaðabótaábyrgð húsfélags. Í frv. eru ákvæði um ábyrgð eigenda út á við gagnvart sameiginlegum kröfuhöfum og sameiginlegum skuldbindingum. Á því er ekki tekið í núgildandi lögum. Er lagt til að lögfesta verði reglur sem í því efni eru taldar gilda á grundvelli ólögfestra meginreglna.

Frv. hefur að geyma skýrari og nokkuð breyttar og víðtækar reglur um úrræði húsfélags við vanefndir eða brot eigenda. Núgildandi ákvæði um það efni hefur ekki þá virkni og þau varnaðaráhrif sem skyldi en samkvæmt því getur húsfélagið krafist að hinn brotlegi flytji úr húsinu. Í frv. er lagt til að auk þess geti húsfélagið bannað hinum brotlega búsetu í húsinu og krafist þess að hann selji eignarhlut sinn. Í öllum tilvikum eru gerðar kröfur til þess að húsfélag verði að sanna vanefndir og brot og má gera ráð fyrir að ríkar sönnunarkröfur verði gerðar. Þá er einnig kveðið á um réttarstöðu einstakra eigenda sem brot bitnar á þegar húsfélag fæst ekki til að grípa til aðgerða. Frv. hefur að geyma ítarleg ákvæði um húsfélög og er hlutverk þeirra, tilgangur og valdsvið skilgreint.

Einnig má nefna það mikilvæga nýmæli að ekki þurfi að hafa sérstaka stjórn þegar eignarhlutar í húsi eru sex eða færri. Þá fara eigendur saman með stjórn eða fela einum eiganda að fara með verkefni stjórnar í slíkum húsum. Er hér slakað á formfestu núgildandi löggjafar sem er óraunhæf í minni húsum. Er óþarft að íþyngja mönnum meira í þessu efni en nauðsynlegt er og það er fráleitt nauðsynlegt að hafa þunglamalegt stjórnkerfi í litlum húsum. Sú tilhögun sem hér er mælt fyrir um er í samræmi við það sem í raun hefur tíðkast í þannig húsfélögum. Þá er skyldum verkefnum og valdsviði stjórnar húsfélags nákvæmar lýst en í gildandi löggjöf.

Loks eru ákvæði um sérstakar húsfélagsdeildir ef svo háttar til að um sameign sumra en ekki allra er að ræða. Nokkurs konar sameign innan sameignar. Á það t.d. við um innri málefni í einstökum stigahúsum þegar fjöleignarhús samanstendur af fleiri slíkum. Ákvæði í þessa veru eru ekki í núgildandi löggjöf.

Í frv. er ákvæði um kynningu laganna, ráðgjöf og leiðbeiningar sem félmrn. á að annast en þó getur ráðherra falið Húsnæðisstofnun ríkisins eða öðrum aðilum það verkefni.

Þá er í frv. lagt til að sett verði á fót sérstök kærunefnd í fjöleignarhúsamálum sem eigendur geta leitað

til með ágreiningsmál sín og fengið rökstutt álit frá. Kærunefnd þessi er með líku sniði og gert er ráð fyrir að verði í húsaleigumálum samkvæmt fyrirliggjandi frv. til húsaleigulaga. Það er álit nefndarinnar sem samdi frv. að brýn þörf sé á slíkum opinberum álitsgjafa á þessu sviði. Menn eru í engum tilvikum skyldugir að leita til kærunefndar og geta jafnan snúið sér til dómstólanna með ágreining sinn. Þó má búast við að menn telji nefndina góðan og fýsilegan kost og því þar fái mál skjótari afgreiðslu og af aðilum með sérþekkingu og reynslu í þessum málaflokki.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim meginbreytingum og réttarbótum sem ég tel að felist í frv. þessu og tel ekki ástæðu til að hafa ítarlegri framsögu um þetta frv. en legg til að að lokinni umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[13:50]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er aftur komið til umfjöllunar frv. til laga um fjöleignarhús. Í grg. með frv. kemur fram að þetta sé alþjóðlegur og innlendur samtíningur og mér þykir það orð að sönnu því satt að segja er þetta líka sparðatíningur. Það kemur einnig fram í greinargerð með frv. að þetta sé ítarlegra og fyllra og hafi að geyma fleiri svör við fleiri álitaefnum en nokkur samsvarandi löggjöf, a.m.k. í Evrópu. Og þá vakna náttúrlega þær spurningar hvort við höfum staðið í svona miklum erfiðleikum varðandi fjölbýlishús almennt, en fjöleignarhús í þessu frv. eru þessi fjölbýlishús sem við höfum áður nefnt svo.

Bara orðið fjöleignarhús, maður staldrar bara við það eitt að búa í fjöleignarhúsi í Breiðholti. Ég skil nú ekki almennilega þrátt fyrir miklar skýringar í þessu frv. hvers vegna þessi breyting á sér stað og væri gaman að heyra nánari skýringar hjá hæstv. félmrh. um það. Það eru líka ýmis hugtök sem eru mjög rækilega skýrð í þessu frv., svo rækilega að mann undrar. Ég hélt nú satt að segja að ef þetta frv. yrði lagt fram aftur, þá yrði ýmislegt tekið út úr því sem flestum ætti að vera algerlega ljóst, t.d. eins og í 3. gr. en þar er ítarlega skýrt hvað sé hús. Í 3. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Með húsi í lögum þessum er átt við byggingu, sem er varanlega skeytt við land og stendur sjálfstæð og aðgreind frá öðrum húsum eða skilur sig þannig frá þeim, þótt sambyggð og samtengd séu, að eðlilegt og haganlegt sé að fara með hana samkvæmt lögum þessum sem sjálfstætt hús."

Nú hef ég aldrei séð hús í lausu lofti þannig að maður spyr sig hvers vegna þetta þarf að vera svona í lagagrein. Síðan kemur hérna í 6. gr. sem er afar flókin grein að mínu mati, það er um hugtakið „sameign":

„Þótt fjöleignahús samanstandi af einingum eða hlutum (stigahúsum), sem eru sjálfstæðar eða aðgreindar að einhverju leyti og hvort sem þau standa á einni lóð eða fleirum, er allt ytra byrði hússins alls staðar, þak, útveggir og gaflar, í sameign allra eigenda þess.

Sameign er sameign allra nema svo hátti að um sameign sumra sé að ræða skv. 7. gr."

Svo kemur sameign sumra og þá er þetta enn þá flóknara og ég ætla ekki að þreyta menn með því að lesa það. Þeir geta gert það sjálfir sem hafa áhuga fyrir því. En þá er rækilega skýrt hvað er sameign sumra og hvað er ekki sameign sumra, þ.e. sumra og sumra ekki.

Svo kemur í 8. gr. nánar um sameign og þá kemur í ljós að allt er nú sameign nema svaladyr. Svaladyr geta aldrei orðið sameign, en það hlýtur nú að vera að þær geti orðið sameign hjóna. Fyrst þetta er svona nákvæmt, þá finnst mér spurning hvort það vanti ekki þarna í til að það verði ekki neinn misskilningur eða flókin vandamál út úr því.

Svo kemur 9. gr. ‚séreign eða sameign. Greinin endar svo rétt til þess að gera þetta alveg óskiljanlegt: „Hafi eigandi einn kostað ákveðinn búnað, tiltekna framkvæmd eða byggingarþátt, þá eru á sama hátt líkur á því að um séreign hans sé að ræða" en ekki alveg ótvírætt.

Svo kemur hér í 10. gr., skipting fjöleignarhúsa, sérkenni eignarformsins. Og hér er getið um það að séreignahlutum fylgja eftir hlutfallstölum réttindi og skyldur til að taka þátt í félagsskap allra eigenda um húsið, húsfélagi, þar sem öllum sameiginlegum málefnum skal til lykta ráðið. Hér ríkir sem sagt ekkert félagafrelsi. Það er ekki félagafrelsi sumra og sumra ekki eins og víða er getið í þessu frv.

Svo kemur hérna í 17. gr. dálítið merkilegur kafli: Eignaskiptayfirlýsingar.

„Í eignaskiptayfirlýsingu skulu eftirfarandi atriði koma fram á skýran og skilmerkilegan hátt:

1. Um hvaða fjöleignahús er að ræða. Gefa skal það til kynna með götunafni, húsnúmeri og sveitarfélagi." Nú spyr ég: Er þetta kannski alveg nýtt að það þurfi sérstaklega að taka fram götunúmer og götuheiti og sveitarfélag? Þetta eru náttúrlega svo sjálfsögð atriði að það er alveg makalaust að hafa þetta í lagatexta.

Það er hægt að telja svo margt upp sem er sérkennilegt í þessu frv. Það er t.d. í 37. gr., það eru ráðstafanir til að forða tjóni. Er greinin svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eiganda er heimilt að gera brýnar ráðstafanir til að oma í veg fyrir yfirvofandi tjón" — það er sem sagt leyfilegt að koma í veg fyrir yfirvofandi tjón — „á sameign eða einstökum séreignarhlutum og ekki þola bið eftir sameiginlegri ákvörðun húsfélagsins eða stjórnar þess". Það þarf sem sagt ekki að kalla saman húsfélagsfund ef eldsvoði verður. Það er óhætt sem sagt að taka slökkvitæki og slökka. Þetta er sérstök grein um þetta í þessu frv.

Þetta er allt saman sem sagt mjög merkilegt. Og svo kemur hérna í 38. gr. um nauðsynlegt viðhald og athafnaleysi húsfélags. Þar stendur:

„Áður en framkvæmdir hefjast skal viðkomandi eigandi jafnan afla sönnunar á nauðsyn viðgerðarinnar, umfangi hennar og kostnaði við hana og öðrum atriðum sem máli geta skipt. Skal viðgerðin síðan framkvæmd á þeim grundvelli en óveruleg og óhjákvæmileg frávik skipta þó ekki máli."

Það verður einhver að bera þarna sönnunarbyrði um

að það þurfi að grípa til viðgerða. Það er sem sé afskaplega flókið eins og allir sjá sem lesa þetta frv. að búa í fjöleignarhúsi og það kemur fram í þessu frv. að það sé nauðsynlegt að mönnum séu skýrar þær reglur og þær kvaðir sem á mönnum hvíla sem búa í fjöleignarhúsum. Ég vil leggja til að þetta yrði gert svolítið einfaldara. Og ég legg nú til að ef þetta frv. verður að lögum, þá sjái hæstv. félmrh. svo til að það yrði námskeið fyrir fjöleignarhúsaeigendur á Íslandi og held að það þyrfti bara að vera skylda svo flókið sem þetta er. En ég vona nú að okkur takist að gera þetta aðeins einfaldara og auðlesnara en það er í dag og þó að ég beri mikla respekt fyrir þeim sem þetta frv. hafa samið, þá má öllu ofgera. Mér finnst hálfpartinn eins og þeir hafi verið ofvirkir á köflum.

[13:59]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér um ræðir var lagt fram á síðasta þingi, 1. umr. lokið og því vísað til hv. félmn. en fékk þar ekki afgreiðslu, enda var liðið nokkuð á þingið þegar svo var komið málum. Engu að síður hafði þetta frv. orðið tilefni til nokkurra gamanmála eins og fram kom í máli hv. 2. þm. Vesturl. og við höfðum mjög mörg býsna gaman af ýmsum ákvæðum í frv. sem hér hefur nú m.a. verið drepið á þó að auðvitað hafi sennilega flestir hent mest gaman að 3. gr. frv. þar sem tekið er til við að skilgreina það óþekkta fyrirbrigði „hús“ sem annars hafði mjög vafist fyrir mönnum að vita hvað þýddi og hvaða merkingu hefði, sérstaklega hina lagalegu merkingu. Og það er auðvelt að taka undir það með hv. 2. þm. Vesturl. að ýmislegt í þessu frv. orkar mjög tvímælis svo að ekki sé nú meira sagt, hvaða erindi eigi inn í frv. og lagatexta af þessu taginu. Þess vegna fyrir oss fáfróða er það dálítið fróðleg lesning og fróðleg lífsreynsla að skoða þær ábendingar. Þær umsagnir sem hafa borist og það sem ég hef lesið af því hefur að sumu leyti orðið til þess að ég hef skipt um skoðun á eðli þessa frv. og hvaða þýðingu lagatexti af þessu tagi hefði. Það er nefnilega sammerkt nánast með öllum þessum umsögnum sem fram hafa komið að í fyrsta lagi er lokið almennu lofsorði á þennan frumvarpstexta en þær athugasemdir sem koma fram við frumvarpstextann lúta fyrst og fremst að því að gera textann sjálfan, sem manni finnst nú ærið nákvæmur fyrir, enn þá nákvæmari. Ég ætla að taka lítið dæmi.

Hér var m.a. rætt allverulega um þessa skilgreiningarárátttu sem fram kemur í frv. og sem m.a. birtist hér í 3. gr. frv. þar sem verið er að skilgreina þetta óþekkta fyrirbrigði „hús“. Í ábendingu frá Verkfræðingafélaginu er talið helsti gallinn við þennan frumvarpstexta sá að hann sé ekki nægilega nákvæmur og þar þyrfti til viðbótar við fyrstu línuna þar sem segir: „Með húsi í lögum þessum er átt við byggingu sem varanlega er skeytt við land“ að koma: „og hefur stöðurétt samkvæmt lóðasamningi eða ábúðarlögum“. Þetta undirstrikar kannski að þrátt fyrir að okkur finnist þetta afar sérkennilegur og óvanalega nákvæmur lagatexti þá held ég að þetta sýni að þessi lagatexti þurfi í sjálfu sér að vera býsna nákvæmur því það er auðvitað rétt eins og kemur hérna fram í athugasemdum við þetta frv. að þetta eru hlutir sem skipta fólk e.t.v. meira máli en mjög margt í þeirri lagasetningu sem við höfum verið að sníða hér á Alþingi. En þetta eru hlutir sem snerta fólk í mjög nánum daglegum samgangi og þess vegna ríður á býsna miklu að þetta sé skýrt, réttindi og skyldur fólks í sambýli eins og það að búa saman í fjöleignarhúsi eða fjölbýlishúsi sem vissulega er eðlilegast að kalla þetta.

Við höfum oft rætt um það og ég held að það sé ástæða til þess að ræða þetta svona kannski almennt við 1. umr. vegna þess að auðvitað fer frv. til félmn. og til 2. umr. síðar. Ég held að það sé rétt svona að ræða þetta almennt. Við höfum stundum talað um það í umræðum að við viljum leggja áherslu á það að lagatextinn sjálfur sé skýr og mjög fátt sé skilið eftir í valdi ráðherrans. Og hæstv. félmrh. hefur fengið inn duglegan skammt og rækilegan skammt af því að ráðherrann hafi tilhneigingu til þess að sölsa til sín vald. Við könnumst við þá umræðu sl. vor og hæstv. ráðherra lá hér undir miklum gusum í vor fyrir það að vilja að reglugerðarheimildir séu sem rúmastar, t.d. í lögum um Húsnæðisstofnun. Hér er hins vegar stigið skref frá þeirri hugsun og hér er beinlínis gert ráð fyrir því að það sem áður var kveðið á um í reglugerðum sé kveðið á um í lögum. Í athugasemdunum á bls. 27 segir svo, með leyfi hæstv. forseta, sem sýnir þetta:

„Þá leggur nefndin til að horfið verði frá því sérkennilega fyrirkomulagi, sem valið var við setningu laga nr. 59/1976, að hnýta og flétta saman við lögin reglugerð um samþykktir fyrir húsfélög með þeim hætti sem gert var. Var það raunar eins og fleira að danskri fyrirmynd. Byggir nefndin á því eins og áður segir að sem allra mest eigi að vera í lögunum sjálfum og því er í frv. eða lagatextanum tekið á þeim atriðum sem nú eru í áðurnefndri reglugerð.“

Ég get út af fyrir sig tekið undir það að ýmislegt í þessu frv. er náttúrlega óþarflega nákvæmt svo að ekki sé fastar að orði kveðið og ýmis skilgreiningaratriði verða hálfafkáraleg. En það breytir ekki því að ég held að það sé góður siður í lagasetningu að skilja rými til reglugerðarsetningar sem minnst eftir og í annan stað hitt, að það er einu sinni þannig að það koma upp mjög mörg álitamál í sambúð fólks í fjölbýlishúsum. Og það er nauðsynlegt að um þessi atriði séu skýrar reglur þannig að það sé ekki þörf á því að vera að túlka þetta frekar. Mjög margt af því sem segir í lögunum sjálfum er í svona venjulegri lagasmíð látið duga að kveða á um í athugasemdum eða látið nægja að kveða rækilegar á um í reglugerðum. Hér er sem sagt ekki stuðst við þá aðferð við lagasetningu og miðað við það að þessi lög snerta mjög persónulega og daglega hagi fólks og geta verið hlutir sem fólk þarf oft að standa skil á og þá er það alls ekki óskynsamlegt nema síður sé að hafa lagatextann býsna skýran sjálfan í þessum tilvikum. En það út af fyrir sig breytir því ekki að ýmislegt þarf hér auðvitað rækilegrar endurskoðunar við og örugglega er hægt að gera þetta mun skýrara og einfaldara en er í frumvarpstextanum.

Ég vil sérstaklega leyfa mér að benda á það eins og

fram kom í máli hv. 2. þm. Vesturl. að sumt í þessum skýra texta er þó þess eðlis að það þarf frekari áherslu við og þá má m.a. nefna 9. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hafi einn eigandi kostað ákveðinn búnað, tiltekna framkvæmd eða byggingarþátt, þá eru á sama hátt líkur á að um séreign hans sé að ræða.“ Hér þarf auðvitað að kveða á um þetta mjög skýrt og greinilega því að þarna er mikil óvissa á ferð og gæti orðið tilefni til óþarfa deilna.

Sömuleiðis er auðvitað álitamál sem hér kemur fram að gert er ráð fyrir býsna víðtækum lögveðsheimildum, bæði í 51. gr. og einnig í 48. gr. sem kann auðvitað að orka mjög tvímælis því að lögveðin geta þar með skapað óvissu gagnvart þeim sem hafa veðrétt í íbúðunum og hér held ég að sé ástæða fyrir félmn. að skoða þetta mál alveg sérstaklega vegna þess að hér getur skapast ákveðin réttaróvissa.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé ekki skynsamlegt í 1. umr. að fara nákvæmlega yfir þetta mál. Þetta er eins og fram hefur komið býsna flókinn lagatexti. Hann er flókinn vegna þess að inn í hann eru núna felld ákvæði sem áður hafði verið skipað í reglugerðum og/eða gert ráð fyrir í athugasemdum frumvarpa, en það þarf auðvitað að fara mjög vel ofan í saumana á þessu, gera lögin eins skiljanleg og hægt er, þannig að þau séu mjög skýr og afmörkuð og verði ekki tilefni til einhverra deilna eins og hefur því miður gerst í ýmsum tilvikum miðað við núverandi lagaramma. Og ég vek alveg sérstaklega athygli á því að í athugasemdum hagsmunaaðila eins og Húseigendafélagsins, Neytendasamtakanna, Arkitektafélagsins, Sambands ísl. tryggingafélaga og annarra, þá er mjög hvatt til þess að þessi lagatexti sé sem skýrastur og í þeim dúr að það sé ekki verið að vísa hlutum inn í framtíðina með reglugerðarheimildum eða látin duga lögskýringarákvæði athugasemda og greinargerðar. Almennt tel ég því að það sé skynsamlegt við þessar aðstæður, við þessa lagasetningu, að lagasetningin sjálf sé skýr og um sem minnst kveðið á í reglugerð, þó að ég taki mjög undir að það séu mjög margir hortittir í þessum frumvarpstexta sem ástæðulaust er að fara sérstaklega ofan í, enda munu örugglega margir gera það sér til skemmtunar hér á eftir, það er ástæðulaust að vera að tína þá sérstaklega til. Það gerum við í þeirri vinnu sem fram undan er í félmn. en ég læt þetta duga að sinni.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Virðulegur forseti. Ég dreg það ekki í efa að þörf er fyrir þær reglur sem þetta frv. gerir ráð fyrir að settar verði eða til staðar verði um meðferð mála í fjöleignarhúsum eins og á víst að fara að kalla þau samkvæmt textanum. Hitt finnst mér miklu meira álitamál hvar þeim reglum eigi að vera fyrirkomið og hvort það sé að öllu leyti skynsamlegt að setja þær upp í lagatexta með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Hér hafa verið færð fram rök fyrir því, m.a. af hv. síðasta ræðumanni, að vegna þess að efni þessa frv. varði viðfangsefni sem sé hluti af daglegum samskiptum og umhverfi fjölda fólks þá sé nauðsynlegt venju fremur að lagatextinn sé skýr og skilji ekkert eftir opið.

Ég held það megi reyndar færa sömu rök fyrir býsna mörgu sem til umfjöllunar er við löggjafarstarf. Þegar til kastanna kemur varðar það oftast og vonandi að einhverju leyti daglegt líf fólks eða getur haft áhrif á hagi þess og kjör og með sömu rökum býst ég við að mætti færa fram fyrir því rök að lagasafnið þyrfti að vera allmikið að vöxtum.

Ég held að það sé líka annað sem þurfi að hafa í huga í þessu efni og það er að eitthvert samræmi sé í lagasetningunni hvað þetta atriði varðar. Mér sýnist því miður stefna ansi mikið sitt í hvora áttina. Hér er réttilega á það bent að tillagan er um að taka upp í lagatextann sjálfan ákvæði sem áður voru í reglugerð, en í mörgum öðrum tilvikum og jafnvel á sama þingi eða á undanförnum þingum hafa verið til meðferðar frumvörp sem ganga í alveg gagnstæða átt, að fella niður og einfalda lagatextann og láta afgreiða eða sundurliða og útskýra hlutina í ríkari mæli en áður var gert í annars vegar greinargerð og öðrum lögskýringargögnum og þá hins vegar í reglugerð.

Ég held að það sé nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á því og rugla því ekki saman að lög geta verið skýr þó þau séu einföld og stutt. Það er ekki það sama að setja skýr lög og að setja ítarleg lög. Ég tel að út af fyrir sig sé allt eins hægt að hafa í stuttum lagatexta mjög skýr ákvæði um það sem beinlínis er lögbundið og sömuleiðis skýr fyrirmæli um það hverju skal ráða til lykta í reglugerð. Lögin þurfa ekki að vera óskýr þótt þau séu stutt. Hitt gerist því miður auðvitað oft að þau eru hvort tveggja og reglugerðarvaldið sem framselt er er ekki takmarkað með neinni beinni lýsingu á því í lagatextanum til hvers reglugerðarákvæðin skuli taka. En menn mega hins vegar alls ekki rugla þessu tvennu saman að mínu mati og í mörgum tilvikum er það bæði þægilegra og eðlilegra að einstökum tæknilegum atriðum eða nánari skýringum sé komið þannig á framfæri. Það getur til að mynda auðveldað mönnum að setja skýra rammalöggjöf sem fær að einhverju leyti staðist tímans tönn en þarf ekki sífellt að breyta hér með frumvarpsflutningi vegna þróunar sem er í gangi úti í þjóðfélaginu.

Þetta er vel þekkt á ýmsum sviðum, bæði í atvinnulífi og einkalífi og þarf ekki að fjölyrða um.

Ég vil fyrst og fremst láta það sjónarmið mitt koma fram að þessu tvennu á ekki að rugla saman og ég er ekki endilega kominn til með að segja að það sé nauðsynlegt þó svo að menn vilji hafa um þetta atriði skýrar reglur sem hér eru til umræðu, að því eigi öllu saman að hnoða inn í lagatextann sem gerir þetta þar með að viðameiri lagabálkum í öllu lagasafninu, frv. upp á einhverjar 80 greinar ef ég man rétt.

Ég verð t.d. að segja það alveg eins og er að ég hef efasemdir um að það sé þörf fyrir svo ítarleg ákvæði um húsfélög að þau slagi upp í hlutafélagalögin sjálf. Það liggur við að hér sé mælt með skýrari hætti í lögum fyrir um það hvernig skuli standa að hinum einstöku atriðum í sambandi við starfrækslu húsfélaga heldur en er í sjálfri grundvallarlöggjöf atvinnurekstr-

arins, hlutafélagalögunum. Er t.d. ástæða til þess að taka á því í lögum hvenær óþarft sé að kjósa sérstaka stjórn húsfélags í minni húsum, en það er gert í 67. gr. Þar segir undir fyrirsögninni „Sérstök stjórn er óþörf í minni húsum", með leyfi forseta:

„Þegar um er að ræða fjöleignarhús með sex eignarhlutum eða færri er ekki þörf á að kjósa og hafa sérstaka stjórn og fara þá allir eigendur í félagi saman með það vald og þau verkefni sem stjórnin annars færi með samkvæmd lögum þessum.

Einnig er heimilt í slíkum húsum að fela einum eiganda að einhverju leyti eða öllu verkefni stjórnar og skal þá beita ákvæðum laganna um stjórn eftir því sem við á um hann."

Ég spyr mig að því hvort það sé ástæða til þess að fara svona nákvæmlega ofan í saumana á þessum hlutum og hafa það t.d. bundið af lagatextanum að það þurfi ekki sérstaka stjórn ef eigendur eru sex en þess þurfi hins vegar afdráttarlaust ef þeir eru sjö. Þetta er dæmi um það í hvaða vandræðum menn geta lent þegar menn einmitt fara að tína inn einstök smáatriði eða skilgreiningaratriði af þessu tagi. Auðvitað geta menn sagt og vissulega með réttu að þetta geti komið í veg fyrir rifrildi þar sem eru t.d. sjö íbúar og þar með geti þeir krafist þess og eigi heimtingu á því samkvæmt lagabókstafnum að þessi stjórn sé kosin. En ef þeir eru hins vegar sex þá geta þeir ekki krafist slíks. Spurningin er hvort ekki er auðveldara að leysa úr slíkum vandamálum með því að fela viðkomandi hópi eitthvert vald sjálfum, t.d. innan einhverra marka um það að meiri hluti íbúanna geti þá ráðið slíku til lykta, hvort hann vill hafa sérstaka stjórn í húsfélaginu eða ekki. Um þetta má sjálfsagt endalaust deila en ég leyfi mér allra náðarsamlegast að halda því fram þrátt fyrir m.a. rök síðasta ræðumanns að þessum hlutum megi ofgera og tel að það hljóti að koma til greina að hv. félmn., sem ég að öðru leyti óska góðs gengis í því að lesa og betrumbæta þetta frv., velti því fyrir sér hvort ekki mætti einfalda þessa löggjöf eitthvað. Sérstaklega vil ég þó endurtaka að það þarf aðeins að hafa það í huga að eitthvert heildarsamræmi sé haft að leiðarljósi þegar unnið er að lagasetningu af þessu tagi, að það sé ekki á ferðinni jafnvel í gegnum sama löggjafarþingið frv. sem vísa í algjörlega gagnstæðar áttir í þessum efnum. Þannig að það sé einhver stefnumörkun í gangi almennt séð hjá löggjafanum um það á hvaða grundvelli löggjöfin skuli standa, hvort menn séu sem sagt frekar að leita eftir einfaldari og skýrri rammalöggjöf eða hinu að hún sé ítarlegri í einstökum atriðum eða velja þarna einhverja rökstudda og skynsamlega millileið. Og endilega ekki rugla því saman að viðamiklir lagabálkar séu sama sem skýr lagaákvæði. Því miður þarf það alls ekki að fara saman. Þvert á móti geta einföld og styttri lög verið allt eins skýr ef þau eru bara þannig úr garði gerð að fyrirmæli þeirra eru skýr og reglugerðarheimildirnar séu afmarkaðar og skýrar eins og frá þeim er gengið í lagatextanum en ekki galopnar. Það skrýtna er nú að þrátt fyrir þessa miklu löggjöf, upp á 81 grein, endar hún með tiltölulega hefðbundnum hætti — eða hvernig? Með reglugerðarheimild, 81. og síðasta grein frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði og fyrirmæli um framkvæmd laga þessara."

[14:20]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það geti tæpast verið neinn ágreiningur með mönnum um það að lagasetningin í landinu sé skýr og helst af öllu að lögin séu stutt, knöpp, vel skrifuð og skýr. En stundum er það þannig að einhvern veginn mistekst mönnum þetta mikla ætlunarverk sitt og lagasetningin verður óskýr og stundum í mjög löngu máli og óskýr og allt þar á milli. Ég held að við séum kannski í þeim mikla vanda hér að við erum sammála um meginatriðin, við hv. 4. þm. Norðurl. e., um það að við viljum hafa löggjöfina sem allra skýrasta og gagnsæjasta fyrir allan almenning til þess að skilja, en þegar kemur að því að skrifa lagatextann þá getur málið vandast vegna þess að lagatextinn þarf að taka til margra ólíkra hluta sem snerta fólk í daglegri umgengni og það held ég að sé kannski þessi vandi sem við stöndum frammi fyrir varðandi þennan lagatexta sérstaklega. Ég nefndi áðan að ég vildi að hv. félmn. færi mjög vel ofan í þennan texta, sérstaklega með hliðsjón af því hvað væri hægt að fella út til þess að ekki væri um óeðlilega upptalningu eða forræðishyggju í lagasetningunni sjálfri að ræða. Eitt af þeim atriðum sem ég hafði m.a. í huga var spurningin um það hvernig ætti t.d. að fara með í lagasetningu þessi húsfélagsákvæði sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði að umtalsefni. En þá bregður svo við að meðal þeirra umsagna sem hafa borist um þessi mál er athugasemd um að einmitt húsfélagsákvæðin í frv. séu ekki nægjanlega skýr. Það vanti verulega á það að ýmislegt í þeim efnum sé nægilega skýrt til þess að koma í veg fyrir alls konar vandamál sem sögð eru koma í ljós í framkvæmd. Þannig að þetta mál er auðvitað ekkert einfalt og ég var fyrst og fremst að velta því upp að þrátt fyrir það að almennt séð gætu menn verið sammála um þessi markmið við lagasetninguna þá væri það einhvern veginn þannig þegar við værum komin í alvöru lífsins og að hinum praktíska vanda þá ætti maður kannski ekki jafngreið svör.

[14:22]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður um það mál sem er á dagskrá, um fjöleignarhús og hafa þær að mestu lotið að því hvað þetta frv. er ítarlegt. Ég get stytt mál mitt eftir ræðu hv. 3. þm. Vestf. Það voru kannski einkum tveir þingmenn sem gagnrýndu það mjög hve ítarlegt frv. væri og mér fannst hv. þm. Einar Guðfinnsson gera ítarlega grein fyrir því af hverju nauðsynlegt er að þetta frv. væri svo ítarlegt sem raun ber vitni. Ég spurði vissulega sjálfa mig þegar ég fékk þessi frumvarpsdrög á borðið og leitaði svara við því af hverju þyrfti að vera að leysa af hólmi löggjöf sem væri 19 greinar með 80 greinum og fékk við því að mínu viti fullnægjandi svör. Þessi löggjöf er mjög mikið notuð og reynslan sýnir okkur gegnum árin

að það hafa risið upp ýmis deilumál, ágreiningsmál, milli eigenda í fjölbýlishúsum sem hafa iðulega þurft að fara fyrir dómstólana. Ef við hefðum haft ítarlega löggjöf sem tekur á þeim atriðum sem upp hafa komið þá er ekki víst að þess hefði þurft.

Það er auðvitað svo að í svo ítarlegri löggjöf eins og hér er til umræðu er hægt að finna ýmsar greinar og ákvæði sem menn geta hent gaman að en engu að síður er það mitt mat að nauðsynlegt sé að hafa löggjöfina mjög ítarlega. Það er alveg rétt sem hér kom fram að ég var nokkuð gagnrýnd fyrir það á síðasta þingi að leggja fram frv. sem þingmenn töldu að þyrfti ítarlega reglugerð til þess að hægt væri að framfylgja en hér er þetta með öðrum hætti.

Ég vil vísa til þess að það eru mjög margir aðilar sem hafa fjallað um þetta frv. sem gerst þekkja til í þessum málum þannig að ég tel að í alla staði sé ítarlega tekið á þessu máli og hér sé um vandaða frumvarpssmíð að ræða. En vissulega er það svo að félmn. mun fjalla um þetta. Þarna er ýmislegt sem mætti skoða sem menn hafa nefnt eins og húsfélög og fleiri þætti en það er líka rétt sem hér hefur fram komið að umsagnirnar sem borist hafa um þetta frv. ganga að verulegu leyti út á það að ýmis ákvæði séu ófullnægjandi, þurfi að skýra betur og gera ítarlegri.

En ég vænti þess að sú nefnd sem fær frv. til meðferðar fjalli ítarlega um þetta mikilvæga frv. og því verður auðvitað vel tekið ef fram koma gagnlegar ábendingar og athugasemdir og brtt. sem gera megi frv. enn betur úr garði en hér er.

[14:26]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef hæstv. félmrh. hefur verið að vísa til minna orða áðan þá vil ég bara leiðrétta það. Ég var í sjálfu sér ekkert að gagnrýna það óskaplega að menn vildu hafa þetta svona ítarlegt og mikið. Ég var með ýmsar almennar hugleiðingar í sambandi við það mál sem ég tel að eigi fyllilega rétt á sér og ég ætlaði alls ekki að fara að vera leiðinlegur eða liggja í einhverjum tittlingaskít í sambandi við orðalag á þessu enda mundi það æra óstöðugan. Það væri hægt að halda hálfsmánaðarvöku yfir því að velta sér upp úr þessum textum meira eða minna ef maður vildi. Ég hef líka vissar efnislegar efasemdir um t.d. að menn eigi að fara að halda út á þá braut að fara að skilgreina hugtak eins og hlutinn hús. Vita ekki nokkurn veginn allir heilvita menn hvað hús er? Fer það nokkuð á milli mála samkvæmt málvenju og ótal ákvæðum í margs konar lögum hvað er hús? Ég held að það þurfi ekki að fara að taka upp á því á árinu 1993 að skilgreina það. Það er spurning hvað langt ætla menn að ganga í slíkum efnum.

En eitt vil ég biðja um og það segi ég í fullri alvöru, bæði við hæstv. félmrh. og eins það nefndafólk sem fær þetta til yfirlestrar: Í guðs bænum reyni menn nú að lesa þetta og komið þessu nokkurn veginn á íslensku. Það er þó alltaf einhvers virði að hafa á þessu sæmilegt málfar, en því er ekki fyrir að fara eins og textinn lítur út í dag. Ég bendi t.d. á 29. gr., hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Rúmist bygging innan samþykktrar teikningar og sé byggingarrétturinn í eigu ákveðins eiganda, sbr. 1. málsl. 1. mgr. 28. gr., getur hann ráðist í framkvæmdir að fengnum nauðsynlegum byggingarleyfum, enda taki hann sanngjarnt tillit til annarra eigenda við framkvæmdirnar og kosti kapps um að halda röskun og óþægindum í lágmarki."

Þetta er í fyrsta lagi nokkuð löng setning og í öðru lagi hef ég ekki heyrt svona tekið til orða, a.m.k. er það ekki til fyrirmyndar að halda röskun í lágmarki. Það mundi heita á minni íslensku að valda sem minnstri röskun. Það er a.m.k. hægt að fara fram á það í allri hógværð að það verði litið yfir svona hluti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigulög, 1. umr.

Stjfrv., 144. mál (heildarlög). — Þskj. 160.

[14:28]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til húsaleigulaga. Frv. byggist á gildandi lögum um húsaleigusamninga sem sett voru 1979 og eru að meginstofni til samhljóða því frv. sem lagt var fram á 115. og 116. löggjafarþingi að teknu tilliti til umsagna sem um það hafa borist. Nú eru liðin rúm 13 ár frá því að sett var fyrsta heildarlöggjöfin hér á landi um samskipti aðila leigumarkaðarins. Á þessum reynslutíma hafa komið fram ábendingar um ýmis atriði sem betur mættu fara og á það jafnt við þætti er lúta að leigusölum og leigjendum.

Hér á landi hefur ekki þróast öruggur og stöðugur markaður fyrir leigjendur líkt og þekkist víða hjá nágrönnum okkar. Ein af ástæðunum er sú að aðstoð hins opinbera í húsnæðismálum hefur í meira mæli og jafnvel einvörðungu verið bundin við þá sem eru að eignast húsnæði. Málefnum leigjenda og leigumarkaðar hefur oft verið lítið sinnt. Leiguíbúðir er nauðsynlegur valkostur í húsnæðiskerfinu og mikilvægt er að skapa forsendur fyrir góðum samskiptum aðila á leigumarkaði.

Samkvæmt niðurstöðum könnunar sem Félagsvísindastofnun gerði fyrir félmrn. í maí og júní 1992 kom í ljós að um 13% bjuggu í einhverri tegund af leiguhúsnæði en 7% svarenda leigja á almennum markaði. Rúm 14% búa án endurgjalds í húsnæði foreldra eða ættingja og um 73% búa í eigin húsnæði.

Það sem einkennir almennan leigumarkað hér á landi er að leigusalar eru langoftast einstaklingar sem leigja út aðeins eina íbúð. Samskiptin á þessum markaði eru því oft mjög persónuleg. Einnig er algengt að þeir sem leigja á almennum markaði tengjist leigusala vensla- eða vináttuböndum. Þetta sýnir m.a. hve mikilvægt það er að húsaleigulög sem kveða á um samskipti á leigumarkaði séu skýr og aðgengileg öllum almenningi.

Í september 1990 skipaði ég nefnd með fulltrúum frá félmrn., Húsnæðisstofnun ríkisins, Leigjendasamtökunum og Húseigendafélaginu til að gera tillögur um endurskoðun gildandi laga um húsaleigusamninga. Samkvæmt skipunarbréfi var nefndinni falið að leggja fram tillögur um endurbætur á gildandi lögum um húsaleigusamninga hvað varðar tryggingafé, tilkynningarskyldu, ákvæði um leigu á atvinnuhúsnæði, húsaleigunefndir, úttektarmenn og gera tillögur um stofnun og starfrækslu sérstakra húsaleigumiðlana. Nefndin skilaði niðurstöðum í mars sl. með frv. að húsaleigulögum sem lagt var fram í apríl á 115. löggjafarþingi en var ekki afgreitt.

Í frv. því sem nú er lagt fram eru gerðar tillögur un ýmsar veigamiklar breytingar á gildandi lögum. Lögð er til sú veigamikla breyting að ákvæði gildandi laga um fardaga verða að fullu og öllu lögð niður. Þá er lagt til að gerðar verði breytingar um forgangsrétt leigjenda sem ætlað er að efla heimilisrétt þeirra og öryggi gagnvart geðþóttauppsögnum. Þá hefur allri efnisröðun verið breytt frá því sem er í gildandi lögum í því skyni að gera lögin aðgengilegri öllum almenningi, en hér er einmitt um að ræða þann lagabálk sem mikið er notaður af almenningi.

Það sem hér er lagt fram er frv. til heildarlaga í stað frv. til breytinga á gildandi lögum. Frv. byggist á tillögum nefndarinnar að mestu leyti að undanskildum breytingum sem gerðar hafa verið í frekari umfjöllun í félmrn. og með hliðsjón af þeim athugasemdum sem borist hafa. Meginbreytingin frá eldri löggjöf sem felst í frv. þessu er eftirfarandi:

Fyrst má nefna að forgangsréttur leigjenda er aukinn verulega en heimilisréttur leigjenda hefur hingað til, þrátt fyrir að setning gildandi laga um húsaleigusamninga fyrir rúmum 13 árum síðan bætti þar nokkuð um, verið mun vanþróaðri en í flestum nágrannalöndum okkar.

Um forgangsrétt leigjenda er fjallað í sérstökum kafla, X. kafla, og er lagt til að hann taki nú til allra leigusamninga, jafnt tímabundinna sem ótímabundinna. Gert er ráð fyrir að leigjandi sem stendur í skilum með leigugreiðslur og ekki brýtur að öðru leyti gegn leigusamningi eigi að jafnaði forgangsrétt að hinu leigða, svo fremi sem húsnæðið sé áfram falt til leigu. Frá forgangsréttinum eru þó verulegar undantekningar samkvæmt frv., svo sem þegar leigusali býr sjálfur í sama húsi eða ef hann hyggst ráðstafa húsnæðinu til náinna skyldmenna. Þá getur leigjandi aldrei öðlast forgangsréttinn sjálfkrafa heldur verður hann ætíð að fara skriflega fram á hann.

Þá er lagt til að fellt verði niður ákvæði gildandi laga um fardaga. Það er samdóma álit flestra aðila sem tengjast húsaleigumálum að þessi ákvæði séu óþörf. Ekki verður séð að meiri þörf sé á að binda flutning leigjenda milli íbúða við ákveðna daga vor og haust heldur en almenn íbúðaskipti á íbúðamarkaði sem eiga sér stað hvenær ársins sem er.

Þá valda núgildandi ákvæði oft lengingu leigutíma sem aðilar höfðu alls ekki reiknað með. Slík lenging er reyndar oftast leigjanda í hag og hefur með þeim hætti nokkuð bætt stöðu leigjenda þó oft hafi slíkur framlengdur leigutími verið mjög mjög í óþökk leigusala.

Þó eru einnig ýmis dæmi um það að leigjendur séu krafðir um leigugreiðslur eftir að þeir hafa flutt úr húsnæðinu í krafti fardagaákvæðanna. Nefndin leggur því til að fardagaákvæðin verði afnumin jafnframt því sem uppsagnarfrestur er lengdur þannig að hann verði aldrei styttri en 6 mánuðir. Þá er einnig á það að líta að hinn aukni forgangsréttur leigjanda sem felst í X. kafla frv. mundi draga verulega úr gildi þeirrar leigutímalengingar sem leitt getur af núverandi ákvæði um leigufardaga.

Þá er lagt til að stofnsett verði sérstök kærunefnd húsaleigumála sem bæði leigjendur og leigusalar geta leitað til vegna ágreinings sem kann að rísa um túlkun ákvæðis leigusamnings eða framkvæmd hans. Kærunefndinni er ætlað það hlutverk að skila skriflegum álitsgerðum varðandi deilumál og vafaatriði sem óhjákvæmilega hljóta að rísa í samskiptum aðila leigumarkaðarins. Í reynd hefur félmrn. í ríkum mæli á síðustu árum vísað erindum og klögumálum einstaklinga til úrlausnar í Húsnæðisstofnun ríkisins. Eðli málsins samkvæmt er ýmsum vandkvæðum bundið að ráðuneyti sinni deilumálum sem kunna að rísa milli leigjenda og leigusala. Talið er heppilegra að sérstök nefnd taki að sér þetta hlutverk alfarið. Kærunefndinni er ætlað, telji hún að ákvæði laga hafi verið brotin, að láta í té rökstutt álit innan tveggja mánaða frá því að beiðnin birtist. Ef aðili vill ekki una niðurstöðum nefndarinnar verður hann að leita dómstóla.

Frv. gerir ráð fyrir að ákvæðið um húsaleigunefndir falli brott. Meginástæða þess er sú að reynslan hefur sýnt að húsaleigunefndir sveitarfélaganna hafa af ýmsum ástæðum sjaldan náð að starfa eins og til er ætlast í gildandi lögum.

Þá var með lögum nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir, kveðið á um að stofna sérstakar húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem m.a. skulu fylgjast með framvindu húsaleigumála. Eðlilegast þykir að fela þessum nefndum fyrra hlutverk húsaleigunefndanna. Gert er ráð fyrir að byggingarfulltrúi embættis sveitarfélaganna taki við því hlutverki sem sérstakir úttektarmenn hafa í gildandi lögum. Núverandi ákvæði um úttektarmenn og úttekt leiguhúsnæðis hafa engan veginn náð tilgangi sínum og slík starf hefur aðeins farið fram í litlum mæli í fáum sveitarfélögum. Störf við úttekt leiguhúsnæðis eru í eðli sínu mjög áþekk störfum byggingarfulltrúanna sem nú þegar eru starfandi í öllum sveitarfélögunum og því má telja eðlilegast að fela þeim umrætt úttektarhlutverk. Sveitarfélag getur falið húsnæðisnefnd eða starfsmanni á hennar vegum að annast úttektir.

Þá eru ákvæði um húsaleigumiðlanir í ýmsum atriðum endurskoðuð og gerð fyllri og ítarlegri en áður. M.a. er lagt til að félmrn. verði sá aðili sem veitir leyfi til þess að reka leigumiðlun í stað lögreglustjóra samkvæmt núgildandi lögum. Í frumvarpinu eru tillögur um að ákvæði um atvinnuhúsnæði verði frávíkjanleg og ákvæði húsaleigulaga gildi því aðeins um atvinnuhúsnæði að ekki hafi samist um annað milli aðila. Hin

ófrávíkjanlegu ákvæði frv. eru fyrst og fremst sniðin að íbúðarhúsnæði og eiga misvel við um atvinnuhúsnæði, enda standa aðilar þá miklum mun jafnar að vígi en þegar um íbúðarhúsnæði er að tefla. Einnig er leitast við að draga nokkuð úr formfestu núgildandi laga, t.d. hvað varðar skyldur aðila til skriflegrar tilkynningar. Jafnframt er lagt til að ákvæði laganna verði í ríkari mæli frávíkjanleg en verið hefur samkvæmt núgildadi lögum.

Loks má nefna að efnisröðun og kaflaskipan er í grundvallaratriðum breytt frá gildandi lögum. Er leitast við að efni sé skipað í eins konar tímaröð þannig að fyrst sé fjallað um gerð leigusamnings og kröfur um ástand húsnæðis en atriði er svo uppsögn, riftun leigusamnings og skil leiguhúsnæðis komi í síðasta hluta laganna. Markmiðið með þessu er að gera lögin aðgengilegri fyrir allan almenning en nefna má fleiri atriði sem þjóna sama markmiði.

Frv. fylgja ítarlegar athugasemdir við einstaka kafla og greinar þess. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara yfir öll atriðin hér að því er varðar einstaka kafla og greinar. Skal þó vikið að því helsta.

Í I. kafla er fjallað um gildissvið laganna. Þar er tekið fram með skýrari hætti en áður að þau skuli taka bæði til íbúðar- og atvinnuhúsnæðis. Í 2. gr. er sú meginregla sett fram að lögin skuli vera ófrávíkjanleg en frá þeirri reglu eru undantekningar í vissum tilvikum. Í þessu frv. er lagt til að samningsfrelsi aðila verði aukið. Þá er lagt til að ákvæði laganna verði frávíkjanleg hvað atvinnuhúsnæði varðar.

Í II. kafla er fjallað um gerð samninga. Samkvæmt 4. gr. er gert ráð fyrir því að Húsnæðisstofnun taki við hlutverki félmrn. hvað varðar útgáfu eyðublaða fyrir húsaleigusamninga og ákveði endurgjald fyrir þau. Þá er gert ráð fyrir því í 5. gr. að sveitarstjórnir, félagasamtök og aðrir þeir aðilar sem leigja út húsnæði geti einnig gefið út sérstök samningseyðublöð með leyfi félmrn.

Í 9. gr. er afnumin skylda leigusala til að tilkynna leigjanda með tímabundinn leigusamning að leigusamningurinn verði ekki endurnýjaður. Tilgangur breytinganna er sá m.a. að einfalda samskipti aðila leigusamnings. Einnig er í sömu grein afnumin tilvísun til ákvæðis um fardaga en það er ein af meginbreytingum sem felast í þessu frv.

Í IV. kafla er fjallað um viðhald leiguhúsnæðis og er þá lögð meiri áhersla en áður á höfuðábyrgð leigusala á viðhaldi hins leigða húsnæðis, en viðhaldsskylda leigjanda síðan skilgreind nánar þar sem um er að ræða undantekningar á skyldum leigusala.

Þá er í 34. gr. lagt til að skorður við fyrirframgreiðslu eigi aðeins við íbúðarhúsnæði en samningsfrelsi gildi um annað húsnæði en til íbúðar. Þótt jafnvægi á leigumarkaðinum hafi aukist á undanförnum árum og kröfur um fyrirframgreiðslu leigu hafi minnkað með rénandi verðbólgu og samningsstaða leigjenda því styrkst, þykir enn þörf á því að vernda leigjendur íbúðarhúsnæðis með því að takmarka fyrirframgreiðslu á leigu. Lagt er til að umræddar skorður við fyrirframgreiðslu á leigu fyrir íbúðarhúsnæði verði mildaðar frá því sem nú er, en samkvæmt 3. mgr. 51. gr. gildandi laga öðlast leigjandinn sjálfkrafa leigurétt í fjórfaldan þann leigutíma sem hann greiðir fyrir ef hann greiðir fyrir fram fyrir meira en þrjá mánuði. Lagt er til að þessi sjálfkrafa framlengingarréttur verði aflagður og rétturinn verði háður því að leigusali verði ekki að kröfu leigjanda um endurgreiðslu á ofgreiddri fyrirframleigu. Þá er einnig lagt til að þessi réttur til framlengingar verði styttur úr fjórföldum þeim tíma sem leigjandi greiddi fyrir í þrefaldan.

Í 35. gr. er tekið á því þegar leiga er greidd fram í tímann með viðskiptabréfum. Hefur því verið haldið fram að ekki sé um fyrirframgreiðslu að ræða í slíkum tilvikum þar sem leigjandi verði ekki fyrir beinum peningaútlátum í upphafi og frekar sé um tryggingar fyrir leigugreiðslum að ræða. Lagt er til í frv. að því sé slegið föstu að sé leiga greidd með þessum hætti teljist það fyrirframgreiðsla.

Ákvæði gildandi laga um tryggingafé hafa þótt stirð í vöfum og hafa verið tiltölulega lítið notuð. Í 40. gr. frv. eru lögð til mun fyllri ákvæði hvað þetta varðar en er í núgildandi lögum. Og í 1.–4. tölul. 1. mgr. eru þeir kostir nefndir sem æskilegastir eru taldir. Ekki þótti þó fært að hafa þessa kosti tæmandi talda og er því aðilum skv. 5. tölul. heimilt að semja um annars konar tryggingu. Gildir því samningsfrelsið að þessu leyti. Algengt er að tryggingar séu nú í formi tryggingarvíxla, tryggingarbréfa, skuldabréfa og jafnvel óútfylltra tékka. Slíkar tryggingar hafa í för með sér verulegt óöryggi fyrir leigjendur og þykir því nauðsynlegt að stemma stigu við því.

Í X. kafla frv. er lögð til sú meginregla að leigjandi íbúðarhúsnæðis skuli hafa forgangsrétt til leigu þess að leigutíma loknum ef það er falt til leigu í a.m.k. eitt ár. Þá er lagt til eins og áður er nefnt að forgangsrétturinn verði aukinn og gildir það einnig um ótímabundna leigusamninga. Á forgangsréttinum er þó lagt til að verði ýmsar undantekningar sem taldar eru upp í 11 töluliðum í 51. gr.

Í 56. gr. frv. er fjallað um uppsagnarfrest. Þar er lagt til að uppsagnarfrestur af beggja hálfu sé ætíð 6 mánuðir þar til leigutími hefur náð 5 árum. Eftir það verði uppsagnarfrestur eitt ár af hálfu leigjenda. Lenging uppsagnarfrests af hálfu leigjenda úr 3 mánuðum í 6 á fyrsta ári leigutímans þykir sanngjörn með tilliti til afnáms fardagaákvæðis gildandi laga.

Í XII. kafla er fjallað um riftun leigusamnings. Þar er að finna verulegar viðbætur miðað við ákvæði gildandi laga. M.a. er lagt til að alvarleg vanræksla leigusala varðandi viðhald íbúðar og almennt ástand hennar geti haft í för með sér riftun af hálfu leigjenda. Þá er lagt til að nýr töluliður bætist við þar sem kveðið er á um riftunarheimild leigjenda ef heimilisfriður hans raskast verulega af völdum annarra aðila, sem afnot hafa af sama húsi. Einnig er í nýjum tölulið lagt til að leigjandi hafi skýra riftunarheimild ef leigusali hindrar umráð og afnot hans af hinu leigða eða ef leigusali gengur um hið leigða húsnæði í heimildaleysi.

Í 74. gr. er að finna þau skilyrði sem menn verða að uppfylla til að geta fengið leyfi til leigumiðlunar. Þá er

lagt til að félmrn. birti auglýsingu um veitingu leyfa m.a. til þess að tryggja réttaröryggi almennings í þessum efnum.

Loks er í 87. gr. og jafnframt síðustu grein frv. lagt til að ákvæði frv. taki gildi 1. mars 1994. Þá er lagt til að aðilum beri fyrir 1. júní 1994 að endurskoða samninga sína til samræmis við ákvæði frv.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til þess að hafa fleiri orð um þetta frv. en legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[14:44]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hefur verið lagt fram til umræðu er endurflutt frá síðasta ári eins og kom fram í ræðu hæstv. félmrh. Það er nú svo að fyrir liggur ærinn bunki af umsögnum um þetta mál og þær umsagnir eru yfir höfuð tiltölulega jákvæðar. Það er nú ekki að sjá að frv. hafi verið endurskoðað á sl. sumri þrátt fyrir þennan bunka af umsögnum ýmissa aðila þannig að það er full ástæða til þess að félmn. fari vandlega yfir málið og fari vandlega yfir þær umsagnir sem borist hafa og kanni ýmsa þætti þessa máls þó að vissulega sé margt í frv. sem horfi til bóta.

Ég vil gera að umræðuefni örfá atriði, en vil geta þess að frv. bætir að mínum dómi í mörgu réttarstöðu leigjenda og kveður skýrar á um samskipti leigusala og leigutaka. Hæstv. félmrh. hefur rakið meginatriði frv. um forgangsrétt leigusala, ákvæði um fardaga eru felld niður og inn koma ákvæði um kærunefnd og húsaleigunefndir sveitarfélaga og húsnæðisnefndir sveitarfélaga sem eiga að taka við þeirra hlutverki.

Hér skal það tekið fram að ég tel ekki vera ágreining um það meginmarkmið laganna að gera ákvæði um húsaleigusamninga skýrari en löggjöf og auka rétt leigjenda eftir því sem við verður komið. Hins vegar leysir löggjöfin aldrei öll vandamál leigjenda jafnvel þó að hún sé ítarleg í mörgum greinum og með ítarlegum skýringum. Það er framboð og eftirspurn á leigumarkaði sem ræður fyrst og fremst skilyrðunum í þessu efni og réttur leigjenda takmarkast nokkuð af því hvaða úrkosti hann á þrátt fyrir alla lagasetningu í þessu efni. Meðalvegurinn er því vandrataður og það verður auðvitað að gæta þess að lagasetningin sé ekki þannig úr garði gerð að hún dragi beinlínis úr framboði á leiguhúsnæði þó að ég undirstriki það að auðvitað verður hún að gæta réttar leigjenda og leigusala svo vel sem auðið er. Ef löggjöf yrði til þess að draga úr framboði á húsnæði, þá hækkar það auðvitað þar með húsaleigu á almennum markaði og leigjandinn stendur þar af leiðandi verr að vígi eftir. Það á hins vegar að vera bæði leigusölum og leigutökum í hag að það séu skýr og fortakslaus ákvæði í löggjöf um þessi viðskipti. Það hefur verið nokkuð rætt um það og m.a. varðandi það mál sem var til umræðu hér á undan um fjöleignarhús hve ítarleg löggjöfin á að vera og það er vissulega svo með þetta mál eins og það mál að hér í þessari löggjöf eru afar ítarleg ákvæði en eigi að síður vantar kannski í öðrum greinum skýrari ákvæði um framgang mála eins og ég kem aðeins að síðar.

Það verður ekki komist hjá því varðandi framboð á leiguhúsnæði að ræða um skattlagningu leigutekna og meðferð leigutekna í skattakerfinu. Í umsögn sem miðstjórn Alþýðusambands Íslands samþykkir þann 14. apríl sl. er athyglisverður kafli um þessi mál. Þar kemur fram það álit ASÍ að flestir leigusalar velji þá leið að gefa ekki upp neinar leigutekjur frekar en að setja upp rekstrarreikning með litlum eða engum frádráttarliðum. Þar kemur einnig fram að samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra má ætla, að ¾ eigenda telji ekki fram leigutekjur, enda sé sennilega oftast óformlegt samkomulag um að leigutaki telji leiguna heldur ekki fram. Upplýsingar um leigutekjur á íbúðum sem koma fram á skattskýrslum eru mjög ótrúverðugar eða á bilinu 13–15 þús. kr. á mánuði. Ég held að það verði ekki hjá því komist að endurskoða þær reglur sem gilda um skattlagningu leigutekna og að leigutaki hafi einhvern hag af því að gefa upp þau útgjöld sem hann hefur af húsaleigu.

Það verður ekki komist hjá því heldur varðandi það mál sem hér er til umræðu, þó það snerti kannski ekki þessa löggjöf nema óbeint, að spyrja hæstv. félmrh. að því hvað líði hinu umtalaða frv. um húsaleigubætur sem boðað var að flutt yrði á Alþingi núna á haustdögum og var mjög umtalað fyrir nokkrum vikum. Það var eitt af þeim málum, eitt af mörgum, eitt af fjölmörgum, sem ríkisstjórnin kom sér náttúrlega ekki saman um. En síðan hefur hljóðnað um þetta mál og það hefur ekki verið minnst á húsaleigubætur hér í einar 2–3 vikur. Ég spyr því: Er það ætlun hæstv. félmrh. að leggja þetta frv. fram? Hvenær er það væntanlegt og er það hans mat að það komi hvergi inn á þessa löggjöf sem við erum nú að ræða um? Ég held að það verði ekki hjá því komist að skýra þetta um leið og við vísum þessu máli til nefndar eftir 1. umr. málsins.

Ég vil nefna hér aðeins örfá meginatriði, sem ég vil hafa fyrirvara við á þessu stigi og vil að verði skoðuð mjög vel í félmn. Ég á sæti í nefndinni svo að ég get auðvitað komið fram þeim sjónarmiðum í nefndarstarfinu. Ég vil t.d. athuga mjög vel og hafa fyrirvara um ákvæðið um fardagana. Það er margt sem mælir með því og hæstv. félmrh. tíndi fram rök sem mæla með því að þetta ákvæði verði fellt út úr lögunum. Hins vegar eru önnur rök líka sem mæla gegn því eins og t.d. þau að það sé hægt að segja fólki upp húsnæði og láta það víkja úr húsnæði á miðju skólaári fyrir barnafjölskyldur. Ég held að það verði að skoða þetta mál líka frá því sjónarhorni.

Það má spyrja varðandi leigumiðlanir hvort nauðsynlegt sé að félmrh. veiti starfsleyfi um leigumiðlanir, hvort ekki er hægt að hafa það á heimavettvangi, sveitarfélög veiti það starfsleyfi eða lögreglustjóri í hverju sveitarfélagi. Leigumiðlun er atvinnustarfsemi og er endilega nauðsynlegt að félmrn. fari að veita leyfi til þessarar atvinnustarfsemi frekar en annarrar? Ég hygg að í flestum tilfellum, í dreifbýlinu a.m.k., komi þetta hlutverk inn til sveitarfélagana með einhverjum hætti og inn til húsnæðisnefndanna í sveitarfélaginu, að leitað sé til þeirra með þetta hlutverk. Ég

vil hafa fyrirvara um þetta og skoða þetta nánar.

Það er gert ráð fyrir að byggingarfulltrúar taki við úttekt á húsnæði og húsnæðisnefndir sveitarfélaganna taki yfir hlutverk húsaleigunefnda. Ég sé ekki í fljótu bragði neitt athugavert við þessi ákvæði og tel það rétt að húsnæðisnefndirnar taki þetta hlutverk að sér. Ég sé ekki að það sé hentugt fyrirkomulag að hafa tvær nefndir í einstökum byggðarlögum sem vinna báðar á sviði húsnæðismála. Það er því margt í þessu frv., eins og ég kom að í upphafi, sem til bóta horfir, en eigi að síður eru fjölmörg atriði sem þarf að skoða betur. Það liggur fyrir félmn. að fara yfir þær mörgu umsagnir sem bárust um þetta mál á liðnu vori og leita þá eftir fleirum og kalla menn til viðtals ef á þarf að halda. Það eru áreiðanlega fjölmörg atriði sem koma upp varðandi þetta mál sem ég áskil mér rétt til þess að koma að í 2. umr. um málið. Þessi lagabálkur er mjög mikilvægur. Hann snertir mjög mikilvæga hagsmuni og það er nauðsyn að vanda vel til. Það er ekki síst í mínum huga að þessi lagabálkur verði ekki til þess að draga úr framboði leiguhúsnæðis og hækka verð á húsaleigumarkaðinum sem er víða, þar sem framboðið er lítið, ærið hátt og leigjendur búa við okurverð sums staðar og slæm kjör.

Ég ætla ekki vera margorður um skilgreiningar í frv. eða ýmsa nákvæmni sem kemur þar fram. Það gefst tækifæri til að fara í gegnum þau mál síðar. Það er hér víða sagt mjög náið fyrir um framvindu mála. Það er t.d. ákvæði um það í 57. gr. frv. að leigjandi eigi að skila húsinu kl. eitt daginn eftir að uppsagnarfresti lýkur. Ég veit ekki af hverju leigjandinn má ekki hafa seinni part dagsins líka til þess að skila húsinu. Þetta gildir að vísu þegar maður fer út af hótelum, en þetta er nú kannski ekki alveg sambærilegt. Hér er sagt fyrir um það að hann eigi að skila lyklunum og láta leigusala hafa heimilisfang sitt, en annars staðar má kannski skýra ýmis ákvæði betur eins og gengur. Það gefst tækifæri til að fara yfir þetta í félmn. þegar frv. kemur til hennar þannig að ég ætla ekki að orðlengja um þetta efni við 1. umr. En ég tek undir þann anda sem kom fram hér í umræðum um frv. um fjöleignarhús, að texti löggjafar verður auðvitað að vera eins knappur og hægt er og skýr og á mannamáli, hvort sem hv. félmn. tekst nú það hlutverk sitt að koma þeim hætti á.

En ég vil undirstrika þá spurningu hvort það sé ætlunin að leggja fram frv. um húsaleigubætur og hvað er þá ætlun hæstv. félmrh. og hæstv. ríkisstjórnar að vera ríflegur í því efni og ætla mikla fjármuni til þess. Í öðru lagi væri full þörf á því að athuga skattalega meðferð leigutekna þó að það komi kannski ekki beinlínis inn á það frv. sem hér er til umræðu, að fá heildarlöggjöf um húsleigulög sem hér er rætt um.

[15:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður tók að nokkru leyti af mér ómakið. Ég hafði einmitt ekki síst hugsað mér að ræða við hæstv. félmrh. um það atriði sem hann sérstaklega nefndi, sem sagt meintar húsaleigubætur. Það eru nokkur önnur atriði sem ég vil þó nefna hér.

Í fyrsta lagi dreg ég það ekki í efa að í þessu frv. felist að flestu leyti framför frá gildandi lögum um húsaleigusamninga, eins og þau hétu nú víst, og það er ekki vafi á því að lagaákvæðin bæta að sumu leyti réttarstöðu leigjenda t.d. hvað forgangsrétt varðar og fella niður löngu úrelt ákvæði um fardaga sem eiga orðið lítið erindi inn í lög um mál af þessu tagi í nútímanum.

Það er þó eitt efnisatriði sem ég staldra aðeins við og það er sú breyting sem ákveðin er eða boðuð er á hlutverki úttektarmanna, sem áður voru í IX. kafla húsaleigusamningslaganna. Nú kann það vel að vera, án þess að ég þekki til þess í einstökum atriðum, að þau ákvæði hafi verið harla óvirk og ekki reynt víða á þau. Ég hygg þó að þessi úrræði hafi verið fyrir hendi í einhverjum af stærri sveitarfélögunum og það er sjálfsagt eðlileg breyting hvað varðar hinn faglega eða tæknilega hluta þess starfs sem úttektarmönnum var ætlað að sinna, að færa þetta yfir til byggingarfulltrúa. Og ég geng að sjálfsögðu út frá því að um þetta hafi verið rætt við sveitarfélögin og þau séu tilbúin til að taka þetta verkefni að sér. Í samræmi við reynsluna af ástríkri sambúð hæstv. félmrh. og sveitarfélaganna í landinu á undanförnum árum, þá gef ég mér að sjálfsögðu að frá þessu hafi verið gengið áður en þetta var flutt hér í frumvarpsformi af hálfu ríkisstjórnar og þá sömuleiðis hvernig með kostnað skuli fara í þessum tilvikum. Eldri ákvæði um úttektarmenn gerðu einfaldlega ráð fyrir því að leigjendur borguðu í öllum tilvikum kostnað vegna úttektanna, til helminga ef það var úttekt við leigjendaskipti, þ.e. við upphaf eða lok leigutíma, en sá aðili sem óskaði eftir þjónustu úttektarmanns ef það var gert sérstaklega. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að sveitarfélögin eða byggingarfulltrúaembættin fái heimild til að taka gjöld fyrir þessa þjónustu. Það er sem sagt leyst á þann einfalda máta að hafa tiltölulega opið gjaldtökuákvæði í 69. gr. frv. og vakna þá auðvitað spurningar hvað heittrúarmenn segja við svona tiltölulega opnu framsali á gjaldtökuheimild eins og þarna er á ferðinni.

En eitt atriði hverfur þó út úr starfslýsingu þeirri sem áður átti við um úttektarmennina og það kann vel að vera að það sé úrelt og eigi ekki við í nútímanum, en þeir voru af sérstökum ástæðum dómkvaddir sem slíkir. Bæjar- og sveitarstjórnum var gert að sjá til þess að dómari dómkveddi til úttektarmenn og það helgaðist af því að þeim var ætlað ákveðið hlutverk í sambandi við lausn deilumála þegar þau komu upp, þ.e. að leita leiða til að leysa með samkomulagi ágreining og deilumál eins og segir í 64. gr. gildandi laga, með leyfi forseta:

„Þeir skulu kosta kapps um að leiða ágreining og deilumál til lykta með friðsamlegum hætti og vera leigusölum og leigutökum til leiðbeiningar og ráðgjafar eftir því sem tök eru á."

Eðli málsins samkvæmt hverfur þetta hlutverk út úr verklýsingu þeirri sem byggingarfulltrúum er ætlað að hafa í sambandi við þessar úttektir. Þeir verða með öðrum orðum eingöngu faglegir eða tæknilegir úttektarmenn, koma ekki nálægt framvæmd þess að öðru

leyti hvað varðar hugsanleg ágreiningsmál eða lausn þeirra. Eins og ég segi, nú kann vel að vera að það sé tímaskekkja og ekki lengur raunhæft eða hafi jafnvel aldrei verið að ætla slíkum dómkvöddum mönnum sáttasemjarahlutverk, en mér fannst alla vega rétt að vekja athygli á þeirri breytingu sem þarna er lögð til. Hæstv. félmrh. hefur e.t.v. einhverjar skýringar á því hvers vegna þessi breyting er lögð til.

Að lokum vil ég víkja að þessu með húsaleigubæturnar, ekki bara vegna þess að þær eru auðvitað stórmál í sjálfu sér og fyrir löngu búið að boða að þær muni koma til, ef ég man rétt, og það held ég að ég geri því af sérstökum ástæðum fletti ég því kveri í morgun. Þá stendur í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 30. apríl 1991 að það muni koma til sérstakar ráðstafanir til að bæta kjör leigjenda á kjörtímabilinu, gott ef það er ekki bara gefið í skyn að það kæmi fyrr en seinna. Og hvort þetta gengur svo aftur eða er einnig í hvíta bæklingnum frá haustinu 1991, sem heitir því kúnstuga nafni „Velferð á varanlegum grunni", skal ég nú ósagt látið, en þetta fyrirheit, þetta loforð er alla vega að finna í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar. Þess vegna er nú von að maður spyrji og eftir fréttir sem orðið hafa af sviptingum í ríkisstjórn um þetta mál, hvers er að vænta um húsaleigubætur, hæstv. félmrh.? Verður flutt frv. á þessu þingi og það lögfest og koma slíkar bætur þá til framkvæmda, t.d. á næsta fjárlaga- og skattaári? Mega leigjendur vænta þess að fá t.d. greiðslur frá ríkisféhirði á venjubundnum tíma þegar bótagreiðslur eftir skattauppgjör fara fram eins og á við um barnabætur eða barnabótaauka, vaxtabætur og aðra slíka hluti? Þær fá landsmenn yfirleitt sendar í ágúst á ári hverju. Það er því ekki seinna vænna fyrir hæstv. ríkisstjórn að drífa sig í að lögfesta þessi ákvæði ef þetta á að koma til framkvæmda.

Mergurinn málsins er sá að ef það gerir það ekki og verður ekki greitt út með öðrum tekjutengdum eða skattatengdum greiðslum á árinu 1994, þá er þar með auðséð að ríkisstjórnin svíkur þetta kosningaloforð, að húsaleigubætur muni koma til framkvæmda á kjörtímabilinu. Það gera þær ekki samkvæmt mínum skilningi nema þær komi til greiðslu á árinu 1994, ella kæmu þær væntanlega ekki til greiðslu af tæknilegum ástæðum fyrr en 1995 og þá verður kjörtímabilinu lokið nema það standi til að lengja það, kannski með bráðabirgðalögum eða einhverjum slíkum ráðstöfunum. Því lýkur sem sagt í síðasta lagi 20. apríl 1995. Það sem við höfum heyrt um húsaleigubæturnar og liggur nokkuð í hlutarins eðli er að þær verði þannig settar í skattkerfinu, að þær verði meðhöndlaðar og framkvæmdar með hliðstæðum hætti og t.d. barnabætur eða barnabótaauki og vaxtabætur og þá sé ég ekki hvernig hæstv. ríkisstjórn hyggst standa að slíku nema gera það með greiðslum í tengslum við skattauppgjör eða framtöl manna eins og gert er í hliðstæðum tilvikum. Ég held að málið liggi þannig ósköp einfaldlega, að tíminn fyrir hæstv. ríkisstjórn til þess að standa við þetta loforð eða ekki er núna. Ef það á að standa að þessum framkvæmdum með eðlilegum hætti, þá þarf að lögfesta ákvæðin nú fyrir áramót þannig að þau verði orðin gild lög við upphaf næsta skattaárs. Og ég vænti þess að hæstv. félmrh. geti gefið okkur einhver skýr svör um þetta efni.

Þetta er einnig stórmál af þeim ósköp einföldu ástæðum að menn hafa mjög horft til húsaleigubóta sem tækis í því sambandi að bæta réttarstöðu leigjenda almennt í þjóðfélaginu, ekki bara þeirra sem njóta þeirra í meira eða minna mæli sjálfir, heldur líka vegna þess að komi húsaleigubæturnar til og myndi þær skattstofn eða stofn til útgreiðslna á bótum, þ.e. húsaleigan sjálf, þá mun það væntanlega verða mjög virk aðferð til þess að draga þessa samninga upp á yfirborðið eða koma þeim á öllu heldur. Staðreyndin er auðvitað sú og það vita menn og á ekki að tala neina tæpitungu um það, að stór hluti leigjenda í landinu leigir húsnæði án nokkurra samninga þar um. Og í fæstum tilvikum, í minni hluta tilvika a.m.k. að allra mati, er húsaleigan gefin upp. Þetta eru ósköp einfaldlega aðstæður málsins og því neitar ekki nokkur maður að þannig liggur þetta. Og þá er nú til lítils, því miður, fyrir allan þorra húsleigjenda að setja svona fína löggjöf. Staðreyndin er nefnilega sú að þeir menn sem ekki leigja húsnæðið á grundvelli löglegs samnings og njóta þar með þeirrar réttarverndar sem slíkur samningur með vísan til laga gefur eru ósköp lítið betur settir þó að menn séu að puða við það hér á Alþingi að betrumbæta einhverja húsaleigulöggjöf. Þeir eru þá algerlega ofurseldir þeim kjörum sem þeim bjóðast og oftast á munnlegum grundvelli hjá sínum leigjendum.

Með skynsamlega útfærðum húsaleigubótum mætti bæta efnahagslega stöðu þessa hóps, sem án efa er mjög slæm í stórum hluta tilvika ósköp einfaldlega vegna þess að þarna er á ferðinni sá hópur sem ekki hefur með neinum hætti haft tök á því að koma sér í eigið húsnæði og er þess vegna ofurseldur húsaleigumarkaðinum oft og tíðum árum saman eða ævilangt. Þetta er fólk með lágar tekjur og erfiðar aðstæður af þeim sökum og borgar háa leigu eins og hún hefur lengst af verið og myndar þá enga eign á meðan. Ef þetta tekst, þá batnar jafnframt við það réttarstaða leigjenda almennt og þetta veldur því að húsaleigusamningar, löglegir samningar, verða teknir upp sem almenn venja í þessum viðskiptum, þá er auðvitað eftir miklu að slægjast í þeim efnum og af þeim ástæðum held ég að það sé sérstök ástæða til þess að knýja á um það að húsaleigubætur komist á og vonandi eðlileg skipan mála þá í framhaldinu.

Ég ætla ekki að hafa orð mín fleiri, hæstv. forseti. Ég vona að hæstv. félmrh. geti gefið okkur hér skýr svör og góð svör, sem sagt fullvissað okkur um að nú verði þetta loforð ríkisstjórnarinnar úr stefnuyfirlýsingu hennar efnt með því að hér verði lögð fram og þá vonandi lögfest, og það skal ekki standa á okkar stuðningi í því sambandi, þau lagaákvæði sem til þarf fyrir áramót.

[15:15]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið um frv. til húsaleigulaga. Ég hygg að það sé óhætt að segja að í heildina tekið fái þetta frv.

jákvæðar undirtektir þeirra sem hér hafa talað þó að vissulega hafi komið fram ýmsar ábendingar frá síðustu tveimur ræðumönnum og álitamál sem þeir nefna, sem þá væntanlega verða skoðuð í félmn. En ég legg mikla áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga á þessu þingi því að ég tel að í því felist mikil réttarbót fyrir leigjendur.

Hér hefur verið varpað fram spurningu um húsaleigubætur og hvort frumvarp um það efni verði lagt fram á yfirstandandi þingi. Það er nú svo varðandi húsaleigubætur að þær hafa verið allmörg ár í umræðunni hér á þingi og úti í þjóðfélaginu, án þess að þær hafi verið lögfestar. Ég minni á það að í tíð síðustu ríkisstjórnar var mikið fjallar um húsaleigubætur og það var ekki fyrr en á síðustu dögum þeirrar ríkisstjórnar að það frv. var lagt fram hér á Alþingi. Síðan var þetta mál tekið upp í stjórnarsáttmála núv. ríkisstjórnar og ég hef lagt mikið kapp á að löggjöf um húsaleigubætur nái fram að ganga. Ástæða þess er augljós. Ég tel að það eigi að jafna aðstoð frá hinu opinbera til leigjenda eins og til íbúðareigenda. Íbúðareigendur njóta allmikillar aðstoðar frá hinu opinbera, til að mynda í gegnum skattkerfið, meðan þeir sem búa á leigumarkaðinum njóta þar engrar aðstoðar. Og það er auðvitað svo að það fólk sem er á leigumarkaðinum hefur ekki önnur tök en að leigja á almennum markaði ef það fær ekki inni í félagslegu íbúðakerfi. Þar er meiri eftirspurn heldur en framboð og þetta fólk hefur ekki neitt fjármagn eða greiðslugetu til þess að kaupa sér íbúðarhúsnæði. Og það segir sig sjálft að oft er þetta það fólk sem er verst statt í þjóðfélaginu. Því er gert að greiða háa leigu, kannski helming til þriggja fjórðu af sínum tekjum í húsaleigu, og það segir sig sjálft að það er brýnt að jafna þennan aðstöðumun, þennan mun sem er milli þeirra sem leigja og þeirra sem geta eignast húsnæði.

Okkar nágrannaþjóðir, svo að ég vitni nú bara til Norðurlandanna, hafa fyrir löngu síðan farið þessa leið og telja sjálfsagt að þeir sem þurfa að leigja og þeir sem eiga íbúðir séu jafnsettir hvað varðar aðstoð frá hinu opinbera. Og það er alveg ljóst að aðstoð á hinum Norðurlöndunum til þeirra sem þurfa að leigja hefur skilað sér mjög vel til þess að lækka húsnæðiskostnað þeirra sem eru á leigumarkaðinum. Í úttekt sem hefur verið gerð í þessu efni af norrænu ráðherranefndinni kemur í ljós að þetta hefur skilað sér mjög vel til láglaunafólks og er Danmörk þar nefnd sem dæmi um það að þetta hafi lækkað húsnæðiskostnað láglaunafólks í Danmörku um 26%. Í Svíþjóð, þó sú þjóð hafi nú gengið í gegnum nokkurn niðurskurð í ríkisútgjöldum, þá er engu að síður á döfinni þar að hækka húsaleigubætur vegna þess að þetta er talið hafa skilað sér mest og best til láglaunafólks. Það er því augljóst af hverju ég sæki það mjög fast að slíkt frv. líti dagsins ljós hér á Alþingi og verði afgreitt og ég hygg að verkalýðshreyfingin taki almennt undir nauðsyn á slíkri lagasetningu, enda var það svo að ákvæði um þetta eru ekki einungis í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar heldur var einnig samið um það í kjarasamningum fyrir vel ári síðan. Í kjölfar þess var sett niður nefnd sem skilaði frá sér áliti um útfærslu á húsaleigubótum. Og þá kem ég kannski að því að svara hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, 4. þm. Norðurl. e., þar sem hann tefldi fram sínum rökum fyrir því að nauðsynlegt væri að lögfesta þetta mál á þessu þingi þannig að þetta gæti komið í gegnum útgreiðslu í skattkerfinu með líkum hætti og vaxtabætur, ef ég skildi þingmanninn rétt.

Ég vil nefna í því sambandi að í þeirri útfærslu sem var lögð fram af síðustu ríkisstjórn, á síðustu dögum sem hún lifði, þá var gert ráð fyrir að framkvæmdin yrði með þeim hætti að þetta yrði greitt í gegnum skattkerfið með líkum hætti og vaxtabætur. Í þeirri útfærslu sem núna liggur fyrir frá þeirri nefnd sem lagði til breytta leið varðandi þetta atriði, þá er lagt til að framkvæmdin verði hjá sveitarfélögunum og að húsaleigubætur verði ekki greiddar eftir á heldur jafnóðum þannig að þau rök sem þingmaðurinn tefldi fram eiga ekki við í þessu tilviki.

Varðandi spurningu hv. þm. og reyndar einnig hv. 2. þm. Austurl. um hvenær frv. um húsaleigubætur verði lagt fram, þá vænti ég þess að það geti orðið hið fyrsta. Hitt er engu að síður ljóst að það hefur ekki náðst niðurstaða milli stjórnarflokkanna hvenær og með hvaða hætti það frv. verður. Engu að síður geri ég mér vonir um að það geti orðið fljótlega. Ég hef lagt áherslu á að þetta frv. verið lögfest á yfirstandandi þingi þó að framkvæmdin eða gildistakan yrði ekki fyrr en 1. jan. 1995. Ég geri mér vonir um að það muni skýrast fljótlega hver niðurstaðan verður í þessu máli á milli flokkanna, en ég hef enga ástæðu til þess að ætla annað á þessari stundu en að um það geti náðst samkomulag hvenær það frv. verður lagt fram. Það má segja að það sem fyrst og fremst hafa verið skiptar skoðanir um milli flokkanna hafi verið hvernig staðið skyldi að fjármögnun húsaleigubótanna. En ég vænti þess, virðulegi forseti, eins og ég hef hér sagt, að það mál verði í höfn á milli flokkanna fljótlega.

[15:24]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef nú einhvern veginn á tilfinningunni að hæstv. félmrh. sé dálítið brugðið. Það var mikill titringur í ríkisstjórninni hér fyrir nokkrum vikum vegna húsaleigubóta, en nú segir hæstv. félmrh. að það standi til að sveitarfélögin taki þetta að sér og það standi til að leggja þetta frv. fram hið fyrsta og gildistakan verði árið 1995. (**Gripið fram í:** Hvenær á árinu?) Í ársbyrjun 1995, ef ég tók rétt eftir. Mér finnst að þetta sé svona merki þess að hæstv. félmrh. sé á hægu undanhaldi í málinu og ég spyr: Er búið að ræða það við sveitarfélögin og forustu þeirra að taka þetta mál að sér og með hvaða hætti á það að vera? Ég hygg að þá muni falla niður það hagræði sem yrði hægt að hafa af þessu í skattkerfinu, eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. kom inn á. Ég tel að þetta mál sé á hægri siglingu út og suður, eins og þar stendur.

[15:25]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði

hvort búið væri að ræða þessi mál við sveitarfélögin. Auðvitað er búið að því og hefur fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga setið í nefnd með fulltrúa félmrn. og fjmrn. til þess að vinna að þessari útfærslu. Ég vil nefna það af hverju það er eðlilegt að sveitarfélögin sjái um framkvæmdina á þessu. Menn komust einfaldlega að þeirri niðurstöðu að það væri rétt, eðlilegt og skynsamlegt vegna þess að sveitarfélögin, a.m.k. þau stærstu, eru með niðurgreiðslur varðandi styrki til þeirra sem eru á hinum almenna leigumarkaði, fyrir utan það að vera með niðurgreiðslur á leiguíbúðum. Það er talið að þetta nemi a.m.k. um 150 millj. kr. og því var talið rétt og eðlilegt að steypa þessu í einn farveg. Það er áætlað að það muni kosta um 300 millj. kr. að koma til móts við þá sem eru á almennum markaði og njóta ekki neinnar niðurgreiðslu með húsaleigubótum. Vissulega yrði það með þeim hætti að þessi fjárhæð yrði þá flutt frá ríkinu yfir til sveitarfélaganna þannig að þetta yrði viðbót við það sem nú er hjá sveitarfélögunum í niðurgreiddum styrkjum, sem eru í nokkrum mæli til fólks á almennum markaði sem er undir tekjumörkum.

[15:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég tel að það hafi orðið nokkur tíðindi hér í þessari umræðu sem hljóti nú að kalla á viðbrögð og ég vil byrja á því að spyrja hvort hæstv. fjmrh. sé einhvers staðar nær húsum þannig að hugsanlega gefist færi á að leggja hér einnig spurningar fyrir hann. Skyldi það ekki vera að þau hafi átt sérstaklega um þetta, hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., og ég tel þess vegna eðlilega og sanngjarna ósk að það verði a.m.k. kannað hvar hæstv. fjmrh. er þannig að okkur gefist færi á að heyra hans sjónarmið í þessu máli, ef hann er ekki langt undan. (**Forseti:** Hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur.) Nei. Þá ber í nokkurn vanda, hæstv. forseti, vegna þess að það kemur berlega fram í svörum hæstv. félmrh. að í þessu máli er engin niðurstaða í ríkisstjórn. Það verður þess vegna að kalla til fleiri en hæstv. félmrh. ef það á að reyna að fá einhvern botn í það hér hvar þessi mál standa. Nú er þetta ekki eins og einhver þvermóðska í okkur leiðinlegum stjórnarandstæðingum að spyrja út í þetta. Hér er einfaldlega verið að spyrja hvort hæstv. ríkisstjórn ætli að efna marggefin og skýr loforð um það að taka upp húsaleigubætur. Það er þannig að í þessu litla kveri sem ekki rúmar nú mikinn texta og gefið var út 30. apríl 1991, þá komst nú samt fyrir setning um húsaleigubætur eða málefni leigjenda því þar stendur að ríkisstjórnin hyggist m.a. ná markmiðum sínum með eftirfarandi aðgerðum, og er þar nú margt kostulegt ef ég má í framhaldi lesa 1. tölul., hæstv. forseti: „...með sáttargjörð um sanngjörn kjör þannig að auknar þjóðartekjur skili sér í bættum lífskjörum, m.a. með aðgerðum í skatta- og félagsmálum sem koma hinum tekjulægstu og barnafjölskyldum að gagni."

Í framhaldi af þessu lækkaði ríkisstjórnin persónufrádráttinn, skerti barnabætur um 600 millj. og þar fram eftir götunum. Það var aðferð hennar við að aðstoða hina tekjulægstu og barnafjölskyldurnar sérstaklega. En í 8. tölul. er fjallað um húsnæðismál í þessum texta og þar segir:

„Húsaleigulög verði endurskoðuð, framboð aukið á leiguhúsnæði og aðstoð veitt til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda."

Og ekki þótti nú nóg að gert því að í velferðarbókinni miklu frá því í október 1991 þótti ríkisstjórninni rétt að hnykkja á þessum texta og þar stendur, með leyfi forseta:

„Húsaleigulög verða endurskoðuð og stuðlað að auknu framboði á leiguhúsnæði. Þegar á næsta ári verður gripið til sérstakra aðgerða til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda." — Þegar á næsta ári.

Þetta var gefið út haustið 1991. Næsta ár var sem sagt, hæstv. forseti, árið 1992. Nú er árinu 1993 að ljúka og hæstv. félmrh. kemur hér og segir: Vonandi, e.t.v., fljótlega, bráðum, með gildistöku 1995. Og hæstv. fjmrh. er náttúrlega ekki í húsinu þannig að hægt sé að spyrja hann um hans hugmyndir um efndir á þessu afdráttarlausa loforði í sjálfri stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og stefnu- og starfsáætlun sem gefin var út í október 1991.

Það er að vísu þannig að hæstv. félmrh. upplýsir svo hér að nú sé meiningin að velta þessu verkefni yfir á sveitarfélögin og þau eigi að greiða einhvers konar húsaleigubætur, væntanlega þó, a.m.k. í fyrstu umferð, fjámagnaðar af ríkinu, en við vitum hvernig til getur tekist með slík samskipti af fenginni reynslu. Og ef ég skil hæstv. félmrh. rétt þá er væntanlega verið að boða framkvæmd á þessum atriðum sem er þá þannig að ekki er tekið tillit til tekna. Ég spyr hæstv. félmrh. hvernig ríkisstjórnin hafi þá hugsað sér að sveitarfélögin standi að framkvæmdinni ef hún á að greiða þetta til leigjenda í jöfnum greiðslum á hverjum mánuði, en þetta eigi sem sagt ekki að vera hluti af skattframtölum og uppgjöri með svipuðum hætti og aðrar tekjutengdar bætur í skattkerfinu eru, svo sem eins og barnabótaauki og vaxtabætur. Það voru hin upprunalegu áform sem ég bjóst við að væru enn á döfinni og sem ég verð að segja að ég hefði talið mikið vænlegri til árangurs, því með því móti er hægt að nýta fjármunina betur. En ef eitthvað annað er á döfinni þá væri fróðlegt að hæstv. félmrh. upplýsti það hér.

En það er sem sagt því miður ljóst að hér er verið í raun og veru að boða okkur það að um hreinar og klárar og algjörar vanefndir verði að ræða á þessu loforði og í besta falli þá sjái þetta dagsins ljós á síðustu mánuðunum sem stjórnin lifir fyrir kosningar vorið 1995. Það er ekki merkileg frammistaða satt best að segja eftir allt sem á undan er gengið og öll loforðin og heitstrengingarnar um það að eitthvað verði gert fyrir leigjendur.

Hæstv. félmrh. flutti reyndar ágæta framsöguræðu fyrir því hversu mikið réttlætismál og brýnt og þarft það er að taka upp húsaleigubætur og við kunnum henni auðvitað þakkir fyrir þennan hjartnæma texta sem hér var fluttur. En framkvæmdin stendur svona, það verður að horfast í augu við það, og spurning hvort hæstv. félmrh. er ekki svolítið að skjóta sig í lappirnar með því að flytja slíka texta um ágæti upp-

töku húsaleigubóta þegar allt virðist stefna í að um hreinar vanefndir verði að ræða af hálfu hæstv. ríkisstjórnar.

Hæstv. forseti. Ég hefði auðvitað talið fullkomna ástæðu til að óska eftir því að þessari umræðu yrði frestað og henni yrði ekki lokið fyrr en kostur gæfist á því að halda henni áfram að viðstöddum hæstv. fjmrh. þannig að við gætum einnig lagt fyrir hann spurningar um það hvernig þessi mál standi frá sjónarhóli fjmrn. og ég vil spyrja hæstv. forseta að lokum hvort forseti er ekki tilbúinn til að verða við slíkri ósk.

[15:34]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að það kemur náttúrlega alveg berlega fram í þessari umræðu að ríkisstjórnin er búin að fresta að efna það loforð sitt að taka upp húsaleigubætur. Það er slæmt að hæstv. fjmrh. skuli ekki vera hér, en hér er hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. sem ætti að geta upplýst það hvort Sjálfstfl. ætlar sér að standa að þeim framgangi málsins sem hæstv. félmrh. boðaði hér áðan að húsaleigubætur eigi að taka upp í ársbyrjun 1995, sveitarfélögin eigi þá að taka yfir 300 millj. vegna þessa og hvort samkomulag sé orðið um þetta í hinum nýju stjórnarmyndunarviðræðunum sem hafa farið fram síðustu dagana, eftir að í ljós var komið að stjórnin stóð á kalkúnafótum, þá var tekið upp friðarhjal um síðustu helgi, og hvort það er tilfellið að húsaleigubætur hafi verið eitt af því sem datt upp fyrir á þessari friðarráðstefnu sem haldin var.

Ég hafði það á tilfinningunni þegar hæstv. félmrh. talaði áðan og fór með sinn rökstuðning, að hún færi með hann svona eins og í minningarskyni í síðasta sinn fyrir okkur. Hún væri búin að fara með þennan texta um húsaleigubætur hundrað sinnum fyrir sína samstarfsmenn undanfarnar vikur og væri að fara með hann í síðasta sinn áður en þetta væri allt saman saltað.

Ég er efins í því, jafnvel þó formaður Sambands ísl. sveitarfélaga hafi verið kallaður til þess að mönda um þessi mál, að það sé búið að ganga frá því að sveitarfélögin taki þennan pakka yfir, en hins vegar skal ég ekkert um það fullyrða á þessu stigi, það kemur auðvitað í ljós hvað verður í þeim efnum. En allt er þetta frekar dapurlegt og einkum dapurlegt fyrir hæstv. félmrh. sem var einlægur í þessu efni og lagði nokkuð mikið undir, það virðist vera búið að beygja hann.

[15:37]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður sá ástæðu til þess að geta nærveru minnar í síðustu ræðu sinni um það mál sem hér er á dagskrá. Hann var reyndar ekki að tala mikið í seinni ræðu sinni um það mál sem hér er á dagskrá, heldur annað málefni sem ekki heyrir undir það frv. eða varðar efnisatriði þess frv. sem hér er til umræðu. Ég vek athygli á því að það sem hér er til umræðu er frv. til húsaleigulaga, frv. til laga um húsaleigusamninga og annað sem þeim tengist. Hér er ekki verið að fjalla um húsaleigubætur heldur umgjörð og ramma sem löggjafinn hyggst setja utan um útleigu húsnæðis. Hér er um að ræða frv. sem nú er verið að flytja í þriðja sinn. Það hefur fengið mjög vandaða meðferð — ég vil segja óvenju vandaða meðferð, bæði í félmrn. og á hinu háa Alþingi og er mikið þjóðþrifamál vil ég leyfa mér að fullyrða og brýnt þingmál sem ástæða er til að lögfesta hið allra fyrsta. Í þessu frv. eru margvíslegar réttarbætur fyrir leigutaka og leigusala á hinum almenna húsaleigumarkaði sem ég held að sé nokkuð víðtæk samstaða um að sé orðið tímabært að hrinda í framkvæmd og koma í lög.

Ég hef hins vegar orðið var við það að menn eru að reyna að teygja þessar umræður nokkuð yfir á aðrar brautir og það hafa tveir hv. þm. gert. Þeir vilja tala um húsaleigubætur í tengslum við þetta frv. og ég tek það svo að þeir hafi þá ekki miklar efnisathugasemdir við sjálft frv., enda hefur það komið fram í ræðum þeirra að í þessu 87 greina frv. sem hér er til meðferðar þá séu ekki miklar athugasemdir við það. Það kom held ég ein efnisathugasemd frá hv. 4. þm. Norðurl. e. í sambandi við úttektarmenn og má vera að hv. 2. þm. Austurl. hafi haft eina eða tvær slíkar athugasemdir.

En hvað varðar það atriði sem þessir ágætu hv. þm. vilja ræða hér um, þ.e. húsaleigubætur, þá er auðvitað engu við það að bæta sem hæstv. félmrh. sagði um það efni. Það er ekki komin niðurstaða í það mál milli stjórnarflokkanna og hv. 4. þm. Norðurl. e. var það lengi í ríkisstjórn að hann kannast við að það getur verið bið á því að stjórnarflokkar nái niðurstöðu í málum. Það er því út af fyrir sig engin nýlunda þó að dráttur verði á því að niðurstaða fáist í mikilvægum málefnum. Hins vegar er það svo að þetta mál hefur verið til umfjöllunar og félmrh. lýsti því nákvæmlega rétt hvernig staða þess máls er. Ég get hins vegar ekki tekið undir öll hennar sjónarmið í því máli, ég tel að hún hafi gert ágætlega grein fyrir sínum sjónarmiðum í þessu og væntanlega Alþfl. En málið er sem sagt það, að því er þetta varðar, að niðurstaða er ekki fengin milli stjórnarflokkanna og menn verða bara að gjöra svo vel að una því, þeir sem eru að bera fram fyrirspurnir, að það er svarið að svo stöddu.

Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt, virðulegi forseti, að ætla að fresta umræðunni vegna fjarveru fjmrh. vegna þess að þetta mál sem hér er til umræðu, frv. til húsaleigulaga, heyrir ekki undir fjmrh. Það heyrir undir félmrh., hann hefur mælt fyrir því og situr hér fyrir svörum út af þessu frv. Þess vegna finnst mér það mjög óeðlileg ósk að fara fram á að umræðunni verði frestað vegna fjarveru ráðherra sem þetta mál heyrir ekki undir.

Virðulegi forseti. Ég sé hins vegar ekki ástæðu til þess að fjalla efnislega og ítarlega um þetta frv. Þetta er mjög ítarlegt frv., 87 greinar, eins og ég hef sagt. Það er auðvitað spurning um stefnu í lagasetningu hversu ítarleg svona frv. eigi að vera og það er ljóst að bæði í þessu máli og hinu fyrra sem hér var á dagskrá fyrr á fundinum er tekin sú stefna að reyna að hafa löggjöfina sem ítarlegasta. Það má auðvitað færa mörg rök fyrir því en það má líka segja sem svo að kannski

væri skynsamlegra að hafa löggjöfina rúmari og almennari. En ég hygg að í þessum málefnum, þar sem oft er tekist á um mjög viðkvæm samskiptamál milli fólks, sé það ekki óskynsamleg stefna að setja ítarlega löggjöf sem reynir að girða fyrir sem mestan ágreining og árekstra sem kunna að verða milli samskiptaaðila á þeim vettvangi sem verið er að fjalla um.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. lét þess getið í sínu máli áðan að mikið væri um það að fólk leigði húsnæði án þess að hafa nokkurn samning í höndum. Ég hygg að það sé vafalaust rétt hjá honum. Það er í og með vegna þess að sú löggjöf sem í gildi hefur verið um þessi málefni hefur verið ófullkomin og það hefur verið tilhneiging til þess að veigra sér við því að gera slíka samninga. Ég tel að úr því sé verulega bætt með því frv. sem hér er til meðferðar og það sé þess vegna mjög brýnt mál og hagsmunamál leigjenda, leigusala og annarra sem hagsmuni hafa af því að samskipti séu eðlileg og greið á þessu sviði, þar með talið ríkisins vegna skatttekna, að þetta mál fái sem greiðastan framgang í þinginu en ekki sé reynt að drepa því á dreif með umræðum um hluti sem tengjast frekar fjárlögum og yrði flutt sem annað þingmál, ef til þess kæmi, húsaleigubætur eða annað þess háttar.

Þetta vildi ég sagt hafa, virðulegi forseti.

[15:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var hin furðulegasta ræða hjá formanni þingflokks Sjálfstfl. og í raun og veru hreinir útúrsnúningar af hans hálfu að reyna að halda því fram að það sé óeðlilegt að óskað sé upplýsinga hér, þegar til umræðu er frv. til laga um húsaleigu, um kjör leigjenda á íbúðarhúsnæði í landinu. Ég hef aldrei heyrt svona málflutning og það af öllum mönnum frá formanni þingflokks og þingreyndum manni. Þetta er auðvitað hrein fjarstæða. Það er fullkomlega þinglegt og fyrir því löng og órofa hefð að óska upplýsinga um slík atriði þegar til umræðu er frv. um málefni hóps í þjóðfélaginu af þessu tagi. Það veit ég að fjölmargir hv. þm. hér inni geta staðfest. Þessi málsvörn hjá hv. 8. þm. Reykv. er því fyrir neðan allar hellur og hefði ræðan betur verið óflutt því í henni kom ekkert nýtt fram, engin svör. Hv. þm. gat að vísu staðfest það sem lá ljóst fyrir og kom fram í máli félmrh., að ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um neitt í þessu máli, það er í uppnámi eins og fleira og engin svör þaðan að hafa. Hann bætti því að vísu við, svona til að undirstrika það, að hann væri ekki sammála áherslum hæstv. félmrh. í sambandi við húsaleigubætur. Þá vitum það og eru svo sem ekki miklar fréttir að ríkisstjórnin sé í mörgum pörtum hvað þetta snertir eins og fleira.

Ég tel, hæstv. forseti, að það sé fullkomlega þingleg og eðlileg ósk sem ég bar fram að það sé hægt að leggja spurningar fyrir hæstv. fjmrh. í þessari umræðu og komin fram ærin tilefni til. Ég ætla hins vegar ekki að hafa um það fleiri orð, ég set það í vald forseta og stjórnarliða sem hér eru að blanda sér í málin hvernig þeir vilja meðhöndla slíka ósk og tel mig ekki þurfa að rökstyðja hana frekar. Hún er þingleg, eðlileg og mundi fallast undir góðar samskiptavenjur hér, eins og þær a.m.k. tíðkuðust, að verða við henni.

[15:46]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eilítið sérkennilegt að nánast kvarta undan því að hv. stjórnarþingmenn séu að blanda sér í umræðurnar þegar sérstaklega hefur verið farið fram á það af öðrum þingmanni að sá sem hér stendur taki þátt í þessum umræðum og ég frábið mér slíkan málflutning. Það verður líka að hafa það, hv. þm., þó að við tveir séum ekki sammála í þessum málum. Hins vegar legg ég það auðvitað í vald forseta alveg eins og síðasti ræðumaður, hvernig farið verður með þá beiðni sem hér hefur verið lögð fram af hans hálfu um að fresta umræðunni. Ég mun ekki gera neina athugasemd hver svo sem úrskurður forseta verður, en ég tel óeðlilegt að bera fram kröfu um nærveru ráðherra vegna spurninga um málefni sem ekki eru í því frv. sem hér er til umræðu, þegar ráðherra málsins er hér sjálfur staddur.

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er bara formhyggja hjá hv. þm., formalismi af verstu tegund. Auðvitað er hægt að setja hlutinn svona fram að af því að húsaleigubætur í frv., sem einhvern tímann verði flutt, heyri undir fjmrh., þá komi honum ekkert við þegar hér er verið að fjalla um húsaleigubætur og þá sé ósanngjarnt að óska eftir nærveru hans. En málið liggur þannig að það eru hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. sem takast á um þessi mál í ríkisstjórninni. Félmrh. upplýsir að það sé engin niðurstaða í þeim efnum og þá er náttúrlega fullkomlega eðlilegt að óskað sé eftir svörum frá hinum ráðherranum sem málið snertir, þ.e. fjmrh. Það er ekki hægt með neinum rökum að mæla á móti því að húsaleigubætur eru auðvitað eitt af undirstöðuatriðunum varðandi kjör leigjenda. Í öðru orðinu segir hv. þm. að þetta frv. sé mikilvæg réttarbót fyrir leigjendur, en ætlar hv. þm. að halda því fram að húsaleigubætur séu það ekki líka? Og er óeðlilegt þegar hér er mál á ferðinni sem varðar réttarstöðu og kjör leigjenda í landinu að þá sé spurt um húsaleigubætur? Ég skil ekki svona tilraunir til útúrsnúninga, ég verð að segja það alveg eins og er, og formhyggju sem er hv. þm. ekki samboðin. Við þurfum ekki að vera að fara slíka þrengslavegi hér í umræðum og skoðanaskiptum á Alþingi. Hins vegar skal ég ekki þrasa um þetta frekar. Ef ríkisstjórnin er þannig á sig komin að það er beinlínis stórhættulegt fyrir stjórnarsamstarfið að orðið sé við saklausri ósk af þessu tagi og fjmrh. komi hér og svari spurningum, þá verður stjórnin náttúrlega að meta það hvort hún leggur það á sig að hunsa slíkar sanngjarnar óskir til þess að reyna að lengja líf sitt a.m.k. um einhverja daga, sem þá væntanlega eru.

[15:49]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram varðandi frv. sem hér er til umræðu að það eru jákvæðar undirtektir við það af hálfu okkar stjórnarandstæðinga eins og hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. kom að. Hins

vegar er þetta mál um húsaleigubæturnar nátengt framgangi þess máls og er ekkert óeðlilegt að það sé upplýst við þessa umræðu. En það hefur verið upplýst að það sé ekkert samkomulag í stjórnarliðinu um þetta mál og hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. segir að menn verði bara að una við það að niðurstaða fáist ekki. (Gripið fram í.) Fólk á bara ekkert að una við ríkisstjórn sem nær ekki niðurstöðu í hverju málinu eftir öðru og ekki neinu máli, það á ekkert að una við það. Sú ríkisstjórn á auðvitað að fara frá.

[15:50]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú kannski ástæðulaust að vera a teygja lopann í þessum umræðum, en hitt er alveg ljóst að það er ekki rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að hér væru til umfjöllunar húsaleigubætur. Þær eru það ekki. Það er allt annað mál sem hér er til umræðu, þ.e. lög um húsaleigu, húsaleigusamninga og það sem þeim tengist. Þessar bætur eru annað mál sem mundu væntanlega koma í sérstöku frv. ef af yrði og þær tengjast auðvitað náið fjárlagaundirbúningi og fleiru af þeim toga þannig að ég held að ekkert þurfi að fjölyrða frekar um það. En ég fagna því sem fram kom í máli hv. ræðumanns að hann er sammála þeirri stefnu sem er í frv. til húsaleigulaga, getur fellt sig við það mál og þá vona ég að hann greiði fyrir því að það nái fram að ganga sem fyrst með störfum sínum í félmn.

[15:51]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekkert legið á liði mínu í félmn. að frumvörp nái þar fram að ganga sem mér eru að skapi. Ég er alveg skýr á því hvaða frv. er til umræðu en hins vegar er það svo að það er nauðsynlegt til þess að gera sér grein fyrir hvaða áhrif þetta frv. hefur á stöðu leigjenda að vita það, hvort ætlunin er að leggja fram annað frv. jafnhliða sem fjallar um húsaleigubætur. Ég veit það alveg fullvel að það frv. er ekki hér á dagskrá því það er ekki komið fram. Ég er ekki svo skyni skroppinn að ég telji að frumvörp séu hér á dagskrá í þinginu sem er ekki búið að leggja fram, en hins vegar er það nauðsynlegt að vita hvort það kemur fram því að það hefur auðvitað áhrif á þá löggjöf sem við erum að ræða um og áhrif á það hvað hún er miklar réttarbætur fyrir leigjendur og leigusala í landinu.

[15:53]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Ég held, hæstv. forseti, að það sé alveg nauðsynlegt að taka það skýrt fram að það eru auðvitað engin bein tengsl milli þess máls sem menn hafa verið að gera hér að umtalsefni, húsaleigubóta og þessa frv. og það er ekki rétt að gefa það í skyn að það sé ekki hægt að afgreiða þetta frv. sem hér er á dagskrá og gera það að lögum nema hitt málið sé með einhverjum hætti komið fram eða niðurstaða liggi fyrir í því. Það er algerlega annars eðlis. Hér er um að ræða grundvallarrammalöggjöf sem frv. sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir og ekkert því til fyrirstöðu að afgreiða það mál sjálfstætt eins og frv. gerir ráð fyrir alveg án tillits til þess hvort húsaleigubætur verða hér einhvern tíma teknar upp eða ekki. Það er einfaldlega annað mál eins og ég hef margsagt.

[15:54]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst þegar hlustað er á málflutning hv. 2. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Norðurl. e. að þeir leggja mikla áherslu á það að frv. um húsaleigubætur komi inn í þingið og nái fram að ganga og verði að lögum. En mér varð jafnframt hugsað til þess þegar ég sat undir þeirra ræðum að við værum alls ekki að ræða það mál hér. Ef samstaða hefði náðst um það þegar við sátum saman, þessir þrír flokkar, Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl., í ríkisstjórn þar sem var oft og iðulega rætt um húsaleigubætur og frv. náði þó ekki inn í þingið fyrr en nokkrum dögum áður en sú ríkisstjórn fór frá. En hefðum við nú náð samstöðu um það mál að koma á húsaleigubótum þegar þessir þrír flokkar gátu það og voru í ríkisstjórn, þá værum við ekki í þessari umræðu nú.

En mér fannst að þessir tveir þingmenn sem ég nefndi hefðu ekki dregið réttar ályktanir af ræðu minni áðan. Mér fannst mjög hlakka í þeim og þeir drógu þær ályktanir af mínu orðum að búið væri að salta frv. um húsaleigubætur. Það væri út af borðinu, dautt. Hér væri um vanefndir að ræða og fleira í þeim dúr kom fram hjá þessum þingmönnum. Ég tel alveg óþarfa að draga þessar ályktanir eins og þeir gerðu vegna þess að þær eru alls ekki réttar. Ég get fullvissað hv. þm. um að þetta frv. mun koma inn í þingið og ég tel enga ástæðu til að ætla annað en stjórnarflokkarnir nái niðurstöðu í þessu máli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill leyfa sér að leiðrétta ræðumann, trúir að hæstv. ráðherra hafi mismælt sig þegar vísað var til ríkisstjórnar, þar hafi átt að nefna Alþb. en ekki Sjálfstfl. (**Félmrh.**: Þá leiðréttist það hér með.) Rétt skal vera rétt.

[15:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. hefur skilið það alveg rétt að við erum m.a. að reka eftir þessum svörum vegna þess að okkur er það kappsmál, a.m.k. mér að þessar húsaleigubætur komist á og hefur lengi verið. Ég get reitt fram plögg og gögn allt frá miðjum síðasta áratug sem ég veit að hæstv. félmrh. man eftir til að vitna um mína afstöðu í þessu máli til langs Hún breyttist ekkert, hvorki í tíð síðustu ríkisstjórnar né hefur hún gert það síðan þannig að hæstv. félmrh. verður a.m.k. að skýra mál sitt betur en svo að láta að því liggja að það hafi eitthvað skort á minn stuðning við það að húsaleigubætur nái fram að ganga jafnt þá sem nú. Og ætli það sé nú ekki þannig ef hæstv. félmrh. rifjar þetta betur upp að hún hafi átt í þeim erfiðleikum í sinni eigin fjölskyldu, hæstv. ráðherra, þ.e. í Alþfl. með að fá órofastuðning við þetta fyrirkomulag. Ég er ekki alveg viss um, svo að ég leyfi mér nú bara að velta vöngum yfir því t.d., að hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. hafi verið brennandi í andanum

sem áhugamaður og stuðningsmaður þess að taka hér upp húsaleigubætur. En e.t.v. vill hæstv. félmrh. upplýsa það betur hvernig viðhorfum formanns flokks hennar er háttað.

Mér þóttu hins vegar athyglisverð og ég vona að hæstv. félmrh. hafi lagt eyrun við síðustu orð hv. 8. þm. Reykv., Geirs Haarde og formanns þingflokks Sjálfstfl. En hann lauk máli sínu á því að segja svo og svo, hvort sem húsaleigubætur verða nú einhvern tíma teknar upp eða ekki. Mér fannst ekki felast í þeim orðum mikil skírskotun til þess að það sé eitthvað fast í hendi í þessum efnum, hæstv. félmrh., og er nema von að við spyrjum, óbreyttir þingmenn, hvað sé á döfinni í þessum málum. Það er ekki verið að spyrja að tilefnislausu. Það er skjalfest í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að þetta eigi að taka upp og það reyndar átti að gera strax á árinu 1992, þannig að við erum ekki að spyrja að tilefnislausu.

[15:58]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. segir að við höfum verið slæmir samstarfsmenn hennar áður í þessum efnum og vafalaust hafa þá vistaskiptin og stjórnarsamstarfið sem var tekið upp verið til þess að komast í betri vist, enda var lofað í stjórnarsáttmálanum, þessari litlu bláu bók, að taka upp húsaleigubætur og hæstv. félmrh. hefur þá orðið harla glaður, talið að nú væri hann kominn í betri vist. Vonbrigðin hljóta því að vera því meiri eftir því sem samstarfsflokkurinn dregur meira lappirnar í þessum efnum.

Ég dreg þá ályktun af þessari umræðu að samstarfsflokkur hæstv. félmrh. ætli sér að draga lappirnar öllu lengur og þó að hæstv. félmrh. segi það hér að þetta frv. komi fram þá er ég ekki búinn að sjá að það komi fram á næstunni. Það er bagalegt reyndar að geta ekki spurt hæstv. fjmrh. um málið, en það verður sjálfsagt tækifæri til þess áður en langt um líður að taka upp við hann smáumræðu um þetta mál.

[16:00]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum síðasta ræðumanns og svartsýni hans og orðum um að Sjálfstfl. dragi lappirnar í þessu efni, þá vil ég minna hv. þm. á það að þegar við fjölluðum um húsbréfakerfið á sínum tíma var það marga mánuði ef ég man rétt til umfjöllunar í þingflokki Sjálfstfl. Framsfl. dró mjög lappirnar í því efni en það mál komst inn í þingið og komst í höfn í lokin og það sama mun gilda um þetta frv.

[16:01]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér endist nú ekki eitt andsvar ef ég ætti að rifja upp allt það sem gekk á í kringum þetta húsbréfakerfi. Mér er það í fersku minni. Ég var einn af þeim sem tóku það á sig að samþykkja það með öllum sínum kostum og göllum. Og ef Sjálfstfl. leggur eins að sér í þessu húsaleigubótamáli og ég gerði t.d. í þessu efni, þá þarf hæstv. félmrh. ekki að kvarta.

[16:02]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð sem innlegg í þessa umræðu. Fari svo að fram verði lagt frv. til húsaleigubóta þá vil ég benda á þá staðreynd að það er eins og menn hafi ekki gert sér ljóst eða gengið leiðina til enda að staðgreiðslukerfi í þessu landi. Ég vil benda á að t.d. endurgreiðsla námslána miðast við brúttótekjur manna þegar þeir koma heim frá námi og hefja greiðslur. Það er auðvitað með öllu ósanngjarnt þar sem fólk sér auðvitað aldrei það sem tekið er með staðgreiðslum en er ekki lengur með þetta fé á milli handanna í einhvern tíma. Þess vegna vildi ég nú biðja hæstv. félmrh. að hafa það á bak við eyrað þegar farið verður að reikna mönnum húsaleigubætur að það sé ekki líka gert af brúttólaunum vegna þess að það gagnast fólki á engan hátt sem fólk aldrei sér nema sem tölu á launaseðlum sínum. Og ég held satt best að segja að það væri verkefni fyrir hæstv. fjmrh. að taka til og samræma þessi atriði. Ég hef grun um að þetta sé víðar í kerfinu að menn reikni bætur til fólks eftir brúttótekjum en ekki þeim raunverulegu tekjum sem það hefur eftir að staðgreiðslukerfi var komið á. Þetta vildi ég biðja hæstv. félmrh. að íhuga. Ég er ekki svo vel að mér að ég muni eða kunni hvort t.d. greiðslugeta manna við útreikning á húsbréfum miðast við brúttótekjur eða raunverulegar tekjur sem menn fá í hendurnar og ráðherra gæti kannski upplýst það, en ég veit að þetta er sums staðar svona við áætlanir af þessu tagi. Og þetta þykir mér mjög mikilvægt að heldur fyrr en seinna verði farið að samræma allt kerfið við þá grundvallarbreytingu sem varð þegar staðgreiðslukerfi var komið á.

[16:04]

Þuríður Pálsdóttir:

Hæstv. forseti. Þegar verið var að fjalla um þessi frumvörp þá komu mér satt að segja ekki í hug húsaleigubæturnar. En það virtist verða aðalmálið hjá hv. þm. stjórnarandstöðunnar. Þá datt mér í hug að Húseigendafélagið sendi tilkynningu í Morgunblaðið um að það samþykkti húsaleigubætur. Svo las ég nú greinina til enda og neðsta málsgreinin hljóðaði þannig: „Svo framarlega sem leigutekjur yrðu ekki skattlagðar."

Hv. þm. hafa nefnilega talað mikið um að menn gefi ekki upp húsaleiguna, að leigjendur búi við slæm kjör og okurverð en geta samt ekki gefið upp hvað þeir borga mikið. Þá spyr ég: Hver í veröldinni ætlar þá að meta það hver á að fá húsaleigubætur, ef menn gefa upp að þeir borgi 15 þús. kr. en borga kannski 45 þús. kr.? Og hverjum á að reikna bætur?

Svo er annað til sem er stór spurning: Hvaða markhópur er þetta? Hvaða fólk er þetta sem við ætlum að greiða bætur? Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði: Barnafólk, og ég man ekki hvað meira. Mig langar til þess að benda honum á það að sjálfsbjargarfólk í þjóðfélaginu sem er margtekjutengt í bak og fyrir og greiðir meira og minna fyrir bæði þetta og annað er sjálft barnafólk með þungar skuldir og situr eftir algerlega staurblankt og hefur ekkert eftir til þess að borga öðrum bætur.

Mig langar aðeins til að minnast á þessi frumvörp sem verið var að tala um. Það hefur oft komið fyrir hér á Alþingi, virðulegi forseti, að lagafrumvörp hafa verið mjög flaustурslega unnin að mínu mati og oft á þann veg að þau gera meira ógagn en gagn. Og einnig í sumum tilfellum er ógerlegt að framfylgja þeim samanber þau lög sem ég þarf að vinna eftir. Þá geta lagafrumvörpin iðulega leynt á sér mjög varðandi það að þau hafa í för með sér útgjaldaaukningu fyrir einhvern hóp í þjóðfélaginu sem þingmenn gera sér enga grein fyrir fyrr en eftir á vegna þess að þau eru einfaldlega ekki nógu vel unnin. Þetta þótti mér í fyrra um mörg frumvörp sem voru á leiðinni, en ég verð þó að segja það að þessi tvö frumvörp eru mjög vel unnin, sérstaklega húsaleigufrv. Og sannleikurinn er sá að það er mjög nauðsynlegt að einmitt frumvarp varðandi fjöleignarhús sé skýrt og vel afmarkað vegna þess að það eru sleitulausar deilur í þessum húsum. Fólk þarf að vita hvað það á að gera, hvernig það á að bregðast við, hvaða rétt það hefur. Þetta þekki ég mjög vel og það er afar nauðsynlegt að hafa þetta skilmerkilegt og gott þó náttúrlega megi sníða þessa annmarka af sem ég er algerlega sammála eins og t.d. þessa skilgreiningu á því hvað sé hús.

Einnig er það í sambandi við húsaleigulögin. Þau eru mjög vel unnin og þau eru til mikilla hagsbóta fyrir leigjendur. Ég þekki þau líka svolítið. Mér fannst frv. of langt og mætti kannski stytta það, en aðalatriðið er að lögin séu skýr, vel unnin og það sé hægt að fara eftir þeim. Og mér finnst það satt að segja mjög leiðinlegt að heyra hv. þm. vera með skens langt út fyrir þessi frumvörp sem hafa mikið að segja fyrir húseigendur og leigjendur þessa lands.

[16:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. síðasti ræðumaður hefur eitthvað misskilið orð mín og ég held reyndar misskilið grundvallarhugsunina á bak við húsaleigubætur. Ég held að það hafi aldrei staðið annað til en að stofn til húsaleigubóta yrði sannanlega greidd húsaleiga sem hægt er að sýna fram á að hefur verið greidd og er þannig fram talin. En kostnaður leigjandans og það yrði síðan aftur til þess að þessi mál almennt kæmu meira upp á yfirborðið af þeirri ósköp einföldu ástæðu að leigjendur mundu frá og með upptöku húsaleigubótanna að sjálfsögðu sjá sér hag í því að telja skýrt og skilvíslega fram allan þann kostnað sem þeir hefðu vegna leigu íbúðarhúsnæðis. Það hlýtur að vera markmið í sjálfu sér að þessi mál komi upp á yfirborðið og um leiguviðskiptin séu gerðir samningar sem tryggja réttarstöðu beggja aðila. Skattaleg meðferð leigutekjanna er svo aftur annað mál ef hv. þm. var að láta að því liggja eða lýsa sig stuðningsmann þess að það yrðu skattfrjálsar tekjur, þá er það bara algerlega (**PurP:** Það ætla ég ekki að gera.) nei, nei. En þó svo væri, þá væri það algerlega sjálfstætt mál hvernig menn vilja skattleggja leigutekjurnar sem slíkar, en það hlýtur að vera markmið okkar allra að þær séu taldar fram, að báðir aðilar geri með réttum hætti grein fyrir þessum færslum. Núverandi ástand er bersýnilega óréttlátt gagnvart leigjendunum. Það er ekki hægt að mæla á móti því að á sama tíma og þeir sem eru að kaupa eða hafa verið að byggja sér húsnæði fá stuðning í gegnum vaxtabætur til þess að mynda þá eign, þá fá leigjendur ekki neitt skattalegt hagræði en bera kannski ekkert ósvipaðan kostnað vegna leigu á íbúðarhúsnæði og aðrir bera í gegnum afborganir af þeirri eign sem þeir eru þó að mynda með stuðningi hins opinbera í gegnum vaxtabætur. Þetta ástand er bersýnilega óréttlátt, þetta er mismunun.

[16:11]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Hér er farið að ræða efnislega um húsaleigubætur sem sýnir að það er nauðsynlegt að frv. komi sem fyrst inn í þingið. Það er alveg ljóst hverjir eiga að fá þessar húsaleigubætur. Það fólk sem er á almennum markaði og er innan tekjumarka félagslega húsnæðiskerfisins. Húsaleigan sem slík hefur mjög lítil áhrif á húsaleigubætur vegna þess að það yrði myndaður ákveðinn grunnstofn bótanna og síðan yrði ákveðin upphæð fyrir hvert barn í fjölskyldunni. En húsaleigan sem slík, það væri ekki nema 12% af þeirri upphæð sem hefði áhrif á húsaleigubæturnar, þannig að þó að leiga hækkaði um einhverjar 10.000 kr. þá mundi það ekki hækka húsaleigubætur nema um 1.200 kr. Ég hélt að þessari skýrslu, sem gerð var á sínum tíma af nefndinni og kom út fyrir nokkrum mánuðum síðan, hefði verið dreift meðal þingmanna, ég man ekki betur. Þar var þetta nákvæmlega skýrt. En ég held að það sé nauðsynlegt að þetta frv. fái að koma inn í þingið sem fyrst.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Andsvörum er lokið og fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs. Því var beint til forseta að fresta þessari umræðu vegna þess að hæstv. fjmrh. var ekki hér til að svara ýmsum spurningum sem að dómi forseta snúa að öðru máli, þ.e. húsaleigubótum. Forseti sér ekki ástæðu til þess að fresta umræðunni af þeim sökum og þykist vita að hv. 4. þm. Norðurl. e. sættir sig við þann úrskurð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stytting vinnutíma, fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 77. mál. — Þskj. 80.

[16:13]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þáltill. um styttingu vinnutíma sem er að finna á þskj. 80. Flutningskonur auk mín eru aðrar þingkonur Kvennalistans. Tillögutextinn er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir styttingu vinnuvikunnar með það að markmiði m.a. að skapa fleiri störf. Vinnuvika í dagvinnu verði stytt í 35 stundir í áföngum og án kjaraskerðingar. Haft

verði samráð við aðila vinnumarkaðarins og jafnframt kannað hvort slík aðgerð geti verið liður í kjarasamningum."

Tillagan er endurflutt frá sl. vori en þá gafst ekki tími til þess í hv. félmn. að fjalla um hana að öðru leyti en því að tillagan var send út til umsagnar. Greinargerðin er að hluta til með nýjum upplýsingum sem mig langar til að lesa, með leyfi forseta:

„Atvinnuleysi hefur vaxið á undanförnum árum. Frá því í september 1992 til ágústloka 1993 var það 4% að meðaltali þrátt fyrir að gripið hafi verið til allnokkurra aðgerða gegn atvinnuleysi. Þrátt fyrir vaxandi atvinnuleysi hefur vinnudagur Íslendinga lítið styst og lengdist raunar milli ára hjá ýmsum stéttum frá ársbyrjun 1992 til ársbyrjunar 1993. Meðalvinnutími fullvinnandi fólks var á fyrsta ársfjórðungi 1993 46,2 stundir á viku samkvæmt upplýsingum Kjararannsóknarnefndar."

Einnig er rétt að vekja athygli á því að fskj. IV er nýtt enda er bókin um atvinnulausa á Íslandi ný af nálinni.

Varðandi umsagnirnar sem borist hafa þá er skemmst frá því að segja að þeir fjórir umsagnaraðilar sem svarað hafa eru allir meira eða minna fylgjandi efni tillögunnar, ASÍ slær þó þann varnagla að hyggilegast sé að láta fara fram könnun á því hvort unnt sé að ná markmiðum tillögunnar með víðtæku samráði við aðila vinnumarkaðarins og með því að byrja á slíkri könnun. Mér finnst sjálfsagt að hv. nefnd íhugi hvort slík könnun væri fyrsta skrefið í átt að styttingu vinnutíma eða hvort heilladrýgra sé að stíga skrefið til fulls eins og tillögutextinn gerir ráð fyrir.

Í umsögn BSRB til nefndarinnar segir m.a., með leyfi forseta:

„BSRB mælir með samþykkt tillögunnar. Það hefur verið krafa BSRB til margra ára að stytta vinnutímann án kjaraskerðingar og hafa hagsmunir fjölskyldunnar og vaktavinnufólks t.d. verið hafðir sérstaklega í huga í því sambandi. Nú þegar aukið atvinnuleysi þjakar þjóðina kemur nýtt sjónarmið inn í þessa umræðu sem BSRB telur að eigi að taka tillit til."

Í umsögn frá Kvenfélagasambandi Íslands segir m.a., með leyfi forseta:

„Í greinargerð tillögunnar segir: Með styttingu vinnutíma er hægt að skapa fjölmörg störf og spara samfélaginu umtalsverðar fúlgur sem ella væru greiddar í atvinnuleysisbætur. Fjárhagslega séð er þetta rökrétt en stytting vinnutíma hjá svo vinnufirrtri þjóð sem Íslendingum hefði marga frekari kosti upp á að bjóða."

Síðan eru nokkir þessara kosta raktir, m.a. að með fleiri stöðugildum mætti jafna vinnuþátttöku, vinnuálag og sókn í yfirvinnu muni ekki breytast en að augljóst sé að launakjör almennings verði að endurskoða í kjölfarið á slíkri breytingu sem þarna er lögð til. Og undir lok umsagnarinnar er sagt, með leyfi forseta:

„Það er skoðun stjórnar Kvenfélagasambands Íslands að ærin ástæða sé til að endurskoða lengd vinnuvikunnar og taka þarf mið af öllum þáttum mannlífsins, ekki síst til aðstæðna, til uppeldis og aðhlynningar komandi kynslóða."

Í umsögn Starfsmannafélags ríkisstofnana segir m.a.:

„Starfsmannafélag ríkisstofnana mælir með því að till. til þál. nr. 925 verði samþykkt. Það hefur lengi verið krafa SFR að vinnutíminn verði styttur án þess að kjör verði skert á nokkurn hátt. SFR hefur lagt mikla áherslu á fjölskyldupólitík til margra ára í ályktunum sínum frá aðalfundum félagsins. Með styttingu vinnutímans telur félagið m.a. að hagsmunum barna sé betur borgið en nú er þó margt annað þurfi þar líka að koma til. SFR telur brýnt að leita allra leiða til að allir hafi atvinnu við sitt hæfi, stytting vinnutíma er spor í þá átt."

Og í umsögn ASÍ segir m.a., með leyfi forseta:

„Miðstjórn ASÍ tekur einnig undir það sjónarmið að vinnutími hér á landi sé oft óheyrilega langur. Miðstjórnin telur hins vegar ekki sýnt að stytting vinnutíma skapi ný störf í sama hlutfalli og vinnutími styttist." — Hér langar mig að skjóta því inn að ég er afskaplega sammála þessu. Ég veit að það mun fleira gerast en ég tel að hvert eitt nýtt starf sem mundi skapast með þessum hætti væri vel þess virði að reyna þetta og ég mun víkja ef tími leyfir til aðeins nánar að þessu á eftir. En áfram halda þeir ASÍ-menn: „Reynsla annarra þjóða sýnir að ekki er um beint samhengi þarna að ræða og reyndar sýnir okkar eigin reynsla t.d. frá yfirvinnubanninu 1977 að stytting vinnutíma þarf ekki að draga úr afköstum. Í raun hefur vinnutími styst mikið hér á landi á undanförnum missirum, fólki hefur fækkað, afköst hafa aukist og framleiðniaukning hefur orðið töluverð t.d. í fiskiðnaði. Það er líklegt að stytting vinnutíma auki framleiðni og jafnvel launakostnað fyrirtækjanna og óvíst er hvort þeir telji sér hag í að skapa fleiri störf."

Undir lokin er sagt í þessari umsögn:

„Miðstjórn Alþýðusambands Íslands styður hins vegar að gerð sé ítarleg könnun á því hvort vinnutímastytting geti orðið til þess að störfum fjölgi hér á landi. Í því sambandi er samráð við aðila vinnumarkaðarins sjálfsagt. Hvort um það geti verið að ræða að slíkar aðgerðir séu liður í kjarasamningum er að sjálfsögðu málefni sem aðilar vinnumarkaðarins taka ákvörðun um sjálfir sín á milli."

Varðandi þetta seinasta þá vil ég benda á það að þriðji aðilinn, ríkið, hefur stundum komið inn í mál kjarasamninga þó það megi sjálfsagt um það deila hversu æskilegt það er og hvort vinnuveitendum sé ekki oft og tíðum hlíft hreint of mikið. En ég get tekið undir flest það sem kemur fram í þessum umsögnum.

Varðandi efasemdir ASÍ um að atvinnurekendur séu í stakk búnir til að hækka laun þá vona ég að það sé meiri vonarhugur í mönnum þar á bæ nú þegar enn einum kostnaðinum er af fyrirtækjum létt með þeirri vaxtalækkun sem ég vona að hilli undir núna.

Ég tek undir það að styttri vinnutími þarf ekki endilega að merkja að afköst verði umtalsvert minni. Því býst enginn við að störfin sem skapast við styttingu vinnutímans verði jafnmörg og klukkustundirnar gætu gefið til kynna, en það munar um hvert eitt starf og

fyrir atvinnurekendur er þetta enn ein sönnunin um að þeir ættu að geta stytt vinnutíma starfsfólks síns án kjaraskerðingar. Ég tel fulla ástæðu til að láta á það reyna hvort atvinnurekendur væru reiðubúnir til að vinna að þessu máli sem er til heilla fyrir alla, starfsmenn, fyrirtæki og fjölskyldur landsins. Ég ítreka það sem stendur í greinargerð þessarar tillögu að það hefur miklu verið létt af fyrirtækjum og mörg hver ættu að geta gert þetta án hjálpar. Það stendur einnig í greinargerðinni að það mætti alveg íhuga það að þau fyrirtæki, sem ekki eru í stakk búin til að standa sig í slíkri styttingu vinnutíma, fengju tímabundna hjálp á meðan þau væru að aðlagast breyttum háttum.

Mér finnst einnig rétt að íhuga hvort ríki og sveitarfélög ættu ekki að ganga á undan með góðu fordæmi. Það er talað mikið nú um tíðir um reynslusveitarfélög og það er kannski tími til kominn að velta fyrir sér reynsluvinnustöðum.

Ég vek einnig athygli á tillögu sem við kvennalistakonur fluttum á síðasta þingi um sveigjanlegan vinnutíma. Ég held að nauðsynlegt sé að huga að þeim málum meðfram styttingu vinnutíma. Er ég mælti fyrir þessari tillögu undir þinglok þann 20. apríl sl. sagði hæstv. félmrh. í þeirri umræðu, með leyfi forseta: „...að í september 1987 skipaði ég [þ.e. hæstv. félmrh.] nefnd sem falið var að leita leiða til að stytta vinnutíma án þess að tekjur skerðist og liggur fyrir ítarleg skýrsla í því sambandi en nefndin skilaði mér áliti í júlí 1988. Ábendingar nefndarinnar beindust einkum að tveimur þáttum.

Í fyrsta lagi bendir nefndin á atriði sem samningsaðilar á vinnumarkaði gætu beitt sér fyrir með samningum sín á milli. Nefndin lagði til að samningsaðilar semji um lækkun yfirvinnukaups en hækkun dagvinnulauna.

Í öðru lagi benti nefndin á nokkrar stjórnvaldsaðgerðir sem eru til þess fallnar að stytta vinnutímann. M.a. er bent á staðgreiðslu fyrirtækja á sköttum af launagreiðslum og takmörkun á yfirvinnu með lögum."

Ástæður fyrir því að þessar tillögur náðu ekki fram að ganga, þótt mjög vægar séu að mínu mati, rakti hæstv. ráðherra síðan til þess að undirtekir aðila vinnumarkaðarins hefðu verið dræmar. Ég held að nú séu breyttir tímar, ekki þensla áranna 1987 og 1988 og nú sé lag, enda eru undirtektir nú að stærstum hluta jákvæðar þrátt fyrir að við útfærslutón kveði að vísu, eins og oft vill brenna við hjá einhverjum.

Ég tel að hæstv. ráðherra hafi verið trúr sinni sannfæringu um að leita þyrfti ýmissa leiða í þessum málum er hún kynnti tillögur um úthlutun fjár til sérstaks atvinnuátaks kvenna og benti þá sérstaklega á þá nýjung að ráða í svokallaðar „skiptar stöður" þar sem konur héldu óbreyttu kaupi en styttu vinnutíma og verðu viðbótartíma í nám. En ég hlýt vissulega að lýsa eftir og bíða eftir því að sjá sams konar tillögur um vinnu karla. Ég hef ekki orðið vör við slíkar tillögur, en ég held bæði að ýmsir karlar hefðu gott af því að geta stundað nám ásamt vinnu sinni og ég held líka að það verði að líta á þetta sem eitthvað sem er ekki bara fyrir konur.

Það er án efa jákvætt fyrir hv. félmn., sem ég legg til að fái þessa tillögu að lokinni 1. umr. til umfjöllunar, að hafa öll þessi sjónarmið í huga við umfjöllun sína og jafnframt að reka á eftir því að fleiri umsagnir berist. Ég hef þá trú að ef einhvern tímann ætti að vera lag til þess að hrinda þessu sjálfsagða máli í framkvæmd þá væri það núna.

Samkvæmt könnun á atvinnuleysi sem gerð var á vegum Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands og birt er að hluta sem fskj. IV eins og ég áður nefndi, þá kemur í ljós að áhugi á styttingu vinnutíma er mestur hjá opinberum starfsmönnum og ég er þá að tala um styttingu vinnutíma sem úrræði gegn atvinnuleysi. Þetta segir kannski nokkra sögu um það hvar væri fýsilegast að byrja og þá verður maður auðvitað að höfða til þess að opinberir aðilar séu reiðubúnir til þess að hlusta á starfsfólk sitt. En á meðan þeir sem afstöðu tóku til málsins, 67,1%, eru sammála þeirri fullyrðingu að þegar atvinna er af skornum skammti þá ætti að stytta vinnuvikuna í þeirri von að fleiri geti fengið starf. Hér reikna ég öðruvísi en í greinargerðinni, aðeins þá sem taka afstöðu, en allir eru teknir með í greinargerðinni og ég vek athygli á því. — 77,3% þeirra sem eru í opinberri þjónustu eru sammála þessari leið, 10% fleiri en í öðrum stéttum. Mér finnst að þetta sé allrar athygli vert og segi kannski dálítið um það hvernig hyggilegt væri að vinna að slíku máli. En ég er alveg sannfærð um það að þetta er mikið nauðsynjamál og ekki síst vegna þess að við höfum verið, eins og ég held ég hafi haft eftir úr umsögnum, við erum vinnufirrt þjóð að mörgu leyti og ég held að það sé orðið nauðsynlegt að grípa í taumana og nota tækifærið núna þegar atvinnuleysi hefur barið að dyrum og nýta þessa leið til að jafna atvinnu milli fólks og gera okkar samfélag skaplegra.

Að lokinni þessari umræðu þá vil ég leggja til að þessari tillögu verði vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Yfirstjórn menningarstofnana, 1. umr.

Frv. SvG, 8. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 8.

[16:28]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 8 flyt ég frv. til laga um yfirstjórn menningarstofnana. Frv. snertir þrenn lög, þ.e. lög um Landsbókasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands og Þjóðminjasafnið. Þar er gert ráð fyrir breytingum að því er varðar æðstu yfirstjórn þessara þriggja stofnana.

Í fyrsta lagi er fjallað um Landsbókasafnið, í 1. gr. frv., en þar segir:

„Landsbókavörður ræður bókaverði og aðra starfsmenn safnsins eftir því sem fé er veitt til á fjárlögum.

Fari landsbókavörður í leyfi skal staðgengill gegna störfum fyrir hann ...

Landsbókavörður er ráðinn til fjögurra ára í senn. Heimilt er að ráða landsbókavörð í átta ár samfellt hið lengsta."

Í 2. gr. er gert ráð fyrir því að þegar landsbókavörður hættir eða fellur frá, þá verði auglýst staða landsbókavarðar tafarlaust og þá verði skipuð dómnefnd. Í henni eigi sæti fulltrúar frá Háskóla Íslands, frá Bókavarðafélagi Íslands og frá menntmrh. og að menntmrh. eigi síðan í samræmi við niðurstöðu þessarar nefndar að skipa landsbókavörð. Hliðstæð eru ákvæði að því er varðar þjóðskjalasafnið þar sem gert er ráð fyrir því að þjóðskjalavörður ráði aðra fasta starfsmenn Þjóðskjalasafns, að hann ákveði hver verði staðgengill hans, að þjóðskjalavörður verði mest ráðinn til fjögurra eða átta ára í senn og að skipuð verði dómnefnd. Í henni verði fulltrúar frá menntmrh., Háskóla Íslands, Þjóðskjalasafni og að lokinni umfjöllun dómnefndar verði þjóðskjalavörður skipaður í samræmi við álit hennar.

Í III. kafla frv. er svo fjallað um breyting á þjóðminjalögum. Þar er í raun og veru fyrst og fremst sú breyting að þar verði skipuð dómnefnd. Í henni verði fulltrúar frá þjóðminjaráði, menntmrn. og Háskóla Íslands og síðan er þarna ákvæði um að þjóðminjaráð ráði safnstjóra Þjóðminjasafns sem er breyting frá því sem er í gildandi lögum.

Þetta frv. er flutt m.a. vegna þeirra atburða sem hafa átt sér stað að undanförnu varðandi yfirstjórn menningarstofnana og hafa verið ræddir hér ítarlega, bæði að því er varðar Þjóðminjasafnið og að því er varðar Ríkisútvarpið. Út af fyrir sig fóru einnig fram allmiklar umræður um þessi mál í framhaldi af veitingu lektorsembættis við Háskóla Íslands árið 1987 eða 1988. Í framhaldi af þeirri ákvörðun ákvað síðasta ríkisstjórn að breyta lögunum um Háskóla Íslands þannig að til þess að ráða menn við Háskóla Íslands í stöður prófessora, lektora og dósenta, þá þyrfti tiltekið ferli að eiga sér stað og ráðherra væri að nokkru leyti bundinn af því ferli. Með öðrum orðum var háskólanum falið fullt faglegt sjálfstæði í þessum efnum. Út af fyrir sig getur menn deilt á um það hvort það sé rétt að fela slíkri stofnun algert sjálfstæði eins og er um að ræða. Ég tel að svo sé þannig að hún beri bæði ábyrgð á hinu jákvæða og hinu neikvæða í fari sínu og það sé í bestu samræmi við eðli háskólastofnunar, akademíu. Menn geta hins vegar deilt um það hvort hið sama á að gilda um aðrar menningarstofnanir og ég játa það að þegar frv. var samið um breytingu á lögum um Háskóla Íslands á sínum tíma, þá hvarflaði það ekki að mér að fara að flytja hliðstæð frumvörp um aðrar menningarstofnanir vegna þess að ég hafði satt best að segja ekki hugmyndaflug til að láta mér detta í hug að menn mundu fara eins með veitinga- og ráðningarvaldið gagnvart þessum stofnunum og síðar kom á daginn að því er varðar bæði Þjóðminjasafnið og Ríkisútvarpið.

Nú kom það hins vegar á daginn, ég tel að þar hafi verið illa farið með það vald og þann mikla trúnað sem hverjum ráðherra er falinn og af þeim ástæðum er þetta frv. flutt.

Í greinargerð frv. er bent á þann möguleika að auðvitað hefði verið hugsanlegt að flytja hliðstæð frumvarpsákvæði um Þjóðleikhúsið og Ríkisútvarpið. Ástæðan fyrir því að það er ekki gert er sú að að því er Þjóðleikhúsið varðar þá er þjóðleikhússtjóri eins og nú er samkvæmt lögum ráðinn til fjögurra ára í senn og síðan hugsanlega endurráðinn, en auðvitað mætti hugsa sér að það kæmi við sögu einhver dómnefnd við ráðningu þjóðleikhússtjóra. Ég bendi þó á að við ráðningu þjóðleikhússtjóra síðast varð um það mjög víðtæk samstaða meðal starfsmanna hússins og allra annarra sem komu að starfsemi Þjóðleikhússins sem ég tel kannski það mikilvægasta.

Að því er Ríkisútvarpið varðar, þá er ég þeirrar skoðunar og hef verið það reyndar mjög lengi að það sé óeðlilegt að ráðherra sé að skipa framkvæmdastjóra Ríkisútvarpsins. Nóg sé að hann skipi útvarpsstjóra og þá eigi það að vera til takmarkaðs tíma í senn. Hins vegar er það svo að sérstök nefnd er að störfum sem fjallar um breytingu á útvarpslögum, útvarpsframvarpsnefnd eins og ég kýs að kalla hana, og er undir forustu hv. þm. Tómasar Inga Olrich. Ég taldi þess vegna með hliðsjón af því að ekki væri ástæða til að taka útvarpslagaákvæðin inn í þetta sérstaka frv.

Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þetta frv. fáist hér til umræðu og hv. menntmn. fjalli rækilega um það og fái umsagnir sem flestra aðila um málið. Ég er ekki að segja, hæstv. forseti, að hér hafi menn dottið niður á einu hugsanlegu lausnina á þeim vandamálum sem hér er verið að fjalla um. Vel kann að vera að það geti verið fleiri möguleikar uppi í þeim efnum. Aðalatriðið er að Alþingi fáist til að ræða málið að mínu mati og þess vegna er frv. flutt. Og væntanlega tekst einnig að komast að niðurstöðu sem, mér liggur við að segja, ver þessar stofnanir sem hér er um að ræða fyrir gerræðislegu veitinga- og ráðningarvaldi ráðherra ef hann kýs að fara svo illa með það að það orð eigi við.

Að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[16:36]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er flutt eins og segir í greinargerð vegna þeirra atburða sem átt hafa sér stað við stjórn menningarstofnana á undanförnum missirum. Það mætti nú ætla af upphafsorðum greinarinnar að eitthvað skelfilegt hefði gerst og það er samviskusamlega rakið í greinargerðinni. Fyrst er þar rakinn sá atburður eins og það heitir þegar ég sem menntmrh. réð þjóðminjavörð til tveggja ára og eins og segir í greinargerð með, leyfi forseta „án alls samráðs við starfsmenn safnsins", já og gekk jafnvel á svig við lög þar sem safnstjóri átti lögum samkvæmt að taka við starfi þjóðminjavarðar. Minna mátti það nú ekki vera.

Ég vísa þessu á bug og hef raunar gert það áður í utandagskrárumræðu sem hv. flm. þessa frv. hóf hér á síðasta þingi, nánar tiltekið þann 13. apríl og ég vona að ég þurfi ekki að endurtaka það sem ég sagði þá þar

sem ég hrakti þessi sömu ummæli að ég hefði gengið á svig við lög eða mér hefði verið á einhvern hátt skylt að bera mig saman við starfsmenn safnsins áður en ég tók mína ákvörðun um ráðningu Guðmundar Magnússonar til tveggja ára.

Það er nú eiginlega svo að það er kannski meira efni til þess að tala um greinargerðina heldur en frv. sjálft vegna þess að mér finnst hún dálítið sérstök. Þar segir t.d. nokkru neðar í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Þá er augljóst að lögum um Ríkisútvarpið þarf að breyta. Fráleitt er að ráðherra geti hlutast til um ráðningar einstakra starfsmanna útvarpsins með þeim hætti sem núv. menntmrh. hefur gert í blóra við aðra starfsmenn stofnunarinnar."

Það er sem sagt önnur ástæðan fyrir flutningi þessa frv. að ég hafi hlutast til um ráðningu einstakra starfsmanna Ríkisútvarpsins í blóra við aðra starfsmenn stofnunarinnar. *Ég er að reyna að ráða í það hvað* hérna er verið að segja. Mér sýnist það vera að ég hefði átt að spyrja starfsmenn Ríkisútvarpsins hvern ég mætti setja í tímabundið starf sem ráðherra á samkvæmt embættisskyldu sinni að ráða í. Hjá Ríkisútvarpinu er það nú svo að ráðherra ræður aðeins í æðstu stöðurnar, útvarpsstjóra og framkvæmdastjórana, og ég skil satt að segja ekki ef í raun og veru er til þess ætlast að ráðherra beri það undir starfsmenn viðkomandi stofnunar áður en hann tekur sína ákvörðun. Ég er að velta fyrir mér hverjar séu þá skyldur útvarpsstjórans sem ræður hina 380 starfsmennina eða hvað þeir eru margir nákvæmlega, hvort það eigi að leggja sömu skyldur á hann, að hann beri sig saman við starfsmenn útvarpsins áður en hann gengur frá ráðningu nýrra manna. Það væri út af fyrir sig þá samræmi í því, en ég held að þetta geti ekki gengið.

Hv. flm. vísar til þeirra breytinga sem gerð var á lögum um Háskóla Íslands og það kom fram í ræðu hans hér áðan þar sem allt vald var í raun og veru tekið úr höndum ráðherra og fært til háskólans, til dómnefnda og atkvæðagreiðslu í hinum einstöku deildum háskólans. Mér hefur skilst að þetta hafi verið gert og það sama er andinn í þessu frv., fyrst og fremst til þess að koma í veg fyrir að pólitík gæti komist í málið eða ráðið frama manna við háskólann.

Við erum eflaust sammála um það, ég og hv. flm. og vonandi þingmenn almennt, að það beri að efla sjálfstæði háskólans sem mest. En menn mega ekki halda að öll pólitík sé útilokuð ef veitingavaldð er eingöngu tekið úr hendi ráðherrans. Pólitík þekkist nú víðar heldur en bara hjá ráðherrunum eða þingmönnunum. Þetta var um greinargerðina og ég hef svo sem ekki mikið meira um hana að segja.

Um frv. sjálft segi ég aðeins það að mér finnst það vera tímaskekkja að koma með þetta mál inn í þingið núna. Í fyrsta lagi vegna þess að nú er unnið að samningu frv. um þjóðbókasafn sem við getum kallað svo, er nú á vinnslustigi vegna þess að sameining Háskólabókasafns og Landsbókasafns er á næsta leiti. Það mál verður að koma fyrir þetta þing sem nú situr og ég geri fastlega ráð fyrir að geta lagt fram frv. um hið nýja þjóðbókasafn jafnvel nú fyrir jól og það er mjög æskilegt að það fái afgreiðslu á þessu þingi vegna þess að við gerum ráð fyrir að hið nýja safn flytji í hið nýja hús fyrir árslok 1994. Ég vil aðeins skjóta því hér inn að það er unnið að þessari nýju löggjöf eða frv. til nýrra laga. Þar eru ýmsir góðir menn að verki og þær hugmyndir sem þeir hafa sett fram um stjórn þessa nýja safns eru mjög á annan veg, hníga í allt aðra átt *en hér er lagt til án þess að ég geti farið að greina frá* því í smáatriðum hér núna hvað þar er hugsað. Þess vegna finnst mér að breyting á lögum um Landsbókasafn sé ekki á réttum tíma hér í þinginu núna.

Það er líka unnið að endurskoðun þjóðminjalaga og væntanlegt frv. á þessu þingi. Það var kynnt í stefnuræðu forsrh. að það væri ætlunin og að því máli er einnig unnið núna. Þetta frv. gerir sem sagt ráð fyrir sömu skipan um ráðningu forstöðumanna Landsbókasafns, Þjóðskjalasafns og Þjóðminjasafns, þ.e. í stuttu *máli sagt að veitingavaldið verði í raun tekið af* ráðherra og falið þriggja manna dómnefndum skipuðum með tilteknum hætti og ráðherra bundinn við álit þeirra. Ég tel þetta ekki skynsamlega leið. En mér finnst hins vegar mætavel koma til greina að settar verði á laggirnar dómnefndir í sambandi við umsóknir um þessar stöður og dómnefndarálit gæti orðið ráðherra til leiðbeiningar um ráðstöfun þessara embætta til hæfra umsækjenda. Ég tek fram að mér þykir það mjög koma til greina og alveg á sama hátt finnst mér koma til greina og raunar sjálfsagt að tímabinda ráðningar þessara embættismanna. Að því leyti eru við sammála, ég og hv. flm.

Ég tel heldur ekki rétt, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv., að ráðherraskipaður forstöðumaður, jafnvel þótt ráðherrann hafi ekki valið hann heldur aðeins innsiglað það sem dómnefnd hefur ákveðið, velji sér sjálfur staðgengil. Ég tel eðlilegt að það sé þá það sama viðhaft varðandi staðgengilinn og ráðherra ákveði hann. Ráðherra hlýtur að gera þetta.

Hv. flm. sagði að þótt hann teldi að það sama ætti að gilda um útvarpsstjóra og þjóðleikhússtjóra, þá hefði hann ekki flutt frv. til breytinga á þeim lögum vegna þess að þjóðleikhússtjóri væri ráðinn til fjögurra ára nú, sem er rétt, og svo vegna þess að útvarpslög væru í endurskoðun sem er alveg rétt, en þá er sama röksemdin sem gildir varðandi Landsbókasafnið og þjóðminjalögin. Þau eru bæði í endurskoðun eins og ég hef hér rakið en má vera að það hafi ekki verið hv. flm. alveg ljóst.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessar umræður neitt frekar. Á máli mínu má skilja að mér finnst ekki rétt að samþykkja þetta frv. en ég hef hins vegar ekkert á móti því að það fari til hv. menntmn. eins og hv. flm. leggur til og nefndin geti rætt þessar hugmyndir í samhengi þá við þau frumvörp sem eru væntanleg og snúast um þessar sömu stofnanir.

[16:49]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég er samþykk efni þessa frv. í meginatriðum en ég verð að segja það eins og er að ég gerði athugasemd við greinargerð vegna þess að þar fannst mér vera atriði sem ekki eiga heima í þing-

skjali. En það verður að vera smekksatriði. Ég held hins vegar að þær upplýsingar sem hér hafa fram komið um að verið sé að semja þjóðarbókhlöðulög geri það að verkum að það sé gott að þetta frv. kom fram og sjálfsagt að það verði tekið inn í umræðu um þau lög. Ég held í meginatriðum að það sé skynsamlegt að hafa dómnefndir við ráðningu svo þýðingarmikilla starfsmanna og og ég hef ekki séð enn þá að það hafi skaðað Háskóla Íslands að ráðherra hefur ekki lengur einræði í ráðningu starfsmanna þar.

En það er eitt efnisatriði sem ég vil benda á og það er að í frv. segir, með leyfi forseta: „Heimilt er að ráða landsbókavörð í átta ár samfellt hið lengsta." Og hið sama segir um þjóðskjalavörð. Síðan segir hins vegar um þjóðminjavörð að hann skuli skipaður til fimm ára í senn.

Ég hef miklar efasemdir um að ekki sé heimilt að ráða menn lengur en til átta ára. Mér finnst jafnsjálfsagt að menn séu ráðnir t.d. til fjögurra ára í senn, en afburðastarfsmenn í starfi eins og í starfi landsbókavarðar, þjóðminjavarðar og þjóðskjalavarðar, ég held að það væri mikil missa ef slíkir menn væru neyddir til þess að fara úr starfi hversu gott starf sem þeir annars ynnu. Ég hef alltaf litið á þessa tímabundnu ráðningu sem vörn gegn því að menn sem ekki valda starfinu séu í það ráðnir þannig að hægt sé þá að skipta um en ekki að það sé gert til þess að, ja, mér liggur við að segja hleypa fleirum að. Ég held að það sé svo mikilvægt að í þetta veljist hinir hæfustu menn að það væri mikil eftirsjón í því ef þeir yrðu tilneyddir til að fara að loknum átta árum. Það er ekki langur tími í starfsævi manns og ég held að menn hugsuðu sig kannski um að taka við slíku starfi vitandi að þeir fengju ekki lengri tíma til að annast það. Ósamræmi þykir mér einnig í að þjóðminjavörður á að vera ráðinn til fimm ára í senn og þá ekki til átta ára hið lengsta eins og hinir.

Hins vegar hlýtur það að vera umhugsunarefni að nú þegar skuli verið að endurskoða þjóðminjalög, nr. 88/1989. Það vill nú svo til að ég átti sæti í þeirri nefnd sem smíðaði þau lög og ósköp höfum við gert það illa ef nauðsyn er á heildarendurskoðun á þeim lögum. Vel kann að vera að einhverjir agnúar séu á þeirri löggjöf, en til lítils var nú barist á öllum þeim fundum sem ég man ekki hversu margir voru ef það þarf virkilega að fara yfir þann bálk allan og endurskoða hann og að mér skilst samþykkja hér ný lög.

En það var þetta sem ég vildi segja, hæstv. forseti, að ég hef miklar efasemdir um þessa stuttu ráðningu sé um sannanlega hæfa menn að ræða. Að öðru leyti held ég að þetta frv. sé af hinu góða og sé gott innlegg í alla þá lagabálka sem mér skilst að séu í smíðum í ráðuneyti hæstv. menntmrh.

[16:52]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær jákvæðu undirtektir sem frv. hefur fengið hjá báðum hv. síðustu ræðumönnum. Ég læt mér það í léttu rúmi liggja þó að menn geri athugasemdir við greinargerðina því að það hefur aldrei staðið til af minni hálfu að leggja það til að hún yrði samþykkt á Alþingi. Ég geri mér fyllilega ljóst að þar er um að ræða smekksatriði og þar ræður úrslitum sá sem heldur á penna, þ.e. ég í þessu tilviki og er vanur að kveða með þeim hætti að orði sem þarna stendur, en ég er ekki að leggja þetta upp eins og ég sagði til samþykktar fyrir Alþingi eða synjunar og ekki einu sinni fyrir þingflokk Alþb. og er þá langt gengið að vísu, hæstv. forseti.

Varðandi málið að öðru leyti þá finnst mér að það hafi í raun og veru komið fram hjá hæstv. ráðherra og í máli hans skilningur á stöðu og skyldu ráðherra sem er í grundvallaratriðum allt annar en ég hef. Mér er það alveg ljóst, hæstv. forseti, að það er enginn kostur á því að ræða þau mál nægilega vel hér á þessum fundi, en það kom fram í máli hæstv. ráðherra t.d. að honum hafi ekki verið skylt að leita til starfsmanna áður en hann réði þjóðminjavörð til tveggja ára. Það er alveg rétt, honum var það ekki skylt. Það stendur ekki í lögum. Hann sagði líka að sér hefði ekki verið skylt að leita til starfsmanna Ríkisútvarpsins áður en hann réði framkvæmdastjóra til eins árs. Það er rétt, honum var það ekki skylt. Það stendur ekki í lögum. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það hefði verið skynsamlegt að reyna að halda þannig á málum að það hefði tekist sátt um þessa niðurstöðu. Ég veit að hæstv. menntmrh. hefur t.d. reynt að stýra þeirri óstýrilátu stofnun sem heitir þingflokkur Sjálfstfl. og ég er sannfærður um það af þeim sögum sem ég hef heyrt af honum þaðan frá öðrum þingmönnum að þar hefur hann ævinlega sýnt meiri lagni en þegar hann var að stjórna Þjóðminjasafninu og/eða Ríkisútvarpinu. Ég held að honum hafi mistekist, honum hafi verið verulega mislagðar hendur að því er varðar stjórn þessara tveggja menningarstofnana og ég harma það. Ég harma það í fullri alvöru, ekki aðeins vegna þessara stofnana heldur einnig vegna hans sjálfs.

Hæstv. ráðherra sagði síðan um frv. sem slíkt að það væri tímaskekkja með þeim rökum í fyrsta lagi að nú væri unnið að samningu frv. um þjóðbókasafn. Ég vissi ekki um það. Mér þykir það fínt ef það er verið að semja frv. um þjóðbókasafn og þá finnst mér sjálfsagt mál að við tökum það til athugunar, þ.e. hvernig æðstu menn þeirrar stofnunar verða ráðnir og við getum þá skoðað hugmyndir þessa frv. í tengslum við það frv. þegar það kemur. En hæstv. ráðherra sagði að hugmyndir þeirra sem um þetta frv. fjalla um stjórn safnsins hnigi í allt aðra átt en hér er gert að fyrir. Það finnst mér merkilegt, satt að segja, kemur mér á óvart og ég er spenntur að sjá hvaða hugmyndir þeir menn hafa.

Varðandi þau rök hæstv. menntmrh. gegn þessu frv. sem ég mæli hér fyrir að veitingavaldið sé með frv. tekið af ráðherra og það sé ekki skynsamlegt og ekkert fleiri rök um það. Af hverju getur ekki verið að það sé skynsamlegt að taka veitingavald af ráðherra? Hvaða rök eru fyrir því að ráðherra eigi alltaf að ráða mönnum sem vinna hjá ríkinu? Eru einhver sérstök rök fyrir því? Mér er það fullkomlega ljóst að hugsunin á bak við þetta er hin gamla hugsun einveldisins sem síðan var deilt út til ráðherranna þannig að samkvæmt stjórn-

arráðslögunum frá 1970 er í raun og veru hver ráðherra formlega séð einvaldur á sínu sviði. En er endilega rétt að þetta sé skynsamlegt í öllum tilvikum? Er ekki hugsanlegt að í sumum tilvikum sé það rétt að ráðherrann hafi ekki þetta vald heldur sjálfstæðar ríkisstofnanir sem beri ábyrgð, bæði faglega ábyrgð og líka fjárhagslega ábyrgð á þeim peningum sem þessar stofnanir eru að eyða? Er það endilega skynsamlegt að ráðherrar eigi alltaf að ráða því hverjir stýra stofnunum á þessu sviði ríkisbúskaparins? Ég segi nei og ég tala þar af verulegri reynslu í þessum efnum úr nokkrum ráðuneytum. Ég tel beinlínis að það sé rangt að ráðherra sé að kássast upp á mál í ríkisstofnunum með þeim hætti sem oft hefur verið gert og ég tel að undantekningarlítið hafi það gefist illa og stofnanirnar hafi orðið verri faglega eftir þá íhlutun ráðherranna heldur en án þeirra. Þess vegna finnst mér það ekki vera rök að veitingavald í þessu frv. er tekið af ráðherranum. Mér finnst það næstum eins og að segja: af því bara. Það eru engin efnisleg rök fyrir því eða fagleg að ráðherrar eigi endilega að hafa þetta veitingavald.

Staðreyndin er auðvitað sú að það er kostulegt að ráðherrar skuli vera að úthluta embættum á lægri stigum í ríkisstofnunum. Ég tala nú ekki um í æðri embættum. En á lægri stigum í ríkisstofnunum að þar sé ráðherra ekki bara að ráða hinn æðsta yfirmann, heldur líka á lægri stigum. Ég nefni í því sambandi t.d. Tryggingastofnun ríkisins eða Ríkisútvarpið. Ég held að þetta sé beinlínis rangt að farið og ég vil láta það koma fram. Ég sé engin rök fyrir því að menn eigi alltaf að taka því sem sjálfsögðum hlut að ráðherrar ráði þessum málum alltaf. Ég skil það ekki. Það er alveg lóðréttur ágreiningur á milli okkar núv. hæstv. menntmrh. í þessu efni, ég heyri það, og ég get út af fyrir sig skilið að það er ekki kostur á því að ræða það til hlítar hér, en ég segi, ég tel að stofnanirnar eigi að vera sem sjálfstæðastar þannig að það sé hægt að taka þessa menn og reka þá líka, ef þörf krefur, og að þeir séu bundnir lýðræðislegu aðhaldi og það sé hægt að gera kröfu til þess að þeir reki undirmenn sína ef þannig stendur á, ef þeir ekki standa sig í starfi. Ég held að reynslan sýni að þetta einræðishugarfar sem kemur hérna fram hjá hæstv. menntmrh., sé gamaldags, úrelt og rangt, og það gerir stofnanirnar verri sem faglegar ríkisstofnanir en þær þurfa að vera.

Ég er nákvæmlega þessarar skoðunar líka að því er varðar það hvort forstöðumaður á að velja sér sjálfur staðgengil eða ekki, ég tel að maður sem er treyst til að ráða ríkisstofnun einhvern tímann eigi að fá að ráða því hver leysir hann af þegar hann er í burtu. Annað geti boðið upp á stórkostlega erfið innri vandamál í stofnuninni ef ágreiningur er á milli hins ráðna yfirmanns og staðgengils hans. Dæmi um það þekkjum við úr ríkisstofnunum bæði nú og áður. Þannig að ég tel eðlilegt að forstöðumaður hafi með þessi mál að gera. Hvort maðurinn er ráðinn til fjögurra ára og aftur fjögurra ára, eða fimm ára og aftur fimm ára skiptir mig engu, það breytir engu í þessu sambandi.

Fyrir allmörgum árum flutti hv. 3. þm. Norðurl. v. um frv. til laga um breytingar á öllu stjórnkerfinu sem gerðu ráð fyrir því að allir æðstu yfirmenn yrðu eingöngu ráðnir til fjögurra ára og svo heimild til að ráða þá til fjögurra ára í viðbót. Út af fyrir sig má þetta vera á þennan veg eða annan fyrir minn smekk, aðalatriðið í mínum huga er það að losa um málið frá því sem það er, æviráðningarkerfið tel ég að sé slæmt.

Þá kem ég að því að lokum sem mér finnst kannski það jákvæðasta við umræðuna, virðulegi forseti, það er það að ég tel að hæstv. menntmrh. og ég og aðrir sem hér hafa talað, hv. 14. þm. Reykv., séum sammmála um tvennt. Í fyrsta lagi að það eigi að vera dómnefndir, eða hugaleiða að það séu til dómnefndir. Það finnst mér árangur ef menn geta náð samstöðu um það. Í öðru lagi að það eigi almennt að tímabinda ráðningar þessara embættismanna, hvernig þær eru tímabundnar er svo annað mál, og ég tel þess vegna að þegar hafi frv. skilað nokkru gagni og ég er viss um að hv. formaður menntmn. sem hefur setið og hlýtt á þessar umræður með mikilli athygli mun beita sér fyrir því af festu og harðfylgi að frv. þetta verði afgreitt samviskusamlega í nefnd hennar.

Útbýting þingskjals:

Niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg, 61. mál, skýrsla forsrh., þskj. 195.

[17:00]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Fyrst þetta með tímabundnar ráðningar og aðvörunarorð hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vegna þess. Ég held að það sé nokkuð almenn skoðun orðið að það eigi að tímabinda ráðningar æðstu embættismanna en það sem kannski hefur skort á í því sambandi er að menn geri sér grein fyrir að það er kannski ekki nægilega tekið tillit til þess í launum þeirra, sem gegna mjög háum embættum tímabundið, eða hvort það eigi að líða ákveðinn tími sem þeir eiga að halda launum eftir að hinni tímabundnu ráðningu lýkur. Mér er kunnugt um að til þessa er mjög horft í löndum í kringum okkur og það er með ýmsum hætti. Það er ýmist að þeir hafi hærri laun en aðrir, eða þá að þeir njóti launa í misjafnlega langan tíma eftir að þeirra afmarkaða ráðningartíma lýkur. Ég tel að það þurfi að horfa til þessa um leið og svona er ákveðið í lögum. Það var ekki gert þegar þetta ákvæði var sett í lög um Þjóðleikhús.

Svo aðeins vegna þess að hv. þm. Guðrún Helgadóttir spurði hvers vegna endurskoðun þjóðminjalaga nú sem eru til þess að gera ný, frá 1989. Ástæðan er sú að það er komin nokkur reynsla á þau og það hafa fundist á þeim ýmsir hnökrar og ég minni á vegna þess að við sátum þá bæði á þingi, ég og hv. þm. Guðrún Helgadóttir, að þegar frv. var til meðferðar í þinginu hafði verið unnið að því er ég best veit af mikilli vandvirkni af nefnd sem hafði starfað í nokkuð langan tíma, það tók afar miklum breytingum í þinginu, við lokaafgreiðslu málsins. Ég held að því miður þá hafi það verið gert í of miklum flýti. Það er einmitt það sem hefur komið í ljós, ýmsir hnökrar á lögunum sem kalla á endurskoðun. Ég held sem sagt að það hafi fyrst og

fremst verið vegna þess að það voru gerðar á því breytingar hér í þinginu sem ekki voru jafn vel grundaðar og nefndin sem skilaði frv. hafði gert.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að hann gerði sér alveg grein fyrir því að mér hefði sem ráðherra ekkert verið skylt að leita til starfsmanna þegar ég skipaði þjóðminjavörð til tveggja ára. Mér þykir vænt um að heyra það frá honum vegna þess að hann hefur áður látið að því liggja og líka í greinargerð að ég hafi gengið á svig við lög. Ég skil hans orð svo að hann taki þau til baka, ég hafi sem sagt ekki gerst lögbrjótur þegar ég skipaði í stöðu þjóðminjavarðar.

Hv. þm. sagðist vera forvitinn að heyra hverjar væru hugmyndir um stjórnun þjóðbókasafnsins. Ég sagði áðan að ég teldi mér ekki fært að fara að greina frá þeim vegna þess að það er enn á vinnslustigi. Það er verið að vinna að samningu frv. um hið nýja þjóðbókasafn en samstarfsnefnd, sem ég veit að hv. þm. kannast við sem hefur verið lengi að störfum, hefur látið fara frá sér hugmyndir sem ég býst ekki við að sé neitt leyndarmál, það kemur í þeirra fundargerðum sem fara víða og þeirra hugmyndir eru að menntmrh. setji fimm manna stjórn til fjögurra ára í senn og af þessum stjórnarmönnum verði tilnefndir tveir af háskólaráði og tveir af aðilum utan háskólans sem ráðherra felur slíkt verkefni að tilnefna. Þar hafa verið settar fram hugmyndir eins og samstarfsnefnd Rannsóknaráðs og Vísindaráðs að sú nefnd tilnefni Bókavarðafélagið og fleira kemur til greina og síðan skipi ráðherra formanninn án tilnefningar. Þetta eru hugmyndir sem eru á kreiki en ég tek skýrt fram að þær eru ekki fullmótaðar og ekki skilað sem endanlegum tillögum.

Hvaða rök séu fyrir því að ráðherra eigi að ráða hverjir gegni hinum æðstu embættum, ég held að þau séu í sjálfu sér ósköp einföld. Ráðherrann er ábyrgur fyrir þessum helstu stofnunum sem undir hin einstöku ráðuneyti heyra og mér finnst sú röksemd alveg nægja til þess að hann skipi hinn æðsta embættismann. En ég hef látið áður fara frá mér þá skoðun af því að það var minnst á Ríkisútvarpið sérstaklega að það sé ekkert endilega rétt að ráðherra skipi hina einstöku framkvæmdarstjóra. Það hef ég látið fara frá mér áður, m.a. í sjónvarpsþætti þar sem rætt var um framtíð Ríkisútvarpsins þannig að ég tek það skýrt fram að ég er alveg til viðræðu um þá breytingu að ráðherra skipi eingöngu æðsta yfirmanninn.

Ég tel mig nú vera valddreifingarmann og nefni bara í því sambandi að ég hef verið fylgjandi því að grunnskólinn verði færður yfir til sveitarfélaganna og það þýðir auðvitað að allar mannaráðningar við grunnskólann færast frá ráðherra, líka skólastjórarnir, þeir færast þaðan. Þannig að ég er því fylgjandi.

Ég biðst svo undan því í lokin að vera ásakaður fyrir að vera með eitthvert einræðishugarfar. Ég tel mig ekki vera það þótt ég telji rétt að halda við þeirri venju að ráðherra skipi hina æðstu embættismenn hinna ýmsu stofnana sem undir ráðuneytin heyra en ég tek enn og aftur fram að mér finnst alveg koma til greina að ráðherra þurfi að leita umsagnar með einum eða öðrum hætti og þá, eins og ég sagði áðan, að dómnefndir koma mætavel til greina og það vil ég láta athuga.

[17:07]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ummæla hæstv. ráðherra um lögin og Þjóðminjasafnið vil ég segja að það sem ég tel að hafi vægast sagt orkað tvímælis í hans gerðum þar hafi verið það að samkvæmt lögum um Þjóðminjasafnið þá er safnstjórinn staðgengill þjóðminjavarðar. Ég tel að það hefði verið eðlilegra að safnstjórinn hefði fengið að gegna þessu starfi í forföllum þjóðminjavarðar heldur en að ná í mann utan úr bæ með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerði.

Ég heyrði ekki betur, í öðru lagi virðulegi forseti, en að sú stjórnarnefnd sem hæstv. ráðherra nefndi varðandi þjóðbókasafnið, mér gest afar vel að þeirri uppsetningu sem hæstv. ráðherra gerði þar grein fyrir. Ég heyrði þó ekki hvaða hugmyndir væru um hinn æðsta starfsmann þessarar stofnunar en ef ég skil rétt mál ráðherra þá er þar kannski gert ráð fyrir því að þessi nefnd sem hann nefndi sé eins konar samvinnunefnd Landsbókasafnsins og háskólabókasafnsins og sé þar með stjórn safnsins en síðan er auðvitað eftir að ákveða hvernig forstöðumaður safnsins verður ráðinn.

Það er út af fyrir sig rétt að lokum, virðulegi forseti, að samkvæmt núverandi stjórnskipun þá ber ráðherra býsna mikla ábyrgð, en ég spyr: Hvenær hefur reynt á hana? Hvenær hefur reynt á þessa ráðherraábyrgð? Er ekki kominn tími til þess að menn hugsi þessa ráðherraábyrgð upp á nýtt og geri sér grein fyrir því að ráðherrunum hefur nær alltaf tekist að skjóta sér undan henni þegar mikið hefur legið við. Þess vegna held ég að það sé skynsamlegra að ríkisstofnanirnar verði sjálfstæðar stofnanir með sjálfstæða faglega stjórn.

[17:09]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins tvö smáatriði. Það er alveg rétt sem hæstv. ráðherra sagði að frv. til þjóðminjalaga tók undarlegum breytingum í þinginu og ekki voru það síst hv. þingmenn hans eigin flokks sem tóku þar einkennilegar dýfur og voru þó ekki einir um það. Það er alveg rétt að þær breytingar voru tvímælalaust til hins verra. Þannig að ég skal ekki gera miklar athugasemdir um það þó eitthvað þurfi að endurskoða í þessum ágætu lögum.

En aðeins að lokum, frú forseti, þetta ákvæði um að menn skuli helst ekki gegna mikilvægum störfum nema í átta ár kemur úr hörðustu átt á hinu háa Alþingi. Enginn telur menn úreldast hér á hinu háa þingi þó að þeir sitji átta ár og lengur og ég vil aðeins upplýsa, frú forseti, að til eru menn sem ég sakna héðan úr þinginu sem margir hverjir voru búnir að sitja hér áratugum saman og þykir endurnýjunin hafa tekist mjög illa. Þannig að ég held að við ættum ekki að leggja mikla áherslu á það að menn gegndu ekki áhrifastöðum meira en í átta ár og mér finnst fráleitt að ætla að fara að hygla mönnum með hærri launum vegna þess. Reynist menn vel í starfi á að sjálfsögðu að vera hægt að endurráða þá alveg eins og þjóðin endurnýjar kjör-

tímabil eftir kjörtímabil ágætustu þingmenn sína og óskar eftir að hafa þá áfram. (**Gripið fram í:** Og fellir aðra.) Og fellir aðra. En auðvitað á að vera möguleiki á að skipta um starfsmenn ef þeir ekki reynast eins og skyldi. Þannig að ég legg enn áherslu á það að mér finnst slíkt ákvæði ekki hæfa og allra síst héðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 96. mál. — Þskj. 99.

[17:11]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, Eggert Haukdal, Sturla Böðvarsson, Svanhildur Árnadóttir, Árni R. Árnason og Árni M. Mathiesen.

Tillagan sem er á þskj. 99 er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að láta gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna kringum landið með hliðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar."

Eftir því sem ég kemst næst mun áætlun um dreifingu sjónvarpssendinga á fiskimiðunum umhverfis landið ekki hafa verið gerð síðan 1974. Í skýrslu sem menntmrn. gaf út 29. nóv. 1974 er sýndur viðauki við þáverandi dreifikerfi og til hvaða svæða sjónvarpsmerkið næði. Síðan hefur dreifikerfið verið stækkað en sá viðauki hefur þó óverulega beinst að fiskimiðunum nema þeim sem næst liggja ströndum landsins.

Við kostnaðaráætlunina 1974 framreiknaða hefur síðan verið stuðst þegar þetta mál hefur komið til umræðu á Alþingi, síðast árið 1990, en þá kom fram í svari þáv. menntrmh. við fyrirspurn að kostnaður við sjónvarp til sjómanna var talinn um 490 millj. á verðlagi í árslok 1988. Og að í áætlunum um dreifingu sjónvarps til sjómanna væri gert ráð fyrir aflmiklum sendum sem ná munu um 25–50 sjómílur út fyrir grunnlínu landhelginnar. Þar kom einnig fram að af fjárhagsástæðum hefði áætlun um framkvæmdir við þetta viðamikla verkefni ekki verið tímasett en auk stofnkostnaðar mundi fylgja tvöföldun á rekstrarkostnaði dreifikerfis sjónvarpsins sem væri áætlaður 34 millj. á ári.

Væntanlega hefur margt breyst frá 1974 varðandi möguleika á útsendingum sjónvarps og hljóðvarps. Því er hér lagt til að gerð verði könnun á þeim kostum sem í boði eru til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna með hljóðsjón af þeirri tækniþróun sem orðið hefur á sviði ljósvakamiðlunar. Tækniþróun á sviði sjónvarps og útvarps er mjög ör, gervihnattatækni og annarri útsendingartækni hefur fleygt fram á undanförnum árum. Það hlýtur að vera tímabært að skoða möguleika á notkun gervihnattasendinga fyrir hljóðvarp og sjónvarp sem bætt geti þjónustu við sjómenn á hafi úti og jafnframt þjónað dreifikerfinu innan lands. Móttökuskilyrði sjónvarps og útvarps eru mjög misjöfn á hafinu kringum Ísland. Skipverji á Víkingi AK 100 sem hefur fylgst vel með móttökuskilyrðum undanfarin ár gerði þann uppdrátt sem fylgir þessu þskj. Ef farið er hringinn í kringum landið þá er lýsing hans á móttökuskilyrðum sjónvarps þannig: Sýn sést frá Látrabjargi alla leið til Reykjavíkur. Ríkissjónvarpið sést inni í Ísafjarðardjúpi, dettur út við Stigahlíð, sést við Súgandafjörð og Dýrafjörð, ekki út af Patreksfirði og Tálknafirði nema á kafla í Nesdýpi, dettur út tvær mílur út af Straumnesi. Fyrir sunnan Látrabjarg heyrist talið en mynd sést ekki nema það sé háþrýstisvæði yfir landinu. Byrjar að sjást 20 mílur fyrir sunnan Látrabjarg og sést að Öndverðarnesi. Dettur svo út að mestu en kemur aftur inn við Hellnanes og þá mjög óskýrt en næst svo mjög skýrt þegar 22 mílur eru í Akrafjall, sést svo alveg óslitið mjög vel að Ingólfshöfða. Dettur út fyrir austan Ingólfshöfða og kemur aftur inn við Hornafjörð, smáfjarar svo út og er alveg dottið út við Stokksnes. Kemur ekki inn aftur fyrr en fyrir Langanes þar sem það sést ef legið er í vari. Dettur svo út þegar siglt er fyrir Langanes, kemur ekki aftur inn fyrr en við Grímsey þar sem það nær 15 mílur norður fyrir eyjuna og er skýrt frá Grímsey og inn á Eyjafjörð. Dettur út aftur við Húnaflóa en kemur svo aftur inn við Djúp. Ef það er háþrýstisvæði yfir landinu lagast skilyrðin. Þá næst sjónvarp t.d. út af Djúpavogi, við Seley, og út af opnum fjörðum fyrir austan og vestan. Í skipunum sem ég nefndi áðan er mjög gott loftnet og sjá skipverjar oft sjónvarp þó lítið sjáist í nálægum skipum. Þeir sjá norska sjónvarpið á Breiðafirði og út af Vestfjörðum, einnig út af Norðurlandi og Austfjörðum. Norska og færeyska sjónvarpið sjást mun lengra frá ströndum en það íslenska. Norska sjónvarpið er mjög skýrt 100 mílur frá strönd Noregs og það færeyska 50–60 mílur frá eyjunum.

Eins og sést af þessari lýsingu eru móttökuskilyrði sjónvarps mjög misjöfn á fiskimiðunum umhverfis landið. Það má segja að þau séu allgóð frá Faxaflóa og austur að Ingólfshöfða en ýmist gloppótt eða afleit annars vegar.

Móttökuskilyrði útvarps eru einnig mjög misjöfn. Langbylgja heyrist víðast hvar, þó illa út af Vestfjörðum og á Breiðafirði. Miðbylgja heyrist út af Norðausturlandi, Austfjörðum og Suðausturlandi. Bylgjan heyrist vel á Breiðafirði, við Jökul og inn Faxaflóa og Rás 2 heyrist alls staðar þar sem sjónvarp næst. Erlendar stöðvar yfirgnæfa langbylgju og miðbylgju þegar dimmir. Það er stór hópur sjómanna sem er langdvölum úti á sjó, þetta á við um farmenn, togarasjómenn, þá sem stunda rækju- og loðnuveiðar, skipverja á línuskipum og fleiri.

Það hlýtur að teljast sanngjarnt að þessi fjölmenni hópur geti fylgst með útsendingum sjónvarps og hljóðvarps að jafnaði. Þessir menn eru oft og tíðum sambandslausir við umheiminn og þeir heyra ekki í út-

varpi og sjá ekki sjónvarp, farsíminn virkar ekki á stórum hafsvæðum og þá er eina sambandið við land gegnum talstöð. Ef hún bilar er sambandsleysið algjört sem skapar að sjálfsögðu verulegt öryggisleysi þegar ekki er einu sinni hægt að fylgjast með aðvörunum um hættu t.d. fárviðrisspám og tilkynningum um ís.

Við sem flytjum þessa tillögu leggjum ekki dóm á hvaða kostir eru vænlegastir til að bæta útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiðanna. Bent hefur verið á að loftnet á Bolafjalli mundi gera stórkostlegt gagn og einnig loftnet á Gunnólfsvíkurfjalli. Við teljum að kanna þurfi alla möguleika sem bætt geta ástandið og við þá athugun verði höfð hliðsjón af því hvað tækni hefur fleygt fram á þessu sviði á undanförnum árum.

Hæstv. forseti. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni fyrri umræðu vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[17:18]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hérna er hreyft mikilvægu máli og ég vil aðeins lýsa þeirri skoðun minni að ég tel sjálfsagt að hv. menntmn. athugi þetta mál vel og vandlega og leiti upplýsinga fyrsta kastið sem ég efast ekki um að nefndin muni gera hjá útvarps- og sjónvarpsstöðvunum. Það kunna að liggja þar þegar fyrir mikilvægar upplýsingar um þessi atriði. Þetta er mikið öryggismál eins og kom fram í máli hv. 1. flm. og eins og ég segi þá má vel vera að það liggi þegar fyrir upplýsingar sem benda til hver kostnaður yrði við að bæta úr þessu ástandi sem núna er.

Ég ítreka það að ég tel hér hreyft mikilvægu máli.

[17:19]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari þáltill. og tel að hún eigi fullt erindi hingað inn á þingið. Það er svo að það hafa nú um alllangt skeið verið óviðunandi aðstæður til þess að nema sendingar útvarps og sjónvarps til fiskimiðanna á sama tíma og Íslendingar eru að sækja æ lengra eftir fiski og það er full ástæða til þess að láta gera könnun á þeim kostum sem í boði eru til þess að bæta útsendingarnar og greiða úr þessum vanda sem snertir talsverðan hluta af flota Íslendinga og starfsskilyrði þeirra manna sem á skipunum vinna. Síðan langbylgjumastrið var úr leik, sem mig minnir að hafi verið í nóvembermánuði 1991, þá hafa verið sett upp gömul möstur sem munu vera 75 metra möstur ef ég vitna rétt í þessar tölur, en gamla langbylgjumastrið var um 150 metrar. Langbylgjustöðin er rekin á þessum bráðabirgðamöstrum ef svo mætti að orði komast og mér skilst að það sé hægt að reka þessa stöð í 2–3 ár til viðbótar en ekki lengur af tæknilegum ástæðum, þetta er orðinn úreltur búnaður. Langdrægnin hefur minnkað verulega við þetta og það kom réttilega fram í framsögu með þáltill. að það er ekki síst á Vestfjörðum sem móttökuskilyrði langbylgjusendinga eru léleg.

Það er eflaust svo að það koma allmargir möguleikar til greina til að bæta úr þessu ástandi. Þess ber að geta, að það er mjög hátt mastur á lóranstöðinni á Gufuskálum. Þá stöð er ætlað að leggja niður skilst mér bráðlega, ætli það sé ekki innan tveggja ára sem er reiknað með að hún verði lögð niður, en hugsanlegt er að þaðan mætti senda út frá mastri sem er allt að 400 metra á hæð ef ég man rétt, það er gífurlega hátt mastur sem þar er. Ég hygg að um það mál hafi verið bréfað frá menntmrn.

Að því er varðar sjónvarpsmálið þá hefur ekki orðið breyting til batnaðar á síðustu 5 árum og það er raunar fyrirsjáanlegur mjög mikill kostnaður við að bæta aðstöðu til útsendingar sjónvarps. Þar er bæði um að ræða að koma upp dýrum mannvirkjum, sendum, og þeir þurfa raunar að standa hátt yfir sjó til að koma að gagni. Það er þarna um að ræða dýran sendiútbúnað og einnig dýr mannvirki. Það er eflaust hugsanlegt að reyna að bæta úr þessu með samstarfi við varnarliðið, bæri að skoða þann kost mjög gaumgæfilega hvort ekki væri hægt að nýta radarstöðvar sem komið hefur verið upp nýlega, bæði á Bolafjalli og Gunnólfsvíkurfjalli, til þess að koma þaðan útsendingum. Það þýðir að það þyrfti að reisa sendistöðvar og væntanlega möstur líka til að koma útsendingum út. En öll aðstaða til þess að sinna viðhaldi á slíkum sendistöðvum mundi að sjálfsögðu verða betri við slíkar aðstæður.

Að því er varðar gervitunglasendingar, stafrænt útvarp, bæði hljóðvarp og sjónvarp, þá er mikið að gerast í þeim málum nú sem stendur og erfitt í raun og veru að höndla þá þróun. Það er erfitt að gera sér fyllilega grein fyrir hvenær möguleikarnir opnast og hversu dýrir þeir verða. En þar má reikna með að næstu 7 árin muni leiða í ljós hversu miklir möguleikar opnast og á hvaða verði þeir verða boðnir. Ég hygg þó að eins og stendur sé ekki hægt að segja annað en að gervitunglaútsendingar, raunar stafrænt hljóðvarp og sjónvarp hvort sem er um jarðstöðvar eða gervitunglasendingar, þá sé enn nokkuð í að það verði með þeim hætti að það geti leyst þennan vanda. Þó er sú tækni sem er verið að þróa í sambandi við stafrænu kerfin sérstaklega áhugaverð að því er ég hygg í sambandi við flotann. Ég held að það sé full ástæða til þess að gera ítarlega könnun á þessum kostum. Að sjálfsögðu hefur sú nefnd sem nú er að störfum, útvarpslaganefnd, reynt að skyggnast inn í þessi mál, en hefur rekið sig á það að það kostar talsvert mikla yfirlegu að skyggnast til botns í þessum málum. Því er þessi till. til þál. komin fram á réttum tíma af gefinni og gildri ástæðu og ég styð hana heils hugar.

[17:25]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. og hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir ágætar undirtektir við þessa tillögu okkar og veit að hún mun fá jákvæða umfjöllun í hv. menntmn. Ég vil leggja áherslu á það við lok þessarar fyrri umræðu að hér er ekki bara um að ræða þau sjálfsögðu mannréttindi sjómanna að þeir geti notið útsendinga ljósvakamiðlanna með sviþðum hætti og aðrir landsmenn, heldur er hér ekki síður um að ræða mikið öryggismál eins og ég gat um í minni fyrri ræðu og á það vil ég leggja mikla áherslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurmat iðn- og verkmenntunar, fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 113. mál. — Þskj. 118.

[17:26]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um endurmat iðn- og verkmenntunar, en ásamt mér eru flm. að þessari tillögu Finnur Ingólfsson, Valgerður Sverrisdóttir og Guðni Ágústsson. Tillagan er þannig:

„Alþingi ályktar að ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja sé að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu. Forsenda aukinna framlegðar í íslensku atvinnulífi mun í næstu framtíð byggjast á frekari sérhæfingu og vaxandi verkmenntun. Margvísleg rök hníga að því að iðn- og verkmenntun verði nú skilgreind að nýju með tilliti til fjölbreytilegra nýjunga í verklegu og bóklegu námi, bættra tengsla skóla og atvinnulífs og aukinnar fræðslu til almenns rekstrar.

Því samþykkir Alþingi að fela menntmrh. að kveðja saman starfshóp er hafi það verkefni að endurmeta iðn- og verkmenntun í landinu og gera tillögur að breyttu og bættu skipulagi.

Starfshópurinn ljúki störfum eigi síðar en í mars 1995."

Megintilgangurinn með þessari tillögu er að vekja umræðu og hvetja til aðgerða um að laga iðn- og verkmenntun í landinu að nýjum aðstæðum og næsta umhverfi. Á þeirri tækniöld sem við lifum er brýnna en áður að efla iðnmenntun og rannsóknir í nýsköpun í iðnaði. Fróðlegt er að staldra eilítið við og skoða skólakerfið í landinu í ljósi nýrra tíma og skilgreina þá kröfu sem við gerum til menntakerfisins og skilvirkni þess. Hér er þó aðeins vikið að einum þætti þess, þ.e. iðnmenntuninni.

Aðstæður í þjóðfélaginu hafa breyst á síðari árum. Iðnaðurinn og iðnmenntunin þurfa nú nauðsynlega að aðlaga sig að þeim auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna og munu verða gerðar í mjög auknum mæli í næstu framtíð. Því er nauðsynlegt nú að endurmeta iðnnámið og skipulag þess í heild.

Það fyrirkomulag sem stuðst hefur verið við hvað varðar menntun iðnaðarmanna hefur að miklu leyti verið byggt upp á verknámi hjá meisturum í viðkomandi iðngrein samhliða bóklegu námi. Þetta kerfi hefur dugað vel og ávinningur þess er tvímælalaus þótt á því megi finna vissa annmarka. Það á að skoða hvort nám í einstökum iðngreinum á ekki að vera mislangt eftir því hver iðngreinin er. Hins vegar ber að leggja á það áherslu að allir þeir sem í iðnnám fara gangi sem næst sömu leið til náms.

Málefnum iðnfræðslu og verkmenntunar hefur miðað mjög skammt nú um sinn og þætti verkmenntunar þó alveg sérstaklega og er langt í frá að þeim þætti hafi verið sinnt til jafns við bóknámið. Ég fagna þeim orðum sem hæstv. núv. menntmrh. hefur látið falla um þörf aukinnar verkmenntunar í landinu.

Skólamenn hafa nú margir áttað sig á því að þessi þáttur fræðslunnar hefur setið eftir til mikils tjóns, ekki aðeins fyrir menntakerfið heldur og ekki síður fyrir þá fjölþættu atvinnuuppbyggingu sem við höfum verið að fást við.

Iðnneminn hefur nú um þrjár leiðir að velja til iðnnáms sem í flestum tilvikum er fjögurra ára nám.

1. Að fara á samning hjá meistara þegar í upphafi náms og öðlast starfsþjálfun hjá honum á fjórum árum og sækja samhliða verklega náminu bóklegt nám í iðnskóla.

2. Að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla en að því loknu tekur við starfsnám hjá meistara, mislangt eftir lengd skólanámsins.

3. Að byrja í bóklegu námi og ljúka þar ákveðnu grunnnámi. Að því loknu tekur við þriggja ára samningur hjá meistara.

Að loknu fjögurra ára iðnnámi öðlast iðnnemi sveinsbréf en til að hljóta meistarabréf þarf hann að vinna með meistara í þrjú ár og ljúka námi í meistaraskóla. Mjög er til athugunar þar sem iðnfræðsluskólar eru starfræktir að leita samstarf við iðnfyrirtæki á viðkomandi svæði um samstarfssamning sem kveður á um að nemendur sem innritast í iðnfræðsluskóla og ljúki þar námi geti í framhaldi þess einnig lokið þeim þætti málsins sem á að fara fram hjá iðnmeistara.

Í þessu sambandi er til íhugunar hvort ríkisvaldið eigi ekki að koma með ákveðnar aðgerðir sem hvetja iðnmeistara og fyrirtæki til að veita iðnnemum greiða leið til verklegs náms hjá fyrirtækjum sem uppfylla þau skilyrði sem sett eru vegna iðnnáms. Með markvissum aðgerðum í iðnmenntun eins og hér er lagt til að gerðar verði er iðnnemum sköpuð önnur og betri skilyrði til verklegrar kennslu en nú. Nú er svo komið að nemendur sem útskrifast úr verkmenntskólum eiga sífellt erfiðara með að komast til starfsþjálfunar.

Starfsþjálfun í atvinnulífinu er forsenda þess að nemar geti gengið til sveinsprófs og öðlast þannig starfsréttindi. Ef svo heldur fram er nemum gert ómögulegt að ljúka námi eins og þeir eiga þó allan rétt á. Nemendur sem útskrifast úr verkmenntaskólum eiga sífellt erfiðara um vik að komast í starfsþjálfun, en starfsþjálfun í atvinnulífinu er forsenda þess að nemar fái að þreyta sveinspróf og öðlist þannig starfsréttindi. Kristinn H. Einarsson, framkvæmdastjóri Iðnnemasambands Íslands, segir að ef iðnnemi komist ekki í starfsþjálfun sé nám hans nánast ónýtt og sömuleiðis glatist fjárfestingar upp á milljónir króna. Og Kristinn segir enn fremur að svo virðist sem enginn beri ábyrgð á því að ungt fólk sé hvatt til náms í greinum sem því er síðan ekki gefinn kostur á að klára þrátt fyrir að það uppfylli allar námskröfur.

Ég hef heyrt að hundruð nemenda sem lokið hafa námi frá verkmenntaskólum séu stopp í námi vegna þess að þeir komist ekki til verklegs náms. Þetta er allsendis óásættanlegt og með þessari tillögu er gerð tilraun til að taka á þessu vandamáli þannig að þegar nemandi innritast til náms í verkmenntaskóla sé honum það ljóst hvort leiðin til verklegs náms sé honum sæmilega greið.

Ég get ekki látið hjá líða að vitna hér til samþykktar Iðnþings Íslendinga í þessu efni vegna þess

hversu sú samþykkt fellur gersamlega að þeirri tillögu sem ég hef verið að basla við að flytja á undanförnum þingum við þó merkilega lítinn árangur. En í þessari samþykkt Iðnþings Íslendinga segir svo, með leyfi forseta:

„Iðnþing Íslendinga hvetur eindregið til þess að hið skjótasta verði fundin lausn á vanda þeirra iðnnema sem ekki hafa getað lokið námi samkvæmt svonefndri starfsþjálfunarleið. Teljast verður með öllu óþolandi að iðnnemi sem lokið hefur námi í skóla skuli eiga það yfir höfði sér að vera fyrirmunað að ljúka iðnnámi sínu með tilskildum réttmætum hætti. Þess vegna leggur fræðslunefnd Landssambands iðnaðarmanna til að stofnaður verði starfshópur með fulltrúum frá Iðnnemasambandi Íslands, menntmrn., Sambandi iðnmenntaskóla og Landssambandi iðnaðarmanna sem gerir tillögur um að leysa þann vanda innan tilskilinna tímamarka."

Hér er talað alveg skýrum orðum. Það er mikils um vert að komast hjá því að lenda í blindgötum kerfisins. Því er skynsamlegt að byggja svo upp að blindgötur verði ekki hindrun á vegi til mennta. Fagna ber þeim hugmyndum sem nú eru ræddar að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðnmenntunar. Afar mikilvægt er að skapa þeim er ljúka námi í meistaraskóla greiðari leið til frekara náms standi hugur þeirra til þess, án þess að þurfa að stíga veruleg skref til baka í námsferli sínum.

Það er enginn vafi að þeir sem gengið hafa þessa braut verkmennta til náms hafa hlotið mjög ákjósanlega þekkingu sem nýtist mjög vel til frekari framþróunar innan atvinnulífsins. Vert er að vekja sérstaka athygli á hversu námsráðgjöf í íslensku skólakerfi hefur verið máttlítil og takmarkaður skilningur ríkt á því mikilvæga hlutverki sem slík ráðgjöf gegnir fyrir hvern þann sem leitar leiða til náms. Menntakerfið verður að vera sveigjanlegra til að svara auknu kröfum sem gerðar eru til iðnaðarins. Einn þáttur til þess að svara auknum menntakröfum atvinnulífsins er að þróa nýjar starfs- og iðnmenntabrautir á framhaldsskólastiginu. Kröfurnar um aukið bóklegt nám fara sífellt vaxandi. Þar hafa óskir iðnaðarmanna sjálfra vegið mjög þungt. Má þar tilnefna stóraukna þörf á aukinni þekkingu á almennu bókhaldi, fjármálastjórn fyrirtækja, almennum rekstri og markaðsfræðslu.

Samhliða auknu bóklegu námi þarf að tryggja betur en verið hefur verklega kennslu og endurmenntun, m.a. með auknu fjármagni og margvíslegum stuðningi. Afar áríðandi er jafnhliða þessu starfi að huga á hvern hátt megi bæta verkþekkingu þess ófaglærða fólks sem starfar innan lögverndaðra iðngreina. Til athugunar er að taka í auknum mæli upp starfsþjálfun þessa ófaglærða fólks sem í þessum iðngreinum starfar. Slík þjálfun gæti gefið stig í verkmenntabók skráð á nafn viðkomandi sem þá mætti ætla að færði handhafa hennar rétt til bættra kjara.

Sú stefnumótunarvinna sem hér er lagt til að fari fram er best komin hjá fulltrúum atvinnulífsins og þó sérstaklega fulltrúum iðnaðarins sem þegar hafa lagt mikið af mörkum í þessu efni, svo og fulltrúum iðnfræðsluskóla og Iðnnemasambands Íslands. Ég legg áherslu á að þetta mikilsverða mál verði best unnið í fullu samráði og samvinnu við iðnaðinn sjálfan og þá aðila er við eiga að búa. Ég treysti því að hæstv. ráðherra gangi svo frá við skipan þessa starfshóps að hin haga hönd iðnaðarins sjálfs komi sem best að þessari mikilsverðu smíð.

Virðulegi forseti. Ég hef áður flutt tillögu um sama efni hér á Alþingi. Umræður hafa allar verið á einn veg, mjög jákvæðar. Menntmn. þingsins hefur fengið tillöguna til meðferðar og leitað umsagna um hana sem allar hafa verið á einn veg, mjög jákvæðar. Þrátt fyrir mjög jákvæðar undirtektir hv. alþm. og umsagnaraðila hefur menntmn. Alþingis ekki séð ástæðu til þess að afgreiða þetta mál þannig að það geti hlotið eðlilega og þinglega meðferð. Þrátt fyrir afstöðu menntmn. held ég að engum blandist um það hugur að skilningur fólks hefur vaxið á mikilvægi iðn- og tækniþekkingar í landinu. Um það bera bestan vitnisburð fjölmargar samþykktir þeirra er láta sig þessi mál einhverju varða.

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt um menntmn. vil ég trúa því að bjartsýni nefndarinnar hafi aukist á möguleikum íslensks iðnaðar, séu honum búin þau skilyrði sem honum ber. Sú tillaga sem hér er til umræðu miðar svo sannarlega að því.

Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu, virðulegi forseti, verði tillögunni vísað til síðari umr. og menntmn.

[17:40]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. flm. þessarar tillögu þann áhuga sem þeir sýna þessum þætti menntunarinnar. Ég vil aðeins nefna það í upphafi að þó tillögur þessa efnis hafi ekki verið samþykktar hér í þinginu þá þýðir það ekki að ekkert hafi verið unnið í viðkomandi málaflokki. Hér er lögð fram tillaga til þál. um endurmat iðn- og verkmenntunar. Höfuðröksemd flm. fyrir gagngeru endurmati á iðnnámi er sú staðreynd að iðnaður og iðnmenntun þurfa nú nauðsynlega að laga sig að auknum kröfum sem gerðar eru til iðnaðarmanna og sem í nánustu framtíð munu eflaust fara vaxandi. Ég er sammála þeirri skoðun flm. tillögunnar að þörf sé á algerri uppstokkun í skipulagi og framkvæmd iðn- og verknáms í landinu.

Gagnrýni talsmanna iðngreina á þessa þætti og þar með á grundvöll iðnmenntunar hefur farið vaxandi á undanförnum árum. Á sama tíma hafa æ fleiri samtök iðnaðarmanna tekið menntunarmál iðngreina í sínar hendur, m.a. með stofnun svokallaðra fræðsluráða sem fyrst og fremst hafa sinnt endurmenntun og símenntun iðnaðarmanna. Eins og fram kemur í áfangaskýrslu nefndar um mótun menntastefnu er talið mjög brýnt að framkvæmd iðnnáms, sem og annars starfsnáms, verði endurskoðuð frá grunni. Einkum með því markmiði að auka áhrif aðila vinnumarkaðarins á innihald og framkvæmd iðnnámsins.

Með þeirri breytingu á lögum um framhaldsskóla sem samþykkt var á síðasta þingi var stigið mikilvægt

skref í þá átt að gera aðilum vinnumarkaðarins kleift að hafa beinni áhrif á kennslu iðngreina í skólakerfinu en áður hafði verið. Nú þegar er hafið starf við Iðnskólann í Reykjavík sem byggir á hinni nýju lagagrein. Með tilraun í kennslu bókiðngreina er ábyrgðin á framkvæmd iðnnámsins í höndum skóla og atvinnulífs sameiginlega. Námið fer fram á víxl í skóla og úti í fyrirtækjum. Þessir aðilar hafa gagnkvæmt eftirlit með árangri námsins og yfirstjórn tilraunarinnar er í höndum aðila vinnumarkaðarins, skóla og ráðuneytisins sameiginlega.

Það standa vonir til að þessi tilraun gefi vísbendingar fyrir áframhaldandi þróun starfsmenntunar með aukinni aðild aðila atvinnulífsins að náminu. Auk þessara aðgerða sem þegar eru hafnar er mér ánægja að segja frá því hér að tillögur um endurskiplagningu starfsmenntunar í framhaldsskólum, sem nefnd um mótun menntastefnu er að fullgera og birtar verða innan tíðar, eru mjög í anda þeirra ábendinga sem fram koma í greinargerð með þeirri þáltill. sem við erum hér að ræða. Horft er á alla starfsmenntun í framhaldsskólum sem heild og lagt til að stjórnun iðn- og starfsmenntunar verði breytt verulega frá því sem nú er. Markmiðið er að gera kerfið skilvirkara þannig að breyttar kröfur á vinnumarkaði eigi greiðari leið inn í *starfsnám og framkvæmd þess í skólum og fyrirtækjum*. Aðilar atvinnulífs munu bera ábyrgð á markmiðssetningu í starfsnámi og hægt verður að kalla þá til ráðgjafar um framkvæmd starfsnáms í skólum. Einnig er lagt til að skipan iðn- og starfsnáms verði endurskoðuð þannig að nemendur eigi greiða leið til áframhaldandi náms að loknu starfsnámi.

Úr röðum iðnaðarmanna hefur komið fram sú ósk að meistaranám veiti einnig rétt til náms á háskólastigi. Ég tel rétt að huga að þeim möguleika við endurskipulagningu starfsmenntunar í anda tillagna nefndar um mótun menntastefnu og nýrrar lagasetningar um framhaldsskóla sem nú er í farvatninu.

Nefndin leggur einnig til að framboð á starfsnámi verði stóreflt frá því sem nú er og að hafist verði handa við að þróa nýjar námsbrautir í starfsnámi á þeim sviðum þar sem enn er engin formleg menntun til staðar. Einnig verði þróaðar stuttar starfsnámsbrautir en sú vinna er nú í undirbúningi innan ráðuneytisins. Vonir standa til að þegar á næsta hausti verði hægt að fara af stað með stutt starfsnám í nokkrum framhaldsskólum.

Í greinargerð með þessari þáltill. er bent á hversu erfitt er fyrir iðnnema að fá starfsþjálfunarpláss og þar með að ljúka námi sínu. Á þingi Iðnnemasambands Íslands, þann 22. okt. sl., kom ég inn á þetta vandamál í ávarpi mínu. Ég greindi þar frá þeirri fyrirætlan minni að setja af stað starfshóp til að reyna að finna lausn á þessum vanda sem í raun er nokkuð snúinn. Sú vinna er í undirbúningi innan menntmrn. og verður unnin í samvinnu við þá sem þarna eiga helst hagsmuna að gæta.

Að lokum vil ég taka undir þá ábendingu sem fram kemur í greinargerð þessari að brýnt er að tryggja betur að hægt verði að standa myndarlega að verklegri kennslu í landinu, m.a. með auknu fjármagni og margvíslegum stuðningi. Á næstu árum verður að veita sérstakt fjármagn til eflingar starfsnámi, annars er hætt við að tillögur nefndar um mótun menntastefnu, um endurskipan þess, nái ekki fram að ganga.

Eins og fram hefur komið í því sem ég hef hér sagt er sú endurskoðun sem þáltill. leggur til þegar í fullum gangi á vegum menntmrn. og nefndar um mótun menntastefnu og sumt er þegar komið á framkvæmdastig. Það má því segja að samþykkt þessarar tillögu hafi ekki sjálfstæða þýðingu. En mér þykir alveg sjálfsagt að tillagan fari til umfjöllunar í hv. menntmn. sem fær vonandi á þessu þingi til meðferðar frv. til nýrra laga um framhaldsskóla þar sem tekið verður á þessu sérstaka máli og efni þessarar tillögu haft þar til hliðsjónar.

[17:47]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að hér sé borið fram eitt veigamesta málið sem sýnt hefur verið á þessu þingi. Ég vil þakka hv. flm. fyrir að hafa lagt það fram að nýju. Ég held að ástandið í iðnnámi í landinu sé allalvarlegt og svo er komið í nokkrum iðngreinum að við auðn horfir. Við þetta getum við auðvitað ekki unað og ég get engan veginn sætt mig við það sem hæstv. ráðherra sagði áðan, að það væri ekki ástæða til að samþykkja þessa tillögu þar sem verið væri að vinna í þessum málum. Þetta er rangt. Alþingi Íslendinga á að samþykkja þessa tillögu og sýna þannig í verki vilja sinn til að á þessum málum verði tekið. Þar með er ég ekkert að draga í efa að hæstv. ráðherra sé allur af vilja gerður að vinna að þessum málum. En Alþingi Íslendinga *hlýtur auðvitað að hafa leyfi til að lýsa sínum eindregna vilja því ég get ekki ímyndað mér að hér* sé nokkur hv. þm. sem ekki hefur áhyggjur af þessum málum. Sannleikurinn er sá að þessi vandræði eiga sér alllanga sögu. Það hefur því miður verið svo um langt skeið að menn hafa vanmetið verkmennt í landinu. Ég minnist þess allar götur frá því að ég var sjálf í gagnfræðaskóla að mikill munur var gerður á bóknámi og verknámi. Úr þessu hefur vissulega verið bætt með árunum en þegar niðurskurður og samdráttur er í þjóðfélaginu þá er ég ekki í nokkrum vafa um að hann bitnar verr á verkmennt heldur en bókmennt.

Það er hins vegar ekki alveg rétt sem hv. 1. flm. sagði hér áðan að þessum málum hefði verið sýndur lítill sómi. Aðeins höfum við fleiri gert þau að umræðuefni þó að við höfum ekki flutt eins myndarlega tillögu og hér liggur frammi. Ég vil minna hv. þm. á og frú forseta, að ég hef hvað eftir annað gert að umræðuefni verkmenntakennslu í grunnskóla, vegna þess að ég er sannfærð um að þar á að hefja starfið. Sú hefur orðið raunin á að verkmenntakennsla í grunnskólanum hefur mér er óhætt að segja, næstum því lagst af. Það hófst með því að farið var að kenna piltum og stúlkum sömu handmennt án þess að tvöfalda kennslutímann þannig að úr varð hvorki fugl né fiskur. Þetta hefur löngu verið viðurkennt hér á hinu háa Alþingi þar sem þáverandi hæstv. menntmrh., Svavar Gestsson, sinnti beiðni minni um að gerð yrði könnun á

þessu, sem hv. þm. Arndís Jónsdóttir studdi einnig, hún var hér inni sem varaþingmaður Sjálfstfl., enda handmenntakennari og skildi þess vegna alvöru málsins. Í þeirri skýrslu sem ráðherra lagði fram kom í ljós það sem við höfðum verið að halda fram að kennsla í grunnskólum í verkmennt er miklum mun minni heldur en hún var á árum áður. Það ætti að vera flestum ljóst að til þess að hvetja börn til að finna sér farveg þarf auðvitað að komast að því snemma hvar hæfileikar barnanna liggja bestir. Það er afar erfitt að fara að kenna fullorðnu fólki að sauma spor eða negla nagla ef börnin hafa aldrei vanist því að umgangast slíka hluti og menn þurfa helst að þekkja mun á tré og járni áður en þeir koma inn í iðnskóla.

Þess vegna vil ég leggja á það áherslu að ekki einungis verði unnið að því að efla verkmenntaskólana heldur einnig verkmennt í grunnskólanum. Ég held að það sé afar mikilvægt. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef ákaflega litla virðingu og áhuga fyrir því að iðnaðarmenn og þeir sem í iðnaði vinna þurfi endilega að komast upp á háskólastig. Ég hef ekkert á móti því, en ég sé svo sem ekki hvaða tilgangi það þjónar. Alla vega finnst mér hégóminn einn hvort það heitir háskólastig eða einhvers konar annað framhaldsnám. Aðalatriðið er að okkur verði skilað góðum, vel menntuðum iðnaðarmönnum, því að sjálfsögðu hefur sú þróun orðið í veröldinni að kröfur hafa aukist. Ég geri ráð fyrir að það sé ekkert auðvelt að fylgjast með þróun í iðnaði án þess að kunna eitthvað fyrir sér í tungumálum, svo að dæmi séu tekin, sem menn gátu komist af án hér fyrir áratugum síðan. Það sem við þörfnumst er auðvitað vel menntað iðnaðarfólk og hönnuðir af öllu tagi ef við eigum að fylgjast með samkeppninni í þessum greinum í heiminum í dag.

Þess vegna legg ég á það mikla áherslu, hæstv. forseti, að við mönnum okkur upp, þó að við séum nú ekki mörg í salnum núna, og vil þá beina máli mínu til hv. menntmn. þar sem formaður hennar situr hér, að menn leggi til hliðar lítilmótleg flokkssjónarmið og sjái nauðsyn þess að Alþingi sendi ríkisstjórninni skýr skilaboð um að úr þessum málum verði bætt. Það er að verða vandamál hversu illa mannaðar sumar iðngreinar eru og við getum séð í hendi okkar hvernig fer ef heilu greinarnar horfa fram á sína eigin auðn.

Ég vil því enn og aftur skora á hæstv. ráðherra að vinna að sjálfsögðu áfram að því sem verið er að gera í ráðuneyti hans en ég vil jafnframt biðja hv. menntmn. að sinna þessu máli vel og myndarlega í nefndinni.

Útbýting þingskjals:
Seðlabanki Íslands, 177. mál, stjfrv., þskj. 196.

[17:54]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni og þakka fyrir þessa tillögu sem hér er fram komin. Þó hún sé ekki ný af nálinni þá er hún sígild og kærkomin hér sem umræðuefni vegna þess að eins og komið hefur fram þá er iðn- og verkmenntun í landinu þannig fyrir komið að ástandið er að verða mjög alvarlegt og það er mjög nauðsynlegt að taka á þessum hlutum. Ef ég man þær tölur réttar þá lítur dæmið einhvern veginn þannig út að af fólki sem fer í framhaldsnám þá ljúki u.þ.b. 45% af hverjum árgangi stúdentsprófi eftir einhvern tiltekinn tíma, aðeins um 15% einhvers konar verkmenntun og um 30% komi án nokkurra starfsréttinda út á vinnumarkað. Þetta getur auðvitað ekki gengið og alls ekki núna þegar öllum þjóðum er ljóst að það sem skiptir máli í atvinnuháttum framtíðarinnar er starfsmenntun, verkmenntun, og að hafa vel menntað starfsfólk. Þetta er það sem öllu máli skiptir nú um stundir og þess vegna getur þetta ekki gengið svona eins og það hefur gengið hjá okkur.

Ég talaði hér um að 15% árgangs kæmi með einhvers konar verk- eða iðnmenntun út á vinnumarkaðinn. Þá verðum við að hafa í huga að stór hluti af þessum 15% eru í stóru iðngreinunum okkar sem eru húsasmíðarnar og málm- og skipasmíðar. Þetta eru iðngreinar sem liggur við auðn í nú um stundir og ekki eru líkur á því að verkefni aukist í þessum greinum á næstunni. Það þarf því að gerast verulegt átak í iðn- og verkmenntun ef við ætlum að eiga fólk til að vinna hér í iðngreinunum. Þá vil ég leggja áherslu á að við tölum ekki bara um hinar svokölluðu löggiltu iðngreinar sem hafa verið inni í Landsambandi iðnaðarmanna. Við verðum að fara að snúa okkur að því að mennta mun fleira fólk í þeim greinum sem hingað til hafa heyrt undir Félag íslenskra iðnrekenda og hafa byggt nær einvörðungu á ófaglærðu fólki. Það verður að mennta mun fleira fólk í þessum greinum og þess vegna fagna ég því að ráðherra skyldi lýsa því yfir hér áðan að menn væru að huga að því í ráðuneytinu að koma upp nýjum starfsmenntagreinum á framhaldsskólastiginu og einnig stuttu starfsnámi, því þetta er einnig mjög mikilvægt. Við verðum að auka fjölbreytnina í starfsmenntatilboðum til ungs fólks. Þar verðum við að huga að matvælagreinunum, við verðum að huga að ferðaþjónustunni, við verðum að huga að hönnun og listiðn og ýmsu slíku. Ég held að þarna sé eins og ég segi alveg óplægður akur sem þarf að taka verulega til hendinni í.

En ef menn ætla að gera þetta þá þýðir ekki á sama tíma að spara og skera stöðugt niður í menntakerfinu og skólakerfinu. Auðvitað vitum við að bóknám er almennt ódýrara heldur en verknám og þess vegna hefur kannski tilhneigingin verið sú að beina fólki frekar í bóknámsgreinar heldur en verknámsgreinar. Þá er ég persónulega þeirrar skoðunar að bóknám vegi oft of þungt í verknáminu, eða iðnnáminu. Það er mjög útbreidd skoðun hjá Íslendingum að bóknámið sé ævinlega grunnurinn, það verði að byggja fyrst einhvern grunn sem sé þá einhver bóknámsgrunnur og síðan ofan á það eða samhliða því einhverja verkmenntun. Það er að segja, við verðum að fara frá hinu almenna til hins sértæka. Mér finnst alveg eins hugsanlegt að við getum farið hina leiðina, þ.e. frá hinu sértæka til hins almenna, þannig að fólk geti byggt bóknám ofan á ákveðna verkmenntun. Nú vitum við að það eru stór-

ir hópar krakka og unglinga sem hefur mistekist í skólakerfinu, þeir eru með ákveðna andúð á skólakerfinu, þeim er illa við nám ekki síst bóknám þar sem þeim hefur mistekist kannski æ ofan í æ í skóla. Ef þau færu verknámsleiðina og mundu síðan, eftir að þau eru búin að vinna bug á þessari andúð gagnvart skólakerfinu, byggja bóknámið ofan á það þá held ég að það væri vel þess virði að reyna það. Sem sagt, fara báðar leiðir, vera ekki að einblína endilega á það að það verði að vera frá hinu almenna til hins sértæka.

Ég minntist hér á að þetta væri mikilvægt vegna atvinnuhátta framtíðarinnar. Ég er sannfærð um að í þessum atvinnuháttum mun vægi hvers starfsmanns og menntun hvers starfsmanns skipta miklu meira máli en það gerir í dag. Þessi svokölluðu stórfyrirtæki sem hafa byggt mjög mikið á svona færibandastarfsemi þar sem starfsmenn eru nánast eins og „robotar" eru að hverfa í auknum mæli. Það er miklu meiri áhersla lögð á það að hver og einn starfsmaður hafi ákveðnu eftirlitshlutverki að gegna og verði að vera vaxandi í sínu starfi þar sem hann er. Þess vegna mun vægi hvers starfsmanns aukast og mjög miklu skipta að hver og einn starfsmaður sé vakandi í sínu starfi og vel menntaður.

Þá er annað sem er líka ljóst og það er að fólk mun skipta um starfsvettvang oftar en einu sinni og oftar en tvisvar jafnvel á ævinni. Það verður að vera undir það búið og þess vegna er talað um það núna að þegar fólk er að reyna að tryggja atvinnuöryggi sitt, þá reynir það að tryggja það með menntun, að eiga kost á þessari svokölluðu símenntun og endurmenntun þannig að það geti, þó svo að það missi eitt starf, með tiltölulega auðveldum hætti gengið inn í annað.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, og ég tek undir það með hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að ég held að það væri alls ekki til skaða fyrir ráðherra og menntmrn. þó að þingmenn tækju sig nú saman í andlitinu og ályktuðu eitthvað um þetta mál. Það gæti ekki verið til annars en til að styðja það starf sem fer fram í ráðuneytinu.

[18:01]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft þörfu máli. Það er tvímælalaust mjög tímabært að taka iðn- og verkmenntunina í landinu til endurmats. Iðnmenntunin hefur að mestu verið í föstu formi mjög lengi og hefur að vissu leyti ekki aðlagast þeim breytingum sem orðið hafa í mörgum iðngreinum. Gott dæmi um þetta er skipasmíðaiðnaðurinn en þrátt fyrir að Íslendingar hafi smíðað tugi stálskipa á síðasta aldarfjórðungi, þá er stálskipasmíði ekki sérstakt fag í iðnkerfinu.

Það er rétt sem fram kemur í greinargerð sem fylgir þessari tillögu að það eru gerðar og verða gerðar í næstu framtíð auknar kröfur til iðnaðarmanna og að iðnaðurinn og iðnmenntunin verði að laga sig að þeim kröfum. Þess vegna er nauðsynlegt að endurmeta iðnnámið og skipulag þess í heild.

Hér í greinargerð er bent á að iðnnemar hafi um þrjár leiðir að velja til iðnnáms, sem í flestum tilvikum tekur fjögur ár, í fyrsta lagi að gera samning við meistara og öðlast starfsþjálfun hjá honum en sækja samhliða bóklegt nám í iðnskóla. Í öðru lagi að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla og fara að því loknu í starfsnám hjá meistara og í þriðja lagi að byrja í bóklegu námi og ljúka þar ákveðnu grunnnámi en gera síðan þriggja ára samning við meistara. Af þessum þremur leiðum tel ég að sú leið að ljúka bóklegu og verklegu námi í skóla og fara síðan í starfsnám hjá meistara sé sú besta. Sú aðferð hefur tvímælalaust reynst vel og nemar sem þannig hafa komið til starfa í iðnfyrirtækjunum hafa þekkingu á undirstöðu viðkomandi iðngreinar, kunna að nota helstu vélar og tæki og eru alla jafn vel undir sjálft starfsnámið búnir. Gamla meistarakerfið hefur á margan hátt reynst ágætlega en auðvitað eru meistarar og fyrirtæki misjafnlega í stakk búin til að leiðbeina nemendum sem eru að stíga sín fyrstu skref í viðkomandi iðngrein.

Það er sérstök ástæða til að hafa áhyggjur af þeim mikla samdrætti sem orðið hefur í ýmsum iðngreinum síðasta áratuginn og nefnt hefur verið hér í þessum umræðum. Þessi samdráttur leiðir til þess að nemum reynist erfitt að komast í starfsnám eftir að hafa lokið bóklegu námi. Þetta á t.d. við um skipasmíðastöðvarnar sem hafa verið afkastamiklar uppeldisstöðvar fyrir nema í málmiðnaði og trésmíði, rafvirkjun og fleiri fögum.

Flm. minnast í greinargerð sinni á að kröfur um aukið bóklegt nám fari sífellt vaxandi. Mér finnst í því sambandi sérstök ástæða til að vara við því að þeim sem einhverra hluta vegna eiga erfitt með að stunda mikið bóklegt nám sé gert ókleift að öðlast iðnréttindi og legg áherslu á að það þurfa að vera tvö stig í iðnnáminu með svipuðum hætti og er í málmiðnaðinum í dag. Þar geta nemar með tveggja ára námi orðið sveinar í rafsuðu og í þessu tveggja ára námi eru mun færri bókleg fög heldur en í vélvirkjun t.d. og plötusmíði og þessir sveinar geta ekki orðið meistarar nema að undangengnu frekara námi. Ég tel það sjálfsagt að þeir sem vilja vinna t.d. í málmiðnaði geti öðlast réttindi með þessum hætti og veit að margir afbragðs iðnaðarmenn hafa útskrifast úr rafsuðunáminu, bæði þeir sem ekki hafa treyst sér í það skólanám sem fylgir fullu iðnnámi og eins fjölskyldumenn sem ekki hafa treyst sér af fjárhagsástæðum til að sitja fjórar annir í námi. Margir þessara iðnaðarmanna hafa haldið áfram námi síðar og lokið þá námi í vélvirkjun, plötusmíði eða öðrum málmiðnaðargreinum. Mér finnst að þessi þáttur iðnnámsins sé afar mikilvægur og tel það sjálfsagt mál að iðnfræðslan miðist ekki við að allir þurfi að verða meistarar.

Á árum áður og reyndar allt fram á síðustu ár þurftu iðnaðarmenn aðeins að vinna sem sveinar í 2½–3 ár til að fá meistararéttindi. Á undanförnum árum hafa iðnaðarmenn hins vegar þurft að ljúka námi í meistaraskóla til að verða meistarar, a.m.k. í sumum iðngreinum. Þetta hefur gert iðnaðarmönnum á landsbyggðinni nokkuð erfitt fyrir þar sem meistaraskólarnir hafa ekki verið starfræktir nema þar sem fjölmennið er mest og þess vegna er ástæða til að skoða vel þær hugmyndir sem minnst er á í greinargerð með þessari tillögu að meistaraskólinn verði beint framhald iðnskóla og iðn-

menntunar og gefi þeim sem þar ljúka námi greiðari leið til frekara náms standi hugur þeirra til þess.

Ég vil að lokum taka undir það með flm. þessarar tillögu að ein af forsendum þess að innlendur iðnaður standist aukna samkeppni háþróaðra iðnríkja er að nauðsynlegar úrbætur verði gerðar á iðn- og verkmenntun í landinu og að forsenda aukinnar framlegðar í íslensku atvinnulífi mun í næstu framtíð byggjast á frekari sérhæfingu og vaxandi verkmenntun. Það er því eðlilegt að sem fyrst ljúki endurmati iðn- og verkmenntunar í landinu, en í máli hæstv. menntmrh. kom fram að það verk sé vel á veg komið.

Ég vil að lokum þakka hv. flm. fyrir að minna á þetta mál og hæstv. menntmrh. fyrir þann mikla áhuga sem hann hefur sýnt verkmenntun í landinu.

[18:06]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft mjög mikilvægu máli sem er staða iðnmenntunar á Íslandi. Gerð er tillaga um það að skipaður verði sérstakur starfshópur til þess að endurmeta iðn- og verkmenntunina. Mér er þetta mál kannski að nokkru leyti mjög skylt vegna þess að frá því í mars á síðasta ári hef ég stýrt nefnd sem endurskoðar lög um grunnskóla og framhaldsskóla. Í þeirri endurskoðun er iðnmenntunin að sjálfsögðu mjög veigamikill þáttur.

Nefnd um mótun menntastefnu skilaði áfangaskýrslu í janúar sl. og þar koma fram tillögur um það hvernig skipa megi verkmenntun í framtíðinni og, með leyfi forseta, vil ég lesa nokkrar af þeim tillögum:

Þróað verði stutt og langt starfsnám í einstökum greinum með virkri þátttöku atvinnulífsins.

Iðnmenntun verði samstarfsverkefni ríkis og viðkomandi starfsstétta.

Atvinnulífið ákveði námsmarkmið einstakra iðngreina.

Aðilar úr samtökum atvinnurekenda og launþega eigi sæti í stjórn iðnmenntaskóla eða deilda innan þeirra í tilraunaskyni.

Menntmrn. og atvinnulífið hafi eftirlit með gæðum námsins.

Tryggja þarf að nemendur eigi kost á markvissum undirbúningi undir nám á háskólastigi í framhaldi af iðn- eða starfsnámi.

Þetta er ofurlítil innsýn í þær tillögur sem nefnd um mótun menntastefnu hefur þegar sett fram, en lögin og vinnan að þeim eru nú á lokastigi og verður frv. þá væntanlega lagt fram á þinginu mjög fljótlega og eins og ég nefndi áðan er iðnfræðslan mjög veigamikill þáttur í þessari endurskoðun. Eins og ráðherra nefndi hér áðan var samþykkt frv. sl. vor sem lýtur að tilraunastarfi í starfsnámi. Það er þegar hafið tilraunastarf við Iðnskólann í Reykjavík varðandi bókiðngreinar eins og ráðherra kom inn á hér áðan og það er ýmislegt fleira sem er á lokastigi í undirbúningi og þá get ég nefnt t.d. bílgreinarnar.

Það komu fram í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar áhyggjur af því hversu fáir nemendur framhaldsskólans færu í verknám. Þetta eru svo sannarlega áhyggjur sem vert er að hafa. Það er alveg ljóst að þessu er allt öðruvísi farið hjá okkur Íslendingum heldur en hjá mörgum öðrum þjóðum og þá get ég nefnt til samanburðar Þjóðverja þar sem 70% af nemendum framhaldsskóla ljúka einhvers konar starfsnámi.

Það má líka geta þess og það kemur fram í skýrslu Félagsvísindastofnunar um námsferil í framhaldsskóla að einungis 9,4% nemenda sem ljúka grunnskóla hefja strax starfsnám að loknu grunnskólaprófi. Þetta er líka athyglisverð staðreynd sem segir mjög mikið um áhuga nemenda fyrir slíku námi. Langsamlega flestir þeirra kjósa fremur bóknám en verknám og það leiðir að sjálfsögðu hugann að því hver staða verknámsins er. Það eru raunar nokkrir þingmenn hér sem hafa komið inn á það og ég held að það sé alveg óhætt að taka undir það að viðhorfið til verknáms og starfsmenntunar virðist vera þannig að nemendur sem standa frammi fyrir að velja hvaða leið þeir eiga að fara að loknu grunnskólaprófi virðast ekki telja starfsnám raunhæfan kost. Þannig er það mjög mikið verkefni að breyta þessu viðhorfi og það verður að sjálfsögðu ekki gert öðruvísi en að leggja stóraukna áherslu á starfsmenntunina og að auka þar líka áhrif aðila vinnumarkaðarins. Og þá ber að leggja áherslu bæði á stuttar og langar starfsnámsbrautir og stefna að því að stórauka það hlutfall nemenda sem mundi þá telja það fýsilegan kost að sækja sér starfsnám.

En það er alveg ljóst að uppbygging fjölbreyttrar starfsmenntunar er brýn nauðsyn og með því að byggja upp starfsmenntun með miklu kröftugri hætti heldur en gert er í dag, þá er hægt að koma betur til móts við þarfir ólíkra nemenda og jafnframt að treysta stöðu íslensks atvinnulífs í þessari síharðnandi alþjóðlegu samkeppni sem snýst að sjálfsögðu um gæði þjónustu, vöru og vinnuafls. Ég reyndar vænti þess og veit að við eigum áreiðanlega eftir að eiga hér í vetur miklar og góðar umræður um menntamál þegar þau frumvörp sem eru í vinnslu koma fram. Ég vil líka að það komi fram við þessar umræður að ég tel það löngu tímabært og það þurfi miklu meiri og opnari umræður um menntamál í þjóðfélaginu vegna þess að ég tel að þau mál þurfi forgang og hafi kannski aldrei þurft eins mikinn forgang og einmitt núna.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni taka fram að í 54. gr. þingskapa segir m.a.: „Kenna skal þingmann við kjördæmi hans eða nefna hann fullu nafni."

[18:14]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar því sem ég sagði hér áðan. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagðist ekki geta sætt sig við þau orð mín að mér þætti ekki ástæða til að samþykkja þessa tillögu. Þetta má nú ekki leggja út á verri veg fyrir mér. Ég sagði að samþykkt tillögunnar hefði ekki sérstaka þýðingu vegna þess að málið væri þegar í vinnslu og hefði verið undanfarin missiri. Ég var ekki að leggja til að tillagan yrði felld, alls ekki og ég hef í sjálfu sér ekki nokkurn skapaðan hlut á móti því að hún verði samþykkt, en mér finnst það vera spurning fyrir þingið yfirleitt hvort

það á að vera að samþykkja tillögur um málefni sem vitað er að verið er að vinna að og hefur verið unnið að í langan tíma.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði líka að þessi umræða um verkmenntunina, þessi vandræði í kringum hana ætti sér langa sögu og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði að þetta væri ekki nýtt mál, þetta væri sígild tillaga og það er nú einmitt málið. Þetta hefur verið rætt svo lengi. Svo lengi sem ég man hafa menn verið með tillögur uppi um að það þyrfti að auka verkmenntunina í landinu og sýna henni meiri virðingu. En af einhverjum ástæðum höfum við ekki komist neitt áfram í þessum efnum. Ég trúi því og treysti að það verk, sem nú er verið að vinna af nefnd um mótun menntastefnu sem ég setti á laggirnar í marsmánuði 1992, fái góðan stuðning hér í þinginu vegna þess að þetta er eitt af þeim meginatriðum sem nefndinni var falið að gera tillögur um, hvernig við gætum lyft verkmenntuninni í landinu á þann stall sem hún á skilið. Að þessu veit ég að er unnið af fullri einlægni í þessari nefnd.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði líka að við ættum að leggja til hliðar lítilmótleg flokkssjónarmið og senda ríkisstjórninni skýr skilaboð í þessum efnum. Ríkisstjórnin hefur þegar markað stefnuna í þessum málum, hvert hún vill halda, og vinna nefndarinnar er komin á lokastig og frumvörp um þetta efni verða kynnt nú á allra næstu vikum og lögð fyrir þingið öðru hvoru megin við áramót.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sagði líka að það þýddi ekki að vera að tala um bætta verkmenntun í landinu á sama tíma og verið væri að spara og skera stöðugt niður. Mér er það alveg ljóst að verkmenntun í landinu verður ekki bætt nema til þess verði veitt aukið fjármagn. Það er mér alveg ljóst og ég tók það sérstaklega fram í ræðu minni áðan að á næstu árum yrði að veita sérstakt fjármagn til eflingar starfsnámi. Annars yrði hætt við að tillögur nefndar um mótun menntastefnu, um endurskipun þess, næðu ekki fram að ganga. Ég hlýt hins vegar að taka fram að þegar um takmarkað fjármagn er að ræða þá verðum við að raða í forgangsröð og hagræða í rekstri skóla og það er það sem við höfum verið að gera. Við höfum verið að hagræða t.d. í rekstri skólanna með því að skipuleggja námsframboð þeirra, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem margir skólar eru verkmenntaskólar og iðnskólar. Og þegar um takmarkað fjármagn er að ræða þá höfum við ekki efni á að bjóða fram sama námsframboð sem er dýrt í iðn- og verknámi í öllum þessum skólum. Það höfum við verið að gera og um það er held ég ekki mikill ágreiningur. Það held ég ekki.

Þetta vildi ég taka sérstaklega fram að gefnu tilefni. Ég styð auðvitað í öllum meginatriðum það sem þessi tillaga gengur út á. Það hélt ég að ég hefði líka tekið fram áðan og ég treysti því að hér á þinginu síðar í vetur takist góð samstaða um það að efla iðn- og verkmenntun í landinu.

[18:19]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim sem hér hafa tjáð sig um þessa tillögu. Í sjálfu sér kemur mér ekki neitt svo sérstaklega á óvart sem hér hefur komið fram. Það staðfestir þó vissar grunsemdir hjá mér um það að mér finnst gæta ákveðinnar tregðu hjá ákveðnum aðilum við það að þetta mál nái í höfn og það veldur mér vonbrigðum, ágætir þingmenn sem ég hélt að hefðu fullan skilning á mikilvægi þessa máls. Ég geri mér grein fyrir því að það er allt rétt sem hæstv. menntmrh. segir, að það er verið að vinna að þessum málum uppi í ráðuneyti. Ég veit líka, af persónulegum kynnum mínum af hæstv. ráðherra, og ég hlusta grannt á það sem hann segir og skrifar um þessi mál, að hans viðhorf er ekkert langt frá mínum í þessum efnum. Ég veit að hann vill þessum málum vel, ég þekki það. En það vill hins vegar svo til að þetta er í þriðja skiptið sem ég kem og tala fyrir mjög svipaðri tillögu og þessari. Ég er ekki að flytja þetta mál hér inn á þing í fyrsta skipti til þess að það liggi skýrt fyrir hver vilji hv. alþm. er í þessum efnum. Hv. 10. þm. Reykn., Sigríður Anna Þórðardóttir, talaði hér, en hún er jafnframt formaður menntmn. þar sem þessi tillaga hefur fengið að hvíla í miklum friði, þrátt fyrir það, eins og ég gat um í mínum upphafsorðum, að allar umsagnir, allar umræður sem farið hafa fram í þinginu, hver og einn einasti þingmaður sem talað hefur hér í þessi þrjú skipti hefur verið jafnjákvæður og þeir sem töluðu áðan, hver og einn einasti. Umsagnirnar sem komu til formanns nefndarinnar voru allar á einn veg. Það þarf enginn að segja mér að það sé ekki eitthvað sem býr að baki og ég spyr, þó að hv. þm. segi að að þessu sé unnið og það séu fluttar tillögur um þetta mál og þær séu komnar fram, þá spyr ég bara aftur á móti: Af hverju bíða þá hundruð iðnnema sem hafa lent í þeim blindgötum kerfisins sem ég hef verið að vara við? Af hverju, hv. þm.? Gerðist það jafnhljóðlátt ef þetta ætti við í öðrum skóla og í öðrum greinum? Ég dreg það mjög í efa.

Ég bendi á ákveðnar leiðir í þessu máli sem ég vil leggja þunga áherslu á og eru örugglega ekki mjög kostnaðarsamar fyrir ríkisvaldið miðað við það sem varið er til kennslumála. Það sem ég er að tala um er að þessir verkmenntaskólar á hverjum tíma taki upp samninga við meistara og fyrirtæki þannig að um leið og viðkomandi aðili skráir sig til náms í verkmenntaskóla þá liggi það fyrir hvort leiðin sé honum greið frá skóla í gegnum meistarakerfið. Það liggi bara fyrir þannig að nemandinn hefji ekki nám öðruvísi en hann viti hvort þessir samningar liggi fyrir milli skóla. Ég trúi því að það væri að mörgu leyti mikill kostur og eftirsóknarvert fyrir marga skóla að taka þetta upp. Ef ég man rétt, þá minnir mig nú — og hér eru aðilar inni sem gætu leiðrétt mig í því — að fyrir rétt um ári síðan hafi Verkmenntaskólinn í Neskaupstað einmitt tekið upp og gert hliðstæðar tilraunir og ég hef verið að tala um í þrjú ár. Ég legg því ekki svo mikið upp úr því að menn séu að tala um að þeir þurfi að óttast að hér sé verið að tala um mikinn kostnað. Ég held að iðnmenntunin hafi ekki verið að sliga þetta þjóðfélag, það séu fremur aðrar greinar í þjóðfélaginu sem það hafi gert.

En það sem fyrir mér vakir þegar ég tala á þennan hátt um það hvernig með tillöguna hefur verið farið þá er það það sem ég er að biðja um og þess vegna hef ég verið svo þrjóskur að flytja þessa tillögu nú enn og aftur, vissulega velti ég því fyrir mér hvort það hefði nokkurn tilgang. En Alþingi og alþingismenn eiga sinn rétt, að þetta mál eins og öll önnur fái þinglega meðferð. Alþingi á og má segja skoðun sína í þessu máli. Það er ekkert undir duttlungum einhverra nefndarmanna komið hvort þingmál nái hér fram eða ekki. Alþingismenn og Alþingi allt á rétt í þessum málum.

Ég vil þakka þeim þingmönnum sem talað hafa í þessu máli, hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Guðjóni Guðmundssyni. Ég gæti sagt mjög margt til viðbótar við það sem þau hafa hér vikið að. Ingibjörg Sólrún vék einmitt að ýmsum nýjum greinum sem ætti og þyrfti að taka upp. Ég tek alveg heils hugar undir það og vík vissulega að því með örfáum orðum í minni greinargerð þar sem ég tala um „að þróa nýjar starfs- og iðnmenntabrautir". Ég er auðvitað að tala um að það er margt sem bíður okkar í þeim efnum.

Ég minnist líka á það á einum stað, ég veit ekki hvort menn hafi kannski gripið það hvað verið er að fara þegar ég tala um verkmenntabækur. Við sem höfum gengið í gegnum iðnnám, við þekkjum þetta gjörla þegar við förum í iðnnámið og vinnum með mönnum sem hafa unnið árum saman í ákveðnum iðngreinum án þess að hafa öðlast iðnréttindi. Hv. þm. Guðjón Guðmundsson vék aðeins að því áðan, þessir menn hafa langt til, ég segi ekki eins góða en mjög haldgóða þekkingu á sínum fögum. Iðnnemar vinna oft með þessum mönnum. Þessir menn vinna árum saman á ákveðnum launakjörum eins og við vitum. Ég vil og kem með þá hugmynd að það séu opnaðir möguleikar fyrir þessa menn að fá skráða í verkmenntabók starfstíma sinn sem gæti þá hugsanlega verið metinn, eins og þeir eiga eðlilegra rétt á, til bættra kjara. Mér finnst hér vera stungið á máli sem er réttlætismál. Ég tek undir það sem hv. þm. Guðjón Guðmundsson sagði, þar sem hann vék að iðnnemunum sjálfum með námið, að það þurfa ekki allir að sækjast eftir því að verða meistarar, það er rétt. Ég held líka eins með þessa aðila, þeir eru kannski ekki einu sinni að sækjast eftir því að verða iðnmenntaðir en það má vissulega gera vel við þá og betur heldur en oft er gert.

Ég vil líka segja að það sem mér finnst á skorta, vegna þess að við höfum verið að tala um hvernig nemendur eru undirbúnir, að það hefur skort mjög á í menntakerfinu, og hér eru þingmenn sem þekkja það sjálfsagt betur en ég, það er námsráðgjöfin í skólum sem hefur ekki verið sinnt sem skyldi. Það er mjög mikilsumvert þegar nemendur þurfa að gera upp hug sinn hvert stefna skuli að þeir séu sæmilega og vel það upplýstir um það mál. Ég held að þar skorti verulega á. Nú er leiðin orðin nokkurn veginn greið upp í háskólann, ætli þar séu ekki 5.000–6.000 manns nú og mér sýnist að grisjunin til náms fari þar fram. Hún var á lægra stigi áður og ég dreg í efa að það sé til góðs.

Hv. þm. Guðjón Guðmundsson vék einnig að meistaraskólanum og það gerði einnig hæstv. mennmrh. Það sem fyrir mér vakir með meistaraskólann er það að þegar að því kemur að menn fari í meistaraskóla, eins og nú er skylt til þess að öðlast meistarabréf, þá hefur margt breyst í lífi þess einstaklings sem það gerir. Hann hefur þroskast töluvert á sinni göngu, hann er orðinn fullorðinn maður eða nokkuð kominn af léttasta skeiði getum við alla vega sagt og kannski eru viðhorfin töluvert önnur og áhugi hans getur hafa breyst nokkuð. Þess vegna vil ég, ef hann kýs að fara í lengra nám, hvort sem það er til tækináms eða einhvers annars, að þá sé leiðin gerð bærilega greið fyrir þennan einstakling og að það sé mjög passað upp á það að hann þurfi ekki að stíga mjög stór og mörg skref til baka. Það mun örugglega verða til þess að það munu færri sækjast eftir því að fara þessa leið.

Ég fullyrði að það er mjög mikil þörf fyrir aðila í þjóðfélaginu sem hafa gengið þessa braut, iðnmenntabraut, síðan farið í gegnum meistaraskóla og tækniskóla. Þetta eru mjög ákjósanlegir starfsmenn í þjóðfélaginu og það á að gera þeim þetta mögulegra heldur en er í dag. Þegar menn eru komnir á þennan aldur þá hika þeir við að þurfa að stíga mjög stór skref til baka til þess að leita sér mennta.

Virðulegi forseti. Ég gæti auðvitað sagt meira. Ég fagna því sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði áðan út af tillögunni og þakka henni góð orð. En ég ætla ekki að eyða lengri tíma hér og nú nema tilefni gefist til. En ég undirstrika það enn og aftur að ég bið hv. menntmn. að athuga að það er ekki verið að fara fram á neitt óeðlilegt með tillöguflutningi sem þessum og það er hart að þurfa jafnvel að heyra það þegar mælt er fyrir tillögu að þá sé hún af viðkomandi aðilum jafnframt dauðadæmd, að hún eigi enn að liggja í skúffunni. Alþingi á rétt á því að þessi tillaga og aðrar tillögur fái þinglega meðferð.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill enn og aftur minna hv. þm. á 54. gr. þingskapa, það ákvæði hvernig þingmenn skuli ávarpaðir.

[18:32]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 1. flm. þótti tregða á að málið næði höfn. Mér finnst það vera misskilningur hjá hv. þm., það er engin tregða þarna, það er hins vegar spurning hvað þarf til þess að ná landi. Meginmálið er ekki að minni hyggju samþykkt þáltill. um þetta efni, höfuðatriðið er samþykkt laga sem kveða á um hvernig við skipum þessum málum þannig að viðhlítandi sé.

Ég er ekki í vafa um það að tillöguflutningur undanfarinna ára hefur haft áhrif þótt tillögurnar hafi ekki hlotið samþykki Alþingis og meiri áhugi er nú á þessu máli heldur en kannski hefur komið fram á fyrri þingum. Hann á sér eflaust að hluta til rætur í baráttu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar á undanförnum árum og það ber að þakka hans áhuga á þessum málum. Ég lít alls ekki svo á að þótt tillögur hans þessa efnis hafi ekki verið samþykktar þá hafi þær ekki haft áhrif. Ég

er sannfærður um það. Sú mikla umræða sem hefur átt sér stað nú á undanförnum missirum um vandamál iðn- og verkmenntunar í landinu hefur einmitt orðið hvati að því að við erum núna í mikilli alvöru að vinna að endurbótum í þessum efnum. Ég segi enn og aftur: Meginatriðið er að við náum saman um lagasetningu sem er allt annað en viljayfirlýsing frá Alþingi um hvert við viljum stefna. Lagasetning í þessum efnum er það sem við þurfum og ég treysti á það að hún nái fram að ganga, helst af öllu á þessu þingi.

[18:35]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Ég vil nota tækifærið og fagna þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir. Það hefur komið fram í umræðunni að hér er vissulega um mikinn og margvíslegan vanda að ræða og ég hygg að hér sé einn meginvandi framhaldsskólakerfisins til umræðu. Ég fagna því þeim yfirlýsingum sem komið hafa fram hjá hæstv. menntmrh. og hv. þm. Sigríðu Önnu Þórðardóttur um það að fljótlega sé væntanlegt frv. frá nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði á síðasta ári.

Það hefði í raun verið þörf á að það frv. hefði legið fyrir miklum mun fyrr en væntanlega sýnir það hversu mikill þessi vandi er að nefndin hefur þurft að taka sér miklu lengri tíma en ætlað var í upphafi.

Það kemur fram í þeirri ágætu tillögu sem hér liggur fyrir að vandi iðn- og verknáms er margvíslegur. Hv. 1. flm. vék að því að Verkmenntaskóli Austurlands hefði verið að gera tilraun í þeim anda sem m.a. er hér lagt til. Ég vil því nota tækifærið og upplýsa örlítið hvernig það mál stendur. Það er rétt að Verkmenntaskóli Austurlands fékk heimild frá menntmrn. að gera tilraunaverkefni til fimm ára á þann hátt að skólinn væri nokkurs konar milligönguaðili milli nema og meistara. Þetta hefur verið í vinnu í skólanum um nokkurt skeið og því miður verður að segja að undirtektir meistara hafa ekki verið eins og vænst var. Það helgast væntanlega fyrst og fremst af því atvinnuástandi sem nú um nokkurt skeið hefur einkennt iðnaðinn á Austurlandi. Þetta verkefni er hugsað þannig að það verði gerðir þríhliða samningar, í fyrsta lagi samningur milli skóla og nemenda, í öðru lagi samningur milli skóla og meistara og í þriðja lagi samningur milli nemenda og meistara.

Undirtektir iðnnema hafa verið mjög miklar og fyrir liggja margra beiðnir frá þeim um að geta farið þessa leið. Sá áhugi sem verið hefur í þessum skóla helgast m.a. af þeirri miklu ábyrgð sem starfsmenn skólans hafa fundið gagnvart því sem fram hefur komið og kemur fram í greinargerð tillögunnar að mjög margir iðnnemar hafa ekki komist á samning eða getað lokið starfsþjálfun. Við höfum horft upp á það í þó nokkuð mörg ár að nemar sem lokið hafa námi í grunndeild, m.a. er það svo í nokkrum iðngreinum að nemendur hafa ekki heimild til þess að fara á samning öðruvísi en að ljúka grunndeild, að margir þeirra hafa ekki komist á samning og þar af leiðandi eingöngu lokið sinni grunndeild og ekki geta haldið áfram námi. Þetta er önnur hliðin á starfsþjálfunarvandanum. Hin hliðin er sú sem snýr að nemum sem hafa farið þá leið að fara í skólann og ljúka hluta af sínu verknámi þar en síðan átt eftir starfsþjálfunartímabil úti á vinnumarkaðinum. Þar hefur komið upp í seinni tíð mikill vandi, eins og hér hefur verið lýst, þar sem í ljós hefur komið að nú safnast upp stór hópur iðnnema sem ekki hefur getað lokið sínu iðnnámi og þar af leiðandi ekki getað gengist undir sveinspróf.

Ég held því að það væri mjög brýnt og mundi sýna vilja Alþingis í verki ef þessi tillaga yrði samþykkt. Það er nauðsynlegt að brýna fyrir hv. menntmn. að hún fari mjög vandlega yfir þetta mál og það komi síðan aftur til afgreiðslu. Ég er sannfærður um að það mundi bæta frekar en hitt lagafrv. sem nú er í smíðum ef horft yrði á þá tillögu sem hér liggur fyrir.

Einn þáttur er það sem hér er minnst á og er feikn mikilvægur í þessu sambandi, en það er eins og segir í greinargerð varðandi námsráðgjöf í íslensku skólakerfi. Það er hluti af ábyrgðinni gagnvart nemendum að þeir geti gengið að upplýsingum á sem bestan hátt. Því miður hefur ástandið verið svo til mjög langs tíma að nemar sem hafa verið að ljúka námi í grunnskólum hafa hreinlega ekki getað fengið neinar upplýsingar um það hvað bíður þeirra, hvað þá heldur að þeir hafi getað fengið einhverja fullvissu um það að geta lokið því námi sem þeir hafa áhuga á. Þetta er einn meginvandinn, það hefur skort upplýsingar og það hefur skort framtíðarsýn bæði hvað varðar þróun atvinnulífs og jafnvel þróun íslensks skólakerfis. Það má benda á það í þessu sambandi að sparnaði í skólakerfinu má ná á ýmsan hátt. Það hafa verið færð mjög sterk rök fyrir því að ein vænlegasta leiðin til að ná fram sparnaði í íslensku skólakerfi væri einmitt að efla námsráðgjöf, auka upplýsingastreymi til nemenda þannig að val þeirra væri byggt á sem traustustum grunni. Því miður hafa margir nemendur þurft að gera tilraunir á sjálfum sér í íslensku skólakerfi til þess í raun og veru að komast að því hvert hugur þeirra stefndi.

Í þessu sambandi má rifja upp það sem hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir sagði hér áðan um þann mun sem er á íslensku skólakerfi varðandi starfsmenntabraut og t.d. er í Þýskalandi. Þetta sést einnig mjög vel þegar horft er á iðnnámið sérstaklega en það hefur verið upplýst að það eru eingöngu rúmlega 37% þeirra sem einhvern tímann skrá sig í iðnnám sem hafa lokið iðnnámi sex árum eftir grunnskólapróf. Og það er innan við helmingur þeirra sem lýkur iðnnámi sem lýkur því á innan við sex árum frá lokum grunnskóla. Eitt til viðbótar til að sýna í raun hvað það tekur oft langan tíma að komast að niðurstöðu um hvert hugurinn stefnir þá er meðalaldur þeirra sem ljúka sveinsprófi 27 ár. En eins og við vitum þá er sá aldur sem nemendur eru oftast á í framhaldsskóla 16–20 ára.

Það má hér bæta við, vegna þess að mér er um það kunnugt, að gerð hefur verið könnun á meðal nemenda tíunda bekkjar í grunnskólum á Austurlandi þar sem þeir voru m.a. spurðir um áhuga þeirra á framhaldsnámi og hvers konar framhaldsnámi þeir hefðu áhuga á. Í ljós kom að rúmlega þriðjungur þeirra hafði áhuga á iðn- eða tæknínámi. Þegar við berum þetta síðan saman við þær tölur sem raunveruleikinn sýnir okk-

ur um það hverjir fara í þetta nám þá blasir við að það eru ekki allir þeir sem áhuga hafa á þessu námi sem fara í námið. Það er á margan hátt mjög skiljanlegt vegna þess að sú leið er mjög torfarin. Það er mun erfiðara að fara leið iðnmenntunar í íslensku skólakerfi heldur en leið bóknáms. Þess vegna held ég að þetta mál, þó mikilvægt sé, verði að skoða í samhengi við allan framhaldsskólann vegna þess að það gengur ekki að öll áhersla sé lögð á bóknám þrátt fyrir öll fögru orðin. Og því er ástæða til þess í lokin að fagna þeim orðum hæstv. menntmrh. að það sé mjög nauðsynlegt að stóraukið fjármagn verði veitt til starfsmenntunar á næstu árum.

[18:43]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegur forseti. Við höfum nú átt hér mjög góðar og málefnalegar umræður um þá þingsályktun sem hér er til meðferðar og þingmenn allir sem til máls hafa tekið hafa lýst sig í raun og veru í meginatriðum mjög sammála tillögunni efnislega. Hún lýtur að því að kveðja saman starfshóp sem hafi það verkefni að endurmeta iðn- og verkmenntun í landinu og gera tillögur að breyttu og bættu skipulagi. Það hefur líka komið fram hér í þessari umræðu að það er að koma fram lagafrv. sem fjallar að hluta til um þetta efni en tekur að sjálfsögðu til framhaldsskólans alls.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson lýsti óánægju sinni með að þetta mál hefði ekki verið afgreitt í menntmn. Ég minni á að það er engin nýlunda að nefnd hafi mál til umfjöllunar oftar en einu sinni og að mál séu endurflutt. Það eru engar annarlegar hvatir sem liggja að baki því hjá hv. þm. í menntmn. að þetta mál hafi ekki verið afgreitt þar. Mér finnst mjög leiðinlegt að heyra slíkar dylgjur og tel þær í raun og veru ekki sæmandi.

Ég ítreka að þetta mál er mjög brýnt og einnig að ég tel og reyndar vona að menntamálin eigi eftir að skipa stóran hlut í umræðunum hér á þinginu í vetur. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka þingmanninum sérstaklega fyrir þolinmæði hans að endurflytja málið.

[18:45]

Flm. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir að ég hef þolinmæðina. Ég býst svo sem við ýmsu en ég er ekki búinn að gefast upp í málinu. Það er ekki minn stíll.

En það sem er óvenjulegt og ég deili á — það er ekkert óeðlilegt við það að þingmál liggi í nefnd, það er mér sjálfum ljóst — er að mál sem fær almenna og jákvæða umfjöllun í þinginu og allir umsagnaraðilar eru sammála um að málið nái fram — ég fullyrði að það er mjög sjaldgæft ef ekki einsdæmi að slík mál liggi í þinginu. Það er það sem ég gagnrýni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18.47.

---

29. FUNDUR

miðvikudaginn 3. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjöleignarhús, stjfrv., 143. mál, þskj. 159. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Húsaleigulög, stjfrv., 144. mál, þskj. 160. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Stytting vinnutíma, þáltill., 77. mál, þskj. 80. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Yfirstjórn menningarstofnana, frv., 8. mál, þskj. 8. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, þáltill., 96. mál, þskj. 99. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Endurmat iðn- og verkmenntunar, þáltill., 113. mál, þskj. 118. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Vegalög, stjfrv., 119. mál, þskj. 124. — Frh. 1. umr.
8. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 120. mál, þskj. 125. — 1. umr.
9. Vegasamband hjá Jökulsárlóni, þáltill., 73. mál, þskj. 76. — Fyrri umr.
10. Vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands, þáltill., 97. mál, þskj. 100. — Fyrri umr.
11. Alþjóðleg skráning skipa, þáltill., 104. mál, þskj. 107. — Fyrri umr.
12. Búfjárhald, frv., 28. mál, þskj. 28. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.

Útbýting þingskjals:

Staðsetning hæstaréttarhúss, 176. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 194.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka fram að fyrirhugað er að fram fari utandagskrárumræða á þessum fundi um vanda skipasmíðaiðnaðarins. Málshefjandi er hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson. Reiknað er með að umræðan hefjist um kl. 3.

Fjöleignarhús, frh. 1. umr.

Stjfrv., 143. mál (heildarlög). — Þskj. 159.

[13:34]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, EKG, EMS, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

22 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, BF, DO, EH, EgJ, FrS, GB, HBl, JóhS, JBH, JVK, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Húsaleigulög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 144. mál (heildarlög). — Þskj. 160.

[13:35]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

18 þm. (AÓB, BBj, BF, EH, EgJ, EKJ, FrS, GB, GÁS, HBl, JVK, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Stytting vinnutíma, frh. fyrri umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 77. mál. — Þskj. 80.

[13:36]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BF, DO, EKG, EMS, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP.

16 þm. (AÓB, BBj, EH, EgJ, EKJ, FrS, GB, HBl, JVK, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, StH, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Yfirstjórn menningarstofnana, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 8. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 8.

[13:38]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BF, DO, EKG, EMS, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

12 þm. (BBj, EH, EgJ, FrS, GB, HBl, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Útsendingar sjónvarps og útvarps til fiskimiða, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG o.fl., 96. mál. — Þskj. 99.

[13:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BF, DO, EH, EKG, EMS, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

11 þm. (BBj, EgJ, FrS, HBl, JÁ, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Endurmat iðn- og verkmenntunar, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG o.fl., 113. mál. — Þskj. 118.

[13:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BF, DO, EH, EKG, EMS, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

11 þm. (BBj, EgJ, FrS, HBl, JÁ, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, StG, StH, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Vegalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 124.

[13:41]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég sé ekki hæstv. samgrh. í salnum. Mér finnst mjög óeðlilegt að ræða vegalög í fjarveru hans og vil fara fram á það að ef samgrh. er ekki væntanlegur innan tíðar þá verði þessari umræðu frestað þar til hann getur verið við.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vegna ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. vekja athygli á því að hæstv. samgrh. hefur gengið í salinn og forseti gefur því hv. 5. þm. Suðurl. orðið.

[13:42]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. til vegalaga var hér að nokkru rætt í síðustu viku og komið inn á mörg atriði málsins. Mig langar þó hér að koma að nokkrum mikilvægum atriðum, bæði um stjórn Vegagerðarinnar og ekki síður einstökum atriðum eins og reiðvegum og fleiru sem mér finnst að þurfi að taka á í heild sinni í löggjöf frá Alþingi.

Enn fremur varð það mér tilefni til að koma hér upp og ætla að ljúka ræðu minni með því að hæstv. samgrh. varð á það slys að fara hér svívirðilegum orðum um Herjólf, Vestmannaeyjaferjuna, og hafði hér úr ræðustól Alþingis óskiljanleg ummæli sem hafa vakið þjóðarathygli hvað það varðar, en ég ætla að koma að því síðar.

Ég vil þá í fyrsta lagi víkja að frv. og koma að þeim þætti sem snýr að stjórn vegamála og veghaldi en þar segir:

„Ráðherra sá, er fer með samgöngumál, hefur yfirstjórn allra vegamála. Til þess að stjórna framkvæmdum í þessum málum skipar forseti Íslands vegamálastjóra er veitir Vegagerðinni forstöðu."

Ég hef mjög á síðustu árum velt því fyrir mér hvort þetta væri rétt stjórnskipun yfir jafnmikilvægu, sterku og stóru fyrirtæki eins og Vegagerð ríkisins. Ég þykist sjá að hún er að fást við mjög stór verkefni og þetta frv. gerir ráð fyrir því á mörgum sviðum að auka mjög vald Vegagerðarinnar á ýmsum sviðum. Það er rætt um að stórauka það á ýmsum stöðum í frv. og gefa henni nánast einræðisvald í viðkvæmum deilumálum eins og ég kem að síðar.

Nú vill svo til að Vegagerðinni er stjórnað af einum æviráðnum embættismanni eða vegamálastjóra og eins og hér kemur fram er gert ráð fyrir að svo verði áfram. Þetta fyrirkomulag hefur kannski gengið upp en telja verður það hæpið og í engu samræmi við rekstur í eigu ríkisins eða í einkarekstri. Þetta kom t.d. mjög fram í athugasemdum við frv. á síðasta þingi. Mig minnir að t.d. Verktakasambandið hafi gert þar ítarlegar athugasemdir hvað þetta varðar. Það hlýtur einnig að orka tvímælis í hugum hv. alþm. að samgrh. skuli samkvæmt löggjöf vera settur sem nokkurs konar rekstrarstjóri yfir Vegagerðina. — Hæstv. forseti. Mér þætti nú vænt um að fá hljóð meðan ég tala hér í þinginu svo að alla vega hæstv. samgrh. heyri einhvern brimgný af máli mínu þegar á ræðuna líður.

Ég velti því t.d. fyrir mér, hv. alþm.: Er hæstv. samgrh. sá fulltrúi alþingismanna að hann sé óskoraður yfirforstjóri Vegagerðarinnar á Íslandi? Nú er ég ekkert að dæma þennan hæstv. ráðherra né neinn þann sem á undan honum var en við verðum að velta því fyrir okkur: Er þetta rétt stjórnskipunarlega? Hvers vegna erum við t.d. að burðast við að setja stjórn yfir Ríkisspítalana svo að ég taki dæmi? Yfir Byggðastofnun? Yfir ríkisbankana? Yfir Landsvirkjun? Og svo gæti ég haldið áfram að telja. Og hvers vegna eru einkafyrirtækin að burðast við að setja stjórn yfir sín hlutafélög ef það getur svo gengið í fyrirtæki sem fer með almannafé að það sé í rauninni fulltrúi framkvæmdarvaldsins, hæstv. samgrh., og einn æviráðinn embættismaður sem stjórnar þessum miklu fjármunum að hluta? Þá skulum við taka bara rekstrarkostnað Vegagerðarinnar sem gert er ráð fyrir að verði 247 millj. í fjárlögum næsta árs. Ég veit að hv. alþm. taka þátt í því að skipta vegafé o.s.frv. En ég held að það hljóti að vera mikilvægt fyrir þingið að þarna komi einhver millipúði, að það komi sérstök þingkjörin stjórn yfir Vegagerð ríkisins svo að ráðherra á hverjum tíma, fulltrúi framkvæmdarvaldsins, orki ekki svo sterkt inn á þetta fyrirtæki eins og ætla mætti. Ég vil alla vega vekja athygli á þessu og kannski síðar flytja brtt. við þetta atriði.

Ég vildi enn fremur koma að II. kafla sérstaklega sem ég ræddi um. Ég held að það sé mikilvægt í vegalögum að búa til heildarramma á sem flestum sviðum. Mér finnst margt í þessu frv. vera gagnrýnivert. Ég vil þá sérstaklega taka 16. gr. frv. þar sem tilgreint er að heimilt sé að veita fé til framkvæmda við eftirfarandi vegi og svo kemur runa og síðan segir:

„Þeir aðilar sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda samkvæmt þessari grein skulu annast veghald viðkomandi vegar." Það er þá kannski gerð vegarins, viðhald o.s.frv. Nú heyrist mér á mörgum samtökum að þetta þýði það að enginn telji sig hafa efni á að annast þennan stóra þátt og mikilvæga og muni þess vegna fremur segja sig frá málinu og þá muni það áfram liggja í hirðuleysi. Ég tel t.d. að það þurfi að marka reiðvegum, sem eru mjög mikilvæg samgönguleið fyrir stóran hóp manna sem stundar þá íþrótt, bás hér í frv. og hvernig skuli að reiðvegagerð staðið. Mér sýnist að ríkið eða Vegagerðin verði að bera ábyrgð á þessum málaflokki. Hestamenn hafa staðið í baráttu um langt skeið gagnvart þessu. Hér höfum við flutt á hverju þingi tillögur sem hvorki hafa náð eyrum löggjafans né Vegagerðarinnar.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að 10 þús-

und manns stunda hestamennsku hér á landi. Við uppbyggingu vega og annarra umferðarmannvirkja hefur þó ekki sem skyldi verið tekið tillit til umferðar ríðandi manna. Hætta á slysum er því oft mikil, jafnt fyrir akandi sem ríðandi umferð. Ekki er því óeðlilegt að tekjum ríkissjóðs af bensíngjaldi sé varið til gerðar reiðvega. Gerð þeirra mundi án efa auka umferðaröryggi til muna og draga þannig mjög úr slysahættu. Ávinningur þjóðfélagsins og ríkissjóðs er því umtalsverður þegar til lengri tíma er litið.

Hestamenn héldu t.d. núna fyrir stuttu sinn landssambandsfund og ég vitna í fræga úttekt sem Sigríður Sigþórsdóttir hefur gert og hljóðar svo, með leyfi forseta, eða lokaorðin. Þar segir um þetta frv. til vegalaga sem nú er til umræðu:

„Þeir aðilar sem sækja um og er veitt fé til framkvæmda samkvæmt þessari grein skulu annast veghald viðkomandi vega. Heimildarákvæði eru til að mæta undantekningartilfellum og tryggja því alls ekki framlög. Þetta þýðir í raun að enginn kemur til með að vilja sækja um fé til reiðvegagerðar og bera þannig ábyrgð sem veghaldari og ef hestamannafélögin gera það sjálf eru þau að axla ábyrgð sem þau hafa enga fjárhagslegar forsendur til nema með auknum fjárveitingum. Verði fyrirliggjandi frv. til nýrra vegalaga samþykkt óbreytt verðum við áfram í óvissu með afdrif reiðvega á Íslandi. Við stöndum í sömu sporum og áður, enginn vill frekar en fyrri daginn gangast við þessum málaflokki." — Og að lokum segir hún:

„Þessi óvissa um eignarhald, ábyrgð, uppbyggingu og viðhald á reiðvegum á Íslandi er með öllu óviðunandi. Hestamönnum fer stöðugt fjölgandi, ferðalög á hestum njóta vaxandi vinsælda og veita fjölmörgum atvinnu. Fleiri en nokkru sinni fyrr hafa nú hestamennsku að atvinnu í ræktun, tamningu og þjálfun hesta. Samt erum við á undanhaldi hvað varðar möguleika á að stunda þessa fornu íþrótt, hestamennskuna, og njóta landsins okkar í sátt og samlyndi við guð og menn. Þjóðgarðar eru skipulagðir fyrir ferðamenn og fegurstu sveitir landsins eru teknar undir skipulag sumarbústaða og útivistarsvæði, reiðvegir hafa þar víðast orðið útundan. Hestamönnum er nú sums staðar alfarið meinuð umferð, jafnvel á fornum þjóðleiðum, þjóðgarðurinn á Þingvöllum er þar undantekning. Er nú verið að setja þar inn á skipulag, endurbyggja og merkja helstu fornu reiðleiðirnar. Slík vinnubrögð eru til eftirbreytni og ættu að vera regla en ekki undantekning. Að undanskilja jafnmikilvægan þátt og reiðleiðir í skipulagi og vegagerð getur ekki gengið og umferðaröryggi er ekki náð fyrr en hestamenn eru óhultir fyrir bílaumferð og bílaumferð óhult fyrir hestamönnum." — Svo mörg voru þau orð.

Auðvitað vekur það athygli hvað menn eru að gera í þjóðgarðinum á Þingvöllum. Þeir skilja auðvitað ærðarslög sögunnar sem þar stjórna. Ég hygg að þeir sem sitja t.d. í stjórn þjóðgarðsins á Þingvöllum séu ekki svo miklir hestamenn en þeir skilja hvað þetta er mikilvægt. Við þekktum það í sumar sem vorum í ferð landbn. að það olli deilum þegar við komum á frægan sögustað að þar var búið að úthýsa íslenska hestinum frá stórum stað og þessari þjóðlegu íþrótt hestamennskunni. Hér er því ekki verið að tala um lítið atriði og mikilvægt að móta það inn í vegalagafrv. hvernig með verður farið. Það vill nefnilega svo til að sé það gert og ákveðið um leið og vegur er byggður upp eða nýr vegur lagður að þá skuli gert ráð fyrir reiðveginum — við skulum taka sem dæmi undirgöng, þau kosta kannski við gerð vegarins 2 millj. kr. en þegar verið er að gera þau eftir á þá kosta þau kannski 20 eða 30 millj. kr. og ómælt rask. Mér er sagt að t.d. núna í mikilli vegabreytingu uppi við Keldur sé reiðvegurinn eyðilagður og menn standi frammi fyrir því að ekki sé gert ráð fyrir undirgöngum. Þó á að gera þau í framtíðinni og þá verði þau það lág að hestamaðurinn verður annaðhvort að fara af baki eða taka ofan hausinn til þess að komast þessa leið eða taka þriðju áhættuna, sem verður náttúrlega ofan á, að halda áfram upp á þjóðveginn, inn í umferðina, til þess að komast á reiðleiðina. Svona eru stórkostleg mistök og menn standa frammi fyrir því að embættismenn fara með þetta vald og beita oft geðþóttaákvörðunum.

Ég vil því skora á hv. alþingismenn og hæstv. samgrh. að endurskoða nú þetta frumvarp og setja það í reglur að um leið og útboð eigi sér stað, hvort sem það er endurbygging á vegi eða ný vegagerð, þá verði líka gert ráð fyrir reiðvegi. Það er nú svo að þetta er að verða ekki lítill þáttur í ferðamennsku til landsins. Mér er t.d. sagt að á stórmót hestamanna, landsmót á Hellu á næsta sumri, hafi 5.000 erlendir hestamenn þegar boðað komu sína til landsins. Kannski vildu þeir ríða úr Reykjavík eða frá Keflavík og austur á mótið en guð hjálpi okkur þegar þeir sjá hvernig við búum að þessari íþrótt, að menn verði að vera á gæðingunum sínum innan um bílaumferðina sem er á 100 km hraða og eru hestamenn þar auðvitað í stórkostlegri lífshættu.

Á þessu vildi ég vekja sérstaka athygli. Enn fremur eru það mörg atriði í þessu frv. sem ég hef fyrirvara um og mun eiga kost á að fylgja eftir í samgn. því mér finnst margt í frv. orka tvímælis og það er búið til með þeim hætti að pólitískir vinir setjast yfir málið og stjórnarandstöðunni er haldið utan við þessa frumvarpslagasmíð allan tímann og það tel ég að hafi verið stórkostleg mistök hjá hæstv. ráðherra.

Ég ætla þá að víkja aðeins að því sem ég boðaði að hæstv. samgrh. sagði í umræðu um þetta frv. í síðustu viku, með leyfi forseta, svohljóðandi orð: „Ef það hefði verið tæknilega mögulegt að leggja jarðgöng til Vestmannaeyja þá hefði það ekki orðið dýrari kostur hlutfallslega en sá að kaupa Herjólf eins og að því var staðið." — Þetta voru alvarleg orð. Þetta voru þau orð samgrh. sem stóð í stafni Herjólfs þegar hann sigldi inn í höfnina í Vestmannaeyjum og hélt þar lofræðu og hátíðarræðu um hversu vel þetta verk hefði tekist.

Nú veit ég ekki hvað hæstv. ráðherra var að fara en þessi ummæli hafa vakið athygli og eru mjög ósanngjörn því ég hygg að það séu allir sammála um það að eftir að menn náðu saman um gerð skips þá var algjör samstaða, bæði pólitísk samstaða, samstaða í smíðanefnd, samstaða með heimamönnum og ríkisvaldsins,

um hvernig að þessu verki yrði staðið. Skipið kostaði minna en gert hafði verið ráð fyrir. Það kostaði ekki nema um 1,2 milljarða. Ég velti því t.d. fyrir mér, var það dýr framkvæmd? Nú eru 74 km til Vestmannaeyja úr Þorlákshöfn. Mér er sagt að uppbyggður tvöfaldur vegur kosti 20 millj. hver kílómetri. Þá er það 1,5 milljarðar. Ríkið þarf að borga með Herjólfi kannski 80 millj. á ári, en hvað kostar að halda við vegi? Ég held að það verði ekki með sanngirni sagt að þarna séu mistök. Skipið hefur reynst í alla staði verulega vel. Það hefur staðist alla áætlun sem gerð var. Það var búist við 30% aukningu í farþegum, það er 27% aukning. Það var gert ráð fyrir 28% aukningu í flutningum á bílum, hún hefur orðið 28%. Og farþegarnir, hvort sem þeir eru úr Vestmannaeyjum eða annars staðar, lofa bæði það öryggi sem þetta skip býr yfir, þá flýtingu á tíma sem það býr yfir frá eldra skipinu, þannig að orð ráðherrans eru mælt að ég hygg í einhverri fljótfærni og í einhverju pólitísku stríði við aðra.

En við getum auðvitað borið þetta mál saman við svo margt annað í þessu landi og mér finnst skömm að því að ráðherrann skuli guma að því að best hefði verið að gera jarðgöng. Hann veit hvernig þessi leið er þarna á milli. Þarna er 40 faðma dýpi í álnum. Hvernig á að gera jarðgöng? Hvaða jarðgangasýki er að heltaka þennan hæstv. samgrh. að hann lætur sér jafnvel detta í hug að það sé hægt á þessari leið þar sem bæði er eldfjallahryggur, jarðskjálftasvæði og eitt mesta misgengi í hafi í kringum landið? Mér finnst þetta ábyrgðarlaus og ómerkilegur málflutningur af hæstv. samgrh. Ég vildi að hann fyndi þessum orðum stað og skýrði það fyrir fólkinu við hvað hann átti í ummælum sínum.

[14:01]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. síðasta ræðumanni falleg orð í garð hestamanna og er ánægður með að heyra að hann hefur að mörgu leyti svipuð viðhorf og ég hef haft til reiðvegagerðar, að þegar nýir þjóðvegir eru gerðir þá eigi að hafa það í huga hvar hestamennirnir eiga að fara um og þá muni kostnaðurinn við reiðvegagerðina vera tiltölulega lítill.

Ég vil hins vegar spyrja hann að því hvort hann væri sáttur við að þar sem vegir þarfnast nú úrbóta, þar sem búið er að leggja vegina en reiðvegi vantar, hvort hann væri sáttur við að fjármunir af hinu almenna vegafé sem er til skiptanna í hverju kjördæmi, að það fé væri notað til að bæta þar úr?

[14:02]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Ég þakka hv. þm. undirtektir við ræðu mína og þá spurningu sem hann varpar hér fram er ég sáttur við. Ég er sannfærður um að við stöndum núna t.d. frammi fyrir því að mistök seinni ára, af því að það hefur ekki verið mótuð stefna um þetta mál, þau kosta okkur á þessu ári tugi milljóna. Þess vegna er ég sáttur við það að einhverjir fjármunir verði fluttir til þess að koma í veg fyrir að framtíðin þurfi að þola slík mistök.

[14:03]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var ekki alveg það sem ég var að spyrja um. Ég var að spyrja um hvort hann væri sáttur við það að tekið væri af hinu almenna vegafé til þess að leiðrétta gömlu mistökin. Ég var ekki að tala um framtíðina, ég var búinn að segja að ég væri sammála honum í því efni, ég er að tala um það sem þarf að bæta úr, þar sem mistökin hafa verið gerð, að það verði teknir peningar af hinu almenna vegafé í það.

[14:03]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það sjái það allir í hendi sinni, bæði tryggingafélög og íslenska þjóðin, þá slysahættu sem stafar af því að hestar og menn eru nánast á sama vegi við mörg hættuleg skilyrði. Og það er ekkert mikilvægara en að Alþingi, fjárveitingavaldið, setjist verulega yfir það hvernig megi koma í veg fyrir stórslys og hvort sem það heita gömul mistök eða mistök dagsins í dag þá finni menn fjármagn til þess, með einhverjum hætti. (**ÁMM:** Af almennu vegafé?) Af hinu almenna vegafé sagði ég að ég væri sáttur við að taka einhverjar upphæðir. En fyrst og fremst væri það verðugt verkefni fyrir hv. þm., sem jafnframt er dýralæknir, að setjast niður og láta rannsaka það, kannski biðja flokksbróður sinn hæstv. samgrh. að taka út þessa staði og athuga hvað það kostar að fjármagna endurbætur á þeim. Við svörum síðan í þinginu hér á eftir.

[14:05]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er undarleg athugasemd hv. 5. þm. Suðurl. við orð hæstv. samgrh. varðandi hugsanlegan kostnað við byggingu jarðganga milli lands og Eyja og hins vegar Herjólf því það er alveg rétt eins og kom fram í máli hæstv. samgrh. að ef það lægi ljóst fyrir að það væri tæknilega hægt að byggja göng milli lands og Eyja, botngöng, þá mundi það kosta hlutfallslega, eins og ráðherrann orðaði það, mun minna en nýr Herjólfur. Herjólfur á að duga í 15–20 ár, göng ættu að duga margfalt lengur og stofnkostnaður við slík göng lægi einhvers staðar á bilinu 2–3 milljarðar samkvæmt samsvarandi göngum sem hafa verið byggð bæði í Japan og í Noregi við sams konar aðstæður. Það var líka undarlegt að heyra þingmanninn lýsa því yfir að jarðfræðilega væru aðstæður þær að ekki væri hægt að byggja undirgöng þarna. Það liggur ekkert fyrir um það, það er allt sem bendir til þess að það sé hægt. Ég minni á það að fyrir fáum árum flutti ég ásamt hæstv. samgrh. þáltill. um könnun á gerð jarðganga milli lands og Eyja. Þá var hv. þm. Guðni Ágústsson formaður allshn. og tók undir þessa tillögu, fagnaði henni og sagðist mundu fylgja henni eftir en stóð síðan fyrir því í þáverandi allshn. að svæfa málið. Það voru heilindi þingmannsins í könnun á þessari samgöngubót. Svo ærir hann hér óstöðugan og kemur með yfirlýsingar sem eru af hálfu fagmanna að gera en ekki óbreytts þingmanns Guðna Ágústssonar, sem hefur litla þekkingu á 40 faðma dýpi þó hans málflutningur komi

ærið oft af mjög miklu dýpi.

[14:07]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn sagði að ég hefði ært óstöðugan og við sáum að hann fór hér upp, hv. þm. Árni Johnsen þannig að það kom mér ekki á óvart. En hér flutti hann eina af sínum undarlegu ræðum. Það er alveg rétt að það sjá það allir sem hugsa um leiðina til Vestmannaeyja að þar er ekki auðveld jarðgangagerð, jafnvel þó menn fari beint úr kartöflugörðunum í Þykkvabæ og þar út og niður þá gengur það ekki heldur.

Ég taldi það skyldu mína að vera ekki að rugla þjóðina og síst Vestmanneyinga í því að það væri auðveldur hlutur og ódýr að gera jarðgöng til Vestmannaeyja. Mér datt ekki í hug að standa að því að afgreiða þá tillögu. Ég vænti þess að við báðir verðum steindauðir áður en þessi jarðgöng koma, við hv. þm. Árni Johnsen. En hvað Herjólf varðar þá var það mikilvægt samgöngutæki. Við vitum að gamla skipið bjó yfir miklum hættum, það var ein vél í því og þess vegna var mikilvægt að fá nýtt skip og ég vakti hér athygli á því að allt í kringum smíði skipsins hefði heppnast vel. Nú kemur hv. þm. Árni Johnsen og heldur því fram að skipið séu mistök og allt sem ráðherrann hefur sagt hér í stóryrðum í síðustu viku sé rétt. Ég bið hann um að flytja þessa ræðu úti í Vestmannaeyjum, yfir fólkinu þar. Ég hræddur um að hann fái jafnvel á baukinn hjá svartasta íhaldinu sem stjórnar þessu fyrirtæki.

[14:09]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur enginn sagt hér í umræðu að Herjólfur væri mistök eða slæmt skip. Herjólfur hefur reynst mjög vel og er fyrsta alvöru farþegaskipið milli lands og Eyja í sögu farþegaflutninga þar. Það hefur enginn haldið öðru fram. Enginn í umræðunni þannig að það er óþarfi (Gripið fram í.) — hæstv. samgrh. hefur ekki gert það heldur. Ég hef lesið ræðu hans, heyrði hana að hluta og las hana alla og hann hefur ekki sagt það, það er rangt. Það er óþarfi af hv. þm. Guðna Ágústssyni að vera að fleipra með einhver orð sem standast ekki.

Það var líka undarlegt að heyra Guðna Ágústsson segja að sér hefði ekki dottið í hug að afgreiða þá þáltill. sem átti að kanna faglega hugsanlega gerð jarðganga milli lands og Eyja því hann lýsti því yfir úr ræðustól að hann fagnaði tillögunni og mundi berjast fyrir því að fylgja henni fram. Hvað datt honum í hug þegar hann talaði úr ræðustólnum? Það væri rétt að hann læsi sínar eigin ræður áður en hann blaðraði úr ræðustól á þennan hátt.

Það er líka undarlegt að heyra Guðna Ágústsson segja að það sé ekki auðvelt að gera jarðgöng á milli lands og Eyja. Hefur þingmaðurinn oft farið þessa leið sem hugsanleg jarðgöng yrðu lögð um? Nei, hann hristir höfuðið, ekki farið oft, en kannski nokkrum sinnum. Ætli það væri ekki nær að fela sérfræðingum Vegagerðarinnar og öðrum sem unnu að undirbúningi þeirrar tillögu sem ég minntist á að ég hefði lagt fram um þessa könnun og eingöngu könnun til þess að horfa til framtíðar og velta því fyrir sér hvort það kæmi upp sú staða í mjög hraðri tæknilegri þróun af gerð jarðganga í heiminum að það væri hagkvæmur kostur þegar þar að kæmi að horfa til þess að gera jarðgöng milli lands og Eyja. Þeir sem hafa kynnt sér málið vita að þetta er fýsilegur kostur þá og þegar. Og ef missig í álnum milli lands og Eyja, misgengi sem er til staðar, jarðfræðilegt fyrirbæri auðvitað — það er búið að leysa slík mál annars staðar í heiminum við sams konar jarðgangagerð og það er ekki vandamál þó að menn komi hér fullir fordóma og ætli að segja einhvern heilagan boðskap að ekki megi kanna málin faglega. Það er nú meira afturhaldið.

[14:12]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef nú ekki farið oft í undirdjúpið á milli lands og Eyja eins og hv. þm. Árni Johnsen virðist hafa gert. Við skulum aðeins ímynda okkur þessa leið hvað hún er ólíkleg í dag til þess að vera raunhæf.

Ef þingmaðurinn Árni Johnsen væri staddur úti í Vestmannaeyjum og göngin væru komin, þá yrði sennilega að vera hringakstur niður eina 70 metra til þess að komast einhvers staðar undir botninn því að dýpið í álnum er yfir 70 metrar. Í Þykkvabænum þarf náttúrlega annan hringstiga upp til þess að honum geti skotið þar upp og hafið sönginn fyrir þá kartöflubændur. Það er nú önnur saga.

En ég held að við eigum ekki að vera að rugla okkur í þessari umræðu. Hann lýsti því yfir hér sem ég fagna að Herjólfur núverandi væri fyrsta alvöruskipið á milli lands og Eyja. Ég er sammála honum í því og þess vegna hygg ég að hann hafi orðið jafnundrandi, hafi hann verið hér, á þeim ummælum og þeirri ræðu sem hæstv. samgrh. flutti yfir þingheimi í síðustu viku. Þau eru í andstöðu við allt sem hann hefur sagt á hátíðarstund og í andstöðu við öll rök málsins því að skipið varð ódýrara og hefur heppnast betur en menn gerðu ráð fyrir.

[14:13]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að blanda mér í umræður þeirra hv. þm. Sunnlendinga um Herjólf þar sem annar virðist hafa ært hinn, enda er hann líklega nokkuð óstöðugur. En varðandi tæknilega möguleika á því að komast undir hafsbotninn og þá hringstiga sem hv. síðasti ræðumaður var að nefna, þá tel ég nú a.m.k. að Þykkvabæjarmegin væri eðlilegt að koma upp 1,6 km frá sjó eins og segir í kvæðinu.

Ég ætlaði að gera athugasemd við annars ágæta ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar, 5. þm. Suðurl. Hann talaði ágætlega hér um reiðvegagerð og ég er mjög sammála því sem hann sagði og hans málflutningi. Ég taldi samt að hann hefði ofmælt því að hann orðaði það á þann veg að reiðvegagerðin hefði ekki náð eyrum löggjafans. Það er ekki nákvæmlega rétt. Hér var samþykkt á Alþingi ályktun 7. febr. 1991 um að Alþingi ályktaði að fela samgrh. að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til þess að

kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun. Þetta var þáltill. sem flutt var af nokkrum framsóknarmönnum, m.a. okkur hv. þm. Guðna Ágústssyni og 1. flm. var Guðmundur G. Þórarinsson. Það er hins vegar rétt að það vantar í vegalögin eins og ég gat um fyrr í þessari umræðu skýr ákvæði um reiðvegagerð og það er mjög brýnt að bæta úr því og ég treysti því að það verði gert við meðferð þessara vegalaga hér í þinginu.

[14:16]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kann að vera að ég hafi ofmælt hvað þetta varðar. En það sem ég átti við er að ég hef gert mér grein fyrir því að í hópi alþingismanna er brennandi áhugi fyrir því að reiðvegir verði lagðir og að því verði staðið með öðrum hætti. En lengra erum við þó ekki komnir en það að við sjáum hér frv. koma frá meiri hluta alþingismanna sem nú ráða hér ferðinni þar sem þessi mál eru áfram hornreka og það var nákvæmlega við það sem ég átti í mínu máli, að meiri hluti alþingismanna ber nú ekki meiri virðingu eða hefur meiri áhuga fyrir þessum málaflokki en svo að þeir hafa sætt sig við það þing eftir þing að þeirra samgrh. leggi hér fram frv. þar sem þessi málaflokkur er enn á einskis manns landi.

[14:17]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað verkefni okkar að breyta þessum vegalögum eða þessu frv. til vegalaga á þann hátt að reiðvegum sé þar eðlilegur sómi sýndur. Það er ekki rétt hjá hv. 5. þm. Suðurl. að þetta mál hafi ekki náð eyrum alþingismanna. Það eru ekki alþingismenn sem bjuggu þetta frv. til, það eru einungis fulltrúar frá Sjálfstfl. og Alþfl. og það er ekki samheiti yfir Alþingi.

[14:18]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir margt í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar, en það henti hv. þm. hér í ræðustólnum að ofmæla einnig því að hér setti hann fram þá fáránlegu fullyrðingu að þeir væru ekki alþingismenn, hv. þm. Árni Mathiesen, Gunnlaugur Stefánsson, Karl Steinar Guðnason, að vísu er hann það ekki lengur en hann var það og er nú farinn í feitara embætti. Kannski væri einhver einn alþingismaður enn (**Gripið fram í:** Ekki má gleyma Pálma Jónssyni.), já ég tala nú ekki um hv. þm. Pálma Jónsson, nágranna og upprekstrarfélaga hv. þm. Páls Péturssonar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 1. þm. Norðurl. v. óskar að bera af sér sakir.

[14:19]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég þarf að bera af mér sakir. Ég hef aldrei borið á móti því að þessir hv. þm. væru ekki alþingismenn. Mér er það fyllilega ljóst og meira að segja einn af þeim 6. varaforseti þingsins. En það sem ég sagði var það að þó að þeir hefðu komið að þessu frv., þessir sex hv. alþm., þá væri það ekki vilji Alþingis. Þetta frv. er með þeim ósköpum gert að það er samið af þingmönnum stjórnarflokkanna. Stjórnarandstaðan átti engan hlut að samningu þess. Það er ekkert óeðlilegt við það þó að þetta frv. sé eitthvað gallað úr því að svo var í pottinn búið.

[14:19]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. Guðna Ágústssyni um það að reiðvegagerð hefur verið hornreka í vegáætlunum mörg undanfarin ár. Og ég get líka tekið undir þær vonir að núna kunni að vera lag til þess að bæta hér úr. Ef við lítum á 16. gr. fyrirliggjandi frv., þá get ég ekki séð að þar sé neitt til fyrirstöðu að Alþingi marki með fjárveitingum í komandi vegáætlunum aukið fé til reiðvega. En þá verður Alþingi að gera það upp við sig að taka fé úr almennri vegagerð til þess að efla reiðvegagerðina. Um það fjallar hið pólitíska val. Ég trúi því að þannig hafi málum verið háttað áður og hef trú á að svo verði áfram og ég get tekið undir með hv. þm. Guðna Ágústssyni að skoða það rækilega ef þessi 16. gr. verður einhvern tíma að lögum. Ég vil sérstaklega fagna þessu ákvæði sem hér er að finna um að það verði höfð náin samvinna við hestamenn um reiðvegagerðina og ég held að það sé gott mál að hestamannafélögin eins og aðstæður frekast leyfa hafi með höndum reiðvegagerðina sjálf. Það held ég að spari fé og lengi reiðvegi.

[14:21]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur nú orðið allmikil umræða um frv. til vegalaga bæði nú og í fyrra og ég ræddi nú það frv. í fyrra sem er óbreytt núna og ég ætla ekki að endurtaka þá ræðu mína. Það hefur ýmislegt skýrst í þessari umræðu og hæstv. samgrh. hefur lýst yfir að hann sé tilbúinn að taka jákvætt undir margar þær breytingar sem menn hafa lagt til þannig að við 2. umr. mega menn búast við að frv. verði lagt fram þó nokkuð mikið breytt.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á að það verði tekið tillit til óska framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga sem er með sérálit í þessu frv. varðandi nefnd sem er nauðsynlegt að setja á laggirnar vegna þeirra miklu breytinga sem er verið að gera á flokkun vega ef þetta frv. verður að lögum. Og ég ætla líka að taka fram að það hljóta að verða miklar breytingar á 23. gr. þessa frv. Eftir því sem hæstv. samgrh. hefur sjálfur sagt hér getur sú grein ekki staðið eins og hún stendur í dag því að hann sagði orðrétt 27. okt. þegar þetta var til umræðu, með leyfi forseta: „Það er yfirlýst af minni hálfu og ég held að aldrei hafi komið fram raddir um annað á Alþingi en rekstur Akraborgarinnar haldi áfram þangað til jarðgangagerð lýkur undir Hvalfjörð." Þetta er alveg ljóst af hendi hæstv. ráðherra og þar af leiðandi getur það ekki staðið í frv. að það eigi að leggja niður þessa ferju eftir þrjú ár.

En það sem mig langar mest að spyrja hæstv. samgrh. er varðandi nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar sem skilaði af sér í vor um það að flytja ríkisstofnanir út á land. Sú nefnd gerði tillögu um það að Vegagerð ríkisins flytti til Borgarness og nú langar mig að heyra

hvað hæstv. ráðherra segir í því efni, hvort sá undirbúningur sé hafinn og hvar sá undirbúningur standi sé hann hafinn.

[14:24]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í gær fóru hér fram mjög gagnmerkar umræður um alls óskylt mál þar sem var fjallað svona um eðli lagasetningar, hversu langt ætti að ganga í lögum og hv. 2. þm. Vesturl. flutti þar ágæta ræðu og varpaði fram mörgum álitaefnum. Nú saknaði ég þess nokkuð í ræðu hv. þm. að ekki væri komið inn á það að í þessum frumvarpstexta er gert ráð fyrir því sama, að farið sé í að skilgreina grundvallaratriði eins og það t.d. hvað sé vegur. Í 1. gr. frv. segir og ég held að það sé nauðsynlegt að það komist inn í þingtíðindi hvað sé vegur:

„Vegur merkir í lögum þessum akbraut, önnur mannvirki og land sem að staðaldri eru nauðsynleg til þess að vegur sé varanlegur, unnt sé að halda honum við og hafa af honum sem fyllst not."

Nú vildi ég gjarnan að hv. þm. greindi okkur frá því hvort hún teldi að það sé þörf á því að kveða á um það sérstaklega í lögum hvað sé vegur eða hvort það sé að breyttu breytanda ljóst öllum eða hvort það sé óskýrara almennt í hugum manna hvað sé vegur en hvað sé hús.

[14:26]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. spyr mig að því hvort mér þyki það nógu ljóst í þessu frv. hvað sé vegur. Já, ég svara því þannig að mér finnst það algerlega ljóst hvað sé vegur. En svo er annað í þessu frv., það eru ýmis önnur samgöngutæki sem til eru tekin sem ekki var í gamla frv., t.d. hvernig flugsamgöngur og skipasamgöngur eru til einstakra staða og það er tekið inn í þetta sem vegasamgöngur einnig. En hvort þetta nægir hv. þm. varðandi mína skilgreiningu hvað sé vegur. Hvað er reiðvegur t.d. og hvað er bílvegur t.d.? Það er mjög mismunandi alveg á sama hátt og það er mjög mismunandi hvað er hús. Það sem ég var að gera athugasemd við í gær var í sambandi við það hvað var nákvæmlega skýrt hvað væri hús, þ.e. að það þyrfti að nema við jörðu. En það er eins með vegi. Þeir nema við jörðu, hv. þm. Það er mikið atriði.

[14:27]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningin laut eiginlega að því hvort það væri nauðsynlegt að kveða sérstaklega á um það í lögum hvað sé vegur. Ég held að það sé svona flestum nokkuð ljóst alveg eins og það er nokkuð ljóst held ég í hugum hér um bil allra hvað sé hús. En spurning mín til hv. þm. laut eiginlega frekar að því hvort hún sé sammála þeim hv. þm. sem talaði í gær um það að ekki væri þörf á því að skilgreina í lögum hvað væri hús, hvort hv. þm. væri sammála þeim þingmanni um það að þá væri væntanlega ekki þörf á því, úr því að það væri svona ljóst í hugum allra, að kveða á um það sérstaklega í lögum. Það er meinalaust af minni hálfu hvort skilgreint er í vegalögum hvað sé vegur, en hins vegar sýnist mér á þessum lagatexta að það sé ekki alveg rétt sem hv. þm. sagði að vegur þyrfti endilega að nema við jörð því að ég sé ekki á lagatextanum að það sé sérstaklega kveðið á um það þannig að það er alveg gert ráð fyrir því að vegir geti verið hér án þess að nema við jörð og séu þá á einhverjum stólpum, en það er auðvitað fullkomið aukaatriði.

[14:28]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Það liggur við að maður sé feiminn að koma hér í ræðustól eftir svona heimspekilegar vangaveltur eins og farið hafa fram hér á milli hv. 2. þm. Vesturl. og hv. 3. þm. Vestf. Í lok andsvara sem fóru hér á milli okkar hv. þm. Guðna Ágústssonar áðan þá beindi hann því til mín að ég hlutaðist til um það við samgrh. að hann léti gera úttekt á reiðvegum og þörf á reiðvegum, eða nokkurs konar reiðvegaáætlun vænti ég að hafi verið í huga hv. þm. Ég hafði ekki tök á því að svara þar sem ég var búinn að tala tvisvar.

Það vill einmitt þannig til að það er verið að vinna slíka áætlun og það er verið að vinna þessa áætlun af hálfu Vegagerðar ríkisins, hverrar yfirmaður er hæstv. samgrh., og Landssambands hestamanna og Sigríður Sigþórsdóttir arkitekt, sem hv. þm. Guðni Ágústsson vitnaði í í sinni ræðu hérna áðan, er einmitt að vinna þessa áætlun á vegum þessara aðila. (**GÁ:** Samkvæmt þingssamþykktum framsóknarmanna, er það ekki?)

Þingsályktun var samþykkt af þinginu veturinn 1990–1991 um það að gerð skyldi reiðvegaáætlun og er allt gott um þá þál. að segja, en í frv. sem fyrir þinginu liggur í dag er í fyrsta skipti gert ráð fyrir því og kveðið á um reiðvegaáætlun í vegalögum og finnst mér það vera allnokkurt spor í átt til þess sem ég veit að við hv. þm. Guðni Ágústsson viljum báðir að farið sé. Þess vegna verð ég að taka undir með hv. þm. Páli Péturssyni þegar hann setur ofan í við hv. 5. þm. Suðurl. að það sé ekki alveg rétt hjá honum að reiðvegir og reiðvegaáætlun hafi ekki náð eyrum löggjafarvaldsins.

[14:31]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir ræðuna og ýmislegt sem hann kom að. Það sem ég átti við og beindi til hans væri kannski að gera snögga úttekt á því hvar stærstu slysagildrurnar væru sem yllu hestamönnum áhyggjum. Ég vil í framhaldi af því spyrja hann: Væri hann t.d. tilbúinn að beita sér fyrir því í fjárlögum, svipað og farið var í stórverkefnasjóð þar sem milljarðar voru látnir í sérstaka vegi, að kannski 30, 40, 50 millj. verði settar í það af nýju fé í einhverri verkefnaáætlun til að koma í veg fyrir þessar alstærstu slysagildrur sem blasa við okkur víða á reiðleið hestamanna?

Þetta er svona það sem ég vildi vekja athygli á. Ég rakti hér orð Sigríðar Sigþórsdóttur og hennar mat og mat hestamanna er það að frv. standi þannig að áætlunum um reiðleiðir að hestamenn verði að segja sig frá því. Þeir hafi ekki efni á því að leggja reiðvegina og þeir hafi alls ekki efni á því að sjá um viðhaldskostnað á reiðvegunum, fyrir utan hitt að það er spurning

hvort þeim ber það. Við sjáum að Íslendingar hafa hundruð milljóna kannski í gjaldeyristekjur af mönnum sem sérstaklega koma til Íslands, ferðamönnum, til þess að ríða út á íslenskum gæðingum í íslenskri náttúru og fara um landið. Þess vegna er það mín skoðun og margra annarra að frv. verði að gera ráð fyrir því að Vegagerðin fari með reiðvegina eins og aðra nauðsynlega vegi fyrir umferð í þjóðfélaginu. Þessi baggi verður ekki settur á þennan áhugamannahóp hestamanna, nema að litlu leyti þá.

[14:33]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson beindi því til mín hvort ég væri tilbúinn til þess að vinna að því að setja fé á fjárlögum til reiðvegagerðar. Það vill nú þannig til að samkvæmt þingsköpum er vegáætlun í meðförum hjá hv. samgn. og þar á hv. þm. sjálfur sæti en ég sit þar ekki lengur. Samkvæmt vegalögum fara allir peningar sem til vegamála fara í gegnum vegáætlun og koma því ekki til kasta fjárln. En ég verð eins og áður að taka undir með honum þar sem hann lýsir skoðunum sínum á því hvernig standa eigi að reiðvegagerð, ég tel að það eigi að vera samhliða hinni almennu vegagerð, að það sé farsælast. Ég vil spyrja þingmanninn að því hvort hann hafi beitt sér fyrir því í sínu kjördæmi að hinu almenna vegafé hafi verið veitt til reiðvegagerðar til þess að bæta þar úr — ég vil gjarnan spyrja hann að því hvort hann hafi gert það í sínu kjördæmi, þegar þar hefur verið skipt vegafé?

[14:35]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að sitja hér í einhverjum sérstökum fyrirspurnatíma hjá hv. þm. Árna Mathiesen eins og ég hef orðið að sæta á þessum fundi. En hvað varðar fjárlögin þá veit hann það sjálfur að í gegnum fjárlagafrv. eru tekjustofnarnir markaðir sem fara í hin ýmsu verkefni. Samgn. skiptir vegafénu og vinnur að því og mun gera það, þannig að það kemur þar til umræðu og þar hef ég aðgang að því máli. En ég held að það sé, eins og ég hef sagt, mjög mikilvægt að í þessu frv. og í þessari fjárlagavinnuna á Alþingi þá beitum við okkur sérstaklega fyrir því að ákveðið fjármagn verði sett í að koma í veg fyrir ýmsa þá staði sem bæði valda akandi og ríðandi mönnum í dag miklum áhyggjum.

[14:36]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og komið hefur fram hjá mér áður er það ekki á valdi fjárln. að skipta fé á vegáætlun á nokkurn hátt, það fer í gegnum samgn. og í gegnum kjördæmahópana. Ég hef því ekki möguleika til þess að hafa áhrif á það á þeim vettvangi að í þetta fari fjármunir sérstaklega. Mér þykir hins vegar leiðinlegt að hv. þm. Guðni Ágústsson kærir sig ekki um það að ég sé að spyrja hann eitthvað sérstaklega út úr hérna. Ég kann því ekkert illa þó hann sé með áskoranir í minn garð, að ég beiti mér fyrir hinu og þessu gagnvart samgrh., sérstaklega þegar það eru verk sem samgrh. hefur þegar hafið. Hann svaraði ekki spurningu minni um það hvort hann hefði beitt sér fyrir því þegar skipt var í hans kjördæmi að það færu sérstakir peningar í það að bæta úr þeim vandamálum sem varða reiðvegi og aðra umferð. Og án þess að ég sé að eigna mér það sérstaklega þá vil ég láta hann vita af því að í Reykjaneskjördæmi hafa þingmenn þar orðið ásáttir um það að setja þó nokkra peninga á yfirstandandi vegáætlun einmitt í þessi verkefni, þó það dugi langt frá því fullkomlega til þess að bæta úr öllum þeim vanda sem er hér á okkar svæði þar sem umferðin er náttúrlega langsamlega mest. En sem betur fer eru sveitarfélögin hér líka dugleg að vinna að þessum málum þannig að ástandið er nokkuð þolanlegt. Ég er næstum því viss um það að ef útlendingar sem kæmu á landsmótið á Hellu, sem er í kjördæmi hv. þm. Guðna Ágústssonar, ætluðu að ríða frá flugstöðinni og alla leiðina á Hellu þá ættu þeir greiðari leið um Reykjaneskjördæmi heldur en um Suðurlandskjördæmi.

Útbýting þingskjala:

Landgræðslustörf bænda, 178. mál, fsp. VS, þskj. 197.

Greiðsluaðlögun, 180. mál, fsp. SigG, þskj. 199.

Veiðar í Faxaflóa, 179. mál, fsp. GuðjG, þskj. 198.

Verðmunur á nauðsynjavöru, 182. mál, fsp. EMS, þskj. 201.

Verknámskennsla í framhaldsskólum, 181. mál, fsp. EMS, þskj. 200.

[14:39]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það kemur mér vitaskuld ekki á óvart að þingmenn skuli hafa áhuga á því máli sem hér liggur fyrir, frv. til nýrra vegalaga. Ég vil fyrst víkja nokkrum orðum að þeirri gagnrýni sem lögð hefur verið fram vegna þess að ekki hafi verið fulltrúar stjórnarandstöðunnar í þeirri nefnd sem útbjó þetta frv. til framlagningar á Alþingi.

Það má auðvitað hugsa sér margvísleg vinnubrögð í því sambandi. Það má hugsa sér það, eins og gert var í tíð fyrrv. stjórnar, að setja á langa fundi áður en ákvarðanir eru teknar og svo þegar rembihnúturinn er að síðustu hnýttur þá er stjórnarandstaðan hvergi til kölluð, þó svo látið sé í veðri vaka að við hana hafi verið haft samráð. Það er líka hægt að hafa annan hátt á, þann sem hér er, að reyna að vinna málið vel áður en það er lagt fram á Alþingi, síðan er það lagt fram til kynningar og lögð á það áhersla að viðkomandi nefnd, samgn. í þessu tilviki, gefi sér góðan tíma til þess að athuga ýmsa efnisþætti málsins. Hér er ekki um pólitískt mál að ræða í þeim skilningi að það varði beinlínis stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, heldur erum við að ræða um það fyrirkomulag sem við teljum að rétt sé að hafa á vegagerð, eftirliti með vegum og öllum þeim þáttum sem koma inn í þennan þátt samgöngumála. Vegna þeirrar þingreynslu sem ég hef haft þá hélt ég satt að segja að þingmenn legðu ríkari og meiri áherslu á það að fá nægan tíma til þess að ástunda vönduð vinnubrögð í þingnefndinni frekar en hitt að koma til málamynda að málinu áður en það er lagt fram. Það

hefur sýnt sig í sambandi við hafnalögin, og raunar líka þessi mál hér, að samgn. tekur sér tíma og viðhefur vönduð vinnubrögð og ég er ekki í neinum vafa um það að Vegagerðin mun gefa fyllstu upplýsingar til þess að þau störf geti farið vel fram.

Það er með öðrum orðum enginn ásetningur í þá átt að keyra eitt eða neitt í gegnum þingið eða reyna að koma í veg fyrir það að sjónarmið stjórnarandstöðunnar komi fram.

Ég vil segja um reiðvegagerðina að það hefur verið sérstök nefnd vinnandi að því að reyna að átta sig á því viðfangsefni. Vandamálið er auðvitað það eitt, hver eigi að borga og hver eigi að bera ábyrgðina á slíkum vegum, hversu langt á að ganga að bændum í sambandi við land undir slíka vegi. Það eru dæmi um það, a.m.k. sums staðar á landinu, að gamlir þjóðvegir hafi verið lagðir niður en bændur hafi þá óskað eftir því að fá það land sem við það varð til til sín á nýjan leik, í staðinn fyrir að um það sé opin umferð hestamanna. Málið er því ekkert svona einfalt að það snúi eingöngu að okkur sem hér erum inni eða Vegagerðinni heldur koma þarna einnig inn hagsmunir bænda sem vilja nýta sínar jarðir og eru sumir landlitlir.

Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að það sé mjög brýnt að við förum að gera okkur grein fyrir því hvernig við ætlum að standa að reiðvegagerð í landinu. Ég vil raunar líka vekja athygli á því að það er meira en tími til þess kominn að við veltum því fyrir okkur hvort við höfum ekki ráð á að gera hjólreiðamönnum hærra undir höfði, þeim sem búa á hinum þéttbýlli stöðum eins og í Reykjavík, á Akureyri og á ýmsum öðrum stöðum og einnig á þeim stöðum þar sem er mest ásókn vegna ferðamanna. Ég get þá talað um gangvegi og hjólhestavegi t.d. á Mývatnssvæðinu, Þingvallasvæðinu, ég er nú ekki eins kunnugur þar, þó skömm sé frá að segja kannski, og ýmsum öðrum slíkum stöðum. Þetta er viðfangsefni sem kostar fé en þingmenn hafa eðlilega verið íhaldssamir á að dreifa út fénu sem þeir hafa til ráðstöfunar vegna þess að það eru eftir svo brýn verkefni, bæði í þéttbýlinu, ef við tölum um Reykjavík og leiðir út úr bænum og borginni, og aðgerðir til að draga úr slysahættu. Eins auðvitað vegna þess að við höfum ekki lokið því að tengja landsfjórðungana, enn er eftir að tengja Norðurland og Austurland sem eru mest knýjandi verkefnin eins og nú er, ef ég tala um þau í samræmi við þá fjármuni sem til þeirra fara og við erum að tala um allra nánustu framtíð.

Það er svolítið gaman að því hversu viðkvæmt það er ef eitthvað er sagt um ferjur og það ástand sem hér er í ferjumálum. Það er náttúrlega alveg hörmulegt hvernig Alþingi og framkvæmdarvaldið hefur staðið að þeim málum á undanförnum árum. Ég hef rakið þetta áður og ég skal gera þetta einu sinni enn út af þeim ummælum sem hér komu og þeim útúrsnúningum. Ef við tökum t.d. Akraborgina sem hér var rædd þá voru skuldir á Akraborginni á árinu 1988, þá í árslok, það ár sem síðasta ríkisstjórn tók við, tæpar 80 millj., 79,5 millj. Á næstu tveim árum, til 1990, hækkuðu skuldirnar í 137 millj. á Akraborginni. Á árinu 1989 var varið 2,1 millj. til stofnkostnaðar á öllu landinu, ég veit ekki hvort Akraborg fékk eina einustu krónu af því, ég er ekki með það hér, og 1990 8,4 millj. Frá árinu 1988 til 1990 hafa lánveitingar ríkissjóðs vegna ferjukaupa aukist úr 284,9 millj. í 603,4 millj. — 284,9 í 603,4 — og það er alltaf verið að hneykslast á þeim ummælum sem ég hef um þessi mál.

Ef við förum enn lengra fram og tölum um Herjólf, úr því að aftur er farið að tala um hann, ég skal koma að því hvernig ég vék að því máli. Ég vék að því máli stuttlega vegna þess að það var verið að gagnrýna það að í þessu frv. er reynt að greina á milli þeirra ferja sem eru þáttur í samgöngukerfinu, vegakerfinu, og hinna sem ekki er hægt til frambúðar að líta á sem slíkar. Þar er auðvitað Akraborgin augljóst dæmi, ég tala nú ekki um ef göng koma undir Hvalfjörð. Um þetta sagði ég hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er gert ráð fyrir því að það skuli verða skilyrði fyrir því að hið opinbera styðji ferjurekstur að hann sé hluti af vegakerfi landsins eða samgöngukerfi landsins í þeim skilningi að ekki sé hægt að leggja vegi á viðkomandi staði eins og til Vestmannaeyja og til Grímseyjar."

Þótt við hv. þm. Árni Johnsen höfum einu sinni lagt fram þáltill. um það að athuga um gangagerð til Vestmannaeyja þá á það langt í land. Sömuleiðis er það að segja um flóabátinn Baldur o.s.frv., það á langt í land, segi ég. Og ég segi hér á öðrum stað, sem ég skal greina frá líka af því að ég sé að þingmenn hafa fyrir því áhuga, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef það hefði verið tæknilega mögulegt að leggja jarðgöng til Vestamannaeyja þá hefði það ekki orðið dýrari kostur hlutfallslega en sá að kaupa Herjólf eins og að því var staðið." — Ég stend við þessi orð. Gallinn er bara sá að það er ekki tæknilega mögulegt að sprengja jarðgöng til Vestmannaeyja, það er gallinn. En við getum rétt ímyndað okkur hvort ekki hefði verið hagræði að slíku. Þetta er akademísk spurning. Við getum deilt um það á þinginu, en við getum líka gert að gamni okkar yfir kaffibolla niðri sem er kannski viðkunnanlegra.

En aðalatriðið er, og ég hef ekki byrjað á neinu í sambandi við þetta, ég er að reyna að tala efnislega um þessi mál, að það sem ég hafi sagt gefi tilefni til einhverra digurra yfirlýsinga er út í hött og ég vil af þessu tilefni vekja athygli á því að í fjárlögum ársins 1991 er ekki ein einasta króna sem stofnstyrkur vegna Herjólfs, ekki ein einasta króna. En á þessu ári jukust lánveitingar ríkissjóðs vegna ferjukaupa, vegna Herjólfs, úr 53,1 millj. í 817,8 millj. En það var ekki ein einasta króna lögð fram í fjárlögum. Auðvitað getur það ekki gengið, eins og um ferjurnar hefur oft verið, þá getur það auðvitað ekki gengið að menn séu að leggja í fjárfestingu upp á 1,5 milljarða án þess að gera ráð fyrir því á fjárlögum að neitt komi undir eins til fjárfestingarinnar. Það gengur einfaldlega ekki upp. Ef mönnum finnst forkastanlegt að ég haldi slíkum sjónarmiðum fram þá það, þetta er sagan, ég get rakið hana til ársins 1992. Ég get rakið aukafjárveitingar en það er ekki tilgangur minn með þessari ræðu. Við erum hér

einungis að tala um það hvernig eðlilegast og ódýrast sé að byggja upp samgöngukerfið á landi og það hefur verið tekin ákvörðun um að taka ferjurnar inn vegna þess að reynslan hefur sýnt að það er eina leiðin til að fá einhverja festu í þann rekstur og í þá skuldasúpu sem hefur tengst þessum ferjurekstri. Ég hef gert ítrekaðar tilraunir t.d. til að fá það uppgefið nákvæmlega hjá Ríkisábyrgðasjóði hvernig lánaútreikningar séu vegna Baldurs og ekki tekist. Það er auðvitað kominn tími til að þessi mál verði upplýst og menn fái um það fyllstu vitneskju hvernig að þessu sé staðið.

[14:51]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég spurði einnar spurningar og ég hef ekki fengið svar við henni. Það er í sambandi við flutning Vegagerðarinnar í Borgarnes. Mér finnst þetta vera skylt mál þegar verið er að tala um þetta frv., vegáætlun, og ég ætla að endurtaka þessa spurningu mína. Í öðru lagi er alveg hárrétt það sem hæstv. samgrh. sagði í sambandi við lánin. Ef ekki er borgað af lánunum þá aukast upphæðirnar, það er svo einfalt. Samgrh. þekkir þetta atriði þegar tekin eru stór lán til framkvæmda. Í fyrra tók ríkisstjórnin 1,5 milljarða að láni til vegaframkvæmda þannig að þetta er bæði ný og gömul saga að menn taki stór lán til framkvæmda.

[14:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Um síðari liðinn þá er ólíku saman að jafna hvort tekin eru lán vegna smíða erlendis eða til atvinnusköpunar hér á landi þegar mikið atvinnuleysi er. Um fyrra atriðið þá biðst ég afsökunar á að hafa ekki svarað því, ég ætlaði að gera það. Ég varð nú mjög undrandi þegar ég frétti að nefndin hafði lagt það til að flytja Vegagerðina upp í Borgarnes. Það virðist nú liggja nær að reyna að treysta þá uppbyggingu og þá miðstöð í rannsóknum í landbúnaði og menntun í landbúnaði sem er á Hvanneyri, en það má vera að mönnum þyki það nær að færa kannski rannsóknastarfsemi og háskóladeildina til, kannski norður eða í háskólann hér fyrir sunnan. Mér hefði þótt það svona eðlilegra og hefði frekar búist við því að nefndin hefði komist að þessari niðurstöðu.

Um þetta er það eitt að segja að það skýrist núna á næstu vikum eða mánuðum hvort forsendur séu fyrir því að ráðast í gangagerð undir Hvalfjörð. Ef allt fer eftir fremstu vonum þá má búast við að slík göng yrðu boðin út á fyrstu mánuðum næsta árs, kannski í febrúar, og hafist yrði þá handa í árslok. Ég hef ekki kynnt mér sérstaklega þau rekstraryfirlit sem liggja fyrir í sambandi við tillöguflutning á Vegagerðinni upp í Borgarnes og ég hef ekki séð rök fyrir þeim flutningi.

[14:54]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil alls ekki rugla þessum tveimur málum saman RALA, Hvanneyri og Vegagerðinni í Borgarnes, vegna þess að það hefur verið unnið að því um margra ára skeið að RALA fari á Hvanneyri og um það hefur verið samkomulag þó ekki sé lengra komið. En í sambandi við flutning Vegagerðarinnar í Borgarnes fannst mér ég ekki fá alveg skýr svör hjá hæstv. ráðherra, hvert er hans álit, samt finnst mér hann frekar vera á móti því. Ég legg það upp eftir hans orðum að hann sé á móti þeim flutningi og telji ekki rétt að flytja höfuðstöðvar Vegagerðarinnar í Borgarnes.

[14:54]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka ráðherra ræðu hans. Ég get tekið undir með hæstv. ráðherra um þann þátt Vegagerðarinnar að því sem snýr að reiðhjólum og hjólandi fólki. Það er eitt atriðið og getur einmitt farið saman með reiðvegaáætluninni. Ég held að það sé mjög mikilvægt að huga að þeim málaflokki líka. Ég er í engum vafa um að við í samgn. munum skoða þetta frv. og ég vil þá enn spyrja hæstv. ráðherrann, hann sagði að það hefði ekki tekið því að kalla alþingismenn stjórnarandstöðunnar að frumvarpssmíðinni því að þar hefðu menn, eins og hann gaf til kynna, verið bara rétt til málamynda. Ég vil spyrja: Voru hv. þm. þar, Pálmi Jónsson, Árni Mathiesen, Gunnlaugur Stefánsson o.fl., svona rétt til málamynda? Er þetta embættismannafrv. og ekkert annað?

Ráðherrann ræddi hér ferjur almennt. Ég get tekið undir ýmislegt í hans ferjutali. En Herjólfsræðuna skil ég ekki enn og hann leiðrétti sig engan veginn hvað þær dylgjur og það rugl sem hann viðhafði hér fyrir viku síðan í þingræðu, hann leiðrétti það ekki á neinn hátt. Ég tel það skyldu hæstv. ráðherra. Hann segir að jarðgangagerð sé ekki framkvæmanleg en samt fullyrðir hann að hún hafi verið ódýrari kostur heldur en Herjólfur. Þetta eru stór orð. Hann verður að finna þeim stað og hann verður að segja hvað hann meinti hér úr þessum stól.

Síðan vil ég segja um ýmsar aðrar ferjur t.d. Akraborgina, að ég held því hiklaust fram að menn eigi að viðhalda Akraborginni eins og hún er og gleyma jarðgangagerð undir Hvalfjörð við þær aðstæður sem nú ríkja í þessu samfélagi. Við höfum ekki efni á jarðgangagerð undir Hvalfjörð og við eigum að gleyma því um sinn að ræða um fleira í þeim efnum heldur snúa okkur að því að koma þessari ríkisstjórn frá og rétta þjóðarbúið við.

[14:57]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má segja að það sé kannski ástæðulaust að svara hv. þm. þegar hann talar eins og hér áðan, fór rangt með það sem sagt var beint fyrir framan hann og var með útúrsnúninga.

Það er í fyrsta lagi svo að sú nefnd sem undirbjó vegalagafrv. gerði það mjög vel eins og frv. ber með sér. Það breytir ekki því að samgn. mun taka frv. til efnislegrar athugunar eins og nauðsynlegt og rétt er og þar mun stjórnarandstaðan eins og meiri hlutinn geta komið fram sínum athugasemdum.

Í öðru lagi það sem hann sagði um Herjólf var enn útúrsnúningur. Hitt er auðvitað reginhneyksli þegar menn skrifa undir smíðasamning eins og Herjólfs tveim eða þrem dögum fyrir kosningar.

Í þriðja lagi vil ég að það komi alveg skýrt fram að sú könnun sem fram fer á því hvort rétt sé að bjóða út Hvalfjarðargöng og láta borga þau með vegagjaldi, sú ákvörðun var tekin og frv. um það efni var flutt af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og má kannski segja, sérstaklega vegna þess að ég hef stundum verið kallaður framsóknarmaður, að það komi vel á vondan að framfylgja þeim lögum.

[14:58]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki bætti nú hæstv. samgrh. málstað sinn eða málflutning því hann ræddi það hér áðan sjálfur í ræðu sinni að nefnd þingmannanna hefði verið til málamynda. Spurði hvort stjórnarandstaðan hefði viljað koma til málamynda að smíði þessa frv. Ég tók það beint upp og ég spurði því hvort hans menn hefðu setið til málamynda.

Hann segir að það séu ekki mannasiðir að skrifa undir samninga þremur dögum fyrir kosningar. Ég held að þessi hyggni hæstv. ráðherra ætti nú að hafa allan fyrirvara á sér og hætta að skrifa undir samninga því það geta auðvitað brostið á kosningar hvenær sem er. Við hættum ekki að lifa og við hættum ekki að starfa þó kosningar séu fram undan. Herjólfsvinnan var búin að standa mánuðum og árum saman. Þarna kom að lokapunkti og áttu menn þá að snúa frá og hætta við að skrifa undir? Auðvitað urðu menn að ljúka þessu máli og sem betur fer var pólitísk samstaða hér á Alþingi, eins og ég hef farið yfir. Og ef við tölum við heimamenn í Vestmannaeyjum þá eru allir sammála um að skipið er gott, það er ástæðulaust að deila um það lengur, og mönnum gremst þegar hæstv. samgrh. viðhefur þær dylgjur sem hann viðhafði hér í fyrri viku og ég fór yfir. Því auðvitað kalla ég það ekkert annað en dylgjur að slá því fram að svo illa hafi verið staðið að kaupum og smíði á þessu skipi að það hefði verið betra að leggja út í lífshættulega jarðgangagerð á milli lands og eyja sem hefði kostað tugi milljarða og er sennilega eins og ráðherrann sagði sjálfur óframkvæmanleg.

[15:00]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég heyrði það í ræðu samgrh. að það væru miklar skuldir í sambandi við flóabáta. Ég vil spyrja frekar að því, varðandi stofnfjárhæðir til flóabáta, hvort ætlunin sé að það sé tekið af vegafé? Hér er um að ræða framlög sem þurfa að koma á fjárlögum. Þetta eru ákvarðanir sem teknar voru löngu áður og það mundi nú raska mjög framkvæmdum í vegamálum ef það ætti að taka líka öll stofnlán Herjólfs og annarra, en það kom ekki nógu greinilega fram. Ég vil aðeins segja fyrir mitt leyti að ég tel fráleitt að taka stofnframlög til flóabátanna af vegafé því það mundu gersamlega leggjast niður með öllu nýframkvæmdir vega ef slíkt ætti að gerast.

Varðandi svar hæstv. ráðherra um flutning á Vegagerðinni þá líkaði mér svarið vel. Ég tel það fráleitt þó einhver nefnd komi með að það eigi að flytja þetta eða hitt — ég vil bara minna á að Vegagerðin er starfrækt víðs vegar um landið. Ég vil líka spyrja: Er það ekki mannréttindabrot og getur það ekki orsakað hjónaskilnaði ef hjón eru starfandi hjá sinni stofnuninni hvort að segja við eiginmanninn eða eiginkonuna ef þú flytur ekki á þennan tiltekna stað þá missir þú atvinnuna. Ég er hræddur um að Mannréttindadómstóll Evrópu fái þar þá eitt verkefnið.

[15:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og frv. til fjárlaga liggur fyrir er gert ráð fyrir að stofnframlög vegna flóabáta verði greidd af Vegasjóði.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Vandi skipasmíðaiðnaðarins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hafði verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða að beiðni hv. 3. þm. Vestурl., Jóhanns Ársælssonar, um vanda skipasmíðaiðnaðarins. Þessi utandagskrárumræða fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapalaga. Það hefur orðið samkomulag um að tímamörk verði með þeim hætti að málshefjandi og ráðherra hafa 10 mín. í fyrri umferð og 5 mín. í þeirri síðari. Aðrir þingmenn og ráðherrar hafa allt að 5 mín. til umráða. Gert er ráð fyrir að umræðan standi yfir í liðlega klukkustund.

[15:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er öllum kunnugt að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur átt við mikla erfiðleika að etja. Segja má að frá árinu 1986 hafi ríkt algert kreppuástand vegna verkefnaskorts. Svo er nú komið að ársverkum í skipaiðnaði hefur fækkað úr 1.011 árið 1987 í 566 í byrjun þessa árs. Þetta hefur gerst á sama tíma og fjárfesting í nýsmíðum og endurbótum hefur verið mikil og má sem dæmi nefna að á árabilinu 1986–1992 fjárfestu Íslendingar í fiskiskipum fyrir 40 milljarða, eða sem svarar 5,7 milljörðum á ári að meðaltali. Af þessari upphæð koma aðeins 13 milljarðar í hlut Íslendinga. Enn hefur sigið á ógæfuhliðina því að hlutur Íslendinga í nýsmíðum og endurbótum hefur hrunið saman eða úr u.þ.b. 70–80% á árunum 1983–1986 niður í u.þ.b. 20% meðaltal áranna 1992–1993. En á þessum tveimur árum var unnið innan lands fyrir 1.400 millj. kr. en erlendis fyrir 7.000 millj. kr.

En hvers vegna er staða íslensks skipaiðnaðar svona hrikaleg? Svörin hafa menn auðvitað vitað lengi en þau hafa þó nýlega verið sett fram í skýrslu starfshóps sem iðnrn. og viðskrn. létu skoða, Ríkisstyrkir og undirboð í skipasmíðaiðnaði. Skýrslan er vel unnin og fullkomlega burðugt plagg til að stjórnvöld geti gert upp við sig hvernig eigi að bregðast við í málefnum greinarinnar. Þarna kemur það fram svo ekki verður um deilt að þessi vandi stafar að langmestu leyti af ýmiss konar styrkjum og stuðningi okkar samkeppnisþjóða við

sinn skipaiðnað. Til að gefa mönnum hugmynd um í hvers konar samkeppnisaðstæðum íslensk skipasmíðafyrirtæki keppa nefni ég hér nokkur dæmi um ríkisstyrki og hömlur í okkar viðskiptalöndum. Í Noregi er t.d. 13,2% styrkur til nýsmíða, í Danmörku voru á árunum 1988–1990 26,6% styrkir og að meðaltali í EB-ríkjunum á sama tíma 13,7% styrkir. Á þessum árum var meðaltal styrkja til skipasmíða í EB-löndum um 140 milljarðar og í Danmörku, sem er ekki mjög stórt land, voru 8,3 milljarðar notaðir til að styrkja skipasmíðaiðnaðinn, svo dæmi sé tekið. Í fyrrum Austur-Þýskalandi eru nú greiddir 245 milljarðar á ári eða 36% til að styrkja þar skipasmíðaiðnað og kröfur um styrki innan EB hafa farið vaxandi vegna þess máls. Í Kanada eru 25% verndartollar á innflutt skip og það eru 50% tollar á öll innflutt skip til Bandaríkjanna og auk þess 15% ríkisstyrkir. Til viðbótar við þetta vil ég nefna að árlegir ríkisstyrkir EB og EFTA árin 1988–1991 til almenns iðnaðar voru á hvert unnið ársverk í þúsundum króna: Á Ítalíu 166 þús. kr., í Noregi 120 þús. kr., á Spáni 72 þús. kr., í Danmörku 48 þús. kr., í Svíþjóð 38 þús. kr. og á Íslandi 8 þús. kr.

Íslenskur iðnaður er sem sagt gjörsamlega óvarinn og nánast alveg stuðningslaus frá því opinbera í samkeppni innan EFTA og verður fljótlega í sömu aðstöðu á öllu EES-svæðinu. Svona eru þessar aðstæður þrátt fyrir alla samninga um viðskiptafrelsi. En þjóðin stendur í allt annari meiningu og þar á Alþfl. kannski stærstan þáttinn í. Hann er búinn að koma því inn hjá íslensku þjóðinni að t.d. niðurgreiðslur í landbúnaði séu miklu meiri hér heldur en alls staðar annars staðar, að innflutningshömlur og tollvernd sé mest hér af öllum löndum, að neytendur séu sífellt að borga brúsann vegna óeðlilegra viðskiptahátta sem séu notaðir til að verja innlenda starfsemi. Nú er kominn tími til þess að alþýðuflokksmenn og aðrir sem hafa iðkað þetta svari því hvernig þeir ætla að skapa atvinnu og tekjur handa þessum sömu neytendum til að kaupa ódýrar vörur. Við hvað ætla menn að láta fólkið í landinu vinna? Það hlýtur að vera komið að því að íslensk stjórnvöld fari að svara þeim fjölmörgu spurningum sem hljóta að vakna við þessar aðstæður, um það hver stefnan eigi að vera í málefnum atvinnuvega landsmanna. Þarna verða menn að velja og hafna og það verður að ákveða hvaða atvinnugreinar, hvers konar vörur og hvaða markaði við ætlum að leggja áherslu á að nýta okkur. Við verðum eins og aðrir að verja okkar atvinnuvegi.

Hér er enginn tími til að ræða almennt um þessi mál, en það hefur lengi verið mín skoðun að ein af þeim atvinnugreinum sem uppfyllir öll skilyrði um að veita atvinnutækifæri sem við eigum að verja hvað sem á dynur sé skipasmíðaiðnaðurinn. Þar fer allt saman, hátækniiðnaður sem er nauðsynleg undirstaða annarra skyldra iðngreina, gífurlega stór heimamarkaður í þjónustu við öflugasta atvinnuveg landsmanna og svo er þetta einhver mannfrekasti og mest atvinnuskapandi iðnaður sem völ er á. Þarna liggja einmitt bæði kostirnir og vandinn.

Það er auðvitað af þessum ástæðum sem þjóðirnar í kringum okkur leggja svona mikla áherslu á að efla og styrkja þennan atvinnuveg. Þar hafa menn komist að þeirri niðurstöðu að það sé miklu fórnandi til. Þeir hafa sem sagt reiknað heimadæmin, kannski svipuð dæmi og Gylfi Arnbjörnsson, hagfræðingur ASÍ, hefur sett fram um hagkvæmni þess að smíða skip hér heima. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að ef borinn er saman annars vegar innflutningur á skipi fyrir 1 milljarð sem þýðir þá nákvæmlega sú upphæð í útlögðum kostnaði og hins vegar innlend nýsmíði fyrir sömu fjárhæð þá mun nýsmíði innan lands kosta okkur 520 millj. kr. í innflutningi en landsframleiðsla mun aukast um 1.100 millj. kr. en ekkert við erlendu kaupin og við fengjum 350 ársverk við framleiðsluna. Tekjur vegna opinberra gjalda yrðu tæpar 300 millj. kr. og sparnaður vegna atvinnuleysisbóta 200 millj. kr. Ef við reiknum okkur svo áfram og gerum ráð fyrir því að við hefðum u.þ.b. 50% markaðshlutdeild, og er þá markið ekki sett mjög hátt miðað við það að við höfðum 70–80% hlutdeild í framleiðslunni hér fyrir fáum árum, þá gætum við skapað 800–900 ný störf. Landsframleiðslan mundi aukast um 2,5–3 milljarða og staða ríkissjóðs batna um heilan milljarð kr.

Þessi dæmi segja okkur að við höfum ekki efni á að bjóða útlendingum að þessu veisluborði áfram, við hljótum að velja leiðir að því marki að hafa þennan markað fyrir okkur. Íslensk stjórnvöld hafa fram að þessu valið þann kostinn að tala sig frá vandanum, skipa nýjar og nýjar nefndir á meðan síðustu fyrirtækjunum var að blæða út. Vélsmiðja Seyðisfjarðar fór í gjaldþrot um daginn, Slippstöðin er í greiðslustöðvun, Þorgeir og Ellert eru á barmi gjaldþrots og Stálsmiðjan á í miklum erfiðleikum. Það hafa glatast fjölmörg atvinnutækifæri í þessari iðngrein og það hefur glatast bæði verkleg þekking og þjálfun í stórkostlegum stíl. Það þarf auðvitað að endurreisa þessi fyrirtæki en það hefur litla þýðingu ef ekki verða sköpuð eðlileg samkeppnisskilyrði fyrir þessa atvinnugrein. Þar er úr ýmsum leiðum að velja og til þess er svigrúm og það sýna dæmin sem ég fór yfir hér áðan, en það er líka fyrir hendi að setja jöfnunartolla á þessi skipasmíðaverkefni. Það er vel ásættanleg leið en menn verða að hafa kjark til þess að fara hana. Menn mega ekki missa þann kjark þó þeir heyri eins og eina þulu frá Kristjáni Ragnarssyni. Það er nefnilega aðalástæðan fyrir því að ekkert hefur gerst í þessum málum að forsvarsmenn útgerðarinnar í landinu hafa ekki haft skilning á eðlilegri kröfu um það að sjávarútvegurinn eigi að kaupa sína þjónustu hér innan lands. Svo forhertur er aðaltalsmaður útgerðarinnar í landinu í þessum efnum að hann hélt því t.d. fram, örugglega gegn betri vitund, þegar togarinn Bessi kom til landsins að svona skip væri ekki hægt að smíða á Íslandi. Undirlægjuháttur og vesöld stjórnvalda við forsvarsmenn útgerðarinnar hefur verið með slíkum ólíkindum að ekkert hefur verið gert þó að skipaiðnaðurinn hafi verið að hrynja í rúst eins og við sjáum nú fyrir okkur.

En nú höfum við fengið nýjan iðnrh. og hljótum að spyrja hæstv. iðnrh. hvort hann hafi sömu stefnu og forveri hans sem sagði að við ættum enga möguleika

til að keppa við þessar þjóðir um nýsmíðar. Við þurfum að biðja hann að svara því líka í hverju stefna hans er þá frábrugðin stefnu forvera hans.

Í skýrslunni sem ég nefndi áðan kemur fram að það eru allar forsendur til að beita undirboðs- og jöfnunartollum gagnvart þessum innflutningi sem ég er að tala um. Mig langar til að spyrja: Hefur hæstv. ráðherra kjarkinn? Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir því að jöfnunar- og undirboðstollum verði komið á? Ef svo er, hvenær stefnir hann þá að því að þeir komi til framkvæmda? Verður samstaða í ríkisstjórninni? Hvenær verða ákvarðanir um aðgerðir teknar? Ætlar hæstv. ráðherra að beita sér fyrir ráðstöfunum til bjargar þeim skipasmíðastöðvum sem nú eru komnar eða eru að komast í þrot? Og hvenær verða ákvarðanir þar um teknar? Fólkið sem vinnur við þennan iðnað þarf að fá skýr svör. Hvenær getum við fengið að vita hver niðurstaðan verður? Tíminn er núna liðinn og það er hægt að telja það í dögum og vikum frekar en lengri tíma hvert svigrúmið er til þess að taka á þessum málum.

[15:15]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Vandinn er ekki síst sá að skipasmíðar og ríkisstyrkir við skipasmíðar falla því miður ekki undir ákvæði EES-samningsins. Við EFTA-þjóðirnar höfum verið að reyna að fá Evrópubandalagið til að taka skipasmíðar inn í samninga um hin frjálsu viðskipti á EES-svæðinu þar sem óheimilt er að beita ríkisstyrkjum en það hefur ekki fengist. Ef það fengist og stefna okkar alþýðuflokksmanna og ríkisstjórnarinnar um frjálsari viðskipti og afnám óeðlilegrar samkeppni næðist fram væri málið leyst. Hins vegar vil ég upplýsa hv. þm. um, sem er gleðilegt, að sá árangur verður líklega í GATT-viðræðunum að Bandaríkjamenn og Kanadamenn sem nú hafa verndartolla á skipasmíðaiðnaði hjá sér út frá sjónarmiðum hernaðarþarfa verða neyddir til að fella þá verndartolla niður.

Því miður gefst ekki tækifæri til að ræða vandamál skipasmíðaiðnaðarins jafnrækilega og ástæða væri til en ég vil aðeins taka það fram að það er ekki rétt að fyrrverandi iðnrh. hafi ekki unnið að lausn þess máls. Hann beitti sér fyrir því í kjölfar skýrslu bresks sérfræðifyrirtækis um stöðu skipasmíðaiðnaðarins að tekin yrði saman skýrsla um ríkisstyrki í nágrannalöndunum til að byggja undir kröfur Íslands um jöfnunargjöld ef ekki næðust fram í frjálsum samningum m.a. innan EFTA og EB ákvæði um bann við slíkum styrkjum. Það er ekki vandalaust að undirbyggja slíkt vegna þess að þrátt fyrir miklar niðurgreiðslur í skipasmíðaiðnaði í kringum okkur, ætli einna mestu niðurgreiðslurnar séu ekki í Póllandi, þá er ekkert land í víðri veröld sem hefur tekið upp jöfnunartollakerfi gagnvart skipaiðnaði. Þannig að Ísland yrði fyrsta landið til þess að gera slíkt og það er að sjálfsögðu ekki vandalaust að undirbyggja slíka aðgerð.

Þann 18. maí sl. kom þessi skýrsla út sem er til þess fallin að undirbyggja aðgerðir af hálfu okkar Íslendinga ef við náum því ekki fram í viðræðum við aðrar þjóðir að fella niður ríkisstyrki við skipasmíðaiðnað sem þátt í alþjóðlegu, frjálsu viðskiptasamstarfi. Þann 18. maí kynnti fyrrv. iðnrh. þessa skýrslu í ríkisstjórninni með minnisblaði. Í minnisblaðinu segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Margt bendir til þess að skilyrði tollalaga og GATT-reglna fyrir beitingu jöfnunartolla hafi verið til staðar þegar innflutningur skipa og skipasmíðaþjónustu var sem mestur á árunum 1986–1989 og sama megi segja um sl. ár en þá varð aukning á erlendri nýsmíði og viðgerðum fyrir Íslendinga á nýjan leik. Innflutningur á skipum og slíkri þjónustu verður hins vegar mun minni á þessu ári. Í skýrslunni er rakið hvaða reglur gilda um málsmeðferð þegar gripið er til jöfnunartolla og er þar um allflóknar reglur að ræða."

Að lokinni kynningu hæstv. þáv. iðnrh. á þessari skýrslu var gerð svofelld samþykkt í ríkisstjórninni, með leyfi forseta:

„Iðnaðarráðherra lagði fram skýrslu starfshóps um ríkisstyrki og undirboð í skipasmíðaiðnaði, dags. í maí 1993, ásamt minnisblaði, dags. 18. maí 1993, um reglur um undirboðs- og jöfnunartolla og mæltist til þess að fjmrh. skipi starfshóp til að semja slíkar reglur. Málið rætt og fjmrh. falin skipun starfshópsins tilnefndum sömu fulltrúum í starfshópi iðnrh. ásamt fulltrúum samgrh. og sjútvrh."

Þetta var samþykktin sem gerð var í ríkisstjórninni þann 18. maí að tillögu iðnrh. Fjmrh. var að sjálfsögðu falið verkið vegna þess að skatta- og tollamál heyra undir hann en ekki iðnrh. Mér er kunnugt um að unnið hefur verið að þessu verki í ráðuneyti fjármála síðan. Rétt fyrir þennan fund hafði ég samband við yfirmann þeirrar deildar í ráðuneytinu sem fer með skatta- og tollamál og hann sagði mér að þessi undirbúningsvinna væri langt á veg komin. Hvenær niðurstaðan kemur til ákvörðunar og afgreiðslu get ég ekki sagt um enda er málið ekki á mínu forræði. Það hefur hins vegar verið gert sitthvað síðan.

Í fyrsta lagi á ég von á því nú innan fárra daga að fá niðurstöður nefndar sem átti að gera tillögu um ný verkefni fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað.

Í öðru lagi hefur verið stofnaður í samvinnu iðnrn. og sjútvrn. samstarfsvettvangur um málefni iðnaðar og sjávarútvegs þar sem gert er ráð fyrir því að hvor aðili styðji annan, sjávarútvegur og iðnaður og ekki þá síst í skipasmíðaiðnaði. Iðnrn. hefur beitt sér fyrir 5 millj. kr. framlagi til að reka slíkt verkefni á næsta ári og veit ég ekki betur en búið sé að auglýsa eftir forstöðumanni fyrir slíkt verkefni og þessi tvö ráðuneyti, iðnrn. og sjútvrn., hafa bundist fastmælum um að vinna saman að þessu verkefni og leggja fram nokkurt fé eftir því sem fjárhagsgeta þrýtur til.

Í þriðja lagi höfum við gripið til umfangsmikilla mótmæla við ríkisstyrkjum Norðmanna, þessum nýjustu, sem ekki aðeins þýða um 13% niðurgreiðslu á skipasmíðaiðnaðinn í Noregi heldur á þá skipasmíðastöð sem við eigum í mestri samkeppni við nú í Norður-Noregi. Er niðurgreiðslan sem svarar um 23–28% og segir það sína sögu um samkeppnisaðstæður sem okkur eru búnar. Við höfum þegar mótmælt þessu við ríkisstjórn Noregs. Við erum að undirbúa mótmæli í

Genf í ljósi EFTA-samningsins, við erum að undirbúa mótmæli á vettvangi OECD og við erum að undirbúa mótmæli í viðræðum EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið.

Í fjórða lagi bíð ég nú eftir lokatilnefningum í nýja nefnd sem í eiga sæti m.a. fulltrúi Málms, þ.e. skipasmíðaiðnaðarins og allra lánasjóða og viðskiptabanka þess iðnaðar. Hlutverk þessarar nefndar er að skoða fjárhagsstöðu skipasmíðaiðnaðarins, skoða verkefnastöðu hans annars vegar, framleiðslugetuna, og framboðið hins vegar og gera tillögur um fjárhagslegar ráðstafanir til að bjarga þessari grein.

Í fimmta lagi var óskað eftir því að ég beitti mér fyrir því að ekki yrðu við þessar aðstæður lagðir peningar úr ríkissjóði samkvæmt ákvæðum hafnalaga til þess að reisa fleiri dráttarbrautir eða skipasmíðastöðvar en þegar hafa verið byggðar. Um það hef ég þegar rætt við hæstv. samgrh. og hann hefur fallist á að gefa þá yfirlýsingu að hann muni ekki gera tillögur um að hafnafé verði notað í slíkum tilgangi og muni jafnframt beina því til þeirrar nefndar sem fær til umfjöllunar nýtt frv. til hafnalaga að það sé alvarlega skoðað hvort það eigi að setja takmarkanir við slíku eða jafnvel fella þetta ákvæði úr lögum.

Þannig hefur verið unnið að vandkvæðum skipasmíðaiðnaðarins, það hafa verið undirbúnar aðgerðir þar. Og það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þær þurfa að koma fyrr en seinna og ég mun beita mér fyrir því að það verði gert.

Hitt er svo aftur ánægjulegt að íslenskur skipasmíðaiðnaður hefur nú upp á síðkastið, m.a. vegna hagstæðara raungengis en verið hefur fyrir íslenskan iðnað í fjóra áratugi, m.a. vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, reynst vera samkeppnisfær við erlendan niðurgreiddan skipasmíðaiðnað um öll þau verk sem lúta að sérstakri tækniþekkingu eða sérstakri færni í skipasmíðum. Auðvitað ber okkur að styrkja þá stöðu þessa iðnaðar. Við höfum reynt að breyta umhverfi skipasmíðaiðnaðarins og annars iðnaðar, við höfum gert það með því að breyta skattalegu umhverfi þessara fyrirtækja til mikilla bóta. Við höfum gert það með því að beita okkur fyrir því að raungengisstaðan hefur ekki verið hagstæðari fyrir íslenskan iðnað í fjóra áratugi heldur en hún er nú. Og við erum að beita okkur fyrir því nú með því að knýja niður vextina sem skiptir sköpum ekki aðeins fyrir íslenskan iðnað heldur fyrir íslenskt atvinnulíf og íslensk heimili. En það þarf vissulega fleira að koma til sérstaklega vegna þess að eiginfjárhlutfall íslenska skipasmíðaiðnaðarins er orðið hættulega lítið. Og það eru ekki bara ríkisstjórnin og ríkisvaldið sem þurfa að koma til. Við skulum gera okkur grein fyrir því að útgerðin í landinu getur haft mikil áhrif á framtíð íslensks skipasmíðaiðnaðar með því að skipta útboðum sínum þannig að íslenskum skipasmíðaiðnaði gefist kostur á að bjóða í þau verk fyrir íslenska útgerðarmenn sem íslenskur skipasmíðaiðnaður er samkeppnisfær um, jafnvel gagnvart niðurgreiddum erlendum iðnaði, þá geta íslenskir útgerðarmenn stuðlað að því að íslenskir skipasmiðir fái verk við hæfi.

[15:26]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Staða íslensks skipasmíðaiðnaðar er á dagskrá. Stefnuleysi stjórnvalda í málefnum iðnaðarins er algjört. Á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hafa tapast hvorki meira né minna en um 1.500 til 2.000 störf í iðnaði. Á nýafstöðnum landsfundi Sjálfstfl. sagði einn aðaltalsmaður flokksins í iðnaðarmálum, Páll Kr. Pálsson, m.a.: „Nú erum við búnir að missa ullariðnaðinn, fataiðnaðinn, húsgagnaiðnaðinn, innréttingaiðnaðinn, skipasmíðaiðnaðinn og stóran hluta málmiðnaðarins í gjaldþrot á síðustu þremur árum.“ Þetta er alvarlegur áfellisdómur yfir núverandi stjórnarstefnu af sjálfum Páli Kr. Pálssyni.

Á hverju ári eru eru fluttar inn iðnaðarvörur sem hægt væri að framleiða hér á landi fyrir hvorki meira né minna en um 20 milljarða kr. Raunhæft markmið væri að færa það stóran hluta þessarar framleiðslu inn í landið að skapa mætti 4.000–5.000 störf.

Hér hafa orðið mikil og ill þáttaskil. Á tveimur árum, 1991 og 1992, voru flutt inn 29 fiskiskip fyrir á áttunda milljarð kr. Verkefni sem íslenskir iðnaðarmenn gátu svo sannarlega leyst af hendi. Í skýrslu starfshóps ríkisins um undirboð í skipasmíðaiðnaðinum frá í maí sl. kemur fram að íslenskur skipaiðnaður sé samkeppnisfær við erlendan ef hann þyrfti ekki að keppa við stórlega ríkisstyrktan skipaiðnað annarra þjóða. Hér verða vitaskuld eðlilegir viðskiptahættir og leikreglur að gilda. Íslenskur skipaiðnaður hefur aldrei beðið um annað en það, hæstv. ráðherra, íslenskur skipaiðnaður hefur aldrei beðið um annað en það að fá að sitja við sama borð og samkeppnisaðilarnir.

Ég hef hér á Alþingi talað fyrir aðgerðum til stuðnings skipaiðnaðnum. Á árinu 1988 flutti ég tillögu um bætta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar. Tillagan var svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að tryggja að allra leiða verði leitað til efla og bæta samkeppnisstöðu innlends skipaiðnaðar og sporna við því að skipaiðnaðarverkefni fari úr landi.

Ríkisstjórnin tryggi að útvegsmenn og opinberir sjóðir semji ekki um nýsmíði skipa eða um viðhaldsverkefni erlendis án undangengins útboðs þar sem innlendir aðilar keppi á jafnréttisgrundvelli við erlendan skipaiðnað, m.a. varðandi meðhöndlun tilboða og fjármagnsfyrirgreiðslu. Tilboðin verði metin á viðskiptalegum grundvelli áður en lánveitingar eru ákveðnar. Gerðar verði staðlaðar reglur um útboð, veðskilmála og tilboð í skipaiðnaðarverkefni.

Ríkisstjórnin beiti sér fyrir því að bankarnir veiti sambærilegar ábyrgðir vegna skipaiðnaðarverkefna innan lands og veittar eru þegar verkefnin eru unnin erlendis.“

Tillagan var samþykkt breytt hér á Alþingi 6. maí 1989. Síðan hefur Alþfl. farið með þessi málefni og afraksturinn af störfum krata í iðnrn. er vægast sagt hörmulegur.

Tillagan sem hér var samþykkt var alveg skýr og ef henni hefði verið fylgt eftir eins og ráðherra bar að gera væri staða innlends skipaiðnaðar önnur og betri en

nú. Ráðherra skuldar þingmönnum og atvinnugreininni skýringar á því að ekki hafi verið unnið eftir samþykkt Alþingis í þessu máli. Ráðherra skuldar okkur skýringu.

Íslenskur skipaiðnaður á vissulega möguleika til að dafna og þjóna íslensku atvinnulífi, en þá þarf skilningur stjórnvalda á mikilvægi þess að hér þrífist heilbrigð og sjálfstæð atvinnustarfsemi að koma fram í markvissari aðgerðum en hingað til hefur verið. Skipaiðnaðinum er að blæða út, segir Örn Friðriksson, formaður Félags járniðnaðarmanna. Skal nokkurn undra þótt formaðurinn láti til sín heyra og fylki liði þegar markaðshlutdeild innlends skipasmíðaiðnaðar (Forseti hringir.) hefur lækkað úr 75% í 8% og starfsmönnum fækkað um helming á allra síðustu árum. — Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Varnarbarátta innlends skipaiðnaðar á ekki að byggjast á tilboðum til starfsmanna um lækkuð laun. Það er uppgjöf og óásættanleg leið til endurreisnar þessari atvinnugrein. Meinið er annað og á því þarf að taka. Alþingi sjálft verður að grípa hér inn í atburðarásina. Það verður ekki gert hér í utandagskrárumræðu. (Forseti hringir.) Málið er margslungið og mikilvægara en svo. Hér verða alþingismenn að ná saman og knýja fram breytta og betri stefnu fyrir íslenskan iðnað.

[15:32]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Staða skipasmíðaiðnaðarins hefur verið rædd ítrekað á þessu þingi og á undanförnum þingum og ekki að ástæðulausu því að þessi iðngrein hefur verið á hröðu undanhaldi mörg undanfarin ár. Skipasmíðastöðvarnar hafa átt við mikla erfiðleika að etja og starfsmönnum hefur fækkað jafnt og þétt. Nú er svo komið að þessi stóriðja okkar Íslendinga sem skipasmíðaiðnaðurinn óneitanlega var á áttunda áratugnum og fram á þann níunda er á síðasta snúningi og mun að öllu óbreyttu leggjast af á allra næstu árum.

Kringum 1980 voru um 1.000 ársverk í íslenskum skipaiðnaði. Í dag eru þau helmingi færri. Undanhaldið hófst fyrir 8–10 árum og það var margt sem stuðlaði að því, m.a. þær breytingar sem urðu hjá útgerðinni með kvótakerfinu og samdrætti í afla, vonlaus samkeppnisstaða gagnvart skipasmíðastöðvum þeirra þjóða sem ríkisstyrkja þessa iðngrein, samskipti samtaka skipasmíðastöðvanna við helstu samtök viðskiptavinanna, LÍÚ, hafa alls ekki verið nógu góð, ekki eins góð og skyldi, og langvarandi áhugaleysi þeirra sem ráðið hafa ríkjum í iðnrn. tel ég að eigi einnig nokkurn þátt í því hvernig komið er. Þetta hefur m.a. lýst sér í því að íslensku stöðvarnar hafa ekki fengið að sitja við sama borð og erlendar hvað varðar ábyrgðir íslenskra banka vegna viðgerðarverkefna þrátt fyrir ítrekaðar óskir þar um og hefur þetta oft ráðið úrslitum um að verk voru unnin erlendis en ekki heima. Þá hefur því verið haldið fram í fjöldamörg ár að ekki þyrfti að smíða fleiri fiskiskip að sinni, flotinn væri orðinn allt of stór. Samt er það nú svo að á sama tíma hafa nýsmíðaverkefni fyrir milljarða og aftur milljarða verið unnin í erlendum skipasmíðastöðvum sem hafa getað boðið lægra verð vegna margháttaðs stuðnings viðkomandi stjórnvalda, bæði í formi niðurgreiðslna og fjármögnunar. Það er óþolandi að horfa á eftir öllum þessum stóru verkefnum úr landi þegar það er óumdeilt að íslensk smíði stenst fyllilega samkeppni við það besta sem kemur erlendis frá.

Það er staðreynd að íslenskar skipasmiðjur hefðu aðeins þurft hluta af þeim verkefnum sem farið hafa úr landi síðsta áratuginn til að halda fullum dampi. Þá væru 500–600 fleiri starfsmenn í þessari grein en eru í dag.

En hvað er til ráða? Eins og ástandið er núna, þá dugar ekki sú aðgerð ein að setja á jöfnunartolla. Félag dráttarbrauta og skipasmiðja lagði fram hugmyndir sínar í ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins í fyrra og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Félag dráttarbrauta og skipasmiðja hefur hingað til ekki gert kröfu til þess að beinir styrkir væru teknir upp hér á landi. Félagið hefur ítrekað bent á að vanda skipasmíðaiðnaðarins ætti að mæta með úrbótum á almennum starfsskilyrðum. Stjórnvöld verða að lýsa því yfir afdráttarlaust að stefnt sé að því að viðhalda skipasmíðum og skipaviðgerðum í landinu og tryggja að óeðlilegri erlendri samkeppni, svo sem ríkisstyrkjum og undirboðum, verði mætt með hörðum aðgerðum. Auk þess gerir Félag dráttarbrauta og skipasmiðja þær kröfur að íslenskum skipaiðnaði verði tryggð almenn rekstrarskilyrði og benda á eftirtalin atriði:

Að felld verði alveg niður lán Fiskveiðasjóðs til nýsmíða og breytingaverkefna erlendis.

Að stjórnvöld beiti sér fyrir því að lánastofnanir veiti ábyrgðir til verka sem unnar eru í íslenskum stöðvum.

Að íslenskum skipasmíðastöðvum verði ávallt gefinn kostur á að bjóða í nýsmíði og viðgerðir á skipum fyrir íslenska aðila þegar lán eru veitt til slíkra verka af opinberum lánstofnunum.

Að skip smíðuð á Íslandi fái aukakvóta úr Hagræðingarsjóði og að reglum um úreldingu erlendra skipa vegna smíði á nýjum verði breytt þannig að þær verði hagstæðar innlendri skipasmíði.

Að íslenskur skipaiðnaður fái fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands.“

Þarna eru settar fram margar athyglisverðar hugmyndir sem verður að taka afstöðu til. Hæstv. iðnrh. ákvað fyrir mánuði að skipa enn eina nefnd til að gera tillögur um úrbætur. Þessi nefnd hefur því miður enn ekki hafið störf. Það þolir enga bið að hún taki til starfa og skili tillögum til ráðherra á allra næstu vikum. Í framhaldi af því verða stjórnvöld að taka ákvörðun um aðgerðir. Þær aðgerðir þurfa að vera afgerandi og raunhæfar. Við höfum ekki efni á því að láta skipasmíðaiðnaðinn deyja drottni sínum. Þarna er um að ræða störf fyrir mörg hundruð manns. Skipasmíðastöðvarnar eru afkastamiklir iðnmenntunarstaðir eins og fram kom hér í umræðum í gær um tillögu um iðnmenntun í landinu og þjóð sem byggir afkomu sína að mestu á sjávarútvegi getur ekki verið án skipaiðnaðar.

Sú skoðun heyrist sums staðar að við eigum að kaupa alla mögulega hluti erlendis frá. Við séum svo smá og fá að við getum ekki keppt við erlendu risana.

Við eigum að kaupa af niðurgreiðsluþjóðunum skip, föt, húsgögn og margs konar iðnvarning sem við höfum framleitt til þessa, að ógleymdum landbúnaðarvörum. Það gleymist stundum finnst mér í þessari umræðu að við aukinn innflutning fækkar störfum í landinu og það þarf gjaldeyri til þessara viðskipta. Meginmarkmið okkar hlýtur að vera að skapa innlendri framleiðslu þau skilyrði að hún geti staðist samkeppni. Takist það ekki er illa komið fyrir okkur.

[15:37]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við tölum enn einu sinni hér á Alþingi um vanda skipasmíðaiðnaðarins. Þetta er sjöunda árið mitt í iðnn. og við erum búin að ræða þetta á hverju einasta ári, stundum oftar en einu sinni á ári, bæði hér á Alþingi og eins í iðnn. og ekkert gerist. Það virðist enginn vilji vera til þess, hvorki í þessari ríkisstjórn né þeirri fyrri að gera nokkurn skapaðan hlut í málinu. Að vísu var sami iðnrh. í báðum þessum ríkisstjórnum, en það er sama hvor heldur er, það hefur ekkert gerst. Ég veit ekki hvort við eigum að vona núna að nýr ráðherra taki kannski til hendinni. En tillögurnar liggja allar fyrir. Á hverju einasta ári hafa komið hér fram ýmsar tillögur sem hægt væri að taka tillit til og gera með nokkuð auðveldum hætti en ekkert er gert. Það þýðir ekkert að vitna til þess að það sé búið að gera skýrslur og fleiri skýrslur og enn þá eina skýrsluna í viðbót og eina nefnd í viðbót til að koma með tillögur og ekkert gerist. Það getur vel verið að það sé ágætt að mótmæla bæði hjá GATT, EB og EES og út um allan heim, en það þýðir ekkert að bíða eftir því að einhverjir aðrir breyti hjá sér. Við verðum að taka til hendinni hér og nú.

Ráðherrann sagði að verið væri að undirbúa aðgerðir og hann skyldi beita sér fyrir því að það yrði gert sem fyrst. Það er vel ef það er gert strax, en það liggur á. Staðan versnar ár frá ári og nú er svo komið að skipasmíðaiðnaðurinn er að deyja út sem iðngrein. Það er ekki einu sinni reynt að nota þau tæki sem alþjóðasamningar heimila okkur. Það þarf ekkert að tíunda hér hversu mikilvægur skipasmíðaiðnaðurinn er okkur. Fiskveiðiþjóð eins og við Íslendingar getur ekki án þessa iðnaðar verið og ég veit ekki hvernig menn hafa hugsað sér að reka fiskiskipaflotann ef ekki verður neinn skipasmíðaiðnaður hér í landinu. Ég átta mig ekki á hvað útgerðarmenn eru að hugsa jafnvel þó að þeir fái verkefnin örlítið ódýrari erlendis. Þá hlýtur það að vera umhugsunarefni og getur orðið umhendis þegar frá líður ef ekki er einu sinni hægt að fá smáviðgerðarverkefni gerð hér heima vegna þess að iðnaðurinn hefur lagst af.

En þetta er ekki bara mikilvægt fyrir skipasmíðaiðnaðinn sjálfan. Þetta skiptir máli fyrir almenna iðnþróun í landinu, fyrir málmiðnaðinn, fyrir rafiðnaðinn og fleiri iðngreinar. Þetta tengist mjög mörgum iðngreinum og það er ekki hægt að horfa á þetta einangrað. Þetta skiptir máli fyrir iðnþróun í landinu almennt.

Hér hefur verið tíundað og komið fram að aðrar þjóðir styrkja sinn skipasmíðaiðnað verulega. Eins og hér hefur komið fram hefur skipasmíðaiðnaðurinn á Íslandi ekki farið fram á ríkisstyrki heldur að gripið verði til annarra aðgerða. Aðrar þjóðir hafa gripið til verndartolla, t.d. Bandaríkin og Kanada, og til ríkisstyrkja einnig. Skipasmíðaiðnaðurinn á Íslandi getur ekki starfað við þau skilyrði sem honum eru búin núna. Hann verður að fá að geta starfað á jafnréttisgrundvelli. Það er grundvallaratriði. Það þýðir ekki lengur að sitja með hendur í skauti eins og gert hefur verið sl. áratug. Og eins og ég sagði áðan bendir ekkert til þess að aðrar þjóðir vilji breyta. Þær halda áfram að styrkja sinn iðnað. Við getum bent t.d. á Norðmenn. Þeir hafa ekki í hyggju að leggja sína styrki af og tel ég að íslenskur skipasmíðaiðnaður geti ekki beðið eftir því að mótmæli hæstv. iðnrh., þó þau séu kröftug á alþjóðavettvangi, hafi áhrif á aðrar þjóðir. Við getum ekki beðið eftir því. Við verðum að grípa til aðgerða. Það er hægt að taka upp sumar af þeim tillögum sem iðngreinin hefur sjálf bent á, t.d. að stöðva allar lánveitingar úr Fiskveiðasjóði og reyndar öðrum opinberum sjóðum til skipasmíðaverkefna erlendis, en til slíkra aðgerða hafa t.d. Norðmenn gripið. Það má leggja á undirboðs- og verndartolla, ég held að við hljótum að geta gert það, sem samsvarar ríkisstyrkjum erlendis. Einnig vaknar sú spurning hvort ekki sé eðlilegt að styrkja atvinnugreinar sérstaklega sem eru í beinni ríkisstyrktri samkeppni erlendis. Þetta þarf auðvitað allt að athuga. En aðalatriðið er: Það þarf að grípa til aðgerða nú þegar.

[15:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að taka þessa umræðu hér upp. Það er fyllilega tímabært. Við stöndum frammi fyrir mjög alvarlegum aðstæðum í íslenskum skipasmíðaiðnaði og það sem meira er, aðstæður hafa einnig breyst í okkar efnahags- og atvinnumálum og þá á ég ekki síst við það mikla atvinnuleysi sem nú hefur haldið innreið sína í landið á sl. tveimur árum. Það er enn síður en áður við þær aðstæður hægt að horfa á það þegjandi og hljóðalaust að þessi iðngrein deyi út í landinu, þegar þeirra manna sem þar hafa starfað gegnum tíðina bíður þar á ofan ekkert annað en atvinnuleysið ef svo fer sem horfir.

Það er ekki nokkur vafi á því að það er enginn kostur ódýrari og skynsamlegri til í atvinnusköpun í landinu heldur en að verja störf í þeim iðngreinum sem fyrir hendi eru. Menn eru hér í tengslum við kjarasamninga eða á góðum stundum að slengja til milljörðum króna í svokallaðar atvinnuskapandi aðgerðir. Til hvers? Jú, til þess að reyna að skapa störf fyrir þá sem ella gengju atvinnulausir e.t.v. bara í eitt ár. En er þá ekki einhverju til kostandi varðandi rótgrónar atvinnugreinar í landinu sem eiga að geta átt hér framtíð til frambúðar? Og er ég þó með þessum orðum ekki að gera lítið úr því sem menn hafa reynt á undanförnum missirum að gera til að hamla gegn vaxandi atvinnuleysi. En enn síður eiga menn þá að láta það aftra sér frá því að grípa til ráðstafana gagnvart aðstæðum eins og nú eru uppi í skipasmíðaiðnaðinum.

Skipasmíðaiðnaður er lífsnauðsynlegur fyrir okkur Íslendinga.

Í fyrsta lagi má þar nefna að annar iðnaður í landinu á gífurlega mikið undir því að hann þróist og sé fyrir hendi.

Í öðru lagi má nefna það, og mættu forsvarsmenn útgerðarinnar í landinu muna etir því oftar en þeir gera, að það er lífsnauðsynlegt fyrir sjávarútveg og útgerð í landinu að hér sé þjónusta við flotann. Menn ætlast til þess þegar upp á koma skyndilegar bilanir um hávetur að geta siglt inn á næstu höfn og hafa þar helst tilbúna skipasmíðastöð sem vill vinna nótt og dag við að gera við. Ef menn eru í bullandi loðnuvertíð og það bilar hjá þeim blökk, þá ætlast menn til þess að það sé hægt að sigla inn á næstu höfn og fá gert við hana. En verður það ef enginn skipasmíðaiðnaður verður eftir í landinu? Nei. Og hvað kostar það þá að sigla til Noregs eða þaðan af lengra með smáviðgerðir?

Í þriðja lagi ættu menn að minnast allrar þeirrar verkkunnáttu og þeirrar undirstöðu sem málmiðnaðurinn og ekki síst skipasmíðaiðnaðurinn hefur skapað og getur áfram gert ef hann er fyrir hendi.

Í fjórða og síðasta lagi nefni ég auðvitað þau störf sem í greininni eru og þá gjaldeyrissköpun sem af tilvist hennar hlýst í landinu.

Það hörmulegasta af þessu öllu saman er svo það að í reynd hefur íslenskur skipasmíðaiðnaður verið mjög samkeppnisfær atvinnugrein, ein sú fremsta sem við Íslendingar höfum átt í þeim efnum að undanskildum e.t.v. sjávarútveginum sjálfum, þ.e. fáar ef nokkrar aðrar iðngreinar hafa með þátttöku í útboðum getað sýnt fram á það að á sanngjörnum samanburðargrundvelli eru þær samkeppnisfærar en íslensku skipasmíðastöðvarnar hafa orðið að lúta í lægra haldi vegna beinna niðurgreiðslna og styrkja erlendis sem numið hafa tugum prósenta á undanförnum árum. Og það þarf ekki gengisfellingar og snilld núv. ríkisstjórnar til, hæstv. iðnrh. Það liggur fyrir í gegnum samanburð til margra ára að svona hefur þetta verið.

En það er runnin upp ögurstund í málefnum þessarar iðngreinar. Síðustu fyrirtækin sem eftir eru í landinu berjast nú fyrir lífi sínu. Þau hafa flest ef ekki öll orðið að draga stórlega saman í starfsemi. Það er síðan að leiða til þess að þau eru núna að hætta að verða samkeppnisfær, m.a. vegna þess að með minnkandi mannahaldi hafa þau ekki lengur upp á þau afköst að bjóða sem til þarf að bjóða í stór viðhalds- og viðgerðarverkefni, svo ekki sé nú talað um nýsmíðar, og vinna þau á sambærilegum tíma. Sá þáttur er að tapast út úr fyrirtækjunum núna á þessum mánuðum og kemur ekki aftur ef svo heldur sem horfir. Jafnvel þau stærstu þeirra sem lengst hafa haldið úti eru nú að missa þessa stöðu, t.d. Slippstöðin á Akureyri sem nú er með um 100 manns í vinnu en hafði á fjórða hundraað þegar best lét fyrir nokkrum árum síðan. Verkefnastaða þess fyrirtækis er óljós og það er í greiðslustöðvun svo dæmi sé tekið.

Ég verð síðan að segja það að mér fundust svör hæstv. iðnrh. rýr í roðinu. Hann hefði betur varið tíma sínum í annað heldur en vonlausa vörn fyrir forvera sinn í starfi og reynt að gefa okkur einhverjar upplýsingar um það hvað hann og núverandi ríkisstjórn eins og hún er skipuð ætlast fyrir í þessum efnum. Ég hef enga trú á því að mótmæli hæstv. ríkisstjórnar og iðnrh., þó hávær séu út um heimsbyggðina, hrópi niður erlenda styrki til skipasmíðaiðnaðar. Ég hef enga trú á því. Og ég hef enga trú á því að einhver ný nefnd leysi þetta heldur. Það sem þarf eru aðgerðir og það strax. Og ég spyr hæstv. iðnrh.: Er þess að vænta að lagðir verði jöfnunartollar á innflutt skipasmíðaverkefni á næstu vikum? Ef ekki, er þá ríkisstjórnin tilbúin til að grípa til annarra sambærilegra ráðstafanasvo sem í formi niðurfellingar gjalda eða endurgreiðslna sem jafna mundu samkeppnisstöðuna t.d. við skipasmíðaiðnaðinn í Noregi?

[15:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. iðnrh. notaði drjúgan hluta af tíma sínum til þess að verja fyrrv. ráðherra, annan ráðherra Alþfl. — og nú vil ég, virðulegi forseti, fara fram á að hæstv. ráðherra hlýði á mál ræðumanna — verja gerðir fyrrv. iðnrh. í málinu og nefndi að hann hefði skipað nefnd á nefnd ofan og látið vinna skýrslu á skýrslu ofan. En nú ætla ég, með leyfi forseta, að lesa úr þingtíðindum frá 6. nóv. 1989, þegar þáv. iðnrh. ræddi um vanda skipasmíðaiðnaðarins og hvernig ætti að bregðast við niðurgreiðslum erlendis þar að lútandi. Þá mæltist hæstv. ráðherra svo, með leyfi forseta:

„Styrktar eða verndaðar atvinnugreinar standa ekki undir þeim lífskjörum sem íslenska þjóðin gerir kröfu til. Við skulum heldur ekki gleyma því sem ég nefndi hér áðan að það standa vonir til þess að úr þessum opinbera stuðningi erlendis við skipaiðnaðinn muni draga á næstu árum. Stefnan er reyndar sú að hann hverfi í árslok 1992. En jafnvel þótt það verði ekki þá mæla öll rök og skynsemi með því að við eigum að þiggja þessar niðurgreiðslur meðan þær bjóðast. Svo einfalt er nú það."

Þetta hefur því miður verið stefna Alþfl. varðandi iðnaðinn í hnotskurn. Þáv. ráðherra reiknaði með því að styrkirnir erlendis mundu hverfa 1992. Við erum núna á næstsíðasta mánuði 1993. Styrkirnir erlendis eru enn í fullu gildi, þeir hafa ekki horfið. En hvað er að hverfa, hæstv. ráðherra? Það sem er að hverfa í þessu máli eru ekki hinir opinberu erlendu styrkir, það er hinn innlendi skipasmíðaiðnaður eftir að Alþfl. hefur farið með þennan málaflokk núna í ég man ekki hvað mörg ár en allt of mörg ár í það minnsta. E.t.v. vaknar hæstv. ríkisstjórn til meðvitundar á elleftu stundu eins og hún gerði varðandi vaxtamálin þegar hún komst að því að sú hugmyndafræði sem þar hefði verið unnið eftir árum saman væri röng. Við skulum vona að það gerist núna.

Eitt vil ég nefna hér og það er að ég vil í sjálfu sér ekki taka undir árásir á útgerðarmenn í þessu sambandi. Auðvitað hlýtur útgerðin á hverjum tíma að leita eftir þeim bestu kostum sem hennar er völ. Það er ekki við útgerðina að sakast, það er við stjórnvöld að sakast. Það eru íslensk stjórnvöld sem eiga að skapa þessari atvinnugrein skilyrði en það á ekki að vera þegnskapur útgerðarinnar. Ég vil hins vegar taka und-

ir það sem hér hefur komið fram að það verður væntanlega dýrasti kosturinn fyrir útgerðina ef ekki er hægt lengur að sækja viðhald hér innan lands.

Ég vil nefna einn hlut í þessu sambandi sem hefur breyst núna á allra síðustu árum og hefur mikið að segja varðandi þetta. Það er ekki erlenda nýsmíðin, það er sá kostur sem nú er, að kaupa erlend, notuð og sáralítið notuð skip á allt að því hálfvirði erlendis frá þannig að það er það sem hefur breyst núna á síðustu missirum.

En frammi fyrir hverju stöndum við? Við stöndum væntanlega ekki frammi fyrir mikilli nýsmíði hér innan lands á næstunni og við stöndum væntanlega ekki heldur frammi fyrir því að það verði mikil kaup á nýsmíði erlendis frá. Við stöndum hins vegar frammi fyrir því að verja viðhaldsþjónustuna og verja endurbygginguna og breytingar á skipum og við verðum að sjá til þess að íslenskum stöðvum verði sköpuð aðstaða til að sinna þessum verkefnum á næstunni og í framhaldi af því og samhliða því að sækja fram og afla sér hliðstæðra verkefna erlendis á næstunni. En eins og staðan er í dag hefur skipasmíðaiðnaðurinn ekkert bolmagn til þess.

[15:53]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að sl. 6–8 ár hefur staða íslensks skipasmíðaiðnaðar verið afar veik. Veltan hefur minnkað um meira en helming á undanförnum 6 árum og mannafli hefur dregist saman í ársverkum talið. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að árið 1982 voru starfandi um 1.043 manns við þennan iðnað í ársverkum talið, árið 1987 voru þeir 1.011, en árið 1990 um 660. Staða iðnaðarins hefur versnað eftir þetta og ég hygg að þar hafi fækkað um rúmlega 100 störf frá því sem þessar tölur benda til sem eru komnar frá samtökum skipasmíðaiðnaðarins.

Erfið staða skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi markast af mörgum samverkandi þáttum. Það hefur verið mikill samdráttur í fiskveiðum hér og erfið staða sjávarútvegsins hefur endurspeglast í minnkandi verkefnum. Það hefur verið mikið framboð í skipasmíðaiðnaðinum í heiminum frá svæðum þar sem launakostnaður er lágur en þetta framboð hefur leitt til aukinnar styrkjastefnu, t.d. í Evrópu. Það er einnig rétt að vekja athygli á því að styrkir til sjávarútvegs, sem eru raunar regla í Evrópubandalaginu og í ákveðnum EFTA-löndum, hafa skilað sér til skipasmíðastöðvanna þar með óbeinum hætti. Og þá má síðast en ekki síst nefna að almenn efnahagsstöðnun í Evrópu hefur ýtt undir tilhneigingu til þess að reka verndarstarfsemi í þessari atvinnugrein.

Nú er svo komið að nýsmíðar eru nánast horfnar á Íslandi og undir það síðasta er rétt að geta þess að nýsmíðarnar voru orðnar verkefni sem íslensku skipasmíðastöðvarnar réðu í raun og veru ekki við vegna ójafnrar samkeppnisstöðu, vegna lélegrar eiginfjárstöðu og mikilla skulda og í raun sköðuðu margar íslenskar skipasmíðastöðvar sig verulega á þeim metnaði sem þær lögðu í það að halda nýsmíðum lifandi í landinu.

Það er svo nú samkvæmt upplýsingum sem Málmur, sem er samtök fyrirtækja í málm- og skipasmíðum, hefur aflað með úttekt frá því í vor að það eru sáralítil fjárfestingaráform í gangi hjá útgerðinni sem er að vonum. Engu að síður er langmestur hluti fiskiskipaflotans er 17 ára eða eldri. Strax og rætist úr ástandi fiskstofna er fyrirsjáanleg veruleg fjárfesting í endurbótum og aðallega í nýsmíðum. Ég á ekki von á því að þessi eftirspurn muni endurspegla þá miklu eftirspurn sem kom hér með vissu árabili áður og skapaði mikla erfiðleika í skipsmíðaiðnaðinum vegna þess hve það voru miklir toppar og miklar lægðir þar á milli, ég tel að sá tími muni ekki koma aftur, en það er ekki spursmál að þegar árangur aðhaldsaðgerða í fiskveiðistjórnun fer að skila sér, þá mun verða eftirspurn eftir nýsmíðum. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að það sem er verið að gera í dag mun ráða úrslitum um það hvort skipasmíðaiðnaðurinn tekur þátt í þessum verkefnum í framtíðinni eða ekki. Við eigum um það að velja að veita skipasmíðaiðnaðinum tækifæri til þess að brúa þetta erfiða bil sem nú er og búa sig undir það að takast á við þetta mikla verkefni. Við megum aldrei gleyma því þegar við tölum um lítinn heimamarkað íslensks iðnaðar, þá er skipasmíðaiðnaðurinn sá íslenskur iðnaður sem styðst við stærstan og fjármagnsfrekastan heimamarkað þannig að á þessu sviði erum við í raun og veru á heimsmælikvarða. Ef einhvers staðar er grundvöllur fyrir íslenskan iðnað, þá ætti það að vera í skipasmíðum. Þetta kallar á samhæfðar aðgerðir sem að sjálfsögðu snúa ekki eingöngu að ríkisvaldinu, þær þurfa að ná inn í fyrirtækin og kalla á hagræðingu. Mjög mikil hagræðing hefur átt sér stað innan margra fyrirtæka við erfiðar aðstæður. Ég vil geta þess t.d. af því að hér kom til tals Slippstöðin á Akureyri, sem er nú í greiðslustöðvun, að þá hefur hún við þær aðstæður boðið í innlent verkefni sem er að ljúka núna þ.e. skip frá Neskaupstað og mér sýnist að þrátt fyrir þessar erfiðu aðstæður standist stöðin fullkomlega allt það álag sem á hana er lagt í sambandi við það útboðsverkefni og hún sé að þessu leyti samkeppnishæf. Þessar samhæfðu aðgerðir kalla einnig á samvinnu fyrirtækja til þess að standast þetta álag sem minnkandi eftirspurn eftir verkefnum innan lands hefur skapað. Það er mikið álag sem þetta hefur skapað á iðnaðinn og hann þarf að svara þessu með aukinni samvinnu líka.

Skipasmíðaiðnaðurinn þarf að undirbúa sig undir vaxandi eftirspurn innan nokkurra ára. Þessar samhæfðu aðgerðir kalla á þátttöku að mínu mati lífeyrissjóðanna sem er langstærsti fjármagnseigandinn í þessari atvinnustarfsemi og það kallar einnig á aðgerðir stjórnvalda til þess að verja iðnaðinn fyrir óeðlilegri samkeppni og ýta undir þróun greinarinnar og samkeppnishæfni með aðgerðum m.a. á vegum fjárfestingarsjóðanna, með þróunarstarfsemi og hagræðingarverkefnum.

[15:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hér kom fram áður að þessi mál hafa oft verið rædd í þessari virðulegu

stofnun en því miður hafa ekki fylgt þeim miklu orðræðum neinar aðgerðir og það er mjög alvarlegur hlutur standandi frammi fyrir þeim veruleika að þessi grein er mjög komin að fótum fram að ekki sé fastar að orðum kveðið. Við sjáum þetta birtast með ýmsum hætti einmitt þessa daga. Hugmyndir einstakra fyrirtækja, t.d. um launalækkun sem hafa birst í fréttum síðustu daga sem verkalýðshreyfingin verður nú að slást við, eru í raun og veru ein afleiðing þess stórfellda vanda sem þessi grein á við að stríða.

Við sjáum það líka í þessu sambandi hvað það er háskalegt að þessi grein standi jafnilla og raun ber vitni að það er verið að brjóta grundvöll undan mjög veigamiklum þætti verkmennta á Íslandi. Þar er ekki bara um að ræða málmiðnaðargreinar, þar er líka um að ræða tréiðnaðargreinar og rafgreinar af ýmsu tagi þannig að hér er augljóslega veruleg vá fyrir dyrum ef svo heldur fram sem horfir. En hvernig horfir? Það horfir þannig að þessi grein leggist niður alveg á næstunni, að það verði enginn skipasmíðaiðnaður á Íslandi alveg á næstunni og að þeir sem vilja sjá skipasmíðaiðnað á Íslandi verði að fara hið fyrsta á staðina til þess að kynna sér hvernig sú starfsemi hefur verið stunduð um áratuga skeið því að það er yfirvofandi eins og horfir núna að hún verði ekki stunduð mikið lengur.

Þess vegna þarf ekki fleiri skýrslur og það þarf ekki fleiri nefndir, heldur þarf ákvarðanir og það er auðvitað rétt sem hæstv. iðnrh. sagði að það er ekki einfalt mál að taka ákvarðanir í þessu efni. Ef það væri einfalt mál, þá hefðu þær verið teknar fyrir löngu. En þó eru nokkur atriði sem er þegar í stað hægt að taka ákvörðun um. Ég bendi í því sambandi á það sem kemur fram í samþykkt frá Félagi dráttarbrauta og skipasmiðja um það í fyrsta lagi að felld verði alveg niður lán Fiskveiðasjóðs Íslands til nýsmíða og breytingaverkefna erlendis og samtímis verði lánskjör vegna verkefna innan lands bætt. Þetta eitt mundi gjörbreyta stöðu greinarinnar og ég spyr hæstv. ráðherra: Er hann tilbúinn til þess að taka um það ákvörðun núna að þetta verði gert? Í öðru lagi hafa samtökin bent á nauðsyn þess að stjórnvöld beiti sér fyrir því að lánastofnanir veiti ábyrgðir til verka sem unnin eru í íslenskum skipasmíðastöðvum. Í þriðja lagi hefur verið bent á að íslenskum skipasmíðastöðvum verði ávallt gefinn kostur á að bjóða í nýsmíði og viðgerðir á skipum fyrir íslenska aðila þegar lán eru veitt til slíkra verkefna af opinberum lánastofnunum. Þá er lagt til af stofnuninni að skip smíðuð á Íslandi fái aukakvóta úr Hagræðingarsjóði og loks að íslenskur skipasmíðaiðnaður fái fulltrúa í stjórn Fiskveiðasjóðs eins og hv. 5. þm. Vesturl. rakti hér áðan.

Það er með öðrum orðum augljóst mál að það liggja fyrir tillögur sem er hægt að taka um ákvörðun hér og nú. Það þarf ekki fleiri utandagskrárumræður, það þarf ekki fleiri skýrslur, það þarf ekki fleiri nefndir, það þarf ákvörðun. Og það þarf ákvörðun sem er af því tagi að iðnrh. taki fram fyrir hendurnar á viðskrh. Vandi skipasmíðaiðnaðarins á undanförnum árum hefur verið sá að viðskiptaráðherrann réði ævinlega fyrir iðnaðarráðherranum. Nú þarf þetta að snúast við. Nú þarf þjóðin að eignast kjarkmikla iðnaðarstefnu sem þorir að taka á málum þessara greina og við höfum ákveðið í iðnn. Alþingis að fara í þessi mál sérstaklega, en mestu veldur þó ráðherrann í þessu efni og ríkisstjórnin. Ég skora á hann að ýta viðskiptaráðherranum til hliðar um sinn og halda þannig á málum að iðnaðarráðherrann fái einu sinni að taka á verkefni af þessu tagi. Það hefur hann ekki fengið nú um nokkurra ára skeið. Nú er tækifæri til að brjóta í blað í þeim efnum.

[16:03]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessa umræðu. En því miður er ég ekki mjög miklu nær eftir hana um það hvað hæstv. iðnrh. og hæstv. ríkisstjórn ætla sér að gera í þessum málum. Ég óska eftir því að hann tali pínulítið skýrar hér á eftir, og það komi svör við því hvenær menn mega eiga von á ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Hvort það eigi t.d. að bjarga fyrirtækjunum frá því að fara í gjaldþrot og og þar með fólkinu frá því að lenda í því atvinnuleysi sem slík niðurstaða mun leiða yfir það og hvort skapaður verði grundvöllur undir skipsmíðaiðnaðinn í landinu með því að setja á jöfnunartolla eða með einhverjum öðrum ráðum sem koma auðvitað til greina. Styrkir koma alveg til greina við þessar aðstæður. Það hljóta allir menn að sjá þegar hægt er að leggja fram á borðin útreikninga sem sanna það að ríkissjóður græðir hundruð milljóna á því að þessi iðnaður vinni þessi verkefni frekar en menn séu að kaupa verkefnin erlendis frá.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagðist ekki taka undir árásir á útgerðina í landinu. Ég er einn af þeim sem hafa gagnrýnt útgerðarmenn fyrir þeirra afstöðu. Þeir hafa haft mjög skammsýna afstöðu til íslensks skipaiðnaðar. Þeir hafa krafist þess að fá að kaupa öll sín verkefni erlendis frá án afskipta ríkisins þrátt fyrir það að þeir sjái að íslenskur skipaiðnaður er að líða undir lok vegna þessara aðstæðna. Og þeir vita það auðvitað að eftir svolítinn tíma mun þessi iðnaður ekki geta sinnt þeim, mun ekki geta veitt íslenskri útgerð þá þjónustu sem hún þarf á að halda. Og þegar þeir þurfa að fara að sækja smærri verkefni, viðgerðir og breytingar, erlendis þá hætta þeir líka að græða á því að sækja þjónustuna til útlanda.

Ég vil svo segja að það er mín skoðun að ekki sé langt í að það verði veruleg verkefni á ferðinni í íslenskum skipaiðnaði. Við vitum það að allur gamli togaraflotinn, ísfisktogaraflotinn, er úreltur. Hann er orðinn allt of gamall og hann er líka úreltur af öðrum ástæðum. Það er ekki lengur nútíminn að gera út ýsuskip sem koma inn eftir 6, 8 eða 10 daga með afla. Það er einfaldlega ekki eðlilegt lengur. Þar fá menn lægra verð og eru með verra hráefni.

Ég hef lengi haldið því fram að það hvernig fer fyrir íslenskum skipaiðnaði sé prófsteinninn á ræðurnar um íslenskan iðnað almennt. Íslenskur skipaiðnaður sé sem sagt prófsteinninn á það hvort eitthvað sé að marka þennan fagurgala sem menn hafa á góðum

stundum um íslenskan iðnað. Þegar menn hafa ekki fengist til þess að taka ákvarðanir, til að verja iðngrein eins og þessa þar sem hægt er að leggja á borðið útreikninga fyrir því að íslenska þjóðin í heild stórgræðir á því að hafa þennan iðnað hér í landinu, samt er ekki tekið á málinu, þá fer maður nú að halda að svoleiðis geti farið líka þegar menn tala um aðrar iðngreinar. Og við munum sitja uppi með það eftir ekki mörg ár að það fari eins fyrir fleiri iðngreinum í landinu en skipasmíðaiðnaðinum og húsgagnaiðnaðinum og ullariðnaðinum að í samkeppninni við útlendinga áfram verði við völd menn sem alltaf eru kaþólskari en páfinn, vilja aldrei hjálpa íslenskum iðnaði í þessum slag.

Ég las upp hér nokkrar tölur áðan um það hvað þjóðirnar í kringum okkur styrkja sinn iðnað þrátt fyrir alla samningana um viðskiptafrelsi. Við erum með pínulítið brot, við erum með 4 þús. kr. á ári í stuðning við hvert ársverk í landinu ef dregnar eru frá ríkisábyrgirnar á sama tíma og aðrar þjóðir hér í kringum okkur eru með 120 þús. í styrk við almennan iðnað. Og þannig er hægt að telja upp þessa hluti allt í kringum okkur. Ef menn ætla ekki að rísa upp úr þessari gröfinni, þá verður ekki burðugt hér í atvinnulífinu á næstu árum.

Ég skora á hæstv. iðnrh. að lýsa því yfir skýrt og skorinort að hann og þessi hæstv. ríkisstjórn sem hann situr í ætli sér að taka á þessum málum og hún ætli að svara spurningunum um það hvenær og með hvaða hætti núna strax innan fárra daga, því að tíminn er auðvitað liðinn fyrir löngu.

[16:08]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Því hefur verið haldið fram hér að ekkert hafi verið gert og þær skýrslur sem gerðar hafi verið og nefndarálit hafi bara verið pappírsgögn. Þetta er algjörlega ósatt. Á grundvelli Appledore-skýrslunnar var t.d. tekin sú ákvörðun í samræmi við tillögu skipasmíðaverkefnanefndar sem skipuð var á grunni þeirrar skýrslu að lækka lánahlutfall Fiskveiðasjóðs úr 65 í 46% í erlendri smíði. Það er rangt að ekkert hafi verið aðhafst. Þá er það líka rangt að skýrslan sem gerð var um ríkisstyrki við skipasmíðaiðnað í nágrannalöndunum hafi orðið til einskis. Hún er grundvöllurinn að þeirri vinnu sem nú fer fram í fjmrn. til undirbúnings álagningu jöfnunargjalda, ef viðræður okkar við Evrópubandalagið leiða ekki til árangurs. Þannig að það er bara hreinlega rangt að þessi vinna hafi ekki borið neinn árangur.

Í öðru lagi vil ég taka fram að það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan er nokkuð lýsandi um þann tvískinnungshátt sem menn viðhafa því að hann kvartaði yfir því að tekin skyldu niðurgreidd boð erlendis frá, að ríkisstjórnin skuli ekki stöðva það. En svo sagði hv. þm. í næstu setningu á eftir: En það er ekkert við útgerðina að sakast. Það er ekki við útgerðina að sakast, sagði hann, því auðvitað á útgerðin að taka þeim kostum sem bestir bjóðast. Hvað þýðir þetta? Þetta þýðir það að hv. þm. er í öðru orðinu að segja að það eigi að koma í veg fyrir hin niðurgreiddu tilboð og í hinu orðinu að segja að auðvitað eigi útgerðin að taka þeim tilboðum sem best bjóðast, þ.e. niðurgreiddu tilboðunum erlendis frá. Þetta kalla ég nú að vera opinn í báða enda. (**JGS:** Þetta er útúrsnúningur hjá ráðherranum.)

Auðvitað er það rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. sem talaði hér áðan að við þurfum að bregðast við. En herra minn og guð, árið 1992–1993 var í hans eigin kjördæmi þar sem hann er mikill áhrifamaður í sjávarútvegsmálum smíðaður togari upp á 1.330 brúttórúmlestir, kostnaðurinn einn milljarður kr., 1.000 millj. kr. Hvar var sá togari smíðaður? Í Noregi. Af hverju beitti hv. þm. ekki áhrifum sínum, sem eru allmikil, í sínu eigin kjördæmi? Af hverju beitti hann ekki áhrifum sínum t.d. til þess að útboðinu yrði hagað þannig að íslenskar skipasmíðastöðvar gætu fengið eitthvað af þeim verkefnum sem þær gætu unnið?

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að það verður að bregðast við og það skal ekkert standa á mér að gera það. Það var Málmur sem óskaði sjálfur eftir því að sett yrði á fót nefnd til þess að skoða — ekki bara verkefnastöðu heldur fyrst og fremst fjárhagsstöðu skipaiðnaðarins og ég óskaði eftir tilnefningum í þá nefnd fyrir rétt um það bil mánuði síðan. Síðasta tilnefningin kom ekki fyrr en núna rétt áðan og ég brást þannig við að ég var í stóli mínum hér að ganga frá nefndaskipuninni. Þar er að beiðni félagsins Málms ákveðið að skipa nefnd til að kanna fjárhagsstöðu skipaiðnaðarins og koma með tillögur til úrbóta í ljósi tímabundinna erfiðleika greinarnnar. Þar er lagt til að nefndin kanni hinar ýmsu leiðir til umbóta í þessu efni, m.a. hugsanlega úreldingu skipasmíðafyrirtækja. Þeir sem skipaðir eru í nefndinni eru utan fulltrúa iðnrn. sem er formaður Benedikt Guðmundsson úr samgrn., Guðmundur Jóhannsson úr fjmrn., Guðmundur Rafn Bjarnason úr Byggðastofnun, Helgi Backman frá Landsbanka Íslands, Ingólfur Sverrisson frá Málmi, Snorri Pétursson frá Iðnþróunarsjóði, Tómas Kristjánsson frá Iðnlánasjóði og Örn Friðriksson frá Félagi járniðnaðarmanna.

Þetta eru þeir aðilar sem koma að málefnum skipasmíðaiðnaðarins með einhverjum hætti. Og auðvitað vænti ég þess að nefndin skili árangri eins og til var stofnað því að hún er sett á fót samkvæmt tilmælum samtaka iðnaðarins sjálfs.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að nefndin sinni störfum sínum hratt og vel og ég er alveg sammála því sem hér hefur komið fram að hér þarf að grípa inn í, en það er ekki á valdi iðnrh. að leggja á jöfnunartolla. Það er á valdi fjmrh. að gera það. (Gripið fram í.) Fjmrh. er að vinna að því verki, hann er fjarverandi nú, en ef menn hafa áhuga á því að vita hvernig verkinu miðar, þá skulu menn spyrja hæstv. fjmrh.

[16:13]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég nýti mér þessa heimild í þingsköpum til þess að ræða við virðulegan forseta um að það væri ástæða til þess að taka á því máli sem hér gerist hvað eftir annað, að hæstv. ráðherrar í utandagskrárumræðum sem hafa síðasta orðið nota það til útúrsnúninga og rangfærslna á því sem hefur komið fram

hjá almennum þingmönnum sem hafa enga möguleika til þess að svara í umræðunni. Ég fer vissulega ekki á nokkurn hátt efnislega út í þetta, en ég get stutt þetta með því að skoða ræður þegar þær koma hér í þingtíðindum.

Út af dagskrá voru tekin 8.–12. mál.

Fundi slitið kl. 4.15.

---

30. FUNDUR

fimmtudaginn 4. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kosning aðalmanns og varamanns í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 3. gr. laga nr. 61/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.
2. Kosning aðalmanns í stjórn Landsvirkjunar í stað Guðmundar Árna Stefánssonar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, til 30. júní 1995, skv. 8. gr. laga nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun.
3. Kosning aðalmanns í útvarpsráð í stað Magdalenu Schram til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 19. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.
4. Kosning alþingismanns í Þingvallanefnd í stað Jóns Sigurðssonar bankastjóra, til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.
5. Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, stjtill., 148. mál, þskj. 165. — Fyrri umr.
6. Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, stjtill., 149. mál, þskj. 166. — Fyrri umr.
7. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill., 150. mál, þskj. 167. — Fyrri umr.
8. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 131. mál, þskj. 144. — 1. umr.
9. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 132. mál, þskj. 145. — 1. umr.
10. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 177. mál, þskj. 196. — 1. umr.
11. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 100. mál, þskj. 103. — 1. umr.
12. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — 1. umr.
13. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 43. mál, þskj. 46. — 1. umr.
14. Laun starfsmanna ríkisins, frv., 44. mál, þskj. 47. — 1. umr.
15. Hvalveiðar, þáltill., 114. mál, þskj. 119. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Auglýsing frá Morgunblaðinu, 190. mál, fsp. PP, þskj. 210.

Ferðakostnaður vegna tannréttinga, 185. mál, fsp. ISG, þskj. 205.

Flutningur á aflamarki, 183. mál, fsp. GuðjG, þskj. 203.

Kaup á björgunarþyrlu, 186. mál, fsp. IBA, þskj. 206.

Kynning samnings um réttindi barna, 187. mál, fsp. EMS, þskj. 207.

Starfsþjálfun iðnnema, 188. mál, fsp. EMS, þskj. 208.

Stuðningsaðgerðir til dreifbýlisverslunar, 189. mál, fsp. EMS, þskj. 209.

Styrkir til tannviðgerða, 184. mál, fsp. ISG, þskj. 204.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Jafnréttisráði um endurskoðun laga um kjördæmaskipun og kosningareglur.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:30]

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að áformað er að fram fari utandagskrárumræða á þessum fundi um kl. 3 síðdegis. Umræðan fer fram að beiðni hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, um skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálaleg samskipti framkvæmdastjóra sjónvarpsins við ýmsa opinbera aðila. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapalaga. Samkomulag er þó um milli þingflokka að umræðan standi ekki lengur en í tvær klukkustundir.

Kosning aðalmanns og varamanns í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 3. gr. laga nr. 61/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins.

[10:33]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég óska eftir að það verði upplýst af forsetastól hve margir þurfa að vera í þingsalnum þegar kosningar fara fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er ljóst að 32 hv. þm. þurfa að vera viðstaddir í þingsal þegar kosning fer fram. Hér er hins vegar um að ræða kosningu í stað manna sem farið hafa úr stjórnum og ráðum af ýmsum ástæðum og þess vegna taldi forseti að hægt væri að láta þessa kosningu fara fram. En hún er ályktun engu að síður og forseti mun nú kanna hversu margir hv. þm. eru í húsinu því að forseti hafði ekki hringt þannig að það liggur ekki ljóst fyrir enn þá.

Það kemur í ljós að einungis 26 hv. þm. eru í húsinu þannig að forseti hefur ákveðið að fresta þessari kosningu um sinn.

Kosningu frestað.

Alþjóðasamnningur um varnir gegn mengun sjávar, fyrri umr.

Stjtill., 148. mál. — Þskj. 165.

[10:35]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þáltill. sem hér um ræðir fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu bókunar um breytingar á alþjóðasamningi frá 15. febr. 1972, um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna úr skipum og flugvélum. Bókunin var gerð í Ósló 5. des. 1989 og er birt sem fskj. með tillögunni.

Ísland gerðist árið 1973 aðili að alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum. Ísland er einnig aðili að breytingum frá árinu 1983 og 1985.

Bókunin felur í sér þá breytingu að samningurinn skal einnig taka til innsævis sem liggur að hafsvæðum sem heyra undir samninginn. Breyting þessi hefur í för með sér bann við að varpa úrgangsefnum í hafið við strendur þeirra hafsvæða sem samningurinn nær til. Einnig er í bókuninni áréttað að samningsaðilar skuli gegna eftirlitshlutverki sínu, ekki aðeins á úthafinu heldur einnig innan fiskveiðilögsögu.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, fyrri umr.

Stjtill., 149. mál. — Þskj. 166.

[10:37]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þessari þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu bókunar við alþjóðasamning frá 29. nóv. 1969 um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og bókunar við alþjóðasamning frá 18. des. 1971, um stofnun alþjóðasjóðs til þess að bæta tjón af völdum olíumengunar. Bókanir þessar voru gerðar í Lundúnum 19. nóv. 1976, en þær eru birtar sem fylgiskjöl með tillögunni.

Samkvæmt í heimild í lögum nr. 14/1979 gerðist Ísland árið 1980 aðili að alþjóðasamningi um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og alþjóðasamningi um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar, en þessir samningar tóku gildi 15. okt. 1980 að því er Ísland varðar og fengu þá lagagildi hér á landi.

Bókanirnar sem hér um ræðir varða breytingu á gjaldmiðli. Í þeim er horfið frá því að nota gullfranka sem viðmiðun fyrir bætur og nota í staðinn sem meginreglu eininguna „sérstök dráttarréttindi“ eða SDR sem skilgreint er af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Er þetta gert til að samræma alþjóðlegar reglur um greiðslur. Íslendingar hafa ekki þurft að greiða í alþjóðasjóðinn hingað til vegna þess hve lítið magn af olíu er flutt til landsins. Miðað við innflutning síðustu ára eru litlar líkur á því að til þess komi að innflutningsaðilar þurfi að greiða í sjóðinn þar sem innflutningur hvers innflytjanda hefur verið verulega undir mörkum.

Með staðfestingu þessara bókana er verið að taka af allan vafa um að bætt verði tjón af völdum olíumengunar og standi þar ekki í vegi gullfrankinn góði sem hætt er að nota sem gjaldmiðil í alþjóðaviðskiptum.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til, að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, fyrri umr.

Stjtill., 150. mál. — Þskj. 167.

[10:39]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þessari þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu breytingar á Montreal-bókuninni frá 16. sept. 1987, um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, en samningurinn var gerður í Kaupmannahöfn 25. nóv. 1992.

Ísland gerðist aðili 1989 að Vínarsamningi frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins og að Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Hinn 16. júní 1993 varð breyting á Montreal-bókuninni frá 29. júní 1990 fullgilt fyrir Íslands hönd.

Á fjórða fundi aðila að Montreal-bókuninni í Kaupmannahöfn 25. nóv. 1992 var samþykkt breyting á henni. Hún er birt sem fylgiskjal 1 með þáltill. Helstu breytingar eru þessar:

1. Ákvæði eru sett um takmörkun um notkun á framleiðslu vetnisklórflúorkolefna. Ákvæðin miða að því að minnka notkun þessara efna í áföngum fram til

ársins 2030, en þá skal notkun þeirra hætt.

2. Vetnisbrómflúorkolefnum er bætt á skrá bókunarinnar. Notkun og framleiðslu þessara efna skal hætt frá og með 1. jan. 1996.

3. *Efninu metýlbrómíð* er bætt á skrá bókunarinnar. Frá og með 1. jan. 1995 skal notkun og framleiðsla þessa efnis ekki fara fram úr neyslu- og framleiðslumagni ársins 1991.

Á Kaupmannahafnarfundinum voru einnig samþykktar lagfæringar á ákvæðum Montreal-bókunarinnar og eru þær birtar sem fylgiskjöl 2 og 3 með þáltill. þessari. Samkvæmt þeim eru hert ákvæði um notkun og framleiðslu þeirra efna sem þegar eru á skrá bókunarinnar.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 12. maí 1992 var samþykkt að stefna að því að Ísland fylgi áætlunum þeirra þjóða sem ganga hvað lengst í að draga úr notkun ósoneyðandi efna. Haft hefur verið náið samráð við hagsmunaaðila hérlendis um að draga enn frekar úr notkun ósoneyðandi efna í samræmi við þá áætlun sem samþykkt var á Kaupmannahafnarfundinum.

Íslenskur iðnaður mun hafa drjúgan tíma til að laga starfsemi sína að öðrum efnum og/eða nýrri tækni. Jafnframt mun mikið af þeim búnaði sem er í notkun og krefst notkunar þessara efna úreldast á því tímabili, sem nýja áætlunin tekur til. Einnig eru komin, eða eru að koma á markaðinn, ný efni sem geta gegnt hliðstæðu hlutverki en hafa ekki ósoneyðandi áhrif.

Framkvæmd þessarar áætlunar felur því ekki í sér *neina fyrirsjáanlega örðugleika í framkvæmd.*

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 1. umr.

Stjfrv., 131. mál. — Þskj. 144.

[10:42]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er flutt var flutt á síðasta hv. Alþingi, 116. löggjafarþingi, og mælt fyrir því þann 6. apríl 1993. Að lokinni framsöguræðu þáv. iðnrh. var umræðu frestað, m.a. vegna fjarveru þingmanna, að beiðni eins þingmannsins en þegar umræðu var síðar haldið áfram tóku engir þingmenn til máls þannig að málið fór til hv. efh.- og viðskn. Mér er kunnugt um að hún sendi frv. til umsagnar en tók frv. síðan aldrei fyrir vegna tímaskorts, en umsagnir lágu fyrir hjá nefndinni frá Alþýðusambandi Íslands, Íslenskri verslun, Fiskveiðasjóði Íslands, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Iðnlánasjóði. Mér er líka kunnugt um að allir þessir aðilar að Sambandi ísl. sveitarfélaga undanskildu mæltu með samþykkt frv., en Samband ísl. sveitarfélaga taldi að samkvæmt frv. yrði skylda að breyta starfandi lánastofnunum í hlutafélög og mælti með að Lánasjóður sveitarfélaga yrði undanskilinn þeirri kröfu. Þetta var misskilningur hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga, en til þess að taka af allan vafa í þessu efni hefur nú bráðabirgðaákvæði I í frv. verði breytt frá því sem það var og skýrt tekið fram í 2. mgr. að ekki þurfi að breyta starfandi lánastofnunum í hlutafélög þannig að þar með ætti að vera komið í veg fyrir þann misskilning sem skapaðist á sl. ári og voru þetta einu athugasemdirnar sem gerðar voru við frv.

Þessu frv. hefur nú verið breytt sem hér greinir: Í gildistökuákvæði þess, sem er 24. gr., hefur verið bætt ákvæðum um að fella á brott ýmis ákvæði úr lögum um verslunarlánasjóð og Stofnlánadeild samvinnufélaganna. Um er að ræða ákvæði sem eru úrelt vegna breytinga á fjármagnsmarkaði, svo sem um að takmarka útlánastarfsemi við ákveðnar atvinnugreinar, um hámarkslánstíma og um að afborganir skuli vera jafnar og ákvæði sem fjallað er um með almennum hætti í frv. um aðrar lánastofnanir. Með þessu hefur Íslandsbanki fallið frá óskum sínum um að sérstakt frv. yrði flutt um breytingu á lögum um verslunarlánasjóð.

Þá hefur í bráðabirgðaákvæði I verið sett ákvæði um að lánastofnun, sem breytt er í hlutafélag og hefur verið skattlögð samkvæmt ákvæðum laga um skattskyldu innlánsstofnana, skuli skattlögð þannig áfram. Þetta er gert til að taka af allan vafa um að formleg breyting hafi ekki áhrif á skattlagningu. Það er vegna þess að í lögum um skattskyldu innlánsstofnana er fjallað um banka, sparisjóði, aðrar innlánsstofnanir og *opinbera fjárfestingarlánasjóði.*

Ég hef ítrekað hvatt fjmrn. til að víkka út gjaldsvið laganna um skattskyldu innlánsstofnana en ekki fengið nema jákvæð munnleg viðbrögð. Ég hef greint fjmrn. frá þessu ákvæði í bráðabirgðaákvæði I og er von mín sú að það hvetji fjmrn. til að flytja frv. um breytingu á lögunum um skattskyldu innlánsstofnana því að fjmrn. vill eðlilega að skattaákvæði séu ekki í öðrum lögum en í skattalögum. Vona ég að hv. efh.- og viðskn. taki þetta mál til sérstakrar skoðunar í samvinnu við fjmrn. þannig að hægt væri að fella þetta bráðabirgðaákvæði út en þá þyrfti það að koma inn í önnur skattaákvæði sem falla til fjmrn.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv. frá því að það var síðast lagt fram og rætt hér á Alþingi. Þær breytingar eru í samræmi við athugasemdir sem komu fram við hv. efh.- og viðskn. á síðasta þingi og þær athugasemdir sem komið hafa fram frá öðrum aðilum í samfélaginu sem mér hefur fundist ástæða til þess að taka fullt tillit til. Þar sem svo stutt er liðið frá því að framsaga var flutt með frv. að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að tefja tíma þingsins með því að endurtaka það sem þar var sagt og læt mér því nægja að skýra frá þeim breytingum sem ég hef þegar gert.

Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kosning aðalmanns og varamanns í stjórn Húsnæðisstofnunar ríkisins til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 3. gr. laga nr. 61/1993, um Húsnæðisstofnun ríkisins, frh.

[10:48]

Við kosningu aðalmanns og varamanns komu fram jafnmargar tilnefningar og menn skyldi kjósa. Þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosnar væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Danfríður Skarphéðinsdóttir framhaldsskólakennari.

Varamaður:
Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri.

Kosning aðalmanns í stjórn Landsvirkjunar í stað Guðmundar Árna Stefánssonar heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, til 30. júní 1995, skv. 8. gr. laga nr. 42 23. mars 1983, um Landsvirkjun.

[10:53]

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Birgir Dýrfjörð rafvirkjameistari.

Kosning aðalmanns í útvarpsráð í stað Magdalenu Schram til fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 19. gr. útvarpslaga nr. 68 27. júní 1985.

[10:54]

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Aðalmaður:
Kristín A. Árnadóttir deildarstjóri.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):
Þar sem varamaður í útvarpsráði, Kristín A. Árnadóttir, hefur nú verið kjörin aðalmaður þarf einnig að kjósa varamann í hennar stað.

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosin væri án atkvæðagreiðslu:

Varamaður:
Þórunn Sveinbjarnardóttir, stjórnmálafræðingur og skrifstofustjóri.

Kosning alþingismanns í Þingvallanefnd í stað Jóns Sigurðssonar bankastjóra, til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

[10:56]

Fram kom ein tilnefning og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Sighvatur Björgvinsson ráðherra.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Stjfrv., 132. mál (EES-reglur). — Þskj. 145.

[10:58]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):
Virðulegi forseti. Þetta frv. var lagt fram á 116. löggjafarþingi, þ.e. síðasta hv. Alþingi, þann 23. febr. 1993. Um frv. urðu talsvert miklar umræður. Þá tóku til máls hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Steingrímur J. Sigfússon, Páll Pétursson og Kristín Ástgeirsdóttir. En að lokinni 1. umr. var frv. sent efh.- og viðskn. sem sendi það til umsagnar en tók það aldrei fyrir vegna tímaskorts. Mér er kunnugt um að umsagnir bárust frá Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Farmanna- og fiskimannasambandinu, Félagi íslenskra iðnrekenda, Íslenskri verslun, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Landssambandi smábátaeigenda, Landsvirkjun, Lögmönnum Skólavörðustíg 12, Rafmagnsveitum ríkisins, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Seðlabanka Íslands og Verslunarráði Íslands.

Í grófum dráttum má segja að umsagnirnar hafi skipst þannig að stéttarfélög vöktu athygli á nauðsyn þess að náttúruauðlindirnar væru þjóðareign og yrðu undir stjórn innlendra aðila en atvinnurekendur hvöttu til að frv. yrði samþykkt eins og það liggur fyrir. Ýmsar ábendingar komu hins vegar fram um nákvæmara orðalag og mun ég víkja að því á eftir hvaða breytingar hafa verið gerðar við frv. frá því að það síðast var lagt fram en þær eru mjög óverulegar.

Enda þótt frv. hafi verið fylgt úr hlaði fyrir ekki svo löngu síðan og það sé nú endurflutt lítið breytt tel ég ástæðu til engu að síður að fara nokkrum orðum um frv. eins og það liggur fyrir. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er einmitt tilefni þess að frv. þetta er flutt því samkvæmt ákvæðum samningsins þurfum við að breyta ákvæðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í íslenskum atvinnurekstri í ýmsum greinum. Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal aðilum í einu ríki innan EES vera heimilt án takmarkana að fjárfesta í atvinnurekstri eða öðru ríki á svæðinu. Frá þessari meginreglu eru undantekningar sem

taldar eru upp í XII. viðauka með samningnum.

Í samningnum er Íslandi veitt heimild til að viðhalda án tímatakmörkunar gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Jafnframt er stjórnvöldum samkvæmt samningnum heimilt að krefjast þess að fyrirtæki losi sig við fjárfestingu í fiskveiðum og fiskvinnslu ef þau komast að öllu leyti eða að hluta til í eigu erlendra aðila. *Þá er Íslendingum veittur frestur til 1. jan. 1996 til* að laga gildandi reglur um fjárfestingu aðila í öðrum atvinnugreinum að ákvæðum þessa samnings.

Ég mun nú víkja að nokkrum greinum frv. og vil þá fyrst nefna til að í frv. er lagt til að gagnkvæmnisskilyrðið í niðurlagi 3. gr. núgildandi laga falli niður en það er orðað svo nú, með leyfi forseta: ..... enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila".

Eins og nánar er skýrt í athugasemdum með frv. við þessa grein er það álit manna að setningin sem ég las nái ekki tilgangi sínum og sé frekar skaðleg fyrir íslenska hagsmuni en hitt og þess vegna er lagt til að *hún falli nú brott.*

Í lögunum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri eru taldar upp þær takmarkanir sem núna gilda um hana. Takmarkanirnar eru þessar:

Bann við fjárfestingu í félögum sem stunda útgerð fiskiskipa, fiskvinnslu, orkuvinnslu og orkudreifingu. 49% hámark á eignarhlut aðila í félagi sem stundar flugrekstur. 25% hámark á eignarhlut erlendra aðila í hlutafélagsbanka. Bann við fjárfestingu erlends ríkis eða fyrirtækis í eigu erlends ríkis. 250 millj. kr. hámark á árlegri fjárfestingu í eigu eins erlends aðila eða fjárhagslega tengdra erlendra aðila og loks 25% hámark á heildarfjárfestingu erlendra aðila af áætlaðri fjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum.

Ég mun nú fjalla nokkuð um þessar takmarkanir og vil fyrst benda á að í þessu frv. eru ekki lagðar til efnislegar breytingar á ákvæðunum um bann við fjárfestingu í fiskveiðum eða fiskvinnslu en til samræmis við ákvæðin í XII. viðauka við EES-samninginn er hér lagt til að viðskiptaráðherra geti kveðið upp úrskurð um að lögaðili sem að hluta til eða að öllu leyti hefur verið keyptur af erlendum aðila skuli losa sig við fjárfestingu á sviði fiskveiða og fiskvinnslu. Jafnframt verði kveðið á um að slíkur úrskurður sé aðfararhæfur.

Með þessu er stjórnvöldum gert hægara um vik að framfylgja fjárfestingarbanninu en samkvæmt gildandi lagaákvæðum. Slíkur úrskurður yrði kveðinn upp fari viðkomandi aðili ekki að áskorun um að losa sig við óheimilaðan hlut í fiskveiðum eða vinnslu sjávarafurða. Til nánari skýringar á þessu máli skal fram tekið að í samningaviðræðunum um EES mun samningamönnum Evrópubandalagsins vera mikið í mun að koma í veg fyrir að fjárfestingarbannið í fiskveiðum og fiskvinnslu yrði notað til að koma í veg fyrir fjárfestingu í fyrirtækjum með alls óskyldan rekstur, þ.e. að fyrirtæki gætu girt sig af með því að kaupa svo sem eins og eitt hlutabréf í útgerðar- eða fiskvinnslufyrirtæki. Eftir nokkurt samningaþóf var um það samið að í slíkum tilfellum gætu stjórnvöld skyldað fyrirtæki til að losa sig við hinn forboðna ávöxt þótt það væri ekki skyldugt eða fortakslaust ákveðið enda er hér að sjálfsögðu fyrst og fremst um það að ræða hvernig þessi markalína er dregin.

Ég leyfi mér þá, virðulegi forseti, að koma að því sem í 3. tölul. greinir, en þar er haldið áfram núgildandi hömlum varðandi virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita og hlut í fyrirtækjum á sviði orkuvinnslu og orkudreifingar. *Í samræmi við ákvæði við XII. viðauka* EES-samningsins er hins vegar lagt til að frá og með 1. jan. 1996 njóti ríkisborgarar og lögaðilar frá öðrum EES-ríkjnum sama réttar til fjárfestingar á þessu sviði og íslenskir ríkisborgarar og lögaðilar.

Ég bendi á hinn bóginn á að í rétti EES er ekkert sem bannar virkjunar- og veitufyrirtæki í eigu ríkis og sveitarfélaga eins og þau fyrirtæki eru sem annast orkuvinnslu og orkudreifingu á Íslandi. Séu þau hins vegar seld er hér áskilnaður um að ekki megi mismuna á grundvelli þjóðernis þeim EES-borgurum eða lögaðilum sem kaupa vildu hlut í slíkum fyrirtækjum.

Það sem mér finnst hins vegar mestu varða í þessu *máli er að tryggja ríkinu,* þ.e. *þjóðinni sjálfri,* þau virkjunarréttindi vatnsfalla og rétt til auðlinda í jörðu sem mestu máli skipta og hafa frv. um þetta efni verið samin í iðnrn. og verið til meðferðar á vegum ríkisstjórnarinnar. Tilgangur þeirra er að tryggja að Alþingi og ríkisstjórn hafi forræði um nýtingu orkulindanna um alla framtíð. Með því móti tel ég tryggilega um þessi málefni búið og með því móti einu. Ríkisstjórnin hefur lýst því yfir m.a. í fylgiskjali með stefnuræðu hæstv. forsrh. að þessi frv. verði flutt á yfirstandandi þingi og stefnt að afgreiðslu þeirra, enda fer nú hver að verða síðastur að ákveða það mál sem lög frá Alþingi.

Í 4. tölul. frv. kemur fram sama takmörkun á eignarhlut erlendra aðila í innlendum viðskiptabönkum og er að finna í núgildandi lögum. Hins vegar er hér lagt til að hún falli úr gildi 1. jan. 1996 þegar hinn almenni aðlögunarfrestur Íslendinga samkvæmt viðauka XII rennur út. Þá er einnig lagt til að fellt verði niður núgildandi ákvæði um útibú erlendra banka á Íslandi en það ákvæði er nú óþarft eftir að lögunum um viðskiptabanka og lögunum um Seðlabanka Íslands var breytt og reyndar voru þær breytingar samþykktar samhljóða af hv. Alþingi.

Í 5. tölul. er lagt til að haldið verði áfram banni við fjárfestingu erlends stjórnvalds hér á landi. Lagt er til að reglan verði samræmd reglum flestra annarra iðnríkja á þann hátt að ákvæðið taki aðeins til fjárfestingar erlends stjórnvalds en ekki líka til fjárfestingar fyrirtækis í eigu erlends stjórnvalds. Með slíku ákvæði munu í upphafi einkum hafa verið höfð í huga fjárfestingarfyrirtæki í eigu austantjaldsríkjanna fyrrverandi en nýjar aðstæður hafa nú gert slík ákvæði úrelt og óþörf.

Þá er lagt til í samræmingarskyni að bannákvæðið verði víðtækara en það er nú og nái ekki aðeins til fjárfestingar erlends ríkis heldur einnig til fjárfestingar erlends sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds þar sem ríkisvaldið kann að vera með öðrum hætti en al-

gengast er hér, þ.e. skipt í fleira en tvennt eða þrennt.

Þá er í þessu frv. gerð tillaga um að niður falli 49% takmörkunin á fjárfestingu erlendra aðila í flugrekstri á Íslandi. Slík takmörkun er andstæð EES-samningnum og ekki þykir ástæða til að beita þar aðlögunarfresti þar sem slík takmörkun væri áreiðanlega andstæð íslenskum atvinnuhagsmunum. Við Íslendingar eigum margt vel þjálfað fagfólk á sviði flugs og flugrekstrar, sem ekki hefur næg verkefni og þess vegna er ástæðulaust að útiloka eignaraðild erlendra aðila að fyrirtækjum sem gætu skapað aukin umsvif á sviði flugrekstrar.

Þá er lagt til í þessu frv. að felld verði brott skilgreining í 7. tölul. núgildandi 4. gr. laganna um leyfisveitingu ráðherra fari erlend fjárfesting fram úr tilteknu fjárhæðarmarki eða fari hún umfram 25% af heildarfjárfestingu í tilteknum atvinnugreinum.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða um brtt. frv. um næstu greinar enda er þar um að ræða eingöngu tæknileg atriði eða samræmingu við ákvæðin mjög vel þekkt og ítarlega rædd ákvæði EES-samningsins. Hins vegar vil ég víkja að brtt. við 10. gr. nokkrum orðum en þar er orðalag öryggisákvæðisins samkvæmt orðalagi 33. gr. EES-samningsins og reyndar orðalagi í samþykkt OECD um afnám hafta á fjármagnshreyfingum.

Þá er lögð til breyting á ákvæði núgildandi laga um þingkjörna nefnd sem ætlað er að verði viðskrh. til ráðuneytis um tiltekna þætti fjárfestingarmála. Ég vek athygli á því að í samræmi við önnur ákvæði í frv. fellur meginverkefni nefndarinnar brott eins og ég hef þegar skýrt og fram kemur í athugasemdum við frv. Hins vegar er hér lagt til að áfram verði til nefnd sem verði þá viðskrh. til ráðuneytis um beitingu öryggisákvæðis laganna og fylgist hún með því að ákvæði laganna um takmarkanir á fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri sé virt. Því er lögð til sú breyting að nefndin verði ekki kosin af Alþingi heldur skipuð af viðskrh. enda er hér fyrst og fremst um að ræða framkvæmdarvaldstilhögun eftir þær miklu breytingar á hlutverki slíkrar nefndar sem samþykkt frv. mundi kveða á um.

Tillaga er hér því gerð um að fjórir nefndarmanna verði tilnefndir, af forsrh. einn, dómsmrh. einn, sjútvrh. einn og utanrrh. einn, en viðskrh. tilnefni einn sjálfur og þá væntanlega formann nefndarinnar.

Virðulegi forseti. Með frv. fylgir eins og gert er ráð fyrir umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. um hugsanlegan kostnað sem það kynni að valda ríkissjóði en þar er sagt að kostnaðurinn, verði frv. að lögum, hljóti að teljast óverulegur. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í heild má ætla að samþykkt frumvarpsins muni hafa jákvæð áhrif á ríkissjóð að svo miklu marki sem erlend fjárfesting getur aukist og rennt auknum stoðum undir íslenskt atvinnulíf."

Virðulegi forseti. Á frv. þessu hafa verið gerðar örfáar breytingar frá því að það var lagt fram á síðasta þingi og eru þær þessar:

Í fyrsta lagi eru í frv. nú sett ítarlegri ákvæði um úrskurð ráðherra og aðfararhæfi úrskurðarins í 2. mgr. 1. og 2. tölul. 2. gr. laganna.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að í stað þess að Seðlabankinn birti opinberlega á fyrri hluta hvers árs upplýsingar um fjárfestingu erlendra aðila á næstliðnu ári þá flytji viðskrh. Alþingi skýrslu um málið. Þetta kemur fram í 5. gr. frv. þar sem kveðið er á um að 2. mgr. 5. gr. núgildandi laga falli brott, þ.e. upplýsingaskylda Seðlabankans, og í 4. mgr. 7. gr. frv. þar sem kveðið er á um skýrsluflutning viðskrh. Þetta er gert í því skyni, virðulegi forseti, að hv. Alþingi geti fylgst með frá fyrstu hendi, fái allar upplýsingar um þessi efni beint frá viðskrh. og geti tekið þessi mál til umræðu tafarlaust ef ástæða þykir til hjá einstökum hv. alþm. eða þingflokkum. Tel ég þessa breytingu vera til hins betra og tengja Alþingi betur við þá upplýsingagjöf sem hér er um að ræða.

Ég tel svo ekki ástæðu til þess að fara fleiri orðum um frv. að þessu sinni en legg til að því verði vísað að umræðunni lokinni til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[11:14]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig koma þær breytingar sem hér eru lagðar til ekki á óvart. Við gerðum okkur að sjálfsögðu grein fyrir þessu þegar samningurinn um EES var afgreiddur hér á Alþingi. Engu að síður hljóta að vakna upp ýmsar spurningar um það hvernig gætt er þess öryggis, vil ég segja, gagnvart íslenskum auðlindum og atvinnurekstri sem lá til grundvallar þegar lögin frá 1991 voru afgreitt á Alþingi. Við undirbúning þeirra laga var vandlega skoðað hvernig við Íslendingar gætum viðhaldið okkar eignarrétti yfir auðlindum og haldið þannig í okkar eigin hendi því sem telja má lykilinn að efnahagslegu sjálfstæði þessarar þjóðar. Að sjálfsögðu fagna ég því að sú undanþága fékkst í EES-samningnum að erlend fjárfesting í sjávarútvegi og frumvinnslu sjávarafurða er áfram ekki leyfð eða það fékkst undanþága sem heimilar okkur að halda því svo. Hins vegar var, man ég, þegar upphaflegu lögin voru samþykkt mjög um það rætt hvort of ströng ákvæði giltu um heimildir til erlendra aðila til að eignast hlut, jafnvel meiri hluta eða ráðandi hlut í íslenskum fyrirtækjum sem aftur eiga mikinn hlut í íslenskum sjávarútvegi og geta vitanlega með tímanum þar orðið ráðandi. Hér er slakað á þessu, það er viðskrh. sem getur, eins og hér er orðað, úrskurðað að slíkt fyrirtæki sem verður í eigu erlendra aðila að einhverju leyti skuli losa sig við hlut sinn í sjávarútvegi.

Það vekur vitanlega upp fjölmargar spurningar að hér koma ekki fram neinar leiðbeiningar til viðskrh. um það hvernig á þetta skuli litið og reyndar hefði ég talið að þarna kunni að verða um mjög vandmeðfarin mál að ræða. Því er ekkert að neita að mörg íslensk sjávarútvegsfyrirtæki hafa leitað eftir þátttöku í óskyldum fyrirtækjum eða fyrirtækjum sem þau eiga mikil viðskipti við. Við skulum taka t.d. olíufélögin. Olíufélögin eiga áreiðanlega sum orðið stóra eignarhluta í ýmsum mikilvægum sjávarútvegsfyrirtækjum og olíufélögin sum, ef ég veit rétt, eru með erlendri eignar-

aðild. Það er ekkert sem bannar það að sú erlenda eignaraðild geti orðið miklu meiri. Það væri fróðlegt t.d. að heyra hvernig núverandi viðskrh. lítur á slíkt. Mundi hann beita þessari heimild til þess að skylda olíufélögin til að losa sig við eignarhlut sinn í sjávarútvegsfyrirtæki? Vitanlega tryggir það ekki að svo yrði gert um alla framtíð því væntanlega kemur annar viðskrh. einhvern tímann, sumir segja vonandi sem fyrst en ég ætla ekkert út af fyrir sig að fara að segja það. En það væri fróðlegt að heyra það hvernig núv. hæstv. viðskrh. lítur á þessa heimild og hvernig hann mundi beita henni í tilfellum sem við höfum þegar fyrir framan okkur.

Mér er ljóst að á þetta hefur verið nokkur þrýstingur t.d. við samning upphaflegs frv. sem varð að lögum 1991, þá var töluverður þrýstingur þarna á og margir sem töldu að þetta ákvæði mundi torvelda olíufélögum í mörgum tilfellum að hlaupa undir bagga með því að breyta skuldum sjávarútvegsfyrirtækja í hlutafé. Þarna er því um mjög viðkvæmt atriði að ræða.

Þá vil ég minnast á 3. tölul. 2. gr. um virkjunarréttindi sem að sjálfsögðu við afgreiðslu EES-samningsins var töluvert rætt og ég gerði miklar athugasemdir við. Ég er þeirrar skoðunar að hér sé opnað fyrir mjög hættuleg hugsanleg yfirráð erlendra aðila á íslenskum auðlindum, þessari mikilvægu auðlind vatnsafli og jarðvarma. Nú sagði hæstv. viðskrh. áðan að í undirbúningi væru frumvörp sem ættu að tryggja að þetta yrði um alla ævi í eigu Íslendinga. Ég fagna því. Ég held hins vegar að sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar hljóti að afla sér upplýsinga um þau frumvörp og það væri út af fyrir sig mjög æskilegt ef hæstv. viðskrh. gæti sagt okkur hvernig frá þessu verður gengið. Nú er það svo að til að virkja yfir ákveðin megavött, ég man ekki hvort það voru tvö eða þrjú þúsund megavött, þá þarf heimild á Alþingi. Stenst það? Ég vona að það standist og ég man ekki betur en að í umræðum EES byggðu menn helst von sína á áframhaldandi yfirráðum Íslendinga yfir þessum mjög verðmætu náttúruauðlindum á slíku ákvæði. En sem sagt, ég vildi mjög gjarnan fá að heyra frá hæstv. viðskrh. hvernig hann hyggst tryggja þetta um alla eilífð.

Hér er breytt ákvæði um heimild erlendra aðila til að eignast hlut í íslenskum viðskiptabönkum, það verður frjálst frá og með 1. janúar 1996 en nú er það takmarkað við 25%. Út af fyrir sig geri ég ekki þungar athugasemdir við þetta en vil þó í þessu sambandi nefna að uppi hafa verið hugmyndir hjá ríkisvaldinu um að einkavæða bankana sem mundi þá geta orðið til þess að erlendir aðilar eignuðust hér ríkisbankana t.d. sem nú eru. Ég vildi gjarnan heyra viðhorf hæstv. viðskrh. til þess, telur hann það æskilega þróun að þessir tveir viðskiptabankar ríkisins féllu í hendur erlendra aðila? Ég þarf vonandi ekki að taka það fram að ég tel það afar óæskilegt og tel það lágmark að við Íslendingar höfum í eigin hendi einn öflugan ríkisbanka. Ég hefði reyndar gjarnan viljað sameina þá tvo sem nú eru til að fá þar öflugri banka. Ég vil gjarnan spyrja hvort þessi breyting á lögum, ég held ég leyfi mér að segja breyti eitthvað þeim viðhorfum sem komi þar fram hjá hæstv. ríkisstjórn og m.a. alþýðuflokksmönnum að einkavæða eigi báða bankana.

Mér láðist að geta þess áðan í sambandi við fallvötnin, orkulindirnar, að í svokallaðri hvítu bók ríkisstjórnarinnar er talað um einkavæðingu orkufyrirtækjanna sem þá mundi að sjálfsögðu gera erlendum aðilum kleift að eignast þessar virkjunarheimildir þannig að þá yrði það þar með alveg opið. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. hvort hann sé hlynntur því að einkavæða orkufyrirtækin eins og boðað var. Það er vitanlega nauðsynlegt fyrir þingið að heyra hvort þessi nýju frumvörp hæstv. ráðherra girði á einhvern máta fyrir það að verði orkufyrirtæki einkavædd, t.d. Landsvirkjun, gert að hlutafélagi, girða þau á einhvern máta fyrir það að einstakir hluthafar í slíku hlutafélagi geti selt sitt hlutafé erlendum aðilum. Vel má vera að hann geri ráð fyrir ákvæði þess efnis að ríkið megi ekki selja sinn hlut t.d. í slíku einkafyrirtæki eins og Landsvirkjun hf. ef úr því yrði, en hver bannar að aðrir aðilar geri það eins og t.d. Reykjavíkurborg sem á þarna gífurlega stóran hlut? Ég hugsa að það yrði erfitt að banna það með lögum að aðrir aðilar en hið opinbera megi selja sinn hlut svo mér finnst það vera afar forvitnilegt satt að segja hvernig hæstv. ráðherra hyggst koma í veg fyrir að erlendir aðilar geti nokkru sinni, eins og hann orðaði það nokkurn veginn, eignast hér orkulindir landsins. Ég held að þetta sé það atriði sem langstærst er í þessu frv. satt að segja og svo vitanlega hitt hvernig t.d. þessi heimild ráðherra til að skylda fyrirtæki til að selja hlut sinn í sjávarútvegsfyrirtækjum yrði í raun og veru nýtt.

Ég ætla aðeins að minnast á 10. gr. Þar er því breytt að Alþingi kjósi nefnd. Þetta var mikið til umræðu á sínum tíma og sýndist sitt hverjum satt að segja. Niðurstaðan varð sú að það væri hér um svo viðkvæm mál að ræða sem varða svo miklu í þjóðfélaginu að það væri æskilegt að Alþingi hefði þarna aðgang að. Ég hefði ekki talið óeðlilegt að þessi nefnd fjallaði einnig um ákvæði 1. og 2. liðs 2. gr., þ.e. heimild viðskrh. til að skylda fyrirtækin til að selja eignarhlut sinn í sjávarútvegsfyrirtækjum. Þarna er um mjög viðkvæmt mál að ræða sem væri æskilegt að fleiri aðilar kæmu að. Ég held satt að segja að framkvæmd á þessu ákvæði verði afar erfið og hvernig hægt er að heimila einu fyrirtæki að eiga en öðru ekki sem ég ræddi um áðan. Ég held að það verði afar erfið ákvörðun og æskilegt að fleiri aðilar komi þar að.

Hér er gert ráð fyrir upplýsingaskyldu til Alþingis og það er að sjálfsögðu góðra gjalda vert. Það er afar mikilvægt að vel sé fylgst með því hver eignarhlutur erlendra aðila er í atvinnurekstri hér á landi. Ég hygg að þar sé mjög pottur brotinn, a.m.k. minnist ég þess þegar um þetta var spurt í fyrri ríkisstjórn og leitað upplýsinga að þá gekk afar illa að fá þær upplýsingar, mjög illa, og virtist ekki vera skráð hér eins og gera má ráð fyrir, svo enginn vafi er á því að þessu þarf mjög að breyta.

Ég vil taka það fram að lokum að ég er hlynntur því að hér verði aukin þátttaka erlendra aðila í atvinnu-

rekstri með takmörkunum að sjálfsögðu og tel satt að segja að sú leið kunni helst að verða fær þegar erlendar skuldir hafa vaxið svo mikið sem við þekkjum núna, þær eru að verða 60% af þjóðarframleiðslu og greiðslubyrðin orðin svo þung að hún er mjög mikið áhyggjuefni eða 35% gjaldeyristekna. Þess vegna get ég vel fallist á að rýmka viss ákvæði. Hitt er svo umhugsunarefni að þrátt fyrir það að menn hafa verið að rýmka þessi ákvæði og ræða við erlenda aðila hefur ekkert orðið af erlendri fjárfestingu hér. Mig langaði til að nota tækifærið og spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi lesið frétt sem er í dagblaðinu Tímanum í morgun og fjallar um stöðu Íslendinga þegar lönd eru metin með tilliti til erlendra fjárfestinga. Þar kemur fram að Ísland er í neðsta flokki með Grikklandi og Tyrklandi og það vekur athygli mína að eitt af því neikvæðasta hér er stjórnarfarið samkvæmt þessu mati hins virta blaðs Economist. Ég held að það sé ástæða fyrir hæstv. ríkisstjórn að taka þetta til athugunar hvað er t.d. hér við stjórnarfarið sem fælir erlenda fjárfesta frá að koma hingað til lands. Satt að segja tel ég að svo mikilvæg sé skikkanleg erlend fjárfesting hér í atvinnurekstri að það væri full ástæða fyrir hæstv. viðskrh., sem ég veit að er áhugamaður um slíka hluti, að taka svona frétt til vandlegrar skoðunar og e.t.v. má læra eitthvað af þessu mati blaðsins. Nú tek ég það fram að ég hef ekki séð þessa grein í Economist en allir þekkja að Economist er mjög virt tímarit. Það er alltaf verið að setja upp einhverjar nefndir sérfræðinga og það væri kannski ástæða til að setja upp nefnd til að skoða þetta og mætti eflaust fá gleggri upplýsingar frá þeim aðilum sem þetta hafa unnið fyrir þetta tímarit á hverju þeir byggja niðurstöður sínar. Ef þetta orðspor fer af Íslandi sem fjárfestingarmöguleika þá skiptir kannski litlu máli hvernig lög eru sett af Alþingi.

Ég vildi nú, af því að við erum að ræða hér um erlenda fjárfestingu sérstaklega, minnast á þetta. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. viðskrh. hafi út af fyrir sig svör við þessu, en fróðlegt væri að vita hvort hann hefur ekki áhyggjur af svona flutningi virts blaðs af erlendum fjárfestingarmöguleikum hér á landi.

[11:30]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 7. þm. Reykn. fjallaði nokkuð um það vandamál sem uppi er þegar þannig stendur á að fyrirtæki eða hlutabréfasjóðir, sem aðeins að mjög litlu leyti eru í eigu útlendinga, hyggja á kaup á hlutafé í sjávarútvegi. Þetta er þekkt mál sem upp hefur komið og það var t.d. svo að Olíufélagið Skeljungur fékk lögfræðilega álitsgerð þar sem niðurstaðan var einfaldlega sú að ef þetta hlutafé hafi verið keypt eftir lagasetninguna árið 1991 um fjárfestingu erlendra aðila, þá bæri félaginu skylda til þess að selja hlutafé sitt í viðkomandi sjávarútvegsfyrirtæki, ella væri hætta á því að sjávarútvegsfyrirtækið missti veiðiheimildir sínar hér við land. Þetta er auðvitað vandamál sem ég á ekki von á að auðvelt verði í sjálfu sér að finna lausn á og ég er sammála hv. 7. þm. Reykn. um það að hér er bæði um viðkvæmt mál að ræða og erfitt í framkvæmd. Hins vegar hefði ég gjarnan kosið af því að hér á í hlut formaður Framsfl. að hann hefði líka gert okkur öðrum þingmönnum grein fyrir því hver afstaða hans og hans flokks væri til þessa sérstaka vandamáls, því vitaskuld er þetta vandamál sem uppi er og getur haft veruleg áhrif á þá möguleika sem sjávarútvegurinn á til þess að afla sér eðlilegs áhættufjármagns og hlutafjár til samræmis við það sem gerist og gengur í öðrum atvinnugreinum.

Ég á ekki von á því að hér í þinginu séu menn almennt þeirrar skoðunar að hleypa eigi erlendum aðilum óheft inn í okkar sjávarútveg, ég á ekki von á því. En hins vegar er þessi staða auðvitað uppi að ekki bara einstök fyrirtæki eins og olíufélög, sem hv. þm. nefndi, heldur líka hlutabréfasjóðir, sem eru kannski helstu og árvökulustu fjárfestarnir í dag. Það er nánast girt fyrir það miðað við núverandi lagasetningu að þeir geti tekið þátt í sjávarútvegi.

[11:33]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að þetta er mjög erfitt mál. Hins vegar var mikið um þetta fjallað á sínum tíma, m.a. í Framsfl., þeim sem fóru með þetta mál í ríkisstjórninni sem þá sat, og niðurstaðan varð sú að við töldum að til að verja þessa mikilvægu auðlind yrði að hafa ákvæði eins og var í lögunum. Þetta var niðurstaðan. Mér er kunnugt um þennan dóm sem féll og ég tel hann vera mjög ásættanlegan, þ.e. að hlutafé sem fyrirtækið hefði eignast áður en lögin voru sett væru undanþegin þessu ákvæði. En við teljum svo mikilvægt að við Íslendingar höfum tögl og hagldir í sjávarútveginum að við samþykktum ákvæðið svona og við erum enn sömu skoðunar.

Það var mikið um það rætt hvaða fiskvinnsla yrði þarna undanþegin og eins og hv. þm. þekkir þá var ákveðið að binda þetta eingöngu við frumvinnslu. Sem sagt í áframhaldandi vinnslu geti erlend fjárfesting verið frjáls. Um þetta var líka mikið rætt og það voru skiptar skoðanir um það hvað þetta í raun og veru þýddi, sérstaklega þegar í vaxandi mæli er farið út í neytendavinnslu á sjávarafurðum sem sumir spá að verði hér allsráðandi í framtíðinni. Þá er náttúrlega ljóst að þar væri erlendum aðilum frjálst að koma inn í, a.m.k. ef þau fyrirtæki eru sjálfstæð og ekki þau sömu sem forða hráefninu frá skemmdum, sem sagt frumvinnslan. Ég hef ekkert annað svar um það en þetta, við höfum ekki séð aðra leið en þá sem þá var farin. En því fór ég þetta mörgum orðum um þetta nú að það væri fróðlegt að vita hvernig t.d. núv. hæstv. viðskrh. hyggst framkvæma þetta. Er hér leið? Ég spyr.

[11:35]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta svar hv. 7. þm. Reykn. hefur auðvitað skýrt mjög afstöðu hans og hans flokks í þessu máli. Mér sýnist að afstaða Framsfl. sé einfaldlega sú að ef þannig háttar til að sjávarútvegsfyrirtæki verður fyrir því að útlendingur kaupir í því hlut upp á 0,1%, þá verði viðkomandi fjárfestir, þá verði viðkomandi fyrirtæki sem hefði fjárfest í sjávarútvegsfyrirtækinu að losa sig væntanlega við þessi hlutabréf. Ég

held að þó ég sé fyllilega sammála hv. þm. um að það beri að vera mjög á varðbergi gagnvart eignaraðild útlendinga í íslenskum sjávarútvegi og þótt ég vilji stíga mjög varlega til jarðar hvað það áhrærir, þá sé ég í hendi mér alls konar praktíska annmarka á því að túlka málin svona gríðarlega þröngt. Ég geri mér auðvitað grein fyrir því jafnframt að það er líka álitamál hversu hár eða lágur þröskuldurinn á að vera í þessum efnum. En ég sé hins vegar ekki annað, ef það á að verða svo að sjávarútvegurinn eigi að hafa einhvern minnsta möguleika á því að afla sér viðbótaráhættufjármagns, þá verði hann auðvitað að geta leitað til þessara fjársterku aðila hér á innlendum markaði, þ.e. olíufélaga, tryggingarfélaga og kannski alveg sérstaklega hlutabréfasjóða margs konar sem eru virkir þátttakendur í fjárfestingum í öðrum atvinnugreinum hér á landi. Atvinnugreinum sem tengjast óbeint og beint sjávarútveginum og eru beint og óbeint í samkeppni við sjávarútveginn bæði um fjármagn, vinnu og ýmislegt annað. Ég get því ekki tekið undir það sjónarmið að það eigi að loka algerlega á alla möguleika á því að sjávarútvegurinn fái viðbótaráhættufjármagn frá þessum fjársterku aðilum sem ég nefndi hér áðan.

[11:37]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ég væri ekkert hræddur við 0,1% eign í einhverju slíku fyrirtæki en hins vegar er alltaf spurningin hvar á að draga mörkin og ef ég man rétt, þá var einmitt rætt dálítið um þetta á sínum tíma. Þetta var mikið rætt hér í þinginu. Menn komust ekki að niðurstöðu um nein slík mörk. Það er náttúrlega mjög breytilegt hve mikið þarf til að ráða í einu fyrirtæki, það fer eftir því hvað allt annað er dreift o.s.frv. En mér dettur nú í hug, þegar ég hlusta á þessi orð hv. þm. og hlusta á hans áherslur á það að við Íslendingar verðum að tryggja okkar yfirráð í sjávarútveginum, að hugsanlegt væri að setja hér inn einhver mörk þannig að viðskrh. skuli skylda þegar komið er yfir ákveðin mörk. Ég ætla ekki að nefna neinar tölur hér í því sambandi, en kannski geta menn komist að einhverri slíkri sameiginlegri niðurstöðu og ég held að það væri mjög athugandi fyrir þá nefnd sem fær þetta til meðferðar, hvort hún getur sett inn einhver slík ákvæði.

Útbýting þingskjala:

Flutningur útibús Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík, 192. mál, fsp. JÁ, þskj. 212.

Kostnaður og umfang rannsókna á vatnaflutningum til Fljótsdals, 93. mál, svar iðnrh., þskj. 202.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, 191. mál, fsp. SvG, þskj. 211.

[11:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á aftur ferðinni kunningi frá því í fyrravetur og eitt af fylgifrv. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, væntanlega eitt af þeim fyrstu í röð margra slíkra sem við eigum eftir að sjá hér á þessu þingi og á næstu árum ef að líkum lætur þar sem við Íslendingar, samkvæmt samningnum eða réttarreglum sem teknar verða upp í Evrópubandalaginu og verða í framhaldinu gildandi réttur á Evrópska efnahagssvæðinu, þurfum að breyta okkar löggjöf. Ég get vísað að verulegu leyti í þá ræðu sem ég flutti um þetta frv. í fyrravetur og ætla einungis að drepa hér á nokkur atriði og þá sérstaklega þau sem breyst hafa í frv. eða af einhverjum öðrum ástæðum er ástæða til að ræða sérstaklega nú.

Í fyrsta lagi vil ég nefna það sem hér hefur þegar orðið tilefni orðaskipta, þ.e. ákvæðin um erlenda fjárfestingu í sjávarútveginum. Ég gerði það að umtalsefni á sl. ári og kom þá m.a. með ábendingar um að ég teldi ástæðu til að skýra ákvæði 4. gr. laganna, þ.e. 2. mgr. 2. tölul. 4. gr., um úrskurðarvald viðskrh. í sambandi við erlenda aðila sem af einhverjum ástæðum hafa tímabundið orðið eigendur að íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum í veiðum eða frumvinnslu sjávarafurða. Ég spurði þáv. hæstv. viðskrh. út í það hvernig ríkisstjórn eða hann sem viðskrh. hygðist beita þessu ákvæði og sagði þá m.a. eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Hér er væntanlega á ferðinni málsgrein sem á að beita í slíku skyni," — þ.e. þegar slík erlend fjárfesting eða eignaraðild kemur tímabundið til. — „Spurningin er sú hvort ekki þurfi að vinna þarna frekari vinnu, setja fyllri reglur um þetta og jafnvel binda í lög skýrari ákvæði um t.d. innan hvaða tímamarka eða eftir hvaða ákvæðum öðrum sé farið í svona tilvikum."

Nú sé ég það að að nokkru leyti hefur frv. verið breytt í þessu efni og þarna eru þó a.m.k. komin inn tímamörk varðandi það hvenær fyrirtæki skuli hafa orðið við skyldu sinni í samræmi við eða í framhaldi af úrskurði viðskrh. og losað sig við fjárfestingu í sjávarútvegsfyrirtæki. Eftir sem áður stendur að mínu mati að þörf er á því að útfæra þetta atriði frekar og ég get tekið undir margt af því sem kom fram í orðaskiptum hér áðan milli síðasta hv. ræðumanns og þess sem veitti þar andsvör. Ég held að sú vinna eigi ekki að miða að því sérstaklega að velta vöngum yfir því að hve miklu leyti eigi að rýmka þessa reglu eða slaka þarna á. Ég er alveg sannfærður um það, algerlega sannfærður um það að þessi atvinnugrein verður ekki varin fyrir erlendri fjárfestingu, erlendum áhrifum nema víglínan sé þarna tiltölulega hrein og það mun skapa enn aukin vandræði ef menn ætla að fara að leyfa eignaraðild upp að einhverju vissu marki. Og hvernig ætla menn þá til að mynda að meðhöndla hina einstöku aðila sem til sögunnar koma í slíkum tilvikum, þá erlendu eignaraðild sem fyrir er og svo þá sem bætist við og veldur því að eignaraðild útlendinga fer upp fyrir mörkin o.s.frv.? Ég held að þær flækjur sem af því leiði mundu verða verri viðureignar heldur en það þó er að reyna að verja þessa grein á tiltölulega hreinni víglínu. Og það sem ég held að þetta hljóti að snúast fyrst og fremst um eru reglur um afsetningu slíkrar eignaraðildar þegar hún kemur til, með hvaða hætti og innan hvaða tímamarka slíkt skuli gerast. Það vill auðvitað svo til að í þessum efnum geta menn stuðst við ýmis fordæmi úr öðrum greinum, úr sumpart sambærilegum tilvikum.

Ég nefni það t.d. sem gerist þegar bankastofnanir, fjárfestingarlánasjóðir eða aðrir slíkir aðilar yfirtaka tímabundið eignir vegna gæslu hagsmuna sinna sem hins vegar er ekki í þeirra verkahring að eiga eða starfrækja. Nú er það svo t.d., eins og allir þekkja, í bankalögunum að ekki er í hlutverki banka að stunda sjoppurekstur eða útgerð. Það er beinlínis tekið fram hvert skuli vera verksvið banka samkvæmt bankalögum. En slíkum stofnunum er heimilt að yfirtaka eignir af ólíkum og óskyldum toga í því skyni að gæta hagsmuna sinna, enda gilda síðan ákveðnar reglur um afsetningu þess eignarhluta og ákveðin tímamörk o.s.frv. Ég held að með sambærilegum hætti eigi að setja skýrar reglur um meðferð erlends eignarhluta sem sjálfsagt er erfitt að jafnvel óhugsandi að koma í veg fyrir að geti tímabundið komið upp á. Ég ímynda mér t.d. ekki að menn geti komið í veg fyrir að erlendir fjárfestingarlánasjóðir eða blandaðir sjóðir, með einhverri erlendri þátttöku eða eignaraðild, kaupi hlutabréf á markaði og gerist þar með óbeinir eignaraðilar í gegnum dótturfyrirtæki eða önnur fyrirtæki að sjávarútvegsstarfsemi. En þá þurfa að gilda skýrar reglur um innan hvaða marka slík tímabundin eignaraðild meðhöndlist og hvaða reglur gildi um afsetningu hennar, ef menn á annað borð vilja verja þessa grein. Það er auðvitað lykilspurningin. Ef hér ríkir enn þá pólitísk samstaða á Alþingi um það trúi ég ekki að það vefjist fyrir okkur að finna reglur sem brúka má í því skyni.

Hitt er annað mál að maður hefur velt því fyrir sér á köflum undanfarin missiri hvort það sé að verða bilun og einhverjir séu að byrja að bogna í hnjáliðunum gagnvart því að verja veiðar og frumvinnslu sjávarafurða fyrir eignaraðild og áhrifum útlendinga. Í því skyni er óhjákvæmilegt að vitna í og minna á niðurstöðu tvíhöfða nefndar. Þegar sú nefnd var að kynna sínar afurðir í fyrravetur þá kom ítrekað fram hjá nefndarmönnum, án þess að ég muni nú beint hvort það standi skýrum orðum í skýrslunni, að þeir teldu eða hefðu velt vöngum yfir því að óhjákvæmilegt væri að rýmka þessar reglur, þessi fjárfestingarmörk, einkum hvað varðaði óbeina fjárfestingu. Ég man alveg óbreytt orð þeirra tvíhöfðanna á fundi með sjútvn. Alþingis þegar þeir voru að kynna sína skýrslu og þau voru þessi, að það væri væntanlega óhjákvæmilegt að rýmka þessar reglur, einkum hvað varðaði óbeina fjárfestingu eða óbeina eignaraðild.

Ég vil því spyrja hæstv. viðskrh. að lokum um þetta atriði. Er stefna hæstv. ríkisstjórnar óbreytt í þessu efni, að það beri að verja þessa grein fyrir erlendum fjárfestingum á tiltölulega hreinni víglínu og er þess ekki að vænta að vangaveltur af því tagi sem tvíhöfðar höfðu uppi í fyrravetur sjái dagsins ljós í einhverri tilslökun í þessu efni? Ég vil gjarnan leyfa mér að taka framlagningu þessa frv. eins og það kemur hér fyrir okkur sem vísbendingu um að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki breytt neitt um stefnu í þessum efnum eða þeir flokkar sem að henni standa, en óþarft er að minna á að gildandi lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri voru samþykkt hér að mestu leyti samhljóða á Alþingi vorið 1991.

Nokkur önnur atriði ætlaði ég að nefna og þá fyrst og fremst þau að ég er nú eins og kunnugt er ekki stuðningsmaður samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eins og hann var orðinn í sinni endanlegu mynd. Ég tel að þar hafi ekki náðst nógu góð niðurstaða fyrir okkur Íslendinga og gallarnir og ókostirnir í því máli séu stórum meiri heldur en hugsanlegir ávinningar sem allir hafa nú látið á sér standa eins og kunnugt er, þó ekki kvaðirnar sem málinu fylgja eins og m.a. má sjá af því að hér hefur orðið upphlaup út af því að ekki skyldi galopnað fyrir tollfrjálsan innflutning á erlendu grænmeti eins og til stóð samkvæmt embættismannasamkomulagi, hliðarsamkomulagi við Evrópska efnahagssvæðið áður en sjálfur samningurinn gengur í gildi. Þannig virðist hafa verið gengið frá þessum hlutum í stórum stíl af hálfu samningamanna okkar Íslendinga, að við Íslendingar erum óvarðir fyrir því að taka á okkur kvaðirnar þó að samningurinn sjálfur jafnvel og tollalækkanir, sem helst hafa nú verið tíundaðar til ágætis hans, hafi ekki komið til framkvæmda.

Ég er óánægður með að sjá takmörkun á fjárfestingu erlendra aðila í flugrekstri hverfa út úr íslenskum lögum sem náðist samkomulag um að hafa þar vorið 1991. Mér er að sjálfsögðu ljóst að þetta er allt saman bannað samkvæmt hinni nýju lögbók, Rómarsáttmálanum, og þar af leiðandi gildandi ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, en hinu hefur ekki verið breytt að út á við og í samskiptum flestra ríkja gilda enn gagnkvæmnisréttindi samningsaðila um flugrekstur og flest ríki hafa með einum eða öðrum hætti valið að tryggja stöðu sína á grundvelli þess með því að sjá til þess að erlend eignaraðild, erlend flugfélög kæmust ekki bakdyramegin inn á réttindi viðkomandi ríkja í gegnum gagnkvæmnissamninga, loftferðasamninga og annað því um líkt. Menn missa virkasta stjórntækið í þessu sambandi út úr höndunum með því að geta ekki haft hemil á eignaraðild útlendinga í innlendum flugrekstri.

Ég er eftir sem áður og var fyrir löngu orðinn þeirrar skoðunar að við Íslendingar ættum að vera aðilar að flugmálasamstarfi Evrópu einnig í þeim skilningi að við ættum leita samninga um aðild að flugmálapökkum Evrópubandalagsríkjanna með hliðstæðum hætti og t.d. SAS-löndin höfðu ákveðið að gera án tillits til þess hvort yrði af einhverjum samningi um Evrópska efnahagssvæðið eða ekki. Það liggur einfaldlega í því eðli milliríkjaflugsamgangnanna sem allir menn hljóta að skilja að um þá hluti þurfi að gilda samræmdar reglur.

Hv. 7. þm. Reykn. hefur þegar gert að umtalsefni erlenda hlutafjáreign í íslenskum viðskiptabönkum og að takmarkanir sem þar hafa verið settar falla nú niður. Menn hafa auðvitað sérstaklega spurt um þetta ákvæði í tengslum við einkavæðingaráform eða einkavæðingarárátt hæstv. ríkisstjórnar sem nú er að vísu meira og minna runnin út í sandinn og meira að segja hætt að boða árlega í fjárlagafrv. milljarða eignasölu eins og gert hefur verið upp á grín undanfarin tvö ár með þeim árangri að þar hefur jafnan verið gat upp á 1–1,5 milljarða kr. þegar upp er staðið, eignasalan

hlaupið á einhverjum tugum milljóna í besta falli en tvö undangengin ár átti að afla stórkostlegra fjármuna með sölu eigna ríkisins, þar á meðal í bönkum. Auðvitað fagnar maður því að frá þessu er horfið um sinn eða af raunsæisástæðum hafa menn hætt að bjóða upp á þennan árlega brandara um sölu bankanna og vonandi fylgir því þá stefnubreyting hvað það snertir að menn láti af þessum hugmyndum til lengri tíma litið en það gefur auðvitað auga leið að einkavæðing ríkisbankanna í hinum agnarsmáa íslenska fjármálaheimi væri auðvitað stóralvarlegur hlutur skoðaður í ljósi þess að allar hömlur á erlendri eignaraðild í bönkunum eru hér að falla niður. Sama má auðvitað segja um orkumálageirann.

Síðan er rétt að lokum, hæstv. forseti, að minna á það að ekkert bólar enn þá á þeim frumvörpum sem hæstv. ríkisstjórn hafði boðað og lofað að hér mundu liggja fyrir fyrir gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og þá á ég t.d. við frv. sem takmarka umsvif eða fjárfestingarmöguleika útlendinga á landi og frv. sem tryggja sameign þjóðarinnar á orkulindunum. Hvað veldur því að hæstv. ríkisstjórn kemur ekki þessum verkum fram? Hvað veldur þessu gaufi? Nú hefur hæstv. ríkisstjórn fengið ærinn tíma umfram það sem upphaflega var áætlað en ég man ekki hvað oft þessi samningur er búinn að eiga að taka gildi, það er búið að frestast missirum og árum saman en samt eru þessi frv. ekki komin fram og líta ekki dagsins ljós. Nú er kominn nóvember og maður skyldi ætla að þau mál sem eftir lágu, ekki höfðu hlotið afgreiðslu eða jafnvel aldrei höfðu litið dagsins ljós á þingi og tengjast beint gildistöku samningsins og búið var að boða eða lofa, kæmu fram með fyrstu þingmálum, en svo er ekki. Það bólar hvorki á frv. um takmarkanir eða ráðstafanir vegna fjárfestinga erlendra aðila í landi né heldur þessu frv. um sameign á orkulindunum. Það er óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh. upplýsi eitthvað um stöðu þessara mála hjá ríkisstjórn nú þegar þetta frv. um takmarkanir og fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, a.m.k. þeirra erlendu aðila sem búa eða eru ríkisborgarar á hinu Evrópska efnahagssvæði, kemur fram og boðar niðurfellingu þessara ákvæða.

Það er auðvitað alveg ljóst, hæstv. forseti, og ég minni á að í þessu frv. eru fjárfestingarþökin sjálf, tækin sem eftir voru í höndum íslenskra yfirvalda til að grípa inn í, að falla brott og ekki bara þau sem menn hafa kannski ranglega horft á sem aðalöryggistækið í þessu sambandi í höndum íslenskra stjórnvalda, en það er ekki svo. Stærsta öryggistækið sem hér er tekið í brott er lagasetningarrétturinn sjálfur vegna þess að til og með gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þá höfum við Íslendingar haft óskertan fullveldisrétt og sjálfstæði til þess að grípa í taumana með okkar eigin lagasetningu hvenær sem okkur hefði sýnst. Þannig að menn eiga auðvitað ekki að horfa á þessi atriði bara út frá því hver var staðan, hverjar voru fjárfestingarnar og hver voru gildandi lög, heldur hinu að við vorum sjálfstæðir hvað þetta snertir og gátum hvenær sem eitthvað fór úrskeiðis gripið í taumana hér á löggjafarsamkundunni en það er verið að semja af okkur þann rétt, þau öryggistæki sem með fullu lagasetningarvaldi voru í höndum íslenskra stjórnvalda og íslenska þingsins þangað til þá nú og um næstu áramót.

Þetta er að mínu mati alvarlegasta atriðið sem menn horfa allt of mikið fram hjá. Að rétturinn til þess að grípa í taumana ef mönnum sýndist svo er að hverfa í burtu. Það er alveg ljóst og því getur enginn mótmælt þó það hafi verið reynt mikið á undanförnum missirum að þessi mál varðandi fjármagnshreyfingarnar og réttarstöðu útlendinga eru í allt öðrum farvegi en gert var ráð fyrir t.d. miðað við fyrirvara hæstv. fyrrv. forsrh. í Ósló 1989. Allt, allt öðrum farvegi. Það er tilgangslaust að reyna að þræta fyrir það. Tilburðir t.d. fyrrv. hæstv. viðskrh. til þess að vísa í því sambandi í öryggisákvæðin eru auðvitað út í hött, öryggisákvæði 111.–114. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eru af allt öðrum toga og nálgast það hvergi að jafngilda þeim fyrirvörum í þessu sambandi sem hæstv. fyrrv. forsrh. krafðist að yrðu fyrir hendi af hálfu Íslendinga í Ósló 1989.

Fleira hef ég svo ekki um þetta að segja að sinni, hæstv. forseti, með vísan til þeirrar ræðu sem ég flutti um þetta mál í fyrra og þess einnig að ég á sæti í þeirri nefnd sem fær þetta til umfjöllunar og hef tækifæri til að fara nánar ofan í saumana á þessu þar.

[11:57]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar kom inn í efh.- og viðskn. á síðasta þingi en fékk þar enga umfjöllun nema að vera sent út til umsagnar þannig að við verðum í raun að taka það mál upp á nýjan veg.

Það sem ég ætlaði hér, virðulegi forseti, að gera aðallega að umtalsefni í framhaldi af því sem hér er komið fram eru um fjárfestingar erlendra aðila í íslensku atvinnulífi og þá sérstaklega í sjávarútveginum. Ég vil þá fyrst taka fram að það sem ég tel að skipti mestu máli svo okkur takist að halda yfirráðum yfir auðlindunum til hafsins er það að atvinnurekstrinum í sjávarútveginum séu sköpuð þau skilyrði að hann hafi efnahagslega burði og efnahagslegar forsendur til þess að viðhalda þessu markmiði. En það er kannski það sem hefur farið mest úrskeiðis að undanförnu sem endurspeglast í því að sjávarútvegurinn skuldar orðið ársveltu sína 1,5 sinnum. Þetta eru kannski þau mestu hættumerki sem við sjáum í dag varðandi yfirráð yfir þessum greinum, að mínu mati.

Ég vil einnig koma örfáum orðum að því að hvaða leyti við séum bundin vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Að hve miklu leyti við þurfum að breyta okkar löggjöf. Vissulega þurfum við að gera það. Ég vil hins vegar benda á í því samhengi hvað fyrirtækin eru að gera, fyrirtækin sem eru í útflutningi og eru að þróa sig til nýrra greina og nýrra möguleika í útflutningi. Þau hafa talið sig, hvort sem þeim líkar betur eða verr, nauðbeygð til þess að vinna eftir hinum evrópsku stöðlum og hafa í raun oft og tíðum verið þar langt á undan löggjöfum og reglugerðum, einfaldlega vegna þess að þau hafa séð sig knúin til þess,

til þess að eiga aðgang að þessum markaði sem legu sinnar vegna sem okkar næsti markaður hlýtur alltaf að vera okkur afar dýrmætur.

Þetta endurspeglar kannski það að í gegnum söguna höfum við Íslendingar aldrei komist undan því að þær pólitísku sveiflur, sem hafa átt sér stað úti í Evrópu, hafa gengið yfir okkur fyrr eða seinna. Sama á við um þessi mál og eins og ég sagði áðan í raun hvort sem okkur líkar betur eða verr. Við höfum gert þarna ákveðna samninga og út af fyrir sig ber okkur að standa við þá. Hitt er annað mál að við Íslendingar hljótum eins og aðrar þjóðir að standa á rétti okkar hvar sem þess er þörf varðandi þessa samninga og það er á því sviði sem mér finnst að íslensk stjórnvöld hafi fyrst og fremst brugðist þegar svo er komið að íslenskir ráðherrar telja það vera hlutverk sitt að finna glufurnar og hjálpa samkeppnisaðilunum til þess að komast inn á okkar markað jafnvel þó við eigum þar tækifæri til þess að koma vörnum við. Það er þetta sem mér finnst vera hinn hættulegi hugsunarháttur í okkar stjórnkerfi og kemur hvergi skýrar fram en í embættisfærslum ráðherra Alþfl. þar sem við eigum að vera kaþólskari en páfinn gagnvart viðskiptasamningunum og helst að ganga erinda viðsemjenda okkar en ekki að verja okkar hagsmuni samkvæmt þeim reglum sem við höfum rétt til. Þetta hefur, virðulegi forseti, hvað eftir annað endurspeglast í embættisfærslum á síðustu vikum og þegar lengst hefur gengið þá hefur gengið dómur sem gengur þvert á embættisfærslur viðkomandi ráðherra og þar hittir sök sekan því ef ég man rétt þá voru það ráðherrar Alþfl. sem hvöttu í þessu tilfelli til þess að viðskiptaaðilar úti í bæ færu í mál við ríkið. Svona er nú því miður þessi saga ef við skoðum framkvæmdina en ég ítreka hitt sem ég sagði í upphafi míns máls að auðvitað komust við ekkert undan því að taka þátt í þeim leikreglum sem er verið að skapa í okkar heimshluta, það væri á sama hátt mikill barnaskapur en við eigum á öllum sviðum að standa á okkar rétti, þeim rétti sem við höfum samkvæmt þeim samningum.

Ég ætla að koma að fjárfestingunni í sjávarútveginum og fyrst aðeins varðandi erlenda fjárfestingu almennt. Það hefur komið fram í þessari umræðu að menn eru sammála því að við þurfum meiri erlenda fjárfestingu í okkar atvinnulíf. Það sem er kannski eitt aðaláhyggjuefni mitt í því sambandi er að það virðist vera svo að það sé nánast enginn áhugi erlendra aðila til fjárfestinga hér á landi. Það endurspeglast í því sem kom fram í svari við fsp. sem hv. 3. þm. Vestf. bar hér fram á Alþingi í fyrra um erlendar fjárfestingar að á árinu 1990 voru það eingöngu 300 millj. sem komu inn í erlendri fjárfestingu í annað heldur en stóriðju, 100 millj. í almennan iðnað og 200 millj. í þjónustu, verslun og aðra þjónustustarfsemi. Þetta eykur manni ekki bjartsýni um að menn standi í biðröðum eftir að fjárfesta hér á landi.

En varðandi sjávarútveginn þá hefur það komið fram í umræðunni og m.a. hjá formanni míns flokks, 7. þm. Reykn., að hér er um að ræða atriði sem er afar vandmeðfarið og erfitt að sjá hvernig menn fara með. Það er í okkar viðskiptaumhverfi þar sem eignaraðild er orðin mjög dreifð að það er mjög erfitt að ætla að svipa eina atvinnugrein að geta tekið þátt í þeim leik að geta boðið út hlutafé á sama hátt og aðrir geta gert. En ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það er mjög erfitt að setja þarna einhverja reglu, að eignarhald megi vera þetta mikið, eins og hv. 7. þm. Reykn. nefndi áðan og vísaði til nefndarinnar að þyrfti að skoða.

Ég legg mjög mikla áherslu á mikilvægi þess að við höfum mjög öfluga aðila innan lands til þess að fylgjast með hinni erlendu fjárfestingu, skrásetja hana þannig að við vitum nákvæmlega á hverjum tíma hvernig hún stendur. Eftir að ég hef lesið þetta frv. í vetur, eftir umfjöllun í fyrra, þá legg ég mjög mikla áherslu á þann þáttinn. Ég ætla að nefna í því sambandi samspilið á milli frumvinnslu og áframhaldandi vinnslu. Þegar menn settu lögin 1991 þá var ákveðið að draga mörkin þar á milli að fjárfestingin væri óheimil í frumvinnslunni en hún væri aftur heimil í áframhaldandi vinnslu, það sem er stundum kallað fullvinnsla. Nú hefur það gerst á þessum árum sem nú eru að líða að skilin á milli frumvinnslunnar og fullvinnslunnar eru sífellt að verða óljósari. Til þess að ég útskýri aðeins nánar hvað ég á við þá eru þeir aðilar sem hafa mestu möguleikana í fullvinnslunni þeir sem eru með alla línuna, veiða fiskinn eiga frystihús sem í dag eru flest þau tæknivæddari komin með flæðilínur. Það er síðan ákvörðun á hverjum tíma eftir gæði hráefnis og eftir markaðsaðstæðum hvort varan er unnin meira eða minna eða hvort hún er tekin út af línunni og inn á fullvinnslulínu sem oft og tíðum er komin í sama hús með beina tengingu við frumvinnsluna. Það sér hver sem er hvað það er erfitt að setja þarna hrein skil á milli, jafnvel þó krafa verði gerð um það að þetta verði unnið í bókunum af sitt hvoru fyrirtækinu, en það er afar erfitt að sjá við slíku þegar um er að ræða rekstur sem er undir sama þaki og mundi væntanlega að verulegu leyti vera í eigu sömu aðila.

Í þessu sambandi hafa einnig aðilar sem hafa unnið að þróun á frekari fullvinnslu bent á það að í mörgum tilfellum sé kannski eina leiðin til þess að fá inn í landið þá þekkingu sem við þurfum á að halda, bæði á vinnslunni og ekki síst varðandi markaðsmálin og markaðsaðgang að oft og tíðum sé eina leiðin að gera það í samvinnu við erlenda aðila. Í raun er það svo að það sem við köllum fullvinnslu, pakkningar í neytendaumbúðir sem fer fram í íslenskri fiskvinnslu í dag, er að vísu ekki unnið í fyrirtækjum sem eru að einhverju leyti í eigu erlendra aðila en þetta er unnið beint fyrir þessa aðila og í pakkningar viðkomandi aðila. Menn geta þá velt því fyrir sér hvort þar séu þeir erlendu aðilar komnir með of mikil áhrif þegar svo er komið að það er verið að vinna beint í þeirra pakkningar meira að segja með þeirra merki á.

Ég legg áherslu á að þetta mál er afar flókið og það þarf að leggja að mínu mati verulega vinnu í það hvernig við ætlum að draga þessa markalínu varðandi erlendu fjárfestinguna þegar kemur að sjávarútveginum.

Ég vil þó á engan hátt draga úr því mikilvæga markmiði að við höfum full efnahagsleg yfirráð yfir okkar sjávarútvegi. Það er það sem skiptir langsamlega mestu máli hvað þetta snertir.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa hér langa ræðu um þetta mál. Það kemur til umfjöllunar í efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti. En ég taldi nauðsynlegt á þessu stigi að koma hér á framfæri skoðunum mínum og hugleiðingum varðandi hina erlendu fjárfestingu í sjávarútvegi.

[12:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Hér er komið á dagskrá eitt af hinum svokölluðu EES-málum sem við eigum eftir að sjá nokkuð mörg hér í vetur því okkur tókst hvergi nærri að ljúka öllu því málaflóði sem hér kom inn í fyrra.

Ég hygg að það frv. sem hér er til umræðu sé eitt af þeim viðkvæmustu sem við fáum til meðhöndlunar og þá ekki síst vegna þess að það er í rauninni ákaflega erfitt að gera sér grein fyrir því hver áhrif þess verða. Inntak þessa frv. er það að verið er að rýmka verulega heimildir erlendra aðila til að fjárfesta á Íslandi, einkum í fyrirtækjum, með ákveðnum takmörkunum þó. En það er auðvitað um opnun að ræða og þessar lagabreytingar þýða að við höfum ekki eins mikið vald á erlendum fjárfestingum og við höfum haft hingað til. Það eru margar spurningar sem vakna í tengslum við þetta mál. Ég vil taka það fram strax að ég er á þeirri skoðun að við séum einfaldlega í þeirri stöðu að íslenskt efnahags- og atvinnulíf hafi þörf fyrir og gott af erlendum fjárfestingum svo lengi sem við höfum stjórn á þeim. En eins og hér hefur verið rakið í umræðunni þá er spurningin auðvitað sú: Hvar eru mörkin? Hvað á að leyfa og hvað á að banna? Þetta er ákaflega erfitt að skilgreina.

Eins og oft áður varð mér hugsað til sögunnar og þess hvernig Íslendingar hafa litið á þessi mál. Það var baráttumál þeirra sem háðu sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á síðari hluta 19. aldar og á fyrstu áratugum þeirrar 20. að losa sig við áhrif útlendinga á íslenskt efnahagslíf. Menn höfðu margra alda reynslu af því að Danir réðu yfir verslun og öllum útflutningi en þarna fléttaðist auðvitað inn í þjóðernisstefna og það að menn höfðu þá trú að Ísland væri fyrir Íslendinga og hér ættu ekki aðrir að vera með atvinnustarfsemi. En þar kom líka til að menn horfðu upp á hrikalega umgengni útlendinga við íslenskar auðlindir hvort sem þar var um að ræða breska togara upp í kálgörðum eins og menn sögðu eða það hvernig t.d. Norðmenn gengu um síldar- og hvalastofnana. Það voru því ýmsar ástæður fyrir því að Íslendingar settu hver lögin á fætur öðrum sem á endanum nánast bönnuðu allar erlendar fjárfestingar.

En nú blása aðrir hugmyndastraumar og við getum spurt okkur: Er ástæða til að óttast erlendar fjárfestingar? Vandi okkar er auðvitað sá að okkar hagkerfi er svo lítið að það þarf ekki mikið til að hafa hér verulega áhrif í efnahagslífinu og að erlend fyrirtæki eða erlendir fjárfestar nái hér verulegum tökum. Þá spyr maður auðvitað: Duga þeir fyrirvarar sem þetta frv. *gerir ráð fyrir, hin svokölluðu öryggisákvæði,* til þess að stöðva einhverja yfirburðastöðu erlendra fyrirtækja, duga samkeppnislögin til þess að koma í veg fyrir að einhver ákveðin fyrirtæki nái yfirburðastöðu?

Það sem einkum vekur spurningar og menn hafa komið inn á í umræðunum um þetta frv. er annars vegar það sem snýr að orkuframleiðslu og hins vegar að sjávarútvegi. Það eru kannski stærstu spurningarnar sem við erum að glíma við. Ég spyr mig — menn setja hér bann við því að útlendingar fjárfesti í fiskveiðum og fiskvinnslu — en hver er staðan í raun og veru? Hversu sterk ítök hafa erlend fyrirtæki í íslenskum sjávarútvegi nú þegar? Hversu háðir eru menn erlendum *skuldunautum og fyrirtækjum sem menn eru að* skipta við bæði í Bretlandi og Þýskalandi? Það hafa verið sögur á kreiki um að menn séu hreinlega neyddir til að sigla og selja afla erlendis vegna skulda og tengsla við erlend fyrirtæki. Mér vitanlega hefur ekki verið gerð nein könnun á þessu og ég get ekki fært sönnur á að svo sé. En það er auðvitað spurningin: Hver er staðan í raun og veru og hver á hún að vera og hvað er eðlilegt að leyfa? Það er að sumu leyti erfitt fyrir íslensk sjávarútvegsfyrirtæki að búa við að geta ekki fengið fjármagn frá öðrum aðilum í erfiðri stöðu og við getum líka spurt okkur: Þarf íslenskur sjávarútvegur á vítamínsprautu að halda frá erlendum aðilum? Hvaðan koma nýjungarnar? Hvaðan kemur nýsköpunin? Þegar við erum að tala um nauðsyn þess að fá erlendar fjárfestingar inn í okkar efnahags- og atvinnulíf þá er það auðvitað vegna þess að við stöndum hálfpartinn ráðþrota hér, stjórnvöld og atvinnurekendur, menn standa hálfpartinn ráðþrota gagnvart því hvernig eigi að skapa vinnu til framtíðar í landinu. Það er ákveðin uppgjöf sem felst í því að segja: Við viljum fá erlendar fjárfestingar inn í landið. En samt sem áður er ég þeirrar skoðunar að við þurfum þekkingu og sprautur af ýmsu tagi og ef við viljum hafa rétt til að fjárfesta í öðrum löndum, þar á meðal að reisa verksmiðjur til að koma okkar sjávarafurðum á markað eða að vera í annars konar fyrirtækjarekstri, þá getum við auðvitað ekki útilokað það gjörsamlega að útlendingar fjárfesti hér. En grundvallaratriðið er auðvitað að við ráðum yfir okkar auðlindum, að við höfum stjórn á því hvernig með þær er farið og að þær séu þjóðareign.

Það hefur komið fram hér í umræðunni að reynslan sýni okkur að það virðist vera mjög lítill áhugi á því að fjárfesta hér af hálfu erlendra aðila. Það ræðst m.a. af því að það er ekki heimilt að fjárfesta hér í fiskveiðum og fiskvinnslu sem er auðvitað mest spennandi fyrir erlenda aðila. En ég vil líka horfa á orkuframleiðslu, ódýra orku hvort sem við erum að hugsa um vatnsorku eða þá orku sem vinna má á háhitasvæðunum eða jafnvel vetnisframleiðslu á næstu áratugum, þetta eru auðlindir framtíðarinnar. Þetta eru auðlindir sem munu skipta mjög miklu máli eftir nokkra áratugi. Þar af leiðandi verðum við að hafa það í huga hvernig með þá framleiðslu skuli farið. En við stöndum frammi fyrir því núna að íslensk orkufyrirtæki eru stórskuldug. Sjálfsagt er það ekki fýsilegt á þessu augnabliki að fjárfesta í orkuframleiðslu vegna

þess að kaupandinn er enginn. Það er enginn til þess að kaupa þá miklu orku sem hér er hægt að framleiða. Ég get líka ímyndað mér að það geti verið mjög spennandi að fjárfesta í íslenskri ferðaþjónustu. Þar eru gríðarlega miklir möguleikar ef menn hafa augun opin sem Íslendingar hafa því miður ekki. Eins er með ýmislegt sem tengist náttúruperlunni Íslandi og heilsurækt og slíku, þarna er auðvitað miklir möguleikar.

Það er eitt atriði sérstaklega varðandi frv. sem ég vil nefna og það er þessi nefnd, öryggisnefndin, sem á að vera stjórnvöldum til ráðuneytis til að meta það hvenær erlendar fjárfestingar eru komnar á hættustig. Samkvæmt tillögunni í frv. þá er það framkvæmdarvaldið sem skipar í þessa nefnd. Það eru ráðuneytin sem skipa í nefndina. Ég vil setja spurningarmerki við það hvort það sé eðlilegt að nefndin sé svona einhliða skipuð af hálfu framkvæmdarvaldsins. Það er spurning hvort þar ættu ekki aðrir að koma þar að. Það verðum við að sjálfsögðu að meta við skoðun frv. í efh.- og viðskn.

Þessi umræða um erlendar fjárfestingar snertir auðvitað ýmsar grundvallarspurningar eins og ég hef komið að í þessari ræðu minni, m.a. um það: Hvað er efnahagslegt sjálfstæði og hvenær er það í hættu statt og hvað er ástæða til að óttast? Erlendum fjárfestingum getur auðvitað fylgt flutningar á erlendu vinnuafli inn í landið. Ég hef áður lýst því að ég ber ekki mikinn ótta í brjósti vegna þess. Ég á ekki von á því að fólk fari að streyma hingað í vinnuleit.

En til þess að draga þetta saman að lokum, frú forseti, þá eins og ég hef hér nefnt er ég hlynnt því að erlend fjárfesting eigi sér stað svo lengi sem við höfum stjórn á henni en að það er mjög vandasamt að draga mörkin hvenær erlend fjárfesting er komin á hættustig. Og það sem hér er auðvitað um að ræða er það að eftir að Íslendingar hafa staðfest EES-sáttmálann og ef hann verður að veruleika þá ráðum við auðvitað harla litlu um það hvernig þeim málum verður háttað nema að því leyti sem tekið er fram í frv. Og eins og ég hef margsinnis tekið fram í þessari umræðu þá er ég mjög ósátt við það valdaafsal sem felst í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og hefði heldur viljað að við Íslendingar hefðum farið aðrar leiðir í þeim málum.

[12:23]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 18. þm. Reykv. vakti athygli á mjög þýðingarmiklum hlut í þessari umræðu varðandi sjálfsákvörðunarrétt Íslendinga yfir sjávarútveginum og nýtingu á auðlindunum sem er einfaldlega þetta: Það er vitað og liggur fyrir og hefur komið fram að ýmsir erlendir lánardrottnar og viðskiptaaðilar sjávarútvegsins hafa nokkuð að segja um ráðstöfun afla af Íslandsmiðum vegna þess að eins og fram hefur komið þá hefur átt sér stað erlend lánafyrirgreiðsla frá þessum aðilum. Þá blasir þetta mál við með enn þá afkáralegri hætti, sem sagt þeim að einstakir aðilar sem lánað hafa fé til útgerðar eða fiskvinnslu geta farið að hafa þarna áhrif og knúið síðan sjávarútveginn til að greiða til útlanda fjármagnskostnað, vexti, á sama tíma og við erum með svo afdráttarlaus lög að þau gera ráð fyrir því að ef fyrirtæki er 0,1% í eigu útlendra aðila þá eigi þeir að selja hlutafé sitt í sjávarútvegi þegar í stað. Ég held að þetta undirstriki að það er varla ásættanlegt að við gerum ráð fyrir því í frv. að viðskiptaráðherra hafi svona opna heimild til að skikka fyrirtæki við þessar aðstæður til að losa sig við hlut í sjávarútvegsfyrirtækjum þannig að þessu fylgi engin leiðsögn frá löggjafarþinginu um það hvernig eigi að fara með þetta heldur sé þessi heimild gjörsamlega opin fyrir því að taka breytingum eftir því sem pólitískar skoðanir viðkomandi viðskhr. breytast.

[12:25]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að þetta er auðvitað atriði sem þarf að athuga, að lögin séu nokkuð skýr hvað þetta varðar. Eins og hann kemur inn á þá er þetta ákaflega erfitt við að eiga vegna þeirrar stöðu sem við einfaldlega búum við nú þegar og hér hefur verið rakið varðandi olíufélögin og fleiri íslensk fyrirtæki sem tengjast erlendum aðilum mjög sterkt og við munum að sjálfsögðu skoða þetta í nefndinni.

[12:25]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég kvaddi mér nú hljóðs þegar hv. þm. Steingrímur Hermannsson var að ljúka máli sínu til þess eiginlega að taka undir svo til hvert orð af því sem sá ágæti þingmaður sagði og þá hugsun sem að baki orðum hans liggur. Ég held að það sé tilgangslaust eða ástæðulaust að ég sé að endurtaka mikið af því sem við hlustuðum á og þá þeir aðrir sem heyra umræður í fjölmiðlum, þeir hafa fengið að heyra það sama og við. En það er vissulega ástæða til allrar þeirrar varúðar sem fram kom af hálfu hv. þm. og geri ég hans orð að mínum.

Raunar hafa fleiri ágætir þingmenn komið upp í pontuna eftir að ég bað um orðið og ég held að ég geti fallist á flest af því sem þeir sögðu líka.

Hér í gamla daga þegar var verið að undirbúa stór baráttumál eins og t.d. sóknina að 200 mílunum þá var oft á svona litlum morgunfundum sem áhugamenn fóru að ræða sín á milli héðan úr pontunni hvað hyggilegast væri að gera og svo ræddu menn auðvitað málin betur á bak við tjöldin á flokksfundum og nefndafundum o.s.frv. Menn sáu ekki kannski í fyrstu umræðu hvaða möguleikar voru. Það var oft og tíðum svo að menn sögðu: Þetta getum við ekki gert, það er ekkert það í alþjóðalögum sem heimilar okkur þetta og síðan hristu menn höfuð sitt. En auðvitað var ekkert til í alþjóðarétti nema það sem búið var til, það kom ekki af sjálfu sér. Og að Íslendingar hefðu ekki mikið að segja á þeim vettvangi og í þeim umræðum öllum saman er alger misskilningur. Íslendingar voru leiðandi og leyfi ég mér nú að nefna Hans G. Andersen sérstaklega og svo auðvitað leiðandi íslenska stjórnmálamenn og þess vegna höfum við núna mjög litla landhelgi, ekki stóra.

Það er alltaf verið að tala um 200 mílur að við höfum einhverjar 200 mílur. Það er mesta fásinna, við eigum miklu meira en 200 mílur. Það er allt saman kom-

ið í þjóðarréttinn ef því er haldið til haga. Og hafsbotnsréttindin eru fullveldisréttur, það var nefndur fullveldistéttur hér áðan. Við eigum hafsbotninn og það sem á honum er og í honum er. Þróunin er að verða sú eins og áður var að sá sem á botninn á líka hafið yfir botninum. Þetta byrjaði allt saman með því að ritstjórnargrein var skrifuð í New York Times 1945, ég hef sagt þetta 20 sinnum héðan úr pontunni en ekki núna síðustu árin, þar sem bent var á það þegar Suður-Ameríkuríkin voru að færa út sín réttindi að sá sem fengi hafsbotnsréttindi mundi auðvitað fá réttindi á hafinu yfir botninum. Það varð svo og nú er farið að viðurkenna hafsbotnsréttindi, t.d. hjá Indlandi minnir mig að það séu 1.500 mílur. Við eigum hafsbotnsréttindi á Hatton-Rockall svæðinu sem eru um 600 mílur, við eigum réttindi alla leið á Norðurpólinn. Og við eigum síðast en ekki síst Reykjaneshrygginn 350 mílur.

Allt þetta eigum við auðvitað að verja og vernda. Og það er eiginlega grátlegt að sjá það og heyra að menn skuli enn þá vera að tala um að það sé ekki unnt að nýta auðæfin á Reykjaneshrygg alla leið út í 350 mílurnar. Það erum við sem eigum þetta svæði og öll réttindi til að nýta þau og engir aðrir. Við eigum að stugga þessum skipum frá en ekki að auðvelda þeim að stunda þá iðju sem þau hafa stundað. En það er nú einhvern veginn svona að menn eru lengi til hér í hinu háa Alþingi, en ég held að svona rabbfundir eins og við eigum núna gætu kannski hvatt menn til að hugsa nánar um það sem t.d. hv. þm. Steingrímur Hermannsson var hér að segja.

Við þurfum að herða á allri löggjöf gagnvart útlendingum, ekki að auðvelda þeim eitt eða neitt. Við eigum þessi réttindi og eigum að nýta þau og eigum að nýta þau til hins ýtrasta. Þróunin er öll á þann veginn að strandríkin eru að taka sér aukin réttindi. Þau eru um það bil ¼ hlutar af ríkjum heimsins, strandríkin, og auðvitað eru þau að taka þessi réttindi, þessi ríki, löglega og þó er nú alþjóðarétturinn yfirleitt myndaður de facto, í raun. Þannig verður sá réttur venjulega til. Sú þróun er núna í gangi og það sem meira er, nú er því snúið nokkuð við frá því sem áður var að nú er ekkert lengur fínt orðið að vera áhangendur einhverra stórríkja eða bandalaga. Nú eru þjóðirnar einmitt að sælast eftir því að auka sitt þjóðerni með sína þjóðmenninguna en ekki einhverja alþjóðlega menningu og á því ber víða. Ég veit ekki hverjir ættu ekki að gera það ef ekki væru við Íslendingar. Við mundum njóta stuðnings fjölmargra smáþjóða og þeirra flestra hygg ég sem ekki kæra sig neitt um það að vera amt í einhverju veldi sem áður var stórveldi eða í einhverjum samtökum sem eru að reyna að þjappa saman nýjum stórveldum.

Þetta er nú svona að láta hugann reika eins og ég var að segja áður. Ég held að allir þeir sem hér eru inni a.m.k. skilji hvað ég er að segja. Við eigum engin vopn, við erum svo heppin að við eigum engin vopn. Við getum ekki farið í stríð af því að okkur vantar vopnin. Þeir geta ekki skotið á varðskipin af því að heimurinn mundi hlæja að þeim. Það var eitt aðalvopnið okkar þegar við vorum að reyna að ná í 200 mílurnar að benda vinum okkar á þetta víða erlendis á alþjóðaráðstefnum. Það er eitt vopnið: Ætlið þið að skjóta okkur niður? Hvar er ykkar réttur og hvar er okkar réttur? Það er að skapast nýr réttur. Við segjum: Hann skal vera á þennan veginn en ekki hinn og við ætlum að verja þetta. Við ætlum að fara með skipin okkar inn á fiskslóðirnar og neita ykkur um að vera þar nema eitthvað tímabundið eftir samningum. Síðan settust menn niður og fóru að hugsa þetta og sáu hvað heimurinn var orðinn ógnarlítill að það þurfti einmitt smáríkin til þess að ríða á vaðið og fikra sig áfram. Vopnin giltu ekki neitt, það var ekki hægt að nota þau og er ekki enn í sambandi við hafréttinn og þess vegna erum við alþjóðlegir í þeim skilningi að við viljum samninga og réttláta samninga. En hitt hygg ég að sé óhætt að endurtaka að vald smáríkjanna á þennan veg, sem ég hef verið að reyna að lýsa, fer vaxandi. Ríkja sagði ég, þjóða kannski frekar vegna þess að ríkin eru að breytast og það eru þjóðirnar sem taka völdin á því svæði sem þær hafa byggt um aldur og ævi. Það eru þjóðirnar sem taka þau völd, vonandi sem óvíðast með vopnum heldur með réttlæti.

En það var sem sagt þetta sem kveikti í mér, þessi staðfesta í hv. þm. Steingrími Hermannssyni og líka það að við þurfum öll að taka mjög alvarlega þetta mál sem núna er til umræðu og ræða það með festu og í þingflokkum og manna á meðal og við höfum svo oft getað orðið sammála og þegar við erum sammála um stóru málin, þá er ýmislegt annað sem leysist greiðlega.

[12:37]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er um mjög vandasamt stórmál að ræða sem orðið er til að verulegu leyti sem afleiðing af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og við verðum, úr því að við erum búnir að ákveða það að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, að lúta ákvörðunum að utan og laga íslenska löggjöf eftir því þannig að við getum ekki hér rætt málið út frá því sjónarhorni hvernig okkur þætti sjálfum heppilegast að haga þessu. Við verðum að taka tillit til fleiri atriða.

Þegar þetta mál var til umræðu á síðasta þingi, þá flutti ég nokkuð ítarlega ræðu um það og ég ætla bara að vísa til hennar en ekki að endurtaka hana. Ég vil þó láta það í ljósi að ég held að frv. hafi heldur versnað í sumar því að þær litlu breytingar sem á því hafa verið gerðar sýnast mér síst vera til bóta.

Þegar Ísland hóf samninga um Evrópskt efnahagssvæði þá setti ríkisstjórnin fram fimm fyrirvara sem voru skilyrði fyrir inngöngu Íslands í Evrópskt efnahagssvæði. Einn af þessum fyrirvörum náðist fram í samningunum, þ.e. fyrirvarinn um útgerð og fiskvinnslu. Ég er mjög á því að við eigum svo lengi sem við getum að halda þeim fyrirvara til streitu og ég er mjög andvígur því sjónarmiði sem mér finnst aðeins hafa örlað á í þessum umræðum að þessi fyrirvari kunni nú að koma sér illa fyrir okkur. Með þessu frv. er verið að opna fyrir aðgang útlendinga að auðlindum okkar og efnahagslífi og frá árinu 1996 er nánast allt galopið, hvort sem um er að tala banka ef einka-

væddir verða eða orkufyrirtæki ef einkavædd verða og það er ekkert hægt að reisa þar við neina rönd. Mér finnst að í þessu frv. sé viðskrh. sem slíkum gefið allt of mikið vald og það er mín skoðun að það sé höfuðgallinn á þessu frv. hve viðskrh. á hverjum tíma er gefið mikið vald vegna þess að ófyrirleitinn eða óvarkár viðskrh. gæti tekið ákvarðanir eða gefið leyfi sem kæmu okkur illilega í koll síðar. Mér finnst að það væri nær að stærri ákvarðanir væru háðar samþykki Alþingis.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson nefndi áðan dæmi um sjónarmið sem mér finnst ekki vera eðlileg hjá núv. viðskrh., þ.e. varðandi landbúnaðarmál. En setjum nú svo að við fengjum einhvern tíma viðskrh. sem væri t.d. sérlega mikið á móti útgerðarmönnum eða sérlega mikið á móti orkuvinnslufyrirtækjum í landinu eða bönkunum í landinu (**Gripið fram í:** Eða olíufélögunum.) eða olíufélögunum í landinu, (**Gripið fram í:** Eða allt þetta.) þá hefði hann vald til þess að vinna þeim ansi mikið tjón þannig að ekki væri auðvelt úr að bæta síðar.

Nú vil ég taka það fram að þó að mér þyki hressilega dregnar lokur frá hurðum með þessu frv. þá er ég ekki einangrunarsinni og ég er fylgjandi hóflegri erlendri fjárfestingu en ég er ekki fylgjandi því að flytja í verulegum mæli yfirráð yfir íslensku efnahagslífi eða íslenskum auðlindum úr landi. Ef yfirráðin og eignarhaldið er flutt úr landi þá fer nefnilega arðurinn af auðlindunum og fjárfestingunni líka úr landi og meira að segja arðurinn af vinnu fólksins í landinu. Og ef við hugsum okkur að halda hér uppi þjóðríki í einhverjum svipuðu sniðum og við höfum gert undanfarið, þá er það ekki leiðin að ætla útlendingum að bera uppi íslenskt efnahagslíf eða eiga íslenskt atvinnulíf.

Eins og ég sagði, frú forseti, þá ætla ég ekki að fara að endurtaka þá ræðu sem ég flutti hér úr þessum ræðustól í fyrra, en ég vildi undir lok þessarar umræðu láta þessi sjónarmið koma fram í örstuttu máli.

[12:43]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls. Ég tel að í þessari umræðu hafi komið fram með mjög skýrum og skilmerkilegum hætti og án óþarfa málalenginga þau álitamál sem eru í þessu sambandi og þau mismunandi viðhorf sem uppi eru meðal stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka um þau skref sem stigin eru, bæði varðandi EES-samstarfið og eins varðandi það frv. sem hér er til afgreiðslu og er bein afleiðing af því.

Flestallir eða allir þingmenn sem hér hafa tekið til máls hafa rætt um vandamál sjávarútvegsins í þessu sambandi og ég vil aðeins taka það fram að það hefur verið og er stefna allra stjórnmálaflokka í landinu að leyfa ekki fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi og frumgreinum fiskvinnslu. Það hefur ekki breyst sú stefna sem er sameiginleg hjá okkur öllum. Hins vegar vil ég mótmæla því sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði hér áðan að það væri mjög auðvelt að koma þessari stefnu í framkvæmd. Það er það nefnilega alls ekki vegna þess að málið er talsvert flókið eins og komið hefur fram hjá öðrum hv. þm. og ég get alveg tekið undir það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði í sinni ræðu að meginatriðið til þess að tryggja það að yfirráðin yfir fiskimiðunum og frumvinnslunni verði áfram í höndum Íslendinga er að sjálfsögðu það að íslenskur útvegur og íslensk fiskvinnsla standi sem traustustum fótum. Það er öruggasta aðferðin til þess að tryggja það að þessar mikilvægu atvinnugreinar séu áfram í íslenskum höndum. Og það er líka rétt sem hefur komið fram í ábendingu frá einstaka hv. þm. að vandinn er m.a. sá að þó svo að Alþingi og stjórnvöld reyni eftir föngum að tryggja þá sameiginlegu stefnu allra stjórnmálaflokka að varðveita íslensk yfirráð yfir fiskimiðum og frumframleiðslu, þá er hægt að finna leiðir til þess að fara með óbeinum hætti í kringum það og kannski er það rétt sem hefur komið hér fram hjá nokkrum þingmönnum í umræðunni að það hafi nú þegar að einhverju leyti verið gert, jafnvel löngu fyrir tilkomu þessa EES-samnings sem er svo umdeildur, þ.e. í samskiptum íslenskra fyrirtækja eða einstaklinga sem fást við atvinnurekstur af þessu tagi og erlendra viðsemjenda þeirra. Um það vil ég ekki dæma. Það liggja ekki fyrir og verður mjög erfitt að sanna það og liggja ekki fyrir neinar sannanir um það, en menn hafa oft haft það á orði að það væri líklegt að þarna væru einhver tengsl á milli. Þess vegna er það alls ekki rétt að það sé mjög einfalt að skipa málum svo að þetta sé alfarið tryggt. Það er þvert á móti ekki einfalt heldur talsvert flókið.

Ég skal fúslega lýsa því yfir að ég hef engar fyrirætlanir uppi um það að grípa þar inn í með þeim hætti að hægt væri að segja að ég væri þar að ganga gegn hagsmunum Íslendinga eða íslenskra fyrirtækja. Hins vegar er mjög erfitt hverju sinni að meta það þegar þriðji aðili á í hlut að hve miklu leyti eigi að framfylgja mjög fortakslausum ákvæðum eins og þau eru í lögum og það getur verið mjög erfitt að draga þá markalínu vegna þess að eins og hér hefur verið bent á, þá getur slík ákvörun haft ófyrirsjáanleg atvik í för með sér. Þess vegna finnst mér það rétt af mér sem ráðherra að beina því mjög eindregið til nefndarinnar sem fjallar um þetta frv. að skoða það mjög vandlega hvort hægt sé að draga þarna einhver tiltekin mörk og þá á ég að sjálfsögðu við fjárfestingar þriðja íslensks aðila í útgerð eða fiskvinnslu, hvort það sé skynsamlegt að draga þarna einhver mörk eða hvort hv. nefnd gæti látið í té einhverjar þær leiðbeiningar sem ráðherra gæti stuðst við í framkvæmdinni, því aðeins og ég segi, þetta er ekki einfalt mál. Það er erfitt að setja einhverjar fastar reglur um þetta sem við getum fullyrt fyrir fram að hægt sé að standa á og ég lýsi því yfir að ég hef engan áhuga á því að torvelda það að íslenskir bankar eða fyrirtæki geti stutt við bakið á útgerð eða fiskvinnslu sem þarf á aðstoð að halda. Ég hef engan áhuga á því að trufla það, en hins vegar verða menn náttúrlega að gera sér það ljóst að það er ákveðin lagakvöð sem hvílir á ráðherrum í því sambandi sem menn verða að umgangast með mikilli varúð. Ég á dálítið erfitt með að segja miklu meira um

þetta á þessari stundu en ég tel rétt að nefndin sem fær málið íhugi hvort ástæða sé til að setja þarna ákveðnar afdráttarlausar reglur eða hvort hún geti látið í té í nál. eða framsöguræðu formanns einhverjar ábendingar til ráðherra um framkvæmd á þessu atriði.

Ég skal líka taka það skýrt fram að ég tel að til þess að tryggja það afdráttarlaust að virkjunarréttur fallvatna og umráðaréttur námuauðlinda og djúphita séu í varðveislu þjóðarinnar og verði ei af henni tekinn eða burtu seldur nema þá fyrir atbeina Alþingis ef Alþingi kysi svo að halda á málum, sem ég hef ekki nokkra trú á, ég tel að þetta verði ekki tryggt óðruvísi en með afgreiðslu sérstakra frumvarpa þar að lútandi frá Alþingi sem ríkisstjórnin hefur boðað flutning á. Og auðvitað þurfa menn ekki að spyrja að því hvernig stendur á því að það er ekki komið fram. Ástæðan er sú hin sama og ég var að ræða um það atriði sem kom til umræðu hér áður að það eru ýmis álitamál á frumvörpum af því tagi og ríkisstjórnarflokkarnir þurfa að sjálfsögðu að ná sátt og samkomulagi sín á milli um það hvaða tillögur þeir ætla að gera til löggjafans í því sambandi. Svo mun löggjafarviljinn að sjálfsögðu ráða hvernig fer um þá afgreiðslu. En mín skoðun er sú að þessi réttur, þessi eignarréttur þjóðarinnar sé ekki tryggður nema Alþingi samþykki sérlög þar um og mín skoðun er sú að það þurfi að gerast á því þingi sem nú situr og mín skoðun er enn fremur sú að það sé að styttast mjög mikið sá tími sem við höfum til ráðstöfunar til þess að fjalla um lagasetningu af því tagi.

Um hugsanlega fjárfestingu erlendra aðila í bankastarfsemi á Íslandi verð ég að segja mína skoðun eins og hún er. Ég hef ekki miklar áhyggjur af því. Það er í lögum nú þegar heimild erlendra aðila til að stofna hér útibú frá erlendum bönkum. Það hefur enginn áhugi reynst hjá erlendum bönkum á slíku og ég mundi telja það bara af hinu góða ef erlendar bankastofnanir hefðu áhuga á því að leggja áhættufé til bankastarfsemi á Íslandi vegna þess að eins og málin standa nú ef það er eitthvað sem íslenskt viðskiptalíf þyrfti á að halda, þá væru það sterkari bankar, styrkari lánastofnanir heldur en við eigum um þessar mundir þannig að ég óttast það ekki að það ákvæði að heimila erlendum aðilum að fjárfesta í íslenskum viðskiptabönkum verði okkur til tjóns.

Um þann hugsanlega möguleika að erlendir aðilar gætu keypt hlutdeild í íslenskum orkufyrirtækjum, þá held ég að umræður á Alþingi í fyrra hafi leitt það í ljós að eina raunverulega áhyggjuefnið í því sambandi sem nefndin þyrfti þá að hugleiða er hvað varðar íslenskt neysluvatn. Til þess að erlendir aðilar gætu hugsanlega með einhverjum hætti öðlast eignarrétt að íslenskum orkufyrirtækjum þá þyrfti í fyrsta lagi Alþingi að samþykkja það að breyta rekstrarformi þessara fyrirtækja yfir í hlutafélag og í öðru lagi dugar það ekki til því það þyrfti einnig að samþykkja heimildir til þess að ríkið seldi hlutafé sitt í þeim fyrirtækjum. Það eru ekki uppi í ríkisstjórninni neinar hugmyndir um það að þó að Rafmagnsveitum ríkisins verði breytt í hlutafélag eins og stefnt er að, fyrst og fremst til þess að laga rekstrarform og rekstraraðstæður Rafmagnsveitna ríkisins að eðlilegum rekstraraðstæðum í okkar samfélagi, þá eru engin áform uppi í ríkisstjórninni um að leggja það til að ríkisvaldið selji þau hlutabréf. Ég tel rétt að sjá svo um að slík sala geti ekki átt sér stað þótt samþykkt yrðu lög um að breyta Rarik í hlutafélag nema samþykkt Alþingis kæmi þá til sérstaklega. Það eru engin áform uppi í núv. ríkisstjórn, væntanlega hvernig í samfélaginu, um að ríkið ætti að losa sig við eignaraðild að orkufyrirtækjum eða orkuvinnslufyrirtækjum á Íslandi.

Þá spurði hv. 7. þm. Reykn. hvort ég gæti skýrt af hverju mat erlendra aðila á Íslandi sem fjárfestingarkosti erlendra fjárfesta væri frekar neikvætt, hvað gæti valdið því að stjórnarfarið í landinu væri m.a. orðað við slíkt mat. Ég get að sjálfsögðu ekki svarað fyrir erlenda aðila í þessu sambandi en ég hygg þó að ég viti hvað þarna er átt við. Þarna er ekki átt við það að stjórnarfar á Íslandi sé ekki stöðugt því að stjórnarfar á Íslandi hefur að sjálfsögðu verið mjög stöðugt og menn geta reitt sig og treyst á íslensk stjórnvöld. Það sem hefur hins vegar verið mjög óstöðugt er afstaða Íslendinga til fjárfestinga erlendra aðila í landinu. Þar hafa orðið miklar breytingar með ríkisstjórnarskiptum á afstöðu ríkisstjórnar þannig að einn ganginn getur áhugi Íslendinga gagnvart erlendum aðilum fyrir erlendri fjárfestingu á Íslandi verið mikill og kannski skömmu síðar gerbreyst. Og það er þetta sem ég hef fundið fyrir í viðtölum við þá fáu erlendu aðila sem ég hef rætt við um fjárfestingarkosti á Íslandi. Menn fylgjast að sjálfsögðu mjög gaumgæfilega með breytingum á stjórnarfari og stjórnarháttum hér á Íslandi og það er þetta sem menn hafa rætt sérstaklega um, þ.e. hve afstaða íslenskra stjórnvalda til fjárfestingar erlendra aðila á Íslandi og þá er ég ekki að tala um einstaka fjárfestingarkosti, einstök fyrirtæki heldur almennt um fjárfestingu erlendra aðila á Íslandi, hvað hún er breytileg. Og það liggur auðvitað fyrir að á þeim tíma þegar erlendir aðilar höfðu sem mestan áhuga á fjárfestingum á Íslandi og aðstæður voru betri en þær hafa verið síðan, þá var ekki jafnmikill áhugi hjá íslenskum stjórnvöldum á þeim kosti eins og var bæði undan og eftir það tímabil.

Auðvitað væri hægt að orða þetta einhvern veginn óðruvísi. Ég gæti orðað þetta mjög einfaldlega á minn hátt hvað hér er átt við, en ég held að ég láti þetta nægja en ítreka það að ég hef að sjálfsögðu ekki neitt umboð til að tala fyrir hönd hinna erlendu matsfyrirtækja en mér kemur til hugar að þetta sé ástæðan því að ég hef heyrt hana frá þeim aðilum sem ég hef rætt við um hugsanlegar fjárfestingar erlendra aðila hér.

Ég held að ég sé búinn að svara flestum fyrirspurnum því að margir þingmenn komu að sambærilegum málum. Það er þó ein fyrirspurn frá hv. 18. þm. Reykv., þ.e. hvernig standi á því að sá kostur er valinn í frv. að nefnd sú sem á að vera ráðherra til ráðuneytis um fjárfestingarkosti er skipuð af ráðherra en ekki kosin af Alþingi eins og nú á sér stað. Svarið við þeirri spurningu er einfaldlega að verði þetta frv. samþykkt, þá falla frá nefndinni öll mikilvægustu verkefni sem hún vinnur nú í dag og verða gerð að almennum

reglum í okkar lagasetningu þannig að hlutverk nefndarinnar verður miklu takmarkaðra en það er í dag og nefndin verður nánast hluti af framkvæmdarvaldinu. Það sem kemur hins vegar á móti er það ákvæði í frv. að ráðherra er lögð sú skylda á herðar að flytja Alþingi reglulega skýrslu um erlendar fjárfestingar á Íslandi og þannig geti þingflokkar og Alþingi fylgst reglulega með hvað þar er að gerast.

Að lokum vildi ég fara örfáum orðum um það sem hv. 6. þm. Norðurl. e. vék að. Ég lít svo á að við teljum okkur báða vera að gæta hagsmuna þjóðarheildarinnar. Við gerum það bara eða við erum ekki sammála um hvernig það skuli gert. Ég tel að það sé gert með því að stuðla að sem frjálsustum viðskiptaháttum milli Íslands og umheimsins. Það sé hagsmunum þjóðarheildarinnar fyrir bestu, bæði til skamms tíma og til lengri tíma. Hv. þm. telur hins vegar að það sé í samræmi við hagsmuni þjóðarinnar að reyna að vernda íslenska sérhagsmuni hvað varðar framleiðslu t.d. landbúnaðarins. Við erum báðir að reyna að berjast fyrir því sem við teljum að séu hagsmunir þjóðar og þjóðarheildar en við erum ekki sammála um það hverjir þeir eru.

[12:59]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér heyrðist hæstv. ráðherra vera að kvarta yfir því eins og hann orðaði það að framfylgja fortakslaust ákvæðum í lögum. Ég ætla að vona að mér hafi misheyrst vegna þess að ég tel að íslenskum ráðherrum beri fortakslaust að framfylgja ákvæðum í íslenskum lögum og íslensk lög ganga auðvitað framar t.d. einhverju kontoristasamkomulagi sem kann að hafa verið gert.

Líka varðandi eignarrétt útlendinga á orkufyrirtækjum, ráðherra hafði áhyggjur af neysluvatninu eða nefndi það sem dæmi. Ég hef áhyggjur af fleiru. Það er t.d. alger forsenda fyrir hugmyndunum um sæstreng að útlendingar ættu orkuvinnslufyrirtæki og við gætum leigt þeim vatnsföllin en allt tal um sæstreng eða virkjanir fyrir hann í eigu Íslendinga að verulegum hluta eða mestum hluta er út í loftið. Hér er um svo gígantískar fjárhæðir að ræða, frú forseti. Líka tel ég að tvímælalaust eigi Alþingi að kjósa áfram nefndina um erlenda fjárfestingu.

[13:00]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. hafi misskilið mína athugasemd. Ég var einfaldlega að benda á það að ef Alþingi samþykkir einhverjar ákveðnar reglur í sambandi við þær kröfur sem gerðar eru til fyrirtækja sem eiga viðskipti við sjávarútveg, ef um sé að ræða einhverja minni háttar eign erlendra aðila að þeim fyrirtækjum, þá beri þeim fortakslaust að selja hlutafé sem þeir kunna að eiga í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Ég vil bara benda mönnum á það að ef slíkar reglur verða settar, þá getur ráðherra átt í erfiðleikum með að framfylgja þeim fortakslaust ef það liggur fyrir að það er í algerri andstöðu við íslenska hagsmuni eins og getur gerst. Þess vegna bað ég hv. þingnefnd að athuga það mjög grandgæfilega hvort rétt væri að setja slík fortakslaus skilyrði í þá lagasetningu sem hér er til meðferðar. Það er ekki gerð tillaga um það og ég heyrði ekki betur á máli hv. 6. þm. Norðurl. e. heldur en hann gerði sér fulla grein fyrir slíkum vandamálum sem þá gætu komið upp.

[13:02]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var gott að fá þessa útskýringu hjá ráðherranum. En það er þetta með íslensku hagsmunina eða andstöðuna við íslenska hagsmuni og og matið á því hvað eru íslenskir hagsmunir. Hér áðan gerði ráðherra sjálfur að umræðuefni mismunandi mat sitt og hv. 6. þm. Norðurl. e. á hvað væru hagsmunir Íslendinga. Ráðherrann telur að það séu hagsmunir Íslendinga að taka atvinnu frá bændum og auka enn á atvinnuleysi í landinu. Hv. 6. þm. Norðurl. e. telur að svo sé ekki. Þetta getur orðið deiluefni á hverjum tíma og ekki síður í sjávarútvegi hvað eru íslenskir hagsmunir og hvað ekki.

[13:03]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mundi nú einfaldlega biðja hv. 1. þm. Norðurl. v. að eiga samtal við vin sinn og félaga, hv. 6. þm. Norðurl. e. sem gæti mjög vel skýrt fyrir honum þau vandamál sem hér eru á ferðinni því að það vill svo til að við hv. 6. þm. Norðurl. e. erum nákvæmlega sammála um það.

Ég vil hins vegar lýsa því yfir að mér finnst það ekki vera í andstöðu við þjóðarhagsmuni að gefa íslenskum neytendum kost á því að kaupa grænmeti á ¼ af því verði sem það ella mundi kosta. Mér finnst það ekki í ósamræmi við þjóðarhagsmuni og ég held að við tökum ekki mikla áhættu á því þó að agúrka kosti 86 kr. í staðinn fyrir 200 og eitthvað, að það muni stuðla að miklu atvinnuleysi á Íslandi.

[13:04]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get nú ekki stillt mig um að gera athugasemdir við skýringar hæstv. viðskrh. á því að útlendingar treysti sér ekki til að fjárfesta hér og að skýringin sé stjórnarfarið. Ef menn erlendis hafa fylgst með þessari ríkisstjórn og öllu því hringli sem á henni hefur verið, þá er ég ekki hissa þó að menn veigri sér við að fjárfesta hér. Ég vil ekki síst benda á allar þær stöðugu breytingar sem hér er verið að gera á skattkerfinu sem eru þannig að menn vita aldrei að hverju þeir ganga. En ég hygg hins vegar að hin raunverulega skýring sé nú kannski sú að til skamms tíma hefur verið mikill órói hér á vinnumarkaði og mönnum hafi kannski ekki litist allt of vel á það að koma hér inn með fjármagn, hafi þeir yfir höfuð haft áhuga á því, en ég hygg líka að skýringarinnar sé að leita hjá þeim móttökum sem menn hafa fengið hjá íslenskum stjórnvöldum sem ekki hafa séð neitt annað en álver og ekki haft áhuga á neinu öðru en álveri og ég hef því miður heyrt nýleg dæmi um fólk sem hefur verið að kynna sér kosti þess að fjárfesta og hefur fengið vægast sagt slæmar móttökur í ráðuneytunum.

[13:05]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að samkvæmt upplýsingum hv. þm. Steingríms Hermannssonar var ástæðan fyrir lággengismati á fjárfestingarkostum erlendra fjárfesta á Íslandi ekki ástandið á vinnumarkaði heldur eitthvað í tengslum við stjórnarfarið. Þetta er nú hið eina sem mér kom til hugar að gæti verið skýring á því.

Í öðru lagi vil ég taka það fram að hingað til hafa erlendir aðilar ekki fjárfest á Íslandi nema með kröfu um að sett yrðu sérstök skattalög fyrir þá því að skattumhverfi íslenskra atvinnufyrirtækja hefur verið svo gerólíkt skattumhverfi erlendra. Nú er búið að breyta skattumhverfi íslenskra atvinnufyrirtækja til samræmis við það sem gerist og gengur í öðrum löndum og engir þeir aðilar sem hafa verið í viðræðu við íslensk stjórnvöld um hugsanlega fjárfestingarkosti gera kröfu til þess að lúta öðrum skattalögum en þeim íslensku.

[13:06]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef það er ekki vinnumarkaðurinn og sá arfur sem við búum við þar þá er það líklega stjórnarfarið og þá getur það ekki verið neitt annað en stefna ríkisstjórnarinnar og það stjórnarfar sem við höfum horft upp á undanfarin tvö ár og það mikla hringl eins og ég nefndi áðan sem stjórnin hefur staðið fyrir.

[13:07]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst að nú afskaplega ólíklegt að þetta sé skýringin. Það má vera. Þeir fylgjast mjög vel tíðindum úr íslenskum stjórnmálaheimi sem hafa áhuga á að fjárfesta hér. Kannski er skýringin sú að í skoðanakönnunum að undanförnu hefur verið mikill uppgangur hjá Kvennalistanum sem allir vita að er mjög andvígur því að erlendir fjárfestar finni sér ból á Íslandi og kannski kann það að vera skýringin á því að á Íslandi er nú ekki mikið gengi hjá erlendum fjárfestum um möguleika þeirra í framtíðinni. Kannski hafa þeir svona mikla trú á uppgangi Kvennalistans.

[13:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að við værum einfaldlega ekki sammála hverjir væru íslenskir hagsmunir varðandi hagsmunagæslu hvað snertir erlenda samninga. Ég vil segja í þessu sambandi að ef íslenskir ráðherrar vinna ekki eins og kollegar þeirra í öllum þeim löndum sem við eigum samskipti við og þessir samningar snerta, að þeir verji á hverjum tíma þá hagsmuni sem þeir telja að þeirra þjóðir og þau réttindi sem þeir telja að þeirra atvinnuvegir eigi, ef það eiga að vera einhver allt önnur vinnubrögð í gangi hjá okkur Íslendingum þá getur ekki annað en farið illa fyrir okkur.

En ég vil þá um leið varpa þeirri spurningu til hæstv. ráðherra af því að hann telur sig vilja standa við erlenda samninga, hvers vegna í ósköpunum vildi hann þá ekki standa að afgreiðslu þessa máls sem var í gangi í þinginu í vor og mikill þingmeirihluti var fyrir sem hefði tryggt að ekki hefði þurft að koma til þessarar deilu um gúrkurnar.

[13:09]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var nú einfaldlega fjarverandi síðustu þingdagana og með varamann inni fyrir mig, svo að mér gafst ekki kostur á að taka afstöðu til þess máls sem hv. þm. nefndi. Þó vil ég ekkert fullyrða svona eftir á hver sú afstaða hefði orðið, en auðvitað er það alveg ljóst í mínum huga að það eru hagsmunir íslensku þjóðarinnar að tryggja okkur frjálsan aðgang að erlendum mörkuðum fyrir okkar afurðir og að tryggja á sama hátt frjálsan aðgang að íslenskum markaði fyrir erlendar afurðir en þó þannig að við tökum ekki við slíkum innflutningi ef um niðurgreiðslur eða óeðlilega ríkisstyrki er að ræða heldur beitum þeim aðgerðum sem okkur eru heimilaðar og tiltækar við slíkar aðstæður.

[13:09]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt þá að taka þessi orð hæstv. ráðherra þannig að hann muni vera tilbúinn til þess að stuðla að því m.a. varðandi landbúnaðarvörur að þar beitum við þeim ýtrustu heimildum sem við höfum á hverjum tíma varðandi töku jöfnunargjalda. Ég vil hins vegar skjóta því að í framhjáhlaupi, af því að hæstv. ráðherra nefndi samanburðarverð á gúrkum þeim sem nú er verið að flytja inn og þeim sem voru innlendar á markaði fyrir, að þeir sem hæst tala um innflutning kjósa að sleppa og nefna aldrei að langtímum saman sumar sem leið var verð á þessari afurð, þ.e. agúrkum, í verslunum svo lágt að það var erfitt að finna samjöfnuð sem var lægri í Evrópuríkjum.

[13:11]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta sýnir að sjálfsögðu að íslenskir agúrkuframleiðendur eru samkeppnisfærir og hvers vegna skyldi þá ekki leyfa þeim að taka þátt í þessari samkeppni? Því ef hún hefði þá átt sér stað þá hefðu væntanlega þessar ódýru íslensku gúrkur frá því í sumar haldið áfram að vera ódýrar fram eftir haustinu líka. — [Fundarhlé.]

[13:31]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör hér áðan og ætla ekki að fara um þau mörg orð en minnast aðeins á tvö, þrjú atriði. Ég tek svör ráðherra um 2. gr., um heimild ráðherra til að skylda fyrirtæki til að selja hlutabréf sín, þannig að hann sé út af fyrir sig samþykkur því að það komi leiðbeining, ef ekki í lög þá í framsögu fyrir þessu atriði þegar frv. kemur frá nefndinni. Það þykir mér gott að heyra og ég held að nefndin ætti að skoða það mjög vandlega.

Ráðherra ræddi líka um virkjunarmálin og orkulindirnar. Ég hef ekki miklar áhyggjur af því að nokkur erlendur aðili keypti hlutabréf í Rafmagnsveitum ríkisins, ég held að erfitt væri að finna þann aðila sem hefði áhuga á því. Ég skil það mætavel að þau verði ekki boðin ef fyrirtækið verður gert að hlutafélagi. Hins vegar er allt annað t.d. með Landsvirkjun og ráðherra svaraði því ekki hvort hann telur að því verði framfylgt sem segir í hvítbók ríkisstjórnarinnar að gera Landsvirkjun að hlutafélagi því það tel ég vera afar hættulegt og varhugavert skref, því jafnvel þótt þar yrði bundið, eins og ég reyndar rakti áðan, að ekki megi selja hlutabréf ríkisins nema með samþykki Alþingis þá hef ég mínar efasemdir um að unnt væri með lögum að setja sömu kvöð á aðra hluthafa. Þess vegna vildi ég gjarnan ef ráðherra kýs að koma hér upp aftur að hann komi aðeins inn á það atriði.

Ég vil taka undir það með hæstv. ráðherra að ég tel einnig að það væri gott að fá öflugan, erlendan banka. Ég held að hann mundi veita vissa samkeppni og aðhald og kannski yrði þá ekki nauðsynlegt að beita handafli til lækkunar á vöxtum. En hvað um það. Ég tel hins vegar afar mikilvægt að hér sé örugglega innlendur sterkur banki og þetta vildi ég gjarnan heyra aðeins nánar um. Er ráðherra mér ekki sammála í því að það væri óæskilegt ef allar innlánsstofnanir eða við skulum segja allir bankar landsins yrðu í höndum erlendra aðila? Hér væri sem sagt enginn innlendur banki. Ég hygg að fjárhagslegt sjálfstæði okkar væri þá mjög skert ef svo færi, mjög skert. Ekki síst vegna þess að alþýðuflokksmenn hafa töluvert lýst fylgi við það að einkavæða ríkisbankana báða þykir mér ástæða til að nefna þetta hér og spyrja hæstv. ráðherra um hans viðhorf.

Ég vil svo þakka hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni fyrir hans ummæli áðan og tek undir það með honum að það er út af fyrir sig mjög gott að hafa rabbfundi, eins og hann orðaði það, og menn geta þá velt vöngum yfir ýmsum mikilvægum málum. Því er ekki að neita að yfir fundum sem þessum er meiri ró heldur en kannski yfir einhverjum kappræðufundum á þinginu sem stundum vill vera. Ég held satt að segja að það væri afar þarft ef menn gætu skipst á skoðunum um það hvernig á að stuðla að erlendri fjárfestingu í landinu.

Ég nefndi áðan það mat sem mun vera í hinu þekkta blaði Economist um fjárfestingar erlendra aðila hér á landi og ráðherra kom dálítið inn á það, ég þakka honum það. En ég hef oft spurt sjálfan mig að því hvort hér er nógu markvisst að því unnið að fá erlent fjármagn inn í landið. Á hvaða sviðum teljum við t.d. að helst kæmi til greina erlend fjárfesting? Höfum við gert það upp við okkur? Við höfum rætt um fríhafnir. Það hefur ekkert orðið úr því. Þetta er margra, margra ára umræða og hún virðist alltaf detta einhvers staðar niður í skrifborðsskúffu og svo er hún dregin upp aftur eftir nokkur ár. Hvar stendur svoleiðis mál?

Ég las nýlega afar fróðlega grein sem birtist í því ágæta ameríska riti Dialogue og þar er skýrt frá því hvernig Írar hafa tekið þessi mál mjög markvisst fyrir. Þeir komust að þeirri niðurstöðu að þeir gætu veitt erlendum aðilum mikla þjónustu með því að sérhæfa sig í alls konar tölvuútreikningum. Þar starfa núna nokkur hundruð manns sem þjóna amerískum tryggingafélögum í því að meta tjón sem tryggingafélögin verða fyrir í Bandaríkjunum. Þetta hljómar dálítið einkennilega en þeir sýndu að þeir gátu metið slíkt og ráðlagt í slíku miklu ódýrar og hraðar en tryggingafélögin gátu sjálf í Bandaríkjunum. Þetta finnst mér dálítið langsótt en þessu höfðu þeir gert sér grein fyrir fyrir nokkrum árum og þeir lögðu áherslu á að skapa þarna vettvang fyrir erlent samstarf. Ég er þeirrar skoðunar að með því að leggja mikla áherslu á að auka hér menntun á ýmsum hátæknisviðum og kynna það vandlega erlendis þá kynni að vera og muni vera mikill möguleiki á samstarfi erlendra aðila og jafnvel fjárfestingu þeirra hér í þessari auðlind, sem yrði þá þekking Íslendinga á þessum sviðum. Þarna er mjög mikil þekking og ég held að hægt sé að taka miklu skipulegar á þeim málum og nýta þessa þekkingu miklu skipulegar heldur en gert hefur verið. Þetta þarf að gera með langtímamarkmið í huga, beina bæði menntun og fjarskiptum og öðru inn á þá braut að sinna slíku langtímamarkmiði. Ég held einnig að á vissum sviðum ferðaþjónustu kunni að vera mjög miklir möguleikar, en ég er sannfærður um að það þarf að gera einnig með langtímamarkmið í huga og samræmdar aðgerðir af hinu opinbera til stuðnings.

Ég er farinn að rabba hér eins og hv. þm. Eyjólfur Konráð nefndi það áðan. Ég vil hins vegar taka undir það með honum að lokum að ég vona svo sannarlega að allir hafi það grundvallarsjónarmið að tryggja í íslenskum höndum það sem nauðsynlegt er til þess að við getum talist efnahagslega sjálfstæð þjóð og raunar sjálfstæð þjóð. Ég lít svo á að það sé fyrst og fremst þrennt; það sé landið sjálft, auðlindir hafsins og auðlindir í orkulindum landsins. Mér hefur heyrst á þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að menn væru sammála um þetta. En ég vil ljúka þessu með því að hvetja ríkisstjórnina til að skoða mjög vandlega hvernig má koma á framfæri við erlenda fjárfesta öðrum auðlindum sem við eigum í landinu og vinna þá markvisst að því að það geti orðið þjóðhagslega arðbært.

[13:39]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Orðaskipti okkar hæstv. viðskrh. urðu snubbótt í andsvörum áðan og þess vegna kveð ég mér hljóðs aftur. Ég vil taka það fram við hæstv. viðskrh. að ég þarf ekki milligöngu hæstv. ráðherra til þess að ræða við hv. 6. þm. Norðurl. e. og við getum alveg talað saman hjálparlaust og útskýrt málin hvor fyrir öðrum. Mér finnst það ótrúleg saga ef þeir eru, hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, og hæstv. viðskrh., orðnir sammála um innflutning á landbúnaðarvörum eins og mér fannst hæstv. ráðherra láta liggja að. Ég vil hins vegar óska hæstv. viðskrh. til hamingju með útlendu gúrkurnar sínar og kannski fyrir það sérstaklega að hafa, þó handleggsbrotinn væri, getað beygt hæstv. landbrh. svo rækilega sem hann hefur gert. Þetta er ekki nema byrjunin á lengra ferli.

Það eru gúrkur í dag, það verður skinka á morgun, kalkúnalappir hinn daginn og svo ef leyfin verða ekki veitt nógu hratt þá má alltaf grípa með sér einn og einn svínsbóg í gegnum tollinn. Þetta verður þróunin. Ég er hins vegar ekkert sammála henni.

[13:41]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Ég vil gjarnan svara þeim fyrirspurnum sem hv. 7. þm. Reykn. beindi til mín. Í fyrsta lagi spurði hann: Er verið að gera Landsvirkjun að hlutafélagi? Svarið við því er að það er engin slík vinna í gangi í iðnrn. nú fremur en síðast þegar hann spurði þessarar sömu spurningar.

Í öðru lagi spurði hann hvort ég teldi ekki að æskilegt væri að til væri í landinu sterkur innlendur banki. Svarið við því er já. Ég tel að það sé nauðsynlegt. Ég tel að íslenska bankakerfið hafi hins vegar gott af samkeppni erlendis frá ef áhugi væri á slíku af erlendum bönkum, en þeir hafa ekki sýnt því máli neinn áhuga sem kannski, því miður, sýnir að sú hyggja sumra Íslendinga að fyrir utan þá múra sem við höfum hlaðið í kringum þetta litla eyríki standi einhverjir auðmenn í röðum, bíðandi eftir því einu að geta ruðst yfir þessa fámennu þjóð með allt sitt kapítal. Það er bara einfaldlega ekki svo. Eins og hv. 7. þm. Reykn. benti á þá hafa tilraunir okkar til þess að finna slíka efnaða aðila, sem vildu festa fé sitt á Íslandi, ekki borið nógu góðan árangur, þó svo að nefnd á nefnd ofan hafi verið á hnattreisu til að leita að slíkum aðilum. Það er einfaldlega svo að sá skelfilegi ótti manna sem hafa verið í skugganum á bak við múrana og aldrei séð til sólar, er ekki meiri heldur en þetta. Þegar blessuð sólin fær að skína í gegnum rifurnar, þá finnst ekki sá draugagangur sem átti að vera þar fyrir utan.

Ég er alveg sammála hv. þm. að það sé æskilegt að í landinu sé til sterkur innlendur banki og við verðum að stuðla að því að sjálfsögðu. En ég ítreka að ég tel að það sé fjármálastofnunum eins og öðrum hollt að þurfa að eiga í samkeppni við aðra.

Þá benti hv. þm. á, sem er auðvitað alveg rétt, að það er raunar löngu tímabært að kynna aðra fjárfestingarkosti á Íslandi heldur en hvað varðar nýtingu á þeirri orku sem við getum framleitt til stóriðju og ég lýsi ánægju minni með þessa athugasemd hv. 7. þm. Reykn. því hún lýsir því að formaður Framsfl. er áhugasamur um að finna erlenda fjárfesta til þess að aðstoða við að byggja upp íslenskt atvinnulíf. Sú yfirlýsing frá hans hálfu sem kom fram í þessu er mjög ánægjuleg því það sýnir áhuga hans og hans flokks á þessu máli. Ég er honum alveg sammála um að það þarf að gera meira átak til að finna slíka fjárfesta með þjóðum, leita bak við múrinn, leita hvort það sé ekki allt í lagi að opna á hann einhverjar glufur, kannski fyrir annað heldur en agúrkur og brokkolí. Það vill einfaldlega svo til að markaðsskrifstofa iðnrn. og Landsvirkjunar er einmitt í miklu kynningarátaki nú, bæði gagnvart hugsanlegum fjárfestum í Bandaríkjunum og í Þýskalandi. Markaðsskrifstofan er að undirbúa kynningu á Íslandi og möguleikum fyrir erlenda fjárfesta til að fjárfesta hér í öðrum greinum en þessum hefðbundnu sem menn hafa verið að ræða um og hefur undirbúið þessa kynningarsókn bæði í Bandaríkjunum og í Þýskalandi og mun hefjast handa innan skamms til þess að auka þá kynningu. Þannig að það er þó verið að stíga þessi spor og ég er hv. þm. Steingrími Hermannssyni hjartanlega sammála um að við þurfum að gera betur í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Seðlabanki Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 177. mál (skipun bankastjóra). — Þskj. 196.

[13:45]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er flutt er ekki stórt að sniðum, það er í tveimur greinum. Fyrri greinin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við lögin bætist ákvæði til bráðabirgða VII svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. er ráðherra heimilt að fresta skipun í stöðu bankastjóra Seðlabankans sem laus verður 1. janúar 1994. Heimild þessi gildir þó ekki lengur en til ársloka 1994."

Síðan er 2. gr. frv.: „Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í athugasemdum kemur m.a. fram að Alþingi hefur verið að fjalla um frv. til nýrra laga um Seðlabanka Íslands. Það frv. var lagt fram í kjölfar sérstakrar vinnu sem nefnd skipuð fulltrúum allra flokka hafði unnið. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að aðeins einn bankastjóri væri við Seðlabankann hverju sinni en hann hefði sér við hlið aðstoðarbankastjóra. Það varð hins vegar að ráði, m.a. vegna álits þingflokka á Alþingi, að breyta þessu ákvæði aftur til fyrra horfs. Nú er unnið að breytingum á frv. m.a. í hátt við þær athugasemdir sem komið hafa fram í umræðu um það í þinginu og í umsögnum um það utan frá og er það til umfjöllunar nú í ríkisstjórn og er lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að frv. verði lagt fram enn á ný, og þá í breyttri mynd, fyrir Alþingi það sem nú situr.

Stefnan er sú að slíkt frv. verði afgreitt á því þingi sem nú situr og ég tel fulla ástæðu til að búast við því að það sé unnt því hv. þm. hafa verið að fjalla um slíkar breytingar um nokkurt skeið og hljóta því að koma vel undirbúnir til leiks þegar frv. kemur fram. Ég tel að á meðan verið er að fjalla um þessi mál þá sé ekki eðlilegt að ganga frá skipun seðlabankastjóra nú og tel því rétt að óska eftir heimild frá Alþingi til þess að fresta ráðningu nýs seðlabankastjóra í það starf sem losnar 1. janúar á komandi ári allt til ársloka 1994. Er gert ráð fyrir því að fyrir þann tíma verði búið að afgreiða ný lög um Seðlabanka Íslands frá Alþingi, nú eða afgreiða ekki, ef svo verkast vill, þannig að þá megi taka til ákvörðunar það mál sem hér er fjallað um.

Ég tel ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um frv.

nema sérstök ástæða gefist til í umræðum á eftir og legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[13:49]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þetta vera hið sérkennilegasta mál. Það er verið að halda auðum bankastjórastól í Seðlabankanum og nota til þess lagafrv. sem lagt er fyrir Alþingi. Röksemd sem uppi hefur verið látin um sparnað af þessu tilefni er líklega nýtilkomin. Ef menn hefðu viljað spara og komast af með einn bankastjóra þá hefði auðvitað hæstv. forveri viðskrh. ekki þurft að ómaka sig í Seðlabankann. Þá hefði Jón Sigurðsson verið hér áfram á meðal vor ef sparnaðarhugmyndirnar hefðu verið til komnar og það væri eitthvert hald í þeim. Það voru ekki sparnaðarhugmyndir sem réðu því að hann var gerður að bankastjóra. Þaðan af síður bílakaupamál hans sem eru að verða skrautlegri og skrautlegri. Þessi jeppi sem Seðlabankinn hafði efni á að kaupa undir hann hefði dugað fyrir launum bankastjóra í talsvert langan tíma (**ÓRG:** Eitt og hálft ár.) — eitt og hálft ár segir hv. 8. þm. Reykn. Það er verið að vitna í breytingar á seðabankalögum. Við vitum af því að það liggur fyrir frv. sem var hér til meðferðar í fyrra. Það er vitað að það frv. nær ekki fram að ganga. Hæstv. ráðherra segir að það sé verið að breyta frv. og ég hef enga trú á því að endanleg gerð frv. eða endanlega afgreiðsla Alþingis á því máli verði með þeim hætti að einum bankastjóra verði trúað fyrir Seðlabankanum. Og ég hef enga trú á að það eigi eftir að njóta meirihlutastuðnings hér á Alþingi. (**Gripið fram í:** Jú, jú.) Það er líka ástæðulaus og óskynsamleg breyting á núverandi skipulagi að ætla einum bankastjóra að annast málefni bankans eingöngu. Ég held að það séu full rök fyrir því að hafa þrjá bankastjóra fyrir Seðlabankanum. Þeir hafi nægileg verkefni til að sinna. Það getur vel verið að hégómaskapur einstakra manna spili þar eitthvað inn í, þá langi til að vera einn kóngur yfir þessari stofnun, en það er ekki skynsamlegt fyrirkomulag.

Ég lít svo á að það sé eðlilegt að Seðlabankinn lúti pólitískri stjórn. Það er ekki hægt að stjórna þessu landi ef ein ríkisstjórn situr í Stjórnarráðinu og önnur ríkisstjórn í Seðlabankanum. Það getur ekki farið vel hvað þá ef það væri ríkisstjórn í Stjórnarráðinu en síðan væri einræðisherra í Seðlabankanum. Seðlabankinn verður á hverjum tíma að starfa í samræmi við stefnu ríkisstjórnar. Ég tel að honum eigi að bera skylda til þess og það sé skynsamlegt að hafa það fyrirkomulag og frasar sem menn hafa verið að éta upp eftir útlendinum um sjálfstæði seðlabanka séu fyrst og fremst runnir upp í seðlabönkum viðkomandi landa. Ég fullyrði að það hentar ekki við íslenskar aðstæður. Seðlabankinn á að lúta pólitískri stjórn og ríkisstjórn verður á hverjum tíma að hafa aðgang að og treysta stjórn Seðlabankans. Það er nefnilega ríkisstjórnar á hverjum tíma þó aum og vesöl sé að stjórna landinu ef hún hefur til þess umboð Alþingis. Ef hún hefur til þess þingræðislegt umboð Alþingis þá á hún að stjórna landinu. Það er eðlilegt að ríkisstjórninn eigi trúnað einhverra í bankastjórn Seðlabankans.

Nú vil ég taka fram að ég geri enga kröfu til þess að flokkur minn, Framsfl., eigi þennan umrædda stól, síður en svo. Ég tel að vísu heppilegt að einhver framsóknarmaður sé í bankastjórn Seðlabankans vegna þess að þá býst ég við að ákvarðanir bankans verði skynsamlegri en ella og ég tel það algera nauðsyn ef Framsfl. situr í ríkisstjórn eða hefur forustu fyrir henni að Framsfl. eigi aðgang að stjórn Seðlabankans og gott samstarf við hana. Mér litist ekkert á það að núv. stjórnarandstaða, ef við hugsum upp dæmi, ef núv. stjórnarandstaða fengi t.d. þingmeirihuta til að mynda ríkisstjórn að hún gæti rækt hlutverk sitt með viðhlítandi hætti og fyrir væru í Seðlabankanum einungis þeir tveir ágætu vinir okkar sem þar sitja nú.

Hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, segist hafa samið þetta frv. fyrir viðskrh. Ég efa ekki að hv. 8. þm. Reykn. Ólafi Ragnari Grímssyni hafi gengið drengskapur til og ekkert nema drengskapur. Þetta er liður í siðbótarviðleitninni sem hefur, guði sé lof, verið yfir þingmanninum nú á haustdögum. En hæstv. viðskrh. sem er eins og dr. Hastings Banda „ákaflega hygginn maður", ákaflega hygginn maður svo sem hæstv. utanrrh. orðaði það. Viðskrh. tók þessari hjálp fegins hendi. Honum gekk tvennt til, það var engin frambærilegur krati á lausu í bili. Það er nefnilega búið að planta þeim öllum — nema þá kannski Ámunda — í viðhlítandi störf, viðeigandi pósta. (**JGS:** Birgir er farinn.) Ég ætlaði einmitt að koma að því, hæstv. umhvrh. Nú, það var ekki hæstv. umhvrh., ég er vanur að heyra í vinstra eyrað á mér gjammið í hæstv. umhvrh. (**ÓRG:** Það var Jóhannes.) og snjallyrði hans og tók feil. Það var hv. 6. þm. Norðurl. e. sem greip fram í fyrir mér. Nú síðast fékk Birgir Dýrfjörð verðskuldaðan frama og er orðinn stjórnarmaður í Landsvirkjun. (**Gripið fram í:** Ámundi er næstur.) Ámundi hefur ekki fengið neitt svo ég viti enn þá. En e.t.v. þykir hæstv. viðskrh. hann ekki henta í einmitt þetta starf og þó getur gengið annað til. Þriðjungur þingflokks kratanna eða því sem næst er nú horfinn af þingi þeirra sem kosnir voru síðast á nýjar og betri veiðilendur og varamenn komnir í þeirra stað og meira að segja einn varaþingmaðurinn orðinn að ráðherra. Björn Friðfinnsson ráðuneytisstjóri er kominn á Evrópskt efnahagssvæði í miklu betra umhverfi og launakjör en hann hafði hér heima. Svo er og um fyrrv. þingmann Guðmund Einarsson. Birgir Árnason er kominn í boðlegt starf hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, Jón Sigurðsson í Seðlabankann, Karl Steinar í Tryggingastofnunina, Eiður Guðnason er ambassador í Ósló, Kjartan Jóhannson er í Genf, sem ambassador og tekur senn við framkvæmdastjórastarfi EFTA, guði sé lof, Stefán Friðfinnsson í hermangið, Magnús Jónsson er orðinn veðurstofustjóri, Árni Gunnarsson ... (**Gripið fram í:** Jón Gunnar í Náttúrufræðistofnun.) Þar er kratastóll laus, kannski er hann handa Ámunda, ráðuneytisstjórastarfið í umhvrn. Árni Gunnarsson, fyrrv. þingmaður, er orðinn fyrir Heilsuhælinu í Hveragerði og Baldur Ólafsson frá Ísafirði er deildarstjóri í heilbrrn., (**Viðskrh.:** Fyrirgefðu, hann er nú fæddur og uppalinn á

Akranesi.) Leifur sem mér skilst að hafi komið frá Patrekstfirði er bílstjóri ráðherrans. Svo get ég talið upp 10–20 ungkrata, nýkrata vil ég kalla þá, þessa sem þið hafið fengið frá Ólafi Ragnari og hafa laðast að hinu góða veisluborði þessara miklu veitingamanna. Þeir eru komnir í utanríkisþjónustuna eða þá á völlinn, Árni Páll og þessir. Nú er fjölskylda Guðmundar Árna, hæstv. heilbrh., búin að taka að sér heilbrigðismálin í landinu. Jón H. Karlsson eða hvað hann heitir orðinn aðstoðarmaður ráðherrans, bróðir ráðherrans tók við heilbr.- og trn., hæstv. þingmaður Gunnlaugur Stefánsson, Margrét Björnsdóttir er aðstoðarmaður ráðherrans, Þorkell Helgason ráðuneytisstjóri. Hvað á ég að segja fleira? Guðmundur Ólafsson er orðinn stjórnarmaður í Strætisvögnum Reykjavíkur hf. Ég veit ekki hvað ég á að telja lengi. Mér mundi ekki endast dagurinn en ég læt hér staðar numið með þessa upptalningu. Ég óska þessu góða fólki öllu til hamingju með vegsemd sína og veit að það mun duga vel í þeim störfum sem því hafa verið falin.

Ég kemst sem sagt að þeirri niðurstöðu að bæði hafi ráðherrann haft frið til að gera þetta vegna þess að það var enginn krati á lausu lengur úr því að hann vildi ekki Ámunda sem seðlabankastjóra. En athygli mína vakti dagsetning í 1. gr. frv. „Heimild þessi gildir þó ekki lengur en til ársloka 1994.“ Hvernig skyldi standa á þessu? Nú verð ég að trúa ykkur fyrir því að ég hef ekki trú á að hæstv. viðskrh. sé sérstaklega gráðugur í að bjóða sig fram oftar a.m.k. ekki á Vestfjörðum og kynni nú að vera að hann væri að geyma þarna stól handa sjálfum sér. Stól handa sjálfum sér ... (**ÓRG:** Eins og fyrirrennari hans.) Eins og fyrirrennari hans. Við þekkjum nefnilega vinnubrögðin, nú erum við farnir að þekkja vinnubrögðin. Ég vil nú gerast svo djarfur að spá. Mér segir svo hugur um að fyrir árslok 1994 biðjist hæstv. viðskrh. lausnar sem ráðherra í ráðuneyti Davíðs Oddssonar og ráðherrann gerir greinilega ráð fyrir að það ráðuneyti muni endast út kjörtímabilið. Ég geri ráð fyrir því að Alþfl. þrábiðji 4. þm. Reykn. Rannveigu Guðmundsdóttur að taka að sér starf viðsk.- og iðnrh. Það kann að vefjast eitthvað fyrir henni hvort hún á að þiggja það eða ekki. En ég geri þó frekar ráð fyrir að hún láti undan hinni sterku kröfu sem vafalaust rís meðal flokksmanna Alþfl. og líklega þjóðarinnar allrar um að hún taki þetta að sér. Ef Björgvin Vilmundarson, bankastjóri Landsbankans, situr alveg blýfastur í stólnum sem ég reyndar reikna frekar með, maðurinn er ekki nema 58 ára gamall og hefur þokkalegt kaup, eitthvað á aðra milljón á mánuði, ef hann fæst nú ekki út úr Landsbankanum þá kynni það að verða þrautalending hæstv. viðskrh. að nota þennan stól sem þarna er verið að halda lausum í Seðlabankanum. Ég á von á því að staðan verði auglýst og það muni margir sækja og einn af þeim verður Sighvatur Björgvinsson alþm. Ég geri ráð fyrir að viðskrh., sem þá verður orðin Rannveig Guðmundsdóttir hv. þm., athugi nú allar umsóknirnar mjög vandlega. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. fái eitt atkvæði í bankaráðinu hið minnsta, þ.e. atkvæði Ágústs Einarssonar. Svo þegar ráðherra hefur athugað þetta í hæfilegan tíma þá spái ég því að niðurstaðan verði sú að hæstv. þáverðandi viðskrh., Rannveig Guðmundsdóttir, komist að þeirri niðurstöðu að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson sé hæfastur til að gegna starfi seðlabankastjóra og kemur hann þá í samflot með sínum forna félaga í Seðlabankanum, Jóni Sigurðssyni, og taki til starfa og sleppi við þá raun og pínu að þurfa að bjóða sig fram einu sinni enn.

[14:05]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur að minnsta kosti tvær hliðar. Önnur er sú að það er vissulega fagnaðarefni að ríkisstjórnin skuli loksins vera lögð af stað við að fækka bankastjórum í Seðlabankanum. Ég hef fyrir hönd okkar alþýðubandalagsmanna á annað ár talað fyrir því í þessum ræðustól. Því hefur ætíð verið hafnað þar til nú. Hin hliðin á þessu máli er sú að hver einasta setning í greinargerð þessa frv., sem rökstuðningur fyrir því að ráða nú ekki í þá stöðu sem losnar um áramót, hefði verið fullgild í sumar þegar ákveðið var að ráða í aðra lausa stöðu. Það er ekki ein einasta setning í greinargerðinni sem ekki hefði átt við í sumar. Það sem hæstv. ráðherra á eftir að útskýra fyrir þinginu er hvers vegna þær röksemdir sem hann beitir nú áttu ekki við í sumar. Mun ég koma að því eftir nokkrar mínútur.

Ég vil fyrst rekja það hér að í bankaráði Seðlabankans 15. jan. 1991 flutti fulltrúi Alþb. í bankaráðinu, Geir Gunnarsson, svohljóðandi tillögu, með leyfi forseta:

„Með tilvísun til væntanlegrar endurskoðunar á lögum um Seðlabanka Íslands og þess að í núgildandi lögum er gert ráð fyrir að þrír bankastjórar starfi við bankann leggur bankaráðið til við viðskrh. að hann skipi einn af aðstoðarbankastjórum Seðlabankans til þess að gegna störfum bankastjóra á meðan endurskoðun fer fram á lagaákvæðum um stjórnskipun Seðlabankans.“

Þessi tillaga fulltrúa Alþb. í bankaráðinu var felld með atkvæðum stjórnarflokkanna. Og síðan var gengið í það að skipa þáv. alþingismann Birgi Ísleif Gunnarsson bankastjóra Seðlabankans. Sú endurskoðun á lögum Seðlabankans sem þarna er vísað í í tillögu Geirs Gunnarssonar í jan. 1991 stendur enn, hæstv. ráðherra. Séu það einu rök ráðherrans fyrir því að ráða ekki nú í bankastjórastöðuna að verið sé að endurskoða lög Seðlabankans þá voru þau rök í fullu gildi í janúar 1991 þegar Alþfl. og Sjálfstfl. ákváðu að ráða Birgi Ísleif Gunnarsson sem seðlabankastjóra og þeir hittust sérstaklega á fundi út af því, núv. hæstv. ráðherrar Davíð Oddsson og Þorsteinn Pálsson og formaður Alþfl. Jón Baldvin Hannibalsson ásamt þáv. viðskrh. Jóni Sigurðssyni. Það er staðreynd. Forustumenn Sjálfstfl. og Alþfl. hittust á fundi út af þeirri bankastjóraskipan. Og þessi endurskoðun stóð enn frekar í sumar þegar forustumenn þessara sömu flokka ákváðu að ráða annan þingmann, þáv. viðskrh. og alþingismann Jón Sigurðsson, í bankastjórastól í Seðlabankanum. Það er ekkert nýtt, hæstv. ráðherra, að verið sé að endurskoða lög Seðlabankans, það er búið að

vera verkefni síðan veturinn 1990 og veturinn 1991 og er enn ekki lokið. Þess vegna finnst mér greinargerð þessa frv. vera eins og sjálfsháð hæstv. ráðherra á sínum eigin verkum sl. sumar.

Í maí 1993, þegar til umræðu var að auglýsa þá stöðu sem losnaði þegar Jóhannes Nordal ákvað að hætta störfum í bankanum, þá lýsti Geir Gunnarsson enn á ný í bankaráðinu að hann teldi óþarfa að ráða í þá stöðu, endurskoðun laganna stæði enn og það væri fyllilega hægt að láta Birgi Ísleif Gunnarsson gegna störfum seðlabankastjóra án þess að nokkur annar væri þar við hlið á meðan endurskoðunin færi fram og meðan menn væru að koma sér saman um það hvaða skipan ætti að vera á stjórnkerfi Seðlabankans. Enn á ný höfnuðu fulltrúar Alþfl. og Sjálfstfl. þessum sjónarmiðum. Þegar það blasti svo við í síðasta mánuði að Tómas Árnason mundi hætta um áramót, þá lýstu fulltrúar þessara flokka, Alþfl. og Sjálfstfl., því enn á ný yfir í bankaráðinu að þeir vildu ráða í stöðuna. Fulltrúi Alþb. í bankaráðinu lýst hins vegar þeirri skoðun sem hefur verið okkar afstaða nú í rúm tvö ár að það ætti að leggja þetta kerfi til hliðar, það ætti ekki að ganga í það með þeim hætti sem gert hefur verið, bæði þegar hv. þm. Birgir Ísl. Gunnarsson og hv. þm. og ráðherra Jón Sigurðsson voru ráðnir í bankann. Eftir að þessi hugmynd í þriðja sinn fékk daufar undirtektir, þá ákváðum við í þingflokki Alþb. að ég mundi tilkynna forustumönnum úr öðrum flokkum að það væri okkar skoðun að það ætti ekki að ráða í þessa bankastjórastöðu. Ég tilkynnti það sjónarmið okkar hv. þm. Steingrími Hermannssyni fyrir tæpum tveimur vikum og hafði síðan samband við hæstv. forsrh. og tilkynnti honum einnig að það væri okkar afstaða að það ætti ekki að ráða í þessa bankastjórastöðu og við lýstum okkur reiðubúna til þess að mynda breiða samstöðu um það.

Hæstv. forsrh. tók sér frest til þess að skoða málið, m.a. vegna fjarveru hæstv. utanrrh. sem var erlendis með forseta Íslands, og ég hafði síðan samband við forsrh. á mánudagsmorguninn í þessari viku. Hann tjáði mér að það hefði fengið góðar undirtektir að ráðstafa málinu með þessum hætti, en jafnframt væri kannski rétt að hafa það um sinn milli manna án þess að það væri tilkynnt opinberlega.

Það næsta sem gerist síðan í málinu er að hæstv. viðskrh. og stjórnarflokkarnir ákveða eða hafa kannski verið búnir að ákveða þennan mánudag að leggja fram þetta stjfrv. — og það er nú misskilningur hjá hv. þm. Páli Péturssyni að ég hafi samið frv. Ég á kannski einhvern hlut í aðdraganda þess með því að lýsa enn á ný þeirri skoðun okkar alþýðubandalagsmanna sem hefur verið okkar skoðun um langa hríð eins og ég hef vitnað til. En það er í algerri andstöðu við okkur að í þessu frv. sé reiknað með að staðan komi aftur inn 1994 og við munum flytja brtt. um að sá þáttur í frv. falli út.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að taka þátt í þeim leik hv. þm. Páls Péturssonar að leiða getum að því að núv. hæstv. viðskrh. ætli sér þessa stöðu. En ég get þó rifjað það upp að ég spurði hér alloft á síðasta þingi þáv. hæstv. viðskrh., sem kom einnig til þingsins með frv. til laga um Seðlabanka, hvort hann væri að koma til þingsins með frv. sem hann ætlaði sér svo sjálfur að starfa eftir sem fyrsti seðlabankastjóri sem starfaði eftir því frv. Hann fékkst aldrei til að svara því skýrt. Og ég tel það fullkomið brot á öllum eðlilegum reglum gagnvart þjóðþingi að þáv. hæstv. viðskrh. skuli virkilega hafa hagað sér þannig að leggja fyrir þingið í fyrra frv. um nýskipan Seðlabankans og hafandi þá þegar verið orðinn staðráðinn í því að fara sjálfur í bankann.

Ég vil líka segja það hér alveg skýrt, ég tel að aðdragandi þess að Jón Sigurðsson er valinn bankastjóri, allur sá ferill, öll framganga hans í því máli og það sem síðan hefur gerst sé auðvitað allt á þann veg að hann hefur glatað öllum möguleika á því að eiga þá tiltrú sem seðlabankastjóra er nauðsynleg. Ég var ekki alltaf sammála skoðunum dr. Jóhannesar Nordals meðan hann var seðlabankastjóri, bæði áður en ég var fjmrh. og eins meðan ég var fjmrh. og eftir. En ég bar ávallt traust til Jóhannesar Nordals að hann starfaði af heilindum. Honum var fullkomlega frjálst að hafa aðrar skoðanir en fjmrh. og ég tala nú ekki um aðrar skoðanir en ég meðan ég var þingmaður eða utan þings. En ég dró aldrei í efa heilindi hans og það var hægt að bera til hans tiltrú. Ég dreg hins vegar í efa heilindi núv. aðalbankastjóra Seðlabankans, Jóns Sigurðssonar. Og það er auðvitað þannig, hæstv. viðskrh., og best að segja þá hluti alveg skýrt, að aðdragandi þessa máls er orðinn á þann veg, þ.e. málsins um endurskoðun laganna um Seðlabankann, að þingið getur ekki tekið á því máli með eðlilegum hætti meðan það liggur fyrir að sá sem eigi að stjórna bankanum eftir þeim lögum, verði Jón Sigurðsson. Það verður ekki hægt að fá frið hér í þinginu að afgreiða nauðsynlegar lagabreytingar á Seðlabankanum með þeim hætti því það er einu sinni þannig að hvað sem líður lagatexta og hvað sem líður skoðunum, þá er frumatriði að seðlabankastjóri þjóðar njóti þess sem á ensku er kallað „credibility" og ég vil hér kalla tiltrú. Sá einstaklingur sem ekki nýtur þess, alveg sama í hvaða flokki hann hefur verið, getur ekki gegnt þessari stöðu svo að vel sé. Og ég tel að ef núverandi aðalbankastjóri Seðlabankans ætlar að eiga einhverja von til þess að öðlast þá tiltrú með nægilega víðtækum hætti, þá verði hann að vinna hana á næstu mánuðum og missirum. Og því miður er það þannig að jafnvel atburðir síðustu daga varðandi ákvarðanir hans að hafa verðbréfaþingið opið síðasta föstudag í ljósi þess sem vitað var, vekur einnig upp spurningar um beina hæfni til þess að stýra bankanum.

Virðulegi forseti. Ég vil koma á framfæri hér við 1. umr. þeim tilmælum til hæstv. viðskrh. að hann taki nú upp samvinnu við alla flokka hér á Alþingi um endurskoðun laganna um Seðlabanka Íslands. Það er auðvitað ekki við hæfi að lögin um Seðlabankann séu talin einkamál þeirra flokka sem nú eru í ríkisstjórn og eru komin á seinni hluta síns kjörtímabils. Við getum ekki komið þannig skipan á í landinu að ný ríkisstjórn telji sig knúna til þess að stokka Seðlabankann upp

strax við nýja valdatöku vegna þess hvernig fráfarandi ríkisstjórn gekk frá lögunum við bankann, vann að þeirri lagabreytingu og skipaði í bankann. Hæstv. ráðherra var í umræðu um frv., sem var á dagskránni hér áðan, að víkja að þeirri skýringu á því hvers vegna erlendir fjárfestar sæktust ekki eftir því að koma hingað til Íslands að hér ríkti óstöðugleiki í afstöðu stjórnvalda til erlendrar fjárfestingar. Staða Seðlabankans er líka þáttur í slíku mati og þar ber að líta bæði á lögin og þá menn sem valdir eru. Við alþýðubandalagsmenn höfum lýst þeirri afstöðu okkar að við teljum æskilegast að það sé einn bankastjóri en hann á ekki að vera skipaður flokkslega, hann á ekki að vera skipur vegna flokkslegra tengsla við þann ráðherra sem fyrir tilviljun situr í embætti þegar staðan losnar. Og ég er ósammála mínum ágæta vini, hv. þm. Páli Pétursyni, að nauðsynlegt sé fyrir stjórnmálaflokk að eiga bankastjóra í Seðlabankanum. Ég tel það ekki nauðsynlegt. En ég tel hins vegar nauðsynlegt að sá maður sem gegnir stöðu seðlabankastjóra hafi þá hæfni og þá persónulegu tiltrú að hann starfi á grundvelli þeirrar stefnu sem ríkjandi er í þjóðfélaginu og að því leyti starfi hann með stjórnvöldum þó hann hafi ákveðið sjálfstæði en ekki gegn þeim. Og ég teldi æskilegast að fá þannig skipan í Seðlabankanum að maður sé valinn til að stýra stofnuninni sem njóti slíks stuðnings og hafi tiltrú stjórnmálaafla og hafi manndóm og heiðarleika til að halda eðlilega á málflutningi við stjórnvöld á hverjum tíma en starfi síðan á grundvelli og í anda þeirrar stefnu sem ráðandi er af lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum. Það er sú afstaða sem við höfum. Og það er þess vegna sem ég hef sagt að ég telji að það gamla lénskerfi flokkanna að þeir séu hver og einn með sinn bankastjóra, og velji yfirleitt á síðari árum til þess fyrrv. þingmenn, sé óæskileg. Hún er vond fyrir efnahagsstjórnun í landinu, hún er vond fyrir Seðlabankann og hún er líka vond fyrir ríkisstjórnir.

Virðulegi forseti. Það væri svo sem hægt að endursegja hér ýmsar setningar úr greinargerð frv. sem eins og ég sagði í upphafi áttu allar enn frekar við sl. sumar. Og auðvitað er ráðherrann í miklum vandræðum að koma heim og saman afstöðunni í sumar við þá afstöðu sem hann hefur nú. Ég fagna hins vegar þeirri afstöðu sem birtist í þessu frv. Ég tel það vera fyrsta skrefið til að viðurkenna það að þessi gamla stjórnskipun í Seðlabankanum eigi að tilheyra liðinni tíð. En þá má núv. hæstv. ríkisstjórn ekki halda þannig á framhaldinu að hún geri það að flokkspólitísku einkamáli hvernig löggjöfin um Seðlabankann og mönnunin í bankanum verður á næstu árum. Og prófsteinn hæstv. ráðherra verður þess vegna sá, hvort hann er reiðubúinn að skipa fulltrúa allra flokka til þess að koma að þessari endurskoðun á seðlabankalögunum og vinna að því í sátt og samlyndi þannig að það skapist um það breið samstaða eða hvort þeir flokkslegu hagsmunir sem sátu í fyrirrúmi þegar Birgir Ísleifur Gunnarsson var ráðinn bankastjóri og þeir flokkslegu hagsmunir sem sátu í fyrirrúmi þegar Jón Sigurðsson var ráðinn bankastjóri eiga áfram að ráða för í þessu máli.

[14:23]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef alveg fyllstu samúð með því þó að hv. 8. þm. Reykn. Ólafur Ragnar Grímsson sé pínulítið sár og leggist hálft í hvoru gegn þessu afkvæmi sínu. Þó að ég viðurkenni það og sé ljúft að viðurkenna að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er bæði vitur maður og góðgjarn og drengskaparmaður þar á ofan, þá hitti hann fyrir annan sem var honum snjallari, þ.e. hæstv. viðskrh. sem er náttúrlega bæði vitur og góðgjarn og drengskaparmaður, en þar að auki ákaflega hygginn eins og dr. Hastings Banda. Og hæstv. viðskrh. sneri á hv. 8. þm. Reykn. þannig að hv. 8. þm. Reykn. situr eftir með sárt ennið. Ég veit ekki hvort hann, innan um allar þessar kvennalistakonur, hefur verið misnotaður er óhætt að segja, hefur verið misnotaður pólitískt af hæstv. viðskrh.

Ég er ekki sammála því sem hv. 8. þm. Reykn. var að dylgja með í ræðustólnum að draga í efa hæfni Jóns Sigurðssonar seðlabankastjóra. Mér þykir það ákaflega ósennilegt að hann hafi af einhverjum asnaskap haft verðbréfaþingið opið á föstudaginn var eða gleymt að loka því. Hvað veit Ólafur Ragnar Grímsson, hv. 8. þm. Reykn., um það hverjir högnuðust á verðbréfaviðskiptum þann dag?

[14:25]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fer nú að halda ef dæma á af blæbrigðum míns ágæta vinar, hv. þm. Páls Péturssonar, að ef einhverjir eru með sárt enni í þessu máli, þá sé þeirra nú frekar að leita í Framsfl. en í mínum flokki. Þetta mál snýst ekkert um það. Þetta mál snýst um það að við höfum ýmsir úr Alþb. verið að reyna hér í nokkur ár að reyna að koma einhverju viti í stjórnskipun Seðlabankans. Við höfum verið að reyna það hér í ræðustól á Alþingi, með tillöguflutningi í bankaráði Seðlabankans að fá menn til að hverfa frá þessum gamla hugsunarhætti sem mér fannst því miður allt of mikið einkenna sumt í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar. Og ég tel að sú ákvörðun sem ríkisstjórnin hefur nú tekið sé skref í þessa átt. Það er að vísu gallað skref eins og hér hefur verið bent á að gefa til kynna að það eigi að taka upp gamla kerfið að nýju í árslok 1994. Það er hins vegar mesti misskilningur hjá hv. þm. að ég telji að hæstv. viðskrh. hafi skákað mér eitthvað í þessu máli. Málið er ekkert þannig vaxið. Málið er vaxið einfaldlega á þann veg að viljum við flytja Seðlabanka Íslands inn í nútímann eða ekki eða á að halda áfram að manna þessa mikilvægustu peningastofnun landsins með uppgjafa alþingismönnum? Á kerfið að vera þannig áfram hvort sem þeir heita Geir Hallgrímsson, Birgir Ísleifur Gunnarsson eða Jón Sigurðsson? Eða Tómas Árnason? Eða þeim sem ráðherrar hafa velþóknun á eins og Guðmundur Hjartarson svo að ég taki einnig dæmi úr mínum eigin flokki? Á þetta að halda svona áfram langt fram á næstu öld? Við segjum nei. Við viljum ekki að þetta gamla kerfi haldi áfram.

[14:27]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit ekki hvað hv. þm. er að fara. Með fullri virðingu fyrir Jóni Sigurðssyni sem ég ber mikið traust til, þá held ég að það verði ekki komið neinu sérstöku viti í Seðlabankann með því að gera hann þar að einræðisherra eins og hv. þm. vill gera og hefur lagt sitt af mörkum til að gera. Það að manna seðlabankastjórnina með uppgjafaalþingismönnum, það orðalag hv. ræðumanns finnst mér ekki smekklegt. Ég tel að Geir heitinn Hallgrímsson hafi verið ákaflega hæfur til þess að taka að sér starf seðlabankastjóra. Ég tel að Tómas Árnason hafi líka verið ágætlega hæfur til að gera það. Ég tel að Birgir Ísl. Gunnarsson hafi verið ágætlega hæfur til þess að gegna þessu starfi og ég tel að Jón Sigurðsson sé alveg prýðilega hæfur til að vera einn af þremur bankastjórum Seðlabankans.

[14:29]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vita auðvitað allir hér í þessum sal að sá sem aðallega hefur stjórnað Seðlabankanum í 30 ár var dr. Jóhannes Nordal. Það voru ekki þeir einstaklingar sem hér voru nefndir áðan þó að þeir hafi borið titilinn seðlabankastjóri. Og eins og ég lýsti hér áðan, þá hafði Jóhannes Nordal þá pesónueiginleika og hæfileika að það var hægt að bera til hans tiltrú þó að menn væru ekki alveg sammála skoðunum hans.

Nú hefur það hins vegar gerst í fyrsta sinn að pólitíkus er gerður að aðalbankastjóra Seðlabankans. Það hefur aldrei verið áður í stjórnskipan landsins að maður gangi beint úr umdeildum ráðherrastól í að verða aðalbankastjóri Seðlabankans. Það eru viss tímamót og það eru tímamót aftur á bak. Það er afturför sem við viljum koma í veg fyrir. Og hv. þm. Páll Pétursson má mín vegna alveg flytja hér eins margar traustsyfirlýsingar og hann vill gagnvart Jóni Sigurðssyni. Það er hans mál. Ég flyt hér hins vegar málefnalega og skýra gagnrýni á þessa skipan og rök fyrir því hvers vegna hann geti ekki um langa hríð haft þá tiltrú sem nauðsynlegt er að aðalbankastjóri Seðlabankans hafi.

Varðandi þetta tilvik að á föstudaginn í síðustu viku þegar verðbréfaþingið var haft opið þá er það auðvitað mjög merkilegt og hlýtur að koma til umræðu í þinginu síðar vegna þess að bankastjórinn Jón Sigurðsson staðfesti með viðveru sinni á blaðamannafundi ríkisstjórnarinnar að hann hefði vitað af áformum ríkisstjórnarinnar þá þegar um morguninn. Og það er alveg ljóst hverjir svo sem græddu að þeir menn sem báru ábyrgð á því að verðbréfaþingið var opið, þeir bera ábyrgð á tugmilljónatapi ríkissjóðs á þeim verknaði.

[14:31]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við höfum nú fengið upplýst að hv. 8. þm. Reykn. hefur ekki samið þetta frv. enda tel ég að þeim sé varla ofverkið að semja þetta litla frv. þarna í ríkisstjórninni þannig að mér þótti það raunar engu máli skipta til eða frá hvort þeir hefðu fengið aðstoð við það en tel reyndar að það væri ekki svo flókið að þeim hefði verið það ofverkið. En það sem hins vegar kemur mér sérstaklega á óvart er að þetta skyldi ekki hafa verið gert fyrr ef þetta var leið ríkisstjórnarinnar að skipa ekki þrjá bankastjóra eins og ráð er fyrir gert í lögum, þá var ekkert því til fyrirstöðu að fresta ráðningu bankastjóra í sumar sem leið. Ég las með athygli þessa stuttu greinargerð sem hér fylgir og það eru ein af rökunum að það náist fram sparnaður í rekstri bankans. Ég veit ekki hvort það eru umræður um lúxuslifnað bankastjóranna sem hafi komið ríkisstjórninni til að hugsa málið en ég trúi nú ekki öðru en þeir hafi haft einhvern grun um það áður en sú mikla umræða varð sem var fyrir nokkrum vikum í fjölmiðlum á hvaða kjörum bankastjórarnir væru þannig að það kom mér nokkuð á óvart að þeir væru að láta sér detta í hug allt í einu núna að fara að spara. Ég er síst á móti því að ná fram sparnaði í bankanum en ég er ekki viss um að það sé aðalröksemdin sem þarna er að baki.

Ég vil taka undir þær spurningar sem hér hafa komið fram. Hvers vegna var þetta ekki gert í sumar þegar það lá beint við og nú hefur verið upplýst að tillaga kom um í bankaráð Seðlabankans? Var ríkisstjórninni virkilega ekki kunnugt um þær tillögur sem þar komu fram? Það þætti mér fróðlegt að vita því að það er mjög sérkennilegt ef það hefur aldrei borist út fyrir bankaráðið að þessi tillaga hafi verið uppi á borðinu.

Almennt um það hvort bankastjórar eigi að vera þrír eða einn ætla ég ekki að fara langt út í hér, en ég vil þó segja þetta: Ég man ekki fyrir hve mörgum árum það var að nefnd var að störfum sem var að endurskoða lög um Seðlabankann og ég man ekki betur en þar hafi verið fulltrúar allra stjórnmálaflokka og þar var fulltrúi Kvennalistans Guðrún Halldórsdóttir. Hennar tillaga var nú sú að seðlabankastjórarnir yrðu þrír eins og þeir eru núna. Ég er ekki þar með að segja að það sé endanleg niðurstaða okkar kvennalistakvenna, þingflokksins. Við höfum ekki rætt þetta sérstaklega núna, enda ekkert frv. komið fram um þetta efni, en það er boðað hér og ætla ég ekki að fara að ræða sérstaklega frv. sem er ekki enn þá komið fram.

Ég vil einnig gera athugasemd við það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. var að tala hérna um. Hann var að tala um Framsfl. og að eiga e.t.v. bankastjóra eða e.t.v. ekki. Hann taldi að vísu að Framsfl. ætti ekki neinn bankastjóra, en að væri mjög skynsamlegt að framsóknarmaður sé bankastjóri ef ég man rétt orðalag hans. Ég skal ekki út af fyrir sig segja neitt um það hvort það sé skynsamlegt eður ei. Auðvitað eiga menn hvorki að gjalda né njóta pólitískra skoðana hvort sem um er að ræða seðlabankastjóra eða eitthvað annað, en ég vil benda á að það ríkir mikið karlveldi bæði í bankastjóra... (**JGS:** Það eru konur í Framsfl.) Það eru jafnvel konur í Framsfl., er kallað hér fram í. Jæja, það er gott að vita það. Ég þekki að vísu nokkrar en þingmaðurinn telur rétt að taka það fram að það séu konur þar og ég vissi það nú reyndar fyrir. En í bankastjórastöðum, í toppstöðunum, þar er engin kona, hvorki í Seðlabankanum né annars staðar og þar hef-

ur ríkt ákveðið skipulag milli stjórnmálaflokkanna, einhverra þeirra, alla vega þriggja, þ.e. Framsfl., Alþfl. og Sjálfstfl. ef maður skilur þetta kerfi rétt í sambandi við Seðlabankann. Það þykir mér auðvitað alveg út í bláinn. Mér finnst ekki koma til greina að það séu einhverjir ákveðnir flokkar sem þarna eigi bara einhver sæti. Hvers vegna í ósköpunum? Auðvitað á þetta að vera faglega skipað og ef það ættu að vera einhverjir flokkar, þá ættu það a.m.k. alls ekki að vera þessir flokkar endilega. Ef þetta ætti að vera pólitískt skipað, þá ætti auðvitað að reka alla seðlabankastjóra og skipta alltaf um í hvert skipti sem ríkisstjórn færi ef þetta ætti að vera nákvæm endurspeglun á því hvernig ríkisstjórn væri skipuð. Þess vegna er það fyrirkomulag sem þarna hefur ríkt algerlega út í bláinn og á auðvitað ekki að eiga sér stað. En það gildir ekki bara um Seðlabankann. Það gildir um aðra banka líka. Þetta er nákvæmlega sama kerfið sem er alls staðar og það á bara að henda því og taka upp annað þannig að það séu fagleg sjórnarmið sem þarna ráði ferðinni.

Ég verð að taka undir það einnig sem hér kom fram áðan af hálfu hv. 8. þm. Reykn. að Jón Sigurðsson hefur því miður ekki þá tiltrú sem seðlabankastjóri sem hann þyrfti að hafa vegna þess að hann var hér sem viðskrh. áður, umdeildur í þeirri stöðu, og ég sé ekki að hann njóti þeirrar virðingar og hafi þá tiltrú sem hann þarf á að halda. Þetta segi ég nú bara sem mína skoðun vegna þess að ég er sammála því sem kom fram hjá hv. 8. þm. Reykn. Því miður er það svo þannig að mér þykir mjög leitt hvernig að þessum málum hefur verið staðið hingað til. En ég er ekki þar með að segja að ég telji ekki að það sé mjög skynsamlegt að fresta því um einhvern tíma að ráða í þetta þangað til búið er að skoða þessi lög, en mér þykir hins vegar jafnslæmt að ekki skuli koma að því nema tveir stjórnmálaflokkar ef það á að nást um þetta samstaða hér á Alþingi sem ég tel vera mjög mikilvægt.

Ég hlustaði hér á spádóma hv. 1. þm. Norðurl. v. um miklar fléttur varðandi þetta mál. Ég veit ekki hvort ég á nokkuð að vera að taka þátt í því. Mér þótti það nú vera ansi langsótt ýmislegt og eitt af því sem hann kom með var að hæstv. núv. viðskrh. hugsaði sér að setjast í þennan stól. Ég á ákaflega erfitt með að trúa því að tveir kóngar geti verið í Seðlabankanum. Það getur verið ákaflega erfitt þannig að ég trúi því beint á þá kenningu sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. en hann getur skemmt sér við það að reyna að finna út hvort þarna er leikflétta á ferðinni. Ég skal ekkert um það segja.

En almennt vil ég segja að ég tel að það geti alveg komið til greina að fresta þessu ef það er ljóst að þessi lög um Seðlabankann komi hér inn á borð en það er hins vegar engin vissa fyrir því að það fyrirkomulag sem ríkisstjórnin kemur með hingað til okkar verði samþykkt og þess vegna vitum við ekki hvernig þetta muni líta út núna á næstunni.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta frv. en legg höfuðáherslu á það að í allri endurskoðun um þetta verði kastað burtu þessu kerfi sem ríkt hefur varðandi skipan í bankastjórastöður og reyndar ekki bara um Seðlabankann heldur um aðra banka einnig.

[14:40]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þessi umræða hefur nú farið nokkuð um víðan völl, m.a. beinst mikið að núv. seðlabankastjóra og fyrrv. viðskrh. Nú er það svo að það kom nánast ekki fyrir að ég væri sammála þeim ágæta manni varðandi stjórnun peningamála. En mér finnst kannski of langt gengið þegar menn segja hér úr ræðustól að hann njóti ekki virðingar. Ég virði manninn fyrir hans skoðanir og það sem hann stendur fyrir þó að ég sé ekki sammála því þannig að mér finnst nú reyndar að hér hafi menn farið offari í ummælum um fjarstadda menn.

Ég ætla að koma aðeins að þessu máli á svolítið svipaðan hátt og gert hefur verið hér áður og kannski frá öðrum vinklum líka. Ég byrja á því að ítreka þá spurningu til hæstv. ráðherra: Hvers vegna var þetta frv. ekki lagt fram á vordögum þegar lá ljóst fyrir að það stóð fyrir dyrum að tveir bankastjórar létu af störfum á þessu ári? Það hefði verið það rökrétta í málinu. Ég held reyndar ekki að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi samið þetta frv. alveg en mér sýnist orðið á öllu að hann hafi leikið illilega á hæstv. viðskrh. og viðskrh. hafi ekki alveg séð fyrir hvað hann var að gera þegar hann lagði þetta frv. fram.

Í öðru lagi vil ég benda á það að ég tel algerlega óþarft að leggja þetta frv. fram þó svo ráðning seðlabankastjóra hafi frestast. Það hefur gerst oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í sögu Seðlabankans að ráðning bankastjóra hafi dregist allt upp í 1½ ár. Og ef menn hafa nú ekki farið frjálslegar með lög en þetta í sínum stjórnargerðum, ráðherrar í ríkisstjórn Íslands, þá mega þeir nú vera engilhreinir. Ég get hins vegar tekið undir að það hefði verið eðlilegt eðli máls samkvæmt og það hefði jafnt átt við um báðar stöðuveitingarnar sem stóðu fyrir dyrum í vor að þeim yrði frestað meðan unnið væri að nýrri löggjöf. Til þess þurfti enga lagabreytingu eins og hér er verið að leggja til. Ég kem að því síðar.

Varðandi þau ummæli hv. 8. þm. Reykn., Ólafs Ragnars Grímssonar, að það væri mjög mikilvægt að um þetta mál, skipan Seðlabanka, gæti náðst eins og hann sagði breið pólitísk samstaða hér á Alþingi, ég man nú ekki hvort hv. þm. sagði að sá sögulegi atburður gerðist, en hann gerir það nú iðulega í sínu máli og þó að hann hafi ekki tekið það fram um þetta, þá er ég sammála því að það væri mjög æskilegt. Mér sýnist hins vegar að framganga þeirra sem hafa gengið fra fyrir skjöldu í þessu máli, bæði hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar og hæstv. viðskrh. sé nú alls ekki gerð til þess að ná um málið breiðri pólitískri samtöðu, e.t.v. þvert á móti.

Ég vil upplýsa hér og þá sérstaklega fyrir hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson að á einum fyrsta fundi efh.- og viðskn. eftir að hún kom saman nú í haust var farið yfir þau verkefni sem væru fram undan. Þar ræddi formaður nefndarinnar m.a. um það að við mundum væntanlega fá frv. um Seðlabankann aftur til umfjöllunar í

vetur. Það er boðað í þeim lista sem ríkisstjórnin hefur lagt fram um mál. Formaður nefndarinnar lagði á það ríka áherslu að nefndin tæki sér nægan tíma í að vinna málið einmitt út frá þeim forsendum sem hv. þm. nefndi sjálfur hér áðan að það væri mjög mikilvægt að um svo mikilvægt mál eins og skipun Seðlabanka Íslands væri hægt að ná samstöðu á Alþingi. Þarna tel ég reyndar að þingið hafi verið búið að marka að nokkru leyti hvernig það mundi taka á þessu í vetur.

Nú er það staðreynd að það er ekki mjög mikið samband á milli formanns og varaformanns Alþb. og nú er það svo að það er varaformaðurinn sem situr í efh.- og viðskn. Við þessa málsmeðferð var engum mótmælum hreyft í nefndinni en e.t.v. hafa skilaboðin ekki komist til formannsins og þess vegna hafi hann af vankunnáttu eða þekkingarleysi hafið þessa leikfléttu sem hann hóf og endaði með því að hann plataði hæstv. viðskrh. til þess að leggja fram þetta frv. Það má vel vera að þannig hafi málin æxlast í þessu tilfelli. Ég tek undir að það hefur verið sorglegt að horfa upp á það hvernig Alþfl. hefur beitt pólitískum stöðuveitingum á undanförnum mánuðum fram yfir allt sem nokkur glóra getur talist í. Ég vil þó segja það hér varðandi eðli Seðlabankans sem stofnunar að Seðlabanki hlýtur alltaf að vera stofnun í eigu ríkisins og lúta pólitískri stjórn og þar af leiðandi hljóta allar ráðningar þar, skipan bankaráðs og allar ráðningar í raun að vera pólitískar. Það leiðir af eðli máls. Og það leiðir einnig af því að það hlýtur að vera markmið allra stjórnmálhreyfinga að eiga ítök í Seðlabanka.

Nú vil ég taka skýrt fram að það þarf ekkert endilega að vera þannig að hann eigi einn af einhverjum bankastjórum sem þar er, menn mega ekki skilja orð mín sem slík. En það ræðst síðan af þeim leiðum og þeim markmiðum sem menn setja Seðlabanka hvernig menn nálgast þetta mál og þess vegna tel ég að það hefði átt að bíða með allar aðgerðir í þessu þangað til Alþingi væri búið að fjalla um ný seðlabankalög.

Það eru uppi aðallega tvö sjónarmið: Annað það að bankinn eigi í einu og öllu að framfylgja pólitískri stefnu þeirrar ríkisstjórnar sem er á hverjum tíma. Þetta sjónarmið hefur komið hér fram í þinginu og ef sú stefna verður ofan á, þá finnst mér í sjálfu sér skynsamlegast að það verði einn seðlabankastjóri og hann komi og fari með ríkisstjórnum ef þetta á að vera sú stefna sem bankinn á að vinna eftir. Hin stefnan sem rætt er um er sú að menn efli sjálfstæði Seðlabankans og hann vinni í raun sem sjálfstætt afl í þjóðfélaginu að mótun peningastefnu, en vissulega eins og ég sagði áðan er hann pólitísk stofnun og stjórn hans skipuð af Alþingi á hverjum tíma. Ef þessi leið er farin, þá eru enn uppi tveir möguleikar og það sáum við þegar við unnum í þessu máli í fyrravetur í nefndinni. Annar er sá að það verði til þess að gera fámennt bankaráð sem móti stefnuna en síðan verði fjölskipuð bankastjórn með þrem bankastjórum. Það var sú leið sem nefndin sem samdi frv. komst að að væri sú rétta. Ekki ætla ég að segja neitt um það hvort hún sé endilega sú rétta, en það var sú leið sem nefndin lagði til, Alþb. reyndar lagði til annað.

Hin leiðin er þá sú að bankaráðið sé fjölmennara og það sé sett saman þannig að það endurspegli hina ýmsu þætti í viðskipta- og efnahagslífi þjóðarinnar. Og það er sú leið sem margar þjóðir hafa farið af þeim þjóðum þar sem við kynntum okkur hvernig væri skipun Seðlabanka þegar við vorum að vinna að þessu frv. á síðasta vetri. Hjá ýmsum löndum eru uppi ákvæði um það að í bankaráði eigi að vera aðilar sem komi úr vissum þáttum viðskiptalífsins og hafi breiða yfirsýn, efnahagslega og pólitíska, yfir peningakerfið og efnahagskerfið á hverjum tíma. Sé þessi leið valin þá kemur að mínu mati fyllilega til greina að bankastjórinn verði einn. Nánast þá framkvæmdastjóri bankaráðsins. En þetta eru allt saman óræðd og óuppgerð mál á Alþingi Íslendinga. Ég held að það væri öllum fyrir bestu að við gengjum í það verk og það benti ekkert til annars en að það væri hægt að gera og það lá fyrir, þótt það hafi ekki komið hér fram í ræðustóli í þinginu fyrr, vilji efh.- og viðskn. Alþingis til að ganga í málið. Það tel ég reyndar að sé hinn rétti vettvangur miðað við að hér er um að ræða mál sem var mælt fyrir í fyrra. Það fór í vinnslu í nefndinni og nefndin hélt um það nokkra fundi, kallaði menn til viðtala og fékk heilmikið af gögnum til þess að lesa. Mér hefði því fundist það hinn eðlilegi framgangsmáti málsins að það hefði verið lagt hér fram aftur, farið til nefndar og síðan lá ekkert á og það var ekkert sem rak á eftir og þurfti enga lagabreytingu til þess að það væri hægt að bíða með að skipa þriðja bankastjóra þangað til að þeirri umfjöllun væri lokið. Þannig að samandregið þá er það mín niðurstaða að það sjónarspil, sem hefur verið sett upp í kringum þetta mál núna, sé sett fram af einhverjum öðrum hvötum en þeim að stuðla að því að það gerist sá sögulegi atburður að það náist breið pólitísk samstaða um skipan Seðlabanka á Íslandi.

[14:53]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna þess að ég veit að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson vill hafa það sem sannara reynist þá ætla ég að ítreka það sem ég hef áður lýst hér og til að fyrirbyggja að hv. þm. blandi saman með hvaða hætti ég vann að þessu máli og það sem gerðist svo á vettvangi ríkisstjórnarinnar. Eins og ég hef lýst hér hefur það verið afstaða Alþb. frá því í janúar 1991 að það ætti ekki að ráða í þessar lausu stöður í Seðlabankanum meðan endurskoðun laganna um hann færi fram. Ég þarf ekki að ítreka það frekar, ég lýsti þeim bókunum og þeim tillöguflutningi hér fyrr. Þegar það kom hins vegar upp fyrir u.þ.b. hálfum mánuði síðan í bankaráði Seðlabankans að bankaráðið ætlaði að fara að auglýsa þessa stöðu líka, þá hafði bankaráðsmaður Alþb., Geir Gunnarsson, samband við mig um það að kanna möguleika á því að það yrði látið bíða þar til endurskoðun á lögunum væri lokið. Það mál var síðan rætt í þingflokki Alþb. og algjör samstaða um að beita sér á ný fyrir því. Sá maður sem ég ræddi það fyrstan við var formaður Framsfl., hv. þm. Steingrímur Hermannson. Síðan kynnti ég þá hugmynd fyrir hæstv. forsrh. og það sjónarmið jafnframt að það væri vilji okkar að það næðist breið samstaða

um málið. Hæstv. forsrh. tók sér frest, tilkynnti mér síðan sl. mánudag að þeir væru jákvæðir í málinu en bað um það að ég ræddi það ekki við neinn næstu daga nema bankaráðsmann Alþb., Geir Gunnarsson, og ég varð að sjálfsögðu við þeirri ósk vegna þess að að mínu viti var mikilvægast að sem breiðust samstaða skapaðist um málið. Það var auðvitað fyrst að vita hvort ríkisstjórnarflokkarnir væru tilbúnir í það og ef svo væri að ræða þá frekar við aðra í stjórnarandstöðunni. En síðar varð ekkert úr því vegna þess að ríkisstjórnin kaus að flytja frv. sjálf án þess að ræða málið nánar við aðra flokka í þinginu. Og það hef ég sagt og hef sagt og get sagt enn að ég tel að hafi verið óheppileg vinnubrögð.

[14:55]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að rekja frekar hvernig ég sé þessa atburðarás fyrir mér, það sér hana sem sagt hver með sínum augum. Ég á hins vegar svolítið erfitt með að gera nokkrar athugasemdir við tilvitnanir hv. þm. í einkasamtöl hans við ýmsa aðila sem tengjast málinu. Ég hef enga möguleika á því en ég verð hins vegar að segja það að ég man ekki eftir því að hafa heyrt áður hér úr ræðustól í Alþingi vitnað eins frjálslega í einkasamtöl út og suður og hér hefur verið gert hér í dag í þessu máli. Það eitt út af fyrir sig held ég að hljóti að vera mjög mikið umhugsunarefni fyrir þann trúnað sem hlýtur að verða að ríkja á milli þeirra sem eru að vinna í stjórnmálum á hverjum tíma að menn geti átt von á því að það sé farið með einkasamtöl um slík mál í ræðustól á Alþingi.

[14:56]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er nú ekki alveg ljóst hvað hv. þm. á við með einkasamtölum. Ég tel það ekki vera einkasamtöl þegar ég sem formaður Alþb. er að kynna formanni Framsfl. og forsrh. ákveðnar tillögur okkar, það eru ekki einkasamtöl í þeim skilningi sem ég legg í það orð heldur er það ákveðið ferli í ákvarðanatöku og samskiptum formlegra stofnana sem eru flokkarnir hér á Alþingi og var um formlega ákvörðun að ræða. Ég á ekki von á að neinn þeirra geri neina athugasemd við það þó ég greini þannig frá því. Ég hef reynt að virða það sem er einkasamtöl manna, að frá þeim sé ekki greint. En ég tel að það sem ég hef hér frá sagt sé ekki af því tagi. Það var um formlegan tillöguflutning og ósk af hálfu míns þingflokks að ræða.

[14:57]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara í neinar deilur við hv. þm. um þetta atriði en þó hefur einhvern veginn myndast sú skoðun í mínum huga og ég reynt að vinna eftir henni að það sem maður fari með í ræðustól á Alþingi Íslendinga séu hlutir sem hafi komið fram í hinni opinberu umræðu annars staðar, inni í nefndum eða á fundum og menn haldi sig innan þeirra marka.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsa opinbera aðila.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og tilkynnt var í upphafi þessa fundar fer nú fram umræða utan dagskrár. Umræðan er að beiðni hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, um skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálaleg samskipti framkvæmdastjóra sjónvarpsins við ýmsa opinbera aðila.

Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapalaga. Samkomulag hefur hins vegar tekist um það milli þingflokka að umræðan standi ekki lengur en tvær klukkustundir, sbr. 2. mgr. 72. gr. þingskapa, og að málshefjandi og ráðherra hafa allt að 15 mín. í fyrra sinn en 7 mín. í síðara og aðrir þingmenn og ráðherrar 7 mín. í hvort sinn.

[14:59]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Samkvæmt viðtekinni skilgreiningu á þrískiptingu ríkisvaldsins er það eitt af hlutverkum Alþingis að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu og veita því aðhald. Alþingi fer með löggjafar- og fjárveitingavaldið svo sem kunnugt er en til að fylgjast grannt með framkvæmd fjárlaga og meðferð opinbers fjár hefur Alþingi Ríkisendurskoðun undir sinni stjórn. Ríkisendurskoðun sendir frá sér reglulega skýrslur um framkvæmd fjárlaga auk þess sem hún gerir úttektir á stofnunum og sjóðum hins opinbera samkvæmt beiðni. Allur gangur er á því hvernig farið er með skýrslur Ríkisendurskoðunar. Sumar eru yfirfarnar af fjárlaganefnd en aðrar fara því miður ofan í skúffur og sjást ekki meir þannig að oft má spyrja hvort Alþingi sinni því hlutverki sínu að veita viðkomandi ríkisstjórn nauðsynlegt aðhald, ekki aðeins hvað varðar meðferð opinberra fjármuna heldur einnig það sem varðar almenna stjórnsýslu í landinu. Að mínum dómi þarf Alþingi að finna farveg fyrir skýrslur Ríkisendurskoðunar þannig að þær ábendingar sem þar koma fram týnist ekki í skúffum þingmanna.

Síðastliðið vor kom upp mikið deilumál hér í þinginu vegna ráðningar framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins til eins árs og þótti mörgum þingmönnum þar afar einkennilega að verki staðið svo ekki sé meira sagt. Dagskrárstjóri innlendrar dagskrárgerðar mætti til vinnu eftir fjögurra ára leyfi frá störfum, í mars sl., en undir lok þess mánaðar var honum sagt upp störfum við Ríkisútvarpið af ýmsum ástæðum. En þá gerði hæstv. menntmrh. sér lítið fyrir og setti manninn sem framkvæmdastjóra sjónvarps til eins árs.

Í umræðum hér á Alþingi komu upp margar spurningar um gerðir hæstv. menntmrh. og tengsl setts framkvæmdastjóra sjónvarps við ýmsar opinberar stofnanir og sjóði. Niðurstaða þeirrar umræðu varð sú að Ríkisendurskoðun var beðin um úttekt á fjármálalegum samskiptum Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsa opinbera aðila en það var miklu þrengri úttekt á málinu en stjórnarandstaðan vildi fá.

Í júlí sl. birtist svo skýrsla Ríkisendurskoðunar og

er þar skemmst frá að segja að Ríkisendurskoðun komst að þeirri umdeilanlegu niðurstöðu að settur framkvæmdastjóri hefði hvorki brotið af sér í starfi né hyglað sjálfum sér fjárhagslega, svo og var niðurstaðan sú að lög hefðu ekki verið brotin. Hins vegar komu fram í skýrslunni ótal athugasemdir og ábendingar sem beinast að framkvæmdarvaldinu og hæstv. menntmrh., svo alvarlegar ábendingar að það er óhjákvæmilegt að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar hér á hinu háa Alþingi ekki síst eftir að því var hafnað í menntmn. að ræða við fulltrúa þeirra stofnana og sjóða sem við sögu koma þannig að ljóst mætti verða hvað gerst hefði í kjölfar skýrslunnar. Það er skylda Alþingis að kanna hvernig athugasemdum Ríkisendurskoðunar hefur verið fylgt eftir og að krefja hæstv. menntmrh. svara við spurningum um þau vinnubrögð sem tíðkast í ráðuneyti hans.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsa opinbera aðila er farið í gegnum samskipti hans við eftirfarandi aðila: Ríkisútvarpið, Menningarsjóð útvarpsstöðva, Norræna sjónvarpssjóðinn, Kvikmyndasjóð, Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn, Evrópska kvikmyndasjóðinn, menntmrn., Námsgagnastofnun, Lánasjóð Vestur-Norðurlanda og Launasjóð rithöfunda. Þess ber að geta að settur framkvæmdastjóri var í sérlegum tengslum við tvær af þessum stofnunum, þ.e. hann var í vinnu hjá Ríkisútvarpinu í mörg ár og kom þar aftur til starfa í mars sl., eins og ég hef áður minnst á, og einnig var hann um árabil í stjórn Kvikmyndasjóðs. Hann hlaut hærri styrki úr þeim sjóði á því tímabili en nokkur annar. Aðrar þær stofnanir og sjóðir sem mest koma við sögu í skýrslunni og skipta máli í þessari umræðu eru: Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn og menntmrn.

Ég mun nú víkja að einstökum atriðum í þeirri röð sem þeirra er getið í skýrslunni og leggja spurningar fyrir hæstv. menntmrh. Víkur þá sögunni fyrst að kaupum ríkissjónvarpsins á kvikmyndum. Í skýrslunni er að finna langan lista yfir kvikmyndir sem ríkissjónvarpið hefur keypt og þar á meðan eru fimm kvikmyndir Hrafns Gunnlaugssonar. Án þess að ég leggi okkurn dóm á myndir hans þá vaknaði sú spurning í mínum huga hvort það sé hlutverk sjónvarpsins að kaupa nánast allar kvikmyndir sem framleiddar eru hér á landi. Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. menntmrh.:

1. Hvaða reglur gilda um kaup á íslenskum kvikmyndum hjá ríkissjónvarpinu? Líta stjórnendur Ríkisútvarpsins svo á að þeim beri skylda til að kaupa allar íslenskar kvikmyndir óháð efni og gæðum?

2. Er það við hæfi að mati menntmrh. að ríkissjónvarpið kaupi sýningarrétt að ófullgerðri kvikmynd sem dagskrárstjóri þess, reyndar í leyfi, framleiðir? En eins og menn minnast þá festi sjónvarpið kaup á myndinni Hin helgu vé áður en hún var komin á lokastig.

3. Eru kaup sjónvarpsins á Hinum helgu véum æskilegt fordæmi að mati ráðherra? Þarf ekki að setja reglur um slík kaup hjá ríkissjónvarpinu?

Í skýrslunni koma fram ýmsar athugasemdir varðandi starfsemi Ríkisútvarpsins og m.a. er sjónum beint að því hvaða reglur gildi um leyfi starfsmanna og ekki síst er spurt um viðskipti sjónvarpsins við starfsmenn sína. Í því sambandi vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvaða reglur gilda um launalaus leyfi hjá Ríkisútvarpinu? Eru þær í samræmi við það sem gildir hjá öðrum opinberum stofnunum? Hafa verð settar reglur um viðskipti Ríkisútvarpsins við starfsmenn sína í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar frá í júlí 1993? En fyrir utan það að kaupa myndir af þessum starfsmanni sjónvarpsins þá voru einnig keyptar af honum vélar og tæki sem Ríkisendurskoðun sér reyndar ekkert athugavert við.

Í skýrslunni er vikið að Menningarsjóði útvarpsstöðva en í stjórn þess sjóðs sat settur framkvæmdastjóri sjónvarps en hann er reyndar hættur þar og Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við að það skorti á reglur um starfsemi þessa sjóðs. Því vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hafa verið settar nánari reglur um úthlutun styrkja úr Menningarsjóði útvarpsstöðva? Telur ráðherra þörf á skýrari reglum um sjóðinn? Þar með talið hverjir sitji í stjórn hans? Þetta síðasta tengist því að Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að það hafi verið gagnrýnt að starfsmaður sjónvarpsins var settur af menntmrh. í stjórn þessa sjóðs og að þar hafi augljóslega verið um hagsmunaárekstra að ræða. En hann er sem sagt hættur í stjórn sjóðsins og þegar skýrslan kom út hafði ekki verið skipað í hans stað í stjórn sjóðsins. Því vil ég spyrja hæstv. menntmr.: Er búið að skipa fulltrúa í stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva í stað Hrafns Gunnlaugssonar? Ef svo er: Hver er það?

Þá víkur sögunni að Kvikmyndasjóði en eins og ég nefndi áður þá sat settur framkvæmdastjóri sjónvarps í stjórn hans um árabil. Ríkisendurskoðun gerir töluverðar athugasemdir við starfsemi Kvikmyndasjóðs og þá ekki síst það að menn hafi ekki gætt reglna um hæfi, þær reglur sem þó hafa hingað til verið í gildi um hæfi þeirra sem sitja í stjórn og hagsmunaárekstra sem þar kunna að eiga sér stað. Ríkisendurskoðun bendir á skort á reglum um starfshætti, úthlutun styrkja og að þeim kröfum, sem þó hafa verið gerðar um þau gögn sem umsækjendur eigi að skila, sé ekki sinnt. Menn hafi fengið styrki til kvikmyndagerðar án þess að nauðsynleg gögn hafi fylgt eða að menn hafi gert upp dæmið eftir á. Varðandi Kvikmyndasjóð vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Eru fyrirhugaðar breytingar á starfsháttum Kvikmyndasjóðs í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar? Hafa verið settar reglur um starfsemi Kvikmyndasjóðs, svo sem um kosningu manna í úthlutunarnefnd, starfssvið þeirra og starfsskyldur, eins og Ríkisendurskoðun bendir á í sinni skýrslu?

Þá spyr ég einnig: Hvernig hyggst menntmrh. taka á hæfi manna til að sitja í nefndum og stjórnum á vegum ráðuneytis hans, samanber gagnrýni Ríkisendurskoðunar um þau efni? Telur menntmrh. við hæfi að sami maður sitji í stjórn opinbers sjóðs og sé um leið sá aðili sem hlýtur hæstu styrki úr þeim sama sjóði? Hvernig hyggst ráðherra taka á slíkum hagsmunaárekstrum í stjórnum menningarsjóða ríkisins? Við getum rétt ímyndað okkur að Kvikmyndasjóður er ekki

eini sjóðurinn þar sem slíkir hagsmunaárekstrar eiga sér stað. Í síðasta lagi varðandi Kvikmyndasjóð spyr ég: Mun menntmrh. hlutast til um að reglum Kvikmyndasjóðs verði betur fylgt eftir en hingað til hefur tíðkast, samanber gagnrýni Ríkisendurskoðunar t.d. um að styrkir hafi verið veittir án fullnægjandi gagna og án þess að fjármögnun viðkomandi kvikmyndar sé tryggð? Það kemur sem sagt fram allmikil gagnrýni á Kvikmyndasjóð og það er stór sjóður sem skiptir kvikmyndagerðarmenn miklu máli og því er nauðsynlegt að þar séu starfshættir með eðlilegum og viðunandi hætti.

Þá víkur sögunni að þeim þætti skýrslunnar sem er kannski hvað merkilegastur og undarlegastur, þ.e. því sem snýr að Norræna kvikmyndasjóðnum og þeirri fyrirgreiðslu sem settur framkvæmdastjóri naut af hálfu ráðuneytisins. En eins og menn muna átti settur framkvæmdastjóri í miklum bréfaskriftum vegna þess að umsókn hans var hafnað um styrk úr sjóðnum og ráðuneytið eða starfsmenn ráðuneytisins gengu í hans mál.

Það er ekki tími til að rekja gang málsins og vil ég benda þingmönnum á að lesa þennan merkilega og furðulega kafla skýrslunnar. En í því sambandi vil ég spyrja: Er það viðtekin regla í menntmrn. að ráðherra og starfsmenn ráðuneytisins beiti sér í þágu einstaklinga líkt og lýst er í skýrslu Ríkisendurskoðunar vegna fjárhagserfiðleika — en það voru fjárhagserfiðleikar sem voru ein meginskýringin á því hvernig menntmrn. beitti sér fyrir settan framkvæmdastjóra sjónvarps — eða umsókna um styrki svo sem úr Norræna kvikmyndasjóðnum, þar sem m.a. bréfaskriftum og fulltrúa Íslands í sjóðnum var beitt í þágu eins umsækjenda? Hefur slíkt gerst fyrr eða síðar? Eiga allir Íslendingar kost á slíkri fyrirgreiðslu og er fleiri dæmi að finna um slíka málsmeðferð í ráðuneytinu? Telur ráðherra vinnubrögð af þessu tagi eðlilega stjórnarhætti?

Þá er röðin komin að menntmrn. og þeim athugasemdum eða spurningum sem vakna út frá lestri skýrslunnar. Þar víkur sögunni fyrst að kvikmyndakaupum menntmrn., en það kemur fram í skýrslunni að þar var einnig um fyrirgreiðslu að ræða vegna fjárhagsörðugleika setts framkvæmdastjóra. Hæstv. menntmrh. keypti án heimildar kvikmyndirnar Óðal feðranna, Í skugga hrafnsins og Lilju. Það vakna auðvitað spurningar vegna þessara kaupa og hvað eigi að gera við þessar kvikmyndir vegna þess að sú regla hefur gilt að þær kvikmyndir sem keyptar hafa verið og afhentar Námsgagnastofnun hafa að sjálfsögðu verið ætlaðar til kennslu og yfirleitt verið byggðar á bókmenntaverkum þannig að það hefur verið hægt að tengja saman kennslu í bókmenntum og verkefni sem unnin eru upp úr kvikmyndum. En það er aðeins ein þessara þriggja mynda sem byggir á bókmenntaverki, þ.e. Lilja sem byggð er á smásögu eftir Halldór Laxness, en hinar tvær eru höfundarverk Hrafns Gunnlaugssonar og hans hugsýn, annars vegar úr nútímanum og hins vegar frá því um kristnitöku eða svo. Eins og ég nefndi hér í umræðu fyrr í vetur þá er þessi mynd að mínum dómi grautur upp úr Sturlungu. En það er auðvitað mitt mál hvernig ég met þessa mynd en það sem mig langar til að vita er hvernig hæstv. menntmrh. metur þessar myndir. Ég vil spyrja hann í því sambandi:

1. Hafa kvikmyndirnar Lilja, Í skugga hrafnsins og Óðal feðranna verið afhentar Námsgagnastofnun? Hefur Námsgagnastofnun tekið afstöðu til þess hvort þessar myndir henti til kennslu?

2. Hvers konar notkun á myndunum Í skugga hrafnsins og Óðal feðranna hugsaði menntmrh. sér þegar hann keypti þær fyrir Námsgagnastofnun, þar sem hvorug þeirra byggir á bókmenntaverkum eins og aðrar kvikmyndir sem keyptar hafa verið af eða fyrir Námsgagnastofnun?

3. Telur menntmrh. myndina Í skugga hrafnsins hæfa til sýninga og kennslu í skólum í ljósi þess ofbeldis og manndrápa sem í henni er að finna og með þá staðreynd í huga að myndin byggir hvorki á sögulegum heimildum, þekkingu á fyrstu öldum Íslandsbyggðar né því sem vitað er um þjóðhætti þjóðveldisaldar? — Ef ég man rétt þá var þessi mynd bönnuð börnum þegar hún var sýnd hér í kvikmyndahúsum.

4. Hafa aðrir kvikmyndagerðarmenn boðið menntmrn. myndir sínar til kaups í kjölfar kaupanna á hinum þremur áðurnefndu myndum?

5. Hefur mennmrn. keypt íslenskar kvikmyndir, aðrar en myndir Hrafns, það sem af er árinu 1993 eða stendur það til?

6. Lítur ráðherra svo á að það sé hlutverk menntmrn. að kaupa íslenskar kvikmyndir af einstökum framleiðendum án sérstakrar heimildar frá Alþingi?

Að lokum varðandi vinnubrögðin í menntmrn. vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Eru fyrirhugaðar breytingar á reglum um aðra menningarsjóði en Kvikmyndasjóð í kjölfar þeirrar gagnrýni sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar? Hefur starfs- og valdsvið embættismanna menntmrn. verið skilgreint nánar í ljósi þeirra bréfaskrifta sem þar áttu sér stað, án vitundar ráðherra, um samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við Norræna kvikmyndasjóðinn?

Þessar síðustu spurningar varða það atriði að það koma fram mjög sérkennileg vinnubrögð í ráðuneytinu sem tengjast fyrirgreiðslu við einstakling og ráðherra skuldar okkur skýringu á þessum vinnubrögðum.

[15:15]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér telst til að í ræðu hv. málshefjanda komi um eða yfir 30 spurningar til mín. Það er tiltölulega fljótlegt að lesa þær en það gefur auga leið að ég get ekki svarað þeim svo viðhlítandi sé á 15 mínútum. Ég geng því út frá því að ég fái þann tíma sem þarf til svaranna og gangi þá hreint til verks og sleppi öllu slaufuverki.

Spurningarnar hef ég áður fengið í hendur og ég svara þeim án þess að lesa þær upp að nýju nema nauðsynlegt sé samhengisins vegna.

Það var fyrst spurt hvaða reglur gildi um kaup á íslenskum kvikmyndum hjá Ríkisútvarpinu.

Engar skrifaðar reglur gilda um kaup á íslenskum kvikmyndum hjá Ríkisútvarpinu. Hins vegar hefur sjónvarpið keypt nær allar íslenskar kvikmyndir sem til voru þegar það hóf starfsemi sína og flestar sem síð-

an hafa verið framleiddar. Stjórnendur sjónvarpsins hafa ekki litið svo á að þeim beri skylda til að kaupa allar íslenskar kvikmyndir óháð efni og gæðum, en sjónvarpið hefur litið á það sem sitt hlutverk að styðja við bakið á íslenskri kvikmyndagerð eftir mætti og raunar mun hafa verið kveðið svo á í lögum á sínum tíma. Það mun oft hafa átt sér stað að ríkissjónvarpið kaupi dagskrárefni af núverandi og fyrrverandi starfsmönnum. Það þarf í sjálfu sér ekki að vera neitt óhæfilegt við það að ríkissjónvarpið kaupi sýningarrétt á ófullgerðri kvikmynd eða dagskrárefni sem starfsmenn stofnunarinnar eða dagskrárstjóri standa að á meðan þeir eru í launalausu leyfi. Við samninga við starfsmenn verður þó að gæta sérstaklega að því að ekki komi til hagsmunaárekstra enda kunna slík viðskipti að orka tvímælis ef ekki er vandað til ákvörðunartöku í einstöku tilviki.

Það að einn afkastamesti kvikmyndaleikstjóri landsins er dagskrárstjóri ríkissjónvarpsins á ekki að útiloka að verk hans séu sýnd íslenskum sjónvarpsáhorfendum. En tengsl hans við stofnunina eða kaupanda sýningarréttarins gera þær kröfur til manna að vandað sé til samningsgerðar og að hann njóti þess ekki sérstaklega við upphæð greiðslna, tilhögun þeirra eða endurkröfurétt. Ákvörðun um kaup sjónvarpsins á Hinum helgu véum var tekin af framkvæmdastjóra sjónvarpsins sem átti engra persónulegra hagsmuna að gæta. Samningurinn á milli Hrafns Gunnlaugssonar og ríkissjónvarpsins á sýningarrétti á kvikmyndinni Hin helgu vé er ekki gagnrýndur í skýrslu Ríkisendurskoðunar. En í skýrslunni er tekið fram að greiðsla fyrir þessa kvikmynd sé óvenjuleg fyrir þá sök að hafa átt sér stað að fullu áður en myndinni er lokið. Það er síður en svo einsdæmi að ríkissjónvarpið kaupi sýningarrétt á dagskrárefni án þess að það sé fullgert þegar kaup fara fram. Það er t.d. allvel þekkt við kaup á heimildarkvikmyndum og norrænum samframleiðsluverkefnum. Kvikmyndin Hin helgu vé var fyrsta leikna kvikmyndin sem ríkissjónvarpið keypti sýningarrétt á á meðan kvikmyndin var á framleiðslustigi. Ríkissjónvarpið gerðist þannig meðframleiðandi að kvikmyndinni ásamt sænska sjónvarpinu og mun samningurinn við Hrafn Gunnlaugsson hafa tekið mið af þeim samningi sem þá var þegar gerður á milli sænska sjónvarpsins og Hrafns Gunnlaugssonar.

Þá er spurt um hvort það sé æskilegt fordæmi að keypt sé mynd í vinnslu. Íslenskum sjónvarpsstöðvum ber skylda til að stuðla að framleiðslu á íslensku dagskrárefni. Það er í raun eitt mikilvægasta verkefni íslenskra sjónvarpsstöðva að kaupa innlent dagskrárefni. Þetta er óumdeilt sjónarmið. Almennt séð er það bæði eðlilegt og sjálfsagt að sjónvarpsstöðvar hér á landi taki þátt í framleiðslu kvikmynda hvort sem það eru leiknar kvikmyndir, heimildarkvikmyndir eða stuttmyndir. Framleiðsla kvikmynda er dýr svo það verður að leita allra leiða til að nýta þær fjármögnunarleiðir sem finnast. Það er rétt að nefna það hér að Stöð 2 tók þátt í framleiðslu á kvikmynd Lárusar Ýmis Óskarssonar, Ryð. Bæði Stöð 2 og ríkissjónvarpið eiga aðild að Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum ásamt öðrum norrænum sjónvarpsstöðvum og kvikmyndastofnunum en sá sjóður veitir styrki til framleiðslu m.a. leikinna kvikmynda. Það er allra hagur, bæði kvikmyndasjóða og sjónvarpsstöðva, að stuðla þannig að tilurð íslenskra kvikmynda og dreifa þannig fjárhagslegri áhættu. Þátttaka sjónvarpsstöðva í framleiðslu kvikmynda er vel þekkt í Evrópu og þótt víðar væri leitað. Í því ljósi er það æskilegt fordæmi að sjónvarpið tekur þátt í framleiðslu myndarinnar Hin helgu vé og er það vonandi til merkis um nánara samstarf ríkissjónvarpsins og íslenskra kvikmyndaframleiðenda.

Hvað varðar þá staðhæfingu að ríkissjónvarpið hafi ekkert haft um vinnslu kvikmyndarinnar að segja þá lágu að sjálfsögðu fyrir allar viðhlítandi upplýsingar um handrit, tökuáætlun og umgjörð kvikmyndarinnar þegar kaupin áttu sér stað sem gerði framkvæmdastjóra sjónvarpsins kleift að meta, með sama hætti og sænska sjónvarpinu, hvort kvikmyndin væri fýsilegt dagskrárefni. Samningur þessi var gerður í samráði við útvarpsstjóra.

Þá er spurt hvaða reglur gilda um launalaus leyfi hjá ríkissjónvarpinu. Engar sérstakar reglur gilda um launalaust leyfi hjá sjónvarpinu, þar gilda almennar reglur ríkisins. Hins vegar má benda á að fyrirtæki með skapandi listamenn í liði fastráðinna starfsmanna þurfi fremur en önnur ríkisfyrirtæki að líta á slíkar beiðnir með velvild. Fjögurra ára leyfið sem Hrafn fékk til að vinna að Hvíta víkingnum var veitt með hliðsjón af samnorrænum reglum sem kveða á um að veita skuli ríkisstarfsmönnum allt að fjögurra ára leyfi þegar þeir vinna að samnorrænum verkefnum. Þótt þessar reglur hafi kannski ekki bindandi lagagildi fyrir sjónvarpið var höfð hliðsjón af þeim þegar umrætt leyfi var veitt Hrafni Gunnlaugssyni. Vegna þess að spurt var um hvort settar hefðu verið reglur um viðskipti Ríkisútvarpsins við starfsmenn sína þá hafa þær ekki verið settar og það er ekki mælst til þess sérstaklega af hálfu Ríkisendurskoðunar.

Málefni Menningarsjóðs útvarpsstöðva eru til sérstakrar athugunar í ráðuneytinu og í útvarpslaganefnd. Þannig að svarið við spurningunni, hvort settar hafi verið þar nánari reglur um úthlutanir, er neitandi. Það þarf að endurskoða lagareglur um Menningarsjóð útvarpsstöðva og útvarpslaganefndin hefur það verkefni með höndum.

Fulltrúi í stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva hefur verið skipaður í stað Hrafns Gunnlaugssonar, það var gert í síðasta mánuði, og hann er Ólafur Stephensen framkvæmdastjóri.

Þá er spurt um hvort fyrirhugaðar séu breytingar á starfsháttum Kvikmyndasjóðs í kjölfar skýrslu Ríkisendurskoðunar og hvort settar hafi verið reglur um starfsemi sjóðsins. Núna er unnið að úttekt á starfsemi Kvikmyndasjóðs og það verk er á vegum Hagsýslu ríkisins. Ný reglugerð um Kvikmyndasjóð hefur verið undirrituð og er hún í meginatriðum í samræmi við tillögur stjórnar Kvikmyndasjóðs. Í reglugerðinni er sérstaklega fjallað um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði, kosningu manna í úthlutunarnefnd, starfssvið þeirra og

starfsskyldur og hæfisskilyrði. Reglugerð þessi mun öðlast gildi á næstu dögum.

Þá er spurt hvernig ég hyggist taka á hæfi mann til að sitja í nefndum og stjórnum á vegum ráðuneytisins. Í reglugerðinni um úthlutun úr Kvikmyndasjóði er sérstaklega fjallað um hæfi stjórnarmanna og fulltrúa í úthlutunarnefnd. Um næstu áramót taka gildi ný stjórnsýslulög og ég mun senda öllum tilnefningaraðilum á sviði menntmrn. bréf þar sem þessi lög og efni þeirra varðandi hæfi er sérstaklega kynnt. Áskilinn verður réttur til að hafna tilnefningum ef hæfisreglna er ekki gætt. Í skýrslunni telur Ríkisendurskoðun ástæðu til að endurskoða það fyrirkomulag að fulltrúar hagsmunaaðila sitji í stjórn Kvikmyndasjóðs. Þetta fyrirkomulag er bundið í lögum um kvikmyndamál sem sett voru af Alþingi. Það að hagsmunaaðilar sitji í stjórnum sjóða er víða lögbundið í íslenskri löggjöf. Ég veit ekki hvað mönnum gengur til að gera það sérstaklega tortryggilegt að félög listamanna tilnefni fulltrúa í stjórn menningarsjóða þegar ákvæði um lögbundinn rétt hagsmunaaðila á öðrum sviðum þjóðlífsins er víða að finna í íslenskri löggjöf. Það breytir þó ekki því að full ástæða er til að huga að hæfisreglum og hagsmunatengslum. Nokkur dæmi:

Í lögum um Framleiðnisjóð landbúnaðarins er kveðið á um skipan stjórnar sjóðsins. En hana skipa meðal annarra fulltrúar tilnefndir af Búnaðarfélagi Íslands og Stéttarsambandi bænda. Hvað með Framleiðsluráð landbúnaðarins? Í því eiga sæti fulltrúar sem kjörnir eru af Stéttarsambandi bænda og tilnefndir af Osta- og smjörsölunni og allra sláturleyfishafa í landinu. Sama á við um samráðsnefnd samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða en sú nefnd er m.a. skipuð fulltrúum samtaka sjómanna og samtökum útvegsmanna og á þessi nefnd m.a. að fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutun aflahlutdeildar og aflamark. Síldarútvegsnefnd má einnig nefna en þar sitja fulltrúar tilnefndir af Alþýðusambandi Íslands, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Félagi síldarsaltenda á Norður- og Austurlandi og á Suðvesturlandi. Í stjórn Iðnlánasjóðs, samkvæmt lögum frá 1987, sitja fulltrúar tilnefndir af Landssambandi iðnaðarmanna og Félagi íslenskra iðnrekenda.

Varðandi hættu á hagsmunaárekstrum í stjórnum menningarsjóða ríkisins að þessu leyti vil ég benda á að slík hætta er ekki einungis fyrir hendi í stjórnum menningarsjóða eins og ég hef nefnt.

Þá er ég spurður hvort ég telji við hæfi að sami maður sitji í stjórn opinbers sjóðs og sé um leið sá aðili sem hlýtur hæsta styrk úr þeim sjóði. Það er ekki viðsættanlegt ef umsækjandi um fjárframlög tekur jafnframt ákvörðun um úthlutanir úr sjóðnum, en um það er ekki að ræða varðandi Kvikmyndasjóð. Það er ekki stjórn Kvikmyndasjóðs sem úthlutar úr sjóðnum til kvikmyndageðar heldur er það sérstök úthutunarnefnd. Mér vitanlega hefur enginn fulltrúi í úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs jafnframt þegið styrk úr sjóðnum. Þess hefur verið sérstaklega gætt við val á fulltrúum í úthlutunarnefnd Kvikmyndasjóðs að þeir eigi ekki hagsmuna að gæta við úthlutun. Það hefur hins vegar verið gagnrýnt að hugsanlegir umsækjendur eigi hlut að því sem stjórnarmenn Kvikmyndasjóðs, tilnefndir af sínum fagfélögum samkvæmt lögum, að velja fulltrúa í úthlutunarnefnd. Þetta er lögbundin tilhögun sem Alþingi hefur sjálft ákveðið en í væntanlegu frv. til nýrra kvikmyndalaga, sem nú er unnið að, mun verða lögð til breyting í þessu efni. Það er e.t.v. rétt að geta þess hér, í tilefni af þessari spurningu, að í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir að ekki verði með réttu sagt þegar á heildina er litið að Hrafn Gunnlaugsson skeri sig sérstaklega frá öðrum styrkþegum hvað fjárhæð styrkja varðar. Umfang styrkveitinga til Hrafns Gunnlaugssonar er ekki óeðlilegt í ljósi þess fjölda mynda sem hann hefur gert og þess hve lengi hann hefur starfað að kvikmyndagerð.

Ég tel það rétt að ríkisvaldið eigi gott samstarf við fulltrúa atvinnulífsins og á það jafnvel við um fulltrúa listgreina sem fulltrúa sjávarútvegs eða landbúnaðar. En í ljósi hinna nýju stjórnsýslulaga mun ég ekki láta undir höfuð leggjast að kynna þær hæfisreglur sem þar eru settar og þeim hæfisskilyrðum mun verða beitt við skipan í stjórnir eða nefndir á vegum míns ráðuneytis.

Þá er ég spurður hvort ég muni hlutast til um að reglum Kvikmyndasjóðs verði betur fylgt eftir en hingað til hefur tíðkast. Í reglugerð um úthlutanir úr Kvikmyndasjóði eru ítarleg ákvæði um að fullnægjandi gögn liggi fyrir og að fjármögnun sé tryggð svo sem kostur er.

Þá voru það spurningar um Norræna kvikmyndasjóðinn í mörgum liðum sem ég les ekki hér aftur.

Kaup ráðuneytisins á kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar sem fjallað er um í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru ekki einsdæmi. Frá árinu 1983 hefur ráðuneytið keypt sýningarrétt að samtals sjö myndum, til 12–15 ára að jafnaði. Kaupverð ráðuneytisins á kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar á síðasta ári var um 2,6 millj. kr. fyrir hverja kvikmynd og er það næstlægsta kaupverð kvikmynda sem ráðuneytið hefur greitt miðað við framreiknað kaupverð, samanber skýrslu Ríkisendurskoðunar. Sýningarréttur var keyptur til 12 ára. Kvikmyndir Þorsteins Jónssonar voru keyptar á mun hærra verði eða 4,7 millj. kr. hvor kvikmynd og það er hæsta verð sem ráðuneytið hefur greitt fyrir kvikmynd og var sýningarréttur að þeim kvikmyndum aðeins til fimm ára. Hvort ráðherra á þeim tíma var að beita sér í þágu einstaklinga vegna fjárhagserfiðleika læt ég ósagt um, enda veit ég ekkert um það.

Varðandi Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðinn er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að íslenskir ríkisborgarar leiti aðstoðar hjá ráðuneyti ef þeir telja sig órétti beitta af fjölþjóðlegri stofnun sem ráðuneytið á aðild að. Það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt. Ég hef þó talið að bréfaskriftir vegna slíkra málefna eigi að bera undir ráðherra enda er það allajafna gert, en svo var ekki í því tilviki sem hér var gert að umræðuefni.

Spurt er hvort myndirnar þrjár hafi verið afhentar Námsgagnastofnun. Kvikmyndirnar hafa ekki verið afhentar Námsgagnastofnun og stofnunin hefur ekki lagt

kennslufræðilegt mat á myndirnar. Innan Námsgagnastofnunar hefur sú hugmynd verið rædd að stofna sérstakan flokk íslenskra bíómynda hjá stofnuninni. Sá flokkur yrði óháður námsefni skóla en gæti staðið sem sjálfstætt efni aðgengilegt skólum t.d. til að kenna um kvikmyndagerð almennt, um mismunandi listform, túlkun í gegnum fjölmiðla o.s.frv. Starfsmenn Námsgagnastofnuar hafa auk þess látið í ljós þá skoðun að kvikmyndin Lilja gæti hentað grunnskólum þar sem sagan sem myndin byggir á er lesin í skólum.

Þá er spurt hvers konar notkun á myndunum Í skugga hrafnsins og Óðal feðranna ég hafi hugsað mér þegar þær myndir voru keyptar. Það er að mínu mati fráleitt sjónarmið að einungis eigi að kaupa þær íslenskar kvikmyndir til notkunar í skólum sem gerðar eru eftir bókmenntaverkum. Það er æskilegt ef unnt væri að koma á kennslu í myndmáli í grunnskólum og framhaldsskólum. Það er mjög miður ef ekki er séð til þess að íslenskar kvikmyndir séu kynntar í skólum þannig að íslenskum nemendum gefist kostur á að kynna sér íslenskt myndmál.

Þá er spurt um myndina Í skugga hrafnsins, hvort ég telji hana hæfa til sýninga og kennslu í skólum. Kvikmyndin Í skugga hrafnsins er íslensk kvikmynd gerð af íslenskum listamönnum og spunnin úr íslenskri sagnahefð. Myndin er ekki heimildarkvikmynd heldur leikin kvikmynd, leikin skáldsaga sem sögð er á myndmáli. Hún hefur hlotið alþjóðlega viðurkenningu og ég tel að hún sé síst hættulegri íslenskum framhaldsskólanemendum með tilliti til ofbeldis en ýmsar sögur úr sígildum bókmenntaverkum okkar sem lesnar eru í skólum. Og það er rétt að nefna það að Svíar hafa mikið notað Hrafninn flýgur og Í skugga hrafnsins við kennslu í skólum.

Þá er spurt hvort aðrir kvikmyndamenn hafi boðið ráðuneytinu myndir sínar til kaups og hvað hafi verið keypt það sem af er árinu 1993 eða standi til. Já, aðrir kvikmyndagerðarmenn hafa boðið ráðuneytinu myndir sínar til kaups og hafa raunar gert það bæði fyrir og eftir kaup ráðuneytisins á þessum myndum en það stendur ekki til að kaupa fleiri myndir á þessu ári.

Þá er spurt hvort ég líti svo á að það sé hlutverk ráðuneytisins að kaupa íslenskar kvikmyndir af einstökum framleiðendum án sérstakrar heimildar frá Alþingi. Ég lít ekki á það sem hlutverk menntmrn. að kaupa íslenskar kvikmyndir án sérstakrar heimildar frá Alþingi. Ég tel hins vegar að ráðherra geti ákveðið slík kaup án þess að bera það undir Alþingi enda hafi hann til þess fjármuni og það hefur verið látið átölulaust allt frá árinu 1983. Það sem Ríkisendurskoðun gagnrýnir er greiðsluloforð sem ég gaf með samþykki fjmrh. Ég er ekki sammála Ríkisendurskoðun um þetta atriði.

Þá er spurt hvort fyrirhugaðar séu breytingar á reglum um aðra menningarsjóði en Kvikmyndasjóð í kjölfar gagnrýninnar sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá júlí. Félög listamanna tilnefna fulltrúa í úthlutunarnefndir samkvæmt lögum um listamannalaun. Þessi lög eru mjög ný og ég tel rétt að það verði látið betur á þau lög reyna. Það hefur verið sátt um þá tilhögun sem lögin kveða á um og ég tel ekki rétt að breyta henni af þessari ástæðu. Hins vegar verða stjórnsýslulögin kynnt listamannafélögum eins og áður segir með sérstöku bréfi frá ráðuneytinu og ráðuneytið mun fylgjast vel með því að hæfi skilyrða sé gætt. En þykir mönnum sem hagsmunaárekstur geti orðið við úthlutun úr Kvikmyndsjóði? Kann að vera meiri hætta annars staðar? Ég nefni í því samhengi Launasjóð rithöfunda. Þriggja manna úthlutunarnefnd er þar öll tilnefnd af stjórn Rithöfundasambands Íslands. Það kemur enginn annar þar nærri. Það getur svo verið verkefni fyrir siðavanda alþingismenn og rannsóknarblaðamenn að athuga hvort stjórnarmenn Rithöfundasambandsins eða frambjóðandi til stjórnar hafi fengið betri afgreiðslu en aðrir hjá úthlutunarnefndum sem þeir hafa sjálfir valið. Komi það í ljós er sjálfsagt að athuga með breytingar á lögunum en um það hefur Alþingi síðasta orðið.

Þá er spurt hvort starfs- og valdsvið embættismanna menntmrn. hafi verið skilgreint nánar í ljósi þeirra bréfaskrifta sem þar áttu sér stað án vitundar ráðherra um samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við Norræna kvikmyndasjóðinn. Starfssvið eða valdsvið embættismanna ráðuneytisins hefur ekkert sérstaklega verið skilgreint nánar. Ég ber fullt traust til embættismanna ráðuneytisins og þeim er vel ljóst hvaða mál þeir þurfa að bera sérstaklega undir ráðherra.

Hæstv. forseti. Í byrjun aprílmánaðar setti ég Hrafn Gunnlaugsson til þess að gegna starfi framkvæmdastjóra sjónvarpsins um eins árs skeið. Þessi ákvörðun hefur valdið slíku írafári meðal þingmanna og fjölmiðla að með ólíkindum má telja. Ráðherra verður að sjálfsögðu að vera viðbúinn gagnrýni á ákvarðanir sínar. Ég biðst ekki undan henni ef hún er málefnaleg. Á það hefur mjög skort í allri þessari umræðu til þessa og það er umhugsunarvert hversu illskeytt þessi umræða hefur verið. Þar hefur margt orðið fallið sem betur hefði ósagt verið.

[15:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Sl. sumar, í júlímánuði nánar tiltekið, birti Ríkisendurskoðun skýrslu um fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsa opinbera aðila í framhaldi af samþykkt sem gerð hafði verið í fjárln. og í framhaldi af bréfi sem borist hafði til Ríkisendurskoðunar frá Hrafni Gunnlaugssyni fyrst og síðan frá menntmrh. Ríkisendurskoðun tók þessi mál til meðferðar á grundvelli bréfanna og ég verð að segja það að ég tel að Ríkisendurskoðun hafi út af fyrir sig farið sæmilega í þessi mál, sem þarna komu fram, þó svo að ég vilji gagnrýna efnistök hennar að nokkru leyti. Ég bendi hins vegar á að margt af því sem kemur fyrir í skýrslu Ríkisendurskoðunar er mjög alvarlegt, er ákaflega alvarlegt, og það er mjög óvenjulegt að svo alvarleg málefni komi fram í skýrslum af þessum toga.

Ég bendi t.d. á þá gagnrýni sem fram kemur í skýrslunni á bls. 11 um viðskipti við Ríkisútvarpið. Ég bendi á gagnrýni sem fram kemur á bls. 15, á bls. 19, á bls. 31. hæstv. forseti, á bls. 34, á bls. 38, á bls. 40, á bls. 42, á bls. 52 og bls. 64 svo aðeins tíu dæmi séu

nefnd og þess er enginn kostur því miður í þessum knappa ræðutíma að gera grein fyrir þessum einstöku atriðum, en þau eru öll mjög alvarleg.

Fyrir utan þau atriði sem þarna koma fram komu fram í ræðum einstakra þingmanna hinn 5. apríl sl. fjölmörg önnur atriði sem Ríkisendurskoðun fjallar ekki um í skýrslu sinni og ég tel ástæðu til að gagnrýna Ríkisendurskoðun fyrir það að láta fjárln. að þessu leytinu til skammta sér verkefnaramma. Ég tel t.d. að ýmis þau atriði sem komu fram í ræðu minni hinn 5. apríl 1993 og í ræðu hv. þm. Páls Péturssonar hefðu átt að vera tilefni til sérstakra úttekta af hálfu Ríkisendurskoðunar. Það gerði Ríkisendurskoðun ekki. Hún vann ekki að þeim málum með þeim hætti sem ég hefði talið eðlilegt. Af þeim ástæðum var það, hæstv. forseti, sem við fulltrúar stjórnarandstöðunnar óskuðum eftir því á miðju sumri að hv. menntmn. kæmi saman til þess að fjalla um þessa skýrslu, fara ofan í einstök efnisatriði hennar og ræða önnur gagnrýnisatriði hennar og ræða önnur gagnrýnistriði sem fram hefðu komið í umræðunum þann 5. apríl sl. Niðurstaðan varð sú að meiri hluti nefndarinnar neitaði því að halda fundi sumarlangt um þetta mál. Mun það vera einsdæmi undir hinum nýju þingsköpum Alþingis að þannig sé á málum haldið af hálfu nefndarforustu hér í þinginu og það er gagnrýnivert.

Þegar loksins kom til þess að haldinn var fundur í hv. menntmn., þá fengum við á þann fund ríkisendurskoðanda Sigurð Þórðarson, spurðum hann nokkurra spurninga og vildum síðan fjalla um málið gagnvart fleiri aðilum. Þá neitaði meiri hluti menntmn. því að um málið yrði fjallað frekar af menntmn. og það var tekið út af dagskrá í þeirri nefnd með því að meiri hlutinn beitti sér með þeim hætti sem menn þekkja og rakið var hér í umræðum fyrir nokkrum vikum. Þetta gagnrýni ég mjög harðlega, hæstv. forseti, og það var því óhjákvæmilegt af hv. 18. þm. Reykv. sem á sæti í menntmn. að taka þetta mál upp til meðferðar og leggja spurningar fyrir hæstv. menntmrh., margar spurningar og þó fleiri hefðu verið.

Staðreyndin er nefnilega sú, hæstv. forseti, að í þeim umræðum sem hér hafa farið fram um þetta mál úr þessum ræðustól þá hafa menn ekki enn þá fjallað um það sem er kannski alvarlegast. Það er sú staðreynd að hæstv. menntmrh. gefur umboðslaus fyrir hönd ríkissjóðs með umboði fjmrh. fyrirheit um greiðslu úr ríkissjóði til þessa tiltekna einstaklings upp á 5–6 millj. kr. á árinu 1992. Og það sem meira er, hæstv. ráðherra lætur sig hafa það að sleppa því að nefna þetta í því frv. til fjáraukalaga sem lagt var fyrir þingið á sl. vetri.

Á undanförnum árum hefur það verið þannig, hæstv. forseti, að Alþingi og fjmrn. og Ríkisendurskoðun hafa verið að reyna að bæta sín vinnubrögð að því er varðar fjárlagameðferð alla. Það hefur verið gert m.a. með því að fjáraukalagafrumvörp hafa verið flutt jafnharðan. Menn hafa leitað viðbótarheimilda innan þess árs sem hefur verið nauðsynlegt að eyða fjármunum. Og menn hafa afgreitt ríkisreikninga jafnharðan. Ríkisendurskoðun hefur verið gerð að sjálfstæðri stofnun. Og fjárln. hefur fjallað um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Á sama tíma og þetta gerist, á sama tíma og menntmrh. og fjmrh. sitja eins og lögreglumenn yfir hverri einustu ríkisstofnun og gæta þess eða eiga að gæta þess að þær fari ekki krónu fram úr áætlunum af neinu tagi, þá er einn einkavinur tekinn út úr, einkavinavæðingin framkvæmd með þeim hætti að þessum einkavini er lofað 5,3 millj. kr. og þannig þverbrotin af menntmrh. en líka af hæstv. fjmrh. landsins öll þau fyrirmæli, þau fyrirheit og þær fyrirskipanir sem þessir sömu hæstv. ráðherrar eru að gefa hér út um allt ríkiskerfið.

Ég held að það sé alveg augljóst mál, hæstv. forseti, að eftir þetta, eftir þessi vinnubrögð, eftir þessa tegund af einkavinavæðingu, þá er erfitt fyrir ríkiskerfið að taka mark á þessum aðilum. Ég held að það sé rétt sem hv. 10. þm. Reykv. sagði um þau mál þann 5. apríl sl. að það verður erfitt fyrir þjóðina að taka mark á þessum aðilum eftir að hafa þjónustað kunningja sína með þeim hætti sem hér liggur fyrir.

Þess vegna er það svo, virðulegi forseti, að það hefði verið ástæða til að fara yfir þessi mál frekar, en þess er ekki kostur þar sem meiri hluti þingnefndar hefur hafnað því. Ég vil þó undirstrika það að lokum, hæstv. forseti, í mínu máli: Ríkisendurskoðun er ekki dómstóll og ríkisendurskoðandi lagði á það höfuðáherslu á þeim fundi sem fjallað var um þetta mál í menntmn. að Ríkisendurskoðun og álit hennar er ekki dómur. Ríkisendurskoðandi er ekki dómari í þessu máli. Þess vegna gætu menn átt eftir að fjalla um þetta með öðrum hætti og á öðrum vettvangi þótt síðar verði.

[15:42]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu skýrsla frá því í júlí í sumar eins og þegar hefur komið fram og er viðfangsefnið fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsa opinbera aðila. Ég vil taka undir með síðasta ræðumanni hvað það snertir að það er slæmt hversu langt er liðið frá því að skýrslan kom út þegar hún kemur hér til umræðu á hv. Alþingi og ég hefði talið að það hefði verið heppilegra að þessi umræða hefði fengið að fara fram og frekari umfjöllun í hv. menntmn. í stað þess að ræða málið opinberlega hér í þinginu, en stjórnarsinnar höfnuðu því og því er hér rætt um þetta mál utan dagskrár. En með breytingum sem gerðar voru á þingskapalögunum 1991 var hugsunin m.a. sú að gera starf nefnda virkara og umræður færu fram í nefndum í ríkara mæli en minnkuðu í sjálfu þinginu, en ekki meira um það.

Ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir þær spurningar sem hún lagði hér fram til hæstv. menntmrh. og ég vil enn fremur þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Þó að þau væru kannski frekar loðin mörg og ekki mjög afgerandi, þá lagði hann sig a.m.k. fram um það að svara þeim spurningum. En það að hv. 18. þm. Reykv. sá ástæðu til þess að leggja hér fram um 30 spurningar segir kannski meira en margt annað um skýrsluna og hversu fjarri hún er því að svara öllum spurningum og hreinsa settan framkvæmdastjóra sjón-

varps í eitt skipti fyrir öll af öllum áburði. Sannleikurinn er nefnilega sá að þessi skýrsla vekur fleiri spurningar en hún svarar.

Ég vil taka það fram að á sl. vori þegar ég tók til máls í sambandi við embættisfærslu hæstv. menntmrh., þá gerði ég nær eingöngu að umræðuefni óeðlileg inngrip stjórnvalda í þetta mál, þ.e. hæstv. menntmrh., sem eru sennilega þau grófustu sem átt hafa sér stað hér í áratugi á þessu sviði. En það sem einkennir þessa skýrslu er kannski fyrst og fremst það að hún er ekki afgerandi. Það er nánast á hverri síðu niðurstöður sem eru sem þessar, með leyfi forseta: „Orkar tvímælis, ekki hafið yfir gagnrýni, þokkalegu samræmi, hefur orðið vart við megna óánægju, óheppilegt, töluverður misbrestur, óvenjulegt, almennt er annar háttur hafður á, telja verður, kannski ekki sér á báti" og svona mætti lengi telja. Ríkisendurskoðun leggur ekki siðferðilegt mat á málið, enda er það henni gersamleg ókleift. Sú gagnrýni sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu á síðustu mánuðum hefur hins vegar snúist um umfangsmikil viðskipti setts framkvæmdastjóra sjóvarpsins við stofnanir og sjóði, pólitíska fyrirgreiðslu og misnotkun valds og sú gagnrýni á rétt á sér þó að hæstv. menntmrh. kveinki sér undan henni og hún mun halda áfram þrátt fyrir þessa skýrslu. Það má því e.t.v. segja að um athæfi það sem skýrslan fjallar hafi sjaldan átt betur við orð fyrrv. alþm. og hæstv. ráðherra þegar hann sagði: „Þetta er löglegt en siðlaust."

Það má glögglega sjá að settur framkvæmdastjóri sjónvarpsins hefur notað Ríkisútvarpið sem hækju. Það er með hann eins og oft með menn með svipaðar stjórnmálaskoðanir að þeir hafa óttalega skömm á ríkisrekstri en finnst ágætt samt sem áður að vera á launum hjá ríkinu, sérstaklega ef þeir geta haft slíkt frjálsræði að geta gengið út og inn þegar þeim sýnist og starfað að sínum áhugamálum þegar þeim sýnist, farið í launalaust leyfi þegar þeim sýnist, selt ríkinu gömul tæki og tól þegar þeim sýnist.

En einn er sá sjóður sem settur framkvæmdastjóri sjónvarps hefur aldrei sótt um styrki til og það er Menningarsjóður útvarpsstöðva. Hann er hins vegar formaður sjóðsins eins og fram hefur komið frá 27. nóv. 1991 og þar til hann tók til starfa á ný hjá Ríkisútvarpinu að hann óskaði eftir því við hæstv. menntmrh. að vera leystur frá þeim störfum. En það var ekki fyrr en 9. apríl 1991 sem heimildir sjóðsins eru útvíkkaðar þannig að einstaklingum er gert kleift að sækja um styrkveitingar til sjóðsins. Ég vil láta það koma fram að það er mjög hæpið að sú reglugerð standi samkvæmt útvarpslögum að mínu mati þar sem við lagasetninguna upphaflega var eingöngu gert ráð fyrir því að útvarpsstöðvar geti fengið úthlutað styrkjum úr Menningarsjóði útvarpsstöðva. En hvað með það, þá held ég satt að segja að það væri réttast að leggja þennan sjóð niður og það hafa komið fram á hv. Alþingi þingmál sem ganga út á það. Ég minni á þingmál hv. varaþm. Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur í þeim efnum. En með því fyrirkomulagi sem nú ríkir þurfa útvarpsstöðvarnar að kaupa efni oft og tíðum tvívegis, fyrst með styrkjum úr Menningarsjóði af auglýsingatekjum sínum og síðan þegar þær kaupa efnið af framleiðanda og er myndin Þjóð í hlekkjum hugarfarsins gott dæmi um slík vinnubrögð. Fyrst fær Baldur Hermannsson 3 millj. á árinu 1992. Síðar á árinu 1992 3,5 millj. og síðan snemma árs 1993 2,4 millj. Síðan kaupir ríkissjónvarpið myndina Þjóð í hlekkjum hugarfarsins árið 1993 fyrir 3 millj. kr. Ég treysti mér ekki til þess að fullyrða það hversu oft stofnunin hefur keypt myndina, en það getur hver og einn reiknað það dæmi út með sjálfum sér.

En hver var svo tilgangurinn með þessari umdeildu ráðningu hjá hæstv. menntmrh. og skyldi hann vera ánægður með afraksturinn? Það væri kannski forvitnilegt að heyra það núna 7 mánuðum síðar, hvort honum finnist að tilganginum hafi verið náð. Það sýnir sig m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar að settur framkvæmdastjóri sjónvarpsins hefur farið kæruleysislega og á óábyggilegan hátt með fjármuni og hann heldur því áfram. Og nú hefur það gerst að dagskrárgerð á vegum skrifstofu framkvæmdastjóra hefur stóraukist á milli áranna 1992 og 1993 og í lok júlí var búið að eyða ríflega 70% af fé skrifstofu framkvæmdastjóra og vegur þar þyngst verkefnið Þjóð í hlekkjum hugarfarsins og Hin helgu vé sem er kvikmynd framkvæmdastjórans. En það hefur gerst núna í fyrsta sinn að settur framkvæmdastjóri gerir ágreining um mánaðarlegt uppgjör fjármáladeildar Ríkisútvarpsins á deildum sjónvarpsins og hefur útvarpsstjóri gripið til þess ráðs að fá endurskoðunarskrifstofu úti í bæ til þess að fara yfir resktraryfirlit stofnunarinnar þar sem framkvæmdastjórinn hunsar niðurstöðu fjármáladeildar. Skyldi hæstv. menntmrh. vera kunnugt um þetta?

Hæstv. forseti. Ég hefði viljað segja hér miklu meira en tíma mínum er lokið a.m.k. að sinni, en ég kannski kemst að síðar í umræðunni.

[15:49]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt í tilefni af orðum hv. þm. Svavars Gestssonar hér áðan í garð meiri hluta menntmn. að ég rifji aðeins upp forsögu þessa máls. Eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom fram í júlí sl. hafði fulltrúi stjórnarandstöðunnar, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, samband við mig og óskaði eftir því að það yrði haldinn fundur í menntmn. um skýrsluna. Það er rangt, alrangt að ég hafi hafnað þeirri beiðni. Það stóð hins vegar þannig á á þeim tíma að þá voru þingmenn í sumarleyfi þannig að það gafst ekki færi á því að halda fund í júlí eða ágúst. Einnig taldi ég að ekki væri heldur um mjög brýnt eða aðkallandi mál að ræða sem ekki gæti beðið nokkuð eftir því að við færum yfir það.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hafði síðan samband við mig aftur um mánaðamótin ágúst/september og einnig þá voru forföll hjá nefndarmönnum í menntmn. þannig að ekki gafst kostur á því að halda fund þá og þegar svo var liðið á sumarið taldi ég að við gætum látið þetta mál bíða þangað til þingið kæmi saman vegna þess að það væri ekkert í þessu máli sem kallaði á að það bæri að kalla saman sérstakan fund og án þess að nefndin væri kannski fullskipuð.

Einnig vil ég að það komi fram að áður en haft var samband við formann nefndarinnar las formaður það í blöðunum að það væri krafist fundar í menntmn. og það liðu nokkrir dagar frá því að þær blaðafregnir komu þangað til stjórnarandstaðan sá ástæðu til þess að hafa samband við formann nefndarinnar. Það er þess vegna ekki um það að ræða að því hafi verið hafnað af formanni menntmn. að halda fund um þetta mál. Það má hins vegar auðvitað deila um það hvort málið hafi verið aðkallandi eða ekki og um það erum við einfaldlega ekki sammála.

Ég vil líka rifja það upp að menntmn. átti enga aðild að því að biðja um þessa skýrslu. Það var fjárln. sem bað um hana og þetta mál kemur þá til hennar og er á hennar forræði. Fjárln. afgreiddi þetta mál frá sér 8. júlí og þar inni voru fulltrúar stjórnarandstöðunnar og vil ég leyfa mér að lesa þá ályktun sem fjárln. samþykkti á sínum fundi 8. júlí, en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjárhagsleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar, framkvæmdastjóra sjónvarpsins, við ýmsa opinbera aðila og fleiri kemur fram m.a. að stofnunin telur ekki að við nefnda athugun hafi neitt komið fram sem bendir til þess að hann hafi brotið af sér í opinberu starfi eða dregið sér fé. Hins vegar koma fram í skýrslu stofnunarinnar alvarlegar athugasemdir varðandi verklag þeirra opinberu sjóða sem veita framlög til innlendrar kvikmyndagerðar. Sérstaklega er bent á hættu á hagsmunaárekstrum þeirra aðila sem að afgreiðslu mála koma.

Í ljósi þeirra upplýsinga er koma fram í nefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar beinir fjárln. því til menntmrh. að hann beiti sér fyrir heildarendurskoðun á lögum um kvikmyndamál, svo og ákvæðum laga um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Við þá endurskoðun sé tekið m.a. mið af þeim upplýsingum og athugasemdum sem fram koma í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar."

Það var ekkert nýtt sem kom fram á fundi menntmn. með Ríkisendurskoðun sem kallaði á frekari skoðun menntmn. og meiri hluti menntmn. er í fullum rétti til að hafa þá skoðun að ekki sé tilefni til að fjalla frekar um þessa skýrslu þar inni og er einnig í sínum fulla rétti að afgreiða málið með þeim hætti sem gert var í menntmn.

[15:55]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér skýrslu Ríkisendurskoðunar sem hv. 18. þm. Reykv. óskaði eftir að hér yrði rædd og hefur reyndar verið rakið að beðið hefur verið um að ræða í menntmn. Ég hefði talið miklu eðlilegra að menntmn. hefði fjallað um þessa skýrslu og farið ofan í og fengið þá væntanlega svör við ýmsum spurningum sem hér hafa verið lagðar fram en eins og hæstv. menntmrh. sagði voru þær að því er hann taldi um 30, en þær eru 20 hér á blaði því sem ég hef, 21, en auk þess eru margar undirspurningar (**Menntmrh.:** Þær eru í mörgum liðum.) þannig að ég held að það sé ábyggilega síst oftalið að þær séu 30, það séu miklu fleiri sem vakna í raun í framhaldi af þessum spurningum sem hér eru lagðar fram.

Hæstv. menntmrh. talaði um að umræður um þessi mál væru ómálefnalegar. Ég veit ekki betur og hef ekki heyrt annað en þetta hafi verið mjög málefnalegar umræður og allar þær spurningar sem hv. 18. þm. Reykv. setur hér á blað eru ákaflega eðlilegar í framhaldi af skýrslu Ríkisendurskoðunar (**Menntmrh.:** Ég sagði til þessa.) til þessa, mér þykir mjög vænt um að heyra það vegna þess að ég tel að umræðan hafi verið mjög málefnaleg og raunverulega bráðnauðsynleg en hún hefði kannski ekki þurft að fara fram hér í þessum þingsal með þeim hætti sem hér er gert. Ég hefði talið miklu eðlilega að menntmn. hefði farið yfir málið og síðan hefði e.t.v. komið einhver atriði hér til umræðu ef menntmn. hefði sýnst svo eða aðilum innan menntmn.

Auðvitað er menntmn. í fullum rétti til að taka sínar ákvarðanir hverjar svo sem þær eru en það er spurning hvort maður er sammála þeirri niðurstöðu sem meiri hluti menntmn. kemst að, þ.e. að hafna því að farið sé yfir þessi atriði sem hér eru dregin fram. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið miklu eðlilegra að það hefði verið gert eins og ég hef sagt, að menntmn. hefði gert það, hefði farið yfir þessi mál og fjárln. auðvitað gerði það einnig og mér þykir það mjög eðlilegt en það eru svo veigamikil atriði í þessari skýrslu sem tengjast menntmn. beint. Þess vegna tel ég eðlilegt að menntmn. fjalli um málið og ekkert óeðlilegt samkvæmt þingsköpum að hún geri það.

Hæstv. ráðherra talaði hér um myndirnar, þessar sem keyptar hafa verið og upplýsti að Námsgagnastofnun hafi ekki fengið þær afhentar en lagði áherslu á að það væri að hans mati mjög nauðsynlegt að nemendur og þá væntanlega grunnskólanemendur og jafnvel framhaldsskólanemendur fengju kennslu í íslensku myndmáli. Það má vel vera að það sé alveg rétt. En ég spyr sjálfa mig að því: Er það nú það sem við þurfum helst í íslenskum grunnskólum og framhaldsskólum núna? Er það einmitt það brýnasta sem fyrir þarf að taka í menntakerfinu að láta fólk horfa meira á bíóeða vídeómyndir? Ég segi nei, því að eitt aðalvandamál finnst mér meðal ungmenna og ungs fólks, og það sem kennarar kvarta sérstaklega yfir, er að fá fólk til þess að lesa meira en ekki til þess að horfa meira á kvikmyndir og sérstaklega ekki á sjónvarp og vídeó þannig að ég set stórt spurningarmerki við þá stefnu sem hæstv. menntmrh. virðist hér vera að taka upp að það þurfi að auka það meðal íslenskra ungmenna að horfa á bíómyndir og sjónvarp. Það er ýmislegt annað sem ég hefði viljað leggja miklu meiri áherslu á heldur en það.

Hæstv. ráðherra bar einnig saman þessar ofbeldiskvikmyndir sem hér hafa verið til umræðu. Nú tek ég það fram að ég er ekki búin að sjá þessa ofbeldiskvikmynd sem er hér til umræðu þannig að ég verð bara að hafa orð annarra fyrir því að það sé um að ræða eða bera það saman við kennsluefni sem fram kemur í ofbeldi. Ég er ekki heldur að mæla með bókmenntum þar sem ofbeldi kemur fyrir en ég vil þó benda á að að mati þeirra sem vit hafa á, sálfræðinga og annarra, þá hafa kvikmyndir allt, allt aðra skírskotun til barna og

ungmenna en prentað mál. Að sjá kvikmyndir með ofbeldi í hefur miklu sterkari og meiri áhrif á ungt fólk heldur en að lesa það í bókum. Ég vil af því tilefni sérstaklega lýsa andstöðu minni við að það sé hægt að bera það saman og að það sé eðlilegt að slíkar myndir séu bornar á borð í skólum fyrir ungt fólk.

Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra en lýsi því enn og aftur yfir að ég tel nauðsynlegt að það sé tekið á þeim málum sem Ríkisendurskoðun tekur fram í sinni skýrslu hérna og tel raunar alveg nauðsynlegt að skýrslu Ríkisendurskoðunar sé fundinn eðlilegur farvegur innan þingsins, þ.e. að nefndirnar taki upp málin með meira afgerandi hætti en hingað til hefur verið gert og fylgist með því hvort eftir þeim ábendingum sem Ríkisendurskoðun setur fram í sínum skýrslum sé farið.

[16:01]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Á sl. vori var felld till. til þál. um skipun rannsóknarnefndar samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar til að rannsaka ráðningu framkvæmdastjóra ríkissjónvarpsins. Ég vil segja, því miður, vegna þess að sú skýrsla sem hér hefur verið tekin til umræðu, og ég tel reyndar að hefði átt að ræðast fyrst og fremst í menntmn., svarar ekki öllum þeim spurningum sem fram hefðu komið í slíkri nefnd samkvæmt 39. gr. stjórnarskrárinnar. Og það sem verra er að Ríkisendurskoðun hefur ekki tæki og hún hefur ekki vald til þess að krefjast upplýsinga og bæta úr misbrestum með sama hætti eins og þingnefnd hefði getað.

Það kemur út af fyrir sig ekkert mjög á óvart í þessari skýrslu. Mér hefur aldrei dottið það í hug að umræddur starfsmaður ríkissjónvarpsins, Hrafn Gunnlaugsson, hafi dregið sér fé. Hans aðferð er ekki sú og ég væni hann ekki um nokkurn óheiðarleika og hef aldrei gert. En hann hins vegar lætur skammta sér fé í krafti mikils persónuleika síns og hann er frekur til þess og það fé verður þá ekki notað til annars. En skýrslan út af fyrir sig hvorki þvær né óhreinkar Hrafn Gunnlaugsson eitt eða neitt. Það kom mér að vissu leyti á óvart hvað þessi viðskipti eru geysilega umfangsmikil. Ég hafði ekki hugmynd um sumt af því sem þarna er tekið fram.

Þessi skýrsla vekur hins vegar athygli á afar mörgum misbrestum í stjórnkerfinu. Ríkisendurskoðun hefur ekki afl til að laga þá og þegar Ríkisendurskoðun kemst að því að fjmrh. hafi brostið heimildir, ekki farið að lögum, á bara yppir hæstv. menntmrh. öxlum og segir: Ég er bara ósammála og þar við situr, ég er bara ósammála því að ég hafi brotið lög. Og það gerist ekkert fleira í framhaldi af því. En það er ákaflega harður áfellisdómur yfir hæstv. menntmrh. í þessari skýrslu. Það er út af fyrir sig umhugsunarefni og það alvarlega við þessa skýrslu að menntmrh. þjóðarinnar skuli fá slíkan áfellisdóm sem hér er saman settur og settur fram af þeirri ágætu stofnun Ríkisendurskoðun.

Þetta er alvörumál, ekki fyrir það um hvaða persónu það snýst fyrst og fremst heldur fyrir spillt vinnubrögð stjórnvalda. Og það var orsökin, spillt vinnubrögð stjórnvalda og framganga þeirra í málinu varð til þess að ég átti þátt í því að þetta mál var tekið hér til umræðu á Alþingi á sínum tíma í fyrravor. Gerðir hæstv. menntmrh. voru óverjandi. Þær voru ekki samkvæmt góðum starfsháttum. Það getur vel verið að þær hafi verið gerðar að fyrirmælum forsrh. en þær voru ekkert betri fyrir það. Þetta ber vott um vinnubrögð sem ekki eiga að eiga sér stað við íslenska stjórnarhætti. Það getur vel verið að svona sé tíðkanlegt í einhverjum öðrum löndum en við eigum ekki að taka það til fyrirmyndar.

En það kann að vera að hæstv. menntmrh. hafi átt sér einhvern tilgang með þessu. Nú er uppi mikil alda einkavæðingar og einkavinavæðingar í flokki hans. Ég tel að ríkissjónvarpinu hafi með þessum aðförum öllum verið unnið tjón af hæstv. menntmrh. Það er verið að eyðileggja ríkissjónvarpið og það er það sem er alvörumál í þessu og það er það sem er harmsefni. Það er verið að eyðileggja ríkissjónvarpið og það er unnið markvisst að því. Sjónvarpið hefur verið dregið niður á lægra plan með ráðstöfunum hæstv. menntmrh. og starfsháttum sem þar hafa tíðkast núna. Það kann að fara svo að það verði engir til að andmæla því þegar tillagan kemur fram um að einkavæða sjónvarpið, það sjái bara enginn eftir því þó að þessi stofnun, sem einu sinni var mikil menningarstofnun og einu sinni var vel rekin, verði einkavædd og hverfi úr almenningseigu.

Ég nefni ákaflega ámælisverða umræðuþætti sem þar hafa verið tíðkaðir upp á síðkastið og útvarpsráð hefur reyndar gagnrýnt einróma, umræðuþætti þar sem tekið hefur verið á málum með ákaflega einkennilegum og einhæfum hætti af vanhæfum stjórnendum. Núv. framkvæmdastjóri hótaði því reyndar áður en hann tók við framkvæmdastjórninni, það var meðan hann var dagskrárstjóri, hótaði því í umræðuþætti að hann mundi viðhafa spillt vinnubrögð, hann mundi afhenda vinum sínum verkefni sem starfsmenn sjónvarpsins hafa áður gegnt. Þetta hefur gengið eftir og það hefur ekki gefið góða raun fyrir sjónvarpið. Vinirnir duga nefnilega ekki, a.m.k. ekki nema í sumum tilfellum, til þess að gera góða þætti.

Hér hafa verið nefndir dæmalausir ruglþættir Baldurs Hermannssonar. Umræðuþættirnir gilda sama máli flestir. Það er vond meðferð fjármuna undir hans stjórn. Mér er sagt að þáttastjórnendur fái helmingi hærra greitt fyrir stjórn þátta heldur en ef starfsmenn sjónvarpsins gera hliðstæða þætti og sjónvarpið hefur á að skipa enn þá sem betur fer nokkrum hæfum mönnum til þess að stjórna umræðuþáttum. Það er praktískara að láta þá stjórna þeim heldur en einhverja Heimdellinga utan úr bæ.

Útbýting þingskjala:

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, 9. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 214.

Hafnalög, 193. mál, stjfrv., þskj. 215.

[16:08]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í umræðunni hér áðan um Seðlabankann töluðu menn m.a. um misnotkun, um pólitíska misnotkun og það er kannski einmitt það sem

þessi umræða snýst um. Hún snýst um pólitíska misnotkun. Og því miður er það nú nánast daglegt brauð að við verðum vör við slíkt framferði svona almennt í þjóðfélaginu en slík misnotkun kristallast kannski hvað best í þessu máli sem við erum með til umfjöllunar. Og það þarf ekki lengi að lesa skýrslu Ríkisendurskoðunar til að sjá þetta svart á hvítu. Við þurfum ekki annað en lesa hérna helstu niðurstöður þar sem kemur fram að umfangsmikil viðskipti stofnunar við starfsmann sinn í stjórnaraðstöðu almennt séð, þessi viðskipti hljóti að orka tvímælis vegna hættu á hagsmunaárekstrum. Að mati Ríkisendurskoðunar var það óheppilegt að skipa dagskrárstjóra sjónvarpsins sem fulltrúa menntmrh. í stjórn Menningarsjóðs útvarpsstöðva. Þá er talað hér um að það sé farið á svig við hæfisreglur stjórnsýsluréttar. Það er talað um að það orki tvímælis að maður í þessari stjórnunarstöðu taki sér launalaus leyfi í þeim mæli sem gert hafi verið.

Við sem höfum verið að taka þessa umræðu upp á þingi höfum haft hugmyndir um það að valdamikill embættsmaður — sá sem er í framkvæmdastjórastöðu sjónvarpsins er mjög valdamikill embættismaður, hann er ekkert síður valdamkill en seðlabankastjóri — misbeiti valdi og við viljum fá um það umræðu og það er ekki nema eðlilegt og þingið væri að bregðast skyldu sinni ef það tæki þetta mál ekki til umfjöllunar. Ég minni á að það var fjárln. sem m.a. samþykkti að láta gera slíka úttekt og þess vegna mjög eðlilegt að taka hana hér til umfjöllunar.

En hvað gera sjálfstæðismenn þegar þessi umræða kemur upp um þeirra heittelskaða Hrafn Gunnlaugsson? Jú, þeir sitja meira og minna — ég sé að þeir eru nú ekki mjög margir hér í salnum, en mér finnst yfirleitt þegar þetta mál kemur til umfjöllunar að þeir séu með þunglyndislegan hundshaus yfir málinu vegna þess að þarna er verið að ofsækja þeirra mann. Það er verið að gera þeirra mann að einhvers konar pískarvætti. Þetta er það viðhorf sem maður mætir hjá allt of mörgum sjálfstæðismönnum. Það þarf að segja mér þá sögu oft áður en ég viðurkenni það að Hrafn Gunnlaugsson sé einhver píslarvottur í þessu máli. Maður sem í stöðu sinni er í raun valdaður, bæði af forsrh. og menntmrh., slíkur maður er enginn píslarvottur í mínum huga. En okkur er sagt það sem viljum taka þetta mál upp og gagnrýna það og þau skilaboð eru send mjög sterkt út í samfélagið að þarna séu einhverjar ofsóknir á ferðinni, þarna sé öfundarhyggja á ferðinni, þarna sé málefnafátækt á ferðinni o.s.frv. Það er slegin skjaldborg um Hrafn Gunnlaugsson, settan framkvæmdastjóra sjónvarpsins, sem er bara, svo að maður segi það nú hreint út, á barmi siðferðisbrests í þeirri stöðu sem hann hefur gegnt.

Hér hefur stundum borist í tal hin svokallaða nómenklatúra í kringum Alþfl. og hún er vissulega talsverð eins og hefur verið rakið hér í stöðuráðningum. En nómenklatúran í kringum Hrafn Gunnlaugsson og forsrh. Davíð Oddsson er ekki minni. Ég hef fylgst með því, ekki bara í gegnum þetta mál, ég hef fylgst með því eins og ég hef sagt hér áður m.a. í gegnum borgarstjórn Reykjavíkur og þaðan dreg ég m.a. mína reynslu. Ég hef fylgst með því hvernig þessir menn gera nákvæmlega eins og þeim sýnist og svo senda þeir okkur bara langt nef þegar við leyfum okkur að gagnrýna það. Og svo útdeila þeir gæðum og refsingu eftir hentugleikum. Það væri hægt að rekja þessa slóð dálítið langt aftur ef tími gæfist til þess hér. Og þegar við síðan gagnrýnum þetta, hvað heyrum við þá? Þá er kvartað og þá er bara vællinn einn uppi. Ég kalla þetta væl eins og menn hafa mætt þessari gagnrýni. Þá er kvartað og þá eru þeir með væl þegar tekið er á móti. Menn sem haga sér með þessum hætti eru bara ofaldir í ríkiskerfinu og þar sem þeir hafa verið á jötu.

Það var líka talað hér áðan í seðlabankamálinu um tiltrú og menn sem gegndu valdamiklum embættum þyrftu að hafa tiltrú fólks, ekki bara tiltrú þeirra sem eru pólitískir samherjar þeirra heldur hinna líka, þ.e. að maður geti verið viss um að það sem ráði för hjá mönnum séu fagleg sjónarmið burt séð frá því hvaða pólitískar skoðanir þeir hafi svo. Hafi Hrafn Gunnlaugsson haft einhvern snefil af tiltrú í vor þegar hann var settur í þetta embætti, þá er svo mikið víst að sú tiltrú er farin. Eftir að hafa fylgst með störfum hans síðan hann var settur í þessa stöðu, þá er ekki hægt að treysta Hrafni Gunnlaugssyni til þess að gegna því þannig að maður geti verið viss um að það sé fagmennskan sem þar ráði för. Og ég vil bara benda á þessa þáttagerð sem hv. þm. Páll Pétursson nefndi hér áðan. Ég verð að segja fyrir mig, að mér finnst raun að fylgjast með þessum þáttum, mér finnst það raun. Mér finnst það ekki samboðið sjónvarpinu eftir alla þessa reynslu sem það á að vera komið með að bjóða okkur upp á slíka þætti. Skorturinn á fagmennsku sem þar ræður för er slíkur svo ekki sé nú talað um hina pólitísku einsleitni sem þar ræður ríkjum, ekki síst í vali á stjórnendum.

Ég get ímyndað mér að það sé ansi hentugt fyrir Sjálfstfl. að hafa Hrafn Gunnlaugsson í þeirri stöðu sem hann er í. Og ég vil benda á það að með Hrafn Gunnlaugsson í þessari stöðu hefur Sjálfstfl. í rauninni ægivald í fjölmiðlaheiminum. Þeir hafa Ingimund í Heklu uppi í Stöð 2 sem stjórnarformann. Það er Hrafn Gunnlaugsson sem er framkvæmdastjóri ríkissjónvarpsins og síðan eru þeir með Morgunblaðið. Þetta eru áhrifaríkustu fjölmiðlar á landinu. Svo höfum við aðra fjölmiðla sem reyna að reka sjálfstæða fréttamennsku og sjálfstæða pólitík í sinni fagmennsku. Þetta eru ekki hvað síst kannski Rás 2 og fréttastofa Ríkisútvarpsins en þessir fjölmiðlar virðast vera eitur í beinum þessara manna og eru sífellt undir gagnrýni fyrir það hvernig þeir taka á máli, m.a. þessu máli sem við erum að ræða um hér. Og allt sem fréttastofa Ríkisútvarpsins eða Rás 2 hefur látið frá sér fara um þessi mál er undir einhverju stækkunargleri og er litið á sem einhverja tortryggilega aðför að Sjálfstfl. eða Hrafni Gunnlaugssyni eða guð veit hverjum.

Virðulegur forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að segja meira um þetta mál. Ég fagna því að það skuli komið hér inn og ég hefði talið mjög miður ef Alþingi hefði ekki tekið á málinu, þá hefði Alþingi brugðist skyldu sinni. En ég átti svo sem aldrei neitt sérstaklega von á

því að hér kæmi eitthvað sérstakt út úr því. Ég átti svo sem ekki von á öðru en að ráðherrann mundi a.m.k. reyna að búa til einhverja skjaldborg utan um Hrafn Gunnlaugsson.

[16:16]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki alveg lokið við það sem mig langaði til að segja í þessari umræðu áðan og þess vegna held ég nú áfram þar sem frá var horfið.

Ég hafði lagt þá spurningu fyrir hæstv. menntmrh. hvort hann teldi að tilganginum hefði verið náð þegar hann stóð að þeirri embættisfærslu sem hér hafði verið rædd og var umdeild og er enn. Mig langar til þess að koma aðeins frekar inn á þessa dagskrárgerð sem hér hefur orðið að umræðuefni hjá nokkrum hv. þm. því að dagskrárgerðin sem hefur verið á ábyrgð skrifstofu setts framkvæmdastjóra hefur orðið til þess að útvarpsráð bókaði einróma 22. okt. sl. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 15. gr. útvarpslaga skal Ríkisútvarpið halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur um mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Það skal og gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð. Á liðnum vikum og mánuðum hefur sjónvarpið sent út viðræðuþætti, bæði í svokallaðri þriðjudagsumræðu og nú síðast í síðdegisumræðu á sunnudögum þar sem þátttakendur hafa nær einvörðungu verið karlkyns og með áþekk stjórnmálaviðhorf. Þættir þessir hafa flestir verið unnir á vegum skrifstofu framkvæmdastjóra sjónvarps.

Útvarpsráð hefur ítrekað fundið að þessari framkvæmd sjónvarpsins án þess að breyting hafi orðið á. Útvarpsráð ítelur harðlega að sjónvarpið skuli ekki við framkvæmd viðræðuþátta þessa taka mið af fyrrnefndum ákvæðum útvarpslaga og felur útvarpsstjóra að sjá til þess að grundvallarreglur þessar séu í heiðri hafðar."

Svo mörg voru þau orð. Það sem þarna er talað um sem áþekk stjórnmálaviðhorf þýðir það tæpitungulaust að allir stjórnendur þessara umræðuþátta eru sjálfstæðismenn og þættirnir eru vel á annan tug. Og finnst hæstv. menntmrh. þetta samræmast 15. gr. útvarpslaga?

Hlutfall kvenna í áðurnefndum viðræðuþáttum er 11 á móti 60 og ég tek það fram að þessi úttekt miðast við 20. okt. þar sem ég hef ekki upplýsingar um þá þætti sem hafa farið fram síðan og reyndar er ég ekki alveg frá því að hlutur kvenna hafi aðeins aukist núna síðustu tvær vikurnar.

Þetta er heldur ekki ásættanlegt og samræmist ekki heldur 15. gr. útvarpslaga að mati útvarpsráðs og það væri fróðlegt að heyra hvað hæstv. menntmrh. hefur um þetta að segja.

Mig langar þá að síðustu, hæstv. forseti, að koma aðeins inn á þá umfjöllun í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem fjallar um gerning hæstv. menntmrh., sem fjallað er um á bls. 61, og hefur verið gerður að umræðuefni hér, en þar er í sjálfu sér niðurstaða Ríkisendurskoðunar að hæstv. menntmrh. hafi brostið heimildir til þess að gefa út óskilyrta yfirlýsingu sem fólust í kaupum á kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar. „Í báðum tilvikum" stendur hér, með leyfi forseta „er um að ræða ráðstöfun fjármuna áður en ljóst er hversu háum fjárhæðum Alþingi mun veita til viðkomandi verkefna."

Í þessu tilfelli er framkvæmdarvaldið að traðka á löggjafarvaldinu og það er reyndar engin nýlunda í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Það er einu sinni þannig samkvæmt íslenskri stjórnskipan að það er löggjafarvaldið sem fer með fjárveitingavaldið og það er svo sem alltaf gott þegar menn iðrast synda sinna og ég heyrði hæstv. menntmrh. svara því þannig sl. sumar að hann skyldi aldrei gera þetta aftur. Nú fannst mér hann hafa dregið nokkuð í land og miðað við orð hans hér áðan sagðist hann ekki ætla að kaupa fleiri kvikmyndir á þessu ári. Og hvort er nú rétt, hæstv. menntmrh.? En mér finnst spilling í stjórnmálum áhyggjuefni hér á landi og hún veikir lýðræðið, hún dregur úr tiltrú almennings á stjórnmálamönnum sem síðan getur leitt það af sér að það fáist ekki vandað og frambærilegt fólk til þess að taka þátt í stjórnmálum. Og hvar erum við þá stödd? Hæstv. forseti. Þá erum við illa stödd.

[16:21]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál er mér skylt að því leyti að ég lýsti því yfir á Alþingi 20. apríl sl. að ég mundi beita mér fyrir því í fjárln. að nefndin hefði frumkvæði að því að úttekt yrði gerð á viðskiptum og samskiptum Hrafns Gunnlaugssonar og opinberra stofnana. Ég taldi afar mikilvægt að Alþingi hefði frumkvæði hvað varðaði slíka úttekt og að umræður um þetta mál mættu fara fram á þinglegum grundvelli. Og 21. apríl kom fjárln. saman og þar varð niðurstaða um að óska eftir því við Ríkisendurskoðun að fram færi úttekt á þessum samskiptum.

Það olli þó vonbrigðum á þeim fundi að ekki varð alls kostar samkomulag um þá niðurstöðu. Stjórnarandstaðan gat ekki átt heilan hlut að þeirri beiðni sem meiri hluti stjórnarliða varð síðan einn að standa að til Ríkisendurskoðunar. Ég skildi aldrei þá í hverju sá ágreiningur var fólginn og kannski ekki rétt að rifja það upp nú, en tel þó innlegg inn í þetta mál af því að hér hefur það ekki komið til umræðu heldur þvert á móti.

Ég vil einnig vekja athygli á því að stjórnarandstaðan í fjárln. ekki hótaði heldur fullyrti í bókun að undirritaðir nefndarmenn mundu taka málið upp að nýju samkvæmt ákvæðum 26. gr. þingskapa Alþingis þegar niðurstöður Ríkisendurskoðunar lægju fyrir. Og svo lágu niðurstöður Ríkisendurskoðunar fyrir. En þá varð afstaðan allt önnur vegna þess að þá varð samkomulag og samstaða í fjárln. líka með þeim sem áður höfðu fullyrt að þeir ætluðu að taka málið aftur upp í fjárln. á grundvelli 26. gr. þingskapa. Það varð samstaða með þeim þegar skýrslan kom um sérstaka bókun sem hér hefur nú þegar verið lesin. Slíka samstöðu stjórnar og stjórnarandstöðu í fjárln. er ekki hægt að skilja öðruvísi en svo að þingflokkarnir allir standi að þeirri bókun ef mark er hægt að taka yfir höfuð á fulltrúum flokka í nefndum nema fulltrúar flokka í nefnd-

um tali eitt hér og annað þar. Þetta tel ég mjög mikilvægt að leggja áherslu á.

Hvað varðar efnisatriði málsins, þá tel ég brýnast af öllu og legg áherslu á það sem fram kemur í bókun fjárln. sem algert samkomulag varð um 8. júlí þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar hafði verið rædd í fjárln., en þar segir:

„Í ljósi þeirra upplýsinga er koma fram í nefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar beinir fjárln. því til menntmrh. að hann beiti sér fyrir heildarendurskoðun á lögum um kvikmyndamál, svo og ákvæðum laga um Menningarsjóð útvarpsstöðva. Við þá endurskoðun sé tekið m.a. mið af þeim upplýsingum og athugasemdum sem fram koma í fyrrnefndri skýrslu."

Þetta er kjarni málsins og ég vona að þessi endurskoðun sé hafin. Ef ekki, þá verði hún hafin strax og tekið verði tillit til þeirra upplýsinga og athugasemda sem í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar komu fram. Þetta var vilji fjárln. á þeim tíma þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar var rædd og ég trúi að sé enn.

[16:26]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu skýrsla Ríkisendurskoðunar um fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsa opinbera aðila. Ég held að það sé alveg ljóst að þessi skýrsla hefur orðið þeim sem óskuðu eftir því að sérstök nefnd yrði sett í það að rannsaka samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við opinbera aðila mikil vonbrigði og er það að vonum vegna þess að meginniðurstaða skýrslunnar er að sjálfsögðu sú að hvorki hafi þessi starfsmaður brotið af sér í starfi né heldur hyglað sér. (**Forseti:** Forseti hlýtur að biðja hv. þm. að hlífa þingheimi við fullyrðingum af þessu tagi, að þingmenn hafi ætlast til að umræddur einstaklingur hafi brotið af sér. Forseti hlýtur að gera athugasemd við þetta.) (**GunnS:** Er þingmaðurinn víttur?) Má þingmaðurinn heyra þetta aftur? (**GunnS:** Verður þingmaðurinn víttur?) (**Forseti:** Já, forseti skildi svo orð hv. þm. að hann gerði hv. þm. sem um skýrsluna báðu þann hug að ætlast hefði verið til að hún væri áfellisdómur um umræddan einstakling.) Nei, svo er ekki hægt að skilja orð mín. (**GunnS:** Er hv. þm. víttur?) Það er ekki hægt að skilja orð þingmannsins þannig. Það er gersamlega útilokað. (**Forseti:** Þá vil ég gera sem hv. þm. og biðja hann að endurtaka það sem hann sagði. Vera má að ég hafi misskilið, en hv. þm. sagði að skýrslan hefði orðið þingmönnunum vonbrigði. Í því hlýtur að felast ákveðin skoðun og forseti telur skyldu sína að leiðrétta það.) Þingmaðurinn telur sig hafa fulla heimild til þess, forseti, að halda því fram að þessi skýrsla hafi verið þingmönnunum vonbrigði. (**Forseti:** Hv. þm. er leyft að halda áfram máli sínu.) Gott og vel.

Ég vil því halda því fram að meginniðurstaða þessarar skýrslu sé að umræddur starfsmaður hafi hvorki brotið af sér í starfi né hyglað sér. Þetta er meginniðurstaða sem skiptir miklu máli vegna þess að það hafði verið ýjað að því í umræðu á þingi að um brot í starfi hefði verið að ræða og að starfsmaður hefði hyglað sér.

Athugasemdirnar í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru margar og merkilegar. Ein af meginniðurstöðum skýrslunnar er sú að það eru gerðar alvarlegar athugasemdir við starfsemi ýmissa opinberra sjóða. Varða þessar athugasemdir í raun og veru bæði Alþingi að því er varðar lagasetningu, en einnig störf núverandi og fyrrverandi ráðherra að því er varðar setningu reglugerðar um störf og starfsemi þessara sjóða. Ég vil geta þess að sérstaklega kemur fram gagnrýni hjá Ríkisendurskoðun á bls. 7 í þessari skýrslu þar sem segir, með leyfi forseta: „Þegar litið er heildstætt á mál er tengjast stjórn og starfsemi Kvikmyndasjóðs er það mat Ríkisendurskoðunar að hæfisreglna stjórnsýsluréttarins hafi ekki verið gætt sem skyldi á vettvangi sjóðsins á undanförnum árum, en fyrir liggur að einstakir stjórnarmenn í Kvikmyndasjóði hafa tekið þátt í skipun manna í úthlutunarnefnd þrátt fyrir að þeir hafi sótt um eða ætlað sér að sækja um styrki úr sjóðnum."

Hér er í raun og veru verið að finna að störfum þeirra ráðherra sem skipuðu Hrafn Gunnlaugsson í stjórn Kvikmyndasjóðs. Þeir ráðherrar munu sennilega hafa verið þrír, en sá síðasti sem það gerði var hv. þm. Svavar Gestsson sem hefur haft uppi í umræðum í þinginu um þetta mál hin verstu orð. Ég held að það sé rétt að benda á þetta í þessari umræðu.

Sá hv. þm. hafði um þessa skýrslu þau orð áðan að hún færi sæmilega í málið. Ég geri ráð fyrir því að það sé ekki í fornri merkingu orðsins sem þýðir að gera það með sóma heldur svo að það sé rétt viðunandi. Það er vonlegt vegna þess að Ríkisendurskoðun ómerkir m.a. það sem þessi þingmaður sjálfur setti fram í ræðu sinni í þinginu hér í fyrra, hún ómerkir ummæli hans þar sem segir að umræddur settur framkvæmdastjóri hafi fengið styrk út á mynd úr Norræna kvikmyndasjóðnum með venjulegum hætti, en þetta er borið til baka í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Í raun og veru er þessi skýrsla athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Ég mun ekki fara í mörg atriði hér í þessu stutta máli mínu. Það er alveg rétt að það kemur fram í skýrslunni að víða eru hagsmunaárekstrar sem Ríkisendurskoðun gagnrýnir og varar sérstaklega við. Slíkir árekstrar eru mjög algengir í svo smáu samfélagi sem hér þrífst og það er ljóst að ef farið yrði almennt yfir gildandi lög um opinbera sjóði, þá munu margir þeirra reynast afskaplega veikir fyrir slíkri gagnrýni, en engu að síður er slík gagnrýni velkomin inn í umræðuna.

Ég vil taka það fram að í þessum umræðum hér, sem hafa yfirleitt verið frekar málefnalegar, hefur þó ýmislegt verið sagt sem ég hygg að betur hefði verið látið ósagt. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði hér áðan að settur framkvæmdastjóri hefði notað Ríkisútvarpið sem hækju. Er með þessu átt við að hann hafi notað Ríkisútvarpið til þess að hygla sér? Slík ummæli eru lítillækkandi, í raun og veru bæði fyrir settan framkvæmdastjóra og þau eru líka lítillækkandi fyrir Ríkisútvarpið.

Hér kom fram einnig áðan hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu að Sjálfstfl. bæri nú ægivald yfir fjölmiðla og var þar getið sérstaklega um setu ákveðins fram-

kvæmdastjóra hér í borg í stjórn Stöðvar 2. Hvað þýða slík ummæli sem þessi? Þýðir þetta það að Stöð 2 sé stjórnað af þeim sem þar sitja í stjórn? Þýðir þetta það að fréttamenn Stöðvar 2 séu undir ægivaldi þeirra sem sitja í stjórn? Má skilja þessi orð þannig að bæði fréttamennsku og dagskrárgerð sé bókstaflega fjarstýrt af þeim sem sitja í stjórn? Hvers lags virðing er þetta fyrir þeim fjölmiðli sem hér hefur haslað sér völl, Stöð 2, sem stundar heiðarlega fréttamennsku og reyndar vaxandi dagskrárgerð, hvers konar virðing er þetta fyrir þessum fjölmiðli? Hvers vegna er verið að ganga inn á þessar brautir? Er verið að gefa það í skyn hér að á Stöð 2 séu grundvallarlögmál — sem hafa verið færð sérstaklega inn í umræðuna hjá Evrópuráðinu um sjálfstæði fréttamanna og um frelsi þeirra sem vinna innan fjölmiðlanna til þess að vinna að sínum málefnum afskiptalaust og óháð þeim sem eiga fjölmiðlana — er verið að gefa það í skyn að þetta lögmál gildi ekki hér? Þetta eru merkilegar athugasemdir. Þetta eru merkileg skilaboð til fjölmiðlanna og ég hygg að því miður hafi það nú gerst enn einn ganginn í umræðum um þetta mál á Alþingi að menn hafi sagt ýmislegt sem betur hefði verið látið ósagt og það á einnig við um forseta þingsins hér í upphafi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Það er skylda forseta Alþingis að gæta sóma þingmanna héðan úr forsetastól.

[16:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur nú leitt ýmislegt mjög fróðlegt í ljós satt að segja og ég tel enn ástæðu til að þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að hefja þessa umræðu. Sérstaklega hefur hún leitt það í ljós að Sjálfstfl. leit svo á að Hrafnsmálið svokallaða væri málefni Sjálfstfl. og að flokksleg æra Sjálfstfl. væri í veði í þessu máli. Hjarta Sjálfstfl. slær með þeim hætti að þingmenn eins og hv. síðasti ræðumaður telja greinilega að Ríkisendurskoðun hafi sýknað — ekki Hrafn Gunnlaugsson, það er mikið minna mál heldur Sjálfstfl. og menn nota tækifærið hér í ræðuhöldum til þess að vera með yfirlýsingar eins og komu fram áðan, þar sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich virðist ekki gera sér grein fyrir því fjölmiðlaumhverfi sem um er að ræða á Íslandi í dag, þar sem Sjálfstfl. hefur auðvitað ægivald og ber ægishjálm yfir möguleika, ítök, sambönd og tengsl allra annarra stjórnmálaflokka. Sjálfstfl. ber þennan ægishjálm en hann vill ekki viðurkenna það. Og það er þess vegna, af því að þetta var gagnrýnt, sem þessir menn ekki þola nú að enn á ný þora stjórnarandstæðingar að gagnrýna Sjálfstfl. úr þessum ræðustól tæpitungulaust.

Í öðru lagi hefur komið fram, virðulegi forseti, í þessum umræðum ótrúlegur valdhroki í viðhorfum Sjálfstfl. til þingsins, þar sem það er sagt fullum fetum: Við vorum í fullum rétti að neita meðferð málsins í menntmn. Auðvitað var meiri hlutinn í fullum rétti en er það þar með sagt að það hafi verið lýðræðislegt sjónarmið? Nei. Hvað höfum við verið að gera hér á undanförnum árum? Setja ný lög um þingsköp, stuðla að betri vinnubrögðum í þinginu. Hvað þýðir svar af þessu tagi frá hv. formanni menntmn. hér áðan? Það þýðir það að þau viðhorf eru enn til í þinginu sem voru talin fullgild á viðreisnarárunum fyrir 20–30 árum, en ég hélt að væru löngu horfin héðan. Ég segi, hæstv. forseti. Það er gott að þau létu á sér kræla núna til þess að vita á hverju maður á von á næstu vikum og mánuðum af íhaldinu.

En í þriðja lagi er það þannig, hæstv. forseti, að Alþfl. lagði af stað í þennan leiðangur líka. Ég hélt nú satt að segja að hann hefði nóg með sig, nóg með alla seðlabankana sína og jeppana sína, með fjallagræjurnar. (**Umhvrh.:** Sendiherrastöðurnar.) Ég tala nú ekki um sendiherrastöðurnar og forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. (**ÓRG:** Tókstu eftir hver kallaði fram í?) Ég tók eftir því, en ég ætlaði nú ekki að hafa hátt um það, hv. þm. Og Alþfl. munar ekkert um að bæta því á sig að taka bara líka að sínu stóra hjarta Hrafn Gunnlaugsson. (**IP:** Einn keppur í sláturtíðinni.) Einn keppur í sláturtíðinni, hverju munar það? (Gripið fram í.) Forstjóri Tryggingastofnunarinnar, sendiherrann í Ósló, seðlabankastjórinn og sjá: Að mínu milda hjarta dreg ég líka Hrafn Gunnlaugsson. (**Umhvrh.:** Og þú ert velkominn líka.) Staðreyndin er auðvitað sú að með þessari afstöðu sem fram kemur hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni er Alþfl. að ganga fullkomlega inn í þetta heiðnaberg með býsna átakanlegum og þarflausum hætti. Það hefur enginn beðið Alþfl. um að ganga í þetta skítverk, í þessar forarvilpur á eftir Sjálfstfl.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, hefur það komið fram í þessum umræðum að þessi umræða hefur gert gagn því að það kom fram í svörum hæstv. menntmrh. hér áðan að hann ætlar núna ekki aðeins að gefa út reglugerð næstu daga um ákveðna þætti sem Ríkisendurskoðun bendir á, heldur ætlar hann að taka á fleiri málum eins og t.d. því að hann ætlar að senda öllum tilnefningaraðilum stjórnsýslulögin, sennilega ókeypis hefti ljósrituð úr Stjórnartíðindum. Það er fínt og það er framför hjá hæstv. menntmrh. og það á að þakka fyrir það sem vel er gert.

Hitt er aftur á móti annað sem var mjög alvarlegt sem kom fram hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich og ég vil spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé líka skoðun ráðherrans að ráðherra eigi að hafna tilnefningum sem koma frá samtökum um menn í stjórn þeirra sjóða sem ráðherrann var m.a. að tala um hér áðan. Er verið að boða það að ráðherrarnir ætli að segja: Nei, ég vil ekki setja þennan fulltrúa kvikmyndasamtaka, rithöfundasamtaka eða tónlistarmannasamtaka í stjórn af því að hann er mér, ráðherranum, ekki þóknanlegur? Er Sjálfstfl., hv. þm. Tómas Ingi Olrich fyrir hans hönd, að hafa þannig í hótunum við samtök listamanna í landinu að það verði fyrst gáð hvort þessar tilnefningar séu í lagi áður en ráðherrann skipar fulltrúa í stjórn þessara sjóða? Þetta las ég út úr ræðu hv. þm. Tómasar Inga Olrich þegar hann gagnrýndi mig sem hér stend fyrir það að hafa skipað Hrafn Gunnlaugsson í stjórn Kvikmyndasjóðs samkvæmt tilnefningu samtaka sem átti að tilnefna þangað inn samkvæmt lögum. Er verið að segja að ráðherra á hverjum tíma eigi að velja og

taka bara þá menn sem þeim eru þóknanlegir? Og er það þetta, þessi valdníðsla, sem Alþfl. er að taka undir og ætlar að aðstoða Sjálfstfl. við að verja?

[16:40]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessar umræður sem heitið getur, enda eru fulltrúar Framsfl. búnir að taka upp þann tíma sem okkur hefur verið ætlaður í þessari umræðu samkvæmt samkomulagi.

Það er aðeins út af orðum sem féllu hér hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni sem mig langar til þess að segja tvær, þrjár setningar. Það er í fyrsta lagi að minna hann á að út af þeim umræðum sem áttu sér stað á sl. vori í fjárln. um hvernig á þessu máli yrði haldið, þá var það fyrst ósk stjórnarandstöðunnar að í þetta mál yrði sett sérstök nefnd. Í öðru lagi var það okkar ósk að fjárln. tæki málið sjálf til umfjöllunar og væri aðili að þessari skoðun allri saman, en niðurstaða meiri hluta fjárln. var sú að fela verkefnið Ríkisendurskoðun. Í okkar bókun föllumst við að sjálfsögðu á það að Ríkisendurskoðun taki þetta verkefni og vinni í samræmi við ákvæði laga og fagleg sjónarmið eins og þar segir en síðan er því lýst yfir að nefndarmenn muni taka málið upp að nýju.

Nú er það svo að ég er hér eini fulltrúi stjórnarandstöðunnar í fjárln. sem hef í augnablikinu aðstöðu til þess að taka til máls. Að vísu er hæstv. forseti í þeim hópi líka (**Umhvrh.:** Hvar eru hinir?) en yfir hina hef ég nú ekki sérstakt yfirlit, hæstv. umhvrh. Það er ekki í mínum verkahring að fylgjast sérstaklega með því. En það vill svo til að ég var ekki á þeim fundi í sumar þegar hv. fjárln. tók þessa skýrslu til skoðunar þannig að ég á ekki aðild að þeirri bókun sem þá var lögð fram þó að ég sé ekki að lýsa á þessu stigi neinni andstöðu við hana, en vil út af því sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði áðan í þessum ræðustóli að það hlyti að skoðast sem svo að afstaða stjórnarandstæðinga eða fulltrúar í stjórnarandstöðunni í nefndinni bindi þingflokkana eða skoðaðist sem samþykki þingflokkana við afgreiðsluna í fjárln. Þá spyr ég hv. þm. þeirrar spurningar: Er það svo að ef hann hefur einhverja skoðun í þeim nefndum sem hann situr í, þá sé hann þar með að binda þingflokk Alþfl. eða er það svo að ef þingflokkur Alþfl. gerir einhverja bókun eða tekur efnislega afstöðu til máls, þá sé það að binda hv. þm. að hans skoðunum? Er það svo í starfsreglum og vinnubrögðum þingflokks Alþfl.? Ég leyfi mér reyndar að efast um það að svo sé ekki og ég held að ég muni það rétt að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hafi stundum sýnt það í orðum og gerðum að hann hafi ekki alltaf verið sammála öllu því sem hafi komið frá þingflokki Alþfl. og kannski er þingflokkur Alþfl. ekki alveg tilbúinn til þess alltaf að taka undir það sem hann segir eða þær skoðanir sem hann setur hér fram. (**Umhvrh.:** Oftast nær.) Oftast, segir hv. umhvrh.

[16:44]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég er ekki viss um að hv. þm. Svavar Gestsson hafi heyrt ræðu mína er ég flutti hér áðan. Ef hann hefur heyrt hana, þá hef ég talað svo óskýrt að hann hefur misskilið hana. Ég trúi því ekki að hv. þm. Svavar Gestsson hafi verið andsnúinn því að Alþingi Íslendinga bæri ábyrgð á þeirri úttekt sem fram fór á fjármálalegum samskiptum Hrafns Gunnlaugssonar og opinberra stofnana. Ég trúi því ekki að hv. þm. Svavar Gestsson sé andsnúinn því eða ósammála því að fram fari endurskoðun, heildarendurskoðun á lögum um kvikmyndamál, svo og ákvæðum laga um Menningarsjóð útvarpsstöðva og við þá endurskoðun verði tekið tillit til upplýsinga og athugasemda sem fram koma í fyrrnefndri skýrslu Ríkisendurskoðunar. Og ég trúi því ekki að hv. þm. Svavar Gestsson sé ósammála þeirri bókun sem kom fram í fjárln. í kjölfarið á umræðum um skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Þetta voru efnisatriði máls míns og það kom ekkert efnislega fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar um það að hann væri ósammála þessum efnisatriðum. En hann gagnrýndi tal mitt almennt og þá verður svo að líta á að hann sé ósammála afstöðu minni hvað efnisatriði þessa máls snerta, að hann hafi verið ósammála því að þessi endurskoðun skyldi fara fram undir forræði þingsins, hann sé ósammála því að fram fari heildarendurskoðun á lögum um kvikmyndamál og ákvæðum laga um Menningarsjóð útvarpsstöðva og hann sé ósammála þeirri niðurstöðu sem varð í fjárln., dags. 8. júlí 1993, í kjölfarið í umræðum á þeirri úttekt sem Ríkisendurskoðun lét fara fram. Ég harma þessa afstöðu hv. þm. og ég trúi því ekki að þetta sé afstaða Alþb. og hann tali hér fyrir sinn eigin munn. (**SvG:** Þetta er óheiðarlegur málflutningur.)

[16:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur nú þróast á merkilegan hátt þykir mér og sýnir það kannski einna best hvað hér er um alvarlegt og viðkvæmt mál að ræða. Hæstv. menntmrh. nefndi það í sinni ræðu að siðavandir þingmenn og rannsóknarblaðamenn hefðu staðið fyrir fjaðrafoki út af þessu máli og ég viðurkenni það fúslega að ég lít á mig sem siðavandan þingmann (**Menntmrh.:** Ég sagði þetta hreint ekki.) ja, mér heyrðist þetta, (**Menntmrh.:** Það var í öðru samhengi.) ráðherrann leiðréttir það þá ef ég fer rangt með. En það sem ég vildi hér segja er það að ég sé nú ekki betur en það sé mikil þörf á siðvæðingu í okkar samfélagi. Það ástand sem við okkur blasir, meðferð á opinberu fé og það hvernig hefur verið gengið um stöður ríkisins sýnir það og sannar að það veitir sko ekki af siðvæðingu hér.

En ég verð að segja að mér þykir hafa verið farið mjúkum höndum um menntmrh. og hér hefði mátt taka miklu fastar á vegna þess að í skýrslu Ríkisendurskoðunar koma fram mjög alvarlegar ásakanir. Eins og kom fram í vor þegar tillögu stjórnarandstöðunnar um rannsóknarnefnd var hafnað, stendur maður nokkuð ráðalaus gagnvart því hvernig hægt er að taka á ráðherrum sem ganga fram með þessum hætti. Og þá er ég einkum að tala um sjálfa stöðuveitinguna og það hvernig staðið var að fyrirgreiðslu af ýmsu tagi við þann einstakling sem hefur dregist inn í umræðuna svo

sem vænta mátti þó að alla vega ég hafi reynt að halda honum sem mest utan við þetta mál, því að mínum dómi er hinn alvarlegi þáttur þessarar skýrslu sá sem snýr að stjórnsýslunni og stjórnarháttum.

En þrátt fyrir það vil ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér og það kom fram í þeim að það er ýmislegt að gerast sem betur fer. Það er verið að taka á málefnum Kvikmyndasjóðs en það breytir ekki því að það er margt eftir enn og það sló mig hvernig hæstv. ráðherra skýldi sér á bak við stjórnsýslulögin sem taka munu gildi um næstu áramót því að við höfum margra ára reynslu og tugi dæma um það hvernig hér hefur verið skipað í stöður og hvernig menn hafa verið skipaðir í stjórnir og það gagnrýnt harðlega þannig að það er ekki eins og það sé verið að taka upp hér einhvern nýjan sið. Við höfum dæmin frá því í sumar og haust um það hvernig menn ganga hér um sali ríkisvaldsins. Það er auðvitað ekki hægt að halda svona áfram og þó að menn samþykki stjórnsýslulög þá er eftir að sjá hvernig þeim verður framfylgt.

Hæstv. menntmrh. kom inn á það að það væri eitthvað sérstaklega verið að sveigja hér að listamönnum eða listageiranum og hvernig þar væri skipað í stjórnir og ráð. Ég er honum alveg sammála um það. Ég held að það sé full ástæða til þess að skoða ýmsa aðra geira samfélagsins. Það eru víða hagsmunaárekstrar en mergurinn málsins er sá að það er ekkert óeðlilegt við það að skipa fólk í nefndir, sjóðstjórnir og annars staðar þar sem sérþekking þess kemur til góða. Málið er það að ef menn eru að fjalla um sín eigin mál, þá eiga menn auðvitað að víkja. Þá eiga menn að víkja úr viðkomandi stjórn. Þar sem Kvikmyndasjóður á í hlut, þá er staðreyndin sú að maður sem setið hefur árum saman í stjórn Kvikmyndasjóðs hefur auðvitað haft áhrif á stefnu og starfshætti sjóðsins og það þarf enginn að segja mér það að auðvitað hefur stjórnin áhrif á það hvaða kvikmyndir eru styrktar þó að stjórnarmeðlimir sjálfir sitji ekki í úthlutunarnefnd. Það er mjög óeðlilegt að maður sitji í stjórn sjóðs og fái síðan hæstu styrki úr sjóðnum. Þetta geta ekki talist eðlilegir stjórnarhættir.

Það væri mjög margt hægt að nefna af því sem fram kom í máli ráðherrans og annarra sem hér hafa talað. En ég get ekki látið hjá líða að minnast á það sem hæstv. menntmrh. sagði þegar hann nefndi að hann væri ósammála Ríkisendurskoðun og var þá að víkja að kaupunum á kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar, án heimildar. Ég vil bara minna á það að í 41. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins stendur:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Þetta stendur í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins en menn vita að þetta hefur verið þverbrotið árum saman, þverbrotið og það eru ekki góðir stjórnarhættir að ráðherrar hér líklega um áratuga skeið hafa brotið íslensku stjórnarskrána. Við erum að reyna það í breytingum á þingsköpum og breyttum starfsháttum hér að taka á þessum málum svo að Alþingi fari í raun að veita framkvæmdarvaldinu aðhald. Og ég skora á þingmenn meiri hlutans að sinna þeirri skyldu sinni að veita ríkisstjórninni aðhald, en að standa ekki hér og verja stjórnarhætti af þessu tagi. Þetta getur ekki gengið svona. Við sjáum hvernig fjármunum íslenska ríkisins er háttað nú um stundir, hvernig sífellt hallar á ógæfuhlið og það er auðvitað vegna þess hvernig stjórnarhættir ríkja hérna, hvernig menn ganga um opinbera sjóði. Þetta hangir allt saman.

Að lokum, virðulegi forseti, þá vil ég aðeins nefna það sem fram kom í máli þriggja þingmanna stjórnarliðsins sem hérna eru í vörninni með hæstv. menntmrh. Ég vil fyrst koma inn á það sem formaður menntmn., hv. þm. Sigríður Anna Þórðardóttir, nefndi varðandi fundi menntmn. Ég get ekki sagt annað en að mér kemur það ákaflega spánskt fyrir sjónir að þegar hægt er að kalla saman fundi í öðrum nefndum, t.d. héldum við tvo fundi í sumar í efh.- og viðskn., þá er það ákaflega sérkennilegt að það skuli ekki vera hægt vegna fjarvista að kalla saman fund í menntmn. Það er varaformaður í menntmn. og maður getur sent aðra fyrir sig á nefndarfundi ef brýna nauðsyn ber til. En ágreiningurinn snýst auðvitað um það, hvort menn vilja ræða þetta mál eða ekki og ég er algerlega ósammála því að það hafi ekki verið þörf á að ræða þetta mál. Það er nú einu sinni svo að okkur finnst það mörgum sem hér erum að það komi alvarlegir hlutir fram í þessari skýrslu sem okkur beri að taka á.

Að lokum, virðulegi forseti, þá vil ég vegna ummæla hv. þm. Tómasar Inga Olrich nefna að það var ekki stjórnarandstaðan sem vildi framkvæma úttekt á þessu máli á þann hátt sem gert var. Við vildum fá rannsóknarnefnd sem færi í gegnum málið á miklu víðtækari hátt en gert var. Það var meiri hluti fjárln. sem samþykkti að fara þessa leið og þar með datt út sá hluti sem snýr að hæstv. menntmrh. og stjórnkerfinu í heild.

[16:54]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég sagði hér fyrr í umræðunni að það hefði skort á málefnalega umræðu til þessa um þetta mál. Hún hófst með málefnalegum hætti. Málshefjandi flutti sitt mál málefnalega og ég tel að ég hafi líka verið málefnalegur í mínum svörum. En því miður fór umræðan síðar á svipað stig og hún var á hér í vor þar sem stjórnarandstaðan sló þá taktinn og það er miður.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að ég hefði umboðslaus en með samþykki fjmrh. gefið greiðsluloforð í fyrra, loforð sem efna átti á þessu ári. Ég hef sagt hér áður að ég sé ósammála því sem kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar varðandi þetta atriði, þar sem Ríkisendurskoðun telur að mig hafi brostið heimild til þess að gefa þetta loforð og segir að þetta verði að teljast óheppilegt með tilliti til þess fordæmis sem með þessu skapaðist.

Hv. þm. Svavar Gestsson á að vita það betur en aðrir hér í þessum þingsal að menntmrh. hefur ákveðinn lið til ráðstöfunar sem Alþingi hefur samþykkt og það var út á þennan lið sem ég auðvitað gaf þetta loforð. (Gripið fram í.) Hvað meina ég? (**Gripið fram í:**

Þetta var aðeins meira en það.) Nei, það var ekki meira. Það voru 5,3 millj. sem voru ávísaðar á þetta ár og þær hafa verið greiddar af þessum lið sem ráðherra hefur til ráðstöfunar. Ef þingið vill hins vegar fara aðra leið, þ.e. að það séu engir safnliðir til ráðstöfunar í ráðuneytunum, við skulum bara halda okkur við menntmrn., þá er það sjónarmið út af fyrir sig að þingið afgreiði við afgreiðslu fjárlaga hvern einasta lið, hverja einustu umsókn sem þá er komin og það sem kemur síðar er ekki til afgreiðslu. Þetta er sjónarmið út af fyrir sig, sem ég hins vegar vara við. Ég tel að það sé heppileg ráðstöfun að fjárveitingavaldið veiti framkvæmdarvaldinu nokkurt svigrúm á þessum sviðum. Þessi liður sem menntmrh. hefur til ráðstöfunar fer undantekningarlaust, alla vega hefur hann gert það í minni tíð, til viðbótar við ýmsa liði sem naumt er skammtað til á sviði menningarmála. Þannig er það. Það koma á hverju ári umsóknir sem menn vita ekki af þegar fjárlög eru afgreidd. Þetta vildi ég taka fram sérstaklega um þetta atriði og ég tel mig þess vegna ekki hafa brotið lög, eins og hv. þm. Páll Pétursson sagði að ég hefði verið ásakaður um. Það er ekki rétt.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttur sagði hér eitt og annað og m.a. þetta sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich gerði hér að umræðuefni, þegar hún sagði að settur framkvæmdastjóri sjónvarps hefði notað Ríkisútvarpið sem hækju. Þetta þykir mér mjög gróft sagt, bæði gagnvart honum og Ríkisútvarpnu, eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich sagði. Og þetta er gróft sagt líka með tilliti til þess sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar í kaflanum um Ríkisútvarpið. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Við athugun Ríkisendurskoðunar á fjármálalegum samskiptum Hrafns Gunnlaugssonar og sjónvarpsins hefur ekkert komið fram sem bendir til að hann hafi brotið af sér í opinberu starfi eða dregið sér fé."

Samt leyfir hv. þm. sér að segja að settur framkvæmdastjóri sjónvarps hafi notað Ríkisútvarpið sem hækju. Þetta er gróft sagt. (*Gripið fram í.*) Nei, en þetta er engu að síður gróf ásökun, bæði á framkvæmdastjórann og á Ríkisútvarpið.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir talaði líka um að það hefði verið hæpin breyting sem gerð var á reglugerð um Menningarsjóð útvarpsstöðva og sem hv. þm. Svavar Gestsson og þáv. menntmrh. gerði. Það má vel vera að það hafi verið hæpin lagaheimild til þess. Það hefur þó verið athugað og ekki hefur það verið talið lagabrot. Ég held að þessi reglugerðarbreyting sem hv. þm. Svavar Gestsson lét gera, hafi verið rétt. En það má vel vera hins vegar að það sé líka rétt að leggja Menningarsjóð útvarpstöðva niður. En ég bendi á, sérstaklega vegna þess að þetta kom fram í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur sem er þingmaður Framsfl., að Menningarsjóður útvarpsstöðva varð til fyrir kröfu Framsfl. á sínum tíma, ófrávíkjanlega kröfu, til þess að nægilega margir framsóknarmenn fylgdu frv. til nýrra útvarpslaga á sínum tíma, til þess að það gæti orðið að lögum. En þetta er ánægjuleg breyting, finnst mér, hjá Framsfl. ef hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir talar í nafni flokksins, sem ég veit náttúrlega ekkert um.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir fór svo að tala hér um allt annað heldur en skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hún fór að tala um störf Hrafns Gunnlaugssonar í sjónvarpinu núna og það er ekki málefnaleg umræða þegar við erum að ræða hér um skýrslu Ríkisendurskoðunar. Mér er vel kunnugt um ágreining sem er innan Ríkisútvarpsins um bókhaldið þar, milli fjármálaskrifstofunnar og sjónvarpsins. Ég hef undir höndum gögn sem segja mér að það sé full ástæða til þess að óska nánari skýringar frá fjármálaskrifstofunni um bókhald stofnunarinnar og má vel vera að þessar deilur sem þar hafa risið kunni að gefa tilefni til þess að öll fjármál Ríkisútvarpsins verði athuguð nánar.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir taldi að það væri ekki það nauðsynlegasta að nemendur í grunnskólum færu að horfa á kvikmyndir sem eitthvert sérstakt námsefni. Ég er alveg sammála því, enda var það ekki það sem ég var að segja. Ég var að segja að það kynni að vera nauðsynlegt að taka upp kennslu í kvikmyndagerð og myndmáli, að lesa myndmál yfirleitt, en það er ekki það nauðsynlegasta. Það hljótum við að vera sammála um.

Ég veit ekki hvort það eru mikið fleiri atriði sem ég þarf að koma að, enda á ég svo sem ekki langan tíma eftir. Þó það jú að hv. þm. Páll Pétursson sagði að Ríkisútvarpinu hefði verið unnið tjón, að því er mér skildist, með því að ég setti Hrafn Gunnlaugsson í stöðu framkvæmdastjóra sjónvarps um eins árs skeið og það væri verið að eyðileggja sjónvarpið, sagði hv. þm. Ég veit satt að segja ekki alveg hvað hann á við. Menn hafa verið að horfa núna á afar breytta dagskrá sjónvarpsins sem hefur verið unnin auðvitað fyrst og fremst undir handleiðslu framkvæmdastjóra sjónvarps. Ég hef ekki orðið var við annað en að það sé almenn ánægja með þá miklu breytingu sem orðið hefur á dagskrá sjónvarpsins og svo segir hv. þm. Páll Pétursson að það sé verið að eyðileggja það.

Það er gagnrýnt hér að framkvæmdastjóri sjónvarps hefur leyft ungum mönnum, nokkrum ungum mönnum að leiða umræðuþætti í sjónvarpinu. Ég sé satt að segja ekkert að því þótt ungum mönnum sé leyft að spreyta sig á því að stjórna umræðuþáttum í sjónvarpi og það er beinlínis rangt þegar sagt er að það sé einlitur hópur manna sem komi fram í þessum umræðuþáttum, það er rangt. (**Gripið fram í:** Er það?) Já, það er rangt. Það má vel vera að það séu ekki flokksmenn margra flokka sem hafa stjórnað þeim, en það hafa komið menn allra flokka sem þátttakendur í þessum umræðuþáttum.

[17:03]

Tómas Ingi Olrich *(um fundarstjórn)*:

Ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, að forseti sá ástæðu til þess að stöðva mig í ræðu minni áðan án þess að nokkur efni stæðu til þess. Þegar ég hafði lokið máli mínu mátti skilja það svo á forseta að sá sem hér stendur hafi ekki gætt sóma þingsins í ræðu sinni. Ég vil spyrja forsetann að því hvort það sé hans skoðun að sú ræða sem ég flutti hér áðan hafi verið með þeim hætti að ég hafi ekki gætt sóma þingsins. Ef svo er, þá krefst ég þess að stjórn þingsins fari yfir

ummæli mín og ef hún sér að þar hafi ég ekki gætt sóma þingsins, þá er ég reiðubúinn að taka við vítum frá forseta um það mál. Að öðrum kosti tel ég að hann eigi að biðja mig afsökunar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. þm. hafði þau orð um það tilefni að beðið var um skýrslu að forseti taldi að þar væri þingheimur eða þ.e. hluti hans, fjárlaganefnd þingsins, borin óheppilegum sökum og ósanngjörnum. Og ég vil minna hv. þm. á að í 8. gr. laga um þingsköp segir í fyrsta lagi:

„Forseti stjórnar umræðum og sér um að allt fari fram með góðri reglu." Forseti taldi þetta ekki góða reglu.

Í 89. gr. segir: „Ef þingmaður talar óvirðulega um forseta Íslands eða ber þingið eða ráðherra eða einhvern þingmann brigslyrðum eða víkur með öllu frá umtalsefninu" þá hefur forseti leyfi til að víta þingmanninn. Forseti taldi nú í þessu tilviki málið ekki svo alvarlegt, en hlaut að benda hv. þm. á að það er ósæmilegt með öllu að væna þingmenn sem biðja um rannsókn máls um annarlegt hugarfar í garð einhvers. Þetta er skoðun forseta að ekki eigi að eiga sér stað hér og því beindi forseti þeirri ósk til hv. þm. að þannig yrði ekki um þetta fjallað.

[17:05]

Tómas Ingi Olrich *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil enn inna forseta eftir því hvort hann líti svo á að sá sem hér stendur hafi ekki gætt sóma þingsins og hafi með orðum sínum vegið að þingmönnum með ósæmilegum hætti þannig að ástæða sé til að víta hann fyrir það.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna þessara orða hv. 5. þm. Norðurl. e. vill forseti taka fram að engar vítur fóru fram. En forseti telur það ekki sæmandi að bera fjárln. Alþingis það að hafa haft ...(**TIO:** Bar þingmaðurinn fjárln. Alþingis þessum sökum?) Forseti taldi að mjög hefði verið ýjað að því að óskað hefði verið eftir ákveðinni niðurstöðu og að nefndin sem bað um skýrsluna hefði orðið fyrir vonbrigðum.

[17:06]

Tómas Ingi Olrich *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að túlkun forseta á ummælum mínum sem er afar veik, nánast fáránleg, geti ekki gefið tilefni til þeirra orða sem hún hefur látið falla hér í dag til mín.

Útbýting þingskjals:

Fasteignir í eigu banka og sparisjóða, 118. mál, svar viðskrh., þskj. 213.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 177. mál (skipun bankastjóra). — Þskj. 196.

Enginn tók til máls.

[17:07]

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–15. mál.

Fundi slitið kl. 17.08.

31. FUNDUR

þriðjudaginn 9. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Alþjóðasamnningur um varnir gegn mengun sjávar, stjtill., 148. mál, þskj. 165. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, stjtill., 149. mál, þskj. 166. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill., 150. mál, þskj. 167. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 131. mál, þskj. 144. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, stjfrv., 132. mál, þskj. 145. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Seðlabanki Íslands, stjfrv., 177. mál, þskj. 196. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Búfjárhald, frv., 28. mál, þskj. 28. — 1. umr.
8. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 43. mál, þskj. 46. — 1. umr.
9. Laun starfsmanna ríkisins, frv., 44. mál, þskj. 47. — 1. umr.
10. Nýting síldarstofna, þáltill., 139. mál, þskj. 154. — Fyrri umr.
11. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 142. mál, þskj. 157. — Fyrri umr.
12. Útfærsla landhelginnar, þáltill., 145. mál, þskj. 161. — Fyrri umr.
13. Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, þáltill., 151. mál, þskj. 168. — Fyrri umr.
14. Staðsetning hæstaréttarhúss, þáltill., 176. mál, þskj. 194. — Fyrri umr.
15. Vegasamband hjá Jökulsárlóni, þáltill., 73. mál, þskj. 76. — Fyrri umr.
16. Vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands, þáltill., 97. mál, þskj. 100. — Fyrri umr.
17. Skjaldarmerki lýðveldisins, þáltill., 117. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Áburðarverksmiðja ríkisins, 199. mál, stjfrv., þskj. 221.

Endurbætur gamla sjúkrahússins á Ísafirði, 194. mál, fsp. BF, þskj. 216.

Hæstiréttur Íslands, 196. mál, stjfrv., þskj. 218.

Jarðalög, 200. mál, stjfrv., þskj. 222.

Meðferð einkamála, 198. mál, stjfrv., þskj. 220.

Meðferð opinberra mála, 197. mál., stjfrv., þskj. 219.

Ráðning aðstoðarprests á Ísafirði, 195. mál, fsp. BF, þskj. 217.

Alþjóðasamnningur um varnir gegn mengun sjávar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 148. mál. — Þskj. 165.

[13:36]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, SvG) fjarstaddir.

Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, frh. fyrri umr.

Stjtill., 149. mál. — Þskj. 166.

[13:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SP, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, SvG) fjarstaddir.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 150. mál. — Þskj. 167.

[13:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

30 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, SvG) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, SvG) fjarstaddir.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 131. mál. — Þskj. 144.

[13:41]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, StH, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, StH, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 132. mál (EES-reglur). — Þskj. 145.

[13:42]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, StH, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, StH, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Seðlabanki Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 177. mál (skipun bankastjóra). — Þskj. 196.

[13:43]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, StH, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH,

JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, BF, EgJ, EMS, EKJ, FI, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SP, StH, SJS, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, PP, RG, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG) fjarstaddir.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stjórnmálafundur í Þingvallabænum.

[13:45]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka fyrir að fá orðið til að gera athugasemd um málefni sem Alþingi varðar. Sennilega hefði ég átt að gera þessa athugasemd í upphafi fundar áður en gengið var til atkvæðagreiðslna. Athugasemd mín lýtur að því að í Morgunblaðinu laugardaginn 23. okt. sl. birtist auglýsing undir fyrirsögninni „Sókn fyrir Suðurlandskjördæmi". Þetta er fundalota sem hv. alþm. Árni Johnsen stendur fyrir. Það er ekki nema gott að hv. þm. standi fyrir fundalotu í kjördæmi sínu en einn fundastaðurinn vekur athygli mína. Á fullveldisdaginn 1. des. er auglýstur opinn fundur um atvinnumál, hagræðingu og bjartsýni og hann verður í Þingvallabænum á Þingvöllum miðvikudaginn 1. des. kl. 20.30. Ræðumenn verða Salome Þorkelsdóttir alþm., forseti Alþingis, og Árni Johnsen alþm.

Ég verð að segja að mér finnst ekki smekklegt að boða til stjórnmálafundar í Þingvallabænum með þessum hætti. Nú veit ég ekki hvaða heimildir hv. þm. eða forseti Alþingis hafa á Þingvallabænum til fundahalda. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hann telji viðeigandi að efna til svona stjórnmálafundar í Þingvallabænum á fullveldisdaginn og kanna það jafnframt hvort öðrum þingmönnum Suðurlandskjördæmis t.d. yrði lánaður Þingvallabærinn til svona fundahalda ef þeir vildu halda þar fund á fullveldisdaginn eða þjóðhátíðardaginn eða einhvern annan hentugan dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefði forseti óskað að hv. 3. þm. Suðurl. væri viðstaddur og gæti svarað athugasemdum hv. 1. þm. Norðurl. v. þar sem sú sem hér stendur er ekki í aðstöðu að svara fyrir þetta. Forseti vill biðja hv. þm. um að veita henni tækifæri til þess að koma þessum athugasemdum á framfæri við hv. 3. þm. Suðurl. svo hann geti gefið skýringar.

[13:49]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég veitti því að vísu athygli eins og ég hef oft gert áður að hv. 3. þm. Suðurl. er ekki í salnum en ég sá mér ekki fært að bíða í voninni eftir að hann kæmi hingað enda átti ég ekki erindi við hann, ég átti erindi við forseta Alþingis. Ég er ekkert að lá hv. þm. Árna Johnsen þó að hann boði til funda í sínu kjördæmi og fái til þess flokksbræður sína, ég er að gera athugasemdir við fundarstað, ég er að gera athugasemd við fundartíma, þ.e. dagsetningu fundarins og ég er að spyrja um álit forseta Alþingis á þessari notkun á Þingvallastað og þessum degi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta finnst að þessi athugasemd heyri ekki beinlínis undir störf þingsins og hefði frekar kosið að svara þessu annars staðar í þinghúsinu ef því væri að skipta. Hins vegar getur forseti upplýst að þegar viðkomandi þingmaður hringdi og bað þá sem hér stendur að koma til fundar og taka þar til máls þá spurði forseti um fundarstaðinn, hvernig á því stæði að hann væri á þessum stað, og fékk þær upplýsingar að það væri ekkert við það að athuga, þarna væru stundum haldnir fundir. Meira veit forseti ekki um þetta mál en vill svo gjarnan fá frekari upplýsingar og svara því þá á öðrum vettvangi en úr forsetastóli sem forseta finnst orka tvímælis að sé rétt.

[13:50]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hjó ekki eftir því að hv. þm. Árni Johnsen væri með fjarvistarleyfi. En e.t.v. situr sá hér inni, fyrrv. forsrh., sem getur svarað þessu ef ráðherrar treysta sér til að úrskurða, hverjar séu reglur sem hafa gilt (**Gripið fram í:** Starfandi forsrh.) um Þingvallabæinn. Starfandi forsrh. er mér tjáð að sé hér á ráðherrabekk og væntanlega mundi hann höggva á þennan hnút þannig að menn þyrftu ekki að vera lengi í vafa um stöðu málsins.

[13:51]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Mér er að vísu ókunnugt um hvaða ástæður liggja að baki því að fundur er auglýstur á þessum stað á þessum tíma. Það er hins vegar rétt sem hér hefur komið fram að einn af okkar þingmönnum í Suðurl. hefur staðið mjög myndarlega að fundaherferð í okkar kjördæmi og með miklum ágætum.

En vegna þessarar fyrirspurnar um fundarstað og fundartíma þá er rétt að leita réttra upplýsinga þar um og gefa þeim þingmönnum sem hér hafa spurt réttar upplýsingar þegar þeirra hefur verið aflað.

Búfjárhald, 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 28. mál (varsla stórgripa). — Þskj. 28.

[13:52]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyingar á lögum nr. 46/1991, um búfjárhald. Þetta er 28. mál á þskj. 28.

Flm. ásamt mér eru hv. þm. Árni M. Mathiesen, Ingibjörg Pálmadóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Rannveig

Guðmundsdóttir og Ragnar Arnalds.

Frumvarpsgreinin er aðeins ein og gengur út á það að við 5. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðast svo, með leyfi forseta:

„Eigendum stórgripa, þ.e. nauta og hrossa, er skylt að hafa gripi sína í vörslu allt árið og sjá til þess að þeir gangi ekki lausir á eða við þjóðvegi. Ákvæði þetta skal þó ekki hindra hagagöngu stórgripa utan girðinga þar sem tryggt þykir að af því hljótist engin hætta fyrir umferð, svo sem í heimalöndum eða afréttum sem liggja hvergi að alfaraleiðum. Viðkomandi sveitarstjórn eða sveitastjórnir skulu setja í samþykktir sínar um búfjárhald, sbr. 3.–5. gr., [þ.e. 3.–5. gr. laga um búfjárhald] nauðsynleg ákvæði í þessu sambandi að höfðu samráði við lögreglustjóra. Engin slík ákvæði, sem heimila hagagöngu stórgripa utan girðinga, sbr. 2. málsl. þessarar greinar, öðlast þó gildi nema landbúnaðarráðherra staðfesti þau."

Í öðru lagi að lög þessi öðlast gildi 1. september 1994.

Frumvarp þetta var flutt á síðasta þingi en varð þá ekki útrætt.

Það er væntanlega kunnara en frá þurfi að segja því miður að tíðni alvarlegra umferðaróhappa og slysa sem rekja má til lausagöngu stórgripa á og við þjóðvegi víða um landið er mikið áhyggjuefni. Á árinu 1989 starfaði nefnd að því að kanna til hvaða ráðstafana væri unnt að grípa í því skyni að minnka umferð vörslulauss búfjár á þjóðvegum og gera tillögur til úrbóta. Nefndin var m.a. skipuð fulltrúum frá Vegagerð, Búnaðarfélagi og Umferðarráði, auk þess sem í henni sat einn bóndi, landgræðslustjóri og deildarstjóri umhverfisdeildar landbúnaðarráðuneytisins.

Ein meginniðurstaða nefndarinnar var sú, sem hér er lögð til og flutt í frumvarpsformi, að leggja til að lausaganga stórgripa yrði endanlega aflögð. Rétt er að taka fram að einn nefndarmanna hafði þó fyrirvara á um þessa niðurstöðu nefndarinnar sem laut í sjálfu sér ekki að hinni efnislegu niðurstöðu heldur því hvernig landeigendum yrði gert kleift að standa fyrir sitt leyti að efndum slíkra laga.

Nú er það svo að þessi tillaga nefndarinnar náði ekki fram að ganga í sinni upphaflegu mynd hér í formi lagasetningar á Alþingi heldur varð niðurstaðan sú með setningu nýrra laga um búfjárhald vorið 1991 að gefa sveitarstjórnum afdráttarlausar heimildir til að fyrirskipa vörslu á sínu svæði en lögskylda hana ekki alveg. Síðan hafa fjölmargar sveitarstjórnir brugðist við í framhaldi af setningu laganna vorið 1991 og sett reglugerðir eða samþykktir um lausagöngu og mjög víða bann við lausagöngu stórgripa eins og sjá má í fskj. II með þessari tillögu. En hinu er ekki heldur að neita að á allmörgum svæðum hefur engin breyting orðið og lausaganga stórgripa tíðkast enn með tilheyrandi afleiðingum, það jafnvel við aðalþjóðvegi landsins í nokkrum tilvikum og hafa af því hlotist mikil slys.

Nú má spyrja að því hvort ástæða sé til að gera jafnmikinn greinarmun á stórgripum og öðru búfé og hér er gert. Er því til að svara að í fyrsta lagi var það tillaga þessarar nefndar og tiltölulega vel rökstudd, og var vísað m.a. til þess að hrossum hefur stórfjölgað í landinu á undanförnum árum, að langflest alvarlegustu umferðaróhöppin þar sem búfé kemur við sögu eiga sér stað þegar um árekstur milli ökutækja og hrossa er að ræða. Það heyrir til undantekninga að meira en minni háttar tjón á ökutækjum verði þegar sauðfé eða annað búfé á í hlut.

Mikil slys hafa orðið á mönnum og dauðaslys í allmörgum tilvikum á undanförnum árum, ökutæki hafa stórskemmst og gripir drepist. Bótakröfur eru miklar og ekki síst nú eftir að ný ákvæði um tryggingar hafa tekið gildi. Í flestum tilvikum, nánast undantekningarlaust eru það bifreiðaeigendurnir sem einhliða eru gerðir ábyrgir þegar slík atvik verða.

Þá er á það að benda að mun auðveldara er að gera gripahelda girðingu fyrir hross og nautgripi en fyrir sauðfé. Enn fremur er það svo að fjölmargar sveitarstjórnir hafa þegar notfært sér heimildir í gildandi lögum um að fyrirskipa vörslu á stórgripum þannig að það að stíga skrefið til fulls og gera þetta að almennri reglu í landinu er miklu minna skref en ætla mætti við fyrstu sýn. Hér er nauðsynlegt að menn rugli alls ekki saman annars vegar lausagöngu stórgripa og hins vegar lausagöngu sauðfjár. Þar er um ósambærilega og allt aðra hluti að ræða og engin tillaga uppi um það af hálfu flm. að breyta því fyrirkomulagi sem þar gildir. Enda eins og áður sagði um allt annað og miklu smávægilegra vandamál að ræða í þeim tilvikum að óhöpp verði vegna samskipta ökutækja og sauðkinda. Takmarkanir á lausagöngu sauðfjár eru tiltölulega sjaldgæfar í landinu.

Rétt er að minna á að í frv. til vegalaga, sem mun vera hér til umfjöllunar á Alþingi öðru sinni ef ég man rétt, er að finna tiltekið nýmæli í 56. gr. þess frv. eins og það var að minnsta kosti þegar það var lagt fram á síðasta löggjafarþingi þar sem kveðið er á um að „öll lausaganga búfjár skuli bönnuð á vegsvæðum þar sem girt er orðið beggja megin vegar og helt hólf hefur þar með myndast". Slíkt lausagöngubann á vegsvæðum sem þegar eru lokuð hólf kemur þó engan veginn í stað vörsluskyldu stórgripa eins og hún er hér lögð til og er því ekki að okkar mati fullnægjandi lausn gagnvart þessu vandamáli.

Það er lagt til að frv. öðlist gildi að tæpu ári liðnu, þ.e. 1. sept. 1994 þannig að sveitarstjórnum, landeigendum og öðrum málsaðilum gefist nokkurra mánaða aðlögunartími að gildistöku þess.

Athuga mætti að sjálfsögðu ef svo bæri undir að tekið væri tillit til mismunandi aðstöðu sveitarfélaga og landeigeigenda í þessu sambandi þegar hinar einstöku reglur yrðu nánar útfærðar. Einnig í þeim tilvikum að sveitarstjórnirnar kysu að nýta sér heimildir síðari málsl. 5. gr. um hagagöngu, lausagöngu, utan þeirra svæða þar sem umferðar væri að vænta.

Hæstv. forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta langt mál, ég held að frv. útskýri sig nokkuð sjálft og rökstyðji sig sjálft. Ég læt nægja að vísa í því sambandi til ítarlegra fylgiskjala sem því fylgja. Í fyrsta lagi upplýsinga frá Umferðarráði og lögreglu-

stjórum um tíðni umferðaróhappa sem tengjast búfé. Fyrsti flm. lagði í það vinnu á sl. ári að draga saman gögn frá Umferðarráði og vinna úr þeim og setja upp á tiltölulega aðgengilegu formi þar sem eru töflur í fylgiskjali I um umferðaróhöpp, fjölda eða tíðni umferðaróhappa sem tengjast búfé á árunum 1987, 1988, 1989, 1990 og 1991. Og síðan að afla sérstaklega upplýsinga frá lögreglustjórum í Húnavatnssýslu og Skagafjarðarsýslu en þar er tíðni umferðaróhappa sem tengjast lausagöngu stórgripa hvað mest. Ég kann öllum þeim sem lögðu til upplýsingar eða aðstoðuðu við öflun þessara gagna bestu þakkir fyrir. Það ég best veit er staðan í grófum dráttum óbreytt hvað varðar lausagöngu í þeim sveitarfélögum sem hér eiga sérstaklega í hlut, bæði á Norðurlandi og Suðurlandi. En þar hafa þessi mál sérstaklega verið til skoðunar.

Í öðru lagi í fylgiskjali II er yfirlit yfir samþykktir sveitarfélaga um búfjárhald. Það yfirlit er ekki tæmandi og næsta víst er að einhverjar samþykktir hafa bæst við síðan þessar upplýsingar voru teknar saman fyrir hartnær ári síðan. En af því fylgiskjali á bls. 16–18 í þskj. sjá menn þó að stór hluti sveitarfélaganna í landinu hefur tekið á þessum málum og algengast er að um sé að ræða bann við lausagöngu hrossa eða lausagöngu allra stórgripa.

Í þriðja og síðasta lagi er svo birt sem fylgiskjal með frv. skýrsla sú sem ég vitnaði til og unnin var á árinu 1989 af sérstakri nefnd sem skipuð var til að athuga málefni varðandi lausagöngu búfjár eða „búfé á vegsvæðum" eins og það var kallað. Þar geta þeir sem það vilja farið betur yfir helstu niðurstöður og efnisatriði nefndarinnar.

Hæstv. forseti. Ég sé svo ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð. Ég vona að frv. þetta fái efnislega og vandaða skoðun og treysti því að sjálfsögðu að svo verði. Ég held að það sé tímabært og nauðsynlegt að taka á þessum málum og betra að gera það fyrr en seinna. Ég held að hér sé valin skynsamleg málamiðlun ólíkra hagsmuna, annars vegar þeirra sem jafnvel telja að koma ætti með öllu í veg fyrir alla lausagöngu búfjár í landinu, sem er óraunhæf krafa að mínu mati og ástæðulaus, og hinna sem minni vilja breytingar með því að velja þá leið að beina þessum ráðstöfunum sérstaklega að þeim hluta búfjárins sem mestum og alvarlegustum slysunum veldur þá ætti að finnast á þessu máli ásættanleg lausn eða niðurstaða a.m.k. um eitthvert árabil þangað til annað yrði ákveðið.

Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, verði frv. vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[14:04]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er í gildi heimildarákvæði í íslenskum lögum sem felur sveitarstjórnum ákvörðunarrétt í þessum efnum. Nú hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. komist að þeirri niðurstöðu að víða séu sveitarstjórnir þannig skipaðar að slíkir vitleysingjar sitji í þeim að það sé ekki við það búandi. Það er út af fyrir sig ærið umhugsunarefni. Ef það er nú tilfellið að slíkir vitleysingjar sitji í þessum sveitarstjórnum að það sé ekki við það búandi þá er spurning hvort það sé ekki á öðrum sviðum líka sem þeir valdi óskunda og einfaldara mál að setja þá lagasetningu um að þeir verði bara allir látnir víkja og banna að þeir verði endurkjörnir í sveitastjórnir.

Þetta er nefnilega dæmi um það þegar menn una ekki valddreifingu, þegar menn una ekki valddreifingu í landinu. Menn una því ekki að sveitastjórnirnar hafi ákveðið vald. Héðan skal valdið koma, héðan skal drottnað, miðstýringin skal lifa.

Það er auðvitað ákaflega einfalt að standa upp og segja: *þetta hefur kostað þetta eða hitt. Hvað er búið* að byggja margar einbreiðar brýr í þessu landi sem hafa kostað dauðaslys? Hvað er búið að byggja margar slíkar brýr? Hvað er búið að leggja víða einbreitt slitlag á vegi sem hafa kostað dauðaslys? Eru menn reiðubúnir að taka á þessu öllu og á þá að taka þessa menn fyrir? Það er nú einu sinni svo að það voru hvorki hross né kýr sem tóku þær ákvarðanir. Ég held að það sé ærið umhugsunarefni ef við förum í að skrásetja dauðaslysin sem orðið hafa í umferðinni og flokka það hverjir bera ábyrgðina þá sé nú hætt við að það verði komið við kaunin á sumum og e.t.v. fyrrv. samgrh. þessa lands. Það er nefnilega svo að umferðin hefur kostað ærið mikið en allt til þessa hafa menn viljað líta svo á að gáfaðri aðilinn, þ.e. mannskepnan, hlyti að bera ábyrgðina. Það hlýtur þá að vera á breiðum grunni sem þannig er litið á þetta mál.

Ef þetta er aftur á móti skoðað út frá jafnræði þegnanna þá er það ærið umhugsunarefni að víða hefur Vegagerðin látið girða meðfram vegum. En samt er staðan sú að bændur þessa lands hafa látið girða meðfram vegum *mjög langa kafla sem Vegagerðin hefur* ekki borgað þrátt fyrir það að þeir eiga sama kröfurétt á greiðslu fyrir þær girðingar eins og hinir sem eru búnir að fá greitt. Og hverjar voru tillögur hæstv. samgrh. á sínum tíma um að það bæri að skipta þannig fjármagni til vegamála að það yrði gert upp við þessa bændur sem búnir voru að girða og ekki fengu greitt? Er það í anda jafnræðis þegnanna sem sumum var greitt en öðrum ekki? Það er nefnilega orðinn ansi mikill munur í réttarstöðu manna ef sumum er ætlað að girða meðfram vegunum á eigin kostnað en öðrum er ætlað að fá þá peninga úr ríkissjóði eins og verið hefur.

Mér finnst dálítið mikil sýndarmennska að svona tillöguflutningi. Það er látið í það skína að hér sé risinn upp friðarsinni sem boði hina einu réttlátu lausn þessara mála. Ég hygg líka að það sé ærið umhugsunarefni hver er staða eignarréttarins í landinu. Annars vegar eru menn að leysa til sín lönd í kringum Reykjavík á svo svimandi upphæðir að maður stendur hissa og spyr hvort jarðvegurinn sé úr gulli þegar hæstu tölur *eru nefndar. Hins vegar eru gefin lönd ef þau hafa* verið eign kirkjunnar eins og gerðist með þá stóru gjöf sem Garðabær fékk.

Í þriðja lagi: Hver er staða þeirra sem hafa látið land undir vegi úti á landi? Landið hefur verið tekið og nú eiga þeir að fara að borga stórfé með landinu. Ég sé ekki annað en að þeir menn verði að útbúa gjafasamn-

ing til íslenska ríkisins þess efnis að tveir millimetrar sitt hvoru megin við veginn verði gefnir ríkinu og þá geta þeir samkvæmt núgildandi lögum krafist þess að það verði girt á landamærum. Þannig hljóðar nú sá texti. Því ef tveir einstaklingar í þessu landi eiga lönd saman og una því ekki að ógirt sé á milli þá getur annar aðilinn krafist þess að það verði girt á landarmerkjunum og innan eins árs verður þá að fara í þær girðingarframkvæmdir samkvæmt íslenskum lögum eins og þau eru í dag. Sennilega gætu þessir bændur þá ekki brugðið til annars ráðs en að gefa svo sem tvo millimetra af þessu landi sitt hvoru megin við veginn til ríkisins til þess að þvinga fram girðingar á helmings kostnaði.

Hún er nefnilega dálítið merkileg þessi staða og þessi krafa núna um að bændurnir eigi að fara að girða er á sama tíma og svo er sorfið að sauðfjárræktarsvæðum þessa lands að menn spyrja hvert stefni. Og formaður landbn. hefur óskað eftir því og nefndin öll að Byggðastofnun geri rannsókn og úttekt á stöðu svæðanna sem sauðfjárræktin er á. Ætli það séu ekki sömu svæðin sem búa við það að þar eru stór svæði meðfram vegunum ógirt? Ætli það mundi ekki taka í hjá sumum að fara að kosta þær girðingar sem hér er farið fram á að verði gerðar á sama tíma og aðrir hafa fengið girt á kostnað Vegagerðarinnar?

Mig undrar það satt best að segja stundum hvað mönnum dettur í hug að einfalda þann málflutning sem settur er fram. Vissulega er rétt að það hafa orðið dauðaslys þegar keyrt hefur verið á hross. Ég veit ekki hvort það hefur orðið dauðaslys á Íslandi í árekstri við nautgrip. Það má vera að það hafi orðið einhvers staðar, ég veit það ekki. Hins vegar spyr maður sjálfan sig stundum: Voru þessir menn á eðlilegum hraða? Voru þeir á þeim hraða sem lög leyfa á viðkomandi svæði? Það skiptir kannski engu máli í viðhorfi sumra til þessa dæmis. Hitt veit ég að það er vafalaust auðvelt að þyrla því upp að menn séu með þessu móti að vinna hér stórkostlega að umhverfis- og öryggismálum í landinu. Ég býst við að það sé frekar auðvelt, það sé tiltölulega auðvelt að kveða niður að ríkið hafi verið að girða meðfram vegum á aðalþéttbýlissvæðunum en svo eigi bændur að gera það á eigin kostnað þar sem strjálbýlla er og sums staðar er það hreinlega ekki hægt. Það hagar nú einfaldlega svo til að það er ekki hægt að gera girðingar sem eru stórgripaheldar yfir veturinn, hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

Ég held að sú miðstýringarhugsun sem hér kemur fram, að ef sveitarstjórnir hafi ekki vit á því að gera það sem þær eiga að gera, að mati flm., þá eigi bara að breyta lögunum og setja allsherjarskyldu á. Mér finnst þessi hugsun út í hött, algerlega út í hött. Ég treysti sveitarstjórnarmönnum betur til að meta þetta með eðlilegum hætti. Hitt veit ég, að ef þessi lög verða samþykkt þá á það eftir að kosta málaferli sem varða stórar upphæðir í þessu landi, því að auðvitað er ekki ólíklegt að sumir muni krefjast þess að þeirra land verði tekið allt eignarnámi, þar sem nýting landsvæðisins undir beit sé ekki lengur til staðar innan viðráðanlegra kostnaðarmarka. Það er nú einu sinni svo að það er mikill munur á umferð eftir því hvar menn eru. Og dauðaslysin hefðu trúlega ekki orðið jafnmörg, ef það hefði verið samþykkt af þessari stofnun að gera upp við þá bændur sem eiga kröfur inni hjá Vegagerðinni vegna girðingarframkvæmda. Þá hefðu trúlega hinir farið af stað og girt meðfram veginum í von um að þeir fengju það þá greitt. En meðan þannig er staðið að málum, að samgönguráðherra eftir samgönguráðherra hefur fullkomlega fjárln. til þess að framkvæma þetta á þann hátt að ekki sé gengið frá greiðslu á þessum hlutum, þá finnst mér flutningur eins og þessi jaðra við ósvífni, ég segi það alveg hreint út.

[14:15]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að svara hv. þm. efnislega í lengri ræðu á eftir en ég vil bara nota þetta tækifæri í andsvari til að vekja athygli á einum grundvallarmisskilningi sem þessi hv. þm. er greinilega haldinn, að þetta frv. snúist sérstaklega um girðingar meðfram vegum. Svo er ekki. Þetta frv. gengur út á það að sveitarfélög setji samþykktir eða landslög ákveði bann við lausagöngu stórgripa sem ósköp einfaldlega þýðir að eigendur stórgripanna þurfa að hafa heldar girðingar á sínu landi fyrir hagagöngu sinna gripa. Eftir sem áður getur verið ógirt meðfram vegum og þessum tveimur málum mega menn alls ekki blanda saman. Það eru allt aðrir hlutir og væri allt önnur aðferð ef farið yrði í þetta með þeim hætti að ákveða að girða af öll vegsvæði í landinu. Mér virtist hv. þm. hafa misskilið málið þannig að það gengi út á það að nú stæði til að þvinga fram með lögum að afgirða öll vegsvæði í landinu. Svo er ekki. Þetta mun í langflestum tilvikum ekki breyta neinu miðað við það búskaparlag sem tíðkast í landinu, því langflestir bændur sjá nú þegar sóma sinn í að hafa fullnægjandi hagagirðingar fyrir sína stórgripi og lausaganga þeirra utan girðinga og þá á annarra manna landi tíðkast mjög óvíða. Hér yrði því ekki nema í örfáum tilvikum, hygg ég, um að ræða einhverja umtalsverða breytingu og einhver útgjöld fyrir búskapinn í landinu eða landeigendur, þá fyrst og fremst í þeim örfáu tilvikum að menn hafi stundað það búskaparlag að láta stórgripi ganga utan girðinga og þá á vegsvæðum þar sem umferð er. En það er sem betur fer mjög fátítt og ef menn trúa því ekki þá ættu þeir að lesa töfluna í fskj. II með frv. þar sem talin eru upp þau fjölmörgu sveitarfélög í landinu sem nú þegar hafa fyrirskipað bann við lausagöngu af þessu tagi.

En ég vildi leiðrétta þennan misskilning ef það mætti eitthvað hjálpa til í umræðunni en ætla að öðru leyti að svara útúrsnúningum hv. þm. og misskilningi hér á eftir.

[14:18]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá slæmi misskilningur virðist vera uppi hjá hv. flm., 4. þm. Norðurl. e., að vegirnir liggi ekki um beitarlönd. Vegirnir liggi á einhverjum allt öðrum stað en þar sem grasi gróið land er, vegirnir liggi ekki um beitarlönd bændanna. Þess vegna sé um tvö óskyld mál að ræða.

Ég hvet hæstv. umhvrh. ekki til að lesa neinar

skýrslur, ég hvet hann til að ferðast um landið og kanna það hvort vegirnir liggi ekki um grasi gróin svæði á þessu landi, beitilönd bændanna. Komist hann að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki þá eru forsendurnar út af fyrir sig réttar hjá honum, ef það er bara uppi á öræfum sem þessir vegir eiga að vera. En meðan svo er þá blasir það við að í mörgum tilfellum er þetta spurningin um það hvort það eru bændurnir sem girða meðfram vegunum eða hvort það er Vegagerðin sem gerir það. Það vill svo til að ég hef verið beðinn, af bændum á Vestfjörðum, að reka það erindi að leita eftir því hvort Vegagerðin vildi bera ábyrgð á því að girðing yrði greidd seinna meir sem þeir mundu reisa. Undirtektirnar voru ekkert jákvæðar. Og það væri sumt öðruvísi hefði það svar verið jákvætt. Þess vegna tel ég að það sé úthugsaður útúrsnúningur það svar sem kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann kvartaði undan því að ég skildi ekki tillöguna.

[14:19]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fara í einhvern meting við hv. þm. um það hvor okkar þekki betur til meðfram vegum landsins og í sveitum. Hann þekkir mjög vel til í Borgarfirði veit ég og ég kannski betur annars staðar.

Um efnisatriði frv. þýðir hins vegar ekkert að þrátta, hv. þm. Jafnvel hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hlýtur að skilja að landeigandi, bóndi, sem á nokkur hross, og síðan gildir í því sveitarfélagi eða eru sett með landslögum ákvæði sem bannar lausagöngu þeirra gripa, honum standa mörg úrræði til boða önnur en að girða af endilanga veglengju sem liggur í gegnum hans land. Hann getur girt og á kannski fyrir helda hagagirðingu, þess vegna einhvers staðar langt frá vegi, þar sem hann getur látið sín hross ganga árið um kring og þar með eru þau ekki í lausagöngu og þarf ekki að hafa nokkur einustu áhrif á það hvort girt er eða ekki girt meðfram þjóðvegi í því tilviki. Auðvitað getur hagað svo til að hagagöngulandið liggi meðfram þjóðvegi, en það þarf ekkert endilega að gera það og ég þekki fjölmörg dæmi að svo er ekki. Algengast er að bændur hafi sína stórgripi í girðingum allt árið og þeir hagar liggja eftir atvikum eða liggja ekki að þjóðvegum eins og gengur.

Mjög margar landmiklar jarðir búa kannski við það að þjóðvegirnir liggja í gegnum landið á köflum sem skipta jafnvel tugum km, ég þekki dæmi slíkt, og þar vantar auðvitað mikið á að girt sé meðfram öllum vegunum. En eftir sem áður geta viðkomandi bændur átt hagaheldar girðingar og látið sína stórgripi ganga þar þegar þeir eru utan húss. Ég held því að þetta sé ósköp einfalt, hv. þm., og engin ástæða til að þvæla þessu neitt fyrir sér. Málið liggur svona. Það er ekki verið að þvinga hér fram, umfram það sem aðstæður á hverri jörð gera þá kröfu til, einhverjar girðingar meðfram vegum umfram það sem í gildi er nú þegar eða breyta þeim ákvæðum sem um það gilda.

[14:22]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Efni þessa frv. liggur alveg ljóst fyrir og það þarf ekki um það að deila. Það er verið að setja stórkostlegar kvaðir á þá aðila sem búa í dreifðustu byggðum þessa lands, kvaðir sem aðrir hafa fengið greiddar af ríkinu. Það er það sem verið er að gera. Og ég skil vel að hv. flm. sé dálítið feiminn við að minnast á sitt tímabil sem samgrh. í þessu sambandi. Það má vera að hann hafi ekki þekkt landið nógu vel þá til að gera sér grein fyrir því að bithagarnir og vegstæðin eru sömu svæðin víðast hvar. (**SJS:** Ég þekki landið miklu betur en hv. þingmaður.)

Útbýting þingskjals:

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 201. mál, stjfrv., þskj. 223.

[14:23]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það var einu sinni karl fyrir norðan sem hét Sigurbergur. Hann var mikill dýravinur og ágætur hestamaður. Hann var líka mannvinur, þ.e. hann vildi öllum vel og hann hældi öllum mönnum ef hann hafði nokkurt tækifæri til þess. Hann bætti því samt gjarnan við þegar hann var búinn að hæla mönnum upp í hástert: „En hestamaður er hann ekki," svona aðeins á lægri nótum, náttúrlega að því undanskildu að þarna væri ekki um hestamann að ræða.

Ég er hræddur um að þó að hv. 1. flm. sé allra góðra gjalda verður, þá mundi Sigurbergur flokka hann þannig, ef hann væri að hæla honum, hann mundi bæta við: „En hestamaður er hann ekki." Það er nefnilega ákaflega óheppilegt ef menn eru að rækta hross og ætla sér að ná einhverjum árangri í því, að ala þau upp í þröngum girðingarhólfum. Hrossum er í uppvexti mjög nauðsynlegt að hafa viðeigandi hreyfimöguleika, annars verður hrossið trunta, hvað sem það er vel gert í eðli sínu, vegna þess að íslenski hesturinn hefur mótast af þessu landi og hann þarf að hafa ákveðið svigrúm til þess að hreyfa sig. Sérstaklega er þetta mikilvægt með hross í uppvexti, annars verða þau kjarklaus og þeirra eiginleikar, fótfimi og aðrir eiginleikar, fá ekki að njóta sín.

Þrátt fyrir að hv. þm. sé ekki hestamaður — og ég er svo sem ekkert að gera neina kröfu til þess, ég veit að hann er af miklu sauðfjárræktarmannakyni og hefur vafalaust næman skilning á þörfum sauðfjár í uppvexti — þá er hann hér að reyna að bæta úr vandamáli sem ég viðurkenni að er til staðar og viðurkenni ekki síður heldur en hv. flm. Það er mikið vandamál sem varðar umferðaröryggi og úr því verður að bæta. Ég tel hins vegar að ef menn líta á þetta sem umferðaröryggismál, sem mér finnst það vera og eigi að vera, þá sé ekki lögð hér til breyting á réttum lögum. Ég tel að það þurfi að breyta vegalögum og e.t.v. girðingarlögum líka þannig að stofnbrautir, þ.e. þeir vegir landsins þar sem umferðin er mest og hröðust, verði girtar með þeim hætti að búfé komist ekki á vegina. Það er alveg eins hægt að keyra út af og drepa sig eftir að hafa keyrt á kind eins og eftir að hafa keyrt á hross eða nautgrip. Það er nú reyndar sem betur fer mjög sjaldgæft að menn keyri á nautgripi, því þeir eru ekki í miklum mæli á þjóðvegum landsins. Ég tel sem sagt

að það sé mjög brýnt að breyta vegalögum og jafnvel girðingarlögum líka þannig að tryggt verði að búfé komist ekki á vegina. Þetta verður ekki gert nema með því að Vegagerðin, sem er umsjónaraðili vegakerfisins, skerist í leikinn, girði meðfram stofnbrautunum og setji hlið á þvervegi og haldi girðingum við þannig að viðhlítandi sé.

Hér er líka um tryggingarspursmál að ræða og eins og komið hefur fram þá getur sveitarstjórn sett bann við lausagöngu búfjár og margar sveitarstjórnir hafa farið þá leið. En ef búfé sleppur inn á veg þrátt fyrir bann sem reyndar alltaf getur komið fyrir meðan veginrnir eru ekki forsvaranlega girtir og þvervegir með viðeigandi hliðum og girðingarnar með eðlilegu viðhaldi, þá getur búfé sloppið inn á veg og þá er eigandi búfjárins skaðabótaskyldur sé bann við lausagöngu í gildi. Ekki aðeins að hann verði fyrir þeirri raun að hans búpeningur sé slasaður, sem í þessu lendir, og hann hafi af því væntanlega einhvern efnahagslegan skaða, sem ég vil nú kannski ekki gera mikið úr, heldur verður hann skaðabótaskyldur eða getur orðið skaðabótaskyldur vegna skemmda á ökutækinu sem ekið er e.t.v. af glannaskap og í langflestum tilfellum af glannaskap á skepnu hans.

Ég tel að það sé brýnt að ráða bót á núverandi ástandi og ég vil leggja mitt af mörkum til þess. En það verður ekki gert nema með því móti að koma skepnunum út af helstu umferðaræðum og ökuvenjur landsmanna eru því miður með þeim hætti að það er óhjákvæmilegt að ná búfénu út af vegunum, en það tel ég að ekki verði gert með sæmilegum og skynsamlegum hætti nema með því að fá Vegagerðinni það verkefni til þess að vegur teljist fullbúinn og umferðarhæfur að hann sé afgirtur.

Annað ætla ég ekki að segja um þetta frv. Ég er sammála hv. 1. flm. að hér er um vandamál að ræða og vandamál sem við eigum að leysa.

[14:30]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi fram að ég er frekar jákvæð gagnvart þessu máli og tek undir með síðasta ræðumanni að það þarf að ráða bót á núverandi ástandi og koma skepnunum út af þjóðvegunum, sérstaklega vegna þeirrar slysahættu sem er af ástandinu eins og það er og eins og við þekkjum það. Hv. þm. minntist á vegalög í því sambandi og það er eflaust rétt og það hefur reyndar komið fram hjá fleiri ræðumönnum að þetta kemur líka inn á vegalög. En ég er ekki frá því að þó svo að vegalögum yrði breytt þannig að ríkinu væri skylt að girða meðfram öllum vegum þá þurfi samt sem áður að breyta búfjárlögum, eða lögum um búfjárhald, vegna þess að það er a.m.k. þannig þar sem ég þekki best til að þar er oft svo mikill snjór að það er ekki alveg hægt að treysta því að girðingarnar geri sitt gagn. Og þá finnst mér að bændur verði að bera ákveðna ábyrgð, ekki bara vegna hættu heldur líka vegna þess að eins og búskaparhættir eru orðnir nú þá er hey í rúllum við næstum því hvern sveitabæ í landinu og það er mikill skaði af því þegar hross komast í rúllur og geta skemmt þær stórkostlega. Þess vegna verður að koma þeim reglum á að mínu mati að bændur beri meiri ábyrgð á sínum gripum heldur en nú er.

Nú er það rétt sem hér hefur komið fram að sveitarstjórnum er heimilt að setja reglur hvað þetta snertir og hafa margar gripið til þess ráðs, en ég er ekki frá því að löggjafinn mundi gera sveitarstjórnarmönnum nokkurn greiða með því að taka af þeim ómakið og setja lög í landinu sem kvæðu á um þetta þar sem oft er þetta erfiðara í návíginu.

En ég vildi að það kæmi fram að mér finnst þetta vera mál sem verður að taka á og ég er frekar jákvæð gagnvart frv. en auðvitað verður það skoðað betur í hv. landbn.

[14:33]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið, þær voru málefnalegar, a.m.k. tvær síðari ræðurnar sem fluttar voru. Hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 3. þm. Norðurl. e. fjölluðu á efnislegum forsendum um málið og ég met það. Að vísu var ég ákaflega sár við hv. 1. þm. Norðurl. v. að halda því fram að ég væri ekki hestamaður. Það er rétt að það komi hér fram að ég á bæði reiðhest, gamlan stólpagrip, og meira að segja bráðefnilega meri frá Flugumýri í Skagafirði, úr kjördæmi hv. þm., þannig að ég sit illa þegjandi undir því að hafa ekki áhuga á hestum (**Gripið fram í:** Getur hann lýst sauðfjáreign sinni?) þó að hv. 1. þm. Norðurl. v. sé mér miklum mun frægari sem reiðmaður og hrossabóndi, ekki síst eigandi stóðhesta eins og kunnugt er.

Það er svo rétt hjá hv. þm. og löngu viðurkennd staðreynd að á þroskaskeiðinu þarf ungviðið að hafa nægjanlegt rými til að hreyfa sig og stælast. Það er yfirleitt óhollt að alast upp í þröngum hólfum, bæði fyrir líkamlegan og andlegan þroska. Þeim framsóknarmönnum er hollt að minnast þess að þröng hólf eru varhugaverð yfir höfuð. (**PP:** Ert þú ekki af þessum framsóknarmönnum?) Ég hef í öllu falli náð þetta langt á þroskabrautinni, hv. þm., sem er meira en sagt verður um suma sem hafa ekki komist yfir barnasjúkdóminn.

En þetta snýst allt um það, hv. þm., að menn búi samkvæmt aðstæðum og hafi áhöfn á sínu búi í samræmi við aðstæður og landkosti. Mér fannst hv. þm. í raun og veru vera að mæla þeim búskaparháttum bót að menn héldu stórt stóð en ættu lítið land og yrðu þess vegna að sleppa því út úr girðingum þannig að það gæti gengið yfir á land nágrannanna og haft þar nóg rými. Hér er að sjálfsögðu ekki verið að fara fram á eða ætlast til þess að menn breyti á nokkurn hátt ráðsmennskunni á sinni jörð. Menn geta girt hana af alla saman stafnanna á milli og haft sinn búpening þar. Ef hún er hins vegar of lítil fyrir þá áhöfn sem á jörðinni er þá skapast þetta vandamál sem hv. þm. var að víkja að.

Auðvitað er það alveg rétt að til greina gæti komið að taka á þessu vandamáli jafnframt eða eingöngu með breytingu annaðhvort á vegalögum eða umferðarlögum, en hér var valin sú leið sem ég held að sé

nærtækust hvað þennan þátt málsins snertir, þ.e. lausagöngu stórgripanna. Ég er þeirrar skoðunar að lausaganga stórgripa, a.m.k. þar sem umferð er einhvers staðar nálæg, sé tímaskekkja, sé vitleysa. Það er augljóst mál að umferð á þjóðvegum eins og þeir eru orðnir í dag með 80–100 km hraða, (**Gripið fram í:** Er það hraðinn?) lausaganga stórgripa á ekki heima við slíkar aðstæður. Það er fjarstæða að það skuli yfirleitt geta gerst að stórgripir séu að þvælast á vegum þar sem hámarkshraði er 90 km á klukkustund og menn leyfa sér jafnvel að fara eitthvað upp fyrir það.

Nú háttar svo til að á næsta ári er reiknað með því að þjóðleiðin norður í land, milli Reykjavíkur og Akureyrar, verði öll komin með bundnu slitlagi og umferðarhraðinn í samræmi við það og umferðarþunginn mjög mikill enda eru þau óhöpp sem á þessari leið verða út úr öllu korti. Varðandi það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði um tryggingamál þá er það auðvitað alveg rétt að þessi réttarákvæði hafa áhrif á bótaskylduna en það er mat lögfræðinga sem ég hef rætt við að það muni einfaldlega reyna á þau ákvæði gildandi laga um heimild til að skipta tjóni og það verði verkefni dómstóla að úrskurða þá með hvaða hætti það skuli skoðast á grundvelli þeirra ákvæða sem gilda hverju sinni um lausagöngu eða takmarkanir á henni. Ég minni á að í gildandi umferðarlögum, ég hygg að það sé 88. gr., ef ég man rétt, er heimild til að lækka eða fella niður bætur ef sá sem fyrir tjóni varð var meðvaldur að því af ásetningi eða gáleysi. Þessu ákvæði gætu tryggingafélögin beitt eða vísað til þess og farið í það að láta reyna á að tjóni væri skipt eða deilt við slíkar aðstæður.

Að öðru leyti tek ég undir það og ég met það sjónarmið sem kom fram hjá hv. þm. Páli Pétursyni og Valgerði Sverrisdóttur sem hér töluðu áðan að þau eru því sammála að það þurfi að grípa til úrræða í þessum efnum. Þetta ástand gangi ekki eins og það er.

Þá kem ég að lokum að máli hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar sem mér fannst ekki flytja hér jafnmerkilegt innlegg í umræðuna vegna þess fyrst og fremst að meginhluti af hans máli var ómálefnalegur og að verulegu leyti útúrsnúningar sem á ekkert skylt við efnislega og almennilega umræðu um svona mál. Ég geri að sjálfsögðu ekki kröfu til þess að allir séu mér sammála og er ekkert síður feginn því að heyra sjónarmið þeirra sem hafa aðrar skoðanir, en það er heldur lakara að vera að taka upp tíma þingsins í umræður um mál af þessu tagi með útúrsnúningum af því tagi sem hv. þm. fór með áðan.

Auðvitað er það fjarstæða að halda því fram að ég og við flm. úr öllum flokkum, þar á meðal flokkssystir hv. þm., séum með þessu frv. að lýsa einhverju vantrausti á sveitarstjórnirnar í landinu. Hér er ósköp einfaldlega um það að ræða hvort það eigi ekki að setja almenna reglu um tiltekinn hlut í þágu almannahagsmuna og slysavarna í landinu. Auðvitað flokkast það ekki undir traust eða vantraust á sveitarstjórnum. Það má alveg með sömu rökum segja að það sé vantraust á sveitarstjórnum að leyfa þeim ekki að hafa sín umferðarlögin í hverju umdæmi og bara hver sinn hámarkshraðann eftir aðstæðum. Þetta er auðvitað þvættingur, hv. þm., og ekkert við því að segja ef það verður niðurstaða löggjafans að það sé rétt að mæla fyrir um svona hluti í lögum í þágu almannaheilla í landinu, þá snýst það ekki um trú eða vantrú á einhverjum einstökum sveitarstjórnum í landinu. Það er auðvitað fráleitt að halda slíku fram.

Varðandi skógarferð sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson fór hér um einbreiðar brýr og einbreið slitlög og að mér skildist næstum að segja ábyrgð okkar lífs og liðinna samgönguráðherra á dauðsföllum í því sambandi, þá var það heldur ósmekklegur málflutningur satt best að segja. Ég kaus í minni framsöguræðu að vera ekki að draga slíka hluti með beinum hætti inn í rökstuðning fyrir þessari tillögu en auðvitað mætti gera það, og er hægt að gera það. Því miður þarf ekki langt að leita síðustu dæmanna um sorgleg slys og dauðsföll jafnvel af völdum árekstra milli bifreiða og stórgripa.

En það er öllu skemmtilegra að reyna að ræða hlutina á hlutlægan hátt og halda slíkum tilfinningaatriðum utan við eins og kostur er og ég vísaði þess vegna í fylgiskjölin um það sem þar er á ferðinni. Sennilega veit hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson t.d. ekki að á þremur árum, árunum 1990, 1991 og 1992, drápust 19 hross af völdum árekstra í umdæmi lögreglunnar á Blönduósi einu saman. Segir þetta ekki sína sögu um óþolandi ástand í þessum efnum? Það gefur auga leið að hross fellur ekki eða það þarf ekki að fella það nema um nokkuð harðan árekstur hafi verið að ræða. Staðreyndin er auðvitað sú að flestir sem fara oft milli þessara landshluta, Norðurlands og Suðurlands, upplifa það að rekast á eða komast í allt of náin kynni við stórgripi á vegunum. Sumar flutningabifreiðarnar sem ganga norður í land eru með sérstakar grindur framan á vatnskassanum til að hlífa bifreiðunum ef þær lenda í árekstri við stórgripi. Ósköp einfaldlega vegna þess að menn hafa á undanförnum árum trekk í trekk orðið fyrir stórtjóni af völdum þess að rekast á stórgripi á vegunum í náttmyrkri og blindu. Auðvitað getur þetta ekki gengið svona.

Staðreyndin er sú að þorri sveitarstjórnanna í landinu hefur viðurkennt að þetta fari ekki saman, lausaganga stórgripa og umferð á vegum. Það mætti leyfa hv. þm. að heyra og kannski ekki annað betra við tímann að gera en að lesa það yfir hv. þm., a.m.k. hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, sem rakið er í fskj. II. um þetta mál. Með leyfi forseta, þá stendur þar t.d. að sveitarfélögin, Innri-Akraneshreppur í Borgarfjarðarsýslu hafi gert samþykkt um bann við lausagöngu hrossa, Eyjahreppur í Snæfellsnessýslu, sömuleiðis bann við lausagöngu hrossa, Reykholtshreppur í Borgarfjarðarsýslu, Andakílshreppur í Borgarfjarðarsýslu, Austur-Eyjafjallahreppur, Vestur-Eyjafjallahreppur og Ásahreppur í Rangárvallasýslu, Fljótshlíðarhreppur í Rangárvallasýslu, Hvolhreppur í Rangárvallasýslu, Djúpárhreppur í Rangárvallasýslu, Rangárvallahreppur í Rangárvallasýslu, Borgarneshreppur í Mýrasýslu, bann við lausagöngu hrossa í öllum hreppum í Norður-Ísafjarðarsýslu, bann við lausagöngu hrossa í öllum hreppum

í Vestur-Ísafjarðarsýslu, Stafholtstungnahreppur í Mýrasýslu, bann við lausagöngu hrossa, Leirár- og Melahreppur í Borgarfjarðarsýslu, bann við lausagöngu hrossa, Reykhólahreppur í Austur-Barðastrandarsýslu, bann við lausagöngu hrossa, Kjalarneshreppur í Kjósarsýslu, bann við lausagöngu hrossa, Svarfaðardalshreppur í Eyjafjarðarsýslu, bann við lausagöngu stórgripa, Skarðshreppur í Skagafjarðarslu, bann við lausagöngu hrossa, Hvalfjarðarstrandarhreppur í Borgarfjarðarsýslu, bann við lausagöngu hrossa, Kjósarhreppur í Kjósarsýslu, bann við lausagöngu hrossa, Mýrahreppur í Austur-Skaftafellssýslu, bann við lausagöngu hrossa, Reykjahreppur í Suður-Þingeyjarsýslu, bann við lausagöngu hrossa, Kelduneshreppur í Norður-Þingeyjarsýslu, bann við lausagöngu hrossa, Miklaholtshreppur í Hnappadalssýslu, bann við lausagöngu nautgripa, til viðbótar áframhaldandi gildi banns við lausagöngu hrossa. Þetta kemur til viðbótar öllum þeim samþykktum um búfjárhald í kaupstöðum og fjölmörgum öðrum sveitarfélögum sem þegar voru í gildi og taka þá yfirleitt einnig til stórgripa. Það má heita undantekning ef það fyrirfinnst þá nokkurs staðar að ekki sé í gildi algjört bann við lausagöngu stórgripa í öllum kauptúnum og kaupstöðum. Og fjölmörg sveitarfélög sem eru í mesta strjálbýlinu hafa sömuleiðis sett slíkar samþykktir. Ég vek athygli á því að hér eiga einmitt í hlut í mörgum tilvikum afskekkt en víðlend sauðfjárræktarhéruð. Þar láta menn það ekki aftra sér í því að setja bann við lausagöngu stórgripa þó að engum manni dytti þar í hug að leggja til að allir þjóðvegir yrðu girtir af í sýslum eins og t.d. Strandasýslu og Norður-Þingeyjarsýslu, enda ekki um slíkt að ræða hér og það ekki á dagskrá.

Ég held að það sé einmitt það sem þurfi að gera, þ.e að taka á þessum málum með einhverjum skynsömum og raunhæfum hætti þannig að menn komi til móts við kröfur um miklu róttækari aðgerðir sem yrðu landbúnaðinum dýrari og erfiðari. Þær liggja í loftinu, hv. þm., og ég held þess vegna að það sé vænlegt að fara leið af þessu tagi, skynsamlega og raunhæfa málamiðlunarleið sem tekur á stærsta vandanum en íþyngir þó ekki landbúnaðinum eða landeigendum með óheyrlegum kröfum sem hins vegar t.d. altækt bann við lausagöngu búfjár mundi gera.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson blandaði hér ýmsu fleiru inn í mál sitt, girðingum og réttarstöðu landeigenda og öðru slíku sem ég tel að grundvallist á misskilningi, það sé alveg augljóst mál að hér er ekki með neinum hætti um að ræða eignaupptöku eða íþyngjandi kvaðir af því tagi að menn gætu þurft að leita réttar síns eða hefðu ástæðu til að gera það í einhverjum tilvikum. Hér er eingöngu um það að ræða að tilteknar almennar reglur giltu í landinu sem hefðu að vísu áhrif á búskaparhætti en það er ekki með neinum hætti verið að grípa inn í ráðstöfunarrétt og nytjarétt eigenda á sínu eigin landi. Athugi hv. þm. það. Eða er það einhver réttur sem menn eiga kröfu til að láta búfé ganga á lausagangi utan sinnar eigin jarðar? Ég spyr. Og sé svo, þá bið ég menn að benda mér á þau lagaákvæði forn og ný sem gefa mönnum leyfi til þess að beita slíku. Það kann að vera að í einhverjum tilvikum séu slík ítök í gildi gagnvart almenningum eða afréttum, en ég hygg að það eigi sjaldan við í byggð og meðfram vegum, enda bendi ég á það ákvæði 2. málsl. 5. gr. að þar sem aðstæður leyfa þá gætu menn í þeim sveitarfélögum á grundvelli sérstakrar samþykktar leyft lausagöngu, enda væri tryggt að hún hefði ekki áhrif á umferð eða ylli ekki slysahættu þar. Ég hygg því að þegar hv. þm. athuga þetta betur sjái þeir að hér er ekki á ferðinni frv. af því tagi að ástæða sé til að taka því illa eða að það sé flutt af einhverjum fjandskap við landbúnaðinn nema síður sé. Það er og hefur verið um langt skeið mín sannfæring að eitt af því sem skynsamlegt væri að gera fyrir landbúnaðinn og bændur í landinu væri að ná tökum á svona málum, koma þeim í skikk vegna þess að nógu erfið er nú áróðursstaða greinarinnar fyrir þó að hún hafi ekki jafnframt á móti sér árekstra sem verða við aðra í landinu út af svona löguðu. En það er alveg augljóst mál að þarna er eitt slíkt tilvik á ferðinni sem ég held að mönnum væri fyrir bestu að reyna að taka á og leysa.

Að sjálfsögðu er ég opinn og móttækilegur fyrir hugmyndum um að þetta megi reyna að gera að einhverju leyti með öðrum aðferðum og ef hv. landbn. til að mynda kemst að þeirri niðurstöðu að það sé ástæða til að gera jafnframt eftir atvikum breytingar á vegalögum eða girðingarlögum og/eða umferðarlögum, þá finnst mér sjálfsagt mál að slíkt sé þá skoðað hér í þinginu. En hér er lögð til einföld og árangursrík aðferð að mínu mati til þess að stemma stigu við þeim vanda sem hvað mest stingur í augu í þessum efnum og alvarlegastur er, en það er óheyrilega mikil tíðni slysa sem verða vegna árekstra ökutækja og stórgripa.

Ég vona að þetta hafi að einhverju leyti svarað þeim sjónarmiðum sem hér voru sett fram af hv. þremur ræðumönnum Framsfl. sem ég ítreka og endurtek að ég þakka fyrir þátttöku í umræðunni.

[14:48]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér hafa rúllubaggar borist í tal og ég tel einfaldara, brotaminna og ódýrara að hafa rúllurnar afgirtar þannig að skepnur komist ekki að þeim frekar en að hafa skepnurnar innan girðingar til þess að þær fari alls ekki í rúllur.

Orsök þess að þetta frv. er flutt er að auka umferðaröryggi í landinu. Það er a.m.k. það sem ég hef getað lesið út úr þessu, ekki eingöngu það að gera hrossaeigendum erfitt fyrir. Og ég er sammála svo langt sem það nær að skepnurnar þurfa burt af vegunum. En það er hins vegar ekki einfalt mál að leggja þá kvöð á menn að hafa skepnurnar alltaf afgirtar þannig að ekki geti verið um neina lausagöngu að ræða. — Ég ætla nú að bíða meðan þessi fundur fer fram, ég þarf að tala við hv. fyrrv. landbrh.

Skepnurnar þurfa burt af vegunum. En nú hagar þannig til — og ég er ekki að mæla með því að menn beiti á annarra land — að víða eru víðlendir sumarhagar sem eru nýttir sameiginlega og þar er ekki um neitt annað að ræða heldur en girða með vegum ef þar er á annað borð svo mikil umferð að hætta skapist.

Það er hægt að segja sem svo að það sé einfalt að girða af öll heimalönd og í sumum sveitum er það gert. Það er ekki þannig þar sem ég þekki til, þar heyrir það frekar til undantekninga að heimalönd séu fyllilega girt og víst er garður granna sættir og flestar jarðir eru að einhverju leyti girtar, en fáar jarðir þar sem ég þekki til eru algirtar jarðir og menn verji sín heimalönd alveg fyrir ágangi búfjár frá öðrum. Enda er það ekki neinn smávegis kostnaður að girða sæmilega stóra jörð. Nokkurra kílómetra girðing kostar töluvert fé og þá er verið að leggja þarna þá kvöð á hrossabændur.

Auðvitað er stórhætta af búfé á vegum. En með banni við lausagöngu búfjár breytist núverandi réttarvenja, þ.e. bóndinn, eigandi gripsins sem ekið er á, verður skaðabótaskyldur. Það getur vel verið að lögfræðingar komist þannig að þeirri niðurstöðu til að ná bónus af viðkomandi ökumanni að hann eigi að bera hluta af sökinni vegna gáleysis og eins og við þekkjum uppgjör tryggingafélaganna, þá er reynt að skipta tjóni til þess að ná niður bónus hjá mönnum ef þess er nokkur kostur. Og það vill svo til í öllum tilfellum að ef keyrt er á annaðhvort kyrrstæðan hlut eða skepnu á þjóðvegum landsins, þá er það með einum eða öðrum hætti gáleysi. Venjulega er það vegna þess að það er ekið of hratt miðað við aðstæður. Menn geta ekki brugðist við því sem fram undan er á veginum með því að keyra á það þannig að væntanlega kemur ökumaður alltaf til með að bera einhverja ábyrgð, a.m.k. kemur tryggingafélagið einhverju tjóni á ökumanninn eða á tryggingafélag ökumannsins en mestu á bóndann.

Hv. flm. vitnaði til sorglegra atburða úr umdæmi lögreglunnar á Blönduósi. Það er alveg rétt að hrossaumferð á vegum hefur verið vandamál. Hluti er vegna þess að ekki hefur verið sinnt reiðvegagerð og það er verið að keyra á alsaklausa reiðmenn sem hætta sér út á vegina og af því hafa hlotist hörmuleg slys. Á einum stað er þetta sérstaklega hættulegt eða slysin mjög tíð, allt of tíð. Þar hagar þannig til að bóndi nokkur sem rekur mjög stórt hrossabú á tvær jarðir og hann er að reyna að nýta þær báðar og aðra sem er fjallajörð nýtir hann sem sumarhaga. Síðan kemur snjórinn á haustin og leggur yfir girðinguna og hrossin vilja ekki vera þar lengur og þykir orðið harðbýlt upp til fjalla, þá leggja þau af stað niður í sveit og fara þá veginn og eru þar á ferðalagi í sjálfsmennsku, sem er auðvitað ekki gott, en af því hafa hlotist mörg af þessum slysum. Það hefur líka komið fyrir og nú seinast fyrir nokkrum vikum mjög alvarlegt slys þar sem opnaðist hlið og hross fóru út á veginn, bóndi fór að sækja hrossin og var að reka þau heim til sín. Það var komið kvöld en ökumaður kom aðvífandi og lenti á hrossahópnum og drap þar þrjú hross og eyðilagði bílinn sinn. Það er aldrei hægt að sigla alveg út fyrir að ekki getið orðið óhappatilvik en ég tel að það eigi að stuðla að því að friða vegina fyrir ágangi búfjár og það verði ekki gert með þessu frv. heldur með breytingu á vegalögum og hugsanlega á girðingarlögum.

[14:55]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ekki nein deila um það milli okkar hv. þm. að æskilegast væri ef það væri framkvæmanlegt að hindra öll samskipti búfjár og umferðar með því að allir vegir í landinu væru afgirtir. En það er auðvitað langt í land að það sé raunhæfur kostur og ég leyfi mér nú að draga í efa að það sé mikil ástæða til að fara út í svo róttækar aðgerðir gagnvart t.d. afskekktustu sauðfjárræktarhéruðum landsins þar sem umferð er tiltölulega lítil, víðlendi mikið og með vísan til þess að slys eru yfirleitt ekki alvarleg þó að um einhverja árekstra verði að ræða milli bíla og sauðfjár. Ég held að það væri nær lagi að gera eins og sums staðar erlendis er gert. Þar eru sérstök aðvörunarskilti þegar komið er þar á vegum, út fyrir afgirt svæði upp á fjalllendi, að menn megi eiga von á dádýrum eða einhverju öðrum slíku við vegina, þá er það gefið til kynna með einhverjum sérstökum aðvörunarskiltum.

Varðandi skiptingu tjóna, þá er a.m.k. alveg ljóst að það sem þar er m.a. haft í huga er að það geta komið upp þau atvik þar sem sannanlegt þykir að báðir aðilar beri nokkra ábyrgð, t.d. í þessum tilvikum sem nefnd voru af hv. þm. ef girðingar falla nú niður í stórveðri að vetrarlagi og búpeningur sleppur þannig út, þá er það að sjálfsögðu ekki um vanrækslu bónda að ræða heldur óviðráðanlegar orsakir og atvik sem koma upp. Bann við lausagöngu stórgripa leysir ekki bílstjóra undan þeirri skyldu að sýna aðgát í umferðinni. Þeir eiga eftir sem áður að aka með varúð og bera þess vegna að sjálfsögðu alltaf nokkra ábyrgð ef árekstur verður. Við svona aðstæður getur vel komið til greina að báðir teljist bera nokkra ábyrgð og þá sé tjóninu skipt.

Sá árstími sem hér er erfiðastur viðfangs er á haustin þegar er að skyggja, skammdegið að ganga í garð en enn er dimmt yfir og enginn snjór á jörðu og ef menn skoða þessa skýrslu sjá þeir að það er langalvarlegasti tíminn í þessu sambandi. Þá á mönnum ekki að vera neitt að vanbúnaði að halda uppi girðingum og það er ekki fyrr en síðar á vetrinum sem oftast eru sérstakir erfiðleikar vegna snjóþyngsla í því sambandi. Og auðvitað er vel hugsanlegt að taka á slíkum tilvikum séstaklega, t.d. með breytingum á umferðarlögum sem kveða þá skýrar á um það hvernig fara skuli með ábyrgð og tjón þegar það hlýst af völdum slíkra aðstæðna sem upp kunna að koma.

[14:57]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér er það ljóst að Vegagerðin kemur ekki til með að girða allar stofnbrautir landsins í einu vetfangi, en það er hægt að raða þessum verkefnum í forgangsröð, girða fyrst á hættulegustu stöðunum og vinna sig svo áfram. Á leiðinni frá Reykjavík til Akureyrar eru staðir mishættulegir og það er sjálfsagt að ráðast í þá fyrst sem hættulegastir eru.

Varðandi þetta með árstímann, hvenær slysin verða, þá er það sjálfsagt rétt að mikið af þeim verður á haustin, en þau eru yfirleitt vegna mjög gáleysislegs aksturs. Þ.e. menn eiga náttúrlega ekki að keyra hraðar en svo að þeir geti stoppað á þriðjungi þeirrar vegalengdar sem bílljósin lýsa upp. Það er hið eðlilega öku-

lag og ef ekki er um hálku að ræða eða óvænta hálkubletti þá á þeim ekkert að vera að vanbúnaði að stoppa áður en þeir keyra á.

[14:58]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi í sambandi við girðingar og hlutverk Vegagerðarinnar í því efni, þá er það alveg rétt að að sjálfsögðu er hægt að ráðast í þetta verkefni þannig að fyrst séu tekin fyrir þau svæði út frá meginþéttbýlinu og meðfram aðalumferðaræðum sem mestu skiptir að friða alfarið fyrir ágangi búfjár og ég er reyndar þeirrar skoðunar að það hefði fyrir löngu átt að setja af stað markvissa áætlun um að girða af þjóðbrautirnar út frá suðvesturhorninu og út frá öðrum helstu þéttbýlisstöðum landsins og t.d. ætti leiðin að mínu mati austur yfir fjall og a.m.k. austur til Víkur í Mýrdal að vera afgirt nú þegar. Það er auðvitað eiginlega alger tímaskekkja að það skuli vera göt í girðingar meðfram vegum á svo miklum umferðaræðum sem þar eiga í hlut. Og það sama mætti segja um þjóðleiðina a.m.k. áleiðis norður og vestur í land. Það er auðvitað alveg óviðunandi hversu lítið hefur miðað í þeim efnum. En við þekkjum það báðir, ég og hv. þm. að þarf heilmikið átak og mun taka mörg, mörg ár að ná ásættanlegum árangri í gegnum þá aðferð eina og sér og ég held að sú breyting sem hér er lögð til, með vísan til alls þess sem ég hef áður um hana sagt, eigi að geta leyst ásættanlega úr þessum málum, a.m.k. fyrst um sinn á meðan annað er ekki ákveðið. Ég tel að þetta frv. leggi ekki þær stórkostlegu kvaðir eða íþyngjandi skyldur á hendur einum eða neinum að ekki verið við það ráðið. Komi upp slík tilvik, þá hlyti að mega líta á slíkt í gegnum viðkomandi sveitarstjórnir eða með einhverjum öðrum hætti, hugsanlega standa við bakið á þeim sem sannanlega yrðu að leggja mest á sig til þess að mæta svona kvöðum. Ég held að það væru þá ótal leiðir færar til þess, en gagnvart öllum þorranum og í langflestum sveitarfélögum landsins eins og ég hef áður sagt mundi þetta ósköp einfaldlega engu breyta af því að vörsluskylda stórgripa er þar fyrirskipuð nú þegar.

[15:01]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er alveg á móti því að gera hestamenn eða hrossaeigendur réttlausa eða að einhverjum sérstökum blóraböggum sem geti borið eða eigi að bera þennan kostnað einir.

Auðvitað er hægt að kaupa tryggingar, skepnueigendur geta keypt tryggingar þannig að verði þeir fyrir því að keyrt sé á skepnur þeirra, þá er hægt að kaupa tryggingu þannig að þeir verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni. En ef menn fara að gera það, þá hækkar framleiðslukostnaðurinn, þá hækkar afurðaverðið o.s.frv.

[15:02]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það kom fram í yfirlýsingu hv. 4. þm. Norðurl. e. að hann væri miklu kunnugri landinu en ég. Þetta kom ekki úr ræðustól heldur úr sæti viðkomandi hv. þm., en ég vil að þetta komi hér alveg skýrt fram sem yfirlýsing þannig að það fari nú ekki á milli mála að hv. þm. hafi legið á þessari stöðu að eigin mati.

Ég tel einnig rétt að geta þess að sú seinni ræða sem hér var flutt var að því leyti langskárst þegar leið var upp hvaða sveitarfélög það væru sem sampykktu lausagöngubannið. Þar mátti greina viss tilþrif í málflutningi. En að öðru leyti undrar mig það stórum að hv. þm. skuli yfir höfuð hafa kjark til að flytja þetta mál hér inn á Alþingi Íslendinga og með leyfi forseta hyggst ég lesa hér hversu mikið bændur áttu inni hjá Vegagerðinni 1. jan. 1992, kröfur sex og átta ára gamlar margar hverjar og þess vegna velflestar frá tíð hv. 4. þm. Norðurl. e. þegar hann var samgrh.:

Á Suðurlandi voru þá 99 km óuppgerðir. Á Reykjanesi 28,2, á Vesturlandi 104,8, á Vestfjörðum 9,3, Norðurl. v. 90,6, Norðurl. e. 199,3, Austurland 59. Nú var gert upp, fjárveitingu að upphæð 26 millj. var skipt, 17 millj. fóru í girðingarnar og 9 fóru í uppgræðsluna. Þá var ákveðið að gera upp á Suðurlandi 11 km, á Reykjanesi engan, ekkert borgað. Vesturland 9,4, Vestfirðir 0,6, Norðurl. v. 24,2, Norðurl. e. 20,4, Austurland 11,4 km. Óafgreitt 1. jan. 1993 voru, því að þrátt fyrir þetta halda nú bændur áfram að girða meðfram vegunum: Suðurland 60 km, Reykjanes 28,2, Vesturland 99,3, Vestfirðir 8,7, Norðurl. v. 71, Norðurl. e. 148,9 og Austurland 51,4 km.

Ég er sannfærður um að þetta hyrfi sem vandamál um leið og ríkið gerði heiðarlega upp við bændur í þessum efnum en léti þá ekki þurfa að vera með kröfur 6–8 ára gamlar því að það er eitt sem verið er að gefa í dag að þó að þetta hafi verið svona á sínum tíma, þá er þetta yfirleitt tekið inn í stofnkostnaðinn þegar nýbyggingar eru framkvæmdar í dag. Það er viðurkennt í dag en að gera heiðarlega upp við þá sem eru búnir að gera þetta, það er farið rólega í það. Það er ekki verið að flýta sér að borga þær kröfur og mér er til efs að margir væru þolinmóðari að bíða en þeir sem eiga þessar kröfur á ríkið.

Hér er annars vegar fulltrúi réttlætisins sem heldur því fram að það eigi ekki að beita á nágrannann. Hver hefur talað fyrir því í þessum stól að það eigi að beita á nágrannann? Aftur á móti virðist hv. 4. þm. Norðurl. e. hafa á því misjafnar skoðanir hvort á að beita hrossum á nágrannann eða hesta. Verði hans málflutningur tekinn alvarlega, þá er allt í lagi að beita kindum á nágrannann. Það virðist líka vera allt í lagi að láta kindurnar vera á vegunum. Ég skil yfir höfuð ekki sjónarmiðin sem eru þarna á bak við, ég skil þau ekki.

Það er talað um það sem einhvern fáránlegan hlut að sveitarstjórnir eigi að hafa tillögurétt í þessum efnum, um umferð í gegnum sín svæði. Ég veit ekki betur en borgarstjórn Reykjavíkur hafi lengst af haft um það tillögurétt hér í Reykjavík hvernig ýmsar sampykktir voru í þessum efnum og ég efa að það sé hægt að líta svo á að það sé óeðlilegri hlutur að sveitarstjórnir úti á landi fái að hafa úrslitaáhrif í þessum efnum. Hvers vegna skyldu þær ekki mega að fá að ráða þessu? Hvers vegna skyldum við líta svo á að hreppsnefndirnar séu ófærar um að taka þessa ákvörðun? Það er verið að snúa bótakröfunni við. Hver hefur ekki

komið þar að þar sem barn hefur verið að reka kýr yfir veg og þurft að slá af og talið það sjálfsagðan hlut og eðlilegan vegna þess að þannig hagar til að skepnuhúsin eru öðrum megin við veginn og bithaginn er hinum megin. (**SJS:** Það telst ekki lausaganga, hv. þm.) Ef kýrnar ganga lausar, þá hlýtur það að vera lausaganga. Hvaða gangtegund skyldi það annars vera? Nei, mér finnst að málflutningurinn og talið hafi verið á tilfinninganótunum, að það sé verið að reyna að pressa hér ákveðið mál í gegn vegna þess að það hafa vissulega orðið slys. Hins vegar er það ósannað mál hvort þeir sem þannig keyrðu hefðu ekki orðið fyrir slysi þó að þeir hefðu ekki lent á umræddum skepnum. ég held nefnilega að í flestum tilfellum hafi ástæðan verið sú að menn höfðu keyrt það greitt að þeir réðu ekki við að stöðva farartækið innan eðlilegra marka.

Ef menn vilja leysa þessi mál í friði, þá hlýtur það fyrsta sem eigi að gerast að vera það að gert verði upp við þá bændur sem eiga kröfu á ríkið, það verði gert upp og það verði látið sjá hvort hinir fara þá ekki í að girða meðfram vegum þar sem það er hægt í trausti þess að þeir muni fá þær girðingar greiddar. Ég hygg að hv. flm., 4. þm. Norðurl. e., viti það mætavel að það er hægara sagt en gert að fara að segja mönnum á sumum svæðum landsins að girða þar af svo að öruggt sé að vetrarlagi og það verður lengi hægt að deila um það undir þeim kringumstæðum hvort skepnurnar hafi sloppið vegna þess að þær hafi komist af vel girtu svæði eða hvort ekki nógu vel hafi verið staðið að girðingarmálum. Ég hygg í reynd að það sé verið að setja mikil illindi af stað ef tillaga sem þessi er samþykkt. Og ég hygg að margir bændur sæju þann kost vænstan að gefa Vegagerðinni landið undir veginum til þess að geta krafist þess að girt yrði á landamerkjum og fengið helming greiddan og helming af viðhaldi greiddan um ókomin ár. Ef þeir gerðu það, þá ættu þeir rétt á helmingi af viðhaldinu líka gagnvart allri framtíð eins og íslensk lög eru í dag. En ef menn telja að þetta sé sá þjóðfélagshópur sem eigi mesta peninga aflögu, þ.e. þeir sem búa í hinum strjálu byggðum landsins og séu ekki of góðir til að fara af stað og kosta girðingar í stórum stíl, þá held ég að þeir séu á miklum villigötum svo að ekki sé meira sagt.

Herra forseti. Ég hef ekki hugsað mér að tala lengur en tími minn leyfir, en það væri fróðlegt fyrir hæstv. fyrrv. ráðherra að lesa á bls. 27 í skýrslunni sem samgrh. lagði fram við vegáætlun 1992.

[15:12]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að lesa þá skýrslu, við þekkjum innihald hennar bæði ég og hv. þm. Hér er á ferðinni langur og gamall hali sem rúllað hefur á undan Vegagerðinni í óuppgerðum skuldbindingum vegna girðinga meðfram vegum. Ef eitthvað er, þá hygg ég að þessi hali hafi eitthvað styst nú síðari árin, sérstaklega vegna þess að nokkurt fé hefur á hverju ári verið lagt í þetta verkefni, en nýjar girðingar eru eins og hv. þm. reyndar réttilega benti á yfirleitt teknar inn í framkvæmdina og þeim lokið samtímis enduruppbyggingu vega eins og hún gengur fyrir sig núna. Ég veit ekki betur en hv. þm. hafi tekið þátt í því hér og borið ábyrgð á því m.a. með ríkisstjórnum sem hann hefur stutt mestallan tímann sem hann hefur setið á Alþingi að skipta vegafé með tilteknum hætti og þar hafa krónurnar verið færri en hugur manna hefur staðið til verkanna og ég veit ekki hvort einn ber eitthvað sérstaklega meiri ábyrgð eða sök á því en annar. Ég minnist þess a.m.k. ekki að hv. þm. hafi flutt brtt. um það að hækka ætti sérstaklega liðinn girðingar í vegáætlun undanfarin ár og lækka þá eitthvað annað á móti, en ef það er misminni þá bið ég hv. þm. að leiðrétta það.

Ég held að þessi málflutningur, að það sé eitthvert sérstakt gerræði af hálfu Alþingis ef það leyfir sér að setja lög sem banna lausagöngu stórgripa, gangi ekki upp hjá hv. þm. vegna þess að þetta sama Alþingi, þessi sami löggjafi er búinn að fela sveitarstjórnum slíkt vald og hvers eiga þá bændur gjalda í þeim sveitarfélögum sem hafa ákveðið að beita því og fyrirskipað bann við lausagöngu? Og það er frekar reglan heldur en undantekningin að það hafi verið gert. Þeir geta þá vitanlega haldið allar sömu ræðurnar og hv. þm. hefur gert hér um fátækt og erfiðleika og að verið sé að troða á rétti þeirra. Auðvitað vitum við það að í þeim sveitarfélögum þar sem fyrirskipuð hefur verið varsla stórgripa, þá hafa örugglega einhverjir einstakir bændur en ekki landeigendur verið ósáttir við þá breytingu en þeir hafa orðið að kyngja henni. Þeir voru að taka þessa kvöð á sig. Og það sem hér er eingöngu verið að leggja til er að þetta verði gert að almennri reglu, að landslögum, það sem hefur verið í sjálfsvaldi sveitarstjórnanna að gera. Og hvers vegna er þetta lagt til? Það er vegna þess að nokkrar sveitarstjórnir í landinu af einhverjum ástæðum treysta sér ekki til að fyrirskipa þá vörslu sem brýn nauðsyn er að koma á og allir eru sammála um. Ég hef rætt þetta við lögreglustjórana í viðkomandi umdæmum og þeir segja: Það lífsnauðsynlegt að ná þessu fram, en af einhverjum staðbundnum ástæðum eru hér nokkrar sveitarstjórnir sem greinilega treysta sér ekki í svona ákvörðun og þær þurfa bara á stuðningi og hjálp að halda. Þá á löggjafinn að hafa kjark til þess að grípa í taumana. Og auðvitað er það þannig að svona hlutum er alltaf ráðið til lykta með blöndu af annars vegar af lagaákvæðum og hins vegar þá einhverju sjálfsvaldi lægra setts stjórnstigs sem eru sveitarfélögin. Lögin um búfjárhald eru einmitt þannig. Þau setja sumt í vald sveitarstjórnanna og annað ákveður ríkið. Má ekki t.d. með nákvæmlega sama hætti segja að það sé þá gerræði af löggjafanum að fyrirskipa vörslu stóðhesta? Af hverju er ekki sveitarstjórnunum hverri fyrir sig sett það í vald hvort það skuli vera vörsluskylda á stóðhestum eða ekki? Nei, þar hefur löggjafinn ákveðið að það sé rétt að hafa ein lög sem gilda um allt landið. Eins er þetta með umferðina. Það gilda ákveðin umferðarlög en síðan setja sveitarstjórnirnar sérsamþykktir um þau atriði sem eru staðbundin og eðlilegt er að séu í þeirra valdi þannig að þó að löggjafinn ákveði að breyta þannig lögum um búfjárhald að í staðinn fyrir vörsluskyldu sé heimildarákvæði til handa sveitarstjórnum þá

verði þeim málum skipað með ákvörðun héðan, þá er það að sjálfsögðu ekki stílbrot á nokkurn hátt við þau samskipti og þær reglur sem tíðkast hafa í svona tilvikum, ef menn meta málið svo mikilvægt eða almannahagsmunina svo brýna að það sé rétt að gera það svo. Og ég tel að mannslíf séu það. Ég tel að umferðin og varnir gegn slysum í henni sé eitt af þeim málum sem löggjafinn á tvímælalaust að taka á ef honum býður svo við að horfa og það hefur verið gert hér á undanförnum árum með alls konar ákvæðum. Og þessi leiðindamálflutningur minnir mig helst á það þegar menn stóðu hér á Alþingi og töluðu gegn því að lögleiða notkun bílbelta og fluttu jafnvel fram þau rök að það væri skerðing á persónufrelsi manna að fá ekki að sitja lausir í bílunum og drepa sig ef svo bar undir í bílslysum. Þetta er ekki frambærilegur málflutningur, hv. þm. Við erum að tala hér um ákaflega alvarlega hluti sem ég held að best sé að ræða með rökum.

Og varðandi að bera svo saman lausagöngu kinda og stórgripa, þá minni ég ósköp einfaldlega á að þar er algerlega ósambærilegum hlutum saman að jafna. Upprekstur hrossa er nánast aflagður í landinu. Þetta snýst þess vegna fyrst og fremst um hagagöngu þeirra á láglendi og þar ætti mönnum ekki að verða skotaskuld úr að sjá til þess að þau haldi sig innan girðinga. Rekstur á mjólkurkúm yfir þjóðveg undir eftirliti kúasmala er ekki lausaganga, hv. þm.

[15:17]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég lagði það til á sínum tíma í meiri hluta fjárveitinganefndar að þessar skuldir yrðu gerðar upp þegar vegalög voru á dagskrá. Það fékk ekki náð. En vitandi það að löggjafinn hefur fjárveitingavaldið og vitandi það að þetta hefur ekki verið gert, þá hlýt ég að spyrja sjálfan mig: Stenst það eðlileg viðhorf til jafnræðis þegnanna að líta svo á að það sé gert upp við suma en aðra ekki? Og hver væri áhugi Vegagerðarinnar á því að láta klára þessi uppgjörsmál? Hver yrði áhugi Vegagerðarinnar á því á eftir? Ætli hann yrði ekki harla lítill? Og ekki virtist gæta mikils samviskubits hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. þó að hann hefði ekki haft mikinn áhuga á að gera þetta upp. Ekki varð nú vart við mikið samviskubit.

Ég frábið mér allan útúrsnúning í þessu máli, hoppandi út og suður og milli bílbelta og stóðhesta. Hvorugt er á dagskrá. Við erum að tala um reglur á lausagöngu búfjár og það varðar girðingar. Það eru ákvæði um girðingar í ýmsum lögum. Annars vegar er það að sjálfsögðu í vegalögunum sjálfum og svo í sérstökum girðingarlögum þar sem talað er um rétt manna til að krefjast girðingar á landamerkjum jarða. Hér er verið að tala um það að skylda menn að sitja uppi með þann kost að girða annaðhvort af smásvæði fyrir sínar skepnur eða þeir verði að fella þær eða girða allt sitt land. (Forseti hringir.) Og nú glymur bjallan. Ég geri ráð fyrir því að forseti gæti tímans vel hjá öllum sem hér tala.

[15:20]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hv. þm. gerir kröfu til þess að menn haldi sig strangt tekið við efni þessa frv. Hann hefði betur haft það í huga þegar hann flutti sína fyrstu dæmalausu ræðu hér, hv. þm. Ég hef ekkert samviskubit út af því að sá skuldahali vegna óuppgerðra framlaga Vegagerðarinnar vegna girðinga meðfram vegum sem lá fyrir þegar ég kom í samgrn. og hafði tíðkast um árabil með stuðningi löggjafans og þeirra sem stutt hafa ríkisstjórnir hér á Alþingi og skipt vegafé, væri ekki allur gerður upp. Hann styttist eitthvað en var ekki gerður upp, heldur var svona haldið í horfinu í þeim efnum og ég hef ekkert sérstakt samviskubit út af því því að auðvitað hafa alltaf staðið öll spjót á þessum of naumt skömmtuðu fjármunum. Sömu sögu mætti segja um fjárveitingar til reiðvega, til fjallvega, í bundið slitlag o.s.frv. þannig að ég held að ef menn horfa bara á það af raunsæi hvernig þeir hlutir hafa þróast, þá sé þar ekki um neina sérstaka ábyrgð að ræða á undanförnum árum umfram annað.

Hv. þm. ruglar að mínu mati áfram saman annars vegar inntaki þessa frv. sem er um það að lausaganga stórgripa verði aflögð og hins vegar girðingum meðfram öllum vegum landsins. Það er ekki verið að ræða um það, hv. þm., ég reyni að útskýra það og segja það einu sinni enn. Og ég fullyrð að í langflestum tilvikum mundi þetta engu breyta um stöðu girðinga meðfram vegum þó að svona vörsluskylda yrði fyrirskipuð á stórgripum í öllu landinu vegna þess að í fyrsta lagi er hún almenna reglan og langflestir búa þannig nú þegar að þeir hafa sína stórgripi innan girðingar allt árið og hins vegar vegna þess að mönnum standa ýmis önnur úrræði til boða til þess að tryggja vörslu sinna gripa heldur en girða með fram öllum vegunum. Þetta held ég að hv. þm. hljóti að átta sig á og skilja ef hann hugsar málið betur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingfararkaup alþingismanna, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 43. mál (fæðingarorlof, biðlaun). — Þskj. 46.

og

Laun starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 44. mál (biðlaun ráðherra). — Þskj. 47.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Komið hefur fram ósk frá hv. 10. þm. Reykv. þess efnis að 8. og 9. mál verði tekin á dagskrá saman. Forseti hefur ákveðið að verða við því.

[15:23]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir tveimur frumvörpum til laga sem birt eru á þskj. 46 og 47 og ég flyt ásamt þingkonunum Margréti Frímannsdóttur og Val-

gerði Sverrisdóttur. Annars vegar er um að ræða frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna, nr. 75/1980, og hins vegar frv. til laga um breytingu á lögum um laun starfsmanna ríkisins.

Ástæðan fyrir því að ég tala fyrir báðum frumvörpunum samtímis er sú að bæði fela í sér sama efnisatriðið en það lýtur að biðlaunarétti þingmanna og ráðherra.

Frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup tekur svo að auki á þeim augljósa galla á núgildandi lögum að þar er hvergi minnst einu orði á rétt þingmanna til fæðingarorlofs. Í 1. gr. frv. er því lögð til breyting á 7. gr. laganna, en í þeirri grein er kveðið á um rétt þingmanna sem hverfa tímabundið út af þingi til þingfararkaups. Í greininni er kveðið á um að fjarvistir af tvennum toga geti réttlætt að þingmaður haldi þingfararkaupi og öðrum greiðslum tengdum þingsetu. Í fyrsta lagi ef þingmaður er að gegna öðrum störfum á vegum ríkisstjórnarinnar eða sem fulltrúi Alþingis og í öðru lagi ef þingmaður er fjarverandi vegna slyss eða veikinda. En síðan segir í 3. mgr. greinarinnar, með leyfi forseta:

„Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. mgr. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaups svo og annarra kjara þann tíma sem hann er fjarverandi."

Tæplega geta barneignir flokkast sem störf á vegum ríkisstjórnarinnar eða Alþingis, jafnvel þó að þingmenn eigi hlut að máli, og sem betur fer eru þær yfirleitt hvorki slys né veikindi. Af þessum ályktunum leiðir að þingmenn eiga strangt til tekið ekki sama rétt og annað vinnandi fólk til greiðslna í fæðingarorlofi. Í rétt tæplega 120 ára sögu endurreists Alþingis hefur það eftir því sem ég best veit aðeins gerst þrisvar að þingkona hafi tekið sér tímabundið leyfi frá störfum Alþingis vegna barnsburðar. Þær konur sem hér um ræðir eru þær Ragnhildur Helgadóttir, Kristín S. Kvaran og Valgerður Sverrisdóttir, virðulegur forseti okkar þessa stundina, en hún er einmitt einn flm. frv.

Í þessum þremur tilvikum mun Alþingi hafa séð sóma sinn í að leysa málin þannig að þessar konur sættu ekki lakari kjörum en aðrar vinnandi konur í landinu. Ekki er mér kunnugt um að feður á Alþingi hafi farið fram á orlof frá þingstörfum í tengslum við barneignir, en eins og lögum er nú háttað í landinu eiga foreldrar rétt á að skipta með sér fæðingarorlofi. Það skal þó tekið fram að fjmrn. hefur neitað að viðurkenna rétt feðra í þjónustu ríkisins til greiðslna í fæðingarorlofi og um það var sérstök umræða hér ekki alls fyrir löngu.

1. gr. frv. sem ég mæli fyrir tekur bæði á fæðingarorlofi kvenna og karla á Alþingi. Þó er gerður sá munur á að þingkonur eigi rétt á sex mánaða fæðingarorlofi en karlar eins mánaðar. Í greininni er þessi réttur tengdur þeim almenna rétti sem gildir með þeim hætti að vísað er til 2. gr. laga um fæðingarlof. Með öðrum orðum, ef hinn almenni réttur til fæðingarorlofs breytist, ná þær breytingar jafnframt til þingmanna. Þá á það ákvæði 2. gr. fæðingarorlofslaga líka við um þingmenn þar sem segir með leyfi forseta:

„Skipti foreldrar með sér fæðingarorlofi verður sameiginlegt orlof þeirra aldrei lengra en segir í 1. mgr." þ.e. sex mánuðir í dag.

Eins og sjá má er gerður talsverður greinarmunur á rétti karla og kvenna í þessu frv. og var það gert vegna eðli málsins. Það kann hins vegar vel að vera að það sé ástæðulaust að gera þennan skýra mun í lagatexta, það sé í framkvæmdinni sem munurinn ráðist.

Sú nefnd sem fær þetta mál til meðferðar getur að sjálfsögðu skoðað mismunandi útfærslur en eftir sem áður tel ég að tvennt verði að vera skýrt: Í fyrsta lagi að þingkonur eigi rétt á sex mánaða fæðingarorlofi á launum. Í öðru lagi að réttur þingmanna sé sambærilegur við það sem gerist hjá öðru vinnandi fólki.

Í 2. gr. frv. til breytinga á lögum um þingfararkaup alþingismanna er tekið á rétti þingmanna til biðlauna. Samkvæmt núgildandi lögum á alþingismaður rétt til biðlauna í þrjá mánuði eftir eins kjörtímabils þingsetu, en í sex mánuði hafi hann setið í 10 ár eða lengur á þingi. Þetta ákvæði má rekja til ársins 1978 en það ár voru fyrst samþykkt á Alþingi lög um biðlaun alþingismanna. Það sem fyrir löggjafanum vakti var greinilega að tryggja að alþingismenn nytu nokkurs konar uppsagnarfrests í starfi rétt eins og flestir aðrir launþegar í þjóðfélaginu. Kom greinilega fram í umræðum á Alþingi að þingmenn litu svo á að biðlaun væru til þess greidd að menn hefðu tíma og ráðrúm til þess að finna sér annað starf þegar þingsetu lyki. Þessu til staðfestingar ætla ég, með leyfi forseta, að grípa niður í nokkrar ræður sem fluttar voru hér á þinginu í nóvember og desember 1978 þegar til umfjöllunar var frv. til laga um biðlaun alþingismanna.

Flm. frv., sem var þá í þingfararkaupsnefnd og sat í henni ásamt hv. þm. Sverri Hermannssyni, Geir Gunnarssyni, Ingvari Gíslasyni, Friðjóni Þórðarsyni og Árna Gunnarssyni, var Garðar Sigurðsson og hann sagði þegar hann mælti fyrir frv.:

„Ástæðan til þess að við í þingfararkaupsnefnd flytjum nú þetta mál er sú að að undanförnu og þar á meðal á síðasta þingi komu þessi mál nokkuð til umræðu, hvort alþingismenn ættu að hafa nokkuð sem kallast gæti uppsagnarfrestur eins og flestir aðrir í þjóðfélaginu — a.m.k. hafa mjög margir launþegar þetta nú þegar í samningum sínum."

Þarna talar hann sem sagt um uppsagnarfrest. Og Sverrir Hermannsson, sem einnig var flm. að þessu máli á sínum tíma, sagði þá:

„Biðlaun eru ekki kaup. Biðlaun eru til þess greidd að mönnum gefist kostur á því að fá sér aðra vinnu til þess að framfleyta sér og sínum á. Þetta er eðli biðlauna. Og ég vil aðeins spyrja þá að því [þ.e. aðra þingmenn] hvort þeir hafi kynnt sér hvernig þessum málum er háttað almennt hjá launþegum þessarar þjóðar og einnig kynnt sér hvað barátta verkalýðshreyfingarinnar almennt snýst um í þessu sambandi."

Hann undirstrikar sem sagt einnig biðlaunaréttinn sem nokkurs konar uppsagnarfrest.

Aðeins einn þingmaður lýsti á þessum tíma áhyggjum af því að frumvarpstextinn tæki ekki af öll tvímæli um að menn gætu ekki þegið biðlaun og aðrar launa-

greiðslur frá ríkinu á sama tíma. Þetta var hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. En hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Það væri hugsanlegt að leggja þann skilning í frv. eins og það liggur nú fyrir að menn gætu fengið laun greidd annars staðar, eins og ýmsir fyrrv. þingmenn fá nú, og jafnframt fengið greitt fullt þingfararkaup. Ég tel aftur á móti eðlilegt og rétt í alla staði að ef biðlaun eru á annað borð greidd þá sé tekið tillit til þess líkt og gert er nú hvort þingmenn eru í öðrum launuðum störfum, þótt það sé nú látið í hlut þeirra sem greiða þau laun, — þannig sé komið í veg fyrir þann möguleika að menn geti verið á fullum tvöföldum launum við það að fá biðlaunin."

Því miður reyndist hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson þarna hafa nokkuð til síns máls eins og dæmin sanna þó ekki séu þau mörg. Þannig tóku bæði Sverrir Hermannsson, sem þó var flm. þessa frv. á sínum tíma, og Albert Guðmundsson biðlaun frá Alþingi þó þeir færu til annarra og betur launaðra starfa hjá ríkinu. Í slíkum tilvikum eru biðlaun gróðavegur en ekki bætur fyrir fjárhagstjón.

Arnmundur Backman hæstaréttarlögmaður skrifaði grein um biðlaun alþingismanna í Morgunblaðið 20. maí 1989 þar sem hann bendir á eðli biðlauna og segir, með leyfi forseta:

„Eðli uppsagnarfrests er að tryggja starfsmönnum ákveðinn lágmarksfyrirvara á uppsögn úr starfi, gefa þeim kost á að fá sér aðra vinnu til að framfleyta sér og sínum. Til þess nota menn uppsagnarfrestinn."

Og svo segir hann síðar:

„Það er meginregla hér á landi og studd fjölda dómafordæma að laun í uppsagnarfresti eru skaðabætur í þeim skilningi að frá þeim dragast þau laun sem starfsmaðurinn kann að vinna fyrir annars staðar á tímabilinu." Þá er hann að tala um eðli biðlauna sem launa í uppsagnarfresti.

Og hann segir um biðlaunarétt þingmanna á þessum tíma sem er sá sami og er í dag:

„Ef litið er til orðalagsins sjálfs er í fyrsta lagi ljóst að ekki er skylt að greiða alþingismönnum biðlaun. Þeir eiga rétt á biðlaunum samkvæmt orðanna hljóðan og það veltur því á mati og siðferði hvers og eins hvort hann gerir kröfur til biðlauna. Það virðist ljóst að alþingismaður sem krefur ríkissjóð um biðlaun á sama tíma og hann tekur við annarri og betri stöðu í þjónustu ríkisins hagnast á reglunni umfram aðra opinbera starfsmenn, ráðherra og forseta Íslands. Hann notfærir sér orðalag laganna og tekur laun úr opinberum sjóði án vinnuframlags, hvað svo sem menn vilja kalla slíkt."

Að lokum segir Arnmundur Backman í þessari grein sinni:

„Mér virðist a.m.k. ljóst af greinargerð og umræðum um frv. að alþingismenn ætluðu alls ekki að skammta sér starfskjör og réttindi sem væru umfram það sem aðrir njóta." Eða eins og ég sagði hér áðan, hugmyndin var fyrst og fremst að þingmenn nytu uppsagnarfrests eins og annað vinnandi fólk.

En þó það liggi ljóst fyrir hvað vakti fyrir löggjafanum þegar hann setti lögin um biðlaun þingmanna þá fennir í sporin. Umræður að undanförnu endurspegla að hugmyndir manna um biðlaunaréttinn eru komnar nokkuð á flot og virðist sú hugmynd harla útbreidd að þarna sé um nokkurs konar samningsbundin kjör að ræða sem menn eigi rétt á hvernig sem starfslok ber að.

Það er mat flm. þessa frv. að tímabært sé að taka af öll tvímæli og kveða skýrar en nú er gert á um það hvenær þessi réttur verður virkur og hvenær ekki. Því er lagt til að inn í lögin um þingfararkaup komi ákvæði þess efnis að þingmenn sem afsali sér þingmennsku til að hverfa til annarra launaðra starfa eigi ekki rétt á biðlaunum. Gildir þá einu hvort þau störf eru í þjónustu ríkisins eða ekki.

Þá er lagt til að inn komi ákvæði um að taki biðlaunaþegi stöðu í þjónustu ríkisins, stofnana þess eða fyrirtækja skuli biðlaunagreiðslur falla niður nema laun í nýju starfi séu lægri en sem þeim nemur. Í því tilviki skuli greiða launamismuninn til loka biðlaunatímans. Er þetta í samræmi við þá reglu sem gildir um biðlaunagreiðslur ráðherra sem og forseta Íslands.

Víkur þá sögunni að frv. til laga um breytingu á lögum um laun starfsmanna ríkisins, þ.e. að ráðherrunum. Samkvæmt fyrrnefndum lögum eiga ráðherrar rétt á biðlaunum í sex mánuði ef þeir hafa gegnt ráðherraembætti í tvö ár samfleytt eða lengur. Ekkert er kveðið á um það í þeim lögum frekar en í lögum um þingfararkaup alþingismanna hvernig með skuli fara ef ráðherra afsalar sér embætti til að hverfa til annarra launaðra starfa. Flm. leggja til að á þessu verði gerð sams konar breyting og á þingfararkaupslögunum. Þá er í þessu frv. lagt til að réttur ráðherra til biðlauna taki nokkurt mið af því hversu lengi menn hafa gegnt ráðherraembætti. Eins og málum er háttað í dag eiga allir sem gegnt hafa ráðherraembætti í tvö ár samfleytt rétt á biðlaunum í sex mánuði. Leggja flm. til að réttur til sex mánaða biðlauna myndist ekki fyrr en embætti hefur verið gegnt í a.m.k. fjögur ár. Hafi maður gegnt ráðherraembætti í 2–4 ár eigi hann rétt á þriggja mánaða biðlaunum. Er það reyndar skoðun flm. að þetta sé ríflegur réttur og ástæðulaus ofrausn að greiða mönnum sex mánaða biðlaun þó þeir hafi velgt ráðherrastóla um nokkurra missira skeið.

Virðulegur forseti. Ég hef nú mælt fyrir þessum tveimur frv. og læt framsögu minni lokið en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og til meðferðar í hv. allsh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Nýting síldarstofna, fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 139. mál. — Þskj. 154.

[15:36]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Ég flyt á þskj. 154 till. til þál. um nýtingu síldarstofna. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Ragnar Arnalds.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að móta stefnu um nýtingu síldarstofna við Ísland.

Nefndin skal gera tillögur sem miða að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar."

Í greinargerð kemur eftirfarandi fram:

„Síldin hefur um langa hríð verið einn af mikilvægustu fiskstofnunum við landið og stundum ráðið úrslitum fyrir afkomu þjóðarinnar.

Síldveiðar eru nú um stundir ekki miklar en þó fer langstærsti hluti þeirrar síldar, sem leyft er að veiða, til mjölvinnslu. Mikil vinnslugeta liggur nú ónýtt í lokuðum verksmiðjum og vinnslustöðvum sem eru einungis nýttar að hluta. Því væri mögulegt að auka framleiðslu síldarafurða mjög mikið og með litlum fyrirvara.

Þeir aðilar, sem unnið hafa síld til manneldis, hafa kvartað undan því að þeir fái ekki nægilegt hráefni á stundum til að vinna upp í þá samninga sem fyrir hendi eru. Taka þarf því til athugunar hvort leyfa eigi frjálsar veiðar, jafnvel allt árið, til vinnslu til manneldis og nota innan lands.

Í ljósi reynslunnar af hömlulausum síldveiðum fyrri ára og affalla við stjórn á nýtingu annarra fiskstofna hlýtur að þurfa að taka til sérstakrar skoðunar hvaða veiðiaðferðir og veiðarfæri beri að leyfa við síldveiðar með það fyrir augum að trufla sem minnst hegðun síldarinnar, m.a. á hrygningarstöðvum.

Þá ber að taka til athugunar hvort gefa eigi út sérstök leyfi til skipa sem hyggjast vinna síld til manneldis á hafi úti.

Rússar hafa verið stærstu kaupendur okkar á síldarafurðum. Þeir hafa ítrekað óskað eftir því að fá að kaupa síld beint af veiðiskipum. Þeir hafa m.a. boðist til að greiða síldina með heilfrystum þorski úr Barentshafi. Vitað er að þeir hafa gert samning á undanförnum árum við t.d. Íra, Breta og Kanadamenn um slík viðskipti þar sem þeir hafa jafnframt skuldbundið sig til að kaupa jafnmikið magn unninna síldarafurða og þeir fá að kaupa beint af veiðiskipum. Neysla síldar er mikil í Rússlandi og full ástæða til að endurskoða þessi viðskipti nú. Þá þarf að leita leiða til að auka sölu frystrar stórsíldar sem hátt verð hefur fengist fyrir á Japansmarkaði.

Nefndin þarf að taka til sérstakrar athugunar hvernig megi undirbúa mikla framleiðsluaukningu á síldarafurðum sem verður ef þær spár rætast að norsk-íslenski síldarstofninn nái þeirri stærð að hann fari á ný að ganga á miðin við Ísland.

Öll vinna nefndarinnar, sem hér er lagt til að verði sett á stofn, hlýtur að hafa það að markmiði að nýta þá fjölmörgu möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í nýtingu síldarstofnanna við Ísland."

Til viðbótar vil ég segja það, hæstv. forseti, að undanfarin mörg ár eða síðan síldarstofnarnir við Ísland hrundu þá hefur algjörlega verið farið eftir tillögum fiskifræðinga um uppbyggingu stofnanna. Það er nú svo komið að sumargotssíldin er talin vera í góðu jafnvægi og úr henni veiðum við á annað hundrað þúsund tonn á hverju ári. Síðustu fréttir sem við höfum fengið af framgangi norsk-íslenska síldarstofnsins eru þær að það muni jafnvel verða styttra í það heldur en menn hafa spáð fram að þessu að hann fari að ganga á Íslandsmið. Það er því full ástæða til að gefa gaum að þeim möguleikum sem felast í nýtingu síldarstofnanna og þó svo að við fengjum ekki meiri síld til vinnslu heldur en við höfum haft síðustu árin þá er greinilegt að við nýtum síldarstofnana mjög illa ef við berum saman þá atvinnusköpun og gjaldeyrisöflun sem fæst með því að nota síldina til manneldis eða í mjölvinnslu eins og við gerum mest af í dag.

Ég vil vekja athygli á fylgiskjali sem er með þáltill. en í því eru upplýsingar frá síldarútvegsnefnd um síldveiðarnar og vinnsluna á árunum 1982–1983 og þar kemur fram m.a. að alls tóku 46 skip þátt í síldveiðunum á þeirri vertíð en það höfðu 85 skip aflahlutdeild við upphaf vertíðarinnar. Ef skoðuð er nánar þessi skipting þá höfðu 78 bátar og 7 loðnuskip aflahlutdeild af síld við upphaf vertíðarinnar en einungis 15 bátar tóku þátt í veiðunum. Öðru máli gegndi um loðnuskipin því að 31 loðnuskip tók þátt í veiðunum. Í töflu sem fylgir með kemur fram að úthlutað aflamark til bátanna var yfir 100 þús. tonn, eða 101.460 tonn, þ.e. rúmlega 92% af leyfðum afla. En loðnuskipin fengu aftur á móti úthlutað 8.540 tonnum eða 7,76% af leyfðum afla. Niðurstaðan varð hins vegar sú að bátarnir veiddu einungis 17% af leyfðum afla en loðnuskipin tæp 83%.

Ég er að draga þetta fram vegna þess að þetta segir svolítið sína sögu um það hvað hefur verið að gerast í síldveiðunum. Það hefur meira og meira færst af veiðunum yfir til loðnuskipanna og í beinu framhaldi af því virðist hafa orðið erfiðara og erfiðara að nýta síldina til vinnslu til manneldis.

Ég ætla að nefna fleiri tölur. Á síðasta síldveiðiári voru fryst 16.000 tonn af síld, 12.000 tonn fóru í söltun en 78.000 tonn fóru í bræðslu. Ef við skoðum þetta betur sjáum við að þetta hefur verið að versna á síðustu árum mjög hratt, þannig að ef við skoðum vertíðina 1986–1987 kemur í ljós að til frystingar fóru þá 17.300 tonn eða 26%, til söltunar fóru þá 35.000 tonn eða 54%, en í bræðslu fóru á þeirri vertíð 12.600 tonn eða 19% af því sem nýtt var af síldinni. En þá var leyft að veiða 65.000 tonn af síld.

Á síðustu vertíð, vertíðinni 1992–1993, hefur þetta gjörsamlega snúist við. Frystingin hefur að vísu verið svipuð og áður 18.600 tonn eða 17,6%, söltunin er 10.900 tonn, hrapar og er einungis 10.900 tonn miðað við 35.000 tonn sem hún var á vertíðinni 1986–1987, en bræðslusíldin hefur aukist úr 12.600 tonnum í 78.000 tonn, eða upp í 72%, af því sem við nýtum af þessum síldarstofni. En það hefur verið leyft að veiða síðustu árin rúmlega 100.000 tonn. Á þessari vertíð, þeirri síðustu sem ég er hér að tala um, voru veidd 105.600 tonn.

Þetta segir okkur að þarna er að halla á ógæfuhlið-

ina. Auðvitað er það af mörgum ástæðum. Þar koma sölumálin mjög inn í dæmið en það er líka fleira. Ég held að það sé veruleg ástæða til að gefa gaum að kvótamálunum sem tengjast þessu. Ég var einmitt að lesa upp tölur um það hvernig kvótinn hefur færst á milli skipa til þess að menn átti sig betur á því hvað er þarna að gerast.

Ég get ekki betur séð en að kvótamálin komi þessum hlutum þannig fyrir að það sé raunveruleg hvatning fyrir loðnuskipin að komast yfir þessa kvóta og að landa síldinni allri í bræðslu vegna þess að þá geta þau tekið þetta í einum eða tveimur förmum og selt þetta allt í einu. Þau þurfa ekki að hafa fyrir því að ísa þetta eða koma sér upp búnaði til að ísa þetta og koma því í vinnslu. Þeir sem hafa verið að vinna síld til manneldis hafa kvartað undan þessu. Þeir hafa bent á að það sé ástæða til að velta því fyrir sér hvort það eigi að gefa veiðar frjálsar fyrir þá sem veiða síld til manneldis. Þannig mætti t.d. hugsa sér það að á meðan skip landar til manneldis meira en helmingnum af því sem það veiðir þá veiði það án kvótasetningar. Það verði síðan gefnir út kvótar þegar kemur fram á vertíðina og menn sjá hvernig hlutirnir standa til hinna ef menn telja rétt að veiða síld í bræðslu. Ég held að það sé engin ástæða til að halda að það sé ekki hægt að taka hvenær sem er á ekki mjög löngum tíma þá síld sem menn vilja láta veiða úr stofninum til bræðslu og það á að vera afgangsstærð í nýtingu síldarstofnanna.

Ég held að það sé mjög mikilvægt að taka á þessum kvótamálum með einhverjum hætti og þetta eignarréttarfyrirkomulag sem er á þeim almennt séð hentar mjög illa og er að verða til þess að það jafnvel virkar sem hvatning til þess að keyra síldina í bræðslu.

Þá kem ég að markaðsmálunum. Ég tel að það sé full ástæða til þess að nefndin skoði þau mjög vel. Í því felst öll framtíð þessarar atvinnugreinar að það sé hægt að selja þessar afurðir. Það er mjög mikilvægt að rækta þá markaði sem við höfum haft og ég vil sérstaklega vekja athygli á Rússlandsmarkaðnum. Þó svo að efnahagslíf í löndum Sovétríkjanna fyrrverandi, sem keyptu af okkur síldarafurðir, sé mjög slæmt um þessar mundir, þá er engin ástæða til að halda að það geti ekki lagast aftur. Þess vegna er mjög mikilvægt að rækta þá markaði og halda áfram að reyna að selja síld til Rússa. Og ég tel fulla ástæðu til þess að ef þeir eru enn með óskir um það að fá að kaupa að einhverju leyti síld beint af veiðiskipum hér til vinnslu þá sé það skoðað gaumgæfilega hvort það getir orðið hluti af samningi. En auðvitað yrði þá að vera í þeim samningi innifalið að þeir keyptu líka af okkur unna síld.

Þá hefur Japansmarkaður að vísu ekki verið mikill en þar er þó á ferðinni mjög hátt verð og gott verð fyrir stóra frysta síld og þar eru menn að tala um jafnvel tífalt verð á við það sem fæst ef menn leggja síldina í mjölvinnslu og það er full ástæða til að gefa gaum að því. Það var í Morgunblaðinu einmitt sagt frá því 4. nóv. að einn af frystitogurum, þ.e. Venus frá Hafnarfirði, væri að leggja af stað í ferð til síldveiða, til þess að finna síld í frystingu á Japansmarkað. Það er mjög áhugavert. Að vísu er þetta takmarkaður markaður við mjög stóra síld og það þarf auðvitað að flokka hana og ég veit ekki hvernig það kemur út um borð í svona skipi, en það er sjálfsagt að reyna þessa hluti.

Eitt er það sem hlýtur að þurfa að skoðast mjög vel þegar menn velta fyrir sér að nýta þennan stofn, þ.e. síldina, það er umgangurinn um auðlindina og ég tel mikla ástæðu til þess að menn fari sér hægt og varlega. Nýlega hefur verið leyft að fara að veiða síld í troll, bæði verið að tala þar um botntroll og flotvörpu, og ég hef heyrt af því sagt að botnvarpan geti verið mjög varasöm við síldveiðarnar einfaldlega vegna þess að þar fari menn bókstaflega niður á hrygningarsvæði síldarinnar og hafi komið upp með loðin trollin af hrognum við þessar veiðar.

Ég vil að lokum segja það, virðulegi forseti, að hér er auðvitað fyrst og fremst um atvinnumál að ræða. Við þurfum að skoða þetta mál með tilliti til þess að við getum nýtt þessa atvinnumöguleika okkar eins og mögulegt er. Það er mikil framtíð í síldveiðum og vinnslu síldarafurða hjá okkur. Við þekkjum það úr fortíðinni að það hefur gefið okkur stórkostlega möguleika. Ég tel að í framtíðinni séu ekki síður möguleikar í þessum iðnaði. Ég vonast til þess að þáltill. fái skjótan framgang í nefnd, en ég legg til að henni verði vísað til hv. sjútvn. og til síðari umr.

[15:52]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér í ræðustól fyrst og fremst til þess að taka undir varlegt orðalag í tillögutextanum. Ég held að það skipti einmitt máli að fara þannig að sem hv. 1. flm. tillögunnar mælir fyrir, að það verði athugað gaumgæfilega hver stefnan á að vera við nýtingu síldarstofna og að leggja sérstaka áherslu á að nýta möguleika bæði til atvinnusköpunar og verðmætasköpunar.

Það eru geigvænlegar tölur sem fram koma í fskj. með þessari tillögu og tek ég dæmi úr töflu sem er á bls. 4 um ráðstöfun síldaraflans á vertíðum 1975 til 1992–1993, en þar kemur fram að sífellt meira fer í bræðslu og sífellt minna einkum til söltunar. Fyrir þessu eru að sjálfsögðu, eins og við vitum, margar ástæður og m.a. náttúrlega markaðshrunið í Rússlandi eða Sovétríkjunum fyrrverandi og þar er ákveðin eyða sem þarf að athuga gaumgæfilega hvernig best verður fyllt upp í.

Að vísu vil ég taka fram varðandi mjölvinnsluna að það er ekki sama mjöl og mjöl. Það er til mikil gæðavinnsla hér á landi sem gefur meiri verðmæti heldur en annars staðar, t.d. í hinni nýju og vel búnu verksmiðju á Seyðisfirði. Þannig að út af fyrir sig, ef hluti af síldinni fer í bræðslu og vinnslu á gæðamjöli, þá getur það skilað ákveðnum tekjum. En ég tek undir það, að mestu leyti, að þetta er alveg afleit þróun sem orðið hefur, að sífellt minna fer til söltunar og frystingin gerir þá ekki meira heldur en að standa í stað.

Hins vegar hef ég svolitlar efasemdir, án þess að ég loki nú alveg á það, að það eigi að stefna sérstaklega að því að selja Rússum síld beint af skipum. Ég held að þar sé ekki gætt nákvæmlega þess sjónarmiðs sem kemur fram í tillögutextanum, að það eigi að líta á at-

vinnumöguleikana í kringum síldarvinnsluna. En gott og vel, þetta mundi slík nefnd athuga og ef þessi háttur er hafður á varðandi viðskipti milli Rússa annars vegar og svo Íra, Breta og Kanadamanna hins vegar, eins og fram kemur í greinargerð, að hægt sé að nota þetta sem beitu til þess að fá jafnframt möguleika á að selja fullunna síld, þá er sjálfsagt að líta á slíkt. En ég vil vekja athygli á því að ef þessi nefnd á að sinna því hlutverki sínu að hugsa sérstaklega um atvinnusköpun, þá verður að staldra við þetta atriði.

Hvað verndunarsjónarmið varðar þá tek ég undir með hv. 1. flm. að við þurfum að athuga gaumgæfilega hvaða veiðarfæri eru á ferðinni og hvaða skaða þau geta valdið eða ekki. Við höfum að sjálfsögðu hörmulega reynslu af þeim skaða sem ofveiði er og ég held að það sé þá hollara að fara frekar of hægt en of hratt af stað ef norsk-íslenski síldarstofninn er að rétta úr kútnum eða ef það eru teikn á lofti um það eins og nýjustu fréttir herma.

Það er eitt varðandi vinnsluna sem ég held að skipti miklu máli og það er að kortleggja og gera sér grein fyrir mörkuðunum því það hefur viljað brenna við að jafnvel þótt fyrirtæki í landi hafi verið reiðubúin til þess að taka síld í vinnslu þá hefur það staðið vinnslunni mjög fyrir þrifum að það er ekki hægt að skipuleggja verkið sem skyldi vegna þess að ekki er fyrir fram vitað fyrir hvaða markað er farið að vinna. Smekkur kaupenda okkar er nefnilega mjög misjafn. Það er ekki sama hvort verið er að vinna fyrir t.d. Rússlandsmarkað eða Svíþjóð og þetta þarf að vita í upphafi. Ég vil því gjarnan fá að bæta því við til athugunar fyrir sjútvn. sem tekur þetta mál til umfjöllunar þar get ég nú komið að málinu raunar. Ég vil varpa því fram að það verður jafnframt að vera til ákveðin kortlagning á mörkuðum þannig að hægt verði að hefja vinnslu þegar síld berst að landi. Það getur líka orðið til þess að gott hráefni fari í bræðslu ef það er ekki klárt fyrir hvaða markað er verið að vinna. Ég nefni þetta sérstaklega vegna þess að um þetta eru frekar nýleg dæmi, ekki nema nokkurra ára gömul, þar sem ekkert var að vanbúnaði, það var vitað af mörkuðum en ekki til nákvæm kortlagning af því hvað þurfti að taka mikið á hvern markað. Auðvitað veit ég að það er ekki hægt að ganga frá þessu svo að óyggjandi sé, en ég er alveg sannfærð um að hægt er að gera betur í þessum efnum heldur en gert hefur verið.

Að öðru leyti vil ég í megindráttum lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu og vona að hún fái vandaða umfjöllun innan hv. sjútvn.

[15:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að þessi þáltill. hreyfi við brýnu máli sem þörf er að taka á. Það er alveg ljóst að síldarstofninn er einn af þeim fiskstofnum innan okkar lögsögu sem stendur hvað best og hvað mestar vonir eru bundnar við nýtingu á á næstkomandi árum. Þar skiptir afar miklu máli að unnt sé að tryggja eins og kostur er að allt það hráefni sem þörf er á til vinnslu síldarinnar í manneldi verði í boði. Það er auðvitað algerlega óviðunandi aðstaða og ástand þessara mála ef svo fer endurtekið, eins og gerðist í fyrra, að ekki náist að fylla upp í þá sölusamninga eða sölumöguleika sem fyrir liggja vegna þess að hráefnið sem í boði var er uppurið og horfið í gegnum bræðslur. Í því sambandi getur ýmislegt komið til greina og ég held að það sé verkefni fyrir stjórnvöld að fara vandlega yfir það með hvaða hætti er unnt að stuðla að því og ívilna þannig þeim hluta veiðanna sem leggja vinnslunni til hráefni, að það dugi til að nægjanlegur hvati sé fyrir hendi í því efni. Ég held að þar eigi að skoða út af fyrir sig alla möguleika og best væri ef hægt væri með einhverjum skynsamlegum ívilnandi aðgerðum gagnvart útlutun á kvóta eða reglum um veiðar, að tryggja að nægjanlegur hvati væri fyrir hendi til þess, fyrir þá sem stunda veiðarnar, að keppa að því að leggja vinnslunni til hráefni, þá á ég vil manneldisvinnslunni, umfram það að síldin fari beint í bræðslu.

Að skylda útgerðirnar eða veiðiaðilana til að leggja upp tiltekinn hluta til manneldisvinnslu er annmörkum háð af augljósum ástæðum. Ég held að langeinfaldasta leiðin, ef hún teldist fær vera í þessu, væri sú að einhverjum hluta kvótans væri haldið eftir til þess að síðan mætti með ívilnandi aðgerðum verðlauna þá aðila sem stunduðu veiðar í þágu vinnslunnar þannig að t.d. einungis hluti þess afla sem færi beint til manneldisvinnslu teldist til kvóta, hvort sem það væri helmingur eða eitthvert annað skynsamlegt hlutfall sem menn fyndu út. Síðan væri, með því að taka frá við frumúthlutun tiltekið magn til að eiga upp í slíkar leiðréttingar, hægt að gera málin þannig upp í lokin að veitt væri það magn sem áætlanir stóðu upphaflega til. Þarna komu auðvitað ýmsir möguleikar til greina en þetta væri tiltölulega einföld og auðframkvæmanleg aðgerð, að 10–20 þús. tonnum af 100 þús. tonna kvóta eða þar um bil væri haldið eftir við frumúthlutun til að eiga upp á að hlaupa einhvers konar tvöföldun á kvóta eða álagi á kvóta þeirra skipa eða þann hluta kvótans sem farið hefði til manneldisvinnslu.

Það er vissulega að mörgu að hyggja í þessum efnum og mönnum ber að varast alhæfingar. Ljóst er t.d. að sú þróun sem sérstaklega hefur verið í umræðu undanfarið, að loðnuskipin hafa stóraukið hlutdeild sína í þessum veiðum, er ekki að öllu leyti ástæðulaus. Hún stafar að nokkru leyti af því að aðstæður hafa verið þannig í veiðunum að stærri skipum hefur gengið betur að ná síldinni heldur en minni og vissulega eiga nokkur loðnuskip góðan hlut í því að leggja upp afla til vinnslu eins og t.d. Þórshamar og Húnaröst sem hafa haldið uppi hráefnisöflun fyrir síldarvinnsluna á Neskaupstað og Höfn í Hornafirði. En önnur og sérstaklega stærstu skipin hafa í nokkrum mæli veitt síldina í stórum förmum og landað henni allri beint í bræðslu og eðlilega sjá menn eftir því þegar hratt gengur á kvótann við þannig aðstæður. Ég held að það væri markmið í sjálfu sér að tryggja að þau 40–50% veiðanna sem sölumöguleikar og söluáætlanir standa til að gætu farið til manneldis, væru sannanlega og örugglega fyrir hendi í þágu vinnslunnar áður en afgangurinn yrði þá nýttur í bræðslu og það ætti þá ekki að vera óraunhæft markmið.

Það er svo annað mál og ekki síður mikilvægt sem ætlunin er að þetta nefndarstarf, sem hér er flutt tillaga um, taki til og það er að kanna markaðsmöguleikana og fara yfir þá hlið mála. Það er afar mikilvægt að unnið sé vel að því máli, því að augljóslega liggja þarna heilmiklir verðmætasköpunarmöguleikar ef tekst að auka verulega á komandi árum þann hluta síldveiðanna sem fer beint í vinnslu til manneldis innan lands. Þar beina menn eðlilega sjónum ekki síst að Rússlandsmarkaði, sem er auðvitað sögufrægur og mikilvægur markaður fyrir þessar afurðir, og með betri tíð, sem vonandi lætur einhvern tíma á sér kræla austur þar, opnast auknir möguleikar á arðbærum viðskiptum. Í því sambandi er rétt að minna á að Íslendingar hafa áður stuðlað að því að koma slíkum viðskiptum á með myndarlegum hætti og það er full ástæða til að rifja enn einu sinni upp hvernig hin umfangsmiklu síldarviðskipti komust á í austurveg á eftirstríðsárunum þegar þar var allt í kaldakoli. Það gerðist einmitt með því að Íslendingar höfðu þá kjark til þess að lána Sovétmönnum að verulegu leyti fyrir fyrstu síldarkaupunum, fyrstu eitt, tvö, þrjú árin, meðan þeir voru að byggja upp eftir stríðið og nutu þess lengi síðan að koma þar á stórum samningum og viðskiptum sem við nutum svo góðs af um áratuga skeið. Ég held að við þær aðstæður og þá miklu erfiðleika sem við er að glíma í Austur-Evrópu gæti það fyllilega verið réttlætanlegt að reyna með slíkum aðgerðum, jafnvel þó við tækjum þar nokkra áhættu, að stuðla að því að byggja upp og koma þar á viðskiptum sem gætu skilað miklu í framtíðinni. Þetta held ég að mjög þarft væri að fara yfir í samhengi af hálfu stjórnvalda.

Ég vona svo að sjútvn. taki skörulega á þessu máli. Það væri mjög æskilegt að um þetta yrði fjallað og þetta yrði afgreitt nú á næstu vikum, ef það á að koma að einhverju gagni hugsanlega sem skoðun og liður í stjórnun veiða það sem eftir lifir þessarar vertíðar, án þess að ég sé að fullyrða að það sé auðvelt að koma slíku við þegar þetta langt er liðið á vertíð. Ég vil þó í þessu sambandi spyrja hæstv. sjútvrh., úr því að hann er viðstaddur og hlýðir á umræðuna, hvaða möguleika hann sjái á því að einhverjar ráðstafanir verði gerðar á yfirstandandi vertíð til að tryggja vinnslunni greiðari og öruggari aðgang að hráefni heldur en nú horfir til. Í öðru lagi spyr ég hann, hvernig tillöguflutningurinn leggist í hann og hvort þess sé að vænta að því yrði vel tekið af sjútvrh. og stjórnvöldum ef Alþingi afgreiðir málin á þeim nótum sem hér er lagt til.

[16:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt sem fram hefur komið í máli hv. þm. sem talað hafa í þessari umræðu að það er ástæða til að hafa nokkrar áhyggjur af því hversu stór hluti af síldinni fer til mjölvinnslu og lítill til manneldis. Fyrir þessu eru margar ástæður en auðvitað fyrst og fremst sú að verð fyrir manneldissíld er mjög lágt og það er meginástæðan fyrir því að stór hluti af síldinni hefur farið til mjölvinnslu. Síldarmarkaðir hafa hrunið eins og Rússlandsmarkaðurinn og verð er mjög lágt víðast hvar á Evrópumarkaði. Evrópubandalagið hefur bannað mjölvinnslu á síld sem aftur leiðir til þess að það er mjög mikið framboð af manneldissíld og verðinu haldið þannig niðri. Allar þessar aðstæður hafa áhrif á stöðu mála hér hjá okkur.

Við ráðgerum að það verði veiddar um 110 þús. lestir af síld. Það er ráðgert eða áætlað að það þurfi um 45 þús. lestir til manneldis. Á síðustu vertíð vantaði um 5 þús. lestir til þess að unnt væri að salta upp í gerða samninga. Ráðuneytið hefur fyrir sitt leyti kallað saman til fundar í ráðuneytinu bæði kaupendur og seljendur til þess að ræða þetta vandamál. Við höfum haldið fjóra fundi með aðilum. Ekki hefur fengist ákveðin niðurstaða þannig að menn hafi komið auga á einhverja einfalda lausn en viðfangsefnið hefur verið rætt mjög ítarlega. Það var ákveðið á þessum fundum að setja á fót sérstakan hóp með fulltrúum kaupenda og seljenda til þess að fylgjast með þróuninni og koma á framfæri upplýsingum um framboð og eftirspurn og ég geri ráð fyrir því að frá þessum hópi komi einnig tillögur um aðgerðir ef þeirra er talin þörf. Það varð einnig niðurstaða á þessum fundum að hvetja til þess að menn leituðu eftir föstum viðskiptasamböndum til að tryggja síld til vinnslu.

Á því eru annmarkar að setja ákveðnar reglur um það hversu miklu megi landa til mjölvinnslu. Í gildandi lögum eru ekki heimildir þar að lútandi og ég hygg að flestir sjái á því mikla annmarka að framkvæma þessi mál með þeim hætti, enda hefur það reyndar komið fram hér í ræðum manna eins og ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e.

Hugmyndir hafa komið fram um einhvers konar bónus í kvótaúthlutunum ef menn lönduðu til manneldis. *Það þarf auðvitað að skoða ýmsar hliðar á því máli.* Kallar það á að það þurfi að tryggja að allir eigi sama rétt á að landa síld til manneldis? Hvernig ætti þá að tryggja það ef jafnræði ætti að gilda í þessu efni, hvernig færi með verðlagningu á þvinguðum viðskiptum? Yrði að hverfa frá frjálsri verðmyndun og taka upp gamla lagið um miðstýrðar verðákvarðanir? Ýmis atriði af þessu tagi yrði að skoða í þessu sambandi. En á það er að líta að gert er ráð fyrir því að nú hafi veiðst um 60 þús. lestir og þar af um 20 þús. farið í söltun og frystingu. Af þeim 50 þús. lestum sem óveiddar eru, eru 40 þús. lestir í höndum aðila sem eru einnig að einhverju leyti eða öllu að vinna síld. 40 þús. lestir af þessum 50 þús. sem eftir eru, eru í höndum aðila sem vinna síld til manneldis og þá er auðvitað stór spurning, á að þvinga þessa aðila til að vinna síldina með öðrum hætti en þeir telja hagkvæmast hverju sinni? Þessir aðilar ráða yfir þetta miklu magni af því sem eftir er óveitt af síldarkvótanum og geta þess vegna ráðstafað kvótanum til vinnslu ef þeir kjósa svo. En verðlagið skiptir hér auðvitað miklu máli. Það er algengast að menn fái 9 eða 10 kr. fyrir hvert kg af landaðri síld til manneldisvinnslu, en 5,50–6 kr. fyrir síld sem landað er til mjölvinnslu. Þess munu vera einhver dæmi nú upp á síðkastið að síldarbátar hafa fengið viðbótarkvóta ef þeir hafa landað síld til mjölvinnslu. Í raun og veru eru menn þá að tala um í framkvæmd alveg öfugt kerfi við það sem menn hafa

verið að tala um hér, að hvetja menn til þess að landa *til manneldis. Og þegar þannig stendur á, þá er orðinn* lítill verðmunur fyrir sjómennina.

Það er líka rétt sem hér kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að stundum stendur síldin þannig að það þarf einfaldlega stærri og öflugri skip til þess að ná henni en gömlu hefðbundnu síldarbátana. Þess er líka að gæta að línutvöföldunin hefur hvatt síldarbátana til þess að hverfa frá síldveiðum þegar línutvöföldunartímabilið hefur byrjað. Það er því að ýmsu að hyggja í þessu efni en á það er að líta líka að á ýmsum stöðum hefur gengið nokkuð vel að fá síld til manneldis. Á Eskifirði hefur mikill meiri hluti síldarinnar farið til manneldisvinnslu og á Höfn í Hornafirði hefur mikill meiri hluti síldarinnar farið til manneldisvinnslu og eins í Vestmannaeyjum. Verulega stór hluti síldarinnar hefur farið til manneldisvinnslu í Neskaupstað, þó meiri hlutinn hafði farið í mjölvinnslu. Á ýmsum stöðum hefur því gengið nokkuð vel að fá síld til manneldisvinnslu.

Ráðuneytið hefur fyrir sitt leyti viljað leita leiða í þessu efni og með stöðugum fundum með þessum aðilum reynt að koma því á þann veg að sem stærsti hluti síldarinnar færi til manneldisvinnslu. Og ég má segja að það hafi tekist gott samstarf að þessu leyti á milli kaupenda og seljenda þó að það hafi ekki leitt til þess *að fyrir liggi einhverjar einfaldar lausnir á því hvern*ig tryggja eigi meiri síld til manneldisvinnslu. Ég hygg að þær séu í sjálfu sér ekki til þó að full ástæða sé til að skoða þessi mál frekar.

[16:16]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar til þess að biðja hæstv. sjútvrh. að svara því hvaða afstöðu hann hafi til þeirra hugmynda sem komu fram frá síldarútvegsnefnd alla vega og þá líklega þeim hópum sem hafa átt samráð við sjútvrn. um þessi mál á síðasta ári. En þar komu fram hugmyndir um það hvernig mætti auka síldveiðar til manneldis eða vinnslu síldar til manneldis. Þar var sett fram m.a. sú hugmynd að takmarka framsalið og aflahlutdeildina frá bátum til loðnuskipa.

Önnur hugmynd var um að það sé útbúnaður í öllum skipum til að stunda síldveiðar þannig að þau geti skilað hluta aflans til manneldisvinnslu.

Í þriðja lagi að skilyrði verði sett um að tilteknum hluta aflans, og því kom ráðherrann reyndar að hér áðan, yrði ráðstafað til manneldisvinnslu. Hann taldi greinilega á því ýmis tormerki. Það er auðvitað enginn vafi að upp koma ýmsar spurningar þegar á að fara að taka á málum með þeim hætti. En alla vega ættu hinir tveir möguleikarnir ekki að vera mjög erfiðir í framkvæmd ef það er til þess vilji að takmarka aflamarkið eða hreinlega, og þá vil ég bara spyrja beint að því, hvort hann taki þá undir það að til greina komi að síldveiðar til manneldis verði teknar út úr og leyfðar frjálsar.

[16:18]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hafa stjórn á þessum síldveiðum. Það er mjög mikilvægt að við göngum ekki svo að þessum stofni á nýjan leik að hann hverfi heldur getum við haldið áfram að byggja hann upp. Það hefur komið hér fram í umræðunni að það er engan veginn svo að hægt sé að skella allri skuldinni í þessu efni yfir á loðnuskipin. Þvert á móti hefur komið fram, og hv. 4. þm. Norðurl. e. benti mjög ágætlega á það, að mörg loðnuskipanna hafa tryggt það að við næðum þó síldinni því a.m.k. var það svo um tíma á vertíðinni í fyrra að síldin stóð svo djúpt að hún náðist einfaldlega ekki nema með þessum stóru skipum. Mörg þeirra hafa einnig tryggt að síld hefur komið til manneldisvinnslu, bæði til söltunar og frystingar, og ný tækni við löndun hefur mjög auðveldað þetta. Ég held því að menn verði að horfa á þær aðstæður sem við búum við að þessu leyti og of miklir fjötrar og of rígbundið skipulag getur leitt til takmörkunar sem er óheppilegt fyrir síldarútveginn í heild sinni. Þetta þurfa menn að hafa í huga og gera sér grein fyrir því að meginástæðan fyrir þessum vanda er auðvitað það lága verð sem er á unnum síldarafurðum. En það hefur verið mikil viðleitni til þess að ná hér meiri árangri. Menn eru að vinna að lausnum á þessu í greininni sjálfri og þannig held ég að við verðum að vinna okkur fram í þessu efni.

[16:20]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst nú að hæstv. ráðherra hafi tekið tiltölulega vel í þá skoðun að það þurfi að vinna að þessum málum. En hann svaraði því samt ekki beinlínis hvort hann teldi að hinir möguleikarnir kæmu til greina, þ.e. að gerð verði krafa um að það verði útbúnaður um borð í skipunum sem stunda síldveiðar til þess að geta skilað aflanum til manneldisvinnslu. Ég held að það þurfi að velta þessum málum fyrir sér út frá þeim möguleikum sem fyrir hendi eru. Ég held því alls ekki fram að það sé af hinu vonda að loðnuskipin veiði síld. Hins vegar má það ekki verða þannig að þeirra hagsmunir sem koma til vegna stærðar þeirra, þ.e. að taka kannski heilan síldarkvóta í heilli ferð og landa í bræðslu, verði til þess að ekki verði hráefni til vinnslunnar til manneldis. Og það er það sem ég tel varhugavert og menn eigi að skoða.

Svo er aftur hitt sem hæstv. ráðherra benti á hér áðan, að síldarkvótarnir eru komnir í hendurnar á stóru fyrirtækjunum sem eru jafnframt með verksmiðjurnar, mjölverksmiðjur og síldar- og loðnuvinnslu. Og þá er hætta á ferðum að því leyti til að við þurfum auðvitað að hugsa um þennan útveg ekki bara sem stundarhagsmuni heldur langtímahagsmuni og það er fyrst og fremst af þeim ástæðum sem þessi tillaga kemur fram *að við horfum til lengri tíma og til langtímahagsmuna* okkar en ekki til skemmri tíma.

[16:22]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að ítreka að það sem ég nefndi um 40 þús. lestir af óveiddum kvóta. Þar átti ég við það að þær lestir væru í höndum aðila sem einnig eru að vinna síld til manneldis og geta þess vegna tek-

ið ákvarðanir vegna þess að þeir hafa ráðstöfunarrétt yfir þessum kvóta, til þess að vinna þann hluta síldarinnar ef það þykir hagkvæmt.

Varðandi þá hugmynd að gera það að skyldu að aðgreina hluta aflans um borð á þann veg að um hann sé búið til þess að unnt sé að vinna þá síld til manneldis, þá hefur það verið skoðað býsna mikið. Ýmislegt mælir með því en fastmótaðar reglur þar að lútandi geta valdið miklum erfiðleikum. Eiga opinberir aðilar til að mynda, sem setja slíkar reglur, að tryggja mönnum það að þeir fái kaupendur að allri þeirri síld til manneldis sem þannig er sérstaklega búið um? Ég held að það yrði býsna erfitt og ýmsum spurningum af þessu tagi yrði svarað því að í sumum veiðiferðum liggur beint við að það eru kaupendur að hluta aflans til manneldisvinnslu, í öðrum ekki. Það getur farið eftir því hvernig stendur á hverju sinni. Þess vegna hafa skoðanir á þessum hlutum leitt í ljós að það eru mjög mikil vandkvæði á því að rígbinda reglur af þessu tagi. En það er eðlilegt að þetta sé til skoðunar og umfjöllunar og ég ítreka það að ráðuneytið hefur sem sagt fyrir sitt leyti reynt að koma málum í þann farveg að þeir aðilar sem hér véla um, kaupendur og seljendur, ættu samtöl saman og reyndu sín á milli að finna þá lausn sem skynsamlegust er.

[16:24]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil þakka fyrir þessa tillögu. Ég tel að það sé mjög tímabært að menn hugi að því hvernig staðið verður að nýtingu síldarstofnanna þegar fram líða stundir þegar allt bendir til þess að þeir kunni að stækka. Og með skynsamlegri stjórn á undanförnum árum hafi tekist að byggja þá upp og eins og sagt er nú og fréttir eru fluttar af, þá kann norsk-íslenski síldarstofninn að vera að ná sér á strik og kunni að verða veiðanlegur hér fyrr en síðar. Ég tel því að þessi tillaga sé athyglisverð að því leyti að það er hugað, eins og fram hefur komið, að langtímahagsmunum og hugað að því hvernig unnt sé að vinna að þessu máli og vinna að nýtingu síldarstofnanna með sem skynsamlegustum hætti.

Um efni tillögunnar ætla ég ekki að fjalla sérstaklega, það á eftir að gera það í nefnd. Og hvort það sé skynsamlegt endilega að skipa þriggja manna nefnd til þess að móta þessa stefnu og annað verður fjallað um sérstaklega í nefnd, en ég tel að það sé athyglisvert að þessu máli er hreyft hér.

Ég vil aðeins gera einn þátt þess að umtalsefni sem ekki kemur beint fram í tillögugreininni sjálfri heldur í greinargerðinni og þá spurningu sem kannski hlýtur að vega þyngst ef menn huga að nýtingu síldarstofnanna og hvort veiða eigi síld til manneldis eða annarrar vinnslu. Það þarf náttúrlega að huga að markaðsöfluninni og hvernig að henni sé staðið og hvort það sé ekki jafnbrýnt og það að setja ákveðnar reglur hér innan lands varðandi nýtinguna, að menn hafi sem víðasta og besta markaði til þess að geta selt þessa mikilvægu afurð okkar á.

Ég sé hér í greinargerðinni að flm. vekja athygli á því að Rússar hafi verið stærstu kaupendur okkar á síldarafurðum og það er rétt. En það sem ég vil vekja athygli á, og er það erindi sem ég geri mér hér upp í ræðustólinn af þessu tilefni, er að það eru að opnast markaðir í Evrópu vonandi með aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og einnig í Eystrasaltsríkjunum, sjálfstæðir markaðir sem við ættum að huga að og nýta í þessu sambandi. Við skulum muna eftir því að á sínum tíma, fyrir nokkrum öldum, þá voru viðskipti með síld forsenda þess að hið mikla samstarf, sem kennt er við Hansasambandið, í viðskiptum hófst og byggðist á þeim grunni að menn áttu þar viðskipti með síld og það voru þjóðirnar við Eystrasalt, í norðurhluta Þýskalands og við Eystrasalt, sem stunduðu þau viðskipti og stóðu að Hansasambandinu. Nú eru þessar þjóðir að taka saman höndum að nýju í viðskiptamálum og viðskipti á milli þeirra eru að stóraukast og þær hafa stofnað til margvíslegra samskipta sín á milli til þess að stuðla að innbyrðis viðskiptum. Mér finnst að við Íslendingar ættum að huga að því að tengjast þessu samstarfi sem best og með þeim hætti að við eigum þar greiðan aðgang að mörkuðum og þá ekki síst vonandi fyrir síld og að síldin geti að nýju orðið sú uppistaða í viðskiptum á þessu svæði sem hún var á tímum Hansasambandsins sem flosnaði upp árið 1669, eins og menn e.t.v. muna. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að huga að því við framtíðarstefnumótun varðandi síldveiðar að nýta okkur þau tækifæri til markaðsöflunar sem eru að skapast á þessum slóðum og við tökum þátt í því samstarfi sem fer fram á milli Eystrasaltsríkjanna og snýst ekki síst um verslun og viðskipti og að gera það svæði að vaxtarsvæði í viðskiptamálum. Þar gegna Þjóðverjar sérstöku hlutverki, ríkin í norðurhluta Þýskalands, bæði í vesturhlutanum og austurhlutanum. Ég vil hvetja hv. sjútvn. til þess að huga að þessu máli þegar hún fjallar um þetta atriði og einnig vildi ég leyfa mér við þessar umræður að spyrjast fyrir um það hjá hæstv. sjútvrh. hvort það hafi verið sérstaklega hugað að því af hálfu stjórnvalda að Íslendingar tengdust þessu nýja samstarfi sem er að takast á Eystrasaltssvæðinu á milli þjóða um viðskiptamál. Og ef svo er ekki, hvort það væri þá vilji til þess af hálfu sjútvrh. að beita sér fyrir því að við ættum aðild að því og markvisst yrði unnið að því að afla þar markaða fyrir einmitt síld og síldarafurðir. Því þetta er hið gamla og sögulega markaðssvæði sem var helsta síldarneyslusvæðið fyrr á öldum og vafalaust eru tækifæri til þess að byggja þar upp markaði að nýju og skapa þar góða og haldgóða markaði fyrir þessa mikilvægu afurð okkar.

[16:30]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 3. þm. Reykv. get ég sagt að sjútvrn. er fyrir sitt leyti mjög svo reiðubúið að vinna að því að Íslendingar geti tengst því samstarfi sem vitnað var til að er að takast með Evrópuþjóðum. Það er vissulega rétt að á því svæði sem hv. þm. nefndi er hin hefðbundna síldarneysla og mjög mikilvægt að við reynum að koma ár okkar þar fyrir borð.

Það eru hins vegar ákveðnir erfiðleikar á því að selja síld til Evrópubandalagsþjóðanna m.a. vegna þess að þeir hafa með öllu bannað mjölvinnslu á síld sem leitt hefur til mikils offramboðs á manneldissíld og þar af leiðandi hefur verð verið mjög lágt. Í annan stað var það niðurstaða samninganna við EES að það tókst ekki með öllu að tryggja hindrunarlausan aðgang eða tollfrjálsan aðgang fyrir mikilvægustu vinnsluvörurnar úr síld og það urðu síldarútvegsnefnd nokkur vonbrigði að það skyldi ekki takast. En ég tek undir það með hv. þm. að það er mikilvægt að vinna að því að treysta okkar stöðu á þessum markaði og vinna áfram að þeim málum. Það er líka alveg ljóst, að því er síldarvinnsluna varðar, að markaðir eru vaxandi fyrir frysta síld og það er ekki síst á því sviði sem aukning á síld til manneldisvinnslu hefur farið fram og sölusamtökin hafa unnið þar mjög gott starf og verið að vinna ný markaðslönd í þessu efni.

[16:32]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir svör hans og þær jákvæðu undirtektir sem mínar fyrirspurnir fengu. Ég vil aðeins benda á að það kynni að vera skynsamlegt fyrir okkur Íslendinga að huga að því að koma upp aðstöðu varðandi síldarsölu og jafnvel varðandi einhverja vinnslu á síld í Eystrasaltsríkjunum þremur, einhverju þeirra, Eistlandi, Lettlandi eða Litáen og skapa þar aðstæður til þess að geta markaðssett vöruna með þeim hætti að það beri sem mestan árangur. Ég bendi sérstaklega á að í Eistlandi er frjálsræði mikið varðandi viðskipti og að erlend fyrirtæki geti haslað sér völl. Það kynni að vera áhugavert fyrir íslenska aðila að stefna þangað með það í huga að geta skapað sér betri markað, t.d. í nánd við Rússland, heldur en ella væri. Ég vil því eindregið hvetja ráðherrann og þá sem fjalla um þessa tillögu í þinginu til að huga að þessum atriðum og beina kannski umræðum inn á þá braut að við getum komið okkur betur fyrir á þessu svæði til þess að selja þessa afurð okkar fyrir sem hæst og best verð.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar til að þakka hv. þm. Birni Bjarnasyni fyrir það sem hann lagði til umræðunnar og taka undir með honum. Ég held að það sé sérstök ástæða til að líta á markaðinn við Eystrasaltið og þá ekki síst í Eystrasaltslöndunum þremur sérstaklega og reyndar þeim löndum um austan- eða norðanverða Evrópu þar sem hefðbundin er neysla á þessari vöru. Ég held að þá stöndum við einmitt frammi fyrir þeim aðstæðum að við Íslendingar getum þurft að leggja eitthvað af mörkum til að byggja þá markaði upp og greiða fyrir því að slík viðskipti geti komist á. Mér fundust hugmyndir hv. þm. um hugsanlega sölustarfsemi eða uppbyggingu af því tagi í Eystrasaltslöndunum sjálfum mjög athyglisverðar. Ég held að það væri vissulega í rökréttu framhaldi af þeim áhuga sem við höfum sýnt sjálfstæðisbaráttu þessara ríkja að við styddum myndarlega við bakið á þeim í því að koma á viðskiptum af þessu tagi og reyndum jafnvel að auðvelda það fyrir okkar leyti. Þar gætu komið til hlutir eins og að auðvelda þeim einhver vöruskipti annað hvort í tvíhliða eða hugsanlega í þríhliða viðskiptum og eftir atvikum einhver lánafyrirgreiðsla eða annað af því tagi, á meðan verið væri að koma þeim viðskiptum á og fleyta þeim yfir erfiðasta hjallann sem þeir eru einmitt að klífa á þessum árum.

Ég minni þá aftur á það sem ég sagði reyndar um þá sögulegu staðreynd hvernig viðskiptin komust á við Austur-Evrópu á sínum tíma, ekki síst stórviðskiptin í lok stríðsins. Mér fundust þessar ábendingar hv. þm. og undirtektir hans við málið mjög áhugaverðar og jákvæðar og ég þakka fyrir þær.

[16:35]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flm. fyrir að hreyfa þessu máli þar sem öllum er ljóst að hér er um mjög mikilvægt mál fyrir okkur að ræða, þ.e. vinnsla á þessum verðmæta fiskstofni við þær aðstæður sem við búum nú við að helsta von okkar til bættrar afkomu er að vinna og nýta sem best þær afurðir sem hægt er að afla í landinu.

Það hefur verið bent á að það er ýmsum annmörkum háð að skipuleggja þetta svo að því markmiði verði náð, að allir möguleikar verði nýttir. Það má samt sem áður ekki gefast þar upp. Hæstv. sjútvrh. hefur lýst því að þetta mál hafi verið rætt við hagsmunaaðila á vegum sjútvrn. og verið þar til skoðunar og umfjöllunar, eins og hann orðaði það. En ég vil þá hvetja hæstv. ráðherra til þess að gefast ekki upp heldur vinna að því að árangur verði.

Þessi umræða kemur gjarnan upp um þetta leyti árs þegar hávertíðin er og menn óttast að fari eins og í fyrra, að ekki fáist nægilegt hráefni til að vinna þannig að mest verðmæti fáist fyrir þjóðarbúið. Það má búast við því að erfitt verði að setja einhverjar nýjar reglur sem eiga að gilda fyrir þessa vertíð. Ég vil beina því til hæstv. ráðherra að málið falli ekki niður þó að þessari vertíð ljúki, heldur verði unnið að málinu þannig að það sé ekki tímaskorti um að kenna fyrir næstu vertíð að ekki náist árangur. Þessi tillaga gerir einmitt ráð fyrir því að þannig verði unnið.

Það hefur komið fram að hörð barátta er á mörkuðum. Þar þarf að gæta þess að leita allra leiða til að koma okkar vöru á framfæri og hljóta allir að taka undir það. Ég veit ekki hvort við getum skapað okkur einhverja sérstöðu fyrir þá síld sem veidd er í hafinu í kringum Ísland. Í fljótu bragði getur maður ætlað að það sé hreinni afurð heldur en sú sem veidd er við strendur Evrópu og ekki fjarri þeim fljótum sem bera mengun þar til sjávar. Við vitum að það er ört vaxandi áhersla lögð á að afurðir séu sem hreinastar og við verðum að vona að okkur takist í samvinnu við aðrar þjóðir að koma í veg fyrir mengunarslys í hafinu í kringum landið og þá vonast ég til að það geti orðið okkur til framdráttar á þessu sviði í framtíðinni.

[16:40]

Flm. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem

hefur farið hér fram. Ég er sannfærður um að hér er á ferðinni mjög mikið mál fyrir okkur Íslendinga í atvinnulegu tilliti og það væri slæmt ef við sinntum því ekki að horfa inn í framtíðina og reyna að gera sem allra mest til þess að nýta okkur síldarstofnana til atvinnusköpunar og gera úr þeim sem mest útflutningsverðmæti. Mér finnst að þeir hv. þm. sem hafa tekið til máls og hæstv. ráðherra hafi allir tekið jákvætt undir það sem hér er verið að leggja til. Ég get alveg fallist á það að tillögugreinin er mér ekki föst í hendi. Það getur vel verið að önnur sjónarmið séu réttari og sterkari, t.d. það sjónarmið að fleiri aðilar þurfi að koma inn í nefndina til að fjalla um þessi mál heldur en ég lagði til, eða við flm., að það yrðu einungis þrír í nefndinni, og má skoða það með öðru. Eins vil ég taka það strax fram að þó það komi ekki beinlínis fram í tillögugreininni þá tel ég að sölumálin séu allra stærsta málið sem við raunverulega erum að fjalla um í sambandi við nýtingu síldarstofnanna.

Ég vil fyrst segja, vegna þess sem hv. 9. þm. Reykn. sagði um gæðamjölið, að auðvitað er miklu betri kostur að nota síldina í gæðamjöl heldur en í venjulegt mjöl. Það hefur þó ekki verið meiri munur á framleiðslu gæðamjölsins heldur en sá að það hefur ekki verið hægt að borga nema kannski 20–30% meira fyrir síld upp úr sjó sem verkuð er í gæðamjöl heldur en hefur verið borgað fyrir hina sem verkuð er í venjulegt mjöl. Hv. þm. lýsti efasemdum um þá hugmynd að ræða við Rússa á svipuðum nótum og Írar, Kanadamenn og Bretar hafa gert. Ég tel að það sé eitthvað sem eigi bara að skoða. Ef það næðust samningar þar sem hægt væri að blanda saman hagsmunum þeirra og okkar með þeim hætti að við fengjum verulega atvinnuaukningu út úr því, t.d. að þeir keyptu helming af unnum vörum á móti því sem væri hægt að versla við þá beint, þá sé ég út af fyrir sig ekki röksemdina fyrir því að leggjast gegn þeirri hugmynd, einfaldlega vegna þess að þar er á ferðinni eingöngu að selja ferska vöru beint til framleiðanda og það fyrirkomulag viðurkennum við einfaldlega við sölumeðferð á öðrum fiski sem við flytjum út sjálfir og löndum í öðrum höfnum. Munurinn er bara sá að þarna fer löndunin fram milli veiðiskipa en ekki í erlendri höfn.

Af því að ég kom því ekki að áðan í andsvörum við hæstv. ráðherra þá vil ég segja það, vegna þess að hann taldi að það væru líkur á því að við gætum misst stjórn á veiðunum ef við leyfðum frjálsar veiðar til manneldis, að ég held að það þurfi ekki að hafa af því áhyggjur. Menn yrðu sem sagt að gefa út veiðikvóta að lokum þegar komið væri að þeim degi sem ákveðinn væri. Þá mundu menn meta hve mikið hefði veiðst til manneldis og það lægi væntanlega ljóst fyrir vegna þess að það er fylgst vel með því öllu saman og á grundvelli þeirra talna væri auðvitað hægt að gefa síðan út veiðikvótana til hinna skipanna sem mundu þá væntanlega klára þá kvóta, bæði til manneldis og til bræðslu.

Ég vil endurtaka það að ég þakka mönnum fyrir að hafa tekið svona jákvætt undir þetta og sérstaklega hv. 3. þm. Reykv., formanni utanrmn. Ég vil þakka hans hugmynd um það að koma upp aðstöðu til markaðssetningar í Eystrasaltsríkjunum, ég held að það sé út af fyrir sig mjög athyglisverð hugmynd og gæti jafnvel nýst á fleiri stöðum, en þarna er kannski eftir mestu að slægjast eins og hann lýsti áðan í forsögu málsins. Hv. þm. vakti líka athygli á því að við værum að koma inn í EES-svæðið og það verður að segjast eins og er að það urðu mörgum mikil vonbrigði að ekki náðist að fá breytt samningunum um EES-svæðið í sambandi við sölu á síld. Þar hefur ekkert breyst frá því fyrir þessa samninga. Ég held að það sé réttasta lýsingin á því að menn standa þar í sömu sporum og fyrr, eftir því sem ég hafði kynnt mér í fyrra a.m.k. að langmestu leyti. Það er vonandi að hægt sé að taka upp þá samninga síðar og fá þeim breytt, en það eru ekki líkur á því að það gerist alveg á næstunni.

Þetta er, eins og ég sagði í upphafi máls míns, fyrst og fremst spurning um framtíðina og það að búa í haginn og reyna að undirbúa það að selja miklu meira magn af síld til manneldis heldur en við gerum í dag. Við erum með því að fjárfesta í langtímamarkmiðum og í framtíð og það verður auðvitað aldrei gert með öðrum hætti en þeim að hið opinbera hlutist til um málin í samráði og samstarfi við atvinnugreinarnar sem eiga hlut að máli og það legg ég áherslu á að verði að vera gott. Það á ekki að setja reglur um þessa hluti án þess að skoða mjög vel með þeim aðilum sem eiga hlut að máli. En menn mega heldur ekki gleyma því að þeir aðilar sem verið er að tala við um þessi mál eru hagsmunaaðilar og það verður að líta á þeirra afstöðu til málanna út frá þeim sjónarhóli sem þeir hljóta að líta á málin frá. Það geta verið skammtímasjónarmið og það er eðlilegt að skammtímasjónarmiðið séu ofarlega í mönnum þegar illa gengur í atvinnugreinunum. Það er einmitt þess vegna sem ég nefndi áðan að það getur verið að það þurfi að hafa reglur um nýtingu fiskstofna eins og síldarinnar með þannig hætti að því sé stýrt í hvers konar vinnslu viðkomandi fiskstofn fer. Ég tel að það sé þess vegna ástæða til þess að skoða vel hvort það eigi ekki að hafa þannig reglur að það sé a.m.k. ekki hvetjandi eins og raunverulega er í dag og hæstv. ráðherra lýsti sjálfur hér áðan, það sé raunverulega hvatning fólgin í stjórnunaraðferðunum til þess að síldin fari í bræðslu.

Ég ætla að láta það verða mín lokaorð hér að ég vona og ég tel reyndar að þessar umræður hafi sannfært mig um það að reynt verði að taka á málunum með þeim hætti að við snúum þeim hlutum við og við sameinumst síðan um að vinna heimavinnuna okkar fyrir næstu árin, ég er ekki að tala um næstu vertíð. Þó að auðvitað sé mikilvægt að allt fari sem best á þessari vertíð sem nú stendur yfir, þá er það miklu mikilvægara að við undirbúum framtíðina til næstu ára.

[16:49]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins vegna þeirra orða sem hv. síðasti ræðumaður hafði um samninginn um EES, þótt ég ætli ekki að setja neinar deilur um það mál hér, það er algjörlega ástæðulaust, þá hef ég ekki þau ná-

kvæmu gögn við höndina sem við fengum varðandi síldina í þeim samningum. En það er náttúrlega of sterkt að orðið kveðið hjá hv. þm. þegar hann segir að ekkert hafi breyst með aðildinni að EES. Það var liðkað til varðandi sölu á síld en þó voru vissar vinnsluaðferðir og söltunaraðferðir og notkun á vissum efnum, það náðist ekki alltaf fram sem við kannski vildum. Ég tel þó að það hafi verið liðkað til í viðskiptunum með síld með EES-samningnum. Auk þess er náttúrlega sjálfsagt fyrir hv. ræðumann að minnast þess sem kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. að Evrópubandalagið fylgir svipaðri stefnu í þessum málum og hv. þm. vill að við tökum upp, að síld má bara veiða til manneldis á því svæði, þannig að þar er beinlínis stjórnað með þeim hætti að bannað er að veiða síld nema hún sé nýtt til manneldis. Það er kannski það fyrirkomulag sem hv. þm. kýs helst, en ég held að við hljótum að sættast á að það sé ekki skynsamlegt fyrir okkur og hefur að vissu leyti skapað okkur nokkur vandkvæði vegna aukinnar samkeppni á þessu sviði. En ég vildi aðeins minna á að í samningunum um EES náðist nokkur breyting okkur til hagsbóta, þó ekki næðist allt fram sem við kysum.

[16:51]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér láðist að nefna þetta atriði sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi síðast. Það er alveg hárrétt hjá honum, ég er alls ekki á EB-línunni í þessu máli. Ég tel að við eigum að nýta okkur þann hluta síldarstofnsins sem við ekki nýtum til manneldis og teljum að við megum nýta, við eigum að nýta hann auðvitað í mjölvinnslu og það er ekkert sjálfsagðara en að gera það. Bann við nýtingu til annars en manneldis er að mínu viti mjög óskynsamlegt frá okkar hálfu. Ég tel þá leið reyndar ekki koma til greina. En ég tel að hömlur komi til greina og við þurfum mjög nauðsynlega að snúa því við sem virðist vera núna að það sé beinlínis nánast hvatning til loðnuskipanna að verða sér úti um síldarkvóta og landa í bræðslu. Málin standa þannig núna og langstærsti hluti síldarinnar sem veiddur er hefur farið á milli, frá þessum bátum yfir til loðnuskipanna og verið landað til bræðslu.

En ég verð að viðurkenna að mitt minni er ekki svo gott nákvæmlega hvernig það endaði með þessa síld í EES-samningunum. En ég man þó að undir lokin var mjög mikil gagnrýni frá þeim sem hér vinna síld og selja, vegna þess að þeir töldu að þeirra hagsmunir hefðu verið gjörsamlega fyrir borð bornir í samningunum. Ég varð bæði var við það beint frá þeim aðilum og sá það í blöðum og umfjöllun um EES-málið að þar fannst mönnum að við stæðum nánast í sömu sporum og þess vegna hafði ég þau orð hér um. En til þess að vita það nákvæmlega þurfum við auðvitað að fletta upp á samningunum og fara yfir það hvað hefur breyst.

[16:53]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil aðeins ítreka það að af hálfu ráðuneytisins þá hefur verið fylgst með þessum málum mjög ítarlega allt frá því á síldarvertíðinni í fyrra þegar vandamál af þessu tagi komu upp þannig að þau eru ekkert að koma okkur í opna skjöldu nú. Ráðuneytið hefur haft frumkvæði að því að kalla aðila saman til samstarfs og samráðs í þeim tilgangi að finna leiðir í þessu efni. Hv. 1. flm. þessarar tillögu gerði heldur lítið úr því að mér fannst að hagsmunaaðilar, eins og hann kallaði það, ættu að véla um þessa hluti, það þyrfti oft að taka fram fyrir hendurnar á þeim. Þetta eru þeir aðilar sem vinna í sjávarútveginum, sjómenn og útgerðarmenn og síldarverkendur og þeir sem standa að frystingu. Mín skoðun er sú að þeim sé best treystandi til þess að finna leiðir í þessu efni. Með fullri virðingu fyrir okkur hv. þingmönnum þá séu þeir líklegri til að finna skynsamlegar lausnir heldur en við og betur til þess fallnir. Við sjáum það líka að víða hafa menn náð árangri. Á Eskifirði fer meiri hluti síldarinnar í vinnslu. Í Neskaupstað hafa menn náð mjög góðum árangri. Ég veit að hv. 4. þm. Austurl. getur borið vitni um það þó þeir hafi sett talsvert mikið í mjöl þá hefur vinnsla til manneldis verið með fullkomlega eðlilegum hætti. Mikill meiri hluti síldarinnar hefur farið til manneldis á Höfn í Hornafirði og einnig í Vestmannaeyjum. Þetta sýnir okkur að menn eru víðast að ná verulegum árangri þó þeir hafi ekki við að styðjast opinberar forskriftarreglur frá Alþingi eða stjórnvöldum.

Sá starfshópur sem ráðuneytið hvatti til að aðilar settu á fót til þess að fylgjast með í þessu efni og reyna að miðla upplýsingum um framboð og eftirspurn hélt fund í dag. Samkvæmt þeim upplýsingum sem mér voru að berast þá taldi hann á fundi sínum í dag að það væri ekki tilefni til þess að grípa inn í þróun mála eins og sakir standa, m.a. með tilliti til þess hverjir það eru sem ráða yfir þeim kvóta sem óveiddur er og hvaða hagsmuna þeir hafa að gæta varðandi frekari vinnslu.

Ég vil svo aðeins víkja að samningum við Rússa vegna þess að þeir hafa í tvígang komið fram í umræðunni. Það er rétt hjá hv. 1. flm. að við höfum jafnan neitað beiðni Rússa um það að selja þeim síld yfir borðstokk og loðnu til frekari vinnslu. Á þessu varð þó breyting nú í haust. Þegar ég átti viðræður við sjávarútvegsráðherra Rússlands í Moskvu taldi ég eðlilegt með hliðsjón af breyttum aðstæðum að opna fyrir möguleika á því að við værum tilbúnir til umræðu um þessi efni og ef um væri að ræða að við ættum kost á að fá þorskveiðiheimildir í Barentshafi og þeir hugsanlega einhverjar heimildir til veiða á kolmunna hér við land auk þess að fá keypta síld og loðnu yfir borðstokkinn. En þá vildi svo kynlega til að þegar á þetta var opnað í fyrsta sinn af okkar hálfu að Rússar sýndu þessum breyttu áherslum lítinn áhuga og eiginlega algjört tómlæti. En það er rétt að það komi fram að þarna hafa þessir hlutir verið opnaðir til viðræðu af okkar hálfu og er ekki lokað með sama hætti og áður var og ég tel að allar aðstæður séu nú þannig að það hafi verið skynsamlegt að gera það, en Rússar hafa enn sem komið er ekki sýnt áhuga á viðbrögðum í þessu efni.

[16:57]

Flm. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. gerði mér upp orð áðan. Ég gerði ekki lítið úr hagsmunaaðilum sem eiga þarna hlut að máli, ég sagði einfaldlega að ég teldi að það ætti einmitt að hafa við þá samráð um þessi mál. En ég vakti athygli á því sem ég tel að íslensk stjórnvöld þurfi að hafa meira í huga en þau hafa gert á undanförnum árum, það verður auðvitað að meta afstöðu hagsmunaaðila út frá þeim sporum sem þeir standa í. Menn hafa gengið allt of langt í því við afgreiðslu mála á hv. Alþingi og í ríkisstjórnum undanfarinna ára að ganga þá götu sem hagsmunaaðilar hafa sagt þeim að ganga. Það er mín skoðun og þá sérstaklega í sambandi við sjávarútvegsmál, alls ekki þau mál sem við erum að ræða hér núna, þ.e. nýtingu síldarstofnanna. En ég tel að það sé full ástæða til þess að gæta að sér og það eigi menn að gera þegar verið er að fjalla um mál af þessu tagi.

Hæstv. ráðherra sagði að menn teldu ekki ástæðu til að grípa inn í nú til þess að stjórna þessum málum sérstaklega fyrir veturinn í vetur. Ég vonast til þess að það reynist vera rétt hjá honum og ætla alls ekki að halda því fram að það eigi að gera það, það hef ég ekki sagt í dag. Ég tel að menn eigi að meta aðstæður og þessi tillaga snýst ekki um vertíðina í vetur fyrst og fremst heldur um framtíðina og ég tel að það sé um hana sem við eigum að tala. Ég fagna því að hæstv. ráðherra upplýsir það að hann hafi opnað á þann möguleika við Rússa að semja við þá með öðrum hætti en menn hafa fallist á að ræða fram að þessu um skipti á loðnu og síld við þá. Þó að þeir hafi ekki tekið undir það nú þá get ég vel ímyndað mér að það hafi verið vegna þeirra aðstæðna sem hæstv. ráðherra var í, þ.e. rétt eftir að deilan um Smuguna hófst, og það kann vel að vera að það breytist og vonandi fyrr en varir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegasamband hjá Jökulsárlóni, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 73. mál. — Þskj. 76.

[17:00]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Í fjarveru hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar mæli ég fyrir till. til þál. um aðgerðir til að tryggja vegasamband hjá Jökulsárlóni. Meðflm. að þessari tillögu eru hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og Jóhann Ársælsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hefja undirbúning aðgerða til að tryggja vegasamband á hringveginum hjá Jökulsárlóni í Austur-Skaftafellssýslu. Kostnaður við athuganir og aðgerðir í þessu skyni greiðist af óskiptu vegafé. Skilað verði skýrslu um málið til Alþingis fyrir 1. maí 1994."

Tillaga sama efnis var flutt á síðasta löggjafarþingi en varð þá ekki útrædd. Meginforsendur málsins eru óbreyttar og því er tillagan nú endurflutt.

Miklar breytingar hafa orðið á afstöðu láðs og lagar við Jökulsárlón í Austur-Skaftafellssýslu. Strandlínan hefur færst inn sem nemur 700 m frá því í byrjun aldarinnar eða sem svarar 8,5 m á ári að meðaltali. Eru nú aðeins 300 m frá fjörubakka að hengibrúnni á þjóðvegi sem byggð var á árunum 1966–1967 og var þá í um 500 m fjarlægð frá ströndinni. Ekki er að sjá að á þeim tíma hafi menn haft áhyggjur af strandlínunni. Það voru hins vegar heimamenn sem fyrstir vöktu athygli á því hve hraðfara breytingar eiga sér stað á svæðinu. Í janúar 1990 kynnti Fjölnir Torfason á Hala í Suðursveit, sem á hlut að ferðaþjónustu við Jökulsárlón, opinberum stofnunum niðurstöður af mælingum sínum á landbrotinu. En í bréfi sínu segir Fjölnir m.a., með leyfi forseta:

„Í janúar 1990 gekk yfir landið mjög slæmt sunnan og suðvestanveður. Þetta sama veður gjörbreytti öllum aðstæðum á þessum stað til hins verra. Í þessu sama veðri gekk sjór yfir veginn austan Jökulsár á nokkrum kafla en þar sem vegurinn var harðfrosinn á þessum tíma stóð hann af sér þetta áhlaup."

Þáverandi samgrh. svaraði í framhaldi af bréfinu fyrirspurn um málið á Alþingi og beitti sér fyrir fyrstu aðgerðum. Síðan hefur Vegagerð ríkisins og fleiri fylgst með þróun á svæðinu og rætt hefur verið um hvernig eigi að bregðast við. Veglínan austan brúar hefur þegar verið færð til og er nú styst tæpa 140 m frá fjörubakka en var áður í 56 m fjarlægð. Þetta er þó ekki nema hluti vandans því breytingar hafa einnig orðið á inn- og útfalli úr jökullóninu, í raun mjög miklar breytingar enda er þar mikið vatn á ferð. Við óhagstæðar aðstæður, stórstreymi og brim, getur orðið hraðfara rof sem veikt getur undirstöður brúarinnar löngu áður en strandlínan hefur náð henni, sem líkur eru á að geti orðið á nokkrum áratugum.

Jökulsárlón er nú orðið um 12,5 km^2 að stærð og fer stækkandi því Breiðamerkurjökull er stöðugt að hopa. Það hop orsakast ekki síst, að mati Helga Björnssonar jöklafræðings, vegna áhrifa lónsins á jökulinn. Mælingar á þykkt jökulsins hafa leitt í ljós að hann liggur í lægð sem er undir sjávarmáli á um 20 km vegalengd til norðurs. Fer dýpi vaxandi innan við núverandi jökulrönd og nær mest rúmlega 200 m undir sjávarmál. Ef jökullinn hyrfi væri þarna um 20 km langur og um 2–4 km breiður fjörður. Það er því ekki inni í myndinni að með áframhaldandi hopi jökulsins skapist aðstæður til brúargerðar norðan við núverandi jökullón.

Með tillögunni er birt sem fskj. grein eftir Helga Jóhannesson, verkfræðing hjá Vegagerð ríkisins, en þar er að finna margvíslegan fróðleik og einnig eru reifaðar þar fyrstu hugmyndir um æskileg viðbrögð. Þá fylgir einnig tillögunni mynd af botni Breiðamerkurjökuls og nágrennis samkvæmt ísssjármælingum Raunvísindastofnunar Háskóla Íslands.

Nú er bætt við nýju fskj. sem er yfirlit frá Vegagerð ríkisins með niðurstöðum mælinga varðandi rof í árfarvegi og á ströndinni við útfall Jökulsár á Breiðamerkursandi.

Þá er í öðru nýju fskj. að finna brot úr útboðslýsingu ásamt uppdrætti sem sýnir rofvörn sem unnið hef-

ur verið að í árfarveginum í haust.

Sveitarstjórnarmenn á Austurlandi hafa haft áhyggjur af ástandi mála við Jökulsárlón og á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi í ágúst 1992 var lýst stuðningi við tillöguna. Á síðasta aðalfundi SSA í ágúst sl. var ályktað eftirfarandi um ótryggt vegasamband við Jökulsá á Breiðamerkursandi:

„Aðalfundur SSA, haldinn á Breiðdalsvík 26. og 27. ágúst 1993, lýsir áhyggjum yfir því alvarlega ástandi sem gæti skapast vegna ágangs sjávar við brúna á Jökulsá á Breiðamerkursandi og minnir alþingismenn á samþykkt frá síðasta aðalfundi um þetta efni."

Hér er um stórt mál að ræða og því nauðsynlegt að tekið verði stefnumarkandi á því af hálfu þingsins. Lagt er til í tillögunni að kostnaður af væntanlegum aðgerðum verði greiddur af óskiptu vegafé vegna þess að um er að ræða samgöngur fyrir allt landið. Þetta varðar sérstaklega stærri aðgerðir en þetta snertir einnig allar bráðabirgðaaðgerðir sem nauðsynlegar eru.

Ég legg til, virðulegi forseti, að tillögunni verði vísað til samgn. og vænti þess að málið fái góða og ítarlega meðferð. Ég efast ekki um að nefndin veiti málinu brautargengi og að eftir umfjöllun nefndarinnar komi málið til afgreiðslu svo fljótt sem verða má á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands, fyrri umr.

Þáltill. HG og SJS, 97. mál. — Þskj. 100.

[17:07]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Í fjarveru 1. flm. ætla ég að mæla fyrir þessari till. til þál. á þskj. 100 um vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands. Flm. eru, eins og áður hefur komið fram, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson og ræðumaður. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins gera athugun á tengingu Austurlands og Norðurlands með öruggu vegasambandi allt árið um byggðir á Norðausturlandi og um Vopnafjörð, með jarðgöngum undir Hlíðarfjöll.

Við athugun málsins verði haft samráð við heimaaðila í báðum landshlutum og lokaáliti skilað til Alþingis fyrir 1. október 1994."

Það er engin deila um það að mikil þörf er á því að bæta vegasamband milli Austurlands og Norðurlands og hefur iðulega verið til umræðu á undanförnum árum. Núverandi vegur yfir fjöllin er afar langt frá því að uppfylla þær kröfur sem gera verður um þjóðbraut milli landshluta. Eins og menn þekkja þá liggur hann á löngum köflum í 500–650 m hæð yfir sjávarmáli og tiltölulega litlu hefur verið til hans kostað um áratugi þangað til núna á þessu ári og hinu síðasta.

Afleggjari liggur svo frá þessum vegi til Vopnafjarðar skammt austan við Möðrudal, sem kemur af þjóðleiðinni yfir fjöllin skammt austan við Möðrudal og er sá leggur um 70 km langur. Hann nýtist hins vegar lítið þeim byggðum sem norðar liggja og eru ekki öruggar samgöngur um hann yfir vetrartímann fyrir Vopnfirðinga.

Heilmiklar umræður hafa farið fram um það á undanförnum árum hvernig vænlegast væri að tengja Norðurland og Austurland og hvernig væri best að haga vegasamgöngum á norðausturhluta landsins. Hefur þá ekki síst stærsta byggðarlagið á þessu svæði, Vopnafjörður, komið inn í þá umræðu og samgönguhagsmunir þess. Eðlilega hafa Vopnfirðingar sem hluti af Austfirðingafjórðungi lagt mikla áherslu á að fá sínar samgöngur bættar í austurátt, yfir á Hérað, en einnig hafa samgöngur þeirra við nágrannabyggðirnar í norðri og tenging þeirra inn á hringveginn, eða þjóðveg 1, verið til umræðu.

Þingmenn Austurlands komu því til leiðar að starfshópur komst á laggirnar, skipaður fulltrúum frá Vegagerð ríkisins, og athugaði ýmsa möguleika í vegasambandi á þessum slóðum og skilaði um það áliti í apríl í 1990. Ber sú skýrsla heitið „Vegasamband byggða á Norðausturlandi" og þar er að finna ýmsan fróðleik um þessi mál sem vísa má í. Síðan má nefna að ákveðin endurbót hefur farið fram á vegasambandi milli Vopnafjarðar og Héraðs í gegnum framkvæmdir á Hellisheiði undanfarin sumur þó að ljóst sé öllum sem til þekkja að þær framkvæmdir nægja ekki til að skapa mönnum heilsárssamgöngur og því brenna áfram á mönnum spurningar um varanlega framtíðarúrlausn sem í reynd er nokkuð ljóst að fæst ekki í þessu tilviki nema með jarðgöngum á milli ofangreindra byggðarlaga, þ.e. Héraðs og Vopnafjarðar. Síðan hafa komið fram hugmyndir á þessu ári um að skynsamlegt gæti verið að heilsárstenging Norður- og Austurlands lægi um Vopnafjörð með þeim hætti að jarðgöng kæmu til frá Héraðinu og í Vopnafjörð og síðan lægi þjóðleiðin áfram vestur, annaðhvort með ströndinni yfir Öxarfjarðarheiði og Reykjaheiði sem þá yrðu byggðar upp og áleiðis til Akureyrar eða þá upp úr Vopnafirði yfir að Grímsstöðum á Fjöllum og inn á þjóðveginn þar. 1. flm. þessarar tillögu skrifaði um þetta atriði ágæta blaðagrein sem birtist m.a. í Tímanum og Degi á sl. sumri og má vísa til hennar um hugmyndir í þessu sambandi.

Þá ber að nefna að samtök sveitarstjórna í báðum kjördæmum, bæði SSA, Samtök sveitarfélaga á Austurlandi, og Eyþing, samtök sveitarstjórna í Norðurl. e., hafa ályktað um nauðsyn þess að gerð verði úttekt á þessari tengingu Norðurlands og Austurlands. Í grófum dráttum er ljóst að möguleikarnir sem til skoðunar eru eru þrír, þ.e. leiðin með ströndinni um Norðausturland og Vopnafjörð og þá með í framtíðinni jarðgöngum undir Hellisheiði eða Hlíðarfjöll. Þar er Jökuldalsheiðin og fjöllin, þ.e. í grófum dráttum núverandi þjóðvegur 1 eins og hann liggur yfir Möðrudalsöræfi og Jökuldalsheiði. Í þriðja lagi tilbrigði við það stef sem væri leið um Vopnafjörð og Einbúasand til Grímsstaða. Ástæða fyrir því að flm. leggja á það

mikla áherslu og leggja til að athugaður verði vandlega fyrsttaldi kosturinn er einfaldlega sá að áður en lagt er í kostnaðarsamar framkvæmdir á þessu svæði er að okkar mati alveg óhjákvæmilegt að vandleg úttekt fari fram á samgönguhagsmunum þessa svæðis í heild sinni og einstakra byggðarlaga sem þar liggja, hvernig þeim verði best fyrir komið og koma þá inn til skoðunar samgönguhagsmunir norðaustursvæðisins allt frá Húsavík til og með Vopnafirði. Á því svæði búa um 2.500 íbúar og þess vegna hlýtur af sjálfu að leiða að mikilvægt er að þeir kostir sem valdir verða nýtist þessu landsvæði. Í öðru lagi ber að nefna sérstaklega samgönguvandamál Vopnfirðinga sem lengi hafa verið erfið úrlausnar og í þriðja lagi og ekki síst er það alveg ljóst að ýmsir kostir fylgja því ef það reynist farsæl eða ásættanleg leið að velja leiðina með ströndinni. Má þar margt til nefna, svo sem það að verulegur kostnaður mundi sparast við það að aðeins yrði þá haldið opinni einni leið í stað tveggja milli landshluta og þetta er þá borið saman við það að jafnframt yrði byggður upp vegur yfir fjöllin og honum haldið opnum með vetrarþjónustu allt árið. Það er alveg ljóst að stofnkostnaður við lagfæringar og uppbyggingu á vegi yfir fjöllin yrði til muna lægri ef ekki yrði stefnt þar á heilsársveg. Af sjálfu leiðir að það að byggja upp öruggan heilsársveg í jafnmikilli hæð yfir sjó og þarna á í hlut, 500–650 metra hæð eða a.m.k. milli 500 og 600 metra jafnvel þó fjallgörðunum yrði sleppt, er mjög kostnaðarsamt fyrirbæri. Jarðgöng sem þar með mundu varanlega leysa tengingu Vopnafjarðar og Héraðs yrðu auðvitað arðbærari framkvæmd og kæmust væntanlega framar í forgangsröð slíkra verkefna ef þau þjónuðu jafnframt tilgangi sem hluti af heilsárstengingu Norðurlands og Austurlands. Og síðast en ekki síst ber auðvitað að nefna hina almennu samgönguhagsmuni norðaustursvæðisins, allrar leiðarinnar frá Suður-Þingeyjarsýslu eða Húsavík gegnum Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu yfir á Hérað. Það skiptir auðvitað gífurlegu máli að ná þeim samgöngubótum og þeirri þjónustu sem því mundi fylgja að þessi leið yrði valin sem aðaltengileið milli landshluta.

Á móti kemur að sjálfsögðu sem gjarnan er bent á að þessi leið verður óhjákvæmilega nokkuð lengri eða væntanlega um 100 km lengri heldur en stysta leið yfir fjöllin og engin tilraun er gerð til þess að draga dul á það af hálfu okkar flm. en reynslan sýnir að þegar komnir eru vel uppbyggðir vegir með bundnu slitlagi, þá mikla menn oft fyrir sér vegalengdirnar í þessu sambandi borið saman við hitt að samgöngurnar séu öruggar, það séu forsendur til að halda uppi heilsársþjónustu og tryggja að jafnvel um hávetrartímann haldist leiðirnar færar. Þetta eru að okkar mati allt kostir sem leið 1 hefur fram að færa. Það er ljóst að sú leið færi óvíða yfir 200 metra hæð yfir sjó nema á örstuttum köflum. Hún liggur að langmestu leyti um byggð og á láglendi, stóran hluta leiðarinnar við sjó og er þar af leiðandi auðveldari viðfangs hvað alla þjónustu og vetrarviðhald snertir. Til vara mætti svo líta á leiðirnar fyrir Melrakkasléttu og Tjörnes sem öryggisleiðir í mestu snjóavetrum en þar liggur a.m.k. hvað Melrakkasléttu varðar er þegar fyrir hendi uppbyggður vegur sem tiltölulega lítilla lagfæringa er þörf á.

Þessa kosti er að mati okkar flm. nauðsynlegt að bera rækilega saman. Það hefur ekki verið gert, a.m.k. ekki með sambærilegum hætti og valkostir í samgöngumálum Vopnfirðinga hafa verið rækilega skoðaðir og bornir saman. Þessa vinnu á eftir að vinna hvað varðar tenginguna milli landshlutanna og hvað varðar sem sagt samgöngumynstrið á norðausturhorni landsins.

Nú er það svo að þetta verkefni, að tengja Norðurland og Austurland, er eitt af stærri verkefnum sem eftir eru í almennri vegagerð í landinu. Þarna er um að ræða alllanga leið svo að skiptir hundruðum km og vegurinn þarfnast nánast allur uppbyggingar, þ.e. ef efri leiðin væri farin og þetta er jafnframt það svæði landsins þar sem lengstu vegalengdirnar eru á þjóðvega- eða stofnbrautakerfi án þess að þar sé bundið slitlag. Þarna er því um mikið verkefni að ræða, milljarðaverkefni sem nauðsynlegt er að undirbúa vel áður en ráðist er þar í kostnaðarsamar framkvæmdir. Stór hluti þessa kostnaðar lendir hver leiðin sem valin er í Austfjarðakjördæmi eða fellur til þeim megin kjördæmismarka þó svo að einhverju leyti kynni að takast samkomulag um að þessi framkvæmd yrði meðhöndluð með sérstökum hætti og þá sem stórverkefni eða eitthvað í þeim dúr. En þeim mun traustari forsendur sem eru fyrir hendi í ávörðunartöku í þessu máli, þeim mun betra að okkar mati. Og ég vil þess vegna leyfa mér að vona að um þessa tillögu geti tekist góð samstaða hér á þinginu og ekki síst í hópi þingmanna viðkomandi kjördæma sem eðlilega hafa umfram aðra sérstakan áhuga á úrlausnarefni þessa máls þar sem hlýtur að koma inn í það hlutverk sem þeir hafa með höndum sem vinnuhópar er varðar skiptingu vegafjár á sínum svæðum.

Ég vil svo leyfa mér að leggja til, að lokinni þessari umræðu, hæstv. forseti, að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. samgn. og vænti þess og treysti því að hún fái þar góða og greiða umfjöllun.

[17:20]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar að segja nokkur orð í sambandi við þá tillögu sem hér er flutt vegna þess að það kom fram hjá hv. frsm., hv. 4. þm. Norðurl. e., að kostirnir hefðu ekki verið rækilega skoðaðir sem hér eru tilgreindir, en sannleikurinn er sá, eftir því sem ég best veit, að nefnd er að störfum hjá Vegagerðinni sem er einmitt að fjalla um tengingu Norður- og Austurlands og hún mun skila af sér núna í vetur. Og auk þess get ég sagt frá því að hv. 1. þm. Austurl. og hv. 1. þm. Norðurl. e. hafa verið að undirbúa fundi eða fund með Vegagerðinni þar sem tækju þátt þingmenn beggja kjördæma og jafnvel að sá fundur yrði haldinn einhvers staðar á svæðinu og þá á vordögum þannig að hv. þm. gætu virkilega sett sig niður í málið og skoðað aðstæður. Það er rétt sem hv. frummælandi segir að hér er um mjög stórt mál að ræða og mikilvægt að það sé skoðað gaumgæfilega áður en ákvarðanir eru teknar, en mér finnst að það liggi nú nokkuð ljóst fyrir að

sá vegur sem nú eru hafnar framkvæmdir við, þ.e. þjóðvegur 1 yfir Mývatnsöræfi og fjöllin, sá vegur verði byggður upp. En hins vegar hefur mér skilist á hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og reyndar las ég blaðagrein hans að hann er að velta því fyrir sér að sá vegur yrði ekki heilsársvegur heldur frekar vegurinn með ströndinni sem er óneitanlega miklu lengri, en hann mundi að sjálfsögðu eins og allir sjá nýtast Norðurl. e. miklu betur. Þarna er verið að tala um að fara yfir heiðar sem varla er hægt að segja að sé nokkur vegur á í dag, Öxarfjarðarheiði og Reykjaheiði og það er því alveg ljóst að það er gífurlega kostnaðarsamt að koma því vegasambandi á. Eins er verið að tala um jarðgöng í gegnum — ja, nú er ég ókunnugri á Austurlandi, en það sem við köllum Hellisheiði, ég veit ekki hvort fjallið ber eitthvað annað nafn, en það er alla vega verið að tala um að til þess að um heilsársveg geti verið að ræða þurfi að fara í jarðgöngum þar í gegn og það er náttúrlega mjög stórt mál. Eftir því sem ég best veit er ekki komin nein niðurstaða í það mál hjá Austfirðingum hvar þeir vilja hafa sín fyrstu jarðgöng og mér þykir ekki ólíklegt að næstu jarðgöng verði á Austurlandi, en það er ekki þar með sagt að það verði samstaða um það á Austurlandi að það verði endilega undir Hlíðarfjöll/Hellisheiði sem er um 600 metra hátt fjall. Um heilsársveg getur því ekki orðið að ræða með ströndinni nema það séu komin jarðgöng og það finnst mér stóra málið og stóri óvissuþátturinn í þessu máli. Hins vegar er náttúrlega mikilvægt hvað sem verður um Hellisheiðina að vegasamband við Vopnafjörð sé gott. Þær heiðar sem eru á milli Norðurl. e. og Vopnafjarðar eru ekki eins erfiðar viðureignar en þær eru miklu lægri en vegurinn náttúrlega langt frá því að vera nógu góður. Og það vegakerfi sem notast er við í Norður-Þingeyjarsýslan er alveg til háborinnar skammar. Mér finnst nú að þar eigum við svo mikil verk fram undan áður en kemur að Öxafjarðarheiði og Reykjaheiði að þetta sé allt saman dálítið langt frammi í framtíðinni, en ég get þó tekið undir með hv. 4. þm. Norðurl. e. hvað það snertir að auðvitað þarf að skoða þessa kosti ákaflega vel áður en ákvarðanir eru teknar þar sem hér er um milljarða verkefni að ræða.

Ég vildi fyrst og fremst koma því að hér að það er verið að vinna að þessu máli en hins vegar er alls ekki verra að fá málið til umfjöllunar hér á hv. Alþingi.

[17:26]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er athyglisverð tillaga sem hér er að koma fram um að tengja Austurland og Norðurland og einnig nokkuð athyglisvert að hlusta á hv. síðasta ræðumann sem lýsti því átaki sem gert var af hálfu ríkisstjórnarinnar í vegabótum, þá var einmitt tenging Norðausturlands og Austfjarða inni í. Ég hygg að það hafi verið gert án þess að búið hafi verið að fjalla um það nægilega áður og búið að fjalla um það í þingmannahópum eins og venjan hefur verið að þingmenn mótuðu þá stefnu þegar svona stórar vegaframkvæmdir færu fram eða hvar þær ættu að koma.

Nú þekki ég ekki nægilega til og ætla ekki að blanda mér í þær deilur sem kannski eru uppi um það hvaða leið skuli farin þarna. Miðað við þá teikningu sem fylgir með á fskj. þá sýnist mér að þarna sé verið að tengja þær byggðir sem núna eru algerlega út undan, þ.e. Þórshöfn og Raufarhöfn þó að það nái ekki alveg til Raufarhafnar og síðan Vopnafjörð við Hérað og við aðalþjóðveginn. Þetta eru einmitt byggðir sem hafa farið af mjög bættu vegakerfi á undanförnum árum og þar að auki virðist vegurinn sem þarna kemur ekki vera í mikill hæð yfir sjó, en aftur sá vegur sem við erum að tala um yfir fjöllin er allt að 600 m yfir sjó.

Nú vil ég minna á það að eftir jarðgöng á Vestfjörðum var rætt um að næst yrði tekið til við jarðgöng á Austfjörðum og einmitt á Vestfjörðum er verið að taka af slíka vegi eins og þarna er verið að tala um að leggja sem heils árs vegi yfir fjöllin, þ.e. í 600 m hæð. Það er einmitt verið að taka slíka vegi af á Vestfjörðum og tengja saman byggðir með jarðgöngum. Við fyrstu sýn, og ég tek það fram að ég hef ekkert skoðað þetta mál svo vel að ég hyggst nú gera það nánar inni í samgn., þá finnst mér það skjóta svolítið skökku við þá stefnu að reyna að taka af þá vegi sem eru í vona mikilli hæð og tengja byggðir á annan hátt, að hér sé verið að leggja til að leggja nýjan veg sem eigi að halda opnum allt árið í þessari hæð. Ég þykist vita það að ekki sé neitt betra veðurfar í vetrarveðrum á þessum öræfum og á þessum heiðum en er á Vestfjörðum, þar sem ég þekki til.

Það er mjög eðlilegt að þetta sé skoðað rækilega og í raun og veru er frekar ástæða til að harma það ef ríkisstjórnin með samgrh. í broddi fylkingar skuli hafa tekið ákvörðun um að það eigi að fara þá leið sem virðist vera byrjað á núna án þess að þetta sé skoðað nógu rækilega, bæði kostir og gallar við þetta, kostnaður og annað sem verður að koma inn í þegar verið er að ræða um svo stóra framkvæmd sem hér er gert.

Ég vil að það komi fram að mér finnst dálítið einkennilegt að vera að leggja til að það sé farið að byggja upp nýjan veg í svona mikilli hæð á sama tíma og annars staðar er stefnt að því að leggja slíka vegi af. En ég fæ vonandi tækifæri til að skoða málið betur í samgn. og þar verður það sjálfsagt gert á næstu vikum.

[17:31]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá orð varðandi þetta mál sem hér er til umræðu. Ég átti því miður ekki kost á því vegna skyldustarfa annars staðar í þinginu að hlusta á framsögu fyrir málinu eða umræðuna um það. Það er aðeins eitt atriði sem ég vildi undirstrika. Það hefur vafalaust komið fram í þessari umræðu að það er undirbúningsvinna í gangi varðandi þessa vegatengingu milli Norður- og Austurlands en það hefur verið lögð ný áhersla í því máli upp á síðkastið og það liggur nokkuð ljóst fyrir hvar vegurinn á að liggja austur að Jökulsá að Grímsstöðum enda eru framkvæmdir hafnar á því svæði. En framhaldið er ekki ráðið og það eru ákveðin áform í gangi um samráð og ákvarð-

anatöku í því efni. Þessi tillaga fellur í sjálfu sér að þeirri vinnu þannig að hún er innlegg í þessa umræðu og mun auðvitað fá meðferð í hv. samgn. og ég hef ekkert nema gott um hana að segja.

Það sem ég vildi leggja áherslu á er að jafnframt því sem tengingin er leyst milli Norður- og Austurlands þá má ekki gleymast að tengja þá þéttbýlisstaði á norðausturhorninu sem búa illa að samgöngum núna og á ég þá t.d. við Vopnafjörð, Skeggjastaðahrepp eða Bakkafjörð og Þórshöfn og síðan auðvitað Raufarhöfn, en þá á ég einkum við veginn um Brekknaheiði sem hefur orðið út undan á síðustu árum. Það verður auðvitað að huga að lausn í þeim efnum, jafnframt því sem menn finna tengingu milli Norður- og Austurlands til frambúðar. Hvort sú tenging liggur um Vopnafjörð eða ekki er háð því hvaða lausn menn finna til frambúðar á tengingunni milli Vopnafjarðar og Héraðs. Sú lagfæring sem nú er á þeirri leið, þó hún hafi vissulega tekist vel og miklu betur heldur en spáð var fyrir, er ekki tenging um alla framtíð. Eins og hv. 6. þm. Vestf. kom að þá er sá vegur í mikilli hæð og reyndar er tengingin um fjöllin í mikilli hæð. Það skiptir auðvitað miklu máli í heilsárstengingu í hvaða hæð sá vegur er, það þarf ekkert að útskýra það fyrir hv. þm. og það skiptir auðvitað mjög miklu máli þegar leiðir eru valdar.

Ég ætla ekki á þessu stigi að orðlengja um þetta mál frekar, þessi mál eru í skoðun og ég vil taka það fram að það er í sjálfu sér ekki neinar deilur uppi um þetta mál, það er ætlunin að þingmenn þessara tveggja kjördæma ræði þetta mál, reyni að finna lausn á því. Þetta er stórmál sem ekki er leitt til lykta enn og ég held að sú tillaga sem hér er til umræðu sé gott innlegg í þá umræðu, veltir upp hugmyndum sem auðvitað verða teknar til skoðunar bæði í samgn. og í þeirri vinnu sem þingmenn kjördæmanna eiga fram undan í þessum efnum.

[17:36]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki neitt við þennan tillöguflutning að athuga og mér er fullkomlega ljóst að hann er tilkominn vegna áhuga flm. á að bæta samgöngur um norður- og austurhorn landsins sem stendur meira út af að takast á við en annars staðar í okkar samgöngukerfi. Hins vegar finnst mér þessi umræða vera nokkuð sérstæð. Hv. 6. þm. Vestf. furðar sig á að það skuli vera til umræðu sérstaklega núna að tengja Austur- og Norðurland um Möðrudalsöræfi til Norðurlands og talar sérstaklega um afstöðu samgrh. og ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Á Alþingi var eins og hv. alþm. væntanlega muna afgreidd vegáætlun á síðasta þingi. Þar voru teknar býsna mikilvægar ákvarðanir. Ég man ekki eftir sérstöðu hv. 6. þm. Vestf. í sambandi við þá afgreiðslu. Þá var tekin ákvörðun um að þessi vegagerð yrði greidd af stórverkefnasjóði og fyrstu framkvæmdirnar hafnar á þessu ári. Á sl. vetri var tekin ákvörðun um það af núv. samgrh. að gera nokkra athugun á því hvernig gengi að halda vegi yfir fjöllin opnum með ruðningi að því er mig minnir einu sinni í viku. Sú ráðstöfun lukkaðist vel.

Það var líka tekin ákvörðun um að byggja brú á Jökulsá á Dal og þeirri framkvæmd var flýtt og auðvitað er það þáttur í þessum framkvæmdum.

Á langtímaáætlun, sem eins og aðrar áætlanir hefur ekki verið afgreidd á Alþingi þó hún hafi hins vegar hlotið umræðu í þingmanna- og kjördæmahópum, var hins vegar gert ráð fyrir því að þessar áherslur yrðu teknar upp árið 2002, á síðasta ári þessarar langtímaáætlunar. Satt að segja þá finnst mér eins og umræðan hefur gengið hér fram að menn séu býsna fastir í þeim áherslum nema ef vera kynni að öðruvísi væri um hv. 2. þm. Austurl. sem greindi rétt frá gangi mála að því er ég veit til. Það er alveg augljóst mál og það liggur fyrir á grundvelli vegáætlunar sem nú er í gildi að það hefur verið tekin ákvörðun um heilsárstengingu milli Norður- og Austurlands um Möðrudalsöræfi og framkvæmdir eru hafnar í þeim efnum. Ég held að það sé að því leyti alveg óþarft að vera með miklar slaufur í kringum þá ákvörðun. Það er svo annað mál hvað framtíðin kann að fela í sér í þessum efnum og ég er vissulega í hópi þeirra alþingismanna eins og væntanlega flm. þessarar tillögu eru líka sem vilja sjá það fyrir að það yrðu gerð jarðgöng til Vopnafjarðar. En það er allt of langsótt og allt of löng bið með að taka ákvarðanir og byggja upp traust samband á milli þessara landsfjórðunga með því að grundvalla það á framkvæmd eins og veggöngum milli Héraðs og Vopnafjarðar.

Ég held nefnilega að það komi í hlut þessa þings sem nú situr við endurskoðun á vegáætlun sem fer væntanlega fram á næsta þingi að taka ákvörðun um tímasetningu á byggingu eða tengingu þessara tveggja landsfjórðunga og ég vildi mega sjá það fyrir á þeirri vegáætlun sem gildir til ársins 1998 að þá væri fyrir því séð að þessi vegaframkvæmd yrði tímasett og unnin. Það yrði sem sagt ein af meginákvörðunum við næstu endurskoðun að tryggja fjármagn til vegagerðar milli Austur- og Norðurlands um Möðrudals- og Mývatnsöræfi. Mér finnst að það þurfi ekki svo afskaplega miklar slaufur í kringum þá ákvörðun og það þurfi ekki svo afskaplega margar nefndir né heldur afskaplega marga fundi þó ég sé fús að taka þátt í því fundarhaldi. Það er hárrétt sem hér hefur komið fram að Vegagerð ríkisins mun á næsta ári leggja fram tillögur um staðsetningu þessa vegar og það er alveg ljóst mál að þar verða teknar grundvallarákvarðanir um það hvar þessi vegur verður lagður.

[17:44]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst svolítið einkennilegt hjá hv. 3. þm. Austurl. að tala um það að menn þurfi ekki að furða sig á því að það sé til umræðu að tengja saman Norðurland og Austurland og hann man ekki eftir sérstöðu minni í sambandi við það að gagnrýna framlag ríkisstjórnarinnar sem var samþykkt í fyrra. Ég held að minni hv. þm. nái ekki mjög langt því það var gagnrýnt mjög mikið í fyrra, þessi einhliða ákvörðun ríkisstjórnarinnar um það hvert þessi milljarður sem hún ákvað ætti að fara. Ég var ein af þeim sem gagnrýndu það.

Síðan fullyrðir hann að ákvörðun hafi verið tekin í þingmannahópnum um það að tengja þessa landshluta saman yfir fjöllin. Ég verð að segja að ég hef ekki heyrt það fyrr og mér heyrðist í raun og veru líka annað á hv. 2. þm. Austurl., mér skildist að það væri búið að taka þarna ákvörðun um einhvern vegarspotta eða einhvern hluta af þessum vegi, en heildarákvörðun um þetta lægi ekki fyrir. Ég lýsti því jafnframt áðan að mér þætti a.m.k. full ástæða til að skoða það hvort það væri rétt hjá hæstv. samgrh. að ákveða það einhliða að leggja veg yfir þessi fjöll þar sem þetta er í 600 m hæð á sama tíma og stefnt er að því að leggja slíka vegi niður annars staðar og taka heldur jarðgöng í notkun.

[17:46]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mér út af fyrir sig nýr lærdómur að heyra að þessi væntanlegi vegur muni liggja í 600 m hæð. Í öðru lagi sagði ég ekki að þingmannahópur, hvorki einn né neinn, hefði tekið ákvörðunum þessa framkvæmd. Alla vega var það ekki þingmannahópur Austurlands nema að því er laut helst að Jökulsá á Dal því framkvæmdirnar sem eiga sér stað eða áttu sér stað í ár voru í Norðurl. e. og það er þá væntanlega sá þingmannahópur sem hv. 6. þm. Vestf. var að tala um.

En það sem ég sagði hins vegar var að ákvörðunin var tekin við gerð og samþykkt núverandi vegáætlunar. Þess vegna er ég hissa á því að menn skuli koma af fjöllum þegar rætt er um þetta mál núna.

[17:47]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó ég búi í fjalllendi þá tel ég ekki að ég sé að koma af fjöllum hér. Hins vegar erum við að ræða um veg yfir fjöll og samkvæmt greinargerðinni með þessari þáltill. þá segir að sá vegur sem liggi yfir fjöllin liggi á löngum köflum í óbyggðum í 500–650 m hæð. Þaðan hafði ég upplýsingar um það að vegurinn væri svona hár. Ég gerði ráð fyrir því að þetta væri rétt sem hér stæði í greinargerðinni.

[17:48]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það leiðréttist væntanlega heilmikill misskilningur við síðustu ræðu hv. 6. þm. Vestf. því það á ekki að leggja veginn í þeirri hæð sem um getur í greinargerð þál. heldur á að fara með hann í annarri og miklu minni hæð og þá vona ég að þessi misskilningur hjá hv. þm. sé leiðréttur.

[17:49]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom reyndar fram í ræðu hv. 3. þm. Austurl. að þingmannahópurinn á Austurlandi hefur ekki tekið ákvörðun um legu vegarins svo ég þarf í sjálfu sér ekki að endurtaka það. Ég vil aðeins í þessu sambandi endurtaka að það er byrjað að leggja veginn frá Mývatnssveit og austur að Jökulsá á Fjöllum. Ég hef ekki viljað kveða upp úr með vegarstæði áfram vegna þess að þau mál eru enn þá í athugun, hvort vegurinn liggur norðar eða hina hefðbundnu leið um Möðrudalsöræfi. Það er líka til fleiri en ein leið um fjöllin og það hef ég hreinlega viljað ræða þegar sú skýrsla liggur fyrir sem er í vinnslu núna þannig að ég held að það þurfi í sjálfu sér engar deilur um þetta atriði. Það er verið að reyna að finna þarna heppilegustu leiðina og ég vil taka þátt í því, finna þarna bestu lausnina og ég vil ekki kveða upp úr með ákveðna leið fyrir fram fyrr en sú athugun liggur fyrir sem í vinnslu er.

[17:51]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil bara undirstrika það sem kom reyndar fram hjá mér fyrr í þessari umræðu að eftir því sem ég hef lagt mat á í samstarfi mínu við hv. 2. þm. Austurl. þá er ekki ágreiningur í þessu máli.

[17:51]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið um tillöguna og stuðning sem hún hefur fengið á köflum en ágæt skoðanaskipti að öðru leyti. Ég held að það geti varla sakað að farið sé yfir þessi mál og þá frá þeim sjónarhóli sem hér er lagt til. Engar ákvarðanir eru svo merkilegar, ég tala nú ekki um ef þær hafa ekki verið teknar, að það megi ekki endurskoða þær og ég held að það hljóti að eiga við um þá ákvörðun sem sumir vilja meina en aðrir ekki að hafi verið tekin um það að byggður skuli upp heilsársvegur til að tengja Norðurland og Austurland yfir öræfin. Ég kem betur að því síðar.

Í fyrsta lagi til að eyða öllum misskilningi varðandi hæð þessa vegastæðis yfir sjó þá liggur það auðvitað fyrir og verður ekki á móti mælt að núverandi þjóðvegur 1 yfir Möðrudalsöræfi og Jökuldalsheiði liggur á yfir 100 km kafla í yfir 300 m hæð yfir sjó, þar af um á 70 km kafla í milli 500 og 600 m hæð, nálgast 600 eða er um 600 þar sem mest er á Möðrudalsfjallgarði. Þó svo að farin verði önnur leið þar á kafla og fjallgörðunum sleppt mun hluti leiðarinnar eftir sem áður lenda yfir 500 m hæð yfir sjávarmáli, það er óhjákvæmilegt ef fara á yfir þetta landsvæði þar sem það liggur hæst og þarf ekki frekari vitna við um það. Sama mundi eiga við ef valin yrði leiðin upp úr Vopnafirði um Einbúasand, þá er óhjákvæmilegt að hún lendi í upp undir 600 m hæð á kafla.

Varðandi það sem hefur komið fram í umræðunni þá sagði hv. 3. þm. Norðurl. e. að Vegagerðin væri að athuga þessi mál og þess vegna væri einhver nefnd að störfum á hennar vegum. Ég segi þá bara ósköp einfaldlega að ég fagna því þá ef Vegagerðin er að láta líta á þetta sérstaklega en það er þá tiltölulega nýlega til komið, a.m.k. höfðu samtök sveitarstjórnanna ekki frétt af því þegar þau ályktuðu hvor á sínum vettvangi á sl. sumri um þörfina á því að sú úttekt færi fram. Hér má ekki rugla saman því sem til skoðunar hefur verið hjá Vegagerðinni varðandi vegatengingu til Vopnafjarðar sérstaklega, hér er nokkuð annað mál á ferðinni þar sem ætlast er til að heildarsamgönguhagsmunir á öllu norðausturhorni landsins séu teknir til skoðunar.

Í öðru lagi varðandi sameiginlegan fund sem réttilega kom hér fram að áformað hafði verið að halda þá situr síst á mér að lasta það því í 2–3 ár er ég búinn að óska eftir því að slíkur sameiginlegur fundur þingmannahópa Norðurl. e. og Austurl. yrði haldinn, hann hefur ekki komist á enn þá og ekki meira um það að segja en að sjálfsögðu fagna ég því ef það stendur til að drífa hann á.

Varðandi samanburð á þessum leiðum og þó kannski fyrst það hvort tekin hafi verið með afgreiðslu síðustu vegáætlunar einhver prinsippákvörðun um það að heilsársvegur verði lagður upp yfir öræfin þá svara ég því neitandi vegna þess að það sem afgreitt var voru tilteknar fjárveitingar á þriggja ára tímabili eða fjögurra til að byggja upp veginn í austurátt, frá Mývatni og austur að Jökulsá. Það þarf ekki að jafngilda því að leiðin verði kláruð og allra síst á núverandi vegastæði ósköp einfaldlega vegna þess að efri brú á Jökulsá á Fjöllum ætla menn sér væntanlega ekki að flytja heldur nota og þá hlýtur vegurinn frá Mývatni að liggja í grófum dráttum þaðan og austur að brúnni. Þess vegna munu þær framkvæmdir sem þar eru á leiðinni nýtast mönnum hvert sem framhaldið verður og hvernig sem þjóðleiðin yfir fjöllin verður nýtt, hvort sem það verður sem heilsársvegur eða að hluta til sem sumarvegur eða átta, níu mánaða vegur eða hvað sem það nú er.

Ég fullyrði það, sem ég stend hér í þessum ræðustóli, að það hefur ekki farið fram fullnægjandi úttekt á þessum valkostum í tengingu Norðurlands og Austurlands, það hafa ekki farið fram rækilegir útreikningar og samanburðarkannanir á þessum þremur, fjórum mismunandi leiðum. Ég hef hvergi séð á blaði neina útreikninga á því t.d. hver yrði mismunandi kostnaður af vetrarþjónustu á þessum tveimur leiðum. Nú er það svo að þær framkvæmdir sem hér hafa verið nefndar og vissulega kosta peninga eins og jarðgöng undir Hlíðarfjöll til að tengja Vopnafjörð, eins og uppbygging vegarins yfir Öxafjarðarheiði og þess vegna yfir Reykjaheiði. Auðvitað kosta þær peninga en þetta eru allt framkvæmdir sem hvort sem er er verið að tala um ráðast í og munu þá nýtast þeim byggðarlögum sem að þeim liggja. Það sem mikilvægt er að fá á hreint er í hvaða röð menn ætla að ráðast í þessa kosti og ætla menn að stefna á til framtíðar litið og lengri tíma litið heilsárstengingu Norðurlands og Austurlands leiðina með ströndinni eða yfir öræfin. Auðvitað er enginn að tala um að þetta komi allt í einu vetfangi, hvorki jarðgöngin né uppbyggingin yfir þessar heiðar en það hlýtur að skipta miklu máli þegar menn taka hinar stóru ákvarðanir um það hvaða jarðgöng á Austurlandi verði fyrst og um það hvort ráðist verður í milljarðaframkvæmdir á Möðrudalsöræfum og þá sérstaklega á Jökuldalsheiði þar sem lengsti hluti leiðarinnar liggur og í Austurlandskjördæmi, hvaða framtíðarkost menn eru að stefna á í þessum efnum. Ég hafna því að því hafi verið svarað með fullnægjandi og rökstuddum og ítarlegum hætti að bera þessar leiðir saman. Það hefur ekki verið gert, e.t.v. er verið að vinna að því hjá Vegagerðinni, guð láti gott á vita, en ég bíð eftir því a.m.k. að fá að sjá þá hluti og tel að ég hljóti að hafa nokkra heimtingu á því sem þingmaður í Norðurl. e. að vera hafður a.m.k. með í ráðum. Ég tek að sjálfsögðu ekki mark á því sem stefnumörkun þegar unnið er að þeim hlutum eins og gert var með aukafjárveitingum ríkisstjórnar eða látökum ríkisstjórnar í tengslum við atvinnuskapandi aðgerðir hér á sinni tíð þegar slíkum framkvæmdum til samgöngumála var skipt algjörlega fram hjá Alþingi og samráði þingmannahópa kjördæmanna. Mér kemur það ekki við hvort hugsanlega hafi verið haft samráð við einhverja einstaka hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar úr viðkomandi kjördæmum, það gerir málin verri ef eitthvað er í mínum huga ef þingmannahópunum hefur þannig verið mismunað, að menn hafa verið að makka þetta við einhverja einstaka stjórnarþingmenn en látið stjórnarandstöðuna ekkert vita um það. Það væri verra af tvennu illu heldur hitt að allir þingmenn hefðu verið hunsaðir jafnt. Ef verið er að vísa í eitthvað slíkt hér þá frábið ég mér það.

Það er vissulega rétt hjá hv. þm. Agli Jónssyni að að svo miklu leyti sem þessir hlutir hafa komið inn í vegáætlun þá er þar um tiltekna stefnumörkun að ræða en hvorki meira né minna en þar er ákvarðað. Það sem var ákvarðað við afgreiðslu síðustu vegáætlunar voru þessar framkvæmdir á Mývatnsöræfunum, frá Mývatni og í áttina austur, en þar var ekki á ferðinni endurskoðun á langtímaáætlun og þar var ekki á ferðinni að mínu mati prinsippákvörðun um vegarstæðið í heild sinni.

Svona lít ég á málin og ég tel réttast að það liggi alveg tæpitungulaust fyrir.

Svo er rétt að minna hv. þm. á það að með sama hætti og núv. hæstv. ríkisstjórn hefur á köflum ekki talið sér skylt að starfa í anda stefnumörkunar og tekinna ákvarðana fyrri stjórnar þá gæti það gerst aftur að stjórnarskipti yrðu. Ég er ekki að segja að ríkisstjórnin sem þá kann að taka við völdum verði jafnábyrgðarlaus og sú sem nú situr, gangi jafnlangt í þeim efnum í vissum tilvikum að henda lögmætum og rétt teknum ákvörðunum þar til bærra stjórnvalda sem sátu á undan henni, vonandi ekki, vonandi tekur sú ríkisstjórn sem næst kemur á eftir þessari og fyrr en síðar öðruvísi á málum vegna þess að það er ekki hægt að haga stjórnsýslunni þannig að menn hendi á fjögurra ára fresti öllum ákvörðunum sem teknar hafa verið og allri stefnu, eins og hún sé ónýt. Slíkt á auðvitað ekki að gerast. En þessi ríkisstjórn hefur vissulega unnið sér ýmislegt til óhelgi, sú sem nú situr, varðandi t.d. meðferð stefnumörkunar í málaflokkum eins og vegamálum og það er slæmt og ekki til eftirbreytni og vonandi verðum við þingmenn menn til að láta það ekki endurtaka sig. En ég minni rétt si svona á þetta ef þessir hættir verða almennt teknir upp þá verður auðvitað núv. ríkisstjórn að átta sig á því að hún getur ekki bæði sleppt og haldið. Hún getur ekki annars vegar hent þeim ákvörðunum sem fyrir lágu þegar hún kom til valda en hins vegar ætlast til þess að það sem hún ákveður verði svo virt af þeim sem við taka. Það gengur ekki upp. Það er hugsunarháttur sem á íslensku heitir að reyna bæði að sleppa og halda og gengur aldrei.

Það er nú þannig, hv. þm.

En það sem mér finnst mestu máli skipta í þessu og ætla að ljúka mínu máli á því að segja það, það er að menn séu menn til þess að setjast fordómalaust yfir skoðun á þessum málum. Það held ég að skipti mestu máli. Hér eru mikil hagsmunamál á ferð og ég er ekki viss um að hv. þm. Egill Jónsson hafi ígrundað það nógu gaumgæfilega hvað t.d. sé samgönguhagsmunum Vopnafjarðar fyrir bestu þegar hann hagar máli sínu eins og hann gerði áðan að reyna að afgreiða málið með því að það þurfi ekki fleiri slaufur og fleiri fundi um þetta mál því í raun og veru séu hinar stóru ákvarðanir þegar teknar.

Við skulum a.m.k. bíða með að glíma um það þangað til hingað kemur aftur inn á borðið endurskoðun vegáætlunar og þá sérstaklega drög að nýrri langtímaáætlun í vegagerð vegna þess að þetta er langtímaverkefni. Þetta er ekkert sem verður hrist fram úr erminni á einum eða tveimur eða fáeinum árum eða sjá þingmenn Austurl. það fyrir sér að allt það fjármagn sem til þarf af þeirra hálfu, og þó að þetta kæmi úr stórvegasjóði að verulegu leyti, verði til reiðu á einhverjum fáeinum árum? Staðreyndin er sú að í gildandi vegáætlun er engin fjárveiting í þetta verk í Austurlandskjördæmi nema brúna á Jökulsá á Dal. Það stendur ekki til að leggja neitt í uppbyggingu þess hluta leiðarinnar yfir öræfin sem er í Austurlandskjördæmi á þeim fjórum árum eða þremur sem eftir standa af gildandi vegáætlun ef ég man rétt. Ég bið þá hv. þm. sem kunna þetta betur, ef einhverjir skyldu vera, að leiðrétta mig. Ég man að ég gáði sérstaklega að þessu við afgreiðslu síðustu vegáætlunar til þess að sjá hvort samræmi væri í því sem annars vegar væri þarna lagt af mörkum af hálfu Norðurl. e. og hins vegar því sem Austurl. skilar inn í samhengi. Það kom mér reyndar nokkuð á óvart miðað við það kapp sem hæstv. samgrh. hefur lagt á þetta mál, að af hálfu Austfjarðakjördæmis var ekki lagt í þetta neitt á gildistíma núv. vegáætlunar nema í brúna yfir Jökulsá sem vissulega var þarft og mikið mál.

Þannig liggur þetta nú að mínu mati, hæstv. forseti. Að lokum aftur þetta: Ég óska eindregið eftir því og bind vonir við það að hvað sem líður mismunandi viðhorfum manna í þessu og hvort sem þeir hafa fyrir fram í þessu einhverja sannfæringu eða ekki sem kann vel að vera, þá leyfi menn þó málinu að njóta þess að það fái rækilega skoðun í hv. samgn. og þar verði þá kallaðir til viðtals þeir aðilar sem hér eiga ekki síst ríkra hagsmuna að gæta svo sem fulltrúar byggðarlaganna á viðkomandi svæði og samtaka sveitarstjórnanna í viðkomandi kjördæmum og það verði rækilega farið yfir það í hvaða farvegi þessi mál eru og hvort ekki megi þar betur að gera. Það var a.m.k. viðhorf manna og trú á þeim aðalfundum Samtaka sveitarstjórnanna sem ég hef áður vísað til og hljóta að vera nokkuð marktækir um viðhorf heimamanna á þessum slóðum.

Ég held að ég sjái ekki ástæðu til, hæstv. forseti, að hafa um þetta fleiri orð í sjálfu sér, það er flest komið fram sem hér þarf að koma fram. Mér er það óneitanlega nokkuð hugleikið að þessi mál fái vandaða skoðun og farsæla niðurstöðu því þarna er á ferðinni það landshorn sem að mörgu leyti hefur orðið hvað mest út undan og er sem stendur hvað mest út undan miðað við fyrirliggjandi áform um uppbyggingu í vegamálum. Norðausturleiðin frá Húsavík og til Vopnafjarðar er ein af lengri leiðum af því tagi þar sem mikil verkefni bíða og lengsta malarleið sem fyrirfinnst nú í landinu með sáralitlu eða nánast engu bundnu slitlagi og á þessu svæði býr þó þrátt fyrir allt fólk, hvað sem hver segir, um 2.500 manns og á sína heimtingu á því að það sé ekki klippt af með þessum hætti sem í raun og veru einhliða áhersla á uppbyggingu leiðarinnar yfir öræfin gerir, hvað sem hver segir. Það liggur þannig. Það þýðir líka að menn lenda í þeim ógöngum að ætla sér að baksa við að halda opnum tveimur leiðum til að tengja saman þessa landshluta en ekki einni með tilheyrandi viðbótarrekstrarkostnaði. Og talandi um jákvæða reynslu af því að reyna að halda leiðinni yfir Möðrudalsöræfi sl. vetur þá er ég ekki viss um að þeir hafi verið því sammála, a.m.k. meðan á því stóð, vegagerðarmennirnir sem lokuðust inni með tækin sín í blindhríð á Möðrudalsöræfum í 500 m hæð yfir sjó og sátu fastir sólarhringum saman í vetur.

[18:05]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru bara tvö efnisleg atriði sem komu fram í þessari ræðu hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. Hitt var þessi gamla beiskja sem situr í hv. þm. við það eitt að það skyldi vera tekið til við auknar vegaframkvæmdir eftir að hann hætti ráðherradómi sem samgrh.

Það er í fyrsta lagi að þingmaðurinn telur að það hafi ekki verið tekin prinsippákvörðun um lagningu vegar á milli Austur- og Norðurlands. Auðvitað hefur hann fullt leyfi til þess að hafa sína skoðun í þeim efnum, ég met það hins vegar svo að sú ákvörðun hafi verið tekin, við erum bara einfaldlega ekki á sama máli að því er þetta atriði varðar, með því að fjármagna upphaf þessa vegar og reyndar endi líka af stórverkefnasjóði, þ.e. byggingu brúar á Jökulsá og vegalagningu í hans kjördæmi sem hafin var á þessu ári.

Hitt atriðið sem var líka efnislegt í ræðu þingmannsins var hvort þingmenn Austurl. sæju það fyrir að þessi vegur yrði byggður á næstu vegáætlun, t.d. til ársins 1998. Ætla ég ekki að svara fyrir þingmenn Austurl., en ég sé það fyrir sem áhersluverkefni í Austurlandskjördæmi að þessi vegur, að því er tekur til Austurlands, verði byggður á næstu vegáætlun, honum verði lokið áður en þessi öld líður, t.d. árið 1998.

[18:07]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. Agli Jónssyni að í mínum huga sé einhver kali eða beiskja yfir því að það hafi tekist að auka vegaframkvæmdir með því einu að skipta um samgrh. Manna fegnastur og kátastur yrði ég ef það hefði raunverulega tekist að auka umtalsvert vegaframkvæmdir fyrir aflafé Vegagerðar. Það sem hefur gerst er það að í

grófum dráttum hefur tekist að halda í horfinu því framkvæmdastigi í vegamálum sem verið hefur um nokkurt árabil en nú með stórfelldum lántökum í stað eigin aflafjár Vegagerðarinnar áður. Það munu verða eftirmæli hæstv. núv. samgrh. og stuðningsmanna hans sérstakra, eins og hv. þm. Egils Jónssonar, að haldi svo sem horfi, þá skilji þeir Vegagerðina eftir í yfir 3 milljarða skuld við ríkissjóðs þegar þessu kjörtímabili lýkur. Nú er ég ekki að segja þar með að það geti ekki verið réttlætanlegt að taka lán til þess að flýta verkefnum ef það er skynsamlega að því staðið, en að monta sig af auknum vegaframkvæmdum á grundvelli lántaka sem síðan á að fara að greiða niður á næsta kjörtímabili er í raun og veru að pissa í skóinn sinn. Það er a.m.k. sjálfshól sem litlar innstæður eru fyrir. Ef hv. þm. kæmu hreint til dyranna eins og þeir eru klæddir og viðurkenndu að það ætti að halda uppi vegaframkvæmdum með lántökum en segðu að eftir sem áður teldu þeir það samt skynsamlegt vegna aðstæðna, þá mundi ég virða þá sem menn að meiri. En þessi aumlega aðferð, að reyna að slá sér upp á því að hér sé verið að auka vegaframkvæmdir en með því einu að taka lán sem í framtíðinni á svo að greiða niður, það er satt best að segja ekki til þess fallið að guma af.

Varðandi það hvort þarna hafi verið tekin prinsippákvörðun eða prinsippákvörðun ekki um vegastæðið þá skulum við ekkert vera að þrátta um það, það kemur í ljós hversu traust í sessi sú ákvörðun verður, hvort menn breyta henni. Allar ákvarðanir eru þannig eðli málsins samkvæmt að þeim er hægt að breyta af þar til bærum yfirvöldum og til þess er tími. Allt hefur sinn tíma. En það stendur sem ég sagði og hv. þm. reyndi ekki að bera á móti því, að Austfjarðakjördæmi leggur engar fjárveitingar í þessa tengingu yfir öræfin að slepptri brúnni yfir Jökulsá á Dal sem kemur úr stórverkefnasjóði á þessu ári. Það segir sitt um það á hvaða rekspöl þetta mál er af hálfu þingmanna Austurlands.

[18:10]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt út af lántökunum sem hv. síðasti ræðumaður var að tala svo mikið um að ég vildi gjarnan minna á það að núv. ríkisstjórn hefur bæði ákveðið að taka lán, eins og hann sagði réttilega frá. Hún hefur líka ákveðið að nýta ekki lántökuheimild og hverfa frá því sem ákveðið var í sérstakri þingsályktun sem þessi hv. þm. lagði fyrir, að Vestfjarðagöngin yrðu fjármögnuð að hluta til með lánsfé, sem yrði reyndar greitt upp á þremur árum af vegáætlun eftir að þessum framkvæmdum lyki. Svo það náttúrlega þurfti ekki að fara í smiðju til neins annars en hv. síðasta þm. til þess að fá fordæmi fyrir því sem hann er nú sérstaklega að gagnrýna en stóð sjálfur að á meðan hann var samgrh.

[18:11]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sú ákvörðun um flýtingu jarðganga á Vestfjörðum sem hv. þm. var hér að tala um, þó það skildist nú illa, var vissulega og réttilega, eins og þingmaðurinn benti á, þannig hugsuð að flýtingarkostnaðurinn yrði að hluta til fjármagnaður með lántökum sem endurgreiddust svo af tekjustofnum stórvegasjóðs á þeim tíma sem ella hefði farið í framkvæmdina. Hér var eingöngu um flýtingu að ræða og tilflutning á fjárveitingum sem fyrir lágu samkvæmt langtímaáætlun í þetta tiltekna verkefni og rökin m.a. þau að með hverju ári sem unnt var að flýta göngunum spöruðust tugir milljóna í snjómokstur og rekstrarkostnað fjallveganna fyrir vestan auk þess sem íbúar svæðisins fengju þau fyrr í gagnið. Ég tel því að þessum lántökum sé ekki hægt að jafna saman.

Ég endurtek síðan það sem ég sagði: Ég er ekki að segja að lántökur geti ekki átt rétt á sér þegar verið er að flýta verkefnum. En menn eiga þá líka að koma til dyranna eins og þeir eru klæddir og viðurkenna hvað þeir eru að gera. Þessi ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar, sérstaklega ýmsir þingmenn í landsbyggðarkjördæmum, hafa riðið um héruð og montað sig stórkostlega af auknum framkvæmdum í vegagerð en láðst að segja frá því að þær séu grundvallaðar á lántökum. Við skulum bara tala um hlutina eins og þeir eru. Það stóð aldrei til, okkur datt aldrei annað í hug, heldur en láta það koma skýrt fram að flýting Vestfjarðaganganna yrði svona framkvæmd. Það var aldrei neitt annað á dagskrá og enginn skollaleikur í kringum það. Það sem ég hef fyrst og fremst gagnrýnt í málflutningi þessarar ríkisstjórnar í sambandi við þessa stórfelldu lántökur, sem eru auðvitað af allt annari stærðargráðu, er þessi feimni og þessi skollaleikur, þegar menn eru að reyna að slá sér upp á þessum stórauknu vegaframkvæmdum og reyna svo að þegja um það að þær eru að stærstum hluta til fjármagnaðar með lántökum sem ósköp einfaldlega þýðir, eins og ég sagði hér áðan, að Vegasjóður verður í yfir þriggja milljarða skuld við ríkissjóð þegar kjörtímabilinu lýkur og hæstv. fjmrh. hefur margítrekað að það komi ekki annað til greina en að Vegasjóður endurgreiði þá fjármuni og byrji á því strax í lok kjörtímabilsins.

[18:13]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að lengja þá umræðu. Það var afar mikilvægt að það skyldi koma fram hjá fyrrv. samgrh. að hann sæi ekkert því til fyrirstöðu að taka lán til vegaframkvæmda eins og núv. ríkisstjórn tók ákvörðun um og hafði reyndar fordæmi frá honum sjálfum til að fara eftir. Það eina sem út af stóð í þeim efnum var að ekki væri nógu mikið um það talað eða nógu skýrlega frá því sagt að þetta væri unnið fyrir lántöku. Þar sem ég hef fjallað um þessi mál þá hef ég ekkert verið að leyna því. Og ég get ekki séð að það sé neitt aðalatriði í sambandi við ákvörðun eins og þessa, að taka lán og flýta framkvæmdum, hvað þingmenn segja heima í kjördæmunum sínum á eftir. Aðalatriðið er verkið og framkvæmdin og að það geti orðið til góðs fyrir fólkið sem þarf að ferðast um þetta land.

[18:15]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér engu við það

að bæta sem ég sagði hér áðan um þær ákvarðanir sem teknar hafa verið varðandi tenginguna milli Norður- og Austurlands. En hér hefur framtíðina borið á góma. Ég get ekki leynt því að ég hef áhyggjur af henni ýmissa hluta vegna. Ég er ekki að gera lítið úr þeim framkvæmdum sem nú eru í gangi í vegagerð og tel það af hinu góða í sjálfu sér að flýta vegagerð þó með lántökum sé og hef ekki mælt gegn því. Hins vegar þarf að greiða þessi lán. Það er fleira sem er komið inn í Vegasjóð, eins og rekstur á ferjum upp á hálfan milljarð í ár, og sú upphæð hefur farið vaxandi.

Við Austfirðingar höfum stefnt á það að verða næstir á eftir Vestfirðingum í jarðgangagerð og höfum talið að stefnan í vegagerð hljóðaði þannig að við ættum að koma þar strax á eftir. Hins vegar sé ég ekki betur en að kostnaður við göng undir Hvalfjörð sé á hraðri leið inn í Vegasjóð án þess að ég ætli að fara að mæla gegn þeirri framkvæmd út af fyrir sig. Það er nú þegar búið að ákveða að setja þar 50 millj. kr. í rannsóknir. Ég man ekki betur en það kæmu um það fréttir nú nýlega að það ætti að gefa eftir opinber gjöld varðandi þá framkvæmd. Ég held því að ef þær framkvæmdir sem þessi tillaga gerir ráð fyrir og aðrar framkvæmdir varðandi tengingu Norður- og Austurlands og ýmis stórmál sem eru eftir, eins og tenging byggða á Austurlandi, að menn megi nú halda vel á spöðunum í framtíðinni til þess að þetta allt gangi fram. Ég vildi ekki ljúka þessari umræðu án þess að benda á þetta. Það er nú ekki alveg bein braut fram undan í þessu, án þess að ég sé nokkuð að gera lítið úr því sem gert hefur verið og ætlunin er að gera. Auðvitað verður að auka fjármagn til vegagerðar ef öll þessi verkefni eiga að ganga fram.

[18:17]

Einar Már Sigurðarson:

Frú forseti. Það er nauðsynlegt eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram að rifja öðlítið upp út á hvað sú tillaga sem hér er til umræðu gengur. Það segir í tillögunni, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins gera athugun á tengingu Austurlands og Norðurlands með öruggu vegasambandi allt árið um byggðir á Norðausturlandi og um Vopnafjörð, með jarðgöngum undir Hlíðarfjöll."

Það er sem sagt verið að fara fram á það að samgrh. láti Vegagerðina gera athugun á tengingu Austurlands og Norðurlands. Það hlýtur að vera mjög brýnt að það sé staðið faglega að ákvörðunum sem teknar verða um jafnstórt mál og það hvernig staðið verður að tengingu Norðurlands og Austurlands.

Það er því býsna skondið að heyra það frá hv. þm. Agli Jónssyni að í raun sé búið að taka þessa ákvörðun. Það kemur að sjálfsögðu mjög á óvart, ég tala nú ekki um þegar litið er til þeirra ályktana sem hér eru í fylgiskjali með tillögunni frá bæði aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi og Sambands sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi eystra. Vegna þess að þegar þær samþykktir eru lesnar þá kemur í ljós að a.m.k. á þessum fundum var það ekki kunnugt að þessi ákvörðun lægi fyrir. Í raun og veru er tillagan í fullu samræmi við þær ályktanir sem þarna voru gerðar í lok ágústmánaðar og byrjun september á þessu ári. Hins vegar er auðvitað brýnast að menn eyði ekki kröftum í það að rífast um þessa hluti heldur reyni að nota tímann sem fram undan er til þess að stilla saman strengi því eins og kom fram í ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar þá eru auðvitað ýmsar blikur á lofti. Það er ljóst að það er ekki nema takmarkað fjármagn sem verður til vegagerðar á næstu árum og ef Austfirðingar og Norðlendingar ætla sér sinn hlut af þeirri köku þá er auðvitað mjög brýnt að þeir standi saman. Það er þess vegna áríðandi að öll þekking liggi fyrir þegar svona ákvarðanir eru teknar. Og það liggur ljóst fyrir að það eru mjög stór mál sem þarf að leysa á norðausturhorninu. Það er búið um mjög langan tíma að ályktа um það, t.d. á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, að það sé eitt brýnasta málið í samgöngumálum Austurlandskjördæmis að rjúfa vetrareinangrun Vopnafjarðar. Þess vegna hlýtur að vera mjög nauðsynlegt að það sé skoðað í samhengi við ákvörðun um það hvernig tengt verður saman Norðurland og Austurland, hvort hugsanlegt er að rjúfa vetrareinangrun Vopnafjarðar um leið. Það hlýtur að vera til lengri tíma litið mun hagkvæmara ef slíkt er hægt.

Það má rifja það upp, sem hér hefur áður komið fram, að auðvitað er unnið á veturna að því að ryðja vegi á milli þéttbýlisstaða á norðausturhorninu. Ef menn ætla sér að tengja Norðurland og Austurland yfir fjöllin þá verður að ryðja vegi þar líka. Það má rifja það upp, sem einnig hefur komið hér fram, að vegurinn yfir fjöllin verður alltaf í þeirri hæð að þar mun við ákveðnar aðstæður verða mjög dýrt að halda veginum opnum allan ársins hring. Þess vegna, enn þá einu sinni, er það auðvitað mjög brýnt að allir möguleikar séu skoðaðir.

Þegar athugað er hvernig málið snýr að Austfirðingum, þá má rifja það hér upp að það eru auðvitað mun fleiri mál á þessu sviði sem snúa að til ákvarðanatöku. Fyrir utan það sem ég nefndi hér áðan um heilsárstengingu Vopnafjarðar og Héraðs, þá er auðvitað tengingin milli Austurlands og Norðurlands og þess vegna er mjög brýnt að það sé skoðað hvort hægt sé að leysa þau mál samhliða. Síðan er auðvitað vetrareinangrun ýmissa byggða á Austurlandi óleyst. Nú er í athugun sérstök skýrsla sem fyrir liggur frá nefnd sem skipuð var af fyrrv. samgrh. sem er nú ekki fyrir alls löngu búin að skila af sér. Á aðalfundi Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi frá því í ágúst var ákveðið að þau mál yrðu sett í ákveðinn farveg til skoðunar um leið og sú samþykkt, sem ég vitnaði til hér áðan, var samþykkt. Þannig gera austfirskir sveitarstjórnarmenn, ásamt trúi ég öllum hv. þm. Austurlands, sér grein fyrir því að hér er um mjög stórt mál að ræða og menn vilja leita allra leiða til þess að tengja saman hópinn þannig að menn geti staðið saman að þeirri ákvörðun sem tekin verður.

Ég trúi því að hv. þm. Egill Jónsson sé sama sinnis í því og að hann muni leggja sitt lóð á vogarskálarnar til þess að hópurinn geti staðið saman að þeirri

niðurstöðu sem fæst eftir nauðsynlegar athuganir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. og 17. mál.

Fundi slitið kl. 18.23.

---

32. FUNDUR

miðvikudaginn 10. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Búfjárhald, frv., 28. mál, þskj. 28. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Þingfararkaup alþingismanna, frv., 43. mál, þskj. 46. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Laun starfsmanna ríkisins, frv., 44. mál, þskj. 47. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Nýting síldarstofna, þáltill., 139. mál, þskj. 154. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Vegasamband hjá Jökulsárlóni, þáltill., 73. mál, þskj. 76. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands, þáltill., 97. mál, þskj. 100. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Alþjóðleg skráning skipa, þáltill., 104. mál, þskj. 107. — Fyrri umr.
8. Útfærsla landhelginnar, þáltill., 145. mál, þskj. 161. — Fyrri umr.
9. Fjárframlög til stjórnmálaflokka, þáltill., 147. mál, þskj. 163. — Fyrri umr.
10. Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, þáltill., 151. mál, þskj. 168. — Fyrri umr.
11. Erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, þáltill., 157. mál, þskj. 175. — Fyrri umr.
12. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 165. mál, þskj. 183. — Fyrri umr.
13. Auðlindakönnun í öllum landshlutum, þáltill., 172. mál, þskj. 190. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 205. mál, frv. MF, þskj. 227.

Fangelsi og fangavist, 204. mál, frv. MF, þskj. 226.

Kvótaviðskipti og eignarhald kvóta, 203. mál, fsp. SE, þskj. 225.

Orkuöflun og orkudreifing, 202. mál, fsp. SE, þskj. 224.

Störf hringormanefndar, 206. mál, fsp. MF, þskj. 228.

Búfjárhald, frh. 1. umr.

Frv. SJS o.fl., 28. mál (varsla stórgripa). — Þskj. 28.

[13:36]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, StH, SJS, StB, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP.

26 þm. (ÁRÁ, ÁMM, BF, DO, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, JónK, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Þingfararkaup alþingismanna, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 43. mál (fæðingarorlof, biðlaun). — Þskj. 46.

[13:37]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, BF, EH, EgJ, EMS, EKJ, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, StH, SJS, StB, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Laun starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 44. mál (biðlaun ráðherra). — Þskj. 47.

[13:37]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, BF, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, StG, StH, SJS, StB, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Nýting síldarstofna, frh. fyrri umr.

Þáltill. JÁ o.fl., 139. mál. — Þskj. 154.

[13:38]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, BF, EH, EKG, EMS, EKJ, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SP, StG, StH, SJS, StB, SE, TIO, VS, ÞurP, ÞorstP.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Vegasamband hjá Jökulsárlóni, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 73. mál. — Þskj. 76.

[13:38]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, BF, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SP, StG, StH, SJS, StB, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddur.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Vegasamband allt árið milli Austurlands og Norðurlands, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG og SJS, 97. mál. — Þskj. 100.

[13:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, BF, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GB, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SP, StG, StH, SJS, StB, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP.

21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddur.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Alþjóðleg skráning skipa, fyrri umr.

Þáltill. SJS og JÁ, 104. mál. — Þskj. 107.

[13:40]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um alþjóðlega skráningu skipa. Þetta er 104. mál á þskj. 107 og flm. ásamt mér er hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa hið fyrsta nauðsynlegar aðgerðir svo að koma megi á alþjóðlegri skráningu skipa hér á landi. Samið verði og lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um alþjóðlega skipaskráningu þar sem:

a. opnað verði fyrir alþjóðlega skráningu kaupskipa með sambærilegum hætti og tíðkast í Danmörku,

b. leyfð verði alþjóðleg skráning, B-skráning, fiskiskipa sem úrelt hafa verið úr íslenska fiskiskipaflotanum eða keypt eru erlendis frá án þess að hafa veiðileyfi í íslenskri lögsögu.

Jafnframt láti ríkisstjórnin undirbúa nauðsynlegar skattalagabreytingar vegna hinnar alþjóðlegu kaupskipaskráningar og aðrar lagabreytingar sem þörf er á. Stefnt verði að því að lögfesta viðkomandi breytingar fyrir þinglok vorið 1994."

Að mati okkar flm. mælir margt með því að grípa til ráðstafana af því tagi sem tillagan gengur út á eða grípa til ráðstafana í þeim tilgangi að hindra útflöggun kaupskipa og gera það kleift að skrá á íslenskri skipaskrá fiskiskip sem ekki hafa veiðileyfi í íslenskri lögsögu.

Það er skemmst frá því að segja að á undanförnum árum hefur fækkað stórlega í þeim hluta íslenska kaupskipaflotans sem skráður er á Íslandi. Ef skoðuð er þróun þessara mála nokkur ár aftur í tímann þarf ekki að fara langt aftur til þessa að finna hér á skrá um 50 kaupskip í kringum 1980. Árið 1991 taldi íslenski kaupskipaflotinn 41 skip, en af þeim voru aðeins 17 á

skrá hér á landi. Nú hefur þessi þróun gengið enn lengra og svo er komið að kaupskipin sem hér eru skráð eru innan við 10 talsins.

Það virðist því ljóst að verði ekkert að gert stefnir í að skráning kaupskipa hér á landi og sigling þeirra undir íslenskum fána muni brátt heyra sögunni til. Það er skoðun okkar flutningsmanna að raunhæfasta leiðin til að sporna við þessu og tryggja að tekjur og störf í tengslum við kaupskipaflotann falli Íslendingum í skaut sé að koma á einhvers konar fyrirkomulagi alþjóðlegrar skipaskráningar eða ráðstöfunum af sambærilegum toga og gerir íslenskum útgerðum það nægjanlega hagfellt að skrá skipin hér.

Við teljum að sú leið sem Danir hafa valið sé miklu betur til þess fallin að vernda starfskjör innlendra sjómanna og líklegra að um hana eða einhverja útfærslu af því tagi geti orðið sátt heldur en þá leið sem valin hefur verið í Noregi. Einnig er ástæða til að athuga það fyrirkomuag sem Svíar hafa tekið upp í þessu efni og er í raun skylt hinu danska fyrirkomulagi. Þar er að vísu ekki um að ræða sérstaka skipaskrá eða alþjóðlega skrá heldur ákveðið skattalegt hagræði sem kaupskipaútgerðirnar sem sigla á alþjóðlegum leiðum njóta og hefur gert það að verkum að Svíum hefur tekist allbærilega að halda í sinn kaupskipaflota og manna hann með sænskum sjómönnum.

Ég vil taka það skýrt fram að að mati okkar flutningsmanna tillögunnar kemur ekki annað til greina en að lögvarinn verði réttur íslenskra stéttarfélaga til að gera kjarasamninga um borð í íslenskt skráðum skipum. Með öðrum orðum teljum við að þar eigi að ganga tryggilegar frá hnútunum heldur en gert er jafnvel í dönsku skránni þannig að ljóst sé að sú kvöð fylgir íslenskri skráningu á skipi, hvort sem hún er alþjóðleg eða innlend, að um borð gildi íslenskir kjarasamningar og íslensk stéttarfélög fari ein með samningsrétt fyrir hönd áhafnarinnar. Ef menn gefa eftir þetta atriði, þá má spyrja hvað væri unnið með því yfirleitt að taka hér upp alþjóðlega skráningu því að það er ekki tilgangurinn með þessum breytingum að auðvelda íslenskum útgerðum að manna skipin með erlendum áhöfnum, nema síður sé. Þvert á móti er það að okkar mati nauðsynlegt að grípa til ráðstafana til þess að tryggja að íslenskir sjómenn geti áfram mannað myndarlegan íslenskan kaupskipaflota.

Það ber að vísu að taka það fram að þróunin í þessum málum hér á Íslandi hefur verið nokkuð önnur en á hinum Norðurlöndunum. Þannig hefur þrátt fyrir umtalsverða útflöggun skipa eftir sem áður tekist að manna flotann að verulegu leyti með íslenskum farmönnum og má væntanlega þakka það því að íslensk stéttarfélög og sjómannafélögin sérstaklega hafa verið betur á verði hér heldur en víðar í nágrannalöndunum. Þessi árangur er athyglisverður en hann breytir ekki því að útflöggun er í fullum gangi og íslenska ríkið er þar með að verða af tekjum. Skipin færast undan íslenskum réttarákvæðum og margt fleira óæskilegt tengist þessari þróun.

Þess vegna er að okkar mati nauðsynlegt að taka á þessum málum með einhverjum hætti en ég undirstrika það og endurtek að það er okkar eindregin skoðun að það eigi að gera með það að markmiði að tryggja áframhaldandi forræði íslenskra stéttarfélaga varðandi kjör og lögverja rétt íslenskra aðila til að gera einir kjarasamninga með það í huga að tryggja þannig mannsæmandi kjör sjómanna sem við þetta starfa.

Ég tek það fram að við flm. erum að sjálfsögðu opnir fyrir mismunandi möguleikum til að ná þessum tilgangi og ég teldi athyglisvert að skoða upp á nýtt þróun þessara mála bæði í Danmörku og Svíþjóð og annars staðar þar sem breytingar hafa verið gerðar á undanförnum árum í því skyni að reyna að hindra útflöggun og siglingu eða útgerð kaupskipa undir hentifána.

Það er talsverð hreyfing á þessum málum og rétt er að minna á að lokum að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið og innri markaður Evrópubandalagsins kann að valda því að menn þurfi af þeim orsökum einnig að fara yfir þessi mál.

Varðandi seinni lið tillögunnar sem snýr að alþjóðlegri skráningu fiskiskipa eða þeim möguleika að hér verði unnt að skrá íslensk fiskiskip á íslenskri skipaskrá eftir sem áður þó að þau missi veiðileyfi í íslenskri lögsögu, þá er þar fyrst til að taka að þetta vandamál er af allt öðrum toga heldur en snertir kaupskipin. Um útflöggun íslenskra skipa sem hafa hér veiðileyfi í lögsögunni er að sjálfsögðu ekki að ræða af augljósum ástæðum. Hitt vandamálið hefur komið upp þegar skip missa hér veiðileyfin eða ef keypt eru skip erlendis frá sem ekki hafa fengið veiðileyfi í íslenskri lögsögu, ekki hefur verið úrelt á móti eins og sagt er, þá hefur sú regla verið viðhöfð allt frá árinu 1987 að óheimilt sé að hafa þau skip skráð á Íslandi. Þetta stafar af þeirri framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða að samkvæmt reglugerð frá sjútvrn. er það gert að skyldu að skipin ekki bara hverfi varanlega úr rekstri sem veiðiskip innan íslensku lögsögunnar eins og lögin mæla fyrir um heldur og séu þau tekin af skipaskrá. Það er rétt að undirstrika í þessu sambandi að lögin um stjórn fiskveiða gera ekki þetta skilyrði og það er reyndar hvergi að finna að lögum. Hins vegar hefur sú athyglisverða framkvæmd komist á af hálfu sjútvrn. að skylda menn til þess að taka skipin af íslenskri skipaskrá. Það má út af fyrir sig spyrja um réttarstöðu ráðuneytisins til að framkvæma lögin með þessum hætti, en það hefur engu að síður verið gert. Hér snýst málið um þá túlkun þeirra ákvæða laganna að skip skuli hverfa endanlega úr rekstri eins og sagt er til þess að önnur megi koma í staðinn og hefja veiðar innan íslensku lögsögunnar.

Nú er það augljóst mál að skipin geta að öllu öðru leyti fullnægt skilyrðum um íslenska skráningu þó svo að þau hafi ekki veiðileyfi í íslenskri lögsögu. Þau geta fullnægt öryggiskröfum, þau eru í eigu íslenskra aðila og falla að öllu leyti að skilyrðum um íslenska skráningu nema að þessu einu að sjútvrn. á grundvelli reglugerðar sem byggir á lögum um stjórn fiskveiða krefst þess að þau séu tekin af íslenskri skipaskrá. Það má því færa rök fyrir því að ekki sé þörf á lagabreytingu til að heimila áframhaldandi skráningu þessara skipa

hér ef menn vildu einfaldlega hverfa að því að breyta þessari framkvæmd. Siglingalögin og lög um skráningu skipa koma ekki í veg fyrir að svo sé. En ef menn vilja á hinn bóginn halda sig við þá framkvæmd að þessi skip skuli hverfa af íslenskri skipaskrá, hinni almennu skipaskrá, þá er að okkar mati eðlilegasta og einfaldasta lausnin að taka upp sérflokk fyrir þessa gerð fiskiskipa. Við getum kallað það B-skráningu til hagræðis, B-skráningu fiskiskipa, sem er þá sérstök skrá yfir þau fiskiskip íslensk sem ekki hafa leyfi til veiða innan íslenskrar lögsögu.

Það er alveg óþarfi að rökstyðja það að af þessu stafar margs konar hagræði og ég sé ekki að því fylgi á hinn bóginn neinar hættur. Það er auðvelt að halda þessum skipum aðgreindum og það er auðvelt að halda í sömu reglur um úreldingu fiskiskipaflotans sem veiðileyfi hefur innan lögsögunnar ef menn vilja byggja á þeim grunni áfram. En það sem vinnst er það í fyrsta lagi að útgerðarfyrirtækin þurfa ekki að fara í skrípaleik af því tagi sem þau hafa neyðst til sum hver undanfarið að stofna pappírsfyrirtæki í erlendum löndum og skrá skipin þar. Þau þurfa ekki að leggja í þann kostnað sem því er samfara oft og tíðum að endurskrá skipin erlendis. Það getur kallað á kostnaðarsamar flokkunarskoðanir og fleira óhagræði sem þar með leggst á skipafélögin. Í þriðja lagi, og það er e.t.v. ekki minnst um vert hér, teljast skipin áfram íslensk í þeim skilningi að hverfi þau til veiða á fjarlægum miðum verandi á íslenskri skipaskrá þá mundi sú aflareynsla sem þau þar njóta teljast til aflareynslu Íslands en ekki þriðja lands sem ella er þegar þau eru skráð undir hentifána í Karíbahafinu eða einhvers staðar annars staðar.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að taka á þessum málum. Þau hafa verið í ólestri eins og þetta hefur verið undanfarin ár. Nú er að vísu rétt að taka það fram að heyrst hafa flugufregnir um að í hugmyndum á borði ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sé ætlunin að breyta þessari framkvæmd og heimila skráningu þessara skipa á íslenskri skipaskrá þó þau hafi ekki veiðileyfi í íslenskri lögsögu en eins og kunnugt er bólar ekkert á slíkum frv. hér enn þá og við teljum því tímabært að taka á þessu með sjálfstæðum hætti.

Það er rétt að undirstrika það, hæstv. forseti, að í hvorugu tilvikanna varðandi kaupskipaskrána eða fiskiskipaskrána er verið að tala um að opna erlendum skipum leið inn á íslenska skipaskrá, að sjálfsögðu ekki. Hér er eingöngu um að ræða íslensk skip í skilningi íslenskrar eignaraðildar og lögin breyta því ekki neinu um það atriði.

Við setningu laga um þessi mál, hvernig sem þau verða úr garði gerð, er nauðsynlegt að huga að því að þar verði einhvers konar ákvæði til bráðabirgða sem heimili endurskráningu þeirra skipa á Íslandi sem horfið hafa út af íslensku skipaskránni á undanförnum árum og með hvaða hætti sem um það yrði búið. En það er alveg ljóst að það hlýtur að vera einn megintilgangur breytinga af þessu tagi og markmiðið að ná þeim skipum, sem horfið hafa úr landi á undanförnum árum, hingað heim undir íslenska skráningu á nýjan leik og við leggjum til að það verði gert með þeim hætti að einhvers konar ákvæði til bráðabirgða yrðu höfð í lögum sem um þetta fjölluðu.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu vil ég leyfa mér að leggja til að tillögunni verði vísað til 2. umr. og hv. samgn. Ég vænti þess að þessi mál fái þar vandaða skoðun. Það er full þörf á því að taka á báðum efnisþáttum málsins sem tillagan fjallar um. Ég vona og treysti fyllilega samgn. til að fjalla um það af skynsamlegu viti og leggja til afgreiðslu á þessu máli sem nær þeim megintilgangi sem tillagan gengur út á, að þessi skip, hvort heldur eru kaupskip eða fiskiskip, geti áfram verið á íslenskri skipaskrá, fallið undir íslensk lagaákvæði og íslenskan rétt og íslenskir sjómenn á íslenskum kjarasamningum geti mannað þennan flota.

[13:55]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að við stöndum hér frammi fyrir miklum vanda og ég er ekki sannfærð um að þessi þáltill., þó samþykkt yrði, mundi leysa hann. Þetta mál snýst auðvitað um það að alþjóðleg skráning farskipa og raunar fiskiskipa líka opna mönnum leið til að manna skipin ódýru vinnuafli. Um það snýst allt málið. Hræddust er ég við að mjög er vitnað hér í dönsku skipaskráninguna. Það sem Danir gerðu var tvíþætt. Þeir stóðu frammi fyrir því eins og aðrir að flotinn hafði meira og minna farið yfir í þægindafána vegna hás rekstrarkostnaðar. Um það snýst allt þetta dæmi. Dönsku útgerðirnar töldu sig ekki vera samkeppnisfærar. Þá var gripið til þessarar skráningar sem heitir Dansk International Skibsregister eða DIS eins og hún er kölluð og það var gert með því að lækka ýmsar álögur á skipin og veita útgerðunum fullt frelsi til ákvörðunar — og heyrið þið nú, hv. þm. og frú forseti — að veita útgerðarmönnum fullt frelsi til ákvörðunar þjóðernis skipverja DIS-skipa. Út í þetta hafa öll stærstu farskipafélögin farið, að manna skipin fólki gjarnan úr þriðja heiminum. Afleiðingar þess hafa í mörgum tilvikum orðið hinar skelfilegustu og er frægt ferjuslysið sem varð á Óslóarfirðinum fyrir örfáum árum þar sem menn eru sannfærðir um að 153 eða 154 farþegar fórust vegna þess að boðleiðir voru brostnar þar sem áhöfnin skildi ekki norskt mál og ekkert mál nema sitt eigið og björgunaraðgerðir fóru allar í vaskinn vegna þess að menn kunnu ekki að lesa á björgunartæki. Þannig er ástandið.

Ef við lítum yfir í íslenska flotann samkvæmt upplýsingum frá 1. febr. 1993, það má vera að þær hafi eitthvað breyst, þá hefur skipum sem gerð eru út af útgerðum innan Sambands íslenskra kaupskipaútgerða fækkað úr 51 skipi í 30 skip. Árið 1980 voru 48 þessara skipa skráð á Íslandi. Nú eru skipin sem sigla undir íslenskum fána einungis 11. Og það eru einungis fjögur skipa Eimskipafélagsins sem nú sigla undir íslenskum fánum. Stöðum á þessum skipum hefur auðvitað fækkað og samkvæmt sömu upplýsingum frá 1. febr. 1993 hefur á sl. þremur árum sá stöðufjöldi sem Íslendingar hafa gegnt á skipunum fækkað úr 375 í 253

og hlutdeild Íslendinga í mönnuninni fallið úr 81,5% í 74,2%. Þar kemur jafnframt fram — og þetta eru upplýsingar frá m.a. Farmanna- og fiskimannasambandinu — að ársstörfum íslenskra farmanna hefur fækkað um 183 stöður á sl. þremur árum ef gert er ráð fyrir að hver staða jafngildi einu og hálfu ársstarfi. Ég held að þetta verði hiklaust þróunin taki slík skráning gildi því ég trúi því ekki augnablik að útgerðirnar sjái sér neinn kost í því að skrá skipin hér á landi ef þeim er gert, eins og mér heyrðist á hv. flm., að jafnt erlendir sem innlendir menn verði að semja samkvæmt kjarasamningum íslensku verkalýðsfélaganna. Ég trúi því ekki því þá get ég ekki skilið hvaða hag útgerðirnar sjá sér í því að skrá skipin hér. Þær skrá skipin erlendis til þess að losna við háar launagreiðslur og annan rekstrarkostnað sem er hærri hér heldur en annars staðar.

Um þetta hafa orðið umræður hér í þinginu áður. Í umræðum hér, reyndar um samning við Efnahagsbandalagið um fiskveiðimál, sem fóru fram 12. jan. sl. spurðist ég fyrir um hvort búið væri að staðfesta samning um flugmál og skipaflutninga sem lýst er í plaggi sem samgrn. hafði þá gefið út, en þar er sagt frá viðræðum sem þá áttu sér stað um svokallaða EURO-skráningu. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á EUROS-skipunum verði heimilt að helmingur undirmanna verði frá þróunarríkjunum á kjörum sem ríkja í heimalöndum þeirra og að EB-farmenn á EUROS-skipum verði að hluta eða öllu leyti skattfrjálsir og skattar þeirra gangi til útgerðanna."

Um þetta sagði hv. 1. þm. Vestf., Guðjón A. Kristjánsson, sem þá sat hér á þingi, m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Mönnum kann að finnast það ankannalegt að tala um að það skuli fella niður tekjuskatt af fyrirtækjum sem jafnvel eru með hagnað, eins og sum skipafélög hér á landi, en þetta er samt staðreynd hins alþjóðlega umhverfis, að menn verða að geta keppt á jafnréttisgrundvelli. Verði það ekki mun að því koma að hér verður engin farskipaútgerð. Henni verður allri flaggað út. Menn þurfa að taka á þessu máli."

Þetta sagði hv. 1. þm. Vestf. Hann gerir sér auðvitað grein fyrir því að hér er mikill vandi á ferðum. En hvort það á að leysa hann með dönsku aðferðinni sem eins og hann réttilega talar um m.a. gerir ráð fyrir að létta sköttum og skyldum af útgerðunum og jafnvel farmönnunum sjálfum er meira vafamál. Danir hafa farið þá leið að gera samkomulag milli danskra stjórnvalda og danskra stéttarfélaga farmanna um að veita dönskum farmönnum á DIS-skipum skattfrelsi og einnig að aflétta launatengdum gjöldum af launum þeirra svo að þeir gætu boðið fram þjónustu sína á DIS-skipum á nettólaunum, þ.e. án skatta og launatengdra gjalda í samkeppni við farmenn frá Austur-Evrópu og þriðja heiminum.

Ég sé ekki annað en þetta sé nákvæmlega það sem hefur gerst í Danmörku. En þess skal auðvitað getið að Danir eru Evrópubandalagsþjóð. Ég hef stórkostlegar efasemdir um hvort það sama skuli gilda um okkur hér. Ég get ekki annað en óttast að verði slík skráning tekin upp, og reyndar kannski hvort sem er og það viðurkenni ég, þá stöndum við frammi fyrir því að farskipaflotinn sé beinlínis allur að fara úr landi. Ég á eftir að sjá að hann flykkist heim aftur ef gera á sömu kröfur um mannaráðningar eins og við gerum og teljum við hæfi hér á hinum sæmilega siðmenntuðu Norðurlöndum. (Forseti hringir.) Frú forseti. Er ég búin með tíma minn? (**Forseti:** Svo mun vera.) Þá held ég að ég verði að taka til máls seinna. Ég skal ekki níðast á tíma en ég ætla að taka aftur til máls og koma aðeins að þeim mannskap sem ráðinn hefur verið á þessi skip. Ég bið því um orðið aftur, frú forseti.

[14:04]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Hv. 1. flm. þessarar þáltill. gerði prýðilega grein fyrir henni hér áðan og ég ætla ekki að endurtaka það. Ég flyt þessa þáltill. ásamt honum og vil segja það í upphafi að ég tel að við eigum engra góðra kosta völ í þessu máli. Það hefur a.m.k. enginn bent á leiðir í þessu sem eru ekki umdeilanlegar. Það er búið að vera að gerast á undanförnum árum að íslenskir útgerðaraðilar hafa verið að flagga þessum skipum út. Spurningin er hvort við reynum að gera eitthvað til þess að snúa þessari þróun til baka eða hvort við eigum bara að horfa á þessa þróun halda áfram.

Mér finnst til umræðu að skoða allar leiðir sem menn eru til með að leggja inn í umræðuna og ég er tilbúinn til að setjast yfir það með öðrum að skoða nýjar leiðir og aðrar heldur en hér eru lagðar til. En ég tel að það sé ádeiluvert ef við reynum ekki að gera eitthvað til að stöðva þessa þróun og snúa henni við. Það er um að ræða mjög mörg störf fyrir Íslendinga í þjónustunni á flutningaskipunum og ég vil meina að þó svo við legðum eitthvað á okkur til að styrkja þessa flutninga þá gæti það verið verjanlegt. Í þessari tillögu er talað um að lækka skráningargjöld og önnur gjöld vegna skipanna, og það er verið að tala um að koma jafnvel til móts við þessi fyrirtæki í sambandi við skattamál.

Það er ástæða til að benda á það að hægt hefur á þessum breytingum frá því fyrir nokkrum árum síðan. Ég tel að það sé ástæða til að halda að ef þessum skipafélögum verði gefinn betri kostur heldur en nú er með íslenskum skráningum alfarið þá geti það dugað til til að stöðva þessa óheillaþróun. Ég er alveg harður á þeirri skoðun að við megum ekki fara út í það að leyfa íslenska skráningu skipa þar sem útgerðarmönnum væri gefinn frjáls kostur á því að ráða fólk til starfa á nánast hvaða kjörum sem er. Mér finnst það alls ekki koma til greina. Og það er alls ekki það sem við erum hér að tala um. Við erum að tala um að reyna að finna þarna einhvers konar millileið sem gæti orðið til að stöðva þessa óheillaþróun.

Af því að hv. 14. þm. Reykv. nefndi að það hefðu orðið slys vegna þess að menn hefðu verið búnir að ráða á skip fólk sem ekki skildi málið og þess vegna hefðu boðleiðir slitnað og annað því um líkt, þá held ég að það sé einmitt það sem getur gerst ef ekkert er gert í þessum málum, þ.e. að skip séu að þjónusta hér

landið meira og minna, og eru undir einhverjum hentifánum, og þá eru engar reglur sem við getum haft áhrif á í sambandi við ráðningu manna á þau skip. Þannig að við komum ekki í veg fyrir það með því að gera ekki neitt hér heima, það er alveg ljóst mál. Spurningin er þá bara hvort menn hafa aðrar tillögur til að skoða. Það tel ég sjálfsagt að gera komi þær fram.

Ég vil að lokum segja það að ég tel að þarna sé á ferðinni tilraun til að fá menn til að setjast yfir þessi mál og skoða þau með það fyrir augum að stöðva þessa óheillaþróun og þá væri það vel ef það tækist að stöðva hana og ég tala nú ekki um ef við gætum snúið henni við þannig að það yrðu íslenskir starfsmenn í meiri mæli á þeim skipum sem þjónusta þessar leiðir.

[14:08]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka að ég er ekki að amast við þessari tillögu sem auðvitað veldur því að menn setjast þó niður og reyna að leysa þessi mál. En það stendur óneitanlega hér í a-lið í tillögunni að opnað verði fyrir alþjóðlega skráningu kaupskipa með sambærilegum hætti og tíðkast í Danmörku. Og þar er það þannig að útgerðarfélögunum er í sjálfsvald sett hvort þau ráða innlenda eða erlenda menn.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég er sammála hv. þm. Guðjóni A. Kristjánssyni um það að mér finnst ankannalegt að tala um að veita útgerðarfélögum á borð við Eimskip sérstök skattahlunnindi. Ég veit ekki til þess að það góða félag sé spurt hvort skipafloti þess sé með þeim æskilegasta hætti sem vera má miðað við þá samninga sem það félag hefur gert. Ég vil ekki eiga mikinn þátt í því að gefa því sem hefur verið kallað „kolkrabbi" stundum á hátíðarstundum í þessu landi sérstök skattafríðindi. Ég held að þau skattafríðindi mættu koma niður á einhverjum öðrum og ég skal ræða það seinna.

Það fólk sem alltaf er að tala um samkeppni sem lausn allra mála sýnist stundum afskaplega lítið viljugt til samkeppni. Ég vil minna á umræður sem hér fóru fram á hinu háa Alþingi þegar Ríkisskip voru seld og átti nú heldur að bæta um í samkeppninni. Hvað gerðist? Það var ekki liðið ár frá því að það fyrirtæki lagði upp laupana þegar Eimskipafélagið var búið að hirða eitt og sjálft allar Ameríkusiglingar. Við sem höfðum einhverjar efasemdir um þetta, m.a. ég og hv. 4. þm. Reykv. ef ég man rétt, urðum ekki hissa, við þóttumst sjá þessa þróun fyrir. Grunnurinn að öllu þessu er auðvitað aðeins eitt orð: græðgi. Gróðafíkn. Taumlaus og án tillits til alls annars. Íslendingum á ekkert að vera að vanbúnaði að halda uppi siglingum farskipa, auðvitað ekki. En við þurfum ekki að fara þessa sömu leið og allir aðrir að sigla undir einhverjum ókennilegum fánum. Og til þess að losna svo við það og hefja einhverja alþjóðaskráningu hér uppi á Íslandi, þá held ég að við fáum ekki mikla bót í þeim efnum ef skipin geta ekki haldið því til streitu að ráða ódýrt vinnuafl, því um þetta snýst þetta allt saman. Ég er hér með bók sem ég fékk senda eftir umræðurnar í vetur frá sænsku verkamannasamböndunum sem heitir „Manneskjur sem útflutningsvara" og ég vil ráðleggja hv. þingmönnum að lesa um líf og kjör filippseyskra farmanna — ég sé að hv. 4. þm. Norðurl. e. á bókina líka og þá er það gott — en það er íhugunarefni hvort við Íslendingar ætlum að halda áfram því sem við erum byrjuð á, að arðræna fólk frá þriðja heiminum á þennan mjög svo ógeðfellda hátt.

Í umræðunum í janúar sl. spáði ég því við litlar undirtektir hv. þm. að ekki liði á löngu þar til fiskiskipaflotinn færi að feta sömu slóð. Það gerðist sjö mánuðum seinna að eitt af skipum Þormóðs ramma var skráð á einhverri eyju einhvers staðar sem enginn hefur heyrt nefnda. Ég er satt að segja furðu lostin að sjómannasamtökin skuli ekki standa hér fyrir utan hrópandi á Alþingi að hindra þessa þróun. Ég hélt að það gæti ekkert hver sem er verið skipverji, hvorki á farskipum né fiskiskipum. Ég hélt að til þess þyrfti einhverja kunnáttu, ég hélt að fólk þyrfti að hafa verið á hafinu, þekkja það og það sem í því er og ég hélt að menn ættu líf sín og limi undir því að sú þekking sé fyrir hendi. Ég hef hingað til haldið að Íslendingar hafi notið þeirra gæfu að eiga góða sjómenn sem búa yfir mikilli kunnáttu og mér finnst það skelfileg tilhugsun ef það á að fara að fylla skipin af fólki sem hvorki getur skilið tungumál skipstjóra sinna né annarra þeirra sem þeir þurfa að hafa viðskipti. Þessir menn ráðast á þessi skip til þess að hægt sé að kúga þá sjálfa og hafa af þeim það sem við gerum kröfur til fyrir okkar eigin sjómenn og farmenn.

En ég skal ekki hafa á móti þessari till. til þál., mér er ljóst að um þessi mál verður að fara að ræða áður en hér horfir til auðnar í hópi farmanna og ef að líkum lætur gæti farið að týnast úr frystiskipaflotanum því vitaskuld er ódýrara að ráða fólk sem ekki þarf að bjóða nein mannréttindi um borð í þessum skipum. En ég vona að hv. sjútvn. sem sjálfsagt fær þetta mál til meðferðar hafi samband við alla aðila sem hlut eiga að máli og enginn flýti sér í afgreiðslu þessara mála, ég held að hér þurfi að vanda alla vinnu vel. Ég harma auðvitað það að geta ekki boðið upp á neina lausn, ég viðurkenni eins og hv. 3. þm. Vesturl. að enginn kostur er góður í þessu máli, ekki neinn kostur sem við höfum komið auga á og ég skal verða fyrst til að viðurkenna það. En ég held að þessi kostur, svokallaði danski kosturinn, sé ekki sérlega æskilegur fyrir okkur Íslendinga.

[14:15]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka þær umræður sem hér hafa orðið, þær draga athyglina að því sem mér er vel ljóst, að þetta mál er nokkuð flókið og á því eru í sjálfu sér engar einfaldar lausnir til. Ég á eins og hv. síðasti ræðumaður talsvert mikið af litteratúr um þessi mál sem ég hef lesið og ég held að flest það sem á annað borð hefur komið á prenti um þessi mál, a.m.k. á íslensku, hafi komist í mínar hendur á undanförnum mánuðum. Mér er því mætavel ljóst af slíkum lestri og eftir að hafa fylgst með þessum málum um nokkurt árabil að það er engin einföld leið og lausn til á þessu máli. Vandinn er hins vegar fyrir hendi og við horf-

um þarna á þróun, mjög óheillavænlega og óhagstæða þróun, sem við hljótum a.m.k. að skoða mjög vandlega hvort við getum eitthvað spornað gegn.

Ég vil sérstaklega undirstrika það vegna orða hv. 14. þm. Reykv., sem væntanlega hefur verið fjarverandi þegar ég flutti mína framsöguræðu því þar kom það mjög skýrt fram að af hálfu okkar flm. till. er það algjör forsenda þess að það svari kostnaði og sé réttlætanlegt fyrir íslenska ríkið og íslenska aðila að grípa til ráðstafana í þessum efnum að með því sé tryggt að mönnun skipanna sé áfram íslensk og íslenskir kjarasamningar gildi um kjör þeirra sem þar starfa og íslensk stéttarfélög hafi það hlutverk með höndum að semja fyrir hönd áhafnanna.

Ég vek athygli hv. þm. á því að framkvæmd alþjóðlegrar skipaskráningar eða skipaskráningar kaupskipa í hinum einstöku löndum er með mismunandi hætti og það er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu að við Íslendingar veljum okkur það form á þessu fyrirkomulagi sem við teljum okkur hagstæðast. Ég svara því alveg hreint út fyrir mitt leyti ef slík eru ekki skilyrðin að hér verði um íslenska mönnun og íslenska samninga að ræða þá svarar ekki kostnaði að fara út í alþjóðlega skráningu. Þá getum við eins látið núverandi þróun halda áfram og látið okkur í léttu rúmi liggja hverrar þjóðar þau skip eru sem hingað sigla og hverjir manna þau. Tilgangurinn með því að grípa til ráðstafana af hálfu íslenskra yfirvalda er eingöngu sá að mínu mati að halda þessari starfsemi áfram í landinu, að verja þau störf íslenskra sjómanna sem hafa verið til staðar á íslenska kaupskipaflotanum. Við náum ekki því markmiði nema að það sé skilyrði fyrir íslenskri skráningu að þar séu um borð íslenskir farmenn og þeir séu á íslenskum kjörum, að sjálfsögðu.

Þess vegna nefndi ég það sérstaklega að að þessu leyti væri okkar hugmynd frábrugðin hinni dönsku, þ.e. að gerðar væru miklu strangari kröfur um það að mönnunin yrði innlend heldur en þar er gert. Tilvitnunin til hinnar dönsku skráningar vitnar fyrst og fremst til þess að beitt verði skattalegum ráðstöfunum og hagræði af ýmsu tagi til handa útgerðinni svipað og þar er gert eða í Svíþjóð til að gera henni það mögulegt að skrá skipin sín hér. Ég er þeirrar skoðunar að það megi með tiltölulega litlum aðgerðum ná íslenska kaupskipaflotanum aftur heim vegna þess að hann er þrátt fyrir allt enn þá að mestu mannaður íslenskum sjómönnum. Það má þó segja um íslensku skipafélögin og eftir atvikum stéttarfélög sjómanna að þrátt fyrir útflöggun skipanna hefur mönnunin ekki nema að mjög litlu leyti orðið útlend og þróunin er önnur hér á Íslandi heldur en t.d. varð í Danmörku svo ekki sé talað um í Noregi, en það er alveg ljóst að norska alþjóðlega skráningin eða NIS er sú sem verst hefur tekist í þessum efnum. Norðmenn hafa misst í stórum stíl störfin úr landi, sérstaklega undirmannastörf á skipunum en mér er tjáð núna einnig á síðari missirum yfirmannastörfin. T.d. þekkist það orðið að rússneskir skipstjórar og rússneskir skipstjórnarmenn, sem í hrönnum ganga atvinnulausir í heiminum eins og kunnugt er, séu farnir að manna norska kaupskipaflotann með öllum þeim áhrifum sem það hefur, ekki bara atvinnulíf í Noregi o.s.frv. heldur líka efasemdum sem vakna um ýmislegt sem varðar öryggismál og fleira.

Það er að sjálfsögðu ekki ætlunin nema síður sé að fara að ýta undir eða auðvelda slíka þróun hér, þvert á móti er það okkar skoðun að ráðstafanir af þessu tagi séu nauðsynlegar sem liður í því að verja þessi störf áfram í landinu. Hvaða ráðstafanir er hér verið að tala um? Jú, í fyrsta lagi er það náttúrlega útlátalaust með öllu fyrir ríkið að gefa eftir þau gjöld sem hvort sem er tapast úr landinu ef skipin eru skráð erlendis og eru þess vegna í stórum stíl töpuð nú þegar. Þar eru á ferðinni gjöld eins og stimpilgjöld, skráningargjöld, flokkunarkostnaður og þá að einhverju leyti eftir því sem ástæða þykir til eða nauðsynlegt reynist, skattar viðkomandi fyrirtækja. Þetta eru tekjur sem ríkið verður hvort sem er af ef skipin færast úr landi þannig að það er í raun og veru ekki verið að gefa neitt eftir sem menn hvort sem er hefðu og ef svo heldur sem horfir að síðustu íslensku kaupskipin hverfi hér af íslenskri skipaskrá innan fárra ára — hvað eru menn þá að gefa eftir? Ekki neitt í þeim tilvikum að þessi gjöld færist til útlanda. Það ber að vísu að viðurkenna og taka fram þeim til fróðleiks sem ekki þekkja það þegar að fæst hentifánaríkjanna hafa farið út í það að krefjast skatta af áhöfnum skipanna sem þó eru skráð undir þeirra fána og í sumum tilvikum er nú í raun og veru eingöngu um að ræða karl í Hamborg sem hefur stimpil frá einhverju ríki í Karíbahafinu og vinnur við það að skella honum á skjöl evrópskra skipaútgerða. Þar hafa menn yfirleitt ekki farið út í að krefjast annarra gjalda en einhverra skráningargjalda og einhverra skoðunargjalda af þeim kaupskipum sem skráð eru í viðkomandi ríkjum, en þjóðréttarlega séð stendur auðvitað málið þannig að þessi ríki gætu á komandi árum gert auknar kröfur um að skatttekjur vegna starfseminnar rynnu í þeirra ríkissjóði. Ég held að það sé langbest í þessu tilviki að reyna að byrgja brunninn fyrir fram.

Varðandi svo afkomu einstakra fyrirtækja sem hér eiga í hlut þá hafði ég ætlað mér að forðast það að draga það inn í umræðuna vegna þess að það er ekki málið sem þetta snýst um og við munum væntanlega ekki ætla okkur að hafa íslenska löggjöf og reglur um skráningu skipa eða skattgreiðslur þeirra breytilegar eftir árum og eftir einstökum fyrirtækjum hvort þau græða eða tapa. Það held ég að gangi ekki. Og af því að hér var nefndur kolkrabbinn sem lítt skilgreint er stundum fjallað um og væntanlega átt við Eimskipafélag Íslands í því tilviki, þá held ég að ég geti tæplega flokkast undir sérstakan varnarmann þess, hef nú stundum fengið annað á mig í umræðum undanfarin ár, stóð m.a. fyrir sérstökum lagabreytingum sem voru að sumra mati stefnt til höfuðs þeim fyrirtækjahring sem Eimskipafélagið tilheyrir í landinu. En á hinn bóginn eiga menn ekki að nota slíka grýlu óskilgreint bara gegn því að gripið sé til skynsamlegra ráðstafana varðandi vandamál af því tagi sem hér er til umræðu. Ég held að menn eigi að reyna að horfa fram hjá því við slíkar aðstæður hver viðkoma þess gagnvart einstökum fyrirtækjum kann að vera.

Það er vissulega áhyggjuefni að það hefur fækkað mjög skipum í íslenska kaupskipaflotanum og umsvif íslenskra kaupskipa erlendis hafa dregist talsvert saman. Að vísu verða menn að hafa þann fyrirvara á hér bæði varðandi fækkun skipa og fækkun sjómanna að með nýrri tækni, gámavæðingu og stærri skipum, þá hefur fjöldinn eðlilega minnkað, bæði fjöldi skipanna með aukinni flutningagetu hvers og eins og fjöldi sjómannanna vegna afkastaaukningar um borð í þessum nýju stóru skipum. Þróunin að því leyti er að nokkru leyti fyrst og fremst afleiðing tæknivæðingar og tæknibreytinga í flutningunum. Þetta er rétt að menn hafi í huga þegar þessar tölur eru yfirfarnar.

Hæstv. forseti. Ég vildi sem sagt sérstaklega undirstrika það að tilgangur okkar með þessum tillöguflutningi, bæði varðandi kaupskipin og fiskiskipin, er sá að gera það mögulegt að þessi skip séu áfram á íslenskri skipaskrá eða komi inn á hana aftur og verja störf íslenskra sjómanna á íslenskum skipum og tryggja það að þeir sem starfa við þessa flutninga hér geri það á íslenskum kjörum. Fjærst öllu viljum við láta bendla nafn okkar við einhverskonar þrælahald af því tagi sem hv. 14. þm. Reykv. gerði réttilega að umtalsefni og er mikil sorgarsaga, hvernig iðnríkin og þróuðu ríkin hafa í mörgum tilvikum lotið lágt í því að nýta sér ódýrt vinnuafl úr vanþróuðum ríkjum sem tilbúið er til að koma og vinna jafnvel erfiðustu og óþrifalegustu störfin fyrir lélegt kaup. Margt er ófagurt í þeirri sögu og síst til eftirbreytni. Þvert á móti held ég að mönnum beri að reyna að sameinast um það að koma böndum á slíka hluti og það hefur til að mynda Alþjóðaflutningamannasambandið náð að gera með býsna marktækum hætti varðandi kaupskipaútgerðina hér frá Evrópu og ekki síst Norðurlöndunum þar sem þessi mál eru þrátt fyrir allt í hvað skástu lagi af löndum heimsins. Það ber að vísu að taka það fram og minna á það að frændur vorir Norðmenn eru í nokkurri sérstöðu hvað þetta snertir, þeir hafa auðvitað lengi rekið mjög stóran kaupskipaflota hlutfallslega miðað við stærð þjóðarinnar, verið þriðju til fjórðu stærstu útgerðarmenn kaupskipa í heiminum og þeir hafa þess vegna átt talsvert annarra hagsmuna að gæta í alþjóðlegum kaupskiparekstri en aðrar Norðurlandaþjóðir. Þótt bæði Danir og Svíar t.d. séu þó nokkuð stórir í þessum rekstri þá er það lítið borið saman við Norðmenn. Þess vegna ef menn vilja með sanngirni fjalla um það hvernig þessi mál hafa þróast annars vegar í Noregi og hins vegar á hinum Norðurlöndunum þá verður auðvitað að hafa þessi stærðarhlutföll og þessa ólíku hagsmuni í huga.

Vandinn hjá okkur Íslendingum á ekki að vera svo mikill þegar haft er í huga að okkar siglingar eru fyrst og fremst siglingar íslensku skipafélaganna til og frá landinu, það er um sáralítinn alþjóðlegan rekstur að ræða að þessu leyti. Það eru fáein leiguskip sem eru í verkefnum erlendis á vegum íslenskra félaga. Stærsti hluti kaupskipaflotans annast siglingar til og frá landinu með einum eða öðrum hætti og í þeim tilvikum á að vera viðráðanlegra á allan hátt að hafa skikk á þeim málum heldur en ella væri.

Ég vona, hæstv. forseti, að þessi svör mín hafi a.m.k. fyrirbyggt óþarfan misskilning um það hvað fyrir okkur vakir með tillöguflutningnum og ég tek svo undir það sem hér var sagt að þetta mál þarf að skoða mjög vandlega. Ég held að það sé nauðsynlegt að gera það. Ég held að hv. 3. þm. Vesturl. hafi orðað það mjög vel, það er engin einföld eða auðveld leið til í þessu sambandi en spurningin er hvort það er verjandi eða réttlætanlegt að sitja hjá og aðhafast ekki neitt gagnvart þróun jafnóhagstæðri og sú er sem við höfum horft upp á í þessum efnum undanfarin ár.

[14:29]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins nokkur atriði. Mér finnst hv. 4. þm. Norðurl. e. gera dálítið lítið úr fjölda þeirra erlendu sjómanna sem eru á íslenskum farskipum. Í janúar í fyrra voru þeir hvorki meira né minna en 120 og þeim hefur ekki fækkað. Þannig að það er álitlegur hópur nú af erlendum mönnum í áhöfn íslenskra farskipa.

Eins og réttilega var bent á er hér mestan part um að ræða flutninga til og frá landinu og ég á þess vegna afar erfitt með að skilja hvaða hagur er í því að fá þennan flota heim til skráningar ef síðan eiga engar tekjur af honum að vera, ef hann á ekki að greiða stimpilgjöld, skráningargjöld og skatta. Er það til þess að forstjóri Eimskipafélags Íslands eigi að fá 2 millj. kr. á mánuði í staðinn fyrir þessa milljón sem hann er með núna? Í hvað á hagnaðurinn að fara? Ég held að menn verði aðeins að gera sér grein fyrir hvað þeir eru að tala um.

Auðvitað eiga þessi félög að greiða skatta í hlutfalli af ágóða sínum eins og aðrir. Ég vil spyrja: Hvers á Flugfélag Íslands að gjalda ef á sama tíma er verið að tala um að leggja virðisaukaskatt á fargjöld Flugfélags Íslands? Hvers konar samhengi er í þessum hlutum? Ég held að það sé mjög mikilvægt að menn taki á þessum málum á annan hátt en gert er í Danmörku þar sem flotinn er um heim allan í alls kyns verkefnum fyrir hinar ýmsu þjóðir heims. Hér er alls ekki á nokkurn einasta hátt um sambærilegan rekstur að ræða. Ef menn ætla að lifa samkvæmt þessari biblíu sinni um framboð og eftirspurn og samkeppni þá verða íslensk flutningafyrirtæki og útgerðir að gera sér grein fyrir því hvort það borgar sig að vera að þessu eða ekki. Ef það ekki borgar sig þá er samkvæmt öllum uppskriftum samkeppnisþjóðfélagsins út í bláinn að vera að því.

[14:31]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bið hv. þm. að forðast alhæfingar. Það kom hvergi fram í okkar máli né í tillögunni að þetta snúist um að fella niður alla skatta og innleiða algert skattfrelsi og gjaldfrelsi íslenskra skipafélaga. Ég er sannfærður um að minna en það hálfa væri nóg til að ná þeim árangri sem tillagan gengur út á, þ.e. að auðvelda íslenskum fyrirtækjum skráningu hér. Menn verða auðvitað að átta sig á því að íslensk skipafélög eru að mæta vaxandi samkeppni frá þjóðum sem hafa

skattalegt hagræði af þessu tagi og það viðgengst og er fyrir hendi á öllum hinum Norðurlöndunum og hjá flestum öðrum þjóðum. Staðreyndin er auðvitað sú að við getum ekki reiknað með því um aldur og ævi að íslensk skipafélög fái ekki á sig samkeppni og þau eru auðvitað að hluta til í samkeppni við slíka starfsemi sem nýtur þessa hagræðis. Þess vegna er hér fyrst og fremst verið að tala um það hvort ekki sé óhjákvæmilegt í ljósi þeirrar þróunar sem er og vegna þeirra starfsskilyrða sem ríkja í þessari atvinnugrein í nálægum löndum að grípa til einhverra ráðstafana. Menn gefa náttúrlega ekki eftir skatta sem þeir aldrei fá. Það er engin fórn af hálfu íslenska ríkisins að fella niður stimpilgjöld og skráningargjöld af skipum sem ella væru ekki skrá á Íslandi, það er núll fórn. Það er ósköp einfaldlega verið að horfast í augu við veruleika sem menn standa frammi fyrir. Ég geri stóran greinarmun á því og hinu t.d. að fara að fella niður tekjuskatt af hagnaði fyrirtækja. Við erum ekki að ræða um að ganga svo langt.

Kaupskipaútgerðin er ekki sambærileg við eiginlega nokkurt annað starfssvið hvað þetta snertir. Flugreksturinn er allt annars eðlis. Mér er ekki kunnugt um að nokkurs staðar í heiminum hafi vandamálið útflöggun flugvéla skotið upp kollinum af þeirri einföldu ástæðu að flugfélög byggja yfirleitt á gagnkvæmnissamningum milli þjóða og loftferðaréttindum. Það er að vísu svo að með fullu frelsi í flugrekstri þá kynni þetta vandamál að skjóta upp kollinum en við mundum þá væntanlega taka á því þegar þar að kæmi. Það er hins vegar staðreynd í dag í kaupskipaútgerðinni. Vilji menn skoða þessi mál og horfa á aðstæður út frá raunveruleikanum þá verða menn náttúrlega að horfa framan í hann eins og hann er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útfærsla landhelginnar, fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 145. mál. — Þskj. 161.

[14:33]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um frekari útfærslu landhelginnar og réttindi Íslendinga á úthafinu. Þetta er 145. mál á þskj. 161. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Jóhann Ársælsson, Guðrún Helgadóttir, Kristinn H. Gunnarsson, Margrét Frímannsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson, Ragnar Arnalds, Svavar Gestsson og Þuríður Backman.

Tillagan er svohljóðandi:

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að kanna möguleika á frekari útfærslu íslensku efnahagslögsögunnar. Nefndin geri einnig tillögur um hvernig afla skuli ýtrustu réttinda Íslendingum til handa á hafsvæðum sem liggja að íslensku efnahagslögsögunni og á úthafinu og hvernig þeirra verði best gætt.

Tillögugreinin gerir jafnframt ráð fyrir að nefndin hafi í störfum sínum náið samráð við ráðuneyti og stofnanir sem málið varðar, svo og við utanríkis- og sjávarútvegsnefndir Alþingis. Nefndinni verði heimilt að ráða sér starfsmann tímabundið auk þess sem ráðuneyti og opinberar stofnanir aðstoði hana eftir þörfum.

Það er svo, hæstv. forseti, að segja má að allt frá tímum hinna stóru áfanga í útfærslu landhelginnar á áttunda áratugnum hafa af og til verið upp umræður um það hvort frekari skref yrðu stigin í réttindabaráttu okkar Íslendinga gagnvart aðliggjandi hafsvæðum. Sú umræða hefur fyrst og fremst beinst að útfærslu eða töku landgrunnsréttindanna en minna snúið að möguleikum til útfærslu varðandi fiskveiðiréttindi eða stjórnun fiskveiða. Satt best að segja hefur lítið verið um þá hlið mála fjallað hér uppi á Íslandi þangað til á allra síðustu missirum eða reyndar má segja mánuðum.

Þetta helgast af ýmsu, m.a. því að fyrst eftir útfærslu landhelginnar hafði íslenski flotinn ærin verkefni hér innan okkar lögsögu og það var ekki mikill þrýstingur á eða umræða um aðra möguleika. Einnig af hinu að það er ekki fyrr en nú á síðust árum sem athygli manna hefur aftur beinst að stóraukinni sókn erlendra þjóða upp að íslensku lögsögunni. Þar má nefna veiðar nokkurra þjóða á úthafskarfa á Reykjaneshrygg, veiða Frakka og fleiri á blálöngu við landhelgismörkin, og einhverjar veiðar á búra og fleiri tegundum suður af landinu. Rækjuveiði, veiðar á karfa og kolmunna, síld og fleiri tegundum, vestan, norðan eða austan við landið.

Staðan er sú að flestir þessir stofnar eru að minnsta kosti að hluta til uppvaxnir eða dvelja innan íslensku lögsögunnar, eru flökkustofnar og það eykur auðvitað enn á mikilvægi þess að réttarstaða okkar Íslendinga gagnvart veiðum og fiskveiðistjórn á aðliggjandi hafsvæðum í íslensku efnahagslögsögunni verði könnuð.

Svo bætist það við, hæstv. forseti, að með stóraukinum veiðum íslenskra skipa á fjarlægari miðum á alþjóðlegum hafsvæðum, svo sem undan strönd Kanada og í Smugunni í Barentshafi, hafa svo vakið upp umræður um hagsmuni Íslendinga sem úthafsveiðiþjóðar.

Nú stefnir í það að aflaverðmæti íslenskra skipa af veiðum utan efnahagslögsögunnar verði af stærðargráðunni 2,5–4 milljarðar kr. á þessu ári, þ.e. 1 milljarður kr. eða meira úr Smugunni í Barentshafi, 0,5–1 milljarður kr. frá rækjuveiðum undan strönd Kanada, á Flæmska hattinum, og 0,5–1 milljarður kr. af Reykjaneshrygg. Það gefur auga leið að þetta hlýtur að hafa áhrif á þá umræðu og þróun þessara mála sem hér kemur við sögu.

Þá er það að nefna að fjölmargir möguleikar eru til skoðunar hjá íslenskum útgerðarmönnum um þessar mundir svo sem veiðar á Hatton-Rockall svæðinu utan 200 mílna marka frá ströndum Bretlandseyja, veiðar á grálúðu og fleiri tegundum, öðrum en rækju, á svæðum milli lögsögumarka Íslands, Grænlands og Kanada suðvestur í höfum, veiðar við Svalbarða á grundvelli þess að réttarstaða Norðmanna á svokölluðu fiskverndarsvæði þar um kring sé óljós og fleira mætti telja.

Þá er rétt að minna á að nú hafa samkvæmt því sem nýjast er vitað 59 þjóðir fullgilt alþjóðahafréttarsáttmálann. Í greinargerð er talið að þær séu 56 en það var vegna þess að flm. var ókunnugt um að þrjár þjóðir hafa nú á þessu hausti fullgilt samninginn, þannig að nú er svo komið að einungis vantar eina þjóð til að tilskilinn fjöldi, 60 þjóðir, hafi skilað sér. Þess er að vænta að sextugasta ríkið skili sér í hópinn jafnvel á næstu mánuðum og er þá langþráðu takmarki okkar Íslendinga náð að tilskilinn fjöldi hafi fullgilt alþjóðahafréttarsáttmálann og mun hann þá ganga í gildi einu ári eftir að fjöldanum er náð.

Þetta gefur ekki síður en annað tilefni til þess að fara yfir stöðu þessara mála á nýjan leik og athuga hvaða möguleika gildistaka sáttmálans með ákvæðum hans þar á meðal ákvæðum VI. hluta samningsins um landgrunnið og rétt strandríkja. Og ákvæðum kaflans um lausn deilumála hafa á stöðu þessara hluta hér fyrir okkur.

Þá má nefna úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna og það starf sem fer fram á þeim vettvangi sem gefur enn tilefni til að við Íslendingar tökum þessi mál til almennrar umræðu, ekki síst hér á löggjafarsamkomunni.

Markmið allra aðgerða af Íslands hálfu hlýtur að vera það að tryggja okkur ýtrustu réttindi gagnvart skynsamlegri meðferð og nýtingu auðlinda hafsins hér í okkar lögsögu á aðliggjandi svæðum sem og aðra þá möguleika sem okkur standa til boða. Við höfum sem fiskveiðiþjóð í úthafinu, algerlega háð sjávarfangi um okkar afkomu, sterkan siðferðilegan og pólitískan rétt til þess að gera ýtrustu kröfur í þessum efnum og um það hefur ríkt full samstaða hér á Íslandi fram til þessa.

Það er svo að okkar mati að í ljósi þess ástands, sem nú ríkir á hafsvæðunum m.a. umhverfis íslensku efnahagslögsöguna en einnig utan lögsögumarka ríkja eins og Argentínu, Kanada, Nýja-Sjálands og fleiri, hlýtur frekari útfærsla réttinda strandríkjanna að koma *til álita, takist ekki á allra næstu árum alþjóðlegir* samningar sem eru ásættanlegir um stjórnun veiða og skiptingu nýtingarréttarins á þeim stofnum sem ganga út og inn úr lögsögu ríkja. Það er mikil hreyfing á þessum málum og vaxandi óþreyju gætir meðal þeirra þjóða sem mestar vonir hafa bundið við að niðurstaða fáist.

Það hefur nokkuð borið á því í umræðu um þessi mál að undanförnu að menn hafa stillt hagsmunum Íslands upp sem andstæðum í því sambandi að við yrðum að velja á milli tveggja ólíkra kosta, annaðhvort hagsmuna strandveiðiþjóðar, strandríkis eða hagsmuna úthafsveiðiþjóða. Ég held að þessi uppstilling sé misskilningur og hún sé háskaleg. Ég held að Íslendingar eigi að reyna að halda þannig á spilunum að staða þeirra verði sem sterkust í hverju tilliti og hver sem niðurstaðan er. Það er síður en svo ljóst á þessu stigi málsins hver valkostanna eða leiðanna sem hugsanlega eru þarna færar verður ofan á. Til einföldunar má reyna að segja að það séu þrír möguleikar fyrst og fremst líklegir sem niðurstaða annaðhvort alþjóðlegra samninga eða aðgerða strandríkja. Það er í fyrsta lagi bindandi alþjóðlegir samningar um fiskveiðistjórnun og þá eftir atvikum kvóta úthafsveiðiþjóða á veiðisvæðum utan 200 mílna lögsögu og þá væntanlega grundvallaðir á veiðireynslu sem skapast hefur. Þetta gæti orðið niðurstaðan. *Í öðru lagi gæti niðurstaðan orðið sú* að strandríkin misstu þolinmæðina gagnvart því ástandi sem nú ríkir utan og við lögsögumörk þeirra, þess gætir mjög t.d. í Kanada, og þau grípi til einhliða aðgerða, færi út lögsögu sína og þá hefur gjarnan verið talað um að mörkin verði 350 mílur eða landgrunnið eins og þau hafa stöðu til hvort sem um yrði að ræða hefðbundna útfærslu lögsögu eða einhvers konar útfærslu fiskveiðistjórnunarréttar eins og aðallega hefur verið rætt í Kanada. Þriðji möguleikinn er svo einfaldlega sá að niðurstaðan verði sambland af þessu hvoru tveggja. Og má segja að margt bendi til að það gæti orðið niðurstaðan.

Ég held þess vegna að menn ættu að hafa það hugfast að sú staða sem þessi mál voru í á Íslandi fram á síðustu missiri eða mánuði var ekki vænleg fyrir okkur með framtíðarhagsmuni okkar í huga. Vegna þess að af okkar hálfu hafði í raun lítið verið gert til þess að reyna að bæta við þau réttindi sem við þegar höfum. Nú hefur það þó gerst að hreyfing er komin á þessi mál og það sem ég tel að gæti átt eftir að skipta máli fyrir okkur er að til viðbótar því að nýta eigin lögsögu hafa íslensk skip verið að afla sér veiðireynslu á fjarlægum miðum. Komi til kvótasetningar og uppskipta á þeim rétti á næstu árum þá standa Íslendingar væntanlega betur sem því nemur að þeir hafa öðlast þar aflareynslu. Verði niðurstaðan meira í þá átt að strandríkin einhliða eða með samningum fái aukinn rétt þá þurfum við Íslendingar að sjálfsögðu ekki að kvíða þeirri niðurstöðu því væntanlega metum við það svo að þau víðlendu hafsvæði sem liggja að okkar landhelgi, sérstaklega suður og vestur af landinu og norðaustur, séu ekki síður verðmæt og áhugaverð fyrir okkur en einhver hlutdeild í veiðirétti á alþjóðlegum hafsvæðum.

Sem sagt, við Íslendingar þurfum að reyna að undirbyggja stöðu okkar þannig að í hvaða farveg sem þessi mál hnígi þá verði okkar staða sem sterkust. Þess vegna held ég að þegar betur verður að gáð þá sé sú þróun sem átt hefur sér stað á þessu ári með aukinni sókn íslenskra skipa á alþjóðleg hafsvæði ekki í mótsögn við okkar hagsmuni heldur þvert á móti í þágu þeirra. Því verður í öllu falli ekki á móti mælt að frumkvæði og framtak ákveðinna útgerðaraðila í þeim efnum hefur svo sannarlega komið hreyfingu á þessi mál og vakið upp umræður sem full þörf var fyrir.

Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga ekki bara að fylgjast með þeirri hreyfingu sem komin er á þessi mál annars staðar, við ætlum okkur væntanlega meiri metnað en þann í þessum efnum að vera fyrst og fremst áhorfendur á þróun sem önnur ríki knýja fram. En það er auðvitað umhugsunarefni fyrir Íslendinga í ljósi fyrri orðstírs þeirra í þessum málum að á síðustu árum hefur sáralítil umræða orðið um þessi mál á sama tíma og hún hefur farið hátt t.d. í Kanada og væri áhugavert fyrir menn að kynna sér t.d.

hvernig landhelgismál drógust inn í kosningabaráttuna í Kanada, þá sem síðust varð, þá með svipuðum hætti og þau gerðu hér fyrr á öldinni stundum á Íslandi. En þannig mun það vera svo vaxið að kanadíski frjálslyndi flokkurinn sem stærstan sigur vann í kosningunum hafði uppi nokkuð sver orð um það að næðist ekki á næstu missirum ásættanleg niðurstaða fyrir hönd Kanadamanna varðandi fiskveiðistjórnun undan lögsögumörkum þeirra þá mundu þeir grípa til einhliða aðgerða og með einum eða öðrum hætti færa út réttindi sín hvort sem um yrði að ræða hefðbundna útfærslu landhelgi eða efnahagslögsögu eða útfærslu á einhvers konar stjórnunarréttindum og verndunarréttindum gagnvart hrygningarstöðvum og veiðisvæðum stofna sem ganga út og inn úr kanadísku lögsögunni. Og eins og ég segi ætla ég okkur Íslendingum meiri metnað í þessum efnum en þann einan að fylgjast með því sem er að gerast hjá öðrum þjóðum.

Ég held þess vegna að starf af því tagi sem þessi tillaga kveður á um sé afar nauðsynlegt og umræða um þetta mál í helstu stofnunum og samtökum sem þetta varðar þarf að komast í gang. Ég tel mjög mikilvægt að þær þingnefndir sem um þessi mál fjalla, hv. utanrmn. og hv. sjútvn. ekki síst, starfi að þessum málum. Og ég held að það sé fullkomlega tilefni til og rúmlega það að kjósa sérstaka nefnd til þess að hafa yfirumsjón með því starfi sem hér er gert ráð fyrir. Að sjálfsögðu er svo nauðsynlegt að sem allra best samráð sé um þessa hluti milli þeirra aðila sem sinna verkefnum á þessu sviði í íslenska stjórnkerfinu, ekki bara á löggjafarsamkomunni heldur líka hjá stofnunum og ráðuneytum. Reyndar er starfandi fyrir frumkvæði hæstv. sjútvrh. nefnd sem á að endurskoða ákvæði laganna um veiðar utan landhelgi og sömu leiðis hefur hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson flutt ásamt fleirum þáltill. um landgrunnsréttindi sem er mikilvægur hluti af þessu máli og allt þarf þetta að skoðast í samhengi og samræmi. Utanrrn. fer og með málin hvað varðar samninga við önnur ríki og hefur á sínum snærum suma helstu sérfræðinga þjóðarinnar í alþjóðarétti hvað þetta snertir, fer með forustu Íslendinga á úthafsveiðiráðstefnunni o.s.frv. Allt þetta starf væri brýn þörf fyrir að samræma með einum eða öðrum hætti.

Ég legg svo til hæstv. forseti, að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til 2. umr. og hv. utanrmn.

[14:49]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Segja má að hér sé fram komin lítil tillaga um stórt mál. Ég bið að menn misskilji ekki þau orð mín. Með þeim orðum er ég alls ekki að gera lítið úr tillögumönnum né málinu sjálfu, slíkt er fjarri mér. Málið er afar stórt, mjög þýðingarmikið og öll umræða um það tímabær einmitt nú. En ég vil í upphafi málsins fyrirbyggja þann misskilning sem kann að ríkja í hugum einhverra að þetta séu mál sem hafi legið í lægð og ekki hafi verið sinnt. Ég vil nefna nokkur dæmi því til stuðnings að þessi mál hafa verið á verkefnaskrám stjórnvalda og að þeim hefur verið unnið.

Þar nefni ég fyrst til framgöngu og tillöguflutning Íslendinga á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um úthafsveiðar og nýtingu og vernd flökkustofna, sem er í beinu framhaldi af hafréttarsáttmálanum sjálfum sem við gerum okkur nú vonir um að nái gildistöku sem hluti af þjóðarrétti á næsta ári. Íslendingar hafa tekið frumkvæði á þessari ráðstefnu. Þeir eru í forustu ásamt fjórum eða fimm öðrum ríkjum, svokölluðum „líkt þenkjandi þjóðum" við málflutning á þeirri ráðstefnu, hafa haft frumkvæði að tillöguflutningi og fyrir liggur ályktunartillaga sem er þar til vinnslu og því máli verður haldið áfram.

Ég nefni í annan stað til sögunnar þá lögfræðilegu athugun sem fram hefur farið á vegum utanrrn. í framhaldi af deilum okkar við Norðmenn um Smuguna og varðar veiðar á Barentshafi og þá sérstaklega réttarlega stöðu okkar að því er varðar hafsvæðið í kringum Svalbarða.

Ég nefni málatilbúnað og umræður og formlegar viðræður við önnur ríki að því er varðar Hatton-Rockall svæðið. Ég nefni margvíslega samningagerð sem nú er þegar orðin eða í bígerð við fjölmargar aðrar þjóðir sem leitað hafa samstarfs við okkur Íslendinga á undanförnum árum, bæði um veiðar og vinnslu og um sérfræðilega ráðgjöf í sjávarútvegsmálum. Það er rétt sem fram kom í máli framsögumanns að allt bendir til þess að íslensk útgerð, íslenskir skipstjórnarmenn og íslenskir sjómenn muni á næstu árum afla sér í stórauknum mæli þekkingar og veiðireynslu á fjarlægum slóðum, m.a. í krafti slíkra samninga. Þær þjóðir eru nú að nálgast tvo tugi sem með formlegum hætti hafa leitað eftir slíku samstarfi. Ástæðan er auðvitað sú að þótt Íslendingar séu fámenn þjóð þá hafa þeir á undanförnum árum verið á bilinu 10.–15. í röð þeirra þjóða sem mestum afla skila á land að magni og verðmæti.

Loks er þess að geta að sjútvrh. skipaði í lok septembermánaðar sl. nefnd sem á að hafa það verkefni að endurskoða gildandi lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilögsögunnar. Allir þingflokkar hér á Alþingi ásamt fulltrúum hagsmunaaðila eiga aðild að þeirri nefnd og meiningin mun vera sú að hún reyni að skila áliti um eða upp úr áramótum. Það er því rétt sem fram hefur komið í máli frsm. að það hafa orðið róttækar breytingar á stöðu íslensks sjávarútvegs á undanförnum árum, þótt auðvitað getum við nefnt dæmi úr fortíðinni um það að Íslendingar hafi leitað á fjarlægari slóðir. Það er hins vegar að gerast með eftirtektarverðum og umtalsverðum hætti.

Af þessu tilefni vil ég taka undir það sem fram kom í máli framsögumanns að sá misskilningur er útbreiddur, og honum er haldið nokkuð við af hálfu Norðmanna vegna væntanlegra tímabundinna deilna um Smuguna, að Íslendingar séu berir að tvöfeldni í málflutningi sínum og tillöguflutningi að því er varðar þessi mál. Þeir segja gjarnan sem svo að Íslendingar hafi verið í fararbroddi þeirra þjóða sem gætt hafi hagsmuna strandríkja og að í deilum okkar við Norðmenn um Smuguna höfum við snúið baki við þeim málflutningi. Þetta er rangt og við stöndum ekki

frammi fyrir neinu vali um það annars vegar að halda fram einhliða rétti strandríkja eða hins vegar að hverfa frá því og taka upp allt önnur sjónarmið í þjóðarrétti sem styðjast frekar við hagsmuni og reynslu úthafsþjóða. Íslendingar eru sjávarútvegsþjóð af þeirri stærðargráðu að þeir hljóta að gera hvort tveggja. Og efnislega er það rangt að í tillöguflutningi okkar á alþjóðlegum vettvangi hafi gætt slíks tvískinnungs. Við höfum aldrei boðað að strandríkin ættu að hafa einhliða rétt til þess að ákveða nýtingu eða verndarráðstafanir á veiðistofnum sem eru inn og út úr landhelgi eða flökkustofnum. Þvert á móti höfum við lagt áherslu á, í framhaldi af hafréttarsamningnum þar sem við vorum vissulega í fararbroddi, að strandríkin hafi sinn rétt en hann sé takmarkaður. Rétturinn er fyrst og fremst um það að þau eru gerð ábyrgð fyrir verndun veiðistofna sem eru aðallega innan þeirra lögsögu en þau eru bundin af því að leita samninga við aðrar þjóðir sem stunda þær veiðar og við boðum svæðisbundnar lausnir, þ.e. að koma á fót alþjóðastofnunum sem vegi og meti hagsmuni beggja aðila. Það sem okkur gengur fyrst og fremst til er að sjálfsögðu verndun lífríkis hafsins og við lítum á það sem heiður þegar aðrar þjóðir segja að við höfum verið í fararbroddi fyrir þeirri baráttu og við höfum alls ekki snúið baki við þeirri baráttu.

Og að því er varðar samskipti okkar við grannþjóðir okkar þá er upp að telja að við eigum samninga og höfum leitað sjálfir eftir samningum við flestar þessar þjóðir um sameiginlega stofna og flökkustofna og hægt að hafa um það langt mál en ég ætla ekki að gera það. En það er eindreginn vilji okkar að halda áfram á þeirri braut, að leita eftir samningum, og að gerðum við í þessari Smugudeilu. Hún hófst ekki að frumkvæði íslenskra stjórnvalda. Hún hófst vegna þess einfaldlega að okkur Íslendinga skorti lagaheimildir til þess að banna íslenskum þegnum að veiða á opnu úthafi þótt nærri væri lögsögu Norðmanna. Við buðum hins vegar Norðmönnum þrennt í þeim viðræðum.

Í fyrsta lagi buðum við þeim að það skyldu gilda reglur um veiðar íslenskra aðila í Smugunni eða í grennd við þeirra lögsögu sem væru í samræmi við íslenskar reglur sem eru strangari en þeirra eigin. Þeir höfnuðu því og héldu fram rétti strandríkisins til setningar reglugerðar einhliða.

Í annan stað buðum við upp á kerfisbundið samstarf embættis- og sérfræðinga t.d. á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um frekari þróun hafréttarins.

Í þriðja lagi óskuðum við eftir samningaviðræðum um það hver ætti að verða hlutur Íslendinga að því er varðaði veiðiheimildir í Barentshafinu og það er áreiðanlega viðkvæmasti þáttur þessa máls.

Um það er það að segja að þar hafa Norðmenn tekið sér rétt með því að lýsa á grundvelli norsku landgrunnslaganna yfir 200 mílna lögsögu í kringum einskis manns landið Svalbarða, gert það á grundvelli norsku landgrunnslaganna og talið það hluta af norskri lögsögu. Þeir hafa hins vegar, þegar því hefur verið ögrað af öðrum þjóðum, tekið þann kost að semja við allar þær þjóðir sem þarna hafa leitað eftir réttindum, ef þær hafa verið samningsþjóðir að Svalbarðasamningnum.

Íslendingar eru ein af meiri háttar fiskveiðiþjóðunum á Norður-Atlantshafi sem engra réttinda nýtur. Því er til fljótsvarað að Norðmenn höfnuðu öllum þessum boðum. Þannig að þegar menn harma það að samningar hafi ekki tekist þá verðum við að láta það koma fram að það er ekki af okkar völdum. Við höfum leitað eftir samningum, við erum reiðubúnir til samninga, við viljum fara samningaleiðina. Við gerum okkur það ljóst að hagsmunir þessara þjóða eru það ríkir að því er varðar sameiginlega stofna að samningaleiðina ber að fara.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið máli mínu. Ég hefði gjarnan kosið að geta sagt hér eitthvað um hina þjóðréttarlegu hlið málsins, en það verður að bíða betri tíma. (**Forseti:** Ég vil vekja athygli hæstv. ráðherra á því að hann getur tekið aftur til máls í umræðunni.)

[14:58]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég tek aðallega til máls til að fagna því að þessi tillaga skuli vera fram komin og hún verður vafalaust rædd oft, bæði innan þings og utan og vonandi menn megi eitthvað á því græða. Það er auðvitað staðreynd, eins og kom fram hjá flm. að það er fyrst og fremst VI. hluti hafréttarsáttmálans sem málin snúast um, það eru réttindin yfir hafsbotninum og síðan tengsl hafsbotnsins við auðvitað lífið yfir botninum og það sem þar þróast. Og þess vegna má ræða þetta allt í einu og sama orðinu.

Við getum kannski t.d. af því að það er auðskilið tekið Reykjaneshrygginn fyrstan. Þannig er mál með vexti að um Reykjaneshrygg háttar svo til að um hann var samið á hafréttarráðstefnunni af Íslendingum og Rússum, þeim tveim þjóðum sem settust saman á nokkrum fundum og sömdu um réttindin á þessu hafsvæði. Hvernig stóð á því? Jú, það eru meginatriði í víðáttu hafsins sem hvert ríki getur helgað sér. Þá er meginatriðið það sem kallað er „natural prolongation" eða eðlileg framlenging af landinu þar sem það fer neðansjávar eftir að það gengur til sjávar. Og þessi „natural prolongation" mundi hafa, að því er okkur varðar, leitt til þess að víðáttan hefði orðið gífurleg ef ekkert hefði verið að gert. Hún er ein aðalreglan, er og hefur verið 200 mílur. En að því er okkur varðaði þá hefði gilt um okkur allt önnur regla sem er um 350 mílur og það er á neðansjávarhryggjum sem eru mörg þúsund mílur, bæði á Atlantshafi og á Kyrrahafinu og því náttúrlega ekki hægt við það að una af neinni þjóð að ein þjóð, eins og t.d. við, hefði getað hirt þann hrygg allan nærri því pólanna á milli. Þess vegna var þetta samkomulag gert. Það var spurt á þessum fundum: Ja, hvað getið þið sætt ykkur við mikla aukningu? Við heimtuðum auðvitað meira en 200 mílur og einhver sagði þá: En tvöfalda það? Við fáum 400 í staðinn fyrir 200 og um það var rætt þangað til allt í einu að foringi Rússanna brosti gleitt og sagði: Jæja, verum ekki að rífast þetta lengur, við skulum hafa þetta 350.

Þannig varð þetta nú til og svona getur þetta orðið í þessum heimi okkar, að málin leysast skyndilega og með auðveldum hætti án þess að nokkrar reglur hafi áður gilt, en þá eru þetta núna orðin alþjóðalög.

Svipað má segja um alþjóðalög, um gildi hafréttarsáttmálans núna, hvort það vanti nokkra meðlimi til að skrifa undir samninginn, nokkrar undirskriftir. Það skiptir ekki nokkru máli, ekki hinu minnsta. Þetta eru orðin alþjóðalög fyrir löngu og það er held ég ekki nokkur stofnun sem ekki dæmir eftir reglum hafréttarsáttmálans. Mér er a.m.k. ókunnugt um það og við getum alveg unnið í því trausti.

Við Íslendingar höfum auk þess sérréttindi sem lítið hefur verið haldið á lofti en er eiginlega ástæða til að rifja upp. Þeir hafa nokkuð sem heitir íslenska ákvæðið. Það er að vísu ekki skrifað íslenska ákvæðið, ekki sett beint inn í textann, en það var allra mál að íslenska ákvæðið væri til og gilti fyrir okkur eina og það er 71. gr. samningsins. Þar er fjallað um það að undanþágur þurfi að gefa vanþróuðum ríkjum og sérstaklega landluktum ríkjum. Það eru sérstakar reglur um þau, að þau geti fengið einhverja umbun, einhvern hluta af þeim auðæfum sem verið var að fjalla um eða landfræðilega afskipt ríki. Þetta var í 70. gr. og næst á eftir kemur þessi íslenska grein þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði hinna tveggja greinanna þá gildi það ekki gagnvart strandríki ef efnahagur þess er í mjög miklum mæli háður hagnýtingu hinna lífrænu auðæfa í sér-efnahagslögsögunni.

Þetta er því allt saman í þróun enn þá og þróunin er nokkuð ör að því er ég hef getað aflað mér upplýsinga um og það eru ⅔ hlutar af þjóðum heims eða þar um bil strandríki. Og við getum sagt okkur það sjálft hvort strandríkin ganga ekki eftir sínum eignarrétti og reyni að gera hann sem allra mestan. Það mundum við gera og erum að gera og það mundu allir gera.

Þarna er tekist á í þessu efni alveg eins og öðrum en síðan eru samningar, ýmist óformlegir eða formlegir, sem verða til eftir því sem um málin er rætt. Og sem betur fer er nú reynslan sú að ekki hefur orðið mikið um styrjaldir eða önnur mjög alvarleg átök við lausn deilnanna um hafréttinn síðustu áratugina. Og við getum verið stoltir af því Íslendingar að þó að við höfum verið frekir og ýtnir þá höfum við alla tíð verið tilbúnir til þess að ganga á milli manna og reyna að fá þá samninga fram sem líklegastir væru.

En það er komin hreyfing á þessi hafréttarmál sem eru auðvitað gífurlega mikilvæg og við sjálfstæðismenn og ég persónulega hef flutt tillögu um hafsvæðið. (Forseti hringir.) Ég skal ekki halda áfram með það sem ég ætlaði að byrja að segja. Ég endurtek eingöngu, til að hlýða réttum reglum, að ég gleðst yfir því að nú eru menn farnir að ræða þetta enn á ný og vona að sú umræða beri árangur og sérstaklega við getum verið sammála um lausnina og þurfum ekki að rífast um þetta. Nóg er nú samt.

[15:07]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég kveð mér fyrst og fremst hljóðs til þess að lýsa stuðningi við anda þessarar tillögu. Ég lít svo á að það sé mjög mikilvægt fyrir Ísland að gæta ýtrustu réttinda sinna. Hafið er undirstaða þess að við lifum hér og getum haldið uppi þjóðríki á þessu landi okkar. Þess vegna er það á hverjum tíma mjög mikilvægt að passa upp á réttindi þjóðarinnar og reyna að vinna þeim hljómgrunn og standa vörð um þau svo sem kostur er.

Ég tel líka að það sé mjög mikilvægt og á það vil ég leggja sérstaka áherslu, að efla pólitíska samstöðu um þær aðerðir sem gripið verður til. Sigrar Íslendinga í landhelgismálinu hingað til hafa fyrst og fremst verið unnir á því að það hefur myndast þjóðarsamstaða og samstaða allra stjórnmálaflokka um meginlínur og ég tel að við eigum að kappkosta það svo sem frekast er unnt að halda hver í höndina á öðrum og vinna saman að málinu.

Hér er að vísu um þingmannatillögu að ræða og vissulega hefði verið öflugra ef hæstv. ríkisstjórn hefði haft forgöngu í málinu, en gott er nú samt úr því að svo var ekki að þingmenn sinni þessu verkefni. Ég vil vara við því að menn séu með yfirboð og ég held að við ættum að forðast það en kappkosta að sækja fyllsta sanngjarnan rétt.

Hér er fyrst og fremst talað um útfærslu landhelginnar og á þskj. 3 er önnur hliðstæð tillaga um gæslu íslenskra hafsbotnsréttinda og flm. þeirrar tillögu er hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson. Hann hefur verið óþreytandi að hamra á réttindum Íslendinga á hafsbotninum. Ég verð að viðurkenna að stundum hef ég efast um það að fullyrðingar hans væru raunhæfar, þó ekki alltaf, en mér segir nú svo hugur um að baráttа hans í þessu efni eigi eftir að halda nafni hans á lofti löngu eftir að hann er horfinn héðan af þingi sem ég vona að verði ekki í bráð. Ég tel að við stöndum í mikilli þakkarskuld við hann fyrir það hvað hann hefur verið eljusamur í þessu efni.

Ég tel að þegar þessar tillögur báðar berast utanrmn., þá eigi að leggja vinnu í það að útvíkka tillögu Eyjólfs Konráðs Jónssonar og taka inn í hana efnisatriði úr þeirri tillögu sem hér er til umræðu á þskj. 161 og afgreiða síðan á Alþingi myndarlega ályktun um þetta efni. Í báðum tillögunum er lagt til að kjósa sjö alþingismenn í nefnd og í staðinn fyrir að hafa nefndirnar tvær held ég að það sé eðlilegra að sameina þetta og hafa í einni tillögu en afgreiða málið frá utanrmn., og tel ég víst að svo verði gert.

Mér finnst kenna helst til mikillar einföldunar hjá bæði frsm. tillögunnar og jafnvel hjá hæstv. utanrrh. þegar þeir tala um að engin þversögn geti falist í því að sækja rétt sinn sem strandríki í einu laginu og svo í öðru laginu sem úthafsveiðiþjóð. Ég er ekki að segja að það hafi gerst enn þá en það er eðlilegt að hafa þetta í huga og passa sig að gera ekki fullyrðingar Norðmanna réttar. Ég vil taka það fram, frú forseti, að ég styð skynsamlega sókn á fjarlæg mið og okkur ber efnahagsleg nauðsyn til, en sú sókn verður að vera með þeim hætti að hún spilli ekki réttarstöðu okkar sem strandríkis. Ég tel að sú sjálfsbjargarviðleitni sem íslenskir sjómenn og útgerðarmenn hafa sýnt sé þakklætisverð og nauðsynleg og stjórnvöldum og okkur öll-

um beri skylda til að styðja þá, náttúrlega innan skynsamlegra marka varðandi fiskvernd, varðandi veiðiaðferðir o.s.frv. Við eigum nú í deilum við Norðmenn út af veiðum í Smugunni þar sem Norðmenn eru kannski helst til heimaríkir. Ég tel yfirleitt að deilur eigi að leysa með samningum og ég vænti þess að þessi deila við Norðmenn verði leyst með samningum þegar málið hefur þroskast nægilega. Ég tel að það sé ekki svo enn þá og menn eigi ekki að flýta sér um of að koma á samningum en auðvitað verður þetta að enda með samkomulagi áður en mjög langt um líður.

Stjórnvöld verða að sjálfsögðu að gá að því að fyrirgera ekki rétti eða möguleikum til annarra veiða. Norðmenn hafa á okkur ákveðið tak varðandi síldveiðar, þ.e. ef þeir halda Norðurlandssíldinni niðri með því að veiða hana í því magni að hún hafi ekki skilyrði til þess eða hún þurfi ekki að ganga á Íslandsmið, þá hafa þeir út af fyrir sig möguleika á því að hefna sín með töluvert afgerandi hætti á okkur. Þetta tel ég að við ættum ekki að hætta á, heldur eigum við að semja um þetta og semja um loðnuna þegar tími er til kominn.

Ég ætla, frú forseti, ekki að hafa þessi orð mikið fleiri en ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel að hv. utanrmn. eigi að sameina þessar tvær tillögur sem ég hef nefnt hér á þskj. 3 og á þskj. 161 og leggja fyrir Alþingi myndarlega ályktun um gæslu íslenskra hafsbotnsréttinda og frekari útfærslu landhelginnar.

[15:16]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil byrja á því að taka undir þakkir til flm. fyrir að hreyfa þessari umræðu hér í þinginu en ítreka eins og fram hefur komið af hálfu hæstv. utanrrh. að mjög eðlilega og ákveðið hefur verið unnið mörg undanfarin ár að gæslu þessara réttinda hvort heldur við erum að horfa á almenn fiskveiðiréttindi eða hafsbotnsréttindi okkar. Þetta hefur verið gert með ýmsu móti eins og hæstv. utanrrh. hefur rakið. Síðasta skrefið var stigið í septembermánuði sl. en þá var skipuð sérstök nefnd til þess að endurskoða gildandi lög um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Í erindisbréfi nefndarinnar, sem skrifað var 23. sept., segir svo:

„Veiðar á úthafinu hafa færst í vöxt, bæði veiðar Íslendinga á nálægum sem fjarlægum miðum og veiðar erlendra skipa utan íslensku 200 mílna efnahagslögsögunnar. Slíkar veiðar eru því orðnar miklu brýnna hagsmunamál nú en fyrirsjáanlegt var árið 1976. Samhliða þessu hefur verslun með óunninn fisk aukist verulega á síðustu árum. Hefur það í mörgum tilfellum orðið til þess að veikja möguleika á því að ná fram ábyrgri nýtingu auðlindarinnar, m.a. vegna þess að ekki er vitað hve mikið er veitt úr viðkomandi stofnum. Jafnframt hefur mikil þróun orðið í hafréttarmálum. Efnisreglur hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagslögsögu, úthaf og verndun og stjórnun hinna lífrænu auðlinda úthafsins hafa hlotið viðurkenningu sem þjóðréttarreglur. Nánari þjóðréttarreglur á ýmsum þessum sviðum eru nú í mótun á vegum Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra, svo sem varðandi deilistofna, miklar fartegundir og útflöggun fiskiskipa. Hefur Ísland haft forustu ásamt fleiri strandríkjum varðandi tillöguflutning í þessum efnum og er í þeim tillögum m.a. gert ráð fyrir ríkri skyldu fiskveiðiþjóða til stjórnunar og eftirlits með veiðum fiskiskipa sinna á alþjóðlegu hafsvæði.

Af framangreindum orsökum er þörf á að fram fari mat á því hvernig hagsmunir Íslands varðandi veiðar á úthafinu verði best tryggðir til lengri tíma litið og hvaða löggjöf er nauðsynleg í þeim efnum. Ráðuneytið telur æskilegt að störfum nefndarinnar verði hraðað þannig að fjalla megi um tillögur að nýjum lögum um veiðar íslenskra skipa utan efnahagslögsögu Íslands á komandi þingi."

Hér er með öðrum orðum hafið nefndarstarf þar sem verið er að fjalla um flest þau atriði sem um getur í tillögu hv. flm. Í þessari nefnd eiga sæti forustumenn allra þingflokka á Alþingi og sömuleiðis forustumenn allra helstu hagsmunasamtaka í sjávarútvegi. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram í umræðunni að ég tel mjög mikilvægt að við leitum eftir sem víðtækastri samstöðu hér á Alþingi og í sjávarútveginum um allar frekari aðgerðir í þessu efni. Það er engum vafa undirorpið að sá árangur sem við höfum náð á alþjóðavettvangi í landhelgisbaráttunni á fyrst og fremst rætur að rekja til þess að þjóðin bar gæfu til að standa saman í þessum efnum.

Við höfum verið brautryðjendur með þeim árangri að hafa tryggt okkar eigin landhelgi og enn fremur með þeirri afleiðingu að nú fara veiðar að stærstum hluta til fram innan lögsögu ríkja eða undir ákveðinni stjórn. Það er svo komið að aðeins 8% af heildarfiskaflanum í heiminum er veiddur á alþjóðlegu hafsvæði og enn minni hluti er veiddur úr stofnum sem ekki lúta ákveðinni stjórnun. Þróunin hefur mjög ákveðið verið í þá átt að veiðar í heiminum fara annaðhvort fram innan lögsögu eða úr stofnum sem samkomulag hefur tekist um stjórnun á og framtíðarhagsmunir okkar eru því vitaskuld fyrst og fremst fólgnir í því að tryggja stöðu okkar að því er varðar stjórnun á mikilvægum stofnum.

Haustið 1991 fékk ég bréf frá þáverandi sjávarútvegsráðherra Kanada sem óskaði eftir samstarfi okkar Íslendinga um það að taka á rányrkju, einkanlega Evrópubandalagsþjóðanna, fyrir utan fiskveiðilögsögu Kanada. Við töldum það vera í samræmi við okkar hagsmuni að taka á þessu máli með Kanadamönnum og í framhaldi af því skipuðum við okkur í fimm ríkja forustusveit á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem nú er verið að fjalla um möguleika á frekari reglum um stjórnun veiða á flökkustofnum og deilistofnum. Hér er í raun og veru verið að fjalla um möguleika á því að ná samkomulagi um alþjóðareglur til fyllingar þeim réttindum sem kveðið er á um í hafréttarsáttmálanum. Þar er bæði fjallað um réttindi og skyldur ríkja varðandi veiðar utan lögsögumarka, en mjög skortir á allar efnisreglur sem styðjast má við um það hvernig framfylgja eigi þeim rétti og koma fram þeim skyldum sem þar er kveðið á um. Og á ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna eru menn nú fyrst og fremst að reyna að

komast að niðurstöðu um það með hvaða hætti unnt er að fylgja þessum reglum eftir og gera þær virkar. Öll frekari útfærsla okkar á landhelginni eða setning löggjafar um stjórnun veiða utan lögsögumarkanna hlýtur að byggjast á þeim rétti sem við höfum unnið með tilurð hafréttarsáttmálans. En þó að hann kveði einungis á um 200 mílna efnahagslögsögu er eins og hér hefur komið fram í umræðunni einnig um að ræða réttindi utan lögsögumarkanna, fyrst og fremst að því er varðar hafsbotnsréttindin, en einnig að því er varðar réttindi strandríkja þegar um er að ræða stofna sem bæði eru innan og utan lögsögumarka og á grundvelli hafréttarsáttmálans hljótum við að byggja frekari löggjöf okkar um þessi efni.

Hér hefur af hálfu 1. flm. verið bent á áhuga Kanadamanna um að setja löggjöf um stjórnun veiða utan lögsögumarkanna sem ég tel vera mjög áhugaverða. Sams konar hugmyndir hafa verið til að mynda í Chile um setningu löggjafar til þess að tryggja stjórnun utan lögsögumarka. Ég tel að það sé mjög eðlilegt að við á grundvelli hafréttarsáttmálans hugum að réttarstöðu okkar og frekari hagsmunagæslu á þessu sviði. Sú nefnd sem skipuð hefur verið af hálfu sjútvrn. með fulltrúum allra flokka og hagsmunasamtaka í sjávarútveginum mun fjalla um þessi mál og leggja fram tillögur. Ég vona að það takist síðar á þessu þingi og þá verður hægt að fjalla um þau viðfangsefni með eðlilegum hætti.

[15:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta er mjög mikilvægt mál sem við erum hér að ræða um. Eitt af allra stærstu hagsmunamálum þjóðarinnar um langa tíð hefur verið réttindin til að nýta hafið í kringum landið og sú barátta er ekki á enda enn. Ég held að það hafi verið full ástæða til að flytja þessa þáltill. Það sýndi sig í sumar þegar íslensku skipin héldu til veiða í Smugunni að þá kom nokkuð á ráðamenn þjóðarinnar. Þeir brugðust við með þeim hætti í upphafi að menn vissu ekki hvort flotinn yrði stöðvaður af eða hvort hann fengi að gera tilraun til þess að nýta þetta hafsvæði til hagsbóta fyrir hrjáða útgerð í landinu.

Tillagan er raunar í tvennu lagi. Hún gengur út á að við samræmum afstöðu okkar til mála. Það er full ástæða til að gera það og ég tek undir með þeim hv. þm. sem hafa sagt það hér á undan mér í þessari umræðu að auðvitað þurfum við að hafa samráð og samstöðu í þessu máli, út á það gengur nákvæmlega þessi tillaga. Enda er gert ráð fyrir því að þessi nefnd hafi einungis stuttan tíma til þess að vinna að málinu. Hún eigi að skila áliti ekki síðar en í mars á næsta ári. Þetta snýst fyrst og fremst um að samræma skoðanir manna til þessara tveggja stóru mála sem snúast í aðalatriðum um annars vegar útfærslu landhelginnar og hins vegar afstöðuna til réttinda á alþjóðlegum hafsvæðum.

Það felst ekki í mínum orðum nein gagnrýni á framgang stjórnvalda núna að undanförnu í þessu máli að öðru leyti en því sem kom fram í máli mínu hér áðan. Ég held að það hafi einfaldlega allir verið óviðbúnir þessari siglingu íslenskra skipa á erlend hafsvæði þrátt fyrir það að menn hafi hvatt íslenska útgerðarmenn til þess í fjöldamörg ár að reyna fyrir sér á alþjóðlegum hafsvæðum. Það er því í sjálfu sér ekki þannig gagnrýni sem ég er að koma á framfæri. Ég held hins vegar að við megum ekki leiða umræður um þetta mál út í neins konar karp. Ég get vel hugsað mér að tekið verði á þessu máli með einhverjum þeim hætti í utanrmn. og síðan í framhaldi hér á þinginu að það verði skoðað í samhengi við önnur mál sem hér hafa komið fram.

Ég er enginn spámaður og ég get ekki haldið fram neinni sérstakri skoðun á því hver verður niðurstaðan um réttindi strandríkja í framtíðinni, hvort við megum eiga von á því að við náum því að hafa full yfirráð yfir 350 mílna hafsvæði hér á landgrunninu sem liggur t.d. suðvestur af landinu. Ég vona að það geti farið þannig, en ég held að það væri mikið ábyrgðarleysi ef við gerðum bara ráð fyrir því að þannig færi það og beittum okkur ekki af alefli fyrir því að tryggja okkar réttindi ef þetta gerist ekki. Og þá á ég við það að við eigum auðvitað að reyna að gera það sem við getum til að tryggja okkur réttindi á alþjóðlegum hafsvæðum sem íslenskir útgerðarmenn eru núna loksins byrjaðir að reyna að nýta sér. Það kemur auðvitað margt til og ýmislegt af því og sjálfsagt flest verður skoðað í þeirri nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði núna í haust, en þeirri nefnd var þó skipað það þröngt hlutverk að þar var ekki talað um að menn skoðuðu útfærslu landhelginnar. Hæstv. ráðherra orðaði það svo hér áðan eftir því sem ég man best að þessi nefnd hefði með höndum flest það sem kæmi fram í þessari þáltill. sem hér er til umræðu. En ég verð að segja það alveg eins er að þegar ekki er um það að ræða að skoða útfærslu landhelginnar þá tel ég að nefndin hafi engan veginn það sama hlutverk og hér er lagt til að sú nefnd fái sem þáltill. snýst um.

Það er ótal margt sem væri ástæða til að ræða í tengslum við þetta mál og í tengslum við það að Íslendingar fari nú að nýta sér veiðar á erlendum hafsvæðum. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef orðið nokkuð undrandi á því hvernig Norðmenn sérstaklega hafa brugðist við. Þeir hafa nánast tekið þessum málum eins og þeir væru búnir að tryggja sér fullkomlega yfirráðarétt yfir því hafsvæði sem íslensku skipin hafa verið að athafna sig á. Það er auðvitað óþolandi að þjóðir hagi sér með þeim hætti. Það er nú einu sinni þannig að við erum að tala um hafsvæðið sem almennt séð er ekki deilt um að sé alþjóðlegt hafsvæði. Þó það hafi ekki náðst samningar um með hvaða hætti eigi að stjórna veiðunum á þessu svæði þá finnst manni að það ætti að vera öllum siðuðum mönnum ljóst að það þurfi að semja um þessi mál og að einhverjar þjóðir, þó þær eigi landhelgi að þessu hafsvæði, geti ekki ákveðið það að nýta fiskstofna sem þar eru og setja um það þannig reglur að ekki sé eðlilegur nýtingarréttur á þessu hafsvæði.

Þá kem ég að því sem ég var að byrja að tala um áðan, þ.e. það verður auðvitað að semja um hvaða hluta af veiðum úr fiskstofnum sem þarna er um að ræða á að úthluta til veiða í Smugunni. Það er síðan

flókið mál að finna það út hverjir mega veiða þennan fisk sem leyft verður að veiða í Smugunni. En ég tel að það sé reyndar þannig að við séum einfaldlega undir þeim reglum nú með þessi mál að við verðum að sæta því að skipta þeim veiðiréttindum milli þeirra sem lýsa því yfir að þeir ætli sér að nýta veiðiréttindi þarna. Það hlýtur því að verða þannig að lokum að þær þjóðir sem vilja sinna því að veiða á þessum erlendum hafsvæðum, þær verða þá eftir við þá nýtingu sem hafa besta aðstöðu til þess. Ég gæti svo sem vel trúað því að þegar upp verður staðið þá hefði íslenski flotinn ekki minni möguleika á því að nýta sér Smuguna heldur en aðrar þjóðir sem það hafa verið að gera, vegna hagkvæmni útgerðar okkar.

[15:32]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Hér er fjallað um stefnumótun Íslands varðandi frekari útfærslu landhelginnar og réttindi Íslendinga á úthafinu og hvernig eigi að standa að því máli og lagt til að Alþingi álykti að kjósa sjö manna nefnd skipaða fulltrúum allra þingflokka til að kanna möguleika á frekari útfærslu íslensku efnahagslögsögunnar.

Nefndin geri einnig tillögur um hvernig aflað skuli ýtrustu réttinda Íslendingum til handa á hafsvæðum sem liggja að íslensku efnahagslögsögunni á úthafinu og hvernig þeirra verður best gætt. Síðan er því nánar lýst hvernig nefndin á að starfa og hún eigi að skila áliti eigi síðar en 1. mars 1994.

Það hefur komið fram í umræðunum að á þskj. 3 er lagt til að Alþingi kjósi sjö alþingismenn til að starfa með ríkisstjórninni að framgangi þess máls sem þar er fjallað um, um gæslu íslenskra hafsbotnsréttinda. Það hefur einnig komið fram að þann 23. sept. sl. skipaði hæstv. sjútvrh. nefnd sem á að skila áliti væntanlega upp úr áramótunum sem snertir þessi mál, þ.e. réttindi Íslendinga til veiða utan okkar lögsögu. Við erum því að fjalla um þrjú mál, náskyld, og í öllum tilvikum er verið að tala um það að alþingismenn setjist í nefnd til þess að sinna þessum málum. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v., sem kom fram í hans máli áðan, að ég tel eðlilegt þar sem tillögunni á þskj. 3 var vísað til utanrmn. og gerð er tillaga um að þessari tillögu verði einnig vísað til nefndarinnar, að nefndin hljóti að líta á þessi mál í samhengi og skoði hvernig og hvort unnt sé með einum eða öðrum hætti að sameina þau eða samtengja þannig að ekki sé verið að sinna báðum þessum málum samtímis af nefndum sem kjörnar eru á hinu háa Alþingi. Ég tel einnig að með hliðsjón af því sem fram hefur komið í umræðunum varðandi þá nefnd sem hæstv. sjútvrh. hefur skipað og þar sem hún á að skila áliti nægilega snemma til þess að unnt sé að taka afstöðu til hennar tillagna á þessu þingi, þá sé eðlilegt að hv. utanrmn. hafi hliðsjón af því við ákvarðanir sínar. Þar eiga sæti fulltrúar þingflokka, m.a. einn af utanríkismálanefndarmönnum, hv. þm. Geir H. Haarde er formaður þeirrar nefndar.

Mér finnast því skynsamlegustu vinnubrögðin í þessu máli þau að við reynum að samtengja þetta allt og vonandi koma okkur saman um heildstæða stefnumótun þannig að unnt sé að vinna að framgangi þessara miklu mála. Það er rétt sem fram hefur komið hér að það er tímabært að gera það. Það hefur einnig verið gert af hálfu Íslands, það hefur komið fram í máli hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. að það hafa verið lagðar fram tillögur á vettvangi Sameinuðu þjóðanna varðandi þessi mál á grundvelli hafréttarsáttmálans. Ég hef það að vísu við þann málatilbúnað að athuga að ég hefði talið eðlilegt að áður en þær tillögur voru kynntar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og lagðar fram í nafni Íslands að um málið hefðu farið fram umræður á vettvangi Alþingis og menn hefðu getað rætt um það betur heldur en gert hefur verið og hefðu vitað betur um hvað það mál snýst allt saman. Það hefur verið unnið að kynningu á þeim tillögum á vettvangi utanrmn. og sjútvn. Nefndirnar héldu tvo fundi sameiginlega í sumar eða síðsumars eftir að deilan varð við Norðmenn um veiðarnar í Smugunni. Í þeirri deilu hefur reynt á þessa stefnumörkun okkar og þar hafa menn verið að ræða um það, eins og fram hefur komið í umræðum áður, hvort við séum að falla frá því að gæta hagsmuna sem strandríki og taka frekar upp hagsmunagæslu sem úthafsríki. Það hefur einnig komið fram að það sé nauðsynlegt að samræma þetta hvort tveggja og því er ég sammála, það eigi að vera samræmd stefna Íslands sem taki mið af íslenskum hagsmunum almennt og við eigum að gæta þess að þegar við lendum í deilum eins og þeim sem við höfum lent í varðandi veiðarnar í Smugunni, þá eigum við ekki að fórna hagsmunum okkar sem strandríkis. Við eigum að gæta þess í samræmi við þann málatilbúnað sem við höfum haft uppi á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Hér er sem sagt um mál að ræða sem hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál okkar allra hvar sem við stöndum í stjórnmálaflokkum. En hitt blasir við, með hliðsjón af þeim tillögum sem fyrir liggja og því starfi sem unnið er á vegum sjútvrn. með þátttöku þingmanna, að það hlýtur að verða hlutverk utanrmn. sem fær þessi mál til meðferðar að um leið og menn reyna að komast að sameiginlegri niðurstöðu um efni málsins þá sé vinnubrögðum þannig háttað að kraftarnir nýtist sem best. Þess vegna tel ég skynsamlegast, eins og raunar hefur komið fram, að tillagan á þskj. 3 og tillagan á þessu þskj. verði unnar að einhverju leyti í sameiningu í hv. utanrmn. og síðan verði þess beðið hvað kemur frá þeirri nefnd sem hæstv. sjútvrh. skipaði og með hliðsjón af því verði síðan unnið að stefnumörkun á síðari hluta þingtímans í vetur.

[15:39]

Flm. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa orðið og ágætar undirtektir við þessa tillögu. Í fyrsta lagi vil ég þakka hæstv. utanrrh. sem talaði fyrstur og taldi þetta að vísu vera litla tillögu en um mjög stórt mál og fór svo yfir ýmsa þætti sem að stjórnvöldum hafa snúið undanfarið í því sambandi.

Þá er rétt að byrja á því að nota tækifærið og leiðrétta missögn sem ég fór með áðan. Ég stóð í þeirri trú að forusta í þátttöku Íslands á úthafsveiðiráðstefnu Sameinuðu þjóðanna væri skipuð starfsmönnum utan-

rrn. en upplýst er að lögfræðingur úr sjútvrn. mun vera í forustu fyrir fimm ríkja hópi af Íslands hálfu og vera aðalfulltrúi okkar í því starfi og er það vel.

Ég vil sérstaklega taka undir það, og reyndar kom það skýrt fram í minni framsögu, sem hæstv. utanrrh. kom inn á, að ég held að menn eigi að skoða hagsmuni Íslands í þessu sambandi á mjög breiðum grunni. Við hljótum að ætla okkur það sem ein af þeim þjóðum heimsins sem hvað mest á undir sjávarútvegi af öllum að sækja og gæta okkar hagsmuna á sem allra breiðustum grundvelli í þessu sambandi. Ég tel að í raun sé engin tvöfeldni og engin mótsögn fólgin í því að reyna að sækja okkar hagsmuni jafnt sem strandríki og að svo miklu leyti sem raunhæft er og eftirsóknarvert líka, sem þjóð sem nýtir sér veiðimöguleika utan landhelgi.

Það er að sjálfsögðu stórmál fyrir okkur að okkar hlutdeild í veiðum úr þeim stofnum sem að einhverju leyti eru utan og innan okkar lögsögu og á hafsvæðunum í nágrenni við okkar lögsögu, verði sem allra mest. En staðreyndin er auðvitað sú, og það verðum við Íslendingar einfaldlega að horfast í augu við, að fram á síðustu missiri þá höfum við ekki verið gerendur í þeirri þróun. Við höfum siglt í kjölfar annarra þjóða sem uppgötvað hafa veiðislóðir og tekið til við að nýta veiðimöguleika, jafnvel alveg upp undir okkar lögsögumörkum. Þannig var það til að mynda að nánast eins og fyrir tilviljun bárust hingað fréttir og myndbandsupptökur af stórkostlegum veiðum Frakka á blálöngu á Franshóli, sem er bókstafalega á lögsögumörkuðunum. Þetta kveikti svo í íslenskum skipum sem fóru þarna til veiða og blönduðu sér í hóp þeirra frönsku skipa sem þarna voru fyrir. Auðvitað má það vera okkur nokkuð umhugsunarefni hvernig þessir hlutir hafa gengið til á síðustu missirum, að við höfum alls ekki, að mínu mati, náð að vera nógu mikið í fararbroddi og nógu miklir gerendur í því að rannsaka og nýta möguleika sem okkur standa opnir til veiða hér, jafnvel alveg upp undir okkar eigin lögsögumörkum.

En vonandi er þar að verða breyting á. Í raun og veru má segja að það hafi orðið sprenging í þessum málum á sl. ári eða þessu ári, með stórauknum veiðum utan landhelginnar og auðvitað stórauknu aflaverðmæti sem af þeim veiðum er að koma.

Ég vil taka það fram, vegna orða bæði hæstv. utanrrh. og síðar hæstv. sjútvrh., að mér er að sjálfsögðu ljóst að þessum málum hefur vissulega verið sinnt af stjórnvöldum á undanförnum árum og skárra væri það nú, það er engu öðru haldið hér fram. Ég held hins vegar að það sé alveg ljóst að of lítil umræða hefur verið um þessi mál innan lands fram á síðustu mánuði og reyndar hef ég það milliliðalaust eftir þeim embættismönnum sem þessu hafa sinnt á undanförnum árum fyrir Íslendinga að þeir hafi uppgötvað sig oft á tíðum ansi einmana í því að reyna að halda uppi merkinu, eftir að mesti áhuginn dofnaði innan lands og í almennri umræðu um þessi mál í kjölfar útfærslu landhelginnar á áttunda áratugnum, að undanskildum að sjálfsögðu einstökum eldhugum sem haldið hafa uppi umræðum um þessi mál.

Ég held að hitt sé einnig ljóst sem hv. þm. Björn Bjarnason nefndi, formaður utanrmn., að það hefur á köflum skort á að nægjanlegt samráð hafi verið og samstarf um þessi mál milli stjórnvalda, þ.e. framkvæmdarvaldsins og Alþingis. En að sjálfsögðu ber að virða það sem vel hefur verið gert og það sem unnið hefur verið að þessum málum, bæði hafsbotnsréttindamálum og öðrum málum á undanförnum missirum.

Þá vil ég þakka þann stuðning sem kom fram í máli hv. þm. Eyjólfs Konráðs Jónssonar, Páls Péturssonar og reyndar fleiri við tillöguna. Ég held að það sé líka ágæt hugmynd sem hv. 1. þm. Norðurl. v. Páll Pétursson nefndi, að utanrmn. vinni þannig að þessum tillögum að þær verði sameinaðar eða skoðaðar sameiginlega og það var önnur meginástæðan fyrir því að ég valdi að gera tillögu um að þetta mál skyldi ganga til utanrmn. að það gæti orðið samferða þeirri tillögu sem fyrir liggur um hafsbotnsréttindin. Vissulega hefði eins mátt rökstyðja að þetta mál ætti heima í sjútvn. þar sem formleg úrfærsla landhelginnar mundi í sjálfu sér væntanlega, hér eftir sem hingað til, byggja á grundvelli laga og reglugerða útgefnum af sjútvrn. En með það í huga að þetta mál tengist ekki síður úthafsveiðum og hugsanlegum alþjóðlegum samningum á því sviði, sem er á verksviði utanrrn. og utanrmn., og til að báðar tillögurnar geti meðhöndlast á sama vettvangi þá kaus ég að leggja þetta til. Ég tel undirtektir hv. þingmanna og ekki síst formanns utanrmn. hafi gefið fullt tilefni til bjartsýni á að það hafi verið vel ráðið.

Ég tek svo undir það sem hæstv. sjútvrh. kom inn á, að það er mjög áhugavert fyrir okkur Íslendinga að fylgjast grannt með og ekki bara það heldur vera fullir þátttakendur í þeirri þróun mála sem er á ferðinni og verulegur rekspölur er á, t.d. eins og hæstv. sjútvrh. nefndi meðal þjóða eins og Kanadamanna og Chilebúa og ég hygg reyndar einnig fleiri þjóða, margra sem taka þátt í „líkt þenkjandi ríkja hópnum", eins og það á víst að íslenskast, samanber hæstv. utanrrh. hér áðan, þ.e. þess hóps strandríkja sem hefur valið til forustu fimm ríki fyrir sína hönd og Ísland er eitt af þeim. Í þeim hópi eru önnur ríki eins og Kanada, Argentína, Nýja-Sjáland og Chile og fleiri, allt í allt ein 50–60 ríki sem telja sameiginlegum hagsmunum sínum borgið í því samstarfi. Þarna þurfum við að fylgjast vel með og vera fullgildir þátttakendur og virkir þátttakendur í þróun mála.

Ég held að hv. 3. þm. Vesturl. hafi einnig hitt naglann á höfuðið þegar hann sagði að það sem væri ekki síst brýnt í þessum málum að samræma stefnu íslenskra stjórnvalda og fara yfir hana á nýjan leik í ljósi þróunarinnar og þess sem gerst hefur og með það að markmiði og leiðarljósi að gæta íslenskra hagsmuna sem best á breiðum grundvelli. Út á það gengur í raun og veru þessi tillaga og allt það starf sem hér er til umræðu eða rætt er um. Hér eru á ferðinni á þrennum vígstöðvum náskyld eða tengd mál, eins og hv. 3. þm. Reykv. réttilega nefndi, það er tillaga á þskj. 3, það er þessi tillaga og það er það nefndarstarf sem vitnað hefur verið til á vegum hæstv. sjútvrh.

Ég held að það sé vel ráðið að utanrmn. hafi það

sérstaklega í huga í starfi sínu að þessum málum að samræma þetta starf og eftir atvikum sameina eða afgreiða með einhverjum samræmdum hætti þessar tillögur og hafa það jafnframt til hliðsjónar hver afrakstur verður af nefndarstarfi hæstv. sjútvrh. enda á eðli málsins samkvæmt að hafa um þetta mál samráð við utanrmn. Á því hvílir bein lagaskylda og þess vegna hlýtur það að vera á sínum stað og nákvæmlega það að meðferð þessara mála og samræming starfs á þessu sviði sé þá á hendi hv. utanrmn.

Fleira ætla ég ekki að segja um þetta, hæstv. forseti, ég þakka fyrir þessar umræður og þær undirtektir sem tillagan hefur fengið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9.–13. mál.

Fundi slitið kl. 15.49.

---

33. FUNDUR

fimmtudaginn 11. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Alþjóðleg skráning skipa, þáltill., 104. mál, þskj. 107. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Útfærsla landhelginnar, þáltill., 145. mál, þskj. 161. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, stjfrv., 9. mál, þskj. 9, nál. 214 og 229, brtt. 230. — 2. umr.
4. a. Hæstiréttur Íslands, stjfrv., 196. mál, þskj. 218. — 1. umr.
   b. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 197. mál, þskj. 219. — 1. umr.
   c. Meðferð einkamála, stjfrv., 198. mál, þskj. 220. — 1. umr.
5. Niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg, skýrsla, 61. mál, þskj. 195.
6. Þvottahús Ríkisspítalanna, stjfrv., 173. mál, þskj. 191. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Biðlaunaréttur, 208. mál, fsp. RA, þskj. 232.

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, 9. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 229; brtt. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 230.

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, 2. umr.

Stjfrv., 9. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 9, nál. 214 og 229, brtt. 230.

[10:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. vegna frv. til laga um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga. Þetta eru bráðabirgðalögin svokölluðu frá því í sumar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund fjölmarga aðila sem getið er í álitinu. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[10:33]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta efh.- og viðskn., nál. á þskj. 229. Minni hlutann skipa auk ræðumanns hv. þm. Halldór Ásgrímsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Kristín Ástgeirsdóttir. Minni hlutinn flytur jafnframt brtt. á þskj. 230, sem ég mun gera grein fyrir.

Í tengslum við kjarasamninga sl. vor gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu, dags. 21. maí, um ýmsar aðgerðir af hálfu ríkisins til að uppfylla forsendur kjarasamninga eins og þeir lágu fyrir eða voru grundvallaðir á þátttöku ríkisvaldsins í ýmsum aðgerðum, svo sem fjárframlögum til atvinnuskapandi aðgerða, tímabundna endurgreiðslu tryggingagjalds og fleiri þátta. Minni hlutinn er þeirrar skoðunar að fullkomlega eðlilegt og réttmætt sé að ríkisvaldið sé í samstarfi við aðila vinnumarkaðarins og leggi sitt af mörkum til að greiða fyrir kjarasamningum og friði á vinnumarkaði. Við leggjumst ekki gegn efnisatriðum frv. eins og þau liggja fyrir og ganga út á að uppfylla þær skyldur sem ríkisstjórnin eða ríkisvaldið undirgekkst í þessu sambandi í tengslum við gerð þessara kjarasamninga. Við teljum hins vegar að við þær aðstæður sem uppi voru sl. vor hefði tvímælalaust verið rétt að kalla Alþingi saman til að afgreiða nauðsynlegar lagaheimildir þar að lútandi.

Það verður að átelja það harðlega að ekkert samráð af neinu tagi var haft við Alþingi, við fjárln. eða efh.- og viðskn. við afgreiðslu málsins. Þetta er á allan hátt óeðlilegt, ekki síst þegar haft er í huga að þarna voru til ráðstöfunar miklir fjármunir, svo sem milljarður kr. í atvinnuskapandi aðgerðir, og það þarf ekki að kynna það hv. alþm. að það er ekki eðlilegur framgangsmáti að framkvæmdarvaldið taki sér vald til að skipta slíkum opinberum fjármunum, það er hlutverk Alþingis og

á að afgreiðast hér, svo ekki sé nú talað um þegar slíkt er gert án samráðs við þær nefndir þingsins sem um slík verkefni fjalla.

Það hefur endurtekið gerst í tíð þessarar ríkisstjórnar að miklum fjárhæðum hefur verið ráðstafað á einstök verkefni eða skipt á einstök verkefni af hálfu framkvæmdarvaldsins og ber að átelja slíkt. Það ætti að vera óþarfi að minna á í þessu sambandi að Alþingi situr nú allt árið samkvæmt nýjum lögum. Nefndir þingsins starfa allt árið og því er ekkert að vanbúnaði og ekkert til fyrirstöðu að kalla þær saman til funda af samráð þarf að hafa um aðgerðir af þessu tagi. Sjálft þingið er unnt að kalla saman með tiltölulega mjög stuttum fyrirvara ef afgreiða þarf lagabreytingar eins og þá sem hér á í hlut.

Meðferð núverandi stjórnarflokka á bráðabirgðalagavaldinu er að okkar mati mjög ámælisverð. Þetta er í annað sinn sem ríkisstjórnin grípur til setningar bráðabirgðalaga á ferli sínum og í hvorugt skiptið hefur að okkar mati verið til að dreifa þeirri brýnu þörf og þeirri aðkallandi nauðsyn að setja lög án þess að tími gæfist til að kalla Alþingi saman. Hæstv. forsrh. hefur reyndar viðurkennt að hann eftir á að hyggja telji að ríkisstjórnin hafi gert mistök í því að kalla ekki Alþingi saman þegar bráðabirgðalögin voru sett hið fyrra sinnið og ég held að augljóst sé að það sama eigi við um þessa bráðabirgðalagasetningu. Það var engin knýjandi nauðsyn á tafarlausri lagasetningu á sl. vori, þvert á móti lá fyrir að minnihlutaflokkarnir voru tilbúnir til að koma til fundar og afgreiða lagasetninguna þar. Það liggur jafnframt fyrir að afstaða minni hlutans efnislega til málsins er slík að við leggjumst ekki gegn þessum atriðum sem hér eru á ferðinni og hefðum þar af leiðandi ekki á nokkurn hátt tafið fyrir því að lög væru sett til þess að uppfylla skyldur ríkisvaldsins í þessu efni ef þing hefði verið kallað saman á sl. vori. Það er af þessum ástæðum sérstaklega, hæstv. forseti, sem minni hlutinn kýs að sitja hjá við afgreiðslu málsins og vísar ábyrgð af þessum vinnubrögðum á hendur ríkisstjórnarinnar og stuðningsflokka hennar.

Þá hafa einnig verið uppi talsverðar efasemdir um að ríkisstjórnin hafi staðið við þær yfirlýsingar sem gefnar hafa verið og þá ekki síður gagnrýni á með hvaða hætti ríkisstjórnin hefur gengið fram í því máli. Það er að vísu ljóst að á grundvelli uppsagnarákvæða kjarasamningsins hefur verkalýðshreyfingunni tekist að knýja fram efndir á ýmsum þáttum sem áður virtist ætlun ríkisstjórnarinnar að vanefna og sömuleiðis er lítill vafi á að hótunin um uppsögn kjarasamninga leiddi til þess að loks var gripið til aðgerða gagnvart vaxtaokrinu.

Þá fékk verkalýðshreyfingin því einnig áorkað að ríkisstjórnin hætti við eða a.m.k. breytti að nokkru áformum sínum um nýjar álögur og má þar nefna hinn nýja atvinnuleysisskatt og heilsukortin, sem áformað var samkvæmt fjárlagafrv. að taka upp, en með þeim átti að selja mönnum aðgang að heilbrigðiskerfinu eins og kunnugt er. Þessar breytingar hafa síðan leitt til þess að af uppsögn kjarasamninganna, sem áður lá í loftinu, verður ekki þar sem það er mat samningsaðila að fyrir slíkri uppsögn séu ekki forsendur. En það breytir ekki því að framganga ríkisstjórnarinnar og öll málsmeðferð í þessu sambandi er ámælisverð.

Þá vil ég fjalla, hæstv. forseti, um þann þátt þessa máls sem lýtur að sjávarútveginum og sérstaklega meðferð aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Þar liggur á bak við alllöng saga sem ástæða væri til að rifja upp ef hv. þm. er hún ekki kunnug, en satt best að segja er meðferð hæstv. ríkisstjórnar á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs að verða harla skrautleg svo ekki sé nú meira sagt. Eins og kunnugt er greip ríkisstjórnin til þess ráðs í upphafi ferils síns að ákveða að nú skyldi selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs og átti það að heita svo á fyrsta árinu að þær skyldu fénýttar til að standa straum af kostnaði vegna hafrannsókna í landinu. Framkvæmdin hefur hins vegar orðið öll í skötulíki og litlar tekjur hafa hlotist af þessum áformum ríkisstjórnarinnar. Sumarið 1992 lá það fyrir að veiðiheimildir yrðu skertar verulega, einkum í þorski, og kom þá strax upp umræða um að nauðsynlegt væri að nýta veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs til jöfnunar til að draga úr áfallinu fyrir þær útgerðir og þau byggðarlög sem mesta skerðingu fengju. Stjórnarandstaðan var eindregið þeirrar skoðunar að þessari aðferð ætti að beita og sömuleiðis virtist hæstv. sjútvrh. vera á þessari skoðun. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar varð engu að síður sú að veiðiheimildirnar skyldi áfram selja en gefin var út yfirlýsing um það af hálfu hæstv. forsrh. og loforð að útgerðunum yrði bætt með sérstökum fjárframlögum aflasamdrátturinn þannig að það kæmi út á eitt og var talað um að innan fárra daga, nánar tiltekið ákveðinn föstudag, mundi niðurstaða fást í málinu og eftir það mættu útgerðarmenn vænta ávísana frá hæstv. ríkisstjórn. Þetta var gert undir því forordi að vandinn væri meira byggðalegs eðlis heldur en að hann sneri sérstaklega að útgerðinni og þar með heyrði málið sérstaklega undir hæstv. forsrh. en ekki sjútvrh.

Óþarft er væntanlega að rekja fyrir hv. alþm. þessa sorgarsögu alla. Útgerðarmenn í landinu biðu mánuðum og missirum saman eftir ávísunum frá hæstv. forsrh. sem aldrei komu. Allan þennan tíma rembdist stjórn Hagræðingarsjóðs við að reyna að selja veiðiheimildirnar með litlum árangri, en þó var það svo að einstöku útgerðarmenn glöptust á því að kaupa þær og var þeim í reynd mismunað í ljósi þess sem síðar gerðist.

Stjórnarandstaðan lagði til snemma hausts 1992 að kannað yrði til þrautar hvort samstaða gæti tekist um það hér á Alþingi að nota veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs í þessu skyni til jöfnunar gagnvart þeim útgerðum og þeim byggðarlögum sem mestan samdrátt höfðu þá orðið að þola eða blasti við að mestan samdrátt mundu þola í veiðiheimildum á komandi fiskveiðiári. Meðal annars voru tilmæli send til stjórnar Hagræðingarsjóðs um það síðsumars eða snemma hausts 1992 hvort stjórnin treysti sér til að bíða með það að hefja sölu veiðiheimilda á meðan málið yrði kannað. En skemmst er frá því að segja að stjórn Hagræðingarsjóðs svaraði því þannig að hún teldi sig ekki hafa lagaheimildir til annars en að undirbúa og hefja sölu veiðiheimildanna eins og þágildandi lög um Hag-

ræðingarsjóð sjávarútvegsins gerðu ráð fyrir, en þau hljóða á þann veg að við upphaf fiskveiðiársins skuli stjórn Hagræðingarsjóðs bjóða veiðiheimildirnar til sölu, fyrst áður en fiskveiðiárið hefst, kanna það hvort einhver byggðarlög á grundvelli þar tilskilinna ákvæða telji sig hafa rétt á veiðiheimildum úr sjóðnum. Ef svo er ekki skal bjóða útgerðunum forkaupsrétt sem þær eiga hlutfallslega miðað við aflaheimildir. Og í þriðja lagi skal svo bjóða það sem enn er eftir hæstbjóðendum á uppboði. Stjórn Hagræðingarsjóðs treysti sér sem sagt ekki til þess haustið 1992 að verða við tilmælum um að fresta sölu á veiðiheimildunum þar sem eindregin lagaskylda hvíldi á stjórninni að selja þær strax í upphafi fiskveiðiárs eins og lögin kveða á um. Ég tel nauðsynlegt að rifja þetta upp, hæstv. forseti, í ljósi þess sem síðan hefur gerst.

Á sl. þingi flutti svo stjórnarandstaðan frumvörp sem gengu til sjútvn. um það að málið yrði leyst með þeim hætti að lagaheimildar yrði aflað til úthluta því sem eftir stæði af veiðiheimildunum án endurgjalds og til jöfnunar til þeirra útgerða sem mesta skerðingu höfðu þolað. Þessi frumvörp biðu afgreiðslu í sjútvn. allan sl. vetur og undir lok þinghaldsins sl. vor hafnaði meiri hlutinn því að þau yrðu afgreidd frá sjútvn. Lagðist gegn því. En síðan gerist það fáeinum vikum síðar að ríkisstjórnin, væntanlega í krafti meiri hluta síns hér á Alþingi, skulum við vona, setur bráðabirgðalög um nákvæmlega sama efnisatriði, þ.e. að því sem þá var eftir ónotað af veiðiheimildum fiskveiðiársins 1992–1993 skuli úthlutað til útgerðanna með sama hætti og frumvörp okkar gerðu ráð fyrir.

Það verður að segjast eins og er, hæstv. forseti, að ég held að þetta sé næsta fátítt í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu hér í þinginu og eitt allra mesta kæruleysi, svo ekki sé sagt sóðaskapur, í meðhöndlun bráðabirgðalagavaldsins sem lengi hefur sést. Það er fyrir neðan allar hellur að neita afgreiðslu á þingmálum sem fyrir liggja, þannig að Alþingi hefði með eðlilegum og venjulegum hætti getað afgreitt þessar lagaheimildir, en setja síðan sömu ákvæði nokkrum vikum síðar með bráðabirgðalögum þó öllum væri ljóst að þessar lagabreytingar þurfti að framkvæma. Þetta hljótum við að átelja mjög harðlega sem minni hlutann skipum og þegar svo er komið að lagst er gegn afgreiðslu mála hér í þinginu að því er best verður séð af þeirri einu ástæðu að þau eru flutt af stjórnarandstöðunni þó svo að ríkisstjórnin síðan nokkrum dögum seinna geri sömu efnisbreytingar á lögum með bráðabirgðalögum, þá er illa komið virðingu manna fyrir hlutverki löggjafans. Það væri gaman að vita hvort allir hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar væru stoltir af framgöngu hennar í þessu máli og umgengni hennar *við bráðabirgðalagavaldið í þessu tilviki og raunar í* allri þessari sögu sem snýr að veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Ef til vill verður þessi saga einhvern tíma skrifuð, og er ekki búin því að enn dregur til tíðinda í þessu máli.

Þannig er að bráðabirgðalagaákvæðið sem er í IV. kafla frv., 7. gr., snýr aðeins að úthlutun veiðiheimildanna á sl. fiskveiðiári eða kvótaári þannig að nú 1. sept. í haust gengu í gildi á nýjan leik reglubundin ákvæði laganna um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins og þau kveða á um það að stjórn sjóðsins skuli hefja sölu á veiðiheimildum strax við upphaf fiskveiðiársins. — Hvernig er það, hæstv. forseti? Eru þeir ráðherrar sem þetta mál heyrir undir hvergi nálægir í umræðunni? Er ætlast til þess að við höldum umræðunni áfram án þess að þeir láti svo mikið sem sjá sig hér í salnum? Er t.d. hæstv. sjútvrh. týndur og tröllum gefinn? Og hæstv. forsrh. mun væntanlega vera flytjandi þessa máls. Er landið stjórnlaust með öllu? Við heyrðum það að vísu á dögunum að hæstv. sjútvrh. færi með átta ráðuneyti og er það mikið lagt á ekki stærri mann. (**Forseti:** Forseti er að gera ráðstafanir til þess að þeir hæstv. ráðherrar sem í þinghúsinu eru komi hér til fundar.) Já, mér þykir vænt um það, herra forseti, því að það er í raun og veru með öllu ástæðulaust að þola þeim það að vera ekki viðstaddir umræðuna. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. verði viðstaddir. Út af fyrir sig spillir ekkert þó að hæstv. fjmrh. komi í salinn líka úr því að hann er hér í dyrunum. (**Fjmrh.:** Ég heyri svo ágætlega.)

Herra forseti. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að fara svolítið yfir þessa sögu um meðferðina á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs því hún er með miklum endemum. Og nú gerist það vegna þess hvernig bráðabirgðalögin eru úr garði gerð að 1. sept. sl. ganga í gildi á nýjan leik óbreytt ákvæði laganna um Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Þau kveða á um það að veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs skuli seldar og reyndar hefur stjórnin þegar hafið framkvæmd þeirra lagaákvæða að nokkru því að sveitarfélaginu Bíldudal mun hafa verið úthlutað til sölu ákveðnum kvóta af því að vegna mikils kvótataps og erfiðleika í atvinnulífi fullnægði það sveitarfélag þeim ströngu skilyrðum sem sett eru um þau sveitarfélög sem geti fengið kvóta keyptan frá sjóðnum í upphafi áður en úthlutun hefst að öðru leyti. (**Forseti:** Ef ég mætti ónáða hv. þm. í ræðu sinni, en áður en hv. þm. tók til máls þá var þess ekki kostur að leita afbrigða um það að brtt. á þskj. 230 sem mér heyrist að hv. þm. ætli nú að fara að skýra, hvort hann mundi vilja gera hlé á máli sínu stutta stund svo forseti geti leitað afbrigða um að brtt. á þskj. 230 megi koma á dagskrá.) Það er alveg sjálfsagt, forseti.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 230.— Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, BF, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GHH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP.

30 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SE, ÖS) fjarstaddir.

Umræðu frestað.

Alþjóðleg skráning skipa, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS og JÁ, 104. mál. — Þskj. 107.

[10:53]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, BF, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GHH, HÁ, HBl, IBA, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SJS, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Útfærsla landhelginnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. SJS o.fl., 145. mál. — Þskj. 161.

[10:54]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, BF, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GHH, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, JHelg, KÁ, LMR, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SJS, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 9. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 9, nál. 214 og 229, brtt. 230.

[10:55]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) (frh.)**:**

Herra forseti. Ég var að gera grein fyrir þeim hluta frv. og okkar nál. og brtt. sem lúta að málum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Ég vil byrja á því að fagna því að ríkisstjórnin skuli vera komin á fætur, hún var sein til í morgun, en batnandi mönnum er best að lifa.

Ég var búinn að gera grein fyrir því hvernig meðferð þessara veiðiheimilda hafði verið í grófum drættum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar þangað til á þessu vori eða þessu sumri en vegna þess hvernig bráðabirgðalögunum er háttað þá tóku gildi, eins og áður sagði, óbreytt eldri ákvæði laga um Hagræðingarsjóð nú 1. sept. sl. Þau kveða á um það rétt eins og þau gerðu í fyrrahaust að stjórn sjóðsins skuli við upphaf fiskveiðiárs hefja sölu á veiðiheimildunum. Nú er það að vísu ljóst að fjárlagafrv. gerir ekki ráð fyrir tekjum af þeirri sölu, aldrei þessu vant, því undanfarin tvö haust hefur ríkisstjórnin hugsað sér að fjármagna rekstur Hafrannsóknastofnunar með tekjum af þessari sölu, því hæstv. ríkisstjórn hafði hugsað sér að leggja fram frv. um breytingar á lögum um Hagræðingarsjóð, nánar tiltekið frv. um svonefndan þróunarsjóð sjávarútvegsins sem m.a. er afrakstur tillagna tvíhöfða nefndarinnar frægu og var þar gert ráð fyrir því að lagaheimild kæmi til þess að úthluta veiðiheimildunum eða ráðstafa þeim án endurgjalds.

Nú er hins vegar ljóst að ekkert bólar enn á því frv. Nýjustu fréttir benda jafnvel til þess að ríkisstjórnin muni alls ekki koma sér saman um nokkurn skapaðan hlut í þessum efnum og uppi eru vaxandi vangaveltur um það að lögin um stjórn fiskveiða verði látin gilda óbreytt, sem sagt að ríkisstjórnin hafi einfaldlega gefist upp við það með öllu að koma sér saman um nokkurn skapaðan hlut í sjávarútvegsmálum. Ef marka má blaðafregnir undanfarna daga þá er alveg eins við því að búast. Þess vegna standa þessi mál náttúrlega þannig að það er með öllu óásættanlegt og í raun og veru alveg óskiljanlegt að ríkisstjórnin skuli nú telja það í lagi að draga það mánuðum saman að ganga frá þessum málum. Ég minni á að í fyrrahaust var stjórn Hagræðingarsjóðs svo kaþólsk að hún taldi sig ekki geta orðið við tilmælum um að hinkra við, þó ekki væri nema daga eða vikur, að hefja sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs meðan kannað væri hvort samstaða væri á Alþingi um að nýta þær til jöfnunar. En nú bregður svo við að liðnir eru næstum tveir og hálfur mánuður síðan fiskveiðiárið hófst og stjórnin hefur haldið að sér höndum með það að framkvæma lögin eins og þau gilda í dag. Og þá hlýtur maður auðvitað að spyrja: Eru menn þá svona ójafnir fyrir lögunum? Ef tilmæli berast frá sjútvn. eða stjórnarandstöðunni um að það sé hinkrað með sölu á veiðiheimildunum þá er þeim umsvifalaust hafnað en þegar hæstv. ríkisstjórn er í vandræðum og kemur sér ekki saman um málin og það líða vikur og það líða mánuðir, þá virðist stjórn Hagræðingarsjóðs geta dregið það mánuð eftir mánuð að framkvæma lögin eins og þau eru í gildi. Það þýðir ekki að láta menn komast upp með það að hafa þessi mál í þessum farvegi. Því höfum við í minni hlutanum lagt fram brtt. við lögin þar sem lagaheimildar er aflað til þess að útdeila veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs á fiskveiðiárinu 1993–1994 til jöfnunar til þeirra útgerða sem mesta skerðingu hafa tekið á sig með sama hætti og bráðabirgðalögin gerðu ráð fyrir, gáfu heimild til að meðhöndla það sem eftir var af veiðiheimildum sl. fiskveiðiárs. Það mun þá reyna á það hvort hæstv. ríkisstjórn ætlar að halda áfram þeim leik, eins og hún hefur gert, að þverbrjóta góðar venjur hvort sem heldur er í lagasetningunni sjálfri eða framkvæmd laga af þeim einum ástæðum að tillögurnar eru fluttar af stjórnarandstöðunni.

Telur hæstv. sjútvrh., sem lög um Hagræðingarsjóð

sjávarútvegsins heyra undir, það til fyrirmyndar hvernig með þessi mál hefur verið farið á þessu hausti? Telur hæstv. sjútvrh. sem í reynd ber ábyrgð á málaflokknum að meðferð stjórnar Hagræðingarsjóðs á lögunum eða framkvæmd laganna um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins standist þegar það stendur ótvírætt í gildandi lögum að það skuli hefja sölu veiðiheimildanna við upphaf fiskveiðiárs? Nú er að verða kominn miður nóvember og stjórnin hefur ekkert aðhafst í þessum efnum. Á grundvelli hvaða réttarheimilda hegðar stjórnin sér þannig? Er það með vilja, vitund og stuðningi sjútvrh.? Er hæstv. sjútvrh. þar með að leggja að stjórninni að ástunda lögbrot? Þetta voru þau svör sem við fengum í fyrrahaust, stjórnarandstaðan, að það væri skýlaust lögbrot að fresta því að hefja sölu veiðiheimildanna. Þess vegna væri ekki hægt að verða við tilmælum okkar eða tilmælum sjútvn. um það að þessi mál yrðu skoðuð. Það yrði að hefja sölu á veiðiheimildunum strax í septembermánuði.

En ef það er í skjóli ríkisstjórnarinnar sem það er núna gert sem flokkaðist sem lögbrot í fyrra þá er best að það komi hér fram og þeir svari fyrir þá ábyrgð, hæstv. forsrh. eða hæstv. sjútvrh. nema báðir væru.

Það mun auðvitað koma í ljós við atkvæðagreiðslur á eftir hver hugur stjórnarsinna er í þessum efnum og það verður óneitanlega nokkuð skrautlegt ef til að mynda þingmenn landsbyggðarinnar og sjávarútvegskjördæma, þó þeir eigi að teljast stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, fella það að lagaheimilda verði aflað til þess að útdeila veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs í jöfnunarskyni.

Ég tel, hæstv. forseti, í sjálfu sér ekki ástæðu til að rökstyðja ítarlega eða útskýra innihald þessara brtt. sem við flytjum hér, þær eru efnislega í reynd nánast samhljóða þeim ákvæðum sem í bráðabirgðalögunum frá sl. vori fólust, þ.e. að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs nú vegna fiskveiðiársins 1. sept. 1993 til 31. ágúst 1994, skuli að frádregnum þeim aflaheimildum sem sveitarstjórnir kunna að neyta forkaupsréttar á skv. 7. gr. — og þar mun væntanlega Bíldudalur einn eiga í hlut — að þessum veiðiheimildum skuli úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári. Áframhaldið er svo tæknilegs eðlis þar sem fjallað er um það nánar með hvaða hætti þessi framkvæmd skuli útfærð. En efnislega er þetta aðalatriðið að veiðiheimildunum verði úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári. Ég held að það þurfi í sjálfu sér ekki að útskýra það frekar. Ef menn óska frekari skýringa þá er væntanlega hægt að svara því síðar við umræðuna, en framkvæmdin yrði sem sagt með sambærilegum hætti og ráðstöfun þess hluta veiðiheimildanna sem óseldar voru sl. vor þegar bráðabirgðalögin tóku gildi.

Að svo mæltu, herra forseti, þá held ég að ég ljúki máli mínu. Ég ítreka það að afstaða okkar í minni hlutanum byggir ekki á andstöðu við efnisatriði frv. að svo miklu leyti sem þau lúta að því að uppfylla skyldur ríkisvaldsins í tengslum við kjarasamningana heldur er það sökum málsmeðferðarinnar og framgöngu ríkisstjórnarinnar varðandi bráðabirgðalagasetninguna sem við kjósum að sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[11:04]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar þá vil ég taka það fram að það orkar að sjálfsögðu alltaf tvímælis að kalla þing ekki saman heldur nota bráðabirgðalagasetninguna, en ég tel alls ekki að það hafi verið ámælisvert að setja þessi bráðabirgðalög, sérstaklega í ljósi þess að ég hygg að efnislega hafi þau afgerandi stuðning í þinginu og jafnvel hans sjálfs. Ég tel að ríkisstjórnin hafi efnt ljúflega öll loforð sem tengdust kjarasamningunum og hennar framganga í því sambandi sé alls ekki ámælisverð og vinnufriður hefur verið tryggður út næsta ár.

Varðandi Hagræðingarsjóðinn þá kemur hann til umfjöllunar í þinginu í tengslum við löggjöf um stjórn fiskveiða. Það liggur fyrir að kvótinn verður væntanlega ekki seldur, alla vega ekki í bili og ég treysti því að hv. þm. muni vera áhugasamur um það að koma því máli í gegn þegar þar að kemur. Það var að sjálfsögðu skynsamlegt að afgreiða ekki tillögur stjórnarandstöðunnar á sínum tíma fyrir þinglokin í fyrra vegna þess að kjarasamningarnir stóðu yfir og þessi mál voru hluti af þeim og óheppilegt að afgreiða það án tengsla við kjarasamningana sjálfa.

[11:06]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta er svo aumingjaleg málsvörn hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmi Egilssyni, að það er alveg með naumindum að maður leggi í að fara upp í ræðustólinn og svara honum. Það er ljóst að hv. þm. getur ekki á nokkurn hátt forsvarað framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Það þýðir ekkert fyrir hv. þm. að reyna að neita því að meðferð ríkisstjórnarinnar á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs allt þetta kjörtímabil er í raun og veru eitt samfellt hneyksli. Það er ekki hægt að orða það öðruvísi. Við skulum bíða og heyra hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. svara því á eftir hvort hann er stoltur af meðhöndlun þessara hluta t.d. á þessu hausti og meðferðinni á lögunum og framkvæmd stjórnarinnar á lögunum.

Varðandi það að það hafi verið verjandi hjá hæstv. ríkisstjórn sl. vor að setja bráðabirgðalögin sérstaklega vegna þess að nú sé að koma í ljós að um þau sé ekki mikill efnislegur ágreiningur þá tel ég að það mál snúi akkúrat öfugt. Það er enn síður nokkur ástæða fyrir ríkisstjórn að víkja sér undan því að kalla þingið saman til að afgreiða löggjöf af þessu tagi ef til viðbótar má ætla að um hana sé ekki mikill efnislegur ágreiningur þannig að þingið geti afgreitt það mál á stuttum tíma. Það er ekkert atriði í uppfyllingu þessara ákvæða sem var þannig tímabundið að knýjandi nauðsyn væri til að setja bráðabirgðalög sl. vor. Ekkert einasta atriði. Það var hægur vandinn að kalla þingið saman til eins eða tveggja daga fundar í lok maí og afgreiða þetta

með eðlilegum hætti þar. Ég er ekki frá því að hæstv. ríkisstjórn eigi eftir að fá það í andlitið í dómsorðum á næstu mánuðum að hún hefði betur gáð að sér í þessum efnum.

Ákvæði stjórnarskrárinnar eru tiltölulega mjög þröng og skýr, það þurfa að vera brýnar, knýjandi aðstæður fyrir hendi til þess að réttlætanlegt sé að setja bráðabirgðalög, án þess að maður sé að blanda því inn í að ýmsir stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar og jafnvel ráðherrar í þessari ríkisstjórn töldu sig vera stuðningsmenn þess á sl. kjörtímabili að afnema bráðabirgðalagavaldið með öllu og gáfu þær útskýringar á afstöðu sinni þegar lögum var breytt að þeir féllust á að þessi heimild til bráðabirgðalaga (Forseti hringir.) yrði þarna inni í trausti þess að hún yrði aldrei notuð. Þetta á t.d. við um hæstv. menntmrh. Hvað segja slíkir menn nú eftir endurtekna misbeitingu? (**Forseti:** Ræðutími hv. þm. er liðinn.) Mér er það ljóst enda er ég að ljúka máli mínu, hæstv. forseti.

[11:09]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur þann stíl að honum finnst jafnan að ræður allra þeirra sem ekki eru honum fyllilega sammála séu hálf aumingjalegar og lítilsigldar en ég verð að viðurkenna að mér þótti dálítið vælulegt talið hjá honum sl. vor þegar bráðabrigðalögin voru sett, kröfur hans um að kalla þing saman á þeim tíma.

[11:09]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta stenst ekki hjá hv. þm. Það liggur fyrir að stjórnarandstaðan lýsti því einhliða yfir að hún væri reiðubúin að koma saman til þingfunda á sl. vori. Það lá fyrir yfirlýsing af okkar hálfu um það. Í fyrra sinnið þegar sett voru bráðabirgðalög um Kjaradóm þá hélt hæstv. forsrh. því ranglega fram að stjórnarandstaðan hefði ekki verið tilbúin til að koma saman til fundar og afgreiða með skjótum hætti gegnum þingið viðkomandi lög. Það kom í ljós síðar að hæstv. forsrh. byggði þá á viðtölum fjölmiðla við einstaka þingmenn úr stjórnarandstöðunni sem lýst höfðu mismunandi sjónarmiðum. Hæstv. forsrh. hafði ekki einu sinni fyrir því þá að kanna það hjá forustumönnum stjórnarandstöðunnar hvort þeir væru tilbúnir til að koma saman til fundar, en fullyrti að svo væri ekki á grundvelli lausafregna úr fjölmiðlum. Það hefur e.t.v. verið með hliðsjón af þessu sem stjórnarandstaðan lýsti því yfir sl. vor að hún væri tilbúin til að koma saman til funda til þess að afgreiða þessi lög á eins til tveggja daga fundum. Þannig að það er engin vörn af neinu tagi í því fyrir ríkisstjórnina að einhverjar knýjandi aðstæður hafi kallað á bráðabirgðalagasetningu og sömuleiðis er það alveg ljóst að stjórnarandstaðan var tilbúin til að koma hér saman til fundar sem hægt er að boða til með nánast engum fyrirvara og afgreiða þessi lög á einum eða tveimur dögum í gegnum þingið. Málið er ósköp einfalt. Hæstv. ríkisstjórn valdi það bara að setja bráðabirgðalög og skeyta ekki um það þó að ekki væru fyrir hendi þær forsendur sem þar þurfa að liggja til grundvallar. Þessu verður hv. þm. bara að kyngja, það er svona.

[11:11]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég stend að nál. á þskj. 229 og brtt. á þskj. 230.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur gert grein fyrir þessu máli. Ég vildi aðeins segja um aðdraganda þess að hér er um bráðabirgðalög að ræða. Að sjálfsögðu var það mögulegt að kalla Alþingi saman til þess að fjalla um þetta mál ef ríkisstjórnin hefði viljað það og ég hlýt að vekja athygli á því að eitt af þeim ákvæðum sem hér hafa komið til umræðu, þ.e. Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins, var lagaákvæði sem stjórnarmeirihlutinn neitaði að afgreiða í þinglok. Kjarasamningar voru það langt komnir á þeim tíma að það var vitað að ríkisstjórnin þyrfti á heimild að halda til þess að geta uppfyllt kjarasamningana sem þá voru í burðarliðnum.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir að það hafi verið óskynsamlegt að afgreiða heimild ríkisstjórnarinnar í þeim efnum vegna þess að kjarasamningarnir voru ekki komnir á. Það má vel vera að það sé almennt ekki skynsamlegt að afgreiða eina eða neina heimild til ríkisstjórnar nema í tengslum við kjarasamninga. Það væri undarlega komið í okkar þjóðfélagi ef ætti að afgreiða öll mál í tengslum við slíka samninga og ég er ekki viss um að það sé endilega skynsamlegt. Ég er ekki viss um það að aðilar vinnumarkaðarins séu alltaf hæfastir til þess að skera úr um það hvernig málum skuli fyrir komið. Hitt er svo annað mál að það er nauðsynlegt fyrir bæði framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið að hafa gott samráð við þessa aðila til þess að tryggja vinnufrið í landinu.

Það er afar undarleg notkun á bráðabirgðalagavaldinu að nýta það að því er varðar ákvæði sem neitað var að afgreiða í þinglok og ljóst var að stjórnarandstaðan vildi afgreiða og setja svo sambærileg ákvæði nokkrum vikum síðar. Ég hlýt að vekja athygli á því að eins og þetta var sett upp í þinglok þá var ekki um skyldu að ræða heldur heimild til ríkisstjórnarinnar. Ríkisstjórnin vildi hins vegar ekki afgreiða þetta mál af þeirri einu ástæðu að það var flutt af stjórnarandstöðunni og ég tel að það sé engin önnur ástæða þar fyrir hendi og rétt að halda því til skila.

Að því er varðar málið efnislega, þá fjallar 1. gr. þess um aðgerðir í atvinnu- og verðlagsmálum. Ég ætla ekki að gera neinar athugasemdir við þessa heimild en vil hins vegar taka það fram að ég tel að það sé óeðlilegt að skipta fjármunum sem þessum án samráðs við Alþingi því að eftir því sem ég hef fengið upplýst var afar lítið fjallað um það í fjárln. og efh.- og viðskn. hefur aldrei verið kölluð saman til þess að fjalla um þetta mál. Ég tel að það sé eðlileg starfsregla í atvikum sem þessum að haft sé náið samráð við nefndir þingsins um slík mál og á allan hátt óeðlilegt að ganga frá þeim fyrir fram án þess að þingið hafi þar fjallað um. Það er eðlilegt aðhald að mínu mati að það sé gert í nánu samráði við þingið og það er kominn tími til að hæstv. ríkisstjórn fari að átta sig á því að þingnefndir

starfa allt árið. Það virðist vera að hæstv. ríkisstjórn hafi ekki enn þá áttað sig á þessu. Það kom í ljós að því er varðaði þessi bráðabirgðalög og það kom ekki síður í ljós þegar bráðabirgðalögin voru sett um kjaradóm. Hæstv. forsrh. hefur viðurkennt að það hefði verið réttara að kalla þingið þá saman og út af fyrir sig ágætt að hann skuli viðurkenna það og vil ég vísa til þess sem ég sagði um það mál á síðasta þingi en þá var ekki einu sinni talin ástæða til þess að kalla saman þingnefnd af því tilefni því að það er að sjálfsögðu auðveldara að kalla saman þingnefnd til þess að leggja slíkt mál fyrir heldur en kalla allt Alþingi saman. Og það hefði á margan hátt verið eðlilegt að standa þannig að málum að byrja á því að kalla saman viðkomandi þingnefnd til þess að kanna það hvort hægt væri að ná samkomulagi um að afgreiða slík mál á tiltölulega stuttum tíma ef Alþingi væri þá kallað saman áður en bráðabirgðalög eru sett. En ríkisstjórnin gaf sér það fyrir fram að það væri ekki gerlegt án þess svo mikið sem hafa samband við stjórnarandstöðuna um málið.

Að því er varðar endurgreiðslur tryggingagjalds, þá er ég sammála þeirri ráðstöfun en hlýt hins vegar að vekja athygli á því að hér er eingöngu um að ræða tímabilið júní til desember 1993, en ekki tímabilið 1. jan. 1994 til ársloka 1994. Það hefði þó verið full ástæða til að taka þetta mál til endurskoðunar og á það var bent sérstaklega af fulltrúum sjávarútvegsins því að frá því að þetta gerðist hefur verðlag á sjávarafurðum fallið og aflaheimildir minnkað. Hér er um að ræða mjög háan kostnaðarlið fyrir útflutningsatvinnuvegina og alveg ljóst að þeir eru engu betur settir með að standa undir því á árinu 1994 en þeir voru á árinu 1993 þótt það sé vissulega rétt að gengisskráning er þeim hagstæðari nú en hún var stóran hluta af árinu 1993.

Ég tel ekki ástæðu til að fjalla hér um breytingu á hafnalögum. Það er í sjálfu sér sjálfsögð breyting, enda á allan hátt óeðlilegt að allar gjaldskrárbreytingar hafnanna séu nánast á vegum samgrn. eins og oft hefur viljað brenna við.

Eitt mikilvægasta mál þessa frv. er úthlutun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Ég ætla ekki að fara að rifja upp þá sögu, það hefur hv. 4. þm. Norðurl. e. gert að hluta til, en allt það mál er með slíkum endemum að við héldum satt best að segja að það yrði ekki lengur framhald á þeirri sögu. Við höfðum vonast til þess að það væri hægt að ná samkomulagi um það á Alþingi að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs yrði úthlutað á fiskveiðiárinu 1993–1994 til þeirra sem hafa orðið fyrir mestum áföllum. Af umræðum sem um það hafa verið hljótum við að dæma að fyrir því sé mikill meiri hluti á Alþingi. Ríkisstjórnin og fulltrúar hennar vitna til þess að það verði flutt frumvarp um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og það verði flutt frv. um stjórn fiskveiða. Þetta hafa menn heyrt áður og þetta hafa menn heyrt í marga mánuði. Það er í reynd komið á annað ár ef ekki er að verða hátt í tvö ár, mér er nær að halda að það séu tvö ár nú um þessar mundir síðan ríkisstjórnin kom með mikla yfirlýsingu um það að þessi mál kæmu fram nú á næstunni og yrðu afgreidd. Ég held að ríkisstjórnin geti brátt farið að halda upp á tveggja ára afmæli slíkrar yfirlýsingar. (**Gripið fram í:** Þetta er hneisa.) Tveggja ára afmæli, hæstv. sjútvrh., vegna þess að fyrsta yfirlýsingin sem kom um það mál að því er ég man best frá ríkisstjórninni var haustið 1991. En þetta má nú allt saman skoða betur.

Nú er sagt við aðila: Þetta mun allt saman koma á næstunni. Hæstv. umhvrh. er alveg að gefa sig þannig að það er mjög líklegt að það verði ekki nema ein vika í það að hæstv. umhvrh. gefi sig og láti af mótþróa í ríkisstjórninni og þar með verður þetta allt í lagi. (**Umhvrh.:** Hver sagði þetta? Þorsteinn?) Ja, það er einhvern veginn með þessum hætti sem þetta mál liggur. En á sjávarútvegurinn alltaf að bíða eftir því að ráðherrarnir í ríkisstjórninni hætti að rífast? Eiga menn að úrelda fiskiskip í samræmi við það hvernig menn tala í ríkisstjórninni? Og hvað eiga menn lengi að bíða eftir því að geta tekið ákvarðanir í sínum málum hvort sem hæstv. umhvrh. stjórnar þar ferð eða hver það er? Það er nú ekki vitað mál. En það er að sjálfsögðu lágmarksafgreiðsla í þessum málum að úthluta þessum fiskveiðiheimildum strax til aðila og ég veit að hæstv. sjútvrh. er því sammála. En það er eitthvað annað sem kemur í veg fyrir það og nauðsynlegt að það sé upplýst.

Ég hef ekki trú á því að hæstv. ríkisstjórn sé að ná samkomulagi í þessu þróunarsjóðsmáli. Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að það muni verða, hvað þá að hún sé að verða sammála um frv. til laga um stjórn fiskveiða og þess vegna hefði átt að liggja alveg ljóst fyrir að það væri nauðsynlegt að afgreiða þetta mál meðan menn eru að deila um þetta, sem menn munu væntanlega gera fram eftir vetri og það hefði nú frekar átt að vera til hjálpar fyrir hæstv. ríkisstjórn heldur en hitt. En svo virðist sem meiri hlutinn hér á Alþingi vilji ekki einu sinni hjálpa ríkisstjórninni til þess að komast áfram í sínum málum. Ég bið því hv. þm. að taka það mjög til athugunar hvort ekki sé rétt að samþykkja þessar breytingar á lögunum, enda standa engin rök til annars. Og við hljótum að ætlast til þess og spyrja hæstv. sjútvrh. hvernig hann sjái framvindu þessara mála. Hvernig ætlar hann að standa næstu vikurnar frammi fyrir þeim aðilum sem eru að bíða eftir því að fá þessar aflaheimildir? Og hvernig ætlar hann að koma í veg fyrir það að þessar aflaheimildir verði seldar eins og lög standa til? Því að hæstv. ríkisstjórn og meiri hluti Alþingis gerðu því miður breytingu á lögunum um Hagræðingarsjóð sem varð til þess að þessar veiðiheimildir voru seldar, en auðvitað hefðu breytingar á lögunum um Hagræðingarsjóð átt að bíða eftir breytingum á lögunum um stjórn fiskveiða. Þá hefðu þessi mál verið í eðlilegra horfi. Nógu slæm eru þau nú samt því að einu breytingarnar sem hafa verið gerðar á þessum málum hafa verið til bölvunar þótt hæstv. núv. umhvrh. hafi að vísu verið mjög ánægður með þær. En ég er ekki viss um að hann hafi gert sér alveg grein fyrir því hvað þar var verið að gera.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti,

en ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. geri a.m.k. grein fyrir því hvernig hann sér framvindu þessa máls.

[11:27]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af því sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson ræddi um í sambandi við kjarasamninganna sl. vor., þá hygg ég að hann þekki það mikið til kjarasamninga að menn fara ekki að spila út öllum sínum trompum áður en samningarnir eru gerðir og það er eðli samningaviðræðna að menn reyna að halda spilunum hjá sér þangað til allt raknar upp í lokin.

Síðan út af bráðabirgðalögunum hvernig staðið var að þeim og framhaldinu eftir setningu þeirra, þá vil ég vekja athygli hans á því eins og hann veit líka og getur rifjað upp að það var boðað til allra þeirra funda í efh.- og viðskn. í sumar sem óskað var eftir af hálfu stjórnarandstæðinga og þau mál tekin á dagskrá þar sem var óskað eftir, og við höfðum hlutverkaskipti þar í haust, en ég varð ekki var við að það væri neinn sérstakur áhugi á því í sumar að ræða sérstaklega um þau mál sem tengdust bráðabirgðalögunum beint.

Varðandi þróunarsjóðinn og lögin um stjórn fiskveiða og Hagræðingarsjóðinn, þá tel ég eðlilegt að þetta sé allt samferða í gegnum þingið. Ég verð ekki var við annað en það sé mikill friður í ríkisstjórninni um þetta mál og í hæsta lagi nokkrir önglar sem ber á milli.

[11:29]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi bara endurtaka það að hér var um heimild til ríkisstjórnarinnar að ræða að því er varðaði Hagræðingarsjóðinn sem ríkisstjórnin hefði að vísu haft skyldur til að framkvæma. En að reikna með því að það að afgreiða þau mál á sl. vori hefði á einhvern hátt getað spillt því að kjarasamningar næðust tel ég vera alveg fráleitt og rangt mat. Ég veit ekki betur en hæstv. ríkisstjórn hafi þá þegar verið löngu búin að lofa að ganga til þessa verks. Ég man ekki betur en hæstv. forsrh. hafi lofað því í ágúst fyrir rúmu ári síðan að þessar veiðiheimildir yrðu greiddar með peningum þannig að skuldbindingarnar voru fram komnar. Að því er varðar að efh.- og viðskn. hafi ekki verið kölluð saman þá átti ég við að það væri eðlilegt áður en bráðabirgðalög eru sett að það sé leitað samráðs við þingið. Skyldurnar í þeim efnum hvíla ekki eingöngu á stjórnarandstöðunni þær hljóta að hvíla á þeim sem bráðabirgðavaldið hafa. Það hefur oft verið gert að það hefur verið leitað a.m.k. til forustumanna stjórnarandstöðunnar áður en bráðabirgðalög eru sett. Ég tel það eðlilegt eftir að þetta nýja skipulag er komið á hér á Alþingi að það sé leitað samráðs við þingnefndir. Það er ekki eingöngu stjórnarandstaðan sem á að biðja um að nefndir séu kallaðar saman á hverjum tíma. Það hlýtur líka að vera ríkisstjórnarinnar að leita samstarfs við þingið.

[11:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er margt í þessu frv., sem hér er til 2. umr., sem vert er að ræða og velta fyrir sér. Eins og við vitum er tíminn ákaflega naumur því hér er um bráðabirgðalög að ræða og því er stefnt að því að hraða meðferð frv. í gegnum þingið. En þrátt fyrir það er það merkilegt sem kemur fram í umræðunni og hefur reyndar verið nokkuð rætt hér að undanförnu og það er þessi skilningur sem virðist ríkja hjá núverandi meiri hluta Alþingis bæði á vinnubrögðum og ekki síst bráðabirgðavaldinu og hlutverki Alþingis í því sambandi. Ég get ekki annað en farið hér nokkrum orðum um þann þátt þessa máls ekki síst vegna ummæla hv. 5. þm. Norðurl. v. þar sem hann var að afsaka það að sett skyldu hafa verið bráðabirgðalög um þetta mál.

Í 1. umr. um bráðabirgðalögin kom mjög merkileg yfirlýsing fram í máli hæstv. forsrh. þar sem hann sagði að hann væri kominn á þá skoðun núna að það hefði verið rétt sumarið 1992 þegar bráðabirgðalögin voru sett vegna kjaradóms að kalla Alþingi saman. Menn verða að átta sig á því að bráðabirgðalög af þessu tagi, þar sem verið er að grípa inn í ýmsar aðgerðir eða jafnvel kjaradóma, geta komið í bakið á ríkisvaldinu. Við höfum nú þegar dæmi um það vegna bráðabirgðalaganna sem sett voru á kjarasamning BHMR á sínum tíma. Nú eru málaferli í gangi vegna kjaradómsins sem rift var af meiri hluta Alþingis með bráðabirgðalögum. Hér er enn eitt dæmið á ferðinni en ég veit reyndar ekki til þess að nokkur von sé á málaferlum vegna þess. En allt beinir þetta athyglinni að því hvernig farið er með þetta vald og hver er hin brýna nauðsyn.

Ég ræddi þetta hér nokkuð í 1. umr. um málið en ég ætla að endurtaka sumt af því sem ég sagði þá. Að mínum dómi er hér um mál að ræða sem er einmitt gott dæmi um það að brýna nauðsyn bar ekki til heldur hefði verið eðlilegt að kalla Alþingi saman, ná samkomulagi um eins eða tveggja daga fund og afgreiða málið með þeim hætti. Sú aðferð er tíðkuð á Norðurlöndunum að kalla þingið saman þótt sumar sé til þess að ræða mikilvæg mál og okkur er ekkert að vanbúnaði. Okkur ber hreinlega skylda til þess að mæta hér ef þannig stendur á. Bráðabirgðalagavaldið — það er Alþingi sem fer með löggjafarvaldið en stjórnarskráin gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin geti gripið til slíkra neyðarlaga „ef brýna nauðsyn ber til“ eins og segir í 28. gr. stjórnarskrárinnar. Það er alkunnugt að árum saman hefur verið farið mjög frjálslega með þetta bráðabirgðalagavald. Þess vegna var það m.a. og kom fram í umræðunni um þingsköpin á sínum tíma, á vorþinginu 1991, að meiningin með þeim breytingum sem þá voru gerðar var m.a. sú að draga úr þessari notkun á bráðabirgðalagavaldinu. En því miður hefur þessi ríkisstjórn ekki notað tækifæri til að kalla Alþingi saman og þar af leiðandi gengið að mínum skilningi of langt í notkun þessa valds. Í mínum huga er þetta hluti af þeirri umræðu sem átt hefur sér stað um það hvernig megi efla sjálfstæði Alþingis og gera þessa skiptingu milli löggjafarvalds og framkvæmdarvalds skýrari. Ég harma það að ríkisstjórnin skyldi setja bráðabirgðalög um málefni af þessu tagi sem ég held að í

rauninni hefði nánast enginn ágreiningur orðið um.

Þó ýmislegt megi gagnrýna í vinnubrögðum varðandi þau mál sem koma inn í þenna stutta bandorm sem hér er á ferð finnst mér að þingmenn þurfi virkilega að hugsa sig um og að þeir megi ekki gleyma því að þeir eru ekki vinnumenn hjá ríkisstjórninni heldur þingmenn sem kjörnir eru til þess að fara með löggjafarvaldið og fjárveitingavaldið og að þeir eiga að standa á sínum rétti og standa á stjórnarskránni. Við eigum að hamla gegn því að valdinu sé beitt með þessum hætti.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um þau atriði sem fram koma í þessu frv. og hafa skýrst nokkuð í meðferð nefndarinnar. Þar víkur sögunni fyrst að milljarðinum margnefnda sem er nú nokkuð sérkennilegt mál þegar maður fer að skoða það hvaðan þessir peningar koma. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem fram hefur komið, m.a. frá fulltrúum í fjárln., hvernig ríkisstjórnin og ráðuneytin taka að sér að skipta þessum peningum sem að öllu jöfnu er á verksviði fjárln. og Alþingis. Að vísu kemur í ljós þegar farið er að skoða þennan lista yfir framkvæmdir að þar er verið að færa býsna mikið á milli ára. Það vakti sérstaka athygli mína á þessum lista þar sem var að finna að því er mig minnir 130 millj. sem verja átti til Þjóðarbókhlöðunnar og mér þykir nú sérkennilegt ef ríkisstjórnin er að tíunda það framlag sem eitthvert sérstakt átak í atvinnumálum. Framlag sem innheimt er með sérstökum skatti og lá fyrir að mundi verða varið til framkvæmda við Þjóðarbókhlöðuna. Þannig er ákveðin sýndarmennska í uppsetningunni á þessu dæmi öllu saman. En það má ljóst vera þegar maður skoðar listann að þarna er um ýmis smáverkefni að ræða og auðvitað ber að fagna því að ýmsar stofnanir fá aukin framlög til viðgerða og viðhalds af ýmsu tagi. En því miður, ef rétt er frá sagt af hálfu verkalýðshreyfingarinnar, þá virðist sem á næsta ári verði ekki staðið við fyrirheit þannig að ég get ekki tekið undir það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði áðan að ríkisstjórnin hefði staðið ljúflega við sín fyrirheit. Mér sýnist nú engin sérstök ljúfmennska í frv. til fjárlaga.

Það ber að geta þess varðandi tryggingagjaldið að á fundum efh.- og viðskn. kom fram gagnrýni af hálfu fulltrúa iðnrekenda varðandi það atriði að þarna væru útflutningsgreinarnar teknar út úr og þeir nefndu að það væri nær að grípa til aðgerða sem gagnast öllum greinum atvinnulífsins. Eins og fram kom hjá síðasta ræðumanni er ljóst að þarna er um skammtímaaðgerð að ræða sem léttir á þessum fyrirtækjum en síðan er spurningin hvað gerist svo. Hvernig lítur málið út á næsta ári?

Ég get ekki annað en farið nokkrum orðum um Hagræðingarsjóðinn og þau undarlegu vinnubrögð sem við höfum orðið vitni að. Það kemur auðvitað enn einu sinni að því hvernig farið er með valdið og að menn skuli standa í því að hindra frv. stjórnarandstöðunnar, en geta ekki horfst í augu við réttlátar og góðar tillögur og einfaldlega samþykkt þær. Nei, það er ekki hægt. En svo taka menn sömu tillögur og samþykkja þær í bráðabirgðalögum nokkrum vikum síðar. Þetta minnir mann reyndar mjög á vinnubrögð íhaldsins hér í Reykjavíkurborg sem iðkar þetta mjög að fella tillögur en taka þær svo upp nokkrum vikum síðar. En skýringin er nú m.a. sú að hér er um að ræða eitt af trúaratriðunum í stefnu ríkisstjórnarinnar, frjálshyggjutrúarbrögðunum sem Alþfl. hefur skrifað upp á að miklu leyti. Þetta er hluti af frjálshyggjunni og einkavæðingunni, að koma á þjónustugjöldum og að selja allt sem hægt er að selja. (**GÁ:** Og gefa.) Já, ég tala nú ekki um að gefa. (**Umhvrh.:** Þið eruð ekki sjálf að gefa samkvæmt ykkar eigin stefnuskrá?) Ég ætla nú ekki að fara út í þá umræðu í bili, það er með allt öðrum hætti eins og hæstv. umhvrh. veit.

Það sem ég ætlaði reyndar að koma að hér er það að við horfum upp á það í hverju dæminu á fætur öðru að ríkisstjórnin gefst upp á þessari stefnu sinni. Hún gefst upp á nánast öllu sem hún hefur ætlað sér í einkavæðingu og jafnvel í þjónustugjöldum ... (**Umhvrh.:** Treystir sér ekki ...) (**VE:** Ertu að fagna því?) Mætti ég biðja hæstv. forseta að þagga niður í umhvrh.? (**Forseti:** Ég vil taka undir með hv. þm. í ræðustól og biðja hæstv. ráðherra að gæta tungu sinnar. (**StG:** Settu hann bara á mælendaskrá.) Já það er auðvitað ekki annað en eðlilegt að hæstv. umhvrh., sem áður átti sæti í sjútvn. og þekkir vel til þessara mála og hefur á þeim miklar og sterkar skoðanir að hann komi hér í ræðustól og skýri sín sjónarmið varðandi Hagræðingarsjóðinn því að ég veit ekki betur en hann hafi staðið í því að stöðva þessi frv. stjórnarandstöðunnar. En varðandi Hagræðingarsjóðinn þá get ég að vissu leyti tekið undir að eitt er stefnumörkun til frambúðar í stjórn fiskveiða og annað eru þau miklu áföll sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir og það hvernig þeim skuli mætt, hvað getur sjávarútvegurinn tekið á sig og það varðar bæði sölu á þessum veiðiheimildum og svokölluð veiðileyfagjöld sem vissulega eru athyglisverðar hugmyndir. En staða sjávarútvegsins er einfaldlega með því móti að hann getur ekki tekið slíkt á sig, getur ekki keypt þessar heimildir, þ.e. þeir sem verst standa og ættu að njóta þessa sjóðs fyrst og fremst, og ekki síst það hvert form skattlagningar við erum að ræða um á sjávarútveginn því að veiðileyfagjald er auðvitað ekkert annað en eitt form skattlagningar. Menn hafa verið að reyna að létta sköttum af atvinnulífinu en ekki að setja þá á og slíkar umræður um framtíðarstefnumótun eru auðvitað mjög erfiðar þegar jafnilla árar og nú. Og þó menn bendi á að það séu miklar tilfærslur á kvóta á milli skipa og milli landshluta og fyrirtækja þá er ekki þar með sagt að þessi fyrirtæki hafi laust fé til kaupa á kvótum. Það eru nú alls konar tilfærslur og geymslur sem viðgangast í því kerfi.

En það var eitt atriði sem ég gleymdi hér áðan þegar ég var að ræða um milljarðinn og finnst að ég verði að minna á enn einu sinni og það varðar meiri hluta alþingismanna og stjórnarskrána. En það er það sem kemur fram í 41. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Ég verð að segja að ég hef ekki fengið svör við því

hversu miklu er búið að verja af þessum milljarði sem lofað var, hversu miklu fé hefur verið varið í heimildarleysi. Nú veit ég að sjálfsögðu að í rauninni hafa menn þverbrotið stjórnarskrána árum ef ekki áratugum saman hvað þetta varðar. En ef menn vilja ná fastari tökum á fjárlögunum og tryggja vald Alþingis yfir fjárveitingum þá er auðvitað meginatriði að það sé staðið við 41. gr. stjórnarskrárinnar og að við tökum fastara á þessum málum og líðum það ekki að ríkisstjórnir fari langt fram úr fjárlögum og langt fram úr veittum heimildum. Mér finnst þetta vera grundvallaratriði sem við þurfum að taka á og er eitt af mörgu sem við þurfum að bæta í okkar stjórnkerfi.

[11:46]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég trúi því varla að það sé meiningin að ljúka umræðunni og hæstv. ráðherra ætli ekki að svara einu orði þeim spurningum sem til þeirra hefur verið beint. (**Gripið fram í:** Umhvrh. hefur svarað.) Já, hann hefur að vísu gjammað fram í, ég get nú varla kallað það svör. Það hafa aðallega verið útúrsnúningar varðandi stefnu Kvennalistans í sjávarútvegsmálum sem eru kannski ekki beint dagskrárefnið að þessu sinni. Þó það sé auðvitað alltaf fróðlegt að heyra hæstv. umhvrh. hefja sig til flugs í þessu hugðarefni sínu, sjávarútvegsstefnu Kvennalistans, þá erum við nú hér að ræða aðra hluti eins og stendur.

Það var beint hérna beinum spurningum til sérstaklega hæstv. sjútvrh. og ég óska eindregið eftir því að hæstv. sjútvrh. verði kallaður hér í salinn og ég vil fá að endurtaka spurningar mínar til hans ef svo ólánlega hefur tekist til að hann hefur hvorki heyrt þegar ég var að beina til hans spurningum né þegar hv. 1. þm. Austurl. gerði það. Ef hæstv. forsrh. vill svara fyrir þetta þá er það í góðu lagi mín vegna en ég óska eftir að hæstv. sjútvrh. verði kallaður í salinn. Ég vil fá að gera hlé á máli mínu, hæstv. forseti, á meðan beðið er eftir að hann komi í salinn. (**Forseti:** Forseti verður við því að ræðumaður geri hlé á máli sínu á meðan hann bíður eftir sjútvrh. — Hæstv. sjútvrh. er kominn.)

Hæstv. forseti. Ég tel að það gangi ekki þegar hæstv. ráðherrar fá beinar spurningar í umræðum af þessu tagi að þeir spýtist bara út úr þingsalnum og séu á kjaftatörn hér niðri í kringlu og svo standi til að slíta umræðunum án þess að nokkur svör séu gefin. Það auðvitað gengur ekki. Hér er verið að ræða grafalvarleg mál og ég fer eindregið fram á að þeir svari hér báðir, hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., og það sem ég spurði hæstv. sjútvrh. um í fyrsta lagi var hvernig honum þætti til hafa tekist með framkvæmd laga um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins eins og þeim var breytt hér á vordögum 1992 en þá var breytt lögum nr. 40 frá í maí 1990 og eftir þá breytingu þá er 6. gr. laganna um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa, er aflahlutdeild hafa af botnfisktegundum sem sjóðurinn fær úthlutað skv. 5. gr. og ekki eru boðnar byggðarlögum skv. 7. gr., kost á að fá framseldar til sín aflaheimildir sjóðsins gegn endurgjaldi. Skal forkaupsrétturinn boðinn í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miðað við almennt gangverð á sams konar heimildum að mati ráðherra. ...“ o.s.frv.

Þessi lagagrein er algerlega ótvíræð. Það stendur þarna „við upphaf hvers fiskveiðiárs“. Nú eru að verða liðnir tveir og hálfur mánuður síðan þetta fiskveiðiár hófst. Í fyrrahaust, fyrir rúmu ári síðan, svaraði stjórn Hagræðingarsjóðs því til að hún gæti því miður ekki orðið við tilmælum stjórnarandstöðunnar, og reyndar sjávarútvegsnefndar sem fjallaði ítarlega um þetta mál á fundum í ágúst 1992, um að draga það að hefja sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs af því að ótvíræð lagaskylda hvíldi á henni að hefja söluna við upphaf fiskveiðiárs. Stjórnin hafnaði tilmælum um að draga það, jafnvel þó ekki væri nema einhverjar vikur á meðan látið væri á það reyna hvort vilji væri fyrir hendi á Alþingi að útdeila heimildunum án endurgjalds til jöfnunar. Hvað hefur breyst, hæstv. sjútvrh.?

Spurningar mínar eru þessar: Er það með vilja og jafnvel samkvæmt tilmælum hæstv. sjútvrh. sem stjórn Hagræðingarsjóðs framkvæmir ekki þá lagaskyldu sína að bjóða veiðiheimildirnar til sölu? Er það vegna tilmæla frá ríkisstjórn Íslands sem stjórn sjóðsins brýtur lögin? Í fyrra túlkaði stjórnin það svo að það væri lagabrot af hennar hálfu ef heimildirnar væru ekki boðnar til sölu strax við upphaf fiskveiðiárs. Hver væri réttarstaða útgerðaraðila sem leituðu nú réttar síns gagnvart því að fá þessar heimildir keyptar eða e.t.v. stefndu hreinlega sjóðstjórninni fyrir að hafa ekki boðið sér þær til sölu? Er það sem sagt þannig að hæstv. ríkisstjórn hafi beint tilmælum til stjórnar Hagræðingarsjóðs um að framkvæma ekki gildandi lög um veiðiheimildir sjóðsins? Vill hæstv. forsrh. e.t.v. sem ábyrgðaraðili ríkisstjórnarinnar svara því?

Og síðan eru svörin þau af hálfu hv. 5. þm. Norðurl. v. sem hér er helst að reyna að klóra í bakkann fyrir meiri hlutann að þegar þar að kemur, sagði hv. þm., þá verður þetta tekið með lögunum um stjórn fiskveiða — þegar þar að kemur. Hvers konar lagaframkvæmd er það, hv. þm.? — Svona þegar þar að kemur. — Þýðir það í desember, janúar eða mars eða maí eða hvað? Hvað metur hæstv. ríkisstjórn að það megi brjóta svona lög í marga mánuði? Hvað er við hæfi? Er það í lagi að brjóta þau í þrjá mánuði, fimm mánuði eða er einhver sérstök viðmiðun í því sambandi? Kannski hæstv. dómsmrh. kunni það, að það sé sem sagt ekki lögbrot þó það dragist árið 1993 í nokkra mánuði sem var ótvírætt lögbrot haustið 1992 þó ekki væri nema í einhverjar vikur.

Ég fer fram á það að við fáum upplýsingar um það hvar þessi mál eru á vegi stödd hjá ríkisstjórninni. Samkvæmt blaðafregnum, ég hygg í gær, eru uppi alvarlegar umræður í ríkisstjórninni um að það verði ekkert afgreitt á þessu þingi varðandi lögin um stjórn fiskveiða. Eru það lausafregnir sem ekki er mark á takandi eða hverju eiga þingmenn að trúa í þessum efnum? Hverju eiga sjómenn að trúa og útgerðarmenn?

Nú líður á kvótaárið og eðlilega vilja menn fara að fá einhverja vitneskju um hvernig með þessi mál verði farið. Verða veiðiheimildirnar seldar eins og gildandi lög mæla fyrir um eða verður þeim úthlutað án endurgjalds? Hvenær verður það þá gert? Ég held að ríkisstjórnin geti ekki ætlast til þess að hún sleppi með þessi mál í gegnum þingið án þess að veita svör við þessum spurningum. Þingmenn eiga heimtingu á því þegar verið er að afgreiða lög sem varða beinlínis þetta viðfangsefni. Og við sem flytjum brtt. og leggjum til að þessi mál verði leyst á þann einfalda hátt að stjórnvöld fái heimildir, við gerum auðvitað kröfu til þess að málið sé upplýst áður en þingmenn ganga til atkvæða um þá tillögu. Eða hvernig er það með samvisku hv. stjórnarþingmanna, er þeim alveg sama (**StG:** Hún er voðalega lítil.) þó þeir felli tillögu um það að úthluta þessum heimildum án endurgjalds? Reyndar er það nú svo að samkvæmt reglum er ekki heimilt að flytja sama mál í óbreyttu formi á sama þingi því það er litið svo á að Alþingi sé búið að taka afstöðu gegn því að útdeila heimildunum án endurgjalds til jöfnunar á þessu ári ef það fellir þessa brtt. Það er nú bara þannig. Menn verða að átta sig á því að þeir geta ekki skipt um skoðun eftir því hvort það er meiri hlutinn eða minni hlutinn sem flytur mál sem til atkvæða kemur, bara svona rétt eins og jakkaföt. Eða ætla menn sér að gera það? Ætlar meiri hlutinn að fella þessa tillögu nú af þeirri einu ástæðu að hún er flutt af stjórnarandstöðunni og flytja svo sambærilega brtt. með einhverjum frv. um stjórn fiskveiða, sem hugsanlega líta hér dagsins ljós og hugsanlega ekki, seinna á þinginu? Er það sú lagaframkvæmd og sá metnaður sem stjórnarliðar hafa á þingi fyrir sjálfs síns hönd og samvisku sinnar?

Hvað ætlar svo ríkisstjórnin að gera ef hún nær ekki saman um þessi mál og það líður bara nóvember og desember og janúar og febrúar og ríkisstjórnin er engu nær? Hvernig á þá að fara með veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs? Verður það skemmtilegri staða sem stjórnarliðar koma sér í með því? Ég held við skulum bara fara í gegnum þetta og ræða þetta og fá þetta á hreint áður en gengið er til atkvæða um þessi mál. Ég held að það væri hv. stjórnarliðum sjálfum fyrir bestu. Við teljum a.m.k. að við séum að gera hreint fyrir okkar dyrum með því að leggja þessa breytingu til og í raun og veru er það þannig að með henni værum við að skera ríkisstjórnina niður úr snörunni ef hún hefði vit á því að taka í þessa útréttu hönd. Það er alveg ljóst að þetta mundi taka þá pressu af sem ella er á í þessu efni og afstýra því að þessi mál verði enn meira hneyksli en þegar er orðið hjá hæstv. ríkisstjórn.

Auðvitað er öll framkvæmdin á þessu máli með þvílíkum endemum að engu tali tekur og það er nóg komið. Það er komið nóg. Það er ekki ástæða til þess fyrir hv. stjórnarþingmenn að hýða sjálfa sig frekar í þessu máli, þeir eiga þann einfalda kost að styðja þessa brtt., þar með fær ríkisstjórnin heimild til þess að ráðstafa aflaheimildunum á þennan hátt og ég hef tekið það svo að fyrir því sé pólitískur vilji og pólitísk samstaða á þinginu að veiðiheimildirnar verði nýttar í þessu skyni og það mun vera það sem ríkisstjórnin ætlar sér eða a.m.k. ætlaði í haust „þegar þar að kemur" eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir, þegar þar að kemur að mönnum þykir lögbrotið hafa staðið nógu lengi. Af hverju ekki þá að leysa málið nú? Er það virkilega þannig að menn ætli bara að standa hér alveg grímulaust á því að af því að stjórnarandstaðan flytur málið þá skuli það ekki samþykkt? Hver er efnisástæðan fyrir því að hafna því önnur en sú? Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson taldi að það hefði verið óvarlegt á sl. vori að afla lagaheimildanna áður en þingið fór af því að það hefði getað spillt fyrir kjarasamningum. Það er auðvitað eins og hver önnur fjarstæða, og hv. 1. þm. Austurl. svaraði því, vegna þess að ríkisstjórnin var þegar búin að gefa út það loforð að ef samningar tækjust skyldi veiðiheimildunum úthlutað án endurgjalds, þannig að hún gat að sjálfsögðu haft þá lagaheimild upp á vasann og beitt henni sem slíkri. Nú er ekki einu sinni slíku til að dreifa, ekki einu sinni, því það er búið að framlengja kjarasamninga og það liggur fyrir að ríkisstjórnin hefur ætlað sér að úthluta veiðiheimildunum, þannig að það er engin efnisástæða af einu eða neinu tagi fyrir því að leggjast gegn lagabreytingunni núna. Engin önnur en þessi að það er stjórnarandstaðan sem flytur málið. Vill ríkisstjórnin og vilja stjórnarþingmenn hýða sjálfa sig áfram í þessu máli og verða sér til enn meiri skammar en orðið er frekar en að kyngja stoltinu og styðja þessa brtt. okkar í minni hlutanum?

Ég vona í öllu falli, hæstv. forseti, að áður en við ljúkum þessari umræðu og göngum til atkvæða um þetta mál, þá liggi hér fyrir skýr svör frá hæstv. sjútvrh. hvernig hann lítur á þetta varðandi veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs og einnig teldi ég að hæstv. forsrh. sem ábyrgðaraðili ríkisstjórnarinnar ætti að svara því alveg skýrt og vafningalaust: Er það á grundvelli tilmæla frá ríkisstjórninni sem stjórn Hagræðingarsjóðs kýs að skjóta sér undan þeirri lagaskyldu sinni að framkvæma lögin um Hagræðingarsjóð eins og þau gilda í dag?

[11:59]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. og hv. 1. þm. Austurl. hafa gert hér að umtalsefni úthlutun á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs í jöfnunarskyni vegna þorskbrestsins. Ég skil það svo nú eins og reyndar áður þegar þessi mál hafa komið til umfjöllunar að þeir í fyllstu einlægni vilji greiða fyrir því að þessar aflaheimildir séu nýttar með þessum hætti og vil í sjálfu sér færa þeim þakkir fyrir þann stuðning og vilja til þess að veita því máli afgang í þinginu.

Það er á hinn bóginn svo að við erum að fjalla um bráðabirgðalög sem sett voru sl. vor í tengslum við kjarasamninga sem þá voru gerðir. Vissulega er það rétt eins og hér hefur verið vakin athygli á að mismunandi skoðanir voru uppi um það á sl. vetri hvernig skynsamlegast væri að mæta aflabrestinum og jafna hlut þeirra sem þá urðu fyrir mestu áfalli en niðurstaðan í kjarasamningum varð sú að gera það með þeim hætti sem fram kemur í þessu frv.

Þegar heildaraflaákvörðun var tekin á sl. sumri var það allsendis ágreiningslaust að nota aflaheimildir Hagræðingarsjóðs að nýju með þessum hætti og þá var því lýst yfir að í væntanlegu frv. um stjórn fiskveiða yrðu tillögur um slíkar heimildir. Það frv. var lagt fyrir ríkisstjórnina í haust og þar eru tillögur um að nota aflaheimildir Hagræðingarsjóðs með þessum hætti.

Ég tel eðlilegt að afgreiða það mál annaðhvort eitt og sér eða þá með frv. um stjórn fiskveiða eins og tillögur liggja fyrir um og tel ekki óeðlilegt að stjórn Hagræðingarsjóðs hafi frestað því um sinn að bjóða með forkaupsrétti þessar aflaheimildir. En ég er alveg sammála hv. 4. þm. Norðurl. e. að það kann að vera umdeilanlegt hversu lengi stjórn sjóðsins getur beðið í þessu efni því það segir í lögunum að þetta eigi að gerast í upphafi fiskveiðiárs og þess vegna í sjálfu sér er kominn tími til þess að salan fari fram. En hitt liggur fyrir að það er bæði vilji ríkisstjórnarinnar og reyndar stjórnarandstöðunnar að nýta heimildirnar með þessum hætti og því ekki óeðlilegt að stjórnin hafi dokað við um sinn. Að þessu leyti eru aðstæður aðrar en á síðasta þingi.

Ég get sagt það hér að ef dráttur verður á því að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða komist til umfjöllunar í þinginu þá tel ég að það komi til skoðunar alveg á næstu dögum að taka þetta mál út úr með sérstökum hætti og afgreiða það hér. Ég tel það vera eðlilegri málsmeðferð en að tengja það afgreiðslu bráðabirgðalaga frá síðasta vori og þykist alveg mega ráða það af máli hv. þm. sem hér hafa talað að þeir muni ekki standa í vegi fyrir því að afgreiða málið með þeim hætti því ég hygg að sjónarmið þeirra séu fyrst og fremst þau að þessi ráðstöfun verði gerð og fái eðlilegan lagagrundvöll og einu gildi þá með hvaða hætti málið er lagt fyrir þingið, að það sé ekki það kappsmál fyrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar að þeir ljái því aðeins fylgi sitt ef það er flutt sem brtt. af þeirra hálfu. Ég geri þeim ekki upp neinar hugmyndir í því efni og vænti þess að um þetta mál geti orðið farsæl sátt í þinginu á þessum grundvelli.

[12:04]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er mjög sérkennileg staða sem er komin upp á Alþingi. Ríkisstjórnin er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt og nauðsynlegt að gera þessa breytingu sem hér á brátt að koma til atkvæða. Ríkisstjórnin er líka þeirrar skoðunar að það geti ekki beðið mjög lengi en segir hins vegar: Ef dráttur verður á að niðurstaða fáist í ríkisstjórninni þá mun nýtt frv. verða flutt um þetta sama mál. Hvers konar staða er eiginlega komin upp í þessari ríkisstjórn? Stjórnarandstaðan flytur mál af góðum vilja á fullkomlega eðlilegan hátt vegna þess að það voru uppi tillögur líka um það síðast að þetta yrði gert a.m.k. fyrir tvö ár. Nú eru forsendur breyttar, ríkisstjórnin kemur ekki fram með frv. um stjórn fiskveiða í upphafi þings eins og hún lofaði, meira að segja strax í upphafi þings og lofaði líka að afgreiða málið á fyrstu vikum þingsins, þannig að samkvæmt því hefði málið átt að vera afgreitt. Það getur ekki beðið lengur, hæstv. sjútvrh., að draga afgreiðslu þessa máls og það væri að mínu mati fullkomlega óeðlilegt, eins og mér fannst að hæstv. sjútvrh. væri að boða, að næstu daga kæmi hugsanlega fram frv. um þetta mál og þess vegna er að sjálfsögðu nauðsynlegt að við fáum mat hæstv. umhvrh. á því, sem hér er staddur, hvaða líkur hann telji á því að þetta geti staðist hjá hæstv. sjútvrh. að frv. muni birtast alveg næstu daga því hæstv. umhvrh. hefur látið hafa það eftir sér að það liggi ekkert á því fyrr en í fyrsta lagi eftir áramót. Það er nauðsynlegt að fá hæstv. umhvrh. til að tjá sig og þá er e.t.v. hægt að meta málið betur.

[12:07]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er afar sérkennilegt hvernig málin bera hér að. Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. hefur ekki kosið að svara hér því sem til hans var beint og svör hæstv. sjútvrh., sem ég er að gera athugasemdir við, þau voru afar sérkennileg. Í raun og veru viðurkenndi hæstv. sjútvrh. algjörlega að staða málsins væri sú að það væri óþolandi og ekki við hæfi að það dragist lengur að lögunum um Hagræðingarsjóð væri breytt þannig að unnt væri að úthluta veiðiheimildum án endurgjalds og til jöfnunar eins og algjör samstaða er um, að því er virðist, og allra flokka menn styðja á Alþingi. En af einhverjum ástæðum telur ríkisstjórnin að það sé betra að gera það jafnvel með því að flytja eftir fáeina daga frv. um sömu efnisatriði og stjórnarliðið væntanlega ætlar sér að fella núna á eftir. Ég spyr bara: Hvers konar skrípaleikur er þetta? Þetta gengur auðvitað ekki. Það fer hér fram á eftir efnisafgreiðsla um þetta mál í formi atkvæðagreiðslu um brtt. okkar. Ef menn eru sammála innihaldinu geta menn þá af einhverjum ástæðum sem standast skoðun farið að leggjast gegn því að þetta sé lögtekið nú? **(Gripið fram í:** Það er óheimilt að taka það á dagskrá.) Að sjálfsögðu er óheimilt að taka óbreytt ákvæðin upp aftur og ég skil ekki hvernig hv. stjórnarliðar ætla í raun og veru að útskýra það að þeir leggist gegn efnisafgreiðslu á málinu núna þegar meira að segja liggur fyrir að hæstv. sjútvrh. viðurkennir að það sé ekki við hæfi að lengri dráttur verði á því að lögin um Hagræðingarsjóð séu framkvæmd eins og þau gilda á hverjum tíma. Ég ítreka svo spurningu mína: Hefur hæstv. ríkisstjórn beint formlegum tilmælum til stjórnar Hagræðingarsjóðs um að framkvæma ekki lögin eins og þau eru í gildi? Er það á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að lögin eru brotin eða er þar eingöngu við stjórn Hagræðingarsjóðs að sakast? Ég óska eftir skýrum svörum um það hvort bein tilmæli hafa farið frá ríkisstjórn í þessu sambandi.

[12:09]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lít ekki svo á að lögin hafi enn sem komið er verið brotin en ég hef tekið undir það að því eru vitaskuld settar þröngar skorður hversu lengi er hægt að fresta þessum málum og ég hef lýst þeirri skoðun minni gagnvart stjórn Fiskveiðasjóðs sem fer

með málefni Hagræðingarsjóðs að eðlilegt hafi verið að doka aðeins við innan þeirra marka sem lögin leyfa í þessu efni vegna þess að um þetta hefur verið samkomulag og sátt að nota eigi aflaheimildir Hagræðingarsjóðs með þessum hætti.

[12:10]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú flækjast málin. Nú erum við komin út í það að hæstv. sjútvrh. byggir hér á þeirri lagatúlkun að enn sem komið er sé ekki rétt að líta svo á að lögin um Hagræðingarsjóð hafi verið brotin. Það er að segja, af því að einungis eru liðnir tveir mánuðir og 10 dagar af fiskveiðiárinu, þá sé enn sem komið er ekki um lögbrot að ræða. En greinilegt er og liggur í orðum sjútvrh. að það verður það innan skamms. Og spurningin er sú: Hvenær? Er það núna 12. nóv., 16., 27. eða verður það kannski 1. des., á fullveldisdaginn, sem komið væri yfir línuna og þar með væri orðið um lögbrot að ræða? Hæstv. sjútvrh. og hv. þingmenn hljóta að átta sig á því í hvílíkar ógöngur menn eru hér komnir eða þarf að rifja aftur upp hvernig 6. gr. laga um Hagræðingarsjóð byrjar. Með leyfi forseta, er það svona:

„Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs ...“

Hvað er við upphaf samkvæmt málvenju? Við upphaf einhvers? Er það tveimur og hálfum mánuði síðar? Ég held ekki. Ég er hræddur um að hæstv. sjútvrh., sem mun vera löglærður maður, sé kominn í nokkra skógarferð í sínum lögskýringum þegar hann vill meina að við upphaf sé svo teygjanlegt hugtak að það geti jafnvel dregist um tvo og hálfan mánuð af tólf, því að árið er nú ekki nema tólf mánuðir. Ég held því að þessi orðaskipti sýni betur en nokkuð annað í hvílíkar ógöngur menn eru hér komnir.

Það kom hér fram, og ég þakka þó fyrir það, að það er á ábyrgð hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórnar að stjórn Hagræðingarsjóðs framkvæmir ekki gildandi lög um málefni sjóðsins, því hæstv. sjútvrh. lýsti því hér yfir að hann hefði, reyndar kaus hann að orða það svo, lýst þeirri skoðun sinni við stjórn sjóðsins að rétt væri að hún dokaði við. Ég held að þetta hafi verið afar kurteisisleg og hógvær aðferð til þess að reyna að segja að ríkisstjórnin hafi fyrirskipað stjórninni að brjóta lögin.

[12:12]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú stendur til að ganga til atkvæða um þessa brtt. og ég skil hæstv. sjútvrh. þannig að með því að fella þá brtt. geti vart verið hægt fyrir stjórn Hagræðingarsjóðs að draga lengur að selja heimildirnar. Því ef Alþingi hefur hafnað því að breyta þessum lögum, þá skil ég nú ekki þann málflutning að það verði lengur dregið að framkvæma lögin. Og ég vil nú biðja hv. þingmenn stjórnarflokkanna að íhuga þessa stöðu vegna þess að þeir eru í reynd með því að fella þessa tillögu að lýsa því yfir að það eigi að selja þessar heimildir, en það eigi ekki að nota þær til jöfnunar. Stjórnarandstaðan getur að sjálfsögðu ekki beðið eftir einhverjum óljósum yfirlýsingum í þessu máli og byggt sína afstöðu á einhverju snakki inni í ríkisstjórninni sem birtist annað slagið í ummælum umhvrh. og annarra ráðherra sem tala út og suður í þessu máli. Það er því engin önnur staða en að láta reyna á þetta mál hér í þinginu. Og það hlýtur að vera meiri hluti fyrir því eins og hér hefur verið talað.

[12:14]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla nú ekki að lengja umræðuna um þetta mál að öðru leyti en því að það kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. að það gæti verið að eftir að búið væri að fella þetta mál þá flyttu menn það aftur hér í þinginu. Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. forseti gefi okkur útskýringu á því með hvaða hætti á að túlka 43. gr. þingskapanna þar sem talað er um felld frumvörp, en þar stendur, með leyfi forseta:

„Lagafrumvarp, er hefur verið fellt, má eigi bera aftur upp á sama þingi.“

Ég óska útskýringa á því í hvaða tilvikum þetta á við. Ef það er ekki í þessu tilviki, þá hef ég áhuga á að vita hvernig það er útskýrt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 3. þm. Vesturl. hefur sjálfur svarað með því að lesa upp þessa grein og hefur forseti engu við það að bæta.

[12:15]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að sú fyrirspurn sem hv. þm. Jóhann Ársælsson bar fram sé svo mikilvæg fyrir lagasetningu og störf Alþingis að hæstv. forseti verði að gefa formlegan úrskurð af forsetastól. Það sem hér um ræðir er að efnislega hefur málið komið hér inn í formi þingmáls sem brtt. Ef sú brtt. verður felld, þá er spurningin sú: Er engu að síður hægt að taka nákvæmlega sama efnisatriði upp á þinginu sem frv.? Ef svar hæstv. forseta er já við því, þá vek ég athygli forseta á því að þar með er forseti nánast að ónýta 43. gr. þingskapalaganna, því þá væri einfaldlega hægt að flytja felld frv. sem brtt. við önnur frv. hér í þinginu. Þess vegna hef ég alltaf skilið þetta ákvæði á þann veg að um væri að ræða efnisatriðin skýr, hvort heldur menn kysu að klæða þau í búning lagafrumvarps eða formlegrar brtt. og þetta atriði alveg óháð þessu máli, virðulegi forseti, verður að vera alveg skýrt svo að ekki komi upp deilur um það síðar. Þess vegna óska ég eftir því að forseti gefi út formlegan úrskurð áður en atkvæðagreiðslan fer fram, hver skilningurinn á að vera út frá þeim möguleikum sem ég hef hér lýst. Ef forseti segir já, ríkisstjórnin getur komið með frumvörp þótt þessi breytingartillaga verði felld, þá er verið að opna á það að hvaða þingmaður sem er geti endurflutt efnisatriði felldra lagafrumvarpa hér í þinginu sem einfaldar brtt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti taldi sig hafa svarað því áðan hver hennar skoðun er á þessu máli. En forseti mun að sjálfsögðu áskilja sér rétt til þess, eins og venjan er þegar þing-

menn leggja fram frv., að skoða þau og gera athugasemd við þau ef talið er að frv. brjóti í bága við þingskapalög, og í þessu sambandi við 43. gr. Það á því ekki að vera nein hætta á því að það verði neitt slys í þeim efnum, því að sjálfsögðu hlýtur málið að verða skoðað þegar þar að kemur.

[12:18]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hér hafa farið fram orðaskipti sem eru býsna mikilvæg varðandi efnisafgreiðslu þeirrar brtt. sem hér liggur fyrir til atkvæðagreiðslu og ég er ekki viss um að allir hv. þm. hafi haft tóm til að átta sig á hinni formlegu stöðu málsins og einhverjir þingmanna kannski verið fjarverandi umræðuna en þurfa að gera upp hug sinn til atkvæðagreiðslunnar eða afstöðu sinnar hér á eftir, þá fer ég eindregið fram á að atkvæðagreiðslunni verði frestað þar til eftir hádegisverðarhlé þannig að mönnum gefist aðeins tóm til að bera saman bækur sínar áður en gengið er til atkvæðagreiðslu. Ég held að það sé sanngjörn ósk í ljósi þeirra orðaskipta sem fóru fram og mikilvægis málsins og það ætti ekki að þurfa að hafa nein áhrif á tilhögun fundarhaldsins og afgreiðslu málsins, því fyrir liggur að af okkar hálfu í stjórnarandstöðunni er ekki nokkur áhugi á því að tefja framgang þessa máls og við erum tilbúin til að láta afgreiðslu á því fara fram í dag með afbrigðum eins og kunnugt er. En ég fer fram á að við þessari ósk verði orðið og atkvæðagreiðslan fari fram eftir hlé.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. dómsmrh. hefur óskað eftir því að tekin verði saman til umræðu þau þrjú stjórnarfrumvörp sem eru undir fjórða dagskrárliðnum, þ.e. frv. um Hæstarétt Íslands, 196. mál, frv. um meðferð opinberra mála, 197. mál, og frv. um meðferð einkamála, 198. mál, og hefur forseti orðið við því ef engar athugasemdir koma fram við það.

[12:20]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að fyrir hv. allshn. liggur frv. sem ég flyt ásamt öðrum þingmönnum Alþb. um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála þar sem gert er ráð fyrir því að saksóknari verði ráðinn með tilteknum hætti til takmarkaðs tíma, eða fjögurra ára í senn. Fyrir þinginu liggur síðan órætt frv. til laga um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands þar sem gert er ráð fyrir því að Alþingi þurfi að staðfesta þá tillögu sem dómsmrh. á hverjum tíma kann að gera til forseta Íslands um skipun og ráðningu hæstaréttardómara. Ég hefði talið að það hefði verið heppilegt og eðlilegt að þessi mál hefðu öll verið hér til umræðu á sama fundi og geri þá athugasemd við fundarstjórn forseta, hæstv. forseti. Ef það er hins vegar talið óhjákvæmilegt að þessi mál verði tekin til umræðu núna þá hefði ég óskað eftir því að henni yrði ekki að fullu lokið í dag, heldur yrði þá unnt að afgreiða málin í lotu þegar þar að kemur, þ.e. þá væntanlega eftir helgina, þó ég sé út af fyrir sig tilbúinn til þess að fallast á að það frv. um Hæstarétt sem ég flyt hér ásamt öðrum þingmönnum Alþb. yrði tekið fyrir núna inn á þessa dagskrá með afbrigðum. Það er auðvitað hægt að gera það, hæstv. forseti.

[12:23]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. Svavar Gestsson lýsti hafa þingmenn Alþb. flutt hér frv. um Hæstarétt og 1. flm. þess er hv. þm. Svavar Gestsson.

Nú hefur það gerst að hæstv. ríkisstjórn hefur líka flutt hér frv. um Hæstarétt. Það liggur einnig fyrir þinginu brtt. um meðferð fjármála Hæstaréttar varðandi fjáraukalög fyrir árið 1993. Það er alveg óhjákvæmilegt að þegar dómsmrh. fer að mæla hér fyrir máli um Hæstarétt þá komi ýmsir þættir í stöðu réttarins hér til umfjöllunar. Þess vegna finnst mér ekki heppilegt að öðrum þingmálum, sem þingmenn hefðu í sjálfu sér ekki athugasemdir við eða vildu ræða með öðrum hætti, sé blandað inn í þá umfjöllun. Mér finnst þess vegna æskilegt að frv. um Hæstarétt Íslands verði hér sjálfstæður dagskrárliður en önnur frumvörp ekki þar með og mælist til þess við forseta að það verði gert og mér finnst reyndar eðlilegt að sú umræða fari fram í tengslum við það frv. sem hv. þm. Svavar Gestsson er 1. flm. að.

[12:24]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Vegna athugasemda þeirra tveggja hv. þm. sem hér hafa talað er rétt að vekja athygli á því að þau þrjú frumvörp sem hér eru á dagskrá lúta að meðferð áfrýjunarmála. Þau frumvörp sem hv. 9. þm. Reykv. flutti, og eitt þeirra lýtur að breytingum á lögum um Hæstarétt, lúta að allt öðrum þáttum í starfi þessa dómstóls, þ.e. með hvaða hætti dómsmrh. á að skipa dómara við réttinn. Þetta mál var á dagskrá Alþingis fyrir nokkru síðan og ég hafði gert ráð fyrir því að það yrði þá tekið til umræðu en um það bil sem mér sýndist að röðin væri að koma að því á dagskránni, þá hvarf flm. úr þingsalnum eða úr þinghúsinu. Ég ítreka þess vegna að hér er um mjög óskyld atriði að tefla. Annars vegar frv. um það hvernig ráðherra skipar dómara og hins vegar hvernig meðferð áfrýjunarmála skuli háttað og þau frumvörp eru flutt í þeim tilgangi að greiða fyrir meðferð þeirra mála. Ég sé því ekki rökin fyrir því að ræða þessi þrjú stjórnarfrumvörp um áfrýjunarmál og frumvörp um skipun dómara í einni samfellu.

[12:26]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það má út af fyrir sig leiða að því rök eins og hæstv. ráðherra gerði hér, að vegna þess að það eru ólík efnisatriði í frumvörpunum þá sé óeðlilegt að ræða þau í samfellu.

Hitt er hins vegar kjarni í málinu að ríkisstjórnin hefur flutt hér frv. um Hæstarétt. Hæstv. ráðherra veit ósköp vel að þar með hafa þingmenn möguleika á því að taka ýmsa aðra þætti sem snerta viðkomandi stofnun hér til umfjöllunar heldur en bara þá sem ráðherrann kaus að vera með í frv. og geta jafnvel flutt brtt. og kynnt þær við 1. umr. Athugasemd mín laut ekki síður að því að óska eftir því að skilið væri á milli hinna málanna tveggja sem hæstv. ráðherra ætlaði að mæla hér fyrir þannig að ráðherrann tæki sérstaklega fyrir málið sem snýr að Hæstarétti.

[12:27]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það er rétt að ítreka að öll þessi þrjú frv. um breytingu á lögum um meðferð einkamála, meðferð opinberra mála og Hæstaréttt lúta að meðferð áfrýjunar frá héraðsdómi til Hæstaréttar. Breytingarnar sem verið er að gera á hæstaréttarlögunum lúta fyrst og fremst að því að koma þessum breytingum fram. Þau eru þess vegna ein heild um meðferð áfrýjunarmála og þau sem slík verða þess vegna varla sundur slitin í umræðu þó að formi til séu þau borin fram í þremur sjálfstæðum frumvörpum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ef forseti hefur skilið þetta rétt er gerð athugasemd við að mælt verði fyrir þessum málum í einu. Samkvæmt þingsköpum er heimilt að mæla fyrir þremur málum í einu ef ekki koma athugasemdir við það. Þess vegna verður forseti að taka til greina þá athugasemd sem fram hefur komið og óskar þá eftir því að hæstv. ráðherra mæli fyrst fyrir a-lið 4. dagskrárliðarins sem er Hæstiréttur Íslands.

Hæstiréttur Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (tala fastra dómara, varadómarar, afgreiðsla kærumála). — Þskj. 218.

[12:29]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér liggja fyrir hinu háa Alþingi þrjú frumvörp sem öll miða að því að koma fram breytingum á meðferð áfrýjunarmála. Það fyrsta sem hér er tekið til umræðu lýtur að breytingum á lögum um Hæstarétt, en jafnframt liggja fyrir frv. til breytinga á lögum um meðferð opinberra mála og frv. til breytinga á lögum um meðferð einkmála.

Þessi frumvörp eru liður í heildarendurskoðun á reglum í réttarfarslögum um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála þar fyrir dómnum. Ástæðan fyrir því að þessi mál tengjast er sú að tillögurnar byggjast á sameiginlegum grunni og hafa að markmiði að koma á nýrri heildarskipan varðandi áfrýjun dómsmála.

Sem kunnugt er tóku gildi 1. júlí 1992 ný lög um dómstólaskipanina og alla þætti málsmeðferðar á lægra dómstigi, en með þeim voru gerðar verulegar breytingar frá eldri lögum. Á þeim tíma, sem frv. að þeim lögum voru í undirbúningi, lágu ekki fyrir endanlegar tillögur um hugsanlega framtíðarskipan áfrýjunardómstigsins eða meðferð mála á því. Ástæða þess var m.a. að ekki var á þeim tíma hægt að meta nægilega hvaða áhrif breytingarnar á lægra dómstigi kynnu að hafa á æðra dómstigið, t.d. varðandi málafjölda þar. Með réttarfarslögunum sem tóku gildi 1. júlí 1992 voru að vísu gerðar nokkrar breytingar varðandi áfrýjun mála og um kæru til Hæstaréttar en reglur um meðferð áfrýjaðra mála fyrir Hæstarétti voru að mestu látnar haldast óbreyttar. Þó voru reglur um áfrýjun opinberra mála og meðferð þeirra fyrir Hæstarétti settar í lög um meðferð opinberra mála en reglur um meðferð mála fyrir Hæstarétti voru í lögum um Hæstarétt Íslands.

Í þeim frumvörpum sem hér liggja fyrir þinginu er gert ráð fyrir að reglur um áfrýjun mála og meðferð þeirra fyrir Hæstarétti verði fluttar alfarið í viðkomandi réttarfarslög en í lögum um Hæstarétt Íslands verði einungis ákvæði um skipan dómstólsins og fáein almenn atriði varðandi starfsskipulag þar. Er að því stefnt að á næsta ári verði lagt fyrir Alþingi frv. til nýrra laga um skipan dómstóla þar sem reglur yrðu bæði um skipan héraðsdómstóla og Hæstaréttar auk almennra reglna um dómara á báðum dómstigum. Með því frv. yrði stefnt að endanlegu brottfalli laganna um Hæstarétt Íslands. Með því frv. væri þá lokið heildarendurskoðun á réttarfarslöggjöf sem hófst á árinu 1987.

Að því er varðar sérstaklega það frv. sem nú er til umræðu, frv. til laga um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands, er það að segja að verulegur fjöldi ódæmdra mála bíður meðferðar fyrir Hæstarétti Íslands. Með frumvörpum þeim um breyting á lögum um meðferð einkamála og meðferð opinberra mála sem liggja nú fyrir þinginu er stefnt að því að létta álagi af Hæstarétti og auðvelda og flýta meðferð mála fyrir dóminum. Samþykkt þeirra frv. einna út af fyrir sig mundi ekki geta skilað árangri við að vinna niður þann fjölda mála sem nú bíður afgreiðslu fyrir Hæstarétti nema á talsvert löngum tíma og til skemmri tíma litið mundi þeim málum fjölga nokkuð. Ef ekkert frekar yrði að gert væri vissulega náð þeim áfanga að málatíminn fyrir Hæstarétti mundi ekki lengjast frá því sem nú er, en allnokkur bið yrði á að álag á dóminn mundi minnka. Í þessu frv. eru lagðar til þrjár breytingar á lögum um Hæstarétt Íslands.

Í fyrsta lagi að dómurum við Hæstarétt verði fjölgað úr átta í níu.

Í öðru lagi að unnt verði að láta einn dómara afgreiða allra minnstu málin í stað þriggja nú.

Í þriðja lagi er lagt til að lítillega verði rýmkaðar heimildir Hæstaréttar til að kveðja varadómendur til setu í einstaka málum þannig að sú leið yrði fær til að mæta verulegum önnum fastra dómara, en þessi heimild væri þó tímabundin í þrjú ár.

Talið er að ef þessar tillögur næðu fram að ganga ásamt þeim sem um er fjallað í áðurgreindum frumvörpum, um meðferð einkamála og opinberra mála, megi vænta að raunhæf lausn verði fengin á þeim tveimur meginvandamálum sem annars stæðu óleyst.

Talið er að með því að fjölga dómurum við Hæstarétt um einn geti það skapað grundvöll fyrir breyttum starfsháttum í Hæstarétti en hinar tillögurnar mundu styrkja þann grundvöll enn frekar. Til lengri tíma mundu þessar tillögur einnig draga úr því álagi sem nú hvílir á dómurum við Hæstarétt. Þó verður að taka skýrt fram að innri verklagsreglur Hæstaréttar eru ekki lögbundnar heldur ráðast þær af ákvörðunum dómaranna og er ekki lögð til nein breyting á því. Það verður því í höndum Hæstaréttar að ákveða hvernig heimildir sem lagðar eru til í frv. þessu verði útfærðar.

Frú forseti. Ég hef í aðalatriðum gert grein fyrir megintilgangi þeirra þriggja frv. sem hér liggja fyrir og mynda eina heild og meginatriðunum að því er lýtur að breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands. En ég ítreka það hér að frumvörpin eru ein heild og því í raun og veru mikilvægt að koma fram greinargerð fyrir helstu breytingar varðandi frv. um meðferð einkamála og meðferð opinberra mála, svo að umræðan geti farið fram í heild sinni. Ég vildi þess vegna spyrja forseta að því hvort haga mætti umræðu á þann veg að fresta þessari umræðu um Hæstarétt Íslands, taka síðan fyrir þau tvö mál sem hér fylgja og gera grein fyrir þeim, en ræða síðan um Hæstarétt Íslands að því búnu.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það kom fram ósk frá hæstv. ráðherra um það hvort fresta mætti þessari umræðu og hann mælti fyrir hinum tveimur málunum. Eins og forseti hafði skýrt frá áðan þá getur forseti skv. 63. gr. þingskapa heimilað, ef ósk berst um það frá flutningsmanni eða flutningsmönnum og enginn þingmaður andmælir, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu, ef þau fjalla um skyld efni o.s.frv. Forseti hafði gert ráð fyrir að svo yrði hagað til um þessa umræðu, en þar sem hér hafa komið fram andmæli gegn því þá verður forseti að fara eftir þessu ákvæði þingskapa. Því verður þessi umræða að fara fram án þess að mælt sé fyrir hinum tveimur málunum. Þetta er alveg skýrt í þingsköpum og því getur forseti ekki orðið við þessari ósk hæstv. ráðherra þar sem andmæli hafa komið frá þingmönnum.

[12:38]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að óhjákvæmilegt sé, í tilefni þess að þetta mál er komið hér upp, að taka málin nokkuð breitt fyrir að því er varðar Hæstarétt Íslands, skipun hans og vinnubrögð, sem hafa orðið mönnum tilefni til þó nokkurra umræðna að undanförnu, bæði hér og annars staðar. Hér er lagt til að dómurum í Hæstarétti verði fjölgað um einn, þeir verði níu. Í umsögn um frv. frá fjárlagaskrifstofu fjmrn. kemur fram hvað þetta þýðir með mjög skýrum hætti frá fjárhagslegu sjónarmiði séð. „Laun hæstaréttardómara eru nú" — segir hér, með leyfi forseta — „um 5,4 millj. kr. á ári að meðtöldum launatengdum gjöldum." — Þ.e. um 450 þús. á mánuði, sýnist mér. — „Hæstaréttardómarar halda óskertum grunnlaunum til æviloka þegar þeir láta af störfum fyrir aldurs sakir eftir að hafa náð fullra 65 ára aldri. Til viðbótar má ætla að fjölgun dómara fylgi rekstrargjöld sem áætluð eru um 1 millj. kr. Þá er ekki talin með sú aukning rekstrargjalda sem óhjákvæmilega mun hljótast af flutningi Hæstaréttar í nýtt húsnæði".

Hér er með öðrum orðum í fyrsta lagi verið að stofna til verulegs kostnaðarauka, sérstaklega vegna þess að menn hafa kosið að túlka ákvæði stjórnarskrárinnar um laun hæstaréttardómara og það þegar þeir láta af störfum með þeim hætti að þeir haldi fullum launum til æviloka, löngu eftir að þeir hafa látið af störfum.

Ég verð að segja það sem mína skoðun að ég tel út af fyrir sig að þessi túlkun orki tvímælis, þó mér sé það í sjálfu sér ljóst að það er erfitt að breyta því sem túlkað hefur verið og hefur verið í gangi um nokkuð langt skeið. En með hliðsjón af þeirri deilu sem nú er uppi, hæstv. forseti, þá hefði ég talið að það hefði verið skynsamlegra fyrir dómsmrn. að flytja þetta frv. öðruvísi. Rökin fyrir málinu eru jú þau að það þurfi að grynnka á þeim aragrúa mála sem liggur fyrir réttinum og það eru eðlileg rök og fullgild sjónarmið. Þess vegna hefði ég talið að með hliðsjón af öllum aðstæðum hefði verið skynsamlegast að flytja hér tillögu um ákvæði til bráðabirgða í hæstaréttarlögin þannig að það væri heimilt um hríð, t.d. í eitt ár eða tvö, að bæta við einum dómara. Jafnframt mundu menn þá vera með þær brtt. sem að öðru leyti eru í frv. varðandi heimildir Hæstaréttar til að kveðja til varadómara og möguleika Hæstaréttar til að úrskurða í málum með þremur dómurum og varðandi þann möguleika að í allra minnstu málum geti einn dómari gengið frá máli, eins og hér hefur verið gerð tillaga um.

Þess vegna finnst mér að það sé rangt, miðað við núverandi aðstæður, að fara að fjölga hæstaréttardómurum vegna þess að þar með er í raun og veru verið að taka allt málið upp, hæstaréttarlögin eins og þau leggja sig.

Í öðru lagi vil ég minna á það í þessu sambandi, hæstv. forseti, að sú tillaga sem ég flyt í þinginu í frumvarpsformi, ásamt öðrum alþýðubandalagsmönnum, er auðvitað á dagskrá má segja um leið og þetta mál kemur upp, því hún fjallar um skipun hæstaréttardómara og ráðningu. Ég hefði talið að það væri óhjákvæmilegt að ræða þessi mál í samhengi, fyrst og fremst vegna þess að ef þetta yrði ofan á þá verður hæstv. ráðherra að skipa nýjan hæstaréttardómara og þá er auðvitað nauðsynlegt að áður fari fram rækileg umræða um það hvort Alþingi vill breyta lagaákvæðum um skipan og ráðningu hæstaréttardómara frá því sem nú er.

Ég er sannfærður um það, hæstv. forseti, að það er yfirgnæfandi stuðningur við það á Alþingi núna í öllum flokkum að breyta skipan og ráðningu hæstaréttardómara. Í því felst ekkert vantraust nema síður sé á núv. hæstv. dómsmrh., heldur er það skoðun fjölmargra aðila að það sé óeðlilegt kerfi sem við höfum í þessu efni og þess vegna sé rétt að Alþingi komi þarna til eða annar aðili með fullgildum hætti. Við höf-

um dæmi um það að rætt hefur verið um skipan hæstaréttardómara með þeim hætti að það hefði orðið Alþingi Íslendinga og ríkisstjórn og stjórnkerfi öllu til ævarandi skammar. Það er því alveg augljóst mál að með því að laga ekki þessar reglur þá eru menn að tefla á tvær hættur. Þess vegna held ég að það sé óhjákvæmilegt að það sé mjög skýrt núna, ef þetta frv. á að samþykkja svona eða eitthvað breytt, að þá verður um leið að fara fram rækileg úttekt á því hvernig á þessum málum verður tekið varðandi skipan hæstaréttardómara. Það er nauðsynlegt að það sé alveg skýrt hér að allshn. taki á frv. alþýðubandalagsmanna líka. Það er ekki hægt að líða það að allshn. fjalli bara um stjfrv. á þessu sviði en taki ekki um leið fyrir þau þingmannafrumvörp sem liggja fyrir varðandi breytingar á lögum um meðferð opinberra mála og breytingar á lögum um Hæstarétt.

Í þriðja lagi hlýtur það auðvitað að koma upp í þessu sambandi, sem ég ætla út af fyrir sig ekki að gera að umtalsefni hér, hvernig staðið hefur verið að þessum launamálum hæstaréttardómara að undanförnu. Það er alveg ótrúlegt að vera með hæstarétt sem er þannig skipaður að menn skuli telja sig geta móralskt, siðferðilega, róið í smuguna og gert út á óvissu í launamálum æðstu starfsmanna ríkisins. Ég hefði talið að það sæti síst á hæstaréttardómurum að leggja í sjóferð í smuguna með þeim hætti sem þeir hafa gert. Ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur farið nokkuð yfir réttarstöðu þjóðarinnar varðandi veiðar á fiski í Smugunni, hins vegar veit ég ekki hvort hann hefur sem dómsmrh. farið yfir það sérstaklega hver er réttarstaða hæstaréttardómara við veiðar í smugunni á kaupi, á yfirvinnukaupi. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þau vinnubrögð hæstaréttardómaranna veki til umhugsunar um það hvernig þessi dómur er eiginlega skipaður. Er hægt að treysta vinnubrögðum stofnunar sem er skipuð með þessum hætti? Ég dreg það fullkomlega í efa. Ég tel satt að segja að dómararnir hafi fjölgað spurningarmerkjum við þessa æðstu dómstofnun þjóðarinnar, sem Hæstiréttur er, með þessari vegferð í smuguna eftir yfirvinnukaupi handa sjálfum sér.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að ræða það mál ítarlega hér en það hlýtur að koma inn í þessa umræðu, hæstv. forseti, líka vegna þess, eins og 8. þm. Reykn. sagði áðan, að fyrir liggur tillaga um að fella niður heimild úr fjáraukalögum til þess að greiða þessa sérstöku smuguuppbót hæstaréttardómaranna sem var mjög rædd fyrir nokkrum vikum og mánuðum.

Ég held einnig, hæstv. forseti, að það sé æskilegt að það verði rætt hér líka, úr því að það er verið að fjölga hæstaréttardómurum, er þá eðlilegt að einn hæstaréttardómari eða kannski einhvern tímann fleiri vinni hjá öðrum dómstólum úti í bæ eða úti í löndum? Er eðlilegt að fjölga hæstaréttardómurum af því að einn hæstaréttardómari vill vera í vinnu í útlöndum af og til? Er það ekki sérkennilegt, hvað sem öllu öðru líður, að vera með hæstaréttardómara sem tekur sig til og bregður sér til útlanda og dæmir á móti þeim hæstarétti sem hann situr í? En fyrir því eru fræðilegir möguleikar. Er það ekki nokkuð sérkennilegt? Og er það ekki nokkuð sérkennilegt að bregðast við slíkri mótsögn, ekki með því að segja við þennan hæstaréttardómara: Þetta er bannað. Þetta er óheimilt, að hæstaréttardómari sé í raun og veru í vinnu hjá öðrum dómstóli sem getur tekið hæstaréttardómarann í karphúsið. Auðvitað ætti dómsmrh. heldur við þessar aðstæður að flytja frv. um að banna hæstaréttardómurum að taka þátt í öðrum dómstólum nema þeim sem hugsanlega lög kveða á um, eins og lögin um landsdóm.

Það er ekki mjög langt síðan að hv. Alþingi felldi niður lagaákvæði um skylduþátttöku hæstaréttardómara í Synodalrétti. Lagaákvæði um hann voru felld niður fyrir nokkrum árum, ég hygg að það hafi verið 1988 eða 1989 ef ég man rétt, þannig að núna er í landslögum bara eitt atriði þar sem kveðið er á um það að hæstaréttardómari verði að vera í dómstóli, þ.e. í landsdómi. Ég tel þess vegna, hæstv. forseti, varðandi fjölgunina, varðandi skipan hæstaréttardómara, varðandi setu dómara í öðrum dómstólum í útlöndum og varðandi launamál að öll þessi mál hljóti að leggjast undir í þessari umræðu og á því vildi ég vekja athygli.

[12:49]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ekki athugasemd við það að þessari umræðu verði frestað en ég vil vekja athygli hæstv. forseta á því að forseti hafði áður lýst því yfir að upp úr klukkan eitt ætti að fara fram atkvæðagreiðsla þar sem eitt mikilvægasta atriðið snertir sjávarútvegsmál og þar sem hæstv. dómsmrh. er einnig sjútvrh. þá finnst mér mjög óeðlilegt að láta þá atkvæðagreiðslu fara fram að ráðherranum fjarstöddum þegar ljóst er að hann hefur verið á þinginu allt fram til klukkan eitt og getur hugsanlega komið hingað aftur klukkan tvö. Ég minni á það að fjmrh. hefur í einu deilumáli hér á fyrri missirum á þessu kjörtímabili skotið sér á bak við það að þótt að allur samanlagður fjöldi stjórnarþingmanna hafi greitt atkvæði á tiltekinn veg þá hafi það ekkert með fjmrh. að gera vegna þess að hann hafi verið fjarstaddur atkvæðagreiðsluna. Það er auðvitað mjög óeðlilegt að slíkt geti komið upp og þess vegna vildi ég nú mælast til þess við virðulegan forseta að fyrst hæstv. sjútvrh. og dómsmrh. þarf að sinna verkum á milli kl. eitt og tvö, ég ætla ekki að gera neina athugasemd við það, þá fari atkvæðagreiðslan sem hér átti að fara fram á eftir ekki fram fyrr en ráðherrann er kominn aftur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur hlustað á ráðleggingar hv. 8. þm. Reykn. um fundarstjórn. Þessum fundi verður nú frestað og gert hlé til klukkan hálftvö. Síðan er annað mál á dagskrá sem samkomulag er um að verði afgreitt í dag. Það er 5. dagskrármálið. Þannig að það verða engin vandræði að nýta hér tímann til kl. tvö ef ástæða þykir til.

Umræðu frestað. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Græn símanúmer, 207. mál, þáltill. EKG o.fl., þskj. 231.

Niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg.

Skýrsla forsrh., 61. mál. — Þskj. 195.

[13:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Skýrsla sú sem hér er lögð fram er tekin saman að ósk hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og níu annarra hv. þm.

Evrópuráðið var stofnað árið 1949 með það að markmiði að Evrópuríkin gætu með því að bindast fastari böndum staðið vörð um lýðræði, mannréttindi og frið. Í inngangi að stofnskrá ráðsins staðfesta aðildarríki þess trú sína á þau verðmæti, andleg og siðferðileg, sem eru hin sameiginlega arfleifð þessara þjóða og hin sönnu upptök einstaklingsfrelsis, stjórnmálalegs frjálsræðis og skipunar laga og réttar. Öll Evrópuríki geta öðlast aðild að ráðinu en skilyrði þess er að umsækjendur viðurkenni grundvallarreglur réttarríkisins og að öllum einstaklingum innan umdæmis þess skuli tryggð mannréttindi og grundvallarfrelsi.

Starfsemi Evrópuráðsins á sviði mannréttindaverndar byggist að mestu leyti á mannréttindasáttmála Evrópu, félagsmálasáttmála Evrópu, sem nær yfir félagsleg og efnahagsleg réttindi, og sáttmála til varnar pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Annars vegar skuldbinda þessir sáttmálar aðildarríkin að þjóðarétti til að haga landslögum í samræmi við ákvæði sáttmálans. Hins vegar eru í öllum sáttmálunum ákvæði um eftirlit, eins og íslensk stjórnvöld hafa reyndar kynnst í dómum mannréttindadómstólsins vegna löggjafar og dóm- og stjórnsýslu hér á landi.

Auk ráðherranefndar, sem er æðsta valdastofnun ráðsins og skipuð utanríkisráðherrum aðildarríkjanna, er þing Evrópuráðsins í Strassborg, sem liðlega tvö hundruð fulltrúar eiga sæti á, allt þingmenn tilnefndir af þjóðþingum aðildarríkjanna. Þingið, sem er ráðgefandi, kemur saman fjórum sinnum á ári og heldur einnig á hverju sumri sérstakan fund í einu aðildarríkjanna. Til aðstoðar við þingstörfin hefur þingið eigin skrifstofu. Á skrifstofu Evrópuráðsins í Strassborg starfa rúmlega 900 manns undir yfirstjórn aðalframkvæmdastjóra en skrifstofan þjónar ráðherranefndinni, þinginu og sérfræðinganefndum.

Ísland gerðist aðili að Evrópuráðinu árið 1951 og fullgilti mannréttindasáttmála Evrópu árið 1953. Dóms- og kirkjumálaráðherra hefur lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um að sáttmálinn verði lögtekinn hér, sem er nú til meðferðar hjá allsherjarnefnd.

Til skamms tíma hefur Evrópuráðið einungis verið skipað Vestur-Evrópuríkjum. Eftir hrun kommúnismans í Evrópu hefur níu Mið- og Austur-Evrópuríkjum verið veitt aðild að ráðinu. Af þessu leiðir að vaxandi þáttur í starfsemi Evrópuráðsins er ýmiss konar aðstoð við fyrrum kommúnistaríki í Mið- og Austur-Evrópu við að efla lýðræðisþróun og mannréttindavernd, meðal annars með ráðgjöf, þjálfun og námskeiðum.

Leiðtogafundurinn í Vínarborg 8. og 9. okt. sl. var hinn fyrsti í sögu Evrópuráðsins. Til hans var boðað að frumkvæði François Mitterrands Frakklandsforseta til að fjalla um framtíðarhlutverk ráðsins, nú þegar markmið þess um að koma á samvinnu allra Evrópuríkja er í augsýn. Jafnframt var talið nauðsynlegt að gera ráðstafanir til að efla lýðræði, réttarríkið og virðingu fyrir mannréttindum. Þróun mála í Evrópu eftir lok kalda stríðsins hefur leitt í ljós að brýn þörf er á aðgerðum af því tagi. Um leið veldur hrun kommúnismans í Evrópu því að færi gefst á að knýja á um að grundvallarreglur lýðræðis og réttarríkisins gildi um alla álfuna og stuðli að friði og stöðugleika. Evrópuráðið, sem stofnað var í þessum tilgangi, er eðlilegur og einstakur vettvangur til að vinna að framgangi þessara markmiða. Þá var til þess ætlast að leiðtogafundurinn ákvæði að laga stofnanir og starfsemi Evrópuráðsins að breyttum aðstæðum í Evrópu, þróun annarra samtaka í álfunni og fjölgun aðildarríkjanna.

Evrópuráðið getur augljóslega ekki sinnt öllum þörfum nýrrar Evrópu. Á vettvangi þess verður ekki unnið nema að takmörkuðu leyti að því að efla viðskipta- og efnahagssamvinnu, og í stofnskrá ráðsins er tekið fram að það fjalli ekki um hernaðarlegt öryggi. Önnur samtök starfa á þessum sviðum og eru betur til þess fallin. Þetta eru Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, Evrópubandalagið, Vestur-Evrópusambandið og Atlantshafsbandalagið, en innan þess er nú rætt um nána samvinnu í öryggismálum milli bandalagsríkjanna og annarra Evrópuríkja.

Stækkun Evrópubandalagsins og Atlantshafsbandalagsins austur á bóginn virðist hins vegar ekki vera líkleg í náinni framtíð. Ólíkt þessum samtökum á Evrópuráðið möguleika á að verða fyrstu alevrópsku samtökin og er það reyndar vel á veg komið.

Evrópuráðið getur því lagt grunn að nýrri Evrópu, sem óhjákvæmilega verður að hvíla á grundvallarreglum réttarríkisins; á sönnu öryggi sem einungis lýðræðislegir stjórnarhættir geta tryggt. Þetta gerist ekki af sjálfu sér, heldur þarf þrýsting, bindandi skuldbindingar, eftirlit með framfylgd þeirra og skipulagða baráttu fyrir eflingu lýðræðis og mannréttinda.

Auk langrar reynslu og skipulags Evrópuráðsins á þessum sviðum er sérstaða ráðsins í þessum efnum ótvíræð. Á Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu er vissulega fjallað um mannréttindi, reyndar á sérstökum vettvangi innan vébanda ráðstefnunnar. Á leiðtogafundi Evrópuráðsins var ákveðið að halda áfram og auka tæknilega samvinnu um mannréttindamál við Ráðstefnuna um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu hefur verið opin nýjum aðildarríkjum óháð stöðu mannréttindamála í þeim. Í Evrópuráðinu gilda hins vegar ströng skilyrði fyrir aðild. Sérhvert aðildarríki skuldbindur sig til að tryggja öllum innan umdæmis þess mannréttindi og grundvallarfrelsi. Vegna strangra skilyrða fyrir aðild er

Evrópuráðið í vissum skilningi eins konar nálarauga sem ríki verða að komast í gegnum til þess að verða gjaldgeng til fullrar þátttöku í evrópskri samvinnu.

Á leiðtogafundi Evrópuráðsins kom fram að mönnum var ofarlega í sinni hvernig sá óstöðugleiki og þær nýju hættur í Evrópu, sem siglt hafa í kjölfar loka kalda stríðsins, sýndu að leiðin til lýðræðis og varanlegs stöðugleika væri vissulega grýtt. Þessir erfiðleikar undirstrikuðu sérstöðu og þýðingu Evrópuráðsins en leiddu jafnframt í ljós að enn væri langt í að markmiðum ráðsins væri náð í álfunni allri. Til þess hafi hrun kommúnismans veitt ráðinu einstakt tækifæri. Evrópuráðið hefði lykilhlutverki að gegna og einstaka möguleika á að koma á samvinnu allra Evrópuríkja. Ströng aðildarskilyrði þess hefðu þegar átt stóran þátt í þeirri eflingu mannréttinda og lýðræðis sem orðið hefði í álfunni eftir hrun kommúnismans. Um leið þyrfti ráðið að laga sig að þeim kröfum sem fjölgun aðildarríkja og breyttar pólitískar aðstæður fælu í sér.

Í ávarpi mínu á leiðtogafundinum, sem fylgir þessari skýrslu, benti ég meðal annars á sérstöðu Evrópuráðsins meðal samtaka í álfunni og að leggja bæri ríka áherslu á að aðildarríki fullnægðu þeim kröfum sem aðild að ráðinu gerði til þeirra. Í því tilliti væri þýðingarmikið að fylgja eftir þeirri samþykkt þings Evrópuráðsins að fylgst skyldi náið með því að ný aðildarríki virtu skuldbindingar sínar. Eftirlit með framfylgd þeirra er nýtt og mikilvægt verkefni sem þingið hefur tekið að sér.

Ég tiltók í ávarpinu tvö mál sem fælu í sér alvarlega hættu fyrir mannréttindahugsjón Evrópuráðsins. Hið fyrra var að skilgreina yrði réttindi þjóðernisminnihluta og sjá til þess með virkum hætti að þau væru virt. Þessu markmiði yrði að ná. Átökin í fyrrverandi Júgóslavíu og víðar, sem og hætta á þjóðernisólgu á enn öðrum stöðum í Evrópu, eru skýr áminning um nauðsyn þess að vernda réttindi þjóðernisminnihlutahópa. Við bætist hættan á að stöðugleiki í álfunni bresti við útbreiðslu átaka af þessu tagi.

Hitt málið, sem ég lagði áherslu á, var áætlun um aðgerðir gegn kynþáttahatri, útlendingaandúð, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum, en allt varpar þetta skugga á viðleitni til að tryggja frið og frelsi í Evrópu. Forsætisráðherra Noregs, Gro Harlem Brundtland, lagði upphaflega til að Evrópuráðið gerði slíka áætlun og samþykkt hennar er einn mikilvægasti árangur leiðtogafundarins að mínu mati.

Enn fremur lýsti ég stuðningi við nauðsynlega endurskoðun á eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans vegna fjölgunar aðildarríkja Evrópuráðsins.

Í yfirlýsingu leiðtogafundarins, Vínaryfirlýsingunni, er ráðherranefnd ráðsins falið að semja á næstunni drög að rammasamningi sem fastsetji grundvallarreglur um réttindi þjóðernisminnihluta. Jafnframt var nefndinni falið að hefja undirbúning að gerð viðauka við mannréttindasáttmálann til þess að tryggja réttindi einstaklinga í menningarlegum efnum, einkum réttindi einstaklinga sem tilheyrðu minnihlutahópum. Á leiðtogafundinum tókst þannig að ýta málinu úr vör með málamiðlun en enn er augljóslega langt í land að samkomulag náist um aðgerðir til að leysa úr vanda þjóðernisminnihluta. Ágreiningur um skilgreiningaratriði má ekki standa í veginum eða mótbárur ríkja sem hafa minnihlutahópa innan landamæra sinna.

Eins og áður sagði er með Vínaryfirlýsingunni hrint af stað áætlun um aðgerðir gegn kynþáttahatri, útlendingaandúð, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum. Til að fylgja málum eftir var ákveðið að stofnuð yrði föst sérfræðinganefnd sem endurskoðaði löggjöf og stefnu aðildarríkjanna gegn misrétti af þessu tagi og gerði tillögur um úrbætur og aðgerðir. Þá verður hafið átak meðal æskulýðs í samvinnu Evrópuráðsins og evrópskra æskulýðssamtaka til þess að efla umburðarlyndi og virðingu fyrir fólki og berjast gegn kynþáttamisrétti, útlendingaandúð og öðrum fordómum. Til lengri tíma litið kann þetta að verða veigamesti hluti áætlunarinnar.

Endurskoðun á eftirlitskerfi mannréttindasáttmála Evrópu verður háttað þannig að saminn verður viðauki við sáttmálann sem felur meðal annars í sér að mannréttindanefndin og mannréttindadómstóllinn verða sameinuð í einn dómstól. Markmiðið er að auka skilvirkni eftir fjölgun aðildarríkja Evrópuráðsins og er stefnt að undirritun viðaukans á ráðherranefndarfundi í maí á næsta ári.

Meiri óvissa ríkir nú í Evrópu en verið hefur um langt skeið. Auk átakanna í fyrrverandi Júgóslavíu og hættu á útbreiðslu þeirra er skemmst að minnast valdaránstilraunarinnar í Moskvu í byrjun október síðastliðins. Leiðtogafundur Evrópuráðsins, sem átti sér stað nokkrum dögum eftir þann atburð, samþykkti sérstaka ályktun um Rússland. Þar var lýst samstöðu með stuðningsmönnum umbótastefnu Borisar Jeltsíns, forseta, og látin í ljós sú ósk að staðið verði áfram af festu að lýðræðisþróun í landinu. Meginhersla var lögð á að haldnar yrðu svo fljótt sem auðið væri frjálsar kosningar sem gerðu rússnesku þjóðinni kleift að tjá sig um framtíð sína. Enn fremur var staðfest að ríki Evrópuráðsins væru staðráðin í að veita umbótaferlinu í Rússlandi virkan stuðning með því meðal annars að leggja aukna áherslu á það í samvinnuverkefnum ráðsins með Rússlandi að veita aðstoð við mótun lýðræðislegra stofnana og réttarkerfis, þar sem lögð væri áhersla á virðingu fyrir mannréttindum og skipun laga og réttar.

Íslensk stjórnvöld gáfu út yfirlýsingu hinn 4. okt. síðastliðinn þar sem lýst var alvarlegum áhyggjum vegna þeirra átaka sem þá áttu sér stað í Moskvu. Jafnframt var ítrekaður stuðningur við Boris Jeltsín, forseta Rússlands, sem væri lýðræðislega kjörinn leiðtogi rússnesku þjóðarinnar.

Vissulega á Jeltsín forseti stuðning skilinn og réttilega eru þeir fordæmdir sem hefja vopnaða aðför að lýðræðislega kjörnum stjórnvöldum. Þegar upp er staðið snýst þó meginmálið ekki um einstaklinga, heldur grundvallarreglur lýðræðisins.

Ég hygg að ég sé nú kominn alllangt í að fjalla um þessa skýrslu og reyndar finnst mér ég kannast við textann sem ég er nú þegar tekinn að lesa og ég hygg, virðulegur forseti, að ég láti staðar numið en ég tek

þátt í umræðum hér á eftir sem ég vona að verði málefnalegar og góðar.

[13:42]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hæstv. forsrh. fyrir þessa skýrslu sem hann hefur hér lagt fram. Í henni er greint frá Vínarfundinum 8.–9. okt. sl., þar sem teknar voru að mínum dómi ýmsar merkar ákvarðanir sem vonandi munu skila sér í starfi Evrópuráðsins og íbúa Evrópu í baráttu okkar fyrir friði og jafnrétti þegnanna. Það vill svo til að í dag eru nákvæmlega 75 ár liðin frá því að fyrri heimsstyrjöldinni lauk. Það er friðardagurinn og því er mjög við hæfi að við skulum vera að ræða málefni Evrópu því við þekkjum það einmitt frá sögunni, bæði fyrri og síðari heimsstyrjöldinni, að átök í Evrópu hafa að sjálfsögðu mikil áhrif hér á landi.

Ástæðan fyrir því að við báðum um þessa skýrslu er ekki síst sú að á þessum Vínarfundi voru til umræðu mjög mikilvæg mál sem liggja eins og mara á stjórnmálamönnum Evrópu og þá ekki síst þeir hugmyndastraumar sem hafa verið vaxandi á undanförnum árum og lýsa sér því miður á heldur neikvæðan hátt í hatri og ofsóknum gegn fólki sem býr í ýmsum Evrópuríkjum, þjóðernisminnihlutum og öðrum þjóðum og eru þar ríki fyrrverandi Júgóslavíu gleggsta dæmið.

Þegar ákveðið var að boða til Vínarfundarins að frumkvæði Mitterrands Frakklandsforseta þá var hugmyndin sú að ræða fyrst og fremst um framtíð Evrópuráðsins í ljósi breyttra aðstæðna í Evrópu þar sem þeim ríkjum, sem sótt hafa um aðild að Evrópuráðinu og fengið, hefur fjölgað mjög og við dyrnar bíða nokkur ríki eftir því að fá inngöngu. En ástandið í sumum þeirra ríkja er þannig að það mun eflaust dragast. En síðan gerðist það að bylgjan fór af stað í ýmsum löndum með ofbeldi og árásum og ýmsu því sem vakið hefur mönnum ótta. Því var það að Gro Harlem Brundtland lagði til að á þessum fundi yrði sérstaklega hugað að kynþáttahatri og andúð gegn útlendingum, gyðingaofsóknum og fleiru því sem menn héldu nú að væri kannski minnkandi í Evrópu eða jafnvel úr sögunni. Því er það að í niðurstöðum fundarins er lögð mikil áhersla á baráttu gegn slíkum vágestum.

Það er margt merkilegt að skoða í framhaldi af Vínarfundinum og því sem fram kemur í þessari skýrslu. Ekki síst það hvernig ríki Evrópuráðsins geta fylgt eftir sínum samþykktum og hvernig þau geta séð til þess að samþykktum mannréttindasáttmálans sé framfylgt í aðildarríkjunum. Og Evrópuráðið hefur margvíslegu hlutverki að gegna í þessu sambandi. Í fyrsta lagi að fylgjast með ástandinu í þeim ríkjum sem þegar hafa gerst aðilar og hvernig þeim gengur að feta braut lýðræðisins. Þar hefur margt athyglisvert verið að gerast sem sýnir að menn verða verulega að velta því fyrir sér hvernig aðhaldinu skuli háttað. Ég get nefnt dæmi um ríki eins og Búlgaríu, þar sem m.a. þingmenn hafa átt í erfiðleikum gagnvart stjórnvöldum og það hafa heyrst dæmi frá Slóvakíu þar sem borgarar hafa talið að réttur væri á sér brotinn enda eru þarna við stjórn þeir sem tilheyra fyrrverandi stjórnvöldum og breytingarnar eru oft ekki eins djúpstæðar og menn vonuðu. En það er vandamál að fylgjast með þessu og finna ráð til þess að tryggja mannréttindi og m.a. er málefni eins þingmanna búlgörsku sendinefndarinnar í Evrópuráðinu til umfjöllunar. Ég ætla ekki að fara lengra út í það.

Síðan er annað sem snýr að Evrópuráðinu og það er ástandið í þeim ríkjum sem eru að sækjast eftir aðild. Eins og fram kemur í skýrslunni er meðal annars í þeim hópi Króatía, sem fengið hefur gestaaðild að Evrópuráðinu, en bæði innan landamæra Króatíu er eitt og annað að gerast og auk þess eru Króatar þátttakendur í þeim miklu átökum sem m.a. eiga sér stað í Bosníu og reyndar ekki ljóst hvernig stjórnvöld Króatíu koma þar inn í dæmið. En ég minnist þess að á þingi Evrópuráðsins í sumar kom það m.a. fram að þingmennirnir frá Króatíu voru ekki allsendis ánægðir með það hvernig t.d. búið er að fjölmiðlum þar í landi og vildu meina að leifar fyrra stjórnarfars létu á sér kræla á ýmsan hátt. Það er kannski ekki síst í þeim efnum, það að feta brautina frá þessum alræðisstjórnarháttum sem ríktu í Austur-Evrópu og til lýðræðislegs skipulags, sem Evrópuríkin, þ.e. ríki Vestur-Evrópu, aðildarríki Evrópuráðsins, geta komið til aðstoðar og komið með ábendingar um það hvernig beri að þróa málin. Við höfum mörg dæmi um það að heimsóknir þingnefnda Evrópuráðsins hafa haft ótrúleg áhrif í þessum ríkjum þar sem menn hafa verið að leita fyrir sér og ekki vitað hvernig ætti að taka á málum, fá tækifæri til að spyrja þingmenn frá ýmsum löndum: Hvernig gerið þið? Þeir hafa lýst því að þetta hafi orðið þeim mjög til hjálpar. En það er líka athyglisvert að við höfum þennan ágæta mannréttindasáttmála Evrópuráðsins sem til stendur að lögtaka hér á landi en þegar betur er að gáð og við skoðum t.d. skýrslur Amnesty International þá kemur í ljós að fjöldamörg ríki Evrópuráðsins eru þar á skrá vegna mannréttindabrota. Sem betur fer eru þau í flestum ríkjanna heldur af minna taginu, það eru einkum fangelsismál sem valda erfiðleikum. En það er þó sérstaklega eitt aðildarríki Evrópuráðsins sem menn eru í vandræðum með og það er Tyrkland þar sem stjórnvöld hafa ár eftir ár verið ásökuð um mannréttindabrot af ýmsu tagi og Tyrkir lofa bót og betrun og halda því fram að allt standi til bóta. En samt sem áður virðast stjórnvöld hafa þar litla stjórn á her og lögreglu og er þó ekki minnst á baráttu Kúrda í Tyrklandi sem nefndir Evrópuráðsins hafa verið að fylgjast sérstaklega með. Þannig þarf ekki bara að fylgjast með þeim sem eru á leiðinni inn í Evrópuráðið. Það þarf líka að hafa augun opin fyrir því sem gerist í aðildarríkjunum sjálfum því mönnum getur orðið hált á braut mannréttindanna. En þar kemur dómstóllinn til sögunnar og það að menn geta skotið málum sínum þangað og við höfum dæmi um það að ríki eru viðkvæm fyrir dómum Mannréttindadómstólsins og taka mark á þeim, sem betur fer.

Það kemur fram hér í skýrslunni, og er auðvitað hið merkasta við Evrópuráðið, að það er eini vettvangurinn í Evrópu, það er sérstaða Evrópuráðsins að það getur sameinað öll ríki í Evrópu að uppfylltum þeim

skilyrðum sem sett eru um mannréttindi og reglur réttarríkisins ásamt lýðræðislegu skipulagi. Þarna er að mótast vettvangur sem væntanlega mun innan nokkurra ára ná til allrar Evrópu. Þarna er fyrst og fremst verið að ræða það sem snýr að mannréttindum og reyndar ýmsum öðrum málum, tækni, umhverfismálum og menningarmálum. Það er mjög margt sem þarna ber á góma og þarna er hinn kjörni vettvangur til þess að efla kynningu og samstarf og til þess að treysta frið í álfunni.

Yfirlýsingar Vínarfundarins spegla það sem ég áður nefndi, áhyggjur ráðamanna af þróuninni og mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort komið hafi fram andstaða á Vínarfundinum við þær hugmyndir eða þá meginniðurstöðu að það beri að tryggja réttinn til þjóðernisminnihluta. Kom fram bein andstaða við þetta? Hvernig var sú umræða? Við vitum að þetta er ýmsum þjóðum erfitt mál og er þeim erfitt að sætta sig við að minni hlutum séu tryggð ýmis réttindi. Við vitum það t.d. að Eystrasaltsríkin hafa átt í miklum vanda með Rússana í sínum ríkjum og þeir hafa verið gagnrýndir fyrir það hvernig tekið hefur verið á málum. Reyndar hafa bæði Eistland og Litáen nú fengið aðild að Evrópuráðinu en Lettland bíður enn einmitt vegna þessara vandamála sem eru í kringum Rússana.

Tíminn er nú mjög að styttast þannig að ég ætla að lokum að nefna það að í yfirlýsingum fundarins er sett upp aðgerðaáætlun þar sem eru að vísu mörg atriði, en eitt af þeim er það að sett verði í gang herferð meðal æskulýðsins í Evrópu til að efla áhuga almennings á umburðarlyndu samfélagi sem byggist á því að allir þjóðfélagsþegnar njóti sömu virðingar og gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi eins og segir hér í aðgerðaáætluninni, með leyfi forseta. Og mig langar til þess að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi velt því fyrir sér eða tekið ákvarðanir um það hvernig þessu verði fylgt eftir hér á landi því að ég tel að það sé ekki síst þörf á því að opna augu Íslendinga, kanna afstöðu okkar til útlendinga og minnihlutahópa og kynþátta. Ég held að við göngum hér um með nokkrar ranghugmyndir um það hvað við séum frjálslynd og opin, en því miður hefur ýmislegt komið hér upp sem bendir til hins gagnstæða. Það er mikil þörf á því að kynna þessa umræðu sem á sér stað um þessi mál úti í Evrópu. Það þarf átak í skólum landsins og meðal almennings reyndar og ég spyr: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að fylgja þessari samþykkt eftir? Ég vil sérstaklega nefna það að leiðtogafundurinn bendir á aukin samskipti í menningarmálum, en það er ekki síst þannig sem hægt er auka kynningu og brúa bil á milli þjóða.

Að lokum allra síðast, virðulegi forseti, ætla ég að nefna að það er fleira sem við þurfum að huga að í kjölfar þessa fundar og þess sem gerst hefur í samskiptum okkar, m.a. við Mannréttindadómstól Evrópuráðsins. Við hljótum að verða að spyrja okkur að því hvernig og hvort við þurfum að aðlaga íslensk lög að mannréttindasáttmálanum. Við höfum fengið á okkur dóma á undanförnum árum og þeirri spurningu er ósvarað hvort ríkisstjórnin ætlar að beita sér fyrir slíkri endurskoðun á íslenskum lögum. Ég vil líka vekja athygli á þeirri samþykkt Vínarfundarins að hvetja fjölmiðla til þess að fjalla um málefni minnihlutahópa á ábyrgan hátt.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði hér í upphafi. Ég tel að þessar samþykktir sem gerðar voru á leiðtogafundinum í Vín séu mjög mikilvægar ef þeim verður fylgt eftir. Við höfum reynsluna af því hvert hugmyndir af þessu tagi sem hér hafa verið til umræðu, kynþáttahatur og ofsóknir gegn minnihlutaþjóðum og þjóðum, hafa leitt okkur í Evrópu og okkur ber skylda til þess að gera allt sem í okkar valdi stendur til að koma í veg fyrir að atburðir af því tagi endurtaki sig á evrópskri grund.

[13:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra spurninga sem hv. þm. kom með, þá vil ég nefna það sérstaklega út af hinni fyrri, hvort það hafi verið andstaða við þau sjónarmið að tryggja bæri afstöðu þjóðernisminnihlutahópa, þá hygg ég að það sé ekki hægt að segja að það hafi verið andstaða á fundinum. Hins vegar mætti segja að í túlkun sumra fulltrúanna hafi komið fram ákveðinn sveigjanleiki við það. Mér fannst þess gæta til að mynda í túlkun forsætisráðherra Tyrklands og reyndar forsætisráðherra Spánar og reyndar hjá nokkrum fleirum að menn túlkuðu þetta örlítið með nokkuð öðrum brag heldur en við mundum kannski vilja kjósa að það væri túlkað. Þessar þjóðir telja sig hafa við erfiðleika að etja innan sinna vébanda. Það er ekki hægt að segja að þær hafi beinlínis verið í andstöðu við þessar hugmyndir, en þær höfðu á þeim mismunandi túlkun.

Varðandi hitt, þá lítum við þannig á að við stöndum kannski betur en flestar aðrar þjóðir gagnvart þessum þáttum sem hér er verið að fjalla um, kynþáttafordóma, gyðingahatur, útlendingahatur og vægðarleysi í skoðunum — við getum svo sem verið nokkuð vægðarlaus í skoðunum á köflum — en ég get tekið undir það með hv. þm. að það er þó ástæðulaust fyrir okkur að telja að við séum yfir alla hafin í þeim efnum og ég hygg að við eigum að taka fullan þátt í og fylgja eftir til að mynda kynningarstarfi sem á að miðast að æskulýði í Evrópu. Ég hygg að við eigum ekki að telja okkur vera neitt undanskilin í þeim efnum.

Umræðu frestað.

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 9. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 9, nál. 214 og 229, brtt. 230.

[14:03]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, BF, DO, EKG, EKJ, GHH, GunnS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, StB, SE, TIO, VE, ÞurP, ÖS.
18 þm. (EMS, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, IP, JóhS, JGS, JVK, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 230 kölluð aftur til 3. umr.

2.–5. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, GHH, GunnS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, StB, SE, TIO, VE, ÞurP, ÖS.
19 þm. (BF, EMS, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, IP, JóhS, JGS, JVK, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, GHH, GunnS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SE, TIO, VE, ÞurP, ÖS.
20 þm. (BF, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, ÓRG, PP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GÁS, IP, JóhS, JGS, JVK, KE, MF, MB, ÓÞÞ, RA, SighB, SAÞ, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

7.–9. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, GHH, GunnS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, StB, SE, TIO, VE, ÞurP, ÖS.
20 þm. (BF, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GÁS, IP, JóhS, JGS, JVK, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, SP, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, BF, DO, EKG, EMS, EKJ, FI, GHH, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JBH, JHelg, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StH, StB, SvG, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.
18 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, FrS, GuðjG, GÁS, IP, JóhS, JGS, JVK, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, ÞorstP) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 4.b, 4.c, 5. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 14.06.

---

34. FUNDUR

fimmtudaginn 11. nóv.,
að loknum 33. fundi.

Dagskrá:

1. Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, stjfrv., 9. mál, þskj. 9, brtt. 230. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg, skýrsla, 61. mál, þskj. 195. — Frh. umr.
3. Hæstiréttur Íslands, stjfrv., 196. mál, þskj. 218. — Frh. 1. umr.
4. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 197. mál, þskj. 219. — 1. umr.
5. Meðferð einkamála, stjfrv., 198. mál, þskj. 220. — 1. umr.

Efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, 3. umr.

Stjfrv., 9. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 9, brtt. 230.

[14:06]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JÁ, JBH, JHelg, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StH, SJS, StB, SE, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.
19 þm. (AÓB, ÁRÁ, BF, EH, EgJ, GuðjG, GÁS, IP, JóhS, JGS, JVK, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

[14:12]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er komin upp mjög sérkennileg staða á Alþingi. Hæstv. sjútvrh. sagði í umræðum hér fyrir nokkru að hann væri efnislega sammála þeim brtt. sem stjórnarandstaðan hefur lagt fram og nú hafa verið dregnar til baka til 3. umr. Hæstv. sjútvrh. staðfesti jafnframt að það gæti í mesta lagi dregist í nokkra daga, eins og ég skildi orð hans, að tekin væri afstaða til þessa máls. Hann vitnaði hins vegar til þess að það væri ákvæði um þetta mál í frv. til laga um stjórn fiskveiða sem enn þá er hjá ríkisstjórninni og er ekki komið til þingflokka, hvað þá að

það sé komið hér inn á Alþingi. Og það vita nú allir að jafnvel þótt frv. væri lagt fram hér á hv. Alþingi þá tæki allmargar vikur að afgreiða það. Ég á ekki von á því að það verði afgreitt á örfáum dögum eða nokkrum vikum.

Það hefur verið staðfest að það eru í gildi lög í landinu um Hagræðingarsjóð og þau lög segja að stjórn sjóðsins beri að selja þessar aflaheimildir. Nú stendur það fyrir dyrum, eftir því sem við í stjórnarandstöðunni höfum fengið upplýst, að stjórnarmeirihlutinn ætli að fella þess brtt., jafnvel þótt hæstv. sjútvrh. segist vera sammála þeim. Og það er afar athyglisvert að hæstv. sjútvrh. sér ekki ástæðu til að vera viðstaddur atkvæðagreiðsluna, sem segir sína sögu og væntanlega staðfestir það að hann hefur endanlega orðið undir í málinu og aðrir ráðherrar í ríkisstjórninni ætla að hafa skoðanir hans að engu. Og það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem það gerist.

Ég tel afar nauðsynlegt að hæstv. forsrh. komi hér og upplýsi stöðu þessa máls. Hann hefur áður gefið yfirlýsingar í málinu. Hann gaf yfirlýsingar ekki sumarið sem leið heldur sumarið þar áður, í ágústmánuði, um að aflabresturinn yrði þá bættur með þessum aflaheimildum. Ekki með því að úthluta þeim til aðila í sjávarútvegi heldur með því að greiða þessum aðilum samsvarandi fjárhæð í peningum metið til verðs. Síðan leið og beið og ekkert gerðist í málinu. Því var neitað að afgreiða það hér á Alþingi en síðan gripið til þess ráðs að afgreiða það með bráðabirgðalögum og nú á að staðfesta þau bráðabirgðalög.

Síðan hefur ríkisstjórnin lýst því yfir að frv. til laga um stjórn fiskveiða verði lagt fram strax í upphafi þings og verði forgangsmál hér á Alþingi og látið í það skína að það muni verða afgreitt á fyrstu vikum þingsins. Enn bólar ekki á málinu. En ég vildi spyrja hæstv. forsrh., hvert er hans mat á þeim deilum sem nú eru uppi ríkisstjórninni. Verður frv. um þetta efni lagt fram næstu daga? Hvenær hyggst ríkisstjórnin beita sér fyrir því að það verði afgreitt og hvernig hyggst ríkisstjórnin koma í veg fyrir það, eins og mér skilst að sé hennar ætlan, að núverandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins verði framfylgt? Ég tel að að það skipti sköpum í þessu máli að þetta verði upplýst, því annars eru hv. þm. sem greiða þessu atkvæði — ég fagna því nú út af fyrir sig að hæstv. sjútvrh. skuli vera hér mættur og væri gott að fá líka hans álit á málinu — hvernig þeir hyggist koma því þannig fyrir að ríkisstjórnin geti staðið við sínar yfirlýsingar í þessu máli að felldum þessum brtt.

[14:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. vakti reyndar athygli á þá er hæstv. sjútvrh. kominn í salinn og ástæðulausar þær vangaveltur sem uppi voru um fjarveru hans. Hann hafði einmitt haft fullan hug á því að vera hér í salnum og hafði þess vegna m.a. beðið um og óskað eftir því að atkvæðagreiðslunni yrði frestað þannig að hann gæti flutt ávarp á dómaraþingi. Hann vildi eins og við hinir hv. þm. vera viðstaddur þessa atkvæðagreiðslu.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi, þá hefur það nú verið rætt áður um Hagræðingarsjóðinn og reyndar um þær fyrirhuguðu jöfnunaraðgerðir sem voru uppi á sínum tíma. Það varð reyndar ekki úr því fyrirkomulagi sem ég hafi kynnt að mundi verða stefnt að, m.a. vegna þess að það skapaðist mikil andstaða við þá aðferð í greininni sjálfri. Síðan gerðist það á haustdögum að gripið var til efnahagsráðstafana, m.a. urðu gengisbreytingar sem bættu stöðu sjávarútvegsins og fleiri aðgerðir sem þá var gripið til. Það var þá mat okkar í ríkisstjórn að þar með væri sá þáttur afgreiddur. Og það var af þeim ástæðum sem stjórnarmeirihlutinn var ekki inni á því að afgreiða tillöguna sem hv. þm. ræddi um og stjórnarandstaðan beitti sér fyrir á vordögum síðast.

Þegar kom hins vegar að því að ljúka kjarasamningum, eftir að þing var farið, þá varð ljóst að afgreiðsla á hagræðingarsjóðsmáli gæti orðið einn af meginþáttum í að tryggja það að kjarasamningar næðu fram að ganga og þá var ákveðið að það yrði einn af þeim þáttum sem ríkisstjórnin tryggði lagagrundvöll fyrir. Ég tel að þetta sé stjórnskipulega allt saman mjög eðlilegt. Ef það hefði hins vegar verið svo að ríkisstjórnin hefði ekki viljað taka málið til efnislegrar afgreiðslu, kosið að gera það með bráðabirgðalögum og hefði þegar ákveðið það þegar þinginu lauk, þá hefði það verið óeðlileg málsmeðferð. En engin slík ákvörðun lá fyrir þegar þinginu lauk. Það lá ekki fyrir fyrr en síðar að þetta gæti orðið eitt af meginatriðunum til þess að tryggja það að kjarasamningar mættu ná fram að ganga.

Þau tvö mál sem hafa verið nefnd, um fiskveiðistjórnun og þróunarsjóð hafa verið í meðferð hjá þingflokkum stjórnarflokkanna og ég vona að þeirri meðferð ljúki sem allra fyrst. Það er rétt hjá hv. þm. að tíminn hefur liðið og það er nauðsynlegt að fá botn í það mál. Og þegar sú afgreiðsla hefur gengið fram hjá þingflokkunum og málið komið fram, er það okkar álit að þróunarsjóðsfrv. eigi að fá sem hraðasta meðferð í þinginu og munum við að sjálfsögðu óska eftir góðri samvinnu við stjórnarandstöðuna um þá málsmeðferð.

[14:21]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nú leiðrétta það hjá hæstv. forsrh. að það lá fyrir loforð um það frá hæstv. ríkisstjórn að bæta aflabrestinn á síðasta sumri. Og hæstv. forsrh. lýsti því yfir að það yrði gert með tilteknum hætti. En það sem skiptir máli núna er að það er ekki nóg fyrir Alþingi að fá yfirlýsingu forsrh. um að þetta verði rætt á allra næstu dögum í þingflokkunum og menn muni halda áfram að skoða þetta. Það liggur líka fyrir, hæstv. forsrh., að jafnvel þótt menn haldi áfram að skoða þetta næstu daga, þá hefur hæstv. umhvrh. lýst því yfir að það liggi ekkert á í þessu máli og það ganga sögusagnir um það að það verði jafnvel ekki lagt fram á þessu þingi. Og þess vegna bið ég hæstv. forsrh. að svara þeirri spurningu: Hvernig hyggst ríkisstjórnin koma í veg fyrir það að núverandi lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins verði framfylgt, enda

verði þeim ekki breytt á næstunni? Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir, hæstv. forsrh., að jafnvel þó svo ólíklega vilji til að ríkisstjórnin komi sér saman um málið, þá þýðir það að málið verður ekki afgreitt fyrr en í byrjun næsta árs í fyrsta lagi og þess vegna vaknar sú spurning hvernig ríkisstjórnin ætlar að bregðast við í málinu. Hefur ríkisstjórnin farið þess formlega á leit við stjórn sjóðsins að hún framfylgi ekki lögunum og ætlar ríkisstjórnin að endurtaka þær óskir að lokinni þessari atkvæðagreiðslu og á hvaða grundvelli?

[14:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka af öll tvímæli um það að þær sögusagnir, sem hv. þm. vitnaði til, um að þessi mál mundu ekki verða lögð fram í þinginu, eru rangar. Málin verða að sjálfsögðu lögð fram hér í þinginu og vonandi afgreidd með hraði, einkum þó þróunarsjóðsfrv. Og ég vænti þess að hv. þm. og aðrir þingmenn sem hér eiga sæti geti fyrir sitt leyti stuðlað að því að málið fái hraða meðferð, þó auðvitað eðlilega og nauðsynlega umræðu. Ef það gengur eftir, sem ég vona, þá tel ég fyrir mitt leyti að stjórn Hagræðingarsjóðs hafi við þær aðstæður sem stjórninni eru þá kunnar svigrúm til þess og fyrir því eru fordæmi að afgreiða ekki mál sem mundu ganga í berhögg við þann vilja þings og stjórnarmeirihluta sem kæmi fram í framlagningu slíks frv.

[14:24]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta eru náttúrlega engin svör hjá hæstv. forsrh. Það liggur fyrir af hálfu hæstv. sjútvrh. að þessi mál séu bundin saman, þ.e. stjórn fiskveiða og þróunarsjóðsmálið. Og ef ég man rétt, þá eru ákvæði er varða Hagræðingarsjóðinn einnig í frv. til laga um stjórn fiskveiða. Þessi frumvörp hafa hins vegar ekki verið birt. En ef ég man rétt, þá tengist það þar saman. Auðvitað veit hæstv. forsrh. að það mun taka mun lengri tíma að afgreiða málið. Og hæstv. forsrh. hefur ekki svarað því með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst koma í veg fyrir það að aflaheimildirnar verði seldar. Ég leyfi mér að fullyrða það að ef þessar breytingartillögur verða felldar þá hefur hæstv. ríkisstjórn enga möguleika á því að koma í veg fyrir það. Að sjálfsögðu ber stjórn sjóðsins að fara að lögum, jafnvel þótt um vitlaus lög sé að ræða sem hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir. Og það stendur þá eftir að með því að afgreiða málið svona, þá verður hafin sala á veiðiheimildunum með sama hætti og gerðist á síðasta ári.

[14:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki að meðferð á þeirri brtt. sem hér liggur fyrir við 3. umr. og örlög hennar eða úrslit varðandi hana, sem ég skal ekkert fjalla um hver verða að svo stöddu, breyti neinu um efnismeðferð málsins hjá stjórn Hagræðingarsjóðs.

[14:26]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi eru yfirlýsingar hæstv. forsrh. um þróunarsjóðinn harla léttvægar. Hæstv. forsrh. sagði hér í sérstakri ræðu sem hann flutti í nóv. 1992 að það frv. yrði lagt fram innan nokkurra vikna og yrði afgreitt á því þingi. Það vita allir að svo var ekki gert.

Hæstv. forsrh. sagði í sumar þegar gengið var fellt að frv. um þróunarsjóð yrði eitt af fyrstu málum þingsins og hefði forgang. Nú er þingið búið að taka hér til meðferðar yfir 200 mál og þróunarsjóðurinn er ekki enn kominn fram þannig að allar yfirlýsingar hæstv. forsrh. um það efni eru því miður harla lítils virði. Það er hins vegar ekki kjarni máls sem við erum að fjalla um hér. Kjarni máls er sá að það eru gildandi lög í landinu sem ákveða að stjórn Hagræðingarsjóðs eigi að fara með aflaheimildirnar með tilteknum hætti. Stjórnin hefur ekki gert það núna í um það bil tvo mánuði. Verði sú brtt. sem hér hefur verið flutt felld, þá stendur stjórnin frammi fyrir því að vilji þingsins er alveg skýr og orð hæstv. forsrh. eru ekki vilja Alþingis æðri.

Í þriðja lagi, virðulegi forsrh., fór hér fram að ráðherranum fjarstöddum nokkur umræða fyrr í dag um 43. gr. þingskapalaga, sem kveður á um það að lagafrv. sem hefur verið fellt sé ekki hægt að bera upp aftur á sama þingi. Og á því var vakin athygli að andi þessarar greinar þingskapalaganna sé auðvitað sá að séu efnisatriði þessa lagafrv. borin upp sem sérstök brtt. og felld, þá gildi það að sjálfsögðu. Ella væri hægt fyrir einstaka þingmenn að taka lagafrumvörp upp sem hafa verið felld með brtt. Þannig að ríkisstjórnin stendur frammi fyrir því og það er við því, hæstv. forsrh., sem við viljum fá svar. Með hvaða rökum telur forsrh. að stjórn Hagræðingarsjóðs geti ekki hafist handa ef tillagan verður felld hér á eftir og í öðru lagi, hvernig ætlar hann að koma inn með málið aftur með tilvísan til 43. gr. þingskapalaga?

[14:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel alveg ótvírætt að þó að brtt. yrði felld þá mundi það ekki breyta því að ef mál þetta kemur inn í öðru frv. tengt öðrum efnisatriðum og öðrum efnisþáttum, þá er það fullkomlega lögformlegt og fyrir því fjöldi fordæma.

[14:29]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. svaraði í engu fyrri spurningu minni. Ég endurtek hana því hér: Með hvaða rökum telur hæstv. forsrh. að stjórn Hagræðingarsjóðs geti enn beðið með að hefjast handa á grundvelli gildandi laga, ef brtt. verður felld hér? Það hafa engin rök komið fram í þessari umræðu fyrir því og þegar það gerist á þinginu að tillagan er felld, þá stendur stjórnin frammi fyrir alveg skýrum vilja þingsins. Og ég óska þess vegna eindregið eftir því að hæstv. forsrh. svari því: Með hvaða rökum á stjórnin að bíða? Hún hefur beðið í tvo og hálfan mánuð. Það segir í lögunum að strax í upphafi fiskveiðaárs eigi hún að grípa til aðgerða og við þessu verða að fást alveg skýr svör hér.

Í öðru lagi vil ég vekja athygli hæstv. forsrh. á því að þegar ég spurði forseta þingsins um túlkun á 43. gr.

hér fyrr í dag þá lýsti forseti þingsins því yfir, hér úr forsetastól, að það væri slíkur vafi á því að hægt væri að koma með málið aftur inn í þingið að um það yrði að fjalla sérstaklega þegar það lægi fyrir. Það liggur því fyrir yfirlýsing forseta þingsins um það að ríkisstjórnin hafi ekki ótvíræðan rétt til þess að flytja frv. um það efni sem hér verður fellt, ef svo verður, seinna í dag, heldur þurfi það alveg sérstakrar skoðunar við. Og það er rétt að hæstv. forsrh. geri sér skýra grein fyrir því að slík var túlkun forseta þingsins hér í forsetastól fyrr í dag.

[14:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði reyndar áður svarað þessu atriði varðandi áhrif þess að brtt. sú sem hér er til umræðu m.a. verði felld, hvaða áhrif það hefði sérstaklega á störf stjórnar Hagræðingarsjóðs. Ég hafði áður svarað því. Ég vek athygli á því að þar sem gild tímamörk voru varðandi forgangsúthlutun til sveitarfélaga, þar hefur stjórn sjóðsins brugðist við vegna þess að þar voru gild og tilgreind tímamörk.

Þau eru ekki tímabundin með þeim hætti, þótt talað sé um upphaf fiskveiðiárs. Ég tel þess vegna að það sé eðlilegt fyrir stjórn sjóðsins, með hliðsjón af því að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að þróunarsjóðsmálið komi fram þar sem þetta verði einn af þáttunum í þeirri heildarmynd, þá hafi stjórn sjóðsins svigrúm og rétt til þess að bíða með úthlutun á þeim heimildum.

Varðandi seinna atriðið sem hv. þm. nefndi, þá var ég fyrir mitt leyti að lýsa þeirri skoðun minni að þó að brtt. yrði felld, þá væri ekkert sem mælti á móti því stjórnskipulega, og eftir réttum stjórnskipunarreglum, að það mál gæti komið inn sem meginþáttur í öðru frv. bundið af skilyrðum sem í því frv. eru sett að öðru leyti. Þess vegna mun atkvæðagreiðslan hér á eftir ekki hafa nein áhrif á möguleika ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Auðvitað er það svo að forseti þingsins og þingið sjálft skoðar málið svo jafnframt eins og öll önnur.

[14:32]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég held að þetta mál verði nú eins og stundum áður því skrautlegra sem yfirlýsingarnar eru fleiri sem hæstv. ráðherrar gefa. Það er rétt að menn átti sig á því að sú brtt. sem hér er flutt á þskj. 230 liggur fyrir til efnislegrar afgreiðslu á þinginu. Það á að fara að greiða um hana atkvæði og þeir sem styðja tillöguna segja væntanlega já, en þeir sem eru á móti henni segja nei. Og ef menn segja nei, þá þýðir það væntanlega að menn séu á móti tillögunni. Eða ætla hv. stjórnarliðar að senda út tilkynningu, þar á meðal til stjórnar Hagræðingarsjóðs, jafnskjótt og atkvæðagreiðslunni lýkur og segja: Þetta er ekkert að marka. Við höfum að vísu fellt tillöguna en við biðjum ykkur að taka ekki mark á því því að við erum með henni í reynd og við styðjum hana. Og við ætlum að gera meira. Við ætlum að flytja hana aftur og afgreiða hana hér eftir nokkra daga. Það var bara ekki hægt að samþykkja hana af því að það var stjórnarandstaðan sem flutti hana. Efnislega er þetta svona. Þetta er nú reisnin sem er yfir frammistöðu hv. stjórnarliða hér.

Ég spyr hæstv. forsrh., og reyndar þarf ekki að spyrja ég fullyrði að það er einmitt ekki til fordæmi, hæstv. forsrh., það er ekki til fordæmi fyrir því að stjórn Hagræðingarsjóðs fresti því að selja veiðiheimildir. Fordæmið er gagnstætt. Fordæmið sem liggur fyrir, það eina sinnar tegundar er frá því í fyrrahaust og þá hafnaði stjórn Hagræðingarsjóðs því að verða við tilmælum sjútvn. um að fresta því að hefja sölu á veiðiheimildunum 1. sept. 1992. Ég spyr þá hæstv. forsrh. ef hann þykist vita betur: Hvaða fordæmi er úr störfum stjórnar Hagræðingarsjóðs um að fresta því að framkvæma lögin eins og laganna bókstafur hljóðar? En hann er afdráttarlaus eins og hér hefur margoft verið vitnað til. 6. gr. laganna hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa“ o.s.frv. — við upphaf hvers fiskveiðiárs.

Og orðaleikir af því tagi sem hér hafa fallið. Hæstv. sjútvrh. talaði um að það hefði verið rétt að beina þeim tilmælum til stjórnarinnar að doka við, að doka við voru hans óbreyttu orð. Hæstv. forsrh. talaði hér áðan um svigrúm og rétt, að stjórn Hagræðingarsjóðs hefði svona tiltekið svigrúm til að framkvæma ekki lögin, brjóta þau sem sagt innan vissra marka. Það er náttúrlega mjög þægilegt við lagaframkvæmd almennt í þjóðfélaginu að hafa svona svigrúm til þess að haga lagaframkvæmdinni eftir því sem mönnum hentar.

Nei, hér er náttúrlega augljóslega um það að ræða að ríkisstjórnin er með fullkomlega óeðlilegum hætti að setja þrýsting á þessa stjórn um að hún framkvæmi ekki lögin, þá sömu stjórn og í fyrra hafnaði tilmælum um þetta sama. Sjútvrh. lýsti því yfir áðan að hann væri sammála okkur talsmönnum minni hlutans um að það gæti ekki gengið öllu lengur að hafa málin í þessari stöðu sem þau eru. Hann sagði að vísu að hann teldi að það væri ekki enn svo komið að um lögbrot væri að ræða. Það var mat hins löglærða manns, hæstv. sjútvrh., að það væri ekki enn svo komið að um lögbrot vær að ræða. Hins vegar gaf hann engin svör við því nákvæmlega hvenær kæmi á þann tímapunkt að vanefndirnar eða tilhögunin væri slík að þar væri orðið um hreint lögbrot að ræða.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt einnig að gera athugasemdir við þá söguskoðun hæstv. forsrh., að það hafi ekki verið tímabært að afgreiða lagaheimildir varðandi ráðstöfun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs í maíbyrjun þegar þing var enn að störfum sl. vor. Það lá þá þegar fyrir að yrði af kjarasamningum á þeim nótum sem ræddar höfðu verið í samskiptum aðila vinnumarkaðarins, þá yrði hluti af því ókeypis úthlutun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs, það lá þegar fyrir. Það tilboð hafði þá löngu áður komið fram af hálfu ríkisstjórnar þannig að það að halda því fram það að hefði á nokkurn hátt truflað þá mynd að ríkisstjórnin fengi heimild — ég vek athygli á því — heimild til að efna þetta atriði ef til samninga kæmi, er auðvitað fjar-

stæða, það stenst ekki. Og til viðbótar því hefur verið minnt á að ríkisstjórnin hafði þegar árið áður lofað því að fébæta veiðiheimildirnar, ef ekki með ókeypis úthlutun þeirra sem ágreiningur varð um í ríkisstjórn, þá með því að útgerðarmönnum yrðu sendar ávísasnir. Síðan biðu útgerðarmenn út um allt land eftir ávísunum frá hæstv. forsrh. sem áttu reyndar að koma tiltekinn föstudag, samanber fræga yfirlýsingu forsrh. á stjórnarráðströppunum í vikunni sem þessi mál voru til umfjöllunar í sept. Sá föstudagur hefur ekki runnið upp.

Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að menn taki á því eins og það liggur hér fyrir að verði brtt. felld, þá felst í því efnisafgreiðsla af hálfu Alþingis, eða ætla stjórnarliðar að koma og segja okkur að það sé bara ómark, það sé bara plat? Hvernig á stjórn Hagræðingarsjóðs að starfa næstu daga eftir að Alþingi fellir það að veiðiheimildunum verði úthlutað ókeypis á þessu fiskveiðiári? Stjórn Hagræðingarsjóðs getur ekki litið á það öðruvísi en sem efnisafgreiðslu af hálfu Alþingis. Ég leyfi mér að segja jafnvel þótt stjórnarliðið sendi frá sér fréttatilkynningu og bæði menn um að taka ekki mark á afstöðu sinni, lýsti því yfir að atkvæðagreiðslan væri ómark, þá yrðu menn samkvæmt réttarvenjum og venjulegri umgengni við landslög að líta svo á sem nú lægi fyrir efnisafgreiðsla á þingi um það að breytingum á lögunum væri hafnað. Er það ekki svo að þessir stjórnarmenn beri ábyrgð og þeim beri að fara að lögum eins og öðrum? Ég held það. Og spurningin er þá hvort þeir geta lengur skotið sér á bak við einhver munnleg tilmæli frá ráðherrum um að brjóta lögin. Ég spyr mig að því, telja þessir stjórnarmenn sig hafa stöðu til þess eftir þá umræðu sem hér er orðin og ef afgreiðsla brtt. fer á þann veg sem nú horfir til? Það er von að spurt sé. Ég skal ekki segja hvernig þeir mundu meta stöðu sína ef þeim berst í framhaldinu skrifleg ósk um það frá ríkisstjórn að halda áfram að brjóta lögin. En ég ímynda mér a.m.k. að þeir munu ekki treysta sér til þess að fresta því lengi í viðbót að hefja sölu á veiðiheimildunum en það á eingöngu að byggjast á munnlegum tilmælum frá sjútvrh. Reyndar var sjútvrh. svo varkár í orðum áðan að hann talaði um það að samskiptin hefðu verið í því formi að hann hefði lýst þeirri skoðun sinni við stjórn sjóðsins að henni væri óhætt að doka við. Það mun hafa verið í grófum dráttum orð hæstv. sjútvrh. Ég leyfi mér að efast um að það muni nægja stjórn Hagræðingarsjóðs á næstu vikum ef svo heldur sem horfir. Eftir stendur að hér hafa engin svör komið frá hæstv. forsrh. eða hæstv. ríkisstjórn um það hvenær sé að vænta niðurstöðu í stjórnarmyndunarviðræðum hinum nýju milli stjórnarflokkanna um sjávarútvegsmálin. Engin svör. Það eru getgátur hingað og þangað. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem er eins og kunnugt er einn af meiri trúnaðarmönnum og spekingum stjórnarliðsins í sjávarútvegsmálum og formaður tvíhöfða nefndar, hann lét þau spaklegu orð falla hér: þegar þar að kemur. Þegar þar að kemur, sagði hv. þm. í umræðunum fyrr í dag og eru menn ekki miklu nær. Þegar þar að kemur munu frv. koma inn á þing. Sjútvrh. talar í öðru orðinu um á næstu dögum, forsrh. segir að lausafregnir frá utanrrh. og fleirum og Alþfl. um það að jafnvel verði engin frumvörp flutt eigi ekki við rök að styðjast. Og er nema von þó að þingheimur sé dálítið ruglaður í því hvernig þess mál standa. Ég spyr a.m.k. Er einhver botn í því?

Að lokum, hæstv. forseti, hvet ég svo hv. þm. stjórnarliðsins, óbreytta þingmenn stjórnarliðsins til að hugsa sig vel um áður en þeir greiða atkvæði. Ýmislegt er hér hægt að leggja á sig fyrir ríkisstjórn eins og kunnugt er og menn láta gjarnan handjárna sig í hinum meiri málum, en mér finnst það þvílík niðurlæging fyrir þingmenn stjórnarliðsins ef þeir af þessum misskildu metnaðarástæðum ríkisstjórnarinnar ætla að greiða atkvæði þvert gegn efnislegri afstöðu sinni til málsins bara til þess að þóknast þessum hérgómaskap, að það megi ekki samþykkja málið af því að það er flutt af stjórnarandstöðu, þá hafi þeir lagst einna lægst að láta handjárna sig í þessari atkvæðagreiðslu ef svo fer sem hér er fram undan.

[14:42]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil út af orðum síðasta ræðumanns láta það koma fram að ég tel að þingheimur þurfi ekkert að vera ruglaður í þessu máli. Ef þessi brtt. verður felld í þinginu þá eru það ekki þingleg vinnubrögð að bera hana fram eða fella inn í frv. Það er ekki hægt að bera fram frv. með samhljóðandi ákvæðum, ef ríkisstjórnin kæmist á þá skoðun að þetta réttlætismál ætti að ná fram að ganga og bryti odd af oflæti sínu, þá yrði hún að umorða greinina a.m.k. og hún getur ekki afhent aflaheimildir Hagræðingarsjóðs án endurgjalds. Hún getur að sjálfsögðu afhent þær gegn einhverju vægu gjaldi, krónu eða einhverju þess háttar en það sem upp úr stendur að verði þessi brtt. felld hér, þá er ekki þinglegt að bera hana fram á sama þingi fellda inn í annað frv.

[14:44]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg hjartanlega sammála hv. 1. þm. Norðurl. v. Það sem ég átti hins vegar við varðandi óskýra stöðu málsins snýr að stöðu samningaviðræðna milli stjórnarflokkanna um sjávarútvegsmálin og það hefði auðvitað verið eðlilegt að hér við þessa umræðu hefðu legið fyrir einhverjar upplýsingar um það hvers væri að vænta ef einhvers úr þeirri átt. Svo er ekki.

Varðandi efnisafgreiðslu brtt. er það alveg skýrt eða á að geta verið öllum hv. alþm. alveg skýrt. Tillagan er einföld, gengur út á það að veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs á yfirstandandi fiskveiðiári verði úthlutað án endurgjalds til þeirra fiskiskipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á þessu fiskveiðiári. Einfaldara getur það ekki verið. Og það fer fram hér á eftir efnisleg atkvæðagreiðsla um þetta atriði. Við lítum svo á að verði þetta fellt þá hafi komið fram efnisleg afstaða Alþingis varðandi þetta ár og meðferð fiskveiðiheimildanna á þessu ári. Það er ekki hægt að líta öðruvísi á málið. Þess vegna lít ég svo á

að hæstv. ríkisstjórn sé þá nauðugur sá kostur að leggja til einhverja aðra meðferð veiðiheimildanna ef hún ætlar að bera það fyrir Alþingi á nýjan leik hvernig með veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs skuli fara á fiskveiðiárinu 1993–1994. Það er ekki hægt að bera fram á nýjan leik á sama þingi nákvæmlega sams konar efnislega meðferð málsins. Það er ómögulegt og lög banna það, fyrir utan siðferðislega hlið þess máls og þá virðingu sem menn mundu þá sýna Alþingi og efnislegum afgreiðslum á þinginu yfirleitt með slíku. Um þennan þátt málsins erum við hv. þm. Páll Pétursson og ég hjartanlega sammála.

[14:46]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Séu stjórnarliðar eða einhver hluti stjórnarliða samþykkur þeirri tilhögun að afhenda aflaheimildir Hagræðingarsjóðs án endurgjalds, þá hafa þeir ekki nema um eitt að velja og það er að greiða þessari brtt. atkvæði.

[14:47]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 230 felld með 27:21 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: GB, GÁ, GHelg, HÁ, EMS, ISG, JÁ, JHelg, JónK, BF, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS, FI.

nei: FrS, GHH, SE, ÞurP, GunnS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, SalÞ.

15 þm. (GuðjG, GÁS, IP, JóhS, JGS, JVK, KE, MB, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GunnS, HBl, IBA, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, SE, TIO, VE, ÞurP, ÞorstP.

20 þm. (BF, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, GuðjG, GÁS, IP, JóhS, JGS, JVK, KE, MB, ÓÞÞ, SighB, SAÞ, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 233).

Niðurstöður fundar leiðtoga Evrópuráðsins í Vínarborg, frh. umr.

Skýrsla forsrh., 61. mál. — Þskj. 195.

[14:54]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Mig langar til að leggja örfá orð í belg í umræðu um þessa skýrslu hæstv. forsrh. um Evrópuráðið og vil byrja á því að þakka honum fyrir skýrsluna og það efni sem hér er lagt fyrir þingið, svo og greinargerð hans með skýrslunni.

Ég tel að það sé afar mikilvægt fyrir Alþingi að taka þetta mál til umræðu í kjölfar þess leiðtogafundar sem haldinn var í Vínarborg í október sl. þar sem fjallað var um Evrópuráðið, hlutverk þess og framtíð. (**Forseti:** Forseti biður um kyrrð í salnum.) Ég held að það sé of sjaldan sem við gefum okkur tíma til þess að ræða hlutverk alþjóðlegra stofnana sem við tökum þátt í og erum aðilar að, hlutverk þeirra og tilgang okkar með þátttöku í þessu alþjóðlega samstarfi og hvað við höfum út úr slíku samstarfi.

Við erum æðioft spurð að því hvað Íslendingar séu að gera í samstarfi sem þessu. Við erum spurð að því sem eintaklingar hvað við séum að gera á erlendri grund þegar við tökum þátt í þessum fundum, fundum slíkra stofnana eða nefndafundum á þeirra vegum eða hvað það nú er sem krafist er sem aðilar að viðkomandi stofnunum. Við erum jafnframt spurð oft og tíðum: Hvað er Evrópuráðið? Það virðist nú einu sinni vera svo að fjölmargir séu ekki svo áhugasamir um ýmsa alþjóðlega samvinnu og samstarf okkar að þeir fylgist nákvæmlega með því og blanda þá kannski saman hinum einstöku stofnunum, Evrópuráði, Evrópubandalagi, EFTA, EES og hvað þetta nú heitir allt saman og er og þess vegna m.a. er full ástæða til þess að nota þau tækifæri sem gefast til þess að gera grein fyrir þessu starfi og þátttöku okkar í því.

Við sem höfum tekið þátt í samstarfi af þessu tagi erum sjálfsagt flest sammála um að það sé mikilvægt, bæði fyrir okkur sem einstaklinga, fyrir þingið okkar, fyrir Alþingi, fyrir þjóð okkar og vonandi einnig fyrir það samstarf sem við erum að taka þátt í, að við Íslendingar þó fáir séum og smáir höfum eitthvað að segja í þessu alþjóðlega samstarfi, höfum eitthvað að gefa og getum veitt leiðsögn og leiðbeiningu jafnframt því sem við tökum á móti og erum þiggjendur í samstarfi af þessu tagi.

Við erum þá líka spurð: Hverju getum við komið til leiðar og hvað getum við látið af okkur leiða? Það er kannski einmitt hvað mikilvægast í umræðu um þessa skýrslu. Hvað getum við gert, hver er tilgangur Evrópuráðsins og hver er tilgangur með okkar þátttöku? Ég vil þess vegna lýsa ánægju með það sem fram kemur hér í ávarpi forsrh. Íslands á þessum leiðtogafundi þar sem hann hefur lagt áherslu á ýmis efni sem ég get tekið fyllilega undir og eru kannski í dag stærstu verkefni Evrópuráðsins að fjalla um, t.d. verndun þjóðernisminnihluta eða verndun minnihlutahópa og að minnihlutahópar eigi sinn rétt og þess réttar sé gætt. Í ávarpi hans er einnig lögð áhersla á aðgerðir gegn kynþáttahatri og útlendingaandúð og öðru slíku sem við Íslendingar höfum einnig lagt mikla áherslu á að ætti ekki að viðgangast hvorki í okkar þjóðfélagi né annars staðar og undir þessi áhersluatriði í ávarpi forsrh. Íslands get ég svo sannarlega tekið. Þar að auki kemur einnig fram í þessari skýrslu sú skoðun að það sé mikilvægt að Íslendingar séu þátttakendur í alþjóðlegu samstarfi af þessu tagi og kannski ekki síst einmitt í Evrópuráðinu. Reyndar er þar í skýrslunni verið að vitna til niðurstöðu nefndar sem vann á vegum ríkis-

stjórnarinnar og fjallaði um öryggis- og varnarmál, en þar er einmitt undirstrikað að Ísland eigi að taka þátt í alþjóðlegu samstarfi þar sem við getum gert það til jafns við aðra án þess t.d. að þurfa að leggja fram herafla. Og það er einmitt í samtökum eins og Evrópuráðinu sem við getum verið virkir þátttakendur með okkar atkvæði og okkar málfrelsi og tillögurétt og á þann hátt lagt okkar skerf af mörkum til að tryggja frið og frelsi í Evrópu.

Með þeirri þátttöku okkar gefst okkur eins og hér segir líka færi á því að taka þátt í að byggja upp hina nýju Evrópu sem menn tala gjarnan um, þ.e. þá möguleika sem nú eru uppi að sameina Evrópu og þá kannski helst undir merkjum Evrópuráðsins eftir þær breytingar sem orðið hafa í Mið- og Austur-Evrópu við fall kommúnismans. Við hljótum þess vegna að velta líka fyrir okkur í því nýja umhverfi hver séu áhersluatriði okkar, hvernig getum við orðið að liði. Ég hef tekið þátt í störfum Evrópuráðsins í þremur nefndum. Þær tvær nefndir sem ég hef lagt meiri áherslu á að starfa í fjalla einkum um efnahagsmál og umhverfismál og einmitt báðir þeir málaflokkar hafa verið mjög áberandi í starfi Evrópuráðsins að undanförnu í tengslum við hinn mikla áhuga Mið- og Austur-Evrópuríkja að taka þátt í þessu samstarfi og með því ef til vill að leggja áherslu á það sem virðist vera mikið baráttumál þessara þjóða að í þessum löndum ríki lýðræði, frelsi og jafnrétti. Með þátttöku í Evrópuráðinu telja þessar þjóðir sig hafa fengið nokkurs konar stimpil á að mannréttinda sé vissulega gætt í viðkomandi ríkjum og Evrópuráðið hefur viðhaldið ströngum skilyrðum þannig að á aðild að því má kannski líta sem nokkurs konar nálarauga eins og það er orðað í þessari skýrslu.

En það eru einmitt þessir þættir, efnahagsmálin og umhverfismálin, sem eru eitt af stóru vandamálunum og viðfangsefnunum hjá Mið- og Austur-Evrópuþjóðunum og þar hljótum við að reyna að leggja okkar af mörkum eftir því sem við getum og teljum okkur reyndar hafa nokkurt erindi inn í þá umræðu.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um það hér yfir Alþingi Íslendinga. Það vita auðvitað hv. þingmenn hvernig málum háttar hjá okkur og hvað við getum lagt fram en það er kannski þetta sem við þurfum að koma til skila til þjóðarinnar að við eigum erindi inn í umræðuna og getum e.t.v. kennt þessum þjóðum sem nú eru að fást við algerleg nýtt umhverfi, nýtt efnahagsumhverfi, ný sjónarmið og ný viðhorf. Hvernig lýðræði og frelsi er í raun uppbyggt og það frjálsa hagkerfi sem við teljum okkur þó vilja undirstrika og leggja áherslu á að þessar þjóðir þurfi að koma á hjá sér.

Ég get sagt frá því sem minni reynslu eftir að hafa átt viðræður við ýmsa þingmenn frá þessum þjóðum að vegurinn að þessu markaðsfrelsi frá hinu kommúníska eða miðstýrða þjóðfélagi yfir í markaðsþjóðskipulagið er grýttur og ekki að undra þó að það kunni að verða ýmsar hindranir á veginum eins og reyndar sýnir sig. Atvinnuleysi hjá þessum þjóðum eða í þessum löndum er gífurlegt og ýmiss konar efnahagsleg vandamál er við að glíma. Og einmitt vegna þess hversu menn voru bjartsýnir á að þessi þjóðskipulagsbreyting, eða kannski má kalla það byltingu, gæti gengið hratt fyrir sig þá hafa menn líka orðið fyrir vonbrigðum. Sumar þjóðirnar hafa líka í kosningum orðið að upplifa það að arftakar fyrri kommúnistaflokka hafa aftur fengið verulegt afl atkvæða vegna þess að þolinmæði þjóðarinnar hefur verið svo lítil, væntingarnar svo miklar um skjótar breytingar. Þetta höfum við heyrt í máli þingmannanna og við skiljum það auðvitað, en spurningin er þá líka sú sem vakar: Er of geyst farið eða var hægt og er hægt að fara einhvern veginn öðruvísi í þessa breytingu? Sjálfsagt verða þessi umskipti að gerast nokkuð hratt, eins hratt eins og mögulegt er til þess að þau geti gengið fram því að hæg þróun úr þessu gerbreytta þjóðskipulagi hafi ekki verið mögu leg eða ekki fyrir hendi. Þó er forvitnilegt að fylgjast með því hvað gerist t.d. í Kína og í öðrum ríkjum sem enn búa við það þjóðskipulag. Hvernig gengur þeim að feta sig yfir í annað þjóðskipulag, annað hagkerfi, án þess að þar verði alger bylting? Kannski gerist það ekki öðruvísi en með byltingu, um það er ekki hægt að segja á þessari stundu.

Mig langar til þess í framhaldi af þessum vangaveltum mínum um þjóðskipulag og uppbyggingu þess að geta þess að ég veitti því sérstaka athygli þegar forseti okkar Íslendinga, frú Vigdís Finnbogadóttir, ávarpaði Evrópuráðið 28. sept. sl. þá bauð hana velkomna til Evrópuþingsins forseti þingsins og gat þess m.a. í ávarpsorðum til forseta Íslands að hann hefði verið hér í heimsókn á sl. sumri og að margt hefði vakið athygi sína m.a. umhverfismál á Íslandi, hvernig Íslendingar umgengjust náttúruna, hvernig Íslendingar reyndu að umgangast sín auðæfi með virðingu fyrir þeim og á þann hátt að þau skiluðu sér til þjóðfélagsins og við reyndum að ganga þannig um náttúruauðæfin að við gengjum ekki of nærri þeim. Einnig nefndi hann sérstaklega að hann hefði veitt því athygli hversu vel Íslendingar byggju, ef maður má nota orðið „lífsstandard", hversu lífsstandardinn væri hér hár eða það stig sem við teljum okkur vera á væri hér hátt efnahagslega og það væri sérstaklega athyglisvert að enginn virtist líða skort eða fátækt og bætti við að e.t.v. væri það vegna þess að það virtist heldur enginn lifa við óhófleg eða óeðlileg auðæfi. Það væri sem sagt jöfnuðurinn sem ríkti í þessu þjóðfélagi, hið félagslega réttlæti og jöfnuður og lýðræði sem hér ríkti sem væri mest áberandi. Þetta fannst mér athyglisvert í ávarpi hans og segir okkur auðvitað að stundum er glöggt gests augað. Það væri líka hægt að taka nokkra umræðu um það hér á hvaða braut við erum. Tekst okkur að varðveita þetta félagslega réttlæti? Tekst okkur að varðveita þann jöfnuð og það lýðræði sem ríkir í landinu án þess að nokkur verði raunverulega fátækur eða óhóflega ríkur?

Því miður höfum við heyrt þær sögur einmitt frá Austur-Evrópuþjóðunum að þar sé að gæta þessarar tilhneigingar og það sé e.t.v. hluti af þeirri óþolinmæði sem þar ríkir nú að þegnarnir horfa upp á það að hið kapítalíska markaðskerfi, sem þeir eru að reyna að koma upp, fari svo hratt fram að þar sé orðin áberandi

misskipting auðs. Þá er það ekki hin rétta og eðlilega þróun sem við viljum stuðla að. Við skulum hins vegar reyna að leggja okkar af mörkum til þess að þjóðfélögin verði byggð upp með félagslegu og efnahagslegu réttlæti og jafnræði eins og mögulegt er.

Þetta eru þeir þættir, hæstv. forseti, sem ég vildi undirstrika og draga fram í þessari umræðu. Ég sé að tími minn er að renna út og hef ekki ástæðu til að lengja mál mitt mjög en vil aftur endurtaka þakkir mínar til hæstv. forsrh. fyrir þessa skýrslu og fyrir hans ræðu og ekki síst þau áhersluatriði sem komu fram í hans ávarpi sem ég nefndi fyrri ræðu minni. Mig langar að lokum að árétta þær spurningar sem m.a. komu fram í máli hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, þegar hún gerði grein fyrir viðhorfi sínu til þessarar skýrslu áðan um hvernig hæstv. forsrh. sér fyrir sér að við getum tekið þátt í þessari svokölluðu víðtæku herferð meðal æskulýðs í Evrópu þar sem lögð er áhersla á, undir yfirumsjón Evrópuráðsins, að eiga samvinnu við æskulýðssamtök um alla Evrópu, í hverju ríki og í hverju byggðarlagi eins og hér er tekið til orða til að knýja á eða til þess að koma fram og opna augu þjóða fyrir því að gætt sé að réttindum minnihlutahópa, þjóðernisminnihluta, og að opna augu fyrir því hvernig menn geta komið í veg fyrir að öfgakennd þjóðernishyggja og kynþáttahatur, útlendingahatur og hvað það nú allt er sem við virkilega höfum áhyggjur af og berum ugg í brjósti vegna, verði ráðandi í þjóðfélögunum. Hvernig geta menn aukið skilning ungs fólks um heim allan fyrir mannréttindum og lýðræði sem er einmitt einkunnarorðin og undirstöðuatriðin í stefnu og störfum Evrópuráðsins.

[15:10]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fá að þakka forsrh. fyrir skýrslu þessa og hans framlag á Vínarfundinum. Eins og hæstv. forsrh. benti á, þá hefur mikilvægi Evrópuráðsins sjaldan verið meira, enda er innganga ríkis í ráðið viðurkenning á að viðkomandi ríki uppfylli lágmarkskröfur um lýðræði. Evrópuráðið er elsti vettvangur um sameinuða Evrópu og þrátt fyrir aukna samvinnu innan álfunnar er Evrópuráðið enn eini samevrópski vettvangur fjölda þjóða. Aðildarríki Evrópuráðsins eru alls 32, en auk þess eiga átta lönd gestaaðild og bíða fullrar aðildar. EB og EFTA-löndin, sem væntanlega munu eiga nána samvinnu í framtíðinni, eru alls 19. Þess vegna mun Evrópuráðið verða eini samevrópskri vettvangur 20 ríkja á næstu árum.

Á undanförnum árum hefur fjöldi ríkja í Evrópuráðinu þrefaldast og blasir þannig við fjöldi nýrra verkefna og vandamála sem m.a. eru sprottin af því að nýju ríkin hafa litlar lýðræðislegar hefðir eins og þau ríki sem fyrir voru og þurfa því mörg hver mikla aðstoð. Versnandi efnahagsástand í Vestur-Evrópu gerir okkur erfiðara fyrir en ella að veita aðstoð og stuðla að bættum efnahag þessara ríkja. Við höfum nefnilega tilhneigingu til þess að hyggja fyrst að okkur sjálfum. Með tilliti til skorts á lýðræðislegri hefð hinna nýju ríkja er mannréttindahlutverkið enn mikilvægara en fyrr í sögu Evrópuráðsins og má jafnvel segja að ráðið hafi átt sinn þátt í að tryggja frið í þessum ríkjum. Ég tek undir orð hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur um mikilvægi þess að meðlimir ráðsins geti í nefndarstörfum sínum fylgst vel með því sem er að gerast innan hinna nýju aðildarríkja og einnig að mikilvægi leiðbeinendahlutverks ráðsins í því starfi sem fer fram á þingum þess er ómetanlegt.

Af þeim kynnum sem ég hef fengið af nýjum aðildarríkjum tel ég þessi lönd afar mismunandi langt komin í lýðræðisátt og eiga sum þeirra langt í land hvað snertir hugarfarsbreytingar og þróun á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins. Menning þessara ríkja og túlkun þeirra á mannréttindum er ekki sú sama og við skynjum í Vestur-Evrópuríkjum og getur það m.a. verið ein skýring á óréttlátri meðferð, að okkar mati, á minnihlutahópum og þjóðabrotum. Á þessum sviðum og fjölmörgum öðrum þarfnast þessi nýju aðildarríki leiðbeininga sem Evrópuráðið mun geta veitt með þeirri víðtæku starfsemi sem fram fer innan þess. Það er því ljóst að mikilvægi og verkefni Evrópuráðsins mun aukast í næstu framtíð og munu fulltrúar þeirra aðildarríkja sem lengi hafa búið við lýðræðislegt stjórnarfar hafa mjög mikilvægu hlutverki að gegna á næstu árum. Þar á meðal eru íslensku fulltrúarnir og vil ég því sérstaklega benda á það stóra hlutverk sem við munum gegna á næstu árum í þá átt að aðstoða þessi nýju ríki í átt til framfara.

[15:14]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir ræðumenn þakka hæstv. forsrh. fyrir þá skýrslu sem hann hefur hér kynnt og flutt okkur. Ég vil einnig þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir það frumkvæði sem hún hafði að því að biðja um þessa skýrslu og þar með þessar umræður. Ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir okkur að ræða mál af þessu tagi hér í þinginu og að gögn af fundum sem þessum, leiðtogafundum, liggi fyrir á íslenskri tungu og séu öllum þeim aðgengileg sem hafa áhuga á að kynna sér þau og kynna sér það sem gerist á fundum eins og þessum. Og það færi vel á því að taka þetta upp varðandi fleiri þætti í alþjóðlegu samstarfi okkar Íslendinga, t.d. eins og varðandi Atlantshafsbandalagið. Í byrjun næsta árs verður leiðtogafundur þess og færi vel á því að þingnefndir sem sinna slíkum málum hefðu frumkvæði að því að að stofna til umræðna hér á þinginu um slíka fundi og fá á íslensku skýrslur um fundina.

Ég tel að það sé rétt sem hér hefur komið fram í máli ræðumanna, að þessi leiðtogafundur í Vínarborg hafi þjónað mikilvægum tilgangi. Þetta er fyrsti leiðtogafundurinn í sögu Evrópuráðsins sem stofnað var 1949 eins og fram hefur komið. Á fundinum fluttu leiðtogar 29 aðildarríkja ræður. Það voru þrír sem ekki sáu sér fært að sækja fundinn.

Ég vil láta þess getið hér, frú forseti, að á fundi forsætisnefndar þings Evrópuráðsins sem haldinn var í síðustu viku var fjallað um þennan leiðtogafund og þar kom það sérstaklega fram í máli forseta þingsins, Miguel Martínez, forseta Evrópuráðsins, að ræða forsrh. Íslands hefði vakið sérstaka athygli hans fyrir það

hve dyggilega hæstv. forsrh. tók undir helstu stefnumál Evrópuráðsþingsins varðandi leiðtogafundinn. Þegar menn lesa ávarp hæstv. forsrh. á leiðtogafundinum þá sjá menn að hann víkur þar að þeim málefnum sem hæst hefur borð í störfum Evrópuráðsþingsins og tengjast þessum leiðtogafundi. Og mér finnst það rétt, frú forseti, að ég komi þakklæti forsætisnefndar og forseta þings Evrópuráðsins á framfæri hér á Alþingi við forsrh. og láti það koma fram að það var mikils metið af forsætisnefnd þingsins hvernig að málum var staðið í málflutningi íslensku sendinefndarinnar.

Það eru nokkur atriði sem standa upp úr þegar ályktun leiðtogafundarins er skoðuð. Það er í fyrsta lagi, með leyfi forseta, þessi kafli: „Evrópuráðið eru helstu stjórnmálasamtök Evrópu sem geta innan vébanda varanlegra stofnana sinna boðið velkomin til starfa á jafnréttisgrundvelli þau lýðræðisríki Evrópu sem frelsuð hafa verið undan oki kommúnismans. Af þeirri ástæðu skiptir aðgangur þessara ríkja að Evrópuráðinu meginmáli við uppbyggingu Evrópu í samræmi við grundvallarreglur samtakanna."

Þarna er vikið að þeirri staðreynd að Evrópuráðið er sá sameiginlegi vettvangur Evrópuríkjanna og sá skipulagsbundni vettvangur Evrópuríkjanna þar sem hin nýfrjálsu ríki í Austur- og Mið-Evrópu hafa getað gengið til samstarfs við lýðræðisríkin og átt þess kost að kynnast starfsháttum og þeim reglum sem við í lýðræðisþjóðfélögum höfum komið okkur saman um á alþjóðlegum vettvangi, til þess að efla lýðræðislega stjórnarhætti og treysta mannréttindi. Það er mjög mikilvægt fyrir þessar þjóðir að geta átt aðild að samstarfi sem byggist á þessum grundvallarforsendum. Það er einnig mjög mikilvægt að þessar stofnanir Evrópuráðsins, þingið, ráðherranefndin, dómstóllinn eða mannréttindanefndin og aðrar stofnanir, standi þannig að málum að því sé fylgt eftir að þessi ríki standi við þær skuldbindingar sem þau gengust undir við aðildina, að virða mannréttindi og gæta réttinda borgaranna í hvívetna. Þetta er áréttað í Vínaryfirlýsingunni, m.a. þar sem því er lýst yfir að endurbæta skuli eftirlitskerfi mannréttindasáttmála Evrópu með því að sameina mannréttindanefndina og Mannréttindadómstólinn í einn fastskipaðan dómstól, sem starfi þannig að gangur mála sé greiður og að borgararnir geti á tiltölulega skömmum tíma fengið úrskurð frá dómstólnum um réttindi sín ef þeir telja á sér brotið. Síðan er það í ályktuninni sem vekur athygli og menn hafa gert hér að umtalsefni, þeir tveir þættir sem lúta annars vegar að málefnum þjóðernisminnihluta og hins vegar að útlendingahatri, kynþáttahatri, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum. Þarna er verið að fara inn á nýjar brautir. Þarna er verið að leggja til að mannréttindaákvæði sáttmála Evrópu nái yfir ný svið sem ekki hefur verið fjallað um nægilega ítarlega, að mati þeirra sem að þessum ályktunum standa, og að ráðið fari inn á þessi svið með því að setja um þau sáttmála eða gera um þau sáttmála og vinni að athugunum innan einstakra aðildarríkja sem miði að því að tryggja rétt minni hlutanna og rétt þeirra sem sæta hatri vegna kynþáttar, uppruna síns eða trúarbragða og skoðana. Það segir hér í aðgerðaráætlun: „Stofnuð verði nefnd sérfræðinga á vegum hins opinbera sem gegni því hlutverki að endurskoða löggjöf, stefnu og aðgerðir aðildarríkjanna í því skyni að vinna gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum, svo og að kanna hver reynslan hefur verið," svo að ég leyfi mér að vitna beint í þetta skjal, með leyfi virðulegs forseta.

Ég tel nú að íslenska þýðingin sé almennari í þessu tilliti heldur en hinn enski texti. Að stofna slíka sérfræðinganefnd á vegum ríkisstjórna töldu menn innan vébanda Evrópuráðsþingsins, í þeim nefndum sem um þetta mál hafa fjallað, að sé í það þrengsta. Þingmenn kjósa að þarna sé ekki aðeins um embættismenn á vegum ríkisins að ræða, heldur verði litið til þess að velja í slíka sérfræðinganefnd menn sem njóta virðingar og viðurkenningar sem áhrifamenn varðandi baráttuna fyrir mannréttindum og gæslu hagsmuna einstaklinganna þannig að þessi nefnd láti verulega að sér kveða, en hún verði ekki nefnd embættismanna á vegum ríkisstjórnar sem kannski hafi ekki þess vegna það frumkvæði sem menn vænta af slíkum nefndum.

Ég vildi láta þetta koma fram og beina því til hæstv. forsrh. að hann hugi að því þegar ríkisstjórn Íslands velur fulltrúa sinn í þessa nefnd að litið verði til þess hvort ekki sé hægt að velja mann eða menn með þeim hætti að tekið sé tillit til þess að þarna sé ekki endilega um opinbera embættismenn að ræða.

Ég tel og vil íteka það sem áður hefur komið fram í máli mínu þegar ég hef rætt um stöðu og störf Íslands í Evrópuráðinu, að þá hafi þeim kannski ekki verið gert nægilega hátt undir höfði. Og að Evrópuráðið sé nú jafnvel mikilvægari vettvangur fyrir okkur Íslendinga heldur en oft áður og kannski nokkru sinni fyrr, með hliðsjón af framvindunni í málefnum Evrópu og þeirri staðreynd að við höfum einir Evrópuríkja ekki lýst yfir þeim ásetningi okkar að tengjast Evrópusamrunanum með þeim hætti sem hann er mótaður á vettvangi Evrópubandalagsins og á grundvelli Maastricht-samkomulagsins sem Evrópubandalagið hefur nú hrundið í framkvæmd. Við höfum ekki ákveðið að gerast þátttakendur í þeirri samrunaþróun, en við viljum hins vegar rækta og hafa góð pólitísk tengsl við Evrópuríkin. Ég held að við eigum að líta á Evrópuráðið í þessu tilliti og við eigum að stuðla að því eins og frekast er kostur að þau tengsl verði náin og mikil þannig að við höfum aðgang að pólitísku samstarfi á vettvangi Evrópuráðsins. Og ég fagna því sérstaklega að forseti Íslands skuli hafa ávarpað þing Evrópuráðsins nú í september og að forseti Evrópuráðsþingsins skuli hafa komið hingað í opinbera heimsókn á sl.sumri.

Ég vildi, frú forseti, nota þetta tækifæri til þess að beina því til hæstv. forsrh. að hann hugi að því hvernig verði staðið að skipun fulltrúa Íslands í þessa nefnd sem ég gat um. En ég vil einnig beina því til hæstv. forsrh. sem hann segir í ávarpi sínu á fundinum, sem er fskj. 1 í skýrslunni, með leyfi frú forseta:

„Ég vil einnig víkja að eftirlitskerfi mannréttindasáttmála Evrópu. Ásamt félagsmálasáttmálanum og

sáttmálanum til varnar gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðindi meðferð eða refsingu, hefur mannréttindasáttmálinn gegnt lykilhlutverki við að vernda mannréttindi."

Þarna nefnir hann þessa þrjá meginsáttmála. Það er kunnugt að nú í sumar voru hér á ferðinni eftirlitsmenn varðandi það hvort Íslendingar uppfylli þau skilyrði sem sett eru í sáttmálanum, gegn pyndingum og ómannúðlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu. Eftirlitsmennirnir gerðu úttekt á íslenskum fangelsum og e.t.v. fleiri stofnunum til þess að kanna hvernig við stöndum að því að uppfylla þennan sáttmála. En varðandi félagsmálasáttmálann, þá vil ég beina því sérstaklega til forsrh., þar sem hann leggur jafnríka áherslu og raun ber vitni á gildi hans og nauðsyn þess að menn standi við hann, að hann kanni hvernig það mál standi að því er Ísland varðar. Því eftirlitsnefnd og sérfræðinganefnd sem starfar á vegum Evrópuráðsins og kannar hvernig ríki standi að því að uppfylla félagsmálasáttmála Evrópu, hefur oftar en einu sinni gert athugasemdir við löggjöf hér á landi sem snertir réttindi manna varðandi aðild að félögum o.s.frv. Og nú síðast í vor voru gerðar alvarlegar athugasemdir við þessi mál að því er okkur Íslendinga varðar. Ég vildi mælast til þess við forsrh. að hann beitti sér fyrir því á vettvangi ríkisstjórnarinnar að það yrði reynt að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til okkar á þessu sviði og að stefna ríkisstjórnarinnar í þessum málum sé á þann veg að það samrýmist þeim ákvæðum sem um er getið í þessum sáttmálum. Það liggja fyrir bréf frá ríkisstjórn Íslands til Evrópuráðsins um þessi mál sem ég tel að þurfi endurskoðunar við vegna þeirra athugasemda sem gerðar hafa verið á vegum þessara sérfræðinga og embættismannanefndar sem fjallar um félagsmálasáttmálann. Það er mjög brýnt fyrir okkur Íslendinga að við hugum vel að því þegar við erum að leggja á ráðin og leggja öðrum þjóðum lífsreglurnar varðandi lýðræðislega stjórnarhætti og mannréttindi að við stöndum þannig alfarið að okkar málum að ekki sé ástæða til gagnrýni þegar litið er á þau af hlutlausum, erlendum aðilum, sérstaklega málum sem snerta mannréttindi og lýðræðislega stjórnarhætti.

Ég fagna því að ríkisstjórnin hefur lagt fram frv. til þess að lögfesta mannréttindasáttmála Evrópu. Ef til vill væri ástæða til þess í framhaldinu að huga að því að lögfesta fleiri sáttmála, sem gerðir hafa verið á vettvangi Evrópuráðsins. En ég vildi nota þetta tækifæri, herra forseti, til þess að koma þessum ábendingum á framfæri við forsrh. í almennum umræðum um leiðtogafundinn, því forsrh. er hér sem þátttakandi í þessum umræðum og þess vegna kjörið tækifæri til þess að beina til hans almennum athugasemdum varðandi þátt Íslands í Evrópuráðinu og þá vil ég sérstaklega nefna eins og ég gerði félagsmálasáttmálann og spurninguna um þessa sérfræðinganefnd til þess að fylgjast með kynþáttahatri og öðru slíku.

[15:27]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem tekið hafa til máls í þessari umræðu þakka fyrir að fá þessa skýrslu og umfjöllun um hana. Mér hefur fundist hún fróðleg og jákvæð sú umræða sem hér hefur farið fram. Ég vona líka að breytt þingsköp muni hafa þau áhrif að við fáum oftar slíkar skýrslur á dagskrá og umræður, vegna þess að ég tel að þau ákvæði sem áður giltu hafi oft hamlað því að áhugaverðar skýrslur hafi komist á dagskrá tímanlega og eðlilega, ef ég má nota það orð.

Ég vil líka þakka framlag okkar forráðamanna, forseta og forsrh., á þessum fundi vegna þess að það er mjög til sóma fyrir okkar þjóð þegar þátttaka er með þeim hætti sem hér hefur komið fram.

Ég vil taka undir það að ákvarðanir þjóðhöfðingja og forsrh. sem eru settar fram í 6 liðum hér á bls. 10 í skýrslunni eru mjög jákvæðar og mikilvægt ef eftir þessu verður unnið. Ég ætla í engu að gera upp á milli þessara þátta en fyrst og fremst að gera einn þátt sem þarna er nefndur að umræðuefni mínu, en nefni hins vegar tvo.

Það er þá fyrst og fremst þessi liður, að marka þá stefnu að berjast gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og vægðarleysi í skoðunum og samþykkja í því skyni yfirlýsingu og framkvæmdaáætlun, samanber ákvörðun sem tilgreind er í viðauka 3. Og svo það að fara þess á leit við Evrópuráðið að það kanni leiðir til að stuðla að þróun menningarmálaviðburða í Evrópu í samvinnu hins opinbera og samfélagsins almennt.

Ég er ekki í neinum vafa um að þessir tveir þættir sem hér eru nefndir og eru þeir einu sem ég ætla að nefna í skýrslunni eru mjög samofnir og skiptir máli að þeim sé framfylgt og sá síðari styður í ríkum mæli aðgerðir í þeim fyrri. Á bls. 4 er sérstaklega nefnt að það verði hafið átak á meðal æskulýðs í samvinnu Evrópuráðsins og evrópskra æskulýðssamtaka til að efla umburðarlyndi og virðingu fyrir fólki og berjast gegn kynþáttamisrétti, útlendingaandúð og öðrum fordómum. Og það segir að til lengri tíma litið kunni þetta að verða veigamesti hluti áætlunarinnar. Ég tek undir þau orð að ég tel að þetta sé gífurlega veigamikið atriði sem þarna er nefnt.

Og þá er ég kannski komin að tilefni þess að ég kveð mér hljóðs í þessari umræðu. Auðvitað tek ég undir þau orð sem hér hafa fallið um vonir manna um að þessi atriði, sem hér eru sett fram, skili sér í störfum Evrópuráðsins og tel þau mjög góðan vettvang, bæði umhverfis- og menningarlega og ekki síst varðandi mannréttindamál sem eru afar mikilvæg eins og hefur verið komið hér inn á. En við erum víðar í samstarfi og við höfum mjög rætt um samstarf á vettvangi Norðurlandaráðs sem hluta af starfinu í Evrópu. Og nokkur okkar eru nýkomin af þingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn og þar var einmitt afgreidd tillaga um norræna herferð í þessu efni. Ég vil sérstaklega geta þess út af þeirri spurningu sem hv. 18. þm. Reykv. setti hér fram.

Í umræðu um tillögu sem flutt var á þinginu og fjallaði einmitt um að fara í norræna herferð til að berjast gegn útlendingaandúð kom það alveg sérstaklega fram hversu mikil forvarnaaðgerð í sjálfu sér væri

framlag til viðburða og aðgerða á menningarsviði. Bæði í umræðum um tillöguna sem afgreidd var á þinginu og í sérstakri menningarmálaumræðu sem átti sér stað á þinginu var bent á að aukin áhersla á menningarmál sem þingið hefur ákveðið og aukin framlög til viðburða og aðgerða á menningarsviði séu mjög mikilvæg í umræðunni um útlendingaandúðina og það sem hefur verið að gerast og þróast í þeim efnum. Ekki síst hefur okkur sem höfum verið að vinna með þessi mál þótt mikilvægt m.a. allt sem hægt er að gera til þess að efla samfélagsþáttinn í menningarmálunum og þar á ekki síst stóran þátt Menningarsjóður Norðurlanda en menningarnefndin hefur lagt mjög mikla áherslu á eflingu hans.

Ég vil aðeins leyfa mér þó þetta sé umræða um aðra skýrslu og í tilefni af því að þetta er sama mál einmitt að nefna að það kom fram í þessari umræðu að á Norðurlöndum hefur aukist mjög á liðnum árum að alvarleg vandamál hafi tengst útlendingaandúð og jafnvel kynþáttahatri og fleiri og fleiri gróf brot eigi rætur sínar að rekja til slíkrar andúðar og þar hafi verið bæði framdar hótanir, ofbeldisverk og jafnvel morð sem eigi rætur til þessa. Á Íslandi höfum við kannski ekki alveg farið varhluta af svona sjónarmiðum þó sem betur fer hafi alvarlegir atburðir ekki tengst þessum hugsanagangi eða viðhorfum af þessum toga svo vitað sé. En það gætir oft vissrar skinhelgi hjá okkur og þó að ég telji að almennt séu flestir mjög jákvæðir gagnvart búsetu útlendinga hér, þá erum við fremur fálát um hagi þeirra og áhugalaus um menningu þess fólks sem hér býr og hefur ákveðið að deila með okkur kjörum og eiga búsetu sína hjá okkur.

Í sumum nágrannalöndum okkar hefur verið gripið til ýmissa aðgerða gegn þessari útlendingaandúð og kynþáttahatri og t.d. hefur sérstöku fjármagni verið veitt til aðgerða í Svíþjóð og pólitísku ungliðahreyfingarnar hafa tekið sig saman í Noregi til að berjast gegn þessum sjónarmiðum. Nágrannaþjóðir okkar hafa lagt áherslu á að flóttamenn og innflytjendur finni sinn sess í samfélaginu og virðing sé jafnframt sýnd upprunalegri menningu þeirra og það er lögð áhersla á kennslu á eigin tungumál og stuðningi við rekstur eigin félaga og þetta er afar mikilvægt. Frá sjónarmiði innflytjenda hefur þessi mynd breyst mjög á verri veg þrátt fyrir að stuðningi hins opinbera hafi verið viðhaldið. Mér finnst það eiga erindi hér að nefna þetta þar sem þetta hefur komið fram í umræðu sem við tókum þátt í fyrir tveimur dögum síðan og það kom glögglega í ljós að til að vinna bug á tilhneigingu til kynþáttafordóma og útlendingaandúðar skiptir þekking mjög miklu máli og jákvætt viðmót gagnvart því nýja og óþekkta.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín fleiri en vil að lokum geta þess að í umfjöllun menningarmálanefndar um tillöguna sem var einmitt til umfjöllunar þar, en ég er formaður þeirrar nefndar, þá kom það fram að það væri mjög mikilvægt að þessi herferð sem fyrirhuguð væri og nefnd er í tillögunni fái nafnið Norðurlönd gegn útlendingaandúð, það sé ekki tekið dýpra í árinni, vegna þess að það á erindi til miklu stærri hóps en ef notað væri kynþáttahatur eða einhver slík sterk orð. Það var líka lögð mikil áhersla á það í nefndinni að hraða vinnslu tillögunnar og hún er um að setja niður vinnuhóp sem undirbúi herferð og komi með tilbúnar tillögur til aðgerða. Og það var samþykkt í Norðurlandaráði í fyrradag að setja slíkan vinnuhóp á laggirnar, að hann sé lítill, að í honum sé fulltrúi frá norrænu ráðherranefndinni, frá Norðurlandaráði, frá norrænu æskulýðssamtökunum og frá samtökum norrænu félaganna á Norðurlöndum. Þessi vinnuhópur hefur fengið það verkefni að setja fram tillögur fyrir 15. febr. 1994 um áætlanagerð um norræna herferð um Norðurlönd gegn útlendingaandúð og að útvega nauðsynlega fjármuni til þess að slík herferð geti náð fram að ganga.

Eins og ég sagði þá var unnið hratt með þessa tillögu í nefndinni og Norðurlandaráð samþykkti tillöguna og ákvað líka að fylgja henni fast eftir og þegar í gærmorgun hafði verið tilnefnur af hálfu samstarfsráðherra einn fulltrúa í þessa nefnd og menningarmálanefnd kom saman og tilnefndi einn fulltrúa jafnframt. Og það átti að leita eftir því í gær vegna þess að æskulýðssamtökin og norrænu félögin á Norðurlöndum áttu þarna fulltrúa að það yrði strax gengið frá tilnefningu fulltrúa þeirra þannig að nefndin færi strax af stað og yrði strax tilkynnt um hana.

Ég vænti þess að tillögur og hugmyndir um aðgerðir sem þarna komi fram verði hvati til okkar til að taka á þessum málum líka hjá okkur og vekja okkur til vitundar um hvað betur mætti fara í samskiptum okkar og nýbúanna sem hér hafa ákveðið að koma og lifa okkur við hlið.

[15:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi færa hv. þingmönnum þakkir fyrir málefnalega og drjúga umræðu þeirra um þessa skýrslu og þennan fund og Evrópuráðið í heild. Ég er ekki í vafa um það að þessi fundur var til þess fallinn að styrkja stöðu Evrópuráðsins og reyndar staðfesta stöðu þess því að það hefur komið fram og kom fram á þessum fundi að þessi vettvangur er hvað mikilvægastur fyrir þær þjóðir sem nú eru að sækja fram á nýjum tíma. Þeim eru að hluta til lokaðar dyr annars staðar, til að mynda í Atlantshafsbandalaginu og Evrópubandalaginu og þannig mun það verða um nokkurt skeið áfram. Það er fyrirsjáanlegt. Þess vegna er mikilvægi Evrópuráðsins því meira og það mikilvægi knýr þessar þjóðir til að gera kröfur til sjálfra sín, kröfu sem Evrópuráðið eitt getur sett þeim. Evrópuráðið er að verða með þessum nýju aðildarríkjum, með sögu sinni, stefnu og starfsramma, sá vettvangur sem kannski mun duga okkur best í því að tryggja lýðræði og mannréttindi í okkar heimshluta á næstu árum.

Auðvitað kom fram á þessum fundi þó nokkur bölsýni hjá einstökum fundarmönnum vegna þess með hvaða hætti einstök Evrópuríki líta til hinna nýfrjálsu ríkja og sumum þótti sem Evrópuríkin brygðu seint eða illa við beiðni þessara ríkja eða komast í náið samfélag þeirra og tryggja þar með framtíðarstöðu þeirra því að þrátt fyrir það að við tölum um það hér að kalda

stríðinu sé lokið og allt sé breytt, þá finnum við það glöggt í ræðum þessara manna að óöryggið er enn þá mikið í þeirra ranni og þeir vilja nota þann tíma sem gefst til þess að styrkja stöðu sína til frambúðar.

Varðandi þá þætti sem sérstaklega hafa verið nefndir, þá ætla ég ekki að geta um það, hv. þm. hafa fjallað um það að mínu viti með tæmandi hætti. Ég vil þó nefna að mér finnst það vera rétt ábending sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. um með hvaða hætti væri rétt að standa að skipun þeirrar sérfræðinganefndar sem áformað var að setja á laggirnar. Ég tel að það sé skynsamlegt að túlka þar samsetningarmöguleika með þeim hætti sem hv. þm. gerði þannig að menn bindi sig ekki um of fast við embættismenn og sérfræðinga þó að orðalagið gæti gefið tilefni til þess, þá tel ég að það sé eðlilegt að menn líti til þeirra sjónarmiða sem komu fram í máli hv. þm. varðandi skipun nefndanna.

Varðandi það sem hv. þm. hafa rætt um það sem að æskunni snýr og þeirri herferð sem samþykkt er að beita sér fyrir, þá kom það fram á þessum fundi og reyndar í samtölum við einstaka forsrh. á þessum fundum að sumum þeirra hafi komið mjög á óvart hve dulin andúð á tilteknum kynþáttum og minnihlutahópum hafi verið undirliggjandi í þeirra heimalöndum. Þeir hefðu getað sagt eins og við þykjumst geta sagt nú að slíku sé ekki fyrir að fara hjá sér en svo hafi komið á daginn að undirliggjandi andúð og jafnvel hatur hafi verið miklu, miklu meira en menn þóttust sjá til að mynda einstökum Norðurlöndum. Þess vegna held ég að þessari hugmynd sé hleypt af stað af mikilli alvöru og ég held að það sé rétt eins og kom fram hér fyrr í dag frá hv. 18. þm. Reykv. að við eigum ekki að ríghalda í þann geislabaug sem við höldum að sé yfir okkar höfðum í þessum efnum, heldur taka fullan þátt í þessari uppfræðsluherferð og ég tel víst að af okkar hálfu hljóti menntmrn. að vera þar í forsvari og ég vænti þess að þeir hv. þm. sem mest fara með málefni Evrópuráðsins í umboði okkar hv. þm. muni hafa sig í frammi og það væri haft gott og náið samráð við þá um mótun þessarar stefnu sem aðgerðaráætlunin sem kynnt er á bls. 13 í skýrslunni fjallar um.

Varðandi þann þátt sem hv. 3. þm. Reykv. nefndi um atriði sem lúta að félagsmálasáttmálanum og einstakar athugasemdir sem hafa borist vegna þess með hvaða hætti við höfum staðið að málum í þeim efnum, þá er það rétt að í bréfum sem á ríkisstjórnarinnar vegum hafa verið send vegna deilna um þessi efni, þá kom fram tiltekin afstaða. Ég hygg að með nýgengnum dómum og þeim breytingum sem eru að verða varðandi sjónarmið í þessum efnum, þá hljóti menn að skoða mjög nákvæmlega afstöðu sína og hugmyndir sem lúta að þessum þáttum sérstaklega. Við skulum þó gera okkur grein fyrir því að þetta eru vandmeðfarin mál og viðkvæm og það er nauðsynlegt að ræða þau í góðri sátt við til að mynda launþegahreyfinguna og ég held reyndar að það sé líka á þeim vettvangi sem vaknar ríkari skilningur á þessu.

Hæstiréttur Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (tala fastra dómara, varadómarar, afgreiðsla kærumála). — Þskj. 218.

[15:44]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég hefði talið æskilegt að hæstv. dómsmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Vill forseti beita sér fyrir að dómsmrh. verði gert viðvart? (**Forseti:** Forseti hefur þegar gert aðvart og hæstv. dómsmrh. er genginn í salinn.)

Herra forseti. Ég vil byrja á því að taka það fram að í mínum augum er Hæstiréttur hálfheilagur og það sómir ekki að draga niðurstöðu hans í efa jafnvel þótt áhrifasvæði hans hafi verið nokkuð skert með því að afhenda hluta af dómsvaldinu úr landi með EES-samningnum. Ég held að traust almennings á Hæstarétti sé ákaflega mikið og við höfum treyst því að þar væru viðhöfð vönduð vinnubrögð og ástunduð mjög gaumgæfileg athugun mála og þess vegna hefur hann notið trausts.

Mér finnst 2. gr. þessa frv. orka nokkuð tvímælis og þess vegna kveð ég mér hljóðs. Hún hljóðar svo:

„Ef kærður er úrskurður sem varðar rekstur máls í héraði, kærumálið er skriflega flutt og það varðar ekki mikilvæga hagsmuni getur einn dómari skipað dóm í því. ...“

Það er þetta atriði sem ég vil gera athugasemd við, að þau tilvik séu til jafnvel þó smá séu að það sé einungis einn dómari sem kveður upp úrskurði. Ég held að þetta verði til þess að rýra traust manna á óskeikulleika Hæstaréttar og ég vil biðja hv. nefnd og hæstv. dómsmrh. að athuga það gaumgæfilega hvort það er svo mikilvægt að spara að vert sé að fara út í þessa breytingu.

Nú er mér það alveg ljóst að Hæstiréttur er önnum kafinn. Það er út af fyrir sig lofsvert að létta vinnuálagi af hæstaréttardómurum. Það getur jafnvel verið fjárhagslega hagkvæmt ef yfirvinna þeirra t.d. minnkaði með minna vinnuálagi, en það má nú ekki ganga of langt og mér finnst að þetta atriði þurfi gaumgæfilegrar athugunar við áður en gert verður að lögum. Þ.e. mér finnst það ekki traustvekjandi að einn dómari fjalli um mál og úrskurði í því prívat og persónulega. Ég held að við séum að stofna þarna meiri hagsmunum í hættu fyrir minni hagsmuni. Að vísu er þetta nokkuð skýrt í athugasemdum með frv. en sá lagatexti sem liggur fyrir virkar ekki vel á mig.

Flýting á málsmeðferð er nauðsynleg en hún má ekki ganga út yfir vönduð vinnubrögð og nóg um það.

Ég tel að það væri freistandi að ræða aðstöðu Hæstaréttar. Hér er talað um að fjölga dómurum og ég vil taka undir þá athugasemd sem kom fram fyrr í umræðunni um það að ég tel óheppilegt að hæstaréttardómari sé líka dæmandi af og til í öðrum dómstóli. Mér finnst það ekki gott fyrirkomulag. Varðandi starfsaðstöðu Hæstaréttar ber líka að líta á húsnæðismál Hæstaréttar og ég hygg að það sé mjög mikilvægt að vinda bráðan bug að því að lagfæra húsnæðismál Hæstaréttar þannig að starfsaðstaða vegna húsakosts sé

viðunandi. Ég er ekki þar með að leggja til eða hvetja til að reist verði hin skrímslislega bygging á bílastæðinu milli Arnarhvols og safnahússins og Þjóðleikhússins. Ég tel að það sé mjög misráðið að reisa svo stórt hús á þeirri lóð og húsnæðismál Hæstaréttar verði heppilega leyst með öðrum hætti. Einn fyrrv. hæstaréttardómari a.m.k., Magnús Thoroddsen, hefur bent á hversu auðvelt væri að koma Hæstarétti fyrir í safnahúsinu og útbúa þar æskilegt húsnæði fyrir Hæstarétt. Ég hefði talið það miklu aðgengilegri lausn en fara skemma hin fögru hús sem eru þarna í kringum þessa lóð og þrengja að þeim með því að byggja stórhýsi sem nær alveg út í götu á lóðinni. Ég vil sem sagt biðja hv. allshn. að athuga þetta vel og vekja athygli á þessu atriði með einn dómara sem ég tel að orki ákaflega mikið tvímælis.

[15:51]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði óskað eftir því að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur ræðu mína og hann hafði haft góð orð um það. Ég veit að hann er í húsinu þannig að ég óska eftir því að reynt væri að gera honum viðvart.

Í öðru lagi hafði ég óskað eftir því að hæstv. umhvrh. yrði einnig viðstaddur þessa umræðu og hæstv. fjmrh. Hæstv. fjmrh. tjáði mér að hann væri bundinn með ráðstefnu en ég reikna með að hann sé laus núna vegna þess að umræðan hefur haldið áfram seinna en ætlað var og ég vil þess vegna setja fram þá ósk að kannað verði hvort hæstv. umhvrh. eða hæstv. fjmrh. geta komið til umræðunnar.

Hæstv. dómsmrh. var nokkuð undrandi á því hvers vegna við óskuðum eftir því að þetta mál yrði rætt hér sérstaklega. Ráðherrann taldi að hér væri eingöngu um að ræða breytingar sem ættu að greiða fyrir áfrýjun mála. Hins vegar er ráðherranum fullkunnugt um það að í frv. er fleira að finna. Í frv. er ákveðið að fjölga í Hæstarétti. Þetta er því fyrst og fremst frv. um það að Hæstiréttur Íslands sé skipaður níu dómurum. Í greinargerð frv. kemur síðan fram skýrt að rökin fyrir því að fjölga í Hæstarétti séu að minnka vinnuálagið í réttinum.

Það er öllum hv. þm. kunnugt að dómarar í Hæstarétti tóku sér 48 yfirvinnutíma fasta og hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. samþykktu þá ósk og hafa óskað eftir heimild á fjáraukalögum til þess að greiða þá yfirvinnu þó þegar sé farið að greiða hana. Síðan kemur hæstv. ríkisstjórn með frv. þar sem óskað er eftir fjölgun í réttinum til að minnka álagið. Þetta tvennt passar illa saman, að hefja þessar einstöku yfirvinnugreiðslur til hæstaréttardómara, fram hjá Kjaradómi, og rökstyðja þær með vinnuálagi, sem voru einu rökin sem heyrðust í réttinum, og flytja svo frv. sem felur það í sér að minnka eigi vinnuálagið í réttinum. Það stendur á bls. 2 í frv., í upphafi kaflans um helstu efnisatriði frv., þau eru talin tvö. Það fyrra er að leitast við að létta nokkuð álagi af æðra dómstiginu sem hefur farið stigvaxandi á undanförnum árum. Síðan er það rakið hver fjöldi mála hafi verið og færð að því mjög ítarlega rök á næstu síðum í greinargerðinni að með því að fjölga í réttinum sé hægt að minnka álagið.

Í því sambandi er rétt að skoða það einnig að sú skipan hefur verið að einn af dómurunum hefur eina viku í hverjum mánuði um langt árabil starfað við Mannréttindadómstól Evrópuráðsins. Þessi dómari hefur þess vegna verið fjarri réttinum sem nemur u.þ.b. fjórðungi ársins. Þessi dómari hefur nú verið skipaður í EFTA-dómstólinn en hann fær ekki lausn frá embætti við Hæstarétt, heldur er honum eingöngu veitt leyfi. Það er í sjálfu sér athyglisverð ákvörðun og má færa rök að því að hún sé ekki eðlileg, en hún verður sérkennileg í ljósi þess að þessi háttvirti hæstaréttardómari verður þegar hann kemur til baka úr þessu leyfi 65 ára gamall og getur þá samkvæmt þeim reglum sem í gildi eru hætt strax í réttinum á fullum eftirlaunum. Með því að fara þessa sérkennilegu leið, að dómari við Hæstarétt Íslands er áfram í embætti hæstaréttardómara á Íslandi um leið og hann situr í dómstól EFTA en ákvarðanir þessara tveggja dómstóla geta skarast, getur viðkomandi dómari náð þeim réttindum hæstaréttardómara að hætta á fullum launum við 65 ára aldur. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. dómsmrh. hvort gengið hafi verið eftir því að þessi dómari komi aftur til starfa og hvort hann hafi gefið yfirlýsingu um það að hann muni koma aftur til starfa við réttinn að loknu þessu leyfi eða hvort hann ætlar virkilega að nýta sér það að vera í burtu frá réttinum í tvö ár, þurfa aldrei að koma þangað aftur og hætta svo á fullum launum árið 1995.

Ég vil einnig segja það hér, þó það eigi kannski betur heima undir umræðunni um það frv. sem við þingmenn Alþb. höfum flutt, að ákvarðanir núv. hæstv. dómsmrh. um skipun manna í Hæstarétt eru vægast sagt umdeilanlegar. Það er alveg ljóst þegar þær ákvarðanir eru skoðaðar að í a.m.k. einu ef ekki fleiri tilvikum hafa flokkspólitísk sjónarmið þar ráðið. Ég ætla að tala alveg skýrt í þeim efnum, það er ekki hægt að færa fagleg rök fyrir því að Pétur Hafstein sýslumaður hafi haft lengri embættisferil eða skarað fram úr þeim öðrum umsækjendum sem um það embætti sóttu. Hann var hins vegar traustur sjálfstæðismaður, hann hafði skrifað blaðagrein til stuðnings hæstv. dómsmrh., þegar hæstv. dómsmrh. var að slást fyrir formannssæti sínu í Sjálfstfl. og var auðvitað af þekktum ættum forráðamanna í Sjálfstfl. Ég vil segja það við núv. formann Sjálfstfl. og fyrrv. formann Sjálfstfl., núv. hæstv. dómsmrh., það er ekki traustvekjandi hve margir af núverandi dómurum í Hæstarétti hafa gegnt trúnaðarstörfum á vegum Sjálfstfl., verið þar virkir flokksmenn, annaðhvort í háskóla eða síðar.

Við þurfum að reyna að kappkosta að Hæstiréttur sé hafinn yfir slíkt. Ég hef gagnrýnt það áður að þegar dómsmrh. Alþfl. sat svo hér um rúmlega eitt ár og það kom í hans hlut að skipa einn dómara í Hæstarétt, þá vildi svo sérkennilega til að hann valdi þann úr hópi umsækjenda sem var þekktum alþýðuflokksættum. Son þingmanns Alþfl. og fyrrv. ráðherra Alþfl. Það hefur kannski verið tilviljun. Kannski hefur sá maður skarað fram úr öllum umsækjendum hvað snertir embættisreynslu og aðra hæfni. Ég held þó ekki, með allri virðingu fyrir þeim lögfræðingi og þeim dómara. Það

nær auðvitað ekki nokkurri átt að þegar dómsmrh. eru að velja menn í réttinn og fara með þetta vald þá skuli því vera beitt á þennan veg.

Ég held ég fari nokkurn veginn rétt með að meira en helmingur af þeim, eða u.þ.b. helmingur af þeim sem nú sitja í réttinum hafi þannig gegnt trúnaðarstöðum eða verið virkir í flokksstarfi Sjálfstfl. og skyldra samtaka fyrr á ævinni.

Ég nefni þetta hér vegna þess að við vitum að Hæstiréttur hefur í æ ríkari mæli verið að fara inn á þær brautir að túlka lög og stjórnarskrá út frá sjónarmiðum sem ekki eru beint lögfræðileg, heldur snerta kannski almenn heimspekileg viðhorf til stjórnskipunar, efnahagsmála, mannréttinda og þar með efnahagslegra réttinda. Rétturinn hefur þar með orðið pólitískari. Sumir hafa haldið því fram að hann hafi um of dæmt með ríkisvaldinu á hverjum tíma í slíkum ákvörðunum sínum og Jón Steinar Gunnlaugsson, hæstaréttarlögmaður, ef ég man rétt, hefur skrifað um það sérstaka bók þar sem hann hefur rakið slík tilvik. Ég ætla ekki að taka afstöðu í því máli en nefni það eingöngu hér að það eru fjölmörg dæmi um það að hlutverk réttarins hefur í æ ríkari mæli orðið víðtækara en hið þrönga faglega hlutverk lögfræðinnar gæti gefið til kynna.

Mér finnst því alls ekkert sjálfgefið í ljósi þess að núv. hæstv. dómsmrh. fái frá þinginu heimild til að ráðstafa fjórða dómaraembættinu í Hæstarétti án þess að hér fari fram á þinginu ítarleg umræða um það með hvaða hætti við eigum að skipa dómara í Hæstarétt. Þess vegna finnst mér eðlilegt að áður en þetta frv. verður afgreitt frá þinginu komi það frv. sem hv. þm. Svavar Gestsson er 1. flm. að til umfjöllunar og afgreiðslu í þinginu.

Ég óskaði eftir nærveru hæstv. forsrh. vegna þess, virðulegur forsrh., að fyrr á þessu ári kom það fram að Hæstiréttur hafði sent til forsrn. yfirvinnureikninga um 48 fasta yfirvinnutíma og óskaði eftir því að fá þá greidda og hæstv. forsrh. sagði, ef ég man rétt, að hann hefði ekki talið rétt að deila við dómarana um þá niðurstöðu og sent reikninginn áfram til fjmrn. sem svo greiddi hann.

Í þessu frv. hins vegar, virðulegi forsrh., er farið fram á það að fjölga dómurum í Hæstarétti um einn og meginrökin sem koma fram í grg. frv. eru að minnka vinnuálagið í réttinum. Það eru færð margvísleg rök að því hvernig það geti verið hagkvæmara, sparað tíma og vinnu að taka upp þá skipan sem hér er lýst. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Telur hann þá ekki óeðlilegt að Hæstiréttur geti haldið áfram að taka sér 48 fasta yfirvinnutíma þegar ríkisstjórnin hefur lagt fram frv. sem hefur þann megintilgang m.a. að minnka yfirvinnuna í réttinum eða er það virkilega þannig að það sé skoðun hæstv. forsrh. og fjmrh., sem ég hafði einnig óskað eftir að væri viðstaddur þessa umræðu, að samþykkt þessa frv. hafi engin áhrif á yfirvinnuna í Hæstarétti og muni ekki leiða til neinna breytinga á launakjörum þeirra? Ef það væri niðurstaða viðkomandi ráðherra þá væri verið að lýsa þeirri skoðun að krafa Hæstaréttar um 48 stunda yfirvinnu sé ekki byggð á neinu faglegu mati á vinnuframlagi, heldur sé eingöngu hefðbundin kjarakrafa um kauphækkun. Þess vegna, virðulegur dómsmrh., snertir þetta frv. hér alveg skýrt þær deilur sem risið hafa um sjálftöku Hæstaréttar sem svo hefur verið nefnd, kauphækkun sem hæstaréttardómarar tóku sér með því að senda yfirvinnureikninga til forsrn. og eru einu aðilarnir sem heyra undir Kjaradóm sem þannig hafa hagað sér.

Ég vil í þessu sambandi lýsa því hér að á fundi umhvn. í morgun kom það fram að fjmrn. hefur haft þá afstöðu gagnvart Veðurstofunni að þær breytingar sem gerðar voru á kjörum veðurfræðinga og fólu í sér að tekið var upp bakvaktakerfi og ýmislegt annað sem tilheyrir auknu vinnuálagi á Veðurstofunni og leiddi til verulegra kauphækkana hjá veðurfræðingum í reynd, svipað og gerst hefur með hæstaréttardómarana — í öðru tilvikinu er um nýtt skipulag bakvakta og mat á meira vinnuálagi að ræða, í hinu tilvikinu er um yfirvinnu að ræða — en afstaða fjmrn. er sú að veita ekki fjármagn til þess að standa undir þessari breytingu á kjörum veðurfræðinga. Þess vegna upplýstu forráðamenn Veðurstofunnar það á fundi umhvn. í morgun að í fjáraukalagafrv. sem hér hefur verið lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar er ekki beðið um fjárveitingu til þess að greiða þessi auknu laun veðurfræðinganna. Í fjárlagafrv. er heldur ekki óskað eftir því. Afstaða ráðuneytanna gagnvart Veðurstofunni er í þessu tilviki sú að Veðurstofan eigi að spara með því að skera niður í rekstri. Varðandi Hæstarétt er hins vegar farin sú leið að koma til þingsins og biðja um heimild í fjáraukalögum til þess að greiða þá kauphækkun sem felst í yfirvinnunni. Ég hefði viljað spyrja hæstv. fjmrh., en í fjarveru hans hæstv. forsrh.: Hvar er samhengið í þessum tveimur ákvörðunum? Að samþykkja umyrðalaust kröfu hæstaréttardómara um kauphækkun vegna yfirvinnu en hafna því að veita Veðurstofunni auknar fjárveitingar til að standa undir þeim samningum sem þar voru gerðir, ef ég man rétt, fyrr á þessu ári. Forsrh. gæti svarað: Ég deili ekki við dómarana af því að hér voru hæstaréttardómarar sem hér áttu í hlut. Það tel ég ekki gilt svar vegna þess að launakjör hæstaréttardómara eru ekki ákveðin af þeim sjálfum, þau eru ákveðin af Kjaradómi. Hæstaréttardómarar eru ekki dómarar í eigin launamálum, hafa aldrei verið og verða ekki fyrr en við breytum lögum hér. Þetta er þess vegna enn merkilegra fyrir þá sök að afstaða ríkisstjórnarinnar, a.m.k. í þeim frumvörpum sem hún hefur lagt fram er að segja við Veðurstofuna: Ef þið viljið greiða veðurfræðingunum hærri laun þá verðið þið að spara það af öðrum rekstrarlið eða með sértekjum. Ég spyr þess vegna: Hví er ekki það sama látið gilda um Hæstarétt? Að segja að ef Hæstiréttur vill taka sér yfirvinnu þá verður hann að ná því inn með sparnaði af öðrum rekstrarútgjöldum eða með sértekjum. Það auðvitað gengur ekki upp, sérstaklega á þeim tímum þegar afstaða ríkisvaldsins gagnvart launum opinberra starfsmanna er með þeim hætti sem lýst hefur verið að láta hæstaréttardómarana fá þessa sérmeðhöndlun en hafa aðra afstöðu gagnvart þeim samningum sem gerðir voru við veðurfræðinga.

Þess vegna er þetta mál auðvitað allt þannig að sjálftaka Hæstaréttar á þessari yfirvinnu er að leiða hér út í hreinar ógöngur, hæstv. forsrh. Ógöngur í aðhaldi í ríkiskerfinu eins og sést á þessari mótsögn sem ég hef rakið í fjáraukalagafrv. og í fjárlagafrv. gagnvart þessum tveimur stofnunum, Hæstarétti og Veðurstofu, og svo líka auðvitað út í þær ógöngur að fyrrverandi hæstaréttardómari hefur höfðað mál sem hefur verið þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem hann heldur fram þeim skilningi sínum að yfirvinnugreiðslan sé eingöngu hefðbundin launahækkun og eigi þess vegna að gilda einnig um launagreiðslur til þeirra hæstaréttardómara sem látið hafa af störfum. Menn sjá auðvitað í hendi sér hvar Hæstiréttur er staddur þegar einn af fyrrverandi dómurunum sér sig knúinn til þess að leita til dómstólanna með það mál sem hann hefur flutt. Ef hann vinnur málið þá er sjálfsagt að fjmrn. áfrýi til Hæstaréttar. Þá verður að ryðja Hæstaréttinn allan til þess að dæma í því máli og verður sjálfsagt mjög erfitt að velja dómara í réttinn vegna þess að launakjör þeirra manna sem gegna tímabundið í réttinum fara eftirlaunakjörum þeirra sem eru í réttinum. Þannig að þeir sem með hefðbundnum hætti hafa setið í réttinum sem varadómarar væru þá um leið að dæma í eigin sök eða í eigin máli, eigin hagsmunum, eftir því hvort þeir felldu dóminn með eða á móti fyrrverandi dómara.

Þess vegna, virðulegi forsrh., tel ég nú skynsamlegast að samþykkja þá brtt. við fjáraukalögin sem við höfum flutt til þess að þessi þvæla verði á enda. En málið verði ekki látið vinda upp á sig eins og það hefur verið að gera í umhvn. þegar upplýsingarnar um Veðurstofuna koma fram í dagsljósið.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka spurningu mína um það hvort fjölgun dómara í réttinum, leiði ekki sjálfkrafa til þess að yfirvinnutími hæstaréttardómaranna, verði þeir á annað borð viðurkenndir, verði lækkaðir og í öðru lagi vil ég ítreka spurningu mína um misræmið sem er á milli afgreiðslunnar í frv. ríkisstjórnarinnar á Veðurstofunni annars vegar og Hæstarétti hins vegar. Í þriðja lagi vil ég ítreka þá skoðun mína að það er ekki hægt að afgreiða þetta frv. fyrr en fengist hefur afstaða þingsins til þess frv. um Hæstarétt Íslands sem þingmenn Alþb. hafa flutt og hv. þm. Svavar Gestsson er 1. flm. að.

[16:11]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Vegna spurningar sem hv. þm. beindi að mér sérstaklega varðandi Hæstarétt þá var málið þannig vaxið, sem hann fjallaði um, að eftir að Kjaradómur hafði eftir nokkra umhleypinga komið saman á nýjan leik og dæmt í kjörum þeirra manna sem undir þann dóm voru settir, þá kom þar í ljós að breytingar höfðu verið gerðar. Það hafði verið fellt út ákvæði um það að launakjör dómsins tækju til yfirvinnu í þeim mæli sem áður hafði verið sagt fyrir um. Nú er það þannig að Hæstiréttur er allra aðila vanastur því að lesa dóma, kveða upp dóma og lesa dóma, og það gerðu þeir um þennan dóm. Þeir sendu af þeim ástæðum forsrn. bréf, lýstu þessari breyttu stöðu sem þarna var upp komin, lýstu því að þeir ynnu þessa tilteknu yfirvinnu og óskuðu eftir því að forsrh. sæi til þess að fjármunir yrðu fyrir hendi til þess að greiða þessa yfirvinnu sem væri unnin og ætti því að greiðast samkvæmt þessum dómi Kjaradóms.

Forsrn. var þá með tvíþætta stöðu fyrir framan sig. Annars vegar að neita þessu, taka þá ákvörðun að þetta væri mál sem forsrn. ákvarðaði óháð sjónarmiðum dómsins og með þeim hætti skammta dómendum úr hnefa. Eða að hinu leytinu til að fara að ákvarða og athuga sérstaklega hvað þessi yfirvinna væri mikil sem hæstaréttardómarar ynnu og með þeim hættinum að fara að skammta Hæstarétti úr hnefa.

Vegna þrískiptingar valdsins og mikilvægi þess að slík tengsl séu ekki á milli framkvæmdarvalds og dómsvalds þá gat forsrh. og ráðuneyti hans hvorugan þennan kost valið. Hann átti ekki annan kost en þann að líta á þetta bréf sem útfærslu á dómi Kjaradóms og svara erindinu í verki samkvæmt þessari niðurstöðu. Þetta var vissulega mjög óþægileg staða sem upp var komin. En það var engin önnur staða fær að mínu mati fyrir ráðuneytið. Ég tel að ráðuneytið hafi ekki verið, eða ráðherrann sem ábyrgð ber á ráðuneytinu, í sjálfu sér verið gagnrýndur sérstaklega vegna þessarar niðurstöðu þó að gagnrýni hafi komið fram um önnur atriði.

Ég er reyndar ekki í vafa um það að hæstaréttardómarar hafa unnið mjög mikla vinnu, mikla yfirvinnu, ólaunaða yfirvinnu í raun. (**Gripið fram í:** Eins og forsrh.) Nei, kannski ekki miðað við slíka menn, en unnið mjög mikla yfirvinnu á undanförnum árum. Það má því segja að þeir hafi haft þann kost að vinna bara sína dagvinnu, taka ekki þessar 100 síður af málum, í máli eftir máli, heim með sér og liggja yfir því kvöld og helgar, heldur bara verið í dagvinnunni á þeim stundum sem gæfust þegar þeir sætu og hlustuðu á málflutning lögmanna sem tekur drýgsta hluta þeirra starfstíma og afgreiða málin samkvæmt dagvinnutíma. Þá værum við ekki að tala um biðtíma í 2–3 ár að mínu mati heldur miklu, miklu lengri tíma í að fá niðurstöðu Hæstaréttar. Þannig að ég tel að Hæstiréttur og hæstaréttardómarar hafi mjög léleg starfsskilyrði, meira að segja lakari starfsskilyrði en þingmenn hafa, mjög lök starfsskilyrði í starfsumhverfi því sem þeim er búið, lagt á sig mjög mikla yfirvinnu. Ég tel ekki ástæðu til þess að ætla að þessir tímar sem þarna eru upp taldir séu oftaldir án þess að ég hafi lagt á það sérstakt mat. Í mínu námi fólst að fara í gegnum hæstaréttardóma, það voru þau gögn sem mest voru lesin, og eru enn lesin í því námi sem ég stundaði fyrir löngum tíma síðan og ég geri mér grein fyrir þýðingu þeirra dóma á þjóðlífið allt og mikilvægi þess að þar sé vel að málum staðið og vel unnið.

Kjaramál Hæstaréttar, eins og því miður kjaramál margra annarra, hafa verið því marki brennd að þau fást aldrei rædd með cðlilegum hætti og ég held að það megi saka okkur þingmenn um það m.a., bæði okkur sem nú erum þingmenn og aðra sem á undan okkur hafa gengið, fyrir það í hvaða far þær umræður hafa farið. Ég sé ekki reyndar möguleika á því að við komum okkur neitt út úr því á næstu árum og áratugum.

Þessi frægi rétti tími til þess að bæta úr því, ég sé ekki að hann dúkki upp í þessu þjóðfélagi á næstu áratugum. Hvort sem það er sanngjarnt eða ekki sanngjarnt.

Varðandi spurninguna beint um það hvort fjölgun á dómurum um einn muni lækka þessa yfirvinnu, almennt má sjálfsagt gera ráð fyrir því en markmiðið er ekki það, heldur (**Gripið fram í:** Það stendur í greinargerðinni.) er meginmarkmiðið jú að stytta þann biðtíma sem fólk sem þarf að fá úrlausn mála, fá endanlega úrlausn mála eins og Hæstiréttur á að sjá fyrir um að okkar skipun, að sá tími styttist og lengist ekki, því hættan er sú að sá tími lengist fremur en styttist. Þannig að þó almennt megi segja að væntanlega megi gera ráð fyrir því að yfirvinna muni eitthvað minnka, sem ég held að sé eðlilegt, hvort hún minnkar niður fyrir 48 tíma skal ég ekkert um segja. Ég býst við að dómararnir hafi reiknað sér þetta vægt miðað við það vinnuálag sem á þeim er.

Ég gerði mér það einhvern tímann til dundurs varðandi forsrh. að halda dagbók um tíma í eina viku og komst þá að þeirri niðurstöðu að dagvinnulaun forsætisráðherrans væru um 75 þús. kr., hitt væri yfirvinna, helgidagavinna og þess háttar álög sem fylgja. (**Gripið fram í:** Sendirðu ekki reikninginn?) Ég sendi ekki reikninginn. Og þá er einmitt vegna þessa ágæta frammíkalls komið að spurningunni, sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi, hvers vegna er verið að gera mun á Veðurstofunni annars vegar og Hæstarétti hins vegar. Ég var að reyna að færa að því nokkur rök áðan, að vegna þeirra greininga sem verður að vera á milli framkvæmdarvalds og dómsvalds, ekki eins og sagt hefur verið, greiningar sem þurfa að vera fyrir hendi heldur að virðast vera fyrir hendi. Það er líka áríðandi að það virðast ekki vera nein tengsl sem menn vita kannski að eru ekki, en þau mega ekki einu sinni virðast vera fyrir hendi. Þá var áríðandi að ráðherrann í þessu tilviki færi ekki að amast við þessari niðurstöðu miðað við túlkun Hæstaréttar á Kjaradómi.

Þetta gildir ekki um aðra þætti með sambærilegum hætti að mínu mati. Ég tel að þarna sé alveg skipt í tvö horn og það gildir reyndar sama um sértekjurnar. Ég sé ekki með hvaða hætti hv. þm. hugsaði sér að Hæstiréttur mundi afla sér sértekna. Ekki færi hann að senda þeim dæmdu reikning fyrir verkið eða lögmönnunum eða öðrum slíkum, þannig að ég sé það ekki í hendi mér hvernig menn hugsa sér þær sértekjur satt best að segja.

Varðandi hinn þáttinn sem hv. þm. ræddi, og honum var kannski ekki beint sérstaklega til mín, þar sem hann var að tala um stjórnmálalega fortíð tiltekinna dómara þá fannst mér það ekki vera trúverðugt. Hann nefndi sérstaklega Jón Steinar Gunnlaugsson og bók hans sem hefði fundið að því sérstaklega, ef ég man rétt, að Hæstiréttur væri hallur undir ríkisvaldið. Ég skal ekkert segja um það hvort lögmaðurinn hafi rétt fyrir sér í því eða ekki, a.m.k. bendir það ekki til þess að það sé hugsjón Sjálfstfl. sem hefur vilja takmarka vægi og vigt ríkisins á kostnað einstaklinganna sem þar ráði för. Þannig að mér finnst ekki að sú tilvitnun sem hv. þm. nefndi renndi sérstaklega stoðum undir það.

Hinu vil ég líka vara við að fara að nefna það, eins og hv. þm. gerði, ef menn hefðu tekið þátt í stúdentapólitík að þá væru þeir þar með orðnir óhæfir til þess að vera skipaðir til starfa í Hæstarétti. Ég veit ekki hvar það mundi enda. Ég býst við því að flestir laganemar, ef ég man rétt, það hefur kannski eitthvað breyst, hafi tekið þátt í stúdentapólitík með einum eða öðrum hætti. Voru oft mjög virkir í því, kannski virkari en margar aðrar deildir við háskólann, kannski félagsvísindadeild núna hafi breyst í þeim efnum en það var í eðli greinarinnar, þeir voru mjög virkir og ég held að það væri alveg fáránlegt að ætla að fara að leggja það mönnum til lasts nema menn hefðu haft vit á því, eins og sumir, að taka þátt í stjórnmálastörfum hjá mörgum flokkum. Þá væri náttúrlega ekki hægt að segja að þeir væru hallir undir einn flokk, en það eru bara afskaplega fáir sem hafa leikið þann leikinn að fara vítt um og standa föstum fótum í fjölmörgum stjórnmálalegum fylkingum. Það er bara ekki hægt að gera almennt þær kröfur að menn séu slík „súpermenni" á ferðinni, það er aðeins einstaka maður sem býr yfir þeim hæfileikum. En ég vara menn við því að menn fari að leita fanga svo langt eins og í stúdentapólitíkina og minni á að það er reyndar þannig að menn hafa margvíslegar skoðanir á menntaskóla- og stúdentaárum, þær kunna allar að hringsnúast og snúast við og það eigi ekki að leggja mönnum það til lasts þó þeir komi síðar til álita einhvers staðar á lífsleiðinni.

[16:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel satt að segja að yfirlýsing hæstv. forsrh. áðan varðandi launamál hæstaréttardómara marki í raun og veru alveg kaflaskil í þessum málum. Það sem hæstv. ráðherra sagði var þetta: Kjaradómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að dómurinn og niðurstöður hans tækju ekki til yfirvinnu. Þess vegna, þar sem hæstaréttardómarar eru vanir að lesa niðurstöður dómstóla, var það skoðun hæstaréttardómara að þeir gætu sent reikning fyrir yfirvinnuna og forsrh. ætti tvo kosti, annar var sá að telja yfirvinnutímana, sem hann treysti sér ekki til af eðlilegum ástæðum, og hinn var sá að fallast á þetta. Af hverju vildi hann fallast á þetta? Það var ekki vegna þess að hann skildi ekki hvaða afleiðingar það hefði í för með sér fyrir launamál og efnahagslífið og allt það, heldur var það fyrst og fremst vegna greiningar framkvæmdarvalds og dómsvalds. Það voru hans aðalrök. Ég tek undir þau rök almennt en í þessu tilviki ekki vegna þess að það hefur verið þannig að framkvæmdarvaldið hefur í umboði Alþingis ákveðið laun og kjör dómara, m.a. hæstaréttardómara, og það er stórhættulegt að mínu mati að láta þau rök standa eftir að forsrh. telji sig verða að skrifa upp á hvað eina sem hæstaréttardómurum dettur í hug. Auðvitað miðað við lög og reglur og allt það. Þannig að ég verð að segja alveg eins og er að það getur út af fyrir sig verið að hæstv. forsrh. hafi einhvern tímann sagt þetta áður sem hann sagði nákvæmlega núna en fyrir mig voru það stór tíðindi vegna þess að hann er að segja: Í raun og veru

geta hæstaréttardómarar komið með hvaða reikning sem þeim sýnist til mín og ég mun láta borga hann. Ég segi, hæstv. forseti: Þetta gengur ekki, þetta stenst ekki þau vinnubrögð sem mótast hafa af hálfu Alþingis og framkvæmdarvaldsins á undanförnum áratugum.

[16:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var misskilningur hjá hv. þm. Framkvæmdarvaldið hefur aldrei ákvarðað laun hæstaréttardómara. Það hefur jafnan verið Kjaradómur og þess gætt að það sé Kjaradómur. Hætta mín var sú að ef ég fór að túlka bréf hæstaréttardómara með tilteknum hætti þá hefði framkvæmdarvaldið í fyrsta skipti í sögunni farið að ákveða laun dómaranna. Það var túlkun hæstaréttardómaranna á niðurstöðu Kjaradóms að það fælist í niðurstöðu Kjaradóms að þessar greiðslur skyldi greiða sem varð til þess að ég fór ekki að amast við því að framkvæmdin ætti sér stað eins og dómararnir höfðu túlkað kjaradóminn. Framkvæmdarvaldið hefur aldrei sem slíkt ákveðið laun dómaranna með sama hætti og æðsti maður stjórnsýslunnar, forsrh., hefur aldrei ákveðið laun forsrh. Það hefur verið settur sérstakur dómstóll til þess og það var einmitt vegna þess að þetta var dómstóll sem ríkisstjórnin vildi ekki og forðaðist eins og heitan eldinn að breyta niðurstöðum Kjaradóms með bráðabirgðalögum. Það gerði ríkisstjórnin ekki. Hún setti hins vegar reglur um það eftir hvaða viðmiðunum Kjaradómur skyldi dæma vegna þess að samkvæmt lögum um Kjaradóm þá getur Kjaradómur hvenær sem er kveðið upp nýjan dóm ef viðmiðunarreglurnar sem Kjaradómur á að vinna eftir hafa breyst. En dómsniðurstöðunni vildu menn ekki breyta með lögum og það er einmitt þessi misskilningur sem var hjá hv. þm. að framkvæmdarvaldið hefur aldrei ákvarðað laun hæstaréttardómaranna. Ég vildi ekki lenda í þeirri stöðu að vera sá fyrsti til að gera það.

[16:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hérna sé um að ræða algjörlega lóðréttan misskilning hjá hæstv. forsrh. og ég tel reyndar að hann sýni það mjög vel, þessi misskilningur, að það hefði verið skynsamlegra hjá hæstv. ráðherra að ráðgast við fleiri aðila áður en niðurstaðan varð fengin í þessu máli. Ég held að hann hefði átt að ráðgast m.a. við fjölda aðila, ég get svo sem nefnt ýmsa, og ég tel að þetta sé auðvitað líka pólitískt mál sem hann hefði átt að fara yfir með fulltrúum allra flokka og líka stjórnarandstöðuflokkanna með hliðsjón af því hvernig þessi mál hafa þróast.

Staðreyndin er auðvitað sú að með þessari niðurstöðu sinni og túlkuninni á henni er hæstv. núv. forsrh. að brjóta í blað í þessu efni og m.a. af þeirri ástæðu tel ég að það sé brýn nauðsyn á því að Alþingi samþykki þá tillögu sem þrír þingmenn Alþb. hafa flutt um að fella heimildina til ákveðinna greiðslna til hæstaréttardómara eins og hún liggur fyrir í fjáraukalögunum. Mér sýnist með öðrum orðum að Alþingi standi frammi fyrir því að það getur leiðrétt þessi mistök forsrh. og ég held að það þurfi endilega að gerast.

[16:27]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skýringar hæstv. forsrh. í þessu máli eru stórfurðulegar. Í fyrsta lagi er Kjaradómur ekki dómstóll í þeim skilningi sem tilheyrir dómsvaldinu. Hann heitir að vísu Kjaradómur en hann er einföld stjórnsýslunefnd á vegum framkvæmdarvaldsins til þess að taka tilteknar ákvarðanir þar. Kjaradómur hefur aldrei heyrt undir dómsvaldið samkvæmt þrígreiningunni í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald. Það er punktur númer eitt og misskilningur númer eitt. Í öðru lagi er það þannig að samkvæmt kenningunni um þrískiptingu ríkisvaldsins, ef hæstv. forsrh. vill halda sig við hana, fer Alþingi með fjárveitingavaldið og ef hæstv. forsrh. hefði viljað haga sér kórrétt samkvæmt sinni eigin kenningu um þrískiptingu ríkisvaldsins þá hefði hann átt að segja við hæstaréttardómarana: Já, þið hafið framvísað þessum yfirvinnureikningum. Það er ekki heimild í gildandi fjárlögum að greiða ykkur hærri laun því Alþingi hefur ekki úthlutað Hæstarétti upphæð til þess að standa straum af því. Þess vegna verður að fara til þingsins með heimild í frv. til fjáraukalaga áður en ég get greitt þetta. Og ef hæstv. forsrh. kynnti sér umræðurnar sem hér hafa farið fram á undanförnum fjórum árum um heimildarlausar greiðslur úr ríkissjóði, m.a. ræður sem núv. hæstv. forseti hefur flutt í þinginu með réttu og ég hef stutt hann í því, þá ætti hæstv. forsrh. að vita að samkvæmt þeirri afstöðu þingsins og frumvarps sem flutt hefur verið þá hefði hann verið studdur af öllum við að segja að hann hefði ekki heimild og greiðslan á þessum reikningum yrði að bíða þar til þingið hefði veitt fjáraukalagaheimild.

Röksemdin um dagvinnutímana er náttúrlega alveg út í hött. Ætlar hæstv. forsrh. virkilega að halda því fram að ef forseti þingsins færi að framvísa yfirvinnureikningum (Forseti hringir.) líkt og Hæstiréttur þá mundi forsrh. bara greiða þá vegna þess að annars færi þingið bara að vinna frá 9 til 5 eins og voru rökin fyrir því að Hæstiréttur mundi gera. (Forseti hringir.) Þess vegna, virðulegi forseti, því miður eru þessar röksemdir á þann veg að þær bara standast ekki og ég tel að þetta hafi verið alvarleg mistök hjá hæstv. forsrh. (Forseti hringir.) að greiða þessa yfirvinnureikninga.

[16:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi rökstuðningur sem hv. þm. kom með núna var afskaplega lítill. Ef þingmaðurinn ætlar að halda sig við það að vegna þess að ekki hafi verið búið að ákveða á fjárlögum greiðslur, þá hefðu menn af þeim ástæðum átt að neita greiðslum sem byggðar voru á túlkun frá Kjaradómi, þá er hann á hálum ís. Ég hef það ekki við höndina, en ég geri ráð fyrir því að um leið og Kjaradómur hafi áður hvenær ársins sem er kveðið upp dóm, þá hafi hvaða fjmrh. sem er, líka hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þegar mánuðinn þar á eftir greitt laun samkv. þeim kjaradómi þó ekki hafi

verið fjárupphæðir á fjárlögum til þess að greiða slíkt, hvenær sem er, og með sama hætti og hv. þm. Svavar Gestsson hefur samþykkt og staðið að því í stjórn Ríkisspítalanna að greiða 60 millj. til hjúkrunarfræðinga án þess að heimildir væru fyrir því í fjárlögum. Auðvitað er það svo að þetta er viðurkennd verklagsregla og ekki hægt að hafa það með öðrum hætti. Ef þetta var byggt á því, hvernig sem muldur er nú í salnum, eins og ég byggi á að hér hafi verið um túlkun Hæstaréttar á kjaradómi að ræða, hvernig ætti að túlka hann, þá verður auðvitað gagnvart fjárlögunum að fara nákvæmlega að með sama hætti og gert er jafnan þegar Kjaradómur hefur kveðið upp úrskurð eða þegar fjmrh. á miðju ári hefur gert samninga við sína starfsmenn jafnvel um eftirágreiðslur eða fyrirframgreiðslur án þess að nokkuð hafi veri gert ráð fyrir því á fjárlögum. Þetta þekkja menn afskaplega vel og þarna voru menn á hæpnu róli í sínum rökstuðningi.

[16:32]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað álitamál hvort við eigum að halda áfram að ræða þetta við hæstv. forsrh. vegna þess að hann býr til slíkar kenningar í ræðustólnum í írafári sínu að þær eru stórhættulegar sem fordæmi væri ráðherra tekinn alvarlega. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að hefðir eru fyrir því að ef um formlega kjarasamninga er að ræða, þá séu þeir greiddir þótt ekki hafi verið veittar fjárveitingar. Hér var ekki um það að ræða, m.a. samkvæmt orðum hæstv. ráðherra sjálfs. Hér var eingöngu um það að ræða að tiltekinn starfsmannahópur framvísaði yfirvinnureikningum. Hann sagði að vísu: Ja, ég get lesið það í kjaradómi að ég geti framvísað yfirvinnureikningum. Hvað hefði forsrh. sagt ef allir þeir sem hefðu heyrt undir Kjaradóm hefðu farið framvísa yfirvinnureikningum? Auðvitað hefði forsrh. sagt nei. En það hefðu allir getað framvísað yfirvinnureikningum með sama hætti og hæstv. forsrh. er hér að réttlæta að hafi verð eðlilegt af hálfu Hæstaréttar. Þingmenn hefðu getað framvísað yfirvinnureikningum. Prestar hefðu getað framvísað yfirvinnureikningum og aðrir þeir sem heyra undir Kjaradóm. Þessar röksemdir standast því einfaldlega ekki, hæstv. forsrh., og enn á ný minni ég á mótsögnina við það hvernig Veðurstofan, þar sem líka er farið að greiða mönnum viðbótarlaun, kallað bakvaktir en ekki yfirvinna, er afgreidd þannig af hálfu fjmrn. að það á að skera niður á móti.

Ég vil svo einnig segja að það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. og ég ræði það kannski hér á eftir að það á ekki að láta menn gjalda þess alla ævi hvað þeir hafa gert á stúdentsárum. Það eru ekki mín rök og verður ekki í þessu máli. En menn standa hins vegar frammi fyrir því hvort það kunni virkilega að vera rétt að a.m.k. tveir af núv. dómurum í Hæstartétti hafi verið valdir inn í réttinn af pólitískum ástæðum.

[16:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Mér gafst ekki tími til áðan í hinu fyrra andsvari að víkja að öðru atriði í ræðu hv. þm. og vil gera það nú. Þingmaðurinn sagði að Kjaradómur væri eingöngu venjuleg stjórnsýslunefnd á vegum ríkisins. (**ÓRG:** Ég sagði framkvæmdarvaldsins.) venjuleg stjórnsýslunefnd á vegum framkvæmdarvaldsins. Ég skil þá hv. þm. þannig að framkvæmdarvaldið geti gefið slíkri stjórnsýslunefnd fyrirmæli. Telur hv. þm. virkilega það vera svo að einstakir ráðherrar geti gefið Kjaradómi fyrirmæli eins og venjulegri stjórnsýslunefnd framkvæmdarvaldsins? Þetta er auðvitað fráleit túlkun og furðulegt að hér sé um að ræða fyrrv. fjmrh. og kennara og fyrrv. prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands að líta svo á að Kjaradómur sé venjuleg stjórnsýslunefnd framkvæmdarvaldsins. Þýðir það að þegar hann var fjmrh., ég vil gjarnan heyra það, hafi hann gefið Kjaradómi fyrirmæli um einstök atriði vegna þess að sú stjórnsýslunefnd hafi heyrt undir hann?

[16:35]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi ræðu minnar vil ég spyrja hæstv. forsrh. og óska eftir afdráttarlausum svörum: Telur hann að Kjaradómur heyri undir dómsvaldið í þrískiptingu ríkisvaldsins í löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald? Hæstv. forsrh. svaraði því ekki hér. Hann getur farið í orðaleiki um stjórnsýslunefndir, fyrirmæli o.s.frv. En kjarninn málsins er sá út frá vörn hæstv. forsrh. sjálfs að vegna þess að Kjaradómur væri hluti af dómsvaldinu sem Hæstiréttur ætti að túlka, þá gæti framkvæmdarvaldið ekki breytt því. Þess vegna ítreka ég spurningu mína: Telur hæstv. forsrh. að Kjaradómur sé hluti af dómsvaldinu í þrískiptingu ríkisvaldsins?

Í öðru lagi tel ég nauðsynlegt að ítreka það aftur í aðeins lengra máli að hæstv. forsrh. átti aðra kosti en þá sem hann var að lýsa. Hann átti fyllilega þann kost að segja: Kjaradómur kvað upp úrskurð. Það voru sett bráðabirgðalög til þess að breyta þeirri stöðu og hann hefði getað lesið sínar eigin ræður um þau bráðabirgðalög. Síðan kemur einn hópur sem heyrir undir þessi lög, hæstaréttardómarar, og segir: Ég hef fundið smugu í úrskurði Kjaradóms og á grundvelli hennar ætla ég að sækja um 100 þús. kr. launahækkun á mánuði til forsrn. Þá hefði forsrh. verið í fullum rétti að segja: Þessi túlkun Hæstaréttar er í fyrsta lagi umdeilanleg. Í öðru lagi er mjög hæpið að forsrh. einn skapi það fordæmi að þeir aðilar sem heyra undir Kjaradóm hafi sjálftöku á yfirvinnugreiðslum. Í þriðja lagi hefur verið vaxandi þungi á því að aukafjárveitingar í hefðbundnum skilningi séu minnkaðar. Um það hafa verið flutt sérstök frumvörp á Alþingi af allri fjárln. og ég tek mér þess vegna umhugsunarfrest í þessum málum. Og ég fullyrði að það hefði enginn hér í þessum sal gagnrýnt hæstv. forsrh. fyrir þá afstöðu. En það gerði hann ekki heldur þvert á móti bjó sér til mjög hæpnar röksemdir fyrir því að greiða þessa reikninga strax. Og þá vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Eru ekki allir kjaradómsaðilar jafnréttháir eða gilda einhver sérákvæði um Hæstarétt? Svarið er nei. Og þess vegna er úrskurður forsrh. hér og í þessu máli á þann veg að sérhver aðili sem heyrir undir Kjaradóm getur hér eftir framvísað yfirvinnureikningum til þess ráðuneytis

sem hann heyrir undir og þeir verða umsvifalaust greiddir vegna þess að sá aðili sem forsrh. segir að eigi að túlka kjaradóm hafi túlkað hann á þann veg að Kjaradómur hafi opnað smugu á yfirvinnugreiðslum. Samkvæmt þessu gæti hver einasti þingmaður framvísað yfirvinnureikningum og óskað eftir því að þeir væru greiddir og það er satt að segja dálítið merkilegt að enginn þeirra skuli hafa prófað það. Það gæti hver einasti prestur framvísað yfirvinnureikningi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins og óskað eftir því að þeir væru greiddir. Og það er þess vegna sem við höfum sagt hér, ég og hv. þm. Svavar Gestsson að túlkanir og rök hæstv. forsrh. í þessu máli eru auðvitað á þann veg að þau hljóta að leiða til óskapnaðar í því launakerfi sem við búum við.

Það er alveg rétt að Kjaradómur hefur dálítið sérstaka stöðu vegna þess að menn hafa verið að reyna að finna leiðir til þess að ákveða launakjör þeirra sem starfa á vettvangi allra þátta ríkisvaldsins, dómsvaldsins, löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins og Kjaradómi hefur verið falið að gera það. Þar með hefur löggjafinn sagt það að Hæstiréttur er ekki dómstóll gagnvart úrskurðum Kjaradóms, hann er það ekki, hæstv. forsrh. Ég vil gjarnan spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann telur hann að Hæstiréttur sé sérstakur úrskurðaraðili varðandi Kjaradóm og þá enn frekar í eigin málum því að Hæstiréttur er bara eins og hver og einn annar sem er settur undir Kjaradóm og þess vegna er farin þessi sérstaka leið að búa til þennan aðila og við getum þá láti það liggja á milli hluta hvort hann formlega heyrir undir dómsvaldið eða framkvæmdarvaldið. Og fordæmið sem er skapað opnar á það að allir aðrir geti hækkað laun sín með þessum hætti og þar með er verið að ónýta bráðabirgðalögin og ónýta staðfestingu þingsins á þeim bráðabirgðalögum. Og það er þess vegna sem þessi aðgerð Hæstaréttar er auðvitað stóralvarleg að Hæstiréttur hefur með þessari sjálftöku sinni grafið undan setningu bráðabirgðalaganna og lagasetningunni á Alþingi. En hins vegar má segja að þeir aðrir sem heyra undir Kjaradóm hafi hlíft Hæstarétti og ríkisstjórninni enn sem komið er við því að láta afskræmi þessarar ákvörðunar birtast með skýrum hætti því það mundi auðvitað birtast ef allir aðilar sem heyra undir Kjaradóm gerðu það sama og Hæstiréttur, því að það er mjög auðvelt að halda því fram að þeir vinni allir yfirvinnu. Ég veit auðvitað að hæstv. forsrh. mundi aldrei koma upp í ræðustólinn til að halda því fram að þingmenn ynnu minni yfirvinnu en hæstaréttardómarar og ég hugsa að það væri meira að segja hægt að færa fyrir því nokkuð skýr rök að hæstv. forsrh. ynni sjálfur mun meiri yfirvinnu en hæstaréttardómarar og þess vegna getur magn yfirvinnunnar ekki verið nein rök í þessu máli.

Það sem hér hefur gerst er það að æðsti dómstóll landsins hefur í eiginhagsmunaskyni ráðist gegn grundvallarþáttum í launakerfinu í landinu og þeirri lagasetningu sem hér var sett á sínum tíma. Ég held að það sé þess vegna alveg rétt sem stóð í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins fyrir nokkrum vikum síðan að þessi ákvörðun Hæstaréttar væri alvarlegasta áfallið sem Hæstiréttur Íslands hefði orðið fyrir, alvarlegasta áfallið. Og það er þess vegna m.a. sem ég vona að hæstv. forsrh. skoði það í alvöru að það verði ekki gefin út flokksleg lína af hálfu ríkisstjórnarflokkanna um að greiða atkvæði gegn þeirri brtt. sem við höfum flutt við fjáraukalögin, heldur verði þingmönnum almennt gefið frelsi til þess að meta það hver og einn eftir sinni eigin samvisku því að ef ríkisstjórnin, eins og hæstv. fjmrh. hefur gefið til kynna opinberlega, ætlaði að fara að gefa út flokkslega línu til allra þingmanna stjórnarflokkanna um að þeir yrðu að vernda Hæstarétt í þessari ákvörðunartöku, þessari sjálftöku Hæstaréttar vegna þess að það væri allt í einu orðið ríkisstjórnarspursmál á Alþingi að þessi ákvörðun yrði staðfest með samþykki þessa liðar í 3. gr. fjáraukalaganna, ef ég man rétt, þá væri málið orðið enn alvarlegra því það er ekki þannig í eðli sínu, hæstv. forsrh., að það sé ríkisstjórnarmál eða flokkspólitískt mál og við höfum ekki viljað halda á málinu þannig að það væri það, að það væri svo. Og ég held satt að segja að tillöguflutningur okkar í þessum efnum sé almennt til að reyna að bjarga málinu frá þeim ógöngum sem það er komið í.

Við höfum frétt af því að formaður Prestafélagsins, Geir Waage, er líka í málaferlum út af kjaradómi. Fyrrverandi dómari Hæstaréttar er í málaferlum út af ákvörðun forsrh. og Hæstaréttar um að sinna þessum yfirvinnugreiðslum. Og hvenær sem er getur hvaða einstaklingur sem er og heyrir undir Kjaradóm framvísa yfirvinnureikningum upp í sitt ráðuneyti og ef honum er neitað um greiðslu, þá getur hann höfðað mál einnig á grundvelli þess að ráðuneytið sé að mismuna hæstaréttardómurum annars vegar og viðkomandi einstaklingi hins vegar. Þess vegna er langskynsamlegast að samþykkja þessa brtt. við fjáraukalögin og taka málið bara út úr heiminum og þá er þetta búið í staðinn fyrir að láta það veltast áfram með öllum þeim afleiðingum sem það kann að hafa.

Hér í þessari umræðu höfum við einnig gert aðeins að umtalsefni, þó við ætlum að ræða það nánar síðar þegar frv. sem hv. þm. Svavar Gestsson er 1. flm. að kemur hér til umræðu, með hvaða hætti embætti við Hæstarétt hafa verið veitt. Ég tel að það sé mál sem við verðum að ræða hér í þinginu og við verðum að hafa burði til þess að gera það, bæði með tilliti til þeirrar reynslu sem fengin er og eins gagnvart þeim möguleikum sem núverandi skipan opnar því að núverandi skipan opnar þá möguleika að ráðherra geti nánast beitt persónulegu mati sínu eða pólitískum hagsmunum til þess að velja manni rétt inn og það er enginn sem getur stöðvað það. Ég held að í samræmi við nútímasjónarmið gagnvart réttarríki sé slíkt óeðlilegt. Það ræðum við hins vegar nánar þegar það frv. kemur hér til umfjöllunar, en þessi þáttur málsins, vinnumagn, launakjör og launagreiðslur til hæstaréttardómara er óhjákvæmilegur hluti af því frv. sem hér er til umræðu vegna þess að meginröksemdin fyrir þeim breytingum sem hér er flutt er að minnka álagið á hæstaréttardómurum. Meginröksemdin fyrir það að samþykkja 48 yfirvinnutímana var aukið vinnuálag á hæstaréttardómurum.

[16:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var aðeins eitt atriði sem ég vildi nefna sérstaklega hér. Mér fannst alveg makalaust þegar hv. þm. nefndi það og fullyrti það að Hæstiréttur hefði fundið þarna smugu og Hæstiréttur hefði þarna brotið upp kerfið, fundið smugu til þess að láta greiða sér yfirvinnu. Þarna talar hv. þm. algerlega gegn betri vitund vegna þess að það kom einmitt fram í þeim kjaradómi sem upp var kveðinn og mestri ólgu olli, m.a. þeim dómi sem átti að hækka laun þingmanna og enginn var nú harðari í því að þetta ætti að taka til baka en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Þar kom fram í þeim dómi að það hefði verið greidd yfirvinna þrátt fyrir úrskurði Kjaradóms, þar á meðal ríkisstjórnin sem hann bar ábyrgð á fjármálalega, það hafði verið greidd yfirvinna í stórum stíl, langt umfram það sem Kjaradómur hafði ákveðið. Það var einmitt nánast Hæstiréttur einn og ráðherrarnir og þingmennirnir sem höfðu ekki fengið slíka yfirvinnu. En embættismennirnir í kerfinu, með áritun ráðherranna, höfðu fengið yfirvinnu í stórum stíl þannig að það er furðulegt að segja nú að Hæstiréttur hefðu fundið smugu. Þessi smuga var löngu fundin og hún var mjög stór og ráðherrar í ríkisstjórn sem þessi hv. þm. sat og var fjmrh. fengu yfirvinnu í stórkostlegum stíl og voru miklu hærra launaðir heldur en þingmenn og ráðherrar eins og menn vita. Og þetta kom fram í Kjaradómi og þetta var ástæða þess að Kjaradómur væntanlega í hinum síðara kjaradómi hafði ekki yfirvinnuna innifalda út af þessum sjónarmiðum því að niðurstaðan í því máli varð sú að fara aftur niður í hið gamla far. Og Hæstiréttur brást þannig við því að segja að hverfa frá því að yfirvinna væri innifalin. Það var nú þannig. Og auðvitað má færa fyrir því rök að samkvæmt því gæti þingið sem stofnun farið að athuga með yfirvinnumál þingmanna og ríkisstjórnin sem stofnun farið að athuga með yfirvinnu ráðherra þó að ríkisstjórnin sem stofnun muni ekki gera það, þá gæti hún gert það væntanlega samkvæmt þessu eins og Hæstiréttur, eins og allir aðrir höfðu gert og enginn vissi betur um þessa smugu en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson.

[16:48]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það verður nú enn sérkennilegra þetta mál eftir því sem hæstv. forsrh. talar lengur. Hvað var forsrh. Íslands, Davíð Oddsson, að segja hér áðan? Hann var að tilkynna það að hann teldi það réttan skilning á síðasta úrskurði Kjaradóms að hver einasti einstaklingur sem heyrir undir Kjaradóm gæti framvísað yfirvinnureikningum og þeir yrðu greiddir. Það er ekki lítil yfirlýsing þegar nýlega hafa verið framlengdir kjarasamningar með óbreyttum kjörum í landinu, þegar forsrh. kemur nú með þann skilning sem ég vona að hann haldi ekki við, að þessi ákvörðun með hæstaréttardómarana feli það í sér að síðasti úrskurður Kjaradóms hafi opnað breiða braut fyrir alla þá sem heyra undir Kjaradóm, þingmenn, presta og fjölmarga aðra, að þeir geti bara framvísað yfirvinnureikningum og þá verði þeir greiddir. Það er rétt að maður trúi því að forsrh. Íslands hafi verið að gefa þær yfirlýsingar og þær skýringar hér á sinni afstöðu.

Auðvitað er það þannig að það skildu allir úrskurð Kjaradóms á þann veg og þegar bráðabirgðalögin voru staðfest hér á Alþingi að þar með væri verið að frysta launakjör þeirra einstaklinga sem heyrðu undir Kjaradóm þar til nýr úrskurður yrði kveðinn upp. Nú segir ráðherrann hins vegar þannig: Hæstaréttardómararnir voru ekki að notfæra sér smugu, nei. Það var búið að opna með almennum hætti á 100 þús. kr. launahækkun á mánuði í tilfelli hæstaréttardómaranna. Auðvitað skipta þá fastalaunin engu máli ef menn geta einfaldlega hækkað launakjör sín með þessum hætti án þess að breyta vinnuframlagi sínu eða neinu öðru. Það eina sem breytist er að launin hafa hækkað. Þessi skýring hæstv. forsrh., að þetta hafi verið sjálfsagt og eðlilegt og það geti hver og einn sem heyrir undir Kjaradóm tekið sér svona yfirvinnu, er því stórhættuleg yfirlýsing gagnvart launakerfinu í landinu og því jafnrétti sem hér á að ríkja.

[16:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er afskaplega erfitt, með fullri virðingu, að tala við hv. þm. því að annaðhvort heyrir hann ekki, skilur ekki eða kemur hér upp og segir eitthvað allt annað heldur en hann heyrir og skilur. Það er bara tvennt til. Hv. þm. hafði sagt að hæstaréttardómarar hefðu verið að opna smugu. Ég benti honum á það sem hann vissi sjálfur að sú smuga var löngu, löngu opnuð. Og þegar Kjaradómur var kveðinn upp á nýjan leik eftir setningu bráðabirgðalaga, sem hafa verið staðfest, þá um leið hækkaði yfirvinna allra þessara embættismanna með sama hætti, sem Kjaradómur ætlaði að lækka og breyta. Hæstv. fyrrv. ráðherra, hv. þm., veit því nákvæmlega og betur en flestir aðrir að þessu hafði verið framfylgt með þeim hætti um margra ára skeið, þannig að smugan var fyrir hendi. Það voru nefnilega bara aðilar eins og Hæstiréttur og Alþingi og ríkisstjórn sem höfðu ekki fundið þessa smugu eða farið eftir henni. Aðrir höfðu gert það, einkum æðstu embættismenn ríkisins með atbeina ráðherranna, þar með talins hv. þm., fyrrv. ráðherra Ólafs Ragnars Grímssonar, sem ekki síst sem fjmrh. hafði alla reikningana, fékk yfirvinnuna reglubundið inn til sín eins og fjmrh. gera eða eiga a.m.k. að gera og við vissum nákvæmlega að þessi smuga var nýtt og það var verið að greiða yfirvinnu sem var langt umfram það sem Kjaradómur hafði nokkru sinni ætlast til.

[16:52]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það heldur áfram að vera þannig að maður trúir bara ekki að hæstv. forsrh. sé í raun og veru að segja það sem hann flytur hér úr ræðustólnum. Er hæstv. forsrh. búinn að gleyma því að það var felldur úrskurður Kjaradóms sem byggði á því að færa yfir í launakerfið þær venjur sem höfðu skapast um yfirvinnu hjá einstökum aðilum og annað af því tagi? Og rökin sem voru færð þá, á þeim dögum sem liðu frá því að úrskurðurinn var kveðinn upp og þangað til honum var hnekkt með bráðabirgðalögum, voru einmitt

þau sömu og hæstv. forsrh. var að flytja hér áðan. Að þetta hefði tíðkast í kerfinu hjá hinum og þessum aðilum og þess vegna væri rétt að hækka launin hjá hæstaréttardómurum, hjá þingmönnum og hjá ráðherrum. En síðan hnekkti hæstv. ríkisstjórn þessum úrskurði með bráðabirgðalögum og Alþingi staðfesti þau bráðabirgðalög þannig að með þeim vilja sínum lýsti ríkisstjórnin og þingið því yfir að það vildi ekki slíkar breytingar. Það var kjarninn í þeirri deilu sem stóð hér um fyrri úrskurð Kjaradóms og síðan eðli bráðabirgðalaganna sem sett voru. Deilurnar sem stóðu þá fyrstu dagana milli mín og hæstv. forsrh., þegar ég vildi láta hnekkja úrskurði Kjaradóms en hann ekki, voru akkúrat um þetta atriði, að fjmrh. og forsrh. töldu að nú væri tími til kominn að fara að leiðrétta yfir alla línuna. En það var einmitt það sem var ekki gert, hæstv. ráðherra, með setningu bráðabirgðalaganna. Og nú er hæstv. forsrh. að koma hér og segja að vegna þess að þetta hafi tíðkast hér áður og þrátt fyrir að bráðabirgðalögin voru sett, þá sé heimilt að hækka laun allra sem ekki var heimilt eftir að bráðabirgðalögin voru sett.

Satt að segja eru þetta svo makalausar yfirlýsingar að þær krefjast auðvitað miklu lengri umræðu en hér í andsvörum. Ég er því miður búinn með rétt minn til þess að tala oftar í þessari umræðu en þessar yfirlýsingar hæstv. forsrh. í ljósi þessarar sögu og launamálanna í landinu hljóta að krefjast miklu ítarlegri umfjöllunar hér á Alþingi.

[16:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að við notum þann tíma sem þingið hefur til þess að fara aðeins betur yfir þetta mál og við reynum kannski að ræða um það í rólegheitum. Og það er rétt sem hér hefur verið sagt að það er í raun og veru erfitt að flytja rök og gagnrök í máli af þessum toga í andsvarstíma, málið er flóknara en svo.

Ég verð að segja það líka að mér finnst að sumt af því sem hér hefur verið sagt sé með þeim hætti að það flýti nú kannski ekki fyrir því að menn komist að einhverri yfirvegaðri niðurstöðu um það stóra mál sem hér er á ferðinni. Hæstv. forsrh. segir hér áðan: Fyrrv. fjmrh. borgaði tafarlaust út samkvæmt niðurstöðum Kjaradóms, og það átti að vera gagnrýnisefni. Og hann sagði: Fyrrv. fulltrúi í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna studdi tafarlaust að greitt væri samkvæmt samningum þó að ekki væru til á fjárlögum fjármunir fyrir því. Og hann nefndi þetta, hæstv. forsrh., að mér fannst sem rök í málinu. (**Forsrh.:** Ég var að svara ...) Hvort sem þetta voru rök eða svör, en það er æskilegt að hvort tveggja fari saman, sérstaklega hjá forsætisráðherrum, eins og hæstv. ráðherra veit, þá er hitt staðreynd að þetta er í raun og veru ekkert innlegg í málið. Það sem við erum að tala um hér er þetta: Hæstaréttardómarar fundu smugu. Þeir komu með reikninginn til hæstv. forsrh. og hæstv. forsrh. ákvað að skrifa upp á hann. Með þeim hætti var hæstv. ráðherra að mínu mati í raun og veru að grípa fram fyrir hendur Alþingis á tvennan hátt. Í fyrsta lagi með því að Alþingi hafði samþykkt í fyrra tiltekin bráðabirgðalög varðandi kjaradómsniðurstöður sem eru fræg og menn þekkja frá þeim tíma. Það var því augljóst að það var vilji Alþingis að æðstu menn ríkisins væru ekki að hirða laun með þeim hætti sem hæstaréttardómarar eru að gera með því að róa í smuguna á þann hátt sem við erum hér að ræða. Það var því augljóst mál að hin pólitíski vilji á Alþingi var á móti þessum sjónarmiðum sem hæstv. forsrh. skrifaði upp á, það var augljóst mál.

Í öðru lagi er svo hitt að þau sjónarmið hafa verið uppi hér á Alþingi um nokkurt skeið, flutt sérstaklega af fjárveitinganefndar- og fjárlaganefndarmönnum, að það eigi ekki að greiða út fjármuni nema fyrir því séu tilteknar heimildir á Alþingi. Ég hef gagnrýnt uppsetningu þessara mála oft. Ég hef m.a. talið að þegar t.d. væri um að ræða kjaradómsniðurstöður eða kjarasamninganiðurstöður, þá yrði það auðvitað að fá að hafa sinn gang. En þetta var hvorugt. Þetta var ekki kjarasamningur og þetta var ekki kjaradómsniðurstaða, heldur var þetta sérstök veiðiferð hæstaréttardómara í smugur hins íslenska launakerfis og þess vegna tel ég að forsrh. hefði átt að hafna þessari beiðni. Það er því mín skoðun, hæstv. forseti, að eina leiðin sem Alþingi á í þessu efni sé í raun og veru að samþykkja þá tillögu sem hér liggur fyrir við breytingu á fjáraukalögum og flutt er af þremur þingmönnum Alþb. Ef Alþingi ætlar að hreinsa þetta mál út og vera sjálfu sér samkvæmt frá því sem það var í fyrra, þegar þingheimur samþykkti í raun og veru að svipta æðstu starfsmenn ríkisins þessum gríðarlegu launahækkunum sem voru úrskurðaðar, í samræmi við það ætti Alþingi auðvitað að fallast á það núna fella niður þessar hækkanir til hæstaréttardómara. Fyrir utan það, sem er svo annað mál og er utan við hina formlegu hlið þessa máls, að það er siðlaust og það er fráleitt af hæstaréttardómurum að haga sér svona. Og það má alveg gagnrýna hæstaréttardómara, gagnstætt því sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði hér fyrr í dag. Hæstaréttardómarar eru ekkert heilagir menn. Það má gagnrýna hæstaréttardómara og þegar þeir hrifsa til sín launahækkanir með þeim hætti sem hér er um að ræða þvert ofan í það sem gildir í þjóðfélaginu að öðru leyti, þvert ofan í þann veruleika. En menn voru fyrir nokkrum dögum, m.a. Alþýðusamband Íslands, fyrir hönd láglaunafólksins í landinu að ákveða að una því lága skítakaupi, með leyfi forseta, sem greitt er launafólkinu í landinu í dag. Á sama tíma eru menn að vaða hér inn með hundrað þúsund kall á mánuði fyrir hæstaréttardómara. Þetta gengur ekki. Þetta er algerlega siðlaust auk þess sem hin formlega hlið málsins liggur þannig að auðvitað á Alþingi að hafna þessu og neita að taka við þessum afla og samþykkja þennan afla sem hæstaréttardómararnir hafa hirt úr þessari veiðiferð í smugu hins íslenska launakerfis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð opinberra mála, 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 219.

[17:00]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem ég mæli hér fyrir, um breytingar á meðferð opinberra mála, er flutt í tengslum við tvö önnur frv., eins og áður hefur komið fram, frv. til laga um breytingar á Hæstarétti Íslands og frv. til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála, flutt í þeim tilgangi að greiða fyrir meðferð áfrýjunarmála.

Helsta markmiðið með þessu frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála er að einfalda og flýta málsmeðferð áfrýjaðra mála eftir föngum. Reynt er að samræma meðferð opinberra mála meðferð áfrýjaðra einkamála samkvæmt því frv. sem ég hef áður vísað til í því efni. En auk þessara atriða miða ákvæði frv. að því að draga úr fjölda áfrýjana í tilvikum þar sem tilgangur með málskoti er lítill sem enginn og mikilvægi máls er takmarkað.

Þann 22. maí 1987 fullgilti íslenska ríkið viðauka nr. 7 frá 22. nóv. 1984 við Evrópusamning um verndun mannréttinda og mannfrelsis frá árinu 1950, en í 2. gr. þess viðauka er kveðið á um tiltekin atriði varðandi heimildir sakfellds manns til að leita endurskoðunar á máli sínu fyrir æðra dómi. Gildandi reglur um þetta atriði hafa ekki sætt athugun gagngert af tilliti til þessarar skuldbindingar ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu. Ákvæði frv. taka mið af þeim skuldbindingum sem felast í framangreindum samningi.

Helstu breytingar á frv. frá gildandi lögum eru í fyrsta lagi að eins og í gildandi lögum er gengið út frá þeirri meginreglu að sakfelldur maður eigi að öðru jöfnu rétt á að leita endurskoðunar á sakfellingu og viðurlögum á hendur sér. Í frv. eru þó ákvæði um að mál um minni háttar brot geti ekki sætt áfrýjun til Hæstaréttar nema með leyfi réttarins. Þetta eru mál þar sem ákærða hefur hvorki verið gert að sæta frjálsræðissviptingu né sekt eða eignaupptöku sem fer fram yfir áfrýjunarfjárhæð í einkamálum.

Í öðru lagi miðast ákvæði frv. við það að þótt takmarkanir séu gerðar á rétti til áfrýjunar á dómi í minni háttar málum verði endurskoðun æðra dóms engan veginn útilokuð, því sakborningur geti leitað áfrýjunarleyfis þótt viðurlög á hendur honum séu innan þeirra marka sem áður getur. Á þennan hátt gæti endurskoðun á héraðsdómi einnig átt sér stað í minni háttar málum og þá í sambandi við ákvörðun Hæstaréttar um hvort leyfi yrði veitt til áfrýjunar en eftir atvikum yrði leyfið veitt ef breyting á niðurstöðu þætti ekki ósennileg eða málið varðaði mikilsverða hagsmuni.

Í þriðja lagi er stefnt að því með frv. að komið verði í veg fyrir að beint mat verði lagt fyrir Hæstarétti á sönnunargildi munnlegs framburðar sem hefur aðeins verið gefinn fyrir héraðsdómi. Samkvæmt frv. mundi Hæstiréttur ekki endurmeta niðurstöðu héraðsdómara sem væri byggð á slíkum framburði, nema því aðeins að munnleg skýrsla væri gefin fyrir Hæstarétti. Telji Hæstiréttur að líkindi væru fyrir því að mat héraðsdómara á sönnunargildi munnlegs framburðar geti verið rangt svo einhverju skipti og viðkomandi hefur ekki gefið munnlega skýrslu fyrir Hæstarétti, þá gerir frv. ráð fyrir að Hæstiréttur geti ómerkt héraðsdóm og lagt fyrir að sönnunarfærsla verði endurtekin eftir þörfum í héraði og dómur gangi þar á ný.

Í fjórða lagi gerir frv. ráð fyrir allnokkrum breytingum á meðferð opinberra mála fyrir Hæstarétti en tilgangur þeirra er að einfalda og flýta meðferð þeirra fyrir dóminum.

Herra forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir þeim breytingartillögum sem fólgnar eru í frv. og ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:05]

Svavar Gestsson:

Herra forseti. Við þingmenn Alþb. flytjum hér í þinginu og þegar hefur verið mælt fyrir því og því vísað til nefndar, frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, þar sem gert er ráð fyrir að breyta nokkuð stöðu ríkissaksóknara þannig að hann verði aðeins skipaður til takmarkaðs tíma í senn. Ástæðurnar fyrir þeirri tillögu eru margvíslegar. Við teljum að það sé óhjákvæmilegt að setja reglur um þessi efni. Það má auðvitað hugsa sér að beita aðhaldi á annan hátt en með takmörkunum á skipunartíma ríkissaksóknara. Það má hugsa sér dómnefndir og fleira í þeim efnum. En aðalatriðið í okkar huga er það að á þessu vandamáli verði tekið, sem er ríkissaksóknari.

Ég tek svona til orða vegna þess að hér er um að ræða stórt og valdamikið embætti sem fer með ákæruvaldið fyrir hönd ríkisins. Það má vissulega segja að það hafi verið mikil framför þegar ákæruvaldið var flutt úr hendi dómsmrh. til sjálfstæðs embættismanns á sínum tíma. Eins og allir hér inni vita þá var það þannig að dómsmrh. hafði með áfrýjunarvaldið að gera fyrir hönd ríkisins og það voru miklar deilur um það hvernig hann fór með það, oft og tíðum. Sérstaklega voru þær deilur hatrammar á árunum kringum 1930 þegar Jónas Jónsson, kenndur við bæinn Hriflu í Suður-Þingeyjarsýslu, fór með starf dómsmrh. Í framhaldi af því komu upp hugmyndir um að þessu fyrirkomulagi ætti að breyta og ætti að skipa embættismann í málið. Þegar þær umræður fóru fram hér í þessari virðulegu stofnun, fyrir 50 árum eða svo, þá hreyfðu ýmsir þeim athugasemdum að það væri í raun og veru slæmt að gera æviráðinn embættismann að þessu áfrýjunarvaldi af því að þar með missti hann hið lýðsræðislega aðhald sem dómsmrh. hefur og það er út af fyrir sig rétt sjónarmið. Þess vegna fluttum við alþýðubandalagsmenn þetta frv., við vildum að ríkissaksóknari fengi þetta lýðræðislega og faglega aðhald sem mönnum fannst að gæti vantað þegar verið var að ræða um breytingar á lögunum um ríkissaksóknara á sinni tíð.

Ég legg á það mikla áherslu, hæstv. forseti, fyrir hönd þeirra sem flytja þetta frv. sem ég var hér að tala um, að það fái meðferð um svipað leyti og það frv.

sem hæstv. dómsmrh. var að mæla fyrir hér áðan. Það er óhjákvæmilegt vegna þess að það er ákaflega mikil gagnrýni á þetta kerfi hjá okkur. Það er ekki bara gagnrýni á það að mál liggi lengi sem fara inn í þetta kerfi á annað borð sem bíða t.d. meðferðar í Hæstarétti sem hér hefur verið til umtals, heldur er líka talsverð gagnrýni á það að ekki verði betur séð en að beitt sé geðþóttaákvörðunum þegar niðurstöður fást um það hvenær mál eru höfðuð. Það er mjög alvarlegur hlutur þegar slíkt er uppi og kemur fyrir í ýmsum málum í seinni tíð. Um þau efni hafa t.d. verið blaðaskrif að undanförnu. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þau blaðaskrif séu með þeim hætti að það sé út af fyrir sig engin ástæða til að vera að endurtaka þau hér en margt er þó þannig að það vekur til umhugsunar og vekur áhyggjur að þetta kerfi sé ekki nógu gott eins og það er.

Þess vegna legg ég á það mjög mikla áherslu að um leið og þetta frv., sem hæstv. dómsmrh. mælti fyrir áðan, fær meðferð, þá verði fjallað um það frv. sem við alþýðubandalagsmenn flytjum.

Í greinargerð þessa frv., hæstv. forseti, koma fram fjölmargar upplýsingar og ég vil þakka fyrir þær. Á bls. 9 til og með 13 með þessu frv. eru fjölmargar ágætar og gagnlegar upplýsingar sem er þarflegt fyrir okkur þingmenn sem reynum að skoða þessi mál aðeins að hafa til hliðsjónar þegar við tökum afstöðu til frumvarpsins og efnis þess. Ég vil hins vegar, um leið og málið kemur til meðferðar, spyrja hæstv. dómsmrh. að því, hvenær þess er að vænta að réttarfarsnefnd ljúki heildarendurskoðun á reglum í réttarfarslögum um áfrýjun héraðsdóma til Hæstaréttar og meðferð áfrýjunarmála þar fyrir dómi og ljúki heildarendurskoðun laganna um meðferð opinberra mála. Ég held að það væri mjög æskilegt að fá um það upplýsingar. Ég man heldur ekki til þess að hæstv. ráðherra hafi áðan gert grein fyrir því hverjir sitja í réttarfarsnefnd. Ég held að það væri gott að það yrði dregið hér inn sem hluti af málinu en þess er ekki getið að ég best fæ séð í greinargerð frv.

Ég legg sem sagt áherslu á það, hæstv. forseti, að frv. okkar alþýðubandalagsmanna fái meðferð um leið og þetta frv., um leið og ég legg tvær spurningar fyrir hæstv. dómsmrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð einkamála, 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 220.

[17:11]

Dómsálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir þriðja frv. sem tengist þeim breytingum á meðferð áfrýjunarmála sem verið hafa til umræðu hér í dag. Helstu markmið með þessu frv. til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála eru að draga úr málafjölda fyrir Hæstarétti og flýta meðferð áfrýjunarmála.

Á undanförnum áratugum hafa orðið verulegar breytingar á meðferð einkamála fyrir héraðsdómi þar sem tekið hefur verið tillit til tækniþróunar, dregið úr óþarfa formsatriðum og kröfur til málsaðila eða lögmanna þeirra um undirbúning mála í hendur dómstóla hafa verið auknar. Tilgangur þessara breytinga hefur m.a. verið að gera dómstólum kleift að takast á við stórfellda fjölgun dómsmála sem hefur leitt af sér hættu á seinagangi við rekstur mála. Þessu hefur ekki að öllu leyti verið fylgt eftir með endurskoðun á reglum um málsmeðferðina fyrir Hæstarétti eða reglum um heimildir til málskots þar sem hafa löngum verið mjög væg skilyrði fyrir málskoti þótt vissar breytingar hafi orðið í þeim efnum á síðari árum. Helstu efnisbreytingum sem frv. gerir ráð fyrir frá gildandi lögum má skipta í þrennt:

Í fyrsta lagi gerir frv. ráð fyrir að skilyrði fyrir rétti til að áfrýja smærri málum verði hert og að gera réttinn til málskots háðan leyfi Hæstaréttar í þeim tilvikum.

Í öðru lagi byggja ákvæði frv. á því að þótt réttur inn til áfrýjunar verði að nokkru leyti skilyrtur, verði hvergi nærri girt fyrir endurskoðun á þeim úrlausnum héraðsdómstóla sem slík skilyrði mundu ná til. Koma bæði til ákvæði frv. um heimildir Hæstaréttar til að veita áfrýjunarleyfi m.a. á þeirri forsendu að tilefni geti verið til að ætla að niðurstöðum héraðsdóms yrði breytt við áfrýjun til Hæstaréttar og að Hæstiréttur mundi þannig meta hvort annmarkar séu á úrlausn héraðsdóms í smærri málum og veita leyfi til að áfrýja þeim ef svo væri. Meðferð á beiðnum um áfrýjunarleyfi fæli þannig í sér að úrlausnir í smærri málum kæmu til vissrar endurskoðunar fyrir æðra dómi en samkvæmt ákvæðum frv. yrði sú endurskoðun framkvæmd með tiltölulega einföldum og skjótvirkum hætti.

Í þriðja lagi gerir frv. ráð fyrir allnokkrum breytingum á meðferð áfrýjaðra einkamála fyrir Hæstarétti en tilgangur þeirra er að einfalda og flýta meðferð einkamála fyrir Hæstarétti.

Ég hygg að óumdeilt sé að þær réttarfarsbreytingar sem gerðar hafa verið að undanförnu hafi skilað ótvíræðum árangri og bætt meðferð mála og greitt fyrir því að aðilar dómsmála geti fengið skjóta úrlausn þeirra. Á það hefur hins vegar skort að nægjanlegar skipulagsbreytingar hafi verið gerðar til þess að greiða fyrir áfrýjun mála. Þessi þrjú frv. sem hér hafa verið til umræðu miða að því að leysa þann vanda. Hæstiréttur hefur afgreitt á tveimur síðustu árum mun fleiri mál en áður, en ljóst er að til þess að vinna upp þann hala sem myndast hefur og tryggja styttri málsmeðferðartíma og réttaröryggi borgaranna að því leyti, er nauðsynlegt að koma fram breytingum af því tagi sem hér er mælt fyrir um.

Réttarfarsnefnd sem unnið hefur að þessum málum að beiðni ráðuneytisins hefur einnig til meðferðar heildarlöggjöf um dómstólaskipan í landinu og þess er að vænta að niðurstaða þess starfs verði kunn innan ekki langs tíma. Ég get ekki á þessu stigi sagt ná-

kvæmlega fyrir um hvenær það verður. Formaður þessarar nefndar er Hrafn Bragason hæstaréttardómari. Að öðru leyti er sjálfsagt að við meðferð þessa máls í hv. allshn., sem ég vænti að fái frv. til meðferðar, að gefa frekari upplýsingar um þessi störf og önnur þau atriði sem hv. þm. kunna að óska eftir.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, leggja til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17.16.

35. FUNDUR

mánudaginn 15. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Hæstiréttur Íslands, stjfrv., 196. mál, þskj. 218. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 197. mál, þskj. 219. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Meðferð einkamála, stjfrv., 198. mál, þskj. 220. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 11. nóv. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Samtaka um kvennalista í Reykjavíkurkjördæmi, Guðrún J. Halldórsdóttir skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv."

Guðrún J. Halldórsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Þá hefur borist hér annað bréf, dags. 11. nóv. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Suðurl., Drífa Hjartardóttir bóndi, Keldum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl."

Drífa Hjartardóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Þá er hér eitt bréf enn, dags. 11. nóv. 1993:

„Þar sem ég er á förum til útlanda til setu á þingi Sameinuðu þjóðanna og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysi fatlaðra, 211. mál, fsp. MF, þskj. 236.

Erindi til samkeppnisráðs, 209. mál, fsp. MF, þskj. 234.

Samkeppnisstaða einkarekinna garðplöntustöðva, 210. mál, fsp. MF, þskj. 235.

Athugasemdir um störf þingsins.

Tilboð ríkisstjórnarinnar í GATT-viðræðunum.

[15:05]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hinn 10. jan. 1992 las hæstv. forsrh. samþykkt ríkisstjórnarinnar um stöðu GATT-viðræðna þar sem mörkuð var stefna ríkisstjórnarinnar í þeim viðræðum. Fyrir nokkrum vikum óskaði ég eftir því á fundi utanrmn. að þingmenn fengju upplýsingar um hvernig þessari samþykkt hefði verið fylgt eftir og hvernig tekist hefði að ná þeim ákvæðum sem þar voru sett fram. Þrátt fyrir það að vel væri tekið undir að gefa þessar upplýsingar þá hafa þær ekki borist enn.

Nú berast hins vegar fréttir um að hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. séu á löngum samningafundum um þetta málefni og í dag hafi átt að senda út einhverja nýja samþykkt ríkisstjórnarinnar. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. hvort nú sé verið að hverfa frá þeirri samþykkt sem ríkisstjórnin kynnti Alþingi 10. jan. 1992, en þó fyrst og fremst hvort hinar nýju tillögur verða sendar til GATT-viðræðunefndar án þess að þær verði kynntar hv. alþingismönnum og ræddar í nefndum þingsins, utanrmn. og landbn.

[15:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er ekki verið að breyta þeirri stefnu sem mörkuð var í janúarmánuði 1992 varðandi viðræður Íslendinga við GATT og tilboð það sem sent verður af okkar hálfu verður í samræmi við þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar sem þingið veit um og ég tel reyndar að hafi verið sæmileg sátt um hér á þinginu þannig að okkar tilboð verður í fullu samræmi við þá samþykkt.

[15:08]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Mér þykir það miður að hæstv. forsrh. skuli ekki reyna að svara einu orði því sem ég sagði að væri aðalspurning mín, þ.e. hvort niðurstöður úr þessum viðræðum utanrrh. og landbrh. yrði ekki kynnt þingmönnum og ræddar í viðkomandi nefndum þingsins, utanrmn. og landbn., áður en þær verða sendar. Okkur er öllum ljóst að niðurstaðan úr þessum samningaviðræðum getur haft gífurlega þýðingu fyrir atvinnulífið í landinu og verið þýðingarmeiri en jafnvel meiri hluti þeirra mála sem Alþingi er að fjalla um. Það að senda slíkar tillögur út án þess að nefndum þingsins gefist kostur á að ræða þær finnst mér alveg furðulegt og einnig ef t.d. hv. formaður landbn. telur ekki ástæðu til þess að landbn. sjái þessar tillögur, áður en þær verða sendar og verða orðnar bindandi fyrir okkur.

[15:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég ítreka það að þetta tilboð af okkar hálfu verður í samræmi við þá yfirlýsingu sem ríkisstjórnin hafði gefið og sú yfirlýsing er kunn í þinginu.

[15:10]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að málshefjandi hafi ekki fengið fullnægjandi svör við fyrirspurn sinni. Það kann að vera óþægilegt fyrir hæstv. forsrh. að gefa þau fyrirvaralítið í upphafi þingfundar en ég vil þá óska eftir því að landbúnaðarþáttur GATT-málsins verði ræddur hér á Alþingi utan dagskrár við fyrstu hentugleika og málið jafnframt verði kynnt utanrmn. og rætt þar ítarlega.

Hæstiréttur Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 196. mál (tala fastra dómara, varadómarar, afgreiðsla kærumála). — Þskj. 218.

[15:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (FrS, GB, HBl, MF, ÓÞÞ, SigG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð opinberra mála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 197. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 219.

[15:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (GB, HBl, MF, ÓÞÞ, SigG, SighB, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð einkamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 198. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 220.

[15:13]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (GB, HBl, MF, ÓÞÞ, SigG, TIO, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15.13.

---

36. FUNDUR

mánudaginn 15. nóv.,
að loknum 35. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Flutningur ríkisstofnana, fsp., 126. mál, þskj. 136.

Til samgönguráðherra:

2. Snjómokstur, fsp., 59. mál, þskj. 62.

3. Framkvæmdir og rekstur á Egilsstaðaflugvelli, fsp. 60. mál, þskj. 63.

Til landbúnaðarráðherra:

4. Landgræðslustörf bænda, fsp., 178. mál, þskj. 197.

Til menntamálaráðherra:

5. Héraðsskólinn í Reykjanesi, fsp., 128. mál, þskj. 138.

6. Framtíðarskipulagning á Laugarvatni, fsp., 166. mál, þskj. 184.

7. Auglýsing frá Morgunblaðinu, fsp., 190. mál, þskj. 210.

Til utanríkisráðherra:

8. Ávinningur sjávarútvegs af GATT-samkomulagi, fsp., 152. mál, þskj. 169.

9. Ávinningur iðnaðarins af GATT-samkomulagi, fsp., 153. mál, þskj. 170.

Til félagsmálaráðherra:

10. Húsbréfakerfið, fsp., 160. mál, þskj. 178.

11. Greiðsluaðlögun, fsp., 180. mál, þskj. 199.

12. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, fsp., 191. mál, þskj. 211.

Til heilbrigðisráðherra:

13. Mat vegna umönnunarbóta, fsp., 167. mál, þskj. 185.

14. Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra, fsp., 168. mál, þskj. 186.

15. Laun lækna á sjúkrahúsum, fsp., 171. mál, þskj. 189.

16. Styrkir til tannviðgerða, fsp., 184. mál, þskj. 204.

17. Ferðakostnaður vegna tannréttinga, fsp., 185. mál, þskj. 205.

Til viðskiptaráðherra:

18. Sala ríkisins á verðbréfum og spariskírteinum, fsp., 169. mál, þskj. 187.

Til sjávarútvegsráðherra:

19. Friðunaraðgerðir á Breiðafirði, fsp., 174. mál, þskj. 192.

20. Rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra, fsp., 175. mál, þskj. 193.

21. Flutningur útibús Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík, fsp., 192. mál, þskj. 212.

Flutningur ríkisstofnana.

Fsp. JónK, 126. mál. — Þskj. 136.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Umræður um flutning ríkisstofnana út um land eru ekki nýjar af nálinni. Þær miða að því að dreifa valdi og auka fjölbreytni atvinnulífs úti á landsbyggðinni. Það hafa verið áþreifanleg dæmi á síðari árum um slíkan flutning eins og Skógræktar ríkisins til Egilsstaða sem hefur tekist vel að flestra dómi.

Þann 9. júní 1992 skipaði forsrh. nefnd „til að vinna að tillögugerð um flutning stofnana frá höfuðborgarsvæði til landsbyggðar" eins og segir í skipunarbréfi nefndarinnar. Nefndin skilaði áliti þann 15. júní 1993, þar sem gerðar voru tillögur um flutning 8 stofnana, einnar í hvert kjördæmi á landsbyggðinni. Tillögur nefndarinnar voru róttækar og afdráttarlausar.

Þegar þessar tillögur lágu fyrir lét forsrh. svo um mælt að Alþingi mundi fjalla um þessi mál í einu eða öðru formi. Það hefur hins vegar verið heldur hljótt um þessar tillögur upp á síðkastið. Það vakti sérstaka athygli að í stefnuræðu forsrh. á þessu hausti var ekki minnst á þessar tillögur eða fjallað um það sérstaklega. Í skrá um væntanleg þingmál ríkisstjórnarinnar sem fylgdi stefnuræðunni er ekki að finna merki þess að þessi mál eigi að koma til kasta Alþingis í vetur. Því hef ég á þskj. 136 beint fsp. til forsrh. sem efnislega er um það með hverjum hætti hann hyggist fylgja tillögum nefndarinnar eftir.

Mér er fullljóst að framkvæmd þessara mála ef til kemur er á sviði fagráðuneyta og viðkomandi fagráðherra. Hins vegar var þessu máli ýtt úr vör af forsrh. Nefndin var skipuð af honum án tilnefningar svo að hann og ríkisstjórnin sem heild hlýtur að bera ábyrgð á framgangi þess. Því er þessari fsp. beint til forsrh.

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá fyrirspyrjanda var skilað um mitt sl. sumar tillögu eða nefndaráliti og tillögu um flutning ríkisstofnana út á land. Ég tel að sú nefnd sem þar starfaði og í áttu sæti Gunnlaugur Stefánsson alþm., Hrafnkell A. Jónsson, formaður verkalýðsfélagsins Árvakurs, Kristín Ástgeirsdóttir alþm., Margrét Frímannsdóttir alþm., Tómas Ingi Olrich alþm., Valgerður Sverrisdóttir alþm. og Þorv. Garðar Kristjánsson, fyrrv. alþm., hafi starfað vel og skilað vönduðu áliti og vönduðum tillögum sem Alþingi og ríkisstjórn eiga að geta byggt á. Það er líka rétt sem hv. fyrirspyrjandi sagði að málið er í eðli sínu á forræði einstakra fagráðherra en mér þykir ekkert óeðlilegt að málið gæti borð þannig að þinginu að það kæmi fram í þáltill. þar sem annars vegar yrði um að ræða almenna stefnuyfirlýsingu í byggðamálum sem lyti að starfi nefndarinnar og stefnu sem öllum þingflokkum hefur verið kær og á hinn bóginn muni Alþingi fela ríkisstjórninni að gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að hrinda tillögunni í framkvæmd þannig að viljayfirlýsing þingsins gæti komið fram án þess þó að einstök fagráðuneyti væru búin að mynda sér fasta og ákveðna afstöðu varðandi þær einstöku stofnanir sem undir einstök fagráðuneyti heyra.

Ég held að það sé kostur að vilji þingsins liggi glöggur fyrir í þessum efnum og þess vegna hygg ég að þessi aðferð geti vel átt við í þessu máli og mun beita mér fyrir því að þannig verði málið afgreitt frá ríkisstjórninni.

[15:18]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Skýrsla sú sem lögð var fram í sumar af nefnd er gerði tillögur um flutning ríkisstofnana út á land markar sannarlega tímamót. Það var síðast 1976 ef ég man rétt sem nefnd skilaði skýrslu um sama efni og með þessari nýju skýrslu er búið að

leggja grundvöll að því að hefja undirbúning að flutningnum sjálfum. Það var algert samkomulag eða því sem næst samkomulag í nefndinni um flutning þessara stofnana og samstarfið allt gekk mjög vel og þar áttu fulltrúar allra þingflokka aðild að máli.

Ég styð því heils hugar þá tillögu hæstv. forsrh., hvernig hann leggur til að Alþingi komi að málinu, en ég legg áherslu á að þessu máli verði hraðað eins og frekast má.

[15:19]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Svör forsrh. hljóta að vekja athygli en í þeim kemur nánast ekkert fram um það hvort ríkisstjórnin hafi nokkurn hug á því að framfylgja tillögum nefndarinnar. Ef maður skoðar fjárlagafrv. ríkisstjórnarinnar þá sé ég ekkert þar sem lýtur að þessum tillögum nefndarinnar og hlýt að ætla að það sé enginn vilji af hálfu ríkisstjórnarinnar til þess a.m.k á næsta ári að hrinda í framkvæmd einhverju af þeim tillögum sem nefndin leggur til.

Ég verð því að hryggja hv. 5. þm. Austurl. með því að ég get ekki verið jafnbjartsýnn og hann á það að til staðar sé einhver vilji af hálfu stjórnarflokkanna til að þessar tillögur verði eitthvað annað en pappír sem fer í ruslakörfuna.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin en heldur voru þau nú rýr í roðinu. Ég spurði ekki hverjir væru í nefndinni því að það stendur í nefndaráliti nu. Þetta eru ítarlegar tillögur. Það vissi ég. En svarið var efnislega á þá leið að framkvæmdin yrði í formi þingsályktana. Reyndar tók ég eftir því í svarinu að hæstv. forsrh. sagði að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir framgangi mála. Er það þá svo að ríkisstjórnin og einstakir fagráðherrar muni flytja þáltill. á þessum vetri um þetta mál og beita sér fyrir því að fjármunir verði til þessa flutnings því það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. að það eru engir fjármunir til þessa í fjárlagafrv. og ekki gerðar tillögur um neina fjármuni til þessara flutninga. Ég held að svörin beri það með sér að það er nokkurt hik í þessari framkvæmd en ég vil ítreka spurninguna um hvort þessi mál ná fram að ganga og hvort ríkisstjórnin muni beita sér fyrir því sem heild eða hver einstakur ráðherra ríkisstjórnarinnar, sem þessi mál heyra undir, að flytja þáltill. um þau á komandi vetri.

[15:22]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eitt er að gera tillögur um flutning ríkisstofnana, annað er að framkvæma þær, og síðan er spurningin um að standa á því sem er þó til staðar um dreifingu á verkefnum út um landið. Ég hef aldrei gert mér miklar vonir um að sá pappír sem hér var verið að mæra mundi leiða til mikils. Ekki verður bjartsýnin meiri eftir svör hæstv. forsrh. En svo tekið sé dæmi af því sem er að gerast í þessum málum, þá er t.d. verið að höggva niður Rafmagnseftirlit ríkisins í landinu, leggja niður útibú Rafmagnseftirlits ríkisins á Austurlandi og það á mjög hæpnum forsendum sem iðnn. er vel kunnugt um. Það er þróunin sem í gangi er. Ætli það sé ekki fleira af þessum toga sem er á leiðinni í ljósi þeirra fjárveitinga sem tillögur liggja nú fyrir um í þinginu?

[15:24]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegur forseti. Hér hefur verið rætt um flutning á ríkisfyrirtækjum út á land og er þá ekki allt sem mönnum sýnist þar um. Það er til að mynda rætt um málefni Landhelgisgæslunnar, að það sé rétt að flytja hana til Keflavíkur. Sem þýðir einfaldlega að það þarf að fara í stórkostlegar hafnarframkvæmdir til að flytja Landhelgisgæsluna þangað suður eftir. Í annan stað er rétt að benda mönnum á að Landhelgisgæslan hefur ekki greitt eina krónu í hafnargjöld til Reykjavíkurhafnar. Skip Landhelgisgæslunnar hafa verið gjaldfrí í Reykjavíkurhöfn. Menn halda kannski að það kosta ekki mikið fjármagn að flytja Landhelgisgæsluna til Keflavíkur. *En málið er með öðrum hætti* og ég held að ágætir dreifbýlisþingmenn ættu að athuga sinn gang og vera ekki með meira kapp en forsjá í þessu máli.

[15:25]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að koma þessu máli á dagskrá. En ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst hálf holur hljómur í máli þeirra hv. stjórnarandstæðinga sem hafa setið lengi á þingi og stutt margar ríkisstjórnir án þess að nokkur árangur hafi orðið af því að flytja stofnanir út á land. Hins vegar er það svo að hæstv. forsrh. hefur beitt sér fyrir því að gera mjög vandaða og efnismikla athugun á þessu. Ég vil segja hv. 5. þm. Vestf. að það þarf ekki að vera nein forsenda fyrir því að það sé hægt að flytja stofnanir út á land að þar sé stórfé ætlað til þess á fjárlögum. Það þarf að undirbúa þetta mál mjög vandlega og hrapa ekki að neinu en ég er sannfærður um það að áður en kjörtímabilið er á enda mun sjást nokkur árangur af því starfi sem nefndin hefur unnið.

[15:26]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem kom út um flutning ríkisstofnana síðsumars á þessu ári er ekki sú fyrsta sem fram hefur komið um þetta efni. Að minnsta kosti tvær álitsgerðir nefnda sem skipaðar hafa verið af ríkisstjórnum á fyrri tíð hafa enn fremur komið fram um sambærileg efni og það með mjög mismunandi niðurstöðu. Ég held að hv. alþingismenn sem eru þessi mál hugleikin ættu að kynna sér þær skýrslur einnig og vita hvaða árangur hefur orðið af *því starfi sem þar var lagt* til. Ég tel að hæstv. forsrh. hafi svarað þessari fsp. eins og efni standa til og þessi mál verða að sjálfsögðu athuguð vandlega áður en frekari skref verða stigin.

[15:27]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hér hefur verið til umræðu bendir á ýmsar hugmyndir að flutningi ríkisstofnana út á land og margar eru mjög athyglisverðar

og fyllilega þess virði að þær séu íhugaðar nánar. Ég hef hins vegar verið að komast að þeirri niðurstöðu smám saman með því að fara yfir þessi mál einmitt í ljósi þess sem hv. 2. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan að það er ríkjandi mikið tregðulögmál í þessum efnum. Ég held að áhrifamesti tilflutningur starfa út á land felist fyrst og fremst í því að staðsetja nýjar ríkisstofnanir úti á landi. Það er svo mikið tregðulögmál og ýmsir „praktískir" annmarkar á því að taka upp heilar ríkisstofnanir að ég held að það sé miklu vænlegri leið til árangurs að staðsetja nýjar ríkisstofnanir úti á landi til viðbótar því jafnframt að færa tiltekin verkefni sem unnin eru innan ríkisstofnana, inni í ráðuneytunum, inni í stofnunum hér í Reykjavík, færa þau út á land líkt og gert hefur verið t.d. hjá Byggðastofnun og líkt og fjmrn. hefur markað stefnu um með því að færa ýmis skrifstofuverkefni sem unnin hafa verið í Reykjavík út á land.

[15:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Í tilefni af orðum hv. 5. þm. Austurl., Gunnlaugs Stefánssonar, um ágæta skýrslu sem hér hefur verið lögð fram um þetta mál þá vil ég ekki draga úr því að sú skýrsla er á margan hátt mjög góð. En ég vil hins vegar beina því bæði til ríkisstjórnar og þings að menn hætti nú að búa til skýrslur um þetta mál og snúi sér að einhverjum framkvæmdum. Það er svo með þetta eins og margt annað að það vantar ekki skýrslurnar og það hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur farið með þessa skýrslu bendir að mínu mati til þess að að einhverju leyti hafi átt að nota hana til þess að drepa málinu á dreif frekar en ýta undir framkvæmdir.

[15:29]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér hafa nokkrir hv. stjórnarsinnar komið upp og talað ýmist um „tregðulögmál" eða „þurfi að athuga vandlega" og „staðsetja frekar nýjar stofnanir úti á landsbyggðinni" og annað slíkt. Þannig að ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort honum var ekki full alvara þegar hann skipaði þessa nefnd. Þetta var svo aðkallandi verkefni að nefndin fékk ekki nema mjög stuttan tíma til umráða til að skila tillögum. Reyndar þurfti nefndin, vegna þess að hún lagði mikla áherslu á að skila vönduðum tillögum, að fá svolítinn frest á því að skila af sér. En ég tek undir það sem hér hefur komið fram að þetta voru góðar tillögur og mjög vel úthugsaðar og færð fyrir þeim rök sem allir geta séð í þessari skýrslu. En ég er farin að efast um það eftir þessar ræður að hugur hafi fylgt þarna máli.

[15:30]

Matthías Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég ætla nú ekki að gefa þessari nefnd einhverja einkunn fyrir mjög vandaðar tillögur nema síður sé. En ég vil gjarnan minna hv. stjórnarandstæðinga á að starfsemi hefur verið að flytjast víða út um land á undanförnum árum og í tíð þessarar ríkisstjórnar líka. Það er ekkert nýtt að Vegagerðin hafi verið að flytja út á land sína starfsemi. Hún er ein af stærstu stofnunum landsins, hún er með meginhlutann af sínu starfsfólki úti á landi, vítt og breitt um landið. Svo leggur þessi nefnd til að það sem eftir er í Reykjavík sé flutt upp í Borgarnes. Það væri gaman að sjá hvað sá flutningur kostaði. Þess vegna ætla ég ekki að gefa þessari nefnd neina ágætiseinkunn, nema síður sé.

[15:32]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Þessi umræða kemur mér verulega mikið á óvart. Sérstaklega áhugi hv. stjórnarandstöðuþingmanna á þessu máli einmitt í dag. Á síðasta þingi fluttu hv. alþingismenn Kristín Ástgeirsdóttir og Jóhannes Geir Sigurgeirsson frv. um þetta sama efni. Og ef ég man rétt þá vorum við fjögur hér í salnum sem tókum þátt í umræðunni. Þess vegna segi ég það, hæstv. forseti, að hann kemur mér verulega á óvart þessi mikli áhugi. Ég eiginlega veit ekki af hvaða hvötum hann er sprottinn hér í dag.

[15:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þessar umræður. Ég vil taka það fram vegna þess sem hér hefur verið sagt að þetta nefndarstarf var sett í gang af mikilli alvöru og þessu máli verður fylgt eftir af hálfu ríkisstjórnarinnar af mikilli alvöru. En það mun þá líka reyna á þingmenn, það mun reyna á þingmenn. Því hér stangast á margvíslegir hagsmunir. Hér eru mjög viðkvæm og flókin mál sem snerta marga einstaklinga og persónur í þessu landi og það mun reyna á þingmenn. Ég segi það alveg eins og er að ef það gengur ekki í þessu falli að ná árangri þá ættu menn eftir það að tala minna um flutning stofnana út á land.

Héraðsskólinn í Reykjanesi.

Fsp. JVK, 128. mál. — Þskj. 138.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um Héraðsskólann í Reykjanesi. Forsaga þess er sú að síðla sumars 1991 var tekin ákvörðun í menntmrn. um að loka Héraðsskólanum í Reykjanesi. Var það rökstutt með nemendafæð. Ekki voru þó allir á einu máli um að nemendur væru svo fáir sem af var látið og einnig bent á að oftast fjölgaði nemendum eftir að skólinn væri tekinn til starfa, það sýndi reynsla m.a. á undanförnum árum.

Þrátt fyrir mótmæli fjölmargra heimaaðila, m.a. skólanefndar héraðsskólans, þingmanna Vestf., Fjórðungssambands Vestfjarða o.fl., þá hélt ráðuneytið fast við þessa ákvörðun. Skólanum var sem sagt lokað þrátt fyrir að það væru nemendur til staðar. Það var búið að ráða kennara og skólastjóra sem að sjálfsögðu héldu sínum launum.

Þetta mál tel ég nauðsynlegt að rifja aðeins upp

vegna þessarar fyrirspurnar sem ég kem hér fram með. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1992 lofaði hæstv. menntmrh. að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíð Reykjanesskólans. Það má e.t.v. líka rifja það upp í tengslum við þetta að í umræðum sem þá voru var einmitt nefnt að nú væri tilvalið tækifæri til að standa við þál. um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla og hafði verið samþykkt á Alþingi 12. mars 1991. Það var sem sagt skipuð þessi nefnd og nefndin hefur haldið allmarga fundi eftir því sem ég veit best en það bólar samt ekkert á tillögum um framtíð skólans. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra:

1. Hefur nefndin, sem fjalla átti um framtíð Héraðsskólans í Reykjanesi, lokið störfum?

2. Ef svo er, hverjar eru tillögur nefndarinnar?

3. Hvað hyggst ráðherra leggja til í framhaldi af starfi nefndarinnar?

[15:35]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Nefnd sú sem fjallað hefur um framtíð Héraðsskólans í Reykjanesi skilaði skýrslu sl. vor. Samkvæmt erindisbréfi var nefndinni falið að „kanna með hvaða hætti best megi nýta byggingar á staðnum og landgæði þannig að til sem bestra hagsbóta geti orðið fyrir byggðarlagið" eins og sagði í erindisbréfinu. Skýrslunni hefur ekki verið dreift en hún er að sjálfsögðu ekkert leyndarmál og ég er hér með eintak sem sjálfsagt er að afhenda hv. fyrirspyrjanda.

Tillögur nefndarinnar eru í þrettán liðum. Í stuttu máli má segja að nefndin leggi til að stofnaður verði á Reykjanesi grunnskóli fyrir unglinga á aldrinum 14–16 ára. Um verði að ræða sérstakt úrræði fyrir unglinga sem talið er að þurfi að skipta um umhverfi af ýmsum félagslegum ástæðum. Jafnframt verði unglingum úr Djúpi gefinn kostur á að ljúka grunnskólanámi í skólanum. Lagt er til að skólinn verði rekinn sameiginlega af ríki og sveitarfélögum og kostnaður einstakra sveitarfélaga verði í hlutfalli við nemendafjölda. Í skýrslunni kemur fram að gert er ráð fyrir að skólinn verði einkum sóttur af nemendum af höfuðborgarsvæðinu.

Augljóst er að nefndarmenn hafa mikinn áhuga á að skólamannvirki á Reykjanesi verði nýtt til fullnustu til hagsbóta fyrir byggðarlagið. En því miður eru tillögur nefndarinnar ekki í fullu samræmi við þá þróun sem orðið hefur í skólamálum grunnskóla á undanförnum árum. Almenn skólastefna á Íslandi hefur gengið út frá því að hver nemandi á grunnskólastigi eigi rétt á þjónustu í heimaskóla, það sé skylda hins almenna grunnskóla að leita allra ráða til að mæta ólíkum þörfum nemenda. Sú hugmynd að safna unglingum á grunnskólastigi sem eiga í félagslegum erfiðleikum saman í einn skóla úti á landi er því á skjön við ríkjandi menntastefnu. Vel má vera að í einhverjum tilvikum verði talið æskilegt að stofna sérstaka skóla fyrir börn og unglinga með hegðunarvandkvæði. En ákvörðun um skólahald af þessu tagi er í eðli sínu stefnumarkandi. Slík ákvörðun verður ekki tekin nema að undangenginni ítarlegri, faglegri og fræðilegri umfjöllun um það hvernig börnum sem svo er ástatt um verði sinnt á sem bestan hátt. Svo afdrifarík skólapólitísk ákvörðun sem hér um ræðir verður ekki tekin út frá byggðasjónarmiði einu og sér. Ég tel að ekki sé tímabært að taka ákvörðun um námsframboð á unglingastigi grunnskóla í Reykjanesskóla. Hins vegar má vel hugsa sér að hægt verði að nýta mannvirki staðarins til skólahalds í framtíðinni.

Vert er að hafa í huga að Reykjanesskóli er einn af átta fyrrverandi héraðsskólum. Við breytt skipulag skólamála á Íslandi undanfarin ár hefur orðið mikil breyting á stöðu héraðsskólanna. Sumir hafa fengið nýtt hlutverk, aðrir eru í óvissri stöðu á mörkum tveggja skólastiga í senn, en í öðrum hefur skólahald lagst niður. Áætlaður flutningur grunnskóla til sveitarfélaga krefur ríki og sveitarfélög um að taka ákvörðun um breytingar á skólahaldi í héraðsskólum sem starfa bæði á grunn- og framhaldsskólastigi. Stórar skólaeiningar gefa möguleika á fjölbreyttara námsframboði og áhugaverðara skólastarfi í unglingadeildum. Því má vel hugsa sér að sveitarfélög muni sameinast um rekstur einstakra héraðsskóla í framtíðinni. Hinn möguleikinn er að nýta einstaka héraðsskóla alfarið til kennslu á framhaldsskólastigi.

Eins og hv. þm. er kunnugt er nú í undirbúningi frv. til laga um framhaldsskóla og mun það lagt fyrir á yfirstandandi þingi. Í því frv. verður gert ráð fyrir aukinni fjölbreytni í námsframboði framhaldsskóla en markmiðið er að skólinn komi betur til móts við ólíkar þarfir nemenda hvað varðar námsundirbúning og áhugasvið. Hugsanlega gætu héraðsskólarnir gegnt mikilvægu hlutverki fyrir námstilboð á framhaldsskólastigi. Til dæmis varðandi einhvers konar fornám eða annað nám fyrir nemendur sem ljúka grunnskóla án þess að hafa náð lágmarksárangri. Í Reykholtsskóla í Borgarfirði er nú þegar verið að vinna eftir öðrum leiðum en tíðkast í framhaldsskólum almennt. Virðist skólinn vera að þróast í þá átt að veita áhugavert nám á framhaldsskólastigi. Þrátt fyrir að skólinn í Reykholti starfi nú aðeins annan veturinn með þessu sniði fer aðsóknin vaxandi.

Ljóst má vera að í því framtíðarskipulagi framhaldsskóla sem stefnt er að gætu einhverjir fyrrverandi héraðsskólar fengið nýtt hlutverk sem skólar á framhaldsskólastigi. Hitt er ekki tímabært að taka ákvörðun um þetta mál alveg á næstunni þar sem umræða um framhaldsskólafrv. hefur ekki enn farið fram og Alþingi á eftir að taka ákvörðun um skipan skólamála á framhaldsskólastigi á næstu árum. Af framangreindum ástæðum verða ákvarðanir um skólahald í Reykjanesi ekki teknar fyrr en skýr stefna í skólamálum á Íslandi hefur verið mótuð og samþykkt á Alþingi.

Óformlegar umræður hafa farið fram við fulltrúa sveitarfélaga um mögulegan áhuga sveitarfélaganna á nýtingu Reykjanesskóla. Ætlunin er að taka upp formlegar viðræður við fulltrúa Samtaka sveitarfélaga eins og nefndin lagði til.

[15:40]

Matthías Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég er ánægður með þessa niðurstöðu nefndarinnar. Hins vegar fæ ég ekki skilið að

það eigi og geti verið stefna menntayfirvalda að þeir nemendur í grunnskólum sem ekki sækja grunnskóla árum saman eigi að stunda nám í sinni heimabyggð. Hér er um alvarlegt vandamál að ræða sem er orðið mjög aðkallandi og ég hygg að enginn staður eða stofnun sé betur að því komin að hefjast handa um það að þeir nemendur sem alast upp án þess að hafa heimili eða svo gott sem, geti stundað nám og leiðist ekki út í eitthvað af því versta sem við er að glíma í okkar þjóðfélagi. Ég held að yfirvöld menntamála megi ekki einblína um of á þetta atriði, þetta á við um eðlileg heimili en ekki hvað þetta snertir.

[15:42]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Um leið og ég þakka hv. fyrirspyrjanda verð ég að harma þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð í þessu máli. Ég bendi á að skýrslunni sem verið er að ræða um var lokið um miðjan apríl. Það eru sjö mánuðir eða svo sem mér telst til að liðnir séu frá því að skýrslunni var dreift og þangað til hún er núna rædd og formleg viðbrögð menntmrn. koma fram við henni. Ég mótmæli því jafnframt sem fram kemur í máli hæstv. menntmrh. að það skorti eitthvað á um ítarlega, faglega og fræðilega umfjöllun í þessu máli. Í þessari skýrslu er farið ítarlega, fræðilega og faglega ofan í þessi mál og leitað eftir áliti fólks sem gleggst þekkir til í mörgum fræðsluumdæmum. Þar ber allt að sama brunni, menn fjalla um þá hugmynd að setja upp þessa sérhæfðu skólastarfsemi í Reykjanesi og niðurstaðan er nær alls staðar sú að þetta sé skynsamlegt, þrátt fyrir að öllum sé kunnugt um þá skólastefnu sem hæstv. menntmrh. er að fjalla um.

Mér finnst undarlegt að nú fyrst, nærri sjö mánuðum eftir að skýrslunni er lokið, þá eigi að taka upp formlegar viðræður við sveitarstjórnarmenn. Þær viðræður hefðu átt að fara fram í sumar. Hæstv. menntmrh. hefði á þessu stigi átt að greina okkur frá niðurstöðum þeirra viðræðna en ekki að fara að segja okkur frá því að þetta standi til einhvern tímann í blámóðu framtíðarinnar.

[15:43]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að vekja athygli hæstv. menntmrh. á málefnum skólabúðanna á Reykjum í Hrútafirði. Þar stendur að sumu leyti ápekkt á eins og í Reykjanesi, þar sem gamall héraðsskóli hefur verið tekinn til annarrar notkunar og skólanum breytt í skólabúðir. Þangað sækja grunnskólanemendur hvaðanæva af landinu til stuttrar dvalar sem mér skilst að sé ákaflega vel lukkuð og mikil ánægja með þá starfsemi sem þar fer fram. Nú er í undirbúningi að sveitarfélögin taki við grunnskólanum og ég vil biðja hæstv. menntmrh. sérstaklega fyrir skólabúðirnar á Reykjum í Hrútafirði að þær dagi ekki uppi í þeirri skipulagsbreytingu sem væntanlega verður á grunnskólanum.

[15:45]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram hefur komið í máli sumra ræðumanna og lýsa yfir nokkurri undrun á því að hæstv. menntmrh. skuli ekki hafa tekið til umfjöllunar tillögur nefndarinnar sem sett var á laggirnar á sínum tíma og átti að gera tillögur um framtíð Héraðsskólans í Reykjanesi. Það er, eins og kom fram hjá hv. 3. þm. Vestf., mjög langt síðan tillögurnar lágu fyrir og auðvitað vissum við þingmenn Vestf. um efnisatriði í þeim tillögum. Ég get sagt fyrir mitt leyti að ég var sáttur við þessa tillögugerð og batt nokkrar vonir við það að ráðuneytið mundi hrinda tillögum þessum í framkvæmd þannig að þær gætu komist inn á fjárlög fyrir næsta ár. En það er greinilegt að því miður stefnir ekki í að svo verði þannig að það líði einn vetur enn í myrkrinu inni í Ísafjarðardjúpi sökum þess hversu seint og slælega, að því er virðist, er unnið í menntmrn.

[15:46]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin, þó ég hefði gjarnan viljað að þau væru ódruvísi, og einnig fyrir skýrsluna, sem ég hef loks fengið í hendur. Eins og hér hefur komið fram áður er þessi skýrsla dagsett 22. apríl 1993. Mér sýnist, en ég hef ekki haft mikinn tíma til að blaða í gegnum hana, að það sé búið að ræða við allmörg ráðuneyti og stofnanir á vegum ráðuneyta og allir hafa eindregið mælt með þeim úrræðum sem hér er bent á.

Hvað viðvíkur því að það sé ekki sú skólastefna sem í gildi er að hafa sérúrræði fyrir unglinga, 14–16 ára, þá vil ég bara benda mönnum á hvaða úrræða við þurfum að grípa til þegar skaðinn er skeður. Til hvers ekki þurft að grípa undanfarin missiri í úrræðum fyrir unglinga, þ.e. meðferð eftir á, af því að forvarnirnar eru ekki gerðar. Það þarf að setja upp sérstakt meðferðarheimili í Skagafirði núna þar sem þrír unglingar eru — og hvað, það eru 12 starfsmenn til að sinna þessum þremur unglingum. Ég er ekki að segja að það veiti ekki af því, en væri ekki betra að setja á fót skólastofnun sem tæki mið af þessum unglingum og sinnti þeirra þörfum? Ég efast um að það þyrfti jafnmikið af starfsmönnum í slíkri skólastofnun ef þessu væri sinnt á þann hátt sem nauðsynlegt er.

Ég vil bara beina því til hæstv. ráðherra, sem er búinn að hafa þessa skýrslu á borðinu í marga mánuði, að nú þegar verði farið að vinna að því að úrræði séu fyrir hendi fyrir þá unglinga sem á því þurfa að halda og því verði komið inn í fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

[15:48]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég á afar erfitt með að skilja þennan málflutning. Menn tala eins og það hafi ekkert verið litið á þessa skýrslu frá því að hún var afhent í aprílmánuði sl. Auðvitað hefur skýrslan verið rædd í menntmrn., hún hefur ekki verið rædd hér í þinginu vegna þess að það hefur ekkert sérstakt tækifæri gefist til þess fyrr en nú. Það er meginmálið.

Ég greindi frá því, sem allir eiga að vita, að framhaldsskólalögin eru í endurskoðun og ef þessi stefnumörkun er tekin núna þá er það mjög afdrifarík

ákvörðun sem er ekki tekin á réttum tíma. Það á að taka hana um leið og framhaldsskólalögin eru tekin til afgreiðslu.

Ég vísa því alfarið á bug að það hafi verið einhver slæleg vinnubrögð í ráðuneytinu í meðferð þessa máls. Svo er ekki. Það hefur verið ítarlega rætt þar.

Hvað varðar það sem hv. þm. Páll Pétursson nefndi varðandi skólabúðirnar í Reykjaskóla í Hrútafirði, þá er það rétt sem hann sagði að það fyrirkomulag hefur gefist mjög vel og stendur ekki til að hætta því. Mönnum hefur auðvitað dottið í hug að það væri hægt að nýta húsakynnin í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp í hliðstæðum tilgangi, en það var ekki tillaga nefndarinnar sem ég fól að athuga þetta mál. Tillögur nefndarinnar ganga í allt aðra átt og það er það sem þarf að hyggja miklu betur að.

Ég sagði áðan að það mætti vel vera að í einhverjum tilvikum kynni að vera talið æskilegt að stofna sérstaka skóla fyrir börn með hegðunarvandkvæði eða sem búa við erfiðar heimilisástæður og þá verður það athugað í samhengi við endurskoðun framhaldsskólalaganna.

Auglýsing frá Morgunblaðinu.

Fsp. PP, 190. mál. — Þskj. 210.

[15:50]

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson):

Frú forseti. Eftir veðurfréttir og auglýsingar um klukkan 8.30 kvöldið 2. nóv. sl. birtist um 30 mínútna löng auglýsing frá Morgunblaðinu. Auglýsingin var felld inn í dagskrá kvöldsins eins og t.d. væri um að ræða fræðsluefni. Kostunaraðila var einskis getið, það ég tók eftir, og því hef ég leyft mér að spyrja hæstv. menntmrh. á þskj. 210:

„Hvað fékk sjónvarpið greitt fyrir auglýsingu þá frá Morgunblaðinu sem birt var að loknum veðurfréttum og öðrum auglýsingum kvöldið 2. nóvember sl.?“

[15:51]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Greiðslan er 1 millj. 604 þús. 784 kr.

[15:51]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til að koma að athugasemd í sambandi við þetta mál sem varðar 5. gr. útvarpslaga, eins og hún var samþykkt hér á Alþingi sl. vor. En þar stendur, með leyfi forseta:

„Auglýsingar skulu vera auðþekkjanlegar sem slíkar og vera skýrt afmarkaðar frá öðru dagskrárefni með myndskilti eða hljóðmerki og skulu þær fluttar í sérstökum almennum auglýsingatímum á milli dagskrárliða“.

Það sem ég er að velta fyrir mér er það hvort eitthvert merki var eftir þennan auglýsingatíma því miðað við það sem hér hefur komið fram þá var um auglýsingu að ræða og það kom reyndar fram í dagskrá líka. En eftir því sem ég best man, hæstv. forseti, þá var ekkert merki á eftir. Ég hef engar athugasemdir við það í sjálfu sér, enda er það alveg í samræmi við lög að stofnunin afli sér tekna á þennan hátt, en þá þarf að fara eftir lögunum.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Páll Pétursson):

Frú forseti. Ég verð að játa að mér þykir þeir vera rausnarlegir hjá sjónvarpinu. Svar hefur komið frá menntmrh. að fyrir þetta hafi verið borgaðar 1 millj. 604 þús. Ég er með gjaldskrá sjónvarpsins og mér sýnist að þessi auglýsing hefði samkvæmt gjaldskrá átt að kosta 3 millj. 515 þús. og 400 kr. án virðisaukaskatts. Ekki er getið um reglur um afslátt á löngum auglýsingum. Hins vegar er getið um afslátt á auglýsingum sem birtar eru hvað eftir annað, t.d. er veittur 10% afsláttur ef auglýsing er birt fimm sinnum, 10 birtingar veita 15% afslátt o.s.frv.

Ég tel að hér hafi verið um mikla rausn að ræða og raunar gjöf. Ég tel alveg víst að Morgunblaðið hafi kostað upptöku þessa myndbands. Ég tek undir þær athugasemdir sem gerðar hafa verið við formgalla á birtingu auglýsingarinnar því þetta var kynnt sem hvert annað dagskrárefni, ekki sem auglýsing og ekki afmarkað samkvæmt því sem segir í útvarpslögum. Þetta leiðir hugann að hvert við erum að fara í kostun sjónvarpsefnis. Kostunaraðila var ekki getið í þessu sambandi. Er það æskileg stefna hjá ríkissjónvarpinu að fyrirtæki geti keypt sig inn í dagskrá ríkissjónsvarpsins með svona efni? Er það t.d. eðlilegt að Hekla hf., svo ég nefni eitthvert fyrirtæki af handahófi, geti minnst afmælis síns eða tyllidags með því að kaupa sig inn í dagskrá sjónvarpsins? Ég held það þurfi að taka til rækilegrar endurskoðunar reglur um kostun sjónvarpsefnis.

[15:55]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fyrravor voru afgreiddar breytingar á útvarpslögum í þessari virðulegu stofnun þar sem m.a. var samstaða um lagaákvæði varðandi auglýsingar og kostun, mjög góð samstaða. Ég taldi að það væri mjög mikilvægt að samstaða næðist um þennan þátt í útvarpslögunum. Nú hefur það hins vegar gerst að menn hafa farið þarna alveg á ystu brún, teflt á tæpasta vað, með því að þessi þáttur sem þarna er um að ræða, Morgunblaðið, er kynntur sem dagskrárefni en hann er ekki kynntur sem auglýsing í dagskrám eða dagskrárbirtingum Ríkisútvarpsins. Í annan stað er þess ekki gætt að marka þennan þátt með þeim hætti sem gera verður ráð fyrir að sé í raun og veru krafist með útvarpslögunum. Þess vegna liggur alveg beint við að spyrja, eins og hv. 1. þm. Norðurl. v.: Er málið þannig að stórfyrirtæki geti keypt sig þarna inn, keypt heilu klukkutímana? Mér sýnist að það sé augljóst mál að svo sé. Þess vegna skora ég á menntmrh. að endurskoða reglugerð um rekstur og auglýsingar útvarpsins með hliðsjón af þessu hrapallega slysi sem þarna virðist hafa átt sér stað.

[15:56]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég sá ekki þessa merkilegu mynd og veit þess vegna ekki hvernig hún var kynnt. En mér var sagt, án þess að það komi fram í svari Ríkisútvarpsins, að það hefði komið fram að hér væri um auglýsingu að ræða en ekki venjulegt dagskrárefni. En ég ætla ekki að deila um það, ég þekki ekki þann þátt. Ég þekki heldur ekki gjaldskrána eða hvernig Ríkisútvarpið semur við einstaka viðskiptavini um verð fyrir auglýsingar. Þetta er mál sem Ríkisútvarpið verður einfaldlega að svara en ráðherra fer varla að skipta sér af auglýsingatöxtum Ríkisútvarpsins. Ef hins vegar er verið að brjóta lög eða reglugerðir þá ber ráðuneytinu að hafa með því eftirlit og það er sjálfsagt að kanna þetta mál frekar að þessu gefna tilefni.

Ávinningur sjávarútvegs af GATT-samkomulagi.

Fsp. EKG, 152. mál. — Þskj. 169.

[15:58]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Í skýrslu hæstv. utanrrh. til Alþingis um utanríkismál frá því í mars 1992 er kafli þar sem farið er allmörgum orðum um svið svokallaðra Úrúgvæ-viðræðna sem er lokaþátturinn í GATT-ferlinu sem flestir þekkja. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Rétt er að geta þess að Bandaríkin hafa lagt til að samið verði um afnám tolla fyrir ákveðin vörusvið og komið á tollfrjálsum viðskiptum á þeim. Hafa þau haldið þessum tillögum til streitu þrátt fyrir misjafnar undirtektir. Varða þær t.d. stál, járnlausa málma, lyf, húsgögn, bjór, skógarafurðir, fisk og fiskafurðir o.fl. Vilja flest ríki, þar á meðal Norðurlönd, að það sé ákvarðað sem fyrst hvað af þessum tollfrelsistillögum eigi möguleika á að skila árangri til að ekki sé meiri tíma eytt í þær sem vonlausar eru. Þannig á tillagan um fisk og fiskafurðir litla möguleika vegna andstöðu EB og Japan. Vegna þess hve treglega gekk í þeim viðræðum lögðu Kanadamenn fram tillögu um miðjan desember sl. um úrlausn fyrir fisk og fiskafurðir. Samkvæmt henni skal tollur á öllum fiski og fiskafurðum lækkaður um þriðjung a.m.k. en möguleiki að semja um enn frekari lækkanir í tvíhliða viðræðum. Þá skuli samið um að tollar fyrir lifandi fisk verði engir, fyrir ferskan, kældan, frosinn, saltaðan eða þurrkaðan fisk ekki hærri en 5%, fyrir reyktan og kryddleginn ekki hærri en 7,5% og fyrir unnar fiskafurðir hæst 10%. Loks skyldi afnema magntakmarkanir og innflutningsleyfi. Haldnir hafa verið tveir óformlegir fundir nokkurra ríkja um tillögu Kanada þar sem Íslendingar og Norðmenn hafa stutt hana. Fulltrúar EB virðast tregir til samninga á þessum grundvelli en afstaða Japana er jákvæðari. Virðist margt benda til þess að tekist verði á um tollamálin fyrir fiskinn í tvíhliða viðræðum á grundvelli tilboðna og krafna."

Um líkt leyti og þessi skýrsla kom út aflaði ég mér allítarlegra upplýsinga hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna sem fékk þær í gegnum söluskrifstofur sínar bæði í Bandaríkjunum og Asíu. Þær leiða sitthvað fróðlegt í ljós. Hvað Japan varðar, sem er að verða eitt okkar mikilvægasta útflutningsland, þá kemur í ljós að heilfrystur karfi ber 5% toll, heilfryst grálúða 5% toll, heilfryst síld 6% toll, fryst rækja í skel 3% toll, heilfryst loðna 4% toll, fryst loðnuhrogn 5%, fryst karfahrogn 5%, fryst síldarflök 10%, „butterfly" síldarflök 6% og pilluð rækja 3%. Suður-Kórea er aðili að GATT og þangað flytjum við heilan karfa sem ber 20% toll, fryst karfaflök hafa einnig 20% toll. Í Bandaríkjunum þurfum við líka að borga nokkra tolla þó þeir séu vissulega ekki mjög háir. Þess vegna tel ég ástæðu til að spyrja hæstv. utanrrh. í tilefni af því að lokahnykkur GATT-viðræðnanna er um þessar mundir:

Hver yrði helsti ávinningur okkar af hugsanlegu GATT-samkomulagi fyrir íslenskan sjávarútveg?

[16:01]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Beinn ávinningur sjávarútvegs yrði í formi lægri tolla og afnáms viðskiptahindrana, óbeinn ávinningur yrði fyrst og fremst í vexti heimsviðskipta, bættu viðskiptaumhverfi, greiðari markaðsaðgangi og hlutdeild í aukningu heimsviðskipta sem er metin allt að 200 milljarðar Bandaríkjadala á ári hverju fram til aldamóta vegna þeirra breytinga sem Úrúgvæ-lotan felur í sér.

Fyrst tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana:

Með EFTA-samningnum, EES-samningnum og fríverslunarsamningum við Austur-Evrópuríkin mun Ísland hafa greiðan aðgang að mörkuðum Evrópu með sjávarafurðir. Hvaða tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana á sjávarafurðir nást í Úrúgvæ-viðræðunum GATT á öðrum mörkuðum Íslands með sjávarafurðir, eins og t.d. í Bandaríkunum, Japan og Kóreu, er ekki enn fullljóst. Árangur mun nást í að fækka viðskiptahindrunum í þessum ríkjum en hversu mikill nákvæmlega hann verður kemur ekki í ljós fyrr en á næstu vikum. Það stafar af því að samningaviðræður um markaðsaðgang eru í formi fjölda tvíhliða viðræðna þar sem kröfur og tilboð þeirra ríkja sem í hlut eiga hverju sinni eru ræddar. Þeim viðræðum er ekki lokið.

Öll aðildarríki samningaviðræðnanna þurfa að leggja fram tilboð um tollalækkanir og afnám annarra viðskiptahindrana fyrir lok samningaviðræðnanna 15. des. nk. Þegar þau tilboð liggja fyrir er fyrst hægt að meta endanlegan árangur hvað varðar markaðsaðgang í einstökum ríkjum. Þegar á árinu 1990 náðist samkomulag meðal aðildarríkja í Úrúgvæ-viðræðunum um að eitt helsta markmið viðræðnanna skyldi vera þriðjungslækkun tolla að meðaltali. Á fundi sjöveldanna í Tókíó í júlí sl. náðist samkomulag meðal þeirra ríkja að bæta um betur og lækka vissar þargreindar vörur niður í 0% toll, vörur með hærri tolla en 15% um 50%

og á öðrum vörum skyldi tollurinn lækka um að meðaltali um þriðjung. Sjöveldin hafa skorað á önnur GATT-ríki að tilboð þeirra endurspegli samkomulag sjöveldanna. Eftir að samkomulag sjöveldanna lá fyrir lagði Ísland ásamt Noregi, Kanada og fleiri ríkjum fram tillögur um þriðjungslækkun tolls á fisk, hámarkstoll á fisk og afnám kvóta. Mjög óvíst er að þessi tillaga nái fram að ganga vegna þeirrar þvergirðingslegu afstöðu Evrópubandalagsins í Úrúgvæ-viðræðunum að fyrir aðgang að mörkuðum EB með fisk verði að ræða gagnkröfu samkvæmt auðlindastefnu þess um aðgang að fiskveiðilögsögu ríkja.

Utanrrn. hefur í samráð við sjútvrn. gert kröfu um tollalækkanir á fiski gagnvart Bandaríkjunum, Japan og Suður-Kóreu. Fulltrúar Íslands hafa átt aðild að fjölda tvíhliða viðræðna í Genf með fulltrúum þessara ríkja þar sem kröfur Íslands um tollalækkanir á fisk og fleira hafa verið ræddar. Þær viðræður lofa góðu um tollalækkanir á fiski í þessum ríkjum og þá sérstaklega í Japan og Kóreu. Japan hefur boðið 30% tollalækkun á ýmsar fisktegundir sem Ísland hefur gert kröfu um og Suður-Kórea hefur boðið 50% tollalækkun á flestum kröfum Íslands. Samkvæmt 1. gr. GATT-samningsins njóta öll aðildarríki GATT þess árangurs sem einstök aðilarríki semja um í Úrúgvæ-viðræðunum, t.d. ef Japan býður tollalækkun á ákveðinni fisktegund vegna kröfu Noregs njóta önnur aðildarríki þeirrar lækkunar. Þannig er t.d. farið um tollkvóta í núlltolli á saltfiski á Spáni sem náðist í svokölluðum Kennedy-viðræðum sem lauk 1967. Eins og áður segir verður því ekki að fullu ljóst fyrr en einstök tilboð liggja fyrir hversu mikið er boðið í formi tollalækkana og afnámi annarra viðskiptahindrana á fiskmörkuðum.

Að því er varðar hin óbeinu áhrif á efnahagsástand heimsins og viðskiptaumhverfið og afleiðingar þess fyrir Ísland er það að segja að öllum ber saman um að farsælar lyktir Úrúgvæ-viðræðnanna geti orðið helsti hvatinn að því að leysa heimsbyggðina úr þeirri efnahagslægð sem hún er nú stödd í og hefur verið í sl. 3–4 ár. Bætt efnahagsástand í heiminum mun leiða til betra efnahagsumhverfis og bættra viðskiptakjara fyrir Ísland. GATT hefur gegnt lykilhlutverki í vexti heimsviðskipta og niðurstaða sérfræðinga er sú að árlegar tekjur í heiminum muni áður en áratugurinn er liðinn aukast um að minnsta kosti 200 milljarða Bandaríkjadala á ári vegna Úrúgvæ-viðræðnanna. Þessu er stefnt í voða bíði Úrúgvæ-viðræðurnar skipbrot.

Núverandi efnahagsástand í heiminum er einmitt frjór jarðvegur fyrir verndarstefnu og einhliða aðgerðir. Náist ekki niðurstaða í Úrúgvæ-viðræðunum mun það styrkja kröfur í þessa átt, leiða til enn verra efnahagsástands í heiminum og skjóta loku fyrir ýmsa viðskiptamöguleika fyrir þjóðir eins og Íslendinga sem fyrst og fremst eru háðir milliríkjaviðskiptum.

[16:06]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans. Þau leiða í ljós að enn þá er ekki hægt að leggja tölulegt mat á þann árangur sem hugsanlega getur orðið af GATT-viðræðunum ef þær á annað borð takast. Hins vegar vekur það auðvitað með okkur nokkrar vonir að það kom fram í máli hæstv. ráðherra að bæði Kórea, Japan og Tævan, sem eru afar mikilvæg viðskiptaríki okkar, hafa boðið fram tollalækkanir sem auðvitað munu skipta okkur mjög miklu. Ég rakti það t.d. áðan í máli mínu að hvað Japan áhrærir þá eru tollar þar á innflutningi á helstu fiskafurðum okkar og þess vegna væru það verulega mikil tíðindi fyrir okkur ef það tækist að lækka tolla á innflutningi til Japans um þriðjung. Sama gegnir með Suður-Kóreu sem hefur verið vaxandi viðskiptaríki okkar. Þar liggur fyrir, samkvæmt máli hæstv. utanrrh., að okkur stendur til boða hugsanlega helmingslækkun á tollum á innflutningi þangað og það mun auðvitað skipta mjög miklu máli vegna þess hversu hér er um að ræða vaxandi og þýðingarmikið land fyrir okkur.

Ég nefndi það í fyrri ræðu minni að hvað Bandaríkin áhrærir þá megi almennt segja að tollar séu ekki mjög háir á innflutningi þangað fyrir okkur. Hins vegar er það þó þannig að bæði þorskur, ýsa, ufsi, karfi og keila svo ég taki dæmi, bera magntoll sem er kannski ekki mjög hár en er þó magntollur sem um munar. Sama er að segja um t.d. reyktan lax sem ber 5% toll í Bandaríkjunum og samsettir frystir réttir þar sem fiskur er einn þátta bera 6–15% toll eftir tegundum. Í ljósi þess hversu þetta eru þýðingarmikil markaðssvæði fyrir okkur þá skiptir það auðvitað mjög miklu máli að hægt sé að lækka þessa tolla og ná þannig einhverjum árangri í gegnum GATT-viðræðurnar, ekki síst í ljósi þess að við erum núna væntanlega að sjá fram á mikinn árangur í hinu merka EES-samkomulagi sem mun gera samkeppnisstöðu sjávarútvegsins á Evrópumörkuðum miklu vænlegri en áður.

[16:08]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Vegna þess sem hv. fyrirspyrjandi sagði um Japan þá vil ég taka það sérstaklega fram að kröfur okkar á hendur Japan um tollalækkanir ná til alls 270 tollskrárlína innan 3. og 16. kafla um fisk og fiskafurðir. Því miður er það svo að Japanir hafa þá afstöðu að fiskur falli fyrir utan það samkomulag sem varðar allsherjarniðurstöðu og þurfi því að fara í gegnum tvíhliða viðræður ríkja. Auk þess sem þeir hafa ekki tekið undir kröfur okkar sem varða t.d. mikilvægar vörutegundir eins og síld og lax. Fastanefnd okkar hefur því beðið um frekari viðræður við Japani sem væntanlega geta átt sér stað á næstu dögum.

Að því er varðar Suður-Kóreu þá hafa framlagðar kröfur á hendur þeim náð til 40 tollnúmera innan 3. kaflans um sjávarafurðir. Sömuleiðis hefur því verið fylgt eftir með kröfum á hendur þeim og Áströlum og fleiri þjóðum um verulegar tollalækkanir á vatni.

Tilboð Suður-Kóreu felur í sér 50% lækkun á flestum þeim vörum sem Ísland hefur gert kröfu til um undir kafla 3 um fiskafurðir og mundi þannig lækka þá tolla sem hv. þm. nefndi úr 20% í 10%.

Að því er varðar einstök ríki vil ég sérstaklega nefna í þessu sambandi lönd eins og Nýja-Sjáland og

Ástralíu. Við höfum lagt fram ellefu kröfur á hendur Nýja-Sjálandi, m.a. um vatn og Nýsjálendingar hafa beðið um að fá að ræða landbúnaðarmál samhliða kröfum Íslands en þá beiðni má túlka á þann veg að viðbrögð við okkar kröfum að því er varðar lönd eins og Nýja-Sjáland og Ástralíu mótist mjög af því hver verða okkar tilboð að því er varðar landbúnaðarafurðir. Þannig að augljóslega er gagnkvæmni í því þegar við erum að fara fram á tollaniðurfellingu á okkar helstu útflutningsafurðum, (Forseti hringir.) þá er að sjálfsögðu spurt um gagnkvæmni í því efni. En mestu máli skiptir þó að við höfum sett fram ítarlegar kröfur á hendur helstu markaðsríkjum okkar eins og Bandaríkjunum og Kanada. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Ég nefni sem dæmi að alls eru kröfurgerðir okkar á hendur Bandaríkjunum, einkum og sér í lagi á sviði sjávarútvegs og einnig hvers kyns tæknivara í tengslum við sjávarútveg, hvorki meiri né minni 125 talsins.

Ávinningur iðnaðarins af GATT-samkomulagi.

Fsp. EKG, 153. mál. — Þskj. 170.

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegur forseti. Hinn svokallaða Úrúgvæ-lota GATT-viðræðnanna hefur staðið yfir í hartnær sex ár eða frá árinu 1986. Talið er að þessi lota sé langsamlegasta viðamesta tilraun sem gerð hefur verið til að liðka til fyrir milliríkjaverslun frá upphafi. Segja má að sú hugmyndafræði sem að baki viðræðnanna búi sé hugmyndafræði frjálsrar verslunar sem reynslan hefur sýnt að leitt hefur til hagsbóta fyrir þjóðirnar sem hana hafa ástundað. Hið almenn samkomulag um tolla og viðskipti, GATT-samkomulagið, sem tók gildi í ársbyrjun 1948, var staðfesting þessarar hugsunar. Enginn vafi er á því að hin bitra reynsla þjóðanna sem fékkst í heimskreppunni hafi orðið að spori sem hræddi. Þá eins og tíðum er að kreppir óx skoðun sjálfsþurftarbúskapar fiskur um hrygg og átti mikinn þátt í að dýpka og framlengja þá kreppu sem yfir heimsbyggðina dundi á fjórða áratug þessarar aldar. Þrátt fyrir að alþjóðaviðskipti hafi vaxið stig af stigi síðustu hálfa öldina og ríflega það þá er ekki enn í gildi nægilega skýrar leikreglur um ýmsa vörflokka sem fyrirferðamiklir eru í framleiðslu ýmissa landa. Með Úrúgvæ-lotunni nú er verið að reyna að móta þessar leikreglur í anda frjálsra viðskipta á milli landa. Ekki er útséð með hvernig þessir samningar muni ganga. Þess vegna er fullkomlega óvíst hvort nokkuð verði af þessu mikilvæga samkomulagi sem almennt er talið að gæti hleypt nýju lífi í heimsviðskiptin og bætt lífskjör í heiminum, einkanlega hinum fátækari löndum, um stjarnfræðilegar upphæðir.

Nú á lokastigum málsins hefur efnisumfang viðræðnanna einkum einskorðast við eftirfarandi atriði:

1. Markaðsaðgang,
2. vefnaðarvörur,
3. landbúnaðarmál,
4. viðskiptareglur,
5. hugverk í viðskiptum,
6. þjónustuviðskipti,
7. stofnanamál.

Af þessu má ráða að viðræðurnar eru miklar og víðfeðmar og taka til fjölmargra þátta viðskipta- og atvinnulífs.

Hér á landi hafa umræður um GATT-viðræðurnar verið fremur litlar og á köflum yfirborðskenndar. Þess vegna hefur sjónum nær ekkert verið beint að ýmsum veigamiklum þáttum og hliðum hugsanlegs GATT-samkomulags sem gætu haft mikla þýðingu fyrir ýmsa þætti atvinnulífs okkar. Í því sambandi má sérstaklega nefna iðnað. Iðnaðurinn er tvímælalaust einn af vaxtarbroddunum í íslensku atvinnulífi. Og þótt starfsumhverfið hafi því miður oft verið þessari útflutningsgrein eins og öðrum bókstaflega fjandsamlegt þá er það samt svo að víða sjáum við merki um ótrúlega hugkvæmni, útsjónarsemi og dugnað hjá frumkvöðlum í íslenskum iðnaði. Nýjar iðngreinar hafa náð að hasla sér völl á nýjum mörkuðum og þannig dregið björg í hið íslenska þjóðarbú. Nægir þar að nefna íslenskan hugbúnað á sviði tölvumála og margs konar tækni á sviði sjávarútvegs og má nefna í því sambandi bæði fyrirtækin Marel og Póls hf. á Ísafirði. Aðrar greinar hafa mátt glíma við tröllauknar niðurgreiðslur og undirboð sem ekkert eiga skylt við eðlilegar leikreglur í heilbrigðum viðskiptum landa á milli. Kunnust eru dæmin um slíkt frá íslenskum skipasmíðaiðnaði og þarf ekki að orðlengja. Af þessum sökum hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. utanrrh. svohljóðandi spurningu:

Hver yrði helsti ávinningur íslensks iðnaðar af fyrirhuguðu GATT-samkomulagi?

[16:14]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Það er rétt sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda að Úrúgvæ-lota GATT-samninganna snýst um fjölmörg önnur vöru- og þjónustusvið en landbúnaðarmál sem heita má að hafi einokað umræðuna hér á landi. Þegar spurt er um iðanðinn má svara því til eins og áður um sjávarútveg, að beinn ávinningur íslensks iðnaðar er að sjálfsögðu í formi lægri tolla og afnáms viðskiptahindrana og óbeinn ávinningur er náttúrlega hlutdeild í hinum auknu heimsviðskiptum sem Úrúgvæ-lotan mun leiða til.

Það er ljóst að verði samkomulagið að veruleika munu tollar lækka um að minnsta kosti einn þriðja fyrir íslenskan iðnað og í sumum greinum um mun meira samkvæmt tilboði sjöveldanna. Sama máli gegnir og í fyrra svari að við vitum ekki fyrr en eftir nokkrar vikur hversu mikil lækkunin verður nákvæmlega í einstökum vöruflokkum eða hjá einstökum ríkjum, þ.e. þegar tilboðin hafa verið birt og rædd.

Tollalækkanir í ríkjum Evrópu skipta heldur ekki meginmáli fyrir Ísland þar sem við njótum nú þegar eða munum í náinni framtíð njóta fríverslunar á því svæði heldur skiptir þetta miklu meira máli að því er varðar tollalækkanir í öðrum aðildarríkjum GATT sem

eru hátt á annað hundrað. Ísland hefur gert, auk krafna um lækkun tolla og afnám viðskiptahindrana á fiski og fiskafurðum, kröfur á hendur Bandaríkjunum um lækkun tolla á ullarvörum, fiskikössum, fiskvogum, fiskvinnsluvélum, veiðarfærum og vikri. Sömuleiðis kröfur á hendur Kanada um tollalækkun á sömu vörum og kröfur um tollalækkun á vatni gagnvart Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Suður-Kóreu. Og í öllum þessum tilvikum hafa fulltrúar Íslands fylgt þessu eftir með tvíhliða viðræðum á fundum í Genf.

Að því er varðar óbeinan ávinning er engu við að bæta það sem ég sagði að því er varðar sjávarútveginn, það er fyrst og fremst vonin um það og fyrirheit um það að nýr samningur, kenndur við þessa Úrúgvæ-lotu, muni verða það hreyfiafl sem keyrir efnahagskerfi heimsins upp úr þeirri djúpu lægð sem það hefur verið í á undanförnum árum.

[16:17]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. utanrrh. fyrir svör hans svo langt sem þau náðu. Hins vegar var það náttúrlega dálítill galli á málinu að ekki hafi verið gerð tilraun til að meta meira tölulega það sem gæti verið líkleg niðurstaða af þessum GATT-viðræðum. Þær hafa auðvitað staðið mjög lengi og maður skyldi ætla að almennar grófar línur væru farnar að myndast um það í hvað stefndi sem hugsanlega niðurstöðu af þessum viðræðum hvað varðar heilar atvinnugreinar eins og t.d. iðnaðinn í landinu. Ég nefndi tvo þætti iðnaðarins sem dæmi um iðngreinar sem gætu haft hugsanlega verulegan ávinning af því að viðskiptahindrunum yrði rutt úr vegi. Í þessu sambandi nefndi ég skipasmíðaiðnaðinn í fyrsta lagi, sem býr sérstaklega við það vandamál að þar er um að ræða samkeppni við ríki sem greiða niður sinn skipasmíðaiðnað. Og það er í sjálfu sér sú viðskiptahindrun sem íslenskur skipasmíðaiðnaður á fyrst og síðast við að etja. Þannig að nýjar leikreglur sem tækju á því máli á grundvelli GATT-samkomulagsins væru auðvitað mikill happafengur fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað.

Síðan er hitt atriðið sem ég kom sérstaklega inn á í minni fyrri ræðu sem varðaði tölvuiðnaðinn og ýmiss konar þjónustuiðnað við sjávarútveg sem hefur verið að hasla sér völl víða, bæði sem hátækniiðnaður og eins alls konar búnaður sem verið er að vinna fyrir sjávarútveginn erlendis. Þar mæta mönnum helst viðskiptahindranir á sviði tollamála. Ég vildi gjarnan biðja hæstv. utanrrh. að fara frekari orðum um þessi mál sérstaklega. Annars vegar hugsanlegan ávinning skipasmíðaiðnaðarins og hugsanlega ávinning þessa vaxtarbroddar í okkar útflutningi, þ.e. útflutning á búnaði til sjávarútvegs og tölvubúnaði sem tengist sjávarútveginum sjálfum.

[16:19]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er allt satt og rétt sem fram kom í máli fyrirspyrjanda að ávinningurinn er einkum á þessum tveimur sviðum. Tollalækkanir fyrir þann samkeppnisiðnað okkar sem er að flytja út verðmæta vöru á erlenda markaði en sennilega ekki síður sú almenna regla að afnema viðskiptahindranir eins og ríkiseinokun, eins og kvótasetningu, eins og bann við innflutningi og þá ekki hvað síst samræmdar samkeppnisreglur að því er varðar iðnað eins og skipasmíðaiðnaðinn. Þar gerðum við vissulega tilraun til þess að ná árangri í EES-samningunum. Tilraunin var í því fólgin að fá Evrópubandalagið til þess að falla frá svokölluðu „direktívi 7" eða þeim verndarráðstöfunum sem í þeim felast og að samræma þá samkeppnisreglurnar þannig að EFTA-ríkin og Evrópubandalagsríkin byggju við sama kost á meðan það er á annað borð leyfilegt. Það tókst því miður ekki. Það eina sem hafðist upp úr því var fyrirheit um það að þegar þessi reglugerð kæmi til endurskoðunar skyldi haft fullt samráð við EFTA-ríkin.

Að þessu leyti má segja að GATT viðskiptaviðræðurnar kenndar við Úrúgvæ eru mikilvægari heldur en nokkrir fjölþjóðlegir fríverslunarsamningar sveðisbundnir vegna þess að hér erum við að gera ráð fyrir að samræma bæði verulega lækkun tolla og útrýmingu viðskiptahindrana sem oftar en ekki eru einokunarkerfi eða ríkisstuðningskerfi til hagsbóta fyrir alla aðila. Ég tek undir með hv. þm. að það hefði verið æskilegt ef hægt hefði verið að sýna fram á einhver dæmi um slíkt, en ástæðan fyrir því er einföld. Meðan tilboð ríkjanna hafa ekki verið lögð fram og ekki verið úr þeim unnið, þá eru slík dæmi vafasöm vegna þess að það getur verið nokkur munur á þeim tilboðum og ekki hægt að slá föstu fyrir fram hver verði hin almenna niðurstaða.

Húsbréfakerfið.

Fsp. GÁ, 160. mál. — Þskj. 178.

[16:21]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. félmrh. um afföll sem seljendur húsbréfa hafa orðið fyrir frá því húsabréfakerfið tók til starfa. Oft er hollt að rifja upp göngu yfir farinn veg og minna á fyrirheit og markmið sem sett voru á oddinn fyrir miklum kerfisbreytingum. Húsbréfakerfið blæs um þessar mundir á sitt fjórða afmæliskerti.

Nú ætla ég ekki að draga það í efa að húsbréfakerfið er komið til að vera en nákvæmlega þessa dagana erum við að sjá að notendur þessa kerfis, ekki síst unga kynslóðin, hefur á sl. fjórum árum verið féflett í gegnum afföll, húsbyggjendur hafa séð af allstórum hluta af húsnæðisláni sínu inn í okurvaxtahít hins íslenska peningamarkaðar. Ég vil því fara yfir fyrirheit sem gefin voru við upphaf kerfisins og minni á t.d. fréttabréf Alþfl. sem gefið var út 1989 en þar segir, með leyfi forseta:

„Verða ekki afföll af húsbréfum? — Margir óttast að afföll verði af húsbréfum í verðbréfaviðskiptum. Þessi ótti byggist á misskilningi. Um bréfin gilda aðrar reglur en flest önnur verðbréf á almennum markaði."

Síðan er farið yfir það í þremur liðum hvernig á að koma í veg fyrir það að um afföll verði að ræða.

Í öðru fréttabréfi frá Húsnæðisstofnun er send út svohljóðandi auglýsing: „Húsbréf eru jafngildi peninga."

Hæstv. forseti. Þá er ég kominn að kjarna máls míns. Miðað við þessi fyrirheit og þá stöðu dagsins í dag að húsbréf seljast á yfirverði, öll afföll eru allt í einu horfin, hvers áttu og eiga þeir Íslendingar að gjalda sem hafa sætt afföllum í þessu kerfi frá meðaltali 12–15% upp í 24% mest 1991? Er í augsýn, hæstv. félmrh., nýr misgengishópur sem var óvart eins og staddur í svikamyllu og missti eina af hverjum 4 millj. út um gluggann eða í afföllin en verður næstu 25 árin að greiða þessa milljón með 6% raunvöxtum? Milljón sem kom honum að engu gagni í að borga efni eða vinnu við húsbygginguna?

Ég vil því spyrja hæstv. félmrh.: Telur hún rétt að skoða stöðu þeirra einstaklinga sem sætt hafa mestum afföllum í húsbréfakerfinu á síðustu missirum? Telur hæstv. félmrh. að ýmsir þeir sem áttu að koma í veg fyrir afföll húsbréfanna með samningum og eftirliti hafi brugðist í starfi sínu á þessu tímabili?

[16:25]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Meðalafföll á ári hafa verið eftirfarandi á húsbréfum: 1989 7,5%, 1990 11%, 1991 19,3%, 1992 14%, 1993 11,7% miðað við tímabilið janúar til september. Miðað við daginn í dag eru engin afföll við sölu húsbréfa heldur eru þau seld á yfirverði.

Ekki er hægt með nokkru móti að segja til um hversu mikið þau afföll sem hafa verið hverju sinni eru í krónum talið. Stór hluti húsbréfa sem notuð eru í fasteignaviðskiptum hefur ekki verið seldur á markaði eða eru notuð til að ganga í næstu fasteignakaup og er venjan í þeim viðskiptum að húsbréfin eru látin ganga áfram á fullu verði, þ.e. með verðbótum og vöxtum. Þannig koma afföll hvergi nærri fram af öllum útgefnum húsbréfum. Afföll við sölu húsbréfa jafngilda í raun fyrirframgreiddum vöxtum, þau segja til um hvað peningarnir kosta hverju sinni.

Með upptöku húsbréfakerfisins var ákveðið að ríkissjóður hætti beinum útlánum með niðurgreiddum vöxtum og í staðinn yrðu aðilar á fasteignamarkaði að koma sér saman um nýtt greiðslufyrirkomulag með húsbréfum sem var skipt fyrir fasteignaveðbréf. Niðurgreiðsla vaxta var færð yfir í skattakerfið með vaxtabótum. Þannig er seljandi í raun og veru að lána kaupanda fyrir milligöngu húsbréfakerfisins en innri fjármögnun hefur verið mjög mikil í húsbréfakerfinu. Nefna má einnig að niðurgreiðsla vegna vaxta hefur í gegnum skattakerfið aukist um 1.400–1.500 millj. á föstu verði frá 1988. Þannig hafa vaxtabætur komið í stað niðurgreiddra vaxta.

Ég tel mikilvægt að menn geri sér það ljóst að afföll hafa alltaf verið í húsnæðiskerfinu. Þau eru ekki nýtt fyrirbæri sem kom með húsbréfakerfinu. Það sem breyttist hins vegar er að afföllin eru alltaf sýnileg og augljós í húsbréfakerfinu en komu fram með öðrum hætti í eldra lánakerfi. Þetta gerir það að verkum að menn geta í húsbréfakerfinu reiknað með þessu strax í upphafi í stað þess að fá þau í bakið seinna.

Fyrir húsbréfakerfið gengu fasteignaviðskipti þannig fyrir sig að íbúðaseljendur fengu yfirleitt 75% verðsins greidd á einu ári, greiðslu jafnað yfir árið og þær voru óverðtryggðar og vaxtalausar. Á útborgunartímabilinu gat verðbólga rokið upp og greiðslurnar því rýrnað misjafnlega mikið. Enginn vissi í raun hvert yrði raunvirði útborgunarinnar þegar upp var staðið. Þannig urðu afföll af þessum greiðslum, afföll sem enginn sá. Þessi afföll voru sjaldnast lægri en 10% sem seljandi íbúðar varð að bera. Reglan var einnig sú að það sem eftir var kaupverðsins, sem gat verið allt að 25%, var greitt með eftirstöðvaskuldabréfi. Þessi skuldabréf voru oftast til fjögurra ára með föstum vöxtum og óverðtryggð. Afföll voru nær alltaf af þessum bréfum því vextir náðu sjaldnast að halda í við verðlagsþróun. Þau voru einnig meiri ef seljandi þurfti að selja bréfin á markaði, þá gátu afföllin hæglega numið allt að helmingi af andvirði bréfsins. Þannig voru fasteignakaup í mikilli óvissu áður, enginn gat séð raunverð íbúðarinnar fyrir þegar kaup voru gerð. Þróun verðbólgunnar réð niðurstöðu.

Einnig má minna á það að langur biðtími eftir lánum áður, eða tvö til þrjú ár, var kostnaðarsamur og var sá kostnaður í raun ígildi affalla. Sama gilti þegar lánið loks kom, þá var það greitt í tveim til þremur hlutum á 12 mánaða tímabili. Á þessum tíma þurfti að borga lántökukostnað vegna margra skammtímalána, háa vexti þeirra og stundum dráttarvexti og lögfræðikostnað vegna síendurtekinna framlenginga á skammtímalánum.

Það má einnig minna á að það var mikil verðhækkun á fasteignamarkaðinum, t.d. í kjölfar 86-kerfisins, sem er í raun ekkert annað en afföll sem kom fram í allt að 10% verðhækkun á einu ári. Afföllin í 86-kerfinu í formi hækkaðs fasteignaverðs gátu því numið allt að 500–600 þús. kr. á meðalíbúð.

Allt þetta ber að hafa í huga því stundum er eins og afföll á húsnæðislánum hafi fyrst verið uppgötvuð með húsbréfakerfinu.

[16:29]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til hjá mjög mörgum einstaklingum um þessar mundir að fólk er að missa íbúðirnar sínar, það er að missa húsin sín, m.a. fólk sem gerði áætlanir í hinu alfullkomna kerfi hæstv. félmrh. en gerði að sjálfsögðu ekki ráð fyrir því að það mundi lækka í tekjum með því að yfirvinnan yrði skorin niður, lækka í tekjum með því að yfirborganir yrðu skornar niður eða lækka í tekjum vegna þess að vinna þessa fólks hvarf. Nú er verið að breyta til um hluti varðandi vaxtamál en í ræðu hæstv. ráðherra kemur ekkert fram hvernig á að koma til móts við þetta fólk sem lenti vitlausu megin við línuna. Ég hlýt að spyrja úr því að húsbréfakerfið er til umræðu hér: Mun hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að vaxtabætur til þess fólks sem er með þessa háu okurvexti af húsbréfum verði hækkaðar sérstaklega, eða fyrir því að ný húsbréf með

lægri vöxtum verði endurútgefin?

[16:30]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það má margt um þetta húsbréfakerfi segja og þá hugsun sem það byggist á, markaðsvextina sem öllu eiga að ráða. Ég vil minna á að nýlega hefur ráðherra gefið út reglugerð um greiðsluerfiðleikalán vegna þeirra sem hafa misst atvinnu sína eða átt við langvarandi veikindi að stríða. Þar er þeim hópi lántakenda boðið upp á skuldbreytingu lána sinna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. En sú skuldbreyting á að sjálfsögðu að fara fram með sama hætti og áður var í eldri greiðsluerfiðleikalánaflokki með húsbréfum þar sem markaðsvextirnir eiga að „blíva", þar sem fólkið á að borga, ekki bara með verðtryggðu skuldabréfi og 6% vöxtum, heldur með afföllum að auki eins og áður var til ríkisins vegna skulda hjá ríkinu sjálfu. Það má nefna eins og kom fram hjá hæstv. fyrirspyrjanda að menn þurftu að borga Húsnæðisstofnun ríkisins allt að 24% af fjárhæðinni í afföll. (Forseti hringir.) Ríkinu sjálfu. Nú hefur það komið á daginn að þetta virðist að líkindum (**Forseti:** Tímanum er lokið, hv. þm.) hafa verið algjör óþarfi, virðulegi forseti, því að ríkið gat bara þá eins og nú farið á erlendan markað (Forseti hringir.) og lækkað vaxtastigið.

[16:32]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ekki get ég þakkað hæstv. félmrh. fyrir svör hennar, út úr þeim fékk ég ekki neitt. En ég ætla að leika mér að tölum. Það er búið að gefa út húsbréf fyrir 44 milljarða og ef við segjum að afföllin á þessum fjórum árum hafi verið að meðaltali um 15%, sem er ekki langt frá lagi, þá hafa farið í afföll 7 milljarðar kr. eða fast að því. Í stimpilgjöld og lántökugjöld hafa farið 1,1 milljarður. Íslenskir húsbyggjendur hafa sem sagt greitt 8 milljarða í afföll á þessu tímabili. En það sem ég var að spyrja sérstaklega um og vil spyrja enn og ítreka varðar þann stóra hóp sem fór verulega illa út úr þessu kerfi 1991 eftir að ríkisstjórnin hafði með handafli hækkað raunvexti í landinu. Hópur sem missti eina á móti hverjum fjórum milljónum yfir í afföll. Þessi hópur er nú að koma inn sem vandamál vegna þess að áætlanir stóðust ekki. Hann situr uppi með lausaskuldir af því að hann tapaði þessari einu milljón.

Ég fór yfir fyrirheitin sem gefin voru, Alþfl. setti út í fréttapésum og Húsnæðisstofnun gerði einnig, þar var íslenskum húsbyggjendum heitið því að afföll yrðu ekki til staðar í þessu kerfi. Ég hygg að Alþingi verði að ræða þetta mál betur og fá skýrari svör frá hæstv. félmrh. Það verður kannski ekki gert nema í gegnum beiðni um skýrslu eða eitthvað slíkt (Forseti hringir.) því það er enginn vafi á því að margir þessir húsbyggjendur eru sárt leiknir og þurfa á aðstoð að halda, hæstv. forseti.

[16:34]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil segja það að þessar tölur sem komu fram hjá síðasta ræðumanni um 7 milljarða kr. sem hafi komið til vegna affalla, þetta eru náttúrlega bara tölur sem eru teknar upp úr hatti og eru ekkert marktækar. Hv. síðasti ræðumaður gerir ekkert ráð fyrir þeirri innri fjármögnun sem ég gerði grein fyrir í mínu máli, þ.e. þegar húsbréfin ganga upp í næstu fasteignaviðskipti og kaupendur bera ekki afföllin og hann hefur ekki tekið með í sína útreikninga hve stór hluti af húsbréfunum hefur ekki farið út á markað.

Mér finnst að hv. þm. ætti líka að leika sér að tölum og reikna út afföllin, t.d. í 86-kerfinu. Ég er ansi hrædd um að það yrðu nokkuð háar tölur sem þar kæmu upp.

Varðandi það sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni, hvort vaxtabætur yrðu hækkaðar vegna þeirra sem bera 6% fasta vexti á húsbréfum þá er því til að svara að Þjóðhagsstofnun er nú að reikna út fyrir mig hve stór hópur þeirra sem eru með þessi 6% bréf og hafa meðaltekjur og lágar tekjur, að hve miklu leyti vaxtabætur bæta þetta 1% milli 5 og 6% að fullu. Ég vil sjá hvaða niðurstaða kemur út úr því máli áður en hugað verður að því hvort hækka eigi vaxtabæturnar vegna þess að það er jú fyrst og fremst fólk með lágar og meðaltekjur sem við viljum verja kjörin hjá.

Ég vil nefna að það hafa verið gefnar út reglur um skuldbreytingar hjá Byggingarsjóði ríkisins sem heimilar aðstoð eða skuldbreytingu til handa því fólki sem hefur lækkað mjög í launum vegna atvinnuleysis eða veikinda. Greiðslumatið, sem er gott og gilt út af fyrir sig, sér náttúrlega ekki fyrir því þegar fólk lækkar mikið í tekjum eða verður fyrir miklu atvinnuleysi, en til þess að koma til móts við þetta fólk hefur verið gefin út reglugerð sem heimilar skuldbreytingar hjá Byggingarsjóði ríkisins og það hefur verið gert samkomulag við banka og lífeyrissjóði um sameiginlegt átak á þessum forsendum.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Fsp. SvG, 191. mál. — Þskj. 211.

[16:37]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á síðasta þingi flutti ég ásamt hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni till. til þál. um rannsókn afleiðingum atvinnuleysis. Þessi tillaga var ein af örfáum tillögum sem voru síðan afgreiddar á síðasta þingi af almennum þingmannamálum hér og niðurstaðan varð þál. um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis sem hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta kanna:

a. hvaða stefnumörkun niðurstöður könnunar á högum atvinnulausra kalli á,

b. hverjar séu takmarkanir bótakerfisins gagnvart þessum hópi og hvort og þá hvernig breyta skuli stuðningi hins opinbera við atvinnulausa, ekki hvað síst við þá sem búa við langvarandi atvinnuleysi,

c. hvernig unnt sé að bæta aðgang atvinnulausra að

menntakerfinu, ekki síst starfsmenntun og starfsþjálfun,

d. hver sé þjóðfélagslegur kostnaður vegna atvinnuleysis.

Í upphafi næsta þings verði lögð fram greinargerð um málið."

Ástæðan fyrir fsp. er þessi síðasta setning, að í upphafi næsta þings verði lögð fram greinargerð um málið og ég spyr hæstv. félmrh.: Hvenær kemur þessi greinargerð? Og er ekki ætlun ráðherra þegar greinargerðin kemur hér til meðferðar á Alþingi að þá verði hún tekin til sérstakrar umræðu? Ég geng alveg út frá því að greinargerðin komi.

Frá því að þessi tillaga var samþykkt hafa menn reynt í framkvæmd talsvert miklar breytingar á atvinnuleysistryggingakerfinu. Það var opnað að nokkru leyti, m.a. fyrir sjálfstætt starfandi atvinnurekendum og ýmsum öðrum aðilum en áfram eru t.d. námsmenn útilokaðir. Þeir fá ekki greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Starfsmenn Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa sagt mér að það sé mjög erfitt að framkvæma hin nýju lög og hina nýju reglugerð sem gefin var út um atvinnuleysistryggingar. Þess vegna er nauðsynlegt að fá það til umræðu hér í hverju þeir erfiðleikar eru fólgnir þannig að hægt sé að taka á þeim og breyta lögunum enn frekar vegna þess að sú breyting sem var gerð á lögunum um atvinnuleysistryggingar á síðasta þingi var ekki nægilega róttæk til þess að koma til móts við þann alvarleg veruleika sem blasir við að við erum hér með þúsundir manna á atvinnuleysisskrá á Íslandi í fyrsta sinn í sögunni. Þess vegna er þessi fsp., hæstv. forseti, borin fram til hæstv. félmrh.

[16:40]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Vegna samþykktar Alþingis frá maí sl. hefur verið leitað álits og umsagnar ýmissa aðila varðandi þessa þáltill., m.a. ráðgjafarnefndar vinnumálaskrifstofu félmrn., Atvinnuleysistryggingasjóðs, menntmrn. og Þjóðhagsstofnunar. Á grundvelli álits og umsagna, m.a. þessara aðila, hefur verið unnin ítarleg greinargerð sem kynnt hefur verið í ríkisstjórn. Umrædd greinargerð er nú í prentun og verður lögð fyrir Alþingi á næstu dögum.

[16:41]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir skýr og skörueg svör. Ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hún muni ekki beita sér fyrir því eða taka þátt í því ásamt öðrum þingmönnum að þessi greinargerð komi til umræðu á Alþingi sem sérstök skýrsla um vandamál atvinnulausra.

[16:41]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel sjálfsagt að þessi skýrsla komi hér til umræðu sé þess óskað.

[16:41]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja hæstv. félmrh., af því að atvinnuleysi er til umræðu, hvort hann hafi ekki skoðað það að bæta bændum sem misst hafa allt að 40–50% af sínum tekjum það tekjutap. Það sjá allir að t.d. sauðfjárbóndi sem hefur misst 50% af tekjum sínum, sem ekki voru of háar fyrir, ætti að fá helming atvinnuleysisbóta, alveg eins og starfsmaður sem er í 50% vinnu en var áður í 100% vinnu, fær 50% atvinnuleysisbætur.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill vekja á því athygli að hæstv. félmrh. hefur talað tvisvar og er eigi gert ráð fyrir að hann hafi heimild til að tala oftar í umræðunni.

Laun lækna á sjúkrahúsum.

Fsp. IP, 171. mál. — Þskj. 189.

[16:43]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín er tilkomin vegna reglugerðar um svokölluð ferliverkefni sem tók gildi 1. okt. 1992. Með tilkomu þessarar reglugerðar er læknum heimilt að framkvæma aðgerðir á skurðstofum og göngudeildum og taka fyrir það þóknun af sjúklingum auk þess að vera á fullum launum hjá sjúkrastofnunum. Það þýðir sem sagt að sjúklingur sem fer í aðgerð sem ekki krefst innlagnar eða aðeins skammrar innlagnar greiðir oft 10–14 þús. kr. fyrir læknismeðferð. Þessi fjárhæð rennur beint í vasa skurðlæknisins og svæfingarlæknisins sem skipta henni á milli sín, auk þess, eins og ég sagði áðan, að vera á föstum launum hjá viðkomandi sjúkrahúsi. Þeir nýta að sjálfsögðu öll tæki og tól stofnunarinnar, fá aðstoð hjúkrunarfræðinga og greiða óverulega til stofnunarinnar í formi aðstöðugjalds.

Í allri umræðu um sparnað í heilbrigðismálum skýtur það skökku við að sá mikli kostnaðarauki sem sjúklingi er gert að greiða fyrir læknisþjónustu skuli nær allur renna sem extrabónus til örfárra sérfræðinga. En þeir, eins og ég sagði áðan, hafa hækkað verulega í launum eftir að þessi umdeilda reglugerð tók gildi.

Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh. á þskj. 189:

„1. Í hve miklum mæli eru læknar á tvöföldum launum við vinnu sína á sjúkrahúsum?

2. Hyggst ráðherra breyta reglum um tvöfaldar launagreiðslur (ferliverkefni)?"

[16:45]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Spurt er í hve miklum mæli læknar eru á tvöföldum launum við vinnu sína á sjúkrahúsum. Sérfræðingar og aðstoðarlæknar sem ráðnir eru á sjúkrahús eru ráðnir í ýmist fullt starf eða hlutastarf til þeirra verka á sjúkrahúsinu sem talið er nauðsynlegt að þeir vinni og er ráðuneytinu ekki kunnugt um að læknar séu á tvöföldum launum við vinnu sína á þessum sjúkrahúsum. Læknar eru ráðnir í dagvinnu, ýmist í fullt starf eða hlutastarf eftir því hve mikil verkefni eru

á sjúkrahúsinu og þar sem þeir starfa.

Heilsugæslulæknar sem ráðnir eru í hlutastarf, venjulega 25% starf eða þriðjungs starf á sjúkrahúsum úti á landi, eru ráðnir þar til eftirlits og launin eru þá ákveðin í samræmi við það og venjulega fá þeir ekki greiðslur fyrir vaktir. Segja má að þeir séu ráðnir í tvöfalda dagvinnu þar sem þeir hafa laun sem heilsugæslulæknar, jafnframt því sem þeir hafa laun sem sjúkrahúslæknar meðan þeir sinna dagvinnuskyldu sinni á sjúkrahúsinu.

Læknar á stórum sjúkrahúsum fá greiðslur fyrir vaktþjónustu og yfirvinnu ef þeir eru kallaðir til vinnu utan dagvinnutíma eða ef þeir þurfa að vinna lengri vinnu í framhaldi af dagvinnutíma.

Í öðru lagi er spurt: Hyggst ráðherra breyta reglum um tvöfaldar launagreiðslur (ferliverkefni)?

Læknar eiga ekki að fá tvöfaldar launagreiðslur vegna starfa á sjúkrahúsum, svo sem fram kemur hér að framan, nema um heilsugæslulækna sé að ræða. Reglugerð um ferliverk var m.a. sett til að auðvelda sjúkrahúsum að gera samninga við lækna um aðgerðir á sjúklingum sem ekki eru lagðir inn á sjúkrahús, samningar um hvernig launagreiðslur skiptast milli lækna og sjúkrahúsa sem vinna ferliverk á sjúkrahúsunum. Að sjálfsögðu geta læknar unnið þessi verk á eigin stofu og kostað þá aðstöðu og búnað. Á hinn bóginn er rétt sem kemur fram í fsp. og inngangi fyrirspyrjanda, að ýmiss háttur er á þessu hafður, m.a. sá er fyrirspyrjandi gerði að umtalsefni, að í vissum tilfellum hafa einstakir læknar gert samninga við viðkomandi sjúkrahús, greitt aðstöðugjöld fyrir, en tekið greiðslur inn með beinum hætti, stundum þó í gegnum bókhaldskerfi sjúkrahúsa.

Ég er þeirrar skoðunar að á þessum málum þurfi að taka og koma þeim í skilvirkari og skýrari mynd. Í því samhengi og til þess að koma á betri skikk þessara mála hef ég beðið Ríkisendurskoðun að taka saman og kanna hvaðan launagreiðslur lækna koma, hve háar þær greiðslur eru til lækna í heilsugæslu og á sjúkrahúsum. Ég vænti þess að á allra næstu vikum fái ég þessa heildstæðu skýrslu í hendur og gefist þá til þess tækifæri að koma á skýrara og skilvirkara fyrirkomulagi um störf lækna utan og innan stofnunar.

Niðurstaða Ríkisendurskoðunar verður eðli máls samkvæmt gerð opinber og ég vænti þess að í kjölfar hennar geti ég átt gott samstarf við heilbr.- og trn. og aðra þá fjölmörgu hagsmunaaðila sem nærri koma, um að gera ákveðna nauðsynlega uppstokkun í þessum efnum.

[16:48]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru samt ekki eins og ég bjóst við. Ég bjóst við því að hann skildi betur fsp. mína. Ég er að tala um þá sem eru í fullri vinnu við sjúkrahússtofnanir fyrst og fremst. Það eru fyrst og fremst þeir sem hafa fengið þessi tvöföldu laun. Og ég vil ítreka að mér þykir það lítill sparnaður í heilbrigðisgeiranum að láta sjúklinga borga fyrir aðgerðir en þær renni síðan sem extrabónus til lækna.

Að vísu kom það fram í máli ráðherra að hann muni láta Ríkisendurskoðun skoða þessi mál. En það er greinilegt að ekkert eftirlit er með þessu í dag, t.d. hvort þessir sérfræðingar uppfylli 40 tíma vinnuviku með því að vera kannski í þessum svokölluðu ferliverkefnum 4–5 tíma á dag.

Eins og gefur að skilja þá er andrúmsloftið á þeim stofnunum mjög slæmt, þar sem hluti starfsfólks getur tekið svona þóknanir í sinn vasa, þó það sé fullkomlega löglegt samkvæmt þessari reglugerð. Þar að auki, og vil ég benda ráðherra sérstaklega á það í lokin, er þarna verið að mismuna sjúklingum verulega. Sjúklingur sem er lagður inn á sjúkrahús í tvo sólarhringa, borgar ekki neitt fyrir þessa aðgerð en sjúklingur sem er lagður inn í einn sólarhring, borgar fyrir þessa aðgerð. Þetta er auðvitað alveg ólíðandi.

[16:50]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að vekja á því sérstaka athygli að aðgerðir utan sjúkrahúsa, unnar af sérfræðingum sem margir hverjir eru í hlutastörfum eða fullu starfi á sjúkrahúsum, hafa viðgengist árum saman. Þetta „tvöfalda" launakerfi lækna hefur viðgengist um langt árabil. Margir yngri læknar sérstaklega hafa á því áhuga að skilja þarna á milli og marka línur, að annaðhvort séu læknar starfandi á viðkomandi stofnun eða þeir eru það ekki. Ég hef áhuga á því að reyna að einfalda og skýra þessar markalínur.

Ég vek á því athygli líka að vissulega hafa verið tekin skref í þá veru að fylgjast með störfum lækna. Ég minni á talsverðar deilur sem urðu um uppsetningu stimpilklukku á Ríkisspítölum, á Landspítalanum, sem eru ekki fullkomlega til lykta leiddar, en þar miðar þó allt í rétta átt. Ég hygg að sú skýrsla sem frá Ríkisendurskoðun er væntanleg muni varpa nokkru ljósi á ástand þessara mála og skapa þann grunn sem nauðsynlegur er til þess að taka með skeleggum hætti á þessum málum.

Varðandi ferliverkin sérstaklega þá má misskilja fyrirspyrjanda þegar hann segir að það skipti eingöngu máli hversu lengi viðkomandi sjúklingur er á spítalanum, hvort hann greiðir eða ekki. Þannig á þetta ekki að vera og þannig er þetta ekki. Það er fyrst og síðast eðli þeirra aðgerða sem ræður ferðinni um það hvort um ferliverk sé að ræða eða ekki og þá um greiðsluþátttöku eða ekki.

Styrkir til tannviðgerða.

Fsp. ISG, 184. mál. — Þskj. 204.

[16:52]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegi forseti. Í tengslum við fjárlög fyrir árið 1992 var samþykktur bandormur á þinginu og í þeim bandormi var felld niður þátttaka Tryggingastofnunar

ríkisins í kostnaði vegna tannréttinga. Þó var heimilt samkvæmt þessum bandormi, eins og segir í 18. gr.: „Að veita styrk til aðgerða hjá tannlækni, umfram það sem 44. gr. nær til," — sem er svona almennt um tannviðgerðir — „vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Ráðherra setur reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs".

Það segir hér í þessari grein að það sé ráðherra sem skuli setja reglur um framkvæmd þessa ákvæðis að fengnum tillögum tryggingaráðs. Það gefur auga leið að setja þarf reglur þegar verið er að breyta lögunum. Og þegar verið er að tiltaka að veita skuli styrk til tannréttinga bara í ákveðnum tilvikum, þá þarf skilgreiningu á því hvaða tilvik er þarna um að ræða og það þarf að ákveða upphæð eða hlutfall styrksins af þeim kostnaði sem til fellur vegna aðgerðarinnar.

Síðast þegar ég vissi til, sem er ekki fyrir ýkja löngu síðan, það eru kannski orðnar þrjár vikur, þá var ekki búið að setja þessar reglur sem þó var kveðið á um í lögum nr. 1/1992.

Þess vegna spyr ég ráðherra:

Hvað líður setningu reglna um styrki til aðgerða hjá tannlækni vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma, sbr. 18. gr. laga nr. 1/1992?

Seinni spurningin sem ég er með á fsp. minni leiðir eiginlega að þeirri fyrri vegna þess að frá 15. mars 1992 hafa væntanlega engar endurgreiðslur vegna tannréttinga verið samþykktar nema um þessar svokölluðu alvarlegu afleiðingar, meðfædda galla, slys eða sjúkdóma sé að ræða, þ.e. hafi verið um ný tilvik að ræða. Hafi verið um tilvik að ræða þar sem tannrétting hafi komið til sögunnar eftir 15. mars 1992, þá hafi ekki verið tekið þátt í kostnaði nema það séu alvarlegar afleiðingar meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma.

Ef engar reglur hafa verið settar á grundvelli þeirrar breytingar sem gerð var á almannatryggingalögunum í janúar 1992 og ég tiltók áðan, þ.e. í bandorminum, eftir hverju hefur þá verið farið frá því að þessi lög tóku gildi? Eins og ég segi í fsp. minni, eftir hvaða reglum hefur verið farið við mat á þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannréttingar sem hófust eftir 15. mars 1992? Hafa verið einhverjar reglur í gildi um þetta eða hefur handahóf eitt ráðið? — Þetta eru mínar fyrirspurnir til ráðherra.

[16:55]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrri fsp. er þetta að segja:

Tryggingaráð hefur nýverið, raunar þann 15. okt. sl., sent ráðherra tillögur sínar af reglum um styrki til þeirra sem þurfa tannviðgerðir og tannréttingar vegna alvarlegra afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma, sbr. 18. gr. laga nr. 1/1992.

Eru tillögur tryggingaráðs til athugunar í ráðuneytinu og verður gengið frá staðfestingu þeirra bráðlega.

Hvað varðar annan liðinn, þegar spurt er eftir hvaða reglum hefur verið farið um mat á þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við tannréttingar sem hófust eftir 15. mars 1992, þá er því til að svara að eftir 15. mars 1992 hefur Tryggingastofnun ríkisins tekið þátt í greiðslu vegna tannréttinga í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 63/1991, þ.e. vegna afleiðinga meðfæddra galla, slysa eða sjúkdóma.

Í þeirri grein reglugerðarinnar eru sjúkdómseinkenni flokkuð í eina sex flokka og eftir þeim verklagsreglum hefur verið unnið. Ætla má að sú skilgreining verði grunnur þeirra reglna sem um gat í svari mínu við fyrri fsp.

[16:57]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. En eins og sagði í svari við fyrri spurningu minni sendi tryggingaráð ráðherra tillögur sínar að nýjum reglum þann 15. okt. sl. og ráðherra segist staðfesta þær bráðlega. Mér finnst ekki seinna vænna að fara að staðfesta reglur um með hvaða hætti skuli staðið að greiðslum Tryggingastofnunar fyrir þessar aðgerðir, því eins og ég sagði eru þetta lög nr. 1 frá árinu 1992 og þar er kveðið á um að það skuli setja þessar reglur. Árið 1992 er liðið og árið 1993 er næstum því liðið án þess að þessar reglur séu settar, þ.e. tvö ár, og það er enn ekki komin nein staðfesting á því hvernig þetta skuli vera gert.

Ráðherra sagði líka að Tryggingastofnun hefði tekið þátt í kostnaði vegna þessa samkvæmt gamalli reglugerð, þ.e. frá 1991, sem var þá reglugerðin sem var sett miðað við þau lög sem þá giltu um þetta efni. Mér finnst alveg ófullnægjandi að svona skuli staðið að málum í Tryggingastofnun og ráðuneyti, að það skuli farið eftir reglugerð sem sett er á grundvelli gamalla laga. Mér finnst í rauninni réttarstaða þess fólks sem þarf að eiga samskipti við Tryggingastofnun ríkisins verulega skert með þessum hætti. Ég fagna því sannarlega ef þessi reglugerð á að fara að komast á koppinn en ég tel mjög ámælisvert að svona skuli hafa verið staðið að málum í þau tvö ár sem liðin eru síðan þessi lög voru sett og ég tel að þetta skerði réttarstöðu þeirra sem þurfa að hafa samskipti við Tryggingastofnun.

[16:58]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hjó einmitt eftir því sama og hv. síðasti ræðumaður, sem fram kom í máli hæstv. heilbrrh., að það hefur ekki verið gengið frá útgáfu reglugerðar til að fylla út í ákvæði laga sem sett eru í ársbyrjun 1992. En á þeim tíma hefur verið notað ákvæði reglugerðar sem sett er samkvæmt ákvæðum laga frá 1991, hafi ég tekið rétt eftir. Ég spyr þá: Er þá einhver ástæða til að setja reglur núna fyrst hægt er að nota reglugerðina frá 1991, árið 1992 og 1993, er ekki bara hægt að nota hana áfram? Ef ekki, verður þá ekki að breyta ákvörðunum sem teknar voru á grundvelli reglugerðar frá 1991 eftir að hinar reglurnar hafa verið settar, því þær hljóta væntanlega að vera eitthvað öðruvísi en þær sem menn hafa notað fram til þessa? Verður þá ekki að leyfa þeim sem hafa þurft að sæta úrskurði samkvæmt þessum reglum að fá endurupptöku á nýju reglunum?

[16:59]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem ekki miklu við fyrra svar mitt að bæta. Ég held að það sé hins vegar ekki til neins að beita hér viðtengingarhætti í þessari umræðu og gefa sér einhverjar staðreyndir sem við vitum ekki enn þá. Þessar nýju reglur munu birtast mjög fljótlega. Ég sagði áðan að þær yrðu að grunni til byggðar á þeirri reglugerð sem að sönnu byggir á öðrum lögum, eins og hér hefur komið fram, en ég hygg að þar verði kannski ekki um jafnmikinn mun að ræða og hv. 5. þm. Vestf. vildi láta að liggja. En ég hygg að það muni ekki á þessu stigi máls gagnast mikið fyrir hið háa Alþingi að ræða málið í viðtengingarhætti.

Ferðakostnaður vegna tannréttinga.

Fsp. ISG, 185. mál. — Þskj. 205.

[17:01]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Á þskj. 205 er ég með fsp. til heilbr.- og trmrh. um greiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga.

Samkvæmt nýrri handbók Tryggingastofnunar ríkisins greiðir Tryggingastofnunin því aðeins ferðakostnað vegna tannréttinga að þær séu vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilvika og það kemur heim og saman við það sem ég var að tala um hér áðan. Þó segir í þessari handbók að Tryggingastofnun ríkisins endurgreiði 50% ferðakostnaðar, og nú er það bein tilvitnun: „vegna tannréttinga sem ekki teljast alvarlegar en Tryggingastofnun ríkisins tekur þó þátt í kostnaði við." Það er ef Tryggingastofnun kemur með einhverjum hætti inn í kostnað við tannréttingarnar, þá er greiddur 50% ferðakostnaðar. Þetta á þá væntanlega við um þá sem hófu tannréttingar fyrir 15. mars 1992 og gildir fram að 1. jan. nk. og ekki eftir það.

Ég fæ hins vegar ekki betur séð en að þessar reglur sem talað er um í handbók Tryggingastofnunar stangist á við þær reglur um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands sem ráðherra setti í febrúar 1991 og standa enn mér vitanlega. Það hafa ekki verið settar nýjar reglur af ráðherra um ferðakostnað. 1. gr. þeirra reglna er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Þurfi sjúklingur að takast ferð á hendur til meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits hjá lækni, tannlækni eða í sjúkrahúsi ... taka sjúkratryggingar þátt í ferðakostnaði samkvæmt reglum þessum, enda sé um að ræða eftirtalda alvarlega sjúkdóma og meðferð þeirra: illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna."

En síðan segir í 4. gr., virðulegur forseti:

„Þegar um er að ræða ferðir sjúklinga til tannréttinga sem hvorki geta talist vera vegna meiri háttar galla eða alvarlegs tilefnis, sbr. 1. gr., taka sjúkratryggingar þó þátt í ferðakostnaði samkvæmt reglum þessum með eftirfarandi skilyrðum."

Ég fæ ekki betur sé en að þessar reglur kveði á um skýlausan rétt sjúklings til að fá ferðakostnað vegna tannréttinga endurgreiddan að hluta óháð því hvort Tryggingastofnun ríkisins tekur þátt í kostnaði við meðferð eða ekki. Reglurnar um ferðakostnað eru með öðrum orðum þannig að þær binda það ekki sem skilyrði að kostnaðarhlutdeild skuli koma til. Það er ekki skilyrði að Tryggingastofnun taki þátt í kostnaði við meðferð. Ég hlýt því að spyrja, virðulegur forseti: Hvaða reglur gilda um þetta efni? Gilda reglur sem ráðherra setti í febrúar 1991 eða einhverjar aðrar reglur og þá hvaða reglur? Og spurning mín er þessi:

„Eftir hvaða reglum er farið um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við ferðir sjúklings til tannréttinga?"

[17:04]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Spurt er: „Eftir hvaða reglum er farið um þátttöku Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við ferðir sjúklings til tannréttinga?"

Þátttaka Tryggingastofnunar ríkisins í kostnaði við ferðir fer eftir reglugerð nr. 74/1991, um ferðakostnað sjúklinga og aðstandenda þeirra innan lands. Hvað varðar tannréttingar segir þar í 1. gr.:

„Þurfi sjúklingur að takast ferð á hendur til meðferðar eða óhjákvæmilegs eftirlits hjá lækni, tannlækni eða í sjúkrahúsi (með eða án innlagningar) eða til þess að njóta óhjákvæmilegrar meðferðar samkvæmt tilvísun læknis hjá heilbrigðisstéttum, sem sjúkratryggingar hafa samið við, taka sjúkratryggingar þátt í ferðakostnaði samkvæmt reglum þessum, enda sé um að ræða eftirtalda alvarlega sjúkdóma og meðferð þeirra: Illkynja sjúkdóma, nýrnabilun, alvarlega augnsjúkdóma, brýnar lýtalækningar, bæklunarlækningar barna og tannréttingar vegna meiri háttar galla eða alvarlegra tilefna. Enn fremur er heimilt að endurgreiða vegna annarra sambærilegra sjúkdóma."

Þessu til viðbótar er greitt fyrir þá sem eru í tannréttingum vegna tannskekkju sem hvorki telst vera meiri háttar né alvarlegs eðlis, en þá aðeins að tannréttingar hafi hafist fyrir 15. mars 1992. Þátttaka í ferðakostnaði vegna þessara síðasttöldu er lægri en fyrir þá sem fyrst var getið, um 50%. Það byggir eins og fyrirspyrjandi gat um hér í inngangi á 4. gr. nefndrar reglugerðar frá 12. febr. 1991 sem var undirritað af þáv. heilbr.- og trmrh., Guðmundi Bjarnasyni, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sjúkratryggingar endurgreiða 50% af ferðakostnaði sjúklings skv. 1. mgr. 3. gr. og sjúklingur ber 50% án sérstaks hámarks."

[17:05]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér höfum við orðið vitni að því að það er verið að spyrja um reglur, bæði um tannréttingar og ferðakostnað. Eins og við hér á hinu háa Al-

þingi vitum er margbúið að breyta þessum lögum núna á síðustu tveimur árum. Enn þá er samt verið að fara eftir reglugerð sem var sett í febrúar 1991. Ég spyr hæstv. heilbrrh.: Hvernig í ósköpunum á fólk sem þarf að sækja til Tryggingastofnunar eftir þeim lögum sem búið er að setja á Alþingi að geta sótt rétt sinn þegar verið er að vinna eftir einhverjum eldgömlum reglugerðum sem gilda ekki lengur samkvæmt þeim lögum sem eru í gildi?

[17:06]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er hreyft máli sem bar á góma ekki fyrir löngu á Alþingi. Hinn 19. mars 1992 beindi Þuríður Backman fsp. til heilbrrh. um greiðslu ferðakostnaðar vegna tannréttinga. Svarið liggur fyrir á þingskjali.

Eins og ég skil stöðuna nú er þetta bundið við mjög strangt mat, greiðsla 50% ferðakostnaðar, og í því felst gífurleg mismunun fyrir fólk sem ekki á greiðan aðgang að þessari þjónustu. Jafnvel þó að sums staðar hafi verið upp tekið að þeir sem tannréttingar annast fari út á land, t.d. til Egilsstaða á Austurlandi, þá bætir það ekki nema að takmörkuðu leyti stöðu fólks sem býr langt frá þessari annars ágætu samgöngumiðstöð í fjórðungnum. Á þessu verður að ráða bót. Þetta er algerlega óviðunandi (Forseti hringir.) og við verðum að fara rækilega ofan í saumana á þessu. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli með fsp. Hér þarf að breyta lögum ef reglugerðir verða ekki viðunandi sem út koma.

[17:08]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Þau voru í sjálfu sér skýr, þ.e. að farið væri eftir reglugerðinni frá 1991. Ég fagna því að það skuli a.m.k. formlega séð vera farið eftir þeirri reglugerð, en ráðherra vísaði í 1. gr., það væri farið eftir henni, síðan væri 4. gr. notuð þannig að tekið væri þátt í ferðakostnaði hjá því fólki sem hefði hafið tannréttingar fyrir 15. mars 1992. Ég fæ alls ekki séð að reglugerðin heimili Tryggingastofnun að takmarka þátttöku í ferðakostnaði með þessum hætti. Það er hvergi í þessari reglugerð minnst á þessa dagsetningu, 15. mars 1992. Reglugerðin er alveg skýlaus þannig að þegar um er að ræða ferðir sjúklinga til tannréttinga, sem hvorki geta talist vera vegna meiri háttar galla né alvarlegs tilefnis, sbr. 1. gr., taka sjúkratryggingar þátt í ferðakostnaði samkvæmt reglum þessum með eftirfarandi skilyrðum:

1. Sjúkratryggingar endurgreiða 50% af ferðakostnaði sjúklings og sjúklingur ber 50% án sérstaks hámarks.

2. Endurgreiðslur á sérstöku fargjaldi fylgdarmanns miðast við að sjúklingur sé 12 ára eða yngri.

Reglurnar eru alveg skilyrðislausar þannig að það er réttur fólks að fá endurgreiddan ferðakostnað. Síðan hefur verið búin til regla einhvers staðar að þetta skuli miðast við 15. mars 1992. Ég sé ekki að reglur heimili þetta.

Ég vil benda á það hér að það er mjög brýnt að fólk sitji við sama borð hvað þetta varðar vegna þess að það er þannig að tannréttingar eru stundaðar í Reykjavík og kannski á Akureyri og svo hafa einhverjir farið út um land. Mér skilst á fólki sem býr úti á landi að ef það er með börn t.d. undir 12 ára aldri, þá sé ferðakostnaðurinn u.þ.b. 80 þús. á ári, bara ferðakostnaðurinn vegna barnsins í tannréttingar. Ef fylgdarmaður fer með, þá sé þetta um 270 þús. kr. á ári sem það kostar fólk úti á landi að fara til tannréttinga fyrir utan svo sjálfan kostnaðinn við tannréttingarnar sem fólkið verður að bera núna að fullu og öllu sjálft, ef ekki er um alvarleg tilvik að ræða. Þarna er því gífurleg mismunun á ferðinni fyrir fólk, hvort það býr í Reykjavík, Akureyri eða annars staðar á landinu.

[17:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi mál bar aðeins á góma fyrr hér á þessum vetri í umræðu um frv. heilbrrh. um almannatryggingar. Þá kom fram í máli ráðherrans að hann lýsti því yfir að hann mundi beita sér fyrir því að reglum um ferðakostnað yrði breytt til þeirrar áttar að meira réttlætis og jafnaðar yrði gætt. Ég tók þátt í þeirri umræðu og gekk einmitt eftir þessu sjónarmiði ráðherrans sem hann lýsti þá og ég fagnaði nokkuð að fram kæmi. Ég spyr því hæstv. ráðherra í framhaldi af því og þessari fsp.: Hvað líður fyrirhuguðum breytingum ráðherrans á þessum þætti tryggingamálanna?

[17:11]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það að eins og getur um í fyrrgreindri reglugerð og byggir á núgildandi lögum þá liggur það skýlaust fyrir að ef um er að ræða tannréttingar vegna tannskekkju sem telst meiri háttar eða alvarlegs eðlis, þá er vitaskuld farið með ferðakostnaðarmálin eins og þegar um aðra sjúkdóma er að ræða. Hér fyrr í vetur hafði hv. 5. þm. Vestf. um það efasemdir að þannig giltu reglur. Það er hins vegar algerlega skýlaust.

Vandamálið er hins vegar það, eins og hér hefur komið fram, að varðandi ákveðinn hóp barna er byggt á því að þau hafi byrjað í meðhöndlun fyrir 15. mars 1992 og sá tími er að renna út. Það skapar ákveðna mismunun milli þeirra sem fóru í tannréttingu eftir þann tíma og fyrir þann tíma.

Ég hygg að þessi mál, sem byggja á bandormi frá 1992 eins og fyrirspyrjandi greindi réttilega frá, séu með þeim hætti sem eðlilegt geti talist miðað við þessa misvísun sem til verður vegna þess að menn eru að ljúka ákveðnu ferli þannig að ég sé nú ekki að það sé óeðlilegt út af fyrir sig að byggja á reglugerð frá febrúar 1991 af þeim sökum einum saman.

Enn fremur held ég að það liggi nokkuð ljóst fyrir samkvæmt orðanna hljóðan í 4. gr. títtnefndrar reglugerðar að það hangir ljóslega saman í 1. tölul. 4. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sjúkratryggingar endurgreiða 50% af ferðakostnaði sjúklings skv. 1. mgr. 3. gr. og sjúklingur ber 50% án sérstaks hámarks.“

Þessi tenging er alveg skýr og ljós að minni hyggju.

Friðunaraðgerðir á Breiðafirði.

Fsp. StB, 174. mál. — Þskj. 192.

[17:15]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 192 hef ég borið upp fsp. til hæstv. sjútvrh. um friðunaraðgerðir á Breiðafirði. Fyrri hluta sjöunda áratugarins var mikil þorskveiði í net á miðum við innanverðan Breiðafjörðinn. Einkum voru þar svokallaðar lænur sem veitt var í, en á þessum slóðum veiddu einkum bátar frá Stykkishólmi en einnig var um að ræða báta frá Patreksfirði og eitthvað um að bátar frá öðrum verstöðvum við Breiðafjörðinn legðu þarna sín þorskanet.

Á þessu svæði, í þessum svokölluðu lænum og þar um kring, veiddist mjög stór þorskur og á skömmum tíma var mjög góð veiði á þessum svæðum og má m.a. nefna það að á þremur árum, árunum 1963, 1964 og 1965, veiddi einn bátur að meðaltali 800 lestir á vertíðinni á fáeinum vikum. En að frumkvæði sjómanna við Breiðafjörð var gerð samþykkt sem fól í sér að banna veiðar með netum, botnvörpu og dragnót með öllu innan línu sem dregin var úr Selskeri framan í Skor.

Svo sem vænta mátti voru skiptar skoðanir um þessa ráðstöfun, m.a. meðal fiskimanna og e.t.v. ekki síður meðal fiskifræðinga um nauðsyn þess að standa að þessari lokun eða þessum friðunaraðgerðum. Samt sem áður varð það niðurstaðan að loka þessu svæði og svo er enn þann dag í dag.

Ekki síst vegna þess að fiskifræðingar hafa ekki gefið út neinar afgerandi umsagnir um árangur af þessum friðunaraðgerðum, þá hef ég, virðulegi forseti, leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. sjútvrh.:

„Hafa friðunaraðgerðir á Breiðafirði innan línu sem dregin er úr Selskeri í Skorarvita borið árangur að mati fiskifræðinga?“

[17:18]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hafrannsóknastofnun hefur látið ráðuneytinu í té svohljóðandi svar við fyrirspurninni:

Hrygningarstofn þorsks hefur minnkað mjög mikið á undanförnum árum og ekki er von á neinum sterkum árgangi í hrygningarstofni næstu fimm árin. Nokkrar tölfræðilegar líkur eru á því að lítill hrygningarstofn samsettur úr fáum aldurshópum hafi minni möguleika á að gefa af sér stóran árgang en stór hrygningarstofn sem einkennist af fjölbreytilegri árgangaskipan. Því hefur verið gripið til þess ráðs að friða hrygningarstofninn á tveimur síðustu vertíðum. Því miður er mjög erfitt að sanna árangur af slíkum friðunaraðgerðum.

Eftir að netaveiðibannið í Breiðafirði tók gildi fyrir meira en 20 árum hafa bæði komið fram sterkir og veikir árgangar en fleiri þó veikir eins og kunnugt er. Talið er að árangur hrygningar og klaks geti verið misjafn eftir svæðum. Bestu skilyrðin eru talin vera grunnt út af suðurströndinni, en þó er talið hagkvæmt að hrygning eigi sér stað sem víðast og á sem lengstum tíma til þess að auka líkur á því að einhver hluti hrygningar og klaks lendi í hagstæðum umhverfisskilyrðum. Við teljum því hugsanlegt að friðun hrygningarsvæða í Breiðafirði hafi skilað árangri enda þótt engin leið sé að sanna það. Til þess að svo hefði mátt vera hefði þurft að stunda ítarlegar rannsóknir á hrygningarslóðinni og afdrifum þeirra lirfa sem klekjast út í Breiðafirði.

[17:20]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa borið þessa fsp. fram en ástæðan fyrir því að ég nýti mér rétt minn til þess að gera hér stutta athugasemd er sú að það kemur mér á óvart að friðunaraðgerðir eins og þessar sem staðið hafa áratugum saman skuli ekki hafa verið rannsakaðar með neinu móti og það skuli koma fram í svari Hafrannsóknastofnunar að þeir viti nákvæmlega ekki neitt um það hvort þessar friðunarráðstafanir hafi skilað einhverjum árangri eða ekki. Ég segi alveg eins og er að það hlýtur að vera ástæða fyrir hv. Alþingi að skoða málin betur og það verði myndaðar einhvers konar reglur eða stefna í því að kanna til hlítar hvað við erum að gera í kringum landið í friðunarskyni og hvort það ber þá yfirleitt nokkurn árangur.

[17:21]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir því í svari hæstv. ráðherra hér áðan að hann sagði að Hafrannsóknastofnun teldi hugsanlegt að þessar aðgerðir hefðu skilað árangri. En ég vil taka undir nokkuð af því sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði. Það er 20 ára tilraun sem hér liggur að baki og hvernig stendur á því að Hafrannsóknastofnun getur ekki gefið frekari skýringar á því hvernig þessar tilraunir hafa skilað sér eftir 20 ár? Hverju erum við þá bættari með ýmsar aðrar tilraunir sem verið er að gera í sambandi við skyndilokanir svæða t.d.? Er það skoðað hverju það skilar?

[17:22]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. það svar sem hann gaf við fsp. minni. En ég verð því miður að segja að svar Hafrannsóknastofnunar veldur miklum vonbrigðum. Að stofnunin skuli svara því að það sé hugsanlegt að þessar friðunaraðgerðir á innanverðum Breiðafirði hafi skilað einhverjum árangri en þeir hafi ekki komist í raun að nokkurri niðurstöðu.

Þetta svar vekur vafalaust upp spurningar hjá fiskimönnum hvort ástæða sé til þess að þeir leggi til og leggi svo ríka áherslu á að friða svæði sem fiskifræðingar telja e.t.v. enga ástæðu til þess að friða. Það er ástæða til þess að vekja athygli á því að þetta sneri fyrst og fremst að þeim byggðum sem eiga auðveldast með að gera út á veiðar þarna í firðinum. Ég er viss um það að bæði útvegsmenn og sjómenn munu skoða þetta svar mjög rækilega og velta fyrir sér hvernig beri að taka niðurstöðu stofnunarinnar.

Ég lagði þessa fsp. fram hér á þingi til þess að

draga fram einhverja klára niðurstöðu, einhverja meiri vissu en við þingmenn kjördæmisins höfum haft um þessar friðunaraðgerðir vegna þess að þær hafa vissulega komið til umræðu og einnig friðunaraðgerðir á öðrum svæðum í Breiðafirði og út af Breiðafirðinum.

En ég vil, virðulegi forseti, ljúka máli mínu með því að endurtaka að það veldur mér miklum vonbrigðum að Hafrannsóknastofnun hafi ekki sinnt betur skyldum sínum við að rannsaka fiskstofnana hér við landið en svo að þeir svari því að hugsanlega kunni 20 ára friðunaraðgerðir að hafa borið árangur.

[17:25]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Ég er eins og aðrir sem hafa talað undrandi yfir því að ekki skuli fást skýrari svör. En mig langar að bæta við þá spurningu til hæstv. ráðherra: Er það tæknilegs eðlis sem ekki er hægt að fá skýr svör eða er það vegna fjárskorts hjá Hafrannsóknastofnun sem ekki er hægt að fá skýrari svör?

Ég er ekki í vafa um það að við leggjum allt of lítið fé til hafrannsókna almennt og þurfum að leggja til þess miklu meira fé. En mig langar sem sagt að fá svar við því hvort það sé tæknilegs eða fjárhagslegs eðlis.

[17:26]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það ætti ekki að þurfa að koma hv. þm. á óvart sú staðreynd að það liggja ekki fyrir vísindalegar sannanir um það hvaða áhrif friðunaraðgerðir á hrygningartíma hafa á klak þorsksins. Það hefur verið alkunnugt lengi. Hins vegar er það ljóst að ekki síst sjómenn hafa haft á því mikinn áhuga að stjórnvöld beiti sér fyrir friðunaraðgerðum, einkanlega yfir hrygningartímann vegna þess að það hefur verið almenn skoðun manna að það mundi bæta klakið og auka líkur á því að við fengjum sterka stofna.

Eins og fram kemur í þessu svari hefur Hafrannsóknastofnun talið að slíkar aðgerðir væru til góðs. En það liggja ekki fyrir vísindalegar sannanir um áhrif af þessu og það eru engin ný sannindi og ég hélt að hv. þm. vissu það áður.

Það er vissulega rétt að það hefði mátt hefja hér miklu fyrr víðtækar rannsóknir á þorskklaki en nú hefur verið tryggt að fjármagn er fyrir hendi til þess að sinna þeim rannsóknum og þær hafa farið fram og eru byrjaðar og ég vænti þess að þær munu skila niðurstöðum. Að öðru leyti get ég tekið undir það að auðvitað bíður fjöldi verkefna á þessu sviði en hér er þó þess að geta að það hefur verið ráðist í það að útvega fjármagn til þess að hefja rannsóknir á þorskklaki og þær eru auðvitað mjög mikilvægar og eitt mikilvægasta rannsóknarverkefnið sem við tökumst á við til þess að treysta betur þann þekkingargrunn sem liggur að baki nýtingarákvörðunum okkar.

Rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra.

Fsp. StB, 175. mál. — Þskj. 193.

[17:28]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 193 hef ég borið upp svofellda fsp. til hæstv. sjútvrh. um rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra:

„Hafa farið fram rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra á hrygningarsvæði og fiskstofna? Liggja fyrir upplýsingar um hagkvæmni veiða eftir einstökum veiðarfærum og útgerðarmáta?"

Í lögum nr. 64/1965, með síðari breytingum, en þau lög eru um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, segir svo m.a. í 17. gr. um markmið Hafrannsóknastofnunar, með leyfi forseta:

„Markmið Hafrannsóknastofnunarinnar skulu m.a. vera:

[...] 6. Að gera tilraun með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríki sjávar.

[...] 10. Að koma á framfæri upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila í sjávarútvegi og almennings um niðurstöður rannsóknarstarfseminnar."

Vegna mikilla umræðna um nýtingu auðlinda sjávar taldi ég, virðulegi forseti, mikilvægt að leita eftir upplýsingum um stöðu rannsókna og athugun á þessu sviði. Ekki síst vegna þess að mjög er rætt um hagkvæmni og áhrif einstakra veiðarfæra á lífríkið og aðstæður einstakra útgerða eftir veiðiaðferðum. Í umræðum um fyrirhugaðar breytingar á löggjöf um stjórn fiskveiða hefur þessi umræða blossað upp og mun væntanlega verða fyrirferðarmikil í þeirri umræðu allri þegar hún hefst á Alþingi þegar frv. um stjórn fiskveiða verður lagt hér fram.

En það er út af fyrir sig ekki nýtt að deilt hafi verið um áhrif veiðarfæranna. Það má lesa um það m.a. í bókinni Íslenskir sjávarhættir eftir Lúðvík Kristjánsson en hann greinir frá því að deilt hafi verið m.a. um línuveiðar. Menn voru ekki á eitt sáttir um línuveiðarnar. Það var talið að þær væru mjög skaðlegar á sínum tíma. Síðan er getið um það hvernig deilt var um veiðar með netum þegar þau hófstu og botnvörpu og dragnót o.s.frv. þannig að umræður um þetta allt saman eru þekktar. Sagan segir okkur að gegnum tíðina hafi menn deilt um veiðiaðferðir. En fyrir þjóð sem byggir að mestu afkomu sína á fiskveiðum er mikilvægt að þekkja þá auðlind og leita hagkvæmustu leiða til þess að nýta hana án þess að ganga á hana eða valda skaða á auðlindinni. Það er mikilvægt að hrinda í framkvæmd langtímaáætlun um afrakstur af hinum lífrænu auðlindum hafsins og þá um leið að kanna og meta veiðiaðferðir. Þess vegna leyfi ég mér, virðulegi forseti, að bera fram þá fsp. sem ég hef gert hér grein fyrir til hæstv. sjútvrh.

[17:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í svari Hafrannsóknastofnunar við fyrri lið fsp. segir svo:

„Margar fisktegundir, svo sem þorskfiskar, hrygna upp í sjó nokkuð frá botni. Veiðarfæri hafa því engin áhrif á hrygningu og klak þessara tegunda að öðru leyti en því að hægt er að veiða fisk sem er að hrygna eða er í hrygningarhugleiðingum. Það hefur oft verið gert, svo sem í flotvörpu á árunum 1952–1958 og í nót á árunum 1964–1968. Þess utan veiðist alltaf eitthvað af hrygnandi fiski í net.

Ýmsar aðrar tegundir festa hrognin við botn, einkum þar sem botn er harður og grófur. Meðal slíkra tegunda má nefna síld og loðnu. Botnvarpa getur helst valdið skaða á slíkri hrygningu. Sá skaði virðist þó alls ekki vera mikill þegar haft er í huga að hrygning þessara tegunda hefur tekist betur á undanförnum árum en flestra annarra fisktegunda við Ísland. Áhrif veiðarfæra á hrygningarsvæði eru því sáralítil. Á hinn bóginn eru áhrif veiðarfæra á fiskstofna töluverð. Má þar nefna að töluvert af fiskungviði veiðist í smáriðin veiðarfæri, svo sem rækju- og humarvörpu. Hafrannsóknastofnunin og veiðieftirlit Fiskistofu fylgjast með slíkum veiðum og ef veiði smáfisks fer fram úr ákveðnum mörkum er veiðisvæðinu lokað. Gripið er til lokana áður en skaðinn vegna smáfiskadráps er orðinn jafnmikill og afrakstur veiðanna sjálfra.

Þá er það að nefna að veiðarfæri geta valdið skaða á þeim hluta fiskstofna sem ekki veiðist en kemst í snertingu við veiðarfærin. Þannig er talið að eitthvað af ýsu geti drepist við það að smjúga út um möskva varpna, dragnóta og lagneta. Þessi fiskdauði er oft talinn vera 2–5%. Þá telja sumir að fiskar sem sleppa af línukrókum geti særst og drepist en engar rannsóknir hafa fari fram á því atriði.

Mikið er einnig rætt um umhverfisspjöll veiðarfæra. Vitað er að botnvarpa rótar botninum mikið upp, en ekki hefur verið sannað að það hafi neikvæð áhrif. Þar sýnist þó sitt hverjum. Einnig er vitað að skelplógar brjóta mikið af skel sem ekki veiðist. Loks ber að nefna að dragnótatóg og plógar geta losað þara frá botni, en þaraskógar eru stundum griðastaður smáfisks. Þar lifa ígulker á þara.

Mestu áhrif veiðarfæra á fiskstofna eru hins vegar veiðarnar sjálfar. Því miður hefur þróunin orðið sú að margar gerðir veiðarfæra taka mun meira af smáfiski en heppilegt er til þess að nýting stofnanna verði eins góð og æskilegt væri. Aukinn fjöldi skyndilokana er dæmi um þessa þróun og einnig hefur verið gripið til þess ráðs að loka stórum svæðum með reglugerðum. Þá hafa rannsóknir farið fram á gerð veiðarfæra í því skyni að draga úr seiða- og smáfiskadrápi. Slík veiðarfæri eru t.d. í notkun bæði við rækju- og humarveiðar."

Að því er varðar 2. lið fsp. er það að segja að engar upplýsingar liggja fyrir að því er varðar þá spurningu og Hafrannsóknastofnun telur að hún sé utan við sitt verksvið.

[17:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Mér þótti nú sem svarandi, í þessu tilviki Hafrannsóknastofnun, vildi misskilja fyrri lið fsp. í svari sínu en ég tel að þessar spurningar sem hér eru fram bornar séu þess eðlis að það sé mikil nauðsyn á því að fara ofan í saumana á hvoru tveggja. Hér segir í svari frá Hafrannsóknastofnun ef ég hef tekið rétt eftir að mestu áhrif séu veiðarnar sjálfar. Það þykja kannski ekki miklar upplýsingar en ég er þó þeirrar skoðunar að breytingarnar á uppeldisskilyrðum á hafsbotninum, breytingar á hafsbotninum sjálfum með botnvörpuveiðum, með snurvoð og fleiri veiðarfæri geti hugsanlega — og ég segi geti hugsanlega til þess að segja ekki meira en ég get staðið við — haft veruleg neikvæð áhrif á uppvöxt og viðgang fiskstofna og á þessu verðum við að taka. Núllið í svari við 2. lið kallar náttúrlega á talsverð viðbrögð.

[17:37]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þetta bætist nú enn við þá skoðun sem ég hef sett fram áður að Hafrannsóknastofnun hefur í raun og veru ekki litið á það sem hlutverk sitt að horfa yfir það svið allt sem viðkemur stjórn fiskveiðanna og nýtingu á lífríkinu í kringum landið. Við höfum ítrekað heyrt í svörum frá fiskifræðingum við spurningum um lík efni og verið er að tala hér um að þeir líti ekki á það sem sitt hlutverk að meta t.d. mismunandi tegundir af veiðarfærum og mismunandi umgang við lífríkið. Það er t.d. að ósannað sé að þó að rykist upp úr botninum hvort það valdi skaða. Og það að svara því til við 2. lið þessarar fsp. að það liggi ekki fyrir upplýsingar um hagkvæmni, það sé utan við verksvið Hafrannsóknastofnunar, — ég held að það sé ástæða fyrir hv. Alþingi að taka það til umræðu hvað eigi að vera verksvið stofnunarinnar.

[17:38]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þau svör sem hér komu fram, en vissulega vekja þau athygli að því leyti að það virðist vera sem svo að Hafrannsóknastofnun hafi ekki skoðað mjög mikið, svo að ekki sé dýpra í árinni tekið, þessi atriði, áhrif einstakra veiðarfæra á lífríki sjávarins. Það út af fyrir sig er þá mikilvægt og í rauninni nauðsynlegt að það komi fram að þessi mikilvæga stofnun hafi ekki haft tök á því að kanna það svo sem lög gera þó ráð fyrir að hún geri.

Hér á Alþingi hlýtur það að þurfa að skoðast alveg sérstaklega og ég vil hvetja hæstv. sjútvrh. til þess að fara ofan í það með stofnuninni hvort ekki sé ástæða til að leggja meiri og ríkari áherslu á slíkar rannsóknir. Ég vil ekki áfellast stofnunina fyrir það að hafa ekki glöggar niðurstöður um þetta því að það er afar flókið mál að rannsaka áhrif veiðarfæra á lífríki sjávar, en það ætti hins vegar ekki að vera mjög flókið mál í samvinnu við útgerðaraðila að kanna það hverjir eru í raun hagkvæmustu útgerðarkostirnir. Ég held að það sé afar mikilvægt því það er verið að setja ýmsar takmarkanir á veiðar að það liggi betur fyrir í opinberum gögnum hvaða útgerðarhættir eru hagkvæmastir fyrir þjóðina skulum við segja, ekki einungis útgerðaraðilana. Ég vil þakka hæstv. sjútvrh. fyrir þetta svar og það vekur upp margar spurningar hjá mér, virðulegi forseti.

[17:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það fara fram eins og hv. þm. vita ítarlegar rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar á notkun veiðarfæra og Hafrannsóknastofnun safnar auk heldur upplýsinga frá sams konar rannsóknum sem fara fram víða erlendis. Það kemur hins vegar fram í máli sumra hv. þm. sem hér tala, eins og hv. 4. þm. Austurl., að hann hefur komist að alveg ákveðinni niðurstöðu, hvað er hans skoðun á því hvaða áhrif veiðarfæri hafa og síðan kemur hann og segir: Meðan Hafrannsóknastofnun kemur ekki með sannanir á því sem ég hef komist að að sé sannleikurinn í málinu þá eru málin ekki í nógu góðu horfi. Auðvitað geta hv. þm. talað með þessum hætti. (Gripið fram í.) Það fara fram ítarlegar rannsóknir í þessu efni og menn geta auðvitað ekki verið með umkvartanir vegna þess eins að þær leiða ekki til þeirrar niðurstöðu sem hv. þm. er þóknanlegt. (**HG:** Hvers konar stælar eru þetta í ráðherranum?) — Herra forseti? (**Forseti:** Ekki samtal.) (**HG:** Ráðherrann ætti að hlusta.) Herra forseti, hver hefur orðið hér? (**Forseti:** Hæstv. ráðherra hefur orðið.)

Einnig varðandi það atriði sem lýtur að hagkvæmni einstakra veiðarfæra þá má vel vera að það sé rétt að gera athuganir á því en það liggur meira á verksviði Þjóðhagsstofunar eða Hagfræðistofnunar en Hafrannsóknastofnunar. Hitt er svo annað mál að auðvitað eru það útgerðarmennirnir og sjómennirnir sem eru best færir til þess að segja til um það hvaða veiðarfæri er hagkvæmast og það er ekki til neitt einhlítt svar við því. Það fer eftir því á hvaða miðum menn eru að fiska, hvað menn eru að fiska og eftir því hvernig menn haga sínum útgerðarrekstri. Opinber allsherjarforskrift á því er auðvitað ekki til en þó að hagfræðiathuganir geti verið af hinu góða verður á endanum alltaf farsælast að treysta sjómönnum og útgerðarmönnum til þess að meta hvað hagkvæmast er í þessu efni.

[17:43]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem fram kemur hjá hæstv. ráðherra að það fara fram ítarlegar rannsóknir á vegum Hafrannsóknastofnunar en þær stangast kannski á við reynsluna stundum. Ef ég tek Faxaflóasvæðið sem dæmi þá voru bannaðar dragnótaveiðar um 10–12 ára skeið í Faxaflóa og á þeim tíma var mokveiði bæði af þorski og sérstaklega ýsu. Síðan hafa þessar dragnótaveiðar hafist aftur og verið leyfðar um 10 ára skeið og ýsan er nánast dauð á þessu svæði. Það veiðist engin ýsa og takmarkað af þorski. Reynslan sýnir að þetta hefur einhver áhrif en samt sem áður veit ég að það fara ítarlegar rannsóknir fram á vegum Hafrannsóknastofnunar og þær skoðanir ber allar að sama brunni, að þetta eyðileggi ekki líkríki þannig að þarna stangast á vísindin og reynslan.

Flutningur útibús Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík.

Fsp. JÁ, 192. mál. — Þskj. 212.

[17:45]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Fyrir nokkru spurðust þær fréttir út að tekin hefði verið ákvörðun um að flytja útibú Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík til Stykkishólms. Það var sem sagt búið að taka á leigu húsnæði fyrir stofnunina í Stykkishólmi án þess þó að sagt hafi verið upp leigusamningi fyrir húsnæðið í Ólafsvík og stofnunin hafði verið flutt á milli þessara staða á Vesturlandi.

Þetta er auðvitað ákaflega viðkvæmt mál sem hér er á ferðinni og hv. þingmönnum ætti að vera það mjög vel ljóst að það er ekki mjög vinsælt í kjördæmi að stofanir séu fluttar á milli staða og það án samráðs við viðkomandi sveitarstjórnir eða fólk á svæðinu.

Í lögunum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna er í 16. gr. kveðið á um það hvernig Hafrannsóknastofnun eigi að setja niður sín útibú. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Hafrannsóknastofnuninni er heimilt að starfrækja útibú utan Reykjavíkur samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis“ — það er mjög skýrt að Alþingi eigi að koma að þessu máli — „að fengnum tillögum stjórnar og forstjóra stofnunarinnar. Leita skal samstarfs við hagsmunaaðila og menntastofnanir á viðkomandi svæði og er ráðherra í því skyni heimilt að setja á stofn starfsnefndir við útibúin.“

Þetta er allt saman mjög skýrt. Ég leyfi mér á þskj. 212 að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. í þessu tilefni. Hún er í tveimur liðum:

1. Hvers vegna hefur verið tekin ákvörðun um flutning útibús Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík til Stykkishólms?

2. Á hvaða lagagrunni er sú ákvörðun byggð?

Ég held að það séu margir sem hafa mjög mikinn áhuga á því að fá svör við þessum spurningum. Mig langar til viðbótar að spyrja hæstv. ráðherra um það hvort hann hafi farið eftir því sem stendur í 16. gr. laganna um rannsóknir í þágu atvinnuveganna sem ég var að lesa upp áðan.

[17:48]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að útibú Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík hefur til bráðabirgða verið flutt um set er sú að erfiðlega hefur gengið að tryggja starfsmanni viðunandi húsnæði í Ólafsvík. Það hafði verið svo um nokkurn tíma og eftir því leitað sl. vor við sjútvrn. að það heimilaði flutning útibúsins af þessum sökum. Í maímánuði taldi ráðuneytið þetta ekki fullreynt og skrifaði þess vegna Hafrannsóknastofnun bréf þar sem segir m.a. þetta:

„Miðað við þær upplýsingar er fyrir liggja telur ráðuneytið ekki forsendur til að flytja útibú stofnunarinnar frá Ólafsvík. Telur ráðuneytið rétt að Hafrannsóknastofnunin kanni þau tilboð um leigu íbúðarhúsnæðis í Ólafsvík sem bæjarstjóri gat um í fyrrnefndu

samtali, þar á meðal hvort leigukjör og ástand húsnæðis þess er býðst frá 1. júlí sé viðunandi."

Þegar á daginn kom að viðunandi úrlausn fékkst ekki sneri Hafrannsóknastofnun sér á ný til ráðuneytisins og að höfðu samráði við ráðuneytið skrifaði Hafrannsóknastofnun Ólafsvíkurkaupstað svohljóðandi bréf 20. ágúst:

„Nú hefur verið tekin sú ákvörðun að flytja starfsemi útibús Hafrannsóknastofnunar í Ólafsvík til bráðabirgða í Stykkishólm. Ákvörðun þessi er tekin í fullu samráði við sjávarútvegsráðuneytið. Gert er ráð fyrir að útibúið starfi næstu 2–3 árin í Stykkishólmi en flytjist þá aftur til Ólafsvíkur. Ástæða þessarar ákvörðunar er sú að útibússtjóranum hefur ekki tekist að finna viðunandi húsnæði fyrir sig í Ólafsvík. Sú lausn sem bent er á í bréfi yðar frá 10. ágúst er ekki ásættanleg enda um allt annað húsnæði að ræða en það sem áður hefur verið rætt um. Hafrannsóknastofnun telur að allt hafi verið reynt til þess að leysa húsnæðisvandamál útibússtjórans í Ólafsvík. Þar sem lausn hefur ekki fundist hefur ákvörðun um flutning til bráðabirgða verið tekin."

Í þessum tveimur bréfum kemur skýrt fram að það var fullur vilji og ásetningur ráðuneytisins að útibúið yrði áfram starfrækt í Ólafsvík. Þegar Hafrannsóknastofnunin taldi hins vegar útséð um að unnt væri að útvega húsnæði með viðunandi hætti fyrir starfsmenn stofnunarinnar þá taldi ég rétt að fallast á þá tilhögun að útibúið yrði fært til bráðabirgða í þeim tilgangi að tryggja áframhaldandi rekstur þess. En eins og hv. þm. er e.t.v. kunnugt þá var um tíma erfitt að fá menn til starfa við þetta útibú. Um tveggja ára skeið var það án starfsmanns og af hálfu ráðuneytisins og Hafrannsóknastofnunar var lögð á það áhersla að þessi starfsemi gæti haldið áfram óhindruð á svæðinu og þess vegna var horfið að því að samþykkja þessa bráðabirgðaráðstöfun.

[17:52]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Virðulegur forseti. Mér þykir miður að hæstv. ráðherra víkur sér undan því að svara á hvaða lagagrunni hann byggir ákvörðun sína að flytja þessa stofnun á milli staða. Ég óska eftir því eindregið að hann geri okkur grein fyrir því hér með stoð í hvaða lögum hann tekur þessa ákvörðun.

Síðan langar mig til að fá svar við því, er það þá þannig að ef ekki tekst að leysa húsnæðismál starfsmanna viðkomandi stofnana þá geti það verið niðurstaðan að flytja þær stofnanir á milli svæða? Erum við þá ekki búin að finna alveg nýja aðferð til þess að flytja stofnanir um landið, þ.e. að fá starfsmennina til að flytja og þá komi stofnanirnar á eftir og hæstv. ráðherrar séu tilbúnir að stuðla þannig að flutningi stofnana um landið? Mér er ekki alveg ljóst hvernig menn ætla að halda utan um þessi mál ef það getur gengið með þessum hætti sem við höfum séð í þessu tilfelli. Ég tel að það hafi alls ekki verið staðið eðlilega að þessu máli.

Það er líka ástæða til að vekja athygli á því að það mátti skilja hæstv. ráðherra þannig að það hafi verið vegna þess að bæjarstjórnin í Ólafsvík gat ekki útvegað viðkomandi starfsmanni húsnæði sem hafi þurft að flytja þessa stofnun. Það er ekki þannig að það sé skylda sveitarfélaganna í landinu að skaffa starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar húsnæði og það er hvergi í gildi á landinu þannig fyrirkomulag. Það er ástæða til þess að gagnrýna þessa gerð og ég óska eindregið eftir því að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því á hv. Alþingi, á hvaða lagagrunni hann byggir þessa ákvörðun sína.

[17:54]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er alveg rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það er engin lagaskylda á sveitarfélögum að greiða fyrir úrlausn í húsnæðismálum af því tagi sem hér er verið að fjalla um. Hafrannsóknastofnun og starfsmanni hennar hafði ekki tekist að finna lausn á þessum húsnæðisvanda. Kaupstaðurinn sem í hlut á bauðst þá til þess að greiða fyrir því og það tókst ekki heldur. Það liggur fyrir að sjútvrn. féllst ekki á tilflutninginn fyrr en þær tilraunir höfðu verið reyndar algjörlega til þrautar. Þá fyrst var á það fallist, þannig að ég vísa algjörlega á bug óeðlilegum vinnubrögðum af hálfu ráðuneytisins í þessu efni. Það sem fyrst og fremst vakti fyrir því var það að þessi rannsóknarstarfsemi gæti farið fram á Snæfellsnesi og að ekki kæmi til þess að hún félli niður eins og gerðist á árunum 1988–1990.

Um lagagrundvöllinn er það að segja að hann er alveg skýr. Hv. þm. vitnaði sjálfur í þá lagagrein sem um þetta fjallar og kveðið er á um það að Hafrannsóknastofnun geti starfrækt útibú samkvæmt ákvörðun ráðherra og Alþingis að fengnum tillögum forstjóra stofnunarinnar og stjórnar. Það hefur verið litið svo á að samþykki ráðherra og Alþingis lúti fyrst og fremst að því að heimila fjárveitingu í þessu skyni og fjármunum sé varið til þess að starfrækja útibú en Alþingi hefur ekki tekið sjálfstæðar ákvarðanir um staðsetningu. Hér er heldur ekki verið að hverfa frá upphaflegri staðsetningu útibúsins til lengri tíma, það er verið að gera bráðabirgðaráðstöfun til skamms tíma vegna húsnæðisörðugleika en ekki að taka endanlega ákvörðun um flutning á útibúinu. Ég tel að ákvörðunin sem Hafrannsóknastofnun tók og ráðuneytið samþykkti sé í fullu samræmi við gildandi lög.

[17:56]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar umræðu og fsp. sem hér er til umfjöllunar vil ég segja það að þetta hefur verið afar óþægilegt mál vægast sagt. Þingmenn Vesturl. hafa skrifað Hafrannsóknastofnun og lagt á það ríka áherslu að á þessu máli verði fundin lausn en þó þannig að á meðan á þessu stendur og ekki hefur verið fundin lausn á húsnæðisaðstöðu fyrir starfsmanninn þá væri það tryggt að sú starfsaðstaða sem er í Ólafsvík verði fyrir hendi þannig að Hafrannsóknastofnun hafi þar aðgang að húsnæði og aðstöðu fyrir sína starfsmenn þrátt fyrir það að útibússtjórinn sé búsettur á öðrum stað.

Þetta vildi ég að kæmi fram í þessari umræðu og

við þingmenn Vesturlands leggjum á það ríka áherslu að sú verði niðurstaðan.

[17:57]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég brást nú þannig við áðan þegar ég ætlaði að fara að gera athugasemd að nota orðalag sem okkur var tamt og hefur verið tamt um áratugi þegar við teljum þörf á að gera athugasemd varðandi það sem fram fer á fundi, stjórn fundar, að kalla það umræðu um þingsköp. Þessu mun hafa verið breytt núna í byrjun þings með breytingum á þingskapalögum og er nú kallað um fundarstjórn forseta. Ég vænti að hæstv. sjútvrh. doki við á meðan ég ber fram smá athugasemd sem tengist meira hans þátttöku í umræðu áðan en stjórn forseta en það kom mér á óvart að forseti meinaði mér máls til þess að bera fram þessa athugasemd. Það sem hér gerðist í umræðu var það að eftir að ég hafði borið fram í fyrirspurnatíma athugasemd svo sem þingsköp leyfa fyrir þingmann að koma einu sinni í ræðustól til að koma að stuttri athugasemd, þá kemur ráðherrann að því búnu í ræðustól og fer að leggja merkingar í orð og snúa við því sem ég hafði mælt án þess að mér gæfist kostur á að bregðast við því nema með frammíkalli, sem ég reyndar kom á framfæri, vegna þess að mér ofbauð. Ég ætla ekki að fara að ræða það efnislega, virðulegur forseti, það er ekki málið, en ég varð satt að segja mjög undrandi á hæstv. sjútvrh. að fara að nota tíma sinn með þeim hætti sem hann gerði þegar þingmaður hefur ekki kost á því heldur að koma við andsvari við hans mál undir fyrirspurninni.

Ég tel mjög miður að svona sé gert í þessu formi þegar þingmaður hefur aðeins þann kost, almennur þingmaður sem ekki ber fram fsp., að koma með stutta athugasemd í eina mínútu og að þá skuli það vera nýtt með þeim hætti sem hér kom fram og þingmenn geta kynnt sér þegar þeir fara yfir umræður.

[18:00]

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill gjarnan taka fram að eins og fram kom í máli hv. ræðumanns þá hefur þingsköpum verið breytt og aflagt að fjalla um þingsköp með sama hætti og gert hefur verið á undanförnum þingum. Miðað við hans athugasemd hér í ræðustóli hefði verið réttara fyrir hann að biðja um orðið til þess að bera af sér sakir og hefði það umsvifalaust verið leyft en hann hefur komið sinni athugasemd á framfæri og ekkert frekar við það að athuga.

Út af dagskrá voru tekin 2.–4., 6., 11., 13., 14. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 18.01.

---

37. FUNDUR

þriðjudaginn 16. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegalög, stjfrv., 119. mál, þskj. 124. — Frh. 1. umr.
2. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 215. — 1. umr.
3. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 120. mál, þskj. 125. — 1. umr.
4. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221. — 1. umr.
5. Sjómannalög, frv., 82. mál, þskj. 85. — 1. umr.
6. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90. — Fyrri umr.
7. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 223. — 1. umr.
8. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 100. mál, þskj. 103. — 1. umr.
9. Hlutafélög, frv., 138. mál, þskj. 153. — 1. umr.
10. Erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, þáltill., 157. mál, þskj. 175. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Útbýting þingskjala:

Friðunaraðgerðir á karfa, 213. mál, fsp. EKG, þskj. 238.

Sveðalokanir, 212. mál, fsp. EKG, þskj. 237.

Útboð í landpóstaþjónustu, 214. mál, fsp. JVK, þskj. 239.

Vegalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 124.

[13:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs vegna orða sem féllu í umræðum um vegalög fyrir nokkru síðan af hálfu hæstv. samgrh. Ég hafði ekki blandað mér í þessa umræðu og hef í sjálfu sér ekki hugsað mér að bæta miklu við þá umfjöllun um vegalögin sem fram hafði farið á tveimur fundum. En svo fór að lokum að ég sá mig knúinn til að kveðja mér hljóðs vegna þess að hæstv. samgrh. fjallaði á þann hátt um eitt tiltekið mál sem vegalögunum tengist, að ég get undir engum kringumstæðum látið því ósvarað. Hér á ég við endurtekin ummæli hæstv. samgrh. varðandi ákvarðanatöku og rekstrarkostnað ferjunnar Herjólfs.

Strax þegar 1. umr. hófst um málið lét hæstv. samgrh. að vísu nokkuð gamalkunn ummæli falla um þennan ferjurekstur. (Gripið fram í.) En nú er það ekki mitt að gæta hæstv. samgrh., hv. þm. Páll Pétursson. En það er út af fyrir sig þörf ábending að hæstv. sam-

göngurâðherrann ætti að halda sig í þingsalnum þegar þessi mál eru til umræðu. — Veit forseti hvernig ferðum samgrh. er háttað í hliðarsölum? Hæstv. samgrh. er eins og stundum áður ókyrr undir umræðum. (**Forseti:** Hæstv. ráðherra gengur í salinn.)

Hæstv. samgrh. sagði við upphaf 1. umr. — nú er hæstv. samgrh. genginn aftur úr salnum, hann fékk sér göngutúr þvert í gegnum salinn og út hinum megin, hæstv. forseti. Það er því spurning hvort við eigum ekki að gera hlé á meðan hæstv. samgrh. þjálfar sig. Hann hefur sennilega ekki komist í líkamsræktina í morgun og á eftir að trimma.

Þegar hæstv. ráðherra nefndi upphæðir í sambandi við stofnkostnað og rekstrarkostnað ferja sem væri að vaxa í 500–600 millj. er það, eins og hæstv. ráðherra sagði, með leyfi forseta: „auðvitað feiknalegt fé og sýnir að ekki hefur verið stigið nógu gætilega til jarðar í þeim efnum."

Þá minnti hæstv. ráðherra á tillögu hv. þm. Árna Johnsens og sjálfs sín um að kanna möguleikana á að leggja jarðgöng til Vestmannaeyja, en taldi að það ætti langt í land. Það voru óbreytt orð hæstv. ráðherra.

Í andsvari á sama fundi sagði hæstv. samgrh., með leyfi forseta: „Hæstv. forseti. Ef það hefði verið tæknilega mögulegt að leggja jarðgöng til Vestmannaeyja þá hefði það ekki orðið dýrari kostur hlutfallslega en sá að kaupa Herjólf eins og að því var staðið."

Og enn hélt hæstv. samgrh. áfram og minnti aftur á þáltill. sína og hv. þm. Árna Johnsens um að athuga jarðgangagerð til Vestmannaeyja, en endurtók að hún ætti langt í land. Og enn í andsvari við ræðu hv. þm. Guðna Ágústssonar, ef ég man rétt, sagði hæstv. ráðherra: „Ef það hefði verið tæknilega mögulegt að leggja jarðgöng til Vestmannaeyja þá hefði það ekki orðið dýrari kostur hlutfallslega en sá að kaupa Herjólf eins og að því var staðið. Ég stend við þessi orð," sagði hæstv. samgrh. og bætti svo við: „Gallinn er bara sá að það er ekki tæknilega mögulegt að sprengja jarðgöng til Vestmannaeyja, það er gallinn. En við getum rétt ímyndað okkur hvort ekki hefði verið hagræði af slíku. Þetta er akademísk spurning. Við getum deilt um það á þinginu, en við getum líka gert það að gamni okkar yfir kaffibolla niðri sem er kannski viðkunnanlegra."

Og enn hélt hæstv. samgrh. áfram í andsvörum og svaraði þá hv. þm. Guðna Ágústssyni sem taldi sig ekki enn hafa fengið botn í málflutning ráðherrans varðandi Herjólf og lái honum hver sem vill. Þá sagði hæstv. samgrh.: „Í öðru lagi það sem hann [þ.e. hv. þm. Guðni Ágústsson] sagði um Herjólf var enn útúrsnúningur. Hitt er auðvitað reginhneyksli þegar menn skrifa undir smíðasamning eins og Herjólfs tveim eða þrem dögum fyrir kosningar."

Það er nú svo, hæstv. forseti, að ég er eins og sjálfsagt fleiri, ég vænti stjórnendur fyrirtækisins Herjólfs og byggðalagsins í Vestmannaeyjum, að verða heldur leiður á þessum rógi hæstv. samgrh. um þetta mál. Það hlýtur að vera hvimleitt, svo ekki sé meira sagt, fyrir stjórnendur þessa fyrirtækis og íbúa þessa byggðarlags og í raun og veru alla þá sem að þessu máli hafa komið, að hafa æðsta yfirvald samgöngumála í landinu í þeim ham sem hæstv. samgrh. er þegar þetta mál ber á góma. Út af fyrir sig er hægt að umbera það en hitt er öllu alvarlegra að mínu mati þegar æðsti yfirmaður samgöngumála í landinu gerir sig sekan um slíkt dómgreindarleysi eins og hæstv. samgrh. gerir í þessu máli.

Staðreyndin er sú að ef menn á annað borð leggja sig eftir því að rýna í staðreyndirnar á bak við orð hæstv. samgrh. og samanburð hans annars vegar á kostnaði við að kaupa og reka fullnægjandi ferju til siglinga milli lands og Eyja og hins vegar þann að gera jarðgöng þá opinberar það slíkt hyldýpi í fáfræði um þessi mál að það er ákaflega erfitt undir því að sitja.

Lítum um sinn fram hjá þeirri staðreynd að á leiðinni milli lands og Eyja er bæði hætta á eldvirkni og miklu misgengi þannig að jarðfræðingar hafa fljótt á litið talið það afar ólíklegan kost að yfir höfuð væri raunhæft að reikna þar með jarðgangagerð. En sleppum því og reynum að átta okkur á því hve mikið vit er í þeim orðum sem hæstv. ráðherra segist ætla að standa við. Gefum okkur að jarðlög á milli lands og Eyja séu ekki óhagstæðari en þau sem eru undir Hvalfjörð. Þá blasa staðreyndir málsins við með eftirfarandi hætti: Stysta leið milli lands og Eyja er 10 km og ef valin yrði sú aðferð, sem er þekkt og kunn og kostnaður þekktur á, að steypa stokk á botninum, þá mætti út af fyrir sig komast af með göng í formi steinsteypts stokks á botni sjávarins sem væru lítið lengri en þessi stysta leið eða 10–10,5 km vegna þess að þá væri auðvitað landtakan við sjávarmál báðum megin. Kostnaður við slíkan stokk yrði 20 milljarðar kr. samkvæmt nýjustu kostnaðartölum sem Vegagerðin hefur undir höndum. Hefðbundin jarðgöng yrðu hins vegar að fara talsvert niður fyrir 100 m dýpi til að vera í föstu bergi með nægjanlega mikilli þekju og vegna þess að nauðsynlegt er að hafa hóflegan halla á göngunum yrðu þau að vera um 15 km löng til þess að leysa þær jarðfræðilegu aðstæður og dýpi og annað sem þarna er fyrir hendi. Kostnaður við slík göng yrðu 12–13 milljarðar kr. Hér nota ég sama einingarverð og gengið er út frá í jarðgangagerðinni undir Hvalfjörð og þetta eru tölur með virðisaukaskatti. Rekstrarkostnaður slíkra ganga er áætlaður 8 millj. kr. á ári á km eða 120 millj. á þessi 15 km göng. Þannig að tölurnar eru svona, hæstv. samgrh. og hv. þingmenn. Stofnkostnaðurinn yrði 12–13 milljarðar kr. og er þá alls ekki gert ráð fyrir neinum frávikum vegna erfiðleika í jarðfræðilegum aðstæðum eða öðru og rekstrarkostnaðurinn 120 millj.

Þetta leyfir hæstv. samgrh. sér að segja að væri hagstæðara ef það hefði verið tæknilega mögulegt heldur en að kaupa ferju fyrir rúmlega milljarð kr. eða 1.200 millj. og reka hana. Þetta er auðvitað svo fjarstæðukenndur samanburður og málflutningur hjá hæstv. ráðherra að engu tali tekur. Ég held að það sé ekki hægt að ljúka þessari umræðu eftir þau stóru orð sem hér féllu og hæstv. ráðherra hafði forgöngu um, án þess að lýsa aðeins inn í þetta mál. Ef við gefum okkur að nýtískulegt og vel búið skip af því tagi sem núverandi Herjólfur er, eigi að geta enst í a.m.k. 30 ár án veru-

legra endurbóta með góðu viðhaldi, þá ætti ekki að þurfa að reikna með að til endurnýjunar þyrfti að koma nema þrisvar sinnum á öld. Það væri samt innan við þriðjungur af stofnkostnaði jarðganganna, hæstv. ráðherra. Það að endurnýja Herjólf og reka hann í heila öld, hvað stofnkostnað snertir, er minna en þriðjungur af stofnkostnaði jarðganga. Staðreyndin er líka sú að rekstrarkostnaðurinn, þ.e. að minnsta kosti sá hlutinn sem þarf að vera í formi styrkja til þess að þjónustan geti verið á viðráðanlegu verði, er síst hærri tala heldur en óhjákvæmilegur rekstrarkostnaður neðansjávarganga af þessari vegalengd. Það þekkja auðvitað allir að þar þarf til að koma bæði umtalsverð orkunotkun vegna loftræstingar og dælingar og lýsingar og ýmiss konar rekstrarkostnaður annar fellur til af þessari stærðargráðu sem ég nefndi áðan.

Ég vísa þessum samanburði og stóryrðum hæstv. samgrh. á bug, þau eru fjarstæða. Það er rétt að hv. alþm. geri sér grein fyrir því að þó svo að rekstur ferjusamgangna af þessu tagi sé vissulega dýr, þá er og verður alltaf dýrt að halda uppi samgöngum til eyja eins og Vestmannaeyja. Við sjáum bæði innan lands og í nágrannalöndunum að það kallar yfirleitt óhjákvæmilega á talsverðan stuðning hins opinbera að halda uppi samgöngum við slíkar aðstæður. En ég hélt að það væri sæmilega samstaða um að gera það. Þá er alveg augljóst mál að það er slíkt stórvirki að ráðast í neðansjávarjarðgangagerð af þessu tagi að það er alveg furðulegt að hæstv. ráðherra skuli hafa uppi, mér liggur við að segja þvælu af því tagi sem hann gerði í umræðunum um daginn. Látum vera þó að menn svona meira til gamans, eins og ég held að hafi almennt verið talið, flytji þáltill. af því tagi sem hv. þm. Árni Johnsen og hæstv. núv. samgrh. gerðu á sínum tíma. Menn glottu út í annað þegar hv. þáv. varaþingmaður Árni Johnsen ruddist hér inn á þing og flutti sex þáltill. sama morguninn og hann birtist, ég leyfi mér að segja misgáfulegar, hæstv. forseti. En mönnum fannst það svo sem allt í lagi og örlög þeirra tillagna urðu auðvitað eins og margra fleiri slíkra skjala, þær rykféllu á botni skúffu í einhverri nefnd. En það er öllu alvarlegra þegar hæstv. ráðherra úr ræðustóli kemur með fullyrðingar af því tagi sem hann gerði í umræðunum á dögunum.

Ég vona, hæstv. forseti, að þær tölur sem ég hef hér farið með og sá samanburður sem ég hef gert og ég þori að leggja undir skoðun hjá hverjum sem er, sýni það og sanni svo ekki verður um villst að auðvitað var það á allan hátt nærtækari, einfaldari og ódýrari og viðráðanlegri kostur að ráðast í endurnýjun ferju eins og gert var á sínum tíma og í raun og veru um ósambærilega hluti að ræða. Ætli það sé nú ekki svo að hv. alþm. hafi líka heyrt t.d. hvernig það hefur staðið í milljónaþjóðunum að gera neðansjávargöng undir Ermasund og er það þó ólíku saman að jafna, fjárhagslegu bolmagni þeirra aðila sem að því standa og umferðinni sem um þau á að fara. En það ævintýri hefur orðið mönnum býsna þungt í skauti eins og kunnugt er. Það er almennt viðurkennt að mannvirkjagerð af þessu tagi sæti mikilli óvissu og áætlanagerð er erfið, jafnvel þó að lagt sé í umfangsmiklar og dýrar undirbúningsrannsóknir.

Hæstv. forseti. Ég vil segja aðeins örfá orð í viðbót um aðdraganda þeirrar ákvörðunar að endurnýja Vestmannaeyjaferjuna Herjólf, sem satt best að segja er með ólíkindum hvernig hæstv. samgrh. leyfir sér að fjalla um. Staðreyndin er sú að það mál var búið að vera lengi á dagskrá og var búið að lenda í miklum hrakningum. Það hafði eðlilega verið lagður mikill þrýstingur af hálfu forsvarsmanna viðkomandi byggðarlags og viðkomandi fyrirtækis á að unnt væri að ráðast í endurnýjun á gamla Herjólfi sem var orðinn gjörsamlega ófullnægjandi til að gegna því hlutverki sem hann átti að gera, þó ekki hefði komið annað til en öryggiskröfur sem hafa stóraukist á síðustu árum vegna tíðra slysa sem orðið hafa í ferjurekstri. Það skip var líka þegar í byrjun ekki nægjanlega vel hannað og samræmdist engan veginn þeim kröfum sem menn gera í dag um bílaflutningaferjur og fólksflutningaferjur. Síðan var auðvitað unnið að þessu máli af krafti í tíð fyrri ríkisstjórnar. Málið var loksins tekið föstum tökum og þeim skollaleik hætt sem viðgengist hafði áður að boða það á hverju ári að nú væri ákvörðunar að vænta í þessu en tefja það svo og drepa því á dreif ár eftir ár eftir ár, sem hafði orðið hlutskipti Herjólfsmálsins í tíð fyrri ríkisstjórna, m.a. undir forustu Sjálfstfl. Nú var þetta mál loksins sett í eðlilegan farveg. Markaður fyrir notuð skip var kannaður til fulls og þegar hann reyndist ekki henta þá var með eðlilegum hætti unnið að hönnun og útboði á nýsmíði. Að sjálfsögðu var sá undirbúningur settur af stað löngu fyrir kosningar og tilviljun réð því að þannig var komið eftir útboð og samningagerð við lægstbjóðendur að smíðasamningur var tilbúinn til undirritunar á útmánuðum 1991.

Hæstv. ráðherra stillir því hins vegar upp sem hneyksli og pólitískri spillingu eða guð má vita hvað, að menn skyldu leyfa sér að klára málið þegar það var komið á það stig undirbúnings að það var tilbúið til undirritunar. Ég hafna þessu. Ég vísa þessu frá. Eða er það t.d. þannig að hæstv. núv. samgrh. ætli sér ekki að gera neitt, ekki taka neinar ákvarðanir síðustu mánuðina fyrir næstu alþingiskosningar? Ég segi þá eins og hv. fyrrv. formaður Sjálfstfl. Bjarni Benediktsson á að hafa sagt: Má þá treysta því? Má þá treysta því að hæstv. núv. samgrh. hlífi okkur við öllum ákvörðunum síðustu mánuðina sem hann situr í embætti?

Í raun og veru er hæstv. samgrh. með sínum málflutningi að segja að stjórnvöldum sé óleyfilegt að taka nokkrar bindandi ákvarðanir sem máli skipta síðustu dagana eða mánuðina sem þau sitja í störfum fyrir kosningar. Auðvitað gengur svona hugsunarháttur ekki upp. Auðvitað verður stjórnsýslan og framkvæmdarvaldið að geta starfað með eðlilegum hætti hvernig sem stendur á almanaksárinu, hvort sem kosningar eru nær eða fjær. Allt annað er fjarstæða.

Ég tel að það hafi á allan hátt verið staðið eðlilega að undirbúningi og ákvarðanatöku í þessu máli, þ.e. eftir að það komst í farveg í tíð fyrri ríkisstjórnar, hafandi lent í mikilli útideyfu þar á undan. Ég tel að

hæstv. samgrh. þurfi að gera betur ef hann ætlar að rökstyðja fullyrðingar sínar um annað heldur en að færa þær fram í stóryrðum einum, eins og hann hefur gert. Svo undrar það mig satt best að segja að hæstv. ráðherra skuli vekja þennan draug upp endurtekið og ítrekað með þeim hætti sem hann hefur gert. Það stendur að vísu þannig á í þessum ferjurekstri og þessum ferjumálum að það var mikið gert á síðasta kjörtímabili eða í tíð fyrri ríkisstjórnar á árunum þar á undan. Og það liggur þannig, ef farið er yfir þau mál, að þá hefur átt sér stað á ákveðnu tiltölulega þröngu árabili gagnger endurnýjun á svo til öllum ferjuflota landsins. Það er sem sagt búið að endurnýja í raun allar helstu ferjur og flóabáta fyrir utan eitt skip, Akraborgina. Þessi endurnýjun hófst með ákvörðun um smíði Baldurs í tíð ríkisstjórnar Framsfl. og Sjálfstfl. og það má segja að henni hafi lokið með komu nýja Herjólfs sumarið 1992. Í millitíðinni voru keypt notuð skip til að halda uppi ferjusiglingum bæði á Eyjafirði og á Ísafjarðardjúpi. Auðvitað liggur það í hlutarins eðli að stofnkostnaðurinn og afskriftir vegna hans vaxa þá á ákveðnu árabili í framhaldinu, en það er líka búið að gera mikið átak í þessum efnum. Ætli það sé ekki svo að íbúar í Vestmannaeyjum, við Breiðafjörð, við Ísafjarðardjúp og við Eyjafjörð kunni að meta það sem þarna hefur verið gert. Og að fjalla um þessi mál með þeim hætti að þarna hafi átt sér stað einhver bein sóun á peningum, þessum peningum hafi verið kastað á glæ er auðvitað alveg furðulegur málflutningur. En það finnst mér stundum liggja í orðum hæstv. samgrh.

Það er engin speki, það eru engin ný sannindi að auðvitað kallaði þetta átak í endurnýjum ferjuflotans á aukin fjárframlög í kjölfarið. Það var alltaf með því reiknað og af því vitað. Hitt er svo annað mál að hæstv. samgrh. skyldi ekki standa betur í ístaðinu en svo að Vegagerðin varð að yfirtaka þennan málaflokk án þess að fá það bætt í formi aukinna tekna. Það er auðvitað þar sem hæstv. samgrh. bilaði. Því áður hafði ríkissjóður staðið undir þessum útgjöldum með almennum skatttekjum. En með því að færa þetta yfir á Vegagerðina nú án þess að breikka tekjugrundvöll hennar er verið að skerða ráðstöfunarfé til vegamála varanlega. Hæstv. samgrh., það þýðir ekkert að reyna að snúa sig út úr því.

Ég vona að mér hafi tekist að einhverju leyti að svara þessu þó út af fyrir sig sé það nú að verða heldur leiðinlegt að þurfa að standa í þessu orðaskaki við hæstv. samgrh. Það ætti alveg eins að standa öðrum nær en mér. Ég spyr t.d. hv. þm. Suðurl., og þá t.d. hv. þm. Sjálfstfl.: Eru þau sammála þessum uppstillingum á málinu sem hæstv. samgrh. hefur hér fram að færa? Finnst hv. þm. Eggerti Haukdal og þeim hv. þm. öðrum sem hér eru, sér sæmandi að sitja þegjandi undir árásum hæstv. samgrh. á Herjólf og ákvörðunartöku í því máli? Er sú þögn sama og samþykki, hv. þm. Eggert Haukdal? Það væri ástæða til að hv. þm. kæmi hér upp og útskýrði það. Er hann sammála hæstv. samgrh.? Kempan Árni Johnsen hafði sig nú í það að snúa við blaðinu og taka upp harðsvíraða vörn fyrir Herjólf sem hann hafði í blaðagrein nokkrum mánuðum áður dæmt ónýtan þegar honum ofbuðu árásir hæstv. samgrh. á skipið og þá aðila sem stóðu að ákvörðunartöku um endurnýjun þess. Ég vænti þess ekki að hv. þm. Eggert Haukdal sé sáttur við það að Árni Johnsen hafi einn uppi málsvörn af hálfu þingmanna Suðurl. í þessu efni. (**EH:** Ef þú ert að tala um varnir fyrir hv. flokksbræður þína þá verður það ...) Ég geri það þegar mér þykir það rétt og skylt, hv. þm.

[13:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Svo var hv. þm. aðþrengdur eftir sinn málatilbúnað allan að hann leitaði ásjár hjá þingmanni Sjálfstfl. á Suðurl. og var kannski ekki að furða eins og málstaðurinn er.

Sannleikurinn í þessu máli er sá að stofnstyrkir til flóabáta samkvæmt fjárlögum á árinu 1991 eru 1 millj. til Mjóafjarðarbáts, en 6 millj. til Eyjafjarðarferju. Á því ári varð að taka inn aukafjárveitingu þannig að heildarstofnkostnaður á þessu ári varð 71,9 millj. kr. vegna ákvarðana sem höfðu verið teknar á meðan hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon var samgrh.

Stofnstyrkir til flóabáta voru eins og ég hef áður rakið hér 1987 2,4 millj. kr., 1988 1,1 millj. kr., 1989 2,1 millj. kr., 1990 8,4 millj. kr. og samkvæmt tillögum síðustu ríkisstjórnar 7 millj. kr. á árinu 1991, en þar varð að biðja um verulega aukafjárveitingu. Stofnstyrkir á sl. ári voru 119,5 millj. kr. Ég er ekki með töluna hér en á næsta ári má gera ráð fyrir því að styrkir og rekstrarframlög til ferja verði 560 millj. kr. Heildarskuldir, heildarlánveitingar vegna ferjukaupa voru í árslok 1992 2,4 milljarðar kr., höfðu verið á árinu 1980 285 millj. kr. Þannig að það var heldur betur búið að bæta við. Þó svo mönnum hafi tekist að skrifa undir ferjusamningana þann síðasta þrem dögum fyrir kosningar þá kom það ekki í hlut síðustu ríkisstjórnar né síðasta samgrh. að sjá til þess að þessar skuldir séu greiddar.

[13:55]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur auðvitað fyrir og er þegar margreynt að það er ekki hægt að ræða málefnalega við núv. hæstv. samgrh. um þessi mál. Hann fer alltaf í sama farið, þylur hér upp tölur og gerir allt saman mjög tortryggilegt en forðast að svara því sem spurt er um eða ræða efnislega um málið.

Hæstv. samgrh. ætti að vita, af því að hann er þingvanur maður, að fjármögnun á byggingartíma Herjólfs var með nákvæmlega sama hætti og áður hafði tíðkast í tíð margra fyrri ríkisstjórna þegar endurnýjuð voru skip eða byggð, og næsta dæmi og nærtækast þar við er frá byggingartíma Baldurs, sem tekin var ákvörðun um af ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. og þáv. hæstv. samgrh., Matthías Bjarnason, mun væntanlega hafa skrifað undir smíðasamning þar um. Fjármögnunin á byggingartíma var með sama hætti. Það voru veittar heimildir til lántöku vegna smíðanna á lánsfjárlögum viðkomandi ára og síðan var þeim byggingarlánum breytt eftir að skipin höfðu verið byggð og voru komin í rekstur.

Þessi háttur hefur yfirleitt verið hafður á þegar um

sambærilegar ráðstafanir hefur verið að ræða af hálfu ríkisins. Þegar fyrri ríkisstjórn, þ.e. ríkisstjórn Sjálfstfl. undir forustu Þorsteins Pálssonar, þóttist vera að undirbúa endurnýjun á Herjólfi þá setti hún á lánsfjárlög einmitt lánsheimild til að hefja annaðhvort smíði á eða kaupa notað skip. Síðan var reiknað með að þeirri lánsheimild yrði breytt yfir í lagtímalán og svo kæmu til stofnframlög eða fjárveitingar í kjölfarið á því að skipið hefði verið byggt. Þannig að hér átti að standa að og málið var undirbúið með nákvæmlega sama hætti og gert hafði verið.

Það var síðan athyglisvert að hæstv. samgrh. reyndi ekki að standa við stóru orðin um að það hefði verið vænlegra og ódýrara að byggja 12–13 milljarða kr. neðansjávarjarðgöng og reka þau fyrir 120 millj. kr. á ári heldur en að endurnýja Herjólf. Ég lít svo á að hæstv. samgrh. sé búinn að viðurkenna mistök sín í því efni.

[13:57]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki nóg með að það sé búið að binda ríkissjóði bagga sem eru 530–560 millj. kr. á ári nú hin næstu ár heldur til viðbótar, út af því sem hv. þm. sagði, skal ég minna á að með undirskriftinni á Herjólfi var farið fram úr þeim lántökuheimildum sem Alþingi hafði veitt. Ég vil enn fremur minna á að kostnaður við þær framkvæmdir sem óhjákvæmilegar voru í Þorlákshöfn og Vestmannaeyjum voru áætlaðar um 250 millj. kr. á árinu 1992 og samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar sem er skrifuð í febrúar 1993 stendur: „og skiptist hann þannig að 156 millj. kr. eru vegna Þorlákshafnar og 95 millj. kr. vegna Vestmannaeyjahafnar".

Þegar ég tók þessi mál upp gagnrýndi ég að Alþingi skyldi standa þannig að málum að fara í fjárfestingu af þessu tagi án þess að leggja samtímis til fjármagn af fjárlögum til að standa undir endurnýjuninni, þannig að peningarnir kæmu ekki allir eftir á og þingmenn yrðu samtímis að horfast í augu við það að það væru ekki ótakmarkaðir peningar sem við hefðum yfir að ráða. Það var á þessum grundvelli sem ég tók málið upp og í því fólst ekki nein aðdróttun að hv. þm. Hins vegar er það svo ef talað er um þessa þungu pinkla sem við berum vegna ferjubátana þá er eins og komið sé við viðkvæman streng í sálum sumra og þá verður bara að hafa það. Það er óhjákvæmilegt að koma einstaka sinnum að því þegar við sitjum uppi með fastan útgjaldapóst sem er yfir hálfur milljarður kr. á ári og ríkisstjórnin getur ekkert við því gert.

[13:59]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað afarlítið upplýsandi þegar hæstv. ráðherra endurtekið velur þá aðferð að slengja hér saman öllu, annars vegar rekstrarstyrkjum sem viðgengist hafa um áratuga skeið og hafa verið af umtalsverðri stærðargráðu og hins vegar tímabundið auknum stofnkostnaði vegna þess að ráðist hefur verið í gagngera endurnýjun ferjuflotans í landinu. En staðreyndin er bara sú að þetta skilur allur almenningur og allir þingmenn. Það liggur alveg í hlutarins eðli að þessi stofnkostnaður hlaut að vaxa tímabundið og verða mikill um nokkurra ára skeið í kjölfarið á þessu átaki. En er það ekki nokkurs virði að fá inn í landið og í rekstur skip sem er jafnmyndarlegt og vel búið og getur jafnvel leyst sitt hlutverk af hendi og Herjólfur nú og vonandi næstu þrjátíu árin með farsælum hætti?

Hæstv. samgrh. horfir algjörlega fram hjá þeirri staðreynd að hér er um varanlega fjárfestingu að ræða til að halda uppi samgöngum á mjög mikilvægri samgönguleið, eða hvað? Ber að skilja endurteknar ræður hæstv. samgrh. svo að hann sé á móti þessum samgöngum til Vestmannaeyja? Hann telji Herjólf of gott skip fyrir Vestmannaeyinga? Ég held að hæstv. samgrh. ætti að vera maður til að koma hérna upp og segja það. Segja það að hann telji að Vestmannaeyingum hefði verið það rétt mátulegt að hafa bara sinn gamla kopp enn þá áfram með einni skitinni vél og þeim öryggisbúnaði sem þar var um borð. Eða hver er afstaða hæstv. samgrh. í þessu efni? Það er engin speki að koma hér upp og leggja saman þessar tölur og segja að þetta séu miklir peningar. Auðvitað eru þetta miklir peningar. En það hefur alltaf kostað mikla peninga að halda uppi þessum samgöngum á sjó og það verður það alltaf ef menn ætla að verða menn til þess að búa Vestmannaeyingum, búa Grímseyingum, að búa Breiðfirðingum mannsæmandi samgöngur. Það er greinilega það sem hæstv. núv. samgrh. er ekki. (**Samgrh.:** Má bera af sér sakir?)

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Þingmenn hafa rétt samkvæmt þingsköpum til að bera af sér sakir og þeir verða auðvitað að meta það sjálfir hvort þeir telja það nauðsynlegt. Var hæstv. samgrh. að biðja um orðið til þess að bera af sér sakir eða ... (**Samgrh.:** Ef forseti metur það svo að það sé ástæða til þess.) Forseti getur ekki metið það fyrir þingmanninn. Þingmaðurinn verður að meta það sjálfur. (**ÓÞÞ:** Samgrh. er ekki fleirtala, svo mikið er víst. Það var borið á hann undir það síðasta.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnalög, 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 215.

[14:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um nýja skipan hafnamála. Það var lagt fram á síðasta þingi og hlaut þá afgreiðslu í nefnd.

Ég veit ekki hvort maður á að hætta sér út í að ræða almennt um fjárveitingar til samgöngumála eftir það sem á undan er gengið og yrði þá ugglaust talið að ég væri að misnota aðstöðu mína til að tala um mál sem heyrðu undir síðasta dagskrárlið, ferjumálin. En auðvitað er það svo í samgöngumálum í heild að ef nauð-

synlegt er að leggja óeðlilega mikið til eins þáttar þá bitnar það á öðrum og svo er um ýmislegt í sambandi við hafnamálin að hinir miklu peningar og fjármunir sem fara til ferjumálanna nú hafa sett svip sinn á hafnarframkvæmdir á síðustu árum og valdið því að ýmislegt hefur dregist.

Frv. sem hér liggur fyrir er lagt fram með þeim breytingum sem meiri hluti samgn. lagði til á síðasta þingi og á bls. 17 eru brtt. prentaðar þannig að fljótlegt á að vera að bera saman eða gera sér grein fyrir þeim breytingum sem gerðar hafa verið á frv.

Aðalbreytingarnar í því frá gildandi hafnalögum eru í fyrsta að í 8. gr. frv. er gert ráð fyrir að eigendur hafna geti auk sveitarfélaga einnig verið hlutafélög. Jafnframt er gert ráð fyrir að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. T.d. geti hafnir samkvæmt þessu ákvæði orðið hluthafar í fiskmörkuðum. Þessi breyting er lögð til vegna þess að menn vilja greiða fyrir því að hafnirnar geti komið inn í aðra þætti en snúa að þeim sjálfum í þrengsta skilningi til þess að auka hagkvæmni við flutninga og eins til þess að styrkja þau umsvif sem um hafnirnar fara.

Í öðru lagi er lagt til í 8. gr. að mynduð verði hafnasamlög um rekstur hafna þar sem landfræðleg skilyrði séu fyrir hendi. Í fskj. með frv. eru hugmyndir þeirrar nefndar sem samdi frv. sýndar um það hvernig mætti hugsa sér stofnun þessara hafnasamlaga og hvernig þau hvert fyrir sig mundu koma út fjárhagslega.

Með stofnun hafnasamlaga er stefnt að hagræðingu í nýtingu hafna og framkvæmdum enda gert ráð fyrir að milli þeirra sé almennt gott vegasamband árið um kring. Þannig er ekki gert ráð fyrir að hafnasamlög á Vestfjörðum verði raunhæf fyrr en lokið er gerð jarðganga milli Ísafjarðar, Suðureyrar og Flateyrar. Nefndin telur eðlilegt að ríkisvaldið stuðli að sínu leyti að því að hafnasamlög verði mynduð m.a. með gerð sérstakra framkvæmdaáætlana fyrir hvert einstakt hafnasamlag og betri fyrirgreiðslu varðandi ríkisframlög til framkvæmda en einstakar hafnir innan samlaganna gætu annars vænst.

Um þetta er annars það að segja að stofnað hefur verið hafnasamlag við utanverðan Eyjafjörð, milli Ólafsfjarðar, Dalvíkur og Árskógsstrandar. Það er í deiglunni að stofna hafnasamlag milli hafnanna á Patrekstfirði, Bíldudal og Tálknafirði eftir að vegurinn yfir Hálfdán var lagaður. Jafnframt eru umræður um hafnasamlag á Vestfjörðum hinum nyrðri. Víðar hefur verið rætt um hafnasamlög en auðvitað hefur sú atkvæðagreiðsla sem nú er fram undan um sameiningu sveitarfélaga áhrif á þessar umræður.

Ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs er nú breytt á þann hátt að ýmis ytri mannvirki hljóta 90% ríkisframlag. Ber þar aðallega að nefna hafnargarða (öldubrjóta) og dýpkanir hafna og innsiglinga auk siglingamerkja og sérbúnaðar fyrir ekjuskip og ferjur en þessar framkvæmdir njóta nú 75% ríkisframlags. Í þessum styrkflokki var áður aðeins dýpkun aðalsiglingaleiðar að höfn. Allar aðrar styrkhæfar hafnarframkvæmdir hljóta 60% ríkisstyrk en 40% styrkflokkurinn er felldur niður. Ég hygg að breyting hafi ekki verið um þetta hjá nefndinni. Jafnframt er fellt niður 40% ríkisframlag til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana til löndunar úr smábátum en ríkisframlag til upptökumannvirkja fyrir skip hækkar í 60% stofnkostnaðar.

Í bráðabirgðaákvæði sem lagt var fram með brtt. og er tekið hér inn í frv., segir: „Þrátt fyrir ákvæði 24. og 26. gr. laga þessara skulu ákvæði laga nr. 69/1984, um allt að 40% ríkisframlag til stofnkostnaðar við hafnarvogir, hafnsögubáta og löndunarkrana, gilda til ársloka 1994".

Nefndin telur að þegar á heildina er litið taki ríkissjóður svipaðan þátt í hafnargerðum og verið hefur þrátt fyrir þessar breytingar.

Í frumvarpinu eru ákvæði um 25% álag á vörugjald er renni í Hafnabótasjóð. Þetta er í samræmi við 29.–32. gr. laga nr. 1/1992. Sú breyting er gerð að álagið er látið renna til lán- og styrkveitinga úr sjóðnum en ekki sem framlag ríkisins til almennra hafnarframkvæmda eins og þau lög gerðu ráð fyrir. Miðað við núgildandi gjaldskrá má ætla að tekjur af sérstöku álagi á vörugjald nemi um 125 millj. kr. á ári og með hliðsjón af því er framlag ríkisins nú gert háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Eins og ég sagði fékk þetta frv. mjög ræki lega meðhöndlun á síðasta þingi. Sú hafnaáætlun sem var lögð fram og var lögð til grundvallar við tillögur um fjárlög fyrir næsta ár gerir ráð fyrir að þær breytingar sem í frv. felast nái fram að ganga á þessu ári. Ég vænti þess eins og málið liggur fyrir og eins og að því var staðið á síðasta þingi að nefndin muni hraða störfum og greiða fyrir því að frv. nái fram að ganga nú á haustþinginu.

Það eru ekki efnislegar ástæður til að draga málið vegna þess að allri undirbúningsvinnu og tillögugerð var lokið á sl. vori og menn voru undir það búnir að taka frv. til 2. umr. og afgreiðslu í maímánuði. Hitt þjónar auðvitað ekki tilgangi og mér dettur raunar ekki í hug að samgn. muni óska að standa þannig að málum að endurvinna verkið sem lauk eins og ég sagði á sl. vori því að við viljum auðvitað, bæði meiri hluti og minni hluti, reyna að hafa góð vinnubrögð og gott samstarf í nefndarstörfum og þess vegna veit ég að það verður orðið við þessari hógværu beiðni.

Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

[14:10]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. var að mæla fyrir frv. til hafnalaga ég held í þriðja skipti síðan þessi ríkisstjórn tók við. Ég vildi spyrja hann í framhaldi af þessari framsöguræðu þar sem hann nefndi m.a. að þetta frv. gerði ráð fyrir því að hægt væri að stofna hafnasamlög.

Í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993 segir í kaflanum um samgrn. að það sé óskað eftir 30 millj. kr. framlagi til að flýta hafnarframkvæmdum í Ólafsfirði, en nýlega hafði Ólafsfjörður, Dalvík og Árskógssandur myndað með sér hafnasamlag, samanber ákvæði í frv. til nýrra hafnalaga. Ég vil því spyrja hæstv. ráð-

herra: Geta menn átt von á því að fá 30 millj. kr. auka í hafnarframkvæmdir ef þeir búa til hafnasamlag eða jafnvel eitthvert pappírshafnasamlag? Ég vil einnig spyrja hvort þessar framkvæmdir í Ólafsfirði séu hafnar og hvort fleiri hafnasamlög hafi verið stofnuð.

[14:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi hafnasamlagið við utanverðan Eyjafjörð þá heimilaði ég það að framkvæmdir skyldu ganga ögn hraðar en áður hafði verið áætlað þannig að í grófum dráttum mætti gera það á þrem árum sem ella yrði gert á fjórum. Þó er það ekki til fulls til þess að greiða fyrir stofnun hafnasamlagsins.

Þeim er jafnframt kunnugt um það á Vestfjörðum að ef um stofnun hafnasamlags verður þar að ræða, þá mun ég reyna að greiða fyrir því að unnt sé að flýta framkvæmdum, þó innan hafnaáætlunar.

[14:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þá spyrja hvort þessar framkvæmdir í Ólafsfirði séu raunverulega innan hafnaáætlunar.

[14:13]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað rétt að hafnaáætlun hefur ekki verið samþykkt á Alþingi sem er eðlilegt vegna þess að sú hafnaáætlun sem nú liggur fyrir og kunnug er hefur verið lögð fram á hafnaþingi. Ég hygg að sem þskj. miðist hún öðrum þræði við það frv. sem hér liggur fyrir en óhjákvæmilegt er að ákveða lögin áður en hægt er að afgreiða þáltill. Þess vegna hafa ekki staðið efni til þess að samþykkja hafnaáætlun hér á þinginu. Fyrst er að breyta lögunum.

[14:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú svo sem ekki nýtt efni sem er fyrir framan okkur að þessu sinni þó að það sé í ívið breyttu formi þannig að ég mun ekki fjalla um efni frv. að meginstofni til. Ég bendi þó á eitt atriði í því sem er athyglisvert, einkum og sér í lagi vegna þess að það stangast gersamlega á við stefnu ríkisstjórnarinnar í öðru máli. Þar á ég við stofnun hafnasamlaga. Ég vil taka það fram að ég er hlynntur þeirri leið sem frv. gerir ráð fyrir að farin verði um hafnasamlög þannig að ekki er ég í ágreiningi við ráðherra um það en það sem ég bendi á er að stefnan í frv. um hafnasamlög er í fullkominni andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar í málinu „sameining sveitarfélaga". Og það kemur mjög skýrt fram í athugasemdum á bls. 9 með þessu frv. hvernig á að útfæra þetta og einnig í athugasemdum fjármálaskrifstofu á bls. 16, þannig að það er ljóst af þessu frv. að ríkisstjórnin sjálf hefur enga trú á því eða a.m.k. verður að draga þá ályktun af þessu að ríkisstjórnin sjálf hafi enga trú á því að sú stefnumörkun sem hún hefur markað með sameiningu sveitarfélaga og eyðir milljónum króna í blaðaauglýsingar til að reka áróður fyrir nái fram að ganga.

[14:16]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef skilið það svo að hv. þm. telji að ekki verði samþykkt af Bolungarvík að ganga inn í eitt sveitarfélag á norðanverðum Vestfjörðum. Ef hv. þm. er spámaður að þessu leyti þá er þó alltjent opið fyrir Bolvíkinga að stofna hafnasamband með Ísfirðingum samkvæmt frv.

[14:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. samgrh. að það er opin leið og mér finnst það ekki nema sjálfsagt að það sé opin leið, en eitthvað er ráðuneytið ekki alveg trúað á það að sú leið verði farin því að það stendur hér á bls. 9, með leyfi forseta:

„Þannig er ekki gert ráð fyrir að hafnasamlag á Vestfjörðum verði raunhæft fyrr en lokið er gerð jarðganga ..."

[14:17]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Frv. til hafnalaga er nú aftur komið til umræðu. Í frv. felast veigamiklar breytingar á hafnalögum og tel ég að margar þeirra séu mjög til bóta. Spurning er jafnvel um hvort þær eru nægilega róttækar. Ég tel að kominn sé tími til að endurskoða hafnalög mjög róttækt eins og flest annað í þjóðfélaginu. Það er verið að skoða alla hluti mjög nákvæmlega og mér finnst að til þessarar endurskoðunar á hafnalögum mætti kalla fleiri og þá er ég að tala um sjómenn og útvegsmenn ekki hvað síst sveitarstjórnarmenn sem um langan tíma hafa fjallað um þessi mál.

Fyrstu veigamiklu breytingarnar í þessu frv. sem ég tel mjög áhugaverðar eru í 8. gr. eins og kom fram hjá hæstv. samgrh. þar sem gert er ráð fyrir að hafnir geti verið reknar í hlutafélagsformi. Það vakna að vísu mjög margar spurningar við þessa grein frv. og þá fyrst og fremst hvort það sé akkur fyrir fyrirtæki að eignast hlut í höfnum. Og ég spyr mig kannski sérstaklega vegna þess að það hafa verið afar ströng ákvæði af ríkisins hálfu varðandi hafnirnar og þess vegna spyr ég hæstv. samgrh. hvaða akk hann geti séð fyrir fyrirtæki að setja pening til hafnarmannvirkja og hvaða frelsi væri þá í því fólgið fyrir fyrirtæki sem mundi eignast hlut í höfn? Mundi það t.d. fá eitthvað að ráða um breytta framkvæmdaáætlun? Það er eitt sem menn mundu trúlega fyrst spyrja sig að og síðan mundu menn spyrja sig hvort þeir hefðu eitthvað með gjaldskrá hafna að gera. Ég minni á að ekki alls fyrir löngu tóku Vestmanneyingar þá ákvörðun að lækka gjaldskrá sína, vörugjaldskrá sína og ég held að fleiri munu það en ég að það ætlaði allt vitlaust að verða. Það væri ekkert frelsi til þess. Og meira að segja gekk það svo langt að ríkisvaldið hótaði bæjarfélaginu í Vestmannaeyjum að það yrði af framlögum frá ríkissjóði ef það væri bara ekki stillt og prútt og færi eftir því sem því væri sagt. Þess vegna spyr maður sig að því hvaða frelsi er í þessu falið því að menn láta að sjálfsögðu ekki peninga, það lítur vel út, en menn láta sjálfsagt ekki peninga til hafna, hvorki fyrirtæki né einstaklingar nema fá einhverju ráðið.

Þá kemur næsti liður sem er líka mikil grundvallarbreyting. Það er í sambandi við þessi hafnasamlög sem mér finnst vera mjög áhugaverð og ég er viss um að það getur sparað verulega fjármuni að sameina rekstur hafna. Og það er auðvitað hluti þessara heildarhugmynda að sameina sveitarfélög og þrátt fyrir að sveitarfélög verði ekki sameinuð þá tel ég mjög miklar líkur á að það verði hægt að ná verulegri hagræðingu í sambandi við sameiningu hafna. Þar er ég fyrst að hugsa um að hafnirnar geta skipt með sér og að yrði frjálsari aðgangur almennt og menn mundu hugsa öðruvísi í sambandi við framkvæmdir ef þessir hafnir yrðu í ríkari mæli sameinaðar þar sem það á við.

Eins og ég sagði áðan þá tel ég ýmislegt í þessu frv. mjög áhugavert. Það er eitt sem er að vísu ekki nýtt en það verður lögleitt ef þetta frv. verður að lögum. Það er 25% aukavörugjald sem á að renna til hafnabóta í Hafnabótasjóð og verður þá sem lánsfé. Menn hafa mótmælt þessum aukaútgjöldum og þó mönnum hafi ekki verið lofað því hingað til, þá hefur alltaf verið talað um að þessi aukaútgjöld væru til bráðabirgða en hér er nú gert ráð fyrir að þetta verði lögfest.

En það er annað sem vekur athygli þegar maður skoðar hafnir landsins almennt og líka sér í lagi hvaða fjármagn hafnirnar hafa umleikis því það er afskaplega mismunandi. Að sjálfsögðu sker Reykjavíkurhöfn sig algerlega úr, og er það ekki óeðlilegt sökum stærðar sinnar, og Hafnarfjarðarhöfn en ef maður lítur á almennar fiskihafnir og síðan loðnuhafnir þá er sá munur alveg geysilega mikill. Og hvers vegna er það? Hvers vegna er svona mikill munur á almennum fiskihöfnum sem ekki geta tekið til sín loðnu og loðnuhafna? Það er vegna þess sem ég var að ræða á síðasta þingi við hæstv. samgrh. og mér fannst samgrh. hafa mikinn skilning á og er það að menn eru að borga fyrir útflutning á loðnu helmingi meira en fyrir frystar afurðir. Þó svo að þetta hafi batnað, ætla ég að þakka og hrósa hæstv. samgrh. fyrir að hann hefur tekið tillit til þess þó mismunurinn sé enn mikill, enn afar mikill en samgrh. hefur þó í aðgerðum ríkisstjórnarinnar til aðstoðar atvinnulífinu aðeins komið þarna til móts við þetta, þá tek ég sem dæmi að ef útflutningsverðmæti frystitogara er 12 millj., þá greiðir þessi togari til hafnarinnar 50 þús. kr. í hafnargjöld. Ef þetta væri aftur á móti loðnuskip sem væri með 12 millj. kr. útflutningsverðmæti, þá mundi það skip borga yfir 100 þús. kr. Nú geta hæstv. ráðherrar og hv. þingmenn skoðað það hvort er betri afkoma í frystiskipum eða loðnuskipum. Það vita allir að það er betri afkoma á frystiskipum þannig að misræmið er mjög mikið, en misræmið er mest fyrir hafnirnar sjálfar. Og það misræmi er óásættanlegt og þá kann einhver að spyrja: Eigum við þá ekki að hækka þetta á alla? Það er ekki óeðlilegt að það verði spurt að því. Og ég er alveg viss um það að ef það væri reynt, þá mundu þau skip sem hafa möguleika á að sigla með afla gera það alveg örugglega og ekki landa í höfnunum heima. Af því að ég var að tala áðan um að þetta sérstaka vörugjald væri notað til hafnabóta, þá fyndist mér ekkert óeðlilegt að sá munur sem er á gjaldi loðnuskipa og frystiskipa væri notaður til mengunarvarna vegna þess að loðnuverksmiðjurnar hafa enga möguleika til þess að bæta sín mengunarmál með þeim gjöldum sem þær borga. Og það er mín tillaga til hæstv. ráðherra að skoða það.

Eins og ég sagði í upphafi þá tel ég vera mikilvægt að skoða róttækt hafnalög almennt. Svo róttækt, sagði nú einn útgerðaraðili úr Vestmannaeyjum á fundi fiskvinnslustöðva í Stykkishólmi, að hann teldi vera ástæðu til þess að skoða hafnarframkvæmdir sérstaklega með það fyrir augum að stöðva þær um sinn og leggja þá miklu fjármuni sem fara til hafnarframkvæmda í hafrannsóknir sökum þess að það er alltaf minni og minni afli að koma til hafnanna en við framkvæmum alltaf jafnmikið í höfnunum. Spurningin er hvort það mundi ekki gefa okkur meira til lengri tíma litið að leggja meira til hafrannsókna og kannski minna til hafna.

[14:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi loðnuhafnir er það að segja að þær hafnir sem þar eiga helst í hlut töldu sig ekki mega missa þær tekjur sem þær hafa haft, en ég tek undir með hv. þm. að það er vissulega ástæða til þess að fylgjast vel með þeim málum.

Ég vil í annan stað segja út af þeirri hugmynd hvort rétt sé að láta sveitarfélögin ein um hafnarframkvæmdir eftirleiðis og fella niður ríkisstyrkinn og láta hann þess í stað renna til hafnamála að það hefur verið litið svo á að nauðsynlegt sé, vegna mismunandi aðstöðu í mismunandi sveitarfélögum til þess að byggja og halda við höfnum, að ríkið komi þar inn sem jöfnunaraðili.

Á hinn bóginn hefur það verið þannig að fulltrúar þeirra hafna sem best standa og mest umferð er um og hafa mestar tekjur hafa sérstaklega upp á síðkastið talað um að það sé ástæðulaust að ríkið sé að veita fjármagn til hinna hafnanna sem veikast standa. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmilegt og nauðsynlegt að ljúka þeirri uppbyggingu og nauðsynlegu lagfæringum sem fram undan eru í höfnum víðs vegar um landið en það komi síðan til athugunar, hvað eigum við að segja, undir lok aldarinnar, eftir fjögur, sex eða átta ár hvernig standa eigi að þessum málum eftirleiðis. Á flestum stöðum er búið að marka útlínur hafnanna. Víða hafa byggðarlögin orðið fyrir verulegum tjónum vegna ofviðris, t.d. á sl. vetri og það er einfaldlega að minni hyggju óheppilegt að vera með mikil stökk í þessum efnum.

[14:29]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eflaust alveg hárrétt sem kom fram hjá hæstv. samgrh. að hafnirnar mega ekki við að missa neinn spón úr aski sínum og loðnuhafnirnar mega ekki við því. En ég var að benda á það mikla misræmi sem væri milli þessara hafna þar sem er óþolandi. Og ég ætla líka að minna hæstv. ráðherra á að það er svo sérkennilegt að um 70% þessara hafna þar sem loðnu er landað eiga verksmiðjurnar sjálfar. SR á þessar hafnir að meira eða minna leyti þannig að þeir eru að borga í hafnarsjóð þrátt fyrir að verksmiðj-

urnar eigi hafnirnar. Það er því eitt atriði út af fyrir sig sem rétt er að skoða, en það er hárrétt hjá ráðherra að ef engin breyting verður á rekstri hafnanna þá mega þær ekki við að missa þennan spón úr aski sínum. Það er spurning hvort það er hægt að ná meiri hagræðingu en er í dag. Það er það sem ég var að reyna að koma fram með í máli mínu.

En því sem ráðherrann svaraði ekki var það hvort hann trúi því virkilega að þetta hlutafélagsform sem áætlað er í frv. gefi höfnunum meira og hvort hann trúi því virkilega að það komi inn aðilar og leggi fé til hafnanna. Það er mín spurning vegna þess að það er málefni sem er mjög spennandi að íhuga.

[14:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það mun vera í þriðja sinn sem núna er mælt fyrir þessu frv., nánast óbreyttu. Það er óbreytt reyndar. Að vísu fylgja brtt. sem viðauki með frv. eins og það er lagt fram núna en þær brtt. eru að langmestu leyti betrumbætur á orðalagi frv., ættaðar frá formanni nefndarinnar og flestar hinar ágætustu og til réttrar áttar. Það hafa engar breytingar verið gerðar á aðalatriðum frv., þ.e. þeirri stefnumörkun sem þar kemur fram. Og þrátt fyrir að það sé rétt sem hæstv. ráðherra sagði að rækilega hefði verið farið yfir frv. þá segir það ekkert um það að tekið hafi verið tillit til eða tekið mark á athugasemdum og og ábendingum hinna ýmsu aðila sem fjölluðu um frv. og gáfu því umsögn.

Hæstv. ráðherra talaði um að hann tryði því að frv. fengi skjótan framgang í nefndinni vegna þess að það væri búið að vinna þessa vinnu alla. Út af fyrir sig getur það gerst. Ég býst ekki við því að minni hluti nefndarinnar muni reyna að berjast með kjafti og klóm til þess að koma í veg fyrir að frv. fari í gegn. En ég tel fulla ástæðu fyrir hv. alþm. að taka eftir því að þannig hefur verið staðið að framgangi þessa máls að það hefur ekki verið hlstað á mjög skynsamlegar ábendingar og samhljóma fyrirvara og ábendingar um lagfæringar frá hinum ýmsu aðilum sem gáfu umsagnir um þetta frv.

Ég ætla ekki að fara efnislega yfir allt sem við töldum athugavert við frv. og lögðum til breytingar þar á heldur vil ég benda á fáein atriði sem hinir ýmsu aðilar gerðu athugasemdir við. Það má kannski segja að það sem oftast var nefnt og af flestum var gagnrýnt harðlega voru hugmyndirnar í frv. um að hafnir gætu orðið hlutafélög með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv. Nú er út af fyrir sig ekkert athugavert við það að fyrirtæki séu hlutafélög. En það vill nú svo til að í þessu frv. er gert ráð fyrir því að hafnir geti verið hlutafélög, að hafnir geti tekið þátt í öðrum atvinnurekstri og að hafnir geti hlotið framlög frá ríkinu. Samt er í 14. gr. þessa frv. gert ráð fyrir að hafnarsjóðir skuli undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða. Það hefur verið ítrekað bent á að það gangi ekki að hafa þetta með þessum hætti en það hefur ekkert verið á það hlustað.

Samband ísl. sveitarfélaga gerði ýmsar athugasemdir og ég gríp hér niður í hluta af þeim. Það er t.d. lagst gegn því ákvæði sem er í 9. gr. að hafnarstjórn ráði hafnarstjóra. Þar segja menn að engin ástæða sé til að færa það ákvarðanavald úr hendi eigenda hafnanna sem bera alla ábyrgð á rekstri þeirra. Þar er einnig mótmælt lögbindingu sérstaks vörugjalds og það er eitt af því sem nánast allir aðilar sem fjölluðu um málið gerðu. Þeir mótmæltu lögbindingu þessa sérstaka vörugjalds. Það hefur ekkert verið á það hlustað, þetta vörugjald hefur verið lagt á núna síðustu tvö árin og gert er ráð fyrir því að festa það í sessi með þessum lögum.

Hafnasamband sveitarfélaga vísaði umsögnunum til viðkomandi hafna og hinar ýmsu hafnir gerðu athugasemdir og ég ætla að grípa niður í einstaka liði í því, þó mjög fáa. Það væri vissulega ástæða til að fara rækilega yfir þetta mál en ég tel ekki rétt að gera það hér í þinginu, það verður auðvitað gert í nefndinni og það kemur síðan í ljós hvernig framhaldið verður. T.d. segir svo í lokaorðum umsagnar hafnarstjórnar Akureyrar, með leyfi forseta:

„Eins og sést hér að framan þá telur hafnarstjórn Akureyrar ýmislegt mega betur fara í þessu frv. til hafnalaga sem nú liggur fyrir Alþingi. Við væntum þess að menn fari sér hægt í að samþykkja frv. og gefi sér góðan tíma til að ræða það og gefa hagsmunaaðilum kost á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri."

Það komu ýmis sjónarmið á framfæri eftir að þetta bréf var skrifað en það var nákvæmlega ekkert á þau sjónarmið hlustað. T.d. er í umsögn Reykjavíkurhafnar varað við hugmyndunum um hlutafélög eins og þau eru lögð fram í frv. og lagðar fram spurningar um það t.d. hvernig verði farið skattalega með ríkisstyrki til slíkra hafna. Það hafa ekki komið svör við því. Það er spurt: Hlutafélög hljóta að greiða skatta bæði til ríkis og sveitarfélaga. Hvernig fer þetta saman við undanþágur á greiðslu skatta til sveitarsjóða skv. 14. gr.? Hvernig samræmist ríkisstyrkur til hlutafélaganna, sem geta verið í eigu fyrirtækja og einstaklinga, lögum um samkeppni? Er t.d. hægt að setja takmarkandi ákvæði á hlutafélag eins og í 14. gr. að tekjum og eignum megi einungis verja í þágu hafnarinnar? Það er spurt: Getur ráðherra ákveðið gjaldskrá fyrir hlutafélag í eigu ríkis, sveitarfélaga eða annarra? Það er ein af spurningunum. Er það hægt? Getur ráðherra ákveðið þá gjaldskrá? Er það þá fast? Ég spyr hæstv. ráðherra: Telur hann að hann geti ákveðið gjaldskrá fyrir hlutafélag sem yrði um höfn? Almennt er spurning um hvort allt eftirlitskerfi Hafnamálastofnunar geti þá átt við um hlutafélög.

Um hafnasamlög segir í umsögn Reykjavíkurhafnar að í frv. sé gerð sú tillaga til breytingar að í stað eigenda hafna skuli hafnarstjórn ráða hafnarstjóra og í athugasemdum stendur að um smávægilegar orðalagsbreytingar sé að ræða. Óþarfi virðist að með lögum sé höfð sú forsjá með eigendum hafna að þeir ráði ekki hvernig þeir ráða hafnarstjóra. — Þetta er sama athugasemd og frá Akureyrarhöfn. Hún kemur reyndar víðar fram í umsögnum annarra hafnarstjórna.

Þannig úir og grúir af athugasemdum og það eru mótmæli gegn hinum ýmsu breytingum sem gerðar eru í frv. Í sambandi við þær breytingar, þó ég ætli ekki að

fara yfir þær allar sem snúa að kosnaðarþátttöku hins opinbera í hinum einstöku verkefnum við hafnir, þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra að gefnu tilefni: Hvers vegna útskýrði hann ekki fyrir hv. þm. hvaða afstöðu hann hefur til breytingarinnar sem lögð er til á kostnaðarþátttöku í upptökumannvirkjum? Það er gert ráð fyrir því að kostnaður við upptökumannvirki breytist þannig að í staðinn fyrir 40% kostnaðarþátttöku ríkisins verði hún 60%.

Ég hlustaði á hæstv. iðnrh. segja það fyrir nokkrum dögum á fundi hér út í bæ að hann teldi að þetta ætti að koma til endurskoðunar. Og ég man ekki betur en að hann hafi orðað það svo að það væri hans skoðun að hæstv. samgrh. væri sömu skoðunar og hann. Ekki gerði hæstv. ráðherra þó grein fyrir því hér í ræðustólnum áðan að hann hefði skipt um skoðun á því sem stendur í frv. Ég hef áhuga á að hann fræði hv. þm., mig og fleiri, um það hvort von sé á einhvers konar breyttri afstöðu til þessa ákvæðis í lagafrv.

Ég veit ekki hvort það er ástæða til að fara ofan í mikið af þessum athugasemdum. Eins og ég sagði hér áðan munum við taka þær fyrir í samgn. og ræða þær upp á nýtt. Ég tel að það sé full ástæða til þess þrátt fyrir að það hafi verið gert áður vegna þess að ég tel að það hafi ekki verið staðið nægilega vel að þessu máli og það sé full ástæða til að yfirfara aftur sumt af því sem var hafnað síðast vegna þess að ég hef ævinlega verið bjartsýnismaður og trúi því að menn geti vitkast með tímanum og það sé hægt að ræða mál aftur þó því hafi verið hafnað hér á síðustu tveimur þingum að gera breytingar á þeim hugmyndum sem hér eru á ferðinni.

Það segir í umsögn frá bæjarstjóranum og hafnarstjóranum á Akranesi:

„Ákvæði um greiðsluþátttöku ríkissjóðs í framkvæmdum þurfa að vera skýrari og ekki háðar ákvæðum reglugerðar.“ Þar segir: „Eðlilegt verður að teljast að hafnarvogir og lóðsbátar teljist til styrkhæfra framkvæmda.“ Þessi athugasemd kemur víða fram í umsögnum annarra. Þar segir líka: „Ítrekuð eru fyrri mótmæli gegn upptöku sérstaks vörugjalds“, sem eins og ég sagði áðan kemur fram í hverri einustu umsögn og er til mikillar umhugsunar fyrir aðila.

Ég vil þó taka það fram að ég get ekki tekið undir það að hægt sé að hafa það sem stefnu að draga úr framkvæmdum við hafnir að öðru leyti en því sem kemur af sjálfu sér. Framkvæmdir við hafnir eru mjög að dragast saman einfaldlega vegna þess að það hafa verið gífurlega miklar hafnarframkvæmdir á undanförnum árum. Víða eru hafnir komnar í mjög gott ástand. Það er þess vegna ekki ástæða til fjárfestinga í mörgum höfnum allt í kringum landið. En það eru þó til hafnir sem menn verða auðvitað að halda áfram að klára framkvæmdir í sem bæði standa yfir og hefur verið gert ráð fyrir að yrðu gerðar á næstu árum. Ég tek undir með hæstv. ráðherra sem lætur engan bilbug á sér finna í því að þeim framkvæmdum verði haldið áfram.

Ég vil að lokum í þessari upptalningu benda á þau atriði sem hafnarstjórn Hafnarfjarðar benti á í sinni umsögn sem var mjög vel unnin og mjög vel sett fram og mikil vinna í hana lögð og nefndin las öll yfir en það var ekki orðið við þeim tilmælum og hugmyndum sem komu þar fram. En það eru kannski lýsandi dæmi um hvernig viðbrögð manna urðu við því að skoða þær breytingar sem voru þarna á ferðinni. Það voru ellefu tölusettir liðir sem þar komu fram. Í fyrsta liðnum voru gagnrýndar tillögur um að það væru tiltölulega fáar breytingartillögur settar fram í búningi gagngerra breytinga á gildandi lögum. Þar var því sem sagt haldið fram að skýrara hefði verið að gera breytingatillögur við einstakar greinar gildandi laga. Þetta var um meðferðina. Síðan var sett fram sú hugmynd að skipunartími þeirra manna sem sitja í hafnaráði samkvæmt tilnefningu hafnasambandsins ætti að vera eitt ár. Það voru fleiri sem tóku undir þessa tillögu. Það var í þriðja lagi sett spurningarmerki við það ákvæði að hafnir gætu orðið hlutafélög og spurt um það hvort ríkið mundi styrkja framkvæmdir slíkra hafna. Það er nákvæmlega það sem kemur fram í frv. að gert er ráð fyrir því að hægt sé að styrkja þær án þess að það sé síðan skilgreint nánar hvernig eigi að fara með þannig hafnir gagnvart sköttum og öðru slíku.

Þar er andmælt þeirri hugmynd að þvinga megi fram myndun hafnasamlaga með því að mismuna höfnum við ákvörðun ríkisstyrks. Það komu einmitt fram hér áðan spurningar um það efni og er ástæða til að hæstv. ráðherra svari því betur hér á eftir hvort hann telji að eðlilega sé að þessu staðið að það eigi að mynda hafnasamlög með því að setja einhverjar þumalskrúfur á þá sem eiga þar hluta að máli. Ég tel að myndun hafnasamlaga sé hið besta mál. En það eigi auðvitað bara að gerast vegna þess að menn sjái hag sinn í því og það eigi ekki að þvinga menn með neinu móti eða bera á þá fé til þess að gera þá hluti. Það verði bara að vera bláköld niðurstaða af skoðunum á því hvort það sé hagstætt fyrir viðkomandi aðila.

Það er auðvitað mótmælt þessu 25% sérstaka vörugjaldi. Í sjötta lagi er bent á samþykkt frv. sem skerðir lögveð í skipum. Það var að vísu komið til móts við þá athugasemd, eina af fáum. Í sjöunda lagi var andmælt lögfestingu þess óréttlætis að hafnir eigi að innheimta vigtargjöld af öllum afla án tillits til hvort hann hefur verið vigtaður hjá viðkomandi höfn eða hjá öðrum aðila. Í áttunda lagi var auglýst eftir rökstuðningi fyrir breytingu á kostnaðarþátttöku ríkisins og það er aldeilis eitthvað sem þyrfti nú að liggja fyrir og hefði þurft að fylgja með þessu frv., betri útlistun á því hvernig menn hafa komist að þessum endanlega sannleika um það hvernig eigi að skipta þessu og að menn skyldu leggja í þann leiðangur að breyta þessu eins mikið og þarna er gert og í andstöðu við fjölmarga aðila sem hafa kannski beðið í röðinni eftir því að fá peninga í einmitt sínar framkvæmdir sem hafa beðið.

Það var gagnrýnt að ekki skyldi vera notað tækifærið til að setja í hafnalögin ákvæði um heildarskipulag við uppbyggingu hafna á öllu landinu, þvert á móti væri verið að leggja til breytingar sem ýtt gætu undir geðþóttaákvarðanir pólitíkusa. Og í síðasta lagi var gagnrýnt að ekki skyldu vera gerðar tillögur um skýr-

ar samskiptareglur ríkis og hafna.

Þetta var úr umsögn Hafnarfjarðarhafnar og var svolítið dæmigert fyrir það sem menn voru að setja út á við umfjöllun um þessi mál.

Vegna þess sem kom fram í ræðu hv. 2. þm. Vesturl. um að viss fyrirtæki þyrftu að standa undir kostnaði sem hafnir bæru annars staðar eins og Síldarverksmiðja ríkisins gerir t.d., þá sé ég ástæðu til að rifja upp að það var ítrekað reynt að fá fram breytingar á þessum hlutum í sambandi við það mál sem fór í gegnum þingið í fyrra, þ.e. þegar Síldarverksmiðjur ríkisins voru gerðar að hlutafélagi. Þá var ítrekað reynt að fá stjórnvöld til að fallast á það að leysa þessi mál í tengslum við afgreiðslu þess frv. Það virtist liggja nokkurn veginn í augum uppi að ef ríkið ætlaði á annað borð að leggja hálfan milljarð til að lækka skuldir Síldarverksmiðja ríkisins eins og ákveðið var þá væri full ástæða til að leysa þetta vandamál í leiðinni og að ríkið leysti til sín þessi hafnamannvirki. Þessu var á endanum hafnað við atkvæðagreiðslu hér á hv. Alþingi. En ég segi það eins og er að það hefði kannski verið skynsamlegra að leysa þetta mál, að ríkið hefði þá frekar keypt þessi hafnarmannvirki af Síldarverksmiðjum ríkisins og klárað sig út úr málinu og komið síðan þessum hafnarmannvirkjum í hendurnar á viðkomandi sveitarfélögum heldur en að sitja uppi með málið óklárað. Það mun koma að ríkinu fyrr en seinna að leysa þetta mál, en það tækifæri var ekki notað.

Ég verð því miður að hryggja hæstv. samgrh. með því að mínar viðbárur og viðbrögð við þessu frv. hafa ekkert breyst. Það hefur svo óskaplega lítið verið komið til móts við þá gagnrýni sem hefur verið lögð fram á þetta frv. og hún hefur verið mjög vel rökstudd. En menn hafa hangið á þessu eins og hundar á roði að hafa þetta allt saman óbreytt. Ég veit ekki hvort það er vegna þess að sú nefnd sem vann þetta frv. hefur svona mikil ítök í hæstv. ráðherra eða hvort hann hefur ekki lagt það á sig að skoða þetta nægilega vel sjálfur að hann hefur ekki fallist á að gera meiri breytingar en hér liggja fyrir.

En ég vonast til þess, eins og ég sagði áðan og endurtek það, að það komi betri tíð. Og vegna þess að það er greinilega nægilegt ráðrúm og tími í samgn. þá vona ég að menn gefi sér tíma þar til þess að vinna að þessu verkefni. Það liggja ekki það mörg mál fyrir í samgn. og nefndin getur ósköp vel sett töluverða vinnu í að fara yfir þetta mál aftur og það tel ég að hún eigi að gera.

[14:50]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði áðan, þá fannst mér hann hafa misskilið mig aðeins þegar hann var að tala um að hér væri jafnvel tillaga um að þurrka út framlög til hafna. Svo er alls ekki. Ég var bara að minna á að það væri ekkert óeðlilegt að þetta væri endurskoðað eins og annað, en ég tek undir það að auðvitað sé lokið við þær framkvæmdir sem eru í gangi.

En ég ætla að árétta annað sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði í sambandi við hlutafélagsformið sem ég er alveg sammála honum um. Það er eins og puntstrá í þessu frumvarpi vegna þess að það eru engin svör við því hvernig á að fara með höfn sem er í hlutafélagsformi. Hvernig á að fara með gjaldskrána og hvernig verður með framkvæmdaáætlanir og annað slíkt? Hvaða svör eru við þessu, hæstv. samgrh.?

[14:51]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég man það ekki og tek það þá aftur hafi ég sagt þurrka út framlög til hafna. Ég hélt að ég hefði sagt, eða a.m.k. ætlaði ég að segja draga úr framkvæmdum og ég endurtek það bara. Ég tel að ekki sé ástæða til þess að breyta áætlunum um framkvæmdir yfirleitt við hafnir. Það dregur úr þessum framkvæmdum hratt nú um stundir og ég tel að það mundi kannski koma niður á þeim sem af einhverjum ástæðum hafa verið settir hjá og aftar í raðirnar og það sé kannski ástæða til þess að skoða þau mál mjög vandlega.

En ég held að það sé full ástæða fyrir hæstv. ráðherra að skoða þessi mál öll aftur og ég vonast til þess að við fáum betri svör m.a. við þeim spurningum sem hv. þm. bar fram hér áðan.

[14:53]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna spurninga hv. 3. þm. Vesturl. um afstöðu mína til efnisatriða frv. vil ég taka fram að auðvitað legg ég frv. fram í þeirri gerð sem ég vil hafa það nema rök hnígi að öðru við athugun í nefnd. Það á jafnt við ákvæði 26. gr. um upptöku mannvirkja fyrir skip sem önnur ákvæði, þannig að ég hygg að hv. þm. hljóti að hafa farið rangt með það sem hæstv. viðskrh. sagði úti í bæ eða þá hæstv. viðskrh. úti í bæ hefur sagt einhverja hluti sem eru á misskilningi byggðir.

Um það hvers vegna lagt sé til að hægt sé að reka höfn í hlutafélagsformi þá hefur það verið hægt fram að þessu, en hér er lagt til að opnað sé fyrir þann möguleika að hlutafélag með aðild einkaaðila geti fallið undir hafnalögin. Það er munurinn. Ég hef orðið var við að einstakir þingmenn telja að ákvæði frv. séu ekki nægilega skýr varðandi þessi atriði og er sjálfsagt að athuga það sérstaklega. Ég ræddi við formann samgn. hér áðan. En á hinn bóginn hygg ég að hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, hafi ekki með sínum síðustu orðum hér áðan verið að gefa það í skyn að ástæða væri til að tefja fyrir framgangi málsins því að það hefur hlotið mjög nákvæma skoðun í nefnd og ég hef viljað halda góðri samvinnu við þingmenn um nefndastörf og annað og vona að það geti haldist.

[14:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek þessum orðum hæstv. ráðherra eins og þau eru sögð. Hann sagði það mjög skýrt að frv. væri eins og hann vildi hafa það, 27. gr., og það þýðir einfaldlega að það er ekki hugmyndin að breyta út frá því sem þar er sett fram og það eru verulegar breytingar á kostnaðarþátttöku ríkisins í hinum ýmsu framkvæmdum hafna sem þar koma fram.

Ég vil svo segja það til viðbótar að það er engin ástæða fyrir hæstv. ráðherra að hafa áhyggjur af því að hv. samgn. muni ekki vinna vel og skipulega að því verkefni að fara yfir þetta aftur. Hann átti ekki að skilja mín orð þannig að ég vildi standa í því að tefja mál þar. Hins vegar átti hann að skilja þau þannig að ég teldi fulla ástæðu til þess að við færum yfir málin aftur og ég hef enga ástæðu til þess að óttast að hv. formaður samgn. muni ekki vera tilbúinn til þess að gera það, að skoða málin upp á nýtt. Það er full ástæða fyrir því og mikill rökstuðningur sem menn hafa í höndunum til að skoða þessa hluti vel. En það þarf ekkert að verða til þess að þetta mál þurfi neitt að daga uppi í þinginu.

[14:56]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vill oft fara svo þegar menn taka sig til og sjóða ný lög upp úr gömlum, þá verður eitt og annað sem rekst á. Ef maður les saman 8. gr. þessa frv. og 14. gr. þá virðist ekki vera gert ráð fyrir því að þeir sem kaupa hafnir eigi tök á því að fá greiddan arð af því hlutafé því allar tekjur hafnasamlaga eða hafna skulu fara í rekstur hafnarinnar eða uppbyggingu hafnarinnar þannig að nú er risinn upp sá ráðherra í röðum sjálfstæðismanna sem klippir endanlega á það að hlutafjáreigendur eigi rétt á arði. Það skuli af þeim tekið tryggilega í lögum að ef þeir fari nú í það að kaupa höfn, þá eigi þeir ekki rétt á neinum arði, þeir verði að ná honum undir borðið ef svo mætti komast að orði.

En það sem ég vildi vekja mest athygli á er það að hæstv. iðnrh. lét hafa eftir sér í fjölmiðlum að ekki stæði til að byggja fleiri upptökumannvirki fyrir skipasmíðastöðvar því að ástandið í skipasmíðaiðnaðinum væri á þann veg að það væri um svo mikinn verkefnaskort að ræða hjá þeim sem fyrir væru. Sé þetta frv. lesið ofan í kjölinn, þá kemur í ljós að með samþykkt þess óbreyttu hefði samgrh. rétt til að styrkja hafnardráttarbraut eða skipalyftu allt að 90%. Hann hefði í fyrsta lagi rétt til að styrkja hana um 60% samkvæmt almennum lögum og þannig er að málum staðið að Hafnabótasjóður gæti veitt framlög sem væru 30% af stofnkostnaði. En samgrh. skipar tvo í þann sjóð sem eiga að vera þar jafnlengi og ráðherrann situr út það kjördæmabil, eða ef stjórn springur fyrr, og einn er skipaður af ráðherra fyrir hönd samgrn. — Og nú gengur hæstv. samgrh. úr salnum. — Ég tel að það sé lágmark undir þeim kringumstæðum að gera kröfu til þess að hæstv. iðnrh. komi í salinn og verði látinn svara því hvort þetta sé hinn sameiginlegi skilningur þeirra beggja, að nú skuli 90% reglan upp tekin, þ.e. ef ráðherra er í góðu skapi þegar eftir verður leitað um 30% fjárframlagið.

Mér sýnist nefnilega að þó að þetta frv. sé vissulega búið að fara í gegnum sinn hreinsunareld og allt gott að segja um þá undirbúningsvinnu sem hér er, þá hafi ýmsir varnaglar verið teknir úr eins og það atriði að fjárln. þurfti að samþykkja framlög úr Hafnabótasjóði. Ráðherra hafði ekki fjárveitingavaldið heldur fulltrúar Alþingis. Ég tel það mikla afturför hvar sem hún er, félmrn. hefur verið kröfuharðast í því að hrifsa fjárveitingavaldið af þinginu og ég tel það líka afturför ef í reynd samgrh. á í gegnum einhverja nefnd, þótt stjórn sé kölluð, að geta úthlutað jafnmiklu fjármagni og hér er verið að tala um. Þetta leiðir til misnotkunar á valdi og ekki til neins annars. Þetta leiðir til misnotkunar á valdi. Menn geta rétt ímyndað sér ef þeir væru að byggja dráttarbraut hvort það yrði ekki fast eftir því leitað að fá þessi 30% til viðbótar. Það væri fróðlegt að skoða biðstofuna hjá ráðherra áður en slík ákvörðun væri tekin til að fylgjast með því hvort ekki væri þrýstingur. Ég tel lagasetningu af því tagi sem hér er verið að leggja til þess vegna ranga.

Ég hygg að það sé út af fyrir sig eitt atriði í þessum hugmyndum um hlutafélag sem eiganda að höfn annað en þetta með spurninguna um arðgreiðslu sem hlýtur að koma mjög sterkt inn í þessa mynd. Hlutafélagshafnir eru þekktar erlendis en þá standa hafnir kannski hlið við hlið, ekki bara ein heldur margar vegna þess að löndin eru þéttbýl. Og þær eru látnar keppa um viðskiptavinina og þær geta keppt. Hull og Grimsby eru ágætt dæmi um þetta. Það er hægt að taka mörg önnur dæmi um hafnir sem keppa um viðskiptavinina og borgirnar keppa um umsvif í ljósi þess hvernig höfnunum verður ágengt. En ef við myndum fyrst hafnasamlög fyrir ákveðið svæði og seljum svo hafnirnar til hlutafélags, þá erum við búnir að búa til einokunarfyrirtæki, algjört einokunarfyrirtæki eins og t.d. væri gott dæmi um ef þær hafnir í Ísafjarðarsýslum yrðu allar eitt hafnasamlag og svo yrði sett hlutafélag yfir, þá væri þetta algjört einokunarfyrirtæki. Og það er náttúrlega hlutur sem fer aldrei saman að ætla að hagnýta sér hlutafélagsformið til þess að koma á samkeppni en búa jafnframt þannig um hnútana að það sé verið að byggja upp aðstæður sem geta gert það að verkum að menn eru ekki að tryggja samkeppni, menn eru að koma af stað einokun. (**Gripið fram í:** Skipin mundu þá hætta að koma á þær hafnir, ef það væri of dýrt.) Hér kemur svo fram þessi spurning: Mundu skipin ekki hætta að koma inn á þær hafnir ef það verður of dýrt? Spurningin er þá þessi: Hvaða afleiðingar hefði það fyrir íbúa svæðisins? Mundu þeir ekki tapa eigum sínum, mundu þær ekki falla í verði? Mundu fyrirtækin ekki hrynja? Og þá komum við að þeirri spurningu: Eru það sanngjarnar leikreglur, heiðarlegar leikreglur að búa þannig um hnútana að menn eigi allt undir því hverjir hafa eignast viðkomandi höfn? Fær það staðist? Ég segi nei. Það gengur ekki upp. Annaðhvort vilja menn samkeppni og standa þannig að málum eða menn eru að tala um einokunarfyrirtæki. Einokunarfyrirtæki verða þá að vera í eigu almennings. Allt annað gengur ekki upp til þess að það sé þá fólkið sjálft sem er eftirlitsaðilinn með því að um misnotkun sé ekki að ræða.

Hæstv. samgrh. kvartaði verulega yfir þeim kostnaði sem fylgir ferjusiglingum við landið og vissulega hefur sá póstur farið vaxandi. Hér er í 11. gr. talað um gjöld af ferjum. Það er nú svo að allt til þessa hefur varðandi ferjubryggjur verið heimild til að borga þær 100% af ríkinu og mér finnst að það sé ekki óeðlilegt að menn fari mjög varlega í það að taka gjöld af ferj-

um. Mér sýnist að það sé náttúrlega skattheimta fyrst og fremst á hendur ríkissjóði, og þá af hverjum? Af sveitarfélögunum á þeirri forsendu að ríkið sé ekki eigandi þó að ríkið hafi lagt fram 100% í mannvirkin. Mér finnst það ekki rökrétt. Og ég verð að segja eins og er að ég gæti trúað því að samgrh. gæti lent í nokkrum vandræðum ef aðilar, tökum Þorlákshöfn sem dæmi, væru mjög kröfuharðir um gjöld fyrir ferju, hafnargjöld fyrir ferju. Það er hætt við að mönnum úti í Vestmannaeyjum þætti sér þröngur stakkur skorinn ef þeim væri meinað að taka land þar sem þeir hefðu mestan áhuga á. Mér finnst að það þurfi að skoða þann tekjupóst alveg sérstaklega, þ.e. gjöld af ferjum vegna þess að það er gjaldheimta á ríkið beint þrátt fyrir það að ríkið sé búið að leggja fram fjármunina. Og þá er hæstv. ráðherra loðnari um lófana en hann lét hér áðan í umræðunni um ferjur ef hann telur nú rétt að opna fyrir slíka möguleika.

Ég held að það sé líka þó nokkur spurning hvernig eigi að standa að forræði framkvæmda og eftirliti þegar ríkið leggur fram 90% af fjármögnuninni. Ef þrír verktakar bjóða í fyrirtækið, framkvæmdina, einn býðst til þess, og á hæsta boðið, að lána vaxtalaust 10% af framkvæmdakostnaðinum til 10 ára, án verðbóta og sveitarsjóður samþykkir, á hvers kostnað er þá verið að framkvæma? Hver ber þá kostnaðinn í reynd af tiltækinu? Ríkissjóður. Ríkissjóður er þá í reynd að borga nánast 100% af hafnarframkvæmdinni. (**Samgrh.:** Þið kunnið klækina fyrir vestan.) Nú hýrnaði yfir hæstv. ráðherra. Hann er ættaður frá Svarthamri í Álftafirði eins og allir vita og er náttúrlega að koma því á framfæri að hans forfeður hafi verið vel heima í klækjum og ekki efa ég það. En ég er aðeins að benda á þennan veikleika að þegar ríkið er jafnstór greiðandi eins og í þessu tilfelli, þá verður það annaðhvort að vera á hreinu að það sé sá sem á lægsta tilboð sem fær verkið eða ríkið sé verulegur umsagnaraðili um það hvað gerist undir þeim kringumstæðum. Ég er ekki að tala um þessa möguleika að verktakar bjóðist til að lána, út í hött. Hæstv. ráðherra veit mætavel að það hefur verið leikið að nota þessa aðferð.

Mér finnst að það þurfi að fara gaumgæfilega yfir þetta frv. Ég vil beina því fyrst til hæstv. forseta hvort hann telji ekki eðlilegt miðað við þau stóru orð sem iðnrh. viðhafði að honum sé gert orð að mæta hér, ég veit ekki til þess að hann hafi fjarvistarleyfi, það má þó vera að svo sé, og gera grein fyrir því hvort þetta sé niðurstaðan sem hæstv. iðnrh. og hæstv. samgrh. komust að. Samkomulag sem þeir hafi gert sín á milli að nú sé hægt að styrkja 90% uppbyggingu á slippum eða skipalyftum, þ.e. ef samgrh. hefur stuðning Hafnabótasjóðs til slíkra aðgerða.

[15:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Vestf. virtist hafa áhyggjur af að þeir sem mundu eiga hlutafé í höfnum gætu ekki náð út arðinum sínum. Ég held að það sé gert ráð fyrir því í frv. með hvaða hætti þeir eigi að geta náð arði sínum út. Það er nefnilega gert ráð fyrir því í frv. og sagt beinlínis að hafnir geti verið hluthafar í öðrum fyrirtækjum, sem tengjast starfsemi þeirra. Það stendur skýrum orðum í 8. gr. Og eitthvað hafa þeir sem sömdu frv. verið að hugsa um þetta nánar því í útskýringu sem fylgir 8. gr. stendur m.a.:

„Jafnframt er höfnum heimilað að gerast hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra, svo sem fiskmörkuðum, eins og áður er getið um."

Það er sem sagt þannig sem hægt er að ná arðinum út, þ.e. höfnin getur staðið í einhvers konar fyrirtækjarekstri meðfram sinni starfsemi. Þá hlýtur nú ýmsum að verða hugsað til þess að þessi fyrirtæki eru byggð upp fyrir almannafé með framlögum og verður það kannski þannig, þegar þetta fyrirkomulag er gengið í gildi, að hafnir geti með ýmsum hætti farið að taka þátt í t.d. kvótakaupum og braski með veiðiheimildir til þess að ná til sín umsvifum í kringum löndun á fiski og vinnslu á sjávarafurðum.

Eru menn að bjóða upp í þann dans sem því gæti fylgt? Hvað í ósköpunum voru menn eiginlega að hugsa þegar þeir settu þetta á blað? Skýringin hefur aldrei fengist hér fram, hvorki í umræðum í nefndinni eða hv. Alþingi.

[15:13]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til að taka þátt í þessari umræðu með tilliti til þess að þegar þetta frv. var lagt fyrir síðasta Alþingi, þá gerði ég allítarlegar athugasemdir við frv. til hafnalaga. Jafnframt má líka vitna til samþykkta Hafnasambands sveitarfélaga um atriði í hafnalögum sem ekki virðast hafa verið tekin til greina, hvorki af ráðherra né þeirri nefnd sem um þetta mál hefur fjallað.

Það má almennt segja að sveitarfélög séu samkvæmt hafnalögum eigendur hafna og frumkvæði um hafnargerðir og ábyrgð á framkvæmdum er hjá þeim. Þrátt fyrir þetta fjalla lögin að miklu leyti um eftirlitskerfi stjórnvalda í þessum málaflokki. Það stafar af því að höfnum hefur ekki verið gert fjárhagslega kleift af eigin ramleik að annast rekstur og fjárfestingar með tekjum frá notendum. Ráðherra ákveður gjaldskrá fyrir hafnir sem samkvæmt 13. gr. skal við það miðuð að tekjur hafnarsjóða standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga. Þrátt fyrir þetta ákveði, að ráðherra skuli gefa út gjaldskrá svo hægt sé að afla höfnum tekna til að standa undir hæfilegu fjármagni til nýbygginga, þá hefur nú farið svo, eins og menn vita, að mikið fjármagn er veitt úr ríkissjóði til uppbyggingar hafna. Og af því að hv. 2. þm. Vestf. gat um það áðan þegar hann talaði um samkeppni hafna í milli, þá má segja að í langan tíma hafi verið hörð samkeppni á milli einstakra hafna. Samkeppnin hefur þó ekki verið um viðskiptavininn heldur fyrst og fremst um það að ná sem mestu fjármagni frá ríkisvaldinu til framkvæmda og oftar en ekki hefur verið meira kapp en forsjá. Það eru víða framkvæmdir við hafnir sem hafa verið hreinar offjárfestingar og ekki nýst sem skyldi vegna þess að menn sáust ekki fyrir í kappi sínu, svo hefur það verið meira en forsjáin.

Flestar íslenskar hafnir eru fiskihafnir og ljóst er að stjórnvöld hafa ekki treyst sér til að framfylgja ákvæð-

um 13. gr. fyrir þær, með því að láta notendur þeirra greiða fyrir afnot mannvirkja. Þess vegna hefur þurft millifærslukerfi samkvæmt 26. gr. til að standa straum af kostnaði. Þegar ekki eru gerðar kröfur til notenda um að greiða fyrir þann kostnað sem hlýst af afnotum hafnarmannvirkja er mismunur greiddur úr ríkiskassa og leiðir það í mörgum tilfellum til óraunhæfra framkvæmda og kallar á þá miklu ríkisforsjá sem fram kemur í núverandi lögum og ætlunin er að viðhalda.

Í frv. er sett fram tillaga um viðbót við 29. gr., að við áætlanagerð og forgangsröðun framkvæmda skuli leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild. Þá er í 8. gr. gert ráð fyrir að stofna megi hafnasamlög þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Bæði þessi ákvæði geta verið til bóta ef rétt er á haldið. Spurningin er hins vegar hvort ekki eigi að skoða þessi mál ásamt rekstrargrundvelli hafna og þátttöku ríkissjóðs í hafnarframkvæmdum í tengslum við þá vinnu sem nú er unnin á vegum ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga um samskipti ríkis og sveitarfélaga. Þar er annars vegar um að ræða vinnu að sameiningu sveitarfélaga sem gæti tengst hafnasamlögum og störfum nefndar sem vinnur að skoðun á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í skoðun á verkaskiptingu eru hafnamál einn málaflokka og umræður þar snúast m.a. um að breyta tekjustofnum sveitarfélaga sem mundi væntanlega leiða til styrkari fjárhagsstöðu hafna og minni þörf fyrir ríkisstyrk og þá um leið minni ríkisforsjá.

Með breytingum á 2. gr. í þá veru að skipt sé um tvo fulltrúa við ráðherraskipti er verið að gera hafnaráð pólitískara. Í athugasemdum segir að þetta sé í samræmi við þær skoðanir sem hafa verið að ryðja sér til rúms. Af upphafi 3. gr. má ráða að hafnaráði sé hugað aukið verksvið í stjórn Hafnamálastofnunar þó það sé ekki skýrt tekið fram í athugasemdum. Í ljósi þess að hafnaráði er einnig ætlað aukið hlutverk í stjórn Hafnabótasjóðs virðist hér skapaður vísir að lítilli byggðastofnun í hafnamálum.

Felld er niður núv. 5. gr. þar sem segir að Hafnamálastofnun eigi að hafa umráð yfir vélum og tækjum sem nauðsynleg eru til að annast þau verkefni sem henni eru falin og hafa í þjónustu sinni sérþjálfað starfslið. Sérstaklega skal stofnunin búin fullnægjandi rannsóknabúnaði og tækjum til dýpkunarframkvæmda. Í athugasemdum stendur að þessi niðurfelling sé í samræmi við breytt starfssvið og tilgang Hafnamálastofnunar. Ekki er frekar fjallað um í hverju þessar breytingar á starfssviði og tilgangi Hafnamálastofnunar eru fólgnar. Það kemur t.d. ekki fram í 22. gr. því þar stendur óbreytt að hafnarframkvæmdir er njóti ríkisstyrks skuli unnar undir tæknilegu og fjárhagslegu eftirliti Hafnamálastofnunar ríkisins. Fari hafnarstjórn þess á leit annast Hafnamálastofnun auk frumrannsókna framkvæmdir eftir því sem við verður komið, skipulagningu hafnarsvæða, hönnun einstakra mannvirkja og gerð kostnaðaráætlana. Þetta virðist þýða að þrátt fyrir niðurfellingu núv. 5. gr. verður ekki séð að breytt starfssvið og tilgangur feli t.d. í sér að stofnunin hætti verktaka- og ráðgjafastarfsemi í samkeppni við almennan markað.

Af 29. gr. má ráða að Hafnamálastofnun sé ætlað víðtækara verkefni í að meta þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum landsins og landinu í heild. Frekari skýringa virðist þörf á orðunum „breytt starfssvið og tilgangur" en af því ræðst m.a. deildaskipting og mönnun.

Varðandi 8. gr. eru gerðar tvær veigamiklar breytingar. Það er að hlutafélög geti rekið höfn og mynda megi hafnasamlag um rekstur margra hafna. Hafnir sem reka skal sem hlutafélög hljóta að falla undir lög sem slík félög. Við slíka breytingu hljóta að vakna margar spurningar eins og fram hafa komið hér, en mér þykir rétt að skerpa á þeim.

1. Hvernig verður farið skattalega með ríkisstyrk til slíkra hafna? Ef stofnuð hefur verið hlutafélagshöfn sem fær síðan framlög úr ríkissjóði, hvernig á að fara með hana skattalega?

2. Hlutafélagshafnir hljóta að greiða skatta bæði til ríkis og sveitarfélaga. Hvernig fer þetta saman við undanþágu á greiðslu skatta til sveitarsjóða skv. 14. gr.?

3. Hvernig samræmist ríkisstyrkur til hlutafélagshafna lögum um samkeppni? Er t.d. hægt að setja takmarkandi ákvæði um hlutafélög eins og í 14. gr., að tekjum og eignum megi einungis verja í þágu hafna?

4. Getur ráðherra ákveðið gjaldskrá fyrir hlutafélög í eigu ríkis, sveitarfélaga eða annarra, sbr. 13. gr.?

Almennt er spurt hvort eftirlitskerfi Hafnarmálastofnunar geti átt við um hlutafélög. Og ekki finnast í frv. eða athugasemdunum nein svör við þeim spurningum.

Í 12. gr. er lagt til að lögfesta til frambúðar skattlagningu samkvæmt sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum 1992 og nýta þannig tekjustofna hafnarsjóða um skattstofn. Þetta er í framkvæmd 1993 og má sjá einnig í fjárlögum vegna ársins 1994. Þessari skattheimtu eða jöfnunargjaldi er m.a. mótmælt á ársfundi Hafnasambands sveitarfélaga og einnig af fjölmörgum hafnarstjórnum vítt og breitt um landið. Í umræðum um rekstrarstöðu hafna undanfarin ár hefur margoft komið fram að vöruhafnir standi tiltölulega vel en fiskihafnir illa. Ástæða þessa er að stjórnvöld samþykkja að gjaldtaka í vöruhöfnum taki mið af kostnaði en ekki í fiskihöfnum eða t.d. þar sem skipaviðgerðir eru stundaðar. Vikist hefur verið undan að láta notendur fiskihafna greiða rýmilegt gjald fyrir notkun þeirra og óskum hafna um hækkun aflagjalds hefur verið hafnað.

Í skipunarbréfi ráðherra til þeirrar nefndar sem leggur fram frv. er áhersla lögð á að treysta rekstrargrundvöll hafna. Ég endurtek: Það er lögð áhersla á að treysta rekstrargrundvöll hafna. Millifærsluleið sú sem hér er valin í stað beinnar gjaldtöku af notendum hafna virðist ekki treysta rekstrargrundvöll heldur þvert á móti gera hafnir háðar skattlagningu og millifærslu.

Í almennum athugasemdum við frv. eru tillögur um hafnasamlög og kostnaðarþátttöku ríkissjóðs réttilega talin aðalatriði frv. auk tillögu um hlutafélagshafnir og aukavörugjöld.

Í 29. gr. er tekið upp mikilvægt nýmæli þar sem segir: „Við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild".

Þá er í 27. gr. ákvæði um að ráðherra sé heimilt að ákveða að framkvæmdir í höfnum, sem mynda hafnasamlög, njóti tímabundið hámarksframlags samkvæmt 26. gr.

Ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs er mjög mikilvægt verkfæri til að koma á hagræðingu í nýtingu hafna, endurbótum í flutningakerfi o.s.frv. Vegna ofangreindra ákvæða um áætlanagerð og forgangsröðun verkefna í 29. gr. kemur það á óvart að í 26. gr. skuli ákvæði um kostnaðarþátttöku ríkissjóðs ekki taka mið af þeim sjónarmiðum heldur miðast áfram við einstaka byggingarhluta hafna. Erfitt er að sjá að ef ríkisvaldið ætlar að ná fram markmiðum með hagræðingu og nýtingu hafna og framkvæmda, að það verði best gert með skiptingu framlags eftir þessum leiðum. Á vegum Hafnasambands sveitarfélaga hefur oft verið bent á þörf þess að flokka hafnir eftir verkefnum, bæði í flutningakeðjunni og eftir atvinnuþáttum. Dæmi um slíka flokkun eru m.a. fiskihafnir, flutningahafnir, iðnaðarhafnir, skipaviðgerðir og smábátahafnir. Ef tekið væri mið af 29. gr. og metin framkvæmdaþörf í hverri höfn, landshluta og landinu öllu eftir þessari verkefna- og atvinnuvegaflokkun er þess að vænta að óðruvísi áherslur komi fram um ríkisframlag en flokkun eftir byggingarhlutum eins og 26. gr. gerir ráð fyrir.

Í 26. gr. er gert ráð fyrir að hækka framlag t.d. til hafnagarða og upptöku mannvirkja fyrir skip. Í athugasemdum kemur fram að ríkissjóður taki svipaðan þátt í hafnarframkvæmdum og verið hefur. Af þessu virðist mega draga þá ályktun að aukið fjármagn renni til þessara málaflokka.

Dæmi um það hversu óheppilegt er að nota byggingarhluta hafna, er upptökumannvirki fyrir skip, en þar liggur fyrir nýleg formgreining, bæði fyrir landshluta og landið í heild. Þar kemur fram að það er meira framboð en eftirspurn eftir upptökumannvirkjum og má segja að það sé með ólíkindum að þetta skuli enn vera inni í frv. þegar þess er gætt að þing Hafnasambands sveitarfélaga hefur mótmælt þessum ákvæðum frv.

Spurningin um uppbyggingu skipaviðgerða er e.t.v. spurning um iðnþróun frekar en hafnargerð. En ef sú leið er valin að ríkið leggi fram fé til skipaviðgerða gegnum framkvæmdastyrki til hafna, vaknar einnig spurning hvort þar eigi þá ekki við skerðingarákvæði um ríkisframlag samkvæmt 27. gr. En í 2. mgr. 27. gr. stendur: „Við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skal tekið tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum". Hér er um að ræða ákvæði um að ríkisframlög til fjárhagslega vel stæðra hafna skuli skert.

Nú getur höfn haft góðar tekjur af völuflutningum og sjávarútvegi, en í höfninni er skipaviðgerðarstöð sem þarfnast uppbyggingar. Skipaviðgerðir skapa höfnum litlar tekjur. Vegna skerðingarákvæða fær höfn lítið eða ekkert framlag til skipaviðgerða en hugsanlegt framlag til upptökumannvirkis færist til fátækari hafna þó hagkvæmara geti verið fyrir þjóðarhag og þróun atvinnugreinarinnar að styrkja þær stöðvar sem fyrir eru eins og niðurstaða á úttekt iðnrn. sýnir. Viðamestu upptökumannvirki í landinu eru nú á Akureyri og í Reykjavík en báðar þær hafnir búa við skert ríkisframlag til hafnarframkvæmda. Styrkur til upptöku á stórum skipum annars staðar mundi leiða til verulegra þrenginga og rýrari framleiðni í greininni umfram það sem nú er.

Niðurstaða þessara hugleiðinga er að ef ríkisvaldið ætlar að vinna formgreiningu og áætlanagerð samkvæmt 29. gr. er líklegt að önnur flokkun en í byggingarhluta samkvæmt 26. gr. gæti verið markvissari sem verkfæri við ákvörðun ríkisframlags og ákvæði um skerðingu samkvæmt 27. gr. gæti leitt til óhagkvæmrar þróunar fyrir atvinnugreinar eða landshluta. Flokkun eftir byggingarhlutum samkvæmt 26. gr. leiðir til þess að hafnir fá tímabundið fé til einstakra framkvæmda en ekki endilega til aukinnar framleiðni eða hagsældar í landshlutum og landinu í heild eins og hlýtur að vera markmiðið samkvæmt 29. gr.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom fram hjá hv. þm. að með þessari frumvarpsgerð hefði verið vikist undan því að láta notendur fiskihafna bera eðlilegan kostnaðarhluta af byggingu hafnanna. Nú hélt ég að hv. þm. væri það kunnugt að ástæðan fyrir því að þessi háttur er hafður á, að hið opinbera stendur að hluta til undir hafnarframkvæmdum víðs vegar um landið, er af tvennum toga. Annars vegar til þess að treysta byggð þeirra sjómanna, fiskverkafólks og útgerðarmanna sem hafa sest að á stöðum, eigum við að segja eins og Grímsey, Bolungarvík, Raufarhöfn og Borgarfirði eystra svo að ég taki dæmi, og hins vegar til þess að reyna að tryggja öryggi sjófarenda, ef þeir vilja gera út áfram frá þeim stöðum þar sem þeir hafa alist upp og byggt upp sína útgerð. Við þekkjum fjöldamörg dæmi um það víðs vegar um landið að til alvarlegra slysa hefur komið vegna þess að hafnarbúnaður hefur ekki verið nógu traustur og við vitum það að víðs vegar um landið eru uppi kröfur um að styrkja hafnargarða og bæta aðstöðu inni í höfnum einmitt af þessum sömu ástæðum að þar hafa slys verið yfirvofandi og til alvarlegra óhappa komið. Þetta er ástæðan fyrir því að ríkisvaldið hefur talið óhjákvæmilegt að standa undir kostnaði við hafnargerð víðs vegar um landið. En það er vitaskuld rétt að þar sem mestu umsvifin eru, ég tala nú ekki um stærstu vöruhafnirnar, þar hafa tekjur verið meiri en annars staðar til þess að rísa undir slíku. Ytri hafnarmannvirki eiga hér sérstaklega við eins og ég veit að hv. þm. er kunnugt um.

[15:31]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað öryggismál hafna varðar, þá er það að hluta til rétt sem hér kom fram hjá ráðherra. Auðvitað þarf að gæta þess svo sem verða má að slys

verði ekki í höfnum, en um tíma var mjög alvarlegt ástand og mjög mikil slysatíðni í mörgum höfnum landsins og þurfti þar verulegra bóta við. Í flestum höfnum landsins hefur kappsamlega verið unnið að því og þökk sé þeim sem þar hafa að staðið.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að þær hafnir víðast úti á landi sem ekki hafa möguleika á að standa undir eigin rekstri hafa skapað bæði sjómönnum og fiskvinnslufólki atvinnu og hafa jafnvel skapað þá byggð sem þar er fyrir. En ég sagði það hér áðan og ég held að það sé ekkert ofmælt þó að ég endurtaki það nú að því miður hefur borið allt of mikið á því að hafnarstjórnir víða úti á landi eða hafnarnefndir hafa verið meiri og áhugasamari í samkeppninni um það að ná fjármagni frá samgrn. til þess að framkvæma og á stundum hafa þær framkvæmdir verið óskynsamlegar, það hefur verið meira kapp en forsjá og það er vissulega full ástæða til þess að samgrn. með samgrh. í fararbroddi taki á þessum málum. Það eru breyttir tímar. Það eru enn menn sem eru kappsamir um það að stækka hafnir, auka viðlegu og auka miklu meira kostnað varðandi þetta mál jafnvel þó að menn standi frammi fyrir þrengingum. Það er minnkandi afli og það á að draga saman fiskiskipaflotann. Það á að fækka skipum. En samt eru menn í ýmsum höfnum úti á landi í allt of miklum framkvæmdum miðað við það sem áður hefur verið sagt: Nei, það skulu ekki lagðar árar í bát heldur skal keyra áfram enn af meira kappi en forsjá svo lengi sem eitthvað drýpur úr þessum kassa samgrh. til hafnabóta.

[15:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hitt atriðið sem ég hugði að hv. þm. væri kunnugt er að nú á allra síðustu árum og í náinni framtíð er mjög verið að styrkja samgöngukerfið á landi. Sums staðar hefur tekist að byggja upp samgöngur milli hafna eins og í Eyjafirði, enda hefur þar verið stofnað hafnasamlag, en á hinn bóginn er það svo sums staðar annars staðar, eins og fyrir austan svo ég taki Kambanesskriðurnar sem dæmi, sem torvelda það að hægt sé að tala um örugga flutninga allt árið.

Einnig er það svo að okkur hefur enn ekki tekist að byggja upp hringveginn hringinn í kringum landið og okkur hefur heldur ekki tekist að byggja upp veginn t.d. milli sjávarplássanna á Snæfellsnesi þannig að það sem liggur fyrir nú, og tekst vonandi á þessum áratug en kannski fer eitthvað yfir á næstu öld, er að byggja upp samgöngukerfið þannig að það sé hægt að nýta hagkvæmustu lausnir þegar við horfum einungis á landakortið. En gallinn er bara sá núna að það er ekki nóg að horfa á landakortið þegar maður veltir fyrir sér flutningum á höfnum, heldur verða menn líka að vera kunnugir á landi og vita hvernig staðhættir eru þar og hvernig vegasambandið er.

[15:35]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. kom inn á það að vissulega væri nauðsynlegt fyrir menn sem töluðu sem ég hef hér gert úr ræðustól að þekkja vel til landshlutanna. Það hagar nú bara þannig til, hæstv. ráðherra, að ég þekki mjög vel til allra staðhátta. Sem fyrrverandi stýrimaður á vitaskipinu Árvakri siglandi hér um firði og flóa, voga og víkur, þá þekki ég landið ekki síður heldur en hæstv. samgrh. (**ÓÞÞ:** En vegakerfið? Þið hafið ekki farið vegina.) Jú, jú, þá hef ég farið líka. Ég skildi hann vel. En ég óska honum bara gæfu og gengis í því sem hann sagði hér en hefði kannski mátt segja ítarlegar frammi fyrir alþjóð. Ég skil hann svo að hann sé að skoða flugvelli, hafnir og vegi og ætli að tengja þetta saman með sparnað og þjóðarhag í huga og muni þá væntanlega fækka höfnum og hætta að láta eftir þessari kröfugerð sem er löngu úrelt. Hvað svo sem má um byggð landsins segja, þá gerum við þéttbýlisþingmenn okkur fulla grein fyrir því að byggð verður að vera í landinu. En það er ekki sífellt hægt að segja í því ástandi sem nú ríkir: Skítt með alla skynsemi, byggð skal haldið hvar sem er og hvað sem það kostar. Það er ekki hægt að gera það og ekki hægt lengur að tala svo frammi fyrir þjóðinni að í nafni dreifbýlisins skuli framkvæmt hvort sem það er hagkvæmt eða fyrir þjóðarheill. (**JÁ:** Það eru mestu framkvæmdirnar við Reykjavíkurhöfn.) Mestu framkvæmdirnar við Reykjavíkurhöfn, var hér kallað fram í. Jú, það hefur verið til þess að gera höfnina arðbærari til þess að það sé hægt að lækka flutningskostnað svo að kostnaður vegna vörukaupa út á land verði samkeppnishæfur og það hefur orðið stórlækkun á farmgjöldum vegna uppbyggingar Reykjavíkurhafnar. Því skulu dreifbýlismenn ekki gleyma.

[15:37]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að tala um áhugavert mál sem er frv. til hafnalaga. Það vill nú svo til að ég á sæti í samgn. sem þetta frv. fer til og sjálfsagt get ég þess vegna stytt mál mitt nokkuð. Ég vil þó segja það út af því sem hér hefur komið fram, ég held að það hafi verið hæstv. ráðherra sem gat þess að hann vænti þess að samgn. mundi ekki tefja þetta mál. Ég held að það sé af og frá að ætla það að samgn. muni tefja þetta mál, ég held að það sé engin ástæða til þess að ætla það. En ég held líka að það sé jafnvíst að samgn. mun taka sér þann tíma sem hún nauðsynlega þarf til að skoða málið og gera það betra en það er í dag. Og fyrst svona mjög liggur á, eins og mér skilst á hæstv. samgrh., að það liggi á að fá þetta mál í gegn, þá hefði náttúrlega verið miklu skynsamlegra strax þegar farið var að vinna í þessu máli í ráðuneytinu að byrja að huga að því hverjir ættu að vinna þetta verk, hverja ætti að kalla til ef hann ætlaði að flýta svo mjög fyrir afgreiðslu málsins.

Það er út af fyrir sig mjög merkilegt og það er kannski ekki heldur í fyrsta skiptið sem maður les það í frumvörpum og verður þess áskynja hvernig ráðherrar velja yfirleitt þessa starfshópa sem yfirfara og móta tillögur í ákveðnum málaflokkum eins og þessum. Ég sé að það er einn krati sem hefur verið kallaður til. Fimm af máttarstólpum íhaldsins eru hins vegar kallaðir þarna til að smíða þetta frv. (**ÓÞÞ:** Veistu hvers vagna kratinn er hafður með?) Ég veit það hvers vegna hann var hafður með. Ég held að samgrh. hefði í upp-

hafi átt að vanda sig betur við þessa smíð og kalla fleiri til til þess að reyna að ná bærilegri sátt um þetta mál og þá hraða þeirri afgreiðslu ef svo mjög liggur á. En ég segi það enn og aftur að samgn. mun áreiðanlega ekki tefja þetta mál. Ég held að formaður nefndarinnar muni sjá til þess, en hann mun líka örugglega sjá til þess að nefndarmenn fái þann tíma sem þeir telja sig þurfa að fá til þess að vinna málið eins og þeim ber.

Ég skal stikla á stóru, virðulegi forseti, en ég minni hér fyrst á hafnaráðið. Ég hef fyrirvara á því hvernig þær breytingar eru hugsaðar. Ég hef þar töluverðan fyrirvara á. Ég vildi einnig spyrja hæstv. ráðherra vegna þess að það mundi flýta fyrir okkur í nefndarstarfinu. Það snertir 8. gr. frv. þar sem stefnt er að því að hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Mér er spurn: Er það þá ekki alveg skýrt að hafnir sem verða hlutafélög gætu þá orðið hluthafar í fiskmörkuðum, þær gætu orðið hluthafar í útgerðarfyrirtæki, þær gætu orðið hluthafar í fiskvinnslufyrirtæki og þær gætu orðið hluthafar í olíufélögum? Ég gæti haldið áfram að telja upp margs konar aðra starfsemi sem tengist höfnum. En það væri fróðlegt að fá frá smiðum þessa frv. einhverja skýringu á því hvort hér sé ekki rétt athugað að þetta sé opin leið. Þá væri einnig gaman að spyrja eftir að þetta er gert, og ég held að það hafi verið hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir sem spurði: Hvernig verður farið með gjaldskrár þessara hafna eftir að þær eru orðnar að hlutafélögum? Hvernig verður farið með þær gjaldskrár? Ég held nefnilega að það sé verið að rugla dæmið allmikið með þessum málum.

Ég held að misvægi milli hafna muni aukast alveg gríðarlega og það fer kannski einna verst í mig í þessu að mér finnst vera stefnt markvisst að því að auka mjög misvægi milli hafna. Mér er t.d. spurn, eftir að það gerist og hafnirnar fari sjálfar að ákveða sín gjöld og er mismunað eins og hér er gert á margan hátt. Eftir að hafnargjöldin væru nú orðin lægst hér á Reykjavíkursvæðinu, við skulum segja Reykjavík og Hafnarfirði þar sem langstærsti hluti innflutningsins fer fram, hvernig sæi hæstv. samgrh. það. Við skulum segja á Ísafirði, við skulum segja á Akureyri, Þórshöfn, Skagaströnd og víðar, hvernig færu nú útgerðaraðilar verksmiðjutogaranna að hugsa þegar hafnargjöldin væru orðin jafnmisjöfn og ég sé fyrir mér að þau muni verða með þessum aðgerðum. Hvar mun löndunarhöfn þessara skipa verða? Og, hæstv. ráðherra: Hvað mun þá verða eftir heima í byggðarlögunum?

Hér er einnig vikið að því í 14. gr. að hafnarsjóðirnir skuli undanþegnir sköttum til sveitarsjóðanna. En hvað til annarra? Hvað til annarra, við skulum segja t.d. ríkisins? Af hverju á bara að undanþiggja þá að greiða skatta til sveitarfélaganna?

Svo er í 11. gr., ef ég fer aðeins til baka, þetta 25% sérstaka vörugjald sem á að renna í Hafnabótasjóð. Gerðu nefndarmenn sér grein fyrir því að á suma staði á landinu leggst þetta sérstaka vörugjald þrisvar sinnum á vörurnar sem fara út á land? Gerðu menn sér grein fyrir því að þetta mun leggjast í ákveðnum tilvikum þrisvar sinnum á þá vöru sem er innflutt til landsins? Þetta var einmitt staðfest af aðilum sem við þetta búa þegar við kölluðum þá fyrir nefndina á sínum tíma. Gerðu menn sér grein fyrir þessu? Er þetta til þess að auka og jafna það misvægi sem er í vöruverðinu? En ég undirstrika það að þetta er náttúrlega enn og aftur til þess að skekkja mjög samkeppnisstöðu þessara hafna.

Ég vil einnig víkja að 26. gr. sem er um kostnaðarþátttökuna. Það er auðvitað stórmál og við þurfum að gefa okkur mikinn tíma til þess að fara yfir og skoða og gera athugasemdir hvernig þetta kemur við og hvernig framkvæmdir á hinum ýmsu stöðum standa og hvernig uppgjörsmálin verða við þær hafnir þar sem framkvæmdir eru þegar í gangi. Þannig er mjög margt í þessu, hæstv. ráðherra, sem þarf að huga að. Og ég verð að segja að ég hef ekki fengið þau svör, ekki svo skýr svör sem ég vænti og vil fá áður en ég skrifa undir slíkar tillögur. Ég þarf að fá miklu skýrari svör um tilganginn með breytingunum. Það er alla tíð hægt að vera að breyta og breyta en menn geta ekki bara verið að því til þess að skipa nefnd og breyta og breyta. Það þarf eitthvað að standa á bak við þessar breytingar. Því miður er það svo að í mörgum tilvikum sem skipta máli er þetta algerlega á þveröfugan hátt. Þetta er til þess að skekkja mjög myndina frá því sem hún er í dag og ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi.

En eins og ég sagði er ég tilbúinn að leggja mikla vinnu í þetta og ég held að það sé algjörlega ástæðulaus ótti hjá hæstv. samgrh. að þetta mál fari ekki eðlilega fram, en það er spurningin um það hvað er eðlilegt.

[15:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má segja að nú eins og á sl. ári snúast umræður mikið um sama atriðið. Það er ósköp einfalt að ef hinu sérstaka vörugjaldi er sleppt, þá erum við að tala um 15–20% lækkun á framlagi til hafnarmannvirkja og þá verða menn auðvitað að skera niður þær hlutfallstölur sem um er að ræða til einstakra hafna og fylgja þeirri ákvörðun eftir með þeim hætti því að peningar vaxa ekki á trjánum og það er samhengi á milli hafnaáætlunar og þessarar fjármögnunar eins og menn vita. Það er auðvitað rétt að þarna er um tilfærslu að ræða á milli hafna.

Í öðru lagi liggur það ljóst fyrir að í 8. gr., þegar verið er að ræða um það að samkvæmt lögum þessum skuli heimilt að eigendur hafna séu sveitarfélög eða hlutafélög, þá er hér vitaskuld verið að reyna að greiða fyrir hagræðingu í hafnamálum. Það er verið að treysta grunn hafnanna og greiða fyrir því að þær geti sinnt hlutverki sínu betur vegna þeirrar miklu samkeppni sem við erum í, ekki einungis hér innan lands heldur líka erlendis með því að það er eitthvert brýnasta hagsmunamál okkar Íslendinga nú að lækka flutningskostnað. Það liggur fyrir ef við tökum til dæmis flutningskostnað frá Íslandi til Evrópu borið saman við meiri vegalengdir eins og frá Bandaríkjunum þá verðum við að viðurkenna að kostnaðurinn héðan er ekki eins miklu lægri og við hefðum kosið miðað við þá

fjarlægð sem um er að ræða.

Hafnarsjóðir eru vitaskuld nú undanþegnir sköttum til sveitarfélaga og ríkissjóða og hér er gert ráð fyrir því að svo skuli áfram. Ég finn að þingmenn eru óóruggir um þessi atriði og ég hef af þeim sökum átt viðtal við formann nefndarinnar og við munum í sameiningu sjá til þess að fullnægjandi greinargerð berist þingnefnd þannig að ekki verði vafaatriði í sambandi við skattamálin.

[15:51]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var náttúrlega lítið um svör eins og við var að búast en þau koma þá sjálfsagt til okkar í nefndina. Ráðherra svaraði því ekki sem ég spurði hann um í sambandi við hugsanlega þátttöku þessara hlutafélaga í atvinnurekstirnum.

En ég tek undir það sem hæstv. samgrh. sagði að það væri mikið markmið og gott að vinna að lækkun flutningskostnaðar. En er hæstv. samgrh. að vinna að því að lækka flutningskostnað til Akureyrar eða til Ólafsfjarðar með 25% álagi á vörugjald sem leggst þrisvar sinnum á Ólafsfirðinginn? Er hann að lækka flutningskostnaðinn til þeirra? — Hann er að hækka hann.

[15:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað svo þegar við tölum um hafnargjöldin að ef þau leggjast á í fleiri en einni höfn þá leggjast þau auðvitað á í fleiri en einni höfn en hér er um það að ræða að verið er að færa á milli framlög og það er verið að reyna að styrkja þær hafnir sem þurfa á því að halda úti á landi að byggja sig upp og af þeim toga er þetta gjald eins og hv. þm. er kunnugt.

Ef menn vilja leggja það niður þá verða menn að svara því með því að draga úr þeim framlögum sem eru til uppbyggingar hafna.

Hitt atriðið sem hv. þm. vék að var um þá grein frv. að höfnum væri heimilt að gerast eigendur í öðrum fyrirtækjum og hefur í greinargerðinni sérstaklega verið talað um fiskmarkaði. Það er talað um að þeir megi vera eigendur að fyrirtækjum sem þeim tengjast. Ég hygg að það sé 8. gr. Þannig er gerð tillaga um að eigendur hafna samkvæmt lögunum geti verið sveitarfélag eða hlutafélag. Hér er opnað fyrir þann möguleika að hlutafélög með aðild einkaaðila geti fallið undir hafnalögin o.s.frv. Jafnframt er höfnum heimilað að gerast hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra og það eru fiskmarkaðir og ýmsar aðrar greinar. En aðalatriðið í því er að slík fyrirtæki verða að sjálfsögðu skattlögð og þau falla ekki undir þau skattfríðindi sem hafnarsjóðirnir sjálfir með sínum rekstri á höfnunum njóta beint.

[15:54]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort við þurfum að vera að karpa þetta, ég held að hæstv. samgrh. viti betur. Ég held að það sé alveg ljóst í hans huga að auðvitað tengist fiskvinnslan höfnunum, það er skyld starfsemi. Ég er nærri viss um það að undir þetta mundi einnig flokkast starfsemi Eimskipafélag Íslands, hæstv. ráðherra.

[15:55]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa farið fram allmiklar umræður um þetta mál sem nú er flutt öðru sinni og er það í sjálfu sér ekkert undarlegt. Þetta er þýðingarmikið mál sem hér er á dagskrá. Flestar af þeim athugasemdum sem fram hafa komið eru kunnuglegar úr starfi samgn. á síðasta Alþingi en þá fjallaði samgn. mjög ítarlega um þetta mál og skilaði allmörgum brtt. sem felldar hafa verið inn í frv.

Ég verð að segja að aðfinnslur varðandi þá nefnd sem samdi frv. upphaflega eru að mínum dómi ekki veigamiklar og aðfinnslur varðandi þær athugasemdir sem t.d. Hafnasambandið hefur gert og ekki hafa nema að sumu leyti verið teknar til greina sömuleiðis því einn af aðalhöfundum frv. er formaður Hafnasambands sveitarfélaga.

Það er nú svo að það frv. sem hér er til umræðu fjallar um viðfangsefni sem lengi er hægt að deila um og það er auðvitað vegna þess að ólíkir hagsmunir eru í þessari starfsemi eftir því hvort er í aðalþéttbýli landsins eða annars staðar á landinu. Fjárhagur hafna er misjafn, Reykjavíkurhöfn hefur ekki fengið ríkisframlög, ég held frá upphafi. Annars staðar eru ríkisframlög skert frá meginreglu vegna þess að fjárhagur þeirra hafna er tiltölulega sterkur og þetta leiðir til þess að það mun seint verða svo að allir verði á einu máli.

Ég held að það sé hins vegar sjálfsagt að lýsa því hér yfir að það er eðlilegt að fara yfir þær athugasemdir sem settar hafa verið fram í umræðunni og fram kunna að koma í nefndinni en ég tek það fram að ég tel jafnframt eðlilegt með tilliti til þeirrar miklu vinnu sem samgn. lagði í þetta mál á síðasta þingi og þær brtt. sem nefndin skilaði og felldar hafa verið inn í frv. að slík vinna af hálfu nefndarinnar nú þurfi ekki að taka langan tíma.

Ég vil aðeins minnast á örfá atriði sem fram hafa komið í umræðunni, þrátt fyrir það að hæstv. ráðherra hefur skýrt ýmis þeirra. 8. gr. frv. hefur orðið tilefni til umræðna og svo var einnig á síðasta þingi, þ.e. að í þessari grein er nú gert ráð fyrir að eigendur hafna geti verið sveitarfélög og hlutafélög og að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra.

Í fyrsta lagi er það að segja um hafnir sem væru í eigu hlutafélaga að slíkar hafnir eru til og með þessu lagaákvæði er verið að gera mögulegt að þær hafnir falli undir hafnalögin. Ekkert verður í rauninni um það sagt hvort fleiri hafnir verði með því eignarformi en ég tel alveg sjálfsagt að það verði kannað vegna athugasemda sem hér hafa komið fram hvernig skattalegri meðferð hlutafélagshafna yrði varið og hvernig yrði farið með forsjá eða ákvörðunarvald hæstv. ráðherra varðandi gjaldskrá slíkra hafna. Ég tel eðlilegt að fá skýlaus svör við slíkum spurningum sem hér hafa komið fram.

Varðandi það að hafnarsjóðir gætu tekið þátt í að mynda hin og þessi fyrirtæki, og hv. 4. þm. Norðurl. v. nefndi nokkur fyrirtæki sem gætu fallið undir þessa

grein, þá verð ég að vekja á því athygli að 14. gr. takmarkar mjög þennan þátt mála eða möguleika hafnarsjóða til þess að taka þátt í atvinnurekstri. Í 14. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar."

Hafnarsjóður má því einungis verja fé til þátttöku í hlutafélagarekstri sem tengist starfsemi hafnarinnar að það sé óumdeilt að sé í þágu hafnarinnar. (**StG:** Er ekki útgerð í þágu hafnarinnar?) Það er nú álitamál, hv. þm., hvort það er hægt að segja að það sé óumdeilt. Allt styður hvað annað og er hvort öðru nauðsynlegt, en það er hægt að deila um það hvort hægt væri að segja að útgerð væri endilega í þágu hafnar. Höfn getur mætavel komist af án þess að eiga í útgerð, eins og dæmin sanna.

En ef það væri svo að hv. þingmenn kysu að rýmka um þessi ákvæði 14. gr. þá er ég opinn fyrir að skoða það en ég tel að þetta þrengi ákaflega mikið möguleika hafnarsjóða til þess að taka þátt í hlutafélögum. Ég tel nauðsynlegt að þau ákvæði séu þröng þótt ég hafi lýst því yfir að ég vilji gjarnan skoða það ef einhver vilji kemur fyrir að rýmka þau þá tel ég sjálfur persónulega að það sé nauðsynlegt að slík ákvæði séu þröng.

Hitt hefur komið fram varðandi skattalega meðferð hafnarsjóða, þeir eru eins og segir skýrt í 14. gr. undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða og til ríkissjóðs, en ef hafnarsjóðir taka þátt í einhverjum hlutafélögum þá bera auðvitað hlutafélögin skatta og skyldur á borð við annað slíkan atvinnurekstur til sveitarsjóða. Þetta held ég að menn þurfi ekki að deila um.

Ég held að það sé ekki tilefni til þess að fjalla meira um þetta atriði en ég tel samt sem áður rétt að endurtaka þá yfirlýsingu mína að það sé reynt að fá upplýsingar um þau vafaatriði sem kunna að leynast í þessum ákvæðum.

Hv. 2. þm. Vestf. gerði nokkrar athugasemdir m.a. um framlög ríkisins til upptökumannvirkja. Hv. þm. hafði að vísu misskilið textann að nokkru og við höfum orðið ásáttir um hvernig honum hafði orðið á að misskilja og lesið eitthvað skakkt út úr athugasemdum um frv., en í 26. gr. er gert ráð fyrir að hámark framlaga ríkissjóðs til upptökumannvirkja geti orðið 60% kostnaðar. Síðan segir að styrkir megi aldrei verða hærri en 15% heildarframkvæmdakostnaðar. Þetta þýðir að hámark framlags og styrks getur aldrei orðið hærra í þessu tilliti en 75% en ekki 90% eins og hv. 2. þm. Vestf. hafði misskilið.

Þess er svo að geta að hér er um hámark að ræða sem frv. þegar gerir ráð fyrir að sé skert a.m.k. í ýmsum tilvikum. Sé það svo að upp sé kominn vilji, t.d. sveitarfélaganna, Hafnasambandsins og e.t.v. fleiri aðila þess efnis að takmarka þetta meira heldur en frv. gerir ráð fyrir er sjálfsagt að skoða það, en ég vil þó ekki gefa nein fyrirheit um það að breytingar verði á fjármögnunarkafla frv. sem við höfum farið ákaflega vandlega yfir.

Þá hafði hv. 2. þm. Vestf. ekki tekið eftir því að frv. var breytt í kjölfar brtt. nefndarinnar frá síðasta Alþingi þess efnis að ráðstöfun á fé Hafnabótasjóðs er óbreytt frá því sem er í gildandi lögum. Ákvörðunarvald hæstv. ráðherra er á engan máta aukið í þessu tilliti. Þannig að það út af fyrir sig er misskilningur.

Ég vil svo taka það fram að sú skerðing, sem gert er ráð fyrir að geti orðið á framlögum skv. 26. gr., skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóða og um það skulu settar reglur í reglugerð. Það segir sig nærri sjálft eða sá var skilningur samgn., a.m.k. meiri hlutans, að þar yrði að sjálfsögðu tekið tillit til þess að ef hafnarsjóðir teldu sig hafa burði til þess að leggja fé í atvinnufyrirtæki, í hlutafélög, sem yrðu þá að lúta þeim skilmála að vera í þágu hafnarinnar þá hlyti þetta að leiða til þess að það yrði meiri skerðing á framlögum til þeirra hafna sem teldu sig hafa það rúm fjárráð að þau gætu gert þetta. Það segir sig sjálft. Um það mundu verða settar reglur í reglugerð.

Hæstv. forseti. Ég tel ekki ástæðu til að ég lengi þetta en taldi þó tilefni til að koma þessum skýringum á framfæri.

[16:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að formaður nefndarinnar vill taka málið til ítarlegrar yfirferðar í nefndinni. Hann fjallaði um ýmsar greinar í frv. og skilgreindi m.a. 14. gr. þannig að hann teldi að þar væri á ferðinni mjög þöng skilgreining á því hvað væri hlutverk hafnanna eða skyld starfsemi. Það segir í 8. gr. að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtæki sem tengjast starfsemi þeirra en síðan kemur í 14. gr. að tekjum og eignum hafnarsjóðs megi einungis verja í þágu hafnarinnar. Að það skuli vera skilgreint í frv. að undir þetta heyri fiskmarkaðir segir okkur að það hlýtur að liggja býsna nærri annarri starfsemi en fiskmörkuðum því hvers vegna skyldu menn tengja fiskmarkaðina frekar en fiskvinnsluna eða eitthvað annað sem tengist starfsemi sem nauðsynlega þarf á höfn að halda? Því skyldu menn ekki alveg eins geta skilgreint það sem eitthvað sem væri skylt starfsemi hafnarinnar sem hv. 4. þm. Norðurl. v. taldi upp áðan? Ég tel að það sé bitamunur en ekki fjár á því og menn þurfi að fara býsna varlega með þær skilgreiningar. En vegna þess að það er tekið sérstaklega fram að fiskmarkaðir eigi þarna heima þá held ég að það bjóði því heim að menn telja að ýmislegt annað komi til greina.

Ég vil svo til viðbótar spyrja hv. formann nefndarinnar hvort hann sé sammála því að ef einhverjir stofnuðu hlutafélag sem héti Skemmtibátahöfnin hf. og það væri eingöngu starfsemi sem tengdist einhverjum leikaraskap sem þar ætti heima og væri gróðafyrirtæki, að þetta fyrirtæki ætti samkvæmt þessu að vera undanþegið sköttum.

[16:09]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna athugasemda hv. 3. þm. Vesturl. þá vil ég aðeins segja það að þátttaka hafnarsjóða getur auðvitað ekki orðið í fiskmörkuðum nema það sé ótvírætt að það sé talið í þágu hagsmuna hafnarinnar.

Varðandi fyrirspurnir hv. þm. um Skemmtibátaklúbbinn hf. sem stofnaði til hafnargerðar og ræki höfn

með hagnaði, þá er það fyrst að segja að það getur ekki orðið höfn samkvæmt hafnalögum nema að fá staðfesta reglugerð um höfn og hafnarsjóð. Við þekkjum slíka starfsemi um skemmtibáta þar sem ekki hefur verið staðfest hafnarreglugerð þannig að það er fyrsta skilyrðið.

Að öðru leyti vil ég geyma mér að svara um hagnað af slíku. Ég tel að slíkt hlutafélag, Skemmtibátar hf., mundi væntanlega fá skattalega meðferð eins og önnur hlutafélög.

[16:11]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég átta mig ekki alveg nákvæmlega á því hvernig menn ætla að skilgreina þetta hugtak „í págu hafnar" úr því að menn eru búnir að lýsa því yfir að fiskmarkaður falli undir þá skilgreiningu að vera í págu hafnarinnar. Og það er þar sem línan skerst kannski á milli okkar að ég tel að með því að skilgreina fiskmarkað sem starfsemi í págu hafnarinnar þá séu menn búnir að opna inn á möguleika á því að skilgreina ýmsa aðra starfsemi með sama hætti og þess vegna held ég að það þurfi nú að taka þetta til sérstakrar skoðunar.

Ég tel líka í tilefni af því sem hv. formaður nefndarinnar sagði áðan um Skemmtibátahöfnina hf. að það sé erfitt og ég segi næstum því ógerlegt að neita mönnum sem standa eðlilega að hafnarframkvæmdum og óska eftir því að þeirra höfn fái reglugerð með eðlilegum hætti þegar um væri að ræða hlutafélagahöfn, sem uppfyllti þær reglur sem hér er verið að setja í lög með þessum hugmyndum, að neita þeim um staðfestingu á að þeir séu að reka löglega höfn. Ég tel að það sé ekki gerlegt og í framhaldi af því mundu þeir auðvitað geta skilgreint sig með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessu frv., þ.e. þeir ættu ekki að bera gjöld.

[16:12]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vitna til þess að það er rekin starfsemi af þessu tagi. Það er ef ég man rétt skemmtibátaklúbburinn eða siglingaklúbburinn Snarfari í Kópavogi svo að dæmi sé tekið. Hann er rekinn þar án þess að þar sé um höfn að ræða og þar ofan í kaupið hafa þeir Kópavogsbúar sótt eftir því að fá viðurkennda höfn sem ekki hefur orðið. Þetta er grundvallaratriði að staðfesta reglugerð fyrir höfn til þess að hún fái viðurkenningu sem slík. Fyrirspurnir um það hvernig farið skuli með einhverja aðra starfsemi en fengið hefur slíka viðurkenningu er í raun og veru ekki mjög frjótt umræðuefni undir þessum lið.

[16:13]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins byrja á því að leiðrétta hv. 2. þm. Norðurl. v., Pálma Jónsson, um það að sportbátaklúbburinn Snarfari er hér inn við Elliðaár í Reykjavík en ekki í Kópavogi. (**PJ:** Þá biðst ég afsökunar á því.) Málið er það að hann kom hér inn á fjármögnunarkafla frv. og segir að hann hafi verið vandlega yfirfarinn og það efa ég ekki. Hins vegar þykir mér nauðsynlegt að minna á og sérstaklega beina því til formanns nefndarinnar að í þeim almenna samdrætti í þjóðfélaginu og í ljósi viðleitni hafna til lækkunar gjalda á útgerð og flutninga eru vandséð rök fyrir því að ríkisvaldið gangi fram með skattheimtu 25% vörugjalds og millifærslu fjármuna á þann hátt sem gerður er nú í óþökk hafna, viðskiptavina og síðast en ekki síst neytenda. Hvað svo sem má segja um framkvæmdir hafnanna og fjárþörf þeirra þá er það rangt að afla fjár til framkvæmda með þeim hætti sem hér er viðhafður. Það mundi vissulega breyta miklu og hafnir leggja sig væntanlega enn frekar fram um afslætti til viðskiptavina sinna ef ríkisvaldið gerði slíkt hið sama varðandi vörugjaldið. Og það mundi eins og ég sagði hér áðan síðast en ekki síst koma neytendum til góða í formi lækkaðs vörugjalds sem ég held að hvert og eitt heimili mundi fagna og vænti ég þess að hv. formaður nefndar íhugi það mjög vel með sjálfu sér næst þá sest er niður yfir þessi mál svo alvarleg og flókin sem þau eru og vandmeðfarin sem ég geri mér vissulega fulla grein fyrir.

[16:16]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið afsökunar á því að hafa munað rangt nafn á sportbátaklúbbnum í Kópavogi, en það verður að bíða betri tíma.

Hv. þm. lýsti andstöðu við það að ganga fram í gjaldtöku, þ.e. með vörugjaldi á hafnir í óþökk allra þeirra aðila sem hlut eiga að máli og taka það fé til jöfnunaraðgerða eins og við vitum að gert er. Hann taldi jafnframt rangt að afla tekna með þessum hætti og vildi láta það gerast einhvern veginn öðruvísi eða með skattheimtu væntanlega á borgana. Um þetta er sjálfsagt hægt að deila. En ég tel að hv. þm. sé mér jafnmeðvitaður um það að flestir sem hlut eiga að máliður vilja helst vera lausir við að greiða skatta, svo um þessa aðila eins og aðra. Eigi að síður hefur það orðið niðurstaða og er pólitísk niðurstaða núv. hæstv. ríkisstjórnar að afla tekna til hafnargerða að hluta með þessum hætti og það ætti hv. þm. að vera vel kunnugt um.

[16:17]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er mér fullkunnugt um það. Hins vegar á ég við með þeim orðum sem ég talaði hér áðan að það yrði að skerða framkvæmdafé til hafna sem nemur þessari skattheimtu og þegar ég tala um að þetta sé í óþökk allra, þá er þetta í óþökk þeirra aðila sem sitja í stjórn Hafnasambands sveitarfélaga því að þeir mótmæltu þessari skattheimtu 12. júlí sl. Það eru því margir aðilar sem koma að þessu máli og ég tel fulla ástæðu til þess að nefndin taki þetta mál til alvarlegrar íhugunar og skeri niður framkvæmdir, herði ólina varðandi hafnarframkvæmdir eins og allur almenningur í landinu hefur þurft að gera.

[16:18]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Það verður að segjast eins og er að fátt nýtt hefur komið fram í þessari umræðu frá því sem var þegar þetta frv. til hafnalaga var til umræðu í

fyrra. Það er því kannski ekki ástæða til þess að hafa mörg orð um þá umræðu sem hér hefur farið fram. Ég vil þó að sjálfsögðu lýsa yfir fullum stuðningi við það frv. sem hér liggur fyrir og þær brtt. sem hv. samgn. hefur gert á frv. en þær fylgja með frv. eins og það liggur fyrir.

Þau atriði sem aðallega hefur verið rætt um af hálfu stjórnarandstöðunnar eru athugasemdir um það að eigendur hafna geti verið bæði sveitarfélög og hlutafélög. Ég verð að lýsa yfir undrun minni að stjórnarandstaðan skuli eyða svo miklum tíma í það að ræða það ákvæði að hlutafélög geti átt eða verið aðilar sem eigendur að hafnarsjóðum eða höfnum. Ég held að tímanum hefði verið miklu betur varið í að ræða önnur atriði í þessu merkilega frv. sem vissulega getur markað tímamót.

En það, sem einkum var rætt um í samgn. þegar hún fjallaði um þetta á síðasta þingi, var mismunandi afstaða til ríkisframlaga til hafnargerðar. Það má segja að það hafi kristallast sá ágreiningur sem er um það mál. Annars vegar komu fram athugasemdir um að það skuli vera breytt hlutdeild ríkisins í tilteknum hafnarframkvæmdum en það er um það að ræða að gert er gert ráð fyrir lækkun á framlagi ríkisins til innri hafnarmannvirkja úr 75% niður í 60% en hins vegar er aukin hlutdeild í öðrum mannvirkjum, svo sem dýpkun hafna, sérbúnað fyrir ekjuskip og ferjur svo og siglingamerki.

Frv. gerir ráð fyrir því að falla frá framlögum til einstakra þátta svo sem löndunarkrana, hafnarvoga og hafnsögubátum. Því hefur verið mótmælt af ýmsum hafnarstjórnum. Á hinn bóginn hafa svo komið athugasemdir við því að ríkið skuli yfir höfuð veita styrki til hafnargerðar. Þær athugasemdir hafa m.a. komið frá stærstu höfn landsins, Reykjavíkurhöfn. Og mér heyrist á málflutningi hv. 16. þm. Reykv. að hann sé enn við það sama heygarðshorn og hann var hér og hefur væntanlega verið sem stjórnarmaður í hafnarstjórninni í Reykjavík. Frammi fyrir þessum mismunandi áherslum stöndum við þingmenn og það er væntanlega hlutverk okkar að komast að niðurstöðu sem meiri hlutinn vill ná hér í þinginu.

Hins vegar var það svo í samgn. að frumkvæði formanns samgn. að samkomulag varð um að setja inn ákvæði til bráðabirgða þar sem lögin tækju ekki gildi hvað varðar framlög til hafnarvoga og hafnsögubáta og löndunarkrana fyrr en að liðnu árinu 1994, þannig gefst eðlileg aðlögun fyrir hafnarstjórnir varðandi þau atriði.

En að öðru leyti vil ég í þessari umræðu mótmæla því harðlega vegna þess að hér var rætt um það að fjárfesting í hafnarmannvirkjum gæti e.t.v. hafa valdið auknum kostnaði við flutninga til landsins og þá væntanlega auknum kostnaði vegna útgerðar frá Íslandi. Ég vil fullyrða að kostnaður útgerða hvort sem um er að ræða kaupskipaútgerð eða fiskiskip er óverulegur miðað við önnur útgjöld sem eru vegna útvegs.

Megintekjur fiskihafna svo að ég nefni það sem dæmi eru 1% aflamark af aflaverðmæti skipa. Útvegsmenn hafa hins vegar ekki kveinkað sér undan því að greiða allt upp í 6% af aflaverðmæti til fiskmarkaða og allir geta nú ímyndað sér það hvaða fjárfesting liggur annars vegar í hafnargerð sem er forsenda fyrir útgerð og svo hins vegar fiskmörkuðum. Ég vil vekja á þessu athygli vegna þess að í umræðunni hefur það komið fram að menn telja að fjárfesting í hafnargerð á Íslandi geti hafa leitt til of mikils kostnaðar við flutninga að og frá landinu og vegna útgerðar fiskiskipanna. Ég held að menn þurfi að átta sig á þessum staðreyndum og ég vil líka minna menn á það og m.a. hv. 16. þm. Reykv. vegna þeirra orða sem hann hafði og hvatti til þess að draga úr fjárfestingu í hafnargerð að fiskihafnirnar allt í kringum landið leggja algerlega grunninn að þeirri miklu og blómlegu starfsemi sem fram fer hjá Reykjavíkurhöfn, m.a. öllum olíuflutningunum sem fara um Reykjavíkurhöfn. Það fara sennilega um 500–550 þús. tonn af olíu um Reykjavíkurhöfn og tekjur koma til hafnarinnar af þessum olíuflutningum eru verulegar. Og hverjir eru meginnotendur olíu í landinu í dag? Það er fiskiskipaflotinn þannig að ég held að þeir hv. þingmenn hér sem vilja veg Reykjavíkurhafnar sem mestan verða að átta sig á þessari staðreynd. Það er fullkomið samhengi á milli hagsmuna fiskihafnanna í landinu og þeirrar stóru og miklu og mikilvægu hafnar sem Reykjavíkurhöfn er sem vissulega sér um flutninga að og frá landinu. Það hefur orðið sú þróun og það út af fyrir sig held ég að mörgu leyti sé hagstætt að útflutningur á sjávarafurðum hefur aukist frá Reykjavíkurhöfn vegna þess að sá aðili sem sér aðallega um flutning að og frá landinu og sér aðallega um flutning á sjávarafurðum frá landinu hefur valið þann kostinn að auka starfsemi sína í flutningum á landi. Það hefur leitt til þess að sjávarafurðir hafa verið fluttar utan af landi landveg til Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og orðið til þess að vörugjöld af útflutningi sjávarafurða hafa aukist stórlega til þeirra hafna. Þetta er auðvitað þróun sem þýðir ekkert að sporna gegn. Hún er væntanlega í þágu hagræðingar og minni tilkostnaðar en ég held að fyrir okkur Íslendinga sem ætlum að nýta auðlindir hafsins allt í kringum landið sé það varasamt ef við ætlum að leggjast gegn eðlilegri uppbyggingu og eðlilegri endurnýjun hafna í landinu. Ég vara við þeirri hugsun. Hins vegar þarf að skoða það hafnalagafrv. sem hér liggur fyrir rækilega og það mun samgn. væntanlega gera, en hv. samgn. hefur hins vegar lagt mikla vinnu á síðasta þingi í að fara ofan í þetta frv. Ég tel að þær breytingar sem hv. nefnd hefur gert tillögu um varðandi frv. séu allar til bóta og þær munu styrkja hafnirnar og gera þeim auðveldara að gegna því viðamikla og mikilvæga hlutverki að sjá til þess að útgerð á Íslandi geti orðið sem hagkvæmust fyrir alla Íslendinga.

[16:27]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður sagði áðan að ekkert nýtt hefði komið fram í umræðunni og er það satt því að engum spurningum sem hefur verið beint til hæstv. samgrh. hefur verið svarað þannig að það hefur ekki komið neitt nýtt fram. Og sérstaklega kom ekkert nýtt fram í ræðu hv. þm. sem talaði síðast og taldi um að það væri ekki of mikið á útgerðina lagt, það

væru bara mjög eðlileg gjöld og talaði um 1% aflagjald. Ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta, hvaða gjöld eru almennt lögð á samkvæmt 11. gr. Greinin hljóðar svo:

Eftirtalin gjöld skulu greidd fyrir afnot hafna:

1. Skipagjöld á skip þau og báta er nota viðkomandi höfn: Gjöld miðuð við stærð skipa, dvalartíma á hafnarsvæði o.s.frv., fastagjöld fiskiskips í heimahöfn, hafnsögugjöld, vigtargjöld á allan sjávarafla, gjöld af ferjum.

2. Vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald á sjávarafla sem lagður er á land á hafnasvæðinu.

3. Leiga fyrir afnot annarra mannvirkja eða tækja hafnarinnar.

4. Leyfisgjöld fyrir bryggjur og önnur mannvirki sem gerð hafa verið samkvæmt 18. gr.

5. Lóðargjöld og lóðarleiga.

6. Sérstök vörugjöld til hafnasjóðs.

7. Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun, móttöku á úrgangi, vatnsölu, rafmagnssölu, festagjöld o.fl.

Þetta er þetta 1% sem hv. þm. er að tala um og telur mjög lítið. Og afsökunin fyrir því að hann telur þetta mjög lítið er sú að útgerðin sé að borga annars staðar einhvers staðar meira og það sé eðlilegt að leggja á há hafnargjöld vegna þess að það séu einstaka aðilar að borga mikið til fiskmarkaðar.

Ég skil ekki þessi rök, ég verð að segja það. En ég endurtek að það hefur ekkert nýtt komið fram í þessari umræðu. Ég hef heyrt þetta svo oft áður, að það sé eðlilegt að leggja mikil hafnargjöld vegna þess að útgerðin sé hvort sem er að borga annars staða meira.

[16:30]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 2. þm. Vesturl. vildi ég segja að ég tók það fram að ekkert nýtt hefði komið fram af hálfu stjórnarandstöðunnar í þessari umræðu. Það er því kannski ekki við því að búast að mikið hafi komið af nýjum svörum, það ber að skilja orð mín þannig.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um gjöld til hafnanna, þá kom ekkert af þessari upptalningu mér á óvart. Hins vegar fannst mér hv. þm. vera ansi mikið í útgerðarmannsfrakkanum þegar hún talaði hér. En ég held að hún hafi ekki með nokkrum hætti dregið úr þeim málflutningi sem ég hafði í frammi um það að gjöld sem útgerðin greiðir, aflagjaldið er vissulega langstærsti hlutinn en hins vegar eru lestar- og bryggjugjöld ekki hátt hlutfall í rekstri útgerðarinnar miðað við margs konar annan kostnað sem tengist þjónustu við hafnarsvæðin, m.a. það sem útgerðarfyrirtækin hafa af fúsum og frjálsum vilja, án nokkurra athugasemda svo vitað sé, greitt fiskmörkuðum fyrir þá þjónustu sem þeir veita. Ég legg ekki með þessu neitt mat á það hvort útgerðin hafi yfir höfuð efni á því að greiða tiltekinn kostnað. Það er allt annað mál. Ég var að bera saman annars vegar fjárfestingarkostnaðinn í höfnunum og svo hins vegar fjárfestingarkostnaðinn í fiskmörkuðum. Það hefur verið niðurstaða útvegsmanna að eðlilegt væri að greiða mun meira fyrir þjónustu sem fiskmarkaðir veita.

[16:32]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn á ný ætla ég að endurtaka: Ekkert nýtt hefur komið fram í svörum ríkisstjórnarinnar, ekkert nýtt. Við erum þráfaldlega búin að spyrja um það hvað eigi að gera með hafnir sem verða reknar í hlutafélagsformi. Við fáum engin svör við því. Við fáum ekki einu sinni svör frá þeim sem sömdu frv., þeir eru ekki búnir að skýra það út fyrir okkur hvaða skatta og skyldur hlutafélagsformshafnir eiga að greiða. Ekki hvort það verði frelsi í sambandi við gjaldtöku eða frelsi í sambandi við framkvæmdir. Við fáum ekkert að vita. Eina svarið sem ég fæ hér er það að ég sé í útgerðarmannsfrakka. Ég skammast mín ekkert fyrir það, ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég segi fyrir mig að mér finnst vera kominn tími til að einhver hugsi um grunnatvinnuvegi þjóðarinnar, vegna þess að í auknum mæli eru sveitarfélögin að taka þau yfir. Hvers vegna? Kannski vegna þess að það eru of miklar álögur á þessum atvinnuvegum. Það kann að vera. (Gripið fram í.) Og það kann að vera að það sé mjög óeðlilegt að það sé hugsað um atvinnureksturinn yfirleitt. Ég hef oft fengið það framan í mig á hinu háa Alþingi að nú sé ég að hugsa um fiskvinnsluna, nú sé ég að hugsa um útgerðina, o.s.frv. Ég verð að segja, er eitthvað rangt við það? Ég spyr hv. þm., er eitthvað rangt við það? En ég hugsa líka um sveitarfélögin sem þurfa sífellt að taka þennan rekstur yfir. Það er spurning hvernig er hægt að koma þessu heim og saman, að þessum gjöldum sé stýrt í hóf og skynsamlega framkvæmt.

[16:35]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég segja það að samkvæmt frv. þá er ekki gert ráð fyrir því að það sé nokkur minnsti munur á gjaldskrá hafna eftir því hvort þær eru í eigu sveitarfélaga eða hlutafélaga. Þetta svar vildi ég gefa hv. þm. varðandi það atriði. Ég hafði ekki gert ráð fyrir því að hefja umræðu um afkomu atvinnuveganna almennt en hins vegar vil ég segja að það er afskaplega mikilvægt fyrir sjávarútveginn, og á það vil ég leggja áherslu, að þjónusta hafnanna sé viðunandi og góð. Ég held að það sé m.a. lykill að góðri afkomu útgerðar að það sé viðunandi og góð þjónusta í höfnum landsins. Ég held að við getum bara litið dálítið aftur í tímann og skoðað hvernig þau mál hafa verið að þróast á undanförnum áratugum og hversu mikill munur er á því í dag að gera út frá þeirri hafnaraðstöðu sem víða er við landið og var, við skulum segja fyrir 25 árum, þegar hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson var að byrja sín afskipti af stjórnmálum. Ég er alveg sannfærður um að þingmaðurinn getur rifjað upp margar ræður frá þeim tíma þegar útgerðin var í hinum mestu vandræðum vegna þess að ekki var bærileg hafnaraðstaða við landið.

Varðandi það að hv. 2. þm. Vesturl. telji að ég vilji ekki hag sjávarútvegs og útgerðar sem mestan, þá er

það hinn mesti misskilningur og ég vænti þess að hv. þm. hafi svo sannarlega komist að raun um það einhvern tíma þó síðar verði.

[16:37]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 1. þm. Vesturl. vil ég í fyrsta lagi taka undir það sem hér hefur verið sagt, að hafnir landsins eru auðvitað einn af aðalaflvökum og aflgjöfum atvinnulífsins hér á landi og auðvitað eigum við að stuðla að sem mestum og bestum framgangi þeirra. En það, eins og kom fram í hans orðum, að ég mótmælti öllum ríkisfjárframlögum til hafna, er rangt. Það sem ég sagði áðan, og hef aðeins sagt í dag, er að ég tel að þar eigi skynsemin að ráða. Þegar fjárframlög eru veitt til hafna þá hefur oftar en ekki kappið ráðið meira en forsjá. Við sjáum þess ótal dæmi. Við þurfum ekki að fara annað en í hans kjördæmi og horfa t.d. á höfnina í Borgarnesi. Við getum horft á margar hafnir sem er stillt þar upp hlið við hlið og mætti lengi telja.

Í sambandi við ríkisframlagið vil ég endurtaka það að ég vil að skynsemin ráði og við hljótum að vera öll sammála um það sem á Alþingi sitjum að með fjármagn almennings á að fara af virkilegri gæslu og einurð. Í sambandi við 60% framlag til slippa þá er óeðlilegt að þetta ákvæði skuli enn vera inni í frv. til hafnalaga, sem gefur fleiri höfnum möguleika á að byggja enn fleiri slippa. Það er rangt. Það á ekki að gerast, það er nóg af þeim fyrir.

Varðandi Reykjavíkurhöfn og að hún njóti góðs af höfnum landsins er það rétt, enda hefur Reykjavíkurhöfn hagrætt mjög og stuðlað þannig að lækkun vöruverðs og lækkun annarra þjónustugjalda í sambandi við losun og lestun sjávarafurða og innfluttum vörum.

Aðeins að lokum í sambandi við olíuna. Mér þykir mjög kátbroslegt þegar þingmaðurinn talar um það að Reykjavíkurhöfn njóti svo mjög af öllum olíuflutningum í gegnum Reykjavíkurhöfn. En hvernig stendur á því? Veit ekki hv. þm. að það er stór olíutankur austur á Seyðisfirði sem ekki hefur verið notaður í mörg ár vegna þess að olíufélögin telja sér engan hag af því að vera að hagræða í rekstri hjá sér í sambandi við dreifingu á olíu úti um landið vegna jöfnunargjaldsins. Þeim er nákvæmlega sama hvað það kostar að dreifa olíunni, þess vegna er hún öll hér á einum stað. Það er ekki málefni okkar Reykvíkinga eða Reykjavíkurhafnar, en hún mun samt auðvitað stuðla að lágu verði varðandi losun og lestun á olíu eins og hún hefur gert. En það eru aðrir aðilar sem þar ráða.

[16:40]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. 16. þm. Reykv. þá vil ég segja það að við eigum auðvitað að horfa fram á við í sambandi við skipulag hafnamála, en ekki vera að líta til þess hvort að einstök mannvirki kunni að hafa verið reist á fölskum forsendum. Frv. gerir einmitt ráð fyrir því að reyna að hagræða og ná fram skynsamlegri skipan þessara mála en verið hefur. Það sem ég á við er að það er gert ráð fyrir þeim möguleika að stofna hafnasamlög þar sem eigendur hafna, e.t.v. margra hafna, sameinast um að reka tiltekið hafnarsvæði og nýta sem best þau mannvirki sem eru til staðar og ná þannig fram meiri hagkvæmni. Ég held að þetta sé e.t.v. mikilvægasta breytingin og mikilvægasta áherslan sem frv. gerir ráð fyrir og ég er sannfærður um að umræðan sem spannast um frv. og hugmyndir um stofnun hafnasamlaga hafa m.a. nú þegar leitt til þess að eigendur hafna hafa farið að huga að þessum málum. Við Eyjafjörðinn m.a. hafa sveitarfélögin gengið til samstarfs um samrekstur hafnanna. Þetta vildi ég að kæmi fram og vil að því leyti taka undir orð hv. þm., að það er afar mikilvægt að við reynum að hagræða og ná sem mestu út úr þeirri fjárfestingu sem við förum í varðandi þennan mikilvæga þátt, hafnirnar. Að öðru leyti er ég sammála hv. þm. að Reykjavíkurhöfn, og ég hef margundirstrikað það úr þessum ræðustóli, er vel rekið fyrirtæki og gefur mikinn arð af þeirri fjárfestingu sem þar er.

[16:42]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál hér en þakka aðeins hv. 1. þm. Vesturl. fyrir það að hann kom með svolítið nýtt inn í umræðuna áðan. Hann skýrði loksins út það sem við höfum verið að spyrja um. Við spurðum um það hverju það mundi breyta að hafnirnar yrðu gerðar að hlutafélögum og hann svaraði því að það mundi engu breyta með gjaldskrárnar. Þá spyr ég hv. 1. þm. Vesturl.: Hvaða hópur hluthafa ætlar að koma þarna inn og engu að ráða? Hvaða hópur er það sem þeir eru að markaðssetja þarna inn í hafnirnar ef þeir eiga svo engu að ráða?

Það er búið að upplýsa hér að þeir eiga ekki að ráða gjaldskránni. Hverju eiga þeir yfir höfuð að ráða í hafnarstjórn, þessir nýju aðilar sem eiga að koma inn og koma með aukið fé? Það væri mjög fróðlegt að fá úr því skorið hér. En það var mjög mikilvægt fyrir okkur þingmenn að fá þetta og líka mikilvægt fyrir þá sem hafa kannski ímyndað sér að það væri hagkvæmt fyrir þá að leggja fjármuni til hafna.

Ég spyr aftur: Hvaða hluthafahópur er þetta sem hv. þm. býst við að fá inn í hafnirnar þegar þetta er upplýst?

[16:44]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna athugasemda hv. 2. þm. Vesturl. vil ég segja að ég hef ekki á takteinum neinar upplýsingar um það hvaða aðilar það gætu verið sem vildu setja á stofn hlutafélag um rekstur einstakra hafna. Hins vegar get ég upplýst að í nefndinni sem vann að gerð þessa frv. sem hér er til umræðu var talið eðlilegt, eins og reyndar hefur komið fram í ræðu hv. 2. þm. Norðurl. v., formanns samgn., að þessi kostur væri fyrir hendi að það væri hlutafélag sem ætti höfn. Ég held að það sé mjög eðlilegt, enda leggjast menn mjög á þá sveifina að hlutafélög séu stofnuð um mismunandi rekstrarviðfangsefni.

Varðandi það atriði að það væri ein gjaldskrá. Ég hef gert ráð fyrir því og það er samkvæmt frv., að hafnir sem eru staðfestar í reglugerð sem hafnir og

njóta ríkisstyrkja verða að fara að lögum og vinna eftir gjaldskrá sem sett er í samræmi við það frv. sem hér er til umræðu. Hins vegar er það þannig að hluti af gjaldskrá hafnanna er frjáls. Það eru fyrst og fremst lestargjöld, bryggjugjöld og vörugjöld sem eru bundin í samræmdri gjaldskrá, en síðan eru það þjónustugjöld, margs konar þjónusta sem seld er í samræmi við gjaldskrá sem er frjáls. Innan þeirra marka sem þær gjaldskrár gefa tilefni til hafa hafnirnar e.t.v. keppt einkum og sér í lagi um, en aðallega er það þjónustan sem hafnirnar hafa keppst um að veita.

[16:47]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið þá er þessi grein frv. sem fjallar um hlutafélag húmbúkk. Hún fjallar um ekki neitt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lögskráning sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 120. mál (öryggisfræðsla og nýliðanám). — Þskj. 125.

[16:48]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir var lagt fram á síðasta þingi en varð þá eigi útrætt en er nú endurflutt með lítils háttar breytingum.

Í lögum um Slysavarnaskóla sjómanna var svohljóðandi ákvæði til bráðabirgða, með leyfi hæstv. forseta:

„Samgönguráðherra skal eigi síðar en 1. febrúar 1993 leggja fram frumvarp til laga um breyting á lögum um lögskráningu sjómanna sem m.a. kveða á um skyldu sjómanna, sem lögskráðir eru, til að hafa hlotið grundvallarfræðslu um öryggismál í Slysavarnaskóla sjómanna þegar lögskráning fer fram".

Með þessu frv. er lagt til að öryggisfræðsla verði gerð að skyldu fyrir alla sjómenn og að lögskráningarstjórar hafi eftirlit með því að menn fullnægi henni.

Jafnframt er samgrh. heimilað að gera nýliðafræðslu að skilyrði fyrir lögskráningu.

Eftirtaldir aðilar sendu umsagnir til samgn. Alþingis vegna frumvarps þessa: Sjómannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Samband ísl. kaupskipaútgerðar, Slysavarnafélag Íslands og Landssamband ísl. útvegsmanna.

Allir umsagnaraðilar mæla með samþykkt frv. en Landssamband ísl. útvegsmanna leggur þó til að frestur nýliða til að sækja öryggisfræðslunámskeið Slysavarnaskólans verði 12 mánuðir í stað 6. Rökin eru þau að menn sæki námskeiðin þegar Sæbjörg fer í árlega hringferð um landið og þá fer hver og einn á námskeið í sínu byggðarlagi.

Vélstjórafélagið leggur til að frestur til að sækja námskeiðin sem í frv. er til ársloka 1995 fyrir skipstjórnarmenn en 1996 fyrir aðra, verði hinn sami fyrir alla. Frestir í frv. voru ákveðnir í samráði við skólastjóra Slysavarnaskóla Íslands með hliðsjón af fjölda sjómanna og meðalfjölda nemenda undanfarin ár.

Frv. eins og það liggur fyrir er með þeirri breytingu sem Landssamband ísl. útvegsmanna leggur til, en óbreytt að öðru leyti.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn. og vænti þess að það geti fengið afgreiðslu á þessu þingi.

[16:50]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna frv. sem nú er komið fyrir Alþingi í annað sinn og tek undir það sem samgrh. gat um áðan, að það fái skjóta afgreiðslu í ljósi þeirra umsagna sem hafa komið fram frá sjómannasamtökunum.

Það er þó aðeins eitt sem ég vildi ræða hér og gera að fyrirspurn til samgrh. Í ljósi þeirrar slysatíðni sem nú hefur verið svo mjög um borð í skipum má ætla að þetta frv. leiði til umbóta þar um. Það er hins vegar umhugsunarefni þegar horft er á þá kennslu sem viðhöfð er í Slysavarnaskóla sjómanna sem lýtur að öryggisfræðslunni, að þar hefur kröftum kannski fyrst og fremst verið beint að því hvernig menn skuli yfirgefa skip. Hins vegar sé ég hér í athugasemdum við frv. að gert er ráð fyrir því að það verði þó farið yfir á aðrar brautir og vonandi að svo verði, þ.e. að þau drög sem hafa væntanlega verið samþykkt varðandi öryggi á hafinu, og hefur nú verið fjallað um hjá Siglingamálastofnun, verði lögfest.

Í sambandi við þá auknu kennslu sem hlýtur að falla á öryggis- og björgunarmál sem snúa að Slysavarnaskóla sjómanna, Sæbjörgu, þá langar mig að spyrja hvort samgrh. hafi hugsað sér einhverja aukafjárveitingu vegna þessa máls. Því þetta frv., þegar gengið verður endanlega frá því til laga, hlýtur að hafa nokkurn kostnað í för með sér varðandi rekstur Slysavarnaskóla sjómanna um borð í Sæbjörgu.

Að öðru leyti er ég meðmæltur þessu og vona að með breyttri starfstilhögun Slysavarnaskólans, þar sem menn munu nú væntanlega ganga lengra fram um að kenna nýliðum ýmsa verkþætti sjóvinnunnar, dragi úr slysatíðni. En ég vil endurtaka spurningu mína til ráðherra: Hvernig er hugsað að mæta þeim kostnaðarauka sem verður í skólanum?

[16:53]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er óviðbúinn að svara þessari spurningu þar sem ég hef ekki í höndum neina áætlun um það hver slíkur kostnaðarauki yrði. En ég tel sjálfsagt að athuga það og skal koma upplýsingum um það til nefndar.

Ég vil almennt segja það að ég hef áhyggjur af því að nauðsynlegt sé að gera verulegar endurbætur eða endurbyggingu á Sæbjörgu ef hún á að duga til frambúðar sem slysavarnaskip og í athugun hefur verið að reyna að fara aðrar og ódýrari leiðir í þeim efnum. En um þetta sérstaka málefni sem þingmaðurinn spurði, ég get ekki gefið svör þar sem ég hef ekki séð tölur um það efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áburðarverksmiðja ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 221.

[16:54]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er samið í anda þeirrar almennu stefnu ríkisstjórnarinnar að einkavæða ýmsa þá starfsemi sem opinberir aðilar hafa nú með höndum.

Þessi stefnumörkun á sér rætur m.a. í að nauðsynlegt er talið að endurskoða fyrirkomulag og rekstrarumhverfi ýmissa fyrirtækja og stofnana hins opinbera.

Ég gerði rækilega grein fyrir þessum atriðum þegar málið var lagt fyrir á Alþingi fyrir ári síðan og ég sé ekki ástæðu til þess að ítreka þau atriði hér. Málið fékk afgreiðslu í landbn. Ég hef lagt áherslu á að nauðsynlegt sé að reyna að afgreiða málið helst fyrir áramót og vil minna á í því sambandi að eins og nú standa sakir hefur Áburðarverksmiðja ríkisins einkaleyfi á innflutningi á áburði, en það fellur niður þann 1. jan. 1995 í samræmi við samningana um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég tel nauðsynlegt til þess að mæta þeim breyttu viðhorfum, og almennt vegna þess að ég tel að það sé heppilegt að rekstur sem þessi sé í hlutafélagsformi og á ábyrgð einkaaðila, að þetta mál komist í höfn allra hluta vegna. Bæði til þess að reyna að tryggja áframhaldandi rekstur Áburðarverksmiðjunnar og eins þar sem ég tel að þessi breyting hafi hvort tveggja í för með sér, að greiða fyrir því að Áburðarverksmiðjan geti hafið nýja framleiðslu, farið inn á nýjar brautir í starfsemi sinni, sem er mjög fjarlægt ef litið er til þess að hún sé áfram rekin sem opinber stofnun, og hins vegar til þess að greiða fyrir því að hún geti þegar í stað tekist á við nauðsynlegar breytingar vegna þess að einkaleyfið verður fellt niður.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjómannalög, 1. umr.

Frv. GHall og GuðjG, 82. mál (uppsagnarfrestur). — Þskj. 85.

[16:58]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér frv. til laga um breytingu á sjómannalögum. Meðflm. minn er Guðjón Guðmundsson. Efni þessarar breytingar er þannig að fyrri mgr. 9. gr. laga orðist svo:

„Sé eigi á annan veg samið skal uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi vera einn mánuður. Uppsagnarfrestur er gagnkvæmur.“

Nú er það svo að líklega er engin stétt hér á landi sem býr við jafnmikið óöryggi og hásetar á fiskiskipum, aðeins einnar viku uppsagnarfrestur. Fyrir ári síðan var þetta frv. lagt hér fram og fór þá til nefndar en náði eigi fram að ganga.

Allítarleg ákvæði um réttarstöðu sjómanna voru í fyrstu almennu siglingalögunum, nr. 63/1913. Þó voru ákvæði um uppsagnarfrest á einn veg, þ.e. alfarið í höndum skipstjóra. Árið 1930 voru ákvæði um kjör skipshafnar og skipstjóra numin úr siglingalögum, þau endurskoðuð og sett í sérstök sjómannalög, nr. 41/1930. Með þeim lögum var fyrst getið um tiltekinn uppsagnarfrest sjómanna. Með lögum nr. 67/1963 er uppsagnarfresti yfirmanna á öllum íslenskum skipum og undirmanna á kaupskipum verulega breytt, en á fiskiskipum er hann aðeins sjö dagar. Með breytingum, sem átt hafa sér stað á vinnumarkaði á réttarstöðu verkafólks og uppsagnarfresti, svo og þeirri breytingu sem orðin er með tilkomu aflaheimilda á fiskiskip, er það með öllu óviðunandi fyrir eina starfsstétt hér á landi, þ.e. háseta á fiskiskipum, að búa við sjö daga uppsagnarfrest eins og núverandi lög kveða á um.

Í ákvæðum siglingalaga, nr. 63 22. nóvember 1913, sagði svo í 30. gr.: „Skipstjóri ræður skipverja og segir þeim upp. Engan má hann ráða þann er hann veit að er ráðinn annars staðar.“ Í 87. gr. kemur fram að skipstjóri geti ráðið skipverja til tiltekinnar ferðar eða í tiltekinn tíma.

Í sjómannalögum, nr. 41 19. maí 1930, er uppsagnarfrestur tiltekinn og þá mismunandi eftir því hvort um er að ræða stýrimann og vélstjóra eða aðra í áhöfn. 2. mgr. 13. gr. hljóðaði svo: „Uppsagnarfrestur á skiprúmssamningi stýrimanna og vélstjóra skal vera einn mánuður, ef ekki er öðruvísi samið, en sjö dagar á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum einn dagur.“

Þessi ákvæði sjómannalaga voru í gildi þar til ný sjómannalög voru sett, nr. 67 31. desember 1963. Þá var ákvæðum 2. mgr. 13. gr. um uppsagnarfrest breytt verulega og voru þau þannig: „Ef ekki er öðruvísi samið, skal uppsagnarfrestur vera þrír mánuðir á skiprúmssamningum stýrimanna, vélstjóra, bryta og loftskeytamanna, en einn mánuður á öðrum skiprúmssamningum, nema á íslenskum fiskiskipum sjö dagar.“ Með þessari lagasetningu var uppsagnarákvæðum yfirmanna á kaupskipum breytt, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, hjá öðrum skipverjum úr sjö dögum í einn mánuð. Á fiskiskipum urðu sömu breytingar hjá yfirmönnum, þ.e. úr einum mánuði í þrjá mánuði, en hjá öðrum skipverjum úr einum degi í sjö daga.

Við endurskoðun sjómannalaga, sem fram fór síðari hluta árs 1984 og fyrri hluta árs 1985, urðu nokkrar umræður um þann mismun á uppsagnarákvæðum íslenskra sjómanna sem fram kom í sjómannalögunum frá 1963, einkum þá um mismun skipverja (annarra en yfirmanna) á kaupskipum og fiskiskipum. Við þær aðstæður, er þá voru varðandi fiskveiðar, töldu samtök sjómanna ekki ástæðu til breytinga á uppsagnarákvæðum fiskimanna og var 1. mgr. 9. gr. sjómannalaga, nr. 35/1985, m.a. þess vegna ekki breytt. Eins og í upphafi greinargerðar kemur fram hafa nú allar forsendur breyst hvað varðar starfsöryggi þeirra fiskimanna sem nú þurfa lögum samkvæmt að búa við sjö daga uppsagnarfrest og er því þetta frumvarp til breytingar á sjómannalögum lagt fram.

Það vakti nokkra undrun þegar þetta mál var tekið til umfjöllunar hér á síðasta þingi og leitað var umsagna ýmissa aðila. Það er kannski ekki venja hér að vitna til þess sem á undan hefur gengið hvað þetta áhrærir, en með leyfi, virðulegi forseti, langar mig aðeins til þess að vitna hér í umsögn LÍÚ varðandi þetta atriði. En ég vildi þó geta þess áður að bæði Vélstjórasamband Íslands, Farmanna- og fiskimannasamband Íslands og Sjómannasamband Íslands höfðu sent jákvæðar umsagnir um þetta frv. Hins vegar hafði Landssamband ísl. útvegsmanna allt á hornum sér hvað þetta frv. varðaði og taldi það m.a. mjög óeðlilegt að löggjafinn væri að breyta sjómannalögunum með þessum hætti, því að þetta atriði sérstaklega ætti kannski öðru fremur heima í kjarasamningum.

Nú er það svo að það er löggjafinn, hið háa Alþingi, sem hefur síðasta orðið hvað áhrærir sjómannalögin og önnur lög sem lúta að íslensku þjóðlífi.

Lengi vel hafa samtök sjómanna rætt um þessa óáran, ef svo mætti segja, varðandi réttleysi íslenskra háseta á fiskiskipum og talið eðlilegt að þeir stæðu ekki verr að vígi en aðrar starfsstéttir hér á landi. En þegar umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna er skoðuð segja þeir m.a. að óeðlilegt sé að taka þetta mál upp með þessum hætti og eins og ég sagði áður vilja þeir taka þetta mál upp við kjarasamningsborðið. Flm. telja hins vegar að það sé löggjafans að taka ákvörðun og taka af skarið, eins og ég hef áður sagt.

Í umsögn margnefndra samtaka LÍÚ segir m.a. hvað þeim þykir mjög miður varðandi þetta atriði, en segja hins vegar að þeir séu tilbúnir að ræða sjómannalögin þó að þeir séu alls ekki tilbúnir að ræða uppsagnarákvæðin. Og þeir segja hér, með leyfi forseta:

„Hafi menn áhuga á að endurskoða sjómannalögin í heild sinni er um allt annan handlegg að ræða. Lýsa samtökin sig reiðubúin að taka þátt í slíkri heildarendurskoðun ákvæða sjómannalaga og má benda á að sum ákvæði sjónmannalaganna eiga rót sína til sjónarmiða sem sett voru í siglingalög á síðustu öld, svo sem um skyldu útgerðarmanna að greiða útfararkostnað sjómanna."

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum að samtök sem telja sig nokkurs metandi hér á landi skuli senda slíka umsögn til samgn. með þeim hætti sem raun ber vitni um.

Ég held að ég hafi ekki fleiri orð um þetta frv., virðulegi forseti, en legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og til samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun slysabóta sjómanna, fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 87. mál. — Þskj. 90.

[17:06]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um endurskoðun slysabóta sjómanna samkvæmt siglingalögum. Meðflm. minn er Guðjón Guðmundsson. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að skipa nefnd til þess að endurskoða reglur um bótarétt íslenskra sjómanna vegna líkamstjóns. Í nefndinni skulu m.a. eiga sæti fulltrúar sjómanna og útgerðarmanna, Siglingamálastofnunar, rannsóknarnefndar sjóslysa, Sambands íslenskra tryggingafélaga og fleiri."

Í greinargerðinni segir: „Samkvæmt 172. gr. siglingalaga ber útgerðarmaður ábyrgð á kröfum vegna lífs- eða líkamstjóns þeirra sem ráðnir eru í skiprúm hjá honum hafi slys borið að höndum þegar hlutaðeigandi var staddur á skipi eða vann í beinum tengslum við rekstur skips enda þótt slysið eða tjónið verði ekki rakið til sakar útgerðarmanns. Samkvæmt lagagreininni ber útgerðarmaður því hlutlæga ábyrgð (þ.e. ábyrgð án sakargrundvallar) með nánari skilmálum vegna lífs- eða líkamstjóns skipverja hans og er hann þá jafnframt með lagaráðstöfunum hvattur til að kaupa tryggingu í þessu skyni.

Í 2. mgr. 172. gr. segir að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum eftir nánari reglum. Í lagagreininni eru nefndar ákveðnar fjárhæðir en samkvæmt niðurlagi greinarinnar taka þær fjárhæðir breytingum í samræmi við laun Dagsbrúnarverkamanna.

Samkvæmt 173. og 174. gr. siglingalaga hefur útgerðarmaður rétt til að takmarka ábyrgð sína eftir ákveðnum reglum. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 175. gr. laganna nær þessi takmörkun ábyrgðar ekki til krafna vegna tjóns á mönnum eða munum sem þeir verða fyrir sem ráðnir eru hjá útgerðarmanni eða ábyrgðarmanni útgerðar og sem rækja starf í þágu skips eða í sambandi við björgun, þó þannig að verði lífs- eða líkamstjón á mönnum sem ráðnir eru í skiprúm hjá útgerðarmanni með þeim hætti sem frá er greint í 1. mgr. 172. gr. takmarkast hin hlutlæga bótaábyrgð útgerðarmanns við þær fjárhæðir sem um ræðir í 2. mgr. greinarinnar. Er í þessu efni byggt á sömu reglu og var í 2. mgr. 205. gr. eldri laga um hlutlæga ábyrgð útgerðarmanns á vinnuslysum. Hún veitti sjómönnum umtalsverða réttarbót frá því sem leiðir af almennum bótareglum.

Með þessari hlutlægu ábyrgðarreglu var komið á samræmi milli sjómanna og landverkafólks. Hluti af bótarétti landverkafólks vegna lífs- og líkamstjóns byggir á ákvæðum kjarasamninga um hlutlæga ábyrgð atvinnurekanda, þ.e. hinni svokölluðu slysatryggingu launþega. Í siglingalögum, eins og í almennum kjarasamningum, er þeirri reglu fylgt að útgerðarmanni sé skylt að kaupa tryggingu fyrir dánarbótum og slysabótum eins og áður segir. Hin hlutlæga ábyrgð eða slysatrygging er hjá íslenskum launþegum í öllum tilfellum takmörkuð við þak eða hámarksfjárhæð en útilokar ekki frekari bótaábyrgð á grundvelli sakar ef sök sannast. Ábyrgð útgerðarmanns á sakargrundvelli á þess háttar tjóni lýtur hins vegar ekki takmörkun, sbr. 5. tölul. 175. gr., sem þýðir í raun að sjómenn verða eins og landverkafólk að sækja bætur umfram hina

hlutlægu ábyrgð eftir reglum skaðabótaréttarins. Í þeirri stöðu verður launþeginn, sjómaðurinn, að sanna sök atvinnurekandans. Bótaábyrgð fellur ekki á útgerðarmann án sakar hans eða starfsmanns hans, þ.e. án ásetnings eða gáleysis eftir reglum skaðabótaréttarins. Takist launþega ekki að sanna þessa sök fær hann ekki tjón sitt bætt að öðru leyti en sem nemur hinni hlutlægu ábyrgðarreglu og er það oftast aðeins lítill hluti heildartjónsins. Undir óbætt tjón falla öll þau fjölmörgu tilvik þegar slys verða fyrir óhappatilviljun og gildir í því efni það sama á sjó og í landi. Vinnuslys starfsmanna vegna óhappatilvika eru aðeins bætt að litlu leyti samkvæmt íslenskum rétti. Hinir slösuðu verða þá að bera tjón sitt sjálfir.

Það sem veldur því hins vegar að þessu máli er hreyft með þessari þingsályktunartillögu er að slys á sjó eru langtum algengari en slys í landi og miklu oftar verða þau rakin til óhappatilvika en í landi. Að sögn kunnugra verða vinnuslys í landi oftast vegna vanbúnaðar, leiðbeiningarskorts og gáleysis. Í sjómennsku er hins vegar meira um óhöpp sem eiga rætur að rekja til þess að sjómannsstarfið er hættulegra en störf í landi, vinnustaðurinn og hreyfing sjávarins er hættulegri lífi og limum sjómanna en vinnustaðir landverkafólks. Hlutlæg ábyrgð atvinnurekenda vegna hættulegs atvinnurekstrar hefur ekki verið viðurkennd í íslenskum skaðabótarétti til þessa. Venjulegt sakarmat er lagt til grundvallar hvort sem um er að ræða t.d. skrifstofustarf sem hefur engar sjáanlegar hættur í för með sér fyrir starfsmenn eða starf á skipi með tröllauknum og fjölbreytilegum vélbúnaði þar sem aðgátar er þörf við hvert fótmál.

Tilgangur nefndarskipunar af því tagi sem hér er ráð fyrir gert er sá að kanna bótarétt sjómanna með framangreint í huga og leggja fram tillögur til úrbóta. Samkvæmt framansögðu er varla um annað en tvennt að ræða, annars vegar að hækka hlutfall hinnar hlutlægu ábyrgðar skv. 172. gr. siglingalaga, sbr. 5. tölul. 175. gr., eða með þeim hætti að gera ábyrgð útgerðarmanns vegna vinnuslysa hlutlæga að öllu eða verulegu leyti með breyttri skaðabótareglu vegna hættulegs atvinnurekstrar og breyttri sönnunarreglu vegna fjölda óhappatilvika sem ekki eru bótaskyld samkvæmt núgildandi reglu."

Það er nú svo að 25% allra þeirra slysa sem tilkynnt eru Tryggingastofnun ríkisins eru slys á sjómönnum enda þótt þeir séu ekki nema 5% á vinnumarkaðinum. Þau fjölmörgu slys sem henda sjómenn eru með þeim hætti, eins og hér kemur fram, að oftar en ekki hefur sjómaðurinn staðið frammi fyrir því að hann hefur þurft að sanna hvernig með sök skuli fara og þar af leiðandi oftar en ekki verið óbættur frá því tjóni sem hann hefur orðið fyrir. Það eru svo fjölmörg dæmi til um slys hvar sjómaðurinn hefur borið uppi skaðann sjálfur og er hægt að nefna nokkur dæmi í því sambandi.

Ekki fyrir mörgum árum síðan kom skip til hafnar að nóttu til og stýrimaðurinn var frammi á hvalbak og þegar skipið hafði rekið stefni að bryggju þá vildi svo óheppilega til að stýrimaðurinn var með höndina á lunningu frammi á bakka en tók ekki eftir því að ljósastaur var á bryggjunni og ekki tókst betur en svo að lunningin rakst utan í ljósastaurinn og svo óheppilega vildi til að stýrimaður var með höndina þar á milli, þannig að þessi sjómaður missti hönd.

Í dómsniðurstöðu segir að stýrimaðurinn hefði mátt vita betur og hefði mátt reikna með að hlutur eins og ljósastaur hefði getað verið á bryggjunni og því hefði hann átt að huga að sér betur. Niðurstöður dómsins voru þær að meginhluti tjónsins var dæmt á viðkomandi stýrimann.

Þá eru til dæmi um það líka að hásetar hafa hreinlega verið að framkvæma athafnir sem yfirmenn hafa sagt þeim að ganga til starfa í og slasast verulega og útgerðarmaður talið sig ekki bótaskyldan, slíkt lent fyrir dómi og niðurstöður dóms orðið með sama hætti sem ég gat um hér áðan, að þeir hafa orðið að bera verulegan hluta þess tjóns sem þeir urðu fyrir og jafnvel slík að það hafi leitt til örkumla alla ævi.

Virðulegi forseti. Þess vegna er þessi till. til þál. um endurskoðun slysabóta sjómanna lögð fram. Ég vona að þetta mál fái skjótan framgang og komist fljótlega til nefndar svo hægt verði að vinna að því að skipa nefnd til þess að fara í þetta nauðsynlega mál.

Að lokum legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og samgn.

[17:16]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp til þess að fagna fram kominni þáltill. um þetta málefni sem ég tel vera mjög nauðsynlegt að komi fram. Það eru allt of mörg tilvik af því að sjómenn hafa orðið að bera tjón sjálfir og hefur dómur einmitt fallið á þann veg sem hér var áðan lýst að menn hafi átt að vita betur og þekkja betur til og á þann hátt hafa menn lent í að bera sinn skaða sjálfir.

Það einnig að sjómannastéttin er aðeins u.þ.b. 5% af þjóðinni en 25% slysatilvika verða á sjó. Það gefur fyllstu ástæðu til þess að hreyfa við þessum málum. En fyrst og fremst kem ég hér til þess að þakka flm. að hreyfa þessu þarfa máli og ég hvet, eins og flm., til þess að þetta mál fái skjóta afgreiðslu því það liggur mikið við.

[17:17]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu, einungis að taka undir þakkarorð félaga míns úr Alþfl., hv. þm. Gísla Einarssonar, til flm., þeirra hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar og Guðjóns Guðmundssonar, sem hér flytja mál sem ég tel af minni eigin reynslu vera afskaplega þarft. Þessi þáltill. gengur út á að skipuð sé nefnd til að endurskoða reglur um bótarétt íslenskra sjómanna vegna líkamstjóns. Nú er það svo, virðulegi forseti, að þegar vinnuslys verða vegna óhappatilvika eins og er allt of títt úti á sjó þá eru þau aðeins bætt að litlu leyti samkvæmt íslenskum réttarreglum. Því verða sjómenn mjög oft að bera sitt tjón að mestu leyti sjálfir. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að hér á árum áður þegar ég var enn svo lítt kominn á þroskabrautina að ég var ekki farinn

að hneigjast til stjórnmálaafskipta þá eyddi ég nokkrum sumrum sem sjómaður á hafi úti, raunar frá öllum landsfjórðungum. Það vakti furðu hjá mér þó ég hefði einungis verið á sjó á þeim tíma árs er sjór var kyrrastur og þess vegna minnst hætta á slysum, hversu vinnuslys um borð úti á rúmsjó voru tíð. Ég þekki af eigin reynslu menn sem hafa hlotið verulegt tjón af slíkum slysum og ekki fengið nema örlitlar bætur og ég tel þess vegna mjög þarft að það sé sett nefnd til þess að kanna og endurskoða slysabætur sjómanna. Eins og hér hefur komið fram þá eru sjómenn einungis u.þ.b. 4–5% af vinnuafli landsmanna en fjórðungur vinnuslysa verður eigi að síður um borð í skipum. Það sýnir hversu hættulegt eðli þessa starfs er og miklu hættulegra en þau störf sem við landkrabbar vinnum. Þess vegna tel ég það mjög þarft að koma þessu máli í gegnum þingið sem fyrst og tek undir þá ósk hv. flm. Guðmundar Hallvarðsson að menn flýti för þess og láti það ekki daga uppi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 1. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 223.

[17:20]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum öðrum en hvölum. Þetta frv. var fyrst lagt fram á 115. löggjafarþingi og þá urðu um það talsvert miklar umræður. Frv. varð hins vegar ekki útrætt á því þingi og þess vegna var það endurflutt nokkuð breytt á 116. löggjafarþinginu. Í ljósi þeirra athugasemda sem fram höfðu komið, bæði hér á þingi og raunar í umsögnum ýmissa aðila um það þótti ástæða til að gera nokkrar lagfæringar. Um þessar breytingar varð samkomulag í starfshópi sem yfirfór frv. fyrir þáv. umhvrh. áður en það var síðan lagt fram á 116. löggjafarþingi fyrr á þessu ári.

Umræður í það skipti urðu hvorki jafnlangdregnar né líflegar eins og þegar það var lagt fram á 115. löggjafarþinginu enda lýstu þá flestir því yfir sem tóku til máls að það væri búið að færa afar mörg atriði til betri vegar sem áður höfðu valdið nokkrum ágreiningi. Jafnframt var það athyglivert þegar menn ræddu frv. á síðasta þingi að vel flestir þeirra sem tóku til máls töldu að það væri orðið mjög brýnt að setja nýja og samræmda löggjöf um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum og nauðsyn nýrrar og skýrrar lagasetningar sést e.t.v. best á því að með þessum lögum er í rauninni tekið yfir svið 10 eða 11 eldri laga sem frv. gerir ráð fyrir að verði felld úr gildi.

Frv. var að umræðu lokinni á síðasta þingi vísað til hæstv. umhvn. en hún náði hins vegar ekki vegna anna að afgreiða það fyrir þinglok í vor og þess vegna er það endurflutt aftur en með nokkrum breytingum sem hafa verið gerðar á því frá því að frv. var lagt fram síðast á Alþingi.

Helsta breytingin er að 14. gr. frv. sem fjallar um hreindýr hefur verið umskrifuð með tilliti til athugasemda sem hafa komið fram. Þá hefur jafnframt verið bætt við nýrri málsgrein við 4. gr. um skilaskyldu á fuglamerkjum en það ákvæði hafði vegna misskilnings fallið brott þegar frv. var samið. Þriðju meginbreytinguna er síðan að finna í 8. gr. en þar er kveðið sérstaklega á um rétt til dýraveiða þar sem landi í sameign hefur verið skipt en samsvarandi ákvæði er að finna í gildandi lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun.

Þegar forveri minn í embætti umhvrh. lagði þetta frv. fram á síðustu tveimur þingum flutti hann langar og afar ítarlegar framsöguræður. Þar greindi hann frá forsögu málsins og útskýrði einstakar greinar frv. Í ljósi þess og þeirrar miklu umræðu sem fram hefur farið um frv. nú þegar hér á hinu háa Alþingi, ætla ég að leyfa mér að fjalla aðeins um þau atriði í frv. sem ég tel mestu máli skipta en að öðru leyti vísa ég til fyrri umræðna um þetta mál sem afar margir hv. þm. tóku ríkan þátt í. — Ég heyri, virðulegi forseti, að ýmsir þingmenn í salnum hugsa sér gott til glóðarinnar þó vera megi að sú skemmtan sem þeir höfðu áður fyrri af ýmsum þáttum þessa frv. verði ekki jafnmikil nú, enda hefur reynslan sýnt að þeir höfðu rangt fyrir sér í þeim efnum, samanber ísbjörn.

Virðulegi forseti. Frv. sem ég er hér að mæla fyrir gerir ráð fyrir verulegum breytingum frá því sem verið hefur á skipan mála er varðar vernd og friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Meginbreytingin er fólgin í hinni almennu afstöðu til villtra dýra. Það má segja að fyrri lög hafi byggt á nokkru virðingarleysi gagnvart tilverurétti sumra þeirra og hafi miðað að eyðingu þeirra og útrýmingu ef lögin um hreindýr og seli eru undanskilin. Í þessu frv. er hins vegar sú grundvallarafstaða tekin að öll villt dýr, að músum, rottum og minkum undanskildum skuli njóta verndar. Í því frv. sem lagt var fram á 115. löggjafarþinginu voru hins vegar mýs, rottur og minkar ekki undanskilin en vegna athugasemda frá hv. þm. þá var ákveðið að breyta því. Í sjálfu sér hefur þessi breyting ekki áhrif á framkvæmd veiða á þessum dýrum, hér er frekar um að ræða þá almennu afstöðu sem tekin er til réttar dýranna. Mönnum er yfirleitt illa við rottur, mýs og minka, líta á þau dýr sem verulega skaðvalda og sætta sig þess vegna kannski ekki við það að ný löggjöf skyldi ekki heimila útrýmingu þeirra sjálfkrafa.

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að víkja að nokkrum atriðum í einstökum greinum frv. sem ég tel mestu varða fyrir málið. Eins og kemur fram í 2. gr. frv. þá er markmiðið með lögunum að skapa grundvöll fyrir því að maðurinn geti lifað í landinu í sátt við hið villta dýralíf. Þessu markmiði skal náð með því að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, komu skipulagi á veiðar og aðra nýtingu dýra sem og aðgerðir sem miða að því að koma í veg fyrir tjón sem dýr kunna að valda.

Í 3. gr. frv. er staðfesting þess að það er umhvrh. sem hefur með umsjón allra mála að gera er varða

villta fugla og villt spendýr, að hvölum undanskildum. Áður en ráðuneyti umhverfismála var stofnað var umsjón með þessum málum hins vegar í þremur ráðuneytum. Landbrn. fór með málefni er varða refi, minka og svartbak. Menntmrh. hafði á sinni könnu fugla og hreindýr en heilbrrn. sá um framkvæmd laga og reglna sem vörðuðu mýs og rottur. Með því að færa þessi mál öll til umhvrn. má ætla að meira samræmis gæti í afstöðu og ákvörðunum hins opinbera sem lúta að hinum ýmsu og ólíku tegundum.

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að ræða stuttlega málefni sela. Það má segja að þau hafi verið utan ráðuneyta þótt bæði landbrn. og sjútvrn. hafi talið málið sér skylt vegna hlunninda bænda og meints tjóns af völdum sela við laxveiðiár annars vegar og vegna hringorma í sjávarafla hins vegar. Það er ekkert launungarmál að menn hafa ekki verið á einu máli um það hvernig eigi að fara með þau mál sem varða selinn. Í gildandi lögum eru dreifð og sundurlaus ákvæði. Í Jónsbók eru ákvæði sem fjalla um seli og rostunga, sama er að segja um fræga tilskipun um veiði á Íslandi sem var sett 20. júní 1849. Þar er m.a. fortakslaust bann við veiðum í sellátrum sem er enn í fullu gildi þó það virðist hafa farið fram hjá mörgum. Það eru jafnframt til sérstök lög um selaskot á Breiðafirði og um útrýmingu sels í Húnaósi. Síðan má jafnframt nefna sérstakan kafla um ófriðun sels í lögum um lax- og silungsveiði.

Nú er það svo að undanfarin 15 ár hafa veiðar á sel að verulegu leyti verið í umsjá sjútvrn. eða hringormanefndar sem sjútvrh. hefur skipað. Í frv. er gert ráð fyrir því að sjútvrh. stjórni nýtingu selastofna og hafi umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem er ætlað að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela og tjóna af þeirra völdum. Þetta ákvæði eins og það er fram sett í frv. er niðurstaða málamiðlunar sem var milli fyrrv. umhvrh. og sjútvrh. áður en frv. var lagt fram á 115. löggjafarþingi. Áður hafði verið gert ráð fyrir því að umhvrh. fari með öll málefni sem varða stjórn á selastofnum í samræmi við málsmeðferð er varðar önnur villt spendýr og villta fugla, þar á meðal sjófugla. Um það varð hins vegar ekki samkomulag og því er hér gert ráð fyrir sameiginlegu forræði sjávarútvegs- og umhverfisráðherra yfir selum og rostungum eins og fram kemur í 16. gr. frv.

Í 3. gr. frv. er kveðið á um sérstaka nefnd sem hefur hlotið verulega athygli í umræðum á þinginu og ber heitið „villidýranefnd“ en eins og fram hefur komið þá er þar með engu móti vísað til þeirra manna sem þar kann að verða skipað á bekk síðar meir. Villidýranefndin á að vera umhvrh. til ráðgjafar við framkvæmd laganna. Þessi nefnd kemur í stað fuglafriðunarnefndar sem er lögð niður skv. frv. en starfssvið villidýranefndar verður miklu víðtækara þar sem henni er gert bæði að fjalla um fugla og spendýr. Í frv. er skýrt tekið fram að það skuli ætíð leitað tillagna og umsagna ráðgjafarnefndarinnar við setingu reglugerða, leyfisveitinga og þegar teknar eru ákvarðanir um undanþágur og raunar við önnur stjórnvaldsfyrirmæli sem varða villt dýr.

Í 6. gr. er sú grundvallarregla sett að öll villt spendýr, önnur en mýs, rottur og minkar, og allir villtir fuglar á Íslandi og innan íslenskrar efnahagslögsögu njóti verndar. Þetta á einnig við um þá fugla og spendýr sem hingað kunna að berast af sjálfsdáðun. Í frv. er skýr munur á hugtökunum vernd annars vegar og friðun hins vegar. Vernd felur ekki í sér bann við veiðum, heldur er átt við að veiðum dýra af tiltekinni tegund sé hagað á þann hátt að henni sé ekki stefnt í útrýmingarhættu. Friðun þýðir hins vegar bann við veiðum og öðrum aðgerðum sem geta aukið vanhöld eða dregið úr veiðum dýra af tiltekinni tegund. Ég nefni þetta hér vegna þess útbreidda misskilnings að vernd tiltekinna dýrategunda feli óhjákvæmilega í sér bann við öllum veiðum. Svo er ekki.

Sú almenna heimild um að leyfa veiðar sem fram er sett í 7. gr. frv. er þess vegna í fullu samræmi við það grundvallarákvæði laganna að öll dýr skuli njóta verndar að þeim þremur tegundum undanskildum sem ég hef þegar nefnt.

Samkvæmt 7. gr. frv. skal tvennt lagt til grundvallar því að heimilt sé að veiða villt dýr.

1. Þess skuli ávallt gætt að viðkoma stofns vegi upp á móti veiðum þannig að tryggt sé að það sé engin hætta til staðar á útrýmingu tegundar.

2. Þá skal vera gild ástæða fyrir veiðum, t.d. til nytja, til að koma í veg fyrir tjón, vegna ræktunar eða undaneldis og rannsókna. Heimildir til veiða eru síðan útfærðar nánar í VI. kafla frv.

Þrátt fyrir þau grundvallarsjónarmið frv. um vernd villtra fugla og spendýra þykir eigi að síður ástæða til þess að heimila umhvrh. að taka ákvörðun um að stefnt skuli að útrýmingu tegundar sem flust hefur til landsins af manna völdum enda telji ráðgjafarnefndin það bæði æskilegt og gerlegt. Sú staða getur vel komið upp að það þyki rétt að útrýma tegund eða stofni dýra á Íslandi sem ekki telst til hins upphaflega íslenska dýraríkis vegna tjóns sem dýrin kunna að valda á náttúru landsins eða heilsu manna eða dýra. Minkurinn ætti að nægja hér sem dæmi til útskýringar.

Það er jafnframt nauðsynlegt, virðulegi forseti, að undirstrika að með frv. er ekki lögð til nein breyting á reglum um aðgang almennings að veiðilendum eða neinu er varðar veiðirétt landeigenda. Eignarréttarmál í almenningum og afréttum taka til mun fleiri þátta en nytjaréttar á dýrum. Á þeim málum þarf hins vegar að taka í heild og er raunar brýnt að það verði gert. 8. gr. frv., sem fjallar um þessi mál, er efnislega samhljóða sambærilegum ákvæðum gildandi laga og sú leið var valin til þess að nytjaréttarþátturinn yrði ekki til þess að tefja framgang frv. Eina efnislega breytingin er fólgin í því að heimild til veiða í almenningum á afréttum utan landareigna lögbýla og íslenskri landhelgi utan netlaga og landareigna er víkkuð. Hún er ekki lengur bundin við íslenskan ríkisborgararétt heldur við það að viðkomandi eigi lögheimili hér á landi. Ég tel hins vegar sjálfur, virðulegi forseti, ástæðu til þess að kanna hvort ekki sé rétt að auka rétt almennings til veiða með því að heimila öllum veiðar á ríkisjörðum sem eru í eyði eða þar sem veiðar stangast ekki á við

önnur not af viðkomandi jörðum. Ég tel að það sé hægt að heimila slíkar veiðar án lagabreytinga og ég vil að það komi hér fram að ég hef kalsað þann möguleika við landbrn.

Samkvæmt 8. gr. frv. verður umhvrh. líka heimilt að setja reglur um veiðar erlendra ferðamanna. Það hefur færst í vöxt á undanförnum árum að útlendingar komi til landsins í því skyni að stunda hér skotveiðar og raunar er það svo að á nokkrum stöðum á landinu mun útlendingum hafa verið leigður veiðiréttur. Það er því tæplega annað verjandi tel ég heldur en að setja skýrar reglur um þessi mál.

Í 9. gr. frv. eru taldar upp ýmsar veiðiaðferðir sem óheimilt verður að beita og talsverð umræða spannst raunar einnig um þá grein þegar þetta frv. var áður fyrir hinu háa Alþingi. Þessi upptalning byggir hins vegar að mestu á ákvæðum alþjóðasamnings um fuglavernd sem er kenndur við París og Íslendingar hafa verið aðilar að allar götur síðan 1956. Upptalningin tekur einnig mið af samningi Evrópuráðsins um vernd villtra plantna og dýra og lífssvæði þeirra, hinum svokallaða Bernarsáttmála sem tók gildi hvað okkur Íslendinga áhrærir þann 1. október sl.

Í fyrri umræðum um þetta frv. á Alþingi hefur mest verið rætt um þessa grein og raunar þá elleftu líka sem fjallar um veiðikort. Í umræðunum hefur komið fram að ýmsir bæði innan þings og einnig utan hafa haldið því fram að bann við notkun hálfsjálfvirkra eða sjálfvirkra skotvopna og svokallaðra pumpa með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki, en það bann er sett fram í 14. tölul. 9. gr., sé nýtt og feli í sér stórfellda eignaupptöku. Þess vegna vil ég ítreka að ákvæði 14. tölul. er í fullu samræmi við gildandi reglur um skotvopn og skotfæri, nr. 16/1978, með breytingum frá árunum 1979 og 1988.

Í 4. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar sem fjallar um leyfi fyrir margskotabyssur segir að leyfi fyrir skotvopnum samkvæmt þessari grein megi aðeins veita þeim sem sýnir fram á að hann hafi þörf fyrir að eiga þau og sýni jafnframt fram á sérstaka hæfni í meðferð skotvopna. Enn fremur segir, með leyfi forseta: „Að jafnaði skal ekki veita leyfi fyrir haglabyssum er taka fleiri en tvö skothylki.“ Það er því alveg ljóst að það er ekki gert ráð fyrir því í dag að veitt sé leyfi fyrir margskotabyssum nema sérstök þörf sé fyrir það og vart geta skotveiðar talist til slíkra sérstakra þarfa. Um þetta vísa ég reyndar til ummæla reyndra veiðimanna eins og hv. þm. og formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar, sem tók einmitt þetta fram hér við fyrri umræður og ég geri ráð fyrir því að fulltrúar hans hér í salnum muni ítreka það viðhorf í umræðunum á eftir.

Í 3. mgr. 3. gr. þeirrar reglugerðar sem ég hef vísað í segir að lögreglustjóri hafi heimild til að veita leyfi fyrir hálfsjálfvirkum byssum sem fluttar voru til landsins fyrir gildistöku laga um skotvopn, sprengiefni og skotelda frá 1977 að fullnægðum tilteknum skilyrðum. Einhverjar af þessum byssum eru í dag skráðar 4–5 skota og í frv. er ekki lagt til bann við því að menn eigi þessar byssur ef menn vilja nota þær til veiða á villtum fuglum eða villtum spendýrum, þá þarf einungis að gera á þeim minni háttar breytingar sem felast í því að setja í þetta ódýran plasttappa. Þessir plasttappar breyta í engu eiginleikum byssunnar að öðru leyti en því að það komast ekki nema tvö skot í skothylkjahólfið.

Í frv. er þess vegna alls ekki verið að leggja til breytingu á reglum um skotvopn og því síður er hægt að halda því fram að hér sé um að ræða eignaupptöku eins og áður hefur verið gefið í skyn í fjölmiðlum, en líka hér á Alþingi. Reglurnar eru skýrar í dag. Veiðimaður á ekki að geta fengið leyfi fyrir haglabyssum sem taka þrjú eða fleiri skot í magasín eða eru hálfsjálfvirkar. Hitt er svo annað mál hvernig gildandi ákvæðum um skotvopn hefur verið framfylgt af yfirvöldum. Það er vitað að einhver leyfi hafa þrátt fyrir allt verið veitt fyrir 5 skota byssum á undanförnum árum, einkum utan höfuðborgarsvæðisins og það er líka vitað að það eru til menn í hópi veiðimanna sem brjóta af sér með því að taka svokallaða stoppara úr byssunum í þeim tilgangi að koma í þær fleiri en tveimur skotum. Það er því ljóst að það væri æskilegt að herða eftirlit með þessu og vonandi verður sú umræða sem hefur sprottið í kjölfar þess að menn hafa tekið frv. þetta til umræðu nú og á fyrri þingum til þess að reglunum verði betur framfylgt en áður.

Eins og ég nefndi hér áðan, þá hefur umræðan einnig orðið mikil um ákvæði 11. gr. frv. sem fjallar um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna. Þar eru sett ákvæði sem miða einkum að því að afla upplýsinga á skipulegan hátt um veiði úr einstökum stofnum og breytingar á veiði á milli ára þannig að hægt sé að meta ástand stofnanna hverju sinni og áhrif veiða á þá. Hér er um að ræða nýmæli, a.m.k. hvað varðar fugla og spendýr. Hins vegar er það svo að sambærileg ákvæði hafa um langt skeið verið í gildi um aðrar veiðar. Það þarf vart að minna hv. þm., sem vel sjóaðir eru í öllu því sem lýtur að annars konar veiðum, á lög og reglur um fiskveiðar í sjó eða lög um lax- og silungsveiði en þar er skýrt tekið fram að hver sá sem veiði stundar skuli gefa skýrslu um veiðina enda þykir það sjálfsagt og ekkert tiltökumál að lax- og silungsveiðimenn skrái allan sinn afla. Það þekkjum við veiðimenn þessa þings. Þörfin fyrir þessa skráningu er hins vegar orðin brýn þegar rjúpnaveiðitímanum er að ljúka í ár mánuði fyrr en undanfarin ár. Þá er umræðan um rjúpuna mönnum í fersku minni og það er þess vegna rétt að taka hana sem dæmi um þessa nauðsyn.

Rjúpan hefur um áratuga skeið verið tilefni deilna um áhrif veiða á stofnstærð, m.a. hér í sölum Alþingis. Menn deila einnig um ástand stofnsins, hvort stofninn sé stór, hvort hann sé lítill, án þess að hafa um það áreiðanleg gögn. Veiðar á rjúpu eru mikið stundaðar og það er talið að um 4–5 þúsund manns gangi árlega til rjúpna. Þetta eru hins vegar einungis getgátur. Það er skortur á áreiðanlegum upplýsingum um nákvæmar tölur um árlega veiði og fjölda veiðimanna, þó menn hafi ákveðnar vísbendingar. Ákvæði 11. gr. miða því að því að bæta eftirlit með veiðum og ástandi þeirra dýrastofna sem er veitt úr. Ef frv. verður að lögum þá skapast þannig möguleikar til að meta reglubundið

ástand stofnategundar á borð við rjúpuna og möguleg áhrif veiða á stofninn.

Ákvæði greinarinnar eru sniðin að erlendum fyrirmyndum. Það er nú svo að víða í nágrannalöndum okkar er lögbundið að þeir sem stunda veiðar á villtum fuglum og spendýrum skuli árlega afla sér veiðikorts sem þeir fá ekki endurnýjað nema þeir hafi skilað skýrslu um veiðar síðasta árs og greitt gjald í veiðisjóð. Í þessu sambandi má minna á hvernig grannar okkar, Grænlendingar, koma að þessu máli. Grænlenska landsstjórnin er núna að koma kerfi eins og þessu á. Þar er gert ráð fyrir því að allir veiðimenn í Grænlandi þurfi að afla sér veiðileyfa til eins árs í senn í lok veiðiárs og skila skýrslu um sína veiði. Og það er mat ráðamanna í Grænlandi að að öðrum kosti sé ógerlegt að fylgjast með veiðum á þeim 47 tegundum spendýra og fugla sem menn stunda veiðar á þar í landi. Ég hygg að það sé engum blöðum um það að fletta að Íslendingar eru eftirbátar annarra þjóða hvað varðar eftirlit með stofnum fugla og spendýra sem veiðar eru stundaðar á og það er fyrir löngu orðið tímabært að bæta þar úr.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að fjalla meira um efni þessarar greinar sem hefur orðið tilefni nokkurra deilna á hinu háa Alþingi en vísa til fyrri umræðna. Það er þó rétt að nefna að það er verið að leggja drög að þeim reglum sem á að setja samkvæmt frv. Ráðherraskipuð nefnd annast þessa vinnu og hún hefur nú þegar mótað reglur um veiðikort, veiðiskýrslur og hæfnispróf veiðimanna og ég tel sjálfsagt að veita þeirri þingnefnd sem fær þetta frv. til meðferðar aðgang að þessum tillögum ef það mætti verða til þess að varpa skýrara ljósi á framkvæmdina.

Í 14. gr. frv. eru ákvæði um hreindýr. Þau hafa nokkra sérstöðu í lífríki landsins vegna þess að þau tilheyra ekki hinni upphaflegu fánu. Þau voru flutt hingað sem gjöf til Íslendinga á sínum tíma. Það gilda sérstakar reglur og þurfa að gilda um veiðar og rannsóknir á hreindýrum og eins um arðinn af veiðunum. Reglur um það efni hafa verið settar sem gott samkomulag varð um og ekki er fyrirhuguð nein breyting á því skipulagi sem þar er fram sett. Það er hins vegar rétt að minna á að það hafa verið gerðar athugasemdir varðandi heimildir fyrir nokkrum ákvæðum reglnanna og til að taka af allan vafa þar að lútandi þá hefur 14. gr. verið umskrifuð frá fyrra frv. með tilliti til þessara athugasemda.

Í dag er jafnframt engin heildarlöggjöf í gildi varðandi seli og rostunga eða veiðar á þeim við Ísland. Samkvæmt frv. eru rostungar alfriðaðir en ráðherra getur samkvæmt tillögum sjútvrh. sett reglugerð sem heimilar skotveiðar á fjórum tegundum sela. Það er ætlast til að í reglugerðinni verði tilgreind þau svæði og árstímar þegar veiði er heimiluð á hverri tegund fyrir sig og að teknu tilliti til hefða og staða þar sem selur getur valdið tjóni í og við laxveiðiár.

Í frv. er einnig fjallað um hið fræga dýr, ísbjörninn, í 17. gr. Eins og sakir standa, þá eru hér í gildi lagaákvæði um veiðar á ísbjörnum sem voru sett um miðja síðustu öld. Það er ljóst og ekki síst með hliðsjón af frægum ísbjarnarveiðum fyrir norðan nú í sumar að það er nauðsynlegt að setja skýrar reglur um vernd og veiðar þessara dýra. Tegundin hefur verið í útrýmingarhættu. Henni stafar enn frekari hætta á síðustu árum af völdum vaxandi mengunar í norðurhjaranum sem má segja að geti haft veruleg áhrif á æxlunargetu þessara dýra. Af þeim sökum eru þau einnig í hættu stödd og það er þess vegna nauðsynlegt að grípa til aukinnar lagaverndar til þess að treysta þær stoðir sem tilvist þessarar tegundar hvílir á hér á norðurslóðum.

Nú er það svo að eftirlit með ísbjörnum í þeim löndum þar sem þeir eiga heimkynni er afar strangt og Norðmenn, Danir fyrir hönd Grænlendinga, Kanadamenn, Bandaríkjamenn og Sovétmenn gerðu með sér samkomulag um vernd ísbjarna árið 1973. Ísbirnir slæðast stundum hingað til lands með hafís sem eru þeirra náttúrulegu heimkynni og það þykir rétt að styrkja viðleitni fyrrgreindra þjóða með því að banna veiðar á ísbjörnum á hafís eða á sundi, en gangi ísbirnir hins vegar á land, þá gegnir öðru máli og er eðlilegt að þá sé heimilt að fella þá, en áherslan er þó lögð á það í frv. að til veiðanna séu notuð heppileg vopn eftir því sem hægt er.

Í 18. gr. frv. eru tilgreindar þær fuglategundir sem má aflétta friðun á og raunar er þar settur rammi um þann tíma árs sem umhvrh. er heimilt að aflétta friðun. Og þessar reglur eru að mestu leyti sniðnar eftir gildandi lögum um veiðitíma fugla.

19. gr., virðulegi forseti, er afar mikilvæg, enda fjallar hún um nýtingu hlunninda, en þau hafa frá alda öðli verið afskaplega mikilvægur þáttur í lífsafkomu þessarar þjóðar og raunar skipt sköpum fyrir sum byggðarlög á öldum áður. Flest þessara hlunninda skipta að vísu litlu máli fyrir afkomu manna nú á tímum, en þrátt fyrir það er ekki nein ástæða og engin gild rök til þess að skerða að einhverju leyti rétt veiðiréttarhafa til hlunnindanýtingar, enda er ekkert sem bendir til þess að hefðbundin nýting hafi stefnt umræddum stofnum í hættu. Í greininni er því gert ráð fyrir óbundnum heimildum til hefðbundinnar nýtingar ýmissa fuglategunda sem og til hefðbundinnar veiði landsels og útselskópa en eigandi veiðiréttar skal afla staðfestingar viðkomandi sveitarstjórnar og sýslumanns á rétti sínum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að orðlengja frekar um frv. en legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

[17:46]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um efnisatriði þessa frv. leyfi ég mér að vísa til ræðu minnar á 116. löggjafarþingi þar sem ég tók til máls um þetta mál. Í ræðu sinni áðan komst hæstv. umhvrh. svo að orði, hafi ég tekið rétt eftir: „Fram að þessu hafa selir verið utan ráðuneyta." Ber að skilja hæstv. ráðherra svo að nú séu selir komnir inn í ráðuneytið eða séu í þann veginn að komast þangað?

[17:46]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má um það deila hvort ekki sé einhvers staðar að finna seli í ráðuneytum í dag. En að öllu gamni slepptu er það svo að staðan hefur verið þannig að málefni sela hafa verið eiginlega á mörkum tveggja ráðuneyta. Það mun vera hægt að segja að tvö ráðuneyti hafa gert tilkall til vistunar þeirra ef svo má að orði kveða, annars vegar landbrn. vegna þess að selir hafa tengst lax- og silungsveiðilögum og hins vegar sjútvrn. vegna þess að það er talið að þeir eigi verulegan þátt í tíðni hringorma í sjávarafla. Þess vegna er það svo að sjútvrn. hefur eðlilega viljað koma nálægt stjórn þessara stofna. En hins vegar vil ég ekki fullyrða, hv. þm., að selirnir séu komnir heim, en þeir eru kannski komnir nær sínum náttúrulegum heimkynnum.

[17:47]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra. En ég vek athygli hans á því að selir og selveiðar hafa frá öndverðu verið tengdir bújörðum í landinu og falla sem hlunnindaeign undir landbúnaðarlöggjöfina og verða eigi skildir frá henni. Þess vegna hljóta þeir að falla undir málefni landbrn. að því er tekur til landhelgi sjávarjarða og þeirra jarða sem selveiðar geta nýtt.

Þessu vil ég koma á framfæri og tek fullt tillit til orða hæstv. ráðherra um að það sé álitamál hvort selir séu nokkuð komnir inn í ráðuneyti. Það er önnur saga.

[17:48]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er fram komið um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er flutt eins og ráðherra hefur fram tekið í framsögu sinni í þriðja sinn, hlaut allmikla umræðu fyrst þegar það var fram lagt. Ég hef ekki þreytt þingið með því að ræða þetta mál mikið og ætla ekki að gera það heldur að þessu sinni. Mér þótti sem ýmislegt af því sem rætt var á fyrri þingum um málið hafi ekki beinlínis verið efnislegt, ekki allt saman verið efnislegt en ráðherra hefur þó sagt að tekið hafi verið tillit til ýmissa fram kominna athugasemda og það hygg ég að sé rétt. En þetta mál hefur í rauninni enn ekki fengið verulega umfjöllun af hálfu þingsins vegna þess að þingnefndir sem hafa fengið það til umfjöllunar, þ.e. umhvn. Alþingis, hafði ekki tíma til þess, a.m.k. ekki á síðasta þingi til að leggja í málið teljandi vinnu vegna annarra mála sem umhvrh. þá lagði áherslu á að fá lögfest. Það bíður því mikið verk þeirrar þingnefndar sem fær þetta mál og ég efa það ekki að það sé hugur manna að reyna að fást við það til lögfestingar og afgreiðslu, a.m.k. ætla ég ekki að standa að þessu máli út frá öðrum forsendum í þingnefnd þar sem ég á sæti því hér er að mörgu leyti um merka löggjöf að ræða sem þörf er á að nái fram að ganga þó að margt þurfi athugunar við í þessu frv. og það fer auðvitað eftir því hvernig sækist með þá athugun á vegum þingnefndar hvort það tekst að afgreiða þetta mál og lögfesta.

Ég tel að sá vandi sem býr að baki þessu frv. frá því sem áður var lögfest hér á landi sé góðra gjalda verður, aukinn skilningur á samhengi í náttúrunnar ríki milli dýrategunda, þótt enn gæti þess að menn setji á ræður sem byggja á fordómum varðandi afstöðu til dýra. Þeir verða kannski seint upprættir.

Ég er þeirrar skoðunar í raun að það þurfi að taka enn frekar á því í löggjöf okkar að færa umsjón með dýrum, lífrænum auðlindum lands og sjávar, undir ráðuneyti umhverfismála. Það eigi að draga þau mörk að ráðuneyti hinna einstöku atvinnusviða annist framkvæmd nýtingar á dýrum og gróðri, lífrænum auðlindum, út frá þeim forsendum sem ráðuneyti umhverfismála leggur. Það sjónarmið á vonandi eftir að vinna sér sess því ég tel að það sé hið eina rökrétta í sambandi við stjórnsýsluna í landinu og ef eftir því væri farið, virðulegur forseti, þá t.d. mundum við færa til umhvrn. mat á stöðu lífrænna auðlinda hafsins, fiskstofnana þar á meðal, ákvörðun um nýtingarmörk hverju sinni sem síðan ráðuneyti sjávarútvegsmála taki við og stjórni veiðum og nýtingu innan þeirra marka sem sett eru út frá bestu þekkingu og mati sem ráðuneyti umhverfismála á að fást við, stutt af þeirri fyllstu upplýsingaöflun sem hægt er að fá hverju sinni og þar þurfa menn sannarlega að taka betur á, bæði varðandi landið og sjóinn.

Því er ég að nefna þetta hér, virðulegur forseti, að það tengist því skrefi sem hér er tekið til nýrrar sýnar í sambandi við þessi efni. Í sambandi við gróðurríkið ætti með sama hætti ákvörðun varðandi nýtingu á gróðurlendi landsins, mat á því og meginrammi, að vera dreginn af umhvrn., en hins vegar að ráðuneyti landbúnaðarmála stýrði búskapnum, nýtingunni, innan þeirra marka sem hófleg eru talin af því ráðuneyti sem falin er umsjón með auðlindinni, með hinni lífrænu auðlind, náttúrulegu auðlind. Þessi sjónarmið mega til með að fara að komast inn í gegnum löggjöf okkar því þau eru að mínu mati studd það gildum rökum að það má ekki dragast mjög lengi að menn taki á þessu verkefni. Hvort núv. hæstv. umhvrh. endist til þess tími í ráðuneyti, hann virðist stundum mæla þann tíma í dögum frekar en árum þegar hann ræðir um sinn sess, skal ósagt látið en ég vona að hann leiði hugann að þessu í sínum störfum og þoki kannski áfram athugun á málum frekar en gert er í þessu frv. sem tekur þó á ýmsum gildum þáttum út frá betri sýn til þessara mála og auknum skilningi frá því sem lengi hefur verið.

Þó eimir hér eftir af gömlum fordómum og mjög skrýtnum þáttum. Mér fannst satt að segja heldur lágt risið á hæstv. umhvrh. sem var þó að mæla frýjunarorð til þingmanna, allt upp í formenn flokka og rifja upp gamlar umræður. Mér fannst leggjast heldur lítið fyrir ráðherrann þegar hann fór að fjalla um selinn og eitthvert málamiðlunarsamkomulag sem gert hefði verið við fyrrv. sjútvrh. af fyrrv. umhvrh. Og hæstv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson, flytur þetta gamla samkomulag reist á gömlum grunni og fordómum, úreltri sýn til mála og ætlar okkur að fara að lögfesta það. Að

deila hér löndum með sjútvrn. með þeim hætti sem dregið er fram í þessari grein og síðan kemur bóndinn úr Norðurl. v. og heimtar að þetta fái að blíva í ráðuneyti landbúnaðarmála, yfirráðin yfir selnum. Hér eru leifar þessa gamla skilnings á meðferð mála og ég vonast til þess að hæstv. ráðherra finni ekki mjög mikið að því þó að einhverjir í umhvn. þingsins reyni að færa þetta til skynsamlegri átta að því er varðar seli og annað viðlíka sem kann að leynast í þessu frv. af þessari úreltu sýn til mála.

Ég bið menn að skilja ekki mál mitt þannig að ég telji að með því að færa mál saman sem saman eiga í stjórnsýslunni þá eigum við með því endilega að vera að breyta reglum og hefðum sem skapast hafa varðandi nýtingu viðkomandi lífrænnar auðlindar, viðkomandi tegundar. Það er alls ekki þar með sagt. Það er langt frá því. Margt af því er góðum rökum stutt og hefur gefist vel. Hins vegar er vandinn sem við er að fást í þessum efnum af nýjum toga þegar um er að ræða veiðar á villtum dýrastofnum, hann er tæknin og aðferðirnar sem menn beita. Þar þurfa menn auðvitað að vera á verði, þar verður verndarsjónarmiðið að vera mjög ofarlega.

Nú veit ég það að ýmsir ágætir veiðimenn, skotveiðimenn, vilja láta ákveðnar leikreglur gilda og leggja sig fram um það og allt er það mjög góðra gjalda vert. En þess gætir auðvitað að það eru margir sem vilja ganga lengra og hafa þau gildi ekki í heiðri og þar ber auðvitað hinum opinbera löggjafa og sérstaklega framkvæmdarvaldi á grundvelli laga að setja ákveðnar skorður. Ég vek t.d. athygli á ákvæðum 9. gr. frv., 17. töluliðar, um vélknúin farartæki í sambandi við veiðar. Hvernig heldur hæstv. umhvrh. og hv. þm. að á þeim málum sé haldið? Halda menn að það sé almennt virt að nýta ekki vélknúin tæki í sambandi við veiðar? Hér er því haldið inni í frv. að vélknúin farartæki á landi megi nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðilendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegarslóðum. Gott og vel. Hvernig ætli framkvæmdin sé?

Veiðar sem hlunnindi geta átt fullan rétt á sér, ég er ekki sérfræðingur í einstökum dýrastofnum, hef ekki talið mig það og ýmsir eru þar sem hafa lagt sig þar meira eftir t.d. í sambandi við rjúpuna, en það koma óneitanlega upp spurningarmerki. Á sama tíma og hæstv. umhvrh. að mínu mati með réttu er að stytta rjúpnaveiðitímann vegna þeirrar óvissu sem er um stöðu stofnsins þá les maður í blöðum um það að menn gangi þannig fram sem eins konar hlunnindabúskap að hirða 800 rjúpur á jörð sinni og segja að þetta sé ekkert mál.

Þarna er tæknin á ferðinni og tækniframfarir geri ég ráð fyrir þegar svo vel gengur veiðiskapurinn. Það er á þessu sviði sem þarf að gæta sín mjög verulega og reyna bæði með upplýsingum og fræðslu en einnig með eftirliti að tryggja það að sæmilega sé gengið um að þessu leyti og menn ofbjóði ekki lífríkinu með veiðum.

Í þessu sambandi, virðulegur forseti, vildi ég nefna það að ég tel að það kerfi sem hér er verið að innleiða með veiðikortum og skil á upplýsingum sé góðra gjalda vert sem tilraun. Sjálfsagt þarf að endurmeta það að fenginni reynslu og sjálfsagt að skoða það mál einnig nú við lögfestingu en ég held að það sé verið að fara inn á braut sem geti orðið til bóta. Hins vegar þegar ég les viðauka við frv. sem er umsögn frá fjárlagaskrifstofu fjmrn., sem er viðlag sem á að fylgja stjfrv., þá sjáum við að það er ekki verið að auka fjármagn af opinberri hálfu til þessara mála. Það er beinlínis gert ráð fyrir því í lok 19. blaðsíðu að skuldbindingar ríkissjóðs vegna þessa málaflokks lækki um rúmlega 10 millj. kr. miðað við þá löggjöf sem gilti á árinu 1991. Ég tel það út af fyrir sig góðra gjalda vert að hægt sé að draga úr kostnaði við útrýmingu refa og minka ef það er unnt, alveg sérstaklega varðandi refinn þar sem gengið hefur verið mjög óskynsamlega fram á liðinni tíð að ég hygg miðað við í rauninni þann raunverulega skaða sem af refnum stafar fyrir sauðfé í landinu. En þarna er sem sagt gert ráð fyrir minni kostnaðarþátttöku ríkissjóðs og þarna er gert ráð fyrir væntanlega að ekki verði gengið fram varðandi refaveiðar af því kappi sem verið hefur nema gildar ástæður séu fyrir því. En þá hefði ég viljað sjá, og þá kemur að hlut ráðherrans, að ráðherrann fengi þá fjármuni sem þarna er um að ræða til nauðsynlegra útgjalda vegna rannsókna og eftirlits á þeirri löggjöf sem hér er verið að setja sem í rauninni er ekki gert ráð fyrir neinu að gagni í og ég bið hæstv. ráðherra að staldra við í sambandi við þetta efni. Það er beinlínis sagt í skýringum við þetta frv. að það skorti verulega á upplýsingar, rannsóknir og annað, en hér er verið að lögfesta mál og það er verið að spara á ákveðnu sviði sem er góðra gjalda vert með rökum en þá á að tryggja það að reyna að halda eftir því sem er algjörlega nauðsynlegt til þess að bæta úr þekkingarskorti og upplýsingavöntun á þessum sviðum.

Virðulegur forseti. Ég kem þá aðeins að því sem er nokkurt einkenni í þessu frv. sem ég staldra við og það er sá þáttur sem snýr að reglugerðum. Það er rakið í grg. og við sjáum það við lestur frv. að víða er gert ráð fyrir reglugerðum um stór svið sem málinu tengjast. Auðvitað getur það átt fullan rétt á sér að hafa svigrúm til reglugerðarheimilda en þegar það er gert með þeim hætti að leiðsögnin er afskaplega takmörkuð og heimildin í rauninni bara óútfyllt ávísun til ráðherrans í mörgum tilvikum, þá staldrar maður við. Spurningin er: Eru menn vissir um að þarna sé farið meðalhófið að þessu leyti? Það held ég að við verðum að athuga í þingnefnd varðandi einstök efni. Það kann að vera að það gildi misjafnt um einstaka þætti að því er varðar fyrirhugaða reglugerðarsetningu og ég vil ekki dæma það, en farið, góðir, virðulegir þingmenn, yfir 7. gr. frv. sem eingöngu er grein um víðtækar reglugerðarheimildir og það er víðar að finna í þessu.

Þá kemur líka spurningin hvor það á að gera kröfu til þess að drög að reglugerð liggi fyrir áður en málið er lögfest, þá er nú allnokkuð verk sem bíður ráðherrans og starfsmanna hans nema þeir hafi verið svo forsjálir að vera komnir með drögin nú þegar.

Í 8. gr. er verið að breyta gildandi reglum varðandi

heimildir til veiða í almenningum, á afréttum og utan landareigna lögbýla, það er verið að færa þann rétt frá íslenskum ríkisborgararétti yfir í það að gilda fyrir menn með lögheimili hér á landi. Þarna er auðvitað um verulega breytingu að ræða. Fyrrv. umhvrh. reyndi að knýja þá breytingu fram með sérstakri löggjöf með frv. á síðasta þingi. Við það frv. komu fram fjölmargar athugasemdir og ég skilaði sérstöku áliti varðandi það mál sem tengdist samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og þeirri breytingu á búseturétti í landinu sem orðinn er og gjörbreytir stöðunni. Menn telja sig víst vera nauðbeygðir til þess að skrifa upp á þessa breytingu og þessi breyting kann að tengjast því og tengist því auðvitað með vissu. Hitt kann svo að vera sjónarmið hvort menn telja að það sé eðlilegt að gera breytinguna eða ekki en yfir það tel ég nauðsynlegt að farið verði. Ég vek athygli á að á Norðurlöndunum eru miklar umræður uppi í tengslum við almenninga þar í löndum, t.d. í Svíþjóð, að því er varðar umgengni, veiðirétt og margt fleira. Ég tel að þingmenn þurfi að fara vandlega yfir þau efni í tengslum við þær heimildir sem hér eru dregnar af hálfu hæstv. ráðherra.

Aðeins þetta með 16. gr., sem ég ætla ekki að ræða mikið frekar, varðandi seli og rostunga. Ég vil minna á það að á síðasta áratug fóru fram gagnmerkar umræður í þinginu um frv. sem þáv. hæstv. sjútvrh. reyndi að knýja fram á þingi af allmiklu offorsi að mínu mati og átti ég nokkurn hlut í því að hægja á málinu þó það yrði endanlega síðan bannsett eða dagaði upp í efri deild þingsins í önnum fyrir þinglok þegar það var öðru eða þriðja sinni til meðferðar en þá höfðu menn reyndar unnið þau afrek af hálfu ráðuneytis að friða eða afnema friðun á rangri selategund og málið var í rauninni ónýtt af þeim sökum. Það voru ákvæði úr veiðitilskipun frá 1849. Þeir tóku bara rangan pól, þeir völdu ranga skepnu, ranga tegund og voru búnir að hafa mikið fyrir því að reyna að lögfesta þetta mál á mjög sérkennilegum forsendum sem betur fer ganga ekki aftur hér en þetta mál þarf sérstakrar athugunar við.

Síðan vil ég aðeins segja það að ég hef reynt að ræða þetta mál á efnislegum forsendum, virðulegi forseti. Mér þótti sem hæstv. ráðherra gerði talsvert til að vekja upp umræðu af því tagi sem varð fyrir tveimur árum síðan þegar málið var lagt fram. Ég er satt að segja alveg hissa á því að ráðherra þessara mála skuli leggja sig fram um það eins og að egna menn til umræðu á svipuðum nótum og fram fóru fyrir tveimur árum. Ég tel að Alþingi hafi ekki vaxið af þeirri umræðu og ég tel að ráðherrann eigi að leggja sig frekar fram um það að ýta undir efnislegar umræður um þau mál sem hann leggur fram, ágæt mál, heldur en að kynda undir með mikilli fyrirhöfn eins og hann hafði í ræðu sinni að reyna að koma mönnum til í sambandi við deilur um málið á þeim nótum sem betur eru geymdar þó ekki séu gleymdar.

[18:09]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Austurl. taldi það úrelt sjónarmið að atvinnumálaráðuneyti hefðu yfir ákveðnum dýrategundum að segja þó að vitað væri að nytjar á viðkomandi dýrum hafa verið skráðar sem hluti af eignarrétti í fasteignamati viðkomandi jarða og flokkast þar af leiðandi undir eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar. Það mun vera þó nokkuð af peningum sem fælist í því að leysa það allt til sín og ég sé ekki að fjárframlög til umhverfismála séu svo rýmileg að það dugi fyrir þeim upphæðum.

Annað atriðið er það að það vill svo til að umhvrn. hefur yfir einni dýrategund að ráða, einu spendýri á landi, hreindýrum. Ég held að engum dytti í hug að tala um það sem villidýr, hreindýrið, þó að nú eigi villidýranefnd að fjalla um málið. En aðferðin við að veiða hreindýrin og val á þeim gripum sem veiddir eru eru náttúrlega að mínu viti villimannaathæfi eins og staðið er að málum í dag, undir stjórn umhvrn., því þar er ekkert heilagt. Ég verð að segja það eins og er að mér finnst að það sé gjörsamlega úrelt sjónarmið að færa til slíks ráðuneytis verkefni meðan það veldur ekki því eina atriði að koma málefnum hreindýranna í eðlilegt horf.

[18:11]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að takast neitt á við hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson út af spurningunni um stjórnarskrárákvæði í tengslum við umsýslu af stjórnarráðsins hálfu yfir einstökum dýrategundum. Það er vafalaust efni í lærðar ritgerðir að fara yfir þau efni. Það breytir hins vegar engu um það viðhorf sem ég túlkað hér um hvað ég teldi eðlilegt í þessum efnum og það er margt sem ég tel eðlilegt sem þingmenn í þessari virðulegu stofnun telja að sé lögverndað eða stjórnarskrárverndað vegna eignarréttarákvæða stjórnarskrárinnar. Þar á meðal orka í fallvötnum og jarðhiti í iðrum jarðar o.s.frv. sem menn hafa reynt að halda í með vísun í stjórnarskrárákvæði 67. gr. Þannig að það breytir ekki neinu um grundvallarviðhorf. Hitt er annað mál við hvað menn ráða af fjárhagslegum ástæðum ef farið er í að láta reyna á slík efni.

Að því er varðar hreindýraveiðar þá get ég tekið undir að þar hefur margt verið öðruvísi en skyldi í þeim efnum. Margt sem þarf að færa til betri vegar. Bæði varðandi veiðarnar og það sem ekki síður er vandamál, sú umferð á landinu sem tengist þessum veiðiskap sem fer fyrst og fremst fram í mínu kjördæmi og í grennd, nánast alveg innan marka þess, þó að hreindýr slæðist aðeins norður fyrir þau. Þar er sjálfsagt að reyna að ráða bót á og ég skal ekki leggja mat á það kerfi sem hér er verið að innleiða en ég vona þó að það verði til bóta. Ég held að um það sé líka þokkaleg sátt orðin og ég vona að það verði til þess að það verði í betra horfi. Hitt er svo annað mál hvort umhvrn. (Forseti hringir.), virðulegi forseti, á að vera ráðuneytið sem „forvaltar", það er svo annað mál, það er ekki víst að það falli inn í þann ramma sem ég var að draga í mínum orðum sem hinn eðlilega.

[18:14]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mín skoðun á umhvrn. er að það sé

fyrst og fremst eftirlitsráðuneyti, þannig muni það starfa best. Mér er ljóst að menn hafa misjafnt álit á 67. gr. stjórnarskrárinnar sem er þó það merkileg að engin almenn lög munu breyta henni. Innan þess ramma sem hún setur ber Alþingi að starfa. Taki menn ákvörðun um það að koma fram einhverjum vilja sem er andstæður þessari grein þá þarf að sjálfsögðu að fara í það að breyta stjórnarskránni.

Varðandi eignarrétt í iðrum jarðar sem hér var minnst á þá finnst mér að þar megi gjarnan horfa á þá staðreynd að í þinglýstum skjölum er ekki talað um kúbikmetra heldur um fermetra og af því verður ekki annað ráðið en að það sé yfirborðið í vissri þykkt sem sé eignarréttur á. Hefði verið ætlunin að menn hefðu súlu niður að miðbiki jarðar þá hefði að sjálfsögðu þurft að setja þetta upp í kúbikmetrum og út frá því að þinglýsa skjölunum, þannig að mér finnst það vera út í hött. En ríkisvaldið hefur sett lög um skattheimtu þar sem eignir eru skattlagðar og Fasteignamatið hefur starfað eftir því við undirbúning framkvæmda á þessum skatti, m.a. með því að meta hlunnindi inn í verð jarða. Meðan svo er hlýtur það að vera hluti af eignarréttinum og mér finnst mjög óeðlilegt að rjúfa það úr tengslum við þá atvinnustarfsemi sem þar er um að ræða.

[18:16]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir þá tilsögn í almennum mannasiðum sem hann veitti mér áðan og jafnframt nota tækifærið og biðja hann afsökunar á því að framsaga mín hafi ekki verið jafnleiðinleg og hann bersýnilega hefði kosið. En þingmaðurinn vill ræða þetta málefnalega og ég tel að það sé gott. Mig langaði aðeins til að spyrja hann út í það sem hann ræddi lítillega um 17. tölulið 9. gr. Það kom fram í máli þingmannsins að honum er illa við að menn beiti í óhóflegum mæli vélknúnum farartækjum til veiða en það kom ekki fram hjá honum hvort hann teldi að þessi töluliður, eins og hann er orðaður, sé nægileg vörn gegn því. Ég vildi gjarnan að hann skýrði það. En síðan finnst mér auðvitað, virðulegi forseti, að það felist líka í almennum mannasiðum að lesa þau plögg sem fyrir liggja. Það kom fram í máli hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að hann taldi ekki nægilega festu hjá þessum umhvrh. sem hér stendur vegna þess að einhverjir menn í fjmrn. hafi skrifað í fskj. að vegna þessa frv. muni skuldbindingar ríkissjóðs vegna málaflokksins lækka um 10 millj. kr. Dró síðan af því þá ályktun að þannig ætti að nota veiðigjaldið vegna veiðikortsins til þess að kosta eyðingu refa og minka.

Virðulegi forseti. Ef þessi hv. þm. hefði lesið örlítið lengra þá hefði hann komist að því að nokkrum línum neðar stendur að sú lækkun hefur raunar þegar átt sér stað. Ef hv. þm. hefði t.d. fært sig örlítið ofar á blaðsíðuna þá hefði hann lesið eftirfarandi:

„Ákvæði 4. gr. frv. um auknar rannsóknir á villtum dýrum og fuglum fela í sér að kostnaður við rekstur embættis veiðistjóra mun hækka á næstu árum."

Ef hv. þm. hefði gefið sér tóm til að lesa í gegn 11. gr. þá hefði hann lesið (Forseti hringir.) eftirfarandi, virðulegi forseti, með góðu leyfi:

„Gjald þetta skal renna í sjóð er notaður verði til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra."

Það er einmitt sá sjóður sem hv. þm. var að kvarta yfir að ekki væri að finna.

[18:19]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var nokkur blástur í hæstv. ráðherra. (**Umhvrh.**: Það er ...) Það er ágætt að hann blási öðru hvoru, það fer ekki illa á því í tengslum við þetta mál. En þar sem hann vék efnislega að í sambandi við vélknúin tæki og veiðar þá lýsti ég ekki afstöðu til þess sem í frv. kemur fram heldur almennum áhyggjum af því að þau ákvæði (**Umhvrh.**: Ég spurði eftir ...) sem einnig er verið að reyna að setja og lögfesta hér séu brotin og það skortir mjög á að eftirlit sé með þessum málum sem þyrfti. Auðvitað kostar það fjármuni.

Það sem ég er að víkja að í sambandi við fjármunina hélt ég að hæstv. ráðherra þyrfti ekki að taka upp með þeim hætti að ætla að fara að kenna mér lestur á þinggögnum. Ég get alveg sýnt honum það að ég hef farið yfir bls. 19 þar sem þetta er skráð og hef gert mér alveg grein fyrir því hvernig þessum málum er háttað. En það er greinilega eitthvað viðkvæmt hjá hæstv. umhvrh. að það sé rætt um stöðuna varðandi fjárveitingar til þessa málaflokks því það raunalega liggur fyrir að þar hefur hæstv. umhvrh. ekki haft erindi sem erfiði. Það liggur fyrir sú raunalega staðreynd nú eftir fleiri ár sem umhvrn. hefur starfað að það hefur í rauninni ekki fengið í sinn hlut neitt verulegt fjármagn til þeirra mála sem það á að sjá um. Ég tala nú ekki um miðað við lágmarksþarfir. Ósamræmið á milli orða og athafna af hálfu hæstv. ríkisstjórnar í þessum efnum er með þeim hætti að hæstv. umhvrh. ætti (Forseti hringir.) að hafa vit á því að segja sem fæst þegar fjármál til þessara mála ber á góma. Hann ætti að líta til kratanna á Norðurlöndum, hann ætti að líta til kratanna í Noregi og sjá hvernig spyrnt var í af þeirra hálfu þegar stofnað var nýtt ráðuneyti (Forseti hringir.) umhverfismála og fjárveitingar til umhverfismála auknar um og upp í 60% fyrir þremur árum síðan samkvæmt stefnu sem verið var að reyna að móta. (Forseti hringir.) En hér situr ríkisstjórn, gefur út skýrslu og stefnumótun samda af einhverri nefnd en fjárveitingarnar láta á sér standa.

[18:21]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er fróðlegt að heyra hv. þm. Hjörleif Guttormsson kvarta undan því að það sé of lítið fjármagn sett til umhverfismála. Ég get tekið undir það með honum. En það er fróðlegt vegna þess að einmitt í þessum sölum eru menn sem eru að kvarta undan því sýnkt og heilagt að það sé of mikið fjármagn lagt til þessara mála. En sá blástur sem hv. þm. kvartaði undan í þessum umhvrh. stafaði einvörðungu af því að hv. þm. kom hér upp og kvartaði undan

skorti á mannasiðum en sýndi sjálfur þann átakanlega skort á mannasiðum að fara rangt með. Lét líta svo út sem að þessi lög leiddu til þess að framlög til þessara mála mundu lækka um 10 millj., en lét ógetið að sá sparnaður er þegar kominn fram áður heldur en þetta ágæta frv. er staðfest.

[18:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal spara þann tíma sem ég tók kannski fram yfir áðan í mínu svari við hæstv. ráðherra. Hverju er ráðherra umhvrh. bættari þó þessi sparnaður og niðurskurður sem þarna er um að ræða hafi átt sér stað áður en þetta frv. er fram lagt? Hvers konar málafylgja er þetta eiginlega? (**Umhvrh.:** Þingmaðurinn sagði að það væri vegna frv.) Hver sagði að það væri vegna frv.? (**Umhvrh.:** Þingmaðurinn áðan.) Vegna frv.? Spurningin er ekki um það hvort það sé vegna frv. heldur gerist þetta í tengslum við þetta frv. sem búið er að liggja fyrir þinginu oftar en einu sinni og sú breyting sem þar hefur verið gerð hefur verið mönnum fyllilega kunn. Ég held að hæstv. ráðherra eigi að reyna að nýta þann takmarkaða byr sem hann var að kvarta undan að væri mjög lítill. Eitthvað hlýtur það að vera. Niðurstöðurnar eru ekki þannig að það sýni að það sé mikill kraftur að baki eða mikinn byr að hafa í seglin í sambandi við fjárveitingar til þessara mála. Hæstv. ráðherra ætti að beita einhverju öðru en hártogunum þegar hann er að tala við þingheim um þessi efni og reyna að nýta þann vilja til hjálpar sem þó kemur fram í þinginu.

[18:24]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég get ekki annað en komið í ræðustól og fagnað því að þetta frv. hefur verið lagt fram og mælt fyrir því enn á ný. Það sýndu atburðir sl. sumars að ekki er vanþörf á því að við endurskoðum þá löggjöf sem hér um ræðir og gerum hana greinilegri. Mér virðist sem hæstv. umhvrh. ætli ekki að bregðast okkur í því efni því hann hefur þegar lagt fram tvö frv., annars vegar frv. til laga um dýravernd og hins vegar það frv. sem hér um ræðir, um verndun, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum öðrum en hvölum.

Það virðist sem hæstv. umhvrh. ætli að geta sér gott orð í þessum efnum snemma á sínum starfsferli og þó að þessi frv. hafi að stofni til verið samin af hæstv. fyrrv. umhvrh. þá er ég viss um að hann sér ekkert eftir þeim heiðri til hæstv. núv. umhvrh. Það kveður reyndar svo rammt af þessu orðspori hæstv. umhvrh. að í útvarpsþætti á dögunum þar sem spurning dagsins var hvað karlfugl rjúpunnar héti, þá svaraði einn sem hringdi inn að karlfuglinn héti össur og er ég ekki viss um að það sé hægt að hæla hæstv. umhvrh. meira í þessum efnum heldur en þarna kemur fram. (**HG:** Það þarf að skýra þetta.) Ég held að það þurfi ekkert að skýra þetta fyrir hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, ég held að hann hafi nægjanlegt vit til þess að finna það út sjálfur einn og óstuddur.

En ég vil taka undir þau verndunarsjónarmið sem hér koma fram í frv. en ég hef þó nokkrar athugasemdir við það stjórnkerfi sem lagt er til að beitt sé í þessum efnum. Þetta eru ekki margar athugasemdir sem ég ætla að fara út í en langar þó örlítið að tefja tíma þingsins með því.

Ég hef svolitlar áhyggjur af því hvernig samskiptum ráðuneyta vegna þessa frv., ef að lögum verður, er háttað. Þá er það fyrst til að telja að í 4. mgr. 7. gr. segir: „Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, inn- og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg."

Þarna held ég að séu hugsanlegir möguleikar á árekstrum, ekki aðeins við eitt ráðuneyti heldur við tvö ráðuneyti. Það liggur auðvitað í augum uppi að það gætu verið árekstrar við landbrn. sem fer með sjúkdómavarnir dýra varðandi innflutning á villtum dýrum og held ég að það sé nauðsynlegt að það fari ekkert á milli mála hvar þeim málum á að vera komið fyrir. En varðandi sölu og útflutning á villtum dýrum þá sýnist mér miðað við atburði sl. sumars þegar formaður flokks hæstv. umhvrh. gegndi um tíma ráðherrastóli hæstv. viðskrh. þá komu upp deilur einmitt um sölu og innflutningsmál, ekki á villtum dýrum heldur á afurðum húsdýra. Ekki vildi ég sjá þá fara í hár saman, hæstv. utanrrh. og hæstv. umhvrh. og þætti mér gott ef ráðherrann gæti glöggvað okkur aðeins betur á því hvernig hann hefur hugsað sér þessa grein.

Í V. kafla 11. gr. er fjallað um gjald vegna veiðikorta. Ég hef nokkrar efasemdir um réttmæti þessa sérstaklega vegna þess að hér væri um að ræða markaðan tekjustofn og ég hef efasemdir um það að markaðir tekjustofnar séu rétta fjáröflunarleið hins opinbera almennt talað. Á tímum þrengina þegar nauðsynlegt getur reynst að skera niður eða takmarka þá geta markaðir tekjustofnar verið okkur fjötur um fót.

Ég hef einnig efasemdir vegna þessarar lagagreinar út frá því sjónarmiði að hér erum við að láta greiða gjald fyrir nýtingu auðlindar sem áður hefur verið gjaldfrjáls og þá væri þetta gjald jafnt greitt af þeim sem eru landeigendur þess lands þar sem veiðarnar fara fram á. Því sýnist mér að hæstv. umhvrh. sé að smygla inn á okkur veiðigjaldinu svokallaða sem við höfum rætt um í sambandi við fiskveiðarnar í örlítið breyttu formi og hann mundi hugsanlega vilja nota þetta sem fordæmi í einhverju sem síðar kæmi í málefnum annarra ráðuneyta. Ég held að það væri betur að við forðuðumst það ef það er einhver misskilingur í því hjá mér í þessu efni.

Þetta gefur ráðherranum talsverð völd, hann getur ráðið því hversu hátt gjaldið er og ef það á eingöngu að vera nokkurs konar umsýslugjald og gjald til þess að styðja rannsóknir á þeim dýrastofnum sem veiðar fara fram á þá held ég að það gæti verið ráð að marka þessu þrengri bás heldur en hér er gert þannig að það sé hægt að vita nokkurn veginn fyrir fram hver upphæð gjalda sem þessara ætti að vera.

Þetta snertir auðvitað líka eignarréttinn á landi og nýtingu lands og réttindi þeirra sem eiga þessi lönd. Mér hefði verið hugnanlegra ef það þarf endilega að eiga sér stað einhver gjaldtaka í þessu efni, þá færi hún fram á vegum landeigendanna og væri þá frekar snið-

in eftir því hvernig við högum laxveiði í ám og vötnum heldur en í því formi sem hér er í frv.

Í 16. gr. er fjallað um seli. Það hefur áður verið minnst á það í þessari umræðu að það séu fleiri ráðuneyti sem að kunni að koma og nauðsynlegt að þær greinar sem um þetta fjalla séu skýrar. En það gæti verið að mál eins og þetta yrði ekki eins mikill ásteitingarsteinn ef eignarréttarákvæðin og réttindi landeigandans væru ákveðnari í þessu frv. heldur en mér sýnist koma fram í sumum þeirra greina sem ég hef fjallað um hér áður og reyndar í öðrum eins og í 14. gr. þar sem fjallað er um hreindýrin. Ég skal ekki fara frekar út í það núna.

Hv. 4. þm. Austurl. fór örfáum orðum um afgreiðslu þessa máls. Efnislega sagðist hann ekki geta sagt fyrir um það hvernig gengi að afgreiða málið út úr nefndinni. Ég verð nú að segja að mér þætti það vera hv. umhvn. til háborinnar skammar ef hún gæti ekki á þriðja þinginu sem þetta frv. er lagt fram, skilað því frá sér alla vega á þann hátt að Alþingi gæti tekið afstöðu til þess sem nefndin mundi vilja láta frá sér fara. Ég er sannfærður um að undir forustu nýs formanns nefndarinnar, hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, þá mun nefndin vinna ötullega að því að fá niðurstöðu í málinu og koma því til umfjöllunar hér í þingsölum til þess að afgreiða það á þessu þingi.

[18:33]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið hér enn einu sinni og treysti því að eftir langan undirbúning verði það nú að lokum afgreitt. En það eru aðeins örfáar spurningar sem ég vildi beina til hæstv. umhvrh.

Það er í fyrsta lagi varðandi athugasemd um 7. gr. frv. þar sem segir: „Einnig skal í reglugerðum kveðið á um hefðbundnar nytjar, svo sem æðarrækt, kópaveiði, lunda- og fýlaveiðar, eggnytjar á bjargfugli o.s.frv." Mun skráningu þessara veiða verða háttað eftir þeim ákvæðum sem sett eru í 11. gr. frv. þannig að við fáum nákvæmar skýrslur um hlunnindaveiði jafnt og aðrar veiðar?

Þá vil ég spyrja um 10. gr. þar sem segir í athugasemd um þá grein: „Sú regla skal og gilda að veiðimenn hirði bráð sína hvort sem dýr hefur verið veitt vegna afurðanna eða til þess að koma í veg fyrir tjón." Mun þessi regla, þetta ákvæði 10. gr., gilda gagnvart selveiðum þar sem fram kemur í 16. gr. að sjútvrn. fari með selveiðar, yfirumsjón með selveiðum, og er ætlað að hafa umsjón, stjórna þeim aðgerðum af opinberri hálfu, sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og úrvinnslu sela eða tjón af þeirra völdum, sem sagt að hafa eftirlit með selveiðum.

Ég fagna því vissulega því að menn virðast ekki vera á eitt sáttir um það hvort hringormanefnd sé opinber nefnd stjórnað af sjútvrn. eða hvort hún er sjálfstætt apparat sem tekur sér sitt eigið vald til þess að fara með selastofna við landið. Þess vegna vildi ég fá að heyra, og vísa til þeirra frétta sem hafa komið í fjölmiðlum að undanförnu um seladráp, hvort þetta ákvæði 10. gr. muni gilda gagnvart selveiðum?

Mér finnst að í þessu frv. sé annars vegar verið að tala um veiðar á villtum dýrum og hins vegar um hlunnindi og veiðirétt. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort það er ekki alveg öruggt að reglubundin skráning veiða fari fram hvort sem um er að ræða hlunnindi og veiðirétthafa eða annars konar veiðar. Þá langar mig til að vita hvernig eftirliti verður háttað, þar sem segir í athugasemd um 19. gr.: „Um töku andar- og gæsareggja gilda þau ákvæði að minnst skuli skilin eftir fjögur egg í andarhreiðri og tvö í gæsarhreiðri." Síðan er upptalning á hinum ýmsu tegundum anda sem hér eru og sagt að það sé ekki heimild til þess að flytja út andaregg, ekki að gefa þau eða selja en í undantekningartilvikum er útflutningur leyfður. Hvernig er eftirliti með þessu háttað, þar sem segir:

„Bann er lagt við því að veiðirétthafi dreifi andareggjum til annarra hvort sem er með sölu eða gjöfum."

Hvernig mun hæstv. ráðherra láta standa að eftirliti? Ég býst ekki við að hann standi í því sjálfur, en hvernig verður staðið að eftirliti? Og enn og aftur, eiga þessir einstaklingar sem búa við ákveðin hlunnindi að skila skýrslum um sín hlunnindi? Ég spyr vegna þess að ég lagði hér fram 2 eða 3 ár í röð fsp. um hlunnindatekjur bænda á ríkisjörðum og hélt að það væri einföld útskrift. Þetta átti að vera eftir skattumdæmum. Ég hélt að það væri einföld tölvuútskrift sem fjmrh. gæti útvegað mér, en svo virðist ekki vera. Það er útilokað að fá svör við því hverjar séu hlunnindatekjur bænda á ríkisjörðum og hvers konar hlunnindi sé um að ræða. Þess vegna spyr ég.

[18:38]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að taka hér til máls, taldi mig hafa sagt nóg um þetta mál þegar það var fyrst flutt hér á hinu hv. Alþingi. En það er ekki annað hægt en segja örfá orð, en geyma sér kannski heildarmálflutning ef svo skyldi fara að málið kæmist nú loksins út úr hv. umhvn.

Mér fannst athyglisvert að heyra hjá hv. þm. Árna Mathiesen áðan þegar hann var að greina frá því hvað útvarpshlustandi hélt að karlfugl rjúpunnar héti. Hlustandinn hafði víst álitið að hann héti össur og fannst mér þá komin skýringin á því hvers vegna hæstv. umhvrh. kaus að stytta veiðitíma rjúpunnar um heilan mánuð. Það hafi verið gert af eigin umhyggju og hræðist ég nú að á næsta ári verði rjúpan alfriðuð af þessum sökum. (Gripið fram í.) Hann hefur sloppið núna, en það er ennþá opið veiðitímabil á karlrjúpuna össur í nokkra daga í viðbót. En ég mun nú fjalla nánar um þá reglugerð sem hæstv. ráðherra setti síðar.

Þetta mál er sem sagt endurflutt. Við 1. umr. þess máls, þegar hv. þm. Eiður Guðnason mælti fyrir því, var mikið fjör og gaman í þinginu og gert mikið grín að því frv. sem þá var lagt fram. En frv. hefur tekið töluverðum breytingum síðan og er alger óþarfi að láta umræðuna taka þá stefnu sem hún tók þá. Ég tel að í megindráttum sé hér um gott mál að ræða, en þó eru ákveðnir þættir í því sem erfitt er að sætta sig við og hlýtur það að kalla á frekari umfjöllun og skoðun í

nefnd og vonandi einhverjar breytingar.

Ég vil benda á og ég hef reyndar margoft gert það og mundi ég nú, hæstv. forseti, óska þess að minn kæri vinur, hæstv. umhvrh., heiðraði okkur hér með nærveru sinni. Það er mikill heiður að fá að hafa hann hér nærstaddan. En ég hef margoft gagnrýnt það og ætla að gera það enn einu sinni að við erum nánast hætt að setja heildstæðar löggjafir. Við erum að setja hér heimildir til reglugerðarsetninga. Það er sú stefna sem er því miður afar ríkjandi í íslenskri löggjöf í dag og löggjafarsetningu, það eru þessar eilífu reglugerðarheimildir til ráðherra. Það eru ófullkomin lög, óútfylltar ávísanir eins og einhver orðaði það hér fyrr í dag, sem ráðherra er afhent og framkvæmdarvaldið fær til að valsa um og leika sér að. Ég hef ekki talið það nákvæmlega en við snögga yfirferð sá ég a.m.k. 9 reglugerðarheimildir til handa ráðherra í þessu litla frv., sem þó er aðeins upp á um það bil 20 greinar og síðan hefur ráðherra öll tök á hinum og þessum málum. Hann getur þetta og hitt og hann ákvarðar þetta og hitt. Slík lagasetning er náttúrlega fyrir neðan allar hellur og Alþingi verður að taka á því. Hvort sem það er þetta mál eða eitthvað annað, þá verður Alþingi að uppfylla skyldu sína og það er að setja lög. Það er ekki að veita opnar heimildir til reglugerðarsetninga fyrir ráðherra og framkvæmdarvaldið. Þetta er auðvitað frumatriði, þetta er frumskilyrði í allri lagasetningu og menn verða að fara að átta sig á því að þetta getur ekki gengið lengur. Alþingi er að afhenda framkvæmdarvaldinu allt of mikil völd og því verður að linna. Og því linnir ekki nema nefndir þingsins taki á málinu. Og þá er ég ekkert frekar að tala um þetta mál heldur en önnur. Þetta er bara orðin lenska í íslenskri löggjöf og þar með missir Alþingi öll sín völd og öll sín tök á málunum.

Ég gagnrýndi þetta mikið á sínum tíma, en það gerðu fleiri. Það gerði fyrrv. formaður umhvn., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, á sínum tíma og hafði uppi stór orð. Hann talaði um, og ég er reyndar með umræðurnar hérna, ég hugsa að ég lengi ekki umræðuna með því að lesa upp kafla úr hans ræðu, en hann talaði mikið um miðstýringarárättu í þessu frv. og hann væri mótfallinn henni. Hann talaði mjög stíft gegn veiðikortinu og taldi þá stefnu óframkvæmanlega og ég get lesið þessa kafla úr ræðu hans seinna ef menn óska þess. Þáv. hæstv. umhvrh. gagnrýndi flokksbróður sinn fyrir þessi ummæli og taldi að hann hefði mælt þau af miklu fljótræði. Hv. fyrrv. formaður umhvn. sagði þá sem svar við þeim ásökunum, með leyfi forseta:

„Ég ítreka að ég sagði ekkert í umræðunum á mánudag í síðustu viku í fljótræði eins og hæstv. umhvrh. taldi að ég hefði gert. Hvert orð sem ég sagði var undirbúið af minni hálfu og við þau stend ég."

Nú hlýtur að vera eðlilegt að spyrja: Er þá samkomulag og eining í þingflokki Alþfl. um þetta mál? Ég þekki ekki klerkastéttina að öðru en því að standa við þau orð sem hún gefur og ætla menn að segja mér það að hv. þm. og klerkur, Gunnlaugur Stefánsson, standi ekki við þau orð sem hann ítrekað lýsir yfir að hann standi við? Þess vegna leyfi ég mér að efast um að það sé eining í þingflokki Alþfl. um þetta mál, ég efast stórlega um það. Og ég get alveg sagt að það er ekki slík eining innan raða sjálfstæðismanna. Það eru miklar efasemdir og miklir fyrirvarar við þetta mál eins og áður hafa komið fram og menn hirða kannski ekki um að endurtaka hér strax en munu vafalaust gera það ef málið kemur til 2. umr. óbreytt.

En ég gagnrýni sem sagt allar þessar reglugerðarveitingar. Síðan eru ýmsar spurningar sem auðvitað vakna. Í 8. gr. t.d., hvað veldur því að menn taka mörkin þar við 230 metra þegar talað er um veiðar í stöðuvötnum? Ég held að ég þurfi ekki að lesa greinina fyrir ráðherra. Hann veit hvað ég er að tala um. Hvaða mælistika er þarna notuð? Það kemur ekki fram í greinargerð eða umsögn um greinina.

Í 9. gr., af hverju í ósköpunum má ekki á nokkurn hátt nýta fugl sem þvælist í net? Hvaða rök eru fyrir því að ef lundi eða svartfugl eða eitthvað þvælist í net, af hverju má ekki taka þennan fugl og éta hann?

Ég gagnrýni líka að það megi ekki nota pumpur og reyndar fjölskotabyssur að ákveðnu marki. Það er mikið af þessum byssum í landinu og það er búið að veita heimildir fyrir þeim byssum allt upp í, að ég hygg, 5 skota byssur. En ég gæti hins vegar svo sem sætt mig við að menn reyndu að takmarka það eitthvað, eins og ráðherra kom inn á, en hvernig á þá að framfylgja því? Og auðvitað er það eignaupptaka ef mönnum á alfarið að vera meinað að gera þetta. Ef menn ætla sem sagt að fara í það að setja þetta plasthylki í byssurnar, hvernig á að standa að því? Á að kalla inn allar þessar byssur eða hvernig á að fylgjast með því að þessu sé framfylgt yfir höfuð?

16. liður 9. gr. hljóðar svo: „Hunda til þess að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar." Það er sem sagt bannað að nota þá við veiðar. þetta finnst mér bara rangt vegna þess að hundar eru líka notaðir til þess að þefa uppi særða bráð og það er mikilvægt tel ég, sérstaklega í rjúpunni, sem er ansi nösk á að fela sig í snjónum og í umhverfinu. Þá er nú skömminni skárra að hundurinn þefi hana uppi heldur en láta hana þjást og deyja þar drottni sínum. Ég held því að þessari grein mætti veita töluverða athygli.

Í 10. gr. er talað um það að ef veiðimaður særir bráð, rjúpu, gæs eða eitthvað annað, og hún álpast inn á landareign bónda, þá beri veiðimönnum að elta hana og aflífa, sem er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt. En við það að fara yfir eina girðingu, þó að það sé ekki nema hálfan metra, þá ber veiðimanninum þar með að labba með bráðina heim til bóndans og afhenda hana, því hún er orðin eign bóndans. Þetta er auðvitað fáránleg lagasetning, gersamlega fáránleg.

11. gr. um veiðikort, þar er enn ein heimildin til ráðherra, gersamlega opin heimild um hvað gjaldið á að vera og það er ekkert um það rætt, það eru engar hugmyndir af hálfu ráðherra. Ég óska þess að ráðherra hlusti og svari því hvaða hugmyndir hann hefur um þetta gjald nú í dag. Hvað á það að vera hátt að hans mati miðað við stöðuna í dag? Ég sé í greinargerðum með frv. að fjmrn. gefur sér það að hugsanlega verði 15 þúsund manns sem kaupi þetta kort, 15 þúsund manns. Mennirnir eru ekki jarðbundnir. Þeir fara hærra

en skotin úr haglabyssunum. 15 þús. manns, það er gersamlega út úr korti.

Ég er alfarið á móti veiðikortinu. Af hverju mega menn á Íslandi ekki labba lengur hér upp um fjöll og firnindi og ná sér í rjúpu eða hvaða annan fugl sem þeir vilja? Það á orðið að skattleggja gersamlega allt hér á landi, allt saman. Þetta er auðvitað bara skattur á veiðimenn. Hins vegar er ég sammála því að það á að hvetja til þess að menn haldi skýrslur um sína veiði og skili því þannig að hægt sé að fylgjast með. En skattlagning á veiðimenn er sem sagt gersamlega út í hött.

Menn eiga að geta fengið úthlutað á tiltekin svæði. Svo kemur í framhaldi af þessu, með öllum þeim heimildum sem ráðherra hefur, auðvitað kvótinn. Það er alveg ljóst að hann kemur. Hann var inni í fyrsta frv. og hann kemur aftur. Það kemur kvóti á þetta alveg eins og allt annað. Það kemur nýtt kvótakerfi og þá kemur auðvitað spurningin: Hafa menn framsalsrétt? Hvað segir ráðherrann? Korthafi skal bera kortið á sér alla tíð og hann skal framvísa því ef þess er óskað. Það er ekki talað um að það eigi að vera einhver sérstakur eftirlitsmaður eða annað slíkt. Það getur Pétur eða Páll vaðið á veiðimanninn og krafist þess að hann framvísi þessu veiðikorti. Þannig er margt mjög skrítið í þessu frv.

Þá er talað um að menn skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til að veiða. Ætlar þá hæstv. umhvrh. að kalla inn alla þessa 15.000 aðila, sem fjmrn. telur að muni kaupa sér veiðikort, og setja þá á námskeið? Margir þaulvanir veiðimenn um áratuga skeið. Á að kalla alla þessa menn inn og setja þá á námskeið og kenna þeim um villt dýr og umhverfi þeirra? Hvernig ætla menn að gera það og hvernig ætla menn að gera það fyrir þann pening sem verið er að tala um hér? Það verður þá að ná í aukafjárveitingu eða þá nýtt gjald á þá, námskeiðagjald. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Já, að sjálfsögðu. Það er auðvitað það sem þetta tikkar allt í kringum, það er gjaldtaka hér og gjaldtaka þar. (Gripið fram í.) Hvernig ætla menn svo að meta hæfnina til veiða? Eftir því hvort menn skjóta karlrjúpufuglinn össur eða ekki? Ætla þeir að fara upp í veiðilendur eða á þetta bara að gerast við skrifborðið niður á lögreglustöð? (**Gripið fram í:** Það þarf svo litla hæfni til að hitta hann.) Þetta er auðvitað alveg eins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði: Þetta er óframkvæmanlegt. Þetta er óframkvæmanlegt og það á að hverfa frá þessu veiðikorti. Það á að hverfa frá skattlagningu jólasteikarinnar.

Hæstv. umhvrh. setti reglugerð núna í haust um veiðar á rjúpu og stytti þar með veiðitímabilið um mánuð. Ég hef þá trú og tilfinningu að hæstv. ráðherra hafi ekki gert það með góðri sannfæringu. Hann hafi ekki verið fullviss um að hann væri að gera rétt. Hver var afleiðingin? Afleiðingin birtist m.a. á forsíðu Dagblaðsins fyrir tveim eða þrem dögum þar sem einn veiðimaður var með 800 rjúpur, bara einn veiðimaður. Það hafa borist fregnir af því að menn hafa farið í skipulagðar veiðiferðir, miklu skipulagðari en nokkurn tímann áður, í hópum, og menn hafi jafnvel hreinsað upp heilu svæðin. Það var viðtal við m.a. eina ágæta konu af Austurlandi sem lýsti þessu mjög gjörla fyrir hlustendum. Afleiðingin af þessu skerta veiðitímabili varð ofveiði. Hið rétta í málinu, ef ráðherra vildi vernda rjúpuna, var auðvitað það sem hann sagði reyndar sjálfur, að hann átti að heimila innflutning á henni. Þá hefði þessi sportveiði fallið niður og menn hefðu fyrst og fremst verið að veiða sér til matar, fyrst og fremst.

Hæstv. forseti. Ég vona innilega að menn taki á þessu í hæstv. umhvn. og falli frá hugmyndinni um veiðikort. Það er hægt að segja fjölmargt meira um veiðikortin en ég tel að það megi geyma til hugsanlegrar 2. umr., en þá verður veiðikortið vonandi ekkert inni í frv., þannig að óþarfi er að vera að orðlengja um það.

Það má líka spyrja um kostnaðarþáttinn í þessu öllu, eftirlitsþættinum til að mynda. Hvernig á að haga honum? Það kemur ekkert fram um það. Þetta er „blankó"-ávísun eins og hér var sagt fyrr í dag.

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst einkennilegt þegar svona frv. er samið að þá skuli hagsmunaaðilar ekki fá að koma að því. Mér finnst einkennilegt að fulltrúar veiðimanna eða veiðifélaga skyldu ekki hafa fengið að tjá sig um málið á þann hátt að taka þátt í starfinu frá upphafi. Það getur vel verið að það hafi verið hringt í einhvern í fljótræði bara til þess að segja að það hafi verið haft samráð við þá, en það var ekki haft við smíði þessa frv. og það harma ég.

Varðandi það að fylgjast með veiði, vegna þess að ráðherrann kom inn á það hér áðan að slíkt væri gert með lax og silunga, þá er auðvitað mjög mikil brögð að því og í silungaveiði eru engar skýrslur. Það er í miklum mæli með laxveiðinni en alls ekki fullkomið og langt frá því. En það er alveg sama þar og sama mundi gerast í skotveiðinni, að heiðarlegir skotveiðimenn væru vissulega tilbúnir til að skila inn skýrslum um allan sinn afla alveg eins og heiðarlegir laxveiðimenn eru tilbúnir að gera.

[18:55]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið málefnalegar og fjörugar umræður enda alveg ljóst að það er margt í þessu frv. sem orkar tvímælis og sem eðlilegt er að menn deili um. En mig langar sérstaklega að drepa hér á nokkur atriði í máli hv. síðasta ræðumanns, Inga Björns Albertssonar. Það er nú svo að margt af því sem hann sagði eru atriði sem menn hafa deilt um. Ýmislegt er hægt að skilja af því sem hann sagði, en sumt byggir á vanþekkingu. Það er t.d. svo að í sinni löngu ræðu gegn veiðikortunum dró hann m.a. til vitnis skotveiðimenn sem eru á móti veiðikortunum, staðhæfir hv. þm. Það er eigi að síður svo að talsmenn, forustumenn skotveiðimanna, þeirra félagasamtaka, eru hlynntir veiðikortum. Þeir hafa meira að segja gert sér erindi á fund þessa umhvrh. og lýst stuðningi sínum við það. Það kemur líka fram hér í greinargerðinni á bls. 10 að fyrstu drög að þessu frv. voru send Skotveiðifélagi Íslands. Það kemur fram hér í greinargerðinni. Það er því alveg ljóst að skotveiðimenn hafa

fengið tækifæri til að segja sitt álit á þessu og athugasemdir þeirra hafa að einhverju marki verið teknar til greina, en ekki að öllu leyti. Það má t.d. benda á að úr hópi skotveiðimanna bárust athugasemdir í þá veru að það væri ekki nægilegt að hafa einungis ákvæði um það að ekki mætti hafa hlaðna byssu nema í 50 metra fjarlægð frá vélknúnu ökutæki. Þeir vildu hafa fjarlægðina meiri einmitt til þess að stemma stigu við þeirri tegund veiða sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson var hér að mótmæla. Þetta er því ekki alveg rétt hjá þingmanninum.

Varðandi afstöðu Alþfl. í þessu máli þá verð ég að segja þingheimi það í fyllsta trúnaði að ég vildi óska að það væri ekki meira deilt um neitt annað í þingflokki Alþfl. heldur en þetta mál. Hv. þm. Ingi Björn Albertsson vísaði sérstaklega til hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og andmæla hans sem voru mjög hörð við umræðu hér. En það var við fyrstu umræðu þessa frv. sem fram fór á 115. löggjafarþinginu. Síðan hefur frv. verið breytt og talsvert mikið af athugasemdum sem þá komu fram hafa verið færðar til leiðréttingar í frv., m.a. atriði sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson var þá á móti. Það er nú svo, eins og ég hélt að ég hefði getið um í framsögu minni, að það var settur sérstakur starfshópur til að fara yfir frv. Í honum átti sæti m.a. hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson. Og þó ég sé sannfærður um að það eru stöku atriði sem umræddur þingmaður er enn á móti þá er eigi að síður obbinn af hans mótmælum brott fallinn. Ég hygg því að hv. þm. Ingi Björn Albertsson þurfi ekki að hafa mjög miklar áhyggjur af því að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson muni mótmæla frv. mjög harkalega.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson ræddi nokkuð um byssur og þær skorður sem reistar eru við notkun tiltekinna skotvopna. En eins og ég gat um í minni framsögu þá kveða gildandi reglur á um að nú þegar megi ekki nota skotvopn sem taka fleiri en tvö skot. Að þessu leytinu er því ekki hægt að halda fram að hér sé verið að ónýta eigur manna sem nú þegar eru fyrir hendi. Það er alls ekki hægt að segja það. Það er að vísu svo að sums staðar er enn verið að veita leyfi fyrir slíkum byssum, en það er ekki samkvæmt þeim reglum sem eru í gildi og þeim er þar af leiðandi ekki fylgt nægilega fram.

Hv. þm. Ingi Björn Albertsson velti líka fyrir sér hvernig ætti að koma við eftirliti með þessum lögum. Það sama má segja um öll önnur lög. Hvernig á að koma fram eftirliti með þeim? Lög eru að sjálfsögðu leiðbeiningar til fólksins í landinu og það verður auðvitað að ætlast til þess, eins og gerist í yfirgnæfandi fjölda tilvika, að menn fari eftir lögum. Það er þannig, reynslan sýnir það.

Varðandi veiðigjaldið þá varpar hv. þm. Ingi Björn fram þeirri spurningu: Hversu hátt telur þessi umhvrh. að veiðigjaldið eigi að vera? Það hefur ekki verið ákveðið, en ég skal varpa fram tölu. Ég tel að það ætti að vera einhvers staðar í kringum 1.000 kr. Það er ekki mjög mikið. Hv. þm. kallar þetta sérstakan skatt. Ég get ekki fallist á það. Það kemur skýrt fram í þessu frv. að þetta fé á að renna til rannsókna á þeim stofnum sem veiddir eru. Og það er í þágu allra, skotveiðimanna, landeigenda og þjóðarinnar allrar sem á í sameign þessa stofna, að farið verði í frekari rannsóknir á þeim. Þar með get ég ekki fallist á að þetta sé kallaður skattur. Um það má kannski deila.

Hv. þm. ræddi líka sérstaklega um hæfnispróf. Nú er það svo að í þessu frv. er rætt um það að umhvrh. verði heimilt að mæla svo fyrir að þeir sem stundi veiðar á viltum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi. Hverjir skyldu nú fylgja þessari hugmynd fastast fram? Það eru hinir ágætu vinir hans í Skotveiðifélagi Íslands. Ekki skal ég fullyrða að þessi hugmynd sé þaðan komin, en tvisvar sinnum hafa fulltrúar þeirra komið á minn fund og mælt sérstaklega með þessu. Það vill líka svo til að lögreglustjóraembættið í Reykjavík sem á árum fyrri hafði sérstök námskeið sem kölluð voru minna námskeið og meira námskeið í meðferð skotvopna og sem menn þurftu að fara á þegar þeir sóttu um byssuleyfi, hefur núna að frumkvæði Skotveiðifélagsins fengið sérstaka viðbót við sín námskeið. Þar er einmitt er farið í hluti eins og siðfræði veiða, náttúruvernd og ýmsa þætti dýralífs og þeir fá einmitt menn úr Skotveiðifélaginu til að flytja þessa fyrirlestra. Ég held því að það sé með engu móti hægt að segja að þetta hæfnispróf sé gegn vilja þeirra sem stunda skotveiðar. Það er rétt að það komi fram að það hefur sérstaklega verið óskað eftir því af hálfu samtaka skotveiðimanna, sem ég vænti að tali fyrir hönd skotveiðimanna, að það væri æskilegt að setja ítarlegar reglur t.d. um veiðar á stórum dýrum eins og hreindýrum. Þá hafa þeir einmitt vísað til reglna sem eru í gildi í löndum eins og Skandinavíulöndunum og Þýskalandi, þar sem menn mega ekki fara og skjóta stór spendýr án þess að hafa farið á námskeið sem lúta að lífsháttum þessara dýra og líka hvernig eigi að fara með bráðina. Hvernig eigi að taka innan úr henni o.s.frv. Og ég segi það alveg hiklaust að ég tel æskilegt að þetta sé gert. Það er enginn vafi í mínum huga um það að þeir sem eiga að borga fyrir slík námskeið það eru að sjálfsögðu þeir sem sækja þau, það finnst mér alveg einboðið.

Þingmaðurinn spurði líka um 8. gr., þar segir: „Þar sem stöðuvötn, firðir, vogar eða sund sem ekki eru 230 metrar á breidd, skipta landareignum eiga landeigendur veiðirétt út að miðlínu." Hann spyr hvernig stendur á því að þessi tala, 230 metrar, er sérstaklega til tekin. Það vill svo til að netlög eru í orðskýringum þessa frv. og samkvæmt aldagamalli hefð skilgreind sem svæði sem ná 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli landareigna eða 115 metra út frá bakka stöðuvatns. Það gefur auga leið að tvisvar sinnum 115 eru 230 sem skýrir umrædda tölu. Ef um er að ræða að stöðuvatn eða sund sem er svo mjótt að það nær ekki þessum tvisvar sinnum 115 metrum þá er reglan sú að nota miðlínu. Og ég tel að það sé ekkert óeðlilegt og það nota menn t.d. í samningum landa í millum.

Ég tel að það sé eðlilegt að þingmenn fetti nokkuð fingur út í það sem sumir hafa kallað reglugerðafargan sem tengist þessum lögum. Ég tel að það sé eðlilegt. Ég er í grundvallaratriðum nokkuð sammála hv.

þm. Inga Birni og fleirum sem hér hafa rætt um að það sé æskilegt að lög séu sem skýrust. Þá má velta því fyrir sér hvernig stendur á því að sú leið er farin varðandi samningu þessa frv. að gera ráð fyrir að lögin verði ekki mjög ítarleg heldur rammalög. Það er vegna þess að hér er ekki verið að fjalla um dauða hluti, hér er verið að fjalla um lifandi dýr. Og það er svo að stofnar þeirra taka miklum breytingum. Það er þekkt að dýrastofnar á norðurhjaranum fylgja næsta reglubundnum sveiflum, langtímasveiflum, kannski 10–15 ára. Orsakirnar eru hins vegar ekki jafn vel þekktar enda flókið samspil margra þátta. Vegna þessa er talið nauðsynlegt að það sé ákveðið svigrúm í þessum lögum til þess einmitt að laga reglugerðir, laga framkvæmd laganna að slíkum sveiflum. Það er þess vegna sem þessi leið er valin fremur en að fara þá leið að niðurnjörva í lög hvernig eigi að bregðast við ef tilteknar aðstæður sem eru ófyrirséðar geta komið upp. Það er ástæðan fyrir því.

Þingmaðurinn kvaðst hafa talið níu heimildir til reglugerðarsetningar af hálfu ráðherra. Þær eru ellefu. En hins vegar er það svo að ég tel að sumar þeirra sé hægt að sameina. Sumar eru líka sérstaks eðlis eins og þar sem er kveðið á um heimild til ráðherra til þess að setja reglugerð um aðild Íslands að Alþjóðafuglaverndarráðinu. Hvers vegna skyldi það vera gert? Það er vegna þess að við teljum eðlilegast og lýðræðislegast að öll þau samtök sem tengjast með einhverjum hætti þeim málum eigi að geta komið að því í gegnum ákveðið fulltrúaráð. Nú er það svo að samtök eins og tegundir, lifa, eiga sér þroskaskeið, hrörna og deyja. Til þess að eiga möguleika á að gefa öllum þeim samtökum sem kynnu að verða til aðild að þessu í gegnum þetta fulltrúaráð þá töldum við æskilegast að fara þessa leið. En ég segi það hins vegar að mér er það ekkert heilagt mál. Ef hæstv. umhvn. telur að það sé betra að reyna með einhverjum hætti að fækka þessum reglugerðarheimildum, þá gott og vel. Menn verða einungis að vega það og meta og komast að niðurstöðu. Ég set mig ekki gegn því.

Það er líka rétt að það komi fram af minni hálfu að ég geri mér grein fyrir því að mjög margt í þessum lögum er umdeilt og ég gef auðvitað ekki fremur en aðrir ráðherrar fyrirskipanir um að þetta eigi að fara óbreytt í gegn. Eins og þingmenn hafa sagt þá á auðvitað að ræða þetta og það getur vel verið að menn komist að því að það sé betra að breyta einhverjum þeirra greina sem eru í þessu frv.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir varpaði einnig til mín nokkrum spurningum. Hún ræddi m.a. það ákvæði sem kemur fram í lögunum þar sem mælt er fyrir um að ef bráð særist þá eigi menn að sækja hana og reyna að deyða hana jafnvel þó það þurfi að fara inn á aðrar landareignir. Hún spurði jafnframt um að því er mér skildist hvernig ætti þá að fara með t.d. seli sem menn hafa verið að drepa og skilja eftir. Hér komum við aftur að þeim kafla sem varðar seli. Nú er það svo að það hefur verið ágreiningur uppi milli umhvrn. og sjútvrn. um það hvernig eigi að fara með málefni sela. Ég er þeirrar skoðunar að það væri æskilegast að það væri æskilegast að þau væru alfarið undir umhvrn. Ég bendi t.d. á að selir eru að ýmsu leyti sambærilegir sjófuglum. Sjófuglar eiga sín afkvæmi á landi en þeir sækja sér til sjávar bæði viðurværi sitt og lífsrými. Sjófuglarnir eru nýttir eins og selir og þeir teljast til hlunninda landareigna. Sjófugla tökum við undir umhvrn. og það má auðvitað spyrja: Hvers vegna á ekki að nota sama stjórnarfyrirkomulag fyrir selina eins og sjófuglana og hafa þá undir umhvrn.? Ég tel að það væri æskilegast. Ég segi það hins vegar að um þetta varð samkomulag eftir erfiðar samningaumleitanir milli umhvrn. og sjútvrn. í tíð fyrrv. umhvrh. og það samkomulag ætla ég að virða. Ég set mig hins vegar ekki upp á móti því ef umhvn. telur að með þessum hætti sé málum ekki rétt skipað og það eigi að gera þetta með einhverjum öðrum hætti. En hv. þm. Margrét Frímannsdóttir varpar til mín spurningu og ég bendi á að samkvæmt þessu frv. þá er það sjútvrh. sem stjórnar nýtingu selastofna. Og hann hefur umsjón með þeim aðgerðum af opinberri hálfu. Hingað til hefur það verið svo að hringormanefnd sem sjútvrh. skipar hefur þarna mjög sterka hönd í bagga. Ég tel hins vegar að þær reglur sem verður að setja í framtíðinni verði að vera þannig að þær beinlínis banni þessa meðferð sem við höfum lesið um í fjölmiðlum upp á síðkastið þar sem dauðir skrokkar sela eru skildir eftir. Og ég tel raunar að það væri mjög auðvelt að gera það með því t.d. að í staðinn fyrir að beita núverandi reglum þar sem veitt eru ákveðin veiðiverðlaun og síðan greitt eftir fastri stærð sela fyrir hvert kíló jafnvel þótt selunum sé ekki skilað inn til bræðslu. Ég tel það algerlega fráleita aðferð og tel þess vegna að það eigi að taka fast á þessu máli eins og mér virtist að hv. þm. Margrét Frímannsdóttir væri að ýja að.

Virðulegur forseti. Aðeins örfá orð í lokin. Hv. þm. ræddi líka um þá fyrirskipan þessa frv. að skilja eftir aukinn fjölda eggja, tvö í gæsarhreiðrum og fjögur egg hjá ákveðnum andategundum. Nú er það svo að þetta er mjög gamallt fyrirkomulag, þetta er tekið upp úr eldri lögum og hefur gilt mjög lengi. Í þessu felst ævagamalt verndarsjónarmið sem ég tel rétt að hafa í heiðri. Hver á svo að hafa eftirlit með þessu? Ég vísa til þess sem ég sagði áðan sem svar við spurningu hv. þm. Inga Björns Albertssonar sem varpaði fram svipaðri spurningu um annað efni. Lögin eru fyrirmæli, þau eru boð, líka leiðbeining. Það er ætlast til þess að menn fari eftir þeim. Ég segi það af eigin reynslu að yfirgnæfandi meiri hluti manna gerir það. En eins og hv. þm. gat um í sinni ræðu, þessi umhvrh. mun ekki sjá um það sjálfur að framfylgja þessu.

[19:11]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ráðherra misskildi mig örlítið. Þó að ég reyndi að vera nokkuð skýr á því þegar ég var að tala um samráð við skotveiðimenn, þá tók ég það skýrt fram að það samráð hefði átt að felast í því að þeir hefðu tekið þátt í starfinu frá upphafi. Þeim var hins vegar sent bréf 4. júlí 1991. Ég var mjög vel meðvitaður um það mál. Ég hefði hins vegar viljað sjá þá aðila inni í þessu máli frá upphafi. En það er auðvitað

ekki mál þess ráðherra sem nú situr í sæti umhvrh. því að hann tekur við þessu frv. og lagar það og hefur fært það til betri vegar frá því sem það var upphaflega.

Hæstv. ráðherra talar um að það eigi ekkert eftirlit að vera með þessu og mér þykir það gott þegar ráðherrar treysta fólki svo vel. Ég hef ekki orðið var við að þessa trausts gæti hjá ýmsum öðrum ráðherrum og menn hafa kvartað mjög undan því að það sé einmitt skortur á eftirliti, til að mynda í virðisaukaskattskerfinu. Þar ríkir ekki þetta traust. Það er til eitthvað sem heitir veiðieftirlit og þar fram eftir götum þannig að ég held að það sé mjög vafasöm yfirlýsing af hálfu ráðherra að hann ætli að beita sér fyrst og fremst fyrir því að þarna ríki gagnkvæmt traust. Við vitum alltaf að það er misjafn sauður í mörgu fé og það verður auðvitað að fylgjast með þessu.

Ég ætla ekkert að hártogast við hæstv. ráðherra um afstöðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Ég ætla einfaldlega að afhenda ráðherra þingtíðindin og hann getur lesið þetta yfir því að þau atriði sem hv. þm. var þar að gagnrýna eru enn til staðar. En ég hlífði þinginu við því að vera að lesa þetta upp áðan og ætla að gera það áfram.

Það kom einnig fram hjá ráðherra að hann sér fyrir sér gjaldtökuna sem 1 þús. kr. Það í sjálfu sér skiptir engu máli hvaða tölu hann nefnir því að heimildin er alveg jafnopin eftir sem áður. Þessi gjaldtaka getur verið orðin 5 þús. kr. árið eftir eða 5 þús. kr. þegar kortið loksins kemst á. Þetta er vissulega ein hugmynd en það er ekki aðalmálið. Aðalmálið er það að þarna er opin heimild og hvað sem ráðherrann segir þá er verið að skattleggja skotveiðimenn. Það er alveg á hreinu. Þessi skattur leggst eingöngu á skotveiðimenn og það eru þá skotveiðimennirnir sem eiga auðvitað að greiða fyrir þessar rannsóknir.

Ráðherra kom hér aðeins inn á fjölskotabyssurnar. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Veit hann hve margar löglegar fjölskotabyssur eru til í landinu? Eru til tölur yfir það? Ég er nefnilega hræddur um að löglegar slíkar byssur séu ansi margar og það verði nokkuð erfitt að framfylgja þessu eins og ég gat um áðan í minni fyrri ræðu.

Ég er alveg sammála ráðherra um að þeir sem taka þátt í námskeiðum eigi að borga fyrir þau og ég er líka alveg sammála ráðherra í því að aukin menntun er af hinu góða. Það var alls ekki það sem ég var að gagnrýna hér áðan. (**Umhvrh.:** Í flestum tilfellum.) Flestum tilfellum, já, já, í langflestum sem betur fer. Það er ekki það sem ég var að gagnrýna hér áðan. Ég var að spyrjast fyrir um það hvort það ætti að leggja þá skyldu á alla þessa 15 þúsund aðila sem um er getið hér í greinargerðinni, að þeir sæki þessi námskeið, þeir fari í hæfnisprófið og prófið um veiðar og líferni á villtum dýrum. Það var það sem ég var að spyrja um. En ég var ekki að gagnrýna það að menn öðlist og sækist eftir frekari menntun. Hún er af hinu góða.

Ég er líka alveg sammála því að það á að setja sem ítarlegastar reglur um veiðar, en þær eiga bara að koma fram í þessum lögum og ráðherra veit það alveg jafn vel og ég að segja má að Alþingi sitji allt árið. Ef einhver stór mál koma upp þá er ekki mikið vandamál að kalla Alþingi saman en ég sé bara ekki slík stórmál koma upp. Og það frí sem Alþingi hefur eða sá tími sem þingið ekki situr, eru kannski fjórir mánuðir eða eitthvað slíkt. Mér finnst það engin rök fyrir því að hafa allar þessar reglugerðir og þá opnun sem þar skapast og ég fagna því að ráðherra tók undir það að það ætti að reyna að fækka þessum reglugerðum og ég vona að fulltrúar í umhvn. hafi tekið eftir því.

Að lokum vil ég spyrja ráðherra af því að ég spurði hann að því hér áðan og hann hefur kannski ekki heyrt það eða gleymt því, að það var í 9. gr. þar sem er talað um hvað er óheimilt að nota við veiðar. Það var um hundana annars vegar, hvort honum þyki það ekki eðlilegt að menn megi nota hunda til þess að hlífa skepnunum við þeim þjáningum sem þær verða fyrir, ef þær ná að fela sig særðar, liggja ekki þar í sárum sínum og deyja drottni sínum. Og hins vegar í 10. gr. þar sem talað er um það að veiðimanni beri að elta særða bráð og aflífa hana sem er auðvitað eðlilegt. En fari hún inn á landareign bónda, þó það sé ekki nema 5 sm, þá ber veiðimönnum í fyrsta lagi að aflífa hana og í öðru lagi að labba heim að bóndabæ og afhenda honum þessa einu rjúpu. Það er alveg fortakslaust í lögunum og ég ætla að lesa þessa setningu fyrir hæstv. ráðherra eða þessa grein:

„Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur. Ákvæði þetta gildir einnig þó að sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda“ o.s.frv.

Finnst ráðherra þetta eðlilegt? Mér finnst þetta gersamlega út úr öllu korti.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. en ég vona enn á ný að hv. umhvn. geri á því nokkrar bætur.

[19:18]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg nógu ánægð með svör hæstv. umhvrh. Í fyrsta lagi spurði ég hvort sú regla sem sögð er í 10. gr. eigi að gilda að veiðimenn hirði bráð sína hvort sem dýr hefur verið veitt vegna afurða eða til að koma í veg fyrir tjón muni koma til með að gilda um selveiðar eða seladráp. Og þó svo að það sé annað ákvæði sem segir það að sjútvrh. skuli fara með skipulag þessara veiða, sem er vissulega ánægjulegt, því að þó að hæstv. umhvrh. hafi sagt hér áðan að hringormanefnd væri opinber nefnd með skipunarbréf sjútvrh., þá skilst mér að það sé nú þannig að skipunarbréfið sé síðan 1979 og ég veit ekki hvort nokkur núverandi nefndarmaður í hringormanefnd hefur fengið slíkt skipunarbréf. Alla vega telur hringormanefnd eða þeir menn sem í hringormanefnd sitja að nefndin sé ekki opinber, það sé ekki um nefnd sem heyrir undir sjúvrn. eða nokkurt annað ráðuneyti að ræða heldur er þetta nefndarstarf sem fyrst og fremst er kostað af nokkrum fyrirtækjum og stofnunum. Þar af leiðir hljóta þeir sem þar sitja að hafa nokkurt sjálfdæmi, þurfa ekki að skila neinum skýrslum nema til þeirra aðila sem skipa nefndina. Og eftir því sem ég

kemst næst, þá er það ekki lengur í höndum sjútvrh. Skipunarbréfið sem hringormanefndin fékk 1979 fól í sér afar víðtækt hlutverk þessarar nefndar og hefði vissulega verið þörf á því að viðhalda þeim kröfum sem þá voru gerðar til nefndarinnar. En ég vil gjarnan fá að heyra það hvort umhvrh. telur að þetta ákvæði 10. gr. skuli gilda að veiðimenn hirði bráð sína hvort sem dýr hefur verið veitt vegna afurða eða til að koma í veg fyrir tjón að þetta ákvæði muni gilda varðandi selveiðar. Og eins með það hvort þeir sem eru með einhver hlunnindi á jörðum verði að skila skýrslum á sama hátt og aðrir veiðimenn til ráðherra eða til villidýranefndar eða Náttúrufræðistofnunar til þess að hægt sé að hafa eftirlit með þeim stofnum sem þar um ræðir. Vissulega eru lög til að fara eftir þeim en það er nauðsynlegt að veita aðhald með eftirliti og reynslan hefur sýnt það. Þá spyr ég hvort ekki felist ákveðið aðhald í því þar sem um æðarvarp er að ræða, að fjöldi hreiðra væri upp gefinn og eggja sem tekin eru, þá er vitað hversu mörg eru eftir og hversu stór stofninn er, hvort ekki megi vinna skýrslu út frá t.d. því að gera þessum hlunnindabændum skylt að skila skýrslu á sama hátt og öðrum veiðimönnum.

Fleira var það nú ekki sem ég ætlaði að nefna hér nema fskj. sem er með frv. Það er kostnaðarumsögn fjármálaskrifstofu fjmrn. Þar er ekki gert ráð fyrir neinum kostnaði af þessu eftirliti sem ég nefndi. Hvergi í þessari umsögn hefur verið tekið tillit til þess kostnaðar sem af kynni að hljótast ef eftirlit skv. 19. gr. verður virkt.

[19:22]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir varpar til mín um það hvort 10. gr. nái líka yfir seli, þá vek ég athygli þingmannsins á því að í 10. gr. er um að ræða almenna reglu svohljóðandi með leyfi forseta: „Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína." Ég tel að það taki alveg fortakslaust yfir seli og að 16. gr. dragi ekkert úr mikilvægi þessa fyrirmælis frv. ef að lögum verða gagnvart selum.

Varðandi hlunnindanytjar, þá fer það náttúrlega eftir því hvers konar hlunnindi er verið að ræða um. Ef menn eru að tala t.d. um dúntekju og slíkt sem eru stærstu hlunnindi sem hafa má af fuglum í dag og stærstu hlunnindin hygg ég sem um er að ræða á bújörðum, þá fellur það ekki undir veiði þannig að ekki er gert ráð fyrir því samkvæmt þessum lögum að það þurfi að skila sérstökum yfirlýsingum í tengslum við þessi lög. En að því er varðar t.d. fuglatekju þá er það svo að menn eru með veiðikortum og veiðiskýrslunum að reyna að fá yfirsýn yfir ástand stofna og sveiflur stofna og eins og ég gat um áðan þá taka norrænir stofnar langtímasveiflum og það er nauðsynlegt að geta fylgst með því. Þess vegna tel ég að þetta muni líka ná yfir fuglatekju úr björgum.

Ég hygg hins vegar að það verði mun erfiðara að koma þessu við að því er varðar eggjatöku og get reyndar upplýst það að í þeirri nefnd sem þegar er að störfum varðandi samningu þeirrar reglugerðar sem varðar þetta. Hafa einmitt spunnist miklar umræður um það hvort þetta tiltekna atriði sé kleift og ekki komin niðurstaða í það. Þá hygg ég að flestum þeim spurningum sem til mín hefur verið varpað frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur sé svarað.

Það er rétt hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni að ég misskildi hann varðandi það sem hann var að reifa hér áðan um skotveiðimenn. Það er alveg hárrétt hjá honum að skotveiðimenn komu ekki að samningu þessa frv., fengu það einungis til umsagnar og hafa síðan komið til viðræðna við umhvrh., bæði þennan og fyrrv. Hins vegar vil ég benda honum á að réttur þeirra er nú nokkuð vel tryggður með 3. gr. frv. Þar er talað um hina ágætu villidýranefnd. Hún er skipuð 7 mönnum og það er gert ráð fyrir því að einn þeirra sem sitja í henni komi einmitt frá Skotveiðifélagi Íslands þannig að þar er búið er að skapa farveg fyrir þær skoðanir og viðhorf skotveiðimanna sem þurfa að koma að þeirri nefnd, þeirri stofnun sem setur allar þessar reglugerðir sem hv. þm. er svo gríðarlega í nöp við.

Hv. þm. spyr um 10. gr. Þar er talað um að þó sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaðurinn hefur ekki leyfi til að veiða á þá ber honum samt skylda til þess að fara þangað og gera allt sem hann getur til þess að aflífa dýrið en bráðin hins vegar verður eign landeigandans. Því er til að svara að það er mannúðarsjónarmið sem ég veit að hv. þm. er mér sammála um að veiðimaðurinn eigi að gera allt sem í hans valdi stendur til þess að aflífa sært dýr jafnvel þó að hann þurfi að fara af því tilefni inn á landareign þar sem hann hefur ekki heimild til þess að veiða. En til þess að þetta ákvæði verði ekki notað sem skálkaskjól til veiðiþjófnaðar þá er talið rétt að veiðiréttareigandi verði eigandi bráðarinnar í þessum tilvikum. Þetta er sjónarmið sem liggur þarna að baki. Ég tel það vera fullgilt en um það má auðvitað deila eins og örfá önnur atriði í þessari grein.

9. gr., 16. tölul., hefur einnig valdið hv. þm. nokkru hugarangri og ég vil gera mitt hér í lok þingdags til þess að eyða því. Ef hann les þessa grein vel, þá mun hann sjá að þar stendur eftirfarandi með leyfi forseta: „Hunda til þess að hlaupa uppi bráð." Ég tel að þetta útiloki alls ekki að nota hunda til þess að sækja dauða fugla t.d. sem skotnir hafa verið, alls ekki. (**IBA:** Og særa fugla um leið?) Útiloki það alls ekki heldur. En sums staðar hafa menn notað hunda til þess að hlaupa uppi bráð.

Síðan vil ég að lokum, virðulegi forseti, taka það fram að það er kannski helsti ljóðurinn á þessu frv. að það er ekki gert ráð fyrir friðun á veiðihundum eins og síðustu fréttir í fjölmiðlum gefa e.t.v. tilefni til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8.–10. mál.

Fundi slitið kl. 19.28.

38. FUNDUR

miðvikudaginn 17. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Vegalög, stjfrv., 119. mál, þskj. 124. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 215. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 120. mál, þskj. 125. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Sjómannalög, frv., 82. mál, þskj. 85. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 223. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — 1. umr.
10. Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, þáltill., 151. mál, þskj. 168. — Fyrri umr.
11. a. Fangelsi og fangavist, frv., 204. mál, þskj. 226. — 1. umr.
    b. Atvinnuleysistryggingar, frv., 205. mál, þskj. 227. — 1. umr.
12. Skjaldarmerki lýðveldisins, þáltill., 117. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.
13. Fjárframlög til stjórnmálaflokka, þáltill., 147. mál, þskj. 163. — Fyrri umr.
14. Hvalveiðar, þáltill., 114. mál, þskj. 119. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Ríkisreikningur 1992, 217. mál, stjfrv., þskj. 242.
Samningsveð, 215. mál, stjfrv., þskj. 240.
Veiting ríkisborgararéttar, 216. mál, stjfrv., þskj. 241.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Endurgreiðsla lyfja- og lækniskostnaðar.

[13:33]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég sný máli mínu til hæstv. fjmrh. þar sem hæstv. heilbrrh. er ekki við og ég tel það miðað við eðli málsins eðlilegt.

Í dagblaði hæstv. heilbrrh. í dag er skýrt frá endurgreiðslu Tryggingastofnunar ríkisins til 122 einstaklinga vegna óhóflegs kostnaðar við lyfjakaup og lækningahjálp á fyrri hluta þessa árs. Hefur þessi kostnaður *farið upp í allt að 100* þús. kr. *hjá einni fjölskyldu.* Alls bárust um 500 umsóknir en 122 fá endurgreiðslu. Við úrskurð um rétt manna til endurgreiðslu er tekið tillit til tekna. Tekjur miðast við árstekjur árið á undan en grunnkostnaður miðast við hálft almanaksár í senn. Ljóst er að hér hlýtur að vera til athugunar greiðslugeta þeirra sem hér eiga hlut að máli.

Með lögum um staðgreiðslu skatta varð sú breyting á að menn sjá aldrei ríflega þriðja hluta tekna sinna nema sem tölur á blaði. Bráttótekjur eru því ekki mælikvarði á raunverulega greiðslugetu þar sem stór hluti teknanna hefur þegar verið greiddur til samfélagsins. Því er spurning mín þessi:

Er sá hluti sem þegar er kominn í sameiginlega sjóði landsmanna reiknaður með tekjum þegar endurgreiðsla vegna lyfja- og lækniskostnaðar er metin?

[13:34]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Því miður get ég ekki sagt nákvæmlega um það hvernig þær reglur eru sem endurgreitt er eftir. Þær reglur eru samdar af heilbrrh. og hann er því miður ekki hjá okkur núna til þess að veita svar við þeirri spurningu. Sé miðað við launatekjur eða heildartekjur manna er venjulega miðað við allar tekjur eins og um skatttekjur væri að ræða og þær tekjur innihalda að sjálfsögðu líka þann þátt sem þegar hefur verið greiddur til ríkisins þannig að vissulega getur verið um það að ræða að einhver hluti teknanna sem miðað er við hafi lent í ríkissjóði, vonandi öllum landsmönnum til gagns.

Að öðru leyti get ég ekki tjáð mig um þetta efni því ég hef ekki lesið málgagn heilbrrh. og kann því ekki efni þess blaðs eins og það kemur mönnum fyrir sjónir í dag.

[13:36]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef áður spurst fyrir um þetta mál vegna endurgreiðslna og úrskurða af öllu tagi. Nefna mætti greiðslugetu manna til að endurgreiða námslán og ýmislegt annað sem skiptir máli í þessu sambandi. Hér er auðvitað verkefni fyrir hæstv. fjmrh. Þegar lögin um staðgreiðslu skatta voru sett gengu menn ekki alla leið. Menn hafa ekki lengur tekjur sínar í eitt ár til ráðstöfunar eins og áður var. Ríflegan þriðjung tekna okkar sjáum við aldrei nema sem tölur á blaði. Það getur ekki verið sanngjarnt að miða endurgreiðslur til sjúklinga, sem hafa orðið að greiða á milli 50 og 100 þús. kr. í lyf og lækningahjálp á hálfu ári, við tekjur þeirra, bráttótekjur, sem verulegur hluti af er þegar kominn í þá sömu sameiginlegu sjóði. Það er þess vegna sem ég er að vekja athygli á þessu, (Forseti hringir.) hæstv. forseti, og hér held ég að stjórnvöld verði að hreinsa til.

[13:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér þykir eðlilegt að hv. þm. beini þessari fsp. til heilbrrh. Það er hægt að gera það annaðhvort í hv. fjárln. (**GHelg:** Hvað með fjmrh.? Þetta er skattamál.) eða í heilbrn. því ég þekki ekki þær reglur sem endurgreiðslurnar byggja á. Þetta er að sjálfsögðu ekki skattamál, hér er einungis deilt um það, ef ég skil hv. þm. rétt, hvort það sé eðlilegt að miða við heildartekjur eða nettótekjur. Þess eru mýmörg dæmi þar sem um slíkar viðmiðanir er að ræða að miðað sé við heildartekjur. Þannig að ef það er gert í þessu tilviki þá er það ekkert ólíkt því sem gert er á mörgum öðrum stöðum. En ég hef heyrt hvað hv. þm. hefur til málanna að leggja.

Seðlabankastjóri.

[13:38]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. viðskrh. Í framhaldi af vali bankastjórnar Norræna fjárfestingarbankans á Jóni Sigurðssyni sem bankastjóra bankans nú á dögunum kom hæstv. viðskrh. í fjölmiðla, bæði í sjónvarp og eins í DV, og hélt því fram að ég teldi Jón Sigurðsson vanhæfan eða óhæfan seðlabankastjóra. Ég spyr: Hvaðan kemur hæstv. ráðherra þessi vitneskja og hvar finnur hann þessum orðum sínum stað?

[13:39]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og allir þingmenn vita hlýtur þetta að vera rangt því enginn maður hefur farið jafnmiklum viðurkenningarorðum um Jón Sigurðsson hér á Alþingi eins og hv. þm. Páll Pétursson, eins og allir vita. Eins og öllum er kunnugt þá er hv. þm. mjög kunnur á norrænum vettvangi enda hefur hann verið forseti Norðurlandaráðs tvívegis og því er mjög eðlilegt að norrænir aðilar sem þekkja mjög vel til hv. þm. taki mikið mark á hans orðum.

[13:40]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég er þakklátur fyrir að hæstv. viðskrh. skyldi éta ofan í sig fleipur sitt hér í ræðustól á Alþingi og það var akkúrat það sem ég ætlaðist til.

Ég vil leyfa mér að vitna til umræðna um frv. um Seðlabanka Íslands sem hér fóru fram fyrir skemmstu og vitna til ummæla sem ég viðhafði þá, með leyfi forseta. Á einum stað segi ég:

„Ég er ekki sammála því sem hv. 8. þm. Reykn. var að dylgja með í ræðustólnum að draga í efa hæfni Jóns Sigurðssonar seðlabankastjóra.“ — Síðar segi ég: „Ég tel að Jón Sigurðsson sé alveg prýðilega hæfur til að vera einn af þremur bankastjórum Seðlabankans.“

Þar með tel ég að frumhlaup hæstv. viðskrh. hafi verið algjörlega ástæðulaust og gott að hann át þetta ofan í sig hér í ræðustólnum.

Ég tel einmitt að fulltrúar Íslands í stjórn Norræna fjárfestingarbankans (Forseti hringir.) og kratar í stjórn bankans hafi unnið gott starf með því að gera Jón Sigurðsson að bankastjóra Norræna fjárfestingarbankans. Ég tel að það sé starf sem henti honum vel og íslensku þjóðinni og miklu betur heldur en pólitískt starf Jóns Sigurðssonar.

[13:41]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hér hefur komið í ljós eins og ég sagði áðan að hv. þm. Páll Pétursson er einn af helstu meðmælendum Jóns Sigurðssonar og hefur ávallt tekið það sérstaklega fram. Ég vona að þessi orð hans hér verði ekki til að grafa undan trausti norrænna manna á hv. seðlabankastjóra. En ég verð að segja það að alltaf kemur mér Kristján heitinn á Garðstöðum í hug þegar ég hlusta á hv. þm. Pál Pétursson ræða um annað fólk því eins og þeir vita sem þekktu Kristján frá Garðstöðum þá gat hann aldrei öfugt orð sagt í nokkurs manns garð.

Samkomulag um GATT-samningana.

[13:42]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. og spurningin er einföld: Þótti hæstv. ráðherra ekki ástæða til þess að kynna það samkomulag sem varð milli hans og landbrh. um GATT-samningana fyrir utanrmn. áður en þetta tilboð var sent úr landi?

[13:43]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram af hálfu utanrmn. ósk um það að ræða GATT-málið og þá sérstaklega það tilboð sem samkomulag hefur tekist um að senda af Íslands hálfu inn í þær viðræður. Það hefur aldrei staðið á mér sem utanrrh. að ræða það hvort heldur væri á vettvangi utanrmn. eða annars staðar þannig að það er ekki í mínum verkahring að skýra það. Ég er reiðubúinn til þess og hef verið reiðubúinn til þess hvenær sem óskað er.

[13:43]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að fyrirhugaður er fundur um málið í nefndinni. Mér skilst að það sé að frumkvæði stjórnarandstæðings ekki stjórnarsinna, en mér hefði þótt við hæfi ef hæstv. utanrrh. hefði haft frumkvæði að því að kynna þetta samkomulag eða þetta tilboð áður en það fór á síður fjölmiðla og til erlendra aðila.

[13:44]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. alþm. er kunnugt er skammt um liðið frá því að endanlegar niðurstöður fengust og það er ekki fyrr en í gær sem tilboðið var sent með formlegum hætti til höfuðstöðva GATT. Seinasti utanríkismálanefndarfundur var á mánudag. Hefði þess verið óskað þar að ræða það þá hefði að sjálfsögðu verið orðið við því af minni hálfu að gera grein fyrir stöðu málsins en niðurstöðuna var ekki unnt að kynna fyrr en þá. Auk þess er rétt að benda á að tilboðið sjálft, þ.e. sú vinna sem fólgin er í því að

leggja fram lista um tollígildi samkvæmt GATT-reglum var unnin í landbrn. og kynning málsins að því er það varðar er auðvitað fyrst og fremst í verkahring þess og eðlilegt að það yrði tekið fyrst fyrir í hv. landbn., ekki satt?

[13:45]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo sem kunnugt er af fjölmiðlum var á mánudag ekki komið það samkomulag sem tókst í gær, alla vega ekki fyrir hádegi, og ég held því að það hafi verið fyllilega ástæða til fyrir hæstv. ráðherra að boða til fundar. Ég tek svör hans sem svo að hann hafi ekki talið efni til þess að kynna málið fyrir utanrmn. sem vissulega er í hans verkahring að eiga samskipti við. En eins og kunnugt er hefur orðið nokkur misbrestur á því samstarfi.

[13:46]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að rifja upp að GATT-málið sem slíkt er mönnum á hinu háa Alþingi vel kunnugt. Í janúar 1992 gerði ríkisstjórnin sérstaka bókun um ákveðin grundvallaratriði varðandi GATT sem er kunnugt. Ég hef í skýrslum mínum til Alþingis, bæði árið 1992 og 1993, gert ítarlega grein fyrir samkomulaginu sjálfu og seinast þeim lítilfjörlegu breytingum sem á því hafa orðið í nýjustu samningum Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins, svokölluðu Blair House-samkomulagi, þannig að öll grundvallaratriði málsins eru rækilega og ítarlega kynnt. Og að svo miklu leyti sem það er niðurstaðan að tilboð Íslands er í samræmi við samþykkt ríkisstjórnarinnar, þá er málið með öðrum orðum kunnugt þótt ég taki undir með hv. þm. að það er sjálfsagt mál og eðlilegt þegar tilboðið liggur fyrir að kynna það mjög rækilega í viðeigandi þingnefnd.

Eftirlit með innfluttu fóðri.

[13:47]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég er með spurningu til landbrh. og hún kemur til af því að ég á sæti í landbn. fyrir hönd Alþfl. og mér er mjög umhugað um þann málaflokk sem ég er að vinna að. Í mín eyru hefur verið fullyrt að í fæðu dýra sem síðan er slátrað til manneldis á Íslandi sé notað hormónameðhöndlað fóður. Ég spyr hvort þetta sé rétt. Ég spyr: Hver fylgist með því að fóður sem innflutt er innihaldi ekki hormóna? Og er reglulegt eftirlit með slíkum varningi?

Við Íslendingar höfum talað — og ég þar meðtalinn — digurbarkalega um að við værum með hreinasta og besta kjöt og kjötvöru sem framleidd væri í heiminum og þessu var skellt á mig að við skyldum fara varlega í þær umræður því að í ákveðnum fóðurtegundum væru hormónameðhöndluð efni. Ég spyr þess vegna um það, hæstv. ráðherra, hvernig þessi mál standa.

[13:49]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mér þykja þetta athyglisverðar upplýsingar. Ég hygg að það sé rétt hjá mér að það er Rannsóknastofnun landbúnaðarins sem á að fylgjast með innflutningi á þessu fóðri og ég mun óska eftir því við þann mann sem fer með þær rannsóknir að setja sig í samband við hv. þm. til þess að hann geti gefið honum vísbendingu um það hvernig hægt sé að afla ítarlegra gagna og rannsókna á því efni sem hann hefur vakið máls á.

[13:49]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir hans svör. Hann er auðheyrilega jafnókunnugur þessum málum og ég, hann veit ekki hvort þetta er rétt eða rangt. Mér þykir gott að vita að það verður einhver aðili sem spyr mig um hvað um er að ræða. Ég sé ekki ástæðu til þess að upplýsa það hér nákvæmlega en það er a.m.k. mjög slæmt ef maður lendir í því úti í heimi að geta ekki svarað fyrir svona lagað því að þar var þessu á mig skellt að við skyldum fara varlega með öll digurmæli um hvað við værum með hreinar allar afurðir okkar í kjöti.

[13:50]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég stend bara upp til að lýsa ánægju minni yfir því að þingmaðurinn hefur áréttað mjög sterklega að honum sé kunnugt um hvernig þessari ólöglegu starfsemi sé háttað og af þeim sökum er ekkert því til fyrirstöðu að grafast fyrir um rætur hennar.

Að öðru leyti segi ég það að mér þykir alltaf vænt um það þegar ég sé alþýðuflokksmann sem í raun og veru ber landbúnaðinn fyrir brjósti.

[13:51]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég sé fyllstu ástæðu til þess að gleðjast yfir viðbrögðum landbrh. því að það er engin spurning að landbúnaður hefur verið áhugamál alþýðuflokksmanna. En við höfum aftur á móti gert athugasemd við það kerfi sem bændur hafa orðið að bera uppi, það þunga kerfi og margslungna sem er þannig vaxið að ef aðili hefur áhuga fyrir að flytja út kjöt, lambakjöt frá Íslandi, þá þarf hann að fara í gegnum fimmfalt, sexfalt kerfi til að fá heimild til að koma því úr landi. Við viljum minnka þetta. Við viljum minnka þetta kerfi sem er til trafala fyrir íslenskan landbúnað og ég get sagt hæstv. landbrh. það að ég starfa í þessari nefnd, landbn., af fullum drengskap og heilindum og mun styðja öll góð mál þar.

Kynning á tillögum um sameiningu sveitarfélaga.

[13:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Næstkomandi laugardag gefst landsmönnum kostur á því að ganga að kjörborði til þess að greiða atkvæði um sameiningu sveitarfélaganna eftir tilteknum tillögum sem lagðar eru fyrir frá umdæmanefndum. Samkvæmt upplýsingum sem komu fram á fundi í Reykjavík nýlega, og ég beini orðum mínum til hæstv. félmrh., er varið milli 25–30 millj.

kr. í áróður af þessu tilefni af hálfu stjórnvalda aðallega með einum eða öðrum hætti.

Ég tel að það sé út af fyrir sig eðlilegt að stjórnvöld noti fjármuni til þess að kynna tilteknar staðreyndir og framkvæmdaatriði í stjórnkerfinu. Ég tel það hins vegar óeðlilegt að verja fjármunum úr ríkissjóði til þess að hafa áhrif á skoðanamyndun fólks. Ég tel að uppsetning mála af hálfu félmrn. í þessu efni sé hættuleg og óeðlileg og geti orðið þeim mikilvæga málstað sem menn bera uppi í þessu máli til verulegs ógagns.

Ég tel einnig að þær yfirlýsingar sem fram hafa komið frá hæstv. félmrh. séu ekki til að styrkja lýðræðislegt innihald þessara kosninga því miður þegar hún segir á fundi í Keflavík í gærkvöld að ef menn ekki samþykki sameininguna muni lögþvingun vera næsta skrefið, væntanlega þá af hálfu stjórnvalda. Ég tel að hótanir af þessu tagi séu ósmekklegar og ég spyr hæstv. félmrh.: Óttast hún ekki að vinnubrögð af þessu tagi, bæði í sambandi við fjármunina og hótanirnar, gætu orðið til þess að veikja niðurstöðu þeirrar atkvæðagreiðslu sem fram undan er nk. laugardag?

[13:54]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég tel það nú ekki mikið þó að eytt sé 20 eða 30 millj. kr. í það að kynna þetta stóra mál sem er sameining sveitarfélaga og minni á það að þó að hér sé um 20–30 millj. kr. að ræða, þá er það t.d. ekki nema brot af því sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, á sínum tíma fjmrh., varði til þess að kynna spariskírteini ríkissjóðs. Mig minnir að það hafi verið eitthvað milli 500 og 600 millj. kr. Kynningin er í höndum umdæmanefndar og samráðsnefndar þannig að félmrn. hefur ekki afskipti af því með hvaða hætti þetta mál er hér kynnt.

Varðandi ummæli mín á fundi í gærkvöldi sem hv. þm. vitnaði í, þá hef ég sagt og sagði á fjármálaráðstefnu Sambands ísl. sveitarfélaga að ég mundi ekki hafa frumkvæði að því að leggja til lögþvingun varðandi sameiningu sveitarfélaga. Hitt er annað mál sem ég vakti athygli á í gær að sameining hefur ekki gengið eftir á hinum Norðurlöndunum nema með lögþvingun. Ég taldi því ástæðu til þess að vekja athygli á því að það væri sérstakt ánægjuefni ef við mundum ná fram verulegum áfanga í sameiningu sveitarfélaga í lýðræðislegum kosningum sem fram eiga að fara á laugardaginn kemur.

Hitt nefndi ég einnig, og það er ekki hótun af minni hálfu, að ég held að allir sjái að það verður ekki mikið lengur staðið gegn sameiningu sveitarfélaga hvort sem við náum árangri á laugardaginn kemur eða ekki. Spurningin væri einungis um það hvernig það yrði gert og hve hratt það gengi fyrir sig.

[13:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað í fyrsta lagi röng sú samlíking sem hæstv. ráðherra hefur hér gagnvart Norðurlöndunum vegna þess að þar var ekki aðeins um lögþvingun að ræða gagnvart sveitarfélögunum heldur var um það að ræða að menn tóku þar upp þriðja stjórnsýslustigið. Þetta er auðvitað dæmi um þann hálfsannleika sem hefur verið notaður til þess að reka þetta mál á af hálfu stjórnvalda að undanförnu.

Hitt er þó miklu alvarlegra að hæstv. ráðherra gerir sér ekki grein fyrir að á því er grundvallarmunur að auglýsa til sölu spariskírteini ríkissjóðs og nota peninga úr ríkissjóði til þess að knýja fram tilteknar skoðanir eins og gerist hér í þessu skjali sem dreift er um þessar mundir þar sem stendur t.d., með leyfi forseta:

„Verði ekki af þessari eflingu sveitarfélaganna er ljóst að ekki verður af því í bráð að verkefni flytjist frá ríki til sveitarfélaga."

Með öðrum orðum, hér er verið að nota peninga úr ríkissjóði til þess að hóta fólki. Kjósið með mér, annars fáið þið ekki neitt. Þetta er misnotkun á almannafé.

[13:57]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka aftur að þeir fjármunir sem í þetta er varið koma úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það er með fullu samþykki og samráði Sambands ísl. sveitarfélaga að verja þessu fjármagni í þetta verkefni og ég ítreka aftur að það er umdæmanefndin sjálf sem ákveður hvernig hún setur fram sína kynningu og hún hefur ákveðið að gera það eins og er í þessum bæklingi. Ég veit ekki betur en umdæmanefndin sé skipuð, af því að vitnað er til þess plaggs sem dreift er hér á höfuðborgarsvæðinu, sveitarstjórnarmönnum af öllum þeim stöðum sem á að kjósa um hér á höfuðborgarsvæðinu og það er þeirra fyrst og fremst hvernig þeir hafa ákveðið að standa að þessu en ekki félmrn.

[13:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Úr því að hæstv. félmrh. nefnir Jöfnunarsjóðinn þá er það mjög sérkennilegt hvernig hæstv. ráðherra hefur leyft sér að lofa framlögum úr Jöfnunarsjóðnum fram í tímann ef menn allra náðarsamlegast falla fram og samþykkja þær tillögur sem umdæmanefndirnar eru að leggja fyrir. Ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, ég óttast að þessi vinnubrögð verði til þess að spilla fyrir annars góðum málstað. Ég tel það hins vegar skyldu mína og óhjákvæmilegt sem alþingismaður að nota þetta tækifæri til að vekja athygli á því að hér er óeðlilega með peninga farið af hálfu stjórnvalda.

[13:59]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Nefnd sú sem lagði fram tillögur um sameiningu sveitarfélaga og þar með varðandi tillögur um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á næstu fimm árum, var skipuð fulltrúum úr öllum flokkum, þar með fulltrúa Alþýðubandalagsins einnig. Ríkisstjórnin hefur einungis staðfest þessar tillögur sem þarna hafa verið lagðar fram um það að gert verði átak til þess að greiða fyrir sameiningu með því að á árunum 1995–1998 verði lagt sérstakt framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og um það verði haft samráð við Samband sveitarfélaga hvernig því verður háttað. (**JGS:** En ekki Alþingi?)

Sameining sveitarfélaga.

[14:00]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er orðin mikil spenna vegna kosninganna sem verða um næstu helgi um sameiningu sveitarfélaga. Á fundi í Stapa í gær sem hæstv. félmrh. fór yfir áðan sagði hún, með leyfi forseta:

„Ég hygg að flestir sjái að sameining sveitarfélaga verður ekki stöðvuð. Spurningin er einungis hvernig hún gerist og hve hratt." Því spyr ég: Ef svar kjósenda verður nei, til hvaða bragðs hyggst hæstv. ráðherra taka og til hvers er kosið?

[14:00]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég get ítrekað það hér sem ég sagði rétt áðan að ég mun ekki hafa frumkvæðið að því að leggja til lögþvingun varðandi sameiningu sveitarfélaga ef það verður lítið um sameiningar nk. laugardag. Ég hlýt að setja það fram hér sem ég hef sett fram áður að ég tel að það sé fyrst og fremst á vettvangi Sambands sveitarfélaga sem eigi að fjalla um næsta skref í þessu máli. Væntanlega verður það gert á landsþingi Sambands ísl. sveitarfélaga næsta haust ef það verður lítið um sameiningar og það er þá þeirra fyrst og fremst að leggja fram hvert framhaldið á þessu verður.

[14:01]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að það á að þvinga fram þessa sameiningu með Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og það kom einnig fram hér áðan og kom fram á fundi í gær að þeim sem ekki sameinast verði refsað vegna þess að tekjujöfnunarframlagið verður lækkað hjá þeim sveitarfélögum og þjónustugjöldin hækkuð hjá þeim sveitarfélögum sem sameinast. Þetta er greinilega á hreinu.

[14:02]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil vísa frá þessum dylgjum sem fram koma í orðum hv. þm. Það er ekki verið að hóta neinu eða refsa neinum. Það er einungis verið að segja varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að ef verulegar sameiningar verða þá hlýtur Jöfnunarsjóðurinn og viðmiðunin, sem hann tekur mið af, að breytast. Og það er auðvitað eðlileg afleiðing að ef um stórar sameiningar er að ræða að þjónustuframlögin aukist en tekjujöfnunarframlögin dragist saman á móti.

Verkefnaflutningur til sveitarfélaga.

[14:02]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef nú fallist á að nýta þennan ræðurétt minn til að bera af mér sakir, en eðlilegt hefði verið að ég hefði fengið að bera af mér sakir þegar ráðherra kom fram með þær á sínum tíma í svari við annarri fsp. hér áðan.

Það er rétt að leiðrétta það sem kom fram hjá ráðherra að svonefnd sveitarfélaganefnd hefur ekki gert neina tillögu um verkefnaflutning, engar. Það sem nefndin lagði til var að málinu yrði vísað heim í hérað og þar yrðu heimamenn látnir kjósa um það hvort ætti að sameina sveitarfélög eða ekki. Og þess vegna var það lagt til að skipaðar yrðu umdæmanefndir og heimamenn kysu þær og ríkisvaldið drægi sig út úr málinu. Það er nákvæmlega það sem ríkisvaldið hefur ekki gert. Það hefur ekki staðið við það samkomulag sem gert var m.a. við Samband ísl. sveitarfélaga því að það hefur notað svonefnda samráðsnefnd til þess að auglýsa fyrir hönd ríkissjóðs, með peningum ríkissjóðs, tillögur umdæmanefndar. En ríkið átti ekki að koma nálægt þessu máli og um það var samið. Það er sannleikurinn í málinu.

En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra úr því að færi á því gefst. Í ljósi þess sem kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. að ef ekki verður af þessari eflingu er ljóst að ekki verður af því í bráð að verkefni flytjist frá ríki til sveitarfélaga eins og stendur hér í bæklingi frá umdæmanefnd höfuðborgarsvæðisins. Er það skoðun ráðuneytisins að verkefni verði ekki flutt nema menn samþykki þessa tillögu? Er það það sem verið er að kjósa um? Ég vek athygli á því að Samband ísl. sveitarfélaga hefur gagnstæða skoðun. Það hefur sagt: Það á að flytja verkefni burt séð frá því hvort það verður sameinað eða ekki og með þeim rökum að sveitarfélög leysi úr sínum verkefnum þegar að því kemur, annaðhvort með því að gera það sjálf, í samstarfi við önnur sveitarfélög eða með því að sameinast.

[14:04]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Að halda því fram að ríkisvaldið eigi ekki með einum eða neinum hætti að koma nálægt þessari sameiningu stenst náttúrlega ekki. Það eru lög frá Alþingi um breytingu á sveitarstjórnarlögum þar sem segir að félmrh. skuli árin 1993 og 1994 beita sér fyrir sérstöku átaki í sameiningu sveitarfélaga. Og varðandi það að ekki hafa legið fyrir einhverjar tillögur um verkefnatilflutning. Fyrst kemur þetta frá Sambandi ísl. sveitarfélaga hvaða verkefni þau leggja til að verði flutt til sveitarfélaganna í kjölfar sameiningarinnar. Undir þetta hefur ríkisstjórnin tekið og ég vil taka það fram vegna þess sem hér hefur komið fram að á öllum stigum málsins í þau þrjú ár, sem þetta mál hefur verið í undirbúningi, hefur verið farið eftir því sem sveitarstjórnarmenn sjálfir hafa lagt til, sem Samband ísl. sveitarfélaga hefur lagt til í þessu efni. Þannig að í einu og öllu hefur þar verið fylgt þeirra tillögum og því sem þeir hafa lagt til þessara mála.

Varðandi verkefnatilflutninginn þá held ég að það sé alveg ljóst og viðurkennt að mörg af þessum smærri sveitarfélögum geta ekki tekið við stórum málaflokkum eins og málefnum fatlaðra og öldrunarþjónustu og heilsugæslu nema um sé að ræða verulegar sameiningar þannig að það viðurkenna flestir að forsenda fyrir svona stórum verkefnatilflutningi til sveitarfélaganna er sú að það verði um verulega sameiningar að ræða.

[14:06]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óþarfi að þræta

um það hvað stendur í lokaskýrslu sveitarfélaganefndar. Það liggur ljóst fyrir að þar er spurningin um verkefnaflutning lögð til hliðar.

En ég vil ítreka spurningu mína af því að ráðherra svaraði henni ekki: Er það rétt að verkefnaflutningur sé tengdur úrslitum í þessum kosningum? Er það rétt? Ráðherra svaraði því ekki. Því að það er nýmæli ef svo er. Ég bendi á það að ríkisstjórnin hefur tekið ákvörðun um að taka langstærsta verkefnið af þessum fjórum, grunnskólann, og segir: Við flytjum þetta verkefni óháð því hvort það verði sameinað eða ekki. Ég bendi á að verkefni númer tvö, heilsugæslustöðvarnar, voru sveitarfélögin með til 1990 og geta auðveldlega tekið við aftur án sameiningar. Og öldrunarþjónustan fylgir þar með þannig að það er ekkert nema málefni fatlaðra sem spurning er um og það er alveg nýtt í þessu máli ef ráðherra stillir því þannig upp að verkefnaflutningur verði ekki nema um sameiningu verði að ræða. Og ég fer fram á það að hæstv. ráðherra svari því skýrt og skorinort hvort svo er, að hér sé um rétta fullyrðingu að ræða hjá umdæmanefnd Reykjavíkur.

[14:07]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það liggur í hlutarins eðli og ég svaraði því áðan að hin smærri sveitarfélög geta ekki tekið við svo viðamiklum verkefnum eins og nú er rætt um nema um verulegar sameiningar væri að ræða. Það er skýrt og hefur komið fram áður og ég tel að það sé líka skoðun Sambands ísl. sveitarfélaga.

[14:08]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. hefur svarað því þannig, m.a. með samþykkt ríkisstjórnarinnar að vopni, að sveitarfélögin eins og þau eru í dag geti tekið við grunnskólanum þannig að það getur ekki verið að hér sé um að ræða fullyrðingu sem ráðherrann er sammála að öllu leyti. Og ég bendi á það líka hvað varðar kynningu á þessu máli af því að það kom fram í upphafi hjá ráðherra í svari við fsp. frá hv. 9. þm. Reykv. að í ákvæði laganna sem sett voru í vor þá eru það umdæmanefndirnar sem eiga að hafa kynningu á málinu með höndum, ekki samráðsnefndin svonefnd. Hún á bara að vera til ráðuneytis umdæmanefndum. En kynningin samkvæmt lögunum á að vera á höndum umdæmanefndar. Og hvers vegna í ósköpunum er verið að nota Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, peninga sem ættu að öðrum kosti ættu að fara til fámennara sveitarfélaga til þess að borga þetta starf? Það er verið að láta fámennu sveitarfélögin borga sjálf herkostnaðinn gegn sjálfum sér.

[14:09]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Kynningin hefur verið í höndum umdæmanefndar. Varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga er þar ákvæði sem kveður á um að það megi láta fjármagn úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til þess að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Vegalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 124.

[14:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, MF, MB, ÓRG, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

18 þm. (GB, GÁS, GJH, HBl, IP, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, SAÞ, SP, StG, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Hafnalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 215.

[14:11]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

9 þm. (GÁS, IP, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Lögskráning sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 120. mál (öryggisfræðsla og nýliðanám). — Þskj. 125.

[14:11]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JHall, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

14 þm. (GÁS, GJH, HG, IP, JónK, JVK, KHG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 221.

[14:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

10 þm. (GÁS, GÁ, IP, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Sjómannalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall og GuðjG, 82. mál (uppsagnarfrestur). — Þskj. 85.

[14:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

9 þm. (GÁS, IP, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Endurskoðun slysabóta sjómanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 87. mál. — Þskj. 90.

[14:13]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

9 þm. (GÁS, IP, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 223.

[14:13]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

10 þm. (GÁS, GunnS, IP, LMR, ÓE, ÓÞÞ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Hæstiréttur Íslands, 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 37. mál (skipun dómara o.fl.). — Þskj. 40.

[14:14]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Hæstarétt sem er 37. mál þingsins á þskj. 40. Frv. fjallar í stuttu máli um að það verði ákveðið í lögum um Hæstarétt að til þess að ráðherra geti gert tillögu til forseta Íslands um nýjan hæstaréttardómara, þá verði Alþingi að staðfesta þá tillögu. Hér er með öðrum orðum verið að gera tillögu um að fara með býsna mikið öðrum hætti höndum um þessi mál en gert hefur hér á landi en einnig tíðkast í grannlöndum okkar þó að hér sé í raun og veru gerð tillaga um ekki ólíkt fyrirkomulag því sem tíðkast í Bandaríkjunum að því er varðar skipan dómara Hæstréttar.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að setja inn þetta aðalefnisákvæði, en þar segir í b-lið:

„Er ráðherra hefur ákveðið hvern hann hyggst gera tillögu um sem hæstaréttardómara leggur hann tillöguna fyrir Alþingi til samþykkis eða synjunar. Samþykki Alþingi tillögu ráðherra leggur hann hana fyrir forseta Íslands. Synji Alþingi staðfestingar á tillögu ráðherra gerir hann aðra tilnefningu og skal hún fá sömu meðferð."

Þessi efnisgrein, 1. gr. frv. 2. mgr., er í raun og veru meginbreytingartillaga þess og má segja að hún sé hluti af nokkuð víðtækum tillögum um breytingar á stjórnkerfinu sem hér hafa verið fluttar af okkur alþýðubandalagsmönnum að undanförnu og lúta að frv. til laga um yfirstjórn menningarstofnana og frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála þar sem gert er ráð fyrir því að ríkissaksóknari verði skipaður til takmarkaðs tíma í senn.

Í 2. gr. frv. eru ný ákvæði varðandi það þegar dómarar í Hæstrétti frá leyfi frá störfum um stundarsakir og sömuleiðis ný ákvæði um það hvort hæstaréttar-

dómari má stunda önnur dómarastörf. Í 2. gr. eru tvö ný ákvæði. Hið fyrra er um að gert er ráð fyrir því að ef hæstaréttardómari vill fara til annarra starfa í sex mánuði eða lengur þá verði hann að láta af dómarastarfinu. Þetta er fyrst og fremst stutt þeim rökum að við teljum að það sé óeðlilegt að hæstaréttardómari komist í ráðningarvensl eða hagsmunavensl af einhverju tagi við aðra aðila í þjóðfélaginu meðan hann í raun og veru heldur starfi hæstaréttardómara. Þess vegna er þessi tillaga flutt að hún hefur þann tilgang að koma í veg fyrir óeðlileg hagsmunatengsl einstakra aðila af einhverju tagi inn í Hæstarétt Íslands.

Í öðru lagi er í þessari grein gert ráð fyrir því að hæstaréttardómari geti ekki stundað dómarastörf annars staðar en eins og menn vita þá er það þannig núna að hæstaréttardómarar geta stundað dómarastörf annars staðar, t.d. erlendis eins og kunnugt er, og komist í þá sérkennilegu stöðu að þeir séu jafnvel þar að fjalla að einhverju leyti um niðurstöður þess sama Hæstaréttar sem þeir eiga sæti í á Íslandi.

Það er að vísu þannig að samkvæmt lögum um landsdóm hafa hæstaréttardómarar þar tilteknar skyldur og það er ekki gert ráð fyrir því að hrófla við þeim. Einnig var það þannig í lögum um Synódalsrétt að það var gert ráð fyrir því að hæstaréttardómarar hefðu þar tiltekna skyldu. Nú hafa þau lög verið felld úr gildi, voru felld úr gildi fyrir 2–3 árum eða svo, þannig að þau skipta ekki máli í þessu sambandi og í rauninni ekki lögin um landsdóm heldur vegna þess að hér er eingöngu um það að ræða ef hæstréttardómari fer í dómarastörf á vegum annarra aðila.

Nú kann út af fyrir sig að vera rétt í þessu sambandi að skýra þetta mál örlítið nánar. Eru þess dæmi að hæstaréttardómarar hafi farið í önnur störf? Svarið við því er já. Þar geta menn t.d. litið á Mannréttindadómstólinn. Þar geta menn litið á dómskerfi EFTA og EES þar sem hæstaréttardómarar hafa komið eða koma við sögu. Það er óeðlilegt vegna þess að þar með eru þessir aðilar komnir í tengsl við dómstofnanir sem Hæstiréttur Íslands getur í raun og veru þurft að fjalla um síðar í sínum niðurstöðum að því er varðar t.d. einstök atriði EES-samningsins svo að ég nefni dæmi.

Við flm. teljum því að þetta fyrirkomulag sé óeðlilegt og þess vegna segjum við: Ef maður vill fara í dómarastörf einhvers staðar annars staðar, þá kveður hann Hæstarétt. Hann getur auðvitað sagt upp störfum og sótt um á nýjan leik einhvern tíma síðar, ég skal ekkert um það segja og er engin afstaða tekin til þess í þessu frv., en það er gert ráð fyrir því að ef maður vill stunda dómarastörf einhvers staðar annars staðar, t.d. erlendis, þá verði hann þar með að kveðja Hæstarétt.

Þetta má segja að séu í raun og veru þrjár aðalefnisbreytingar þessa frv. Í frv. er því ekki komið beint inn á þau mál sem hafa kannski verið rædd aðallega að undanförnu varðandi Hæstarétt og þó má segja að svo sé vegna þess að fyrir þinginu liggur núna eins og kunnugt er, hæstv. forseti, stjfrv. um breytingu á lögum um Hæstarétt. Þar er m.a. gert ráð fyrir því t.d. að einn dómari geti dæmt í tilteknum málum og farið þannig með dómsorð og niðurstöðu Hæstaréttar og þar er gert ráð fyrir því að það verði fjölgað í Hæstarétti í því skyni eins og stendur í greinargerð stjfrv., að flýta málsmeðferðinni í Hæstarétti. Þannig að verði þetta stjfrv. ofan á um fjölgun hæstaréttardómara þá er það greinilegt að núv. hæstv. dómsmrh. mun einhvern tíma á næsta ári skipa nýjan dómara í Hæstarétt og spurningin er þá um það hvort honum sé ekki treystandi til þess almennt séð. Mitt svar er bæði já og nei. Ég tel að núv. hæstv. ráðherra hafi sýnt það að mörgu sé hann samviskusamur ráðherra og góður embættismaður. En að hinu leytinu til er það alveg ljóst að það kemur fyrir hann og fleiri ágæta menn að falla í þá gryfju að kalla þarna inn menn sem bersýnilega eiga flokkspólitísk tengsl við viðkomandi ráðherra. Ég tel þess vegna að í ljósi ráðningar t.d. Péturs Hafsteins sem hæstaréttardómara þá sé nauðsynlegt að þessi ákvæði verði sett inn þannig að Alþingi fjalli um skipan nýs hæstaréttardómara og svo hæstaréttardómara framvegis til þess að um hæstaréttardómara verði helst hvorki meira né minna en allsherjarsátt í þjóðfélaginu. Þá er ég að tala um hliðstæða sátt um hæstaréttardómara og tekist hefur að ná t.d. um umboðsmann Alþingis. Ég tel að það sé hættulegt fyrir dómskerfið, réttarríkið Íslands, að menn séu skipaðir inn í Hæstarétt til verulega langs tíma fyrst og fremst á pólitískum forsendum. Og það er kannski dálítið til umhugsunar að Hrafn Bragason skuli hafa verið skipaður hæstaréttardómari einmitt þegar alþýðuflokksmaður fór með dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Það er nokkuð til umhugsunar að ekki sé meira sagt. Þess vegna held ég að nauðsynlegt sé að á þessu máli sé tekið vegna þess að dæmin sýna að flokkspólitísk vensl hafa haft þarna áhrif og þannig má það alls ekki vera.

Í annan stað hefur að undanförnu verið rætt nokkuð um launamál hæstaréttardómara. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau mál hér, enda eru þau rædd á öðrum vettvangi, en ég vil þó segja það að mér finnst eitthvað meira en lítið bogið við þá hæstaréttardómara sem taka ákvörðun um að sækja sér yfirvinnugreiðslur í smuguna með þeim hætti sem þeir gerðu af því að Kjaradómur skildi eftir gat fyrir yfirvinnuákvarðanir á sínum tíma. Ég verð að segja alveg eins og er að þessi niðurstaða hæstaréttardómaranna setur í mínum huga spurningarmerki við þá sjálfa. Það væri rangt að taka þannig til orða að þetta setti spurningarmerki við Hæstarétt út af fyrir sig, en það setur spurningarmerki við þá sjálfa í mínum huga, hæstaréttardómarana, þegar þeir fara fram og smella sér í það að ná sér í 100 þúsund kall aukalega í yfirtíð á mánuði hverjum. Þetta mál hefur verið rætt annars staðar og verður rætt hér frekar, m.a. í tengslum við afgreiðslu fjáraukalaga þar sem þrír hv. þm. Alþb. hafa flutt tiltekna tillögu.

Ég vil einnig segja í þessu sambandi að ég tel að það orki tvímælis, ég vil láta það koma fram sem mína skoðun, að túlka stjórnarskrárákvæðin um laun og tekjur hæstaréttardómra með þeim hætti sem gert er. Þar stendur eins og kunnugt er að þeir skulu einskis í missa í launum er þeir láta af störfum. Ég tel að það sé

mjög langt seilst að láta þá hafa full laun hæstaréttardómara allan tímann til æviloka, jafnvel mörgum árum eða jafnvel áratugum eftir að þeir hafa látið af störfum. Ég tel þetta algerlega óeðlilegt fyrirkomulag. En ef það fyrirkomulag er hins vegar í gangi þá eru það auðvitað rök fyrir því að hæstaréttardómararnir eigi að fá lægri laun meðan þeir eru í vinnu af því að þeir fái svo góð eftirlaun og betri en allir aðrir í þjóðfélaginu ef ekki heiminum.

Í þriðja lagi, virðulegi forseti, hefur það verið rætt nokkuð hér að undanförnu og ég ætla ekki að fara ítarlegar út í það heldur, en það er seinagangur mála hjá Hæstarétti og hjá saksóknaraembættinu. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið hjá hæstv. dóms- og kirkjumrh. í þeim efnum að það er auðvitað óeðlilegt hvað hlutirnir taka langan tíma, ég tala nú ekki um þegar maður hefur rökstuddan grun um það að það sé ekki farið eftir faglegum reglum heldur geðþótta og smekk í hvaða málum er höfðað mál og hverjum ekki hjá embætti ríkissaksóknara og það fari eftir smekk og geðþótta hversu langan tíma það tekur hjá embætti ríkissaksóknara að komast að niðurstöðu. Um það mætti út af fyrir sig fara mörgum orðum en verður ekki gert hér enda ekki hluti af þessu frv.

Í fjórða lagi hefur nokkuð verið rætt hér og ég ætla aðeins að nefna, hæstv. forseti, en það eru húsnæðismál Hæstaréttar, sem hefur aðeins verið rætt að undanförnu en þó ótrúlega lítið vegna þeirra tíðinda sem þar eru uppi þar sem ætlunin er að troða nýju húsi fyrir Hæstarétt ofan í Landsbókasafnið. Og svo heyrir maður tillögur eins og þær í þessum virðulega ræðustól að einhverjum dettur það í hug að fara með Hæstarétt inn í Landsbókasafnið. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég er algerlega andvígur því. Landsbókasafnið er bókasafn, er safnhús, og ég minnist þess að ég var einn þingmanna sem greiddu atkvæði á móti þáltill. fyrir allmörgum árum um að flytja Hæstarétt inn í Landsbókasafnið og ég tel að það sé alveg fráleitt og enn fráleitara en að fara að troða þessari byggingu niður á bak við Landsbókasafnið á bílastæðum Stjórnarráðsins eins og ætlunin er að gera núna. Ég hef ágætar hugmyndir um það hvar mætti koma Hæstarétti fyrir. Ég ætla ekki að fara yfir þær í smáatriðum og enda eru þær líka fyrir utan efni þessa frv. út af fyrir sig, (**ÓÞÞ:** En í aðalatriðum?) en ég gæti í aðalatriðum nefnt þá hugmynd sem mér líst að mörgu leyti einna best á að Hæstiréttur fái aðstöðu þar sem nú er fangahús við Skólavörðustíg í Reykjavík og að fangahúsið verði inngangur inn í Hæstarétt. Og á bak við það hús á lóðinni niður að Laugavegsapóteki rísi hið nýja Hæstaréttarhús. Þá færi allt saman í senn, bæði sök og sekt, ranglæti og réttlæti, nútími og saga, þegar hinir virðulegu dómarar í Hæstarétti gengju í gegnum tugthúsið til embættisstarfa sinna í hinu nýja dómhúsi Hæstaréttar.

Þessi atriði, virðulegi forseti, vildi ég nefna og segja það að ég tel að það frv. sem við alþýðubandalagsmenn flytjum sé í raun og veru mjög róttækt og það krefjist sérstakrar og ítarlegrar umræðu. Ég skora á hv. allshn. að taka það vandlega fyrir, skora á þá sem hér eru úr allshn. að fara að festa sér mjög rækilega í minni þá umræðu sem hér fer fram þannig að þeir geti fylgt málinu eftir á vettvangi allshn. þegar þar að kemur og tryggi það að þetta frv. verði afgreitt samhliða stjfrv. en að er mjög mikið atriði að menn láti sér ekki nægja sömu aðferð og oft er höfð, að taka stjfrv. og henda þingmannafrv. heldur afgreiði menn þetta hlið við hlið vegna þess að um dóms- og réttarkerfið á auðvitað að ríkja sátt á Alþingi. Það eru málefni sem ekki á að þurfa að afgreiða eftir hinum pólitísku flokkalínum.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fjölyrða um þetta frv. frekar og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:29]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það verður ekki annað sagt um hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, en að hann hafi farið á kostum hér í ræðustól og sveiflast frá nútíð til fortíðar og vissulega einnig viðrað sínar skoðanir um það hvar Hæstiréttur ætti að vera. Nú er það svo að Hæstiréttur er einn af þeim þremur hyrningarsteinum sem lýðræði Íslands hvílir á. Þrískipting valdsins er grundvöllur lýðræðisins og hæstiréttur er sá hyrningarsteinn sem ræður úrslitunum um það hvort um réttarríki er að ræða eða ekki í hverju landi. Vegna þeirra athugasemda sem komu varðandi ríkissaksóknara má segja sem svo að ef ríkissaksóknari sinnir ekki sínum málum nægilega þá má segja að Hæstiréttur komi þá inn sem sá aðili sem réttir af þann kompás. Því að hver og einn sem vill fá ríkissaksóknara til að sækja mál getur jafnframt höfðað einkamál ef honum sýnist svo.

Ég set dálítið spurningarmerki við það að í Hæstarétti eigi að sitja átta dómarar vegna þess að þar er um slétta tölu að ræða en ekki oddatölu. Persónulega er ég þeirrar skoðunar að það eigi að vera oddatala því að meiri hluti Hæstaréttar ræður. Hins vegar tel ég að það hafi orðið mikil afturför þegar fjöldi í Hæstarétti er orðinn slíkur að það getur gerst eins og staðan er nú að dómar verði ekki þeir sömu eftir því hverjir kveði upp dóminn. Það er sú hætta sem fylgir því að kveðja aðeins til hluta af Hæstarétti hverju sinni til að kveða upp dóma og það er mikill veikleiki hins íslenska stjórnkerfis að þetta skuli vera á þann veg. Sá sem hér stendur ber sök í því máli því að það skal viðurkennt að ég studdi þá breytingu á sínum tíma á þeirri forsendu að það var mjög eftir því gengið af þáverandi hæstv. ráðherra dómsmála, Friðjóni Þórðarsyni, að það yrði fjölgað í Hæstarétti svo afgreiðsla mála yrði örari. Ég held aftur á móti að við þurfum að koma því þannig fyrir að Hæstiréttur verði ávallt það fámennur að það verði ekki nema ein niðurstaða möguleg út úr hans dómum og hann verði það leiðbeinandi að menn hiki við að halda áfram með öll mál til Hæstaréttar.

Ég hef stundum lesið hæstaréttardóma og skal lýsa því yfir hér og nú að mér finnst þeir rökfræðilega betur upp byggðir en flest annað lestrarefni sem maður kemst í. Þar leggja menn sig virkilega fram við að rökstyðja sitt mál. En hins vegar hefur mér fundist sá mis-

brestur vera á með dóma Hæstaréttar að því er ekki fylgt eftir með eðlilegum hætti að mínu mati og það er að mínu mati, um það má ávallt deila, að sá sem tapi máli beri kostnaðinn að fullu. Hann borgi málskostnaðinn eins og málskostnaðurinn er en ekki að það sé dæmdur einhver miklu minni málskostnaður í bætur eða þá að málskostnaður sé látinn falla niður. Því ef eitthvað örvar menn til að halda áfram til illinda og deilna er það að sjálfsögðu það ef Hæstiréttur telur rétt að standa þannig að úrskurði varðandi málskostnað að það sé tiltölulega auðvelt mál að halda áfram með mál til Hæstaréttar jafnvel þó það liggi ljóst fyrir öllum vitibornum mönnum sem vilja um það fjalla hlutlaust að eldri dómar Hæstaréttar og undirréttardómurinn segir allt um það hvernig fara muni. Ég held þess vegna að málafjöldi fyrir Hæstarétti í dag helgist að nokkru leyti af þessu. Það má vel vera að það sé rangt mat en þetta er engu að síður mín skoðun.

Ég tel að sú hugmynd, sem hér er sett fram um það að Alþingi eigi að staðfesta hver er skipaður í Hæstarétt eftir að ráðherra hefur lagt fram sína tillögu, sé af hinu góða. Ég er sannfærður um að á bak við þau vinnubrögð kemur fram sú niðurstaða að það verður meiri eining á bak við afgreiðslu mála. Þeir sem settir eru dómarar í Hæstarétt hafa meirihlutavilja þingsins á bak við sig á hverjum tíma til þeirrar setu og það hlýtur að verða þeim styrkur í störfum seinna meir.

Við vitum að ráðherrar geta fallið í þá freistingu að skipa menn til starfa ekki algerlega eftir hæfni þeirra heldur e.t.v. eftir þeim þrýstingi sem þeir verða fyrir og því miður eru þess mörg dæmi að embættisveitingar á Íslandi standist ekki eðlilegar gæðakröfur. Ég er þess vegna sannfærður um að þetta er af hinu góða. Ég hygg að hæstv. núv. dómsmrh. muni hugsa sig um tvisvar áður en hann leggst gegn þeirri tillögu sem hér er. Þetta er mjög í anda þess sem virtar lýðræðisþjóðir sumar hverjar viðhafa.

Hér kemur svo aftur á móti í 2. gr. ákvæði um það að „fá leyfi um stundarsakir" og „hverfur frá störfum" og „kemur til baka". Að mínu viti er mjög óheppilegt að hæstaréttardómari hverfi frá störfum og einhver sé settur þar inn dálítinn tíma og verði svo að víkja fyrir nýjum manni. Ég tel nánast að það kerfi gangi ekki upp sé um lengri tíma að ræða. Mér finnst að menn verði að gera upp við sig hvort menn ætla að vera hæstaréttardómarar eða ætla þeir ekki að vera hæstaréttardómarar. Þegar ég segi þetta er mér ljóst að sennilega er verið að leggja meiri kvöð á þessa menn en aðra menn með því að viðra þær skoðanir sem ég hef í þessum efnum. Örstuttur tími sem menn hverfa frá er aftur á móti mannlegur þáttur, það er allt annað. En að menn geti horfið frá í lengri tíma tel ég að gangi ekki upp. Og ég er þeirrar skoðunar að af hæstaréttardómurum verði á margan hátt að krefjast meiri færni og meiri sjálfsaga en af öðrum mönnum. Ég tel líka að allur losaragangur á því hverjir sitja í Hæstarétti hverju sinni sé mjög hættulegur fyrir þjóðfélagið. Traust þjóðarinnar á Hæstarétti verður að vera til staðar, traust hins almenna borgara, ef það er ekki stenst réttarríkið ekki þær kröfur sem við gerum til þess.

Ég geri mér að vísu grein fyrir því að okkar alþjóðlegu samskipti munu e.t.v. ýta undir hugmyndir um það að menn fari hér til embættisverka á Íslandi, fái svo frí og fari út í heim til Evrópu og komi svo aftur til embættisverka hér. Að mínu viti væri ekki skynsamlegt að taka upp þá ráðabreytni að leyfa slíka hluti. Það er einu sinni svo að sá sem er settur til skamms tíma til að vera hæstaréttardómari og þyrfti að víkja fyrir slíkum manni er í veikri stöðu, mjög veikri stöðu. Það mætti undir mörgum kringumstæðum segja að það væri honum meira hagsmunamál t.d. að dæma ekki gegn íslenska ríkinu á meðan hann sæti í Hæstarétti vitandi að það væri hægt að setja hann út þar eftir stuttan tíma. Það gæti verið að ríkisstjórn sem fengi stefnu á sig frá einstaklingi hugsaði þeim manni þegjandi þörfina sem hefði ráðið úrslitum í meirihlutaatkvæðagreiðslu í Hæstarétti um það að dæma gegn íslenska ríkinu í einhverju máli svo ég nefni aðeins eitt atriði í þessu sambandi.

Ég veit ekki hvaða álit hv. 9. þm. Reykv. hefur á allshn., það voru svona einhverjar vöflur á honum varðandi það hvernig hún mundi taka á svona máli. En ég hef enga ástæðu til að ætla annað en að allshn. muni ganga til þess verks að skila þessu frv. aftur inn til deildarinnar, inn til þingsins, hvort sem brtt. kæmu þá fram eða ekki og vona að mál sem þetta verði ekki látið liggja án þess að afstaða verði tekin til þess.

[14:42]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég verð að byrja að gera þá játningu að ég hef ekkert óskaplega miklar skoðanir á því frv. sem liggur fyrir um breytingu á lögum um Hæstarétt. Mér sýnist þó af lestri þessa frv. og greinargerð og því sem ég hef hlustað á að þetta sé vel athugunarvirði og það geti í rauninni orkað tvímælis eins og þessu er háttað í dag, þ.e. að í rauninni sé valdið einvörðungu hjá einum tilteknum aðila sem er dómsmrh., þ.e. valdið til að setja nýja hæstaréttardómara í starf þó svo það sé auðvitað forseti Íslands sem skipi hæstaréttardómara þá er það að fenginni tillögu dómsmrh. Mér finnst eins og fleirum að það sé mjög mikilvægt að þeir sem sitja í Hæstarétti hverju sinni njóti fulls trausts og að fólk, hvar sem það stendur nú í þjóðfélaginu og hvar sem það stendur í pólitík, trúi því og treysti að þarna séu menn sem séu fyllilega óvilhallir og fari ekki eftir öðru en eðli máls hverju sinni.

Ég verð að segja það, með allri virðingu fyrir þeim mönnum sem sitja í Hæstarétti — það er auðvitað alltaf viðkvæmt þegar maður er að tala um háttsetta stofnun eins og þarna er um að ræða og svo fáa einstaklinga — að ég er ekki sannfærð um að það hafi alltaf verið tekinn besti kostur þegar það hafa verið skipaðir nýir hæstaréttardómarar. Og ég vil í því sambandi sérstaklega lýsa óánægju með hlut kvenna í Hæstarétti, sem er og hefur verið afskaplega rýr. Ég tel raunar að ráðherra hafi ekki nýtt þau tækifæri sem gefist hafa til þess einmitt að fjölga konum í þessum dómstól. Í því sambandi vil ég minna á að tiltekin kona sem hefur afskaplega langa reynslu sem lögfræðingur

og sem dómari, þ.e. Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari, hefur sótt um embætti að ég held þrisvar sinnum og í þrígang verið gengið fram hjá henni. Engu að síður er þetta nú eins og ég segi ein sú kona í lögfræðingastétt sem hefur hvað mesta reynslu. Hún er ein af þessum sem útskrifaðist með fyrra fallinu úr lagadeild miðað við hlut kvenna þar. Hún er varaforseti héraðsdóms og hún er forseti félagsdóms og hefur þar af leiðandi afskaplega mikla dómarareynslu. En eins og ég segi það hefur í þrígang verið gengið fram hjá henni og ég vil jafnframt halda því til haga að a.m.k. tvisvar sinnum hafi verið teknir menn sem voru þekktir að því að vera sjálfstæðismenn. Auðvitað getur þetta verið erfitt í okkar litla samfélagi þar sem menn gegna mörgum hlutverkum og það er erfitt að meina fólki pólitíska þátttöku en það er nú einu sinni samt mín skoðun að ef menn ætla sér frama í dómarastétt, ef það er sá vettvangur sem menn hyggjast sækja inn á þá eigi þeir að halda pólitískum afskiptum sínum í lágmarki til þess að njóta þess trausts og þess trúnaðar sem nauðsynlegur er. En mér finnst að þarna hafi verið gengið fram hjá konum og ekki notað það tækifæri sem raunverulega gafst til að fjölga konum í Hæstarétti. Og þetta skiptir verulegu máli vegna þess að við höfum auðvitað heyrt gagnrýni frá konum ekki síst á það hvernig Hæstiréttur hefur tekið á ýmsum málum sem þær varðar. Þá vil ég sérstaklega nefna ýmis kynferðisafbrotamál. Þó vissulega sé allur gangur á því, það eru önnur mál sem ekki hefur komið nein gagnrýni á.

Þessu vildi ég koma hér á framfæri úr því að þetta frv. var hér rætt. Það kannski heyrðist ekki nóg frá konum í þessi skipti þegar gengið var fram hjá Auði í þessa stöðu og hún er náttúrlega sjálf í þeirri stöðu að hún á afskaplega erfitt með að gera nokkuð í sínum málum sem konur geta kannski gert sem telja að þeim sé mismunað við aðrar stöðuráðningar þá er þetta starf þess eðlis að það er afskaplega erfitt fyrir viðkomandi einstakling að gera eitthvað í því.

En hvað varðar 2. gr. þessa frv., sem fjallar um það að kjósi hæstaréttardómari að hverfa til annarra starfa um stundarsakir, þá skuli auglýsa stöðu hans þá finnst mér að þetta geti orkað tvímælis vegna þess — þá er ég að horfa á það frá Íslendingum séð — að sú reynsla sem þessi einstaklingur aflar sér, við skulum segja í einhverjum alþjóðlegum dómstólum, getur verið mjög dýrmæt fyrir hæstaréttardómara og getur nýst honum afskaplega vel í starfi þegar hann kemur til baka. Þetta er auðvitað ekkert sem á sérstaklega við um hæstaréttardómara, þetta á almennt við. Og við höfum m.a. séð þetta í stjórnkerfinu. Það getur verið afskaplega hagkvæmt að þeir sem starfi í stjórnkerfinu fari tímabundið til starfa t.d. erlendis eða til starfa á öðrum vettvangi og nýti síðan þá reynslu í sínu fyrra starfi þegar heim er komið. Hins vegar get ég alveg ímyndað mér að þetta geti orkað mjög tvímælis fyrir hinn alþjóðlega dómstól. Ég vil spyrja vegna þess að EES-dómstóllinn var aðeins dreginn inn í þetta hér, hvort því sé þannig háttað að Þór Vilhjálmsson, sem nú er orðinn dómari eða verður dómari í EES-dómstólnum frá áramótum ef allt fer sem horfir, hvort hann sé tímabundið í leyfi eða hvort hann hafi hætt störfum á vegum Hæstaréttar. Þetta tel ég að skipti máli séð frá EES vegna þess að þeir sem sitja bæði í eftirlitsstofnun EES og dómstólnum eiga að vera óháðir þjóðríkjunum. Þeir eiga ekki að vera í neinu sambandi eftir því sem um var rætt að minnsta kosti þegar þessi samningur var hér til umfjöllunar, eiga ekki að vera í neinu sambandi við viðkomandi stjórnvöld vegna þess að þá má draga í efa að þeir séu hlutlægir í sinni afstöðu, að þeir gangi ekki erinda síns stjórnvalds eða síns þjóðríkis. Þess vegna vil ég einmitt spyrja varðandi EES-dómstólinn hvernig því sé háttað með Þór Vilhjálmsson sem fer þar til starfa, hvort hann er í tímabundnu leyfi frá Hæstarétti á meðan eða hvort hann hefur sagt starfi sínu lausu. En mér finnst aðallega eins og ég segi að þetta geti orkað tvímælis frá sjónarhóli hins erlenda dómstóls eða alþjóðlega dómstóls fremur en frá sjónarhóli Hæstaréttar.

Hins vegar hvað það varðar að hæstaréttardómari sé að stunda önnur dómarastörf jafnhliða störfum í Hæstarétti, þ.e. sé ekki tímabundið í leyfi heldur bara gegni þeim störfum jafnhliða störfum í Hæstarétti, þá finnst mér að það geti orkað tvímælis og maður hefur heyrt því haldið fram að hæstaréttardómarar okkar séu sumir hverjir svo störfum hlaðnir við slíka hluti að þeir hafi ekki tíma til að setja sig almennilega inn í þau mál sem til umfjöllunar eru í Hæstarétti. Þetta er auðvitað mjög slæmt ef þessi skoðun er uppi og menn sem fá á sig dóm Hæstaréttar eru þeirrar skoðunar að þeir sem kveða upp dóminn hafi ekki haft tíma til að sinna verki sínu eins og þeim ber.

Umræðu frestað.

Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, fyrri umr.

Þáltill. GunnS og GE, 151. mál. — Þskj. 168. [14:50]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Gísla S. Einarssyni eftirfarandi till. til þál.:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er undirbúi flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum ríkisins í Reykjavík til sýslumannsembættanna á landsbyggðinni og stefna þannig að því að gera embættin að almennum umboðsstofnunum fyrir svæðisbundna stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins í héraði."

Í hvítbók ríkisstjórnarinnar er að finna á tveimur stöðum setningar er fjalla um flutning stofnana og verkefna frá Reykjavík og út á landsbyggðina. Á bls. 14 segir m.a.: „Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höfuðborgarsvæðisins." — Og á bls. 10 í sömu bók segir: „Ríkisstjórnin mun á kjörtímabilinu beita sér fyrir því að stofnunum og þjónustu á vegum ríkisins verði komið fyrir utan höf-

uðborgarsvæðisins eftir því sem hagkvæmt þykir."

Með öðrum orðum þá þótti ástæða til þess í upphafi starfs þessarar ríkisstjórnar að árétta tvisvar sinnum í sömu bók þá brýnu nauðsyn að flytja verkefni frá stjórnsýslustofnunum á höfuðborgarsvæðinu og út á landsbyggðina. Þetta kemur einnig rækilega fram í þeirri skýrslu sem nefnd er hæstv. forsrh. skipaði til að fjalla um flutning ríkisstofnana út á land, að sérstaklega er þörf á að framkvæma og það fljótt. Í skýrslu þeirrar nefndar er m.a. fjallað um mikilvægi þess að flytja verkefni frá höfuðborgarsvæðinu og til sýslumannsembættanna og þannig stefna að því að gera embættin að almennum umboðsstofnunum fyrir svæðisbundna stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins í héraði.

Í greinargerð með þessari till. til þál. sem hér er til umræðu vitnum við flm. m.a. í skýrslu hinnar stjórnskipuðu nefndar. Þar segir m.a.:

„Á löngum ferli sýslumannsembætta hefur skipan þeirra og hlutverk tekið margvíslegum breytingum í tímans rás, eftir því sem efni og aðstæður hafa krafist. Síðast kom til grundvallarbreyting með aðskilnaði dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Það hefur skapað ný viðhorf í stjórnsýslu. Fyrri skipan var hemill á eðlilega þróun. Dómsvald í héraði var veikt vegna sambýlis við umboðsvaldið og það leiddi til að minni umboðsstörf voru fengin sýslumönnum í hendur en efni stóðu til. Nú er hins vegar brautin rudd svo að efla megi stjórnsýslu ríkisins í héraði með því að fela sýslumönnum aukin umboðsstörf frá því sem verið hefur.

Verkefni sýslumanna greinast annars vegar í lögreglustjórn, ásamt öðrum störfum við að halda uppi lögum og rétti, og hins vegar í almenn umboðsstörf. Þannig hafa sýslumenn með höndum innheimtu á tekjum ríkissjóðs að því leyti sem hún er ekki falin sameiginlegum gjaldheimtum. Þeir fara og með tollstjórn, hver í sínu umdæmi utan Reykjavíkur, og umboð fyrir Tryggingastofnun ríkisins og umsjón sjúkratryggginga. Á sama hátt mælir ekkert gegn því að sýslumenn geti haft umboð fyrir aðrar ríkisstofnanir eftir því sem nauðsyn krefur til að koma á betri þjónustu og nánari samskiptum en verið hefur við fólkið úti á landi."

Ástæða þess að við flm. ákváðum að hreyfa þessu brýna máli nú á Alþingi er sú að í fjárlagafrv. koma fram hugmyndir um að fækka sýslumannsembættum með sameiningu þeirra. Ég styð það að fram fari heildarendurskoðun á hlutverki, þjónustu og staðsetningu stjórnsýslustofnana almennt, en sú endurskoðun verður að vera samræmd. Staðsetning þjónustustofnana ríkisins skiptir afar miklu máli fyrir alla búsetuþróun og jafnvægi í byggð landsins. Að taka sýslumannsembættin nú sérstaklega til ákvörðunar hvað varðar fækkun þeirra tel ég ekki skynsamlegt fyrir utan að óvíst er að það hafi nokkurn sparnað í för með sér en leiði einvörðungu til kostnaðarauka a.m.k. fyrir fólkið í landinu og jafnvel til verri þjónustu. Þetta er því um leið stjórnsýslumál hvað það varðar að endurskoða stjórnsýslustofnanir í landinu og staðsetningu þeirra og hins vegar fjallar þetta um þá þjónustu sem við gerum kröfu um að stjórnsýslustofnanir veiti fólkinu í landinu.

Í ljósi alls þessa tel ég að það sé brýnast að horfa á það hvort endurskoða megi stjórnsýslustofnanir og starfsemi þeirra með það í huga að spara en um leið að efla þjónustuna í landinu. Það held ég að sé hægt að gera m.a. með því að flytja verkefni frá stofnunum í Reykjavík til sýslumannsembættanna úti á landi og þannig efla þau og gera þeim kleift að stíga skref til þess að verða að almennum umboðsstofnunum fyrir svæðisbundna stjórnsýslu framkvæmdarvaldsins í héraði.

Það er alkunna að hlutverk sýslumanna er að fylgjast með framkvæmd laga. Það er því ekki óeðlilegt heldur flest sem mælir með því að fleiri verkefni á því sviði verði flutt til sýslumannsembættanna og þau þannig efld. Þar koma ýmis verkefni til skoðunar eins og t.d. á sviðum leyfisveitinga, löggildinga, ýmiss konar eftirlitsstörf og önnur verkefni sem nefnd, er við gerum tillögu um í þáltill. að verði stofnuð, muni leggja til.

Virðulegi forseti. Auðvitað væri það afar kærkomið ef hægt yrði að grípa til ráðstafana núna er miði að því að þetta verk gæti hafist sem fyrst. Ég geri mér vel ljóst að það tæki allshn. nokkurn tíma að leiða þessa tillögu til lykta í hefðbundnum þingstörfum. Það liggur fyrir tillaga, það liggja fyrir hugmyndir í fjárlagafrv. um það að fækka sýslumannsembættum. Þá vaknar sú spurning hvort hægt sé að gera hvort tveggja, að fækka sýslumannsembættum og flytja um leið til þeirra aukin verkefni. Ég tel það afar óráðlega ráðstöfun að framkvæma fyrst fækkun og síðar flutning. Ég tel því afar brýnt fyrst að kanna til hlítar hvort og hvaða verkefni það eru er við gætum flutt til sýslumannsembættanna frá stjórnsýslustofnunum á höfuðborgarsvæðinu og síðan í ljósi þeirrar niðurstöðu og í ljósi hinna almennu niðurstaðna um heildarendurskoðun á öllu stjórnsýslustiginu gætum við rætt um staðsetningu og stefnumótun er varðar störf sýslumannsembættanna í heild. Þess vegna yrði það fagnaðarefni og ég skora á hæstv. dómsmrh. að íhuga það gaumgæfilega hvort ekki mætti staldra við þá niðurstöðu nú að kanna til hlítar þennan flutning verkefna, skoða það gaumgæfilega hvort sá flutningur mundi ekki jafnvel spara meira fyrir ríkissjóð heldur en sameining eða fækkun þeirra sem enn er óvíst með öllu að skili þeim sparnaði sem vænst er á árinu 1995, hvað þá árinu 1996.

Virðulegur forseti. Ég legg til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og allshn.

[15:01]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þau vöktu fyrst og fremst athygli mína ummæli hv. 5. þm. Austurl. sem lutu að fjárlagafrv. Eins og kunnugt er er gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að sýslumannsembættum verði fækkað og með því náist fram ákveðinn sparnaður í rekstri ríkisins. Eins og hv. þm. vita hefur formaður Alþfl. vegið nokkuð að fjárlagafrv. og fundið því flest til foráttu vegna þess að hann telur að það sé ekki nándar nærri nóg að gert í niðurskurði og hefur lýst að þar þurfi að ganga miklu lengra og megi ekki einungis staðnæmast við að skera allt niður sem þar er lagt til heldur krefjist Alþfl. þess

að skera miklu meira. Svo kemur hér einn af helstu foringjum Alþfl., hv. 5. þm. Austurl., og treystir sér ekki einu sinni til þess að standa við það sem í fjárlagafrv. stendur að þessu leyti til. Ég held að þeir hv. þm. Alþfl. ættu að undirbúa sig betur áður en þeir koma til umræðu í þingsal á þingflokksfundum.

Í annað stað að því er lýtur að efni tillögunnar þá er það rétt hjá hv. 1. flm. að í nefnd sem skipuð var af hæstv. forsrh. og falið var að gera tillögur um flutning verkefna út á landsbyggðina kom fram sú tillaga að flytja stjórnsýsluverkefni út til sýslumanna. Í kjölfar þeirrar breytingar sem gerð hefur verið með aðskilnaði umboðsvalds og dómsvalds skapast vissulega skilyrði til þess að gera þetta. Í dómsmrn. var fljótlega, eftir að þessi skýrsla lá fyrir, farið að huga að því hvort þetta væri ráðlegt og með hvaða hætti væri skynsamlegt að standa að undirbúningi slíkra verkefna. Einn af sýslumönnum landsins, Þorleifur Pálsson, sýslumaður í Kópavogi, hefur kannað þessi mál allmikið og nú fyrir ekki löngu síðan fór ráðuneytið þess á leit við hann að hann tæki að sér forustu í nefnd sem kannaði möguleika á tilflutningi þessara verkefna og gerði síðan tillögur um slíkan flutning. Ég hef í framhaldi af því óskað eftir því að þau ráðuneyti sem hér koma helst til álita skipi fulltrúa í nefnd með Þorleifi Pálssyni, sýslumanni í Kópavogi, til þess að gera slíkar tillögur en þau ráðuneyti sem í dag fela sýslumönnum mest verkefni fyrir utan dómsmrn. eru, eins og hv. þm. vita, fjmrn. og heilbr.- og trmrn. Okkur sýnist að ýmis verkefni á sviði viðskrn. og félmrn. gætu einnig komið hér mjög fljótlega til athugunar og þau mætti flytja út til sýslumanna landsins og þess vegna hefur dómsmrn. óskað eftir því að þessi tvö ráðuneyti tilnefni menn af sinni hálfu til þátttöku í slíku starfi.

Við þurfum svo að huga að því hvaða forsendur þurfi að vera fyrir hendi til að slíkur flutningur eigi sér stað. Er rétt að minna á að þegar hafa verið teknar ákvarðanir í þessa veru. Ákveðinn þáttur sifjamála var til að mynda fluttur fyrir um einu og hálfu ári síðan frá dómsmrn. út til sýslumannsembættanna. En hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi? Við þurfum að búa yfir mjög öflugum og traustum sýslumannsembættum og þess vegna er ekki ólíklegt að einhver samruni *sýslumannsembætta sé nauðsynleg forsenda fyrir því* að verkefni verði með góðu móti flutt út til embættanna og þau verði þannig styrkari og öflugri einingar í héraði.

Í sjálfu sér tel ég ekki ástæðu til að blanda þessum tveimur málum saman því þjónustu sýslumannsembætta má auðvitað veita með margvíslegu móti. Við þekkjum það í dag að sums staðar eru útibú frá sýslumannsskrifstofum sem veita þjónustu á hinum minni stöðum og í einhverjum mæli hljótum við að byggja á slíkri þjónustu áfram eftir því sem efni leyfa á hverjum tíma og þjóðin hefur til ráðstöfunar til þess að veita þessa mikilvægu þjónustu. En kjarni málsins er þó sá að einhver samruni sýslumannsembætta er sennilega nauðsynleg forsenda fyrir því að verkefnaflutningur verði í verulegum mæli. Hitt er svo annað mál að það er ekki sjálfgefið að verkefnin verði öll flutt í einu, þetta er hægt að gera í ákveðnum þrepum og fá þannig fram ákveðna reynslu á slíkan flutning. En ég er þeirrar skoðunar að hann sé æskilegur, dómsmrn. hefur fyrir sitt leyti stigið fyrsta skrefið í þessu efni með því að færa verkefni út úr því ráðuneyti til sýslumannsembætta og ég er sannfærður um að það má gera í miklu ríkari mæli og undirbúningur hafinn að því. En það breytir í sjálfu sér engu þeim tillögum sem fyrir liggja um hagræðingu og sparnað og fram koma m.a. í fjárlagafrv.

[15:07]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hæstv. dómsmrh., við alþýðuflokksmenn viljum vanda til fjárlagagerðar og það er einmitt þess vegna sem við flm. leggjum þetta til af því að sú fækkun og sú sameining sem hann leggur til á sýslumannsembættum, það er tæpast að hún spari það sem hann ætlast til. Ég get sagt frá því að í skýrslu sem starfshópur á vegum dómsmrn. og fjmrn. lagði nýlega fram kemur í ljós að á árinu 1995 á þessi ráðstöfun að spara t.d. 13 millj. kr., með sameiningu þriggja embætta á Austurlandi. Þessi tala segir mér að það verði aukakostnaður upp á 13 millj. þegar upp verður staðið. Ef það er það sem hæstv. dómsmrh. leggur upp með í þessari fjárlagagerð þá er það ekki til sparnaðar heldur útgjaldaauka.

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var aðeins að benda hv. þm. á það að þeir hv. þm. Alþfl. ættu að undirbúa komu sína á þingfundi betur vegna þess að formaður Alþfl. hefur ekki einasta lýst yfir stuðningi við þessa tillögu um sameiningu sýslumannsembættanna heldur sagt að þar væri hvergi nóg að gert og mætti spara meira. Og það er að þessu leyti sem ég var að benda hv. þm. á að þeir ættu að undirbúa komu sína á þessa fundi betur og alveg óþarfi að taka það óstinnt upp, það var í mjög góðri meiningu gert.

[15:09]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Það er oft háttur þeirra sem leggja fram óundirbúnar tillögur við fjárlagagerð að benda á undirbúningsleysi annarra vegna þess að hér hefur komið fram að þessar tillögur hæstv. dómsmrh. um fækkun sýslumannsembætta á landsbyggðinni eru alls kostar óundirbúnar. Það er fyrst í nóvember sem einhverjar tölur koma fram af hálfu ráðuneytisins um hvað þetta sparar í alvöru. Er það undirbúningur? Ég bið um að hugmyndir sem hæstv. ráðherra hefur um sparnað verði betur undirbúnar næst og leiði ekki til þess að verða afhjúpaðar með jafnrækilegum hætti og þessi skýrsla gerir.

[15:10]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það lágu allar upplýsingar fyrir um það með hvaða hætti ætti að standa að þessum sparnaði og í þeirri skýrslu sem unnin hefur verið og vitnað er til

er nánar gerð grein fyrir því hvað þarna liggur að baki. Það þarf auðvitað engum að koma á óvart þegar verið er að taka á flóknu máli eins og þessu að tölur geta skolast til í slíkri vinnu. En í engum atriðum hefur hv. þm. getað bent á að þær tillögur sem í upphafi voru settar fram hafi í einhverjum verulegum atriðum raskast. Þær standast í öllum meginatriðum eins og fram kemur í þessari skýrslu. En eins og gengur og gerist koma fram ákveðnar leiðréttingar við nánari skoðun. Kjarni málsins er auðvitað þessi: Vilja menn takast á við þetta verkefni eða vilja menn það ekki? Ég skil alveg hvað hv. þm. er að fara í því efni, en bendi honum á að ræða einmitt þann þátt málsins frekar á heimavígstöðvum.

[15:11]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvassyrtar athugasemdir hæstv. dómsmrh. vekja upp þær spurningar hvort gert hafi verið samkomulag við Alþfl. um það að þar verði allir að tala í takt við Jón Baldvin og ef svo er, hvort hæstv. dómsmrh. hefur skrifað undir það að innan Sjálfstfl. skuli allir tala í takt við hæstv. forsrh. Það vekur nefnilega verulega athygli að ekki sé meira sagt þegar menn fara í þær rökfræðilegu hringavitleysur hér úr ráðherrastól að halda því að fyrst eigi að flytja embættin burtu af landsbyggðinni og svo eigi að fara að styrkja þau. Það er náttúrlega nokkuð sem ekki gengur upp rökfræðilega. Og hvar er ábyrgð þeirrar nefndar sem hæstv. forsrh. skipaði um flutning á stofnunum út á land ef ekkert má taka til athugunar sem í skýrslu hennar stendur?

[15:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 2. þm. Vestf. hefur misskilið þetta mál í heild sinni. Ég veit ekki til þess að það sé ein einasta tillaga fyrir hinu háa Alþingi um það að flytja sýslumannsembætti af landsbyggðinni. Það eru tillögur um að sameina sýslumannsembætti, bæði hér á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni og í framhaldi af skýrslu nefndar sem hæstv. forsrh. skipaði er verið að byrja undirbúning á því að flytja í ríkari mæli en þegar hefur verið gert verkefni úr stjórnsýslunni hér í Reykjavík, úr ráðuneytum og stjórnarstofnunum út til sýslumannanna.

[15:13]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þetta snýst nú um frekar einfaldan talnaleik. Það er hægt að láta telja hve margir sýslumenn eru á Íslandi í dag og telja hvað embættin eru mörg. Og það er hægt að láta telja það eftir þær breytingar sem hæstv. dómsmrh. hefur lagt til að verði gerðar hversu mörg embættin eru og hversu sýslumennirnir eru margir. Þetta er nú í reynd framkvæmanlegt með þeirri tækni að nota tær og fingur til þess að leysa þetta og ég hvet hæstv. dómsmrh. til að fara í þær talnakúnstir yfir áramótin ef hann fær vilja sinn í þessum efnum.

[15:14]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur enginn dregið í efa að það liggja fyrir tillögur um það að fækka sýslumannsembættum, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni, en það er rangt sem hv. 2. þm. Vestf. sagði að það væri verið að flytja sýslumannsembætti af landsbyggðinni til Reykjavíkur.

[15:14]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. dómsmrh. var undrandi að það skyldi koma fram annað sjónarmið frá hv. 5. þm. Austurl. heldur en formanni flokksins, en ég held að við séum frekar undrandi á því ef menn innan ríkisstjórnarinnar eru sammála um einhvern hlut heldur en að það sé ósamkomulag. Best ætti hæstv. dómsmrh. að vita það, svo oft hefur hæstv. forsrh. lýst sig ósammála hans viðhorfum.

En ég vil aðeins geta þess að allshn. fékk yfirlit yfir innheimtuhlutfall embætta í árslok 1992 og þar kom fram að ef það væri sama innheimtuhlutfall hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík eins og sýslumanni í Kópavogi, þá hefði verið um 1.400 millj. kr. meira í ríkissjóði í árslok. Ég held að það hljóti allir að vera sammála um að það væri mikill skaði ef þannig færi, en það er Gjaldheimtan í Reykjavík sem á að taka við innheimtu af sýslumanninum í Kópavogi.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir fyrir ungmenni sem hafa flosnað upp úr skóla, 223. mál, fsp. GJH, þskj. 248.

Aðstæður fatlaðra í skólum, 221. mál, fsp. GJH, þskj. 246.

Félagslegar aðstæður nýbúa, 220. mál, fsp. GJH, þskj. 245.

Flokkun stera, 218. mál, fsp. GJH, þskj. 243.

Forvarnir í skólum, 222. mál, fsp. GJH, þskj. 247.

Veiting ótakmarkaðs dvalarleyfis, 219. mál, fsp. GJH, þskj. 244.

[15:16]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla nú ekki að fara út í orðaleikfimi með meðflm. mínum og hæstv. dómsmrh. um þetta annað en ég heyri að menn eru sammála um að megintilgangurinn er að ná hagræðingu og síðan hvaða leiðir fara menn að því.

Í þeirri þáltill. sem hér er til umræðu er vitnað í tillögur stofnana flutninganefndar og gert ráð fyrir eflingu embætta sýslumanna með því að fela þeim umboð fyrir fleiri ríkisstofnanir en gert er í dag. Það mætti fela þeim ýmiss konar leyfisveitingar, eftirlitsstörf og úrskurðarvald í héraði. Það má reyndar bæta því við að við myndugt sýslumannsembætti ætti að starfa einhvers konar þjónustufulltrúi eða umboðsmaður sem annars vegar leiðbeinir fólki um þann rétt sem það á gagnvart almennum stjórnvöldum og geti úrskurðað um deilumál. Ef við skoðum þau mál sem ráðuneytið er að fjalla um, þá getum við nefnt sem dæmi úrskurði dómsmrn. um barnaverndar-, umgengn-

is- og forræðismál, félmrn. um fundarsköp og uppákomur í sveitarstjórnum og umhvrn. um byggingar- og skipulagsmál. Það eru miklu fleiri dæmi sem hægt er að nefna. Sum eru merkilegri, önnur ómerkilegri. En við gerð þessara úrskurða situr vel menntað fólk í sérhverju ráðuneyti. Þessi störf á að flytja úr ráðuneytunum til umboðsmanna ríkisins í héraði.

Það þarf enginn að segja mér að réttaröryggi sé ógnað með svona dreifingu, ekki á meðan héraðsdómstólum er dreift út um allt land. Við embætti sýslumanna ætti að efla þjónustusvið almannatrygginga og á kostnað þess sem hlaðið hefur verið upp í Reykjavík. Reyndar er fyrir löngu kominn tími til að skoða Tryggingastofnun ríkisins sérstaklega, en ætla má að umfang þeirrar tofnunar sé orðið slíkt að ekki mundi nokkur þar taka eftir þótt tveir til þrír tugir starfsmanna hyrfu til starfa utan Reykjavíkur. Hið sama má segja um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Við embætti sýslumanna mætti vera fulltrúi þessarar stofnunar sem gæti aðstoðað fólk í sveitarfélögum við að komast í gegnum myrkviði þess kerfis. Húsnæðisstofnun reyndist treg til þess að reka sameiginlega húsnæðisskrifstofu á Akureyri en hefur ekki ljéð máls á því fyrirkomulagi annars staðar. Það er hins vegar ekkert álitamál að þessa þjónustu mætti fela embætti sýslumanna.

Þessar lauslegu hugmyndir um eflingu embætta sýslumanna má heimfæra á landsbyggðina alla. Ástæða er hins vegar til að óttast að hver sem afdrif þessara embætta verða, þá muni tregðulögmálin verða alls ráðandi ef reyna á að flytja til þeirra verkefni.

Einn er sá þáttur sem rétt er að drepa á, en það eru hugmyndir ríkisins um flutning verkefna til sveitarfélaga. Rætt hefur verið um flutning grunnskóla til sveitarfélaga, tilfærslu á sviði heilbrigðismála og yfirfærslu öldrunarmála og málefni fatlaðra til sveitarfélaga. Þetta er hluti af öllu þessu heila batterí sem þarf að gera til þess að efla störf á landsbyggðinni. Það sama á reyndar við um öldrunarmál. Ef öll ábyrgð þeirra verður falin sveitarfélögum, þá verður að tryggja viðunandi yfirstjórn þessa málaflokks.

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til þess að horfa um öxl reiðilaust og fjalla um eldri tillögur um flutning ríkisstofnana.

Árið 1972 var af forsrn. skipuð nefnd til að kanna staðarval ríkisstofnana og kanna hvaða breytingar komu helst til greina í því efni. Sú nefnd starfaði til 1975. Á þeim tíma kannaði nefndin 243 stofnanir og athugaði 157 þeirra sérstaklega. Í þessari nefnd, sem ekkert var að tvínóna við hlutina, voru meðal annarra Ólafur Ragnar Grímsson sem var formaður og Jón Baldvin Hannibalsson. Í umfjöllun um skýrsluna sagði sá síðarnefndi á fundi á fjórðungsþingi Vestfjarða 1990 að um skýrsluna og nefndarmenn hefði þetta verið sagt. Svo til hið eina sem hefur spurst eftir tillögur nefndarinnar eru eiginlega nefndarmennirnir sjálfir, fyrir utan það að þeir hafa flust, þá hafa þeir líka flust á milli flokka.

Sú nefnd sem gerði þá tillögur lagði til flutning á fjölmörgum stofnunum og útibúum stofnana og eftirlitsstofnunum sem of langt mál er að rekja hér upp. En þær stofnanir og eftirlitsgeirar eru yfir 30 talsins.

Virðulegur forseti. Hér að framan hefur verið drepið á ýmislegt varðandi tilflutning stofnana, byggðastefnu og opinbera þjónustu á landinu. Breyting á embættum sýslumanna minnir okkur á það að nú má búast við því að lögboðna skoðun bifreiða þurfi að elta um langan veg. Þetta er nýlunda fyrir okkur í þéttbýlinu, en e.t.v. segja einhverjir að það sé kominn tími til fyrir okkur að þola það sem aðrir hafi þurft að búa við lengi. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En litið á málið þeim augum að með minni þjónustu verða þjónustukjarnar veikari og styrkur sem heildar minni, þá er alvarleg þróun á ferðinni. Þess vegna á það að vera þingmönnum kappsmál ekki aðeins að snúast til varnar, heldur nýta samhentir þessi sóknarfæri sem núna gefast. Það má ekki reynast sannmæli um íslenska þingmenn að þeir hafi hér í heimi mörgu að sinna, en láti sig ekki varða um orð og gjörðir hinna.

Virðulegur forseti. Þetta mál þarf skarpa og skelegga afgreiðslu og ég treysti þingi og ráðuneyti til að sjá til þess.

[15:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil segja um þessa tillögu að það er góðra gjalda vert þegar menn koma hér með tillöguflutning og málflutning í framhaldi sem að mínu viti hefur réttar áherslur þó að ég sjái nú ekki fram á að fyrir henni sé sá þingmeirihluti sem þarf að vera, m.a. vegna þess að Alþfl. hefur haldið Sjálfstfl. hér við stjórnvölinn undanfarin ár og eftir því sem best er vitað hyggst gera það áfram.

Það kom fram í máli síðasta ræðumanns eitt atriði sem mig langaði til þess að hnykkja á og það var að það mætti gjarnan stofna húsnæðisskrifstofur úti á landi og færa verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins þannig meira frá Suðurlandsbraut 24. Ég er alveg sammála þessu og hef reyndar haft uppi þennan málflutning innan stofnunarinnar en því miður verið afskaplega einmana með þau sjónarmið og sakna þess að fá ekki skarpar undirtektir hjá tveimur fulltrúum Alþfl. í þeirri stjórn. Ég vænti þess að tillögumenn muni nú tala fyrir þessu máli við fulltrúa Alþfl. í Húsnæðisstofnun ríkisins þannig að þeir fulltrúar tali sömu tungum og fulltrúar Alþfl. hér á þingi í þessu máli. Ég teldi að það væri málinu til framdráttar ef menn væru með samræmdan málflutning hvað þetta varðar.

Ég nefndi líka þetta sjónarmið hér í þingsölum á sl. vetri við endurskoðun laga um Húsnæðisstofnun ríkisins en því miður var ekki mikill hljómgrunnur við það. En ég fagna því að nú hafi fundist liðsmenn hér við þetta sjónarmið.

[15:25]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta sem ég fór með hér áðan er að sjálfsögðu sú skoðun sem ég hef á því hvernig á að hagræða í öllu ríkiskerfinu. Ég tel að það að flytja Húsnæðisstofnun út á land sé aðeins einn þáttur af mörgum sem þurfi að skoða í þessari umferð sem við erum að leggja til að verði hafin. Það er ekki verið að

hafna því í rauninni að sýslumönnum sé fækkað. Sýslumenn geta kannski verið eitthvað færri en þeir eru. En að þjónustan til hinna einstöku byggðakjarna verður aukin, það er megintilgangurinn með okkar tillögu. Við sjáum það nú að sýslumannsembættin eru hæf til þess eins og þau eru. Og við teljum að ná megi sparnaði fram með því.

[15:26]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins eitt atriði sem er mér til nokkurrar umhugsunar í ræðu hv. síðasta ræðumanns og ég vildi gjarnan fá úr því skorið hvort hann sé sammála fyrri framsögumanni málsins, en ég gat ekki betur heyrt en sá framsögumaður hafnaði því að fækka sýslumannsembættum.

[15:27]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég reiknaði nú með að hv. þm. hefði skilið það sem ég sagði að það væri ekkert úrslitaatriði hversu margir sýslumenn væru á landinu heldur að þeim þjónustukjörnum, sem veita þjónustu til almennings, fækki ekki heldur verði þeir efldir, en eins og staðan er núna eru sýslumannsembættin eins og þau eru mjög hæf til þess.

Ég vona að menn skilji þessa afstöðu. Við horfum á málið eins og það er í dag með því að flytja verkefni til sýslumannsembættanna eins og þau eru núna og þeim þjónustukjörnum verði ekki fækkað heldur verði þeir efldir.

[15:28]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kem hér upp núna eru þau orð hv. þm. Gísla S. Einarssonar, sem er annar flm. þessarar tillögu, að hann treysti á það að þingmenn sameinist um afgreiðslu þessa máls sem þeir hér flytja og treysti á stuðning ráðuneytis og þingmanna fyrir þessari góðu tillögu. Ég er sammála því að tillagan er góð. Hins vegar velti ég því fyrir mér þegar þessi tillaga kom á borð okkar þingmanna hvað vakti fyrir flm. með flutningi hennar. Hv. 1. flm. tillögunnar, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, hafði þá starfað í heilt ár ásamt mér og öðrum hv. þm. í stjórnskipaðri nefnd, nefnd sem forsrh. skipaði fyrir rúmu ári síðan til þess að fjalla um flutning stofnana út á land, enda er í greinargerð með tillögunni vitnað beint í þá skýrslu sem þessi stjórnskipaða nefnd skilaði af sér.

Mig undrar svolítið þau vinnubrögð að einn nefndarmaður taki sig síðan til og taki út úr þessum tillögum stjórnskipuðu nefndarinnar ákveðna tillögu sem hann flytur hér ásamt öðrum hv. þm. Alþfl.

Ég hlýt að líta þannig á ásamt öðrum hv. þm. frá stjórnarandstöðunni, þeim Kristínu Ástgeirsdóttur og Valgerði Sverrisdóttur, sem áttu sæti í þessari nefnd að með þessu séu stjórnarliðar að segja mér það, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, að ríkisstjórnin ætli ekkert að gera með þessar tillögur, þrátt fyrir yfirlýsingar hæstv. forsrh. Og það þykir mér slæmt. Ef svo er ekki þá skil ég ekki þau vinnubrögð að taka þessa tillögu út úr öðrum tillögum sem nefndin stóð öll að.

Það væri einnig vissulega ástæða til að ræða um þennan sífellda ágreining sem kemur fram milli stjórnarliða og ég verð að segja að ég er orðin hundleið á því að hlusta sýknt og heilagt á rifrildi milli einstakra stjórnarliða þessara stjórnarflokka. Það er stundum sagt um börn að þau hagi sér eins og hundur og köttur þegar þeim kemur ekki vel saman en það er hátterni sem hæfir ekki þingmönnum og kemur í veg fyrir málefnalega umræðu.

[15:30]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vona að truflun sú sem hv. 3. þm. Austurl. olli sé fyrir bí og hér fari fram málefnaleg umræða um þá till. til þál. sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson og Gísli S. Einarsson standa að. Það er nú svo að sú nefnd, sem hæstv. forsrh. skipaði til að skoða flutning starfa út á land, flutning starfa sem eru fyrir landsbyggðina í reynd, hefur skilað áliti. Mér kemur það þess vegna ekki á óvart þó að einn nefndarmanna sem taldi sig vera að róa austur með verkefni og mannafla hafi orðið nokkuð hissa þegar hann mætti hæstv. dómsmrh. með sýslumenn að austan á sinni skútu og hafi talið rétt að fara að athuga það hvaða hreppaflutningar þetta væru.

Nú er það svo að dómsmrn. hefur komið með ýmis skilaboð um sparnað inn til þingsins og skal þá fyrst minnast á Bifreiðaskoðun Íslands. Sennilega hefur ekki í annað sinn verið logið meira að Alþingi Íslendinga en í þeim stórkostlegu sparnaðarhugmyndum sem þar voru settar fram. (**StB:** Það var í tíð fyrri ríkisstjórnar sem þú studdir.) Nú heyrist úr hliðarsal að hv. 1. þm. Vesturl. sem ber nafn Sturlunga telur að ég hafi stutt það og það er rétt. Ég studdi þá ríkisstjórn en ég var aftur á móti ekki hrifinn af þessum tillögum. Það var annað mál.

En eftir á að hyggja þá hef ég trúað þeim illa með tölfræðilegar upplýsingar úr dómsmrn. Ég fór í það að skoða þetta með hreppstjórana í fyrra og komst að því sem ég taldi mig vita að þeir voru láglaunahópur mikill og það átti að fara að setja miklu hærra launaðra lið til að gegna þeirra störfum en sem betur fór sigldi það upp fyrir og þegnskyldan eins og hefur verið unnin er þar enn.

Hér er hreyft góðu máli. Við eigum það undir flm. hvort þeir stöðva það sem verið er að gera, byrja á því að láta ekki rústa þær stjórnsýslueiningar sem eru í dag. Það er talað um aðgengi fatlaðra. Hver hefur ekki heyrt minnst á það? Aðgengi fatlaðra er að það sé ekki stigi sem komi í veg fyrir það að þeir komist inn á ákveðnar skrifstofur. En hvað með aðgengi fatlaðra ef það er verið að lengja vegalengdir til þjónustu um fleiri tugi kílómetra? Er nokkuð verra hjá einhverjum fötluðum að biðja menn að bera sig upp stiga heldur en að fara fram á það að þeir séu keyrðir fleiri, fleiri kílómetra til að komast til þjónustunnar? Er ekki eðlilegt að menn hugsi rökrétt í þessu máli? Við vinnum enga stóra sigra í að flytja heilar stofnanir út á land. Það blasir við. En við hljótum að geta flutt eitthvað af þjónustunni út á land. Ef það er ekki hægt að treysta sýslumönnunum til að vera verkstjórar yfir þessu þjónustuliði, þá hverjum? Með lögregluna á bak við sig til

að fylgja því eftir að liðið vinni en það virðist það sem stjórnsýslan hér telur mestu hættuna á ef einhver maður er sendur út á land til að vinna þar að hann snúist bara með landsbyggðinni gegn höfuðstöðvunum og fari að vinna gegn þeim.

Hér hefur verið minnst á Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég tel það skynsamlegt. Það hefur verið minnst á Tryggingastofnun ríkisins. Ég tel það líka skynsamlegt. Ég vil nefna fleiri stofnanir, eins og Heilbrigðiseftirlitið. Hvers vegna væri það óeðlilegt að heilbrigðisfulltrúarnir ynnu hjá sýslumönnum, mættu þar til starfa, yrðu skráðir að þeir hefðu mætt á réttum tíma á morgnana til vinnu (**Gripið fram í:** Er ekki best að hafa stimpilklukku?), hefðu stimpilklukku og síðast en ekki síst færu að lögum eftirleiðis við stjórnsýsluathafnir, m.a. eyddu ekki sönnunargögnum. Og hvað með Vinnueftirlitið? Er nauðsynlegt til að halda uppi flugi innan lands að tryggja það að þessar eftirlitssveitir panti allar flugfar á föstudegi til að komast út land á mánudegi og svo sé allt liðið á dagpeningum úti á landi og steðji svo í bæinn á fimmtudegi því það er of mikil áhætta að taka seinasta flug eins og menn vita, menn verða að hafa í það minnsta einn dag upp á að hlaupa. Þannig eru þessu háttað í dag, meira og minna. Meira að segja erum við að fá frumvörp þar sem menn eiga að fara að valsa yfir land annarra manna til veiða og gera grein fyrir sér ef þannig stendur á. Svona látið í það skína að þeir megi vera á fullri ferð án þess að þurfa að gera neina grein fyrir sér. Það er kannski hlutur sem menn vita. Menn hafa leikið það að fara út á land og tilkynnt að þeir væru eftirlitsaðili frá þessari eða hinni stofnuninni, pantað hótelherbergi og labbað inn í næstu fyrirtæki. Þetta hefur verið leikið vegna þess að þetta lið þarf yfirleitt engum skilríkjum að skila yfir það hvaða starfi þeir eru að gegna.

Ég verð að segja eins og er að mér finnst anda góðu úr Heydölum þessa stundina að fá upp hugmyndir um það að það stjórnsýslukerfi, sem er úti á landi í dag, fái fleiri verkefni þannig að það sé ekki hægt að bera á þá iðjuleysi og aðrar stofnanir fái skamman tíma til að hugleiða það hvernig þeir skipi sínum málum og þessi starfsemi geti þróast á þann hátt að þjónustan verði færð til fólksins. En grundvallaratriðið er að gera sér grein fyrir því að ef menn leggja sýslumannsembættið niður núna þá eru menn að flytja þjónustuna burtu. Það er algjörlega út í hött að tala um að það sé hægt að leiðrétta það eitthvað aftur með eflingu embættanna seinna. Hvenær ætla þessir menn að efla embættin? Þegar þeir eru farnir úr stólunum? Ætla þeir þá að fara að efla embættin? Hæstv. dómsmrh. er farinn úr salnum og er trúlega að sinna talningu þessa stundina (**Gripið fram í:** Hann er að leggja þá niður.) en það hefði verið sanngjarnt að bíða til jóla með það. (**Gripið fram í:** Hann fór að gá að sýslumönnum.) (Forseti hringir.) Nú er komið rautt ljós og forseti þess mjög vel meðvitaður þannig að ég hef hugsað mér að láta hér staðar numið.

[15:39]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar, till. til þál. um flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum ríkisins í Reykjavík til sýslumannsembættanna, er efnislega sama efnis og tillaga sem kemur fram í skýrslu sem stjórnskipuð nefnd um flutning ríkisstofnana út á land skilaði sl. sumar. Það sem ég vil gera að umræðuefni er ekki efni þessarar tillögu, ég er að sjálfsögðu sammála því efnisatriði sem í tillögunni er en ég vil gera athugasemd við þá aðferð sem er notuð og þau vinnubrögð sem hafa verið höfð í frammi.

1. flm. þáltill., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, sat í þeirri nefnd sem getið er um í greinargerðinni ásamt nokkrum öðrum þingmönnum og Hrafnkeli A. Jónssyni. Þessi nefnd skilaði eftir mikla vinnu tillögum sem verður að líta svo á að hafi verið settar fram í heild og þar hafi verið leitast við að gæta nokkurs jafnvægis. Þessar tillögur og þessi skýrslugerð fór fram á vegum forsrh. og þegar skýrslunni var skilað í hendur forsrh. þá er málið í höndum hans. Það skýtur því nokkuð skökku við þegar einstakir nefndarmenn taka ákveðin atriði út úr þessari skýrslu og þeim tillögum sem þar er að finna og gera úr því sérstök þingmál. Það kallar á svör við þeim spurningum hvort 1. flm. hafi aflað sér þeirra upplýsinga frá ríkisstjórn og þá frá forsætisráðherra að þetta mál gengi þar ekki eðlilegan gang, ellegar hvort hann hefði yfir höfuð aflað sér upplýsinga um það í hvaða farvegi þetta mál væri á vegum forsrn.

Það hlýtur að gefa auga leið að það er ekki eðlilegur gangur máls ef ákveðnir nefndarmenn í nefnd eins og þeirri sem hér hefur verið í umræðu taka ákveðnar tillögur innan þeirra tillagna sem þeir hafa unnið að á vegum forsrh. og gera þær að sínum. Þessi vinnubrögð vekja vissulega spurningar um frumkvæði í málinu og hvort það er ekki óeðlilegt að vinna með þessum hætti.

[15:42]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur komið til umræðu skýrsla nefndar um flutningu ríkisstofnana. Það vildi svo til að það var rædd í gær fyrirspurn varðandi þessa skýrslu og forsrh. orðaði það svo að skýrslunni yrði fylgt eftir í formi þáltill. Það getur vel verið að forsrh. hafi átt við það að einstakir nefndarmenn ættu að flytja þáltill. um efni skýrslunnar. Ég vil benda hv. 5. þm. Norðurl. e. á þetta, hann hefur sennilega orðið of seinn að flytja tillögu um þetta efni. En sannleikurinn er auðvitað sá að svör forsrh. í gær voru þess eðlis að það er mjög lítil bjartsýni um að það eigi að fylgja þessari skýrslu eftir á nokkurn hátt þannig að þetta er hin þarfasta tillaga.

[15:43]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó að þeir þekkist vel Austfirðingarnir, hv. þm. Jón Kristjánsson þekkir sjálfsagt hv. þm. Gunnlaug Stefánsson betur en aðrir þingmann hér og veit að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er snöfurlegur maður og grípur til ráðstafana skjótt, þá hygg ég að það sé ljóst að sú þáltill. sem hér er borin fram er ekki borin fram eftir þau svör sem komu fram hjá forsrh. í gær, þannig að það er ekki mjög beint orsakasamband sem hér hefur verið imprað á.

[15:44]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. kvartaði yfir því og lét það koma í ljós að það væru undarleg vinnubrögð af minni hálfu að standa fyrir þeirri þáltill. sem er til umræðu. Það var ekki ég sem átti frumkvæðið að þessu máli eftir að niðurstöður okkar góðu nefndar lágu fyrir. Það var hæstv. dómsmrh. Það var hann með hugmyndum og tillögum sínum við fjárlagagerð sem virti að vettugi okkar tillögur, stjórnskipaðrar nefndar hæstv. forsrh. Þannig að það var hann sem hvatti okkur til þess að grípa til einhverra ráða til að tryggja það að sparnaðurinn sem hann ætlaði sér að ná í ráðuneytinu mundi eigi að síður nást fram og þess vegna vildum við leggja áherslu á þessa leið. Ég hafði rætt um þetta við hæstv. dómsmrh. áður en ég lagði þessa tillögu fram og hann vissi að hún var í undirbúningi, þannig að það var ekki ég sem átti frumkvæðið, það var hæstv. dómsmrh. Ég hefði óskað þess að hann hefði gripið okkar valkost fremur en þennan sem leiðir að lokum til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs eins og ég hef sagt frá. Það er ljóst að þetta muni leiða til hækkunar á útgjöldum ríkissjóðs á árinu 1995 og á árinu 1996 þegar upp verður staðið en þeir sem þjónustuna þiggja munu líka bera þann aukakostnað sem af því hlýst að þurfa að leita lengra eftir þjónustunni yfir fleiri fjöll og firnindi.

[15:46]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að benda á það að hér er blandað saman tveimur málum, annars vegar endurskoðun á sýslumannsembættum og þá með tilliti til þess hvaða breytingar hafa orðið m.a. á samgöngumálum og svo hins vegar flutningi verkefna til sýslumannsembættanna. Það er ástæðulaust að blanda þessum verkefnum saman og ég held að það liggi ekki fyrir neinar yfirlýsingar um það eða upplýsingar að forsrh. hafi ætlað sér að leggja þetta mál á hilluna. Ég vil einnig taka það fram, vegna þess að ég held að það sé full ástæða til þess, að þegar fjárlagafrv. var lagt fram þá var það sem slíkt samþykkt athugasemdalaust af alþýðuflokksmönnum. Þessar athugasemdir eru nokkuð sérkennilegar og síðbúnar og ég held að það sé rétt að benda þingheimi á það.

[15:47]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi tillaga var ekki afgreidd athugasemdalaust í ágústmánuði þegar hún var til umræðu í ríkisstjórn. Ég tjáði dómsmrn. það sérstaklega, aðstoðarmanni hæstv. dómsmrh., að ég væri andvígur þessari tillögu. Ég væri ekki bara andvígur þessari tillögu, ég mundi berjast gegn framgangi hennar vegna þess að hún væri óskynsamleg. Þessi skoðun kom líka fram í mínum þingflokki í hvert skipti sem þetta mál var til umræðu. Að segja það hér að um tvö mál sé að ræða, annars vegar að fækka embættum og hins vegar að endurskoða með flutningi nýrra verkefna til embættanna, þá er hér um eitt og sama málið að ræða vegna þess að þegar við mótuðum okkar tillögur í stofnananefndinni þá gerðum við ráð fyrir sama fjölda embætta og staðsetningu og það skiptir sköpum þegar heildarstjórnsýsluendurskoðun á sér stað að það verði ekki tekin einn afmarkaður þáttur út úr og þannig slitinn úr samhengi. Þannig að hér er um eitt og sama málið að ræða og það er forgangsmál þessarar ríkisstjórnar, staðfest í hvítbók, að flytja verkefni af höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina en ekki að fækka opinberum störfum þar. En það er einmitt það sem þessi tillaga felur í sér og ekkert annað. Það er ekki hlutverk og stefna ríkisstjórnarinnar heldur þvert á móti fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Þess vegna þurfti að tvítaka það í hvítbókinni í upphafi starfa þessarar ríkisstjórnar.

[15:48]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé full ástæða til þess að taka það fram og endurtaka það að hér er um að ræða tvö aðskilin mál. Það mál sem lýtur að sýslumannsembættunum, það má ekki gleyma því að það lýtur einnig að uppstokkun á starfi sýslumannsembættanna á höfuðborgarsvæðinu. Það er verið að leita leiða til þess að auka hagræðingu í framkvæmd þessara embætta og það er ekki hægt að segja annað en að sú skylda hlýtur að hvíla á herðum þeirra ríkisstjórnarflokka sem nú hafa í tvö og hálft ár reynt að ná utan um ríkisfjármálin að skoða þetta mál af fullri alvöru. Hitt er svo annað mál að þær tillögur, sem sú stjórnskipaða nefnd sem hér hefur verið til umfjöllunar setti fram, standa algjörlega fyrir sínu og halda sínu gildi. Þær eru í eðlilegum farvegi þannig að það er óeðlilegt með öllu að grípa inn í með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

[15:49]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni ágætis tillaga sem ég get tekið undir í einu og öllu. Það hefur verið farið um hana viðurkenningarorðum hér á undan mér og ég ætla ekki að fjalla um hana mjög mikið í mínu máli, tel einfaldlega að þetta eigi fullkomlega heima að skoða málið með þeim hætti sem hér er lagt til. En ég kemst ekki hjá því að vekja athygli á því í hvers konar umhverfi þetta mál er. Það hefur nýlega verið upplýst af hv. 1. flm. þessarar þáltill. að hann hafi flutt hana sem andsvar eða nauðvörn við ákvörðun hæstv. dómsmrh. að leggja til í fjárlagafrv. að sýslumannsembætti verði sameinuð á landsbyggðinni. Það hefur ekki komið fram hjá þeim sem hafa tekið til máls og hafa flutt þessa tillögu hvernig stendur á því að fjárlagafrv. var samþykkt á þingflokksfundum hjá þeim í Alþfl. því það hlýtur þó að hafa verið gert. Eftir því sem mér hefur verið bent á, þá mun það a.m.k. vera venja að samþykkja fjárlagafrv. á þingflokksfundum. Það mun vera ný aðferð ef menn eru hættir því. Og það væri fróðlegt að heyra svör þeirra alþýðuflokksmanna í þessu efni.

Hv. 5. þm. Austurl. tók þannig til orða hér áðan að hann hefði þurft að grípa til einhverra ráða og þetta voru þessi einhver ráð að flytja þáltill. og stela glæpnum frá ríkisstjórnarflokkunum sameiginlega sem áttu þessa tillögu.

Hv. 4. þm. Vesturl. hvatti menn til þess að láta hendur standa fram úr ermum og skila þessu skarplega og skelegglega af sér í afgreiðslu þingsins og það kann vel að vera að menn verði tilbúnir til þess að hjálpa til við það. Ég efast reyndar ekkert um það. En það hlýtur þá að byggjast á því að menn séu ekki búnir að valda skaða með því að samþykkja fjárlagafrv. eins og það liggur fyrir. Það hlýtur að verða að vekja athygli á því hvers konar vinnubrögð eru hér á ferðinni. Við erum að tala um alls konar umræður sem eru að fara fram um breytingu á stjórnsýslusviðinu. Það er verið að tala um að sameina sveitarfélög og það á að kjósa um það eftir nokkra daga. Það er verið að tala um að færa verkefni til sýslumannsembættanna og um það er tillaga til umræðu í hv. Alþingi. Það er verið að tala um það í fjárlagafrv. að fækka sýslumannsembættunum án tillits til þess hvað kemur út úr t.d. sameiningu sveitarfélaganna. Eru þetta nú gáfuleg vinnubrögð? Ég segi nú bara það. Ég spyr hv. þm. sem að þessu standa hvernig þeim lítist eiginlega á þetta. Og þessi tillaga sem hér er á ferðinni fjallar ekki um að spara. Hún fjallar um það eins og hv. 5. þm. Austurl. sagði að auka kostnað og það verulega. Ég ætla ekki að nefna um það tölur hvort kostnaður ríkisins eykst þannig að það sjáist á prenti. En ég get nefnt tölur sem menn hljóta að skilja sem segja manni það að kostnaður neytendanna mun aukast verulega við þessa ákvörðun.

Það er t.d. þannig að í fjárlagafrv. kemur það fram að kostnaður á íbúa við þjónustu sýslumannsembættisins í Borgarnesi er nú 5.698 kr. Eftir að búið er að sameina þessi embætti, þá er þessi kostnaður talinn verða 4.896 kr. Hver er sparnaðurinn? Hann er 802 kr. og hvað halda menn að margir Akurnesingar mundu geta keyrt fyrir 802 kr. fram og til baka milli Akraness og Borgarness til þess að sækja þjónustuna sína? Þeir kæmust ekki einu sinni hálfa leiðina fyrir þessa peninga. Það kostar samkvæmt reikningum ríkisins 2.240 kr. að keyra á milli Borgarness og Akraness báðar leiðir en 802 kr. á íbúa er þessi sparnaður. Hvers lags vinnubrögð eru það? Þetta eru nákvæmlega sams konar vinnubrögð og sparnaður Bifreiðaskoðunar Íslands er. Það er bara horft á tölur í bókhaldi fyrirtækisins þegar verið er að taka ákvarðanir, en það skiptir engu máli hvað þetta kostar fyrir neytendurna. Svona geta menn ekki hagað sér. Það er hægt að haga sér þannig í einhverju hf.-fyrirtæki úti í bæ ef það hefur ekki einokunaraðstöðu. En það er alla vega ekki hægt að haga sér svona á hv. Alþingi að bjóða mönnum upp á sparnaðartillögur af þessu tagi til þess að fjalla um í þinginu. Og ég verð að segja það alveg eins og er að margt hefur maður nú séð hér og ýmislegt verið gagnrýnt og sumt kannski um of af stjórnarandstöðunni. En þessi vinnubrögð er ekki hægt að verja. Það er ekki hægt að verja þau og ég er ekkert hissa á því þó að hv. 5. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Vesturl. taki sig til og flytji tillögu til þess að mótmæla svona vinnubrögðum eins og hér eru á ferðinni. En ég vildi gjarnan að þeir sýndu okkur það með hvaða hætti þeir mótmæltu þessu þegar þetta var samþykkt á þingflokksfundum í Alþfl.

Ég ætla að nefna aðra tölu svona til umhugsunar fyrir menn vegna þess að ég þekki það. Það er munurinn á því hvað það kostar þá sem núna búa í Búðardal að sækja þessa þjónustu ef þetta verður að veruleika. Það er núna talið að kostnaðurinn á íbúa sé 7.196 kr. en það muni verða kostnaður á íbúa 6.108 kr. eftir breytinguna, sem sagt, 1.088 kr. Mundi einhver hv. þm. treysta sér til þess að komast á milli Búðardals og Stykkishólms fyrir þúsundkall? Ég held ekki. Það er á sömu bókina lært. Og þannig hygg ég að megi finna tölur á Austurlandi og annars staðar þar sem menn eru að tala um að leggja niður þessa þjónustu. Ég er ekki einn af þeim sem segja að ekki megi endurskoða sýslumannsembættin með það fyrir augum að spara. En það á að skoða með það að markmiði að menn séu að tala um sparnað fyrir neytendurna líka og það á ekki að samþykkja tillögur hér á hv. Alþingi sem valda aukakostnaði fyrir neytendur og færa þannig með þessum hætti sem hér hefur verið gert margfaldan kostnað frá ríkinu til neytendanna umfram það sem verið hefur á undanförnum árum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Nú er klukkan orðin 4 þannig að forseta er nokkur vandi á höndum. Það er komið fram að tíma þingflokksfunda en þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar. Forseti hyggst hafa þann hátt á að leyfa hv. þm. að veita andsvar, hafa eina mínútu til umráða hverju sinni og aðeins eina umferð þannig að fyrst veitir andsvar hv. 4. þm. Vesturl.

[15:58]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna spurninga hv. þm. Jóhanns Ársælssonar um samþykkt þessa fjárlagafrv. í þingflokki Alþfl. þá er því til að svara að þetta frv., þskj. nr. 1, er rammar sem hafa verið unnir á undanförnum árum og unnir þannig að þeir hafa tekið ýmsum breytingum í meðförum þingsins. Þó að það sé samþykkt að leggja fram svona skjal þá er það gert af minni hálfu með fyrirvara varðandi þetta málefni og fyrir mér í mínum þingflokki hefur þetta mál aldrei verið kynnt til afgreiðslu. Þó svo að menn séu að vitna í minn ástsæla formann, hæstv. utanrrh. Jón Baldvin, um að hann hafi svarað því til að Alþfl. hafi ekki gert athugasemd varðandi þetta mál þá er það eðlilegt ef það hefur ekki verið spurt um það eða beðið um afgreiðslu á því.

[15:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki kunnugur því með hvaða hætti menn fjalla nákvæmlega um fjárlagafrv. í þingflokkunum. Ég hef þó talið að það væri þannig að menn bæru ábyrgð á því þegar það hefur verið lagt fram og varla trúi ég því að margir geti verið með fyrirvara um einstaka liði fjárlagafrv. Það er ekki mikils virði.

[16:00]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að það komi fram hér í þessari umræðu og ekki þá síst út af ummælum

hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur þar sem hún var að tala um að stjórnarþingmenn rifust eins og hundar og kettir, að í þessu tilviki er ekkert mjög óeðlilegt þó að menn hafi greindar skoðanir því að frá því segir Morgunblaðið föstudaginn 3. sept. eftir formanni Alþfl. hver hafi orðið niðurstaða þess flokks á þingflokksfundi að því er varðar tillögur dómsmrh. um fækkun sýslumannsembætta. En þar segir, með leyfi forseta:

„Að sögn Jóns Baldvins gerðu þingmenn Alþfl. ekki athugasemdir við tillögur Þorsteins Pálssonar dómsmrh. um fækkun sýslumannsembætta þótt fyrr hefði verið, sagði Jón Baldvin aðspurður um álit á tillögunum."

Aftur á móti kemur hér fram í blaðinu að efasemdir hafi verið í þingflokki sjálfstæðismanna um málið.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta heyrðist nú að hv. þm. hafi ekki veitt andsvar við ræðu síðasta ræðumanns sem er skylda. En hv. 3. þm. Vesturl. svarar engu að síður.

[16:02]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að svara þessu. Ég ætla einungis að þakka hv. 3. þm. Austurl. fyrir það að lesa þetta upp því að ég mundi ekki eftir þessu en ég man það núna þegar hann rifjar þetta upp að þetta kom einmitt svona skýrt fram.

[16:02]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið spurt um það hvernig hafi verið staðið að undirbúningi þessa máls í þingflokki Alþfl. Ég hef skýrt frá því hver aðdragandinn að því var og ég sagði frá því að ég hefði sérstaklega haft samband við dómsmrn. Ég ætlaði að hafa samband við hæstv. dómsmrh. en aðstoðarmaður hans svaraði í staðinn og kom skilaboðum rækilega um það um miðjan ágúst að ég væri andvígur þessum hugmyndum. Og ég mundi ekki bara vera andvígur þeim, ég mundi berjast gegn þeim og þetta staðfesti ég rækilega í mínum þingflokki ef ég man rétt 16. ágúst og tilkynnti sérstaklega á fundi á Breiðdalsvík með hv. þm. Agli Jónssyni og öðrum þingmönnum Austurlands auk sveitarstjórnarmanna að ég hefði gert grein fyrir þessari afstöðu minni í þingflokki Alþfl. Það átti því ekkert að koma hv. þm. Agli Jónssyni á óvart og síst af öllu á óvart hæstv. dómsmrh. Þetta hefur verið afstaða mín allt til þessa frá því að ég heyrði um þessa hugmynd fyrst þó ekki væri nema af því að hún sparar ekki heldur dregur úr þjónustu og eykur kostnað fyrir fólkið í landinu og fækkar opinberum störfum á landsbyggðinni sem við höfum aldrei ætlað okkur að stefna að.

[16:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefur nú komið í ljós að hv. formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., er annaðhvort heyrnarlítill eða þá kýs að heyra ekki mjög vel í hv. 5. þm. Austurl. þegar hann kemur sínum skoðunum á framfæri. En þessi umræða hefur auðvitað sannfært mig um það að stjórnarflokkarnir róa hvor í sína áttina og það mjög harkalega í þessu máli. Og það hlýtur að verða mjög fróðlegt að sjá með hvaða hætti hv. Alþingi afgreiðir tillögurnar í fjárlagafrv. sem hæstv. dómsmrh. ber ábyrgð á.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–14. mál.

Fundi slitið kl. 16.04.

---

39. FUNDUR

fimmtudaginn 18. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skýrsla umboðsmanns Alþingis.
2. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1992.
3. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 141. mál, þskj. 156. — Fyrri umr.
4. Héraðsskólinn að Núpi, þáltill., 146. mál, þskj. 162. — Fyrri umr.
5. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 165. mál, þskj. 183. — Fyrri umr.
6. Þjóðfáni Íslendinga, þáltill., 106. mál, þskj. 109. — Fyrri umr.
7. Græn símanúmer, þáltill., 207. mál, þskj. 231. — Fyrri umr.
8. Orlof, frv., 155. mál, þskj. 173. — 1. umr.
9. Sveitarstjórnarlög, frv., 156. mál, þskj. 174. — 1. umr.
10. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 158. mál, þskj. 176. — 1. umr.
11. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 123. mál, þskj. 128. — 1. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 140. mál, þskj. 155. — 1. umr.
13. Hlutafélög, frv., 138. mál, þskj. 153. — 1. umr.
14. Erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, þáltill., 157. mál, þskj. 175. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysi í röðum opinberra starfsmanna, 159. mál, svar fjmrh., þskj. 249.

Meðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins á málum er varða kynferðisbrot, 224. mál, fsp. AÓB, þskj. 251.

Meðferð ríkissaksóknara á málum er varða kyn-

ferðisbrot, 225. mál, fsp. AÓB, þskj. 252.

Nýsmíði fiskiskipa, 226. mál, fsp. GuðjG, þskj. 254.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka fram að um eða upp úr kl. þrjú hefst utandagskrárumræða um landbúnaðarþátt GATT-samningsins. Málshefjandi er hv. 2. þm. Suðurl. og fer umræðan fram samkvæmt síðari mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. að umræðan er ótímabundin.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla um sjúkrahúsmál.

[10:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að kveðjar mér hljóðs um störf þingsins í krafti 3. mgr. 50. gr. þingskapa sem veitir þingmönnum heimild til þess að ræða í stuttu formi, gera athugasemdir í tvær mínútur í senn ef ég man rétt. Það er því öllum opið að taka þátt í þessari umræðu. Það er nú ærin ástæða til þess að gera hér athugasemd. Þó að hæstv. heilbrrh. sé fjarverandi þá sendi hann alþjóð í gegnum fjölmiðla en ekki Alþingi Íslendinga skýrslu frá starfsmönnum sínum sem verið hafa í vinnuhópi um nokkurt skeið til að fjalla um sjúkrahúsamál í landinu. Þetta var ein aðalfrétt á fjölmiðlum í gærkvöldi án þess að við vissum nokkuð hvað þarna væri á ferðinni frekar en aðrir, án þess að forstöðumenn stofnana sem í hlut eiga og hugmyndin er að leggja af í núverandi formi, það er gjörbreytta rekstrarformi á, hefðu fengið um það nokkra vitneskju. Það sem upp úr stendur í fréttunum sem svona stærsta atriðið í þessu er að á Austurlandi, á eystri helmingi landsins í raun, austan Akureyrar og austan Selfoss skuli ekkert sjúkrahús starfa sem undir því nafni fái risið í framtíðinni. Þetta eru hugmyndirnar sem við fáum eftir að ríkisstjórnin hefur verið að reyna að skreyta sig með einhverjum hugmyndum um flutning ríkisstofnana út á land en reyndin er í raun að saxa niður og leggja af. (Forseti hringir.) Á Austurlandi rafmagnseftirlit, sýslumannsembætti og nú sjúkrahús fyrir heilan landsfjórðung sem á að fella af og ég tel að hér sé stóralvarlegt mál á ferðinni. (Forseti hringir.) Virðulegur forseti, ég óskaði eftir utandagskrárumræðu um þetta mál strax og heilbrrh. kemur til landsins. En hann var nú svo smekklegur að senda þessa skýrslu og láta starfshópinn kynna hana eftir að hann er farinn af landi brott. En það er vonandi að það rætist úr því og þá getum við rætt þetta nánar.

[10:37]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Þótt þetta mál heyri á engan máta undir mig þá vil ég leggja á það áherslu að hér er um embættismannaskýrslu að ræða. Hún hefur ekki verið tekin fyrir í ríkisstjórn. Þetta er með öðrum orðum sérfræðingaálit, ráðgjafarálit sem umræða hefur enn ekki farið fram um og engin afstaða verið til tekin. Ég geri ráð fyrir því að um leið og skýrslan er gerð opinber hafi hún verið send þingmönnum þó ég hafi ekki um það neina vitneskju. En það er enginn tími glataður til að taka málið til umræðu. Það verður að sjálfsögðu tekið til umræðu þegar hæstv. heilbrrh. hefur tekið afstöðu til hennar en málsmeðferðin er í hans höndum. Hvort hún verður lögð fram til kynningar í ríkisstjórn á þessari stundu get ég t.d. ekki sagt um.

[10:38]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp til að lýsa fyllsta stuðningi við málflutning hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og vil árétta að slík vinnubrögð sem hér eru á ferðinni ná ekki nokkurri átt. Ég heyrði að vísu ekki og sá ekki þessa frétt í ríkisfjölmiðlum í gærkvöldi en hlustaði hins vegar í morgun af tilviljun einni á stóryrtar yfirlýsingar hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og vonandi ganga þær heitingar eftir sem þar voru um munn hafðar.

Ég vil lýsa því jafnframt yfir að það er mjög undarleg málsmeðferð að heimamönnum skuli ekki vera kynnt þessi embættisskýrsla eins og hæstv. utanrrh. nefndi hana hér áðan og stjórnum þeirra sjúkrahúsa sem hlut eiga að máli. Mér finnst þetta óvirðing og dónaskapur ef svo má að orði komast.

[10:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir ósk hv. 4. þm. Austurl. um utandagskrárumræðu um þetta mál. Ég tel að það beri að með þeim hætti, sérstaklega eftir að fjárlagafrv. hefur verið lagt fram, að með öllu er óviðunandi gagnvart Alþingi og alþingismönnum.

Ég vildi beina því til hæstv. utanrrh. í ljósi þeirra ummæla sem hann lét falla að hér væri einungis um að ræða sérfræðingaálit, hvort honum detti það í hug að embættismenn taki það upp á sitt eindæmi að fara að kynna efni skýrslu sem er stórpólitísk fyrir fréttamönnum áður en það er kynnt heilbrrh. En hann mun ekki vera staddur á landinu og ekki hafa verið hér í gær eftir því sem ég best veit. Dettur hæstv. utanrrh. í hug að embættismenn sem vinna þessa skýrslu séu farnir að leika hlutverk stjórnmálamanna?

[10:41]

Jón Kristjánsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur verið sagt og lýsa furðu minni yfir þeim vinnubrögðum sem hér eru í frammi höfð. Það þarf enginn að segja mér að embættismenn taki það upp á sitt eindæmi að fara í fundaherferð með slíka skýrslu sem hér er um að ræða. Við vorum í viðtölum í fjárlaganefnd núna rétt áðan við forráðamenn sjúkrahúss út á landi og þeir sögðu okkur að fyrsti fundurinn um þessa skýrslu væri á Norðurlandi á morgun. Þannig að hér er alvara á ferðinni. Þetta mál vekur meira en litla furðu í þeim landshlutum þar sem á að leggja sjúkrahúsþjónustu gjörsamlega af á þeim forsendum að aðgengi að

sjúkrahúsinu sem er í þeim landshluta svo ég taki nú orðrétt upp orð embættismanns í fréttum í gær, að aðgengi væri með þeim hætti að það væri ekki hægt að reka sjúkrahús á slíkum stað.

Hér er mikil alvara á ferðinni og ég tek undir það heils hugar að Alþingi verður að láta þessi mál til sín taka. Þetta vekur ugg að minnsta kosti þar sem á að leggja sjúkrahúsin algerlega af.

[10:43]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Mér skilst að þessi embættisnefnd hafi verið skipuð í tíð fyrrv. heilbrrh. En þrátt fyrir það þá hefði ég talið að Alþingi hefði átt að fá þessa skýrslu fyrst til umræðu og umfjöllunar þó ég geri alvarlega athugasemd við það að þegar mál sem varðar jafnmikið landsbyggðina og þetta er tekið til athugunar að það skuli enginn fulltrúi vera utan af landi hvorki fulltrúi sem þetta fólk hefur kjörið til setu á Alþingi eða frammámenn sveitarfélaga eða frammámenn í heilbrigðisþjónustunni út á landi. Það vekur furðu mína. Hitt er svo annað mál að ég heyrði yfirlýsingu fyrir allmörgum árum frá fyrrv. heilbrrh. þar sem hann taldi að það þyrfti að færa starfsemi fjölmargra greina heilbrigðisþjónustunnar eingöngu til Reykjavíkur og að sumu leyti til Akureyrar. Hvers vegna höfum við verið að byggja upp sjúkrahús víðs vegar um landið með ærnum kostnaði, ráða starfslið, kaupa dýr tæki, ef svo allt í einu er orðin mestur sparnaður í því að leggja það allt niður? Þetta er hlutur sem ég vil fá tækifæri til að ræða nánar. Ég þekki flest fólk sem hefur verið í þessari nefnd persónulega og þekki það af öllu góðu í þeim störfum sem það er að vinna en það er ekki að sama skapi að ég treysti því til þess að ráða fram úr vandamálum landsbyggðarinnar í þessum efnum. Þess vegna tek ég undir þá athugasemd sem hér hefur komið fram og furða mig á því að þetta mál skuli ekki fyrst og fremst vera rætt á Alþingi frekar við fjölmiðla. Það er að verða tíska ef fjölmiðlar vita um að mál sé sent jafnvel ákveðnum ráðherra þá vilja þeir fá að vita efni þess áður en viðkomandi ráðherra fær bréfið í hendur.

[10:45]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið undir mál mitt og aðfinnslur varðandi málsmeðferð af hálfu heilbrrn. í þessu stóra máli sem það hefur slengt út fyrir alþjóð í gegnum fjölmiðla. Hér eru auðvitað vinnubrögð á ferðinni sem er aldeilis útilokað að sætta sig við. Þetta er slík móðgun við fólkið víðs vegar um landið og vekur að sjálfsögðu upp áhyggjur og óhug hjá þeim sem í hlut eiga sem eru íbúar heilla landshluta. Og þó að það fólk sem vinnur að þessum pappír fyrir heilbrrh. hæstv. sé alls góðs maklegt þá dreg ég mjög í efa að það hafi nokkrar forsendur til þess og sýnist raunar á því sem ég hef náð að renna augum yfir í þessu plaggi sem ég útvegaði mér frá ráðuneytinu í morgun að þær forsendur sem þar eru lagðar til grundvallar séu ekki í rauninni til staðar í dag, og það m.a. varðandi samgöngumál. Því að sem betur fer eru úrbætur í þeim efnum á döfinni og hafa verið síðustu ár og eru fram undan. Það er alveg dæmalaust að setja fram tillögu þar sem stendur orðrétt: „Tillagan gerir ekki ráð fyrir svæðissjúkrahúsi með sérfræðiþjónustu á Austurlandi.“ Á öllum eystri helmingi landsins ef dregin er lína frá Akureyri til Vestmannaeyja. Ekkert sjúkrahús sem undir nafni fái risið. Þetta sýnir auðvitað hug stjórnvalda til landsbyggðarinnar, sýnir hug til landsbyggðarinnar. Og ég skora á menn að rísa gegn þessum hugmyndum og ég raunar fullyrði að það þýðir ekki fyrir heilbrrh. að reyna að knýja þetta fram með þeim hætti sem hér er upp lagt og hann gerði betra við sinn tíma að leggja þessa skýrslu til hliðar í því formi sem hún er hér lögð fram.

[10:48]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er í þessari skýrslu rætt um fleira en Austurland þó það sé veigamikill þáttur. Ég vil nú biðja menn að vera ekki með neina skelfingu og stilla sig. Þetta er kontóristaskýrsla sem þarna hefur verið búin til. Það hefur verið reiknaður út fjárhagslegur sparnaður. Það er að vísu ekki tekinn inn einn veigamikill þáttur í þennan sparnað, þ.e. mannslíf eru ekki lögð til verðs og vafalaust þá orsakaði þessi skýrsla, ef af framkvæmdum yrði, mannfall á vissum svæðum á landsbyggðinni.

Það hefði að vísu verið betra að mínum dómi að hæstv. heilbrrh. hefði verið búinn að binda sig meira í þessa skýrslu og lýsa yfir stuðningi og gera þetta að prógrammi sínu því það góða við núv. hæstv. heibrrh. er það að hann tekur yfirleitt aftur sínar fyrri ákvarðanir. Þessari skýrslu ber að veita viðeigandi viðtökur. Það er ekki þingmeirihluti fyrir þessum skipulagsbreytingum. Ég treysti því að hæstv. heilbrrh. taki þessa skýrslu og stingi henni undir stól. Hann er búinn að taka aftur aðrar ákvarðanir sínar nema þetta með biðlaunin, að hann hefur ekki krafið Hafnarfjaðarbæ um biðlaun fyrir þá tvo mánuði sem hann átti eftir.

[10:50]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni árétta það að hér er um að ræða nefndarálit sérfræðinga sem skipaðir voru til starfa af fyrrv. heilbrrh. Það er að mínu mati óheppilegt ef menn efna hér til efnisumræðu um skýrsluna að hæstv. heilbrrh. fjarverandi. Það er beinlínis rangt að þetta álit endurspegli einhvern hug stjórnvalda vegna þess að pólitísk umfjöllun um það hefur engin farið fram. Og að því er varðar gagnrýni á málsmeðferðina, þá hafa menn fundið að því að skýrslan hafi ekki fyrst verið send hv. alþm. Það má vel vera að sú gagnrýni eigi rétt á sér, en ég vil leyfa mér að ætla að ef hæstv. heilbrrh. hefði stungið þessu sérfræðinganefndaráliti undir stól hefði það ekki síður þótt gagnrýnivert. Og með hliðsjón af nýjum lögum og nýjum viðhorfum um opna stjórnsýslu, þá er ég ekki viss um að þetta sé svo mjög gagnrýnivert vegna þess að réttur Alþingis til þess að fjalla um þessa skýrslu hefur að sjálfsögðu ekki verið af því tekinn. Að sjálfsögðu verður þetta mál rætt fyrst í ríkisstjórn og

væntanlega á Alþingi og er þingmönnum í lófa lagið að tryggja það. Ég hygg að það séu mörg fordæmi fyrir því að sérfræðinganefndarálit af þessu tagi hafi verið birt með þessum hætti, jafnvel áður en pólitísk afstaða hefur verið tekin til þeirra þannig að ég tel þessa umræðu um efni málsins ótímabæra, virðulegi forseti.

[10:52]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar umræðu sem hér hefur orðið um skýrslu sem var kynnt fjölmiðlum í gær þá hlýt ég að lýsa undrun minni á slíkum vinnubrögðum að þingmenn skuli a.m.k. ekki hafa fengið þessa pappíra á sama tíma eða um leið og fulltrúar fjölmiðlanna. En það sem hins vegar hefur vakið athygli mína af þeim fréttum sem ég hef séð af þessu er að þetta ágæta fólk sem hefur unnið að þessari skýrslugerð og gerir tillögur um mjög róttæka uppstokkun og breytingar á skipan sjúkrahúsakerfisins í landinu er sama fólkið og allt til þessa dags hefur verið að vinna að uppbyggingu og skipulagningu á þeim heilbrigðisstofnunum sem nú er lagt til að leggja af starfsemi sem þar er veitt. Þannig að ég hlýt að lýsa mikilli undrun og furðu á þvílíkum vinnubrögðum sem hér koma fram.

[10:53]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. ber af sér að hér sé um nokkra pólitíska stefnumótun að ræða. Hér sé um að ræða einhverja sjálfvirka nefnd embættismanna sem er helst á honum að skilja að hafi nánast tekið það upp hjá sjálfri sér að vinna þetta og kynna.

Nú skulum við segja að það hafi verið af einhverju frumhlaupi þessarar nefndar að þetta var kynnt í fjölmiðlum í gær með blaðamannafundi. En þá vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. á hvers vegum er þá nefndin að fara af stað með kynningarferð um allt land á efni þessarar skýrslu. Tók nefndin það upp hjá sjálfri sér eða hver ber ábyrgð á þeirri kynningarferð, á því ferðalagi öllu?

Þetta mál er að verða með þvílíkum ólíkindum að við hljótum að krefjast þess að ríkisstjórnin upplýsi nánar hvað hér er að gerast. Er þetta eitthvert einkaframtak þessarar nefndar sem nú ætlar að ferðast um landið og kynna þessa niðurstöðu eða er nefndin á ferðinni í umboði ríkisstjórnarinnar til þess að kynna nýja stefnumótun í heilbrigðismálum. Þetta er spurning sem við hljótum að krefjast að fá svar við.

[10:54]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hefur verið fullyrt að það sé ekki nein pólitík í þessu nefndaráliti, hér séu aðeins sérfræðingar sem hafi verið að vinna. Ekki veit ég það hvort þetta séu allt aðilar sem engar skoðanir hafi á pólitík sem sitja í nefndinni, ég hef ekki þekkingu til að kveða upp úr um það, en mér finnst óeðlilegt annað en erindisbréfið sem nefndin fékk verði afhent þinginu og það strax vegna þess að niðurstaða nefndarinnar er nákvæmlega sú sama og hæstv. fyrrv. heilbrrh. boðaði að væri hið eina rétta sem ætti að gera á Íslandi. Reyndar hafði hann Akureyri með upp á punt því það er nokkurs konar tískuorð að taka Akureyri með þegar menn vilja skipta landinu í tvö svæði og halda því fram að Akureyri sé höfuðborg fyrir dreifbýlið en Reykjavík sé höfuðborg — fyrir hvað? Ég veit ekki hvað, ef sú stefna er rétt. En hæstv. ráðherra fullyrðir hér að þetta sé allt sérfræðingalið sem þarna hafi unnið og ég skora á hæstv. ráðherra utanríkismála að tryggja það að erindisbréfið berist þinginu strax. Hvaða erindisbréf var þessari nefnd sett? Var henni fyrst sagt að vinna sitt verk og leggja svo af stað eins og trúboðar um landið?

[10:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram. Ég eins og aðrir heyrði útdrátt úr þessari skýrslu í gærkvöldi í fréttum og þessi skýrsla hefur ekki enn borist þingmönnum í þeirra hólf.

Ég vil koma því á framfæri hér og nú að það sem gert hefur verið í tíð þessarar ríkisstjórnar í sjúkrahúsmálum, aðallega hér í Reykjavík, hefur ekki reynst vera til góðs og nú sýnist mér að í þessari skýrslu eigi að fara að beita svipuðum vinnubrögðum í sjúkrahúsum úti á landi. Ég mótmæli því að þessum heilbrigðisráðherrum hér, þó að þeir skipti um á tveggja ára fresti, leyfist að koma með svona hugmyndir.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Einn hv. þm. hefur óskað eftir því að ræða hér undir þessum lið um annað mál, en samkvæmt 50. gr. þingskapa er ekki hægt að ræða um störf þingsins nema í upphafi fundar og þá í 20 mínútur í senn. Hv. þm. hefur því miður ekki möguleika á að gera athugasemdir við störf þingsins samkvæmt þessari málsgrein.

Skýrsla umboðsmanns Alþingis.

[10:59]

Salome Þorkelsdóttir:

Hæstv. forseti. Áður en frsm. hv. allshn., sem haft hefur skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1992 til athugunar, gerir grein fyrir umfjöllun nefndarinnar vil ég fyrir hönd forsætisnefndar segja nokkur orð.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, ber umboðsmanni að gefa Alþingi árlega skýrslu um starfsemi sína á liðnu almanaksári.

Sú skýrsla sem hér liggur fyrir er hin fimmta sem umboðsmaður sendi frá sér. Hún er jafnframt sú viðamesta, um 360 blaðsíður, en fyrsta skýrsla umboðsmanns fyrir árið 1988 var 50 blaðsíður. Er það táknrænt fyrir þá aukningu sem orðið hefur í starfi umboðsmannsins síðan hann hóf störf.

Sá háttur var tekinn upp í fyrra, að nokkru samkvæmt fyrirmynd frá öðrum norrænum þjóðþingum en embætti umboðsmanns er einmitt norrænt að uppruna, að forsætisnefnd vísaði skýrslu umboðsmannsins til allshn. Var það gert í því skyni að auka umræðu um skýrsluna á hv. Alþingi þannig að hún einskorðaðist

ekki við þingsalinn og þá umræðu sem hér fer fram heldur ættu alþingismenn kost á því að fara vandlega yfir skýrsluna og ef svo ber undir að ræða við umboðsmann um efni hennar á nefndarfundi. Ég hygg að þetta fyrirkomulag hafi gefist vel og muni verða áfram við lýði nema Alþingi setji síðar á fót einhvers konar eftirlitsnefnd þingsins með framkvæmdarvaldinu svo sem tíðkast í sumum löndum hér í kringum okkur en þá mundi skýrsla um störf umboðsmanns einmitt falla undir slíka nefnd.

Forsætisnefnd sá ástæðu til þess í bréfi til allshn. vorið 1992 að taka það sérstaklega fram við nefndina að óska eftir því að hún fjallaði almennt um skýrsluna og störf umboðsmanns, en ekki um einstök mál nema þau gefi tilefni til almennra hugleiðinga um störf umboðsmannsins og stjórnsýsluna. Þessi ósk á ekki síður við um þessa umræðu sem hér fer af stað og eftir athugun nefndarinnar í fyrra og umræðurnar hér í þingsalnum er fyllsta ástæða til að ætla að þingmenn fjalli um skýrsluna á þennan hátt.

Embætti umboðsmanns Alþingis er önnur tveggja eftirlitsstofnana Alþingis með framkvæmdarvaldinu og gegnir sem slík veigamiklu hlutverki. Ég vil við þetta tækifæri láta í ljós ánægju með störf umboðsmanns og þakklæti til dr. Gauks Jörundssonar. Starf hans hefur verið farsælt og mikil fengur fyrir Alþingi og reyndar stjórnsýsluna líka að hann fékkst til þess að taka þetta starf að sér og móta það. Á Alþingi hvílir þar á móti sú skylda að standa við bakið á umboðsmanni í þeim málum sem hann leggur áherslu á að fá úrbætur í og hefur forsætisnefnd nýlega rætt um það á fundum sínum með hvaða hætti það mætti betur gera en verið hefur.

Þá tel ég líka miklu skipta að umboðsmaður fái þær fjárveitingar til reksturs embættis síns sem hann telur nauðsynlegar. Ef þær eru ekki nægar samkvæmt fjárlaga- og fjáraukalagafrv. verður Alþingi að taka myndarlega á því máli.

Þessi orð, hæstv. forseti, vildi ég mæla fyrir hönd forsætisnefndar áður en umræðan um skýrslu umboðsmannsins hefst.

[11:03]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Fyrir hönd allshn. fylgi ég úr hlaði skýrslu um störf umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1992. Umboðsmaður Alþingis hóf störf 1. jan. 1988 og hefur dr. Gaukur Jörundsson gegnt embættinu frá upphafi. Á skrifstofu umboðsmanns starfa nú auk dr. Gauks þrír starfsmenn. Þá eru ráðnir menn til að vinna einstök verkefni.

Hlutverk umboðsmanns Alþingis er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnvöldum landsins. Umboðsmaður Alþingis skal gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft og að stjórnsýslan fari að öðru leyti fram í samræmi við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

Hinn 10. nóv. sl. komu umboðsmaður og tveir starfsmenn hans á fund hv. allshn. og var þar rætt um skýrsluna sem hér er kynnt. Var það í annað sinn sem nefndin efndi til slíks fundar með umboðsmanni. Er það mat þeirra sem þátt hafa tekið í fundunum að þessi háttur á samskiptum umboðsmanns og Alþingis um efnisatriði í starfi hans sé báðum aðilum til gagns. Í umræðum á fundum allshn. kom fram að heppilegt væri að taka skýrslu umboðsmanns til umræðu á haustfundum Alþingis. Á þeim tíma gæfist betra tóm til að huga að skýrslunni en þegar drægi að þinglokum að vori. Er það tillaga allshn. og umboðsmanns að forsætisnefnd Alþingis beiti sér fyrir breytingum á starfsreglum umboðsmanns frá 1988 á þann veg að úr þeim sé fellt ákvæði 12. gr. um að umboðsmaður skuli skila Alþingi skýrslu sinni fyrir 1. mars ár hvert og við það miðað að skýrslan berist fyrir 1. sept. þannig að þingmenn fái skýrsluna á hausti um það bil sem þingstörf eru að hefjast. Með því vinnst ekki aðeins að umræður um skýrsluna á Alþingi fari fram utan mesta annatíma þingnefnda og Alþingis heldur einnig hitt að umboðsmaður getur gefið fyllri upplýsingar um úrlausn þeirra mála sem til hans kasta koma. Frestun á lokafrágangi skýrslunnar leiðir þannig m.a. til þess að unnt er að birta í henni upplýsingar um viðbrögð stjórnvalda við ályktun umboðsmanns og gera grein fyrir þeim í sömu ársskýrslu og álitin birtast. Er allshn. sammála því mati umboðsmanns að þessi tilhögun gefi Alþingi betra yfirlit yfir störfin hjá umboðsmanni Alþingis en ella. Erindi um þetta efni liggur fyrir hv. forsætisnefnd Alþingis og er hér með hvatt til þess að því verði svarað með því að fella verklagsregluna í 12. gr. reglna um störf og starfshætti umboðsmanns niður.

Forsætisnefnd hefur tekið upp þann hátt eins og hv. 2. þm. Reykn., hæstv. forseti Alþingis, gerði grein fyrir hér áðan, að senda allshn. þau álit umboðsmanns þar sem hann telur vera um meinbugi á lögum að ræða. Samkvæmt 11. gr. laganna um umboðsmann Alþingis skal hann tilkynna Alþingi og jafnframt hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn eftir því sem við á ef hann verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum. Erindi af þessu tagi eru nú eins og áður sagði send til allshn. Nefndin hefur falið ritara sínum að semja útdrátt úr þessum málum og kynna nefndarmönnum þau atriði úr áliti umboðsmanns sem lúta beint að meinbugum á gildandi lögum. Hefur nefndin nú útdrætti úr fimm slíkum málum í gögnum sínum en eins og segir í skýrslu umboðsmanns fyrir árið 1992 eru þar sex mál þar sem bent er á meinbugi í lögum. Hér skulu þessi mál ekki rakin sérstaklega enda er það eins og kom fram í máli hæstv. forseta Alþingis í upphafi þessara umræðna ekki tilgangurinn með yfirferð allshn. yfir skýrslu umboðsmanns að þessu sinni eða með þessari almennu skýrslugjöf að fjalla um einstök málefni sem í skýrslunni eru rakin nema tilefni gefist til, heldur er tilgangur þessara umræðna að benda á hin almennu atriði sem fram koma í skýrslunni.

Í umræðum og viðræðum allshn. við umboðsmann og starfsmenn hans nú 10. nóv. sl. var varpað fram ýmsum spurningum sem vakna og vöknuðu hjá nefndarmönnum við lestur skýrslunnar. Bar þar m.a. á góma hvort í löggjöf hafi verið gengið of langt á þeirri braut að heimila alls kyns opinberum eftirlitsstofnunum að

kanna og afla upplýsinga um einkahagi manna, t.d. með því að fara inn í hús þeirra. Sérstaklega væri þetta varhugavert ef viðkomandi stofnunum væri veitt slíkt vald án þess að borgararnir hefðu rétt til þess að bera framkvæmdina undir þriðja aðila.

Ríkisstjórnin hefur boðað að á hennar vegum sé unnið að því að samhæfa og jafnvel sameina ýmiss konar opinberar eftirlitsstofnanir. Er fyllsta ástæða til að hvetja ríkisstjórnina til að líta ekki aðeins á fjárhagslega hagkvæmni við það starf heldur láta einnig kanna aðra þætti eftirlitsstarfseminnar með það í huga hvort umfang hennar og framkvæmd kunni að brjóta í bága við friðhelgi einkalífsins eða aðra grundvallarþætti þegar litið er til mannréttinda. Vil ég þá gera þingmönnum nokkra grein fyrir efni skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1992 en skýrslan skiptist í fimm kafla.

I. kaflinn fjallar um störf umboðsmanns Alþingis og rekstur skrifstofu hans á sl. ári. Í II. kafla eru töflur og tölfræðilegar upplýsingar um þau mál sem hann kannaði 1992. Í III. kafla eru birtar niðurstöður um álit í málum sem hann afgreiddi á árinu og ástæða þótti til að gera sérstaka grein fyrir í skýrslunni. Þar eru þó aðeins tekin með þau mál sem hafa almenna þýðingu fyrir starf umboðsmanns og starfshætti í stjórnsýslu. Í IV. kafla er gerð grein fyrir framvindu mála sem fjallað var um í skýrslum hans fyrir 1988–1991. V. kaflinn geymir skrár yfir atriðisorð og lagatilvitnanir.

Á árinu 1992 voru skráð 194 ný mál. Skráð mál á grundvelli kvartana sem bornar voru fram voru 190, en fjögur mál tók umboðsmaður upp að eigin frumkvæði. Í upphafi ársins 1992 var 83 málum frá fyrra ári ólokið. Alls fjallaði umboðsmaður því á árinu 1992 um 277 mál og af þeim höfðu 185 hlotið afgreiðslu um áramótin 1992–1993. Þær tölur sem hér hafa verið nefndar eiga þó aðeins við um þau mál sem eru formlega skráð í tilefni af skriflegri kvörtun eða umboðsmaður hefur tekið upp á sitt eigið frumkvæði.

Rétt er að vekja athygli á því að á bls. 9 í skýrslunni tekur umboðsmaður fram að mikið sé um að menn hringi eða komi á skrifstofu hans og beri upp mál sín og leiti upplýsinga. Er þá oft greitt úr málum með skýringum eða með því að koma þeim í réttan farveg innan stjórnsýslunnar án þess að þessi mál séu skráð. Fram kemur í skýrslunni að þessi þáttur í starfsemi umboðsmanns sé tímafrekur. Í skýrslu sinni fyrir síðasta ár vekur umboðsmaður athygli á einum þætti í stjórnsýslunni sem honum finnst sérstök ástæða til að beina til okkar alþingismanna. Þetta eru ekki nýmæli. Umboðsmaður hefur í skýrslum sínum gjarnan tekið fyrir einstök málefni og beint því til þingmanna og löggjafarvaldsins varðandi umbætur í lagasetningu og er þar skemmst að minnast ábendingu umboðsmanns varðandi setningu stjórnsýslulaga. Á nauðsyn þess hefur verið minnst í skýrslum umboðsmanns á undanförnum árum en eins og kunnugt er samþykkti Alþingi á síðasta ári ný stjórnsýslulög þannig að þar telur umboðsmaður að hafi verið stigið mjög mikilvægt skref til þess að auðvelda borgurunum öll samskipti við stjórnsýsluaðila og þar með þarf umboðsmaður ekki lengur að vekja athygli á þeim þætti í skýrslum sínum. Einnig hefur umboðsmaður hvatt til þess að hugað verði að lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu í skýrslum sínum vegna þess misræmis sem kynni að gæta varðandi túlkun á íslenskum lögum og efni mannréttindasáttmálans. Eins og kunnugt er liggur fyrir þinginu og er til meðferðar hjá allshn. frv. til laga um lögfestingu á mannréttindasáttmála Evrópu þannig að umboðsmaður þarf ekki lengur að hvetja Alþingi til þess að huga að því máli.

Að þessu sinni vekur umboðsmaður sérstaka athygli á nauðsyn lagaheimilda við töku þjónustugjalda. Á bls. 9 í skýrslu umboðsmanns Alþingis vekur hann sérstaka athygli á kvörtunum sem honum hafa borist í tilefni af gjaldtöku og skattheimtu. Umboðsmaður tekur ekki afstöðu til þess hvort og þá í hvaða tilvikum eigi að taka gjöld og skatta. Það er hins vegar eitt af hlutverkum hans að hafa eftirlit með því að gjaldtaka og skattheimta stjórnvalda fari fram með stjórnskipulega réttum hætti. Ábendingar þær sem þar koma fram eru ekki aðeins þarfar fyrir stjórnvöld heldur einnig fyrir okkur þingmenn. Samkvæmt stjórnskipun okkar liggur ákvörðunarvaldið um það hvort taka skuli skatta eða þjónustugjöld hjá Alþingi. Stjórnvöldum er því almennt óheimilt að taka þjónustugjöld nema til þess liggi lagaheimild. Í skýrslu umboðsmanns Alþingis á bls. 9 segir orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Um gjaldtöku, eða töku svonefndra „þjónustugjalda", verður að ganga út frá þeirri grundvallarreglu að almenningur þurfi ekki að greiða sérstakt gjald fyrir afgreiðslu eða úrlausn stjórnvalda nema heimild sé í lögum til heimtu gjalds. Þá er það meginregla að lög þurfi að setja til að gjald megi taka fyrir þjónustu sem hefur verið veitt almenningi að kostnaðarlausu eða byggt hefur verið á í lögum að veita skuli endurgjaldslaust.

Þar sem heimild er í lögum til að taka gjald fyrir opinbera þjónustu verður að gæta þess við ákvörðun fjárhæða gjaldanna að þau séu ekki hærri en sá kostnaður sem almennt hlýst af því að veita umrædda þjónustu. Forsenda þess að stjórnvöldum sé heimilt að taka hærri fjárhæð fyrir opinbera þjónustu, sem lið í almennri tekjuöflun ríkisins, er sú að fyrir sé að fara skattlagningarheimild í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar, þ.e. að í lögum sé m.a. kveðið á um skattskyldu og skattstofn og þar séu reglur um ákvörðun umrædds skatts."

Hér lýkur tilvitnun í skýrslu umboðsmanns en þar kemur sem sagt fram þessi almenna ábending til okkar alþingismanna að þessu sinni að það þurfi að huga betur en gert hefur verið að setningu laga og lagaheimildum varðandi álagningu gjalda og skatta. Þetta kemur heim og saman, frú forseti, við skýrslu sem dreift hefur verið til þingmanna og heitir Skýrsla nefndar um skattamál og er frá Félagi löggiltra endurskoðenda frá því í nóvember á þessu ári, en þar er einmitt vikið að þessum sama vanda. Þeim vanda að tilurð skattalaga og afgreiðslu Alþingis á skattamálum kunni að vera ábótavant. Með leyfi forseta vil ég fá að vitna í þá skýrslu þar sem segir:

„Almennt má segja að skattalög séu flókin og torskilin fyrir allan þorra fólks og þar með þorra þingmanna. Treysta þeir í flestum tilvikum á fulltrúa sína í viðkomandi þingnefndum til að móta afstöðu til einstakra mála. Nefndarmenn fá síðan oftast embættismenn til að útskýra drög að lagatexta eða aðstoð þeirra við að koma hugsunum sínum og stefnumiðum í endanlegan lagabúning. Þegar athugasemdir með lagafrumvörpum og umræður á Alþingi eru virtar virðist megináherslan lögð á umræður um skattbyrði einstaklinga en minna fer fyrir alvarlegri umræðu um skattlagingu atvinnurekstursins. Þegar horft er til þess hvaða sérfræðinga viðkomandi þingnefndir hafa haft sér til halds og trausts er reynslan sú að þar fari mest fyrir embættismönnum og ráðuneytum og frá embætti ríkisskattstjóra.

Dæmi eru um að skattalögum og reglugerðum hafi verið breytt eftir að úrskurðir í skattamálum hafa gengið ríkisvaldinu í óhag. Ekki verður séð að gagnrýnin umræða hafi farið fram eða að sjónarmið atvinnulífsins hafi vegið jafnmikið og sjónarmið ríkisvaldsins við þessar breytingar. Þá virðist það reglan fremur en hitt að skattafrumvörp séu samin í miklum tímaskorti og lögð þannig fyrir ríkisstjórn. Frumvörpin eru gjarnan keyrð í gegnum þingið á hámarkshraða rétt fyrir þinglok. Fer ekki hjá því að mörg missmíð líti dagsins ljós við þessi vinnubrögð og að vikið sé frá þeim meginsjónarmiðum sem lágu til grundvallar upphaflegum lagabálki. Vinnubrögð sem þessi eru áhyggjuefni, þ.e. tilurð frumvarpanna, einhæfar umsagnir um þau, tímaskorturinn og vandi þingmanna og þingnefndarmanna við að skilja flókinn lagatexta og einangraðar breytingar á honum."

Þetta segir í þessari skýrslu frá endurskoðendum og þar segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Í Áliti — tímariti löggiltra endurskoðenda, 2. tbl. 1993, bls. 14–15, komst Indriði H. Þorlaksson, skrifstofustjóri fjmrn., svo að orði í grein sem hann ritaði um skattamál:

„Krísupakkasmiðir úti um allan bæ sitja með sveittan skallann dag og nótt í nokkrar vikur við það að yfirbjóða hver annan með hugmyndum um skattabreytingar. Þær enda svo á borði ríkisstjórnar og Alþingis nánast sem úrslitakostir sem framkvæmdarvaldinu er gert að taka eða hafna og lítt hirt um löggjafarvaldið sem fær það hlutverk að lögfesta ákvörðun þeirra sem valdið hafa. Vegna skorts á öguðum vinnubrögðum í stjórnsýslu og ómarkvissra stefnumótunar pólitísku flokkanna hljóta þessar tillögur litla sem enga efnislega meðferð og má þakka fyrir ef takast má að skera úr pökkunum verstu ambögurnar.

Engan þarf að undra að með þessum vinnubrögðum gangi seint að móta heilsteypt og markvisst skattkerfi. Niðurstaða þeirra getur ekki orðið annað en illa bætt flík. Það er auðvelt að líta til baka og benda á þær mislitu bætur sem settar hafa verið á skattkerfið með þessum eða áþekkum hætti á undanförnum árum, þó sem betur fer hafi einnig ýmislegt jákvætt áunnist."

Litlu síðar (bls. 15) í grein sinni skrifaði Indriði:

„Það sem ég vil undirstrika er það að við erum á hálum ís í þessu efni. Skilyrði þess að hér verði haldið áfram að þróa vitrænt skattkerfi er að við gefum okkur tíma og leggjum á okkur það ómak að hugsa og undirbúa þær breytingar sem gera þarf á skattkerfinu til að það standist þær kröfur sem gera verður til þess og uppfylli þau markmið sem því eru sett."

Síðan segir í þessari skýrslu endurskoðendanna að lokum, virðulegi forseti:

„Með hliðsjón af því sem að framan greinir telur nefndin ástæðu til að vekja sérstaka athygli á nauðsyn þess að vanda vinnubrögð við undirbúning skattalaga og val á umsagnaraðilum því þau varða með beinum hætti hvern einasta þegn og lögaðila landsins."

Ég sé ekki betur heldur en þessi skýrsla endurskoðenda falli mjög saman við þær athugasemdir sem gerðar eru í skýrslu umboðsmanns varðandi lagaheimildir fyrir gjaldtöku og varðandi skattheimtu í landinu og sýnist fyllsta ástæða til þess að hafa þessi ummæli til hliðsjónar þegar við fjöllum um þessa skýrslu og þær almennu ábendingar sem fram koma í skýrslunni til okkar alþingismanna vegna okkar starfa og þær athugasemdir sérstöku sem hann gerir að þessu sinni vegna gjaldtöku og skattheimtu.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa framsöguræðu mína lengri að þessu sinni. Ég mun ekki nema tilefni gefist til þess fjalla um einstök málefni sem um var getið í skýrslunni. Einstök málefni koma ekki til meðferðar í allshn. en að sjálfsögðu er ég reiðubúinn til að taka þátt í umræðum um þau og vissulega er ástæða til þess í þingsalnum að ræða einstök mál sem umboðsmaður fjallar um. Ég lít ekki á það sem hlutverk mitt sem framsögumaður allshn. að gera það þar sem nefndin tók ekki afstöðu til einstakra mála heldur hefur fjallað um þetta almennt í störfum sínum, fyrir utan þau mál sem til hennar hefur verið vísað og ég nefndi þar sem umboðsmaður telur um meinbugi á lögum að ræða og það sem nefndin þarf að sinna betur og huga betur að því hvernig hún tekur á þeim málum og verða starfsreglur um það mótaðar í nefndinni. Vafalaust mun nefndin kalla fyrir sig embættismenn úr þeim ráðuneytum sem þarna eiga í hlut og væntanlega gera tillögur um breytingar á lögum sjálf eða beina því til viðkomandi ráðherra að þeir beiti sér fyrir þeim lagabreytingum sem nauðsynlegar kunna að reynast eftir athugun nefndarinnar.

Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir þessu máli fyrir hönd allshn.

[11:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til þess að veita andsvar við ræðu hv. 3. þm. Reykv. vegna þeirra orða sem hann lét falla um athugasemdir umboðsmanns Alþingis sem eru á bls. 9 í skýrslunni þar sem hann talar um kvartanir sem margar hafi borist til sín á árinu á undan og áréttar grundvallarreglur um skatta og gjöld.

Þar segir m.a.: „Þar sem heimilt er í lögum að taka gjald fyrir opinbera þjónustu verður að gæta þess við ákvörðun fjárhæða gjaldanna að þau séu ekki hærri en sá kostnaður sem almennt hlýst af þeim og af því að veita umrædda þjónustu."

Ég vil vekja athygli á því að það var samþykkt þáltill. á síðasta þingi sem fjallar um þetta efni og hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram endurskoðun á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Markmið endurskoðunarinnar verði að gera skýran greinarmun á skattheimtu og gjaldtöku fyrir veitta þjónustu sem hið opinbera ákveður að innheimta. Skal við það miðað að þjónustugjöld sem innheimt eru vegna tiltekinnar þjónustu séu metin sem hlutdeild í þeim kostnaði sem af þjónustunni hlýst eða hluti þess kostnaðar en aldrei hærri. Ákveði hið opinbera að leggja gjald á tiltekna þjónustu umfram kostnaðinn við að veita hana skal koma skýrt fram við innheimtu hve há slík skattlagning er."

Það er kannski ástæða til þess að spyrja af þessu tilefni hæstv. fjmrh. hvernig miði þeirri endurskoðun sem þarna var samþykkt með þessari þáltill. og fjallar beint um það efni sem hér er gagnrýnt af umboðsmanni Alþingis. Áður en menn ákveða að flytja lagabreytingar af þessu tilefni hljóta menn að skoða hvað kemur út úr þeirri endurskoðun sem Alþingi ákvað með þessari þáltill. í fyrra.

Útbýting þingskjala:

Barnaverndarráð, 230. mál, fsp. DH, þskj. 258.

Biðlaun opinberra starfsmanna, 161. mál, svar fjmrh., þskj. 250.

Reglugerð um vistun barna í sveit, 229. mál, fsp. DH, þskj. 257.

[11:24]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með virðulegum forseta Alþingis að sú mikla bók sem liggur hér fyrir ber þess glöggt vitni að starf umboðsmanns var nauðsynlegt og er orðið ákaflega viðamikið. Það er fróðlegt að kynna sér þau mörgu málefni sem þarna koma fyrir.

Þegar ég á sínum tíma lagði fyrir Alþingi frv. til laga um umboðsmann Alþingis var mér ljóst að stjórnsýslulög þyrftu að fylgja og lagði reyndar fram einnig frv. um stjórnsýslulög. Það náði ekki fram að ganga. Hins vegar hefur núv. hæstv. forsrh. lagt fram og fengið samþykkt slík lög og vil ég fagna því.

Mér er alveg ljóst að þetta tvennt þarf mjög að haldast í hendur. En ég vil einnig taka undir það sem kom fram áðan í upphafsorðum um þessa skýrslu frá virðulegum forseta að það kann að vera nauðsynlegt að setja á stofn einhvers konar siðanefnd sem fylgist með framkvæmd stjórnsýslulaga og framkvæmd á ýmsum úrskurðum umboðsmanns Alþingis. Reyndar hef ég verið nokkuð lengi þeirrar skoðunar að framkvæmdarvaldið ætti sjálft að setja sér eins konar siðareglur sem gangi jafnvel töluvert lengra en stjórnsýslulög út af fyrir sig ákveða, þurfi ekki að vera lögbundið en ættu þó að vera reglur sem stranglega er framfylgt. Ég vildi koma þessari hugmynd á framfæri.

En það er annað atriði sem þó varð til þess að ég bað um orðið og það er það sem kemur fram í inngangsorðum skýrslu umboðsmanns Alþingis þar sem hann ræðir um bréfaskriftir sínar við fjmrn. út af úrskurði um ólögmæta gjaldtöku, kemur fram á bls. 228 og 229 í skýrslunni. Skrifstofustjóri fjmrn. var að því spurður hvort gæti orðið um endurgreiðslu á þessari ólögmætu gjaldheimtu að ræða. Það kemur fram í svari skrifstofustjórans að umboðsmaðurinn er ekki dómstóll og því beri ráðuneytinu ekki skylda til að endurgreiða.

Síðan fara þarna á eftir nokkrar bréfaskriftir um þetta mál og ekki kemur fram hvort um endurgreiðslu hafi orðið að ræða en hins vegar að fjmrn. endurskoði sína gjörð að því leyti að það gaf út nýja reglugerð og að því er mér skilst felldi niður gjaldtöku fyrir tollskýrslur. Það er út af fyrir sig spor í rétta átt. En þarna vaknar sú spurning hvernig það verður leiðrétt sem ranglega var gert. Mig langar satt að segja, af því að hæstv. fjmrh. er hér, til fróðleiks að fá upplýst hvort um endurgreiðslu á þessari ólögmætu skattheimtu eða gjaldtöku varð að ræða í raun. Báðu einhverjir um slíka endurgreiðslu?

Ég get reyndar nefnt fleiri slík mál. Ég sá t.d. nýlega úrskurð umboðsmanns Alþingis, sem reyndar er á þessu ári, frá því í ágúst sl., og varðar þá ákvörðun hæstv. utanrrh. að meina fyrirtæki sem hafði annast sorphreinsun fyrir varnarliðið að bjóða í það verk þegar samningurinn kom til endurnýjunar. Umboðsmaður Alþingis úrskurðar að hér hafi verið um óeðlilega valdbeitingu að ræða, þ.e. hæstv. utanrrh. eða menn í hans umboði ákváðu svo að varnarliðið skyldi semja við nýjan aðila um þessa sorphreinsun og meinuðu þrátt fyrir beiðni þeim sem var með sorphreinsun áður að bjóða í það verk. Úrskurður umboðsmanns er mjög skýr og raunar mætti kalla að úrskurðurinn sé að þar er um valdníðslu að ræða.

Mig langar einnig, fyrst hæstv. utanrrh. er hér staddur, að spyrja hann hvort hann sjái ekki sóma sinn í því að leiðrétta þetta og óska eftir því við varnarliðið að þetta verk verði þegar boðið út. Vitanlega er það sú eina siðferðislega gjörð sem getur leiðrétt það sem þarna var ranglega gert. Þetta vekur jafnframt upp þá almennu spurningu hvernig Alþingi ætlar að sjá til þess að leiðrétt verði aftur í tímann það sem ranglega hefur verið gert. Mundi það falla undir slíka siðferðisnefnd sem virðulegi forseti nefndi áðan eða er ekki orðin ástæða til að hv. allshn. skoði málin einnig út frá þessum sjónarhóli? Vildi ég gjarnan heyra svör hv. formanns nefndarinnar við þeirri spurningu.

[11:30]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir greinargóða kynningu á skýrslu umboðsmanns Alþingis. Ég velti því hins vegar fyrir mér hvort það væri ástæða til þess að taka upp þá spurningu hvort Alþingi ætti að gefa umboðsmanni sjálfum tækifæri til að gera alþingismönnum öllum, ekki einungis allshn., grein fyrir störfum sínum með formlegum hætti, ekki einungis í skýrsluformi, heldur á ég þá við að um einhver skoðanaskipti gæti orðið að ræða.

Ég tek það fram að umræðan innan allshn. er góðra

gjalda verð og mjög fróðleg að mínu mati. Ég er svo heppin að koma að þeirri umræðu en þar sem athyglisverðar upplýsingar komu fram bæði í skýrslu umboðsmanns og einkum í þessari umræðu um störf Alþingis í heild og ýmissa nefnda annarra en allshn. þá velti ég þessu fyrir mér í fullri alvöru. Ég bendi á að það er til margs konar útfærsla á þessu atriði í öðrum þjóðþingum.

Ég held að það hafi komið fram nú þegar í þessari umræðu að þau mál er umboðsmaður hefur til umfjöllunar varða störf okkar alþingismanna ekki síður en ýmissa ráðuneyta og þá einkum lagasetningu sem átt hefur sér stað, þar með talið á hvern hátt best megi haga umfjöllun ýmissa þingnefnda. Þessar ábendingar eru þarflegar til skoðunar. Það gæti jafnvel komið til í einhverjum tilvikum að ástæða væri til frumkvæðis þingnefnda að taka upp einstök mál í framhaldi af ábendingum umboðsmanns ef frumkvæði kemur ekki frá framkvæmdarvaldi. Í umræðu allshn. með umboðsmanni og starfsfólki hans kom m.a. fram að í a.m.k. fimm tilvikum hafa úrskurðir umboðsmanns nú að undanförnu leitt til þess að mál hafa gengið áfram til dómstóla og þetta finnst mér út af fyrir sig líka mjög íhugunarvert. Ég vil vegna forms umræðunnar taka það fram að það á ekki heima að rekja það neitt ítarlega hér hver slík mál eru. Í einhverjum tilvikum væri það þarflegt undir einhverjum formerkjum að hafa tækifæri fyrir fleiri alþingismenn heldur en fulltrúa í allshn. að ræða hver slík mál eru og hvað það er sem sérstaklega er um að ræða.

Annað atriði ekki síður umhugsunarvert finnst mér vera að það er staðreynd að í a.m.k. einu tilviki eftir því sem umræða var í allshn. hefur opinber aðili hunsað álit umboðsmanns. Þetta er auðvitað alvarlegt og okkur vantar e.t.v. möguleika á því að fylgja eftir með einhverjum hætti málum þegar slíkt gerist. Það fylgdi raunar sögunni að vonandi væri þetta allt á misskilningi byggt en engu að síður finnst mér þetta vera alvarlegt mál. Þetta eru þau fyrstu atriði sem mér finnst ástæða til að drepa hér á.

Það sem kannski er ástæða til að gera að meginatriði í þessari umræðu eru þau atriði sem hv. 3. þm. Reykv. benti á og varða þjónustugjöld og skatta. Ég tel að það komi mjög glöggt fram í skýrslu umboðsmanns að þetta er vaxandi umkvörtunarefni og þessum orðum er ekki síst beint til alþingismanna og ég hvet hv. þingmenn til þess að taka tillit til þessara ábendinga. Ég hlýt þó að benda á að sökin liggur ekki síst hjá framkvæmdarvaldinu og vil taka undir þá tilvitnun í skýrslu löggiltra endurskoðenda sem hv. 3. þm. Reykv. gerði að umtalsefni með mjög skemmtilegum hætti og þá ekki síst þar sem hann vék að tímaritsgrein Indriða H. Þorlákssonar í Áliti — tímariti löggiltra endurskoðenda.

Við þekkjum líklega flest lýsingu hliðstæða þeirri sem Indriði H. Þorláksson rekur í grein sinni þegar skattlagningarfrumvörp og önnur tekjuöflunarfrumvörp eru að birtast fram undir jól og ætlast til þess að þau séu afgeidd undir tímapressu. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt að mikilvæg mál séu afgreidd af vansvefta fólki sem hittir annað vansvefta fólk sem hefur verið að vasast í sömu málum. Slíkt á auðvitað ekki að líðast. En engu að síður hefur þetta verklag verið allt of lengi. Flestir virðast reka augun í þetta en enginn virðist hafa burði til þess að takast á við þetta af nokkurri alvöru og undir slíkum kringumstæðum er þingnefndum hreinlega gert ókleift að vinna sína vinnu sómasamlega.

Það er eitt annað efnisatriði sem mig langar að minnast á að lokum en það eru sérstaklega þau tilvik þar sem stofnanir eða ráðuneyti vísa erindum á milli sín og í raun er ekki glöggt á sviði hvers einstök erindi eru. Það er nauðsynlegt að mínu mati að kveða skýrar á um stöðu og verksvið stofnana og ráðuneyta. Ég held að það komi til kasta Alþingis í einhverjum þessum málum að sjá svo um að réttarstaða almennra borgara sé slík að borgarinn geti leitað til ákveðins aðila og þurfi ekki að eyða löngum tíma og kannski dýrmætum tíma í það að komast að því við hvern á að tala. Ég held að þetta sé sérstaklega mikilvægt samhliða því að hin nýju og gagnmerku stjórnsýslulög ganga í gildi til þess að þau nái fullkomlega tilgangi sínum. Það kom fram í umræðu í allshn. að þessi mál eru ekki fullkomlega í lagi og því hlýtur það að vera umhugsunarefni með hvaða hætti þarna er hægt að taka sérstaklega á.

Þessi orð læt ég nú vera þau sem ég sérstaklega vil færa inn í þessa umræðu en eftir því sem umræða þróast hér er mögulegt að ég komi aftur og fjalli um fleiri atriði er varða þessa skýrslu.

Ég vil að lokum taka undir það sem fram hefur komið hér að ég tel að embætti umboðsmanns Alþingis sé bæði mjög þarft og ég held að starf umboðsmanns hafi verið rækt með sóma. Það er ekki annað að sjá. Ég held að það sé almennt hægt að vera mjög ánægður með að þessi ákvörðun var tekin fyrir þó ekki mörgum árum að stofna þetta embætti og það hefur þegar sannað gildi sitt.

[11:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með þeim hafa tekið þátt í þessari umræðu að sú skýrsla sem hér liggur fyrir og er til umræðu er gagnleg og þær umræður sem um hana fara hljóta einnig að vera gagnlegar og ég vil jafnframt láta það koma fram í mínu máli að ég held að stofnun umboðsmanns Alþingis hafi á sínum tíma átt fullan rétt á sér og það hafi sýnt sig í störfum umboðsmannsins. Ég vil strax í upphafi þó segja af því að hv. 7. þm. Reykn. talaði tvívegis í sínu máli um úrskurð umboðsmanns, að það er auðvitað hinn mesti misskilningur að umboðsmaður úrskurði því að eins og hv. þm. réttilega las úr skýrslunni, áður en hann kom í ræðustólinn þegar á það var bent, þá stendur skýrum stöfum á bls. 9 af hálfu umboðsmanns sjálfs að hann kveður ekki upp úrskurði heldur lætur uppi álit og það er auðvitað mjög mikilvægt að menn geri mun á þessu tvennu.

Í 10. gr. laganna um umboðsmann Alþingis er frá þessu greint og um þetta varð umræða á sínum tíma þegar lögin voru samþykkt 1987. Þar er skýrt tekið

fram að umboðsmaður gefur álit um hvort athöfn stjórnvalda brjóti í bága við lög eða hvort annars hafi verið brotið gegn góðum stjórnsýsluháttum.

Það sem rekur mig hér í ræðustólinn er einkum það sem fjallað hefur verið um þjónustugjöld og skattamál og snýr að fjmrn. Umboðsmaður hefur valið það að setja í starfsskýrslu sína í I. kaflann nokkur atriði og gerir þar talsvert mikið annars vegar úr þjónustugjöldum og hins vegar úr ummælum skrifstofustjóra ráðuneytisins í dagblaði, en þar er á ferðinni sami skrifstofustjórinn og vitnað var til í ræðu frsm. allshn., Indriði Þorlákssonar. Ég vil einungis segja það af tilefni þess sem kemur fram varðandi 4. liðinn í I. kafla skýrslunnar að það mál er rakið ítarlega í þessari skýrslu og það kemur skýrt fram í þeirri rakningu, á bls. 228 til að mynda, að umboðsmanni var svarað. Málið var skýrt mjög rækilega og niðurstaða málsins í fullu samkomulagi við umboðsmann var sú að reglugerð var sett í málinu þannig að raunar finnst mér það nokkuð sérkennilegt að þetta mál sé tekið hér út úr nema fyrir eina sök sem er skýrð mjög vandlega í bréfaskiptum ráðuneytisins og umboðsmannsins að það nær auðvitað ekki átt og var alls ekki ætlunin að fyrir fram væri sagt af hálfu ráðuneytisins að ekki yrði farið að áliti umboðsmannsins. Sá misskilningur var leiðréttur og kom bæði fram í bréfi ráðuneytisins til umboðsmannsins og einnig síðar þegar málið fékk endanlega afgreiðslu.

Varðandi síðan þjónustugjöldin almennt, sem menn hafa rætt hér um, vil ég taka það fram að ég er sammála því sem kemur fram í 3. lið I. kaflans um störf umboðsmanns þar sem fjallað er um þjónustugjöldin og hvaða gjöld hið opinbera getur tekið af almenningi án þess að beinar lagaheimildir séu til og ég er sammála því og það hefur margoft komið fram í mínum ræðum á hinu háa Alþingi að þjónustugjöld eru gjöld sem auðvitað verða að svara til þess kostnaðar sem þjónustan kostar og um það er ekkert deilt. Ég vil taka það sérstaklega fram af þessu tilefni og ekki síst vegna þess að hv. 7. þm. Reykn. fjallaði um þessi mál hérna í ræðustólnum að það var einmitt í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sem gerð voru þau mistök sem ég vil kalla svo að gefin var út reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs þar sem þær voru hækkaðar mjög verulega og langt umfram það sem kostnaðurinn var af stjórnarathöfninni. Þessu var breytt og eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar var að setja lög um aukatekjur ríkissjóðs þannig að aukatekjurnar og innheimta þeirra byggðust á lögum en ekki reglugerðum. Ég vil taka það fram vegna umræðu sem hér hefur farið fram um endurgreiðslu að ráðuneytið hefur ekki fallist á samt sem áður á að greiða aftur þau gjöld sem tekin voru á þessu tímabili sem reglugerðin var í gildi nema að greitt hafi verið með fyrirvara. Og það eru nokkur dæmi þess að slíkar endurgreiðslur hafi átt sér stað, en við höfum ekki talið og viljum láta á það reyna fyrir dómstólum hvort aðrir sem greiddu eigi rétt á þessum endurgreiðslum og við teljum að fyrir stjórnsýsluna sé það ágætt að fá slíkt prófmál fram vegna þess að það er mjög mikilvægt fyrir framkvæmdarvaldið að vita hvar valdmörk þess liggja í þessum efnum. Ég vil þess vegna segja af þessu tilefni að ég veit ekki betur en það sé full samstaða og sami skilningur á milli fjmrn. og umboðsmanns Alþingis um þjónustugjöld og hvar mörk liggja á milli þjónustugjalda og skatta.

Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl., sem var fyrirspurn vegna þál. sem flutt var hér í fyrra og var samþykkt. Hv. þm. fékk svar. Það kemur í ljós að við höfum auðvitað ekki ráð á því í fjmrn. að gera alla hluti í einu, en það er að því stefnt að endurskoða þessa löggjöf eins og kom fram í mínu svari og vonandi getur það orðið síðar á þessu þingi þannig að frv. geti legið fyrir eftir jól. Það kom fram í svari mínu við fsp. sem flutt var hér í haust.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi hér fram þannig að öllum væri ljóst hver afstaða ráðuneytisins er og ég hef í sjálfu sér engar athugasemdir að gera. Hv. frsm. allshn. vék síðan að skýrslu sem Félag löggiltra endurskoðenda hefur dreift og ég vil nota þetta tækifæri fyrst sú skýrsla er notuð hér í framsöguræðu til þess að taka það skýrt fram að ég fagna mjög tilurð þessarar skýrslu. Ég hef fylgst með þessu starfi og ég vil láta það koma hér sérstaklega fram að ég tel það sem segir um tilurð skattalaga í skýrslunni vera merkilegt og ekki síst það sem haft er eftir téðum Indriða Þorlákssyni sem er sami skrifstofustjórinn sem var vitnað til í máli umboðsmanns í upphafskaflanum, I. kafla um störf umboðsmanns Alþingis. Ég tel að þessi skýrsla sé vel unnin. Tildrög þess að hún er gerð eru þau að það hefur farið fram skattaeftirlit á vegum ríkisskattstjóra sem skattumdæmin taka þátt í. Við þetta skatteftirlit hefur komið í ljós að það eru ýmsir brestir annars vegar í framtölum fyrirtækjanna en ekki síður í framkvæmd skattalaganna. Af því tilefni skipaði ég fyrir nokkrum vikum, mánuðum reyndar, nefnd undir forustu Indriða Þorlákssonar sem fer með þessi mál í ráðuneytinu með aðild tveggja fulltrúa löggiltra endurskoðenda og þar á meðal eins þeirra sem stendur að útgáfu þessarar skýrslu, þ.e. Árna Tómassonar, löggilts endurskoðanda. En Tryggvi Jónsson, löggiltur endurskoðandi á einnig sæti í nefndinni og ég vænti þess af þeirri nefnd að hún skili niðurstöðu í hlutum þannig að fyrst verði ráðist á þau efni sem brýnust eru og þau leyst og síðan koll af kolli.

Það kemur líka fram í skýrslu endurskoðendanna ýmislegt fleira sem ég ætla ekki að ræða hér enda koma þau atriði ekki beinlínis skýrslu umboðsmanns við.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram í þessari umræðu að það kæmi skýrt fram að þrátt fyrir það að umboðsmaður kjósi að taka í I. kaflann í 3. lið og 4. lið efni sem hafa verið á milli fjmrn. annars vegar og umboðsmanns hins vegar, þá hafa þessi mál að mínu viti verið farsællega leyst í alla staði með þeim hætti sem ég held að báðum aðilum geti verið til fulls sóma.

[11:50]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör

hans og lögfræðingnum fyrir leiðréttingu á úrskurði og áliti. Ég hygg hins vegar að þarna sé m.a. grundvöllurinn fyrir spurningu umboðsmanns sem kemur fram á bls. 228 í bréfi hans, að hann vill fá að vita hvort það sem haft er eftir skrifstofustjóranum þýði að ráðuneytið hyggist virða að vettugi álit umboðsmannsins. Þarna kann að vera nokkur ástæða til lagaskýringa. Nú er það vitanlega svo að í mörgum tilfellum er talað um úrskurði sem síðan er jafnvel beint til umboðsmanns að fjalla um. Í skýrslunni koma fram aftur og aftur úrskurðir tryggingaráðs sem síðan er vísað til umboðsmanns. Mér er því ljóst eins og hæstv. ráðherra að hvort sem um er að ræða álit eða úrskurð umboðsmanns þá er hann ekki sama og dómur, að sjálfsögðu ekki sama og dómur. Ég vona að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um það.

Ég vil einnig taka það skýrt fram að það skiptir mig engu máli hvenær sú reglugerð var sett sem umboðsmaður álítur ekki standast lög og ég fagnaði líka áðan að leiðrétt hefur verið. Ég get út af fyrir sig vel skilið að ekki er endurgreitt nema það sem hefur verið með fyrirvara greitt í upphafi. En mig langar þó til að vita hvort margar beiðnir um slíkar endurgreiðslur hafi komið fram og þá verið neitað á þeirri forsendu að ekki hafi verið um fyrirvara að ræða þegar greiðslan var innt af hendi.

[11:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst geta þess að hér er um tvö aðskilin mál að ræða. Annars vegar er kvörtun sem berst umboðsmanni og umboðsmaður skrifar til fjmrn. um tollskýrslur og töku á fjármunum fyrir tollskýrslublöð. Það mál var til umræðu vegna ummæla skrifstofustjóra ráðuneytisins. Hitt málið sem ég hef verið að minnast á er reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs sem síðan var breytt í lög um aukatekjur ríkissjóðs. Ég man ekki eftir því að menn hafi krafist endurgreiðslu vegna tollskýrslueyðublaðanna en það hefur borist nokkur fjöldi beiðna um að fá endurgreiðslur vegna þjónustugjaldanna sem byggðust á reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs og þeim hefur undantekningarlaust verið hafnað nema greitt hafi verið með fyrirvara. En ég vænti þess að það verði tekið upp prófmál í því efni því ég held að það sé afar gott fyrir framkvæmdarvaldið og fyrir fjmrn. og Alþingi að átta sig á því hvar mörkin liggja í þessum efnum.

Loks um lögfræðiálit mitt um það hvað sé úrskurður og hvað sé álit þá vil ég bara segja það í lokin að ég get varla kallað þetta lögfræðiálit því ég tek ekki krónu fyrir það.

[11:54]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. hans rausnarlega boð að taka ekki gjald fyrir. Það er mjög óvenjulegt af lögfræðingi. (**Gripið fram í:** Og fjármálaráðherra.)

[11:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hæstv. fjmrh. talaði einungis um hluta þess máls sem tekið er á í þeirri þáltill. sem rædd var hér áðan, þ.e. það að hann sagði að í undirbúningi væri breyting á lögunum um aukatekjur ríkissjóðs en nefndi ekki hvernig miðaði endurskoðuninni á gjaldtöku ríkisstofnana sem líka er samþykkt í þessari þingsályktun og ég veit að var ekki komin af stað að neinu marki í ráðuneytinu fyrir að minnsta kosti rúmum mánuði síðan, þá langar mig til að óska eftir því að hæstv. ráðherra geri þinginu grein fyrir því og það er full ástæða til þess vegna umræðunnar sem hefur farið hér fram að það komi skýrt fram hvort verið er að vinna að þessum málum, nákvæmlega þeim málum sem umboðsmaður Alþingis var að gera athugasemdir við í sinni skýrslu.

[11:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég ræddi aðeins hluta málsins, þann hluta málsins þó sem snýr beint að fjmrn. og hef reyndar gert það áður. Varðandi ríkisstofnanir, ef menn lesa 3. liðinn á bls. 9 í skýrslu umboðsmanns, þá les ég það úr þeim texta að það sé að sjálfsögðu heimilt fyrir stofnanir ríkisins að láta greiða fyrir þá þjónustu svo framarlega sem greiðslan svarar til kostnaðarins sem af þeirri þjónustu hlýst þó sjálfsagt með einhverjum skilyrðum sem skoða verður og þá einkum og sér í lagi hvernig lagaákvæði eru í hvert skipti. Ég get ekki hér og nú sagt hvar sú vinna stendur, hvort það er verið að fara nákvæmlega ofan í þetta hjá öllum ríkisstofnunum, en að sjálfsögðu mun fjmrn. skila sínum hluta af þeirri vinnu. Hún getur ekki hafist alveg strax eins og ég hef áður sagt en ég vænti þess að frv. um aukatekjur ríkissjóðs sem snýr að fjmrn. beint verði hægt að flytja síðar á þessu þingi.

[11:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það væri kannski ástæða til að fá þetta aðeins skýrara. Ég held að það hljóti að vera þannig að hæstv. ráðherrar viti hvaða verkefni eru í gangi í ráðuneytunum og hjá ríkisstofnunum og þessi þáltill. kveður á um það að endurskoðun eigi að fara fram á aukatekjum ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana. Það er samþykkt á hv. Alþingi. Í fjmrn. fékk ég þau svör í haust, og þá talaði ég við nefndan Indriða Þorláksson um það mál, að enn hefði ekki unnist tími til þess að fara að vinna í þessu máli en svar hans var á þá leið að hann taldi þetta mál vera á forræði ráðuneytisins. Ég stóð í þeirri meiningu í minni einfeldni að það mundi verða fjmrn. sem beindi þá tilmælum til annarra ríkisstofnana en þeirra sem heyra þá beint undir ráðuneytið að taka þátt í þessari endurskoðun. Nú spyr ég bara: Hvern á ég að spyrja um það hvernig þetta mál er statt ef ekki nægir að spyrja hæstv. fjmrh.?

[11:59]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að hér sé um mikilvæga umræðu að ræða og ástæða fyrir Alþingi að eyða nokkrum tíma í hana. Ég tel einnig að það hafi verið skynsamlegt að

taka þessa skýrslu til umræðu og að tímasetningin sé rétt. Hér er ekki um mikinn annatíma að ræða og eðlilegt að við gefum okkur góðan tíma til að ræða þessa skýrslu og hann gefst í dag.

Ég held að það hafi verið mjög rétt ákvörðun að stofna embætti umboðsmanns. Nú er það svo að svokallaður eftirlitsiðnaður er nánast eini iðnaðurinn á Íslandi sem dafnar og e.t.v. mætti flokka hluta af starfi umboðsmanns Alþingis undir eftirlitsiðnaðinn. Sama er um Ríkisendurskoðun. Ég vil líka láta það koma fram að ég held að það hafi verið mikið heillaspor þegar Ríkisendurskoðun var tekin undan fjmrn. og sett undir stjórn Alþingis. Þetta sýnir manni að við erum á réttri leið þrátt fyrir allt.

Hér liggur fyrir býsna vönduð skýrsla frá umboðsmanni Alþingis. Það er ekki unnt að fara nákvæmlega yfir hana í öllum atriðum en ég vil láta það koma fram að ég held að hún sé vel unnin og niðurstöður sem þar koma fram séu vel ígrundaðar. Þetta embætti nýtur mikils og sívaxandi trauts.

Hér hefur orðið nokkur umræða um úrskurði eða álitsgerðir og vissulega er það tekið fram í lögunum að umboðsmaður láti uppi álit en úrskurði ekki. Það er e.t.v. ekki nægilega skýrt eða nákvæmt, okkur vantar kannski orð sem þyrftu að vera þarna í málinu, sem hægt væri að nota í þessu sambandi. Ég lít nefnilega svo á að álitsgerðir umboðsmanns Alþingis séu rökstuddar með þeim hætti og eigi að vigta það mikið að þær virki að nokkru leyti sem úrskurðir jafnvel þó að í lagamáli sé úrskurður annað en álitsgerð frá umboðsmanni. Það vantar með einhverjum hætti að fylgja eftir áliti umboðsmanns Alþingis. Það er skref sem ég tel að við eigum að taka. Ég skal ekki segja hvort sú hugmynd sem hv. 7. þm. Reykn. hreyfði hér í umræðunni um siðanefnd fyrir stjórnkerfið er sú rétta aðferð eða ekki, það getur vel verið að hún sé það. En það þarf einhvern meiri þunga til að fylgja eftir þessum álitsgerðum. Ég bið hv. þm. að brjóta heilann um það með mér með hvaða hætti það verði best gert.

Umboðsmaður Alþingis lætur uppi sitt álit. Það er í flestum tilfellum að ég hygg skothelt, en samt sem áður þá láta handhafar framkvæmdarvaldsins iðulega þessar álitsgerðir sem vind um eyru þjóta. Það er ekki nægilega góð aðferð. Ég vek athygli á hrokafullu svari skrifstofustjóra fjmrn. sem hann gaf í DV, á bls. 10, og hér hefur verið gert að umtalsefni, þar sem höfð voru eftir honum þau ummæli að ráðuneytið mundi ekki fara eftir niðurstöðu álits umboðsmanns Alþingis ef hún yrði á tiltekinn veg. Nú hefur það mál leyst brúklega að mér skilst. En eftir stendur að skirfstofustjóri í fjmrn. tekur það fram fyrir fram að hann muni hafa að engu álit umboðsmanns. „Heyra má ég erkibiskups boðskap en ráðinn er ég í að halda hann að engu“ var einu sinni sagt. En hér er nokkuð ólíku saman að jafna. Ég held að það sé of mikið um það að ráðherrar og þeirra starfsmenn yppi öxlum og hafi álitsgerðir umboðsmanns að engu. Verkefni okkar er að finna farveg til að fylgja þessum álitsgerðum eftir. Eitthvað af þeim kann að lenda til dómstóla og hafa sinn gang þar. En það þarf að finna einhvern markvissari farveg til þess að fullnusta eða hrinda í farmkvæmd álitsgerðum umboðsmannsins.

Umboðsmaður hefur nú þegar með starfi sínu rétt hlut margra með sínum álitsgerðum, einstaklinga og samtaka, sem órétti hafa verið beittir í stjórnkerfinu og það er hlutverk hans. En enn þá liggja margir óbættir hjá garði. Í þessari skýrslu má finna allmörg dæmi þar um, því miður. Þær álitsgerðir sem hér eru birtar taka einnig á ýmsum deilumálum sem hafa verið uppi í þinginu. Þetta eru svona gamlir kunningjar sem maður er að sjá aftur í álitsgerðum umboðsmannsins. Ég nefni t.d. allsnarpa umræðu um Menningarsjóð sem hér varð á fyrri tíma og hvenær heimild væri til þess að leggja Menningarsjóð niður. Hér segir, með leyfi forseta:

„Umboðsmaður taldi ljóst að Menningarsjóður yrði ekki lagður niður nema með lögum þar sem hann hefði verið stofnsettur með lögum. Nægði ekki í því efni heimild í fjárlögum fyrir fjmrh. til þess að semja um ráðstöfun eigna og skulda sjóðsins.“

Þetta ætti náttúrlega að vera hverjum manni ljóst. Samt héldu stjórnvöld því fram á sínum tíma að heimild í fjárlögum gæti afnumið lög og væri æðri lögum. Ef ráðherra fengi heimild þá gæti hann afnumið stofnanir sem settar voru upp með lögum. Ég mun ekki rekja þetta lengra.

Hér er fjallað um Lánasjóð ísl. námsmanna sem líka var mikið deiluefni á sínum tíma en sérstaklega vil ég gera að umtalsefni veitingu á opinberri stöðu, á bls. 151 í skýrslunni. Þar er kveðinn upp ansi þungur áfellisdómur yfir stjórnvaldi. Merkilegt nokk er það ráðherra úr hópi alþýðuflokksmanna sem hér á hlut að máli og kemur það e.t.v. þingheimi á óvart. Hér er verið að fjalla um veitingu tollvarðarstöðu hjá Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli. Þar sóttu þrír menn um stöðu, tveir voru hæfir, einn ekki, en ráðherra ákvað að veita stöðuna þeim sem ekki var hæfur og ganga fram hjá hinum. Þetta létu þeir hæfu sér ekki líka. Þeir höfðu betri embættisskilyrði heldur en sá sem stöðuna fékk en hafa kannski ekki verið úr réttum flokki, ég skal ekki segja um það, eða þeim flokki sem formaður Alþfl. og hæstv. utanrrh. taldi hentugastan til að gegna þessu starfi. Með leyfi forseta, segir svo í niðurstöðum umboðsmanns:

„Umboðsmaður taldi ástæðu til að leggja áherslu á að stjórnvald sem veitti stöðu hefði ekki frjálsar hendur um val á milli umsækjenda, jafnvel þegar svo stæði á að fleiri en einn hæfur umsækjandi sækti um stöðu. Það væri grundvallarregla í stjórnsýslurétti að þegar svo stæði á bæri að velja þann umsækjanda sem hæfastur yrði talinn á grundvelli málefnalegra sjónarmiða um menntun, reynslu, skólagöngu, hæfni og aðra persónulega eiginleika er máli skiptu. Í málinu þóttu hins vegar engin gögn eða upplýsingar liggja fyrir um að veiting umræddrar stöðu hefði verið á slíkum grunni. Það var því skoðun umboðsmanns að stöðuveitingin hefði verið ótæk, bæði um undirbúning og niðurstöðu þar sem í veigamiklum atriðum hefði verið brotið í bága við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.“ — Ég endurtek, frú forseti: „Það var því skoðun umboðsmanns

að stöðuveitingin hefði verið ótæk, bæði um undirbúning og niðurstöðu þar sem í veigamiklum atriðum hefði verið brotið í bága við lög og vandaða stjórnsýsluhætti." — „Þá vék umboðsmaður að því að ganga yrði út frá þeirri meginreglu að hver sá sem bæri upp skriflegt erindi við stjórnvöld ætti rétt á skriflegu svari hlutaðeigandi stjórnvalds. Í samræmi við vandaða stjórnsýsluhætti bæri að gera þeim er ekki fengu stöðuna grein fyrir því bréflega hvað ráðið hefði vali stjórnvalds í stöðuna. Loks gerði umboðsmaður grein fyrir þeirri skoðun sinni að í lögum ætti að vera víðtækari heimild en nú væri til að bæta miska þegar stjórnvöld hefðu brotið rétt á mönnum við stöðuveitingar og vakti athygli Alþingis og fjármálaráðherra á því sem „meinbugum" á lögum."

Ég verð að segja það að mér finnst umboðsmaður Alþingis láta hér uppi ansi afdráttarlaust álit og ég vil vekja athygli Alþingis á þessum orðum sérstaklega. Umboðsmaður Alþingis segir að veiting þessarar stöðu, eins og að henni var staðið, hafi verið ótæk og í veigamiklum atriðum brotið í bága við lög og vandaða stjórnsýsluhætti. Eftir svona álitsgerð sé ég ekki — og mér er ekki kunnugt um að hæstv. utanrrh. hafi reynt að klóra yfir þau mistök sem þarna hafa verið gerð — en eftir að slík álitsgerð hefur verið látin uppi frá þvílíkri stofnun sem umboðsmanni Alþingis sé ég ekki að Alþingi geti látið þetta kyrrt liggja.

[12:13]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Það er ljóst á þeirri þykku skýrslu sem við höfum hér til umræðu að umsvif umboðsmanns Alþingis eru orðin allveruleg og það gæti jafnvel farið svo að við þyrftum að taka tillit til þess enn frekar þegar við afgreiðum fjárlög frá hinu háa Alþingi. Eins og kom fram í framsöguræðu hv. 3. þm. Reykv. er ekki ætlunin að ræða hér sérstaklega um einstök málefni þó auðvitað væri ástæða til þess og ég tel reyndar að svo sé í alla vega einu tilfelli vegna þess hversu víðtæka skírskotun ég held að það mál hafi. Það er mál nr. 382 frá 1991 og varðar skipan í tollvarðarstöðu á Keflavíkurflugvelli, en á þetta mál minntist hv. 1. þm. Norðurl. v. á undan mér.

Þetta mál vakti athygli mína vegna umfjöllunar í dagblöðum í síðasta mánuði og þá sérstaklega vegna framgöngu aðstoðarmanns hæstv. utanrrh. Þetta mál vakti ekki síður athygli mína vegna þess sem mér er kunnugt um framferði hæstv. utanrrh. á varnar- og flugvallarsvæðinu hvað varðar stöðuveitingar og ýmiss konar úthlutanir og sporslur er varða störf hjá varnarliðinu og minntist hv. 7. þm. Reykn. á eitt slíkt dæmi fyrr í umræðunni. Þetta mál hefur einnig víðtækari skírskotun þegar við lítum til atburða sl. sumars þegar ráðherrar Alþfl. gengu allvasklega fram í embættaveitingum þar sem um var að ræða einhver virtustu og best launuðu embætti sem eru á valdi stjórnvaldsins. (**GunnS:** Átti ekki að skipa í þau?) Jafnframt kom fram í framsöguræðu hv. 3. þm. Reykv. að umboðsmaður Alþingis hefur bent á sex mál í skýrslu sinni sem hann telur að séu á lagalegir meinbugir og eitt þessara mála er 382. mál frá 1991.

Eins og kom fram í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. er um það að ræða að í hópi nokkurra umsækjenda voru tveir taldir hæfir en einn þeirra sem ekki var talinn hæfur var ráðinn. Við þetta hef ég nokkrar athugasemdir sem koma reyndar fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis og þar er númer eitt að telja að það eru afar miklar og langar tafir á svörum frá utanrrn. til umboðsmannsins. Fyrsta bréfið er skrifað 19. febr. 1991 og ítrekað 19. júní 1991. Þá er hluti umbeðinna gagna sendur með bréfi dags. 16. júlí 1991. Þá ritar umboðsmaðurinn utanrrn. enn bréf þann 27. ágúst 1991 og 10. sept. 1991 bárust umboðsmanninum þau gögn sem hann hafði beðið um í febrúar. Ég er sannfærður um það að skjalavarsla ráðuneytisins er ekki svo slæm sem þessi tímamunur gefur tilefni til þess að ætla.

Hinn 4. okt. gaf umboðsmaðurinn ráðuneytinu tækifæri til að skýra afstöðu sína til kvörtunarinnar og svar ráðuneytisins barst 24. okt. Þann 28. okt. gafst þeim er kvartað hafði kostur á því að skila inn sinni umsögn og í framhaldi af því var ráðuneytinu enn ritað bréf 18. nóv. og svar barst 2. des. þess efnis að sökum anna væri ekki unnt að svara bréfinu frá 18. nóv. En 12. mars 1992 hafði svarið enn ekki borist og þá skildist umboðsmanninum á embættismanni í ráðuneytinu að ekki væri að vænta frekari skýringa eða gagna frá utanrrn. Og að því er best verður séð á skýrslu umboðsmanns hafa ekki borist frekari gögn frá ráðuneytinu eftir þann tíma. Þetta getur ekki verið viðunandi, hvorki fyrir umboðsmanninn né Alþingi eða fyrir embættismannakerfið í Stjórnarráði Íslands.

Það kemur jafnframt fram að sum svaranna eru staðlausir stafir. Það kemur fram í svarinu frá 24. okt. 1991 að ástæðan fyrir ráðningu þess er ráðinn var hafi verið sú að hann hafi einn umsækjenda ætlað sér að sinna starfinu til frambúðar. Það kemur síðan fram í svari þess sem kvartaði að hann hafi aldrei verið spurður um það hvort hann ætlaði að sinna starfinu til frambúðar, enda má ætla að það þurfi ekki að spyrja umsækjanda sem er að sækja um fasta stöðu hjá ríkinu hvort honum sé alvara með umsókninni eða ekki, hvort hann ætli að sinna starfinu til frambúðar eða ekki. Mér finnst það alla vega liggja í augum uppi. Ofan í kaupið er síðan ekki svarað þegar umboðsmaðurinn spyrst fyrir um málið öðru sinni eftir að hafa fengið skýringar frá umkvartanda.

Í þessu máli var umsagnaraðili lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli og hann mælti með öðrum tveggja þeirra sem hæfir voru taldir og nefndir eru A og B, en hann mælti ekki með umsækjanda C sem fékk starfið, enda uppfyllti umsækjandi C hvorki almennu né sértæku skilyrðin sem sett voru fyrir ráðningunni. En hann uppfyllti hins vegar eitthvað annað sem við vitum ekki nákvæmlega um hvað er nema þá hugsanlega það að hann hafi ætlað sér að sinna starfinu til frambúðar. Væntanlega hefur ráðuneytið spurst fyrir um það hjá þessum eina umsækjanda en ekki öðrum og hvar er þá jafnræðisreglan sem við byggjum á, ef ráðningin er byggð á upplýsingum sem leitað er hjá einum umsækjanda en ekki öðrum?

Mér finnst þetta mál vera svo alvarlegt að það verði

ekki við unað og þegar á það er litið í víðara samhengi sem ég hef rakið annars vegar um framferðið sem á sér stað innan varnarsvæðisins og á flugvallarsvæðinu og hins vegar á embættaveitingar Alþfl. á sl. sumri, þá verð ég að segja að mér finnst það kasta slíkum skugga á embættisfærslur og embættisferil hæstv. utanrrh. að mér er nóg um. Það eru auðvitað mörg góð verk sem hann hefur unnið og ég hef stutt hann af heilum hug í að koma hér fram í þinginu og þess vegna þykir mér afar miður að upp skuli koma svona mál hvað eftir annað sem eru þess eðlis að þær einu skýringar sem menn hafa á þeim eru að viðkomandi aðilar hafi sérstök flokksskírteini upp á vasann.

Ég vil frábiðja mér það sem kemur fram í umræddri grein aðstoðarmanns hæstv. utanrrh. að hér sé um einhverjar sérstakar ofsóknir á hæstv. ráðherra að ræða. Og ég frábið mér það að vera talinn til einhvers sérstaks hóps manna, en um þá fjallar aðstoðarmaðurinn í grein sinni í Morgunblaðinu 20. okt. sl. og segir þá vera með stöðugar ósvífnar árásir á hann sem orðnar séu að illlæknanlegri áráttu útvalinna hatursmanna. Ég vil frábiðja mér það að vera talinn í þennan hóp. En ég vil leyfa mér það í fullri vinsemd að skora á hæstv. utanrrh. að breyta þessum vinnubrögðum og koma sér undan gagnrýni af þessu tagi þannig að við heyrum ekki sífellt þessar sögur sem ég hef hér rakið þar sem einu skýringarnar eru flokksskírteinin og það verði ekki fleiri mál í skýrslum umboðsmanns Alþingis þar sem fjallað er um stöðuveitingar hæstv. utanrrh. á þennan hátt.

[12:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hafði hugsað mér að gera nokkur atriði að umtalsefni í tengslum við þessa skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1992, um leið og ég þakka þessa skýrslugjöf sem er ítarleg og greinargóð, og að sjálfsögðu ræða þetta fyrst og fremst á almennum nótum þó að óhjákvæmilegt sé að einstök mál eða athugasemdir og störf umboðsmanns að einstökum málum geti orðið hér að umtalsefni.

Í fyrsta lagi vil ég segja að það er greinilegt að embætti umboðsmanns hefur byggst upp á þann hátt að þar er nú unnið geysilega mikið starf, reyndar af tiltölulega fáu fólki. Ég sé hér í upphafi skýrslunnar að þar er eingöngu um tímabundnar ráðningar starfsmanna við embættið að ræða annarra en umboðsmanns sjálfs og það er auðvitað spurning hvort Alþingi getur til frambúðar reiknað með að búa þannig að þessu mikilvæga embætti að það hafi ekki föst stöðugildi sem eru að bestu manna yfirsýn nokkurn veginn fullnægjandi til þess að sinna þeim verkefnum og störfum sem þarna fara fram. Og ég vil beina þeim tilmælum til forseta og forsætisnefndar sem jafnframt fer með þessi mál, samskipti við embættið, að að þessu verði hugað þannig að það sé ljóst að þessu mikilvæga embætti séu ekki settar óeðlilega þröngar skorður hvað varðar starfsmannahald og öll starfsskilyrði.

Það er athyglisvert hversu mikill málafjöldi gengur til embættis umboðsmanns og er tekinn þar upp eða tekinn á skrá. Það kemur fram í skýrslunni að á þessu ári sem er til umfjöllunar, 1992, voru skráð 194 ný mál, þ.e. meira en annan hvern dag ársins er nýtt mál tekið á skrá hjá embætti umboðsmanns og þar til viðbótar tekur umboðsmaður upp mál að eigin frumkvæði ef svo ber undir. Ég vil segja fyrir mitt leyti að ég held að uppbygging þessa embættis og þess starfs sem þar hefur verið unnið hafi fullkomlega mætt þeim vonum og væntingum sem ég a.m.k. gerði mér um embætti umboðsmanns. Ég tel að þessi skýrsla sýni okkur og sanni að það var þörf á starfi af þessu tagi og það var mikilvægt skref, það var mikilvæg réttarbót að fá slíkan eftirlitsaðila, óháðan eftirlitsaðila sem getur tekið fyrir mál, tekið við málum eða tekið upp mál og fjallað um þau, dregið saman gögn og upplýst um framkvæmd á einstökum atriðum.

Það sem ég tel að sé þá ekki síður mikilvægt að ræða í framhaldinu í kjölfar þess að vel sé búið að embættinu hvað starfsaðstæður snertir eru samskipti umboðsmanns og framkvæmdarvaldsins eða stjórnsýsluaðilans sem það hefur til skoðunar og hvernig með einstakar álitsgerðir og athugasemdir umboðsmanns er farið. Og það er eiginlega ekki síst tilefni þess, hæstv. forseti, að ég kveð mér hér hljóðs að mig langar til að taka þar sem dæmi, ein tvö mál, þar sem ég tel að þessi samskipti séu ekki í réttum farvegi eða ekki í góðum farvegi. Það vill nú svo til að annað þeirra mála sem hér hefur þegar orðið mikið að umtalsefni, þ.e. samskipti embættis umboðsmanns eða umboðsmanns og utanrrn. og varnarmálaskrifstofu utanrrn. út af tiltekinni mannaráðningu á Keflavíkurflugvelli. Aðrir hafa hér gert það mál efnislega talsvert að umtalsefni og ég ætla af þeim sökum ekki að fara að tefja tímann með því að fara að kynna málið, það liggur mönnum væntanlega nokkuð ljóst fyrir. En eins og kunnugt er snýst það í sem skemmstu máli um ákveðnar mannaráðningar í tollvarðarstörf á Keflavíkurflugvelli sem auglýst voru í blöðum í ágústmánuði 1990 og mannaráðningu sem fylgdi í kjölfarið.

Það hefur ekki síður vakið athygli mína í þessu máli en sjálf afstaða umboðsmanns eða úrskurður eða skoðun eða það álit sem umboðsmaður lætur í ljós sem er í raun og veru réttara að kalla það til þess að menn séu ekki að rugla því á nokkurn hátt saman við úrskurð eða dóm — það eru samskiptin sem embættið átti við varnarmálaskrifstofu og utanrrn. út af þessu máli sem eru mjög svo ámælisverð að ekki verði meira sagt. Ég tel reyndar að umboðsmaður sé hógvær í orðum þegar hann víkur að frammistöðu varnarmálaskrifstofunnar og utanrrn. hvað það snertir að skila inn gögnum og rökstyðja sitt álit. Ég ætla að horfa fram hjá því eða sleppa því úr því að aðrir hafa gert það hér að umtalsefni hvernig staðið var að ráðningunni sjálfri og hvaða svip það allt saman ber. Mér skilst að þegar hafi verið sögð hér nokkur vel valin orð við hæstv. utanrrh. í þeim efnum. Ég vísa þar einfaldlega til niðurstöðu umboðsmanns, en það er eins og kunnugt er skoðun hans að stöðuveitingin hafi verið ótæk, bæði um undirbúning og niðurstöðu þar sem í veigamiklum atriðum hafi verið brotið í bága við lög og vandaða stjórnsýsluhætti.

Hitt er svo alvarlegra og ekki síður alvarlegt, og er þetta þó nóg, að samskipti embættis umboðsmanns við ráðuneytið og varnarmálaskrifstofuna voru með nokkuð sérkennilegum hætti. Það er þannig að í tilefni af kvörtun sem umboðsmanni barst frá öðrum af þeim umsækjendum um nefnda stöðu sem ekki hlaut hana og taldi sig betur til þess fallinn hvað menntun og reynslu snertir, þá skrifar umboðsmaður utanrrn. bréf 19. febr. 1991 og óskar eftir öllum gögnum um ofangreinda stöðuveitingu. Svar utanrrn. berst 10. sept. 1991. Sem sagt, meira en hálfu ári síðar og geta þó tæplega komið þar til svona tregar póstsamgöngur innan höfuðborgarsvæðisins og það er með öllu óskiljanlegt að það skuli vefjast svona fyrir utanrrn. að tína til einföld gögn um eina stöðuveitingu og koma því til umboðsmanns. Það er auðvitað fjarri öllu lagi að það sé hægt að forsvara þetta. Er þó málið ekki búið því að umboðsmaður sér sig knúinn til að skrifa utanrrn. aftur og gefa ráðuneytinu kost á að skýra betur afstöðu sína. Þá svarar ráðuneytið að vísu tiltölulega fljótlega, og hefur sennilega verið komið með eitthvert samviskubit út af frammistöðu sinni fram til þessa, því að bréfi sem skrifað er 4. okt. af umboðsmanni til utanrrh. er svarað 24. sama mánaðar. Það kemur að vísu nokkuð sérkennileg setning fyrir í lok þess bréfs þar sem varnarmálaskrifstofan segir að henni sé ekki kunnugt um að hún sé skuldbundin til að skýra fyrir umsækjendum hvers vegna þeir hafi ekki fengið stöður sem sótt hafi verið um. Það mætti út af fyrir sig spyrja hvort þeir embættismenn og/eða þá ráðherrar sem bera ábyrgð á slíkum skrifum eigi ekki nokkuð ólært, að svara í þessum tón þegar menn hafa leitað réttar síns og óskað skýringa á tilteknum stjórnsýsluathöfnum, þá eru svörin þessi: Okkur er ekki kunnugt um það að við skuldum neinum reikningsskil á því sem við gerum í varnarmálaskrifstofunni, er í raun sagt þarna á mannamáli.

En þar með er ekki öll sagan sögð enn því að umboðsmaður sér sig enn knúinn til að skrifa bréf til ráðuneytisins og það er skráð 18. nóv. þetta sama ár, 1991. Því er að vísu svarað óvenjusnöfurmannlega því strax 2. des. kemur svar frá utanrrn. en þá er að vísu sagt að sökum anna sé ekki unnt að svara hinu bréfinu. Það má út af fyrir sig virða það að frekar en svara ekki neinu, þá svarar utanrrn. þó því að sökum anna sé ekki hægt að bregðast við þessu síðasta bréfi umboðsmanns, en þær annir standa enn þá í utanrrn. Og þetta er búin að vera mikil lota frá því 2. des. 1991 því að enn hefur ekkert svar borist frá utanrrn., a.m.k. ekki þegar þessi skýrsla er tekin saman því að lýkur hér yfirliti yfir bréfaskriftir milli utanrrn. og umboðsmanns út af þessu máli þannig að í reynd er þessu bréfi frá 18. nóv. enn ósvarað. Svo kemur fram að umboðsmaður sá sig knúinn til að óska eftir viðræðum við ráðuneytið þar sem þessar bréfaskriftir höfðu ekki borið árangur og þann 12. mars 1992 átti umboðsmaður viðræður við skrifstofustjóra varnarmáladeildar um málið og segir svo: „Af þeim viðræðum varð ljóst að ekki var að vænta frekari skýringa eða gagna frá utanrrn." Þetta er sem sagt niðurstaðan. Ég segi það að ámælisverð sem þessi ákvörðun sem slík og þessi mannaráðning sem slík hefur verið, þá eru þessi samskipti ekki síður gagnrýniverð og ég tel ástæðu til þess, hæstv. forseti, að þegar við þingmenn ræðum þessa skýrslu skoðum ekki síst þau atriði sem snúa að starfsskilyrðum umboðsmanns, að samskiptum embættisins við framkvæmdarvaldið og því hvaða árangri þetta starf skilar í formi þess að tekið sé mark á áliti umboðsmanns og það haft til hliðsjónar í framhaldinu í framkvæmd stjórnsýslunnar við endurskoðun laga o.s.frv. En er nú mikil von til þess að ráðuneyti eins og utanrrn. eða „stassjón" eins og varnarmálaskrifstofa geri mikið með álit embættis umboðsmanns ef það hegðar sér svona í samskiptum við það?

Það vill nú svo til að ef ég man rétt varðaði fyrsti úrskurður sem féll eða fyrsta álit sem gefið var af hálfu embættis umboðsmanns Alþingis tiltekið mál á sviði samgöngumála. Og þá hófust umræður um það hvað bæri að gera í framhaldi af athugasemdum, gagnrýni að nokkru leyti og ábendingum um þörf á endurskoðun lagaákvæða sem fólst í áliti umboðsmanns. Ég man vel eftir því að hafa svarað spurningum fjölmiðla um það hvað gert yrði í framhaldi af áliti umboðsmanns. Það sem gerðist í því tilviki var ósköp einfaldlega að það var fallist í einu og öllu á þær ábendingar umboðsmanns að þörf væri á endurskoðun tiltekinna lagaákvæða og sú endurskoðun fór fram og lögfestar voru breytingar sem komu til móts við þá gagnrýni og þær ábendingar sem í þessu fyrsta áliti fólust. Þetta var, ef ég man rétt, fyrsta eða a.m.k. annað álit af þessu tagi sem embættið lét frá sér.

Ég held að ef þetta starf eigi að skila tilætluðum árangri, þ.e. vera sú réttarbót almenningi í landinu, þolendunum, sem ætlunin er og það aðhald að framkvæmdarvaldinu og stjórnsýslunni sem nauðsynlegt er, skila t.d. árangri í sambandi við það að mönnum verði ljóst hvar lögum og reglugerðarákvæðum er ábótavant og úr því sé bætt o.s.frv., þá verði að nást upp tiltrú og virðing milli þessara aðila, gagnkvæm auðvitað þannig að menn taki mark á því sem þarna er verið að gera. En þá liggur náttúrlega í hlutarins eðli að sú virðing og það gagnkvæma traust sem þarna ríkir hlýtur að þurfa að ríkja alls staðar. Það getur ekki bara verið svo að menn taki fagnandi við áliti frá umboðsmanni Alþingis ef hann bendir á að það þurfi að endurskoða einhver lög ef menn hundsa svo það álit þegar tilteknar embættisákvarðanir eins og sú sem hér á í hlut er á dagskrá. Það verður þá að gilda sem almenn regla að menn taki mark á rökstuddum og vandlega unnum ábendingum og álitum af þessu tagi. Og ég verð að segja alveg eins og er hafandi af þessum ástæðum sem ég hef nú greint lesið gegnum þennan kafla sem varðar þessa opinberu stöðuveitingu og fjallað er um á bls. 151 og eitthvað nokkuð aftur eftir bókinni, að ég tel hér í raun falla mikinn áfellisdóm um frammistöðu ráðherra, ráðuneytis og varnarmálaskrifstofu í þessu máli og allar ástæður þessa máls.

Ég tel einnig, hæstv. forseti, að ástæða sé fyrir hv. alþm. að kynna sér umfjöllun á bls. 228 um samskipti embættis umboðsmanns og fjmrn. og skrifstofustjóra fjmrn., Indriða Þorlákssonar. Þar koma auðvitað fram

viðhorf sem ekki fá staðist hjá þeim opinbera sýslunarmanni ef menn eiga að geta byggt upp traust og tiltrú milli embættis umboðsmanns og framkvæmdarvaldsins sem lið í bættri stjórnsýslu og framkvæmd almennt séð hér í landinu.

[12:39]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mun í lok umræðnanna fara almennt orðum um þær, en ég gat ekki staðist mátið að veita hér andsvar við ræðu hv. síðasta ræðumanns vegna þess að mér finnast þau sinnaskipti sem hann sýnir í sínum málflutningi mjög gleðileg. Ég man ekki betur en hann hafi verið sá fyrsti hæstv. ráðherra á sínum tíma, samgrh. sem neitaði að fara eftir áliti umboðsmanns Alþingis og málið hafi þurft að fara fyrir dómstóla og tapast fyrir dómstólum. Þessi sinnaskipti hans og málflutningur hans nú varðandi álit umboðsmanns og hvernig eigi að taka tillit til þess innan stjórnsýslunnar finnast mér ákaflega gleðileg. Hann rakti hér eitthvert mál eftir minni en ég geri það einnig og ég veit ekki betur en að þá fyrst hafi reynt á það þegar hann var ráðherra hvort stjórnsýslan og ráðherra færi eftir áliti umboðsmanns eða ekki. Hann hafi kosið að gera það ekki. Málið hafi síðan farið fyrir dómstóla og þar hafi það tapast.

[12:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri út af fyrir sig æskilegt að við hefðum söguna í höndunum, ég og hv. þm. Björn Bjarnason, ef við viljum fara að rifja þetta upp, en það var einmitt þetta tilvik sem ég nefndi sem mér virðist að hv. þm. sé eftir minni að vitna í og fer þar ekki rétt með. Staðreyndin er ósköp einfaldlega sú að einmitt í framhaldi af þessu áliti umboðsmanns var unnið frv. til laga um breytingu á viðkomandi lagaákvæðum í samgrn., lagt fram af mér sem samgrh. og lögfest þannig að sú lagastoð sem umboðsmaður einmitt í sínu áliti taldi ótrygga var styrkt í beinu framhaldi af áliti hans. Það sem hins vegar var ekki að mati ráðuneytisins unnt að gera var að breyta þeirri framkvæmd sem hefð var orðin fyrir í ráðuneytinu fyrr en búið væri að endurskoða lögin. Og það var um það sem umræðan snerist og það er væntanlega það sem hv. þm. er að vísa hér í. Það var ekki svo að ráðuneytið eða ég sem ráðherra tæki ekki mark á áliti umboðsmanns hvað þetta snertir, þarna var ábótavant og áfátt ákveðnum atriðum. Það var beinlínis ráðist í að vinna bót á því eins og ég er sannfærður um að hv. þm. man ef hann rifjar þetta betur upp.

Spurningin snerist hins vegar um það hvort áður en til þess kæmi væru jafnframt forsendur til að breyta þeirri framkvæmd sem tíðkast hafði í ráðuneytinu varðandi tiltekin atriði og að áliti lögfræðinga var ekki talið rétt að standa þannig að málum, heldur bæri að endurskoða lögin, framkvæma þá endurskoðun á lögunum sem umboðsmaður benti á að þörf væri fyrir og koma framkvæmdinni þannig og málinu öllu saman í traustan farveg. Svona lá nú þetta mál í grófum dráttum ef ég man rétt. Ég tek það fram eins og hv. þm. að ég er að rifja þetta hér upp, en út af fyrir sig getum við farið yfir þessa sögu við betra tækifæri.

[12:42]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, það kann að vera ástæða til þess að fara betur yfir þetta mál og einstaka efnisþætti þess, en hitt er staðreynd og henni verður ekki hnekkt að hv. þm. sem ráðherra var fyrsti ráðherrann sem ekki fór að áliti umboðsmanns Alþingis og það reyndi á þetta fyrir dómstólum og málið tapaðist. Þetta er staðreynd hvað sem síðan gert var varðandi lagabreytingar. Þetta sneri að starfsréttindum leigubílstjóra og við vitum síðan hver sú saga öll er þannig að það þarf kannski ekki að rekja það og hvernig það mál hefur síðan farið fyrir Mannréttindadómstólnum og annars staðar. En þetta er staðreynd og þess vegna vakti ég máls á þessu og vakti ég athygli á þeim sinnaskiptum sem mér þóttu hafa orðið hjá þingmanninum varðandi störf og álit umboðsmanns og ég fagnaði því og finnst ástæða til þess að ítreka það að mér finnst það fagnaðarefni miðað við forsögu þessa máls sem ég hef hér gert að umtalsefni.

[12:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta heitir nú bara á góðri íslensku að lemja höfðinu við steininn, þ.e. tvennt er ekki rétt sem hv. þm. Björn Bjarnason endudrtekur hér, það að þetta sé staðreynd að ég sé fyrsti ráðherrann sem neitað hafi að fara eftir áliti umboðsmanns Alþingis. (**ÓÞÞ:** Hver var fyrstur?) Það eina sem er rétt í málinu er það að þetta mun vera fyrsti úrskurðurinn sem umboðsmaður felldi eða fyrsta álitið sem hann lét í ljós þar sem fram kom gagnrýni á tiltekna þætti í stjórnsýslunni og ábendingar um úrbætur. Ég reyndi að útskýra það fyrir hv. þm. Birni Bjarnasyni og öðrum hér og það hefur ekki tekist, a.m.k. ekki í því tilviki sem lýtur að hv. þm. Birni Bjarnasyni. Nú kann að vera að aðrir þingmenn hafi skilið þetta en ekki sem sagt hv. þm. Björn Bjarnason. Það sem ég reyndi að útskýra var að það var talið að áliti þeirra sem um þetta fjölluðu, lögfræðingum og ráðgjöfum samgrn., að rétt viðbrögð við þessum ábendingum umboðsmanns væru þau að framkvæma þá endurskoðun lagaákvæðanna sem hann vísaði til og koma þannig framkvæmdinni í traustara horf. En það voru hins vegar ekki talin efni til þess eða staða til þess, m.a. til þess að ekki yrði um mismunun að ræða gagnvart þeim þolendum fyrir og eftir úrskurðinn, að breyta framkvæmdinni fyrr en lagabreytingin hefði átt sér stað. Þetta hljóta menn að geta skilið. Þetta er tiltölulega einfalt að mínu mati. Og þess vegna er það rangt, beinlínis rangt að ég hafi verið fyrsti ráðherrann til þess að hafa að engu álit umboðsmanns. Það er akkúrat öfugt. Þetta var prófmál um það að álit umboðsmanns hafði áhrif. Það leiddi til úrbóta á þessu sviði. Það leiddi til endurskoðunar laganna og traustari framkvæmdar í kjölfarið. Hitt er svo að vísu rétt að þetta var visst prófmál og þarna fór fram umræða í fyrsta sinn um það hvernig ber að bregðast við þegar svona álit kemur fram. Staðreyndin var sú að það hafði ekki verið mikið rætt hvernig bæri að taka við svona áliti frá umboðsmanni og hvað bæri að gera

í framhaldinu þannig að af þessu varð nokkur umræða og það er það sem hv. þm. Björn Bjarnason rámar eitthvað í en greinilega ekki nógu glögglega.

[12:46]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Birni Bjarnasyni fyrir hans umfjöllun um þessa skýrslu í því erindi sem hann flutti við upphaf umræðunnar. Það hlýtur ávallt að vera nokkuð viðkvæmt mál fyrir stjórnarþingmann á hverjum tíma að þurfa að tala fyrir skýrslu sem inniheldur jafnmikið af valdníðslu og þessi skýrsla ber með sér. Hins vegar er það rétt að það er ekki upphaf slíkra hluta í þessari ríkisstjórn. Hér var ráðherra að bera af sér ákveðna hluti, þ.e. að þegar það blasti við að ekki voru lagaheimildir fyrir framkvæmd eins og hún hafði verið ástunduð, þá ákvað ráðuneytið að óska eftir breytingu á lögunum en hélt lögbrotunum áfram þar til breytingarnar á lögunum leyfðu nýja framkvæmd. Þetta er náttúrlega eins og ef einræðisherra hefði ekki haft heimildir til þess að fangelsa menn en hefði haldið því áfram þar til að löggjafinn hefði verið búinn að veita honum heimildina. Menn verða að gera sér grein fyrir því að það er eitt að starfa eftir lögum sem eru í gildi, virða þau og fara eftir þeim, og annað að telja að þeir geti starfað eftir frv. sem e.t.v. verður að lögum.

Ég hygg að það sé svo að þessi skýrsla umboðsmanns Alþingis hafi því aðeins veruleg áhrif að þeir aðilar þessa þjóðfélags sem eiga að gegna eftirlitshlutverki virði hana einhvers. Við höfum prentfrelsi í þessu landi. Við höfum tjáningarfrelsi fjölmiðla. Hvað gera fjölmiðlar við svona skýrslu? Meta þeir hana einskis? Er þetta eitthvað sem þeim finnst að sé að gerast dags daglega, að það sé sjálfsagður hlutur að láta þetta liggja? Er ekkert púður í þessu? Er það tilfellið að Ísland sé svo vanþróað land hvað fjölmiðlun snertir að skýrsla eins og þessi veki ekki athygli? Ef svo er þá er eitthvað stórt og mikið að í fjölmiðlaheiminum á Íslandi. Þá erum við vanþróað land hvað það snertir.

Ég vil byrja að víkja að þeim þætti sem kom fram í ræðu hv. þm. Björns Bjarnasonar og það er að Alþingi Íslendinga hefur eitt rétt til að setja lög um skattheimtu. Lög um skattheimtu verða að vera samþykkt á Alþingi. Framkvæmdarvaldið hefur rétt til að taka þjónustugjöld í samræmi við þann kostnað sem af þjónustunni hlýst. Það blasir við að framkvæmdarvaldið hefur ekki unað þessu. Það hefur seilst miklu lengra. Það hefur farið í að hækka þjónustugjöld um allt að 1.150% sem dæmi er tekið um í þessari skýrslu, bætt að sjálfsögðu þessum tekjum við tekjur ríkissjóðs og í reynd hefur verið um skattheimtu en ekki þjónustugjöld að ræða. Og auðvitað er það svo að þegar þetta á sér stað, þá eru menn í reynd að reyna að fela það fyrir almenningi að það sé verið að leggja á skatta. Menn eru að fela það fyrir almenningi. Og ég verð að líta svo á að það skipti höfuðmáli ef Alþingi á að halda hlut sínum sem einn af þremur máttarstólpum lýðræðisins að þá láti það ekki toga af sér skattlagningarvaldið vegna þess að þetta er fyrsta stóra átakaatriðið á milli þinganna í sögunni og einræðisherra og konunga. Konungar gátu ekki farið í stríð nema kalla þingin saman. Þingin urðu að samþykkja skattheimtuna annars voru ekki til peningar fyrir hernaðinum. Núna hafa menn eftir ýmsum leiðum látið sér detta í hug að fara að leggja á það há þjónustugjöld að í reynd er um skattlagningu að ræða.

Hér er vikið að ýmsum þáttum sem vert væri út af fyrir sig að lesa upp. Aðili sem verður fyrir því að Húsnæðisstofnun ríkisins reiknar lögfræðilegan kostnað á innheimtu án þess að hafa sent honum bréf um að þetta væri lokaviðvörun, án þess að ráða til þess starfa lögfræðinga heldur notast við þá lögfræðinga sem stofnunin var með á launum og er vafalaust með á launum enn sem sína starfsmenn, hún verður að una því að umboðsmaður telur að þetta standist ekki.

Barnaverndarnefnd, sem fjallar um viðkvæm málefni og gengur svo langt í að takmarka umgengnisrétt eins og kemur hér fram í einu tilviki, fær þá niðurstöðu að almennar staðhæfingar um það hvað barni væri fyrir bestu án nánari útskýringar dugi ekki sem rökstuðningur. Hér er verið að hreyfa við mjög stóru máli. Það eiga sér stað fráfærur í þessu landi. Börn eru tekin af foreldrum. Það er sagt að þeim sé það fyrir bestu. Þau eru alin upp á stofnunum og við höfum verið að fá inn í dómskerfið mál hvernig það uppeldi hefur tekist. Þetta hefur verið lokaður heimur sem hver sérfræðingurinn eftir annan hefur fjallað um og menn nánast leikið svo sterkt í þeirri stöðu um trúnaðarskyldu að þeir hafi ekki talið að það þyrfti að svara einu né neinu rökstuddu um þessi málefni. Það blasir við að annaðhvort verða þessir aðilar að taka það alvarlega að gera grein fyrir sínu máli eða að lög um vernd barna og ungmenna verða að þróast á sama hátt og t.d. í Bandaríkjunum, að það verði þá bara dómstólarnir einir sem svari hvort þetta er heimilt eða ekki heimilt. Þarna er ekki um þrískiptingu valdsins í dag að ræða. Þarna hefur framkvæmdarvaldið allan rétt eins og löggjafinn hefur búið um hnútana, nema umboðsmaður Alþingis hefur að sjálfsögðu rétt til að segja sitt álit og gera athugasemdir og krefjast þess að stjórnsýsluleg vinnubrögð séu með eðlilegum hætti og samræmi við mannréttindi.

Hér er vikið að deiluefni sem fjallar um það að vaða í launaumslög manna og hirða þaðan peninga umfram það sem þeir eiga að greiða. Menn eiga að greiða skatta og skyldur. En það er dálítið hart að þurfa að horfa upp á það hve stórar upphæðir á hverju ári t.d. Gjaldheimtan í Reykjavík tekur af mönnum umfram þann rétt sem hún hefur og skilar svo vissulega seinna. En í hvaða fjárhagsstöðu eru þessir menn á þessu tímabili? Hvað kostar þetta þá e.t.v. í vanskilum og dráttarvöxtum? Og svo er deilt um vexti af þessu fé við ríkið. Það var einu sinni talið að menn ættu að verða fjár síns ráðandi 21 árs og nú er búið að færa þetta niður. En það virðist stundum vera lítið eftir af því fjárræði í samskiptum við ríkisvaldið þegar áætlanir eru látnar dynja á þennan hátt.

Ég hygg að það sé ekki hægt að víkja að þessari skýrslu án þess að fara ögn yfir veitingavaldið hjá ráðherrum. Það er nú svo að það stenst ekki almenn

stjórnsýslulög að fullnægjandi sé að viðkomandi aðili sé flokksfélagi í Alþfl. og þá eigi hann að hafa forgang fram yfir aðra um stöðuveitingar. Það getur vel verið að hæstv. utanrrh. telji að þetta séu þau vinnubrögð sem eigi að viðhafa, en engu að síður erum við búnir að byggja upp ýmsa fyrirvara og ýmsar hefðir þar sem gert er ráð fyrir því að mörg almenn skilyrði komi til í þessu sambandi. Og þetta mál tollvarðarins á Keflavíkurflugvelli er hrópandi, þar sem umboðsmaður kemst að þeirri niðurstöðu að stöðuveitingin hefði verið ótæk bæði hvað varðar undirbúning og niðurstöðu. Það er ekki verið að skafa utan af hlutunum. Það er ekki verið að leita að einhverjum lýsingarorðum íslenskrar tungu sem svona rétt bregða lit á þetta. Það liggur við að hægt sé að segja að umboðsmaður leggi starfsheiður sinn að veði fyrir fullyrðingunni um að vinnubrögðin séu slík. Og auðvitað hlýtur maður að spyrja sjálfan sig, á hvaða leið er það þjóðfélag þar sem svo gerspillt vinnubrögð eru liðin? Og nú er enginn einasti maður í fréttamannastúkunni lengur, ekki einn einasti. Ekki veit ég hvort þeir eru sumir búnir að fá þessi störf sín út á flokksskírteini frá Alþfl. og vilji þess vegna ekki vera við þegar umræða fer fram. En það fréttamannalið sem telur að svona hlutir eigi að liggja í þagnargildi og ekki að fylgja þeim eftir er einfaldlega ekki hæft til sinna starfa. Að hæstv. utanrrh. þessarar þjóðar skuli leggjast svo lágt í stöðuveitingum eins og hérna er um að ræða er gersamlega ólíðandi. Ef svona gerðist í einhverju landi þar sem alvörufjölmiðlar væru til staðar þá fengi hann slíka skothríð og slíkan ófrið að hann mundi biðja til guðs á hverju kvöldi að hann hefði aldrei gert þetta og mundi aldrei vinna slíkt óþurftarverk aftur.

Ég hygg, herra forseti, að það sé ekki hægt að víkjast undan því að taka einnig alvarlega þær ádrepur sem Alþingi Íslendinga fær. (**Forseti:** Tíminn er búinn.) Tíminn er nú ekki búinn, en hitt má vera að sá tími sem ætlaður er að þessu sinni sé á þrotum. Forseti vill vafalaust tryggja að ég komi hér aftur í ræðustólinn og mér er ljúft að verða við því.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að hver þingmaður hefur leyfi til að tala tvisvar, 15 mínútur í hvort sinn.

Útbýting þingskjals:

Starfsemi héraðsskóla, 129. mál, svar menntmrh., þskj. 253. — [Fundarhlé.]

[13:32]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Umræður um skýrslu umboðsmanns Alþingis hljóta að vekja nokkra athygli og ég vænti þess að orð hv. síðasta ræðumanns fái sæmilegan hljómgrunn þegar hann benti á að þingmenn hlytu að veita málinu í heild sinni athygli og þeirri þróun sem orðið hefur. Það er rétt að umsvif þessa embættis hafa aukist, en það er auðvitað af þeim ástæðum að stjórnvöld hafa haft í frammi tilburði eða framkvæmd mála á þann hátt að það hefur verið ástæða til umkvörtunar og umkvartanir hafa leitt til ákveðinnar niðurstöðu eða álits umboðsmannsins.

Það vekur athygli mína, virðulegi forseti, að mikill mismunur er á fjölda mála sem stafa af framkvæmd ráðuneyta sem fjalla um málefni atvinnuvega. Þegar það er skoðað kemur í ljós að ráðuneyti sem fara með sjávarútvegsmál og landbúnaðarmál eru tilefni hvort um sig til annars tugs ábendinga eða mála sem a.m.k. hljóta umfjöllun umboðsmanns Alþingis á meðan ráðuneyti sem fjalla um mál annarra atvinnuvega eru sárasjaldan tilgreind og hafa sárasjaldan verið tilefni til slíkra mála.

Það hlýtur að vekja umhugsun um það á hvaða leið við erum sem löggjafarvald og sem framkvæmdarvald þegar lög og framkvæmd þeirra eru með þeim hætti um heila atvinnuvegi að fjölmargir einstaklingar og fjölmörg einstök fyrirtæki sjá ár eftir ár ástæðu til að bera upp mál sín við umboðsmann Alþingis sökum þess að þeim þykir réttur sinn hafa verið fyrir borð borinn með einhverjum hætti. Og ég hlýt að velta því fyrir mér, virðulegi forseti, í samanburði við það sem ég nefndi um ráðuneyti viðskipta og iðnaðarmála þar sem við þekkjum af reynd að löggjöf og framkvæmd er með allt öðru sniði og alls ekki slík bein afskipti af starfsemi einstaklinga og fyrirtækja eins og þekkist í hinum tveimur ráðuneytunum.

Í annan stað, virðulegi forseti, hefur nýútkomin skýrsla skattanefndar félags löggiltra endurskoðenda, vakið athygli á málum sem sannarlega er getið um í skýrslu umboðsmannsins. Skýrsla skattanefndarinnar hefur þegar komið til umræðu eða verið nefnd í þessari umræðu. Ég segi fyrir mig, virðulegi forseti, að þar eru á ferðinni ábendingar aðila sem eru sérfróðir um skattamál. Þeir hafa talið í skýrslu sinni ástæðu til að benda á ágalla í löggjöf og á framkvæmd löggjafar sem varða jafnræði þegna gagnvart framkvæmdarvaldi, sem varða hlutlægni dómstóls eða úrskurðaraðila, þar sem er á ferðinni yfirskattanefnd, og síðast en ekki síst varða tilurð löggjafar eða breytingar á lögum um skattamál, sem í sjálfu sér hljóta að vera meðal þeirra laga og framkvæmdaratriða sem snerta hvað mest daglegt líf og afkomu einstaklinga, fjölskyldna og fyrirtækja. Það segir sig sjálft.

Þessu til viðbótar, virðulegi forseti, hefur vakið athygli mína ein ábending til viðbótar frá löggiltum endurskoðendum sem ég tel eiga erindi til okkar þingmanna allra, þ.e. að lög um tekjuskatt og eignarskatt hafi ekki aðeins ekki staðist tímans tönn heldur alls ekki fylgt þeim breytingum sem orðið hafa á atvinnuháttum og þjóðlífi. Ég tel það vera í raun áfellisdóm ekki aðeins yfir fjmrn. heldur okkur þingmönnum. Mér finnst skipta máli að þessi lög nái að fylgja eftir breytingum sem þessum, ekki síst á þeim tíma sem við erum nú. Við erum nú að ganga fram til verulegra og meiri breytinga í frjálsræðisátt í viðskiptalífi öllu, í viðskiptum okkar við aðrar þjóðir sem hljóta að hafa mjög miklar breytingar á starfsemi atvinnulífsins hér heima. Ekki einasta er hér um að ræða þær atvinnugreinar sem stunda útflutning á vörum eða innflutning á vörum, framleiðslu á vörum eða þjónustu heldur líka þær greinar sem stunda viðskipti með fjármagn. Og

ábendingar endurskoðendanna fjalla líka einmitt um skattlagningu og skattarétt þeirra sem á því sviði starfa.

Í síðasta lagi, virðulegi forseti, varðandi skattamál, þá tel ég mjög umhugsunarvert ef ekki ámælisvert að gildandi reglur um framkvæmd laga um tekjuskatt og eignarskatt eru sennilega jafngamlar og elstu núlifandi fjármálaráðherrar eða því sem næst. Þær fylla þrjá áratugi með mjög litlum breytingum, þrátt fyrir að skattalögin sem slík hafi tekið miklum breytingum á sama tíma. Ábendingar sérfróðra manna um skattamál hafa komið fram aftur og aftur en samt sem áður eru í framkvæmdinni viðhafðar reglur sem eru, svo að ég noti daglegt mál, hundgamlar og úreltar. Mér þykir skipta máli að það verði tekið til hendinni við þessa hluti.

Þess utan, virðulegi forseti, er athyglivert að á undanförnum árum hefur umboðsmaður vakið athygli okkar þingmanna á málefnum þeirra sem eiga umsóknir um stöður eða réttindi til ráðuneyta eða stofnana á vegum þeirra. Sem betur fer er aðeins eitt mál af því tagi í þessari skýrslu sem umboðsmaður hefur lokið umfjöllun um á sl. ári, en það á erindi við utanrrn. Upp úr málinu hefur verið lesið okkur þingmönnum til ábendingar, en í aðalatriðum vek ég athygli á að fram kemur í gögnum umboðsmanns að utanrrn. og varnarmálaskrifstofa þess hafa ekki staðið sem skyldi að umfjöllun um málið, að undirbúningi og ákvörðunum. Mér finnst skipta miklu máli, vegna þess hvar ég bý, vegna þess að þar er starfsemi mikil á vegum þessa ráðuneytis, svo undarlegt sem það kann að virðast, að þetta ráðuneyti eins og önnur reyni að fullnægja almennum skilyrðum um mál af þessu tagi, ekki aðeins um ráðningu starfsmanna eða uppsögn þeirra heldur um allar umsóknir sem einstaklingar og fyrirtæki eiga undir ákvörðun þess og umfjöllun, að þeir mælikvarðar sem þeir verða bornir við séu þeim ljósir frá upphafi.

Við höfum oft fjallað um þetta með þeim orðum að reglur skuli vera gagnsæjar. Það fullnægir ekki þeirri kröfu, virðulegi forseti, að mönnum sé fyrst frá því greint þegar niðurstaða er fengin hvaða mælikvarði er lagður á hæfni þeirra. En auk þessa vitum við og það hefur þegar verið nefnt í umræðunni, að á núlíðandi ári hefur umboðsmaður einnig fjallað um mál sem snertir sama ráðuneyti og í báðum þessum tilvikum er álit umboðsmannsins mjög hnekkjandi fyrir ráðuneytið.

Auk þessa, virðulegi forseti, berast okkur þingmönnum oft og iðulega umkvartanir af því tagi að við hljótum að velta fyrir okkur hvort svo eigi við um fleiri mál, fleiri niðurstöður af hálfu ráðuneytis eða stofnana þess, sem varða okkur eða umbjóðendur okkar. Þau gögn sem ráðuneytið lagði fram í því máli sem hér er gert að umtalsefni eru ekki traustvekjandi og skýringar þess því síður. Ég vil þess vegna hvetja hæstv. ráðherra til þess að koma á faglegum vinnubrögðum í ráðuneytinu og þeim stofnunum þess sem um ræðir og að vinnubrögðin nái til þess að upplýsingar og mælikvarðar sem notaðir eru séu sjáanlegir og umsækjendur, hvort heldur eru einstaklingar eða fyrirtæki, viti um þessi gögn. Viti með hvaða mælikvörðum þeir verða mældir.

Virðulegi forseti. Ég tel skipta höfuðmáli að hæstv. ráðherra taki þetta mál til athugunar. Hans ráðuneyti og hann sjálfur hefur í þinginu undanfarna mánuði staðið fyrir stórum málum sem við teljum skipta mjög miklu. Ég fyrir mitt leyti hef verið mjög sáttur við hans framgöngu í þeim málum, svo vera kann að hann geti greint okkur frá því að öðrum sé um að kenna í þessum. En hvað veldur skiptir ekki höfuðmáli heldur hitt að úr verði mældir.

[13:42]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tel óhjákvæmilegt að víkja hér að þremur málum sem gerð hafa verið að umtalsefni í tilefni af þeirri skýrslu umboðsmanns Alþingis sem hér er á dagskrá. Fyrsta málið varðar verktöku við sorphirðu og sorpurðun á Keflavíkurflugvelli. Það mál er reyndar þannig vaxið að um það er ekki stafkrók að finna í skýrslu umboðsmanns. Engu að síður kaus hv. 7. þm. Reykn., Steingrímur Hermannsson, að gera það að umtalsefni í umvöndunartón. Þetta á heima undir umræðum um næstu skýrslu umboðsmanns eins og hann hefur boðað. Engu að síður er óhjákvæmilegt af þessu tilefni að svara nokkru til.

Árið 1985 veitti utanrrn. Suðurvirki hf., einu íslenskra fyrirtækja og án þess að útboð færi fram, heimild til að semja um sorpförgun við varnarliðið. Suðurvirki hf. hafði því setið eitt að þessum samningi í sjö ár þegar samningur þess rann út 30. júní 1992, en fyrir lá að því hafði aldrei verið lofað neinu um áframhaldandi samning.

Í áliti sínu kýs umboðsmaður að líta fram hjá niðurstöðu Hæstaréttar Íslands í hæstaréttardómi árið 1991 nr. 359. Það mál fjallaði um Byggi hf. gegn utanrrh. fyrir hönd utanrrn. og fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og gagnsök. Mál þetta er alger hliðstæða við Suðurvirkismálið. Byggir var verktakafyrirtæki sem með leyfi utanrrn. annaðist viðhaldsvinnu fyrir varnarliðið. Utanrrn. afturkallaði síðan heimildina og veitti Keflavíkurverktökum, þeim einum, heimild til að annast viðhaldsvinnu fyrir varnarliðið. Af hálfu þess ráðherra sem þá gegndi starfi var sú skýring fram borin að ástæðan væri bágt atvinnuástand á Suðurnesjum og því vilji til að veita Suðurnesjamönnum forgang að þessari vinnu. Byggir fór í mál og taldi ólöglegt af utanrrn. að banna Byggi að semja við varnarliðið. Byggir tapaði þessu máli, bæði í undirrétti og í Hæstarétti. Í dómi Hæstaréttar sagði, með leyfi forseta:

„Starfsráðningar varnarliðsins fara, að því er tekur til íslenskra aðila, ekki fram á frjálsum vinnumarkaði heldur eru þær bundnar ákvörðunum íslenskra stjórnvalda m.a. um það hverjum sé heimilt að takast á hendur framkvæmdir í þágu varnarliðsins. Þessi ákvæði varnarsamningsins hafa lagagildi, brjóta ekki í bága við 69. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944, atvinnufrelsisákvæðið. Og þar sem utanrrn., sem fer með þessi mál að lögum, fór ekki út yfir valdmörk sín er það svipti aðaláfrýjanda, Byggi ltd., framangreindri heimild ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sýknu."

Þetta er svar í algjörlega hliðstæðu máli við ásökun um valdníðslu.

Síðan er því við að bæta að ástæðan fyrir því að

Njarðtaki hf. var úthlutað þessari vinnu var nákvæmlega sú hin sama og þáv. utanrrh. bar við á sínum tíma árið 1961, óvenju bágt ástand á Suðurnesjum þar sem atvinnuleysið var orðið tvöfalt á við það sem var að landsmeðaltali. En Njarðtak er fyrirtæki sem hafði 11 fastráðna menn í störfum en 40 manns á launaskrá þegar mest var og hafði samninga um sorphirðu við sveitarfélögin á Suðurnesjum. Að svo mæltu læt ég útrætt um það mál.

Virðulegi forseti. Því næst vil ég gera hér að umtalsefni fjögur meginatriði sem umboðsmaður Alþingis tekur fyrir í skýrslu sinni og telur ámælisverð í meðferð utanrrn. á máli sem varðar veitingu tollvarðarstöðu á Keflavíkurflugvelli árið 1991. Ég vil taka það fram að formleg málsmeðferð, auglýsing og umfjöllun var í höndum sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli, þá lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli. Hann sá um að auglýsa stöðuna, hann sá um að ganga frá gögnum og biðja um nauðsynleg gögn. Eftir að staðan hafði verið veitt gaf hann svör til þeirra sem sóttu um starfið en fengu ekki.

Staðan var auglýst á vegum lögreglustjóraembættisins á Keflavíkurflugvelli sem sá um auglýsinguna að öllu leyti. Í samtali við sýslumann segir hann að það sé ekki hefð hjá því embætti að auglýsa stöður í Lögbirtingi, en það var athugasemdin. Oft sé Morgunblaðið eitt látið duga en í þetta skipti hafi staðan verið auglýst í fjórum dagblöðum. Sé hér um annmarka að ræða þá hefur sá annmarki viðgengist mjög lengi án þess að að því hafi verið fundið fram að þessu. Ráðuneytið hefur hins vegar nú í framhaldi af þessu máli bent öllum stofnunum á varnarsvæðinu sem undir það heyra á ákvæði laga um auglýsingaskyldu í Lögbirtingarblaði þegar auglýsa þarf stöður hjá embættunum.

Örfá orð um málsmeðferðina. Ráðuneytið hafði ekki afskipti af málsmeðferð sýslumanns, þáv. lögreglustjóra. Sýslumaður segir að það hafi oft verið vanhöld á því í gegnum árin að öll ýtrustu gögn hafi fylgt umsóknum en yfirleitt hafi ekki verið að því fundið. Þá hafi það ekki verið sérstök venja að kalla menn í viðtöl út af veitingu starfs. Í báðum þeim tilvikum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni var farið eftir venjubundinni framkvæmd og hefð embættisins. Ráðuneytið hefur í framhaldi af þessu brýnt fyrir embættum sem undir það heyra að fylgja settum kröfum um málsmeðferð til hins ýtrasta þannig að framvegis verði ekki fundið að formgöllum á málum sem þessum.

Eins og fram kemur í áliti umboðsmanns með tilvitnun í lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins er það skilyrði sett fyrir fastri stöðuveitingu að umsækjandi hafi almenna menntun og þar að auki þá sérmenntun sem lögum samkvæmt er krafist til óaðfinnanlegrar rækslu starfsins. Í þessu tilviki að umsækjandi hafi lokið grunnskóla og fjölbrautarskóla, menntaskóla eða sérskóla, samkvæmt reglugerð Tollskóla ríkisins. Af þeim þremur umsækjendum sem helst voru taldir koma til greina uppfylltu tveir þessi almennu skilyrði um almenna menntun, en sá þriðji ekki.

Það kemur fram í áliti umboðsmanns að heimild sé samkvæmt lögum að víkja frá einstökum skilyrðum þeirrar málsgreinar sem um lágmarksskilyrði fjallar ef sérstakar ástæður mæla með því. Ég mun síðar víkja að þessum sérstöku ástæðum.

Hvað snertir ákvörðun um sérmenntun tollvarða þá segir í reglugerð nr. 85/1985 „að eigi skuli ráða eða skipa í fastar tollstöður aðra en þá sem staðist hafa próf frá Tollskólanum."

Enginn umsækjenda uppfyllti þetta skilyrði. Það var því ljóst að enginn umsækjenda uppfyllti öll þau skilyrði sem sett voru fyrir fastri veitingu í starfið.

Af þeim þremur umsækjendum, sem fyrr er að vikið, höfðu tveir unnið áður hjá Tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, þ.e. þeir tveir sem ekki fengu starfið eftir þessa auglýsingu. Í bréfi sem deildarstjóri Tollgæslunnar hefur ritað um starfslega og persónulega eiginleika hvers umsækjanda fyrir sig, segir eftirfarandi:

„Umsækjandi A hóf sumarafleysingastörf við Tollgæsluna á Keflavíkurflugvelli sumarið 1983. Starfaði síðan nokkur sumur sem afleysingamaður. Það var því komin reynsla á það hvort hann væri heppilegur starfsmaður við þessi störf. Það var álit flestra starfsmanna Tollgæslunnar að hann væri ekki heppilegur við þessi störf og framkoma hans gagnvart ýmsum embættisafgreiðslum var þannig að hann hafði ekki samráð við yfirmenn sína vegna ákvarðana sem þurfti að taka, ákvarðana sem byggðust á hans eigin mati. Hann mun ekki hafa fengið formlega áminningu frá sínum yfirmönnum, en eins og fram kemur í umsögn lögreglustjórans á hann að hafa getið sér gott orð hjá yfirmönnum sínum sem þó eru ekki tilgreindir í þeirri umsögn. Mér er kunnugt um að A hefur starfað á nokkrum vinnustöðum síðan hann starfaði hér.

Umsækjandi B hóf störf sem afleysingamaður sumarið 1988 og var síðan fastráðinn 1. okt. sama ár. Hann fór síðan í launalaust leyfi 1. ágúst 1989 til að starfa hjá slökkviliðinu á Keflavíkurflugvelli og sagði síðan upp störfum. Hann sækir síðan um afleysingarstarf sumarið 1990 og er ráðinn frá 1. júní til 30. sept."

B hafði verið fastráðinn við Tollgæsluna, stundað nám í fyrri hluta Tollskólans, en ekki náð tilskildum árangri og ekki sinnt rétti til endurtöku prófa sem honum stóð til boða og síðan fengið leyfi frá störfum til að reyna fyrir sér í öðru starfi.

B sækir síðan aftur um fastráðningu þegar umrædd staða er auglýst og lögreglustjóri mælir með honum sem hæfustum til starfsins. En það sem fram kemur í umfjöllun umboðsmanns Alþingis að hann hafi lokið fyrri hluta Tollskólans er rangt. Vegna fyrri starfsferils B hjá Tollgæslunni álitu samstarfsmenn að lítið væri að byggja á slíkum starfsmanni til frambúðar.

Umsækjandi C var ráðinn til starfsins og það er álit flestra starfsmanna Tollgæslunnar sem nú geta gert samanburð að sú ákvörðun ráðuneytisins að ráða C hafi verið skásti kosturinn. C hafði ágæta menntun m.a. frá Fjölbrautarskóla Suðurnesja, hann er búinn að ljúka námi frá Tollskóla Íslands og hefur reynst mjög góður starfsmaður.

Að framansögðu er ljóst að reynsla Tollgæslunnar af störfum A og B var ekki þess eðlis að hún mælti með fastráðningu þeirra við störf á Keflavíkurflugvelli

í tollgæslunni, jafnvel þótt þeir hafi haft almennar menntunarforsendur til þess að gegna þessum störfum. Þess vegna varð að ráði að nýta það heimildarákvæði laga sem vikið var að hér að framan um frávik frá ýtrustu almennum menntunarskilyrðum.

Þegar þannig háttar til að meta þurfi umsækjendur út frá persónulegum eiginleikum er vissulega engum greiði ger með því að auglýsa það. Ráðuneytið taldi það öllum fyrir bestu að hafa þetta ekki í hávegum og greindi ekki frá þessu mati yfirmanns Tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli á sínum tíma.

Virðulegi forseti. Umboðsmaður finnur að því að umsækjendur hafi ekki fengið skrifleg svör við umsóknum sínum og bætir því við að gera hefði átt grein fyrir því bréflega hvað hefði ráðið vali stjórnvalda í stöðuna. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um lagaskyldu sem knýr á um það að þannig eigi að meðhöndla umsókn sem hafnað hefur verið. Leitað hefur verið til þekktra hæstaréttarlögmanna sem gefa þau skýru svör að þetta sé ekki lagaleg skylda. Fyrir þessu er ekki hefð hjá embættinu nema hvað sums staðar mun tíðkast að greina skriflega frá því að viðkomandi hafi ekki fengið umrædda stöðu. Sýslumaður segir að menn hringi þegar stöður eru auglýstar og fái svör símleiðis við niðurstöðum umsókna þeirra. Það hafi í gegnum tíðina verið látið duga.

Utanrrn. telur því að þessi síðasta athugasemd umboðsmanns eigi ekki við efnisleg eða lagaleg rök að styðjast. Hvort hægt sé að krefjast þess að þannig ætti að meðhöndla umsóknir sem hefur verið hafnað er annað mál.

Virðulegi forseti. Að framansögðu má ráða að ráðuneytið getur ekki fallist á að brotin hafi verið lög á umsækjendum í þessu máli. Vissulega, og það tek ég undir og undirstrika, má setja út á þá formgalla sem bent er á, svo sem að auglýsa ekki í Lögbirtingi. Það er hins vegar að mínu mati álitamál hvort um veigamikla athugasemd er að ræða. Hins vegar má segja að formleg málsmeðferð hjá embættinu í Keflavík hafi ekki verið með þeim hætti sem ákjósanlegust var, en eins og þegar hefur komið fram hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að það endurtaki sig ekki. Þá skal undir það tekið að dráttur á svari til umboðsmanns frá embættismönnum er aðfinnsluverður og að svör þeirra hefðu mátt vera ítarlegri en raun er vitni.

Ráðuneytið fellst hins vegar ekki á að við þessa embættisveitingu hafi verið brotin lög. Enginn umsækjenda var hæfur samkvæmt ýtrustu kröfum. Starfsreynsla var fyrir hendi hjá tveimur af þremur umsækjendum. Sú starfsreynsla var ekki þess eðlis að starfsfólk og yfirmenn Tollgæslunnar teldu ráðlegt að fastráða þessa tvo menn. Niðurstaðan var að þriðji maður var ráðinn. Sú ráðning hefur í alla staði sýnt sig að hafi verið farsæl. Þrátt fyrir að hafa ekki fullnægt ýtrustu kröfum hefur umsækjandinn sem ráðinn var bætt úr því síðan, m.a. lokið prófi frá Tollskóla og þar með fullnægt ekki einungis hinum almennu menntunarskilyrðum heldur einnig hinum sérstöku kröfum. Hann hefur að mati yfirboðara síns reynst mjög farsæll maður í starfi.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið að flytja svör ráðuneytisins við aðfinnslum umboðsmanns Alþingis að því er þetta einstaka mál varðar. Nú er það svo að einn hv. þm., hv. 3. þm. Reykn., notaði tækifærið í sinni ræðu til þess að veitast almennt að Alþfl. fyrir meinta spillingu í stöðuveitingum og notaði þau orð að þau mál vörpuðu skugga á embættis- eða starfsferil utanrrh. Með þessum orðum hefur hv. þm. skipað sér í sveit með þeim hv. þm. Páli Péturssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni og ég óska honum út af fyrir sig til hamingju með það. En ég sé ástæðu til þess að ræða við hann að gefnu tilefni um þessi mál.

Ég var á sínum tíma sakaður um pólitíska spillingu fyrir að hafa tekið þá ákvörðun að skipa Kjartan Jóhannsson fastafulltrúa Íslands við sendinefnd okkar í Genf. Það var talað um að þarna væri verið að veita afdönkuðum pólitíkus embætti og sniðgengnir væru sérfræðingar utanrrn. Þremur árum síðar, að fenginni reynslu, verður það sameiginleg niðurstaða fastafulltrúa og ráðherra allra samstarfsþjóða okkar í EFTA þegar leita þurfti að nýjum framkvæmdastjóra samtakanna að fastafulltrúinn íslenski, sem dæmdur var hér í umræðunni sem afdankaður pólitíkus og þiggjandi spilltrar stöðuveitingar, væri manna hæfastur — manna hæfastur af öllum þeim sem til álita komu hjá þessum sjö þjóðum til þess að gegna þessu starfi.

Það má geta þess að þessi umræddi fastafulltrúi, fyrrv. stjórnmálamaður, hafði forustu um það af hálfu EFTA-þjóðanna allra að semja við Evrópubandalagið og innbyrðis milli EFTA-þjóðanna um kostnaðarhlutdeild okkar, bæði vegna þróunarsjóðs og vegna nýrra stofnana bandalagsins. Ég fullyrði að árangur hans í þeim samningum var með þeim hætti að hann hefur sparað íslenskum skattgreiðenum tugi milljóna króna og það var borið á hann sérstakt lof fyrir framgöngu hans og hæfni í því efni.

Virðulegi forseti. Tíma mínum er lokið að sinni en ég hyggst taka upp þessar ásakanir hv. þm. og svara þeim rækilega í seinni ræðutíma mínum.

[13:58]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst síðasta ræða vera sorgleg vegna þeirrar forherðingar, þeirrar siðblindu sem þar kemur fram. Hún undirstrikar það sem ég sagði áðan að það vantar tæki til þess að hrinda í framkvæmd álitsgerðum umboðsmanns.

Ég ætla ekki í andsvari að fara að ræða embættsveitingar eða embættisfærslu ráðherra. Ég vil bara láta það koma fram að það kemur æ betur í ljós hve fáránlegt fyrirkomulagið á Keflavíkurflugvelli er, t.d. að láta Tollgæsluna þar heyra undir utanrrh. Það er atriði sem þarf að breyta.

Það var hlálegt að heyra hæstv. utanrrh. vera að reyna að lyfta sér og sanna mannþekkingu sína á hinum ágæta manni Kjartani Jóhannssyni, fyrrv. alþm. og ráðherra. Það var ekki sá gállinn á hæstv. ráðherra sjálfum þegar hann var að taka formennskuna af Kjartani Jóhannssyni í Alþfl., að hann hefði flutt svona ræðu þá. Kjartan Jóhannsson stendur alveg undir sínum verðleikum sjálfur og þeir eru miklir og óumdeild-

ir. Utanrrh. á þar engan hlut að máli.

[13:59]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði: Það vantar tæki til að fullnusta framkvæmd ábendinga umboðsmanns. Hvað á hv. þm. við? Umboðsmaður Alþingis sinnir mikilvægu og þörfu starfi. Hans hlutverk er að koma með fram rökstuddar ábendingar. Eins og fram hefur komið eru þær ekki úrskurðir og ekki dómsniðurstöður. Nú er það svo um okkur öll, bæði þau sem stöndum í daglegum verkefnum við stjórnsýslu og eins umboðsmanninn að mönnum getur skotist þó skýrir séu.

Ég færði fram rökstudd svör við aðfinnslunum, féllst á sumt, hef þegar gert ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir að það endurtaki sig en svaraði öðru með fullum rökum. Það er gangur málsins. Það eina sem mér þykir miður að því er varðar opna umræðu hér á hinu háa Alþingi er það að hafa verið knúinn til að birta mat yfirmanns tollgæslunnar á persónulegri reynslu af störfum þriggja einstaklinga. Það hefði ég kosið að ég hefði getað komist hjá. En eins og á málinu hefur verið haldið var það því miður óhjákvæmilegt.

[14:01]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel það alveg óþarfa hjá hæstv. utanrrh. að kalla álitsgerðir, rökstutt álit umboðsmanns ábendingu í lítilsvirðingartóni eins og hann var að gera. Það sem ég átti við er að þegar umboðsmaður Alþingis lætur frá sér rökstutt álit er ekki hægt að svara því með útúrsnúningum, með forherðingu, eins og hér er gert, og láta síðan sem ekkert sé. Ofan í mál sem umboðsmaður kveður svo skýrt að orði um er óhjákvæmilegt að fara.

[14:02]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. fer með rangt mál þegar hann talar um forherðingu. Hann kann íslensku og skilur það að þegar viðbrögðin eru þau að það er fallist á réttmæti ábendinga og gerðar ráðstafanir til þess að aðfinnsluefnin endurtaki sig ekki þá er það ekki forherðing, það er að taka tillit til réttmætra ábendinga. En um leið verður það að koma skýrt fram að þegar við segjum að umboðsmaður Alþingis er ekki dómstóll og kveður ekki upp úrskurði þá er rétt að segja, hann kemur fram aðfinnslum og ábendingum um það sem betur mætti fara en einmitt vegna þess að hann er ekki dómstóll þá erum við ekki að ræða úrskurði og þá væri ekkert tilefni til umræðunnar. Það er einfaldlega svo að þegar um er að ræða álitamál varðandi lagatúlkun hefur umboðsmannsembættið haldið þar fram ákveðnum hlutum sem utanrrn. að höfðu nánu samráði við hina færustu lögfræðinga fellst ekki á. Það er í alla staði eðlilegt og felur ekki í sér neina lítilsvirðingu í garð embættis umboðsmanns.

[14:03]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er heldur að aukast finnst mér umræðan um skýrslu umboðsmanns Alþingis sem er orðin árviss viðburður og er það að mínu mati vel að menn skuli vera farnir að gefa þessari skýrslu meiri gaum en mér fannst vera fyrstu árin sem ég var vitni að þessum umræðum um þessa skýrslu. Það er líka ljóst að árangur nokkur er að verða smám saman af starfi umboðsmanns og mér þykir það vera ánægjuefni að loksins eftir margra ára ábendingu frá umboðsmanni hafa verið sett stjórnsýslulög sem voru strax nauðsynleg vegna starfa og hlutverks umboðsmanns Alþingis. Það má því segja að fram til þess tíma að sérstök stjórnsýslulög voru sett hafi umboðsmaður Alþingis átt að mörgu leyti ákaflega óhægt um vik að sinna sínu hlutverki enda var það í upphafi þegar frv. til laga um umboðsmann Alþingis var lagt fram, þá var jafnhliða lagt fram frv. til stjórnsýslulaga. Þó hefur ekki allt komið enn af því sem hefði átt að vera sett sem lög strax í upphafi. Ég vek athygli á því að enn vantar hjá okkur löggjöf um upplýsingaskyldu stjórnvalda og er alveg óvíst hvort úr því verði bætt á þessum vetri en mig minnir að það sé á málaskrá ríkisstjórnarinnar að flytja frv. um það á þessum vetri.

Hins vegar er líka því miður hægt að nefna dæmi um ábendingar sem ekki hefur verið farið eftir þrátt fyrir það að umboðsmaður Alþingis hafi ítrekað borið þær fram í skýrslum sínum ár eftir ár. Þar vil ég fyrst nefna athugasemdir umboðsmanns í garð félmrn. Það kemur fram í skýrslunni fyrir þetta ár á bls. 189 að umboðsmaður hefur úrskurðað á síðasta ári mál er laut að álagningu innheimtu gatnagerðargjalda og segir þar í yfirlitinu á bls. 189, með leyfi forseta:

„Þá væri sá ágalli á stjórnsýsluframkvæmd að vegna afstöðu félmrn. ættu gjaldendur þess engan kost að skjóta álagningu gatnagerðargjalds til æðra stjórnvalds. Hann taldi að brýnt væri að endurskoða lög nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld og vakti athygli Alþingis og félmrh. á því skv. 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis."

Þetta er býsna alvarleg athugasemd og alvarlegri en þessi orð gefa til kynna og vil ég því til stuðnings vitna í skýrslu hans á síðasta ári en það segir í henni á bls. 10 um þetta mál, með leyfi forseta:

„Að lokum er hér að nefna sem þriðja dæmið þá ákvörðun félmrn. að sinna ekki tilmælum umboðsmanns um að úrskurða um lögmæti tiltekinna ákvarðana sveitarstjórna sem til ráðuneytisins hafði verið skotið. Nánari grein fyrir þessu máli er gerð á bls. 117–119 í skýrslu fyrir árið 1989 og á bls. 7 í sömu ársskýrslu fyrir nauðsyn þess að greitt sé úr þeim vanda sem þessi afstaða félmrn. veldur" og vísa ég til þeirrar skýrslu fyrir árið 1989 sem vitnað er til.

Þarna hefur umboðsmaður Alþingis verið að vekja athygli á býsna alvarlegu máli í fjögur ár án þess að nokkur árangur hafi orðið af enn sem komið er. Því alvarlegra er þetta mál að það liggur fyrir að þróunin á næstu árum mun væntanlega verða sú að æ meira af stjórnsýslunni verður fært frá ríkinu til sveitarfélaganna. Þegar ráðuneytið sjálft túlkar sveitarstjórnarlög þannig að það sviptir borgarana í sveitarfélaginu rétti til að áfrýja ákvörðun sveitarstjórnarinnar til félmrn. og jafnhliða sviptir sömu borgara rétti til að áfrýja þeim

úrskurði til umboðsmanns Alþingis vegna þess að þetta tvennt hangir saman. Umboðsmaður Alþingis tekur einungis til meðferðar þau mál sem unnt er að áfrýja frá sveitarstjórn til félmrn. Ef félmrn. túlkar sveitarstjórnarlög svo þröngt að það eigi ekki að úrskurða um sveitarstjórnarmál nema á mjög afmörkuðu sviði þá er ráðuneytið um leið bæði búið að svipta íbúa sveitarfélagsins rétti til að áfrýja þeirri ákvörðun til ráðuneytisins og líka til umboðsmanns Alþingis, þannig að íbúarnir eiga engan kost annan en að höfða dómsmál. Að þessu hefur verið fundið árum saman og ég gerði þetta sérstaklega að umræðuefni á síðasta ári við umræðu um skýrslu umboðsmanns Alþingis fyrir árið 1991 án þess að nokkur árangur hafi orðið í þessu, hvorki af hálfu félmrh. né ríkisstjórnarinnar að hún hafi látið þetta mál til sín taka. Hefði þó verið full ástæða til í ljósi þeirrar áherslu sem ríkisstjórnin leggur á að breyta skipan landsins hvað varðar sveitarfélög og auka veg þeirra og verkefni því ef menn ætla sér að láta sveitarstjórnarstigið vera meira ráðandi og hafa meiri áhrif á umhverfi manna þá hljóta menn að þurfa að taka upp og bæta úr það sem á vantar í því að íbúarnir hafi einhvern rétt til að verja sig gagnvart ákvörðunum þessa sama stjórnsýsluvalds. Það er óviðunandi að búa við ástandið eins og það er, hvað þá ef það verður eins og villtustu tillögur gera ráð fyrir á næstunni.

Þetta vildi ég nefna, virðulegi forseti, og ítreka og ganga eftir því að þingheimur myndi eftir þessu máli og tæki á með mér í því að minna ráðherra á að hér þarf að gera bragarbót og ef ekki fæst þá jafnvel að Alþingi sjálft láti málið til sín taka. En það er auðvitað hægt að flytja frv. til breytinga á lögunum þannig að þau séu ótvíræð hvað þetta varðar en það er alveg augljóst mál að það er til lítils að vera að flytja það frv. nema einhver vissa sé fyrir því að stuðningur sé við það frá öllum flokkum.

Annað mál sem mig langar líka til að nefna og ég tel að snerti stöðu borgaranna gagnvart stjórnvaldinu og sem umboðsmaður Alþingis hefur fundið að án þess að það hafi borið árangur sem skyldi. Það eru aðfinnslur sem finna má í skýrslunni fyrir þetta ár á bls. 123 hvað varðar dómsmrn. Þar er rakið nokkuð viðamikið mál um afturköllun vínveitingaleyfis og skemmtanaleyfis en þar segir í þessum málavöxtum sem umboðsmaður rekur á bls. 123, með leyfi forseta:

„Loks tel ég að lagaákvæði um skemmtanaleyfi séu afar ófullkomin og er álit þetta því sent forseta Alþingis og dóms- og kirkjumálaráðherra af því tilefni, sbr. 11. gr. laga nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis, og 11. gr. reglna nr. 82/1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis."

Svar ráðuneytisins er á eftirgreindan veg, með leyfi forseta:

„Að því er varðar ábendingar yðar um meinbugi á lögum skal tekið fram að nefnd á vegum ráðuneytisins vinnur nú að endurskoðun laga um lögreglumenn. Ábendingum sem varða þau lög hefur ráðuneytið komið á framfæri við nefndina. Aðrar ábendingar er varða nauðsyn lagaákvæða um skemmtanastarfsemi munu einnig verða teknar til athugunar við hentugleika." — Við hentugleika.

Hér er verið að finna að því að lög eru þannig úr garði gerð að framkvæmd þeirra er með mismunandi hætti um landið og virðist ráðast af mati sýslumanns á hverjum stað hvernig hann framkvæmdir þau lög. Þar er fyrst og fremst atriði sem ég vil vekja athygli á og það er innheimta á endurgreiddum lögreglukostnaði. Það eru heilu umdæmin sem innheimta ekki neitt í þennan kostnað á skemmtistöðunum, má þar nefna stór og dýr umdæmi eins og Akureyri og Reykjavík, þar sem augljóslega er haldið úti allnokkru lögregluliði með tilheyrandi kostnaði úr ríkissjóði til að halda uppi lögum og reglum í miðbænum hér svo nefnd séu dæmi án þess að þeir sem fyrir starfseminni standa greiði til þess nokkuð, þrátt fyrir skýlaust ákvæði í lögum og reglugerð. Hins vegar má á öðrum stöðum, t.d. Ísafirði og víðar, nefna dæmi um að sem sýslumenn virðast túlka þessa reglugerð og lög eins og a.m.k. ég skil þau og innheimta allnokkurt fé af skemmtistöðum til þess að halda uppi löggæslu. Aðalatriðið í þessu og aðfinnslum umboðsmanns Alþingis er að lögin eru ekki framkvæmd með sama hætti um land allt.

Það hefur komið fram í svari hæstv. dómsmrh. að þetta muni verða tekið til athugunar við hentugleika. Það eru ekki fullnægjandi svör að mínu viti og ráðherra á ekki að svara umboðsmanni Alþingis með þessum hætti.

Ég tek eftir því að í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir því að breyting verði á þessum lögum þannig að ef maður dregur ályktanir út frá því þá er ljóst að hæstv. dómsmrh. hugsar sér að framfylgja þessum lögum með sama hætti og verið hefur. Þannig að framkvæmdin verður mismunandi eftir lögregluumdæmum. En það hlýtur að vera grundvallaratriði að sömu lög gildi alls staðar á landinu. Það er óviðunandi að mál séu þannig frágengin af hálfu ráðuneytisins og Alþingis að svo sé árum saman að menn búi í raun við mismunandi löggjöf á tilteknu sviði.

Þessi tvö atriði vildi ég minna á til áréttingar því að ég tel að stjórnvöld og Alþingi, það skal ekki undanskilja Alþing í þessum efnum því hvort tveggja eru löggjafaratriði, hafi ekki brugðist við ábendingum umboðsmanns Alþingis eins og skyldi. Í báðum þessum atriðum verða þessir aðilar að gera betur og vonandi að þeir geri það áður en næsta skýrsla verður rædd hér á Alþingi.

Almennt er ástæða til að hafa nokkrar áhyggjur af stöðu borgaranna gagnvart stjórnvöldum. Ég hef nefnt þessi tvö atriði en það má auðvitað nefna fleiri. Mér hefur orðið það mikið umhugsunarefni burt séð frá því máli sem um er að ræða hvort það geti verið eðlilegt í lýðræðisríki að stjórnvöld beiti sér í tilteknu máli með afli peninga, skattpeninga, til þess að hafa áhrif á þær skoðanir sem fólk myndar sér um þetta tiltekna mál. (**ÓÞÞ:** Beri fé á menn?) Það er nánast verið að bera fé á menn, sérstaklega er mér það umhugsunarefni í ljósi þess að þeir sem kunna að hafa aðra skoðun en stjórnvöld vilja eiga þess engan kost að koma sínum skoðunum á framfæri með jafngildum hætti. Þeir

eiga ekki sama aðgang að fjölmiðlum eins og stjórnvöld og þeir hafa ekki peninga eins og stjórnvöld hafa. Ég er auðvitað að tala þarna um sameiningu sveitarfélaga, burt séð frá því máli sem slíku, en er það eðlilegt að fylgjendur málsins hafi milljónatugi úr að spila en þeir sem eru ekki stuðningsmenn málsins eða einstakra tillagna fá ekki fimmeyring? Er það eðlilegt í lýðræðisríki? Mér finnst það óeðlilegt. Mér finnst það vera grundvöllur að lýðræðisríki að ólík sjónarmið hafi sömu möguleika.

Þar sem þetta hefur orðið mér mikið áhyggjuefni og kannski ekki síður hitt að mér finnst að engir aðrir hafi áhyggjur af þessu og telji þetta jafnvel sjálfsagt mál, það finnst mér kannski vera mesta áhyggjuefnið ef svo er komið í íslensku þjóðfélagi og Alþingi Íslendinga að mönnum finnst þetta vera bara eðlilegt.

Útbýting þingskjals:

Tekjustofnar sveitarfélaga, 233. mál, stjfrv., þskj. 261.

[14:19]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég var kominn þar í minni ræðu um þessa skýrslu að víkja að þeim ábendingum er komu varðandi lagasetningu Alþingis. Það er vissulega svo að í skýrslunni kemur fram að nokkuð vantar á að Alþingi gæti sín við lagasetningu. Það er eins og kom fram í ræðu framsögumanns, hv. þm. Björns Bjarnasonar, grundvallaratriði að fógetavaldið sé á einum stað. Og þangað verði allir aðilar að leita ef þeim finnst um brot að ræða. Ég er þeirrar skoðunar að eftirlit með framkvæmd laga þurfi að vera. En það þarf að vera á þann hátt að þeir sem framkvæma eftirlitið hafi til að bera nægan skilning á lögum til að vera dómbærir á það hvenær sé verið að brjóta þau og hvenær ekki. Þess vegna hefur sú krafa verið gerð til þeirra sem fara með fógetavald að þeir séu lögfræðingar. Mér hefur fundist að Alþingi hafi farið ansi frjálslega í það á seinni árum að samþykkja ýmsar eftirlitsstofnanir sem í reynd hafa fógetavald, þ.e. þær framkvæma hluti sem einstaklingar verða að leita til dómstólanna með ef þeir vilja fá leiðréttingu mála sinna.

Í tveimur frv. sem liggja fyrir Alþingi í dag má segja að stofnunum sé ætlað gífurlegt vald. Í frv. til laga um dýravernd er gert ráð fyrir því að dýraverndarnefndir, héraðslæknir, héraðsdýralæknir eða dýraverndarráð geti farið inn í hvaða hús sem er í eigu bænda nema íbúðarhúsið, valsað þar um hvenær sem þeim sýnist og hvenær sem þeir telja tilefni til. Maður spyr sjálfan sig þegar frv. sem þessi koma fram: Hvers vegna er það ekki áskilið að menn fái leitarheimild og réttra laga sé gætt í þeim efnum að fógeti úrskurði hvort eðlilegt sé að til þessara aðgerða sé gripið? Í frv. til laga um fuglafriðun eru uppi hugmyndir um að Náttúrufræðistofnun Íslands megi senda veiðimenn hvert sem er til að skjóta þau veiðidýr sem þeir hafa áhuga á fyrir stofnunina. Það er svona að því vikið, ef svo mætti komast að orði, að þeir geri grein fyrir sér ef hægt sé að koma því við en það þurfi að láta menn vita fyrir fram að þetta standi til. Ég verð líka að segja í þessu sambandi að þarna finnst mér að við séum að ganga allt of langt þó ekki sé meira sagt í að ryðjast inn á viss svið eignarréttar.

Ég hef stundum vikið að stofnunum eins og Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlitinu og ég fer ekki dult með þá skoðun að báðar þessar stofnanir eru að mínu viti komnar með nánast fógetavald í sínum afskiptum. Ég held að það sé mjög þarft að Alþingi Íslendinga annað tveggja fái þá starfsmöguleika að geta sent lög til umsagnar lögfræðinga sem hefðu það hlutverk eitt að meta ekki gæði laganna nema út frá einu sjónarhorni, þ.e. stenst uppbygging laganna eðlilega stjórnsýsluhætti? Virða þessi lög eðlileg mannréttindi og eru þau á þann veg að þau standist stjórnarskrána? Mér finnst að Alþingi þurfi raunverulega fyrir fram að geta gengið frá því að lög standist hvað þetta snertir. Hitt er svo pólitískt mat hvaða lög séu góð og hvaða lög séu slæm. Það kemur þessu máli ekkert við.

Ég veit að í Finnlandi er sá háttur hafður á að áður en lög eru samþykkt þá er gengið úr skugga um það með því að fela ákveðnu ráði eða nefnd að fjalla um þann þátt einan hvort lögin standist stjórnarskrána. Hugsanlegt væri að lagadeild Háskóla Íslands fengi þetta verkefni og fengi greiðslu fyrir ef þessi háttur yrði upp tekinn. En það er mikil nauðsyn að mínu viti að vanda lagasmíðina og ég held að það verði ekki hægt að ætlast til þess með þeirri aðferð sem ráðuneytin hafa við að undirbúa mál að skipa nefnd, gjarnan manna sem hafa mikla þekkingu á viðkomandi sviði, en enga þekkingu á sviði stjórnsýslu, að semja frv. og svo sé þetta keyrt inn í þingið og raunverulega fari hvergi fram aðgæsla svo viðunandi sé á þessum þáttum sem ég minntist á hér áðan.

Ég ætla þá að víkja að einu atriði sem snertir hæstv. utanrrh. og það er veiting tollvarðarembættisins í Keflavík. Hæstv. utanrrh. sveiflar stundum frá rökrænni hugsun yfir á það sem maður mundi e.t.v. kalla „praktískar" lausnir. Það er góðra gjalda vert að umræddur tollvörður skuli hafa lokið tollvarðaskólanum. En ef hæstv. utanrrh. hefði nú ráðið sér bílstjóra sem ekki hefði haft próf til að keyra bíl og verið tekinn af lögreglunni, neitað að láta bílstjórann af hendi en sent hann í skóla og látið hann taka próf, vafalaust hefði nemandinn náð prófinu svona tveimur mánuðum seinna og þá hefði hann sagt: Ég braut ekkert af mér ég tók fullt tillit til þess sem lögreglan fór fram á, það er búið að tryggja það að maðurinn stenst þær kröfur sem farið er fram á. Það er nefnilega svo að í þessu máli skiptir tíminn nokkru. Það skiptir nefnilega dálitlu máli við veitingu þessa embættis að þegar það var veitt þá hafði umræddur einstaklingur alls ekki lokið þessu prófi og alls ekki farið í skólann yfirhöfuð. Og að mínu viti breytir það engu þótt hæstv. utanrrh. veifi í dag einhverri umsögn frá tollstjóraembættinu í Keflavík. Þetta er ekki spurningin um það hvort menn fái afgreiðslu eins og sagt er á himnum að þeir bjargist fyrir náð undir það síðasta. Þetta er náttúrlega spurning um það hvort þeir hafa gætt eðlilegra formsatriða þegar atburðurinn átti sér stað.

Mér þótti aftur á móti og það skal viðurkennt — að varnarræða hæstv. utanrrh. fyrir embættisveitingu þegar fyrrv. formaður Alþfl. var heiðraður af utanrrh. með því að veita honum embætti í útlöndum, að sú varnarræða skyldi vera flutt á þessum degi — mér finnst að hæstv. utanrrh. sé búinn að byrgja lengi inni sína röksemdafærslu í þessu máli og dálítið merkilegt að hún skuli brjótast út núna á haustdögum þegar flest blóm eru nú frekar að byrgja inni og allur gróður en ekki að springa út. Hitt er aftur á móti líka umhugsunarefni ef hann hyggur að þeir sem hér eru hafi gleymt því að það var að sjálfsögðu ekki fyrir tilstilli Páls Péturssonar sem atkvæðagreiðsla hjá Alþfl. fór á þann veg að þar urðu formannsskipti. Ég hygg að það verði ekki deila á milli mín og hæstv. utanrrh. um að það voru ekki framsóknarmenn sem greiddu atkvæði. Þar var sama regla og Grímur Thomsen talar um að notuð hafi verið á Glæsivöllum, „í góðsemi vegur þar hver annan." Ég efa það ekki að hæstv. utanrrh. kannast við kvæðið þar sem talað er um „hina köldu á" en niðurstaðan varð nú sú að „kaldar und rifjum er konungsmönnum hjá, kalinn á hjarta þaðan slapp ég." Það er ekki víst að þessar gömlu væringar innan Alþfl. sem áttu sér stað séu öllum gleymdar þótt hæstv. utanrrh. hafi látið það bíða til þessa dags að flytja sína varnarræðu fyrir þessari embættisveitingu. Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri varnarræðu. Hún var e.t.v. staðfesting á því að þeir sem á sínum tíma kusu Kjartan Jóhannsson sem formann Alþfl. hafa fengið það staðfest af hæstv. utanrrh. að hann telji að þeir hafi haft nokkra mannþekkingu.

[14:32]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef þegar svarað efnislega þeim aðfinnslum sem fram komu í skýrslu umboðsmanns Alþingis og þeim sem hér hafa verið gerð að umtalsefni varðandi ráðningu í starf tollvarðar árið 1991 og hef engu við það að bæta, nema að líking hv. þm. Ólafs Þórðarsonar á bílstjóraprófinu var óheppileg. Það má kannski líkja þessu við það að umsækjendur allir höfðu hið almenna próf, þ.e. almennt bílpróf, en enginn hafði lokið meiraprófinu, sem var hin sértæka krafa. Og lögin kveða síðan á um það að þegar svo stendur á má beita frávikum ef enginn fullnægir ýtrustu skilyrðum. Þetta hef ég skýrt og rökstutt og hirði ekki um að svara því frekar.

En mér var gefið alveg sérstakt tilefni til þess að svara hv. þm. Árna M. Mathiesen fáeinum orðum vegna þess að hann notaði þessa umræðu til að veitast að mér persónulega fyrir spillingu í embættaveitingum og að Alþfl. sérstaklega. Þessar umdeildu embættaveitingar sem svo eru taldar voru fjórar. Ég hef þegar svarað að því er varðar Kjartan Jóhannsson. Næsta mál á dagskrá varðar ráðningu í embætti seðlabankastjóra. Því háttaði svo til að það starf var auglýst, um það sóttu margir hæfir menn. Það er bankaráð Seðlabankans sem ræður í starfið og það réði til starfið afdankaðan pólitíkus, fyrrv. stjórnmálamann, sem hafði verið m.a. ráðherra viðskiptamála og bankamála um langan tíma. Þetta þótti alveg sérstakt tilefni til árása á Jón Sigurðsson (**ÁMM:** Hvenær var það ...?) og það var gefið fyllilega í skyn að hér væri eingöngu spurt um flokksskírteini en ekki hæfni.

Nú gerðist það fyrir nokkru síðan að þegar öflugasti banki Norðurlanda þurfti að leita sér að nýjum framkvæmdastjóra þá var það auglýst og það sóttu um rúmlega 50 hæfustu bankamenn á Norðurlöndum en við nánari umhugsun og umfjöllun var ákveðið að hafna þeim öllum og leita til hins afdankaða pólitíkuss, sem setið hefur undir linnulausum árásum stjórnarandstæðinga fyrir að hafa þegið embætti út á flokksskírteini. Þetta segir allt sem segja þarf um óhróður stjórnarandstæðinga. Ég átti hins vegar ekki von á því að hv. þm. Árni M. Mathiesen vildi skipa sér í þá sveit. Ég tek ekkert mark og geri engar kröfur til sanngirni eða réttsýni hv. þm. Páls Péturssonar eða Ólafs Ragnars Grímssonar, en ég hefði vænst þess að hv. þm. Árni M. Mathiesen vildi ekki skipa sér í þá sveit.

Þriðja embættaveitingin sem notuð hefur verið til árása á Alþfl. og talin dæmi um pólitíska spillingu var skipan Eiðs Guðnasonar, fyrrv. ráðherra, í sendiherrastarf í Ósló. Ég bæti því við að ég hef sem utanrrh. á tæplega sex ára ferli skipað þrjá stjórnmálamenn til sendiherrastarfa. Um Eið Guðnason er það að segja að fyrir utan langan þingferil hér á löggjafarsamkomunni hafði hann sérstaklega starfað á vegum síns flokks mikið í norrænu samstarfi. Stjórnað þar mörgum veigamiklum nefndum og sem umhvrh. starfað mjög á þeim vettvangi. Vegna starfa sinna og reynslu sem stjórnmálamaður á hann greiðan og milliliðalausan aðgang að öllum helstu stjórnmálamönnum Norðurlanda sem hann þekkir persónulega.

Þegar kom til álita að skipa í þetta starf var annars vegar að meta ýmsa hæfa embættismenn sem ekki höfðu þessa reynslu og ekki höfðu þessi sambönd og mín niðurstaða varð sú að það væri vel til fundið, sérstaklega á þessum tíma að því er varðar Noreg, að velja til starfans stjórnmálamann. Og ég stend við þá ákvörðun, tel að hún hafi verið vel ráðin og ekki gagnrýniverð.

Fjórða embættaveitingin sem menn hafa haft milli tannanna er val á fyrrv. þingmanni og fyrrv. formanni fjárln. til að gegna starfi forstjóra Tryggingastofnunar ríkisins. Um það ætla ég að segja það eitt að það starf var auglýst og þar var leitað eftir forstjóra. Það var ekki verið að ráða tryggingastærðfræðing. Og nú spyr ég hv. þm.: Finnst þeim í ljósi kynna af þeim manni og í ljósi þeirrar staðreyndar að hann gegndi um hríð yfirmannsstöðu af hálfu löggjafarvaldsins að því er varðar fjármál ríkisins að hann hljóti að teljast dæmi um augljósa pólitíska spillingu eða vanhæfi til að stjórna stofnun eins og Tryggingastofnun? Tryggingastofnun hefur verið mjög gagnrýnd fyrir slaka stjórn í fjármálum. Sem formaður fjárln. kom hv. þm. Karl Steinar Guðnason á framfæri mörgum gagnrýniatriðum í því efni. Ég segi fyrir mig: Það er á engan hallað, aðra umsækjendur, sem sumir hverjir voru mjög hæfir, þótt ég segi að reynsla stjórnmálamanns á löggjafarsam-

komu Íslendinga sem sérhæfði sig einkum og sérílagi í löggjöf á félagsmálasviðinu, sem hefur þá reynslu að hafa verið yfirmaður fjárln. Alþigis, hún er fullboðleg til þess að gegna slíku starfi hafi maðurinn sýnt í verki að hann hafi ábyrgðartilfinningu í fjármálum. Sem mér skilst að samstarfsmenn hans í fjárln. hafi reyndar lokið lofsorði á.

Virðulegi forseti. Þessi ræða er að vísu ekki um skýrslu umboðsmanns Alþingis. Það er ekkert um þetta að finna í skýrslu umboðsmanns Alþingis. En hv. þm. Árni M. Mathiesen notaði ræðutíma sinn til þess að veitast að mér og veitast að mínum flokki og bera okkur sérstökum sökum og ég þykist fullviss að ég hafi hann ekki fyrir rangri sök að þetta hafi verið honum ofarlega í huga. En nú spyr ég hv. þm., sem kaus að skipa sér með þessum hætti í röð ófyrirleitnustu gagnrýnenda Alþfl., með leyfi að spyrja, hefur hv. þm. gagnrýni fram að færa á þá staðreynd að hans flokkur hefur valið stjórnmálamenn til mikilla ábyrgðarstarfa í bankakerfinu? Ætlar hann að gagnrýna þá ráðstöfun þegar fyrrv. forsrh., fyrrv. borgarstjóri í Reykjavík, maður með mikla reynslu á sviði stjórnmála og stjórnunarstarfa, Geir Hallgrímsson var valinn til þessara starfa sem seðlabankastjóri? Eða fyrrv. borgarstjóri, fyrrv. þingmaður og ráðherra, Birgir Ísleifur Gunnarsson, var valinn til þess að verða seðlabankastjóri? Eða Ögurvíkingurinn sjálfur, fyrrum þingmaður Austfirðinga, fyrrum „kommissar" í Framkvæmdastofnun, var valinn til þess um leið og hann steig upp úr stól þingmanns að gegna bankastjóra við aðalviðskiptabanka þjóðarinnar? Ætlar hv. þm. að gagnrýna það þegar hans flokkur hefur valið til starfa fyrrv. alþingismenn og sett þá í störf sýslumanna. Hv. þm. Friðjón Þórðarson, núv. sýslumaður. Á ég að nefna fleiri? Einar Ingimundarson. Vill hv. þm. að ég nefni fleiri til sögunnar? Eða telur hv. þm. það sérstaklega gagnrýnivert þegar flokkur hans hefur valið starfandi þingmenn til þess að gegna mikilsverðum störfum t.d. í bankaráðum þjóðbanka eða í stjórnir fjármálastofnana og stjórn Byggðastofnunar eða þegar skipaðir eru menn úr innsta hring í fjármálaráði flokks hans til mikilla trúnaðarstarfa innan t.d. stofnana á vegum fjmrn.? Það er óhjákvæmilegt, hv. þm., þegar veist er að samstarfsflokknum með þessum hætti að það sé svarað og í annan stað að hv. þm. sé sjálfum sér samkvæmur í gagnrýni sinni. Sá yðar sem syndlaus er kasti fyrsta steininum.

[14:41]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er stundum sagt að byltingin éti börnin sín og ég var að velta því fyrir mér þegar ég hlustaði á ræðu hæstv. ráðherra áðan hvort þetta væri sami maðurinn sem var að brjótast til valda í Alþfl. fyrir svona eins og áratug síðan og ætlaði að moka hina pólitísku flóra. Nú vil ég ekki út af fyrir sig gagnrýna allar þær stöðuveitingar sem hér hafa verið nefndar og ég get t.d. sagt að ég tel að bæði Jón Sigurðsson og Eiður Guðnason hafi verið ágætlega hæfir í þau störf sem þeir réðust til. En það er margt fleira.

Ég hef reynt að fylgjast með þessari umræðu hér og sérstaklega um þá þremenninga A, B og C sem sóttu um tollvarðarstarf. Og hæstv. ráðherra lýsti því hvaða ástæður voru til þess að ráðuneytið taldi sig skylt að hlutast til um það að C yrði ráðinn. En það er ekki enn þá komið fram hvort það var ákvörðun ráðherra að ráða C í þessa stöðu og þess vegna vil ég nú spyrja hæstv. ráðherra að því beint hvort svo hafi verið að það hafi verið ráðherraákvörðun.

[14:42]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningin er óþörf að því leyti að að sjálfsögðu er það svo að ráðherra ber fulla ábyrgð á ráðningum í störf í ráðuneytinu og undirstofnunum þess. Og hvort ég hafi komið persónulega að ráðningu sem ég gæti út af fyrir sig sagt hv. þm. prívat og persónulega, þá ætla ég ekki að víkja mér á nokkurn máta undan ábyrgð. En ég ætla að svara því, hv. þm., að sá sem hér stendur er sami maðurinn og stóð hér í þessum sama stól fyrir um það bil áratug síðan. Og hann er formaður í stjórnmálaflokki sem var fyrir löngu búinn að taka þá ákvörðun að skipa ekki alþingismenn til starfa í bankaráðum eða úthlutunarstofnunum opinberra sjóða og gerði það áður en nokkur annar stjórnmálaflokkur hafði gert það og hefur haldið þá reglu í heiðri áratugum saman samkvæmt því gamla boðorði kristinna manna að það sé ekki skynsamlegt að leiða menn daglega í þá freistni sem sitja sem þingmenn, ekki síst í dreibýliskjörnum, að hafa undir sér digra sjóði til úthlutunar með líka þeim afleiðingum sem við blasa, þ.e. fjárfestingarmistökin upp á tugi milljarða.

[14:44]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú virðast taugar hæstv. ráðherra vera orðnar svo þandar að það er ekki orðin undantekning heldur regla að hann svarar þeim sem til hans beina spurningum einhverju allt öðru og einhverju sem alls ekki er á dagskrá þannig að ég hlýt að lýsa mikilli undrun minni yfir því. Hæstv. ráðherra segir að Alþfl. hafi fyrir löngu tekið ákvörðun um að skipa menn ekki í bankaráð eða aðrar slíkar stofnanir. Ég spurði ekkert um slíkt. Ég spurði hvort það hefði verið ráðherraákvörðun og hvort það sé komið þannig fyrir Alþfl. að ráðherrar flokksins séu farnir að hlutast til um ráðningu manna langt neðar í starfsstiga en maður hefur heyrt um um langt árabil. Ef svo er komið að einstaka stöður eins og ráðningar tollvarða á Keflavíkurflugvelli þurfa að fara alla leið upp á borð ráðherra og hljóta pólitískan stimpil, þá gef ég nú ekki mikið fyrir siðbótartal þeirra sem þannig vinna.

[14:45]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hlýtur að hafa misskilið mig. Svar mitt fólst í því að ég var ekki að víkja mér undan ábyrgð. Ef hv. þm. var að spyrja um það nákvæmlega hvernig þetta bar að innan ráðuneytis, þá er það ekkert leyndarmál að þetta var sú tillaga sem fyrir mig var lögð af varnarmálaskrifstofu. Það breytir

engu um það að ég ber ábyrgð á henni og ég er ekki að víkjast undan henni og ég er ekki að svara hv. þm. út úr.

[14:45]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að blanda mér inn í deilur um ráðningu starfsmanns á Keflavíkurflugvelli sem hér hefur verið til umræðu en ég var alveg dolfallinn undir ræðu hæstv. utanrrh. þar sem hann þuldi upp í langri bunu mann eftir mann úr Sjálfstfl. sem hafði ráðið pólitískt í embætti hjá Seðlabankanum og víðar í stjórnkerfinu. Þetta er flokkurinn sem hann kýs að starfa með. Þetta er flokkurinn sem hann ætlar að herma eftir. Er það þess vegna sem Alþfl. er að feta þessa leið að ráða hvern þingmanninn úr sínum röðum á fætur öðrum í góð störf hjá ríkinu? Er röksemdafærslan hjá hæstv. utanrrh. sú að svo skuli böl bæta með því að benda á annað verra?

[14:46]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. misskildi hrapallega það sem var kjarninn í mínu máli en hann er þessi: Ég er þeirrar skoðunar að það gefi ekkert tilefni til ásökunar um spillingu þótt fyrrv. stjórnmálamenn séu ráðnir til starfa ef þeir á annað borð fullnægja hæfniskröfum. Ég tek ekki undir með þeim sem hrópa ævinlega, þótt það sé venja stjórnarandstöðu ef stjórnmálamanni eru falin tiltekin störf, að það sé samkvæmt skilgreiningu spilling. Ég get skýrt frá því núna af því að það er ekki lengur bundið neinum trúnaði, að á sínum tíma bauð ég formanni Framsfl. og falaðist eftir honum sem sendiherra Íslands í New York. Það var formaður Framsfl. sjálfur sem opinberlega skýrði frá því að hann hefði fengið það boð og hann hefði hafnað því þannig að ég er ekki að rjúfa neinn trúnað þótt ég lýsi þessu yfir. Hvað gekk mér til? Mér gekk það ekki til að fá þennan stjórnmálamann frá þátttöku í pólitík. Ég taldi að fenginni reynslu að maður sem hefur gegnt mörgum ráðherraembættum og forsætis- og utanríkisráðherraembætti fyrir hönd Íslands og er því prýðilega til þess fallinn, nokkuð þekktur á erlendum vettvangi, að vera fulltrúi Íslands á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Og ég tek það fram að það er ekki tilefni til neinna ásakana um spillingu.

[14:48]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er sammála hæstv. utanrrh. um það að reynsla í stjórnmálum er áreiðanlega mjög mikils virði og miklu meira virði en langur skólagangur til þess að gegna ýmsum opinberum störfum og ágætur undirbúningur.

Hæstv. utanrrh. taldi hér upp fjóra yfirburðamenn sem hann hefði annaðhvort komið úr landi eða komið í embætti hjá hinu opinbera og ég er honum sammála um að þetta eru ágætir menn og ég hef farið hér miklum viðurkenningarorðum um þá alla eða a.m.k. þrjá af þeim hér úr þessum ræðustól nýlega. **(Gripið fram í:** Hver er sá fjórði?) Það er sannarlega skarð fyrir skildi og mikið tjón okkar þjóðfélags að þeir skyldu hverfa héðan úr þingi með svo sviplegum hætti og ég sé ekki að af yfirburðamönnum sé eftir nema utanrrh. sjálfur hér í þinginu. Hæstv. utanrrh. taldi ekki upp nokkra tugi annarra krata sem hann hefur „plaserað" í embætti.

[14:49]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar kom að því að hv. þm. Páll Pétursson sagðist nú þrátt fyrir allt vera sammála mér um þá grundvallarskoðun að stjórnmálamaður hefði ekki endilega unnið sér til óhelgis eða unnið til þess dóms að vera óalandi og óferjandi til starfa á öðrum vettvangi og það er fagnaðarefni að við erum samála um það. Ég tók eftir því sérstaklega að hann sagðist hafa farið viðurkenningarorðum um a.m.k. þrjá af fjórum þeirra sem ég nefndi til umræðunnar eftir ásakanir hv. þm. Árna Mathiesens. Þess vegna er rétt að skýra frá því úr þessum ræðustól að ekki einasta hefur þessi fjórði maður sem hv. þm. mun eiga við hafa verið valinn umfram 50 hæfustu bankamenn Norðurlanda til þess að stýra stærsta lánardrottni Íslands og öflugasta banka Norðurlanda, heldur hefur nú framkvæmdastjórn OECD, helstu efnahagssamvinnustofnunar Evrópu og iðnríkjanna, farið þess á leit sérstaklega að mega tilnefna þennan mann sem var undanskilinn lofi hv. þm. í hópi fimm hinna vitrustu manna til þess að endurskipuleggja þá stofnun frá rótum. **(ÓÞÞ:** Er von um meiri útflutning?)

[14:51]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það var misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að ég hefði ekki hælt Jóni Sigurðssyni. Það hef ég margoft gert og upp í hástert og ég er tilbúinn að hæla Karli Steinari Guðnasyni líka við tækifæri þó ég ætli ekki að leggja það inn í þessa umræðu en hann var sá sem ég bara mundi ekki eftir í svipinn að ég hefði hælt sérstaklega.

Úr því að hæstv. utanrrh. er farinn að vitna í faðirvorið og biðja um að leiða sig ekki í freistni þá finnst mér nú að því komið fyrir hann að halda áfram og segja: Fyrirgef oss vorar skuldir. Að endingu vil ég bæta því við að þótt hans sé núna ríkið þá er hans hvorki mátturinn né dýrðin.

[14:52]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Það er mjög ánægjulegt að heyra að gagnrýni mín hefur náð eyrum hæstv. utanrrh. og ég fagna því að hann hefur að hluta til tekið undir bæði mína gagnrýni og gagnrýni umboðsmanns Alþingis hvað varðar formgalla og þær tafir sem urðu á því að utanrrn. svaraði spurningum umboðsmannsins. Og í þessum efnum hefur hann lofað bæði bót og betrun.

Það er hárrétt hjá hæstv. ráðherra að þeir umsækjendur sem komu til gerina við stöðuveitingar í tollinum á Keflavíkurflugvelli voru þrír en það voru ekki svonefndir A, B og C heldur voru það A, B og I. Og umsækjandi C var talinn einn af þeim sem var síst hæfur og hvergi nefndur í umsögnum lögreglustjórans.

Hæstv. utanrrh. fór nokkrum orðum um þessa um-

sækjendur, þar á meðal A sem hann taldi vera algerlega ómögulegan. Ég spyr því: Ef A var svona ómögulegur hvers vegna var hann þá í mörg ár ráðinn til sumarafleysinga í tollinum á Keflvíkurflugvelli? Og hvers vegna mælir þá lögreglustjórinn á Keflvíkurflugvelli með að hann verði lausráðinn í stöðu sem þá var laus vegna þess að annar aðili var í frí? Og ef aðili B var svona ómögulegur hvers vegna mælir þá lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli með honum í umrædda stöðu tollstjóra? Og C, ef hann er svona hæfur hvers vegna mælti þá ekki lögreglustjórinn með honum, annaðhvort til fastráðningar eða til lausráðningar? Hann tók ekki bara B fram yfir C, heldur tók hann bæði A og I fram yfir C því að hann lagði til að B yrði fastráðinn og A og I yrðu lausráðnir. Röksemdafærsla ráðherrans í þessu efni heldur því ekki vatni, enda segir á bls. 157 í skýrslu umboðsmanns Alþingis, með leyfi forseta:

„Af hálfu utanrrn. hafa ekki verið færð fram nein gögn eða rök sem geta réttlætt að vikið væri frá almennum menntunarskilyrðum tollvarða skv. 1. tölul. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 85/1983, en þar ber að hafa í huga að tveir umsækjendanna uppfylltu þessi hæfisskilyrði."

Meira þarf ekki að segja um þetta mál. Ráðherrann sakar mig um að veitast að sér persónulega og að Alþfl. Suður í Hafnarfirði gæti ég ekki fengið meira hrós en þetta en því miður tel ég mig ekki eiga það alveg skilið því að gagnrýni mín á hæstv. ráðherra var sett fram í vinsemd en alls ekki af einhverjum haturshug eins og aðstoðarmaður hans gerir gagnrýnendum hans upp hugarfar í grein sinni í Morgunblaðinu 20. okt. sl. Ef ég hef veist svona illilega að hæstv. ráðherra og flokki hans, má þá ekki segja það sama um þingmenn Alþfl. sem gagnrýndu stöðuveitingar ráðherra flokksins sl. sumar á flokksráðsfundi fyrir tæpum hálfu mánuði? (**Utanrrh.:** Þeir gerðu það ekki.) Samkvæmt fréttum gerðu þeir það. (**Utanrrh.:** Nei.) Voru þeir ekki að veitast að formanninum og flokknum?

Hæstv. utanrrh. nefndi til sögunnar Kjartan Jóhannsson, sveitunga minn og nágranna. Skipun Kjartans sem sendiherra hef ég aldrei gagnrýnt og ég held að það sé hvergi hægt að finna því stað að ég hafi nokkurn tíma hallmælt Kjartani Jóhannssyni. (**Utanrrh.:** Hefði það ekki þótt hrós í Hafnarfirði?) Ráðherrann fór mjög ítarlega í gegnum þær þrjár embættaveitingar sem Alþfl. stóð fyrir og urðu sérstaklega til umræðu á sl. sumri. Um þessar veitingar fjallaði ég m.a. í grein sem ég skrifaði í Hamar, blað okkar sjálfstæðismanna í Hafnarfirði sl. sumar og útdráttur úr þessari grein var birtur í Staksteinum Morgunblaðsins stuttu síðar. Ég vitna í greinina eftir minni en þar segi ég m.a. að ég gagnrýni engar þessar embættaveitingar sérstaklega og það mætti færa rök fyrir því að hver þessara manna væri einn og sér hæfur til þess að gegna því embætti sem hann var skipaður til. En það sem ég gagnrýni er sú keðjuverkun sem þarna var sett af stað, sú pólitíska leikflétta sem þarna var í gangi til þess að leysa innanflokksvandamál í Alþfl. og létta þrýstingi af sjálfum formanni flokksins. Það má segja að það hafi tekist snilldarlega vel. En það er alveg greinilegt á umræðunni sem hefur verið í þjóðfélaginu og verið hefur innan Alþfl. og sennilegast kemur það fram í skoðanakönnunum að fleirum en mér finnst óeðlilegt að ⅓ af þingflokki Alþfl. sé fluttur á einu bretti inn í Stjórnarráðið í æðstu og best launuðu embættin.

Hvað spurningar hæstv. ráðherra í minn garð varðandi embættaveitingar ráðherra Sjálfstfl. varðar er það að segja að þær embættaveitingar sem hann tiltók hef ég ekki gagnrýnt. Ég tel alls ekki að fyrrv. alþm. séu óhæfir til þess að gegna embættum á vegum ríkisins, síður en svo. Í þeirri grein sem ég vitnaði til áðan tek ég það einmitt fram að ég telji að pólitísk reynsla sé mjög gott veganesti og í mörgum tilfellum afar gott veganesti til þess að sinna opinberum embættum. Þar sem ráðherrann tilnefndi bankaráð sem sjálfstæðismenn hafa verið skipaðir í og stjórnir annarra fjármálastofnana er það að segja að það hefur áreiðanlega á sínum tíma verið gagnrýnivert þegar stjórnmálamenn sátu í bankaráðum sem þá höfðu með það að gera að ákvarða lánveitingar. Ég tel að í dag þegar búið er að breyta bankalögum þannig að bankaráðin hafa ekki með forræði lánveitinga að gera, þá sé það ekki óeðlilegt þótt þingmenn sitji í þingkjörnum bankaráðum. Ráðherrann hefur hins vegar engu svarað gagnrýni minni hvað varðar framferði hæstv. ráðherra á varnarsvæðinu og á svæði flugstöðvarinnar, hjá Flugmálastjórn, hjá Ratsjárstofnun og Íslenskum aðalverktökum sem öll falla undir hans starfssvið. Þetta verður væntanlega að ræða einhvern tímann seinna, hugsanlega einhvers staðar annars staðar.

En þessi gagnrýni sem ég hef haft hér uppi á ráðherrann, *sem ég tel vera efnislega gagnrýni, er sett* fram í fullri vinsemd og ég frábið mér það að verða tekinn inn í flokk hatursmanna eins og aðstoðarmaður hans kallar það eða óvini hans því það er ég ekki. Ég vil biðja hann, ekki síst sjálfs sín vegna, að taka mark á þeirri gagnrýni sem ég hef hér lagt fram í dag og breyta út af því sem hér hefur verið gagnrýnt í dag og því sem á svipaðn hátt hefur verið gagnrýnt annars staðar, í fullri vinsemd, hæstv. ráðherra.

[15:01]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst: Það er algjörlega úr lausu lofti gripið hjá hv. þm. að ég hafi í ræðu minni hér áðan lýst einhverri skoðun á umsækjendum, að ég hafi talið A ómögulegan. Það gerði ég ekki. Ég hef enga sérstaka skoðun á því. Ég hins vegar las upp í ræðu minni umsögn yfirmanns Tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli og hún byggist einfaldlega á því að það er mat yfirmanns á störfum tveggja lausráðinna manna. Í annan stað var leiðrétt það sem fram kom í áliti umboðsmanns að B hefði fullnægt ýtrustu kröfum en það var upplýst með vottorði frá skólastjóra tollskólans að hann hefði fallið á prófi og ekki hirt um endurtöku. Þannig að það breytist ekkert að því leyti að við vorum að fjalla um umsækjendur sem um gilti að enginn fullnægði ýtrustu kröfum en síðan kom upp álitamál um hinar almennu kröfur.

Hv. þm. bendir á að sýslumaður hafi engu að síður mælt sterklega með einum þeirra og það er rétt en það breytir ekki því að sýslumaðurinn hefur ekki veitingavaldið, hann hefur meðmælavald og að þessu leyti bar þeim ekki saman, annars vegar sýslumanninum og hins vegar yfirmanni Tollgæslunnar sem hafði starfað með þessu mönnum.

Um hitt efni ræðu hv. þm. er náttúrlega ljóst að ég þarf ekki að hafa um það mörg orð, þar er öll gagnrýni hans fallin um sjálfa sig vegna þess að hann segir ósköp einfaldlega: Ég gagnrýni ekki embættaveitingar fyrrverandi stjórnmálamanna í stöðu seðlabankastjóra, í stöðu landsbankastjóra, eða í stöðu sýslumanna, ef sjálfstæðismenn eiga í hlut. Þá talar hann ekkert um flokksskírteini. Það hvarflar ekki að honum og tekur undir með mér að stjórnmálamenn, þrátt fyrir allt, hljóti að koma til greina ef þeir eru á annað borð hæfir. Ef þeir eru alþýðuflokksmenn þá er það hins vegar pólitísk spilling og þá á allt annað við. Þetta heitir tvöfeldni og ræðumaður sem heldur þannig á málum fyrir hönd síns flokks er búinn að gera fyrri ræðu sína að marklausum áróðri.

[15:03]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rangt sem hæstv. ráðherra heldur fram að umsækjandi B hafi fallið á prófi í tollskólanum. Það kemur fram í skýrslu umboðsmanns Alþingis að hann hafi ekki tekið prófið vegna veikinda og hafi átt rétt á endurtöku þess vegna. (**Utanrrh.**: Þetta er rétt.) Hvað varðar það sem ég sagði um embættaveitingar alþýðuflokksmanna og sjálfstæðismanna sem út af fyrir sig er ekki verið að bera saman í þessu tilfelli þá er ég sammála ráðherranum í því að stjórnmálamenn eiga fullt embættisgengi og reynsla þeirra getur verið mjög mikilvæg. Ég var ekki að gagnrýna hvert einstakt tilfelli heldur var ég að gagnrýna þessa leikfléttu, þessa pólitísku leikfléttu, sem var í gangi mestallan fyrripart þessa árs. Ef svipuð leikflétta hefði verið í gangi hjá Sjálfstfl. þá hefðu átta til níu þingmenn flokksins sem nú sitja á hv. Alþingi verið settir inn í embættismannakerfið og ég er alveg sannfærður um að ég hefði gagnrýnt það ef það hefði gerst og hæstv. ráðherra hefði tekið undir með mér þá.

[15:04]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn tekur hv. þm. undir áróður stjórnarandstæðinga og segist nú vera að gagnrýna einhverja leikfléttu. Staðreyndin er sú að fyrrv. viðskrh. hafði einfaldlega tekið um það ákvörðun að hætta og leita fyrir sér um starf á öðrum vettvangi. Það leiddi til ákveðinna breytinga að því er varðar mannaskipan og verkaskiptingu í okkar þingflokki. Það er engin undirstaða fyrir neina sérstaka gagnrýni. Hv. þm. hefur einfaldlega sagt: Ef minn flokkur á í hlut þá er það ekki gagnrýnivert. En hann verður að reyna að finna einhverja ástæðu. Nú heitir það leikflétta ef samstarfsflokkurinn á í hlut.

Og tvennt annað, virðulegi forseti: Ég leiðrétti það sem hv. þm. sagði að flokksráðsmenn Alþfl. hefðu gagnrýnt þessar stöðuveitingar. Það gerðu þeir ekki. Hv. þm. þarf að taka eftir. Þeir gagnrýndu það að þessi óhróður sem reynt hefur verið að bera á Alþfl. af hálfu stjórnarandstæðinga, þar á meðal út af þessum málum, hefði skaðað Alþfl. í skoðanakönnunum. (Forseti hringir.) Og annað: Ég ætla að biðja hv. þm. að minnast þess þegar hæstv. forsrh. var borinn hér hvað alvarlegustum sökum í sambandi við mannaráðningar fyrr á þessum vetri þá var ólíku saman að jafna hvernig ég, formaður Alþfl., brást við honum til varnar.

[15:06]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er langt í frá að ég hafi haldið því fram í þessari umræðu eða nokkurn tímann annars staðar að hæstv. utanrrh. sé alls varnað. Síður en svo. (**Gripið fram í:** Skárra væri það nú.) Skárra væri það nú, já. En það sem ég hef verið að gagnrýna hér held ég að hann ætti að taka tillit til.

Hvað varðar það sem kom fram á flokksráðfundi Alþfl. þá veit hann auðvitað sjálfur betur en ég hvað þar fer fram því þar var ég ekki. Ég get einungis stuðst við fréttir dagblaðanna. En þær sem ég sá voru á þá leið að þessar embættaveitingar hafi verið gagnrýndar þar. Hvort hv. þm. Alþfl. hafi verið að nota einhverja Albaníuaðferð til þess að gagnrýna embættaveitingarnar með því að gagnrýna gagnrýnendurna það get ég ekki sagt til um. Ég er sannfærður um það að hæstv. ráðherra getur áttað sig á því betur en ég. En ég vil biðja hann í fullri vinsemd að taka tillit til þessarar gagnrýni minnar því ég er sannfærður um það að ef hann gerir það þá mun það verða bæði honum og hæstv. ríkisstjórn til velfarnaðar og styrkja okkar annars ágæta samstarf.

[15:08]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Þetta hafa verið mjög fróðlegar umræður og ég vil sérstaklega þakka hæstv. utanrrh. þátttöku hans í umræðunum, hann hefur verið hér til andsvara vegna þeirra mála sem upp hafa komið og mér finnst það mjög til fyrirmyndar hvernig hann hefur komið hér fram og tekið þátt í þessum umræðum og hefði kosið að fleiri ráðherrar hefðu verið hér við til þess að unnt væri að beina til þeirra málum sem þá vörðuðu og varða þessa skýrslu. Það er mjög nauðsynlegt að þessar umræður séu með þeim hætti að ráðherrar séu viðstaddir og taki þátt í þeim og komi sínum sjónarmiðum á fram færi og það hefur skýrst í þessum umræðum hvernig viðbrögðum utanrrn. við aðfinnslum og áliti umboðsmanns er háttað út af því máli sem hvað mest hefur verið rætt hér varðandi ráðningu tollvarðar á Keflavíkurflugvöll.

Ég vil aðeins í tilefni af því máli þó vekja máls á þremur atriðum. Ráðherra vék að því í svörum sínum sem er rétt að það er hvergi skylda til þess að svara skriflega þegar mönnum er ekki veitt staða en hins vegar fullyrðir ekki heldur umboðsmaður Alþingis í sinni skýrslu að slík skylda sé fyrir hendi en hann lítur þannig á að það séu vandaðir stjórnsýsluhættir að veita skrifleg svör og nauðsynlegt að það komist rækilega til skila að umboðsmaður telur það vandaða

stjórnsýsluhætti að veitt séu skrifleg svör. Síðan er rétt að vekja máls á því að um næstu áramót taka stjórnsýslulögin gildi og þar er lögfest að það beri að svara skriflega, en hins vegar megi svara munnlega ef fyrirsjáanlegt er að afgreiðslan muni tefjast og þá sé hægt að skýra mönnum frá því en skrifleg svör eru lögskipuð.

Það var síðan einnig það atriði sem vikið er að í þessu máli og nauðsynlegt að hafa í huga að það liggja fyrir allshn. tilmæli frá umboðsmanni um það að hugað sé að því hvort það séu meinbugir í lögum að menn sem lenda í slíkri aðstöðu eins og kemur fram í þessu áliti hvort eigi að gefa þeim færi á því að fá miska bættan. Spurningin er: Á að veita heimild í lögum til að bæta miska þegar stjórnvöld hafa brotið rétt á mönnum við stöðuveitingar? Þetta er úrlausnarefni sem allshn. stendur frammi fyrir vegna þessa máls og þessa atviks sem hér hefur verið gert að umtalsefni og að sjálfsögðu er það ekki á valdi hæstv. utanrrh. að svara því atriði, það er nokkuð sem við þurfum að taka á vegna þessa máls.

En það kemur fram einnig og ég hef upplýsingar um það frá umboðsmanni að fjmrn. hafi tilkynnt umboðsmanni Alþingis að í tengslum við heildarendurskoðun laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, muni sérstaklega verða skoðað hvort ástæða sé til að setja í lög heimildir til að bæta miska ef stjórnvöld hafa brotið rétt á mönnum við stöðuveitingar. Þetta mál verður sem sagt til athugunar og er sjálfsagt mál fyrir okkur þingmenn að velta þessu fyrir okkur og allshn. mun kanna þetta og skoða sérstaklega eins og henni hefur verið falið af hæstv. forsætisnefnd Alþingis og við munum taka það mál til athugunar.

Hér hefur réttilega töluvert verið rætt um það hvernig unnt sé að bregðast við álitum umboðsmanns. Í lögum um embætti umboðsmanns er ekki að finna nein sérstök ákvæði um það hvernig á að bregðast við þegar hann gerir sínar athugasemdir. Það var vakin athygli á því í umræðunum að gefnu tilefni hvenær það var sem ráðherra neitaði fyrst í sögunni að verða við tilmælum umboðsmanns og það mál fór síðan fyrir dómstóla og var leyst varðandi einstaklingana fyrir dómstólunum og síðan var lögum breytt.

Ég vil vekja athygli hv. þm. á þeim bæklingi frá umboðsmanni Alþingis sem heitir Umboðsmaður Alþingis og er gagnlegt fyrir menn að hafa hann við höndina, sérstaklega þegar ýmsir umbjóðendur þingmanna leita til þeirra. Hér koma fram með einföldum hætti helstu atriði í lögum umboðsmanns og eru sett þannig fram að öllum eru augljós og skýr en þar segir m.a., með leyfi frú forseta:

„Niðurstaða umboðsmanns Alþingis í málum sem hann fær til úrlausnar eru ekki að lögum bindandi fyrir stjórnvöld. Hins vegar er algengast að stjórnvöld fylgi niðurstöðu umboðsmanns. Ef stjórnvöld sinna ekki tilmælum umboðsmanns Alþingis er honum heimilt að mæla með því að þeim sem í hlut á verði veitt gjafsókn í dómsmáli á hendur viðkomandi stjórnvaldi. Þá er Alþingi árlega gefin skýrsla um störf umboðsmanns Alþingis og niðurstaða hans í málum svo og um viðbrögð stjórnvalda við þeim."

Þetta eru hin almennu ákvæði, það er ekki í lögunum um umboðsmann Alþingis áskilið frekar varðandi það hvernig bregðast skuli við álitum umboðsmannsins en þessar umræður á þingi í dag og þær umræður sem orðið hafa um þessa skýrslu og árlega undanfarið og hvernig þær hafa þróast gefa held ég öllum sem orðið hafa vitni að þeim og hafa lesið um þær áður fyrr tilefni til þess að ætla að þessar umræður þróist á þann veg að þær virki sem visst aðhald varðandi það að ráðherrar og stjórnvöld fari að áliti umboðsmanns. Síðan er það á valdi allshn. Alþingis eins og fram hefur komið að fylgja eftir þeim álitum þar sem vikið er að meinbugum og lögum og allshn. mun gera það eins og ég hef áður skýrt frá og væntanlega kalla fyrir sig embættismenn eða sinna þeim málum eins og nefndin telur skynsamlegast. Þetta starf er allt í þróun og mótun og það mun vonandi þróast á þann veg að málum umboðsmanns fækki, að stjórnvöld sjái sig knúin til þess að sinna stjórnsýslu með þeim hætti að ekki þurfi að leita til umboðsmanns, stjórnsýslulögin muni gera borgurunum auðveldara en áður að framfylgja sínum rétti og einnig að samstarf umboðsmanns og stjórnvalda verði með þeim hætti að mál þurfi ekki að berast Alþingi í skýrsluformi því við skulum átta okkur á því að þau mál eru aðeins sett í þessa skýrslu sem eru ekki leyst á meðferðarstigi hjá umboðsmanni. Þau mál sem hér er getið um eru alls ekki öll mál sem fyrir umboðsmann og embætti hans koma heldur þau mál sem umboðsmaður telur ástæðu til að vekja sérstaka athygli á vegna þess að hann telur að það hafi ekki verið staðið að úrlausn mála í framhaldi af sínum skýrslum endilega með þeim hætti að það eigi ekki erindi til fleiri. En flest mál held ég og fjölgandi fer þeim málum þar sem samvinna á milli embættis umboðsmanns og stjórnsýsluaðila er þess eðlis að ekki þurfi að taka og semja um þau sérstakar skýrslur og jafnvel leysast málin án þess að embætti umboðsmanns semji slíkar greinargerðir og annað eins og við höfum hér fyrir framan okkur og eru ákaflega vönduð að allri gerð.

Hv. 3. þm. Vesturl. vakti máls á þál. um aukatekjur ríkissjóðs og gjaldtöku ríkisstofnana sem samþykkt var 8. maí sl. vegna þess að hann taldi að þar væri vikið að máli varðandi lagaheimildir og gjaldtöku og annað slíkt. Vissulega er mikið af slíkum málum en í allshn. kom fram það sjónarmið hvort ekki væri æskilegt og nauðsynlegt að láta gera úttekt á því hvernig framkvæmd á ýmsum gjaldtökuheimildum og skattaákvæðum er háttað. Hvort þróunin hafi verið sú að menn hafi fikrað sig e.t.v. í framkvæmd inn á aðrar brautir heldur en ætlunin var, heldur en efni greina, reglugerða og ákvæða í lögum gefa tilefni til. Þetta kann að vera mikið verk og erfitt en mér finnst að það ætti að huga að þessu um leið og þál. sem hv. 3. þm. Vesturl. gerði að umtalsefni á að framkvæma í samræmi við ályktun Alþingis.

Flestir þingmanna sem hér tóku til máls fjölluðu að verulegu leyti um það hvernig eigi að framfylgja álitinu. Ég held að það verði best gert með því aðhaldi

sem Alþingi getur veitt og með því að stjórnsýsluaðilar og framkvæmdarvaldið sé sér meðvitað um nauðsyn þess að fara að áliti umboðsmanns. Eina meginkrafan sem hægt er að gera er að sjálfsögðu sú að menn viðurkenni réttmæti starfs umboðsmanns, að hann komist að sínum niðurstöðum að vel athuguðu máli og hann fari þannig með mál að ástæða sé til að taka fullt tillit til þess. Í því efni vil ég víkja að þriðja atriðinu sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. þegar hann ræddi það einstaka mál sem hæst hefur borið í umræðunum. Mér skildist á hæstv. ráðherra að hann hefði undir höndum gögn varðandi hæfi umsækjendanna sem ekki hefðu verið kynnt umboðsmanni þegar hann tók sínar ákvarðanir. Það er alveg sérstakt mál og hlýtur að gefa umboðsmanni tilefni til þess að spyrjast nánar fyrir um málið. Ef svo er að ráðuneytið hafi undir höndum gögn í málinu sem að verulegu leyti kunni kannski að breyta afstöðu manna til þeirra efnisatriða sem um er að ræða þá er næsta furðulegt finnst mér að þessi gögn skuli ekki hafa verið kynnt umboðsmanni á meðan hann var að rannsaka málið. Ég vildi aðeins vekja máls á þessu en hæstv. utanrrh. er því miður ekki í salnum þegar ég segi þetta og flyt þessa athugasemd, en ég held að þarna verði menn einnig að huga að lagaákvæðum um embætti umboðsmanns þar sem gert er ráð fyrir því að hann sé ekki leyndur neinum mikilvægum skjölum varðandi þær forsendur sem ákvarðanir stjórnsýsluaðila byggjast á. Þannig hafa komið fram í þessum umræðum margar athyglisverðar upplýsingar sem vafalaust munu auðvelda mönnum að taka á þessum málum þegar fram líða stundir. Þessi pólitíska umræða um skýrsluna er ákaflega mikilvæg varðandi framvindu og þróun embættis umboðsmanns og það er tvímælalaust liður í allri starfsemi umboðsmanns að þessar pólitísku umræður um hans álitsgerðir fari fram.

Ég vil taka undir það sem fram kom hjá hv. 5. þm. Vestf. það sem hann gerði að umtalsefni núna og einnig á síðasta ári þegar þessi skýrsla var til umræðu, spurninguna um það hvort það sé öngstræti sem borgararnir komast í ef þeir sækja mál á hendur sveitarstjórnum af því að ekki er um kærur til ráðuneyta að ræða, af því að það verður að vera unnt að kæra mál og þau verða að fá ákveðna meðferð innan stjórnsýslunnar áður en umboðsmaður getur tekið á þeim. Þarna kann að vera um brotalöm að ræða sem full ástæða er til að velta fyrir sér og kann að vera ástæða fyrir allshn. að taka á þessu máli ef þarna er um lagasetningaratriði að ræða. Hins vegar kann líka að vera um spurningu um valdmörk á milli sveitarstjórna og ríkisvaldsins að ræða sem er viðkvæmara mál og flóknara heldur en við getum leyst í þessu samhengi. Þarna er vakið máls á atriði sem mér finnst full ástæða til að við veltum fyrir okkur og embætti umboðsmanns ætti að fjalla um sem almennt athugunarefni eins og embættið hefur gert við skýrslugerð t.d. núna varðandi gjaldtöku og skattheimtu, áður varðandi stjórnsýsluna og mannréttindalöggjöfina. En mér fyndist það vel við hæfi að embætti umboðsmanns Alþingis tæki á þessu í sinni næstu skýrslu og færi betur ofan í þetta mál þannig að við gætum glöggvað okkur betur á því í umræðum um hana.

Ég ætla ekki, frú forseti, að hafa þessi orð mín fleiri. Ég tel að þessar umræður hafi verið mjög gagnlegar, hér hafi verið drepið á þau grundvallaratriði sem við þingmenn hljótum að velta fyrir okkur þegar við fjöllum um þessa skýrslu. Í upphafi máls míns vakti ég sérstaka athygli á því hvað okkur þingmenn áhrærir varðandi lagasetningu og skýrar heimildir til ríkisvaldsins um gjaldtöku og skattheimtu. Það er alveg rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. að síðasta valdið sem Alþingi ætti að gefa frá sér væri auðvitað skattlagningarvaldið, því að eins og við vitum þá er það undirstaða þrískiptingar valdsins og hlutverk löggjafans í því efni er að fara með skattlagningarvaldið. Það er því ákaflega mikilvægt fyrir Alþingi að standa að öllu sem það varðar á vandvirknislegan hátt og sú gagnrýni sem uppi er höfð á meðferð skattamála hér í þinginu er mjög alvarleg í eðli sínu og nauðsynlegt fyrir okkur þingmenn að velta því fyrir okkur hvernig þar verður betur tekið á málum.

[15:22]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Birni Bjarnasyni að það er ámælisvert að ráðherrar séu ekki almennt við þegar þessi skýrsla er rædd og ég get tekið undir það með honum að það er virðingarvert af hæstv. utanrrh. að vera við. Ég frábið mér aftur á móti algerlega að taka undir það að hæstv. utanrrh. hafi að öðru leyti á nokkurn hátt staðið á virðingarverðan hátt að verki hér í dag. Ég tel að þar hafi eitt og annað komið fram og e.t.v. er eitt af því alvarlega, ef rétt er, að hæstv. utanrrh. hafi verið að verja ráðuneyti sem ekki, þegar það skilaði seint og um síðir svari til umboðsmanns Alþingis, afhenti þá öll gögn um málið heldur hélt eftir gögnum. Það er náttúrlega mjög vítavert.

Að lokum vildi ég einnig vekja á því athygli að ég efa að það sé í verkahring hæstv. utanrrh. að kveða upp úr um það hverjir séu afdankaðir stjórnmálamenn. En ég er mjög sáttur við eina stöðuveitingu af þeim fjórum sem hér voru tilgreindar og voru ekki á dagskrá og tel að seinustu fréttir undirstriki að það hafi verið til mikillar blessunar fyrir land og lýð.

[15:24]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þar sem við erum að ræða hér meðferð mála og vandaða meðferð mála þá finnst mér að ég verði að gera þá athugasemd við ræðu hv. síðasta ræðumanns að hún var alls ekki andsvar við minni ræðu. Það fer mjög illa á því að nota þann rétt sem menn hafa samkvæmt þingsköpum til að veita andsvör og veitast að hæstv. utanrrh. eftir ræðu sem ég hef hér flutt.

[15:25]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur nú ekki í annan stað gerst þegar hv. 3. þm. Reykv. kemur hér í ræðustól og á að víkja orðum að mér, að hann átelji forseta fyrir að fylgja því ekki eftir að sá sem flytur hér ræður haldi

sig við það efni sem er á dagskrá. Auðvitað er það forseti sem á að fylgja því eftir, hafi ég farið út fyrir mitt verksvið með athugasemdir, þegar ég veitti andsvar við ræðu hv. 3. þm. Reykv.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti minna hv. þm. á hvað þýðir að veita andsvar. Andsvar er efnisleg athugasemd við ræðu, það skal endurtekið: ræðu þá sem síðast var haldin.

Umræður utan dagskrár.

Landbúnaðarþáttur GATT-samningsins.

[15:26]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég hef óskað eftir því að fá að ræða hér utan dagskrár þá ótrúlegu atburðarás sem orðið hefur að undanförnu í sambandi við tilboð ríkisstjórnarinnar vegna GATT-viðræðnanna og vil spyrja hæstv. landbrh. nokkurra spurninga í því sambandi.

Ég sagði frá því í upphafi fundar á Alþingi á mánudaginn að hinn 18. okt. sl. hefði ég á fundi utanrmn. óskað eftir því að fá greinargerð frá ríkisstjórninni um það hvernig hefði tekist að ná fram þeim markmiðum sem sett voru fram í yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar hinn 10. jan. 1992, vegna GATT-viðræðnanna. Með bréfi sem dags. er 20. sama mánaðar fer formaður landbn., hv. þm. Egill Jónsson, fram á svipaða greinargerð og ber fram fimm spurningar í því sambandi.

Við hvorugri fyrirspurninni fengust svör þó eftir væri gengið. Í síðustu viku koma hins vegar fréttir af því í fjölmiðlum að hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. sitji á maraþonfundum til að takast á um nýtt tilboð sem ríkisstjórnin ætli að senda vegna þessara viðræðna. Síðastliðinn mánudag var sagt í fjölmiðlum að þetta tilboð ætti að senda þann dag því nú væri orðið samkomulag milli þessara hæstv. ráðherra. Því spurði ég hæstv. forsrh. þá, í byrjun þingfundar, hvort verið væri að breyta fyrrgreindu tilboði ríkisstjórnarinnar og ítrekaði enn að fá að vita hvað í því stæði. Svar hæstv. forsrh. var það að þar væri ekki um neinar breytingar frá fyrri afstöðu að ræða eða það væri innan ramma hins fyrra tilboðs eða samþykktar, en samþykktin nýja fékkst samt sem áður ekki í hendur.

Það hlýtur hins vegar að vekja undrun af hverju hæstv. ráðherrar þurfa að deila margar vikur um það sem sagt er að sé innan ramma þess sem þeir voru búnir að semja um. Eða er það svo að innan ríkisstjórnarinnar séu slík átök orðin það föst starfsvenja að líka þarf að viðhafa hana um það sem samkomulag er um? Í gær komu svo í öllum fjölmiðlum frásagnir af þessu tilboði ríkisstjórnarinnar eða samþykkt og þau eru það samhljóða að augljóst er að sömu upplýsingar liggja þar að baki og væri fróðlegt að vita hvaðan þær upplýsingar til fjölmiðla eru runnar. Vil ég spyrja hæstv. landbrh. að því hvort hann hafi einhverjar hugmyndir um það. Jafnframt koma fréttir af því í fjölmiðlum að háskólinn sé lengi búinn að vera með þetta tilboð í skoðun á sama tíma og hv. alþingismönnum er synjað um að fá upplýsingar, að ég tali nú ekki um hagsmunaaðila sem ekkert hefur verið talað við um þetta mál.

Ég vil t.d. spyrja hvers á hv. formaður landbn. að gjalda að hann er hundsaður í heilan mánuð á sama tíma og margir aðilar utan Alþingis eru að fjalla um málefnið? Það hlýtur að vera áleitin spurning: Af hverju mega hv. alþingismenn ekki fylgjast með þessum málum? Yfir hverju þarf að hvíla svona mikil leynd? Telja ráðherrar að jafnvel stuðningsmenn þeirra hér á Alþingi þurfi ekki að vita um það hvernig þeir ganga frá málum í samningum gagnvart öðrum þjóðum? Hvernig er lýðræðinu komið ef það á að vera einkamál tveggja manna að deila mánuðum saman um hagsmunamál þjóðarinnar?

Það var fyrst á fundi utanrmn. í morgun, sem haldinn var að kröfu formanns þingflokks Framsfl., að þessi gögn komust í hendur hv. alþingismanna. Í þessum gögnum kemur það fram að hæstv. landbrh. hefur lagt þau fram á ríkisstjórnarfundi 3. sept. sl. en síðan virðist tíminn hafa farið í það að togast á um hvað megi senda út sem tillögur íslensku ríkisstjórnarinnar. Og ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Af hverju mátti ekki senda út þær tillögur sem hann lagði fram á fundi ríkisstjórnarinnar 3. sept. sl.? Hvaða rök eru fyrir því að úr þessum tillögum þurfti að draga og þeim kröfum sem Íslendingar setja þar fram?

En í morgun var hv. þm. loksins fengið þetta nýja skjal og þá skín alls staðar í gegn, því miður, undansláttartónn gagnvart kröfum Íslendinga.

Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 10. jan. 1992, sem reyndar var knúin fram eftir óvenjufjölmenn fundahöld víðs vegar um land, segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nauðsynlegt er að leyfilegt sé að framreikna stuðningsaðgerðir miðað við verðbólgu og verðtryggja skuldbindingar, einkanlega í tollígildum og innanlandsstuðningi. Það er út í hött að sveiflur í verðlagi eða gengi eða skattkerfisbreytingar leiði til þess að sumar þjóðir taki á sig meiri skuldbindingar en aðrar."

En í hinni nýju samþykkt segir, með leyfi hæstv. foreta:

„Niðurstaðan er sú að tilgangslaust sé að leita eftir verðbólguleiðréttingu á grundvelli innlendra framfærsluvísitalna. Hins vegar er líklegt að á það sjónarmið verði fallist að lönd með mikla verðbólgu megi framreikna tollígildi og innanlandsstuðning í erlendum gjaldmiðli til að tryggja hliðstæða útkomu og hjá öðrum ríkjum."

Í samþykktinni 10. jan. er það talið út í hött að ekki megi, auk gengis, jafna út vegna sveiflna í verðlagi eða skattkerfisbreytinga. En nú virðist hæstv. landbrh. hafa samþykkt að falla algjörlega frá þessu atriði sem þá var talið gjörsamlega út í hött að gera ekki kröfu til. Í öðru lagi er eingöngu talað þarna um innanlandsstuðning, en eins og við vitum er samkvæmt EES-samningnum gert ráð fyrir að við getum aukið útflutning á unnum landbúnaðarvörum þar sem jafna megi mismun á verðlagi hráefnisins innan lands og þess verðs sem er í lönd-

unum sem flutt er út til. En úr því að eingöngu er gerð krafa um að það megi jafna verðið vegna innanlandsstuðnings þá virðist vera fallið frá því að það megi verðjafna jafnvel miðað við gengi útflutningsstuðnings. Á þá að skilja íslenskan landbúnað að þessu leyti algerlega úti á köldum klaka? Ég vil spyrja hæstv. landbrh. að því af hverju slíkt sé gert.

Í samþykktinni frá 10. jan. 1992 segir einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Af þessum sökum telur Ísland að inn í samningsdrögin ætti að koma ákvæði sem hvetji til meiri samdráttar í útflutningsbótum og veita viðurkenningu fyrir slíka aðgerð. Að dómi Íslands er álitlegast að gera þetta með eftirfarandi hætti: Ríki sem skuldbindur sig til þess að afnema allar útflutningsbætur hafi rétt til þess frá þeim tíma sem slík aðgerð kemur til framkvæmda að grípa til magntakmarkana á innflutningi á vörum sem útflutningsbætur eru afnumdar á."

Í nýju samþykktinni segir hins vegar, með leyfi hæstv. forseta:

„Í bréfinu sem fylgir tilboði ríkisstjórnarinnar er gert ráð fyrir að unnt sé að takmarka innflutning á mjólkurvörum, á fersku og frosnu kindakjöti enda verði það niðurstaðan í GATT-viðræðunum að slíkar magntakmarkanir verði heimilar. Nokkrar þjóðir hafa óskað eftir möguleikum til að takmarka innflutning. Hins vegar eru litlar líkur taldar á að heimildir til magntakmarkana nái fram að ganga enda er þetta í mótsögn við drögin að lokaskjali Úrúgvæ-viðræðna GATT."

Hér virðist hæstv. landbrh. alveg hafa látið undan hæstv. utanrrh., að reyna að halda því eitthvað á lofti að hér á landi er búið að afnema allar útflutningsbætur og reyna að nýta sér þá einstöku sérstöðu sem við höfum að því leyti. Jafnframt er gefin út sú yfirlýsing að það séu mjög litlar líkur til að nokkrar magntakmarkanir nái fram að ganga. Þetta er sagt þó að Norðmenn séu þegar búnir að setja fram tilboð með slíkum magntakmörkunum. En Japanir hafa ekki lagt fram neitt tilboð enn þá þar sem þeir vilja alls ekki falla frá slíkum heimildum og draga því að leggja fram tilboð með slíkum kröfum. Síðan er það önnur saga hvort það er líklegt að við náum einhverjum árangri í að ná þessum magntakmörkunum fram. Í fyrsta lagi þegar búið er að sleppa, að því er virðist, algerri sérstöðu okkar að vera eina landið sem hefur afnumið allar útflutningsbætur, en síðan er því lýst yfir fyrir fram að litlar líkur séu á að þetta muni takast. Hvers konar veganesti er þetta til þess að leggja af stað með við samningagerð?

En það er að sjálfsögðu stærsta atriðið í þessu sambandi hvernig verður svo haldið á málunum í framhaldi af því sem nú hefur verið gert. Við vitum að málið er á forræði hæstv. utanrrh. En er það ekki nokkuð mikil bjartsýni að halda að hæstv. utanrrh., sem er á þriðja mánuð búinn að vera að berja á hæstv. landbrh. til að slá undan frá því tilboði sem hann lagði fram, nái þar nokkrum árangri? Er það ekki bjartsýni að halda að hann muni fylgja því stíft fram sem meira að segja stendur enn á þessu blaði? Það hefur a.m.k. komið fram hjá sumum hv. stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar hér á Alþingi, og mér er þar ofarlega í huga hv. 6. þm. Suðurl., að þeir bera ekki það traust til hæstv. utanrrh. En spurningin er þá hvort aðrir þingmenn stjórnarliðsins gera það, þegar þeim er ekki sýndur sá trúnaður eða sanngirni að fá að sjá þessa undirbúningsvinnu meðan á henni stendur.

Að sjálfsögðu vakna fjölmargar aðrar spurningar í sambandi við þetta mál eins og t.d. hvernig á að ráðstafa því lágmarksmagni sem flytja á inn á lágum tollum, 3–5%? Í fjölmiðlum síðustu dagana hafa verið furðulegar vangaveltur um það hjá hæstv. ráðherrum hvernig að því eigi að standa. Það er talað um að það eigi að setja þetta á uppboð. Ég get ekki skilið hvernig í ósköpunum það á að ganga fyrir sig. Ýmsar aðrar hugmyndir hafa komið en svo virðist sem á bak við þetta tilboð, hvernig það verður í reynd framkvæmt, þá liggi ekki neitt. Á þetta að vera einhver úthlutunarnefnd? Einhvers staðar held ég að hafi verið minnst á skömmtunarseðla og annað eftir því.

Síðan er það auðvitað ein stór spurning: Á hvers forræði verða þessi mál? Hvaða ráðuneyti mun fara með þessi mál í framtíðinni? Í nágrannalöndunum er þetta á forræði landbrn. En hún hefur ekki farið fram hjá okkur sú harða glíma sem verið hefur milli ráðherranna í íslensku ríkisstjórninni um það hvar forræðið eigi að liggja. Annars vegar á milli hæstv. landbrh. og hins vegar hæstv. fjmrh., hæstv. viðskrh. og hæstv. utanrrh. sem allir telja sig eiga að hafa þar einhvern rétt til. Svo hatrömm hefur sú deila verið, eins og öllum er kunnugt, að dómstólar hafa úrskurðað að þar hafi lögbrotum verið beitt.

Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. hvenær það muni verða ljóst að landbrn. fái ótvírætt forræði þessara mála. Hvenær kemur það skýrt fram á Alþingi og verður staðfest af meiri hluta þess? Af hverju dregst það svo lengi að slík staðfesting nái fram að ganga?

En kannski verður til að draga eitthvað úr þessari deilu milli hæstv. ráðherra sú frétt sem birtist í einu dagblaði í gær þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaðarráðherra vildi setja fram þá kröfu í íslenska tilboðinu að við hefðum heimild til að leggja tolla á þessar vörur en því var utanríkisráðherra andvígur. Hann féllst hins vegar á að halda þessari kröfu inni í tilboðinu gegn heiðursmannayfirlýsingu frá Halldóri Blöndal um að þessi heimild yrði aldrei notuð."

Er búið að gera heiðursmannasamkomulag milli þessara hæstv. ráðherra í aðdraganda þessarar glímu þeirra um að undanskilja eða gera að engu mörg þau ákvæði sem jafnvel verða sett inn í samning og staðfest í lögum?

Nú er það vitanlega svo að þessir ráðherrar verða ekki eilífir í ráðherrastólunum en samt sem áður getur ýmislegt gerst á þeim tíma sem þeir sitja þar ef ríkisstjórnin situr til enda kjörtímabilsins.

Ég hef drepið á nokkur atriði sem komu upp í hugann í sambandi við þetta mál og þessa undarlegu sögu síðustu vikna. Þar við mætti bæta að nú er í gangi átak undir kjörorðinu „Íslenskt, já takk", þar sem stærstu hagsmunasamtök þjóðarinnar hafa sameinast um að vekja athygli á því hversu mikils virði það er fyrir þjóðfélagið að nota sem mest af innlendri framleiðslu.

Það eru sífellt að koma fleiri og fleiri sannanir fyrir því hversu mikils virði það er fyrir íslensku þjóðina að hafa heilnæmar og góðar landbúnaðarvörur til neyslu vegna þess hvað ýmis aðskotaefni sem eru í framleiðsluvörum margra annarra þjóðum eru skaðleg. Það virðist vera víðtæk samstaða um þetta í þjóðfélaginu, undantekning er hins vegar þessi harða barátta hæstv. utanrrh. fyrir því að þjóðin verði eða fái í sem ríkustum mæli að neyta þessara innfluttu vara og ætla ég ekki að tíunda öll þau dæmi sem hægt væri í sambandi við það.

En ég vonast til þess að hæstv. landbrh. gefi skýringu á þeim atriðum sem ég hef spurt um, bæði hvað varðar vinnubrögð sem mér finnst alveg fráleit í sambandi við þetta mál og alvarlegri fyrir þjóðfélagið vegna breyttra stjórnarhátta sem þau fela í sér frá því sem við hljótum flest að telja að eðlileg séu og svo líka vegna þeirra breytinga sem ég hef minnst á og þess undansláttar sem fram kemur í hinni nýju samþykkt.

[15:49]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er kominn á mælendaskrá og mun þar af leiðandi fjalla um málið sem slíkt. En mér finnst vert að það komi fram þegar í upphafi umræðunnar vegna þeirra ummæla hv. 2. þm. Suðurl. að ég hefði ekki fengið áheyrn eða verið virtur viðtals eins og hann orðaði það og vitnaði m.a. í bréf sem ég skrifaði skrifstofustjóra utanrrn. þann 20. okt. sl. Fljótlega eftir að þetta bréf barst ráðuneytinu hafði skrifstofustjóri ráðuneytisins samband við mig og tjáði mér að ýmsar þær spurningar sem ég hefði borið fram í bréfi landbn. væri ekki hægt að svara fyrr en búið væri að ganga frá GATT-tilboði ríkisstjórnarinnar. Ég hef hins vegar fengið staðfestingu á því að núna er unnið að svari við þessu bréfi og ég vek athygli á því að svar við þessu bréfi er jafnmikilvægt þó búið sé að ganga frá GATT-tilboðinu, því einmitt margt af því skýrir með nákvæmari hætti þann skilning sem felst í tilboðinu og þær áherslur sem verða viðhafðar af íslenskum stjórnvöldum í sambandi við meðferð málsins. Bréfið er þess vegna í fullu gildi og verður að sjálfsögðu kynnt og afhent landbúnaðarnefndarmönnum þegar það berst innan fárra daga.

[15:51]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að láta í ljós vonbrigði mín yfir því að hv. formaður landbn. hafi tekið góð og gild þau svör að ekki væri hægt að svara bréfi sem hann skrifaði fyrir hönd landbn. fyrr en búið væri að ganga frá GATT-tilboði en jafnframt að fá þá ekki að vita, eða a.m.k. ekki landbn. í heild, um hvað væri verið að fjalla svo landbn. gæti fylgst með því máli, svo sjálfsagður hlutur sem það er. Og ég verð því miður að ítreka vonbrigði mín með þessa yfirlýsingu hv. formanns landbn.

[15:52]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðheyrt á svörum eða viðbrögðum hv. 2. þm. Suðurl. að hann hefur ekki kynnt sér efni þessa bréfs. Ef svo hefði verið þá hefði hann ekki talað með jafnónákvæmum hætti og hann gerði í svari sínu til mín.

[15:53]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. 2. þm. Suðurl., Jóni Helgasyni, fyrir að hafa tekið þetta mál upp hér. Það var nauðsynlegt að þetta mál yrði rætt fyrir opnum tjöldum og opinberlega. Það hafa ýmsar sögur verið á kreiki og margt ónákvæmt verið sagt í þessum málum upp á síðkastið og þess vegna er ég mjög þakklátur fyrir það tækifæri sem mér gefst á þessum fundi til þess að skýra aðdragandann að GATT-tilboðinu eins og hann horfir við mér og hvernig ég tel að vinnubrögð hafi verið í sambandi við það.

Ég vil fyrst skýra frá því að ekki hefur verið vitnað mjög til mín í sambandi við fréttaflutning undanfarið í sambandi við GATT-viðræður. Það er rétt sem fram hefur komið að ég og hæstv. utanrrh. áttum einkasamtal. Það kom síðan í ljós daginn eftir að það voru ýmis atriði sem við hefðum þurft að ræða betur þannig að við fórum yfir öll málin á nýjan leik, sem er ekki undarlegt. En það var einkasamtal og varðar hvorki þennan fund né fjölmiðla.

Það sem á hinn bóginn liggur fyrir eftir þær viðræður sem við höfum átt og einnig með hæstv. forsrh. er það sem hér kemur fram: Afgreiðsla ríkisstjórnarinnar var með þeim hætti að okkur þrem var falið að ganga frá GATT-tilboði ef við næðum um það samkomulagi og það eru þau gögn sem fyrir liggja, hvorki meira né minna.

Ég kann ekki að láta í ljósi neina skoðun á því hvort hv. þm. þykir það ótrúleg atburðarás sem hefur leitt til þess að ríkisstjórnin náði samkomulagi um GATT-tilboðið, átta mig ekki alveg á því á hvaða Kagaðarhóli hann var þegar hann virti atburðarásina fyrir sér. En ég held að hitt sé alveg ljóst að eins og landbrn. hefur haldið á þessum málum frá öndverðu hefur ekki, svo mér sé kunnugt, verið gerð nein tilraun til þess að leyna upplýsingum, hvorki fyrir hagsmunaaðilum — ég tek það svo að þar sé átt við bændastéttina — né stjórnarandstöðu. Hitt vita alþingismenn að ef ákveðin atriði eru ekki rædd til þrautar í ríkisstjórn þá er auðvitað ekki við því að búast að stjórnarandstaðan sé tekin í sérstakan trúnað um þau atriði á meðan verið er að vinna að lausn eða niðurstöðu. Það er hvorki gert í þessari ríkisstjórn né öðrum, þó af og til sleppi kannski orð í fjölmiðil. En með formlegum hætti getur það ekki orðið. Ég tel því að það hafi að fullu verið staðið við það samráð sem í upphafi var boðið fram í þessum efnum.

Ég vil raunar einnig taka það fram að landbrn. og fulltrúar þess eða starfsmenn sem hafa unnið að GATT-tilboðum, hafa þegið mikilsverða aðstoð frá framleiðsluráði og bændasamtökum. Og í sambandi við þá fundi sem haldnir hafa verið um GATT-málefni þá hefur það, hygg ég, komið fyrir í hvert einasta skipti að menn hafa borið saman bækur sínar og reynt að meta það í sameiningu hver staðan sé, bæði eftir opinberum leiðum og eins með þeim kunnugleika og

nána samstarfi sem íslensku bændasamtökin hafa við starfsbræður sína í öðrum löndum. Það má kannski færa einhver rök fyrir því að það hafi ekki verið rétt að láta fylgja þessu bollaleggingar um hversu líklegt sé að Íslendingar nái fram tilteknum kröfum í lokahrinu samninganna. Hitt held ég að hljóti þó að vera öllum ljóst að þar stendur ekki eitthvað sem er alveg óvænt heldur það sem er almennt mat og áreiðanlega öllum fyrir bestu að vera ekki í neinum feluleik um efni málsins á því stigi sem það er nú. Ég hygg að engar slíkar upplýsingar hafi komið fram sem veiki samningsstöðu okkar. Að vísu hefur komið ein og ein uppákoma eins og þegar háskólinn birti skýrslu í sjónvarpinu í gærkvöldi, sem mér skilst að hafi verið samin fyrir mann úti í bæ, um það að landbrn. hefði unnið illa að GATT-tilboðinu. Þeir menn sem unnu að þessari gagnrýni fyrir hönd háskólans höfðu þó ekki svo mikið við að hafa samband við landbrn., leita skýringa eða upplýsinga hjá þeim mönnum sem unnu að GATT-tilboðinu. Var það þó lagt fram í aprílmánuði 1992 og hefur legið opið fyrir öllum öðrum þjóðum. Við höfum átt í viðræðum við Bandaríkjamenn um þessa útreikninga og allar þessar ávirðingar sem eru á starfinu og þeir hafa rekið augun í uppi í háskóla í hagfræðistofnuninni, hafa ekki komið annars staðar frá. Ég hafði raunar boðið háskólanum að ég vildi eiga við hann gott samstarf um þessi efni en við getum svo sem skokkað sína götuna hvor í þessu eins og ýmsu öðru ef okkur sýnist svo. Það er mikið skokkað á Seltjarnarnesinu og háskólinn er þar einhvers staðar nálægt.

En ég vil segja það hér að ég átti síðast í dag samband við háskólarektor og ítrekaði enn vilja minn til þess að vinna með hagfræðistofnun. Að landbrn. bæri gæfu til þess að hagfræðingar og sérfræðingar háskólans vildu vinna með stjórnvöldum, ég tala nú ekki um þegar um tilboð er að ræða sem við leggjum fram fyrir aðrar þjóðir, en séu ekki uppi með einhverjar órökstuddar eða illa rökstuddar fullyrðingar sem eru ekki til annars fallnar en e.t.v. að skaða málstað okkar annars staðar, a.m.k. eins og fréttir berast eru þær ekki til þess fallnar að styðja kröfur okkar Íslendinga. (Gripið fram í.) Ég veit ekki um það fyrir hvern þeir vinna, mér hefur ekki verið sagt það. Ég veit ekki um það, háskólarektor var það ókunnugt.

Eitt atriði hv. þm. var að listinn hefði verið lagður fram í ríkisstjórninni 3. sept., ekki kynntur fyrr. Eins og ég sagði voru gögnin lögð fram í apríl 1992 en nú í septembermánuði var tilboðið lagt fram, útfært eins og það hafði verið unnið í höfuðdráttum af starfsmönnum landbrn. en starfsmenn fjmrn. komu einnig að þessu máli og raunar utanrrn., og málið sem drög var þá lagt fyrir fulltrúa Bandaríkjanna þá þegar í þeim mánuði. Ég leit svo á eftir fyrsta fund að tilboðið hefði verið samþykkt með fyrirvörum um tæknileg atriði en það var ekki skilið svo og kom raunar í ljós síðar að efnislegar umræður þurftu að fara fram um nokkur atriði. Ég get ekki fallist á að með þessu tilboði sé dregið úr þeim kröfum sem við höfum áður sett fram, né heldur að það sé einhver undansláttartónn í ríkisstjórninni í þessu máli. Ég held að þegar við ræðum um þetta skulum við byrja að átta okkur á því hvort við séum reiðubúnir til að standa utan við GATT í fyrsta lagi og í öðru lagi hvort við eigum að líta þannig á að það sé heppilegt fyrir okkur Íslendinga eða landbúnaðinn í heild sinni, þá einstaklinga sem hann stunda, bændur, að við til allrar frambúðar reynum að halda landinu lokuðu.

Ég hef átt fundi með bændum um allt land um þessi efni og það er alveg ljóst að ekki síst í þeim sveitum sem fjærst eru Reykjavík, eins og í Norður-Þingeyjarsýslu, þar er samdómaálit þeirra bænda, sem ég hef hitt og til máls hafa tekið um þau efni á þeim bændafundum sem ég hef sótt, að við Íslendingar eigum svo mikið í húfi í sambandi við GATT-samninga að það sé óhugsandi að við getum staðið þar fyrir utan. Þannig að málið getur ekki snúist um það, að ég hygg, hvorki frá stjórnarandstöðunni né frá meiri hlutanum hvort við eigum eitthvert val um það að vera aðilar að GATT eða ekki. Ef við ætlum að vera nútímaþjóð, ef við ætlum að bjóða íslenskum framleiðendum upp á þau viðskiptakjör sem framleiðendum annarra landa er boðið þá verðum við að taka þátt í þessu samstarfi og við verðum auðvitað að sætta okkur við það að í mótun þess samkomulags sem að síðustu verður niðurstaðan höfum við ekki jafnmikið að segja og hinar stærstu þjóðir. Þetta fylgir m.a. því að vera Íslendingur og samt þykir okkur það nú gott.

Þá kemur hin spurningin: Erum við hér með einhvern undansláttartón í okkar tilboði? Áður en ég kem að því vil ég aðeins víkja að öðru. Ég hygg að það sé yfirleitt skoðun bænda — að minnsta kosti er það yfirgnæfandi skoðun bænda sem til máls hafa tekið um þau efni á fundum Stéttarsambands bænda og annars staðar þar sem ég hef átt fundi með bændum — að það getur ekki verið einhver vörn til lengdar fyrir landbúnaðinn að reyna með öllu að standa á móti hvers kyns innflutningi. Eins og okkur er öllum kunnugt hefur landbúnaðurinn og þær greinar sem við hann styðjast ég vil segja þróast eða starfað í falskri vernd fram að þessu. Þá er ég ekki aðeins að tala um bændur í þrengstu merkingu heldur er ég einnig að tala um sláturleyfishafa, kjötiðnaðinn og aðra sem að þessu koma. Þetta hefur valdið því að í ýmsum efnum höfum við vanið okkur á vinnuvenjur og annað sem ekki stenst samanburð við kostnað og afköst í nágrannalöndum svo ég taki sláturkostnaðinn sem dæmi sem er þrisvar til fjórum sinnum hærri hér en í nágrannalöndum. Þetta veldur því líka að hið opinbera, alþingismenn, við sem hér erum inni, höfum verið kærulaus með að leggja á landbúnaðinn ýmsar þær byrðar sem mönnum dettur auðvitað ekki í hug að leggja á þær vörur sem eru í samkeppni við erlenda aðila. Ég get tekið kjarnfóðurskattinn þar sem dæmi. Ég get tekið annað dæmi af ýmsum tollum sem eru jafnvel á innflutningi á rekstrarvörum í landbúnaði, jafnvel í þeim greinum sem við höfum nú gert tvíhliðasamning um að erlendar þjóðir megi flytja inn tollfrjálst. Það er því óhjákvæmilegt fyrir okkur að endurskoða þennan feril í heild sinni og gera okkur grein fyrir að við lifum nú á öld sem krefst frjálsari viðskiptahátta.

Ég hafna þeirri skoðun sem sums staðar kemur fram að það sé einhver einn maður fremur en annar í þessum þingsölum sem getur kallað sig fulltrúa neytenda, einhver einn flokkur fremur en annar, sem sé einhver neytendaflokkur umfram það sem aðrir eru. Ég tel að ég sé fulltrúi neytenda í þessu landi þegar ég segi að það sé frumskylda okkar alþingismanna að um leið og við erum að auka viðskiptafrelsi og losa um höft verðum við að gera það með þeim hætti að það samrýmist ekki í lítilli bráð heldur í nálægri lengd og til frambúðar hagsmunum beggja, neytenda og framleiðenda, og um leið íslensku þjóðarinnar.

Eitt af því sem var nú misskilningur hjá hv. þm. eða ekki misskilningur þá er rétt að í því bréfi sem sent var og fylgdi tilboði okkar Íslendinga er talað um það að við áskiljum okkur rétt í sambandi við þær viðmiðanir sem eru í krónutölu en ekki í prósentum, þá áskiljum við okkur rétt til þess að þær breytist samkvæmt viðmiðunargjaldmiðli, ég skal koma að því á eftir og þá erum við að tala um innanlandsstuðning. Það féll niður fyrir vangá að við þurfum auðvitað um leið að viðhalda rétti okkar til útflutningsbóta ef við munum seinna taka þær upp og hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að leiðréttingar þess efnis verði sendar í kjölfar GATT-tilboðsins.

Það er nú svo að ef aðrar þjóðir verða að sætta sig við að viðmiðanir sem eru ákveðnari krónutölu eða pundum fylgi þeim gjaldmiðli þá getum við ekki vænst þess að við einir getum staðið á vísitölu heldur er eðlilegt að um okkur gildi sambærileg regla og um aðrar þjóðir að þessu leyti. Þannig að þar er ekki um neinn undansláttartón að ræða og þetta er raunar í samræmi við það hygg ég sem menn gerðu sér grein fyrir strax í upphafi. Í sambandi við magntakmarkanir er það að segja að eins og við gengum frá okkar tilboði í upphafi þá lögðum við áherslu á þá staðreynd að vegna þess að við höfðum gert ráðstafanir til þess að fella útflutningsbætur niður þá áskildum við okkur rétt til þess að taka magntakmarkanir, innflutningstakmarkanir, á þeim vörum sem útflutningsbætur hefðu verið á og skilgreindum það með þeim hætti.

Nú vorum við þar einir á báti en ýmsar aðrar þjóðir settu fram kröfuna um magntakmarkanir á þær framleiðsluvörur í landbúnaði sem eru undir framleiðslustýringu. Í íslenska tilvikinu vill svo til að það eru nánast sömu vörurnar. Af þeim sökum er í tilboði okkar talað um að magntakmarkanir verði á þær vörur sem framleiðslustýring er á og erum við þá að tala um mjólkurvörur og dilkakjöt. Þetta er sá málatilbúnaður sem við teljum líklegastan til að ná árangri. Það er auðvitað rétt að þær þjóðir sem lengst vilja ganga í frelsi geta ekki á slíkt fallist og það er vitaskuld rétt að það má deila um það hvernig maður eigi að tala, hversu opið maður eigi að tala um samningamöguleika sína en hv. þm. kaus að taka þetta mál upp hér á Alþingi með þeim hætti sem hann gerði til þess að láta sjónarmiðin koma fram og með sama hætti varð það niðurstaðan þegar þetta tilboð var kynnt þingmönnum að láta þau sjónarmið koma fram sem hann las hér upp.

Um 3%–5% lágmarksaðganginn vil ég nú segja fyrst það að menn hafa sýnt því mikinn áhuga hér hvernig eigi að úthluta þessum 3,5%. Menn geta verið með sínar vangaveltur um það. Ég held að það sé nú best að reyna að bíða og átta sig betur á því hvernig málin þróast áður en við förum að tala um það í einhverri alvöru. Ég held að þau mál hljóti að skýrast eftir því sem samningunum vindur fram. Það eru ýmsar getgátur uppi um það og ýmsar skoðanir uppi um hvernig það eigi að gerast og sumir hafa ógnarlega gaman af að tala um það. Það getur verið ágætt yfir kaffibolla. Í okkar dæmi höfum við kosið að fylgja því að tollgjöld innan kvótanna verði 32% af grunngjaldi og fylgjum við þar Norðmönnum og Evrópubandalaginu.

Að lokum spurði hv. þm. á hvers forræði innflutningsmál landbúnaðarins yrðu ef til GATT-samninga kæmi, hvort ljóst væri að landbrn. fengi ótvírætt forræði þeirra mála. Ég sé ekki efni til að svara því hér nú en minni á að niðurstöður í þeim efnum verða að liggja fyrir helst á næstu dögum vegna þeirra skuldbindinga sem við höfum gert.

Ég hygg ég hafi komið að þeim atriðum sem hv. þm. vakti mál máls á.

[16:13]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Í janúarmánuði 1992, fyrir tæpum tveimur árum, urðu harðar umræður um GATT-málið innan þings og utan í kjölfar þess að Alfred Dunkel hafði í GATT-viðræðum sett fram tillögur sínar eins og kunnugt er. Ástæðan fyrir þeim hörðu umræðum sem þá urðu og geysifjölmennu bændafundum víða um land voru ekki eingöngu þær að lítið samráð hafði verið haft við þingnefndir og þingmenn um viðbrögð Íslendinga til þeirrar stöðu sem upp var komin og lítils samráðs við samtök bænda, heldur ennig hitt að hæstv. utanrrh. hafði uppi þess háttar málflutning í opinberum umræðum sem vakti alþjóðarathygli vegna þess að það reyndist svo auðvelt að sýna fram á að hann fór þar með rangt mál. Hann fullyrti blákalt að bændur hefðu ekki mikið að óttast þá stöðu sem upp væri komin vegna þess að í fyrri ríkisstjórn þegar Framsfl. og Alþb. hefði verið í stjórn þá hefði verið gert tilboð í þessum GATT-viðræðum og staða málsins væri ósköp svipuð og hún hefði verið. Þar af leiðandi mætti draga þá ályktun að íslenskir bændur hefðu lítið að óttast. Hvort tveggja var þetta augljóslega rangt. Þetta var vísvitandi röng mynd af málavöxtum. Það sem verið var að ræða um og bjóða í ársbyrjun 1992 var nefnilega allt annars eðlis og í grundvallaratriðum ólíkt því sem verið hafði á dagskrá í tíð fyrri stjórnar þegar málið var rætt á árinu 1990. Í tíð fyrri stjórnar var ekki rætt um ótakmarkaðan innflutning á hefðbundnum landbúnaðarvörum heldur eingöngu um þennan 2–3% lágmarksaðgang sem átti síðan að tolla og tollarnir síðan að lækka í áföngum. En tveimur árum seinna í ársbyrjun 1992 þá er orðin sú breyting að nú er verið í fyrsta lagi að tala um lágmarksaðgang upp á 3–5% á mjög lágum tollum og síðan tollalækkanir á þeim 95–97% sem þá eru eftir. Þannig að öll-

um innflutningstakmörkunum væri breytt í tollígildi. Það sjá auðvitað allir að þetta er og var auðvitað tvennt ólíkt.

Þær hörðu umræður sem urðu þá um þessi mál urðu til þess að hæstv. forsrh. ákvað að hafa samráð við stjórnarandstöðuna um þetta mál. Að lokum var gerð sérstök samþykkt ríkisstjórnarinnar sem ágæt samstaða varð um meðal allra flokka. Ég hygg að vísu að hæstv. utanrrh. hafi afar lítinn þátt átt í þeirri samþykkt, ef nokkurn, því hann var erlendis þegar hún var gerð. Í öllu falli kom hann ekki nærri umræðum um málið á nefndarfundum utanrmn. og landbn. þar sem um málið var fjallað. (**Gripið fram í:** Hann hefur verið í háloftunum.) En það sem nú hefur gerst er það að gengið er frá tilboði í þessum GATT-viðræðum án þess að viðhöfð séu sömu vinnubrögð og lofað var að viðhafa á árinu 1992. Það hefur ekki verið haft samráð við landbn. eða utanrmn., það hefur ekki verið haft samráð við stjórnarandstæðinga og vinnubrögðin eru jafnvel svo fráleit að þessir aðilar, þ.e. þeir sem í landbn. sitja fá engin skrifleg gögn um þetta mál fyrr en tveimur dögum eftir að gengið er frá málinu og þá eru þau gögn á ensku.

Ég verð að draga það fram hér að málið snýst að sjálfsögðu um framtíð íslensks landbúnaðar. Ef innflutningur verður leyfður á hefðbundnum íslenskum landbúnaðarvörum á verði sem er verulega miklu lægra en innlent framleiðsluverð þá er það auðvitað eins ljóst og tvisvar tveir eru fjórir að þá dregst íslensk landbúnaðarframleiðsla saman sem því nemur. Verði t.d. veittur 5% lágmarksaðgangur eins og talað er um þá verður samsvarandi 5% samdráttur í þeirri innlendu framleiðslu sem það á við, sem er fyrst og fremst sennilegast mjólkurframleiðslan í því tilviki. Verði síðan um að ræða lækkun á tollígildum á þeim 95% sem þar fyrir utan eru þá mun það að sjálfsögðu skapa verulega hættu fyrir búreksturinn í landinu. Kannski ekki þann algera samdrátt sem lágmarksaðgangur mun valda en áreiðanlega mun það valda verulegri launalækkun meðal bænda ofan á þau áföll sem þeir hafa þegar orðið fyrir. Ég held því að það sé ekkert ofmælt að ákvæði þessa GATT-samnings kunna að grafa mjög alvarlega undan undirstöðum íslensks landbúnaðar og setja hann í verulega hættu.

Meginmunurinn á því tilboði sem gert var í ársbyrjun 1992 og síðan því tilboði sem nú er verið að tala um er sá að þá var áherslan lögð á það að við Íslendingar hefðum þegar afnumið útflutningsuppbætur og með tilliti til þess væri sanngjarnt og eðlilegt að við fengjum að viðhalda magntakmörkunum á vörum sem útflutningsuppbæturnar höfðu verið afnumdar á. Á þetta er ekkert minnst í samþykktinni sem nú er gerð, ekki einu einasta orði og þetta skiptir auðvitað ekki svo litlu máli.

Í öðru lagi var talað um það hér í 4. lið b í samþykktinni árið 1992 að sú fjárhæð, sem útflutningsbætur yrðu skornar niður um umfram hina almennu umdeildu prósentu, 36%, skyldi reiknuð okkur til góða sem sérstakt álag við tollígildun fyrir þær vörur sem í hlut eiga. Sem sagt, það kæmi okkur til góða á öðrum sviðum að við hefðum lækkað útflutningsbætur okkar meira en aðrar þjóðir, gengið miklu lengra á því sviði en aðrir. Þessu er algerlega sleppt nú í samþykktinni, ekkert minnst á þetta einu einasta orði og þarna liggur auðvitað meginmunurinn að það kemur ekkert í staðinn fyrir þetta. Það var haldið fast við það áframhaldandi í janúar 1992 að við vildum áfram viðhalda innflutningstakmörkunum og háum tollígildum ef um lágmarksaðgang yrði að ræða, en nú er sem sagt uppi allt önnur afstaða. Tollar á lágmarksaðgangi eiga að vera 32% af upphaflegum verðmun sem þýðir það eins og ég hef þegar sagt að við erum í raun og veru að afhenda erlendum bændum a.m.k. 3–5% af þeim innanlandsmarkaði sem hér á í hlut. Ég vil alveg sérstaklega vekja athygli á því að okkar samninganefndarmenn sætta sig við verulega minni árangur en t.d. Finnar náðu í þessu samhengi. Þeir tryggðu sér verulega meiri tollvernd hvað þetta varðar og einnig Austurríkismenn. Í þeirra tilboðum er miðað við 50% af bundnum tolli eins og hann verður á samningstímabilinu og það er sama útfærsla hjá Austurríkismönnum en hjá okkur Íslendingum er þessi tala 32%. Við erum fyrst og fremst að hengja okkur í þá meginreglu sem Efnahagsbandalagið hefur valið sér en við göngum bara miklu lengra en Efnahagsbandalagið gerir aftur á öðrum sviðum og þá hvað varðar útflutningsbæturnar.

Ég vil vekja á því athygli í þessu samhengi að við Íslendingar höfum greinilega haft verulegt svigrúm í þeim tillöguflutningi sem hér var um að ræða. Við vorum ekkert settir upp við vegg og urðum bara að velja þetta vegna þess að allar hinar þjóðirnar hefðu komist að þessari niðurstöðu. Við höfðum ákveðið svigrúm og það er greinilegt á öllu að hér er um að ræða einhvers konar málamiðlunarniðurstöðu hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. en ekki þá niðurstöðu sem hagstæðust mundi vera fyrir íslenskan landbúnað. Svo er það auðvitað mál út af fyrir sig hvernig sú brunaútsala verður framkvæmd eins og hér var spurt um áðan. Mér fyndist nú að hæstv. landbrh. sé að útskýra það mál fyrir hv. alþm. hvernig það á að gerast að á sama árinu og á sama tíma verði boðið smjör sem verði kannski á mjög mismunandi verði. Og hverjir eiga þá að fá þetta ódýra smjör, ódýra erlenda smjör? Ætlar ríkisstjórnin að halda uppboð eða útsölu?

Ég vil líka taka undir það með hv. þm. Jóni Helgasyni sem hóf þessa umræðu að hvað varðar 95% sem eru þá fyrir utan lágmarksaðganginn þá hefur þar einnig verið haldið mjög illa á okkar málstað. Ég tel að þar sé líka á ferðinni mjög hættulegur undansláttur og það er greinilegt á því orðalagi sem hefur verið valið í bréfi ríkisstjórnarinnar að þar eru menn að búa sig undir að slaka alveg á. Þar er ekki valið það orðalag sem segir það að við ætlum hvergi að hvika í þeirri afstöðu okkar að það verði áfram leyfðar innflutningstakmarkanir heldur er gefið undir fótinn með að það verði háð því hvort undanþágur verði viðurkenndar eins og segir í þessum enska texta. Og vörur þær sem hér um ræðir eru bundnar við þær framleiðsluvörur sem framleiðslustýring er á. Ég er ekki viss um að þetta sé svo góð breyting, hæstv. landbrh.

Ég hélt nú satt að segja að hæstv. landbrh. mundi hika við það að fara að binda það í samningum við aðrar þjóðir að við ætluðum að halda þessu kvótakerfi hér um aldur og ævi þannig að ef kvótakerfið yrði afnumið, þá hefðum við enga fyrirvara lengur og gætum þar af leiðandi ekkert losað okkur úr því jafnvel þó að tækifæri gæfist seinna til þess. Ég held að þessi breyting sem orðið hefur hvað varðar við hvað miðað er sé mjög til hins verra og í henni felist mjög hættulegur undansláttur.

Ég vil svo bara segja það að lokum að að sjálfsögðu er GATT-samkomulagið jákvætt í eðli sínu og ég held að við Íslendingar hljótum að styðja það að samkomulag sé gert sem felur í sér aukið viðskiptafrelsi. En við verðum um leið að standa fast á íslenskum hagsmunum og það hefur ekki verið gert í þessu máli. Við höfum ekki staðið eins fast á íslenskum hagsmunum í þessu máli og Norðmenn, Finnar eða Austurríkismenn. Og ég spyr um það, hvernig eru þá íslensku hagsmunirnir á sviði sjávarútvegs? Það hefur lítið farið fyrir því að gerð væri grein fyrir því hvað varð um þann fyrirvara okkar að það fengjust almennar tollalækkanir á sjávarafurðum. Ég vil eindregið fara fram á það við hæstv. utanrrh. að hann geri líka grein fyrir þeirri hlið málsins.

[16:29]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson): Virðulegi forseti. Hinn framúrstefnulegi farandverkamaður íslenskra stjórnmála, formaður Alþb., sat nýlega á blaðamannafundi við hliðina á hv. þm. Ragnari Arnalds og kynnti enn einu sinni hina nýju leið Alþb. Og formaðurinn sagði dálítið upplyftur að þetta væri af hálfu Alþb. ögrun gagnvart öðrum stjórnmálaflokkum, að nú skyldu þeir fara að eins og Alþb. að gera upp við fortíð sína. Hin nýja leið er útflutningsleið. Hvað felst í því? Í því felst, ef það felst eitthvað í því annað en umbúðirnar, að Alþb. viðurkennir nú loksins eftir langa mæðu að fríverslunarstefna smáþjóða sem vill byggja á útflutningi sé hin eina rétta. Alger mistök að hafa verið á móti EFTA, alger mistök að hafa verið á móti EES, umfram allt að stuðla að sem mestri fríverslun, tollfrjálsum viðskiptum. Það er lykillinn að útflutningsleiðinni. Með öðrum orðum, héðan í frá er fortíð mín í ösku. Þetta er framtíðarstefnan. Og þar var hv. þm. Ragnar Arnalds, ég sá það alla vega á myndum, og þótt Sveinn í Firði hafi sagt: Lygi er lygi þó hún sé ljósmynduð, þá trúi ég því að hann hafi verið þarna og tekið þátt í því að boða hina nýju leið.

Einhvern veginn var það nú svo að þetta nýja forrit, einhverjir hafa kvartað undan að það hafi horfið forrit einhvers staðar annars staðar, það birtist ekki mikið í ræðu hv. þm. (**HG:** Hefurðu lesið þetta?) Hv. þm. Ræðumaður hefur blaðað yfir efnisyfirlitið og litið frasana og kannast við góssið. Og í raun og veru mætti kalla hina nýju leið nánast umskrift, þetta er svona hálfopinber útgáfa á EES-leiðinni, merkilegt nokk. Ég óska alþýðubandalagsmönnum til hamingju með skjalið og vona að þeir eigi notalega stund á landsfundinum, ekki verða þar kosningar, við að yfirlesa það og færa það svona í stílinn. (**RA:** Ráðherra mætti lesa meira en fyrirsagnirnar.) Það er ekki mikið verk að lesa þessa slípuðu gamalkunnu frasa því það þarf ekki að rýna djúpt á milli línanna til að sjá hvað verið er að gera.

Við erum hér að ræða GATT-málið og það er beint fyrirspurnum til hæstv. landbrh. Áður en ég vík nánar að því þá vildi ég mega setja það fram sisvona: Ef við spyrðum hvað landbúnaðarþáttur GATT-samninganna þýðir í raun og veru, þá hygg ég að rétt svar væri það að með þessum reglum er verið að örva til viðskipta með landbúnaðarvörur og matvæli í stórauknum mæli sem á að tryggja annars vegar neytendum lægra verð á lífsnauðsynjum og framleiðendum aðhald samkeppninnar sem mun líka leiða til kostnaðarlækkana og stóraukinnar vöruþróunar. Og þeir sem aðhyllast útflutningsleiðina fagna því að sjálfsögðu að þar með eru opnar leiðir á samræmdum samkeppnisskilyrðum, ekki í fyrsta áfanga en þegar fram í sækir, þannig að hágæðavörur íslensks landbúnaðar, hinar hormónafrelsuðu eða lausu hágæðavörur íslenskar gætu jafnvel fundið sér svona hreiður á erlendum mörkuðum, hugsanlega á háu verði, og gætu þess vegna vissulega skapað íslenskum landbúnaði, sem yrði endurskipulagður og með aukinni framleiðni, sóknarfæri og tækifæri. En það er alveg rétt, sem fram kom í máli seinasta ræðumanns, að GATT er að sjálfsögðu ekki bara um landbúnaðarmál. Það er almennt um markaðsaðgang og tollalækkanir eða tollaniðurfellingar. Það eru þjónustuviðskipti, það er um hugverkaréttindi sem t.d. formaður Kvikmyndasjóðs hlýtur að hafa mikinn áhuga á sem er hv. þm. sem hér talaði áðan. Það er um fjárfestingarstefnu og áhrif fjárfestingarréttinda á viðskipti, það er um nýjar reglur um lausn deilumála innan GATT, það er um stofnun nýrrar heimsviðskiptastofnunar sem m.a. mun þá fela það í sér að þeir sem sætu hjá fyrir Úrúgvæ-lotuna ættu á hættu að tapa áunnum réttindum úr fyrri viðskiptalotum. Það er um landbúnaðarþáttinn, það er um undirboðsaðgerðir og viðbrögð við því, það er um vefnaðariðnað, það er um tæknileg viðskipti, það er um sjávarafurðir, það er um umhverfismál. Hér á landi hefur það nú einhvern veginn farið svo að það er því sem næst eingöngu landbúnaðarþátturinn sem hefur verið til umræðu en úr því verður bætt á næstunni.

Hv. þm. vildi fá að heyra hvað Úrúgvæ-lotan væri líkleg til að tryggja okkur á öðrum sviðum, ekki síst í sjávarútveginum. Þá er rétt að rifja upp að GATT-samkomulagið hefur tryggt okkur bestu kjör á mörkuðum 108 viðskiptaþjóða í fortíðinni. GATT hefur tryggt okkur greiðari aðgang að Bandaríkjamarkaði, Japansmarkaði og víðar fyrir sjávarafurðir. Almenna krafan núna er um 30% lækkun tolla á sjávarafurðum. Það kemur okkur ekki fyrst og fremst til góða á Evrópumörkuðum eða þar sem við höfum þegar fótfestu á lágum tollum en það skiptir miklu máli fyrir okkur á vaxtarsvæðum eins og t.d. í Austur-Asíu, Japan og Kóreu og víðar. Horfurnar á því hvort það næst, um það er það að segja að Evrópubandalagið er þar helsti þröskuldur í vegi vegna auðlindastefnu sinnar um kröfu

um aðgang að auðlindum í staðinn fyrir tollfríðindi, en nýjustu fregnir benda til að það sé engan veginn borin von að þetta náist fram auk þess sem margar tvíhliða viðræður í sjávarútvegsmálum og ekki bara varðandi fiskafurðir heldur einnig tækniafurðir tengdar sjávarútvegi eru á því stigi að ef þær nást fram í tvíhliða viðræðum, þá verða þær almennar samkvæmt GATT-samkomulagi.

GATT er fyrst og fremst brjóstvörn smáþjóða í alþjóðaviðskiptum vegna þess, og það þekkjum við öll, að í heimi hnefaréttarins ræður vald hins stóra. Þess vegna er GATT trygging smáríkja fyrir því að þau beri ekki skarðan hlut frá borði í alþjóðlegum viðskiptum. Við skulum hafa hugfast þegar við ræðum þessi mál að GATT hefur verið það tæki sem við höfum getað notað til að tryggja okkur afnám eða lækkun tolla í Bandaríkjunum á fiskblokk, á lagmeti, á ullarvörum, á humri, á hörpudiski og heilfrystum fiski, á þorskalýsi og osti. Ég slæ því föstu að í komandi lotu munum við enn styrkja stöðu okkar á þeim markaði vegna þess.

Ég sagði áðan að í kjarna sínum væri GATT um þetta tvennt að lækka verð á lífsnauðsynjum og að auka framleiðni og vöruþróun með aðhaldi samkeppninnar frá sjónarmiði framleiðenda. Grundvallarreglan í GATT er ákaflega einföld. Hún er þessi:

Í staðinn fyrir bann á innflutningi, í staðinn fyrir magntakmarkanir, kvóta, í staðinn fyrir ríkiseinokun á að koma tollígildi. Við umreiknum þá vernd sem er með svona óbeinum hætti yfir í tollígildi. Landbúnaðurinn mun búa við alveg óskerta samkeppnisstöðu í upphafi. Það er almenna reglan sem síðan trappast niður á 6 árum, fram að 2001 að meðaltali um 36%. Í ýmsum greinum má stilla það á 15%. En kjarni málsins er þessi: Tollígildin endurspegla þá vernd sem innflutningsbannið hefur veitt íslenskum landbúnaði hingað til. Þess vegna er hætt við því að mörgum bregði í brún þegar menn sjá að GATT-reglurnar muni þýða að í upphafi tímabilsins verða tollígildi á framleiðslustýrðum afurðum ef þær á annað borð verða í innflutningi af þessari stærðargráðu. Nautakjöt 358, svínakjöt 538, kindakjöt 397, kjúklingar 467, mjólk 586, jógúrt 589, smjör 674, ostar 570, egg 478. Þetta eru tollígildi. Og ef við berum þetta saman við hæstu rauntolla íslensku tollskrárinnar eins og það er eftir skattabyltinguna miklu 1987–1988 þegar við aðlöguðum tollskrána að svokölluðu samræmdu kerfi Brusselskrárinnar, þá er hæsti rauntollur í íslensku tollskránni almennt 35%. Alhæsta dæmi sem hægt er að nefna er sígarettur 50% af því að það er svona óhollustuextratollur. En þessar hollustuvörur eru svona háar.

Nú þýðir ekkert að deila um það, þetta er bara reikningsdæmi. Þetta er munurinn á heimsmarkaðsverðinu samkvæmt nánari skilgreiningu, ýmist EB eða eins og Norðmenn hafa lagt okkur það í hendur og svo með okkar mati og á innlendu heildsöluverði. Þetta er upphafið. Við fáum regluna um að bönnin eru út. Við umreiknum bönnin yfir í tollígildi og síðan lækka þau mjög hóflega á 6 árum þannig að landbúnaðurinn og framleiðendur fá rúman tíma til þess að laga sig að samkeppnisástæðum.

Síðan er eitt mál sem á að hnykkja ögn á þessu á umþóttunartímanum. Það er aðgangurinn að lágmarkinu 3–5% af markaðshlutdeild viðkomandi vörutegunda sem á að leggja á með lágum eða lágmarkstollum. Þar hefur það orðið niðurstaðan að því er varðar hið íslenska tilboð að við gerðum sama tilboð og Evrópubandalagið og Noregur með kannski smávegis frávikum að því er varðar útfærslu og þá þýðir það að í nautakjötinu lækkar það úr 358% tolli í 115%, kjúklingarnir úr 467 í 149 og smjörið úr 674 í 216 svo að ég nefni nokkur dæmi.

Hugsunin á bak við þetta er sú að í þessari örlitlu markaðshlutdeild verði samt á umþóttunartímanum veittur forsmekkur að aðhaldi samkeppni og verðlækkun til neytenda, en þetta er hins vegar í svo litlum mæli að það er af og frá að þetta geri meira en að veita innlendum framleiðendum hollt aðhald. Menn hafa mikið verið að spyrja um útfærsluna. Ég ætla ekkert að segja um það á þessu stigi. Það hafa engar ákvarðanir verið um það teknar og það er nægur tími til þess að ráða því til lykta eins og hæstv. landbrh. sagði eftir því sem samningunum vindur fram.

Ég sagði áðan að hin einfalda regla GATT væri þessi að það má ekki leggja tollígildi á vörur sem áður voru frjálsar í innflutningi. Og nú er það svo að þrátt fyrir allt tal um vernd eða stefnu okkar er um helmingur af þeim matvælum sem við neytum innfluttur og það eru viðamiklir vöruflokkar svo við nefnum sem dæmi kaffi, te, hveiti sykur, grænmeti og margt fleira. Þessar afurðir hafa yfirleitt verið fluttar inn, þ.e. það hefur verið frjáls innflutningur og það hefur verið núlltollur. Grundvallarregla GATT er sú að hin nýja skipan þrengi ekki markaðsaðgang eins og hann áður var. Um þetta er enginn ágreiningur t.d. hvorki að því er varðar umfjöllun fyrri ríkisstjórnar né núv. ríkisstjórnar.

Því næst er því við að bæta að Íslendingar eru meðal þeirra þjóða sem í seinustu lotu gengu alllangt fram í því að taka á sig skuldbindingar sem eru svokallaðar GATT-bindingar, þ.e. það eru hámarksþök á þá tolla sem við ætlum okkur að leggja á, við megum ekki fara upp fyrir þá, en því næst er þess að geta að allar þessar tollbindingar eru heimildarákvæði. Það er grundvallarregla í íslenskum lögum að tolla eins og skatta beri að leggja á með lögum og það er síðan úrlausnarefni og stefnumál íslenskra stjórnvalda að hve miklu leyti við nýtum okkur þessar hámarksheimildir. Því hefur verið lýst yfir að um það sé pólitískt samkomulag innan ríkisstjórnarinnar að að því er varðar þá vöruflokka sem voru á núlltollum og voru frjálsir í innflutningi — það má nú í fyrsta lagi ekki tollbinda þá og í öðru lagi ekki fara umfram GATT-bindingar — en fyrir liggur sú yfirlýsing að við ætlum okkur ekki að leggja tolla á vörur sem áður voru ótollaðar. En þó er hér um að ræða mikilvæga undantekningu sem landbúnaðurinn hefur lagt mikla áherslu á og varðar innflutning skepnufóðurs. Þetta er nú í stórum dráttum kjarni málsins. En ég legg áherslu á það að lokum að fyrir utan þetta tilboð eins og það er fram komið þá hefur tekist um það pólitískt samkomulag innan ríkis-

stjórnarinnar eins og ég sagði að leggja ekki tolla á vörur sem áður voru núlltollaðar, á því verður einfaldlega engin breyting, og því næst að gera litla leiðréttingu að því er varðar tollun á kartöflum og unnum vörum úr kartöflum úr 120 í 90. Einfaldlega vegna þess að tollbinding okkar var 90.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að fara fleiri orðum um tæknileg atriði þessa máls. Ég tók eftir því að hv. þm. Ragnar Arnalds sagði að þegar samkomulag hefði tekist í byrjun janúar 1992 milli núverandi stjórnarflokka um tilboð okkar og þau skilyrði sem fram voru sett þá hefði utanrrh. verið sem betur fer víðs fjarri í háloftunum og hvergi komið nærri og þá treysti ég því að hann telji að samkomulagið sé harlagott því ekki hafi ég verið til að spilla því. Að vísu var það svo að ég var viðstaddur og átti fulla aðild og ber fulla ábyrgð á þeirri samþykkt og ég fullyrði að það tilboð sem hér er lagt fram er alveg í fullu samræmi við þá skilmála sem við settum og hefur verið fast á því haldið af hálfu hæstv. landbrh., það get ég fullvissað menn um, þ.e. að svo miklu leyti sem við erum í þeirri sérstöðu að hafa fellt niður útflutningsbætur áður þá var þarna áskilinn réttur til þess:

1. að mæta því með magntakmörkunum,

2. hugsanlega að bæta því inn í græna boxið eða bæta við tollígildi.

Þetta er í okkar tilboði. Svo geta menn spurt hvort við náum þessu fram. Það er annað mál. En viðleitni okkar hefur verið sú að standa við þessa pólitísku yfirlýsingu svo sem okkur ber að gera.

Ég vil að lokum nota tækifærið til að þakka hæstv. landbrh. fyrir gott samstarf. Hann hefur haldið fast á sínum málum, ég virði það. En ég held að niðurstaðan sé augljóslega af því taginu að báðir aðilar, svo sem hæstv. landbrh. vék að, neytendur og bændur, hafi sóma af.

[16:44]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég gleðst yfir því að hæstv. utanrrh. hefur kynnt sér stefnumörkun okkar alþýðubandalagsmanna sem nýlega hefur verið lögð fram og að hann aðhyllist þá útflutningssókn sem þar er boðuð. En hann verður auðvitað að skilja það líka að sérhver þjóð þarf á því að halda að verja ýmsa atvinnustarfsemi sem er kannski fyrst og fremst fyrir innlendan markað. Hann nefndi áðan kvikmyndirnar. Það vill svo til að í þessum GATT-viðræðum er það eitt af deilumálunum að Bandaríkjamenn vilja banna að kvikmyndir séu ríkisstyrktar, en Frakkar berjast hart fyrir því ásamt mörgum öðrum að það sé áfram heimilt að styrkja kvikmyndaframleiðslu. Ég ætla sannarlega að vona að hæstv. utanrrh. standi með Frökkum en ekki Bandaríkjamönnum í því stríði. Og þetta er auðvitað mjög hliðstætt svo aftur við landbúnaðinn að hættulegur undansláttur á því sviði getur verið mjög varhugaverður fyrir þá atvinnugrein. Hann þýðir ekki aðeins að mjög margir bændur geta komist á vonarvöl, hann þýðir líka minnkandi þjóðarframleiðslu, ef framleiðsla okkar á sviði landbúnaðar minnkar verulega þá minnkar líka úrvinnsla landbúnaðarvara í mörgum bæjum og þorpum og það skapar aukið atvinnuleysi í landinu. Það skapar aukinn halla á viðskiptum okkar við útlönd ef við þurfum að flytja meira inn. Þetta eru hliðar á málinu sem ekki er hægt að loka augunum fyrir. Við erum vonandi báðir sammála um að auðvitað er það kjarninn í nýrri stjórnarstefnu að stórauka útflutning. En við megum hins vegar ekki gleyma hinu að það þarf að vernda ýmsar atvinnugreinar sem fyrir eru í landinu og þar á meðal er landbúnaðurinn.

[16:46]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Umburðarlyndir menn segja gjarnan að það séu tvær hliðar á hverju máli. Alla vega er það svo í utanríkisverslun að það eru tvær hliðar, það er útflutningsleið og það er innflutningsleið. Sá sem er svona frjálslyndur og fristefnuþenkjandi á útflutningsleið hlýtur að leiða að því hugann að ef við ætlumst til þess að aðrar þjóðir felli niður tolla, lækki tolla til að greiða fyrir útflutningsleiðinni okkar þá spyr ég: Á það þá við sem hv. þm. er að segja að þær séu að skaða sig vegna þess að það sem við flytjum út hljóti að verða á kostnað framleiðslunnar heima fyrir? Það er með öðrum orðum gott fyrir okkur en vont fyrir þá. Vegna þess að hin hliðin í málflutningi hv. þm. er sú að allur innflutningur til þessa lands sé — ef hann er 5% hingað þá sé hann 5% tekinn af innlendri framleiðslu og það er skaðinn fyrir okkur. Þá er útflutningsleiðin nýja hjá Alþb. komin í ógöngur, hún er eiginlega ekki útflutningshæf. Þetta er brotalömin á hugsuninni, þetta er nefnilega hálfbökuð hugsun sem að lokum verður röng hugsun.

[16:47]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur nú vel verið að það hafi farið fyrir fleirum en mér svo að þeim hafi gengið illa að skilja þessa hundalógík sem hv. þm. var boðið hér upp á. Auðvitað er kjarni þessa máls einfaldlega sá að þjóðir heimsins hafa ekki fallist á að fella niður alla tolla eða viðskiptahindranir. Og það hefur einmitt komið fram í þessum umræðum hér að það er ekki hægt að benda á að það hafi náðst neinn sérstakur nýr árangur varðandi lækkun á útfluttum sjávarafurðum eða hvað varðar innflutningstakmarkanir hjá öðrum þjóðum á útflutningi okkar. Þannig að við stöndum sem sagt einfaldlega frammi fyrir því að þetta mál hefur tvær hliðar. Allar þjóðir, ekki bara Íslendingar, heldur allar þjóðir, eru auðvitað að reyna að auka útflutning sinn en allar þjóðir eru líka um leið að reyna að verja sitt. Við erum engin undantekning hvað það varðar. Og þess vegna verðum við að hafa í fyrirsvari menn sem gleyma ekki íslenskum hagsmunum heldur reyna að vernda þá þegar þeir sitja við samningaborð með erlendum aðilum og eru að semja um þessa hluti. Þeir mega ekki bara hugsa um það að nú eigi bara að opna og opna og opna. Þeir verða líka að hafa það í huga að við, eins og allir aðrir, við verðum að vernda okkar hagsmuni. Og því miður hefur hæstv. utanrrh. misfarist í þeim efnum.

[16:49]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. sagði: Það hefur ekki tekist að sýna fram á að við höfum náð neinum árangri í GATT fyrir sjávarútveg. Ég tók dæmin af því hvernig GATT hefur ráðið úrslitum um aðgang okkar að Bandaríkjamarkaði en á þeim markaðsaðgangi lifði þessi þjóð áratugum saman þótt nú hafi dregið úr. Í annan stað liggur alveg ljóst fyrir að við munum ná árangri á sjávarútvegssviðinu enn frekar. Við þurfum hins vegar ekki að stóla á þann árangur að því er varðar Evrópumarkaðinn fyrst og fremst vegna þess að þar höfum við EES sem tryggir okkur því sem næst tollfrjálsan markaðsaðgang. Af einhverjum ástæðum var hv. þm., sem nú aðhyllist útflutningsleið, á móti því. (**RA:** Við viljum nýjan árangur.) Við erum að fá nýjan árangur með GATT, hv. þm., á því leikur enginn vafi. Og það er mesti misskilningur sem hv. þm. sagði að hér væri uppi krafa um að opna og opna og opna. Við erum hér að tala um gagnkvæmni. Sá sem segir: Ég vil fá tækifæri fyrir útflutningsafurðir minnar þjóðar á markaðnum hjá þér, hlýtur náttúrlega að segja ef hinn aðilinn á ekki að bera skaða af, því viðskipti eru um gagnkvæman hag, þá hlýtur þú að vera á móti reiðubúinn til að opna í sama mæli þinn markað fyrir innflutningsafurðir hans. Annars ertu ekki útflutningsleiðarmaður heldur bara gamaldags haftamaður eins og Alþb. hefur alltaf verið. En GATT er náttúrlega ekki um það. GATT er um að brjóta niður bæði það kerfi og þá hugsun. Og ég held að það ætti að vera hv. þm. og formanni Kvikmyndasjóðs umhugsunarefni þegar hann ber saman t.d. bandaríska og franska kvikmyndaiðnað. Hvers vegna er það að Bandaríkin eru heimsstórveldi í kvikmyndagerð og markaðssetningu kvikmynda þannig að mörgum, þar á meðal mér, ofbýður, og ég vil gjarnan hugsanlega grípa til einhvers konar aðgerða til þess að, af því að kvikmyndin er menningar- og uppeldismiðill, vega þar á móti? Það er vegna þess að bandarískur kvikmyndaiðnaður er markaðskerfi, kraftmikið samkeppniskerfi sem er búið að leggja heiminn að fótum sér. Franskur kvikmyndaiðnaður er á vonarvöl af því að ríkisstyrkirnir eru alveg að drepa hann.

[16:51]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða snýst um fjögur atriði sem hafa verið mismikið til umræðu. Það hefur ekki verið mikið vikið að GATT-samningnum í heild og hvaða samkeppnisstöðu hann muni gefa ýmsum þjóðum ef að raunveruleika verður. Skiptar skoðanir eru á því hvort hann verður að raunveruleika eftir samþykkt NAFTA-samningsins milli Bandaríkjanna, Mexíkó og Kanada nú í nótt. En engu að síður er nauðsynlegt að líta á dæmið út frá þessum sjónarhól líka. Í öðru lagi hafa hér nokkuð verið til umræðu, einkum hjá hv. fyrsta ræðumanni, vinnubrögð um gerð tilboðs Íslands í GATT-viðræðunum. Í þriðja lagi hefur innihald tilboðsins verið hér töluvert til umræðu og í fjórða lagi og kannski ekki það sísta möguleikarnir á því að fylgja þessu tilboði eftir.

Um fyrsta atriðið er nauðsynlegt að muna að í niðurstöðum GATT-viðræðnanna hefur lítt skort á hagsmunagæslu af hálfu þeirra þjóða sem eru að tryggja sér sín hagstæðustu viðskipti án of mikilla fórna. Það gefur auga leið, og það hefur komið hér fram, að þau sem öflugust eru hafa verið duglegust við að verja sína hagsmuni og við skulum ekki láta okkur detta í hug að þeir hagsmunir fari alltaf saman við okkar hagsmuni né að okkar sérstöku hagsmunir hafi verið hafðir þar að leiðarljósi. Það væri barnaskapur. Þetta endurspeglast m.a. í þeirri staðreynd að hér og nú þegar við Íslendingar erum að skila tilboði okkar þá er ekki hægt að fá nein svör um nokkurn árangur um það hvort tollar af fiski verði lækkaðir um 30%. Það er ljóst að andstaða er mikil af hálfu Evrópubandalagsins og ég get ekki stillt mig um að vitna til samþykktar ríkisstjórnarinnar frá 10. jan. 1992, 1. liðar, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið verður að því að fá fram þriðjungs lækkun allra tolla á sjávarafurðum til samræmis við aðra vöruflokka. Enn fremur leggur Ísland áherslu á að sambærilegar tillögur og fyrir liggja um lækkun ríkisstyrkja til landbúnaðar nái einnig til sjávarútvegs."

Það mátti glöggt heyra á ræðu hæstv. ráðherra að það er fátt um svör og það af síður um nokkurn árangur að ræða svo vitað sé. Hann ræðir hér eldgömul mál og telur það röksemd að fyrri GATT-samningar hafi tryggt okkur markaðsaðgang. Þetta er auðvitað ekkert annað en undansláttur því að við erum að tala um hvers við erum að vænta núna. Við erum að tala um breytingar hér á Íslandi og við erum að tala um árangur. Og ég held að það hafi ekki verið nokkurt vafamál að það að þessi liður var númeraður nr. eitt síðast þegar þetta var tekið fyrir 10. jan. 1992 og gerð samþykkt, það var vegna þess að þetta átti að verða áhersluatriði.

Við göngum ekki til GATT-samninga í einhverju tómarúmi ef af verður heldur til samninga sem mótaðir eru fyrst og fremst af hinum sterkustu, Evrópubandalaginu og Bandaríkjunum. Og þarna hafa auðvitað tekist á hagsmunir. Það skiptir því miklu máli að tilboð Íslands sé eins vandað og markvisst framsett og unnt er og innihald þess sé eins skýrt og sterkt og hægt er ef við ætlum okkur að ná einhverjum árangri, vegna þess að við erum ekki með neitt „apparat" til þess að styðja okkur.

Það hefur verið óeðlilegur þrýstingur á vinnslu þessa máls vegna ágreinings tveggja ráðherra og ég held að það hefði verið heillavænlegra ef þeir hefðu náð saman undir öðrum kringumstæðum en tímapressu.

Við ræddum áðan í umræðu um skýrslu umboðsmanns Alþingis hve gagnrýnivert það sé að setja lög um álagningu skatta og þjónustugjalda undir pressu. Ég held að það leyni sér ekkert að þetta er nákvæmlega það sem verið er að gera núna. Það er ekkert verið að höndla um neitt lítilvægari mál heldur en skattlagningar því ef hagur landbúnaðarins skerðist þá eru það beint eða óbeint álögur á íslenskt samfélag með sam-

drætti í atvinnu og veltu í landinu sjálfu. Það hlýtur líka að orka tvímælis að gera út um mikilvæg ágreiningsatriði með málamiðlun sem kannski ekki allir eru sammála um hvað hefur í för með sér með þessa svipu tímapressu yfir sér þótt sú svipa hafi vissulega verið raunveruleg. Og þá gildir einu hvort því er haldið fram að þetta tilboð byggist á fyrri samþykktum ríkisstjórnarinnar eður ei.

Ég get nú ekki stillt mig um að segja það að við þekkjum býsna mörg dæmi þess að hæstv. utanrrh. hefur tilhneigingu til þess að nýta sér tímapressu, misraunverulega, í því skyni að reyna að knýja fram niðurstöður sem honum eru að skapi. Breytingar á texta undir lokin á tilboði Íslendinga geta gefið grunsemdir um að honum hafi orðið eitthvað ágengt. Við höfum ekki niðurstöðu en ég vísa til þeirra efasemda sem hafa komið t.d. um það hve heppilegt það sé að binda tollígildi við þá vöru sem er undir framleiðslustýringu, magntakmarkanirnar sem nú eru takmarkaðar við þá vöru sem bundin er framleiðslustýringu því að þetta er atriði sem getur verið breytingum háð.

Svo mikill var asinn á hæstv. utanrrh. að hann gat ekki séð af tíma til að kynna niðurstöðu sína og hæstv. landbrh. fyrir utanrmn. fyrr en nú í morgun, eftir fsp. mína í gær og eftir beiðni hv. 1. þm. Norðurl. v. um fund í utanrmn.

Það verður þó að segjast að einhvern tíma hefur hæstv. utanrrh. haft því hann hafði jú aðstöðu til þess að ræða við fjölmiðla en ekki Alþingi enda hefur það komið fram hjá honum á opinberum vettvangi að hann kunni félagsskap hér innan sala Alþingis misvel.

Ég vík þá að innihaldi tilboðsins umdeilda. Það er eins og ég gat um hér áður tvennt sem skiptir máli, hvernig tilboðið sjálft lítur út og hvers má vænta að það leiði til. Þá tek ég það í víðu samhengi því það er auðvitað engin ástæða til að vera að spá hér of ítarlega í það hverjar niðurstöður verði þótt það hafi vissulega komið hér fram í umræðum ákveðnar getgátur í þá áttina.

Ég held að það sé hægt að fullyrða án þess að menn þurfi að vera að eyða of miklu máli í það að dregið hefur verið úr þeirri viðspyrnu sem íslenskur landbúnaður telur sig þurfa með því t.d. að heimila að minnsta kosti 3–5% innflutning miðað við neyslu á landbúnaðarvöru á lægri tollum og eins má benda á að ef miklar sveiflur verða á verðbólgu og verðlagi þarf að gæta vel að. Spurningin er hvort niðurstöðurnar muni leiða til enn frekari tilslakana. Ég set spurningarmerki t.d. við hugmyndir um magntakmarkanir eins og fleiri hafa gert og ég held að við verðum hreinlega að horfast í augu við það að við höfum varla efni á að víkja frá því tilboði sem hér blasir við og við verðum að bera gæfu til þess að því verði fylgt eftir.

Í ræðu hv. fyrsta ræðumanns, hv. 2. þm. Suðurl., voru sjónarmið og samningsstaða íslensks landbúnaðar nokkuð rækilega rakin og ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að fara mikið ítarlegar út í það mál. Ég vil þess vegna víkja að öðru sem hefur verið notað sem ákveðin gulrót í þessum efnum og það er hvernig þetta mál horfir fyrir íslenska neytendur. Það er tvennt sem skiptir máli þar. Í fyrsta lagi hver er staða íslenskra neytenda ef ekki er tekið tillit til þess hvernig atvinnustigið er í landinu eða hvernig íslenskur landbúnaður stendur, en það er auðvitað afskaplega þröngsýn afstaða svo að ekki sé meira sagt. Og ef við tökum það bara þannig, þá er það alla vega ljóst að tilboðið mun ekki breyta miklu um verðlag á landbúnaðarvöru hér á landi því að innfluttar vörur, fyrir utan þennan lágmarksaðgang 3–5% af neyslu á lægri tollum, þá verða innfluttar vörur væntanlega á sama verði og íslensk vara vegna álagningar tollígilda.

Samt sem áður er hægt að flytja inn ýmsa vöruflokka með fullum tollígildum og það er nú opnað fyrir þennan aukna innflutning. Við vitum ekkert hve mikil sú aukning verður og það fer m.a. eftir niðurstöðum úr umræðum um magntakmarkanir og það fer líka eftir því hvort erlendir aðilar telja sér hag að komast inn á íslenskan markað og jafnvel að vinna þar einhverja starfsemi sem er íslenskum landbúnaði ekki hagstæð jafnvel þótt tollar verði lagðir á eða tollígildi sem er víst töfraorð dagsins í dag.

Við höfum að vísu þá viðspyrnu að sú vara sem klárlega er óæskilegt að flytja inn vegna sjúkdómahættu á að vera undir vernd, en þá er spurningin hver metur það með okkur. Varla höfum við sjálfdæmi um það mál. Við hljótum að velta vöngum yfir því hvort í samkeppninni muni erlendir aðilar kjósa að beita afli stærðar sinnar og auglýsingamáttar á móti íslenskri samkeppnisvöru. Við tökum nú þátt í átakinu „Íslenskt, já takk“ og viðurkennum gildi þess að halda atvinnu hér á landi og styðja ferska og góða íslenska framleiðslu. Hvernig mundi þetta líta út ef aðrir uppgötvuðu nú gildi auglýsingamennsku því að auðvitað erum við að keyra hér á auglýsingamennsku og ekkert annað og það er af góðu einu þar sem ég tel að markmið þessarar auglýsingaherferðar sé hagur okkar allra.

Íslenskur landbúnaður er og verður verðmætur fyrir okkur og við megum ekki glata þeim verðmætum. Við erum enn of skammt á veg komin að markaðssetja ferskleika íslenskrar landbúnaðarvöru til að geta treyst á að viðskiptavinir velji íslenskt vegna þessara gæða á móti mögulega harðnandi hríð erlendra auglýsenda. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að íslensk landbúnaðarvara hefur forskot í gæðum á erlenda vöru vegna margfalt minni og jafnvel engrar eiturefnanotkunar og hormónanotkunar hér á landi en ég er jafnviss um að við verðum að leita þeirra leiða sem gefast til að gefa íslenskum landbúnaði tóm til þess að aðlagast nýjum og breyttum tímum sem e.t.v. eru fram undan í heimsviðskiptum. Við munum ekki sjálf stýra þessari för nema með því að sýna fullan kraft í því að gæta hagsmuna okkar. Aðrir sjá um sig og sína. Það er engin spurning um það.

Þá getum við kannski farið að tala um það að hasla okkur völl með hreinar og hormónalausar íslenskar afurðir erlendis og það tel ég að sjálfsögðu að við eigum að gera. Við erum hins vegar því miður á byrjunarreit í þessu áróðursstríði og við verðum að taka tillit til þess. Það má alveg gagnrýna fortíðina og gagn-

rýna hegðun okkar í fortíðinni og segja að við hefðum átt að gera hlutina öðruvísi en við höfum ekki gert það. Við verðum að horfast í augu við þá staðreynd og við verðum að nýta okkur þau tækifæri sem við höfum til þess að láta þessa þróun verða öllum í hag, íslenskum landbúnaði, íslenskri atvinnu, íslensku verðlagi, íslenskum neytendum því allt er þetta nátengt.

[17:06]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Nú finnst mér skortur á ráðherrum hér í salnum og vildi gjarnan að ég gæti fengið tækifæri til að eiga orðastað við þá. En meðan við bíðum eftir þeim, þá hefur útflutningsleið Alþb. borist í tal. Ég ætla ekki að ræða hana í þessari umræðu enda er hún til annars ætluð þó að hér hafi orðið nokkur umræða um hana áðan á milli hv. 3. þm. Norðurl. v. og hæstv. utanrrh. Ég geymi mér það en hlakka hins vegar til að fá tækifæri til að ræða hana og sérstaklega landbúnaðarkafla hennar við hv. 3. þm. Norðurl. v. þegar við komum heim í kjördæmi okkar.

Hér er um að ræða umræðu um ákaflega afdrifaríkt mál, þ.e. tilboð eða landbúnaðarkafla GATT-viðræðnanna. Þá er fyrst að velta því fyrir sér hvort Úrúgvæ-lotunni lýkur með einhverjum hætti, hvort niðurstaða fæst í henni. Það liggur að sjálfsögðu ekki fyrir enn þá og kannski minni líkur en meiri til þess að henni ljúki með niðurstöðu. En ríkisstjórn Íslands er búin að senda tilboð út til Genfar. Það er verra að vinda ofan af þessu máli eftir það. Í þessu tilboði eru dregnar lokur frá hurðum með þeim hætti að það verða ekki settir slagbrandar fyrir héðan af.

Menn hafa verið að ræða um neytendasjónarmið og framleiðendasjónarmið og þóst vera að koma fram fyrir hönd annars hvors þessa sjónarmiðs. Auðvitað eru þessi sjónarmið í langflestum tilfellum samræmanleg vegna þess að í fyrsta lagi eru framleiðendur neytendur líka og í öðru lagi ef við ætlum að lifa áfram og búa áfram í landinu þá verðum við náttúrlega að samræma þessi sjónarmið og þau eru ákaflega auðveldlega samræmanleg. Ef íslensk landbúnaðarframleiðsla væri lögð í rúst þá dragast að sjálfsögðu þjóðartekjur saman með tilheyrandi atvinnuleysi sem auðvitað kemur beint niður á neytendum þessa lands. Jafnvel þó þeir fengju ódýrar kjúklingalappir til þess að éta nokkrum sinnum í viku (**Gripið fram í:** Kalkúnalappir.) eða kalkúnalappir, já, kalkún heitir víst helvískur fuglinn, þá dregur það þó ekki langt þegar þarf að fara að skattleggja fyrir atvinnuleysisbótunum. Okkur ber að hafa í huga þjóðarhag, ekki þrengstu og skammsýnustu neytendasjónarmið eða þrengstu framleiðendasjónarmið.

Þetta tilboð ríkisstjórnarinnar hefur verið sent. Hæstv. utanrrh. talaði um gagnkvæmni í þessum samskiptum. Gagnkvæmnin í þessu máli hefur verið á þá leið eins og hæstv. ráðherra hefur meðhöndlað það að hann vill flytja út fisk og flytja út sem mestan fisk og það er gott svo langt sem það nær. Og í því skyni að reyna að komast að sem bestum kjörum með fiskinn, þá hefur hann á hinn bóginn fórnað hagsmunum landbúnaðarins. Það er hægt að rekja mörg dæmi úr öllu þessu samningaferli, bæði EES-samningaferlinu og eins GATT-samningaferlinu um þetta hefur verið gert og það án þess að ná verulegum árangri í tollfríðindum fyrir fiskinn. Þegar við lögðum af stað í EES-samningana, þá ætluðum við að reyna að ná fríverslun með fisk. EES-samningurinn er ekki um fríverslun með fisk. En hagsmunum landbúnaðarins hefur verið hvað eftir annað fórnað. Einu sinni man ég eftir að starfsmaður utanrrn. var spurður að því í utanrmn. af hverju ekki hefði verið haldið til haga sérstökum hagsmunum íslensks landbúnaðar. Hann svaraði því hreinskilnislega, blessaður maðurinn, að „það þótti ekki taktískt". Embættismannasamkomulagið frá því í vor markast af þessu o.s.frv. og þetta GATT-tilboð markast af þessu líka.

Hér hefur verið til umræðu að þessu máli hefur verið haldið frá Alþingi og það er að vissu leyti rétt. Ég get að vísu tekið á mig nokkra sök þar á þar sem ég bað ekki um fund í utanrmn. fyrr en í gær og sá fundur var haldinn í morgun og er ég mjög þakklátur fyrir það að formaður nefndarinnar skyldi bregðast við og boða til fundar og þeim mönnum sem þangað komu til þess að ræða málið.

Ég átti satt að segja von á því að um svo mikilsvert mál mundi forsrh. gefa yfirlýsingu þegar tilboðið var sent. Það gerði hann ekki. Ég átti von á því að landbn., sem hafði verið árvökul yfir þessu máli og ég vissi að hafði verið boðuð til fundar, mundi fá gögn í hendur sem gæfu manni tækifæri til þess að fara ofan í málið. Ég átti von á því að hún næði árangri en hún náði ekki árangri. Það var haldinn þar fundur í gær án þess að afhenda þau gögn sem nauðsynleg eru til þess að fara yfir málin með nokkurri nákvæmni. Alþingi var hunsað. Hins vegar hafði hæstv. utanrrh. tíma til þess, þó að hann mætti ekki vera að því að boða utanrmn. til fundar, þá hafði hann tíma til þess að halda leynifund með blaðamönnum í varnarmáladeild utanrrn. þar sem safnað var saman blaðamönnum sem skrifuðu síðan upp eftir honum túlkun hans á þessu samkomulagi en þeir máttu samt ekki vitna beint í hann. Ég hefði nú talið heppilegri og eðlilegri vinnubrögð að hann hefði byrjað á því að hafa fund með utanrmn. til þess að ræða þetta mál.

Það er að vísu rétt að það eru fordæmi fyrir blaðamannafundum og formaður Alþb., hv. 8. þm. Reykn., boðar til blaðamannafunda í tíma og ótíma. Honum er hins vegar mjög í mun að höfð sé eftir honum bein ræða af þessum fundum.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands virðist hafa haft þessi gögn á undan okkur alþingismönnum því að a.m.k. töldu þeir sig þess umkomna í gærkvöldi að senda frá sér yfirlýsingar um málið. Mér er kunnugt um að ekki var haft samráð við framleiðsluráð landbúnaðarins, hvorki við undirbúning þessa máls í síðustu lotu né heldur að framleiðsluráðinu væri kynnt þetta tilboð. Ég tel að þau átök sem talað hefur verið um undanfarna daga á milli hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. hafi verið sviðsett. Það lítur svo út sem málamiðlun hafi verið fundin eða það er látið heita svo, en þessi málamiðlun er á einn veg að hæstv. utanrrh. hef-

ur fengið allt sitt fram og hæstv. landbrh. hefur lotið í gras þannig að ég held að það hafi aldrei verið nein alvara í þessum átökum.

Það var líka ekkert óeðlilegt þó að hæstv. utanrrh. væri ánægður hér í ræðustólnum áðan. Hann hefur komið í ræðustólinn oft í dag og hann hefur verið ansi mikið spenntari fyrr í dag og það lá mikið betur á honum núna þegar hann var að hrósa sigrinum yfir landbrh. heldur en meðan hann lá hér undir ágjöf vegna skýrslu umboðsmanns Alþingis.

Það voru einkum þrjú ágreiningsatriði sem upp úr stóðu eftir blaðafregnum sem hæstv. utanrrh. túlkaði fyrir blaðamönnum, vildarvinum sínum sem hann kallaði á í varnarmáladeildina. Það var í fyrsta lagi um magntakmarkanirnar. Þar var í orði kveðnu fallist á opinberan málflutning hæstv. landbrh. en undan skilið að hér sé um marklausa kröfu að ræða eins og hæstv. utanrrh. orðaði það við blaðamenn sína og þeir rekja það í löngu máli að þetta sé algerlega þýðingarlaust þó að þarna hafi verið látið eftir til þess að reyna að bjarga andlitinu á hæstv. landbrh. vegna þess að hæstv. utanrrh. hafi það í hendi sinni að snúa hann niður erlendis, hann geti unnið sigur erlendis og krafan sé marklaus.

Í öðru lagi var ágreiningsefnið um tollígildin á vörum sem fluttar hafa verið til landsins með engum tollum. Jú, jú, þetta er textað svolítið í tilboðinu. En síðan segir hæstv. utanrrh. á títtnefndum fundi að hann og hæstv. landbrh. hafi gert um það heiðursmannasamkomulag og maður er nú orðinn dálítið leiður á þessum heiðursmannasamkomulögum sem þeir eru að gera í ríkisstjórninni en utanrrh. telur að landbrh. hafi svarið það að beita aldrei þeim heimildum sem hann hefði svo að þar var hæstv. utanrrh. búinn að vinna fullan sigur ef þetta er rétt sem utanrrh. segir blaðamönnum.

Í þriðja lagi var komist að samkomulagi um það að herma eftir Noregi og að tilboð Íslands væri sniðið eftir tilboði Noregs. Nú vill svo til að ég þekki pínulítið til í Noregi og ég veit það að kratastjórnin í Noregi gengur sannarlega ekki erinda norsks landbúnaðar í samskiptum sínum við Evrópu eða við umheiminn. Þó eru þeir náttúrlega ekki, kratarnir í Noregi sem eru ábyrgir fyrir þessu tilboði sem þaðan fór, nándar nærri eins ófyrirleitnir í krossferð sinni gegn landbúnaði yfirleitt og íslensku kratarnir, enda eru það mjög siðaðir menn og þar mundi það ekki líðast hjá ráðherra að brjóta lög.

Í stuttu máli, frú forseti, þá er niðurstaða þessa tilboðs að heimilt er að flytja inn allar landbúnaðarvörur nema hrátt kjöt, óunna mjólk og hrá egg. Þar eru sjúkdómavarnir. Heimildin er sem sagt fyrir hendi á innflutningi af öllu þessu. Við berum fyrir okkur sjúkdómavarnir en aðstoðarmaður landbrh. upplýsti á fundi utanrmn. í morgun, og ég skrifaði orðrétt eftir honum: „Það er ekkert hægt að fullyrða um að við getum haldið uppi innflutningsbanni á hráu kjöti til frambúðar." Ekkert tryggt að við getum haldið því uppi til frambúðar. Og þá höfum við það. Það haldreipi er veikt líka. Við verðum að geta sannað það að dýr séu heilbrigð hér og meira að segja þetta, sem okkur finnst þó eðlilegasti hlutur í heimi, getur reynst okkur erfitt að halda til haga í framtíðinni.

Það er hér talað um lágmarksinnflutning og við lofum lágmarksinnflutningi og við tölum um hámarkstolla og hámarkstollígildi. En ég vek athygli alþingismanna á því að hér er verið að tala um heimildarákvæði. Það er hægt, það er lafhægt af ófyrirleitnum ráðherrum sem væru í krossferð gegn landbúnaði að opna allar gáttir fyrirvaralítið. Þetta mál heyrir ekki bara undir landbrh. (Forseti hringir.) Frú forseti. Ég er að ljúka máli mínu. Þetta eru ákvarðanir sem heyra undir a.m.k. fjmrh., viðskrh., utanrrh. auk landbrh. Umþóttunartíminn þarf ekki einu sinni að vera eins langur og tekið er fram í tilboðinu. Það skiptir máli hverjir sitja í ráðuneytunum og ofsafenginn þrýstingur innflytjenda getur líka haft hér um að segja.

[17:22]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil einungis út af þeim ummælum sem hv. þm. hafði hér eftir aðstoðarmanni mínum, Sigurgeiri Þorgeirssyni, leggja áherslu á að það er öllum kunnugt sem hafa fylgst með GATT-umræðunum að yfirdýralæknir hefur fylgt málflutningi okkar Íslendinga mjög hart eftir og komið öllum okkar kröfum til skila og sérstöðu. Og ég veit ekki til þess að nokkur hafi látið í ljós nokkra gagnrýni á hans störf.

Ég vil í öðru lagi segja að mér þykir ekki viðeigandi af hv. þm. að taka eina setningu út úr þeim útskýringum sem ég þykist vita að aðstoðarmaður minn, Sigurgeir Þorgeirsson, hafi gefið varðandi þær takmarkarnir á innflutningi sem við vildum halda vegna sjúkdómavarna. Eins og hv. þm. er kunnugt er þar um gagnkvæmar skyldur að ræða og samningarnir fela það raunar í sér að það eru auknar áherslur lagðar á að slíkar varnir séu ekki tylliástæða eða viðskiptaþröskuldur. Vegna þess hversu skamman tíma ég hef nú, þá mun ég koma nánar að þessu síðar en það vill svo til að Sigurgeir Þorgeirsson hefur kynnt þessi mál víða á bændafundum og annars staðar. Menn þekkja hans málflutning og vita að það er ósæmilegt að taka eina setningu út úr með þeim hætti og í þeim anda sem hv. þm. gerði.

[17:24]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vill nú svo til að ég held að hæstv. landbrh. hafi verið ákaflega heppinn með aðstoðarmann. Og ég verð með fullri virðingu fyrir ráðherranum að segja að ég tek miklu, miklu alvarlegar það sem aðstoðarmaðurinn segir heldur en húsbóndinn. Mér finnst hann mæla af meiri yfirsýn, svo að ég segi nú ekki meira, um landbúnaðarmál heldur en hæstv. ráðherra. Ég tel að ég hafi ekki slitið þessa setningu neitt úr samhengi. Þetta er nákvæmlega það sem aðstoðarmaður ráðherra varaði okkur við, vafalaust með góðum hug. Hann var ekkert að gylla þetta sérstaklega. Hann var bara að segja söguna eins og hún var.

[17:25]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli hv. þm. þá áttaði hann sig á því að hann hafði skotið yfir markið með því að ræða þetta mál í því samhengi sem hann gerði í sinni ræðu. Auðvitað er ekkert öruggt undir sólinni. Aðalatriðið er að varðandi sjúkdómavarnirnar hefur verið haldið mjög fast á íslenskum málstað, eins fast og við höfum þekkingu og kunnáttu til og hvergi hopað í einu einasta atriði.

[17:26]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skaut náttúrlega ekkert yfir markið. Ég hitti nákvæmlega beint mark eins og sést á viðbrögðum hæstv. landbrh. Auðvitað hefur verið reynt að halda á þessum sjúkdómavarnaþætti eins vel og við höfum mögulega getað og ég er ekkert að álasa ykkur fyrir það. Ég tel að það sé okkur ákaflega mikilvægt að halda honum til haga og ég veit að menn hafa lagt sig fram í því efni, bæði yfirdýralæknir, starfsmenn ráðuneytisins og aðrir sem að því hafa komið. En það er hins vegar ekki ókleifur þröskuldur. Árangurinn er ekki þannig að hann gulltryggi okkur neitt til frambúðar.

[17:26]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert við þessar umræður hér í dag að hv. þm. Páll Pétursson, hinn umtalsfrómi maður, hefur ekki við að hæla mönnum en eðlið er samt við sig og ævinlega skal það vera á kostnað einhverra annarra. Það er staðreynd að hv. þm. sleit úr samhengi þessa einu setningu í ummælum aðstoðarmanns ráðherra. Hann var að gera grein fyrir því að við höfum haldið til streitu fyrirvörum að því er varðar sjúkdómavarnir. Hann veit að þar var sérstök áhersla lögð á hversu næmur íslenskur bústofn kann að vera fyrir smitsjúkdómum vegna einangrunar fyrr á tíð. Aðstoðarmaðurinn var að útskýra það eitt að það er gagnkvæm sönnunarbyrði. Það eina sem hann sagði var að það er ekki hægt að treysta því að við getum beitt heilbrigðisreglum sem viðskiptahindrunum. Við verðum að sanna að hér sé um raunverulega ástæður fyrir smithættu að ræða. Það styðst einfaldlega við rök og það á ekki að gera málið tortryggilegt af þeim sökum.

Hv. þm. gerir sér greinilega far um að reyna að grafa undan trausti bænda á málstað hæstv. landbrh. með því að láta líta svo út sem hæstv. landbrh. hafi í einu og öllu farið hallloka fyrir frekjuganginum í þeim sem hér stendur. Því miður, og nú tek ég það skýrt fram, því miður var það nú ekki svo. Ég sagði að hæstv. landbrh. hefði haldið fast á sínu máli, mjög fast. Ég sagðist bera virðingu fyrir því þegar það leiðir til sanngjarnrar málamiðlunar. En bara til þess að taka eitt dæmi, þá má hann gjarnan hafa það eftir við bændur að mitt sjónarmið var það að því er varðar lágmarksaðganginn að þar ættum við ekki að fara mikið umfram hæstu rauntolla sem eru 35%. Ég gat fallist á að sígarettutollur um 50% væri eftir atvikum ásættanlegur. Niðurstöðuna sjá menn hér á blaði þar sem niðurstaðan er norska tilboðið eða EB-tilboðið, það lægsta 358 og það hæsta 674 þannig að tölurnar segja nú sína sögu um það að hæstv. landbrh. beit ekki í gras, eins og hv. þm. var að reyna að segja. Hann náði málamiðlun sem reyndar var nær því sem hann setti fram heldur en ég.

[17:29]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég veit mætavel að hæstv. landbrh. er ekki grasbítur og mér hefur aldrei dottið í hug að segja það. Ég sagði að hann hefði lotið í gras.

Ég sleit ekkert úr samhengi. Ég tek meira mark á aðstoðarmanni landbrh. heldur en hæstv. landbrh. sjálfum og ég tek miklu meira mark á þeim títtnefnda aðstoðarmanni heldur en utanrrh. Ég veit það að hæstv. landbrh. vinnur af bestu getu að sínu embætti, en hann náði bara ekki meiri árangri í þessari lotu heldur en þetta og það var hæstv. utanrrh. sem hrósaði sigri í viðureigninni og hann boðaði til sérstaks leynilegs blaðamannafundar til þess að koma sinni túlkun og sínum sjónarmiðum á framfæri, hvað hann hefði nú staðið sig vel, hvað hann hefði nú klárað hæstv. landbrh. rækilega, boðaði til sérstaks fundar með blaðamönnum á þriðjudaginn var í varnarmáladeild utanrrn.

[17:30]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur engin rök fært fyrir þessum fullyrðingum sínum. Engin. Það er ósatt mál að á blaðamannafundi sem var upplýsingafundur um þetta flókna mál hafi hvort heldur er ég eða mínir embættismenn verið að hælast um yfir nokkrum hlut. Við lögðum þar fram til kynningar upplýsingaefni um þetta flókna mál og ég tel það til fyrirmyndar þegar um er að ræða slíkt svo flókið mál því að það eiga allir rétt á því að fá af því greinargóðar upplýsingar.

Hv. þm. er svo þungt haldinn samsæriskenningum að hann hélt því fram hér áðan að við landbrh. hefðum sett á svið einhver átök og síðan vill hann túlka það allt einhliða á þann veg að annar aðilinn hafi farið mjög halloka. Hann hefur engin rök fært fyrir þessu. Það er haldið til haga fyrirvörum um magntakmarkanir. Það er óbreytt frá samþykkt ríkisstjórnarinnar. Ég hef þegar skýrt frá því hver niðurstaðan varð út frá upphaflegum kröfum og óskum, mínum annars vegar og landbrh., að því er varðar lágmarksaðgang. Og að því er varðar það þriðja, tollígildin, þá er það staðreynd að það er einungis reikningsdæmi. Hlutirnir eru tollgildir en jafnframt gerðum við með okkur pólitískt samkomulag um það að fylgja þeirri meginreglu GATT að auka ekki á tolla, að takmarka ekki markaðsaðgang. Um þetta varð sem sé samkomulag og það er fjarri öllum sanni og illt verk reyndar, ef það er svo að bændur taki eitthvert mark á óðalsbóndaum á Höllustöðum, að rangtúlka þetta með þessum hætti.

[17:32]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Á títtnefndum upplýsingafundi skrifar

blaðamaður, væntanlega eftir ráðherra, það er að vísu ekki í gæsalöppum, að í utanrrn. telji menn engar líkur á að þessi krafa Íslands, þ.e. um magntakmarkanirnar, verði samþykkt og því sé hér í reynd um marklausa kröfu að ræða.

Í öðru lagi segir blaðamaðurinn: En því var utanrrh. andvígur. Það var um tollígildin. Hann féllst hins vegar á að halda þessari kröfu inni í tilboðinu gegn heiðursmannayfirlýsingu frá Halldóri Blöndal um að þessi heimild yrði aldrei notuð. Og þá sjáum við nú hver hefur unnið. Hins vegar er það drengilegt eins og von var hjá hæstv. utanrrh. að bera blak af hæstv. landbrh. Hæstv. landbrh. bar blak af hæstv. utanrrh. í sumar og hann er kannski að borga svínsbóginn.

[17:33]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er nú skammt um liðið frá því að lögð voru fram gögn vegna GATT-tilboðs ríkisstjórnarinnar. Áður hafði reyndar landbn. Alþingis fengið greinargóðar upplýsingar, munnlegar, á tveim fundum sínum og reyndar liggur ljóst fyrir að við þessar aðstæður er ekki sérstaklega auðvelt að ræða jafnyfirgripsmikið mál og hér um ræðir og raunar hefur umræðan borið þess nokkurt vitni.

Ég hef ekki séð eða heyrt að í máli þeirra sem hófu þessa umræðu hafi komið fram mikilvægar röksemdir til andsvara gegn því samkomulagi sem hefur verið sent til GATT og það er vissulega af hinu verra að menn skuli ekki hafa átt þess kost að fara yfir málið nákvæmlega, að menn skuli ekki hafa átt þess kost að kynna sér það áður en umræða af þessum toga sé hafin hér á Alþingi. Mér sýnist að fyrir þessu sé afskaplega einföld skýring og hún er sú að menn eru hér í pólitík til þess að vekja tortryggni og til þess að styrkja pólitíska stöðu sína í viðkvæmu máli.

Það er svo annað mál að stjórnarandstöðunni er kannski nokkur vorkunn í þeim efnum því að ráðherrarnir sjálfir hafa ekki talað af neitt sérstaklega mikilli nákvæmni. Ég stend við það sem ég sagði við fréttamann fyrir fáum dögum að þeir ættu að taka upp aðra siði í þeim efnum ef þeir ætla að hafa heimilisfesti með sama hætti og nú er í þessum ráðuneytum því að engum gera þeir meiri bölvun en sjálfum sér með því að vekja tortryggni á eigin störfum. Lengst hefur þetta gengið að því er varðar blaðafréttir frá því í gærmorgun og sjónvarpsfréttir í gærkvöldi sem ég hef fengið útskrift af þar sem Hagfræðistofnun háskólans er að bera saman GATT-tilboð ríkisstjórnarinnar með ýmsum hætti og satt að segja á mjög ótrúverðugan hátt. Mér hefur hins vegar ekki tekist að fá frumgögn frá háskólanum í þessum efnum og sætir það nokkurri furðu.

Ef menn fjalla um málið af þessu tilefni eins og stjórnarandstaðan hefur auðvitað gert og notfært sér, þá er vel skiljanlegt að menn leggi af stað í pólitíska leik og þá varðar menn auðvitað ekki alltaf um staðreyndir mála eins og hér hefur komið fram.

Eins og ég sagði áðan hef ég reynt að leggja ofurlítið mat á þetta tilboð, borið það saman við bókunina frá 10. jan. árið 1992 og reyndar ýmis önnur gögn í þeim efnum. Nú má kannski minna á það að búvörusamningurinn sem í gildi er, og skal ég þá alveg sleppa honum efnislega að öðru leyti, tók býsna mikið mið af áformuðu GATT-samkomulagi. Yfir honum hvílir náttúrlega sú staðreynd. Og það er athyglisvert að í bókun 2 í þessum samningi segir um verðlagningu:

„Aðilar eru sammála um að stefna beri að því að raunverð dilkakjöts lækki í áföngum um 20% á næstu 5–6 árum."

Það er líka eftirtektarvert að í svari Þjóðhagsstofnunar við bréfi landbrh. og landbn. eru þessi markmið lögð til grundvallar. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Sé gengið út frá því að markmið búvörusamningsins um lækkun raunverðs á sauðfjárafurðum náist og svipuð markmið varðandi aðrar búvörur virðast GATT-samningsdrögin ekki fela í sér verulega röskun í landbúnaði um það sem ella hefði orðið á næstu árum. Þetta stafar af því að stefnt er að meiri raunlækkun á verði landbúnaðarafurða í búvörusamningnum en GATT-drögin leiða af sér."

Bændum eru með öðrum orðum settir samkvæmt þessum búvörusamningi harðari kostir heldur en GATT-drögin, eins og þau voru og lágu fyrir árið 1992, gáfu tilefni til. Þegar þessar staðreyndir eru metnar og þetta borið saman við tollígildin sem nú eru sett fram, þá sýnist mér augljóst að hlutur landbúnaðarins sé miklu betur tryggður og varinn heldur en var í þeim drögum sem voru til meðferðar þegar umræðan og deilurnar fóru fram hér á landi. Mér sýnist að í þessum efnum hafi náðst umtalsverður árangur, að ekki sé fastar að orði kveðið. Og þegar því er nú lýst yfir af stjórnarandstæðingum í þessari umræðu að það sé grundvallaratriði í þessum samningi hvernig haldið sé til haga rétti til álagningar tollígilda, þá held ég að það sé alveg óvefengjanlegt að í þessum efnum liggur fyrir niðurstaða sem ver landbúnaðinn með ótvíræðari hætti heldur en áður. Og þá hafa menn fengið að frétta af árangri.

Ég hef einnig farið yfir þær áherslur sem voru í bókun ríkisstjórnarinnar. Ég minni á að utanrrn. á enn eftir að svara bréfi mínu frá 20. okt. og þá kemst ráðuneytið náttúrlega ekki hjá því að túlka með nákvæmari hætti það sem felst í þessari samningsgerð. Þar af leiðandi ætla ég að þessu sinni og af þessu tilefni ekki að fjalla nákvæmlega um þessi atriði hvert fyrir sig.

Ég tek eftir því t.d. að því er varðar 4. liðinn sem er um útflutningbætur að þar hafa menn áskilið sér nýja viðmiðun, þ.e. ef þær kröfur sem felast í 4. liðnum verða ekki virtar, þá verði heimilt að taka upp kröfu að nýju um útflutningsbætur. Og það er afar mikilvægt m.a. vegna þess að nauðsynlegt er að halda öllu því til haga sem gæti styrkt okkur í næstu samningsgjörð. Jafnvel þótt við nýttum ekki þessar heimildir þá er afar þýðingarmikið að halda þeim til haga.

Að því er varðar a-lið 4. gr., þá hefur hvergi verið horfið frá kröfunni um magntakmarkanir. Ég hef ekki séð það. En það eins og annað verður væntanlega skilgreint nánar í svari utanrrn. til landbn. Alþingis.

Eftir þá yfirferð sem ég hef farið yfir þennan samning á þessu stutta tíma, sem að sjálfsögðu byggist nú

að verulegu leyti á því hvað kom fram á fundum landbn., sérstaklega á hádegisfundinum í gær þar sem skýr svör voru gefin við þeim spurningum sem við lögðum fram, þá sýnist mér það vera alveg ótvírætt að þetta mál er í annarri stöðu nú heldur en það var í árið 1992 og að miklu traustari heimildir eru fyrir hendi til varnar íslenskum landbúnaði heldur en þá voru.

Ég veitti því athygli þegar ég hlýddi á ræðu málshefjanda hér áðan að hann talaði æðimikið um framhaldið og það er auðvitað ekkert óeðlilegt við það því að niðurstaðan ræðst náttúrlega af þeim samningum sem fram fara á grundvelli þessa tilboðs. Þetta er auðvitað ekki annað en tilboð og samningarnir sem slíkir eru fram undan. Í þessu sambandi langar mig að vitna hér í álitsgerð Þórðar Friðjónssonar. Þar segir:

„Ef GATT-samningsdrögin verða samþykkt virðist því að öllu samanlögðu mögulegt að útfæra landbúnaðarstefnuna innan þeirra bæði landbúnaði og neytendum til hagsbóta. Þetta er hins vegar vandasamt verk sem gerir miklar kröfur til stjórnvalda, hagsmunaaðila og annarra sem munu leggja hönd á plóginn við mótun stefnunnar í landbúnaðarmálum." Þetta er auðvitað grundvallaratriði í þessari umræðu. Það er grundvallaratriði hvernig unnið verður að þessum málum, hvaða rétt menn nýta sér sem menn kunna að fá í þessum samningum og hvernig útfærslurnar verða á þeim hér innan lands.

Ég vil í þessu sambandi, af því að við erum að tala um GATT og menn tala núna mikið um landbúnaðinn í þessum efnum, endurtaka það sem ég sagði áðan að í samningum sem bændur hafa sjálfir gert, í samningum sem voru gerðir af fyrrv. ríkisstjórn eru vissulega mikil hættumerki á ferðinni, miklu meiri en þau sem af því kann að leiða að við gerumst aðilar að nýju GATT-samkomulagi.

[17:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð nú að segja að mér fannst hálfslæmt jafnframt og leitt að þurfa að hlusta á hv. þm. Egil Jónsson reyna að verja það að hann væri sammála þessu tilboði sem hér virðist eiga að koma fram. Hann sagði sem svo að það yrði ekki komist hjá því að túlka með nákvæmari hætti hvað fælist í þessu samkomulagi. — Hann var sem sagt ekki alveg klár á því. Og síðan sagði hann „nauðsynlegt að halda öllu til haga sem gæti styrkt okkur í næstu samningagerð." En ég vil þá spyrja hv. þm. Egil Jónsson: Veit hann hver fer með forræði þessara mála, innflutningsmála, þegar þetta samkomulag verður komið í gegn?

[17:51]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einfalt mál að auðvitað veit ég það ekki. En mér þykir trúlegast að núv. ríkisstjórn verði áfram við völd og að forræðið verði í höndum landbrh.

[17:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Ég heyri það alveg greinilega, virðulegi forseti, að hv. þm. Egill Jónsson vonar að málin þróist áfram eins og gerðist í sumar, að hæstv. landbrh. hafi áfram forræði á þessum málum. En það er engan veginn ljóst miðað við þessa samningsgjörð sem nú er verið að gera.

[17:51]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einfalt mál, og það ætti hv. 6. þm. Vestf. að vita, að um það fjallar ekki þessi samningur, ekki að einu eða neinu leyti.

[17:52]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gleður mig að heyra að hv. 3. þm. Austurl. hefur nú eytt úr huga sér öllum efasemdum um heimilisfesti þeirra landbrh. og utanrrh. í Stjórnarráðinu því að hann gerir ráð fyrir því að ríkisstjórnin verði við völd til að sjá um framkvæmd GATT-samkomulagsins og mæli hann manna heilastur.

Það er ástæða til í framhaldi af ræðu hv. þm. að taka af tvímæli að því er varðar útflutningsbætur. Þannig er mál með vexti að fyrrv. ríkisstjórn á heiðurinn af því að hafa gert samning, búvörusamning, sem hafði það til síns ágætis þótt hann hefði aðra galla að afnema útflutningbætur. Í því er fólginn umtalsverður sparnaður í ríkisfjármálum því að af stuðningsaðgerðum við landbúnað eru útflutningsbætur óskynsamlegastar.

Hvert er svo samhengið milli útflutningsbóta og Úrúgvæ-lotu GATT eða landbúnaðarþáttar þeirra samninga? Þessir samningar afnema ekki útflutningbætur en lækka þær hlutfallslega. Stjórnvöldum á Íslandi væri út af fyrir sig einfalt — það er bara þeirra mál — að taka aftur upp útflutningsbætur. Líkurnar á því eru að vísu ekki miklar að nokkur ríkisstjórn á Íslandi verði svo vitlaus að gera það. En eitt er þó alveg ljóst að það mundi kalla á að spretta upp búvörusamningnum og efna til nýrra samninga. En það er alveg ljóst, GATT-samningurinn kveður einungis á um lækkun útflutningsbóta. Stjórnvöld á Íslandi gætu tekið aftur upp útflutningsbætur að því marki þótt það sé einfaldlega innlend, pólitísk ákvörðun. En það hefur þau tengsl við búvörusamninginn að þá yrði að spretta honum upp.

[17:54]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta haggar ekki því sem kom fram í máli mínu að ef Íslendingar fá ekki viðurkenndan rétt í þessum samningum vegna þess að þeir hafa látið af útflutningsbótum, þá geta þeir auðvitað haldið þeirri kröfu áfram þegar til frekari viðræðna kemur um þessi mál.

[17:54]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það er rétt sem hv. þm. segir. Við getum og höfum með þessu tilboði haldið þeirri kröfu til streitu á grundvelli samkomulags ríkisstjórnarinnar frá 10. jan. Því er við að bæta hins vegar að frá þeim tíma hefur orðið nokkur þróun að því er varðar GATT-samningana og það má út af fyrir sig færa fyr-

ir því allveigamikil rök að ekki sé líklegt að við náum heimild til þess að færa á milli greina, þ.e. að það sem við einhliða látum af hendi á einum stað fáum við endilega bætt með magntakmörkunum. En við settum fram aðra kosti, þ.e. að freista þess að reyna að fá þá bætt með því að auka stuðning okkar í svokölluðu grænu boxi, þ.e. þeim innanlandsstuðningi sem ekki er framleiðslutengdur. Þar með er átt við raunverulega framlög til byggðastefnu, atvinnustigs, afkomuöryggis bænda. Slíkt væri heimilt. Nú eða þá bæta því í tollígildi. Þannig að við erum með þrjár kröfur hér uppi. Það er ljóst að magntakmarkanakrafan brýtur í bága við GATT-reglur. Þar með er ég ekki að segja að það sé útilokað vegna þess að aðrar þjóðir eru með þetta í tilboðum sínum eins og við höfum gert og það eru t.d. mestu verndarþjóðir heims, þ.e. Japanir og Kóreumenn sem slá vörð um sína hrísgrjónarækt. Þeir hafa t.d. sótt þetta afar fast. Það er því rétt sem fram hefur komið í þessum umræðum bæði af hálfu hæstv. landbrh. og eins í máli hv. þm. Egils Jónssonar að það er of snemmt fyrir okkur að slá neinu föstu um það að þeirri kröfu verði ekki hlýtt, en við höfum með öðrum orðum varakröfur og það þarf ekki að leiða til þess að við tökum upp útflutningsbætur.

[17:56]

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér fannst vini mínum Agli Jónssyni vera svolítið brugðið þegar hann var að lýsa ugg sínum. Ég held að ég fari rétt með það að hann hafi talið að hann hefði ekki getað fengið upplýsingar frá háskólanum, úr einhverri stofnun þar, og virtist ekki vera glaður yfir því. Og fleira fannst mér í hans röksemdafærslu vera þess eðlis, hann mun leiðrétta mig ef það er ekki, að hann sé enn þá með ugg í brjósti og telji að enn sé eftir að vinna úr þessum málum og enginn viti hvernig það muni allt saman geta orðið.

Ég held að það sé engin ástæða til annars en að vera með svolítinn ugg út af þessu máli í heild sinni og þessum samskiptamálum við blessaðar Evrópuþjóðirnar í heild sinni. Ég vildi leyfa mér að spyrja hv. þm. að því hvort það sé svo að hann uggi um það að ekki komi nú allt til grafar eins og látið er í veðri vaka af þeim sem æstastir eru að koma okkur sem allra lengst inn í þessa baráttu sem einstakir menn á Íslandi og menn víðar annars staðar hafa háð til þess að, ja, frelsa heiminn líklega. Ég held að heimurinn frelsist ekki í Brussel eða hjá þessum samskiptamönnum okkar. En sérstaklega er það svo, hv. þm., ef ég hef skilið það rétt, að þú berir ugg í brjósti fyrir því að það muni verða erfiður eftirleikurinn.

[17:59]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vitnaði í skýrslu Þjóðhagsstofnunar að því er varðaði framhald samninganna og ítreka það öðru sinni að stærsti hluti þessa máls er óunninn og það er áreiðanlega rétt sem kom hér fram hjá hv. síðasta ræðumanni að þar veldur hver á heldur. Ég ber ekki sérstaklega mikinn ugg í brjósti í þeim efnum.

Að því er varðaði svo það sem ég minntist á í sambandi við Hagfræðistofnun háskólans þá var ég að ætlja að það skyldu komnar fram meiningar í sjónvarpi sem ekki væri hægt að fá upplýsingar um eftir öðrum leiðum.

[18:00]

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir svörin, þau nægja mér eiginlega. Ég þekki þingmanninn það vel að mér er það ljóst að þó hann segði „ekki sérstaklega mikinn ugg" þá hugsa ég að hann sé töluverður sá uggur sem í því orðalagi felst. Ég get svo sem ósköp vel tekið undir hans sjónarmið í því efni og ég segi ekkert annað en það að ég vona að drengskaparmaðurinn Egill Jónsson standi sig í að gæta hagsmuna Íslendinga og hugsi sig nú vel um til að ekki fari svo að hann verði einmitt sá sem fremstur er eða með þeim fremstu í gæslu íslenskra hagsmuna, ég tala nú ekki um í sambandi við landbúnaðinn.

Útbýting þingskjals:

Slysavarnaráð, 235. mál, frv. LMR o.fl., þskj. 264.

[18:01]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi umræða hér utan dagskrár um tilboð ríkisstjórnarinnar inn í GATT-samninga hefur verið mjög athyglisverð og á það bæði við um það sem fram hefur komið hjá málshefjanda sem og í svörum ráðherra og ekki síst í því sem fram hefur komið hér frá talsmönnum ríkisstjórnarinnar og sérstökum ábyrgðarmanni þar í formennsku landbn., hv. þm. Agli Jónssyni.

Ég ætla í þeim tíma sem ég hef til umráða aðeins að minnast á stöðuna varðandi þetta tilboð að því er varðar stöðu okkar Íslendinga. En sérstaklega ætla ég að ræða um stefnuna almennt varðandi GATT-samninga og áhrif þeirrar stefnu, sem ríkt hefur og er verið að herða á með GATT-samningunum, að opna fyrir alþjóðaviðskipti án tillits til víðtækra áhrifa til lengri tíma litið á umhverfi jarðar og á stöðu þróunarríkja. Það er kannski einn stærsti þáttur þessa máls sem við, smáþjóðin Íslendingar, hljótum að horfa á, ber að horfa á og mér finnst að það hafi allt of lítið farið fyrir þeim þætti málsins í umræðu til þessa. Varðandi stöðuna eftir að það tilboð er komið fram sem ríkisstjórnin hefur verið að kynna á þessum sólarhring þá er það alveg ljóst að staðan er önnur, veikari og verri, langtum veikari og verri en þegar gengið var frá bókun um þessi mál vegna þrýstings stjórnarandstöðu og víðtækra umræðna víða um land 10. jan. 1992.

Það liggur nú m.a. fyrir varðandi landbúnaðarafurðir að við höfum ekkert fast í hendi að því er varðar möguleika á því að koma við tryggingum í staðinn fyrir útflutningsuppbætur sem við höfðum fellt niður. Allt það sem hér hefur verið nefnt eru hálmstrá, veikar vonir, einhverjar vísbendingar sem ráðherrarnir þó segja fullum fetum bæði í þingnefndum og hér í þingsal að ekki séu líkur á að verði ofan á í GATT-samningunum í framhaldi af þessu tilboði. Það á alveg sérstaklega við um hinar svonefndu magntakmarkanir því

við erum búin að heyra utanrrh., gott ef ekki landbrh. líka, lýsa þeirri skoðun að möguleikarnir á því að fá þær fram í reynd séu sáralitlir. Hvar sér hv. þm. Egill Jónsson glætuna í þessu tilboði, hvað þá að hér sé um að ræða eitthvert betra tilboð og betri stöðu en 10. jan. 1992? Það þarf mikið hugmyndaflug til að setja slíkt fram og mikið dálæti á eigin ríkisstjórn og traust á ráðherrum, þar á meðal utanrrh. í sambandi við þetta mál.

Ég verð að segja að það er orðið heldur lágt risið á hv. formanni landbn. sem reyndi hér með heiðarlegum og myndarlegum hætti á síðasta degi þings sl. vor að fylkja liði til viðnáms eins og staðan var þá en að vísu lyppaðist niður áður en þingið var sent heim af hæstv. forsrh. og dró í land. Og nú er hv. þm. hér bljúgur og auðmjúkur og treystir einna helst á hæstv. landbrh. í þessu máli, og hæstv. landbrh. getur ekki á sér setið að koma hér upp í ræðustólinn til þess að gera gys að hv. þm. Ég verð nú að segja að það er heldur illa að verið að gera það.

Ég tel þetta mjög mikið alvörumál vegna þess að ég efast ekki eitt augnablik um það að hv. þm. Egill Jónsson vill spyrna við fótum að því er varðar hagsmuni sveitafólks í landinu, að því er varðar íslenskan landbúnað og stöðu hans og hefur haft tilburði uppi um það en það gerist ekki með því að gefa sér alrangar forsendur. Og að vera að bera það saman að í þessu tilboði felist nánast skárri staða heldur en felst í núverandi búvörusamningi! Ja, það má margt segja. Það má marga vísuna kveða þegar slíku er haldið fram og með einhverjum hætti er lagt að jöfnu samningur milli íslenskra stjórnvalda og stéttarsamtaka bænda og alþjóðasamningur af því tagi sem hér um ræðir þar sem framhaldið og málsmeðferðin er auðvitað ekki nema að afar litlu leyti í höndum Íslendinga. En við höfum það þó væntanlega í okkar hendi, íslensk stjórnvöld og íslenskir bændur, hvernig þeir semja innbyrðis. Þetta er auðvitað slíkur blekkingavaðall að það er ekki hægt undir því að sitja þegjandi.

Virðulegur forseti. Ég held að það sé ekki þörf á því í rauninni af minni hálfu að fara hér ofan í saumana á þeirri útlistun sem ráðherrarnir hafa haft uppi. Það hefur verið gert hér af þingmönnum, hv. 3. þm. Norðurl. v. og það hefur verið gert af málshefjanda, hv. þm. Jóni Helgasyni, og fleirum sem hér hafa tekið þátt í umræðunni að sýna hversu holt er undir málflutningi hæstv. ráðherra í þessu máli. Auðvitað vekur það athygli hvernig á málinu hefur verið haldið, sú aðferð að grafa þetta mál á bak við múra ráðuneyta þangað til að búið er loksins eins og það heitir að „jafna ágreininginn innan ríkisstjórnarinnar". Eru þetta lýðræðisleg vinnubrögð? Eru það lýðræðislegir stjórnarhættir í stóru máli sem varðar grundvallarhagsmuni Íslendinga í einum þýðingarmesta atvinnuvegi okkar að halda á máli með þessum hætti? Og koma svo hingað og segja eins og hæstv. forsrh. raunar gerði hér fyrir fáum dögum „allt er þetta reist á grundvellinum frá 10. jan. 1992."

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að ræða þennan samning í nokkuð víðara samhengi vegna þess að eins og ég gat um er á því mikil þörf að reyna að varpa ljósi á hvaða götu við erum hér að feta — og þegar ég segi við þá á ég við heimsbyggðina því að það er í rauninni hún sem er þátttakandi í þessari vegferð, þessari GATT-vegferð.

Saga þessara GATT-samninga er orðin um fjögurra áratuga gömul. Þeir hafa hins vegar verið að breyta mjög verulega um inntak á þessu tímabili. Jafnhliða því sem hert hefur verið á frjálsræði í viðskiptum eins og það er kallað þá hafa þessir samningar og það sem tengist GATT fengið nýtt inntak. Þessi umræðulota sem nú stendur yfir er í rauninni, ef hún gengur upp, að breyta eðli þessa samnings í grundvallaratriðum, alveg sérstaklega ef sú alþjóðaviðskiptastofnun verður að veruleika sem samningurinn gerir ráð fyrir og sem mér er sagt að líkurnar á að fylgi sem niðurstaða hafi vaxið nú að undanförnu.

Hugmyndir um þessa alþjóðaviðskiptastofnun er að finna í viðauka 4 við GATT-samninginn. Þar er í rauninni verið að breyta algerlega um eðli þessa samnings frá því sem verið hefur eins og að hann lá fyrir eftir viðskiptaloturnar fyrir Úrúgvæ-lotuna. Þar eru m.a. uppi hugmyndir um það að beitt verði meiri hluta atkvæða við afgreiðslu ákveðinna mála. Hvað getur hæstv. landbrh. upplýst okkur um stöðuna að þessu leyti? Hver er staðan varðandi viðauka 4 í GATT-samningunum að því er varðar hina alþjóðlegu viðskiptastofnun MTO, sem er hluti af þessum samningaviðræðum? Þessi viðskiptastofnun heitir á ensku Multilateral Trade Organisation, skammstafað MTO.

Hæstv. utanrrh. leyfði sér að nefna það hér sem einn þátt þessara samninga að þar væri fjallað um umhverfismál. En hann eyddi auðvitað ekki orði að því með hvaða hætti það væri gert. (Gripið fram í.) Sannleikurinn er sá að í þessum samningum er ekkert bitastætt að finna að því er varðar umhverfisvernd og tryggingar fyrir því að staðið verði í ístaðinu á grundvelli þessa samkomulags um umhverfisvernd, hvað þá að inn í samninginn séu byggð nokkur skuldbindandi ákvæði um sjálfbæra þróun sem þó 118 þjóðhöfðingjar tóku undir á fundi sínum í Rio de Janeiro í fyrra. Ekki nokkurt einasta skuldbindandi atriði. Ekkert um öryggiskröfuna, um varúðarreglurnar svonefndu í umhverfismálum, ekkert slíkt að finna. Það litla sem þarna má lesa er í formálsorðum, óskuldbindandi formálsorðum í sambandi við þennan samning.

Það er alveg ljóst að núverandi keyrsla á fríverslun, á opna fríverslun í heiminum, gengur í berhögg við sjónarmið umhverfisverndar eins og reynt er að reisa þau, m.a. í yfirlýsingum ráðstefnunnar í Ríó. Hún verður til þess að gengið verður hraðar og harðar gegn auðlindum jarðar þannig að þær eyðast. Lækkun á vöruverði kann að þykja góð latína og gott að hampa því framan í íslenska kjósendur, svokallaða neytendur á stundum, en menn ættu aðeins að huga að því hvað liggur að baki kröfunni um sífellt meiri og meiri hagræðingu, meiri lækkun, ódýrari auðlindir, harðari aðgang að auðlindum. Niðurstaðan af þessum samningum og opnun á viðskiptum með landbúnaðarafurðir mun að sjálfsögðu leiða til þess hér á Íslandi og annars staðar á norðurslóðum, í Noregi þar á meðal og

annars staðar í Skandinavíu, að jarðnæði fer í eyði í stórum stíl, að jörð sem yrkt hefur verið um aldir verður ónotuð en álagið á matvælaframleiðslu annars staðar, þar sem hægt er að hagræða, hafa uppi stórframleiðslu í sem allra mestum mæli, mun aukast með viðeigandi áhrifum á búskaparhætti, á jarðveg, með aukinni notkun á áburði, gerviefnum og aukefnum í framleiðslu til þess að geta komið vörunni óskemmdri á milli heimshorna, með tilheyrandi kostnaði, m.a. í orku, við að flytja þennan varning heimshorna á milli. Ég bið ykkur, góðir þingmenn, að staldra við og íhuga þessa þætti máls.

Ég vil jafnframt nefna það, virðulegur forseti, að stundum er verið að reyna að hampa GATT-samningnum sem einhverjum kosti fyrir þróunarlöndin sem við köllum svo, hin fátækari ríki jarðar, og það má e.t.v. finna þess stað að einstaka þeirra hafi burði til þess að nýta sér til skamms tíma litið ákvæði þessa samnings til þess eitthvað að bæta sína stöðu varðandi útflutning á landbúnaðarafurðum. En þau eru tiltölulega fá. Þorri þessara ríkja og þau sem verst standa munu fara halloka vegna þessa samnings ef hann verður að veruleika að því er varðar landbúnaðarafurðir og það kemur bæði inn í bein viðskipti með afurðir en ekki síður það sem varðar hugverkaþátt þessa máls, sem svo er kallaður, eða hugverkarétt sem ekki aðeins tekur til kvikmynda eins og flaug hér fyrir. Hann tekur vissulega til kvikmynda, rétt er það en meginatriðið eru einkaleyfin, einkaleyfi á lífverum, einkaleyfi á lífverum í landbúnaði, einkaleyfi á útsæði sem bændur þurfa að greiða þeim sem eignast þessi leyfi. Í dag eru það fjölþjóðafyrirtækin sem að yfirgnæfandi meiri hluta eru eigendur þeirra og munu sölsa þau undir sig í enn meiri mæli. Og það er í þennan sjóð sem bændur víða um heim og í hinum fátæku löndum munu þurfa að borga blóðtollinn fyrir þessa stefnu.

Virðulegur forseti. Ég neita því ekki að eftir að hafa athugað þetta mál þá vænti ég þess, þá vona ég það að þessi samningur eins og hann liggur fyrir, eins og við þekkjum hann nú, fari forgörðum. Það er kannski ekki mikil ástæða til þess að ætla að svo verði, ég vil ekki leggja mat á það, en þó eru augun að opnast víða, víðar en áður, á hinum gífurlegu annmörkum óheftra viðskipta, m.a. fyrir auðlindir jarðar og varðandi misskiptingu heimsins gæða.

[18:17]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. vék að umhverfismálum í samhengi við þessa GATT-samninga. Á því sviði er hann sem kunnugt er sérfróður og ég skal taka það fram að ég ber mikla virðingu fyrir þekkingu hv. þm. og sannfæringu í þeim málaflokki. Ber reyndar, svo ég gerist umtalsfrómur eins og óðalsbóndinn á Höllustöðum, meiri virðingu fyrir þeim sjónarmiðum hans heldur en nýju umbúðunum á nýja forritinu sem verður þarna á landsfundinum.

Hann sagði að ég hefði nefnt umhverfismál til sögunnar í GATT-samningunum og það er rétt. En tímans vegna fylgdi ekkert meira um það. Og að því er varðar það sem hann sagði þá má segja að hann hafi nokkuð til síns máls, en hann flutti hálfa söguna. Umhverfismál eru eitt af sviðunum í samningsgerðinni en þau hafa vissulega mætt afgangi, það er rétt hjá hv. þm. Samt sem áður skulum við hafa það í huga að þegar kemur að rétti þessarar þjóðar til að nýta auðlindir sjávar eins og hvali þá verður okkar helsta haldreipi það um það er lýkur, þau ákvæði GATT-samninga sem munu banna að beita viðskiptaþvingunum undir yfirskini umhverfisverndar, þ.e. rétturinn til sjálfbærrar þróunar yrði þannig að ef einhver ríki eins og Bandaríkin mundu vilja beita okkur viðskiptaþvingunum á grundvelli bandarískra laga á forsendum umhverfismála þá yrði það óheimilt.

Hitt er rétt að í umhverfismálin hefur ekki verið lagt nægilega mikið í þessari lotu. Það er að því stefnt alveg ótvírætt að bæta fyrir það í næstu lotu. En sagan um samskipti þróunarlanda við þennan samning var hálfsögð vegna þess að þótt margt sé rétt sem hv. þm. sagði í viðvörunarskyni um það að ofbjóða gæðum náttúrunnar þá stendur hitt eftir að nú er hlutur hinna snauðu í þriðja heiminum fyrir borð borinn vegna tollmúra og þessar þjóðir hafa fyrst og fremst upp á að bjóða annars vegar hráefni og matvæli og að svo miklu leyti sem GATT-samningarnir brjóta niður þessa tollmúra þá er það einmitt helsta von þessara þjóða til sjálfbærrar þróunar í efnahagslegu tilliti.

[18:20]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að staðfesta málflutning minn hér með þeim orðum sem hann gerði. Og að því er varðar þróunarríkin og mat hans á þeirri stöðu þá er nú ekki allt þar sem sýnist. Það er einmitt þetta sem hæstv. ráðherra nefndi sem oft er fram fært. En það sem hefur verið að gerast, t.d. á síðasta áratug að því er varðar heimsálfu eins og Afríku, svo dæmi sé tekið, þá féllu Afríkulönd í þá gryfju, m.a. vegna þrýstings frá hinum ríku og þar með Evrópubandalaginu, að fara að leita í matarkistur þess með innflutning á landbúnaðarafurðum til fjölmargra Afríkuríkja á síðasta áratug sem orðið hefur til þess að lönd sem áður voru útflytjendur landbúnaðarafurða eru nú þiggjendur og landbúnaður þeirra meira og minna kominn í rúst þannig að hefðu þau haft hag af útflutningi, sem vel að merkja einnig þýðir ágang og aukið álag á auðlindir þeirra, að flytja út, möguleikarnir til þess eru ekki fyrir hendi með þeim hætti sem kannski var fyrir 10–15 árum. Þetta ber að hafa í huga, skoða myndina alla þegar á þessi mál er litið.

[18:22]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að þetta ber að hafa í huga, skoða myndina alla, vegna þess að dæmin sem hann tók um það hvernig t.d. þróunarhjálp hinna ríku þjóða hafi í mörgum tilvikum orðið til þess að kippa fótunum undan innlendri landbúnaðarframleiðslu og gera þjóðir háðar innflutningi frá hinum ríku löndum, það er einmitt slík víti að varast. En þessar þjóðir standa frammi fyrir þeim vanda hvar

þær eiga að hefja sína efnahagsþróun og lyfta sínum lífskjörum. Þetta eru ekki iðnvædd þjóðfélög, þetta eru vanþróuð þjóðfélög. Þau byggja fyrst og fremst á landbúnaði og ef eitthvað má taka mark á útflutningsleiðinni þá er það einmitt þetta. Þau þurfa að afla sér tekna og gjaldeyris af útflutningi hráefna og matvæla. Það gátu þau ekki bak við tollmúra hinna feitu, hvítu og ríku. Með því að brjóta þessa tollmúra niður opnast þeim ný leið til þess að koma afurðum sínum á markað, afla gjaldeyris til þess að byggja upp aðra og fjölbreyttari atvinnuvegi. Þetta yrði lykillinn að efnahagsþróun margra þessara landa og til þess standa miklar og ríkulegar vonir.

[18:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Betur að satt væri og það mætti rætast sem hæstv. utanrrh. er að nefna hér. Ég held hins vegar að hindranirnar þarna séu meiri en gefið er í skyn. Ég bendi á það að mikið af möguleikum og hráefnaauðlindum þessara landa er komið í hendur hinna fjölþjóðlegu fyrirtækja. Það er ekki aðeins að þau séu að kaupa upp réttindin, þ.e. að eigna sér lífverur sem notaðar eru í landbúnaði, útsæði og annað þess háttar, sem þarf að borga fyrir með afarkjörum, heldur stýra þau í raun einnig framleiðslunni þar sem þau hafa náð undirtökunum. Ég hef undir höndum ummæli ýmissa aðila, m.a. indverskra hagfræðinga og manna sem hafa verið að skoða þetta með tilliti til Indlands. Þar er dómurinn, í ummælum sem ég hef hér fyrir framan mig, efnislega sá að með GATT-samkomulaginu og viðlíka samningum sé í raun verið að færa Indland aftur til nýlendutímans. Ég hef ekki aðstöðu til þess nú að rökstyðja það nánar né heldur þekkingu til þess, en þetta eru ummæli sem ég tel ástæðu til að taka mark á. Það er mjög margt einmitt í viðskiptum þróunarlanda og hinna ríku iðnaðarríkja undanfarin 20–25 ár sem ber vott um að þar eru ekki nein jafnræðisskipti nema síður væri. Þar fara þróunarríkin stöðugt meira og meira halloka. Þegar þau reyndu að knýja það fram að GATT-samningur færi undir stjórn Sameinuðu þjóðanna 1981 og voru þróunarríkin búin að knýja fram viðræðufund um þau efni við iðnríkin þá var því algerlega hafnað. Bandaríkin vildu ekki sjá það að GATT-samningurinn yrði færður í það horf.

[18:25]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var raunar eitt efnisatriði sem kom fram í svari hv. 4. þm. Austurl. við minni ræðu hér áðan og það laut að því sem ég minntist á í sambandi við búvörusamninginn. Efnislega sagði ég það í þessu tilliti að þar væru gerðar strangari framleiðnikröfur heldur en fælust í GATT-tilboðinu og sérstaklega eftir þær áherslur sem nú hafa komið fram. En eins og ég gat um áðan er þar gert ráð fyrir 20% lækkun á 5–6 árum. Þetta er nú það sem var kallað hagræðing og var samningsbundið af ráðherrunum tveimur, flokksbræðrum hv. 4. þm. Austurl.

En það var nokkuð sérstætt hvað hv. þm. tók það óstinnt upp að ég skyldi minnast á þennan samning og nú er vert að biðja hv. þm. að reikna. Það liggur nefnilega fyrir að á þremur fyrstu árum þessa samnings dragast kjör í sauðfjárrækt saman um 36% að því er varðar heildartekjur og áætlað er að á þremur árum muni fjölskyldutekjur minnka um helming, um 50%. Nú væri gaman, ekki síst vegna þess hve hv. 4. þm. Austurl. er vel að sér í alþjóðlegum sáttmálum og viðskiptum, að biðja hann að geta þess hér úr þessum ræðustól: Hver verður samdrátturinn í tekjum íslenskra bænda, m.a. sauðfjárbænda, af því GATT-tilboði sem hér liggur fyrir?

[18:28]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dagljóst að búvörusamningurinn lagði verulegar byrðar á íslenska bændur, íslenskan landbúnað. Ég vefengi ekki það sem hv. þm. sagði hér um þau efni. Þar hafa bændur þurft að taka á samkvæmt samningi sem þeir stóðu að við ríkisvaldið. Það er hins vegar jafnljóst að sá samningur sem hér er til umræðu en ekki orðinn að veruleika mun auka mjög verulega á þann vanda sem við er að fást fyrir íslenskan landbúnað þó að svo megi vera að sú hagræðing sem fram hefur farið geri bændum að einhverju leyti kleift að takast betur á við þann vanda sem innflutningi fylgir heldur en ella væri.

Það sem ég tel eina stærstu hættuna, bráðahættuna af þessu samkomulagi, ef að veruleika verður, felst í innflutningi upp að 5% þar sem ekki er hægt að koma vörnum við og þar sem ljóst er að í boði verður vara á langtum lægra verði en gildir um afganginn. Og það hefur komið hér fram í umræðum að ekkert liggur fyrir hvernig á því verður haldið. Það er stóra agnið sem hæstv. utanrrh. og þeir sem eru að vinna með honum að því að opna hér allt upp á gátt í sambandi við innflutning á landbúnaðarvörum ætla sér að nota sem beitu til þess að knýja fram miklu stærri tíðindi í þessum málum heldur en liggja fyrir á þessum blöðum.

[18:30]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. hefur nú flutt hér mikilvægustu ræðu í sinni þingtíð. Hann svarar spurningu minni að því er varðar hugsanleg tekjuáhrif af GATT-samningum að þar gæti orðið um 5% að ræða, en það sem hann sagði þó með enn ótvíræðari hætti var það að hann hefði gert sér það fullkomlega ljóst að í búvörusamningnum, sem var þó óskabarn hv. 4. þm. Austurl., hefði verið fólgin ákvörðun um mikinn tekjusamdrátt í íslenskum landbúnaði. Og hann vefengdi ekki einu einasta orði það sem ég sagði í þessu sambandi um áhrif á kjör sauðfjárbænda. Hér hafa þess vegna fengist grundvallarniðurstöður í skoðunum hv. 4. þm. Austurl. svo að ekki verður vefengt.

[18:31]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Dálítið var nú frjálslega farið með það af hv. þm. Agli Jónssyni að ég væri að meta það svo að í GATT-samningnum fælist líklegur tekjusamdráttur upp á 5%. Hvernig í ósköpunum gat hv. þm. lagt það út af orðum mínum? Ég var að tala um inn-

flutningsmörkin, 3–5%, 5% að hámarki, þar sem ekki kemur til gjaldtaka á móti þar sem um verður að ræða vöru á langtum lægra verði. Tekjulegu áhrifin fyrir íslenskan landbúnað af þessum samningi eru því miður önnur og auðsæilega langtum meiri sem felst m.a. í því að á nokkurra ára bili mun þurfa að lækka gjöld sem lögð eru á til mótvægis, lækka þau að lágmarki um 15% með því sem þar til heyrir. Og hver ætli komi til með að bera þá lækkun? Það held ég að liggi nokkuð ljóst fyrir.

Að því er varðar búvörusamninginn, þá ætla ég hvorki að deila um höfundarréttinn á honum hé heldur um mat á búvörusamningnum. Ég veit ekki betur en hv. þm. hafi verið einn af dyggustu stuðningsmönnum þess samnings. Hann var það í orði á Alþingi þá þegar í rauninni að honum gerðum og oft síðan hefur hann rifjað upp það happ að sá samningur var gerður. (Gripið fram í.) Hitt er alveg ljóst að áhrifin af þessum samningi hafa orðið lakari heldur en vonir stóðu til vegna þess hvernig farið hefur verið með markaðsstöðu íslenskra afurða á þessu tímabili.

[18:33]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð inn í þessa umræðu.

Við umræðu um búvörulögin sl. vor rakti ég nokkur atriði úr ferli hæstv. utanrrh. Jóns Baldvins í samningunum við EES. Þar kom fram hvernig hann reyndi hvarvetna að halla á íslenskan landbúnað. Þessi sjónarmið ítrekaði ég í Morgunblaðsgsrein nýlega að viðbættum tíðindum síðsumarsins og haustsins varðandi innflutning á erlendri skinku og innflutning á frægum löppum sem hvort tveggja var lögbrot. Ekki er þörf að endursegja þessa sögu. Hún er öllum ljós.

En enn vegur hæstv. ráðherra í sama knérunn. Nú liggur fyrir tilboð ríkisstjórnarinnar til GATT og enn reynir hæstv. ráðherra að setja merki sitt á þá pappíra og honum hefur tekist það að nokkru. En eftir að þetta er komið út til GATT hefur ráðherrann enn betri möguleika einn til að þjóna sinni lund sem er að galopna landið fyrir innflutningi erlendra búvara. Þar er enginn til að halda í höndina á honum, hvorki honum né fulltrúum hans. Ráðherrann virðist ekki gera sér grein fyrir að hann á að þjóna atvinnuvegaráðuneytunum en ekki öfugt. Hann er með samningavaldið erlendis fyrir alla Íslendinga. Það vald hefur hann misnotað. Þess vegna er honum ekki treystandi. Hann virðist vera búinn að gleyma því að hann er Íslendingur.

Hvernig vinna fulltrúar annarra þjóða? Þeir berjast með kjafti og klóm fyrir sínu landi, fyrir sínum atvinnuvegum, moka milljörðum í niðurgreiðslur heima fyrir, en fulltrúi Íslands vinnur á móti sínu landi, íslenskri atvinnu.

Hæstv. ráðherra hefur leikið lausum hala í tveimur ríkisstjórnum varðandi samninga við aðrar þjóðir. Nú er nóg komið. Þetta er gert í trássi við meiri hluta þjóðarinnar. Ég fullyrði að sjónarmið Jóns Baldvins er í miklum minni hluta meðal þjóðarinnar. Er það lýðræðislegt að hann hafi umboð til að hnekkja íslenskum atvinnuvegum, íslensku fólki?

E.t.v. getum við Íslendingar lifað með EES og GATT. Ég segi ef til vill. Ég er þó vantrúaður. Ég held raunar að það sé ekki hægt. En forsenda þess að það sé hægt er að í stól utanrrh. sitji maður sem heldur merki Íslands hverja einustu stund, merki íslenskrar framleiðslu, íslenskrar atvinnu, en vilji ekki galopna landið fyrir ódýrum innflutningi niðurgreiddra, erlendra landbúnaðarafurða með tilheyrandi hormónasulli og sjúkdómum.

Virðulegi forseti. Ég lýsi vantrausti á hæstv. utanrrh. (**Gripið fram í:** En landbrh.?) til að fara með umboð Íslands meira en orðið er í þeim viðkvæmu milliríkjasamningum sem við stöndum í. Í þeim samningum var þó og er nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að minnast þess sem skáldið sagði að muna vel hvað íslenskt er um alla vora tíð.

[18:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einu sinni var ort um mann sem hafði augljóslega tapað dómgreind sinni og var hættulegur orðinn umhverfi sínu:

Sér hann ekki sína menn
svo hann ber þá líka.

Hv. þm., sem telst vera þingmaður Sjálfstfl. og einn stjórnarþingmanna, er að reyna að koma höggi á utanrrh. en sést ekki fyrir og kemur höggi á sinn eigin flokk og þá ríkisstjórn sem flokkur hans á aðild að. Milli stjórnarflokkanna er enginn ágreiningur um það að fylgja fram samningum okkar við Evrópubandalagið, EES, sem og GATT-samningunum. Um það er enginn ágreiningur. Ríkisstjórnin hefur staðfest vilja sinn til þess að ná þessum samningum. Við, hæstv. landbrh. og ég með tilstyrk forsrh., höfum náð farsælli málamiðlun, sameiginlegri niðurstöðu að því er varðar okkar tilboð. Það er sameiginlega á ábyrgð ríkisstjórnar. Það er vissulega á ábyrgð Sjálfstfl., það er vissulega á ábyrgð forsrh. Og þá er nú ekki eftir annað en að spyrja hv. þm.: Ætlar hv. þm. forsrh. og landbrh. þessa sneið líka, sem bera hina sameiginlegu ábyrgð, að þeir hafi tapað Íslendingnum í sjálfum sér og séu landráðamenn?

[18:40]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyni því ekkert að aðeins hjó ég að mínum eigin flokki. Heyrði ekki hæstv. ráðherra að ég sagði að hann hefði leikið lausum hala í tveimur ríkisstjórnum? Af hverju leikur hæstv. ráðherra lausum hala? Af þeirri einföldu ástæðu að í hvorugri þeirri ríkisstjórn hefur verið haft á honum taumhald. Hann hefur verið að tefja og tefja og spilla fyrir þeim samningum sem við stöndum í, breyta orðalagi og veikja hagsmuni íslenskrar þjóðar. Hann er að þessu á fullu og vandamálið er búið að vera í tveimur ríkisstjórnum og kannski á þessi ágæta ríkisstjórn, skulum við segja, eftir að sitja enn um stund með þetta vandamál innan borðs eins og hæstv. fyrrv. ríkisstjórn. Það er vissulega ógæfa íslenskrar þjóðar að svo skuli vera.

[18:41]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú hefur það gerst hér í dag að í það minnsta tveir þingmenn Sjálfstfl. hafa nánast, og hv. síðasti ræðumaður sérstaklega, lýst beinu vantrausti á hæstv. utanrrh., en hann óttast það að hann muni sitja enn um sinn. Þess vegna hlýt ég að spyrja hv. þm. hvort það megi túlka orð hans sem svo að hann sé genginn í lið með okkur sem viljum fella þessa ríkisstjórn sem fyrst og það beri að skilja orð hans sem svo að hann styðji ekki lengur þá ríkisstjórn sem nú situr. Ég ber þessa beinu spurningu fram við hv. þm.

[18:42]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. heyrði, þá hef ég héðan úr þessum ræðustól lýst vantrausti á hæstv. utanrrh. Í því fólst ekki að ég lýsti vantrausti á ríkisstjórnina sem heild. Þetta kom hér skýrt fram og skal endurtekið.

[18:42]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð því miður að segja það að þá hljóma orð hv. þm. hér áðan hálf innantóm í þessu samhengi að lýsa vantrausti á formann annars stjórnarflokksins en í hinu orðinu segja að hann styðji ríkisstjórnina og þá væntanlega þar með það tilboð sem ríkisstjórnin hefur núna sett fram í GATT-viðræðunum. Í mínum huga er á engan hátt annan hægt að túlka þessi orð.

[18:43]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram í máli hæstv. utanrrh. hér áðan að þetta eru sameiginlegar tillögur stjórnarflokkanna og ríkisstjórnin stendur að þeim tillögum sem hér eru til umræðu heil og óskipt og er alveg ástæðulaust að telja að þessar tillögur njóti ekki meirihlutastuðnings hér á hinu háa Alþingi.

Ég vil aðeins víkja að því sem fram hefur komið og tilefni þessara umræðna sem eru þær að mönnum hefur þótt að þannig hafi verið haldið á þessu máli að þinginu hafi verið haldið utan við framgang þess og þingmenn hafi ekki haft tækifæri til að fylgjast nægilega vel með. Ég get ekki tekið undir þessi sjónarmið. Ég tel að þannig hafi verið staðið að þessum GATT-viðræðum alla tíð frá því að þær hófust árið 1986 að þinginu hafi alltaf gefist kostur á að fylgjast náið með hverju skrefi sem stigið hefur verið. Og varðandi stefnu íslenskra stjórnvalda á undanförnum tveimur árum, þá hefur þinginu verið gerð rækileg grein fyrir henni og rækilegri grein almennt fyrir stefnu stjórnarinnar í þessum mikilvægu samningaviðræðum heldur en jafnvel í öðrum mikilvægum samningum. Mér finnst það ekki fara vel núverandi stjórnarandstæðingum, sem stóðu að gerð EES-samkomulagsins og vildu ekki á sínum tíma að Alþingi kæmi að því og samþykkti t.d. fyrir fram umboð fyrir utanrrh. í því máli, að þeir gagnrýni þessa málsmeðferð. Því að hinn 10. jan. 1992 var kynnt hér afdráttarlaus stefna ríkisstjórnarinnar og ég man það rétt að almenn ánægja var með þá stefnumótun og hún hefur ekki breyst í neinum grundvallaratriðum. Það sem hefur gerst síðan í þessu máli er það að fram hafa farið viðræður á GATT-vettvanginum sjálfum og menn hafa lagað viðhorf Íslands og íslenskra stjórnvalda í málinu að þeim meginlínum sem nú liggja í þessum GATT-viðræðum og þar styðjast menn núna helst við svokallað Blair House-samkomulag sem gert var á milli Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins um landbúnaðarkafla GATT-viðræðnanna hinn 20. nóv. 1992. Það var ítarleg grein gerð fyrir þessu samkomulagi í skýrslu utanrrh. sem var rædd hér á þingi sl. vor og síðan hafa þessir meginþættir allir legið ljósir fyrir, enda hefur það komið í ljós í þessum umræðum í dag að þingmenn hafa málið alveg ljóst fyrir sér, þessar tillögur og þær hugmyndir sem liggja frammi, þeir eru ekki að gagnrýna efnisatriðin svo nokkru nemi. Það er verið að finna kannski að einstökum smávægilegum atriðum en meginstefnumörkunin virðist hér njóta stuðnings þeirra sem til máls taka eins og hún gerði í janúar 1992 þegar ríkisstjórnin kynnti sína meginstefnu. Og eins og menn sjá í þeim bréfum sem okkur hafa verið afhent er verið að vitna til stefnumótunar frá því í apríl 1992. Síðan er sagt, eins og kemur fram í bréfinu sem er dags. 16. nóv. 1993, að þessi stefnumótun, sem kynnt var af hálfu Íslands í apríl 1992 og byggðist á yfirlýsingunni frá því í janúar 1992, taki mið af Blair House-samkomulaginu og öðrum meginlínum sem lagðar hafa verið í þessum GATT-viðræðum.

Mér finnst því algjörlega út í hött að láta eins og þingmenn hafi verið leyndir einhverju af því sem hér hefur verið að gerast. Þetta liggur allt ljóst fyrir. Það var ekki tímabært að mínu mati fyrr en í morgun að halda fund í utanrmn. og ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir að knýja á um það í gær. Ég taldi að það væri ekki æskilegt að halda fund í utanrmn. fyrr en málið hefði verið rætt í landbn. Það var gert á tveimur fundum í vikunni og nú í morgun hittumst við í utanrmn. og fengum þá þessi gögn sem höfðu efnislega verið til meðferðar í landbn. og nú vitum við nákvæmlega hvernig þetta lítur út og hvernig þetta tilboð Íslands lítur út.

Varðandi hins vegar framvindu málsins kann það að gerast að þetta tilboð reynist haldlítið ef GATT-viðræðurnar fara út um þúfur. Það er óljóst um það. Að vísu gefur sú atkvæðagreiðsla, sem fór fram á Bandaríkjaþingi í nótt um aðild Bandaríkjanna að Fríverslunarsvæði Norður-Ameríku, NAFTA, vonir um það að meiri hluti á Bandaríkjaþingi sé inni á þeim meginlínum sem hér eru lagðar varðandi aukið frjálsræði í alþjóðaviðskiptum. En eins og við vitum standa Frakkar enn þverir fyrir innan Evrópubandalagsins varðandi það hvernig leysa eigi landbúnaðarþáttinn og einnig varðandi hugverk og kvikmyndagerð eins og hér hefur fram komið þannig að það eru ekki öll kurl komin til grafar varðandi efnisþætti málsins, en stefnt er að því að það gerist fyrir 15. des. nk.

Varðandi framhald málsins hér á Alþingi og aðild Alþingis að þessu máli, þá tel ég sjálfsagt að fylgst

verði með framvindunni, bæði á vettvangi utanrmn. og landbn. eins og við höfum gert, sérstaklega varðandi EES-samkomulagið og landbúnaðarþátt þess. Báðar nefndirnar hafa fylgst náið með því og eins og hér hefur komið fram á landbn. eftir að fá svar frá utanrrn. við bréfinu sem hv. formaður landbrn. ritaði og spurði einmitt um þessi atriði og utanrmn. mun að sjálfsögðu fá afrit af því eða fá það svar einnig og getur ávallt tekið þetta mál til umræðu og fylgst náið með því. Hvorug þessara nefnda — landbn. sem kemur að málinu efnislega og utanrmn. sem kemur að því kannski frekar formlega, eins og máið hefur verið uppsett og unnið á vegum ríkisstjórnarinnar þar sem efnisatriði samkomulagsins eða tillagnanna koma frá landbrn. og síðan er það þá utanrrh. og utanrmn. sem kemur að því nú þegar það er komið á þennan vettvang, GATT-vettvanginn — undan neinu að kvarta varðandi þau gögn og þær upplýsingar sem við höfum fengið frá utanrrn. um GATT-málið. Þar höfum við kannski frekar fleiri skjöl en færri til þess að fylgjast með því ferli öllu saman og við munum gera það áfram. Og ég mun beita mér fyrir því sem formaður og einnig fyrir samstarfi við hv. landbn. og vona að um það náist góð samstaða á milli nefndanna.

Það er kannski ástæða fyrir fleiri nefndir þingsins að líta á einstaka þætti GATT-málsins þegar það kemst á lokastig, t.d. menntmn. varðandi hugverkaþáttinn og kvikmyndagerðina og fleiri hafa verið nefndir. Hér hafa verið fyrirspurnir í þinginu um iðnaðarmálin og sjávarútvegsmálin og allt skiptir þetta máli og utanrmn. gæti e.t.v. stuðlað að því að þær nefndir tækju upp umræður um einstaka efnisþætti þessa mikla samkomulags sem snertir okkur Íslendinga eins og alla heimsbyggðina.

Mér þótti nú einna furðulegasta og fróðlegasta ræðan sem hér var flutt — nú er hv. 4. þm. Austurl. því miður farinn úr salnum en hann flutti ræðu þar sem hann taldi að með GATT-viðræðunum væri heimsbyggðin öll á rangri leið, talaði eins og sá sem gæti haft vit fyrir allri heimsbyggðinni og hún væri öll á rangri leið með þessum samningum. Og hann mælti gegn alþjóðlegum viðskiptum. Hann taldi að það ætti ekki að stuðla að alþjóðlegum viðskiptum. Þau stuðluðu að því að orku yrði eytt til flutninga, væntanlega með skipum og flugvélum og ég skildi hann þannig að hann vildi helst draga úr samgöngum á milli þjóða og samskiptum á milli þjóða og hver þjóð ætti að búa að sínu. Þetta er sjónarmið sem er vissulega verðugt að ræða, en er algjört minnihlutasjónarmið, tel ég, þegar litið er á þau viðhorf sem ráða stefnumótun á heimsvísu varðandi þessi alþjóðlegu viðskipti.

Það var furðulegt líka, eins og vakið hefur verið máls á, að þetta var hv. 4. þm. Austurl., sem er þingmaður í stjórnmálaflokki sem hefur mótað stefnu sem hann kennir við útflutning og alþjóðleg samskipti og að heyra slíka ræðu frá þingmanni þess flokks er með eindæmum. Raunar er það með eindæmum að sá flokkur skuli kenna stefnu sína við útflutning sem lagðist eindregið gegn aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu, en það er náttúrlega í samræmi við þverstæðurnar í stefnumótun þess flokks og vandræðagang hans við eigin stefnumótun. En við urðum hér vitni að því enn að hv. 4. þm. Austurl. setur sig alltaf í sérstakar stellingar þegar alþjóðleg viðskipti ber á góma og nú telur hann heimsbyggðina alla á rangri vegferð með því að standa að gerð GATT-samkomulagsins.

Ég vil, herra forseti, ítreka það sem ég sagði. Ég tel að það sé með öllu ástæðulaust að leggja mál hér þannig upp varðandi þessi GATT-mál að þingmönnum sé eitthvað sérstaklega haldið utan við þau. Við höfum alla möguleika til þess að fylgjast náið með því og ég mun beita mér fyrir því sem formaður utanrmn. að við fylgjumst með framhaldinu eins og við höfum gert til þessa og þetta mál verði rætt á vettvangi nefndarinnar og á vettvangi landbn. og e.t.v. á vettvangi fleiri nefnda í þinginu þegar ástæða þykir til.

[18:54]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Örfá orð. Ég tel að utanrmn. þurfi að fylgjast með þessu máli efnislega, ekki bara formlega heldur þurfi hún að fylgjast með því efnislega og taka það til umræðu og vera ríkisstjórninni til ráðuneytis eins og henni ber að gera við framhald málsins og þær vendingar sem það kann að taka.

Hv. 3. þm. Austurl. var að gera því skóna að núv. ríkisstjórn sæti til frambúðar. Ég ætla svo sannarlega að vona að svo fari ekki, en hvernig færi nú ef hæstv. núv. ríkisstjórn sæti og landbúnaðarþáttur GATT yrði að veruleika? Ég er ansi hræddur um það að hv. 3. þm. Austurl. þyrfti oft að fara í gegnum sjálfan sig ef svo færi. Hæstv. viðskrh. hefur haft Hagfræðistofnun háskólans í þeirri vinnu undafarin dægur að reikna fyrir sig og hann hefur búið henni í hendur rangar tölur og þá fær hún auðvitað rangar niðurstöður. Og það er einmitt þessi ráðherra sem kemur til með að ákveða innflutningsmagn. Það er ekki eins og ef þetta yrði að samkomulagi að viðskrh. sé einhvers staðar úti í bæ þó að landbrh. hafi kallað hann hér áðan „mann úti í bæ". Hann er í ráðuneytinu og það er ráðherrann sem kemur til með að veita innflutningsleyfin. Það gerir hann sem viðskrh. Og það er hann sem ákveður lágmarksmagnið. Það er hann sem ákveður og útdeilir innflutningsleyfunum á þessum landbúnaðarvörum, bæði hve mikið verður flutt inn og eins hverjir fá að flytja það inn.

Hæstv. landbrh. var að gera því skóna að það yrði farið að skammta, það yrðu einhverjir skömmtunarseðlar gefnir út á innflutninginn. En ég hygg að það sé nú ekki samræmanlegt frjálsum viðskiptum og mér sýnist að það sé haftastefna. Ég á von á því að þegar farið verður að gauka innflutningsleyfunum þá verði þar uppi hin svæsnasta einkavinavæðing. Ég á von á því að það verði aldeilis þrýst á. Við höfum séð hvernig þessi fyrirtæki haga sér, Hagkaup, Bónus, Mata, forráðamenn þeirra, hvernig þeir hafa hagað sér nú í sumar. Og ekki minnkar ásóknin þegar þetta verður orðið frjálst og það verður orðið viðskrh. eins að ákveða hve mikið þeir fá að flytja inn.

Hæstv. utanrrh. kemur náttúrlega líka að málinu. Hann hefur ekki vílað fyrir sér að brjóta lög um

skinku, ekki vílað fyrir sér að brjóta lög um kalkúnalappir og ég er ekkert að minnast á svínsbóga. Landbrh. lenti í stælum út af gúrkum um daginn og þrjóskaðist við í nokkra klukkutíma að heimila afgreiðslu á gúrkum. Svo tók hann auðvitað það ráð að éta gúrkurnar upp á einni nóttu svo að það voru engar gúrkur til í landinu meira. Ég veit ekki hvort hv. formaður landbn. hefur hjálpað honum eitthvað við þetta, en gúrkurnar kláruðust skyndilega og þá var allt í lagi að flytja inn gúrkur. Við höfðum einu sinni mikinn og ráðagóðan þingskörung með okkur, Lúðvík Jósepsson. Hann talaði um að éta vandann og sannarlega var það gert í þessari „krísu" í ríkisstjórninni út af gúrkunum.

Auðvitað verður landbrh. svínbeygður í þessu kompaníi eins og gert hefur verið. Hann vílaði ekki fyrir sér að svipta 180 bændur atvinnunni með einu pennastriki í sumar með ákvörðun um greiðslumark í sauðfjárafurðum og hann á eftir að taka þá fleiri.

Hvernig hafa gildandi lög haldið? Það er ekki bara hæstv. utanrrh. sem hefur brotið þau með innflutningi landbúnaðarvara. Því er haldið fram fullum fetum að hér hafi verið seld í sumar 17 tonn af tómötum þegar tómatainnflutningur átti að vera bannaður. Svona mætti lengi telja.

Ég rifja það upp fyrir hv. 3. þm. Austurl. að það verður fjmrh. sem ákveður tollígildin. Það verður hans ákvörðun hvað þau verða há. Og ég er hræddur um að það verði margir kollhnísar sem bíða hv. 3. þm. Austurl. í framtíðinni ef núv. ríkisstjórn situr og mér finnst að hv. 3. þm. Austurl. ætti að biðja guð þess lengstra orða að núv. ríkisstjórn sitji ekki til frambúðar.

Meinið í öllu þessu máli er það að sú landbúnaðarstefna sem við fylgjum hér á Íslandi rímar ekki við landbúnaðarstefnu umheimsins og út af því skapast margt af þessum vandamálum. Menn hafa mótað hér landbúnaðarstefnu sem er ekki í samræmi við landbúnaðarstefnu þeirra landa sem við erum að semja við. Þau eru með útflutningsbætur, niðurgreiðslur og allra handa styrki sem við erum hættir við og þess vegna lendum við í þessum auknu vandræðum.

[19:00]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég sé að hv. 3. þm. Reykv., formaður utanrmn., tók sína tösku og gekk út eftir að hann hafði lokið máli sínu, en ég hafði ætlað mér að gera örfáar athugasemdir við það sem hann ræddi um samstarf við þingið í þessu máli. En eflaust hefur hann haft gildar ástæður fyrir því að hverfa af vettvangi.

Hv. þm. sagði að það hefði verið haft allt það samráð og samstarf við nefndir þingsins sem nauðsynlegt hefði verið, nefndi í því sambandi að í þessari viku hefði málið verið rætt tvisvar á fundum landbn. Öllu má nú nafn gefa. Fyrra tilfellið var þannig að á þriðjudagsmorgni þegar við mættum á fund landbn. lásum við í morgunblöðunum þær upplýsingar sem hafðar voru eftir, að við komumst að seinna, hæstv. utanrrh., sem hann hafði látið blaðamönnum í té á óformlegum blaðamannafundi deginum áður, á mánudeginum, áður en málið hafði verið orðað við landbn. þingsins. Þá gerðum við stjórnarandstæðingar þá kröfu, þar sem svo vildi til að aðstoðarmaður landbrh. ætlaði að koma á fundinn hjá okkur út af öðru máli, að hann á fundinum greindi okkur frá því sem væri að gerast í þessu máli og komum þeim skilaboðum upp í ráðuneyti áður en hann kom á okkar fund.

Nú vil ég taka það fram að ég hef aldrei staðið þann mann að öðru en vönduðum vinnubrögðum og viljað veita allar þær upplýsingar sem hann getur. Hann var hins vegar ekki í stakk búinn til þess að láta okkur hafa nokkuð á blaði um þessi mál. Svo var einnig í hádeginu á miðvikudeginum þegar landbn. er kölluð aftur saman út af þessu máli þá fáum við ekki stafkrók í upphafi í hendurnar til þess að byggja á. Það er ekki fyrr en seinni partinn í dag sem landbúnaðarnefndarmenn fá þessi gögn í hendurnar.

Það gefur auga leið að hér er ekki um neitt samráð eða samvinnu að ræða. Hér er eingöngu um að ræða hina einföldustu og sjálfsögðustu tilkynningaskyldu eftir á. Kannski hefði maður skilið þetta að einhverju leyti ef hlutirnir væru svo sem hér var sagt í ræðustóli í dag að meðan málið væri til umfjöllunar í ríkisstjórninni og ekki leyst þar, væri ágreiningsmál þar, þá fengju þingmenn engin gögn í hendurnar og ekki frekari upplýsingar. En þegar það er vitað að á þessu ferli á mánudaginn var kallar hæstv. utanrrh. til sín blaðamenn og skýrir þeim þar frá stöðu mála, þá finnst manni að ekki sé gert mikið úr virðingu Alþingis og virðingu fyrir upplýsingaskyldu við Alþingi. Og þetta finnst mér vera kannski það alvarlegasta í þessu ferli varðandi upplýsingar til Alþingis.

En hvað með það. Okkur er sagt að hér sé komið á heiðursmannasamkomulag milli hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. sem ráðherrarnir innsigluðu með handabandi og brosi á vör á ráðherrabekknum fyrr í dag. Það er kannski sá hlutur sem ég óttast mest í þessu máli, þetta heiðursmannasamkomulag og þá stöðu að eins og nú er komið málum gengur ekki hnífurinn á milli hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. í þessu máli. En það hefur nú einmitt verið þar sem hæstv. landbrh. hefur tekist að skapa sér eilitla sérstöðu í þessari ríkisstjórn, það hefur verið nokkuð hörð barátta við hæstv. utanrrh. sem út af fyrir sig hefur að mínu mati ekki verið gott fyrir íslenskan landbúnað því að meðan sú staða er uppi þá hefur hæstv. landbrh. nánast engu brýnu hagsmunamáli í landbúnaði komið í gegnum Alþingi eins og sýndi sig best á vordögum þegar hér var örguggur þingmeirihluti fyrir breytingu á búvörulögum, breytingu sem hefði komið í veg fyrir allan hamaganginn um gúrkurnar nú fyrir nokkrum vikum. Þess vegna spyr ég hæstv. landbrh.: Í þessu heiðursmannasamkomulagi sem nú hefur verið innsiglað milli hæstv. ráðherra, var þá í leiðinni gert samkomulag um þá lagabreytingu og var þá í leiðinni gert samkomulag um það hvernig háttað verði forræði fyrir heimildum til innflutnings samkvæmt þeim samningum sem við erum aðilar að? Eigum við von á að fá það frv. aftur inn í þingið og við getum unnið það? Ég er ekki búinn að sjá að það linni uppákomunum og meðan Alþingi og ríkisstjórnin getur ekki mannað sig upp í að ná stjórn-

arflokkunum saman um nauðsynlegar breytingar á búvörulögunum til þess að hægt sé að standa við alþjóðlega samninga, þá verður þetta hernaðarástand uppi sem að mínu mati er afar skaðlegt fyrir hagsmuni íslensks landbúnaðar, sá slagur og sú umræða sem í kringum það spinnst. Við eigum náttúrlega að vera menn til þess að ná að breyta lögum þannig að við getum unnið eftir þeim samningum sem við erum aðilar að, en það hefur hæstv. ríkisstjórn ekki tekist að gera og hæstv. landbrh. ekki tekist að koma því máli í gegn.

Ég vil taka fram til þess að forðast allan misskilning og ég hef reyndar gert það áður í Alþingi að ég er þeirrar skoðunar að við hljótum að vera aðilar að GATT-samkomulaginu. Okkar hagsmunir eru það miklir varðandi útflutning og sem eru tengdir þessum samningum að að sjálfsögðu hljótum við að vera aðilar að GATT. Ég hef hins vegar einnig úr þessum ræðustól margoft lýst því yfir að það hvernig hagsmunum okkar framleiðsluatvinnuvega reiðir af ræðst ekki í samningum hvorki um GATT né EES sem gerðir eru á erlendri grund. Þeir ráðst fyrst og fremst af því hvernig íslensk stjórnvöld kjósa að framfylgja viðkomandi samningum og á hvern hátt þau kjósa að standa á okkar rétti. Minn ótti í þessu máli snýr ekki að samningnum sem slíkum. Hann snýr að því hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn ætlar að standa á okkar rétti gagnvart okkar samningum og þar höfum við dæmin fyrir okkur að einstakir ráðherrar í ríkisstjórninni víla ekki fyrir sér að ganga erinda þeirra aðila sem eru að flytja inn og ganga meira að segja svo langt að hvetja til lögsóknar á hendur ríkisstjórnar í því sambandi. Ég hef ekki séð að hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. hafi breytt um skoðun í þessu máli, eða fólst það einnig í heiðursmannssamkomulagi landbrh. og utanrrh.?

Að lokum, virðulegi forseti, ætla ég aðeins að koma að umhverfisþætti þessara mála allra. Ég mun ekki taka nema örfá orð í það. Ég held að það sé afar brýnt fyrir landbúnað, ekki bara hér á Íslandi heldur alls staðar í heiminum að umhverfissjónarmið fái meiri vigt í þeim samningum sem gerðir eru og það þurfi í raun að gera sáttmála, alþjóðlegan sáttmála sem horfist í augu við þær skuldbindingar sem verður að gera við landið og framtíðina þegar horft er á framleiðslu búvara. Það gerum við hins vegar ekki með því að hverfa til baka. Við verðum að gera það með því að nota á hverjum tíma nýjustu tækni og með því að gefa umgengninni við landið ákveðið markaðslegt vægi þannig að menn verði að borga fyrir ef sýnt er að menn gangi þar nær auðlindum jarðar en skynsamlegt er.

[19:11]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það var athyglisvert um ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannesar Geirs, að hann eyddi mestum hluta ræðu sinnar í alls konar málalengingar og umbúðir en í niðurstöðu ræðu sinnar skýrði hann frá því að hann væri þeirrar skoðunar að óhjákvæmilegt væri fyrir okkur að ganga að GATT-samkomulaginu og gagnrýndi ekki eitt einasta efnisatriði þess tilboðs sem nú liggur fyrir.

Ég hlýt á hinn bóginn að láta í ljósi séstaka undrun mína yfir því að hann skuli í fyrsta lagi nota það orðalag að í landbn. hafi menn gert þá kröfu til aðstoðarmanns landbrh. að hann gerði grein fyrir stöðu GATT-málsins. Venjulega talar maður um kröfu ef synjað hefur verið um málaleitan. Ég veit ekki til þess að landbn. hafi í eitt einasta skipti orðið að gera kröfu til þess að fá þær upplýsingar sem hafa verið til reiðu hverju sinni um GATT-málið þannig að það er gersamlega úr lausu lofti gripið að landbrn. með einum eða öðrum hætti hafi gert tilraun til þess að dylja landbn. eins eða neins í þessu sambandi. Undirbúningur þessa máls var unninn á vegum landbrn. Undirbúningurinn var unninn í nánu sambandi og samráði bæði við framleiðsluráð og bændasamtökin. Þetta tilboð lág fyrir í grófum dráttum í aprílmánuði 1992. Ég veit ekki betur en mönnum hafi verið ljóst efnislega hvað stóð í því tilboði sem lagt var fram í ríkisstjórninni í septembermánuði, enda var það kynnt öðrum þjóðum og fór ekki leynt. Það kom ekki ein einasta beiðni til mín frá hv. þm. stjórnarandstöðu eða neinum um það hvernig það tilboð væri sem ég synjaði um.

[19:13]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðlegur forseti. Ég held að meginefni þessa andsvars hljóti nú að flokkast undir hártoganir. Ég skýrði frá því að í morgunblöðunum á þriðjudagsmorguninn voru ítarlegar frásagnir af því sem fólst í heiðursmannasamkomulagi m.a. hæstv. ráðherra og því tilboði sem þá átti að senda út, en á þeirri stundu hafði landbn. ekki verið kynntur einn einasti stafkrókur af því sem hafði verið unnið síðustu daga á undan hvað þetta snertir og eðlilega gerðum við, ég endurtek, þá kröfu að landbn. fengi að heyra hvað ekki bara í gegnum morgunblöðin heldur frá fyrstu hendi hvað þarna að gerast.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, bar ég fram eina beina spurningu fyrir hæstv. ráðherra og ég ítreka hana hér. Var í heiðursmannasamkomulagi ráðherranna gengið frá því á hvern hátt ætti að fara með forræðið varðandi innflutningsmál samkvæmt þeim samningum sem við höfum gert, samanber þá deilu sem stóð uppi um þá lagabreytingu á síðasta vori? Hvenær er þá að vænta að Alþingi fjalli um það mál á nýjan hátt?

[19:14]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að ítreka það sem ég áður sagði. Ég kann ekki vel við það að mér sé æ ofan í æ brigslað um það að ég sé að reyna að halda upplýsingum leyndum fyrir landbn. þegar því er ekki til að dreifa og skil raunar ekki hvernig á því megi standa að málatilbúnaður skuli hafinn með þessum hætti. Ég þekki raunar engin dæmi þess, veit ekki hver tilgangurinn er en ég ítreka það sem ég áður sagði. Hv. þm. hefur lýst stuðningi við GATT-aðild okkar Íslendinga. Hann hefur nú eftir að ég gerði athugasemdir við hans mál með þögn sinni staðfest að hann hefur ekki efnislegar athugasemdir að gera við það tilboð sem liggur fyrir og er tilefni þeirrar umræðu sem hér er efnt til.

[19:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get sagt það hér úr þessum ræðustól að ég geri ekki stórar athugasemdir við það tilboð sem hér var sent út núna, enda er það í meginatriðum samkvæmt þeirri yfirlýsingu sem hæstv. ríkisstjórn gaf í janúar 1992. En ég minni hæstv. ráðherra á það að sú yfirlýsing var pínd út úr hæstv. ríkisstjórn eftir að bændasamtök og sveitafólk um allt land hafði staðið fyrir fjölmennum fundum til þess að mótmæla linlegri og slælegri framgöngu núv. hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli.

Ég hlýt einnig að benda á það hér í þessum stutta tíma sem ég hef hérna að hæstv. ráðherra hefur í tvígang vikið sér undan að svara einfaldri spurningu um hvað liði lagabreytingu í þá veru sem unnið var að á síðasta vori og landbn. var nánast samhljóða búin að ná samstöðu um. Fyrir lá mikill meiri hluti þingsins um hvernig farið væri með þær heimildir sem væru um innflutning á búvörum í íslenskum lögum. Ég hef spurt hæstv. ráðherra hvort það hafi verið gengið frá þessu í heiðursmannasamkomulagi hans við hæstv. utanrrh., hvernig farið yrði varðandi þessa lagabreytingu. Hæstv. ráðherra hefur kosið að þegja þunnu hljóði um þetta mál og það segir að mínu mati sína sögu.

[19:17]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessar tvær ræður tveggja hv. þm. Framsfl., Páls Péturssonar og nú síðasta hv. þm., Jóhannesar Geirs, eru ákaflega mikilvægt innlegg í þessa umræðu. Það er að sjálfsögðu þýðingarmikið að það komi fram með jafnótvíræðum hætti og nú liggur fyrir að það er ekki svo ýkjamikið sem skilur menn að í þessu máli.

Það sem hv. þm. sagði um vinnubrögð í landbn. er rétt frá sagt. Það er náttúrlega allt annað en það að við höfum verið leyndir upplýsingum. Það var kannski sérstaklega vegna þessarar framsetningar sem það hefði gjarnan mátt koma fram að það voru fyrir því sérstakar ástæður að það frestaðist að afhenda okkur gögn málsins sem gerðu það að verkum að við fengum þau einum sólarhring seinna en ella hefði verið, en úr því var reynt að bæta með fundinum í hádeginu í gær sem var afar gagnlegur.

[19:19]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að því leyti sem þetta var andsvar við minni ræðu, þá vil ég taka það fram að ég hef ekki sagt hér að landbrn. hafi leynt okkur eða legið á upplýsingum gangvart okkur. Það sem ég sagði hins vegar var það að það var óþolandi staða að mæta á landbúnaðarnefndarfund á þriðjudagsmorguninn var og lesa þá í dagblöðunum frásögn af því sem hafði verið unnið í þessu máli á síðustu dögum án þess að nefndum þingsins, hvorki landbn. né utanrmn., hafi verið sagt frá því einu einasta orði, hvað þá að þær hafi fengið stafkrók um málið. Það er á þeim grunni sem mín gagnrýni byggist hér.

[19:21]

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir þau svör sem hann gaf mér þó ég hafi saknað annarra. Einnig fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og ég skal aðeins í örfáum orðum reyna að draga fram þau aðalatriði. Það er rétt sem hér hefur komið fram að það var þrennt sem ég lagði til grundvallar við beiðni mína. Í fyrsta lagi voru það efnisatriði þeirrar samþykktar sem hér hefur verið til umræðu frá ríkisstjórninni. Í öðru lagi voru það vinnubrögðin og síðan er það framtíðin.

Ég ræddi eingöngu um þau efnisatriði þar sem þessi nýja samþykkt víkur frá hinni fyrri og um eina þeirra athugasemda upplýsti hæstv. landbrh. að þar hefði verið um vangá að ræða og það yrði leiðrétt með að verðbæta einnig útflutningsbætur vegna gengisbreytinga þegar til þeirra kemur og ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir það.

Síðan dró ég það fram og það var staðfest af ráðherrum ég held báðum að það væri ekki lengur í þessu reynt að halda fram einhverjum rétti okkar vegna þess að útflutningsbætur hefðu algerlega verið felldar niður. Það væri talið vonlaust. Í þriðja lagi benti ég á að í plaggi sem var í þessum gögnum frá ríkisstjórninni var sagt að það væru litlar líkur taldar á að það væri hægt að fá í gegn magntakmarkanir á kindakjöti og mjólk sem eru undir framleiðslustýringu. Mér fannst hæstv. landbrh. ásaka mig fyrir að hafa dregið þetta atriði fram í umræðu hér. En það er enn þá skýrara dregið fram í blaðafréttum eftir fundinn sem nú er upplýst að var til þess að greina fjölmiðlum frá því sem ríkisstjórnin hafði komist að samkomulagi um. Þennan upplýsingafund sem hæstv. utanrrh. hélt og sagði hér að væri mjög nauðsynlegur til þess að láta fréttamenn fylgjast með. Þar segir svo í einni blaðafréttinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Embættismenn í utanríkisráðuneytinu segja engar líkur á að þessi röksemd verði viðurkennd af samningamönnum GATT. Viðræðurnar hafi þróast í þá átt að ekki verði leyft að tengja einstakar viðskiptahindranir saman.“ Þannig að þarna er nokkuð stíft að orði kveðið.

Ég verð enn þá að halda því fram að mér finnst það vera niðurlæging fyrir Alþingi að hæstv. utanrrh. skuli telja brýna þörf á því að kynna málið fyrir fréttamönnum áður en alþingismenn og jafnvel trúnaðarmenn Alþingis í nefndum fá gögnin í hendur. Ég spurði að því hér í dag hver væri þörfin fyrir þessa miklu leynd að alþingismenn mættu ekki fá þetta jafnvel eftir að búið er að kynna það fjölmiðlum. Hvað er það sem veldur því að þetta er svona ákaflega mikið leyniplagg? Þó get ég tekið undir að það er ekki mikið vikið þarna frá fyrri atriðum og ég hef gert grein fyrir þeim.

En þá er það framtíðin. Mér finnst einhver alvarlegasta yfirlýsingin sem hér hefur komið fram í dag vera frá hæstv. landbrh. sem svar við minni ræðu, atriðið sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var að spyrja um. Hvaða ráðuneyti muni fara með innflutningsmálin í

framtíðinni. Hæstv. landbrh. sagðist ekki geta tjáð sig um það. Þetta finnst mér vera ákaflega slæm yfirlýsing. Það er þessi óvissa um framtíðina sem er að sjálfsögðu mjög slæm fyrir íslenskan landbúnað. Ég held að það sé öllum ljóst að það hlýtur að velta á miklu út frá hvaða sjónarmiðum verður fjallað um innflutningsheimildir. Hvort það verður frá sjónarmiðum viðskrn., utanrrn., fjmrn. eða landbrn. Að minnsta kosti eins og túlkuð hafa verið viðhorf þessara ráðuneyta. Þó verð ég að viðurkenna að ég hrökk við og hugsaði, kannski er þetta nú ekki eins mikill munur þarna á milli og maður hefði haldið eftir þá miklu traustsyfirlýsingu sem hv. 3. þm. Austurl. gaf hér á hæstv. utanrrh. þegar hv. þm. sagði að hann vonaðist til að hæstv. utanrrh. ásamt hæstv. landbrh. yrði sem lengst við völd. (**JGS:** Sagðir þú þetta, Egill?) Ja, það gat ég ekki skilið öðruvísi. Hann vonaðist til þess að þessir ráðherrar sætu áfram í ráðherrastólum. Ég hef þá algjörlega misskilið ræðu hv. 3. þm. Austurl. ef það er ekki rétt skilið hjá mér. (**EgJ:** Það er nú annað heldur en „sæti sem lengst".) Já, það er kannski fagnaðarefni ef hv. þm. vill fara að draga þarna dálítið í land. (**JGS:** Hann ætlaði að leysa klárinn frá.) Já, það er annar tónn en hefur komið fram í dag. Alveg gjörólíkur tónn í ræðunni. En engu að síður þá eru þetta mikil óvissuatriði fyrir íslenskan landbúnað hvernig verður á þessum málum haldið í framtíðinni. Íslenskur landbúnaður vill reyna að sigrast á öllum erfiðleikum sem að honum steðja og vinna sig út úr þeim. En það er að sjálfsögðu margfalt erfiðara ef hann veit ekki degi lengur hvernig aðstæður hann á að búa við, hvernig ríkisvaldið ætlar að halda á sínum málum. Að vísu var eitt sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. sem stingur algörlega í stúf við gjörðir hans og orð, undanfarna mánuði og lengur, þegar hann segir: „Það er víti að varast að gera þjóðir háðar innflutningi búvara." Hann var að vísu að tala þar um þróunarþjóðirnar í Afríku. En ætlar hann þá að leiða það víti sem hann telur að beri að varast fyrir þróunarþjóðirnar yfir okkur Íslendinga? Ég vonast til þess að hann fari að snúa þarna við blaðinu og þá meira en í orði og umhyggju fyrir Afríkuþjóðum heldur hugsi einnig um íslenska þjóð.

Það hafa sem sagt verið bæði jákvæð og neikvæð atriði sem hér hafa komið fram en ég vil vonast til að þessi umræða verði þó til þess að vekja athygli á þörfinni fyrir það að standa vel í ístaðinu fyrir íslenskan landbúnað og gæta hans hagsmuna vel í hvívetna. Ég taldi ekki þörf á því og mun ekki hafa gert það í máli mínu að taka það fram að að sjálfsögðu er ég sömu skoðunar og aðrir hv. alþingismenn að við Íslendingar hverfum ekki úr samstarfi í GATT. En það er einmitt þess vegna sem ég tel svo mikilvægt að þarna sé sem best á málum haldið af því að við eigum ekki annarra kosta völ en að vera þátttakendur. Eins og hér hefur komið fram í umræðunum áður þá eru það allar þjóðir í kringum okkur og allir í heiminum sem reyna að gæta sinna hagsmuna í þeirri togstreitu um landbúnaðinn. Og þá er það auðvitað gjörsamlega útilokað að við Íslendingar stöndum þar ekki vel á verði.

[19:32]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir nú vænt um það hvað hv. þm. taka vel eftir því sem ég segi og enn þá vænna um það hvað þeir leggja mikið upp úr því. Hins vegar hefur gleymst að geta þess sem var efnislega aðalatriðið í því sem ég sagði um setu núv. ríkisstjórnar. Ég mælti þessi orð blaðalaust og ætla ekki að fara að setja þau hér inn í samhengi en ég sagði í framhaldinu að forræðið í þessum málum ætti að vera í höndum landbrh. (**JGS:** Hann treysti sér ekki til að standa ...) Af einhverjum ástæðum hafa menn ekki verið mikið að hnykkja á þessum ummælum heldur frekar verið að reyna að gera ummæli mín eitthvað tortryggileg ef það gæti litið skár úr fyrir sérstaka andstæðinga Alþfl. að ég teldi eðlilegt að ríkisstjórnin sæti út þetta kjörtímabil. Aðalatriði málsins sem ég komst að niðurstöðu um var þetta: Að framhaldið í þessum málum réðist fyrir atbeina og forustu landbrh. Og ég vona að framsóknarmenn hafi þetta nú rétt eftir mér.

[19:34]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er að sjálfsögðu ánægður að heyra að hv. þm. skuli styðja það sem ég hef rækilega undirstrikað að ég teldi mjög mikilvægt að landbrn. færi með þessi mál. Mér virðist eftir orðum hæstv. landbrh. að það sé sannarlega ekki vanþörf á því að styðja ötullega að því viðhorfi. Því eins og ég sagði þá er óvissan um þetta algjörlega óviðunandi.

[19:34]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ummæli mín um forræði málsins komu fram í fyrri hluta umræðunnar og hv. 2. þm. Suðurl. hefði hæglega mátt heyra þau ef hann hefði ekki lokað eyrunum fyrir þeim og kosið að leiða þessa umræðu út á aðrar brautir. En nú þykir mér hins vegar mikilvægt og þakkarvert að hann dregur þessa skoðun mína ekki í efa og gerir mér þá væntanlega ekki upp orð með sama hætti og hann gerði hér í sinni ræðu áðan.

[19:35]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru að sjálfsögðu fjölmörg atriði sem koma fram í þessari umræðu sem ég hef ekki vikið að hér og ekki þar með sagt að ég hafi verið að draga í efa. En ég hlýt að mótmæla því að hitt hafi ekki verið rétt að hv. þm. hafi borið fram ósk um að hæstv. utanrrh. sæti áfram. En ég skal ekkert samt deila um það (**EgJ:** Hann er nú hluti af ríkisstjórninni.) hversu lengi hv. þm. hefur haft það í huga. Að mínu mati væri best að sá tími væri sem allra stystur.

[19:36]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég ítreka það sem ég sagði hér í minni fyrstu ræðu í dag að ég er þakklátur hv. þm. Jóni Helgasyni fyrir að hafa efnt til þessarar umræðu sem ég held að hafi verið mjög gagnlegt því hér hefur í rauninni komið fram að það er mjög vítt samkomulag og breitt um það í þingsölum að nauðsynlegt

sé fyrir okkur Íslendinga að ganga til GATT-samninga með opnum huga. Auðvitað til að tryggja okkar eigin hagsmuni og vegna þess að ógjörningur er að standa þar fyrir utan.

Það er eitt sem hefur komið fram hvað eftir annað sem óhjákvæmilegt er að víkja nokkrum orðum að og það er ákveðinn upplýsingafundur sem hæstv. utanrrh. talaði um í dag og mér skilst að hafi verið haldinn uppi í varnarmáladeild án þess að ég sé þeim málum kunnugur. Ég stóð ekki að því að boða þann fund. Mér er ókunnugt um hvað þar hefur farið fram. Ég hef á hinn bóginn reynt að svara fjölmiðlum því sem snúið hefur að landbúnaðinum án vífilengja og það sem hér er talað um og ég hygg að sé vitnað til ummæla í Tímanum, eigum við að segja hinum nýja Tíma því mér skilst að ýmsir bændur séu farnir að segja blaðinu upp vegna hins nýja blæs og nýja málflutnings sem það blað er farið að reka. Sumir segja að Tíminn sé nú kominn á mölina. En í þessu blaði segir svo með mikilli millifyrirsögn, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki lagðir tollar á hveiti og hrísgrjón.

Annað ágreiningsefni ráðherranna var um tollígildi á vörum sem fluttar hafa verið inn til landsins með engum tollum. Þetta eru vörur eins og hveiti, hrísgrjón o.fl. Landbrh. vildi setja fram þá kröfu í íslenska tilboðinu að við hefðum heimild til að leggja tolla á þessar vörur en því var utanrrh. andvígur. Hann féllst hins vegar á að halda þessari kröfu inni í tilboðinu gegn heiðursmannayfirlýsingum frá Halldóri Blöndal um að þessi heimild yrði aldrei notuð."

Svo mörg voru þau orð. Ef þarna er verið að reyna að gefa það í skyn að ég sé einhver sérstakur talsmaður þess að hækka verð á hveiti og hrísgrjónum til manneldis þá er það algjörlega úr lausu lofti gripið og ég lít á þetta sem hálfgert spaug satt að segja. Ef á hinn bóginn er verið að tala um þessa vöruflokka hér í tollskránni í þeim skilningi að það gæti verið um skepnufóður að ræða þá viljum við halda inni heimildum til að geta gripið til tollígilda síðar meir. Og þetta blessað heiðursmannasamkomulag sem alltaf er vitnað til, það er nú ekki annað og meira á bak við það en ummæli okkar beggja um að ekki standi til að leggja háa tolla á hveiti og hrísgrjón til manneldis, það er nú allt og sumt, og hvorki meira né minna og ekki hættulegra en það. Ég lærði nú líka út í Kína um daginn að borða hrísgrjón með prjónum þannig að mér er þessi vöruflokkur mjög kær síðan og nærri hjarta. (**JGS:** Voru þau með tollígildum?) Þetta er nú þetta um heiðursmannasamkomulagið. Það er kannski synd að vera að upplýsa hvernig á því standi því það hefur vakið svo margvíslegar hugleiðingar og einhvern veginn breiðst svo út.

Um annað atriði sem hér stendur: „Embættismenn í utanrrn. segja engar líkur á að þessar röksemdir verði viðurkenndar af samningamönnum GATT." Það er í sambandi við þá kröfu okkar að við viljum halda magntakmörkunum. Þau ummæli sem snúið hafa að einmitt þessu atriði hafa verið mjög athyglisverð hér í dag. Þannig sagði hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, að við hefðum ekkert fast í hendi nú, staðan væri veikari og verri en hún var 10. jan. 1992, við hefðum ekkert fast í hendi í staðinn fyrir útflutningsbætur sem felldar voru niður. Við höfðum aldrei neitt fast hendi í þeim efnum og ég veit ekki til að einn einasti alþingismaður hafi litið svo á í janúarmánuði 1992 að með þeim fyrirvörum sem ríkisstjórnin gerði þá hafi fengist trygging fyrir því að aðrar þjóðir mundu fallast á ýtrustu kröfur okkar. Málið var alls ekki þannig vaxið. Hitt er annað mál að eins og formaður utanrmn. rakti þá höfum við verið að reyna að rökstyðja okkar mál og okkar kröfugerð í samræmi við það sem við teljum líklegast til að skila okkur árangri. Og þegar við erum að tala um magntakmarkanir á þær vörur sem framleiðslustýring er á þá erum við að fara í hóp með ríkjum eins og Noregi, Japan, Suður-Kóreu og Kanada. Ég hygg að okkur sé þá helst skjólið í því að fylgja Japönum nokkuð eftir því Japan er auðvitað eitt af stærstu iðnríkjum veraldar, eitt af efnahagslegu stórveldunum. Og ef Japönum tekst að fá viðurkenningu fyrir magntakmörkunum á þessum forsendum þá munum við að sjálfsögðu einnig fylgja þar með. En svo geta menn velt því fyrir sér ef hafnað verður kröfum þessara ríkja sem ég var að tala um hvort við höfum þá mikla möguleika til að ná okkar fram einir og óstuddir. Það eru vangaveltur af þessu tagi sem verið er að tala um þannig að ég held að við höfum í þessu reynt að fara þá leið sem skynsamlegust sé og líklegust til þess að við fáum okkar mál fram.

Ég vil líka taka eitt fram vegna þeirra ummæla sem hér hafa orðið í dag í sambandi við útflutningsbætur. Þegar þessi mál voru til umræðu í janúarmánuði árið 1992 þá vakti ég athygli á því að þeir búvörusamningar sem gerðir voru vorið 1991 byggðust á þeirri hugsun að við Íslendingar mundum leggja útflutningsbætur niður með öllu. Þeir gengju út frá því að sauðfjárbændur og mjólkurframleiðendur hefðu allan innanlandsmarkaðinn og gætu á honum byggt og á hann treyst. Rökin fyrir því að fara þannig að voru auðvitað þau að það er vonlaust að efna til útflutnings nema menn hafi sterkan heimamarkað. Ef við á hinn bóginn opnum landamærin fyrir innflutningi á unnum kjötvörum eða unnum mjólkurvörum þá er þessi litli og veiki innanlandsmarkaður okkar miklu óvissari og þá er auðvitað ógjörningur að reka atvinnurekstur eins og landbúnað nema hafa sambærilega tryggingu eins og löndin í kringum okkur og í þeim efnum hef ég vitnað sérstaklega til Noregs. Þau tollígildi sem inn koma vegna innflutnings á landbúnaðarvörum vegna niðurgreiðslna sem þar eru renni þá á móti til að styrkja íslenska bændur í sinni viðleitni til að vinna markaði erlendis í staðinn. Þessu hef ég lýst yfir margsinnis á Alþingi og það hefur ekki verið gerð nein athugasemd við það svo mér sé kunnugt. Það er alveg ófrávíkjanleg skoðun mín og stefna á meðan ég er landbrh. að svo hljóti að fara. Enda er í sjálfum búvörusamningnum fyrirvari um hvernig með skuli farið ef til milliríkjasamninga kemur sem varða landbúnaðinn jafnmiklu og GATT-samningarnir gera.

Hitt er svo alveg hárrétt hjá þingmönnum sem hér hafa talað að það hefur verið nauðsynlegt að styrkja

stöðu landbrn. samhliða því sem milliríkjasamningar eru gerðir um frjálsari viðskiptahætti með landbúnaðarvörur. Það var tilefni til að gera það í tíð síðustu ríkisstjórnar. Við munum eftir því að í desembermánuði 1990 voru ýmsir sem töldu verulegar líkur á því að GATT-samningar tækjust en þá var þessu máli sem mönnum er svo umhugað um nú ekki hreyft og var þó sami utanrrh. í þeirri stjórn og nú er. Enn fremur vil ég minna á það að eftir áramótin 1991 í sambandi við samningana um hið Evrópska efnahagssvæði þá kusu Íslendingar að draga sína samningarnefndarmenn út úr þeirri nefnd sem fjallaði um landbúnaðarmálin en auðvitað hefði þá verið líka nauðsynlegt að styrkja stöðu landbrn. í sambandi við alþjóðlega samninga.

Ég vil vekja athygli á því að við höfum ekki samkvæmt þeim samningum heimildir til að leggja á verðjöfnunargjöld t.d. í sambandi við grænmeti fyrir niðurgreiðslum og styrkjum sem slík framleiðsla nýtur í Evrópubandalaginu. Við komum mjög seint að þessum samningum og ég skal ekki kenna neinu um það en ég tel að þar hafi málefni landbúnaðarins staðið mjög tæpt og eins og ég hef oft áður sagt þá eigum við landbúnaðarráðherra Þýskalands, Kiechle, að þakka það hversu fast hann tók í með okkur Íslendingum til þess að leiðrétta þó stöðu okkar í þeim samningum.

Ég held þess vegna að ef við horfum á þetta í heild þá sé reynt að standa þannig að okkar GATT-tilboði eins og við teljum líklegast til þess að standa á okkar rétti og mér finnst nú satt að segja undarlegt ef þingmenn meina það í raun og veru að þeim þyki það vond tíðindi að landbrn. og utanrrn. geti unnið vel saman á þeim forsendum sem við yfirleitt teljum hér að séu vel viðunandi svo menn taki ekki sterkara til orða eða reyni ekki að snúa út úr ummælum manna.

Ég vil svo að síðustu, herra forseti, aðeins víkja að ummælum hv. 1. þm. Norðurl. e., Páls Péturssonar. Hann er að vísu genginn út úr þingsalnum og skal ég þess vegna ekki fara um það mörgum orðum. En hann gerði störf mín sem landbrh. að umræðuefni hér í ræðustólnum í dag og bætti síðan við, með leyfi hæstv. forseta: Hann vílaði ekki fyrir sér að svipta 180 bændur atvinnu sinni með einu pennabragði með sauðfjárkvótanum í sumar. Svo mörg voru þau orð. Ég held að hann hafi sagt „pennabragði", mér heyrðist það, en ekki pennastriki. Ég hefði gjarnan viljað ræða setningu eins og þessa við hv. þm. Þetta er gróft orðbragð svo ekki sé meira sagt. Staðreyndin er sú að ég hef marglýst því yfir að ég telji að forsendur búvörusamningsins varðandi sauðfjárbændur séu brostnar eins og þær voru hugsaðar á vordögum árið 1991. Ég hef alls ekki verið að gera því skóna að menn hafi átt að sjá fyrir fram þá þróun sem hér yrði, en við stöndum þarna frammi fyrir sameiginlegu vandamáli og ég held að það þjóni ekki hagsmunum bænda, kannski allra síst, að við séum að brigsla hver öðrum um hvernig sú þróun hefur orðið.

[19:50]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra tók undir það sem hefur komið fram hjá nokkrum þingmönnum, að það sé nauðsynlegt að styrkja forræði landbrn. þegar kemur að því að framfylgja samningum sem við höfum gert og innihalda ákvæði um frjálsari innflutning á búvörum en verið hefur fram að þessu. Hæstv. ráðherra kaus hins vegar fyrst og fremst að ræða það í sögulegu samhengi að það hefði kannski ekki verið síður æskilegt að gera það einhvern tímann áður. En þess vegna ítreka ég enn og aftur spurningu mína um það hvað fólgst í samkomulagi ráðherranna nú um styrkingu landbrn. varðandi innflutning á búvörum og þá vísa ég aftur til þess að þetta mál var nánast fullunnið og fyrir því þingmeirihluti á síðasta vori. Hvað ætlar hæstv. ráðherra sér að gera varðandi þetta mál? Eigum við von á því á næstu dögum að hér komi fram frv. frá ríkisstjórninni í þessa veru? Ég veit að ekki mun standa á hv. landbn. að taka til við þá vinnu á ný.

[19:52]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í dag sagt það um þessi mál sem ég tel efni til að segja um þessi mál í dag.

[19:52]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú vill þannig til að ég gat ekki fylgst með umræðunni allri. Ég hlustaði að vísu á ræðu hæstv. landbrh. í upphafi að mestu leyti og umræður á eftir. En ég varð að fara frá í rúman klukkutíma og það getur vel verið að þar hafi þá eitthvað komið fram hjá hæstv. ráðherra í andsvörum eða á annan hátt sem svari á einhvern hátt þessari spurningu minni. En því miður var ég ekki viðstaddur til að heyra það þannig að ég hlýt enn að ítreka: Eigum við von á því að ríkisstjórnin leggi fram frv. um það að styrkja stöðu landbrn. gagnvart þeim innflutningi á búvöru sem við stöndum frammi fyrir? Virðulegur forseti. Ég segi þetta af mjög brýnum ástæðum og að gefnu tilefni því eins og ég sagði hér í ræðu minni áður þá er sú staða nú uppi að það er misræmi á milli þeirra samninga sem við höfum gert og íslensku búvörulaganna. Þessi staða er að mínu mati afar skaðleg fyrir hagsmuni íslenskra búvöruframleiðenda. Þær uppákomur sem hafa komið upp á undanförnum vikum vegna þessa atriðis eru ekki íslenskum landbúnaði til, góðs þvert á móti, þær eru vatn á myllu þeirra aðila, með ráðherra Alþfl. í broddi fylkingar, sem vilja beita þessu til frekari niðurbrota. Þess vegna ítreka ég þessa spurningu ef ég hef ekki heyrt svarið í dag: Eigum við von á frv. í þessa veru frá hæstv. ríkisstjórn? Og ég skora á hæstv. ráðherra að svara spurningu minni.

[19:54]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lýsti því yfir að mér fannst sú vantrú sem kom fram á þessum upplýsingafundi utanrrh. um að Íslendingar næðu árangri ekki nógu gott veganesti til að leggja út í þessa samninga. Það var það sem ég var sérstaklega að gagnrýna að menn verða að hafa trú og vilja til að berjast fyrir sínum málstað ef þeir eiga að eiga von á sigri.

Ég tek undir það sem hæstv. ráðherra sagði að auðvitað eigum við að reyna að ná því að fylkja liði með öðrum þjóðum, hann minntist þar á Japan. En hins vegar minnist ég þess að eitt af því sem var gagnrýnt í umræðunum um áramótin 1991–1992 var það að þá áður hafði íslenska sendinefndin ekki viljað vera með í hópi Kanada og annarra fleiri sem vildu ganga lengra en flestir aðrir í því að tryggja svona hagsmuni vegna innlendrar framleiðslu. Og því vænti ég þess að hæstv. landbrh. leggi mikla áherslu á það að hæstv. utanrrh. reyni að fylgja þessu eftir. En að sjálfsögðu knýja breyttar aðstæður á það að breyta lögum. Búvörulögin vernduðu íslenskan landbúnað og vernda eins og komið hefur fram nú og veita landbrn. ótvírætt forræði eins og búið er að úrskurða með dómi. Á meðan það heldur þá er forræðið þar. En ef það á að fara að breyta því þá er mikilvægt að forræðið haldist samt áfram hjá landbrn.

[19:56]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Ég vil fyrst segja út af þeim upplýsingafundi sem hér hefur mjög orðið að umræðuefni og það sem þar var sagt og um hann var skrifað að þá er ég alls ekki rétti maðurinn til að leiða til vitnis um þau efni því ég veit ekkert hvað þar gerðist. Frásagnir eru óljósar og það verður að biðja einhverja aðra menn en mig að útskýra það.

Um hitt atriðið vil ég segja það sem ég hef raunar sagt annars staðar en hér í þingsölum margsinnis að ég tel ekki aðeins brýnt heldur óhjákvæmilegt að búvörulögum verði breytt í samræmi við þá milliríkjasamninga sem gerðir hafa verið og staða landbrn. treyst. Og ég lít svo á að það þurfi að gerast í þessum mánuði.

Út af dagskrá voru tekin 2.–14. mál.

Fundi slitið kl. 19.58.

Efnisskrá.

Athugasemdir um störf þingsins:
Skýrsla um sjúkrahúsmál 1507.
Tilboð ríkisstjórnarinnar í GATT-viðræðunum 1334.
Auglýsing frá Morgunblaðinu (190. mál) 1347.
Áburðarverkmiðja ríkisins (199. mál) 1429, 1479.
Ávinningur iðnaðarins af GATT-samkomulagi (153. mál) 1353.
Ávinningur sjávarútvegs af GATT-samkomulagi (152. mál) 1349.
Endurskoðun slysabóta sjómanna (87. mál) 1431, 1479.
Ferðakostnaður vegna tannréttinga (185. mál) 1367.
Flutningur ríkisstofnana (126. mál) 1337.
Flutningur útibús Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík (192. mál) 1378.
Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna (151. mál) 1488.
Friðunaraðgerðir á Breiðafirði (174. mál) 1371.
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa 1467:
Eftirlit með innfluttu fóðri 1471.
Endurgreiðsla lyfja- og lækniskostnaðar 1467.
Kynning á tillögum um sameiningu sveitarfélaga 1472.
Sameining sveitarfélaga 1475.
Samkomulag um GATT-samningana 1470.
Seðlabankastjóri 1469.
Verkefnaflutningur sveitarfélaga 1475.
Hafnalög (193. mál, heildarlög) 1390, 1478.
Héraðsskólinn í Reykjanesi (128. mál) 1342.
Húsbréfakerfið (160. mál) 1356.
Hæstiréttur Íslands (37. mál, skipun dómara o.fl.) 1480.
Hæstiréttur Íslands (196. mál, tala fastra dómara, varadómarar, afgreiðsla kærumála) 1335.
Laun lækna á sjúkrahúsum (171. mál) 1362.
Lögskráning sjómanna (120. mál, öryggisfræðsla og nýliðanám) 1427, 1478.
Meðferð einkamála (198. mál, áfrýjun o.fl.) 1336.
Meðferð opinberra mála (197. mál, áfrýjun o.fl.) 1336.
Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis (191. mál) 1360.
Rannsóknir á áhrifum einstakra veiðarfæra (175. mál) 1374.
Sjómannalög (82. mál, uppsagnarfrestur) 1429, 1479.
Skýrsla umboðsmanns Alþingis 1512.
Styrkir til tannviðgerða (184. mál) 1364.
Tilkynning um utandagskrárumræðu 1507.
Um fundarstjórn — sjá:
Flutningur útibús Hafrannsóknastofnunar frá Ólafsvík 1381.
Umræður utan dagskrár:
Landbúnaðarþáttur GATT-samningsins 1567.
Varamenn taka þingsæti 1333.
Vegalög (119. mál, heildarlög) 1382, 1478.
Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum (201. mál, heildarlög) 1435, 1480.

Leiðrétting í 4. hefti.

Í dálki 867, í ræðu Páls Péturssonar, er misritun. 15.–20. lína eiga að vera svohljóðandi:

Ég er hins vegar andvígur því að fækka þingmönnum í hinum kjördæmunum vegna þess að ég þekki það af eigin reynslu að þeir hafa alveg nóg að gera. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé grundvöllur fyrir því eða vilji hér á Alþingi að fjölga þingmönnum Reykjavíkur og Reykjaness þannig að fullur jöfnuður næðist.

40. FUNDUR

mánudaginn 22. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 216. mál, þskj. 241. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Davíð Oddsson forsrh.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:
Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, 231. mál, þáltill. GunnS o.fl., þskj. 259.
Löggæsla á skemmtunum, 162. mál, svar dómsmrh., þskj. 267.
Málefni aldraðra, 232. mál, frv. SvG, þskj. 260.
Ofbeldi í myndmiðlum, 236. mál, fsp. AÓB, þskj. 268.
Tekjuskattur og eignarskattur, 234. mál, fsp. JVK, þskj. 262.
Varanlegur vegur yfir Öxi, 227. mál, þáltill. JHall og JónK, þskj. 255.
Vegagerð milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar, 228. mál, þáltill. JHall og JónK, þskj. 256.
Veiðar í Faxaflóa, 179. mál, svar sjútvrh., þskj. 263.
Verkefni reynslusveitarfélaga, 164. mál, svar félmrh., þskj. 266.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Náttúruverndarráði um ályktanir 8. þings Náttúruverndarráðs.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Borist hefur eftirfarandi bréf til forseta Alþingis, dags. 18. nóv. 1993:

„Þar sem ég verð fjarverandi 21.–29. nóv. nk. vegna opinberra erindagerða í Kanada og Bandaríkjunum, óska ég eftir því að varamaður minn, Svanhildur Árnadóttir, taki sæti mitt á Alþingi á meðan.
Halldór Blöndal."

Svanhildur Árnadóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Áður en gengið er til dagskrár vill forseti minna á, eins og reyndar hefur verið tilkynnt, að hér munu fara fram tvær utandagskrárumræður skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræður. Það er annars vegar að beiðni hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, um breytingar á sjúkrahúsmálum og hins vegar að beiðni hv. 10. þm. Reykv., Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, um rekstur leikskóla á vegum sjúkrahúsanna.

Veiting ríkisborgararéttar, 1. umr.

Stjfrv., 216. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 241.

[15:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):
Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Þar er gert ráð fyrir því að veita 30 tilgreindum einstaklingum ríkisborgararétt. Þeir uppfylla allir þau skilyrði sem hv. allshn. hefur sett varðandi veitingu ríkisborgararéttar. Að venju er gert ráð fyrir því að flytja tvö þingmál af þessu tagi á þessu þingi, annað sem afgreitt yrði nú fyrir jólaleyfi og hitt á vorþinginu.
Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:06]

Kristín Einarsdóttir:
Frú forseti. Ég ætlaði ekki að gera athugasemd við þetta frv. að öðru leyti en því að ég tel eðlilegt að þegar frv. af þessu tagi er lagt fram þá sé það sett upp samkvæmt íslenskri hefð, þ.e. að fornafn komi á undan og eftirnafn á eftir. Ég hef gert þessa athugasemd áður og sú athugasemd hefur ekki verið tekin til greina, en ég vil þá gera það aftur og beini því til hv. allshn. að hún seti þingskjalið þannig upp að það sé sett upp samkvæmt íslenskri nafnahefð. Ég tel það eðlilegt þar sem hér er um að ræða að veita erlendum aðilum íslenskan ríkisborgararétt og raunar hvort sem væri, að þá eigi að fylgja íslenskum hefðum í þessu sambandi.

[15:09]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, FrS, GHH, GB, GJH, GHelg, KHG, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, BBj, DH, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, JHall, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvÁ, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, FrS, GHH, GB, GJH, GHelg, KHG, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Breytingar á sjúkrahúsmálum.

[15:10]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það gerðist sl. miðvikudag að kynntar voru ítarlega í fjölmiðlum tillögur starfsnefndar á vegum hæstv. heilbrrh., nefndar sem fyrst og fremst er skipuð embættismönnum úr heilbrigðiskerfinu, varðandi breytingar á skipan sjúkrahúsmála í landinu.

Ég gerði athugasemd við það í upphafi fundar sl. fimmtudag að þessari skýrslu hefði ekki verið komið á framfæri við hv. Alþingi áður eða a.m.k. jafnhliða því sem hún væri kynnt fjölmiðlum og að forstöðumenn þeirra stofnana sem í hlut eiga skyldu ekki hafa fengið aðgang að þessari skýrslu og þeim tillögum sem hún hefur að geyma.

Ég ætlaði satt að segja ekki að trúa mínum eyrum þegar þingmenn tjáðu mér það nú á miðjum þessum degi að ekki hefði verið ráðin bót á því af hálfu ráðuneytisins að koma þessum tillögum á framfæri þrátt fyrir þær aðfinnslur sem fram komu hjá mörgum hv. þm. varðandi þennan þátt málsins sl. fimmtudag. Málið var ekki rætt af minni hálfu efnislega vegna fjarveru hæstv. heilbrrh., hann var erlendis en er kominn til þingstarfa á ný. Ég leyfi mér hér, virðulegur forseti, að beina til hæstv. ráðherra eftirfarandi spurningum:

1. Telur heilbrrh. eðlilegt að kynna skýrslu ráðuneytisins í fjölmiðlum áður en hún er send alþingismönnum og forráðamönnum viðkomandi stofnana?

2. Er ráðherra ljóst að skýrsluhöfundar ganga út frá röngum forsendum í sínu plaggi m.a. um þróun samgangna?

3. Hvernig má það vera að horft er fram hjá þætti Almannavarna í vinnu þessarar stjórnskipuðu nefndar?

4. Telur ráðherra koma til greina að á öllu austanverðu landinu verði ekkert svæðissjúkrahús með sérfræðiþjónustu, eins og beinlínis er lagt til í skýrslu nefndarinnar?

Það má lesa út úr þessari skýrslu m.a. að tillöguhöfundar hafi gert sér það ljóst að ýmsum þætti vegið nokkuð að byggðasjónarmiðum í landinu og er um það fjallað á bls. 65, þar sem þó segir að þessar tillögur gangi þó í aðalatriðum ekki í þá átt að flytja þjónustu til Reykjavíkur. En varðandi einn landshluta, Austurland, segir: „Aðeins á Austfjörðum er stefnt að því að veita aukna þjónustu utan fjórðungsins. Það stafar af því að samgöngur og staðsetning stofnana leyfir ekki hagkvæma þjónustu á svæðinu."

Um þetta er nánar fjallað í sérstökum tillögum þar sem horfið er frá því að efla svæðissjúkrahús á svæðinu og áætlað er, með orðum skýrslunnar, að sjúkrahúsin þrjú á Austfjörðum verði hjúkrunarsjúkrahús eða jafnvel að sjúkrahúsið á Seyðisfirði verði skilgreint sem hjúkrunarheimili.

Að því er snertir samgönguþáttinn þá er augljóst að nefndin gengur út frá aðstæðum sem voru til skamms tíma vissulega þar sem Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað var nokkuð einangrað að vetrarlagi vegna samgönguerfiðleika, en þar er verið að kosta til vel á annað hundrað millj. kr. þessi árin til þess að byggja upp nýjan veg og sjálf Vegagerðin hefur gefið út það álit opinberlega að það kosti að þessari vegabót lokinni ekki meira að ryðja daglega til Neskaupstaðar heldur en það hefur kostað hingað til þrisvar í viku.

Er eitthvert samhengi hér í hlutunum? Veit ekki Stjórnarráðið hvað er að gerast varðandi grundvallarþætti og þeir starfsmenn sem settir eru til verka? Þetta er með miklum endemum og ég er ansi hræddur um að þetta geti varðað fleiri svæði á landinu, þó að ég hafi ekki sett mig inn í það í einstökum atriðum, t.d. Norðurl. v. þar sem mér sýnist að stefnt sé ekki í ósvipaða átt og með Austurland og er þó kannski ekki jafnlangt að sækja og þaðan. Veit ekki hæstv. ráðherra og starfsmenn ráðuneytisins að það eru margir dagar á ári hverju þar sem ekki er flugfært milli Austurlands og annarra landshluta? Þar sem nota verður það sem til er á svæðinu, m.a. fyrir sjómennina á miðum úti. Menn heyrðu sl. föstudag í forstjóra Almannavarna ríkisins sem eðlilega undraðist það mjög að ekki virtist tekið hið minnsta tillit til almannavarnaþátta þegar plagg af þessu tagi er saman sett. (Forseti hringir.)

Ég vænti þess, virðulegur forseti, að við fáum nokkuð skýr svör frá hæstv. heilbrrh. hvert verið er að fara, hvert hann ætlar að stefna á grundvelli þessa plaggs sem unnið er í hans ráðuneyti.

[15:16]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. málshefjanda á yfirskrift nefndrar skýrslu og tillagna sem er, með leyfi forseta: „Tillögur til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um skipan sjúkrahúsmála."

Með öðrum orðum er á ferðinni skýrsla og tillögur embættismannanefndar sem skipuð var til að tína saman upplýsingar um stöðu þessara mála, not af sjúkrahúsþjónustu í landinu og koma fram með hugmyndir og tillögur til breytinga væru efni til þess.

Ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála, sá sem hér stendur, hefur ekki tekið afstöðu til þessara tillagna. Þvert á móti leggur hann á það ríka áherslu að þessar tillögur verði gagn til þess að fara um land allt, til þess að ræða í hinu háa Alþingi um ýmis þau efnisatriði sem þar er að finna, um þær tillögur sem þar er komið fram með.

Það var einmitt lögð á það áhersla af minni hálfu gagnvart forsvarsmönnum þeirrar embættismannanefndar sem hér um ræðir að tryggja það að senda forráðamönnum viðkomandi stofnana eins fljótt og kostur væri þá skýrslu sem hér um ræðir. Á sama hátt taldi ég brýnt og var sammála forsvarsmönnum þessarar nefndar að ekki væri unnt að bíða eftir því lengi að kynna fjölmiðlum þær helstu niðurstöður sem þar var að finna, ekki síst í ljósi þeirrar nýju fjölmiðlunar sem ég hygg að hv. alþm. þekki þegar ýmis aukaatriði verða að aðalatriðum, þegar innihald skýrsla af þessum toga fer á flot.

Ég bið hið háa Alþingi forláts á því að þessi skýrsla og þessar tillögur skuli ekki komnar í hendur hv. alþm. og mun ráða nú þegar bót á því þannig að strax í fyrramálið verður hún komin í hólf þeirra.

Ég legg hins vegar aðaláherslu á að þessar tillögur og þetta samsafn upplýsinga sem hér er að finna geti verið grundvöllur hreinskiptinna skoðanaskipta um framtíðarskipan þessara mála. Hér er ekkert sem brestur á á næstu vikum eða mánuðum. Hér er ekkert að finna sem menn leggja til grundvallar í stórum stærðum í fjárlagafrv. ársins 1994. Hér er fyrst og fremst um það að ræða að hið háa Alþingi, hinir stóru hópar heilbrigðisstarfsmanna um land allt og ekki síður þeir sem þjónustunnar eiga að njóta, geti haft gagnlegt tæki þar sem upplýsingar eru gefnar um notkun á viðkomandi spítölum, það greint niður í einstaka aðgerðarflokka og að menn geti rætt þessi mál á grundvelli upplýsinga.

Það kann vel svo að vera að menn geti greint á um gagnsemi eða jafnvel réttmæti einstakra upplýsinga sem hér er að finna. Ég vil hins vegar árétta það að þær eru að öllu leyti unnar úr bókhaldi og eftir upplýsingum frá heimamönnum sjálfum. En væntanlega mun umræðan sem fram fer á næstu vikum og mánuðum glöggva enn frekar þau álitamál sem hér eru uppi og þá held ég að vel sé gert.

[15:20]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þau vinnubrögð sem hér um ræðir eru á ábyrgð heilbrrn. og heilbrrh. og það kemur fram í máli hæstv. ráðherra að hann hefur mælt svo fyrir að málið væri sent til fjölmiðla áður en það væri sent hingað til þingsins. Það er alveg útilokað að embættismannanefnd taki það upp hjá sjálfri sér að kynna þetta mál án samþykkis ráðherra, enda hefur það komið fram hér að ráðherra ber fulla ábyrgð á þessu máli og þess vegna vil ég beina til hans ráðleggingum að koma í veg fyrir frekara slys í þessu sambandi heldur en orðið er.

Það er gert ráð fyrir miklum breytingum á rekstri og skipulagi sjúkrahúsanna. Ég þarf ekki að rekja það á þeim stutta tíma sem ég hef. Það er hreinlega gert ráð fyrir því að heilir landshlutar og þar á meðal Austurland, sem er 700 km frá norðri til suðurs, verði án sjúkrahúss með sérfræðiþjónustu. Þetta er hnefahögg framan í íbúana á Austurlandi og hefur áreiðanlega haft mikil áhrif í þeim kosningum sem fóru fram um helgina þetta frumhlaup að setja fram þessa skýrslu.

Í þeim hluta skýrslunnar sem ég hef séð eru ýmsar óljósar fullyrðingar og niðurstöður. Ég ætla ekki að ræða efnislega um skýrsluna. Ég hef ekki fengið hana í hendur í heild og ekki farið nógu vel í gegnum hana til þess en það sem ég hef lesið af henni eru mjög miklar fullyrðingar sem eru vafasamar og óljósar og það hefur komið fram hér í þessari umræðu nú þegar.

Ég set fram þá kröfu að þessi skýrsla verði endurskoðuð í samræmi við þær upplýsingar sem réttastar liggja fyrir um samgöngur og aðrar forsendur. Annars fer hreinlega allt í bál og brand og þær tillögur sem horfa til bóta sem gætu verið í skýrslunni verða ekki að veruleika.

[15:22]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í tilefni af þessari utandagskrárumræðu gagnrýna það hvernig að þessu nefndarstarfi hefur verið staðið. Í fyrsta lagi vil ég segja það að slíkt starf sem þessari nefnd var falið er afskaplega vandasamt. Það er engu að síður mjög mikilvægt og þess vegna afar nauðsynlegt að kynning á skýrslu nefndar sem þessarar fari fram með þeim hætti að hinir pólitískt kjörnu fulltrúar á Alþingi hafi tækifæri til þess á fyrstu stigum að kynna sér slíka skýrslu og fái færi á að setja fram sínar athugasemdir alveg strax og slík vinna hefur verið lögð fram.

Í annan stað vil ég gera athugasemd við það hvernig sá hópur er saman settur sem vinnur þessa skýrslu. Þetta ágæta fólk sem hefur mikla þekkingu á heilbrigðismálum er fyrst og fremst innan úr heilbrrn. Vafalaust hefur það mikla þekkingu á heilbrigðismálum en ég hefði talið eðlilegt að það væri ekki jafneinlitur hópur, ekki jafneinlit hjörð úr ráðuneyti eins og er í þessari nefnd.

En það sem mér finnst alvarlegast í því sem kemur fram í skýrslunni er það að þarna eru mjög alvarlegar rangfærslur sem síðan eru notaðar væntanlega til þess að selja þessa skýrslu en það er sú staðhæfing að hjúkrunarrými úti á landi séu of mörg. Og það sem er rangt í því er að heilbrrn. hefur skapað þau skilyrði að elliheimili hafa verið flokkuð sem hjúkrunarheimili. Í mörgum elliheimilum, sem eru alls ekki hjúkrunarheimili, hafa verið sett upp hjúkrunarrúm og út frá þeim forsendum kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að það séu allt of mörg hjúkrunarrúm úti á landi sem er alls ekki og ég gæti fært frekari rök fyrir því, virðulegi forseti, en því miður leyfir tíminn það ekki.

[15:25]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég ítreka það sem ég sagði sl. fimmtudag að vinnubrögð í kynningu á þessari skýrslu eru alveg með fádæmum. Að fjölmiðlar skuli fyrst byrja á að fjalla um hana og greinilega þar með hafa fengið skýrsluna í hendur á meðan henni hefur ekki verið dreift til þingmanna og það var ekki búið núna rétt áðan. Og ekki hafa stjórnendur sjúkrahúsanna úti á landi fengið skýrsluna heldur í hendur. Ég veit að nokkrir þeirra sáu skýrsluna á borði ráðherra fyrir um 10 dögum síðan og var þá sagt að hún

yrði send strax næsta dag. Einn framkvæmdastjóri sjúkrahúss á landsbyggðinni hringdi í morgun og bað um skýrsluna en var svarað í ráðuneytinu að hann fengi hana ekki fyrr en búið væri að ákveða fundi út um landið og þetta er allt gert án þess að þingmenn séu nokkuð farnir að skoða eða ekki einu sinni fá þessa skýrslu í hendur. En nú er það sem sagt gefið út að það eigi að halda fundi um efni skýrslunnar með heilbrigðismálayfirvöldum heima fyrir en þeir fá hana ekki til að kynna sér hana með einhverjum fyrirvara.

Burt séð frá þessum vinnubrögðum var alveg tímabært að gera úttekt á starfsemi sjúkrahúsa, ekki aðeins í dreifbýlinu heldur á öllu landinu. Það á ekki að gera sérstaka úttekt á sjúkrahúsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu og síðan á landsbyggðinni eins og þetta séu tvö aðskilin mál eða tvær þjóðir hér er um að ræða. Við höfum hins vegar horft upp á það á sl. tveimur árum að einhverjar málamyndaúttektir er verið að tala um hér á sjúkrahúsrekstri á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Við höfum líka orðið vitni að því hvernig farið hefur verið í svokallaðar sparnaðaraðgerðir þar. Þær eru handahófskenndar, illa ígrundaðar, skila engum sparnaði og koma illa við notendur. Nú kemur skýrsla þar sem tekið er fram að ekki séu gerðar tillögur um rekstur sjúkrahúsa á höfuðborgarsvæðinu heldur aðeins komið með ábendingar um breytingar, eins og segir þar á einum stað. Og hvað segir svo nefndin t.d. um sjúkrahúsmálin hér á höfuðborgarsvæðinu, á bls. 51, með leyfi forseta:

„Einföldun sjúkrahúsþjónustu mundi spara verulega fjármuni. Landakot er þegar rekið við mjög óeðlilegar aðstæður og erfitt að skera niður kostnað þjónustudeilda *í samræmi við fækkun legudeilda... Sjúkrahúsið* í Hafnarfirði hefur afar óljóst hlutverk... Bráðaþjónusta á Vífilsstaðaspítala á vegum Landspítalans er óhagkvæm" og fleira og fleira gæti ég talið upp, en því miður, virðulegi forseti, hef ég ekki tíma til að ljúka þessu öllu, en ég vil bara benda á það að í þessari skýrslu *er mörgum spurningum ósvarað* og engan veginn tímabært að leggja fram tillögur eins og þar er gert.

[15:28]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég hef kynnt mér þær tillögur sem felast í því plaggi sem hér er til umræðu og get staðfest að þar er um ótrúlega hluti að ræða. Það er greinilega verið að gera algera eðlisbreytingu á þjónustu sjúkrahúsa víðs vegar um land. Það er verið að leggja niður almennan sjúkrahúsrekstur á öllu svæðinu frá Akureyri til Ísafjarðar, svo að dæmi sé nefnt, og á öllu svæðinu frá Akureyri og suður til Reykjavíkur. Það er verið að fækka sjúkrarúmum mjög verulega og t.d. í mínu kjördæmi er gert ráð fyrir því að sjúklingum sé ýmist flogið eða ekið, Skagfirðingum til Akureyrar, Austur-Húnvetningum og Siglfirðingum verði ekið til Reykjavíkur og Vestur-Húnvetningum á Akranes.

Þetta er dæmi um innihald þessarar skýrslu og það þarf auðvitað ekkert að fjölyrða um þau óþægindi og þær þjáningar sem framkvæmd svona tillagna mun hafa í för með sér.

En hvernig dettur mönnum slíkt í hug? Jú, það á að spara þessi lifandis ósköp á þessu, 782 millj. segja þeir, á 18 sjúkrahúsum. Ég vil upplýsa það hér strax hvernig sá sparnaður er fenginn því að auðvitað fækkar ekkert sjúklingunum. Það er bara verið að flytja þá, annars vegar til Akureyrar og hins vegar að langmestu leyti til Reykjavíkur. Á bls. 59 í skýrslunni segir nefnilega: „Ekki er reiknað með að kostnaður aukist í Reykjavík" við framkvæmd þessara tillagna.

Sem sagt, útreikningurinn er fólginn í því að það er reiknað út hvað muni sparast við að flytja um 800 sjúklinga, aðallega til Reykjavíkur. Þannig fá menn 780 millj. kr. en það er líka gengið út frá því að hann muni ekkert kosta til viðbótar á þeim stöðum þar sem sjúklingarnir verða. Þetta er nú öll rökfræðin í þessum tillögum. Þetta er greinilega mjög ómerkileg skrifborðsáætlun.

[15:31]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég lýsi yfir bæði undrun og vonbrigðum með það hvernig undirbúningur þessa máls hefur farið fram. Og það er áhyggjuefni fyrir okkur þingmenn ef svo á að halda fram. Ég hef ekki fengið þessa skýrslu enn enda ekki við því að búast þar sem eins og hér hefur verið upplýst að starfsmönnum heilsugæslustöðvanna sem hafa verið að biðja um þessa skýrslu hefur verið synjað um þær. En ég hef þó aðeins reynt að afla mér upplýsinga um þetta og þá fyrst og fremst frá minni heimabyggð og ég satt að segja hrekk illilega við þegar ég verð þess áskynja hvað er að gerast.

Það er verið að tala um það að spara í þessum geira *um 700–800 millj. kr. Af þessum sparnaði á að ná* hvorki meira né minna en af sjúkrahúsi Skagfirðinga á Sauðárkróki um 20% af kostnaðinum og hliðstæðri tölu á að ná af sjúkrahúsinu á Húsavík. Það á að skera af sjúkrahúsi Skagfirðinga hvorki meira né minna en um 140 millj. kr. Það á að fækka starfsfókki á þessu sjúkrahúsi, sjúkrahúsi Skagfirðinga, um 70–80 störf, hæstv. ráðherra, og svipaða sögu er að segja frá Húsavík.

Ég gæti líka farið yfir hvað þetta muni þýða fyrir Siglfirðinga og aðra aðila á þessu svæði, en fyrir Siglfirðinga er þetta ekki síður bagalegt þegar við lítum til þeirra erfiðleika sem þar eru í sambandi við samgöngur. Það er einnig sagt að skurðlækningar eigi nánast að leggjast af á sjúkrahúsi Skagfirðinga á Sauðárkróki sem þýðir það að það á sem sé að loka fæðingardeild sem þar hefur verið. Og svo segir í skýrslunni um þessa stofnun, um fæðingardeildina: „enda verði vaktkostnaður vegna fæðinga ekki verulegur." Á síðustu 10 mánuðum hafa fæðingar verið um 67 og er aukningin frá síðasta ári hvorki meira eða minna en 24% og 16% aukning á þessu sjúkrahúsi við almenna sjúklinga.

Það eru mín lokaorð, hæstv. ráðherra, að ég trúi því ekki að þetta mál eigi nokkurn tíma greiða leið í gegnum þingsali hér. Aldrei nokkurn tíma. Og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvert er Alþfl. að ganga í aðför sinni að heilbrigðiskerfinu í landinu? Hvert ætlar Alþfl. að fara? Hann hafði heiður af því að vera þátttakandi í að

byggja það upp. Nú koma þessir ungu menn til að mölva allt og leggja í rúst sem forfeður þeirra voru að gera.

[15:33]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það hafa orðið miklar framfarir í heilbrigðisþjónustunni hér á undanförnum áratugum m.a. með aukinni tækni Það hafa líka orðið auknar kröfur hjá sjúklingum um meira öryggi í læknismeðferð og við höfum líka orðið vör við miklar framfarir og umbætur í samgöngumálum. Samhliða þessu hafa orðið breytingar á heilbrigðisþjónustu í landinu. Sérhæfð þjónusta hefur vaxið hratt. Hún hefur að langmestu leyti verið veitt á Reykjavíkursvæðinu og á Akureyri.

Fyrir löngu voru fjölmörg sjúkrahús sem flokkuð voru sem slík notuð sem hjúkrunar- eða dvalarheimili að meira eða minna leyti. Mynstrið hefur því breyst innan heilbrigðisþjónustunnar. Þess vegna er löngu tímabært að skoða skipulagningu sjúkrahúsþjónustu í landinu með það fyrir augum að tryggja öllum landsmönnum bestu, öruggustu og ódýrustu þjónustu sem völ er á ásamt því að ná fram hagræðingu. Það var því ekki óeðlilegt að ráðherra beitti sér fyrir vinnu af þessu tagi. Hins vegar tel ég afar óheppilegt hvernig að kynningu vinnuhóps um þessi mál var staðið. Svo gat litið út sem niðurstöður skýrslunnar væru pólitískar skoðanir og jafnvel áform ráðherrans en ekki skýrsla nefndar sem eftir er að meta pólitískt og enn fremur skýrsla sem eftir er að fá víðtækari faglega umfjöllun bæði frá sjónarmiði starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og hagræðingar- og stjórnunarlegu sjónarmiði. Og ég vil enn fremur lýsa yfir vonbrigðum mínum yfir því að þegar ég leitaði eftir eintaki af skýrslunni, þá gat ég ekki frekar en aðrir fengið þessa skýrslu. Hún var ekki fáanleg í heilbrrn.

Ég tel nauðsynlegt að umræða um skipulag heilbrigðisþjónustu fari fram jafnt á Alþingi sem í þjóðfélaginu almennt, ekki síst með tilliti til hagræðingar í þessum málaflokki en sú umræða þarf að byrja á réttum nótum. Hún á ekki að hefjast á misvísandi blaðamannafundi embættismanna þar sem skilja mátti að þeir töluðu í umboði og samkvæmt stefnu heilbrrh.

[15:36]

Jónas Hallgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp til að leiðrétta rangfærslur fyrst og fremst gagnvart því byggðarlagi sem ég á heima í og tel mig hafa mesta þekkingu á, en það vill svo til að staðurinn Seyðisfjörður er nefndur hér þrisvar eða fjórum sinnum í útdrætti eða inngangi.

Ég vil leyfa mér í fyrsta lagi að vitna hér til ummæla á bls. VII þar sem segir, með leyfi forseta: „Gleggsta dæmið um óþarflega mikla uppbyggingu á legurými er sjúkrahúsið á Seyðisfirði. Fæðingar fara ekki fram þar, sérfræðiþjónusta er ekki í boði og íbúarnir eru ungir.“ Takið eftir, þingheimur: „íbúarnir eru ungir.“ Þetta eru tíðindi. „Áætla má miðað við íbúafjölda að á Seyðisfirði þurfti eitt almennt sjúkrarúm, sex hjúkrunarrúm og fjögur dvalarrúm. Sjúkrahúsið hefur hins vegar 26 rúm.“ En hverjir voru það sem ákváðu þennan rúmafjölda og hvernig samsetningin var? Að hluta til eru það höfundar þessarar skýrslu og ég vil leyfa mér að fullyrða úr þessum ræðustól að þetta er gert að tilhlutan heilbrrn. og færustu sérfræðinga á þess vegum á sínum tíma. Húsið er ekki nema í eins árs notkun. Og ég spyr, hæstv. forseti, er það rétt að koma með slíkar fullyrðingar í þessari skýrslu? Mér finnst þetta eiginlega ekki við hæfi þeirra háskólamenntuðu manna sem mér sýnist að séu flestir höfundar að skýrslunni. Og ég vil gera það að tillögu minni að þessari skýrslu verði ekki dreift, hún verði dregin til baka.

Það eru fleiri rangfærslur og mjög illvígar í skýrslunni. Það segir hér á bls. 37: „Taflan sýnir að hjúkrunarrúm á Austurlandi eru 30% yfir viðmiðunartölu en dvalarrúm eru 20% undir viðmiðunartölu. Hjúkrunarrúm eru of mörg á Seyðisfirði.“

Hvers vegna skyldu nú þessi hjúkrunarrúm vera of mörg á Seyðisfirði? Ég hef skýringu á því. Það er vegna þess að þessi gamli, gróni staður með 100 ára gamalt sjúkrahús hafði innlögn af öllu Austurlandi til skamms tíma þar til fjórðungssjúkrahúsið kom. Hér var einungis verið að endurnýja það gamla hús sem hafði gegnt hlutverki sínu um þann árafjölda.

Virðulegur forseti. Ég endurtek. Mér finnst þessi skýrsla vera hroðvirknislega unnin og það eru tilmæli mín að hún verði dregin til baka.

[15:38]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég bar upp fjórar fyrirspurnir við hæstv. ráðherra. Ráðherrann baðst afsökunar á þeirri stöðu sem fyrir liggur að þetta plagg er eitthvert það vandfengnasta í landinu um þessar mundir og úr því verður nú væntanlega bætt með einhverjum hætti, hæstv. ráðherra, ef á að dreifa þessu plaggi þrátt fyrir þær aðvaranir sem hér hafa komið fram.

Í öðru lagi spurði ég hæstv. ráðherra hvort honum sé ljóst að það sé gengið út frá röngum forsendum í þessari skýrslu. Ekki var neitt svar við því eða neitt mat frá hæstv. ráðherra á því máli. Hann sagði þvert á móti að hér væri fyrst og fremst verið að búa svo um að hið háa Alþingi gæti haft gagnlegt tæki um notkun á viðkomandi spítölum, gagnlegt tæki. Það var mat ráðherrans. Og hægt væri að ræða þessi mál á grundvelli upplýsinga.

Í þriðja lagi spurði ég ráðherrann að því hvernig það mætti vera að horft væri fram hjá þætti almannavarna í máli sem þessu. Ekkert svar, ekki neitt.

Í fjórða lagi hvort ráðherrann teldi koma til greina að á öllu austanverðu landinu verði ekkert svæðissjúkrahús með sérfræðiþjónustu. Ekkert svar. Engin skoðun af hálfu ráðherrans á því máli.

Hér hefur verið vakin athygli á því af mörgum hv. alþm. að þessi skýrsla er uppfull af röngum upplýsingum. Og það er ekki í fyrsta sinn sem verið er að halda upplýsingum frá þingmönnum og þeim stofnunum sem í hlut eiga því að í formála þessarar skýrslu er tekið fram að gögnum sem áður lágu fyrir um starfsemi sjúkrahúsanna hafi verið dreift til framkvæmda-

stjóra stóru sjúkrahúsanna. Takið þið eftir, stóru sjúkrahúsanna, ekki þeirra spítala sem hér er aðallega vegið að. Þeir virðast ekki hafa fengið þá forsögu málsins sem hér liggur fyrir.

Ég minni á að fram hefur komið í þessu máli m.a. hjá landlækni að það eru fleiri kostnaðarþættir sem tengjast því en varðar hið opinbera. Það er kostnaðarþáttur sjúklinganna, viðskiptaaðila sjúkrahúsanna.

[15:41]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil rifja það upp í lok þessarar umræðu að margar hafa þær skýrslurnar birst með ýmsum hætti af hálfu ráðherra fyrr og síðar þar sem þær hafa verið birtar hagsmunaaðilum áður en virðulegur þingheimur hefur séð þær. Það breytir því ekki að ég mun bæta úr ábendingum um kynningu gagnvart hv. þingmönnum.

Ég hegg hins vegar eftir því í þessari umræðu að gagnrýnin er tvenns konar. Annars vegar að þessar tillögur skuli yfirleitt vera til, það skuli yfirleitt vera til hópur embættismanna sem láti sér til hugar koma að safna saman þessum upplýsingum og hvað þá að reyna að draga af þeim ályktanir. Þessu er ég ósammála. Ég hygg að okkur sé brýn nauðsyn á því frá einum tíma til annars að ráðast í umræðuna, hversu sársaukafull sem hún kann stundum að vera en hlaupast ekki undan henni. Það hygg ég að sé styrkur þeirra tillagna sem hér eru fram komnar.

Ég sagði hér í upphafi: Þetta eru tillögur til heilbr.- og trmrh. Hann hefur ekki tekið afstöð til einstakra tillaga sem hér er að finna. Hins vegar verður ekki fram hjá því horft að í hinum tölulega grunni sem fyrir liggur kemur í ljós sú staðreynd, hvort sem hv. þm. líkar það betur eða verr, að í allt of mörgum tilfellum virðast heimamenn fara yfir lækinn til að sækja vatnið. Með öðrum orðum, fara fram hjá sínu heimasjúkrahúsi sem býður upp á viðkomandi þjónustu og hingað til Reykjavíkur. Það er slæmt. En ég hygg meginatriðið vera, og það er fagnaðarefni, að hv. þingmenn munu væntanlega taka virkan þátt í þeirri umræðu sem fram fer á landinu öllu um einstök atriði sem í þessari skýrslu og þessum tillögum er að finna. Ég hygg að í þessu sem og svo mörgu öðru sé umræðan sá mikilvægi og stóri þáttur sem leiðir okkur þó þrátt fyrir allt fram á veg.

Umræður utan dagskrár.

Rekstur leikskóla á vegum sjúkrahúsa.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hefst nú síðari utandagskrárumræðan sem fer fram að beiðni hv. 10. þm. Reykv., Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, um rekstur leikskóla á vegum sjúkrahúsanna. Hún fer einnig fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

[15:44]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Fyrir nokkrum dögum lýsti heilbrrh. því yfir við fjölmiðla að náðst hefði, eins og hann kallaði það, samkomulag um farsæla lausn í málefnum leikskóla sjúkrahúsanna. Það hefur hins vegar ekki farið fram hjá neinum sem fylgst hafa með þessum málum á undanförnum dögum að aðrir en hann eru litlu nær um það hver verður framtíðarstaða þessara heimila, þeirra barna og foreldra sem hlut eiga að máli og síðast en ekki síst þess starfsfólks sem nú starfar á þessum heimilum. Ráðherrann virðist sem sagt einn í sinni sælu trú á farsæla lausn og víst er að það er ekkert samkomulag um hana.

Hið svokallaða samkomulag um farsæla lausn felst í því að ráðherra hefur einhliða ákveðið að lækka framlög ríkisins til reksturs leikskóla sjúkrahúsa í áföngum næstu fimm árin þannig að þau lækki um 60% strax á næsta ári og verði með öllu horfin á árinu 1998. Í bréfi sem barst framkvæmdastjórum sjúkrahúsanna þann 5. nóv. sl. tilkynnir ráðherra þeim að á næsta ári muni framlagið, eins og stendur í bréfinu, „miðast við 14 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn", ég endurtek, fyrir hvert barn sem nú er á þessum leikskólum. „Viðmiðunin verður fjöldi og aldur þessara barna." Síðan segir í þessu bréfi að hvert sjúkrahús fyrir sig muni verða að ákveða hvernig það rekur leikskólann miðað við þennan ramma.

Stjórn Ríkisspítalanna tók ráðherra á orðinu og samþykkti það 15. nóv. sl. að láta eitt yfir alla ganga og hefur ákveðið að gjald fyrir heilsdagsvistun á næsta ári verði 14.400 kr. en þó með þeim fyrirvara að 20 þús. kr. styrkur á barn komi frá ríki og sveitarfélagi. Er það ætlun stjórnarinnar að gjaldið verði hið sama fyrir öll börn án tillits til þess hvort þau hafi pláss nú þegar eða ekki.

Daginn eftir gerði stjórn Borgarspítalans sambærilega samþykkt, en þar segir jafnframt að þessi ákvörðun sé tekin í trausti þess, eins og stendur í samþykktinni: „að heilbrrn. geri ekki aðrar breytingar á rekstri leikskólanna næstu ár. Heilbrrh. breyti því núverandi ákvörðun sinni um að draga úr fjármagni til leikskólanna eftir því sem þeim börnum sem nú eru á leikskólunum fækkar. Með því verður ekki unnt að reka leikskólana áfram þannig að þeir þjóni sértækum hagsmunum Borgarspítalans," segir í bréfinu.

Fyrrnefnd ákvörðun ráðherrans, sem ég vitnaði til hér áðan, var ekki skýrari en svo að 12 dögum síðar eða nánar tiltekið þann 17. nóv. sl. sá hann ástæðu til að fela embættismanni sínum að senda út nýtt bréf þar sem segir, með leyfi forseta:

„Framlag það sem ríkið mun greiða á næsta ári, 14 þús. kr. á mánuði, miðast við hvert einstakt rými. Ef tvö eða fleiri börn eru á sama rými skiptist greiðslan hlutfallslega" o.s.frv.

Við skulum skoða hvernig þetta kemur út. Ef rekstrarstyrkur ríkisins miðast við rými er rekstrarframlagið til Borgarspítalans um 19 millj. á ári, en ef það miðast við barnafjölda þá er það um 25 millj. kr. á ári. Þarna munar því um 6 millj. hjá Borgarspítalanum og

líklega um 8 millj. hjá Ríkisspítölunum.

Þessi munur gerir kannski ekki útslagið um lausn þessa máls. Það sem vegur miklu þyngra er sú algera óvissa sem eftir sem áður verður um framtíðarstöðu þessara heimila. Ákvörðun ráðherra er í besta falli skammgóður vermir, en það er alls ekki hægt að sjá að hún feli í sér einhverja lausn til frambúðar.

Svo áfram sé tekið dæmi af Borgarspítalanum og þeim börnum sem þar eru nú þá lítur framtíðarþróun leikskólans þannig út, miðað við ákvörðun ráðherra, að fyrri hluta næsta árs greiðir ríkið fyrir 118 pláss en síðari hluta árins fyrir 82,8 pláss. Árið 1997 verður síðan aðeins greitt fyrir tvö pláss, þá væri búið að trappa þetta niður. Það blasir auðvitað við að rekstrargrundvöllur þessa leikskóla og annarra verður löngu brostinn áður en svo langt er komið og raunar mun það gerast strax á síðara hluta næsta árs ef svo heldur fram sem horfir.

Vegna þessarar óvissu hefur starfsfólk á leikskólum spítalanna ekki treyst sér til að svara því hvort það muni endurráða sig frá og með næstu áramótum, enda til lítils að endurráða sig ef uppsagnir blasa svo aftur við jafnvel næsta haust. Það var einmitt þess vegna sem stjórn Borgarspítalans samþykkti sl. föstudag svohljóðandi samþykkt:

„Stjórnin getur ekki undir þessum kringumstæðum tekið ákvörðun um framtíðarrekstur leikskóla Borgarspítalans, en fer fram á fund með heilbrrh. nú þegar vegna þessa máls."

Án efa er þó staðan á Landakoti verst vegna þess að framtíðarstaða sjúkrahússins sjálfs er í algeru uppnámi. Þar hafa stjórnendur spítalans líka leigt út rekstur annars leikskólans, Brekkukots, án nokkurs samráðs við foreldra eða starfsfólk sem heyrði fyrst um þessa ráðstöfun í fjölmiðlum. Fyrir liggur að starfsfólkið þar verður ekki endurráðið og foreldrum er stillt upp andspænis gerðum hlut. Nú hefur þeim verið boðið pláss á þessum nýja leikskóla fyrir 30 þús. kr. á mánuði og ef marka má fréttir þá er með öllu óljóst hvort niðurgreiðsla ríkis og sveitarfélaga breytir nokkru um þetta 30 þús. kr. gjald.

Það er með öllu óþolandi að stjórnendur spítalans ráðskist með þessum hætti með starfsfólk og börn þess og þetta endurspeglar algert virðingarleysi í garð barna. Um þessi vinnubrögð verður ekki annað sagt en það að þau eru til skammar þeim sem þau stunda.

Virðulegi forseti. Þegar ljóst var um síðustu áramót að starfsfólki sjúkrahúsanna hafði tekist með miklu og fórnfúsu starfi og álagi að ná fram verulegum sparnaði í rekstri fór páv. heilbrrh. Alþfl., Sighvatur Björgvinsson, í heilmikla yfirreið, þakkaði fólkinu fyrir átakið og hét því að á næstunni yrði tryggður vinnufriður á þessum stofnunum. Þetta fyrirheit gaf hann í krafti embættisins, en nú hefur það verið svikið. Það getur enginn vinnufriður verið þar sem allt er í óvissu.

Virðulegur forseti. Mig langar að lokum að bera hér fram fimm spurningar fyrir ráðherra, en þær eru svohljóðandi:

1. Hvernig sér ráðherra fyrir sér að hægt verði að framkvæma þá ákvörðun hans að ríkið greiði aðeins rekstrarframlag til leikskóla sjúkrahúsanna vegna þeirra barna sem eru þar nú þegar en ekki vegna hinna sem fá þar inni hér eftir?

2. Hefur ráðherra rökstudda ástæðu til að ætla að Reykjavíkurborg eða önnur sveitarfélög sem hlut eiga að máli muni ganga inn í eða yfirtaka framtíðarrekstur leikskóla sjúkrahúsanna?

3. Hvaða atvinnuöryggi í nánustu framtíð getur ráðherra boðið þeim 200 fóstrum og starfsstúlkum sem nú vinna á leikskólum sjúkrahúsanna?

4. Hver er réttarstaða þeirra fóstra og starfsstúlkna sem sagt hefur verið upp á Brekkukoti, m.a. með tilliti til biðlauna?

5. Hvernig hyggst ráðherra tryggja það að ekki skapist ófremdarástand á sjúkrahúsunum þann 1. jan. nk.?

[15:50]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að það sé ástæða til þess að rifja það upp að fyrr í haust fór fram umræða um málið sem hér er nú rætt. Þá voru áhyggjuefni margra hv. þm. þau að börn á leikskólum sjúkrahúsanna yrðu að ganga út um næstu áramót. Þá yrði allt starfsfólk viðkomandi leikskóla atvinnulaust. Og í þriðja lagi að foreldrar viðkomandi barna yrðu að ganga út á sama hátt.

Þá gagnrýndu margir hv. þm. að ekki yrði veittur nauðsynlegur aðlögunartími að breyttu breytanda, þ.e. það væri ekki framtíðarverkefni ríkisins að standa undir og kosta leikskólarekstur. Flestir sem þá töluðu tóku undir það meginstef en sögðu að það væri ekki gerlegt með jafnskömmum fyrirvara. Sú vinna sem unnin hefur verið af hálfu ráðuneytisins í góðu samstarfi við forsvarsmenn viðkomandi spítala, við starfsfólk viðkomandi leikskóla og við fulltrúa foreldra viðkomandi barna hefur leitt til þess að menn horfa fram á þá staðreynd að ekki einasta verður börnunum boðin áframhaldandi vist fyrir sambærilega upphæð og verið hefur, ekki einasta verður hverjum einasta starfsmanni boðin áframhaldandi ráðning og þar með verður viðkomandi foreldrum þessara barna auðvitað gefinn kostur á áframhaldandi ráðningu og ég geng að því sem vísu að þannig geti það gengið eftir. Hér hefur verið tekið einmitt á þeim atriðum sem bar hæst í umræðunni fyrr í haust með mjög myndarlegum hætti.

Nú kveður hins vegar við þann tóninn að þessar tilraunir ráðuneytis og annarra hlutaðeigandi aðila séu allar af hinu vonda, séu hreint alveg ómögulegar í stórum stíl fram og til baka. Og hv. málshefjandi ræðir nú um lengri framtíð í þessum efnum og spyr: Hvernig getur heilbrrn. tryggt það til langframa að haldið verði úti óbreyttum leikskólarekstri á sjúkrahúsunum? Það getur hv. ráðuneyti ekki og það stendur nákvæmlega sem ég sagði fyrr í haust að það getur ekki og á ekki að vera framtíðarverkefni ríkisins með vísan til leikskólalaga, með vísan til verkaskiptalaga að halda úti þessum rekstri til lengri tíma. Hins vegar hefur verið komið til móts við þær ábendingar að skapa þarna aðlögun, tryggja þeim börnum sem þar eru varanlega vist

þar til þau komast á skólaaldur. Tryggja eftir því sem kostur er starfsfólki viðkomandi stofnana áframhaldandi störf.

Ráðuneytið hefur einnig lýst því yfir að það vilji koma að málinu í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög til lengri tíma og horfa til þess hvernig viðkomandi sveitarfélög geti nýtt þann ágæta mannafla sem þarna er til staðar og í mörgum tilfellum þau traustu mannvirki sem til staðar eru, í stað þess að ráðast í þennan stofnkostnað hvert fyrir sig. Og ég hef vonir um að samstarf um slíkt geti tekist.

Það liggur líka fyrir og ég ætla ekki að á því verði neinar stórar breytingar, að sveitarfélögin komi inn í þennan rekstur, þótt með óbeinum hætti sé, með fjárframlagi, samanber það sem sveitarfélög gera gagnvart einkareknum leikskólum. Það mun þýða að gjald fyrir hvert barn í heilsdagsvistun verður í mörgum tilfellum miklum mun lægra en gerist hjá sveitarfélögum annars staðar hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem gjaldtaka fyrir börn sem eru ekki í forgangshópi hleypur á bilinu 14.000–19.000 kr. og í annan stað verður tryggð áframhaldandi vist allt til þess tíma að viðkomandi barn kemst á skólaaldur.

Virðulegi forseti. Ég hygg að staða þessa máls sé þvert á móti í þeim farvegi núna að menn geti fest hina síðustu enda og bundið hina síðustu hnúta og tryggt það að þessi starfsemi geti gengið áfram snurðulaust á næsta ári og vonandi undir eilítið breyttum formerkjum, undir öðru rekstrarformi til lengri framtíðar litið. Þá hygg ég að vel og rétt hafi verið gengið fram.

[15:55]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þjóðin bjó við þá ógæfu um nokkurra missira skeið að hafa ráðherra í heilbrigðismálum úr Alþfl. sem heitir Sighvatur Björgvinsson. Hann tók aldrei sönsum. Hann tók aldrei rökum af neinu tagi. Hann barði ævinlega höfðinu við steininn. Það var því mörgum létt þegar það spurðist að ungur bæjarstjóri úr Hafnarfirði hefði ákveðið að taka það að sér að vera heilbrrh.

Hann hefur hins vegar ákveðið að fara þveröfugt í hlutina. Hann étur hlutina yfirleitt ofan í sig í áföngum og það er í raun og veru mjög erfitt að átta sig á því, fyrir þá sem hlut eiga að máli, hvar hann er staddur í máltíðinni þá og þá. Það var t.d. ekki ljóst í ræðu hans hér áðan. Hann kaus að hlaupa eftir misvitrum landsbyggðarþingmönnum úr Sjálfstfl. og Alþfl. til að ráðast á leikskóla spítalanna hér í borginni og í nágrenni og því miður lýsti hann því yfir: Þessu á að loka.

Skömmu síðar sagði hann, þann 30. sept.: Starfsfólk verður endurráðið. Síðan sagði hann þann 18. okt.: Öllum börnum verður tryggt pláss. Síðan sagði hann 5. nóv.: Þau börn fá inni, fá að vera þarna áfram sem eru með pláss. 16. nóv. var sagt: Það verður borgað á barn. 17. nóv. var sagt: Það verður borgað á rými. Í dag veit enginn hvar þetta endar. Ég skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. að éta þetta mál ofan í sig í heild tafarlaust, „komplet" eins og það liggur fyrir. Því það er útilokað fyrir þær fjölskyldur sem bera ábyrgð á þeim 700 börnum sem hér er um að ræða að bíða stundinni lengur eftir lyktum málsins. Það er mánuður til stefnu og ráðherrann á að skilja að hann á að vinna sín embættisverk svo vel að hann svari hlutum þegar í stað en láti þá ekki dingla í lausu lofti langtímum saman, jafnvel þó hann hafi kosið að þiggja ráð frá hv. formanni heilbr.- og trn. sem er ekki góður ráðgjafi í þessu máli.

[15:58]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Á sjúkrahúsum er ætlast til að fá 100% örugga þjónustu. Það er sjálfsögð krafa. En það þarf ýmislegt til að slíka þjónustu sé hægt að veita. Hæstv. heilbrrh. er einkar laginn við að halda uppi óvissuástandi. Óvissan er víða. Eitt er ákveðið í dag og dregið til baka á morgun og fólk er skilið eftir með stórar spurningar. Óvissa er mismunandi þrúandi þegar hún beinist að atvinnu manna og ekki síður að þeim þætti sem snýr að öryggi barna okkar er óvissan illbærileg og kemur fljótt niður á öllum þáttum daglegs lífs. Sú óvissa sem nú ríkir um áframhaldandi rekstur sjúkrahúsleikskólanna er orðin fyrir löngu óþolandi.

Andið rólega, sagði hæstv. ráðherra fyrir mánuði síðan. 10. nóv. verður allt komið á hreint. Í dag er 22. nóv. og við höfum heyrt hvað hæstv. heilbrrh. hefur fram að færa. Hann hefur afar lítið fram að færa. Jú, hann ætlar að tryggja rekstraröryggið á næsta ári. Er það nægilegt? Það eina sem er ljóst er að sá aðili sem hefur 70 þús. kr. á mánuði getur ekki greitt 30 þús. kr. í dagvistarpláss. Og það er alveg ljóst að það er ekki hægt að reka t.d. dagheimili á Borgarspítalanum þannig að þau nýju börn sem koma eftir að þessir samningar eru gerðir eigi að borga miklu, miklu hærra gjald heldur en þau börn sem eru núna. Það er ekki verið að setja fram neinar nýjar kröfur. Það er verið að fara fram á það að hæstv. heilbrrh. standi við starfssamninga við starfsfólkið. Sjúkrahúsin þarfnast þessara dagheimila sem sveigja sig að þörfum stofnananna, sveigja sig að því að foreldrar hlaupa ekkert úr vinnu milli kl. 12 og 1 til að fá nýtt pláss fyrir börnin sín. Þetta eru annars konar leikskólar. Ég skora á hæstv. heilbrrh. að tryggja áframhaldandi rekstur leikskólanna á viðunandi hátt og tryggja þeim örugga dagvistun sjúkrahúsunum til heilla.

[16:00]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Fyrir rúmum sex vikum ræddum við utan dagskrár málefni leikskóla sjúkrahúsanna og benti ég í þeirri umræðu á þá sérstöðu sem þessar stofnanir hafa. Benti ég m.a. á sveigjanlega vistun barna sem færi eftir vinnutíma foreldra og að slíka þjónustu væri ekki hægt að fá á öðrum sambærilegum stofnunum. Enn fremur benti ég á að þessi þjónusta sjúkrahúsanna við starfsmenn sína væri hlunnindi til starfsfólks og færu þessi hlunnindi eftir ákveðnum reglum þar sem forgangur væri m.a. veittur þeim sem kæmu til starfa á deildum þar sem mannekla væri.

Við getum stöðugt deilt um það hvort hlunnindi í þessu formi eigi rétt á sér og ég tek undir með þeim

sem ræða um skyldur sveitarfélaga í þessu efni en ég vil jafnframt benda á hlunnindi annarra ríkisstarfsmanna, svo sem þeirra sem hafa fasta yfirvinnu og hlunnindi í einkageiranum eins og t.d. hjá flugfélögum í formi farmiðaafsláttar og fleira mætti telja til. Ég vil hins vegar árétta að þetta fyrirkomulag hefur reynst sjúkrahúsunum afar vel og leyst mýmörg vandamál við ráðningar á starfsfólki til spítalanna. Mun minni hreyfing hefur reynst vera á starfsfólki og vinnuveitandinn hefur getað sett fram ákveðnar kröfur um vinnuskyldu til að sem mest hagræðing næðist í starfsmannahaldinu og jafnvægi jafnframt.

Stjórnir sjúkrahúsanna hafa einnig sýnt vilja sinn fyrir áframhaldandi fyrirkomulagi. Vinnuhópur, sem heilbrrh. skipaði í október sl., skilaði áliti 5. nóv. og segir þar mikilvægt að sjúkrahúsin reyni að standa þannig að málum að rekstur leikskóla sjúkrahúsanna haldi áfram og reynt verði með samkomulagi að tryggja áframhaldandi rekstur leikskóla sjúkrahúsanna og að ráðuneytið beiti sér í viðræðum við viðkomandi sveitarfélög. Nú sex vikum eftir síðustu umræðu um þetta mál á hinu háa Alþingi er enn allt í óvissu um framgang þessara mála.

Ég ætla ekki að fara nánar út í tilboð ráðuneytisins til sjúkrahúsanna um kostnaðarhlutdeild ríkisins í þessum rekstri sem enn er deilt um. Hins vegar vil ég lýsa vonbrigðum mínum yfir því að enn hafi ekki tekist að koma þessu máli á hreint. Dráttur á lausn hefur þegar haft afar slæm áhrif á starfsanda innan sjúkrahúsanna. Foreldrum er haldið í óvissu um vistun barna sinna, fóstrum þessara stofnana er haldið í óvissu um starf sitt og börnin fá sinn skammt. Það þarf að ná sáttum um þetta mál strax.

[16:03]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram frá því í haust og sú meðferð sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur haft á þessu máli síðan þá, er skólabókardæmið um það hvernig opinbert stjórnvald getur ekki komið fram við þegna landsins. Í þessu máli kristallast í raun og veru hringlandaháttur inn, flumbrugangurinn og tillitsleysið sem þessi ríkisstjórn sýnir ekki bara þessum hópi heldur á öllum sviðum þar sem hún í raun og veru kemur nærri.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. gaf út tilskipun í lok september, þar sem hann segir: Það á að loka þessum barnaheimilum. Sú tilskipun var ekki gefin út með tillit til þarfa sjúkrahúsanna, til aðstæðna foreldranna eða til aðstæðna barnanna eða til aðstæðna starfsfólksins sem þarna er starfandi. Síður en svo. Það þarf engum að koma á óvart þó að það sé búið núna að leigja út rekstur barnaheimilis Landakots. Auðvitað hljóta stjórnendur þessara stofnana að taka mark á þeim bréfum sem eru send frá heilbr.- og trmrn. Hæstv. heilbr.- og trmrh. þarf ekkert að koma þetta á óvart nema það sé svo að hæstv. ráðherra ætlist til þess að það sé yfir höfuð alls ekki tekið mark á því sem kemur frá ráðuneytinu og því sem ráðherrann segir.

Eftir utandagskrárumræðu sem fór fram fyrr í haust kom það skýrt fram og það náðist samkomulag um það að 5. nóv. eftir því sem mönnum sýnist að ráðuneytið og ríkissjóður ætluðu að greiða 14 þús. kr. á hvert barn. Slíkur var flumbrugangurinn við gerð þessa samkomulags að 17. nóv. er því lýst yfir að þetta sé á hvert rými. Þessar upplýsingar koma frá sama ráðuneytinu, frá sama starfsfólkinu sem er að fjalla um málið. Er þetta til að skapa traust á því sem þarna fer fram? Það er kominn tími til þess, hæstv. heilbr.- og trmrh., að starfsfólk sjúkrahúsanna, starfsfólk leikskólanna og þeir sem þessu máli tengjast fái nú vinnufrið fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. eins og hann hefur hagað sér að undanförnu og hann taki ákvörðun í málinu.

[16:05]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur fyrir að taka upp þetta mál. Það er kjarni þess að hæstv. heilbrrh. hefur verið ansi örlátur á svipuhöggin gagnvart foreldrum barna á leikskólum Ríkisspítalanna. Hann hefur sagt eitt í dag og annað á morgun. Foreldrar hafa mótmælt, fóstrur hafa sagt upp og starfsfólk sjúkrahúsanna hefur fyllst þungum áhyggjum.

Þetta er orðin býsna einkennileg framhaldssaga að ekki verði nú meira sagt. Og loksins núna þegar stjórn Ríkisspítalanna hafði tekið málið í sínar hendur að því er virtist og þegar lausn virtist í sjónmáli með samþykktinni sem gerð var 15. nóv. sl., þá kemur hæstv. ráðherra enn einu sinni fram á sjónarmiðið og segir: Hér er það ég sem ræð. Og málið heldur áfram að vera í hnút, framtíðin ótrygg og óljós.

Tíminn leyfir ekki frekari umræður um þetta mál. En ég vil mjög eindregið hvetja hæstv. ráðherra til þess að sveifla svipu valdsins framvegis af meiri gætni en hann hefur gert á þessum fáu mánuðum sem hann hefur verið í embætti. Ég held að honum veiti ekki af þeirri áminningu og hann ætti að hugleiða hana vandlega. Hann ætti líka að viðurkenna mistök sín. Það er enginn minni maður að því. Og hann á að sætta sig við þær ákvarðanir sem stjórn Ríkisspítalanna hefur tekið.

[16:07]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar hefur verið rætt nokkuð ítarlega á Alþingi vegna þess að þetta er í þriðja sinn sem það er tekið fyrir.

Í fyrsta skipti var það vegna tillögu sem við hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson fluttum og um skapaðist þverpólitísk samstaða, pólitísk samstaða fulltrúa allra stjórnmálaflokka hér á Alþingi. Þess vegna er það náttúrlega mjög sérkennilegt en um leið býsna kátbroslegt þegar hv. þm. Svavar Gestsson segir að þegar hæstv. heilbrrh. hafi tekið þá ákvörðun að færa rekstur leikskólanna frá ríkinu til sveitarfélaganna eins og ber að gera samkvæmt lögum, þá sé hann að hlaupa þar eftir misvitrum landsbyggðarþingmönnum Alþfl. og Sjálfstfl. Hverjir voru það sem lýstu stuðningi við á hugmynd að færa rekstur leikskólanna frá sjúkrahúsunum til sveitarfélaganna eins og lög gera ráð fyrir? Það var framsóknarmaðurinn, hv. þm. Guðmundur

Bjarnason. Það var fulltrúi Kvennalistans, hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, það var fulltrúi Alþb., hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson og síðan kom það fram í þessum umræðum að það var enginn annar en hv. þm. Svavar Gestsson sem ásamt hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni hafði átt að því sérstakt frumkvæði í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna að óska eftir því að þetta verkefni yrði fært frá sjúkrahúsunum til sveitarfélaganna eins og lög gera ráð fyrir. Þessi deila sem hér er verið að vekja upp snýst einfaldlega um þá fyrirætlan að færa þetta verkefni frá sjúkrahúsunum til sveitarfélaganna alveg eins og lög gera ráð fyrir.

Það hefur komið fram hjá hæstv. heilbrrh. eins og ég raunar hvatti til í umræðunni, sem fram fór hér fyrr í haust, að það eigi að fara í þetta af varkárni og það eigi að gera þetta smám saman, og ekki að ganga í þetta af offorsi. Ég minnist þess ekki úr þeirri umræðu sem fram fór í haust að menn væru að efast um það að þetta verkefni ætti að vera á hendi sveitarfélaganna og ég spyr þá sérstaklega eftir því: Er það skoðun einhverra að þetta verkefni eigi að vera á hendi ríkisins? Er það ekki skoðun allra að þetta verkefni á Stór-Reykjavíkursvæðinu eigi líka að vera á hendi sveitarfélaganna alveg eins og það er alls staðar vítt og breitt um landið?

[16:10]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Auðvitað verður að fara að lögum, jafnt í Reykjavík sem annars staðar. En það er ekki sama hvernig lögin eru framkvæmd. Það er ekki sama hvort þjösnast er áfram við framkvæmd laga eða farið að því með gætni og þeirri fyrirhyggju sem þarf. Ég fullyrði að það hefur ekki verið viðhöfð nein fyrirhyggja í þeirri ákvarðanatöku sem hér hefur verið framkvæmd og það virðist ekki líta út fyrir að sú fyrirhyggja verði á næstunni.

Það er óvissa í rekstri sjúkrahúsanna vegna þess að það er ekki víst að hægt sé að fá starfsfólk til starfa þegar á þarf að halda. Kannski eru börnin komin á kaldan klaka einhvers staðar og þörf að annast þau í staðinn fyrir að mæta til vinnu. Það er óvissa inni á heimilunum því að heimilin vita ekkert hvernig aðstaða þeirra verður á næstunni. Það er rýrnun kjara fyrir það starfsfólk sem hefur haft aðstöðu til að fara á barnaheimilin með börnin sín og enn þá einu sinni er þar með vegið að grundvelli samfélagsins sem eru heimilin. Það er auðvitað kjararýrnun ef starfsfólkið á að greiða miklu hærri gjöld fyrir dvöl á barnaheimilunum en áður og það er auðvitað líka kjararýrnun ef stytta á þann tíma sem hvert barn getur verið á heimilinu dag hvern. Þar af leiðandi er allt í óvissu í þessum málum. Starfsfólkið stendur í óvissu og spítalarnir sjálfir standa í óvissu. Þetta er því mjög alvarlegt ástand sem nú hefur skapast.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði áðan að hverjum starfsmanni yrði boðin áframhaldandi ráðning. Þetta væri allt í höfn, allir gætu verið nokkuð öruggir um sinn hag. Þetta er bara alls ekki rétt. Það er örstutt síðan ég talaði við formann starfsmannafélagsins Sóknar sem sagði að þessu væri á allt annan veg farið og fólkið væri mjög óöruggt um sinn hag og sína framtíðarráðningu. Ég vil bara að þetta komi fram.

[16:12]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra rifjaði upp að við hefðum áður rætt um þetta sama mál hér utan dagskrár. Það er kannski umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra hversu oft þarf að taka ákvarðanir hans upp utan dagskrár á Alþingi. En það var vissulega rétt, við gerðum það hér og árangur þeirrar umræðu tel ég að hafi verið að það var hafin samvinna og samstarf milli ráðuneytis, forsvarsmanna sjúkrahúsa og starfsmanna um lausn í þessu stóra máli. Lausn sem sú nefnd lagði fyrir ráðherrann og fyrir stjórnarnefnd Ríkisspítala m.a., svo að ég nefni það af því að ég sit þar, var birt 5. nóv. þar sem var rætt um það að framlag ríkisins yrði 14 þús. kr. fyrir hvert barn sem nú er á þessum leikskólum. Þetta er bréf dags. 5. nóv. og undir það ritar hæstv. ráðherra og tekur það skýrt fram að framlagið sé miðað við hvert barn. Sama dag er sent út bréf til sveitarfélaga þar sem er svipaður rekstur eins og í Kópavogi og þar er farið fram á það að sveitarfélagið leggi fram 6 þús. kr. á mánuði fyrir hvert barn með lögheimili í Kópavogi. Ég nefni það af því að þetta er bréf stílað á bæjarstjórann í Kópavogi en önnur sveitarfélög munu hafa fengið bréf með sama erindi. Við trúðum því að ráðherrann mundi standa við þessa lausn og þess vegna var afgreidd tillaga á fundi stjórnarnefnda Ríkisspítala 16. nóv. sl. Hálftíma fyrir þann fund var haft samband við starfsmann ráðuneytis þar sem hann staðfesti það enn og aftur að hér væri um að ræða 14 þús. kr. framlag á hvert barn, ekki á vistrými heldur hvert barn. Daginn eftur kemur síðan bréf frá hæstv. ráðherra þar sem hann segir: Nei, þetta er ekki hvert barn, þetta er vistrými. (Forseti hringir.)

Tíminn er búinn, segir hv. þm. Gunnlaugur, bróðir hæstv. ráðherra og ég fer eftir því, en ég vona það að ráðherra beri gæfu til þess að leysa þetta mál á þann máta sem þetta samráð kvað á um.

[16:15]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vestf. kom hér í pontu áðan og sagði að þetta væri einfalt mál, þetta snerist bara um það að færa verkefnið, sem væri lögum samkvæmt skyldur sveitarfélaganna, færa það þangað. Það snerist þetta mál um. Gott og vel. Ég skal ekkert hafa á móti því að verkefni sé flutt til sveitarfélagsins. Almennt er ég þeirrar skoðunar að sveitarfélög eigi að reka leikskóla. En gerið þið það þá með samningum. Þið getið ekki ákveðið einhliða að flytja þetta yfir til Reykjavíkurborgar. Þið geti ekki gert það og sett allt upp í loft. Það er ekki ...(**GunnS:** Alþingi hefur ákveðið það með lögum.) Virðulegur þm., viltu koma hér í pontu ef þú hefur eitthvað að segja, þín er saknað í pontunni. Skæklatog ríkis og sveitarfélaga má ekki koma niður á þeim sem síst skyldi, í þessu tilviki foreldrum og börnum á leikskólunum.

Ráðherra svaraði hér áðan eða svaraði reyndar ekki spurningum mínum og ég verð að segja það að ég er mjög ósátt við það hvernig ráðherra tók hér á málum.

Hann svaraði þessu í engu þrátt fyrir það að ég hafi í morgun sent honum allar þessar fimm spurningar svo hann gæti áttað sig betur á þeim og svarað þeim „komplet" hér í ræðustól. Það gerði hann ekki. Hann meira að segja snýr út úr spurningunum og segir að mín spurning hafi hljóðað á þann veg: Hvernig getur ráðherra tryggt óbreyttan rekstur leikskóla til frambúðar? Þannig spurði ég alls ekki, virðulegur ráðherra. Ég sagði: Hvernig getur ráðherra tryggt framtíðarstöðu þeirra? Það er allt annar hlutur. Ég talaði ekkert um óbreyttan rekstur. Mér finnt það mjög miður að svona nýbakaður ráðherra skuli sýna þingmönnum þessa lítilsvirðingu að svara ekki einu sinni spurningum þeirra sem hann hefur þó haft hálfan dag til þess að lesa og kynna sér.

Hann sagði hér að nú væri bara tími kominn til að hnýta hina síðustu hnúta og binda síðustu enda. Þetta er bara orðskrúð og segir ekki neitt, virðulegur ráðherra.

Ég heyrði hins vegar hér í þeim sem töluðu. Hér komu upp 5 nefndarmenn í heilbr.- og trn. þingsins og töluðu og lýstu yfir að þeir væru mjög ósáttir við það hvernig ráðherra hefði staðið að þessum málum. og ég sé ekki betur en það sé kominn grunnur fyrir því að heilbr.- og trn. beiti sér hreinlega í þessu máli. Það sé meiri hluti til þess í nefndinni.

En að lokum þó að mér hafi hitnað hér í hamsi þá vil ég ekki fara héðan úr pontu án þess í fullri vinsemd að beina þeim eindregnu tilmælum til ráðherra að fara sér hægt í þessu máli og reyna með öllum tiltækum ráðum að tryggja rekstur þessara stofnana. Ég segi þetta í fullri vinsemd við ráðherra.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þingmenn á ákvæði 54. gr. þingskapa en þar segir: „Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann."

[16:18]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Hver er hin stóra óvissa í þessu máli? Hér mætti ætla það af ræðum hv. þm. að stolið hafi verið glæp. Það er alls ekki þannig. Það er akkúrat með þeim hætti að hverjum óvissuþættinum á fætur öðrum hefur verið eytt hægt og bítandi. Það eru nokkur atriði sem eins og ég gat um áðan, sem við erum að hnýta. Í fyrsta lagi þetta: Öll börn sem hafa verið á leikskólum spítalanna fá boð um að vera þar áfram svo lengi sem þau eru á leikskólaaldri. Starfsfólkið allt hefur fengið tilboð um endurráðningu. Hvar eru hinir stóru óvissuþættir þegar þessi stóru mál, sem voru uppi eðli máls samkvæmt fyrr á hausti, eru leyst? Hér staldra menn þá kannski við það lítillega misvægi sem hv. þm. Margrét Frímannsdóttir kom inn á sem er þetta:

Hugmyndir ráðuneytisins voru um 14 þús. kr. á hvert rými. Hvernig getur það verið með öðrum hætti þegar menn horfa til þess að ef börn eru tvö á hvert rými, þá þýðir framlag ráðuneytisins og ríkisins 28 þús. kr., tvöfalt framlag borgarinnar, 42 þús. Það þýðir þénustan er orðin meiri með þessum styrkjum borgar og ríkis en heildarkostnaðurinn. Þannig að, virðulegi forseti, hér er verið að gera úlfalda úr mýflugu og ég bið hv. þingheim um að gefa ráðuneytinu og viðkomandi hagsmunaaðilum vinnufrið til þess að hnýta þessa síðustu enda. Ég hygg að það sé stutt í það.

Útbýting þingskjals:

Verkaskipting ríkis og sveitarfélaga, 13. mál, svar félmrh., þskj. 265.

Fundi slitið kl. 16.20.

---

41. FUNDUR

mánudaginn 22. nóv.,
að loknum 40. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Einkavæðing embættis húsameistara ríkisins, fsp., 170. mál, þskj. 188.

Til menntamálaráðherra:

2. Framtíðarskipulag á Laugarvatni, fsp., 166. mál, þskj. 184.

Til heilbrigðisráðherra:

3. Mat vegna umönnunarbóta, fsp., 167. mál, þskj. 185.

4. Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra, fsp., 168. mál, þskj. 186.

5. Flokkun stera, fsp., 218. mál, þskj. 243.

Til viðskiptaráðherra:

6. Sala ríkisins á verðbréfum og spariskírteinum, fsp., 169. mál, þskj. 187.

7. Erindi til samkeppnisráðs, fsp., 209. mál, þskj. 234.

8. Samkeppnisstaða einkarekinna garðplöntustöðva, fsp., 210. mál, þskj. 235.

Til félagsmálaráðherra:

9. Greiðsluaðlögun, fsp., 180. mál, þskj. 199.

10. Félagslegar aðstæður nýbúa, fsp., 220. mál, þskj. 245.

11. Reglugerð um vistun barna í sveit, fsp., 229. mál, þskj. 257.

12. Barnaverndarráð, fsp., 230. mál, þskj. 258.

Til sjávarútvegsráðherra:

13. Svæðalokanir, fsp., 212. mál, þskj. 237.

14. Friðunaraðgerðir á karfa, fsp., 213. mál, þskj. 238.

Til dómsmálaráðherra:

15. Veiting ótakmarkaðs dvalarleyfis, fsp., 219. mál, þskj. 244.

Framtíðarskipulag á Laugarvatni.

Fsp. MF, 166. mál. — Þskj. 184.

[16:21]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 184 ber ég fram fsp. til hæstv. menntmrh. um framtíðarskipulag á Laugarvatni. Um nokkurra ára skeið hafa staðið yfir samningaumleitanir milli menntmrn., héraðsnefndar Árnessýslu, áður sýslunefndar, og heimamanna á Laugarvatni um hreinni verkaskiptingu milli allra þessara aðila um skipulag og forræði mála á Laugarvatni.

Það virðist nokkuð einkennilegt að á tímum vaxandi umræðu um nauðsyn þess að færa aukin völd og ákvörðunarrétt í eigin málum til sveitarfélaga, er hér eitt sveitarfélag, Laugarvatnshreppur, sem býr við það að verða að sækja nánast allar ákvarðanir í stærri málum sveitarfélagsins til eins ráðuneytis, þ.e. til menntmrn. Svona hefur þetta verið svo lengi sem elstu menn muna. Það að menntmrn. eða skólanefnd færi með forræði mála á Laugarvatni hefur sjálfsagt gengið upp á meðan einungis var um að ræða lítinn byggðarkjarna utan um ríkisrekna skóla á staðnum en í seinni tíð hefur hreppurinn eflst mjög og þó enn sé um að ræða öfluga skólastarfsemi á Laugarvatni hefur staðurinn fengið aukið vægi á öllum sviðum. Auk þess hafa á undanförnum árum verið sett lög sem fela sveitarstjórnum sífellt fleiri og viðameiri verkefni. Sveitarstjórn Laugardalshrepps fær að sjálfsögðu þessi verkefni um leið og önnur sveitarfélög en getur þó ekki sinnt þeim á sama hátt því í mörgum stærri málum verður hún að sækja til menntmrn. sem fram til þessa hefur ekki viljað láta þetta vald sitt af hendi.

Sem dæmi má nefna allt er lýtur að skipulagsmálum. Skipulags- og byggingarlög fela sveitarfélögum á kveðið hlutverk og þau fara að vissu marki með ákvörðunarvald í þeim málum. Á Laugarvatni er hins vegar svo að þar verður sveitarstjórnin í mörgum tilvikum að leita vilja ráðuneytis menntamála hvað varðar skipulagsmál. Eitt dæmi er starfsemi gróðrastöðvar sem rekin er niður við Laugavatn. Stöðin hefur verið rekin þar árum saman og er orðin fastur punktur í atvinnulífi staðarins. Fyrir rúmu ári fengu garðyrkjubændurnir sem stöðina reka fyrirskipun frá menntmrn., sem á landið, að færa starfsemina á stað sem væri ráðuneytinu þóknanlegri því stöðin og starfsemin sem þarna var rekin rúmaðist ekki innan þess skipulags sem ráðuneytið vildi sjá á staðnum. Ekki var greint frá því að ráðuneytið kæmi til með að bæta að fullu það tjón sem eigendur stöðvarinnar yrðu fyrir vegna flutnings. Allan þann tíma sem liðinn er frá því að eigendur stöðvarinnar fengu þetta bréf hafa staðið yfir samningaviðræður við menntmrn. vegna þessa.

Vilji hreppsnefndar og hreppsbúa liggur fyrir varðandi þetta mál. Fundarsamþykktir eru til þess efnis að heimamenn vilja hafa rekstur gróðrarstöðvarinnar á sama stað. En slíkar samþykktir virðast ekki hafa neitt gildi því þarna ræður ráðuneytið. Eðlilegra hlýtur að vera að í málum sem þessum ættu eigendur fyrirtækisins að semja við heimaaðila, hreppsnefnd og byggingar- og skipulagsnefnd, þá sem málið snertir mest en þurfa ekki að vera með lögfræðing á launum til að semja við menntmrn. um framtíð atvinnustarfsemi á Laugarvatni.

Þetta er aðeins eitt dæmi um fáránleikann í stjórnunarfyrirkomulagi þessa sveitarfélags. Það er orðin brýn nauðsyn að ganga frá samningum varðandi framtíðarskipulag mála að Laugarvatni og færa ákvörðunartökuréttinn og forræði mála heim í hérað. Því spyr ég hæstv. menntmrh.:

1. Hafa samningar tekist milli menntamálaráðuneytis og héraðsnefndar Árnessýslu um framtíðarskipan mála að Laugarvatni hvað varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélagsins?

2. Ef svo er, hvernig hljóða þeir samningar?

3. Ef svo er ekki, hvenær má vænta þess að frá þessum samningum verði gengið?

[16:24]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er spurt í fyrsta lagi hvort samningar hafi tekist milli menntamálaráðuneytis og héraðsnefndar Árnessýslu um framtíðarskipan mála að Laugarvatni hvað varðar verkaskiptingu ríkis og sveitarfélagsins.

Svar mitt er þetta: Samningum um þessi mál er ekki lokið en það má segja að farið sé að sjá fyrir endann á þeim. Viðræður aðila um framtíðarskipan mála á Laugarvatni hófust fyrir rúmu ári. En undanfari þeirra viðræðna var sá að ráðuneytið fékk Tryggva Gunnarsson hæstaréttarlögmann til að taka saman álitsgerð um málið. Allnokkrir fundir hafa verið haldnir og eru línur mjög teknar að skýrast.

Hér er reyndar um nokkuð flókið mál að ræða því ráðuneytið þarf ekki aðeins að ná samkomulagi við héraðsnefndina um skiptingu sameiginlegra eigna heldur einnig við sveitarstjórn Laugardalshrepps um verkaskiptingu á komandi árum og vinnulag í því sambandi.

Í öðru lagi er spurt hvernig þeir samningar hljóði ef þeim er lokið.

Eins og ég sagði hér fyrr þá er samningum ekki lokið en rétt er að fram komi að ráðuneytið stefnir að ótvíræðu forræði yfir húseignum skólanna sem og að tryggja skólunum nægilegt landrými og orku. Hins vegar telur ráðuneytið eðlilegt að ráðstöfun á landi fyrir íbúðabyggð og atvinnurekstur verði í höndum heimamanna enda hafi orðið fullt samkomulag um skiptingu og skipulag lands.

Ég hef óskað eftir því — það er svar við þriðja liðnum — fyrir nokkru að þeir hraði störfum sínum eftir megni og ég tel ástæðu til að ætla að niðurstaða samninga um eignaskipti liggi fyrir um næstu áramót.

Ég vil svo aðeins segja vegna orða hv. fyrirspyrjanda um gróðrastöðina að þar var óskað eftir á síðasta ári að byggingarframkvæmdum sem hafnar voru yrði

hætt meðan unnið væri að lausn á hinum ýmsu vafamálum sem þarna hafa verið uppi. En ég tek skýrt fram að ráðuneytið hefur boðist til að bæta allan kostnað sem mundi fylgja því að gróðrastöðin yrði flutt. Hins vegar er þetta mál til sérstakrar athugunar einmitt þessa dagana í ráðuneytinu og ég hef fullan vilja til að reyna að leysa það mál í sem bestu samkomulagi við þá sem þarna eiga hlut að máli.

[16:27]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Ég hafði vissulega gert mér vonir um að samningum væri lokið því þó það megi e.t.v. færa rök fyrir því að formlegar samningaviðræður hafi ekki hafist fyrr en fyrir ári síðan þá er töluvert lengra síðan samningaumleitanir hófust án þess að vera formlegar því það hefur skapast þarna aftur og aftur hálfgert vandræðaástand og örugglega ekki síður fyrir skólann en sveitarstjórnina að ekki skuli vera hreinni verkaskipti en raun ber vitni.

Hvað þýðir nægjanlegt landrými fyrir skólana? Mér hefur stundum fundist eftir því sem ég hef kynnt mér málin á Laugarvatni að þar væru skólarnir að fara fram á töluvert meira landrými en hægt væri að færa rök fyrir að skólastarfsemin þyrfti. Og varðandi orkumálin þá er nú eðlilegt að þarna sé rekin ein orkuveita fyrir bæði sveitarfélagið og skólana, að það verði ekki um aðskilin orkusölufyrirtæki að ræða eins og hefur heyrst. En ég vil lýsa ánægju minni með það að ráðherra skuli lýsa því yfir að þessum hjónum sem ég nefndi með garðyrkjustöðina verði bættur allur kostnaður ef þau þurfa að flytja stöðina því mér hefur heyrst á þeim og þeim bréfum sem ég hef lesið að það væri óljóst.

Mat vegna umönnunarbóta.

Fsp. MF, 167. mál. — Þskj. 185.

[16:29]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 185 ber ég fram fsp. til hæstv. heilbrrh. um framkvæmd mats vegna umönnunarbóta.

Þann 1. jan. 1992 tók gildi lagabreyting sem fól í sér að greiðslur umönnunarbóta og umönnunarstyrks vegna fatlaðra og langtímaveikra barna voru felldar inn í lög um almannatryggingar. Greiðslur þessar höfðu áður verið ákvarðaðar samkvæmt 10. gr. laga um málefni fatlaðra og bráðabirgðaákvæði sem gilti gagnvart greiðslum vegna sjúkra barna.

Tilgangurinn með því að færa greiðslur þessar undir lög um almannatryggingar átti að verða til hagræðingar og til að auðvelda og samræma þessar greiðslur. Áður var það svo að upphæð umönnunarbóta vegna langtímaveikra barna var ákveðin eftir umsögn frá viðkomandi svæðisstjórn um málefni fatlaðra sem að öðru leyti hafði ekkert með málefni þessara sjúklinga að gera. Þetta þótti ekki nógu gott fyrirkomulag og eftir lagabreytinguna voru svæðisstjórnir um málefni fatlaðra því ekki lengur umsagnaraðilar varðandi veik börn en héldu að sjálfsögðu áfram að gegna hlutverki sínu fyrir fötluð börn og aðstandendur þeirra. Þessi breyting, að sérfróðir aðilar fjölluðu um báða þessa hópa, þ.e. umönnunarþörf fatlaðra barna og veikra, hefði átt að tryggja aukið samræmi og meira réttlæti bótagreiðslna vegna þessa. Svo virðist þó ekki vera því eftir þeim upplýsingum sem ég hef frá starfsfólki hjá Öryrkjabandalaginu og styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna hefur beiðnum til þeirra um aðstoð vegna úrskurðar Tryggingastofnunar um umönnunarbætur og umönnunarstyrk fjölgað verulega. Að mati þessara starfsmanna er jafnvel um meira misræmi að ræða í ákvörðun umönnunarbóta vegna sömu eða sambærilegra tilvika en áður var. Einnig að greiðslur hafa lækkað frá því sem áður var vegna sömu tilvik og aðstæðna.

Í frv. til laga um félagslega aðstoð sem nú er til umfjöllunar í heilbr.- og trn. er kveðið á um þessar bótagreiðslur í 4. gr. Ef farið er fyllilega eftir þeirri grein sem er samhljóða þeirri sem nú gildir samkvæmt lögum um almannatryggingar þá eru það enn svæðisstjórnir um málefni fatlaðra sem eiga að gefa umsagnir um umönnunarþörf bæði vegna fatlaðra barna og veikra. Þetta er þó ekki þannig í framkvæmd. Samkvæmt reglugerð eru umsagnaraðilar vegna langtímaveikra barna aðrir. En eins og áður sagði virðist vera verulegur misbrestur á því að sömu greiðslur fáist vegna sömu eða svipaðra tilvika. Jafnvel er um að ræða að greiðslur vegna fatlaðra og veikra barna hafa lækkað eftir þá breytingu sem gerð var þegar lögum var beitt á þann veg sem áður segir. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

1. Hvernig er varið framkvæmd mats vegna greiðslu umönnunarbóta og umönnunarstyrks eftir að ákvæði um greiðslu þessara bóta voru tekin upp í lög um almannatryggingar?

2. Eru matsreglur samræmdar þannig að ekki sé um misræmi að ræða í greiðslum vegna sömu eða svipaðra aðstæðna?

3. Eru dæmi þess að bótagreiðslur til foreldra hafi lækkað vegna sömu eða svipaðra sjúkdómstilfella eða fötlunar barna eftir að ákvæði um þessar bótagreiðslur var fellt inn í lög um almannatryggingar?

[16:32]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Til mín hefur verið beint fsp. varðandi framkvæmd mats vegna umönnunarbóta.

1. Hvernig er varið framkvæmd mats vegna greiðslu umönnunarbóta og umönnunarstyrks eftir að ákvæði um greiðslu þessara bóta voru tekin upp í lög um almannatryggingar?

Framkvæmd matsins er þannig að læknir viðkomandi barns ritar læknisvottorð. Ætlast er til að fram fari ráðgjöf og gagnkvæmar upplýsingar milli læknis og foreldris eða forráðamanns og ef því er að skipta svæðisskrifstofu fatlaðra. Læknisvottorð er síðan sent tryggingayfirlækni og foreldri eða framfærandi ritar umsókn á þar til gert eyðublað. Umsóknir varðandi fötl-

uð börn eru sendar til viðkomandi svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og svæðisskrifstofan fullbýr svo umsóknina, gerir tillögur um greiðslur og vottar þjónustu og sendir síðan umsóknina áfram til tryggingayfirlæknis ásamt fylgigögnum.

Umsókn foreldris eða framfæranda fyrir sjúk börn er send beint til tryggingayfirlæknis ásamt fylgigögnum. Lækni, sem ritar vottorð fyrir sjúk börn er ætlað að skrá upplýsingar um þjónustu utan heimilis.

Í öðru lagi er spurt: Eru matsreglur samræmdar þannig að ekki sé um misræmi að ræða í greiðslum vegna sömu eða svipaðra aðstæðna?

Matsreglur eru í samræmi við leiðbeiningar í reglugerð nr. 150 frá 1992, sem er allítarleg, og verða þannig að teljast samræmdar þannig að ekki sé um misræmi að ræða í greiðslunni vegna sömu eða svipaðra aðstæðna. Sé um eitthvert misræmi að ræða að áliti foreldra sem óhjákvæmilega bera sig saman getur verið að um mismunandi mat vottorðsgefandi lækna sé að ræða án þess að unnt sé að fullyrða neitt um það.

Í þriðja lagi er spurt: Eru dæmi þess að bótagreiðslur til foreldra hafi lækkað vegna sömu eða svipaðra sjúkdómstilfella eða fötlunar barna eftir að ákvæði um þessar bótagreiðslur var fellt inn í lög um almannatryggingar?

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins er erfitt að svara þessu svo óyggjandi sé án undangenginnar rannsóknar. En ekki er hægt að útiloka að um eitthvert slíkt tilvik sé að ræða. Á hinn bóginn munu athugasemdir í þá veru verðra sjálfstætt kannaðar ef efni og ástæður verða til.

[16:34]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin og mér er kunnugt um að til ráðuneytisins hefur verið leitað. Bæði hafa bréf verið send og viðtöl farið þar fram vegna þess misræmis sem aðstandendur sjúkra barna telja að hafi komið upp við þessa breytingu. Ég veit að hjá Styrktarfélagi krabbameinssjúkra barna og einnig hjá Öryrkjabandalaginu hefur þetta mál verið skoðað mjög vel og þar er fullyrt að þarna sé um verulegt misræmi að ræða sem sé full þörf að taka á. Ég minni enn og aftur á þessa 4. gr. sem er í frv. um félagsþjónustu sem nú er til umfjöllunar hjá heilbr.- og trn., en greinin er samhljóða þeirri grein sem nú er í lögum um almannatryggingar. Þar þarf að samræma lög og reglugerð. Það þarf að koma inn í lagatexta hverjir það eru sem skuli fara með mat á umönnunarstyrk eða umönnunarbótum vegna sjúkra barna, það er ekki gert. En þetta þyrfti að laga og hafa samband við þá aðila sem eiga hlut að máli og hafa bæði sent erindi og heimsótt ráðuneytið. Það er í raun og veru orðin full ástæða til að taka þessi mál upp og skoða.

Framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Fsp. MF, 168. mál. — Þskj. 186.

[16:36]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 186 legg ég fram nokkrar spurningar til hæstv. heilbrrh. varðandi framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Hinn 1. jan. 1993 tók gildi breyting á lögum um málefni aldraðra nr. 89/1989, með síðari breytingum. Breyting þessi var samhljóða breytingu sem áður hafði verið gerð og var nú framlengd. Hér er um að ræða breytt hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra þar sem aukin áhersla er lögð á heimild til úthlutunar úr sjóðnum vegna reksturs stofnana fyrir aldraða. Í fyrsta lagi fól lagabreytingin í sér heimild til að styðja sveitarfélögin og heilsugæslustöðvarnar til að koma á fót og reka heimaþjónustu fyrir aldraða. Í öðru lagi að veita rekstrarfé á árunum 1993, 1994 og 1995 til stofnana fyrir aldraða í samræmi við ákvæði fjárlaga þó aldrei meira en 55% af heildarúthlutun sjóðsins á viðkomandi ári. Reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra hefur tekið breytingum í samræmi við þetta.

Við umfjöllun þessara breytinga hér á Alþingi tók ég það svo að fyrst og fremst væri verið að fjalla um aukin rekstrarframlög til stofnana sem einungis væru ætlaðar öldruðum eða til reksturs sérstakra öldrunardeilda á sjúkrahúsum. Þetta ákvæði laganna virðist hins vegar vera túlkað mjög rúmt svo ekki sé meira sagt. Eftir þeim gögnum sem ég hef undir höndum þá hefur ekki einungis verið veitt fjármagn úr sjóðnum til sjúkrahúsa vegna rekstrar sérstakra deilda fyrir aldraða heldur einnig vegna einstakra aðgerða sem framkvæmdar eru. Þannig fékk t.d. eitt ákveðið sjúkrahús á árinu 1992 beint framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra án tilgreindra verkefna 9 millj. kr., vegna hvíldarinnlagna aldraðra 6.140.000 kr. og vegna mjaðmaaðgerða 3,3 millj. kr. Á þessu ári hefur sama sjúkrahús fengið framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna hvíldarinnlagna 5 millj. kr. og vegna mjaðmaaðgerða 6 millj. kr. Þetta heitir á rekstraryfirliti þessa sjúkrahúss: Framlög úr sjóðnum vegna sérverkefna.

Látum nú vera þó sjúkrastofnanir fái framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna hvíldarinnlagna aldraðra á tíma sem starfsemi ákveðinna deilda liggur niðri vegna fjárskorts og hægt er að nýta sjúkrarúm vegna þessa. Þó hlýtur stjórn sjóðsins að fara fram á skýrslu viðkomandi stofnunar vegna slíkra framlaga. Hvíldarinnlögn getur einnig að mínu mati fallið innan skilgreiningar á lagatextanum eftir þær breytingar sem gerðar voru á lögum um málefni aldraðra. Hins vegar finnst mér það mjög rúm túlkun að heimilt sé að veita fjármagn til einstakra læknisaðgerða eins og þeirra sem hér um ræðir en samtals fær þessi sjúkrastofnun á árinu 1992–1993 9,3 millj. kr. til mjaðmaaðgerða. Ég velti því fyrir mér hvort þetta sé stefna ríkisstjórnarinnar og hvort í framhaldi af þessu verði gerðir sérstakir verktakasamningar við sjúkrastofnanir vegna aðgerða á öldruðum. Því spyr ég:

Hvernig eru greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna einstakra læknisaðgerða ákveðnar?

Hvaða sjúkrastofnanir hafa fengið slíkar greiðslur 1992 og 1993? Hversu háar voru greiðslurnar, sundurliðaðar á hvort ár og stofnun?

Hver var aldur þeirra sjúklinga sem hér um ræðir:

a. meðalaldur,

b. lægsti aldur?

[16:40]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Til mín hefur verið beint fsp. viðvíkjandi greiðslum úr Framkvæmdasjóði aldraðra.

Hvernig eru greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna einstakra læknisaðgerða ákveðnar?

Því er til að svara að greiðslur úr Framkvæmdasjóði aldraðra eru aldrei ákveðnar vegna einstaklinga heldur vegna ákveðinna hópaðgerða. Það eru framkvæmdastjórar sjúkrahúsa og yfirlæknar sem gera tillögur um að fjölga eða taka upp aðgerðir sem þeir hafa ekki framkvæmt áður. Þetta er eins og virðulegur málshefjandi gat um í samræmi við breytingar á lögum um málefni aldraðra, um heimild þess efnis að Framkvæmdasjóður aldraðra geti veitt styrk til rekstrar hjúkrunarsjúkrahúsa.

Í öðru lagi er spurt hvaða sjúkrastofnanir hafa fengið slíka greiðslu 1992 og 1993, hversu háar voru greiðslur sundurliðaðar á hvort ár og stofnun.

Þær sjúkrastofnanir sem fengu greiðslu 1992 og 1993 eru þessar: 1992 St. Jósefsspítali í Hafnarfirði 3,3 millj., Fjórðungssjúkrahúsið Akureyri 2,9 millj., 1993 St. Jósefsspítali Hafnarfirði 6 millj.

Á árinu 1992 voru framkvæmdar 12 aðgerðir á St. Jósefsspítala Hafnarfirði fyrir fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri voru framkvæmdar 12 aðgerðir sömuleiðis fyrir aukafjárveitingu úr sjóðnum.

Gert er ráð fyrir að framkvæmdar verði 20 aðgerðir á St. Jósefsspítala fyrir fé úr Framkvæmdasjóði aldraðra en þess má geta að hluti af því fé sem hann fær í ár er vegna hvíldarinnlagna að sumri.

Í þriðja lagi er spurt: Hver var aldur þeirra sjúklinga sem hér um ræðir, a. meðalaldur, b. lægsti aldur?

Meðalaldur 1992 á St. Jósefsspítala Hafnarfirði var 76 ár og 1993 73 ár. Lægsti aldur á sama spítala var 72 ár 1992 og 65 ár 1993.

Aldursdreifing á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 1992 var meðalaldur 71 ár og lægsti aldur 57 ár.

[16:42]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Ég skildi hann þannig að sá meðalaldur sem hann kemur með hér og lægsti aldur sé sá sem er almennt á sjúkrahúsinu, þ.e. allar innlagnir, ekki einungis þessar umræddu mjaðmaaðgerðir. Það eru þær sem um ræðir því það hlýtur að vera dálítið erfitt að veita sjúkrhúsi ákveðinn rekstrarstyrk til þess að framkvæma ákveðinn fjölda mjaðmaaðgerða eða einhverra annarra aðgerða á öldruðum og fylgja því eftir að þær aðgerðir nýtist fyrst og fremst fyrir aldraða. Það hlýtur þó að vera hlutverk Framkvæmdasjóðs aldraðra að hann nýtist fyrst og fremst fyrir þann hóp þjóðfélagsþegna, þ.e. aldraða.

Það kemur mér dálítið spánskt fyrir sjónir þegar fulltrúar ákveðinna sjúkrastofnana, sem í þessu tilfelli var Hafnarfjarðarspítalinn eins og ég býst við að allir séu farnir að sjá miðað við tölur ráðherra, koma og tilkynna að þeir hafi fengið ákveðin framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra upp á 9 millj. Síðan hafi þeir fengið vegna hvíldarinnlagna og þá hafi verið gerður sérstakur samningur við þá um að framkvæma ákveðinn fjölda mjaðmaaðgerða. Í mínum huga rúmast þetta ekki innan þeirrar lagabreytingar sem gerð var á sínum tíma, ekki þessir verktakasamningar sem gerðir eru við ákveðin sjúkrahús til að framkvæma ákveðnar læknisaðgerðir og mér finnst þetta uggvænleg þróun.

Flokkun stera.

Fsp. GJH, 218. mál. — Þskj. 243.

[16:44]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Hormónið sterar eru afleiður frá kólesteróli sem framleitt er í kynkirtlum og nýrnahettum og er nauðsynlegt fyrir líkamsstarfsemina. Sterar eru líka afar mikilvæg sem læknislyf. Þeir eru notaðir sem ofnæmisbælandi efni, t.d. í asmalyfjum og exemáburði. Einnig eru sterar nauðsynlegir við líffæraflutninga svo að líkaminn hafni ekki hinum nýju líffærum. En þeir hafa líka önnur áhrif og óæskilegri. Inntaka þeirra hefur t.d. áhrif á aldósterón sem aftur veldur því að vökva- og saltbúskapur líkamans verður í ólagi og líkaminn þrútnar allur upp. Inntaka stera veldur líka æðasamdrætti í húð svo hún verður óhrein og einnig æðasamdrætti í nýrum, sem allir geta skilið að er harla óheppilegur. En aftur á móti veldur hún líka víkkun æða í heila og vöðvum. Þannig getur búskapur líkamans afmyndast og álag á hjartað orðið hættulega mikið. Mikil taka stera getur haft áhrif á lundarfar, aukið stress og þar með ofbeldishneigð eftir því sem erlendar fræðibækur segja. Á hinn bóginn er taka stera líka mikil freisting þeim sem taka þátt í keppni eða stefna að því að ná miklum afköstum, því stresshormóninn sem eflist við inntöku stera veldur því að blóðsykur hækkar, fólk hleypur hraðar, úthald eykst og afköst hjartans líka.

En oft þolir hjartað ekki hið aukna álag og bilar og þá er vítahringnum lokað og ánægjan snýst upp í andhverfu sína, sorglegan sjúkdóm eða jafnvel dauða. Því hef ég leyft mér á þskj. 243 að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh.:

Hefur ráðherra í hyggju að breyta flokkun steralyfja þannig að þau teljist eiturefni, þ.e. herða á ákvæðum viðvíkjandi neyslu steralyfja?

[16:46]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Svarið við spurningu hv. þm. Guðrúnar J. Halldórsdóttur er neitandi. Ekki eru uppi áform um það að breyta flokkun steralyfja á þann veg að þau teljist til eiturefna. Flokkun eiturefna fer eftir lögum um eiturefni og hættuleg efni, nr. 52/1988 en í 1. gr. þeirra laga segir:

„Eiturefni eru samkvæmt lögum þessum efni sem skráð eru á lista yfir eiturefni, sbr. 2. gr., svo og sérhver efnasamsetning og varningur er hefur að geyma slík efni í því formi og magni að venjuleg notkun þeirra felur í sér hættu á eitrunum í mönnum og dýrum samkvæmt mati ráðherra að fenginni umsögn eiturefnanefndar."

Svokölluð steralyf, og er með því átt við vefjaaukandi lyf, andrógen og jafnvel önnur lyf sem bannað er að nota innan íþróttahreyfingarinnar í þeim tilgangi að auka afreksgetu, eru flokkuð sem lyf og sem slík notuð í læknisfræðilegum tilgangi. Flokkun lyfja hér á landi er eins og á öðrum Norðurlöndum gerð samkvæmt svokölluðu ATC flokkunarkerfi sem unnið er á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO. Flokkun ávana- og fíkniefna fer eftir alþjóðasamningum um ávana- og fíkniefni frá 30. mars 1961 og frá 19. febr. 1971 ásamt viðaukum.

Á hinn bóginn hefur ekki síst fyrir tilverknað Íþróttasambands Íslands verið brugðist við ábendingum og tillögum þess þar sem reynt hefur verið að koma í veg fyrir misnotkun þessara lyfja og sérstaklega flutning þeirra með ólögmætum hætti hingað til lands. Í því samhengi var gerð breyting á reglugerð nr. 251/1992 um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald og fleira. Þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Lyf. Þó er farmanni eða ferðamanni heimilt að taka með í farangri sínum lyf til eigin nota í magni sem miðast mest við 100 daga notkun, enda sé ljóst á leiðbeiningum á umbúðum lyfs eða öðrum fullnægjandi gögnum, sem ferðamaður skal framvísa, hvert það magn sé. Ekki er þó heimilt að flytja inn karlkynshormónalyf af flokki anabólískra stera og hliðstæðra efna samkvæmt c-lið í skrá Alþjóðaólympíunefndarinnar eða peptíð hormón og hliðstæð efni samkvæmt f-lið í skrá Alþjóðaólympíunefndarinnar yfir lyf sem bönnuð eru í íþróttum umfram það magn sem farmaður eða ferðamaður þarf að nota til mest 30 daga. Tollverðir geta krafist þess að viðkomandi farmaður eða ferðamaður færi fullnægjandi sönnur á að honum sé nauðsyn á töku ofangreindra lyfja í því magni sem tilgreint er, t.d. með vottorði læknis."

Að mati heilbrrn. ætti ofangreind reglugerð að loka þeirri leið sem áður var opin án þess að það komi þeim sjúklingum illa sem á þessum lyfjum þurfa að halda að læknisráði.

[16:49]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svar hans. Það fer mjög misjöfnum sögum af neyslu stera hér á landi. Vaxtarræktarfólk og íþróttafólk segir að hún sé harla lítil en til eru þeir í þeim hópi sem telja hana sjálfsagða, en segja þó að neysla áfengis og stera fari ekki saman.

Fréttir hafa borist erlendis frá um morð sem álitin eru að eigi rætur að rekja til ofneyslu stera og skemmst er að minnast þess að slíkar fréttir komu frá Svíþjóð fyrir stuttu. Það er einnig vitað að tveir Íslendingar sitja í fangelsi í Flóríða fyrir smygl á sterum, svo litið er mjög alvarlegum augum á neyslu þeirra þar í landi. Það er því ánægjulegt að heyra að reglur um innflutning og meðferð stera hér á landi hafa verið hertar. En ég tel að betur megi ef duga skal og hæstv. heilbr.- og trmrh. þurfi að taka málin enn þá fastari tökum og sjá til þess að viðurlög við dreifingu og misnotkun þessara stera sé enn þá sterkari en nú er.

Sala ríkisins á verðbréfum og spariskírteinum.

Fsp. SJS, 169. mál. — Þskj. 187.

[16:51]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fyrir hæstv. viðskrh. nokkrar spurningar sem varða þá atburði sem urðu föstudaginn 29. okt. sl. þegar, eins og kunnugt er, fréttir bárust af áformum ríkisstjórnarinnar til að ná niður vöxtum. Það vakti nokkra athygli að þann dag stóðu viðskipti með verðbréf opin mestallan daginn og mikið kapphlaup hófst eðlilega um viðskipti og kaup á bréfum því menn þóttust sjá fyrir verulega vaxtalækkun. Af eðlilegum ástæðum reyndu ýmsir að ná sér í pappíra á hærri vöxtum eða betri kjörum, ef svo má að orði komast, heldur en í boði mundu verða eftir að aðgerðirnar hefðu komið til framkvæmda.

Það vakna ýmsar spurningar í þessu sambandi eins og t.d. hvers vegna viðskipti voru höfð opin þennan dag. Af hverju var ekki valin sú leið, eins og venjulega er nú þegar stjórnvöld tilkynna um breytingar af þessu tagi, að stöðva a.m.k. tímabundið viðskiptin á meðan óróleikinn gengur yfir. Í öðru lagi vakna spurningar um það hvort einhverjir aðilar hafi verið í sérstakri aðstöðu til þess að nýta sér vitneskju sem þeir einir bjuggu yfir en aðrir ekki. Ljóst virðist vera að fréttir af þessum áformum ríkisstjórnarinnar hafi lekið út og verið í höndum tiltekinna aðila sem strax um morguninn, áður en ráðstafanirnar voru kynntar, fóru þá út í umfangsmikil kaup á eftirmarkaði á bréfum.

Það hlýtur auðvitað líka að koma upp sú spurning hvort hæstv. ríkisstjórn geri þau mistök endurtekið að velja í raun og veru hvorki þá leið að boða aðgerðir sínar með góðum fyrirvara, þannig að menn viti að hverju þeir ganga og reyna með þeim hætti að forðast röskun og ójafnvægi á markaðinum, eða hina leiðina, sem er kannski venjulegri, að halda þeim upplýsingum svo vel hjá sér að þær séu ekki á annarra vitorði fyrr en málið er komið til framkvæmda.

Óneitanlega verður manni líka hugsað til gengisfellingarinnar sl. vor en ljóst er að upplýsingar um hana láku sömuleiðis út og voru í höndum einstakra aðila sem ástæða er til að ætla að hafi getað nýtt sér þá vitneskju.

Ég hef því spurt hæstv. viðskrh. og beðið um nokkrar upplýsingar um þetta mál:

1. Hverju nam heildarsala ríkisins — réttar væri e.t.v. að orða það Seðlabankans fyrir hönd ríkisins — á verðbréfum og spariskírteinum föstudaginn 29. október sl.?

2. Hver ber ábyrgð á því að viðskipti voru leyfð þennan dag?

3. Hvert má ætla að yrði söluverð sömu bréfa ef ríkisstjórnin nær markmiðum sínum í vaxtamálum?

4. Voru bankar eða opinberir sjóðir í hópi kaupenda þennan föstudag og ef svo er, hve mikið keyptu þeir?

[16:54]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því við Seðlabanka Íslands að hann afhenti mér svör við þeim spurningum sem hv. þm. beindi til mín á þskj. 187. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo:

Hverju nam heildarsala ríkisins á verðbréfum og spariskírteinum föstudaginn 29. október sl.?

Samkvæmt upplýsingum Seðlabanka Íslands var sala ríkisins á spariskírteinum 29. okt. 1993 sem hér segir:

2. flokkur D 1993 til fimm ára, nafnverð 61 millj. 670 þús. Söluverð 59 millj. 952 þús.

2. flokkur D 1993 til tíu ára, nafnverð 109 millj. 650 þús. Söluverð 102 millj. 103 þús. Söluverð er þannig samtals, bæði á fimm og tíu ára bréfum, 162 millj. 55 þús.

Seðlabankanum er ekki kunnugt um að ríkissjóður hafi selt önnur verðbréf 29. okt. 1993.

Í öðru lagi er spurt: Hver bar ábyrgð á því að viðskipti voru leyfð þann dag?

Svarið við því er að það var að sjálfsögðu fjmrh. sem bar ábyrgð á því.

Í þriðja lagi er spurt: Hvert má ætla að yrði söluverð sömu bréfa ef ríkisstjórnin nær markmiðum sínum í vaxtamálum? Hve háar fjárhæðir verður ríkissjóður að greiða í vexti umfram það sem orðið hefði ef bréfin hefðu selst á lægri vöxtum í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar, þ.e. 5%?

Söluverð spariskírteina 29. okt. 1993 var sem hér segir og þá tökum við fyrst raunverulega sölu:

2. flokkur D 1993 til fimm ára með 6,52% ávöxtun á ári var 59 millj. 952 þús. kr.

Ef um væri að ræða 5% ávöxtun á ári þá er um að ræða 64 millj. 373 þús. kr. og er þá mismunur 4 millj. 421 þús. kr.

Ef tekin eru tíu ára bréfin sem seldust með ávöxtunarkröfunni 6,67 þá var raunveruleg sala eins og fram kom hér fyrr, 102 millj. 103 þús. kr. En ef um 5% ávöxtun hefði verið að ræða þá hefði salan verið fyrir 119 millj. 404 þús. kr. Samtals er mismunurinn 17 millj. 301 þús. kr.

Í fjórða lagi er spurt: Voru bankar eða opinberir sjóðir í hópi kaupenda þennan föstudag og ef svo er, hve mikið keyptu þeir?

Í svari Seðlabankans er sölu á skuldabréfum ríkissjóðs og spariskírteinum skipt þannig milli söluaðila og tökum við þá fyrst fimm ára bréfin:

Seðlabanki Íslands keypti að nafnvirði fyrir 45 þús. kr., bankar og sparisjóðir fyrir 40 millj. 185 þús. kr. og verðbréfafyrirtæki fyrir 21 millj. 440 þús. kr.

Ef við tökum tíu ára bréfin þá keypti Seðlabanki Íslands að nafnverði fyrir 1 millj. 40 þús. kr., bankar og sparisjóðir fyrir 9 millj. 530 þús. kr. og verðbréfafyrirtæki fyrir 99 millj. og 80 þús. kr.

Í bréfi til mín frá Seðlabankanum, sem dagsett er 5. nóv., segir síðan í lokin, þegar búið er að gera grein fyrir fylgiskjalinu sem ég las upp úr, með leyfi forseta:

„Með tilvísun til 1. mgr. 38. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, sbr. lið 4 í fyrirspurn Alþingis, telur bankastjórnin sér ekki fært að upplýsa nánar um viðskipti einstakra aðila þar sem bankaráðsmenn, bankastjórnar og allir starfsmenn bankans eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptaaðila bankans.“

Ég vil aðeins til viðbótar upplýsa það að ég hef skrifað Seðlabankanum bréf, og var búinn að því áður en þessi fyrirspurn var lögð fram, þar sem ég óskaði eftir því að kannað yrði hvort um óeðlileg innherjaviðskipti hefði verið að ræða í þessu sambandi. Ég hef ekki fengið svar frá Seðlabankanum við þeirri fyrirspurn.

[16:59]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér sýnist að það hafi verið haldið einstaklega klaufalega á málum þennan dag af hálfu ríkisstjórnarinnar, hvort sem fjmrh. er ábyrgur fyrir þessu eða ekki. Ég vil vekja athygli á því að í kvöldfréttum sjónvarpsins daginn áður eru höfð eftir hæstv. viðskrh. ummæli sem ómögulegt er að skilja öðruvísi heldur en sem tilkynningu um það að vextir muni breytast daginn eftir og það er vitnað til ávarps hans á mannvirkjaþingi þennan sama dag, þ.e. 28. okt. og fréttamaður spurði annan fréttamann og hefur skýrum störfum eftir hæstv. viðskrh. að vextir muni lækka daginn eftir.

[17:01]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Þau voru skýr og greinargóð og þar kemur fram að talsverð sala, ég tek það fram að þar sé átt við frumsölu á bréfum, hafi farið fram þennan dag og það er að mínu mati auðvitað alveg ótrúlegt að fjmrh. skuli leyfa áfram frumsölu á spariskírteinum á miklu hærri kjörum heldur en áformað var að ná vaxtastiginu niður í strax á næstu dögum. Það kemur líka í ljós að þarna er á ferðinni munur upp á tvo tugi milljóna eða rúmlega það, en það sem er þó alvarlegast er að það eru fyrst og fremst bankar og verðbréfafyrirtæki í eigu bankanna og þar af ekki síst í eigu ríkisbankanna sem nýta sér þá aðstöðu að búa yfir vitneskju um þessa

hluti greinilega og kaupa þarna í verulegum mæli í frumsölu bréf á þessum kjörum. Og það er alveg ljóst að stærstur hluti af þessum mun fer í hendur bankanna og verðbréfafyrirtækjanna. Og síðan skjóta menn sér á bak við bankaleynd þessara aðila þó að þeir séu í opinberri eigu þegar spurt er nánar um það hvernig þetta skiptist. Ég vona að hæstv. viðskrh. fái greið svör um það hvort þarna hafi átt sér stað óeðlileg innherjaviðskipti og hann leggi þær upplýsingar á borðið því að það á ekki að hlífa þessum aðilum við því að þetta komi fram.

Ég vek athygli á því að til viðbótar þessu áttu sér stað umfangsmikil viðskipti á eftirmarkaði sem nema líklega hátt í milljarði kr. og þar er auðvitað líka á ferðinni stórkostlegur munur borið saman við ávöxtunarkröfuna eða kjörin eins og þau urðu strax á næstu dögum. Þetta er hið furðulegasta mál og verðskuldar að mínu mati að farið sé miklu betur ofan í saumana á því hverjir bera þarna ábyrgð, annars vegar fjmrh. sem leyfir söluna og hins vegar þá ríkisstjórnin sem hefur haldið illa á þessu, misst frá sér upplýsingar um þetta sem einstakir valdir aðilar hafa greinilega notfært sér með afar hæpnum hætti að mínu mati.

[17:03]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég held að menn verði að fara mjög varlega í því að upplýsa um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar með því að einn fréttamaður taki viðtal við annan fréttamann. Það liggur einfaldlega fyrir hvað ég sagði á þessu mannvirkjaþingi vegna þess að ég flutti þar skrifaða ræðu. Þar sagði ég að ríkisstjórnin væri að vinna í þessum málum og mætti búast við niðurstöðum fljótlega. Annað sagði ég ekki. Ef fréttamaður hefur síðan haft viðtal við annan fréttamann og gefið út einhverjar yfirlýsingar í því sambandi þá var það auðvitað hans mál.

En það var vitað alveg frá því að ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að beita sér fyrir vaxtalækkun fyrst í samningum við aðila vinnumarkaðarins og síðan aftur í tengslum við ákvörðun um heildaraflamark að það væri verið að vinna að þessu máli. Það var búið að leggja fram tiltekna skýrslu vaxtamyndunarnefndar sem ég sagði að mundi verða grundvöllurinn að aðgerðum ríkisstjórnarinnar og sagði að ég mundi leggja fyrir ríkisstjórnina tillögur á grundvelli þeirrar skýrslu um aðgerðir til að lækka vexti. Það mátti því öllum vera ljóst að til stóð að framkvæma þá aðgerð sem var framkvæmd nema e.t.v. hv. framsóknarmönnum því að þeir báðu um utandagskrárumræðu um vaxtamálin á svipuðum tíma sem ekki hefur farið fram enn. En ég ítreka það að það er ekki traust heimild að einn fréttamaður taki viðtal við annan.

Í öðru lagi er það auðvitað alveg rétt hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það er full ástæða til að skoða þau viðskipti sem fóru fram þennan dag. Ég hef sjálfur gengið úr skugga um að þetta eru ekki óvanalega mikil viðskipti. Þetta eru viðskipti innan eðlilegra marka sem hafa oft orðið raunar miklu meiri en þetta á einstökum dögum. Ég hef beðið Seðlabankann um að skoða hvort þarna sé um óeðlilega viðskiptahætti að ræða. Hann er að rannsaka það. En ég fæ ekki frekar heldur en aðrir þingmenn og ráðherrar upplýsingar um einstaka viðskiptavini Seðlabankans og get því ekki sjálfur geint neitt nákvæmar frá þeim upplýsingum sem Seðlabankinn kann að hafa annað en það sem ég hef þegar gert. En ég mun ganga eftir því að fá svar við bréfi mínu til Seðlabankans.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að öðrum þingmönnum en fyrirspyrjanda og ráðherra er einungis heimilt að gera einu sinni stutta athugasemd í eina mínútu.

Samkeppnisstaða einkarekinna garðplöntustöðva.

Fsp. MF, 210. mál. — Þskj. 235.

[17:05]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 235 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. viðskrh. um samkeppnisstöðu einkarekinna garðplöntustöðva. Félag garðplöntuframleiðenda sendi fyrir 8 mánuðum erindi til Samkeppnisstofnunar þess efnis að stofnunin taki til skoðunar það starfsumhverfi og markaðsaðgengi sem einkareknar garðplöntustöðvar búa við í samkeppni við ríkisreknar eða ríkisstyrktar stofnanir. Erindi félagsins varðar annars vegar starfsemi Skógræktar ríkisins og hins vegar starfsemi skógræktarfélaganna, þó einkum Skógræktarfélags Reykjavíkur.

Í greinargerð sem fylgdi erindi þeirra er rakin sú þróun sem átt hefur sér stað í starfsemi þessara opinberu og hálfopinberu stofnana og hefur leitt til þess að ríkisreknar eða ríkisstyrktar garðplöntustöðvar eru að mati garðplöntuframleiðenda í sífellt vaxandi mæli í beinni samkeppni við garðyrkjubændur landsins.

Það er fullkomlega óeðlilegt ef rétt reynist að fyrirtæki sem njóta verulegra styrkja úr sameiginlegum sjóðum landsmanna ráði verðmyndun á sölumarkaði fyrir utan það óréttlæti sem birtist í því að ríkið skuli hafa forgöngu um samkeppni sem er að sliga garðyrkjubændur á sama tíma og samdráttur er í atvinnu á landsbyggðinni og á sama tíma og garðyrkjubændur eru að búa sig undir samkeppni við erlenda aðila á takmörkuðum innlendum markaði. Eðlilegra væri að á þessum tíma væri ríkið að fela garðyrkjubændum aukin verkefni til að styrkja stöðu þeirra, enda væri það í samræmi við ályktun Alþingis frá því fyrir tveimur árum þar sem fram var settur vilji Alþingis um að færa ætti í auknum mæli verkefni frá ríkisreknum fyrirtækjum eins og Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins til bænda.

Eftir að hafa kynnt mér erindi Félags garðplöntuframleiðenda efast ég um að ályktun þessari hafi verið fylgt eftir. Að þeirra mati eiga garðplöntuframleiðendur nú í sífellt vaxandi samkeppni við ríkisrekin eða ríkisstyrkt fyrirtæki og í greinargerð þeirra kemur fram að samkvæmt lögum um Skógrækt ríkisins hafi henni

ekki verið ætlað þetta samkeppnishlutverk. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

Hefur erindi Félags garðplöntuframleiðenda til Samkeppnisstofnunar frá því í mars sl. varðandi samkeppnisstöðu einkarekinna garðplöntustöðva gagnvart ríkisreknum og ríkisstyrktum gróðrarstöðvum verið afgreitt?

Ef svo er, hver varð niðurstaða Samkeppnisstofnunar varðandi þetta erindi?

[17:08]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan fá að taka þessar spurningar báðar saman á þskj. 235 vegna þess að svarið við annarri spurningunni liggur í svarinu við þeirri fyrri. Svarið er sem hér segir:

Erindi Félags garðplöntuframleiðenda til Samkeppnisstofnunar hefur ekki verið afgreitt enn en það er unnið að því máli og þess vænst að niðurstaða fáist innan tíðar. Erindi félagsins fjallaði um samkeppnisaðstöðu einkarekinna garðplöntustöðva gagnvart, að því er sagði í erindinu, ríkisreknum og ríkisstyrktum gróðrarstöðvum. Þar er átt við Skógrækt ríkisins og einstök skógræktarfélög sem reka gróðrarstöðvar.

Efni erindisins á sér hins vegar langa sögu. Þannig telja hinar einkareknu gróðrarstöðvar mismunað með ýmsum hætti í samanburði við þær stöðvar sem erindi þeirra beinist gegn. Þær telja m.a. að sveitarfélög beini viðskiptum sínum með óeðlilegum hætti til skógræktarfélaga og Skógræktar ríkisins og að um skattalegan mismun sé að ræða og fleira.

Af erindi Félags garðplöntuframleiðenda var ekki ljóst á hvern hátt umkvörtunarefnið félli undir samkeppnislögin og því þurfti að eiga með félaginu fundi vegna þessa til að skilgreina erindi þess nánar. Ljóst er að þau atriði sem erindi félagsins tekur til varðar þannig t.d. ekki brot á bannákvæðum samkeppnislaga. Hefur því verið reynt að afla margvíslegra gagna til að kanna hvort þeir aðilar sem erindinu er beint gegn hafi með einhverjum öðrum hætti brotið gegn markmiðum samkeppnislaga og hvaða greinar þeirra málið getur þá varðað.

Samkeppnisstofnunin hefur átt fundi með hlutaðeigandi aðilum, unnið að víðtækri gagnaöflun og leitað umsagna og álitsgerða. Umkvörtunarefni Félags garðplöntuframleiðenda er flókið og umfangsmikið. Af eðlilegum ástæðum tekur það talsverðan tíma í vinnslu og ekki síst með hliðsjón af þeim mikla fjölda mála sem borist hefur samkeppnisyfirvöldum til umfjöllunar, en eins og ég sagði í upphafi að svari mínu, þá er þess engu að síður vænst að niðurstaða fáist innan tíðar.

[17:10]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég tók það þannig að hæstv. ráðherra ætlaði að svara báðum fyrirspurnunum núna, einnig með fjölda erinda sem borist hafa til Samkeppnisstofnunar. Ef hæstv. ráðherra ætlar að koma hér aftur og gera grein fyrir því, hafi hann gert það í þessari ræðu, þá fór það fram hjá mér.

Ég fagna því að það á að flýta því að afgreiða erindi sem garðplöntuframleiðendur sendu inn í mars. Það eru komnir 8 mánuðir og ekki hafa borist svör enn en upphaf þess var þó það að garðplöntuframleiðendur fóru á fund Samkeppnisstofnunar og töluðu þar við lögfræðinga, gerðu grein fyrir sínum málum og að mati sérfræðinga stofnunarinnar þá var sagt að samkeppnislög væru greinilega þverbrotin. Þess vegna var í beinu framhaldi af því send inn greinargerð frá Félagi garðplöntuframleiðenda til stofnunarinnar til úrlausnar en svör hafa ekki borist enn. Og ég mundi nú vilja beina því til hæstv. ráðherra ef hann hefði tök á að hvetja þá til þess að garðplöntuframleiðendum verði svarað hið fyrsta.

Það kemur m.a. fram í greinargerð sem þeir sendu með beiðni sinni að garðplöntuframleiðsla hjá ríkisreknum eða ríkisstyrktum fyrirtækjum var engin árið 1962, en 1990 voru framleiddar 145.201 planta og hefur aukist verulega síðan á þessum tveimur árum. Þá er einnig bent á að þrátt fyrir að hæstv. landbrh. hafi skipað nefnd til þess að gera tillögur um nýtt rekstrarform á gróðrarstöðvum í eigu ríkisins þá telja garðplöntuframleiðendur að nokkrir þeirra nefndarmanna sem hafa verið tilnefndir séu vanhæfir þar sem þeir eigi jafnframt sæti í stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur. Ég tel því fulla ástæðu til þess að þetta erindi fái afgreiðslu hið fyrsta.

[17:13]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ef forseti gerir ekki athugasemdir við það, þá gæti ég út af fyrir sig í þessari ræðu svarað einnig fsp. á þskj. 234 og mun þá gera það jafnframt sem ég lýsi því yfir að ég mun stuðla að því að ganga eftir því að erindi Félags garðyrkjubænda verði svarað. Hefur forseti á móti því? (**Forseti:** Forseti vill taka fyrir 7. mál á dagskrá og þeirri fsp. verði formlega svarað frekar en það sé gert undir þessum dagskrárlið.)

Erindi til samkeppnisráðs.

Fsp. MF, 209. mál. — Þskj. 234.

[17:14]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Það hefði verið fyrir mitt leyti allt í lagi þó að hæstv. ráðherra hefði svarað þessari fsp. um leið því að hún leiðir í rauninni af hinni. En á þskj. 234 beini ég spurningum til hæstv. viðskrh. varðandi fjölda erinda sem borist hafa til samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar.

Í umræðum undanfarið hefur það komið fram að um verulegan fjölda erinda sé að ræða sem send hafa verið samkeppnisráði til úrlausnar. Dæmi eru um það að erindi sem borist hafa stofnuninni til úrlausnar hafi legið þar mánuðum saman án þess að sá aðili sem erindið sendi fái svör, samanber fsp. sem ég mælti fyrir hér áðan. Og eftir þeim upplýsingum sem ég hef er ástæðan hinn mikli fjöldi erinda sem send er inn til úrlausnar.

Ég set þessar spurningar ekki fram í neikvæðri merkingu fyrir Samkeppnisstofnun eða samkeppnisráð heldur einungis vegna þess að fróðlegt er að velta því fyrir sér hvort samþykkt laga um stofnunina hefur orðið til þess að menn leiti nú frekar til Samkeppnisstofnunar en áður var til Verðlagsstofnunar og verðlagsráðs og hver væri þá ástæðan þess. Hvort samhengi er milli aukinna erfiðleika og vaxandi samkeppni atvinnufyrirtækja og atvinnulífsins og fjölda erinda til Samkeppnisstofnunar og það hvort ekki sé nauðsynlegt að gera einhverjar breytingar á lögum um starfshætti stofnunarinnar ef stofnunin annar ekki með góðu móti þeim verkefnum sem til hennar eru send. Því spyr ég hæstv. ráðherra:

„1. Hversu mörg erindi hafa borist samkeppnisráði og Samkeppnisstofnun til úrlausnar frá því að stofnunin tók til starfa?

2. Er um fjölgun að ræða í samanburði við þann fjölda erinda sem bárust verðlagsráði og Verðlagsstofnun?"

[17:15]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrri spurningin hljóðar svo:

„Hversu mörg erindi hafa borist samkeppnisráði og Samkeppnisstofnun til úrlausnar frá því að stofnunin tók til starfa?" Svarið er á þessa lund: Frá því að samkeppnislög tóku gildi 1. mars sl. hafa samkeppnisyfirvöldum borist yfir 60 erindi er varða athugasemdir, kvartanir og kærur er lúta að samkeppnishindrun í einu eða öðru formi. Á sama tíma hafa Samkeppnisstofnun borist um 30 erindi sem tengjast eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum. Fjölmargar verðkannanir hafa verið gerðar af hálfu Samkeppnisstofnunar frá þeim tíma er hún tók til starfa í því skyni að auka gagnsæi markaðarins og efla virka samkeppni.

Enn fremur hefur Samkeppnisstofnun með höndum eftirlit með greiðslukortastarfsemi og eftirlit með upplýsingamiðlun varðandi neytendalán en lög þar að lútandi tóku gildi nú í haust. Með samkeppnislögum tóku nýjar reglur gildi um auglýsingar og sett var á fót auglýsinganefnd sem er ráðgjafaraðili samkeppnisráðs. Verðlagning á vöru og þjónustu hefur að mestu leyti verið felld undan ákvæðum stjórnvalda. Samkeppnisráð afnam verðlagsákvæði á nokkrum þjónustugreinum sl. vor og er nú einungis verðlagning á sementi, leigubifreiðatöxtum og nokkrum landbúnaðarvörum háð ákvörðun ráðsins.

Loks hefur Samkeppnisstofnun ásamt eftirlitsstofnun EFTA verið falið að aðstoða við undirbúning að framkvæmd samkeppnisreglna, reglna um neytendavernd og reglna um ríkisstyrki sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Í öðru lagi er spurt: „Er um fjölgun að ræða í samanburði við þann fjölda erinda sem bárust verðlagsráði og Verðlagsstofnun?" Svarið er á þessa lund: Verksvið samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar er ólíkt því sem er hjá verðlagsráði og Verðlagsstofnun sem starfaði eftir lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti.

Samkeppnislögin fela í sér þá meginbreytingu að áhersla er lögð á að efla virka samkeppni í viðskiptum en bein afskipti stjórnvalda af verðlagi heyra til undantekninga. Hert er á banni við þeim tegundum samkeppnishindrana sem taldar eru skaðlegastar og aukið eftirlit með öðrum til að koma í veg fyrir misbeitingu þeirra. Enn fremur eru ákvæði í samkeppnislögum sem mörkuðu tímamót, en það eru ákvæði um eftirlit með opinberum samkeppnishindrunum og samkeppnishindrunum í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Þau mál sem borist hafa samkeppnisyfirvöldin frá því að samkeppnislögin tóku gildi eru mun fleiri og flóknari en þau mál sem verðlagsráð og Verðlagsstofnun unnu að á svipuðu tímabili árið 1992. Það eru ekki síst mál sem tengjast opinberum samkeppnishindrunum eða samkeppnishindrunum í skjóli lögboðinnar verndar sem hafa komið til kasta Samkeppnisstofnunar.

[17:18]

Fyrirspyrjandi (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svör hans bæði við fyrri fsp. sem ég var með og svo aftur þessari síðari. Svörin sögðu mér þó kannski ekki það sem ég er að velta fyrir mér, hvort það sé þörf á einhverjum breytingum á lögum um starfshætti stofnunarinnar vegna þess að það er augljóst að hún sinnir ekki með góðu móti þeim verkefnum sem til hennar hafa verið send, ekki þegar verkefnin liggja þar mánuðum saman óafgreidd. En eðlilega þarf hún sinn aðlögunartíma og sjálfsagt verður tekið á þeim málum þegar þeim aðlögunartíma er lokið og reynslan hefur sýnt hvort þarf að bæta úr.

Ég þakka svo virðulegum forseta fyrir mig í dag og fróðleiksfýsn minni er svalað.

[17:19]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að það eru miklar breytingar á störfum Samkeppnisstofnunar frá þeirri starfsemi sem var hjá Verðlagsstofnun. Til frekari upplýsinga get ég skýrt frá því að stofnunin er nú að vinna sér starfsreglur í samráði við viðskrn. um hvernig hún skuli standa að starfsemi sinni þannig að hún nýtist sem best. Ég vil jafnframt vekja athygli á því að þarna er ekki um að ræða viðbætur við þá starfsemi sem var hjá Verðlagsráði því að ýmsir þeir þættir sem Verðlagsráð sinnti áður falla nú alfarið niður þannig að það má ekki líta svo á að Samkeppnisstofnun sé viðbót við Verðlagsstofnun eins og hún var, heldur er hér um alveg nýja stofnun að ræða sem sinnir nýjum verkefnum og má ekki líta svo á að þarna sé um hreinar viðbætur að ræða við þau verkefnum sem Verðlagsstofnun sinnti.

Útbýting þingskjals:

Samkeppnislög, 239. mál, stjfrv., þskj. 274.

Greiðsluaðlögun.

Fsp. SigG, 180. mál. — Þskj. 199.

[17:20]

Fyrirspyrjandi (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Spurningu minni er beint til hæstv. félmrh. og hún hljóðar svo:

„Hvað líður athugun ráðuneytisins á setningu laga um greiðsluaðlögun?"

Á 116. löggjafarþingi lögðu sá er hér mælir og hæstv. núv. umhvrh. fram till. til þál. um greiðsluaðlögun fyrir fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum. Tillagan var svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela félmrh. að skipa nefnd er undirbúi samningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Nefndin skal m.a. kanna svipuð lög annars staðar á Norðurlöndum og afla upplýsinga um reynsluna af þeim."

Ástæður þær er lágu til grundvallar þáltill. voru sívaxandi skuldir heimila sem ætla má að séu um þessar mundir 240–250 milljarðar kr. Það er áhyggjuefni hversu slæm skuldastaða heimilanna er um þessar mundir, ekki síst í ljósi versnandi atvinnuástands síðustu missira. Það hefur hins vegar gerst frá því að þáltill. var lögð fram í vor að hæstv. félmrh. hefur beitt sér fyrir skuldbreytingum húsnæðislána og einnig hafa stjórnvöld beitt sér myndarlega og haft þau áhrif á vaxtamarkað að raunvextir hafa lækkað verulega á síðustu vikum og nálgast raunvaxtastig í helstu viðskiptalöndum okkar. Það er sannarlega ljós í myrkri skuldastöðu heimilanna í landinu.

Hugmyndirnar sem búa að baki tillögunni og lögum um greiðsluaðlögun eru þær hvort ekki sé heppilegra og kostnaðarminna fyrir ríkisvald, banka, stofnanir og einstaklinga í landinu að komast hjá og fækka gjaldþrotum einstaklinga, sem iðulega hafa í för með sér að einn helsti hornsteinn samfélagsins, fjölskyldan, leysist upp með þeim alvarlegu samfélagslegu afleiðingum sem slíkt hefur oft í för með sér.

Því miður komst þáltill. ekki á dagskrá í vor og kom því ekki til umræðu. Hins vegar lýsti hæstv. félmrh. því yfir við umræður um atvinnuleysistryggingar hinn 7. maí sl. að nefnd þriggja ráðherra væri að hefja vinnu að athugun á greiðsluerfiðleikum og þar með talinni greiðsluaðlögun. Því spyr ég hæstv. félmrh. hvað þeirri vinnu líði.

[17:23]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sem svar við þessari fsp. þá hefur verið skipuð nefnd til að meta gagnsemi þess að koma á fót sérstakri greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika. Nefndinni er falið að kanna reynsluna af löggjöf á Norðurlöndum um greiðsluaðlögun til að aðstoða fólk í verulegum greiðsluerfiðleikum og undirbúa frv. ef þurfa þykir. Í nefndinni eru fulltrúar frá félmrn., dómsmrn., Húsnæðisstofnun og húsnæðismálastjórn. Nefndinni er ætlað, samkvæmt skipunarbréfi, að hafa samráð við Neytendasamtökin, verkalýðshreyfinguna og fjármálastofnanir.

Nefndin vinnur nú að gagnaöflun hér á landi um greiðsluvanda heimilanna með það að markmiði að reyna að greina vandann nánar, fá upplýsingar um umfang og ástæður. Samráðsfundur með fulltrúa frá Neytendasamtökunum hefur verið haldinn og fleiri fundir eru í bígerð.

Mikilvægt er að vanda allan undirbúning og leita nánari upplýsinga um orsök og afleiðingar. Einnig og ekki síður er mikilvægt, tel ég, að treysta þær fyrirbyggjandi aðgerðir sem nú eru fyrir hendi í greiðslumati og fræðslu þannig að hægt sé að forða óþarfa greiðsluvanda í framtíðinni.

Ég vil einnig nefna að á vormánuðum var sett á laggirnar norræn rannsóknarnefnd á vegum norræns samstarfs á sviði húsnæðismála sem fékk það verkefni m.a. að bera saman aðgerðir vegna greiðsluvanda og árangur þeirra. Félmrn. hefur tekið þátt í þessu verkefni og hefur í tengslum við það aflað upplýsinga um þær aðgerðir sem nefndar hafa verið um greiðsluaðlögun. Danir voru fyrstir til að koma á slíku fyrirkomulagi en í byrjun þessa árs tóku gildi lög í Noregi um greiðsluaðlögun og um mitt þetta ár tóku Finnar upp svipað fyrirkomulag.

Í Svíþjóð er tilbúið frv. um greiðsluaðlögun en það hefur enn ekki verið lagt fram. Þeir vilja hinkra við og sjá m.a. hvernig þetta reynist hjá Norðmönnum og Finnum.

Það sem hægt er að segja núna um þróunina í Noregi er að miklar væntingar voru í upphafi bundnar við þessar aðgerðir, að hægt væri að leysa vanda fjölmargra, en sú er ekki raunin. Þessi aðgerð er flókin í framkvæmd og hentar tiltölulega fáum. Á miðju þessu ári höfðu um 2.000 sótt um greiðsluaðlögun í Noregi og aðeins höfðu verið gefin um 200 jákvæð svör. Því er þetta nefnt að ekki er ráðlegt að gefa of miklar væntingar um að greiðsluaðlögun, þótt hún komist til framkvæmda hér á landi, dugi nema til að leysa vanda þeirra sem allra verst eru staddir.

[17:25]

Fyrirspyrjandi (Sigbjörn Gunnarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka svör hæstv. félmrh. og mér er það ánægjuefni að þessi vinna er hafin. Ég tek undir með hæstv. félmrh. að það er mikil nauðsyn að vanda til þessarar vinnu þannig að sem best megi til takast og fagna því að fylgst er með þeim áhrifum sem lagasetning af þessu tagi hefur haft í helstu nágrannalöndum okkar.

Félagslegar aðstæður nýbúa.

Fsp. GJH, 220. mál. — Þskj. 245.

[17:26]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Á árunum 1985–1992 fjölgaði erlendum ríkisborgurum búsettum á Íslandi úr 3.499 í 4.826, þ.e. um 1.327 manns. Þar við bætist að á sama tíma fjölgaði íslenskum ríkisborgurum sem fæddir eru erlendis um 3.067. Alls er því hér um að ræða 4.400

manna fjölgun. Þó telja verði að hluti af þessari tölu séu börn heimfluttra Íslendinga gefa þessar tölur til kynna að hópur nýbúa á Íslandi fer ört vaxandi og vex miklu hraðar nú en áður.

Á árunum 1973–1985, þ.e. á 12 ára tímabili, voru sömu tölur, 2.028 og 648, þ.e. þar er um að ræða 2.676 manns á miklu lengra tímabili.

Tölurnar gefa til kynna að fjölgunin er 223 á ári hin fyrrnefndu 12 ár, en á síðustu sjö árum er fjölgunin 771 á ári.

Þeir sem setjast að hér eru frá mörgum þjóðlöndum með misjafna trú og siði og oft gerólík landslög. Rauði krossinn hefur annast félagslega fyrirgreiðslu fyrir flóttamenn og svo eru til ættjarðarfélög margra þessara nýbúa sem og eitt félag nýbúa á Íslandi. En samt gefur auga leið að félagsleg vandamál þessa fjölbreytta hóps sem nú auðgar íslenskt samfélag hljóta að vera mörg og stækkandi, ekki síst núna í vaxandi atvinnuleysi. Þá hlýtur óöryggið að vera enn þá meira.

Menntmrh. hefur brugðist vel við og reynt að bæta úr ýmsum vanda varðandi íslenskumenntun nýbúa en heildarstefnu um réttindi, þjónustu og menntun sem þeir verða að njóta í íslensku samfélagi vantar algjörlega að mínu mati.

Félmrh. hefur lagt margt og mikið af mörkum til að bæta félagslega aðstöðu nýbúa, ekki síður en menntmrh. hefur gert, en betur má ef duga skal. Það má t.d. spyrja, eiga nýbúar rétt á túlkaþjónustu á spítölum eða í samskiptum við hið opnbera, svo einhver dæmi séu nefnd um þjónustu sem bráðvantar. Því spyr ég á þskj. 245:

„Hvernig hefur hæstv. félmrh. hugsað sér að bæta félagslegar aðstæður nýbúa hér á landi?"

[17:30]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Að undanförnu hef ég í sívaxandi mæli orðið vör við að málefni nýbúa hérlendis þarfnast sérstakar athugunar við. Eins og kunnugt er hefur stuðningur stjórnvalda við nýbúa fyrst og fremst verið fólginn í fræðslu, nánar tiltekið íslenskukennslu, og hefur menntmrn. annast þann þátt og þar hefur náðst verulegur árangur. Á vegum félmrn. hafa hins vegar verið gefin út tvö kynningarrit um félagsleg réttindi fyrir nýbúa, auk þess hefur félmrn. veitt fjárstyrk vegna námskeiða á vegum Rauða krossins fyrir nýbúa. Þá hafa mér nýlega borist tvö erindi um málefni nýbúa, annað lýtur að frekari útgáfu í þágu þeirra í tengslum við námskeið í nýbúafræðslu, hitt er beiðni um fjárstyrk til þess að unnt sé að starfrækja áfram upplýsinga- og menningarmiðstöð fyrir nýbúa sem starfrækt hefur verið á vegum Íþrótta- og tómstundaráðs Reykjavíkur.

Ég tel þá starfsemi afar mikilvæga nýbúum og tel brýnt að hún geti haldið áfram og að henni verði tryggður starfsgrundvöllur og sá stuðningur sem til þarf til að hún geti haldið áfram.

Þessi erindi eru nú til athugunar í félmrn. í samráði við menntmrn. og það er rétt að geta þess varðandi síðarnefnda málið að á vegum ráðuneytisins voru veittar 600 þús. kr. til upplýsinga- og menningarmiðstöðvarinnar úr 60 millj. kr. sjóðnum til atvinnuskapandi verkefna fyrir konur gegn mótframlagi úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Eins og kunnugt er skortir lagaákvæði sem kveða skýrt á um rétt nýbúa til félagslegrar þjónustu. Segja má að nýbúar eigi sama rétt til félagslegrar þjónustu sveitarfélaga og aðrir íbúar sveitarfélaganna. Hitt er að þarfir nýbúa í félagslegum efnum eru um margt aðrar og meiri en annars fólks. Þess vegna tel ég að það sé nauðsynlegt að skoða mál þeirra sérstaklega með það fyrir augum að tryggja betur rétt þeirra í lögum. Þetta á einkum við um ungmenni og börn nýbúa og vil ég í þeim efnum vekja sérstaklega athygli á niðurstöðu málþings sem haldið var á vegum samtakanna Barnaheill fyrir rúmu ári síðan. Erindi á þeirri ráðstefnu hafa birst í tímariti Barnaheilla og þar geta menn fræðst um þá erfiðleika sem börn nýbúa mæta gjarnan.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé orðið mjög tímabært að málefni nýbúa séu tekin til umfjöllunar þannig að unnt sé að öðlast heildarsýn yfir mál þeirra svo ljóst sé hvar skórinn kreppir að.

Ég tel einkum mikilvægt að skýra ábyrgð einstakra aðila, ráðuneyta svo og sveitarfélaga, þannig að ljóst verði hvert nýbúar geti leitað réttar síns í einstökum málum. Þess vegna tel ég afar brýnt að mörkuð verði heildarstefna í málefnum nýbúa með þátttöku þeirra ráðuneyta sem málið varðar auk Sambands ísl. sveitarfélaga, að ógleymdum þeim aðilum sem nú starfa að málefnum nýbúa, svo sem Rauða krossinum. Viðfangsefnið væri að gera tillögur um aðgerðir til úrbóta í málefnum nýbúa sem ég hef hér vikið að. Ég vil einkum að fjallað verði um félagslegar aðstæður flóttamanna í þessu sambandi. Reynslan sýnir að þeir þarfnast stuðnings í mun lengri tíma en nú er og fleiri aðilar þurfa að axla ábyrgð í þeim efnum. Rauði krossinn hefur þar lagt fram mikla og góða vinnu en úrræðaskortur hamlar því að það starf beri jafnríkan árangur og annars væri, t.d. í húsnæðis- og leikskólamálum.

[17:33]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég hef áður greint að nokkru frá því hvað unnið hefur verið í málefnum nýbúa á vegum menntmrn. Ég læt þess getið hér að menntmrn. hefur ráðið Ingibjörgu Hafstað sem verkefnisstjóra fyrir kennslu nýbúabarna í skólum og Ástu Kristjánsdóttur til þess að sinna fullorðinsfræðslu nýbúa fyrir ráðuneytið. Það eru haldnir fræðslufundir og námskeið fyrir kennara sem kenna nýbúum og það hefur verið óskað sérstaklega eftir samstarfi við samtök foreldra barna í grunnskólum, Heimili og skóla.

Það er rétt hjá hv. fyrirspyrjanda að það hefur ekki verið um að ræða neina heildarstefnu í málefnum útlendinga sem flytjast til landsins, en fjöldi þeirra hefur aukist mjög á undanförnum árum. Í menntmrn. hafa verið haldnir fundir með fulltrúum frá Útlendingaeftirlitinu og Hagstofu Íslands um stöðu nýbúa almennt, réttindi, skyldur og skráningu, sem virðist í sumum tilvikum vera ófullkomin. Að fenginni reynslu menntmrn. af málefnum nýbúa tel ég brýnt að mótuð verði

heildarstefna í málefnum þeirra sem flytjast búferlum til landsins. Þess vegna hef ég lagt til við ríkisstjórnina að skipuð verði nefnd, t.d. með fulltrúum forsætis-, utanríkis-, félagsmála-, dómsmála- og menntamálaráðuneytis. Nefndin kynnir sér m.a. aðstöðu nýbúa hér á landi, svo og stefnu í útlendingamálum í nágrannalöndum og leggi til hvernig tekið skuli á þeim málum hér á landi.

Þetta þótti mér rétt að kæmi hér fram þar sem með framangreindum aðgerðum er verið að bæta félagslega aðstöðu nýbúa.

[17:35]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að bera upp þessa fsp. og ráðherrum tveimur fyrir þeirra undirtektir sem ég heyri og þann skilning sem er á þessum málum. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að aðgerðir verði samræmdar hið snarasta til að styrkja stöðu nýbúa í samfélagi okkar sem oft og tíðum er þeim mjög framandlegt og þekking þeirra á samfélaginu iðulega minni en skyldi. Það hlýtur að gera stöðu þeirra veikari sem flytjast hingað til landsins að kunna ekki full skil á því samfélagi sem við lifum í og þar með aðstæður þeirra til þess að spjara sig í samfélaginu verri. Þar af leiðandi held ég að það þurfi að koma til mjög fljótlega sameiginlegt átak á borð við það sem hæstv. menntmrh. kynnti og aðgerðir að fylgja í kjölfarið.

[17:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem líka til að þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fsp. og jafnframt þeim ráðherrum sem hér hafa tekið til máls. Það er alveg greinilegt að þetta mál nýtur velvildar hjá ráðherrum þessarar ríkisstjórnar og vissulega ber að þakka það, þar sem greinilega á að fara að taka á þessu máli. Ég vil bara ítreka það enn og aftur að það er alveg nauðsynlegt að fram komi einhver heildarstefnumótun í málefnum nýbúa og vil af því tilefni taka undir það sem hæstv. menntmrh. sagði áðan, að hann hefði nýlega látið skipa nefnd sem skoðaði þau mál. Ég tel ástæðu til þess að koma ekki eingöngu hér upp til að gagnrýna ríkisstjórnina heldur einnig til að þakka fyrir það sem ég álít að vel sé gert.

[17:37]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherrum svör þeirra. Það er náttúrlega þannig á Íslandi að málefni nýbúa eru nýrri af nálinni heldur en annars staðar á Norðurlöndum. Þar af leiðandi erum við á ýmsan hátt á eftir þeim í því sem við gerum og getum því lært heilmikið af þeim. Þess vegna fagna ég því að það skuli eiga að stofna þessa nefnd sem hæstv. menntmrh. sagðist hafa gengist fyrir að stofnuð yrði og að hún muni leita fanga innan lands og á hinum Norðurlöndunum og kanna hvernig best er að haga málum. Ég fagna því sem gert hefur verið og ég tel að núna síðustu missirin hafi verið tekið virkilega myndarlega á málefnum nýbúa. En eins og ég sagði, við erum á eftir hinum og það er knýjandi að við höldum áfram frjósömu og jákvæði starfi eins og verið hefur upp á síðkastið.

Ég vil þakka félmrh. sérstaklega, hún hefur alveg frá upphafi sýnt mikinn skilning á vandamálum nýbúa. En mig langar að beina því til hennar að ég held að það sé nauðsynlegt að í hverju einasta skólaumdæmi a.m.k., ef ekki víðar, sé félagsmálafulltrúi sem sérstaklega hafi á sinni könnu málefni nýbúa. Ég vil beina því til hennar hvort ekki sé hægt á meðan verið væri að móta heildarstefnu að koma slíkri starfsemi af stað í sérhverju fræðsluumdæmi á landinu.

[17:40]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Það hefur komið fram í máli mínu og hæstv. menntmrh. að nauðsynlegt sé að móta heildarstefnu í málefnum nýbúa og að sett verður nefnd til þess að skoða heildarstefnumótun í málum þessa hóps. Það atriði sem síðasti ræðumaður spurði um tel ég að verði tekið inn í þá heildarendurskoðun en ég nefndi líka í mínu máli hér áðan að við erum að skoða einstaka þætti þessa máls sem hægt væri að flýta óháð þessari heildarstefnumótun. Ég mun taka það upp í samráði við menntmrh. hvort eitthvað sé hægt að gera í þessu máli.

Reglugerð um vistun barna í sveit.

Fsp. DH, 229. mál. — Þskj. 257.

[17:41]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 257 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. félmrh. Í 16. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, er kveðið á um að öllum þeim sem stöðu sinnar vegna hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna er skylt að stuðla að því að barnaverndarstarf komi að sem mestum notum og skulu þeir hafa samvinnu við barnaverndaryfirvöld í því skyni.

Það nýmæli er í greininni að kveðið er á um að félmrh. setji reglugerð um samvinnu barnaverndaryfirvalda við aðrar stofnanir í samráði við þau ráðuneyti sem viðkomandi stofnanir heyra undir. Í tengslum við Stéttarsamband bænda eru til samtök vistforeldra í sveit. Þetta eru samtök sem leggja metnað sinn í að búa þeim börnum sem þeim er trúað fyrir góð heimili. Þessi samtök hafa staðið fyrir námskeiðahaldi og fræðslu fyrir vistforeldra til að gera þá hæfari til starfsins. En vissulega eru vistunarúrræði af margvíslegum toga. Flest börn eru eingöngu í sumardvöl frá nokkrum vikum upp í að vera allt sumarið. Það eru barnaverndarnefndir viðkomandi sveitarfélaga sem veita heimilum leyfi til að taka börn í sumardvöl. En eins og flestum er kunnugt eru nærri tvö hundruð barnaverndarnefndir í landinu í dag og ekki nema lítill hluti þeirra starfar eins og lög gera ráð fyrir. Þurfa þessar nefndir ekki leiðbeinandi reglugerð til að starfa eftir?

Nú er það svo að börn eru einnig vistuð til lengri tíma en í sex mánuði en þá er dvölin orðin nokkurs konar fóstur og skal þá gera fóstursamning samkvæmt

31. gr. gildandi barnaverndarlaga, nr. 58/1992. Börnin sem þurfa á vistuninni að halda eru mjög misjafnlega á sig komin. Sum þurfa jafnvel manninn með sér allan daginn meðan önnur eru auðveld viðfangs. En öll þurfa þessi börn ást og umhyggju sem aðeins sá getur veitt sem tekur hlutverk sitt alvarlega og hefur hjartað á réttum stað. Það er því mjög mikilvægt að vel takist til um í allri meðferð þessara mála og heimili sem vista börn séu valin af mikilli kostgæfni.

Það hefur því miður borið á tortryggni milli félmrn. og félags vistforeldra í sveit og er það mjög brýnt að þessir aðilar setjist niður og ræði saman og leysi þann ágreining sem þar ber á milli. Mikilvægast af öllu er að sá einstaklingur sem þarf á vistunarúrræði að halda fái þá bestu þjónustu sem völ er á.

Því spyr ég hæstv. félmrh.:

Hvað líður setningu reglugerðar um vistun barna í sveit?

[17:44]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegur forseti. Vegna orðalags fsp. þar sem er að finna hugtakið „vistun" er rétt að benda á að þetta hugtak er ekki að finna í lögunum um verndun barna og ungmenna. Því var ekki með öllu ljóst að hvaða atriði fsp. bendist en fyrirspyrjandi hefur nú skýrt það nánar í sínu máli.

Ég vil hér reyna að skýra þær reglur og lagaákvæði sem gilda þegar börn fara til dvalar utan heimilis síns um skamman tíma eða langan. Lög um vernd barna og ungmenna gera ráð fyrir að sett sé reglugerð um stofnanir og heimili fyrir börn og ungmenni svo sem meðferðarheimili, sumardvalarheimili og sumarbúðir, hjálparstöðvar, neyðarathvörf, vistheimili og önnur heimili sem taka börn til umönnunar eða aðhlynningar um langan tíma eða skamman enda falli þau ekki undir önnur lög.

Á grundvelli þessa hefur þegar verið sett reglugerð um sumardvalarheimili og sumarbúðir en hún tekur til þeirra heimila sem taka sex börn eða fleiri til sumardvalar en samkvæmt henni veitir félmrn. leyfi til starfrækslu sumarbúða og sumardvalarheimila að uppfylltum skilyrðum sem í reglugerðinni greinir. Þau heimili sem hafa fimm börn eða færri til sumardvalar eru ekki leyfisskyld af opinberri hálfu um starfsemi sína. Barnaverndarlögin gera ekki ráð fyrir að sett sé reglugerð um þannig starfsemi. Á hinn bóginn lúta heimilin eftirliti barnaverndarnefndar í viðkomandi umdæmi svo sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. laga um vernd barna og ungmenna.

Litið er svo á að heimili sem taka fimm börn eða færri til sumardvalar séu rekin á þeim grundvelli að um sé að ræða ráðstöfun foreldra, samnings sem gerður er á milli þess sem með forsjá barns fer og aðila sem tekur barn til sumardvalar. Þessi samningsgerð er ekki í reglugerðaratriði.

Þegar barnaverndarnefndir ráðstafa barni til dvalar utan heimilis síns, hvort heldur er til skamms tíma eða langs, gilda ákvæði VI. kafla laganna um vernd barna og ungmenna um ráðstöfun barna í fóstur. Gert er ráð fyrir því í lögum að sett verði reglugerð um þennan kafla laganna. Þegar talað er um til skamms tíma þá er verið að tala um þrjá mánuði eða lengur. En nú er að störfum nefnd á vegum ráðuneytisins til að vinna að undirbúningi reglugerðarinnar og verður hún næsta verkefni nefndarinnar en um er að ræða sex reglugerðir sem setja á samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna. Það er um sumardvalarheimili, stuðningsúrræði, barnaverndarráð og fósturráðstafanir sem nú er verið að vinna að og skráning barna í áhættuhópum sem verður næsta verkefni ráðuneytisins og síðan samvinna annarra við barnaverndaryfirvöld. Þetta eru þær reglugerðir sem kveðið er á um í lögunum.

En það er líka vert að vekja athygli á að ráðuneytið hefur uppfyllt ákvæði laganna um vernd barna og ungmenna að því er lýtur að því að útbúa sérstök eyðublöð fyrir fóstursamninga. Þessi eyðublöð lét ráðuneytið útbúa sl. vor og hafa þau verið send öllum barnaverndarnefndum í landinu. En eyðublaðið skal nota þegar barnaverndarnefndir ráðstafa börnum í skammtíma eða langtíma fóstur eins og það er nánar skilgreint í lögunum.

[17:47]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að það var í mörg horn að líta þegar sá stóri og mikilvægi málaflokkur, barnavernd, var fluttur frá menntmrn. til félmrn. og ég hef þegar gert í fyrirspurnum grein fyrir sumum þeim málum sem þar hefur þurft að taka á og fengið greið svör hjá hæstv. félmrh.

Ég vil taka það fram hérna í þessari umræðu að ég held að það sé nauðsynlegt að huga að því hvort ekki þarf að fara að dæmi Norðmanna vegna þess hve þessi málaflokkur er flókinn og mikilvægur og setja sérstakt fjármagn í það að koma barnaverndarmálum í betra horf heldur en nú er. Ég veit að það er ekki legið á liði sínu innan félmrn. en það er nokkuð þröngur stakkur sniðinn að vera að huga að faglegri ráðgjöf m.a. vegna vistunar barna í sveit og jafnframt að byggja upp meira og minna nýtt kerfi samkvæmt hinum nýju lögum.

[17:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það er alveg greinilegt af svari hæstv. félmrh. hér áðan að þótt nýlega hafi verið sett lög um vernd barna og ungmenna og verið sé að vinna með reglugerðarsetningu í framhaldi af þeim lögum þá er enn mjög margt sem þarnast úrlausnar. Og þar á meðal er frekari reglugerðarsetning um það og e.t.v. lagasetning hvernig skuli farið með málefni vistforeldra í sveitum. Það er staðreynd að þetta úrræði er mikið notað og samkvæmt skýrslu frá Hagsýslu ríkisins sem gefin var út í október 1993, þar sem m.a. er verið að ræða um málefni barna og unglinga þá segir með leyfi forseta: „Fagaðilar virðast vera sammála um að góð fósturúrræði séu oft betri en hefðbundin vistun og því þarf að byggja upp fósturúrræði á markvissan hátt. (Forseti hringir.) Enn fremur — virðulegi forseti, ég er að ljúka máli mínu: „Minni áhersla á hefðbundnar stofnanalausnir og meiri áhersla á faglega

uppbyggð fósturúrræði, fjölskylduheimili og göngudeildarmeðferð getur skapað meiri sveigjanleika meðferðarkerfisins og skilað meiri faglegum árangri og aukið hagkvæmni.“ Ég tel því að það sé mjög nauðsynlegt jafnvel að endurskoða þann kafla laganna um vernd barna og ungmenna sem þetta gæti átt heima í.

[17:50]

Fyrirspyrjandi (Dríía Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin og þingmönnum fyrir þeirra innlegg í umræðuna.

Í breyttu þjóðfélagi er nauðsynlegt að sífellt sé hugað að því að leita nýrra úrræða á sviði félagslegrar þjónustu. Afar mikilvægt er að hugað sé að forvörnum og að foreldrar geri sér grein fyrir skyldum sínum gagnvart börnum. Það eru fyrst og fremst foreldrar sem bera ábyrgð á börnunum sínum. Það þarf að reyna eftir mætti að sinna forvarnastarfi þannig að ekki sé sífellt verið að berjast við uppsafnaðan vanda á lokastigi. Þá má nefna þar mikilvægi íþrótta og æskulýðsstarfs í því sambandi. Þegar til lengdar lætur er það farsælast og hagkvæmast að hlúa vel að grunneiningunni, þ.e. heimilinu og heilbrigðu fjöldkyldulífi. Barátta fyrir réttindum barna ætti að njóta forgangs í samfélaginu því börnin í dag eru undirstaða okkar í framtíðinni.

[17:51]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er ljóst af þeim umræðum sem fram fara hér og fram hafa farið áður um barnaverndarmál að það er mikill áhugu á þessum málaflokki á Alþingi og að á honum sé tekið. Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól að það er mikil brotalöm í okkar barnaverndarmálum og þeim hefur á umliðnum árum ekki verið sinnt sem skyldi. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson nefndi að það þyrfti að setja sérstakt fjármagn í þennan málaflokk. Ég tel að það hafi verið gert þó að meira mætti vissulega gera. Við höfum sett á fót tvö heimili fyrir börn á þessu og síðasta ári og á fjárlögum fyrir næsta ár er gert ráð fyrir sérstöku 20 millj. kr. framlagi sem veita á í að koma á fjölskylduþjónustu ríkisins. Og ég tel að sú skýrsla sem vitnað hefur verið í sem félmrn. og stjórn Unglingaheimilis ríkisins beitti sér fyrir að gerð yrði sem Hagsýslan hefur gert sýni að það þarf að stokka þessi mál upp og leita nýrra lausna. Eitt úrræðið er vissulega það sem hér hefur verið nefnt og hér hefur verið til umræðu sem eru vistforeldrar barna í sveitum. Þar hefur verið unnið mikilvægt starf og ég tel að það sé vissulega þess virði að skoða þann þátt, það úrræði frekar en gert er kannski í núverandi lögum og kannski að leggja áherslu meira á það eins og fram kom hér í þessari umræðu.

En varðandi vistun sem er fyrir milligöngu foreldra, skammtímavistun sem er til stutts tíma, og eins vistun á vegum barnaverndarnefnda sem einnig er til stutts tíma, þá er ekki gert ráð fyrir því í lögum að sett sé nein reglugerð um það. En ég get tekið undir það að það er margt sem þarfnast úrlausnar í barnaverndarmálum og að því er verið að vinna í ráðuneytinu.

Barnaverndarráð.

Fsp. DH, 230. mál. — Þskj. 258.

[17:54]

Fyrirspyrjandi (Dríía Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 258 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. félmrh.

Með lögum nr. 58/1992, um vernd barna og ungmenna, sem gengu í gildi 1. jan. 1993 fluttist yfirstjórn málefna barna og ungmenna til félmrn. Með þessum nýju lögum urðu grundvallarbreytingar á skipan þessa málaflokks í stjórnkerfinu. Samkvæmt lögum um vernd barna og ungmenna fer barnaverndarráð með úrskurðarvald í þeim málum sem skotið er til ráðsins. Foreldrar og forráðamenn eða aðrir þeir sem nákomnir eru því barni sem úrskurðurinn nær til geta skotið úrskurði barnaverndarnefndar til barnaverndarráðs. Þetta atriði er mjög mikilvægt því öll afskipti barnaverndaryfirvalda truflar að meira eða minna leyti einkalíf viðkomandi fjölskyldna og verða því að vera réttlætanleg og hafa þann eina tilgang að koma barni til hjálpar þegar foreldrar eða forráðamenn bregðast skyldum sínum gagnvart barninu. Mest er um vert að öll meðferð mála taki sem skemmstan tíma þannig að komist verði hjá því að börnin verði fyrir meiri skaða en orðinn er þegar alvarleg mál eiga í hlut. Í skýrslu Hagsýslu ríkisins um málefni barna og unglinga, Stjórnsýsla, skipulag og rekstur, frá því í okt. 1993 er lagt til að barnaverndarráð verði lagt niður og verkefni þess færi undir almenna dómstóla. Þar kemur fram að málafjöldi ráðsins er í mesta lagi eitt mál á mánuði og kostnaðurinn á hvert mál því mjög hár. En samkvæmt áætlun um skiptingu framlaga til barna- og unglingamála árið 1993 er framlag til barnaverndarráðs 9 millj. og 400 þús. kr.

Í skýrslunni eru nefndar nokkrar leiðir til að draga úr kostnaði við rekstur ráðsins og það nefnt að starfsmenn félmrn. geti hugsanlega unnið fyrir ráðið samhliða öðrum verkefnum. En strangar kröfur um óháða málsmeðferð barnaverndarráðs geti þó hindrað slíkt fyrirkomulag. Þá segir í skýrslunni, með leyfi forseta, „að ef gera þurfi svo strangar kröfur að almennar hæfiskröfur stjórnsýslulaga eru ekki fullnægjandi og almennir starfsmenn ráðsins mega ekki vinna verkefni fyrir aðra en ráðið virðist rökrétt að áliti þeirra sem þessa skýrslu gerðu; að úrskurðarhlutverk barnaverndarráðs verði fært til dómstóla.“ Í skýrslunni eru tilgreindir þeir kostir þess að færa úrskurðina til dómstóla og nefndi ég hér þrjá.

Í fyrsta lagi. Það auki réttaröryggi vegna stöðu dómstóla og áfrýjunarmöguleika.

Í öðru lagi. Héraðsdómstólar eru dreifðir um landið og eru því í mörgum tilfellum nær aðilum máls en barnaverndarráð.

Í þriðja lagi. Kostnaður við úrskurði ætti að lækka.

Því vil ég spyrja hæstv. félmrh.: Stendur til að leggja barnaverndarráð Íslands niður?

[17:57]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Á sínum tíma var ítarlega um það

rætt í nefndinni sem samdi frv. til laga um vernd barna og ungmenna hvort það hlutverk að fara með lokaúrskurðarvald í málum sem leidd eru til lykta á grundvelli laga um vernd barna og ungmenna ætti að vera hjá dómstólum eða hvort viðhalda ætti þeirri tilhögun sem sextíu ára reynsla og hefð er fyrir að barnaverndarráð fari með þetta hlutverk. Niðurstaða nefndarinnar var sú að leggja til hið síðara. Sá vandi sem við var að glíma í gildistíð laga frá 1966, um vernd barna og ungmenna, var sá að barnaverndarráð fór með mörg hlutverk, þar á meðal eftirlit með störfum barnaverndarnefnda, átti að veita þeim leiðbeiningar um þeirra störf og fór með lokaúrskurðarvald í einstaka barnaverndarmálum. Það er oftar en ekki um að ræða ákvarðanir samkvæmt 13. gr. laga, í svokölluð meiri háttar málum. Þessi hlutverk ráðsins þóttu fara afar illa saman og fara í bága við þær kröfur sem eðlilegt þótti að gera til að tryggja rétt og öryggi allra aðila en á síðari tímum hafa auknar kröfur verið gerðar á því sviði eins og aðskilnaður dómsvalds og framkvæmdarvalds bera rækt vitni um.

Með nýjum lögum um vernd barna og ungmenna var að fullu aðgreint lokaúrskurðarvald í barnaverndarmálum og önnur þau verkefni sem hinu opinbera er ætlað á þessu sviði. Þannig fer barnaverndarráð nú eingöngu með úrskurðarmál en félmrn. með önnur þau hlutverk sem ráðið hafði samkvæmt eldri lögum. Ætti því að vera tryggt það réttaröryggi sem þótti ábótavant í gildistíð eldri laga um vernd barna og ungmenna. Sá kostur sem þykir vera á núverandi lokameðferð barnaverndarmála er sá að barnaverndarráð er að meira eða minna leyti eins og sérdómstóll. Í ráðinu sitja nú héraðsdómari, barnalæknir og sálfræðingur. Hjá ráðinu starfa auk þess lögfræðingur og sálfræðingur. Þannig fá þau mál sem til úrskurðar eru vandaða og sérhæfða meðferð. Margir telja að dómstólar mundu ekki geta fjallað á vandaðri hátt um mál en ráðið nú gerir.

Annað atriði sem miklu skiptir er sá tími sem meðferð barnaverndarmála tekur þegar ákvörðun liggur fyrir í barnaverndarnefnd. Þau börn sem málin varða eru gjarnan á stofnunum og bíða þess að framtíð þeirra sé ákveðin. Það er eitt af mikilvægustu atriðum þessa máls að börnin sem í hlut eiga fái skjóta úrlausn en lifi ekki áfram í óvissu um framtíð sína mánuðum saman. Miðað við aðstæður hjá íslenskum dómstólum þótti ekki tryggilegt að búa svo um hnútana að þeir færu með lokaúrskurðarvald í barnaverndarmálum. Ég held að hér sé komin ein meginástæðan fyrir þeirri tilhögun sem lögð var til í nefndinni sem samdi frv. til laga um vernd barna og ungmenna. Vert er að hafa í huga að fleiri atriði eru nú úrskurðarefni en var í eldri lögum. Áhrif þess eru þegar komin í ljós þegar barnaverndarráð hefur það sem af er þessu ári fengið 16 mál til umfjöllunar auk annarra minni háttar erinda sem ráðinu hafa borist en ekki hafa verið úrskurðarefni. Ekki síður tel ég vert að hafa í huga það atriði að ég tel að réttaröryggi barna sé ekki síður tryggt með núverandi málsmeðferð en vera mundi ef dómstólar færu með hlutverk barnaverndarráðs.

Eftir að hafa farið yfir þau atriði sem er að finna í skýrslu Hagsýslu ríkisins sem vitnað var til hér af fyrirspyrjanda um barnaverndarráð og eftir að hafa kynnst þeim rökum öðrum sem ég hef heyrt um kosti þess að dómstólar fari fremur en barnaverndarráð með lokaúrskurðarvald í barnaverndarmálum mun ég ekki beita mér fyrir því að breyting verði á ákvæði 49. gr. sömu laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, um hlutverk barnaverndarráðs að fara með lokaúrskurðarvald í barnaverndarmálum.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Drífa Hjartardóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Ég tek undir með hæstv. ráðherra að það er mest um vert að öll meðferð mála gangi sem hraðast fyrir sig.

Aðalatriðið er að velferð barna sé höfð að leiðarljósi og þeirra hagur sé ekki fyrir borð borinn. Markmið barnaverndar er að tryggja börnum og ungmennum viðunandi uppeldisskilyrði en verulega skortir á um ráðgjöf á sviði uppeldismála og æskilegt væri að fyrirbyggjandi starf hefði meiri forgang í barnaverndarstarfi en er í dag.

Þá má nefna foreldrafræðslu sem gerði hvern og einn hæfari foreldri og sem mundi undirbúa ungmenni undir þetta mikilvæga hlutverk. Þá vil ég benda á mikilvægi þess að eftir næstu sveitarstjórnarkosningar verði barnaverndarnefndum fækkað og umdæmi þeirra taki yfir stærra svæði hvað sem líður sameiningu sveitarfélaga. Það er útilokað fyrir fámenn sveitarfélög að standa undir kostnaðarsömum úrræðum en þau úrræði sem notuð eru í barnaverndarstarfi eru í mörgum tilfellum langvarandi og kostnaður því mikill. Forvarnir eru því farsælastar þegar til lengdar lætur því að framtíð okkar byggist á æskunni í dag. Ef við hlúum ekki að þessum málaflokki í dag, þá verður morgundagurinn okkur erfiður.

Svæðalokanir.

Fsp. EKG, 212. mál. — Þskj. 237.

[18:03]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Eins og sumir e.t.v. muna, þá fór fram verulega mikil umræða á sl. sumri um þá umdeilanlegu ákvörðun hæstv. sjútvrh. að loka stórum veiðisvæðum fyrir vestan, norðan og austan land. Þessi lokun var ákveðin eftir allmikla umræðu og byggðist að sögn á mælingum Hafrannsóknastofnunar og eftirlitsmanna á stærð fiskjar sem hafði fengist við athuganir. Ég segi að þetta hafi verið mjög umdeilanlegt vegna þess að hér var auðvitað um að ræða mjög stóra ákvörðun sem fól það í sér að lokað var helstu og mestu veiðisvæðum okkar m.a. fyrir vestan land.

Það liggur fyrir að á þeim tíma sem í hönd hefði farið hefði aðalveiðisvæði togaranna væntanlega verið á þessari slóð og þess vegna setti þessi ákvörðun hæstv. sjútvrh. mjög stórt strik í reikninginn. Þetta kom greinilega fram í viðbrögðum útvegsmanna og sjó-

manna á þessum tíma sem vöruðu mjög eindregið við þessari ákvörðun. Þess ber að geta að ákvörun hæstv. sjútvrh. fól í sér mun minni lokanir en lagt var til í upphafi og því ber vissulega að fagna. Engu að síður hafði þetta mikil áhrif á möguleika togaranna til að stunda hefðbundnar veiðar einkanlega fyrir vestan land.

Ég get nefnt sem dæmi í þessu sambandi að framkvæmdastjóri Skagstrendings hf., Sveinn Ingólfsson, sagði að afleiðing þessarar ákvörðunar hefði verið sú að flotinn hefði verið í reiðileysi og magnið sem fór ofan í lest hefði verið um þriðjungur af því sem menn eyða í olíu hvað þyngd varðar. Í viðtali við Morgunblaðið sagði hann, með leyfi hæstv. forseta: „Við neyðumst til þess að sigla skipunum í land og hætta þessu því að það er ekkert vit í því að allur afraksturinn fari í olíu, þá er eftir að borga mannskapnum og annan kostnað."

Það sem er kannski dálítið athyglisvert við þessa ákvörðun er það að í raun og veru er hér verið að stjórna í senn með kvóta og með sóknarstýringu vegna þess að það er ekki bara þannig að verið sé að úthluta kvóta á skip heldur er líka verið að beina sókn skipanna með sérstökum hætti eins og þessar lokanir á veiðisvæðunum sýna.

Frá því að ég lagði fram þessa fsp. hefur það hins vegar gerst að hæstv. sjútvrh. afnumið að hluta til þessa reglugerð og opnað nokkur hólf sem áður voru lokuð og vil ég láta í ljósi mikla ánægju með þessa ákvörun hæstv. ráðherra þótt ég telji að það mætti ganga lengra í því að opna þessi hólf. Árangurinn hefur hins vegar ekki látið á sér standa. Það hefur komið upp mikil veiði fyrir vestan land, mjög góður afli, allt að 15 tonn á togtíma í upphafi þegar hólfin voru opnuð af stórum og góðum fiski. Engu að síður er ástæða til þess að spyrja hæstv. ráðherra eins og hér er gert á þskj. 237: Hvers vegna var ákveðið að loka með reglugerð stórum veiðisvæðum fyrir vestan, austan og norðan land frá og með 23. júlí sl.? Og í öðru lagi: Hyggst ráðherra endurskoða þessa ákvörðun?

[18:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Á árinu 1992 urðu skyndilokanir fleiri en þær höfðu nokkru sinni orðið. Lokanir voru flestar á togsvæðum togara fyrir Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Fyrri hluta þessa árs hélt þessi þróun áfram og um miðjan júlí voru skyndilokanir orðnar jafnmargar á öllu árinu 1992 eða 108.

Þessar tíðu skyndilokanir ollu nokkrum erfiðleikum. Þær leiddu til mikillar óvissu um hvar mögulegt væri að stunda veiðar hverju sinni og var í raun nokkurt sannleikskorn í því sem togaramenn sögðu að þeir væru á sífelldum flótta undan skyndilokunum. Um miðjan maí fór LÍÚ þess á leit við ráðuneytið að haldinn yrði fundur ráðuneytisins, Fiskistofu, LÍÚ og Hafrannsóknastofnunar um svæðalokanir til verndar smáfiski. Í bréfi LÍÚ segir m.a.:

„Markmið fundarins yrði að kanna undirtektir við þá hugmynd að í stað tíðra skyndilokana sem aðalaðferðar við að vernda smáfiskasvæði komi lokanir til lengri tíma." Í bréfinu kemur einnig fram að LÍÚ telur að skyndilokanir við ríkjandi aðstæður leiði til aukins kostnaðar við veiðar og virðast ekki ná nógu vel því markmiði að friða smáfisk.

Í framhaldi af þessu bréfi var haldinn fundur í ráðuneytinu þar sem auk ofangreindra aðila mættu fulltrúar sjómanna. Niðurstaða þess fundar var að Fiskistofu og Hafrannsóknastofnun var falið að gera tillögur um svæðalokanir til lengri tíma og við ákvörðun bannsvæða skyldi taka mið af þeim skyndilokunum sem gripið hefði verið til og annarri vitneskju um hvar smáfiskur héldi sig. Hugmyndir Fiskistofu og Hafrannsóknastofnunar voru síðan ræddar á fundum með fulltrúum LÍÚ og sjómanna og í framhaldi af þeim var gefin út reglugerð um friðunarsvæði við Ísland sem tók gildi 23. júlí sl. Með reglugerðinni voru veiðar bannaðar ótímabundið á 10 tilgreindum svæðum. Á einu þessara svæða voru veiðar eingöngu bannaðar með vörpu en á hinum 9 voru línuveiðar jafnframt bannaðar. Í síðustu viku var reglugerðinni breytt nokkuð og voru þá sett þrjú ný friðunarsvæði við Suðvesturland til friðunar smákarfa.

Varðandi reglugerð þessa ber þó að hafa í huga að með henni voru jafnframt felldar úr gildi 11 reglugerðir sem kváðu á um togveiðibönn á 15 svæðum hér við land. Þessi bönn höfðu ýmist verið í gildi í mörg ár eða verið sett á þessu eða síðasta ári í framhaldi af skyndilokunum.

Þá er rétt að fram komi að 23. júlí sl. voru einnig bannaðar togveiðar á svæðum á Halanum og svæði út af Horni. Svæði þessi hafa verið skoðuð nokkrum sinnum síðan og hefur það leitt til þess að þeim hefur verið breytt nokkuð. Þegar þessar reglugerðir voru gefnar út var ekki fyrirhugað að hér væri um föst friðunarsvæði að ræða heldur svæði sem yrðu skoðuð reglulega og opnuð eða breytt ef ástæða væri til. Hefur þessum svæðum verið breytt frá því að reglugerðirnar voru gefnar út eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda.

Með þeirri skipan mála sem hér er um rætt var komið á ákveðnum föstum friðunarsvæðum þar sem veiðar yrðu bannaðar ótímabundið. Var það gert til friðunar smáfiski, einkum þorski en einnig ýsu og karfa. Voru svæðin ákveðin í samræmi við bestu vitneskju um hvar smáfiskur héldi sig í því skyni að vernda hann. Jafnframt var gengið út frá því að með þessu mætti komast hjá síendurteknum skyndilokunum á ákveðnum svæðum sem e.t.v. hefðu vafasamt gildi. Reynslan síðari hluta þessa árs hefur sýnt að dregið hefur úr skyndilokunum fyrir togveiðum. Hins vegar hefur aukin áhersla verið lögð á að fylgjast með öðrum veiðarfærum og hefur skyndilokunum fjölgað t.d. gagnvart dragnótaveiðum og rækjuveiðum. Ekki eru að svo stöddu uppi frekari fyrirætlanir um að breyta reglugerðinni. Ekki hefur verið ákveðið hve lengi þessi togveiðibönn eiga að gilda. Enda þótt gert hafi verið ráð fyrir því að svæðin yrðu óbreytt um nokkurt skeið gæti komið til þess að þau yrðu skoðuð undir eftirliti og breytt eða felld niður ef ástæða væri talin til.

[18:11]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir greinargóð svör við fyrirspurnum mínum. Það sem þessar miklu skyndilokanir, sem hafa átt sér stað bæði á þessu ári og síðasta ári, benda til er fyrst og fremst að það sé mjög mikill smáfiskur í uppvexti. Það er auðvitað mjög jákvæð teikn fyrir okkur í framtíðinni. Og það sem þessi góða veiði sem hefur fengist í hólfunum sem var verið að opna nú á dögunum undirstrikar, er fyrst og fremst það að þessi fiskur er til staðar og sýnir líka það sem sjómenn hafa verið að benda á að það eru býsna góð skilyrði núna á margan hátt fyrir uppvöxt fisksins, einkanlega hvað ætið áhrærir.

Ég vil segja varðandi þessar lokanir í sumar að ég tel að þar hafi verið gengið allt of hart fram og ég tel að það hafi skort mjög á að það væri haft eðlilegt samráð í gegnum hagsmunasamtökin. Þar á ég ekki síst við hlut Landssambands ísl. útvegsmanna sem virðist hafa gefið einhliða álit sitt á þessum málum án þess að hafa samráð við þá útgerðarmenn sem langgleggst þekkja til og eiga þarna auðvitað mikilla hagsmuna að gæta. Ég bendi á í þessu sambandi að Útvegsmannafélag Vestfjarða ályktaði gegn þessum svæðalokunum á sínum tíma og áhrifamiklir og virtir útvegsmenn á Norðurlandi mótmæltu einnig. Það var ekki tekið tillit til þess hins vegar í umsögnum Landssambands ísl. útvegsmanna.

Ég vil fagna því í máli hæstv. sjútvrh. að ekki er gert ráð fyrir því að friðunarsvæðin á Halanum og á Kögurgrunninu verði föst friðunarsvæði heldur er gert ráð fyrir því að þau séu skoðuð og þeim breytt eftir aðstæðum. Ég hvet til þess að slíkar skoðanir fari fram sem oftast til þess að tryggja það að við náum að halda þeim hámarksafrakstri af miðunum sem nauðsynlegt er. Hér er um að ræða einhver öflugustu og bestu fiskimið okkar og þess vegna er mjög mikilvægt að við getum nýtt þau á sem bestan og skynsamlegastan hátt. Ég tel að það hafi vel tekist til með þessari opnun sem nú hefur átt sér stað en hvet til þess að það verði haldið áfram á sömu braut og reynt að kanna hvort ekki megi opna stærri svæði, m.a. á Kögurgrunni.

[18:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. fyrirspyrjanda að skyndilokanir þær sem gripið var til á fyrri hluta þessa árs og allar athuganir benda til þess að það sé hlutfallslega talsvert mikið af smáfiski í sjónum en því miður ekki nógu mikið. En þegar við höfum staðreyndir eins og þessar fyrir augunum þá ber okkur auðvitað skylda til þess að grípa til allra nauðsynlegra varnaraðgerða til þess að þessi fiskur geti stækkað og geti orðið að sterkum veiðistofni í framtíðinni og því hefur verið gripið til þessara aðgerða.

Varðandi þau ummæli hv. þm. að ekki hafi verið gætt nægjanlegs samráðs við hagsmunaaðila þá vil ég mótmæla því mjög ákveðið. Auk ábendinga frá heildarsamtökum útgerðarmanna sem ráðuneytinu bárust fengum við ábendingar frá fjölmörgum skipstjórum sem kvartað höfðu yfir tíðum skyndilokunum og óskað eftir því að komið yrði á varanlegri ráðstöfun til þess að gera veiðarnar auðveldari og þær gætu farið fram með skipulögðum hætti. Það var haft samráð við samtök útvegsmanna og öll helstu samtök sjómanna og fyrst að því samráði loknu voru teknar endanlegar ákvarðanir. Það er óhætt að segja það hér að við endanlega ákvörðun var tekið talsvert tillit til sjónarmiða sem fram komu hjá sjómönnum þannig að það er fullkomlega rangt að það hafi ekki verið haft eðlilegt samráð við hagsmunaaðila í þessu efni. En auðvitað er það svo að það geta verið skiptar skoðanir innan einstakra hagsmunasamtaka en í þessu efni komu bæði sjónarmið til ráðuneytisins frá einstökum útvegsmönnum og eins frá heildarsamtökum þeirra.

Friðunaraðgerðir á karfa.

Fsp. EKG, 213. mál. — Þskj. 238.

[18:16]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa farið vaxandi áhyggjur margra sjómanna vegna ástands karfastofnsins í sjónum í kringum landið. Margir sjómenn hafa komið að máli við mig og marga aðra og lýst þeim áhyggjum sínum að menn hafi sýnt því of mikið tómlæti hvað sé að gerast með karfastofninn. Það sé verið að ganga mjög hart að honum með veiðum, með stórvirkari veiðarfærum, og þetta sé þeim mun alvarlegra sem karfinn er mjög hægvaxta stofn.

Á undanförnum árum hafa veiðar á karfa verið að þróast mjög ört, ekki síst með því að hinn stærri og afkastameiri hluti flota okkar beitir núna stórum og öflugum flotvörpum, svokölluðum Gloríutrollum, til þess að ná karfanum. Menn hafa sagt sem svo að við þessar aðstæður hafi karfinn bókstaflega aldrei og hvergi nokkurs staðar frið.

Í blaðinu Fiskifréttum föstudaginn 15. okt. er vitnað til ummæla nokkurra mjög þekktra sjómanna, skipstjóra, sem hafa stundað karfaveiðar mjög lengi og hafa þess vegna mjög góða yfirsýn yfir þróun mála á undanförnum árum. Þar segir svo, með leyfi virðulegs forseta:

„Ólafur Örn Jónsson, skipstjóri á Viðey RE, lét svo ummælt í Fiskifréttum fyrir nokkru að það mundi ekki taka Gloríuna“ þ.e. flottrollið gloríu „nema 3–5 ár að þurrka upp karfastofninn í Skerjadjúpi“ sem eru hin hefðbundnu karfamið við Ísland. „Bergur Kristinsson, stýrimaður á togbátnum Ófeigi VE, tók í svipaðan streng í viðtali í síðustu Fiskifréttum og kvartaði yfir því að karfinn væri tekinn í flottrollin þegar hann væri uppi í sjó við að eðla sig. Kristinn Jónsson, skipstjóri á togaranum Ólafi Jónssyni GK, sagði í samtali við Fiskifréttir að svo virtist sem smákarfadráp á Fjöllunum væri látið átölulaust af hálfu Hafrannsóknastofnunar og það færðist í vöxt að einstakir togarar lægju þarna í undirmálskarfa sem fram að þessu hefði ekki verið talinn markaðsvara. Svo virtist sem einstaka fyr-

irtæki hefði nú fundið markaði fyrir undirmálið því greiddar væru 22 kr. fyrir kg af 300–500 gramma karfa. Það er ekki nóg með það að menn hafi áhyggjur af þessum hluta.“

Einn þekktasti skipstjóri landsins, Þorsteinn Vilhelmsson, hefur líka vakið athygli á því að það kunni að vera hættuleg umgengnin hvað varðar karfastofninn á rækjuslóðinni og vitnar í viðtali við Fiskifréttir 22. okt. um það að skipstjóri sem hann þekki hafi talið það saman í einum Dohrnbankatúr, þ.e. veiðum á Dohrnbanka milli Íslands og Grænlands, að ef karfaseiðin sem hann henti í sjóinn hefðu fengið að vaxa upp og ná 500 gramma þyngd eða meira, þá hefði hann drepið um 80 þúsund tonn af karfa í umræddri veiðiferð. Þetta er ekki ósvipað magn, segir Þorsteinn, og árlegur karfakvóti er við Ísland.

Þess vegna er ekki óeðlilegt að margir hafi verulegar áhyggjur af stöðu karfastofnsins og þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. sjútvrh. tveggja spurninga sem snúa að þessu máli. Þær eru eftirfarandi:

„1. Til hvaða ráðstafana verður gripið til þess að tryggja vöxt og viðgang karfastofnsins hér við land?

2. Kemur til greina að banna eða takmarka flottrollsveiðar á karfa á miðunum sunnan og suðvestan við landið?“

[18:19]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrri lið fyrirspurnarinnar er þetta að segja: Á þessu hausti hafa orðið nokkrar umræður um ástand karfastofnsins og aðgerðir til verndar honum. Hafa þegar verið gefnar út tvær reglugerðir sem miða að verndun karfaseiða og ungkarfa. Samkvæmt reglugerð sem gefin var út 1. nóv. voru rækjuveiðar bannaðar á þremur svæðum fyrir Norðurlandi. Var það gert til að komast hjá drápi á karfaseiðum en verulega hefur orðið vart slíkra seiða á tilteknum svæðum fyrir Norðurlandi. Eftir útgáfu reglugerðarinnar kom fram nokkur gagnrýni frá sjómönnum um mörkun þessara svæða. Í framhaldi af þeim umræðum var ákveðið að stækka eitt svæðið en jafnframt að kanna hin betur. Þá var í síðustu viku gefin út reglugerð þar sem sett voru þrjú ný friðunarsvæði fyrir Suðvesturlandi þar sem allar togveiðar voru bannaðar. Jafnframt var breytt nokkuð friðunarsvæði fyrir Breiðafirði sem verið hefur í gildi í allmörg ár. Þessi friðunarsvæði voru sett til verndar ungkarfa og voru þau ákveðin að höfðu samráði við aðila sem vel þekktu til togveiða á þessu missiri. Auk ofangreindra aðgerða hefur verið skylda við rækjuveiðar að nota leggmöskva á ákveðnum svæðum en talið er að slíkur möskvi hleypi betur í gegn seiðum en síðumöskvi. Þá hefur og verið til athugunar hvort taka ætti upp seiðaskilju við rækjuveiðar en á því hafa reynst ýmsir annmarkar enn sem komið er en það mál er nú til frekari athugunar.

Að því er varðar annan lið fyrirspurnarinnar er þetta að segja: Haldinn hefur verið í ráðuneytinu fundur um það hvort banna ætti notkun flotvörpu við karfaveiðar á tilteknum svæðum. Var það niðurstaða þess fundar að gera það ekki að svo stöddu. Helstu ástæður þeirrar niðurstöðu eru þessar:

1. Karfi sem veiddur væri í flotvörpu væri bæði stór og góður.

2. Karfi er í kvóta og því óráðlegt að banna þá veiðiaðferð sem væri árangursríkust þar sem það hefði ekki áhrif á það magn sem veitt væri.

3. Væri gripið til slíks banns mundi það leiða til þess að reyndar yrðu aðrar aðferðir við að ná þessum karfa, t.d. með nýjum gerðum botntrolla sem ná hærra upp í sjó eða tveggja báta trolli. Þótti óráðlegt að auka kostnað útgerða með þeim hætti.

Varðandi karfastofnana er ljóst að vitneskju um þá er í ýmsu ábótavant. Er þörf á að auka rannsóknir á þessum stofnum og eru uppi hugmyndir um að lögð verði aukin áhersla á þær, til að mynda í togararalli.

[18:22]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. sjútvrh. fyrir hans svör. Í svari hæstv. ráðherra kemur fram að ráðuneytið hefur þegar brugðist við með ýmsum hætti þeim áhyggjum sem einkanlega sjómenn hafa sýnt varðandi þetta mál. Ég vil vekja athygli á í þessu sambandi að ég tel að frumkvæðið í þessum efnum hafi einkanlega komið frá sjómönnunum sjálfum sem hafa verið að láta í ljósi miklar áhyggjur með stöðu karfastofnsins. Ég hlýt að velta því mjög fyrir mér hvernig á því standi að einmitt þetta frumkvæði skuli þurfa að koma frá sjómönnum en ekki frá þeim ágætu vísindamönnum okkar sem eiga að leggja fyrst og fremst á ráðin með fiskveiðiráðgjöfina.

Það er rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði að það er kvótaskipting á þessum afla eins og ýmsum öðrum og þess vegna út af fyrir sig kann það að vera rétt að ekki sé ástæða til þess að grípa til annarra ráðstafana eins og þeirra að banna flottrollsveiðar. Ég er ekki sérstakur talsmaður þess að banna flottrollsveiðar, sú umræða varðandi flottrollið almennt var fyrir nokkrum árum og þá var ég mjög á móti því að grípa til þess óyndisúrræðis vegna þess að ég er alveg sammála því sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að það er mjög óskynsamlegt að banna tiltekið veiðarfæri sem búið er að þróa og búið er að leggja kostnað í og hefur sýnt margvíslegan árangur.

Það háttar hins vegar sérstaklega til um karfann eins og menn þekkja og þess vegna kann að vera að ástæða sé til að fylgjast sérstaklega með þessum flottrollsveiðum á tilteknum árstímum og ég hvet hæstv. sjútvrh. til að beita sér fyrir því að eftirlit sé aukið, a.m.k. með þessum veiðum sem eru nýjar hér við land að miklu leyti og hafa haft verulega mikil áhrif.

Ég fagna því líka að verið sé að reyna að þróa veiðarfærin í þessu sambandi, þróa þau með þeim hætti að þau verði til þess að við afstýrum rányrkju. Ég hef mikla trú á því að þróun í veiðarfærum geti að sumu leyti komið í staðinn fyrir svæðalokanir og skyndilokanir og þess vegna er ástæða til þess að fagna því að verið sé að reyna að þróa þessa hluti og efna til aðgerða sem fremur feli það í sér að þróa veiðarfærin en

að grípa til svæðislokana, skyndilokana og banns við notkun á tilteknum veiðarfærum.

[18:25]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessum málum báðum sem hér hafa verið rædd og ég tel rétt að vekja athygli þingmanna á því að hér er einmitt verið að ræða um það hvort ekki þurfi að hafa meira samráð og fara eftir ábendingum sjómanna. Sérstaklega í þessu síðara máli um karfastofninn hefur það einmitt komið fram að það var meira eftir ábendingum sjómanna sem farið var að skoða þetta sérstaka mál, karfastofninn og friðun hans eða eftirlit með ofveiði á honum. Ég vil geta þess í þessu sambandi að fyrir rúmu ári var ég á fundi á Ísafirði þar sem verið var að fjalla um leyfilegan heildarafla fyrir næsta fiskveiðiár og þar fannst mér mjög sérkennilegt að af hálfu Hafrannsóknastofnunar kom það fram að það væri allt í lagi að auka um helming veiði á karfa. Þegar spurt var hvort nægar rannsóknir lægju þar að baki þá kom í ljós að svo var ekki. En samt var það lagt til að það mundi vera í lagi að auka veiðina um helming. Þetta fannst mér mjög sérkennilegt.

Veiting ótakmarkaðs dvalarleyfis.

Fsp. GJH, 219. mál. — Þskj. 244.

[18:26]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Á Íslandi eru í dag um 5.000 manns með erlendan ríkisborgararétt og hefur erlendum ríkisborgurum á Íslandi fjölgað á árunum 1980–1992 um 1.586 manns. Árið 1991 voru 5.395 erlendir ríkisborgarar búsettir á Íslandi en fækkað snarlega við vaxandi atvinnuleysi á árinu, um 431. Vænta má þess að þeir sem eftir eru hyggi á lengri dvöl en alls ekki er víst að fólk sem giftist íslenskum ríkisborgurum sæki um íslenska ríkisborgararétt heldur velji að halda sínu gamla ríkisfangi. Í þeim tilvikum sem og ýmsum öðrum mun ganga svo greiðlega að fá framlengt dvalarleyfi að telja má að um sé að ræða ótakmarkað dvalarleyfi. Ég hef því leyft mér að spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvaða skilyrði þurfa umsækjendur að hafa til þess að fá ótakmarkað dvalarleyfi hér á landi?

[18:28]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Reglur um dvalarleyfi byggjast á lögum um eftirlit með útlendingum og reglugerð um sama efni, hvort tveggja frá árinu 1965. Meginreglan er sú að útlendingar þurfa leyfi til dvalar hér á landi. Almenn undanþága frá þessari reglu varðar danska, finnska, norska og sænska ríkisborgara sem mega dvelja hér án dvalarleyfis. Auk þess segir svo í 25. gr. reglugerðarinnar, eins og hún hljóðar frá 1989:

„Útlendingar sem eiga íslenskan maka og útlendingar sem fæddir eru íslenskir ríkisborgarar þurfa ekki sérstakt dvalarleyfi ef þeir hafa haft fasta búsetu hér á landi um tveggja ára skeið og búa hér enn. Gildir þetta meðan hlutaðeigandi útlendingur hefur hér búsetu."

Þeir sem undir þessa reglu falla geta fengið yfirlýsingu frá Útlendingaeftirlitinu um dvalarrétt sinn. Önnur ákvæði eru ekki í gildi um ótakmarkað dvalarleyfi. Hvorki lögin um eftirlit með útlendingum né reglugerðin um sama efni takmarka þó slíka útgáfu. Hins vegar er vinnureglan sú að dvalarleyfi er látið gilda til sama tíma og atvinnuleyfi, þau leyfi eru jafnan gefin út til takmarkaðs tíma. Samkvæmt lögum um atvinnuréttindi útlendinga frá 1982 er það meginregla að útlendingar þurfa leyfi til að vinna hér á landi. Lögin heimila ekki útgáfu almenns atvinnuleyfis til lengri tíma en eins árs. Þessi leyfi eru bundin við ákveðið starf og ákveðinn tíma. Svokallað sjálfstætt atvinnuleyfi sem bundið er við ákveðna starfsgrein má þó eftir fimm ára búsetu gefa út til ótiltekins tíma.

[18:30]

Fyrirspyrjandi (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir upplýsingar þær sem hann hefur gefið. Ég hef heimildir fyrir því að eftir tveggja ára dvöl sé afar auðvelt að fá framlengt dvalarleyfi hér á Íslandi og þekki raunar dæmi um slíkar langdvalir erlendra ríkisborgara hér á landi. Hæstv. ráðherra hefur sagt frá hvaða reglur gilda um þá sem giftir eru íslenskum ríkisborgurum.

Ég tel að hæstv. ráðherra sem þessi mál heyra undir ætti að setja reglur um lágmarksíslenskukunnáttu og lágmarksþekkingu á íslenskum lögum og réttindum sem fólk þurfi að þekkja til að fá framlengt dvalarleyfi endalaust eða endalítið hér á landi, hvort sem um er að ræða fólk sem er gift Íslendingum eða ekki. Kannski er það enn þá mikilvægara að þeir sem giftir eru íslenskum ríkisborgurum en sækja ekki um ríkisborgararétt þurfi að kynnast þeim réttindum og þeim skyldum sem þeir bera og sem þjóðin ber gagnvart þeim. Ég hef ríka ástæðu til að hafa þessa skoðun. Allir sem flytja á milli landa bera í farteski sínu siði, viðhorf og menningu lands síns, aðra trú og allt önnur viðmið en þau sem fyrir eru í landinu. Á það einkum og sér í lagi við um þá sem koma langt að. Um Norðurlandabúa gildir náttúrlega þó nokkuð öðru máli því að þeir eru á mjög svo sama menningarsvæði og við. En ef fólkið sem um ræðir á ekki að verða utangarðsfólk eða undirmálsfólk í hinu nýja samfélagi verður það að hafa þá þekkingu sem ég var að telja upp og okkur ber skylda til að sjá svo um að fólkið fái hana, hvort sem það verður ríkisborgarar hér á landi eða einungis fær dvalarleyfi um langan tíma og kannski alla ævi. Þessi fræðsla þarf að vera í boði víðs vegar um landið, t.d. í öllum farskólum landsins og í fjarkennslu bréfaskólans en aðalatriðið er að hún þarf að vera í boði svo fólkið viti rétt sinn og möguleika og skyldur.

Út dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 18.33.

42. FUNDUR

þriðjudaginn 23. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 261. — 1. umr.
2. Orlof, frv., 155. mál, þskj. 173. — 1. umr.
3. Sveitarstjórnarlög, frv., 156. mál, þskj. 174. — 1. umr.
4. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 158. mál, þskj. 176. — 1. umr.
5. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 100. mál, þskj. 103. — 1. umr.
6. Hlutafélög, frv., 138. mál, þskj. 153. — 1. umr.
7. Erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, þáltill., 157. mál, þskj. 175. — Fyrri umr.
8. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 217. mál, þskj. 242. — 1. umr.
9. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 123. mál, þskj. 128. — 1. umr.
10. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 140. mál, þskj. 155. — 1. umr.
11. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 141. mál, þskj. 156. — Fyrri umr.
12. Héraðsskólinn að Núpi, þáltill., 146. mál, þskj. 162. — Fyrri umr.
13. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 165. mál, þskj. 183. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Útbýting þingskjala:

Aðgerðir á grundvelli laga um EES, 91. mál, svar utanrrh., þskj. 269.

Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, 238. mál, þáltill. GJH o.fl., þskj. 273.

Skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, 240. mál, þáltill. GJH o.fl., þskj. 275.

Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, 237. mál, frv. ISG o. fl., þskj. 272.

Stuðningsaðgerðir til dreifbýlisverslunar, 189. mál, svar viðskrh., þskj. 271.

Verðmunur á nauðsynjavörum, 182. mál, svar viðskrh., þskj. 270.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (afnám aðstöðugjalds, útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 261.

[13:33]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Frv. þetta er byggt á tillögum nefndar sem ég skipaði 11. febr. sl. „til að gera tillögur um tekjur til handa sveitarfélögum í stað aðstöðugjaldsins". Nefndinni var „jafnframt ætlað að gera tillögur um hvort fella eigi niður landsútvarið og hvaða tekjustofn eigi þá að koma í staðinn".

Í nefndina voru skipuð: Gunnar Svavarsson, formaður stjórnar Félags ísl. iðnrekenda, Sigríður Stefánsdóttir, forseti bæjarstjórnar Akureyrar, Sigurður E. Arnórsson framkvæmdastjóri, Sturla Böðvarsson alþingismaður, Valgarður Hilmarsson, oddviti Engihlíðarhrepps, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, formaður stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga, og Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri sem skipaður var formaður nefndarinnar.

Vil ég nú fara nokkrum orðum um það frv. sem hér er til umræðu. Eins og vitað er hefur um langt árabil staðið yfir umræða um nauðsyn þess að fella niður aðstöðugjaldið og hefur það af mörgum að ýmsu leyti verið talinn óheppilegur tekjustofn. Af einstökum þáttum sem vegið hafa þyngst í því sambandi má nefna að aðstöðugjaldið var lagt á veltu fyrirtækja óháð verðmætasköpun og afkomu sem olli mismunun milli atvinnugreina. Álagning aðstöðugjalds stuðlaði að óeðlilegri verðmyndun vegna uppsöfnunaráhrifa sem veikti samkeppnisstöðu íslenskra atvinnugreina bæði innbyrðis og gagnvart erlendum keppinautum. Ekki liggur fyrir úttekt á stærðargráðu þessara áhrifa en þau voru mismikil eftir atvinnugreinum. Aðstöðugjaldið olli ákveðnum ójöfnuði milli sveitarfélaga. Þannig réðust tekjur af aðstöðugjaldi af eðli atvinnustarfseminnar á hverjum stað fremur en raunverulegum umsvifum. Innheimta aðstöðugjalds var óskilvirk af ýmsum ástæðum, álagningarstofn var í mörgum tilvikum óviss sem olli umtalsverðum afföllum frumálagningar við kærur og endurúrskurði. Þá var skatturinn lagður á á eftir sem veikti innheimtu hans ekki síst í ljósi síbreytilegra aðstæðna í íslensku efnahagslífi. Álagning aðstöðugjalds stríddi gegn samræmingu í skattlagningu fyrirtækja í takt við það sem gerðist í nágrannalöndunum.

Einn liður í sérstökum aðgerðum stjórnvalda í atvinnumálum í lok sl. árs var afnám aðstöðugjalds, samanber yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. nóv. 1992 um eflingu atvinnulífs. Þar segir meðal annars að veigamikill þáttur í þeim aðgerðum sem hér er fjallað um er afnám aðstöðugjaldsins. Eftir því sem alþjóðaviðskipti verða frjálsari og samkeppni harðnar verði mikilvægara að skapa íslensku atvinnulífi a.m.k. ekki lakari skattakjör og helstu keppinautum. Þess vegna sé orðið brýnt að afnema aðstöðugjaldið. Jafnframt segir í yfirlýsingunni: „Afnám aðstöðugjalds hefur veiga-

mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga og breytingin er meiri en svo að unnt sé að ákveða fyrirvaralítið hvernig henni verður mætt til frambúðar. Þess vegna er ákveðið að sveitarfélögin fái á árinu 1993 tekjur úr ríkissjóði sem nemi 80% af aðstöðugjaldi af stofni ársins 1992." Þessar breytingar tóku gildi í byrjun árs 1993.

Rétt er að geta þess að aðilar vinnumarkaðarins studdu afnám aðstöðugjaldsins og það var í raun tengt kjarasamningum sem gerðir voru snemma á þessu ári.

Eins og fram kemur í yfirlýsingunni gerðu ríki og sveitarfélög samkomulag um að sveitarfélögin fengju greitt úr ríkissjóði jafngildi 80% af álögðu aðstöðugjaldi ársins 1993 að teknu tilliti til breytinga á frumálagningu þess, sbr. lög nr. 113/1992. Þetta fyrirkomulag er einnig staðfest í 23. gr. laga nr. 111/1992, um breytingar í skattamálum, þar sem sveitarfélögum er tryggð þessi fjárhæð með sérstakri hlutdeild í innheimtum tekjuskatti á yfirstandandi ári. Samkvæmt fjárlögum ársins 1993 er þessi fjárhæð talin vera um 4 milljarðar kr. Þessi áætlun er hins vegar nokkurri óvissu háð, en miðað við frumálagningu aðstöðugjalds fyrir árið 1993 má ætla að upphæðin víki ekki langt frá þessu þegar kærur hafa verið úrskurðaðar í skattkerfinu.

Ákvörðunin um niðurfellingu aðstöðugjaldsins var þannig í raun og veru tekin í lok sl. árs jafnframt því sem ákveðið var að bæta sveitarfélögunum upp tekjutapið á árinu 1993 með því bráðabirgðafyrirkomulagi sem ég hef áður lýst.

Eðlilegt þótti að taka nokkuð lengri tíma í að gera tillögur um frambúðartekjutekjustofna til handa sveitarfélögunum í stað aðstöðugjaldsins enda ljóst að það væri viðkvæmt og vandasamt verk sem ekki væri heppilegt að vinna í miklu tímahraki.

Eins og ég gat um áður var nefndinni falið þetta verkefni ásamt því að gera tillögur varðandi landsútsvarið. Nefndin var í aðalatriðum sammála um niðurstöður en þær voru þessar helstar:

Útsvar sveitarfélaga verði að hámarki 9,2%.

Álagning fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði verði í tveimur þrepum. Lagt er til að í lægra þrepinu verði skatturinn 1,12% af álagningarstofni, þó þannig að sveitarstjórnum sé heimilt að hækka það hlutfall um 25%. Miðað er við að heildarbreytingin skili sveitarfélögum um 600 millj. kr. Efra þrepið verði í formi álags á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Miðað við nýttan álagningarstofn er lagt til að álagningarhlutfallið verði að hámarki 1,25%. Þá er lagt til að álagning í efra þrepi verði í samræmi við núgildandi lög um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Samhliða því vinni félmrn. og Samband ísl. sveitarfélag að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að skatturinn falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.

Í þriðja lagi er lagt til að landsútsvarið falli niður og lagt er til að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái framlag úr ríkissjóði sem verði 0,227% af álagningarstofni útsvars en hlutur Jöfnunarsjóðs í landsútsvari nam 511 millj. kr. árið 1992. Afgangurinn, eða 117 millj. kr., skilar sér í hækkun útsvars og fasteignaskatta.

Síðan er lagt til að í framhaldi af tillögum nefndarinnar verði ákvæði um úthlutun jöfnunarframlaga í tekjustofnalögunum og reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga endurskoðuð einkum með hliðsjón af breyttri tekjumyndun sveitarfélaga.

Tillögur nefndarinnar eru við það miðaðar að sveitarfélögin í heild verði fjárhagslega jafnsett eftir breytingarnar eins og þau eru nú og sama á við um ríkissjóð. Í þessu sambandi er rétt að benda á að tekjur Jöfnunarsjóðs af landsútsvari námu 511 millj. kr. 1992, þar af var landsútsvar ÁTVR um 328 millj. kr. en í tillögunum er gert ráð fyrir að þær tekjur renni í ríkissjóð eftir breytinguna. Jafnframt er gert ráð fyrir að ríkið hækki skatta á olíur og bensín á móti niðurfellingu landsútsvars olífélaga, en það nam 143 millj. kr. á árinu 1992. Sú hækkun á því ekki að þurfa að leiða til hækkunar á vörum eða þjónustu hjá olífélögunum. Niðurfelling aðstöðugjalds á að sjálfsögðu að leiða til verulegrar lækkunar á verði vöru og þjónustu og sama á við um niðurfellingu landsútsvars banka og sparisjóða. Ég mun rekja nokkuð einstakar greinar frv.

Í 1. gr. er lagt til að aðstöðugjaldið verði fellt niður úr upptalningu tekjustofna sveitarfélaga og þar með afnumið til frambúðar.

Í 2. gr. er lagt til að fasteignaskattur á atvinnuhúsnæði hækki úr 1% í 1,12%. Jafnframt er gert ráð fyrir að sveitarstjórnir hafi áfram heimild til að hækka þá álagningu um allt að 25%.

Í 3. gr. er lagt til að landsútsvarið verði fellt niður úr upptalningu tekna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og í stað þess gert ráð fyrir framlagi úr ríkissjóði sem gert er ráð fyrir að verði 0,227% af álagningarstofni útsvars næstliðins tekjuárs.

Í 6. gr. er lagt til að hámarksálagning útsvars verði 9,2% í stað 7,5% nú. Útsvarsálagning í sveitarfélögunum hefur verið talsvert mismunandi, en algengast hefur hún verið á bilinu 6,7–7,5%. Vegið meðaltal hefur verið um 7% en flest sveitarfélaga hafa verið með um 7,5% útsvar. Gert er ráð fyrir sama fyrirkomulagi áfram, þ.e. að álagningin geti verið mismunandi eftir aðstæðum og ákvörðun sveitarstjórnar í hverju sveitarfélagi. Það er að sjálfsögðu nokkurt álitamál hve mikið sveitarfélögin þurfa að hækka álagninguna til að vera jafnsett og áður. Hægt er að rökstyðja álagningu frá 8,9–9,2% eftir því hvaða forsendur eru notaðar en hér er lagt til að slík ákvörðun verði í höndum sveitarstjórnanna sjálfra eins og verið hefur. Ætla má þó að flest sveitarfélög yrðu jafnsett miðað við að hækka útsvar um 1,5% frá því sem nú er.

Í 10. gr. er í raun lagt til að sérstakur skattur sem um langt árabil hefur verið lagður á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og runnið hefur í ríkissjóð verði fluttur til sveitarfélaganna. Jafnframt verði skatturinn lækkaður úr 1,5% í 1,25%. Hér er um að ræða bráðabirgðaákvæði og í tillögum nefndarinnar er lagt til að félmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga vinni að nánari útfærslu þess máls með það að markmiði að skatturinn falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga. Sérsköttun af þessu tagi er að ýmsu leyti óþægileg og hefur t.d. í för með sér tækni-

lega erfiðleika þegar skipta á húsnæði í flokka eftir notkun þess. Þegar hins vegar er litið til þess hversu mikið skattar hafa verið lækkaðir á atvinnurekstrinum við niðurfellingu aðstöðugjaldsins getur það naumast talist óeðlilegt þó þessi sérstaki skattur sé ekki felldur alveg niður um leið. Í nefndinni var m.a. rætt um hvort álagningarprósenta á atvinnuhúsnæði ætti ekki að vera sú sama óháð notkun húsnæðisins.

Aðrar greinar frv. en þær sem ég hef hér nefnt skýra sig sjálfar.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið hér tildrög þeirra breytinga á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem lagðar eru til í þessu frv. og skýrt í hverju þær felast. Frv. er því miður nokkuð seinna á ferðinni en að var stefnt. Í því sambandi er rétt að vekja athygli á að samkvæmt gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga skulu sveitarstjórnir hafa ákveðið fyrir 1. des. ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári, þ.e. hvert útsvarið skuli vera og þá ákvörðun skal tilkynna félmrn. eigi síðar en 15. des. Er þetta gert til þess að fyrir liggi nægjanlega tímanlega hver heildarinnheimtuprósenta eigi að vera í staðgreiðslunni á næsta ári. Mér virðist óhjákvæmilegt að bæta við frv. bráðabirgðaákvæði sem lengir frest sveitarstjórna til ákvarðanatöku um útsvarsálagninguna. Ég legg til að þetta verði athugað nánar í nefnd þeirri sem fær frv. til umfjöllunar.

Annað atriði vil ég einnig nefna. Í starfi nefndarinnar sem vann tillögur þær sem frv. er byggt á voru ræddar hugmyndir um að rétt væri að kveða á í lögunum um lágmarksútsvarsprósentu í sveitarfélögunum eða að sama útsvarsprósenta gilti um allt landið líkt og í tekjuskatti. Ætla má að þetta verði athugað nánar í nefnd þeirri sem fær frv. til meðferðar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[13:45]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. er þetta frv. um tekjustofna sveitarfélaga komið fram til að ákveða tekjustofna til frambúðar móti aðstöðugjaldinu sem var fellt niður á síðasta ári. Tilgangurinn með niðurfellingu aðstöðugjaldsins var sá að samræma álagningu þessara gjalda, þ.e. gjalda á atvinnurekstur, við það sem gerist hjá nágrannaþjóðunum. Aðstöðugjaldið er veltuskattur og var ekki talinn réttlátur og er ekki lagður á hjá okkar samkeppnisaðilum í nágrannalöndunum.

Í öðru lagi var niðurfelling aðstöðugjaldsins kynnt af hálfu ríkisstjórnarinnar sem stuðningur við atvinnulífið í landinu. Þessi aðgerð var raunar ein af helstu skrautfjöðrum ríkisstjórnarinnar á síðasta ári að dómi Stjórnartíðinda.

Í þriðja lagi, eins og kom reyndar fram í máli hæstv. ráðherra hér á undan, þá mismunaði þessi skattur sveitarfélögum í raun vegna þess að hann var lagður á veltu og þjónustu sem kom náttúrlega í miklu ríkara mæli til hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem meiri velta og þjónusta er sem þjónar öllu landinu. Nú liggur það sem sagt fyrir að ákveða tekjustofna til frambúðar í stað þessa aðstöðugjalds sem ákveðið er nú að leggja af.

Það vekur athygli í frv. að í 2. gr. þess er gert ráð fyrir að leggja hluta af þessum gjöldum á atvinnulífið aftur, um 600 millj. kr. eins og kemur fram í frv. og er kveðið á um í 2. gr.

Það vekur einnig athygli að búið er að hnýta inn í frv. vandræðabarni, óhreinu barni sem hefur verið á þvælingi hér í þinginu undanfarin ár og hefur sérstaklega verið þingmönnum Sjálfstfl. nokkur þyrnir í augum og þeir hafa tekið út fyrir að samþykkja það mál hér, en það er skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þetta minnir mig reyndar á mann sem hafði dálæti á börnunum sínum þangað til þurfti að skipta á þeim. Þá henti hann þeim í konuna sína. Nú ætlar hann að henda þessum skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði í sveitarfélögin til þess að losna við þann kross að samþykkja þetta mál á hverju ári hér í Alþingi. Það er minna áberandi að samþykkja þetta mál í frv. um tekjustofna sveitarfélaga. En reiknað er með því að sérstakur viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði komi inn í þetta frv. þetta ár. Hvað verður þá næst? Og mér er þá spurn: Er ekki verið að ákveða hér tekjustofna til frambúðar? Til hvers er þá verið að hnýta einhverjum bráðabirgðatekjustofnum inn þetta frv.? Ég sé ekki ástæðuna fyrir því nema þá að það sé verið að losa þingmenn Sjálfstfl. við þann kross að samþykkja þetta frv. eitt og stakt á hverju ári, eins og undanfarin ár. Ég sé enga ástæðu til að blanda þessu saman, það ætti að samþykkja þennan skatt bara sér meðan á að leggja hann á og ég geri fyrirvara við þetta atriði.

Manni verður auðvitað spurn í sambandi við þær 600 millj. sem nú á að leggja á atvinnureksturinn aftur í fasteignagjöldum á húsnæði, hvernig atvinnureksturinn er tilbúinn til þess að taka við þessu. Það er til umræðu á Alþingi og er von á frv. um málið ef ríkisstjórnin kemur sér saman um það mál. En að hér komi frv. um þróunarsjóð til að úrelda húsnæði í stórum stíl, t.d. í fiskvinnslu víðs vegar um landið, það frv. er að vísu ekki komið því ríkisstjórnin eða stjórnarliðar koma sér ekki saman um margt þessa dagana eins og umræður sýna. En með annarri hendinni erum við að leggja aukna fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði, í hinu orðinu á að stofna úreldingarsjóð til að loka þessu húsnæði. Ég held að það væri betra að ræða þessi mál í samhengi og reyna að gera sér grein fyrir því hvernig atvinnureksturinn í landinu er í stakk búinn til að standa undir þeim útgjöldum sem hér er gert ráð fyrir. Þar með er ég ekki að segja að það sé sjálfsagt mál að færa alla þessa skattbyrði yfir á einstaklinga eins og gert er ráð fyrir í frv., að útsvarið sé hækkað upp í 9,2%. Alla þessa skattheimtu verður auðvitað að skoða í samhengi við þau skattafrumvörp sem væntanlega eru hér á Alþingi fyrir jól. Þau eru ekki komin fram. Mér er spurn — það er verst að hæstv. fjmrh. er ekki viðstaddur þessa umræðu því það er kannski varla hægt að ætlast til að hæstv. félmrh. svari því hvenær eru þau skattafrv. væntanleg, til þess að hægt sé að gera sér

grein fyrir skattheimtunni í samhengi? Því auðvitað verða þessi mál ekki sundurskilin.

Eins og ég kom inn á áðan þá var aðstöðugjaldið fellt niður til þess að jafna aðstöðu sveitarfélaga. Það er auðvitað ein ástæða fyrir því að þessi skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er kominn hér inn, að verið er að koma því þannig fyrir að það dragi sundur með sveitarfélögunum aftur í tekjustofnum vegna þess að um 90% af þessu gjaldi fellur til í Reykjavík, ef ég man rétt, þó ég hafi ekki tölur um það við höndina, en það hefur komið fram hér í umræðum á Alþingi. Auðvitað er þetta ákvæði í og með til þess að styrkja stöðu þess svæðis á ný og það veitir sjálfsagt ekki af því mér skilst að hagur borgarinnar fari hríðversnandi og sé ekki sá sami og áður var, enda hefur komið ítrekað fram í umræðum það fjárfestingarbruðl sem hefur verið á undanförnum árum og ætla ég ekki að rekja það frekar í þessari umræðu.

Það hefði auðvitað komið til greina að einfalda þessi mál og ríkið hefði með höndum álagningu á atvinnurekstur í landinu og útsvarsprósentan hefði verið hækkuð sem þessu aðstöðugjaldi nemur. Það hefur þann annmarka að þá er skattbyrðin færð yfir á einstaklinga að öllu leyti, nema ríkið gefi þá eftir á móti. En það hefði verið leið til þess að einfalda þessi mál og það er rétt að félmn. sem fær frv. til meðferðar taki þetta atriði sérstaklega til skoðunar.

Það kom fram hjá hæstv. félmrh. að frv. er seint fram komið. Það eru svo sem engin tíðindi því það er einkennandi fyrir þetta þing sem við sitjum í haust að það hefur nær eingöngu þingmannamál, þingmannafrumvörp og þingmannatillögur til umfjöllunar. Það er góðra gjalda vert og ég er ekki að hallmæla því að þau séu tekin fyrir, en það sem vekur athygli er að hér eru afar fá mál frá ríkisstjórninni til umræðu. Það er ekki vegna þess að ríkisstjórnin hafi allt sitt á hreinu, heldur er bara ósamkomulagið svo mikið að það koma engin frv. fram. Á ég þá við frv. t.d. um skattamálin, sem algjör óvissa er um, hvað þarf að innheimta miklar tekjur í ríkissjóð, því hver ákvörðunin eftir aðra um sparnað í fjárlögum fellur um sjálfa sig. Aðgerðir sem áttu að spara hitt og spara þetta eru svo illa undirbúnar að þær eru dregnar til baka daginn eftir að þær eru ákveðnar vegna lélegs undirbúnings. Ég þarf ekkert að telja það upp en vil þó nefna ákvörðunina um dagheimili, heilsukort, sýslumenn o.s.frv. sem allt er í uppnámi, m.a. vegna ósamkomulags innan stjórnarliðsins og ónógs undirbúnings. Það er því allsendis óvíst hver heildarskattheimtan í þjóðfélaginu þarf að vera. Það bætist við þá óvissu sem er hjá sveitarfélögunum núna sem hefur orðið til þess að það þarf auðvitað að setja ákvæði í þessi lög, lengja þá fresti sem sveitarfélögin hafa til þess að tilkynna félmrn. útsvarsálagningu sína. Það er í samræmi við þann glundroða sem ríkir á stjórnarheimilinu hvað þetta frv. kemur seint fram.

Ef ég vík aðeins að lokum að afstöðu Framsfl. í þessu máli, þá studdum við niðurfellingu aðstöðugjaldsins á sínum tíma og við munum leita leiða til þess að festa tekjustofna í sessi til frambúðar í staðinn fyrir aðstöðugjaldið. Við munum auðvitað greiða fyrir því að þetta frv. fái sem vandaðasta meðferð, eftir því sem í okkar valdi stendur, og þeir fulltrúar flokksins sem sæti eiga í félmn. munu að sjálfsögðu gera það. En ég hef um efni þess almennan fyrirvara þangað til eftir nánari skoðun í nefndinni. Það er nauðsynlegt að eyða óvissu um marga hluti, ekki síst það hvað ríkisstjórnin ætlar sér að innheimta í tekjur af almenningi í landinu á þessu ári, sem er alls óljóst, og hvaða útgjöld hún ætlar að hafa á móti. Þessi mikilvægu mál eru bara öll í uppnámi þessa dagana.

Eins og ég kom að áðan þá er þetta þing afar sérkennilegt að því leyti að ríkisstjórnin er ekki tilbúin með neitt af þeim málum sem nauðsynlegt er að afgreiða fyrir jól. Þó að þetta frv. sé allt of seint á ferðinni og þurfi að krækja aftan í það bráðabirgðaákvæði til að uppfylla lög og reglur um tilkynningaskyldu sveitarfélaganna til félmrn. þá er þetta þó miklu fyrr á ferðinni heldur en nokkurt annað tekjustofnamál og hæstv. félmrh. er fyrstur til að leggja fram frv. um þessi efni, þó það sé allt of seint.

En við fulltrúar Framsfl. í félmn. höfum tækifæri til að fara yfir þessi mál í nefndinni og munum greiða fyrir því að þessi tekjustofnamál sveitarfélaganna komist í fast form til frambúðar.

[14:02]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegi forseti. Í þessu frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru á ferðinni stórkostlegar breytingar, þ.e. afleiðingar af því að menn urðu sammála um að fella niður aðstöðugjaldið og innheimta skatta með einhverjum öðrum hætti í staðinn. Ég held reyndar að stjórnvöldum hafi aldrei tekist að setja fram tillögur um að hækka skatta á almenningi verulega í þessu landi öðruvísi en það hafi orðið um það miklar umræður og víðtækar nema í þetta skiptið. Fram að þessu hefur sú umræða ekki verið *mikil sem fram hefur farið um hækkun útsvars* einstaklinga vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins.

Þarna eru á ferðinni fyrirætlanir um að láta almenna launþega taka á sig á fjórða milljarð kr. í hækkuðum sköttum vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins. Það er um að ræða 21,4% hækkun á útsvari. Útsvarið hækkar úr 14,4 milljörðum á árinu 1983 í 17,5 milljarða á næsta ári. Og þegar ákveðið var við gerð síðustu fjárlaga að leggja niður aðstöðugjald á atvinnurekstur þá fóru fram töluverðar umræður um málið og niðurstaða þeirra umræðna var sú að það var víðtækur skilningur fyrir því meðal aðila vinnumarkaðarins, stjórnmálamanna og almennings að aðstöðugjaldið væri ranglátur og á margan hátt óheppilegur skattur á atvinnurekstur og þess vegna bæri að afnema hann og fá nýja tekjustofna í staðinn. Eftir mikið mas um þetta mál lögðu stjórnvöld til að það yrði leyst til bráðabirgða með því að hækka almennan tekjuskatt á þessu ári um 4 milljarða sem ríkið skyldi síðan skila til sveitarfélaganna í stað aðstöðugjaldsins. Síðan lagði fjmrh. mikið á sig við að útskýra það fyrir þjóðinni að ekki væri um skattahækkanir að ræða heldur væri þetta bráðabirgðaráðstöfun þar sem ríkissjóður tæki að sér

innheimtu fyrir sveitarfélögin. Árið yrði síðan notað til að finna nýja tekjustofna fyrir sveitarfélögin og einhverjar hugmyndir voru reyndar nefndar í þessu sambandi svo sem tekjur af umferðinni, gjöld af bifreiðaeign og annað því um líkt. Umhverfisskattar voru nefndir. Skilaboðin til launþega voru einföld og skýr. Með bráðabirgðahækkun tekjuskatts, sem einungis átti að gilda á árinu 1993, eruð þið að leggja ykkar af mörkum til að hjálpa atvinnulífinu upp úr hinni miklu kreppu, stuðla að meiri atvinnu og gefa stjórnvöldum tíma til að leysa skattamál atvinnurekstrarins til frambúðar. Og það má næstum segja að það hafi náðst þjóðarsamstaða um málið. Fólkið í landinu sagði eiginlega ekki neitt. Það tók það á sig að fá vel á fjórða milljarð í hækkanir á almennum sköttum vegna þessa máls. En sú hugmynd að aðstöðugjaldinu yrði breytt í útsvar eins og núna liggur fyrir var aldrei orðuð. Það sagði enginn stjórnmálamaður hér í hv. Alþingi að það stæði til. Menn þvert á móti átu hver upp eftir öðrum hér á hv. Alþingi þetta sem ég var að segja áðan um að það ætti að finna aðra tekjustofna.

Ég lýsti yfir andstöðu minni við þetta mál hér á Alþingi í fyrra og þeim ótta mínum að þegar árið yrði liðið og komið yrði haustið 1993, þá mundi það liggja fyrir að menn hefðu ekki önnur úrræði heldur en að hækka útsvarið. Og þessi ótti var ekki ástæðulaus. Tillagan er reyndar verri en ég hafði átt von á því að lagt er til að ¾ hlutar af niðurfellingu á aðstöðugjaldinu verði að útsvari. Það er einungis fjórði parturinn sem á að innheimta með öðrum hætti. Og rétt er að minna á að það eru fleiri fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar sem tengjast þessu í skattamálum. Á sama tíma og þetta gerist þá er lækkaður skattur á fyrirtæki úr 45% í 33% og það geta einfaldlega líka verið sömu fyrirtækin og eru að sleppa undan aðstöðugjaldinu og reyndar ekki ólíklegt að þannig sé það.

Það hlýtur að vera mönnum mikið umhugsunarefni að á sama tíma og almenningur er látinn taka á sig svona gífurlegar álögur frá atvinnufyrirtækjunum og það er rökstutt með því að atvinnureksturinn í landinu standi illa, þá er verið að lækka skatta á þeim atvinnufyrirtækjum sem ekki þurfa á því að halda, þ.e. þeim sem eru að græða á starfsemi sinni. Vegna þess að auðvitað eru fyrirtæki ekki að borga tekjuskatta nema þau séu að græða. Og er það nú rétti tíminn til þess að lækka skatta á fyrirtækjum þegar hörmungar ganga yfir og menn telja að allir þurfi að leggja eitthvað á sig til þess að halda þjóðarskútunni á floti? Nei, nei, þá velja menn akkúrat þann tíma til þess að fella niður og lækka skatta á fyrirtækjum sem eru þó að græða og enginn ætti að þurfa að vorkenna á þeim tímum sem nú ganga yfir okkur.

Nei, á þessum tíma var málið kynnt fyrir fólki sem algert bráðabirgðafyrirkomulag, sérstakt átak sem almenningur ætti að gera til að efla atvinnu og það var alveg á hreinu að stjórnvöld ætluðu að finna aðrar leiðir til skattlagningar. Þetta eru svik og sjónhverfingar sem ættu að vera fyrir neðan virðingu stjórnvalda og þau munu auka á tortryggni þegar almenningi í landinu verður þetta ljóst. Það er ekki orðið það nú þegar en mun verða það í aðdraganda kosninganna. Ég er sannfærður um að þegar hv. borgarfulltrúar hér í Reykjavík munu tilkynna það hver hækkunin á útsvarinu á að verða í vetur og þegar bæjarfulltrúar um allt land munu taka ákvarðanir um það að útsvarið skuli verða 9,2%, þá mun þessi umræða fara af stað og þá munu menn verða spurðir að því hvar þeir hafi staðið vaktina þegar verið var að koma þessum hlutum fyrir.

Það eru reyndar mörg undarleg mál sem tengjast þessu. Það er t.d. meðferð álagningarinnar á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem nú loksins á að afleggja hér á Alþingi eftir mikla og hetjulega baráttu sjálfstæðismanna gegn því máli ár eftir ár. Og hvernig vannst sá sigur? Hann vinnst með því að láta borgarfulltrúana í Reykjavík og bæjarfulltrúana sem stjórna bæjarfélögunum víðs vegar um landið taka ákvarðanir um það að taka við að leggja skatta á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Þannig á það að vera. Það á að leggja í sjálfsvald þeim aðilum að fara í sama farið og Alþingi hefur gert á undanförnum árum og við alþýðubandalagsmenn höfum reyndar stutt, en sjálfstæðismenn, eins og ég sagði áðan, hafa barist þessari miklu baráttu sinni fyrir því að koma þessum skatti af vegna þess hve hann væri óskaplega ranglátur. Hann skal núna vera í höndum bæjar- og borgarfulltrúa allt í kringum landið til þess að bæta sér upp tekjutap vegna aðstöðugjaldsins. Þetta er ekki mjög stórmannleg aðferð við það að koma niður einhverju sem menn vilja grafa sem lengst í jörðina eins og sjálfstæðismenn hafa viljað grafa þennan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég vil lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir og ég er alveg sannfærður um það að menn munu ekki sleppa svona billega frá þessari umræðu eins og þeir hafa gert fram að þessu. Það mun renna upp fyrir fólkinu í landinu áður en líður á löngu hvernig að þessu máli hefur verið staðið og þeir sem þar hafa komið að og látið plata sig, bæði stjórnmálamenn, forsvarsmenn verkalýðsfélaga, forsvarsmenn sveitarfélaga og aðrir, munu ábyggilega fá bágt fyrir hjá fólkinu í landinu þegar það áttar sig á því með hvaða hætti það var blekkt fyrir ári síðan.

[14:11]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í máli hv. þm. kom fram að mér virtist nokkur vandlætingartónn yfir því að til þess ráðs var gripið á síðasta ári að aflétta sköttum af fyrirtækjum í því skyni að skapa þeim nýtt svigrúm til þess að takast á við þann mikla atvinnuvanda sem fyrirsjáanlegur hefði verið í okkar þjóðfélagi. Ég vil minna á að þegar sú ákvörðun var tekin á sínum tíma, þá var það spá aðila vinnumarkaðarins, t.d. Alþýðusambands Íslands að hér gæti blasað við 20–25% atvinnuleysi. Þó að við séum öll sammála um það að atvinnuleysið sé of mikið eins og það er í dag, þá hefur okkur sem betur fer tekist að afstýra því að það færi upp í þessar hæðir sem er þó álíka atvinnuleysisstig og menn standa núna frammi fyrir sem blákaldri staðreynd í Finnlandi

þar sem atvinnuleysi var raunar hér um bil óþekkt fyrirbrigði á árum áður. Mér fannst það koma fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að hann teldi það vera visst vandamál sem við væri að stríða í okkar þjóðfélagi að hér væru til fyrirtæki sem græddu og það þyrfti sérstaklega að taka á þeim vanda með því að tryggja að sá gróði yrði sem allra minnstur og skattleggja hann alveg sérstaklega umfram það sem gert væri ráð fyrir í núverandi skattalögum. Ég vildi gjarnan að hv. þm. svaraði því mjög skýrt og skorinort hvort hann teldi ofsagróða einstakra fyrirtækja vera vandamál í íslensku atvinnulífi og íslensku efnahagslífi. Hvort hann telji að það yrði vænlegra um að horfa í okkar þjóðfélagi ef það væri búið að ganga svo frá málum að hér væru ekki til fyrirtæki sem græddu hraustlega og gætu lagt fyrir og tekið þátt í annarri atvinnusköpun í landinu eins og flestir hafa þó talið ástæðu til og hvort hv. þm. sé þeirrar skoðunar að það þurfi örugglega að búa svo um hnútana að hér verði ekki eftirsóknarvert fyrir fyrirtæki að starfa, hvorki í eigu Íslendinga né útlendinga.

[14:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vandlætingartóninn — hafi hann verið í minni ræðu og hann var þar auðvitað — átti ekki að skilja með þeim hætti sem hv. 3. þm. Vestf. skildi hann. Ég held að það hafi allir skilið málið með sama hætti og hann lýsti hér áðan að það væri verið að gera fyrirtækjunum kleift að standa sig betur í þeim erfiðleikum sem þarna voru. Mín vandlæting stafar af því að þegar var verið að kynna þetta fyrir þjóðinni þá töluðu menn ekki um að það yrði um varanlega hækkun á útsvari eða *jafngildi* þess að ræða heldur var talað um aðra tekjustofna og þeir voru sérstaklega nefndir. Útsvarið var aldrei nefnt sem aðaluppspretta peninga í staðinn fyrir aðstöðugjaldið. Ég tel að það hafi verið blekkingar sem hafi í raunveruleikanum farið fram og eftirleikurinn sýni okkur það.

Síðan kom hann að öðru. Hann taldi að ég héldi því fram að það væri visst vandamál að fyrirtæki græddu peninga. Ég held og ég get bara endurtekið það sem ég sagði að það sé ekki rétti tíminn til að lækka skatta á þeim fyrirtækjum í landinu eða þeim atvinnuerkstri sem stendur vel og er að græða peninga þegar allir aðrir þurfa að leggja á sig hækkaða skatta eins og fólkið í landinu og þá eigum við að velja þann tíma til þess að hækka skatta á þeim sem eru að græða og hafa það ágætt og þurfa raunverulega ekki á neinni hjálp að halda. En þá velur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sér tímann til þess að lækka skatta. Ég held að allir aðrir en hv. 3. þm. Vestf. hljóti að skilja það að það var ekki rétti tíminn til að láta fara fram skattalækkanir.

[14:15]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að öllum hafi verið ljóst þegar á sínum tíma var tekin sú ákvörðun að aflétta skattbyrði af fyrirtækjum í landinu með því m.a. að fella niður aðstöðugjaldið, sem ég hygg að flestir hafi verið sammála um að var mikill óþurftarskattur, að sú ákvörðun var í sjálfu sér varanleg því að það hefði nú verið einkennilegt upplit á því að fella niður skatta á síðasta ári og leggja þá svo á alveg sérstaklega á þessu ári aftur. Er hv. þm. þeirrar skoðunar að aðstaða rekstrarskilyrða atvinnulífsins hafi batnað svo mjög í landinu að það sé ástæða til þess að hverfa frá þeirri ákvörðun sem var tekin í fyrra og leggja á nýja skatta á atvinnulífið í landinu?

Varðandi það sem hv. þm. sagði að hér væri sérstaklega verið að létta sköttum af þeim fyrirtækjum sem best stæðu og mest mættu sín, þá er það auðvitað alrangt. *Það er að vísu rétt að tekjuskattsprósenta* fyrirtækjanna var lækkuð nokkuð til samræmis við það sem gerist og gengur í öllum samkeppnislöndum okkar, færa með öðrum orðum samkeppnisskilyrði þessara fyrirtækja sem eru að berjast um á alþjóðlegum markaði m.a. til álíka forms og gerist og gengur í samkeppnislöndum okkar. En þá er líka rétt að hafa það í huga og halda því til haga að um leið voru gerðar ráðstafanir sem fólu það í sér að þessi skattstofn var breikkaður og undanþágunum var fækkað þannig að það er mat t.d. Vinnuveitendasambands Íslands að skattbyrðin af þessum sökum hafi afar lítið breyst hjá íslenskum atvinnufyrirtækjum. Hér er einkanlega verið að gera þessar tæknilegu breytingar. Ég held þess vegna að allt hans tal og allt hans vandlætingarhjal um að það sé sérstaklega verið að rétta þeim fyrirtækjum hjálparhönd sem síst þurfa á slíku að halda sé alrangt. En ég er almennt þeirrar skoðunar að það sé jákvætt í sjálfu sér að það séu til fyrirtæki í okkar landi sem græði og geti þess vegna lagt af mörkunum til uppbyggingar atvinnulífsins, t.d. í þágu útflutningsatvinnuveganna. Væri það ekki í anda þeirrar nýsköpunar í stefnumörkun Alþb. sem kölluð hefur verið útflutningsstefna einmitt að búa vel að hag þessara fyrirtækja sem eru að sækja á til nýrrar sóknar víða um heiminn?

[14:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um það að öllum hafi verið ljóst að þetta væri varanlegt að fella niður aðstöðugjaldið þá er það að segja að það var öllum ljóst. En hins vegar var það líka öllum ljóst sem fylgdust með umræðunni í fyrra að það var ekki verið að tala um að breyta aðstöðugjaldinu í útsvar. Það var verið að tala um að leita annarra leiða til þess að fjármagna þetta heldur en áður hafði verið gert og svigrúmið sem var gefið til þess var þessi tími. Og ég held að það hafi enginn orðað það í hv. Alþingi, og ég sat held ég flesta fundi, að það stæði til að þetta sem hæstv. fjmrh. barðist við að réttlæta fyrir þjóðinni að væri ekki skattahækkun og er núna í munni sumra sem tala um þessi mál ekki heldur hækkun á útsvari, nú eru menn að leggja það á sig að rökstyðja það fyrir fólkinu í landinu tvö ár í röð að hafi ekki orðið hækkanir á sköttum þó skattarnir hafi hækkað í fyrra og síðan hafi útsvarið hækkað í staðinn á þessu ári. Ég get ekkert annað en endurtekið það ef hv. þm. hefur ekki skilið það nógu vel sem ég hef verið að segja að það er ekki rétti tíminn til þess að lækka skatta á fyrirtækjum sem eru í bullandi

gróða þegar allir aðrir þjóðfélagsþegnar þurfa að taka á sig auknar byrðar, þá eigi þeir sem eiga tekjuafgang og mundu þurfa að borga tekjuskatt til ríkisins að sleppa. Ég held að það séu fáir í þjóðfélaginu sem taka undir það. En hins vegar vil ég segja það um nýja atvinnustarfsemi að þar þurfum við auðvitað að taka á með fyrirtækjum og ef þessi fyrirtæki, sem menn eru að tala um að séu að græða peninga í dag, eru að fara af stað með nýja atvinnustarfsemi þá er bara allt annað á ferðinni. Það er hugsanlegt að taka á þeim málum sérstaklega.

[14:20]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það var vissulega tími til þess kominn að það kæmi fram fyrsta frv. um breytingar á skattalögum sem við þurfum að byggja fjárlög næsta árs á og má kannski segja að það sé nokkuð táknrænt að að skuli vera eina konan í ríkisstjórninni sem fyrst kemur með frv. um þessi mál. En það breytir ekki því að samt sem áður kemur það of seint.

Ég vil koma þeirri gagnrýni á framfæri að mér finnst það mjög óeðlilegt hvernig yfirleitt er staðið að breytingum á skattalögum á hinu háa Alþingi. Ég tel að það þurfi miklu lengri fyrirvara heldur en að koma með þetta í nóvember eða jafnvel síðustu dagana í desember og síðan er bæði fyrirtækjum, einstaklingum og atvinnurekstri yfirleitt, öllum þeim sem fara með skattamál fyrirtækja ætlað að vinna eftir þessu á næsta ári og jafnvel löngu fyrir þann tíma að gera áætlanir um t.d. reksturinn á næsta ári. Rekstur þeirra byggist yfirleitt á ákvæðum skattalaga að ég tala nú ekki um þá einstaklinga sem geta átt von á því að skattaprósenturnar séu hækkaðar von úr viti bara með einu pennastriki.

Það voru allir sammála því hér á síðasta þingi að það þyrfti að breyta aðstöðugjaldinu, þ.e. að aðstöðugjaldið væri óréttlátur skattstofn sem þyrfti að finna annan farveg. En menn létu það yfir sig ganga á síðasta ári að þetta var sett inn í staðgreiðsluna, einmitt vegna þess að einstaklingar og þjóðin öll held ég gerir sér grein fyrir því að það eru vissir erfiðleikar í efnahagsmálum og menn sættu sig við þetta til eins árs. En eins og hér hefur komið fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni þá var engan veginn fyrir ári síðan verið að ræða um það að þetta yrði svo að segja alfarið sett yfir í staðgreiðslu einstaklinga, yfir í skatt á einstaklinga.

Það hefur einnig verið gagnrýnt hér að á sama tíma er tekjuskattur fyrirtækja lækkaður. Þó að það komi ekki beinlínis því máli við að verið er að afnema aðstöðugjaldið þá er það svolítið sérkennileg staða að frá því að staðgreiðslan var sett í gagnið 1988, þá var tekjuskattur á einstaklinga að mig minnir 34,5% eða innan við 35% en er í dag með þessum breytingum 41,3%. Á þeim tíma var tekjuskattur á fyrirtæki 50% en 35% á einstaklinga. Nú hefur hann verið lækkaður niður í 37% eða 38% og jafnvel talað um að lækka hann niður í 33%. En á sama tíma er staðgreiðsla einstaklinga, tekjuskattur einstaklinga 41,3%. Þetta hefur sem sagt farið allt á þann veg að það er verið að lækka hlutfall skatta á fyrirtækjum og hækka það sem því nemur og ríflega það á einstaklingum.

Þar sem með þessu frv. er verið að afnema aðstöðugjaldið og fella algerlega út þann kafla í lögum um tekjustofna sveitarfélaga — það er algerlega verið að afnema kaflann um aðstöðugjald — þá vil ég nú spyrja hæstv. félmrh.: Hvernig verður þá farið með þau gjöld og þá tekjustofna annarra ríkisstofnana sem byggja sínar tekjur á aðstöðugjaldinu? T.d. eru tekjur Útflutningsráðs byggðar á aðstöðugjaldinu og gjald til kirkjugarða er að einhverju leyti líka byggt á aðstöðugjaldinu, ég man nú ekki eftir fleirum í bili, en alla vega kemur þetta hvort tveggja að nokkru leyti við þeim lögum sem hafa gilt um aðstöðugjaldið.

Hér á áfram að vera eins og áður hefur komið fram í máli manna hér á undan, það verður áfram skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. En í þetta skipti er það ekki ríkið sem á að innheimta það svo að þeir sem hér greiddu atkvæði í fyrra með hangandi hendi með þessum skatti í trausti þess að það yrði aldrei aftur, eins og einn ónefndur þingmaður sagði um leið og hann greiddi atkvæði, þurfa þess þá líklega ekki lengur þar sem nú eru það sveitarfélögin sem eiga að innheimta þennan skatt.

Í sambandi við það að sveitarfélög hafa tekjur af fasteignum innan sveitarfélagsins þá finnst mér rétt að koma því einnig á framfæri að ég tel að sveitarfélögin hafi í gegnum tíðina haft allt of hátt hluttfall af sínum tekjum af fasteignasköttum yfirleitt. Og það má benda á það að á öðrum Norðurlöndunum hafa sveitarfélögin ekki jafnmikla hlutdeild sinna tekna af fasteignasköttum. Þau hafa það frekar af tekjum eða á annan hátt en skattleggja fasteignir íbúanna. En þessu er sem sagt þannig varið hér á landi að sveitarfélögin byggja stóran hlut sinna tekna á tekjum af fasteignum íbúanna. Það hefur oft verið rætt um það hversu óréttlát sú skattlagning getur verið, t.d. þegar maki deyr og annað hjóna situr þá eftir í húsnæði sem skattlagt er að fullu og getur reynst því mjög erfitt. Og ég efast ekki um að hv. alþm. Sjálfstfl. þekkja þá umræðu.

Eins og ég sagði áðan þá er hér fyrst og fremst verið að koma á fastari skipan með breytingu á aðstöðugjaldi sem tekjur fyrir sveitarfélögin. En ég hygg þó að sveitarfélögunum verði ekki bætt þetta alveg með þeim hætti. Þetta gerðist öðruvísi á yfirstandandi ári þar sem skattprósentan var hækkuð um það sem þurfti til þess að ná inn þeim tekjum sem aðstöðugjaldið hafði gefið og sveitarfélögunum var síðan bættur skaðinn með ákveðnu hlutfalli af aðstöðugjaldi sem þau höfðu haft í tekjum árið á undan. Þetta gerist aftur á móti ekki núna. Og það held ég að menn þurfi líka að gera sér grein fyrir. Nú er ekki miðað við þær tekjur sem sveitarfélögin hafa haft af aðstöðugjaldi. Nú fá þau tekjur af einstaklingunum sem greiða hærra útsvar en verið hefur og ég veit ekki hvort sú athugun hefur farið fram og er rétt að spyrja hæstv. félmrh. að því, hvernig það muni þá koma út fyrir þau sveitarfélög sem hafa innan sinna marka íbúa með frekar lágar tekjur. Ef tekjur almennt eru lágar í viðkomandi sveitarfélagi, þá segir það sig sjálft að það þýðir ekkert að bæta þetta upp

bara með því að hækka prósentuna. Það getur verið að þetta eigi að koma inn með einhverjum jöfnunaraðgerðum og e.t.v. í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, en það væri forvitnilegt að fá að heyra það hér frá hæstv. félmrh.

Þetta er það sem ég vildi helst koma á framfæri, en að lokum vil ég ítreka það sem ég sagði hér í upphafi að ég tel að hæstv. ríkisstjórn og raunar allar ríkisstjórnir á hvaða tíma sem er þurfi að setja sér það markmið að breytingar á skattalögum séu ekki alltaf samþykktar rétt fyrir áramót og eigi að taka gildi 1. janúar á eftir. Það er með öllu óviðunandi fyrir borgara þessa lands hvort sem það eru einstaklingar, fyrirtæki eða aðrir að þurfa að una því að vita aldrei um það hvaða skattalagabreytingar koma eftir nokkra daga og eftir hverju á að vinna á næsta ári. Ég tel að það þurfi svona um það bil eins árs aðlögun og lágmark sex mánuði áður en skattalagabreytimgar sem samþykktar eru eiga að koma til framkvæmda.

[14:32]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að fara nokkrum orðum um þetta frv. þó að aðalumræðan bíði að sjálfsögðu 2. umr., eftir nefndaskoðun. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram í máli ræðumanna að það eru ýmis atriði sem þarf að skoða og fá nokkrar skýringar á.

Ég vil fyrir það fyrsta segja um þetta frv. að það er nú öllu rýrara í roðinu en ég átti von á þegar um þessi mál var fjallað á síðasta þingi og ég vil undirstrika að það er misskilningur sem hér hefur komið fram í fleiri en einni ræðu að aðstöðugjald hafi verið lagt niður á síðasta ári. Það er ekki svo. Það sem gert var á síðasta ári var að setja ákvæði til bráðabirgða um að innheimta ekki álagt aðstöðugjald þessa árs. Lagagreinarnar um aðstöðugjald eru enn óbreyttar. Þessi gjaldstofn er til. Hann var nýttur, það var lagt á, en hann var ekki innheimtur. Þetta ákvæði til bráðabirgða fellur sjálfkrafa úr gildi þegar þetta ár er úti þannig að aðstöðugjaldið mun verða til eins og áður, eins og ekkert hafi í skorist, og er það auðvitað allt annað en menn hafa hér sagt, að aðstöðugjaldið hafi verið lagt niður á síðasta ári. Það er í raun og veru hið gagnstæða. Aðstöðugjaldið lifir enn fínu lífi og mun öðlast a.m.k. jafngott líf um næstu áramót og það hafði um síðustu áramót. Við erum því ekki í þeirri stöðu að setja löggjöf um nýja skatta í stað einhverra sem við erum búin að afnema. Það er rangt. Þetta vildi ég að mönnum væri alveg ljóst.

Þá vil ég segja um meginefnið að mér sýnist að verið sé að auka skattbyrðina á launamenn í landinu, eins og greint er frá í frv., um tæpa 4 milljarða kr. með útsvari upp á 1,7%, án þess að ríkið gefi eftir 1,5% sem það tók á síðasta ári og innheimti í ríkissjóð árið 1993 til þess að bæta sveitarfélögunum upp á þessu ári í staðinn fyrir aðstöðugjaldið. Það er ekkert í þessu frv. sem segir okkur að 1,5% tekjuskattsaukningin sem lögð var á fyrir þetta ár verði afnumin.

Það næsta sem við komumst til að vita eitthvað um áform ríkisstjórnarinnar í þessu efni er í athugasemdum með þessu frv. um 6. gr. en þar segir, með leyfi forseta:

„Breytingin felur í sér að útsvar sveitarfélaga verður að hámarki 9,2% í stað 7,5% nú. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í nefnd þeirri sem vitnað er til hér að framan kom fram það álit fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að tekjuskattur ríkisins verði að lækka sem þessu nemur þannig að álagningarhlutfall í staðgreiðslu í heild hækki ekki. Aðrir fulltrúar gerðu hins vegar ráð fyrir að hlutur ríkisins í staðgreiðslu tekjuskatts lækki en töldu ekki rétt að tilgreina nákvæma tölu í því sambandi."

Hér er í umsögn um 6. gr. ekki verið að segja frá því sem framlagningaraðili málsins, ríkisstjórnin, ætlar að gera. Hún segir bara frá því sem einhverjum mönnum í einhverri nefnd fannst að ætti að gera. En hver eru viðhorf ríkisstjórnarinnar? Við viljum fá að vita það? Ætlar ríkisstjórnin að taka þennan tekjuskattsauka upp á 1,5% og flytja hann yfir til sveitarfélaganna, eins og menn voru auðvitað með í huga á síðasta ári þegar gengið var frá þessu. Það var enginn að tala um það að ríkissjóður ætti að nota þetta tækifæri til þess að ná sér í eitt og hálft tekjuskattsprósentustig til viðbótar tekjuskattinum. Það var enginn að tala um það. Það verða því að liggja fyrir skýr svör um þetta atriði frá hæstv. ríkisstjórn.

Ég spyr hæstv. félmrh. um stöðu þeirra sveitarfélaga sem fengu úr landsútsvari, en í 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga kemur fram að fjórðungur af álögðu landsútsvari rann til viðkomandi sveitarfélags. Er virkilega ætlunin að það eigi að taka það af þessum sveitarfélögum og þau eigi að bera það óbætt? Ég sé ekki í þessu frv. annað en að þau sveitarfélög sem nutu eða hafa notið landsútsvars fái ekkert upp í það.

Þá spyr ég um áhrif þessa frv. á framkvæmd á ákvæðum laga um kirkjugarðs-, útflutningsráðs-, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald en þessi gjöld eru öll tengd aðstöðugjaldsstofni. Ef við leggjum niður aðstöðugjaldið sem skattstofn þannig að hann verði ekki lengur til, þá sýnist mér að þessi fjögur gjöld hverfi líka sjálfkrafa. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort það sé ætlunin eða hvort hugmyndin sé að þessi gjöld verði þá tengd einhverjum öðrum álagningarstofni.

Þá vil ég segja það um fasteignaskattinn að ýmsir skattar eru nú vondir en verstur held ég að fasteignaskatturinn sé. Ég held að það sé einn alversti skatturinn sem menn hafa fundið hér á Íslandi, m.a. vegna þess að hann tekur ekki mið af eignum og skuldum. Hann er ekki tekjutengdur og hann er ekki eignatengdur. Menn eru að borga fasteignaskatta af eignum sem þeir eiga e.t.v. ekki, þar sem menn skulda kannski meira en nemur matsverði eignarinnar. Menn borga því ekki skatta af eign, menn borga bara skatta af skráðu mati. Þetta er ekki eignarskattur, á engan hátt. Það væri mikið nær að kalla þetta óbeinan tekjuskatt. Við getum tekið sem dæmi íbúðir sem eru í félagslega kerfinu, af því að hæstv. ráðherra er svo kunnugur því. Þar er lánað allt upp í 100%. Við skulum bara taka nokkuð stórar íbúðir upp á 100 fermetra sem geta verið að fasteignamati upp á 8, 9 eða 10 millj. kr. og jafnmik-

ið lán á móti. Sá sem býr í íbúðinni á ekkert í henni en hann þarf samt að borga fasteignaskatt. Af hvaða eign? Hann á enga eign. Og hvað ætlar hæstv. ríkisstjórn að gera? Hún ætlar að ganga lengra í þessa átt, þó ekki gagnvart þessum einstaklingum, því það á ekki að hækka álagningarprósentu hjá þeim, heldur gagnvart atvinnurekstri og kem ég að því.

En ég vildi koma einu atriði að varðandi fasteignaskatta, breytingu sem gerð var hér fyrir nokkrum árum og því miður að kröfu sveitarstjórnarmanna hygg ég fremur en ríkisvaldsins. Það var að uppreikna fasteignamatið, tengja það Reykjavík. Þannig að á stöðum þar sem fasteignamatið var lágt, markaðsaðstæður voru taldar þannig að matsverðið væri lágt, var það stórlega hækkað án þess að nokkur verðmætisauki væri þar á bak við. Hér var eingöngu um að ræða lagabreytingu til þess að uppreikna skattstofn. En það er önnur saga og liðin tíð, því miður.

En hvað varðar atvinnurekstur, þá undrar mig að það eigi að fara að leggja skatt á fasteignir umfram eitthvað annað, umfram t.d. afkomu fyrirtækis. Ríkisstjórnin lækkaði í fyrra tekjuskattsprósentuna, hún lækkaði skattinn af hagnaði. Hún ætlar svo að hækka skattinn af fasteignum. Hvað er fasteign annað en tæki til að skapa verðmæti eða veltu í fyrirtæki? T.d. frystihús. Og frystihús býr við minnkandi kvóta, minni umsvif, minni tekjur og þá eiga að koma hækkandi skattar. Þetta er alger mótsögn. Þessi skattur er afar vondur og ég heldur talsmaður þess að menn snúi frá því að ná í skatta til opinberrar samneyslu með þessum hætti. Og ég vildi hvetja hæstv. félmrh. og ríkisstjórnina alla að leggja nú höfuðið í bleyti og reyna að koma sér frá því að vera að skattleggja fasteignir í auknum mæli, fremur að draga úr því.

Það er dálítið merkilegt að þessi aukning á skatttheimtu sem menn ætla að sækja sér með skattlagningu á atvinnuhúsnæði, hittir menn misjafnlega fyrir eftir búsetu. Við skulum skoða hér auglýsingu um nýtt fasteignamat frá 12. nóv., undirritað af fjmrh., sem breytir fasteignamati á milli ára, en fasteignamatið er sem kunnugt er skattstofninn, það sem lagt er á. Þar kemur fram að fasteignamat hér á höfuðborgarsvæðinu eða í Reykjavík öllu heldur á ekki að hækka. Það á að vera það sama á næsta ári og á þessu ári. Hins vegar á það að hækka um 8% í Grindavík þannig að fiskverkunaraðili í Grindavík sem er með frystihús fær aukinn skatt, bæði vegna skattbreytingarinnar og vegna þess að skattstofninn hækkar um 8%. En sé hann með frystihús í Reykjavík þá sleppur hann við a.m.k. aðra aukninguna. Eru menn að stuðla að því að fiskvinnslan færist til Reykjavíkur? Ég veit að vísu að hæstv. félmrh. er þingmaður Reykvíkinga en ég held að þetta sé ekki hugsunin. Ég held að menn hafi bara ekki hugsað þetta nógu langt.

Annað dæmi um 8% hækkun er Akranes, Stykkishólmur er þriðja dæmið, fjórða dæmið er Skagaströnd og eru nú ekki öllu fleiri staðir sem verða fyrir 8% hækkun. En það eru langflestir staðirnir sem verða fyrir engri hækkun og þeir eru hér á höfuðborgarsvæðinu. Við verðum að taka mið af þessu. Nógu erfitt er nú samt að halda sjó í útvegi eða fiskverkun svo að dæmi sé nefnt, þó að ekki sé verið að misskattleggja eftir staðsetningu atvinnurekstursins.

Þá eru það opinberu stofnanirnar, ekki má gleyma þeim. Samkvæmt 10. gr. frv. er gert ráð fyrir því að taka upp nýjan sérstakan fasteignaskatt, 1,25% að hámarki af álagningarstofni, sem á að leggja á fasteignir sem nýttar eru til verslunarrekstrar eða til skrifstofuhalds. Ég sé ekki betur, virðulegi forseti, en hér sé verið að leggja skatta á fasteignir utan yfir opinbera starfsemi hér á höfuðborgarsvæðinu, svo sem Byggðastofnun, ráðuneyti og annað slíkt, nema það sé sérstaklega tilgreint í einhverjum öðrum lögum að hún skuli vera undanþegin.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga kemur fram hvaða fasteignir eru undanþegnar og það eru ekki sömu fasteignir og eru tilgreindar í lögum um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Menn skulu gæta að því. Við skulum finna þessa grein, það er 5. gr. laganna nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga. Það sem er undanþegið fasteignaskatti eru sjúkrastofnanir samkvæmt heilbrigðislögum, kirkjur, skólar, heimavistir, barnaheimili, íþróttahús, skipbrotsmannaskýli, sæluhús, bókasöfn og önnur safnahús, svo og hús annarra ríkja, að svo miklu leyti sem þau eru notuð af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum. Þá er þetta nokkurn veginn upp talið. Ég sé ekki, a.m.k. í þessum lögum, að t.d. opinber starfsemi sé undanþegin þessum tekjuskatti sem á að taka hér upp og þá er verið að færa sveitarfélaginu Reykjavík tekjustofn umfram önnur sveitarfélög. Ég vil svo varðandi þennan sérstaka fasteignaskatt segja að það að taka hann upp sem tekjustofn sveitarfélaga, gengur gegn þeirri stefnu sem sveitarfélögin hafa haldið fram um margra ára skeið.

Ég tók þátt í því ásamt mörgum öðrum á sínum tíma þegar sveitarstjórnarmenn börðust fyrir því að aðstöðugjaldi yrði breytt þannig að það væri ekki þrepað eftir atvinnugrein. Menn sögðu: Sveitarfélög eiga að geta lagt sömu skatta á fyrirtækin í sínu sveitarfélagi óháð því hvernig atvinnugreinasamsetningin er í því. Með öðrum orðum, það væri ekki eðlilegt að menn hefðu 1,3% skatt á búð í Reykjavík en ekki nema 0,3% skatt á fiskverkunarhús í öðru sveitarfélagi. Sveitarfélagið þarf sömu tekjur. Þess vegna á skattlagningin ekki að vera atvinnugreind. Og það sjónarmið settu menn fram að menn ættu að afnema atvinnugreiningunna í skattlagningunni. En mér sýnist að með þessu séu menn að taka hana upp aftur og ég spyr: Hvers vegna? Hvers vegna á Reykjavík að hafa þá sérstöðu, ég segi nú Reykjavík af því að mest af þessu húsnæði er þar, ekki endilega af því að það sé tilgreint í lögunum, að geta fengið meira af þessum tekjustofni heldur en sveitarfélög annars staðar þar sem samsetningin á atvinnulífinu er önnur og þýðir að þessi tiltekni tekjustofn er svo lítill að hann er hverfandi? Að mínu viti á þetta auðvitað að vera þannig að menn skattleggja þetta eins um allt land en ekki misjafnt. Menn verða að gæta að þessu.

Ýmislegt er nú svo sem hægt að segja fleira um þetta frv. en ég læt þetta vera nóg að sinni. Það þarf að

skoða frv. nokkuð vandlega sýnist mér í nefnd og þar fæ ég tækifæri til þess og við munum væntanlega eiga ítarlegri umræðu um þetta mál við 2. umr. þess.

[14:49]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins til þess að leggja hér orð í belg um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga. Þó að ég hafi náttúrlega tækifæri til þess að fjalla vonandi nokkuð ítarlega um það í félmn. þingsins, þá vil ég nú ekki láta hjá líða að leggja svolítið til málanna hér.

Fyrir það fyrsta vil ég auðvitað þakka fyrir að þetta skuli nú vera fram komið, en ég held þó að það sé ekki seinna vænna að fara að sjá þetta vegna þess að sveitarfélögin þurfa auðvitað að fara að ákveða sínar álagningarprósentur og ákveða það hvernig þau ætla að haga sínum tekjum á næsta ári. Ef ég lít bara til Reykjavíkur, þá veit ég það að á fyrri fundinum í desember, sem er yfirleitt alltaf fyrstu vikuna í desember, er þessi ákvörðun tekin um álagningarhlutfall útsvars og fasteignagjalda á næsta ári. Ég held að ef sú hefð á að standast eða það fyrirkomulag á málunum eigi að standast þá verði þingið að hafa hraðar hendur en hins vegar (**SvG:** Það er búið að samþykkja þetta í borgarráði.) — það er búið að samþykkja þetta í borgarráði, þó það sé ekki búið að samþykkja lögin hér. Það eru fróðlegar upplýsingar sem heyrast utan úr sal. En hins vegar vil ég að það komi líka fram að ég held að félmn. þurfi að fjalla nokkur ítarlega um þetta og hún geti ekki afgreitt þetta mjög fljótt frá sér, því hér er auðvitað ýmislegt sem þarf skoðunar við, eins og kom fram í máli þeirra sem hér hafa talað.

Í fyrsta lagi langar mig aðeins til að gera að umtalsefni 6. gr. frv. þar sem lögð er til sú breyting að útsvar sveitarfélaga verði að hámarki 9,2% í stað 7,5% nú. Þarna er sem sagt verið að leggja til hækkun á útsvari sveitarfélaga um 1,7%, hámarksútsvari. Menn hafa verið að gera það að umtalsefni hér að í frv. sé hvergi á því tekið hvort ríkisstjórnin ætli þá á móti að leggja til lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins um þau 1,5% sem bætt var á í fyrra. Tekjuskatturinn var hækkaður um 1,5% í fyrra til að mæta þessari niðurfellingu á aðstöðugjaldinu og auðvitað er ekkert hægt að ganga frá þessu máli hér án þess að vita nákvæmlega hvernig ríkisstjórnin ætlar að haga skattlagninu og tekjuskatti á næsta ári. En ég vil að það komi líka fram að það dugar ekki út af fyrir sig að lækka bara tekjuskattinn um þetta 1,5% sem bætt var á á þessu ári vegna þess að 1,5% í tekjuskatti gefur líklega 3 milljarða kr., vegna þess að þar virkar inn persónuafslátturinn, en þetta 1,7% í útsvarinu sem á að gefa heimild til þess að taka gefur 3,8 milljarða kr. Þarna eru því 800 millj. kr. sem eftir standa jafnvel þó að ríkið mundi taka burtu þetta 1,5% í tekjuskattinum sem bætt var á á þessu ári. Þannig að sú niðurfelling ein dugir ekki vegna þess að þá erum við að tala um, engu að síður, 800 millj. kr. aukna skattbyrði á einstaklinga í landinu. Þessu þurfum við að fá svör við og þetta þarf að skýrast áður en hægt er að taka á þessu máli í þinginu. Mér finnst skjóta svolítið skökku við að það skuli ekki vera hægt að taka á því og gefa skýr svör um það hvort ríkisvaldið er tilbúið til að láta þetta ganga til baka og þá með hvaða hætti, á sama tíma og það treystir sér til þess hér að gangast inn á það að lækkaður verði fasteignaskatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, vegna þess að það er lögð til lækkun á þessum sérstaka skatti úr 1,5% af skattstofni í 1,25%. Þar treystir ríkivaldið sér til að ákveða að það muni leggja til þessa lækkun — það kemur auðvitað inn í þetta frv. hér, hitt er partur af öðru frv. — en það treystir sér ekki til að gefa einhverjar yfirlýsingar um það þó ekki væri annað en í grg. með frv. hvernig það hyggst standa að tekjuskattinum. Þetta eru hlutir sem mér finnst að þyrfti að skýra áður en hægt er að ganga frá þessu máli. Hins vegar, af því að við höfum stundum bara skammtímaminni í pólitík en ekki langtímaminni, þá hættir okkur til að gleyma því að í sjálfu sér var á síðasta ári lögð til og samþykkt verulega aukin skattlagning á einstaklingana í landinu. Skattbyrðin var flutt frá fyrirtækjunum á einstaklingana og það var enginn sem gekkst inn á það eða ræddi það, eins og hér hefur komið fram, að þarna yrði um varanlegan tilflutning að ræða. Þannig að ef við ætlum bara að gangast inn á það hér, rétt sí svona, að hækka útsvarsprósentuna sem þessu nemur þá erum við í rauninni að festa í sessi þennan tilflutning á skattbyrði, frá fyrirtækjunum til einstaklinganna. Mér finnst að menn þurfi aðeins að hugsa það mál.

Ég vil í því sambandi að það komi fram, þó við í Kvennalistanum höfum ekki sett okkur upp á móti því að fellt yrði niður aðstöðugjaldið, þá hef ég samt vissar efasemdir um að það hafi verið rétt aðgerð, vegna þess að það sem við sjáum er að bæði að verið er að lækka tekjuskattsprósentuna á fyrirtækjunum og auk þess sjáum við líka að það gengur mjög erfiðlega að ná í tekjuskatt hjá fyrirtækjunum, vegna þess að fyrirtæki sem skila arði sjá sér alltaf ákveðna útleið. Þau fara í fjárfestingu eða fara út í það að fjárfesta með einum eða öðrum hætti til þess að nýta sér ákveðið skattahagræði, til þess að þurfa ekki að greiða tekjuskatt af þeim arði sem þau hafa. Það má auðvitað spyrja sig þess hvort fyrirtæki, svona sæmilega rekin fyrirtæki, ættu ekki að geta staðið undir einhvers konar veltuskatti eins og aðstöðugjaldið var.

Það er auðvitað svo maður segi það, svolítið seint í rassinn gripið að vera að segja þetta hér og nú. En engu að síður var þessi aðgerð hugsuð til eins árs í senn og hún var í rauninni ákveðin mjög snarlega hér á þinginu og til bráðabirgða. Mér finnst því að þetta sé eitthvað sem við ættum að skoða með opnum huga núna þegar við förum að fjalla um það frv. sem hér liggur fyrir.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál en, eins og ég segi, vænti þess að við fáum þetta til góðrar skoðunar í félmn. þingsins og getum tekið þar nokkurn tíma í að gaumgæfa þetta mál.

[14:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nauðsynlegt að ræða þetta frv. pínulítið strax við þessa umræðu, m.a. með hliðsjón af hinni almennu stöðu í skattamálunum og málefnum sveitarfélaganna. Ég vil fyrst láta það koma fram, út af frammíkalli mínu áðan, að það sem mun hafa verið samþykkt í borgarráði Reykjavíkur er gamla skattprósentan, þ.e. 6,7%, sem mig minnir að hafi verið notuð hjá Reykjavík lengi. En það leiðir þá af sjálfu að borgarráð Reykjavíkur og/eða borgarstjórn verða væntanlega að taka þá samþykkt upp ef þetta verður að lögum sem hér er gert ráð fyrir. Reykjavíkurborg hefur, eins og kunnugt er, haft tiltölulega lága útsvarsprósentu miðað við aðra af því að Reykjavík hefur haft svo miklar tekjur af aðstöðugjaldinu, tiltölulega mjög miklar tekjur af aðstöðugjaldinu. Þess vegna er við því að búast að hlutfallshækkun útsvarsins verði síst minni, jafnvel meiri í Reykjavík heldur en víða annars staðar. Ég held að það sé nauðsynlegt, ekki síst vegna þess að það eru fram undan bæjar- og sveitarstjórnarkosningar á fyrri hluta næsta árs, að við áttum okkur á því að hér er verið að gera tillögu um allsherjarskattahækkanir á vegum sveitarfélaganna í landinu á einstaklingana um 3,8 milljarða kr. Þetta er auðvitað þeim mun hrikalegra þegar þess er gætt að þegar skattbreytingin var gerð í fyrra þá ræddi enginn um það að þetta ætti að vera varanleg skattahækkun á einstaklinga og það er út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur að þetta muna fáir. Enn færri muna kannski hvað stjórnarflokkarnir sögðu fyrir síðustu kosningar, en það er kannski ástæða til að rifja það upp, bæði t.d. fyrir alþingiskosningar og líka fyrir sveitarstjórnarkosningar. Kannski má benda á það til glöggvunar að það væri sniðugt fyrir hv. þm., a.m.k. fyrir þá sem eru fulltrúar Reykvíkinga, að fletta upp í fyrirheitabókum Davíðs Oddssonar frá því fyrr á öldinni þegar hann var að stýra borginni Reykjavík.

Hér er augljóslega um það að ræða að bæði Alþfl. og Sjálfstfl. eru að ganga á bak loforða sinna, þeirra fyrirheita sem þeir gáfu kjósendum, bæði fyrir borgarstjórnarkosningarnar eða sveitarstjórnarkosningarnar og líka fyrir alþingiskosningarnar. Hér er verið að hækka skatta á einstaklinga um nærri 4 milljarða kr., nærri 4.000 millj. kr.

Ég vil alveg taka undir það sem hér hefur komið fram og ég hef reyndar sagt það á opinberum vettvangi áður, að ég tel að það hafi orkað mjög tvímælis að létta að öllu leyti aðstöðugjaldinu af eins og gert var í fyrra. Ég tel t.d. að sú lækkun skatta sem í því fólst af fjölda verslunar- og þjónustufyrirtækja á Reykjavíkursvæðinu, hafi verið stórkostlega hæpið mál í raun og veru. Ég tel að það hafi í sjálfu sér verið eðlilegt að fella niður eða lækka skatta á framleiðslufyrirtækjum af margvíslegu tagi, ekki síst í sjávarútveginum og iðnaðinum. En þegar kemur að ýmsum öðrum fyrirtækjum sem er aragrúi af hér á svæðinu þá er alveg ljóst að þessi fyrirtæki borguðu enga aðra skatta en þetta aðstöðugjald. Og þó að það hafi verið lagt á út af fyrir sig með býsna ósanngjörnum hætti, að menn töldu, þá var þetta eina framlag þessara fyrirtækja til hins almenna rekstrar borgarinnar á sínum tíma. Þessir skattar sem þessi fyrirtæki borguðu í Reykjavík voru svo fluttir yfir á einstaklingana í fyrsta áfanga í ár og í næsta áfanga og endanlega virðist vera á næsta ári, ef þetta frv. verður að lögum. Það er auðvitað stórkostlega alvarlegt umhugsunarefni m.a. fyrir samtök launafólks í landinu, vegna þess að það eru þau sem áttu ásamt öllum öðrum og m.a. okkur í stjórnarandstöðunni aðild að því að flytja skattabyrðina til, flytja skattabyrðina af fyrirtækjum og yfir á launafólk, m.a. láglaunafólk hér á þessu svæði, vegna þess að niðurstaðan af þessu öllu saman er sú, eins og menn þekkja, að skattleysismörkin eru núna miklu neðar en þau hafa áður verið og miklu neðar en stjórnarflokkarnir lofuðu fyrir síðustu kosningar og miklu neðar en reiknað var með þegar staðgreiðslukerfið var tekið upp í öndverðu, en þá var talað um að þessi mörk ættu að vera í kringum 75.000 kr., nú hafa þau hrapað langt niður fyrir þessa tölu.

Í þessu sambandi er kannski rétt að rifja það upp að á þessu ári ætlar ríkissjóður að iðka mjög sérkennilegar bókhaldsæfingar með þetta aðstöðugjaldsígildi sem er í gangi. Það er ekki fært í gegnum ríkisreikning og fjárlög, eins og auðvitað væri eðlilegt, heldur mun þetta vera tekið með einhverjum hætti fram hjá því kerfi öllu saman. Það hlýtur að verða heilmikil lota í þessari virðulegu stofnun þegar við ræðum um ríkisreikninginn fyrir árið 1993, að þarna hafi undarlega verið að hlutunum staðið á því ári 1993 þegar félmrh. og fylgismenn hennar í ríkisstjórninni sveifluðu fram hjá ríkisreikningnum 4.000 millj. kr. eins og að drekka vatn. Auðvitað hljóta menn að ræða það mjög rækilega þegar ríkisreikningurinn fyrir árið 1993 kemur til meðferðar.

Það er síðan, fyrir utan þetta, þar sem verið er að hækka hámarksútsvarið um 21% — þetta er ekki 1,5% hækkun á útsvari, þetta er 21% hækkun á útsvari — þá er auðvitað fróðlegt að bera það saman við það sem verið er að gera við fyrirtækin. Fyrirtækin, eins og hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir benti á áðan, fara úr 50 í 33% á meðan einstaklingarnir fara úr 35 í 41%.

En það er svo líka beinlínis grátbroslegt að sjá þarna 10. gr. frv. sem fjallar um afar gamlan kunningja og merkilegt umræðuefni hér á hv. Alþingi sem Sjálfstfl. hefur sett á langar ræður um um árabil, eða um 15 ára skeið, síðan við fundum upp þennan snilldarskatt sem heitir „skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði“ og var afskaplega traustur og góður skattstofn og skilaði þó nokkrum hundruðum millj. kr. í ríkissjóð, 500 millj. kr. að óbreyttu í ríkissjóð, og kom sér vel fyrir land og þjóð. Sjálfstfl. hefur grenjað undan þessum skatti á hverju einasta ári alltaf síðan og hæstv. núv. fjmrh., sem er sem betur fer fjarverandi svo hann þarf ekki að hlusta á þessi ósköp, hefur haldið lengri ræður samanlagt en nokkur annar maður í Íslandssögunni á móti þessum skatti á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og er þá langt til jafnað og hafður í huga gjörvallur þingflokkur Sjálfstfl. og ekki síst hv. þm. Ingi Björn Albertsson — sem líka er farinn í dag. (**ÓÞÞ:**

Hvar er fjmrh.?) Ja, hvar er fjmrh., segir hv. 2. þm. Vestf. og spyr í öngum sínum, má segja, hæstv. forseti. Hvar er fjmrh. og saknar vinar í stað og ég skil það vel (**ÓÞÞ:** Er hann með fjarvistarleyfi?) og spyr hvort hann sé með fjarvistarleyfi. Á forseti að svara því eða ég? Ég veit ekkert um það. (**Forseti:** Eftir því sem upplýsingar hafa borist um hefur hæstv. fjmrh. ekki óskað eftir fjarvistarleyfi en á skjá sé ég að hann mun ekki vera í húsinu.) Þetta er athyglisvert, hann er alla vega ekki í salnum er upplýst og ekki í húsinu samkvæmt skjánum. En hans er saknað, skal nú verða endurtekið til þess að það verði bókfært í þingtíðindi alveg trekk í trekk, að einskis manns er saknað eins átakanlega á Alþingi Íslendinga í dag eins og einmitt hæstv. ráðherra, Friðriks Sophussonar. Þessi hæstv. ráðherra, sem hélt þessar löngu ræður yfir þingheimi öllum og fyrir kjósendur Sjálfstfl. um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, er fjarverandi en hann hefur fundið þarna eina leið, dálítið sniðuga. Ég sé ekki betur en með þessu losi hann sig við að flytja frv. um að framlengja skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Áður var þetta hlutverk fjmrh., en nú er búið að færa þetta inn í lögin um tekjustofna sveitarfélaga. Þannig að næst þegar hæstv. fjmrh. biður sjálfstæðismenn í Reykjavík um að kjósa sig á framboðslistann þá getur hann sagt: Ég hef ekki talað fyrir þessu í tvö ár. — Hver hefur talað fyrir þessu? — Það er hún Jóhanna, hæstv. félmrh., kratarnir bera ábyrgð á þessu svínaríi sem er þessi skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég vil láta það koma fram fyrir mitt leyti að ég er alveg tilbúinn til þess að styðja hæstv. félmrh. í þessu eina ákvæði frv. og greiða því atkvæði alveg miskunnarlaust þegar þar að kemur og jafnvel væri ég til í að flytja tillögu um að hækka hann pínulítið því mér finnst óþarfi að vera að lækka þennan skatt. Ég bendi hæstv. félmrh. á það, af því að það er þröngt í búi hjá henni víða, m.a. í málefnum fatlaðra, málefnum hins félagslega íbúðarhúsnæðis o.fl., að hún haldi sig bara við gömlu regluna og næli sér þar með í 165 millj. kr. í viðbót með því að hafa skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði bara eins og hann hefur alltaf verið.

Satt að segja er ótrúlegt hvernig Sjálfstfl. ætlar að reyna að vinda sig frá því að bera ábyrgð á þessu máli og ég vil bara að því sé alveg slegið föstu að það er tekið eftir því að varaformaður Sjálfstfl. er hlaupinn á dyr þegar verið er að ræða þennan fína skatt, skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Því það var ekki nóg með að þeir héldu ræður hér, þessir snillingar, í þessum stól, heldur héldu þeir heilu ráðstefnurnar á vegum verslunarráðanna og félaga stórkaupmanna og guð veit hvað þau heita öll þessi félög sem þeir eru með á sínum vegum þessir aðilar, endalausar fínar ráðstefnur, morgunverðar-, hádegisverðar-, kvöldverðar-, helgarráðstefnur og guð veit hvað, um þennan hryllilega skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem vinstri menn höfðu lagt á í landinu. Svo koma þessir aumingjar inn í ríkisstjórn og áður en við er litið þá framlengja þeir skattinn, (Forseti hringir.) lýsa því jafnframt yfir að þeir ætli sér ekki að framlengja hann oftar. Það var sagt í hér í fyrra og hittiðfyrra. Þetta verður í síðasta sinn sem ég geri það, sagði hæstv. fjmrh., að framlengja skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. — Hvað gerist þá? Hann fær hæstv. félmrh. í skítverkin fyrir sig. (**ÓÞÞ:** Hann stendur við loforðið.) Og hæstv. fjmrh. formlega séð stendur við loforð sitt um skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði af því að hæstv. félmrh. hleypur í verkið fyrir hann.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast það að það skuli enginn maður úr þingliði Sjálfstfl. taka til máls við þessa umræður þegar verið er að framlengja þennan mikla óvin verslunarfrelsisins í landinu sem er skatturinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Ég sakna vinar í stað hér úr þessum stól, þar sem er hv. þm. Ingi Björn Albertsson, sem flutti gríðarlega miklar ræður um þetta mál en þó styttri en fjmrh. þegar málið var í gangi á sínum tíma í síðustu ríkisstjórn. Það er kannski þess vegna sem hann varð ekki fjmrh. heldur hv. þm. Friðrik Sophusson. (**ÓÞÞ:** En hann flýr ekki.) En hann flýr ekki, hann kom aftur. Ég skora á hv. þm. að láta í sér heyra, hvað hann segir um þennan ofboðslega skatt, skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem hæstv. félmrh. leggur til að verði framlengdur.

Nei, hér er auðvitað ekki um neitt annað að ræða en það að verið er að gera tillögur um skattahækkanir á einstaklinga í landinu upp á nærri 4.000 millj. kr. Og það á auðvitað að stimpla það rækilega inn að það eru Alþfl. og Sjálfstfl. sem gera þessa tillögu. Núna á næstu vikum og mánuðum munu sveitarstjórnirnar hver á fætur annarri, ef þetta verður að lögum, þurfa að breyta sínum samþykktum um útsvarsprósentu — í Reykjavík, á Akranesi, á Egilsstöðum, á Siglufirði, á Akureyri, á Selfossi, alls staðar — af því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa sveitarfélögunum að hækka skatta á einstaklingana í landinu en fella þá niður af fyrirtækjunum með þeim hætti sem menn eru hér að tala um.

[15:09]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég óskaði eftir því að kallað yrði á hæstv. fjmrh. og ég vil minna hæstv. forseta á það að það hefur ekki alltaf verið sýnd tillitssemi þegar þurft hefur að ná mönnum hingað í þetta hús og gengið hart eftir að þeir væru sóttir og ég skil ekki hvers vegna ekki er hægt að sækja hæstv. fjmrh. (**Forseti:** Forseti vill upplýsa að verið er að gera ráðstafanir til þess að fá hæstv. fjmrh. hingað.) Ég vil þakka forseta alveg sérstaklega fyrir að hafa brugðist hart við.

Ég hef aldrei efað það að hæstv. félmrh. hefði hugrekki til að bera en það sem mig undrar þó nokkuð í þessu sambandi er að þær hugmyndir sem hér eru settar fram eru allar miðaðar við að sveitarstjórnarstigið sé óbreytt. Það er búið að boða það í allt haust að það eigi að fela sveitarfélögunum ný verkefni og nýja tekjustofna og ég hélt nú satt best að segja að þetta frv. hlyti að hafa verið prentað áður en úrslit lágu fyrir í seinustu kosningum þar um og þess vegna væri hér borð fyrir báru að lækka álögin ef menn hefðu horfið frá þeirri stefnu. Ég lít aftur á móti svo á að félmrh. þurfi ekki að hverfa frá þeirri stefnu að færa verkefni

til sveitarfélaganna, því að það vill svo til að héraðsnefndirnar víðast hvar ná yfir nákvæmlega sama svæðið og hugmyndirnar voru um sameiningu sveitarfélaga og verður þess vegna víða ekki skilið á annan veg en þann að það sé meirihlutavilji fyrir því hjá sveitarstjórnunum að efla þann vettvang til að taka við nýjum verkefnum. Og allt aðkast um það að ekki sé nægilegt lýðræði að héraðsstjórnirnar vinni að þessum verkefnum tel ég að sé rangt vegna þess einfaldlega að það er alveg eins og gert er hér í Reykjavík. Fyrst er kosin bæjarstjórn, svo kýs bæjarstjórnin sér borgarráð, hefur topp. Alveg eins má segja að þarna sé meiri firring frá fólkinu en hún er ekkert meiri firring frá fólkinu varðandi héraðsnefndirnar.

Ég var aftur á móti, svo að ég víki að þessu frv. efnislega og því sem hér er sett fram, allhissa þegar ég las 10. gr. þar sem eignamönnum þessarar þjóðar er nú gert fyrir um jólin, því að trúlega verður þetta ekki samþykkt fyrr en undir jól, að setjast niður og telja eigur sínar, húseignir sínar og kanna hvort þar fari fram sú starfsemi að þeir eigi að greiða skatta samkvæmt þessum lögum í þessum húseignum. Og þá er það spurning hvort það verður að vera ritvél þar innanborðs, tölva eða penni til þess að það sé skráð sem skrifstofuhúsnæði því að það er eitt af því sem deilt var um mjög á sínum tíma hvernig ætti að skilgreina þetta. Og allt til þessa hefur þetta verið skilgreint af Fasteignamati ríkisins og sveitarfélögunum en hér er, með leyfi forseta, í 10. gr. kveðið svo orði:

„Fyrir árslok 1993 skulu eigendur fasteigna senda Fasteignamati ríkisins eða því sveitarfélagi, sem eign er í, skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þetta ásamt upplýsingum um síðasta heildarfasteignamatsverð þeirra", þ.e. að senda Fasteignamatinu í bréfi það sem Fasteignamatið hefur talið að eignin væri að verðgildi seinast, maður skyldi nú ætla að það væri á skrá hjá Fasteignamatinu sjálfu og held ég nú áfram lestrinum með leyfi forseta: „eða eftir atvikum kostnaðarverð." Maður áttar sig nú ekki á undir hvaða atvikum það á að vera. „Enn fremur skal skrá þar upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem einnig eru notaðar til annars en verslunarreksturs og skrifstofuhalds. Fasteignamat ríkisins skal útbúa viðeigandi eyðublöð í þessu sambandi. Vanræki húseigandi að senda skrá yfir eignir sem ákvæði þetta tekur til er sveitarstjórn heimilt að láta fylla út slíka skrá og nota til viðmiðunar við álagningu þar til húseigandi bætir úr.

Ákvæði II. kafla laga þessara sem taka til fasteignaskatts skulu jafnframt gilda um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði samkvæmt þessu ákvæði eftir því sem við getur átt.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd ákvæðis þessa." (**Forseti:** Forseti vill upplýsa hv. þm. að hæstv. fjmrh. er væntanlegur á hverri stundu.) Já, það er aldeilis ljómandi.

Ég vil bæta því við að ef hæstv. fjmrh. gleymdi nú að senda svona skrá inn til Reykjavíkur, þá mundu gerast dálítið skemmtilegir hlutir. Þá mundi borgin að sjálfsögðu leggja á fasteignir ríkisins eins og henni sýndist hér í bænum og hefja svo bara aðför að fjmrh. ef hann ekki borgaði þar til hann hefði komið skránni á framfæri. En það er ansi hörð krafa svo ekki sé meira sagt ef við horfum til einstaklinganna að snúa þessu verklagi gersamlega við. Fasteignamatið hefur starfað í fleiri, fleiri ár til að halda skrár yfir húsnæðið og mér finnst að það sé eðlilegri vettvangur að þar sé þetta unnið og svo eigi einstaklingarnir mótmælarétt þegar sá listi liggur fyrir en ekki að það sé gengið svo langt í þessu dæmi að fyrst sé farið í að leggja á og það sé fyrst eftir að álagningin hefur átt sér stað að mótmælaréttur einstaklinganna kemur inn í framkvæmdina. Ég held eiginlega satt best að segja að lagatæknilega sé þetta hrein vitleysa sem hér stendur.

Ég hef tekið eftir því að sumir telja að íslensk verslun umfram alla aðra atvinnuvegi eigi að greiða sérstakan skatt af skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Nú er það svo að skattar eru ekki lagðir á af einhverri illgirni í garð ákveðinna atvinnuvega. Þeir eru lagðir á til að afla tekna. Út frá því sjónarmiði er það auðvitað ekki órökrænna en hvað annað að leggja skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hins vegar er sú spurning alltaf til staðar hvort við séum með einni skattlagningu að ýta frá okkur öðrum sköttum, að ýta frá okkur öðrum skatttekjum. Í Dagblaðinu þriðjudag 23. nóv. 1993 er dæmi um það hvaða afleiðingar það hefur ef íslensk verslun er ekki samkeppnisfær við verslun í nágrannalöndum okkar að mati þeirra Íslendinga sem ætla að fara að versla. Og með leyfi forseta vil ég lesa hér örstuttar athugasemdir varðandi þetta atriði.

„Um 20 þúsund manns til Írlands og Bretlands. Íslensk verslun missir um 1,5 milljarða kr." Í þessari sömu grein er gert ráð fyrir því að tap ríkisins af þessum sökum sé um 300 millj. og þarna er aðeins vikið að Skotlandi, Írlandi og Englandi. Öll verslun sem fer fram á meginlandinu er til viðbótar þannig að tap Íslendinga af því að íslensk verslun er að dómi þessara manna ekki samkeppnisfær er miklu, miklu meira. Það er þess vegna mikil spurning hvort það sé rökrétt að leggja þessa skatta á verslunina sem verið er að tala um. Nú er ég ekki að tala um þetta út frá einhverju góðgerðarsjónarmiði eða neinu slíku, heldur bara út frá þeirri bláköldu staðreynd að það eru hagsmunir ríkisins, verulegir hagsmunir skattalega séð og verulegir hagsmunir atvinnulega séð að þessi verslun sé inni í landinu. Og við þessu verðum við að fá svör frá hæstv. fjmrh. sem hefur eins og hér hefur verið upplýst flutt lengstu ræður um þetta málefni fram og til baka og hyggst nú efna loforð sín varðandi skattlagningu á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þann veg að þetta verði ekki bráðabirgðaskattur lengur heldur varanlegur skattur inni í skattkerfinu. Ég segi, varanlegur skattur því að þetta frv. félmrh. er unnið á þann veg eins og hæstv. félmrh. var von og vísa að það er ekki sett upp sem hugmynd til þess að setja í gang nú í haust fyrir skattlagningu á næsta ári heldur er þetta hugsað til þess að standa áfram þannig að ef Sjálfstfl. styður þetta ákvæði, þá er hann að efna loforðin um afnám skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á þann veg að það verði varanlegur skattur á næstu árum.

Ég held að það sé líka rétt að hugleiða það sem kemur fram hér í athugasemdum við 6. gr. í þessu frv. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Breytingin felur í sér að útsvar sveitarfélaga verður að hámarki 9,2% í stað 7,5% nú. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í nefnd þeirri sem vitnað er til hér að framan kom fram það álit fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga að tekjuskattur ríkisins verði að lækka sem þessu nemur þannig að álagningarhlutfall í staðgreiðslu í heild hækki ekki. Aðrir fulltrúar gerðu hins vegar ráð fyrir að hlutur ríkisins í staðgreiðslu tekjuskatts lækki en töldu ekki rétt að tilgreina nákvæma tölu í því sambandi."

Hér er þeim sprengjum varpað inn í umræðuna að það er gersamlega vonlaust að taka afstöðu til þessa máls án þess að það liggi fyrir hvort hæstv. fjmrh. hyggst fara að tillögum fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga og lækka þá tekjuskatt ríkisins sem þessu nemur eða hvort það er í reynd verið að láta hæstv. félmrh. flytja tillögu um hækkun á tekjuskattinum í landinu. Það er alveg heimsmet í klókindum ef fjmrh. stendur þannig að verki að hann lætur hæstv. félmrh. flytja tillögu um hækkun á tekjuskatti í landinu. Það sér það hver heilvita maður að það er brot á öllum venjum í þessu sambandi.

Ég er þeirrar skoðunar að verður sé verkamaður launa sinna og ég fæ ekki séð að það sé skynsamlegt að ganga lengra á þeirri braut að hækka tekjuskatt á einstaklingum. Það er nú einu sinni svo að þessi skattur hefur legið undir miklu ámæli vegna þess að það er viðurkennt að undanskot undan honum eru veruleg og þeir sem búa við þær aðstæður að hafa laun sín frá öðrum þurfa flestir hverjir að greiða þennan tekjuskatt að fullu af sínum tekjum en aftur á móti er það staðreynd að oft og tíðum er það svo með þá sem vinna sjálfum sér að þeir geta skráð sínar raunverulegu tekjur lægri heldur en neysla þeirra ber vitni um að sé. Þetta segi ég hér og nú ekki til að varpa fram neinum nýjum sannindum. En Sjálfstfl. hefur mjög oft haldið því fram að hann ætlaði ekki að leggja á nýja skatta. Hann hefur aftur á móti aldrei lýst því yfir að hann ætlaði að koma í veg fyrir það að Alþfl. legði á nýja skatta. Það er alveg rétt. Það hefur ekki verið orðað svo á landsþingi Sjálfstfl. að hann ætlaði að koma í veg fyrir það að Alþfl. legði á nýja skatta. En hins vegar liggur það alveg ljóst fyrir að það er Sjálfstfl. sem er það stóra afl sem knýr þessa ríkisstjórn áfram og spurningin er ákaflega einföld. Ætla sjálfstæðismenn á Alþingi Íslendinga að leggja til að tekjuskatturinn verði hækkaður í landinu? Er það það sem þeir eru að leggja til?

Ég hygg að fjarvera hæstv. fjmrh. sé engin tilviljun. Ég hygg að þetta sé eitt af því sem hann hefur hugsað betur en flest annað sem hann hefur verið að aðhafast að undanförnu að það væri skynsamlegt að vera fjarverandi við þessa umræðu. Auðvitað eru meiri líkur á því að hann sleppi við umræðuna nú í dag með því að vera fjarverandi. En 6. gr. setur boltann beinlínis inn til hæstv. fjmrh. Það eru náttúrlega alveg tvö viðhorf hvort sveitarfélögin líta svo á að með þessari hækkun á útsvarinu sé verið að hækka tekjuskattinn eða hvort með þessari hækkun á útsvarinu sé verið að færa til tekjur á milli ríkisins og sveitarfélaganna.

Ég hygg að það sé orðin ærin nauðsyn eftir þá vinnu sem hefur verið framkvæmd að setja skattalögin inn rétt fyrir jól og hraðsjóða þau svo í gegnum þingið, þá sé það orðin ærin nauðsyn að menn setjist yfir þetta dæmi í heild sinni. Það eru heilagar kýr í skattkerfinu sem ekkert hafa verið látnar borga. Hvaða fasteignaskatta er Landsvirkjun látin borga af eignum sínum úti á landi? Er hún látin borga eignarskatt af virkjununum? Ég segi nei. Hún er ekki látin borga neinn eignarskatt af virkjununum. Þó eru það fasteignir eins og hvað annað. En af því að skrifstofuhúsnæðið er staðsett hér í Reykjavík, þá á að láta hana borga extragjald af skrifstofuhúsnæðinu. Hún á að hafa tekjur til þess. Væri nú ekki rétt að undanskilja Landsvirkjun líka skattlagningunni á skristofuhúsnæðinu hérna, hafa samræmi í þessu og láta hana þá ekki borga neitt af skrifstofuhúsnæðinu? Auðvitað hljóta menn að spyrja: Á ekki að gilda jafnræði á milli sveitarfélaganna um það að öll sveitarfélögin hafi þá tekjur af þessum fasteignum sem þar eru ef menn eru að tala um að hafa jafnræði á milli?

Herra forseti. Ég fagnaði mjög þeirri yfirlýsingu hæstv. forseta að fjmrh. væri væntanlegur en ég brýt um það heilann þessa stundina hvaða farartæki hann hafi notað til að komast til þinghússins eða hvort fjarlægðin hafi verið svo mikil að hraðskreiðustu farartæki hafi ekki dugað til að skila honum hér á eðlilegum tíma. Það er nú einu sinni svo að þegar ráðherra biður ekki um fjarvistarleyfi og um er að ræða svið eins og skattamál þá hlýtur maður að gera ráð fyrir því að í þessu tilfelli hæstv. fjmrh. geri sér grein fyrir því að auðvitað verður hann spurður um vissa hluti í þessu sambandi. Ég vil óska eftir því að þessari umræðu verði frestað þar til hæstv. fjmrh. kemur hér og svarar þeim spurningum sem beinlínis hlýtur að hvíla á honum að gera grein fyrir eins og stefnunni með tekjuskattinn. Er verið að standa þannig að málum að hæstv. félmrh. sé látinn flytja frv. um hækkun á tekjuskattinum í landinu? Ég heyri á bak við mig að það eru hugmyndir uppi um það að hæstv. félmrh. taki að sér að gerast málsvari fyrir hæstv. fjmrh., varaformann Sjálfstfl. Það má vel vera að það sé komið svo ástum samlyndra hjóna í þessari ríkisstjórn að það sé sama hvor aðilinn svarar fyrir hinn, en það eru ekki mín tilmæli að leggja það á hæstv. félmrh. að svara þessu.

[15:30]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eðlilega hefur orðið töluverð umræða um það frv. sem hér er til umræðu enda mikilvægt að skoða vandlega hvaða tekjustofna sveitarfélögin fá í stað aðstöðugjaldsins. Það er alveg ljóst að það hefur verið lengi á döfinni að afnema aðstöðugjöldin og ég hygg að engir flokkar hér á Alþingi mæli því bót að halda aðstöðugjaldinu áfram. En ég hygg að ástæða þess að það hefur tekið þetta langan tíma sé að skiptar skoðanir hafa verið um það hvað ætti að koma

í staðinn fyrir aðstöðugjaldið sem tekjustofnar sveitarfélaganna. Ýmsar nefndir hafa verið skipaðar til að vinna að þessu máli og sitt hefur hverjum sýnst og ég hygg að flestir þeir tekjustofnar sem ríkisvaldið og sveitarfélögin hafa yfir að ráða hafi komið með einum eða öðrum hætti til umræðu, bæði bifreiðagjald sem hér var nefnt, umhverfisgjald, skattlagningin á atvinnureksturinn væri eingöngu hjá ríkisvaldinu en sveitarfélögin hefðu tekjur af einstaklingum, að minnka hlut ríkisins í staðgreiðslunni í staðinn, að hækka tryggingagjald á atvinnureksturinn o.s.frv.

En sú niðurstaða sem hér er fengin hefur verið gerð í fullu samráði við Samband ísl. sveitarfélaga og rædd á þeirra fjármálavettvangi og hún hefur einnig verið gerð í samráði við atvinnulífið og sú niðurstaða sem að lokum fékkst í þessu máli var samdóma niðurstaða þeirra aðila sem að þessu máli komu.

Mig undrar það ekki að nokkuð hafi verið rædd álagning skatta á atvinnuhúsnæði og það sem hér er lagt upp með að það skuli vera mismunandi álagningarprósenta eftir því hvort um er að ræða verslunar- og skrifstofuhúsnæði eða annað atvinnuhúsnæði. Um þetta var töluvert rætt í þeirri nefnd sem skilaði þeirri niðurstöðu sem hér er til umræðu og þar voru skiptar skoðanir um þetta mál. Niðurstaðan var sú að ákvæði varðandi verslunar- og skrifstofuhúsnæði yrði einungis til bráðabirgða í eitt ár og tíminn notaður af hálfu Sambands ísl. sveitarfélaga og félmrn. til þess að skoða með hvaða hætti þetta yrði nánar útfært. Einnig kom vissulega til tals, sem mér finnst að mætti skoða í nefnd ef það væri til þess að ná breiðari samstöðu um málið, að hafa eina prósentu í fasteignaskatti á atvinnuhúsnæði en ekki skipta því upp með þeim hætti sem hér er lagt til. En um þetta eru greinilega skiptar skoðanir hér við þessa umræðu þannig að væntanlega mun nefndin sem fær málið til meðferðar taka málið til ítarlegrar skoðunar en meginsjónarmiðið að hafa þetta með þessum hætti af hálfu nefndarinnar var að það hefðu verið lækkaðir skattar verulega á atvinnurekstrinum við niðurfellingu aðstöðugjaldsins og þess vegna væri ekki óeðlilegt þó þessi sérstaki skattur á verslunar- og skristofuhúsnæði, sem að vísu hefur verið lækkaður í þessari tillögu frá því sem hann var áður, yrði ekki felldur niður alveg um leið heldur gilti hann til bráðabirgða í eitt ár.

Það hefur nokkuð verið rætt um að það sé verið að flytja skatt af atvinnurekstrinum yfir á einstaklinga. Ég benti á það í mínu máli í upphafi þessarar umræðu að þetta var liður í kjarasamningum að þetta yrði gert með þeim hætti að fella niður skatta af atvinnurekstrinum og var það þá gert í ljósi erfiðrar stöðu atvinnulífsins og að við blasti fram undan mikið atvinnuleysi sem aðilar vinnumarkaðarins, sumir hverjir, spáðu að gæti stefnt í allt að 20 eða 25%.

Ég vil taka það skýrt fram af því að það hefur ítrekað komið fram í máli þeirra sem hér hafa talað að verið sé með þessari breytingu, sem við erum að ræða hér, að flytja 3 eða 4 milljarða sem sumir hafa nefnt frá atvinnurekstrinum yfir á einstaklinga. Það er ekki um það ræða að verið sé að leggja auknar byrðar á einstaklingana frá því sem er á þessu ári. Þegar þessi bráðabirgðaákvörðun var tekin var lagt á 1,5% í tekjuskatti á einstaklinga vegna aðstöðugjaldsins. Með upptöku þess að útsvar hækkar þá fellur niður þetta 1,5% í tekjuskatti vegna þessa máls. Þannig að hér er fyrst og fremst verið að færa til tekjur við þessar breytingar milli ríkis og sveitarfélaga frá því sem er í ár en vegna þessara breytinga, vegna aðstöðugjaldsins, er ekki verið að íþyngja einstaklingum frá því sem er í ár við þessa breytingu.

Einnig verða menn að hafa í huga að niðurfellingin á aðstöðugjaldi hlýtur að hafa skilað sér í lækkun á vöruverði til fólksins.

Varðandi fleiri þætti sem um hefur verið spurt, a.m.k. af tveimur ræðumönnum, voru nefndar réttilega aðrar viðmiðanir sem aðstöðugjaldið hefur tekið mið af, kirkjugarðsgjald, iðnlánasjóðsgjald og fleira. Fjmrn. hefur verið með þessa þætti til skoðunar vegna þess að vissulega þarf að breyta þessum viðmiðunum þar sem tekið hefur verið mið af aðstöðugjaldi eins og í þessum þáttum sem ég nefndi og fjmrh. mun væntanlega flytja inn í þingið breytingar á þessum viðmiðunum.

Varðandi niðurfellingu á landsútsvari sem hér var einnig rætt um þá er hugmyndin sú að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga fái í staðinn ákveðið framlag úr ríkissjóði sem nemi ákveðnu hlutfalli af álagningarstofni útsvars og mun það nema um 500 millj. kr. eða liðlega það, sem rennur þá í Jöfnunarsjóðinn í stað landsútsvars, en afgangurinn, um 117 millj., mun skila sér til sveitarfélaganna í formi hækkunar á útsvari og á fasteignasköttum.

Ég hygg að ég hafi svarað flestum þeim spurningum sem til mín hefur verið beint en þær athugasemdir sem hér hafa komið fram við þessa umræðu verða væntanlega teknar til ítarlegrar skoðunar af þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar.

[15:38]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er skaði finnst mér að hæstv. fjmrh. hefur verið fjarstaddur þessa umræðu því auðvitað hefur hún beinst svo mjög að skattamálum og hefði verið þörf á hann væri hér eins og reyndar kom fram í svari hæstv. félmrh. áðan.

Ég vil þakka ráðherra þau svö sem ráðherra veitti en ganga eftir tveimur eða þremur atriðum til viðbótar. Í fyrsta lagi: Verður flutt frv. af hálfu ríkisstjórnarinnar um að fella niður 1,5% tekjuskattinn sem lagður var á með sérstökum lögum á síðasta þingi? Ég minni á að það 1,5% var ótímabundið í lögunum, þannig að það verður að flytja sérstakt frv. til að fella það niður. Ég spyr: Verður það gert?

Í öðru lagi: Er það rétt sem ég reifaði í minni fyrri ræðu að ákvæði í 10. gr. um sérstakan fasteignaskatt, að hann skuli vera lagður á fasteignir til skrifstofuhalds, þýði að hann verði lagður á fasteignir og ríkisstofnanir, þannig að það verði farið að leggja á og skattleggja til sveitarfélagsins Reykjavík vegna starfsemi ríkisins á höfuðborgarsvæðinu?

Í þriðja lagi: Eiga ekki að koma bætur til þeirra sveitarfélaga sem hafa fengið fjórðunginn af landsút-

svarinu eða munu missa ef það verður lagt niður?

[15:40]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í mínu máli að það verður fellt niður 1,5% í tekjuskatti sem var lagt á til bráðabirgða þar til niðurstaða væri fengin í því hvað kæmi í staðinn til sveitarfélaganna sem verður heimild til þeirra til þess að hækka útsvar. Um það verður flutt sérstakt frv. á Alþingi þar sem tekjuskatturinn verður lækkaður.

Varðandi það hvort þessi skattur á verslunar- og skristofuhúsnæði verði lagður á ríkisstofnanir þá er tekið fram um 10. gr. að það verði farið með þennan skatt að öðru leyti eins og um hann er fjallað í lögum um sérstakan skatt á verslunar- og skristofuhúsnæði og ég veit ekki betur en að ríkisstofnanir séu undanþegnar skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og fjmrh. leiðréttir mig þá ef svo er ekki.

Varðandi þau sveitarfélög sem hafa haft tekjur af landsútsvari þá sagði ég að niðurfellingin á aðstöðugjaldinu yrði bætt með tvennum hætti, annars vegar með beinu framlagi úr ríkissjóði sem nemur um 500 millj. sem fer þá í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og hitt sem upp á vantar sem landsútsvarið hefur gefið, það á að skila sér í hækkun útsvars og fasteignaskatts.

[15:42]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er orðið alveg ljóst hvað varðar 1,5%. Hér liggur fyrir yfirlýsing félmrh. um að það verði fellt niður og ég fagna þeirri yfirlýsingu. Þá skildi ég svar ráðherrans þannig hvað varðar sérstakan fasteignaskatt að það sé meining ríkisstjórnarinnar að hann verði lagður á með sama hætti og sérstakur skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði en ekki að það sé verið að útvíkka álagninguna yfir á aðrar fasteignir sem hafa verið undanþegnar þar. Ég óska þá eftir því að hæstv. fjmrh. eða hæstv. félmrh. leiðrétti það ef það er rangur skilningur hjá mér.

Hvað varðar þriðja atriðið í minni fyrirspurn áðan um landsútsvarið þá bendi ég á það að þó að Jöfnunarsjóðnum sé það bætt í beinu framlagi þá er ekki sjálfgefið að þeir peningar renni svo til þeirra sveitarfélaga sem áður og fram til þessa hafa fengið ¼ af álögðu landsútsvari beint til sín, því það sem á að bæta í Jöfnunarsjóðinn eru ¾ hlutar álagðs landsútsvars sem hefur runnið í Jöfnunarsjóð. Það er verið að bæta Jöfnunarsjóði svo hann standi jafnréttur eftir og er það skiljanlegt en ég sé ekki hvar á að bæta sveitarfélögunum þennan fjórðung af landsútsvari sem þau hafa fengið. Það eru umtalsverðir peningar fyrir þau sveitarfélög.

[15:44]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það síðasta þá hef ég ítrekað sagt hér að það er verið að opna heimild til hækkunar á útsvarinu og einnig varðandi fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði og það er gert ráð fyrir að þessi sveitarfélög að hluta til bæti sér það með sama hætti og önnur sveitarfélög í gegnum þessa álagningarstofna.

[15:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kem til að mótmæla þeim málflutningi sem hæstv. félmrh. viðhafði áðan, þ.e. að halda því fram að það séu einhver rök í þessu máli að það hækki ekki skattar á almenningi frá árinu í ár til næsta árs. Það eru engin rök í þessu máli. Hæstv. fjmrh. hélt því fram hér í fyrravetur að það hafi engar hækkanir orðið á sköttum. Hann væri einungis að innheimta til bráðabirgða fyrir sveitarfélögin og það kæmu síðan nýjar ákvarðanir um það með hvaða hætti ætti að fara með þessi mál. Það á ekki að vera að reyna að slá ryki í augun á fólki með svona málflutningi. Auðvitað hækkuðu skattarnir fyrir ári síðan en vegna þess að menn viðurkenndu það ekki þá þá eiga menn auðvitað að gangast við því núna að þeir hafi hækkað. Það getur ekki verið að menn haldi það að fólkið trúi því aftur á þessu ári að skattarnir hafi ekki hækkað. Það var það sem hæstv. fjmrh. var að telja fólki trú um í fyrra. Síðan ætlar hæstv. félmrh. að halda því fram í ár að þeir hafi ekki heldur hækkað núna.

[15:45]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Frú forseti. Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með að hæstv. fjmrh. er gengin í salinn og ítreka spurningar sem ég hafði fram að færa. Með leyfi hæstv. forseta vil ég víkja að 6. gr., en þar stendur svo í skýringum með henni í þessu frv.:

„Breytingin felur í sér að útsvar sveitarfélaga verður að hámarki 9,2% í stað 7,5% nú. Í þessu sambandi er rétt að fram komi að í nefnd þeirri sem vitnað er til hér að framan kom fram það álit fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga að tekjuskattur ríkisins verði að lækka sem þessu nemur þannig að álagningarhlutfall í staðgreiðslu í heild hækki ekki. Aðrir fulltrúar gerðu hins vegar ráð fyrir að hlutur ríkisins í staðgreiðslu ríkisins lækki en töldu ekki rétt að tilgreina nákvæma tölu í því sambandi."

Er verið að láta hæstv. félmrh. í reynd flytja frv. á Alþingi um hækkun á tekjuskattinum í landinu? Er það það sem verið er að gera? Auðvitað er það þessi eina greiðsla sem fólk er að greiða, það sem kemur við budduna hjá því.

Ég vil minna á það að hæstv. fjmrh. er talinn einhver lærðasti Íslendingurinn miðað við ræðulengd sem hann hefur flutt um álagningu sérstaks skatts á verslunar- og skristofuhúsnæði. (**JGS:** Heilar bækur til.) Miðað við að margir gerðu ráð fyrir að þetta yrði sérstakur kafli í eftirmælum þegar ævisagan kemur út þá vil ég fá það rökstutt hér og nú hvort skatturinn batni við það að sveitarfélag fær skattinn en ekki ríkið. Nú er þetta komið inn sem tekjustofn fyrir sveitarfélögin. Í framtíðinni eiga það að verða sjálfstæðismennirnir í bæjarstjórn Reykjavíkur sem berjast fyrir því að skatturinn verði ekki afnuminn svo Reykjavíkurborg haldi sínum tekjum.

En ég vakti athygli á því að í Dagblaðinu í dag kemur það fram að það er talið að íslensk verslun missi um 1,5 milljarða kr. vegna þess að Íslendingar meta það svo að vöruverð erlendis sé hagstæðara en hér á landi og þá er aðeins verið að tala um Írland og Bretland. Tapið sem við verðum fyrir á meginlandinu er ekki inni í þessari tölu og það er talið að íslenska ríkið tapi um 300 millj. í virðisaukaskattstekjum af þessari ástæðu.

Ég hygg að hæstv. fjmrh. sé það ljóst að stundum geta það verið meiri hagsmunir sem séu látnir víkja fyrir minni hagsmunum og er það ekki að gerast hér? Eru það ekki stærri hagsmunir að tryggja það að verslunin íslenska geti keppt við verslun á erlendri grund þannig að menn eyði sem mestu hér innan lands og ríkið fái sem mest af virðisaukaskattinum en ekki að menn séu að ýta versluninni úr landi í vaxandi mæli? Er þessi hætta ekki raunveruleg? Og er ekki líka rétt að menn geri sér grein fyrir því að það er fólk sem vinnur í þessum verslunum og ef íslensk verslun dregst saman þá mun það auka atvinnuleysið í landinu. Ég held nefnilega að hæstv. fjmrh. þurfi að hugsa sig um tvisvar áður en hann kemst að þeirri niðurstöðu að hugmyndir um að gera þennan skatt varanlegan séu réttar. Það er verið að mismuna sannanlega atvinnurekstri í landinu með þessu tiltæki og það er ekkert sem bendir til þess að þjóðarheildin muni hagnast á þeirri mismunun, það er ekkert sem bendir til þess. Það er margt sem bendir til þess að íslenska ríkið muni tapa skatttekjum vegna þess að vöruverð er of hátt hér á landi.

Ég vænti þess að umræða um skattamál geti verið á þeim grunni að menn átti sig á því sem hlýtur að vera langstærsta málið, að íslenskt samfélag þarf vissulega að fá tekjur en íslenskt samfélag hefur ekki efni á því að standa þannig að skattlagningu að það raski stöðu atvinnulífsins. Það er alveg á hreinu að mínu viti að eitt af því sem hefur verið landsbyggðinni erfiðast á undanförnum árum er hve stór hluti af versluninni hefur flust til Reykjavíkur. En ég er ekkert viss um að Reykjavík eftir 10 ár verði í betri stöðu heldur en Ísafjörður var fyrir 30 árum ef við horfum á þessa þróun. Takist ekki að skapa hliðstætt vöruverð í Reykjavík, sem er að keppa við aðrar verslunarborgir í Evrópu, þá lendir hún undir í samkeppninni. Svo einfalt er það mál. Og afleiðingin verður sú að skatttekjurnar sem við töpum varðandi virðisaukaskattinn verða það miklar að hæstv. fjmrh. verður fjær því markmiði en nokkurn tíma áður að ná jöfnuði í ríkisfjármálum.

Ég geri mér grein fyrir því hvað hæstv. fjmrh. varðar í það minnsta að hann hefur hugsað þessi mál þó nokkuð mikið og mér kæmi það mjög á óvart ef hann getur rökstutt að það sé óeðlilegt að leggja þennan skatt á fyrir ríkið eins og gert var, en eðlilegt að leggja hann á fyrir sveitarfélögin.

[15:53]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í tilefni af upphafsorðum hv. þm. um sögu hæstv. fjmrh. í umræðunum um skattinn um skrifstofu- og verslunarhúsnæði, þá verð ég nú að spyrja hv. þm. hvort það hefði ekki verið eðlilegt að hann hefði látið þess getið að hann væri hér að lesa upp kafla úr óbirtri ævisögu hæstv. fjmrh. og hefði kannski tekið þarna, ég veit ekki hversu frjálsri hendi, kafla úr fyrri ræðum hæstv. fjmrh. því að eins og ég man þær þegar ég sat hér undir löngum ræðum hæstv. fjmrh. veturinn 1989–1990, þá gat þessi ræða verið klippt þaðan út úr nánast orðrétt.

[15:54]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur nú nokkuð ljóst fyrir að aðrir verða til kvaddir að rita ævisögu hæstv. fjmrh. en auðvitað þætti mér heiður að því ef þessi ræða mín kæmi þar þegar það ritverk verður birt.

[15:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vonast til þess að það megi flýta fyrir afgreiðslu þessa máls að ég segi hér nokkur orð. Ég skil það mætavel að það komi fram gagnrýni á nokkra þætti frv. í þessari umræðu, ekki síst í ljósi þess að enn hefur ekki verið lagt fram á þinginu frv. til breytinga á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, en það frv. mun skýra margt af því sem kemur fram hér í því frv. sem hér er til umræðu því að breytingarnar eru á milli tekjustofna ríkisins annars vegar og tekjustofna sveitarfélaganna hins vegar. Þess vegna hefði verið heppilegt að hafa bæði frumvörpin undir í einu.

Það hefur nokkuð verið rætt hér um skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og ég heyri að það er mikill söknuður í mönnum þegar þeir sjá fram á það að þetta verður líklega síðasta þingið sem menn geta rætt þann skatt sérstaklega (Gripið fram í.) og ég skal meira að segja gerast einn þeirra hér í þessum ræðustól sem kannski sakna þess að hafa ekki ræðufóður á næstu árum því að nú gerist það væntanlega, verði þetta frv. samþykkt og tekju- og eignarskattsfrv., að þess verður ekki kostur að ræða sérstaklega um þann skatt því að það gerist nú að ígildi þess skatts færist yfir í tekjustofnalögin. Þá geta menn auðvitað spurt: Hver er þá breytingin? Jú, ástæðan fyrir því að þetta er gert er sú að það er verið að lækka skatta af fyrirtækjum með þeim hætti að við teljum óhætt að festa þetta eignarskatts- eða fasteignagjaldsform í sessi og þótt í raun og veru sé um lækkun á verslunar- og skrifstofuhúsnæðisskattinum að ræða, þá er gert ráð fyrir því að annar eignarskattur geti hækkað lítillega á móti, þ.e. fasteignagjöld eða fasteignaskattar sem renna til sveitarfélaganna. Þetta helgast með öðrum orðum af því að þegar aðstöðugjaldið fellur út, þá myndast verulegt svigrúm hjá fyrirtækjunum og þau standa samt sem áður mun betur en áður í sínum rekstri því að aðstöðugjaldið, svo ég nefni tvær tölur til þess að sýna stærðarmuninn á þeim, þá var álagt aðstöðugjald um það bil 4 milljarðar en þegar við tölum um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, þá erum við að tala um um það bil 500 millj. og það sjá allir að það er verulegur munur á þessum tveimur tölum.

Ég vil taka það fram að ástæðan fyrir því að gripið var til þessa bragðs m.a. var sú að við töldum óeðli-

legt að færa inn í tekjustofnalögin yfir í útsvarið alla þá fjármuni sem sveitarfélögin töpuðu vegna þess að aðstöðugjaldið var lagt niður, þessa 4 milljarða. Það hlaut að vera eðlilegt að það kæmi upp sú krafa að festa og styrkja það samband sem þarf að vera á milli sveitarstjórnanna og atvinnurekstursins í hverju sveitarfélagi fyrir sig. Og það er ekkert óeðlilegt við það að tekjustofnalögin séu blanda á tekjum frá einstaklingum og fyrirtækjum því að það er kannski besta tryggingin fyrir því að sveitarfélögin þjóni fyrirtækjum eins og einstaklingum. Það er nefnilega nokkur hætta á því, kannski sérstaklega á þéttbýlissvæðinu hér suðvestanlands, að sveitarfélögin verði misjafnlega upp byggð, í sumum verði atvinnurekstur að stærstum hluta en í öðrum eingöngu íbúðarhúsnæði, og ef tekjustofnarnir ættu að færast eingöngu yfir á einstaklingana, þá sjá allir að það verður mikið misræmi á milli tekjumöguleika sveitarfélaganna innbyrðis. Þess vegna varð að taka tillit til þessa þáttar og það var gert í þeirri nefnd sem vann m.a. að því frv. sem hér er til umræðu.

Menn hafa sagt hér að það skjóti nokkuð skökku við að ekki skuli vera viðurkennt að í fyrra skuli hafa átt sér stað skattahækkun. Ég ætla ekki að fara ítarlega ofan í þá umræðu sem þá fór fram, en ég skal viðurkenna það og stend við þau orð að það sem fyrst og fremst gerðist fyrir ári síðan var tilfærsla í sköttum frá fyrirtækjum og til einstaklinga í mjög stórum stíl. M.a. hækkuðu tekjuskattarnir um 1,5 prósentustig til þess að standa undir hluta af þeim kostnaði sveitarfélaganna sem þau urðu fyrir þegar þau misstu niður aðstöðugjaldið. Það mun ganga til baka nú, þ.e. tekjuskattarnir munu lækka um þessi 1,5%. Að vísu verða lögð 0,35 prósentustig á tekjuskattinn vegna nýrrar tekjuöflunar. Þetta gerist í stað áforma sem um getur í fjárlagafrv. að leggja atvinnutryggingargjald á öll laun. Það var fallið frá því en í staðinn er lagður á tekjuskattur 0,35%. Það mun koma fram í frv. En tekjustofnar sveitarfélaganna, útsvörin, munu hækka. Hér er sett ákveðið hámark. Og af hverju er þetta hámark heldur hærra en 1,5? Það er m.a. vegna þess að sveitarfélögin áttu kost á því í aðstöðugjaldinu að leggja á aðstöðugjald með mismunandi hætti og okkur þótti óeðlilegt að segja hér kalt og ákveðið við sveitarfélögin: Þið megið taka nákvæmlega þessar tekjur af einstaklingum sem búa í viðkomandi sveitarfélögum. Þið hafið þetta rúm og þennan sveigjanleika í tekjustofnunum rétt eins og það var sveigjanleiki þegar um aðstöðugjaldið var að ræða.

Hv. 2. þm. Vestf. ræddi hér síðan nokkuð um samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og það var ræða sem ég tel mjög eðlilega og reyndar ræða sem oft hefur verið flutt hér í þingsölum. Menn hafa af því áhyggjur að íslensk verslun sé nokkuð að flytjast úr landinu. Ég vil aðeins segja það um þetta að með því að leggja niður aðstöðugjaldið, jafnvel þótt skrifstofuskatturinn sé færður yfir á sveitarfélögin, þá er samkeppnisstaða íslensku fyrirtækjanna mun betri heldur en áður af íslenskum, skattalegum ástæðum. Það er hins vegar hárrétt að ýmis vara í nágrannalöndunum, til að mynda í Bretlandi, er ódýrari vegna þess að hún ber ekki sams konar skatta og vörur hér á landi. Tökum dæmi.

Barnafatnaður í Bretlandi er skattlaus, þ.e. hann ber ekki virðisaukaskatt. Þess vegna er hann miklu ódýrari út úr búð. Reyndar geta Íslendingar sem fara í verslunarleiðangur til Bretlands fengið frádrátt, þeir geta fengið niðurfelldan virðisaukaskattinn þar þegar þeir flytja varninginn hingað heim, en innflutningsheimildir hingað eru mjög takmarkaðar og auðvitað eiga tollgæslumenn að fylgjast með því að ekki sé gengið á svig við lögin.

En það eru önnur atriði sem einnig hafa þýðingu og það eru atriði sem eru athyglisverð fyrir okkur, ekki síst þegar við erum að ræða um Ísland í heimi þjóðanna og kannski samskipti og viðskipti Íslendinga við nágrannaþjóðirnar. Og hvað er það? Jú, það er sú staðreynd að Skotland, Glasgow til að mynda, er svæði sem nýtur verulegra styrkja bæði af hálfu bresku ríkisstjórnarinnar og líka af hálfu Evrópubandalagsins. Með öðrum orðum: Fyrirtæki á þessu svæði eru talin vera í jaðarbyggð, bæði hvað varðar heimalandið, Stóra-Bretland, og einnig í bandalaginu þannig að fyrirtæki á þessu svæði njóta styrkja og það styrkir að sjálfsögðu samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja fyrir utan allt annað gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Sem betur fer hefur íslenskri verslunarstétt, íslenskum kaupmönnum, tekist — og það verða þeir að viðurkenna sem fara í verslanir hér í Reykjavík til að mynda — betur en maður getur ímyndað sér að ná þannig samningum að ýmis varningur hér, til að mynda föt, er ekkert dýrari eða a.m.k. lítið dýrari en sams konar föt í okkar nágrannalöndum. Þetta verðum við að viðurkenna. Að vísu eru föt misdýr en það er trú á því að það sé allt ódýrara í útlöndum sem rekur margt fólk þangað í verslunarleiðangur.

Þetta eru auðvitað mál sem hljóta ávallt að vera til umræðu en eitt vildi ég láta koma fram í þessari umræðu, niðurfelling aðstöðugjaldsins ein og sér bætir samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja jafnvel þótt verslunar- og skrifstofuskatturinn renni frá ríkinu og til sveitarfélaganna því að stærðarmunurinn á þessum sköttum er svo gífurlegur eins og allir vita og sjá.

Þetta voru þau atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi láta koma fram fyrst viðveru minnar var óskað í þessari umræðu. Ég hef hér skýrt tekið fram að hugmyndin er sú í prinsippinu að lækka tekjuskattinn um 1,5% hann hækkar hins vegar um 0,35 prósentustig af öðrum ástæðum og svigrúmið sem sveitarfélögin fá, en hækkunin þar getur farið upp í 1,7%, er vegna þess að það var svigrúm í aðstöðugjaldinu. En ég hygg að flest sveitarfélög muni ekki nýta sér þetta að fullu.

Þeir sem harðast töluðu hins vegar fyrir því — og á það vil ég leggja áherslu í lokin. Sumir hv. þm. hafa sagt: Það varð stórkostleg skattahækkun í fyrra og hafa lagt áherslu á það og eru enn þá að kyrja þennan söng. — Þeir sem héldu því fram í fyrra að það hafi orðið stórkostleg skattahækkun þá, eiga að koma hér í ræðustólinn nú og segja að það sé stórkostleg skattalækkun núna. Við hins vegar sem sögðum í fyrra að þetta væri einungis tilfærsla á sköttum milli einstaklinga og fyrirtækja getum ekki haldið því fram nú að um skatta-

hækkun eða skattalækkun sé að ræða af þessum sökum einfaldlega vegna þess að nú er verið að festa í sessi ákveðna tilfærslu þó hún hreyfist örlítið til baka. En ég ætla hins vegar að halda því fram og mér gefst nægur tími til þess í umræðum um frv. sem væntanlega verður hér á dagskrá í næstu viku að ræða um skattabreytingarnar en það er alveg ljóst, svo að ég gefi nú tóninn svona fyrir fram, að þær breytingar munu leiða til skattalækkunar á næsta ári.

[16:08]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir efnislega umfjöllun framan af ræðu sinni. Í lokin tók hann svona smáflug sem getur hent alla menn sem vilja lyfta sér en hafa kannski ekki alveg vængina til að fylgja því eftir. En sleppum því. En hann lenti dálítið illa í því atriði að hafa ekki verið við þegar hæstv. félmrh. talaði hér. Félmrh. talaði á þann veg að það væri þingsins að athuga hvort þessu yrði fylgt eftir með verslunar- og skrifstofuhúsnæðið og spurning hvað mundi gerast í þeim efnum og einnig hitt að þetta er bráðabirgðaákvæði í lögunum þannig að ræðufóður verður til staðar á næstu árum meðan þetta er bráðabirgðaákvæði. En hæstv. fjmrh. talaði fyrir því að nú yrði þetta endanlega fast og formlega inni í tekjuskattslögunum og auðvitað mun þingið taka það alvarlega að ganga þá frá þeirri tillögu á þann veg því eins og allir vita hafa sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn sterkan meiri hluta á þinginu til að framkvæma þetta. En hvernig hæstv. fjmrh. ætlar að komast fram hjá því að það sé að hans frumkvæði sem nú verður flutt breyting við 10. gr., þar verður flutt breyting á þann veg: „Við lögin bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða" stendur hér en næst verður flutt breytingartillaga um að fella þetta út samkvæmt tilmælum hæstv. fjmrh. Það verður svo umhugsunarefni.

Ég vil aftur á móti lýsa því yfir að ég tek undir það með hæstv. fjmrh. að ég tel að sveitarfélögin eigi að fá einhverja skatta af atvinnurekstri vegna þess að með því eina móti er hægt að tryggja það að sveitarfélögin þjóni atvinnurekstrinum nægilega vel.

[16:10]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Vestf. tók að nokkru leyti af mér ómakið en í 10. gr. þessa frv. segir að í þessu ákvæði til bráðabirgða sé sveitarfélögum veitt heimild o.s.frv. Ég vil nú inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort hann líti svo á að þennan skattstofn eigi að fella út eftir árið og með hverjum hætti eigi þá að mæta því, hvort sveitarfélögin eigi þá að bera það tekjutap. Ég kom inn á það í ræðu minni hér áðan áður en hæstv. fjmrh. kom að aðfarir hæstv. ríkisstjórnar í þessu efni minntu mig á mann sem henti börnunum sínum í konuna sína þegar þurfti að skipta á þeim. Þessum óhreina krógi Sjálfstfl., skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði — þykist nú hæstv. fjmrh. hafa komið yfir á hæstv. félmrh. (**Gripið fram í:** Fyrir fullt og allt.) Hvort það er fyrir fullt og allt, það væri gaman að heyra álit hæstv. fjmrh. á því.

[16:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það er hægt að kalla þetta svar við andsvarinu, en þetta er út af fyrir sig ágætislíking sem hann fór með. Ég skal viðurkenna það að ég hef talið þennan vinstristjórnarskatt vera mikinn flein í holdi þingsins og hefði gjarnan viljað losna við hann en verð að viðurkenna ósigur minn ár eftir ár í þeim efnum við þessi erfiðu skilyrði sem við höfum hér lifað við á undanförnum árum.

Hins vegar tel ég, og það er rétt, að ég hefði átt að taka það skýrar fram og viðurkenni það að mér sást yfir í þeim efnum að hér er gert ráð fyrir því að um eins árs skeið verði lagður á þessi sérstaki viðbótarfasteignaskattur. Hugmyndin í framtíðinni er auðvitað sú að þetta verði einn skattur og verði samræmdur á atvinnustarfsemina og þá auðvitað hverfur þessi sérstaki skattur en hækkunin hlýtur að koma fram og það verða auðvitað sveitarfélögin að segja talsvert til um þannig að heildarskatttekjur sveitarfélaganna af atvinnuhúsnæði verði raðað upp með þeim hætti sem eðlilegast getur talist á hverjum tíma. Ég hygg að í framtíðinni gerist það að þessum skatti verði jafnað, þó það komi ekki fram í þessu frv., betur á milli atvinnugreina heldur en gert er nú um sinn, þótt ákveðið skref sé reyndar tekið í þeim efnum eins og kemur fram í greinargerðinni.

[16:13]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessar upplýsingar. Það kemur sem sagt í ljós að hérna er um nokkra leikfléttu að ræða. Hér er þessum króga skotið yfir á sveitarfélögin og svo eiga sveitarfélögin að skjóta honum af verslunarhúsnæðinu og yfir á annað atvinnuhúsnæði. Þannig á að koma þessu óhreina barni af sér. Það er ljóst og ég þakka fyrir þessar upplýsingar.

[16:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að kenna þetta við leikfléttu og snilld en það var ekki hugmyndin. Þessu máli þurfti auðvitað að ljúka með einhverjum tilteknum hætti. Nú var tækifærið því það var búið að létta skattbyrðinni verulega af fyrirtækjunum og það var ekkert óeðlilegt við það þegar ríkið hafði tekið þátt í þessari leikfléttu, fjmrh. m.a. tekið á sig þær óvinsældir að vera barinn í hausinn dag eftir dag af þingmönnum á sl. ári fyrir að hafa hækkað skatta stórkostlega, þó hann geti núna með þessum hætti gefið örlítið til baka, ef ég mætti orða það þannig, í þessum efnum. Ég held að það sé ekkert óeðlilegt að fyrirtækin, og ég er sammála því sem hér hefur komið fram, sérstaklega hjá hv. 2. þm. Vestf., beri einhverja skatta til sveitarfélagsins til þess m.a. að tryggja það að sveitarfélögin þjóni þeim nægilega vel.

[16:16]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ástæða til þess að greiða örlítið úr þeirri flækju sem menn eru búnir að koma þessum talnaleik í svo menn átti sig betur á hvað er verið að gera. Ég vil fyrst minna á það að með frv. sem hér er til umræðu fylgir ekki með yfirlit frá fjmrn. um áhrif frv. á fjárhagsstöðu ríkissjóðs en ef ég man rétt mun það vera lagaskylda að slíkt fylgi með stjfrv.

Það hefði kannski einfaldað mönnum að átta sig á áhrifum þess því menn eru að færa skatta frá einstaklingum yfir á sveitarfélögin með millilendingu á ríkissjóði í fyrra og menn þurfa að rifja þetta upp svo það sé öllu til haga haldið.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem komið hefur fram hjá báðum hæstv. ráðherrum sem hér hafa talað að þessi 1,5% tekjuskattur, sem sérstaklega var lagður á í fyrra, verði afnuminn. En ég hlýt að furða mig á því af hverju það er ekki sagt í athugasemdum með 6. gr. þessa frv. að svo eigi að gera. Það hefði auðvitað, ef þetta væri skýr stefna ríkisstjórnarinnar á þeim tíma sem þetta frv. fór í prentun, átt að koma skýrt fram. En það gerði það ekki. Það er tvívegis búið að lesa upp þessa athugasemd þannig að ekki þarf að vitna frekar til þess.

Ég minni menn á að þessi 1,5% tekjuskattur mun skila ríkissjóði ef ég man þessar tölur rétt um 2,8 milljörðum kr. Síðan tók ríkissjóður í fyrra fleiri skatta til þess að hafa upp í það sem hann ætlaði að greiða sveitarfélögunum fyrir aðstöðugjaldið sem átti að vera 4 milljarðar, ég verð að hafa fyrirvara á tölunum því þær eru ársgamlar í mínu höfði, en þannig er þetta í grófum dráttum. Ef ríkissjóður fellir niður tekjuskattshækkunina þá er hann að fella niður 2,8 milljarða og ég spyr: Hvað um það sem eftir stendur sem gæti verið 1,2 milljarðar eða einhver hundruð milljóna? Hvaða skattar voru það?

Ég hef ekki gefið mér tíma til að fara í skattafrumvarpið frá í fyrra til að rifja það upp en ég man strax eftir sköttum sem ég gæti nefnt og tengt hugsanlega þessu máli. Hvað með svonefndan lögguskatt á sveitarfélögin? Verður hann lagður niður? Hann er núna reyndar skattur í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð.

Hvað með bifreiðaskatta, bensíngjald? Hækkar bensíngjald, sem mig minnir að hafi verið lagt á upp á 1,50 kr. á lítra til þess að hafa peninga í ríkissjóði upp í þetta? Verða þessir skattar felldir brott þegar þessi útgjöld falla brott úr ríkissjóði? Eða ætlar ríkissjóður að sitja eftir með aðra skatta en tekjuskattinn?

Ég tel rétt að hæstv. fjmrh. geri aðeins grein fyrir þessu.

Þá skulum við skoða dæmið gagnvart sveitarfélögunum. Þau eiga að fá hækkað útsvar og hækkaða fasteignaskatta. Útsvar upp á 3,8 milljarða og fasteignaskatta hækkaða upp á 600 millj. Það þýðir að sveitarfélögin eiga að fá 4,4 milljarða kr. sem mér sýnist vera vel það sem þau hafa haft af aðstöðugjaldinu miðað við þær upplýsingar sem fylgja þessu frv. um innheimtu á álögðu aðstöðugjaldi undanfarandi ára. Þannig að það er spurning hvort menn séu ekki líka að bæta við, þannig að sveitarfélögin séu að fá meira heldur en þau láta af hendi. En allténd eru að koma þarna inn til sveitarfélaga 4,4 milljarðar kr. í sköttum.

Það sem þarf að hafa alveg á hreinu er að niðurstaða þegar búið er að samþykkja skattafrv. þessa árs verði sú að álögurnar á einstaklingana og fyrirtækin aukist ekki um meira en þessa 4,4 milljarða kr. sem eiga að koma á móti niðurfellingu aðstöðugjalds. Að ríkissjóður haldi ekki eftir einhverjum sköttum sem hann lagði á í fyrra til þess að borga sveitarfélögunum til bráðabirða á þessu ári upp í aðstöðugjöld.

Ég tel rétt að hæstv. fjmrh., ef hann er tilbúinn til þess, geri aðeins grein fyrir þessum öðrum sköttum þannig að það fari ekki á milli mála.

Hvað varðar umræður um sérstakan fasteignaskatt að þá var afstaða mín alveg klár til hans. Ég er sömu skoðunar og ég hef verið áður sem sveitarstjórnarmaður þegar við börðumst fyrir því að aðstöðugjaldið yrði haft þannig að það væri ekki atvinnuvegagreint, það væri ekki misjafnt aðstöðugjald eftir atvinnugreinum, og ég tel að þessi skattur eigi ekki að vera misjafn eftir atvinnugreinum því það er eins og aðstöðugjaldið gerði, það mismunar sveitarfélögum. Ég tel það ekki skynsamlegt að framlengja mismunakerfið sem verið hefur með þessum hætti.

Það er fróðlegt í ljósi þeirra orða sem hér féllu fyrr í þessari umræðu, m.a. hjá hæstv. fjmrh. um dreifbýlisverslunina, að lesa svar viðskrh. við fsp. Einars Más Sigurðarsonar um stuðningsaðgerðir til dreifbýlisverslunar en þar kemur fram að á fjárlögum síðasta árs voru ekki nema 2 millj. kr. til þessara hluta og að þær voru ekki einu sinni nýttar til þess sem ætlast var. Ég vil ítreka það sem ég hef látið koma fram í andsvörum við hæstv. félmrh. því ég er ekki sáttur við svör ráðherrans, að ég sé ekki betur en að verið sé að taka af þeim sveitarfélögum, sem hafa fengið fjórðung af landsútsvari til sín, tekjustofn sem þau fá ekki bættan. Svar hæstv. félmrh. um að þessi sveitarfélög ættu að bæta sér þennan missi með fasteignasköttum og hækkuðu útsvari gildir ekki, gengur ekki að mínu viti því að sveitarfélögin öll eiga að bæta sér aðstöðugjaldið með þessum sköttum. Það er ekki hægt, þessi sveitarfélög sem hafa fengið þetta sérstaka landsútsvar, hafa ekki svigrúm til þess að ná inn fyrir því. Þannig að mér sýnist ljóst að það er verið að taka af nokkrum sveitarfélögum á landinu tekjur sem þau eiga ekki að fá. Ég tel heiðarlegra hjá hæstv. ráðherra að viðurkenna það en að fara undan í flæmingi. Það er svo annað sjónarmið sem menn geta rætt, hvort það sé réttlátt eða ekki að gera slíkt, en menn eiga að viðurkenna staðreyndir í þessu máli.

Þetta vildi ég ítreka, virðulegi forseti, þannig að menn héldu ekki að ég teldi að hæstv. félmrh. hefði svarað þessu með fullnægjandi hætti áðan hvað varðar bætur fyrir landsútsvar.

[16:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að ástæðan fyrir því að í greinargerðinni með 6. gr. er

ekki tekið fram nákvæmlega hvað staðgreiðsluskatturinn, tekjuskatturinn, lækkar er einfaldlega sú að þegar gengið var frá texta frv. í sumar og þegar nefndin starfaði í sumar þá vildi ríkisvaldið ekki afsala sér þeim rétti að geta gripið til skattahækkunar ef á þyrfti að halda. Það var einasta ástæðan. Nú hins vegar standa málin þannig að lækkunin verður 1,5 prósentustig, en viðbótin sem kemur af öðrum ástæðum og mun skýrast á næstu dögum og hefur reyndar komið fram í fjölmiðlum er hækkun upp á 0,35 prósentustig vegna þess að fallið var frá skattheimtunni á allan launastokkinn, en tekjuskattur tekinn í staðinn.

Þegar spurt er síðan um það hvort einhver græði á þessu þá er þetta alveg reiknað út. Það tóku þátt í nefndarstarfinu fulltrúar atvinnulífsins, fulltrúar sveitarfélaganna og fulltrúar ríkisins. Keppikeflið, markmiðið var að ná jöfnuði á milli þessara aðila þannig að menn stæðu svo að segja eftir eins og áður og það verði ekki um tekjulækkanir eða tekjuhækkun að ræða.

Hitt er svo alveg rétt að það verða auðvitað tilfærslur á milli fyrirtækja. Það getur ekki farið hjá því og það verða í sumum tilvikum verulegar tilfærslur á milli sveitarfélaga. Ég nefni t.d. í því sambandi að Reykjavík mun tapa nokkrum tekjum af þessum ástæðum vegna þess að Reykjavík hafði talsvert meira en önnur sveitarfélög upp úr aðstöðugjaldinu en fær minna upp úr útsvarinu en ýmis önnur sveitarfélög. Þannig að slíkar tilfærslur á milli sveitarfélaga munu vissulega eiga sér stað í vissum tilvikum.

Að lokum þetta: Á fyrsta árinu mun ríkið hagnast um nokkur hundruð milljónir kr. vegna greiðsluflæðisins en það er bara í fyrsta skiptið sem það gerist af eðlilegum ástæðum.

[16:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. svörin en það kom ekki fram í hans máli hvaða skattar aðrir það hefðu verið sem ríkið hefði lagt á í fyrra til að hafa upp í aðstöðugjaldsgreiðslurnar til sveitarfélaga og hitt, hvort þeir skattar yrðu síðan lagðir niður, jafnhliða þessu tekjuskattsþrepi upp á 1,5%.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Orlof, 1. umr.

Frv. KHG, 155. mál (orlofsreikningur launþega). — Þskj. 173.

[16:29]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof. Frv. er svohljóðandi:

„4. mgr. 7. gr. laganna orðast svo:

Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. er heimilt að greiða mánaðarkaupsmönnum, að fengnu samþykki þeirra, orlofslaun á sama tíma og reglubundnar launagreiðslur fara fram. Þá getur launþegi ákveðið að orlofslaun hans verði greidd jafnharðan á sérstakan orlofsreikning launþega hjá banka eða sparisjóði, enda sé tryggt að sá aðili, sem tekur að sér vörslu orlofslauna, geri upp áunnin orlofslaun, þ.e. höfuðstól og vexti, við launþega við upphaf orlofstöku."

Í frv. er gert ráð fyrir að lög þessi öðlist gildi 1. maí 1994, eða við upphaf næsta orlofsárs.

Með þessu frv. fylgir eftirfarandi grg., með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lögð til sú grundvallarbreyting á ákvæði 7. gr. laganna að launþegi geti sjálfur ákveðið hvar og hvernig hann geymir orlofsfé sitt. Hann getur valið milli þess að geyma það í því fyrirtæki sem hann starfar hjá eða ávaxta það hjá þeim banka eða sparisjóði sem hann kýs. Eina skilyrðið í tillögugreininni er að bankinn eða sparisjóðurinn tryggi að áunnin orlofslaun verði gerð upp við upphaf orlofstöku.

Lagt er til að lagabreytingin öðlist gildi við upphaf næsta orlofsárs."

Virðulegi forseti. Efni frv. er afar skýrt. Það er gert ráð fyrir því í frv. að sú breyting verði að í stað þess að meginreglan sem í dag er sú að orlof launþega er geymt í fyrirtæki þar sem hann starfar, hvort sem hann vill eða ekki, þá verði tekin upp önnur meginregla sem er sú að launþeginn sjálfur ráði því hvar hann ávaxti orlof sitt, hvort það verði í fyrirtækinu eða í banka eða sparisjóði. Ég minni á að hér er um geysilegar fjárhæðir að ræða sem kunna að vera ávaxtaðar í bönkum eða sparisjóðum eftir breytinguna, í stað þess að vera geymt vaxtalaust og verðbótalaust hjá fyrirtækjum eins og nú er. Ég hygg að breytingin sé í takt við þá þróun sem verið hefur á undanförnum áratugum í þá átt að menn ráðstafi eigum sínum í ríkari mæli sjálfir heldur en nú er.

Virðulegi forseti. Ég vil svo leyfa mér að lokinni þessari umræðu að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 156. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 174.

[16:32]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum, nr. 8/1986. Flm. auk mín eru hv. þm. Jón Kristjánsson og Eggert Haukdal. Lagt er til í 1. gr. að 1. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga verði breytt á eftirfarandi hátt, með leyfi forseta:

„Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu samkvæmt 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir, enda hafi meiri hluti atkvæðisbærra íbúa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni."

Gert er ráð fyrir að lög þessi öðlist þegar gildi.

Með þessu frv. fylgir svohljóðandi greinargerð með leyfi forseta:

„Lögð er til sú grundvallarbreyting á núgildandi ákvæðum 1. mgr. 109. gr. sveitarstjórnarlaga að meiri hluti þeirra sem afstöðu taka ráði niðurstöðu í almennri atkvæðagreiðslu um sameiningu sveitarfélags við annað eða önnur sveitarfélög. Samkvæmt tillögugreininni hafa þeir kjósendur ekki áhrif á úrslit í atkvæðagreiðslu sem koma ekki á kjörstað. Þeir sem skila auðu eða ógilda atkvæði sitt hafa ekki heldur áhrif á úrslitin að öðru leyti en því að þeir gætu tryggt nægilega þátttöku í atkvæðagreiðslunni með atkvæði sínu.

Ákvæði núgildandi laga eru þannig að meiri hluti kjósenda á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn tillögu um sameiningu til þess að hún teljist felld. Þar með er í raun fyrir fram ákveðið að þeir kjósendur styðji sameiningu sem ekki koma á kjörstað og enn fremur að kjósendur, sem koma og greiða atkvæði en gera ógilt atkvæði sitt eða skila auðu, séu stuðningsmenn fyrirliggjandi tillögu.

Kjósendur, sem taka þátt í atkvæðagreiðslu en skila auðu atkvæði eða ógilda það, láta með því aðra ráða úrslitum, en núgildandi ákvæði 109. gr. virða þá afstöðu að vettugi.

Þessi ákvæði laganna brjóta gegn viðurkenndum sjónarmiðum um lýðræðislega afgreiðslu máls. Nægir að nefna ákvæði kosningalaga og laga um þingsköp því til stuðnings og enn fremur 51. gr. sveitarstjórnarlaganna sjálfra, en þar er kveðið á um að afl atkvæða ráði úrslitum. Í skýringum með 51. gr. kemur fram að hjáseta í atkvæðagreiðslu telst þátttaka þar sem afstaða er tekin, þ.e. sú afstaða að láta aðra ráða niðurstöðunni.

Almenna reglan er sú að þeir kjósendur einir, sem koma til atkvæðagreiðslu, hafa tekið afstöðu. Hinir, sem ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni, hafa ekki áhrif á niðurstöðuna þar sem þeir hafa ekki tekið afstöðu. Ákvæði 1. mgr. 109. gr. brjóta þessa meginreglu og í raun gera þeim upp ákveðna afstöðu sem engan þátt tóku í atkvæðagreiðslunni. Slík lagasetning er fullkomlega út í hött og engan veginn samboðin lýðræðisríki.

Þessir annmarkar á 1. mgr. 109 gr. eru svo alvarlegir að óhjákvæmilegt er að breyta greininni.

Ákvæði tillögugreinarinnar um lágmarksþátttöku í atkvæðagreiðslunni er hins vegar í fullu samræmi við skilyrði þingskapalaga og 51. gr. sveitarstjórnarlaga fyrir afgreiðslu máls og þarfnast ekki frekari skýringar.

Frumvarpið var flutt á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Hins vegar hefur í raun verið fallist á meginefni frumvarpsins með efnisatriði bráðabirgðaákvæðis sem samþykkt var við lögin í maí sl., en sú breyting gildir einungis um kosningar sem fram fara í vetur að tillögu svonefndra umdæmanefnda. Þykir flutningsmönnum rétt að Alþingi stígi skrefið til fulls og lögfesti ákvæði frumvarpsins þannig að sama regla gildi um allar kosningar um sameiningu sveitarfélaga."

Þessu til viðbótar er rétt að geta að frv. sem var flutt á síðasta þingi, eins og fram kemur í greinargerð, og var sent út til umsagnar til nokkuð margra aðila og sveitarstjórna, það er rétt að það verði upplýst að allir sem svöruðu því og sendu inn umsögn mæltu með því að frv. þá yrði samþykkt og ekki við því að búast að afstaða þeirra hafi breyst frá þeim tíma. Því vænti ég þess, virðulegi forseti, að þetta frv. fái skjótan framgang hér í þinginu.

Ég vil svo leggja til að lokinni þessari umræðu að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 158. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 176.

[16:38]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. til laga um sérstaka fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga. Flm. auk mín eru hv. þm. Þuríður Backman, er sat sem varaþm. fyrir hv. þm. Hjörleif Guttormsson, og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Í frv. þessu er lagt til að gera breytingar á tvennum lögum, annars vegar lögum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, sem eru nr. 28/1985, og hins vegar á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, nr. 55/1992.

Fyrri kafli frv. fjallar um breytingar á lögunum um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum. Þar er gert ráð fyrir því að í svonefndan ofanflóðasjóð, sem er til samkvæmt ákvæðum þeirra laga, bætist við fjármagn, svonefnt sérstakt framlag frá Viðlagatryggingu Íslands. Enn fremur er gert ráð fyrir því að úr sjóðnum verði heimilt að greiða sveitarfélögum 90% í stað 80% af kostnaði við snjóflóðavarnir og varnir gegn skriðuföllum.

Síðan er auk þess lagt til í 2. gr. frv. að einnig megi sjóðurinn taka þátt í kostnaði við viðhald á varnarvirkjum og er það nýmæli og við rannsóknir sem miða að því að bæta hönnun og auka nýtingu varnarvirkja og enn fremur við sérstök verkefni við snjóflóðaeftirlit. En þessum síðasttöldu atriðum er bætt inn í frv. frá því sem var á síðasta þingi að ábendingu Veðurstofu Íslands.

Í II. kafla laganna, sem er breyting á lögum um Viðlagatryggingu Íslands, er lagt til að árin 1994–1998 verði innheimt árlega sérstakt iðgjald af munum sem eru tryggðir samkvæmt 1.–3. tölul. 11. gr. þeirra laga sem skal vera 10% álag á iðgjöldin og renna í ofanflóðasjóð. Síðan er gert ráð fyrir að lögin öðlist gildi 1. jan. 1994 og í ákvæði til bráðabirgða með þessu frv. er lagt til að ráðherra verði heimilt að fenginni tillögu Almannavarna ríkisins að láta breytingarnar í 2. gr. frv., sem eru breytingar á 11. gr. laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, gilda um framkvæmdir

sem staðfestingu hlutu fyrir gildistöku laga þessara.

Virðulegur forseti. Ég vil benda þingmönnum á ítarlega greinargerð sem fylgir með þessu frv., bæði almenna samantekt og athugasemdir við einstakar greinar auk þess sem með þessu frv. fylgir líka yfirlit yfir fjárhagsstöðu ofanflóðasjóðs. Þá fylgir einnig með sem fskj. lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum og kaflar úr lögum um Viðlagatryggingu Íslands sem málið varðar. Menn hafa því allt á einu blaði, það sem þarf til þess að glöggva sig á málinu.

Frv. þetta var sent til umsagnar á sl. vetri og fékk allgóðar undirtektir hjá sveitarfélögum sem fengu það til umsagnar og sendu inn svör. Nær öll sveitarfélög mæltu með samþykkt frv. eins og það leit þá út, en ég ítreka að bætt hefur verið við tveimur atriðum við frv. eins og það var þá að ábendingu Veðurstofu Íslands, eins og ég greindi frá fyrr í minni í framsöguræðu.

Hvatinn að flutningi frv. er sá að það átak sem hafið var með setningu laganna um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum, árið 1985, hefur skilað sér í því að lokið er gerð hættumats allvíða á landinu og segja má að undirbúningsstigi sé nánast lokið og nú sé komið að framkvæmdastigi og víða verður að ráðast í allkostnaðarsamar framkvæmdir til að verja byggð fyrir hugsanlegum ofanflóðum. Það hefur þótt, með setningu laganna árið 1985, eðlilegt að sveitarfélögin sem í hlut eiga beri ekki allan kostnað heldur verði honum deilt út í gegnum sameiginlegan sjóð landsmanna eða með sameiginlegum sérstökum sjóð, svonefndum ofanflóðasjóði. Og það sem lagt er til í þessu frv. er að styrkja þennan sjóð um fimm ára skeið þannig að unnt verði að ráðast í bráðnauðsynlegar framkvæmdir. Og þar sem er kannski ekki alltaf algengt eða allt of títt í þingmannafrv. um þörf mál sem til útgjalda horfa, þá er hér í þessu frv. lagt til líka að afla tekna til málsins þannig að hér er fyllilega ábyrgt að málum staðið.

Ég vil svo, virðulegi forseti, ekki orðlengja frekar um þetta mál en vil leyfa mér að leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Frv. KHG og EKJ, 138. mál (hlutabréf, stjórnarkosning, ársreikningur o.fl.). — Þskj. 153.

[16:45]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 32/1978, með síðari breytingum, sem ég flyt ásamt hv. 4. þm. Reykv. Frv. þetta var flutt á síðasta þingi en varð eigi útrætt og er því endurflutt að nýju með lítils háttar breytingum þar sem tekið hefur verið tillit til fram kominna ábendinga umsagnaraðila.

Eins og fram kemur í fskj. með frv. þá var það á síðasta þingi sent til umsagnar til nokkurra aðila og þær eru birtar í fskj. Þar kemur fram að umsagnaraðilar lýsa almennt yfir stuðningi við þetta frv. en þeir eru Landssamband ísl. útvegsmanna, Neytendasamtökin, Verslunarráð Íslands og álitsnefnd Félags löggiltra endurskoðenda.

Þær breytingar sem gerðar voru á frv. nú frá því sem var á síðasta þingi eru smávægilegar. Það er lagt til að í stað 25 hluthafa eða fleiri verði þeir 75 eða fleiri, hvað varðar skilyrði þess að ekki megi leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf.

Efnisatriði frv. eru í örstuttu máli þau, virðulegi forseti, að lagðar eru til fáeinar breytingar sem allar hníga í þá átt að stuðla að því að hlutafélög verði í ríkari mæli en nú er almenningshlutafélög. Markmiðið er að auka trú almennings á hlutafélög sem fjárfestingarkosti og efla hlutabréfin sem valkost, sparnaðarvalkost við bankakerfið. Við flm. teljum það mjög mikilvægt að hlutabréf njóti meira trausts og álits hjá almenningi sem fjárfestingarvalkostur en nú er af mörgum ástæðum.

Í fyrsta lagi vegna þess að fleiri hluthafar þýðir einfaldlega aukin áhrif og aðhald almennings á rekstur þeirra. Í öðru lagi að með því að hlutafélög sæki meira fé til síns reksturs með sölu hlutabréfa, þá er dregið úr lánsfjárþörf þeirra og þannig stuðlað að lækkun vaxta á markaði. Í þriðja lagi gerist það að með því að efla hlutabréfin sem fjárfestingarvalkost, þá er um leið verið að efla nýjan þátt sem veitir bönkunum aðhald í samkeppninni um sparifé. Það eru því nokkur atriði sem öll hníga að þessu sama og þau atriði sem við flm. höfum tekið til athugunar í hlutafélagalöggjöfinni og leggjum til að verði breytt eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er lagt til að stjórn hlutafélags verði kosin á hluthafafundi og að allir stjórnarmenn skulu kosnir á sama fundi. Með því er verið að afnema svonefnda víxlkosningu sem gaf mönnum færi á því að nýta tvisvar sinnum einfaldan meiri hluta í hlutafélagi og færði mönnum fleiri stjórnarmenn og aukin völd en hlutabréfaeign gat réttlætt.

Í öðru lagi er lagt til að eigi megi leggja hömlur á viðskipti með hlutabréf ef hluthafar eru 75 eða fleiri í hlutafélaginu, en í dag er þetta miðað við 200 hluthafa eða fleiri. Og það má nefna til fróðleiks að talið er að virk hlutafélög hér á landi séu á milli fjögur og fimm þúsund en einungis þrjú hundruð af þeim, eða vel innan við 10% séu almenningshlutafélög.

Þá er lagt til að herða reglur þær sem nú gilda um það hvenær skylt er að hafa löggiltan endurskoðanda á ársreikningum fyrirtækis. Ástæðan er einföld. Með því að hafa löggilta endurskoðendur í ríkari mæli þá er auðvitað verið að freista þess að auka traust á upplýsingum sem frá fyrirtækinu koma. Þær verða undirritaðar af til þess bærum endurskoðanda og ættu því að stuðla að auknu trausti almennings á hlutafélaginu.

Þá er í fjórða lagi lagt til að stjórn hlutafélags verði skylt að senda hluthöfum ársreikning og ársskýrslu fyrirtækisins innan sex mánaða frá lokum reikningsársins ef hluthafar æskja þess. Með þessu er verið að opna fyrir upplýsingastreymi þannig að hluthafar eigi

skýlausan rétt á þessum upplýsingum og ekki verði neinir hnökrar þar á.

Þá er lagt til að breyta ákvæðum um aðgang að ársreikningum hjá hlutafélagaskrá þannig að það verði „skylt" að veita almenningi aðgang að hlutafélagaskránni í stað þess að vera „heimilt" eins og nú er þegar í hlut eiga hlutafélög sem leggja engar hömlur á heimild hluthafa til meðferðar á hlutabréfum sínum. Þá er lagt til að lokum, virðulegur forseti, að lög þessi öðlist gildi 1. jan. 1995 eða eftir rúmt ár. Það er vegna þess að talið er nauðsynlegt, ef frv. þetta verður að lögum, að veita fyrirtækjum nokkurt svigrúm til að breyta samþykktum sínum til samræmis við ákvæði frv.

Virðulegi forseti. Ég vísa að öðru leyti til framsöguræðu fyrir þessu frv. á síðasta þingi en ég vil að lokum benda á að það er afar fróðleg bók sem til er og var gefin út fyrir alllöngu af síðari flutningsmanni málsins, hv. 4. þm. Reykv., um almenningshlutafélög og hlutverk þeirra í lýðræðisþjóðfélagi og ég tel að margir hefðu gott af að kynna sér efni þeirrar bókar og mætti vera komið lengra í þóun í þá átt en raun ber vitni. En frv. sem hér er til umræðu er einmitt byggt að miklu leyti ef ekki öllu á þeim grunni sem þar er lagður að því er varðar afstöðu til þessa forms, hlutafélagaformsins.

Ég vil, virðulegur forseti, leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efn.- og viðskn.

[16:54]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér er það mikil ánægja að vera meðflutningsmaður að þessu frv. sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson hefur nú gert grein fyrir og skýrt frá því að þetta mál var einnig flutt á síðasta þingi en dagaði þá uppi. Vonandi verður sá háttur ekki á að þessu sinni heldur að menn manni sig í að samþykkja frv. breytt eða óbreytt og gjarnan held ég að það megi huga að því að eitthvað megi vera betur gert heldur en lagt er til nú.

Þetta frv. byggist á núgildandi lögum nr. 32/1978. Það ár og árið á undan var unnið mjög mikið starf í fjh.- og viðskn., sem ég var þá raunar formaður í held ég, að breyta hlutafélagalögum sem voru gömul, orðin frá 1921 held ég að það hafi verið. Það voru merkileg lög á sínum tíma, þau voru gerð af framsæknum og framsýnum mönnum sem voru að byggja upp atvinnulífið á Íslandi. Það var rúm fyrir ýmislegt í frv., það var ekki mikið um boð og bönn heldur rúm til þess að koma á stofn félögum þó þau væru ekki öll í sama farinu heldur gæti nokkuð hver farið sínar leiðir.

Hér á landi eru hlutafélög alls ekki ný af nálinni því t.d. Skúli Magnússon byggði Innréttingarnar, þar sem vér nú stöndum í næsta nágrenni við, sem nokkurs konar hlutafélag, þ.e. eins og það var nú víst þar orðað „félag þar sem menn eignuðust hluti í starfrækslunni". En hlutafélög eru miklu eldri en þetta. Á 17. og 18. öld hygg ég voru einkum Hollendingar að byggja upp hið mikla siglingaveldi sitt og það var mjög mikið gert í einmitt svona formi að bjóða út bréf til almennings til að fá fjármagn og til þess að hrinda þessum hugsjónum í framkvæmd og gróðavon að sjálfsögðu líka. En það var margt misvel gert í þeim lögum. Það er svo með mannanna verk að þau eru ekki alltaf öll hin ákjósanlegustu og þannig fór raunar að um nærri einnar aldar skeið var í engilsaxneskum löndum t.d. bannað að setja á stofn hlutafélög og hafa verið færð að því rök að það hafi haldið aftur af Engilsöxum sem gátu þá ekki nýtt sér það sem gott var í þessum rekstri.

Ég hef kynnt mér þessa löggjöf nokkuð mikið á þessum árum sem ég var að nefna, bæði í Bandaríkjunum og eins í Evrópulöndum. Ég held að maður geti fullyrt að úr þeim lögum þessara nágranna okkar og fjarlægari þjóða hafi verið af hálfu nefndarmanna í fjh.- og viðskn. valið það sem best sýndist geta hentað okkur en hinu frekar þá sleppt eða haft frávíkjanlegt og það var mjög ánægjulegt að starfa í fjh.- og viðskn. þessa tvo vetur því þá voru fundir mjög tíðir og allir, hver einasti maður í nefndunum og þinginu voru sammála því að þarna væri gott verk að vinna og menn sameinuðust um að gera það.

Það er ástæðulaust fyrir mig að fjölyrða um þetta. Ég held að hér sé enginn maður inni sem ekki vilji betrumbæta þessi lög og gera þau enn þá líklegri til þess að verða tæki í baráttunni fyrir batnandi lífskjörum og frjálslegra líferni í efnahags- og viðskiptamálum. Ég óska þess að þetta mál megi fá afgreiðslu á þessu þingi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti skildi hv. 1. flm. svo að málið skyldi ganga til efh.- og viðskn. Er það ekki rétt skilið? (**KHG:** Það er rétt.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 157. mál. — Þskj. 175.

[17:00]

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Á þskj. 175 hef ég lagt fram till. til þál. sem ég mæli nú fyrir. Tillögugreinin hljóðar þannig, með leyfi forseta:

Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta kanna forsendur fyrir og undirbúa löggjöf um hvatningu til erlendrar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi.

Í greinargerð með tillögunni hef ég sett fram skoðun mína á málinu og segi þar svo:

Stöðnun og samdráttur hefur ríkt í atvinnustarfsemi okkar um árabil. Hefur þessa gætt í nær öllum mælikvörðum á afkomu þjóðarbúsins allt frá 1987 og eru orsakir nokkrar.

Ein orsökin er versnandi afkoma þorskstofnsins sem er helsti og verðmætasti nytjastofn okkar í hafinu. Það

hefur aftur leitt til minnkandi umsvifa í sjávarútvegi, einkum bolfiskveiðum og vinnslu.

Önnur orsök er breytt stefna í landbúnaði með viðmiðun beingreiðslna fyrir framleiðslu við innlendan markað sem leitt hefur til minni umsvifa við framleiðslu mjólkurafurða og sauðfjárafurða.

Enn má nefna breytingar á mörkuðum Vesturlanda fyrir iðnvarning af ýmsum orsökum, svo sem:

af samdrætti í neyslu og almennri efnahagsstarfsemi,

af auknu framboði málma frá Rússlandi og af birgðum Sovétríkjanna fyrrverandi,

af framboði iðnaðarvöru af varnarbirgðum Vesturlanda sjálfra, t.d. Bandaríkjanna, sem á síðustu árum hafa verulega dregið saman varnarviðbúnað sinn,

en þær breytingar hafa m.a. leitt til minni umsvifa stóriðjufyrirtækja sem hér starfa.

Ein afleiðing stöðnunar og samdráttar er stórum minni fjárfestingar í atvinnulífi, einkum í nýrri atvinnustarfsemi. Ástæða þess er að við þessar aðstæður beinir atvinnulífið sjálft öllum mætti sínum, fjárfestingargetu og þrótti að hagræðingu til að ná sem bestri afkomu við þrengri skilyrði en áður.

Væntingar um vaxtarsprota í atvinnulífi með fjárfestingum okkar í mannvirkjum og starfsemi í nýjum atvinnugreinum hafa brugðist hingað til, a.m.k. í þeim mikla mæli sem væntingar stóðu til, svo sem í loðdýraeldi og fiskeldi.

Vonir um miklar fjárfestingar í orkufrekri og mannfrekri starfsemi með byggingu nýrra virkjana og stóriðjuvera hafa einnig brugðist hingað til.

Eftir því sem liðið hefur á þetta stöðnunar- og samdráttarskeið hefur komið æ betur í ljós að mjög skortir fjölbreytni í atvinnulíf okkar og enn fremur að fábreytni virðist hafa ríkt hvað varðar ráðstafanir þeirra stjórnvalda til úrbóta sem virtust álíta í sínum verkahring að standa beinlínis fyrir nýsköpun og beinni uppbyggingu nýrrar atvinnustarfsemi í þjóðfélaginu. Fjölbreytni atvinnulífs er efnahagsstyrkur til langframa, en hún er komin undir hugkvæmni athafnamanna og fyrirtækja á hverjum tíma. Hlutverk stjórnvalda og sveitarstjórna er hvorki að standa fyrir nýsköpun né uppbyggingu atvinnustarfsemi heldur að búa atvinnuvegum okkar og fyrirtækjum almenn starfsskilyrði sem standast samjöfnuð við skilyrði keppinauta þeirra erlendis og hvetja til þróunarstarfs, nýsköpunar og fjárfestingar í uppbyggingu aukinnar starfsemi á grundvelli arðsvonar. Verkefni ríkisvaldsins er löggjöf og framkvæmd hennar ásamt almennum aðgerðum í efnahagskerfinu, svo og samningar við önnur ríki og framkvæmd þeirra. Annað verkefni ríkisvaldsins, einkum við þær aðstæður sem nú ríkja, er að skapa með almennum aðgerðum skilyrði sem hvetja til aukinnar fjárfestingar í atvinnulífi okkar, af hálfu erlendra aðila jafnt sem innlendra.

Flestar þjóðir leggja nokkuð á sig, og sumar mikið, til að laða til sín fjármagn og erlenda fjárfesta til að auka umsvif í efnahagslífinu og ná þannig aukinni fjölbreytni og fjölga atvinnutækifærum. Í raun stendur hörð samkeppni milli þjóða á þessu sviði en þar stöndum við Íslendingar ekki framarlega.

Aukin áhersla á að kynna erlendum fjárfestum tiltekna kosti Íslands, svo sem óvirkjaða orku og nú síðast frísvæði á Suðurnesjum sem enn er á undirbúningsstigi, hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að fleiri fjárfestar en þessir kostir henta geta haft vænleg áhrif á framþróun atvinnulífs okkar og fýsilegt sé að laða þá hingað. Þar er fyrst og fremst átt við aukna fjölbreytni almennt og í iðnaðarstarfsemi sérstaklega, fleiri stoðir atvinnulífs og gjaldeyrisöflunar og meiri fjölbreytni atvinnutækifæra. Í þeim tilvikum þar sem hvorki henta kostir mikillar orkunotkunar né kostir staðsetningar á frísvæði sýnist mér skorta á að við bjóðum almenn skilyrði sem gera erlendum aðilum fýsilegt að hefja starfsemi á Íslandi.

Þau skilyrði, sem einkum kunna að koma til álita, munu vera á sviði skatt- og tollheimtu, t.d. má nefna heimildir til að færa arð til heimalands fjárfesta. Enn fremur á sviði ákvæða um fjárfestingar og um fjármögnun. Það er skoðun flutningsmanns að kanna þurfi rækilega hvernig beita megi slíkum aðgerðum þannig að ekki raskist núverandi jafnræði í starfsskilyrðum atvinnuvega okkar en þær verði erlendum fjárfestum hvatning til að fjárfesta í atvinnustarfsemi á Íslandi.

Virðulegi forseti. Eftir að tillagan var lögð fram fór fram í hv. Alþingi umræða um frv. til breytinga á lögum um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri. En sú umræða snerist nær alfarið um hvernig komið yrði í veg fyrir eða beitt takmörkunum við fjárfestingum erlendra aðila í atvinnulífi Íslendinga. Enn fremur hvernig komið yrði í veg fyrir áhrif þeirra eða áhrif erlendra eignaraðila á atvinnurekstur hérlendis eða í stuttu máli hvernig íslensk stjórnvöld gætu snúist gegn þeirri þróun að erlendir aðilar eignist hlut í íslenskum fyrirtækjum og hafi áhrif á starfsemi þeirra og jafnvel gegn þeirri þróun að erlendir aðilar fjárfesti yfirleitt í atvinnustarfsemi á Íslandi.

Það var merkilegt, virðulegi forseti, að þennan sama dag og raunar einnig skömmu síðar birtust í íslenskum fjölmiðlum fréttir um að Ísland er aftarlega á merinni þegar Evrópuríkjum innan Efnahags- og framfarastofnunar Evrópu, OECD, er raðað eftir aðdráttarafli þeirra fyrir erlenda fjárfesta og fjölþjóðleg fyrirtæki. Þar kom fram að tímaritið Euromoney hefur gert könnun á nokkrum þáttum í löggjöf og framkvæmd löggjafar svo sem um skattamál, um frelsi til að flytja arð af fjárfestingum, um frelsi til viðskiptastarfsemi og öðrum atriðum sem varða erlenda fjárfesta og fjölþjóðafyrirtæki miklu um staðarval. Við mat á þessum þáttum, virðulegi forseti, varð Ísland í 17. sæti af 19. Öll hin Norðurlöndin fá miklu hærri einkun í þessari könnun, en einungis Grikkland og Tyrkland eru neðar en Ísland. Við erum sem sé enn í hópi vanþróaðra ríkja.

Samkeppni landa um fjárfestingar erlendra aðila og fjölþjóðlegra fyrirtækja í atvinnulífi er staðreynd. Hún er ekki ný af nálinni, hún er raunar áratuga gamalt fyrirbrigði og hefur auk heldur farið vaxandi á síðari áratugum. En það er ljóst af þessari athugun sem ég nefndi að við erum enn aftarlega á merinni og höf-

umst lítið að til að bæta stöðu okkar. Það er sannarlega athyglivert að á sama tíma og hv. Alþingi ræðir þessi mál út frá því sjónarhorni að við þurfum að verjast ásælni erlendra fjárfesta þá liggur fyrir sú niðurstaða í könnun af þessu tagi að við þurfum engar slíkar varnir. Við erum ekki eftirsóttir af erlendum fjárfestum eða fjölþjóðlegum fyrirtækjum, þeir stefna ekki fjárfestingum sínum til Íslands vegna þess að Ísland býður þeim ekki betri kosti en annars staðar bjóðast, þvert á móti lakari kosti.

Reynsla okkar undanfarin ár og áratugi af því starfi sem hérlendis er unnið í þeim tilgangi að auka slíkar fjárfestingar er samdóma niðurstöðum þessarar könnunar. Við höfum boðið fram virkjaða og óselda orku, marga kosti um staðarval, vel menntaðan og góðan mannafla, en erlendir fjárfestar bíða ekki við dyrnar, þeim bjóðast betri kostir í öðrum löndum og þangað beina þeir augum sínum.

Í samkeppni landa og þjóða um erlendar fjárfestingar höfum við einfaldlega staðið okkur slælega. Við erum neðarlega í röðinni eða sitjum utarlega á bekk í öllum fimm greinum sem lagt var mat á í fyrrnefndri könnun og eigum því langt í land til að verða liðtækir. Á hinn bóginn liggur fyrir að við þörfnumst fjárfestingar í atvinnulífi og höfum því ríka ástæðu til að hvetja til hennar með aðgerðum sem eiga sér stoð í löggjöf og nái t.d. til skattamála, til markaðs- og kynningarstarfs við fjárfesta, til verðlagsákvarðana á orku og komi fram einnig í sérstökum kjörum fyrir nýjar greinar og nýsköpun sem eykur á fjölbreytni í atvinnulífi okkar og býður landsmönnum upp á kynni, reynslu og þekkingu af starfsemi sem er ný af nálinni hérlendis og sem eykur á fjölbreytni tekjuöflunar og gjaldeyrisöflunar þjóðarbúsins. Aðrar þjóðir, þar á meðal grannþjóðir okkar og keppinautar á hinum alþjóðlega markaði fjárfestinga í atvinnustarfsemi, hafa allar komið auga á ástæðu til að hafa sig mjög í frammi í samkeppninni um fjárfestingar erlendra aðila og þó einkum fjölþjóðlegra fyrirtækja. Erlendum aðilum sem kynnast íslenskum aðstæðum sýnast ýmsir kostir hérlendis en á skorti aðgerðir stjórnvalda til að gera þeim fýsilegt að beina fjármagni hingað og festa það hér. Á sama tíma ganga sumar grannþjóðir okkar svo langt að greiða beinlínis með hverju nýju starfi sem fæst með slíkri fjárfestingu og telja að því sé betur varið til atvinnuuppbyggingar en að greiða beinar atvinnuleysisbætur til þeirra einstaklinga sem ráðnir eru í krafti fjárfestinganna.

Virðulegi forseti. Ég læt ræðu minni lokið að sinni en legg til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og til athugunar í hv. efh.- og viðskn. Alþingis.

[17:11]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki stillt mig um að þakka flm. fyrir flutning þessarar þáltill. sem hann hefur kynnt. Ég er held ég sammála hverju einasta orði sem þar stendur. Hann las upp fyrst að mér sýndist greinargerðina og ræddi síðan um málið í heild sinni og ég er hingað kominn eingöngu til þess að þakka honum fyrir það að láta ekki einhver öfl sem eru steinrunnin eða sjá ekki þær þarfir sem við okkur blasa alls staðar og þau tækifæri sem við blasa og vona að þetta mál sem hv. þm. flytur verði alveg eins og það mál sem við tveir þingmenn fluttum síðast, og ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð.

Það eru stundum of mörg orð um litla hluti hér í þessum sal, bæði nú í dag og marga aðra daga að undanförnu. Það væri hægt að áorka miklu meiru ef menn taka til við að greina frá því sem í augum liggur og er ljóst og þarf ekkert að margendurtaka. Og það sem er ljóst núna á Íslandi er að það þarf að hætta barlómi, það þarf að auka atvinnulíf og það þarf að hafa grundvöll til þess að gera það, bæði með þeim hætti sem hér hefur verið rætt um og með öðrum tiltækum ráðum. Þetta er ágætis eftirmiðdagur ef honum lýkur þannig að það kemur eitt gott mál í viðbót sem varðar til heilla.

Útbýting þingskjala:

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 242. mál, stjfrv., þskj. 280.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 243. mál, stjfrv., þskj. 281.

[17:14]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil eins og síðasti ræðumaður þakka framlagningu þessa máls. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að við tökum umræðu um þessi mál hér í þinginu. Við gerðum það reyndar fyrir viku eða hálfum mánuði síðan eins og kom fram í orðum beggja ræðumanna sem hér hafa talað á undan.

Ég get alveg tekið undir það með flm. þessarar tillögu að það er áhyggjuefni að það virðist nánast ekki vera nokkur áhugi erlendra aðila á fjárfestingu hér á landi, þ.e. í þá veru að menn séu að fjárfesta hér með það eitt markmið í huga að ávaxta þá peninga sem menn leggja í fjárfestinguna. En staðreyndin er nú hins vegar sú að menn geta haft áhuga á að fjárfesta með tveim mismunandi markmiðum og þannig er erlend fjárfesting flokkuð, annars vegar eins og ég sagði áðan að menn fjárfesti til þess eins að ná sambærilegri ávöxtun á sitt fé og þeir geta fengið annars staðar. Hin tegundin af fjárfestingu er þá að menn eru að fjárfesta til þess að kaupa sér einhvers staðar ítök og reikna sér þá ekki beinan arð beint af fjárfestingunni, heldur hugsa sér að arðurinn komi af afleiddri starfsemi. Og það er kannski einmitt slík fjárfesting sem væri það eina sem útlendingar gætu haft áhuga á að fjárfesta í hér í dag, þ.e. að fjárfesta í okkar sjávarútvegi til þess að tryggja sér aðgang að hráefni. Það er reyndar út frá þeim forsendum sem hér eru í gildi ákveðnar hömlur á fjárfestingu á því sviði. Það er mál sem er afar vandmeðfarið og ég ætla ekki að fara mikið meira út í hér og var rætt um daginn í tengslum við frv. um erlenda fjárfestingu hér á landi. Ég ítreka þó það sem ég sagði þá að ég tel að þar verði menn að hliðra eilítið til og finna nýjan flöt á því máli. Það algera fjárfestingarbann sem lagt er til í frumsjávarútvegi, ég held bara að það sé einfaldlega ekki hægt að framfylgja því. Það sem skiptir máli er að við höldum okkar efnahagslega

sjálfstæði og höldum yfirráðum yfir þessari mikilvægustu auðlind okkar.

Það hefur verið nokkuð rætt um fjárfestingu hér á landi að undanförnu. Mitt stærsta áhyggjuefni varðandi fjárfestingu í dag er það að fjárfesting hér á landi er orðin allt of lítil. Hún er orðin minni heldur en afskriftirnar sem þýðir einfaldlega að atvinnutækin eru að ganga úr sér og við fjárfestum ekki heldur í þekkingu og markaðsöflun.

Það hefur verið rætt um offjárfestingar á undanförnum árum og áratugum og mikið rætt um það að þær hafi verið að frumkvæði þeirra ríkisstjórna sem þá sátu og stjórnmálamanna. Nú vil ég ekki neita því að eitthvað slíkt kunni að hafa átt sér stað. En ef við hins vegar lítum yfir sviðið síðustu árin svona með eilítilli sanngirni, þá áttum við okkur fljótt á því að stærstu fjárfestingarnar liggja kannski ekki endilega á því sviði, í það minnsta er ekki hægt að segja að þær hafi verið framkvæmdar í nafni byggðastefnu eins og sumir halda fram að hafi verið um allar offjárfestingar á síðustu árum. Ég nefni í því sambandi að stærstu fjárfestingar sem e.t.v. mætti flokka undir fjárfestingamistök á síðustu áratugum er Blönduvirkjun upp á eina 15 milljarða og sú ákvörðun er af hálfu tekin af Reykjavíkurborg sem á helminginn í því fyrirtæki.

Önnur fjárfesting sem er kannski ekki hægt að tala um í einu lagi er offjárfesting í skrifstofu- og verslunarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu sem menn þurfa illu heilli að borga af hinn illræmda skatt sem hér var til umræðu áðan en það hafa nýlega komið fram upplýsingar um að þar sé um að ræða húsnæði upp á um 200 þús. fermetra. Og það þarf ekki flókinn útreikning út frá byggingarkostnaði til að sjá að hér er um að ræða húsnæði að verðmæti 20–25 milljarðar kr.

Menn nefna loðdýrarækt og fiskeldi. Það er alveg rétt að þar var farið glannalega, fyrst og fremst hvað það snerti að menn höfðu allt of frjálsan aðgang að lánsfé í þeim greinum, lánsfé sem menn gátu ekki staðið undir, en ef við skoðum þá fjárfestingu þá held ég að að sé ekki nema lítill hluti af því sem sé bein afleiðing ákvörðunar stjórnmálamanna, í það minnsta ekki þær fiskeldisstöðvar sem girtu nánast strandlengjuna frá Þorlákshöfn og út á Reykjanestá. En vissulega hefði verið æskilegra að þessi fjárfesting hefði beinst að nokkru í aðrar áttir. Það sem skortir og hefur skort á með fjárfestingu hér á síðustu árum og áratugum er það að við höfum alltaf verið að fjárfesta í mannvirkjum en það hefur vantað að það hafi verið fjárfest í rannsóknum og þróunarstarfsemi sem hægt væri síðan að byggja frekari atvinnuuppbyggingu á. Og það er nú kannski það sem okkur vantar öðru fremur núna til þess að laða að erlenda fjárfesta að hafa tilbúna fjárfestingarkosti þar sem búið væri að leggja í grunnvinnuna varðandi rannsóknir og þróun.

Virðulegi forseti. Ég taldi ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um þessa tillögu því að þetta er málefni sem er mér hugleikið. Okkar atvinnulíf býr við fjársvelti og ef hægt er að nefna eitthvert einkenni á íslensku atvinnulífi sem aðgreinir það frá okkar nágrannalöndum þá er það öðru fremur það að hér er eigið fé í atvinnurekstrinum allt of lítið og fyrirtækin þess vegna vanmegnug að taka á sig sveiflur í efnahagslífinu og það sem er kannski enn þá verra að þau hafa ekki fjármagn til þess að þreifa sig áfram og prófa sig áfram í nýrri atvinnustarfsemi. Það er því mjög eðlilegt að menn leiði hugann að því eins og flestallar þær þjóðir sem við erum að bera okkur saman við, að menn reyni að laða að erlenda fjárfesta.

[17:22]

Flm. (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að þakka þeim hv. þm. sem hafa tekið til máls um þessa tillögu og tóku drengilega undir málflutning minn og telja báðir greinilega að verk af þessu tagi eigi við og muni í framtíðinni bæta lífskjör almennings í gegnum aukna fjölbreytni í atvinnulífinu, auknar fjárfestingar sem leiða til fleiri atvinnutækifæra.

Ég hygg að það sé ástæða til að rifja aftur upp ummæli hv. 4. þm. Reykv. úr ræðu hans um annað mál fyrr á þessum fundi. Ég vænti þess að við náum slíkum tökum á afskiptum stjórnvalda af málefnum atvinnulífs, að það muni leiða til frjálsari hátta í starfsemi. Þá verður hér frjálsra mannlíf og þá mun atvinnulífið fá öll þau færi sem það kemur auga á til að leiða fram betri lífskjör okkur sjálfum og afkomendum okkar til heilla.

Það er eðlilegt að menn séu ekki allir sammála skoðunum mínum á þeim fjárfestingum sem orðið hafa á undanförnum árum eða áratugum en án þess að hlaupa beinlínis í umræður þar um þá verð ég að segja þá skoðun mína sérstaklega að mér virðist að svo miklu leyti sem ekki hefur leitt af ákvörðunum opinberra aðila, ríkisstjórnar eða sveitarstjórna, þá megi rekja til fábreyttra möguleika innlendra fjárfesta, fábreyttra möguleika þeirra einstaklinga sem upp vaxa á Íslandi og hyggjast sjálfir taka þátt í atvinnulífi, ekki aðeins sem starfsmenn annarra heldur sem athafnamenn með sínar eigin hugmyndir í brjósti. Þeirra tækifæri og þeirra möguleikar hafa verið fábreyttir og í raun og veru er atvinnulífið fyrir það fábreytt að það kveikir ekki margar nýjar hugmyndir.

Ég mundi vænta þess að tilkoma erlendra fjárfesta og erlendra athafna á Íslandi mundi kynna okkur og uppvaxandi Íslendingum mun fleiri möguleika, mun fleiri tækifæri heldur en við höfum hagnýtt okkur í dag og þá værum við mun betur á vegi stödd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 1. umr.

Frv. MF o.fl., 123. mál (atvinnuleysisbætur starfsmanna sveitarfélaga). — Þskj. 128.

[17:25]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjaraasamninga op-

inberra starfsmanna, sem ég flyt á þskj. 128 ásamt hv. þm. Sturlu Böðvarssyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Jónu Valgerði Kristjánsdóttur.

Í 1. gr. frv. er lagt til að 32. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna falli brott. Í 2. gr. er síðan gildistökuákvæði. Í 32. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem hér er lagt til að verði felld brott, segir svo:

„Sveitarfélög ábyrgjast útgjöld vegna atvinnuleysisbóta til starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana og sveitarfélaga, hvert fyrir sig eða fleiri sameiginlega eftir því sem þau sjálf ákveða.

Um starfsmenn sameignarstofnana ríkis og sveitarfélaga gilda hliðstæðar reglur eftir því hvort starfsmenn eru ráðnir af ríki eða sveitarfélagi.

Nánar skal kveðið á um framkvæmd ákvæða þessarar greinar í reglugerð sem félmrh. er heimilt að setja. Reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta til fyrrv. starfsmanna sveitarfélaga skulu settar að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga og með hliðsjón af tillögum einstakra sveitarfélaga. Haft skal samráð við Samtök opinberra starfsmanna um setningu reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta sammkvæmt þessari grein."

Í greinargerð með frv. sem ég mæli hér fyrir, segir:

„Eftir setningu laga nr. 113/1990 greiða sveitarfélögin, eins og aðrir launagreiðendur, tryggingagjald til ríkisins. Hluti tryggingagjalds rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samkvæmt því ættu starfsmenn sveitarfélaga að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta úr þeim sjóði. Svo er þó ekki því að í 32. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er kveðið á um að sveitarfélög ábyrgist útgjöld vegna atvinnuleysisbóta til starfsmanna sinna og starfsmanna stofnana sveitarfélaga. Á því varð engin breyting þrátt fyrir það ákvæði laga nr. 113/1990 að sveitarfélög skuli, eins og aðrir launagreiðendur, greiða gjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs með tryggingagjaldi.

Fráleitt er að ætla sveitarfélögum umfram aðra launagreiðendur að greiða til Atvinnuleysistryggingasjóðs með tryggingagjaldi og ábyrgjast jafnframt greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna sinna en þannig hefur þetta verið í framkvæmd.

Frv. þetta felur í sér að 32. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, falli brott og starfsmenn sveitarfélaga og stofnana þeirra njóti sömu réttinda og aðrir launþegar hvað varðar greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Lagt er til að lagabreyting þessi öðlist þegar gildi."

Forsaga þess að sveitarfélögin eru ábyrg fyrir greiðslum atvinnuleysisbóta til starfsmanna sinna er sú að í kjarasamningum aðildarfélaga BSRB árið 1980 var samið um að opinberir starfsmenn skyldu njóta réttar til atvinnuleysisbóta með sama hætti og annað launafólk í stéttarfélögum. Í samræmi við það voru sett lög árið 1980. Samkvæmt þeim lögum átti ríkissjóður að ábyrgjast greiðslur atvinnuleysisbóta til ríkisstarfsmanna en sveitarfélög til sinna starfsmanna. Þetta ákvæði er óbreytt í lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna síðan 1986. Samkvæmt þágildandi lögum um atvinnuleysistryggingar áttu atvinnurekendur að greiða ákveðið iðgjald af öllum launþegum 16 ára og eldri og tækju laun samkvæmt kjarasamningi stéttarfélags. Stéttarfélög opinberra starfsmanna féllu þó ekki undir skilgreiningu laganna á stéttarfélagi. Iðgjöld voru því ekki greidd vegna starfa opinberra starfsmanna. Þar af leiðandi fengu opinberir starfsmenn ekki greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði.

Árið 1990 voru samþykkt lög nr. 113, um tryggingagjald. Með þeim lögum voru felld úr gildi ákvæði um greiðslu iðgjalda en í stað þess ákveðið að Atvinnuleysistryggingasjóður fengi 0,15% af gjaldstofni tryggingagjaldsins en sá gjaldstofn er allar tegundir launa eða þóknana fyrir öll störf. Samkvæmt þessum lögum verða allir launagreiðendur, þar með talið ríki og sveitarfélög, að greiða þetta gjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Eftir því sem ég best veit var hlutfall gjaldstofns tryggingagjaldsins sem rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs ákveðið á þann máta, að við heildarframlög atvinnurekenda og ríkis var bætt um 200 millj. kr. og síðan reiknað það hlutfall sem til þurfti til að ná þeirri heildarfjárhæð þannig að framlög til sjóðsins skertust ekki. Við þessa breytingu minnkaði framlag atvinnurekenda til Atvinnuleysistryggingasjóðs, þar sem launagreiðslur ríkis og sveitarfélaga komu nú að fullu inn í gjaldstofn sjóðsins.

Þrátt fyrir það að ríki og sveitarfélögum er með lögum gert að greiða til sjóðsins af launum sinna starfsmanna þá er ríki og sveitarfélögum áfram gert að vera ábyrg fyrir greiðslum atvinnuleysisbóta til opinberra starfsmanna með þeim hætti sem fram kemur í bréfi sveitarfélagsins sem birt er sem fskj. með frv. sem hér er til umræðu. Þetta hlýtur að teljast óeðlileg afgreiðsla þar sem í raun er um tvígreiðslur sveitarfélaganna að ræða. Annars vegar lögbundið gjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs, hins vegar greiðslur bóta til þeirra starfsmanna sinna er missa vinnu. Því er nauðsynlegt að ábyrgð þessara aðila vegna greiðslu bóta sé aflétt og opinberir starfsmenn öðlist rétt úr Atvinnuleysistryggingasjóði eins og aðrir launþegar í stéttarfélögum.

Í frv. sem við höfum lagt fram er aðeins fjallað um það ákvæði laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem lýtur að starfsmönnum sveitarfélaga. Vissulega er þörf á því að skoða ákvæði laganna sem snúa að ábyrgð ríkisins gagnvart greiðslu bóta til sinna starfsmanna og reyndar var ályktað um það á bandalagsráðstefnu BSRB 19. nóv. en þar segir að brýnt sé að lög og reglur um atvinnuleysistryggingar verði tekin til endurskoðunar með það fyrir augum að bæta réttindastöðu atvinnulausra og samræma skuldbindingar vegna atvinnuleysistrygginga.

Í bréfi sem mér hefur borist frá formanni Starfsmannafélags ríkisstofnana segir um þetta mál, með leyfi forseta:

„Á bandalagsráðstefnu BSRB 19. nóv. 1993 kom fram að þeim félögum sem eru í BSRB og eru atvinnulausir væri betur borgið innan ramma laga um atvinnuleysisbætur heldur en með þeim réttindum sem þeir hafa í dag. En í lögum um opinbera starfsmenn frá 1986 segir í 31. og 32. gr. að opinberir starfsmenn,

sem þessi lög taka til og falla undir ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, skuli njóta atvinnuleysisbóta sambærileg við annað launafólk í samræmi við gildandi lög og framkvæmd þeirra á hverjum tíma, sbr. einkum IV. og V. kafla laga um atvinnuleysistryggingar."

Næst segir svo í þessari grein: „Ríkissjóður ábyrgist greiðslu atvinnuleysisbóta til starfsmanna ríkis og ríkisstofnana. Fjármálaráðuneytið túlkar mjög þröngt ákvæði um ábyrgð sína. Dæmi um það er að manni sem vann hjá Stóðhestastöð ríkisins og sótti um atvinnuleysisbætur var hafnað á þeim forsendum að hann væri ekki ríkisstarfsmaður, en Búnaðarfélag Íslands hefur rekið þessa stöð og er hún rekin fyrir eigið aflafé." — Ég vil, virðulegi forseti, taka það fram að þetta eru þær upplýsingar sem formaður Starfsmannafélags ríkisstofnana fékk um rekstur Stóðhestastöðvar ríkisins en samkvæmt áliti Ríkisendurskoðunar og allra annarra aðila sem að málinu koma er þarna um ríkisstofnun að ræða. En áfram segir í bréfinu:

„Þessi afgreiðsla er alveg óviðunandi en jafnframt var bent á að ef þessi einstaklingur fengi félagsgjöldin endurgreitt frá stéttarfélaginu [sem var þá stéttarfélag opinberra starfsmanna] þá fengi hann greiðslur úr Atvinnuleysistryggingasjóði sem einstaklingur sem stæði utan stéttarfélaga. Þessi einstaklingur er ekki sá eini sem hefur fengið slíka afgreiðslu hjá formanni úthlutunarnefndar um atvinnuleysisbætur fyrir opinbera starfsmenn. Svona óréttlæti höfum við þurft að glíma við varðandi úthlutun bótanna. Þetta er mjög óréttmæt afgreiðsla fyrir hvern þann sem fyrir henni verður og óviðunandi fyrir það stéttarfélag sem viðkomandi er í. Þarna er um að ræða ólíðandi mismunun á milli ASÍ-félaga og opinberra starfsmanna.

Til er bókun milli BSRB og ríkisins frá 1980, sem hljóðar svo að starfsmenn þeirra sjálfseignarstofnana og annarra hálfopinberra stofnana sem eru félagar í BSRB og falla ekki undir ákvæði 3. gr. laga nr. 68/1980 og hafa ekki bótarétt úr Atvinnuleysistryggingasjóði skuli njóta sama réttar og þeir félagsmenn BSRB sem undir þá grein falla og frá sama tíma. Skipuð verði nefnd með fulltrúum þeirra aðila sem hagsmuna hafa að gæta og geri tillögu um hvernig greiðslum atvinnuleysisbóta skuli hagað í þessum tilvikum og hver bera skuli útgjöld sem af þeim leiðir í samræmi við það sem eðlilegt og sanngjarnt getur talist. Meðan niðurstaða er ekki fengin ábyrgist ríkissjóður greiðslu atvinnuleysisbóta til þessara starfsmanna. Niðurstaða frá þessari nefnd er enn ekki fengin og því er það álit BSRB að ríkissjóður beri þessa ábyrgð, samanber lögin um atvinnuleysisbætur frá 1993 en í þeim segir að rétt til atvinnuleysisbóta samkvæmt lögum þessum hafa þeir sem eru atvinnulausir, eru í atvinnuleit og fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. þó 24. gr.

Þrátt fyrir þessi ákvæði hefur ríkið haft í frammi hártoganir til að reyna að koma sér hjá greiðslum atvinnuleysisbóta. Ef opinberir starfsmenn féllu undir lögin um atvinnuleysistryggingar mundum við losna við slík mál því þá ætti enginn að þurfa að falla svona á milli í kerfinu. Sérhvert mál sem kemur upp af þessu tagi er alltaf erfiðast fyrir þá einstaklinga sem verða fyrir þessu ranglæti. Opinberir starfsmenn sem eru atvinnulausir njóta ekki félagslegra réttinda eftir að þeir hafa misst vinnuna. Því er öðruvísi háttað hjá þeim sem undir lögin um atvinnuleysisbætur falla, en þeir halda félagslegum réttindum sínum, hver í sínu stéttarfélagi, eins og t.d. möguleikum á námskeiðum fyrir atvinnulausa, ásamt mörgum öðrum réttindum sem ekki eru fyrir hendi hjá opinberum starfsmönnum sem verða atvinnulausir. Hér er ekki átt við réttindi sem opinberir starfsmenn hafa ekki, eins og t.d. sjúkrasjóði, en þeir eru hjá mörgum ASÍ-félögum og þar hafa almennir félagsmenn rétt til að sækja um styrk ef þeir veikjast. Atvinnuleysisbætur falla niður á meðan viðkomandi er veikur því þá er hann ekki í atvinnuleit."

Undir bréfið ritar Sigríður Kristinsdóttir, formaður Starfsmanna ríkisins og í úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta fyrir opinbera starfsmenn.

Ég vil, virðulegi forseti, beina því til þeirrar nefndar sem fær þetta frv. til umfjöllunar að skoða þau ákvæði og þær breytingar sem þarf að gera til þess að ríkisstarfsmenn öðlist þennan rétt. Sveitarfélögin hafa hins vegar þegar óskað eftir því formlega við fjmrn. með bréfi dags. 22. mars 1993 að breytingar verði gerðar gagnvart ábyrgð þeirra. Í bréfi Sambands ísl. sveitarfélaga er farið fram á að lög nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna, verði endurskoðuð og felld út úr VI. kafla laganna ákvæði um að sveitarfélögin ábyrgist útgjöld vegna atvinnuleysisbóta starfsmanna sinna og stofnana sveitarfélaganna. Jafnframt segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Eftir setningu laga nr. 113/1990 greiða sveitarfélögin tryggingagjald sem að hluta til rennur til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Eðlilegast er því að starfsmenn sveitarfélaga öðlist rétt til greiðslu atvinnuleysisbóta úr þeim sjóði. Fráleitt er að sveitarfélögin greiði gjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs með tryggingagjaldi og ábyrgist jafnframt greiðslur atvinnuleysisbóta til starfsmanna sinna."

Á þessum orðum, virðulegi forseti, lýkur bréfi Sambands ísl. sveitarfélaga og ég geri þau hér með að mínum. Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. — Held ég að sé rétt hjá mér, virðulegi forseti. (**Forseti:** Forseti telur raunar að eðlilegt megi teljast að málefni er varða lífeyrissjóði og félagsleg réttindi fari til félmn. en ég hygg að því verði hv. þm. að ráða.) Virðulegi forseti. Hér er frv. til laga um breyttingu á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna og ég hygg að þau lög falli undir verksvið efh.- og viðskn. og þar af leiði að frv. eigi að fara til þeirrar nefndar. (**Forseti:** Forseti getur fallist á það og því er lagt til að málinu verði vísað til hv. efh.- og viðskn.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ríkisreikningur 1992, 1. umr.

Stjfrv., 217. mál. — Þskj. 242.

[17:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta fyrir að leyfa mér að mæla fyrir þessu máli hér og nú en ég var ekki viðstaddur fram að þessum tíma. Ég mæli fyrir frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992, 217. mál þessa þings á þskj. 242.

Frv. þetta er samið eftir ríkisreikningi fyrir árið 1992 sem lagður var fyrir Alþingi með bréfi fjmrh. til forseta Alþingis í sept. 1993. Með ríkisreikningi ársins 1989 var stigið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóðs nær almennum reikningsskilavenjum í atvinnurekstri. Breytingin felur fyrst og fremst í sér að í ríkisreikning eru færðar allar skuldbindingar og kröfur A-hluta ríkissjóðs óháð því hvort þær eru gjaldfallnar eða ekki. Ákvæði laga um gerð ríkisreiknings, nr. 52/1966, með síðari breytingum, gera ráð fyrir að ríkisreikningur sé gerður upp á rekstrargrunni.

Breytingin tekur einnig til þess að ábyrgðir ríkissjóðs á rekstri og skuldbindinum séu metnar og færðar í ríkisreikning eftir því sem þær eru best þekktar. Þeim er hins vegar hagað með ýmsum hætti í uppgjörum. Ábyrgðir vegna rekstrar stofnana í A-hluta ríkissjóðs eru tiltölulega skýrar og auðmetnar, en málið er flókið þegar tekur til ábyrgða á fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign, svo og ýmsum öðrum aðilum sem ríkissjóður veitir ábyrgð. Einnig þarf að ákveða færslur á eignarhluta ríkisins í fyrirtækjum og sjóðum í efnahag A-hluta ríkisreiknings, svo og með hvaða hætti rekstrarniðurstaða ársins og breytingar á eigin fé þeirra kemur þar fram.

Þannig koma ýmis álitamál upp þegar ákvarða skal reikningsfærslu slíkra ábyrgða og skuldbindinga. Mikilvægt er að um þær gildi samræmdar og skýrar vinnureglur. Þetta er eitt af þeim viðfangsefnum sem ríkisreikningsnefnd hefur nú til úrlausnar. Undir þessa málsmeðferð fellur m.a. ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindinum Framkvæmdasjóðs Íslands. Með lögum nr. 3/1992 breyttist hlutverk og staða sjóðsins þar sem útlánastarfsemi hans var m.a. lögð af. Samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri sjóðsins er eigið fé hans neikvætt um 830 millj. kr. í lok ársins 1993. Um það er ekki deilt að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á þessum skuldbindingum. Það sama má einnig segja um neikvæðan höfuðstól Atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar í árslok 1992 og e.t.v. fleiri aðila.

Þar til ríkisreikningsnefnd hefur gert tillögu um samræmdar reglur um bókhaldsmeðferð skuldbindinga og ábyrgða ríkissjóðs hafa hlutaðeigandi orðið ásáttir um að færa neikvætt eigið fé umræddra sjóða ekki í ríkisreikning.

Frv. er samkvæmt venju í þremur greinum. Í 1. gr. eru sýndar niðurstöður rekstrar- og efnahagsreiknings A-hluta ríkissjóðs og í 2. gr. eru með sama hætti niðurstöðutölur rekstrar og efnahagsreiknings B-hluta stofnana ríkisins. 3. gr. felur svo í sér gildistökuákvæði laganna.

Niðurstöður ríkisreiknings sýna að rekstrarafkoma A-hluta ríkissjóðs á árinu er neikvæð um 10 milljarða 592 millj. kr. en var árið á undan neikvæð um 13 milljarða 450 millj. kr.

Heildartekjur námu 106 milljörðum rúmlega og er það hækkun frá fyrra ári um 59 millj. kr. eða innan við 0,1%.

Heildargjöld ríkissjóðs urðu 116 milljarðar 631 millj. kr. á árinu en voru árið áður 119 milljarðar 430 millj. kr. Lækkun milli ára eru 2,8 milljarðar eða u.þ.b. 2,3%.

Meðalhækkun verðlags milli áranna 1991 og 1992 á mælikvarða landsframleiðslu er 3,4% þannig að raunlækkun gjalda nemur 5,6%.

Ef niðurstöður ríkisreiknings eru bornar saman við uppgjör ríkissjóðs á greiðslum ársins er afkoman betri samkvæmt greiðsluuppgjöri eða sem nemur 3,4 milljörðum kr. Tekjur eru alls 2,6 milljörðum kr. hærri í reikningsuppgjöri þar sem álagðar tekjur ársins verða hærri en það sem innheimtist á árinu. Af þeirri fjárhæð er 1,7 milljarða kr. aukning á eftirstöðvum virðisaukaskatts og 0,6 millj. kr. vegna áfallinna vaxtatekna.

Þá aukast eftirstöðvar tekjuskatts einstaklinga um 300 millj. kr.

Gjöldin eru 6 milljörðum kr. hærri í reikningsuppgjöri, munar þar mestu um áfallna vexti, umframgreidda, eða það eru u.þ.b. 3,9 milljarðar kr., þar af eru 3,2 milljarða kr. hækkun á vöxtum spariskírteina ríkissjóðs.

Lífeyrisskuldbindingar hækka um 1,8 milljarð kr. frá fyrra ári, niðurfærsla hlutafjáreignar í Íslenska járnblendifélaginu hf. hækkar gjöldin um 800 millj. kr. frá greiðsluuppgjöri. Á móti vegur að í greiðsluuppgjöri eru færðar til gjalda greiðslur sem koma til lækkunar skuldbindingum fyrri ára. Þar má nefna að niðurgreiðslur landbúnaðarafurða lækka um 400 millj. kr. og skuld ríkissjóðs við sveitarfélög vegna skólabygginga lækkar úr sömu fjárhæð.

Önnur frávik á gjaldahlið eru lægri og til skýringar á þeim vísast til greinargerðarinnar með frv. auk ríkisreikningsins sjálfs.

Varðandi frekari greinargerð um niðurstöðu á framvindu ríkisfjármála á árinu 1992 vísast til skýrslu fjmrh. frá því í febrúar sl. um ríkisfjármál á því ári og endurskoðunarskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkiseignir 1992.

Virðulegi forseti. Ég endurtek það sem ég sagði áðan að þar til ríkisreikningsnefnd hefur gert tillögur um samræmdar reglur um bókhaldsmeðferð skuldbindinga og ábyrgða ríkissjóðs hafa hlutaðeigendur orðið ásáttir um að færa neikvætt eigið fé þeirra sjóða sem ég gat um í minni ræðu, þar er um að ræða atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar og Framkvæmdasjóðs Íslands, ekki í ríkisreikning. Vonir standa til að starfi ríkisreikningsnefndar ljúki í lok þessa árs og ætti í kjölfarið á því að takast gott samkomulag um það hvernig færa skuli ríkisreikning og fjárlög að loknum samþykktum fjáraukalögum og hugsanlega fjárlagafrv. en staðið hefur til að hægt sé að færa upp öll þessi frv.

með sama hætti þannig að bera megi saman tölur frá einu ári til annars. Það sem truflar er að sjálfsögðu að efnahagsreikningur ríkisins er ákaflega ófullkominn og þótt skuldbindingar eða upplýsingar um skuldbindingar séu í nokkuð góðu lagi, þá verður ekki hið sama sagt um eignir á efnahagsreikningi.

Ég vil að lokum leggja til, virðulegi forseti, að lokinni 1. umr. verði frv. vísað til 2. umr. og fjárln.

[17:48]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil beina því til hæstv. forseta hvort það væri ekki mögulegt að fresta þessari umræðu. Ég hafði fengið upplýsingar um að hún yrði ekki í dag og reyndar að fjmrh. yrði ekki viðstaddur en hann er kominn aftur. Ég veit reyndar líka að annar yfirskoðunarmaður ríkisreiknings er farinn úr húsinu en ég býst við að hann hefði viljað taka þátt í umræðunni svo ég beini því til hæstv. forseta hvort það væri ekki mögulegt að fá þessari umræðu frestað.

[17:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst eðlilegt fyrst um það er beðið að umræðunni sé frestað að við því verði orðið og treysti ég á það að þegar umræðan heldur áfram þá gangi hún greiðlega og vel fyrir sig.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. KHG, 140. mál (vaxtagjöld af íbúðarlánum). — Þskj. 155.

[17:52]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Breytingin sem í frv. felst er tilgreind í 1. gr. frv. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Síðasti málsliður 1. tölul. 3. mgr. C-liðar 69. gr. laganna orðast svo: Vaxtagjöld af lánum annarra íbúða, sem framteljandi kann að eiga, mynda ekki stofn til vaxtabóta."

Í 2. gr. frv. er lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi og komi til framkvæmda við álagningu gjalda á árinu 1994 á tekjur árins 1993 og eignir í lok þess árs.

Með þessu frv. fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að íbúðareigendur geti fengið vaxtabætur þótt þeir búi ekki í þeirri íbúð um einhvern tíma sem keypt var til eigin nota og jafnframt kveðið skýrt á um að vaxtabætur eru aðeins greiddar með einni íbúð, þeirri sem ætluð er til eigin nota.

Í ákvæðum núgildandi laga um vaxtabætur er íbúðarhúsnæði til eigin nota skilgreint þannig að húsnæðið sé nýtt til íbúðar af eiganda sjálfum. Það hefur í för með sér að íbúðareigandi missir vaxtabætur þann tíma sem hann af einhverjum ástæðum dvelst ekki í íbúðinni og á ekki heimili þar og jafnvel leigir hana út.

Margvíslegar ástæður geta valdið því að íbúðareigandi dvelst ekki í eigin íbúð. Hann getur ákveðið að sækja atvinnu í önnur byggðarlög, verið í námi eða þurft vegna veikinda að flytja heimili sitt þangað sem nauðsynlega læknisþjónustu er að fá, svo fátt eitt sé nefnt.

Flutningsmanni þykir ekki rétt að íbúðareigandi missi rétt til vaxtabóta við það eitt að búa ekki sjálfur í íbúðinni hvort heldur það er um lengri eða skemmri tíma og er því lagt til að brott falli ákvæði síðasta málsliðar 1. tölul. 3. mgr. C-liðar 69. gr. sem skilgreinir íbúðarhúsnæði til eigin nota þannig „að átt er við að húsnæðið sé nýtt af eiganda þess sjálfum".

Við þessa breytingu verða vaxtagjöld, sem vaxtabætur miðast við, ákvörðuð á sama hátt og frádráttarbær vaxtagjöld voru í gildistíð vaxtafrádráttar hjá einstaklingum þar sem skilgreiningunni á íbúðarhúsnæði til eigin nota er breytt til samræmis við það sem gilti fyrir gildistöku laga nr. 79/1989, um vaxtabætur.

Vegna þeirrar breytingar, sem að framan er rakin á hugtakinu íbúðarhúsnæði til eigin nota, er nauðsynlegt að setja ákvæði sem tekur af öll tvímæli um það að íbúðareigandi getur ekki fengið vaxtabætur með fleiri en einni íbúð og er því lagt til að málsliðurinn orðist svo sem fram kemur í 1. gr. frumvarpsins."

Virðulegi forseti. Hér er um allnokkurt réttlætismál að ræða. A.m.k. finnst mér það fyrir marga af íbúum dreifbýlisins sem verða óhjákvæmilega að búa um lengri eða skemmri tíma fjarri sínum heimahögum, hvort heldur það er hér syðra á höfuðborgarsvæðinu eða í öðru byggðarlagi annars staðar á landsbyggðinni. Ýmislegt veldur því að það kann að vera nauðsynlegt fyrir fólk, svo sem veikindi, skólaganga eða annað og það hefur verið mörgum manninum til baga að hann skuli missa svokallaðar vaxtabætur á þeim árum sem hann býr annars staðar og er jafnvel leigjandi í íbúð með húsnæðiskostnað á þeim dvalarstað. Því er þetta frv. flutt til að bæta úr þessu misrétti, en jafnframt sett ákvæði í staðinn sem á að girða fyrir alla möguleika fyrir misnotkun.

Frv. þetta var flutt undir lok þingsins á sl. vetri og var þá meðflm. hv. þm. Össur Skarphéðinsson sem nú er hins vegar orðinn umhvrh. og því ekki meðflm. af eðlilegum ástæðum.

Virðulegi forseti. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði frv. þessu vísað til hv. efh.- og viðskn. og 2. umr.

[17:57]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins til þess að þakka flm. þessa frv. fyrir að leggja það fram hér aftur. Það er rétt eins og hann sagði að frv. kom það seint fram á síðasta þingi að ekki náðist að afgreiða það, en ég vænti þess að þetta sé það mikið réttlætismál að það

fái góðan framgang á þessu þingi.

Hann gat þess einmitt að það væri mjög óréttlátt að þeir sem væru að kaupa sína fyrstu og kannski einu íbúð og gætu ekki nýtt hana til eigin nota um einhvern tíma vegna náms eða veikinda gætu ekki fengið vaxtabætur vegna þess að þeir byggju ekki í íbúðinni.

Það eru einnig dæmi um það að leiga sem viðkomandi yrði þá að greiða á öðrum stað kemur ekki til frádráttar þeirri leigu sem hugsanlega fæst þá af þessari íbúð sem verið er að leggja fjármagn í og koma sér upp, heldur er leiga af eignaríbúðinni skattlögð að fullu. Það hefur raunar einnig komið fram hér frv. í þá veru að leiðrétta þá mismunun fyrr í haust. Þessi mál eru skyld að nokkru leyti og horfa bæði í þá átt að leiðrétta þetta óréttlæti sem hér viðgengst í lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Ég hef lagt hér fram inn í þingið, og það er ekki komið til umræðu enn, fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um það hvort ekki sé fyrirhuguð heildarendurskoðun á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, því að maður verður oft og iðulega var við það að í þessum lögum eru ýmis ákvæði eins og þetta sem eru verulega óréttlát. Ég held að það þurfi að fara að skoða þessi mál í heild sinni miklu betur en gert hefur verið nú um allmörg ár. Og þó að þetta og fleiri slíkar leiðréttingar sem hér er verið að koma á séu af hinu góða, þá tel ég að það séu mjög margir gallar í þessum lögum og framkvæmd þeirra og reglugerðum sem settar eru með hliðsjón af þessum lögum. Þetta er stór og mikill lagabálkur, lögin um tekjuskatt og eignarskatt, og sjálfsagt mikið mál og erfitt að fara í gegnum það, en ég tel að það sé alveg nauðsynlegt.

Ég vil að lokum aðeins lýsa yfir stuðningi við frv. sem hér er flutt því að það er vissulega til bóta ef það væri samþykkt.

[18:00]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ágætar undirtektir hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur. Það gleður mig að menn hafa velt þessu fyrir sér og ég þykist vita að það sé vegna fyrri starfa þingmannsins sem hún gjörþekkir þessi mál og áttar sig á ranglætinu sem felst í núverandi kerfi. En ég vil endurtaka þakkir mínar fyrir hlý orð í garð málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ólympískir hnefaleikar, fyrri umr.

Þáltill. KHG og IBA, 141. mál. — Þskj. 156.

[18:01]

Flm. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að mæla fyrir till. til þál. um ólympíska hnefaleika sem ég flyt ásamt hv. 5. þm. Reykv. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til þess að kanna hvort rétt sé að leyfa ólympíska hnefaleika sem íþróttagrein hér á landi.

Nefndin skal afla upplýsinga um keppnisreglur, slysatíðni miðað við aðrar ólympískar íþróttagreinar og með hvaða skilyrðum ólympískir hnefaleikar eru leyfðir erlendis. Að fengnu áliti Íþróttasambands Íslands skili nefndin tillögu til ríkisstjórnarinnar. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en 1. september 1994."

Með þáltill. þessari fylgir svohljóðandi greinargerð, með leyfi forseta:

„Allt frá 1956 hafa hnefaleikar verið bannaðir hér á landi en fram að þeim tíma voru þeir allnokkuð iðkaðir. Rétt er að gera skýran greinarmun á ólympískum hnefaleikum og atvinnumannahnefaleikum sem stundaðir eru m.a. í Bandaríkjunum. Reglur og öryggiskröfur eru afar ólíkar, m.a. er skylt að nota höfuðhlífar í ólympískum hnefaleikum og hver leikur stendur í þrjár lotur í stað allt að tólf lotum í atvinnumannahnefaleikum. Einungis er lagt til að athugað verði hvort tímabært sé að aflétta banni við hnefaleikum samkvæmt þeim keppnisreglum sem gilda á Ólympíuleikum.

Samkvæmt tiltækum upplýsingum er ekki vitað til þess að ólympískir hnefaleikar séu bannaðir erlendis og geta má þess að í Svíþjóð var farið fram á það 1983 að þessi íþróttagrein yrði bönnuð. Þá fór fram ítarleg könnun og gerð var skýrsla um ólympíska hnefaleika. Niðurstaða Svía var greininni mjög jákvæð.

Í ljósi þess og þeirrar staðreyndar að umtalsverður hópur ungmenna hefur áhuga á því hérlendis að iðka ólympíska hnefaleika þykir rétt að fram fari skipuleg upplýsingaöflun um þessa íþrótt og að leitað verði álits Íþróttasambands Íslands; verði niðurstaða nefndarinnar jákvæð verði í framhaldi af því gerð tillaga um að leyfa ólympíska hnefaleika sem keppnisgrein."

Virðulegur forseti. Þetta mál var lagt fram á síðasta þingi en hlaut eigi afgreiðslu og er því endurflutt að þessu sinni nær óbreytt. Ég ítreka að meginefni ályktunarinnar er að afla upplýsinga og leita álits um þessa íþróttagrein og vænti ég þess að hv. Alþingi taki vel í þá tillögu. Ég bendi á að almenna reglan er þannig samkvæmt lögum í dag að allar íþróttagreinar aðrar eru leyfðar. Íþróttasamband Íslands hefur nokkurs konar eftirlit með nýjum íþróttagreinum og það hefur á síðustu árum verið tekin upp iðkun í mörgum íþróttagreinum, eða aukin frá því sem áður var, sem auðvitað orkar tvímælis en hefur ekki verið fundið að að eru stundaðar m.a. vegna þess að menn hafa komið upp þeim búnaði á iðkendur að ekki þykir ástæða til að hætta stafi af. Þar get ég nefnt skylmingar sem dæmi og einnig má nefna ýmis afbrigði af sjálfsvarnaríþróttagreinum, karate og öðru slíku.

Virðulegi forseti. Það er óþarft að orðlengja frekar um efni þessarar þáltill. og ég vil leyfa mér að leggja til að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Héraðsskólinn að Núpi, fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 146. mál. — Þskj. 162.

[18:06]

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að mæla hér fyrir till. til þál. um málefni Héraðsskólans að Núpi og hún er á þskj. 162. Flm. ásamt mér eru Kristinn H. Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd til að gera tillögur um framtíð Núpsskóla í Dýrafirði. Í nefndinni eigi sæti fulltrúar menntamálaráðuneytis og heimamanna. Nefndin skili tillögum fyrir 1. júní 1994."

Virðulegi forseti. Rekstur héraðsskóla hefur verið á undanhaldi hin síðari ár. Sú staðreynd að flestir grunnskólar reyna nú að bjóða fram kennslu í efstu bekkjum grunnskólans í heimabyggð hefur valdið því að sífellt fækkar þeim nemendum sem sækja það nám í héraðsskólum. Vegna nemendafæðar var hætt við að reka Héraðsskólann að Núpi sl. skólaár. Ekki var gerð tilraun til þess að taka þann rekstur upp aftur á yfirstandandi skólaári. Staðurinn hefur skipað veglegan sess í skólastarfi í landinu og þar er mikill og góður húsakostur í eigu ríkisins sem stendur ónotaður. Það ætti að vera hagur ríkissjóðs að nýta þetta húsnæði sem best. Því er mikil nauðsyn á að Alþingi láti málið til sín taka og finni skólanum verkefni að nýju. Ég tel að þar komi ýmislegt til greina, það gæti verið um að ræða skólabúðir í einhverju formi, og má þá minna á Héraðsskólann á Reykjum. Það gæti verið námskeiðahald ýmiss konar eða að leigja aðstöðuna til ferðaþjónustu eða jafnvel til að reka fyrirtæki. Ég tel að það skipti miklu máli að nýta þessar eignir og halda þeim við því að það hlýtur að vera allra hagur.

Það er svo sem ekki nýtt að málefni héraðsskólanna komi á dagskrá hér á hinu háa Alþingi. Nú nýlega bar á góma málefni Héraðsskólans í Reykjanesi við Ísafjarðardjúp. Þá var það upplýst að skilað hefur verið nál. til menntmrn. þar sem gert er ráð fyrir því að skólinn sé rekinn þar í svipuðu formi og áður var en þó þannig að nú sé það viðurkennt að skólinn taki við unglingum sem ekki rekist í hinu venjulega skólakerfi. Með þeirri viðurkenningu kæmu að stofnuninni starfsmenn með tilskilda menntun til að takast á við að sinna þessum unglingum. Ég tel að við skólann í Reykjanesi hafi það fyrst og fremst vantað þegar hann var í rekstri að þessi þörf væri viðurkennd. Nú hefur það sem sagt tekist með þessu nál. og nú bíðum við eftir því að hæstv. menntmrh. vinni úr því áliti.

Á Vestfjörðum hafa verið starfandi tveir héraðsskólar og þeir eru núna báðir lokaðir. Það er hastarlegt að horfa upp á það að í þessum landshluta, sem hefur átt við sérstaka erfiðleika að etja og átt í vök að verjast við að halda uppi byggð, þá skuli báðar þessar skólastofnanir hafa verið lagðar af. Öllum ætti að vera það ljóst að eitt af því mikilvægasta til að halda við byggð er skóli. Skólastofnun sogar til sín fólk, kennara, nemendur og fleira starfslið. Og hvarvetna þar sem reynt er að styðja við byggð í öðrum löndum er skóli það sem fyrst er hugað að.

Í öðrum héraðsskólum hefur verið reynt að breyta skólunum og taka mið af nýjum tíma. Það má geta þess að í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram um héraðsskóla og hvernig starfsemi þeirra hefur breyst á undanförnum fimm árum kemur í ljós að flestir þeirra hafa reynt sig í nýjum verkefnum. Í þessu svari kemur m.a. fram að í Alþýðuskólanum á Eiðum eru nú 94 nemendur og í Héraðsskólanum í Reykholti eru 100 nemendur, í Héraðsskólanum í Skógum er 51 nemandi. Það sem aðallega hefur breyst í starfi þessara skóla er að Héraðsskólanum á Reykjum var breytt í skólabúðir eins og ég sagði áðan árið 1988 og starfsemin sem þar er hefur gefið mjög góða raun. Héraðsskólanum á Laugum var breytt í framhaldsskóla árið 1988 og er þar nú þriggja ára framhaldsnám. Nafni skólans var þá breytt og hann heitir raunar núna Framhaldsskólinn á Laugum. Héraðsskólanum á Laugarvatni var breytt á þann hátt að starfsemin var sameinuð Menntaskólanum á Laugarvatni fyrir tveimur árum og starfar hann því ekki lengur sem sjálfstæð stofnun. Ég hef getið hér um Héraðsskólann að Núpi og í Reykjanesi en í Alþýðuskólanum á Eiðum er starfræktur 10. bekkur grunnskóla og 1. og 2. bekkur framhaldsnáms. Í Héraðsskólanum í Reykholti eru starfandi 1. og 2. bekkur framhaldsnáms og í Héraðskólanum í Skógum eru núna efstu bekkir grunnskóla og eins árs framhaldsnám og það er tengt við Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Af þessari upptalningu má sjá að í öllum héraðsskólunum sem hér hafa verið starfræktir undanfarin ár hefur verið haldið uppi starfsemi, henni hefur verið breytt á ýmsan hátt sums staðar og þá fært til nútímahorfs eða þeirrar eftirspurnar sem er í ýmislegt nám. Það er aðeins á Vestfjörðum, þ.e. Núpi og Reykjanesi, sem skólunum hefur hreinlega verið lokað án þess að leita leiða til þess að finna þeim annað verkefni.

Ég tel að ekki megi láta þessi mál liggja í láginni. Það verður að gera allt sem hægt er til að finna þessum skólum hlutverk. Ef ekki er hægt að finna það innan menntakerfisins þá væri þó öllu skárra að afhenda heimamönnum húsnæðið, t.d. héraðsnefnd á viðkomandi stöðum. Það væri þá von til þess að þar með yrði gerð lokatilraun til að finna einhverri starfsemi þar samastað.

Ég vænti þess að þesari tillögu verði vel tekið og að hæstv. menntmrh. sjái til þess að skipuð verði nefnd sem geri úttekt á því hvaða starfsemi sé hægt að reka í Núpsskóla og við fáum þá að sjá tillögur um það.

Ég vil að loknum þeim umræðum sem hér verða um málið leggja til að till. verði vísað til síðari umræðu og hv. menntmn.

[18:14]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hreyft máli sem er allmikið hagsmunamál fyrir okkur Vestfirðinga og ég vil þakka 1. flm. málsins fyrir framtak hennar í því. Eins og fram kom í máli hennar er afar óvenjulega að málum staðið hvað Vestfirði varðar síðustu ár í málefnum héraðs-

skóla. Þar hefur hæstv. menntmrh. einfaldlega lokað skólunum og ekki haft uppi neina tilburði til þess að finna þeim skólum einhver önnur verkefni í menntakerfinu eða hafa samráð við heimamenn um framtíð staðanna.

Ég vil harma það hvernig að þessum málum hefur verið staðið af hálfu hæstv. menntmrh. og bætir ekki úr seinagangurinn í hinu málinu sem vikið var að í framsögu, málefni Héraðsskólans í Reykjanesi.

Ég tel að það sé fyllilega hægt, ef menn vilja, að finna þessum mannvirkjum verkefni við hæfi á Núpi í Dýrafirði en þar eru óvenjuglæsileg húsakynni og vel við haldið. Ég vil minna á þáltill. sem flutt var á síðasta þingi af 2. varaþm. Alþfl. á Vestfjörðum, Bryndísi Friðgeirsdóttur, um skólabúðir á Núpi í Dýrafirði og það er vissulega ein hugmyndin sem kemur til greina að athuga. — (Gripið fram í.) Já. Þakka þér fyrir, hv. þm. Mér bent á að það sé misminni hjá mér, flm. var 1. varaþm. Alþb. í Vestfjarðakjördæmi, Lilja Rafney Magnúsdóttir, oddviti á Suðureyri. — Það er vissulega verkefni sem vert er að skoða. Það eru reknar skólabúðir á Reykjum í Hrútafirði og þar er mikil eftirspurn og miklu meiri en skólinn þar getur sinnt.

En það er líka sjálfsagt að einskorða sig ekki við eitt verkefni heldur líta til fleiri sem menn kunna að hafa í huga og því tel ég sjálfsagt að Alþingi samþykki þáltill. þá sem hér liggur fyrir.

Ég vil skora á hv. Alþingi að verða vel við þessum tillöguflutningi og vænti þess að a.m.k. þingmenn Vestfirðinga standi saman um þetta verkefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 18.18.

---

43. FUNDUR

miðvikudaginn 24. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 261. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Orlof, frv., 155. mál, þskj. 173. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sveitarstjórnarlög, frv., 156. mál, þskj. 174. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 158. mál, þskj. 176. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Hlutafélög, frv., 138. mál, þskj. 153. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, þáltill., 157. mál, þskj. 175. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 123. mál, þskj. 128. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 140. mál, þskj. 155. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Ólympískir hnefaleikar, þáltill., 141. mál, þskj. 156. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Héraðsskólinn að Núpi, þáltill., 146. mál, þskj. 162. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Samningsveð, stjfrv., 215. mál, þskj. 240. — 1. umr.
12. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — Frh. 1. umr.
13. Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, þáltill., 151. mál, þskj. 168. — Frh. fyrri umr.
14. a. Fangelsi og fangavist, frv. 204. mál, þskj. 226. — 1. umr.

    b. Atvinnuleysistryggingar, frv., 205. mál, þskj. 227. — 1. umr.
15. Fjárframlög til stjórnmálaflokka, þáltill., 147. mál, þskj. 163. — Fyrri umr.
16. Hvalveiðar, þáltill., 114. mál, þskj. 119. — Fyrri umr.
17. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 142. mál, þskj. 157. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Endurbætur gamla sjúkrahússins á Ísafirði, 194. mál, svar heilbrrh., þskj. 278.

Málefni barna og ungmenna, 241. mál, fsp. VS, þskj. 279.

Störf hringormanefndar, 206. mál, svar sjútvrh., þskj. 277.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Dómarafélagi Íslands um byggingu hæstaréttarhúss.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að gert hafði verið ráð fyrir að á morgun yrði tekin til umræðu skýrsla Byggðastofnunar, en vegna veikinda hæstv. forsrh. getur sú umræða ekki farið fram á morgun. Hins vegar mun ný dagskrá fyrir morgundaginn verða sýnd áður en þingmenn ganga til þingflokksfunda.

Athugasemdir um störf þingsins.
Framlagning skattafrumvarpa ríkisstjórnarinnar.

[13:33]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég sé mig knúinn til þess að taka hér til máls undir liðnum „Athugasemdir um störf þingsins" er sá seinagangur sem nú er af hálfu ríkisstjórnarinnar við framlagningu mála.

Við þá breytingu sem gerð var á þingsköpum í haust var það að mínu mati einlægur vilji þingmanna að breyta starfsháttum Alþingis og hverfa til betri vinnubragða en hér hafa tíðkast um langt árabil, óháð því hverjir hafa farið með stjórnartaumana á hverjum tíma.

Að mínu mati hefur stjórnarandstaðan sýnt að hún vill vinna að þessari breytingu af fullum heilindum og fyrir því gæti ég fært rök ef eftir því væri leitað. Eitt hefur hins vegar ekki breyst. Það er seinagangur ríkisstjórnarinnar við að leggja fram fylgifrumvörp fjárlaga. Nú undir lok nóvember er ekki enn búið að leggja fram skattafrumvörp ríkisstjórnarinnar. Okkur þingmönnum er tjáð í fjölmiðlum að í þeim felist verulegar breytingar á skattheimtu ríkisins. Það virðist því enn eiga að vinna á þann hátt að veigamiklar breytingar á skattheimtunni séu unnar í tímahraki rétt fyrir jólin.

Virðulegi forseti. Ég hlýt því að ganga eftir því við ríkisstjórnina hvenær von sé á að skattafrumvörpin verði lögð fram. Fjmrh. er farinn að kynna þau á fundum úti í bæ og þar höfum við enn eitt dæmi um þá lítilsvirðingu sem ríkisstjórnin sýnir þinginu varðandi málatilbúnað hér á Alþingi. Í því sambandi get ég nefnt að í allri þeirri vinnu sem fram hefur farið á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar um skattabreytingar í tengslum við gerð kjarasamninga hefur ríkisstjórnin aldrei séð ástæðu til þess að kynna efh.- og viðskn. Alþingis málið. Það er þó enn þannig að það er Alþingi eitt sem leggur á skatta eða breytir skattalögum. Slík vinna getur hvorki farið fram hjá aðilum vinnumarkaðarins né á fundum hjá Verslunarráði Íslands.

[13:35]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að hreyfa þessu máli og vil taka undir það sem kom fram í ræðu hans. Það er nú svo að um skattalagafrumvörp ríkisstjórnarinnar og breytingar á fjárlögum er farið að fjalla í fréttatímum og á fundum úti í bæ áður en við stjórnarandstæðingar a.m.k. fáum nokkuð af þessum breytingum að vita. Það var sagt í útvarpsþætti í gærkvöldi að frumvörp um ráðstafanir í ríkisfjármálum hafi verið kynnt í þingflokkum stjórnarliða og verði væntanlega lögð fram á þingi í vikunni. Síðan er fjmrh. byrjaður að ræða þessi mál á fundum úti í bæ, í morgun hjá Verslunarráðinu sem er að vísu virðuleg stofnun. Ég spurði að því í fjárln. í morgun hvort fjárln. væri ekki að virðingu til jafns við Verslunarráðið en formaður fjárln. gat hvorki gefið mér svör um hvenær þessi mál mundu koma fyrir nefndina, né þær breytingar á fjárlögum sem farið er að ræða um. Þetta eru náttúrlega allsendis óviðunandi vinnubrögð og ég vil beina því til hæstv. forseta að gangast fram í því við ríkisstjórn og hæstv. fjmrh., sem er mættur hér, að Alþingi verði ekki sniðgengið með þessum hætti eins og gert er og menn geti þá a.m.k. komið þessum breytingum fram hér í umræðu á Alþingi áður en farið er að ræða þær úti í bæ. Þó að Verslunarráðið sé vissulega virðuleg stofnun og hér séu ýmsir hv. þm. því tengdir þá er það alls ekki nóg.

[13:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég missti reyndar af upphafi þessarar umræðu en mig langar til að skýra stöðu þessa máls.

Þau frumvörp sem væntanleg eru, þ.e. tvö frumvörp um ríkisfjármál, annað sem snýr að gjaldamálunum og hitt að tekjumálunum eða skattamálunum, hafa verið til meðferðar í þingflokkum stjórnarflokkanna og væntanlega verður skattafrv. lagt fram á þingi á morgun. Og nefndarmenn í hv. efh.- og viðskn. munu fá frv. sent í dag.

Nánast öll þau atriði sem máli skipta í þessum frumvörpum, og þó sérstaklega skattafrv. hafa verið til opinberrar umfjöllunar upp á síðkastið, annars vegar vegna þess að hér í þingsölum hefur verið rætt um tekjustofna sveitarfélaganna og hins vegar vegna þess að kjarasamningar á almennum vinnumarkaði hafa farið fram og nánast öll atriði sem er að finna í skattabandorminum eru atriði sem eiga rætur að rekja til þess samkomulags.

Þegar á heildina er litið er hér um að ræða skattalækkunarfrv. (Gripið fram í.) Ég hefði kosið, virðulegi forseti, að þetta frv. hefði verið lagt fram í dag þannig að um það hefði verið hægt að fjalla sem fyrst á hinu háa Alþingi. Frv. er ekki síðar á ferðinni en verið hefur á undanförnum árum en ég vænti þess að frv. verði rætt hér þegar í næstu viku, líklega á þriðjudaginn, þannig að þá verði 1. umr. málsins en frv. verður lagt fram á þinginu á morgun og hv. nefndarmenn fá frv. til sín í dag.

Ég vil að lokum segja það að ég vonast til þess að góð samstaða takist um það hér á hinu háa Alþingi að afgreiða málið, enda er brýnt að það fái afgreiðslu fyrir áramót.

[13:40]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég eins og aðrir heyrði það í fréttum í gær og í „Pólitíska horninu" í gærkvöldi og í morgun að það væri verið að leggja til víðtækar breytingar á tekjum ríkissjóðs í fjárlagafrv. Við höfum margsinnis gagnrýnt það hér á hinu háa Alþingi að slíkar veigamiklar breytingar, sem lögum samkvæmt á að ræða á þingi og ákvarðast hér, skuli fyrst koma í fjölmiðla.

Ríkisstjórnin tilkynnir þetta fyrst í fjölmiðla og hæstv. fjmrh. heldur fund með Verslunarráðinu í morgun til þess að fara yfir þetta mál, en þingmenn hafa ekki enn fengið frv. í hendur. Ég spurði um þetta sér-

staklega í fjárln. í morgun og hv. formaður okkar svaraði því að við mundum að sjálfsögðu fá þetta, en gat ekki svarað því hvenær. Og nú kemur í ljós að efh.- og viðskn. sem fjallar um skattamál hefur heldur ekki séð þetta enn þá.

Ég tel að hér sé framkvæmdarvaldið enn einu sinni að sýna löggjafarvaldinu mikla lítilsvirðingu.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir að þetta mál er tekið hér upp því að það er full ástæða til að vekja á því athygli og óska eftir upplýsingum um það á hvaða stigi þessi mál séu stödd. Ef marka má fréttir fjölmiðla, þá er hér á ferðinni eða í vændum gífurlega viðamikil breyting á öllum helstu skattalögum, tollalögum og fleiri slíkum atriðum, kerfisbreytingar og breytingar á bæði lögum um tekjuskatt og eignarskatt, virðisaukaskatt, tollalögum og fleiru og það gefur auga leið að það er bagalegt ef þessi mál fara ekki að koma hér til meðhöndlunar í þinginu.

Ég tel að það verði líka að vera ljóst á hverju þetta mál hefur strandað, hvers vegna það gerist að breytingar sem samkvæmt yfirlýsingu fjmrh. hér áðan lágu í raun allar fyrir og eru afleiðingar af kjarasamningum og öðrum slíkum löngu ákvörðuðum hlutum koma samt ekki fyrir Alþingi fyrr en nú eða á næstu dögum. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. hvað hafi orsakað þessa miklu töf og að lokum hvort búið sé að afgreiða frv. úr báðum þingflokkum ríkisstjórnarinnar þannig að það liggi orðið ljóst fyrir að frv. njóti fyrirvaralauss stuðnings beggja stjórnarflokkanna.

[13:43]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er með réttu verið að kvarta yfir því að ríkisstjórnin sýnir ekki Alþingi skattafrumvörpin, en við nánari athugun sýnist mér að það sé nú kannski skýring á því. Fjmrh. kynnti þessi frumvörp í morgun á fundi Verslunarráðsins. Þessi ríkisstjórn er ríkisstjórn Verslunarráðsins og að sjálfsögðu þarf samþykki kolkrabbans áður en farið er að leggja fram þingskjöl með skattafrumvörpum og þar gat hæstv. *fjmrh. með góðri samvisku sagt að hér væri um skatta*lækkunarfrumvörp að ræða vegna þess að Kolli frændi þarf ekki að bera hærri skatta. (**Fjmrh.:** Er hann þá ekki sameiginlegur frændi?)

Það er höfuðnauðsyn fyrir hv. alþm. að fylgjast vandlega með sjónvarpsfréttum. Ég hef ekki tíma til að fara hér nánar út í ættfræði, en ég hygg nú samt að armar kolkrabbans hafi læst sig fastar um hæstv. fjmrh. heldur en mig.

[13:44]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég er satt að segja nokkuð undrandi á stjórnarandstöðunni hér í þetta skipti, að hún skuli vera að reka á eftir þessum málum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar sem ég er sannfærður um að eru heldur vitlaus mál og þingið megi þakka sínum sæla fyrir hvern þann dag sem líður án þess að ríkisstjórnin flytji hér inn mikið af stjórnarfrumvörpum. Ég vil því leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það hvernig hann hefur haldið á þessu máli og legg til að hann haldi áfram að flytja þessi mál fyrir Verslunarráð Íslands en sleppi því að koma með þau til Alþingis Íslendinga.

[13:45]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki kominn hingað til þess að lesa upp úr ættum Húnvetninga, en hér sagði hæstv. fjmrh. áðan að þessi mál hefðu verið í opinberri umræðu um skeið. Ég hef auðvitað ekkert á móti því að einhverjar hugmyndir séu ræddar úti í þjóðfélaginu. Hins vegar er fjmrh. í eigin persónu mættur á fund úti í bæ í morgun til að ræða ákveðnar tillögur sem virðast liggja hér fyrir í frumvarpi um ríkisfjármál eins og kemur í ljós ef lesin er útskrift af „Pólitíska horninu" í gærkvöldi, þá segir svo orðrétt:

„Þetta var um áformaðar skattalagabreytingar. Lítum nú á frumvarp um ráðstafanir í ríkisfjármálum." Þannig virðast fréttamenn hafa haft þetta frv. í höndunum í gærkvöldi áður en það er komið til okkar þingmanna. Það er þetta sem ég er að gagnrýna, að ákveðin þingmál séu á ferðinni í uppkasti og til umræðu á fundum úti í bæ, hjá Verslunarráðinu — jafnvel þó að þar sé einhver Kolli frændi staddur — og það er þetta sem ég gagnrýni: áður en það kemur fyrir Alþingi, og það er þetta sem ég er að biðja hæstv. forseta að ræða við framkvæmdarvaldið, að svona hlutir endurtaki sig ekki. Menn taki einfaldlega upp betri siði í þessum efnum.

[13:47]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. segir okkur það að þessi mál hafi verið í opinberri umræðu og aðilar vinnumarkaðarins séu nú búnir að ganga frá þessu með ríkisstjórninni. Væntanlega er hæstv. *fjmrh. þá að segja* að það sé bara formsatriði að renna þessu hér í gegnum Alþingi og Alþingi setji sinn stimpil á málið. Eins og ég sagði hér í mínum fyrri orðum þá er þetta á engan hátt í samræmi við þann ásetning, í það minnsta að ég tel meiri hluta alþingismanna, að færa störf þingsins til betri vegar og efla sjálfstæði og styrk Alþingis. *Ef til vill er það þannig að hæstv. ríkisstjórn og hæstv.* fjmrh. hefur ekki nokkurn áhuga á því, það sé einlægur ásetningur ríkisstjórnarinnar að herða frekar á þeirri miðstjórnaráráttu og þeirri áráttu framkvæmdarvaldsins að ganga alltaf á valdsvið þingsins.

Ég vil þess vegna, virðulegi forseti, endurtaka fyrir hæstv. fjmrh., af því að hann var ekki mættur hér í upphafi fundar, síðustu orð mín í fyrri ræðu minni um þetta mál, varðandi það sem hann sagði um þá vinnu sem hefði farið fram um þessi mál gagnvart aðilum vinnumarkaðarins. Þá minnti ég á það að í allri þeirri vinnu sem fram hefur farið á milli ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins um þessi mál, þá hefur ríkisstjórnin aldrei séð ástæðu til þess að kynna málið fyrir efh.- og viðskn. Alþingis og er hún þó starfandi allt árið. Á þetta var bent á sl. sumri.

Ég vil einnig minna hæstv. fjmrh. á að það er Alþingi eitt sem leggur á skatta eða breytir sköttum, *breytir skattalögum. Slík vinna getur hvorki farið fram*

hjá aðilum vinnumarkaðarins né á fundum hjá Verslunarráði Íslands.

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég tel þessa umræðu ofur eðlilega enda hljóta þessi mál fyrst og fremst að eiga erindi hér til hv. Alþingis. Kynningin sem fór fram á þessu máli í morgun sem er hér til umræðu, þ.e. aðeins þó hluti af því, var kynning á nokkrum efnisatriðum í frv. en ekki kynning á lögum að sjálfsögðu.

Auðvitað er það þannig að margoft hefur það gerst að efnisatriði frumvarpa og tilvonandi frumvarpa hafa verið til umræðu annars staðar en á hinu háa Alþingi áður en það fær tækifæri til að fjalla um málið. Það vildi svo til í þessu máli að fréttamenn höfðu fengið upplýsingar, ekki úr fjmrn., um annað frv. og þess vegna fannst mér betra að það kæmust þá réttar upplýsingar til skila heldur en hamrað væri á röngum eða valið úr frv. eftir geðþótta annarra en þeirra sem kynnu að eiga frv.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar vil ég segja að það sem hefur tafið málið er framhald kjarasamninganna, þ.e. að ákveðið var að kynna Alþýðusambandinu og Vinnuveitendasambandinu fyrirliggjandi áform ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv. og þess vegna voru gerðar ákveðnar breytingar á áformunum sem nú liggja fyrir í þessu frv. Hins vegar vegna spurningar hans þá vil ég segja frá því að Sjálfstfl. hefur heimilað framlagningu frv., Alþfl. fjallaði um frv. á mánudaginn var og mér er sagt að afgreiðsla muni fara fram þar í dag.

Að allra síðustu vil ég endurtaka að frv. verður sent hv. þm. í efh.- og viðskn. og fulltrúar fjmrn. munu mæta á fund nefndarinnar í fyrramálið til að fara í gegnum frv. og svara efnislegum fyrirspurnum þótt frv. sé ekki komið til 1. umr. Að lokum, virðulegi forseti, vil ég þakka fyrir þessar ágætu og skemmtilegu umræður.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 1. umr.

Stjfrv., 233. mál (afnám aðstöðugjalds, útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 261.

[13:52]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GÁ, GJH, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, MF, ÓRG, PBald, RA, RG, SAÞ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Orlof, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 155. mál (orlofsreikningur launþega). — Þskj. 173.

[13:53]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GÁ, GJH, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SAÞ, StG, StH, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 156. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 174.

[13:53]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GB, GJH, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, PBald, RG, SAÞ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frh. 1. umr.

Frv. KHG o.fl., 158. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 176.

[13:54]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (AÓB, DO, EgJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GJH, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, ÓRG, PBald, RG, SAÞ, StG, TIO, VS) fjarstaddur.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Frv. KHG og EKJ, 138. mál (hlutabréf, stjórnarkosning, ársreikningur o.fl.). — Þskj. 153.

[13:55]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (DO, EgJ, FI, GHH, GB, GÁ, GJH, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, PBald, RG, SAÞ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Erlendar fjárfestingar í íslensku atvinnulífi, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁRÁ, 157. mál. — Þskj. 175.

[13:55]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (DO, EgJ, FI, GHH, GB, GJH, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, PBald, RG, SAÞ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 1. umr.

Frv. MF o.fl., 123. mál (atvinnuleysisbætur starfsmanna sveitarfélaga). — Þskj. 128.

[13:56]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (DO, EgJ, FI, GHH, GB, GÁS, GJH, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, PBald, RG, SAÞ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. KHG, 140. mál (vaxtagjöld af íbúðarlánum). — Þskj. 155.

[13:57]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKG, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GB, GJH, GHelg, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, PBald, RG, SAÞ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Ólympískir hnefaleikar, frh. fyrri umr.

Þáltill. KHG og IBA, 141. mál. — Þskj. 156.

[13:58]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, SvG, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (DO, EgJ, FI, GHH, GB, GJH, GHelg, ISG, JÁ, JBH, JHelg, JHall, ÓÞÞ, PBald, RG, SAÞ, StG, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Héraðsskólinn að Núpi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 146. mál. — Þskj. 162.

[13:58]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DH, EH, EKG, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, JHall, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StH, SJS, StB, SvÁ, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (DO, EgJ, FI, GHH, GB, GJH, GHelg, ISG, JÁ, JBH, JHelg, PBald, RG, SAÞ, StG, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Samningsveð, 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 240.

[13:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það frv. til laga um samningsveð sem ég mæli hér fyrir var lagt fram á 116. löggjafarþingi og er nú lagt fram að nýju óbreytt. Upphafleg drög að frv. voru samin af Þorgeiri Örlygssyni prófessor, en síðan yfirfarin af prófessor Þorgeiri og Markúsi Sigurbjörnssyni prófessor, m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem dómsmrn. hafði aflað hjá ýmsum aðilum er málið snertir.

Er frv. var lagt fyrir á síðasta þingi fylgdi því hins vegar frv. til laga um breytingar á þinglýsingalögum sem mælti fyrir um stofnun sérstakrar lausafjárskrár sem næði til landsins alls. En nú er horfið frá því að sinni a.m.k. og talið nauðsynlegt að huga betur að því hvaða form á að vera á slíkri skráningu.

Ónauðsynlegt er að fara í einstökum smáatriðum um efni frv. og vísast um það til fyrri framsöguræðu og athugasemda með frv. En hér skal aðeins ítrekað að þetta frv. hefur það að markmiði bæta úr þeim vanköntum sem eru á gildandi íslenskum veðlögum og laga veðreglurnar að breyttum atvinnu- og viðskiptaháttum, en gildandi lög um veð eru að stofni til frá árinu 1887. Munu flestir sammála um að núgildandi veðlög frá 1887 svari ekki nútímaþörfum hvorki að því er varðar þarfir atvinnuveganna til aukinna veðsetningarheimilda né þarfir lánveitenda fyrir öryggi við lánveitingar.

Verði frv. óbreytt að lögum munu helstu breytingar á reglum um samningsveðsetningar verða þessar:

1. Gildi taka almenn lög sem að meginstefnu til ná til allra samningsveðsetninga, en lagaákvæði um samningsveðsetningu er nú að finna dreifð í ýmsum lögum og eru þau frá ýmsum tímum.

2. Heimildir til veðsetninga í þágu atvinnuveganna verða rýmkaðar til mikilla muna ef frumvarpið verður að lögum. Felast breytingarnar annars vegar í því að heimildin til þess að veðsetja lausafé með fasteignum atvinnurekstrar sem sérstakt fylgifé verður gerð almenn og tekur til allra þeirra sem atvinnurekstur stunda, sbr. ákvæði 24. gr., en nær ekki einungis til tiltekinna rekstraraðila, eins og nú er. Verður með þessu eytt því mikla misræmi, sem nú ríkir í þessum efnum milli einstakra atvinnugreina. Hins vegar felst breytingin í því að fleiri lausafjárverðmæti verða sett að sjálfsvörsluveði sem heildarsöfn muna en gildandi réttarreglur heimila. Þar má minna á greiðslumark í landbúnaði og veiðiheimildir í sjávarútvegi. Þá verður og heimild til slíkra veðsetninga hvorki tímabundin né einskorðuð við það að bankar og aðrar lánastofnanir eigi í hlut, heldur á hún við hver svo sem lánveitandinn er.

3. Lögfestar verða reglur um stofnun, réttarvernd og framsal handveðréttinda, en skráð efnisákvæði hefur skort í íslenskan rétt um handveð ef frá er talið ákvæði 2. gr. veðlaga.

4. Lögfestar verða reglur um ýmis þýðingarmikil almenn atriði sem sett ákvæði skortir um í gildandi rétti. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði frumvarpsins um töku arðs af veði, afnotarétt, viðhalds- og vátryggingarskyldu, áhættu og ábyrgð vegna tjóns á hinu veðsetta, eindögun veðkröfu, framsal og veðsetningu á veðrétti, framsal veðandlags, sameiginlegt veð, útlausnarrétt og afmörkun veðréttar.

5. Eytt verður óvissu um það, hver er gildandi réttur í dag varðandi ýmis veðréttarleg álitaefni sem gildandi löggjöf lætur ósvarað. Skal í því sambandi t.d. bent á ákvæði 20. gr. frumvarpsins um yfirtöku veðskulda í fasteignakaupum, en í þeim efnum hefur íslensk dómaframkvæmd verið á reiki eins og nánar er rakið í skýringum við 20. gr. frumvarpsins.

6. Lögfestar verða réttarreglur um eignarréttarfyrirvara sem í frumvarpinu er kallaður söluveð, en skráðar réttarreglur skortir hér á landi um þess háttar tryggingarréttindi. Hér er um þýðingarmikil tryggingarréttindi að ræða sem mikið er tíðkað að nota í viðskiptum með ýmsar algengar verslunarvörur og því full þörf á að setja skýrar reglur um. Skipar frumvarpið söluveði í flokk „venjulegra" veðréttinda, með ákveðnum frávikum þó. Eins er í frumvarpinu leyst úr ýmsum veðréttarlegum álitaefnum sem upp geta komið í tengslum við leigusamninga og aðra samninga sem í raun hafa það að markmiði að tryggja greiðslu endurgjalds.

7. Lögfestar verða almennar reglur um stofnun og réttarvernd samningsveðs í viðskiptabréfum, almennum fjárkröfum og innlausnarbréfum, en við skráðar réttarreglur í þeim efnum er ekki að styðjast hér á landi nema að takmörkuðu leyti. Er í frumvarpinu m.a. tekin afstaða til þess, hverra tryggingaráðstafana er þörf þegar kröfuréttindi eru veðsett, en full þörf er á að eyða óvissu í þeim efnum.

8. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir því að lögfestar verði réttarreglur um svokallað „factoring" eða vörureikningsveð sem svo er nefnt í frumvarpinu, en þar er um það tilvik að ræða, þegar rekstraraðili veðsetur þær almennu fjárkröfur sem hann fær í rekstri sínum eða aðgreindum hluta rekstrarins.

9. Enn má nefna að í gildandi réttarreglur skortir ákvæði um það að hvaða marki veðþola er heimilt að ráðstafa einstökum munum út úr heildarsöfnum sem löglega hafa verið sett að sjálfsvörsluveði. Þar sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir auknum heimildum til

þess að setja heildarsöfn muna að sjálfsvörsluveði er nauðsynlegt að byggja á samræmdum reglum í þeim efnum.

10. Loks er þess að geta að í sérstökum kafla frumvarpsins, þ.e. II. kafla, er fjallað um samningsveð í fasteignum. Fasteignir eru án efa það verðmæti sem mesta þýðingu hefur við veðsetningar, en þrátt fyrir það skortir að mestu skráð efnisákvæði um veðsetningar þeirra ef frá eru talin ákvæði þinglýsingalaga um réttarvernd. Er í frumvarpinu tekin afstaða til þess, hver réttindi yfir fasteignum verða veðsett; hvernig afmarka beri veðréttinn; fjallað er um veðsetningu í varanlegum afnotarétti lands og húsa; um veðsetningu aðgreindra eignarhluta, réttarvernd; auk þess sem almenn ákvæði I. kafla um t.d. útlausnarrétt og skipti á veðskuldum eiga við um fasteignir.

Frú forseti. Ég hef hér vikið að aðalþáttum þessa frv. og þeim breytingum sem það felur í sér frá gildandi réttarreglum og hvaða nýmæli eru helst í þessu frv. frá því sem er, vegna þess að á mörgum sviðum veðréttar skortir nú settar lagareglur. Ég vísa að öðru leyti til fyrri framsöguræðu með frv. og athugasemda sem því fylgja og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[14:07]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni frv. sem kom fram fyrir fyrra þing, en þá að þinginu áliðnu. Má vera að þess vegna hafi bæði allshn. þingsins og þeim aðilum sem hún sendi frv. til umsagnar gefist knappur tími til að fjalla um það. Þess er að minnsta kosti getið í fleiri en einni af umsögnum þeim sem borist hafa. Og vel að merkja, ég tek þátt í umræðunni vegna viðræðna sem ég hef átt við nokkra aðila í þjóðfélaginu sem telja sig varða ákvæði sem birtast í þessu frv.

Mér sýnist, virðulegi forseti, að það sé ástæða til að gæta að ákvæðum sem varða veðsetningu vöru þannig að ekki verði mögulegt að veðsetja vöru þriðja aðila meðan seljandi á enn vörureikning óútkljáðan og varan því í raun háð almennum reikningsskilmálum. Ég hygg að á þessu þurfi að taka með ákvæði í 3. gr. frv. ásamt kaflanum um veðsetningar vöru sem kemur fram í 33.–34. gr.

Á sama máta og varðandi sömu aðila tel ég merkilegt ákvæði í 39. og 40. gr. um að söluveð geti fallið brott við ákveðna skilmála og tel að þar þurfi að minnsta kosti að upplýsa vel og skilmerkilega þá aðila sem selja öðrum vörur við söluveði sem þarna er gert ráð fyrir að hafi þó hærri rétt heldur en almennar reikningskröfur.

Í síðasta lagi, virðulegi forseti, finnst mér merkilegt að fremst í frv., sem eðlilegt er, eru skilgreind nokkur atriði sem koma oft fram í frv. Hins vegar kemur ekki fyrr en í 25. gr. sérstök skilgreining á hugtakinu rekstraraðili.

Mér virðist eðlilegt að skilgreiningar komi allar fram mjög snemma í lagafrv. og lögum en tel hins vegar að þetta skipti ekki máli varðandi þau efnisatriði sem ég hef gert að umtalsefni.

Ég ráðgeri, virðulegi forseti, að koma skoðunum mínum á framfæri við þá nefnd þingsins sem fær frv. til athugunar, hv. allshn., ellegar að leggja fram brtt. sem væntanlega fengi þá umfjöllun í nefndinni ásamt frv.

[14:10]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ekki skal dregið úr þörf atvinnulífsins fyrir veð á þessum tímum þegar rekstrargrundvöllur er slíkur að nauðungaruppboðum rignir yfir þjóðina. En það fór nú svo að sá fyrsti sem stóð hér upp og efaðist um að allt efni frv. gæti óbreytt orðið að lögum var stjórnarþingmaður, hv. 5. þm. Reykn.

Ég sé að það er gert ráð fyrir því hér t.d. að brennsluolía á fiskiskipi sé veðhæf. Mér finnst nú dálítið langt seilst svo ekki sé meira sagt. Það verður nú að vera hægt að gera ráð fyrir því að hún sé notuð á mótorinn. Og það er eitt og annað í þessu þar sem menn teygja sig mjög langt þó ekki sé meira sagt. Hérna er gert ráð fyrir því að veiðirétturinn, réttur til fiskveiða, hann fylgi með í veði skipa. Nú er það svo að það er ekki eigandinn sem ræður réttinum, heldur í sumum tilfellum sjútvrh. sem getur þá hirt veðið af þegar honum sýnist. Ef skip er svipt haffæriskírteini þá fær það ekki veiðiréttindi áfram og þannig er hægt að telja fram og til baka.

Ég ætla ekki að gera lítið úr því að hér sé gerð tilraun til þess að rýmka möguleika á því að hægt sé að veðsetja. En ég vil undirstrika að mér sýnist efni þessa frv. vera þess eðlis að það þurfi mjög mikillar athugunar við. Og það þarf sérstaklega athugunar við á því sviði að menn veðsetji nánast ekki það sem þeir eiga ekki á þeirri forsendu að þeir hafi það undir höndum eins og kom hérna fram hjá hv. 5. þm. Reykn. Þetta leiðir líka hugann að því sem er ekki óalgengt þegar nauðungarsala fer fram að þá er sagt: Svona mikið fékkst upp í forgangskröfur. En svo kemur að hinum þættinum, hvað fékkst upp í almennar kröfur. Það hafa nú ekki alltaf verið háar upphæðir sem hafa komið upp í hinar almennu kröfur og mér sýnist að það geti farið svo að það verði ansi lítið eftir í hinar almennu kröfur þegar menn eru búnir að veðsetja hér eins og þessar hugmyndir benda til.

Ég hygg líka að undir sumum kringumstæðum geti það verið dálítið erfitt að standa á því hvort veð hefur rýrnað með eðlilegum hætti eða ekki. Það er nú einu sinni svo að þær hugmyndir um veðsetningu lifandi afurða, sem hér eru á ferðinni, eru góðra gjalda verðar svo langt sem þær ná. En þar er engu að síður um takmarkaða möguleika að ræða, að eigandi geti haft á því eðlilega ábyrgð að það sé til staðar sem um er rætt.

Þetta vildi ég segja hér vegna þess að allshn. hefur nú haft ærið að vinna að undanförnu. Hún var geymd í sýslumannaumræðu alllengi, alveg sérstök umræða um sýslumenn fram og til baka, þangað til þær fréttir berast utan úr bæ að það sé nú búið að setja sýslumennina á vetur og þá loksins dvínaði sú umræða. Ég tel að þetta mál þurfi mikillar athugunar við og það fari ekkert á milli mála að hér eru menn að teygja sig mjög langt í heimildum til veðsetninga og

réttar til veðsetninga og satt best að segja þá sýnist mér að í sumum tilfellum geti þetta verið á þann veg að of langt sé gengið.

[14:15]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þar sem ég mun hafa tækifæri til að koma nánar að þessu máli í umfjöllun í hv. allshn. þá ætla ég ekki að gera margar athugasemdir hér við 1. umr. En ég vil þó koma nokkrum atriðum á framfæri.

Í þessu frv. til samræmdra laga um veð er bæði fjallað um stærri og smærri aðila, þ.e. fyrirtæki og einstaklinga. Athugasemdir mínar varða í rauninni báða aðila. Það er í fyrsta lagi að það er töluvert um að lánað sé út á veð sem í rauninni eru metin hátt yfir því sem raunhæft er. Þetta eru dæmi sem eru því miður mjög vel kunn núna á síðustu árum og sjálfsagt lengra aftur í tímann þó að það sé sérstaklega hægt að líta á þetta nú. Þannig að ég held að það þurfi að taka á þessu máli líka og gera þá kröfu að það verði raunhæft mat sem liggi til grundvallar þegar veð er metið. En þetta kemur auðvitað inn á fleira eins og hvernig almennt er staðið að útlánum banka og annarra sem stunda útlán, en ég tel fulla ástæðu til að geta þess hér. Í öðru lagi vil ég líka benda á það og hef þá einkum einstaklinga í huga, að það er allt of lítil krafa gerð til lánastofnana, að það sé lánað út á raunhæfa greiðsluáætlun, heldur er látið duga ef hægt er að útvega veð, eigið eða annarra. Þetta finnst mér mjög ámælisvert, að það skuli vera í reynd staðið að útlánum með þessum hætti. En þetta eru dæmi sem við þekkjum flest og ég minni á að við kvennalistakonur höfum flutt frv. hér á Alþingi þar sem við höfum reynt að taka á þessu máli og gera þá kröfu til útlánastofnana að það sé miðað við raunhæfa greiðsluáætlun og greiðslugetu en ekki bara litið á veð þegar verið er að lána einstaklingum. Það eru því miður fjöldamörg dæmi um það að einstaklingar hafa fengið miklu hærri lán heldur en þeir ráða við að greiða. Það er í afskaplega fáum tilvikum sem gerð er krafa um að gerð sé einhvers konar greiðsluáætlun heldur eru langflestar útlánastofnanir fullsáttar við það ef bara er hægt að reiða fram veð og þá er jafnvel oft og tíðum þannig að það eru veð einhverra annarra heldur en þeirra sem taka lánið og eiga að greiða af því. Og það er annað sem við kvennalistakonur höfðum einnig í okkar frv. og það er að reyna að tryggja öryggi þess sem lánar veð, því eins og við vitum þá er þetta mjög „praktíserað".

Vissulega þarf að gera sömu kröfu þegar lánað er til fyrirtækja, að það sé virkilega verið að lána á einhverjum raunhæfum grunni. Þar er fjölbreytnin enn meiri og í sumum tilvikum er að sjálfsögðu ekki hægt að standa að lánveitingum nema full veð og þá fullverðmæt veð komi til. En í öðrum tilvikum stendur það atvinnustarfsemi og jafnvel nýsköpun í atvinnu fyrir þrifum að það er erfitt fyrir nýherja í viðskiptum að fara í gang með atvinnurekstur vegna þess að þeir eru ekki reiðubúnir til að veðsetja heimili sín eða annarra, jafnvel þótt það sé alveg tryggt að þeir geti eða mjög líklegt sé að þeir geti staðið við þá greiðsluáætlun sem gerð er. Það er einfaldlega ekki litið á annað en veð og það eru ekki allir reiðubúnir til að veðsetja sín heimili jafnvel þótt þeir hafi mjög góða og örugga áætlun um endurgreiðslu lána. Þetta á ekki síst við um þær konur sem eru að fara út í atvinnurekstur. Þetta er þekkt stærð. Það hefur oft verið rætt um þetta undir ýmsum formerkjum, en það hefur því miður lítið eða ekkert gerst. Það eru afskaplega fáir enn sem eru reiðubúnir til þess að koma til móts við slíkar áætlanir þegar verið er að byggja upp atvinnurekstur.

Ég tel fulla ástæðu til að koma þessum almennu athugasemdum á framfæri og ég held að það sé alveg tilefni til þess í þessari umræðu. Vissulega þurfa að gilda skýr og samræmd lög um veð, en það verður jafnframt að taka það fyrir að veð eru bæði misnotuð og ofnotuð í allri lánastarfsemi hér á landi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað

Útbýting þingskjals:

Flutningur á aflamarki, 183. mál, svar sjútvrh., þskj. 276.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur hugsað sér að taka næst fyrir 14. dagskrármálið, a-lið, Fangelsi og fangavist, og b-lið, Atvinnuleysistryggingar. Það er ósk hv. flm. að mæla fyrir þessum málum samtímis.

[14:22]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég spyr hverju það sætir að frv. til laga um Hæstarétt, sem er framhaldsumræða, er ekki tekið fyrir núna? Þannig stendur á fyrir mér persónulega, sem er 1. flm. málsins, að ég hefði kosið að það hefði verið tekið fyrir núna, því ég á erfitt með að taka þátt í umræðu um málið þegar líður á daginn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði ákveðið að taka þessi mál á undan þar sem í 12. máli er um framhaldsumræðu að ræða og að í 13. máli eru tíu hv. þm. á mælendaskrá. Þess vegna ætlaði forseti að taka þetta mál á undan. Það er einn hv. þm. á mælendaskrá í málinu um Hæstarétt. Ef flm. frv. telur að sú umræða taki ekki langan tíma þá er það forseta að meinalausu að taka það mál núna.

Hæstiréttur Íslands, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 37. mál (skipun dómara o.fl.). — Þskj. 40.

[14:24]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar umræður fóru fram um þetta mál hér í síðustu viku þá þurftum við sumir að fara frá þeirri umræðu vegna jarðarfarar. Ég átti hins

vegar von á því að hæstv. dómsmrh. mundi tala í þessari umræðu nokkuð snemma svo skoðanir hans á málinu, ef hann hefur myndað sér þær, gætu legið fyrir hér í umræðunni. Ef hæstv. ráðherra kýs hins vegar að taka sér tíma til að hugleiða málið og lýsa ekki við þessa umræðu afstöðu til þessara tillagna þá er það út af fyrir sig jákvætt vegna þess að það endurspeglar það að hann er með opinn hug gagnvart tillögunni. Ef hann er aftur á móti algerlega andvígur frv. þá hefði ég nú kosið að heyra rökin fyrir því hér við þessa 1. umr.

Þingmenn úr Framsfl. og Kvennalista lýstu hins vegar skilningi og jafnvel stuðningi, að mér er tjáð, við frv. þegar það kom til umræðu þó að ég sé ekki að lesa í þeirra ræður flokkslega afstöðu. Hitt er ljóst að okkur er greinilega nokkur vandi á höndum með skipan Hæstaréttar á Íslandi. Hæstiréttur gegnir sífellt mikilvægara hlutverki í okkar þjóðskipulagi. Ástæðan er sú að umfang löggjafar er sífellt meira og meira og snertir sífellt fleiri og fleiri þætti í bæði efnahagsmálum, samfélagsþáttum og samskiptum einstaklinga innbyrðis og við stjórnvöld. Jafnframt er ljóst að tilhneiging er til þess, þótt hún sé umdeild, að Hæstiréttur kveði upp úrskurði sem séu taldir stefnumótandi í almennum skilningi, stefnumótandi á þann veg að Alþingi hefði e.t.v. frekar átt að taka sér fyrir hendur að breyta lögunum heldur en að láta Hæstarétt lesa inn í þau nýja túlkun.

Allt þetta knýr auðvitað á um það að Hæstiréttur sé skipaður þannig að menn beri almennt traust til þeirra dómara sem í réttinum eru. Nú þekkjum við það úr sögu íslenska stjórnkerfisins, og það eru í sjálfu sér ekki ný sannindi, að trúnaðarstöður á vettvangi dómsvalds voru oft taldar réttmætur fengur þeirra stjórnmálaflokka sem fóru með dómsmrn. á hverjum tíma. Áratugum saman voru menn skipaðir í embætti sýslumanna, sem voru héraðsdómarar, út frá því hvort þeir væru flokkslega tengdir dómsmrh. Og vegna þess að Framsfl. og Sjálfstfl. fóru áratugum saman til skiptis með dómsmrn. þá mátti nokkuð rekja það hvernig pólitísku flokkatengslin höfðu haft áhrif á embættaveitingarnar eftir því hvenær viðkomandi sýslumaður tók við embætti. Það tíðkaðist einnig á þeim tíma að sýslumenn sátu hér á Alþingi og tóku þátt í því að setja lögin og mikill fjöldi sýslumanna hefur á þessari öld þess vegna setið samtímis í öllum hlutverkum hins þrígreinda ríkisvalds, sem framkvæmdarvaldshafi, sem dómsvaldshafi og sem hluti að löggjafarvaldinu. Þessi tími er liðinn. Ég held að það sé að minnsta kosti rúmur áratugur síðan sýslumaður sat hér á þingi og þeir sem gegnt hafa embættum við borgardóm og nú héraðsdóma hafa almennt dregið sig út úr starfi á vettvangi stjórnmála.

Engu að síður er það þannig að leifarnar af þessu gamla kerfi, því gamla kerfi að flokksleg tengsl hugsanlega hafi úrslitaáhrif á veitingu dómaraembætta við Hæstarétt, eru að birtast okkur á allra síðustu árum. Ég hef nefnt hér tvö dæmi til að rökstyðja mál mitt, ekki vegna þess að ég telji viðkomandi einstaklinga í sjálfu sér ekki vera hæfa heldur þykir mér nokkuð ljóst að ástæðan fyrir því að þeir voru teknir fram yfir aðra umsækjendur fólst í flokkslegum tengslum við þá dómsmrh. sem þá sátu. Hér á ég við þegar Hrafn Bragason var skipaður í réttinn af Jóni Sigurðssyni og þegar Pétur Hafstein var skipaður í réttinn af núv. hæstv. dómsmrh. Í báðum tilvikum sóttu aðrir um dómarastöðurnar sem tvímælalaust höfðu meiri rétt, faglega, embættislega og út frá almennum sjónarmiðum. Fyrri umsækjandinn sem ég nefndi var hins vegar af þekktum alþýðuflokksættum og þetta var í fyrsta sinn í langan tíma sem Alþfl. fór með dómsmálaráðherraembættið. Síðari einstaklingurinn hafði tekið virkan þátt í valdabaráttu innan Sjálfstfl. fyrir rúmum tveimur árum síðan í aðdraganda landsfundar og ritað sérstaka stuðningsgrein við þáv. formann Sjálfstfl. Þorstein Pálsson.

Það er auðvitað mjög vont að á málum sé haldið þannig að menn geti dregið þær ályktanir, með þó nokkrum rökum, að flokkspólitískir hagsmunir eða sjónarmið, eða tilhliðrunarsemi, hafi ráðið miklu um val á mönnum til að sitja í Hæstarétti. Vonandi heyrir það liðinni tíð.

Við ræddum hér fyrir nokkru síðan, ég og hæstv. forsrh., um þetta vandamál og forsrh. sagði með réttu að afskipti manna af stjórnmálum á námsárum í háskóla eða á yngri árum ættu auðvitað ekki að brennimerkja menn í þeim efnum til allrar lífstíðar. Það er alveg rétt skoðun (**ÓÞÞ:** Menn skipta stundum um skoðun.) já, já og sumir skipta um skoðun, það er alveg rétt. Og ég var ekki í lýsingu minni á núv. Hæstarétti að halda fram því sjónarmiði. En það vekur óneitanlega athygli hve margir af núverandi dómurum við Hæstarétt hafa á sínum starfsferli verið mjög virkir í flokksstarfi Sjálfstfl. Nú er ég ekki þar með að segja að það hafi áhrif á þeirra niðurstöðu, en það er auðvitað óheppilegt að svo stór hluti réttarins sé skipaður með þeim hætti, sérstaklega í ljósi þess að viðfangsefni Hæstaréttar, eins og ég nefndi áðan, í æ ríkara mæli, tengjast almennri þjóðmálalegri afstöðu. Þess vegna tel ég það vera til mikilla bóta að þannig sé haldið á veitingu dómara við Hæstarétt að ljóst sé að viðkomandi einstaklingar njóti víðtæks stuðnings. Við höfum nokkra reynslu af því hér á Alþingi þegar, eftir margra, margra ára umræðu, loksins var samþykkt að setja á laggirnar embætti umboðsmanns. Þá var farin sú leið til að tryggja að sá einstaklingur nyti víðtæks stuðnings, að hann væri kosinn án framboða í þingsal og án umræðu. Ég tel að það sé tvímælalaust stuðningur fyrir umboðsmann Alþingis að hafa slíka fylkingu þingmanna á bak við sig. Við sjáum t.d. þessa dagana, það má lesa í Morgunblaðinu í dag, hvernig umboðsmaður er að kveða upp úrskurði sem koma t.d. formanni Alþfl., hæstv. utanrrh., óþægilega pólitískt. Umboðsmaður er greinilega að sýna fram á það að pólitískar embættaveitingar Alþfl. og ráðstafanir í flokkspólitískri þágu eiga ekki bara við embætti Seðlabanka eða sendiherraembætti, heldur hafa líka áhrif á það hverjir eru tollverðir og hverjir fá verktakasamninga við varnarliðið. Frásögn Morgunblaðsins í dag af úrskurði umboðsmanns í þeim efnum er auðvitað mjög fróðleg og vörnin sem utanrrh. er með í Morgunblað-

inu í dag um tollvarðarembættið sýnir líka að í raun og veru eru ekki orðin nein mörk lengur milli þessara embætta, viðfangsefna þeirra og þess sem er stjórnmálaumræðan í landinu.

Og eins og mikilvægt er að stjórnsýsluúrskurðaraðili, eins og umboðsmaður Alþingis, njóti víðtæks stuðnings er enn frekar nauðsynlegt að hæstaréttardómarar geri það. Hvaða aðferðum á að beita í þeim efnum? Sú aðferð sem við leggjum til, þingmenn Alþb., og 1. flm., hv. þm. Svavar Gestsson, hefur gert hér ítarlega grein fyrir, er að dómsmrh. hafi tillögurétt og hann sé eini aðilinn sem hafi tillögurétt. Enginn annar hafi tillögurétt en þingið verði að staðfesta tilnefninguna án umræðu. Þar með teljum við að það sé tryggt að ekki hefjist pólitísk umræða um veitinguna sem slíka en dómsmrh. veit þá af því að hann verður að velja mennina með þeim hætti að þeir hljóti staðfestingu á Alþingi.

Ég gæti farið nokkuð ítarlega út í það hvernig ég tel að núv. hæstv. dómsmrh. hafi ekki í eitt einasta sinn af þeim þremur sem hann veitti hæstaréttardómaraembætti, valið þann einstakling sem tvímælalaust hafði mestar faglegar og starfslegar kröfur. En ég ætla ekki að gera það vegna þess að málið er mér af fjölskylduástæðum of nátengt. En ef það hefði ekki verið svo nátengt þá hefði ég beitt mér fyrir mjög harkalegri umræðu í garð hæstv. dómsmrh., hvernig hann í þrígang gengur fram hjá þeirri konu sem mesta og besta starfsreynslu hafði í íslenskri dómarastétt meðal umsækjenda. Það var ekki aðeins verið að ganga fram hjá einstaklingi með mesta starfsreynslu þeirra sem sóttu um, heldur líka þeirri konu úr íslenskri lögfræðistétt sem mesta starfsreynslu hafði. Og í það skipti, sem ég hef hér gert að umtalsefni, er valinn maður sem hafði aðstoðað ráðherrann í pólitískum slag innan Sjálfstfl.

Ég tel þess vegna óheppilegt að þessi skipan sé áfram við lýði.

Við vitum það líka að meðan sú skipan er við lýði þá er líklegt að dómsmálaráðherrar, úr hvaða flokki sem þeir kunna að vera, geti lent í því að þrýstingur sé á þá lagður af stuðningsmönnum eða flokksmönnum og þeir eigi kannski erfitt um vik að víkja sér undan slíkum pólitískum þrýstingi. Það getur líka komið upp sú staða að maður sé skipaður dómsmrh. í skamma hríð. Hann hafi átt í nánu samstarfi við einstakling og sé honum skuldbundinn með margvíslegum hætti. Viðkomandi einstaklingur hafi hins vegar ekki þá hæfni sem þarf til að gegna stöðu hæstaréttardómara en núverandi skipan er hins vegar þannig að ráðherrann getur sett slíkan einstakling í réttinn. Það er ekkert sem stoppar núverandi ráðherra að setja slíkan einstakling í réttinn. Og án þess að ég ætli að rekja það hér þá er hægt að nefna tilvik úr sögu síðari ára þar sem slíkt hefði hugsanlega getað komið upp og þá á ég ekki við núv. hæstv. dómsmrh. Þess vegna held ég að það sé vörn í því fyrir dómsmrh., hver svo sem hann er, að geta vísað í það að hann þurfi að vera viss um það að viðkomandi einstaklingur njóti trúnaðar og trausts meiri hluta Alþingis.

Ég held líka að reynslan af kosningu umboðsmanns hér á Alþingi sýni það að þingið er fullkomlega fært að takast á við slíka kosningu án þess að flokkspólitísk sjónarmið komi þar fram. Það er mjög dýrmætt. Áður en kosningin um umboðsmann Alþingis hafði farið fram hér á Alþingi þá hefði verið hægt að halda því fram að hæpið væri að þingið gæti hafið sig upp yfir þrönga flokkslega hagsmuni í slíkri kosningu. Reynslan sýnir þó að þingið getur það og hefur í tvígang, ef ég man rétt, kosið í embætti umboðsmanns með þeim hætti.

Virðulegi forseti. Ég vildi nota tækifærið til þess að koma þessum sjónarmiðum á framfæri. Ég þakka fyrir það að tekið var tillit til þess að ég gat ekki verið viðstaddur, af þeim ástæðum sem ég greindi frá í upphafi, þegar umræðan fór fram í síðustu viku. Von okkar er sú að þetta frv. fái alvarlega athugun í hv. nefnd og við skoðum það í sameiningu hvort ekki getur náðst víðtæk samstaða um að breyta skipan Hæstaréttar á þann veg að tryggt sé að þeir einstaklingar sem í réttinn veljast séu að víðtækri yfirsýn tvímælalaust hæfastir þeirra sem um embættin hafa sótt.

[14:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 8. þm. Reykn. hefur hvað eftir annað í þessari umræðu og við önnur tækifæri í þinginu vegið mjög að hæstaréttardómaranum Pétri Hafstein og degið í efa hæfni hans til þess að sitja í réttinum. Ég er sannfærður um að hann er einn af hæfustu mönnum sem tekið hefur sæti í Hæstarétti Íslands. Og vegna þess að þessi ummæli hafa fallið með athugasemdum um að hér hafi verið um að ræða pólitíska embættisveitingu af minni hálfu, þá óska ég eftir því að hv. þm. geri alveg skýra grein fyrir því hvern, af öllum þeim umsækjendum sem sóttu um þetta embætti, ég hefði átt að skipa til þess að losna undan þeim ásökunum að láta pólitísk sjónarmið ráða ferðinni. Hvern átti ég að skipa? Það er nauðsynlegt að hv. þm. svari því í þessari umræðu.

[14:42]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningin er ekki fyrst og fremst sú hvort Pétur Hafstein hafi verið hæfur til að setjast í réttinn eða ekki, heldur hvort hann var hæfastur af þeim sem sóttu. Hæstv. dómsmrh. getur ekkert vikið sér undan því að hvað starfsreynslu við dómarastörf snertir var hann frekar neðarlega á lista þeirra umsækjenda sem til greina komu. Það er staðreynd máls. Ef dómaraferill hans er borinn saman við t.d., að mig minnir, tvo umsækjendur, þó ég sé ekki með listann alveg í huga mér, en mig minnir að bæði borgardómarinn Garðar Gíslason og borgardómarinn Auður Þorbergsdóttir hafi sótt um þetta embætti. Þau voru bæði tvímælalaust með mun meiri reynslu og víðtækari embættisferil að baki heldur en Pétur Hafstein.

Það var líka ljóst að Pétur Hafstein hafði nokkrum mánuðum áður blandað sér með mjög eftirminnilegum hætti í átök þáv. formanns Sjálfstfl., Þorsteins Pálssonar, við þáv. borgarstjóra í Reykjavík, Davíð Oddsson. Pétur Hafstein hafði skrifað sérstaka stuðnings-

grein í Morgunblaðið sem er afar óvenjulegt. Ég held að hann sé einn af fáum, ef ekki eini sýslumaðurinn á síðari árum, sem hefur með þeim hætti á opinberum vettvangi blandað sér í hörð flokkspólitísk átök. Ég man ekki eftir neinu öðru dæmi um að einstaklingur úr embættisstétt sýslumanna hafi blandað sér í jafnhörð flokkspólitísk átök.

Ég skal hins vegar svara hæstv. dómsmrh. alveg skýrt. Ég tel að bæði Garðar Gíslason og Auður Þorbergsdóttir hafi staðið langt framar Pétri Hafstein til að taka sæti í Hæstarétti.

[14:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var athyglisvert svar hjá hv. 8. þm. Reykn. Áður hafði hann gagnrýnt mig fyrir að skipa Garðar Gíslason af pólitískum sjónarmiðum. Eftir stendur að hann telur að ég hefði átt að skipa mágkonu hans í þetta starf. Ég held að öllum hv. þm. megi vera það ljóst að hér er ekki um málefnalega gagnrýni að ræða af hálfu hv. þm. (Gripið fram í.) Það eru mörg önnur sjónarmið sem koma til álita við málefnalegt mat á hæfi umsækjenda til þess að skipa sæti í Hæstarétti en það að hafa verið dómari. Enda eru þangað stundum skipaðir menn sem aldrei hafa verið dómarar og það er nauðsynlegt að tryggja ákveðna fjölbreytni í réttinum þannig að menn komi ekki allir úr sama farvegi, þó að ákveðnar kröfur séu gerðar til manna sem þar sitja. En það má öllum vera ljóst að sú gagnrýni sem hv. þm. hefur sett hér fram á skipan Péturs Hafsteins er ekki á málefnalegum rökum reist.

[14:45]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það þarf að sanna það hvers vegna er nauðsynlegt að breyta lögunum um vald dómsmrh. til að skipa í Hæstarétt þá mun þessi síðasta ræða Þorsteins Pálssonar lifa allan þann tíma sem sú umræða fer fram. Þessi ræða, hæstv. dómsmrh., var ósmekkleg, hún var út í hött, hún er satt að segja ekki svara verð ef hæstv. dómsmrh. kýs að fara með umræðuna með þeim hætti sem hann gerði áðan. Ég er alveg reiðubúinn að ræða við hæstv. dómsmrh. um alla þá umsækjendur sem þar komu fram á faglegum forsendum. Ég hef hins vegar ekki gert það mánuðum saman vegna þess að fjölskyldutengsl mín við einn umsækjanda voru með þeim hættum og ég sagði það alveg skýrt áðan. Og ef hæstv. dómsmrh. heldur virkilega að málflutningur minn um Hæstarétt sé sprottinn af þessu þá bendi ég hæstv. dómsmrh. á að lesa ítarlega grein sem ég skrifaði um þessi mál með tillögum um breytingar á vali á hæstaréttardómurum sem birtist í Morgunblaðinu veturinn 1987–1988. Þar getur hæstv. dómsmrh. séð að þau sjónarmið sem ég hef lýst hafði ég fyrir löngu sett fram. En sæmst væri að hæstv. dómsmrh. bæði þá konu sem lengsta dómarareynslu hefur á Íslandi, starfandi dómara, afsökunar á ummælum sínum áðan og að hann skyldi leggjast svo lágt að þykjast vera að leggja fyrir mig einhverjar gildrur í umræðunum til þess að geta dregið þetta fram með þessum hætti.

[14:47]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki svo miklu við það að bæta sem fram hefur komið í umræðunni af hálfu þeirra sem tala fyrir málinu. Það hefur verið gert skilmerkilega og skýrt. En það sem veldur því að ég sé mig knúinn til að taka til máls er óvenjulágkúrleg ræða hæstv. dómsmrh. áðan. Ég tel að hæstv. ráðherra hefði verið betur komið ef hann hefði látið þá ræðu óflutta, því það kom alveg skýrt og greinilega fram hjá þeim sem hann beindi máli sínu gegn, að hann taldi sig ekki í stakk búinn að ræða þetta mál og tilgreindi sjálfur nákvæmlega ástæðu hvers vegna hann hafi ekki haft afskipti af málinu.

Mér fannst að hæstv. ráðherra væri hér að reisa um of hátt til höggs í þessu efni og raunar styrkja þær grunsemdir, sem uppi hafa verið nokkuð lengi í röðum pólitískra andstæðinga Sjálfstfl., um hvernig Sjálfstfl. færi með veitingavaldið í þessum efnum. Ég ætla ekki að halda neinu fram um það efni að óathuguðu máli, en ég ljóstra engu upp þó ég láti það vitnast að það hefur oft verið sagt í mín eyru af hálfu manna sem telja sig a.m.k. sjálfir þekkja til að Sjálfstfl. færi ekki með þetta veitingavald eins og skyldi. Ef hæstv. ráðherra ætlar að vera með ræðuhöld af þessu tagi eins og hér áðan þá held ég að hann hljóti óhjákvæmilega að vekja upp mjög snarpa umræðu á þessu málefnasviði og ég er ekkert viss um að það yrði um of hollt fyrir hann, Sjálfstfl. eða dómskerfið í heild.

[14:50]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hef fylgst með þessari umræðu um málefni Hæstaréttar og ég ætla ekki að taka neina efnislega afstöðu til þessa frv. sem hér liggur frammi. Það sem ég vil hafa mitt innlegg í þessa umræðu er það að ég er þeirrar skoðunar að almennt beri Íslendingar þá virðingu fyrir Hæstarétti, að þeir geri kröfu til þess að umræða um Hæstarétt sé á öðru plani en hún hefur verið hér í dag þegar Alþingi Íslendinga tekur sér fyrir hendur að fjalla um æðsta dómstól okkar Íslendinga. Þar undanskil ég enga, hvorki ráðherra né aðra sem hafa tekið þátt í þessari umræðu í dag.

Ég er þeirrar skoðunar að almennt beri Íslendingar mikið traust til Hæstaréttsins Íslendinga og að öll umræða hér á Alþingi um þetta æðsta stig dómsvaldsins eigi að vera á þeim nótum að það sé ekki á nokkurn hátt reynt að grafa undan því trausti. Og mér finnst það vægast sagt afar sérkennilegt þegar bæði þingmenn og hæstv. ráðherra eru að draga inn í þá umræðu nöfn einstakra umsækjenda og nöfn einstakra dómara.

Ég flutti hér mál ekki alls fyrir löngu sem var tengt einu af grundvallaratriðum okkar stjórnskipulags, fjallaði um kjördæmamál. Þá stigu þingmenn Alþb. hver á fætur öðrum í pontu og gagnrýndu það harðlega að þetta mál skyldi yfir höfuð vera flutt því þetta væri málaflokkur sem væri þess eðlis að ef það væri fjallað um það hér á Alþingi þá ætti það að vera á vettvangi forustumanna stjórnarflokkanna og á almennum nótum þar sem allir kæmu að. Þeir höfðu meira að

segja uppi heitstrengingar um að það mál skyldi aldrei fá neina afgreiðslu hér á þingi. Einhvern veginn finnst mér að það sama ætti að gilda um umfjöllun hér um Hæstarétt Íslendinga ef menn vilja halda þessu sjónarmiði á lofti, að þegar Alþingi þarf að fjalla um Hæstarétt Íslendinga þá sé það gert á öðrum nótum heldur en hér hefur farið fram í dag.

[14:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég get mjög tekið undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að umræða um Hæstarétt ætti að fara fram með öðrum hætti en gerst hefur í þessari umræðu og hversu varhugavert það getur verið að draga nöfn einstakra hæstaréttardómara og umsækjenda um þær stöður inn í þessar umræður. Satt best að segja hef ég dregið að taka til máls í hinni almennu umræðu vegna þess að allar ræður hv. flm. hafa að meira eða minna leyti snúist um einstakar persónur sem sitja í Hæstarétti eða hafa sótt um þau störf. Ég hef haft það á tilfinningunni að það væri meira kappsmál að draga þau atriði inn í umræðuna en efnisatriði frv. Af þeim sökum hef ég dregið að taka hér til máls um efnisatriði frv. en ég tek að öðru leyti undir þau varnaðarorð sem hv. 6. þm. Norðurl. e. mælti hér í sinni ræðu.

[14:54]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að benda hæstv. ráðherra á það að þrátt fyrir að hann tæki undir mín orð hér áðan þá fór nú þannig fyrir ráðherranum að hann féll í sömu gryfjuna, að taka þátt í umræðunni á grundvelli einstakra dómenda í Hæstarétti og einstakra umsækjenda um stöðu þar.

[14:55]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að ég blandaði mér í umræðuna um þetta atriði var sú að mér þótti nóg komið hversu oft nafn eins ákveðins manns var dregið hér inn í umræðuna með ákveðnum hætti sem mér fannst óviðeigandi og ósmekklegt.

[14:55]

Flm. (Svavar Gestsson):

Hæstv. forseti. Eftir stendur það að hæstv. dómsmrh. hefur ekki talað um efni frv. Það er dálítið merkilegt að það hafa farið fram umræður um þetta mál núna á tveimur fundum hér í þessari virðulegu stofnun. Þátttakendur í henni hafa verið fulltrúar úr einum fjórum stjórnmálaflokkum og menn hafa út af fyrir sig lagt eitt og annað til málanna og ráðherrann getur auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hvað það er sem menn voru að segja. Ráðherrann hefur verið viðstaddur þessa umræðu en hann hefur ekki lagt orð inn í umræðuna um efni frv. heldur kaus hann að veitast að einum tilteknum þingmanni, hv. 8. þm. Reykn., með svo lágkúrulegum hætti að það jaðrar við þingmet og er þá langt til jafnað. Að halda því fram að þetta frv. sé flutt fyrst og fremst til þess að hefna harma mágkonu formanns Alþb. er náttúrlega svo fyrir neðan allar hellur af dómsmrh., sem er kallaður og er hæstv. hér í þessum sal, að það tekur engu tali. Það tekur engu tali.

Ég held að hæstv. ráðherra þurfi að gera sér grein fyrir því að ef einhvers staðar hefur birst sönnun fyrir nauðsyn þessa frv. og að það verði að lögum þá er það einmitt þetta innskot hæstv. ráðherra hér áðan. Ræða hans áðan er besta röksemdin sem flutt hefur verið á Alþingi Íslendinga fyrir því að þetta frv. þarf að samþykkja og ég er honum þakklátur fyrir það. Vegna þess að ef hæstv. dómsmrh. umgengst umsækjendur um embætti hæstaréttardómara eftir tengslum eða mægðum eða flokksskírteinum, þó hann geri ekki nema svo mikið sem rétt muna eftir einhverju af þessu, þá er það veitingavald í hættu statt. Þá staðfestir það einfaldlega að það þarf að koma því veitingavaldi öðru vísi fyrir. Og ég er alveg viss um að fyrir utan þau köst sem hæstv. dómsmrh. fær af og til þegar hann kemur í ræðustól þá er hann réttsýnn og sanngjarn maður og viðurkennir það alveg örugglega að það er skynsamlegt að koma þessum hlutum öðru vísi fyrir þar sem betri friður getur tekist um málin heldur en nú er kostur á miðað við þá skipan sem uppi er.

Nú er það auk þess ekki svo að nafn Auðar Þorbergsdóttur dómara hafi verið borið hér inn í þessa umræðu af hv. 8. þm. Reykn. Hér var á síðasta fundi, þegar málið var rætt af hv. 10. þm. Reykv., mjög rækilega gagnrýnt að gengið hefði verið fram hjá Auði Þorbergsdóttur. Það vill hins vegar þannig til að þessi hv. 10. þm. Reykv. er ekki mægður eða tengdur Auði Þorbergsdóttur og þess vegna útilokað að koma höggi á hana með svipuðum hætti og gerð er tilraun til með hv. 8. þm. Reykn. hér áðan. Þess vegna tel ég að ráðherrann hafi gripið tækifærið þegar hv. 8. þm. Reykn. blandaði sér í umræðuna með þeim hætti sem hann gerði áðan og ég tel að þetta sé ósmekklegt og ósanngjarnt.

Það er hins vegar út af fyrir sig alveg rétt sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði hér áðan að það þarf auðvitað að reyna að stuðla að því eins og kostur er að umræða um Hæstarétt eins og önnur mál fari fram á sæmilega virðulegu og málefnalegu plani hér í þessari stofnun. Það má hins vegar ekki verða til þess að menn þori ekki að ræða málin, að menn ætli að vera svo virðulegir að þeir tali helst bara latínu hér, og helst ekki latínu heldur munkalatínu sem enginn skilur. Menn verða auðvitað að temja sér að tala um hlutina eins og þeir eru. Og hvernig eru þeir? Þeir eru þannig að dómsmálaráðherrarnir ráða því hverjir verða hæstaréttardómarar. Reynslan sýnir að þeim eru mislagðar hendur í þeim efnum. Reynslan sýnir að mjög sjaldan hefur tekist að skipa hæstaréttardómara þannig að um það hafi tekist algjör friður, þannig að um það hafi tekist samkomulag með þeim hætti að t.d. allir aðrir dómarar í landinu og lögfræðingar og Lagastofnun Háskólans segi sem svo: „Þarna var rétt valið.“ Þvert á móti hefur það nánast alltaf verið þannig að niðurstaðan hefur verið umdeild. Nánast alltaf. Og það er þetta fen sem við alþýðubandalagsmenn viljum forðast með því að Alþingi þurfi að staðfesta þá tillögu sem dómsmrh.

kann að gera til forseta Íslands um skipan hæstaréttardómara. Það erum þess vegna við sem erum að reyna að draga þessi vinnubrögð upp á annað plan, reyna að halda þessum málum upp úr skítnum ef menn vilja orða það með þeim hætti. Vegna þess m.a. að dæmin bara af núverandi hæstaréttardómum eru með þeim hætti að menn rekur í rogastans. Ég bið hv. þm. að horfa á myndirnar úr Hæstarétti sem birtast í sjónvarpinu. Það er auðvitað alveg augljóst mál að þar er Sjálfstfl. og þeir sem þar hafa verið mönnum þóknanlegir í yfirgnæfandi meiri hluta. Og það hefur ekkert með það að gera hvort þessir menn hafi einhvern tímann í bernsku leikið sér með hinum Heimdellingunum á stuttum buxum. Málið snýr einfaldlega þannig að þessir aðilar hafa verið virkir í flokksstarfi Sjálfstfl. alveg fram undir það síðasta og orðið að henda sér út úr bæjarstjórnum eða öðrum trúnaðarstöðum Sjálfstfl. til þess að sleppa inn í Hæstarétt um það leyti sem þeir voru að fá þar embætti. Þannig að þetta eru ekki menn sem höfðu fyrir mörgum árum eða áratugum skilið við Sjálfstæðisflokkinn sinn, með stórum staf og greini. Ónei. Þessir menn höfðu flestir verið í trúnaðarstörfum fyrir Sjálfstfl. um árabil og hafa jafnvel eftir að þeir hafa orðið hæstaréttardómarar gengið fram í pólitískum verkum með þeirri ríkisstjórn sem Sjálfstfl. hefur haft forustu fyrir. Þetta er ómögulegt kerfi. Og þegar það svo allt í einu gerist að kratar sleppa þarna inn í eitt ár eða svo, þrettán mánuði held ég að það hafi verið, hvað gerist þá? Losnar embætti hæstaréttardómara. Hver verður hæstaréttardómari? Eini nafnkunni kratinn í dómarastétt. Sjálfsagt ágætur maður, ég veit ekkert um það og ég vona að hann sé það. En þetta er skrýtið. Þetta er athyglisvert svo ekki sé meira sagt. Og það er þetta sem á ekki að vera svona. Við eigum að taka allt öðru vísi á þessum hlutum.

Fyrir nokkru skrifaði Pétur Þorsteinsson, sem lengi gegndi embætti sýslumanns Dalamanna, grein í blað — Pétur er nú nýlega látinn — hann sagði frá því að það hafði maður komið að máli við hann og sagt við hann: „Þú ættir að sækja um sýslumannsembættið í Dalasýslu, Pétur. Þú ert alveg rétti maðurinn í það að sækja um sýslumannsembættið í Dalasýslu.“ Og Pétur sagði: Nei, ég hugsa að ég geri það ekki.“ — „Af hverju ekki?“ „Ja, ég hef nú aldrei verið neitt sérstaklega mikið í Framsóknarflokknum.“ — En þá vildi svo til að það var framsóknarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra. Þetta svar Péturs var í raun og veru algjörlega rökrétt miðað við aðstæður, algjörlega rökrétt eins og aðstæðurnar voru yfirleitt þegar var verið að veita sýslumannsembætti.

Hugsið þið um, hv. þm., sýslumannsembættin hér í kringum landið. Það var raðað inn í þetta mönnum frá íhaldinu eða framsókn eftir því hvor þeirra hafði dómsmrn., þannig var það.

Rennum huganum yfir landið allt. Minnumst þess t.d. þegar báðir varaþingmenn Sjálfstfl. af Vesturlandi voru sýslumenn. Þetta var svona um áratuga skeið og við erum að gera tillögur um að rífa okkur út úr þessu fari vegna þess að við erum öll sammála um að þetta far er óeðlilegt.

Við samþykktum hér í fyrra ný stjórnsýslulög. Við erum að temja okkur ný vinnubrögð í sambandi við meðferð fjárlaga, meðferð ríkisreiknings o.s.frv. Við eigum þess vegna ekki að leggja þann kross á dómsmrh., sem vill annast sitt starf með heiðarlegum hætti, að hann geti legið undir ámæli fyrir að hann hafi tekið mann út á flokksskírteini eða eitthvað annað þaðan af verra inn í embætti hæstaréttardómara. Þess vegna er það þannig, virðulegi forseti, að þetta frv. er flutt af fullri alvöru með hliðsjón af þeirri breytingu sem þarf að eiga sér stað hér í öllu stjórnkerfinu eins og það leggur sig. Við höfum verið að vinna að því smátt og smátt á undanförnum árum og það er í raun og veru þannig að það er ótrulega mikil og byltingarkennd, jákvæð breyting sem hefur orðið hér á stjórnkerfinu ef við lítum hér 10–15 ár aftur í tímann. Það er lygileg breyting. Þetta er að þróast hægt og hægt.

Við alþýðubandalagsmenn höfum líka flutt frv. um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála þar sem gert er ráð fyrir því að ríkissaksóknari verði skipaður til takmarkaðs tíma í senn. Og við erum með í huga fleiri breytingartillögur við réttarkerfið og dómskerfið í landinu. Það er ekki vegna þess að okkur sé illa við það fólk sem þarna er að vinna heldur er það vegna þess að við viljum að þetta kerfi njóti trausts frá upphafi til enda. Frá því að viðkomandi fær embættið og þangað til hann fer að gegna því og þangað til hann lætur af því og nýir menn taka við. Við viljum að dóms- og réttarkerfið njóti trausts í þessu landi og ég bendi á að um það eru skiptar skoðanir. Það á að vera hlutverk dómsmálaráðherrans, hver svo sem hann er, að leita allra leiða til þess að eyða ágreiningi um mál af þessu tagi.

Þess vegna er það svo, virðulegur forseti, að ég skora á hv. allshn. að taka það frv. sem hér liggur fyrir til vandaðrar skoðunar ásamt því frv. sem hæstv. ráðherra hefur flutt, sem er að mörgu leyti mjög athyglisvert, tel ég vera, og að þessi mál fái að verða samhliða. Sömuleiðis frv. um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, þannig að við höldum áfram því umbótastarfi sem unnið hefur verið í dóms- og réttarkerfinu á undanförnum árum, m.a. af hæstv. núv. dómsmrh. sem að mörgu leyti hefur haldið mjög myndarlega á þeim málum hér gagnvart þinginu. Það er engin ástæða til að draga fjöður yfir það, síst geri ég það. En um ræðu hæstv. ráðherra hér áðan ætla ég ekki að hafa nein önnur orð en þau að „það sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann“. Slíkt kemur fyrir mann og mann af og til. En það er ekki þar með sagt að það gerist aftur og aftur síðar og ég skora á hæstv. ráðherra að taka þátt í þessari umræðu með málefnalegum og alvarlegum hætti vegna þess að þetta frv. er flutt af fullri einlægni og alvöru.

[15:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Reykv. beindi nokkrum orðum til þess sem hér talar út af ræðu sem ég flutti hér áðan og sagði að menn mættu ekki vera svo heilagir að hér mætti ekki tala um hlutina eins og þeir væru og að menn þyrftu helst að tala latínu. Nú er

það svo að ég hef aldrei lært latínu þannig að það kemur nú ekki til að ég tali hana hér úr þessum ræðustól, en, virðulegur forseti, ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta nema það að ræða hv. þm. var nánast frá upphafi til enda staðfesting á þeim varnaðarorðum sem ég hafði hér uppi í minni tölu áðan.

[15:08]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er galli við þennan dagskrárlið að það skuli alltaf vera sagt: svarar. Ég hafði ekki endilega hugsað mér að svara hv. þm., hins vegar að vekja athygli hans á því að hann hefur flutt þannig ræðu að það er ekki hægt að svara henni. Það er hægt að bera svonalagað á hvern sem er en það er útilokað að bera það af sér og hv. þm. veit að þar með er það ódrengilegt.

[15:09]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það hafa farið fram allmiklar umræður um þetta frv. og reyndar einnig um þau frv. sem flutt eru af hálfu ríkisstjórnarinnar um breytingar á meðferð áfrýjunarmála og lögum um Hæstarétt.

Ég hygg að fulltrúar allra flokka utan Alþfl. hafi tekið þátt í þessum umræðum. Og það er satt best að segja mjög verulegur munur á málflutningi manna að þessu leyti. Ég hygg að það sé hægt að segja um málflutning þeirra sem hér hafa talað úr Framsfl. og Kvennalistanum að hann hafi verið málefnalegur í hæsta máta. Ég hef ekki verið sammála öllu því sem þar hefur komið fram en það hefur verið málefnaleg umræða. Hins vegar hafa talsmenn Alþb. í þessum umræðum, bæði um þetta frv. og hin fyrri mál sem lúta að Hæstarétti og dómskerfinu, verið á allt annan veg. Fyrst og fremst ómálefnalegar yfirlýsingar þar sem uppistaðan hefur verið getsakir um pólitískar embættisveitingar og verið að draga hæfni einstakra manna í efa. Það hefur verið uppistaðan og ívafið í málflutningi þeirra og segir býsna mikið um viðhorf þess flokks til réttarkerfisins og dómsýslunnar í landinu og mjög áberandi hvernig ræður þeirra hafa skorið sig úr ræðum annarra hér í umfjöllun um þessi efni þar sem persónuleg mál hafa verið gerð að aðalatriði.

Ég skal ekki skorast undan því að segja álit mitt á þessu frv. Ég er andvígur þeirri skipan sem hér er lögð til um breytingar á skipan manna í embætti hæstaréttardómara og ég held að það þurfi í sjálfu sér ekki frekari rökstuðning fyrir því en þær ræður sem hv. þm. Alþb. hafa flutt í þessari umræðu sýna hversu varasamt það er að draga embættaveitingar inn á pólitískan leikvöll með þeim hætti sem hér er verið að leggja til vegna þess að þeir hafa lýst því hvað eftir annað hver pólitísk viðhorf þeir vilja leggja við skipan manna í þessi embætti.

Ég er ekki þar með að segja að núverandi form á veitingavaldinu, sem er í höndum dómsmrh. sé það eina rétta, en ég tel fráleitt að ganga til þeirra breytinga sem hér er verið að leggja til. Með aðskilnaðarbreytingunni var gerð breyting að því er varðar skipan héraðsdómara með því að sett var á fót sérstök umsagnarnefnd sem fjallar um umsækjendur og tryggir að mínu mati mun faglegri vinnubrögð við skipan manna í héraðsdómaraembætti og veitir ráðherranum aukið aðhald um málefnalegt mat á umsækjendum á hverjum tíma, þó að veitingavaldið sé ekki tekið úr höndum ráðherrans. Ég hygg að það væri ekki viðeigandi að setja sams konar nefnd á fót að því er varðar skipan manna í Hæstarétt. Vel má vera að það geti komið til athugunar að Hæstiréttur sjálfur hafi um sterkari umsagnaraðild að einhverju leyti í átt að því sem gerist í dag varðandi héraðsdómara eða jafnvel hafi neitunarvald. Um þetta ætla ég ekki að kveða upp neinar skoðanir eða hafa neitt endanlegt álit á þessu stigi málsins en get alveg fyllilega tekið undir það að þetta er atriði sem er vert skoðunar og tel að sú breyting hafi verið til bóta sem aðskilnaðarbreytingin fól í sér að því er héraðsdómarana varðar.

Við þekkjum það til að mynda frá Bandaríkjunum þar sem tilnefningar forseta Bandaríkjanna þarfnast staðfestingar þingsins að þar koma pólitísk sjónarmið auðvitað mjög til álita. Ég tel óheppilegt að bæta við þær málefnalegu ástæður sem eru og eiga og þurfa að liggja fyrir mati á því hver skipaður er í þetta embætti þá eigi pólitísk sjónarmið að bætast við í flokk málefnalegra ástæðna en á því er auðvitað veruleg hætta ef málið verður dregið inn í þingið með þessum hætti.

Það er ekkert launungarmál til að mynda í Bandaríkjunum að þar eru hæstaréttardómarar skipaðir út frá pólitískum viðhorfum sínum vegna þess að forsetar á hverjum tíma vilja hafa áhrif á það hvernig réttarreglur eru mótaðar í hæstarétti. Þetta tel ég að eigi að varast og það eigi fyrst og fremst að leggja til grundvallar almenn málefnaleg rök sem lúta bæði að starfsreynslu, að hæfni í starfi, því umhverfi sem menn koma úr og þeim sjónarmiðum sem þarf að hafa í huga til að tryggja nægjanlega fjölbreytni í réttinum út frá almennum lögfræðilegum sjónarmiðum.

Þessi málefnalegu viðhorf tel ég að þurfi að leggja megináherslu á og tel reyndar að það sé meira aðhald að veitingavaldi sem er í höndum ráðherra en í veitingavaldi sem er í höndum stórs hóps. Það er unnt að koma fram mun markvissari ábyrgð gagnvart veitingavaldi sem er í höndum eins manns á málefnalegum forsendum en ákvörðun sem tekin er af stórum hópi manna. Mitt mat er það að reynslan úr Háskóla Íslands hafi sýnt þetta þegar þær breytingar voru gerðar sem hv. 1. flm. þessa frv. beitti sér fyrir á skipan manna í prófessorsstöður við Háskóla Íslands. Ég held að þær breytingar hafi sýnt að það hefur dregið úr þessu aðhaldi og engan veginn verið tryggt að faglegri sjónarmið ríki varðandi skipun manna í embætti eftir þá breytingu en fyrir. (**SvG:** Rök.)

Þessi sjónarmið vil ég láta koma hér fram. Í Háskóla Íslands til að mynda koma saman fleiri tugir manna til þess að ákveða hverjir eru skipaðir í embætti og bera sameiginlega í sjálfu sér enga ábyrgð á málefnalegri niðurstöðu og þar geta menn haft uppi öll þau sjónarmið sem hugsast geta við skipan manna í embætti og ég held að sú breyting hafi ekki verið til bóta og vara þess vegna við að menn fari inn á þessa braut en ítreka það af minni hálfu að ég er ekki þar

með að segja að núverandi form á veitingavaldi ráðherra eigi að vera óbreytt. Ég tel að við höfum ágætt dæmi um það í tengslum við aðskilnaðinn hvernig unnt er að tryggja betur málefnalegt aðhald að veitingavaldinu með umsögn sérstakrar nefndar sem fjallar um hæfi umsækjenda. Þessum sjónarmiðum vildi ég koma fram áður en frv. fer til umfjöllunar í hv. allshn.

[15:18]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í marga mánuði hefur þjóðin rætt það hvernig Alþfl. lítur á embætti sem herfang. Tryggingastofnun ríkisins, eðlilegt að forstjórinn sé þingmaður Alþfl. Seðlabankastjóraembættið. Gamla lénskerfið. Nú gerist það þegar hæstv. dómsmrh. loksins tekur til máls í þessari umræðu að hans ræða er nánast samfelld vörn fyrir það að þessi forustumaður Sjálfstfl. vill halda þessu gamla kerfi um herfang stjórnmálaflokkanna í embættakerfinu á Íslandi, allt upp í Hæstarétt. Ekki einungis að hann telji nauðsynlegt að vera áfram með þá skipan að pólitískur ráðherra hafi nánast alræðisvald yfir því hverja hann skipar dómara í landinu, heldur fer hann að ráðast á Háskóla Íslands vegna þess að í tíð síðustu ríkisstjórnar beitti hæstv. þáv. menntmrh., Svavar Gestsson, sér fyrir því í góðu samráði við háskólann að tryggt væri að faglegt sjónarmið en ekki pólitískur geðþótti menntmrh. réði embættaveitingum í háskólanum. Og hæstv. dómsmrh. kemur hér og segir: Háskólinn hefur farið með þetta vald á þann veg að þessi nýja skipan er vond. Gamla kerfið, þar sem menntmrh. Sjálfstfl. gátu verðlaunað flokksgæðingana með því að veita þeim embætti í háskólanum, það var miklu betra. Það eru mikil tíðindi í umræðunni í þjóðfélaginu um siðleysið af hálfu ríkisstjórnarinnar sem þó fyrst og fremst hefur verið tengt Alþfl. að nú skuli hæstv. dómsmrh., Þorsteinn Pálsson, gerast slíkur talsmaður fyrir þetta gamla flokkspólitíska herfangskerfi á Íslandi, eins og hann gerði áðan. Ég hélt satt að segja að hann væri í hópi þeirra manna sem vildi ekki aðeins breyta almennum lögum í átt til nútíðarhorfs heldur vildi einnig leggja til hliðar þetta gamla herfangskerfi en það var greinilegt af hans ræðu að svo er ekki.

[15:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru auðvitað útúrsnúningar í hæsta máta þegar hv. 8. þm. Reykn. kemur upp og fer að blanda inn í þessa umræðu deilum hans og annarra um skipun manna í Tryggingastofnun ríkisins og önnur embætti. Þessi umfjöllun hefur ekkert fjallað um það og hér hefur ekki staðið nein umræða um þau efni og því síður hef ég eða nokkur annar komið hér til þess að fjalla um þau efni eða flytja varnarræður fyrir þau efni. Það eru útúrsnúningar manns sem finnur og veit að hann er á hálum ís með þann málflutning sem hann hefur haft í frammi í þessari umræðu. Ég hef lýst málefnalegum rökum fyrir því að ég tel þær tillögur sem eru í frv. varhugaverðar. Ég hef lýst með rökum sjónarmiðum varðandi breytingar sem megi gera á formi veitingavaldsins til þess að veita aðhald að aukinni málefnalegri umfjöllun áður en menn eru skipaðir í embætti og ég hef lýst því að ég telji að það megi betur koma þeirri ábyrgð við með slíkum hætti en með því að vísa öllu í eitthvert pólitískt bögglauppboð þegar á að fara að skipa dómara í Hæstarétt. Ég stend við þá skoðun og hún gefur ekkert tilefni til ásakana af því tagi sem hv. 8. þm. Reykn. var með.

[15:22]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú jákvætt að hæstv. dómsmrh. finnur það að hann er kominn í dálítið vondan félagsskap ef málflutningur hans áðan lýsir hans raunverulegu afstöðu. Ástæðan fyrir því að ég dró þessar almennu ályktanir var að hæstv. dómsmrh. fór að tala um Háskóla Íslands. Hver hefur verið að tala um Háskóla Íslands í þessari umræðu fram að þessu? Mér vitanlega ekki nokkur maður. Það er hæstv. dómsmrh. sem breytir þessari umræðu frá því að vera umræða um Hæstarétt eingöngu og dómskerfið í landinu yfir í það að fara að ræða almenna skipan á veitingu embætta og flytur sérstakan pistil um Háskóla Íslands og meira að segja dregur ályktun, kemst að niðurstöðu, og niðurstaða hans er sú að kerfið þegar ráðherrann réð einn hverjir voru valdir til kennslustarfa í Háskóla Íslands hafi verið betra kerfi heldur en sú nýskipan sem komið var á í tíð hv. þm. Svavars Gestssonar sem menntmrh. í góðri samvinnu við Háskóla Íslands að það væri sjálfstæði háskólans fyrir bestu að hann tryggði með ákvörðun sinni að fagleg sjónarmið réðu þar. Ég hef þá misskilið hæstv. ráðherra eitthvað í hans ræðu ef það má ekki draga þá ályktun og þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna í ósköpunum fór hann að tala um Háskóla Íslands? Hver var ástæðan fyrir því að hæstv. ráðherra taldi nauðsynlegt að fara að fordæma þá nýskipan að háskólinn ráði þessum málum sjálfur? Það mátti ráða það af ræðu hans að hann vildi koma á þeirri skipan að dómskerfið réði kannski sjálft með hæfnisnefndum og umsagnarnefndum hverjir væru valdir til starfa í dómskerfinu. Það má alveg ræða þá hugmynd. Hún á fullan rétt á sér og það er visst fagnaðarefni að hún komi hér fram. En að fara þá í leiðinni að fordæma kerfið þegar háskólinn býr við þá skipan að ráða sjálfur sínum embættum, leiðir einfaldlega til þess að maður dragi þá ályktun að ráðherrann vilji vera í vörn fyrir þetta gamla herfangskerfi stjórnmálaflokkanna.

[15:24]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að hv. 8. þm. Reykn. hefur misskilið mig, annaðhvort vísvitandi eða óafvitandi og skiptir ekki máli í þessu sambandi. Ég dró hér inn í umræðuna þær breytingar sem urðu á reglum um skipan embættismanna í Háskóla Íslands vegna þess að ég tel að þær séu til marks um að það er óheppilegt að fjölskipaðir aðilar beri ábyrgð á embættaveitingum eins og þessum. Það dragi úr líkum á því að það sé komið við málefnalegum sjónarmiðum. Það á ekkert við um sjálfstæði háskólans. Embættavaldið gæti þess vegna verið í höndum deildarforseta eða rektors Há-

skóla Íslands út frá þeim sjónarmiðum sem ég var að tala um og er fullkominn útúrsnúningur af hálfu hv. þm. að halda því fram að þar sé eitthvað verið að vega að sjálfstæði háskólans. Það er verið að tala um form á embættaveitingum og hvernig megi veita aðhald að veitingavaldinu, þannig að tryggt sé að sem best sé gætt málefnalegra viðhorfa. En ég hef ekki orðið var við það í málflutningi hv. þm. Alþb. að það sé í raun og veru það sem fyrir þeim vakir með málflutningi þeirra í þinginu.

[15:26]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þetta er nú að verða svo hrottalega málefnalegt eða hitt þó heldur af hálfu hæstv. dómsmrh. að maður er bara í vandræðum með að taka þátt í umræðunni. Maður þarf svo langa þingreynslu og mikla hæfileika til þess að geta tekið þátt í umræðu með æfingum af því tagi sem hæstv. ráðherra beitir sér fyrir. Það hlýtur að vera eitthvað erfitt þessa dagana hjá hæstv. ráðherra. Veit hann ekki hver hefur veitingavaldið hjá menntmrn.? Hann talar alltaf eins og veitingavaldið hafi verið tekið af menntmrh. Veit hann það ekki að það er menntmrh. sem hefur veitingavaldið en undirbúningurinn að veitingunni er í höndum háskólans? Hinn faglegi undirbúningur. Menntmrh. getur neitað hvaða tillögu sem er sem kemur frá dómnefndum eða háskóladeildum eða háskólaráði. Veitingavaldið er hjá ráðherranum. Hæstv. ráðherra dómsmála gekk út frá því í gagnrýni sinni á háskólakerfið að það væri vonlaust fyrst og fremst af því að ráðherrann hefði í raun og veru ekki lengur veitingavaldið. Það er ekki svo. Þessi gagnrýni ráðherrans er röng, hún er misskilningur í grundvallaratriðum. Það er auðvitað líka dálítið sérkennilegt að nota þetta sem sérstök rök á móti því frv. um Hæstarétt sem hér er verið að tala um. Ég held að það sé líka nauðsynlegt að vekja athygli á því að það var hæstv. dómsmrh. sem vakti athygli á því að einn flokkur hefur verið fjarverandi í þessari umræðu. Það voru ekki við, hinir ómálefnalegu þingmenn Alþb., sem vöktum athygli á því, það var dómsmrh., hinn málefnalegi dómsmrh. sem vakti athygli á því, auglýsti það með neonljósum hér í stólnum áðan að Alþfl. hefði ekki látið sjá sig í umræðunni og væri reyndar aldrei í salnum í seinni tíð þegar talað er um dóms- og réttarkerfið í landinu. Öðruvísi mér áður brá meðan Alþfl. beitti sér flokka harðast fyrir umræðum af þessu tagi.

Ég held að ráðherrann gagnrýni þetta frv. í raun og veru þannig að þar megi tala um grundvallarmisskilning. Aðalatriðið í mínum huga er það að ég kýs við lok umræðunnar, af því að ég hef ekki kost á því að tala aftur í þessu máli, að slá því föstu að ráðherrann hafi viðurkennt að það kerfi sem nú er sé ekki það eina fullkomna undir sólinni. Hann viðurkenni að það sé hugsanlegt að finna aðferð til að laga þetta kerfi. Hann segi hins vegar að það kerfi, sem við erum að gera tillögu um, sé ekki gott, og honum er auðvitað frjálst að hafa þá skoðun. Það er hans mál. En mér finnst aðalatriðið þá að menn sammælist um að það sé komið upp aðhaldi að ráðherrunum við embættaveitingar, líka í þessu tilviki, eins og hæstv. ráðherra dómsmála orðaði það reyndar áðan.

Ég tel því mikilvægt að sú nefnd sem fær málið til meðferðar láti sér ekki nægja að afgreiða stjfrv. þegar þar að kemur heldur afgreiði hún þetta frv. líka með einhverjum hætti.

Ég bendi á að í þessu frv. er fjallað um skipan og tillögu dómsmrh. á hæstaréttardómurum til forseta Íslands í fyrsta lagi og ég tel að það sé mikilvægt að það hafi verið opnað fyrir það að með það mál verði e.t.v. farið einhvern veginn öðruvísi en nú er gert. En í öðru lagi er í þessu frv. gerð tillaga um að leggja blátt bann við því að dómarar í Hæstarétti stundi dómstörf hjá öðrum stofnunum, innlendum eða erlendum, eða fjölþjóðlegum, og það er líka gert ráð fyrir því að menn geti ekki fengi leyfi frá störfum í Hæstarétti og komið svo þangað aftur eftir missiri eða ár, heldur sé það svo að ef menn vilja fara úr Hæstarétti í önnur störf þá verði menn að yfirgefa Hæstarétt og það er að sjálfsögðu veruleg breyting á þeim reglum sem gilt hafa um dómara í Hæstrétti. Þessar tvær síðarnefndu tillögur eru líka mikilvægar þó þær hafi því miður ekki verið ræddar í síðustu lotunni. En ég endurtek, hæstv. forseti, að ég fagna því að þrátt fyrir allt hefur hæstv. dómsmrh. sagt að það sé kannski til betra kerfi undir sólinni en það sem nú er við lýði.

[15:30]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það eru til margar aðferðir til að tryggja að sú stjórnskipan þar sem menn greina ríkisvaldið í þrennt starfi með eðlilegum hætti og tryggi lýðréttindi og réttlæti. Hæstv. dómsmrh. kaus að gera hér að umtalsefni þá skipan sem er í Bandaríkjunum. Það er rétt að hæstv. dómsmrh. átti sig á því að við erum ekki að leggja til þá skipan sem tíðkast í Bandaríkjunum.

Í Bandaríkjunum er það þannig að forseti landsins gerir tillögu. Sú nefnd sem fjallar um dómsmál í bandarísku öldungadeildinni tekur síðan þá tillögu til skoðunar og meðferðar og getur verið með hana mánuðum saman og heldur opinberar heyrslur í augsýn fjölmiðla þar sem fjöldi einstaklinga og sérfræðinga og fulltrúar samtaka geta gengið fram og gagnrýnt þann sem útnefndur hefur verið.

Í bandaríska stjórnkerfinu er gengið svo langt til þess að tryggja það að útnefningin njóti víðtæks stuðnings að farið er út í slíka opinbera könnun á ágæti umsækjanda. Það erum við ekki að leggja til hér. Þá má hins vegar færa fyrir því ýmis rök að slíkt geti verið skynsamlegt. Það er vissulega ein af þeim aðferðum sem til greina koma. Við erum hins vegar að leggja hér til, hæstv. dómsmrh., að það eina sem gerist sé að þingið án umræðu, án nefndarstarfa greiði leynilega atkvæði um það hvort útnefningin er staðfest eða ekki.

Ég nefndi áðan þau rök fyrir því að það gæti verið gagnlegt fyrir dómsmrh. að hafa vörn í þeirri skipan þegar sótt væri á hann um að skipa tiltekna einstaklinga í embætti. Hins vegar er það mikilvægt sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að hæstv. dómsmrh. hefur í reynd viðurkennt það í umræðunni

að núverandi skipan sé ekki góð. Það er auðvitað mjög mikilvægur áfangi þegar hæstv. dómsmrh. viðurkennir það að sú aðferð sem hér hefur verið beitt, að dómsmrh. geti valið einn Hæstarétt, bjóði upp á hugsanlega beitingu þess valds þannig að það er verið að girða í kringum ráðherrann.

Hæstv. ráðherra var með hugmyndir um það að girða í kringum ráðherrann með því að skipa nefndir eða umsagnaraðila, kannski Hæstarétt sjálfan sem þyrfti að skila opinberu hæfnismati. Ég held að ég fari rétt með það að í dag skilar Hæstiréttur einhvers konar umsögn um umsækjanda. Það væri fróðlegt hvort hæstv. dómsmrh. gæti upplýst það hvort svo sé. Hún er hins vegar ekki gerð opinber. En mér hefur verið tjáð að venja sé, það má vera að það sé rangt, ég skal ekki fullyrða það vegna þess að ég hef ekki séð það sjálfur, en venja sé að Hæstiréttur skili bréflega til ráðherrans einhvers konar umfjöllun. Ef Hæstiréttur er sjálfur látinn opinberlega meta hæfni umsækjendanna og að hæfnismat liggur opinberlega fyrir líkt og gert er í Háskóla Íslands. Það verður enginn maður prófessor við Háskóla Íslands nema það liggi fyrir opinberlega hæfnismat sérstakrar dómnefndar um viðkomandi einstakling. Það er ekki leyndarskjal. Það er formerkið sjálft sem allir geta skoðað og allir geta gagnrýnt og það er auðvitað vissulega áfangi í málinu til þess að tryggja sjálfstæði réttarins ef hæstv. dómsmrh. er á þeirri skoðun að fyrsta skrefið kynni að vera það að formlegur aðili, hvort sem það er Hæstiréttur eða einhver annar aðili, ég held þó að það muni reynast nokkuð erfitt að skipa sérstaka umfjöllunarnefnd utan við réttinn sjálfan í þeim efnum, þó getur verið hugsanlegt að menn finni leiðir í því, skili hæfnismati og það liggi fyrir opinberlega. Það væri vissulega mikið aðhald. Það sem verið er í raun og veru að biðja um í þessu frv. er að ferillinn verði sýnilegur með ákveðnum hætti. Hann er það ekki í dag. Og því miður er það þannig án þess að ég ætli að ræða það neitt oftar eða lengur og mun reyna að gleyma því, að ummæli hæstv. ráðherra gefa auðvitað tilefni til þess að ætla að það fari í gegnum huga ráðherrans við val á mönnum ýmislegt annað en hæfnin og það hafi kannski ráðið úrslitum.

Það er þess vegna nauðsynlegt að sú nefnd sem fær þetta frv. til umfjöllunar skoði vandlega þá umræðu sem hér hefur farið fram því þótt hún hafi verið með ýmsum hætti þá tel ég að fram hafi komið ýmiss konar rök og ýmiss konar ábendingar um að það kunni að vera flötur á því hér innan þings að mynda nokkuð breiða samstöðu um það að gera ákveðnar breytingar í þessum efnum. Þó ekki væru stigin nema ákveðin skref til þess að tryggja þá virðingu og þann sess sem dómstólar í landinu, bæði héraðsdómstólar og Hæstiréttur, þurfa að njóta. Ef hæstv. ráðherra er tilbúinn að koma með tillögur um að ferlinu verði breytt á þann hátt að opinbert hæfnismat fari fram, þá hugsa ég að við flm. þessa frv. værum reiðubúnir að skoða það með jákvæðum huga. Við höfum ekki lokað á neinar hugmyndir til þess að færa íslenska stjórnkerfið til nútímahorfs. Það á ekki bara við embættaskipanir á vettvangi framkvæmdarvaldsins. Það á líka við dómsvaldið því að við vitum það öll á þessum stað að núverandi kerfi býður upp á það að misvitur ráðherra noti vald sitt með óeðlilegum hætti.

Við höfum séð mörg dæmi um það á undanförnum mánuðum hvernig ráðherrar Alþfl. hafa notað vald sitt til embættaveitinga með óeðlilegum hætti og eins og ég vék að í dag, þá eru tvær frásagnir í Morgunblaðinu í dag um það efni. Það er nánast alltaf eitthvað nýtt að koma fram í þessum efnum. Og kerfið sem við búum við er þannig að það er engin trygging í því sem kemur í veg fyrir að embætti dómstólanna séu notuð með nákvæmlega sama hætti og embættið í Tryggingastofnun og sendiherraembættin og seðlabankastjóraembættin eða tollaraembættið. Það er ekkert í kerfinu í dag sem kemur í veg fyrir það. Við verðum þess vegna að ná samstöðu um það hér á þinginu að reyna að byggja slíkar girðingar. Það er andinn í þessu frv. og ég vona að umfjöllunin í nefndinni verði til þess að menn skoði það alvarlega að finna slíkar girðingar.

[15:39]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Oft verður Vöggur litlu feginn þegar hv. flm. telja það vera einhvern stórsigur að ég skuli hafa lýst því yfir að ég væri tilbúinn að beita mér fyrir breytingu á kerfinu. Ég hygg að sjaldan hafi verið á skömmum tíma gerðar jafnmiklar breytingar á réttarkerfinu í landinu eins og að undanförnu og lýsir fyrst og fremst því viðhorfi frá minni hendi a.m.k. að það hefur full þörf á að gera þær breytingar og ég tel að það sé hvergi nærri nóg að gert. Í fullu samræmi við það er ég þeirrar skoðunar að það megi bæta úr í þessu efni eins og öðrum.

Menn ræða gjarnan um þessi viðfangsefni eins og stöðuveitingavald ráðherra sé hreint geðþóttavald. Það er ekki svo. Vald ráðherra að þessu leyti er afmarkað af málefnalegum forsendum og ákvarðanir verða að byggjast á málefnalegum forsendum. Og ég er þeirrar skoðunar að það megi auka aðhald að ráðherrum í ýmsum efnum til þess að tryggja betur en verið hefur að málefnalegar forsendur ráði við endanlegt mat á skipun manna í embætti. Ég tel að það hafi vel tekist til að því er varðar þær breytingar sem urðu varðandi skipun héraðsdómara með aðskilnaðinum og það megi þess vegna vel hugsa sér einhverjar breytingar af því tagi eins og ég hef lýst áður. En aðalatriðið er þetta að í dag er veitingavaldið háð málefnalegum rökum en byggist ekki á geðþóttavaldi og það er ástæða til þess að styrkja það aðhald, bæði á þessu sviði og öðrum í stjórnkerfinu.

[15:41]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert í núverandi kerfi sem knýr dómsmrh. til að styðja val sitt á hæstaréttardómara málefnalegum rökum. Ég vil biðja hæstv. dómsmrh. að tilgreina það hér hvað það er í núverandi skipan sem knýr á um það að sérstakur rökstuðningur sé reiddur fram. Hvar er hann látinn í té? Hvar kemur hann fram opinberlega og gagnvart hverjum? Það

hefur a.m.k. farið fram hjá okkur. Þvert á móti má orða þetta þannig að ráðherrann þarf ekki í dag að rökstyðja val sitt með neinum hætti. Hann þarf hvergi að mæta til þess nema þá forseti lýðveldisins neiti að skrifa undir staðfestingarbréfið. En þeir sem setið hafa í ríkisráði vita það nú að það fer ekki fram málflutningur þar þegar menn leggja fram bréf til undirritunar fyrir forseta lýðveldisins.

Það er einmitt gallinn við núverandi kerfi, hæstv. ráðherra, að kerfið er ekki opinbert og málefnalegt með þessum hætti. Sú breyting að Hæstiréttur yrði sjálfur að leggja fram álitsgerð um umsækjendur og hún væri opinber og fagleg væri veigamikið skref í þessa átt. Og það að setja málið upp hér áðan eins og ráðherra gerði, litlu væri Vöggur feginn og hér væri um einhvern sigur að ræða o.s.frv. sýnir bara best að ráðherrann er eitthvað illa staddur þessar klukkustundirnar. Það hlýtur að vera út af Svalbarðsmálum eða einhverjum öðrum og hann hafi skilið sjútvrh. eftir heima þegar hann kom hérna sem dómsmrh. og á því höfum við vissan skilning, en mér finnst alveg óþarfi að láta það bitna á þessari umræðu.

[15:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir að sjá hér fyrrv. ráðherra taka til máls og halda því fram að það séu engar almennar stjórnsýslureglur í gildi sem séu þess eðlis að ráðherrar verði að láta málefnaleg sjónarmið ráða varðandi embættaveitingar sínar. Það kemur mér mjög á óvart að fyrrv. ráðherra skuli láta þessi sjónarmið í ljósi og kannski skýrir það eitthvað af hans embættisathöfnum.

En það er vissulega svo að þó að ekki séu allt skráðar réttarreglur á sviði stjórnsýslunnar, þá eru þær gildandi og fela í sér að ráðherra verður að láta málefnaleg sjónarmið ráða. Um það bera m.a. vitni umsagnir umboðsmanns Alþingis. Það kemur fram í dómsmálum af ýmsu tagi og það ætti hv. 9. þm. Reykv. að vita vegna stöðuveitinga sem hann bar ábyrgð á á sínum tíma sem ráðherra. Og þess vegna furða ég mig á því að þessi sjónarmið skuli koma fram. Það má hins vegar tryggja það miklu betur með ýmsu móti, hefur sums staðar verið gert í stjórnsýslunni, en má gera annars staðar að tryggja það betur að þetta málefnalega aðhald sé að veitingavaldinu á hverjum tíma. Og það eru sjónarmið sem lúta að slíkum umbótum sem ég hef verið að setja fram og tel að eigi fullan rétt á sér og það sé eðlilegt að menn vinni að og ég fagna því ef það er vilji til þess og er sannfærður um að hv. nefnd mun fjalla um málið á þeim grundvelli.

[15:45]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. dómsmrh. hefur staðfest að það er ekkert sem knýr á um að ráðherra, hver sem hann er, geri grein fyrir rökstuðningi sínum við val á einstaklingi í Hæstarétt eða aðra stöðu dómara. Hvort hann býr í huga sínum eða ræðir á lokuðum kontor um einhverjar málefnalegar forsendur er hans mál. Það birtist hvergi á vettvangi stjórnkerfisins og það staðfesti ráðherrann hér áðan.

Hann fór síðan að benda á að það kynnu hins vegar að koma upp þau tilvik að ráðherrann yrði að reiða fram rökin. Það er rétt hjá hæstv. ráðherra. Og hver eru þau tilvik? Það er að embættaveitingin sé kærð til umboðsmanns Alþingis. Er ráðherrann virkilega að benda á þá leið hér sem fullnægjandi leið að einhverjir umsækjendur um embætti hæstaréttardómara kæri veitinguna til umboðsmanns Alþingis? **(PP:** Eða fyrir Jafnréttisráði.) Já, eða Jafnréttisráðs sem var nú líklegast tilvikið sem hann var að vísa í þegar hann var að tala við hv. 9. þm. Reykv. þannig að við sjáum það nú öll hér í salnum að það að kæra veitingu á dómaraembætti í Hæstarétti til Jafnréttisráðs eða umboðsmanns Alþingis er ekki farsæl leið. Þá er betra að gera aðrar breytingar á kerfinu heldur en halda því fram að eina vörnin sé að fara þá leið. Ég teldi það ekki heppilegt fyrir réttarkerfið í landinu að dómsmrh. þyrfti að standa í sams konar skaki við umboðsmann Alþingis út af veitingu hæstaréttardómaraembættisins eins og hæstv. utanrrh. hefur orðið að gera varðandi embætti tollvarðar á Keflavíkurflugvelli.

[15:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna ræðu hv. 8. þm. Reykn. vil ég aðeins taka þetta fram. Það er svolítið einkennilegt að standa í orðræðum við hann því að hann kýs gjarnan að snúa út úr öllum hlutum. Það fólst ekki í mínum ummælum um þær umsagnir sem fram koma frá Jafnréttisráði og umboðsmanni Alþingis að það væri úrlausnaratriði í þessu falli. Ég benti á úrlausnir og athugasemdir þessara aðila til þess að sýna fram á að það eru gildandi stjórnsýslureglur þó óskráðar séu að ráðherra styðjist við málefnalegar forsendur við ákvarðanatöku um það hverjir hljóta embætti. Umsagnir þessra aðila byggjast á lögmætum forsendum og þær koma fram í þessum athugasemdum og þær sýna að hér er um að ræða gildandi stjórnsýslureglur og það var á þetta sem ég var að benda á til vitnis um það vegna þess að það hafði komið fram í umræðunni af hálfu hv. 8. þm. Reykn. eins og hann hefði ekki áttað sig á því að þetta væru gildandi stjórnsýslureglur í landinu jafnvel þó að hann hefði setið í ein þrjú ár í fjmrn. Þess vegna benti ég á þetta og sýndi fram á hvar þetta kemur fram en því fór auðvitað fjarri að í því fælist að hér ætti að vera um einhverja útgönguleið í þessum efnum og er ekkert nema útúrsnúningur af hálfu hv. þm.

[15:49]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg hárrétt að það eru til almennar stjórnsýslureglur í þessum efnum og öðrum þegar embætti eru veitt. Spurningin er fyrst og fremst um það hvort það eru settar upp einhverjar tilteknar faglegar skorður í því tilviki að verið sé að veita embætti eins og t.d. embætti hæstaréttardómara. Engu að síður er það svo að segjum að slíkar faglegar skorður væru til, þá er það samt sem áður þannig að innan þeirra er kostur á geðþóttavaldi ef um marga

einstaklinga er að ræða með svipaða faglega stöðu. Og það á að þrengja möguleika ráðherrans til að beita geðþótta eins og kostur er eða á ég kannski frekar að orða þetta þannig, virðulegur forseti, það á þrengja eins og kostur er þá stöðu að ráðherrann neyðist til að beita persónulegu mati við veitingu embættis. Og ég er viss um að hæstv. núv. dómsmrh. er sammála mér um það að það er skynsamlegt að faglegu rökin séu sem ljósust, skorðurnar sem skýrastar þannig að niðurstaðan verði eins lítið umdeild og kostur er með hliðsjón af því mikilvæga verki sem sá maður á að vinna sem embættið fær, í þessu tilviki hæstaréttardómari.

[15:50]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef marglýst því yfir í þessari umræðu að ég tel að málefnalegt sjónarmið eigi að liggja til grundvallar lögum samkvæmt og efnislega. Ég hef líka lýst því yfir að ég tel að í mörgum tilvikum og þar á meðal varðandi skipun hæstaréttardómara sé ástæða til þess að huga að því að styrkja þær forsendur sem liggja til málefnalegrar niðurstöðu í þessu efni. Við höfum víða aðhald í kerfinu í dag en það má víða gera betur.

Ég nefni hér enn á ný jafnréttislögin og umsagnir og ályktanir Jafnréttisráðs sem veita ráðherrum vissulega aðhald til þess að gæta að þeim málefnalegu sjónarmiðum sem kveðið er á um í jafnréttislögum og það veit ég að hv. 9. þm. Reykv. þekkir af góðri reynslu því að ég hygg að fáir einstakir ráðherrar hafi fengið fleiri athugasemdir frá Jafnréttisráði á ráðherraferli sínum en einmitt hann þannig að ég hygg að hann þekki það af eigin reynslu að þarna er um að ræða lagafyrirmæli og sérstaka stofnun sem veitir ráðherrum aðhald. Ég tel að það sé af hinu góða og hef marglýst því yfir að það má gera betur í þessu efni og ég vonast satt best að segja til þess að þessi umræða leiði til þeirrar niðurstöðu að menn hugi að því á þessu sviði og vonandi fleirum í stjórnsýslunni.

[15:52]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að það fer að verða óhætt að undirbúa það að setja nýjan fund og afgreiða þessi mál með afbrigðum við 2. og 3. umræðu og gera þau að lögum núna fyrir kaffið því að það er að nást hér prýðileg samstaða um málið svona í öllum meginatriðum. Það þarf kannski að gera smákaffihlé til þess að menn geti skrifað textann betur í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa farið fram.

Ég vil fyrst vísa því á bug að ég hafi fengið fleiri athugasemdir frá Jafnréttisráði en aðrir ráðherrar. Ég hugsa að ég hafi fengið færri athugasemdir frá Jafnréttisráði en flestir aðrir ráðherrar miðað við embættistíð, en ég hef verið alllengi ráðherra eins og kunnugt er eða 7–8 ár og ég man ekki eftir að ég hafi nema eins og eina á bakinu af þessum toga.

Vandinn er auðvitað sá eins og hæstv. ráðherra rakti hér áðan, hverjar eru hinar efnislegu og faglegu forsendur þegar velja skal menn þegar menn sitja við sama borð, eru nokkurn veginn jafnsettir, taldir eins faglega. 1990 sóttu eftirtaldir um embætti hæstaréttardómara: Jón L. Arnalds, Jón Oddsson, Hjörtur Torfason, Sveinn Snorrason. 1991 sóttu eftirtaldir um embætti hæstaréttardómara: Auður Þorbergsdóttir, Garðar Gíslason, Pétur Kr. Hafstein. 1991 í desember: Auður Þorbergsdóttir, Garðar Gíslason, Páll Sigurðsson. Hvað á að leggja til grundvallar? Faglegt mat og reynslu. Ég held að það sé alveg hafið yfir allan vafa að það sé a.m.k. umdeilanlegt hvernig ráðherrann veitti þessi embætti, og ég held að það sé hæpið hjá honum þótt hann hafi enn þá slæma samvisku eftir veitingarnar að vísa nú á Jafnréttisráð fyrir þann umsækjanda sem kannski helst hefur verið óréttið beittur í tveimur tilvikum.

Aðalatriðið er það að ég tel að hæstv. ráðherra hafi í raun og veru núna í þessari umræðu gefið þá línu ef svo mætti segja af sinni hálfu að það verði reynt að ná samkomulagi um aðrar leiðir í þessu efni. Ef það heitir það að litlu sé Vöggur feginn, þá er það allt í lagi mín vegna. Aðalatriðið er að menn komist að jákvæðri, efnislegri niðurstöðu og skilji að frv. er flutt af jákvæðum hug.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Kirkjumálasjóður, 245. mál, stjfrv., þskj. 284.
Prestssetur, 244. mál, stjfrv., þskj. 283.

Út af dagskrá voru tekin 13.–17. mál.

Fundi slitið kl. 15.55.

---

44. FUNDUR

fimmtudaginn 25. nóv.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samningsveð, stjfrv., 215. mál, þskj. 240. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 100. mál, þskj. 103. — 1. umr.
4. Þjóðfáni Íslendinga, þáltill., 106. mál, þskj. 109. — Fyrri umr.
5. Hvalveiðar, þáltill., 114. mál, þskj. 119. — Fyrri umr.
6. Skjaldarmerki lýðveldisins, þáltill., 117. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.

7. a. Fangelsi og fangavist, frv., 204. mál, þskj. 226. — 1. umr.

b. Atvinnuleysistryggingar, frv., 205. mál, þskj. 227. — 1. umr.

8. Græn símanúmer, þáltill., 207. mál, þskj. 231. — Fyrri umr.

9. Varanlegur vegur yfir Öxi, þáltill., 227. mál, þskj. 255. — Fyrri umr.

10. Vegagerð milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar, þáltill., 228. mál, þskj. 256. — Fyrri umr.

11. Slysavarnaráð, frv., 235. mál, þskj. 264. — 1. umr.

12. Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, þáltill., 238. mál, þskj. 273. — Fyrri umr.

13. Skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, þáltill., 240. mál, þskj. 275. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 mílna efnahagslögsögunnar, 248. mál, þáltill. GHall og EKJ, þskj. 287.

Íþróttakennsla í framhaldsskólum, 109. mál, svar menntmrh., þskj. 282.

Lífeyrisréttindi hjóna, 247. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 286.

Tekjuskattur og eignarskattur, 246. mál, frv. ÁRÁ, þskj. 285.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

[10:30]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill tilkynna áður en gengið er til dagskrár að um kl. 2.30 í dag verður utandagskrárumræða að beiðni hv. 3. þm. Vesturl. og er umræðuefnið skattlagning aflaheimilda. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapalaga.

Þjóðfáni Íslendinga, fyrri umr.

Þáltill. GHall og ÁRÁ, 106. mál. — Þskj. 109.

[10:33]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt hér fyrir till. til þál. um endurskoðun laga nr. 34 frá 17. júní 1944, um þjóðfána Íslendinga. Meðflm. minn á þessari þáltill. er Árni R. Árnason. Hún hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að skipa fimm manna nefnd til að endurskoða lög nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga, einkum ákvæði 12. gr.“

Í greinargerð segir:

„Í 4. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944 er þess sérstaklega getið að óheimilt sé að nota þjóðfána Íslendinga á umbúðir eða í auglýsingar á vörum.

Flutningsmenn telja að ákvæði þetta eigi ekki lengur við nein rök að styðjast og að gæðavörur íslenskrar framleiðslu, sem til útflutnings séu ætlaðar, geti og eigi að bera glögg einkenni Íslands. Því eigi ekkert að vera því til fyrirstöðu að heimilt verði að nota íslenska þjóðfánann t.d. á umbúðir varnings sem framleiddur er hér á landi, enda gæti slík merking haft áhrif til landkynningar.

Flutningsmenn telja það í hæsta máta eðlilegt og við hæfi að t.d. bæklingar til kynningar á landi og þjóð og til upplýsingar fyrir ferðamenn séu áprentaðir með íslenska þjóðfánanum.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir þykir flutningsmönnum rétt að benda á að m.a. ættu fulltrúar útflutningsráðs og ferðamála að eiga aðild að væntanlegri nefndarskipun.“

Í lögum um þjóðfána Íslendinga segir m.a. í 2. gr.: „Ríkisstjórn, Alþingi og aðrar opinberar stofnanir svo og fulltrúar utanrrn. Íslands erlendis skulu nota þjóðfánann klofinn að framan: tjúgufána.“

Og í 5. gr.: „Tjúgufánann má aðeins nota á húsum og við hús, sem notuð eru að öllu eða mestu leyti í þágu ríkis eða ríkisstofnana, nema um sé að ræða heimili eða embættisskrifstofu fulltrúa utanrrn. Íslands erlendis. Þótt hús sé eign ríkis eða ríkisstofnana, má ekki nota tjúgufánann á því, ef leigt er að mestu eða öllu einstökum mönnum eða einkastofnunum. Hins vegar má nota tjúgufánann á húsi, sem er í eign einstakra manna eða einkastofnana, ef ríkið eða ríkisstofnanir hafa húsið á leigu og nota það að öllu eða mestu leyti til sinna þarfa.“

Í 12. gr. segir: „Enginn má óvirða þjóðfánann, hvorki í orði né verki. ...

Óheimilt er að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, umbúðir um eða auglýsingu á vöru.

Nú hefur verið skrásett af misgáningi vörumerki, þar sem notaður er þjóðfáninn án heimildar, og skal þá afmá það úr vörumerkjaskrá samkvæmt kröfu dómsmrn.

Nú setur maður þjóðfánann á söluvarning eða umbúðir hans, og skal þá fenginn dómsúrskurður um, að honum sé óheimilt að nota fánamerkið eða hafa vörur til sölu, sem auðkenndar eru með því. Auk þess má skylda hann til þess, ef nauðsyn krefur, að ónýta vörurnar eða umbúðir þeirra, svo framarlega sem þær eru þá í vörslum hans eða hann á annan hátt hefur umráð yfir þeim.“

Í 13. gr. segir: „Dómsmrn. getur, ef þörf þykir, sett með reglugerð sérstök ákvæði til skýringar ákvæðum laga þessara.“

Forsrn. gaf út bókakilju um fána Íslands árið 1991, hið vandaðasta rit. Með leyfi forseta, stendur á bls. 41 m.a. um fullveldisfánann:

„Á hádegi sunnudaginn 1. des. 1918 var klofinn

fáni dreginn að hún á fánastöng Stjórnarráðshússins er sambandslögin gengu í gildi. Sigurður Eggerz fjmrh., er gegni störfum forsrh. í fjarveru Jóns Magnússonar í Kaupmannahöfn, flutti ræðu af þrepum Stjórnarráðshússins og sagði m.a.: „Og í gær hefur konungurinn gefið út úrskurð um þjóðfána Íslands sem blaktir frá því í dag yfir hinu íslenska ríki. Fáninn er tákn fullveldis vors. ... Fáninn er ímynd þeirra hugsjóna sem þjóð vor á fegurstar, hvert stórverk sem unnið er af oss eykur veg fánans hvort sem það er unnið á höfnum, í baráttunni við brim og úfnar öldur eða á sviði framkvæmdanna eða í vísindum og í fögrum listum. Því göfugri sem þjóð vor er, þess göfugri verður fáni vor. Vegur hans og frami er frægð þjóðar vorrar. Vér biðjum alföður að styrkja oss til þess að lyfta fánanum til frægðar og frama.““

Sigurður Eggerz hafði hér lög að mæla. Að lyfta íslenska þjóðfánanum til vegs og virðingar, frægðar og frama. En höfum við staðið þannig að verki? Nei. Íslenski fáninn er ekki innan dyra t.d. hér á hinu háa Alþingi og ber hvergi fyrir glöggt gests auga þeirra er skoða innviði þessa húss, hvað þá með aðrar ríkisstofnanir og opinberar stofnanir, kirkjur og skóla. Nei, það er ekki von að svo sé hvað varðar ríkisstofnanir, því að samkvæmt 5. gr. má aðeins nota tjúgufánann á húsum og við hús, utan húss.

12. gr. laganna, hvar getið er um að enginn megi óvirða þjóðfánann, hefur orðið þess valdandi að virðing við þjóðfánann hefur snúist upp í andhverfu sína. Þjóðfáninn er vanvirtur með allt of lítilli notkun.

Það er athyglisvert, virðulegi forseti, þegar lesið er upp úr lögum um íslenska þjóðfánann, hvar fastlega er tekið á því að óheimilt sé að nota fánann í firmamerki, vörumerki eða á söluvarning, þá er það nú svo að m.a. í byggingu Sameinuðu þjóðanna er hægt að fá keypt póstkort með íslenska fánanum á. Lögum samkvæmt er þetta óheimilt vegna þess að þetta er söluvarningur. Það eru til fleiri dæmi þar um. Tilgangur okkar flm. með þessari þáltill., virðulegi forseti, er fyrst og fremst sá að hefja fánann til vegs og virðingar, hefja fánann til landkynningar og gera honum svo hátt undir höfði sem þessi glæsilegi fáni íslensku þjóðarinnar á vissulega skilið.

[10:40]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka flm., hv. 16. þm. Reykv., fyrir tillöguna. Þessi tillaga er mjög tímabær. Ég vil taka undir það að notkun íslenska þjóðfánans er svo lítil að það liggur við að það sé vanvirða við fánann, okkar þjóðartákn, að fáninn skuli vart finnast og sjást í skrifstofum og í sendiráðum Íslands erlendis. Það tel ég vera vanvirðu við þjóðartákn okkar Íslendinga.

Ég tel einnig að á mörgum stöðum og opinberum stofnunum á Íslandi þá vanti þetta þjóðartákn okkar sem gæti fleytt okkur fram meðal þjóða með því að virða fánann betur.

Það er til dæmis að taka að á ráðstefnum sem Íslendingar standa fyrir erlendis, á ýmsum kynningum, þá er verið að kynna íslenskar vörur, það er verið að kynna íslensk málefni og þá gleyma menn að hafa með sér táknið og sýna hvaðan við komum og kynna okkar land með íslenska fánanum. Aðrar nágrannaþjóðir okkar eins og Danir, það má segja að þeir e.t.v. ofnoti fánann. Það er ofnotkun þegar hvers kyns vörur, t.d. nærföt, eru orðnar merktar með þjóðfána. Það er vanvirða á hinn veginn. (**Gripið fram í:** Af hverju?) Ég hvet til þess að íslenski fáninn verði í hávegum hafður og menn taki nú á þessari þáltill. og veiti henni góðan framgang. Og ég vil endurtaka þakkir til flutningsmanna.

[10:43]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga þó að forsrh. skipi einhverja menn í nefnd til að endurskoða fánalögin. Ég veit ekki hvort það á sérstaklega við um ákvæði 12. gr. og er í dálitlum vafa þar um. Ég er sammála þeim sem hér hafa talað á undan mér að ég tel að við Íslendingar séum tæplega nógu fánaglaðir, við ættum að flagga oftar heldur en við gerum. En öllu má nú ofgera.

Ég kann ákaflega vel við þann sið að fáninn blakti hér yfir Alþingishúsinu meðan fundir standa. Útvarpsstjóri var vanur fánaburði frá sínum fyrra starfi á Þingvöllum. Hann lét flagga þegar útvarpsráð kom saman. Af því varð mikill hvellur. Ég sá ekkert á móti því að flaggað væri þegar útvarpsráð kom saman og ég held að við ættum að vera duglegri að flagga á hátíðum og einnig á tyllidögum.

Ég er hins vegar ekki sannfærður um að það sé skref til bóta að fara að hafa umbúðir eða auglýsingar á vörum í fánalitunum. Ég ætla að biðja menn að hugsa sig mjög vandlega um áður en þeir taka það skref og ég tel að ýmis lönd í kringum okkur ofnoti fánann og á ég þar kannski fyrst og fremst við Bandaríkin og jafnvel Danmörku. Norðmenn hafa nokkuð aðra umgengni við fánann en þeir eru miklu viljugri að flagga heldur en Íslendingar og ég tel að það sé til fyrirmyndar.

Ég vil sem sagt lýsa þeirri skoðun minni hér að fánann megi ekki misnota. Menn eiga að nota fánann til augnayndis, ánægju og til að skapa hátíðarstemningu, en ekki sem auglýsingu á söluvöru, að mínum dómi.

[10:46]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flm. fyrir framlagningu þessa máls sem ég tel vera gott mál og mjög þarft að fara að líta svolítið á hvernig við notum íslenska þjóðfánann. Ég tók hins vegar eftir því að flm. gleymdi að vísa málinu til nefndar. Ég tel nokkuð víst að málið eigi að fara til allshn. Ég sé að flm. kinkar kolli og það er rétt. Það er sú nefnd sem ég á m.a. sæti í og mun vissulega taka þátt í að vinna að framgangi þessa máls, þó mér sé ekki alveg ljóst hvaða leið menn vilja fara í þessu.

1. flm. er mikill kjarkmaður. Hann kom hér upp og veifaði staðfestingu þess að hann hefði brotið lög, þar sem hann hefði keypt póstkort með íslenska fánanum hjá Sameinuðu þjóðunum, en það sýnir það auðvitað

að eftirlit með þessum þætti laganna er í brotum. Ég tel alveg eins hann að auðvitað eigum við að vera stolt af fánanum og við eigum að lyfta honum til vegs og virðingar, eins og hann sagði, og að nota hann miklu meira heldur en við höfum gert til þessa. En auðvitað verðum við að fara varlega og það má ekki misnota fánann, eins og hv. þm. Páll Pétursson varaði hér við áðan. En við höfum séð það fyrir okkur víða erlendis að þjóðir nota fánann og þær nota hann rétt. Þær nota hann mikið og þær nota hann sem ákveðin gæðastimpil og það er einmitt þannig sem við eigum að nota hann. Að því leyti til tel ég alveg rétt að það megi nota hann á vörur og söluvarning, ef það er undir ströngu eftirliti. Ef það er nefnd sem sannreynir gæðin og veitir heimild til að nota slíka merkingu sem íslenski fáninn væri, þá væri það auðvitað ekkert annað en landkynning og staðfesting á því að þarna væri um gæðavöru að ræða. Þetta veit ég að t.d. Austurríkismenn gera og menn geta gengið út frá því sem vísu að vörur sem fá að nota austurríska fánann á sínum umbúðum eru vörur sem hafa farið í gegnum mjög strangt eftirlit, mjög strangt gæðaeftirlit, og menn geta verið þess fullvissir að þar er gæðavara á ferðinni. Þetta eftirlit verður að vera til staðar. Ef það er ekki, þá getum við misnotað hann og þá getur verið betra heima setið en af stað farið. Þannig að ég styð þetta með þessum hætti.

Ef þessi leið er farin, þá yrði þetta á endanum mjög góð landkynning og af hinu góða. Með þessu hugarfari mun ég skoða þetta mál í hv. allshn.

[10:49]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég tek til máls til þess að styðja 1. flm. þessa máls og vil gjarnan bæta því við vegna þess að hér hefur verið vakið máls á því að við þurfum að hafa í huga, ef við framkvæmum tillögu af þessu tagi, hversu ofarlega eða neðarlega við skipum íslenska fánanum. Mér flaug í hug það sem ég rakst á fyrir fáeinum dögum, að kona sat á hjóli og fremst á hjólinu var íslenski fáninn málaður, ekki aðeins fánalitirnir heldur fáninn allur. Það getur vel verið að við teljum þetta svona jafn óviðurkvæmilegt og það sem einn af fyrri ræðumönnum nefndi, undirfatnað. En ég vil þó koma á framfæri þeirri skoðun minni að mér þykir það skynsamlegt af okkur, sem og öðrum þjóðum, að við heimilum þeim að nota íslenska fánann til að auðkenna vörur og þjónustu sem uppfylla ákveðnar kröfur um gæði, þannig að merki þjóðarinnar sé merki þeirrar vöru sem stenst fyllstu gæðakröfur. Vel að merkja tel ég þetta eiga við um afurðir bæði úr sjávarútvegi og landbúnaði sem við vitum að eru afurðir hreinni ræktunar, hreinni starfsemi en þekkist með flestum öðrum þjóðum.

Grannþjóðir okkar hafa víða notað fána sína til kynningar, til að vekja umhugsun um land sitt, ekki aðeins við afurðir heldur kynningu fyrir ferðamenn og ég tel þetta hvort tveggja eiga erindi til okkar. Hér á landi úir og grúir af varningi, af kynningarvarningi, sem er merktur fánalitunum og munar aðeins krossinum í þjóðfánanum sjálfum. Á meðan við höfum ekki skilyrtar reglur um notkun af þessu tagi eða framfylgjum ekki reglum um notkun, þá er alveg ljóst að við höfum ekkert vald á því hver notar fánann og hver ekki, við hvaða tækifæri eða ekki. Ef við komum á reglum af þessu tagi, heimilum notkun fánans þar sem vel á við, þá tel ég að við förum betur á stað og náum betur valdi á málinu heldur en nú er, virðulegi forseti.

[10:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé ágætt að verja nokkrum tíma þessarar virðulegu stofnunar til að ræða lög og reglur um þjóðfána Íslendinga. Það er kannski ekki síst tilefni til að gera það núna þar sem þessi lög verða fimmtug á næsta ári, árinu 1994, þegar lýðveldið á fimmtugsafmæli. Ég hef hlýtt af athygli á það sem hv. flm. og fleiri hafa sagt um þetta mál. Ég er sammála þeim um það að það er rétt að endurskoða þetta út af fyrir sig, lögin og reglurnar, í ljósi fenginnar reynslu. Hins vegar geri ég ráð fyrir að ég sé svona heldur í varkárari kantinum þegar kemur að því að nota fánann. Ég held að menn eigi að fara hóflega fram í þeim efnum og sýna eðlilega, skynsamlega, jarðbundna íhaldssemi þegar kemur að því að setja reglur um notkun á fánanum. Fáninn er ekki neitt hversdagsplagg eða hversdagsklæði, í þeim skilningi orðsins plagg. Fáninn er ekki hversdagsplagg heldur tengist hann auðvitað tilteknum grundvallaratriðum í því að vera þjóð og þess vegna eiga menn að umgangast fánann og reglur um fánann varlega og hófsamlega. Þessi markaðsnotkun á fánanum sem sést t.d. í Danmörku, hún er gríðarlega mikil og hún er meiri heldur en ég mundi t.d. telja eðlilegt að því er varðar íslenska fánann. Þess vegna vildi ég gjarnan að reglurnar miðuðust við hófsamlega notkun fánans, þó ég viðurkenni auðvitað að það er erfitt að setja nákvæmar reglur í þessu efni, því það er í sjálfu sér tiltölulega einfaldur hlutur að búa til fána eða koma fánalitum fyrir hvar svo sem menn kjósa að gera það. Það er því erfitt að koma við einhverjum reglum sem banna mönnum þessa notkun eða hina á fánanum, hvar sem menn kjósa að gera svo. Þess vegna er málið alls ekki einfalt. En ég vil láta það koma fram að ég vil alla vega vera í varkárari kantinum að því er varðar notkun á fánanum.

Í þessu efni og að því er varðar vörumerki í þessu sambandi, þá þurfa menn auðvitað ekki aðeins að taka mið af þeim reglum sem hér eru í gildi heldur líka, eins og menn þekkja, þeir sem hér hafa talað, alþjóðlegum reglum. Það eru t.d. alþjóðlegar reglur um það að ekki má nota landaheiti í vörumerkjum. Ég kann satt að segja ekki þessar alþjóðlegu reglur nógu vel til að muna hvaða reglur gilda um notkun á fánum í vörumerkjum fyrirtækja eða í tengslum við vörumerki fyrirtækja, en ég hygg að fánar komi þar eitthvað við sögu. Þannig að hv. allshn. skoðar það vafalaust, þessar alþjóðlegu reglur sem Ísland er aðili að, alveg eins og fyrirmæli laganna og reglugerðarinnar um notkun á fánum. Þetta vildi ég láta koma hér fram, virðulegi forseti, um leið og ég tek undir það að ég tel sjálfsagt að

menn af og til, á fimmtíu ára fresti eða svo, en ekki mikið oftar, endurskoði reglur eins og þær sem hér er verið að tala um.

[10:56]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að taka til endurskoðunar, eins og þessi till. til þál. gerir ráð fyrir, lög um þjóðfána Íslendinga. Ég sé það af greinargerð með þessari þáltill. að meginástæðan fyrir flutningi tillögunnar er sú að flm. telja að það geti verið kostur að gæðavörur íslenskra framleiðenda á erlendum mörkuðum eigi að bera glögg einkenni Íslands.

Ég er sammála þessu sjónarmiði. Ég held að það gæti verið mjög æskilegt að gæðavörur íslenskrar framleiðslu, þá ekki síst t.d. matvælaframleiðslunnar, en þar eru Íslendingar framarlega, beri einkenni Íslands. Hins vegar er ég ekki viss um að það þurfi að endurskoða lög um þjóðfána Íslendinga til að ná þessu markmiði. Þó kann vel að vera svo og mér finnst sjálfsagt að athuga það.

Vera kann að út úr þessari athugun kæmi að það væri æskilegt að hannað yrði sérstakt útflutningsmerki, vörugæðamerki, sem hugsanlega bæri í sér fánalitina, væri merkt Íslandi með þeim hætti og ég teldi að það væri í raun og veru betri leið að hanna slíkt gæðamerki sem tengdist fánalitunum eða jafnvel íslenska fánanum með þeim hætti sem löglegt væri. Ég átta mig ekki fyllilega á því hvort nauðsynlegt er að breyta lögunum til þess, en vil taka undir það með þeim þingmönnum sem hér hafa rætt um þetta mál, með þeim hætti að leggja áherslu á varlega notkun þjóðfánans í þessum efnum. Ég tel að það geti komið til greina að finna aðrar leiðir en þær að breyta lögunum um þjóðfánann, þó ég taki heils hugar undir það að vafalaust mætti notkun fánans innan ramma laganna vera miklu meiri en hún er núna.

[10:58]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim sem hér hafa tekið til máls og rætt um þessa þáltill. og þeirra jákvæðni í garð tillögunnar. Jafnframt skil ég mætavel orðatiltæki þeirra um varlega notkun. Ég bendi á, með leyfi virðulegi forseti, þennan söluvarning, sem lögum samkvæmt er ekki heimill. Ég bendi á það átak sem íslenskur iðnaður er að gera í dag og heitir „Atvinna til frambúðar". Það er athyglisvert að horfa á þetta merki. Þetta er keila sem á uppruna sinn erlendis frá og hún er umvafin borða íslensku fánalitanna. Lögum samkvæmt mega þeir ekki nota íslenska fánann sem þó væri eðlilegt og sjálfsagt.

Menn segja: Við skulum fara varlega með íslenska þjóðfánann. Ég er alveg sammála því. En, virðulegi forseti, hvað er þetta hér? (**Gripið fram í:** Regnhlíf.) Þetta er regnhlíf og með íslenska fánanum. Hvaða löggjafi á Íslandi ætlar að banna þeim erlendu aðilum sem nota íslenska fánann sem söluvarning erlendis (**Gripið fram í:** Íslensk lög gilda bara á Íslandi.) Lög gilda bara um Ísland. Það vill svo einkennilega til, hv. þm., að þessi regnhlíf er gefin út og framleidd undir eftirliti Norðurlandaráðs og gefinn Norðurlandafulltrúum til að skýla sér fyrir regni og vindi. Þetta er virðingin við íslenska fánann. Og menn skulu fara varlega með. Nei, virðulegi forseti. Ég veit það líka að þeir sem horfa nú t.d. á sjónvarpsstöðina Sýn, þeim þykir hann ákaflega grár og hversdagslegur bakgrunnurinn sem er við virðulegan forseta. Hvers vegna ætti íslenski fáninn ekki að vera þarna á stöng? Hvers vegna er íslenski þjóðfáninn ekki hér innan dyra? Hvers vegna er hann ekki í almennum ríkisstofnunum? Hvers vegna er hann ekki í skólum landsins? Hver á að bera virðingu fyrir fánanum þegar hann má helst aldrei sjást?

Við skulum auðvitað fara varlega með íslenska fánann, ég tek alveg undir það. En við skulum ekki fara svo varlega með íslenska fánann að hann sé vanvirtur. Þess vegna, virðulegi forseti, leggjum við flm. þessa tillögu fram. Og það er rétt, eins og kom hér fram áðan hjá hv. 9. þm. Reykv., að það er full ástæða til þess að endurskoða þau lög sem nú eru að verða fimmtíu ára og skoða þau með hliðsjón af því sem nútíminn segir okkur. Við eigum að vera ófeiminn að nota íslenska fánann landi og þjóð til framdráttar. Ég vildi að endingu, forseti, leggja til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, 1. umr.

Frv. EH o.fl., 100. mál. — Þskj. 103.

[11:02]

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár. Ásamt mér eru flm. þeir hv. þm. Matthías Bjarnason, Steingrímur Hermannsson, Páll Pétursson, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhann Ársælsson og Kristinn H. Gunnarsson.

Í frv. segir:

„1. gr. Frá og með 1. janúar 1994 er óheimilt að verðtryggja fjárskuldbindingar, þar með talin inn- og útlán í bankakerfinu, skuldabréf, verðbréf o.fl., enda verði lánskjaravísitalan lögð niður.

2. gr. Við gildistöku þessara laga falla úr gildi ákvæði VII. kafla, 34.–47. gr., laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., svo og önnur lagaákvæði er kunna að stríða gegn lögum þessum.

3. gr. Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

4. gr. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1994."

Greinargerð frv. er svohljóðandi:

„Frumvarp þetta er hér flutt í sjöunda sinn, nú með örfáum breytingum. Síðast var það flutt á 116. löggjafarþingi.

Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir bera hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun

og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit, sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað, hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitalan er meiri verðbólguvaldur en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni."

Um 1. gr.: „Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu. Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaður í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af slíkum innlánum.

Langtímaútlán verða hins vegar samkvæmt viðtekinni reglu erlendis háð breytilegum vöxtum. Er þá ýmist heimilt að breyta vaxtaprósentunni innan ákveðinna marka (t.d. 2–4%) eða binda hana í t.d. þrjú ár og láta hana síðan fylgja gildandi vöxtum á hverjum tíma.

Verðtrygging fjárskuldbindinga er ekki lengur við lýði í viðskiptalöndum okkar sem við erum að aðlagast. Þau ríki, sem reyndu verðtryggingu (Finnland, Ísrael og að takmörkuðu leyti Bretland og Svíþjóð), hafa hætt henni. Enginn grundvöllur er því lengur fyrir verðtryggingu hér. Við getum ekki varið það að verðtryggja skuldir en ekki kaupgjald láglaunafólksins sem á að borga skuldirnar.

Ísland hefur ekki efni á að raska því jafnvægi í kjaramálum og verðlagi sem náðist með þjóðarsátt. Atvinnuvegirnir þola ekki nýja vaxtaskrúfu af völdum lánskjaravísitölu eins og þá er varð 1982–1990 þegar skuldauppsöfnunin náði 100 milljörðum króna hjá útgerð og fiskvinnslu. Það er grunnorsök vandans í dag, ekki aflasamdráttur sem oft hefur verið meiri án þess að valda sambærilegum erfiðleikum.

Það er út í hött að gera verðtryggingu frjálsa að vali lánveitenda og lántakenda. Hinir fyrrnefndu ráða ferðinni þannig að verðtryggingin yrði í reynd áfram lögþvinguð.

Það knýr á um afnám verðtryggingar að samkomulag er um að skattleggja fjármagnstekjur eins og aðrar tekjur. Er þá hendi næst að bankar og sparisjóðir innheimti skattinn fyrir ríkissjóð eins og gert er í öðrum löndum. Hann reiknast á nafnvexti enda ógerningur að greina í hverju einstöku tilfelli á milli verðbótaþáttar og raunvaxta. (Ef verðbólga er umtalsverð má hins vegar til mótvægis lækka skattprósentuna.)"

Rökin sem færð voru fyrir verðtryggingu fjárskuldbindinga eru hin sömu og fyrir sjö árum þegar þetta frv. var fyrst lagt fram. Þau er flest að finna í greinargerðinni. Ýmislegt hefur þó gert afnám verðtryggingar brýnni en áður:

1. Skuldauppsöfnun af völdum verðtryggingar er nú orðin meiri en atvinnuvegirnir, heimilin og sjálfur ríkissjóður þola. Eins og kemur fram í greinargerðinni fimmfölduðust verðtryggðar skuldir landsmanna á árabilinu 1982, þegar full verðtrygging var upp tekin, til loka áratugarins. Þjóðarsátt við launþega stöðvaði eða minnkaði þann hrunadans en hve lengi stendur hún? En þrátt fyrir þjóðarsátt og lága verðbólgu hefur lánskjaravísitalan hækkað á þessu ári um 3,3%. Skuldir heimilanna eru taldar um 250 milljarðar. Þótt þær séu ekki allar verðtryggðar má ætla að þær hafi hækkað minnst um 6–7 milljarða. Skuldir fyrirtækjanna eru taldar um 330 milljarðar þannig að þar gæti hækkunin verið 9–10 milljarðar. Að sjálfsögðu má ætla að eignir hafi hækkað eitthvað á móti en þess þarf og að gæta að eignir í íbúðarhúsnæði og atvinnufyrirtækjum standa ekki of vel í því kreppuástandi sem yfir okkur gengur. En þrátt fyrir þetta er það staðreynd að lánskjaravísitalan smyr yfir 15 milljarða ofan á skuldir landsmanna á þessu þjóðarsáttarári.

2. Þá er og þess að geta að gjaldeyrisviðskipti hafa verið gefin frjáls og gengi sveigjanlegt. Hvorugt þetta fær staðist til lengdar ef við höfum kerfi sjálfkrafa vaxtahækkana sem viðskiptaþjóðir okkar hafa ekki.

Að öllu samanlögðu og vegna biturrar reynslu eigum við ekki annars úrkosta en að afnema ófreskju lánskjaravísitölunnar.

Virðulegi forseti. Þetta frv. er nú flutt í sjöunda sinn eins og fyrr kom fram, þannig að saga þess er orðin nokkuð löng. Ýmist hefur það verið svæft í nefnd eða vísað til ríkisstjórnar. Nú eru kaflaskil. Vaxta- og verðtryggingarkerfið er komið í strand, svo sem ég hef lýst, og flutningsmönnum hefur fjölgað, eru orðnir sjö úr fjórum flokkum. Því er þess að vænta að frv. fái skjóta afgreiðslu í nefnd og komi hér til atkvæða. Löngu er orðið tímabært að Alþingi standi frammi fyrir atkvæðagreiðslu, já eða nei, um afnám lánskjaravísitölu.

En það eru önnur kaflaskil þessa dagana. Stundaglasið var að renna út þegar ríkisstjórnin beitti sér fyrir vaxtalækkun fyrir skemmstu. Ríkisstjórnin hafði gefið fyrirheit um að beita sér fyrir mikilli vaxtalækkun í tengslum við kjarasamninga. Lengi vel gerðu menn ekki annað en að tala en nú hefur athöfn fylgt orðum sem sannarlega ber að fagna. Er vonandi að bankar, lífeyrissjóðir og allir aðilar haldi áfram að taka þátt í þessari tilraun þannig að árangur náist og ekki verði gengið til baka. Almenningur og atvinnufyrirtæki hafa lengi beðið eftir þessum fréttum, ekki aðeins að þetta standi í bráð, heldur og í lengd.

Ástæða er til að ítreka þakkir til ríkisstjórnarinnar, sérstaklega forsrh., fyrir að hafa tekið rögg á sig í vaxtamálum. Þetta varð að gerast fyrir 10. nóv. og

hvort við eigum þetta að þakka markaðinum eða handaflinu, þá einfaldlega loksins, loksins gerðist þetta, það var meginmálið og þungu fargi var þar með létt af heimilunum og atvinnufyrirtækjunum.

Um leið og ég endurtek þakkir til forsrh. fyrir aðgerðir í vaxtamálum vil ég kynna þá skoðun mína að þetta hefði ekki gerst þrátt fyrir góðan vilja annarra ráðherra ef Jón Sigurðsson sæti enn í stóli viðskrh. Hann var sá veggur í þessu máli sem sýndist ókleift að komast yfir.

Auðvitað ætti forræði vaxta- og peningamála að vera í höndum forsrh. á hverjum tíma. Hann hefur með efnahagsmálin að gera og þarf því að hafa forræði vaxtamála í sinni hendi. Þeirri breytingu þarf nauðsynlega að koma á. En ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hæstv. núv. viðskrh. fyrir aðgerðir hans í þessu máli. Hér var bókstaflega um líf og dauða þjóðarinnar að ræða að stíga þetta skref. Dauð hönd viðskrh. mátti ekki lengur standa.

Ég er ekki vanur að hrósa krötum en nú vil ég bregða út af því og ítreka þakkir til hæstv. núv. viðskrh. fyrir að höggva á hnútinn. Það var mál til komið og drottinn minn dýri, ef við sætum enn við óbreytt ástand. Hæstv. núv. viðskrh. var umdeildur í sínu fyrra embætti. Í sínu nýja embætti virtist hann í fyrstu og raunar enn snúa sér um of að landbúnaðarmálum svo sem gerir hans ágæti formaður. Þau mál eru á annarra forræði. En forgöngu hæstv. forsrh., forgöngu hæstv. núv. viðskrh. í þessum vaxtamálum, þau ber að undirstrika og þakka. Nú vil ég mega vænta frá hæstv. ráðherra, eftir að búið er að tryggja varanlega vaxtalækkun að hann gerist góður liðsmaður í baráttunni fyrir afnámi lánskjaravísitölunnar. Það er í fullu samræmi við aðgerðir hans, aðgerðir einmitt hæstv. viðskrh. í vaxtamálum að undanförnu.

Ég vil svo leyfa mér, virðulegi forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[11:15]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Allt á sér sinn tíma, eins og predikarinn sagði. Verðtryggingu fjárskuldbindinga má rekja til ársins 1979 þegar sett voru af þáv. ríkisstjórn eða fyrir hennar frumkvæði og að tilhlutan þess þingmeirihluta sem þá var á Alþingi, svokölluð Ólafslög. Þau lög voru sett við þær aðstæður að mikil verðbólga var í landinu og hafði verið um langt skeið, sparifé landsmanna var að brenna upp á verðbólgubálinu, aðgengi að lánsfjármarkaði fyrir lántakendur var takmarkað, menn komust ekki að lánsfé nema fyrir sérstaka náð og miskunn. Það má segja að þar hafi verið skömmtunarkerfi, eins konar kvótakerfi eins og er við lýði í sjávarútvegi og landbúnaði, og það voru sérstök forréttindi að fá að taka lán vegna þess að verðbólgan át upp lánsféð í jafnmiklum mæli og jafnhratt eins og hún át upp sparifé landsmanna. Við þessar aðstæður þurfti að gera þjóðinni grein fyrir því að það á að kosta fé að taka fé að láni. Það var gert með því að leiða í lög verðtryggingu fjárskuldbindinga í svokölluðum Ólafslögum. Sú breyting hefur vissulega haft í för með sér jákvæð áhrif, sparifé landsmanna hefur síðan farið að vaxa og vaxið ört og Íslendingar hafa lært að spara og Íslendingar hafa líka lært það með þessum aðgerðum að það er dýrt að skulda og sá sem ætlar að taka lán verður að geta séð fyrir því að geta greitt það aftur.

En allt á sér sinn tíma, eins og ég sagði, og nú hefur það um nokkuð langan tíma verið einkennandi fyrir íslenskan lánamarkað hversu verðtrygging er þar víðtæk og það má segja að vaxtakjör á útlánum taki ekki bara mið af verðtryggingu í hinu verðtryggða kerfi, heldur eru menn með nafnvaxtaákvörðunum sínum, t.d. í bankakerfinu, að reyna að ná út úr nafnvaxtakerfinu sömu áhrifum eins og menn ná út úr verðtryggðum fjárskuldbindingum, þ.e. nafnvaxtakerfið hefur líka tekið mið af hinu verðtryggða ávöxtunarkerfi.

Þá er það líka mjög óeðlilegt að í kerfi verðtryggðra útlána skuli menn vera með breytilega vexti sem lánveitandinn geti einn tekið ákvörðun um hvernig breytast skuli. Þetta þýðir að einstaklingur eða fyrirtæki sem tekur lán til langs tíma með verðtryggðum kjörum getur átt von á því að ávöxtunarkröfunni verði breytt einhliða af lánveitandanum án þess að lántakandinn hafi nokkra möguleika á að hafa áhrif þar á. Við slíkar aðstæður riðlast að sjálfsögðu öll áætlanagerð, bæði heimilisins, einstaklingsins og atvinnufyrirtækisins og ég veitt ekki dæmi þess að í öðrum löndum þar sem verðtrygging fjárskuldbindinga er notuð að þá skuli menn líka vera með breytilega vexti sem séu þannig að annar aðili að lánssamningnum skuli vera einráður um það með hvaða hætti þeir breytist.

Það er orðið einkennandi fyrir íslenskan lánsfjármarkað að þar er verðtryggingin aðalreglan þegar er verðtrygging algjört undantekningaratriði á lánsfjármörkuðum erlendis.

Aðstæður hafa breyst svo mikið á þessum tíma síðan árið 1979 þegar Ólafslög voru í lög leidd að tímabært er að taka til endurskoðunar þá ákvörðun sem þar var tekin, ekki í því skyni að gera vaxtastigið neikvætt og innleiða á ný það ástand sem var fyrir árið 1979 þegar það borgaði sig að skulda og borgaði sig ekki að spara.

Það er ekki ástæðan fyrir því að það þarf að taka þessi mál til endurskoðunar, heldur vegna þess að okkur hefur tekist að innleiða stöðugleika í íslenskt efnahagslíf. Sem dæmi um það má nefna að á sl. þremur árum hefur verðbólga á Íslandi lækkað úr 20% í 4% eins og hún mun verða milli meðaltalna ársins 1992 og 1993 og engin þjóð í Efnhags- og framfarastofnun Evrópu getur státað að því að hafa á þremur árum náð slíkum árangri sem allar líkur eru til að verði varanlegur.

Við þessar aðstæður er mjög eðlilegt að menn taki til skoðunar hvort ekki sé rétt að breyta frá því kerfi sem var barn síns tíma, því kerfi sem innleitt var árið 1979 og til þeirra hátta sem viðgengst í löndunum í kringum okkur, sem m.a. lýtur að því að það er ekki bara lántakandinn sem tekur áhættu í lánsfjárviðskiptum, heldur lánveitandinn líka, en í hinu verðtryggða útlánakerfi eins og við Íslendingar búum við þá má segja að sá eini sem tekur áhættu við lánveitingu sé

lántakandinn. Lánveitandinn tekur enga áhættu svo fremi sem hann hefur veð og öruggar tryggingar fyrir þeim lánum sem hann veitir. Þess vegna er frv. hv. þm. sem hér er flutt vissulega þarft til þess að taka þessi mál til endurmats. En það er einmitt það sem ríkisstjórnin er að gera því að í samþykkt ríkisstjórnarinnar um vaxtamál frá 23. fyrra mánaðar er gert ráð fyrir því að hefja endurskoðun bæði vaxtalaga og verðtryggingarákvæði Ólafslaga. Ég er í þann veginn að skipa nefnd sem falið verður að gera þetta, þ.e. endurskoða bæði vaxtalög og verðtryggingarákvæði Ólafslaga. Stjórnarflokkarnir munu að sjálfsögðu fá aðild að þeirri endurskoðun og svo stjórnarandstaðan og Alþingi þegar frv. þar að lútandi verður lagt fram á þingi en auk þess verður leitað til Seðlabanka og viðskiptabankanna, svo og lífeyrissjóðanna, um þessa endurskoðun. Þannig að sú skoðun sem hv. þm. sem eru flm. að þessu frv. hafa lagt til, undanfarin sjö ár sumir hverjir, að eigi sér stað er nú að hefjast. Þeir hafa hreyft við þörfu máli sem allar líkur eru á að séð verði fyrir endann á og Alþingi geti fengið þá vandaðan tillöguflutning um bæði verðtryggingarkafla Ólafslaganna og um vaxtalögin til skoðunar á þessu þingi.

Um árangurinn af aðgerðum ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum þarf ekki margt að segja, hann er það ferskur í hugum manna, en það er auðvitað alveg ljóst að þar hefðum við ekki náð árangri ef ekki hefðu margir lagt þar hönd á plóginn. Þessi tilraun að reyna að ná niður vöxtum með þeim hætti sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir hefur einu sinni verið gerð á okkar landi. Það var gert vorið 1991 af páv. fjmrh., hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Þá kom hann fram í sínu messíasarhlutverki eins og hann á vanda til og lýsti því yfir, að ég sjálfur, Ólafur Ragnar Grímsson, hef hér með ákveðið að vextir á Íslandi skulu ekki vera nema 6%. En það gerðist bara ekki neitt. Þjóðin hlýddi á þennan messíasarboðskap en hún fór ekkert eftir honum. Vextirnir héldu áfram að vera þar sem þeir höfðu verið áður en fjmrh. gaf út sína yfirlýsingu. Það eina sem gerðist var það að enginn vildi skipta við þennan fjmrh., ríkisskuldabréfin hans seldust ekki. Þannig að það er ekki nóg að fjmrh. eða ríkisstjórn gefi út yfirlýsingu af þessu tagi ef ekki er búið að undirbúa málið, vinna vel að undirbúningi og aðrir aðilar í samfélaginu vilja ekki ganga með ríkisstjórninni þessa vaxtalækkunarbraut. Það var einmitt það sem gerðist.

Ég vil aðeins taka það fram út af ummælum um fyrrv. viðskrh. að Jón Sigurðsson og Seðlabankinn sem stofnun hafa átt greiða og góða samvinnu við ríkisvaldið um þessar aðgerðir. Seðlabankinn hafði raunar þegar hafið aðgerðir til lækkunar á vöxtum, bæði með vaxtaskiptasamningunum við viðskiptabankana og með ýmsum aðgerðum til að greiða fyrir því að viðskiptabankarnir gætu fylgt í kjölfar ákvörðunar ríkisvaldsins þannig að Jón Sigurðsson og stofnun sú sem hann veitir forstöðu ásamt öðrum seðlabankastjórum var í fullri samvinnu við ríkisvaldið um þessar aðgerðir. Ekki er sanngjarnt að segja að þar hafi Seðlabankinn dregið fæturna, heldur þvert á móti, það má segja að hann hafi tekið frumkvæðið og gengið síðan við hlið ríkisvaldsins að þeim aðgerðum sem gera þurfti.

En ég ítreka það að þetta frv. hv. þingmanna sem hefur verið á dagskrá nokkur undanfarin þing er þarft. Það er í samræmi við breytta tíma og það er í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur markað með samþykkt sinni frá 23. okt. sl.

Útbýting þingskjals:

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, 250. mál, skýrsla félmrh., þskj. 289.

[11:25]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér hef ég ekki mikið við að bæta það sem 1. flm. þessa frv. sagði. Hann er í góðri þjálfun að mæla fyrir þessu máli af því að þetta er í sjöunda skipti og það hefur oft verið seinna á ferðinni en núna, en það hefur þó verið þrisvar sinnum snemma á ferðinni fyrir þeirri nefnd sem á að fjalla málið en hún hefur ekki afgreitt það og í fyrra var mjög gengið eftir nefndinni að afgreiða málið en það fékkst ekki gert.

Ég hef eiginlega aldrei skilið alla þessa fjármálasnillinga sem hafa haldið fram að það eigi að gilda annað lögmál um fjármagnið en kaupgjaldið. Kaupgjaldsvísitalan var numin úr gildi og menn héldu því fram, og það með réttu, að þjóðin hefði ekki ráð á því að laun hækkuðu alltaf í samræmi við verðbólgu. En ég hef aldrei skilið það af hverju fjármálaspekingarnir hafa talið sig þurfa að halda dauðahaldi í þessa lánskjaravísitölu. Lánskjaravísitalan hefur komið hart niður á heimilum í landinu. Það er töluvert annað ástand hér heldur en í nágrannalöndum okkar á Norðurlöndum. Hér eru langflestir landsmenn húseigendur eða íbúðareigendur og þeir hafa því orðið að taka á sig gífurlegar fjármálaskuldbindingar og eiginlega sama hversu hratt hefur verið greitt niður af lánum, lánin hafa alltaf haldið áfram að hækka og margfaldast á nokkrum tíma. Sama gildir um atvinnulífið. Það hefur verið að taka lán og ég hygg að fyrir utan fiskveiðistjórnunina í sjávarútvegi þá sé ekkert sem hefur farið jafn illa með atvinnulífið og þessir háu vextir og þessi lánskjaravísitala eða verðtrygging.

Hæstv. viðskrh. sagði að menn þyrftu að gæta að sparifénu. Að vissu leyti er það rétt og hann hrósaði þjóðinni fyrir hvað hún hefði gengið langt í að spara. En ég held að hinn hópurinn sé enn þá stærri sem skuldar því menn hafa ekki gætt að sér sem skyldi og hafa farið margoft út í fjárfestingar sem þeir engan veginn geta staðið við.

Ég get heldur ekki skilið það að innlánsstofnanir eigi að hafa frelsi að setja á þjónustugjöld. Ég hrökk illa við þegar ríkisstjórnin gerði þann ágæta hlut að lækka vextina. Sama kvöldið eða kvöldið eftir þá sást einn bankastjóri í öðrum ríkisbankanum og boðaði hækkun þjónustugjalda til þess að vega upp á móti vaxtalækkunum. En ég hef ekki heyrt þetta aftur, ég vona að viðskrh. sem er hraustur Íslendingur, taki nú í pilta ef þeir ætla sér að gera þetta og stöðvi slíkt, svoleiðis að það eru nú fleiri en 1. flm. sem hæla krötum.

Ég held að það sé kominn tími til að afgreiða þetta frv. eða afnema lánskjaravístöluna. Það er ekkert heilagt mál sennilega fyrir okkur alla sem flytjum þetta frv. að það verði endilega samþykkt heldur að lánskjaravísitalan verði úr sögunni. Það er okkar heitasta ósk að svo verði gert. Ég held að Seðlabankinn þurfi ekki að kvarta. Það hefur enginn grætt meira á vaxtahækkunum og skuldasöfnun atvinnufyrirtækja en Seðlabankinn. Hann hefur meiri tekjur eftir því sem skuldasöfnunin verður meiri og getur keypt fleiri málverk og listmuni. Ég sé ekkert eftir því að Seðlabankinn missi spón úr sínum aski. Á sama tíma er verið að klípa af smáframlögum vegna þess að við getum ekki afgreitt fjárlög skammlaust ár eftir ár. Þannig er komið fjárhag þessarar þjóðar og allt of mikið um það að menn vilja ekki niðurskurð. Niðurskurðurinn kemur alltaf með þeim hætti rétt þegar á að fara að afgreiða fjárlög, þá er komið með einhverjar tillögur úr ráðuneytunum, vanalega frá reynslulausum unglingum. En niðurskurðinn verður að byggjast á lengri tíma og hann verður líka að byggjast á reynslu manna og ef hugað er að niðurskurði fram í tímann þá næst árangur. En það næst aldrei árangur að koma með niðurskurð þegar komið er fram í október eða nóvember og segja: Nú getum við ekki afgreitt fjárlög nema gera þetta eða hitt, hækka þessa skatta, segja í hinu orðinu, við ætlum ekki að hækka skatta, og leggja þungar kvaðir á ákveðna hópa í þjóðfélaginu. Það má sameina margar stofnanir í landinu sem ég heyri ekki nefndar. Hvað höfum við að gera með bæði Hollustuvernd og Vinnueftirlit? Það ætti löngu að vera búið að sameina þær. Þegar ég var í ríkisstjórn lagði ég það til. Þá svaraði bara annar ráðherra því til og kom með mikinn doðrant frá sinni stofnun að það væri bara ekki vitlegt að gera þetta og þar með var það mál búið. En það liggur ekki hér fyrir til umræðu. En mér finnst þó vænt um það að nú í fyrsta skipti er tekið jákvætt undir þetta mikilsverða mál. Ég verð nú að enda orð mín með því að segja að það er einstök þrautseigja sem hv. 6. þm. Suðurl. sýnir með því að berjast í öll þessi ár fyrir þessu máli og leiða nú flutnings þess í sjöunda sinn.

Útbýting þingskjals:

Viðhald húsa í einkaeign, 249. mál, fsp. TIO, þskj. 288.

[11:33]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hvar er hæstv. viðskrh.? (**Forseti:** Þannig háttar til að hæstv. viðskrh. þurfti að hverfa af fundi vegna fundar með ákveðnu sveitarfélagi á Vestfjörðum úti í Þórshamri.) Nú, ég verð þá að una því, ég ætlaði reyndar að eiga við hann ofurlítinn orðastað, en ég vil ekki láta hjá líða að þakka hv. 1. flm. þessa máls fyrir eljuna og flytja þetta mál í sjöunda sinn. Okkur hefði farnast betur ef við hefðum samþykkt þetta mál fyrir sjö árum síðan. Verðtryggingin er leifar frá fortíðinni og það er löngu kominn tími til að afnema þær leifar. Ef ég mætti taka aftur eitthvað af því sem ég hef gert í þingsölum þá orkar það ekki tvímælis að það sem ég sé mest eftir að hafa gert í málafylgju eða atkvæðagreiðslum, það er að samþykkja lög nr. 13 frá 1979. Þessi lög voru ekki alómöguleg miðað við þáverandi kringumstæður, þó hefur reynslan sýnt að þar orkaði ýmislegt tvímælis svo ekki sé meira sagt. En á hinn bóginn hafa eftirstöðvar þeirra reynst okkur ógæfulega. Ef ég mætti lifa upp aftur þá mundi ég ekki greiða atkvæði eins og ég gerði þá.

En það þýðir ekkert að vera að harma orðinn hlut. Þessu verður bara að breyta og breyta sem allra fyrst. Verðtryggingin ásamt allt of háum vöxtum hefur stuðlað að mikilli eignatilfærslu í þjóðfélaginu. Eignatilfærsla var að vísu fyrir 1979 með öðrum hætti, þ.e. sparifé brann upp og það átti þessi lagasetning ásamt með verðtryggingunni að lækna. En lækningin reyndist helmingi hættulegri en sjúkdómurinn. Hér hefur komið fram hvað skuldir, bæði heimila og fyrirtækja, eru gífurlega háar og að búa við svona peningakerfi, þ.e. vaxta- og verðtryggingarkerfi eins og við höfum undanfarin ár búið við og þó sérstaklega á valdatíma þessarar ríkisstjórnar, þá hefur það stuðlað að gífurlegri eignatilfærslu í þjóðfélaginu. Það hefur stuðlað að því að gera hina ríku ríkari og hina fátæku fátækari. Það hefur verið núv. hæstv. ríkisstjórn þóknanlegt en það er þjóðfélaginu til meins og ólíðandi ástand. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur tekið á sig dálitla rögg og lækkað vexti með handafli. Það er að sjálfsögðu spor í rétta átt og þakkarvert, en það er ekki stórt skref og það þarf að stíga fleiri. Ríkisverðbréf eru hærri á Íslandi en í 13 löndum eftir þessa vaxtalækkun, samkvæmt fréttabréfi um verðbréfaviðskipti sem ég er hér með höndum. Þetta er skrá um raunvexti ríkisskuldabréfa í 14 löndum samkvæmt tímaritinu Economist í byrjun nóvember 1993 og Verðbréfaþingi Íslands. Raunvextir eru nafnávöxtun nýrra ríkisskuldabréfa til langs tíma að frádreginni verðbólgu samkvæmt spá OECD. Ísland er þar í 13. sæti af þessum 14 þrátt fyrir það að við séum búnir að lækka raunvexti ríkisskuldabréfa. Það er einungis í Kanada af þessum 14 löndum, sem við viljum bera okkur saman við, sem vextir á ríkisskuldabréfum eru hærri.

Það má ekki gleyma því að vextir voru hækkaðir, það var eitt af fyrstu verkum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, að stórhækka vextina. Nú er að vísu búið að leiðrétta það loksins með handafli eftir allan þennan tíma, þannig að sumir lánaflokkar eru komnir niður fyrir það sem þeir voru þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við og ég undirstrika að t.d. fasteignatryggð skuldabréf eru annað hvort á sama róli eins og þau voru þá eða jafnvel hærri.

Afurðalánavextir á Íslandi eru enn þá allt of háir og það er óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin beiti handafli sínu til þess að koma þeim neðar ef okkar atvinnulíf á að geta gengið.

Ég nefni það að vaxtamunur bankanna er enn þá háskalega mikill og því þarf að breyta líka. Þrátt fyrir það að vaxtalækkun hafi orðið og bankarnir hafi sagt að vaxtamunurinn hafi minnkað, þá fæ ég ekki séð samkvæmt þeim gögnum sem ég hef í höndum, að vaxtamunurinn hafi minnkað neitt að ráði og í sumum tilfellum hefur hann beinlínis hækkað.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð miklu fleiri. Ég vil ítreka þakkir mínar til hv. 6. þm. Suðurl. fyrir eljusemi hans og þar sem ég er einn af meðflm. þessa frv. þá þarf ég ekki að lýsa yfir stuðningi við það, það liggur fyrir á þskj.

[11:41]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og fleiri þakka flm. og ekki síst 1. flm. elju hans og þrautseigju að það skuli nú vera í sjöunda sinn sem hann leggur þetta mál fram. Þó að það hafi ekki náð fram að ganga að öðru leyti þá er enginn vafi á því að það hefur haft áhrif á umræðuna í þjóðfélaginu. Hann skipti sinni ræðu í tvennt, annars vegar snerist hún um afnám lánskjaravísitölunnar sem hann leggur mikið upp úr og hins vegar um vexti. Auðvitað eru þetta í sjálfu sér tvö aðskilin mál, það er enginn vafi á því að lánskjaravísitalan hefur haft sín verðbólguáhrif en ég hygg þó að Íslendingar séu um það sammála að sá tími má aldrei koma í sögu þessarar þjóðar að fjármagnið verði brennt upp í óðaverðbólgu, sparifé er dýrmætasta eign hverrar þjóðar og það er auðvitað mikilvægt að kenna ungu fólki og þjóðum í heild sparnað. Það hefur kannski að vissu marki tekist, alla vega sýnir staðan það hvað sparifé varðar að hún er ólík því sem hún var og hefur þróast í rétta átt frá því að Ólafslögin voru sett.

Ég vænti nú þess að alþingismenn séu sammála um hversu mikilvægt er að sparifé haldi verðgildi sínu. Hitt er svo önnur saga hverjir vextirnir eigi að vera. Ég er t.d. alveg sannfærður um það að einhver mestu mistök sem gerst hafa á íslenskum peningamarkaði gerðust 1985 að kröfu Sjálfstfl. um að vextir yrðu gefnir frjálsir. Þar hófst sú skriða hækkandi vaxta sem hefur lagst af miklum þunga á atvinnulífið og gengið frá því lömuðu á mörgum sviðum. Það er enginn vafi á því að sú dýra ákvörðun sem gerð var að kröfu Sjálfstfl. 1985 hefur valdið því að íslensk atvinnufyrirtæki og íslenskar fjölskyldur eru skuldum vafnar í dag. Þar voru stigin þau örlagaspor sem hleyptu stóreignamönnum á fjármagni og lífeyrissjóðunum í þá samningsaðstöðu, í þá kröfugerð, sem ekki hefur linnt síðan. Því miður. Það er kannski hlægilegt að hrósa krötunum verulega úr þessum ræðustól á þessum degi. Þeir eru farnir í pílagrímsför um landið, greyin, og þeir fara undir kjörorðinu „Lækkum vexti, bætum kjörin". Þetta er iðrunarferð. Hverju hefur þessi ríkisstjórn áorkað? Hennar fyrstu verk voru að hækka vexti á spariskírteinum ríkissjóðs úr 6,5% upp í 8,3% hæst haustið 1991.

Þessi aðgerð hefur kannski leitt það af sér sem þeir eru að segja íslenskum heimilum núna að ríkisstjórnin hafi með sinni vaxtalækkun fært íslenskum heimilum og fyrirtækjum 10 milljarða. Hvað hefur gerst á þessum tveimur árum? Þessi handaflsaðgerð við upphafsferil ríkisstjórnarinnar hefur auðvitað ráðið því að margir hafa misst heimili sín og við sjáum það núna að fyrirtæki eins og Hjálmur á Flateyri og fleiri segja: Þessi ár voru svo örlagarík að nú verðum við að hætta störfum og loka. Þau eru mörg fyrirtækin í þeirri stöðu á Íslandi sem ekki þoldu þessa ákvörðun og ekki hafa þolað vaxtatöku tveggja síðustu ára og eru því miður nú að segja fólkinu upp og loka dyrunum. Þannig að það er seint í rassinn gripið og hin minnsta ástæða fyrir stjórnarflokkana að slá sér á brjóst og hrósa sér af afrekum sínum. Þeirra stærstu mistök var þessi fyrsta gjörð og það er langt þangað til að íslensk þjóð verður á nýjan leik komin út úr þeim erfiðleikum sem þessi aðgerð ríkisstjórnarinnar skóp. Enda sagði hv. flm. að stundaglasið væri að tæmast og því miður er það tómt hjá mörgum hvað þetta varðar.

En auðvitað ber að fagna því að loksins náðu menn saman um að snúa til baka þó seint væri. Ég ræddi það hér við stefnuræðu forsrh. hversu mikilvægt væri að lækka vexti og sagði þá m.a.: „Eina raunhæfa leiðin til lækkunar vaxta er því sú að íslenska ríkið lækki sín tilboð um svona 3%. Þá er víst að almennir útlánsvextir munu lækka að sama skapi. Við þessa aðgerð yrðu stærstu fjármagnseigendurnir, sem eru lífeyrissjóðirnir í landinu og stóreignamenn á peningum að lækka sína ávöxtunarkröfu."

Það má segja að ríkisstjórnin hafi, eins og skáldið sagði: „...yfir fóðri Framsóknar fýlir grön en étur."

Hún varð að fara handaflsleiðina, hún varð að fara skynsemisleiðina fyrir rest og ná saman um málið og þetta er áreiðanlega í eina skiptið í heiminum sem ein setning fjmrh. hefur haft svo afdrifarík áhrif en hann sagði einfaldlega þetta: Ef þið ekki kaupið þessi bréf ríkissjóðs með þessari vaxtaprósentu eða þessum afföllum þá erum við farnir á erlendan markað.

Þessi yfirlýsing dugði til þess að þeir sem svo vel hafa verið fóðraðir á síðustu árum sáu að þeir urðu að kaupa áfram. Og vonandi standa þeir með íslensku atvinnulífi og íslenskum heimilum og halda peningunum hér í landinu þó bréfin séu nú á lægri kjörum en þau hafa verið.

Á þetta vildi ég leggja áherslu. Auðvitað veltir maður því líka fyrir sér og því hafa ýmsir haldið fram að Seðlabankinn væri mikilvægt stjórntæki í vaxtamálum og flestar ríkisstjórnir um allan heim viðurkenna að svo sé. Hér sagði hv. flm. að Jón Sigurðsson hafi verið ókleifur veggur í gegnum mörg ár. Þetta virtist hann vera sem viðskiptaráðherra. Það fannst okkur sem störfuðum með honum í fyrri ríkisstjórn og það fannst þeim sem kannski hafa starfað með honum í þessari. En ég er þó í engum vafa um það hvað Seðlabankann varðar og eftir komu hans þar, svo ég taki að hrósa krötum, þá á Jón Sigurðsson, sem seðlabankastjóri auðvitað sinn þátt í því að leiða til lykta þessa nýju framsóknarstefnu ríkisstjórnarinnar sem framkvæmd var á haustdögum því hann hefur með þekkingu sinni sem seðlabankastjóri auðvitað lagt málið upp með nýjum hætti. Og það er enginn vafi á því að mörg þau nýju úrræði sem Seðlabankinn loksins kom með í þessu máli urðu til þess að vextir lækkuðu og bankarnir og aðrir gátu gengið inn í þetta samstarf með ríkisstjórninni. Á þetta vildi ég leggja áherslu.

Ég get fallist á það að lánskjaravísitalan hverfi og auðvitað er það tímabært þegar verðbólga hefur um svo langt skeið verið jafnlág. En ég vil jafnframt leggja á það áherslu sem ég sagði í upphafi að það er afar mikilvægt að varðveita sparifé og sá tími má aldrei koma

aftur að þeir sem eru að spara og fara ekki í sólarlandaferðir, spara sér bílakaup, leggja þjóðfélaginu til sparnað sinn, jafnvel með því að borða minna dag hvern eins og sumir gera, að þetta fé eitt verði látið brenna upp. Þess vegna er það mikilvægt um leið og lánskjaravísitalan er afnumin að menn finni þá tækni eða nái saman um þá stöðu að sparifé haldi verðgildi sínu og beri hóflega vexti eins og nú er að gerast. Enn fremur vil ég taka það fram að það hefur alltaf verið *mér ljóst að bankar lifa ekki á háum vöxtum, þeir lifa á vaxtamun*, þeim er ekkert mikilvægara bönkunum en að atvinnulífið snúist á nýjan leik. Að það sé góður gangur í atvinnulífinu því við sjáum auðvitað að það sem bankar og sjóðir hafa verið að leggja til hliðar upp í gjaldþrotin, töpin á síðustu árum, ekki síst á tíma þessarar ríkisstjórnar, það eru auðvitað hroðalegar tölur að það skuli vera einir 10 milljarðar á tíma þessarar ríkisstjórnar sem bankar og sjóðir hafa orðið að leggja til hliðar til þess að mæta þeirri helstefnu sem þessi ríkisstjórn setti af stað strax á sínu fyrsta degi. En þökk sé þeim að smáskíma hefur nú komist inn í kollinn á þessum ráðherrum sem hér ríkja.

[11:54]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. „Fornar dáðir Framsóknar farnar eru að dofna". Það er auðheyrt á máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Guðna Ágústssonar, þess sem talaði síðast hér, sem hefur verið málsvari hávaxtastefnu á Íslandi undanfarin ár og það er eðlilegt að hann kvarti eins og ég skildi hans málflutning fyrir hönd síns banka þar sem hann er hagsmunagæslumaður yfir því að minni gróði flýtur í sjóði þá sem hann er gæslumaður fyrir. Það var einmitt það sem kom fram í hans síðustu orðum að það er vaxtamunurinn sem bankarnir lifa á og það er vaxtamunurinn sem hv. síðasti ræðumaður vill halda uppi og það kemur berlega í ljós af þeim gögnum sem streyma frá þeirri stofnun sem hann stendur fyrir.

[11:56]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú þykir mér Akranes orðið lítið og lágt og skrítnar sendingar sem þaðan berast inn í sali Alþingis.

Þetta var ómerkilegur málflutningur sem styðst ekki við nein rök og auðvitað dæmalaust að alþingismaður skuli leyfa sér svona ómerkilegheit. Hann sagði að ég hefði verið málsvari hávaxtastefnu, þetta er mjög rangt. Ég hef verið málsvari þess að sparifé brynni ekki upp og að hér ríktu ákveðnir raunvextir. En ég hef alla tíð verið talsmaður þess að vextir væru lækkaðir eftir þeirri aðferð sem nú hefur verið valin. Ég var talsmaður þess í fyrri ríkisstjórn. Hvort sem það var Jón Sigurðsson eða annar sem stóð í vegi fyrir því eða skilningsleysi í mínum eigin flokki um að þetta væri aðferðin þá náðist það ekki fram. Ég hef barist gegn því að *lífeyrissjóðirnir og stóreignamennirnir á Íslandi* sætu við þau kjör sem þeir hafa gert. Ég er enginn hagsmunagæslumaður inni í Búnaðarbanka Íslands. Mér hefur verið falið það hlutverk að vera formaður þar nú í um fjögur ár. Ég tel mig þar hafa fyrst og fremst hugsað um afkomu þess fyrirtækis og verið baráttumaður fyrir því að fyrirtækin sem þar standa völtum fótum sum hver vegna stefnu ríkisstjórnarinnar sæju fram á vaxtalækkun.

Þannig að þessi ómerkilegi málflutningur þessa hv. þm. fellur um sig sjálfan enda væri það rétt hjá nýliðum í þinginu að lesa sér til áður en þeir flytja slíkt bull úr ræðustól Alþingis, sem þennan mann henti.

[11:58]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þau orð sem hv. síðasti ræðumaður, Guðni Ágústsson, flutti staðfesta að það var komið við eitthvert sár. Það er langt síðan ég fór að fylgjast með umræðum hér á þingi og ég hef ekki séð mann jafnsáran yfir sannleikanum.

[11:58]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, ég er nú ekki sár yfir þessu. En hins vegar þá lætur maður ekkert troða á sér eða bera á sig rangar sakir án þess að bera af sér blak. Þannig að þetta snertir mig ekki á neinn hátt. Ég hygg að það sé bæði hv. alþingismönnum mörgum kunnugt svo og ýmsum öðrum hverjar mínar skoðanir hafa verið í þessum efnum og þær hafa ekkert breyst og komu hér fram í minni ræðu. Þó einhver krati í vondri pílagrímsferð sé nú að reyna að koma höggi á aðra þá truflar það nú ekki sálarró mína. En ég vænti þess að hann verði minntur á það á sínu ferðalagi að hann þykist vera að skila 10 milljörðum sem ríkisstjórn hans lagði á borgara þessa lands. Það eru kannski 10 milljarðar á ári eða getur hv. þm. upplýst mig um það yfir hvaða tímabil þessir 10 milljarðar ná sem þeir segjast nú vera að skila inn í heimilin og fyrirtækin í sinni pílagrímsför um landið?

[12:00]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil nú eins og aðrir þingmenn sem hér hafa tekið til máls þakka þeim þingmönnum sem þetta frv. flytja og þá ekki síst 1. flm., hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, fyrir að koma með þetta hér eina ferðina enn. Það segir auðvitað sína sögu um að þetta er tímabært frv. að þessi umræða skuli þó eiga sér stað þetta mikil, miðað við að þetta er í sjöunda sinn sem frv. kemur inn í þingið.

Ég vil segja það sem mína skoðun að ég tel að það sé jafneðlilegt að afnema nú verðtryggingu fjárskuldbindinga eins og það var að minni hyggju eðlilegt að verðtryggja fjárskuldbindingar með Ólafslögunum árið 1979. Það kemur mér reyndar svolítið á óvart og finnst það fróðlegt út af fyrir sig að heyra hér í hv. þm. sem stóðu að þeirri verðtryggingu, stóðu að því að samþykkja Ólafslögin árið 1979 að þeir skuli nú gera þá játningu að það hafi kannski verið þeirra stærstu mistök á þeirra þingmannsferli að gera þetta vegna þess að mér hefur ekki fundist umræðan vera á þeim nótum *síðan að þarna hafi verið sérstök mistök gerð*.

Eins og við náttúrlega öll vitum þá var áratugurinn á milli 1970 og 1980 þannig að vextir voru neikvæðir allan tímann og þeir verða ekki jákvæðir í rauninni, raunvextir fyrr en með Ólafslögunum 1979, fyrr en

með verðtryggingu fjárskuldbindinga. Á þessum áratug, 1970–1980 náðu vextir því meira að segja að verða neikvæðir um allt að 24% sem er auðvitað alveg gífurlegur, hvað eigum við að segja, bruni bara á sparifé sem átti sér þá stað. Það sjáum við líka ef við skoðum þennan áratug að innlendur sparnaður brann meira og minna upp. Og það er á þessum áratug sem erlend lántaka fer að eiga sér stað í þeim mæli að við bindum okkur verulega skuldabagga sem við eigum í erfiðleikum með núna, sem við erum að súpa seyðið af og komumst illa frá. Þannig að vissulega var þá tímabært að grípa til einhverra ráðstafana vegna þess hvernig sparifé brann upp á þessum áratug.

Ég held að almennt höfum við Íslendingar farið dálítið illa að ráði okkar á þessum áratug. Við áttum ýmis tækifæri, það var færð út landhelgin í tvígang. Fyrst 1972 og síðan 1975. Við bárum hins vegar ekki gæfu til að fara þannig með fiskimiðin sem við náðum undir íslenska lögsögu að við umgengjumst þau með þeim hætti að það væri ekki um rányrkju að ræða vegna þess að við í rauninni tókum til við rányrkjuna þar sem Bretar og Þjóðverjar hættu henni og erum að súpa seyðið af því líka í dag í þeim niðurskurði sem á sér stað í þorskveiðum. Engu að síður var talsverð þensla á þessum áratug, það var talsverð velta í samfélaginu en við brenndum upp innlendan sparnað og við fórum út í erlendar lántökur og ég held að á þessum áratug séu margar rætur þess vanda sem við er að etja í dag.

Hins vegar voru Ólafslögin ekki fyrstu lögin til þess að ákvarða verðtryggingu fjárskuldbindinga vegna þess að áður höfðu t.d. námslán verið verðtryggð, það gerðist strax árið 1975. Þá voru námslán verðtryggð og það fólk sem var í námi á þeim árum og þar á eftir er allt saman með sín námslán verðtryggð nánast að fullu. Og námsmenn gengust inn á það á þeim tíma vegna þess að þeir töldu eðlilegt að þeir greiddu til baka það sem þeir fengu lánað, að námslánin brynnu ekki upp eins og annað en súpa nú kannski margir seyðið af því í dag.

Þegar verðtryggingu var komið á þarna 1979, þá varð hún engu að síður þess valdandi að í dag búa tvær þjóðir í þessu landi. Það er annars vegar þjóðin sem fjárfesti fyrir verðtryggingu og svo sú sem fjárfesti eftir verðtryggingu. Það fólk sem eignaðist íbúðir sínar eða fjárfesti þá í fyrirtækjum eða öðru eftir að verðtrygging kom til og svo hinir sem eignuðust íbúðir sínar áður en verðtryggingin kom til. Þetta held ég að öllum sé ljóst og nú finnst mér sú spurning vakna við þetta frv. hvort þetta muni endurtaka sig, hvort það verði aftur tvær þjóðir í þessu landi eða kannski bætast við þriðja þjóðin, þá erum við að tala um þjóðina sem er með þessar verðtryggðu skuldbindingar allar frá síðasta áratug, frá því eftir 1979 og svo hins vegar þá þjóð sem mun ef þetta nær fram að ganga fá sín lán án verðtryggingar. Og þetta segi ég vegna þess að mér finnst kannski vanta inn í þessa umræðu að menn velti því fyrir sér hvernig eigi að fara með þann hóp fólks sem er með gífurlegan skuldabagga á herðunum að fullu verðtryggðan og með háum vöxtum líka. Og við skulum bara horfa á það fólk sem hefur verið að taka húsbréfalán síðan húsbréfin komu til sögunnar. Þar eru flestir með 5,5–6% vexti á húsbréfunum auk verðtryggingar. Mér finnst að það verði aðeins að velta því fyrir sér hvernig á að taka á málum þessa hóps. Þessi hópur skiptir sjálfsagt þúsundum því húsbréfalánin sem afgreidd hafa verið síðan það kerfi tók til starfa skipta örugglega þúsundum. Þannig að þarna er verulega stór hópur á ferðinni sem þá situr uppi bæði með verðtryggingu, háa vexti og afföllin. Þegar við erum að tala um hér að lækka vextina og þeir hafa farið lækkandi á húsbréfunum t.d., og við erum að tala um að afnema verðtrygginguna og væntanlega eins og málin standa núna eru lítil afföll. Þarna erum við komin með tvo hópa sem búa við algjörlega mismunandi kjör ef fram fer sem horfir. Og við verðum að velta því sérstaklega fyrir okkur hvernig við ætlum að taka á málum þessa misgengishóps sem lenti í misgenginu eftir 1983 þegar kjörin voru skert á einu bretti um 30% en verðtryggingin hélt áfram. Það var ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. sem það gerði árin 1983 og 1984. Þar var ákveðinn hópur sem lenti í þessu misgengi og það er spurning hvort þessi hópur er aftur að lenda í því að sitja uppi með verðtryggð lán og háa vexti. Þetta er auðvitað ekki bara fyrir okkur í þinginu að velta fyrir okkur heldur auðvitað ríkisstjórnina líka ef hún hefur markað þá stefnu að afnema verðtryggingu.

Hér hefur líka verið sagt — þá erum við að tala um þessa háu vexti sem hér eru ríkjandi — að rót þess vanda liggi í ákvörðun um að gefa vexti að hluta til frjálsa 1984 og síðan voru þeir gefnir að fullu frjálsir 1987 og fóru þá fljótlega upp í 9% og hafa verið þar nánast síðan. Þá hafi þessi vandi skapast. Og ég get alveg tekið undir það, það sýna allar tölur, að þarna gerðist þetta. Þarna hækkuðu raunvextirnir upp í 9% og hafa í rauninni ekki lækkað fyrr en þá núna á allra síðustu dögum og vikum.

En mér finnst skjóta svolítið skökku við þegar hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, segir að þetta hafi verið gert að kröfu Sjálfstfl., það kann vel að vera, nú þekki ég það ekki, en þarna voru auðvitað saman í ríkisstjórn á þessum tíma Sjálfstfl. og Framsfl. Þetta hefur væntanlega verið gert með tilstyrk beggja flokka. Og menn geta ekki þvegið algerlega af sér fortíðina og hljóta að gangast við því að þeir áttu þátt í þessum ákvörðunum með einum eða öðrum hætti. Nú veit ég ekki hvort hv. þm. Guðni Ágústsson hefur átt þar hlut að máli en einhverjir hafa væntanlega komið þar að.

Vaxtalækkunin nú lofar vissulega góðu og er fagnaðarefni, hlýtur að vera fagnaðarefni öllum sem bera hag heimilanna og fyrirtækjanna í landinu fyrir brjósti, en auðvitað vaknar sú spurning eins og hér hefur verið velt upp: Hvers vegna í ósköpunum var ekki hægt að gera þetta fyrr? Hvaða aðstæður eru það einmitt núna sem segja að það sé hægt að lækka vexti, aðstæður sem ekki voru hér fyrir nokkrum mánuðum? Ég fæ ekki séð hvaða aðstæður það eru. Vextir í löndunum í kringum okkur eru enn lægri en hjá okkur það voru þeir líka fyrir nokkrum mánuðum síðan. Það er enn þá talsverð eftirspurn eftir lánsfé, það hefur ekki

dregið úr henni. Hún er enn til staðar þessi eftirspurn eftir lánsfé. Hún var það líka fyrir nokkrum mánuðum þannig að það er í rauninni ekkert nýtt í stöðunni sem gerir það að verkum að menn geta einmitt núna lækkað vexti en gátu það ekki fyrir nokkrum mánuðum síðan. Þar er bara einhverju viljaleysi um að kenna. Menn hafa skýrt það þannig út að þjóðin hafi verið sálfræðilega tilbúin til þess núna. Ég held að þessi þjóð sé búin að vera sálfræðilega tilbúin fyrir vaxtalækkun lengi. Það kunna að vera einhverjir sparifjáreigendur sem voru sálfræðilega ekki undir það búnir og hafa kannski þurft að vinda einhvern veginn ofan af sér til að verða viðbúnir vaxtalækkun. En almennt held ég að þjóðin sé búin að vera sálfræðilega undir þetta búin og hafi kallað eftir þessu nú um langt skeið.

Ég vil segja að lokum að ég fagna þessu frv. en það vekur ýmsar spurningar ekki síst um það hvernig eigi að standa að málum gagnvart því fólki sem er með miklar verðtryggðar fjárskuldbindingar á bakinu á háum vöxtum. Hvernig ætla stjórnvöld að standa að málum gagnvart þessu fólki?

[12:11]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og aðrir þakka hv. 1. flm. fyrir þrautseigjuna og baráttustyrkinn sem hann sýnir í þessu máli og mætti það vera til eftirbreytni fyrir okkur hina. Þetta er í sjöunda sinn sem hv. þm. mælir fyrir þessu máli sem leiðir auðvitað hugann að því hvernig okkar nefndarstarfi yfir höfuð er varið. Ég tel að það sé íhugunarefni að mál skuli ekki fá að koma út úr nefndum þegar nægur tími gefst á annað borð til þess að fara yfir málin. Það er annað ef mál koma seint inn í nefndir og það gefst ekki tími til að fara yfir þau, en ef það er nægur tími þá er það auðvitað forkastanlegt að einhver níu manna nefnd taki völdin af hinum 54 þingmönnunum, að þessi eina níu manna nefnd móti afstöðu til málsins og ráði því hvort það fær framgang eða ekki. Það er mín skoðun að öll mál sem fá nægan tíma í nefnd eigi að koma inn í þingsal og það er þingið og þingmennirnir hér, þeir 63 sem eiga að sitja í þessum sal, sem taka afstöðu til málsins. Ekki þessi níu manna nefnd. Það hlýtur að vera réttlætismál að þannig sé farið með þingmál. Ég vil benda á það sem stendur í 18. gr. þingskapa en þar segir, með leyfi forseta:

„Forseti skal gera áætlun um afgreiðslu mála úr nefndum í samráði við formenn þeirra þannig að unnt sé að skipa málum niður á dagskrá þingsins í hagkvæmri tímaröð og dreifa þeim sem jafnast á þingtímann."

Þessu ákvæði tel ég að forseti og forsætisnefnd eigi að framfylgja. Hún á að ganga eftir því að þau mál sem koma tímanlega til nefnda, umsagnir hafa fengist um, og hefur verið fjallað um það, þau mál eiga skilyrðislaust að koma út úr nefnd, hvaða afstöðu sem nefndin hefur til málsins. Það skiptir engu máli. Það er þingið og þeir 63 þingmenn sem eru kjörnir á þing sem eiga að greiða atkvæði um málið, hvort það fær framgang eða ekki, hvort það er samþykkt eða ekki. Þannig tel ég að þetta eigi að vera. Og þetta mál sem við erum að ræða í dag það er auðvitað talandi dæmi um það hvernig þetta á ekki að vera.

En ég lýsi yfir stuðningi við þetta mál eins og ég hef margoft gert áður og alveg óþarfi að fara út í efnislega umræðu um það. Ég sé það þegar ég lít yfir meðflm. þessa frv. að það hljóti að vera mjög sterkar líkur fyrir því að það sé meiri hluti í efh.- og viðskn. fyrir málinu. Ég er yfirlýstur stuðningsmaður þessa máls og á sæti í þeirri nefnd, hér er einnig fulltrúi Kvennalistans, Kristín Ástgeirsdóttir, hún er meðflm. að málinu. Ef hugur fylgir máli hjá framsóknarmönnum og Alþb. þá er augljós meiri hluti fyrir málinu í nefnd og þá hlýtur málið loksins að komast þar út og hér inn í þingsali og verða greidd um það atkvæði. Aðra ályktun get ég ekki dregið af því sem ég hef heyrt hér í dag. Að vísu hef ég ekki heyrt í fulltrúum Alþb.

Ég minnist þess á árinu 1988, þá svaraði þáv. hæstv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, því til um hvenær mætti fella lánskjaravísitöluna niður að þegar verðbólgan væri komin undir 10% og hún stæði sex mánuði eða lengur þá ætti að fella niður lánskjaravísitöluna. Þau orð stóðu auðvitað ekki.

En það var athyglisvert að heyra í hv. þm. Páli Péturssyni koma hér og lýsa yfir mikilli iðrun yfir því að hafa samþykkt Ólafslögin á sínum tíma sem vafalaust voru góð og gild á þeim tíma og lýsa jafnframt yfir stuðningi við þetta mál og vera jafnframt meðflm. að því. Þetta mál er búið að vera, eins og áður hefur komið fram, sjö sinnum hér og sjö sinnum farið inn til efh.- og viðskn. og á þeim árum, 1987–1991, þegar nefndin hét fjárhags- og viðskiptanefnd, þá var hv. þm. Páll Pétursson formaður þeirrar nefndar. Ég sat í þeirri nefnd og er búinn að sitja þar síðan 1987. Ég man ekki eftir neinum sérstökum áhuga hans á að afgreiða það mál þá. Núna allt í einu er geysileg iðrun yfir að hafa samþykkt Ólafslög og mikill stuðningur við þetta mál hér. Ég skil þetta ekki en að vísu fagna ég þessari breytingu á afstöðu þingmannsins til þessa máls. Ég hlýt þá að túlka það sem svo að framsóknarmennirnir í efh.- og viðskn. styðji málið. Ég skil það þannig og ég skil málflutning hv. þm. Guðna Ágústssonar á þann veg að þeir styðji málið og ég þykist vita það að hv. þm. Jóhannes Geir muni tjá sig um málið á eftir og það mun þá koma í ljós. Ef svo er að þeir fylgja formanni sínum sem er meðflm. að þessu máli þá er þessi meiri hluti kominn og ég fagna því að sjálfsögðu.

Alþýðuflokksmaðurinn í nefndinni hlýtur eiginlega að samþykkja það líka, ég gat ekki heyrt betur á ráðherra flokksins hér áðan, hæstv. viðskrh., en að hann styddi þetta mál. Hann sagði að þetta væri mjög þarft mál. Eftir hverju erum við þá að bíða? Nefndin hlýtur að afgreiða málið út með einum eða öðrum hætti, kannski ekki óbreytt eins og það er á þskj. en eins og hv. þm. Matthías Bjarnason sagði þá er auðvitað aðalmálið að losna við lánskjaravísitöluna og það er ég viss um að hefur vakað fyrir hv. 1. flm. Eggert Haukdal allan tímann. Ekki það að hann vilji baða sig í ljósi einhvers sérstaks árangurs, hann vill bara ná árangri í málefninu. Þannig þekki ég hann.

Hv. þm. Guðni Ágústsson talaði um það að við hefðum kennt fólki að spara. Ég veit ekki hvaða fólk hv. þm. er að tala um því allur almenningur í landinu getur ekkert sparað. Hann hefur ekkert til þess að spara. Það eru auðvitað einhverjir örfáir fjármagnseigendur sem geta sparað en allur almenningur í landinu veit ekki hvað það er, hann er að berjast við að draga fram lífið. Hvernig á fólk að geta sparað við þær aðstæður sem hafa verið, við hátt vaxtastig, síhækkandi skatta, aukin þjónustugjöld, niðurskurð á hinum og þessum sviðum, kvótasviðum og hvar sem við lítum til? Fólk hefur ekki fjármagn til þess að spara og það er auðvitað kjarni málsins. Það sjá auðvitað bankamenn ef þeir líta á skuldastöðu heimilanna. Það sér allur almenningur. Skuldastaða heimilanna hefur snarversnað þannig að við erum ekkert að kenna neinu fólki að spara. Við erum að neyða fólk til þess að reyna að læra að draga fram líftóruna á þeim slæmu kjörum sem því er búið í landinu í dag.

Hæstv. forseti. Ég vildi sem sagt láta þetta koma fram og ég fagna þessari hugarfarsbreytingu sem átt hefur sér stað hjá virðulegum þingmönnum Framsfl. og nú vona ég bara að þingmenn míns eigin flokks skipti líka um skoðun.

[12:18]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna orða hv. þm. Inga Björns Albertssonar um að ég hefði rætt um að verðtrygging og Ólafslög hefðu kennt fólki að spara, þá vil ég segja að auðvitað er sem betur fer allt önnur staða ef menn skoða tölur hvað peningalegan sparnað varðar í landinu og það er enginn vafi í mínum huga að þær eru æðimargar fjölskyldurnar sem kannski af litlum efnum eiga sér bankabók og ég hygg að þær innstæður að stærstum hluta sem eru í bankakerfinu á Íslandi séu í eigu almennings. Sem betur fer. Þannig að þessi breytta staða á peningamarkaði sem kom með Ólafslögum hefur auðvitað gert það að verkum. Ég hef séð það t.d. í sambandi við fermingarbörn sem eru í viðskiptum við ákveðinn banka, ef menn skoða þau ár eftir ár, þá safna þau ótrúlegum sparnaði á tveimur til þremur árum. Þannig að margur sparar af litlum efnum en hitt er auðvitað stóra málið sem þingmaðurinn kom inn á, þjóðirnar eru tvær og eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún kom einnig inn á, auðvitað eru þjóðirnar tvær. Það eru þeir skuldugu og svo hinir og þeir skuldugu eiga mikla samúð hjá mér og ég hef talað fyrir því hér bæði gagnvart húsbréfum og gagnvart stöðu heimilanna að það er auðvitað verkefni sem ríkisvaldið verður að setjast yfir hvernig mörgu fólki sem nú er undir miðjum aldri verður bjargað frá þeim harmleik að missa eigur sínar fyrir næstu aldamót.

[12:21]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri ekki betur en að við séum nokkuð sammála, ég og hv. þm. Guðni Ágústsson, þó hann vilji meina að almennur sparnaður sé eitthvað meiri en ég hef trú á. Ég efast ekkert um það að fermingarbörnin blessuð leggi sína peninga inn í bankakerfið enda eru bankarnir með gylliboð og jafnvel senda þeim fyrstu krónurnar sem fermingargjöf. Þannig að það er ekkert skrítið og það er ekki sá sparnaður sem við erum í raun og veru að tala um. Hitt er annað mál, sem ég gleymdi áðan, að ég vildi taka örlítið upp hanskann fyrir hv. þm. þar sem veist var að honum áðan fyrir það að halda uppi hávaxtastefnu í landinu. Ég tek ekki undir þær árásir á hv. þm., ég þekki hann af öðru og ég veit að hann hefur barist fyrir öðru. Þó hann hafi hugsanlega ekki náð þeim árangri sem hann persónulega hefði óskað eftir í bankanum, þá veit ég nákvæmlega hver hans afstaða er og hún er sú sem hann lýsti sjálfur áðan.

[12:22]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins til að hressa upp á minni hv. 5. þm. Reykv. eða leiðrétta misskilning. Svo var háttað að við sátum saman í efh.- og viðskn. sem þá hét fjárhags- og viðskiptanefnd í allmörg ár og þar var þetta frv. til meðferðar. Ég kannast ekki við það að hafa setið á þessu frv., síður en svo, í þeirri nefnd og ég hef alla tíð verið efnislega fylgjandi frv. Ég sá hins vegar einhverja annmarka að mig minnir á útfærslu eða formi a.m.k. í eitt skipti, þetta frv. hefur tekið dálitlum breytingum í meðferð við endurtekinn flutning. Ég minnist þess þegar það kom fyrst fram að þá tók formaður Framsfl. ákaflega sterkt undir meiningu frv. og það veit ég að hv. 1. flm. man eftir. Hins vegar var þetta ekki afgreitt úr nefnd vegna þess að við litum svo á að það væri ekki þingmeirihluti fyrir því og ekki ástæða til að fara að fella þetta góða mál og þar af leiðandi sofnaði það nokkrum sinnum í höndum okkar Inga Björns, hv. 5. þm. Reykv., í fjárhags- og viðskiptanefnd. Ekki það að við værum á móti því.

[12:24]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér aðeins vegna þess að leitað var eftir afstöðu Alþb. og hv. þm. Ingi Björn Albertsson spurði sérstaklega um hana. Ég vil vekja athygli hans á að tveir meðflm. hv. þm. Eggerts Haukdals á þessu frv. eru þingmenn Alþb., Jóhann Ársælsson og Kristinn H. Gunnarsson, og þó að fyrir því liggi ekki formleg samþykkt þingflokksins á þessu sérstaka þingmáli þá segir það auðvitað sína sögu um stuðning þingmanna Alþb. um þetta mál og einnig hefur þetta komið fram í umræðu áður þegar þetta mál hefur verið tekið upp á fyrri þingum. Þá hefur afstaða Alþb. eða einstakra þingmanna Alþb. legið fyrir.

Virðulegi forseti. Það hefði verið ástæða til þess að koma hér upp með andsvar við ræðu hæstv. viðskrh. og stöðugt hnútukast hæstv. ráðherra í garð þingmannsins Ólafs Ragnars Grímssonar, fyrrv. fjmrh., en þau orð dæma sig sjálf og ekkert nýtt að hv. þm. Alþfl. tali eins og þeir hafi ekki komið nálægt síðustu ríkisstjórn og beri enga ábyrgð á þeim ákvörðunum sem þá voru teknar. Það er hins vegar öllu alvarlegra þegar hv. þingmenn Alþfl. eru að reyna að sverja af sér þær ákvarðanir sem hafa verið teknar í núv. ríkisstjórn.

[12:26]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það var leitað eftir því hver yrði afstaða framsóknarmanna í efh.- og viðskn. til þessa máls. Nú er svo að ég tala ekki nema fyrir sjálfan mig í því sambandi. Ég hefði svo sem getað látið þetta nægja og vitnað til fyrri ræðna sem ég hef haldið á þessu þingi um vaxtamál. Þar hefur mín afstaða legið alveg ljós fyrir.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið tímabært fyrir nokkru að afnema lánskjaravísitöluna. Það hafi átt að gera í kjölfar þeirra ráðstafana sem gerðar voru 1990 af fyrrv. ríkisstjórn og í raun lögðu grunninn að því að ná niður verðbólgu hér á landi. En það er einhvern veginn þannig með núv. ríkisstjórn að ef hún hefur átt um tvo kosti að velja þá hefur hún yfirleitt alltaf valið þann lakari og svo var einnig í þessu að hún afnam ekki lánskjaravísitöluna og hefur ekki gert það enn. Menn veltu því fyrir sér hvers vegna var allt í einu hægt að lækka vextina núna. Hvers vegna í byrjun nóvember 1993? Hvers vegna ekki fyrr? Ég held að það sé einföld skýring á því. Hún er sú að núverandi ríkisstjórn var komin í þá stöðu að ef hún hefði ekkert gert í vaxtamálunum fyrir 11. nóv. sem voru þau tímamörk sem aðilar vinnumarkaðarins settu ríkisstjórninni til þess að lækka vextina, þá voru allri kjarasamningar lausir og eins og staðan var á stjórnarheimilinu um miðjan október þá er ég nánast viss um að ríkisstjórnin hefði ekki þolað það sem því hefði fylgt. Hún var sem sagt knúin til þess af aðilum vinnumarkaðarins að lækka vextina. Ég held að þeir háu herrar sem sitja í ríkisstjórninni hafi ekkert breytt um skoðun hvað það snertir, eins og þeir hafa alltaf talað á þessu kjörtímabili að það sé óskilgreindur hlutur sem heitir fjármagnsmarkaður sem ráði vöxtunum, enda hefur orka þeirra síðustu vikurnar farið mikið í það að sannfæra fólk um að þarna hafi verið um að ræða markaðsaðgerðir en ekki handaflsaðgerðir sem lækkuðu vextina núna. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að þar hafi verið sambland af hvoru tveggja og reyndar er það sú peningastefna sem er framfylgt í okkar nágrannalöndum, að það er sambland af markaðsöflum sem ráða vöxtunum og hreinum stjórnvaldsaðgerðum af hálfu ríkisstjórna og seðlabanka. Öðruvísi er ekki hægt að stýra fjármagnsmarkaði að mínu mati.

Það er svo aftur annað umhugsunarefni varðandi lánskjaravísitöluna að þegar náðist þjóðarsáttin 1990 um aðgerðir til að vinna bug á verðbólgu, þá voru fjármagnseigendur ekki tilbúnir til þess að gangast undir sömu hluti og launþegar. Launþegar voru þá tilbúnir og viðurkenndu að til lengri tíma litið þá skilaði sér ekki meira í launaumslögunum heldur en það sem atvinnuvegir okkar stæðu undir að borga. Menn geta síðan deilt um hvernig því er skipt, réttlátlega eða ranglátlega. Það nákvæmlega sama gildir um peningana, þeir ávaxta sig ekki hótinu meira en það sem atvinnuvegirnir standa undir á hverjum tíma. Og ef við skoðum það sem hefur verið að gerast á síðustu árum, þá er ótrúlega mikið samhengi annars vegar á milli þess sem menn segja að hafi verið tekið og segja réttilega að hafi verið tekið í ávöxtun fjármagns umfram það sem atvinnuvegir og heimili í raun þoldu og þess hvað skuldastaða atvinnuveganna og heimilanna hefur versnað á þessum tíma. Það er engin tilviljun að eigið fé undirstöðuatvinnugreinar okkar, sjávarútvegsins, hefur brunnið upp á sömu árum.

Menn geta síðan farið í miklar kúnstir um það hverjum sé að kenna og hverjum ekki. Nú er svo að við þingmenn erum flestir á einhvern hátt spjallaðir á því að hafa tekið þátt í þessum leik á síðustu árum. Það er þá ekki nema Kvennalistinn sem í þessum málum eins og öðrum getur talað út frá því að hafa ekki komið að framkvæmdarvaldinu enn sem komið er í sinni þingsögu. En við hinir höfum þurft að taka það á okkur að axla þá ábyrgð og gera þau mistök sem gerð hafa verið á hverjum tíma og það held ég að hallist ósköp lítið á í þessu máli milli einstakra flokka. Ég held að það sé nú staðreynd málsins.

Ég get tekið undir það sem hér var sagt áðan að það er í raun að koma fram í þjóðfélaginu annar misgengishópur varðandi húsnæðismál. Það er sá hópur sem hefur tekið húsbréfalán með til þess að gera háum vöxtum og þeim afarkostum að hafa þurft að taka á sig afföll upp í 15–17% ef ég man rétt, 23% dæmi eru til þegar verst lét. Og því miður horfir hluti þessa hóps fram á það núna að geta ekki staðið undir þessum skuldbindingum. Og ég held í raun að fólk hafi ekki verið upplýst nóg hvað afföllin þýddu. Afföllin þýddu bara það að þeir sem keyptu þessi bréf sættu sig ekki við neina 6% ávöxtun. Þeir vildu fá eitthvað miklu meira. Og ég tek undir það að það verður að skoða stöðu þessa hóps sérstaklega.

Efh.- og viðskn. kallaði til sín fulltrúa viðskiptabankanna og sparisjóða núna í vikunni og ræddi við þá um stöðuna. Þeir fulltrúar sem þar mættu voru allir meðmæltir því að ráðist væri í það að lækka vextina. Það sem veldur mér hins vegar áhyggjum í þessu sambandi er það að enn þá eru skammtímaskuldbindingar í bankakerfinu á afar háum vöxtum. Ég kalla það afar háa vexti þegar það eru 12–13% vextir í nánast núllverðbólgu. Og það setti að mér svolítinn ugg þegar bankastjórarnir rökstuddu það að þetta væri nú ef eitthvað væri lægri vextir heldur en á skammtímaskuldbindingum til heimila og fyrirtækja í nágrannalöndum. Það kann að vera rétt, en þar á er sá stóri munur að þar er eingöngu um að ræða mjög lítinn hluta af fjármögnun í atvinnurekstri sem er tekinn með slíkum lánum. Þar er eiginfjárstaðan miklu sterkari en hér er. Þar er ekki uppi sú staða eins og hjá okkur að við getum séð dæmi þess að fyrirtæki eru með helming eða meira af sínu lánsfé á skammtímakröfu og ef þetta heldur áfram þá vænkast ekki hagur þessara fyrirtækja eða þeirra heimila sem eru að velta slíkum skuldbindingum á undan sér. Meðan svo er er ekki von til þess að bankarnir geti minnkað vaxtamun að nokkru ráði því að meðan þetta heldur áfram, þá halda gjaldþrotin áfram og bankarnir verða að taka fyrir þeim, verða, segi ég því að í mínum huga hefur í bankakerfinu verið gengið langt út yfir það sem er nokkuð réttlæti eða siðfræði á bak við varðandi það að taka vaxtamun af

þeim sem enn geta staðið í skilum með sín lán til þess að borga afskriftir þeirra sem eru farnir úr viðskiptum vegna gjaldþrota. Þetta er hlutur sem aðilar annars staðar í þjóðfélaginu geta ekki leyft sér. Þar sem eðlileg samkeppnisstaða ríkir, þá geta menn ekki hækkað sína álagningu til þess að mæta slíkum áföllum. Þar verða menn að mæta því með því að styrkja fyrirtækin með því að koma með nýtt eigin fé inn.

Virðulegi forseti. Ég vona að það sé alveg ljóst að það er mín skoðun að það sé löngu tímabært að afnema lánskjaravísitöluna og ég bara minni á eitt í því sambandi til viðbótar. Það er hvað gerðist í sumar eftir gengisfellinguna. Þá gerist það að vegna þess að kaffi, sykur og aðrar erlendar nauðsynjavörur hækka í verði vegna þess að þær hækka í íslenskum krónum í innkaupum til landsins, þá hækkar allur vaxtafótur í landinu og það sér hver heilvita maður að þarna er náttúrlega um að ræða snarvitlaust orsakasamhengi. Ég geri það að mínum lokaorðum að sparifjáreigendur verði að fara að skilja það og sætta sig við það eins og launþegar gerðu árið 1990 að það leiðir ekki til annars en ófarnaðar að pína út meira fyrir hvort sem það er afrakstur vinnu eða afrakstur fjár heldur en okkar atvinnulíf og okkar þjóðfélag stendur undir á hverjum tíma.

[12:37]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að hv. þm. Framsfl., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, skuli gera þá játningu að menn úr núverandi og fyrrverandi stjórnarflokkum verði að axla þá ábyrgð að þeir hafi komið að þessum málum með einum eða öðrum hætti. Mér hefur stundum fundist vanta svolítið upp á það í umræðum hér að menn muni fortíð sína. Hún er yfirleitt gleymd þegar kemur að pólitískum umræðum. Ég vil endilega hnykkja á þessu sem hann sagði um húsbréfahópinn, þ.e. þarna væri að koma upp nýr hópur af fólki sem yrði hugsanlega í verulegum erfiðleikum og það er bent á það að sumir stæðu núna andspænis því að geta ekki staðið í skilum. Þetta er auðvitað rétt. En svo er sá hópur líka dálítið stór, vil ég halda fram, sem stendur í skilum með húsbréfalánin sín með harmkvælum, með því að skerða lífskjör sín á öðrum sviðum og reynir að standa í skilum með húsnæðislán sín. Þessi hópur kemur kannski aldrei til kasta Húsnæðisstofnunar eða eins eða neins en hann gerir þetta með harmkvælum og það er þessi hópur sem verður líka að huga að, sem lendir kannski ekki beinlínis í vanskilum með lánin sín en á í verulegum erfiðleikum. Mig langar í þessu sambandi að tilfæra hér orð sem ég hlustaði á um daginn, sem sjálfstæðismaður, formaður Lánasjóðs ísl. námsmanna, sagði á fundi með námsmönnum uppi í háskóla þar sem ég var stödd. Hann sagði við námsmennina: Þið sem eruð að taka há námslán hérna núna og eigið að borga þau verðtryggð og með hertum endurgreiðslum og ætlið síðan að koma út á húsnæðismarkað og taka húsnæðislán, þið munið aldrei búa við mannsæmandi kjör, sagði hann við þetta fólk. Ég hefði betur viljað að einhver sjálfstæðisþingmaðurinn eða ráðherra menntamála hefði sagt þetta hér þegar verið var að setja námslánalögin, hefði sagt þetta þá. Þá þorðu þeir ekki að gera það. Nú gera þeir það. En þetta er auðvitað alveg rétt. Þannig er búið að búa að þessu fólki að það getur ekki búið við mannsæmandi kjör ef svona heldur fram sem horfir.

[12:40]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef aldrei skorast undan pólitískri ábyrgð. Það er að vísu dálítið flókið fyrir okkur stundum sem höfum verið ýmist í eða utan ríkisstjórnar að muna alveg hvenær hver gerningur var gerður þannig að kannski skolast það stundum til. Við höfum ekki til þess að gera þessa einföldu og pólitísku fortíð að skírskota til.

En ég vil taka sterklega undir það sem hv. þm. sagði um þann hóp sem stendur í skilum og ver til þess nánast hverri einustu lausri krónu umfram það sem þarf til hinna brýnustu lífsnauðsynja. Ég vil leggja áherslu á einn þátt í sambandi og þessi hópur er að horfa fram á það næstu 25 árin því hann sér enga breytingu meðan hann er með húsbréfin á herðunum. En ég vil benda á það í þessu sambandi að ég held að það sé afar erfitt og slæmt fyrir efnahagslífið í landinu og viðgang og vöxt þess að þessi hópur hafi ekkert aflögu umfram eins og ég sagði áðan brýnustu þarfir því að það er þá ekkert fjármagn þar eftir til þess að örva framleiðslu og viðskipti og neyslu hér innan lands.

[12:41]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þetta hafi verið réttmæt ábending að þetta sé afar óhagstætt fyrir íslenskt efnahagslíf ef þessi hópur sem er á besta aldri hefur ekkert það umleikis að hann geti lagt eitthvað af mörkum við það að byggja upp framleiðslu í landinu. En vegna þess að við vorum hér í andsvörum að tala um ábyrgð og ég var að segja hér frá því sem Gunnar Birgisson, formaður stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna, sagði á fundi með námsmönnum, þá hlýtur auðvitað að vakna sú spurning í framhaldi af því: Hvernig ætla stjórnvöld sem hafa búið svona um hnútana að axla þá ábyrgð? Hvernig ætla þau að axla ábyrgðina á þessu gagnvart þessu fólki? Sú spurning vaknar óneitanlega. Ég hlýt auðvitað að spyrja þá sem eru í ríkisstjórn núna að þessu, en þeir eru afskaplega fáir hér inni, því miður.

[12:42]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af því að þetta var nú andsvar við minni ræðu og ég skal fúslega taka á mig að axla alla þá ábyrgð sem minn flokkur kann með öðrum að eiga í þessu máli en þá vil ég samt ekki taka að mér að axla þá ábyrgð sem sú spurning sem hér var borin fram beindist að, enda tók ég nú þannig að hún hafi fyrst og fremst beinst að öðrum aðilum, þ.e. þeim sem eru við stjórnvölinn núna.

[12:43]

Flm. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka mjög góðar undirtektir og umræður sem hér hafa farið fram um þetta

mál. Fyrst um hina stuttu og kjarnyrtu ræðu hv. 1. þm. Vestf. sem hann flutti hér í upphafi. Hún var sannarlega kennslubók fyrir okkur öll hv. þingmenn. Því miður vantaði á að ráðherrar væru hér viðstaddir og hlýddu ef þeir þá mættu nema. En því miður voru þeir ekki viðstaddir.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. gerði hér þá játningu að kannski hefðu verið hans mestu mistök að hafa stutt Ólafslög á sínum tíma og það er að sjálfsögðu fagnaðarefni þegar þingmaður lítur yfir langan feril og sér að hann hefur gert ákveðin mistök. Hver og einn á ekki að skammast sín fyrir að kynna þau þjóð og þingheimi og ég er á því að þetta sé rétt sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði. Þetta voru ein af mestu mistökum í löggjöf sem hefur verið sett á Íslandi. Að sjálfsögðu þurfti að gæta hagsmuna sparifjáreigenda á hverjum tíma en þarna var gengið svo langt, allt of langt til að færa fórnir fyrir íslensk heimili og atvinnuvegi og flutt fjármagn á allt of fáar hendur.

Ég vil þakka hv. þm. Inga Birni fyrir að koma inn *í þessa umræðu einmitt með það sjónarmið sem hann* hélt fram að við búum við það að fjölda þingmála er vísað til nefnda og kemur þaðan aldrei aftur. Nú horfir svo til einmitt í þessu máli að það sýnist vera góður meiri hluti í þeirri nefnd sem málið fer til til að fylgja því eftir inn í þingsali og ég vona að það standi ekki á því og það muni fljótlega sjást.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún vakti athygli á þeirri staðreynd að ríkisstjórn Sjálfstfl. og Framsfl. á sínum tíma afnam verðtryggingu á kaupgjaldið en gleymdi að taka um leið verðtryggingu fjárskuldbindinga úr sambandi. Ég er henni sammála enda þótt ég styddi þá ríkisstjórn þá get ég horft til baka og séð séð að það voru mistök að þetta var ekki þá þegar gert. Enn hefur þetta ekki verið gert. Enn veður lánskjaravísitalan áfram og nú er komið að þeim tímapunkti sem ég vona að á þessu verði tekið.

Hv. þm. ræddi um misgengishópa og ég vil taka undir hennar orð. Það þarf að sjálfsögðu að horfa til þess og skoða í ljósi liðinnar tíðar hvernig þar verði hægt að koma til móts. Hv. þm. spurði og: Hvers vegna ekki fyrr? og það er sú spurning sem við getum spurt okkur öll. En það tókst um leið og það skipti um hæstv. viðskrh., Jón Sigurðsson hvarf. Þá tókst um leið að lækka vexti svo að um munaði og það þarf að fylgja því eftir að það sé ekki bara stundarákvörðun.

Ég held að ég hafi getið þeirra ræðumanna, nei, ég á ónefndan hv. samþingmann minn Guðna Ágústsson og hans skörulegu ræðu. Það er um það að segja að Jón Sigurðsson, hæstv. viðskrh., réð hv. þm. sem aðstoðarmann sinn í bankamálum og fól honum mikil trúnaðarstörf með því að skipa hann bankaráðsformann í eini höfuðbankastofnun landsins. En kratar léku lausum hala í þeirri ríkisstjórn svo sem þeir leika enn, því miður. En út af helstefnu Sjálfstfl. sem hv. þm. minntist á, sjálfstæðismönnum hefur tekist núna að draga úr helstefnu kratanna sem Framsókn tókst ekki í fyrri ríkisstjórn með því að taka skörulega á í vaxtamálum og því ber einmitt að fagna.

Hv. þm. rakti að hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson hefði tekið á í þessu máli og það má spyrja þá út frá því: Hvers vegna ekki fyrr? Hvað með aðra fjármálaráðherra, þar á meðal þann sem hv. þm. Guðni Ágústsson sat með í fyrri ríkisstjórn? Fjármálaráðherrar hefðu þurft að vakna fyrr og ber að þakka að hæstv. ráðherra Friðrik Sophusson tók á sig rögg.

Ég vil þakka hæstv. viðskrh. fyrir undirtektir hans við þetta mál. Þetta er í fyrsta skipti sem ráðherra tekur undir málið. Ég hefði þó viljað að hann hefði sýnt kröftugri stuðning við málin með því að taka undir að það gæti verið afgreitt frá nefnd og komið hér inn í þingið til atkvæða. Hann vísaði enn á rétt eina nefndina sem hann væri að skipa í þessu máli. Nýverið hefur svokölluð vaxtanefnd skilað tillögum. Það eru ekki nema nokkrir mánuðir síðan sem fyrrv. viðskrh. skipaði hana. Tillögur hennar í lánskjaravísitölunni eru einfaldlega: Haltu mér, slepptu mér. Nefndin vill draga úr verðtryggingunni og hafa hana að nokkru heimila en ekki skylda. Það er ónóg til endurbóta. Lágmarkskrafa er að fastbinda raunvexti af verðtryggðum lánum sem *gera átti reyndar frá byrjun.*

Sannleikurinn er sá að okkur vantar ekki enn að vísa þessu í nefnd. Við eigum bara að ganga til þess leiks þegar væntanlegt er, sem ég vona að komi fljótlega, álit frá efh.- og viðskn. um málið og afgreiða þetta þegar á þingi í vetur.

Fyrrv. viðskrh. Jón Sigurðsson tók frv. mínu núna í tvö síðustu skipti með þeim orðum að það væri eins og vorboði. *Eins og hann stóð að málunum og fram*kvæmdi þá var það raunar háð. En að nota orðið vorboða í þessu tilliti er dálítið furðulegt, eitt fegursta orð íslenskrar tungu, vorboðinn á vorin sem leysir úr læðingi og færir okkur líf. Gegnum margar myrkar aldir hefur alltaf verið vonast eftir vorboðanum og honum tekið fagnandi. En ef svo væri að frv. mitt og okkar flm. væri vorboði, sem ég vil vona að það sé í mörgu tilliti, þá vænti ég þess að hv. alþm. taki á sig rögg og við samþykkjum á þessu þingi afnám lánskjaravísitölu.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þm. á 54. gr. þingskapa þar sem segir að kenna skuli þingmann við kjördæmi hans og kosningu eða nefna hann fullu nafni. Þessu beinir forseti til hv. síðasta ræðumanns, en einnig til annarra ræðumanna sem hér hafa talað og nefna þingmann ekki fullu nafni.

[12:53]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var lítil setning í ræðu hv. þm. Eggerts Haukdals hér áðan sem kannski fær mig til þess að rísa úr sæti. Hann mælti á þá leið að ég hefði verið ráðinn aðstoðarmaður hæstv. fyrrv. viðskrh. í bankamálum. Þetta er náttúrlega grátt grín að glettast svona. Auðvitað var mér bara falið hlutverk, það var þingflokkur minn sem tilnefndi mig í það bankaráð og var samstaða stjórnarflokkanna um að ég tæki það að mér. Þetta er svo sem ekkert viðkvæmt í minum huga, en eins og hv. þm. hefur talað hér um þennan ágæta fyrrv. ráðherra, þá voru þetta ekki hlýleg orð.

Ég tók auðvitað upp hanskann fyrir Jón Sigurðsson

seðlabankastjóra og reyndi að vekja athygli á því að kannski er Seðlabankinn stjórntæki sem ríkisstjórnin verði að átta sig á og ég fer ekkert ofan af því að þessi fyrrv. viðskrh. vann mikið gagn í þeirri vaxtalækkun sem nú hefur náðst fram.

Ég tel að það hafi ekki verið mistök að setja á lánskjaravísitölu í upphafi. Ég tel að hún hafi gengið sína leið og þegar menn hafa náð verðbólgunni niður þá þurfi hún að hverfa. En hinu vek ég athygli á, sem ég gerði hér í ræðu minni, mestu mistökin eru auðvitað frelsi vaxtanna 1985. Þeir hafa lamað atvinnulífið, þar hafa lífeyrissjóðirnir og stóreignamennirnir á peningum ráðið ferðinni. Mín skoðun á lækkun vaxta hefur alltaf verið mjög einföld. Ég hef sagt: Þessir stóru aðilar sem ráða kannski orðið 70–80% af öllu fjármagni á Íslandi verða að sætta sig við að vextir á sparifé lækki til þess að hægt sé að lækka útlánsvexti. Nú hefur þetta gerst. En helstefnan fólst í því að 6,5% vextir á spariskírteini voru hækkaðir upp í 8,3% af ríkisstjórninni á fyrstu dögum sem leiddi til 3–4% raunvaxtahækkunar á útlánum.

[12:55]

Flm. (Eggert Haukdal) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig tekur því kannski ekki að vera að karpa um liðna tíð. Þeir sem hafa verið við stjórn landsmála á undangengnum árum, eru allir sekir í að láta vaxtabrjálæðið ganga og við getum kannski deilt endalaust um hverjum það sé mest að kenna. Við eigum þarna allir vissa sök, þar á meðal við báðir hv. þm. En ég sný ekki aftur með það að upptaka lánskjaravísitölunnar eru ein meginmistökin í löggjöf hér á landi. Það hefur komið í ljós. Af því stafa öll vandamál okkar í dag, heimila og atvinnufyrirtækja. Skuldir hafa margfaldast, vaxtabyrðin er svo gífurleg að undir henni hefur ekki tekist að standa. Aflasamdráttur og eitt og annað sem komið hefur upp á þessum árum er að sjálfsögðu slæmt. En miklu verri er lánskjaravísitalan og það kerfi sem henni hefur fylgt, af því að stjórnmálamenn kunnu þá ekki tök á að halda verðbólgunni í skefjum. Lánskjaravísitalan er sá meinvættur sem þarf að hverfa.

[12:57]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það er ástæðulaust að deila um fortíðina. Við getum einmitt mikið af henni lært og ríkisstjórnin hefur í vaxtamálum stigið rétt skref, að mínu viti, og náð árangri sem skilar framtíðinni einhverju, en fortíðin á auðvitað sínar minningar um að þetta gerðist ekki fyrir tveimur árum. Það eru ljótar minningar.

Hitt er svo önnur saga og það er kannski fróðlegt að velta því upp. Höldum við þessari stöðu í vöxtunum, náum við þeim neðar eða höldum við þessari stöðu? Hér vantar hæstv. fjmrh. við þessa umræðu. Það getur orðið býsna erfitt ef ríkissjóður verður rekinn með 15–20 milljarða halla. Það atriði eitt felur í sér tímasprengju sem getur sprungið framan í ríkisstjórnina. Það er því mikilvægt að hv. þm. bryni fjmrh. sinn í flokknum til þess að taka á ríkissjóðshallanum með sparnaði og ekki síður að reyna að klóra einhvers staðar í þessa 15–20 milljarða sem taldir eru liggja í skattsvikum úti um þjóðfélagið. Öll þessi atriði munu ráða því hvort við getum haldið þeirri ferð sem nú hefur verið mörkuð, um að festa lága raunvexti í sessi sem eru íslensku atvinnulífi og íslenskum heimilum mikilvægust kjarabót um þessar mundir.

[12:59]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að ræða lengi um málið, mjög stutt. En mér finnst það varla geta gerst hér í sölum Alþingis að þeirra stórtíðinda gæti sem við höfum beðið eftir. Það er einn maður sem hefur haldið þessari baráttu úti í 7 ár. Hans verður minnst, það er ekki nokkur minnsti vafi á því. Við sumir sem höfum talið okkur vera sprenglærða í hagvísindum, sem hafa runnið út og suður með óheillavænlegum afleiðingum, munum skoða betur hvað hér hefur gerst og þessi lánskjaravísitala hefur auðvitað verið bölvaldurinn. Það hefur hv. þm. Eggert Haukdal sagt í mín eyru a.m.k. 100 sinnum, kannski 200 eða 300 sinnum.

Það er stundum þannig að það þarf baráttumenn og það þarf að berjast lengi. Mér finnst í sumum miklum málum, t.d. í hluta af landhelgismálinu, þá hefur baráttan þurft að vera háð í einn áratug eða upp undir það. Svona atburðir eru að gerast hér nú. Ég á ekki von á því að það þori nokkur hv. þm. annað en að sjá til þess að mál þetta fari nú í gegn og það fari í gegn með hraði, svo að notað sé vafasamt orð, lélegt orð. Jú, jú, þetta getur verið hraðlest þess vegna. En að nefnd afgreiði málið frá sér og látum þá á það reyna hvort það sé ekki meiri hluti þingmanna sem vill óska þingmanninum til hamingju. Ég held að það sé alveg óhætt að undirbúa sig undir þær hamingjuóskir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað. — [Fundarhlé.]

Fangelsi og fangavist, 1. umr.

Frv. MF, 204. mál (félagsráðgjöf og sálfræðiaðstoð). — Þskj. 226,

og

Atvinnuleysistryggingar, 1. umr.

Frv. MF, 205. mál (bótaréttur fanga). — Þskj. 227.

[13:30]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um atvinnuleysistryggingar, nr. 93/1993, sem er á þskj. 227 og á þskj. 226 er frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum. Ástæðan fyrir því að ég óska eftir að mæla fyrir þessum frumvörpum saman er sú að þau fela bæði í sér lagabreytingar sem snerta fangelsi og fangavist, þó viðkomandi lög heyri

undir tvö ráðuneyti, annars vegar heilbr.- og trmrn. og hins vegar dómsmrh.

Breyting sem ég legg til að gerð verði á lögum um atvinnuleysistryggingar er að við 16. gr. laganna bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

„Nú hefur maður lokið samfelldri afplánun refsivistar sem staðið hefur a.m.k. síðustu 12 mánuði, að meðtalinni gæsluvarðhaldsvist, og skal hann þá hafa rétt til atvinnuleysisbóta þó að hann uppfylli ekki skilyrði 3. tölul. 1. mgr. þessarar greinar, enda uppfylli hann önnur skilyrði til greiðslu bótanna."

Þá er lagt til að lög þessi öðlist þegar gildi.

Í 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar er kveðið á um hverjir það eru sem eiga rétt til atvinnuleysisbóta. Í fyrsta lagi eru það þeir sem eru á aldrinum 16–70 ára, í öðru lagi þeir sem dvelja hér á landi og í þriðja lagi þeir sem hafa á síðustu 12 mánuðum unnið samtals a.m.k. 425 dagvinnustundir í tryggingaskyldri vinnu. Í fjórða lagi þeir sem sannað hafa með vottorði frá vinnumiðlunarskrifstofu, samkvæmt lögum um vinnumiðlun, að þeir hafi í upphafi bótatímabils verið atvinnulausir þrjá eða fleiri heila vinnudaga.

Í 21. gr. laga um atvinnuleysistryggingar eru þeir taldir upp sem ekki eiga rétt á atvinnuleysisbótum. Þar segir í 3. tölul. að þeir sem sviptir eru frelsi sínu með dómi eigi ekki rétt á atvinnuleysisbótum. Þó er það ekki algild regla því að í 17. gr. laganna er kveðið á um að í einstaka tilviki geti einstaklingur geymt bótarétt sinn í allt að 24 mánuði vegna sérstakra aðstæðna. Í síðustu mgr. 17. gr. segir:

„Ákvæði 1. mgr. þessarar greinar gilda eftir því sem við á um þá, sem taldir eru upp í 3. tölul. 21. gr."

Þar er átt við þá einstaklinga sem sviptir hafa verið frelsinu með dómi, en þeir geta geymt áunninn rétt sinn til atvinnuleysisbóta í allt að 24 mánuði meðan á afplánun dóms stendur. Vissulega er hér um ákveðið öryggi að ræða fyrir þá sem eru allt að 24 mánuði í fangelsi. Staðreyndin er hins vegar sú að fæstir þeirra sem afplána dóm, um lengri eða skemmri tíma, hafa stundað vinnu reglubundið áður en til fangelsisvistar kemur. Því er í fáum tilvikum um áunninn bótarétt að ræða sem þessir einstaklingar geta nýtt sér að aflokinni fangelsisvist. Því er lagt til að lögum um atvinnuleysistryggingar verði breytt til hagsbóta fyrir þá sem koma út úr fangelsi eftir að hafa afplánað 12 mánaða refsivist.

Eins og áður sagði er í 3. tölul. 16. gr. laga um atvinnuleysistryggingar kveðið á um að til þess að öðlast rétt til atvinnuleysisbóta þurfi að skila a.m.k. 425 dagvinnustundum á síðustu 12 mánuðum áður en sótt er um bæturnar. Ekki er að finna í lögum neina undanþágu frá þessu ákvæði fyrir þá sem geta alls ekki uppfyllt þetta skilyrði, vegna þess að þeir hafa verið sviptir frelsi sínu með refsidómi á umræddu tímabili og eiga ekki neinn áunninn rétt. Ég tel þó ekki neina ástæðu til að ætla að fyrir löggjafanum hafi vakað að gera rétt manna minni fyrir það að þeir hafi setið af sér refsidóm. Samkvæmt lögum um fangelsi og fangavist síðan 1988 er okkur skylt að sjá til þess að maður sem afplánar refsivist eigi kost á vinnu eða námi meðan á fangelsisdvöl stendur. Ekki hefur reynst unnt að framfylgja þessu ákvæði laganna vegna þess að aðstæður eru ekki fyrir hendi í öllum fangelsum landsins til þess að bjóða vinnu. Og þar sem þær aðstæður eru til staðar er sjaldnast um að ræða fullan vinnudag. Þeir fangar sem hafa haft möguleika á að stunda vinnu innan fangelsis og gert það um lengri eða skemmri tíma, geta ekki nýtt sér þann unninn tíma til bótaréttar. Fangar geta þess utan ekki valið sjálfir í hvaða fangelsi þeir fara með tilliti til þess hvort þar er vinnu að hafa eða ekki. Ákvörðun um hvar afplánun refsingar fer fram er tekin af Fangelsismálastofnun ríkisins.

Samkvæmt frv. sem ég mæli hér fyrir er ekki gert ráð fyrir að þeir sem hafa afplánað skemmri dóm en eitt ár geti unnið sér inn rétt til atvinnuleysisbóta meðan á fangelsisvist stendur. Gert er ráð fyrir að gæsluvarðhaldsvist komi til viðbótar afplánun ef afplánun kemur í beinu framhaldi, þannig að viðkomandi hefur ekki verið frjáls maður þar á milli. Einnig er gert ráð fyrir að einungis með samfelldri afplánun geti maður aflað sér réttar á þennan hátt.

Loks vil ég geta meginástæðu þess að frv. er flutt. Ég tel að við samþykkt þess aukist möguleikar þeirra sem lokið hafa refsivist í fangelsi til nýs lífs án afbrota. Hafa verður í huga að verulegur hluti þeirra sem sitja í fangelsum landsins er fólk sem lifað hefur rótlausu lífi og jafnvel verið háð vímuefnum. Í mörgum tilfellum á þetta fólk ekki fjölskyldu sem getur veitt því þann stuðning sem til þarf og verður að takast á við lífið án aðstoðar. Þeir sem lokið hafa afplánun í fangelsi eiga oft erfitt með að fá vinnu og það atvinnuleysi sem nú er til staðar dregur enn frekar úr atvinnumöguleikum þessa hóps.

Ef einstaklingur kemur út úr fangelsi án atvinnu, án fjölskyldu og jafnvel án húsnæðis, nema í stuttan tíma, eru möguleikar hans til þess að lifa eðlilegu lífi afar takmarkaðir. Atvinnuleysi og peningaleysi getur því jafnvel orðið til þess að menn leiðist aftur inn á braut afbrota. Með því að tryggja þessum hópi atvinnuleysisbætur meðan á atvinnuleit stendur má e.t.v. tryggja að einhverjir þeirra sem tekið hafa út dóm og lokið afplánun í fangelsi fari ekki út á sömu braut aftur.

Við afgreiðslu frv. um atvinnuleysistryggingar á síðasta þingi flutti minni hluti hv. heilbr.- og trn. brtt. við frv., efnislega samhljóða því frv. sem ég mæli hér fyrir. Sú brtt. var ekki samþykkt. Helst mátti skilja að það væri vegna þess kostnaðar sem samþykkt hennar hefði í för með sér. En ég vil þá biðja hv. þm. að íhuga vel hvort unnt er að meta til fjár þann ávinning sem fengist ef samþykkt þessa frv. gæti orðið til þess að koma í veg fyrir að fyrrum refsivistarfangi fari aftur inn á braut lögbrota. Einnig ættu menn að hugleiða hvort ekki sé rétt að gera það sem hægt er til að svo verði ekki.

Fangelsismálanefnd hefur skilað skýrslu um stöðu fangelsismála í dag og í yfirliti sem birt er sem fskj. með skýrslunni kemur fram að 16 fengu dóm til fangelsisvistar í 12 mánuði eða meira árið 1991. Þar af voru 5 með 36 mánaða dóm eða meira. Í yfirliti nokkurra ára sýnir að fjöldinn er þetta á bilinu 15 til 25 á

ári sem fá dóm til refsivistar yfir 12 mánuði og þá meðtalið þeir sem eru með lengri dóma, 36 mánuði eða meira. Af þessum tölum sést að það er ekki um stóran hóp að ræða sem fengi rétt til atvinnuleysisbóta samkv. frv. þessu og hefur því ekki verulegan kostnað í för með sér.

Virðulegi forseti. Mér hefur stundum fundist að þjóðfélagið haldi áfram að refsa einstaklingi sem hlotið hefur fangelsisdóm og tekið út sína refsingu. Viðtökurnar sem sá einstaklingur fær þegar frelsið er fengið er í sumum tilvikum ekki hvatning til að halda sig frá því líferni sem áður var. Starfsemi Fangelsismálastofnunar og tillögur hennar um úrbætur í fangelsismálum miða að því að hver einstaklingur fái sem mesta umhugsun og leiðbeiningar meðan á afplánun dóms stendur. Menn horfist í augu við þann verknað sem þeir hafa framið, en noti þann tíma sem dvalist er innan veggja fangelsis til að búa sig undir að takast á við lífið þegar út kemur, með öðrum hætti en áður. Deildaskipting fangelsa er einn liður í því starfi. Því miður gengur þetta ekki upp í öllum tilvikum, það er staðreynd. En fái fangelsismálin það fjármagn sem til þarf til að koma tillögum Fangelsismálastofnunar og stefnu í framkvæmd, þá er ég viss um að markmið hennar nást og ekki verði lengur talað um að menn komi út úr sumum fangelsum jafnvel forhertari en þeir fóru þangað inn. Okkar er síðan að taka við og sjá til þess að einstaklingi sem lokið hefur afplánun dóms verði veitt lágmarksaðstoð meðan viðkomandi leitar sér að vinnu og kemur undir sig fótunum að nýju. Réttur til atvinnuleysisbóta er sú lágmarksaðstoð. Það kostar vissulega peninga að greiða atvinnuleysisbætur en það kostar meira í tilfinningalegu og efnahagslegu tilliti ef einstaklingurinn fer aftur í sama far afbrota og glæpa. Auk þessa er hér ekki, eins og áður sagði, um verulegar upphæðir að ræða, þar sem hópur þeirra einstaklinga sem hljóta 12 mánaða fangelsisdóm eða meira er sem betur fer frekar fámennur. Því ætti kostnaðurinn ekki að koma í veg fyrir samþykkt frv.

Síðara frv. sem ég mæli fyrir, virðulegi forseti, er eins og áður sagði á þskj. 226 og fjallar um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum. Þar er lagt til að breytingar verði gerðar á 2. gr. laganna þar sem kveðið er á um hlutverk Fangelsismálastofnunar ríkisins. Í fyrsta lagi að við greinina bætist nýr töluliður er verði 5. töluliður og orðist svo:

„Að veita aðstandendum fanga sérhæfða þjónustu, svo sem félagsráðgjöf og sálfræðiaðstoð."

Í öðru lagi er lagt til að núv. 5. tölul. 2. gr. laganna verði 6. tölul. og orðist svo: „Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestþjónusta og sálfræðiþjónusta."

Í 2. gr. frv. er síðan ákvæði um gildistöku.

Í frv. er lagt til að meðal lögbundinna verkefna Fangelsismálastofnunar verði að veita aðstandendum fanga sérhæfða þjónustu, svo sem félagsráðgjöf og sálfræðiþjónustu. Ákvæði þar að lútandi bætist við sem nýr 5. tölul. 2. gr. laganna. Fram til þessa hafa starfsmenn stofnunarinnar reynt eftir mætti að veita aðstandendum fanga þá sérhæfðu þjónustu sem hér er lagt til að verði eitt af lögbundnum verkefnum hennar. Aðstandendur fanga eiga oft við svipuð andleg og félagsleg vandamál að glíma og fangarnir sjálfir og leita því aðstoðar sérfræðinga Fangelsismálastofnunar. Það er mikið áfall hverri fjölskyldu þegar einstaklingur innan hennar brýtur af sér og er af þeim sökum dæmdur til fangelsisvistar.

Í þjóðfélaginu fer lítið fyrir opinni umræðu um fangelsi og fangavist. Helst fer umræða um þessi mál af stað ef hægt er að tengja hana einhverjum æsifréttum og þá oft fjallað um fangelsi og dvöl fanga innan veggja fangelsa af vanþekkingu. Neikvæðir atburðir sem eiga sér stað í fangelsum verða oft kveikja að slíkum umræðum og hún snýst oft og tíðum eingöngu um það neikvæða. Skemmst er að minnast síðustu syrpu sem tekin var í umfjöllun fjölmiðla um fangelsin þegar fangar struku frá Litla-Hrauni og Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg eða þegar sál þjóðarinnar hellti úr sér yfir fjölmiðlamenn, sem kynda óspart undir með því að velta vöngum yfir því hvort dómur í tilteknu ofbeldismáli hafi verið of þungur eða of vægur. Inn á milli er svo verið að reyna að koma að málefnalegri umræðu um framkvæmd fangelsismála í landinu en þá virðist áhugi þjóðarsálarinnar og fjölmiðla ekki eins mikill. Það segir e.t.v. sína sögu að ég held að enginn stjórnmálaflokkur hafi nokkru sinni birt meðal stefnumála sinna neitt um fangelsi eða fangamál.

Af þessu má ljóst vera að vitneskja aðstandenda einstaklings, sem hlotið hefur fangelsisdóm, um það hvað bíður hans er harla lítil. Þar á ofan er alltaf erfitt að horfa á eftir sínum nánustu í fangelsi, jafnvel þó alvarlegur verknaður liggi að baki dómi. Aðstandendur, og þá sérstaklega foreldrar og maki þess er fangelsisdóm hlýtur, leita iðulega til Fangelsismálastofnunar með vandamál sín. Eðlilega, þangað sem þekkingin býr og skilningur er til staðar á líðan þeirra. Í dag starfar einn sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun. Hlutverk hans samkvæmt lögum er að veita föngum sérfræðiaðstoð. Jafnframt hefur það komið í hans hlut sem og annarra starfsmanna stofnunarinnar að sinna aðstandendum fanga. Það segir sig sjálft að einn sálfræðingur nær engan veginn að anna þeirri þörf sem fyrir hendi er í fangelsunum sjálfum, fyrir þessa sérhæfðu þjónustu, hvað þá að sinna öllum þeim aðstandendum fanga sem til stofnunarinnar leita. Með samþykkt frv. sem ég mæli hér fyrir yrði það eitt af lögbundnum verkefnum Fangelsismálastofnunar ríkisins að veita þessum aðstandendum sérhæfða þjónustu, félagsráðgjöf og/eða sálfræðiþjónustu, en það þyrfti þá að samþykkja eitt stöðugildi starfsmanns, félagsráðgjafa eða sálfræðings til að sinna þessu hlutverki. Þetta stöðugildi yrði til viðbótar þeim sem þegar eru fyrir hjá stofnuninni. Kostnaðurinn við það mun vera u.þ.b. tvær millj. kr. á ári.

Þess má geta að enn hafa ekki fengist heimildir fyrir öllum þeim stöðugildum sem áætlað var að yrðu hjá Fangelsismálastofnun þegar lögin um stofnunina voru samþykkt árið 1988. Þá mun hafa verið talið að tólf stöðugildi þyrfti til að sinna því hlutverki sem stofn-

uninni var falið, en starfsmenn stofnunarinnar hafa verið á bilinu 7–9.

Í júlí 1991 skipaði dómsmrh. nefnd til að gera heildarúttekt á stöðu fangelsismála og leggja fram tillögu um stefnumörkun. Í nefndinni áttu sæti hópur fólks með víðtæka þekkingu á stöðu fangelsismála. Í skýrslunni sem fangelsismálanefnd sendi frá sér, að loknu starfi nefndarinnar, er í raun tekið undir þær breytingar sem hér eru lagðar til í frv. Þar er m.a. fjallað um nauðsyn á sálfræði- og félagslegri þjónustu fyrir fanga og aðstandendur þeirra. Þar segir að við samþykkt laga um fangelsi og fangavist árið 1988 hafi þótt nauðsynlegt að auka félagslega þjónustu við fanga. Jafnframt segir í skýrslunni:

„Ekki þarf að hafa mörg orð um það að félagslegar aðstæður fanga og nánustu vandamanna þeirra eru oft og tíðum mjög bágbornar og efast enginn sem til þekkir um að ríkt þörf er fyrir markvissa félagslega aðstoð. Efla þarf félagslega þjónustu við fanga í formi stuðningsviðtala við þá og fjölskyldur þeirra, þeim þarf að veita stuðning til að ná tökum á lífinu og skipuleggja framtíðina og undirbúa endurkomu út í þjóðfélagið. Löng refsivist setur jafnan úr skorðum fjárhagslegan og tilfinningalegan grundvöll tilverunnar."

Í skýrslunni kemur einnig fram, eins og áður sagði, að aðeins einn sálfræðingur er starfandi hjá Fangelsismálastofnun, sem hvergi nærri getur annað öllum þeim beiðnum um aðstoð sem frá föngum koma og því hefur myndast löng biðröð eftir þessari nauðsynlegu þjónustu og því varla hægt að ætla þessum eina starfsmanni að sinna einnig aðstandendum fanga.

Seinni breytingin sem ég legg til að verði gerð á lögum um fangelsi og fangavist er sú að lagt er til að 5. tölul. 2. gr. laganna breytist í samræmi við nýjan tölulið. Í gildandi lögum þar sem kveðið er á um hlutverk Fangelsismálastofnunar segir í 5. tölul.:

„Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestþjónusta, o.s.frv."

Ég tek fram, virðulegi forseti, að þessi orð, og svo framvegis, eru ekki mín heldur eru þau beint upp úr lagatextanum.

Í frv. sem ég mæli hér fyrir er lagt til að þessi töluliður orðist svo:

„Að sjá um að í fangelsum sé veitt sérhæfð þjónusta, svo sem heilbrigðisþjónusta, prestþjónusta og sálfræðiþjónusta."

Eina breytingin er sú að í stað orðanna og svo framvegis komi orðið sálfræðiþjónusta. Ég tel reyndar að þessi orð, „og svo framvegis" eigi ekki að sjást í upptalningu á lagatexta.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka markmið þess frv. sem ég ræddi í upphafi, um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, þ.e. að veita einstaklingum sem lokið hafa afplánun tólf mánaða fangelsisdóms lágmarksaðstoð í formi atvinnuleysisbóta, til að gera þeim kleift að hefja líf án afbrota. Markmið seinna frv. er að veita aðstandendum fanga sérhæfða þjónustu, félagsráðgjöf og/eða sálfræðiþjónustu, því fátt er eins erfitt og að vita einhvern manni nákominn fremja afbrot svo alvarlegt að það leiði til fangelsisdóms.

Ég legg til að frv. til laga um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn. og frv. til laga um breytingar á lögum um fangelsi og fangavist verði vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Útbýting þingskjala:

Háskólinn á Akureyri, 252. mál, fsp. SvÁ, þskj. 291.

Skattamál, 251. mál, stjfrv., þskj. 290.

[13:46]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér til að taka undir báðar þessar tillögur hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur. Hún hefur í mjög góðri framsöguræðu gert mjög vel grein fyrir ástæðum þess að tillögurnar eru lagðar fram og raunar gert mjög góða grein fyrir aðstæðum fanga og aðstandenda þeirra. Þannig að þar er kannski ekki miklu við að bæta.

Ég vil aðeins undirstrika að til þess að fólk geti staðið á eigin fótum og hafið nýtt líf þegar það kemur aftur út úr þeirri vist sem á að vera betrunarvist, þá verður auðvitað að vera fyrir hendi einhver fjárhagslegur grundvöllur. Þar af leiðandi er þessi tillaga hennar um breytingu á lögum um atvinnuleysisbætur af hinu góða.

Tillagan um að bæta við sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf, bæði fyrir fólkið sjálft sem inni í fangelsum er og aðstandendur þeirra, er mjög nauðsynleg. Fólk stendur oft harla eitt, bæði aðstandendurnir og auðvitað hinir dæmdu sjálfir, og má stundum ekki á milli sjá hvorum líður verr. Oft er það svo að fólkið veit ekki til hverra það getur snúið sér og fengið aðstoð eða leiðbeiningar og það hefur því miður verið um of fátæklega þjónustu að ræða, allt of fátæklega. Ég tel raunar að þessi tillaga um eitt stöðugildi sé allt of lítið. Við þyrftum að vinda bráðan bug að því að koma lögunum um fangelsismálin frá 1988 til framkvæmda þannig að það yrðu 12 stöðugildi. Það finnst mér vera algert lágmark. Og mér finnst að þjónustan við aðstandendur ætti að vera mjög efld.

Við sem lifum í hinu íslenska samfélagi rekumst alltaf á fleiri og færri sem standa mjög illa og höllum fæti vegna þess að þá vantar leiðbeiningar og aðstoð, bæði í efnhagslegu og félagslegu tilliti. Það er ekki síður — ég get eiginlega ekki gert upp á milli hvort er meira, oft er þetta svo samofið hvað öðru að það er erfitt að skilja þar á milli. En einsemd hins dæmda þegar hann kemur út aftur birtist oft í því að hann á ekki í neitt annað hús að venda þegar hann kemur út heldur en beint í fangið á fyrri félögum og það er náttúrlega harla erfitt ef hann ætlar sér að breyta um lífshætti.

Eins er með fólkið sem eftir situr og horfir á eftir fólkinu sínu inn um dyrnar á fangelsunum, það er oft afskaplega einmana og veit ekki hvert það getur snúið sér, ótrúlega ráðþrota fólk. Þess vegna tel ég að báð-

ar þessar tillögur séu af hinu góða og legg til að þær verði samþykktar báðar tvær og helst ríflega það sem farið er fram á, eins og ég sagði áðan.

[13:50]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég kem upp fyrst og fremst til að lýsa stuðningi mínum við þær hugmyndir sem hér liggja að baki og vil þakka flm., hv. þm. Margréti Frímannsdóttur, fyrir hennar framlag og framlagningu þessara mála.

Í stuttu máli, ef ég vík að þskj. 227, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, þar sem gert er ráð fyrir að fangar sem afplánað hafa eða setið inni í tólf mánuði skuli öðlast rétt til atvinnuleysisbóta, þá get ég sagt að það er mín skoðun að þegar menn eru búnir að afplána sinn dóm og sitja af sér þá eru þeir búnir að gera upp við samfélagið, gera upp við þjóðfélagið, og því eiga þeir að hafa öll þau réttindi sem aðrir menn, frjálsir menn, hafa. Þetta er í grundvallaratriðum mín skoðun og í raun og veru þá þyrfti ég ekkert að segja meira um þetta mál. Það er því miður oft þannig þegar rætt er um fanga og fangelsismál að þá kemur fyrst upp í huga manna stórglæpamenn og sífbrotamenn, en það er nú ekki þannig, sem betur fer, í fangelsum landsins. Megnið af þeim sem þar sitja inni eru menn sem hafa orðið leiksoppar örlaganna eða hafa af einhverjum öðrum ástæðum farið úr af sporinu og langflestir þeirra ætla sér ekkert annað en að komast beint á beinu brautina þegar þeir koma út. Þess vegna er auðvitað eðlilegt og sjálfsagt að við gerum allt sem við getum til að koma þeim á beinu brautina, það er nógu erfitt samt að koma út og mæta fordómum þjóðfélagsins sem bíður þeirra þar. Fyrir utan það ástand sem er hugsanlega í það og það sinnið í þjóðfélaginu, eins og t.d. í dag þegar mikið atvinnuleysi ríkir og erfitt getur verið fyrir menn að koma undir sig fótunum.

Ég velti samt fyrir mér hvort menn eigi að fara beint á atvinnuleysisbætur eða hvort það eigi að líða einhver tiltekinn tími, ég veit það ekki. Þetta er atriði sem ég tel að nefndin þurfi að skoða. Ég veit ekki hvort það er hugsanlegur hvati til að fara ekki beint í að leita sér að vinnu, ef menn geta farið beint á atvinnuleysisbætur. Það ætti t.d. að láta mánuð líða eða eitthvað slíkt þannig að menn færu frekar beint í að leita sér að vinnu en ella. Þetta er spurning sem kemur upp. Ég veit ekkert hún á rétt á sér eða ekki, en nefndin mun skoða það.

Ég hef enga trú á að þessu fylgi mikill kostnaður. Ég held að hann hljóti reyndar að vera afar lítill. Hv. flm. veit vafalaust um hversu marga er að ræða svona í meðalári. En ég hef enga trú á að það sé slíkur fjöldi að við séum að tala hér um stórar upphæðir, þannig að það verður ekki baggi á þjóðfélaginu þó að þessum útgjöldum yrði bætt við. Um þetta mál hef ég í rauninni ekkert annað að segja. Ég á sæti í hv. allshn. og mun taka þátt í að fjalla um málið þar og mun gera það á þeim nótum sem ég hef hér lýst. Ég vona að það skiljist að þær eru mjög jákvæðar.

Um hitt málið hef ég nákvæmlega ekkert að segja annað en það að ég er því einfaldlega sammála. Ég er sammála síðasta ræðumanni um að það mætti jafnvel auka þetta enn frekar en gert er ráð fyrir. En fyrsta skrefið er jú það mikilvægasta, það má þá vinna að því að laga það seinna. Aðalatriðið er að umræðan fari af stað og um leið og hún er farin af stað þá leiðir hún oftast nær til einhverra bóta.

[13:54]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir málflutning flm. þessara beggja mála, en leyfi mér þó að skjóta inn skoðunum mínum og inna um leið flm. eftir einu atriði.

Varðandi síðara málið, 205. mál, um atvinnuleysistryggingar, þá vil ég spyrja flm. hvort hann hafi kynnt sér möguleika á því að atvinnuleysisbætur til slíkra manna geti orðið bundnar við lægri skilyrði en að minnsta kosti 12 mánaða gæsluvarðhaldsvist.

Síðan vil ég setja fram þá skoðun mína að frelsissviptingu fylgir iðulega réttindasvipting einnig. Nýlegur dómur, sem birtur var fyrir örfáum klukkustundum, var í máli lögmanns sem brotið hafði lög og varðaði sektir. Sennilega var þyngsta refsingin missir réttinda um alllangan tíma. Án þess að segja nokkuð frekar um það þá vil ég benda á að í þessu samhengi getur orðið allflókið að finna hinar réttmætu atvinnuleysisbætur og hins vegar gæti orðið miklu þyngra en venjulega í öðrum tilvikum fyrir viðkomandi einstakling að leita sér að vinnu að þessari refsingu lokinni.

Ég tek undir það sjónarmið að gæsluvarðhaldsvist eða refsivist hlýtur að teljast fullnaðaruppgjör við samfélagið, að öðrum kosti mundi dómstóll þess leggja á fleiri refsiatriði í dóm. Ég tel miklu skipta að að slíku loknu fái einstaklingar tækifæri til að leita sér að vinnu og hygg að þeir þurfi ekki aðeins þá þjónustu sem getið er um í fyrra málinu heldur einnig aðstoð við atvinnuleit, í rauninni mjög sértæka vinnumiðlun. Í þessu efni tel ég skipta miklu máli að við höfum í huga að árangur þessara stofnana okkar er því miður fyrst og fremst fólginn í því að vera refsivistarstofnanir en ekki betrunarstofnanir. Og ég segi, það er því miður, vegna þess að öll umræða, þó hún hafi ekki verið mjög skilvirk eða marktæk og þó hún hafi því miður oftast staðið aðeins þegar athygli þjóðarsálarinnar beinist að þessum málum eða fjölmiðlanna, sem ég tel raunar hvorugt til bóta málefninu, þá hefur umræðan samt sem áður snúist um að betrunarþátturinn verði aukinn en refsiþátturinn verði rýrður. Ég hygg að við verðum öll sammála um að það er sú breyting sem orðið hefur á viðhorfi nútímamanna til afplánunar refsivistar. Eða erum við virkilega enn að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort við erum að beita þessum úrræðum í refsingarskyni einu. Ég er nokkuð viss um að við erum sammála um svarið; það er ekki svo.

Í þessu samhengi spyr ég hv. flm. þess sem ég nefndi áðan. En ég tek undir málflutning hans í báðum þessum málum og vænti þess að við megum fara þessa leið í fleiri greinum og reynum að bæta þessar stofnanir sem við vitum raunar öll að eru ekki að öllu leyti færar um að gegna sínum verkefnum.

[13:57]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Árni R. Árnason færði okkur fréttir um einhvern dóm sam hafði fallið fyrir nokkrum klukkustundum síðan. Ég hef því miður ekki heyrt fréttir, en hann átti að hafa fallið yfir einhverjum lögfræðingi og í framhaldi af því talaði hann um réttmætar atvinnuleysisbætur. Eins og ég heyrði þetta þá fannst mér alveg eins mega skilja það sem svo að það ætti að flokka menn niður jafnvel eftir þeim tekjum sem þeir höfðu áður en þeir voru dæmdir eða eftir því hvaða starf þeir störfuðu. Er það réttur skilningur? Það langar mig til að vita.

[13:58]

Árni R. Árnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal fúslega taka fram að ég nefndi ekki í máli mínu hvað ég teldi geta verið réttmætar atvinnuleysisbætur. En ég tel hins vegar að þar sem einstaklingur hefur misst réttindi til starfa sem áður gáfu tækifæri til mikilla tekna þá geti það gert málið flókið að úrskurða hvað teljist réttmætar bætur að refsivist lokinni. Það er það eina sem ég tók fram, en ég gaf í rauninni engar skoðanir uppi um hvað þyrfti að taka til greina í slíkum málum. Þau geta verið ólík. En vel að merkja til þessa hefur komið við fleiri stéttir en lögmenn. Þannig að þau mál kunna öll að vera flókin. Hins vegar get ég tekið fram að það kann að verða talið rétt, þegar þar að kemur, að öllum verði úrskurðaðar bætur á sama grunni.

[13:59]

Flm. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa komið og tekið undir þær tillögur sem felast í þeim frv. sem ég mælti fyrir. Í fyrsta lagi þá nefndi hv. þm. Ingi Björn Albertsson þann fjölda sem fengi dóm, 12 mánuði eða meira á ári, hverjar þær tölur væru. Ég er með hér í skýrslu frá fangelsismálanefnd tölur frá 1985–1991. Árið 1985 voru þessir einstaklingar 10 eða 2,9% þeirra sem fengu dóm. 1986 voru þeir 15 eða 4,2% þeirra sem fengu dóm. 1987 16 eða 4,4%. 1988 19 eða 5,2%. 1989 19, 1990 voru þeir 19 og 1991 voru þeir 11. Þeir sem fengu 12 til og með 36 mánaða dóm. Síðan eru þeir sem fá yfir 36 mánaða dóm og það eru miklu færri einstaklingar. 1985 eru þeir 2. 1986 eru þeir 3. 1987 eru þeir 2. 1988 eru þeir 4. 1989 eru þeir 6. 1990 eru þeir 7 og 1991 eru þeir 5.

Hv. þm. Árni R. Árnason spurði mig hvort ég hefði kannað sérstaklega hvort hægt væri að taka þarna inn þá sem hefðu fengið styttri dóma heldur en 12 mánuði. Ég hef ekki kannað það sérstaklega, hins vegar mat ég það út frá viðtölum sem ég hef átt við forsvarsmenn fangelsanna við fanga sjálfa og með tilliti til þess að hér var lagt fram frv. á síðsta þingi um samfélagsþjónustu sem hugsanlega getur komið í stað þriggja mánaða dóms eða dóma allt að þriggja mánaða fangelsisdóm. Ef það frv. verður lagt fram aftur, sem ég vonast til, og fær afgreiðslu þá fannst mér eftir þessa athugun að þetta væru rétt mörk og einnig með það í huga að yfirleitt er það þannig að menn afplána ekki allan dóminn. Þeir sem fá 6 mánuði, þá er oft og tíðum 4–6 mánaða afplánun. Svo kom náttúrlega inn í sú umræða sem var í heilbr.- og trn. fyrir ári síðan þegar ég ræddi þessa tillögu þar hvað þetta kostaði og þess vegna fannst mér eðlilegt að gera þessa tilraun og sjá hvernig þetta kæmi út, þá yrði farið af stað með það að miða við að um 12 mánaða refsivist væri að ræða.

En ég ítreka þakklæti mitt til hv. þm. og vil taka sérstaklega undir þau orð sem komu frá hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur þar sem hún talaði um að það þyrfti að bæta við starfsliði Fangelsismálastofnunar. Sú stofnun hefur á þeim árum sem hún hefur starfað unnið verulega gott verk. Í dag eru að eiga sér stað breytingar í fangelsinu austur á Litla-Hrauni sem eru alveg í samræmi við þá skýrslu fangelsismálanefndar til dómsmrh. síðan 1991 sem ég vitnaði til áðan og fékkst fjármagn í þær breytingar á þessu ári.

Forstöðumaður Fangelsismálastofnunar hefur sagt það oftar en einu sinni að ástand fangelsismála í dag sé ekkert betra eða verra heldur en við viljum. Það sé háð þeim fjárveitingum sem Alþingi ákvarðar og það er alveg rétt. En þær tillögur, sem koma hins vegar frá þessari nefnd og eru í þessari skýrslu sem ég hvet hv. þm. til að kynna sér, lýsa einmitt því viðhorfi sem fram kom áðan að fangelsin væru notuð, þó það sé kannski ekki rétt að nota orðið betrun, þá væri það samt í þá átt heldur en hitt. Ég velti því fyrir mér í sumar þegar þessi umræða um strokin var sem allra mest, strokin frá Litla-Hrauni og frá Skólavörðustíg, hvort það væri það sem við þyrftum til þess að augu okkar opnist fyrir því að Alþingi þyrfti að veita fjármagn til þessa málaflokks og fannst það svolítið hastarlegt að hugsa það þannig að það væri kannski og það er kannski einkennilegt að orða það þannig einnig, að það væri kannski því að þakka að fjármagnið fékkst, að það þurfi alltaf eitthvað alvarlegt að gerast til þess að augu okkar opnist fyrir fjárþörfinni í þessum málaflokki, því það hefur ekki verið mikið lagt í þennan málaflokk af hálfu Alþingis. En ég vil hins vegar taka það fram að frá því að hæstv. núv. dómsmrh. kom í dómsmrn. þá hafa átt sér stað verulegar úrbætur og störf fangelsismálanefndar og skýrslan sem er unnið eftir er m.a. fyrir hans forgöngu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varanlegur vegur yfir Öxi, fyrri umr.

Þáltill. JHall og JónK, 227. mál. — Þskj. 255.

[14:05]

Flm. (Jónas Hallgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. á þskj. 255 um könnun á lagningu varanlegs vegar um Öxi. Flm. auk mín er hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta

kanna möguleika á lagningu varanlegs heilsársvegar yfir Öxi sem skilur að Skriðdal og Berufjörð í Suður-Múlasýslu."

Hér er hreyft málefni á hinu háa Alþingi sem lengi hefur verið til umræðu manna á meðal á Austurlandi en e.t.v. minna verið sinnt á æðri stöðum ef svo má að orði komast, enda má segja að ærin verkefni önnur séu í samgöngumálum og hafi verið á Austurlandi sem Alþingi og yfirvöld vegamála hafa fengist við á undanförnum árum.

Svo langt var mál þetta komið heima fyrir fyrir 3–4 árum að stofnaður var sérstakur félagsskapur til að vinna því framgang. Fremstir fóru þar í flokki áhugamenn af Djúpavogi og í nágrenni.

Það er upprifjunaratriði og kannski til gamans hér að það er vitað um fyrstu samgöngur milli Fljótsdalshéraðs og Berufjarðar að fornar heimildir skýra frá ferðalagi þjóðsagnarpersónunnar Beru sem fjörðurinn síðar var raunar kenndur við. Er hún á ferð um Öxi með skylduliði úr brúðkaupi í Skriðdal en lendir í mikilli villu vegna þoku. Tvístraðist hópurinn og ferst samferðafólk Beru allt á fjallinu en hún kemst til byggða við illan leik. Ekki vill þó betur til en svo að hestur sá sem Bera reið hleypur á opna hurð í úthýsi, fellur kerla af baki, hálsbrotnar og endar þar ævi sína.

Þessi saga er rifjuð upp meira til gamans og ekki af því að tillögumaður óski eftir því að örlög þessarar þáltill. endi á sama veg og Beru heitinnar.

Af samtölum við kunnuga og af eigin kynnum af Öxi er flm. ljóst að þeir fáu km sem núverandi vegur spannar geta verið torsóttir og óárennilegir ókunnugum í núverandi ástandi. En eins og fram kemur í nokkuð ítarlegri greinargerð er talið að varanleg vegagerð um svæðið sé fremur ódýr vegna nálægðar fyllingarefnis en erfiðara sé aftur á móti með fínni ofaníburð.

Flm. telja að tvímælalaust yrði hér um mikla og varanlega samgöngubót að ræða auk þess sem ferðaþjónusta mundi eflast með þessum nýja og áhugaverða möguleika.

Eins og fram kemur í greinargerð er núverandi vegur milli Skriðdals og Berufjarðar rúmlega 18 km og er því um 60 km styttingu milli Egilsstaða og Hafnar ef þessi samgöngubót yrði að veruleika. Ástand vegarins um þessar mundir leiðir ekki af sér styttingu á ökutíma. Með tilkomu þessa varanlega vegarsambands opnuðust auk þess ný tækifæri til útivistar og náttúruskoðunar. Ótvírætt hefði bætt vegarsamband um Öxi mikla þýðingu fyrir ferðaþjónustu á svæðinu. Þá væri hægt að velja um fjórar hringleiðir út frá nýjum varaflugvelli á Egilsstöðum, í fyrsta lagi umhverfis Lagarfljót, í öðru lagi um Hellisheiði og Möðrudalsöræfi, í þriðja lagi um Breiðdalsheiði og Reyðarfjörð til Egilsstaða og í fjórða lagi um Öxi með fjörðum.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. samgn. til frekari umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegagerð milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar, fyrri umr.

Þáltill. JHall og JónK, 228. mál. — Þskj. 256.

[14:09]

Flm. (Jónas Hallgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 256 um vegagerð milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar. Flm. auk mín er hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta kanna möguleika á gerð sumarvegar frá Borgarfirði eystri um Loðmundarfjörð til Seyðisfjarðar."

Í greinargerð með tillögunni koma fram ýmsar áherslur sem flm. vilja sérstaklega benda á. Vegur með ströndinni milli Seyðisfjarðar um Loðmundarfjörð til Borgarfjarðar eystri hefur lengi verið til umræðu milli manna austur þar. Forn samgönguleið er um svokallaða Hjálmadalsheiði eða Hjálmu eins og hún er kölluð manna á meðal, milli Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar, göngu- og hestaslóð í um 600 m hæð. Sú leið þykir þó ekki vænleg sem framtíðarleið fyrir bifreiðaakstur.

Umferð á sjó hefur alltaf verið nokkur til Loðmundarfjarðar en erfið vegna slæmra lendingarskilyrða þó þar hafi verið reynt að bæta úr á undanförnum árum.

Þegar síldarævintýrinu síðasta lauk 1965–1970 var mikið rætt um gerð akfærs vegar milli Seyðisfjarðar og Borgarfjarðar eystri og þá aðallega til að komast að biksteinsnámunni í fjallinu Skúmhetti í Loðmundarfirði með útflutning biksteins í huga. Voru gerðar ýmsar athuganir og þótti engin fyrirstaða vera á samgöngubótum á svæðinu ef hægt hefði verið að nýta afurðina, þ.e. biksteininn. Af þessu varð þó ekki vegna bágra markaðsaðstæðna en hver veit nema þessi umræða fari af stað aftur og það fyrr en varir.

Eins og fram kemur í greinargerðinni eru möguleikar ferðaþjónustu á þessu svæði miklir og mundu aukast til muna ef þessar samgöngubætur kæmust á.

Þó er rétt að hér komi fram að úrtölumenn finnast í þessu efni sem telja að Loðmundarfjörður eigi að varðveitast, helst eins og hann er, þannig að þangað verði alls ekki fært vélknúnum ökutækjum. Út af fyrir sig er þetta sjónarmið þó ekki séu tillögumenn sammála því.

Seyðisfjörður hefur um síðasta 20 ára skeið verið annað aðalinnflutningshlið ferðafólks til landsins. Þangað koma á ári hverju á bilinu 6.000–8.000 manns og tvöföldun þeirrar tölu leiðir af sér að það fara um Seyðisfjörð um 16.000 manns og 5.000 bifreiðar þannig að það er fyrir mjög mikil umferð á svæðinu og mundi áreiðanlega þakksamlega þegið að komast á nýjar slóðir með það ferðafólk.

Ítrekað hefur verið bent á af heimamönnum hve erfitt er að halda ferðafólkinu á austurströndinni vegna fábreytni í afþreyingu. Þessi nýja hringleið, Seyðisfjörður–Loðmundarfjörður–Borgarfjörður eystri–Eg-

ilsstaðir, mundi tvímælalaust stórauka möguleika ferðaþjónustu á svæðinu og verða til þess að treysta og festa þá viðkvæmu byggð sem nú er reynt að viðhalda á þessum slóðum.

Virðulegur forseti. Eftir þessa umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. samgn. til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 238. mál. — Þskj. 273.

[14:13]

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þingmáli 238 sem er á þskj. 273, það er till. til þál. um úrbætur í málefnum ungmenna sem flutt hafa til Íslans frá framandi málsvæðum. Flm. eru auk mín aðrar þingkonur Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að beina því til menntamálaráðherra að:

a. Standa fyrir gerð kennsluefnis fyrir ungmenni af erlendu bergi um sögu, landafræði, náttúrufræði og félagsfræði. Kennsluefnið verði á einföldu en góðu íslensku máli og til þess ætlað að byggja brú yfir í efni almennra kennslubóka í íslenskum skólum.

b. Beita sér fyrir því að tekin verði upp í grunnskólum íslenska sem annað mál fyrir þá nemendur sem eru nýkomnir til landsins eða aðfluttir frá framandi málsvæðum."

Í greinargerð segir svo, með leyfi forseta:

„Meðal hins mikla fjölda nýbúa, sem sest hafa hér að á undanförnum árum, er allstór hópur ungmenna á aldrinum 10 til 20 ára. Mörg koma þau frá framandi málsvæðum Asíu og Austur-Evrópu. Ungmenni frá Austur-Evrópu eiga tiltölulega auðvelt með að tileinka sér málfræði því yfirleitt tala þau tungu sem byggist á beygingafræði. Hins vegar er orðaforðinn allur nýr. Þau ungmenni sem koma frá Asíu tala yfirleitt tónamál og beygingafræði er þeim algjörlega framandi." — Það mun aðeins vera á Filippseyjum sem talað er mál sem er beygingarmál.

„Fyrstu skólaár þessara ungmenna fara því nær alfarið í að ná tökum á daglegum orðaforða og einföldustu beygingafræði. Innihald greina eins og þeirra sem að framan getur fer hreinlega fyrir ofan garð og neðan hjá mörgum þeirra. Þess vegna flosna mörg þeirra upp úr skóla strax í 10. bekk og eiga oft ekki möguleika á að ná sér aftur á strik í námi. Þessi vandi var fáum ljós í upphafi innflytjendastraumsins hingað en er nú að koma betur og betur fram. Þannig glatast ár hvert út úr skólakerfinu nokkrir greindir og vel gerðir unglingar og er fyrirsjáanlegt að verði ekki gripið til ráða sem duga hið fyrsta mun þessi hópur fara sístækkandi og íslensk þjóð hefur ekki efni á að kasta þannig hæfileikum þeirra á glæ.

Mörg ungmenni sem koma frá málsvæðum sem liggja nærri íslensku, svo sem germönskum, engilsaxneskum og norrænum málsvæðum, eiga við skamman vanda að stríða en þó þarf að veita þeim úrlausn. Því er lagt til að íslenska standi þeim til boða á námsskrá grunnskólanna sem annað mál áður en þau hefja venjulegt nám í íslensku móðurmáli."

Með orðalaginu „annað mál" er ekki átt við það að íslenska sé erlent mál og kennd sem slík, heldur hitt að fræðslan þarf að miðast við það að íslenska er ekki fyrsta mál sem þau læra í bernsku af móður eða föður heldur mál sem er talað allt í kringum þau í umhverfinu þegar þau koma út af heimili sínu. Kennslan verður því að vera með einfaldari og nokkuð öðrum hætti en ella og prófin þurfa auðvitað að vera eftir því.

„Ungmenni frá framandi málsvæðum þurfa sams konar fræðslu en mun lengur en aðrir. Þannig ber nauðsyn til að nýbúar geti tekið grunnskólapróf í íslensku sem öðru máli svo að þeir hafi möguleika á að komast áfram í skólakerfinu.

Nauðsynlegt kennsluefni er: Einföld íslensk málfræði og stafsetning, reglur samdar með þarfir þessa tvískipta hóps í huga." — Þ.e. hóps þeirra ungmenna sem koma frá nálægum málsvæðum og svo hinna sem koma frá málasvæðum sem það er algjörlega framandi að þurfa að hugsa um málfræði.

„Einfalt efni í framangreindum kennslugreinum sem einnig gæti nýst fleiri nemendum, þ.e. þeim sem ættu við lesvanda að stríða," en eru af íslenskum uppruna, t.d. þeim sem eru það sem kallast lesblindir og orð sem enginn vill nota nú til dags, en ungmenni sem eiga mjög erfitt með að læra lestur af einhverjum ástæðum gætu hugsanlega nýtt sér svona kennsluefni og ég er viss um að það mundi verða þeim til framdráttar í náminu.

Menntamálaráðuneytið hefur nú þegar gert allmikið átak í málum þessara ungmenna og í menntunarmálum nýbúa almennt en það verður að gera betur.

Þetta sem við erum að tala um í þessari þáltill. hefur ekki komið upp á yfirborðið fyrr en núna síðasta árið og fólk hefur ekki gert sér grein fyrir þessu og við verðum að bregðast strax við þessu því hópurinn er að verða allt of stór sem núna stendur frammi fyrir þessum vanda og hann mun stækka bara núna á næstu mánuðum. Þess vegna er þessi tillaga fram borin hér. Ég læt þess getið að hæstv. menntmrh. sagði frá því í þinginu um daginn að búið væri að skipa nefnd sem ætti að endurskoða frá rótum málefni nýbúa. Hugsanlega kæmi þetta þar inn á borð en ég er hrædd um að sú nefnd þurfi að vinna mikið verk og verði hugsanlega of lengi að störfum til þess að það sé hægt að bíða eftir þessu. Það þarf að gera eitthvað í þessum málum núna alveg strax.

Virðulegi forseti. Að umræðunni lokinni óska ég þess að málinu verði vísað til hv. menntmn.

[14:21]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. 1. flm. fyrir að hreyfa þessu máli. Það hefur þegar verið rætt um þetta mál í hv. menntmn. og við höfum fengið ágætar upplýsingar um það þar nú þegar frá hv. 1. flm. um það hvað hér er mikið í húfi fyrir þá nýbúa sem um er að ræða. Ég tel hins vegar að orðalag í ályktuninni kunni að orka tvímælis en þetta hugtak er skýrt og hv. 1. flm. skýrði það fyrir okkur að þarna er talað um íslenskuna sem annað mál. Þá er vísað til þess að það eigi að kenna þessu fólki íslenskuna á þann veg að það sé að læra erlent tungumál, að íslenska fyrir því sé eins og erlent tungumál og það þurfi að útbúa kennsluefni með þeim hætti eins og við Íslendingar séum að læra erlenda tungu. Ég skil það þannig og hugmyndin er sem sagt sú að stuðla að því að koma á framfæri við þessa Íslendinga námsefni sem sé það einfalt að þeir geti tileinkað sér tungumálið betur en með því kennsluefni sem nú er fyrir hendi.

Ég vil aðeins af því tilefni að hv. 1. flm. nefndi framtak menntmrn. sem er rétt og sanngjarnt tilgreina ræðu sem hæstv. menntmrh. flutti á haustþingi Kennarafélags Reykjavíkur 9. okt. sl. um nokkur stefnumið í skólamálum á Íslandi. Sagði hann m.a., með leyfi frú forseta:

„Nú í haust fer fram tilraunastarf í þjónustu við nýbúabörn í nokkrum skólum Reykjavíkur. Settir hafa verið á fót móttökubekkir fyrir börn nýkomin til landsins auk þess sem gerðar eru tilraunir með samkennslu nemenda sem hafa verið nokkurn tíma á Íslandi. Markmiðið er að nýta sem best fagþekkingu kennara á nýju og óþekktu viðfangsefni og gefa nemendum kost á auknum stundafjölda í kennslu í íslensku sem annars tungumáls með því að kenna þeim í hópum. Miklar vonir eru bundnar við þetta tilraunastarf, en reynt hefur verið að nýta reynslu nágrannaþjóðanna og hefja starfið á því stigi sem þær þegar eru komnar á. Nágrannar okkar á Norðurlöndum búa að langri reynslu í þjónustu við erlend börn og höfum við leitað í smiðju þeirra um fyrirmyndir til að byggja upp þjónustu við nýbúabörn í íslenskum skólum."

Það kemur einnig fram að menntmrh. hefur ráðið Ingibjörgu Hafstað sem verkefnastjóra fyrir kennslu nýbúabarna í skólum og hún mun afla ítarlegra upplýsinga um stöðu þessara barna svo að skipuleggja megi kennslu þeirra á sem markvissastan hátt. Ég held því, frú forseti, að hér sé hreyft máli sem nú er þegar unnið að á vegum menntmrn. og mér finnst sjálfsagt að í meðförum menntmn. verði þeim sjónarmiðum komið á framfæri sem getið er um í þessari ályktun og nefndin fjalli um það í ljósi þess starfs sem þegar er unnið og þessi markmið komist rækilega til skila inn í það tilraunastarf sem unnið er á vegum menntmrn.

[14:25]

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir þau orð sem hann hefur farið með hér og undirtektir hans og raunar hans flokks sem hafa verið hinar bestu. Ég vildi aðeins benda á að íslenska er ekki í þessu tilviki algerlega erlent mál heldur verða börnin í rauninni tvítyngd þannig að þetta er raunverulega annað mál af tveimur sem á að verða þeim jafnvígt.

Um móttökubekkina vildi ég rétt nefna að þeir eru afskaplega nauðsynlegir og yfirleitt það átak sem unnið hefur verið núna undanfarið er af hinu góða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 240. mál. — Þskj. 275.

[14:26]

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir 240. þingmáli Alþingis sem er á þskj. 275. Það er þáltill. sem varðar veitingu ríkisborgararéttar. Flm. auk mín eru allar aðrar þingkonur Kvennalistans.

Þáltill. gengur út á það að Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að setja reglur um að lágmarkskunnátta í íslensku sé fyrir hendi hjá umsækjendum um ríkisborgararétt þannig að annaðhvort sé lagt fram gilt vottorð um íslenskukunnáttu eða umsækjandi sýni fram á að hann hafi sótt nám í íslensku máli.

Í öðru lagi að hinu opinbera sé skylt að sjá til þess að í boði sé nám í íslensku fyrir þá sem ætla sér að setjast hér að.

Í þriðja lagi er þess getið að undanþiggja megi fólk sem vegna aldurs eða sjúkdóma sé ekki fært um að afla sér þessarar fræðslu.

Það er alkunna að á undanförnum 13 árum hefur erlendum íbúum á Íslandi fjölgað afskaplega mikið og nú liggur fyrir þinginu m.a. tillaga um veitingu ríkisborgararéttar. Það er að vísu ekki margt fólk en við vitum að á Íslandi eru mjög margir erlendir menn sem hafa ekki enn þá fengið íslenskan ríkisborgararétt. Þeim sem hafa búið hér árum saman má skipta í tvennt. Þeir sem ætla að halda gamla ríkisborgararéttinum sínum eða þeir sem eru að bíða eftir að fá hinn íslenska. Aðfluttu fólki á Íslandi hefur fjölgað mjög, sérstaklega frá fjarlægum málsvæðum og það fólk sem kemur frá erlendum málsvæðum hefur yfirleitt önnur trúarbrögð og mjög ólíka siði og á kannski erfiðara með að skilja hugsunarhátt og venjur á Íslandi. Þess vegna er enn þá mikilsverðara að séð sé til þess að það fólki fái þær upplýsingar um stöðu sína á Íslandi sem nauðsynlegar eru og læri það mikið í íslenskri tungu að það geti lifað og starfað við eðlilegar aðstæður hér.

Þessi þáltill. lýtur fyrst og fremst að einum þætti þeirra skilyrða sem fólk verður að uppfylla til að fá íslenskan ríkisborgararétt, þ.e. íslenskukunnáttu umsækjanda og skyldu hins opinbera til að veita fræðslu í íslenskri tungu og þar með þekkingu á íslensku samfélagi. Þeir sem búa langa ævi meðal þjóða sem þeir geta ekki átt orðastað við hljóta að finna til einsemdar og hjálparleysis. Það getur haft alvarlegar afleiðingar þegar tjáskiptagetan er svo léleg að fólk skilur ekki

starfsfólk heilbrigðisþjónustu, félagsþjónustu eða löggjafans og einnig er einsemdin í hinu daglega lífi geigvænleg hjá slíku fólki.

Í Noregi fá allir innflytjendur 240–700 stunda fræðslu. Flóttamenn eiga rétt á 500 stundum hið *minnsta* og geta sótt um 700 til viðbótar. Þeir innflytjendur sem eiga við lestrarörðugleika að etja eða eru ólæsir þegar þeir koma til landsins geta komist í tveggja ára nám í norsku og verklegum greinum. Það er svonefnt verkstæðisnám í Noregi.

Það er líka til fólk sem kemur hingað til Íslands sem er mjög illa læst og jafnvel ólæst og við þurfum auðvitað að reyna að veita því þá fræðslu sem það þarf til að standa jafnfætis okkur hinum í þeim efnum og það er mikið verk sem fólkið stendur frammi fyrir þegar svo er. Í Svíþjóð er lágmarkstalan 600 stundir og hámark 1.600 og þar fær fólk námslaun meðan það er í náminu. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að við tökum mið af þessum stundum sem þeir eru með og við getum a.m.k. ekki boðið minna en það minnsta sem þeir bjóða og krafist minna en þess minnsta sem þeir kefjast, þ.e. 250 stunda.

Ég hef ekki lesið upp greinargerðina alla en ég tel að þetta sé nægilegt. Að umræðu lokinni leyfi ég mér að leggja til að þessari þáltill. verði vísað til hv. allshn. og síðari umr.

[14:31]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Þessi tillaga er í raun og veru tvíþætt. Annars vegar er hún um það að setja skilyrði varðandi ríkisborgararétt og hins vegar er hún um það að ríkisvaldinu skuli gert skylt að sjá til þess að þeir sem ætla að setjast hér að geti stundað íslenskunám.

Varðandi fyrra atriðið, um það að setja sem skilyrði við veitingu ríkisborgararéttar, þá var þetta mál fyrir um það bil 40 árum mjög rætt hér á þingi varðandi slík skilyrði og þá var því haldið fram sem er ómótmælanlegt að í 68. gr. stjórnarskrárinnar segir að enginn útlendingur geti fengið ríkisborgararétt hér á landi nema með lögum og dómsmrn. hefur í sjálfu sér aldrei sett neinar reglur um það hvaða skilyrði menn þurfa að uppfylla til þess að fá hér ríkisborgararétt. Að vísu er í umsóknareyðublaðinu sem menn fylla út þegar þeir sækja um ríkisborgararétt talað um kunnáttu í íslensku en það skilyrði er ekki nefnt í starfsreglum allshn. Alþingis sem hún setti sér, ef ég man rétt, fyrst árið 1955. Hér er verið að leggja til við Alþingi að það samþykki að fela dómsmrh. að setja reglur sem í raun og veru eru marklausar á meðan því er háttað þannig eins og segir í 68. gr. stjórnarskrárinnar að það þarf að samþykkja ríkisborgararéttinn með lögum. Engar slíkar reglur hafa gildi í sjálfu sér þar sem það er Alþingi að lokum sem ákveður þetta með lögum þannig að ég vara við því að þessu sé endilega vísað til dómsmrh. Hins vegar kann það að vera að menn ræði um það í allshn. Alþingis hvort það eigi að breyta þeim starfsreglum sem þar hafa gilt um þetta. Það hafa verið uppi hugmyndir m.a. um að stytta árafjölda og annað slíkt þannig að það mál kann að koma til álita í nefndinni en hitt að gera það að kröfu að menn hafi kunnáttu í íslensku til þess að öðlast hér ríkisborgararétt tel ég efnislega nokkuð varasamt. Það tíðkast í nokkrum löndum, ég held að það tíðkist í Danmörku og einhverjum fleiri ríkjum og það hafa orðið deilur um þetta í Eystrasaltsríkjunum. Ákvæði í eistneskum lögum um skyldu manna þar sem öðlast ríkisborgararétt til þess að kunna a.m.k. 1.500 orð í eistnesku til þess að fá réttinn. Hefur af sumum verið talið skerðing á mannréttindum að setja slíkt ákvæði þannig að mér finnst að það þurfi að velta þessu mjög gaumgæfilega fyrir sér. Hitt er annað mál og hef ég jafnvel haft í huga að flytja um það tillögu á Alþingi en þó ekki gert það vegna þess að það er lítið hægt að breyta hér nokkru nema hrófla þá við stjórnarskránni sjálfri en það er hvort sá háttur sem við höfum á varðandi veitingu ríkisborgararéttar sé endilega í samræmi við það sem menn telja e.t.v. skynsamlegast núna. Okkur alþingismönnum ýmsum hefur borist bréf frá Amnesty International varðandi það hvernig reglum hér er háttað um móttöku á flóttamönnum og ýmsir kynnu að telja að reglurnar sem við höfum varðandi veitingu ríkisborgararéttar séu líka það strangar að líti menn á þær í smásjá mannréttindakrafna þá sé hægt að finna að þeim frá þeim sjónarhóli.

Þetta mál allt er mjög viðkvæmt og stórt og viðamikið í heild sinni, skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttarins, þannig að mér finnst að það fari ekki vel á því að blanda þessu tvennu saman í þessari ályktun og allshn. hljóti að horfa á þetta tvennt sem aðskiljanleg mál og e.t.v. væri á rétt að b-liður í þessari ályktun ætti heima hjá menntmn. í meðferð hennar á þeirri tillögu sem er á þskj. 273 og síðan verði atriði varðandi *ríkisborgararéttinn og skilyrði vegna hans þá skoðað* sérstaklega í allshn. Sú nefnd setti þessar reglur upphaflega 1955 og þær hafa verið óbreyttar að stofni til síðan þá. Þá voru miklar umræður um það eins og ég sagði í upphaf máls míns hvort það væri hægt að fela dómsmrn. að setja slíkar reglur en menn hurfu frá því með vísan til 68. gr. stjórnarskrárinnar.

[14:37]

Flm. (Guðrún J. Halldórsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir ábendingar hans og hugsanlega er það rétt að það ætti heldur að vísa þessu máli til menntmn. Ég vil leyfa mér í þessum ræðustól að spyrja: Er nokkurn tíma vísað til tveggja nefnda? Er dæmi um það? (**Forseti:** Nefnd getur vísað máli til annarrar nefndar ef hún hefur hug á því.) Jæja. Þá held ég mig bara við að óska þess að þessu sé vísað til allshn. og allshn. getur þá gert það sem henni finnst réttast og mun þá hugsanlega vísa málinu áfram til menntmn. En erindið í a-liðnum er umhugsunaratriði fyrir allshn. ekki síður en okkur öll hin og fyrst og fremst beint til hennar auðvitað svo að ég ætla þá ekki að segja meira um þetta. Ég bendi á það að a.m.k. Bandaríkjamenn og Kanadamenn hafa það í sínum lögum að fólk verði að hafa lært ákveðið mikið í ensku til þess að það geti fengið ríkisborgararétt í þeim löndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umræður utan dagskrár.
Skattlagning aflaheimilda.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og tilkynnt hafði verið hefst nú utandagskrárumræða að beiðni hv. 3. þm. Vesturl. Hún er um skattlagningu aflaheimilda og fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapalaga.

[14:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hinn 18. þessa mánaðar var kveðinn upp dómur í Hæstarétti í máli Hrannar hf. á Ísafirði gegn fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs. Upphaf málsins var það að fyrirtækið hafði í reikningum sínum fyrir árið 1989 dregið tæpar 60 millj. kr. sem það hafði keypt svokallaðar aflahlutdeildir fyrir á því ári frá sem rekstrarkostnað fyrirtækisins. Skattstjóri Vestfjarða taldi þetta óheimilt og að fyrirtækið ætti að eignfæra kvótann en mætti síðan afskrifa hann um 8% á ári. Ríkisskattanefnd var á öðru máli og taldi að fyrirtækið hefði farið rétt að í bókhaldi sínu.

Héraðsdómur komst svo að þeirri niðurstöðu að kvótann skyldi færa sem eign en mætti afskrifa um 20% á ári. Dómur Hæstaréttar staðfesti niðurstöðu héraðsdóms og það verður ekki deilt við dómara Hæstaréttar.

Hæstiréttur hefur kveðið upp þann dóm að keyptur kvóti skuli skilgreindur sem skattskyld eign og falla undir 73. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981.

Frá því að lögin um stjórn fiskveiða voru sett fyrir forgöngu Framsfl. hafa verið uppi miklar deilur í þjóðfélaginu um eignarréttinn á þessari aðalauðlind okkar Íslendinga. Hið svokallaða frjálsa framsal sem opnaði möguleika á að kaupa og selja aðgang að auðlindinni færði kvótaeigendum raunverulegt ígildi eignaréttar á fiskinum í sjónum. Vegna þessara deilna var sett inn í lögin nýtt ákvæði árið 1987 sem hljóðar svona:

„Fiskistofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu."

Þrátt fyrir að þessi 1. gr. laganna væri alveg skýr, var hafður áfram óbreyttur réttur kvótaeigenda til að notfæra sér hið frjálsa framsal. Það hefur verið ljóst frá upphafi að þessi tvískinnungur hlyti að lokum að leiða annaðhvort til algers markleysis 1. gr. laganna eða þess að frjálsa framsalið yrði lagt af með breytingu á lögunum. Fylgjendur kvótakerfisins hafa fram á þennan dag haldið áfram að blekkja þjóðina með því að halda því fram að 1. gr. laga um þjóðareign á auðlindinni væri í fullu gildi þrátt fyrir rétt kvótaeigenda til að kaupa og selja veiðiheimildir. Þess vegna hafa deilur um þessi mál haldið áfram að magnast eftir því sem afleiðingar þessarar eignamyndunar hafa komið betur í ljós.

Það er í raun fagnaðarefni að Hæstiréttur hefur kveðið upp dóm sem ekki verður misskilinn. Það skal fara með keyptan kvóta með sama hætti og aðrar skattskyldar eignir. Þessi niðurstaða Hæstaréttar hlýtur að vera hv. alþm. mikið umhugsunarefni vegna þess að hún segir í einfaldleika sínum að verði lögunum um stjórn fiskveiða ekki breytt þá sé 1. gr. laganna um þjóðareign á auðlindinni markleysa. Sérkennilegt hefur verið að fylgjast með viðbrögðum ýmissa aðila sem málið varðar því að þau hafa verið með ýmsu móti. Lögfræðingur LÍÚ, Jónas Haraldsson, sagði t.d. um dóminn í viðtali við Ríkisútvarpið, með leyfi forseta:

„Ég hef nú ekki skoðað hann frá orði til orðs en ef ég horfi á niðurstöðuna þá virkar þetta þannig á mig að þessi sjö manna dómur Hæstaréttar hafi komist að þeirri niðurstöðu að kvóti sé skattskyld eign útgerðarmanna. Það þýðir að þeir borga eðlilega af þessu skatta, eignarskatta, en það þýðir jafnframt sem mér finnst vera meginmálið að kvóti er ekki sameign þjóðarinnar. Samkvæmt þessum dómi er kvótinn eign útgerðarmanna, gjaldskyld eign sem þeir borga skatta af og þannig að mér finnst hæstaréttardómurinn ganga á skjön við 1. gr. kvótalaganna um að kvóti sé sameign þjóðarinnar. Þarna er komist að afdráttarlausri niðurstöðu um það að kvótinn sé séreign útgerðarmanna."

Yfirmaður hans, formaður LÍÚ, Kristján Ragnarsson, taldi að nú væri rétt að tala varlega. Hann sagði í viðtali við Stöð 2, með leyfi forseta:

„Það er ekki okkar vilji að vera gert skylt að eignfæra þessar veiðiheimildir. Við vildum mega gjaldfæra þær á kaupári og þá hefði hvorki komið til þess að þetta væri eignfært eða að taka afstöðu til þess hvernig þetta væri fyrnt. Það er líka umdeilanlegt hvernig fyrndur er réttur til sóknar í auðlind eins og þá sem hér er um að ræða. Það er hins vegar gert vegna þess að þetta er kostnaður til öflunar tekna. Það gefur þeim útgerðum sem verða sér úti um þessar heimildir frekari tekjumöguleika og þess vegna heimilast að afskrifa þetta."

Fréttamaðurinn spyr hann þá: „Vegna þess að þessi kvóti skal nú afskrifaður og eignfærður í bókhaldi útgerðarfyrirtækja má þá ekki draga þá ályktun að kvótinn sé sannanlega eign útgerðarmanna?" Og Kristján svarar: „Ég held að það verði að líta svo á miðað við þessa niðurstöðu en hér er þó eingöngu um að ræða þennan hluta aflaheimildanna."

Hæstv. sjútvrh. sagði í viðtali við Ríkisútvarpið, með leyfi forseta: „Þessi dómur breytir í engu þeim réttindum sem kveðið er á um í lögunum og útgerðarmenn hafa ekki öðlast nein ný réttindi með þessum dómi. Þeir einfaldlega töpuðu skattamáli." Og hæstv. utanrrh. sagði: „Nei, það er rangur skilningur. Nú er það svo að jafnvel þótt til skattlagningar komi sem ég tel eðlilegt í skilningi skattalaga, þá er ekki þar með sagt að verið sé að viðurkenna eignarrétt því að við eigum í mörgum tilvikum réttindi, söluhæf réttindi. Dæmi: Lóðaréttindi sem við borgum af þó annar eigi. Það er í raun og veru afnotaréttur. En kjarni málsins frá mínum bæjardyrum séð er þessi: Ég tel algerlega óeðlilegt að þessir kvótar, þessar aflaheimildir hinar varanlegu séu fyrnanlegar eða afskrifanlegar." Og hæstv. sjútvrh.: „Ég er ósammála meiri hluta Hæstaréttar að þessu leyti. Ég er á sama máli og minni hlut-

inn. Ég tel að þetta sé endurnýjanleg auðlind og þess vegna eigi ekki að afskrifa þessi réttindi. Það þýðir að vissu leyti að útgerðarmenn þurfa að borga meiri skatt, en tel þetta vera rökrétta niðurstöðu og eðlilegri niðurstöðu. Hún er líka í samræmi við tillögu tvíhöfða nefndarinnar sem gerir að vísu ráð fyrir ákveðinni aðlögun að því en eftir 1996 eigi þetta að vera óafskrifanlegt."

Þarna koma sem sagt hæstv. ráðherrar röflandi um ranga dóma Hæstaréttar eins og áhorfendur á knattspyrnuleik sem alltaf vita betur en dómarinn. Þarna voru þeir á ferðinni félagarnir samstiga eins og venjulega með sömu eða sams konar blekkingar og forsvarsmenn þessa glæpsamlega kerfis hafa stundað frá upphafi. Ég segi glæpsamlega kerfis vegna þess að frá upphafi hefur verið með blekkingum stefnt að því að festa í sessi eignarhald kvótaeiganda á fiskinum í sjónum og með framkvæmd laganna kerfisbundið stefnt að því að gera 1. gr. laganna um þjóðareign á auðlindinni marklausa.

Hæstv. forseti. Ígildi eignarhalds sem hið frjálsa framsal færir kvótaeigendum hefur haft margvíslegar afleiðingar þann tíma sem það hefur verið í gildi. Það hefur breytt öllu verðmætamati í útgerð, skip hafa verið í lágu verði en kvóti aftur á móti mjög hátt metinn. Verð á aflaheimildum, langtímakvóti, hefur í raun og veru verið jaðarverð vegna mikillar eftirspurnar. Lánastofnanir fóru fljótlega að meta lánshæfni fyrirtækja eftir kvóta. Þar eru á ferðinni mikil mistök því að fjölmörg fyrirtæki, bæði stór og smá, hafa fengið að safna skuldum í bankakerfinu með stöðugum hallarekstri út á það eitt að geta sýnt fram á að ef viðkomandi fyrirtæki hætti rekstri og seldi aflaheimildir sínar á markaðsverði, gæti það greitt skuldir sínar. En þetta er nú að enda með ósköpum. Og það lýsir sér best í því í hvers konar ógöngur þetta er komið að það er ekki mögulegt að stofna til nýrrar útgerðar með kaupum á skipi og kvótum nema einhver t.d. bæjarsjóður í viðkomandi sveitarfélagi sé viðbúinn að leggja fram 40–50% af verðinu og sætti sig við að fá engan arð af þeim fjármunum og fá fjármunina heldur aldrei til baka.

En nú berast fregnir af því að Landsbankinn ætli að fara að breyta skuldum sjávarútvegsfyrirtækja í hlutafé. Sé það rétt verður ekki langt í að hann verði stærsti kvótaeigandinn í landinu. Það er ríkisútgerð í stærri stíl en menn hefur nokkru sinni órað fyrir, en í sjálfu sér er það ekki undarlegt að forráðamenn bankans skuli reyna þessa leið þegar afleiðingar þeirra hörmulegu mistaka stjórnenda bankans að láta gangverð aflaheimilda en ekki rekstrargrundvöll fyrirtækjanna ráða fyrirgreiðslu sinni eru að hvolfast yfir bankann.

En það er fleira sem þetta ígildi eignarréttar hefur í för með sér. Kvótaeigendur eru í stórum stíl farnir að notfæra sér aðstöðu sína til að þvinga fram lægra fiskverð. Það er þessi svokallaða „tonn-á-móti-tonni"-aðferð sem er mest tíðkuð. Annað höfuð úr tvíhöfða nefndinni, hv. 5. þm. Norðurl. v., sagði í Dagblaðinu fyrir nokkrum dögum að allir högnuðust á þessum viðskiptum, tonni á móti tonni, bara allir. Það var aldeilis spakleg niðurstaða og að vekur upp spurninguna: Hvaðan kom sá gróði? Eins og við höfum séð þetta gerast, t.d. á Snæfellsnesi og Akranesi, þá er augljóst að það getur ekki verið um neinn sparnað ræða því að fiskinum er ekið þvert og endilangt um landið jafnvel 100 km til vinnslu annars staðar. En við vitum hvers vegna þetta er hægt. Við vitum að það græða ekki allir á þessu. Það eru bara spekingarnir sem ekki vita að það er hægt vegna þess að sjómennirnir og kvótalitlu útgerðirnar í landinu borga brúsann, eða vita spekingar kannski betur? Líklega vita þeir að kvótaeigandinn fær helmingi meiri fisk fyrir 20–30% lægra verð en gengur í öðrum viðskiptum. Og líklega vita þeir líka að þessi 20–30% gera gæfumuninn og duga til þess að standa algerlega undir fjármögnun og kaupum á enn meiri veiðiheimildum til þeirra sem nú þegar eru í þessari aðstöðu. Það er af skiptaverði sjómanna og aflahlut þeirra útgerða sem eru í ánauðinni sem kvótaeigendur fjármagna meiri og meiri kvótaeign sína og flutning aflans frá öðrum byggðarlögum til sín. Og svo skelfilegar eru afleiðingar þessa glæpsamlega kerfis að helmingur eða meir af öllum fiski sem veiðist á Snæfellsnesi er fiskaður í ánauðarsamningum og fluttur í fjarlæg byggðarlög til vinnslu. Vörubílar streyma yfir fjöll og firnindi með fisk, allt er þetta á kostnað sjómanna og útgerðarmanna sem neyðast til þess að gera sig ánauðuga, játast undir vistarband stórútvegsbónda fyrir norðan eða sunnan. Og byggðarlögunum sem ekki hafa stórútvegsbónda sem kann á vistarbandið er að blæða út. Fiskvinnsluhúsin standa tóm og fólkið missir vinnuna. Þorpin og bæirnir sem byggðust upp vegna nálægðar við gjöful fiskimið eru allt í einu orðin til einskis nýt nema til að beita línu og setja upp net fyrir útgerðarmennina sem enn þá tóra svo að þeir geti róið eina vertíð enn fyrir stórútvegsbóndann upp á hálfan hlut.

En það eru fleiri aðferðir sem eignarréttarígildið gefur kvótaeigendum færi á að nota. Ýmsar útgerðir draga kvótakaup frá aflahlut sjómanna. Það virðist ólöglegt en ýmsir sjómenn hafa mátt þola það að verða að svara því hvort þeir vildu heldur fara í land eða taka þátt í kvótakaupunum. Og svo eru til útgerðir sem fá úthlutað sínum kvóta en láta aðra fiska fyrir sig á *þessu lága verði sem kvótalausir bátar verða að sætta* sig við og selja síðan fiskinn á markaðinum. Og þeir hirða allan muninn án þess að kosta nokkru til. Þessi aðferð er algjörlega lögleg.

Hraði þessarar þróunar hefur verið að aukast meir og meir. Fleiri stórútgerðir nota sér þær aðferðir sem ég hef verið að lýsa hér. Fiskmarkaðarnir sem hafa bjargað miklu á sumum stöðum eru nú á hröðu undanhaldi vegna þess að fleiri og fleiri bátaútgerðir hafa neyðst til þess að ganga inn á vistarbandssamninga hjá kvótaeigendum. Það virðist orðið augljóst hvert stefnir. Veiðiréttirnir er að öðlast sjálfstætt gildi. Þeir sem eiga hann krefjast þess endurgjalds sem markaðsaðstæður gefa möguleika á á hverjum tíma. Dómur Hæstaréttar mun flýta þessari þróun enn meir. Þeir sem hafa keypt aflakvóta munu geta sagt með sanni: Við höfum keypt verðmæti sem ríkið skattleggur, sem er

okkar eign. Við einir höfum rétt til arðsins sem markaðurinn gefur kost á og hljótum að láta viðkomandi útgerð borga hann, hvort sem við eigum útgerðina sjálfir eða leigjum réttindi til annarra. Í ljósi þess verðs sem hefur verið á aflaheimildum á þorski t.d. er augljóst að svo miklir hagsmunir eru í húfi að allur kvótarétturinn mun fljótlega tekinn út fyrir sviga með þessum hætti. Eða halda menn að kvótaleiga eins og hefur tíðkast núna í haust, t.d. upp á 42 kr. í þorski, freisti ekki útgerðarmanna þegar þeim nánast er bent á aðferðina við að draga þessa fjármuni beint frá skiptaverði sjómanna.

Mér er kunnugt um að útgerðarmenn hafa sagt við forráðamenn sjómannasamtakanna: Ef þið stöðvið ekki þessa vitleysu, þá neyðumst við til þess að gera þetta líka. Við getum ekki keppt við aðrar útgerðir sem gera út á 30–40% lægri skiptaverðum. Það eru gífurlegar hættur fólgnar í þessu ígildi eignarréttar á veiðiheimildunum. Það hljóta allir að sjá að verði þetta áfram við lýði munu engar fiskvinnslustöðvar verða samkeppnisfærar nema þær geti eignast kvóta og notað hann til að þvinga niður fiskverðið. Og hvað með þá sem eru þá í beinum útflutningi á ferskum fiski eða lítið unnum? Þeir eru oft og tíðum í beinni samkeppni við þessi kvótasterku fyrirtæki. Munu þessir aðilar ekki telja sig tilneydda að komast yfir kvóta líka í sama tilgangi og munu ekki milliliðir þeirra hér sjá til þess að það gangi upp? Þá verður fiskurinn fluttur úr landi á vistarbandsverðinu og hvert skyldi þá renna arðurinn af auðlindinni? Og hver ætti auðlindina í raun og veru ef svo fer?

Sumum finnst þetta kannski svartsýnisraus en allt sem ég hef verið að segja hér á undan hefur gerst nú þegar og ég sé ekki betur en þessi hætta sem ég var að tala um hér áðan um útflutning á ferskum eða lítið unnum fiski blasi við ef ekkert verður að gert.

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma að hlut hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli. Í aðdraganda síðustu alþingiskosninga voru sjávarútvegsmálin mikið til umræðu og þungamiðjan í þeirri umræðu var eignarrétturinn á fiskinum í sjónum og afleiðingar af þessu óréttláta og spillta kerfi sem helst er hægt að líkja við skipulagða glæpastarfsemi sem fær að þróast í skjóli ríkisvalds í einræðisríkjum. Eða við hvað er hægt að líkja stjórnkerfi sem leggur byggðarlögin í rúst, sem hafa verið byggð upp vegna nálægðar við fiskimiðin vegna þess að veiðirétturinn er kominn í hendur annarra en þeirra sem stunda útgerð á viðkomandi svæðum, stjórnkerfi sem gerir útgerðarmenn og sjómenn að ánauðugum hjúum hjá stórútvegsbóndanum, stjórnkerfi sem veldur því að allur fiskurinn er fluttur til vinnslu í önnur landshorn úr sumum byggðarlögum, kerfi sem veldur því að bæjar- og sveitarfélög eru að moka fjármunum í kaup á veiðiheimildum til að reyna að koma í veg fyrir að atvinnulífið og þar með lífsgrundvöllur íbúanna verði lagður í rúst. Það er heldur betur reisn yfir Alþingi Íslendinga sem hefur lögleitt kerfi sem bannar sjómönnum sem hafa ævilangt starf að baki að róa til fiskjar, en gefur milliliðum og bröskurum frjálsar hendur til að arðræna sjómennina og útgerðarmönnum færi á að hirða án samninga 30–40% af skiptahlut sjómannanna.

Þetta kerfi sem hv. Alþingi hefur lögleitt var, hæstv. forseti, til umræðu fyrir síðustu kosningar og eftir þær kosningar kom að völdum hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem er dyggilega studd af hæstv. umhvrh. Sú hæstv. ríkisstjórn gaf út hvíta bók. Í þeirri bók er sérstakt ákvæði um það að ríkisstjórnin ætli að tryggja stjórnskipulega stöðu sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða. Þarna er verið að tala um ákvæði í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem fjallar um það að þjóðin eigi fiskinn í sjónum. Þessi yfirlýsing er eins skýr og hugsast getur og verður ekki á neinn hátt misskilin. Hún fjallar um eignarréttinn á auðlindinni, þennan sama eignarrétt og Hæstiréttur var að fjalla um. Það er afdráttarlaust loforð hæstv. ríkisstjórnar til íslensku þjóðarinnar um það að þessu ófremdarástandi sem framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða hefur leitt af sér verði aflétt.

En hver hefur svo verið framkvæmd hæstv. ríkisstjórnar á loforði sínu? Jú, eitt af fyrstu verkefnum hæstv. sjútvrh. var að skipa nefnd til að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða. Það sem var sérkennilegt í meira lagi við stofnun þessarar nefndar var að í henni voru einungis menn frá stjórnarflokkunum og flestir hverjir voru þeir í beinum tengslum við stórútgerðina í landinu. Þessu var auðvitað mótmælt hástöfum af stjórnarandstöðunni og með þessu voru lögin um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um samráð við sjútvn. Alþingis brotin. Það hefur svo auðvitað komið í ljós að þarna var ekki skynsamlega að verki staðið. Tillögur þessarar nefndar urðu eins og til var stofnað að mestu leyti settar fram í þágu ríkjandi afla í stórútgerðinni sem hafa ráðið ferðinni í meðferð þessara mála allt frá því að kvótakerfinu var komið á sínum tíma. En eftir langar og erfiðar fæðingarhríðir skiluðu tvíhöfða nefndin loks af sér tillögum um að hvert framtíðarfyrirkomulag fiskveiða ætti að vera. Og viti menn. Fyrsta og aðaltillaga nefndarinnar var að festa aflamarkskerfið í sessi og auka og rýmka framsalsmöguleika kvótaeigendanna. Þessi tillaga gengur í raun og veru þvert á yfirlýsingar stjórnarflokkanna í hvítu bókinni því að þetta þýðir á mannamáli að kvótinn skuli fá að ganga kaupum og sölum sem frjálsast og mönnum verði gefnar enn frjálsari hendur til að braska með veiðiheimildirnar. Hæstv. sjútvrh. lagði strax blessun sína yfir þennan skuggabaldur sem nefndin hafði getið af sér og sendi formenn nefndarinnar í einhvern neyðarlegasta og árangursminnsta leiðangur um landið sem hefur verið farinn síðan Eiríkur á Brúnum reyndi að kenna Íslendingum að mormónatrú væri sú eina rétta trú. Formaður tvíhöfða nefndarinnar (**ÓÞÞ:** Hver var formaðurinn?) Formenn tvíhöfða nefndarinnar voru tveir, hv. þm., og voru hvarvetna flengdir með skræðunni og það eitt hefði nú átt að koma vitinu fyrir hæstv. ríkisstjórn. En því var nú ekki að heilsa.

Hæstv. sjútvrh. lagði af stað í hestakaup við hæstv. utanrrh. sem enduðu í aðalatriðum með því að þeir skrifuðu upp á tillögu tvíhöfða nefndarinnar. Þetta var aumlegasta uppgjöf og kúvending sem hefur sést hjá

þessari hæstv. ríkisstjórn og hafa þó ráðherrar margt étið þar öfugt ofan í sig. Þetta mál er þó alvarlegra en öll önnur ef svona fer því að hér er á ferðinni meðferð löggjafans um framtíðarstöðu undirstöðuauðlindar okkar Íslendinga. En sem betur fer strandaði þetta mál í stjórnarflokkunum. Það var nefnilega ekki fyrir hendi nægur stuðningur við málið í þingliði þeirra. Og það vantaði upp á í báðum stjórnarflokkunum þrátt fyrir hrossakaupin.

Hæstv. sjútvrh. kaus að halda því fram undir lok síðasta þings þegar hann var að gefast upp við að tryggja það að málið kæmist áfram að aðalástæðan væri andstaða hv. 17. þm. Reykv., hæstv. núv. umhvrh., við það hvernig málefni smábáta væru meðhöndluð í tillögunni. Það hlýtur að vera mikið umhugsunarefni fyrir alþýðuflokksmenn að forusta flokksins skuli hafa gert hrossakaup sem fólu það í sér að festa í sessi það ígildi eignarréttar á fiskinum í sjónum sem aflamarkskerfið með frjálsu framsali er.

Ég veit að í Alþfl. eru fjölmargir sem eru mjög ósáttir við hvernig hefur verið haldið á þessum málum og urðu því fegnastir að ekki tókst að ljúka afgreiðslu þess á sl. vori, ekki síst vegna þess að þeir vildu ekki una því að raunverulegur eignarréttur þjóðarinnar á þessari aðalauðlind hennar rynni úr hendi hennar yfir til fyrirtækja og einstaklinga og safnaðist þar á fáar hendur.

Það er aðkallandi að farsæl lausn finnist á málefnum smábátaútgerðarinnar en það er mjög mikilvægt að allir geri sér ljóst hvað það er sem stendur í vegi fyrir lausn þess máls, en það er einmitt sú staðreynd að eignarhald veiðiréttareigenda á veiðiheimildum er farið að þvælast fyrir þjóðinni. Þeir sem styðja kvótakerfið halda því fram að það sem smábátarnir veiði sé tekið frá hinum, hinum einu og sönnu eigendum veiðiréttarins og þess vegna verði að skerða veiðimöguleika þeirra mjög verulega. Næðu þær tillögur fram að ganga mundi þessi atvinnuvegur hrynja saman til óbætanlegs tjóns fyrir þjóðina og mörg byggðarlög á landsbyggðinni biðu þess aldrei bætur. Þannig stöndum við á tímum atvinnuleysis í ömurlegri umræðu um að draga úr þeirri nýtingu fiskimiðanna sem gefur okkur mestan arð.

En þó að málefni smábátaútgerðarinnar séu mikilvæg þá var þó önnur ríkari ástæða fyrir uppgjöf hæstv. sjútvrh. á síðasta vori í þessu máli. Ástæðan var miklu frekar sú að í Sjálfstfl. eru margir þingmenn sem hafa miklar athugasemdir við það að braskað skuli með rétt manna til þess að sækja sjó, að atvinnuréttindi manna gangi kaupum og sölum og aflinn sem veiðist í hinum ýmsu verstöðvum í heilu landshlutunum skuli fluttur um þvert og endilangt landið til vinnslu og fólkið þar með skilið eftir atvinnulaust. Að þjóðin sé í raun að glata yfirráðum yfir auðlindinni sem er undirstaða búsetu í landinu. Og að sjómenn og kvótalitlir útgerðarmenn skuli hnepptir í vistarband stórútvegsbænda og braskara. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki tekist að fá stuðning við málið, hann er gjörsamlega strandaður og heldur samt róðrinum áfram. Það er mjög alvarlegt mál vegna þess að ef hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn sýndu þann mannsbrag af sér að viðurkenna að hafa gert mistök í þessu máli í heild þá væri kannski mögulegt að fara að leita annarra leiða. Forða þjóðinni frá meiri skaða og hv. Alþingi frá enn meiri skömm heldur en orðið er.

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði í upphafi máls míns er tilgangslaust að þrátta um þá niðurstöðu Hæstaréttar að fara skuli með aflaheimildir eins og aðrar eignir við álagningu skatta. Þessi dómur mun að öðru óbreyttu herða á þeirri óheillaþróun sem sala veiðiheimilda hefur haft í för með sér og ég lýsti fyrr í ræðu minni. Það er þessi virðulega stofnun, hv. Alþingi, sem ber alla ábyrgð á því að svona er komið málefnum sem varða þessa aðalauðlind landsins. Sú spurning hefur oft vaknað í huga mínum hvað þurfi eiginlega til að vekja hv. alþm. til vitundar hvað er að gerast. Verður dómur Hæstaréttar til þess — og nú spyr ég — verður dómur Hæstaréttar til þess, eða munu menn kannski ekki rumska hér á hv. Alþingi fyrr en sjómennirnir á fiskiskipaflotanum vekja þá með þeim blauta sjóvettlingi sem allsherjarverkfall á fiskiskipaflotanum er? Já, virðulegur forseti, svo alvarlega stefnir þetta mál að sjómannasamtökin telja sig knúin til alvarlegra aðgerða á næstu vikum. Stjórnvöld landsins hafa kosið að stinga höfðinu í sandinn og hlusta ekki á margítrekuð aðvörunarorð sjómannasamtakanna. Aðvörunarorð sjómanna beinast alfarið að afleiðingum af eignarhaldinu á veiðiheimildunum. Þeir hafa, eins og ég hef lýst hér fyrr, orðið fyrir margvíslegu ranglæti vegna þeirra viðskiptahátta sem viðgangast í skjóli kvótalaganna. Sjómenn hafa smám saman, eftir því sem hið spillta viðskiptakerfi hefur orðið sýnilegra, verið að gera sér betur og betur ljóst að innan fárra ára munu allar veiðiheimildir vera komnar út fyrir sviga með þeim hætti að kvótaeigendur munu krefjast þess verðs sem fæst fyrir veiðiheimildirnar á markaðinum og það verður dregið frá fiskverðinu áður en til skiptanna kemur. Þetta þýðir að skiptaverð lækkar um 25–35% miðað við veiðiheimildir í þorski undanfarin ár. Sjómenn, eins og margir aðrir í þjóðfélaginu, trúðu þeim áróðri sem rekinn hefur verið frá fyrstu dögum kvótakerfisins, að kaup og sala á veiðiheimildum væru forsendur fyrir því að hagkvæmni næðist í útgerðinni. Útgerðarmenn mundu kaupa til sín varanlegar aflaheimildir þannig að verkefni yrðu næg fyrir viðkomandi útgerð.

En er það þetta sem við sjáum í dag? Nei, ekki aldeilis. Það eru nánast eingöngu þeir sem þegar eiga allt of miklar veiðiheimildir sem eru að kaupa meira og geta keypt til sín meiri veiðiréttindi, vegna þess að þeir geta notfært sér neyð hinna og látið þá róa hjá sér upp á hálfan hlut. Þannig eru upphaflegar hagræðingarforsendur kerfisins ekki lengur fyrir hendi. En fylgjendur kerfisins hafa fundið nýjar. Það er „tonn- á-mótitonni"-aðferðin sem hv. 5. þm. Norðurl. v. segir að allir græði á. Hann gleymdi bara að segja frá því á hverju gróðinn byggðist. Hann byggist á því að láta sjómennina borga auðlindaskatt til kvótaeigendanna.

Sjómenn eru seinþreyttir til vandræða en þegar þeir beita afli sínu og samtakamætti þá neyðast menn til að

taka tillit til þeirra. Sjómannasamtökin gáfu eftirfarandi yfirlýsingu í apríl á þessu ári, eftir að sú stefna stjórnvalda varð ljós að festa ætti aflamarkskerfið í sessi. Með leyfi forseta vil ég lesa upp sameiginlega yfirlýsingu frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Vélstjórafélagi Íslands og Sjómannasambandi Íslands:

„Framangreind hagsmunasamtök sjómanna lýsa yfir fullri andstöðu við framsali á veiðiheimildum" — fullri andstöðu við framsali á veiðiheimildum — „þ.e. sölu á óveiddum fiski innan gildandi kerfis um stjórn fiskveiða. Reynsla síðustu ára hefur leitt til aukinnar andstöðu samtaka sjómanna gagnvart óheftu framsali veiðiheimilda og nú er svo komið að mælirinn er fullur. Sjómannasamtökin telja að nú sé komið að vendipunkti í þessu máli. Frjálst framsal veiðiheimilda hefur skapað fleiri vandamál en það hefur leyst, kjarasamningum fiskimanna sem byggðir eru í höfuðatriðum á hlutaskiptum er ógnað vegna þess að fiskimenn eru nauðugir látnir taka þátt í kaupum á óveiddum fiski. Óheft framsal veiðiheimilda hefur búið til nýja stétt sjómanna og útgerðarmanna sem eru ofurseldir kjörum leiguliðans þar sem þeim er skammtaður aðgangur að fiskimiðunum af þeim sem veiðiréttinn hafa.

Þessari óheillaþróun verður ekki snúið við nema með algjörri höfnun á sölu á óveiddum fiski. Sjómannasamtökin telja það ekki þjóna tilgangi að fjalla um aðra þætti í tillögum þeirrar nefndar sem fjallar um mótun sjávarútvegsstefnu nema að fyrir liggi að öll viðskipti með veiðiheimildir verði bannaðar."

Hver voru svo viðbrögð stjórnvalda við þessari yfirlýsingu? Þau voru engin. Nákvæmlega engin. Stjórnarflokkarnir fóru sínu fram og héldu áfram að togast á um veiðirétt smábáta og um Hagræðingarsjóðinn en þeir hlustuðu ekki á sjómannasamtökin í landinu frekar en vindinn.

Virðulegur forseti. Að mati hagspekinganna sem hæstv. ríkisstjórn tekur mest mark á þá grundvallaðist kvótakerfið á því að farið verði með veiðiheimildirnar sem eign. Dómur Hæstaréttar skar úr í deilumáli. Eftir hann velkist enginn í vafa um að það fyrirkomulag sem nú er á eignarrétti á kvótanum er fullkomið ígildi eignarréttar.

Hæstv. forseti. Hæstv. ríkisstjórn heldur þessum málum öllum í sjálfheldu og það stefnir í neyðarástand. Ef það væri einhver mannsbragur á hæstv. ráðherrum þá ættu þeir fyrir löngu að hafa viðurkennt að stefna þeirra gengur ekki og eini möguleikinn til að leysa þessi mál með viðunandi hætti er sá að á Alþingi verði leitað samstöðu meðal þingmanna úr öllum flokkum um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem stöðva kvótabraskið og færa þjóðinni í hendur raunverulegt eignarhald á fiskinum í sjónum.

[15:09]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þetta er nokkuð kyndug umræða utan dagskrár. Ef ég tók rétt eftir var borin fram ósk um að umræða færi fram utan dagskrár um tiltekinn dóm Hæstaréttar sem féll um ágreining sem lýtur að skattalögum. Nú hefur hv. 3. þm. Vesturl. látið dæluna ganga úr önuglyndisbrunni sínum í hálftíma án þess að gera nokkra grein fyrir því brýna málefni sem eitt getur verið ástæða til umræðu utan dagskrár eða bera fram fyrirspurnir eða gera á nokkurn hátt grein fyrir þeim málstað sínum sem réttlætir umræðu utan dagskrár því slíkar umræður eru mjög skýrt afmarkaðar í þingsköpum. Ekkert slíkt hefur komið fram í máli hv. þm. og greinilegt að farið hefur verið af stað með þessa umræðu annaðhvort í fullkomnu tilgangsleysi, skilningsleysi á þingsköpum, eða með eitthvað annað markmið í huga en að ræða það sem óskað var umræðu um.

En vegna þess að óskað var eftir umræðu um tiltekinn dóm Hæstaréttar þykir mér rétt að víkja örfáum orðum að þeim dómi. Það mál heyrir að vísu undir fjmrh. en ekki sjútvrh., það var ágreiningur um meðferð og framkvæmd á skattalögum. En kjarni málsins er sá að þar var um að ræða ágreining um það hvernig ætti að fara með aðkeyptar aflaheimildir að því er varðar fyrningu og niðurstaða málsins var sú að útgerðarmenn töpuðu þessum dómi. Dómkröfum þeirra var hrundið. Nú geta menn í sjálfu sér haft ýmsar skoðanir á því hvað sé eðlileg skattaleg meðferð í þessu efni og satt best að segja hef ég nokkuð önnur sjónarmið persónulega en niðurstaða dómsins mælir fyrir um. Ekki er ég þar með að halda því fram að dómurinn sé rangur heldur hef ég önnur viðhorf að því er þetta varðar og reyndar koma þau viðhorf fram í áliti minni hluta dómsins þar sem vikið er að því að hér sé um að ræða atriði þar sem verið er að fjalla um endurnýjanlega auðlind sem ekki er forgengileg, a.m.k. ekki meðan við höldum uppi sæmilega markvissri fiskveiðistjórnun, og þess vegna séu rök fyrir því að aflaheimildir sem þannig eru keyptar eigi ekki að afskrifast.

Í skýrslu tvíhöfða nefndarinnar er nokkuð fjallað um þessi efni og vikið að ýmsum sjónarmiðum sem uppi eru, annars vegar þessu sjónarmiði sem ég hef hér nefnt og svo hins vegar því að eðlilegra sé að tengja þetta við þær reglur sem gilda um afskriftir á skipum með því að aflaheimildirnar eru bundnar þeim. En niðurstaða nefndarinnar er mjög skýr um þetta efni og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Niðurstaða nefndarinnar er sú í ljósi framansagðs að leggja til að óheimilt verði að fyrna kaupverð varanlegra aflahlutdeilda sem eigendaskipti verða að frá og með upphafi fiskveiðiársins sem hefst 1. sept. 1996. Fram til þess tíma verði farið með þessi viðskipti í samræmi við fyrrgreind sjónarmið ríkisskattstjóra og lögum breytt til að taka af tvímæli um þessi atriði."

Rökstuðningurinn fyrir því að veita þá aðlögun sem nefndin leggur til er fyrst og fremst sá að hér eru miklir fjárhagslegir hagsmunir að baki og það gæti raskað mjög fjárhagsstöðu sjávarútvegsfyrirtækja og útgerðarfyrirtækja í landinu ef þessari reglu yrði breytt fyrirvaralaust.

Það er svo mjög fróðlegt að hlusta á hv. 3. þm. Vesturl. fara með sína heiðbundnu önuglyndisræðu um fiskveiðistjórnunarkerfið, einkanlega að því er varðar spurninguna um eignina á fiskimiðunum. Þegar nú-

gildandi lög voru samþykkt fór fram um þetta talsverð umræða á hinu háa Alþingi. Fyrir sjútvn. efri deildar Alþingis var lögð lögfræðileg greinargerð þeirra Sigurðar Líndals prófessors og Tryggva Gunnarssonar lögfræðings sem fjallar á mjög athyglisverðan hátt einmitt um þetta atriði og þá spurningu hvort ákvæði frv. um að úthluta aflahlutdeild á einstök skip stangist á við 1. gr. frv. um almenna þjóðareign á auðlindunum. Í niðurstöðu þessarar greinargerðar segir svo:

„Eins og áður er lýst er viðurkennt að atvinnuréttindi almennt njóti verndar 67. gr. stjórnarskrárinnar og geti menn sýnt fram á að slík réttindi séu þegar fyrir hendi til fiskveiða hagga fyrirvarar í 1. gr. frv. ekki við þeim rétti."

Hér er með öðrum orðum vikið að því að stjórnarskrárvarin atvinnuréttindi kunni að hafa verið fyrir hendi áður en lögin voru samþykkt. Síðan segir í áliti lögfræðinganna:

„Niðurstaðan verður því sú að með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir og með þeim viðbótum sem nefndar eru hér að framan, sé að vísu ekki verið að mynda einstaklingsbundna og stjórnarskrárvarða eign á veiðiheimildum en á hinn bóginn verið að afmarka og skilgreina nánar eignarréttindi í formi atvinnuréttinda sem hugsanlega eru fyrir hendi og leggja jafnframt grundvöll að slíkum réttindum um ókomna tíð."

Með öðrum orðum, hér var dregin upp í lögfræðilegu áliti, í meðferð frv. á hinu háa Alþingi, mjög nákvæm og góð skilgreining á þeim eignarréttarlegu vandamálum eða viðfangsefnum sem rétt er að fjalla um í þessu samhengi. Hv. alþm. vissu nákvæmlega um hvað málið snerist, höfðu allar upplýsingar í höndum og hafa væntanlega tekið ákvarðanir á þeim grundvelli. Sá dómur sem nú hefur gengið um framkvæmd á skattalögum kemur því þessum fiskveiðistjórnunarlögum ekkert við. Hann segir nákvæmlega ekkert nýtt í þeim efnum. Hann túlkar ekkert nýtt varðandi fiskveiðistjórnunarlögin. Allar þær upplýsingar lágu hér fyrir hinu háa Alþingi áður. (**Gripið fram í:** Hann festir þróunina.)

Það er líka athyglivert að hlusta á hv. 3. þm. Vesturl., einn af helstu forustumönnum Alþb. í dag, lýsa því yfir að fiskveiðistjórnunarlögin hafi verið sett fyrir sérstaka forgöngu Framsfl. Nú ætla ég ekki að draga úr því að vissulega átti Framsfl. sjútvrh. þegar þessi lög voru sett, bæði þegar fyrsta tilraun var gerð með aflamark og eins þegar núgildandi lög voru sett. En það vill svo til að á þessum tíu árum sem liðin eru frá því að fyrstu lögin voru sett hafa allir flokkar sem sæti eiga á Alþingi nema Kvennalistinn átt aðild að ríkisstjórnum sem greitt hafa atkvæði með þessum lögum. Þó ég ætli ekki að gera lítið úr hlut Framsfl. í þessu efni eða minna en efni standa til þá liggur ábyrgðin býsna víða í þinginu og hjá stjórnmálaflokkunum í landinu. Ekki síst Alþb. því að þingmenn þess greiddu atkvæði heldur betur með þeim lögum á vorþinginu 1990. Ég man ekki betur en að hér hafi komið upp þau sjónarmið á vorþinginu að það kynni að vera ástæða til að taka heldur meiri tíma en ætlað var til að ræða þetta viðamikla mál. En hverjir höfðu forgöngu um það að kveða allar slíkar raddir niður? Það voru forustumenn Alþb. sem voru svo vissir í sinni sök að ekkert væri betra og réttar og nauðsynlegra en að hespa af þessari afgreiðslu að það var gert á örfáum dögum í þinginu. Svo vissir voru þingmenn Alþb. í sinni sök að þeir höfnuðu kröfum um lengri tíma til umræðu um málið. Svo kemur hv. 3. þm. Vesturl. og talar eins og Alþb. hafi hvergi nærri komið og segir jafnvel að þessi lög séu skipulögð glæpastarfsemi. Það er heldur betur áburður sem þessi hv. þm. Alþb. ber á forustumenn Alþb., sem komu ekki svo lítið við sögu þessa máls á sínum tíma. Að þeir hafi staðið fyrir skipulagðri glæpastarfsemi. Það eru aldeilis skilaboð sem hv. þm. sendir inn á landsfund Alþb. um forustumenn flokksins. (Gripið fram í.) Ég hygg að það sé einsdæmi í þingsögunni að þingmaður þingflokks eins og Alþb. hafi kveðið upp slíkan dóm yfir forustumönnum sínum. Að þeir séu ábyrgðarmenn fyrir skipulagðri glæpastarfsemi. (**Gripið fram í:** Þú hefur áhyggjur af þessu.) Þetta er einsdæmi að ég hygg í þingsögunni.

Svo skulum við huga aðeins betur að framvindu mála. Ég man ekki betur en það hafi verið fluttar fréttir af því síðast þegar Alþb. hélt landsfund, eða miðstjórnarfund, (**Gripið fram í:** Ertu ekki að tala um fund Hæstaréttar eða hvað?) (**Forseti:** Ekki frammíköll.) að þá hafi farið fram nokkrar umræður um sjávarútvegsmálin. Og ég man ekki betur en þar hafi verið borin upp tillaga um að nú skyldi banna framsal á veiðiheimildum. Og hver var niðurstaða fundarins? Fundurinn treysti sér ekki til þess. Alþýðubandalagsmiðstjórnarfundur treysti sér ekki til að samþykkja þá tillögu. Ég held að henni hafi verið vísað til miðstjórnar eða út í hafsauga, ég man ekki hvort heldur var, einu gildir. En jafnvel Alþb., flokkur þess hv. þm. sem hér hellir úr skálum reiði sinnar út af framsalinu, treystir sér ekki í stjórnarandstöðu til þess að taka undir kröfur um það að banna framsal. Svo kemur hv. þm. með alla þessa vandlætingu og reynir að gera aðra tortryggilega og að einhverjum misindismönnum. Málflutningur af þessu tagi er auðvitað alls ekki boðlegur.

Hugum svo aðeins að því að ef sú kenning væri rétt að þessi dómur upphefði 1. mgr. fiskveiðistjórnunarlaganna og gerði hana að engu. Hver væri þá aðstaðan? Í hvaða stöðu værum við þá varðandi fiskveiðistjórnunina? Það er viðurkennt og nákvæmlega skilgreint hvaða eignarréttarlega þýðingu núv. kerfi hefur. Það felur ekki í sér einstaklingsbundin eignarréttindi en það felur í sér takmörkuð eignarréttindi af því að atvinnuréttindin eru stjórnarskrárvarin með þeim hætti sem alkunna er. Við getum ef við erum sammála um að stjórna fiskveiðunum á þann veg að ákveða heildarafla, þá höfum við í aðalatriðum þrjár leiðir til að ná því marki. Í fyrsta lagi aflamarksaðferðina sem við höfum í dag, þar sem við deilum afla niður á einstök skip, hins vegar tvær aðferðir við sóknarstýringu. Sóknarstýringu með takmörkuðum fjölda skipa og sóknarstýringu án takmörkunar á fjölda skipa. Ef við skoðum aðeins nánar sóknarstýringu með takmörkuðum fjölda skipa þá hefur hún út frá eignarréttarlegum

sjónarmiðum nákvæmlega sömu afleiðingar og núverandi aflamarkskerfi. Rétturinn til að veiða er á höndum afmarkaðs, takmarkaðs fjölda aðila í þjóðfélaginu, sem mega að gera út ákveðinn fjölda af skipum. Þessum aðilum, hverjum fyrir sig, hefur verið fenginn réttur til þess að veiða og í honum eru fólgin fjárhagsleg verðmæti, sem geta gengið kaupum og sölum með skipunum. Nýir aðilar komast ekki inn í atvinnugreinina nema kaupa skip sem hafa þennan almenna rétt. Hér er því út frá þessum sjónarmiðum ekki um neinn eðlismun að ræða.

Þriðja aðferðin er sóknarmark án takmörkunar á fjölda skipa. Þá getum við sagt sem svo að það séu litlar líkur á því að réttindin til að veiða taki einhver sérstök verðmæti því þá er öllum frjálst að veiða og veiðarnar eru einfaldlega stoppaðar þegar komið er upp að því heildarhámarki sem ákveðið hefur verið.

Við þekkjum hins vegar afleiðingarnar af því þegar svona veiðistjórnunaraðferðum er beitt. Frægasta dæmið eru lúðuveiðar í Kyrrahafinu. Skipunum fjölgar auðvitað mjög ört og veiðidögunum fækkar. Það verður óðafjárfesting í nýjum skipum því hver og einn verður að auka afkastagetu sína til að ná einhverju úr stofninum. Reynslan af þessari stjórnun við lúðuveiðar í Kyrrahafinu varð sú að heildarveiðin fór fram á einum eða tveimur dögum. Ég hygg að allir geri sér grein fyrir því að slík veiðistjórnun hér mundi leiða ekki bara til slíkrar óðafjárfestingar sem þjóðin hefði ekki efni á heldur til slíks skipulagsleysis og hruns í atvinnugreininni og byggðum í landinu að enginn vildi taka á því ábyrgð. En í raun og veru stæðum við uppi með það að eiga engan annan kost til að stjórna veiðum við landið en þennan ef við ætlum að líta svo á að dómurinn hefði vikið 1. gr. laga um stjórn fiskveiða til hliðar.

Þetta er kannski kjarni málsins sem menn þurfa að horfast í augu við ef þeir ætla að fylgja fram einhverri ábyrgri stefnu með hagsmuni þjóðarheildarinnar í huga við stjórn fiskveiðanna en standa ekki hér og ausa úr skálum reiði sinnar og óánægju án þess að hafa nokkrar hugmyndir fram að færa um það hvernig skynsamlegt er að standa að stjórn fiskveiða í landinu.

[15:27]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. 72 þús. tonn þorskígilda voru flutt á milli skipa á síðasta fiskveiðiári samkvæmt svari við fsp. eins hv. þm. Þetta svar barst á borð okkar þingmanna í gærdag. Þetta merkir að ótrúlega mikið af kvóta gekk kaupum og sölum í samfélaginu. Við erum því ekki að tala um neina smávægilega verslun með kvóta þegar hana ber á góma. Viðskiptin nema milljörðum að mati kunnugra á þessum tölum.

Samkvæmt úrskurði Hæstaréttar ber að líta á þennan kvóta sem eign, annað er hártogun. Eign einkaaðila sem borga af honum skatta og skyldur.

Dómur Hæstaréttar stendur og engin ástæða til að hafa fleiri orð um það. Það er hins vegar íhugunarvert þegar hæstv. dómsmrh. hafði þau ummæli í fjölmiðlum að hann væri ekki sammála úrskurði meiri hluta Hæstaréttar. Var þá framkvæmdarvaldið að senda hæstaréttardómurum skilaboð um að dómurinn hafi ekki verið því þóknanlegur? Við hvaða réttaröryggi byggjum við ef dómsvaldið tæki tillit til slíkra athugasemda og hefði tæki til að breyta dómum sínum framkvæmdarvaldinu til þægðar? Mér þykir því ánægjulegt að heyra í máli hæstv. ráðherra við þessa umræðu að hann er reiðubúinn til að hlíta dómnum án frekari alvarlegra yfirlýsinga.

Þessi dómur hlýtur að neyða menn til að horfast í augu við þau lög sem þeir hafa samþykkt yfir sig. Horfast í augu við þá staðreynd að varla er hægt að taka mark á 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, greininni sem við kvennalistakonur höfum einatt bent á að væri gerð merkingarlaus með öðrum greinum laganna. Ég skil því ekki alveg hvað hæstv. sjútvrh. sér nýtt í því að rekja það lögfræðiálit sem gerir þessa grein í raun ómerka. Hvers vegna var hún þá höfð með yfir höfuð?

Við kvennalistakonur bentum fyrir mörgum árum á að til er leið til að gera 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, sjálfa markmiðsgreinina, virka. Það er hægt að gera með því að taka upp byggðakvóta. Þannig væri hægt að taka kvótann úr höndum einkaaðila og gera hann að raunverulegri sameign sem ekki gengi kaupum og sölum á milli einkaaðila og endaði sem eignfærð séreign nokkurra stórra útgerðarfyrirtækja eins og nú stefnir hraðbyr í. Slík stefna þjónar ekki hagsmunum heildarinnar. Slík stefna er óréttlát.

Við höfum nú að undanförnu séð hvert kvótabraskið er að leiða okkur og það er engin gæfuleið. Sjómenn eru búnir að fá sig fullsadda af því að vera neyddir til að taka þátt í kvótakaupum. Fáir geta aðhyllst leiguliðafiskirí, eða tonn á móti tonni. Atvinnulíf heilla byggðarlaga er í rúst vegna sölu kvóta burt af stöðum víðs vegar um landið. Í ofanálag er nú ljóst að jafnvel þeir sem helst hafa haldið dauðahaldi í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða og fullyrt að takmarkaðar auðlindir hafsins í kringum landið væru sameign þjóðarinnar hafa í besta falli fengið alvarlegan andbyr við skoðunum sínum, í versta falli verið hafðir að háði og spotti.

Það er löngu orðið ljóst að enginn friður er um núgildandi lög um stjórn fiskveiða né heldur þær leiðir sem svonefnd tvíhöfða nefnd boðaði til breytinga á lögunum. Það eina sem allir virðast vilja halda í er að tryggja að fiskstofnarnir við landið verði raunveruleg sameign. Það er að segja í orði en ekki á borði. Nú hafa verið tekin af öll tvímæli um að það er nánast útilokað samkvæmt núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Ég fæ ekki séð að hugmyndir þær sem hafa verið uppi um veiðileyfagjald eða aflagjald skili meira réttlæti heldur þvert á móti ítreki að kvótinn sé söluvara sem menn geti haft eignarhald á. Hins vegar hefur enn sem komið er verið litið fram hjá þeirri leið sem vænlegust er til árangurs, að skipta kvótanum á milli sveitarfélaganna í landinu miðað við veiðireynslu fyrri ára og endurskoða slíka skiptingu reglubundið til að tryggja fullt réttlæti. Þessi leið tryggir að kvóta sé ekki ráðstafað af einkaaðilum með einkahagsmuni sem þeir verða skiljanlega að gæta heldur af samfélagi

fólksins sem byggir landið og á afkomu sína undir sjónum.

Það er mikið talað um að færa þurfi verkefni til sveitarfélaga. Hvers vegna hika menn þá við að færa þetta augljósa verkefni til byggða landsins? Gætir þess tvískinnungs enn að menn trúi frekar á valddreifingu í orði en á borði?

Ég bendi á að allt vol og víl um erfiða framkvæmd byggðakvóta var í raun gert á mjög merkilegan hátt marklaust er Bíldudal var úthlutað aflaheimildum nú nýverið — staðnum sem að vísu þurfti að útvega sér skip til að fiska en það er vonandi minni háttar mál.

Ég vona að við berum gæfu til að líta á niðurstöður Hæstaréttar nú sem alvarlega ábendingu um það á hvaða leið við erum og hvernig við erum að festa okkur sífellt fastar í því neti sem kvótabrask er. Vissulega er hér um mikla hagsmuni að ræða og ég neita því ekki að þau öfl sem gæta að sínu eru mjög sterk. En hvar eru talsmenn sveitarfélaganna í þessari umræðu? Af hverju gera þeir ekki nú strax skilyrðislausa kröfu um að hafa forræði yfir þessari auðlind okkar allra í stað þess að standa í eilífum útgjöldum, „reddingum" og ábyrgðum fyrir einkaaðila í hverju sjávarplássinu á fætur öðru, oft án þess að hafa nokkurn raunverulegan möguleika á því að stýra för eða jafnvel að hafa yfirsýn yfir gang mála? Þetta er oftar en ekki gert í því skyni að halda atvinnu á staðnum en þegar upp er staðið hafa aðeins fá sveitarfélög burði til að iðka slíkan leik. Það er heldur ekki skynsamleg leið að fara nauðvörn í þeirri furðulegu stöðu sem við erum núna í á meðan sameigninni er ráðstafað af útvöldum einkaaðilum.

Titringur sá sem verið hefur vegna hugmynda um að kvóta megi binda á fiskvinnsluhús ber vitni um að hér er verið að takast á um mikla hagsmuni. Oft og tíðum eru þó fiskvinnsla og útgerð á sömu hendi og slíkt fyrirkomulag mundi alls ekki tryggja réttlátari skiptingu kvóta milli byggðarlaga né koma í veg fyrir brask.

Hlutverk dómstóla er að túlka gildandi lög. Það er ekki við þá að sakast þótt þeir neyði menn til að horfast í augu við þau lög sem þeir hafa sett og fráleitt að skella skuldinni á dóminn líki mönnum ekki það sem þeir sjá.

[15:34]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil halda mig við það tilefni sem varð til þessarar utandagskrárumræðu. En það er hvernig Hæstiréttur Íslands hefur nú fellt dóm um hvernig farið skuli með keyptan aflakvóta í skattauppgjöri fyrirtækja. Forsaga málsins var sú að útgerð Hrannar hf. á Ísafirði keypti aflakvóta, þ.e. langtímakvóta, fyrir tæplega 50 millj. kr. og útgerðin færði kaupin til gjalda að fullu á rekstrarreikningi á kaupári. Það er enginn ágreiningur um það í skattauppgjöri hvernig fara skuli með kaup skammtímakvóta eða leigukvóta innan eins árs. Þar eru slík kaup bókfærð á rekstrarreikningi eins og um væri að ræða kaup á rekstrarvöru og verða þá til þess að lækka tekjuskattsstofn samsvarandi og væntanlega um leið tekjuskatt viðkomandi fyrirtækis. Ágreiningur hafði staðið um hvernig ætti að fara með skattalegan frágang þegar útgerðarfyrirtæki kaupir langtímakvóta. Það sem útgerð Hrannar hafði gert var að færa kaupin til gjalda að fullu á rekstrarreikningi á kaupárinu. Sú meðferð hefði þýtt að fara hefði átt með þennan aflakvóta eins og um kaup á rekstrarvöru eða leigukvóta til eins árs hefði verið að ræða. Ef á það hefði verið fallist þá hefði rekstrarhagnaður fyrirtækisins verið lækkaður sem nam kaupverðinu og tekjuskattur fyrirtækisins lækkað í samræmi við það.

Hæstiréttur hafnaði hins vegar þessari túlkun. Niðurstaða hans varð sú að í skattauppgjöri atvinnufyrirtækja bæri að færa keyptan langtímakvóta til eignar á efnahagsreikningi en jafnframt að fyrna hann um 20% á ári í fimm ár sem þýðir að hin skattalega eign færist að fullu til gjalda á fimm árum í staðinn fyrir að hún hefði færst til gjalda öll í einu á kaupárinu ef niðurstaða Hæstaréttar í þessu skattamáli hefði verið sú sem útgerðarfélag Hrannar hf. óskaði eftir. Þannig myndar hin skattalega eign eignarskattsstofn sem afskrifast á fimm árum og gjaldfærslan dreifist þannig á fimm ár í stað þess að kvótakaupin komi öll til gjalda á kaupári.

Ég ítreka, virðulegi forseti, að við erum hér einfaldlega að tala um hvernig eigi að fara með þessi viðskipti í reikningsuppgjöri og skattauppgjöri fyrirtækja. Það greiðast út óumdeilanlega, í þessu tilviki 60 millj. kr., sem kemur sem greiðsla út úr rekstrarreikningi. Það er ekki hægt að fara með þá greiðslu í uppgjöri til skatts öðruvísi en annaðhvort að gjaldfæra hana á rekstrarreikningi, sem þýðir lækkun á hagnaði og lækkun á tekjuskattsgreiðslu, eða nota þá aðferð að útgreiðslan á rekstrarreikningi myndi eignfærslu á eignareikningi sem myndar þá hærri eignarskattsstofn og hærri eignarskattsgreiðslur atvinnufyrirtækisins en ella og heimila svo afskriftir með einhverjum afskriftarreglum. Þetta er skattalegt mál. Þetta er spurning um skattalegt uppgjör, ekki um eignaréttindamál heldur eingöngu um það hvernig eigi að fara með þessi viðskipti í skattalegu uppgjöri.

Auðvitað veit hv. 3. þm. Vesturl. að ekki er hægt að sleppa þessu. Það er ekki hægt að sleppa svona viðskiptum úr reikningshaldi fyrirtækja, það verður að gera grein fyrir þeim annaðhvort sem kaup á rekstrarvöru eða þá að eignfæra þau og afskrifa á tilteknum tíma og gjalda þá skatt af afgreiðslunni. Því má segja að þetta hafi snúist um hvort nota mætti slík kaup til að lækka tekjuskattsgrunn og þar með tekjuskatt fyrirtækis eða hvort ætti að færa slík kaup til eignar sem myndaði þá hærri eignarskattsstofn og hærri eignarskattsgreiðslur viðkomandi fyrirtækis í ríkissjóð.

Lögfræðingur Landssambands ísl. útvegmanna hefur haldið því fram að með þessu væri verið að gera að engu 1. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem kveðið er á um að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar. Þetta er ekki rétt. Niðurstöður Hæstaréttar kveða ekki á um þetta. Þær kveða einungis á um hvernig eigi að framkvæma hið skattalega uppgjör vegna þessara viðskipta. Og menn sem styðja það að fiskimiðin eigi að vera

sameign þjóðarinnar eiga auðvitað ekki að koma hér upp á ræðustól á Alþingi til að mistúlka niðurstöðu Hæstaréttar í þá veru að draga úr áhrifum þeirrar lagasetningar sem Alþingi hefur sett í þessu efni.

1. gr. laga um stjórn fiskveiða frá 1990 hljóðar svo, með leyfi forseta: „Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu." Og svo kemur annað meginefni greinarinnar sem ég vil sérstaklega undirstrika, síðasta málsgreinin sem er svo, með leyfi forseta: „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum."

Þessi grein var sett í lög fyrst og fremst til þess að taka af öll tvímæli um það að ef, eins og sumir mundu segja, þegar, eins og ég vil gjarnan segja, lögum um stjórn fiskveiða verður breytt á þann veg að afnema kvótakerfið og aflaúthlutunarkerfið þá geti útgerðarmenn ekki gert bótakröfur á ríkið vegna þess að verið væri að svipta þá einhverjum eignarrétti. Þetta er kjarni málsins í greininni. Hún þýðir það að útgerðarmenn geta ekki myndað, ekki einu sinni með hefð, þau eignarréttindi til aflakvóta að þeir geti gert kröfur um skaðabætur ef stjórnkerfinu verður breytt þannig að horfið verði til annars stjórnkerfis en þess að úthluta einstökum fiskiskipum aflakvóta. Niðurstaða Hæstaréttar hefur engin áhrif á þessi atriði. Úrskurður Hæstaréttar varðar hvora leið af tveimur sem til greina koma skuli fara í sambandi við skattalegt uppgjör viðskipta sem sannanlega fara fram.

Meginkjarninn í þessari grein er að tryggja að eignarréttur geti ekki myndast hjá útgerðarmönnum á aflaheimildum þrátt fyrir það að aflaheimildum sé úthlutað til þeirra. Með öðrum orðum, eins og ég sagði, hlutverk greinarinnar er að koma í veg fyrir að útgerðarmenn geti farið fram á skaðabætur vegna eignaupptöku verði stjórnkerfi í fiskveiðum breytt og hætt að úthluta aflakvótum en þess í stað t.d. tekið upp veiðileyfagjald.

Úrskurður Hæstaréttar hefur engu um þetta breytt og það er rangt þegar lögfræðingur LÍÚ fullyrðir að svo hafi verið. Það er enn mjög skýrt í lögum að þjóðin er eigandi auðlinda fiskimiðanna og Alþingi getur hvenær sem er tekið hvaða ákvörðun sem Alþingi vill um hvaða stýring skuli valin á nýtingu þessarar auðlindar án þess að útgerðarmenn geti farið fram á skaðabætur þó að úthlutaður kvóti verði felldur niður.

Í þessu samhengi verða menn að gera skýran greinarmun, og ég trúi ekki öðru en alþingismenn geri það, menn sem vinna við lagasetningu, þeir hljóta að geta gert skýran greinarmun annars vegar á skattalegri eign og eign samkvæmt eignarrétti hins vegar. Keyptur langtímakvóti er eftir úrskurð Hæstaréttar bæði í skattaréttarlegum og reikningsskilalegum skilningi eign sem færast á í bókhaldi sem slík. En með hliðsjón af 1. gr. laga um stjórn fiskveiða er alveg skýrt að þessi kvóti getur ekki talist vera eign í skilningi eignarréttar, enda var tilgangur löggjafans aldrei sá að veita þeim sem fengu úthlutað kvóta eða keyptu sér hann hlutbundinn og varanlegan rétt yfir fiskimiðum.

Sú niðurstaða sem Hæstiréttur og áður héraðsdómur komust að er í samræmi við þær aðferðir sem taldar hafa verið eðlilegar í reikningsskilum samkvæmt góðri reikningsskilavenju, enda var í dómi Hæstaréttar sérstaklega vikið að áliti Félags löggiltra endurskoðenda á því hvernig fara skyldi með keyptan aflakvóta í reikningsskilum. Niðurstaðan varð einnig í samræmi við þá meginreglu skattaréttar að færa eigi til eignar það sem keypt hefur verið gegn gjaldi og hefur peningalegt verðmæti. Það má hins vegar deila um á hve löngum tíma eðlilegt sé að fyrna slíka eign, en e.t.v. má telja að sú niðurstaða sem Hæstiréttur komst að sé ekki svo ýkja ósanngjörn, ekki hvað síst í ljósi þess að vel er hugsanlegt og vonandi mögulegt að Alþingi taki upp annað kerfi við stjórn fiskveiða.

Virðulegi forseti. Þetta er kjarni málsins og þeir sem styðja þá stefnu að fiskimiðin séu auðlind í eigu þjóðarinnar og að núverandi kvótakerfi myndi ekki rétt hjá útgerðarmönnum til þess að krefjast skaðabóta, ef þessu stjórnkerfi verður breytt, eiga að sjálfsögðu ekki að grafa undan trú þjóðarinnar á ótvíræðum fyrirmælum í lögum um stjórn fiskveiða. Menn verða að gera greinarmun á því hvað er skattaleg eign annars vegar, hvernig á að fara með viðskipti af þessu tagi í reikningsskilum og skattauppgjöri fyrirtækja og hvað er eignarréttarleg eign hins vegar, þ.e. eign sem ekki verður tekin af mönnum öðruvísi en fullar bætur komi í staðinn.

Að lokum, virðulegi forseti, hv. málshefjandi ræddi um kvótakerfið svona út og suður og vítt og breitt. Hæstv. sjútvrh. hefur gefið honum fullnægjandi svör við því. Ég vil aðeins minna á að núv. stjórnkerfi var fest í sessi vorið 1990, nánar tiltekið þann 5. maí. Þá stóðu mál þannig að í hópi þáv. stjórnarliða var andstaða við það kerfi á stjórn fiskveiða, kvótakerfið, sem fylgt hefur verið frá ráðherratíð Halldórs Ásgrímssonar frá því að lög um stjórn fiskveiða voru fyrst sett undir hans stjórn. Ég hef aldrei greitt atkvæði með kvótakerfinu á Alþingi þegar það hefur verið borið upp, hvort sem ég hef setið í stjórn eða stjórnarandstöðu. Málin stóðu hins vegar þannig hinn 5. maí árið 1990 að það var nokkurn veginn jafnt milli þeirra sem vildu ekki staðfesta kvótakerfið og hinna sem vildu festa kvótakerfi í sessi. Þá var borin upp frávísunartillaga á þeim fundi og ég var samkvæmur sjálfum mér í því að ég lýsti því yfir að ég mundi styðja þá tillögu. Vitað var að 21 þingmaður mundi greiða atkvæði gegn tillögunni og 21 sem vitað var að mundi greiða atkvæði með henni ef allt skilaði sér. Það þurfti bara einn alþýðubandalagsmann, bara einn félaga hv. 3. þm. Vesturl. til þess að tryggja það að kvótakerfið festist ekki í sessi. En það gaf sig enginn fram. Allir þingmenn Alþb. á þessari úrslitastundu greiddu atkvæði með kvótakerfinu sem hann formælti svo harkalega hér áðan. Allir sem áttu þá sæti í neðri deild, Steingrímur J. Sigfússon, sjálfkjörinn varaformaður Alþb., Geir Gunnarsson, Þórður Skúlason, Guðrún Helgadóttir og Hjörleifur Guttormsson. — Nei, hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði nei, samkvæmt þingtíðindum, í neðri

deild þann 5. maí 1990 og vísaði þar með frá eða felldi þar með frávísunartillögu sem flutt var af þingmönnum. Það hefði aðeins þurft hana, þennan hv. þm., virðulegur þm. Jóhann Ársælsson, til að tryggja það að kvótakerfið yrði ekki fest í sessi. Svo kemur þingmaður Alþb. hér upp í ræðustól og talar eins og hann talaði hér áðan. Ég tel að svona málflutning ætti Alþb. ekki að flytja út til annarra landa.

[15:50]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þjóðin er eigandi auðlinda fiskimiðanna, sagði hæstv. viðskrh. Það er ánægjulegt að heyra það og það er akkúrat þannig sem við héldum að það væri. Fyrirspurn mín er þessi: Hvernig má það þá vera að ekki þarf að leita leyfis þjóðarinnar til að selja þessa eign sem eins og allir vita hefur gengið kaupum og sölum? Ég hygg að það sé nýmæli, nýyrði í íslensku máli, skattaleg eign. Og ég bið hæstv. viðskrh. að segja mér, hvað er skattaleg eign?

Hitt finnst mér alvarlegra mál ef það er rétt hjá hæstv. ráðherra að svo sé skráð í þingtíðindum að ég hafi greitt atkvæði með staðfestingu kvótakerfisins. Það er rangt. Ég sat hjá við þá atkvæðagreiðslu en ég get auðvitað ekki gert að því þó það hafi farið milli mála í þingtíðindum.

[15:51]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég á mjög bágt með að trúa því að þingmaður sem búinn er að stunda löggjafarstörf í mörg ár, búinn að vera forseti Alþingis og á sæti í fjárln. þekki ekki muninn á eign í skattalegum skilningi og eign í eignarréttarlegum skilningi. Hæstv. sjútvrh. gerði grein fyrir því hér áðan. Það eru t.d. skattlögð lóðarréttindi á leigulóðum sem eru í eigu annars aðila. Það er eignarréttur í skattalegum skilningi en ekki eignarréttur í eignarréttarlegum skilningi. Og ég spyr hv. þm. sem hlýtur að vita það betur en ég: Hvað er með hugverkaréttinn? Í hvaða skilningi er hann skattaleg eign og í hvaða skilningi er hann eignarréttarleg eign? Ég veit það ekki. En hv. þm. hlýtur að vita það (**ÓÞÞ:** Veit ráðherrann þetta ekki?) því að hv. þm. á einmitt eign af þessu tagi.

Ég veit ekki hvort það er rangt með farið í ljósriti úr umræðum í neðri deild Alþingis þann 5. maí 1990, að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hafi sagt nei við frávísunartillögu. (**GHelg:** Eða setið hjá.) Já, ég veit ekki hvort það er rangt að hv. þm. hafi sagt nei við frávísunartillögu á kvótakerfi þann 5. maí 1990. Þannig er það skráð í þingtíðindum. Það mundi kannski hafa breytt einhverju ef hv. þm. hefði gert það sem hv. þm. sagðist hafa gert þann 5. maí árið 1990, en það er skráð í bækur þingsins að hv. þm. hafi sagt nei við frávísunartillögunni en ekki setið hjá.

[15:53]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta voru miklir útúrsnúningar. Vissulega er mér kunnugt um að svokölluð erfðafesta á landi er til með ævagamalli hefð. (**Viðskrh.:** Ég var ekki að tala um það.) Hvað var þá hæstv. ráðherra að tala um? (**Viðskrh.:** Ég var að tala um að þú eignfærir leigulóðarréttindi sem ekki eru þín eign í skattframtölum. Það hlýtur hv. þm. að vita.) Ég vil benda hæstv. viðskrh. á að hér er á engan hátt um sambærilega hluti að ræða. Þessi kaup á kvóta hafa gengið þannig fyrir sig að ryðkláfar sem eru handónýtir hafa verið seldir ofurverði vegna þess að þeir höfðu yfir að ráða einhverjum kvóta. Þetta er að leggja alla fiskveiði í landinu í rúst og ég vil vara hæstv. ríkisstjórn við. Ég hygg að það sé orðinn mikill urgur í sjómönnum og það sé að renna upp fyrir mönnum hvers kyns kerfi þetta er sem hér er búið að innleiða. Ég er alveg sannfærð um að ráðherra talar gegn betri vitund því að eins og hann réttilega sagði hafði hann vit til að samþykkja ekki kvótakerfið. Ég vil minna á að fáir börðust hetjulegar gegn því á sínum tíma heldur en hv. páv. þm. Skúli Alexandersson sem stóð hér fyrir að ég hygg lengsta þingfundi í sögu þingsins í áratugi þannig að kvótakerfið var ekki innleitt fyrir frumkvæði Alþb. En ég er hrædd um að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn ættu að taka sig saman í andlitinu sem fyrst og afnema þetta kerfi áður en verr fer fyrir íslenskum sjávarútvegi.

[15:55]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla bara að minna á að atkvæðagreiðsla með nafnakalli fer fram í heyranda hljóði. Það á ekki að vera neitt vafamál hvernig þingmenn greiða atkvæði í heyranda hljóði. Þegar þessi atkvæðagreiðsla fór fram var hv. þm. Guðrún Helgadóttir forseti þingsins. Og skyldi það virkilega hafa gerst að forsetinn sjálfur hafi greitt öðruvísi atkvæði en þingtíðindi herma? Því trúi ég ekki.

Ég vænti þess að hv. þm. hafi gert skattframtal og allir þeir sem hafa gert skattframtal vita það að þar verða menn að telja sér til eignar leigulóðarréttindi, þ.e. lóðir sem eru í eigu annarra en þeirra sjálfra. Það verða menn að færa sér til tekna á skattframtali og menn vita það a.m.k. hér í Reykjavík að þá þurfa menn að gjalda ákveðið afgjald til Reykjavíkurborgar, þ.e. gatnagerðargjöld o.fl., fyrir að fá þessum byggingarlóðum úthlutað sem þeir greiða síðan afgjald af þó að þeir eigi þær ekki. Þannig að ég trúi því ekki að þingmaður sem væntanlega er búinn að telja fram í mörg ár til skatts, sem hefur setið á Alþingi Íslendinga í mörg ár, gegnt hér forsetastörfum, setið í fjárln. viti ekki hver er munur á eign í skattalegum skilningi og eign í eignarréttarlegum skilningi.

[15:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þeir voru nú að tala um sitt hvort málið, hæstv. viðskrh. og hv. 14. þm. Reykv. Það sem hæstv. viðskrh. hélt fram og trúlega með réttu er að þingmaðurinn hafi greitt atkvæði gegn frávísunartillögu en það sem þingmaðurinn hélt fram og líka með réttu að ég hygg er að þingmaðurinn greiddi ekki atkvæði með sjálfu kvótafrv. Ég held að menn megi ekki blanda þessu um of saman.

En það sem ég vildi aðeins segja örfá orð um vegna

ræðu hæstv. viðskrh., sem var hér kynntur sem hæstv. efh.- og viðskrh. og hygg ég að það sé nýmæli að hann sé kominn í þá stöðu, var sá málflutningur hans að blanda saman þremur hlutum sem eru ekki allir þeir sömu. Í fyrsta lagi að blanda saman skilningi á orðinu eignarréttindi, annars vegar „í skattalegum skilningi" og hins vegar „í eignarréttarlegum skilningi" og svo hitt atriðið sem eru bætur ef eignin er tekin af með lögum. Það segir í 1. gr. laganna að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Það er hins vegar skýrt kveðið á um það og kemur fram í dómi Hæstaréttar að hann telur að hér sé um eignarréttindi að ræða, eignarréttindi. Punktur. Ekki eignarréttindi í skattalegum skilningi og ekki eignarréttindi í eignarréttarlegum skilningi heldur bara eignarréttindi og hef ég of knappan tíma til að geta lesið það upp, en ég geri það þegar ég flyt ræðu mína hér á eftir. Það er því alveg ljóst að í dómi Hæstaréttar er talað um þetta sem eignarréttindi.

Hinu get ég verið sammála hæstv. viðskrh. að það er mitt mat að dómur þessi hafi ekki fest það að ríkisvaldi beri að greiða kvótaeigendum bætur ef kvótakerfið er afnumið. Svo langt erum við ekki komnir enn en við erum á þeirri leið.

[15:59]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það stendur hér í forsendum dómsins, með leyfi forseta:

„Aflahlutdeild skips ræður mestu um það magn sem í hvers hlut fellur. Er því um að ræða fémæt réttindi. Þeir sem þeirra njóta hafa ekki að lögum tryggingu fyrir því að þeir geti síðar notað aflahlutdeildina til tekjuöflunar, ..."

Þetta stendur í forsendum hæstréttardómsins sem þýðir nákvæmlega það sem ég sagði. Hæstiréttur bendir á að menn hafi ekki eignarréttarlega eign yfir þessum aflaheimildum vegna þess að með lögum hafi menn enga tryggingu fyrir því að þeir geti síðar notað aflahlutdeildina til tekjuöflunar. Það er nákvæmlega þetta sem ég var að leggja áherslu á, virðulegi forseti. Úrskurðurinn er ekki um hvernig skuli fara með eignarréttarleg ákvæði, þ.e. að hnekkt skuli 1. gr. laga um stjórn fiskveiða, heldur eingöngu hvaða uppgjörsaðferð menn skuli nota við skattskil. Ég legg áherslu á það að þeir sem eru þeirrar skoðunar að sú eign sem hér er um að ræða, fiskurinn í sjónum, eigi að vera sameign þjóðarinnar, eiga auðvitað ekki að grafa undan þeim afdráttarlausu ákvæðum í skilningi þjóðarinnar og eiga ekki að taka þátt í því að veikja trú þjóðarinnar á þessum afdráttarlausum ákvæðum vegna þess að það er alveg ljóst að dómur Hæstaréttar haggar þeim ekki.

[16:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar menn eru með dómi bundnir til að bókfæra í bókhald fyrirtækis eign sem heitir aflahlutdeild þá er um eign að ræða. En ég vildi halda áfram að lesa úr dómi Hæstaréttar þar sem hæstv. viðskrh. hætti, með leyfi forseta: „en á grundvelli reynslu og spár um það hvað verða muni í fiskveiðum eru kaup engu að síður gerð eins og þetta dómsmál sýnir. Þegar þessi atriði eru virt er ekki varhugavert að fallast á það sem segir í héraðsdómi, að hin keyptu réttindi falli undir 73. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981. Segir þar:

„Til skattskyldra eigna skal telja allar fasteignir, lausafé og hvers konar önnur verðmæt eignarréttindi með þeim takmörkunum sem um ræðir í 75. gr. og skiptir ekki máli hvort eignirnar gefa af sér arð eða ekki." Takmarkanir 75. gr. eiga ekki við í þessu dómsmáli."

Það er skýrt sem hér kom fram í tilvitnun þeirri sem ég las að hér er talað um eignarréttindi, en ekki eignarréttindi í skattalegum skilningi eða einhverjum öðrum skilningi, heldur einfaldlega eignarréttindi af því að hér er um eign að ræða. Svo einfalt er það.

[16:02]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er rangt. Dómurinn er um skattamál. Dómurinn er um það hvort heimilt sé að gjaldfæra kaupverð aflaheimilda á sama ári og kaupin fara fram eða hvort eigi að gjaldfæra þau í áföngum á fimm árum. Þar er eingöngu um að ræða dóm um skattalega meðferð máls.

Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan og vitna aftur í það sem í dómsforsendum stendur. Hér segir: „Þeir sem þeirra njóta [þ.e. aflaréttindanna] hafa ekki að lögum tryggingu fyrir því að þeir geti síðar notað aflahlutdeildina til tekjuöflunar en á grundvelli reynslu og spár um hvað verða muni í fiskveiðum eru kaup engu að síður gerð eins og þetta dómsmál sýnir."

Með öðrum orðum, þó að eignarréttindin hafi enga lögvernd, þó að rétturinn til aflaheimilda hafi enga vernd í lögum og menn hafi enga tryggingu fyrir því í lögum að geta nýtt hann eins og aðra eign sína, þá eiga viðskiptin sér stað engu að síður. Annað segir þessi forsenda ekki, hún vekur athygli á því að viðskiptin eigi sér stað þó svo að það sé engin trygging fyrir því að þá „eign" sem verið er að kaupa sé hægt að nýta með hverjum þeim hætti sem menn ætli sér vegna þess að hvenær sem er geta menn breytt þessu stjórnkerfi, fellt kvótakerfið úr gildi án þess að nokkrar skaðabætur komi fyrir þá „eign" sem menn hafa þarna verið að kaupa.

Ég ítreka það að þeir sem styðja þá sjónarmið að 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða tryggi þjóðinni eign á þessari auðlind, komi í veg fyrir það að útgerðarmenn geti krafist skaðabóta verði stjórnkerfinu breytt, eiga ekki að leika þann leik að grafa undan trausti almennings á Íslandi á þessum afdráttarlausu ákvæðum, því það eru engin rök fyrir því.

[16:04]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. viðskrh. fyrir að minna okkur á um hvað þessi utandagskrárumræða fjallar því hér hefur verið rætt vítt og breitt um ýmis önnur atriði. Þessi utandagskrárumræða

átti alltént að fjalla um dóm Hæstaréttar Íslands um skattgreiðslur vegna kaupa á veiðiheimildum. Dómur Hæstaréttar er ótvíræður varðandi skattalega meðferð á keyptum aflaheimildum og í fullu samræmi við það sem löggiltir endurskoðendur þessara sjávarútvegsfyrirtækja hafa meðhöndlað þennan kvóta. Það er því raunverulega ekkert nýtt í málinu, ekki nokkur skapaður hlutur nema það að Hæstiréttur hefur kveðið upp sinn dóm um skattalega meðferð kvóta. Þessi utandagskrárumræða hefði eins getað farið fram í fyrra eða hittiðfyrra. Það eina sem menn gætu kannski talað um er fyrningarhlutfallið vegna þess að þar er breyting á varðandi það sem verið hefur og verður framvegis.

Ég get ekki séð, og það hefur verið margsannað í umræðunni, að þetta breyti núgildandi ákvæðum í löggjöfinni. Það er alveg ótvírætt í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að nytjastofnar Íslands eru sameign þjóðarinnar og það breytist ekkert við þetta. 67. gr. stjórnarskrárinnar um að almannaréttur geti aldrei orðið eign einhvers einstaklings er auðvitað svo ótvíræð að menn þurfa vart að ræða það. Ég hef heldur ekki heyrt nokkurn mann á Íslandi andmæla því nema ef vera skyldi starfsmaður LÍÚ sem hv. 3. þm. Vesturl. vitnaði í áðan. (Gripið fram í.) Hv. 3. þm. Vesturl. kallar hér fram í, ég heyrði hvorki Jónas né Kristján segja þetta, en hv. þm. fullyrðir að svo sé og ég mun athuga það hvort hann hefur lög að mæla í því.

Auðvitað nota andstæðingar núverandi kerfis sér þetta mál. Það er ekkert óeðlilegt þó svo að út af fyrir sig, eins og Sigurður Líndal segir í Morgunblaðinu í gær, er þetta eins og sandkorn. Þetta er eins og lítið sandkorn bæði fyrir þá sem styðja kvótakerfið, og ég vil bæta við, þá sem styðja ekki kvótakerfið.

Ég sakna þess verulega í máli hv. 3. þm. Vesturl. að hann skyldi ekki koma með stefnu Alþb. í sjávarútvegsmálum, ég sakna þess verulega og það voru fleiri hér sem söknuðu þess. Mér fannst gæta mikils tvískinnungs í ræðu hans þar sem hann sagði í sama orðinu að það væru fáir einstaklingar sem fengju að nýta þennan rétt en um leið að ríkið væri að eignast þennan kvóta í gegnum bankana annars vegar og hins vegar að bæjarsjóðir væru að eignast kvótana. Því miður er þetta alveg rétt hjá hv. þm. En það sem er réttast er að lífeyrissjóðirnir í landinu eru orðnir stærstu eigendur þessara fyrirtækja og það getur varla verið slæmt því hver á lífeyrissjóðina aðrir en fólkið í landinu? Ég spyr hv. þm., er það slæmt?

En það er annað kannski sem menn gætu haft áhyggjur af vegna þess að það er það fjármagn sem er að koma inn í sjávarútvegsfyrirtækin og núna síðast inn í Útgerðarfélag Akureyrar. Ég held ég fari rétt með það að það voru lífeyrissjóðirnir sem keyptu langstærsta hlutann af þeim 160 millj. sem voru boðnar þar út. Og við höfum auðvitað áhyggjur af því að lífeyrissjóðirnir fari að fara með þetta fjármagn úr landi og við höfum heyrt að þeir séu á leiðinni með sitt fjármagn út, að fjárfesta erlendis.

En mér fannst þetta ekki koma alveg heim og saman, að þetta væri að fara á fáar hendur á sama tíma og ríkið var að eignast þetta, bæjarfélögin voru að eignast þetta o.s.frv. Það kom ekki heim og saman.

Auðvitað verðum við að ætlast til þess að hæstv. ríkisstjórn hafi stefnu í sjávarútvegsmálum. Ég sakna þess verulega að það forgangsverkefni sem átti að vera á þessu þingi, að leggja fram sjávarútvegsfrumvörpin, skuli ekki vera komið fram. Ég sakna þess verulega, hæstv. sjútvrh. Ég veit að hann er í miklum vanda vegna þess að það er ekki samkomulag um eitt eða neitt í þessari ríkisstjórn og allra síst um þessi mál. En erfiðleikarnir í sjávarútveginum eru slíkir að þjóðin þolir ekki ríkisstjórn sem er ekki með stefnu í sjávarútvegsmálum, vegna þess að sjávarútvegsmál koma okkur öllum við. Hverju einasta mannsbarni í landinu vegna þess að við lifum á sjávarútvegi og munum gera. (Gripið fram í.) En af því að hæstv. umhvrh. er hér að rabba við mig í ræðustól þá langar mig til að heyra hvað líður stefnu Alþfl. sem var fyrir skemmstu kynnt fréttamönnum? Ný stefna, alla vega hvað varðar smábátaútgerð. Það er fróðlegt þegar menn eru á annað borð farnir að fara vítt og breitt um að fá þá stefnu upp á borðið.

Ég ætla að halda áfram að ræða við hæstv. sjútvrh., sem ég er farin að samhryggjast, ég verð að segja það. Ég er farin að samhryggjast honum þegar hann verður nú að selja veiðileyfi Hagræðingarsjóðs hæstbjóðendum vegna þess að hann kemst ekkert áfram með ný lög í staðinn fyrir það að hægt væri að bæta byggðarlögum sem hafa orðið fyrir mestu skerðingu í þorskveiðum með því að úthluta þeim þessum aflaheimildum. Auðvitað er það alveg ólíðandi að hér sitji ríkisstjórn sem er ekki búin að endurskoða þessi lög sem við viðurkennum öll að margir gallar eru á sem þarf að sníða af.

Það eru stór orð þegar hv. 3. þm. Vesturl. talar um höfuðatvinnugrein þjóðarinnar sem algjöra glæpastarfsemi og það er ekki hægt að skilja annað en þetta sé algjör glæpalýður sem við þennan atvinnuveg starfar. Það var ekki hægt að skilja orð hans öðruvísi. Ég veit ekki betur en að flestir sem við þennan atvinnuveg starfa séu dag frá degi að gera sitt besta, en það er mjög auðvelt að gera alla hluti tortryggilega. Í sambandi við frjálsa framsalið, sem eðlilega er mikið ágreiningsmál, þá vitnaði hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson í svar vegna þess fjölda af framsölum á aflaheimildum sem hefur átt sér stað. En ef menn mundu skoða þessi svör vel og skoða hvað er á bak við þau, hvað er á bak við mörg þessara svara? Það er ýmislegt. Það er verið að hagræða innan greinarinnar og víðast hvar er það þannig t.d. að í staðinn fyrir að menn séu að vinna karfa þá vinna þeir þorsk, allt eftir því sem þeir eru búnir að festa sölu á erlendis. Þetta er ekki bara það að menn séu með kvótabrask eingöngu sér og sínum til yndisauka. En kannski þurfum við engu að kvíða. Ef Morgunblaðið segir rétt frá þá er formaður Farmanna- og fiskimannasambandsins að boða nýjan flokk manna sem eru með nýja sjávarútvegsstefnu og það verður mjög spennandi að sjá það hvað út úr því kemur.

Það er mikilvægt að ræða sjávarútvegsmálin en mér finnst rétt að gera það undir réttum formerkjum.

[16:14]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara til að leiðrétta smámisskilning þá er það ekki rétt eftir mér haft eða skilið að ég hafi sagt að öll þau 72.000 tonn þorskígilda sem voru flutt á milli skipa hafi gengið kaupum og sölum heldur að svarið hafi falið í sér að ótrúlegt magn kvóta gekk kaupum og sölum í samfélaginu, eins og ég sagði orðrétt. Ég hafði samband við fyrirspyrjanda sem er búinn að lesa úr þessum tölum mjög kyrfilega, sveitunga hv. þm., og ég treysti honum vel til að þekkja það sem liggur þarna á bak við. Hann mat það svo, og hafði haft samband við fleiri út af því, að þessi viðskipti næmu þó milljörðum þrátt fyrir þennan fyrirvara. Ég vil að það komi skýrt fram að hér er um raunverulega — og það stendur, raunverulega mikla sölu að ræða þótt sumt af þessu sé í hagræðingarskyni, enda tel ég að það hafi raunar komið síðar fram í máli hv. þm.

[16:16]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Ég vil aðeins að það komi skýrt fram að ég hef ekki sakað neina sem standa í útgerð og fiskvinnslu á Íslandi um glæpastarfsemi, hins vegar sagði ég að því kerfi sem hv. Alþingi hefur lögleitt í landinu mætti líkja við leyfi til skipulagðrar glæpastarfsemi sem viðgengist undir verndarvæng einræðisríkisstjórnar.

En það sem ég ætlaði til viðbótar að segja var það að Kristján Ragnarsson sagði eftirfarandi orð, ég ætla bara að endurtaka þau vegna þess sem hv. þm. sagði áðan, með leyfi forseta:

Fréttamaðurinn spurði: „En vegna þess að kvóti er nú afskrifaður og eignfærður í bókhaldi útgerðarfyrirtækja, má þá ekki draga þá ályktun að kvótinn sé sannarlega eign útgerðarmanna?“ Þá svarar Kristján: „Ég held að það verði að líta svo á miðað við þessa niðurstöðu en hér er þó eingöngu verið að ræða um þennan hluta aflaheimildanna.“ — Þ.e. þann hluta sem menn hafa keypt.

[16:17]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að ræða það sem Kristján Ragnarsson sagði vegna þess að það skiptir engu máli í þessu, ekki nokkru einasta máli. En varðandi samþykktina og glæpastarfsemina, samþykkt þessarar löggjafar sem nú er við lýði og þá glæpastarfsemi sem af henni hefur hlotist, það sagði hv. þm. áðan, þá hljóta þeir að vera glæpamenn að mati hv. þm. sem samþykktu þessi lög.

[16:18]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. 1. gr. laga um stjórn fiskveiða hljóðar svo:

„Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Þetta er kjarni málsins. Menn hafa verið að velta fyrir sér þeirri spurningu hvort niðurstaða Hæstaréttar breyti eða brjóti í bága við 1. gr. laga um fiskveiðistjórnun. Svarið við því er að mínu mati algjörlega skýrt: Það er ekki svo.

Alþingi getur út af fyrir sig sakað sjálft sig um það að hafa ekki markað skýra stefnu um skattalega meðferð viðskipta með aflahlutdeildir sem viðgengist hafa innan kvótakerfisins. Það hefur verið uppi ágreiningur milli skattyfirvalda um eðli þessara viðskipta og hvernig ber að túlka skattalög viðvíkjandi þeim. Það er ekki deilt um viðskipti með aflamark innan árs heldur eingöngu hvernig líta skuli á viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir. Viðskipti með aflamark innan árs koma fram sem tekjur hjá seljanda og kostnaður færist hjá kaupanda eins og hver önnur rekstrargjöld. Ágreiningurinn er annars vegar milli ríkisskattstjóra og hins vegar ríkisskattanefndar sem nú er yfirskattanefnd.

Ríkisskattstjóri hefur litið á viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir sömu augum og viðskipti með skip. Venjulega er það svo að varanlegar aflahlutdeildir fylgja skipum í viðskiptum þótt oftsinnis sé hluti aflahlutdeilda undanskilinn þegar skip eru seld eða varanlegar aflahlutdeildir ganga sjálfstætt kaupum og sölum.

Samkvæmt sjónarmiðum ríkisskattstjóra má afskrifa þann kostnað sem lagt er í vegna keyptra varanlegra aflahlutdeilda um 6–8% á ári. Með söluhagnað vegna aflahludeildar er farið með sama hætti og þegar skip eiga í hlut. Um það gilda ákvæði laga um tekju- og eignarskatt sem taka til söluhagnaðar sem heimilt er að fyrna.

Ríkisskattanefnd, sem nú heitir yfirskattanefnd, hefur litið á viðskiptin með varanlegar aflahlutdeildir þannig að þau eigi að gera upp alfarið innan ársins. Það sem seljandi fær í sinn hlut skal tekjufæra á söluári. Það sem kaupandi greiðir skal gjaldfæra á kaupári. Rökstuðningur ríkisskattanefndar í úrskurði hennar frá 20. maí 1992 byggðist m.a. á eðli veiðiheimildanna, eins og það var orðað, að engum sérstökum ákvæðum er til að dreifa um meðferð veiðiheimilda í skattskilum, svo og að ekki er hægt að henda reiður á neinu afmörkuðu tímabili til gjaldfærslu eins og fyrirkomulagi er nú háttað á þessu sviði.

Með öðrum orðum, við erum að ræða túlkun á skattalögum og ágreining um túlkun á skattalögum milli skattyfirvalda. Það er rétt í því samhengi að geta álits reikningsskilanefndar Félags löggiltra endurskoðenda frá 26. ágúst 1991 þar sem það ráð er gefið að kostnað vegna sjálfstæðra kaupa á varanlegum aflahlutdeildum skuli gjaldfæra á fimm árum. Sú aðferð hefur mest verið notuð af fyrirtækjum vegna eigin uppgjörs.

Dómur Hæstaréttar felur í sér eftirfarandi:

1. Að viðskipti með aflaheimildir falli undir 73. gr. laga um tekju- og eignarskatt, og þar með að aflaheimild sé skattskyld, fémæt réttindi eins og það er orðað.

2. Að eign þessi sé fyrnanleg.

3. Að staðfesta skuli að fyrningarhlutfallið skuli vera 20%.

Ég vil vekja sérstaka athygli á sératkvæði Garðars Gíslasonar í þessum dómsniðurstöðum Hæstaréttar. Hann segir, *með leyfi forseta, orðrétt:*

„Aflahlutdeild í nytjastofnum á Íslandsmiðum verður ekki talin eign sem rýrnar að verðmæti við eðlilega notkun eða aldur vegna þess að hér er um að ræða veiðiheimild á tegundum sjávardýra sem eiga tilveru sína alfarið undir náttúrunni sjálfri. Enginn getur haft raunveruleg umráð þeirra" — ég endurtek: „Enginn getur haft raunveruleg umráð þeirra en einkenni þeirra eigna sem nefndar eru í upptalningu 32. gr. laganna [þ.e. um hvað er fyrnanlegt] eru einmitt að unnt er að hafa slík umráð. Enginn veit því hvort þessi verðmæti rýrna við eðlilega notkun eða aldur. Mætti telja öllu líklegra að þau geri það ekki."

Ég vitna enn í sératkvæði Garðars Gíslasonar, þar sem hann segir: „Tel ég því að fallast beri á með gagnáfrýjanda að lagaheimild skorti til fyringar á aflahlutdeild ..."

Í þessum umræðum vil ég taka það skýrt fram að ég er algjörlega sammála á túlkuninni í niðurstöðu Hæstaréttar sem þar birtist og sem hæstv. viðskrh. hefur áréttað hér. Hér er ekki um eignarrétt að ræða, hér er um að ræða skattalega meðferð á fémætum réttindum, en ég legg á það höfuðáherslu að ég er sammála því sérálíti minni hlutans að það skorti lagaheimildir til þess að fyrna þessar eignir.

Af því tilefni vil ég minna á að þessi sjónarmið voru mjög áréttuð í svokallaðri tvíhöfða nefnd. Það ber að líta á viðskipti með varanlegar aflahlutdeildir svipað og *viðskipti með eignir sem ekki er heimilt að* fyrna, sögðu þeir vísu menn. Þannig eigi ekki að vera mögulegt að afskrifa kostnað vegna kaupa á varanlegum aflahlutdeildum nema sú staða komi upp að aflamarkskerfinu verði breytt eins og fram kemur í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða og það var að frumkvæði okkar jafnaðarmanna, bæði sameignarákvæðið annars vegar og sér í lagi hitt að ekki skuli koma til skaðabótakröfu á hendur ríkinu þótt því yrði breytt. Ég segi því enn: Nema sú staða komi upp að aflamarkskerfinu verði breytt og að verðmæti varanlegra aflahlutdeilda í viðskiptum falli mjög verulega eða verði að engu af þeim sökum.

Eðli varanlegra aflahlutdeilda er þannig að verðmæti þeirra rýrnar ekki við notkun, en það er grundvallaratriði í skilningi skattalaga þegar um fyrnanlegar eignir er að ræða. Því ætti í sjálfstæðum viðskiptum með varanlegar aflahlutdeildir eins og þegar skip eiga jafnframt í hlut að færa viðskiptin með varanlegu aflahlutdeildirnar sér. Slíkt fyrirkomulag hlýtur að endurspegla vilja til þess að aflamarkskerfið festi sig í sessi sem er auðvitað skilningur löggjafans sem hefur sett þessi lög, burt séð frá öllum hinum pólitíska ágreiningi. Ég bið menn um að misskilja það ekki.

Vegna sögulegra ástæðna er varla annað fært en að fara með sölu á *varanlegum aflahlutdeildum* með sama hætti og viðskipti með skip. Það er praktískt atriði. Þegar takmarkanir voru settar á innflutning skipa og viðbætur við fiskiskipaflotann voru takmarkaðar seint á áttunda áratugnum þá hækkaði verð skipa í viðskiptum innan lands. Sú verðhækkun stafaði af því að sjálfur aðgangurinn að veiðunum varð að verðmæti, fémætum réttindum í viðskiptum. Það er þetta verðmæti sem endurspeglast líka í verði skipa á tímum sóknarmarksins. Síðan aflamarkskerfið var alfarið tekið upp má segja að verð skipa í viðskiptum taki mið af ástandi skipsins sjálfs og þeim aflahlutdeildum sem því fylgja. Þannig hafa öll viðskipti í meira en 10 ár, með skip og aðgangsréttinn að miðunum, það er það sem við erum að tala um — aðgangsréttinn að miðunum — byggst á því að þar er um að ræða viðskiptaleg verðmæti eða kostnað vegna keyptra aflahlutdeilda og þetta hefur verið talið afskrifanlegt með sama hætti og skip. Þetta eru bara viðskiptalegar staðreyndir og hafa verið í gildi í 10 ár. Á þessu hafa fjárhagslegar skuldbindingar fjölmargra fyrirtækja byggt. Og þá er komið að kjarna málsins um hina praktísku stöðu. Með því að gera kostnað vegna keyptra varanlegra aflahlutdeilda óafskrifanlegan núna án aðlögunartíma væri verið að lækka verð þeirra verulega í viðskiptum og þar með rýra eignir eða fémæt réttindi, verðmætamat og veðhæfni allra sjávarútvegsfyrirtækja með ófyrirsjáanlegum afleiðingum. Auðvitað lítur Hæstiréttur á þetta.

Þetta mundi kalla á mikla röskun á stöðu sjávarútvegsins gagnvart lánardrottnum, stöðu sjávarútvegsins gagnvart bankakerfinu sem skuldar 110 milljarða og einnig á hlutabréfamarkaði. Þess vegna verður að meðhöndla *viðskipti* með *varanlegar aflahlutdeildir* skattalega — og ég endurtek, skattalega, við erum að tala um skattalög og túlkun á þeim — með sama hætti og *viðskipti með skip*. Það *er* með engum hætti verið að brjóta í bága við grundvallarreglu fiskveiðistjórnarlaganna um sameignina.

Niðurstaða tvíhöfða nefndarinnar var sú í ljósi þessara röksemda, eða röksemda sem voru svipað fram settar og ég hef nú gert, að leggja til að óheimilt verði að fyrna eða afskrifa kaupverð varanlegra aflahlutdeilda sem eigendaskipti verða að frá og með upphafi fiskveiðiársins sem hefst 1. sept. 1996. Með öðrum orðum, hugsunin er að gefa aðlögunartíma en eftir það verði eðli málsins samkvæmt ekki lengur heimilt að fyrna eða afskrifa þessi fémætu réttindi. Fram að þeim tíma, í ljósi staðreynda um það hversu lengi þetta kerfi hefur verið við lýði, verði farið með þessi viðskipti í samræmi við sjónarmið ríkisskattstjóra og lögum þá breytt til þess að taka af tvímæli um þessi atriði. Tvíhöfða nefndin segir því að veiðiréttur*inn* sé skammtaður en það sé ekki heimilt að afskrifa hann eða fyrna þar sem hann eyðist ekki við notkun. Þó segir í niðurstöðunni að vegna þeirra viðskipta sem tíðkast hafa sl. 10 ár sé eðlilegt að veita aðlögunartíma að nýjum reglum til að koma í veg fyrir allt of mikla röskun á verðmætamati og verkefnum sjávarútvegsfyrirtækja.

Virðulegi forseti. Ég hef viljað nota tíma minn hér til þess að taka af tvímæli um grundvallaratriði. Í fyrsta lagi: *Lögin standa. Dómur Hæstaréttar brýtur ekki í* bága við grundvallarákvæðið um sameiginlegan eignarrétt þjóðarinnar á auðlindinni. Hann fjallar um

ágreining milli skattayfirvalda, um skattalega meðferð á fémætum réttindum. Hann tekur mið af þeirri staðreynd að kvótakerfið er búið að vera við lýði í 10 ár og þessi viðskipti hafa farið fram og það er ekki hægt með einu hnífsbragði án aðlögunartíma að kollvarpa því sem er undirstaða fyrir veðhæfni sjávarútvegsfyrirtækjanna í landinu. En ég legg áherslu á það að grundvallarsjónarmið eins og það kom fram í tvíhöfða nefnd er rétt, rétt að lögum og réttur efnahagslegur skilningur að þessi verðmæti eigi ekki að vera fyrnanleg. Síðan getur Alþingi út af fyrir sig litið í eigin barm og spurt hvers vegna það hafi skapað þessa óvissu. Það hefur ekki fjallað um skattalega meðferð á þessum fémætu réttindum en rökrétt niðurstaða á málinu í heild er þessi:

Fiskimiðin eru sameign þjóðarinnar, rétturinn til að nýta þau er skammtaður og sá réttur er fémæt réttindi. Það ber að verðleggja þau, það ber að taka veiðileyfagjald fyrir aðganginn að þessum verðmætum. Það er þegar gert í viðskiptum sem nema tugum milljarða milli aðila. Eini munurinn er sá að eigandinn, sem er íslenska þjóðin, hefur ekki fengið það í sinn hlut.

[16:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlustaði á ræðu hæstv. utanrrh. með athygli og hjó eftir niðurlagsorðum hæstv. ráðherra þegar hann sagði að það væri lagt á veiðileyfagjald í dag með viðskiptum sem næmu tugum milljarða árlega. (**ÓÞÞ:** Tugum milljarða? Það er mismæli.) (**Utanrrh.:** Fyrirgefðu, það er mismæli, það eru 3 milljarðar.) Nú hef ég ekki séð neinar upplýsingar um þetta þannig að ég vil biðja hæstv. ráðherra að upplýsa mig nánar um málið.

[16:31]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst velvirðingar á því að ég hef mismælt mig. Menn kannast við að þær upplýsingar hafa verið gefnar að viðskipti með aflaheimildir eru mikil. Þau eru hins vegar mjög mismunandi. Það er um að ræða tifærslu á aflaheimildum sem ekki eru verðlagðar, það er um að ræða skipti á aflaverðmætum milli skipa og útgerða, það er um að ræða sölu milli óskyldra aðila á aflaverðmætum. Og ef ég man þetta rétt, ég hef ekki tölurnar tiltækar, þá er talað um að sala á aflaverðmætum hafi numið allt að þremur milljörðum kr. og ég biðst velvirðingar á því að hafa í niðurlagsorðum mínum haft í huga annað en það sem ég sagði, sem breytir engu um kjarna þess máls sem ég var að flytja og hina rökréttu niðurstöðu málsins.

[16:32]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þegar hæstv. ráðherra sagði að hann hefði haft í huga annað heldur en hann var að setja fram þá býst ég við að hann hafi haft í huga veiðileyfagjaldið sem hann hefur í huga að taka. (**Utanrrh.:** Ég fór einfaldlega rangt með tölur.) En þetta undirstrikar það í mínum huga að það er mjög varasamt að líta á þær upplýsingar sem hér komu fram í þinginu í gær og reikna þau viðskipti öll til verðs. Eitt augnablik hélt ég að hæstv. ráðherra hefði fallið í þá gryfju en hann útskýrði það reyndar í sínu svari að svo var ekki. Mjög mikið af þessu eru tilfærslur milli sama lögaðila þannig að það er mjög vafasamt að draga stórar ályktanir af þeim tölum sem þar komu fram.

[16:33]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá sem hefur góðan málstað þarf ekki að byggja málflutning sinn á því að vísa til mismælis í máli hugsanlegs andstæðings og það breytir engu um kjarna málsins.

Ég þarf ekki að endurtaka þær röksemdir sem ég fór með, en þessi þáttur málsins er nákvæmlega svona: Menn hafa verið að tala um auðlindaskatt og menn hafa fært rök gegn honum en þeir menn láta þess yfirleitt ógetið að auðlindaskatturinn er þegar greiddur. Auðlindaskattur er eðli málsins samkvæmt greiðsla fyrir aðgang að auðlind. Það fara fram viðskipti eins og ég sagði og það hefur leikið nokkuð á tveim tungum hversu mikil þau eru. Ég hef þá tölu einfaldlega eftir einum hv. þm. að þau megi áætla 3 milljarða kr. en jafnframt að þau taki til þess að skipti hafi orðið á veiðiheimildum milli fyrirtækja á Íslandi um allt að 70.000 þorskígildistonn. Þetta eru auðvitað risavaxin viðskipti og byggja á þeim kjarna málsins að aflamarkskerfi er óframkvæmanlegt, gengur ekki upp nema um sé að ræða frjáls viðskipti. Viðskiptin fara fram. Það sem við erum hér að ræða er túlkun á lögum um eignarrétt og annars vegar túlkun á skattalegri meðferð þessara fémætu réttinda. Þeir sem eru andstæðingar veiðileyfagjalds, sem fer nú fækkandi að sjálfsögðu, þeir sem þekkja til mála í greininni, vita að veiðileyfagjaldið er þegar komið á. Munurinn er hins vegar sá að það fer fram í viðskiptum milli aðila í greininni og það er auðvitað í þversögn við og í blóra við hvað er verðlagt á markaðsverði. Þeir sem eru að tala um veiðileyfagjald eru hins vegar að tala um lágmarksgjald fyrir aðgang að auðlindinni og auðvitað kemur þetta í sama stað niður.

Menn viku að sjávarútvegsfrumvörpum hæstv. sjútvrh. Eitt af því er frv. um þróunarsjóð. Þróunarsjóðurinn er hugsaður sem sjóður til þess að hraða fjárhagslegri endurskipulagningu í sjávarútvegi og byggir á svokölluðu þróunargjaldi. Það ber allt að sama brunni. Það falla öll fljót til Dýrafjarðar. (**ÓÞÞ:** Það voru vötnin sem féllu.)

[16:35]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hæstv. utanrrh. munum að sönnu ekki verða sammála um það hvernig best verði nú leyst úr því vandamáli sem vaxandi viðskipti með kvóta er. En það sem mig langar að gera hér að umræðuefni er sú staðhæfing hæstv. ráðherra að ekki sé hægt að líta á dóm Hæstaréttar sem úrskurð um að hér sé í rauninni verið að gera l. gr. laga um stjórn fiskveiða ómerka. Það sem hann leggur áherslu á er að hér

sé um fémæt réttindi að ræða, en ég vil halda til haga þeirri túlkun að hér sé hreinlega um eign að ræða og ég vil rökstyðja það með þeim hætti, þar sem ég heyri að hæstv. ráðherra er sammála hæstv. viðskrh., að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki sammála því að hlutabréfaeign sé eign og ekkert annað. Við skulum ekki fara að tala um vandræðaganginn í kringum skattlagningu á ýmsum eignatekjum, það er annað mál. En mig langar að spyrja vegna þess að hæstv. viðskrh., sem mér heyrist að sé hæstv. utanrrh. hjartanlega sammála, tók það sérstaklega til að í dómi Hæstaréttar sé það sönnun fyrir því að ekki sé um eign að ræða að þar stendur orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þeir sem þeirra njóta hafa ekki að lögum tryggingu fyrir því að þeir geti síðar notað aflahlutdeildina til tekjuöflunar."

Ég sé ekki að þeir sem kaupa hlutabréf hafi neina tryggingu fyrir því að þeir geti síðar meir gert þetta að tekjum. Þarna er um ákveðna áhættu að ræða er menn kaupa eign og ég spyr því hæstv. ráðherra: Lítur hann ekki á hlutabréf sem eign og þar af leiðandi hluti í okkar sameiginlegu auðlegð?

[16:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá er m.a. munurinn á fémætum réttindum sem geta verið skattskyld í skilningi skattalaga og hlutabréfaeign að það er ekki hugsanlegt að löggjafinn svipti hlutabréfaeigandann eignarrétti sínum. Það eru hlutdeildarréttindi sem ganga kaupum og sölum og eru varin með slíkum hætti þótt auðvitað geti þau verið tengd áhættu. Það er það sem hv. þm. vísar til, auðvitað geta þau verið tengd áhættu. En aflaheimildin sem gengur kaupum og sölum með varanlegum hætti er hins vegar öðruvísi en hlutabréf að því leyti að löggjafinn, sem hefur ekki framselt eignina og eignin er þjóðarinnar, getur einfaldlega afturkallað þennan rétt. Réttur einstaklingsins til þess að eiga hlutabréf verður ekki afturkallaður með lögum.

[16:39]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki út af fyrir sig séð að það sé mikill munur á því hvort áhætta þess sem fær hlutinn til eignar sé vegna ríkisaðgerða eða vegna aðgerða markaðarins. Ég sé ekki að hér sé mikill munur á og ég tek fram að alla vega undir stjórn núverandi hæstv. ríkisstjórnar er mikil áhætta á mörgum eignum, m.a. launatekjum þar sem menn eru sviptir eignum sínum alveg miskunnarlaust með álagningu skatta t.d. Út af fyrir sig sé ég ekki að þetta sé eitthvert einstakt dæmi þótt ég tengi það ekki við líkingu mína um hlutabréf. En mér finnst það standa eftir að hér er um að ræða hlut í verðmæti hvort sem það er fyrirtæki eða aflinn í kringum landið. Það er ekki hægt að tryggja að þessi hlutur haldi verðmæti sínu, hann getur jafnvel orðið verðlaus. Áhættuþátturinn er bundinn við aðgerðir ríkisins. Ríkið hefur verið með aðgerðir sem hafa valdið sviptingum á verðbréfamarkaði þannig að jafnvel þar er hægt að tala um ákveðna líkingu líka. Líti menn á hlutabréf sem eign — sem ég geri ráð fyrir að þeir geri — þá held ég að það sé varla hægt annað en líta á þennan hlut í okkar sameiginlegu auðlind sem annað en eign og þar af leiðandi er 1. gr. laga um stjórn fiskveiða með þessum dómi gerð æðimarklaus eins og við kvennalistakonur höfum einatt bent á.

[16:41]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst víkja að því sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. og jafnframt því sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. um hvers konar mál væri að ræða. Hæstv. utanrrh. sagði sem svo að hér væru menn einungis að deila um málið út frá skattalegum skilningi og hæstv. sjútvrh. taldi að kerfið fæli í sér einungis einstaklingsbundin réttindi. Hvort tveggja er að mínu viti mikill misskilningur. Ef við lítum á það fyrra, um einstaklingsbundnu réttindin, þá eru réttindin til að sækja sjóinn ekki bundin einstaklingum. Það er ekki vitað til að svo sé í dag. Þau eru bundin atvinnutækjum, þau eru bundin stáli og timbri, þau eru bundin skipi. Þar eru réttindin bundin. Það skiptir engu máli hversu margir eiga það atvinnutæki sem hefur þessi réttindi. Þannig að þvert á móti er aðgangurinn að auðlindinni ekki einstaklingsbundinn, hann er tækjabundinn. Einstaklingarnir sem eiga þessi tæki geta verið svo og svo margir, farið fjölgandi eða fækkandi eftir atvikum. Þeir þurfa ekki einu sinni að vera einstaklingar því oft eru það hlutafélög sem eiga þessi tæki. Fullyrðingar um að réttindin séu einstaklingsbundin eru því gjörsamlega úr lausu lofti gripnar enda er hæstv. sjútvrh. flúinn hér á brott fyrir allnokkru.

Þá hitt, um skattalega skilninginn, að hér séu menn einungis að taka á málinu og glíma við það út frá skattalögum. Þá hlýtur að vakna sú spurning: Hvers vegna í ósköpunum eru þessi mál ekki á hreinu í skattalögum? Hvers vegna í ósköpunum er ekki eitt orð um það í lögum um tekjuskatt og eignarskatt eða öðrum skattalögum hvernig eigi að fara með sölu og kaup á þessum réttindum eða magni af fiski? Það er ekki eitt orð um það í lögum. Hvers vegna? (**Umhvrh.:** Skattalögin voru sett fyrr.) Nei, virðulegur forseti, það er ekki rétt hjá hæstv. umhvrh. að sú sé ástæðan að skattalögin hafi verið sett fyrr. Ástæðan er einfaldlega sú að það er hvergi um það einn stafkrókur í lögunum um stjórn fiskveiða að það megi selja þessi réttindi. Hvergi. Menn geta lesið lögin um stjórn fiskveiða fram og aftur, aftur á bak og áfram og öfugt, þeir finna hvergi að það sé heimild til að selja þessi réttindi. Menn geta lesið frv. sem var lagt fram, ekki orð um heimild til að mega selja þessi réttindi né leigja. Menn geta lesið athugasemdir við einstakar greinar þessa frv., ekki orð um að það megi selja þessi réttindi. Og menn geta lesið framsöguræðu ráðherra, hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, og það er ekki orð um að það megi selja þessi réttindi. Menn geta lesið framsöguræðu frsm. 1. minni hluta úr nefnd fyrir málinu á sínum tíma, hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, þar er ekki orð um að það megi selja kvótann. Ástæðan er nefnilega sú að það var ekki ætlast til þess og menn voru ekki að setja löggjöf um það að selja fiskveiðikvóta, hvorki til

langs né skamms tíma. Það er ástæðan. (**ÓÞÞ:** Og þetta veit umhvrh. ekki.) Þetta veit ekki hæstv. umhvrh. Ég held að hann verði eins og margir aðrir sem hér hafa tekið til máls að íhuga þessi mál betur.

Staðreyndin er sú að á sínum tíma þegar menn settu þessi lög, í maímánuði 1990, þá voru menn að skrökva að þjóðinni, þá voru menn að skrökva að þjóðinni vísvitandi. Og það á við um marga stjórnmálaflokka, eins og hæstv. sjútvrh. hefur bent á. En það breytir því ekki að það er staðreynd að menn voru að setja löggjöf og reyndu að telja þjóðinni trú um að menn væru að setja inn í lögin ákvæði sem ætti að tryggja að hér væri um sameign þjóðarinnar að ræða sem aldrei yrði séreign útgerðarmanna en vissu það fyrir, vissu það fyrir, að menn voru að segja ósatt. Þann kross bera þeir sem að þessari lagasetningu stóðu hvort sem þeir voru þingmenn fyrir Sjálfstfl. eða Alþb. eða Alþfl. eða einhvern annan flokk. Og þeir verða að svara sínu fólki fyrir gjörðir sínar. Það þýðir ekkert að flýja úr þingsal eða koma upp og segja: Ég hélt að ég væri að gera eitthvað annað. Menn voru vitandi vits að setja löggjöf sem átti síðan að framkvæma eins og framkvæmd hefur verið þar sem útgerðarmenn hafa keypt og selt þessi réttindi án nokkurra afskipta framkvæmdarvaldsins eða löggjafarvaldsins. Menn hafa látið þetta gott heita vegna þess að þetta var það sem menn ætluðust til að yrði gert. Menn hafa verið misjafnlega hreinskilnir í þessu. Það virði ég þó við hæstv. sjútvrh. að hann hefur verið öðrum mönnum hreinskilnari í þessu efni og viðurkennt að þetta er tilgangurinn.

En samt er það svo að menn komast ekki frá þessu máli því þetta er vandamál. Vandamál sem menn verða varir við um allt land. Við getum tekið nýjustu dæmin til að útskýra hversu mikið vandamálið er í krónum og aurum. Hvað er það sem Hjálmur hf. á Flateyri ætlar að selja til að borga upp skuldirnar í bönkunum? Hvað er það sem hann ætlar að selja? Hann ætlar að selja sinn hlut í sameign þjóðarinnar. Og haldið þið að sá sem hann kaupir skrái hann ekki í sínar bækur sem eign? Reynið ekki að halda öðru fram. Á þeim ágæta stað verður staðan kannski orðin þannig eftir nokkra mánuði að þar verður komið nýtt fyrirtæki sem á svo og svo mikla eign upp á hundruð milljónir króna, og hver er hún? Hún er hlutdeild í fiskstofnum landsins. Við höfum þetta dæmi vestur í Bolungavík, nánast í næstu vík. Þar er fyrirtæki sem keypti eignir fyrir 721 millj. kr., þar af voru keyptar fiskveiðiheimildir fyrir meira en 500 millj. kr. Svo koma menn hér alveg heilagir í framan og segja: Þetta er engin eign. Bolvíkingar eru að borga bankakerfi landsins yfir 500 millj. kr. á næstu árum fyrir þessa eign. Ætlar svo einhver að halda því fram að þetta megi taka af mönnum bótalaust þegar þeir eru búnir að borga 500 millj. kr.? (**Umhvrh.:** Kemur fram í dómnum.) Það kemur auðvitað ekki fram í dómnum, hæstv. umhvrh., það er eins og ég sagði áðan ekkert kveðið á um að það eigi að gefa mönnum bætur ef eignin verður af tekin. Það er rétt. En ég spái því, virðulegur forseti, að hæstv. umhvrh. muni lesa það innan ekki margra ára að Hæstiréttur hafi kveðið upp dóm um að auðvitað eigi menn að fá bætur, eða hvernig dettur nokkrum manni í hug á Alþingi Íslendinga að þegar menn eða byggðarlag hefur borgað 500 millj. kr. fyrir réttinn til að fara á sjóinn þá sé hægt að taka þau réttindi af því fólki bótalaust? Ætlar einhver að halda því fram eða ætlar einhver að gera það?

Ég bið menn að vera ekki svo bláeygða að halda að þessi dómur sé eitthvað sem skiptir ekki máli. Þessi dómur er fullkomlega eðlilegur og í takt við það sem menn hafa verið að gera. Hann er bara að festa í sessi og birta okkur það sem menn hafa verið að gera og segir okkur í leiðinni hvert menn eru að stefna. Þetta er mörgum ljóst, ekki bara mér, ég hef ekki einkarétt á þessum sannindum. Ég vil vitna hér til leiðara Alþýðublaðsins í dag sem ég veit að hæstv. umhvrh. les með mikilli athygli. (**Umhvrh.:** Það er nú allir gangur á því.) Og ég vil í leiðinni þakka hæstv. umhvrh. fyrir það að vera viðstaddur hér því hann er eini ráðherrann sem eftir er í salnum og það kalla ég virðingarvert af hans hálfu.

Með leyfi forseta segir í niðurlagi þessa leiðara: „Fyrir þessa andstæðinga kvótakerfisins og fyrir þá, sem vilja efla gildi sameignarhugtaksins í 1. gr. laganna, er dómurinn hins vegar áhyggjuefni. Sigurður Líndal lagaprófessor hefur lýst þeirri skoðun að eftir því sem fleiri dómar falla og kerfið verður skilgreint ítarlegar, þeim mun erfiðar verður að hrófla við því. Með sömu rökum má álykta að með framvindunni verði einnig erfiðara að sporna við því að veiðiheimildirnar færist alfarið yfir í eigu útgerðarinnar. Viðbrögð útgerðarinnar eru til vitnis um það.

Það er hins vegar óásættanlegt. Í kjölfar dómsins bíður því löggjafans það verkefni að taka af öll tvímæli í þessum efnum. Í fyrirliggjandi drögum að breytingum á stjórn fiskveiða er hins vegar ekkert að finna sem hnígur að því. Án þess verður hins vegar aldrei sátt um kvótakerfið."

Hér er skelegglega að orði komist. Það verður ekki sagt að leiðarahöfundur Alþýðublaðsins sé sammála formanni Alþfl. eða hæstv. viðskrh. Leiðarahöfundur Alþýðublaðsins bendir einmitt á kjarna málsins sem annað dagblað hefur nú slegið eign sinni á en vill því miður um þessar mundir oft missa af að sjá þann kjarna í ýmsum málum.

Ég vil líka benda mönnum á að nokkuð snemma var mönnum ljóst að þessi löggjöf var óásættanleg. Ég er hér með þáltill. sem lögð var fram strax á næsta þingi eftir að lögin voru samþykkt 5. maí 1990, um endurskoðun fiskveiðistefnunnar. Í niðurlagi greinargerðarinnar sem fylgir með tillögunni segir svo, með leyfi forseta:

„Það er skoðun flm. þessar till. til þál. að reynslan hafi ótvírætt sýnt að kvótakerfið fái ekki staðist. Það er aðeins spurning hvenær það verður aflagt og hvað það hefur gert landi og lýð mikinn skaða þegar sú stund rennur upp. Þess er að vænta að tillaga þessi stuðli að því að kvótakerfinu verði hrundið fyrr eða síðar."

Hverjir skyldu nú hafa verið flm. þessarar till. til þál.? Það skal upplýst hér því þeir voru: Þorvaldur Garðar Kristjánsson, sem mun hafa verið þingmaður

Sjálfstfl., Skúli Alexandersson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Karvel Pálmason, Kristinn Pétursson, Ólafur Þ. Þórðarson, Friðjón Þórðarson, Sighvatur Björgvinsson, Pálmi Jónsson, Ásgeir Hannes Eiríksson, Eggert Haukdal, Ingi Björn Albertsson, Árni Gunnarsson, Geir Gunnarsson og Margrét Frímannsdóttir. Það er ekkert lítið lið af hv. þm. sem sögðu svona afdráttarlaust að þessi löggjöf gæti ekki gengið. Svo leyfa menn sér hér eins og hæstv. sjútvrh. að flytja ræður í strákskap og að hér sé bara eitthvert leikrit í pólitískum æfingum á ferðinni. Þetta mál er mesta alvörumál sem fyrir þingi og þjóð liggur. Þetta mál skiptir miklu meira máli en öll önnur mál sem við erum að glíma við þessa dagana. Og það er beðið eftir því alls staðar að þingmenn manni sig upp í það að taka á því. En auðvitað vilja forustumenn flokkanna að þingmenn geri sem minnst í þessum efnum, það er í þeirra þágu að menn þegi sem mest um þessi mál. Flokkarnir eiga ekki svo fagra sögu í þessum efnum og er minn flokkur ekkert undanskilinn. En það eigum við sameiginlegt, ég og hv. 3. þm. Vesturl., að við ætlum að fylgja sannfæringu okkar í þessu máli jafnvel þótt hún komi illa við forustumenn í Alþb. Og ég vænti þess að þingmenn í öðrum flokkum hafi þann manndóm í sér að þeir sýni forustumönnum í sínum flokki alvöru málsins.

[16:56]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegur forseti. Málshefjandi, hv. 3. þm. Vesturl., kom hér upp og lýsti með sínum hætti ferð tvíhöfða nefndar víða um land. Á þessum fundum voru haldnar ýmsar ræður og af mismiklu viti og skynsemi en ég hygg að þær hafi allar verið fluttar af meiri skynsemi heldur en ræða hv. þm. hér áðan.

Íslenskur sjávarútvegur á við það böl að etja að margir aðilar og áhrifamiklir svo sem hv. 3. þm. Vesturl. rísa alltaf upp á afturlappirnar ef eitthvað er að gerast í atvinnugreininni sem er hagkvæmt. Það er eins og það sé þannig að ef eitthvað kemur upp sem borgar sig í sjávarútvegi vilji hann og hans skoðanabræður grípa til sérstakra aðgerða til að koma því fyrir kattarnef. Hann kemur hér og agnúast yfir því að fyrirtæki í sjávarútvegi geti orðið stór. Hann agnúast yfir því að það séu viðskipti með veiðiheimildir og jafnvel viðskipti með fisk, að það megi ekki flytja fisk sem veiddur er á Snæfellsnesi norður í Skagafjörð svo dæmi sé nefnt. Hann kemur hér hvað eftir annað og agnúast út af frystitogurum. Hann kemur hér líka og vill gera sérstakar ráðstafanir til að hækka það verð sem sjávarútvegurinn þarf að greiða fyrir viðgerðir og skip. Og það er undantekningarlítið þannig að ef eitthvað kemur upp sem dregur úr hagkvæmni í sjávarútveginum eða eykur kostnað við sjávarútveginn þá er hv. þm. fyrsti maður til að rétta upp hönd og standa með slíku og tala fyrir því.

Við verðum hins vegar að hafa það í huga að sjávarútvegurinn er eina atvinnugrein Íslendinga sem getur flokkast sem alþjóðlega samkeppnishæf. Og lífskjör þjóðarinnar fara eftir því hvort okkur tekst að efla stöðu sjávarútvegsins sem alþjóðlega samkeppnishæfrar atvinnugreinar.

Við skulum líta til helstu viðskiptaþjóða okkar og skoða nokkrar atvinnugreinar sem eru alþjóðlega samkeppnishæfar og hvaða lögmál gilda í sambandi við stefnumótun í málefnum þeirra. Við skulum líta á bandaríska flugvélaiðnaðinn sem stendur undir 6% af útflutningi Bandaríkjanna. Við skulum líta á framleiðslu úra í Sviss sem stendur undir 5% af útflutningstekjum þeirra. (**ÓÞÞ:** Hvað er á dagskrá, forseti?) Við skulum skoða trjá- og pappírsiðnaðinn í Svíþjóð sem stendur undir 15% af útflutningstekjum þar og japanska bílaiðnaðinn sem stendur undir 20% af útflutningstekjum Japans. Hvernig ætli við mundum spá fyrir þessum stórkostlega sterku atvinnugreinum ef í þessum löndum væri til umræðu löggjöf sem takmarkaði hagkvæmni á kostnað hagsmuna tiltekinna hópa starfsmanna? Við vitum hvaða afleiðingar það hefði fyrir bandarískan flugvélaiðnað ef takmarkanir væru settar á það hvar fyrirtækin mættu kaupa vélarhluti og tæki. Við vitum hvaða afleiðingar það hefði fyrir framleiðslu úra í Sviss ef þeir settu kvóta á hversu mörg úr mætti framleiða í Bern, Luzern eða Genf og við vitum hvaða afleiðingar það hefði fyrir sænska trjáiðnaðinn ef því væri stjórnað frá Stokkhólmi hversu margar stórar eða litlar vélsagir væru notaðar til að saga niður trén. Við vitum hvaða afleiðingar það hefði fyrir japanska bílaiðnaðinn ef hömlur væru settar á útbreiðslu og notkun „róbóta". En það er eins og hv. þm. sé gersamlega fyrirmunað að skilja hvaða áhrif það hefur fyrir íslenskan sjávarútveg ef á hann eru sett bönd sem draga úr hagkvæmni í honum og stendur þó íslenskur sjávarútvegur undir 70–80% af vöruútflutningi þjóðarinnar og stendur nánast undir því lífskjarastigi sem þjóðin býr við.

Það hefur mikið verið fjallað hér um þjóðareign á fiskimiðunum. Þjóðareignin felur það eitt í sér að þjóðin getur sett þær leikreglur sem hún kýs um nýtingu miðanna og Alþingi setur þessar leikreglur í umboði þjóðarinnar. Í því felst eignarrétturinn að fiskstofnarnir séu sameign þjóðarinnar. Það er hægt að setja slíkar leikreglur með ýmsum hætti. Það er hægt að setja á veiðileyfagjald sem er svo hátt að það eitt og sér stjórni því hversu mikið menn sækja sjóinn og með hvaða hætti. Það er hægt að hafa veiðileyfagjald t.d. svo hátt að þeir einir komast á sjó sem hafa efni á að borga sitt gjald og þá þarf engan kvóta. En ef menn setja aðgangstakmarkanir að veiðunum þá er nákvæmlega sama hvernig það er gert, þær takmarkanir skapa rétt sem verður að verðmæti í viðskiptum. Það er sama hvort það er aflakvóti sem er ekki framseljanlegur eða framseljanlegur aflakvóti, hvort sem það er sóknarmark eða hvaða aðferð það er önnur. Svo lengi sem reglurnar takmarka aðganginn að miðunum verður þessi réttur að verðmæti sem hlýtur alltaf að endurspeglast með einhverjum hætti í verði í viðskiptum.

Menn spyrja núna: Af hverju má ekki og á ekki að takmarka viðskipti með kvótann? Algengust viðskipti með kvóta er færsla milli skipa innan sömu útgerðar í þeim tilgangi að það sé hægt að halda þeim til veiða eftir því sem hentar. Ég fullyrði að í flestum slíkum tilvikum er verið að auka aflaverðmæti og tekjur við-

komandi skipa. Þetta er öllum í hag.

Önnur tegund viðskipta eru skipti þar sem óskyldir aðilar skiptast á kvóta, af einni tegund fyrir kvóta af annarri. Í slíkum tilvikum er samið um skiptihlutfall milli tegundanna eftir eins konar markaðsvirði hverju sinni. Ég vil líka fullyrða að þessi skipti auka hagkvæmni í útgerð og gefa viðkomandi skipum möguleika á að veiða þar sem hentar best á þeim tíma sem skiptin eru gerð. Engum er í hag að banna þessa tegund viðskipta.

Þriðja tegund viðskipta er svokallað tonn á móti tonni þar sem samið er um fiskkaup og kvótaviðskipti í einum pakka. Þá er algengt að fiskkaupandinn útvegi útgerðaraðilanum eitt tonn af kvóta á móti hverju einu tonni af kvóta sem kemur frá útgerðaraðilanum. Fiskverð í þessum viðskiptum endurspeglar svo líka kvótaviðskiptin. Þessi viðskipti eru öllum í hag sem í hlut eiga. Í stað þess að togarar á Norðurlandi séu að berjast um á þorski fara þeir á karfa eða rækju. Það eyðir tiltölulega minni kvóta í þorskígildum talið og því fellur til umframkvóti sem notaður er til að leggja fram í viðskiptunum.

Einn rækjufrystitogari er að veiðum utan landhelgi. Rækjukvótinn er fluttur yfir á aðra togara fyrirtækisins en þorskkvótinn veiddur á bátum víðs vegar. Hver tapar á þessu? Eru það sjómennirnir og rækjufrystitogararnir sem gera það gott utan landhelgi? Nei. Þeir hafa sjálfsagt aldrei haft það betra. Eru það sjómennirnir sem fara og veiða rækju á ísfisktogaranum? Nei. Þeir þéna betur á rækjunni en á þorskinum. Eru það sjómennirnir á togaranum sem liggur í karfa og grálúðu sem selt er til útlanda í gámum eða siglingum? Nei, því aflaverðmæti þessara skipa snarhækkar miðað við það að halda þeim á þorski. Eru það sjómennirnir á bátunum sem geta langt í tvöfaldað þann afla sem þeir veiða? Nei, því þeir fá möguleika til þess að bæta verulega við tekjur sínar og úthald bátanna lengist að mun. En hvað þegar togararnir vilja fara að veiða svo aftur þorsk? Sitja bátarnir þá ekki uppi verkefnalausir? Nei. Þá hefur þorskkvótinn í heild aukist á nýjan leik. Þessi viðskipti eru því öllum í hag sem í hlut eiga. Þeir sem eru á móti þessum viðskiptum verða að skýra það út fyrir öllum þeim sjómönnum sem í hlut eiga af hverju þeir eiga að verða af hagkvæmum kostum til þess að auka tekjur sínar. Þeir þurfa líka að skýra út fyrir öllum þeim sem vinna í landi og eiga allt sitt undir því að halda stöðugleika í aðstreymi af hráefni af hverju það þarf að dæma það fólk til stopullar vinnu. Þeir þurfa líka að skýra það út fyrir þeim byggðarlögum og fyrirtækjum sem eru að reyna að standa sig á nyrsta hjara landsins af hverju þau mega ekki leita að fyllstu hagkvæmni í rekstri og hámarka verðmætasköpun úr aflanum. Þeir þurfa að skýra það út af hverju þau vilja hverfa aftur á vit gamla tímans og gengisfellinganna.

Svo koma menn og tala um að það eigi að banna viðskipti með veiðiheimildir og telja það eitt og sér hafi einhver áhrif á viðskipti með fisk sem er kominn upp úr sjó. Hvílíkt aftakarugl. Og það sýnir kannski best hvað hv. 3. þm. Vesturl., sem hóf þessa umræðu, ber í raun lítið skynbragð á viðskipti í sjávarútvegi og kannski viðskipti yfirleitt að hann skuli ekki sjá það og hafa orðið var við það að þeir sem hann hefur verið hér m.a. að gagnrýna, þau fyrirtæki sem hafa stundað þessi viðskipti, tonn á móti tonni, hafa líka verið aðsópsmest á fiskmörkuðum og keypt fisk jafnvel á fiskmarkaði á Snæfellsnesi, flutt norður í Skagafjörð og unnið hann þar og gert það með hagnaði. (**Gripið fram í:** Ég hef ekki gagnrýnt það.) Og jafnvel þótt viðskipti með veiðiheimildir yrðu bönnuð, þá mundi slíkt halda áfram þannig að það er algerlega tvennt ólíkt.

Hv. þm. hóf þessa umræðu á spurningunni um afskriftaregluna á keyptum kvóta. Dómur Hæstaréttar byggist á því að skera úr hvað séu gildandi lög og hvort eigi að fara eftir gildandi lögum. Það er hins vegar hlutverk Alþingis að ákveða hvernig þessar reglur eigi að vera og hvort menn vilja breyta þeim. Ég hefði talið eðlilegast að langtímakvótinn, aflahlutdeildirnar yrðu ekki afskrifanlegar þegar keypt er til lengri tíma. Ég tel að það sé vegna þess að þær séu þess eðlis að nýtingarrétturinn eyðist ekki við notkun sem er grundvöllur fyrir því hvernig farið er með þessa hluti í skattalögum. Og ef skynsemi réði hér á hv. Alþingi, þá mundi slík regla vera lögfest. En hins vegar vil ég segja það að eftir því sem maður hlustar á fleiri ræður hér inni og þá sérstaklega hv. málshefjanda, hv. 3. þm. Vesturl., þá er maður skíthræddur og vildi helst leggja til að kaup á varanlegum aflaheimildum yrðu afskrifuð að fullu um leið. Og ég vona það að það fjall af óskynsemi sem hv. þm. hefur flutt inn í þennan sal, fái aldrei brautargengi hér á Alþingi því að ef það fær brautargengi, þá fer illa fyrir sjávarútveginum og þá fer illa fyrir þjóðinni.

[17:09]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. vil ég segja örfá orð. Ekki ætla ég að verja málflutning hv. 3. þm. Vesturl., fjarri fer því svo fráleitur sem hann er, ekki síst þær forsendur sem hann lagði fyrir þessari umræðu allri. En það sem ég vildi gera að umræðuefni eru fullyrðingar hv. 5. þm. Norðurl. v. um að það geti verið einhver hagkvæmni í því fólgin að flytja óunninn fisk úr verstöðvunum á Snæfellsnesi norður í land. Ef fyrirtækin í Skagafirði hagnast svo mjög á þeim flutningi hlýtur það að byggjast á því að verðið sem þau fyrirtæki greiða fyrir fiskinn sé eitthvað óvenjulega og ég vil segja óeðlilega lágt. Og hvers vegna skyldi það vera óeðlilega lágt? Jú, það er vegna þess að það eru nauðungarsamningar sem þarna eiga sér stað. Ég vil lýsa því hér yfir að ég get alls ekki tekið undir það með hv. þm. að það sé eðlilegt að flytja óunninn afla úr verstöðvum sem liggja vel við miðum og flytja hann í önnur byggðarlög með ærnum tilkostnaði og byggja það allt saman á hagkvæmni sem byggir hins vegar á því að það gerist vegna þess að viðkomandi hafi yfir að ráða kvótanum. Ég get ekki tekið undir þennan málflutning og lýsi því yfir að ég hlýt að hallast að því að hagkvæmast sé að vinna aflann sem næst veiðistöðvunum, ekki síst af bátafiski.

Bátaútgerð t.d. við Breiðafjörð er auðvitað mjög hagkvæm. Hún hlýtur að vera hagkvæmust ef aflinn er unninn sem næst miðunum.

[17:12]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hagkvæmni í rekstri fer ekki eftir staðsetningu. Hagkvæmni í rekstri í fyrirtækjum fer eftir því hvernig staðið er að verki í viðkomandi fyrirtækjum og það vill nú einu sinni þannig til að fyrirtæki í Skagafirði hafa getað keypt fisk á markaði, jafnvel á Snæfellsnesi, flutt hann norður í land og unnið með hagkvæmni meðan fyrirtæki á Snæfellsnesi hafa ekki getað boðið í þann fisk.

[17:12]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að endurtaka það sem ég sagði hér áðan að forsendan fyrir því að þessi viðskipti eiga sér stað er að fyrirtækin sem hafa þarna kvóta, sem ég er ekkert að gera athugasemdir við, það er eðlilegt að þau hafi kvótann, en forsendan er sú að útgerðarfyrirtækin neyðast til þess að selja aflann á óeðlilegu verði og það er forsendan fyrir þessum mikla hagnaði sem Skagfirðingarnar hafa náð í þessum rekstri.

[17:13]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég vildi segja um þessa síðustu ræðu hv. þm. Sturlu Böðvarssonar er það að fyrirtækin á Sauðárkróki hafa að sjálfsögðu samið um tonn á móti tonni. En ef viðskiptin með fiskinn væru ekki leyfð mundu togarar Skagfirðinga vera gerðir út á þorsk og þá fengju bátarnir á Snæfellsnesi ekki einu sinni að veiða þann fisk sem þeir eru nú að veiða, tonn á móti tonni.

[17:14]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. sagði að ég væri á móti öllu sem væri að gerast og gæti verið hagkvæmt í útgerðinni. Hann sagði að ég væri á móti stórum fyrirtækjum. Hann sagði að ég væri á móti fiskflutningum. Ég lýsti því nákvæmlega hverju ég væri á móti í sambandi við fiskflutningana. Það er að ég er á móti því að menn geti í skjóli þess að hafa eignast veiðiheimildir notfært sér þær til þess að keyra niður hráefnisverðið. Það eru óeðlilegir viðskiptahættir. Ég lýsti því í minni ræðu og vísa til þess, ég vil ekki endurtaka það hér. Hann hélt því fram að ég vildi hækka viðgerðarkostnað á skipum og fór síðan yfir það hvernig menn stæðu að iðnaði í hinum ýmsu löndum og ef það væri sett kvótakerfi á slíkan iðnað þá hefði þurft að bregðast einhvern veginn við. Ég vil benda hv. þm. á það að skipasmíðaiðnaðurinn í landinu er samkvæmt dómi skýrsluhöfunda, sem tóku það verkefni að sér fyrir viðskrn., fullkomlega samkeppnisfær við erlendan iðnað af þessu tagi og það er það sem við erum að biðja um að fá að vinna þau verkefni þar sem við erum samkeppnisfærir.

Svo kemur hv. þm. Vihjálmur Egilsson og segir að það snúi allt öfugt sem um þetta hefur verið sagt. Hann segir að það þurfi að skýra út fyrir sjómönnum hvers vegna ekki megi versla með veiðiheimildir. Ég held að hv. þm. Vihjálmur Egilsson og þeir sem vilja hafa þetta kerfi óbreytt þurfi að átta sig á því að þeir þurfa að skýra eitthvað fleira út fyrir sjómönnum. Sjómenn ætla nefnilega ekki að þola það lengur að þeirra laun séu notuð til þess að kaupa veiðiheimildir handa fyrirtækjum sem eru að safna þeim að sér allt í kringum landið.

[17:17]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að taka undir orð hv. 5. þm. Vestf. um að hér er verið að fjalla um alvarlegasta mál sem ugglaust er og verður fjallað um á þessu þingi. Ég vil einnig taka undir orð hv. 5. þm. Norðurl. v. um að það eigi að stunda veiðar á sem hagkvæmastan hátt. Ég vil fá að vitna í skýrslu um afkomu smábáta, með leyfi forseta. Þar stendur:

„Það þarf fimm sinnum minni afla til að skapa ársverkið hjá trillunni en hjá togaranum. Í atvinnuleysi eins og nú er á Íslandi verða stjórnvöld að líta til slíkra staðreynda. Það er hægt að auka atvinnuna með því að hlúa að minnstu einingunum. Til sjávar eru það smábátarnir. Sjómenn eru tilbúnir. Bátarnir eru til staðar og fiskurinn er stutt frá landi."

Þetta mátti ég til með að vitna í vegna orða hv. 5. þm. Norðurl. v. þar sem hér stendur að hagnaður smábáta við fiskveiðar er 8,4%. Næstir koma frystitogarar með 3,7% árið 1989, en önnur útgerð er langt undir núllinu.

Virðulegur forseti. Ég er að mörgu leyti ekkert ósáttur við þær umræður sem hér hafa farið fram. Hér átti aðallega að ræða um kvótakaup og skattalega meðferð þeirra, en þar sem umræðan hefur snúist á nokkuð annan veg þá ákvað ég að taka þátt í þessum málflutningi. Ég held að því hafi verið gerð góð skil hvernig skattaleg meðferð á að vera, en ég vil segja þetta: Að undanförnu hafa sjómannafélögin vítt og breitt um landið verið að afla sér verkfallsheimildar. Samningar sjómanna hafa verið lausir um skeið. Nú ætla þeir að sækja það öfluga vopn sem ekki ætti að þurfa að nota nema í neyð. Það er auðséð að neyðin hefur knúið dyra. Stjórnun fiskveiða sem byggist á frjálsu framsali kvóta eins og það hefur verið tíðkað er að mínu mati upphaf endalokanna. Hæstv. sjútvrh. tók undir þetta sjónarmið á þingi Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og vill afnám kvótakaupa sjómanna, samanber grein í Morgunblaðinu í dag, en vill halda við frjálsu framsali. Hér hafa ekki komið neinar ábendingar um hvernig megi laga sig að því kvótakerfi sem við erum að ræða um. Ég vil benda á möguleika í því máli sem er að útgerðarfyrirtæki hafi heimild til að færa aflaheimildir milli eigin skipa, að öðru leyti verði aflaheimild bundin við skip eða bát sem skal veiða 75–85% úthlutaðs afla. 15–25% aflaheimildar má framselja án þess að sjómönnum sé gert að búa við skert hlutaskipti. Þessu þarf að fylga góð reglugerð eða reglugerðarútfærsla. Ef skip með kvóta er frá veiðum vegna viðgerða þá þarf að vera heimilt að framselja hærra hlutfall kvótans frá skipinu. Að öðru leyti tel ég að sá hluti úthlutaðs afla sem skip get-

ur ekki náð eigi að fara í aflaúthlutunarsjóð ríkisins sem þar með getur aflað tekna með útleigu til krókabáta og þeirra sem ekki fá gefins kvótaafnot. Í þessu sambandi vil ég benda á samþykkt Félags smábátaeigenda um gjald fyrir afla eftir vigt. Þar er gert ráð fyrir að greiða afgjald beint í ríkissjóðs í stað veiða tonn á móti tonni sem færir kvótagreifum æ meiri völd yfir smábátaútgerð.

Tillaga okkar alþýðuflokksmanna í þessu efni er e.t.v. nokkuð samhljóða tillögu smábátaeigenda. Hún er að verði afli báts sem eingöngu kýs að veiða með línu og handfærum meiri en nemur 50% af viðmiðunarárunum 1991, 1992 og 1993, þá ber honum að greiða í aflagjald 5% af aflaverðmæti fyrir hvert kg sem veiðist umfram 50% meðaltalsafla. Aflagjald þetta hækki í 50% af aflaverðmæti bátsins af þeim afla sem er umfram 80% af áðurgreindum meðaltalsafla. Mögulegt er að aflagjald verði breytilegt eftir árstíma og fisktegundum.

Virðulegur forseti. Ég tel lágmark að þeir sem stunda sjó og byggja sína afkomu á fiskveiðum hafi til umráða afla sem standi undir föstum kostnaði. Þegar því marki er náð, þá geta menn farið að greiða aflagjald í ríkissjóð, þess eina aðila sem rétt á til aflagjalds eða afgjalds samkvæmt 1. gr. laganna, að fiskurinn í sjónum sé eign þjóðarinnar.

Það sem ég hef hér rætt, virðulegur forseti, rennir stoðum undir þá skoðun að skattur sá sem dæmdur er á útgerð Hrannar hf. á Ísafirði er aflagjald í ákveðinni mynd vegna kvótakaupa. Ríkið ætti einmitt að taka skatt og einnig að taka skatt af leiguframsali meðan það viðgengst milli kvótahafa.

Ég hef farið yfir örfá atriði sem ég tel grundvöll fiskveiðistjórnunar. Annað verður að bíða betri tíma.

[17:24]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég sakna þess að hæstv. viðskrh. er ekki hér í salnum. Ástæðan er sú að hæstv. ráðherra hefur löngum verið drjúgur að sverja af sér alla ábyrgð á kvótakerfinu og allt samfélag við þá sem á því bera ábyrgð. Ég vona að hann mæti hér í salinn, en ég get ekki látið hjá líða að geta þessa því það er óhjákvæmilegt annað en gera hans málflutning að umræðuefni.

Hæstiréttur hefur kveðið upp dóm sem er á þann veg að þó að Alþingi Íslendinga geti vissulega breytt þessum lögum, þá er það siðlaus aðgerð að segja fyrst í fjmrn.: Þetta er eign sem þið hafið til næstu fimm ára og megið afskrifa á fimm árum, þó að Alþingi hafi samþykkt að taka það af ykkur innan árs. Það er þetta sem gerir það að verkum að þessi umræða hlýtur að fara fram. Annaðhvort er Hæstiréttur svona sannfærður um að kvótakerfið verði óbreytt áfram eða er að búa til með þessum dómi þá niðurstöðu að lögin um stjórnun fiskveiða séu á þann veg að það verði illa aftur snúið frá því kerfi sem sett hefur verið á laggirnar.

Það er nú svo að við höfum búið við leyfisgjöld af ýmsu tagi. Við vorum með leyfi fyrir innflutningi á bílum. Þau leyfi áttu að veita mönnum rétt til þess að flytja bílana inn í landið og svo fóru menn að selja þessi leyfi. Sá sem gat selt leyfin hafði stóra peninga fyrir. Þetta vita allir. Þetta var gerspillt kerfi í reynd.

Í dag standa málin þannig að hin rökrétta niðurstaða eigenda Hrannar, að færa kvótann ekki sem langtímaeign heldur afskrifa hann sem rekstrarkostnað á einu ári, er í samræmi við það að þeir líti svo á að það sé ekkert öryggi í því að hér sé um eign að ræða heldur aðeins möguleika sem sé allt annars eðlis en önnur eign.

Það eru tvær greinar í stjórnarskránni sem helgast af þessum lögum og það er viss línudans á milli þessara tveggja greina sem lögin byggja á. Annars vegar er það 67. gr. stjórnarskrárinnar sem kveður á um að eignarrétturinn sé friðhelgur og hins vegar 69. gr. sem segir að engin bönd má leggja á atvinnufrelsi manna nema almenningsheill krefjist, enda þarf lagaboð til. Ég las ekki upp hina greinina alla. Menn kannast flestir við það að heimilt er að almannalögum, heimilt ef almenningsálitið eða almenningsheill krefst þess, réttara sagt, þá er ríkisvaldinu heimilt að þjóðnýta eignir, enda komi fullt verð fyrir. Við réttlættum þessi lög á sínum tíma með því að það væru hagsmunir almennings að ofveiði ætti sér ekki stað. Það er forsendan fyrir því að hægt sé að setja þess lög. En það er ekki þar með sagt, þó að þetta hafi verið gert, að við séum í stakk búnir til þess í dag að sópa þessum lögum út af borðinu án þess að hægt sé að segja að aðgerðin væri lögleg en siðlaus. Það er sá kaldi veruleiki sem blasir við.

Við skulum segja að það sé nýstofnað hlutafélag. Hlutafélagið hefur keypt skip. Hlutafélagið hefur keypt aflaheimildir. Ef þetta nýstofnaða hlutafélag fengi það svo á trýnið að það væri búið að afnema kvótakerfið, þá væri eignarréttur þess á kvótanum þar með horfinn og fyrirtækið orðið gjaldþrota. En það er ákveðinn hópur manna í þjóðfélaginu sem hefur séð við þeim leka, að réttindin sem voru þeim fengin með kvótakerfinu verða aldrei af þeim tekin, þau verða aldrei af þeim tekin aftur hvaða aðferðir sem við ætlum að nota, og hvers vegna? Af því að þeir hafa selt þessi réttindi og fært fjármunina í aðra atvinnustarfsemi. Svo einfalt er það mál. Sá sem fékk þessi réttindi í hendur á sínum tíma og seldi þau, sá til þess að fjármunirnir sem hann fékk verða ekki af honum teknir með breytingu á fiskveiðilögunum. Í reynd var hann að selja óumdeilanlega eign, ekki aðeins í skattalegum skilningi heldur í eignalegum skilningi. Og það er umhugsunarefni ef maður les 67. gr. að það eru engin ákvæði um að það sé tvenns konar eign til í landinu, annars vegar skattaleg eign og hins vegar einhver önnur eign. Hugtakið er ekki til í stjórnarskránni. Það er bara talað um eignarrétt í þessari grein. En það sem blasir við sem staðreynd í dag og það er ástæðan fyrir því hve reiður og hræddur hv. 5. þm. Norðurl. v. var. Ég hef ekki séð hann svona reiðan eða hræddan í þessum ræðustól áður. Hann gerir sér grein fyrir því að það er að skella á styrjöld út af þessum málum í landinu.

Sjómenn Íslands búa í dag við tvenns konar kjör. Þeir búa við þau kjör hjá útgerð sem á sinn kvóta að þeir hafa 20–30% betri skiptakjör heldur en hjá útgerð sem ekki á sinn kvóta. Og hvað hafa þeir útgerðar-

menn sagt í dag sem eiga sinn kvóta og skipið líka? Ef þetta verður ekki stoppað, þá munum við að sjálfsögðu spila sama leikinn. Hvað eru þeir að segja? Þeir eru að segja að þeir muni stofna tvö hlutafélög, annars vegar um bátinn og hins vegar um kvótann. Hvers vegna? Vegna þess að þá geta þeir lækkað laun sjómannanna um 20–30% alveg eins og hinir hafa gert. Og það er þetta sem er að gerast, sem er tímasprengjan undir stól hæstv. sjútvrh. Og hæstv. ráðherra gerir sér grein fyrir þessu. Hann fór að gá. Spurningin er bara þessi: Er það tilfellið að það sé aðeins þegar kosningar eru í nánd sem Alþfl. íslenski meinar eitthvað með sinni umræðu um kvótakerfið?

Hér er sagt af hæstv. umhvrh., sem er lærðasti maður Alþfl., eins og allir vita, að það gerist líka stundum rétt eftir kosningar að þeir veifi þessu. Svo gleyma þeir því. Og hér var í stólnum hæstv. viðskrh., barði sér á brjóst eins og fariseinn forðum í helgidómnum og sagði að hann væri ekki eins og þessir ranglátu menn sem hefðu komið þessu kerfi á. Hæstv. viðskrh. situr í góðum stól í félagsskap með þessum mönnum sem hann taldi að hefðu staðið að lagasetningu sem væri mjög ósæmileg. Hæstv. viðskrh. unir því vel að þau lög séu í gildi og hreyfir sig ekki úr stólnum. Hann nýtur félagsskapar hæstv. sjútvrh. Hann nýtur félagsskapar allra þeirra sem hafa staðið að lagasetningunni. En vestur á fjörðum telur hann að það eigi að helga heilt blað hjá Skutli fyrir kosningar því einu að ef þeir kjósi Framsfl. þar, þá séu þeir að kjósa Halldór Ásgrímsson á þing. (**Forseti:** Hv. þm.) Hæstv. fyrrv. ráðherra, svo við höldum nú öllu til haga og nú staðsettan á þingi Sameinuðu þjóðanna.

Hér er aftur á móti boðað að þessi krossfari á móti ætli að sitja rólegur í stólnum við óbreyttar reglur. En það þarf enginn að efa að fyrir næstu kosningar, ef hann gefur kost á sér, þá mun söngurinn hefjast aftur og það eina sem hann trúir á að afli sér kjörfylgis er að boða það að hann muni aldrei styðja ríkisstjórn sem styðji kvótakerfið, það komi ekki til greina. Og svo mikill er sannfæringarkrafturinn að presturinn í kirkjunni á Ísafirði hefur ekki nema helming af því sem þá birtist, því svipurinn verður svo heiðarlegur að jafnvel þótt kolsvartamyrkur bresti á í salnum, þá skín andlitið í gegn. Og út á þetta er búið að boða kosningar, boða að menn eigi að kjósa Alþfl. á Ísafirði ár eftir ár. Það er orðið tímabært að þetta lýðskrum verði stöðvað og annað tveggja gerist: Að hæstv. umhvrh. taki nú af skarið og lýsi því yfir hvort hugsanlegt sé, þar sem hann er nú lærðastur allra þingmanna og ráðherra Alþfl. með traust minni (**Sjútvrh.:** Hann hefur nú ekki lært til forseta í dag) og þess vegna líklegri en aðrir til að muna eftir þessu, ekki bara fyrir kosningar og rétt eftir kosningar heldur einnig á milli kosninga, að hann boði nú stefnuna. Hver er stefna Alþfl.? Hvernig mun frv. sem á að leggja fram um stefnuna í sjávarútvegsmálum líta út? Er ekki sanngjarnt að þeir sem eru núna að fara út í kvótakaupin og sjómennirnir sem eru að afla sér verkfallsheimilda til að fara í verkfall fái að vita þetta? Getur það verið leyndarmál fyrir íslenskri þjóð, hver stefna flokksins er sem kemur í veg fyrir það að hæstv. sjútvrh. leggi fram frv. um stjórnun fiskveiða? Hafa þeir þrátt fyrir hreinsanirnar miklu í ríkisstjórninni, 50% mannfall af ráðherrum, afskrifaðir sem óhæfir og sendir til annarra starfa. Getur verið að þrátt fyrir þessar hreinsanir sé ekki hægt að koma fram stefnu í málinu? Er það hugsanlegt? Ef hæstaréttardómurinn verður ekki til þess að þeir geri sér grein fyrir því að það er komin upp sú staða að það verður að leggja til þær breytingar á kerfinu að sjómenn fái sömu kjör á skipunum hvort heldur þeir eru á skipum sem eiga kvótann eða á skipum sem ekki eiga kvótann. Það er enginn millivegur til í þeim efnum.

Ég veit að hæstv. umhvrh. er kjarkmikill. Það sýndu aðgerðirnar þegar hann var að glíma við rjúpnaskytturnar og hafði sigur. (**Gripið fram í:** Og ísbjörninn.) Að maður minnist ekki á viðureignina við ísbjörninn. (**IP:** Hann var nú dauður.) Hann hafði meira að segja hræið af Bolvíkingum suður eins og frægt er. Þá vantaði ekki kjarkinn. Hann taldi að það hefðu nú ekki verið kaldir karlar sem hengdu björninn þó hann léti eins og vitleysingur við borðstokkinn. Auðvitað stendur hæstv. umhvrh. upp og lýsir því yfir hver sé stefna Alþfl., þegar hæstv. utanrrh. er horfinn til annarra starfa og hæstv. viðskrh. hefur svo mikið að gera að hann hefur ekki tíma til að vera í salnum.

Herra forseti. Ég sé að rauða ljósið blikkar og ég ætla að ljúka máli mínu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka það fram að hún gerði ráðstafanir til þess að reyna að fá hæstv. viðskrh. til að koma hér á fundinn að beiðni hv. 2. þm. Vestf., en hæstv. viðskrh. var því miður upptekinn á öðrum fundi.

[17:40]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Miklum sögum fer af því hvernig ísbjörninn vestfirski ólmaðist við borðstokkinn, en ég held örugglega að lætin í honum hafi ekki komist í hálfkvisti við þá ólman sem við sáum hér hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni áðan. Og það er með hálfum huga, ekki að ég blandi mér í deilur um ísbjörn eða rjúpnaskytterí heldur í þennan vestfirska framboðsfund sem hér er skyndilega kominn í þingsali. En af því að hv. þm. hefur vikið þeirri spurningu til umhvrh. hvað dvelji þann langa orm sem er í líki frv. til laga um stjórnun fiskveiða, þá get ég upplýst hann um að það er ekki afstaðan til kvótakerfisins. Það er fyrst og fremst sá ágreiningur sem hefur verið uppi varðandi þann þátt sem lýtur að 1% af heildarafla landsmanna, þ.e. sá munur sem er á því sem ákveðnir aðilar vilja leyfa smábátum að veiða og því sem ég og ýmsir aðrir vilja fremur að þeir fái að veiða. En að öðru leyti vísa ég spurningum um afstöðu einstakra annarra ráðherra til þeirra. Ég get ekki svarað þessu betur, en ég taldi rétt að þetta kæmi hér fram, gæti mögulega reynst innlegg í framboðsfundi á fjörðum vestur.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, þá verð ég að segja það í upphafi máls míns að ég dáist að hugrekki hv. þm. Jóhanns Ársælssonar. Hann hefur frumkvæði að þessari utandagskrárumræðu og þetta er ekki í fyrsta

skipti og ekki í annað skipti heldur í þriðja skipti sem hann hættir sér í gin hæstv. sjútvrh. og því miður hefur niðurstaðan af þessum viðureignum ævinlega orðið sú sama. Ég held að hann ætti að læra af reynslunni að það borgar sig ekki að fara með ófriði á hendur hæstv. sjútvrh. nema menn séu a.m.k. 105 kg. Satt að segja verð ég að segja það að ég hélt að sú ráðning sem hv. þm. Jóhann Ársælsson fékk hér í umræðunum í fyrra sem hann nefndi til, væri þess eðlis að hann mundi ekki sjálfviljugur leggja sig í kjöltu hæstv. sjútvrh. til þess að fá svona rassskellingu aftur. Og ef blaðamaður Tímans væri staddur hér í þingsölum, þá hygg ég að þessi útreið gæfi honum fullt tilefni til þess að skrifa aðra grein um dýraníðslu af hálfu ráðherra.

Það er e.t.v. hið næma innsæi hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur sem í rauninni náði kjarnanum í þessum umræðum. Eins og hún benti réttilega á í sinni ræðu þá hefur ekkert gerst þrátt fyrir þennan dóm Hæstaréttar. Það eina sem hefur gerst er það að Hæstiréttur hefur staðfest þá reglu sem endurskoðendur sjávarútvegsfyrirtækja hafa viðhaft um nokkurt skeið. Og eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir orðaði það, þess vegna hefði umræða allt eins getað farið fram í fyrra eða hittiðfyrra og því miður verð ég að segja það að hið sama gildir um allt of mikið af þeim umræðum sem Alþb. fer með inn í þingsali. Þær ræður sem þingmenn flokksins flytja hefðu allt eins getað verið fluttar í fyrra eða hittiðfyrra vegna þess að þær eru ekki tímabærar, vegna þess að Alþb. hefur enga stefnu í sjávarútvegsmálum, vegna þess að það er núna, nákvæmlega núna, að hlusta á Kuran Swing spila sinn djass og síðan mun hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson taka við sveiflunni og spila sín lög. Og hvaða lög eru það? Þau tengjast stjórnun fiskveiða með sérstökum hætti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþb., hefur nefnilega lagt fram nýja stefnu sem hann kallar útflutningsleiðina og lýsti því mjög réttilega í Vikublaðinu hvers vegna stefnan er lögð fram. Vegna þess að hún fjallar auðvitað um allt annað en það sem máli skiptir í þessu þjóðfélagi, er ekkert annað en samsuða gamalla hugmynda sem teknar eru héðan og þaðan að viðbættum tveimur afskaplega vafasömum sjóðum. Og tilefnið? Það gaf að lesa á forsíðu Vikublaðsins fyrir einni viku síðan. Jú, Alþb. telur nefnilega nauðsyn á því að rífa íslenska stjórnmálaumræðu frá frá hinum hefðbundnu deilum — um hvað, virðulegi forseti? Um mál eins og stjórn fiskveiða. Auðvitað er það nauðsynlegt fyrir flokk eins og Alþb. að rífa sig frá þeim deilum vegna þess að flokkurinn er svo innbyrðis sundurleitur um einmitt þessi mál. Og hæstv. sjútvrh. benti auðvitað á það í sinni ræðu að það væri afskaplega merkilegt að hér kæmu tveir þingmenn upp og færu mikinn, m.a. vegna framsals veiðiheimilda. Og hæstv. sjútvrh. benti á tvær staðreyndir. Í fyrsta lagi að Alþb. stóð einmitt að samþykkt þeirra tillagna og í öðru lagi að þegar þeir tveir hv. þm. Alþb. sem hér eru staddir í salnum lögðu fram tillögu sem miðaði að því að afnema framsal veiðiheimilda, þá treysti flokkurinn sér ekki til þess að taka afstöðu til þeirra. Og ég verð auðvitað að segja það, virðulegi forseti, að þó að það sé ágæt dægrastytting að deila hér við þingmenn Alþb. um sjávarútvegsmál, þá tel ég eigi að síður að það væri miklu hentugra og það væri talsvert hagræði fólgið í því að þingmenn Alþb. gerðu þessi mál fyrst upp í sínum hópi áður en þeir flytja sínar deilur hingað inn í þingsali. Vegna þess að það atriði sem þingmenn Alþb. hafa harðast deilt á hér í dag, skammast blóðugum skömmum við hæstv. sjútvrh. um framsal veiðiheimilda, nýtur stuðnings formanns Alþb. Það er hann og enginn annar sem hefur meira að segja komið fram með þá hugmynd að bjóða upp veiðiheimildir, leyfa mönnum að fara með þær nákvæmlega eins og þeir vilja. Ég virði hins vegar það viðhorf hv. þm. að segja sem svo, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson og raunar hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sögðu líka hér áðan, að þeir vilja ekki víkja burt sinni sannfæringu þrátt fyrir það að vilji formanns flokksins sé annar. Ég virði það. En mér finnst tími til kominn að sá kjarkur sem þeir sýna með því og sá kjarkur sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sýnir með því að stinga höfðinu enn einu sinni inn í gin hæstv. sjútvrh. ætti að fara að brjótast fram í því að þeir hefðu döngun í sér til þess að hefja þessa umræðu innan síns eigin flokks, en ekki láta formanni Alþb. líðast það að búa til eitthvert „gimmick", henda fram einhverri útflutningsleið, bara til þess að koma í veg fyrir, eins og hann segir sjálfur í málgagni Alþb., að það fari fram umræða um stjórn fiskveiða í Alþb. á landsfundi flokksins. Þetta er aumt og ég veit það af því að þeir þingmenn sem ég hef hér verið að ræða við eru skynsamir að þeir skilja þetta sjálfir. Einu sinni deildi ég þessu vandamáli líka með þeim, en ég hafði kjark til þess að rífa mig frá því.

Virðulegi forseti. Mér þótti það hlálegt, að ég ekki segi dapurlegt, að hlusta á þær vitnaleiðslur sem hv. þm. Jóhann Ársælsson hóf hér í dag. Hann kallaði ýmsa til vitnis og hver voru höfuðvættin í málinu? Það var Kristján Ragnarsson og það var Jónas Haraldsson. Ég man ekki betur en það hafi einmitt verið Jónas Haraldsson, lögfræðingur LÍÚ, sem reyndi eins og hann gat að koma í veg fyrir að íslensk skip færu til veiða í Smugunni. Eru þetta vitnin í málinu? Er það svo að málefnafátækt Alþb. sé svo ægileg að einu mennirnir sem hægt er að rekja fram þeim til stuðnings eru Jónas Haraldsson og Kristján Ragnarsson. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég held að næst þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gengur til messu með hinu skínandi skæra ljósi Alþfl., hæstv. viðskrh., þá taki hann þessa tvo þingmenn með sér. Kannski þeir verði fyrir einhverri upplýsingu þar.

Hér er til umræðu, virðulegi forseti, dómur Hæstaréttar í máli Hrannar gegn fjmrn. Eins og ég sagði áðan þá er það algerlega fráleitt sem kemur fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að það skemmi eða eyðileggi með einhverjum hætti það ákvæði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða þar sem segir að nytjastofnar við Ísland séu sameign íslensku þjóðarinnar. Það er svo að frá því að landið byggðist hafa fiskstofnarnir á miðunum í kringum landið verið sameign allrar þjóðarinnar og strandbyggðirnar sem hafa þróast í kringum land-

ið, sem eru uppspretta þeirra verðmæta sem allt okkar velferðarsamfélag byggir á í dag, þær hafa einmitt byggst á þessu. Og það er rétt að með lögfestingu kvótakerfisins þá er sótt að þessari grundvallarreglu og rökin fyrir því á sínum tíma voru hætta á ofveiði, sem menn skyldu ekki gera lítið úr. En afleiðingin varð auðvitað sú að örfáum mönnum var veittur réttur á að nýta miðin og rökin sem stundum voru sett upp þá *fannst mér næsta óljós.* Þau byggðust í senn á því að útgerðarmenn hefðu tryggt sér hefðbundinn rétt og þeir hefðu hætt sínum fjármunum í að koma upp sérhæfðum atvinnutækjum til að geta stundað sínar fiskveiðar. Það er raunar hægt að sýna fram á það með því að vísa í reglugerðir og umræður frá því að kvótakerfið *var sett að framkvæmdarvaldið var heldur veikburða á* þeim ís sem þessi upphaflega rökfærsla var. Það er hægt að sýna fram á ákvæði sem voru í gildi í reglugerðum og m.a. tóku tillit til þess að veiðireynsla, grunnur kvótakerfisins, byggðist ekki síst á atgervi og dugnaði sjómannanna sjálfra. En þó kvótakerfið hafi *samt á sínum tíma verið talin ill nauðsyn til þess* að koma í veg fyrir ofveiði, þá er það eigi að síður ljóst að samþykkt þess og útfærsla vó að þeim forna skilningi að Íslendingar ættu sameiginlega fiskinn í sjónum umhverfis landið. Og einmitt til þess að sporna gegn því að útfærsla kvótakerfisins leiddi til þess um síðir að nýtingarrétturinn mundi breytast yfir í eignarrétt á stofnunum þá setti löggjafinn mjög skýr ákvæði í lög um stjórn fiskveiða. Þessi skýru ákvæði sem hér hefur verið vísað í aftur og aftur í dag voru að nytjastofnar umhverfis landið væru ótvírætt sameign íslensku þjóðarinnar. Og ég er stoltur af þeirri staðreynd að það var ekki síst minn flokkur, Alþfl., sem átti ríkan hlut að lögfestingu þessa sameignarákvæðis. Og hvað sem hv. þm. Jóhann Ársælsson segir, þá tel ég að þetta ákvæði hafi einmitt sannað mikilvægi sitt. Það er rétt, kvótakerfið felur í sér heimildir til þess að framselja aflahlutdeild á milli skipa og ég sé ekki betur en það sé rækilega staðfest að það sé leyfilegt í núgildandi lögum, þrátt fyrir það sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sagði hér í sinni ræðu, hafi ég skilið hann rétt. Það er rétt að helstu talsmenn kvótakerfisins hafa talið framsalið vera óhjákvæmilegt til þess að hægt sé að nota kerfið til hagræðingar í greininni og ég er þeirrar skoðunar að á meðan menn hafa kvótakerfið við lýði, þá verði framsalið að vera til staðar. En það er hins vegar alveg ljóst að með því að leyfa framsal á kvóta, þá færast geysilegir fjármunir á milli manna.

Framsalið hefur verið með tvennum hætti. Annars vegar hafa menn selt kvóta innan árs og hins vegar varanlegan kvóta. Og það hefur eðlilega kviknað ágreiningur um það hvernig eigi að fara með þessi viðskipti í skattalegu tilliti. Enginn ágreiningur er um það hvernig menn fara með þann kvóta sem er seldur innan árs. Hann er gjaldfærður innan ársins. Það hafa hins vegar verið meiri deilur um það með hvaða hætti eigi að meðhöndla varanlega kvótann. Skattyfirvöld hafa miðað við 8% afskriftir á ári. Nú hefur Hæstiréttur staðfest það sem reikningsskilanefnd Félags löggiltra endurskoðenda lagði til að langtímakvóti skyldi verða færður til eignar á kaupverði og síðan fyrndur á fimm árum. Ég tel hins vegar að þessi dómur skerði með engu móti það ákvæði sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði hann vega að, þ.e. 1. gr. núgildandi laga um stjórnun fiskveiða. Í dómi Hæstaréttar — hvað felst í honum? Það felst í honum að langtímakvótinn fellur undir eignarhugtakið eins og það er skilgreint í 73. gr. skattalaganna frá 1981, en það er allt og sumt. Niðurstaðan tekur einungis til skattalegrar meðferðar og það er hreinlega út í hött að túlka hana með öðrum hætti, eins og Jónas Haraldsson, lögfræðingur LÍÚ, gerir og eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson gerir. Dómurinn skerðir ekki sameignarákvæði fiskveiðistjórnarlaganna. Nytjastofnarnir eru áfram sameign þjóðarinnar og þvert á móti þá tel ég að það sé ekki annað hægt að lesa út úr dómnum en að þetta ákvæði skipti einmitt máli. Þau réttindi sem felast í úthlutuðum veiðiheimildum eru ekki varanleg réttindi. Hæstiréttur undirstrikar þetta sjálfur að mínu viti með því að segja að þeir sem njóta heimildanna hafi, svo að ég vitni í dóminn, með leyfi forseta, „ekki að lögum tryggingu fyrir því að þeir geti síðar notað aflahlutdeildina til tekjuöflunar". Með þessari tilvitnun er ég að herða á því að hér er einungis verið að kveða upp úr um hvernig á að fara með þetta í skattalegu tilliti.

Ég get ekki séð að þessi dómur vegi að sameignarákvæðinu *eins og hér hefur verið haldið fram í dag.* Og ég tel að það sé alveg ljóst að þetta ákvæði í 1. gr. um að nytjastofnarnir séu sameign okkar allra hafi skilað mikilvægu hlutverki. Það er einmitt vegna þessa ákvæðis sem ekki er hægt að skilja lögin á þann veg að úthlutaðar aflaheimildir myndi eignarrétt. Ákvæðið girðir fyrir að það sé hægt að komast að þeirri niðurstöðu, fyrir dómi eða annars staðar, að þeir sem fái í sinn hlut veiðiheimildir geti litið á þær sem stjórnarskrárvarða eign. Það er kjarni málsins.

Dómurinn vekur vissulega upp aðrar spurningar. Fyrst keyptur langtímakvóti fellur undir eignarhugtak laganna um tekju- og eignarskatt, geta menn þá ekki spurt sem svo: Ef úthlutuð aflahlutdeild er líka varanleg, fellur hún þá ekki undir eignarhugtakið líka? Eiga menn þá ekki að greiða skatt af því líka? Út frá sjónarmiðum jafnræðis hlýtur að eiga að meðhöndla kvótann jafnt í báðum tilvikum. Þetta finnst mér líka vera mikilvæg ályktun sem menn hljóta að draga af þessum dómi og velta fyrir sér framhaldinu.

Virðulegi forseti. Tími minn er því miður búinn, en ég ætlaði mér líka að ræða hér talsvert um hvernig framsalið hefur verið misnotað til þess, sem ekki átti að gera í upphafi, að neyða sjómenn til þess að taka þátt í kvótakaupum. Það verð ég því miður að gera síðar.

[17:56]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir það að taka hér þátt í umræðunni og lýsa stefnu Alþfl. í þessu máli. Það var skekkja upp á 1% milli hæstv. umhvrh. og þeirra hugmynda sem sjútvrh. hefur í þessum málum. En svo bætti hann við: Hinir ráðherrarnir verða að svara fyrir sig. Þannig er stefna Alþfl.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson getur ekki hælt sér af því frekar en aðrir að hafa einhuga stefnu síns flokks með sér. En það hefur komið aftur á móti í ljós, sem sagt var til forna, að þeir verða illa dauðir sem með orðum eru vegnir. Og hafi hann verið veginn í fyrra, þá er hann lifandi enn. Og ætli hæstv. umhvrh. í framboð á Vesturlandi, eins og altalað er, m.a. vegna rjúpunnar, þá er allt útlit fyrir það að á Snæfellsnesi átti hann sig á því að hann þarf að gera grein fyrir stefnu Alþfl. í sjávarútvegsmálum.

[17:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. umhvrh. lýsti því mjög skilmerkilega hér áðan að hann væri alfarið sáttur við stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum kvótamálum og það væri einungis um að ræða þetta 1% sem sneri að litlu bátunum sem væri vandamál í hans augum. Það er ástæða til þess að vekja athygli alþýðuflokksmanna um allt land á þessari yfirlýsingu hæstv. ráðherra vegna þess að í Alþfl. eru menn ekki á þessu máli. Þar eru menn almennt á því að ekki sé hægt að líða það að þetta kerfi verði óbreytt.

[17:58]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hv. þm. Jóhann Ársælsson veki athygli á þeim viðhorfum sem ég kom fram með hérna áðan gagnvart öllum alþýðuflokksmönnum um allt land. Það er ekkert launungarmál að ég er ekki sammála í öllum atriðum svokallaðri milliþinganefnd Alþfl. sem hann er væntanlega að vísa hér í í sjávarútvegsmálum. Ég hef margsinnis lýst því yfir að þó ég finni marga galla á kvótakerfinu, þá sé ég í bili ekkert kerfi sem getur komið í staðinn fyrir það, eins og staðan er í dag. Á síðasta flokksþingi Alþfl. voru uppi mikil átök í flokknum um sjávarútvegsmálin. Þar náðist ákveðin málamiðlun þar sem talað var um að styðja kvótakerfið, breyta því með nokkrum hætti, m.a. þannig að reyna að koma í veg fyrir með lögbindingu, eins og hæstv. sjútvrh. hefur tekið undir, að sjómenn yrðu með einhverjum hætti knúðir til kvótakaupa. Hluti af málamiðluninni var einnig að það yrði reynt að standa vörð um þann rétt sem krókaveiðimenn hafa haft síðustu árin. Ég skrifaði þessa málamiðlun sjálfur. Ég veit alveg hvað í henni felst og ég mun fylgja henni.

[18:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú fyrst vekja athygli á mótsögninni sem kom ítrekað fram í orðum hæstv. umhvrh. Hann sagði annars vegar: Varanlegur kvóti útgerðarmanna, og svo sagði hann: Sameign þjóðarinnar.

Þá varðandi eign í skattalegu tilliti. Eins og hv. 2. þm. Vestf. hefur rakið þá er eign ekki öðruvísi en eign. Það er ekki neitt sérstakt tillit í stjórnarskránni hvað það varðar. Eign er eign. Og ég bendi hæstv. umhvrh. á það að þegar menn eiga að bókfæra þessa eign í sitt bókhald þá eiga menn líka um leið að borga eignarskatt af þeirri eign samkvæmt þeim lögum sem um það gilda. Það er engin rök í þessu máli, það er ekkert hald í því að segja að þessi dómur lúti bara skattalegri meðferð málsins.

Og í þriðja lagi hvað varðar það sem kom fram hjá hæstv. umhvrh. að í lögunum kæmi fram að það væri heimilt að selja kvóta. Það er ekki rétt. Það stendur einungis að heimilt sé að framselja kvóta og það er aðeins í lögunum um Hagræðingarsjóð sem stendur að heimilt sé að framselja kvóta gegn endurgjaldi. Takið eftir því.

[18:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að hnykkja á því fyrst svo verkast að ég er næsti ræðumaður á eftir andsvörum, að það sem ég nefndi síðast, að það stæði hvergi í lögunum sem hæstv. umhvrh. hafði fullyrt að væri heimilt samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða að selja kvóta, það er ekki rétt. (**Umhvrh.:** Jú.) Ég bið þá hæstv. umhvrh. að koma hér upp og lesa það í lögunum sem heimilar það. (Gripið fram í.) Hann má mín vegna lesa hvort sem hann finnur það í einstökum greinum laganna, athugasemdum með frv. eða einstökum greinum þess eða framsöguræðu ráðherra eða framsöguræðu nefndarmanns fyrir áliti fyrsta minni hluta í því máli. Hvergi finnur hann neitt um það að löggjafinn hafi ætlast til þess að kvótinn væri seldur. Hann sér einungis orðið framseldur, sem þýðir að flytja á milli. Og skyldi það fela í sér þann skilning að menn ætli að flytja á milli gegn gjaldi? Nei, það felur það ekki í sér vegna þess annars vegar að það er ekki tekið fram í lögunum um stjórn fiskveiða að heimilt sé að framselja kvóta gegn gjaldi og vegna þess í öðru lagi að það er tekið fram í lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins að þar sé sjóðnum heimilt að framselja hluta af því sem hann hefur til umráða, framselja gegn endurgjaldi. Þar er að sérstaklega tekið fram að þann hluta má framselja gegn endurgjaldi. Einföld ályktun þýðir að annars staðar þar sem það er ekki tekið fram, er ekki heimilt að framselja kvóta gegn endurgjaldi. Að öðrum kosti stæði það í lögunum.

Þá vil ég nefna það sem mér finnst alvarlegast við þennan dóm. Menn hafa alla tíð frá upphafi umræðu um kvótakerfið lagt á það áherslu sem höfuðatriði að veiðiheimildir og skip væru óaðskiljanlegir hlutir. Dómurinn aðskilur veiðiheimildina frá veiðitækinu, hann aðskilur það gersamlega. Eftir þennan dóm sé ég ekki betur en menn geti haft eitt hlutafélag um skipið og annað hlutafélag um veiðiréttindin. Og svo kyrfilega er þetta aðskilið í dómi Hæstaréttar að hann er með mismunandi afskriftarprósentu á þessum hlutum til að undirstrika að þeir séu ekki tengdir saman. Skip og skipsbúnaður samkvæmt lögum á að afskrifast um 8% á ári. Kvótinn á að afskrifast um 20% á ári. Undirstrikað að hér eru óskyldir hlutir að mati dómsins sem ég tel eðlilegt af því að dómstóllinn er að dæma í ljósi þess sem menn eru að gera. Dómurinn dæmir á grundvelli viðskipta sem eiga sér stað. Hann dæmir ekki á grundvelli þess sem stendur í lögunum. Það er það sem er alvarlegt, að hv. alþm. á sínum tíma sem börðust fyrir þessu kerfi voru ekki að segja satt. Þeir

voru að setja lög um annað en þeir þóttust vera að setja lög um.

Við skulum aðeins rifja upp hvernig kjarninn í þessu kvótakerfi, flutningur veiðiheimilda eða framsal hefur þróast. Það er ekki fyrr en með lögunum 1988 að það er veitt heimild til að sameina aflaheimildir skipa, en það var þá með því skilyrði að það skip sem aflaheimild var flutt frá yrði tekið af skrá og yrði ekki lengur tæki til að veiða fisk. Þessu var breytt með lögunum 1990 þannig að menn máttu flytja heimildina frá skipinu til annars skips og hafa skipið áfram á skrá sem veiðitæki með eitt tonn eða 100 kg. Hvað þýðir þetta? Hvað eru menn að opna fyrir með þessu?

Ég tel, virðulegi forseti, að dómurinn sé í fullu samræmi við þá þróun sem verið hefur í reynd og þróun sem sjá má í löggjöfnni um meðferð á framsali aflaheimilda ef menn skoða þau lög en það sem stingur í stúf er málflutningur þeirra sem töluðu fyrir kerfinu og orðalag í einstökum greinum þar sem menn vilja láta almenning halda annað heldur en í reynd er verið að gera. Og einn mesti misskilningurinn sem uppi er um þetta kerfi er að það sé kerfi til að stjórna fiskveiðum. Það er einn mesti brandarinn sem uppi er um þessar mundir að lögin um stjórn fiskveiða séu um stjórn fiskveiða. Þau eru að sjálfsögðu ekki um það. Lögin um stjórn fiskveiða eru um ráðstöfun verðmæta, þau eru um ráðstöfun auðlinda hafsins og hverjir eigi að nýta þær og hverjir geti selt þær. Um það snýst málið. Og þessi lög eru fyrst og fremst í þágu þeirra sem áttu þau tæki á sínum tíma sem menn notuðu til að veiða fisk og í þágu þeirra sem áttu þær skuldir sem þessi fyrirtæki báru. Það eru bankastofnanir landsins sem hafa mestan hag af því að lögin um stjórn fiskveiða skuli vera útfærð eins og raun ber vitni. Það er það sem er á bak við.

Ég er ekki viss um að allir alþingismenn muni viðurkenna í reynd og þora að segja við sína kjósendur að þeir styðji þessa löggjöf sem býr til sérstaka stétt hér á landi, að stéttskipta þessu þjóðfélagi. Annars vegar þeir sem eiga og hins vegar þeir sem ekki eiga. Að koma upp leiguliðakerfi eins og hér hefur verið lýst. Er það vilji Framsfl. eða Sjálfstfl. eða Alþfl. eða Alþb. að setja lög sem hafa í för með sér að ákveðin stétt manna á það á hættu að verða gerð að leiguliðum og á ég þar við sjómenn? Og það eru ekki bara sjómenn sem eiga sitt undir því heldur líka þeir sem í landi eru, þeir sem búa í þeim byggðarlögum sem hafa atvinnu sína af því að stunda sjóinn, sem verða leiguliðar hjá þeim sem eiga þennan kvóta og mega selja hann og ráðstafa honum eins og þá lystir. Er það slíkt þjóðfélag sem við viljum hafa? Ég segi nei við því. Ég segi nei við því að koma upp þjóðfélagi þar sem menn á Sauðárkróki geta gert menn í Grundarfirði að leiguliðum sínum. Það er ótækt. Og ganga síðan á laun vinnuaflsins til að ná sér í hagnað að flytja á milli landshluta. Ég held að útgerðarauðvaldið ætti að snúast á sveif með okkur hinum á móti þessu kerfi áður en það sturtar því öllu fyrir borð. Menn eru kannski ekki allir búnir að átta sig á því sem teljast til útgerðarauðvaldsins að það verður þjónn í þessu kerfi líka, þeirra sem eiga peningana því að ekki munu þeir eiga peningana. Svo mikið er víst.

Mig undrar það stórlega af því að höfuðvarnirnar sem hér hafa verið framreiddar af hálfu ráðherra í þessari hæstv. ríkisstjórn eru þær að dóminn beri aðeins að skoða í skattalegu tilliti og hann kveði aðeins á um meðferð málsins gagnvart sköttum. Hvers vegna er ekki að finna orð um það sem þarf að gera til að bæta úr því sem á vantar að hafa einhver ákvæði um þetta í skattalöggjöf landsins? Hér var í dag verið að útbýta frv. til laga um breytingar í skattamálum. Það er ekki orð um það hvernig beri að skattleggja þessa hluti. Er ekki rétt að setja lög um þessa hluti fyrst það vantar algerlega í skattalögin ákvæði um hvernig beri að fara með kaup og sölu aflaheimilda í skattalegu tilliti? Eða ætla menn að láta hæstarétt landsins setja þau lög með tíð og tíma? Ég trúi því vart. Ég held að menn hljóti að taka mark á Hæstarétti og vinda sér þá í það að setja löggjöf um þetta. Eða er það eitthvað eðlilegt að fyrna veiðiheimildir á fimm árum?

Ég tel nauðsynlegt, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. verði kvaddur til þessarar umræðu og svari spurningum um það hvenær þess er að vænta að ríkisstjórnin leggi fram þau ákvæði sem á vantar í skattalögum til að skattstjórar landsins geti lagt skatta og skyldur á þessa hluti sem aðra. Og ég fer fram á það, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. verði kvaddur hingað til að svara þeim spurningum og gera grein fyrir því hvers vegna ekki sé orð að finna um ákvæði í þessu nýútbýtta þskj. um breytingar í skattamálum um skattalega meðferð þessara hluta. Og ég spyr hæstv. forseta, hvenær mun vera von á hæstv. fjmrh.?

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill benda hv. þm. á að þegar þetta þingmál kemur á dagskrá þá fær hann tækifæri til þess að ræða það við hæstv. fjmrh. Forseti verður ekki við því nú að biðja hæstv. fjmrh. um að koma á fundinn.)

Ég bendi hæstv. forseta á það að meira að segja sjálfur hæstv. sjútvrh. benti á það að nær hefði verið að hæstv. fjmrh. væri hér til að svara þessu máli. Og ég tel það ótækt, virðulegi forseti, ef forseti neitar að kveðja hér til ráðherra. Ég veit ekki betur en á síðasta kjörtímabili hafi það verið viðtekin venja að forseti varð við því og bið forseta að spyrja hæstv. samgrh. hvort það sé ekki rétt að ráðherrar hafi hér verið kvaddir til þingfundar jafnvel um miðjar nætur að kröfu hans. (**ÓÞÞ:** Eiga þeir ekki að vera á þingfundunum?) Ég spyr hæstv. forseta, kveða lög ekki á um að menn eigi að vera á þingfundi?

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill taka fram vegna orða hv. þm. að hæstv. samgrh. er ekki í landinu þannig að það er erfitt að bera upp við hann spurningar nú. Þar sem þessi beiðni er mjög seint fram komin og umræðan snýr að hæstv. sjútvrh., þá vill forseti ekki verða við þessari beiðni hv. þm.)

Virðulegi forseti. Ég ítreka beiðni mína og rökstyð hana eins og fyrr með málsvörn þriggja ráðherra hér í ríkisstjórn Íslands sem hafa varið sig með því að þetta mál beri að skoða í skattalegu tilliti. Það eru því þrír ráðherrar í ríkisstjórn Íslands sem hafa beint málinu

þangað og því er ekki annað hægt en að sá ráðherra sem fer með þann málaflokk svari þá fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum fyrst þrír ráðherrar ríkisstjórnarinnar hafa gert það að eigin frumkvæði. Það var ekki að frumkvæði málshefjanda eða mín.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill taka fram að það var á valdi hv. 3. þm. Vesturl. að eiga þessa umræðu við hæstv. fjmrh. ef hann hefði óskað eftir því. Það var ekki óskað eftir því og þess vegna hefur forseti úrskurðar og mun ekki biðja hæstv. fjmrh. að koma hér á fundinn.)

Ég spyr hæstv. forseta, hefur hæstv. fjmrh. fjarvistarleyfi?

(**Forseti** (VS)**:** Nei.) Og ég spyr hæstv. forseta, er það ekki í þingskapalögum að þingmönnum sé skylt að mæta á þingfundi?

(**Forseti** (VS)**:** Forseti kann heldur illa við það að eiga hér orðastað við hv. þm. á þennan hátt og getur þó svarað því að lokum að það eru ákvæði um það í þingskapalögum að þingmönnum sé skylt að mæta á þingfundi.)

Virðulegi forseti. Ég uni því illa að forseti neiti því að kveðja til ráðherra til umræðu, sérstaklega þegar ítrekað hefur verið vísað málsvörn í umræðunni yfir á málasvið og forræði þess ráðherra. Ég tel að öll rök hnígi að því að sá ráðherra taki til máls í umræðunni og ég hef óskað eftir því að hann verði kvaddur til fundar og ég mun ekki hvika frá því. En forseti verður auðvitað að ráða sínum úrskurði, en það verður þá að skoðast með þeim hætti sem tilhlýðilegt er þegar að því kemur.

[18:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það hefur áður verið vakin athygli á því í þessri umræðu að rétt hefði verið af hv. málshefjanda að beina þessu máli til hæstv. fjmrh. af því að dómurinn fjallar um skattamál. Hv. málshefjandi gerði það ekki og kaus að snúa umræðunni á annan veg. En vegna þeirrar fyrirspurnar sem hér hefur komið fram um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í skattamálum, þá liggur fyrir í nefndaráliti tvíhöfða nefndarinnar sem var skipuð fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna að rétt sé að breyta skattalögum á þann veg að sala á aflaheimildum leiði ekki til þess að þau réttindi verði fyrnanleg, en sú skipan mála eigi fyrst að koma til framkvæmda 1. sept. 1996 og gefa eigi útgerðum eðlilegan aðlögunartíma fram til þeirrar dagsetningar þannig að stuðst verði við þá reglu sem var niðurstaðan í hæstaréttardómnum. Og það eru því engin rök til þess í ljósi þessa álits að kalla eftir skattafrumvörpum í þessum mánuði eða tengja það þeim skattabreytingum sem ríkisstjórnin hefur lagt á borð þingmanna.

Þetta er nauðsynlegt að komi fram vegna þeirrar fyrirspurnar sem kom fram frá hv. 5. þm. Vestf.

[18:19]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það álit sem hæstv. sjútvrh. vitnar til átti að vera grundvöllur að því að semja drög að lagafrv. Vegna ágreinings í ríkisstjórninni og stjórnarflokkunum hefur það lagafrv. ekki verið lagt fram. Ég get því ekki fallist á að það varpi skýru ljósi á fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í þessum efnum. Og ég hlýt því enn á ný að ítreka kröfu mína til hæstv. forseta í ljósi þess að hæstv. sjútvrh. getur ekki af eðlilegum ástæðum upplýst til fullnustu áform á þessu sviði, að hæstv. fjmrh. verði hér kvaddur til þingfundar og svari þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint og mun verða beint þegar hann kemur.

[18:20]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það má ljóst vera að sú tillaga tvíhöfða nefndarinnar sem hér er vitnað til lýtur að breytingum á skattalögum en ekki lögum um stjórn fiskveiða. Það kom auðvitað aldrei til álita að þessi tillaga kæmi til umfjöllunar með breytingum á lögum um stjórn fiskveiða. En þegar af þeirri ástæðu að þessi tillaga liggur fyrir frá nefnd stjórnarflokkanna, þá get ég lýst því yfir hér fyrir hönd ríkisstjórnarinnar að það stendur ekki til að flytja breytingar á skattalögum að þessu leyti nú fyrir jólaleyfi þingmanna og þess vegna ástæðulaust að tefja umræðuna frekar með því að kalla hér til hæstv. fjmrh. Endanleg afstaða hefur ekki verið tekin til þeirrar tillögu sem tvíhöfða nefndin setti fram, en ég minni líka á að hún gerir heldur ekki ráð fyrir því að hún komi til framkvæmda fyrr en á árinu 1996 og því með öllu óþarfi að tefja þessa umræðu með því að kalla fjmrh. til hennar á þessu stigi fyrst hv. málshefjanda gerði það ekki í upphafi sem auðvitað hefði verið hið rétta í málinu. Hv. 5. þm. Vestf. getur þess vegna gagnrýnt hv. málshefjanda fyrir að hafa ekki staðið að umræðunni með þeim hætti, en á ekki að tefja umræðuna á þennan veg nú þegar komið er að lokum hennar.

[18:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Nú hefur hæstv. sjútvrh. upplýst og bent réttilega á það að breytingar á lögum í skattamálum eru að sjálfsögðu ekki fluttar í sama frv. og breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Það þýðir einfaldlega að þó að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir komi sér ekki saman um frv. til að flytja um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, þá á það að sjálfsögðu ekki að tefja áform ríkisstjórnarinnar að öðru leyti um að flytja frv. til laga um breytingar á lögum um meðferð skattamála í þessu tilliti. Það verður einfaldlega lesið úr orðum hæstv. sjútvrh. að hann er að benda á að hæstv. fjmrh. sé ekkert að vanbúnaði að flytja tillögu um það mál. En það kom hins vegar fram í máli hæstv. sjútvrh. líka að ríkisstjórnin hygðist ekki flytja neina tillögu um það efni fyrir jól og ég skildi hann svo að menn hefðu ekki gert það upp við sig hvaða stefnu þeir ætla að hafa í þessu máli. Hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef ég hef ekki tekið rétt eftir í þeim efnum.

Öll þessi atriði gera það að verkum að það er enn nauðsynlegra en áður að fá hæstv. fjmrh. til umræðunnar sem er hér hafin og haldin vegna dóms Hæstaréttar. Og það hlýtur að verða beðið eftir viðbrögðum Alþingis við þessum dómi sem koma eiga þá fram í

þessari umræðu. Eitt það mikilvægasta sem menn þurfa að fá að vita er hver afstaða ríkisstjórnarinnar er í kjölfar dómsins og hvaða breytingar hún hyggst gera á skattalögum í kjölfar hans.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Úrskurður forseta varðandi beiðni hv. 5. þm. Vestf. liggur nú þegar fyrir.

[18:25]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það væri bjartur dagur ef sólar nyti (**Sjútvrh.:** Það er stórt ef.) en engu að síður verður það ekki skýrar sagt en hér hefur fram komið að hæstv. fjmrh. er genginn til náða nú þegar og ekki er talið efni til að vekja hann. Ég veit ekki hversu brýnt það hefur verið hjá hæstv. ráðherra að ganga til hvílu sinnar en sé svo þá búum við náttúrlega við þá niðurstöðu.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson flutti hér magnaða ræðu og vék að heimsku þingmanna. Hann vék að þeim ótta sínum að það væri varla þorandi annað en leggja til að kvóti sem keyptur væri til langframa yrði fyrndur strax og ástæðan var ótti hans við heimsku þingmanna. Nú er það svo að stjórnarsinnar hafa hér verulegan meiri hluta á Alþingi Íslendinga og ráða lagasetningunni. Ef þessi ótti hv. þm. Vilhjálms Egilssonar er á rökum reistur þá hlýtur hann að byggjast á því að hann óttast það að ríkisstjórnin hafi ekki meiri hluta til þess að viðhalda kvótakerfinu eða meiri hluta til þess að sitja út þetta kjörtímabil og þess vegna sé ekki á það hættandi að búa við þau ákvæði sem Hæstiréttur hefur mótað, að þetta sé fyrnanlegt á fimm árum.

Nú er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson horfinn á braut og e.t.v. er hann þegar farinn að endurskoða þær hugmyndir sem tvíhöfða nefndin hafði um skattlagningu í þessum efnum. E.t.v. er hann þegar farinn að hugleiða breytingar á því. Allt þetta segir okkur aðeins einn hlut. Það segir okkur það að þær verkfallsheimildir sem sjómenn eru að afla sér nú eru vegna þeirrar stöðu mála að það eru greidd misjöfn laun eftir því hvort kvótinn er eign skipsins og útgerðarmannsins eða hvort kvótinn er eign annars aðila og skipið eign útgerðarmannsins. Nú er verið að lögleiða þá reglu að það skuli vera misjöfn fyrning á þessari eign eftir því hvort kvótinn hefur verið keyptur og er þá sér eða hvort hann er fastur við skipið. Annars vegar eru 20%, hins vegar eru 8% og kerfið verður stöðugt flóknara og flóknara í framkvæmd. Ég er sannfærður um það að sá sem var hér með skrumlausasta málflutninginn af hálfu Alþfl. í þessari umræðu var hv. þm. Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl. Honum datt ekki í hug að leyna því að hugmyndir hans um það hvernig ætti að standa að stjórn fiskveiða eru ekki í neinu samræmi við þær hugmyndir sem hæstv. sjútvrh. hefur á þessu sviði. Og spurningin er þess vegna enn eins og áður: Hver er stefna Alþfl. í þessu máli? Ég undanskil hæstv. umhvrh. Hann er búinn að lýsa því yfir hvað vanti upp á að hann geti samþykkt það sem lagt er fram. En hvar eru þessir aðilar, hvar eru þessir þingmenn, hverjir eru þessir þingmenn sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson óttast svo mjög í stöðunni? Hvaða þingmaður var það sem þorði að standa hér upp úr liði sjálfstæðismanna og mótmæla því sem hann var að segja úr þessum ræðustól þrátt fyrir það að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson væri búinn að lýsa því yfir fyrir fram að ef það yrði gert, þá skorti þá þingmenn vit? Það væri þekkingarleysi og heimska sem lægi að baki því ef þeir væru ekki sammála honum. Sá sem stóð upp og hafði þrek til að mótmæla var hv. 1. þm. Vesturl., Sturla Böðvarsson, og var fullkomlega rólegur í þessum ræðustól þegar hann undirstrikaði það hvað væri óásættanlegt í þessari stöðu, óásættanlegt. Það liggur þess vegna fyrir að það eru bæði innan Sjálfstfl. og Alþfl. skoðanir á fiskveiðistjórnun og fiskveiðimálum sem gera það að verkum að núv. ríkisstjórn hefur ekki getað lagt fram frv. um stjórnun fiskveiða.

Hæstaréttardómurinn var vissulega byggður á lögum Alþingis og hjá öllum lýðræðisþjóðum er litið svo á að það sé aðeins ein túlkun á lögum hvers lands sem gildi og það sé túlkun Hæstaréttar viðkomandi lands. Undir það verði alþingismenn jafnt sem aðrir að beygja sig. (**Gripið fram í:** Og ráðherrar.) Og að sjálfsögðu ráðherrar. Ef lög eru það óljóst orðuð, ef lög eru sjálfum sér ósamkvæm gagnvart lagatexta og framkvæmd, þá er það dómur Hæstaréttar sem gildir.

Það er vissulega rétt að það er dálítið einkennileg staða að í þeim gildandi lögum er hvergi að finna stafkrók sem heimilar sölu. Lögin eru aftur á móti túlkuð í framkvæmd af framkvæmdarvaldinu á nákvæmlega sama veg og stjórn Seðlabankans túlkaði lög Seðlabankans, þ.e. ef hluturinn væri ekki bannaður í seðlabankalögunum, þá er hann leyfður. Svo fóru þeir og stofnuðu bókasafn. Svo fóru þeir og keyptu listaverk. Svo fóru þeir og gerðu hitt og þetta, keyptu land og hvað sem þeim datt í hug vegna þess að það var engin lagagrein sem sagði: Þetta er óheimilt. Og Alþingi Íslendinga verður að fara að gera það upp við sig, þarf að búa þannig um lagafrv. að það sé sérstök grein í öllum lögum sem loki lögunum, þ.e. taki það fram að allt sem ekki er leyft í viðkomandi lögum, sem ekki er heimilað, sé þá óheimilt að framkvæma. Það er nefnilega ansi frjálsleg túlkun framkvæmdarvaldsins á lögunum að líta svo á að ef lagabálkur bannar ekki ákveðinn hlut, þá sé hann leyfður. Ég veit ekki hvað það er sem Seðlabanki Íslands gæti ekki farið í að gera miðað við þær heimildir sem hann hefur leyft sér í framkvæmd. Gæti hann rekið skemmtigarð, tívolí? Það er ekki bannað í seðlabankalögunum. Gæti hann rekið t.d. sinfóníuhljómsveit eða stofnað leikhús? Er eitthvað á móti því, fyrst hann má safna listaverkum eins og honum sýnist, að hann styðji þá alveg eins aðrar listgreinar? Væri það ekki í anda jafnræðisreglunnar að hann hefði heimildir til þess líka? Það er þetta sem sækir á venjulegan þingmann þegar hann horfir á það hvernig framkvæmdarvaldið líður stofnunum, aðilum í þjóðfélaginu að framkvæma lög miklu víðar en lagatextinn gefur heimildir til einfaldlega vegna þess að það er ekki bannað í lagatextanum sjálfum.

Ég sá það fyrir á sínum tíma að í framsalsheimildinni á aflakvóta gegn gjaldi væru útgerðarmenn að grafa sér gröf. Þeir væru að grafa sér þá gröf að fyrr

eða síðar yrði afleiðingin sú að almenningur segði við trillukarlana sem í dag borga sinn auðlindaskatt sumir hverjir, eins og hæstv. utanrrh. sagði, borga sinn auðlindaskatt til annars eiganda kvóta, við þá yrði sagt: Er þá ekki betra að þetta verði greitt til ríkisins?

Það var þetta sem þeir voru að setja sig í hættu með um leið og ásælnin í það að mega selja kvóta sigraði í þeirra röðum. Og í dag standa þeir frammi fyrir því að þeim mun meira sem verður um það að kvóti sé seldur eða leigður öðrum aðilum, þeim mun hærra hljóma þær raddir sem hrópa: Það á að leggja á auðlindaskatt. Og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson á ekki að hafa áhyggjur af því hvað einstakir þingmenn í þessum sal hugsa eða segja um það mál. Hann þarf fyrst og fremst að brjóta um það heilann hvers vegna útbreiddasta dagblað landsins, Morgunblaðið, boðar það alveg blákalt að það eigi að leggja á auðlindaskattinn vegna þess að þetta sé almannaeign. Ég er þeirrar skoðunar að eftirágreitt aflagjald sé e.t.v. ein af örfáum leiðum sem getur dugað til þess að menn komist út úr þeirri stöðu sem þeir eru komnir í í þessum efnum. Það er nefnilega komið svo að spurningin virðist ekki vera sú hvort þetta gjald sé greitt eða ekki greitt. Spurningin er sú til hverra það verður greitt í framtíðinni. Og mér sýnist að það þurfi að tryggja það núm er eitt, tvö og þrjú að þetta gjald fari til þess að hagræða og byggja upp í atvinnugreininni sjálfri. En ég óttast það mjög mikið að ef menn láta núna skeika að sköptu, þá gerist það að í staðinn fyrir það að íslenskir sjómenn standi frammi fyrir því að skipta þessu fjármagni eða afhenda það í vaxandi mæli til handhafa kvótaeigenda og borga þeim gjald fyrir, þá verði þeir einfaldlega færðir frá því að vera leiguliðar þessara aðila yfir í það að vera leiguliðar ríkisins. Það má aldrei gleymast að almannaeign á veiðiréttinum í sjónum er ekki ríkiseign á veiðiréttinum í sjónum.

[18:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka þessa umræðu sem hefur farið hér fram í dag þó að mér finnist heldur vera farið að þynnast á bekkjum hér í hv. Alþingi þegar þetta mál er til umræðu. Ég vil byrja á því að tala um þá gagnrýni sem sumir hv. þm. hafa sett hér fram um það að ég hafi verið að tala um eitthvað annað en dóm Hæstaréttar. Ég valdi þann kostinn að tala um afleiðingar af í fyrsta lagi lögunum um stjórn fiskveiða sem eru þær að menn hefur greint á um eignarrétt á veiðiheimildunum á fiskimiðunum í kringum landið síðan þessi lög voru sett, og um áhrifin á þessi atriði vegna dóms Hæstaréttar.

Ég taldi það ekki þjóna miklum tilgangi að vera að ræða í þaula ákvarðanir Hæstaréttar því að þeim verður ekki mótmælt. Það er tilgangslaust fyrir ráðherra og það er tilgangslaust fyrir þingmenn að ræða það eða setja það fram hvort þeir eru sammála eða ósammála Hæstarétti. Það er niðurstaða Hæstaréttar sem gildir. Vilji menn hafa aðrar skoðanir, þá er þeim það frjálst, en lögunum verður að breyta ef það á að verða einhver önnur niðurstaða en sú sem Hæstiréttur hefur kveðið upp úr með. Og það er þess vegna sem ég áleit að það ætti fyrst og fremst að kalla til umræðunnar hæstv. sjútvrh. vegna þess að afleiðingar af þessum lögum heyra undir hann. Það er hann sem ber ábyrgð á framkvæmd laganna um stjórn fiskveiða. Og ég taldi það gagnlegast fyrir hv. Alþingi að umræðan um þessi mál yrði látin snúast um afleiðingar dómsins og um það að fá það á hreint hvort hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að gera breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða í kjölfarið á þessum dómi, hvort hún ætlaði að huga eitthvað að stöðu þessara mála eins og þau eru nú þegar það liggur fyrir að að er yfirvofandi sjómannaverkfall nákvæmlega vegna þessa atriðis sem við erum hér að ræða í dag.

Ég taldi það gagnlegast fyrir hv. Alþingi að ræða málin út frá þessum grunni. Ég set ekkert út á það og tel það líka eðlilegt að menn ræði um dóminn og afleiðingar hans vegna skattamála. En ég vil taka það fram, sérstaklega vegna orða hæstv. viðskrh., að ég er ekki á þeirri skoðun að þessi dómur gefi útgerðaraðilum í landinu rétt á skaðabótum þó að það verði breytt um fiskveiðistjórnun. Ég er ekki á þeirri skoðun. En ég geri mér grein fyrir því að það mun fara mjög eftir því með hvaða hætti hv. Alþingi breytir lögunum. Ef hv. Alþingi breytir lögunum með mjög skömmum fyrirvara og gefur enga möguleika til aðlögunar að nýrri skipan, þá er ég ekki viss um að menn muni ekki eignast skaðabótarétt á ríkið eftir þennan dóm. Og ég er ekki einn af þeim sem halda því fram að menn eigi að slá striki yfir hið liðna og gera ekkert til þess að deyfa afleiðingarnar af því að breyta þessu. En ég segi það alveg eins og er að ég undrast ræður hv. alþm. sem hafa mætt hér í ræðustólinn og ekki fundið önnur vopn til að berjast með heldur en þau að ég og aðrir hv. þm. annarra flokka, sem hér hafa mætt til að ræða þessi mál, séum að tala þvert á það sem einhverjir þingmenn fyrir okkar flokk hafi gert eða sagt fyrir árum síðan. Á það að vera þannig að hv. alþm. eigi að burðast með fortíðina á bakinu endalaust? Eiga þeir að erfa skoðanir foringjanna? Eiga þeir að ganga með hugmyndir fyrirrennara sinna endalaust? Eiga þeir að játast undir það að einhverjar ákvarðanir sem hafa verið teknar hér í hv. Alþingi eigi bara að blíva um aldur og ævi vegna þess að einhverjir menn úr flokknum hefðu, vær så god, þó að búið sé að grafa þá núna, samþykkt þetta? Ég er ekki á þeirri skoðun.

Ég held að hv. Alþingi væri sæmra að horfast í augu við það að ekki er eðlilegt að taka þetta mál fyrir á pólitískum grundvelli. Það þarf að vera þverpólitísk meðferð þessa máls hér á Alþingi. Og það er nákvæmlega það sem Alþb. hefur þrátt fyrir allt bent á. Þótt Alþb. sé klofið í þessu máli og hefur verið, þá höfum við lagt fram tillögur hér í þinginu um það að tekið verði sameiginlega á þessu máli á þverpólitískum grunni. Við höfum verið spottaðir fyrir þessa afstöðu okkar hérna, en við verðum auðvitað að þola það. Ég er jafnsannfærður um að það er rétt afstaða. Við eigum að vinna þannig að þessu máli. Við eigum ekki að burðast með fortíðina og við eigum ekki að láta einhverja ríkisstjórn sem situr við völd notfæra sér aðstöðu sína á þann hátt sem þessi hæstv. ríkisstjórn

ætlar að gera. Hún ætlar að reyna að handjárna sína þingmenn og þá sem styðja hana með einhverjum hætti við þessar hugmyndir tvíhöfða nefndarinnar sem hafa verið hér til umræðu í hv. Alþingi. Hún er að reyna að kaupa menn úr ýmsum örmum beggja stjórnarflokkanna til fylgilags við þessa hugmynd, þó að það sé ekki vafamál að það er flestum mjög nauðugt að styðja þetta frv. eins og það liggur fyrir.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að ég tel að það hefði verið að mörgu leyti gott ef hæstv. fjmrh. hefði getað verið við umræðuna. Ég óskaði ekki eftir því vegna þess að ég taldi mikilvægara að hæstv. sjútvrh. væri hér. Það kann vel að vera að ég hefði átt að óska eftir því að þeir yrðu hér báðir og eftir á sé ég að það hefði verið til bóta fyrir málið.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. játaði það hér í stólnum að hann væri skíthræddur, hann orðaði það svona, hann væri skíthræddur vegna þess að það væri greinilega hér í Alþingi fjöldi þingmanna sem ekki skildi þessi mál, þeir væru of heimskir, þeir skildu þetta ekki. (**Gripið fram í:** Heilt fjall.) Það væri heilt fjall af heimsku hér í Alþingi. Hann taldi að það þyrfti að afskrifa kvótann strax, helst í dag vegna þess að það væri svo mikil heimska í Alþingi, heilt fjall. Ég vona að satt reynist. Hann hélt annars ræðu sem ég hef heyrt sumt úr áður, heyrði það á fundum tvíhöfða nefndar sem ég mætti á til þess að meðtaka boðskap þeirrar nefndar þegar hún var í hringferðinni kringum landið og ætla ekki að endurtaka neitt úr hans ræðu hér. En ég held að sú ræða hafi að mörgu leyti verið góð og hafi menn hlustað á hana af athygli, þá þarf ég engu við það að bæta sem hv. þm. sagði einfaldlega vegna þess að sjómennirnir og fólkið sem býr í sjávarútvegsbyggðunum allt í kringum landið hefur skilið mjög vel hvar fiskur lá undir steini. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er hreinskilinn maður. Hann hefur látið það koma mjög skýrt fram að hann telji það eðlilega viðskiptahætti að menn notfæri sér kvótann til þess að pína þá sem þeir fá í viðskipti við sig til þess að láta fiskinn af hendi fyrir sem allra lægst verð og þeir hafa verið alveg ótrúlega sniðugir við þetta á Sauðárkróki. Hann lýsti því á fundi tvíhöfða nefndar hvað þetta hefði tekist sérstaklega vel á þeim stað. Og þeir hefðu í stjórn þess fyrirtækis sem hann hefur verið í stjórn hjá og er líka staðsett á Sauðárkróki verið alveg óskaplega öfundsamir út í Fiskiðju Sauðárkróks því að þeim hefði tekist þetta svo miklu betur heldur en stjórn fyrirtækisins sem hann átti sæti í. Ég held að hann hafi komið þessu mjög vel til skila.

Á eftir honum mætti í ræðustól hv. 1. þm. Vesturl. og hann kom hér til þess að segja það mjög skýrt og ákveðið að hann teldi þessa viðskiptahætti óásættanlega og ég er sannfærður um að það eru miklu fleiri í Sjálfstfl. sem eru sömu skoðunar og hann. Og ég er satt að segja farinn að vonast til þess að það sé möguleiki hér í hv. Alþingi til þess að gera breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða þannig að það verði ekki hægt að fara að sjómönnum og kvótalitlum útgerðum í landinu með sama hætti og gert er. Og að menn horfist í augu við þær röksemdafærslur sem voru hafðar þegar var verið að narra menn til fylgilags við kvótalögin á sínum tíma, að það ætti að tryggja með kvótalögunum hagkvæmni í útgerðinni. Þegar menn gætu verslað með þessar veiðiheimildir eða skipt á þeim, þá mundi þessi veiðiréttur safnast til þeirra útgerða þar sem hagkvæmnin væri mest og menn mundu fá veiðiheimildir til viðbótar þangað til þeir væru komnir með bærilega gott fyrirtæki, hagkvæmt fyrirtæki, nægilegar veiðiheimildir til þess að hagkvæmnin væri í góðu lagi. Þetta var verið að selja mönnum þegar kvótalögin voru sett. En hvað gerist núna? Nú gerist það að menn safna meiri og meiri veiðiheimildum að sér sem hafa þær mestar fyrir og geta engan veginn og hafa aldrei ætlað sér að veiða fiskinn vegna þess að þeir láta aðra veiða hann fyrir sig á miklu lægra verði en þeir geta veitt sjálfir. Þeir neyða menn í þessi viðskipti með því að láta þá hafa miklu lægra fiskverð heldur en er á markaðnum á hverjum tíma.

Hæstv. sjútvrh. hefur setið þolinmóður yfir þessari umræðu þrátt fyrir að hann hafi þá skoðun að það hefði annar maður átt að vera mættur hér í salnum til þess að taka þátt í umræðunni. Ég vil einungis endurtaka það að ég tel að þessi umræða eigi að snúast um afleiðingar af lögunum um stjórn fiskveiða og afleiðingarnar af dómi Hæstaréttar fyrst og fremst, en hún á auðvitað líka að snúast um skattatæknileg efni eins og menn svo smekklega orðuðu það þegar þeir voru að lýsa því hér í dag, sumir hv. þm. og hæstv. ráðherrar að þetta væri nú ekki merkilegra en það, þetta væri svona bara skattatæknilegt atriði. Ja, sér er nú hvað.

Ég er sannfærður um að það gengur illa að fá þjóðina í þessu landi til þess að meðtaka það að einhver eign sem menn borgi skatt af sé ekki þeirra eign. Og ég endurtek það að ég er á þeirri skoðun að þó að lögunum um stjórn fiskveiða verði breytt og menn eignist ekki skaðabótarétt á ríkið, þá muni í framkvæmdinni fara eins og menn hafa hér lýst, t.d. lögfræðingur hjá LÍÚ. Menn munu framkvæma þessa hluti í framhaldinu eins og þeir eigi þetta. Það dettur nákvæmlega engum útgerðarmanni í hug eftir þennan dóm að hann eigi ekki að geta nýtt sér aflaheimildir sínar til þess að hafa af þeim allan þann arð sem markaðurinn gefur möguleika á á hverjum tíma, sem segir okkur það að viðkomandi útgerðarmaður muni ekki láta fiskverðið koma til skipta fyrr en hann er búinn að láta draga kvótaleiguna sína frá. Hann þarf ekki annað en færa aflann á milli fyrirtækja, stofna sér annað hlutafélag eða fara í samvinnu við annað fyrirtæki og skipta við það á veiðiheimildunum, þá er allt fallið í ljúfa löð. Þá eru menn búnir að kaupa og selja allt saman (**ÓÞÞ:** Og fá 20% afskriftarheimild.) og fá 20% afskriftarheimild. Þetta getur gerst á einu ári, hæstv. sjútvrh. Það er hægt að taka fiskverðið á landinu niður um sem svarar kvótaverðinu á einu ári. Það er hægt að kaupa og selja allar veiðiheimildir í landinu með þessum hætti.

Það var ekki um þetta sem hæstv. sjútvrh. talaði. Hann talaði heldur ekki neitt um hvað væri fram undan í þessum málum, hann forðaðst það. Hann talaði um hvað væri að baki, talaði um það að Alþb. hefði ekki haft samstöðu í þessu máli eins og það væri eitthvert aðalatriði í málinu.

Síðan mætti hv. 1. þm. Vesturl. hér í pontu og lýsti yfir algerri andstöðu við hæstv. sjútvrh. Hann sagði að þetta væru gersamlega óásættanlegir viðskiptahættir, þessi fína uppfinning, tonn á móti tonni, sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur dásamað svo mikið hvað væru skemmtileg viðskipti og fín uppfinning. Ég held að hæstv. sjútvrh. ætti að gá að samstöðunni í sínum eigin flokki, en hann forðaðist að tala um hana. Og hann forðaðist að segja okkur hvers vegna hann hefur ekki getað komið þessum málum í gegnum þingið, hvað það er sem stendur á, hvort það er bara þetta 1% sem hæstv. umhvrh. talaði um að vantaði upp á að hann gæti stutt þetta mál eða hvort það er eitthvað annað, hvort það er andstaða hv. 1. þm. Vesturl. og ýmissa fleiri við grundvallaratriði í kvótakerfinu sem er eignarrétturinn á veiðiheimildunum, nákvæmlega það mál sem Hæstiréttur var að kveða upp sinn dóm um.

Ég get vel tekið undir það með hæstv. sjútvrh. að það má örugglega heyra önuglyndi í mínu máli þegar ég ræði þessi sjávarútvegsmál. Ég kann ekki að stjórna þannig tilfinningum mínum að það komi ekki fram í máli mínu þegar ég tala um þetta mál því að þannig hafa hv. alþm. farið með sjávarútvegsbyggðirnar í landinu, farið með marga sjómenn og reyndar hafa sjómenn í stórum hópum orðið að þola það að greiða þetta auðlindagjald til útgerðarinnar í landinu eða þeirra sem hafa verið að kaupa og selja veiðiheimildir og við sjáum fyrir okkur heilu byggðarlögin sem eru að falla í rúst. Það er engin fiskvinnsla í mörgum byggðarlögum vegna þess að veiðiheimildirnar eru það litlar á þessum svæðum að útgerðarmennirnir þar selja allan afla sinn með því að fara í þessi viðskipti, tonn á móti tonni á lágu verði í burtu af stöðunum.

Ég held að þegar menn ræða svona mál, þá hljóti þeir að verða annaðhvort kátir eða pínulítið sorgmæddir eftir því á hvaða stað þeir búa. Og það getur vel verið að þeir sem búa á tiltölulega mjög afmörkuðum stöðum á landinu geti verið nokkuð kátir með þessa niðurstöðu vegna þess að þar séu fyrirtæki sem hafa dregið aflaheimildir til sín og notfæra sér þessa þokkalegu aðferð sem menn hafa lögfest, að það megi kaupa og selja veiðiheimildir, a.m.k. fara menn sínu fram með það hvort sem það er nú í raun og veru leyft með lögum eða ekki.

Ég sagði það hér áðan að ég vildi tala um afleiðingarnar, ég vil ekki tala um fortíðina. Ég tel að við verðum að horfast í augu við það hvernig málin standa í dag. Og mér finnst það satt að segja neðan við virðingu okkar hér á hv. Alþingi að togast á um það og leita eftir því í skjölum hvað það er sem menn hafi gert í fortíðinni. Á sama tíma og jörðin brennur undir fótum hæstv. sjútvrh., þá er hann að spekúlera mest í því hvort Alþb. hafi verið klofið í þessu máli eða ekki. Ég held að það væri nær fyrir hæstv. ráðherra að leita nú samstöðu með þingmönnum í þessu máli og ég skora á hann að svara því hér á eftir, hvort ekki sé að verða kominn tími til þess að hv. Alþingi taki þetta mál að sér og hv. sjútvn. fái að fjalla um málið óáreitt fyrir einhverjum hugmyndum sem tvíhöfða nefndin hefur sett fram. Og ég spyr: Hvað á þjóðin lengi að bíða eftir því að þetta mál komi hér með einhverjum hætti til umfjöllunar í hv. Alþingi? Væri hægt að fá svar við því á eftir, hæstv. ráðherra? Og ég spyr: Hvað á þjóðin lengi að bíða eftir því að þetta mál komi hér með einhverjum hætti til umfjöllunar í hv. Alþingi? Væri hægt að fá svar við því á eftir, hæstv. ráðherra?

Ég ætla að segja það til viðbótar að mér finnst að menn hafi að sumu leyti verið að deila um keisarans skegg, hvort það sé nákvæmlega einhvers konar rétt lögskýring á því að menn eigi veiðiheimildirnar eða eigi þær ekki. Það skiptir í raun og veru ekki máli. Að óbreyttum lögum er farið með þessar veiðiheimildir eins og eignir manna. Ætli Alþingi að hafa lögin áfram óbreytt þá er framkvæmdin nákvæmlega sú að menn eiga þetta í framkvæmd hvort sem menn fallast á lögskýringarnar eða ekki. Það breytir engu að þetta er meðhöndlað sem eignir. Og þá hlýtur Alþingi að þurfa að gera það upp við sig: Ætlar hv. Alþingi að sætta sig við það að svona verði framtíðin? Ég er þeirrar skoðunar að við megum ekki gera það og ég tel að það sé hægt að finna leiðir út úr þessu vandamáli.

Ég hef forðast að draga umræðuna út fyrir efnið að því leytinu til að ég tel að ég hafi talað hér fyrst og fremst um afleiðingar þessa ákvæðis laganna um stjórn fiskveiða sem um er að ræða og afleiðingar dómsins sem Hæstiréttur kvað upp. Ég ætla ekki að fara að eyða tíma þingsins í það að ræða einhvers konar aðrar hugmyndir um stjórn fiskveiða. Ég tel að það verði að bíða betri tíma en ég er auðvitað tilbúinn í þá umræðu.

En ég krefst þess að hæstv. sjútvrh. geri þjóðinni kunnugt hvað er fram undan. Er það meiningin að halda áfram að róa á skerinu? Ætlar hann að bíða eftir sjómannaverkfallinu? Verður hæstv. ríkisstjórn að hnoðast með frv. um stjórn fiskveiða fram yfir þessi áramót líka? Ég vil fá svar við því.

Ég vil svo vekja athygli þingmanna á því að ekkert af því sem ég rakti í minni fyrri ræðu af afleiðingum þessa kvótakerfis hefur verið hrakið hér í umræðunni, ekki neitt. Menn hafa ekki einu sinni lagt í að reyna það. Menn hafa farið í að tala um fortíðina. En það er nákvæmlega svona sem þetta kerfi virkar og því hafa ýmsir hv. þm. lýst til viðbótar hér í dag. Og það að menn skuli taka heilan dag í umræðu hér í hv. Alþingi án þess að það sé hægt að hrekja þá lýsingu sem ég fór yfir hér í upphafi fundarins hlýtur að segja sína sögu. Það segir sína sögu líka hvernig menn bregðast við. Hæstv. umhvrh. taldi sér skylt að fara í vörn fyrir hæstv. sjútvrh. og hélt því fram að ég væri einhver kjarkmaður að þora í umræðu við hæstv. sjútvrh. um þessi mál. Mér finnst nú ekki þurfa kjark til þess. Ég tel að þetta mál sé þannig að það þurfi kjark til að verja það frekar en kjark til þess að setja út á þær aðferðir sem eru notaðar við stjórn fiskveiða. Og satt að segja verð ég að segja eins og er að í ræðu hæstv. sjútvrh. var nú ekki margt sem menn þurftu að óttast í umræðunni og mér finnst að ég þurfi í sjálfu sér ekki að svara miklu þar um. Mér finnst að það eina sem ég hefði gjarnan viljað fara yfir með honum væru útlistanir hans á því hvernig væri hægt að stjórna fiskveið-

um sem hann fékk út að lokum að væri ekki nokkur möguleiki að gera nema með kvótakerfinu. En eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara út í nánari umræðu um það hér núna.

Hæstv. umhvrh. sagði að ég hefði kallað hér til vitnis Kristján Ragnarsson og Jónas Haraldsson frá LÍÚ og gert mikið með þeirra niðurstöðu á málinu. Ég lýsti mig ekki samþykkan þeirra útlistunum á dómi Hæstaréttar. Það gerði ég ekki. En ég tel að það sé athyglisvert að hlusta á þessa forsvarsmenn stórútgerðarinnar í landinu þegar þeir segja sína skoðun á niðurstöðu Hæstaréttar og það var nákvæmlega ekki hægt að misskilja hvað þessir menn voru að segja. Þeir sögðu að niðurstaða Hæstaréttar væri sú að útgerðarmenn ættu kvótann. Ég ætla ekki að endurtaka það í smáatriðum sem ég sagði áðan að vitanlega munu útgerðarmenn með þessa niðurstöðu í vasanum ekki láta segja sér það tvisvar að heimta arðinn af því að eiga kvótann.

Hæstv. umhvrh. lýsti því með ýmsum orðum hér í upphafi ræðu sinnar hvernig hefði verið farið með mig í umræðum hér. Ég gef ekki mikið fyrir það. Ég endurtek einungis það að svo lengi sem ég verð hér á hv. Alþingi mun ég ekki láta neinar umræður um það sem hefur gerst í fortíðinni aftra mér frá því að taka upp umræður um mál eins og þetta.

Ég held að það sé kominn tími til þess að hæstv. ríkisstjórn og sérstaklega hæstv. sjútvrh. átti sig á því að það er komið að endimörkum þessa tímabils. Það er ekki hægt að stinga höfðinu lengur í sandinn. Það skellur á sjómannaverkfall hér um áramót. Og það er nákvæmlega krafan um að tekið verði á því máli sem hér er til umæðu. sem er fyrsta krafa sjómannanna. Samt situr hæstv. sjútvrh. hinn rólegasti á frumvörpunum sínum, kemur þeim ekki fram, enda veit hann að það þýðir ekkert að leggja þau hér fram. Það þýðir ekki að leggja fram frumvörp sem eru með þeim ákvæðum sem gefa útgerðinni í landinu veiðileyfi á sjómennina í landinu með þeim hætti sem gert er núna.

Ég held að hæstv. sjútvrh. ætti að viðurkenna það að hann hafi farið villur vegar í þessu máli. Hann valdi ranga hesta til að veðja á sem voru foringjar tvíhöfða nefndarinnar. Hann hefur ekki sinnt neinum aðvörunum. Hann hefur fengið aðvaranir úr öllum áttum. Hann hefur fengið aðvaranir úr greininni. Hann hefur fengið aðvaranir frá sínum eigin flokksmönnum. Hann hlustar ekki. Hann hefur ekki hlustað fram á þennan dag. En vonandi er nú að koma að því því að ég efast ekkert um það að hann neyðist til að hlusta þegar sjómennirnir í landinu eru búnir að ákveða það að flotinn sigli ekki út eftir áramótin.

[19:08]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Í þeirri umræðu sem nú var að ljúka gerðist það að þrír hæstv. ráðherrar vísuðu spurningum og málinu að verulegu leyti yfir á herðar hæstv. fjmrh. Ég óskaði eftir því í umræðunni að hann yrði hingað kvaddur til að svara spurningum þingmanna og fékk þann úrskurð forseta ítrekað að því væri synjað. Ég vildi því leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort það er algerlega háð geðþóttaákvörðun forseta hvort orðið verði við óskum þingmanna um að til fundar séu kvaddir ráðherrar sem málinu tengjast og ef svo er ekki, hvaða reglur gildi um það að verða við slíkum óskum sem ég tel sjálfur að séu eðlilegar og hef ekki áður orðið vitni að að sé synjað hér á Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sá sem gegnir forsetastörfum hverju sinni er ábyrgur fyrir fundarstjórn. Sá forseti sem var hér í forsetastóli á þeim tíma sem hv. 5. þm. Vestf. vitnaði til og hann átti orðaskipti við, svaraði þessari spurningu þá. Þess vegna getur forseti sem nú situr í stólnum ekki gefið neinn úrskurð.

[19:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Pálmi Jónsson er einn af varaforsetum þingsins og hann hefur sagt þegar hann hefur setið í forsetastól að sá sem situr í stóli forseta er forseti og aðrir ekki. Ég bar hér fram spurningu til hæstv. forseta og óska eftir því að henni verði svarað. Hvaða reglur gilda um það hvort við óskum þingmanna verði orðið um að sækja til þingfundar tiltekinn ráðherra sem óskað er eftir?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Venjan er sú að kalla til ráðherra sem óskað er eftir sé það hægt og tök á því. Við þessa utandagskrárumræðu var óskað eftir að hæstv. sjútvrh. væri hér viðstaddur og hann hefur setið þennan fund í allan dag. Það var því orðið við þeim óskum sem fram komu frá hv. málshefjanda.

[19:11]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir því að hæstv. forseti útskýri það örlítið nánar fyrir okkur hvernig þær reglur um það að kalla megi hæstv. ráðherra til umræðu eru. Mér fannst að svar hæstv. forseta snúa einungis að því hvaða ráðherra var beðinn að vera hér við umræðuna allan daginn en síðan komu fram óskir hv. 5. þm. Vestf., og reyndar fleiri ef ég man rétt, um að hæstv. fjmrh. yrði kallaður til umræðunnar. Það er um þá ósk sem við erum að ræða hér, ekki mína ósk um það að hæstv. sjútvrh. yrði viðstaddur umræðuna, sem hann var, heldur um þá ósk hv. 5. þm. Vestf. að hæstv. fjmrh. yrði hér viðstaddur.

[19:13]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar svarað þessari spurningu og hefur ekkert við það að athuga með hvaða hætti forseti, sem hér gegndi starfi á þeim tíma sem vitnað er til, afgreiddi það mál og hefur ekkert um það að segja meira.

[19:13]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Þegar ég kom inn á þing til setu 1979 gerðist það mjög oft að þingmenn óskuðu eftir viðveru ráðherra. Það helgaðist af því að umræðan hafði gjarnan þróast á þann veg að það kallaði beinlínis á viðveru viðkomandi ráðherra til að fá nánari skýring-

ar á því sem fram fór. Sá sem fyrstur hóf það mál að eðlilegra væri að fjmrh. væri hér við var undir þessum kringumstæðum hæstv. sjútvrh. Sá sem fastast allra hefur sótt það mál að láta sækja ráðherra er núv. samgrh. Ég tel að þó að forseti svari þessu ekki nú, þá hljóti það að vera eðlilegt að þingmenn fái skýr svör við því hvaða reglur núv. forseti vill verja í þessu sambandi og að það hljóti að helgast af því að það er ætlast til þess að menn sitji þingfundi nema þeir hafi óskað eftir fjarvistarleyfi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti kannast vel við það sem hv. 2. þm. Vestf. nefndi hér að það er almenn venja að reynt er að verða við óskum þingmanna um það að kalla til ráðherra. En það getur staðið þannig á að viðkomandi ráðherra sé ekki tiltækur og þess vegna er ekki alveg öruggt að það sé alltaf hægt að verða við slíkum óskum. Þetta er nokkuð sem forseti verður að meta hverju sinni.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2., 5., 6., 8. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 19.16.

45. FUNDUR

mánudaginn 29. nóv.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Samningsverð, stjfrv., 215. mál, þskj. 240. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frv., 100. mál, þskj. 103. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Þjóðfáni Íslendinga, þáltill., 106. mál, þskj. 109. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Fangelsi og fangavist, frv., 204. mál, þskj. 226. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Atvinnuleysistryggingar, frv., 205. mál, þskj. 227. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Varanlegur vegur yfir Öxi, þáltill., 227. mál, þskj. 255. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Vegagerð milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar, þáltill., 228. mál, þskj. 256. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, þáltill., 238. mál, þskj. 273. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, þáltill., 240. mál, þskj. 275. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 25. nóv. 1993:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþm. Alþb. í Vesturl., Ragnar Elbergsson oddviti, Grundarfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.

Kjörbréf Ragnars Elbergssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því samkvæmt 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Ragnar Elbergsson, 3. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ragnar Elbergsson hefur unnið drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Útbýting þingskjala:

Heilsutjón vegna háspennuvirkja, 137. mál, svar heilbrrh., þskj. 292.

Lánsfjárlög 1993, 76. mál, nál. fjárln., þskj. 294.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að gert er ráð fyrir utandagskrárumræðu að loknum atkvæðagreiðslum. Hún fer fram að beiðni hv. 2. þm. Vestf., Ólafs Þ. Þórðarsonar, um viðhorf ríkisstjórnarinnar til veiða Íslendinga við Svalbarða og í Smugunni sem svo er kölluð.

[15:05]

Björn Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Þessi mál voru til umræðu á sameiginlegum fundi sjútvn. og utanrmn. í morgun og nefndirnar eiga eftir að fjalla frekar um málið og afla gagna í því. Ég vil því í ljósi þess mælast til þess við hv. 2. þm. Vestf. að hann frestaði beiðni sinni um þessa utandagskrárumræðu þannig að hún færi ekki fram fyrr en eftir a.m.k. viku.

[15:05]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tek því vel ef slík vinna er í gangi og tel rétt að verða við þessari beiðni, ef hæstv. sjútvrh. og hæstv. forseti geta orðið við því að þetta fari þá fram eftir viku.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti sér að hæstv. sjútvrh. fellst á þessa beiðni og það getur forseti einnig gert. Því mun þessi utandagskrárumræða, sem fyrirhuguð var að lokinni atkvæðagreiðslu, ekki fara fram fyrr en eftir viku.

Samningsveð, frh. 1. umr.

Stjfrv., 215. mál (heildarlög). — Þskj. 240.

[15:06]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, FrS, GE, GÁ, JGS, JBH, KÁ, MF, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hæstiréttur Íslands, frh. 1. umr.

Frv. SvG o.fl., 37. mál (skipun dómara o.fl.). — Þskj. 40.

[15:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, JGS, JBH, JVK, MF, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Lánskjör og ávöxtun sparifjár, frh. 1. umr.

Frv. EH o.fl., 100. mál. — Þskj. 103.

[15:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, JGS, JBH, KÁ, MF, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Þjóðfáni Íslendinga, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og ÁRÁ, 106. mál. — Þskj. 109.

[15:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, JGS, JBH, JVK, MF, REl, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fangelsi og fangavist, frh. 1. umr.

Frv. MF, 204. mál (félagsráðgjöf og sálfræðiaðstoð). — Þskj. 226.

[15:09]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, JGS, JBH, MF, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Atvinnuleysistryggingar, frh. 1. umr.

Frv. MF, 205. mál (bótaréttur fanga). — Þskj. 227.

[15:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, IBA, JGS, JBH, MF, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Varanlegur vegur yfir Öxi, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHall og JónK, 227. mál. — Þskj. 255.

[15:11]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, GÁ, JGS, JBH, MF, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 238. mál. — Þskj. 273.

[15:11]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKJ, GÁ, GHelg, HG, JGS, JBH, JVK, MF, PP, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Skilyrði fyrir veitingu ríkisborgararéttar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GJH o.fl., 240. mál. — Þskj. 275.

[15:12]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EgJ, JGS, JBH, MF, REl, StG, StH, SvG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 15.12.

---

46. FUNDUR

mánudaginn 29. nóv.,
að loknum 45. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Einkavæðing embættis húsameistara ríkisins, fsp., 170. mál, þskj. 188.

Til samgönguráðherra:

2. Snjómokstur, fsp., 59. mál, þskj. 62.

3. Framkvæmdir og rekstur á Egilsstaðaflugvelli, fsp., 60. mál, þskj. 63.

4. Útboð í landpóstaþjónustu, fsp., 214. mál, þskj. 239.

Til landbúnaðarráðherra:

5. Landgræðslustörf bænda, fsp., 178. mál, þskj. 197.

Til menntamálaráðherra:

6. Aðstæður fatlaðra í skólum, fsp., 221. mál, þskj. 246.

7. Forvarnir í skólum, fsp., 222. mál, þskj. 247.

8. Aðgerðir fyrir ungmenni sem hafa flosnað upp úr skóla, fsp. 223. mál, þskj. 248.

Til fjármálaráðherra:

9. Tekjuskattur og eignarskattur, fsp., 234. mál, þskj. 262.

Einkavæðing embættis húsameistara ríkisins.

Fsp. IP, 170. mál. — Þskj. 188.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín á þskj. 188 er til hæstv.

forsrh. um einkavæðingu embættis húsameistara ríkisins og er svohljóðandi:

„Hyggst ríkisstjórnin einkavæða embætti húsameistara *ríkisins*?"

Að undanförnu hefur farið fram mikil umræða um einkavæðingu og á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er að einkavæða hin ýmsu fyrirtæki í eigu ríkissjóðs, bæði fyrirtæki sem hafa einokun og eins almenn fyrirtæki. Það hefur ekki mikið áunnist í þessari einkavæðingu en þó nokkuð og í fyrra var t.d. tæknideild Húsnæðisstofnunar einkavædd en sú þjónusta sem hún veitti var aðallega að hanna fyrir smærri sveitarfélög í landinu.

Í fjárlagafrv. fyrir árið 1994 kemur í ljós að áætlaður heildarkostnaður við embætti húsameistara er 52 millj. og um þessar mundir starfa 19 starfsmenn þar. Verkefni stofnunarinnar eru m.a. samkvæmt ársskýrslu frá 1991, en nýrri skýrslu var ekki hægt að fá, það eru ýmiss konar verkefni fyrir stjórnsýslu ríkisins, fyrir sjúkrahús, heilsugæslu, menntastofnanir, menningarstofnanir, íþróttamannvirki, kirkjur og embættissetur. Í reglugerð fyrir embættið frá 1973 segir að þær opinberu byggingar sem falla undir umsjón embættisins séu embættisbústaðir forseta Íslands, gestahús ríkisins, Alþingishúsið, Hæstiréttur, Stjórnarráðið, Safnahúsið í Reykjavík og Þjóðleikhúsið.

Það hafa átt sér stað miklar breytingar varðandi alla *tæknimenntun landsmanna frá því að embætti húsameistara* ríkisins var stofnsett, en það var 1903. Framboð á verkfræði- og teiknistofum er geysilega mikið í dag og því er spurt: Hyggst ríkisstjórnin einkavæða embætti húsameistara ríkisins?

[15:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin lýsti yfir í hvítbók sinni að unnið yrði að breytingum á embætti húsameistara ríkisins og ákveðnir þættir þess tengdir framkvæmdadeild Innkaupastofnunar ríkisins og Fasteignum ríkisins. Endurskoðun á hlutverki stofnunarinnar hefur staðið yfir í forsrn. og líkt og fram kemur í greinargerð með fjárlagafrv. fyrir næsta ár er þess að vænta að verulega dragi úr starfsemi embættisins í kjölfar þeirrar endurskoðunar. Í meginatriðum miða fyrirhugaðar breytingar að því að embættið hætti eiginlegri fullhönnunarvinnu, sem felur í sér að verkefni sem embættið hefur haft með höndum færast til sjálfstætt starfandi aðila. Það má því segja að ríkisstjórnin hyggist færa stóran hluta starfseminnar til markaðarins.

Hins vegar er ljóst að embættið mun ljúka þeim hönnunarverkefnum sem það hefur skuldbundið sig til að ljúka. Þar er m.a. um að ræða verkefni sem taka munu nokkurn tíma svo sem endurnýjun mannvirkja á Bessastöðum, mannvirkjagerð á landspítalalóð og framkvæmdir vegna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

Í tilefni þessara breytinga mun reglugerð um embætti húsameistara ríkisins, nr. 259/1973, sem raunar er úrelt, verða endurskoðuð. Framtíðarhlutverk embættisins mun m.a. felast í eftirliti og umsjón með ýmsum byggingum sem þykja menningarsögulega verðmætar. Dæmi: Embættisbústaður forseta Íslands, Alþingishús, Safnahús við Hverfisgötu, Stjórnarráðshúsið, Þjóðleikhúsið, svo og með faglegri ráðgjöf við forsrn. vegna skrifstofuhúsnæðis Stjórnarráðsins. Endanleg afstaða til þessara breytinga mun að öllum líkindum liggja fyrir í lok *næsta* mánaðar.

[15:18]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli því satt að segja er þetta dálítið sérkennilegt mál eins og farið er með það í fjárlögunum. Það er rétt sem kemur fram hjá hæstv. forsrh. að reiknað er með að draga verulega úr umsvifum embættisins en samt segir í athugasemdum fjárlaga að ekki er þó gert ráð fyrir þessari breytingu í forsendum frv. Ég vildi spyrja hæstv. forsrh. hvað þetta þýddi. Það á að draga úr en samt er ekki gert ráð fyrir neinni breytingu.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Það kemur í ljós í hans svörum að hann hyggst ekki leggja niður embætti húsameistara ríkisins heldur ætlar að draga verulega úr starfseminni. En eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. hér áðan þá er ekki gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að draga verulega úr fjármunum til stofnunarinnar. Þar er sem sagt dregið úr um 5% í takt við það sem verkefnin dragast raunverlega saman. En það vekur svolitla undrun að það skuli ekki vera fastara kveðið á um þetta, því að það er greinilegt, eins og kom fram í máli ráðherra, að þetta *embætti er barn síns tíma og því ekkert óeðlilegt* að það væri jafnvel lagt niður sem slíkt. Mér finnst mjög eðlilegt að lokið sé við þær framkvæmdir sem eru þegar í gangi hjá embættinu. En mér þætti jafnvel eðlilegt að færa þetta allt til markaðarins, alla þessa stofnun. Auðvitað eru þarna merkar teikningar til og er hægt að geyma þær á vönduðum stað, innan annarra stofnana. Mér finnst rétt að smátt og smátt verði markaðinum algerlega færð þessi verkefni sem eru núna undir húsameistara ríkisins og Þjóðskjalasafni fengnar til varðveislu þær teikningar sem þar eru.

[15:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég finn að þingmönnum finnst ég fara mér frekar hægt í einkavæðingunni og ég skal reyna að taka mig á í þeim efnum. En þó að þessi breyting verði endanlega ákveðin fyrir áramótin er ljóst að kostnaðaráhrifn þurfa sinn tíma til að fjara út og þess vegna verða þau kannski minni en ella á fyrsta árinu. Eigi að síður er gert ráð fyrir að klára þetta verk, eins og ég sagði í upphaflegu svari mínu, fyrir áramótin.

Aðstæður fatlaðra í skólum.

Fsp. GJH, 221. mál. — Þskj. 246.

[15:22]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Á þskj. 246 er fyrirspurn til

menntmrh. frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur sem kom hér inn á þing skamma hríð sem varaþm. og gat ekki, því miður, fylgt þessari fsp. eftir sjálf en hún er svohljóðandi:

„Hvernig er ætlunin að bæta aðstæður fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum landsins til þess að þeir geti stundað nám til jafns við ófatlaða?"

Það verður að segjast eins og er að það sem vakti fyrir fyrirspyrjanda var m.a. að fá við því einhver svör hvort á því væri nokkur hætta að þessi hópur, þ.e. fatlaðir bæði í grunn- og framhaldsskólanum, yrði fyrir niðurskurði eða þjónusta við þennan hóp yrði fyrir niðurskurði, vegna þess að við sjáum hvarvetna í kringum okkur tilhneigingu til þess að skera niður fjárútlát og meta hvern einstakan. Þess vegna vaknar sá ótti að hugsanlegt sé að þessi hópur lendi undir niðurskurðarhnífnum.

Þó hér sé spurt um grunn- og framhaldsskólana þá snýr þetta auðvitað ekki bara að þeim heldur líka að sérskólum og háskólanum. Ef ég nefni persónuleg dæmi þá veit ég um nokkra nemendur sem hafa lent í ákveðnum vandræðum í sérskólunum og háskólanum vegna þess að ekki hefur legið skýrt fyrir hvaða þjónustu þeir eiga rétt á. Þannig er það ekki ljóst þegar fatlaður einstaklingur sækir um skólavist hvaða aðstoð hann getur fengið. Hann veit ekki hver réttur hans er og skólinn veit heldur ekki oft og tíðum hvaða svigrúm hann hefur til þess að veita þessum tiltekna nemanda sérstaka aðstoð. Mér vitanlega hafa engar almennar reglur verið í gildi um þetta og hefur þurft að meta málin í hvert eitt sinn.

Ef við lítum á heyrnarlausan nemanda þá þarf hann bæði á aðstoð að halda hvað varðar túlkun íslensku á táknmál heyrnarlausra og hann þarf líka túlkun af táknmáli heyrnarlausra yfir á íslensku og hann þarf kannski námsaðstoð.

Með blindan nemanda getur verið um það að ræða að það þurfi að lesa námsefni skólans á snældur og hann þurfi að fá námsefni skólans skrifað á disklinga til að geta notað það í tölvu og jafnvel alhliða námsaðstoð líka. Og það liggur ekki alltaf fyrir hvort þessi nemandi á rétt á þessu, hvort hann getur fengið það og hvort skólinn hefur svigrúm til þess að veita þessa aðstoð. Þá hlýtur líka að vakna sú spurning hver er ábyrgur fyrir því að aðstoð sé veitt. Eru það skólayfirvöld, er það sérkennslufulltrúinn, er það menntmrn., er það Samskiptamiðstöð, t.d. heyrnarlausra, o.s.frv.? En fyrirspurnin er sem sagt þessi: Hvernig er ætlunin að bæta aðstæður fatlaðra í grunn- og framhaldsskólunum?

[15:25]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Spurt er hvernig ætlunin sé að bæta aðstæður fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum landsins til þess að þeir geti stundað nám til jafns við ófatlaða. Í núgildandi lögum um leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla er kveðið á um að fatlaðir nemendur skuli stunda nám við hlið ófatlaðra. Ýmislegt hefur verið gert til að bæta aðstæður fatlaðra í grunn- og framhaldsskólum á undanförnum árum. Fatlaðir eru afar fjölbreytilegur hópur og þörf er margs konar aðgerða til að bæta aðstæður þeirra í skólum. Til þessa hefur verið unnið að bættum aðstæðum fatlaðra í skólum, annars vegar með tilliti til aðgengis að húsnæði skólanna og hins vegar með því að aðlaga kennsluhætti og skipulag náms að ólíkum þörfum fatlaðra.

Sú krafa er almenn að fatlaðir stundi nám með ófötluðum nemendum eftir því sem kostur er. Framkvæmd blöndunar fatlaðra barna og ófatlaðra er oft og tíðum vandasöm og mikilvægt að faglega sé að henni staðið. Í þessu sambandi má benda á að nýtt fyrirkomulag hefur verið tekið upp í Noregi þar sem ráðgjafar- og greiningarstöðvar gegna mikilvægu hlutverki þegar verið er að ræða ákvarðanir um skólagöngu fatlaðra. Brýnt er að fylgjast með því hvernig til tekst og taka mið af reynslu þeirra í þeim efnum.

Æ fleiri grunnskólar taka við fötluðum nemendum og kenna þeim ýmist í almennum bekkjum eða í sérstökum stoðdeildum sem stofnaðar hafa verið fyrir fatlaða nemendur innan einstakra grunnskóla. Sérdeildir á unglingastigi eru nú víða í grunnskólum þar sem greindarskertir nemendur sækja almenna skóla. Einnig hefur verið sett upp sérstök deild fyrir blinda nemendur í Álftamýrarskóla í Reykjavík þar sem blindir nemendur njóta sértækrar þjónustu til að geta stundað nám með sjáandi börnum.

Í Hlíðaskóla í Reykjavík er sérdeild fyrir hreyfihamlaða nemendur. Í öllum fræðsluumdæmum eru sérdeildir fræðsluumdæma sem eru í tengslum við almenna grunnskóla og taka á móti og kenna þeim nemendum sem eiga við alvarlega fötlun að stríða. Fötlun krefst mismunandi lausna í húsnæðismálum eftir því hvers eðlis hún er. Ekki er allt skólahúsnæði hannað með þarfir fatlaðra í huga, en þó hefur orðið mikil breyting á síðustu árum.

Á undanförnum árum hafa komið fram margar tækninýjungar sem notaðar hafa verið í þágu fatlaðra. Nýir textasímar fyrir heyrnarlausa, talgervlar, blindraskjáir og prentarar fyrir blinda auðvelda fólki með sértæka fötlun að stunda nám. Einnig er til tölvubúnaður af ýmsu tagi sem nýtist nemendum með verulega fötlun og opnar þeim nýja möguleika til náms í grunn- og framhaldsskólum.

Í 13 af 28 framhaldsskólum eru nú fatlaðir nemendur. Víða er þar unnið frumkvöðulsstarf í þjónustu við fatlaða sem vísa mun veginn fram á við í málefnum þeirra í framhaldsskólum. Í Menntaskólanum við Hamrahlíð hefur verið tekin upp sérstök þjónusta við líkamlega fatlaða nemendur sem hyggja á stúdentspróf. Mjög brýnt er að bæta enn frekar aðstöðu sem þar hefur verið byggð upp og beinist að því að aðstoða nemendur við námið með öllum færum leiðum og við athafnir daglegs lífs. Ljóst er að aukin þjónusta við fatlaða nemendur í framhaldsskólum er stórt verkefni sem vinna verður markvisst að á næstu árum. Þegar hefur fengist dýrmæt reynsla í skólunum og mikilvægt er að byggja á henni við áframhaldandi þróunarstarf á þessu sviði.

Í boði er nám innan framhaldsskólans sem sérstaklega er ætlað greindarskertum og seinfærum nemend-

um. Starfsdeild sem starfað hefur í Iðnskólanum í Reykjavík um árabil er ætluð nemendum sem til skamms tíma hlutu eingöngu þjónustu í sérskólum á borð við Öskjuhlíðarskóla. Þetta starf lofar góðu og er í raun orðið stefnumarkandi í þjónustu við slíka nemendur. Hliðstæðri deild var komið á við Iðnskólann í Hafnarfirði á þessu hausti og fleiri fjölbrautaskólar hafa sett upp svipaðar deildir. Slíkar starfsdeildir eru með námstilboð sem gera nemendum með greindarskerðingu og seinfærum nemendum kleift að afla sér þekkingar sem nauðsynleg er til sjálfstæðrar búsetu á fullorðinsárum, en veita einnig undirbúning fyrir einföld störf á almennum vinnumarkaði. Mikil aukning hefur orðið á námstilboðum af þessu tagi og í nýju frv. til laga um framhaldsskóla mun það fest enn frekar í sessi.

[15:29]

Ingibjörg Sólrún Gísladótti:

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra tiltölulega ítarlegt svar miðað við þann stutta tíma sem hann hefur til að svara fyrirspurnum hér. Það er auðvitað ljóst og vitað að það hefur ýmislegt verið gert og talsvert hefur þokast áfram í málefnum fatlaðra sl. áratug enda hefur þeim málaflokki verið gefinn sérstakur gaumur.

Ég hjó hins vegar eftir því í máli ráðherra að hann ræddi meira um sérdeildir og skipulögð almenn úrræði sem eru í boði fyrir fatlaða í ýmsum skólum, bæði í grunnskólanum og framhaldsskólanum, en minna um þessa einstaklingsbundnu aðstoð sem nemendur þurfa. Það var kannski það sem ég var að reyna að fiska eftir í inngangsorðum mínum hér áðan, þ.e. hvort það væru einhverjar almennar reglur í gildi um það hvaða aðstoð skólinn getur veitt, hvort það sé eitthvert þak á þeim málum og hver beri þá líka ábyrgð á því að nemandi fái þá aðstoð sem hann þarf á að halda. Því eins og ráðherra sagði réttilega, þá eru lög á þann veg að fatlaðir eigi að geta stundað nám við hlið ófatlaðra jafnt í grunnskóla sem framhaldsskóla.

Þá vaknar auðvitað líka sú spurning hversu hæfir kennarar eru og hversu vel kennarar eru í stakk búnir til þess að taka á móti og veita fötluðum nemendum fræðslu, hvort þeir hafa lært að kenna fötluðum eða sinna þeim. Og ég held reynar að þetta snúi kannski ekki síður að sérskólunum og háskólanum. Við verðum að gera ráð fyrir því að þetta fólk komi líka upp á háskólastigið og ég hef óljósan grun um að það hafi minna verið gert þar heldur en víða annars staðar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að sinna þessum málum mjög vel og sinna menntun fatlaðra mjög vel vegna þess að við sjáum það á vinnumarkaðinum að staða þeirra er mjög erfið og þar hefur atvinnuleysi aukist verulega. Ég held að aukin menntun gæti aðstoðað þetta fólk.

[15:31]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að ég ræddi í svari mínu meira um þessa skipulögðu þjónustu sem veitt er í skólunum og meira í einstökum skólum en öðrum. Það er rétt hjá fyrirspyrjanda að það kann að vera erfitt fyrir einstaka skóla að sinna umsóknum um skólavist frá fötluðum nemendum ef viðkomandi skóli hefur ekki verið sérstaklega útbúinn til þess að taka við t.d. líkamlega fötluðum nemanda. Þá hefur verið reynt að beina þeim nemendum í þá skóla sem sérstaklega hafa búið sig undir að taka við slíkum nemendum og í framhaldsskólakerfinu nefni ég þar sérstaklega Menntaskólann við Hamrahlíð.

Kennarar eru líka vafalaust misjafnlega við því búnir að sinna þessum nemendum. Það fer að sjálfsögðu eftir því hvers konar fötlun um er að ræða.

Ég legg svo áherslu á það í lokin og tek þar undir með hv. fyrirspyrjanda að það er mikilvægt að sinna þessum nemendum og ég fullyrði að það mun verða fylgst vel með því í menntmrn.

Aðgerðir fyrir ungmenni sem hafa flosnað upp úr skóla.

Fsp. GJH, 223. mál. — Þskj. 248.

[15:33]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 248 er að finna fsp. frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur, sem hljóðar á þessa leið:

„Hverjar voru tillögur starfshóps um samræmdar aðgerðir fyrir ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla, sbr. ályktun Alþingis 12. mars 1991? Til hvaða aðgerða hefur verið gripið í framhaldi af tillögum hópsins?"

Það er kannski eðlilegt að taka málin í þessari röð vegna þess að þessi tillaga var samþykkt og fyrirspurnin tengist þessari samþykkt. En það er þó sama, þar sem þessi mál eru nátengd, í hvaða röð þau eru tekin, mín vegna.

Þessi þál. sem ég er þá að fjalla um hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að beina því til ríkisstjórnarinnar að koma á fót samstarfshópi á vegum ráðuneyta og sveitarfélaga til að gera tillögur um samræmdar aðgerðir sem miði að því að aðstoða ungmenni sem flosnað hafa upp úr skóla. Samstarfshópurinn fjalli einnig um sameiginlegar forvarnir gegn þessum vanda.

Samstarfshópurinn verði skipaður fulltrúum tilnefndum af dómsmála-, félagsmála-, menntamála- og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, stærstu sveitarfélögunum og Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Samstarfshópurinn skili niðurstöðum fyrir árslok 1991."

Þessi tillaga fékk allmikla umræðu og mjög jákvæða er hún var flutt á Alþingi. Og í framhaldi, eins og sjá má, var hún samþykkt, að vísu með nokkuð breyttum texta frá upphaflegri tillögu. Enn eru í fullu gildi þær ábendingar sem komu fram í greinargerð tillögunnar þar sem m.a. kom fram, með leyfi forseta:

„Þau ungmenni, sem lenda í vímuefnum og á vergangi, eru alls ekki öll úr höfuðborginni heldur munu ýmis þeirra vera af landsbyggðinni en hafa leitað að heiman eftir „frjálsræði" og spennu, sbr. upplýsingar í viðtölum við starfsfólk Rauða kross hússins."

Þetta vil ég séstaklega taka fram vegna þess að í þeirri umræðu sem helst hefur verið um þessi mál hefur sjónum einkum verið beint að unglingum hér á höfuðborgarsvæðinu, en það er ekki síður nauðsynlegt að reyna bæði að hafa upp á þessum ungmennum sem hætta í skólum víðs vegar um landið og reyna, eins og þessum samstarfshópi er ætlað, að taka eitthvað á vanda þeirra. Ég inni því hæstv. ráðherra eftir því hvað þessu máli líður.

[15:37]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Í framhaldi af þeirri þáltill. sem hér var getið um fór forsrn. þess á leit að félmrh. hefði frumkvæði að skipan starfshópsins. Nefnd um úrbætur á aðstæðum ungmenna sem flosna upp úr skóla var skipuð af félmrh. 16. sept. 1991. Nefndin hélt 7 fundi og skilaði áliti til félmrh. 18. febr. 1992.

Starfshópurinn leggur fram nokkrar tillögur sem heyra undir skólamál. Þannig leggur hópurinn til að við stærri skóla starfi umboðsmenn nemenda. Lagt er til að heildarskráning nemenda verði á ábyrgð og undir eftirliti einnar stofnunar og skráning tíðari en nú er. Jafnframt verði forgangsverkefni að tölvuvæða nemendaskrá grunnskóla. Einnig er í álitinu lagt til að sveigjanleiki í námi verði aukinn og gert ráð fyrir mismunandi námshraða í efri bekkjum grunnskóla, verknámskennsla verði aukin og boðið upp á fjölbreyttara námsval. Segir í álitinu að þessi úrræði geti komið í veg fyrir uppgjöf margra nemenda sem standi ekki undir þeim bóknámskröfum sem nú séu gerðar. Nefndin leggur auk þess til að komið verði á virkara foreldrastarfi m.a. með því að gera foreldra að svokölluðum bekkjartenglum og styrkja með því tengsl foreldra og skóla. Loks er lagt til að komið verði á nemendaverndarráði í skólunum þar sem því verður við komið og reynt að virkja betur og auka samvinnu þeirra aðila sem vinna að málefnum barna og unglinga.

Einn nefndarmanna, fulltrúi menntmrn., skilaði séráliti og þar kemur fram að verið er að koma upp upplýsingakerfi í menntmrn. sem byggist á að skólarnir sendi reglulega nemendaskrá til fræðsluskrifstofa. Þar verði þær færðar í tölvutækt form og sendar ráðuneytinu til frekari vinnslu og varðveislu. Enn fremur kemur fram í álitinu að hingað til hafi verið mikill misbrestur á skráningu þeirra sem ekki sækja skóla. Í séráliti segir síðan að nauðsynlegt sé að fylgst verði betur með nemendum sem hafi lélega ástundun eða mæti ekki og það sé tilkynnt til viðkomandi fræðsluskrifstofu. Tekið er undir þá tillögu nefndarinnar að heildarskráning verði á einni hendi og tíðari en nú er og með nánari upplýsingum frá skólunum. Enn fremur er tekið undir tillögu um sveigjanleika í námi og að efla samstarf foreldra og skóla, svo og að komið verði á námsráðgjöf í 8.–10. bekk grunnskóla. Verkefni skóla eða námsráðgjafa verði m.a. persónuleg ráðgjöf vegna mála sem upp kunna að koma á skólagöngu nemenda, ráðgjöf við val á námi og starfi, náms- og starfsfræðsla, fyrirbyggjandi starf sem byggi á rannsóknum og mati á skólastarfi og stuðningur við nemendur vegna samskipta þeirra við aðra í skólastarfinu.

Þetta eru megintillögurnar. Eins og fram kom hjá mér áðan fól forsrh. félmrh. að hafa frumkvæði í málinu. Engu að síður upplýsi ég að þegar er verið að vinna í menntmrn. í anda nokkurra af tillögum starfshópsins. Þannig hefur í menntmrn. verið unnið að því að koma upp betra upplýsingakerfi sem m.a. á að taka við nemendaskrám frá fræðsluskrifstofum. Í skýrslum nefndar um mótun menntastefnu er lagt til að komið verði á námsaðgreiningu í efstu bekkjum grunnskólans, svipað og starfshópurinn leggur til, og þróunarstarf í þá veru er á framkvæmdaáætlun ráðuneytisins.

Nefndin leggur einnig til aukna áherslu á vandað framboð verk- og listgreina á unglingastigi þannig að komið verði betur til móts við nemendur sem ekki hneigjast til bóknáms. Námsráðgjafi í unglingadeildum grunnskóla er málefni sem er ofarlega á verkefnalista ráðuneytisins. Fyrir liggur að móta stefnu um fyrirkomulag námsráðgjafar til framtíðar en sl. þrjú ár hafa verið starfandi námsráðgjafar í tilraunaskyni í nokkrum skólum. Ljóst er að aukin áhersla á náms- og starfsráðgjöf á unglingastigi miðar að því að styrkja sjálfsmynd nemenda og gera þá smám saman færa um að taka ábyrgar stefnumótandi ákvarðanir um eigið líf. Námsráðgjöf í skólum er hluti af stoðkerfi skólanna.

Í tillögum nefndar um mótun menntastefnu er bent á að stoðkerfi skólanna þarf að vera skipulagt sem heild þar sem einn þáttur styður annan. Þannig heyrir undir stoðkerfi skólanna regluleg upplýsingamiðlun milli heimila og skóla um stöðu og námsframvindu nemenda, aukið vægi á hlutverk umsjónarkennara og gott samstarf við foreldra á öllum sviðum, þ.e. um einstaklinginn, bekkjardeildina og stefnumið skólans í heild.

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er nauðsynlegt í þessari umræðu að vekja athygli á því að nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði og skilaði áliti á þessu ári, varðandi framtíðarskipan mála í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi, lagði til á sínum tíma að í Reykjanesi yrði stofnaður grunnskóli sem sérstakt úrræði fyrir unglinga á aldrinum 14–16 ára sem talið er að þurfi að skipta um umhverfi af ýmsum félagslegum ástæðum. Þessi tillaga byggðist m.a. á því mati forstöðumanns kennsludeildar fræðsluskrifstofu Reykjavíkurborgar að í ár þyrftu um 2.400 nemendur í Reykjavík sérkennslu vegna erfiðleika af ýmsu tagi. Af þessum nemendahópi eiga 800 nemendur m.a. í örðugleikum vegna félagslegs vanda af ýmsu tagi og af þeim eru um þriðjungurinn í 8.–10. bekk grunnskólans. Það er mat forstöðumanns kennsludeildarinnar að þessir nemendur hefðu gott af því að komast í öruggt umhverfi þar sem friður gæfist til náms og fengju aðstoð við að byggja upp sterkari sjálfsmynd, alveg eins og við höfum hugsað okkur í þessum tillögum varðandi framtíð Reykjanesskólans. Þess vegna harma ég það enn að það skuli hafa verið ákvörðun menntmrn. á einni ögurstund að slá af þessa góðu hugmynd, sem þarna hefði getað komið til móts við þá nemendur sem hér er verið að fjalla um.

[15:43]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum um hvað sé hægt að gera í málefnum ungmenna sem hafa flosnað upp úr skóla þá er Reykjanesskólinn vissulega einn af þeim möguleikum sem nefnd, sem hefur unnið að því máli, hefur bent á. Ég vil einnig nefna það að í þessari úttekt sem síðasti ræðumaður minntist á að nefndin hefði skilað til félmrn. er rætt um vandað framboð verk- og listgreina og það er einmitt eitt af þeim atriðum sem ekki hefur verið unnið að. Það hefur ekki verið sú stefnumótun í gangi að það væri hægt að bjóða fram verk- og listgreinar í meira mæli heldur en verið hefur, heldur hefur samkvæmt stefnu ríkisstjórnarinnar, með samdrætti í þessum málum, þá hefur það einmitt bitnað á verk- og listgreinum. Þannig að þrátt fyrir fögur orð þá er sífellt dregið úr því sem gæti talist vera framboð í þessum skólum í verk- og listgreinum.

[15:44]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra greið svör. Þar sem hálft annað ár er síðan niðurstöður nefndarinnar lágu fyrir, ef ég tók rétt eftir, 18. febr. 1992, þá langar mig til að inna hæstv. ráðherra eftir því, í framhaldi af þessum upplýsingum, hvort það sé ljóst á hve árangursríkan hátt er hægt að fylgjast með þeim ungmennum sem flosna upp úr skóla, því vissulega hefur það verið hluti af vandanum í þessum efnum að hafa upp á því hvar þessir unglingar eru, hverjir þeir eru og hversu margir þeir eru.

Í öðru lagi langar mig til þess að taka undir með hv. síðasta ræðumanni að list- og verkmenntagreinar eru mjög mikilvægar og það gat ráðherra einnig um í sínu svari. Mér þykir þetta einkum mikilvægt þar sem ljóst er að þessar greinar hafa orðið mjög fyrir barðinu á þeim niðurskurði sem verið hefur í skólakerfinu undanfarin tvö ár og verður haldið áfram núna. Með því að þrengja að í skólakerfinu vantar okkur þann grunn sem við síðan ætlum okkur að byggja á með því að hafa markvissar aðgerðir til þess að halda unglingum í skóla, bjóða þeim upp á fjölbreytt og gott nám af ýmsu tagi og við hæfi hvers og eins og eftir getu og hæfileikum hvers og eins. Ef þetta er ekki undirbyggt frá upphafi þá er tómt mál að tala um það að fara að taka sig til í 8., 9. eða 10. bekk grunnskóla og ætla að bæta um betur, enda hefur því miður ekki örlað eins á því og æskilegt væri.

Í þriðja lagi langar mig að fylgja því aðeins eftir að hér eru um afskaplega fjölbreyttan hóp að ræða. Ég hafði hugsað mér í fyrri framsögu minni að taka bæði fyrir börnin í þéttbýlinu, sem búa við margvíslegan og aukinn vanda sem fylgir stórborgarskipulagi, og einnig þann vanda sem fylgir þeirri byggðaþróun sem hefur valdið flótta af landsbyggðinni þar sem nokkurt rót hefur orðið eftir atvinnuástandi staða. Það þarf að vera hægt að leita lausna eftir aðstæðum í hverjum landsfjórðungi fyrir sig, auk sértækra lausna fyrir þau ungmenni sem eiga við sérstakan vanda að stríða. Ef þetta er ekki gert, þá erum við í miklum og vaxandi vanda.

[15:47]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Við ræddum fyrir stuttu tillögur nefndarinnar sem falið var að gera tillögur um málefni Reykjanesskóla við Djúp. Ég ætla ekki að endurtaka neitt af því sem ég sagði þá, en það er misskilningur hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni þegar hann segir að það hafi verið ákvörðun menntmrn. eða menntmrh. að slá af tillögur nefndarinnar. Það sagði ég ekki. Ég sagði að ráðuneytið væri ekki tilbúið að fallast á tillögurnar, þær þyrftu frekari athugunar við og væru liður í þeirri stefnumótun sem nú er unnið að af hálfu nefndarinnar sem er að endurskoða bæði grunn- og framhaldsskólalöggjöfina. Það liggur því engin ákvörðun fyrir um að þessum tillögum hafi endanlega verið hafnað. Það er misskilningur.

Um verk- og listgreinar vil ég aðeins segja að það er fullur skilningur á því að það þarf að auka námsframboðið og það er sérstakt áhersluatriði einmitt í starfi menntastefnunefndarinnar og lögð sérstök áhersla á að kennsla í verk- og listgreinum verði aukin.

Að lokum um hvernig fylgst verði með þeim unglingum sem flosna upp úr skóla, þá er treyst þar á bætt skráningarkerfi sem ég gat um áðan að væri verið að koma upp í skólunum og fræðsluskrifstofum landsins.

Forvarnir í skólum.

Fsp. GJH, 222. mál. — Þskj. 247.

[15:49]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fsp. sem er að finna á þskj. 247, um forvarnir í skólum. Hún er einnig frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur. Mér þykir miður að hún skuli ekki hafa getað mælt fyrir fsp. sjálf, en mun reyna að koma því efni til skila sem hún ber fyrir brjósti. Fyrirspurnin er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hefur ráðherra hugsað sér að auka forvarnir í skólum til þess að hamla gegn neyslu vímugjafa og vinna móti auknu ofbeldi?"

Virðulegi forseti. Ég vil enn vísa til þeirrar tillögu sem samþykkt var á Alþingi, þetta eru náskyld mál. Þarna er í rauninni verið að takast á við það á hvern hátt skólarnir eru í stakk búnir til þess að glíma við vanda þeirra sem minnst mega sín í skólakerfinu.

Ég vil í fyrsta lagi geta þess að forvarnastarf í skólum er mjög mikilvægt til þess að stemma stigu við því að ungmenni flosni upp úr skólum.

Í öðru lagi getur það haft örlagarík áhrif á samfélagið á hvern hátt tekst til í skólum og ég vil sérstaklega geta þess að það eru ekki mjög góð teikn á lofti um samdrátt í forvarnastarfi í skólum. Má m.a. nefna námsefnið „Að ná tökum á tilverunni" sem hefur verið kennt með býsna góðum árangri á undanförnum árum, einkum í efri bekkjum grunnskóla. En vegna samdráttar í skólakerfinu hafa æ fleiri haldið að sér höndum. Þarna hefur í rauninni þurft að treysta á skilning sveitarfélaga, svo og getu og tíma kennara til þess

að takast á við þetta erfiða en mæta kennsluefni. Ég vil einnig minna á tillögu sem hv. þm. Jón Helgason var 1. flm. að á 115. löggjafarþingi, um velferð barna og unglinga. Sú tillaga var samþykkt þann 9. maí 1992 og var um þetta sama efni og hér er spurt um, hvernig verði hægt að grípa til forvarna vegna vaxandi ofbeldis hjá unglingum og aukinni neyslu vímugjafa.

[15:52]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Samkvæmt aðalnámsskrá grunnskóla frá 1989 ber grunnskólum að sinna fíknivörnum og er sú fræðsla liður í heilbrigðisuppeldi innan skólanna. Í aðalnámsskránni er lögð áhersla á forvarnastarf sem beinist að því að gera einstaklinginn hæfari til þess að lifa í nútímaþjóðfélagi. Þannig er t.d. lögð áhersla á færni í mannlegum samskiptum, að auka sjálfstraust og stuðla að góðri sjálfsmynd hvers og eins svo hann sé betur í stakk búinn til að standast þrýsting frá jafnöldrum um að neyta vímuefna.

Þá segir einnig í aðalnámsskrá að hlutverk skólans sé að efla félagslegan og siðferðilegan þroska nemenda, m.a. með því að nemendur temji sér samskiptareglur sem byggja á tillitssemi, umhyggju, kærleika og sáttfýsi. Kennsluefni sem byggist á því að styrkja nemendur þannig að þeir taki sjálfir ákvarðanir sem varðar líf þeirra er afar mikilvægur þáttur í forvarnastarfi. Árið 1990 kom út hjá Námsgagnastofnun námsefnið „Að ná tökum á tilverunni", oft kallað Lions Quest, ætlað 12–14 ára nemendum. Námsefnið var þýtt úr ensku og gefið út að tilstuðlan Lions-hreyfingarinnar og menntmrn. og fellur mjög að þeim áherslum sem birtast í aðalnámsskrá. Á vegum Lions og menntmrn. eru haldin sérstök sumarnámskeið fyrir kennara sem hyggjast nota efnið í kennslu. Alls hafa 615 grunnskólakennarar sótt námskeið. Menntmrn. veitir kennurum sem sótt hafa námskeið ýmsa þjónustu auk þess sem það kostar verkefnisstjórn sem lýtur að námsefninu og notkun þess hér á landi. Um 4.500 nemendur í 72 grunnskólum vinna með efnið Lions Quest skólaárið 1993–1994, en efnið er nú notað í yfir 20 þjóðlöndum.

Styrkur einstaklinga til þess að standast þrýsting annarra byggist að einhverju marki á samskiptahæfni þeirra. Kennsluefni sem tekur slíkt til umfjöllunar er vel fallið til forvarnastarfs. Á síðasta ári gaf Námsgagnastofnun út námsefnið „Samvera" eftir Sigrúnu Aðalbjarnardóttur og Árnýju Elíasdóttur, byggt á rannsóknum Sigrúnar á samskiptahæfni barna. Efnið hentar 7–12 ára börnum. Eitt af markmiðum þess er að hlúa að samskiptahæfni skólabarna, þ.e. hæfni þeirra til að setja sig í spor annarra og rækta með þeim tillitssemi og virðingu bæði fyrir náunganum og sjálfum sér. Í námsefninu „Samvera" og „Að ná tökum á tilverunni" er lögð rík áhersla á þátttöku foreldra í námi barna sinna og samvinnu þeirra við skólann. Það er og grundvallaratriði í aðalnámsskrá frá 1989 að fíknivarnir í grunnskóla skuli byggja á samstarfi heimila og skóla. Agi, reglur, takmarkanir, almennir mannasiðir, góð dómgreind og náungakærleikur svo að eitthvað sé nefnt eru þættir mannlegrar tilveru sem eiga að hafa vettvang innan fjölskyldunnar. Skólinn einn og sér getur aldrei komið í stað heimilanna hvað þetta varðar.

Mikilvægt er að leggja enn frekari áherslu á uppbyggingu jákvæðrar sjálfsmyndar nemenda innan skólakerfisins og að auka samskiptahæfni grunnskólabarna. Slíkt er ógerningur án náins samstarfs við heimilin.

Nefnd um mótun menntastefnu sem nú vinnur að lokaskýrslu um endurskoðun skólalöggjafarinnar hefur lagt áherslu á að efla samstarf heimila og skóla. Menntmrn. hefur þegar átt gott samstarf við foreldrasamtök í landinu, en betur má ef duga skal. Aukið samstarf og bættur skilningur milli heimila og skóla er eitt stærsta verkefnið sem við stöndum frammi fyrir í málefnum grunnskólans. Það er afar vandasamt að ala upp fólk til flókins samfélags tæknialdar og íslenskri þjóð veitir ekki af að sameina krafta allra ábyrgra aðila til að leysa það verkefni sem best úr hendi.

[15:56]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greið svör hans. Ég get tekið undir með honum að því leyti sem lýtur að markmiðum og einnig að því leyti sem lýtur að þeim aðferðum sem við höfum og möguleikum til þess að sinna þessu. En ég vil gera þá athugasemd að það er undir sveitarfélögum komið hvort þetta námsefni „Að ná tökum á tilverunni" er kennt eða ekki. Þar sitja því miður ekki öll börn á landinu við sama borð, vegna þess að víða hefur verið hafður sá háttur á að sveitarfélög greiða eina kennslustund og gera skólum að leggja aðra til af skólatíma til þess að geta sinnt þessu kennsluefni. Þetta kennsluefni er krefjandi fyrir börn, foreldra og kennara og því held ég að það sé full ástæða til þess að gera þá kröfu að öll börn eigi kost á að njóta þessa námsefnis.

Jafnframt fagna ég því frumkvæði og því efni sem komið hefur frá einstökum aðilum innan skólakerfisins. Það eru margir sem bera þetta efni fyrir brjósti, en ef vel á að vera á þetta að vera réttur og eðlilegur þáttur skólastarfs alls staðar á landinu. Við þurfum að fella þetta inn í skólastarf og gera þá kröfu að þetta sé hluti af því námsefni sem börnum er ætlað að tileinka sér og fylgt er eftir með samstarfi kennara og foreldra.

Ég vil einnig taka það fram að nú er verið að halda ýmsar ráðstefnur um þær hættur sem steðja að unglingum, einelti og ofbeldi af ýmsu tagi. Ég held að það sé almennur vilji í samfélaginu að tekið verði hraustlega á þessu máli og þar verða allir aðilar, ekki síst stjórnvöld að koma að.

Snjómokstur.

Fsp. JHall, 59. mál. — Þskj. 62.

[15:59]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 62 flytur Jónas Hall-

grímsson eftirfarandi fyrirspurnir til samgrh. um snjómokstur:

„1. Eru uppi áform um bætta þjónustu Vegagerðar ríkisins við einangraða staði á Austurlandi með fjölgun snjómokstursdaga?

2. Telur samgönguráðherra ekki tímabært að þjóðvegur 1 um Breiðdalsheiði verði ruddur ákveðna daga í viku hverri líkt og aðrir fjallvegir á hringveginum?

3. Hver eru áform um snjóruðning milli Norður- og Austurlands (Mývatnsöræfi og Möðrudalsfjallgarða) á næsta vetri?"

Núverandi reglur byggja að meginhluta á ákvörðun þáv. hæstv. samgrh. Steingríms J. Sigfússonar frá í mars 1991. Töluverðar vegaframkvæmdir hafa átt sér stað að undanförnu á fjallvegum á Austurlandi sem ætti að gefa tilefni til rýmkunar á þessum reglum. Fyrst og fremst er átt við þá staði á Austurlandi sem við mesta vetrareinangrun búa. Til Norðfjarðar er mokað þrjá daga í viku en á Oddsskarðsvegi hafa staðið yfir miklar vegabætur undanfarin tvö ár. Sömu reglur gilda um Fjarðarheiði til Seyðisfjarðar, þrír dagar í viku hverri, þrátt fyrir mikla uppbyggingu vegar um heiðina á þessu ári. Til Borgarfjarðar eystri er aðeins mokað einu sinni í viku og til Vopnafjarðar er alls ekki mokað, nýjan og vel uppbyggðan veg um Hellisheiði, nema í undantekningartilfellum. Fyrir liggur að fjölgun snjómokstursdaga úr t.d. þremur í alla daga fylgir óverulegur kostnaður, sbr. greinargerð umdæmisstjóra Vegagerðar ríkisins á Austurlandi, um Norðfjörð og Seyðisfjörð, um 2,5 millj. kr. aukning miðað við meðaltal síðustu þriggja vetra.

Enn eru engar snjómokstursreglur um veginn á Breiðdalsheiði og virðist opnun hennar vera mjög á reiki og er rétt að hér komi fram að m.a. hefur Breiðdalshreppur séð sig knúinn til að láta opna heiðina í einhver skipti á góðviðrisköflum á vetrum. Hér er um mikið hagsmunamál vegfarenda á leiðinni Egilsstaðir–Höfn að ræða og leggja heimamenn ríka áherslu á að komið verði á reglubundnum snjóruðningi um Breiðdalsheiði.

Rétt er að fram komi að Vegagerðin hefur sýnt nokkurn sveigjanleika í seinni tíð, en engu að síður skortir hér alfarið reglur. Það er mjög mikilsvert að vita hvaða áform eru uppi um að halda leiðinni til Norðurlands og Austurlands opinni í vetur og þá hvort búið sé að móta einhverja framtíðarstefnu í þeim efnum. Engar reglulegar skipasamgöngur eru nú milli þessara landshluta og þarf því ekki að fjölyrða um mikilvægi þessa vegna almennra samskipta og viðskiptahagsmuna.

[16:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrirspurnin er í þrem tölusettum liðum, en áður en ég vík að þeim mun ég fara nokkrum orðum um snjómokstursreglur almennt.

Endurskoðun sjómokstursreglna hefur gjarnan farið fram með 2–4 ára millibili undanfarin ár. Núgildandi reglur eru frá því í mars 1991 og m.a. af þeim sökum verða þær endurskoðaðar nú á næstu vikum. Ég hef falið Vegagerðinni að vinna að endurskoðuninni og er út frá því gengið að nýjar reglur taki gildi síðar í vetur og er undirbúningur þess raunar vel á veg kominn. Endurskoðunin mun leiða til aukinnar þjónustu eins og jafnan áður, en ég tel ekki rétt að víkja sérstaklega að þeim málum frekar. Auk þess sem snjómokstursreglur hafa verið endurskoðaðar með reglulegu millibili eru stundum gerðar breytingar sem eru staðbundnar ef ástæður í samgöngum hafa breyst til viðkomandi héraða. Tvö dæmi um þetta má nefna á því svæði sem fsp. tekur til. Á sl. vetri var tekinn upp snjómokstur á leiðinni milli Norður- og Austurlands. Að sumu leyti var það vegna þess að strandferðir höfðu fallið niður milli Norður- og Austurlands, reglulegar eins og áður hafði verið í báðar áttir, en líka vegna hins að samgöngur hafa breyst og sú þörf sem er fyrir viðskiptaþjónustu, gagnkvæm viðskipti milli fjórðunganna, hefur vaxið og af þeim sökum er óhjákvæmilegt að reyna að halda leiðinni opinni. Af sömu ástæðum var þjónusta aukin við Borgarfjörð eystri vegna þess að strandferðir höfðu fallið niður. Þangað var áður opnað einu sinni í viku, en nú er það gert tvisvar meðan sjóþyngsli eru innan hóflegra marka. Í báðum tilvikum er reiknað með að þessi tilhögun haldist á vetri komandi.

1. tölul. fsp. hljóðar svo:

„Eru uppi áform um bætta þjónustu Vegagerðar ríkisins við einangraða staði á Austurlandi með fjölgun snjómokstursdaga?"

Um þetta vil ég segja að ég hef áður svarað því sem tekur til Borgarfjarðar eystri en vil bæta því við að í vetur verður Vopnafjarðarheiði opnuð í tengslum við mokstur á Möðrudalsöræfum. Þjónusta við aðra staði sem spurningin gæti tekið til verður til umfjöllunar við endurskoðun reglnanna.

Í öðru lagi er spurt: „Telur samgrh. ekki tímabært að þjóðvegur 1 um Breiðdalsheiði verði ruddur ákveðna daga í viku hverri líkt og aðrir fjallvegir á hringveginum?"

Í snjómokstursreglum er meginreglan að tengja saman þéttbýlisstaði eftir einni leið. Í sumum tilvikum væri hægt að velja styttri leiðir en nú er gert til einstakra staða, en vegna kostnaðar er lengri leiðin látin nægja. Þannig er aðalreglan að moka milli Egilsstaða, Reyðarfjarðar og suður með fjörðum, en ekki einnig um Breiðdalsheiði, sem er þó 58 km styttri leið. Viðbótarmokstursleið yrði 64 km ef báðar leiðir væru opnaðar. Á undanförnum árum hefur heiðin þó verið mokuð af og til þegar snjólétt er, en þetta hefur ekki verið reglubundin þjónusta. Hvort breyta eigi þessari þjónustu í reglubundna er atriði sem rétt er að taka til athugunar við áðurnefnda endurskoðun, en ég vek athygli á að hér er ekki um einangrað tilvik að ræða. Ég get tekið sem hliðstæðu veginn yfir Fljótsheiði og auðvitað er spurningin hversu langt eigi að ganga í því að halda heiðum opnum ef hægt er að komast fram hjá þeim, ég tala nú ekki um ef vetur eru snjóþungir.

Þriðja spurningin er: „Hver eru áform um snjóruðning milli Norður- og Austurlands (Mývatnsöræfi og Möðrudalsfjallgarða) á næsta vetri?"

Eins og ég nefndi áður verður mokstur með sama

hætti og á sl. vetri. Mokað er tvo samliggjandi daga og er gert ráð fyrir að vegurinn sé opinn á miðvikudögum og fimmtudögum. Þessi tilhögun var tekin upp í fyrra og gekk allvel þó að leiðin sé löng og í mikilli hæð yfir sjó og því háðari veðurfari en styttri og lægri fjallvegir. Í vetur verður einnig reynt að opna Vopnafjarðarheiði sömu daga.

[16:07]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgrh. boðar hér endurskoðun á snjómokstursreglum síðar í vetur. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra að taka þar stórt á, því snjór er fyrirstaða sem kemur vegfarendum jafnilla sem annað og hefur auðvitað kostnað í för með sér. En það er hin raunverulega þjónusta sem máli skiptir, að leiðirnar séu opnar.

Sú bragarbót er boðuð frá því sem var í fyrravetur að Vopnafjarðarheiði verði opnuð í tengslum við mokstur um Möðrudalsöræfi og það er vissulega vel.

Varðandi aðrar leiðir á Austurlandi þá er Breiðdalsheiði einn þröskuldurinn. Ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að marka um það reglur sem rýmki frá núverandi horfi, þannig að þessi fjallvegur verði opinn þegar yfirleitt eru ekki mikil snjóþyngsli. Eins og oft háttar til má með litlum tilkostnaði opna þann fjallveg. Síðan eru það Fjarðarheiði og um Oddsskarð sem kallað er. Þar liggur það nú fyrir eftir miklar vegabætur að unnt er að halda þessum leiðum opnum alla daga vikunnar með litlu meiri tilkostnaði heldur en það er að opna þar þrisvar í viku og af því hljóta menn að draga ályktanir. Ég vona að það endurspeglist í ákvörðunum ráðherrans síðar í vetur.

[16:08]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin, en vil koma aðeins nánar að nokkrum atriðum í svörum hans. Ég vil hvetja til þess varðandi endurskoðun snjómokstursreglna að þeim verði hraðað svo að þær nýju reglur taki gildi að vetri en ekki að sumri. Það er til lítils gagns ef þessar reglur taka ekki gildi fyrr en einhvern tíma seinni partinn í vetur, þannig að það er nauðsynlegt að hraða þeirri endurskoðun sem er í gangi og er vel að hún er í gangi.

Ég vil nefna það sérstaklega að einmitt opnunin um Möðrudalsöræfi í fyrravetur, sem var góðra gjalda verð og er mikill fengur að, kallar auðvitað á kröfur um opnun t.d. á fjallvegi eins og Breiðdalsheiði, sem styttir vegalengd milli Egilsstaða og Hafnar um 60 km. Auðvitað kallar opnun á vegi eins og Vopnafjarðarheiði einnig á veginn um Hellisheiði, sem er miklu styttri, styttir leiðina um eina 80 km. Það kemur auðvitað krafa um að opna þessar stuttu leiðir sem stytta ferðatímann svo verulega. Þá er ég að tala um í venjulegu árferði eða þegar snjóalög eru ekki mjög mikil.

Ég vil einnig minna á það sem kom fram í upphafsorðum mínum að það hafa orðið miklar vegabætur, bæði á Fjarðarheiði og Oddsskarði, sem kallar auðvitað á endurskoðun þessara snjómokstursreglna og endurmat, því það er ekki um sama hlut að ræða núna og var fyrir tveimur árum, sem betur fer.

[16:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það sé ekki aðeins eðlilegt heldur nauðsynlegt að endurskoða snjómokstursreglur sem gilda um Fjarðarheiði og Oddsskarð og aðrar sambærilegar heiðar þar sem við búum nú við mun betri vegi en áður til þess að greiða fyrir öryggi og samgöngum á viðkomandi stöðum. Ég er fullkomlega sammála þeim sjónarmiðum.

Á hinn bóginn finnst mér svolítið undarlegt þegar því er haldið fram að ekki megi opna leiðina milli Norðurlands og Austurlands nema um leið séu mokaðar Breiðdalsheiði og Hellisheiði. Við erum auðvitað ekki að tala um sama fólkið og ég sé satt að segja ekki hvaða rök geti verið fyrir því að ef ekki er mokað milli Norður- og Austurlands að þá megi ekki moka Hellisheiðina. Þannig að mér fundust þessar röksemdir hálfskrýtnar. Við erum að reyna að nýta þá peninga sem best sem við höfum til vegamála og auðvitað hlýtur það að vera svo um heiðar sem eru illa vegaðar, að eðlilegt er að gera tilraun til að moka á meðan snjólétt er og auðgert að moka. Hins vegar sitjum við alltaf uppi með ákveðna fjallvegi sem við ráðum ekki við að halda opnum, t.d. á vorin í leysingum eða í miklum snjóum. Ég get vel bætt við heiði eins og Lágheiði til þess að nefna enn eitt dæmi af slíku tagi.

Framkvæmdir og rekstur á Egilsstaðaflugvelli.

Fsp. JHall, 60. mál. — Þskj. 63.

[16:12]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 63 flytur Jónas Hallgrímsson fsp. til samgrh., um framkvæmdir og rekstur á Egilsstaðaflugvelli.

„1. Hvað kostar að búa Egilsstaðaflugvöll þeim tækjum sem nauðsynleg eru til að hin nýju mannvirki nýtist að fullu og hvenær er ráðgert að framkvæmdum ljúki?

2. Hvað líður áformum um sólarhringsvakt á Egilsstaðaflugvelli?“

Þó að nýr flugvöllur hafi verið tekinn í notkun á Egilsstöðum er ljóst að framkvæmdum og nauðsynlegum tækjakaupum er ekki enn þá lokið svo að þessi þarfa framkvæmd nýtist að fullu. Fyrir það fyrsta er brýn nauðsyn á kaupum og uppsetningu nýs aðflugshallasendis. Við núverandi aðstæður geta flugvélar í blindflugi að vellinum farið niður að 470 fetum. Ef og þegar nýr og fullkomnari sendir kemur verður þetta lágmark fært niður í 270 fet sem þýða víst ein 200 fet við brautarendann. Það er talið mjög brýnt að komið sé á 24 klukkustunda vakt í flugturni og/eða hjá slökkviliði flugvallarins, en tækjabúnað þess verður áreiðanlega að bæta og endurnýja. Koma verður á reglulegri veðurspá fyrir flugvöllinn. Um þessar mundir er 12 tíma spá, en þyrfti að vera langtímaspá.

Auk þess að vera varaflugvöllur fyrir íslenskt milli-

landaflug er vitað um áhuga flugrekstraraðila í Færeyjum að nota fremur Egilsstaðaflugvöll sem varavöll fyrir Vogar heldur en Bergen í Noregi, sem nú er varaflugvöllur fyrir Færeyjar. Verður það bæði skemmri flugtími og aukin hagkvæmni. Meiri tæknivæðing og fullkomnari aðstæður eru kröfur tímans og eflaust skortir margt í þessari upptalningu svo að þessi nýi flugvöllur komi að fullum notum. Kemur mér t.d. í hug radar, en næsti landradar er á Gunnólfsvíkurfjalli, sem er í mínum huga í órafjarlægð. Þá er talað um að endurnýja þurfi tæki í flugturni, sérstaklega segulband og annað sem lýtur að daglegum rekstri og komið er til ára sinna.

[16:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég skildi það svo á ræðu fyrirspyrjanda að honum væri kunnugt um það að ýmis öryggistæki vanti á flugvelli úti á landi. Ástæðan er auðvitað sú að á undanförnum árum hefur verið lögð meiri áhersla á aðra hluti, sem ég skal ekki rekja hér, og má auðvitað telja upp ýmis tæki í því sambandi, ekki aðeins á Egilsstaðaflugvelli heldur í öðrum landsfjórðungum einnig.

Fyrstu spurningunni svarar Flugmálastjórn svo: Fyrirspyrjandi á væntanlega við aukinn tækjabúnað vegna snjóhreinsunar og brunavarna til þess að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru fyrir millilandaflug með stærri þotum allan ársins hring. Snjóhreinsibúnaður sem þarf að lágmarki að vera fyrir hendi er eftirfarandi:

Flugbrautarsópar, 15 millj. kr., tillaga um fjárveitingu 1993 stendur hér. Snjóblásari, 17 millj., 1995. Dráttarbifreið, 10 millj., 1995. Snjótönn, 3 millj., 1995. Samtals 45 millj. kr.

Keyptur hefur verið nýr flugbrautarsópur sem er á leið til landsins. Samið hefur verið um leigu á nýjum snjóblása til 15. janúar 1995 með kauprétti eftir það og kemur tækið til landsins í desember nk. Flugmálastjóri hefur til athugunar leigu á dráttarbifreið, vörubifreið, þar til fjárveiting 1995 leyfir kaup. Flugmálastjórn hefur einnig til athugunar hvernig hægt er að fjármagna kaup á nýrri snjótönn jafnvel á þessu ári. Gömlu tækin sem nú eru fyrir hendi á flugvellinum verða einnig notuð að hluta, en þó aðallega sem varatæki.

Eins og að ofan getur er um að ræða lágmarksbúnað. Mjög æskilegt er að allur snjóhreinsibúnaður sé tvöfaldur. Því þyrfti að útvega annan flugbrautarsóp þannig að hægt sé að hreinsa brautina þótt annað tækið bili.

Þær auknu brunavarnir sem til þarf við komu stærri farþegaþotu eru í dag leystar með viðbótartækjabúnaði frá brunavörum Fljótsdalshéraðs í hverju tilfelli. Enn fremur standa yfir viðræður milli Flugmálastjórnar og brunavarna Fljótsdalshéraðs um rekstur sameiginlegs slökkviliðs þessara aðila sem staðsett yrði á Egilsstaðaflugvelli.

Ég vil síðan bæta því við að mér mun á allra næstu dögum, jafnvel strax á morgun, berast tillaga Flugmálastjórnar um flugmálaáætlun næstu ára sem síðan verður lögð fyrir Alþingi.

Síðari spurningin er svohljóðandi: „Hvað líður áformum um sólarhringsvakt á Egilsstaðaflugvelli?“

Þetta mál hefur líka verið til athugunar og umræðu. Hér erum við ekki að spyrja um hvort sólarhringsvakt verði tekin upp á Egilsstöðum heldur hvenær.

[16:18]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. þau svör sem hann hefur veitt hér og þau sýna að það er unnið að því að afla tækja til þess að reka þetta góða mannvirki sem komið er upp á Egilsstöðum. Ég vil undirstrika í því sambandi að það er auðvitað nauðsynlegt að búa flugvöllinn sem allra fyrst þannig úr garði að hann þjóni sem millilandavöllur og varavöllur fyrir millilandaflug og það hefur mikla þýðingu í þeirri viðleitni sem áhugi er á Austurlandi og víðar, að reyna að nýta þá miklu fjárfestingu sem þarna er og hefur verið lagt í á undafönum árum til að sækja fram til vaxandi flugsamgangna.

Ég vil hvetja til þess að gert verði átak í þessum efnum, en geri mér auðvitað grein fyrir því að þessi mál koma til kasta Alþingis og samgn. þegar flugmálaáætlun verður lögð fyrir. En ég vil koma hér fram þeim sjónarmiðum að það er náttúrlega afar mikilvægt að völlurinn verði sem fyrst raunverulegur völlur, því lengd flugbrauta er ekki það eina sem skiptir máli í því sambandi, heldur er það sá búnaður og þær vaktir sem eru á þessum flugvelli.

[16:20]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég skildi orð hv. þm. svo að honum fyndist ekki nóg að gert með þeim áformum sem ég lýsti í mínu svari og hvatti til þess að átak yrði gert í þeim efnum að Egilstaðavöllurinn gæti sem fyrst nýst sem varaflugvöllur. Ég er nú satt að segja svolítið undrandi á því ef þingmenn Austurlands eru ekki ásáttir með þá miklu áherslu sem Alþingi hefur einmitt lagt á það að byggja upp varaflugvöll á Egilsstöðum. Til þess þurfti mjög víðtækt pólitískt samkomulag sem náði til allra stjórnmálaflokka og annarra kjördæma einnig. Þannig að mér finnst undarlegt ef þingmenn eru að reyna að draga upp þá mynd að eitthvað hafi staðið á Alþingi eða flugmálayfirvöldum að ráðast í þessa miklu framkvæmd og skil satt að segja ekki hvernig á því getur staðið.

Ef hv. þm. telur á hinn bóginn að sú framkvæmdaröð sem ákveðið hefur verið að ráðast í á Egilsstaðaflugvelli sé önnur en honum þykir rétt vera, þá finnst mér sjálfsagt að taka þær viðræður upp við þingmanninn. En Egilsstaðaflugvöllur hefur notið algerrar sérstöðu og nýtur áfram í flugmálaáætlun. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að þetta komi alveg skýrt fram og ég hef ekki heyrt annað en þingmenn og fólk almennt sé ánægt yfir því hvaða öryggi hann veitir í sambandi við millilandaflug.

Útboð í landpóstaþjónustu.

Fsp. JVK, 214. mál. — Þskj. 239.

[16:22]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Í september sl. fór fram útboð á landspóstaþjónustu í Barðastrandar- og Rauðasandshreppum. Útboðið var á vegum Pósts og síma í Vestfjarðaumdæmi. Útboðsfrestur var til 18. okt. sl. og voru tilboðin sem bárust opnuð þann sama dag. Í útboðslýsingu segir að gera skuli samning til tveggja ára frá 1. des. 1993 til 30. nóv. 1995 að báðum dögum meðtöldum.

Þegar tilboðin voru opnuð kom í ljós að lægsta tilboð í verkið átti Sigríður Sigurðardóttir til heimilis á Patreksfirði. Tilboðið hljóðaði upp á 5 millj. 720 þús. kr. Næstlægsta tilboð átti Guðni Jónasson í Miðgarði í Örlygshöfn og var það 300 þús. kr. hærra.

Nokkrum dögum eftir opnun tilboðanna hafði umdæmisstjóri Pósts og síma á Ísafirði samband við lægstbjóðanda og spyr hvernig hún hafi hugsað sér að leysa póstdreifingu á ófærðartímum og svarar hún því að hún hafi tryggt sér aðgang að snjósleðum ef á þurfi að halda. Hann spurði um afleysingafólk, ef um forföll væri að ræða, og hún kvað eiginmann sinn mundi leysa það. Þriðja athugasemd umdæmisstjórans var að akstursleiðirnar væru ekki við hæfi kvenfólks. Þess má geta að tilboðsgjafinn sem um ræðir er fædd og uppalin á þessum slóðum og þekkir því vegina betur en flestir aðrir.

Í lok október fær síðan lægstbjóðandi það svar að hennar tilboði hafi verið hafnað og hærra tilboðinu tekið. Engar skýringar eru gefnar í bréfinu, en í samtali lægstbjóðanda við umdæmisstjóra Pósts og síma á Ísafirði, þegar lægstbjóðandi bað um skýringar, þá hafði hann uppi efasemdir um það að hún gæti unnið verkið þar sem hún væri kona. Í útboðsgögnum er ekki að finna ákvæði um kynferði tilboðsgjafa, enda með öllu ólöglegt að mismuna fólki á þann hátt.

Nú vil ég að það komi skýrt fram að ég tel ekki vera neitt athugavert við þann aðila sem í þessu tilfelli var svo heppinn að tilboði hans var tekið, annað en það að hann er karlmaður. Hann getur vafalaust leyst verkið vel af hendi. En í tilefni af þessu beini ég þeirri fyrirspurn til samgrh.: Hvers vegna var ekki tekið lægsta tilboði í landpóstaþjónustu við Barðastrandar- og Rauðasandshreppa?

[16:25]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Póst- og símamálastjóri svarar þessari fyrirspurn svo:

„Landpóstaþjónusta frá Paterksfirði, þ.e. í Barðastrandar- og Rauðasandshreppi, var boðin út til tveggja ára 21. sept. sl., með fresti til 18. okt. 1993. Tilboð bárust frá eftirfarandi aðilum: Guðna Jónassyni, Miðgarði, 6 millj. 110 þús. 660 kr., Hauki Valssyni, Bölum 6, Patreksfirði, 7. millj. 501 þús. 650 kr., Sigríði Sigurðardóttur, Brunnum 6, Patreksfirði, 5 millj. 720 þús., Sæmundi Jóhannssyni, Hjöllum 23, Patreksfirði, 6 millj. 976 þús. 330 kr. Ákveðið var að taka tilboði Guðna Jónassonar, Miðgarði.

Ástæður þess að tilboði hans var tekið en ekki því lægsta voru þær að Guðni bauð fram bifreið sem metin var betur búin til erfiðs vetraraksturs ásamt snjósleða og varabifreið, einnig vel búna til aksturs í vetrarófærð. Enn fremur verða tveir starfsmenn hjá Guðna og þriðji aðili til afleysinga ef á þarf að halda. Sigríður nefndi aftur á móti sem afleysingamann eiginmann sinn, en hann er í föstu opinberu starfi og því vart tiltækur fyrirvaralaust eða lítið ef á þyrfti að halda. Einnig bauð hún fram sem varabifreið ótilgreindan bílaleigubíl.

Rétt er að fram komi að um mjög erfitt svæði er að ræða til vetrarferða svo að góður búnaður skiptir öllu máli.

Þá skal enn fremur tekið fram að í þessu útboði, sem öðrum slíkum, var áskilinn réttur til að taka hvaða tilboði sem er. Í því sambandi má upplýsa að ekki hefur verið algilt að tekið væri lægsta tilboði í landpóstaþjónustu, enda tekið mið af fleiri þáttum en kostnaði við slíka ákvörðun.

Við þetta vil ég svo aðeins bæta að eins og fram kemur í svarinu er þar ekki minnst á kynferði og ég hef ekki sjálfur haft frumkvæði að því að spyrja um slík atriði sérstaklega, þannig að ég er svolítið óviðbúinn að svara slíku.

Í öðru lagi vil ég segja að það er síður en svo einsdæmi að ekki sé tekið lægsta tilboði, eins og hv. þm. er kunnugt. Má m.a. nefna útboð á sama svæði og hér um ræðir í því sambandi, en það var gert til þess að reyna að styrkja atvinnulíf á Patreksfirði, sem ég hygg að hv. þm. viti um, eins og ég sagði. Fleiri dæmi er um slíkt, einnig hjá Pósti og síma. Ég man ekki betur en sú hafi t.d. orðið niðurstaðan þegar ákveðið var hver fengi póstleiðina milli Akureyrar og Reykjavíkur, án þess að ég þori þó að fullyrða það. Á það ber að líta í þessu sambandi að póstinum ber fyrst og fremst að reyna að tryggja að það sé öryggi í hans þjónustu. Það er höfuðtilgangur póstþjónustunnar að hafa öryggi í ferðum, en reyna um leið að draga úr kostnaði. Ég hef ekki haft það fyrir sið að setja mig inn í sérstök tilboð af þessu tagi og hef treyst því að Póstur og sími reyni hverju sinni að haga sér í samræmi við það sem hann teldi skynsamlegast og samrýmast best hagsmunum viðskiptavina Pósts og síma í bráð og lengd.

[16:28]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er alveg rétt hjá honum að það er ekkert einsdæmi í mínu kjördæmi að tekið sé tilboðum sem ekki eru lægst og hefur það stundum verið gagnrýnt á Alþingi.

Hann ræddi um að líklega hefði verið metið vænlegra og öruggara tilboð hjá þeim sem ekki var lægstbjóðandi í þessu tilfelli. Þegar lægstbjóðandi hafði samband við umdæmisstjóra Pósts og síma á Ísafirði spurði hann um ákveðin atriði sem hún gat gefið full-

komnar skýringar á. Þannig var ekki hægt að líta svo á að hennar tilboð væri með neinum þeim ágöllum sem gerði að verkum að frekar væri tekið næstlægsta tilboði. Í tilboðum er gjarnan farið eftir íslenskum staðli 30, og í grein 4.1.1.9 segir að tilgreina skuli hvort niðurstöðutala útboðs skuli ein vera bindandi fyrir bjóðanda eða tilgreint einingarverð og/eða millisummur, eins og segir. En það er einnig sagt, með leyfi forseta:

„Venjan er sú að verkkaupi endurreikni öll tilboð áður en einu þeirra er tekið og leiðrétti reiknivillur og aðrar skekkjur sem kunna að finnast í tilboðsskrá. Við frekari skoðun tilboða og við samningsgerð er síðan tekið mið af þessum endurreiknuðu niðurstöðutölum."

Eins og ég segi var því ekki til að dreifa í þessu tilfelli. Það hefur a.m.k. hvergi komið fram og var ekki tilkynnt.

Ég vil einnig benda á að í IX. kafla íslensks staðals 30 segir um val á tilboði: „Það er rétt að ítreka mikilvægi þess að farið sé að settum reglum. Frávik frá reglum rýrir traust manna á útboðsforminu og heiðarlegum samskiptum verkkaupa og verktaka yfirleitt."

Enn fremur segir: „Hin almenna venja er að taka tilboði lægstbjóðanda ef hann er fjárhagslega og tæknilega talinn hæfur til að leysa verkið af hendi og býður hagstæðar tæknilegar lausnir".

Í þessu tilfelli held ég að það sé athugandi fyrir hæstv. ráðherra og ég hygg að það sé ekki vænlegt til stuðnings við útboðs- og einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar að hentistefna og mismunun ráði vali á því hvaða tilboði er tekið hverju sinni.

[16:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að hv. þm. er óánægður með niðurstöðu Póst- og símamálastofnunarinnar, en ég vil á hinn bóginn alls ekki fallast á það sjónarmið hv. þm. að um sé hentistefnu og mismunun að ræða í þessu tilviki. Mér finnst satt að segja ósæmilegt að hv. þm. sé að gera því skóna að embættismenn Pósts og síma hafi hér verið að gera sér leik að því að einhver einn skyldi fá þetta starf frekar en annar. Sannleikurinn er sá ef menn vilja vera sanngjarnir og horfa til þess hvernig boðið hefur verið í opinbera þjónustu og opinber verk, þá hefur oft komið fyrir að þar eru aðilar sem hafa verið illa undirbúnir og undir sumum kringumstæðum með öllu vanhæfir til að gegna viðkomandi starfi. Má raunar rekja slóðann í sumum byggðarlögum eftir verktaka sem ekki hafa getað staðið í skilum við undirverktakana, án þess að ég sé að gefa neitt slíkt í skyn um þann sérstaka mann eða konu, ef maður vill kyngreina þá sem bjóða í þjónustu, þá er ég ekki að gefa neitt í skyn um hana. Ég stóð einungis upp til þess að mótmæla þeim ummælum hv. þm. að hér væri um einhverja mismunun að ræða sem mér skildist að væri af einhverjum annarlegum hvötum, sem ekki er. Hitt er auðvitað mikill ábyrgðarhluti að reka stofnun eins og Póst- og símamálastofunina og menn verða stundum að taka ákvarðanir sem eru erfiðari heldur en það að velja alltaf auðveldustu leiðina. Menn verða að standa ábyrgir fyrir sínum verkum, fyrir þeirri þjónustu sem stofnunin á að inna af hendi. Þetta varð sú niðurstaða sem Póst- og símamálastofnun komst að og ég hef enga ástæðu til að ætla að hún hafi þar misfarið með vald sitt.

Landgræðslustörf bænda.

Fsp. VS, 178. mál. — Þskj. 197.

[16:33]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Mikill og vaxandi áhugi er á uppgræðslu og varðveislu landgæða í sveitum Íslands. Landgræðslufélög hafa verið stofnuð á nokkrum stöðum og er verið að vinna að stofnun félaga á fleiri. Slík félög eru vel fallin til að sameina bændur og aðra íbúa viðkomandi svæða til átaka á sviði landgræðslu. Allir stjórnmálaflokkar á Íslandi hafa á stefnuskrá sinni að efla landgræðslu.

Í markmiðahefti hæstv. ríkisstjórnar, bláa heftinu, sem sett var saman þegar ríkisstjórnin tók við völdum í apríl 1991, þá koma þar fram markmið í ýmsum málaflokkum og m.a. segir í nr. 10, með leyfi forseta, að eitt af því sem ríkisstjórnin vilji ná fram er að styðja einstaklinga og félög í baráttu gegn landeyðingu og berjast fyrir gróðurvernd. En síðan kemur í svokallaðri hvítbók nánar um þetta. Á bls. 30 segir, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hyggst fela bændum fleiri verkefni en nú á sviði landgræðslu og skógræktar, nýta þannig þekkingu þeirra og aðstöðu og skapa þeim fjölbreyttari atvinnutækifæri."

Rétt er að minna á að Alþingi hefur nýlega samþykkt ályktun um að stöðva eyðingu jarðvegs og gróðurs þar sem þess er kostur fyrir aldamót. Í baráttunni við stöðvun á eyðingu jarðvegs og gróðurs er mikilvægt að öll þjóðin leggi málinu lið en bændur og aðrir landnotendur gegna þar lykilhlutverki. Þekkingu þessara aðila þarf að nýta á jákvæðan hátt með stuðningi Landgræðslunnar frekar en valdboði stjórnvalda. Mér er kunnugt um það að bændur hafa tekið þátt í uppgræðslustarfi í samvinnu við Landgræðsluna og það starf er til mikilla hagsbóta fyrir bændur. Má m.a. nefna að melar hafa verið græddir upp og með bættu beitarskipulagi eykst beitarþol úthagans. Auk þess má nefna að uppgræðsla heimalanda er mikilvægur hlekkur í því að gera landbúnaðinn umhverfisvænan og þar með að bæta ímynd bænda. Þess vegna hef ég leyft mér, hæstv. forseti, að bera fram fsp. á þskj. 197 sem er í 5 liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvernig hefur samstarfi bænda og Landgræðslu ríkisins verið háttað á árinum 1992 og 1993 við uppgræðslu heimalanda?

2. Hversu margir bændur hafa tekið þátt í slíkum verkefnum?

3. Um hve stórt svæði lands er að ræða?

4. Hvernig skiptist kostnaður á milli aðila?

5. Hver eru áform ráðuneytisins um samstarf bænda og Landgræðslu ríkisins á sviði uppgræðslustarfa á árinu 1994?"

[16:37]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Sveinn Runólfsson landgræðslustjóri svarar fyrirspurninni á þessa leið:

„1. Hvernig hefur samstarfi bænda og Landgræðslu ríkisins verið háttað á árunum 1992 og 1993 við uppgræðslu heimalanda?"

Frá því að Landgræðslan var stofnuð árið 1907 hafa hundruð bænda verið styrktir til landbóta á jörðum sínum. Árið 1990 hófst nýtt form á samskiptum Landgræðslunnar og bænda, þ.e. uppgræðsla heimalanda. Bændur fengu þá greitt fyrir dreifingu á áburði og fræi en lögðu sjálfir fram helming af áburðinum.

Með tilkomu bókunar 6 í búvörusamningi var unnið að heimalandagræðslu árin 1992 og 1993 á fyrrnefndum grunni og í samræmi við eitt af fimm meginmarkmiðum samningsins, þ.e. að stuðla að því að búskapur verði í sem mestu samræmi við landkosti og æskileg landnýtingarsjónarmið og jafnframt að þau auki hagkvæmni í landbúnaðinum.

Enn fremur var lögð áhersla á að fylgja markmiðum í bókun 6 um að verkefnin skiluðu tekjum til bænda sem orðið hefðu fyrir mikilli tekjuskerðingu, jafnframt því að græða landið. Bændur á viðkvæmustu gróðursvæðum landsins hafa notið forgangs um samninga. Flestir eru þeir í Skútustaðahreppi. Starfið fer þannig fram að starfsmaður Landgræðslunnar velur bæinn í samráði við héraðsráðunauta. Uppgræðsluverkefnin á einstökum jörðum eru valin með hlutaðeigandi bændum og áætlun gerð um framkvæmdir. Starfsmenn Landgræðslunnar fylgjast síðan með árangrinum. Reynslan er sú að flestir bændur bæta við uppgræðslusvæðin með öllum tiltækum ráðum, þ.e. með moði, húsdýraáburði, hey- og áburðarafgöngum. Ekki hefur tekist að standa við fyrirheit í bókun 6 um að fjárveitingar kæmu til viðbótar við fjárveitingu Landgræðslunnar, heldur var fjármagn tekið af framkvæmdalið stofnunarinnar. Í fjárlagafrumvörpum fyrir árin 1992–1994 var gert ráð fyrir 1992 alls 13 millj. kr., þ.e. til fleiri verkefna en uppgræðslu heimalanda, 1993 alls 20 millj. og framlag fyrir næsta ár einnig 20 millj.

Spurt er: „Hversu margir bændur hafa tekið þátt í slíkum verkefnum?

Árið 1992 voru 100 bændur í slíku formlegu samstarfi um uppgræðslu heimalanda og 120 árið 1993. Þar fyrir utan styrkti Landgræðslan marga fleiri við önnur landbótastörf á jörðum sínum auk þeirra sem unnu sem verktakar.

Spurt er: „Um hve stórt svæði lands er að ræða?" Unnið var á um 800 hekturum 1992 og um 1000 hekturum í ár, allt á landi sem var að mestu gróðurlaust og víða markað rofabörðum.

Spurt er: „Hvernig skiptist kostnaður á milli aðila?" Heildarkostnaður 1992 var um 11 millj. 761 þús. kr. miðað við uppgræðslu heimalanda. Heildarkostnaður 1993 var um 14 millj. kr. við uppgræðslu heimalanda. Þá er ekki tekinn inn í dæmið umsjónarkostnaður Landgræðslunnar né fagleg leiðbeining og eftirlit. Hver bóndi greiðir helming áburðar á móti Landgræðslunni sem leggur fram grasfræ og greiðir auk þess bændum fyrir flutning á vinnu við dreifinguna. Kostnaðarskipting 1992 var sem hér segir:

Vinna og vélaleiga til bænda 2 millj. 535 þús. kr., kostnaður Landgræðslu ríkisins 9 millj. 226 þús. kr., alls 11 millj. 761 þús. kr. Til viðbótar þessu kemur svo áburðarframlag bændanna 3 millj. 461 þús. kr. Sömu verðhlutföll voru árið 1993.

Í fimmta lagi er spurt: „Hver eru áform ráðuneytisins um samstarf bænda og Landgræðslu ríkisins á sviði uppgræðslustarfa á árinu 1994?"

Fjárlög Landgræðslunnar eru skert um 3,8% í frv. fyrir árið 1994. Landgræðslan hefur sótt um að fá 18 millj. til viðbótar til landgræðslustarfa bænda því að a.m.k. 100 bændur bíða eftir því að komast í þetta sem sumarstarf. Ef sú fjárveiting fæst ekki verður óbreytt umfang á næsta ári þrátt fyrir skerðingu fjárveitinga.

Nauðsynlegt er að árétta að fyrir utan uppgræðslu heimalanda eru fjölmargir bændur í ýmsum störfum hjá Landgræðslunni, bæði sem verktakar og aðilar að landgræðsluverkefnum, auk allra þeirra sem vinna að landbótum á sínum heimajörðum en hafa allt of hljótt um það. Ofangreind svör eiga því einungis við heimalandauppgræðslu.

[16:41]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðu til þess að þakka hæstv. landbrh. fyrir þessi svör og fyrir það sem gert hefur verið, því að þetta finnst mér vera jákvætt og ástæða til þess að þakka það. Þarna hafa bændur fengið ný verkefni sem svo sannarlega veitir ekki af í sveitum landsins með samdrætti í hefðbundnum landbúnaði. En eins og kom fram í hans svari þá er komin fram ósk frá Landgræðslunni um aukið fjármagn á næsta ári til þess að geta fjölgað þeim bændum sem vinna að þessum störfum í samvinnu við Landgræðsluna. Farið er fram á 18 millj. til viðbótar, ef ég heyrði rétt, í fjárlögum næsta árs, þannig að hægt sé að fjölga bændum sem taka þátt. Og óskir hafa komið fram um það að fjölga þeim allt að því um helming, þannig að áhuginn er alveg gífurlegur hjá bændum á þessu málefni. Þetta tel ég líka vera mjög áhugavert og jákvætt fyrir uppgræðslu- og landgræðslustörf almennt í landinu auk þess, eins og ég nefndi í minni fyrri ræðu, hvað þetta hefur jákvæð áhrif í þjóðfélaginu gagnvart bændum og bætir ímynd þeirra og eflir sjálfbæra þróun í landbúnaði. Mér finnst því að það eina sem ég gæti kannski ítrekað hér í minni seinni ræðu, gagnvart hæstv. ráðherra, væri það hvort hann muni ekki beita sér fyrir því að aukið fjármagn fáist á fjárlögum þannig að fleiri bændur geti tekið þátt í þessum uppgræðslustörfum. Og að allra síðustu þetta, ég heyrði hæstv. ráðherra segja það í útvarpsviðtali í fyrra að hann teldi þetta vera gæluverkefni, þessi uppgræðslustörf. Ég er sannfærð um að þar hefur hann verið að tala af fljótfærni og gef honum tækifæri til þess að taka þau orð aftur hér.

[16:44]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þegar ég kom úr landbrn. í morgum hitti ég mann sem hefur haft það gæluverkefni að

gera við bíla undanfarin ár og er alveg að kafna í gömlum bílum vegna þess að hann hefur lagt slíka alúð einmitt við sitt gæluverkefni. Ég held að það sé skrýtin máltilfinning að skilja orðið gæluverkefni þannig að það sé neikvætt um það verkefni (Gripið fram í.) að menn vilji ekki leggja rækt við það sem er þeirra gæluverkefni. Það er auðvitað mikill misskilningur og getum við rifjað upp ýmsa bændur einmitt í sambandi við það. Við getum talað, ef við viljum endilega vera fyrir norðan, um þann ágæta þingmann Sjálfstfl., Kára Sigurjónsson á Hallbjarnarstöðum, sem hafði náttúrufræði og steinasöfnun sem gæluverkefni og náði þar miklum og góðum árangri. Þannig að ég get alveg ítrekað að það má vel segja um mig að mér þyki bæði gott og gaman að hafa gróðurvernd og landgræðslu að gæluverkefni.

Á hinn bóginn verð ég því miður að segja að á þessari stundu get ég ekki gefið vonir um það að svigrúm gefist til þess að auka fé til landgræðslustarfa og skal vera hreinskilinn í þeim efnum. Það á sér auðvitað þá skýringu að ríkissjóður stendur ekki vel um þessar mundir og hér hefur verið lægð í atvinnumálum sem mjög hefur dregið úr því að tekjustofnar ríkissjóðs gefi það sama og áður. Það dregur á hinn bóginn ekki úr nauðsyn þess að halda sitt strik í sambandi við uppgræðslu lands og gróðurvernd og er auðvitað hörmulegt til þess að vita ef Alþingi hefur ekki möguleika til þess eða telur sig ekki hafa möguleika til þess að standa við þá þál. sem samþykkt var á vordögum 1991, að stöðva landeyðingu á þessari öld.

Tekjuskattur og eignarskattur.

Fsp. JVK, 234. mál. — Þskj. 262.

[16:46]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. fjmrh. á þskj. 262.

Lögin um tekju- og eignarskatt eru mikill lagabálkur. Þau eru að stofni til frá árinu 1981 og hefur verið breytt oft og mörgum sinnum. Í maí 1991, eða 10 árum síðar, var búið að breyta þeim 27 sinnum. Þá eru óteljandi, liggur mér við að segja, þær reglugerðir sem settar hafa verið og byggjast á þessum lögum. Tæplega snertir einn lagabálkur eins mikið hvern einasta einstakling á Íslandi og til að stunda atvinnurekstur verður að taka mið af lögum um tekju- og eignarskatt.

Nýlega kom út skýrsla á vegum Félags löggiltra endurskoðenda þar sem koma fram mjög margar ábendingar um hvað betur megi fara í lögum og reglum um skattamál. Ekki hvað síst á þetta við í sambandi við sjálfstæðan atvinnurekstur. Þar eru mörg óljós atriði, bæði um frádráttarliði og fleira. Endurskoðendurnir benda réttilega á að skattalöggjöfin, með öllum sínum göllum, hvetji ekki fólk til að hefja atvinnurekstur.

Nú er atvinnuástandið með þeim hætti hér á landi að mjög æskilegt væri að sem flestir með góðar hugmyndir um ný atvinnutækifæri létu að sér kveða. En það er ekki nóg að tala um nauðsyn þess að hefja atvinnurekstur. Það dugir ekki til ef skattalögum er þann veg farið að þeir sem fara af stað gefast fljótlega upp og aðrir ganga á snið við lögin með svarta atvinnustarfsemi. Með þessu verður ríkið auðvitað af tekjum og skattsvik aukast. Það er því úr vöndu að ráða. Við viljum bæði hvetja fólk til þátttöku í atvinnulífinu og uppræta skattsvik. Þess vegna verður skattalöggjöfin að vera þannig úr garði gerð að þetta markmið náist.

Ég ætla að vitna beint í nokkra staði í skýrslunni máli mínu til stuðnings. Á bls. 5 í þessari skýrslu segir:

„Spyrja má hvort ekki sé þörf á nákvæmari lýsingu á kostnaðarhugtaki skattalaganna í 1. tölul. 31. gr. Í fjölmörgum úrskurðum skattstjóra, ríkisskattstjóra, ríkisskattanefndar og nú síðast yfirskattanefndar má finna dæmi um að útgjöld fást ekki dregin frá skattskyldum tekjum þó að þau séu rekstrarútgjöld í skilningi rekstrarhagfræðinnar og góðrar reikningsskilavenju. Er það er jafnan stutt með því að lagaheimildir skorti. Í þessu sambandi má nefna tillög sjálfstæðra atvinnurekenda sjálfra í lífeyrissjóði, félags- og/eða þjónustugjöld til ýmissa samtaka, áfallnar eftirlaunaskuldbindingar hlutafélaga, risnu í formi gjafa og raunar margt fleira."

Enn fremur segir nefndin: „Það er álit nefndarinnar að sinnuleysi yfirvalda við laga- og reglugerðarsmíð á skattasviðinu hafi valdið því að ómeðvituð mismunun hefur átt sér stað gagnvart skattaðilum, bæði eftir því hvaða skattumdæmi þeir hafa tilheyrt og ekki síður hinu, hvaða einstakir starfsmenn embættanna hafa fjallað um framtöl þeirra."

Síðan segir hér á bls. 7, með leyfi forseta: „Litlar sem engar leiðbeiningar hafa verið gefnar út af hálfu skattyfirvalda fyrir rekstraraðila þar sem tekið er á því með skýrum og aðgengilegum hætti hvað telst til rekstrarútgjalda og hvað ekki."

Það má einnig nefna í þessu sambandi að um atvinnugreinar eins og viðskipti, þ.e. fyrirtæki önnur en bankar sem sinna t.d. fjármálaþjónustu, vanti algerlega ákvæði skattalaga. Ég vil bara endurtaka það að ég tel mikla þörf á því að skoða þessi skattamál í heild sinni og þess vegna hef ég leyft mér að beina þeirri fsp. til hæstv. fjmrh. hvort það sé fyrirhugað að láta fara fram heildarendurskoðun á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

[16:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hafa verið gerðar veigamiklar breytingar á lögum um tekju- og eignarskatt, einkum að því er lýtur að skattlagningu fyrirtækja. Má geta í því sambandi að tekjuskattshlutfall fyrirtækja hefur frá því á árinu 1990 verið lækkað úr 50% niður í 33% og ýmsar aðrar breytingar verið gerðar til þess að liðka til fyrir atvinnulífinu. Er þetta mál sem hefur margoft verið rætt í sölum hins háa Alþingis. Í því frv. sem nú liggur fyrir á hinu háa Alþingi er áfram haldið og þar er fjallað um skatthlutföll, vaxtabætur o.s.frv.

Fyrir skömmu skipaði ég nefnd til þess að fara yfir bæði reglugerð og löggjöf um skattamál og þó einkum og sér í lagi tekjuskatt og eignarskatt. Verkefni nefndarinnar er í meginatriðum tvíþætt. Annars vegar að endurskoða reglugerð sem að stofni til er frá 1963 þar sem mið verður tekið af breytingu á lögum og breyttum aðstæðum, en í starfi sínu ber nefndinni að hafa til hliðsjónar úrskurði sem felldir hafa verið og breyttar viðskiptavenjur. Þetta er auðvitað flókið og tímafrekt verkefni, en það er ætlast til þess að nefndin fjalli á fyrstu stigum starfs síns einkum um atriði í reglugerð frá 1963 nr. 245, sem snerta risnu, ferðakostnað, hlunnindi og atriði sem fjalla um styrki og framlög til félaga og fleira. Hins vegar er nefndinni einnig ætlað að endurskoða ákvæði laga um tekjuskatt og eignarskatt að því er tekur til lífeyrismála, gjaldfærslu eftirlaunaskuldbindinga, frádráttarbærni iðgjalda umfram lögbundið lágmark, iðgjöld í séreignasjóði o.fl. Ég lagði til í erindisbréfi til nefndarmanna að verkefni nefndarinnar væri æskilegt að skipta í áfanga þannig að tilteknar breytingar á reglum og lögum gætu öðlast gildi allt eftir því sem starfinu vindur fram. Í þessari nefnd eiga sæti Indriði H. Þorláksson, sem er formaður nefndarinnar, skrifstofustjóri í fjmrn., tveir endurskoðendur, þeir Tryggvi Jónsson og Árni Tómasson, en hann er einn af höfundum þeirrar skýrslu sem hér var vitnað til, þ.e. skýrslu Félags löggiltra endurskoðenda. Þá starfa í nefndinni Friðleifur Jóhannesson, forstöðumaður hjá ríkisskattstjóra, og Sigmundur Stefánsson skattstjóri. Með nefndinni starfa síðan Bragi Gunnarsson, lögfræðingur í fjmrn., og Elín Alma Arthúrsdóttir, viðskiptafræðingur hjá embætti ríkisskattstjóra.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að lög og reglur sem snerta tekjuskatt og eignarskatt hafa verið nokkuð gagnrýndar upp á síðkastið, einkum og sér í lagi vegna stórherts eftirlits með framtali og vegna endurskoðunar á framtölum fyrirtækja. Gagnrýnt hefur verið, eins og kom fram hjá hv. þm., að rekstrarkostnaðarhugtakið sé túlkað of þröngt, m.a. vegna starfsmannakostnaðar, risnu, félagsgjalda, fundakostnaðar, tapaðra viðskiptakrafna o.s.frv. En lagatriði eru ekki heldur nægilega skýr sem snerta t.d. tap á sölu hlutabréfa, lífeyrisiðgjöld og eftirlaunaskuldbindingar, skattlagningu verðbréfafyrirtækja, eins og hv. þm. minntist á, skattalega meðferð aflaheimilda, sem reyndar fékkst nokkur skýring á fyrir Hæstarétti nýlega, skattalega meðferð á arði, þá á ég við jöfnunarhlutabréf, skatthlutfall lögaðila, þar eru ákveðin vandræði uppi vegna sameignarfélaga og annarra félaga með ótakmarkaða ábyrgð, þeirra sem að þeim standa, málsmeðferðarreglur ýmiss konar, kærufresti o.s.frv. Þessi mál verða til skoðunar í nefndinni og ég á von á því að fyrsti skammturinn komi núna fyrir jólin og þá verði hægt að breyta reglugerðinni og senda til hv. nefndar í þinginu ýmsar brtt. sem ég tel eðlilegt að verði gerðar sem allra fyrst. Ég tel ekki ráðlegt nú að gera heildarbreytingu á þessum skattalögum. Það mun taka verulegan tíma. Við vitum nokkurn veginn hvar vandamálin eru og að því er unnið, af þessari nefnd og öðrum, að setja skattalögin, lög um tekjuskatt og eignarskatt, í nútímalegan búning þannig að þau þjóni sem allra best þeim tilgangi sem þeim er ætlaður.

[16:55]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin og ég heyri það að hann hefur mikinn og góðan skilning á þessu vandamáli. Þess er einnig að vænta að vinna þeirrar nefndar sem hann hefur skipað leiði til þess að réttlátari úrskurður fáist um þessi mál og samræmdari og skýrari reglur um þetta, því það er raunverulega það sem hefur vantað líka. Hann nefndi hér ýmis atriði. Því miður er tíminn svo stuttur sem maður hefur í fyrirspurnatíma, en ég vildi þó aðeins nefna hér eitt til viðbótar, sem er t.d. í kaflanum þar sem rætt er um jafnræði milli skattaðila, það eru skatthlutföllin. Tekjuskattur hlutafélaga og samvinnufélaga er núna 33% en tekjuskattur sameignarfélaga og allra annarra félaga og stofnana er 41%, þannig að þarna hafa hlutafélögin og samvinnufélögin allmikið forskot á einstaklinga og sameignarfélög.

Það er líka svolítið merkilegt að komast að raun um þegar skoðað er hverjir skila best sínum sköttum og standa sig best við að greiða sínar skuldir þá eru það einmitt einstaklingar og sameignarfélög, vegna þess að í sameignarfélögum hafa einstaklingarnir jafna ábyrgð, en sú ábyrgð er ekki eins mikil í hlutafélögum. Þarna tel ég að einmitt sé verið að mismuna þeim sem taka á sig ábyrgðina.

En ég vil enn og aftur endurtaka það sem ég hef áður sagt, að allar breytingar á skattalögum eiga að hafa nokkurn aðdraganda og kynningu áður en þær verða að lögum og ég tel óásættanlegt að kasta fram frv. um breytingar á skattalögum nokkru fyrir jól sem síðan eiga að taka gildi um áramót. Slíkt skapar einnig óeðlilegt vinnuálag og ég held að menn hafi ótrú á stjórnvöldum sem stunda slík vinnubrögð.

En ég þakka hæstv. ráðherra aftur fyrir svörin og vænti góðs af þeirri vinnu sem hann hefur hér sagt að muni fara fram.

[16:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil bæta því við það sem ég sagði hér áðan, að vinnu nefndarinnar verður hagað þannig að hún skiptir vinnunni upp og mun skila jafnóðum tillögum til ráðuneytisins og ég mun hafa gott samstarf við þingnefndina um þau atriði sem snúa að sjálfum lögunum, en reglugerðinni verður breytt af ráðuneytinu.

Varðandi þá mismunun sem kemur fram í skýrslu löggiltra endurskoðenda á milli skattumdæma, þá er þetta að sjálfsögðu mál sem þarf að taka á og það er unnið að því að gera reglurnar skarpari og að menn séu betur meðvitandi um það hvernig túlka skuli lögin hverju sinni.

Varðandi jafnræði sem hv. þm. minntist á, þá er það rétt að við skiljum eftir sameignarfélögin og samlagsfélögin, þ.e. þau félög sem eru líkust einstaklingsrekstrinum, því það er mjög erfitt að gera mun á slík-

um rekstri þegar um er að ræða félög með ábyrgð sem er ótakmörkuð og þegar einstaklingar geta tekið út úr félögunum sem þeim sýnist og framtölin eru með svipuðum hætti og hjá einstaklingum. Þetta vandamál hefur komið upp. Það verður til umræðu í nefndinni sem fjallar um skattabandorminn sem nú er til skoðunar hér í þinginu og verður til 1. umr. á morgun.

Það er líka annað jafnræðismál sem ég vil minnast á. Það er jafnræðismál milli ríkis annars vegar og skattaðila hins vegar, þar sem um er að ræða ójafnan leik, þar sem ríkið tekur alltaf miklu hærri vexti heldur en skattaðilarnir. Þetta er annað atriði sem þarf að taka á. Ég minni á að í þessari títtnefndu skýrslu, sem hv. þm. fjallaði um í sínu máli, kemur fram á bls. 19 að Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri, sem er formaður nefndarinnar, sýnir þessu máli mikinn skilning, með sama hætti og kom fram hjá hv. þm. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa komið með þessa fyrirspurn og gefið mér tækifæri til þess að svara.

Fundi slitið kl. 17.00.

---

47. FUNDUR

þriðjudaginn 30. nóv.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegagerð milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar, þáltill., 228. mál, þskj. 256. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

2. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290. — 1. umr.

3. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 76. mál, þskj. 79, nál. 294. — 2. umr.

4. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 217. mál, þskj. 242. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd reglugerðar um löggæslu á skemmtunum, 163. mál, svar dómsmrh., þskj. 296.

Ofbeldisverk barna og unglinga á Íslandi, 253. mál, beiðni VS o.fl. um skýrslu, þskj. 293.

Tollalög, 254. mál, frv. GHall o.fl., þskj. 295.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundur í Þingvallabænum 1. desember.

[13:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum vikum var auglýst í Morgunblaðinu fundaherferð á vegum eins alþingismanns undir yfirskriftinni „Sókn fyrir Suðurlandskjördæmi. Fundalota um atvinnumál, hagræðingu og bjartsýni“ og undirskrifuð af hv. 3. þm. Suðurl. Meðal þeirra fundarstaða sem auglýstir eru er Þingvallabærinn, en Þingvallabærinn er eins og kunnugt er aðsetur þjóðgarðsvarðar, og í auglýsingunni kemur það fram að ræðumenn á fundinum verði Salome Þorkelsdóttir alþm., forseti Alþingis Íslendinga, og Árni Johnsen alþm.

Ég kveð mér hér hljóðs, virðulegi forseti, vegna þess að á morgun er fullveldisdagurinn og hinn auglýsti fundardagur í Þingvallabænum. Ég vil spyrja forsetann að því hvort hann telji það eðlilegt að forseti Alþingis blandi sér í fundahöld stjórnmálaflokka með þessum hætti í opinberum bústað þjóðgarðsvarðar, þ.e. Þingvallabænum. Ég vil einnig benda á að hér í salnum er hæstv. forsrh. sem fer með málefni Þingvalla og þjóðgarðsins og hv. 3. þm. Reykv. sem er formaður Þingvallanefndar og væri fróðlegt að vita hvort þeir hafi lagt blessun sína yfir það að stjórnmálaflokkur eða alþingismaður hafi ákveðið að auglýsa opinberan fund í Þingvallabænum með þessum hætti. Ég tel það fullkomlega smekklaust og ég skora á forseta Alþingis að draga nafn sitt út úr þessum athöfnum og að beita sér fyrir því að Þingvallabærinn verði ekki misnotaður með þessum hæti.

[13:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Af því að að mér var vikið skal ég taka fram að um þessa auglýsingu var ekki haft samráð við mig sérstaklega nema um þann eina fund sem ég sat á Selfossi og auglýstur var í auglýsingunni. Ég verð þó að segja að mér finnst hv. þm. gera heldur mikið úr þessu máli. Það sem skiptir máli í þessu sambandi er það hvort þjóðgarðsvörður hefur samþykkt að lána heimili sitt undir þennan fund í sveitinni. Það er ekki létt að fá fundarstað á þessum tíma árs fyrir það fólk sem þarna býr, en auðvitað er það svo að hafi þjóðgarðsvörður ákveðið það, sem ég geri ráð fyrir, þá stefnir þjóðgarðsvörður væntanlega að því að verða með sama hætti við óskum annarra sem um það mundu biðja. Ég sé ekki að þetta sé slíkt stórmál sem hv. þm. nefnir.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. þm. spurði forseta um skoðun hans á þessum tiltekna fundi sem fram á að fara að hans sögn í Þingvallabænum á morgun. Ég get sagt það að ég hef ekki mótað mér neina skoðun á þessu máli þar sem ég hef ekki kynnt mér það, en ég minnist þess að um þetta var spurt á forsætisnefndarfundi ekki alls fyrir löngu og þar urðu ekki miklar umræður um þetta mál. En ég get ekkert sagt frekar um þetta og um þennan sérstaka fund þar sem hér er verið að spyrja um störf forseta

þingsins en annan en þann sem hér er við störf núna að þessu sinni.

[13:37]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil láta það koma fram að ég er ósammála sjónarmiðum hæstv. forsrh. í þessu máli. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að setja reglur í málum af þessu tagi úr því að þetta stendur til á annað borð. Ef túlkun hæstv. forsrh. yrði regla hér með opinberar byggingar, þá er þess væntanlega ekki langt að bíða að forsrh. samþykki að Sjálfstfl. auglýsi almenna stjórnmálafundi í Stjórnarráði Íslands við Lækjartorg eða í fjmrn. við Arnarhvál eða í Sölvhóli. Ég tel að þessi túlkun forsrh. sé fullkomlega óeðlileg og ég skora á hann að beita sér fyrir því að settar verði reglur til að koma í veg fyrir misnotkun eða ranga notkun opinberra bygginga með þeim hætti sem hér er verið auglýsa. Og ég skora einnig á hv. 3. þm. Reykv. sem er formaður Þingvallanefndar að beita sér fyrir því að settar verði reglur sem sátt verður um um notkun mannvirkja á Þingvöllum. Ég er sannfærður um að það getur aldrei orðið sátt um það að stjórnmálaflokkarnir, jafnvel þó að þeir allir fengju að komast að, fái að auglýsa fundi í Þingvallabænum.

[13:38]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Vegna þessa máls vil ég láta þess getið að þetta fundarboð var ekki rætt við mig áður en það birtist í blöðum og ekki heldur rætt við Þingvallanefnd. Ég tel að þjóðgarðsvörður hafi fulla heimild til þess að ráðstafa því húsnæði sem hann ræður yfir á Þingvöllum í því skyni sem hann telur skynsamlegast og það sé ekki á verksviði Þingvallanefndar að gefa þjóðgarðsverði fyrirmæli um það hvernig því húsnæði er ráðstafað. Þarna er verið að ræða um það að efna til fundar með íbúum í Þingvallahreppi og ef ekki er í annað hús að venda, þá finnst mér eðlilegt að hægt sé að nota þann hluta af húsnæði þjóðgarðsvarðar sem notaður er til opinberra funda ef tilefni þykir til þess að menn komi þar saman til funda á staðnum.

[13:39]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Embættisbústaðir á Íslandi eru mjög margir og yfirleitt er það ekki dregið í efa að heimilt sé að halda þar fundi. Ég hygg að sé horft á jafnræðisreglu sem samþykkt var í stjórnsýslulögum hljóti það að vera svo að alla embættismenn á Íslandi yrði að leggja að jöfnu hvað þetta snertir.

Nú er það svo að fundafrelsi er ein af grundvallarreglum lýðræðisins og mér finnst að það sé ekki hægt að jafna því saman hvort embættismaður leyfir fund á sínu heimili eða hvort menn taki Stjórnarráðið sem slíkt sem opinberan fundarstað fyrir stjórnmálaflokk. Ég hygg að um þetta megi að sjálfsögðu deila eins og margt fleira, en ég vildi engu að síður koma þessum skoðunum mínum á framfæri.

[13:41]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Formaður Þingvallanefndar tók þannig til orða hér áðan að honum fyndist ekki óeðlilegt að þjóðgarðsvörður gæti heimilað afnot af Þingvallabæ til fundahalda, þeim hluta hússins sem notaður væri til opinberrar móttöku. Eitthvað á þessa leið tók ég eftir orðum hv. 3. þm. Reykv., Björns Bjarnasonar. Mér var ekki ljóst að neinn sérstakur hluti af bústað þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum væri talinn opinber hluti og ég held að nauðsynlegt sé að fá það upplýst hvort um sé að ræða fundahald í syðsta hluta bæjarins sem er bústaður forsrh.

Varðandi málið að öðru leyti tel ég það mjög óheppilegt ef það ætti að verða regla að efnt er til stjórnmálafunda í Þingvallabænum. Ég held að það sé ekki aðeins óviðeigandi almennt séð, heldur sé það óheppilegt fyrir húsráðendur þar að þurfa að fara að taka við fundum stjórnmálaflokka eins og hér var vísað til að ekki væri óeðlilegt að bærinn væri opinn fyrir alla stjórnmálaflokka til fundahalda. Það teldi ég mjög óæskilegt að yrði að einhverri reglu og ég hvet Þingvallanefnd til þess að hafa afskipti af málinu og setja reglur um þetta efni. Mér finnst það alveg nauðsynlegt og e.t.v. þarf að fara yfir málið í víðara samhengi eins og hér var að vikið.

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Eins og menn vita, ekki síst fyrrv. ráðherra, eru alger skipti á milli húsa þarna þó að það séu samliggjandi burstir þannig að embættisbústaður eða sumarhús forsætisráðherra kemur ekkert inn í þessa mynd og hefur ekkert verið rætt.

Það sem ég vil leggja áherslu á í þessu sambandi og gerði kannski ekki nógu skýrt áðan, er að ég lít þannig á að hér sé um að ræða fyrst og fremst heimili þjóðgarðsvarðarins. Þjóðgarðsvörður getur haldið þar fundi. Þjóðgarðsvörður getur til að mynda heimilað hreppsnefndinni eða hreppsbúum að koma þarna til fundar. Það er ákvörðun þjóðgarðsvarðarins að mínu viti. Ef þjóðgarðsvörður á að fara að ákveða það hvort hún heimilar auglýstan fund um stjórnmálaefni og bera það undir Þingvallanefnd eða forsrn. eða einhverja aðra slíka, þá á það að gerast líka um alla aðra fundi. Ég segi: Við eigum að virða það að þetta er heimili þjóðgarðsvarðar. Ef þjóðgarðsvörður vill opna sín heimkynni fyrir fundahald af því að ekki er í önnur hús að venda í sveitinni, þá finnst mér að við eigum ekki að vera agnúast út í það eða gera það að stórmáli. Ég segi fyrir mig, ég sé ekkert á móti því að ef Samtök herstöðvaandstæðinga til að mynda, ef þau eru enn þá til, vildu hitta menn þarna úr sveitinni og þjóðgarðsvörður mundi vilja opna heimili sitt fyrir þeim samtökum. Það er hennar mál að mínu viti. Ég sé ekkert á móti því og ég held að það sé út í bláinn að upphefja þetta með þessum hætti, tengja það 1. des. sérstaklega og draga embætti forseta þingsins inn í þetta sérstaklega. Hún er þarna auðvitað fyrst og fremst sem stjórnmálamaður, þingmaður eins og við öll hin.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þá er lokið umræðum um „störf þingsins“ og verður nú tekið til við að afgreiða dagskrármál. (**HG:** Forseti. Það var verið að kveðja sér hljóðs hér.) Vegna

frammíkalls úr sal vill forseti segja það að hann hafði lokið þessum umræðum og gengið til dagskrár og forseti mun halda áfram að stjórna fundi samkvæmt dagskrá og þingsköpum. Fyrir liggur að ganga til atkvæða um fyrsta mál á dagskrá.

Vegagerð milli Borgarfjarðar eystri og Seyðisfjarðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHall og JónK, 228. mál. — Þskj. 256.

[13:46]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, REl, RG, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvÁ, SvG, VS, VE, ÖS.

18 þm. (ÁRÁ, EgJ, GB, GHall, GÁS, HÁ, JGS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, PJ, SalÞ, SighB, StG, StH, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Skattamál, 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 290.

[13:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. sem er á þskj. 290, þetta er 251. mál þingsins og fjallar um skattamál. Frv. þetta heyrir undir þann ættbálk sem kenndur er við bandorma, en í frv. er að finna breytingar á ýmsum skattalögum, breytingar sem eru fluttar í takt við fjárlagafrv., en enn fremur er að finna í frv. ýmsar aðrar breytingar sem teljast vera lagfæringar á skattalögum.

Það eru einkum tvær ástæður fyrir því að þetta frv. er flutt með þessu sniði. Annars vegar reynist nauðsynlegt að flytja breytingar á ýmsum skattalögum vegna yfirlýsingar ríkisstjórnar sem gefin var út í vor þegar samningar náðust á hinum almenna vinnumarkaði og einnig vegna yfirlýsingar sem flutt var þegar kjarasamningar voru ítrekaðir og ákveðið að þeir héldu út samningstímabilið nú fyrr í þessum mánuði. Hins vegar er ástæðan fyrir þessum tillöguflutningi sú að verulegar breytingar voru gerðar fyrir ári síðan á tekjustofnalögum sveitarfélaga og skattalögum til þess að leggja aðstöðugjaldið niður. Nú er gerð tillaga um viðvarandi breytingu sem felur það í sér að aðstöðugjaldið er fellt niður — alveg, ekki til bráðabirgða — en í staðinn eiga sér stað tilfærslur á sköttum og tekjum, tekjustofnum milli ríkis og sveitarfélaga eins og nánar er vikið að í greinargerð með þessu frv. Það hefur raunar verið rætt áður á hinu háa Alþingi þegar til umræðu var frv. um tekjustofna sveitarfélaga.

Það kann að vekja nokkra athygli þegar sagt er að verði þetta frv. að lögum megi gera ráð fyrir því að áhrif frv. verði á næsta ári skattalækkun upp á rúmar 1.200 millj. kr. þannig að samþykkt frv. þýðir að ríkissjóður verður af tekjum á næsta ári upp á um það bil 1.230 millj. kr. og meira þegar um heilsársáhrif er að ræða.

Ég mun fyrst gera grein fyrir meginatriðum frv. og þeim breytingum sem tengjast kjarasamningum. Meginefni þessa frv. eru breytingar sem tengjast yfirlýsingum ríkisstjórnar vegna kjarasamninganna í maí sl. Veigamesta breytingin er tillaga um lækkun virðisaukaskatts af matvælum úr 24,5% í 14% frá næstu áramótum. Þessi breyting skerðir tekjur ríkissjóðs um 3,1 milljarð miðað við heils árs innheimtu en um 2,6 milljarða árið 1994.

Til að vega að hluta á móti þessu tekjutapi í fjárlagafrv. er annars vegar er gert ráð fyrir að leggja sérstakan skatt á vaxtatekjur einstaklinga frá miðju næsta ári. Þessi skattlagning var að vísu talin skila litlum tekjum á því ári eða um 150 millj. kr. en árið 1995 voru skilin talin geta orðið 500–600 millj. kr. Hins vegar var gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. að lagt yrði 0,35% aukatryggingagjald eða viðbótartryggingagjald á fyrirtæki og einnig 0,5% atvinnutryggingagjald á einstaklinga. Þessi gjaldtaka var einkum ætluð til að styrkja fjárhag Atvinnuleysistryggingasjóðs. Samanlagt var talið að þessi gjaldtaka gæti skilað ríkissjóði um 1.600 millj. kr. á heilu ári, en 1.400 millj. kr. árið 1994. Til þess að draga úr áhrifum atvinnutryggingagjaldsins á afkomu tekjulægri barnafjölskyldna var einnig áformað að hækka greiðslur barnabótaauka um 150 millj. kr.

Þegar þetta tvennt var lagt saman var talið að skatttekjur ríkissjóðs mundu lækka um 1.200 millj. kr. vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum þrátt fyrir þessa viðbótartekjuöflun eins og fram kemur í greinargerð með þessu frv.

Af hálfu launanefndar ASÍ og vinnuveitenda komu fram athugasemdir við nokkra þætti fjárlagafrv. sem ekki voru taldir samrýmast yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá í maí. Í yfirlýsingu forsrh. frá 5. nóv. sl. kemur fram að ríkisstjórnin hafi vegna athugasemda launanefndar ákveðið að breyta í nokkrum atriðum fyrri áformum um tekjuöflun til að vega upp á móti tekjutapi vegna lækkunar virðisaukaskatts af matvælum.

Þar með er horfið frá áformum um álagningu sérstaks 0,5% atvinnutryggingagjalds á einstaklinga en í staðinn er lögð til hækkun á tekjuskatti einstaklinga um 0,35% og bifreiðagjaldi um þriðjung, heldur meira á þyngri bifreiðum en minna á hinum léttari. Jafnframt er gert ráð fyrir að lækka vörugjöld á nokkrum vöruflokkum til að koma í veg fyrir að samkeppnisstaða innlendra aðila raskist vegna röskunar virðisaukaskatts af matvælum.

Í viðræðum milli ríkisstjórnar og aðila vinnumarkaðarins var lögð áhersla á að veruleg lækkun vaxta væri mikilvægasta aðgerðin til að örva atvinnulífið. Í lok október 1993 kynnti ríkisstjórnin viðamiklar aðgerðir til þess að stuðla að lækkun vaxta. Þessar aðgerðir hafa nú þegar skilað þeim árangri að raunvextir hafa lækkað um 2%.

Brýnt er að raska ekki þeim forsendum sem vaxtalækkun byggir á. Þar skiptir staða ríkisfjármála og lánsfjárþörf ríkisins miklu máli. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum og þær breytingar á sviði ríkisfjármála sem ríkisstjórnin hefur ákveðið eru reistar á þeirri forsendu að halli á ríkissjóði á næsta ári verði ekki meiri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv.

Í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar sl. vor um upptöku sérstaks vaxtaskatts var skipuð nefnd til að útfæra nánar álagninguna og undirbúa framkvæmdina. Nefndin skilaði áliti sínu og drögum að frv. um miðjan október 1993 miðað við að 10% vaxtaskattur yrði tekinn upp frá miðju næsta ári. Ekki var talið fært að taka hann upp fyrr því að framkvæmda- og innheimtuaðilar þyrftu góðan undirbúningstíma.

Í kjölfar þeirra aðgerða sem ríkisstjórn og Seðlabanki hafa beitt sér fyrir til þess að lækka vexti hafa komið fram áhyggjur af hálfu viðskiptabanka og Seðlabanka um að áformuð gildistaka vaxtaskatts á næsta ári geti jafnvel orðið til þess að hækka vexti. Kemur þetta fram í bréfi Seðlabankans sem skrifað var ríkisstjórninni af því tilefni. Ríkisstjórnin hefur af þessu tilefni ákveðið að fresta framlagningu frv. um vaxtaskatt og mun á næstu mánuðum skoða framkvæmd og útfærslu þessarar skattlagningar nánar.

Enda þótt þær aðgerðir sem kynntar eru í þessu frv. feli í sér nokkur frávik frá þeim áformum sem kynnt voru í fjárlagafrv. er heildarmarkmið niðurstöðu fjárlaga óbreytt.

Í nóvember 1992 gripu stjórnvöld til umfangsmikilla efnahagsaðgerða til að styrkja stöðu íslensks atvinnulífs, einkum gagnvart vaxandi erlendri samkeppni, hamla gegn auknu atvinnuleysi, skapa skilyrði fyrir lækkun vaxta, aukningu arðbærrar fjárfestingar og nýsköpun. Þannig hefur verið leitast við að leggja grunn að hagvexti á næstu árum.

Veigamikill þáttur í efnahagsaðgerðunum var niðurfelling aðstöðugjalds, en það hafði um langt árabil veikt samkeppnisaðstöðu íslenskra fyrirtækja gagnvart erlendum keppinautum. Niðurfelling aðstöðugjalds hafði hins mikil áhrif á fjárhag sveitarfélaga og kallaði á heildarendurskoðun á tekjustofnum þeirra. Var talið nauðsynlegt að undirbúa þá endurskoðun vandlega og leita varanlegra lausna á tekjuöflun þeirra.

Til bráðabirgða var gripið til þess ráðs að tryggja sveitarfélögunum svipaðar tekjur og þau hefðu haft af álagningu aðstöðugjalds, með aukinni hlutdeild þeirra í tekjuskatti einstaklinga. Samkvæmt fjárlögum ársins 1993 var þessi fjárhæð talin vera um 4 milljarðar kr. og virtist sú áætlun ganga eftir nokkurn veginn. Þessi millifærsla til sveitarfélaga kallar á sérstaka tekjuöflun. Þannig var tekjuskattshlutfall einstaklinga hækkað til bráðabirgða um 1,5 prósentustig úr 32,8% í 34,3%. Jafnframt var skipuð nefnd til að gera tillögur um varanlega lausn á tekjuöflun sveitarfélaga í stað aðstöðugjaldsins.

Sú nefnd skilaði áliti til félmrh. en hún hefur lagt fram frv. til breytinga á tekjustofnalögum og það frv. er nú til meðferðar í nefnd. Breytingarnar snerta tekjuhlið ríkissjóðs með þrennum hætti:

Í fyrsta lagi leggur nefndin til að hámarksálagning útsvars hækki, en samhliða því lækki hlutur ríkisins í tekjuskatti einstaklinga.

Í öðru lagi er gerð tillaga um hækkun fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði. Jafnframt verði hætt að leggja á skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði sem hefur runnið í ríkissjóð og með því skapað aukið svigrúm fyrir álagningu sveitarfélaga á húsnæði sem eins konar fasteignaskatta.

Í þriðja lagi leggur nefndin til að landsútsvarið verði fellt niður, en það er að stærstum hluta tekjustofn Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að tekjutapi Jöfnunarsjóðs verði mætt með beinu framlagi úr ríkissjóði sem fjármagnað verði með auknum tekjum frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og hækkun bensíngjalds.

Frekar er gerð grein fyrir þessum áformum öllum í greinargerð með frv. og er tafla sýnd á bls. 16 í frv.

Í því frv. sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir tvenns konar meginbreytingum á tekjuskatti einstaklinga:

Í fyrsta lagi er breyting á skatthlutfallinu; annars vegar er 1,5 prósentustiga lækkun í tengslum við breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og hins vegar 0,35% hækkun til að vega upp á móti lækkun virðisaukaskatts af matvælum í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar nú í nóvember. Samkvæmt þessu lækkar skatthlutfallið um 1,15 prósentustig þegar þessar tvær tölur eru saman dregnar.

Í öðru lagi eru breytingar á ákvæðum tekjuskattslaganna um greiðslur vaxtabóta en um þær mun ég fjalla frekar hér á eftir. Þar er um nánari útfærslu á tillögum að ræða, en í lögum sem sett voru fyrir um það bil ári síðan voru gerðar breytingar á vaxtabótunum og þær skertar að nokkru leyti. Hér er eingöngu um það að ræða að gera tillögur innan þess marks en ekki um frekari skerðingar að ræða.

Þá eru lagðar til ýmsar tæknilegar lagfæringar á lögunum og eru þær skýrðar í athugasemdum við einstakar greinar og mun ég lítið fjalla um þær breytingar en tel ég að nefndin muni að sjálfsögðu ræða þær ítarlega.

Í desember 1992 samþykkti Alþingi breytingar á gildandi vaxtabótakerfi eins og ég sagði áðan til þess að hamla gegn frekari útgjaldaaukningu vegna vaxtabóta næstu árin. Sú breyting leiðir til 400 millj. kr. lækkunar útgjalda til vaxtabóta á næsta ári.

Sú nefnd sem fjallaði um þessi mál hefur skilað áliti og þær breytingar á vaxtabótum sem í frv. felast byggjast í meginatriðum á tillögum nefndarinnar. Þær eru þríþættar. Í fyrsta lagi eru tillögur um nýjar viðmiðunarreglur, í öðru lagi um ýmsar lagfæringar á lögunum til einföldunar og samræmingar og í þriðja lagi er

tillaga um bætta upplýsingagjöf lánastofnana. Vegna afturvirknisjónarmiða er ekki gert ráð fyrir að þessar tillögur taki gildi fyrr en við álagningu 1995.

Þær breytingar sem felast í þessu frv. gera ekki ráð fyrir frekari lækkun útgjalda, eins og ég áður sagði, að öðru leyti en því sem leiða kann af skilvirkara eftirliti og einfaldari framkvæmd, en það getur vissulega sparað ríkissjóði eitthvað því að öllum er ljóst að í núverandi vaxtabótakerfi er mjög örðugt að koma við eftirliti með því hvort stofninn, vextirnir sem lagðir eru til grundvallar eru til komnir vegna öflunar húsnæðis eða ekki.

Markmiðið með þessum breytingum á vaxtabótakerfinu er að gera stuðning ríkisins við húsnæðiskaupendur markvissari um leið og tekjujöfnun kerfisins er aukin. Þannig hækka vaxtabætur einhleypra og einstæðra foreldra þegar á heildina er litið. Hækkunin kemur einkum fram í neðstu tekjubilunum. Vaxtabætur hjóna lækka að meðaltali en þó þannig að á neðstu tekjubilunum haldast þær nær óbreyttar en lækka talsvert hjá þeim sem hæstar hafa tekjurnar.

Eins og áður hefur komið fram í mínu máli var lækkun virðisaukaskatts af matvælum úr 24,5% í 14% einn veigamesti þáttur í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar vegna kjarasamninganna sl. vor. Lækkunin er talin kosta ríkissjóð 2,6 milljarða kr. frá 1994 en 3,1 milljarð miðað við innheimtu á heilu ári. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1994 lækka tekjur af virðisaukaskatti reyndar um 3,2 milljarða kr., en á móti var gert ráð fyrir hækkun vörugjalds á sælgæti og gosdrykki, um 600 millj. kr. Nú er hins vegar horfið frá því ráði en að því stefnt að virðisaukaskattur á sælgæti og gosdrykki verði óbreyttur, eða 24,5%. Jafnframt er áformað að lækka vörugjald af þessum vörum um 7%.

Þegar á heildina er litið er talið að lækkun virðisaukaskatts af matvælum í tengslum við kjarasamninganna sl. vor lækki vísitölu framfærslukostnaðar um rúmlega 1%. Um fjórðungur þessarar lækkunar kom fram þegar um mitt þetta ár, 1993, í kjölfar aukinna niðurgreiðslna á mjólkurvörum, svínakjöti, kjúklingum og eggjum. Samkvæmt upplýsingum úr neyslukönnun Hagstofu Íslands verja barnafjölskyldur að jafnaði um fimmtungi tekna sinna til kaupa á matvælum. Þetta hlutfall er hins vegar nokkuð hærra fyrir tekjulægri fjölskyldur. Hjá einstaklingum er hlutfallið talið vera nálægt 15% að meðaltali.

Samhliða lækkun virðisaukaskatts af matvælum er gert ráð fyrir að þær endurgreiðslur/niðurgreiðslur vegna matvæla, sem nú eru í gildi, falli niður. Þessar greiðslur hafa miðast við að með þeim væri virðisaukaskattur í raun greiddur niður í 14%. Þess vegna munu þessar tilteknu vörur ekki lækka í verði um áramótin. Sérstakar reglur hafa gilt um fisk og hafa endurgreiðslurnar verið mun meiri en gilt hefur almennt um mjólkur- og kjötvörur. Þess vegna má búast við að fiskur geti hækkað þegar endurgreiðslurnar eru felldar niður. Í frv. er hins vegar gert ráð fyrir að niðurgreiðslurnar lækki í áföngum á næsta ári til þess að dreifa þessum áhrifum yfir árið. Við teljum reyndar mjög óheppilegt að hverfa alveg frá endurgreiðslunum einmitt um áramót, en þá stendur oft þannig á að er lítið um fisk og allir vita að fiskur er á markaðsverði og það gæti þess vegna komið óheppilega út í verðlagi ef þessi breyting ætti sér stað nákvæmlega um áramótin.

Það er ljóst að lækkun virðisaukaskatts á matvælum hefur í för með sér ýmsa erfiðleika við framkvæmd og eftirlit. Breytingarnar hafa jafnframt í för með sér töluverðan kostnað vegna undirbúnings, kynningar og útgáfustarfsemi, breytinga á tölvukerfum, starfsmanna- og launakostnaðar auk beins og óbeins kostnaðar við eftirlit og framkvæmd. Framkvæmd og eftirlit með fyrirhugaðri breytingu á virðisaukaskatti má ekki koma niður á framkvæmd og eftirliti skattyfirvalda með öðrum sköttum og gjöldum, svo sem tekjuskatti, staðgreiðslu, tryggingagjaldi og vörugjaldi. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna breytinga á virðisaukaskatti en þess getið að málið sé til skoðunar. Nauðsynlegt verður að leita fjárheimildar á árinu 1994 til að standa straum af kostnaði við fyrirhugaðar breytingar og að því er unnið nú í ráðuneytinu þegar ljóst er að búast má við þessari breytingu nú um næstu áramót. Gera má ráð fyrir að nokkur kostnaður hljótist af auknu eftirliti sem nauðsynlegt er vegna þessarar breytingar.

Víkjum nú nokkrum orðum að tryggingagjaldinu en samkvæmt gildandi lögum greiða atvinnurekendur sérstakt tryggingagjald í ríkissjóð. Gjaldstofninn er heildarlaunagreiðslur þar með talið framlag þeirra í lífeyrissjóð og reiknað endurgjald í einstaklingsrekstri. Gjaldið er í tveimur þrepum. Það eru 2,5% í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði, en 6% í öðrum greinum nema frá áramótum. Þá lækkar tryggingagjaldið í ferðaþjónustunni eins og kunnugt er.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir að tryggingagjaldið hækki um 0,35%, þ.e. í 2,85% í lægri flokki og upp í 6,35% í öðrum atvinnugreinum. Talið er að gjaldstofn tryggingagjalds verði í kringum 200 milljarðar kr. á árinu 1994. Þar af nema launagreiðslur ríkissjóðs að meðtöldum B-hluta fyrirtækjum 40 milljörðum kr. Samanlagt er talið að hækkun tryggingagjaldsins skili ríkissjóði um 560 millj. kr. á heilu ári. Þar af innheimtast um 550 millj. á næsta ári.

Í frv. er einnig gerð tillaga um að þær reglur sem gilda um ákvörðun gjaldstofns til útreiknings tryggingagjalds vegna vinnu manns við eigin rekstur verði skýrari. M.a. er lagt til að sett verði lágmark fyrir þau laun sem tryggingagjald reiknast af. Þetta er gert m.a. vegna þess að nýlega hefur fallið dómur og til þess að skapa ekki réttaróvissu þótti rétt að setja lágmark ef um fulla vinnu er að ræða.

Samkvæmt gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga greiða olíufélög 1,3% landsútsvar af heildarsölu olíu og olíuvara annarri en gasolíu og svartolíu. Þessi álagning er talin nema nálægt 140 millj. kr. á næsta ári að öðru óbreyttu. Áður hefur komið fram í ræðu minni að í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir að landsútsvarið félli niður á næsta ári en á móti hækkaði vörugjald af bensíni úr 90% í 97%. Þetta er hluti af tekjuöflun ríkisins til að standa undir framlagi úr ríkissjóði til Jöfnunar-

sjóðs sveitarfélaga. Áhrif þess á verðlag eru talin óveruleg ef nokkur þar sem gjaldið kemur í stað niðurfellingar landsútsvars og fyrirtækin ættu þess vegna að standa jafnt eftir sem áður.

Eins og áður hefur komi fram í minni ræðu er lagt til að bifreiðagjald verði hækkað sérstaklega, m.a. til að fjármagna lækkun virðisaukaskatts af matvælum og á sú hækkun að skila ríkissjóði um 450 millj. kr. í viðbótartekjur. Gert er ráð fyrir að grunngjaldið hækki heldur minna, eða um tæplega 30%, úr 4,35 kr. á hvert kg í 5,62 kr. miðað við hálft ár. Álagið er hins vegar hækkað úr 50% í 65% þannig að gjald fyrir hvert kg umfram 1000 kg hækkar um rúmlega 40%. Að meðaltali er hækkunin tæplega 33% sem svarar til svona 2.500 kr. á meðalbifreið.

Nokkrar umræður hafa orðið upp á síðkastið um verðlagsáhrif af þessu, en í greinargerð með frv. er því haldið fram að verðlagsáhrifin séu hverfandi vegna þess að niður falli ákveðið tryggingagjald, þ.e. slysatryggingagjald vegna ökutækja. Þetta hefur verið vefengt m.a. af Félagi ísl. bifreiðaeigenda. Við nánari skoðun málsins kemur í ljós sem sagt er í frv. að um er að ræða tvöfalda innheimtu á þessu ári þannig að hluti af þessum kostnaði bifreiðaeigenda fellur niður en gera má þó ráð fyrir að eftir sitji um 1.000 kr. eða þar um bil, eða 40% á ári, sem hefur auðvitað áhrif í verðlagi og áhrif á útgjöld fjölskyldna, en þó eru þau útgjöld mjög óvís því að þessi þjónusta er flutt yfir til tryggingafélaganna. Það er þó rétt að það komi fram að um er að ræða upphæðir sem verulega ganga upp á móti þeirri hækkun sem bifreiðagjaldið hækkar um.

Í yfirlýsingu stjórnvalda sem gefin var í tengslum við gerð kjarasamninga sl. vor kemur fram að ekki sé gert ráð fyrir að gosdrykkir og sælgæti lækki í verði til jafns við aðrar matvörur, en þess verður þó gætt að raska samkeppnisstöðu þeirra sem minnst.

Í fjárlagafrv. var miðað við að virðisaukaskattur á gosdrykkjum, ávaxtasafa, sælgæti og fleiru yrði lækkaður í 14% en á móti kæmi samsvarandi hækkun á vörugjaldi þannig að verðið héldist sem næst óbreytt. Nú er lagt til að samsvarandi áhrifum verði náð með því að halda virðisaukaskatti á þessum vörum óbreyttum. Á móti lækka vörugjöld á þessar vörur nokkuð. Þá eru lögð vörugjöld á nokkrar samkeppnisvörur sem verða í lægra þrepi virðisaukasatts og þannig dregið úr áhrifum af hækkun virðisaukaskatts á verð þeirra.

Þessar vörur eru taldar upp í frv. og má þar nefna að í frv. er lagt til að vörugjald á gosdrykkjum lækki úr 25% í 18% en þessar vörur verði í hærra þrepi virðisaukaskatts. Virðisaukaskattur af kaffi og te lækkar í 14% en hins vegar verður 6% vörugjald lagt á þá flokka og aðra skylda flokka. Það sama gildir um sælgæti en eins og allir vita er mjög lítill munur í sjálfu sér á því og erfitt að finna landamerki á milli sælgætis annars vegar og ýmiss konar sætinda og þess háttar matvöru, t.d. sætabrauðs ýmiss konar, sem fæst í bakaríum hins vegar. Þetta er gamalkunnugt vandamál úr fjmrn.

Lækkun vörugjalda kostar ríkissjóð að óbreyttu um 370 millj. kr. Á móti vegur fyrirhuguð álagning 6% vörugjalds sem skilar um 110 millj. kr. Auk þess er gert ráð fyrir að hækka 9%-vörugjaldsflokkinn upp í 10%, en í þessum flokki eru fyrst og fremst snyrtivörur og byggingarvörur. Þessi hækkun skilar um 75 millj. kr. tekjuauka. Auk þessara breytinga er lagt til að lagðir verði tollar á feiti og olíur, eftir því sem heimilt er samkvæmt gildandi GATT-samningum. — Ég vil biðja hv. nefndarmenn í efh.- og viðskn. að kanna það mál vel því að það skiptir auðvitað miklu máli að hér sé farið að með þeim hætti að við gerum þetta innan viðkomandi heimilda. — Tollarnir verða almennt á bilinu 7–18% nema 70–90% á smjörlíki en þá er einnig gert ráð fyrir að jöfnunartollur sem gildir nú á smjörlíki verði niður felldur en þessi tollur komi í staðinn. Áætlaðar viðbótartekjur vegna þessara breytinga eru taldar um 20 millj. kr. Þegar upp er staðið lækka tekjur ríkissjóðs um 165 millj. kr. vegna þessara breytinga. Verðlagsáhrifin verða í samræmi við þetta, þ.e. heldur til lækkunar.

Ég mun ekki, virðulegi forseti, fara yfir einstök atriði í frv. heldur taka hér stærstu atriðin. Þó vil ég benda á að gert er ráð fyrir því að sérstakt skatthlutfall verði á félögum með ótakmarkaða ábyrgð þótt almenna reglan sé sú að atvinnurekstur falli í 33% skatthlutfallið. Þetta er gert vegna þess vanda sem af því hlýst þegar skatthlutfallið er lækkað af atvinnurekstri en ekki af einstaklingum því að margvíslegur rekstur er í höndum einstaklinga og ekki sjáanlegt að hægt sé að gera mun á skatthlutfalli þeirra sem reka fyrirtæki sín í einkarekstursformi og hinna sem nota annaðhvort sameignarfélagsformið eða samlagsformið þegar um er að ræða samlagsfélög og a.m.k. einn eigenda hefur ótakmarkaða ábyrgð. Þetta var nokkuð vandasamt en að ráði endurskoðenda var það þrautalendingin að fara þessa leið.

Ýmislegt fleira mætti tína til úr frv. sem eru leiðréttingaratriði, tæknileg atriði, en ég hvet hv. nefnd til þess að kanna þau og sé ekki ástæðu til þess að gera mikið mál úr þeim hér við 1. umr. þessa máls.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, aðeins geta þess sem ég sagði í upphafi að þessar breytingar eru fluttar til þess að uppfylla loforð ríkisstjórnarinnar í tengslum við kjarasamninga annars vegar og einnig sem hluta af þeirri miklu breytingu sem varð fyrir ári síðan þegar skattar voru færðir af fyrirtækjum og yfir á heimili og fólk í landinu. Tilgangurinn með þeirri breytingu var að styrkja samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja, að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi og freista þess að efla atvinnulífið á þann veg að við kæmumst með hægari móti út úr þeim efnahagserfiðleikum sem við höfum lent í. Þetta frv. fyllir út í þá mynd og til viðbótar gerist það að skattar munu á næsta ári lækka mjög verulega eða um rúmar 1.200 millj. kr. (**SJS:** Það á alltaf að lækka skattana.) (**SvG:** ...það borgi sig að tala lengur.) Vegna framm íkalls hv. fundarmanna sem eru nýkomnir af fundi Alþb. og hafa þar í sinni siðbót fundið útflutningsleiðina, þá vil ég taka það sérstaklega fram að ég hlakka til þess þegar þeir koma hér í ræðustólinn núna, eftir að hafa haldið hverja ræðuna á fætur annarri í fyrra og sagt að tekju-

skatturinn væri að hækka og skattar væru að hækka, og halda því fram að þessir sömu skattar séu að lækka því að ef þeir vilja vera samkvæmir sjálfum sér, þá hljóta þeir að láta það koma mjög skýrlega fram í sínu máli.

Að svo mæltu, virðulegi forseti, legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:18]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. fjmrh. hefur mælt fyrir þessu frv. og ræddi um það að rétt væri fyrir efh.- og viðskn. að taka ýmis atriði þess til sérstakrar athugunar. Það er nú svo að megnið af þessu máli hefur þegar verið ákveðið og nánast formsatriði að leggja það fyrir Alþingi, mæla hér fyrir því og vísa því til nefndar. Það er hlutverk efh.- og viðskn. að athuga helstu missmíðar á frv. en efnislega eiga nefndin og Alþingi ekkert um málið að segja.

Sá aðili sem ber ábyrgð á skattamálum í fjmrn. ritaði nú nýlega í rit Félags löggiltra endurskoðenda eftirfarandi sem ég ætla að vísa í og ég held að það sé sannmæli um þetta frv. og í reynd mörg önnur frumvörp að undanförnu og jafnvel á undanförnum árum um skattamál. En hann segir svo:

„Krísupakkasmiðir úti um allan bæ sitja með sveittan skallann dag og nótt í nokkrar vikur við það að yfirbjóða hver annan með hugmyndum um skattabreytingar. Þær enda svo á borði ríkisstjórnar og Alþingis, nánast sem úrslitakostir sem framkvæmdarvaldinu er gert að taka eða hafna og lítt hirt um löggjafarvaldið sem fær það hutverk eitt að lögfesta ákvörðun þeirra sem valdið hafa."

Þetta ritar einn æðsti embættismaður fjmrn. og ég held að það sé nokkuð til í því að það séu sannmæli um þetta frv. ef frv. skal kalla. Þetta frv. er að mínu viti enn eitt dæmið um hrákasmíði í skattamálum. Er að hluta til verið að efna ákveðin loforð sem hafa verið gefin og leiðrétta vitleysur sem voru í lagasmíði á síðasta ári og árinu þar á undan.

Ég ætla í reynd ekki að hafa mjög mörg orð um efnisatriði þessa máls. Það má segja að ríkisstjórnin hafi gefið upp boltann þegar hún ákvað á síðasta ári að skerða barnabætur, skerða húsaleigubætur, það var reyndar gert árið þar á undan, hækka virðisaukaskatt og leggja sérstakt skattþrep á ferðaþjónustu og bækur. Þá var í reynd tekin ákvörðun um að það skyldi tekið upp sérstakt 14%-stig í virðisaukaskatti. Þetta varð til þess að verkalýðshreyfingin sótti á um það í samningunum í vor að það væri rétt að útfæra þetta skattþrep frekar yfir á helstu nauðsynjavöru almennings, þ.e. á matvöru. Um þetta var samið á sl. vori og ríkisstjórnin gekkst inn á það þrátt fyrir yfirlýsingar um annað. Ráðherrar Alþfl. gengust inn á það allir sem einn — og ég verð nú, hæstv. forseti, að fara þess á leit að annaðhvort utanrrh. eða viðskrh. verði viðstaddur þessa umræðu. Þeir hafa verið að tjá sig um þetta mál úti í bæ í allt sumar og sérstaklega í haust og það er lágmark að þeir sýni Alþingi þá virðingu að vera viðstaddir umræðu hér á Alþingi um málið.

(**Forseti** (GunnS): Í tilefni af þessari beiðni vill forseti upplýsa að hæstv. utanrrh. er með fjarvistarleyfi en forseti mun gera ráðstafanir til þess að kalla hingað til þings hæstv. viðsk.- og iðnrh.)

Ég tel rétt, virðulegi forseti, að þessari umræðu verði frestað þar til hæstv. utanrrh. kemur af fundi annarra alþýðuflokka á Norðurlöndum því að ég er viss um að hann hefur eitthvað vitkast á því ferðalagi. (Gripið fram í.) Já, það má vel vera að aðrir hv. þm. séu meiri svartsýnismenn en ég, en ég hef fulla ástæðu til þess að ætla það að hæstv. utanrrh. hafi tiltölulega gott af slíkum kynnum. En hvað um það. Það var gert um það samkomulag á sl. vori og ríkisstjórnin féllst á það. Nú kemur ríkisstjórnin og segir: Við viljum gjarnan breyta þessu til baka ef verkalýðshreyfingin samþykkir það. Við erum ekki vondu kallarnir í þessu máli, við gerðum ekki vitleysuna. Það voru aðilar vinnumarkaðarins sem gerðu þessa vitleysu. Við bara lofuðum þessu.

Hvers konar framkoma er þetta? Auðvitað ber ríkisstjórnin ábyrgð á þessu máli en ekki verkalýðshreyfingin. Ríkisstjórnin vissi að ef verkalýðshreyfingin ætlaði að bakka út úr þessu máli, þá varð í reynd að segja upp samningum og leggja málið fyrir hvert einasta félag í landinu og það vildi ríkisstjórnin ekki. Ríkisstjórnin ber því ábyrgð á því að taka upp þessa óskynsamlegu breytingu í virðisaukaskattinum sem mun leiða til lækkunar á innfluttum matvælum fyrst og fremst og það er vitað mál að það hefði verið hægt að koma þessum kjarabótum til almennings með miklu einfaldari og skilvirkari hætti. Þar að auki er opnuð ný leið til skattsvika og þau munu aukast og það veit hæstv. ríkisstjórn. Samt vill hún bera ábyrgð á að keyra þetta mál hér í gegnum þingið og stjórnarliðar eiga að fá það hlutverk að rétta hér upp hendur og efh.- og viðskn. á svona fyrir siðasakir að skoða málið í einhverja daga.

Það er líka vitað mál að það þarf að fjölga í skattkerfinu um 20–30 manns til að koma þessari breytingu á þótt hvergi sé gert ráð fyrir því í útgjöldum fjárlaganna og er það eitt dæmið um ónákvæmnina í fjárlagagerðinni.

Þetta hlýt ég að gagnrýna og ég lýsi fyrst og fremst ábyrgð á ríkisstjórnina og tel það ómaklegt af henni að vera að koma skömminni í málinu á verkalýðshreyfinguna. Og sérstaklega er það ómaklegt af ráðherrum Alþfl. sem nú upp á síðkastið hafa farið í kappræður um það hvað þetta væri vitlaus ákvörðun á sama tíma og þeir samþykktu það einu hljóði á sl. vori. Er það enn eitt dæmið um hentistefnu þess flokks sem venjulega ásakar aðra um slíka hluti.

Út af einstökum efnisatriðum í þessu máli má segja að það helsta sem hefur hlotið einhverja vinnu séu ný ákvæði um vaxtabætur. Það mál hefur þó verið undirbúið með þokkalegum hætti en ég er samt ekki á því að þar sé algjörlega rétt að farið. Sem dæmi má taka að ef um er að ræða hjón sem hafa 403 þús. í vaxtagjöld og 3 millj. í tekjur, þá eru í reynd allir vextir umfram 180 þús. kr. greiddir af ríkinu. Þetta kerfi býður upp á það að það er hagstætt fyrir aðila að skulda ákveðnar fjárhæðir hvort sem þörf er á því eða ekki. Og það er jafnframt ljóst að með þessum ákvæðum er

að nokkru leyti verið að skerða vaxtabæturnar með því að binda vextina við 7% raunvexti og það boðað að það hlutfall verði lækkað í meðförum þingsins. Ég tel að það hafi verið ótrúlega mikið hringl á undanförnum árum og ég er ekki að undanskilja þá ríkisstjórn sem áður sat í þessum málum. Það eru ekki nema örfáir menn sem skilja það hvað þarna hefur gengið á. Og alltaf er verið breyta þessu út og suður. Ég tel að þær breytingar sem hér er verið að leggja til séu að sumu leyti til bóta, en þó ekki að öllu leyti.

Ég vildi nota tíma minn til þess að koma aðeins að virðisaukaskattsbreytingunni. Á sl. ári var ákveðið að leggja virðisaukaskatt á ferðaþjónustu og það var ákvörðun sem ríkisstjórnin tók þó ein og óstudd og mér vitanlega voru engir „krísupakkasmiðir" úti í bæ sem hjálpuðu henni við það. Það hefur þó svo illa til tekist í þeirri lagasmíð að nú þarf að flytja margar brtt. við virðisaukaskattslögin til þess að leiðrétta missmíðina frá í fyrra. Menn höfðu t.d. ekki gert ráð fyrir því að einstaklingar kynnu að fljúga til útlanda utan af landi. Það hafði eingöngu verið gert ráð fyrir því að slíkt ferðalag mundi hefjast í Keflavík eða Reykjavík. En nú er sem sagt gert ráð fyrir því að menn geti hafið slíka ferð úti á landi án þess að greiða virðisaukaskatt, t.d. milli Egilsstaða og Reykjavíkur, ef ferðinni er heitið til útlanda. Ef ferðinni er hins vegar heitið til höfuðborgarinnar, þá skulu menn greiða virðisaukaskatt. Þetta er út af fyrir sig eitt nægilegt til þess að sýna fram á fáránleikann í þessum skatti.

Flest af því sem við neytum innan lands og kaupum hér á landi er með virðisaukaskatti. Það er algjör undantekning að svo sé ekki, en það á við um ferðalög erlendis eins og flugfargjöld til annarra landa. Það er eins og hver önnur neysla sem má segja að ætti að bera virðisaukaskatt eins og önnur neysla í landinu, en vegna samkeppnisstöðu og vegna reglna erlendis þykir ekki rétt að fara út í það, enda mundi það leggja íslensku flugfélögin eða flugfélagið og starfsemi þess í rúst. En það þykir hins vegar við hæfi af núv. hæstv. ríkisstjórn að leggja virðisaukaskatt á flugfargjöld innan lands. Þessi skattur hefur ekkert með að gera að loka götum í kerfinu eða fækka undanþágum sem eru hættulegar vegna skattsvika. Þetta er hreinn skattur á landsbyggðina og þá aðila sem þurfa að sækja þjónustu hingað til Reykjavíkur. Og það er með ólíkindum ef hv. alþm. ætla að samþykkja það og koma á slíku óréttlæti í landinu. Þar að auki er það alveg óruggt að þetta mun hafa mikil áhrif á rekstur flugfélaganna. Stærsta flugfélagið sem flýgur innan lands er nýbúið að kaupa flugvélar fyrir milljarða. Þetta er fyrirtæki sem skiptir miklu máli í okkar þjóðarbúskap. Hafa menn einhverja trú á því að þetta fyrirtæki hefði verið að fjárfesta í dýrum vélum hefðu þeir mátt vænta þess að það yrði lagður virðisaukaskattur á flugfargjöld innan lands? Nú liggur það fyrir að þeir treysta sér sennilega ekki til að setja þennan skatt út í verðlagið, heldur munu verða að taka hann á sig og auka þar með tapið í innanlandsfluginu mjög verulega. Og hvernig heldur hæstv. fjmrh. að það muni enda? Heldur hæstv. fjmrh. að það muni enda með því að fyrirtækið muni blómstra og innanlandsflugið muni halda áfram með óbreyttum hætti? Nei, það er öruggt að það mun breytast og ég spái því að það kunni svo að fara að fyrirtækið telji sig nauðbeygt til þess að leggja innanlandsflugið hreinlega niður og selja flugvélarnar. Og hverjar verða þá tekjur ríkissjóðs af þessu dæmi? Ætli það þurfi þá ekki að endurreikna eitthvað upp nýtt eins og svo margt annað í þessum málum.

Ég skora því á hæstv. ríkisstjórn að taka þetta mál sérstaklega til endurskoðunar og ítreka tilmæli mín um það að taka til endurskoðunar skatt á ferðaþjónustuna almennt því að það er alveg ljóst að sá skattur mun draga úr tekjum þjóðarinnar og verða þess valdandi að tekjur ríkissjóðs munu lækka. Ég hef áður sagt það að þessi skattur muni trúlega engu skila til ríkisins vegna þess samdráttar sem hann mun valda í þjóðartekjunum. Það verður að sjálfsögðu að hafa það í huga þegar skattar eru lagðir á til hvers þeir leiði í þjóðarbúskapnum.

Virðulegur forseti. Ég hef stuttan tíma til að fjalla um þessi mál hér í ræðu minni. Ég vil þrátt fyrir allt, þótt þetta frv. sé illa samið og öll tilurð þess með eindæmum, hvetja til þess að það verði reynt að forða þeim slysum sem lögfesting þess mundi leiða til, í fyrsta lagi því mikla slysi að taka upp nýtt þrep í virðisaukaskatti á matvælum sem mun leiða til aukinna skattsvika og til aukins kostnaðar fyrir ríkið á sama tíma og það á að beina þeim mannskap sem er til ráða í að uppræta skattsvik sem eru talin nema 11 milljörðum króna. Að setja nú 20–30 manns í það að búa til eitthvert nýtt kerfi á sama tíma og bráðvantar fólk í skatteftirlit er náttúrlega hlutur sem enginn getur borið ábyrgð á og á að koma í veg fyrir.

Það slys sem jafnframt á að koma í veg fyrir er skatturinn á ferðaþjónustuna og þá sérstaklega skatturinn á flugið sem mun leiða til þess að fólk mun minnka það að ferðast flugleiðis innan lands sem getur haft þær afleiðingar að þessi þjónusta leggist af eða verði a.m.k. rekin með mun minni og óöruggari flugvélum.

Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. verði til samstarfs um einhverjar breytingar í þessa átt jafnvel þótt ég þykist vita það að hann sé búinn að binda sig í málinu eins og hæstv. viðskrh., sem nú gengur í salinn, sem samþykkti það í vor að breyta virðisaukaskattkerfinu ásamt utanrrh., kemur síðan á síðustu stundu og segist bara hafa lofað þessu en að öðru leyti hafi hann ekkert með málið að gera og vill koma öllu á verkalýðshreyfinguna. Þetta er ósæmilegt fyrir ráðherra í núverandi ríkisstjórn og væri nær fyrir þá að viðurkenna sín eigin mistök í stað þess að reyna að koma því á aðra. Væri fróðlegt að hæstv. viðskrh. segði nokkur orð um þetta mál hér á Alþingi og mundi endurtaka eitthvað af því sem hann hefur verið að segja úti í bæ þannig að við gætum talað við hann nokkur orð hér um þetta mál.

[14:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er nú þannig að í raun og veru ætti að vera sexfaldur ræðutími í þessu máli því að hér

eru á ferðinni sex frumvörp. Ég held að ég hljóti að neyðast til þess, hæstv. forseti, að gera í upphafi míns máls athugasemdir við það hvernig þetta mál er fram borið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Ég kann satt best að segja æ verr við þann sóðaskap sem farinn er að viðgangast við framsetningu lagafrumvarpa af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og ég tel að hér taki steininn úr. Í dag mun vera 30. nóv. og hér er á ferðinni ósköp venjuleg afgreiðsla skattafrumvarpa sem þurfa að ná afgreiðslu flest væntanlega fyrir áramót eða a.m.k. í upphafi árs eins og jafnan hefur verið á þessum tíma og ekkert mikið seinna á ferðinni út af fyrir sig heldur en stundum hefur verið. Þess vegna hlýtur maður að spyrja: Hvers vegna eru þá ekki með venjulegum hætti lögð hér fram frumvörp með þeim aðskilnaði sem er á lögbókinni sjálfri? Af hverju er hér ekki flutt frv. um tekjuskatt og eignarskatt, frv. um virðisaukaskatt, frv. um bensíngjald, frv. um tollalög, frv. um vörugjald o.s.frv.? Hér er ef ég man rétt á ferðinni breyting á sex og þó líklega frekar sjö lögum því að hér sé ég að þetta tekur einnig til breytinga á lögum um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. þannig að þetta eru þá líklega orðin sjö frumvörp sem hér eru sett saman í einn bandorm. Ég t.d. man ekki eftir því fyrr að tollskráin og vörugjöld væru tekin með frumvörpum um tekjuskatt og eignarskatt svo að dæmi sé tekið, og hafa þó oft tengst saman ýmsar breytingar á þessum málum eins og gefur að skilja. Þessi bandormagerð er afar ógeðfelld og ég kann því æ verr hvernig þetta er að þróast. Ég hlýt að beina þessum orðum mínum ekki síður til hæstv. forseta og forsætisnefndar þingsins. Hefur það aldrei hvarflað að forustu þingsins að taka þetta mál upp og ræða við hæstv. ríkisstjórn? Ég sé ekki annað en við séum á góðri leið með að leggja hér niður öll mörk á milli laga og eftir skamma hríð, haldi svo fram sem horfi, komi ráðherrarnir gjarnan með einn bandorm á ári, sulli þar saman öllu sem undir þá heyri og í sumum tilvikum taki jafnvel forsrh. að sér að flytja mál fyrir nokkra aðra ráðherra í einum allsherjarbandormi. Þetta er ekki snyrtilegt, hæstv. fjmrh. (**Gripið fram í:** Þetta er sullur.) Þetta er að verða mikill sullur og mikill óþrifnaður af þessu.

Ég fullyrði það að þetta einfaldar heldur ekki á nokkurn hátt vinnuna að þessum málum og hefur engan sjáanlegan tilgang að mínu mati annan en þann að ef ríkisstjórnin telur sig með þessu ná einhvers konar billegri málsmeðferð, ódýrari málsmeðferð hér í gegnum þingið með hluti sem er búið að ákveða úti í bæ og atkvæðavélarnar renna svo hér á þinginu, þá sé einfaldara fyrir þær að rétta upp höndina einu sinni heldur en sjö sinnum. Það kann að vera svo. En mér finnst þetta ekki snyrtilegt og meina þetta í fullri alvöru, hæstv. forseti. Ég vil að á þessu sé tekið.

Menn hafa svo sem látið sig hafa ýmislegt og sætt sig við það stundum þegar t.d. í bráðabirgðalögum hefur verið breytt mismunandi efnisákvæðum og það hefur svo komið hér inn í þingið í einum pakka sem slíkt, en ég sé enga haldbæra ástæðu fyrir því að standa svona að þessu. Menn geta sagt að þetta tengist kjarasamningum út af fyrir sig, en það er engin réttlæting fyrir því að leggja til hliðar öll venjuleg og vönduð vinnubrögð við lagasetningu og framlagningu frumvarpa á Alþingi, bara alls ekki hreint þó að það tengist einhverjum ytri atburðum.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, gefst ekki tími til, a.m.k. ekki í þessari umræðu sem er takmörkuð, að fara ítarlega í einstaka efnisþætti, enda er eins og ég segi um sjö mismunandi lagafrumvörp að ræða og þyrfti nokkurn tíma til að fara yfir það allt. Ég ætla þess vegna að hlaupa mjög hratt yfir sögu og ræða í fyrsta lagi breytingar á skattprósentum við álagningu tekjuskatts og eignarskatts og þá bæði á einstaklinga og lögaðila. Hér er á ferðinni hækkun á tekju- og eignarskatti einstaklinga, hæstv. fjmrh., eða hvað? Hæstv. fjmrh. er að vísu alltaf að lækka skatta og kemur ekki svo hér í ræðustólinn að hann haldi ekki ræðu um það hvað hann sé að lækka mikið skatta. Og ég skil ekki annað, ef hann fær að vera lengi í embættinu, en að það verði orðið skattlaust himnaríki hér á Íslandi um aldamót ef svo heldur fram sem horfir En samt er þetta nú þannig, hæstv. fjmrh., að fyrsta efnislega greinin í frv. er um skattahækkun. Hún er um hækkun á tekjuskatti einstaklinga um 0,35 prósentustig og ég dreg þá frá þá breytingu sem fylgir einhliða tilfærslu á 1,5 prósentustigum úr tekjuskatti yfir í útsvar, sem er engin breyting, hæstv. fjmrh., vegna þess að almenningi er alveg nákvæmlega sama hvort 1,5% af þessu er útsvar eða tekjuskattur. Það skiptir menn bara engu máli þegar þeir eru að borga þetta. Og þá er þetta þannig að álagningartalan á næsta ári í tekjuskattinum verður 33,15%. En fyrir daga niðurfellingar aðstöðugjaldsins var þessi tala 32,8%. Þarna er á ferðinni 0,35% hækkun. *Síðan færist 1,5% yfir í útsvarið sem verður þá,* miðað við álagningarprósentuna eins og hún mun standa fyrir upp á 7,04%, 8,54% og reyndar mun þakinu verða lyft meira eða um 1,7% þannig að fræðilega geta sveitarfélögin lagt á útsvar upp á 8,74%. Það þýðir að heildarprósentan verður á næsta ári 41,69%. Og ég fullyrði að hún hefur ekki sést hærri í tíð staðgreiðslu tekjuskatts þannig að að þessu leyti er hæstv. fjmrh. að slá enn eitt metið. Og þetta er skattlagningin miðað við 57 þús. kr. skattleysismörk eða eitthvað þar um bil, ef ég man rétt. Og ég vil segja: Þetta þarf að athuga, þetta er óheyrileg skattlagning á laun sem eru undir 60 þús. kr. á mánuði, að skattprósentan skuli komin þarna upp undir 42%.

Það er alveg ljóst, hvað sem hæstv. fjmrh. segir um skattalækkanir og skattalækkanir ekki, að það er að eiga sér stað núna á þessu ári og því næsta einhver stórkostlegasta tilfærsla í skattkerfinu sem átt hefur sér stað sennilega nokkurn tíma, tilfærsla frá fyrirtækjum og yfir á einstaklinga. Hún er af stærðargráðunni 5 milljarðar kr. eða svo og munar um minna. Nú má auðvitað ýmislegt um þetta segja og menn geta haldið hérna hjartnæmar ræður um vanda atvinnulífsins og allt það. Hann er vissulega mikill, sérstaklega í ákveðnum greinum en sú aðferð sem valin er þarna, að lækka skatta á öllum fyrirtækjum jafnt og færa hann yfir á einstaklinga og þar á meðal ekki síst lágtekjufólk, er að mínu mati vafasöm svo ekki sé meira sagt.

Það koma fram í ágætri ræðu sem skrifstofustjóri fjmrn. sendi okkur alþingismönnum ýmsar athyglisverðar hugleiðingar sínar um skattamál á Íslandi og ein er sú að upp úr þessum snillingi veltur það að merkilegt nokk séu skattgreiðslur fyrirtækja hér með því allra lægsta sem þekkist í OECD-ríkjunum, hinum þróuðu og efnahagslega vel megandi ríkjum, eða um 1% af vergri landsframleiðslu á sama tíma og meðaltalið er um 3% í OECD. (**Gripið fram í:** Veistu um afkomuna?) Það kemur auðvitað ýmislegt inn í það, hv. frammíkallandi, og stjórnarmenn í KEA og aðrir slíkir geta haldið hér ræður um afkomu fyrirtækja fyrir mér. Það breytir ekki því að útkoman er þessi. Og það segir líka sína sögu um rúmar skattareglur eins og þær hafa verið gagnvart fyrirtækjum á undanförnum árum, t.d. fáránlegar reglur um tilfærslu á uppsöfnuðu tapi milli fyrirtækja sem fengu hér og hafa fengið fram á síðustu ár að leika lausum hala í þeim efnum, geta keypt sér upp tap og komist þannig hjá því að borga tekjuskatt árum saman, jafnvel áratugum saman. Sum best stæðu fyrirtæki landsins hafa ekki borgað krónu í tekjuskatt árum saman af því að þau hafa keypt upp tap einhverra gjaldþrota fyrirtækja svo sem Nútímans sem þeir framsóknarmenn gáfu út á sínum tíma, hv. frammíkallandi. Með slíkum aðferðum er auðvitað hægt að sýna tölur af þessu tagi.

Það sem er að þessari breytingu er að hún var gerð án nokkurs samhengis við afkomu fyrirtækjanna. Það var alveg ljóst að ein aðalröksemdin fyrir þessari niðurfellingu aðstöðugjaldsins voru erfiðleikar í sjávarútvegi. En þegar upp er staðið, þá er það þannig að það eru fyrst og fremst fyrirtæki í þjónustu, það eru verslunarfyrirtæki, það eru olíufyrirtæki, það eru þjónustufyrirtæki og það eru fjármálafyrirtæki sem höfðu borgað einhvern tekjuskatt. Og það er hann sem er núna verið að lækka, úr 45% niður í 33% í tveimur áföngum. Þessari skattbyrði er allri velt yfir á einstaklinga. Á sama tíma eru svo skattfrelsismörkin lækkuð, jaðarskattprósentan hækkuð. Þannig er útkoman. Það er því þjarmað að einstaklingunum þarna á alla enda og kanta. Og ætli það sé ekki nálægt því að vera þannig að í staðinn fyrir skattfrelsismörk upp á 57 þús. kr. á mánuði núna sem hæstv. fjmrh. og skattalækkari, Friðrik Sophusson, ætlar að reikna út, ættu þau að vera um 63 þús. ef þau væru framreiknuð frá því sem þau voru þegar hann tók við, hæstv. fjmrh. Og ef farið væri 6–8 ár aftur þá væru skattfrelsismörkin núna framreiknuð líklega 70 þús. kr. á mánuði. Þannig er nú búið að fara með þetta. Ég held að það hljóti að eiga sinn þátt í þeim miklu greiðsluerfiðleikum sem fjöldi fólks á nú við að stríða.

Ég hef ekki, hæstv. forseti, tíma til a.m.k. í þessari umferð að fara rækilega yfir það sem hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir í skattamálunum almennt, en það er alveg ljóst að þarna hefur átt sér stað alveg gríðarleg skattþynging á miðlungstekjufólki í landinu vegna þess að til viðbótar þessum tilfærslum með lækkun skatta á fyrirtæki upp á 4–5 milljarða kr., lækkun skattfrelsismarka, hærri jaðarskattsprósentu og hækkun útsvars nú á næsta ári, þá koma alls konar gjöld og skattar, nefskattar, en það mundi ég kalla skítaskatta, hæstv. iðnrh., sem búið er að velta yfir á almenning. Því að skólagjöldin, gjöld í heilbrigðisþjónustunni, lækkun á endurgreiðslu tannlæknakostnaðar hjá barnafjölskyldum o.s.frv., þetta leggst auðvitað allt á þetta sama fólk. Það eru að mínu mati skítaskattar, hæstv. iðnrh., sem Alþfl. ber alla pólitíska ábyrgð á.

Ýmislegt fleira er hér á ferðinni, hæstv. forseti, sem ástæða væri til að nefna í þessari umferð. Hv. 1. þm. Austurl. hefur þegar efnt upptöku virðisaukaksatts á ferðaþjónustu sem reynar er ekki efni þessa frv. en kemur til framkvæmda núna um áramótin ásamt ýmsum fleiri breytingum, leifum af breytingum frá fyrra ári og sama á við um 400 millj. kr. skerðingu vaxtabóta. Þetta eru auðvitað hlutir sem eru ákaflega óskynsamlegir og óréttlátir svo ekki sé meira sagt. Það er auðvitað alveg yfirgengilegt að hæstv. ríkisstjórn skuli með þessum hætti vega sérstaklega að þeirri einu grein sem hefur einhverja sæmilega vaxtarmöguleika nú um stundir í íslensku atvinnulífi. Ferðaþjónustan er þannig t.d. eitt örfárra ljósa í myrkrinu á yfirstandandi ári og er ætlað að hún skili 15–18% aukningu gjaldeyristekna inn í þjóðarbúið á þessu ári. Og hverjar eru þakkirnar frá hæstv. ríkisstjórn til ferðaþjónustunnar sem þannig er að leggja meira af mörkum inn í þjóðarbúið? Jú það er að skella á hana virðisaukaskatti. Það eru viðbrögð hæstv. ríkisstjórnar. Og margt í því er náttúrlega svoleiðis gjörsamlega út öllu korti, eins og þessi upptaka virðisaukaskatts á flugfargjöld innan lands, að maður bara trúir því ekki að menn séu með fullri meðvitund þegar þeir taka ákvörðun um svona hluti.

Eitt af því sem allir eru sammála um að sé mikilvægt í uppbyggingu ferðaþjónustunnar er að dreifa álaginu af henni betur um landið, það er að reyna að gera sem flest og helst öll byggðarlög í landinu fullgilda þátttakendur í þessari grein. Og hver er undirstaða þess? Það eru flutningar á ferðafólkinu út um landið og þá gjarnan með flugi. Og hvað þýðir svona ákvörðun t.d. fyrir ferðaþjónustu á Höfn í Hornafirði og í því héraði sem er mjög háð því að vera fóðrað með flugi í eins dags ferðir og fleiri inn á það svæði? Þetta þýðir að menn þar neyðast til þess að hætta eða rýra sína afkomu, annað tveggja, um 8–9%. Það er mat þeirra sem standa í þessum rekstri að flugfargjöldin þurfi að hækka a.m.k. þetta mikið vegna þess að hlutföll milli innskatts og útskatts í þeim rekstri eru þannig.

Ég vil líka vekja athygli á því, hæstv. forseti, sem mér finnst alveg furðanlega lítið hafa verið rætt og það er að þessi virðisaukaskattur á líka að takast upp á allar almenningssamgöngur, þar með talið rekstur Almenningsvagna hér á höfuðborgarsvæðinu. (**ÓÞÞ:** Og ferjurnar.) Og ferjurnar. Er búið að sjá fyrir því í fjárlagafrv., hæstv. ráðherra, að hækka framlög ríkisins sem nemur þessu eða á að velta þessu yfir á Vestmanneyinga og Grímseyinga og aðra slíka sem eru gjörsamlega háðir ferjusamgöngum? Svo ætla ég að óska íhaldinu í Reykjavík alveg sérstaklega til ham-

ingju með því að hefja kosningaárið með því að hækka fargjöld Strætisvagna Reykjavíkur um ein 8–9% til þess að mæta upptöku virðisaukaskatts sem hæstv. fjmrh. og skattalækkari Friðrik Sophusson ætlar nú að gera um áramótin. Það er glæsilegt upphaf á kosningabaráttu íhaldsins í Reykjavík að þurfa að hækka almenningsfargjöldin sem þessu nemur. Eða hvað? Ætlar borgin að taka þetta á sig? Og er fjárhagur hennar þá þannig að hún fari létt með það, eða hvað? (**ÓÞÞ:** Þetta er hlutafélag.) Þetta er að vísu orðið „aktieselskab" já, en það er nú sama. Það kemur út á eitt. Það rekur sig væntanlega ekki á loftinu, hv. þm. Ólafur Þórðarson. Þetta er auðvitað alveg ótrúlegt satt best að segja.

Hér er enn verið að gefast upp við skattlagningu fjármagnstekna og það átti svo sem ekki að skila miklu á næsta ári en 150 millj. þó samkvæmt töflum hér í bókinni og einum 500 millj. á ársgrundvelli þegar allt væri komið. Nú er verið að gefast upp við þetta. Það er sá eini skattur sem aldrei tekst að koma á og endalaust þvælist undan mönnum að leggja á. Og það er ákaflega táknrænt, finnst mér, það er ákaflega táknrænt við þessar aðstæður að því er frestað.

Ég tel að t.d. þessi lækkun á tekjuskattsprósentu fyrirtækjanna sé hreint rugl við þessar aðstæður, hreint rugl. Ég tel að það sé ekki svo vel statt hjá okkur þjóðarbúið að það sé ástæða til þess að hlífa þó þeim aðilum sem hafa haft það góða afkomu og þrátt fyrir rúmar frádráttarreglur af ýmsu tagi á undanförnum árum, svo sem framlög sem áður mátti leggja í fjárfestingarsjóði, arðgreiðslur og annað því um líkt, hafa verið að borga einhvern tekjuskatt, að það eigi nú sérstaklega að fara að hlífa þeim við því. Ég sé enga ástæðu til þess við þessar ástæður, ekki ef valkosturinn er sá að velta þessari skattbyrði af fullum þunga yfir á almenning og þar á meðal lágtekjufólk. Þegar búið er að lækka skattfrelsismörkin jafnharkalega eins og raun ber vitni, þau eru nú líklega einum 12–14 þús. kr. lægri en þau voru að raungildi fyrir 6–8 árum síðan, þá er það auðvitað út úr öllu korti að standa svona að málunum.

Ég hefði gjarnan viljað, hæstv. forseti, að hæstv. félmrh. kæmi hér því að hér er á ferðinni ákvæði um vaxtabætur sem ástæða væri að ræða við hæstv. félmrh. Nú ætla ég ekki að fara út í mikla umræðu um þá efnisþætti sem eru í 9. gr. frv. um vaxtabætur. Það er nokkuð flókið mál að skoða hvernig það kemur út, en fljótt á litið virðist vera að ef ætlunin er að skerða vaxtabætur hvort sem er, þá sé þetta ekki endilega óskynsamlegasta leiðin í þeim efnum að reyna að finna einhver tekju- og eignamörk sem bæturnar eyðist út við að ofan. En hitt er alveg ljóst að sú breyting sem gerð var í fyrra og tekur gildi nú um áramótin og mun gilda um þetta efni á árinu 1994 er afar harkaleg vegna þess að hún er að verulegu leyti flöt skerðing á vaxtabótum. Og nú eru þær aðstæður uppi t.d. að hluti af þeim sem bera vaxtakostnað situr uppi með eldri lán á hærri vöxtum en nú er farið að veita og þá á ég ekki síst við þá sem tóku þessi fínu húsbréf að láni hér fyrir nokkrum árum síðan. En eins og kunnugt er voru það húsbréf sem áttu að frelsa þjóðina fyrir nokkrum árum þegar hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir tók trú á húsbréf og talaði ekki um annað í nokkur missiri eftir að hún hætti að tala um kaupleiguíbúðir og áður en hún fór að tala um sameiningu sveitarfélaga. Og hvernig var nú staðan? Hvernig fór það með húsbréfin? Það fór þannig að afföllin fóru yfir 20% og þau eru með 6% raunvöxtum. (Gripið fram í.) Og Alexander, við skulum ekki fara út í það.

Ég var t.d. að reikna út dæmi hjá ungum hjónum sem tóku húsbréfalán núna í ágústlok. Þau fengu á sig 11% afföll, þau tóku 4,5 millj. að láni, þau skulda 4,5 millj. í húsbréfum með 6% vöxtum, en þau fengu 4 millj. og 20 þús. í hendurnar og þetta sitja þau eftir uppi með á 6% vöxtum en núna fá menn lán á 5% vöxtum og bréfin seljast jafnvel á yfirverði. Hvað ætlar Alþfl. að gera við þennan aðstöðumun sem þarna er að skapast á örfáum vikum vegna þess að menn keyrðu þetta kerfi áfram auðvitað í tómum fáránleika? Ég er alveg sannfærður um að þegar upp verður staðið og húsbréfakaflinn gerður upp í húsnæðismálum Íslendinga, þá verður hann einhver ljótasti hluti sögunnar og er þá langt til jafnað. Og hann er á ábyrgð Alþfl. alveg sérstaklega. Hvert er framlag Alþfl. og hæstv. félmrh.? Það er að leggja hérna fyrir okkur skerðingu á vaxtabótum. Ekki eitt einasta svar um það hvernig eigi að jafna aðstöðumun þessara hópa sem munu á næstu árum ef ekkert verður að gert búa við bersýnilega ósanngjarnan mun hvað þetta snertir. Og hæstv. félmrh. er að sjálfsögðu ekki hér til að svara fyrir þessa hluti.

[14:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakti mesta athygli hvað hv. þm. talaði ekki um í sinni ræðu. Hann minntist varla á lækkun virðisaukaskattsins en hann sagði hins vegar að skattarnir væru orðnir óheyrilega háir og gaf þar með í skyn að þessi ríkisstjórn sem nú situr hefði hækkað skattana mjög mikið. Ég hef látið kanna þetta mjög rækilega og látið kanna það hvernig tekjuáhrif skatta á þeim breytingum sem gerðar hafa verið á sköttum séu þegar miðað er við heilt ár og framkvæmdin er komin í fullan gang. Þá kemur í ljós að ef við leggjum saman skattbreytingar sem gerðar voru vegna fjárlaganna 1992, 1993 og nú 1994, þá er það samanlagt um 1.100 millj. kr. sem skattar hafa hækkað með þeim breytingum sem á þessum árum hafa verið gerðar og er þá miðað við áhrif á heilu ári.

En hvað skyldi hafa gerst þrjú árin á undan með nákvæmlega sömu reikningsaðferð? Þá hækkuðu skattar um 10 milljarða 650 millj. eða tífalt meira og þá sat í ríkisstjórninni hv. þm. sem kemur hér upp og talar um óheyrilega skatta. Væri nú ekki ráð fyrir hv. þm., sem er nýkominn úr síðvæðingarfundi útflutningsflokksins, að hann tæki þessi orð sín til baka vegna þess að það er alveg ljóst að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur ekki einu sinni hækkað skatta um það bil tíunda hluta á við það sem sú ríkisstjórn gerði sem hann sjálfur sat í á nákvæmlega jafnlöngu tímabili.

[15:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það væri fróðlegt að fá þessa útreikninga hjá hæstv. fjmrh. og við stæðum nú meira á jafnréttisgrundvelli ef við hefðum haft aðstöðu til að skoða þá áður en maður á að koma hér og svara þeim. Af því að hæstv. fjmrh. nefndi lækkun virðisaukaskatts, þá þakka ég honum fyrir. Ég hafði ekki tíma til að fara yfir nema örfá efnisatriði frv. í mínu máli, en það má vel koma hér fram og hefur reyndar gert áður og þar á meðal í fjölmiðlum í tengslum við þessar umræddu breytingar að ég styð þessa breytingu. Ég er einn örfárra manna sem hafa þorað — liggur mér við að segja — að vera sjálfum sér samkvæmir og lýsa því yfir. Ég hef alltaf stutt það að matur og lífsnauðsynjar væru skattlagðar á lægra þrepi heldur en aðrar neysluvörur, allt frá 1987 þegar ég barðist hér fyrir upptöku matarskatts og geri enn. Ég vil hins vegar fá að taka þátt í því að reyna að útfæra þá breytingu á þann hátt að hún nái sem best sínum tilgangi. En ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamleg aðferð við að dreifa skattbyrðunum réttlátlega að velja þá vöruflokka, þær lífsnauðsynjar sem eru fjölskyldunum mikilvægastar og þær komast engan veginn af án og hafa á þeim lægri eða enga skatta. Ég hef alltaf verið þessarar skoðunar og ég er það enn. Og ég blæs á þau rök tæknimanna að ekki sé hægt að útfæra hér uppi á Íslandi skattareglur sem gera það sæmilega framkvæmanlegt að haga þessu svona úr því að það er hægt nánast í öllum öðrum löndum. Ég hef ekki fengið neina sönnun fyrir því að við Íslendingar séum þeir aumingjar og svo illa gefnir að við ráðum ekki við þetta úr því að aðrar þjóðir gera það.

Um það hvort skattar hafi hækkað eða lækkað 10 sinnum meira í tíð fyrri ríkisstjórnar, þá hef ég aðallega, hæstv. fjmrh., verið að ræða hér tilfærsluna. Hún er óumdeilanlega af þessari stærðargráðu sem ég hef nefnt. Það er sjálfsagt rétt að skattar hafi hækkað að raungildi á síðasta kjörtímabili en þeir hafa hækkað áfram nú öfugt við loforð hæstv. ríkisstjórnar og það hefur til viðbótar orðið þessi gífurlega tilfærsla yfir á einstaklingana þannig að skattahækkanirnar gagnvart þeim á tímum lækkandi launatekna eru auðvitað óheyrilegar.

[15:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var athyglisverð ræða og ég þakka hv. þm. fyrir hana. Hv. þm. segist hafa barist gegn svokölluðum matarskatti á undanförnum árum. Hann sat í ríkisstjórn í tæplega þrjú ár án þss að hreyfa við þessum matarskatti, en á þeim tíma hækkuðu skattar um meira en 10 milljarða. Svo kemur hann hér í ræðustól og flytur ræðu þegar verið er að tala við 1. umr. um mál þar sem matarskatturinn er færður niður og minntist ekki einu einasta orði á það fyrr en hann var tilneyddur í andsvari og ég þakka honum fyrir það.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er nú rangt hjá hæstv. fjmrh. og það er skaði að hafa fjmrh. sem kann jafnilla söguna í skattlagningarmálum. Ég held að hæstv. fjmrh. verði að fara á námskeið og læra þessa hluti betur því að fyrri ríkisstjórn greip til aukinna niðurgreiðslna á matvöru sem jafngiltu því að skattlagning á matvælum, öllum helstu innlendu matvælum, kjöti, grænmeti og fleiri tegundum fór úr þeim 24,5% sem þá voru og niður í 11–14% og var á því bili allan tímann sem sú ríkisstjórn sat. Þetta var óumdeilt. Þetta var m.a. hluti af aðgerðum í kjaramálum sem tóku yfir þetta tímabil og þetta ætti hæstv. fjmrh. að vita.

Það var hins vegar ekki gert, það er rétt, að taka formlega upp þá kerfisbreytingu að þessi skattlagning væri á lægra þrepi. En skattlagning á allra mikilvægustu innlendu matvörurnar var á þessum tíma ígildi þess í gegnum auknar niðurgreiðslur að vera 11–14% en þær höfðu síðan stórhækkað í tíð núv. ríkisstjórnar, ekki síst á öðrum tegundum en þeim sem falla undir búvörusamninginn. Þetta getur hæstv. fjmrh. skoðað ef hann vill.

Ég held líka, hæstv. fjmrh., að það verði þá að bera fleira saman ef menn eru í þessum útreikningum um raunupphæðir skatta sem mér heyrist hæstv. fjmrh. hér vera. Það eru aðstæður fólksins til að borga skattana. Við skulum ekki gleyma því að á þessum tíma er verið að bera saman eða síðan hefur kaupmáttur launatekna t.d. fallið um 10 og ýmsir slíkir erfiðleikar gengið í garð þannig að þó svo að hæstv. fjmrh. kunni að geta sagt að raunhækkun skatta framreiknuð hafi ekki orðið meira en milljarður í hans tíð, þá hafa skattaprósenturnar hækkað mikið eins og hæstv. fjmrh. veit og þetta þarf líka að skoða og bera saman. Og tilfærslunni reynir hæstv. fjmrh. ekki að mótmæla, enda ekki von.

[15:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu stórt og mikið mál og ég tek undir það sem hefur komið fram í umræðunni að hér er á ferðinni mikið lagasukk og síst til eftirbreytni að ríkisstjórnin skuli blanda saman með þeim hætti sem gert er fjölda frumvarpa, fjölda lagabálka, enda er það nú staðreyndin að það er afar erfitt að gera sér grein fyrir því hvað þetta frv. þýðir í raun og veru. Hér er um mjög margar og miklar efnisbreytingar að ræða og líklega veit enginn hvað þetta þýðir í raun og veru.

Að mínum dómi er þetta frv. seint fram komið þó það sé svo sem ekkert seinna á ferð en verið hefur þau ár sem ég hef setið hér á þingi, en það er seint fram komið í ljósi þess hvað það felur í sér gífurlega miklar og djúpstæðar breytingar á skattkerfinu. Og ég vil nefna það hér í upphafi máls míns að það er mjög slæmt að vera að breyta skattalögunum svona rétt fyrir jól ár eftir ár eftir ár og það hefur margkomið í ljós að það eru gerðar breytingar hér í hasti án þess að menn geri sér grein fyrir afleiðingunum. Það verður að leiðrétta mistök hér ár eftir ár og hvað kostar þetta?

Hvað kosta þessi mistök og þessi vinnubrögð? Þetta kostar m.a. það að það þarf að prenta þessa bók upp á hverju einasta ári? Það þarf að prenta skattalögin upp. Við hljótum að þurfa að velta því fyrir okkur hvað okkar skattkerfi og þessi hringlandaháttur kostar. Hvað á lítil þjóð eins og Íslendingar að leggja mikinn kostnað í það að innheimta skatta?

Það var stefna ríkisstjórnarinnar þegar hún kom til valda að lækka skatta og voru gefnar miklar yfirlýsingar um það fyrir kosningar en þegar við horfum á staðreyndirnar, þá hefur hið þveröfuga átt sér stað. Skattar hafa hækkað hvernig sem hæstv. fjmrh. neitar því. Þetta fer reyndar eftir því hvað við köllum skatta. Ríkisstjórnin vill ekki kalla þjónustugjöld, skólagjöld og ýmis þau gjöld sem lögð hafa verið á almenning skatta, en þetta er auðvitað ekkert annað en skattar. Það hefur átt sér stað mikil tilfærsla. Skattar hafa verið lækkaðir á fyrirtækjum en í stað þess hafa þeir hækkað á öllum almenningi. Og í þessu frv. sem hér er á ferð er haldið áfram á sömu braut. Tekjuskatturinn er hækkaður, tryggingagjaldið er hækkað en þar á móti kemur lækkun á virðisaukaskatti á matvælum, sem er þó afar flókið mál sem ég ætla að koma hér inn á á eftir og allsendis óljóst hvað þýðir í raun og hverjum kemur til góða, hvaða hluta launafólks kemur það raunverulega til góða að lækka virðisaukaskatt á matvælum.

Í þessu frv. er rakin vægast sagt undarleg saga, þ.e. hvernig þessar breytingar eru til komnar en eins og við munum var samið um það í kjarasamningum úti bæ að lækka virðisaukaskatt á matvælum og að fella niður gjöld á útflutningsgreinum. Frv. sem að því lýtur hefur nú þegar verið samþykkt. Það voru ýmsar fleiri aðgerðir sem fólust í þessum kjarasamningum, m.a. það að 300 millj. kr. var veitt til niðurgreiðslu á matvælum, en þeirri niðurgreislu lýkur um áramót og hvað gerist þá? Hvað verður þá um verðlag á þeim matvælum? Hækkar kjöt? Hækka landbúnaðarvörur meðan innflutt matvæli og hráefni lækka? Hvaða áhrif hefur það á íslenska framleiðslu? Þetta eru spurningar sem við verðum að velta fyrir okkur.

En það sem í rauninni fólst í þessum kjarasamningum og ég vil gagnrýna hér enn einu sinni er það að aðilar vinnumarkaðarins gera samninga sem fela í sér miklar kröfur til ríkisvaldsins. Reikningurinn er sendur til ríkisstjórnarinnar og honum síðan jafnað yfir á skattgreiðendur. Og það er vægast sagt orðin undarleg staða þegar það virðist vera eina leiðin til þess að bæta launakjör í landinu, að ríkisvaldið grípi til aðgerða. Auðvitað á ríkisvaldið að beita sér fyrir tekjujöfnun, en það er orðið mjög alvarlegt ef atvinnulífið í landinu treystir sér ekki til þess að borga fólki sómasamleg laun. Hvar erum við þá stödd? Og hversu lengi getur það gengið að senda reikninginn til ríkisvaldsins og ætla skattgreiðendum að borga brúsann? Ég tel vinnubrögð hinna svokölluðu aðila vinnumarkaðarins vera vægast sagt gagnrýni verð og þarfnast þau endurskoðunar.

Samningarnir sem þetta frv. gengur meira og minna út á fólu í sér tekjutap fyrir ríkissjóð upp á hátt á fjórða milljarð kr. og þeim tekjum verður ríkissjóður að ná inn á annan hátt. Þegar frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 kom fram, þá var þar að finna ýmsar þær aðgerðir sem ríkisstjórnin ætlar sér að grípa til en verkalýðshreyfingin taldi þær sumar hverjar ganga þvert á yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar og enn á ný gerðist það að ríkisstjórnin varð a breyta sínum áætlunum og setja fram enn nýjar tillögur. En þegar þetta allt er skoðað þá er bara verið að færa úr einum vasa í annan. Virðisaukaskatturinn er lækkaður en þar á móti kemur hækkun tekjuskatts. Og hvað þýðir þetta fyrir almennt launafólk? Ég get ekki reiknað það út eftir þeim upplýsingum sem hér koma fram og þetta þurfum við að skoða í hv. efh.- og viðskn. Hver er útkoman í raun og veru? Samkvæmt frv. er heildarútkoman sú að tekjutap ríkissjóðs er upp á 1.230 millj. kr. sem hæstv. fjmrh. kallar skattalækkun, en hvað er þetta? Þetta er reikningur til framtíðar. Þetta er reikningur sem er verið að senda til framtíðarinnar og ég vil minna á það að hæstv. fjmrh. og fleiri ráðherrar í þessari ríkisstjórn hafa mjög gagnrýnt þau vinnubrögð að senda reikninga sífellt til framtíðar en þeir eru komnir inn á sömu braut í þessum málum eins og flestum öðrum. Þeir hafa nefnilega gefist upp á stefnu sinni. Þeir hafa löngu gefist upp á stefnu sinni.

Það er naumur tími til ráðstöfunar í þessu gríðarlega stóra máli og ég ætla hér að koma inn á nokkur atriði og ítreka það sem ég nefndi fyrst varðandi tekjuskattinn að þetta er allt á sömu bókina lært. Fyrst er tekjuskatturinn lækkaður um 1,5%, síðan er útsvarið hækkað um 1,5% í öðrum lagabálki og tekjuskatturinn svo hækkaður um 0,35% á alla línuna, á allan almenning í landinu og þar eru engin mörk dregin frekar en fyrri daginn. Þarna er enn verið að sækja í vasann hjá láglaunafólkinu. Og þar komum við enn að þessari deilu um það hverju virðisaukaskatturinn skilar láglaunafólki. Ég ætla ekki að taka afstöðu hér til þeirrar deilu en mér þykir gefa auga leið að því meira sem fólk eyðir í matvæli og því meira sem fólk hefur til ráðstöfunar, því meira græðir fólk auðvitað á því að virðisaukaskatturinn lækki.

Það eru ýmsar greinar í þessu frv. sem ómögulegt er að gera sér grein fyrir hvað þýða. Ég nefni hér t.d. 7. gr. frv. þar sem rætt er um barnabótaauka. Þar er verið að setja það í ákvæði að barnabætur sem fólk fær erlendis frá skuli dragast frá þeim bótum sem það fær hér. Það er ekki nokkur leið að átta sig á því hvað þetta þýðir. Eru þarna margir á ferð? Er ríkið þarna að næla sér í nokkrar krónur eða hvað?

En þetta er kannski smámál miðað við það sem næst kemur í frv. sem eru vaxtabæturnar. Það er ljóst að það var tekin ákvörðun um það að lækka vaxtabætur um 400 millj. kr. og hér er verið að útfæra þær tillögur í samræmi við það sem nefnd sem skipuð var til þess að skoða það mál lagði til. Ég get ekki komist hjá því að minna á það hér að þegar lög um húsbréfakerfið voru samþykkt var það forsenda fyrir stuðningi Kvennalistans við það frv. að vaxtabótakerfið fengi að vera í friði að öðru leyti en því að augljósir gallar yrðu leiðréttir. En það leið ekki á löngu þar til ráðist var á

vaxtabótakerfið og þó að við kvennalistakonur séum í sjálfu sér sammála því að vaxtabæturnar eigi að renna til þeirra sem minna hafa þá er það auðvitað afstætt hverjir hafa litlar tekjur og hverjir hafa meðaltekjur. Og ég get ekki komist hjá því að nefna það að innan örfárra ára kemur hér inn á húsnæðismarkaðinn stór hópur námsmanna sem þarf á einhvern hátt að koma sér þaki yfir höfuðið jafnframt því að greiða námslán sem verða þeim miklu þyngri baggi en hefur verið námsmönnum hingað til. Og hvernig kemur þetta út fyrir fólk sem þarf auðvitað að afla sér mikilla tekna til þess að standa undir húsnæðiskaupum og námslánum en fær auðvitað skertar vaxtabætur miðað við þær reglur sem hér er stefnt að? En það er eins með þetta og annað að það er erfitt að gera sér grein fyrir því hvað þetta þýðir. Hér eru auðvitað tekin dæmi um einstaklinga, einstæða foreldra og hjón, en hver á tekjuviðmiðunin að vera? Hvernig mun hún þróast? Þetta á auðvitað allt að skoða í samhengi. Ég vil minna á ummæli formanns stjórnar Lánasjóðs ísl. námsmanna þar sem hann sagði að námsmenn framtíðarinnar, þeir sem nú eru að taka námslán, mundu ekki eiga nokkra möguleika á því að koma sér þaki yfir höfuðið. Þær breytingar sem verið er að gera á vaxtabótakerfinu munu auðvitað ekki gera þessu fólki auðveldara fyrir. Það er erfitt að meta þetta en það þarf að skoða það í samhengi hvaða skuldabyrði fólk er að glíma við.

Þá víkur sögunni að virðisaukaskattinum á matvælum, því mjög svo umdeilda máli, sem Alþýðusambandið og Vinnuveitendasambandið beitti sér fyrir, en starfsmannafélög ríkisstofnana og ríkisstarfsmenn hafa nokkuð gagnrýnt og telja að hér sé verið að fara leið sem sé ekki sú heppilegasta til þess að jafna kjörin. Eftir að hafa lesið og farið í gegnum þetta frv. og allar þær breytingar sem hér er verið að gera á virðisaukaskattinum, ekki bara varðandi matvælin heldur ýmislegt annað, ferðaþjónustu, ökutæki og eitt og annað sem hér kemur inn, þá er það auðvitað ljóst að það er verið að gera þetta kerfi miklu flóknara en verið hefur. Það er verið að flækja virðisaukakerfið mjög verulega.

Kvennalistinn hefur ávallt verið þeirrar skoðunar að matarskatturinn, sem settur var á á sínum tíma, hafi verið ranglátur og röng stefna og það sé rétt að halda niðri verði á matvælum. Auðvitað erum við öll sammála um að lækka beri verð á matvælum, en það er eitt að setja á skatt og annað að breyta honum og afnema. Og við þurfum að spyrja okkur að því hvaða vörur er verið að lækka í verði. Hvaða vörur kunna að hækka vegna m.a. niðurfellingar á niðurgreiðslum eins og ég nefndi hér áðan. Hvaða manneldisstefna kemur út úr þessum breytingum?

Ég var að leika mér að því að reyna að fylgja eftir sykri, það er varla hægt að tala um lækkun. Fyrst fer sykurinn í 14% virðisaukaskatt, þ.e. lækkar í verði, en síðan er vörugjaldið á sykri hækkað úr 25% í 30% þannig að það er komin hækkun. Þegar sykurinn er kominn í kex eða súkkulaði svo að dæmi séu tekin, þá er hann kominn í vöru sem ber 24,5% virðisaukaskatt sem er þá óbreytt frá því sem var, en síðan lækkar vörugjaldið á súkkulaðinu úr 25% í 18%. Hver er eiginlega útkoman út úr þessu dæmi? Ég get ekki svarað því en ég ætla að biðja fjmrn. að reikna það út. Og hverjum er þetta til góða? Dalamaður spyr. Og hvaða neyslustefna er þetta? Ég held að við hljótum í mikilli alvöru að verða að spyrja okkur svona spurninga. Hvaða vörur hækka og hvaða vörur lækka? Þessi áhrif kunna að koma fram á vinnumarkaði þó að menn séu að reyna að bæta samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu eins og hér er tekið fram en þá er það spurningin: Hvaða framleiðsla? Það sem ég er að reyna að segja með þessu er einfaldlega það að þó að ég sé efnislega sammála því að lækka verð á matvöru, þá hlýt ég að áskilja mér rétt til þess að skoða það rækilega hvað felst í þessari breytingu því að mér finnst það ekki vera ljóst og hér hafa komið fram svo misvísandi upplýsingar, annars vegar frá aðilum vinnumarkaðarins, hins vegar frá fjmrn. að við í hv. efh.- og viðskn. hljótum að þurfa að leita að niðurstöðu í þessu máli. Þar við bætast þau skattalegu rök sem síðasti ræðumaður gerði lítið úr en við hljótum að þurfa að skoða og þá nefni ég aftur það sem ég ræddi hér í upphafi. Hvað kostar þetta og hvað er eðlilegt að skattkerfi smáþjóðar kosti? Það er komið fram að það þarf að fjölga starfsmönnum ríkisskattstjóra um 28 manns, í rauninni bara út af framkvæmdinni og kynningunni og síðan er auðvitað allur áróður og það aukna eftirlit sem hlýtur að fylgja í kjölfarið. Mér finnst að þetta þurfi allt að liggja fyrir áður en við göngum frá þessu máli. Og ekki síst þarf að athuga þær fullyrðingar að með þessum breytingum sé verið að opna fyrir nýjar leiðir til skattsvika og undanskota sem er auðvitað mjög alvarlegt mál.

Ég get ekki lokið hér máli mínu án þess að nefna sérstaklega ferðaþjónustuna sem fær á sig 14% skatt um næstu áramót en þar við bætist að í 16. gr. frv., ef ég skil hana rétt, er verið að bæta við sköttum á þjónustufyrirtæki. Ég vil gjarnan biðja hæstv. fjmrh. að skýra þessa grein því það er alls ekki ljóst hvað hér er á ferð. En ég skil þetta þannig að þarna sé m.a. um að ræða almenningssamgöngur, m.a. Strætisvagna Reykjavíkur og væntanlega fleiri aðila sem njóta stuðnings frá hinu opinbera, þá væntanlega bæði ríki og sveitarfélögum. En þetta mál þarf að upplýsa hér.

Ég tel að sú skattlagning sem fram undan er á ferðaþjónustuna sé mjög alvarlegt mál og tek undir það sem hér hefur verið sagt um þau efni. Við börðumst hart gegn þessum skatti í fyrra og þá voru dregin fram mjög sterk rök gegn skattinum en ríkisstjórnin virðist ætla að halda fast við þessar ákvarðanir því miður. Menn verða að skoða hug sinn og gera sér grein fyrir því að verið er að ráðast á atvinnugrein sem er í vexti, einn af fáum vaxtarbroddum hér á landi sem á mikla möguleika og það má ekki gerast að fæti verði brugðið fyrir íslenska ferðaþjónustu.

Ef við að lokum, virðulegi forseti, horfum á málið í heild, þá er hér um það að ræða að annars vegar er verið að lækka skatta og hins vegar að hækka og dæmið kemur út í mínus fyrir ríkissjóð. Við erum auðvitað að glíma við ákveðinn vanda í okkar ríkisfjármál-

um. Það er samdráttur í tekjum. Útgjöld vaxa miðað við tekjurnar, en það sem er kannski alvarlegast í þessu skattadæmi öllu saman er það hvað skattkerfið er óréttlátt. Skattkerfið er gríðarlega óréttlátt og það er það sem fólki gremst að það er stöðugt verið að hækka skatta á öllum almenningi meðan ekki er tekið á skattsvikum og við hljótum að spyrja ríkisstjórnina: Hvenær kemur að því að það verði tekið á skattsvikum sem áætluð eru upp á 11 milljarða kr.?

Allra síðast, virðulegi forseti. Ég tel að þessari ríkisstjórn hafi gersamlega mistekist í sinni stefnu enda ætti hún fyrir löngu að vera búin að segja af sér.

[15:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eitt atriði sem kom fram í málflutningi hv. þm. sem ég vil gera athugasemd við og það eru nánast síðustu orðin sem hv. þm. lét falla þar sem var sagt að skattkerfið væri óréttlátt, skattar á einstaklinga hefðu hækkað en ekkert væri gert til þess að stemma stigu við skattsvikum. Af þessu tilefni vil ég að það komi hér skýrt fram að líklega hefur aldrei fyrr verið tekið jafnhart á skattsvikum. Við gerum mun annars vegar á skatteftirliti þar sem farið er yfir framtöl þeirra sem telja fram. Það hefur verið gert með miklu ákveðnari og beittari hætti nú en nokkru sinni áður og í öðru lagi hefur skattrannsóknarstjóri ríkisins, sem er sjálfstætt embætti, lagt sig í líma við það að ná til svokallaðrar svartar atvinnustarfsemi þannig að aldrei fyrr hefur jafnmikið verið gert í þessum efnum og einmitt nú.

Þegar menn tala um 11 milljarða verða menn að hafa það í huga að það er mjög svipuð upphæð og gengur fram hjá skatti í okkar nágrannalöndum og talsvert lægri upphæð en í suðlægum löndum eins og kemur rækilega fram í skattsvikaskýrslu þeirri sem skilað var til ríkisstjórnarinnar sl. haust. Með þessu er ég ekki að segja að það eigi að réttlæta skattsvikin, heldur einungis að segja hér að það er rangt og það á ekki halda því fram því að það er bókstaflega rangt að ekki sé tekið á skattsvikum hér á landi. Núverandi ríkisstjórn hefur lagt sig fram í þeim efnum eins og hún hefur getað og með frekari aðgerðum heldur en nokkru sinni fyrr hafa verið notaðar.

[15:28]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kann að hafa tekið of sterkt til orða að ekkert væri gert í málinu og má þar auðvitað nefna hið nýja embætti skattrannsóknarstjóra en það er spurning hvort það er nógu öflugt. En meginspurningin er auðvitað sú: Hvernig stendur á því í svona litlu þjóðfélagi þar sem við höfum yfirsýn yfir heilu bæjarfélögin, það er kannski erfiðara hér í Reykjavík, að skattsvik skuli viðgangast í þeim mæli sem raun ber vitni um og menn meta upp á allt að 11 milljarða kr.? Það ætti að vera miklu auðveldara að hafa yfirsýn yfir þetta hér heldur en í flestum öðrum löndum. Hæstv. fjmrh. nefndi þar m.a. Suður-Evrópu þar sem menn vita um meiri háttar neðanjarðarstarfsemi, m.a. á Ítalíu þar sem neðanjarðarstarfsemi og hagkerfi mafíunnar er náttúrlega alveg gríðarlegt vandamál. Ég efast ekkert um að það er verið að vinna gott starf í skattkerfinu, en það er bara ekki nóg. Það þarf að taka þarna fastar á og það er auðvitað algerlega óþolandi þegar skattbyrði fólks er aukin og fólk er að borga tekjuskatt af sorglega lágum launum, þá skuli fólk í bæjarfélögum úti á landi horfa upp á ákveðnar stéttir manna komast upp með það að borga nánast engan skatt. Og ég trúi því ekki að það sé ekki hægt að taka betur á þessum málum. Það þarf að gerast og það verður að gerast.

[15:30]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp út af orðum hv. 18. þm. Reykv. og reyndar líka vegna þess sem hefur verið sagt hér um vaxtabætur af ræðumanni sem var í ræðustól þar á undan. Þó ætla ég ekki að fara út í umfjöllun um vaxtabæturnar samkvæmt þessu frv. og hefði gjarnan kosið að félmrh. hefði verið hér ef menn telja sig þurfa útskýringar á því. En aðeins vegna þess að við hv. 18. þm. Reykv. vorum saman að skoða húsbréfakerfið á sínum tíma og áhyggjur manna þá um hvort niðurgreiðsla í gegnum vaxtabótakerfið væri traustvekjandi og eitthvað sem væri hægt að treysta á til frambúðar samanborið við niðurgreiðslur vaxta, þá var það mat okkar allra sem komu að því máli, og ég vil minna á það hér, að það væri stefna allra flokka að vera með sjálfseignarstefnu varðandi íbúðareign þannig að við gætum nokkuð treyst því að vaxtabótakerfinu yrði viðhaldið.

Hins vegar vitum við að auðvitað þarf að skoða hvernig kerfið virkar best og þess vegna tel ég mér skylt að minna á það sem kemur hér fram í grg. frv. á bls. 17 að sérstök nefnd fór í endurskoðun á frekari tengingu vaxtabóta við tekju- og eignastöðu vaxtabótaþega þannig að kerfið kæmi fremur tekjulægri, yngri og efnaminni til góða. Og ég vil líka benda á að þar kemur líka fram að verið var að skoða að reglurnar væru einfaldar og samræmdar, að til kæmi bætt upplýsingagjöf lánastofnana og það er verið að líta sérstaklega á að þessar bætur verði markvissari og að tekjujöfnun kerfisins verði aukin. Og fyrir mig, miðað við þá stjórnmálaskoðun sem ég hef, legg ég gífurlega áherslu á í þessu efni eins og öðru tekjujöfnunarþáttinn og þess vegna finnst mér að það hljóti að skipta máli með hvaða hætti er verið að taka á breytingum vaxtabótanna en ekki að það er verið að breyta þeim. Þessu vildi ég gjarnan koma til skila, virðulegi forseti.

[15:32]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að vaxtabótakerfið á að koma þeim til góða sem ráða við að kaupa húsnæði og hafa tiltölulega lægstu tekjurnar. Það var augljóst að það kynnu að koma fram gallar á þessu kerfi en að mínum dómi hafa menn ekki fyrst og fremst verið að laga gallana á undanförnum árum heldur var strax byrjað að krukka í kerfið. Kannski reyndist það raunin að vaxtabóta-

kerfið kostaði miklu meira en menn gerðu sér grein fyrir en ég tek undir að auðvitað er það jöfnuðurinn sem á að vera megininntakið. Ég hlýt þó að vekja athygli á því að það geta verið ákveðnir hópar sem taka þarf tillit til og ég ítreka það sem ég nefndi áðan með námsmenn framtíðarinnar sem munu sitja uppi með gríðarlegar námsskuldir en þurfa einhvern veginn að koma sér þaki yfir höfuðið. Kannski munum við taka á því máli þegar þar að kemur en ég vil samt sem áður vara við því að menn séu sífellt að krukka í þetta kerfi ár eftir ár eftir ár eins og allt þetta skatta- og niðurgreiðslukerfi ríkisins. Menn verða einhvern tíma að vita að hverju þeir ganga. Það er gallinn á þessum breytingum, hvort sem við ræðum um heimilin í landinu eða fyrirtækin, menn vita aldrei að hverju þeir ganga vegna þess að það er stöðugt verið að breyta öllu og kippa forsendunum undan því sem fólk hefur gert ráð fyrir og þeim áætlunum sem fólk hefur gert til þess að standa undir sínu lífi.

[15:34]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég býst við að allir geti tekið undir þessi orð að það væri æskilegt að allar meiri háttar aðgerðir, hvort sem það eru skattbreytingar eða aðrar breytingar á kerfi eða einhverju sem fólk vill ganga út frá, séu ekki gerðar eins og er lenska hjá okkur að það verði að gera þær í tengslum við fjárlagafrv. í desember. Og það er það sem allir þekkja sem hafa verið í stjórnarflokki, eini flokkurinn sem ekki hefur þurft að taka þátt í því er Kvennalistinn, vegna þess að þetta er það sem er að gerast ár eftir ár. Það er verið að taka á málum og allt of mikið um að þetta sé gert hverju sinni tengt fjárlagafrv. Og ég vildi óska þess að við ættum eftir að upplifa það að taka á viðamiklum málum við rólegri aðstæður. Stundum hef ég haldið fram að við þyrftum að vera að vinna þessa hluti og skattabreytingar ættu ekki að vera heimilaðar síðar á árinu en í maí til þess að það sé tryggt að þetta sé vel skoðað.

Ég treysti því að við munum fá mjög góðar upplýsingar í efh.- og viðskn. varðandi vaxtabætur og ýmsa útreikninga og við munum geta skoðað þetta þar, virðulegi forseti. Mig langar að nefna það þó að hv. 18. þm. Reykv. hafi ekki nefnt afföllin að auðvitað hafa afföll af húsbréfum feykilega mikið að segja inn í vaxtapólitíkina í húsbréfum. Þegar þetta kerfi var unnið þá var gengið út frá því að hér eins og annars staðar mundi framboð og eftirspurn geta lagað sig að stöðu þessara mála á markaði hverju sinni. Það verður að segjast eins og er, að ég hafði mjög miklar væntingar um að fólk mundi halda að sér höndum þegar afföll væru meiri og bíða eftir því hvernig kerfið hverju sinni aðlagar sig að eftirspurn og framboði. Það hefur ekki gerst. Við höfum of mikið haldið okkur við það að fara í breytingar á húsnæðismarkaði alveg óháð því hver staðan er miðað við þessa tölu sem við höfum þekkt frá ári til árs.

[15:36]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það frv. sem liggur frammi eða í raun þá syrpu af frumvörpum sem hér er. Ég get mjög tekið undir það að þetta eru afar óæskileg vinnubrögð og í því frv. sem við höfum í höndunum hérna er öllu hrært saman, einföldum tæknilegum lagfæringum á skattakerfinu, grundvallarbreytingum í skattamálum og síðan breytingum á lögum um tolla og vörugjöld. Þessu er öllu saman slengt hér fram í einum pakka þegar eftir eru samkvæmt starfsáætlun þingsins einir 10 starfsdagar til jóla. Og það sér hver maður hvílík fásinna þetta er þegar það svo bætist ofan á að hér er um að ræða veigamestu þættina sem ríkisstjórnin telur sig vera búna að ganga frá í samningum við aðila úti í bæ. Ber ég þó mikla virðingu bæði fyrir verkalýðshreyfingunni og Vinnuveitendasambandinu en það er bara einu sinni svo eins og ég hef sagt hér áður úr ræðustól að það eru ekki þessir aðilar sem setja lög. Það getur enginn sett lög um skatta eða lagt á skatta annar heldur en Alþingi. Og það verður hæstv. ríkisstjórn að fara að læra og umgangast Alþingi með eilítið meiri virðingu en núverandi ríkisstjórn hefur gert. Það varð um það sátt á haustdögum að bæta vinnubrögð Alþingis með breytingum á þingsköpum og ég vil leyfa mér að fullyrða að almennt hafa þingmenn verið staðráðnir í að leggja sig fram í þá veru að bæta vinnubrögð Alþingis. Það er einn aðili sem hefur algerlega brugðist í þessu tilfelli og það er hæstv. ríkisstjórn. Þar á bæ hefur ekkert breyst, ekki frá því sem hefur verið á fyrri árum hennar og svo að núv. ríkisstjórn njóti sannmælis frá því sem því miður hefur allt of oft tíðkast. En þessi tilraun til breytinga á starfsháttum Alþingis er dæmd til þess að mistakast ef ríkisstjórnin er ekki tilbúin til þess að spila með. Og ég vil nefna hér það sem ég nefndi í umræðunni um störf þingsins fyrir nokkrum dögum að í öllu því ferli þegar hæstv. ríkisstjórn var að „semja" lög með aðilum vinnumarkaðarins, sem hófst á sl. vori, þá sá hæstv. ríkisstjórn aldrei tilefni til þess að kalla efh.- og viðskn. þingsins saman sem samkvæmt þingsköpum fjallar um skattamál og kynna fyrir henni hvað væri verið að gera. Og það er kannski fátt annað sem sýnir betur í hnotskurn hvern hug ríkisstjórnin ber til Alþingis og hvaða skilning hún hefur á því hvernig löggjafarsetning á að fara fram.

Hæstv. fjmrh. hefur talað mikið um skattalækkanir. Það er að vísu hægt að leika sér með tölur fram og aftur og fara þar í alls konar leikfimi og það hefur verið afar sérstætt að heyra þegar hæstv. fjmrh. hefur verið að tala um tekjuskattinn og sagt að fyrst er að lækka um 1,5% og síðan er hann hækkaður aftur um 0,35%. Þeir vinnumenn hans úr fjmrn. kunna þetta miklu betur. Þeir segja bara einfaldlega að skatthlutfallið til ríkisins hafi lækkað um 1,15% en einstaklingarnir bera þetta allt saman áfram því að það er mikil leikfimi að tala um það að breyta um form og ákveða endanlega að niðurfellingu aðstöðugjaldsins verði mætt með hækkun útsvars en ekki með skattheimtu ríkisins sem ríkið borgaði aftur til sveitarfélaganna eins og er á þessu ári að tala um þær leikfimisæfingar sem einhverjar skattbreytingar gagnvart almenningi í landinu. Það þarf vægast sagt mikið hugmyndaflug og ég leyfi mér að fullyrða að það er ekki til sá skattgreiðandi sem

gerir nokkuð með þann málflutning. Og það er því *miður það sem einkennir þessar aðgerðir allt of mikið*. Það er verið að hæra fram og aftur með skatta og gjöld, tryggingagjald, virðisaukaskatt, aðstöðugjaldið, tekjuskattinn og allt er þetta sett fram í einum pakka sem Alþingi á að gera svo vel og taka við og afgreiða á örfáum dögum á jólaföstunni.

En það er önnur hlið á þessu skattalækkunartali, hæstv. ráðherra, sem hv. 18. þm. Reykv. nefndi áðan. Hún er sú að það hefur verið að gerast sem sagan segir okkur að hefur nánast alltaf gerst þegar sjálfstæðismenn fara með ríkisfjármálin, fara með fjmrn., að bilið á milli tekna og gjalda er að breytast, ekki þannig að það sé að minnka heldur er það að aukast og við erum að horfa nú á fjárlagafrv. með áður óþekktum tölum um halla ríkissjóðs. Og það er kannski það sem telur, það eru útgjöldin sem telja. Væntanlega reiknar hæstv. fjmrh. með því að útgjöld ríkisins verði einhvern tíma að greiða og ég vil, virðulegi forseti, setja þetta mál eilítið í samhengi við þá vaxtalækkun sem núv. hæstv. ríkisstjórn gumar mikið af þessa dagana þó að þar hafi ekkert annað verið gert en reyna að sjá til þess að það héldist sama bilið á milli vaxta hér á landi og í okkar viðskiptalöndum. En nú hefur, hæstv. ráðherra, ekkert annað gerst heldur en að eftir þessa lækkun er sama bilið, vextir eru enn jafnmikið hærri hér og þeir voru fyrir ári síðan eða svo. Það var einhvern veginn þannig að hæstv. núv. ríkisstjórn á Íslandi trúði eiginlega miklu meira á markaðskerfið í fjármagnsheiminum og hvernig það stýrði vöxtunum heldur en nokkur önnur ríkisstjórn hér á vesturhveli. Það var ekki fyrr en nú fyrir skömmu að það rann upp fyrir henni það ljós að vextir ráðast ekki alfarið af markaði. Þeir ráðast í bland af markaðsaðgerðum og stjórnvaldsaðgerðum hvort sem menn vilja nú kalla það handafl eða handayfirlagningu eða hvað sem við viljum nefna þær *kúnstir*. En ég nefni þetta í þessu samhengi vegna þess að efh.- og viðskn. var á mánudaginn var á fundi uppi í Seðlabanka með bankastjórn Seðlabankans þar sem farið var yfir stöðuna í peninga- og vaxtamálum. Þar kom skýrt fram það álit bankastjórnar Seðlabankans að ef halli ríkissjóðs yrði viðvarandi eins og stefndi í núna, þá héldu þessar aðgerðir ekki og þá væru þær dæmdar til þess að mistakast. En að mati hæstv. ríkisstjórnar skiptir það kannski ekki öllu máli, bara ef hægt er að hanga á þessu fram á vor og sprengjan sprungi ekki framan í andlitið á okkur fyrr en eftir borgarstjórnarkosningar í Reykjavík að vori.

Það er nú einu sinni svo að það lítur út fyrir að nánast allar aðgerðir núv. ríkisstjórnar miðist orðið við þann tímapunkt og þann ásetning að reyna að halda meirihlutavöldum í Reykjavíkurborg frekar en hvernig viðkomandi stjórnvaldsaðgerðir koma við landshag í heild.

Ég vil einnig nefna það sem hér hefur verið sagt að á þeim tíma sem núv. ríkisstjórn hefur setið, þá hefur hún lagt á þjónustugjöld í áður óþekktum mæli. Nú ætla ég ekki að blanda mér í þær deilur hvort það séu skattar eða ekki. En það liggur í hlutarins eðli að sú þjónusta, sem menn hafa ætlast til og vilja að hið opinbera veitti, hefur ekki lækkað. Það er bara farið að innheimta á annan hátt fyrir henni og þetta segir mér það að ríkisstjórnin hefur gefist upp við að spara. Hún hefur bara farið í það velta kostnaðinum yfir á aðrar herðar. Það er enginn sparnaður til að mynda í heilbrigðiskerfinu að velta kostnaðinum annars vegar yfir á herðar neytandans og hins vegar að loka heilu deildunum í sjúkrahúsum. Þetta er einfaldlega afleiðing þess að menn eru búnir að gefast upp við að halda utan um kostnaðinn og það endurspeglast rækilega í núv. fjárlögum.

Ég ætla að lokum varðandi þetta atriði að nefna eitt sem mér finnst vera eitt mesta óheillaverk sem núverandi ríkisstjórn hefur unnið. Það er lækkun á skattleysismörkunum sem var gengið í á jólaföstu á síðasta ári og það er nú kannski eitthvert besta skólabókardæmi um það hvernig á ekki að vinna að skattagerð. Sá dagur, sem ég man nú ekki hver var en minnir að hafi verið 16. des., þegar efh.- og viðskn. sat á fundum frá hádegi og fram til miðnættis. Við í minni hlutanum að vísu vikum af fundi um áttaleytið. Meiri hlutinn sat síðan til miðnættis þegar við í minni hlutanum vorum kölluð inn til þess að tilkynna okkur hver væri niðurstaðan, hvað ætti að bera á borð fyrir almenning. Þá komu þessi ósköp upp úr pokanum að til þess að sauma dæmið saman, þá fundu menn ekki aðra leið í tímahraki undir miðnætti rétt fyrir jól en að lækka skattleysismörkin. Og mikið óskaplega get ég tekið undir með þingmanninum sem nefndi það áðan að það ætti að banna að gera skattleysisbreytingar seinna á árinu en í maí. Það var hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir. Ég held að menn ættu nú að fara að vinna að *slíkum breytingum og menn verði þá að sauma fjárlögin* saman á annan hátt en þann að geta hrært fram og til baka með skattana alveg fram á Þorláksmessu.

Virðulegi forseti. Nefndin á eftir að fjalla um þessi mál áfram, svo ég haldi nú áfram að benda á það hvernig starfsháttum hér er háttað, þó svo að það séu ekki nema þrír formlegir fundir eftir hjá nefndinni það sem eftir lifir fram að jólum. Og nefndin á einnig eftir að fjalla um tekjuhlið fjárlaga með fleiri þáttum þannig að allt ber þetta að sama brunni hvað snertir vinnubrögð.

Það hefur verið rætt um vaxtabæturnar og ég vil hnykkja á því hér að við erum að horfa á að það er að myndast nýr misgengishópur gagnvart húsnæðismálum og húsnæðislánum, þ.e. sá hópur sem hefur tekið húsbréf með hæstum afföllum. Og það verður ekkert þægilegt fyrir okkur sem erum í stjórnmálum að horfast í augu við þetta fólk, sem margt er að missa sínar íbúðir og mun missa þær á næstu árum, fólk sem hefur nánast verið blekkt til þess að kaupa sér húsnæði með þessum ofurkjörum sem þarna er um að ræða.

Ég var þeirrar skoðunar að þegar virðisaukaskatturinn var settur á hefðu átt að vera tvö þrep, það lægra á matvælunum. Af reynslu síðustu ára og hvernig þetta mál hefur snúist, þá hef ég skipt um skoðun hvað þetta varðar og tel að það miðað við þá aðstöðu sem við höfum núna væri affarasælast að halda sig sem mest

við eitt þrep og þá núllskattinn þar sem menn telja að það ætti við eins og til að mynda í ferðaþjónustunni en mæta lækkun á matvælum þá með niðurgreiðslum á móti. Fyrir þessu liggja að mínu mati í dag veigamikil rök sem hér hafa verið tíunduð af fyrri ræðumönnum og ég mun ekki fara í frekar.

Ég ætla að koma aðeins að þeim stóra hópi Íslendinga sem eru bifreiðaeigendur og virðast vera orðnir einhver vinsælasti skattstofn sem hægt er að finna. Það eru held ég ekki að verða aðrir en þeir sem drekka mikið af brennivíni sem eru orðnir drýgri ríkinu í skattheimtu en þeir sem eiga bíla. Þetta kemur sérstaklega þungt niður á þeim sem vegna atvinnu sinnar, búsetu eða annarra aðstæðna þurfa að eiga fleiri en einn bíl og ef til vill sæmilega öflugan bíl því að þá margfaldast þungaskatturinn. Til að mynda fjölskylda sem á og þarf að eiga tvo bíla, einn jeppa og lítinn fólksbíl, þá eru menn að tala um skattlagningu, bara þennan þungaskatt, upp á 30–40 þús. kr. á ári.

Ég vil nú beina því til hæstv. ráðherra ef ríkisstjórnin telur að hún þurfi að hækka bifreiðaskatta til að mæta lækkun á virðisaukaskatti á matvæli, hvort það væri ekki skynsamlegra að tengja þessa skattlagningu notkuninni og hækka bensíngjaldið aðeins meira og þá þungaskattinn, þ.e. þungaskattinn á dísilbílum heldur en hækka kílóagjaldið á bifreiðasköttunum eins og hér er gert ráð fyrir. Það er svo annað mál að sú leikfimi að tengja þessa skattheimtu hverja við aðra er að verða afar kúnstug eins og það að nú sé verið sé að hækka bifreiðagjöldin til þess að mæta að hluta til lækkun á virðisaukaskatti. Ef menn halda áfram í þessari röksemdafærslu, þá er ég ekkert hissa þó að ríkisstjórnin kæmi næst og segði: Nú skuluð þið eta bílana okkar, þannig að þetta er mikil leikfimi. En ég vil vekja athygli á því að hér er farið að skattleggja bifreiðaeign mjög ótæpilega. Ég vil í því sambandi beina einni spurningu til hæstv. ráðherra þó að það tengist þessu ekki nema óbeint. Hvað líður vinnu að breytingu á þungaskatti dísilbíla? Þetta er orðið að mínu mati afar brýnt. Mesta þróunin í nýjum bílvélum er á dísilvélum í til þess að gera litla bíla. Þær vélar eru nánast mengunarfríar en vegna úreltra og gamalla skattalaga hér á Íslandi fer þessi þróun algerlega fyrir ofan garð og neðan hjá okkur.

Virðulegi forseti. Ég hef þetta ekki fleira í þessari umferð en ég vil þó að lokum ítreka þetta við hæstv. ráðherra. Alþingi Íslendinga er að fá þennan bandorm til umfjöllunar núna. Það eru 10 starfsdagar eftir eða eitthvað í þá átt til jóla. Hjá efh.- og viðskn. sem á að fjalla um þetta veigamikla mál og ber samkvæmt þingsköpum að skoða málið ofan í kjölinn eru eftir þrír formlegir fundir á þeim tíma. Og það sér hver maður að þetta eru vinnubrögð sem eru á engan hátt líðandi og að mínu mati, eftir þá breytingu sem varð á þingsköpunum í haust, eiga alþingismenn að rísa mjög kröftugt upp á móti vinnubrögðum sem þessum.

[15:57]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Áður en þingfundur hófst í dag komu hingað í húsið fulltrúar atvinnuvega- og launþegasamtaka til þess að kynna átak sem þeir hafa gert til að hvetja til kaupa og neyslu á íslenskum vörum. Það er vissulega alltaf þörf á að gera slíkt en áreiðanlega hefur þörfin sjaldan verið brýnni en einmitt nú vegna þess hvað áhugi núv. hæstv. ríkisstjórnar hefur verið mikil fyrir því að reyna að auka innflutning til þess að drepa niður neyslu á íslenskum vörum og eins og við vitum hefur það gengið lengst þegar gerðir sumra ráðherra í því skyni hafa verið dæmdar lögbrot.

Það frv. sem hér er verið að fjalla um snertir líka atvinnulífið í landinu og hvernig kemur þá viðhorf ríkisstjórnarinnar fram þar? Það hefur verið bent á að hér er raunverulega um mörg frumvörp að ræða og ég ætla ekki að tefja umræðuna með því að víkja að mörgum þeirra en vil fyrst og fremst vekja athygli á einu sem snertir ferðaþjónustuna og fleiri hafa reyndar vikið að. Það verður að segjast eins og er að ríkisstjórnin virðist vera ótrúlega fundvís á að finna álögur til að leggja á ferðaþjónustuna í þessu frv.

Hér var vakin athygli áðan á t.d. 16. gr. frv. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Til skattskyldrar veltu teljast fjárframlög og önnur rekstraraðstoð, sem opinberir aðilar veita þjónustufyrirtækjum til að greiða niður skattskylda þjónustu.“

Nú á virðisaukaskattur að leggjast á ferðaþjónustuna í ríkum mæli og m.a. á samgöngur og ég sé ekki að það sé hægt að skilja þessa grein öðruvísi en svo að þau framlög ríkisins sem veitt hafa verið vegna ferjusamgangna, þar sem ekki er unnt eða erfitt er um aðra flutninga annað en flug, verði þar með að skattstofni. Ég vil því spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það sé réttur skilningur og líka hvort gert hafi verið ráð fyrir þessu í fjárlagafrv. nú, ef það væri svo að hluti af framlaginu væri tekinn beint til baka.

Hér hefur verið bent á það hvernig virðisaukaskatturinn leggst á mannflutninga, bæði á sjó, í landi og í lofti og lýsinguna á þessari skattlagningu höfum við heyrt gefna með því að kalla þetta landsbyggðarfjandsamlegan átthagaskatt. Það er athyglisvert að það hefur varla nokkur stjórnarliði utan höfuðborgarsvæðisins sést hér til þess að vera við þessa umræðu. Hæstv. samgrh. sem þetta mál snertir hefur ekki talið ástæðu til að vera hér við. Bent hefur verið á að það væri æskilegt að ýmsir ráðherrar væru viðstaddir þessa umræðu og mér finnt að það hefði ekki verið síst ástæða fyrir hæstv. samgrh. að vera það. Það er á mörgum liðum sem sú skattlagning kemur fram. Hún leggst nú í fyrsta skipti á gistingu og samkvæmt athugun sem gerð hefur verið og byggð á reikningum nokkurra hótela fyrir árið 1991, þá nemur þessi nýi skattur 7,2% af gistitekjum þeirra eins og þær voru á því ári þegar frá hefur verið dregin lækkun tryggingagjalds og fleira sem hægt er að færa þar til frádráttar. En skattlagningin tekur á sig margar furðulegar myndir. T.d. er veitingahúsum ætlað að selja tilbúinn mat með 24,5% virðisaukaskatti en ef tilbúinn matur er seldur út úr verslun þá á að vera 14% virðisaukaskattur á honum. Hæstv. ráðherra vék að því að það ætti að reyna að bæta þetta með einhverjum hætti en að mati fulltrúa

ferðaþjónustunnar, eða þeirra sem best þekkja til, þá nemur það aðeins hluta af hinu nýja álagi fyrir utan erfiðleikana sem þetta veldur.

Í síðustu viku var ég á kynningarfundi sem boðað var til af starfsmönnum samgrn. ásamt fleiri aðilum sem eru að vinna að sameiginlegu átaki í ferðaþjónustu. Þetta heitir „Íslandsferð fjölskyldunnar 1994". Það er vissulega góðra gjalda vert að reyna að örva ferðalög Íslendinga um eigið land og að því vilja margir aðilar vinna. En það virðist vera kaldhæðnislegt að á sama tíma og þeir sem þarna standa að verki eru að kynna sínar hugmyndir þá leggur hæstv. ríkisstjórn fram frv. á Alþingi sem leggur hvern steininn af öðrum í götu fólks sem vill ferðast um landið. Það hefur verið bent á það hér að það eru innlendu ferðalögin sem fyrst og fremst eru skattlögð en hin erlendu ekki. Vissulega eru rök fyrir því að það er ekki hægt en það hlýtur þá að leiða til þess að ýta undir ferðalög til útlanda en ekki um eigið land.

Ég vonast til þess að þingmenn utan af landi sem styðja hæstv. ríkisstjórn geri sér grein fyrir því hversu mikið ranglæti er fólgið í þessari skattlagningu á ferðalögum vegna þess að hingað þurfa þeir sem úti á landi búa að sækja svo margvíslega þjónustu. Að nota slíkan aðstöðumun sem grundvöll að skattlagningu finnst mér vera fráleitur hlutur. Það er að sjálfsögðu rétt að undanþágur geta valdið erfiðleikum í skatteftirliti. En þegar um er að ræða hrein skil þannig að skattlagningin jafnvel veldur erfiðleikum í framkvæmd eins og því að það á að fara að sundurgreina hvort maður ferðast innan lands til þess að komast til útlanda eða ekki, þá er augljóst að það eru aðrar ástæður sem þarna liggja að baki.

Ég skal ekki fjölyrða mikið meira um þetta frv. en eitt af því sem hæstv. fjmrh. nefndi var hækkun bifreiðagjalds en sagði að á móti félli niður slysatryggingagjald ökumanna og því ættu verðlagsáhrif þessara breytinga á bifreiðagjöldum að vera hverfandi. Á það hefur hins vegar verið bent að frá slysabótum hafa bæturnar sem þessi trygging veitir verið dregnar og því muni iðgjöld tryggjanna hljóta að verða að hækka sem þessu nemur. Ég skal ekkert segja hvernig það kemur inn í verðlag. Ég hélt að það hlyti að gera það og það eykur álögur á þá sem þær eiga að greiða.

Ég skal svo ekki tefja þessa umræðu meira að sinni þó að vissulega séu mörg atriði í þessu frv. sem ástæða væri til að vekja athygli á.

[16:11]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um við að ræða frv. til laga um breytingar í skattamálum. Það hafa komið fram ýmsar athugasemdir og ég ætla að reyna að fara ekki nákvæmlega í það sama og aðrir. Ég vil þó nefna þennan 14% virðisaukaskatt og benda á að það er alls ekki verið að koma honum á núna í fyrsta sinn. 14% virðisaukaskattur var ákveðinn í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og 14% virðisaukaskattur var settur á orkuveiturnar, var settur á húshitun um síðustu áramót. Raunar niðurgreiddur að hluta til aftur vegna mikils þrýstings bæði stjórnarliða og stjórnarandstæðinga.

Það var líka settur á 14% virðisaukaskattur núna um mitt ár á blöð, bækur, afnotagjöld útvarps og sjónvarps og fleira og það á að setja um næstu áramót 14% virðisaukaskatt á ferðaþjónustu sem ákveðið var í fyrra og til viðbótar á nú að setja ýmis matvæli í 14% virðisaukaskatt. Mér finnst það svolítið sérkennilegt að í fyrra þegar verið var að ræða um þennan 14% virðisaukaskatt, þá fannst ríkisstjórninni og hennar fylgismönnum ekki nokkur vandkvæði á því að koma honum á. Þá var ekki talað um hversu erfitt skatteftirlitið yrði. Það var ekki talað um hversu erfitt væri með tölvur og hvað þyrfti að breyta í forritum og fleira og fleira, alla þá erfiðleika sem yrðu í sambandi við 14% virðisaukaskattinn. Nú er það allt í einu óskaplegt vandamál að það skuli eiga að koma 14% virðisaukaskattur á matvæli. Það er rætt um að það verði svo erfitt um frádráttinn, innskattinn og fleira í þeim dúr, en það er líka innskattur hjá orkuveitunum og það er líka innskattur hjá blaðaútgáfu og bókaútgáfu. Og þar voru engin vandamál. En af því að nú á að lækka virðisaukaskattinn, það er ekki verið að taka upp nýja gjaldskrá eins og var með 14% virðisaukaskattinn sem ákveðinn var í fyrra, en þessi skattur núna á matvæli, þar er verið að lækka. Það er verið að lækka úr 24,5% niður í 14% og þá er það allt í einu alveg óskaplegt vandamál, kostar 30 stöður og breytingar á tölvum og fleira að framfylgja þessu máli.

Ég vildi nú vekja athygli á þessu vegna þess að mér finnst að það hafi verið nokkuð einlitt tekið á því að þetta valdi erfiðleikum. Auðvitað veldur það einhverjum erfiðleikum. Það fer ekki hjá því. En þetta er bara það sem ríkisstjórnin var byrjuð á að gera, ég vil vekja athygli á því. Hún var búin að ákveða þetta í fyrra að setja á virðisaukaskatt í þremur áföngum, um áramót í fyrra, um mitt ár núna og á næstu áramótum, 14% virðisaukaskatt á ýmsum kostnaðarliðum sem ég hef nefnt hér áður.

Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu, sem var ákveðinn á síðasta ári, hefur nokkuð verið ræddur hér en á að koma til framkvæmda nú um áramótin. Ég verð að segja að af öllu sem er nú verið að setja virðisaukaskatt á, þá er það nú eitt af því alfurðulegasta. Að setja á þessa atvinnugrein sem virðist vera sú eina sem virkilega er í vexti. Það eru bundnar vonir við það að greinin muni bæta atvinnuástandið, að þetta sé sú atvinnugrein sem muni skapa fleiri atvinnutækifæri á næstu árum og það er verið að skattleggja hana. Það er líka verið að skattleggja þá sem búa úti á landi og þurfa að sækja þjónustu og annað hingað til Reykjavíkur og þeir sem búa lengst í burtu eru skattlagðir mest.

Það er rétt að rifja það upp að fyrir allmörgum árum var söluskattur á innanlandsfargjöld í flugi og það kom fljótlega í ljós að þetta var landsbyggðarskattur. Þeir sem bjuggu lengst í burtu frá Reykjavík og þurftu að sækja hingað til Reykjavíkur með innanlandsfluginu borguðu hæsta gjaldið að sjálfsögðu vegna þess að það var dýrasta fargjaldið og þá bættist við mesti söluskatturinn ofan á það fargjald. Þegar menn gerðu sér þetta ljóst var hætt að hafa söluskatt á far-

gjöldunum heldur var tekinn upp flugvallarskattur, það var tekið flugvallargjald, fast gjald á allt flug. Það var sama hvort menn flugu frá Stykkishólmi eða frá Egilsstöðum. Það var sama gjaldið. Nú á aftur að fara í þetta sama far, þ.e. leggja virðisaukaskatt á innanlandsfargjöldin og aftur þurfa þeir að greiða mest sem búa lengst í burtu. Og þá skyldi maður halda að í tengslum við þetta væri afnumið þetta flugvallargjald sem sett var á í staðinn fyrir söluskattinn því að virðisaukaskatturinn er arftaki söluskattsins, en það var ekki gert. Flugvallargjaldið verður áfram og nú leggst virðisaukaskatturinn ofan á þetta allt saman. Tvísköttun, það er orðið.

Síðustu vikurnar hefur mikið verið rætt um íslenska framleiðslu og hvetja menn til að kaupa íslenskt, til að ferðast innan lands. Íslenskt, já takk hefur verið slagorðið. Nú kemur í ljós að það á að leggja þennan skatt á innanlandsflugið. Það á ekki að leggja hann á erlenda flugið, það er ekki hægt vegna samkeppnisaðstöðunnar. Og hvað eru menn þá að segja með þessu? Ekki að ferðast innan lands, ekki að nota innlendu fargjöldin heldur að nota fargjöldin erlendis. Sem sagt, ekki íslenskt, já takk, heldur erlent, já takk segir ríkisstjórnin. Menn skulu ferðast erlendis. Þá þurfa þeir ekki að borga virðisaukaskatt á fargjöldin. Það verður sem sagt ódýrara að ferðast til Englands, til Írlands eða hvert menn fara nú til að kaupa inn, innkaupaferðirnar, það verður ódýrara heldur en að ferðast innan lands, frá Egilsstöðum til Reykjavíkur t.d. og versla þar sem meira úrval væri af íslenskum vörum. Ég held að menn ættu að athuga hvort þetta er boðskapur ríkisstjórnarinnar með þessu frv.

Ég vil einnig gera að umtalsefni nokkuð sem er ekki í þessu frv. Það er vaxtaskatturinn. Vaxtaskattinum er nefnilega frestað. Það átti að leggja á 10% nafnvaxtaskatt samkvæmt tillögum nefndar sem hefur skoðað það mál en því er frestað. Það er alltaf svo óskaplega erfitt að setja á vaxtaskatt. Það virðist vera erfiðara eftir því sem það tekur fleiri ár að undirbúa það. Hér hefur verið gagrýnt að það sé verið að leggja fram frv. núna sem eigi að taka gildi um áramót með alls kyns skattabreytingum, en það virðist ekki vera neitt mál þó þarna sé verið að breyta einum sjö lagabálkum í skattamálum en að setja vaxtaskatt á, fjármagnsskatt, það gengur ekki. Það þarf margra ára undirbúning að áliti ríkisstjórnarinnar.

Það er vissulega alveg rétt að það þarf að vera góður fyrirvari en við höfum kannski látið okkur nægja svipað eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir sagði hér áðan að breytingar væru lagðar fram og samþykktar í maí þegar þær ættu að taka gildi um áramót. Það væri þó alla vega miklu betra heldur en það sem nú er verið að tala um. En að það þurfi mörg ár til að koma á fjármagnsskatti get ég engan veginn samþykkt.

Í þessu frv. er líka verið að leggja fram ýmsar breytingar á vörugjöldum. Vörugjöldin koma að mestum hluta á næstunni í staðinn fyrir tolla og fyrst og fremst er það vegna inngöngu okkar í EES. Það hefur þó nýlega komið fram í fréttum að það sé orðið mjög vafasamt að heimilt sé að breyta tollum í vörugjöld á þann hátt sem ríkisstjórnin hefur gert sl. ár frá því að frv. um inngöngu okkar í EES var samþykkt. Það er orðið mjög vafasamt að hægt sé að breyta bara þessu orði tollar yfir í vörugjöld og halda áfram að innheimta tolla sem núna heita vörugjöld af ýmsum þeim vörum sem áttu að hafa betri samkeppnisstöðu eftir EES-samninginn. Þannig að ég held að þær æfingar sem ríkisstjórnin er að gera hér með þessu frv. um vörugjaldabreytingu séu hæpnar í meira lagi. Og þrátt fyrir það fullyrðir hæstv. fjmrh. að það hafi orðið skattalækkun hjá ríkisstjórninni sem má til sanns vegar færa ef horft er nákvæmlega á tölurnar, en það hefur ekki orðið skattalækkun hjá hinum almenna launþega, það hefur orðið hækkun. Það er búið að færa aðstöðugjaldið yfir á launþega þannig að þó að tekjuskatturinn hafi lækkað og heildarskattheimta ríkisins sjálfs hafi lækkað eins og hann segir hér réttilega, hæstv. fjmrh., þá hefur ekki lækkað skattheimta á einstaklingum. Hún hefur nefnilega aukist og hún hefur aukist jafnt og þétt á hverju einasta ári síðan hæstv. ríkisstjórn tók við en skattheimtan hefur færst af fyrirtækjunum yfir á einstaklinga. Og þau fyrirtæki sem rekin eru af einstaklingum og sameignarfyrirtækin líka sem venjulega eru með ábyrgð einstaklings eða einstaklinga, þau halda áfram sömu skattprósentu. En fyrirtækin, hlutafélögin t.d., lækka niður í 33% þannig að sífellt er verið að færa ábyrgðina af rekstri ríkissjóðs yfir á einstaklingana.

Það er kannski líka athugandi að skoða það að frá árinu 1988 hafa verið afskrifaðir 15 milljarðar í skattkerfinu samkvæmt úttekt Ríkisendurskoðunar. Og skyldu þessir milljarðar af sköttum hins íslenska ríkis vera hjá einstaklingum? Nei. 15 milljarðar hafa verið afskrifaðir hjá fyrirtækjum og nú eru fyrirtækin verðlaunuð með því að það er lækkuð á þeim skattprósentan. En einstaklingarnir sem standa sig yfirleitt í því að borga sína skatta fá aftur á móti hækkun.

[16:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var aðeins eitt atriði, ég kem að öðrum seinna, sem ég vil nefna í þessu andsvari mínu og það snertir það sem hv. þm. ræddi í upphafi síns máls um það að ríkisstjórnin hefði sagt að það væri lítill vandi að hækka skatta á sumum tegundum vöru og þjónustu úr 0% í 14% en nú horfði málið öðruvísi við frá sjónarhóli ríkisstjórnarinnar því að nú væri allt í einu mikill vandi að lækka skatta úr 24,5% í 14%. Og þetta er rétt, þetta er í raun og veru auðskilið ef menn vilja reyna að skilja það. Það er nefnilega ekki mikill munur fyrir innheimtumennina ef skatturinn er enginn eða er 14% því að það er í raun og veru annað þrep en hið venjulega. Yfirleitt var um að ræða vörur sem hægt var að innheimta skatt af án þess að það ruglaðist saman við bókhald annarra vara eða þjónustu eða þá að um var að ræða vöru sem bar 0% eins og íslenskar bækur sem voru seldar með erlendum bókum sem báru 24,5% skatt. Það var enginn munur á því, ekkert meiri vandi að gera ráð fyrir 14% heldur en 0%. Vandinn er ekkert meiri eða minni. En

þegar kemur að því að matvörur sem fást í sömu verslunum bera annaðhvort 14% eða 24,5%, þá er vandinn auðvitað heilmikill og miklu meiri og ég vil taka undir það sem margir hafa sagt hér í sínum ræðum að þetta veldur vandræðum í skattkerfinu og það hefur verið viðurkennt af öllum þótt sú leið hafi verið valin nú til þess að ná fram öðrum mikilvægum markmiðum í efnahagsmálum.

Þetta vildi ég að kæmi hér strax fram þannig að það ylli ekki misskilningi.

[16:26]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það veldur auðvitað vandræðum þeim mun meira sem umfangið er. Við getum fallist á það hjá hæstv. fjmrh. að þegar verið er að setja enn þá fleiri vörur í 14% skattþrepið þá getur það valdið ýmsum vandræðum og verður meira verk að vinna úr því. En það beytir ekki því að það var ríkisstjórnin sjálf sem tók þá ákvörðun að setja á 14% virðisaukaskatt og þar af leiðandi hafði hún forustu um það að hætta að vera með aðeins eitt skattþrep heldur hafa þau tvö. Og mér hefur fundist að ríkisstjórnin og hæstv. fjmrh. fyrir hennar hönd reyni nú að gera mjög mikið úr þessum erfiðleikum sem séu að kröfu verkalýðshreyfingarinnar.

En eins og ég sagði, það er ríkisstjórnin sem hóf leikinn.

[16:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég andmæli þessu því að í raun eru skattþrepin þrjú. Það er 0%, 14% og 24,5% þannig að ég bið fólk að átta sig á því.

Í öðru lagi var hér fyrr í dag að ræða um þessi mál hv. þm. sem sat áður í ríkisstjórn og hann hældi sér af því að á sínum tíma hefði þáv. ríkisstjórn greitt niður matvælin í það sem samsvaraði 14% skatti þannig að í raun og veru hefur sá hinn sami þingmaður lýst því yfir að hann hafi tekið fyrstu skrefin í þá átt að færa skattprósentuna í 14 stig. Ég ætla ekki að reyna að stela þeim heiðri frá honum.

[16:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skattþrepin eru þrjú. Það er auðvitað alveg rétt. En þær vörutegundir sem eru í 14% skatti og jafnframt þau fyrirtæki sem þurftu að taka það á sig á þessu ári eins og ég rakti, þ.e. orkuveiturnar, blaðaútgáfurnar og fjölmiðlafyrirtækin eru líka með innskatt upp á 24,5%. Ýmsar vörutegundir og þjónusta sem þessi fyrirtæki kaupa er með 24,5% þannig að það er búið að rugla þessu öllu saman áður en þessi ákvörðun lá fyrir núna.

[16:29]

Halldór Ásgrímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér er um mikilvægt tekjufrv. ríkisstjórnarinnar að ræða sem ríkisstjórnin ætlar sér að ljúka fyrir jól. Þingmenn hafa farið þess á leit að ýmsir ráðherrar sem þetta mál varðar séu viðstaddir þessa umræðu. Það eru hér mál sem varða hæstv. samgrh., það eru mál sem varða hæstv. félmrh. Ég hef farið þess á leit að hæstv. viðskrh. eða utanrrh. verði viðstaddir þessa umræðu, enda hafa viðkomandi hæstv. ráðherrar verið í mikilli andstöðu við þetta frv. á ýmsum fundum, uppi í Borgarnesi og úti um allt land þótt þeir hafi verið auglýstir um vaxtamál. Þeir hafa verið með þeim að morgni en verið á móti þeim að kvöldi. Það er vart hægt að halda þessari umræðu áfram nema þessir hæstv. ráðherrar séu hér viðstaddir. Ég óska því eftir því að umræðunni verði frestað því mér finnst að með þátttökuleysi sínu í þessari umræðu og viðveru hér í þinginu af hálfu hæstv. ráðherra sem varða þetta mál, hafi ríkisstjórnin sýnt fram á það að hún hefur engan áhuga fyrir að ljúka þessu máli fyrir áramót og ég held að það sé langbest að það liggi fram yfir jól.

[16:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég mun vera eini ráðherrann sem hér er til svara, enda fer ég með fjármál ríkisins og þar á meðal skattamálin og það er nú sú venja að sá ráðherra sem leggur fram mál talar fyrir hönd ríkisstjórnarinnar allrar. Hafi það farið fram hjá einhverjum hv. þm. þá vil ég endurtaka það að ríkisstjórnin ber að sjálfsögðu ábyrgð á þessu frv. Hún stendur öll að frv. og ég get þess vegna verið talsmaður hennar allrar. Hvað sem svo einstakir ráðherrar segja um álit sitt á þessum breytingum annars staðar en hér á hinu háa Alþingi þá er það ljóst að allir hæstv. ráðherrar standa að frv. Ég óska eindregið eftir því að málið fái rækilega umræðu hér í dag. Þetta er 1. umr. málsins, málið fer til nefndar. Það er enginn þingfundur á morgun, sumir hv. þingmenn hafa kvartað undan því að málið komi of seint fram svo ég vil eindregið mælast til þess ef nokkur kostur er að málið fái eðlilega afgreiðslu, helst sem fyrst og í dag ef nokkur kostur er til þess að hægt sé að nýta tímann í nefndum og koma málum áleiðis með eðlilegum hætti.

Ég vek athygli á því að 2. umr. er eftir. Hv. þm. sem biður um frest er formaður hv. nefndar sem fjallar um málið og hann hefur öll tök á því að æskja allra þeirra upplýsinga sem hann kærir sig um að fá um málið. Á því hefur hann full völd. Til þess var honum treyst m.a. af þeim sem hér stendur og ekki einungis stjórnarandstöðunni heldur líka stjórnarliðinu og ég veit að hann stendur undir því trausti og mun geta starfað þannig að hann nái í allar þær upplýsingar sem hann vill sem formaður hv. nefndar.

[16:33]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að hann væri margfaldur í roðinu en ég vil sérstaklega vekja athygli á því að þetta frv. fjallar mjög mikið um skattlagningu á ferðaþjónustu og samgöngur. Skömmu eftir síðustu áramót, eitthvað viku af janúar, lýsti hæstv. samgrh. því yfir í blaðaviðtali að það gengi ekki að leggja skatt á ferðaþjónustu og það væri hægt að draga til baka það sem þá þegar væri búið að ákveða. Því finnst mér að það sé nauðsynlegt að hæstv. samgrh. komi hingað nú og segi hvað hann meinti með þessum orðum sínum og hvernig hann ætlar að túlka þau.

[16:34]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill skjóta því hér til upplýsingar að haldinn var fundur með formönnum þingflokka í gærmorgun þar sem rætt var um fundahaldið í þessari viku og m.a. leitað eftir samkomulagi um það að þeirri dagskrá sem hér liggur fyrir í dag yrði lokið á þessum degi. Jafnframt beindi forseti því til þingflokksformanna að ef það væru sérstakar óskir um viðveru ráðherra annarra en þeirra sem ættu mál á dagskrá, þá yrði því komið á framfæri áður en fundurinn hæfist til þess að auðvelda snurðulausa umræðu en eins og stundum gerist eru ráðherrar að sinna öðrum störfum á meðan mál eru flutt hér sem ekki heyra undir þá.

Einnig vill forseti minna á að hæstv. samgrh. hefur varamann og situr ekki á þingi eins og er (**JHelg:** Hann hefur þingskyldu að mæta hér.) en hins vegar ætlaði forseti að bæta því við þegar þetta frammíkall kom hjá hv. 2. þm. Suðurl. að það er sjálfsagt að gera honum viðvart og athuga hvort hann getur komið á fundinn.

[16:35]

Halldór Ásgrímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það má vel vera að það hafi verið gert samkomulag um þessi mál og ekki skal ég verða til þess að rjúfa það samkomulag. Hitt er svo annað mál að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í upphafi valdaskeiðs síns að nú væri orðin mikil breyting á í ríkisstjórninni því nú væri ekki lengur einn fjmrh., nú væru komnir tíu fjármálaráðherrar. Nú þyrfti hver fjmrh. að sjá um sína hluti og ég skildi það svo að með því væri hæstv. fjmrh. að lýsa því yfir að nú ætti hver ráðherra að verja öll þau mál sem hann varðaði. (**Fjmrh.:** Niðurskurðinn.) Er það bara gjaldamegin sem sagt, þeir eru fjármálaráðherrar gjaldamegin en ekki teknamegin? Þetta voru viðbrögð hæstv. fjmrh. Þetta varðar að sjálfsögðu ekkert störf efh.- og viðskn. Þetta varðar pólitíska umræðu um málið. Það er ekki ætlun mín að reyna á nokkurn hátt að tefja framgang þessa máls í efh.- og viðskn., enda reikna ég með því að úrslit þess séu þegar ákveðin og ég lýsti því reyndar yfir í upphafi míns máls að ég gengi út frá því að það væri búið að ákveða þetta mál. En hitt er svo annað mál, að ráðherrar Alþfl. hafa talað á móti þessu máli úti í bæ og er þá undarlegt þó stjórnarandstaðan vilji eiga orðastað við þessa menn jafnvel þótt hæstv. fjmrh. komi hér og segi að orð þeirra séu marklaus? Hann sagði hér áðan að þrátt fyrir yfirlýsingar ráðherra Alþfl. ef ég þýði það þá rétt, það voru ekki nákvæmlega hans orð, þá hef ég umboð til þess að fara með þetta mál og ríkisstjórnin stendur heils hugar að baki því. Eiga menn þá sem sagt ekkert mark að taka lengur á ráðherrum Alþfl.? Og þeir sjá sér ekki einu sinni fært að vera hér viðstaddir til þess að segja það sjálfir, heldur þarf hæstv. fjmrh. að segja hér frá því. (**Fjmrh.:** Hefur þingmaðurinn alltaf tekið mark á þeim ráðherrunum í öllum málum?)

[16:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér til þess að taka undir og ítreka óskir um að þeir ráðherrar sem fara með málaflokka sem beinlínis tengjast efni þessa frv. komi og verði viðstaddir umræðuna svo fremi sem þeir hafi ekki fjarvistarleyfi eða séu löglega forfallaðir þannig að þeir fái ekki komist til fundar. Hér er í fyrsta lagi um að ræða bandorm mikinn sem breyta á ákvæðum í sjö mismunandi lögum og ég tel að stjórnarandstaðan sýni þó nokkurn skilning og þolinmæði gagnvart m.a. þeirri málsmeðferð þó það bætist nú ekki við að ekki sé orðið við réttmætum og hógværum óskum um að hægt sé að eiga hér orðastað við ráðherra og eða forustumenn annars stjórnarflokksins út af pólitískum atriðum. Í raun hefði mátt setja hér á langar ræður og mikla rekistefnu um það að ríkisstjórnin væri að stytta sér leið með því að velja það að leggja þessi mál fram í bandormi í staðinn fyrir að flytja sjö aðskilin frumvörp sem hefði þá þýtt m.a. sjö sinnum lengri ræðutíma við 1. umr. málsins. Það er ekki hægt að mæla á móti því að félmrh. t.d. fer með mál sem um er fjallað í viðamiklum kafla þessa frv., vaxtabæturnar. Samgrh. með það sem lýtur að samgöngum og virðisaukaskatti á ferðaþjónustu og er það þá atvinnugrein. Sömuleiðis hafa foringjar Alþfl. gefið miklar pólitískar yfirlýsingar um þetta mál og með fullri virðingu fyrir hæstv. fjmrh. get ég bara engan veginn ætlast til þess að hann tali fyrir hönd Alþfl. í þeim efnum þó það sé út af fyrir sig skiljanlegt að ráðherrar Alþfl. vilji halda sig fjarri vettvangi um þessar mundir.

Svo kemur hæstv. viðskrh. hingað í mýflugumynd. Það náðist varla að kasta á hann kveðju þá er hann rokinn aftur. Þetta er auðvitað engin frammistaða, hæstv. forseti. Ég tel að hæstv. forseta beri skylda til þess að rökstyðja það betur ef á nú að ljúka þessari umræðu og menn þurfa að nota sinn seinni ræðutíma án þess að þessir ráðherrar hafi komið og hægt sé þá að leggja fyrir þá spurningar.

Auk þess verð ég að segja það, hæstv. forseti, að mér finnst vera hér að eiga sér stað mjög undarleg þróun svo að ekki sé meira sagt í þá veru að menn virðast vera farnir að ganga út frá því, forsetar þingsins þar með taldir, að ráðherrum beri ekki að sinna þingskyldum sínum, þ.e. það er talað um það sem eðlilegan hlut og sjálfsagðan liggur mér við að segja að ráðherrar séu bara víðs fjarri og menn eigi nánast enga heimtingu á því að þeir séu hér í þinginu, en þeir eru þingmenn allir með tölu sem nú gegna ráðherraembættum og þeim ber sama lögboðna skyldan til að sinna þingskyldum sínum og öðrum þingmönnum ef þeir hafa ekki fjarvistarleyfi. Menn hafa svo sem oft sýnt á því skilning gegnum tíðina að þeir geta verið uppteknir, mennirnir, en það var alla vega ekki mikill skilningurinn, sem sýndur var á því af hálfu þingmanna Sjálfstfl. þegar m.a. undirritaður var vakinn upp kl. 3 að nóttu til þess að mæta hingað á fundi í efri deild til þess að sá sem óskina bar fram um að ég mætti þar mundi hlæja að mér. Það var hæstv. núv. samgrh., svona til upprifjunar fyrir forseta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur vissulega tekið undir að það hafa all-

ir þingmenn skyldu, hvort sem þeir eru ráðherrar eða ekki, til þess að mæta á fundum og forseti hefur nú þegar lýst því yfir að hún mun gera ráðstafanir til þess að gera boð þeim ráðherrum sem eru fjarstaddir og óskað er eftir.

[16:41]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það afar skiljanlegt, bæði núna og oft annars og mér hefur fundist það í öll þau skipti sem ég hef setið hér á þingi og hefur verið óskað eftir því í máli sem heyrir undir ákveðinn ráðherra að ráðherrar væru viðstaddir. Það hefur hins vegar verið þannig mjög gjarnan, hvort sem mönnum finnst það gott eða vont, að þeir sitja ekki ávallt hér í sal og þeir sem hafa verið ráðherrar vita það líka þó þeim finnist eflaust eftir á að þeir hafi verið duglegri við að rækja þingstörf en þeir sem nú sinna ráðherrastólum og er ég með þessum orðum að gera þeim upp hugsanlegar skoðanir.

Það sem ég kom hér í ræðustól til að segja er að ég sat þennan fund í gær með forseta og til að tryggja það að svona staða kæmi ekki upp, þá óskaði forseti eftir því við þingflokksformenn að þeir gengju eftir því við sína þingmenn hvort það væru sérstakir ráðherrar sem óskað væri eftir að væru viðstaddir til að geta tryggt það að þeir væru hér. Þess vegna kemur mér það á óvart þegar talað er um það kl. korter í fimm, þegar við erum búin að vera hér með umræðu í 3–4 tíma, þá sé verið að tala um að fresta af því að það vanti ráðherra. (**SJS:** Við bárum þessar óskir fram í byrjun umræðunnar.) Mér finnst það mjög mikilvægt þegar við erum að reyna að koma nýjum og bættum starfsháttum á að einmitt þegar leitað er eftir þessu samstarfi við þingflokksformenn að það nái alla leið þannig að það sé hægt að tryggja stöðu mála hér með viðunandi hætti. Mér finnst mjög mikilvægt að við reynum að koma því á.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti ítrekar það að gerðar verða ráðstafanir til þess að gera þessum hæstv. ráðherrum boð sem hér hafa verið tilgreindir, þ.e. félmrh. og samgrh., og vill enn fremur staðfesta það sem hv. 4. þm. Reykn. sagði að það var óskað eftir því að þessi beiðni lægi fyrir fyrir þennan fund í dag, en forseta hafði ekki borist nein slík beiðni.

[16:44]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að í upphafi þessarar umræðu var þess óskað að ákveðnir ráðherrar yrðu hér til staðar en þeir hafa ekki látið sjá sig frekar en fyrri daginn og ég hlýt að vekja athygli á því vegna orða síðasta ræðumanns að eftir að það fyrirkomulag var tekið upp að raða málum niður á daga eftir ráðuneytum, þá hefur það gerst að ráðherrar eru hér vægast sagt sjaldséðir. Þó að þeim beri skylda til þess að sækja þingfundi eins og okkur hinum þá láta þeir sig hverfa. Og hér er einmitt um að ræða mál sem er mjög víðtækt og nær til margra ráðuneyta. Við erum að tala hér um frv. sem meira og minna er orðið til í kjölfar ákveðinna kjarasamninga og m.a. heyra þessir samningar undir forsrh. Hann hefur verið í forsvari fyrir þessa samninga meðan aðrir ráðherrar hafa í rauninni gagnrýnt inntak þeirra harðlega. Og það er ekki nema eðlilegt að við förum þess á leit að þessir ráðherrar komi hér og taki þátt í umræðunni. Eins og hér hefur komið fram, þá er margt mjög óljóst í þessu frv. og meira að segja er ákveðnum atriðum vísað beint til nefndarinnar, þ.e. það sem snýr að vaxtamálum og viðmiðun við vexti í kjölfar þeirra breytinga sem þá áttu sér stað. Við hljótum að þurfa að fá skýringar hjá þessum ráðherrum á þeirra sjónarmiðum, ella eigum við von á því sem hér hefur gerst trekk í trekk að þessu frv. verði breytt, það tætt sundur og saman og nýjar tillögur komi dag eftir dag eins og gerst hefur hér á undanförnum árum. Og það er ekki nema eðlilegt að við krefjumst þess að fá hér skýringar fyrir fram til þess að við getum farið að vinna að málinu af einhverri skynsemi.

[16:46]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla að bera fram bara eina spurningu og hún er sú: Heyrði ég rétt, bæði hjá virðulegum forseta og hv. 4. þm. Reykn., að hluti af nýjum starfsháttum Alþingis eftir breytt þingskapalög í haust ætti að vera sá að þingmenn þyrftu að tilkynna það fyrir fram hvaða einstaka ráðherra menn gætu þurft að ræða við þann daginn? Þetta finnst mér ekki vera í anda þess sem við þingmenn höfum viljað með þessum breytingum. Hins vegar er þetta fullkomlega í anda þeirra vinnubragða sem núv. hæstv. ríkisstjórn viðhefur gagnvart Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það var ekki sagt að þetta væru neinar nýjar reglur, heldur var einungis sagt að hér væri verið að reyna að greiða fyrir og gera það auðveldara bæði fyrir þingmenn og ráðherra að málin gengju áfram. Þetta var gert með tilliti til þess að þetta yrði hugsanlega langur fundardagur í dag miðað við efni dagskrárinnar.

[16:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það hefur komið hér fram eins og þeir vita sem hér eru inni að óskað hefur verið eftir viðveru þriggja ráðherra auk hæstv. fjmrh. Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að koma þeim boðum til þeirra. Ég tel eðlilegt að forseti fresti þessari umræðu þar til ráðherrarnir eru komnir til fundar. Það hefur varla mikinn tilgang fyrir þingmenn að tala og flytja sínar ræður sem þeir hugsa og ætla tilteknum ráðherrum að hlýða á en gera það áður en þeir koma til þingfundar. Ég tel því eðlilegt að fyrst forseti hefur á annað borð orðið við því að kveðja þessa ráðherra til fundar að fresta umræðunni þangað til þeir eru komnir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna hv. þm. á að hér er í salnum hæstv. fjmrh. sem flytur þetta mál og verið er að leita eftir því að þessir hæstv. þrír ráðherrar, sem beðið hef-

ur verið um komi hér, komi og væntir forseti þess að hv. 9. þm. Reykv. sé tilbúinn að hefja sitt mál nú þegar og gef ég honum orðið.

[16:50]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið hér hjá nokkrum hv. þm. að það hefði verið eðlilegt að hæstv. ráðherrar hefðu verið hér viðstaddir og það er auðvitað mjög erfitt að tala um þetta frv. án þess að hæstv. ráðherrar séu hér á staðnum. Það er að vísu rétt að stjórnskipulega heyra þessi mál undir hæstv. fjmrh. Þó eru mjög veigamiklir þættir í þessu frv. sem tilheyra öðrum ráðherrum beinlínis. Þá er ég ekki að tala um þá þætti sem tilheyra öðrum ráðherrum vegna þess að þeir hafi verið með sverar yfirlýsingar um það hvað þetta mál sé vitlaust eins og hæstv. ráðherrar Alþfl., heldur er ég að tala hér um málaflokk eins og vaxtabæturnar sem eru hluti af húsnæðisstefnunni og hæstv. félmrh. hefur gefið um það mál mjög afdráttarlausar yfirlýsingar. Ég vil því endilega óska eftir því að það verði allt gert sem hægt er til þess að kalla hingað hæstv. félmrh. og að fjmrh. beiti sér í þeim efnum, öllu því afli sem hann kann að hafa vegna þess að það er augljóst mál að hann getur ekki svarað um einstök atriði í sambandi við vaxtabæturnar og nú mun ég rökstyðja það nokkru nánar.

Fyrir nokkru, þ.e. á þriðjudaginn í næstliðinni viku, var hér óundirbúinn fyrirspurnatími. Þá óskaði ég eftir því að hæstv. félmrh. gerði grein fyrir því hvað hún ætlaði að gera með vaxtaútgjöld þeirra einstaklinga sem eru nú með gömul húsbréf með 6% vöxtum upp á marga tugi milljarða kr. samtals úti í þjóðfélaginu andspænis hinum sem nú eru að fá ný húsbréf með 5% vöxtum. Ég rökstuddi það þannig að það yrði að taka á málum þessa fólks vegna þess að ella blasir það við að það mun fram á næstu öld vera með margfalt þyngri og erfiðari vaxtabyrði heldur en við er að búast að verði í eðlilegri efnahagsþróun og það er óeðlilegur hlutur að láta þetta fólk vera með þessar byrðar á bakinu með þessum hætti og ég spurði þá hæstv. félmrh.: Hvað ætlar ráðherrann að gera til þess að koma til móts við þetta fólk? Hæstv. félmrh. kom hér í stólinn og sagði að hún ætlaði að athuga þessi mál, fara yfir stöðu þessa fólks sérstaklega og sagði að hún mundi greina frá athugun sinni og niðurstöðum hennar hér í þessari virðulegu stofnun, á hv. Alþingi. Það hefur hins vegar ekki verið gert. En hæstv. félmrh. stendur að flutningi frv., þessa hér, um að lækka vaxtabætur á næsta ári, um að lækka vaxtabætur frá og með árinu 1995 mjög verulega frá því sem var þannig að hún ætlar ekki þrátt fyrir þessar breytingar á vöxtum að taka til baka þá skerðingu á vaxtabótum sem ákveðin var af ríkisstjórninni fyrir 2–3 missirum eða svo.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa að félmrh. er á leiðinni hingað til þings og samgrh. er bundinn á fundi en kemur von bráðar. Verið er að reyna að ná sambandi við hæstv. forsrh.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir greinargóðar upplýsingar og vænti þess að hæstv. ráðherrar komist hér til fundar áður en mínum ræðutíma er lokið.

Hér er með öðrum orðum flutt frv. sem felur það í sér að staðfesta þá vaxtabótaskerðingu sem ákveðin var fyrir 2–3 missirum, að vísu að haga henni með tilteknum hætti eins og þarna er gerð tillaga um og ég mun svo koma að hér á eftir, þannig að ég á það erindi við hæstv. félmrh. að spyrja: Stendur hún að þessu frv. fyrirvaralaust? Mun hún beita sér fyrir því að það verði gerðar sérstakar ráðstafanir til þess að koma til móts við það fólk sem er núna með húsbréf með 6% vöxtum úti í þjóðfélaginu og er að sligast undan þeim?

Ég vil aðeins víkja nánar að þeim hugmyndum sem hér eru uppi varðandi breytingu á vaxtabótum og segja eins og er að mér finnst að það hefði verið skynsamlegt að setja upp dæmi um það hvernig þessar mismunandi vaxtabótagreiðslur koma út. Ég sé þau ekki hér. Ég held að ég hafi skoðað málið vandlega. Ég sé hér um heildargreiðslur vaxtabóta samkvæmt tillögum nefndarinnar samanborið við samþykktar breytingar 1992 á bls. 19, en ég hefði viljað sjá hvernig þetta kemur út í útreikningi fyrir tiltekna einstaklinga. Það er í raun og veru mjög nauðsynlegt að gera það vegna þess að dæmið er frekar flókið af því að í því eru þrjár breytur.

Í fyrsta lagi er hér tillaga um það í 2. mgr. þessarar aðalvaxtabótagreinar að það verði miðað við 7% af skuldum sem hámark þegar það er reiknað út, hversu miklar vaxtabætur viðkomandi einstaklingur getur fengið. Og svo er sett þak á þetta. Þessi breyta gildir ekki í gegn vegna þess að það er sett auk þess þak á hana þannig að þetta getur aldrei farið hærra en í 643.235 kr. hjá hjónum eða sambýlisfólki. Það þýðir með öðrum orðum samkvæmt lauslegum útreikningum mínum, ég tek það fram að ég hef ekkert annað fyrir mér í því, að þarna sé verið að tala um að skuldir sem séu upp á um 9,2 millj. kr., eða 9.189.100 kr. samkvæmt því sem ég var að slá inn hjá mér áðan. (**Fjmrh.:** Ef þú gefur þér vaxtastigið.) Já, ef ég gef mér vaxtastigið.

Í öðru lagi er sú breyta þarna inni að það er miðað við tekjur og þetta er mismunandi eftir tekjum. Það segir:

„Vaxtabætur skal ákvarða þannig að frá vaxtagjöldum eins og þau eru skilgreind í 3. mgr.," — þ.e. það sem ég var að tala um hér á undan — „skal draga fjárhæð er svarar til 6% af tekjum ..."

Í þriðja lagi segir að það eigi líka að miða við eignir sem geti farið í 5 millj. tæpar hjá hjónum að hámarki plús 60% áður en vaxtabæturnar deyja að fullu út. Þannig sýnist mér að ef um væri að ræða einstakling sem passaði inn í tekjumyndina og vaxtaprósentan passaði inn í forsendurnar þá séu menn þarna að tala um að vaxtabótamöguleikinn deyi út við hreina eign upp á u.þ.b. 8 millj. kr. eða svo, þ.e. 4,9 millj. plús 60% hjá hjónum eða sambýlisfólki. Hér er í raun og veru um tiltölulega flókið dæmi að ræða og þegar lagt er fram stjfrv. af því tagi sem hér er á ferðinni, þá finnst mér að það eigi að setja það upp með þeim hætti að það sé sæmilega læsilegt og skiljanlegt fyrir þingmenn, flesta þingmenn og helst alla þingmenn. Ég vil finna að því að þetta skuli ekki vera gert með skýrari

hætti þó að ég viðurkenni að með lítils háttar kunnáttu í reikningsbók Elíasar Bjarnasonar sem við lærðum báðir hér fyrr á öldinni, ég og hæstv. fjmrh., þá er hægt krafla sig í gegnum þetta. En allt um það, þá er aðalatriðið í raun og veru það að hér er verið að staðfesta þá lækkun á vaxtabótum sem hæstv. ríkisstjórn ákvað fyrir 2–3 missirum.

Mér skilst að það hafi lengi verið stefna Sjálfstfl., eða ég las það einhvers staðar í einhverjum ritum og heyrði það hér fyrr meir að Sjálfstfl. vildi eiginhúsnæðisstefnu, að allir ættu að eignast sitt eigið húsnæði. Ég heyrði leiðtoga Sjálfstfl. útskýra þetta þjóðfélag þannig að það ætti að vera þjóðfélag eignamanna „þar sem öllum gefst kostur á að eignast eitthvað", orðrétt vitnað í einn af leiðtogum Sjálfstfl. Nú er það hins vegar þannig að þetta „eitthvað" er orðið alveg hroðalega lítið sem menn geta eignast og það eru ofboðslegir vextir af því þannig að í rauninni er það svo að þessi stefna sem fylgt hefur verið núna hefur útilokað það að fólk geti eignast sitt eigið húsnæði. Við skulum gera okkur grein fyrir því að hér fyrir allmörgum árum var það auðvitað í fyrsta lagi verðbólgan sem tók niður húsnæðiskostnaðinn, það var verðbólgan. Í öðru lagi voru það tiltölulega mjög lágir vextir eða jafnvel neikvæðir vextir. Og í þriðja lagi var það ofboðsleg þensla í þjóðfélaginu, mikil yfirvinna, miklar yfirborganir og mikill hagvöxtur. Allt þetta hjálpaðist að við að gera það að verkum að fólk eignaðist hér húsnæði, verkafólk, jafnvel opinberir starfsmenn eignuðust húsnæði, jafnvel kennarar eignuðust húsnæði. Þó þetta fólk væri með tiltölulega lágar tekjur miðað við heildina þá gat það eignast húsnæði. Sjálfstfl. miklaðist af *því á fundum og mannamótum að á Íslandi eiga menn* húsnæðið. Það er einhver munur eða þar sem kratarnir stjórna í Skandinavíu, þar sem menn eru allir í húsaleigu. Og ekkert vissi Sjálfstfl. fyrirlitlegra heldur en svona hlutaíbúðir, búseturéttaríbúðir, „andelslejligheder" eins og það heitir á skandinavísku. Ekkert vissi Sjálfstfl. eins hryllilegt og að búa í leiguhúsnæði. Það var ömurlegt og það var alveg greinilegt á andlitum leiðtoga Sjálfstfl. á þeim tíma að það setti að þeim alveg stórkostlegar innantökur þegar þeir hugsuðu um það að þeir þyrftu kannski einhvern tíma að leigja. Að leigja! Það var ofboðslegt.

Nú er Sjálfstfl. hins vegar búinn að leika þjóðfélagið þannig, ráða þessu þjóðfélagi í meginatriðum núna á undanförnum árum þó einn og einn maður eins og ráðherrar Alþb. og fleiri góðir menn hafi komið að þessu, Sjálfstfl. hefur ráðið þessu í grófum dráttum. Nú er staðan þannig að verðtryggingin er komin á allar fjárskuldbindingar og vextir voru gefnir frjálsir sumarið 1984 í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, Framsfl. og Sjálfstfl., þannig að vaxtaokrið skrúfaði þetta allt upp. Í þriðja lagi hefur það svo gerst núna í seinni tíð að einstaklingarnir í þessu þjóðfélagi eru farnir að missa tekjur, kaupmáttur er að lækka, vinnan er að minnka, yfirtíðin er að minnka, yfirborganirnar eru að minnka og fólk er að verða atvinnulaust. Og hvernig á þá fólk að ná sér í húsnæði? Húsnæði er frumþörf. Maður sér það t.d. hér á Alþingishúsinu. Annars mundum við halda stöðuga útifundi. Við neyðumst til þess að hafa hér hús til þess a.m.k. að þeim sem eru að hlusta verði ekki kalt þó ræðumennirnir geti haldið á sér hita. (Gripið fram í.) Og svo er það sem hv. þm. bendir á sem er að vísu sagnfræðingur þannig að hún er ekki alveg hlutlaus aðili í þessu máli og vildi greinilega gjarnan fara á Þingvöll. En það er í rauninni engra kosta völ í þessu efni fyrir almenning. Eiginhúsnæðisstefnan er úr sögunni nema fyrir þá sem eru forríkir. Þá kemur félagslega íbúðabyggingakerfið. Staðreyndin er sú að svo er komið fjárhag fátæks fólks í landinu að fjöldinn allur af þeim sem eru að sækja um félagslegar íbúðir núna, t.d. hér í Reykjavík, nær ekki upp í lágmarkstekjumarkið, nær ekki upp í tekjumarkið. Svo er nú komið. Þannig er verið að vísa frá hundruðum einstaklinga hér í Reykjavík núna sem eru að sækja um í félagslega kerfinu sem hafa ekki tekjur til að komast upp í þetta lága tekjumark. Og hvað er þá eftir í raun og veru? Það er búið að útrýma eignaríbúðum með venjulegum hætti. Félagslega kerfið er of veikt Hvað er þá eftir? Það er alveg augljóst mál að það er bara ein leið til í þessu máli til þess að allir geti haft húsnæði og hún er sú að skapa hér í landinu virkan leiguhúsnæðismarkað með húsaleigu- og húsnæðisbótum með einhverjum hætti sem tengjast hinu almenna skattkerfi. Og þá kem ég aftur að hæstv. félmrh. og sakna nú enn vinar í stað, ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég sé hæstv. félmrh. hvergi. (**Gripið fram í:** Hún kemur.) En hún kemur, segir hv. þm.

Hvað ætli hæstv. félmrh. sé oft búin að lofa þessum húsaleigubótum? Ég hef því miður ekki tölu á því. *Það er búið að hóta því að sprengja ríkisstjórnir nokk*uð oft út af þessu máli, að það eigi að taka upp húsaleigubætur. Það er búið að hóta því við samsetningu fjárlaga haust eftir haust eftir haust að ef ekki komi húsaleigubætur árið eftir, þá sé bara ráðherrann hlaupinn á dyr. Aldrei hleypur ráðherrann á dyr eins og kunnugt er, ekki úr ríkisstjórninni. Að vísu úr varaformennsku í Alþfl. en það hefur nú verið leyst með sérstökum hætti sem er utan við þennan ræðutíma.

Hvorugt liggur þá fyrir, hvorki ákvörðun um það að taka aftur skerðingu vaxtabóta, sem ætti auðvitað að gera, né heldur um húsaleigubætur. Staðreyndin er sú og staðan í landinu núna er þannig að það eru þúsundir og aftur þúsundir af ungu fólki sem eru í þann veginn að missa húsnæði eða nýbúið að missa og er að leita sér að plássi hjá nánustu aðstandendum þegar um allt annað þrýtur. Biðlistarnir hjá félagsmálastofnununum hafa aldrei verið lengri og svo heldur hæstv. félmrh. að hún geti komist upp með það að hóta því bara að sprengja einhverja íhaldsstjórn á hverju hausti og halda sér dýrlegri í augum þjóðarinnar með því, þegar hún svarar ekki fyrir sínar eigin gerðir á Alþingi Íslendinga vegna þess að hún er aðili að þessu frv. Eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti hér áðan, þá er hæstv. félmrh. aðili að þessu frv.

Þess vegna tel ég alveg óhjákvæmilegt að hæstv. félmrh. verði kallaður til þessarar umræðu. Það er alveg útilokað annað. Það getur ekki gengið að hæstv.

félmrh. komist upp með það að vera ekki viðstaddur þegar þessi umræða er í gangi. Sérstaklega er hæstv. félmrh. boðinn velkomin á þennan fund. Ég tel ástæðu til að þess verði getið í þingtíðindum rækilega.

Hér er um að ræða mál sem snýr alveg sérstaklega að hæstv. félmrh. sem hefur aftur og aftur lofað því að taka upp húsaleigubætur, húsnæðisbætur, hefur aftur og aftur lofað því að taka sérstaklega til athugunar vanda þess fólks sem býr við vaxtaokur vegna allt of hárra vaxta af húsbréfum, sem lýsti því yfir hér í þessum ræðustól fyrir tveimur til þremur vikum að hún mundi taka sérstaklega á vanda þess fólks sem er með 6% vexti af gömlum húsbréfum. Það er útilokað annað en að vandi þessa fólks verði skoðaður í tengslum við þetta frv. Þess vegna er ekki hægt að láta hæstv. félmrh. sleppa með að vera fjarverandi meðan verið er að ræða þetta mál.

Ég endurtek því þá spurningu sem ég hef áður borið fram í ræðu minni sem er senn komin á tíma og hún er þessi: Hvað hyggst hæstv. félmrh. gera til þess að koma til móts við það fólk sem er hér með ofurþunga vaxtabyrði, m.a. af húsbréfum? Hyggst hæstv. ráðherra beita sér fyrir því að skerðingin á vaxtabótum sem hún samþykkti í fyrra verði að einhverju leyti afturkölluð? Hæstv. félmrh. verður að svara þessari spurningu í þessari umræðu.

[17:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst eðlilegt að ég segi nokkur orð hér. Hæstv. félmrh. mun að sjálfsögðu tala síðar í umræðunni en eins og allir vita gat hún ekki verið viðstödd þegar hv. þm. flutti sína ræðu. Ég vil að það komi hér strax fram að það var nefnd á vegum beggja ráðuneytanna, fjármála og félagsmála, sem gerði þær tillögur um vaxtabætur sem finnast í því frv. sem hér er til umræðu. Meginatriðið er að þær ganga nú, vaxtabæturnar, fremur til hinna tekjulægri en áður var. Og ég vil bæta því við vegna orða hv. þm. um leigu og leigumarkaðinn að það hefur verið gerð könnun á því að ástandið á leigumarkaðnum nú er betra en það hefur verið um margra ára bil vegna þess að byggðar hafa veri fleiri félagslegar leiguíbúðir sem sveitarfélögin eiga og geta síðan leigt út til þeirra sem þurfa á slíkum íbúðum að halda. Ég held að það sé mikilvægt að þessar upplýsingar komist strax til skila í þessari umræðu hér.

[17:09]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er það alveg rétt að ástandið á leigumarkaðinum er aðeins annað en það hefur verið. Samt er það svo að leiguíbúð hér á Reykjavíkursvæðinu sem er við segjum 40 til 50–60 fermetrar er núna á bilinu 30–40 þús. kr. á mánuði. Það er ofboðsleg húsaleiga fyrir manneskju sem er með 50–70 þús. kr. í tekjur á mánuði þannig að þetta leysir ekki vanda þessa fólks sem hér var sagt. Það er út af fyrir sig rétt að það er gerð tilraun til þess í þessum formúlum hér að breyta vaxtabótunum nokkuð. Þó er það svo að það er enn þá gert ráð fyrir því að hjón með 7 millj. kr. tekjur en eignir undir 4,9 millj. fái vaxtabætur. Það finnst mér rausnarlega að verki verið. Það verð ég að segja.

[17:10]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo sem fram hefur komið hér í dag, þá erum við að fjalla hér um frv. sem að stofni og meginefni til hefur verið höndlað um úti í bæ. Það er sem sagt niðurstaða þeirra aðila vinnumarkaðarins sem gátu knúið fram ákveðnar breytingar sem margar hverjar, skal ég taka undir, eru jákvæðar, en þeir þurfa að sækja þær breytingar á kjörum sínum til ríkisstjórnarinnar.

Nú vil ég taka það fram að ég tel að vissulega eigi aðilar vinnumarkaðarins að geta gert kröfu á stjórnvöld eins og aðra í samfélaginu en mér finnst það heldur óviðkunnanlegt þegar það er orðið þannig að það er ljóst þegar að vori hvernig frv. haustsins munu líta út og það er ekki ákveðið af framkvæmdarvaldinu nema að hluta, það er ekki ákveðið á Alþingi nema að Alþingi muni breyta einhverju og Alþingi gerir sér vel grein fyrir því að það er nokkuð sem er í rauninni ekki í valdi þingsins, ekki nema einhverjum smáatriðum. Það mun reyna á það vissulega ef þingmenn kysu að fara aðra leið og meiri hluti reyndist hér á Alþingi til þess. Þetta vil ég taka fram sem almennar athugasemdir.

Það er ljóst að samkvæmt þessu frv. munu tekjur ríkisins lækka og það hlýtur að vera álitamál hvernig þeim lækkunum verður mætt og þá er fyrst og fremst mikilsvert að þar ríki réttlæti. Ég tel það ekki réttlæti að bíða enn og aftur með það að leggja skatt á vexti eða fjármagnstekjur. Ég skil ekki hvers vegna fjármagnstekjur eru sérstaklega friðhelgar. Ég skil ekki heldur að ekki skuli frekar vera leitað þeirra leiða að leggja á sérstakan hátekjuskatt umfram það sem gert var tímabundið á sl. ári í stað þess að vera að hækka skatta á almenning og hækka aðrar álögur á almenning. Ég skil það heldur ekki hvers vegna í ósköpunum það vefst svo mjög fyrir stjórnvöldum að leggja skatta á það sem ekki telst nauðþurftir. Þá er ég að nefna þá leið sem fjöldamargar Evrópuþjóðir hafa farið, og það með góðum árangri, að hafa skattþrep sérstaklega fyrir munaðarvöru eða ákveðnar álögur, það er misjöfn útfærsla.

Nú lifum við í þannig landi, í þannig sveitarfélögum og við þannig aðstæður að við getum trauðla talið bíla til munaðarvöru. Því miður eru þeir það fyrir suma. En það eru til t.d. bílategundir sem útilokað er annað en kalla lúxus. Ég held að ég þurfi ekki að rifja upp jeppaumræðuna sem varð hér í sumar. Þarna er hægt frekar að sækja fé heldur en í skattlagningu á nauðþurftir.

Matarskatturinn hefur verið mikið eitur í beinum okkar kvennalistakvenna og við mótmæltum harðlega þegar hann var tekinn upp og ég vona að það sé fólki enn í minni vegna þess að þar var barátta sem því miður bar ekki árangur að svo stöddu. Núna er hins vegar ljóst að það er ekki mjög mikið fé sem verður lagt til þess að bæta hag launafólks og það er því brýnt, og

brýnna en nokkru sinni fyrr, að þeim peningum verði mjög vel varið og það verður að líta mjög skýrt á það dæmi og taka allar ábendingar inn í reikninginn. Því miður fáum við þetta frv. á okkar borð bæði seint og án þeirra skýringa sem nauðsynlegar eru, án útreikn-aðra dæma sem við þyrftum að hafa. Við vitum að við höfum fengið misvísandi upplýsingar um það hvað mundi gagnast launafólki best. Helst vildi ég sjá þenn-an matarskatt á núlli og það strax og ég held að það mundi spara býsna mikið í útgjöldum bæði við inn-heimtu skattsins og auðvitað og ekki síður það sem mikilvægast er hjá útgjöldum fjölskyldna.

Það kemur fram í skýringum með þessu frv. að mat-vara er að jafnaði fimmtungur útgjalda barnafjöl-skyldna og þar er þá verið að tala um meðaltal. Fyrir láglaunafjölskyldur með börn er þetta hlutfall miklu hærra þannig að vissulega er mjög mikilvægt fyrir þessar fjölskyldur að lækka matarskatt en spurningin er: Hvernig kemur þetta út varðandi önnur kjör? Hvernig kemur þetta út hjá barnmörgum fjölskyldum, tiltölulega tekjulágum, sem samt sem áður eru með aukna skattbyrði? Ég bendi á það að útsvarið fer upp um leið og tekjuskattur fer niður og það eru vissulega álögur sem við verðum að líta á. Ég bendi líka á það að þetta kunna að vera sömu aðilar og aðrar álögur eru lagðar á eins og ríkisstjórnin hefur gert með þjónustu-gjöldum. Þannig er að þarna einfaldlega um mjög flókið dæmi að ræða og ég ætla mér ekki að halda því fram að það verði allt leyst með umfjöllun um þetta til-tekna frv. En ég vil benda á að þetta verður að skoða í heild.

Þessi atriði er varða lífskjör fólks finnst mér að skipti mestu máli er við ræðum um þetta frv. og alltaf þegar verið er að gera skattabreytingar.

Næsta atriði sem þarf að athuga sérstaklega er að greina á milli efnislegra breytinga eðlilegra lagfæringa þar sem beinlínis er hægt að tala um ákveðið réttlæt-ismál. Þá vil ég sérstaklega benda á t.d. atriði sem kemur fram á 18. síðu í frv., í skýringum þar sem tal-að er um að réttur til vaxtabóta verði rýmkaður þannig að vaxtagjöld verði einnig greidd niður vegna lána sem veitt er í húsbréfakerfinu til endurbóta á íbúðarhús-næði. Þetta finnst mér út af fyrir sig líta út fyrir að vera bæði eðlileg og réttlát leiðrétting svo framarlega sem þetta þýðir ekki það að sama heildarupphæð fari í vaxtabætur og einhvers staðar verði að skera niður á móti, svo framarlega sem það er ekki svo. En ekki ef sú verður raunin, og því miður verður það stundum þannig að ef viðbótarhlutverki í ákveðnum málaflokki er velt yfir á t.d. málasvið ákveðins ráðherra, þá er ætl-ast til að það sé skorið niður annars staðar. Í sumum tilvikum er sjálfsagt hægt að gera það sársaukalítið, í öðrum tilfellum ekki. Og málaflokkar hæstv. félmrh. eru því miður þess eðlis að þar er ekki alltaf svigrúm og það varðar húsnæðismálin sérstaklega.

Ég óttast það líka þegar verið er að reikna það að bótaþegum vaxtabóta fækki, eins og talað er um í skýr-ingum við frv., því haldið fram að þarna sé aðeins um lækkun að ræða hjá þeim sem eru tekjuháir en ég ótt-ast að þessar háu tekjur séu býsna lágar. Við höfum séð það áður í mati hæstv. ríkisstjórnar á því hvað séu háar tekjur og lágar, hverjir þurfi minna á stuðningi að halda en áður eða séu jafnvel aflögufærir. En ég var að taka það fram að það þyrfti að gera greinarmun á end-urbótum á vaxtabótakerfinu og svo hins vegar þessu ei-lífa hringli sem er bæði ómarkvisst og dýrt og á stund-um veitir það fólki lítið öryggi í áætlunum sínum. Og það er býsna alvarlegt þegar fólk er að gera eftir bestu vitund áætlanir sem eiga að standast, fjárhagsáætlanir hugsanlega langt fram í tímann. Við vitum alveg hvernig það er þegar ungt fólk er að koma sér þaki yfir höfuðið að það má lítið út af bera til þess að í alvar-legan vanda sé komið og við sjáum það vel á því hlut-verki sem sífellt er að verða ríkara hjá húsnæðislána-kerfinu að það þarf að veita fyrirgreiðslu og lán vegna þess að áætlanir fyrri tíma hafa ekki staðist. Vissulega er ekki hægt að sýkna lántakendur í þessu. En í sum-um tilvikum er hreinlega búið að riðla svo áætlunum fólks að það getur ekki, þótt það fegið vildi og þótt það hafi lagt með tiltölulega ábyrga hugsun af stað út í svo mikla fjárfestingu sem öflun húsnæðis er, það getur ekki í raun staðið við áætlanir vegna hringlanda-háttar og breytinga og breyttra aðstæðna, ekki síst í húsnæðislánakerfinu.

Þegar þar við bætist, eins og hv. seinasti ræðumað-ur benti á og hv. 18. þm. Reykv. fyrr í sinni ræðu, að námslánakerfð muni í framtíðinni kalla á það að ungt fólk sem nýsloppið er úr námi verður að afla sér býsna mikilla tekna bara til þess að skrimta og geta staðið í skilum, þá sé ég einfaldlega ekki hvernig þetta mál er hugsað. Og með þeim samdrætti sem orðið hefur í vinnu — sem út af fyrir sig væri ágætt mál ef fólk gæti framfleytt sér á dagvinnunni tómri — þá sé ég ekki annað en að það sverfi að hjá sífellt fleirum. Enda er það núna fyrir jólin mjög augljóst og verður kannski sýnilegra en á mörgum árstímanum öðrum að það eru afskaplega margir hér á landi sem þurfa að leita á náð-ir Hjálparstofnunar kirkjunnar t.d., mæðrastyrksnefnd-ar og fleiri aðila sem hingað til hafa fyrst og fremst sinnt neyðarhjálp. Það er jafnvel farið að tala um að þarna sé fjöldi á borð við það sem var mörgum ára-tugum fyrr hér á landi. Þetta finnst mér full ástæða til að taka inn í umræðuna þar sem hér er verið að gera breytingar enn og aftur á skattkerfinu. Það er verið að sauma að fólki, kannski ekkert óskaplega mikið í hverju máli fyrir sig. Þessar tölur láta ekki mikið yfir sér sem við sjáum hér, en samanlagt — fyrir fólk sem á nú þegar ekkert til skiptanna — getur þetta skipt sköpum um það hvort fólk hefur möguleika á því að framfleyta sér og sínum með fullri reisn. Og þá er ég að tala um fjölskyldur þar sem hjónin eru yfirleitt bæði fullvinnandi, hafa haft möguleika á því að afla sér hús-næðis ef við tökum hópinn sem fær vaxtabæturnar, og svo hins vegar þennan stóra hóp sem hefur þó ein-hverjar tekjur, kannski annar aðili af tveimur fyrir-vinnum, ef þeim er til að dreifa, sem er gert að taka auknar álögur. Hækkun skatta ætti auðvitað að velta á hátekjufólkið en ekki þá sem lágar tekjur hafa.

Hæstv. fjmrh. svaraði hér og var nokkuð ánægður með stöðuna og það hvað ætti að gera varðandi skatt-

svik. Ég vona að það viti á gott og ég vona sannarlega að þessar aðgerðir sem hann gat um í andsvari sínu hér fyrr í dag muni virka, að það sé bæði virkara eftirlit með almennum skattframtölum og eins að það verði tekið sérstaklega á þeim, ekki síst þeirri þjónustustarfsemi sem sérstaklega er talað um í þeirri skýrslu sem kom út núna á þessu ári um umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim. En við höfum því miður mjög oft heyrt þessi loforð án þess að það hafi orðið mikið um efndir og virðist vera tvennu um að kenna. Í fyrsta lagi er hugarfar fólks hér á landi kannski með nokkuð öðrum hætti heldur en gerist í a.m.k. sumum nágrannalanda okkar. Það þykir ekki svo óskaplega alvarlegt að svíkja undan skatti. En þeir sem svíkja undan skatti eru ómagar á framfæri annarra í samfélaginu og ekkert annað þannig að ég held að það væri full ástæða til þess að fara að líta á hvort ekki væri hægt með áróðri og slíku að taka á þessum þætti með hugarfarið. Hins vegar finnst mér skorta á framkvæmd, mér finnst skorta á getu, held ég — frekar en vilja — kerfisins til að taka á augljósu misræmi milli eyðslu og tekna. Og mér er það gjörsamlega óskiljanlegt hvers vegna ekki er hægt að gera þetta. Ég held að við stæðum ekki frammi fyrir því að vera að hækka tekjuskatt þegar við ættum að vera að lækka hann og að vera að möndla með það hvort matvörur beri hærri eða lægri skatt, nauðþurftir okkar. Ég held að við værum einfaldlega að tala um það að við hefðum efni á því að hafa eins og í mörgum öðrum Evrópulöndum skattfríar nauðþurftir ef það væri betri skattheimta í samfélaginu. Og ég held að þrátt fyrir þá upptalningu sem við heyrðum frá hæstv. fjmrh. í dag, þá getum við ekki varpað ábyrgðinni frá ráðuneytinu og sagt: Það er verið að vinna að þessu, heldur þurfi að líta á þetta sem verkefni sem ætlað er að skili ákveðnum tekjum rétt eins og einstökum ráðherrum er gert að halda sig innan ákveðins ramma og afla ákveðinna sértekna. Þá er kannski verið að gera stofnunum sem hafa ekki nokkurn möguleika á því að afla sér tekna að ná þeim inn. Ég er ekki segja að við eigum að setja það á skattheimtu að þeir afli ákveðinnar prósentu sem einhvers konar sértekna því að auðvitað eru þetta bara tekjur sem eiga að skila sér í ríkissjóð og það má ekki misskilja orð mín svo að ég vilji líkja þessu saman. En ég vil að það sé gerð sú krafa og sett ákveðið markmið og reynt að standa við það til þess að eitthvað fari að gerast. Ég segi þetta vegna þess að við fengum í hendurnar skýrslu um umfang skattsvika að ég held 1986. Síðan eru 7 ár. Í skýrslunni voru margar alveg ljómandi góðar ábendingar. Það hefur lítið miðað, allt of lítið, og ég vona það sannarlega að þær aðgerðir og sá vilji sem hæstv. fjmrh. lýsti hér í andsvari sínu í dag muni leiða til ákveðinna aðgerða og muni leiða til ákveðins árangurs því annars munum við standa í því að vera að rukka lágtekjufólk og millitekjufólk sem er ekki of sælt af sínum launum um þann skerf sem aðrir sleppa við að borga til samfélagsins.

Ég get ekki lokið máli mínu hér svo, hæstv. forseti, að ég víki ekki aðeins að einu máli enn en það er almennt það sem fram undan er og kannski getur breytt skattheimtudæminu, en það eru aukatekjur ríkissjóðs. Þar kennir margra grasa og ég ætla svo sem ekki að fara að hleypa þeirri umræðu af stað núna en ég held að það væri víða hægt að gera betur við það að auka tekjur ríkissjóðs. Ég nefni þar sérstaklega t.d. vínveitingaleyfi sem hægt er að fá fyrir lítið fé, bæði langtíma- og skammtímaleyfi, og eins er fleira þarna sem virðist hafa sloppið við eðlilega skattheimtu á meðan aðrir þurfa að borga, eins og foreldrar sem eru að borga fyrir ökupróf barnanna sinna, því sjaldan geta 17 ára unglingar staðið undir þeim kostnaði sjálfir. Þarna er verið að sækja fé. En svo eru kannski veitingastaðir sem velta býsna miklu sem hægt er að setja á laggirnar án þess að þurfa að leggja svo mikið til og ég ætla ekki að hætta mér út í umræðu um feril sumra þeirra veitingastaða.

[17:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er í annað sinn sem hv. þm. úr röðum Kvennalistans kemur hér í þessari umræðu og ræðir um skattsvik sem stórfellt vandamál og ég vil taka undir það. En ég vil enn á ný segja að aldrei fyrr hefur verið tekið jafnfast á skattsvikum og einmitt nú í tíð þessarar ríkisstjórnar. Og ég vil minna á að sú skattsvikaskýrsla sem vitnað er til var unnin undir forustu ráðuneytisins og menn mega ekki misskilja niðurstöður þessarar skýrslu vegna þess að það er útilokað í þjóðfélagi eins og íslenska þjóðfélaginu að koma í veg fyrir öll skattsvik, þó auðvitað megi koma í veg fyrir talsverðan hluta þeirra.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. sagði að það er óheppilegt, líka fyrir skattsvikin í þjóðfélaginu, þegar skattalög taka sífelldum breytingum. Ég er fyllilega sammála því. En ég bendi á að við erfið efnahagsskilyrði neyðast stjórnvöld oft til þess að gera breytingar á skattalögum til þess að færa til peninga í þjóðfélaginu í því skyni að halda vinnufrið og stöðugleika, því að þá er ekki til að dreifa fjármunum sem hægt er að láta renna frá atvinnurekstri og til launþega. Við slík skilyrði, ekki einungis nú heldur oft áður, hefur þurft að koma til kasta stjórnvalda til að breyta skattalögum og ná fram mikilvægum markmiðum í þjóðfélaginu.

Ég þakka hv. þm. fyrir ábendinguna varðandi aukatekjur ríkissjóðs og vínveitingaleyfin, en einmitt það er dæmi, sem nefnt er í skattsvikaskýrslunni, að er erfitt viðureignar því þarna eru skattsvikin m.a. mest og mjög erfitt að fylgjast með. Það mætti þess vegna búast við að hærri aukatekjur vegna vínveitingaleyfa mundu færa meira af starfseminni undir yfirborðið, svo ég nefni eitt gott dæmi um það hvaða starfsemi það er sem er undir yfirborðinu og er kölluð „svört atvinnustarfsemi".

[17:34]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi þetta síðastnefnda, þau vínveitingaleyfi sem ég var að ræða. Það er annars vegar það leyfi sem þarf til þess að geta komið vínveitingastað á laggirnar. Ég vil viðra það hér að ég tel að það gæti líka orðið hemill á að sumir þeir veitinga-

staðir sem hafa sprottið upp eins og gorkúlur og því miður skilið eftir sig slóða, bæði af óuppgerðum launaskuldum og ýmsu öðru sem sumt hefur kannski verið undir yfirborðinu og annað er þekkt, m.a. hjá stéttarfélögum, þeim sem eiga við. Ég held að það gæti orðið ákveðinn hemill á að sífellt væri hægt að stofna nýtt og nýtt fyrirtæki þar, ef það væru hærri gjöld sem væru lögð á þá sem voru að hefja veitingarekstur og það væru kannski þar ákveðnar bremsur á að sumir þeirra sem mest hafa gert út á „svarta atvinnustarfsemi" í þessum bransa færu af stað.

Ég tek hins vegar heils hugar undir með hæstv. ráðherra að þarna er um mjög erfitt mál að ræða en að mínu mati engan veginn óleysanlegt og þessi glíma — ég óska ráðuneytinu góðs gengis í þeirri glímu.

[17:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir svar hans. En ég vil enn á ný segja vegna þessa dæmis hv. þm., sem kann að hljóma mjög skynsamlega, að þá er þetta eitt af stærstu vandamálum okkar, þ.e. að þeir sem stunda löglega veitingastarfsemi kvarta undan því að þeir séu skattlagðir á sama tíma og keppinautar þeirra eru að halda veislur og standa fyrir veitingum í alls konar félagsheimilum um allan bæ og eru hvergi skráðir, afla hvergi heimilda, kaupa vín úr Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og mjög erfitt er að ná þessari starfsemi. *Ef við hækkun vínveitingaleyfið á þeim sem* eru ofan jarðar þá eru meiri líkur til þess að fleiri hverfi undir jörðina og stundi á starfsemi sem við köllum svarta.

Þetta nefndi ég hér til að sýna hversu erfitt er í raun og veru að fást við tilvik eins og þessi sem hér voru nefnd til sögunnar, af því að mér heyrðist hv. þm. vera að nefna þetta sem stórkostlega tekjulind fyrir ríkissjóð. En ég vil þvert á móti benda á að einmitt við slík skilyrði, þegar á að fara að skatta einhverja starfsemi þar sem er auðvelt að færa hana til og fara með hana undir yfirborðið, þar er mesta hættan á framtíðarskattsvikunum. Þess vegna er það ekki alltaf leið að hækka gjöldin, stundum kann jafnvel að vera betri leið að lækka þau.

[17:37]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alls kostar sammála hæstv. ráðherra að þetta þurfi að vera mjög erfið glíma vegna þess að ég bendi á að mörg af þeim húsum sem hafa verið miklir erfiðleikar með eru hús sem hafa fengið sín leyfi löglega. Og það er í raun og veru að koma inn á annað svið með eftirlit með þeim sem hverfa undir yfirborðið og vissulega er ég ekki að gera lítið úr þeim vanda.

Varðandi athugasemd hæstv. ráðherra um það að þarna sjái ég stórfelldar tekjur. Þá tek ég það enn og aftur fram að ég trúi ekki á neinar stórar heildarlausnir. Ég veit að þær eru til og þær felast aðallega í því að skattleggja allan almenning og það helst hátt og skattleggja breiða vöruflokka eins og matvörur, nauðþurftir sem fólk getur ekki verið án. Ég er í grundvallaratriðum ósátt við þessa stefnu og mér finnst að það eigi að leita fleiri leiða til réttlátari skattheimtu og reyna að taka hér einhverja prinsippákvörðun. En ég geri mér jafnframt ljóst að þetta þyrfti helst að samræma þannig að það væri ekki handahófskennt verið að krukka í málin ár eftir ár eftir ár eftir ár, heldur að taka þetta sem pólitíska ákvörðun. Og kannski er það þar sem við ströndum, að það skortir pólitískan vilja til þess að taka á þeim sem eru aflögufærir og hætta að leita alltaf í þessa breiðu skattstofna, breiðu bök láglaunatekjumannanna sem allt þurfa að axla.

Ég vil að lokum, af því að ég komst ekki í fyrra svari mínu að með það, taka fram að ég ásaka ekki ríkisstjórnina fyrir það að kallað er til hennar þegar aðilar vinnumarkaðarins eiga í samningum, en mér finnst það jafnóheppilegt fyrir það.

[17:39]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég bað um orðið þegar ég sá að hæstv. samgrh. var kominn í salinn af því að ég benti á það fyrr í dag að ég teldi að það væri nauðsynlegt að hann væri hér og segði frá sinni afstöðu til þessa máls. Er hann ekki enn þá viðstaddur?

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill nú láta rannsaka hvort hæstv. samgrh. sé kominn í þinghúsið. — Hæstv. samgrh. er kominn í þingsalinn.)

Það hefur komið fram í þessum umræðum í dag að skattlagning á ferðaþjónustu og samgöngur er mjög *veigamikill þáttur í þessu frv. Því tel ég nauðsynlegt að* hæstv. samgrh. komi hér og skýri sitt viðhorf til þessara atriða, þar sem þetta er mjög þýðingarmikið, ekki aðeins fyrir þennan atvinnuveg heldur landsbyggðina, eins og kallað er, og þjóðfélagið í heild. Ég vitnaði í það hér áðan að hæstv. ráðherra hefði lýst því yfir í upphafi þessa árs að það væri ótækt að hækka álögur á ferðaþjónustu og stjórnvöld yrðu að taka egypsk yfirvöld sér til fyrirmyndar og styðja greinina, t.d. með skattaívilnunum. En hér er verið að ganga í þveröfuga átt og því er það spurningin: Telur ríkisstjórnin að íslensk ferðaþjónusta geti ekki lengur tekið þátt í samkeppni á þessu sviði og aukið og eflt starfsemi sína? Ég ætla ekki að tefja tímann á að endurtaka það sem ég sagði í minni fyrri ræðu, en benda á að Svíar lögðu virðisaukaskatt á ferðaþjónustu fyrir fáum árum og þá hrapaði þessi atvinnugrein svo ótrúlega mikið niður þar að þeir sáu að þetta stefndi í hreinar ógöngur og reyndu að snúa við blaðinu. En að sjálfsögðu verður það ekki gert í einu að byggja upp það sem búið er að brjóta niður.

Í 28. gr. frv. er gert ráð fyrir því að veitingasala fái endurgreiðslu sem nemur 93,75% af þeim innskatti sem hún greiðir af matvælum. Með þessu móti á að koma til móts við það að á veitinga- og gistihúsum er 24,5% virðisaukaskattur en aðeins 14% á tilbúnum mat út úr verslunum. En að mati sérfræðinga sem samtök veitinga- og gisthúsaeigenda hafa látið athuga þetta þá munar miklu að þetta jafni þennan mun og þannig er um fjölmörg fleiri atriði í þessu frv.

Það hefur verið rækilega undirstrikað hér af mörgum að virðisaukaskatturinn á ferðalög er hreinn lands-

byggðarskattur. Hann bitnar langþyngst á þeim sem þurfa að sækja sína þjónustu hingað til Reykjavíkur og er því ranglátur. Söluskattinum gamla var breytt í flugvallargjald á sínum tíma þar sem allir greiddu jafnt, en spurningin er þá þessi: Nú þegar virðisaukaskattur er settur á ferðaþjónustuna á þá að afnema flugvallargjaldið innan lands til þess að draga þó aðeins þar úr?

Ég fékk ekki svar frá hæstv. fjmrh. við því hvort í þessu frv. felst að framlög til flóabáta verði skattlögð með virðisaukaskatti. Það virðist vera eftir orðanna hljóðan að svo sé og ég fékk heldur ekki svar við því hvort það væri þá gert ráð fyrir því í fjárlagafrv. Ég trúi ekki öðru en hæstv. samgrh. finnist það ósanngjarnt ef á að skattleggja Grímseyinga og Vestmanneyinga þannig sérstaklega og því gangi ekki þessi stefna sem er í frv.

[17:46]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get alveg tekið undir með hv. þm. að það ber brýna nauðsyn til þess að leita ráða til að gera Ísland eftirsóknarverðara sem ferðamannaland og hef ég beitt mér fyrir ýmsum aðgerðum í þeim efnum sem ekki er tóm né tækifæri til að fara út í hér. Auðvitað er ég líka sammála því að sú skattlagning sem er á atvinnurekstri hér á landi hefur verið og er að mörgu leyti of há, eins og skattálögur raunar í heild sinni, miðað við þær tekjur og miðað við þá lífskjaraskerðingu sem verið hefur, sem á auðvitað rætur sínar í þeirri óstjórn sem verið hefur og því að ekki hefur verið farið með nægilegri gát í sambandi við útgjöld ríkissjóðs.

Hv. þm. var svo fyndinn, tilfyndinn vil ég segja, að hann gat þess sérstaklega að einhver hækkun, vegna virðisaukaskatts, á fargjöldum þeirra sem fara með flóabátum, mundi verka mjög íþyngjandi á Grímseyinga eða Vestmanneyinga. Ég skal nú ekki segja hversu hátt hlutfall slíkur skattur yrði af þeim heildarstyrk sem er til flóabátanna. Við erum núna að tala um það að bara styrkur til þeirra sé á næsta ári 530–560 millj. og auðvitað þarf eitthvað til að standa undir þessu. Auðvitað koma þessir peningar ekki af sjálfu sér og því fer auðvitað alveg víðs fjarri að þær tekjur sem flóabátarnir hafa af fólksflutningum hrökkvi eitthvað upp í allar þær skuldbindingar sem ríkið hefur tekið á sig, ekki síst síðasta ríkisstjórn.

[17:48]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir yfirlýsingar hans um það að skattlagningar séu of háar á atvinnurekstur og þeim mun fráleitara er þá að vera að hækka þær. Við vitum að hver ferðamaður sem kemur til landsins skapar vinnu vegna fjölþættrar þjónustu hér á landi, þannig að það er fátt sem er fljótvirkara til þess að draga úr atvinnuleysi heldur en ef hægt er að fá fleiri ferðamenn til að koma hingað. Og við sjáum hve gífurleg áhrif það hefði, t.d. á afkomu ríkissjóðs beint, ef þarna væri eitthvað hægt að gera, þar sem nýlega er búið að draga það fram að greiðslur ríkissjóðs vegna atvinnuleysisins, beinar greiðslur, muni það sem af er valdatíma þessarar ríkisstjórnar fara að nálgast 20 milljarða. Þannig að það er auðvitað fátt sem væri betra til þess að bæta hag ríkissjóðs, heldur en að fá eitthvað fleiri ferðamenn hingað, sem allir telja að eigi að vera grundvöllur fyrir, þar sem gert er ráð fyrir því að á ótrúlega skömmum tíma muni ferðamennska í heiminum allt að því tvöfaldast. Því þyrftum við ekki að fá nema örlítið brot af þeim fjölda til þess að eyða öllu atvinnuleysi á Íslandi.

[17:50]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að taka fram vegna ummæla hv. þm. að það er alls ekki svo að verið sé að þyngja álögur á millilandaflugið, þannig að það er síður en svo að það verði dýrara en áður að ferðast hingað til Íslands og má raunar segja að sú þróun hafi verið í gagnstæða átt.

Það má líka koma fram að þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gert bæði með breytingu á gengi og með því að fella niður ýmis opinber gjöld á atvinnurekstrinum í heild sinni hafa komið honum til góða með því að verðlag hér á landi hefur farið lækkandi, borið saman við það sem erlendis er á síðustu missirum. Það er auðvitað alltaf hægt að taka einstaka hluti úr samhengi. Það er auðvelt að tala um að það eigi að lækka skatta á einhverju einu, en meinið liggur ekki þar. Meinið liggur í því að við höfum á undanförnum árum verið óvarkár í þeim kröfum sem við höfum gert til hins opinbera. Ríkið hefur verið rekið með vissu kæruleysi og af þeim sökum sitjum við nú uppi með feiknalegar byrðar frá síðustu árum. Eitt gleggsta dæmið um það er Atvinnuleysistryggingasjóður og allt það sjóðasukk sem hér var sett í (Gripið fram í.), ég mismælti mig. En það er gott að alþýðubandalagsmenn geta glaðst yfir því og er þeim nú ekki of gott. Allt það sjóðasukk sem sett var í gang með síðustu ríkisstjórn á septemberdögum 1989. Þannig að við erum auðvitað að glíma núna við þær afleiðingar að þjóðarframleiðslan hefur dregist saman, lífskjör hafa dregist saman og við erum að reyna að vinna okkur upp úr vandanum. Það er kjarni málsins. Hitt er svo bara vanasöngur hér á Alþingi að þeir sem báru ábyrgð á atvinnustefnu síðustu ríkisstjórnar skuli nú þykjast hafa mest vit á því hvernig eigi að bera sig að í þeim málum og ég sé að þarna stendur varaformaður Alþb. nýbúinn að flagga nýju atvinnumálastefnunni sinni.

[17:53]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að ræða um það að lækka skatta. Ég var að tala um það að hækka ekki skatta á ferðaþjónustu og það er tvennt ólíkt. En ég var einmitt að benda á hvaða afleiðingar það hefur þegar þjóðarframleiðslan dregst saman. Það eru þessir milljarðatugir sem fara í atvinnuleysisbætur, vegna þess að fólkið vantar vinnu, fyrir utan allt annað tjón og margfalt tjón sem af því er. Og því væri það svo skaðlegt og bara til þess að margfalda vandann að leggja á skatta. Og það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra að það sé allt í góðu gengi bara ef ekki eru hækkaðir skattar á millilandafluginu. En það fer að sjálfsögðu

eftir kostnaði á þjónustunni innan lands hvort ferðamenn koma eða ekki, og vera afgerandi um samkeppnisstöðu okkar á því sviði. Ég nefndi það hér áðan, í fyrri ræðu minni, að skattlagningin á gistingu veldur 7,2% hækkun á þeirri starfsemi hjá gistihúsum sem þetta var skoðað, miðað við árið 1991. Það er þetta sem ég er að gagnrýna og það er þessi stefna sem veldur þeim vandræðum sem þjóðin er að lenda í, stefna hæstv. núv. ríkisstjórnar.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1993, 105. mál, brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 298.

Lyfjalög, 255. mál, stjfrv., þskj. 300.

[17:55]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Nú vil ég að gefnu tilefni, þar sem einstakir hæstv. ráðherrar hafa í dag talið að það nægði að þeir sinntu sinni skyldu, að vera við þessa umræðu, með því að reka hér rétt inn nefið og hverfa svo á braut, fara fram á það við virðulegan forseta að þeir ráðherrar sem hafa tekið til máls í þessari umræðu á svo tilþrifamikinn hátt, eins og hæstv. samgrh. gerði hér áðan og fór um víðan völl um skattamál, bæði núv. og fyrrv. ríkisstjórna, að um leið og ég bið um orðið aftur í þessari umræðu þá sitji þeir og fylgist með þeirri umræðu áfram.

[17:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það fer að verða vandlifað þegar þingmenn óska þess að ráðherrar séu við. Síðan eru ráðherrar beðnir að svara spurningu sem þeir gera einföldum orðum og þá er einnig að því fundið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti mun gera sitt besta til að reyna að halda í hæstv. ráðherra og verður nú umræðu haldið áfram.

[17:57]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að við erum að biðja hæstv. ráðherra að vera hér er fyrst og fremst sú að við viljum fá fram efnislega pólitíska umræðu um þau mál sem hér er verið að fjalla um. Hæstv. samgrh. telur sér sæma að koma hér og svara með útúrsnúningum og skætingi. Byrjar að tala um fortíðina, hvernig allt var í vitleysu þegar hann var ekki í ríkisstjórn og allt sé rétt sem gert er í dag, aldrei gerð nein vitleysa, allt rétt. Hvergi neinir hnökrar, en allt vitlaust hjá þeim sem áður voru. Þetta er nú málflutningur.

Síðan er flutt frv. sem gengur að verulegu leyti út á það að leiðrétta vitleysurnar, augljósustu vitleysurnar, sem voru í sköttunum í fyrra, sérstaklega að því er varðar ferðaþjónustuna. Ég held að það væri nú nær fyrir hæstv. samgrh. að koma hér til málefnalegrar umræðu, ef hann vill þá greiða fyrir framgangi þessara mála. En hann kemur hér upp og fer síðan fram yfir tíma sinn, samkvæmt fundasköpum, og er það nú alveg nýtt að hann sé kominn í málþóf í andsvörum. Við erum vanari því að sjá hann í málþófi undir öðrum liðum.

Ég vildi spyrja hæstv. samgrh. hvaða viðræður hafa átt sér stað af hans hálfu við flugfélögin og hvort hann hafi ekki áhyggjur af því ef flugfélögin sem sinna innanlandsflugi þurfa að taka á sig allan þann skatt sem felst í álagningu virðisaukaskattsins. Telur hann að mikilvægasta félagið, Flugleiðir hf., muni þola þessa skattlagingu? Telur hann líklegt að félagið muni reka áfram þessa þjónustu í óbreyttu formi miðað við það viðbótartap sem þar með leggst á félagið, þegar tekið er tillit til þess að félagið hefur rekið innanlandsflug með miklu tapi á undanförnum árum og jafnvel áratugum? Er ekki líklegt, að hæstv. samgrh., að félagið telji sig tilknúið til þess að hætta þessari starfsemi? Eða hefur hæstv. samgrh. engar áhyggjur af þessu? (***Gripið fram í:*** *Hann les bara ljóð.*)

Ég ætla ekki að eyða tíma mínum frekar í að spyrja hæstv. samgrh., enda má ég ekki tala hér aftur og það er með ólíkindum þegar verið er að gefa það skyn að stjórnarandstaðan sýni einhver óliðlegheit í sambandi við þetta mál. Ég vil benda á það að ekki var einu sinni beðið um lengri ræðutíma í þessu máli, þó að hér séu mörg lög í einum bandormi og er alveg með ólíkindum hvernig stjórnarliðið talar í dag. Héldu stjórnarsinnar virkilega að með breytingum á stjórn þingsins og meiri ábyrgð stjórnarandstöðunnar á Alþingi að þar með væri stjórnarandstöðu lokið og það yrði litið á hvaða vitleysu sem er þegjandi? Hélt hæstv. fjmrh. það? Mér fannst svona á honum að þar sem sá sem hér stendur hafi verið kosinn formaður efh.- og viðskn. þá ætti hann að spyrja um þessa hluti þar, en ekki að vera að biðja um það hér í þinginu. Ef hæstv. fjmrh. hefur haldið það þá er það mikill misskilningur og ég bið hann þá um að það sé tekið til endurskoðunar hjá stjórnarliðinu.

Ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvar sé gert ráð fyrir þeim 26–28 starfsmönnum sem skattyfirvöld gera ráð fyrir að þau þurfi á að halda vegna kerfisbreytingarinnar. Ég vildi spyrja hann að því hvort það sé rétt, sem hefur komið fram í greinargerðum um þau mál, að skattsvik vegna þessarar kerfisbreytingar muni aukast um a.m.k. 500 millj. Er það áætlun sem hann tekur undir og telur að sé rétt? Aðstoðarmaður utanrrh. hefur að vísu talað um að það yrði jafnvel miklu meira.

Ráðherrar Alþfl. sem hæst hafa talað í þessu máli geta ekki verið hér viðstaddir til þess að staðfesta það sem fjmrh. hefur í reynd sagt hér, að það skuli ekki taka mark á yfirlýsingum þeirra. Og þess vegna er eðlilegt að spyrja hæstv. félmrh. og ég skal þá halda mig eingöngu við það sem varðar hæstv. félmrh., það eru vaxtabæturnar. Það liggur fyrir að nú kemur til framkvæmda 400 millj. kr. skerðing á vaxtabótunum, sem ákveðin var á sl. ári. Síðan sýnist mér að það komi til viðbótar frekari skerðing á vaxtabótunum, m.a. vegna þess að það er sett 7% raunvaxtamark og í því felst ákveðin skerðing þótt það sé mjög erfitt að gera sér grein fyrir hversu mikil hún er. Síðan er það gefið í skyn í frv. að það sé ástæða til þess að lækka þessa

prósentu í meðferð Alþingis á málinu, vegna þeirrar vaxtalækkunar sem hefur átt sér stað. Nú liggur það alveg ljóst fyrir að ekki verður vaxtalækkun á þeim húsbréfum sem hafa verið seld á undanförnum árum vegna þess að þau voru með föstum vöxtum og verður ekkert ráðið við það. Og þess vegna er það ekkert einhlítt að breyta þessari 7% tölu. Mér finnst það mjög merkilegt, hæstv. félmrh., að miðað við allar þær yfirlýsingar sem hæstv. félmrh. hefur haft í gegnum tíðina um vaxtabæturnar að Alþfl. skuli ekki leggja meiri áherslu á að taka fjármuni til kjarabóta í það mál, að Alþfl. skuli hafa samþykkt að skerða vaxtabæturnar jafnmikið og orðið er. Ráðherrar Alþfl. mæta að vísu á fundum uppi í Borgarnesi og víða úti um land, koma í fjölmiðla, segjast vera á móti því að lækka virðisaukaskattinn á matvæli og það eigi fremur að eyða því í hækkun á vaxtabótum og hækkun barnabóta. En mér hefur skilst á hæstv. fjmrh. að þetta sé alveg marklaust tal og við eigum ekki að taka neitt mark á því. Þess vegna er nauðsynlegt að spyrja hæstv. félmrh. hvers vegna hún hafi samþykkt það að skerða vaxtabæturnar eins gífurlega og orðið er, sérstaklega vegna þess að hæstv. félmrh. hefur ávallt talið það húsbréfakerfinu mest til gildis að jöfnunin yrði tryggð í vaxtabótakerfinu. En það er ekki gert.

Það hefur því miður verið allt of mikið um hringl í þessu kerfi og eilífar breytingar, út og suður, og það veit í reynd enginn hvernig það muni verða á næstu árum. Ég veit ekki hversu oft hæstv. félmrh. hefur staðið fyrir því að breyta þessu kerfi. Ég vil t.d. koma með eina ábendingu, að það er ekkert sjálfsagt mál að fyrstu 180 þús. skuli liggja alveg bótalaust hjá fjölskyldu sem hefur aðeins 3 millj. í tekjur, þ.e. 6% af tekjum. En þegar komið er fram yfir það, þá hafa fjölskyldur hagsmuni af því að skulda það mikið að vextir fari yfir 400 þús., eða 403 þús., til þess að nýta sér allar vaxtabæturnar. Þetta eru hlutir sem að mínu mati hefðu þurft miklu betri skoðunar við, fyrst verið var að hreyfa við þessu kerfi, og ég tel mikilvægt að í meðförum þingsins verði það mjög alvarlega athugað hvort ekki eigi að breyta þessu. Ég vil benda á eina leið til að mæta útgjöldum í þessu sambandi, vegna þess að ríkisstjórnin hefur gefist upp við fjármagnstekjuskattinn, að það væri þá lágmark að fjármagnseignir væru eignarskattsskyldar. Það væri eðlilegt byrjunarskref í sambandi við fjármagnstekjuskattinn. En það á ekki einu sinni að fara út í það, sem hefði þó verið tiltölulega mjög einföld aðgerð og hefði ekki átt að hafa nein áhrif á vaxtamarkaðinn.

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 1993, 105. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 297.

[18:07]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið nokkrar umræður um vaxtabætur og er það að vonum vegna þess að hér er um að ræða mjög mikilvægan þátt í húsnæðisaðstoð við íbúðarkaupendur. En mér finnst mjög mikilvægt að það sé alveg ljóst að hér er ekki um nýja ákvörðun að ræða með þessu frv. sem eigi að skila niðurskurði á vaxtabótum eða viðbótarfjármagni í ríkissjóð, heldur er hér um ákvörðun að ræða sem var tekin á síðasta þingi.

Efni þessa frv. er einungis að útfæra þá ákvörðun sem þar var tekin með það að markmiði að breyta kerfinu, þannig að það komi frekar hinum tekjulægri og yngri og efnaminni til góða, eins og fram kemur í frv. Þannig að ákvæði frv. eiga að tryggja, miðað við þá skerðingu sem var ákveðin á vaxtabótum fyrir ári síðan, að útfærslan verði með þeim hætti að hún komi frekar þeim tekjulægri til góða.

Það kemur fram í töflum með þessu frv. að breytingin skilar sér betur til yngri aldurshópa og ef skoðað er hvaða áhrif þessi breyting hefur, miðað við það sem áður var, miðað við ákveðna tekjuhópa, þá kemur einnig í ljós að eftir þessa breytingu eru þeir hópar sem eru með lágar og meðaltekjur betur settir eftir þessa breytingu sem hér er lögð til. Ég tel nauðsynlegt að sú nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar fái um það nákvæma útreikninga hvernig þetta kemur út miðað við ákveðna tekjuhópa. En í þeim töflum sem ég hef undir höndum kemur fram t.d. varðandi einhleypa, með tekjur undir 3 millj. kr., að sú breyting sem hér er gerð er til hagsbóta fyrir þá og sama gildir um einstæða foreldra með tekjur undir 3 millj.

Ég upplýsti það hér á Alþingi fyrir skömmu að ég hefði beðið Þjóðhagsstofnun að skoða það sérstaklega hvernig 6% fastir vextir af húsbréfum, hvernig sá hluti milli 5 og 6%, þetta eina prósent, yrði bætt í gegnum vaxtabótakerfið fyrir fólk með lágar og meðaltekjur. Það hefur verið upplýst að það er nær ógerningur að breyta þeim húsbréfum sem eru með 6% fasta vexti. Og þá var athugunarefnið að hve miklu leyti vaxtabótakerfið bætti þetta 1% sem þeir þurfa að bera sem voru og eru með 6% fasteignaveðbréf á móti þeim sem nú fá húsbréf með 5% vöxtum. Þessa niðurstöðu var ég að fá í hendurnar í dag og hún sýnir vaxtabætur til einhleypra miðað við vaxtagjöld af 2 millj. kr. skuld. Þá kemur það þannig út að þetta er að 90% hluta bætt, þetta 1% á milli 5 og 6%, hjá einhleypum sem eru með tekjur undir 1.200 þús. Sama gildir varðandi einstæða foreldra miðað við vaxtagjöld af 2 millj. kr. skuld. Þá er þetta að 90% hluta bætt, þetta 1%, fyrir einstæða foreldra með tekjur 1.400 þús. og undir. Ef teknar eru vaxtabætur til hjóna þá er miðað við vaxtagjöld af skuld upp á 3,5 millj. og þá er þetta að 90% hluta bætt, þetta 1%, gegnum vaxtabótakerfið, miðað við tekjur upp á 2,7 millj. og þar undir. (**Gripið fram í:** Tekjur upp á?) 2,7 millj. Þannig að það er ljóst að að verulegu leyti kemur vaxtabótakerfið til móts við fólk með lágar og meðaltekjur varðandi þetta 1% sem þeir þurfa að bera sem eru með 6% fasta vexti á húsbréfum.

Hitt er annað mál að ég tel að það þurfi að skoða það nánar, en það liggur ekki fyrir enn og ég hef beðið um það bæði hjá fjmrn. og Þjóðhagsstofnun, hvernig útreikningarnir mundu verða varðandi þessa hópa sem bera 6% fasta vexti, ef sett yrði á þetta nýja þak

sem er í þessu frv., þ.e. að grunnur til útreiknings geti að hámarki orðið 7% af framtöldum skuldum hvers framteljanda vegna íbúðarkaupa. Þetta er ný viðmiðun og ég tel að þurfi að skoða mjög gaumgæfilega hvaða áhrif hún hefur á þessa tekjulægri hópa og einnig að því er varðar þá hópa sem eru með 6% fasta vexti. Það liggur ekki enn fyrir, en ég vænti þess að það liggi fyrir á næstu dögum og auðvitað mun sú nefnd sem fær málið til umfjöllunar fá þá útreikninga sem ég hef hér undir höndum og þá útreikninga sem ég mun væntanlega fá á næstu dögum frá fjmrn.

[18:14]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt texta þessa frv. er það svo að hjón sem hafa 7 millj. kr. í tekjur ná vaxtabótum, enda sé eign þeirra ekki hærri en 4,9 millj. kr. nettó. Það er með öðrum orðum að *mínu mati* svo að það er bersýnilega svigrúm til þess að bæta betur en gert er í tillögum ríkisstjórnarinnar stöðu þeirra sem eru með þessi okurháu húsnæðisbréf frá liðnum tíma og mér sýnist að það sé reyndar óhjákvæmilegt með hliðsjón af þeim upplýsingum sem fram komu í máli hæstv. félmrh. Ég tel að það hafi komið á daginn að *það hafi verið óhjákvæmileg nauðsyn* að kalla hæstv. félmrh. hér á þennan fund til þess að geta fengið upplýsingar um þá nýju skýrslu sem hún var að gera grein fyrir áðan og ég þakka út af fyrir sig fyrir það að hún skuli hafa gert grein fyrir henni. En mér sýnist augljóst að jafnvel innan þess kerfis sem hún er hér með og ríkisstjórnin þá sé svigrúm til þess að bæta stöðu þeirra sem lægstir eru í tekjum frá því sem ella væri, þó að hitt sé auðvitað ljóst að í rauninni ætti ríkisstjórnin að skila til baka vaxtabótaskerðingunni allri, af því að húsbréfakerfið var tekið upp á þeim forsendum að hér yrði haldið uppi fullum vaxtabótum.

[18:16]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hæstv. félmrh. hafi í reynd ekki svarað neinu efnislega um þetta mál. Hæstv. félmrh. sagði hvorki eitt né neitt um það hvort ekki væri nauðsynlegt að verja meira fé til vaxtabótanna og breyta þá fremur öðrum *hlutum í þessu frv. Hún tjáði* sig ekki með sama hætti og hæstv. utanrrh. eða hæstv. viðskrh. þannig að ég geng þá út frá því að hæstv. félmrh. hafi sætt sig við þetta allt saman, en hins vegar hafi hæstv. utanrrh. og hæstv. viðskrh. alls ekki gert það. Og það er nú nokkur nýlunda í þessum málum.

Svo vil ég aðeins taka það fram, vegna þess að hér segir hæstv. félmrh. að þessi 7% þurfi miklu nánari athugunar við, að það er afar skammur tími til að athuga þetta mál. Það er flutt hér um mánaðamótin nóvember/desember og á að ljúka því fyrir 20. des. Ég sé því ekki fram á það, hæstv. félmrh., að það verði mikið ráðrúm til þess að skoða þessi mál og er með eindæmum að það skuli ekki einu sinni vera búið að skoða svona mál almennilega og sýnir náttúrlega vinnubrögðin og hversu undirbúningurinn er óvandaður af hálfu ríkisstjórnarinnar. Og er það ekki aðeins í fjmrn. heldur kemur nú í ljós það sama á við um félmrn. sem hefur unnið þetta mál með þessum hætti.

[18:18]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki verða til þess að lengja þessar umræður mikið. En ég vil fyrst segja það, vegna orða hv. þm. Svavars Gestssonar þegar hann var að ræða um sjálfseignarstefnu Sjálfstfl. eða eiginhúsnæðisstefnu, eins og hann kallaði það, að þá tek ég undir það með hv. þm. að það er búið að eyðileggja þá stefnu. Hv. þm. átti sinn þátt í að gera það ásamt þeirri ríkisstjórn sem nú situr við völd. Það var gert með því að leggja slíkar álögur á eigið húsnæði að það svarar varla kostnaði fyrir fólk að standa í slíkum fjárfestingum. Það hefur verið gert með of háum eignarsköttum. Það hefur verið gert með ekknasköttum. Það hefur verið gert með þjóðarbókhlöðuskatti og það hefur verið gert með fasteignagjöldum að sjálfsögðu, þannig að *það má með vissu segja að það séu allir orðnir leiguliðar*, sumir hjá íslenska ríkinu en aðrir hjá fasteignaeigendum. Þannig að fólk er að borga í dag fyrir meðalstórt raðhús til að mynda í kringum 20 þús. kr. á mánuði til ríkisins að meðaltali. Og ef menn bæta eðlilegu viðhaldi við þetta, þá er þetta orðið ansi nærri því sem kostar að leigja á markaðnum, þó að það sé enn *svolítið* í land að vísu. Þannig að ég er alveg sammála hv. þm. að, eins og hann kallar það, eiginhúsnæðisstefnan er fyrir bí og menn þurfa verulega að hugsa sinn gang áður en þeir fara út á þá braut.

Ég verð einnig að segja það að ég er hálfvonsvikinn með þann uppgjafatón sem er í hv. formanni efh.- og viðskn. Ég þekki hann að allt öðru heldur en uppgjöf. Ég þekki þennan ágæta nefndarformann minn sem mikinn baráttumann. En hann lýsti því yfir í sinni fyrstu ræðu að þetta væri algerlega vonlaust mál, við þetta væri ekkert hægt að eiga, það frv. sem við erum hér að ræða um. Hann sagði svona nánast orðrétt að fyrir siðasakir mundi nefndin skoða málið í nokkra daga. Ég er þessu alfarið ósammála. Ég tel að nefndin hafi öll tök á málinu, hún geti breytt því eins og henni þóknst og það sé síðan Alþingis að taka afstöðu til þeirra breytinga sem þaðan berast. Þannig að ég vil ekki framselja það vald sem nefndin hefur án þess að *reyna þá alla vega að stíga aðeins í ístaðið*. Þaðan af síður vil ég verða einhver leikari í einhverjum leikþætti sem á að standa í nokkra daga. Annaðhvort tökum við þetta verk og vinnum það af alvöru eða við getum alveg eins sleppt því.

Ég vil líka taka undir þá gagnrýni sem komið hefur varðandi framsetningu þskj. í svokölluðu bandormslíki. Ég get alveg tekið undir það að mér finnst það ekki til fyrirmyndar og auðvitað ætti að flytja þetta sem sérstök frumvörp hvert og eitt. En það er orðið að veruleika og því verður ekki breytt. En það er hins vegar ekki til fyrirmyndar og ekki til eftirbreytni og vonandi gerist það ekki of oft aftur.

Hér hefur aðeins verið minnst á ákaflega vinsælan skatt, skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði, sem mér til mikillar furðu var sendur til félmn. fyrir örfáum dögum, sem er auðvitað skattamál og átti að sjálfsögðu að fara beint til efh.- og viðskn. en ekki félmn. En ég ætla ekki að fara að setja á einhverja tölu um

þann skatt. Ég hef margoft gert það og menn vita nákvæmlega hver tónninn er í þeirri ræðu og hver mín afstaða til þessarar skattlagningar er. Skatturinn eins og hann er lagður til núna er auðvitað nákvæmlega jafnslæmur og hann hefur alltaf verið. Það skiptir verslunina engu máli hvort það heitir ríkið eða hvort það heita sveitarfélög sem eru að leggja þessar álögur á verslunina eða skrifstofurnar, þannig að skatturinn sem slíkur er nákvæmlega jafnslæmur. Þar af leiðandi hef ég auðvitað nákvæmlega sömu skoðun á skattinum og ég mun ekki greiða honum atkvæði, þannig að það liggur alveg klárt fyrir.

Ef menn vilja fara þá braut að skattleggja atvinnuhúsnæði, þá á auðvitað að skattleggja allt atvinnuhúsnæði í landinu og þá á að skattleggja það allt eins, ef menn vilja á annað borð fara þá braut og þá undanskiljum við engan. Við undanskiljum t.d. ekki bændur. Það mætti skoða það. En að hafa slíka mismunun getur ekki gengið og það get ég ekki samþykkt. Og mér finnst hlægilegt nánast að hlusta á menn. Hér flutti hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon smátölu um þennan skatt hér áðan og tilnefndi til að mynda hinn mikla gróða og hina góðu stöðu verslunarinnar í landinu. Þetta er auðvitað slík fásinna að það nær engu tali.

Ég orðaði það bæði á síðasta þingi og þar áður að menn horfðu alltaf á þetta með einhverjum kringluaugum, að verslun í landinu væri bara Kringlan. Þetta er auðvitað rangt. En það má bæta við það sem ég sagði þá að verslanir í Kringlunni í dag berjast líka í bökkum. Þetta eru örfáar verslanir í landinu í dag sem standa upp úr og hafa einhvern hagnað af sínum rekstri. Þess vegna er auðvitað alveg til skammar nánast að vera enn að mismuna þessari atvinnugrein. Það ætti frekar að verðlauna verslunarstéttina vegna þess að verslunarstéttin hefur lækkað vöruverð í landinu og það er óumdeilanlegt. Fyrir því eru til opinberar upplýsingar. Verslunin hefur tekið á sig ýmsar álögur. Verslunin tók til að mynda á sig gengisfellinguna síðustu, án þess að elta henni út í verðlagið, svo að eitthvað sé nefnt. Ég vil því að það komi alveg skýrt fram að þessa skattlagningu mun ég ekki styðja frekar en hin fyrri ár.

Í því frv. sem við erum hér að ræða, og ég ætla ekki að ræða efnislega, ég kom aðallega hér upp til að ræða örlítið um virðisaukaskatt og smágat sem mér finnst vera í því kerfi. En áður en ég kem að því finnst mér tilvalið, úr því að við erum að hreyfa við tollalögum, að við skoðum það nú einu sinni í alvöru að taka upp svokallaða fob-tollun. Í landinu í dag viðgengst það að tollað er eftir kerfi sem er kallað ciftollun. Það þýðir að vara er að sjálfsögðu tolluð, en jafnframt er tollaður allur annar kostnaður, svo sem flutningsgjald, tryggingar, pökkun, innanlandsflutningar erlendis og hvaða nöfnum sem tjáir að nefna það. Allt er þetta tollað. Auðvitað á að tolla bara vöruna og ekkert annað og þarna er þá komin ein leiðin enn til þess að lækka vöruverðið í landinu. Auðvitað er óeðlilegt að leggja toll á tryggingu. Það er óeðlilegt að leggja toll á pökkun. Það er óeðlilegt að leggja toll á hvað eina annað en vöruna sjálfa. Þetta eigum við auðvitað að taka upp og ég vona að hv. efh.- og viðskn. sé tilbúin að gera það. Ég hef að vísu tekið þetta upp þar áður, en fyrir mjög daufum eyrum. En það þýðir ekkert annað en reyna áfram.

Það hefur aðeins verið deilt á og menn skiptast á skoðunum um það hvort rétt sé að fara út í þessa lækkun á matarskattinum eða ekki. Ég styð alfarið þá hugmynd og hef alltaf barist gegn matarskattinum sem slíkum. Ég styð alfarið að það sé farið með þetta niður í það þrep sem um er talað í frv. og auðvitað eiga helstu nauðsynjavörur heimilanna að vera í því þrepi og miklu lægra þrepi heldur en þarna er. En þetta er þó áfangi í áttina og auðvitað er dýrt að fara með það neðar. En það mætti útvíkka þetta. Þarna erum við einungis að tala um matvöru eða drykkjarvöru og annað slíkt. Þarna ættum við að fara að fordæmi Breta og taka inn barnafatnaðinn líka. Þá erum við komnir með nánast flóruna á helstu nauðsynjum heimilanna og þá gætum við verðið hnakkreistir og stoltir yfir okkar virðisaukaskattskerfi. Og ég geri eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, ég blæs á það að það sé ekki hægt að framfylgja þessu kerfi með tveimur stigum eða þremur, ef menn vilja kalla 0-stigið stig. Ég blæs á það. Að sjálfsögðu er það hægt og við vitum að aðrar þjóðir eru með allt upp í 5, 6, 7 stig og ég veit ekki betur en það gangi þokkalega. En hér er vantraustið svo ríkjandi að menn leita alltaf eftir því slæma í öllu. Það eru svindlarar á öllum kerfum, hvort sem það er eitt kerfi, hvort sem það var söluskattur með einu stigi eða vaskur með 2–3 eða einhver annar skattur. Auðvitað eru alls staðar til skattsvikarar og það þýðir ekkert að afgreiða ákveðin skattkerfi út úr heiminum bara af því að það er möguleiki á að svindla á kerfinu. Þannig að ég styð þetta alfarið. En mér leiðist að heyra hv. þm. Kvennalistans koma hér trekk í trekk upp og gagnrýna það að ekki sé gert nóg í skattsvikamálum, án þess að leggja fram eina einustu tillögu. Það er enginn vandi að koma hér upp og segja: Það er ekkert gert. En það væri æskilegt að heyra eins og eina litla tillögu, þó það væri ekki meira. Einfaldasta lausnin er auðvitað að segja bara: Fjölga mannskap. Ég er ekki viss um að það sé rétta leiðin. Það er vafalaust nauðsynlegt. Ég held að rétta leiðin sé fyrst og fremst sú að kalla á stefnubreytingu og breytingin á að felast í því að láta tittlingaskítinn eiga sig og fara eftir stórlöxunum.

Hér þekkjum við dæmi um það að menn eru eltir vegna þess að þeir hafi keypt eina Mackintosh-dós inn á aðalfund eða menn eru að borga kaffi fyrir aðalfundinn. Hvað er kerfið að eyða tíma í svona smotterí? Á meðan synda stórlaxarnir allir í burt. Þetta er auðvitað það sem verður að taka á.

Menn þykjast líka vera hér að verja innlenda framleiðslu. Það má vel vera rétt. En menn verða að hugsa um það að fólk í landinu neytir vörunnar sem er seld hér og stór hluti af neysluvörunni er innflutt vara og af hverju má hún ekki lækka? Af hverju má ekki hugsa um neytendur í þessu landi? Ég styð þetta alfarið af því að ég vil lækkun á vöruverði. Hér voru í dag, eins og bent var á af hv. þm. Jóni Helgasyni, fulltrúar at-

vinnulífsins, sem komu með fríðan hóp ungra stúlkna og sungu fyrir okkur og afhentu merki í tilefni þessa átaks hér, Íslenskt, já takk. Ég styð alfarið íslenskt, já takk og það gera allir. En fólk verður líka að hafa efni á því að styðja það. Hvað á fólk að gera með tóma budduna sem stendur frammi fyrir tveimur vörum í matvöruversluninni, annarri íslenskri, hinni útlendri og útlenda er miklu lægri. Hvað segir buddan? Hún segir: Ég verð að kaupa innfluttu vöruna, en viljinn segir: Mig langar að kaupa hina. Þannig að menn verða þá að auka kaupmáttinn um leið og þeir ætla að taka þátt í íslensku átaki af einhverri alvöru en ekki bara hafa orðin tóm.

Ég vil líka taka undir gagnrýnina á virðisaukaskatt á fólksflutninga. Menn hafa talað hér nokkuð um það og ég hef ekki miklu við það að bæta. Auðvitað er þetta skattur á landsbyggðina og kemur mjög misjafnlega niður á fólki og ég ætla ekki að bæta neinu við það öðru en því að þetta er, eins og ég benti á hér á síðasta þingi, jafnframt skattur á íþróttahreyfinguna. Og íþróttahreyfingin kemur inn á nánast hvert einasta heimili í landinu, ég fullyrði a.m.k. 70–80% heimila í landinu, þannig að þetta er veruleg íþynging á heimilin og þetta er veruleg íþynging á íþróttahreyfinguna í landinu. Og ég man það á síðasta þingi að kallaði ég sérstaklega til hv. þm. Suðurl. því að þetta er auðvitað fyrst og fremst og ekki síst skattur á Vestmanneyinga og ég fór þá með dæmi. Í Vestmannaeyjum eru tvö félög, Týr og Þór. Árið 1992 eyddi annað félagið 12 millj. bara í flug og menn geta reiknað út frá því hvað þetta er þá mikil íþynging á það eina félag, að maður tali ekki um þau bæði og að maður tali ekki um alla hreyfinguna í heild. Ég held að menn ættu aðeins að líta á þetta og ég skal svo sannarlega taka undir það með einhverjum sem hafa áhuga á að reyna að breyta þessu.

Virðulegi forseti. Ég sagði hér í upphafi að ég ætlaði að fjalla fyrst og fremst um virðisaukaskatt og örlitla glufu sem er í því kerfi. Sú glufa er ráðuneytismönnum að fullu ljós vegna þess að ég tók það upp í efh.- og viðskn. á síðasta þingi en fékk engin viðbrögð við henni. Hún gengur út á það að menn gera út á hærri innskatt en útskatt. Það má kalla þetta öfugan virðisaukaskatt. Ég var að dunda við það hérna áðan í sæti mínu að reyna að búa til dæmi og ég ætla að fara aðeins yfir það.

Ef við segjum að maður kaupi vöru inn á 100 kr., þá leggur hann VSK á hana 24,5% sem gerir þá 124,50 kr. Sem sagt VSK innskattur 24,50 kr. Eðlileg álagning 25% kemur vörunni upp í útsöluverð 156 kr. Varan er seld á 156 kr. og greiddur þá af henni VSK sem er 19,68%, sem sagt 32 kr. útskattur. Mismunurinn sem er greiddur í ríkissjóð á innskatti og útskatti er því 8 kr. Þetta er dæmi 1.

Í beinu framhaldi af þessu og þá mega menn gjarnan hafa í huga það verðstríð sem er núna í gangi t.d. á Akureyri milli Nettó og Bónus. Dæmi 2. Sama vara keypt inn á 100 kr. 24,5% VSK, 124,50 kr., 24,50 kr. innskattur. Síðan kemur verðstríðið. Varan er seld á 70 kr. í því dæmi sem ég tek hér. Af því er greiddur svo 19,68% VSK, sem sagt 14 kr. Hvað skeður þá? Þá er kominn 10 kr. mismunur á innskatti og útskatti þannig að ríkið þarf þarf að endurgreiða 10 kr. í VSK í staðinn fyrir að fá 8 kr. Þetta er það sem er að gerast í dag. Þetta er glufa í kerfinu sem ráðuneytið vill ekki horfa á. Þessari glufu verður að loka.

Hvað eru menn að gera? Það eru fyrst og fremst og fremst þeir stóru og sterku sem eru með þessum hætti og með þessari glufu að reyna að drepa af sér samkeppni minni aðilanna, fyrst og fremst. Og þá er spurning: Hvernig á að loka fyrir þetta? Á að banna mönnum að selja undir innkaupsverði? Það held ég að sé hæpið, ég held að það sé ekki hægt. En er hægt að skylda menn til að skila einhverjum virðisauka? Það er hægt. En það er líka hægt að segja sem dæmi: Þú mátt ekki selja undir innkaupsverði fyrr en eftir einhvern tiltekinn tíma frá því að þú keyptir vöruna inn. Kannski er það best, ég veit það ekki. Þetta eru hugmyndir sem ég hef velt upp. En þetta er kerfi sem verður að skoða vegna þess að kerfið virkar þarna öfugt og menn eru að gera út á kerfið. Það er þess vegna sem ég tek þetta hér upp og nýti mér þetta tækifæri þegar virðisaukaskattur er til umræðu.

Ég hef auðvitað ýmsar athugasemdur fram að færa við það frv. sem hér liggur frammi og ég mun koma þeim á framfæri í hv. efh.- og viðskn. Ég get vel tekið undir áhyggjur manna vegna vaxtabótanna. Ég get tekið undir með mönnum sem hafa áhyggjur af þeim gjöldum sem verið er að leggja á bifreiðaeigendur. Ég vil skoða vörugjaldið betur þannig að það eru ýmsir þættir þarna sem orka tvímælis og þurfa frekari skoðunar við.

[18:35]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af ummælum hv. 5. þm. Reykv. um að formaður nefndarinnar hefði lítinn metnað fyrir hönd nefndarinnar í sambandi við breytingar á frv., þá vil ég taka það fram að ég hef fullan hug á því verði breytt. Ég tel að það hafi oft komið fyrir að menn hafi verið með mjög óskynsamlegar tillögur í skattamálum. Ég hef reynt að hafa áhrif á það að færa hluti til betri vegar eins og aðrir hv. þm. á Alþingi en ég vil hins vegar vara við því sem sagt er í þessum umræðum, m.a. af hv. þm., að það sé bara hægt að blása á það sem menn segja um skatteftirlit og segja: Þetta eru bara einhverjir kerfiskarlar sem vita ekki neitt og við hlustum ekkert á þá. Því miður hefur þetta allt of oft komið fyrir á Alþingi. Menn eru bara afgreiddir sem kerfiskarlar, það er ekki hægt að hlusta á þá. Við skulum bara vaða áfram og vera ekkert að hlusta á þessa menn sem vinna við þetta. Þeir hafa ekkert vit á þessu. Við vitum þetta allt. Þetta fannst mér koma fram hjá hv. þm. og ég vara við þessari hugsun.

[18:37]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hv. þm. verði að skola eyrnasneplana. Ég kannast ekki við að hafa verið að ásaka kerfiskarla um eitt né neitt. Ég sagði það að við gætum vel fylgt eftir slíku kerfi með fleiri þrepum í

virðisaukaskattskerfinu. Ég gagnrýndi ekkert kerfiskarlana sem slíka. Ég gagnrýndi þá sem segja: Við getum þetta ekki. Ég tel að við séum fullfær um það og það er það sem ég var að gagnrýna en alls ekki kerfiskarlana.

[18:37]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég bið hv. þm. afsökunar á því að hann nefndi ekki kerfiskarla. Hins vegar hefur það verið nefnt í þessari umræðu. Ég vil taka það fram að jafnvel þó að þetta hafi tekist í öðrum löndum þá hefur það ekki tekist vel og það hefur kostað miklu meira eftirlit. Við vorum upplýst um það þegar við fórum á fund ríkisskattstjóraembættisins og skattalögregluembættisins að aðrar þjóðir sem eru með flóknara kerfi eru með miklu meiri mannafla í eftirlitinu og við stöndum frammi fyrir því vegna þess að það er alltaf verið að gera þetta kerfi flóknara og flóknara að það þarf að fjölga fólki í eftirliti og það er það alvarlega. En einfalt kerfi verður til þess að það þarf ekki jafnmarga í eftirlitið þannig að vissulega er þetta atvinnubótavinna. En ég tel þetta ekki vera atvinnubótavinnu sem nokkur eigi að standa fyrir.

[18:39]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykv. hefur ekki hlustað alveg nógu vel á okkur kvennalistakonur þar sem hann taldi að við hefðum ekki nokkrar tillögur fram að færa varðandi skattsvikamál. Það er alrangt. Í fyrsta lagi höfum við bent á eins og hv. þm. gerði að það þyrfti að snúa sér að þeim stóru.

Í öðru lagi, og það kom fram í máli mínu líka núna áðan, höfum við bent á að það þyrfti að reyna að breyta því hugarfari sem er hér á landi til skattsvika og birtist m.a. í þeirri skýrslu sem vitnað hefur verið til í dag þar sem 54,9% landsmanna eru alveg sammála því að það sé skiljanlegt að fólk vilji svíkja undan skatti og 20% í viðbót virðast vera frekar sammála þessu. Þetta eru 75% og þetta er of mikið. Það þarf að breyta hugarfari.

[18:40]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek alveg undir að það þurfi að breyta hugarfarinu. Ég er hræddur um að við gerum það bara ekki á einni nóttu þannig að ég tek alveg undir það. Auðvitað er það alveg rétt og ég sagði það líka að það þarf að fjölga í eftirlitinu en það þarf að móta stefnubreytingu. Og meðan við höfum ekki ráð á því að setja nógu marga menn í stöðurnar sem við þurfum til þess að fylgja þessu eftir með mannsæmandi hætti þá eigum við að fara eftir þeim stóru og ekki eyða tímanum í þá smáu. Það var kjarninn í því sem ég sagði.

[18:40]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega þurfum við að einbeita okkur að hinum stóru og þar sem ég er sammála hv. þm. að það taki tíma að breyta hugarfari þá þarf að byrja því að það tekur þann tíma frá því að byrjað er og áfram. Og ef það á einhvern tíma að gera eitthvað í þessu, þá þarf að byrja með áróður og auglýsingar og umræðu um þetta mál í samfélaginu.

[18:41]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Aðeins þetta, virðulegi forseti. Meðan skattar eru jafnháir og þeir eru og þjónustugjöld eru jafnmikil, meðan bætur eru skertar, þá er auðvitað ákveðinn hvati til þess fyrir fólk að leita sér leiða fram hjá skattkerfinu. Þetta tvennt verður því að fylgjast að, lækkun álaga og breytt hugarfar, það fylgist að.

[18:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er örstutt hérna um sameiginlegan kunningja okkar hv. þm., það er skatturinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Hann á að sjálfsögðu að ganga til félmn. Þetta er orðinn skattstofn eða verður væntanlega skattstofn fyrir sveitarfélögin. Ég tel að þar sé fyrsta skref stigið í átt til samræmingar á fasteignagjöldum. Ég held að það sé mikilvægt að sveitarfélögin fái skatta af fyrirtækjum. Ég minni á að aðstöðugjaldið var lagt af. Það skilaði bæjarsjóðunum og sveitarsjóðunum 4000 millj. en skrifstofu- og verslunarskatturinn aðeins 460–470 millj. þannig að þar er um að ræða ⅛ eða ⅙ af aðstöðugjaldinu þannig að það er verið að létta álögum af fyrirtækjum í landinu en ekki að þyngja eins og mátti skilja ræðu hv. þm. að þessu leyti.

[18:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka nú fyrir að þeir ráðherrar sem óskað var eftir að sérstaklega kæmu hér til umræðunnar hafa gert það og ég ætla að byrja á því að beina máli mínu til hæstv. samgrh. og óska eftir því að honum verði gert aðvart þannig að hann geti komið í þingsalinn, ef forseti mundi e.t.v. stöðva klukkuna á meðan svo að ég gangi ekki um of á tíma minn meðan við bíðum eftir hæstv. samgrh. — Getur hæstv. forseti veitt einhverjar upplýsingar um það hvað ...

(Forseti (SalÞ): Hæstv. samgrh. er að koma.)

Hann er að koma, þá ætla ég að hinkra þangað til hæstv. ráðherra kemur.

(Forseti (SalÞ): Það líður vonandi ekki á löngu áður en hæstv. ráðherra birtist í salnum.)

Við erum þolinmóð.

(Forseti (SalÞ): Hv. þm. er heimilt að flytja einhvern annan kafla ræðu sinnar ef hann vill nota tímann.)

Ef það er löng stund í það, þá gæti ég gert það, beint máli mínu til félmrh. En ég ætlaði reyndar að byrja á þessu í þessari röð, en (**Félmrh.:** Byrjaðu bara á mér.) Já, hæstv. félmrh. er sólginn í það að orðum sé beint til hennar og þá er sjálfsagt að verða við því. Reyndar hafa nú aðrir gert það líka í sambandi við vaxtabæturnar.

Það sem ég ætlaði sérstaklega að inna eftir er viðhorf hæstv. félmrh. til framkvæmdar á vaxtabótunum, sem blasir við okkur á næsta ári, þeirrar skerðingar upp á 400 millj. kr. sem er að verulegu leyti flöt eins og þetta var útfært á fyrra ári. Ég tel í sjálfu sér ekki

ástæðu til að fara mörgum orðum um það fyrirkomulag sem frv. nú boðar fyrir árið 1995 af þeim augljósu ástæðum að það er tími til stefnu til að skoða þau mál og hugleiða hvernig því yrði best varið en hitt blasir við okkur, þessi skerðing vaxtabótanna nú í hönd farandi ári og ég hlýt að taka það svo að ekkert hefur af þessu máli heyrst annað en það sem fram kemur í frv. að niðurstaða hæstv. félmrh. í því sé engin að ná að einhverju leyti til baka þessari skerðingu á vaxtabótunum. Hæstv. ráðherra hefur gefið það í skyn með yfirlýsingum á undanförnum mánuðum að þetta sé í skoðun og athugun og hún lét á sér skilja trekk í tekk að þessi skerðing vaxtabóta upp á 400 millj. kr. væri ekki endilega endanleg niðurstaða hér á síðasta ári. Þessi staða er auðvitað alveg hörmuleg hjá hæstv. ráðherra sem eins og kunnugt er var hér á árum áður margbúin að lofa því og sverja að aldrei kæmi til þess að vaxtabætur yrðu skertar. Ég tel einnig að það sé óhjákvæmilegt að skoða þessa skerðingu vaxtabótanna í ljósi þess að tekjur hafa fallið í landinu og greiðslubyrði af lánum er því augljóslega hlutfallslega þyngri miðað við laun en hún var þegar til skuldbindinganna var stofnað fyrir kannski einhverjum árum síðan. Og hið svokallaða greiðslumat sem menn gengu í gegnum þá er auðvitað markleysa í dag þegar hvort tveggja gerist að kaupmáttur fellur með þeim hætti sem raun ber vitni og vaxtabætur eru svo skertar ofan í kaupið af hálfu ríkisstjórnar. Þetta er frammistaða sem er slík hörmung fyrir hæstv. félmrh. sem hefur oft gefið sig út fyrir að vera sérstakan vaktmann í þessu sambandi að um það er tæplega hægt að hafa orð.

Hér hefur einnig verið spurt um það hvað standi til af hálfu hæstv. félmrh. varðandi þann mun sem upp er kominn í húsnæðislánakerfinu með lækkun vaxta á húsbréfum sem áður voru með 6% vexti og gengu á markaði með miklum afföllum og svo aftur þau viðskipti sem nú eiga sér stað. Þarna er alveg augljóslega verið að stofna til nýs misgengishóps, þeirra sem bera hærri vextina og tóku á sig afföllin á sínum tíma og sitja uppi með þau óbætt og þeirra sem fá svo þessi kjör núna.

Í öðru lagi er það þannig, hæstv. forseti, að það er eðlilegt að beina orðum til hæstv. félmrh. úr því að hér eru ekki aðrir hæstv. ráðherrar Alþfl. staddir. Varðandi frammistöðu Alþfl. í þessum skattamálum og þá á maður auðvitað við ekki síst þær rýtingsstungur í bak verkalýðshreyfingarinnar sem Alþfl. reyndi að reka núna í haust hafandi átt þátt því að gera verkalýðshreyfingunni tilboð um að kjarasamningar yrðu gerðir og innleg í þá samningagjörð yrði lækkun virðisaukaskatts á matvæli og lægra skattþrep þar. Síðan eftir að samningarnir höfðu verið endurnýjaðir gengu þeir af göflunum hæstv. utanrrh. og hæstv. iðnrh. og sökuðu forustu verkalýðshreyfingarinnar um það að velja þarna verri kostinn og bera hagsmuni sinna umbjóðenda fyrir borð í reynd með því að halda við þann samning sem gerður hafði verið á grundvelli tilboðs frá ríkisstjórninni. Þetta er einhver allra óheiðarlegasta og lélegasta framkoma sem maður hefur lengi séð í samskiptum af þessu tagi og er þá langt til jafnað þegar Alþfl. á í hlut því að eins og kunnugt er hefur honum ekki verið margt heilagt af þessu tagi.

Um virðisaukaskatt í tveimur skattþrepum sem hér hefur nokkuð verið nefndur þá vil ég eingöngu segja það að að sjálfsögðu ber að hlusta á rök þeirra sem við skattaeftirlit starfa og ég er jafntilbúinn til þess og aðrir, enda tók ég fram að ég vildi fá að skoða það hvernig að þessu yrði staðið þannig að þetta gengi sem best, en ég bakka ekki með hitt að auðvitað er hægt að innheimta hér virðisaukaskatt í tveimur þrepum á Íslandi eins og í öðrum vestrænum ríkjum, eða hvað? Og ég segi: Menn eiga ekki að tala um þessi skattamál eins og þeir séu með fullkomið kerfi í höndunum þar sem ekki eigi sér stað neitt undanskot. Eða er það tilfellið? Það er að vísu þannig að Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., hélt hér ræður á 9. áratugnum um það að virðisaukaskattskerfið væri fullkomið, 100%, og það yrði bara allt í himnaríki á jörð í skattamálum þegar það kæmi í einu þrepi eins og með EES og álverið og fleira sem allan vanda átti að leysa. En hvernig er staðan? Hvert er mat stjórnskipaðrar nefndar á því hvernig þetta hefur gengið? Það er að virðisaukaskattskerfið er míglekt og umfang skattsvikanna er síst minna í dag en það var fyrir daga virðisaukaskattskerfisins. Og eru það þá rök gegn breytingu af þessu tagi að það þurfi kannski að auka eftirlit með framkvæmdinni þegar kerfið lekur upp á marga milljara kr. Ég held ekki. Ég held að mönnum væri þá nær að reyna að glíma við það undanskot sem þarna á sér stað nú þegar og ég segi: Hvað með það þó að það þurfi að ráða 30 manns í skatteftirlit, ef þar eru á ferðinni upphæðir sem geta mælst í hálfum eða heilum milljörðum kr. sem hlut eiga? Eru menn þá ekki matvinnungar ef þeir ná að stöðva það undanskot, 30 manna eftirlitssveit? Staðreyndin er sú að að margra dómi er þetta einn auðveldasti hluti eftirlitsins. Það er vörusalan sem að verulegu leyti fer fram í stórmörkuðum og er þar á strimlamerktu kerfi í mörkuðunum og yfirgnæfandi meiri hluta veltunnar í matvöruviðskiptunum er hægt að kontrólera með eftirliti í gegnum það ef menn setja í það mannskap og sá mannskapur getur jafnframt haft eftirlit með öðrum þáttum framkvæmda í skattamálum þannig að hann getur skilað árangri líka til viðbótar því að hafa eftirlit sem tengist tveimur skattþrepum virðisaukaskatti.

Þá er ég kominn að hæstv. samgrh. Það er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. samgrh. ræði efnislega en fari ekki út í sjóðasukk fyrr á öldinni og annað því um líkt í svörum sínum við þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fyrir hann, t.d. um afkomu innanlandsflugsins og upptöku virðisaukaskatts. Veit hæstv. samgrh. að flugfargjaldið til Vopnafjarðar fer yfir 20 þús. kr. ef virðisaukaskattur upp á 8–9% nettó, þegar inn- og útskattur hafa verið jafnaðir, bætist við um áramótin? Veit hæstv. samgrh. þetta? Telur hann það þolandi ástand fyrir íbúa slíks byggðarlags, sem eru nauðbeygðir að nota sér flugið af ýmsum ástæðum, þeir sem ekki eiga bíl, þeir sem þurfa að leita sér lækninga o.s.frv. Telur hann það innlegg í byggðamálin að sveitarfélög og aðrir sem þurfa að kosta ferðalög manna,

starfsmanna sinna og ýmissa sérfræðinga þurfi að borga slíka skatta? Veit hæstv. samgrh. hvaða áhrif þetta hefur t.d. á möguleika ferðaþjónustunnar í mörgum byggðarlögum, sem hafa verið að byggja hana upp á undanförnum árum, eins og Hornafirði sem er mjög háður fluginu um að flytja ferðalangana til og frá svæðinu. Eða þess vegna Norðurland og Þingeyjarsýslu.

Hæstv. samgrh. stóð uppi í efri deild vorið 1991 og stöðvaði þá á síðasta stigi frv. til laga um heildarendurskoðun laga um skipan ferðamála. Með hvaða rökum? Með þeim rökum að það væri ekki nóg að gert til að bæta starfskjör og samkeppnisskilyrði ferðaþjónustunnar. Hvar er árangur hæstv. núv. samgrh.? Felst hann í upptöku virðisaukaskatts sem veldur t.d. 8–9% kostnaðarauka í innanlandsflugi?

Mér er sagt að hæstv. samgrh. hafi uppgötvað það, staddur í Jórdaníu, að þessi skattlagning á innlenda ferðaþjónustu gengi ekki upp. (**Samgrh.:** Það var í Egyptalandi.) Var það í Egyptalandi? Sama hvort er. Þær fréttir bárust alla vega heim að einhvers staðar á ferðalagi sínu um Austurlönd hefði hæstv. samgrh. numið þennan vísdóm og komist að þeirri gáfulegu niðurstöðu að þetta gengi auðvitað ekki upp. En ég spyr auðvitað um niðurstöðuna, árangurinn. Er það bara þannig að hæstv. samgrh. ætli áfram að koma í þennan ræðustól og svara eins og hann gerði á dögunum að hann og hæstv. fjmrh. hefðu ekki náð samkomulagi og þess vegna væri ekkert hægt að gera í málinu? Það voru svör hæstv. ráðherra hér í fyrravetur þegar hann var spurður út í þessi efni.

Ég tek undir það sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson sagði um íþróttahreyfinguna og mætti nefna fleiri slíka aðila sem verða auðvitað mjög harkalega fyrir barðinu á þessu. Síðast en ekki síst vil ég nefna það, að ég hef auðvitað þungar áhyggjur af rekstrarafkomu þeirra aðila sem sinna innanlandsflugi, svæðisflugfélaganna ekki síst sem sinna ómissandi hlutverki í öryggismálum, sjúkraflugi o.s.frv. Það má ekki gerast, hæstv. samgrh., fyrir aumingjaskap þeirra sem eiga að gæta hagsmuna þessarar greinar að þessi skattur, jafnvitlaus og ranglátur og hann er, verði lagður á.

[18:56]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns sem hann beindi að vaxtabótakerfinu þá taldi ég mig hafa svarað því áðan. Hv. þm. sagði að ég hefði sagt þegar þessi skerðing kom til fyrir ári síðan að þetta væri ekki endanleg niðurstaða og það er einmitt það sem við erum að fjalla um núna. Þetta var ekki endanleg niðurstaða og það sem ég lagði áherslu á, úr því að þessi skerðing þurfti að koma til, var að henni væri þó háttað með þeim hætti að hún kæmi sem minnst við tekjulægstu hópana og þá sem væru með meðaltekjur og það er einmitt það sem við erum að fjalla um núna.

Varðandi 6% vextina þá höfum við farið yfir það hér hvers vegna ekki er hægt að breyta þeim vöxtum. Við þyrftum að leysa út öll útgefin húsbréf á móti til þess að geta lækkað þarna vextina og það yrði það mikið hringl í kerfinu að það mundi hreinlega skemma það og mætti þá spyrja með sama hætti ef vextir einhvern tíma í framtíðinni hækkuðu hjá þeim sem væru með 5% bréf hvort við ættum þá aftur að innleysa þau og hækka vextina. Það sjá því allir að þetta gengur ekki upp. Og ég hef líka sýnt fram á að að 90% hluta er þessi 1% mismunur bættur hjá þeim hópum sem eru með lágar tekjur og meðaltekjur. Mér finnst að þetta liggi ljóst fyrir og auðvitað er það þannig að þegar við búum við atvinnuleysi og tekjur fólks dragast saman, þá skerðist það greiðslumat sem fólk hefur fengið. Það liggur alveg í augum uppi en ég minni á að ríkisstjórnin hefur mætt þessu gagnvart fólki sem hefur búið við langvarandi atvinnuleysi með því að koma til móts við það með skuldbreytingum, bæði gegnum Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna.

Varðandi lækkun á matvæli sem þingmaðurinn nefndi og afstöðu Alþfl. til þess þá liggur hún alveg skýr fyrir. Alþfl. hefur fært rök fyrir því að hann telur heppilegra og hann telur að það gagnist betur tekjulægri hópunum að verja þeim miklu fjármunum sem fara í niðurgreiðslu á matvælum með öðrum hætti. Og hann hefur sýnt fram á að það gagnast betur tekjulægri hópunum. Og ég veit ekki betur en t.d. BSRB sé því sammála.

[18:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að hæstv. félmrh. hafi í yfirlýsingum sínum á sl. ári og í kringum sl. áramót gefið þráfaldlega í skyn að ekki aðeins útfærslan varðandi þessa skerðingu vaxtabóta heldur líka hin efnislega niðurstaða kynni að breytast. Það er það ekki síður sem ég er að inna hæstv. félmrh. eftir. Er hún sem sagt hér að játa algera uppgjöf sína gagnvart því að þessi skerðing vaxtabótanna gangi að einhverju leyti til baka? Ég skil það svo, bæði vegna þess að nú eru engin orð látin um það falla að úr þessum 400 millj. verði eitthvað dregið og eins hitt að útreikningarnir sem lagðir eru fyrir okkur svo ómerkilegir sem þeir eru vegna þess að það er ástæða til að gagnrýna það hversu illa úr garði gert þetta frv. er með fylgiskjöl og annað, þeir sýna okkur að þetta eigi áfram að vera í kringum 400 millj. eða þannig hef ég tekið hæstv. fjmrh.

Ég legg á það áherslu í öðru lagi, hæstv. félmrh., að það eru breyttar forsendur vegna þess að það blasa við stórauknir greiðsluerfiðleikar fólks vegna húsnæðisskuldbindinga. Það er alveg ljóst að það er holskefla greiðsluerfiðleika fram undan og annað getur ekki orðið niðurstaðan af 10, 12 eða 15% skerðingu kaupmáttar ráðstöfunartekna á 5–6 ára tímabili og annað getur ekki orðið niðurstaða af almennum aðstæðum í þjóðfélaginu. Og það eru líka breyttar forsendur vegna þess að nú er að myndast nýr misgengishópur í vaxtamálunum og það er ekki bara þetta 1% sem þarna ber á milli. Það er auðvitað alveg ljóst að geiðslubyrði fólks sem tók á sig upp í 20% afföll er auðvitað allt önnur vegna þess að það brúaði þau afföll með skammtímafjármagni og einhverjum öðrum slíkum ráðum. Það

skuldar sem nemur 20% meira en það fékk í peningum og það þarf ekkert að fara mörgum orðum um það hvernig hefur verið farið með þetta fólk.

Og varðandi svo Alþfl. og afstöðu hans í þessum efnum þá hefur maður satt best að segja sjaldan heyrt ómerkilegri tilburði í málflutningi heldur en þá þegar Alþfl. var meira að segja farinn að hafa áhyggjur af innlendum landbúnaði í sambandi við upptöku annars þreps í virðisaukaskatti.

[19:01]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af síðustu orðum hv. þm. um það að ég hefði sagt það hér þegar skerðing á vaxtabótum um 400 millj. var til umræðu fyrir ári síðan að ég ætlaði að hafa áhrif á breytingu í þá veru að það yrði minna sem mundi skerðast í krónum talið, þá er það rangt. Það eina sem ég hélt fram er að ég mundi hafa áhrif á það að útfærslan yrði með þeim hætti að hún mundi gagnast betur því fólk sem væri með lágar tekjur og meðaltekjur og það er það sem við erum að fjalla um hér. Og ég minni enn og aftur á að ríkisstjórnin er að koma til móts við það fólk sem hefur þurft að búa við mikið atvinnuleysi og auðvitað gagnast það líka fólki sem er með miklar skuldir þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til til lækkunar vöxtum.

[19:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Ég vek athygli á því að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til enn þá í þeim efnum eru nú fyrst og fremst 1% lækkun vaxta við útgáfu húsbréfa. Það sem ríkisstjórnin hefur gert að öðru leyti í vaxtamálum stendur enn og er hækkun á vöxtum bæði í félagslega húsnæðiskerfinu og í Byggingarsjóði ríkisins því að eins og kunnugt er þá beitti þessi ríkisstjórn sér fyrir því að hækka vextina á grundvelli heimildar sem var í skuldabréfum allt aftur til ársins 1984. Sú vaxtahækkun stendur enn. Mér er ekki kunnugt um að því hafi verið breytt. Eru ekki vextirnir en í Byggingarsjóði ríkisins þau 4,9% sem hæstv. félmrh. hækkaði þá uppi í? Ég held að hæstv. ráðherra ætti að fara varlega í það að hæla ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar stórkostlega gagnvart því fólki sem erfiðast á varðandi greiðslubyrði af húsnæðislánum en það er það fólk sem hefur verið að koma yfir sig húsnæði nú sl. 10 ár eða svo. Það er auðvitað alveg augljóst mál.

Ég vil svo jafnframt segja það um málflutning Alþfl. í þessum virðisaukaskattsmálum að menn geta haft viss rök fyrir sínu máli og komið þeim fram. En óheiðarleiki af því tagi sem Alþfl. sýndi í samskiptum við verkalýðshreyfinguna á þessu hausti er með eindæmum og ég held að menn hafi sjaldan launað jafnilla þá þolinmæði og í raun og veru ótrúlega þolinmæði sem verkalýðshreyfingin hefur sýnt þessari ríkisstjórn, m.a. með því að hafa ekki fyrir löngu skorið upp herör gegn henni almennt og reynt að koma henni frá því að þetta er auðvitað einhver versta ríkisstjórn sem við höfum setið uppi með um áratuga skeið og það á ekki síst við um framgöngu hennar í fjölmörgum málum gagnvart þeim sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Nægir þar að nefna ýmiss konar skatta og skítaskatta og gjöld í heilbrigðismálum, menntamálum og víðar. Og það gerir hlut hæstv. félmrh. ekkert merkilegri þó að hún hafi af og til hótað því, hæstv. félmrh., að ganga út úr þessari stjórn en sýnir svo ekkert fararsnið á sér þegar á hólminn er komið, ekki nú frekar en venjulega.

[19:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil nú þakka fyrir það að sumir þeirra ráðherra sem beðið var um mættu hér til leiks en það er eitthvað mikill órói í hæstv. samgrh. Hann hefur enn þá brugðið sér frá og ég vil fara þess á leit að honum verði enn einu sinni gert viðvart. Ég ætla að beina til hans spurningum á eftir.

En í kjölfar þeirra andsvara sem hér áttu sér stað fyrir augnabliki síðan vaknaði nú heldur betur spurning í mínum huga því að ég heyrði ekki betur en hæstv. félmrh. væri hér að ítreka gagnrýni Alþfl. á lækkun virðisaukaskatts á matvælum og ég hlýt að spyrja: Hvað þýðir þetta? Er meiri hluti fyrir þessari breytingu hér á hinu háa Alþingi í stjórnarflokkunum? Eða ætlar Alþfl. að gleypa þetta mál hvað sem tautar og raular? Við hljótum að verða að fá skýringar á þessu. Hver er eiginlega skoðun Alþfl.? Stendur hann að þessu eða ekki? Það er náttúrlega mjög sérstætt að því er haldið fram af hæstv. fjmrh. að öll ríkisstjórnin standi að málinu, en síðan kemur hæstv. félmrh. og ítrekar þessa gagnrýni sem ég get að vissu marki tekið undir en við þurfum auðvitað að fá að vita það áður en við förum að vinna að þessu máli í hv. efh.- og viðskn. hver staðan er í málinu. Hún er vægast sagt óljós.

Það tengist því sem ég ætla að gera að meginefni seinni ræðu minnar og er í framhaldi af því sem hér hefur verið rætt en það er þessi hringlandaháttur sem er á ferð í skattamálum, þessi hrærigrautur sem þetta frv. felur í sér og maður hlýtur að spyrja: Hver er skattastefnan? Hvert er verið að stefna með þessu? Hver er eiginlega stefna ríkisstjórnarinnar? Það er ekki hægt að lesa nokkra einustu stefnu út úr þessu. Það er ýmist hækkað eða lækkað og útkoman er mínus. Og ég vil vitna til þeirrar ræðu sem dreift var til þingmanna og er eftir Indriða H. Þorláksson, skrifstofustjóra fjmrn. og helsta sérfræðings þess ráðuneytis í skattamálum, þar sem hann segir, með leyfi forseta, þegar hann er að ræða um það hvað er fram undan:

„Í fyrsta lagi er nauðsynlegt að leggja vinnu í stefnumörkun í skattamálum.“ Og hann er búinn að lýsa því í sinni ræðu hvílíkur hrærigrautur og hvers konar vinnubrögð hér hafa tíðkast um árabil og það er mál að þessu linni og menn fari að móta einhverja stefnu og standa við hana þannig að fólk viti að hverju það gengur, hvort sem við erum að tala um heimilin í landinu eða fyrirtækin. Og þetta er hluti af stöðugleikanum sem þessi ríkisstjórn er alltaf að hrósa sér af. Það er nefnilega enginn stöðugleiki í skattamálum. Hann er ekki til.

Meginspurningin sem við erum að glíma við er sú að ef ekki þessi skattlagning, hvað þá? Við erum mörg

hver að krefjast þess að hér sé haldið uppi öflugri velferðarþjónustu, öflugu velferðarkerfi og hvernig ætlum við að fjármagna það? Hv. þm. Ingi Björn Albertsson var hér áðan að spyrja Kvennalistann um það hvernig við vildum taka á skattsvikum og ég ætla að nefna hér nokkur dæmi um það á eftir. En ég spyr hv. þm. á móti: Hvaða tillögur hefur hann um skattlagningu? Það kom fram í máli hans að hann vill lækka matarskatt, hann vill lækka skatta, en hvernig eigum við að fjármagna velferðarkerfið? Ég get bent á ýmsar leiðir til þess og mér finnst í raun og veru að þar sem það er ljóst að ríkisstjórnin hefur gefist upp á því að spara, það er greinilegt á uppgjöf ráðherranna að þeir telja sig ekki komast lengra eftir þeim röngu leiðum sem þeir hafa verið að fara. Nú er komið að því að hefja uppstokkun í kerfinu og fara að einbeita sér að lausnum til framtíðar, lausnum sem munu skila árangri til lengri tíma litið og þar er ég ekki síst að hugsa um fyrirbyggjandi aðgerðir í heilbrigðiskerfinu, sem ég ætla að nefna hér í hundraðasta skipti og ætla að nefna hér eins oft og mér gefast tækifæri til meðan ég á sæti hér á hinu háa Alþingi vegna þess að það liggja gífurlegir peningar í því að bæta heilsu þjóðarinnar. Það er sú spurning sem við eigum að glíma við í þessum stóra málaflokki, sem tekur til sín langmest fjármagn, hvernig getum við bætt heilsu þjóðarinnar? Við getum það með því að draga úr umferðarslysum, með því að bæta vinnuvernd o.s.frv., með áróðri og ég gæti nefnt hér ótal liði í þeim efnum og þarf að koma í tillöguform en ég hef ekki tíma til þess hér.

Varðandi skattsvikin þá gildir það auðvitað að þar er um margar leiðir að ræða og ég tek undir það sem hér kom fram áðan að það þarf að beita miklum áróðri til þess að breyta hugarfari landsmanna. Það þarf að breyta hugarfari og sýna fólki fram á það að þegar því miður allur almenningur tekur þátt í skattsvikum, m.a. á sínum eigin heimilum, þá er verið að skerða tekjur ríkisins. En eins og hér kom einnig fram þá þarf líka að vera einhver hvatning. Menn þurfa að sjá sér hag í því að standa skil á sköttum ríkisins og meðan menn horfa upp á alls konar svik og það að stórlaxarnir sleppa eins og ég hef nefnt fyrr, að í litlum bæjarfélögum sjá menn ákveðna hópa manna í svartri atvinnustarfsemi sem komast upp með það ár eftir ár og maður spyr sig auðvitað: Hvers vegna taka skattstjórar í viðkomandi umdæmum ekki á þessu? Skortir þá heimildir? Þarf að veita þeim auknar heimildir? Og hvernig stendur á því að það gildir ekki hér eins og t.d. í Svíþjóð að það er fylgst miklu betur með eignamyndun? Það þarf að fylgjast miklu betur með eignamyndun og láta menn skýra það hvernig þeir geta eignast stærðar hús og stóra bíla en hafa engar tekjur. Hvernig kemur þetta heim og saman? En þetta komast menn upp með hér ár eftir ár eftir ár.

Ég get ekki látið hjá líða að minnast aðeins á fjármagnstekjuskattinn sem ríkisstjórnin hefur enn gefist upp á vegna þess að hann er auðvitað ein þeirra leiða sem hægt er að fara til þess að afla tekna og ég harma það að ríkisstjórnin skuli enn einu sinni gefast upp á þessu þó að ég geti í sjálfu sér verið sammála þeirri viðvörun Seðlabankans að í kjölfar aðgerðanna, sem áttu sér stað í vaxtamálum, þá sé kannski varasamt að koma þessum skatti á núna. Það gæti orðið fjármagnsflótti úr bönkunum og bankarnir færu út í það að bjóða fólki háa vexti til þess að ná sparifé inn aftur en það hefði bara átt að vera búið að koma þeim skatti á fyrir löngu og það er auðvitað ekki einleikið hvernig ríkisstjórnin heykist við aftur og aftur og það er vegna þess að það er verið að hlífa hinum ríku. Það er stefna þessarar ríkisstjórnar að hlífa hinum ríku og láta þá komast upp með hvað sem er. Það má aldrei snerta þá. Það má ekki hækka hátekjuskattþrepið, það má ekki efla hér skattaeftirlitið og beina sér að stórlöxunum og þessari svörtu atvinnustarfsemi sem skilar mönnum gríðarlegum tekjum sem því miður er stolið undan skatti.

Hæstv. samgrh. hefur ekki látið sjá sig hér enn.

(Forseti (SalÞ)**:** Hann er hér.)

Hann er hér já, og ég vil ítreka þá spurningu sem hér hefur komið fram. Það var nefnt að ráðherrann varð fyrir hugarfarsbreytingu í Egyptalandi, í því mikla landi ferðaþjónustunnar, og ég ítreka enn þá spurningu: Ætlar hæstv. samgrh. að beita sér fyrir breytingum á virðisaukaskatti á ferðaþjónustu henni til hagsbóta? Ætlar hann að beita sér í þeim efnum?

Ég hlýt að minnast á það hér þó að tími minn sé alveg á þrotum að við sem vorum hjá Sameinuðu þjóðunum fyrir skömmu áttum þess kost að heimsækja þar sameiginlega þjónustu Norðurlandanna í ferðamálum. Þar kom fram að þar hafa menn verið að ná gríðarlegum árangri en það er verið að skera niður fjármagn til þessa aðila. Loksins er þetta farið að skila sér. Þá er skorið niður fjármagn, bæði sameiginlegt fjármagn sem komið er frá Norðurlöndunum og framlagi íslenska ríkisins og þar á ofan bætist að þessir ferðamenn sem búnir eru að kynna sér Ísland með margvíslegum hætti eiga að fara að koma hingað í kjölfar þess að hér verði hækkun á allri ferðaþjónustu. Hvernig á þetta að ganga upp og hvað ætlar samgrh. að gera til þess að breyta þessu þannig að einn af fáum vaxtarbroddum sem hér er að finna í atvinnulífinu megi blómstra?

[19:15]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Við eldhúsdagsumræður sl. vor tók ég það fram að þá væri í farvatninu samkomulag við verkalýðshreyfinguna og útlit fyrir að í því samkomulagi yrði fjölgað þrepum í virðisauka svo sem nú hefur gerst. Og ég lét þá þess getið að ég væri í grundvallaratriðum ósammála slíkri gerð en ef það hefði orðið samkomulag eins og blasti við þá hefði ég samt verið í hópi þeirra sem mundu greiða því atkvæði.

Ég vil minna á þetta vegna þess sem hér hefur ítrekað komið fram. Hvert okkar getur haft skoðun á hver skattastefnan eigi að vera. Einstaklingar og flokkar geta haft mat á því hvort eigi að framselja skattaákvarðanir til þriðja aðila eins og gerist á vissan hátt við slíkt samkomulag sem nú hefur verið gert á vinnumarkaði til að ná samkomulagi um stöðugleika. Og við getum verið með afstöðu til hvort það sé rétt eða hvort við séum sátt við það að vera með fleiri þrep í virðisauka-

skatti en þegar samkomulag er orðið og þegar verkalýðshreyfingu hefur verið boðið upp á tvo valkosti og niðurstaðan er sú sem hún varð þá stöndum við að sjálfsögðu við þá niðurstöðu. Ég hefði óskað að valið hefði orðið annað hjá verkalýðshreyfingunni þegar henni var boðið upp á val. Niðurstaðan varð þessi og ég mun rétta upp hönd ef þessi mál eiga ekki eftir að breytast héðan í frá.

Virðulegi forseti. Þetta er stjfrv. Alþfl. stendur að því. Hver og einn verður að standa fyrir sínum eigin orðum hvort heldur er hér í ræðustóli eða á opinberum vettvangi svo að ég tala ekkert um orð félaga minna í þessum efnum.

[19:17]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst nú gæta mótsagna í þessu svari. Annars vegar sagði hv. þm. að Alþfl. stæði að þessu frv. en hins vegar skildi ég hana þannig að það yrði þó hver og einn að gera það upp við samvisku sína hvað hann gerði.

Við erum hérna að ræða ákaflega alvarlegt mál og ég ítreka það að Kvennalistinn hefur barist fyrir lækkun á matarskatti og jafnvel afnámi matarskattsins. En spurningin snýst auðvitað um það hvort verið er að gera þetta nú með skynsamlegum hætti og hvort við erum að gefa okkur nægan tíma í þessa breytingu. Ég óttast það eftir að hafa farið lauslega í gegnum þetta mál, við eigum eftir að kanna þetta miklu betur, að hér sé verið að hlaupa allt of hratt og menn geri sér ekki grein fyrir margvíslegum afleiðingum þessara breytinga. Og svo að ég vitni nú í leiðara Morgunblaðsins í dag, sem enn er að gagnrýna virðisaukaskattinn, þá segir þar að niðurstaðan hafi orðið sú leið sem óhagkvæmust er fyrir ríkissjóð og ég held að þetta sé rétt. Þetta er auðvitað óhagkvæmasta leiðin fyrir ríkissjóð og það er deilt um það hvort þetta sé hagkvæmasta leiðin fyrir launþega, fyrir launafólk. Um það standa deilur.

Þetta þurfum við einfaldlega að kanna ofan í kjölinn og við á löggjafarsamkundunni hljótum að verða að taka þær skynsamlegustu ákvarðanir sem hægt er og að Alþingi sé bundið af slíku samkomulag, það megi engu breyta, það er ekki ásættanlegt. Við hljótum að verða að vega þetta og meta en í kjölfar orða hv. þm. þá er mér alls ekki ljóst hvort Alþfl. stendur að þessu í raun eða ekki.

[19:19]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef tjáð mig eitthvað óskýrt vegna þess að það er alveg ljóst að Alþfl. stendur að þessu frv. Þegar ég var að vísa í að hver og einn yrði að standa fyrir sínum orðum út á við, þá var ég eingöngu að svara því sem menn hafa verið að setja út á orð einstakra ráðherra Alþfl., sem ekki eru hér, annars staðar um þessi mál. Það er alveg ljóst að ríkisstjórnin gerði samkomulag við verkalýðshreyfinguna um þessi mál og hefur flutt stjfrv. um það og Alþfl. stendur að því.

Draumórar mínir um það þar sem t.d. fleiri samtök á vinnumarkaði eru en þau sem hafa gert þetta samkomulag og hafa látið í ljós allt aðra skoðun, ef það ætti eftir að koma fram ósk til okkar um annað, þá er aldrei að vita hvað mundi gerast hér. En það eru draumórar sem ég er að láta í ljós úr þessum ræðustóli.

[19:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er vonandi að þessari umræðu fari nú senn að ljúka. Þetta segi ég fyrst og fremst af umhyggju fyrir þeim hæstv. ráðherrum sem hér hafa mætt en líður þannig að það er nánast eins og þeir gangi á glóðum elds þegar þeir koma hér inn í þingsalinn yfir þeirri ósvinnu að þurfa nú að koma hér og taka þátt í löggjafarstörfunum eins og þeim ber sem þingmönnum sem ég vissulega held í það minnsta að þeir séu enn sem komið er, þingmönnum og ráðherrum sem vissulega er skylt að fylgjast með og fjalla um þau mál sem eru á þeirra sviði.

Ég ætla þá að byrja að bera fram að ég vona mjög einfalda spurningu til hæstv. félmrh. og hún er þannig, ég ætla að lesa hér með leyfi forseta 16. gr. í frv. Nú veit ég ekki hvort hún er í ljóðabókinni líka, hvort hæstv. ráðherra geti fylgst með henni þar, en hún hljóðar svona:

„Við 11. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo:

Til skattskyldrar veltu teljast fjárframlög og önnur rekstraraðstoð, sem opinberir aðilar veita þjónustufyrirtækjum til að greiða niður skattskylda þjónustu."

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað þýðir þessi grein fyrir rekstur á ferjum sem eru styrktar af ríkinu? (**Félmrh.:** Ertu að spyrja hann?) Ég er að spyrja (**Samgrh.:** Ertu spyrja hæstv. félmrh. eða ...?) hæstv. samgrh. eins og ég tók fram.

Virðulegi forseti. Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðherra hefur fylgst með mínu máli þannig að ég neyðist því miður til þess að endurtaka það. (**Samgrh.:** Ég hef náð þessu öllu saman.) Það er 16. gr., ég vil biðja hæstv. ráðherra að útskýra fyrir okkur hvað hún þýði gagnvart ferjurekstrinum í landinu.

Virðulegi forseti. Síðan vil ég beina annarri spurningu til hæstv. samgrh. Hvaða vinna fer fram í samgrn. núna til að meta þann kostnaðarauka sem ferðaþjónustan ber þegar virðisaukaskattur leggst á hana af fullum þunga um næstu áramót og hvaða ráðstafanir eru í farvatninu til þess að mæta þeirri hækkun?

Það er ein spurning til hæstv. félmrh. Félmrh. segir að vaxtabótakerfið muni mæta því sem þeir húsbyggjendur hafa orðið að taka á sig, sem hafa tekið húsbréf með 6% vöxtum, þann mun sem er á þeim og 5% sem nú eru. Við skulum láta þetta liggja á milli hluta, en nú spyr ég hæstv. félmrh.: Hvernig mætir vaxtabótakerfið þeim einstaklingi sem fékk húsbréf að nafnvirði upp á 6 millj. kr. en fékk aldrei í hendurnar nema 4,5 millj. en greiðir síðan samviskusamlega af sínum 6 millj. kr. með sínum 6% vöxtum og sér ekki lengur fram úr því?

Ég sagði það, hæstv. félmrh., í umræðunum í dag að hér væri að skapast nýr misgengishópur í húsnæðismálum og það væri mjög erfitt fyrir okkur sem erum

í stjórnmálum að horfast í augu við það fólk sem lét nánast glepjast til þess að taka húsbréfalán á þessum kjörum og er núna að missa eigur sínar sem það hefur lagt í þessi kaup á móti húsbréfunum.

Hæstv. félmrh. skuldar þessu fólki skýringar á því, hvernig það eigi að mæta þessu og þetta fólk á afar erfitt með að skilja það af hverju það er að borga af 6 millj. kr. en fékk aldrei í hendurnar nema 4,5. En þetta er nú það kerfi sem hæstv. ráðherra barðist fyrir og hefur varið með kjafti og klóm, ég segi ekki lengur hótunum því að hótanir hæstv. félmrh. eru því miður orðnar algerlega bitlausar því ráðherrann hefur aldrei staðið við þær.

Að lokum í þessari umræðu gagnvart skattheimtu almennt, þá vil ég beina orðum mínum til hæstv. fjmrh. Núv. ríkisstjórn hefur verið afar tamt að tala um fortíðarvanda og talið sig taka við slæmu búi á nánast öllum sviðum. Nú er ég því ekki sammála en mun ekki fara út í þann rökstuðning hér. En ég ætla að benda á eitt atriði sem núv. ríkisstjórn tók við. Hún tók við til þess að gera einföldu og skilvirku skattakerfi. En mér sýnist að það stefni í það að núv. hæstv. ríkisstjórn takist að umturna því öllu á sínum valdaferli, bæði hvað snertir óbeinu skattana og beinu skattana. Ég vil í því sambandi, með leyfi forseta, leyfa mér að vitna í ágæta greinargerð sem við fengum hér og fjmrn. sendi okkur þingmönnum og er eftir Indriða H. Þorláksson skrifstofustjóra fjmrn. Þar segir hann, með leyfi forseta:

„Þegar litið er til þeirra sjónarmiða sem einkennt hafa mótun tekjuskattskerfisins og þeirra markmiða sem talið hefur verið æskilegt að stefna að, breiður skattstofn, eitt skatthlutfall, lágur jaðarskattur og há skattleysismörk verður ekki hjá því komist að telja tekjuskattskerfið verra en áður og fjarlægara markmiði sínu."

Og hvenær skyldi nú skrifstofustjórinn hafa séð ástæðu til þess að setja þessi orð á blað? Það var, virðulegur forseti, að loknum þeim breytingum sem gerðar voru á tekjuskattskerfinu fyrir síðustu jól, í jólatörninni margfrægu þá, og því miður virðist það vera að gerast að það er verið að fara með virðisaukaskattskerfið sömu leið. Mér finnst, virðulegi forseti, að þetta ætti nú að geta verið núv. hæstv. ríkisstjórn eilítið lexía að hún fari ekki með það sem gefinn hlut að það hefur nú allt saman verið til bóta sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gert.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en lengra er haldið vill forseti geta þess að fyrirhugað er að halda hér áfram fundahöldum til kl. 8 án þess að gera hlé en þá verði gert kvöldmatarhlé ef ástæða er til. Gert er ráð fyrir að ljúka einnig 2. umr. um þriðja dagskrármálið á þessum fundi.

Þetta vill forseti láta koma fram núna strax en það er kvöldverður í veitingastofunni fyrir þingmenn hvort sem gert verður hlé eða ekki.

[19:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil hér í lok umræðnanna gera tilraun til þess að svara nokkrum fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint og fjalla örlítið um nokkur mál sem ræðumönnum hafa verið hugleikin við þessa umræðu. Fyrst vil ég beina máli mínu til hv. þm. vegna ræðu hv. 18. þm. Reykv. sem sagði réttilega að skattalækkun sú sem nú ætti sér stað væri í raun og veru ávísun á framtíðina. Mig langar til þess að koma að því máli, gæti reyndar gert það nú strax, en hv. þm. Jóhannes Geir benti nefnilega jafnframt á það að bilið milli gjalda og tekna væri mjög mikið.

Nú er það ekki rétt að bilið sé að vaxa. Bilið var mjög mikið árið 1991 og dróst mikið saman 1992, er heldur meira í ár en þó stefnir ekki í það að vera eins mikið og 1991 og vonandi tekst okkur sæmilega til á næsta ári, enda er að því stefnt. Þetta er hins vegar alveg rétt og kannski hafa allt of fáir ræðumenn og við allt of sjaldan rætt um það hve hættulegt það er að bil myndist milli gjalda og tekna þegar gjöldin eru hærri en tekjurnar.

Ég ætla ekkert að afsaka það hér og nú að þetta hefur gerst hér á landi. Það er auðvitað alvarlegt því að skuldir safnast upp og af skuldum þarf að greiða vexti og vextir eru ríkisútgjöld sem gera það enn erfiðara í framtíðinni að brúa þetta bil eins og allir hljóta að sjá. Hitt er svo annað mál að þetta er alþjóðlegt vandamál og einmitt núna um helgina kom út ritið Economist og þar var fjallað um þessi mál, hvernig þau standa innan Evrópubandalagsins. Og svo að ég vitni til tímaritsins, þá kemur í ljós að halli á ríkisfjármálum þessara landa að meðaltali, Evrópubandalagslandanna, hefur breyst frá 3% af vergri landsframleiðslu árið 1989 í 7% á þessu ári. Ég nefni þetta til sögunnar því að halli hér á landi hefur tiltölulega lítið vaxið ef nokkuð, jafnvel dregist saman þrátt fyrir mikla efnahagserfiðleika hér á landi. Ég nefni þetta til sögunnar hér vegna þess að þetta er talið okkur til sérstaks gildis þegar verið er að meta lánshæfni Íslendinga, að okkur hefur tekist betur en nágrannaþjóðunum að þessu leytinu til.

Ég nefni í þessu sambandi að á yfirstandandi fjárlagaári eru Svíar að fást við fjárlagahalla upp á 15% af vergri landsframleiðslu. Ég bendi mönnum á að landsframleiðslan hér á landi er um 400 milljarðar. Þetta eru margir tugir milljarða sem þeir eru að fást við á íslenskan mælikvarða og 7% eins og er að meðaltali í Evrópubandalagslöndunum þýðir að það eru tæplega 30 milljarðar á íslenskan mælikvarða. Við erum þó að berjast við þetta einhvers staðar í kringum 10 milljarðana eins og menn vita. Þetta segi ég hér til þess að sýna að þetta er ekki sérískenskt vandamál sem við erum að fást við. Þetta er vandamál sem Evrópuþjóðirnar þurfa að glíma við og er ekkert léttara fyrir það, en sýnir að við erum ekki ein á báti.

Ég er ekki með þessu að víkjast undan ábyrgð í þessu máli og ég tel það sjálfsagt að hv. þm. beini einmitt spjótum sínum að þessu. En þá verða menn líka að taka afleiðingunum. Og hverjar eru þær? Þær hljóta að vera þær að hjálpa til við að draga úr ríkisútgjöldunum. Það er það sem þjóðirnar hafa verið að reyna að gera sem bestum árangri hafa náð. Um þetta

snýst þetta mál. Og ég vek athygli á þessu að þessu gefna tilefni en vil jafnframt viðurkenna það fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og fyrir mína hönd að með því að skilja eftir útgjöld umfram tekjur erum við að ávísa vandanum fram í tímann. Sá er þó kosturinn hjá okkur nú að við eigum verulega möguleika á að bæta þetta upp síðar vegna þess að það er gert ráð fyrir því að veltusamdráttur hér af efnahagsástæðum sé mjög mikill. Ég get nefnt í því sambandi að ef við nytum lífskjaranna, nytum þeirra kjara sem við höfðum 1991, þá mundi skattkerfið á næsta ári gefa líklega 7 milljörðum meiri tekjur en við getum gert ráð fyrir. Þannig að bara af efnahagslegum ástæðum, bara af hagrænum ástæðum gætum við gert ráð fyrir 7 milljarða kr. bata. En það nægir ekki til að brúa bilið. En þegar við berum þetta þó saman við það sem er að gerast í nágrannalöndunum og í Evrópulöndunum, þá segir í þessu sama riti sem býr yfir ágætum fróðleik og upplýsingum að einungis þriðjungur af hallanum í Evrópubandalagsríkjunum sé af hagrænum toga. Hinn hlutinn er fyrst og fremst „strúktúr"-vandi, þ.e. kerfislægur vandi sem menn hafa komið sér upp. Á þetta vil ég benda því að þrátt fyrir allt stöndum við heldur betur hér á landi en víða annars staðar þó við þurfum að gera betur. Það sem er að hjá okkur kannski fyrst og fremst er að erlend lántaka er talsverð og talsvert meiri en víðast annars staðar. Þó er svo komið í íslensku þjóðfélagi nú að erlendar skuldir þjóðarbúsins munu samkvæmt spám ekki vaxa að raungildi á næsta ári, nettó erlend lán, þegar búið er að draga frá gjaldeyrisvarasjóðinn og eignir Íslendinga erlendis. Þetta eru staðreyndir sem tala sínu máli og sýna að við höfum *náð árangri. En það breytir ekki því að ríkið heldur* áfram að skulda og auka skuldir sínar.

Það hefur nokkuð verið rætt hérna um skatteftirlit og til mín var beint spurningum um það mál, hvort það stæði til að ráða 26–28 starfsmenn vegna kerfisbreytinganna. Ég vil svara því til að þetta mál er í sérstakri skoðun. Ég á ekki von á því að það verði ráðnir svo margir menn, en það verða án efa ráðnir nokkrir menn til viðbótar og fjmrn. mun taka það mál upp við fjárln. nú þegar ljóst er hvaða kerfi á að taka upp í þessum málum. Þetta var ekki í fjárlagafrv. Það var ekki gert ráð fyrir þessu í fjárlagafrv. en ég gerði sérstaklega grein fyrir þessu í minni framsöguræðu.

Hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, spurði að því hvort skattsvik mundu aukast um 500 millj. eins og hann hafði heyrt og séð hugmyndir um, m.a. frá opinberum aðilum. Af því tilefni vil ég aðeins segja þetta: Það er eingöngu mat sem menn verða að leggja til grundvallar þegar menn telja að skattsvik aukist um tiltekna upphæð. Það sem er hins vegar rétt og við vitum af erlendri reynslu er að það eru meiri líkur fyrir því að skattsvik geti átt sér stað ef í sömu verslunum og sömu fyrirtækjum er verið að selja vörur og þjónustu sem bera tvö eða jafnvel þrjú stig í skatti Þetta vita allir. En matið á því hvort það eru 500 millj., 100 millj. eða milljarður er persónulegt mat hvers og eins að sjálfsögðu.

Hér hefur nokkuð verið rætt um 16. gr. þess frv. sem við erum að ræða. Af því tilefni vil ég segja þetta: Hér er um það að ræða að það sé jafnræði á milli opinberra aðila og einkaaðila, það sé jafnræði á milli *þeirra sem njóta styrks frá opinberum aðilum og hinna.* Það er engin ákvörðun í þessu frv. tekin um það hver á endanlega að greiða þennan mun. Og þegar nefndar eru til sögunnar ferjurnar, þá veit hver einasti Íslendingur að það er ríkissjóður sem auðvitað ber kostnaðinn af ferjunum og hefur gert að langsamlega stærstum hluta. Það var ekki núv. ríkisstjórn sem álpaðist út í ferjukaup sem voru kannski allt of dýr heldur geta sumir menn sem hafa verið spyrja hér litið í eigin barm þegar um þau mál er talað.

Það er hins vegar eitt vandamál sem kemur upp sem er til skoðunar í þessu efni þegar við tökum upp skatta á fólksflutninga, hvort sem það er á legi, láði eða lofti, þá kemur upp sá vandi hvernig skattleggja skuli t.d. fólksbifreiðar um borð í ferjunum og í hvaða þrepi það eigi að vera því að auðvitað eru völuflutningarnir skattlagðir 24,5%. Það vita allir. Það var líka í tíð síðustu ríkisstjórnar. En það hefur verið um það rætt að ef bifreiðar eiga að koma inn með farþega, þá sé jafnvel spurning hvort ekki eigi að hafa þær bifreiðar líka í sama skattflokki og fólkið sem í þeim er eða 14% flokknum. Þessi mál þarf auðvitað að taka fyrir og skoða vandlega í nefndinni, en menn verða að horfa á alla myndina. Það er ekki eingöngu verið að tala um flugið. Það er verið að tala um fólksflutninga í ferjum, það er verið að tala um fólksflutninga á landi. Það er verið að víkka og breikka þennan stofn.

Það hefur verið nokkuð minnst hér á grein Indriða H. Þorlákssonar og það er margt gott í þeirri grein að sjálfsögðu, enda er ekkert nema gott um hana að segja. Ég vek athygli á því að þetta er sá sami Indriði H. Þorláksson sem er formaður þeirrar nefndar sem nú er að endurskoða skattalög og reglur um skatta þannig að honum er nú fenginn heldur betur trúnaður til þess að vinna að breytingum á skattkerfinu og þá notar hann að *sjálfsögðu sína ágætu þekkingu sem hv. stjórnarand*stæðingar hafa verið að mæra svo mjög á þessum fundi og skal ég koma þeim skilaboðum til hans að menn hafi mikla trú á því sem hann er að segja. Ég hef það líka. Þess vegna var hann skipaður formaður nefndarinnar.

Þegar talað er um eftirlit skattstofanna og hvort það sé ekki hægt að fylgjast betur með eignamyndun fólks hér og hvar á landsbyggðinni skal það sagt að augað getur stundum blekkt. Eignir eru nefnilega sumar skattlausar og aðrar skattskyldar. Það er hægt að búa í húsi sem maður á á pappírnum en skuldar kannski miklu, miklu meira en húsið. Og ef menn eiga nú ekki hús heldur leigja í stóru og miklu húsi, þá geta þessir sömu menn átt milljónatugi í ríkispappírum t.d. sem bera enga skatta. Það sést nefnilega ekki alltaf á ytra byrði. Auðvitað á að fylgjast með því og það er gert eftir skattframtölum hvort menn hafa eðlilegan lífeyri o.s.frv. En ég held að það sé ákaflega erfitt eins og sumir stjórnmálaflokkar jafnvel eða fyrirliðar stjórnmálaflokka eru að leggja til að fara í einhverja stórkostlega eignakönnun til þess að kanna hvort menn

hafi svikið undan skatti og er ég ekki að segja þetta vegna þess að ég telji ekki að það þurfi að bæta skattasiðferði Íslendinga, síður en svo.

Það var rætt um fjármagnstekjuskattinn hérna. Ég vil að það komi skýrt fram að ég tel eðlilegt að leggja á fjármagnstekjuskatt. Það eru þrjár leiðir sem koma til greina, svona meginleiðir. Það er sú leið sem var uppi á borðinu fyrir einu og hálfu ári síðan. Það var sú leið sem kölluð hefur verið staðgreiðsluleið á vöxtum, vaxtaskatti. Og það er þriðja leiðin sem er hægt að fara og það er breikkun á eignarskattsstofninum og taka þá fjármagn, þ.e. eignina í fjármagninu, og leggja það til grundvallar í eignarskattinum eins og gert er við aðrar eignir. Að þessum málum verður áfram unnið þó að ekki hafi verið talið heppilegt á nákvæmlega þessu augnabliki að efna til þessarar skattheimtu. En ég vil lýsa því yfir hér að ég styð það að fjármagnstekjur séu allar skattlagðar. Ég styð það.

Það var spurt um þungaskatta á dísilbíla þó að það hafi ekki verið til umræðu beinlínis í þessu frv., þá hefur sú ákvörðun verið tekin og að því er unnið. Því miður, og það er rétt að það komi fram enda held ég að hv. þm. skilji það mætavel, hafa allar þessar skattabreytingar auðvitað tekið nokkurn tíma fyrir tekjuskrifstofu og lagaskrifstofu ráðuneytisins og þetta er næsta verkefni sem vonandi er hægt að komast í af fullum þunga eftir áramótin.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagði þegar hann ræddi um fortíðarvandann, að við hefðum verið að hverfa frá einföldu og skilvirku skattkerfi og velja annað verra. Ég bendi á í þessu sambandi að stjórnarandstæðingar, fulltrúar Alþb. sem hafa talað annars vegar og fulltrúar Framsfl. hins vegar, hafa sagt algerlega sitt hvað í þessum efnum og ég þarf ekki annað en vísa til ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Í henni var svar við þessari fyrirspurn hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar. Þeir eru bara á öndverðum meiði sem auðvitað segir okkur að það eru a.m.k. tvær hliðar á þessu máli. (Gripið fram í.) Formaður þingflokks Alþfl. hefur þegar talað fyrir hans hönd.

Ég hefði getað tekið hérna til ýmislegt fleira. Tími minn er reyndar nokkurn veginn á þrotum. Ég vil þakka hv. þm. fyrir það að hafa rætt þetta mál ítarlega og málefnalega og þrátt fyrir hnútur sem hafa gengið hér á milli manna í dag, þá vil ég lýsa því yfir að að sjálfsögðu þurfa menn að ræða þetta hérna, allir að vera við þá umræðu sem þurfa að vera við umræðuna en ég vil enn einu sinni segja að ég treysti hv. 1. þm. Austurl. vel fyrir nefndarstörfum og satt að segja vænti þess að hann liðki til við þær skattabreytingar sem þurfa að eiga sér stað núna fyrir jólin þó að ég skilji mætavel að hann geti ekki staðið að þeim breytingum að sjálfsögðu vegna þess að þær fara gegn hans hugmyndum í þessu máli. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég kýs að hafa þá mál mitt ekki lengra, enda ógerlegt þar sem tíma mínum er lokið.

[19:44]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mjög óþægilegt þegar hæstv. ráðherra heldur sína svarræðu ekki fyrr en við erum búnir að tala okkur dauða, en ég vil benda hæstv. ráðherra á það að ég lagði einmitt áherslu á í mínu máli að ríkisstjórnin væri að draga úr möguleikum til tekjuöflunar með því að leggja skatt á ferðaþjónustuna. Það væri verið að draga úr umsvifum og tekjum í erlendum gjaldeyri og þess vegna væri þetta öfug aðgerð í reynd. Ég benti á það hversu þungur baggi atvinnuleysið væri fyrir ríkissjóð og hversu mikils virði það væri að reyna að auka atvinnu með því að leggja ekki drápsklyfjar á ferðaþjónustuna.

Hæstv. ráðherra sagði að skattlagningin á framlögin til ferjanna væri til þess að jafna aðstöðu og eftir upplýsingum frá hæstv. samgrh. mun það vera yfir 80 millj. sem á að renna í ríkissjóð af þessum 600 millj. sem eiga að greiðast úr ríkissjóði. Ef það á ekki að bitna á þeim sem þjónustunnar njóta, þá verður að hækka þá upphæð.

[19:46]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki mjög þægilegt þegar ráðherrar svara eingöngu hér í andsvörum og halda engar ræður þannig að það er engin leið að komast að þeim. T.d. svarar hæstv. samgrh. ekki einu orði mínum spurningum um þá alvarlegu stöðu sem flugfélögin eru komin í. Hann kýs að þegja um það. Þýðir það að hæstv. samgrh. er ekkert að hugsa um það?

Varðandi það sem hæstv. fjmrh. sagði hér, þá sagði hann að nokkrir menn verði ráðnir. Hann veit það ekki. Skattkerfismennirnir segja að það þurfi 26–28 og svo er engu svarað um það. Það á að vera háð persónulegu mati hvað menn halda að skattsvikin muni aukast mikið. Er nú nema von að þetta gangi illa þegar þetta er undirbúið með þessum hætti og lagt fram á þennan hátt? Og það er ekki von, hæstv. fjmrh., að það gangi vel að koma viti í þetta.

Hæstv. fjmrh. segir að hann styðji fjármagnstekjuskatt. Hann er samt á móti honum. Hann er á móti honum a.m.k. enn sem komið er. (Forseti hringir.) Alþfl. er með þessum breytingum að einhverju leyti en annars er Alþfl. á móti þessu þannig að ég held að hæstv. fjmrh. ætti nú fyrst og fremst að hugsa um ástandið hjá stjórnarflokkunum en vera ekkert að hafa áhyggjur af því þó Alþb. og Framsfl. hafi mismunandi áherslur. Það er ekkert nýtt og ætti ekki að koma ráðherranum á óvart.

[19:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Forseti. Ég get sagt hv. þm. að ég hef oft áhyggjur af stjórnarflokkunum þannig að hann getur alveg verið rólegur þess vegna. Ég vil þó bæta því við að ég hef minni áhyggjur af stjórnarflokkunum upp á síðkastið, sérstaklega eftir að síðustu skoðanakannanir komu í ljós. (**Gripið fram í:** Ekki hefurðu þó áhyggjur af Alþfl.?) Ja, lítils háttar en það getur vaxið.

Í öðru lagi vil ég segja að það er auðvitað háð mati, ef við vissum nákvæmlega hvernig skattsvikin þróuðust þá væri enginn vandi að koma í veg fyrir þau. (**Gripið fram í:** Hvert er þitt mat?) Ég get ekki gefið

það upp vegna þess að ég þekki ekki nægilega til, en ég hef lesið hvað skattyfirvöld hjá öðrum þjóðum halda og ég tel að það geti skakkað þarna kannski einhverjum par hundruðum milljóna ef ekkert verður að gert miðað við reynslu annarra þjóða, en ég er að vonast til þess að okkur takist að halda þessu í algjöru lágmarki, m.a. vegna þess að hjá stærstu verslununum og langflestum verslununum hér á landi er búið að taka upp strikamerki sem auðveldar miklu meira eftirlit heldur en var þegar þessar mælingar og þetta mat fór fram á sínum tíma.

[19:49]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er út af fyrir sig engu nær um þetta. Ég skil hæstv. fjmrh. þannig að hann telji að þarna sé um nokkur hundruð milljónir að ræða og síðan ætlar hann að draga úr áhrifunum með því að ráða nokkra menn. Þetta eru ekki nægileg svör að mín mati og ég tel mikilvægt, hæstv. fjmrh., að það liggi betur fyrir áður en frv. hlýtur afgreiðslu hvaða ráðstafanir á að gera í þessum efnum. Það hlýtur að vera mjög mikilvægt að það fari að komast á einhver vissa í málinu. Ég vil gjarnan að þingið geri breytingar á þessu máli og hélt satt að segja að Alþfl. mundi standa við orð sín. Hæstv. félmrh. hefur komið hér einn ganginn enn af ráðherrum Alþfl. og segir: Við erum á móti þessu en ætlum samt að styðja þetta. Þannig að það verður engin breyting gerð á málinu eftir þessar yfirlýsingar. (Forseti hringir.)

Þessar yfirlýsingar fjmrh. um aukið eftirlit og í sambandi við skattsvikin eru ekki fullnægjandi og hann þarf að koma með betri upplýsingar um málið áður en það er verjandi að þingið afgreiði það.

[19:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er fyllilega sammála hv. þm. að ég tel það vera mjög eðlilegt að fjmrh. komi fram með sínar hugmyndir áður en málið fær afgreiðslu úr nefndinni og það stendur til því að við þurfum að ræða það mál við fjárln. eins og ég lýsti í minni upphafsræðu. Mér finnst það ósköp eðlilegt að upplýsingar um þetta liggi fyrir áður en málið er endanlega afgreitt hér af hálfu hv. Alþingis.

Varðandi vonir hv. þm. um breytingar á frv., þá stendur það sem ríkisstjórnin hefur sagt. Hún er tilbúin til viðræðna við ASÍ um breytingar á fyrirliggjandi frv. en telur sig skuldbundna til þess að fylgja þessum tillögum eins og þær nú liggja fyrir og þarf ég vonandi ekki að endurtaka það oftar.

[19:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hæstv. fjmrh. vitnaði í ummæli okkar sem byggðu á grein Indriða Þorlákssonar, skrifstofustjóra ráðuneytisins, þá vil ég bara að það liggi ljóst fyrir hvað mig sjálfan varðar að ég hef ekki þar með tekið nefndan Indriða í guðatölu þó að ég hafi leyft mér að vitna í hans orð. Ég tel hins vegar að það sé rétt að hlusta á þann mann og sérstaklega þegar hann segir eitthvað skynsamlegt og það gerir hann í þessari grein. Það eru mörg skynsamleg sjónarmið sett þarna fram en gallinn er einmitt sá að það sem hann segir gáfulegast hefur ríkisstjórnin að engu því hann segir hér á bls. 5 um tilfærslu skatta yfir á einstaklinga:

„Svo verulegur tilflutningur skatta yfir á einstaklinga er ekki gerlegur án þess að fara á svig við ýmis meginsjónarmið í skattlagningu þeirri sem reynt hefur verið að halda á lofti."

Þannig er nú í einu lagi hækkaður jaðarskattur, skattleysismörk lækkuð og tekið upp annað tekjuskattsþrep. Og svo kemur hækkunin vegna niðurfellingar aðstöðugjaldsins þarna til viðbótar. Ég held að ríkisstjórnin ætti þá að vera sjálfri sér samkvæm í því og hæstv. fjmrh. (Forseti hringir.) og hlusta á það sem nefndur Indriði leggur skynsamlegt til ekkert síður en við í stjórnarandstöðunni gerum því að við tökum skynsamlegum rökum hvaðan sem þau koma.

[19:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að hv. þm. hafi ekki tekið nefndan og títtnefndan Indriða H. Þorláksson í guðatölu hefur núv. fjmrh. treyst honum fyrir að endurskoða lög um tekjuskatt og eignarskatt og þær reglugerðir sem að því máli lúta þannig að með því er sýndur sá hugur sem fjmrh. ber til Indriða og mun reyna að nýta sér alla þá góðu kosti sem hann hefur og þær ágætu skoðanir sem hann hefur látið frá sér fara, m.a. í því riti sem gefið var út af löggiltum endurskoðendum þótt stundum viðri þannig í íslenskum stjórnmálum að taka verði tillit til fleiri sjónarmiða en þeirra sem maður kannski helst vildi þá stundina því að maður ræður ekki veðri og vindum og það gerir nefndur Indriði ekki heldur þó að hann hafi verið nefndur í sömu setningunni og guð hjá hv. þm.

[19:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að fara lengra út í þessar guðfræðilegu vangaveltur um stöðu nefnds Indriða, skrifstofustjóra í fjmrn., en hitt er ljóst að hann setur hér fram mjög skynsamleg sjónarmið sem ég tek undir, og hef reyndar gert talsvert að umræðuefni á undanförnum mánuðum, að þessi mikla tilfærsla skattbyrði yfir á einstaklinga, eins og hún er framkvæmd með þeim skattleysismörkum sem við búum nú við, er út úr öllu korti. Og ég vona að úr því að Indriða er treyst fyrir því að vera formaður endurskoðunarnefndar á vegum ríkisstjórnarinnar, þá fái þessi sjónarmið að njóta sín í því starfi og hafa áhrif á niðurstöðuna.

Ég vil svo að lokum fyrir mitt leyti þakka hæstv. fjmrh. fyrir eitt, að hann hefur haft hér uppi tilburði til að svara okkur og þeim spurningum sem við höfum borið fram. Það er meira heldur en hægt er að segja um hæstv. samgrh. sem hefur í raun og veru ekki svarað hér einni einustu spurningu, hlaupið upp í andsvörum nokkrum sinnum og rætt þá um allt aðra hluti heldur en hann hefur verið spurður um og les svo ljóð þess á milli.

[19:55]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Viðbrögð hæstv. fjmrh. við þeim sjónarmiðum, sem ég setti hér fram í minni seinni ræðu þess efnis að núv. ríkisstjórn mundi væntanlega takast á sínum ferli að brjóta niður það til þess að gera einfalda og skilvirka skattkerfi sem hún tók við, voru vægast sagt afar sérstök. Hann svaraði algjörlega út í hött í þá veru að Framsfl. og Alþfl. og Alþb. væru ekki algjörlega samstiga hvað þetta snerti í stjórnarandstöðu núna. Það kemur bara málinu ekki nokkurn skapaðan hlut við. Og ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra beint: Getur hann ekki tekið undir þau sjónarmið sem komu fram í títtnefndri grein Indriða H. Þorlákssonar að þær skattabreytingar sem gerðar voru á síðsta ári hafi unnið á móti þeim til þess að gera einföldu og skýru markmiðum sem þær ríkisstjórnir sem Framsfl. átti aðild að höfðu sett sér.

[19:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar gera þarf breytingar á skattalögum þurfa menn auðvitað að hafa margvísleg sjónarmið í heiðri og eitt þeirra er að hugsa um það, sem kemur mjög rækilega fram hjá Indriða H. Þorlákssyni og ýmsum hv. þm., að gæta þess að það sé farið skattalega rétt að, skynsamlegast út frá skattalegu sjónarmiði. En það eru önnur sjónarmið í lífinu heldur en skattaleg sjónarmið, til að mynda þau að það kann að vera skynsamlegt að færa til skatt í þjóðfélaginu af fyrirtækjum yfir á einstaklinga til að styrkja fyrirtækin í sessi og koma í veg fyrir atvinnuleysi þannig að það eru til fleiri sjónarmið heldur en bara einfaldlega skattaleg sjónarmið. Þetta er eins og þegar menn lesa ritgerð, þá mega menn ekki bara skoða það hvort að séu ritvillur í ritgerðinni. Það geta verið einhver önnur sjónarmið sem koma til greina þegar menn lesa ritgerðina. (**Gripið fram í:** Hvað með ferðaþjónustuna?) Þetta á við öll mál, að það eru fleiri en ein hlið á málinu og það var það sem ég var að reyna að segja í mínu svari áðan þegar ég benti á mismunandi röksemdir sem kæmu fram hjá hv. þm. Framsfl. og Alþb.

[19:58]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega eru til fleiri en ein hlið. Ég studdi þá aðgerð að leggja niður aðstöðugjaldið af fyrirtækjunum sem var það óréttlátasta skattform sem hægt er að hugsa sér á rekstur. En það er ekki þar með sagt að það hafi alveg átt að hætta að skattleggja fyrirtæki eins og hæstv. ríkisstjórn hefur túlkað það.

Hæstv. ráðherra sagði að það væru fleiri sjónarmið en skattaleg þegar verið væri að breyta skattalögum. Það er alveg rétt. Það koma inn ýmis pólitísk sjónarmið. En því miður, hæstv. ráðherra, þá eru nú ekki miklar líkur á gæfulegri niðurstöðu þegar grundvallarbreytingar eins og lækkun á skattleysismörkum eru teknar á krísufundi hjá meiri hluta efh.- og viðskn. einhvern tíma á milli kl. 8 að kvöldi og miðnættis þegar allt er komið í óefni eins og var á síðasta vetri og tíminn var runninn út. Við höfum akkúrat skólabókardæmi um það fyrir okkur hverju slík vinnubrögð skila.

[19:59]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Til mín var beint einni spurningu af hv. 6. þm. Norðurl. e. sem snerti afföll í húsbréfakerfinu. Hv. þm. tók þar tiltekið dæmi um 6 millj. kr. fasteignaveðbréf sem hefði verið skipt og viðkomandi hefði fengið 4,5 millj. Mér finnst hv. þm. einfalda málið mjög og eins og ég hef orðið vör við hjá fleiri framsóknarmönnum en honum sem hafa rætt um afföll af húsbréfunum, þá er eins og það hafi aldrei verið til áður í húsnæðiskerfinu. Þetta tiltekna dæmi er óruggglega frá þeim tíma þegar var verið að fjármagna tvö kerfi, 86-kerfið sem framsóknarmenn héldu mjög í, þannig að lánsfjárþörfin var mikil og á sama tíma var einnig verið að fjármagna greiðsluerfiðleikalán vegna erfiðleika sem fólk átti í við að greiða niður af skammtímalánum sem það þurfti að taka vegna 86-kerfisins. En hv. þm. verður að gera sér grein fyrir því að afföllin hafa verið áður í húsnæðismálum og líka í 86-kerfinu. Það er orðinn töluverður munur á þegar fólk sem var að selja íbúð fékk 75% út á einu ári og það vaxtalaust, og það eru vissulega afföll. Fólk fékk síðan afganginn, 25% með handhafabréfum með föstum vöxtum sem verðbólgan rýrði oft verulega á fjórum árum sem það fékk þetta handhafaveðbréf. Fólk þurfti að bíða í 2–3 ár eftir að fá lánafyrirgreiðslu í húsnæðiskerfinu, og þurfti þá oft að lifa á einhverjum skammtímalánum í bönkum til að koma sér upp húsnæði og borga þar oft vanskil, lögfræðikostnað og fleira. Fólk þurfti að bíða. Loksins þegar það fékk lánið var það úthlutað í tveimur eða þremur hlutum þannig að fólk þurfti oft og iðulega að fleyta sér á skammtímalánum. Síðan varð veruleg hækkun á fasteignaverði á þessum tíma sem mig minnir að hafi verið 10% sem þýðir náttúrlega ekkert annað en afföll upp á sennilega 500–600 þús. á meðalíbúð. Mér finnst því hv. þm. setja málið fram eins og aldrei hafi verið afföll í húsnæðismálum áður og það er auðvitað alrangt.

Síðan vil ég geta þess sem er nauðsynlegt að fram komi að þegar fólk er að kaupa íbúð og seljandi er að fara í önnur fasteignaviðskipti, þá gengur þetta upp á pari hjá þeim sem eru að kaupa þegar þetta gengur í innri fjármögnun í næstu fasteignaviðskipti. Afföllin hafa orðið þegar um er að ræða að verið er að byggja íbúð eða kaupa nýbyggingar. Þá hefur orðið um afföll að ræða þegar fólk hefur þurft að selja bréfin. En þá vil ég geta þess að vaxtabótakerfið hefur komið til hjá þeim sem eru að byggja sjálfir.

Ég held að það sé nauðsynlegt að menn hafi heildarmyndina af þessu þegar menn einfalda bara málið og tala um afföll í húsbréfakerfinu. Ég held að það sé enginn sem vilji ganga aftur til fyrri tíma þegar 86-kerfið var, enda væri í þessu tiltekna dæmi sem hv. þm. dró upp af 6 millj. kr. láni varla um að ræða kaup á íbúð sem var undir 10 millj. kr. og þá hefði viðkomandi fengið í þessu 86-kerfi 2–3 millj. ef hann hefði

verið að kaupa sambærilega eign og þurft þá að fjármagna sig á skammtímalánum kannski með 9–10% vöxtum þannig að þar hefði ekkert verið um að ræða annað en afföll einnig. Þetta finnst mér að menn þurfi að hafa í huga. Það var nauðsynlegt að hverfa frá þessu kerfi einmitt vegna þess að það lá fyrir álit Ríkisendurskoðunar hvert stefndi með Byggingarsjóð ríkisins ef við hefðum haldið áfram þessu kerfi þar sem stefndi í gjaldþrot í kerfinu eða þá að ríkissjóður hefði þurft að leggja fram tugi milljarða kr. í bein ríkisframlög til þess að halda því kerfi á floti. En mér finnst mikilvægt að menn hafi alla myndina fyrir sér þegar verið er að ræða afföll í húsbréfakerfinu.

[20:03]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var merkileg ræða en ansi held ég nú að fólkinu — sem ég tek fram að er dæmi sem ég bjó bara til hér og nú — sem stendur í þeim sporum finnist þetta nú rýrt svar. Ég endurtek spurningu sem ég bar fram beint til hæstv. ráðherra: Hvernig mætir vaxtabótakerfið afföllunum af húsbréfunum? Því svaraði ráðherrann ekki. (**Félmrh.:** Ég svaraði því víst.) Þá hefur það farið fram hjá mér því að samkvæmt mínum skilningi er ekki tekið tillit til þess í útreikningum vaxtabóta. Og ef þetta er rangur skilningur hjá mér, þá bið ég hæstv. ráðherra að koma hér upp og leiðrétta mig hvað það snertir.

Það rak sig einnig hvað á annars horn í ræðu hæstv. ráðherra. Það varð að afnema 86-kerfið vegna þess að það fór svo illa með fólkið, það bar svo mikil afföll af eftirstöðvum sinna eigna o.s.frv. En síðan í lok ræðunnar segir hæstv. ráðherra: Það varð að afnema kerfið vegna þess að það var svo dýrt fyrir ríkissjóð. Ríkissjóður þurfti að borga svo mikið af lánunum að það blasti ekkert við annað en gjaldþrot. Þarna rekur sig heldur betur hvað á annars horn.

Það var eitt enn afar athyglisvert sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra viðurkenndi það að í offorsi sínu við að knýja fram húsbréfakerfið var það keyrt áfram áður en til var fjármagn til þess að fjármagna það, áður en það var tímabært, meðan enn var verið að fjármagna eldra kerfi, sem þýddi það einfaldlega að afföllin fóru í þær hæðir sem þau voru. Þannig var hæstv. ráðherra í raun að viðurkenna stór mistök varðandi það hvernig haldið var á málum þegar húsbréfakerfið var sett á fót.

[20:06]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru nú útúrsnúningar hjá hv. þm. Hv. þm. veit mætavel hvernig þetta kerfi var til komið. Það var um langar biðraðir að ræða þegar húsbréfakerfið tók við og það var alveg ljóst að það var ekki vilji fyrir öðru en að afnema þetta kerfi í áföngum. Það var alveg ljóst og m.a. lögðu framsóknarmenn áherslu á það. Og húsbréfakerfið fór hægt af stað á meðan eins og við vitum.

Varðandi afföllin og hvernig vaxtabótakerfið mætir þeim, þá er um það að ræða að þetta er yfirleitt á pari þegar um er að ræða að húsbréfin ganga upp í kaup á næstu eign. Afföllin eru þegar verið er að selja bréfin á markaði. Það gerist í þeim tilvikum þegar fólk er t.d. að byggja sjálft en þá er því þó til að svara að í eldra kerfi þurfti að bíða það lengi eftir láni að það þurfti að taka kannski allt sitt byggingarefni eða það sem það þurfti til þess að koma sinni íbúð upp að láni en þarna fékk það þó húsbréfin strax og gat staðgreitt viðkomandi byggingarefni o.s.frv.

Varðandi afföllin, þá eru þau í gegnum vaxtabótakerfið bætt á 25 árum, þ.e. 1/25 á hverju ári hjá þeim sem byggja sjálfir sína eigin íbúð og það gerist líka hjá þeim sem hafa fengið greiðsluerfiðleikalán í gegnum húsbréfakerfið.

[20:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir stendur í þessari umræðu að þessi breyting á kerfinu var keyrð það hratt fram að það kallaði á miklu hærri afföll heldur en voru þolanleg fyrir þolendur þess. Ég er því miður nánast viss um það að sá hópur er stærri en við sjáum fyrir okkur núna sem stendur í þessum sporum, eins og ég nefndi hér áðan, og er að horfa fram á það að halda ekki sínu húsnæði vegna þeirra kjara og þeirra affalla sem menn eru að taka á sig í húsbréfakerfinu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Andsvörum er lokið. Til máls tekur hv. 5. þm. Reykv. (**IBA:** Var ekki forseti búinn að tilkynna að það yrði hlé kl. 8?) Forseti hefur nú ákveðið að gera ekki hlé heldur halda þessari umræðu áfram og freista þess að ljúka henni fljótlega þar sem forseti hefur heyrt það á þingmönnum að þeir óska frekar eftir að sá háttur verði á hafður.

[20:08]

Ingi Björn Albertsson:

Virðulegi forseti. Ég skal staldra stutt við í ræðustól en til mín var beint spurningum af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, sem ég taldi mig ekki hafa tíma til að svara í hinum stutta tíma andsvars.

Það er rétt sem fram kom hjá þingmanninum að ég hef ávallt talað fyrir því að ég vilji lækka skatta og þingmaðurinn velti því fyrir sér hvernig ég ætlaði þá að fjármagna velferðarkerfið svona eitt og sér. Þetta mál er að sjálfsögðu ekki hér á dagskrá og á ekki að ræða það í botn. En ég skal fúslega verða við því að leyfa þingmanninum að vita hver mín grunnskoðun er í þessu máli. Hún er sú að ég tel að það eigi að skilja eftir hjá fólkinu meira fé heldur en gert er í dag. Með því að skilja eftir meira fé hjá fólkinu, þá eykur fólkið eyðslu og það skilar sér til baka í neysluskattunum. Það er grundvallarsjónarmið mitt varðandi skatta að það eigi að lækka skatta og það eigi að hvetja til aukinnar neyslu og það eigi frekar að stýra þessu í gegnum neysluskatta. Það var stefna ákveðins flokks hér til skamms tíma meira að segja að fella niður tekjuskatt. Ég vil ekki stíga svo stórt skref, en ég tel að það megi lækka hann og skilja eftir meira fjármagn hjá fólkinu. Ég tel líka að með lægri sköttum minnki hvatinn til skattsvika þannig að það er líka leið til að koma í veg fyrir skattsvikin. Þetta eru mín grundvallarsjónarmið.

Hitt er svo annað mál að um leið og við gerum þetta og aukum þá um leið kaupmáttinn, þá ýtum við undir frumkvæði fólks, við veitum því meira frjálsræði heldur en það hefur í dag vegna þess að allur almenningur í dag er fangar fjármagnsins, hefur ekki það frelsi sem þarf til þess að skapa eða móta sér nýja stefnu í atvinnulífinu. Það er fangar fjármagnsins. Og þess ber vitni t.d. skuldastaða heimilanna í dag sem vex dag frá degi. Þetta sjá allir og ég trúi því ekki að það sé sjónarmið hv. þm. að eina leiðin út úr þessu sé gamla leiðin að hækka alltaf skatta, að finna nýja skatta hér eða þar eða dreifa þeim út en ekki að lækka þá. Ég tel reyndar að það megi gera hvort tveggja. Það má skoða fjármagnstekjuskattinn út frá ákveðnu sjónarmiði, út frá ákveðnum sjónarhóli. Ég tek ekki undir fjármagnstekjuskatt þar sem almennur sparnaður fólks í bönkunum er skattlagður en þar sem tekið er á hinum svokölluðu bréfum, þá tek ég vissulega undir það. Það má líka mín vegna hækka þrepið á hátekjuskattinn og ná í auknar tekjur þar en ég held að hvorugt þessara atriða skili verulegum tekjum, en mín vegna má fara þá leið.

Ég tel hins vegar að það eigi að fara varlegar í eyðslu hins opinbera. Ég tel að við bruðlum mjög víða. Það má taka á litlum hlutum eins og dagpeningum, ferðakostnaði, risnu, bílamálum, óunninni yfirtíð, margföldum launum. Menn eru á margföldum launum í vinnutímanum á sínum launum, ef þeir eru settir í nefndir t.d. Hvað skyldu þessir aðilar margir hverjir í embættiskerfinu hafa á tímann þegar þeir eru að vinna nefndarstörf? Ég er viss um að það er gjörsamlega út í hött. Ef menn eru á annað borð í vinnutíma hjá sínum vinnuveitanda, þá eru þeir á þeim launum. Punktur, basta. Ef þeir eru í nefndarstörfum og vinna utan vinnutíma, þá er allt í lagi að greiða fyrir það.

Ég tel líka að það megi fara að móta opinbera stefnu um það hvernig á að spara í þjóðfélaginu. Það á að hjálpa fólki að spara og það á að kenna því að spara. Við getum litið í kringum okkur, keyrt um bæinn og litið á það hvernig við t.d. notum rafmagn. Hvernig notar þjóðin rafmagn? Það er ljós í hverju einasta herbergi nánast. Það er ljós í opinberum byggingum allan sólarhringinn. Hvernig notum við hitann? Hvernig lækkum við hitann í húsunum? Jú, við löbbum að glugganum og opnum hann. Hvernig notum við bensín? Hvaða bensín kaupum við? Svona má kenna fólki og hið opinbera á að standa fyrir því.

Hitt er svo annað mál og þá á ég eftir að svara því auðvitað hvernig við ætlum að fjármagna velferðarkerfið um leið að ég get bara bent á tvö atriði þar. Fyrir það fyrsta má skera verulega niður — og það er ágætt að landbrh. er hér — fjárframlög til landbúnaðargeirans. Þar eru milljarðar á milljarða ofan, á annan tug milljarða eyðum við í kerfið. Það má skera þar niður nóg til þess að borga þann niðurskurð og meira en það sem við erum að fremja á heilbrigðiskerfinu og velferðarkerfinu. Ég er heldur ekkert frá því að það megi taka upp veiðileyfagjald. Það skilar líka verulegum tekjum. En fólk verður þá líka að hafa kjark til þess að stíga þessi skref. Þetta eru tvö mjög stór skref og mjög stórar upphæðir sem liggja þarna. En hagsmunagæsluhóparnir sem m.a. eiga sæti hér á þingi blokkera það allan tímann.

Ég tel líka að auðvitað verðum við að finna okkur nýjar tekjur. Við erum alltaf með öll eggin í einni körfu. Við erum með sjávarútveginn. Punktur, basta. Það er nánast ekkert annað. Menn verða að fara að skapa og finna atvinnustefnu, einhvers konar útflutningsleið. Og þá er spurningin: Í hvað á að eyða peningunum? Hvaða leið á að fara? Á að fara í vatnsútflutninginn? Á að fara í lúðueldi? Á að fara í álið? Á að fara í Bláa lónið? Hvert á að fara? En það er alveg sama hvað við veljum, ef við ekki stöndum myndarlega á bak við það, ef við ekki þorum að setja fjármagn í það, ef við þorum ekki að markaðssetja hlutina, þá gengur það aldrei.

Árið 1988 lagði ég fram fyrirspurn hér á þingi um hversu miklu við hefðum eytt í markaðssetningu á lambakjöti í Bandaríkjunum. Svarið var 2 millj. Ef við ætlum að vera áfram á þessum grundvelli, þá er betur heima setið en af stað farið. Ef menn eru tilbúnir að finna góða hugmynd, hver sem hún er og setja alvörufjármagn í það, 500 millj., milljarð, það kostar það að markaðssetja vörur á alvöru markaði, ef menn eru tilbúnir í það, þá mundi ég styðja slíka hugmynd. Það er engin markaðssetning að láta fjölrita einhver blöð og henda þeim inn á Flugleiðaskrifstofur erlendis eða inn í sendiráðin. Það er sú markaðssetning sem við höfum haft plús það að veita kannski einum, tveim, þrem embættismönnum farmiða eitthvað út í heim og leyfa þeim að dvelja á góðu hóteli og labba um bæinn. Þetta er ekki markaðssetning. Ef menn eru tilbúnir í þetta, þá eru möguleikar. En þeir verða aldrei með því nánasarsjónarmiði sem við höfum haft fram til þessa.

Það má alveg eins snúa þessari spurningu við og spyrja: Hver er skattastefna Kvennalistans? Hvernig ætlar Kvennalistinn að fjármagna þetta allt? Mér er svo sem alveg sama hvernig hann ætlar að gera það, en ég tel að það megi alveg eins snúa þessu við.

En þetta mál er að sjálfsögðu ekki hér á dagskrá, hæstv. forseti. Grundvallaratriðið er það í mínum huga, að það á að skilja meira fjármagn eftir í vasa fólksins í landinu. Það mun skila sér til baka í aukinni neyslu og í gegnum neysluskatta.

[20:17]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var nokkuð merkileg ræða sem hér var flutt og ég get vissulega tekið undir margt af því sem fram kom í máli ræðumanns. Ég er algjörlega sammála því að mjög stórir hópar hér hafa allt of lítið á milli handanna og að því miður hefur þessi ríkisstjórn stigið skref í þá átt að minnka þá upphæð sem það fólk hefur. Það er athyglisverð hugmynd og er m.a. mikið til umræðu í Bandaríkjunum hvort það eigi að afnema tekjuskatta. Það er ein leið í skattamálum einmitt að beina sköttunum yfir á neysluna vegna þess að þannig nær maður til hinna ríku, til þeirra sem halda neyslunni uppi og menn hafa auðvitað bent á það að tekjuskattar eru því miður oft heldur óréttlátir.

En það er auðvitað líka það sjónarmið hvort rétt sé

að auka neysluna. Við lifum í heimi allsnægta og erum búin að ganga allt of langt í því að nýta auðlindir jarðarinnar og ég er þeirrar skoðunar að við þurfum skera þessa neyslu niður. Við þurfum að breyta okkar lifnaðarháttum hér á Vesturlöndum en það er framtíðarpólitík. En í sjálfu sér er ég sammála þeirri skoðun að það eigi að færa skattheimtuna meira yfir á neyslu og reyna að draga úr tekjusköttum sem ég held að séu komnir á ystu nöf hjá ákveðnum hópum hér á landi þannig að fólk hefur of lítið á milli handanna.

Hv. þm. kom inn á launakerfi ríkisins sem þarf að stokka upp og hann var að benda hér á ýmsar leiðir í því. En eins og hann sagði þá vantar viljann. Þegar á reynir vantar viljann til þess að taka á bruðlinu hjá ríkinu og þeirri uppstokkun sem þar þarf að eiga sér stað og þar sem eru fólgnar miklar upphæðir eins og ég rakti hér í ræðu minni áðan.

[20:19]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil rétt í framhjáhlaupi eftir hina skrýtnu talnaþulu hv. 5. þm. Reykv. Inga Björns Albertssonar leiðrétta það að framlög til landbúnaðarmála séu eitthvað á annan tug milljarða. Þessu er svona fleygt fram án þess að kynna sér staðreyndir. Samkvæmt fjárlagafrv. eru það 6,8 milljarðar og inni í því eru framlög til skógræktar og landgræðslu m.a., en svona er hægt að fleygja hlutum fram.

Vegna þeirra fyrirspurna sem til mín hefur verið beint m.a. út af 6. gr. þessa frv. og almennt vegna þess virðisaukaskatts sem lagður hefur verið á fólksflutninga, þá vil ég af því tilefni fara nokkrum orðum um innanlandsflugið eins og ég hef hér verið beðinn um. Það er auðvitað rétt sem komið hefur fram, m.a. hjá hv. 1. þm. Austurl., að innanlandsflugið hefur átt undir högg að sækja. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvernig staðan er á þessu ári. Ég hef ekki um það nýjar tölur og hef ekki séð milliuppgjör sem ugglaust hafa verið gerð á innanlandsfluginu. Það liggur á hinn bóginn alveg ljóst fyrir að við erum þar að tala um kannski 200–300 millj. kr. ef við getum miðað við þær tölur sem hafa verið á liðnum árum. Má þó að vera að þar sé um lægri tölur að ræða vegna þess að ýmsum kostnaði hefur verið velt af atvinnurekstrinum einmitt á þessu ári, en hitt er auðvitað laukrétt að með því að virðisaukaskattur verður lagður á fólksflutninga á næsta ári, þá hlýtur að þyngjast róðurinn. Það hefur verið gerð úttekt á því hvaða áhrif virðisaukaskatturinn muni hafa eða sú úttekt er kannski í burðarliðnum. Ég hef ekki fengið hana í hendur en það er verið að vinna að úttekt á því og geri ég ráð fyrir að hún muni liggja fyrir nú innan skamms.

Það hefur verið reynt að meta það hve mikil hækkunin muni vera. Það er nú svo að ef við tölum um atvinnufyrirtæki, þá hefur virðisaukaskatturinn ekki áhrif til hækkunar hjá slíkum aðilum einfaldlega vegna þess að hann er frádráttarbær sem innskattur. Má vera að í sumum tilvikum kunni þessi breyting að hafa það í för með sér að um lækkun geti orðið að ræða af þeim sökum.

Á hinn bóginn hefur það einnig í vaxandi mæli tíðkast í innanlandsflugi að farið er að bjóða ýmiss konar sérfargjöld sem hafa mjög komið til lækkunar á slíkum kostnaði og er auðvitað bein afleiðing af þeirri hörðu samkeppni sem flugið á nú í vegna bættra vega. Eins og hv. þm. er kunnugt hefur þessi breyting það einnig í för með sér að stofnkostnaður við fólksflutninga aðra en leigubíla, eða virðisaukaskattur af t.d. kaupum á hópferðabílum eða áætlunarbílum verður frádráttarbær sem ég hygg að ekki hafi verið áður og má vera að það hafi þau áhrif að almenningsvagnar geti lækkað fargjöld. Ég skal ekki um það segja hvaða áhrif það hefur í heildina litið þegar tekið er tillit til allra þeirra breytinga sem orðið hafa á skattlagningu hjá atvinnurekstrinum. Það a.m.k. liggur alveg ljóst fyrir að um verulegar kvartanir hefur ekki orðið að ræða frá þeim hluta.

Það er líka auðvitað ljóst að þessi breyting mun hafa það í för með sér, og raunar er svo orðið þegar á þessu ári, að innskattur fæst frádráttarbær af fjárfestingu í hótelbyggingum. Í heildina litið hefur þetta að minni hyggju þau áhrif að það þyngist hjá fluginu. Það er mér auðvitað ekki fagnaðarefni en þessi varð niðurstaðan. Það er ekki um marga góða kosti að velja hvernig ætti að reyna að brúa það mikla bil sem er á ríkissjóði og ríkisstjórnin hefur orðið að grípa til margvíslegrar skattheimtu og þyngja skatta meira en ætlað var í fyrstu vegna þess hversu komið var fjárhag ríkissjóðs og vegna þeirrar veltuminnkunar sem orðið hefur í þjóðfélaginu. Þó hygg ég að það sé svo að heildarskattbyrðin, ef hún er mæld sem slík, sé nokkurn veginn óbreytt.

Það hefur verið sagt að það séu útúrsnúningar af minni hálfu þegar ég vék að því hér áðan að ríkisfjármálin hlytu að draga dám af fortíðinni. Ég man þó ekki betur en hv. 1. þm. Austurl. hafi í þessum sama ræðustól á liðnum árum stundum tekið þann kostinn að skírskota til þess hvert væri ástand ríkisfjármála og hvernig á því stæði. Við getum auðvitað ekki litið á árið 1993 eða árið 1994 sem eitthvert einstakt fyrirbæri, heldur hlýtur ríkissjóður eins og aðrir að bera ábyrgð á þeim skuldbindingum sem hann hefur tekið á sig, hvort sem það er í formi lána sem tekin hafa verið eða ríkissjóður hefur skuldbundið sig til þess að láta í té einhverja þjónustu á viðkomandi ári þannig að það er alveg ljóst að ekki er hægt að horfa á ríkisfjármálin einangruð frá einu ári til annars eins og atvinnuástandið er í þjóðfélaginu, ef tekin eru bæði ytri skilyrði og innri skipti það engu máli. Það er auðvitað útúrsnúningur.

Ég skal á hinn bóginn ekki fara út í langar umræðu um ferjur og flóabáta. Ég vil aðeins segja það að samkvæmt fjárlagafrv. er verið að tala um 550 millj. kr. Í 16. gr. þess frv. sem hér liggur fyrir stendur:

„Til skattskyldrar veltu teljast fjárframlög og önnur rekstraraðstoð, sem opinberir aðilar veita þjónustufyrirtækjum til að greiða niður skattskylda þjónustu."

Ég var erlendis þegar þetta frv. var lagt fram og hafði ekki veitt þessari grein athygli í þeim gögnum sem ég hafði áður fengið. Ég óskaði á hinn bóginn eftir því við fjmrn. að það gerði mér grein fyrir því hvaða

áhrif þetta ákvæði, ef að lögum verður, hefur á þörfina á framlögum til flóabáta og annað það sem undir samgöngumál heyrir. Það er alveg ljóst að það verður að taka það inn í fjárlagafrv. hver áhrifin af þessu verða. Ef í ljós kemur að ákvæðið felur í sér verulega aukna þörf á fjárframlögum úr ríkissjóði, þá er ekki um annað að ræða en að áætla fyrir þeim nema menn hugsi sér það að flóabátarnir verði stöðvaðir á miðju ári eða menn taki upp hinn gamla kostinn að standa ekki undir afborgunum og öðru slíku af þeim lánum sem á flóabátunum hvílir. Ég tel þess vegna að það sé mjög brýnt að þessi mál verði grunduð rækilega, ekki aðeins í efh.- og viðskn. heldur einnig í fjárln. og hef þegar gert ráðstafanir til þess að athuga hvernig þessi grein kemur við alla þá þætti sem heyra undir mín ráðuneyti bæði.

[20:29]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. fyrir svarið að því er varðar flugið. Ég tel það fullnægjandi á þessu stigi. Í svari hans kom fram að tap á innanlandsfluginu gæti numið t.d. 200 millj. án þess að við getum nefnt neinar tölur þar um sem er að sjálfsögðu mjög alvarlegt mál. Ef þessi breyting á skattalögum verður til þess að tapið verði 50–80 millj. meira á innanlandsflugi Flugleiða, sem ég tel líklegt, að aukist um 50–80 millj., þá hlýtur að vera eðlilegt að spyrja og mikilvægt fyrir hæstv. samgrh. að spyrja: Hvaða afleiðingar mun það hafa í för með sér? Mun flugfélagið sem um er að ræða draga úr sinni þjónustu eða mun þetta e.t.v. verða til þess að þeir muni hætta innanlandsflugi?

Það verður ekki hjá því komist að spyrja þessara spurninga og ríkisstjórn sem vill láta taka sig alvarlega og virðist hafa svona óskaplega mikla ábyrgðartilfinningu fyrir fjármálum eins og hæstv. samgrh. er að reyna að segja og um leið að gera lítið úr því sem gert hefur verið í fortíðinni — ég minni samt á ræðu hæstv. fjmrh. hér áðan sem ég tek undir, um stöðu ríkissjóðs — sú ríkisstjórn hlýtur að þurfa að fá svar við þessari spurningu. Samgrh. getur ekki varið sig með því að vera alltaf að vitna inn í fortíðina. Honum ber skylda til að gera Alþingi grein fyrir þessu máli áður en það verður samþykkt hér. Og hann þarf ekki aðeins að kynna sér þetta með flóabátana, hann verður að gefa svör um það hvaða afleiðingar þetta muni hafa á innanlandsflugið.

[20:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er kannski ekki undrandi á þeirri miklu áherslu sem hv. 1. þm. Austurl. leggur á það að ekki megi skírskota til fortíðar í sambandi við samgöngumál eða fjármál og má vera að hann sé með því að draga athyglina frá þeirri staðreynd að við sitjum auðvitað í samgöngumálunum uppi með feykilega þungar byrðar frá fortíðinni. Það er alveg þýðingarlaust fyrir hv. þm. að vera að tala hér eins og það skipti ekki máli. Alveg þýðingarlaust. Ég hef gert mjög glögga grein fyrir því hvað eftir annað hvernig þau mál standa. Ég hef einnig gert alveg glögga grein fyrir því hvernig málefni flugsins standa. Auðvitað er það rétt. — Þetta er í fyrsta lagi ekki nýtt ástand. Í öðru lagi hefur það komið fram, bæði í þessum ræðustól og annars staðar að ég hef af því þungar áhyggjur að hluthafar í Flugleiðum muni endurskoða hug sinn gagnvart því að láta utanlandsflugið bera uppi þann mikla halla sem er á innanlandsfluginu. Það hefur af þessum sökum komið upp sú rödd innan félagsins hvort rétt kunni að vera að skipta félaginu í tvennt. Við getum líka velt því fyrir okkur hvort vera megi að unnt sé að ná fram meiri hagræðingu í innanlandsfluginu því að vitanlega skipta vegirnir verulegu máli um þann fjölda sem með því fer. Ég get tekið dæmi af flugvöllum eins og á Sauðarkróki í því samhengi en eins og nú horfir eru verulegar líkur á því að jarðgöng kunna að koma undir Hvalfjörð og gefur þá auga leið að mjög muni fækka þeim sem með slíku flugi fara.

[20:33]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega ekki frambærilegt fyrir hæstv. samgrh. að láta í það skína að vegna þess að ríkissjóður hafi einhverja bagga frá fortíðinni þá verði þetta bara að fara svona. Ég veit ekki betur en að hæstv. samgrh. hafi lagt það til og skuldbundið ríkissjóð um eins og 3,5 milljarða fram í framtíðina að því er varðar Vegasjóð. Ég er út af fyrir sig ekki að gagnrýna hann fyrir það, en ég man ekki betur en að þingmenn Sjálfstfl. gengju hér fram að því er varðaði kaupin á Herjólfi og fleira. Ég varð ekki var við andstöðuna hjá þeim í því máli. Og þeir sem voru að reyna að spyrja spurninga í þeim málum voru ekki hátt skrifaðir á Alþingi. Ég man ekki eftir andstöðu hv. þm. í því sambandi. Ég man ekki betur en hann hafi sótt mjög fast ýmsar samgöngubætur í sínu kjördæmi í gegnum tíðina og gert lítið úr hæstv. fyrrv. samgrh. í því sambandi. Þannig að ég held að það væri hæstv. samgrh. mest sæmandi að hætta þessu tali og snúa sér að þeim verkefnum sem blasa við honum og sinna þeim og líta til framtíðarinnar en líta ekki alltaf aftur fyrir sig og láta svo allt saman fara í tóma vitleysu. Auðvitað verður hæstv. samgrh. að svara fyrir þær ákvarðanir sem hann hefur forustu fyrir — hann hefur forustu fyrir því að leggja sérstakan skatt á ferðaþjónustuna sem mun sennilega draga mjög úr henni, hann hefur forustu um það að leggja sérstakan skatt á dreifbýlið, sérstakan skatt á flugið — hæstv. ráðherra á að segja til um það hér á Alþingi hverjar eru afleiðingarnar en vera ekki alltaf að líta til baka. Hann má það mín vegna en ég óska þess helst að hann sinni sínu verkefni og sinni því sem hann á hér að fjalla um.

[20:35]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég segi eins og hv. þm. að hann má svo sem mín vegna skorast undan því að bera ábyrgð á því sem hann gerði sem ráðherra í síðustu ríkisstjórn. Það liggur alveg ljóst fyrir að það skip og sá samningur sem var undirskrifaður tveim eða þrem dögum fyrir síðustu kosningar vegna Herjólfs var ekki á ábyrgð Alþingis. Það lágu fyrir ákveðnar heimildir í

lánsfjárlögum um það hversu mikla fjármuni væri heimilt að veita til kaupa á nýjum Herjólfi. Það var hins vegar ekki gert ráð fyrir einni einustu krónu á fjárlögum til stofnkostnaðar vegna þess skips og með samningnum farið langt, langt fram yfir heimildir Alþingis eins og hv. þm. á að vera kunnugt vegna þess að hann sat sjálfur í fjárhags- og viðskiptanefnd á þeim tíma þegar viðbótarheimilda var aflað. Það þýðir ekki neitt að koma upp í ræðustól, vera að hvessa sig og látast vera saklaus eins og englabarn í þessum efnum. (Gripið fram í.) Ég skal tala um það sem hv. þm. talaði um og kannski í sömu röð, fyrr má nú vera ef maður má ekki tala um það í sömu röð og þingmaðurinn. (Gripið fram í.) Ég sé að fyrrv. samgrh. er líka orðinn svolítið órólegur og má vera að það sé skiljanlegt. (**SJS:** Nei, ekki mjög.) Mér sýnist það á honum að hann sé farinn að roðna í vanganum. (Gripið fram í.)

Um ferðamálin vil ég svo segja að ef við horfum til þess hvaða breyting hefur orðið hér í þjóðfélaginu þá efast ég um að það sé rétt að ferðakostnaður fyrir erlenda ferðamenn hafi hækkað hingað til landsins. Það er búið að lækka verulega álögur á atvinnurekstrinum með margvíslegum hætti. Það er alveg ljóst að þeir erfiðleikar sem t.d. hótel úti á landsbyggðinni og ýmsir eiga nú í er ekki vegna þess virðisaukaskatts sem á að leggjast á þessa starfsemi á næsta ári, svo mikið er a.m.k. víst.

[20:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Frammistaða hæstv. samgrh. hér er svo kostuleg að engu tali tekur. Nú kemur hæstv. ráðherra hér upp og hefur sér það helst til málsvarnar að hann hafi verið erlendis þegar lagðir voru skattar á hans atvinnugrein eða málefni sem undir hann heyra og hann hafi ekki haft hugmynd um það, þess vegna hafi hann nú beðið um það að þetta verði athugað af fjmrn. Það er út af fyrir sig hægt að lofa samgrh. fyrir hreinskilnina en það er það eina sem hægt er að mæla bót í hans frammistöðu hér. Auðvitað er það þannig að það er ömurlegt að sitja uppi með hæstv. samgrh. fyrir eina þjóð sem er alltaf í fortíðinni. Hæstv. ráðherra virðist halda að hann sé samgrh. á árinu 1986 eða 1990 eða eitthvað svoleiðis, hann hefur ekki hugmynd um þau verkefni sem liggja fyrir í samgrn. á árinu 1993. Það er honum alveg óviðkomandi og hvort innanlandsflugið lifir eða deyr, hvernig verður með ferjurekstur á næsta ári, það er ekki aðalatriðið. Nei, að velta fyrir sér hlutum sem gerðust 1986 eða 1984 eða 1990 eða 1991, það eyðir allri hans orku. Þetta er auðvitað ekki nógu gott. Manni detta í hug ítölsku skriðdrekarnir sem voru sagðir með miklu stærri afturglugga heldur en framrúðu og einn gír áfram og tíu afturábak. Hæstv. samgrh. er ráðherra af því tagi. Það mætti helst líkja honum við ítalskan skriðdreka sem fer meira aftur á bak en áfram.

Ég vil að lokum segja það um innanlandsflugið af því að það fannst mér ekki koma fram í þessari umræðu og samgrh. svaraði því auðvitað engu, að innanlandsflugið er meira en Flugleiðir. Innanlandsflugið er líka svæðisflugfélögin sem hafa ekki ábatasamar leiðir í millilandaflugi til að bera sig uppi. Og það er auðvitað alveg ljóst að fyrir veik flugfélög eins og Flugfélag Austurlands og Ernir sem hafa átt í erfiðleikum, getur þetta vel orðið náðarhöggið og fyrir ferðaþjónustuna víða úti um landið. Hæstv. samgrh. er að leggja skatt á ferðaþjónustuna upp á 550 millj. kr. á næsta ári samkvæmt þeim gögnum sem fyrir liggja, viðbótarskatta, og afnám aðstöðugjalds og lækkun tryggingagjalds er ekki nema brot upp í þessa tölu.

[20:39]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýt að láta í ljós undrun mína á því að hér skuli koma upp hver þingmaðurinn á fætur öðrum og tala um hina sömu hlutina. Ég hef gert mjög rækilega grein fyrir því hver staðan er í innanlandsfluginu. Ég hef gert grein fyrir því að ég hafi undir öðrum kringumstæðum látið í ljósi áhyggjur mínar af því að það kunni að fara svo að það fari að þyngjast þar undir fæti af ýmsum ástæðum, m.a. vegna þess að samgöngur almennt hafa batnað á landi og ég hef líka látið í ljósi áhyggjur mínar yfir því að fjárveitingar sem hafa farið m.a. í flugvallargerð hafi verið illa grundaðar. Það er á hinn bóginn mjög undarlegt þegar málefni eins og þessi ber á góma að vera að mála skrattann á vegginn og láta eins og það sé einhver óvissa um það t.d. hvort staðið verði undir rekstri ferjubáta. Hitt er eðlilegt í sambandi við afgreiðslu fjárlaga hverju sinni að tekið sé tillit til þeirra lagabreytinga sem fyrirhugaðar eru af stjórnarmeirihlutanum. Þegar ég kom hér á þennan fund þá hafði ég ekki upplýsingar um það hvaða áhrif þessi sérstaka lagagrein hafði á það sem hér var spurt um. Og er það einhver ókurteisi eða röng framkoma af stjórnmálamanni eða ráðherra að skýra þinginu frá því að hann sé að afla þeirra nauðsynlegu gagna sem þurfi og muni láta þau í té? Ég get ekki skilið að slíkt sé óeðlilegt. Ég hefði á hinn bóginn talið miklu eðlilegra að þetta mál hefði verið rætt og reifað í fjárln.

[20:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rangt að hæstv. samgrh. hafi verið gagnrýndur hér fyrir það að greina satt og rétt frá því að hann hefði ekki allar upplýsingar og hefði ekki vitað af málinu. Ég tók það einmitt skýrt fram að það væri það eina sem hefði verið í lagi í frammistöðu hæstv. ráðherra, það var sú hreinskilni og hana tek ég gilda. Ég ætla þess vegna ekki að fara að óska eftir því t.d. sem mér hafði komið í hug, hvernig mundu sundurliðast eða reiknast í þessu sambandi annars vegar rekstrarstyrkir og hins vegar stofnstyrkir og hvort það hafi áhrif í þessu sambandi að hæstv. ráðherra hefur nú velt þessu yfir á Vegagerðina sem á að taka þetta á sig án þess að fá aukna tekjustofna á móti. Skiptir þá máli sú breyting sem verður þegar Vegagerðin yfirtekur þennan rekstur í staðinn fyrir að áður kom þetta beint af fjárlögum? Auðvitað var það augljóst mál að rekstrar- og stofnstyrkir sem koma af fjárlögum ríkisins og voru svo skattlagðir í ríkissjóð aftur var náttúrlega út og inn úr sama vasanum. En nú er þetta Vegasjóður með sjálfstæða tekjustofna og það kann að flækja mál-

in nokkuð. Verða þá Vegasjóði lagðir til úr ríkissjóði sambærilegir fjármunir og virðisaukaskattinum nemur á þessa styrki eða verður þetta enn til þess að skerða tekjumöguleika Vegasjóðs? Þetta eru spurningar sem eðlilegt er að bera fram en í ljósi þess að hæstv. samgrh. hefur í hreinskilni játað og viðurkennt að hann hafi ekki vitað um þetta mál, hafi verið erlendis þegar það var ákveðið að skella þessu á og hafi ekki þessar upplýsingar þá skal ég sætta mig við það hvað þetta snertir að bíða eftir þeim svörum. En orðaskiptin við hæstv. samgrh. sem á að heita yfirvald samgöngumála í landinu um hin pólitísku atriði og hluti eins og framtíð innanlandsflugsins eru auðvitað á réttum stað vegna þess að það er verið að tala um íþyngjandi aðgerðir gagnvart þessum rekstri, stórkostlega íþyngjandi aðgerðir, og flugfélögin hafa upplýst að þetta kosti 8–10% í útgjöldum ofan á fargjaldaverðið, hvort sem þau taka það á sig í formi aukins rekstrartaps eða hækka sem því nemur fargjöldin og auðvitað hlýtur það að enda þar að lokum sem sérstakur skattur á það fólk sem notar þessa þjónustu og það er ranglátt.

[20:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hálfundarlegt að fyrrv. samgrh., hv. 4. þm. Norðurl. e., skuli vera að láta hér svo sem hann hefði gert Alþingi grein fyrir því hver væri fjárhagsstaða flóabáta meðan hann var samgrh. Það var nú síður en svo. Það lágu aldrei fyrir raunhæfar áætlanir um flóabáta í hans tíð sem samgrh. Það var ekki greitt af lánum sem höfðu verið tekin og lágu uppi í Ríkisábyrgðasjóði og þess var vandlega gætt frá einu ári til annars að reyna að draga upp falska mynd af ástandinu í þeim efnum.

Það sem ég sagði hér var það að ég skýrði frá því að ég hefði ekki upplýsingar um það hvaða áhrif þessi lagagrein hefði á rekstrarstöðu ferja og flóabáta. Ég man ekki eftir því þegar hv. 1. þm. Austurl. var hér í ríkisstjórn og skattafrumvarp var lagt fram að Alþingi hafi samtímis verið gefin nákvæm útlistun á því hvaða áhrif hvert einstakt atriði þeirra skattalaga hefði á einstaka tekjuliði fjárlaga, svo ég taki dæmi. Þannig að það sem ég er að tala um er að það er auðvitað eðlilegt þegar mál koma fyrir þingið að einstakir ráðherrar geri þingnefndum og öðrum grein fyrir því hvaða áhrif þau hafa á fjárlögin þegar svo hittist á að verið er að afgreiða fjárlög í sömu svifum og frumvörpin eru lögð fram. Þess vegna get ég alls ekki skilið það þegar stjórnarandstæðingar eru hér að hneykslast á vinnubrögðum af því tagi. Þvert á móti ættu þeir, eins og þeir raunar öðrum þræði gera, að láta í ljósi þá skoðun að það væri kannski gagnlegt að fá upplýsingarnar.

[20:46]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það verður að segjast eins og er að þetta er heldur raunaleg umræða og hefur verið það í allan dag. Það er alveg með hreinum ólíkindum að verða var við það hvernig stjórn ríkisfjármála fer fram í landinu. Á sama tíma og verið er að berja saman fjárlög, afgreiða fjárlög íslenska ríkisins, þá veit enginn nokkurn skapaðan hlut um hvernig þau koma til með að líta út. Bara svo dæmi sé tekið þá er búið að básúna hér hundruð milljón króna sparnað í sjúkrahúskerfinu í Reykjavík. Ef menn fletta upp í frv. til fjáraukalaga sem liggur á borðum hv. þm. núna þá er raunar verið að biðja um 200 millj. til þessara sömu sjúkrahúsa þannig að það fer að saxast á sparnaðinn þegar upp er staðið. Þannig er þetta allt og það sem merkilegt er í öllu þessu er að það spyr enginn fyrst: Hvernig lífi ætlum við að lifa í þessu landi? Á hvað ætlum við að leggja áherslu? Heldur er alltaf talað um fjárlagahallann sem er jú á ellefta milljarð og sennilega raunar miklu meiri því að ýmislegt hefur gleymst að færa þar inn, svo sem framlag til Landsbanka Íslands upp á 2 milljarða og 4 milljarða sem lagðir voru á í tekjuskatt á yfirstandandi ári þó það ætti svo að heita að það gengi til sveitarfélaganna í stað aðstöðugjalds.

En það er svo sannarlega ekki hæstv. samgrh. einn sem veit ekkert hvað hann er að leggja fram. Vitaskuld er það með ólíkindum að ráðherra ríkisstjórnar sem er að leggja fram skattafrumvarp skuli standa hér og segja: Ég vissi ekki að þetta hefði einhver áhrif. Það vill bara svo til að það er u.þ.b. hálfur milljarður. Það er ekki hægt, frú forseti, að bjóða nokkru þjóðþingi upp á annað eins og þetta.

Það skyldi nú aldrei vera að hv. þingflokksformaður Alþfl., hv. 4. þm. Reykn., hafi kannski ekki alveg getað verið fullviss um að allir hv. þm. Alþfl. hafi vitað hverju hún var að lofa í dag. Þetta er með hreinum ólíkindum, frú forseti, hreinum ólíkindum. (Gripið fram í.) Kvöldið er ungt, hæstv. ráðherrar og frú forseti. — Ef úthluta skal fjármunum er ekki óeðlilegt að menn geri sér einhverja grein fyrir hvaða áhrif það hefur og til hvers á að nota þetta fjármagn. Hér er verið að leggja fram haug af lagafrumvörpum sem tilheyra hinum ýmsu ráðuneytum og hinum ýmsu lagabálkum og það kemur í ljós að fólk hefur ekki hugmynd um hvaða áhrif þetta kemur til með að hafa. Það er kannski dálítið dæmigert fyrir þessa hæstv. ríkisstjórn sem við búum við að þegar talið berst að því að það geti vel verið að skattlagning sem þessi kunni að ganga að innanlandsfluginu dauðu — af hverju hefur hæstv. samgrh. áhyggjur? Ekki fólkinu sem þarf að flytjast um þetta erfiða land. Nei, hann hefur mestar áhyggjur af hluthöfunum og hvort það þurfi kannski að skipta þessu félagi í tvennt. Þar liggja áhyggjurnar. En það skyldi aldrei vera að hagsmunir hluthafanna og fólksins sem notar flugsamgöngur í landinu kynnu að liggja saman að einhverju leyti þó það sé kannski misvægi þar á? Og það eru sérkennileg rök að svolítið betri vegir eigi að verða til þess að eyðileggja flugsamgöngur í landinu. Það vill nú til að það eru harla langir vegir í þessu landi, hversu góðir sem þeir kunna að vera, fyrir utan það öryggi sem er af góðum flugsamgöngum, en þetta ætti ekki að þurfa að segja hæstv. samgrh.

En það spyr heldur enginn: Af hverju er þessi fjárlagahalli? Af hverju stafar hann? Hann stafar ekki af því að hinn almenni borgari sem greiðir sína skatta og

skyldur til samfélagsins með staðgreiðslu skatta, hafi ekki staðið í skilum. Það er ekki það sem er að. Ég hef haft liggjandi hér frá fjárln. í allt sumar og sem þingskjal frá því í byrjun þings fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um kostnað, um tap íslenska ríkisins og opinberra stofnana vegna gjaldþrota. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvers vegna í ósköpunum get ég ekki fengið þessi svör?

Á fundi með fjárln. í sumar þar sem hæstv. fjmrh. var staddur sjálfur spurði ég hann hvort þetta þyrfti að taka langan tíma. Það taldi hann alls ekki. Þetta lægi allt fyrir. Hvers vegna er þá ekki skriflegri fsp. sem hér hefur legið fyrir í tvo mánuði eða lengur svarað? Ég vildi gjarnan fá skýringu á því hjá hæstv. ráðherra. Það skyldi þó aldrei vera að það væri óþægilegt að sjá þær tölur á blaði. Það skyldi aldrei vera að verulegur hluti erfiðleika okkar Íslendinga stafi af þessu? Þetta eru ekki gjaldþrot einstaklinga, þetta eru gjaldþrot fyrirtækja, eins og hv. 6. þm. Vestf. sagði raunar í dag, réttilega. — Nú vildi ég helst að hæstv. fjmrh. heyri mál mitt. (**Fjmrh.:** Já, já.)

Það má segja að það sé alltaf auðvelt að gagnrýna og það er auðvitað hárrétt að það er ekki haus eða hali hvorki á fjárlagagerðinni né þessum frumvörpum sem hér liggja fyrir og þeim tillögum sem í þeim felast. En það gæti verið að það mætti spyrja ráðherrann hvort engum hefði dottið í hug að einfalda þetta kerfi ofurlítið og gera hlutina betur. Öll þekkjum við að ungir foreldrar eru að fá mörg skjöl, oft á ári, rúmar 1.100 kr. með einu barni í barnabætur. Hefur engum manni dottið í hug að hafa persónuafslátt á börnunum og afgreiða þetta um leið og álagning fer fram? Nú er ég bara að bjóðast til að gefa hæstv. fjmrh. góða hugmynd. Ég held að það sé varla pappírsins virði að vera að senda 1.100 kr. þrisvar eða fjórum sinnum á ári til íslenskra fjölskyldna. Ég get ekki ímyndað mér að það væri ekki auðveldara að gera þetta á annan hátt. Hæstv. félmrh., sem núna er náttúrlega floginn, er sí og æ að staglast á því að einhvern tímann komi að því að menn fái húsaleigubætur, sem ég get hugsað mér að komi í þessu formi, á mörgum blöðum og dýrum umslögum, frá 600 kr. upp í 2.500 kr. eða eitthvað svoleiðis. Er ekki hugsanlegt að einhver hluti húsaleigu verði frádráttarbær frá skatti og þetta verði afgreitt við álagningu? Hvers vegna í ósköpunum er verið að eyða öllu því fjármagni á hverju einasta ári til að umturna þegar allt of flóknu kerfi með tilheyrandi kostnaði? Og í það aumingja vesalings fólk sem fær það í hendur að afgreiða þetta í tölvukerfunum sínum. Menn geta séð þetta fyrir sér núna nái þessi vitleysa sem hér liggur fyrir fram að ganga. Hver ætli krafan sé svo? Þetta verði afgreitt fyrir áramót og menn vinni daga og nætur við allar tiltækar tölvur til þess að koma þessu inn í kerfin. Er virkilega þörf á að hafa þetta svona flókið? (**JGS:** Þetta heldur uppi atvinnunni.) Það getur verið að það haldi uppi atvinnu en það væri nær að sú ágæta atvinna og yfirvinna nýttist á einhvern arðbærari hátt en þetta.

Ég vil aðeins að lokum, frú forseti, minnast á það að hér höfum við verið allt þetta ár að leggja álögur á íslenskt fólk, launþega þessa lands, í heilbrigðiskerfinu, í skólakerfinu, í námslánakerfinu, í skattakerfinu, æ meiri álögur á öllum sviðum. Væri ekki ráð að vera heiðarlegur eins og hæstv. samgrh. og segja upphátt þegar hæstv. ríkisstjórn er spurð um hvað sé búið að íþyngja þessari þjóð síðan þessi ágæta hæstv. ríkisstjórn tók við: Við vitum það ekki. Þeir mundu segja það vegna þess að það er sannleikurinn. Hitt er annað mál að það er hægt að komast að þessu og það væri kannski nær að setja einhverja menn í eftirvinnu við það að komast að því hvaða álögur er búið að leggja á íslensku fjölskylduna síðan þessi ríkisstjórn tók við í skertum almannatryggingum, í auknum lyfjakostnaði, auknum sjúkrahússkostnaði, auknum skólakostnaði, auknum kostnaði við framhaldsnám og svo framvegis í það óendanlega. Allt sem hæstv. ríkisstjórn segir um íþyngingu í velferðarkerfinu er rangt og það er fyrst og fremst rangt vegna þess að það hefur ekki verið athugað og hún veit það ekki og það kemur hvað eftir annað fyrir að starfsmenn ráðuneytanna koma til viðtals í fjárln. að beiðni fjárlaganefndarmanna og hafa ekki hugmynd um hvað þeir eru að tala. Fyrir hefur komið að fjárlaganefndarmenn hafa verið betur upplýstir um ýmis mál en þeir sem eru að leggja málin fram.

Ég held að einhvers staðar verðum við að staldra við áður en í fullkomið óefni er komið.

Að lokum vegna þess að þegar menn eru að tala um einhver hundruð milljóna í skattsvikum. Hér er ég með fyrir framan mig endurskoðun ríkisreiknings 1992 og hér stendur á bls. 58, með leyfi hæstv. forseta:

„*Í niðurstöðum skýrslu fjármálaráðuneytisins, Umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim,* kemur fram að sennilegt tap ríkis og sveitarfélaga á árinu 1992 vegna skattsvika og ofáætlaðs innskatts sé um 11 milljarðar kr. Þetta eru um 9% af heildarskatttekjum ríkissjóðs."

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Ætlum við að halda áfram þessa götu? Ég nenni ekki að láta segja mér að þetta hafi verið byrjað þegar einhver önnur ríkisstjórn var. Það skiptir mig ekki hinu minnsta máli. Aðalatriðið er að við tökum á þessum skelfilegu málum af einhverri ábyrgð og það sé eitthvert samhengi milli allra þeirra frumvarpa sem hér eru lögð á borð, frv. til lánsfjárlaga, breytinga á þeim, frv. til fjárlaga og frumvörpum sem fela í sér umtalsverðar breytingar á þeim fjárlögum sem við erum að skila til 2. umr. löngu áður en nokkur von er til þess að þau verði eins og við munum sýna þau við 2. umr.

[20:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru einungis þrjú atriði. Fyrsta er það um virðisaukaskattinn. Það stendur svo á nú að landbrn. er að standa skil á virðisaukaskatti sem gjaldféll í tíð síðustu ríkisstjórnar af því að ekki hafði verið ráð fyrir því gert í fjárlögum á þeim tíma og ekki var skilningur á því.

Þegar ég er að tala nú um ferjur og flóabáta þá er verið að velta því fyrir sér hvernig fjárlög skuli upp sett. Ef breytt lögum með þeim hætti að það ber að gjaldfæra virðisaukaskatt hjá samgrn. þá rennur auð-

vitað sá hinn sami virðisaukaskattur inn í ríkissjóð og hefur þess vegna ekki áhrif á heildarútgjöld, til þess að það sé leiðrétt.

Í öðru lagi held ég að það sé alveg nauðsynlegt að fram komi, úr því að hv. þm. er það ókunnugt, að það hefur fallið niður áætlunarflug á ýmsa flugvelli vegna þess að vegir og samgöngur hafa batnað á landi. Ég nefni sem dæmi Stykkishólm, ég nefni Blönduós, ég nefni minna flug en áður til Kópaskers, minna flug en áður á Raufarhöfn. Ég get talað um Bakkafjörð og þar fram eftir götunum. Menn velta því mjög fyrir sér hvaða áhrif það muni hafa ef jarðgöng koma undir Hvalfjörð vegna Sauðárkróks o.s.frv. Þannig að það er auðvitað beint samhengi á milli samkeppni milli flugs og samgangna á landi.

Í þriðja lagi vil ég taka það fram eins og ég sagði áðan að þá hef ég ekki í höndum úttekt á því hvaða áhrif virðisaukaskattur á flug muni hafa. Ég sagði það áðan að það virðist sem ýmsir aðrir hafi glöggar upplýsingar um það sem ég hygg að þeir þó ekki hafi. Það liggur fyrir að flugið mun ekki hækka til fyrirtækja eða manna sem standa fyrir atvinnurekstri en á hinn bóginn kemur það á móti að afsláttarfargjöld hafa verið gefin út með margvíslegum hætti til að koma til móts við launþega sem fljúga milli landsfjórðunga. Þannig að þau fargjöld eru í mörgum tilvikum mun lægri en áður var og þekktust fyrir nokkrum árum og kemur það auðvitað ríkisstjórnum ekki við hvaða ríkisstjórn er við völd.

[21:01]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað alveg ljóst að samkeppni milli flugs og ferða á landi er næstum vonlaus vegna þess að flug á Íslandi er alveg óguðlega dýrt. Fólk hefur engin efni á að borga 13.000 eða 14.000 kr. fyrir að skreppa til Reykjavíkur austan af landi eða norðan úr landi. (**Gripið fram í:** Það kostar 16.000 kr.) Eða 16.000, það er leiðrétt hér. Það segir sig auðvitað sjálft að slík samkeppni er algjörlega vonlaus og við þessu verður auðvitað að bregðast. En ég held að það sem hæstv. samgrh. sagði sé ósköp mikið til hliðar við það sem ég var að tala um áðan. Það sem er svo átakanlegt í öllum þessum aðgerðum ríkisstjórnarinnar er að það er engin heildarsýn yfir samfélagið. Þessi hæstv. ríkisstjórn hefur ekki grun um hvað hún er búin að gera fólki í þessu landi. Hún er búin að rýra kjör fólksins svoleiðis að með ólíkindum er og hún hefur ekki hugmynd um það. Það er mergurinn þess máls sem ég var að reyna að segja. Það er nefnilega ágæt regla að byrja á því að gera sér grein fyrir því hvað maður ætlar að gera við peningana áður en maður fer að eyða þeim.

Og til hæstv. fjmrh. skal ég segja þetta: Ég hef setið einungis tvö ár í fjárln. Alþingis en það er satt að segja skelfileg lífsreynsla og ég hef margsinnis sagt við félaga mína þar að ég væri fús til að hjálpa hæstv. fjmrh. að skera fjárlögin umtalsvert niður og nota það fé sem þar með sparaðist til betri og arðvænlegri og arðbærari hluta.

[21:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst að hæstv. fjmrh. ætti að taka þingmanninn á orðinu, ég veit að hann er röskur til verka þegar hann tekur sig til. Um hitt vil ég segja að auðvitað er það rétt ef greitt er fullt fargjald milli Norðurlands og Suðurlands eða Austurlands og Suðurlands, þá eru ekki þessi svokölluðu Apex-fargjöld eða afsláttarfargjöld í gildi. En eftir þeim upplýsingum sem ég hef þá eru þau rétt ríflega helmingur fulls fargjalds þannig að við erum auðvitað að tala um miklu, miklu lægri fjárhæðir. Ég skal ekki um það segja hvort afsláttarfargjald fram og til baka til Akureyrar kosti um 7.000 kr. ef pantað er með einhverjum fyrirvara, þriggja eða fjögurra daga fyrirvara. Ég man þetta ekki. Þannig að við erum að tala um lægri fargjöld en var mögulegt að fá fyrir nokkrum árum.

Ég vil líka að það komi alveg ljóst þegar við tölum um innanlandsflugið að ef um beint innanlandsflug er að ræða í framhaldi af flugi milli landa þá leggst þessi virðisaukaskattur ekki á, þannig að það er algjörlega ljóst að flugfélögin fá endurgreiddan innskatt sem þau ekki fengu áður, fyrirtæki sem eiga viðskipti við flugfélögin geta fengið virðisaukaskattinn endurgreiddan. Það liggur fyrir að flugfélögin hafa tekið upp afsláttarfargjöld sem koma launþegum eða þeim aðilum sem ekki eru með virðisaukaskattsnúmer til góða þannig að þetta er í báðar áttir. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að vegna þess að Flugleiðir eru hlutafélag þá hef ég áhyggjur af því hversu lengi Flugleiðir og önnur flugfélög einnig hér á landi geta haldið uppi þjónustu sem þau nú gera. Við vitum að það hefur verið nauðsynlegt að hlaupa undir bagga hjá flugfélögum úti á landi, bæði á Austurlandi og Vesturlandi, og kemur það auðvitað ekki því við sem við erum að tala um í framtíðinni.

[21:06]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekkert að því að hafa áhyggjur af hluthöfum sínum. Við erum hins vegar sum í hlutafélagi allra Íslendinga og það er hlutverk okkar hér að hafa áhyggjur af þeim hluthöfum, hluthöfum skólakerfisins, heilbrigðiskerfisins, vegakerfisins og þeirra sem eiga hlut í því sem við öll höfum unnið fyrir í sameiningu. Um hina hluthafana hirði ég minna, af einhverjum ástæðum virðist stóra hlutafélagið okkar allra ævinlega standa sig best.

[21:06]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka þátt í þessari umræðu en ræða hæstv. samgrh. áðan gekk svo fram að mér að ég get ekki orða bundist. Hann leyfir sér úr ræðustól að tala um fortíðarvanda í samgöngumálum. Það er verið að velta þriggja og hálfs milljarðs króna framkvæmdum í vegamálum yfir á framtíðina og það fæst ekki upplýst einu sinni hvenær eða hvort á að borga af þessum lánum og hvenær á að hefja þessar afborganir. Það liggur ekkert fyrir hvort það á að velta því yfir á næstu ár eða borga þetta eftir aldamót eða hvenær það verður. Svo leyfa menn sér

að koma hér upp og ásaka fyrrv. ríkisstjórn fyrir framkvæmd samgöngumála. Þetta er alveg ótrúlegt og ekki batnar það þegar farið er að tala um flugið.

Við höfum hér upplýsingar um þá skoðun flugfélaganna að þeir útreikningar á innskatti sem liggja til grundvallar þessari ákvörðun séu kolrangir og ég vildi hvetja hæstv. fjmrh. til þess að láta sína menn taka upp þá útreikninga aftur. Ég veit að það verður gert í efh.- og viðskn. sem fær þetta mál til meðferðar. Og að bera það hér á borð að göng undir Hvalfjörð séu einhver lausn í þessu virðisaukaskattsmáli á flugfargjöld, að göng undir Hvalfjörð muni leysa þetta flug af. Það er mjög skemmtilegt fyrir okkur á Austurlandi að horfa upp á þá framtíð að þurfa að keyra hingað suður í sex, átta, níu eða tíu tíma (**Gripið fram í:** Og undir Hvalfjörð.) þegar flugið verður lagt niður, sem er ekkert fjarlægur möguleiki.

Ég hef einnig heyrt þær raddir að það sé enginn möguleiki að bregðast við þessu ef farþegafjöldinn hrynur saman í kjölfarið á þessari skattlagningu með öðrum hætti en að hætta að reka þessar dýru Fokkervélar og selja þær. Ég held að hæstv. samgrh. ætti að fara að taka upp viðræður við Flugleiðir um þetta atriði. Hann mundi vafalaust heyra þessar raddir fljótlega vegna þess að flugið þolir ekki hærri skattlagningu. Þessir farmiðar eru þegar of dýrir og það er náttúrlega alveg út í hött að halda því fram að Apex-miðar, sem eru fáanlegir, og sérstök afsláttarfargjöld leysi þennan vanda.

Þá hefur ferðaþjónustu yfirleitt borið á góma og skattlagningin á hana. Þetta er talin sú atvinnugrein sem er mestur vaxtarbroddur í hérlendis ef rétt er á haldið. Ferðir til Íslands hafa farið mjög hækkandi að undanförnu, þær eru afar dýrar. Það þarf ekkert annað en að tala við markaðsmenn í ferðamálum, sem hafa verið að selja ferðir í Evrópu, til að sannfærast um að þær eru mjög dýrar miðað við aðra ferðakosti. Hvað gera þessir markaðsmenn ef ferðirnar hækka og eru óhagkvæmar miðað við aðrar ferðir? Þeir stytta ferðirnar. Þeir stytta hálfsmánaðarferð ofan í vikuferð, taka fólkið í gegnum Keflavík og það leiðir það af sér að það þarf að fella heila landshluta út úr ferðaáætlunum vegna þess að ferðirnar eru svo dýrar.

Þetta er staðreynd þar sem ég þekki til á Austurlandi. Þetta eru staðreyndir sem hægt er að kynna sér ef menn hafa nokkurn hug á að kynna sér málin yfirleitt.

Ég ætla ekki að taka upp almenna umræðu um skattamál, það hefur verið rakið í dag af þeim ræðumönnum sem hafa talað á undan. Það hefur verið rætt í dag hvort skattlagningin hafi vaxið eða minnkað. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram, það er ástæða til þess að kanna það grannt hver skattlagning þessarar ríkisstjórnar er í raun og veru og þá má ekki gleyma hinum svokölluðu þjónustugjöldum sem eru í raun ekkert annað en skattlagning og úir og grúir af um allt fjárlagafrv. nú eins og áður og nemur gríðarlegum fjárhæðum. Svo er náttúrlega góð ábending hæstv. samgrh. um að flugfargjöld muni ekki hækka til fyrirtækja. Það gefur mönnum náttúrlega tóninn um það að einstaklingar eigi að ýta öllum flugfargjöldum sem þeir geta yfir á fyrirtæki sín til þess að fá innskattinn endurgreiddan. Þetta er sannkölluð hringavitleysa, allt þetta frv. sem hér er, og það má undrun sæta að menn skuli kinnroðalaust standa og halda slíkar ræður sem hér hafa verið haldnar í kvöld um þetta mál af hæstv. ráðherra.

[21:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir alltaf gott þegar hv. þm. Jón Kristjánson kemur í ræðustól. Á hinn bóginn get ég ekki skilið hvers vegna hann hneykslast svo mjög á því að lán skuli tekin til samgöngumála. Var ekki komið svo þegar ríkisstjórnin fór frá hin síðasta með þeim skuldbindingum sem hún hafði lagt á ríkissjóð að lán vegna flóabáta voru komin verulega á þriðja milljarð? Var ekki gert ráð fyrir því í vegalögum hjá síðustu ríkisstjórn að jarðgöngin fyrir vestan yrðu fjármögnuð að verulegu leyti með lántökum? Og er ekki svo að hv. þm. skuli vera þakklátur fyrir það þegar farið er í atvinnuaukandi aðgerðir þá skuli þær beinast að því að styrkja vegasambandið, m.a. til Austurlands, milli Norður- og Austurlands og líka til Reykjavíkur til þess að gera Austurland samkeppnishæfara til þess að draga úr kostnaði hjá atvinnufyrirtækjum fyrir austan og til þess að gera það byggilegra og búlegra? Eru það ekki skynsamlegar lántökur, þær arðbærustu sem margir telja? Er verið að finna að því að slíkt skuli vera gert? Mér þykir það satt að segja undarlegt af manni sem er svo gagnkunnugur atvinnumálum austur þar.

Ég vil í annan stað láta í ljósi undrun mína yfir því að hv. þm. skuli gera lítið úr þeirri bragarbót og kjarabóta sem felst í því að Apex-fargjöld skuli líka vera fáanleg innan lands en ekki einungis til annarra þjóða sem er auðvitað mikil bót fyrir launþega. Ég skil raunar ekki hvers vegna ekki má tala um skattafrumvörpin eins og þau eru. Við erum að tala um virðisaukaskatt og hann er frádráttarbær í öllum rekstri eins og þingmenn vita og ég get þess vegna ekki skilið af hverju honum kom svo á óvart að svo skuli einnig vera um ferðakostnað með flugvélum eins og um margvíslegan kostnað annan sem fellur á atvinnureksturinn.

[21:16]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. samgrh. er alveg snillingur í útúrsnúningum. Í gær spurði ég hann kurteislegra spurninga í spurningatíma um Egilsstaðaflugvöll og gat ekki svarað fyrir mig. Þá sagði hann eitthvað á þá leið að ég væri að finna að þeim framkvæmdum sem hefðu verið gerðar á Egilsstaðaflugvelli. Nú segir hann að ég geri líti út því að fólk geti fengið Apex-miða. Ég sé nánast á móti þeim framkvæmdum sem gerðar hafa verið í vegamálum. Þetta er alveg með eindæmum og einkennandi fyrir málflutning hæstv. samgrh. að þegar maður vill eiga við hann málefnalega umræðu þá svarar hann út í hött. Ég var einfaldlega að finna að því að samgrh. leyfir sér að finna að því við fyrrv. ríkisstjórn að t.d. taka lán til að gera Vestfjarðagöng. Það er vondur hlutur ef fyrrv. rík-

isstjórn gerir það, en það er mjög gott að taka lán til þess að gera vegaframkvæmdir ef núv. ríkisstjórn gerir það. Ég var ekki að deila á þessar framkvæmdir, það eru náttúrlega bara útúrsnúningar. En hins vegar finnst mér alveg stórkostlegt ef hluturinn er góður ef þessi ríkisstjórn gerir hann, vondur ef fyrrv. ríkisstjórn gerir hann, þó það sé um nákvæmlega sama hlutinn að ræða.

[21:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. sagði í sinni ræðu áðan þá er það mikið atriði fyrir okkur Íslendinga að okkur takist að reyna að lækka kostnaðinn við það að erlendir ferðamenn komi hingað til landsins. Til allrar hamingju hefur með margvíslegum hætti tekist að koma til móts við ferðaþjónustuna. Þannig að hafa ýmsir skattar verið lækkaðir á fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Breytingin í sambandi við virðisaukaskattinn hefur það m.a. í för með sér í sambandi við hótelbyggingar að stofnkostnaðurinn verður verulega lægri, 20% lægri og munar um minna og má segja að undir sumum kringumstæðum geti það ráðið úrslitum um það hvort út í slíkan rekstur verði farið.

Ég vil líka minna á að þær gengisfellingar sem óhjákvæmilegt var að grípa til, í fyrra og á þessu ári, hafa ekki farið út í verðlagið eins og löngum var áður, þannig að þau kjör eða þeir kostir sem verið er að bjóða upp á eru sambærilegir og hlutfallslega betri en áður hafði verið.

[21:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég hef mjög skamman tíma og ætlaði að reyna að svara örfáum fyrirspurnum, sérstaklega frá hv. 14. þm. Reykv., sem reyndar er ekki í þingsalnum eins og er en væntanlega er von á þingmanninum innan tíðar. Meðan beðið er eftir hv. þm. þá vil ég rétt fjalla um sértekjur því það var rætt um það áðan að skattar hefðu hækkað m.a. í formi sértekna. Sértekjur fara lækkandi og munu lækka á næsta ári og hafa reyndar verið mjög misjafnar frá ári til árs þannig að það er rangt að það sé verið að auka þau þjónustugjöld sem kölluð eru sértekjur.

En máli mínu vildi ég fyrst og fremst beina til þingmanna svörum við ýmsum fyrirspurnum frá hv. 14. þm. Reykv. Hv. þm. flutti hér eina af sínum ræðum um ríkisfjármál og ég vil byrja á því að taka undir það með hæstv. samgrh. að það er auðvitað fagnaðarefni þegar okkur berst sá liðsauki að hv. þm. ætli að ausa úr viskubrunni sínum og hjálpa okkur við að skera niður ríkisfjármálin. Okkur veitir ekkert af slíkri hjálp eins og margoft hefur komið fram í þessari umræðu.

Hv. þm. las síðan úr skýrslunni um endurskoðun ríkisreiknings 1992, sá upplestur var upp úr skýrslu sem fjmrn. lét gera þannig að það er ekkert nýtt um skattsvikamálin og það hefur margoft komið fram í dag þegar við höfum rætt um skattsvikamálin og ég hef staðhæft það, það er ekki hægt að mótmæla því, að engin ríkisstjórn hefur tekið meira á þeim málum en einmitt sú sem nú situr.

Varðandi barnabæturnar og barnabótaaukann þá er það þannig að barnabætur eru greiddar út. Það var grundvallaratriði að þvæla þeim ekki inn í skattkerfið með neikvæðum tekjuskatti eða með því að draga frá tekjuskattinum. Hins vegar er barnabótaaukinn, sem er miklu stærri hluti af þessu tvennu, greiddur út með þeim hætti að hann er dreginn frá sköttum ef um þá er að ræða en mismunurinn kemur síðan til skila. Í mörgum tilvikum er það svo að fjölskyldur með lágar tekjur sem borga enga skatta fá verulega viðbót og ég bendi á í því sambandi að Alþýðusamband Íslands var einmitt að greina frá því um daginn að hjón með 100 þús. kr. tekjur, 2 börn, ef ég man rétt, hafa 117 þús. kr. ráðstöfunartekjur af því að þessi hjón fá mikinn barnabótaauka. Þetta byggist á því að í mörgum tilvikum greiðir þetta fólk ekki skatta. (Gripið fram í.) Ég skal taka undir það að ég hef viljað fella niður barnabæturnar hreint og beint. Mér finnst t.d. dálítið sérkennilegt að fjmrh. séu sendar annað slagið 1.100 kr. en á það hefur verið bent að það sé dálítið stílbrot á þessu kerfi okkar eins og það hefur verið byggt upp.

Fyrirspurn um gjaldþrot verður að sjálfsögðu svarað en það er ekkert einfalt mál því fyrirspurnin er þannig að það er spurt um tjón ríkissjóðs, ríkisbanka og sjóða í eigu hins opinbera, ekki eitt ár heldur 1990, 1991 og 1992 og ekki nóg með það að það eigi að koma einhverjar heildartölur heldur á að sundurliða þetta niður á fyrirtæki. Þannig að það hljóta allir að sjá að það tekur nokkurn tíma að svara fyrirspurninni, en að því er unnið. Ég get því miður ekki á þessari stundu lofað því að það gerist í næstu viku eða þarnæstu.

Loks hefur það stundum gerst í okkar viðræðum, okkar hv. þm. í þingsölum, að við höfum deilt um bókfærsluatriði. Ég ætla ekki að byrja á því en ég vil taka það fram vegna orða þingmannsins að 4 milljarða endurgreiðslan til sveitarstjórnanna helgaðist af því, fór ekki inn sem skattauki eða auknar tekjur í ríkissjóð vegna þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur verið með leiðbeiningar í þessum efnum. Þetta er bráðabirgðaúrræði, þetta eru skatttekjur sem runnu beint til sveitarfélaganna og eftir að hafa þrælskoðað málið var þetta niðurstaðan. Það getur vel verið að Ríkisendurskoðun sé á öðru máli en það skiptir ekki máli. (**GHelg:** Hún er það.) Já, já.

Í öðru lagi, þá veit auðvitað hv. þm. að stuðningurinn við Landsbankann er á þá leið að það er ekki verið að greiða Landsbankanum peninga. Það er verið að leggja inn skuldabréf og það kemur að sjálfsögðu til greiðslu ef það fer út úr ríkissjóði um leitt og greitt er af skuldabréfinu. Þannig að þetta eru gamlar deilur um það hvort það eigi að gera upp fjárlög og fjáraukalög og loks ríkisreikning á reikningsgrunni eða greiðslugrunni. Það hélt ég að ég og hv. þm. vissum að hefur löngum verið deilumál á milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar.

[21:25]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. finnist það ekki skipta neinu máli þó að 2 milljarðar, hvort sem þeir eru í skuldabréfsformi eða einhverju öðru formi, komi hvergi fram. En það vill svo til að

ýmsum finnst að slíkar upphæðir eigi að sjást og þótt lægri séu. Ég veit ekki betur en sú stefna hafi verið uppi höfð upp á síðkastið að bókfæra allar skuldbindingar ríkissjóðs og auðvitað á að færa þessar upphæðir inn og út alveg á nákvæmlega sama hátt og þessi álagning, þó til bráðabirgða hafi verið, til að bæta sveitarfélögunum aðstöðugjaldsmissinn, var í formi tekjuskatts og þá á hún auðvitað að koma sem tekjur vegna álagðs tekjuskatts og síðan þá út sem framlag til sveitarfélaga. Svo einfalt er það. Það getur vel verið að hæstv. fjmrh. telji þreytandi athugasemdir mínar um bókhald, en ég sé ekki hvernig á að stjórna ríkisfjármálum ef bókhaldið er ekki í lagi. Ég heyrði ekki betur í útvarpinu, ég held það hafi verið í gærmorgun, en að nú sé Landsbankinn um það bil að fá greiðslu, 1 milljarð, og lái mér hver sem vill þó ég vilji sá það einhvers staðar í ríkisreikningi og annaðhvort í lánsfjárlögum eða fjárlögum.

Annað held ég að það hafi ekki verið en hæstv. fjmrh. hefur a.m.k. lofað því að sú nefnd sem hefur setið núna mánuðum saman við að reyna að koma einhverju samkomulagi á um bókfærslu íslenska ríkisins og hæstv. ráðherra hefur orðað það svo að bráðum rjúki hinn hvíti reykur, ég ætla að vona að það gerist sem allra fyrsta svo það sé vinnandi í hv. fjárln.

[21:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta skal vera örstutt, ég held að allir þingmenn séu orðnir hundleiðir á þessari deilu. Þessir 2 milljarðar eru að sjálfsögðu færðir sem skuldbindinga íslenska ríkisins eða eignfærsla eftir atvikum á efnahagsreikningi í ríkisreikningi. Það gefur auga leið. En það breytir ekki því að það hefur engin peningagreiðsla átt sér stað. Hún á sér stað þegar greitt er af skuldabréfinu, annað hvort vextir eða afborganir og um leið og það gerist þá færist það í fjárlög því þá er um greiðslu að ræða og hlýtur að koma inn á þeim greiðslugrunni sem fjárlögin eru byggð á. Þetta er ekkert flóknara en það.

Varðandi tekjuskattinn, þá var þetta auðvitað miklu meira en tekjuskattshækkunin því tekjuskattshækkunin í fyrra gaf kannski 2,8 milljarða en greiðslurnar voru um 4 milljarðar til baka, en greiðslurnar voru teknar af sameiginlegri innheimtu og runnu aldrei í ríkissjóð. Það skipti mig satt að segja engu máli hvernig þetta var gert. Ég bað bara um að þetta yrði tæknilega gert með þeim hætti sem eðlilegast væri talið og menn leituðu sér upplýsinga erlendis og hérlendis og niðurstaðan varð þessi. Af einhverjum ástæðum taldi Ríkisendurskoðun að þetta ætti ekki að vera svona, jafnvel þó að þetta væri til bráðabirgða í eitt ár. Nú spyr ég hv. þm.: Telur hv. þm. að það væri gott fyrir stjórn ríkisfjármálanna ef eitt árið skæri sig algjörlega út af bókfærslulegum ástæðum þegar um er að ræða tilfærslu með þessum hætti sem ekki einu sinni kemur inn í ríkissjóð? Auðvitað yrði það til baga því það er auðvitað nauðsynlegt fyrir þá sem stjórna ríkisfjármálunum að geta borið saman útgjöld og tekjur milli ára. Þess vegna er afar brýnt að það var ekki farið í allt aðrar bókfærsluaðgerðir að þessu sinni þótt til bráðabirgða væri farin þessi leið einu sinni.

[21:30]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg greinilegt að skuld, eignafærsla og útgjaldafærslur íslenska ríkisins eru allt öðruvísi en venjulegra heimila. Þar fer ekkert á milli mála að eigandi skuldabréfs er eigandi þess og það telst til eignar og sá sem á að borga af því hlýtur að telja það til skuldar, svo einfalt er það. En ég held að við ættum kannski ekki að eyða tíma í þessa umræðu nú, hún fer fram seinna. En sé hæstv. fjmrh. hundleiður á þessari umræðu þá verð ég, frú forseti, að lýsa því yfir að ég er hundleið á þessari hæstv. ríkisstjórn.

[21:31]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. gat um það í sinni ræðu að sértekjur hefðu lækkað, taldi það nú hæstv. ríkisstjórn til gildis, og ég tel það víst, þó hann hafi kannski ekki sagt það, það er rétt. En ég held að menn ættu að vara sig, og hæstv. ráðherra líka, á að draga of algildar ályktanir þó að þær tölur standi einhvers staðar á blaði. Sértekjur geta nefnilega verið áætlaðar svo háar að fólk hafi ekki efni á því að kaupa þjónustuna. Og ég minnist þess að í skýrslu sem fjárln. fékk frá landlækni, velti hann þessu fyrir sér, hvort einstakir þættir sértekna á sjúkrahúsum hefðu minnkað vegna þess að fólk hefur ekki efni á því að kaupa þjónustuna. Þar er um sérfræðiþjónustu að ræða. Ég held að það væri verðugt verkefni að skoða þennan þátt mjög rækilega, því þetta er mjög alvarlegt mál, ef rétt er.

[21:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að tölur á blaði hafi talsverða þýðingu. Það eru áætlanir í fjárlögunum. En ég vil benda hv. þm. á að það er eitthvað sem hefur skolast til hjá honum. Ég veit ekki hvort það er honum eða landlækni að kenna. En það eru ekki teknar greiðslur inni á sjúkrahúsunum fyrir inniliggjandi sjúklinga. Það eru hins vegar teknar greiðslur hjá utanspítalasjúklingum, þ.e. svokölluðum „ambúlant"-sjúklingum eða göngudeildarsjúklingum, sem fá sérfræðiþjónustu á spítölum, rétt eins og hjá sérfræðingum úti í bæ. Af hverju er það gert? Það er að sjálfsögðu vegna þess að það væri fyllilega óeðlilegt að fólk utan sjúkrahúsa fengi betri kjör þó það gangi til læknis sem hefur aðsetur á sjúkrahúsi og veitir nákvæmlega sömu þjónustu og veitt er af sérfræðilæknum úti í bæ.

Þetta vildi ég taka fram vegna þess að — ég segi því miður — ekki hefur enn þá tekist að koma því upp hér á landi að sjúklingar sem eru lagðir inn á spítala, þeir sem eru jafnvel á fullum launum eða tryggingum, greiði eitthvert lágmark fyrir það að vera lagðir inn á sjúkrahús, til að mynda sérfræðiþjónustu, lyfjakostnað og annað það sem fólk verður að greiða fyrir nákvæmlega sams konar þjónustu úti í bæ hjá sérfræðingum þar eða sem sjúklingar á göngudeildum sjúkra-

húsanna. Þetta vildi ég að kæmi fram með fullri virðingu fyrir bæði hv. þm. og landlækni.

[21:34]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill nú svo til að ég hef hér undir höndum lista yfir smáaðgerðir sem eru greiddar af Tryggingastofnun ríkisins. Þær hafa dregist saman um 23% samkvæmt upplýsingum frá landlæknisembættinu, sem eru frá 23. nóv. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Í febrúar 1993 gengu í gildi nýjar reglur sem auka kostnaðarþátttöku sjúklinga í aðgerðum á stofu. Athugað var hver áhrif þetta kynni að hafa haft á aðgerðir framkvæmdar á stofu fyrstu 6 mánuði ársins 1993, miðað við fyrstu 6 mánuði áranna 1991 og 1992. Augljós fækkun hefur orðið með örfáum undantekningum, eins og sjá má á yfirliti yfir nokkra helstu aðgerðarflokkana. Spurning er hvort þessar aðgerðir hafi aftur færst inn á sjúkrahúsin sem er ólíklegt að mati yfirmanna. Önnur skýring er sú að hinir efnaminni láti eiga sig að fara í þessar aðgerðir sem að jafnaði eru ekki lífsnauðsynlegar. Þriðja skýringin er sú, innan gæsalappa, að of mikið hafi verið gert af þessum aðgerðum þegar þær voru nánast ókeypis." — En þegar talað er um of mikið þá eru hér m.a. æðahnútaaðgerðir, kviðslitsaðgerðir o.fl. Það er nú frekar ótrúlegt að menn fari að láta laga á sér kviðslit að ástæðulausu, að gamni sínu, vegna þess að það er ókeypis. Þannig að mér þætti líklegt að sú skýring, að þetta sé einfaldlega búið að ganga þarna of langt, eigi við rök að styðjast. En það væri verðugt rannsóknarefni.

[21:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Ég tel, virðulegur forseti, að það sem kom fram hjá hv. þm. breyti í engu því sem ég sagði hér áðan, ekki einum einasta hlut og mér finnst það vera sönnun þess að þessi aðgerð átti rétt á sér. Auðvitað er það svo að fólk á að geta valið um það að fara til læknis vegna smáaðgerða eða fá annars konar þjónustu (**Gripið fram í:** Eða láta það eiga sig.) eða láta það eiga sig. Og það má nefna margt í því sambandi. Það hefur t.d. verið tískufyrirbæri að losa vörtur eða fæðingarbletti af fólki. Og auðvitað eru læknarnir að leita eftir verkefnum, það þekkjum við öll sem þekkjum til spítala og lækna. Auðvitað eru þeir með markaðssókn eins og þeir geta. Það er þeirra eðli. Þeir verða auðvitað að hafa eitthvað að gera. (**Gripið fram í**: En er í tísku að laga kviðslit?) En kviðslit, það var ekki talið upp allt það sem var á listanum. Hann nefndi það sem dæmi sem er á listanum. Það var ekki allt upp talið.

En ég ætla að nefna það til sögunnar að það getur einmitt verið kostur að breyta í þessum málum. Ef við lítum t.d. á lyfin þá er það alveg ljóst að það hefur orðið stórkostlegur þjóðhagslegur sparnaður á aðgerðum ríkisstjórnarinnar í lyfjakaupum. Ekki vegna þess að fólk noti minna af lyfjum, sem ég held að þó sé af hinu góða, heldur vegna hins ekki síður að það er farið að velja ódýrari lyf en áður. Og það er partur af þessum aðgerðum, það er ekki eingöngu sparnaður fyrir einstaklinginn sjálfan heldur liggur í þessu gífurlegur þjóðhagslegur sparnaður. Því það er því miður svo að ef þjónustan er ókeypis, ef varan er ókeypis, ef ekki þarf að borga fyrir það sem maður fær, þá er tilhneiging til þess í þjóðfélaginu hér, eins og alls staðar annars staðar, að misnota og ofnota þjónustuna. Auðvitað þarf að vera meðalhóf í þessu eins og öðru, en ég held að ríkisstjórnin þurfi ekkert að skammast sín og ekkert að fela í þessum efnum. Þvert á móti hefur hún tryggt það með þessum hætti að hægt er að halda úti þjónustu, sérstaklega fyrir þá sem minnst mega sín.

[21:39]

Halldór Ásgrímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil gera athugasemd við það þegar mikilvæg mál eru hér fyrir Alþingi, sem er lögð áhersla á að sé hafin vinna við í nefndum, að þeim sé vísað til nefnda að lokinni umræðu. Það hefur verið venjan að þingmenn hafa þurft að mæta til þess að tryggja framgang mála og ég vorkenni ekkert stjórnarliðinu að mæta hér til þess að koma þessum málum ríkisstjórnarinnar áfram þótt vitlaus séu. Og ég vil gera við það athugasemd að málum sé ekki vísað til nefnda strax að lokinni umræðu þegar komið er svo nálægt jólaleyfi, eins og raun ber vitni, og svo mikið af málum eiga eftir að fá afgreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessu máli verður vísað til nefndar væntanlega nk. fimmtudag sem er næsti fundardagur í þinginu. Það eru ekki fundir á morgun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Áhrif af niðurfellingu aðstöðugjalds, 258. mál, fsp. RG, þskj. 304.

Fob-tollun, 256. mál, fsp. IBA, þskj. 301.

Færsla grunnskólans til sveitarfélaganna, 257. mál, fsp. REl, þskj. 302.

Lánsfjárlög 1993, 2. umr.

Stjfrv., 76. mál (heildarlántökur ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 79, nál. 294.

[21:41]

Frsm. fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti fjárln. um frv. til laga um breytingu á lánsfjárlögum fyrir árið 1993 o.fl., nr. 3/1993.

Nefndin hefur haft frumvarpið til meðferðar en það er flutt vegna þess að heildarlánsfjárþörf ríkisins á árinu er meiri en gert var ráð fyrir við upphaflega afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir árið 1993.

Á fund nefndarinnar komu til viðræðna um frumvarpið Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgönguráðuneytinu, og Magnús Pétursson, ráðuneytis-

stjóri í fjármálaráðuneyti. Auk þess var leitað álits efnahags- og viðskiptanefndar í samræmi við ákvæði í 25. gr. þingskapa. Það álit er birt sem fylgiskjal með nefndarálitinu.

Gildandi heimildir í lánsfjárlögum til erlendrar lántöku á yfirstandandi ári eru fullnýttar. Lánsfjárþörf ríkissjóðs á árinu hefur vaxið og óhjákvæmilegt er að veita frekari heimildir. Vakin skal athygli á að við uppsetningu lánsfjárlaga fyrir árið 1994 er ekki gert ráð fyrir að sundurliða heimildir í erlendar og innlendar lántökur.

Með vísan til þess sem að framan segir mælir nefndin með samþykkt frumvarpsins.

Guðrún Helgadóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir álitið rita Sigbjörn Gunnarsson, Sturla Böðvarsson, Drífa Hjartardóttir, Árni M. Mathiesen, Gunnlaugur Stefánsson og Einar Guðfinnsson. Með fyrirvara rita undir álitið Jón Kristjánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Margrét Frímannsdóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

[21:43]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að hafa um þetta mál mörg orð. Því var, eins og þingsköp gera ráð fyrir, vísað í upphafi til fjárln. sem síðan vísaði því til efh.- og viðskn. Ég vil vekja athygli á því að á síðasta ári, reyndar tveim síðustu árum, hefur sá háttur verið hafður á að efh.- og viðskn. hefur skilað áliti við 2. umr. hér inn í þingið. Það hefur ekki farið þennan hring aftur inn í fjárln. Ég vil í þessu sambandi benda á það að þegar umræða hefur farið fram um lánsfjárlög þá hafa það verið efnahags- og viðskiptanefndarmenn sem hafa vaktað þá umræðu og tekið þátt í henni.

Ég vil einnig nefna eitt sem mér finnst afar sérstakt í þessu máli. Nú vildi þannig til að sá sem hér stendur og talar, ég veit ekki hvort ég á að orða það svo, það hefur dæmst á hann að vera í forsvari fyrir efh.- og viðskn. í fjarveru bæði formanns og varaformanns, þegar þetta mál er tekið fyrir. Það er á þriðju viku síðan, ef ég man rétt, að lögð var á það afar mikil áhersla af hálfu fjmrh. að nefndin afgreiddi þetta hratt og vel, því það gæti verið að í húfi væri hvorki meira né minna heldur en vaxtastefna ríkisstjórnarinnar. Efh.- og viðskn. varð við þessu og afgreiddi þetta daginn eftir. En það skýtur hins vegar mjög skökku við að síðan skuli málið liggja á þriðju viku inni hjá fjárln. áður en það kemur hér inn í þingið og ég sé hér að hv. fjárln. hefur séð ástæðu til þess að kalla til sömu aðilana og var búið að kalla til hjá efh.- og viðskn. Og svo vill nú svo skemmtilega til í þessu tilfelli að að nokkru leyti skrifa sömu aðilarnir, þ.e. sömu persónurnar, undir álitið frá efh.- og viðskn. og nál. frá fjárln.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu frekar. Fyrirvari minn og okkar fulltrúa Framsfl. við álitið frá efh.- og viðskn. byggist ekki á efnisþáttum þessa frv. Hann byggist eingöngu á því að þó að við skrifum undir þetta frv., vegna þess að við þekkjum og skiljum nauðsyn þess að loka fjárlagagatinu sem varð miklu meira heldur en ríkisstjórnin hafði reiknað með, þá viljum við ekki að það verði á nokkurn hátt túlkað sem svo að við berum ábyrgð á þeim gjörningi, þ.e. ríkisfjármálunum og þeim stóraukna halla sem þar hefur orðið.

Í öðru lagi nefni ég það að við kölluðum til forsvarsmenn Spalar, en þarna er einnig heimild um 50 millj. kr. lán til þess fyrirtækis fyrir undirbúningsrannsóknir vegna ganga undir Hvalfjörð. Við fórum yfir það mál með þeim og sömuleiðis „fulltrúa" Vegagerðarinnar. Sá maður, Jón Birgir Jónsson, er nú orðinn ráðuneytisstjóri í samgn., en var talinn þekkja þetta mál best af þeim sem höfðu unnið í ráðuneytinu.

Ég vil segja það hér að að mínu mati hefur verið staðið vel að undirbúningsframkvæmdum gagnvart þessari hugsanlegu framkvæmd og það er að öllu leyti til fyrirmyndar að undirbyggja svo stóra framkvæmd sem best áður en ákveðið er hvort í hana verði ráðist. Það kom einnig fram hjá fulltrúa ráðuneytisins, fyrrv. starfsmanni Vegagerðarinnar, að þarna væri um að ræða framkvæmd sem gæti sparað Vegagerðinni nokkuð í annarri vegagerð og brúargerð, hvað snertir vegagerð fyrir Hvalfjörð. En það kom reyndar einnig fram að ef í þetta verður ráðist þá er hæstv. ríkisstjórn búin að skuldbinda sig til vegagerðar upp á 600 millj. í tengslum við þessa framkvæmd, sem væntanlega kemur til viðbótar við þá 3,5 milljarða sem búið er að nefna áður í kvöld og ríkisstjórnin er búin að skuldbinda framtíðina fyrir í vegamálum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en hlýt hins vegar að vona og beina því til hæstv. fjmrh. hvort þessi töf hafi nokkuð orðið til þess að vaxtastefna ríkisstjórnarinnar hafi riðlast.

[21:48]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. minntist á meðferð þessa frv. í fjárln. og efh.- og viðskn. Ég vil í því sambandi að það komi fram að ég gerði á fundi fjárln. þá ábendingu hvort ekki væri eðlilegt að efh.- og viðskn. hefði á sínum snærum framsögu í þessu máli þangað til endanlega væri gengið frá samskiptum fagnefnda og fjárln. Meiri hluta fjárln. fannst ekki rétt að standa svo að málum og fjárln. ætti að hafa framsögu í málinu eða formaður hennar og það varð svo. Þá var að mínu frumkvæði kallað í þá aðila sem greint er frá í nál., því mér finnst náttúrulega alveg út í hött að nefnd sem á að fara með málið hér inni í þingið og bera ábyrgð á því, kalli ekki í þá aðila sem málið varðar. Og ég vorkenni embættismönnunum ekkert að koma á fund tveggja nefnda. Þeir voru vanir því, a.m.k. meðan hér voru tvær deildir í þinginu, að mæta á fundi í efri deild og neðri deild. En ég get sparað tímann með því að segja það í þessu andsvari að minn fyrirvari við málið varðar tengsl lánsfjárlaganna við efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar almennt og er af því sprottinn.

[21:50]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég hef skrifað undir þetta nál. með fyrirvara þá vil ég gera hér grein fyrir því og

jafnframt svara að nokkru leyti einnig ábendingum eða athugasemdum hv. 6. þm. Norðurl. e.

Ég er sammála síðasta ræðumanni í því að ég tel ekki neitt athugavert við það þó að embættismenn séu kallaðir fyrir tvær nefndir og ég fagna því raunar að það skuli hafa verið tekin upp sú stefna, eða ég vona að það sé stefna, að fjárln. afgreiði frá sér lánsfjárlög jafnhliða því að afgreiða fjárlög. Ég hef áður lýst þeirri skoðun að ég tel að lánsfjárlögin séu svo tengd fjárlögum að þau þurfi að afgreiðast samhliða. Þessi lánsfjárlög eru hins vegar ekki nema viðbót við yfirstandandi fjárlög eða lánsfjárlög sem voru rædd ítarlega á síðasta þingi. Þá skilaði minni hluti efh.- og viðskn., sem þá afgreiddi málið frá sér inn í þingið, séráliti, þar sem þeir lýstu því að þeir treystu sér ekki til að mæla með því frv. á því stigi sem það var þá afgreitt til 2. umr., vegna þess að það væri mjög erfitt að átta sig á því hvort þær stærðir sem þar væri um að ræða gætu staðist. Það hefur auðvitað komið í ljós með þessu frv. til breytinga á lánsfjárlögum að þær áhyggjur voru ekki ástæðulausar.

Þegar fjárln. ræddi þetta frv. þá kom það í ljós, eins og hér er í 1. gr., að heimildir lánsfjárlaga duga of skammt og þarf að auka þær sem nemur í raun og veru þeim halla á ríkissjóði sem hefur komið í ljós á þessu ári, þ.e. það þarf að auka þær um nær 5 milljarða kr., sem er þó ekki allur sá halli sem mun verða á yfirstandandi ári ef að líkum lætur.

Það kom einnig fram þegar verið var að ræða þetta að nauðsynlegt væri að afla þessara heimilda og jafnframt að það mætti taka þær hvort heldur væri innan lands eða erlendis. Það var einmitt í tengslum við vaxtamálin eða vaxtalækkunina.

Þó ég, eins og ég segi, hafi skrifað undir nál. þá verð ég að lýsa því yfir að ég tek ekki ábyrgð á þeirri stefnu sem fram kemur í því að hér hefur ekki verið hægt að leggja fram raunhæf lánsfjárlög á síðasta ári. Þau standast engan veginn, ekkert frekar en fjárlögin. Ég er mjög ósátt við það að þannig sé staðið að afgreiðslu fjárlaga að hallinn hafi næstum því alltaf tilhneigingu til þess að tvöfaldast, sem hefur a.m.k. gerst núna undanfarin tvö, þrjú fjárlagaár.

Síðan er í b-lið 2. gr. tekið fram að Spölur fái allt að 50 millj. kr. Það kom fram hjá fulltrúa Kvennalistans í efh.- og viðskn., hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur, að hún skrifaði undir það með fyrirvara vegna þessarar greinar, þar sem hún segir, með leyfi forseta:

„Ég rita undir álitið með fyrirvara og lýtur hann að því að Spölur hf. skyldi, að því er virðist í samráði við ríkisstjórnina, telja sér heimilt að eyða fyrir fram stórum hluta þess fjár sem nú er sótt um heimild til að taka að láni erlendis."

Þannig að það virtist hafa komið fram á fundum efh.- og viðskn. að Spölur væri búinn að eyða þessum 50 millj. Við fengum m.a. Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra í samgrn., og Magnús Pétursson til að upplýsa þetta mál og samkvæmt því sem þeir sögðu okkur þá var ekki búið að eyða þessu. Það væri því æskilegt að hæstv. fjmrh. heyrði mál mitt og svaraði því hvort heldur er rétt sem efh.- og viðskn. hefur skilið málið eða fjárln., að það sé búið að ráðstafa þessum 50 millj. kr. til Spalar.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja þetta mál en hef hér með lýst þeim fyrirvara sem ég hef við þetta frv., en viðurkenni að sjálfsögðu þá nauðsyn sem er á því, vegna stöðu ríkissjóðs, að auka við þær heimildir sem þurfa að vera til staðar til að taka lán vegna ástandsins í ríkisfjármálum.

[21:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú kannski á mörkunum að það eigi að kalla þetta andsvar, því þetta er fremur svar við fyrirspurn sem kom frá hv. þm. Ég kannast ekki við að fjmrh. hafi nýtt þessa heimild sem verið er að biðja um. Það kann hins vegar að vera að einhvers staðar hafði peningar fundist til bráðabirgða og sjálfsagt er búið að vinna verkið. Það er oftsinnis sem það er gert í trausti þess að fjárveitingarheimild fáist eða lánsheimild fáist. En heimildin hefur ekki verið nýtt af hálfu fjmrn., enda er slíkt óheimilt fyrr en hún liggur fyrir og er afgreidd af þinginu. En það þýðir ekki að verkið hafi tafist því oft er hægt að vinna verkið, annaðhvort með því að sá sem vinnur það lánar eða að hægt er að fá innan ársins lán sem er þá nýtt í því skyni.

[21:58]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það hefur auðvitað komið í ljós sem upplýst var á fundi efh.- og viðskn., að það er búið að vinna sem svarar fyrir þessar 50 millj. kr. eða allt að því, en nú er verið að leita eftir heimild til þess að ráðstafa fjármunum í þetta verkefni. Á grundvelli þess vil ég taka undir athugasemdir hv. þm. Guðrúnar J. Halldórsdóttur, að það er auðvitað alveg óásættanlegt að fyrst sé verkið unnið og síðan sé verið að leita eftir heimildum til fjármagns í það.

[21:58]

Frsm. fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég tel óþarft að lengja þessa umræðu, en mér þykir þó nauðsynlegt að leiðrétta það sem skilja mátti í orðum hv. 6. þm. Norðurl. e., að frv. hefði legið í fjárln. í þrjár vikur. Eins og sjá má í nál. er álit fjárln. undirritað 23. nóv. 1993, en álit efh.- og viðskn. 18. nóv. Þannig liðu fimm sólarhringar og reyndar ekki nema einn vinnudagur frá því að álit barst frá efh.- og viðskn. þar til fjárln. afgreiddi málið.

[21:59]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna þess frv. sem hér er til umræðu vil ég segja að auðvitað ber að fagna því að lánsfjárlög þessa árs skuli ekki hafa þurft að taka meiri breytingum en raun ber vitni og fram kemur í því nál. og þeim brtt. sem hér eru til umræðu og eru flutt. Það vekur kannski fremur en annað athygli á því að það hefur vissulega tekist að ná góðum tökum á ríkisfjármálunum og því ber að fagna.

Ég vil vekja athygli á því sem kemur fram í frv. að

þar er heimild til þess að veita Speli hf. lán vegna þeirra rannsókna sem þarf að gera á væntanlegum og fyrirhuguðum framkvæmdum við jarðgöng undir Hvalfjörð. Ég vil sérstaklega fagna því að svo langt skuli þeim undirbúningi vera komið að unnið sé að rannsóknum á þessu mikilvæga viðfangsefni og mikilvæga verkefni á sviði vegagerðar.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu, en ég fagna því sannarlega að þetta frv. skuli vera hér til meðferðar og það sýnir, eins og ég sagði fyrr, að ríkisfjármálin eru sennilega í betra horfi en ýmsir höfðu reiknað með, m.a. í stjórnarandstöðu og fagna ég því svo sannarlega.

[22:01]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að andmæla hv. síðasta ræðumanni þar sem hann fullyrðir að þetta beri vott um góða fjármálastjórn hæstv. ríkisstjórnar. Hér er verið að fara fram á rúmlega 5 milljarða kr. til aukinnar lántöku og heildarlánsfjárþörf samkvæmt þessu frv. eykst um 32%. Það tel ég vera bendingu um það að þetta hafi ekki allt saman staðist eins og til var ætlast. Það að hér er aðeins beðið um, eins og hann segir, 5 milljarða kr. en ekki 6, sem lítur út fyrir að verði viðbótarhalli á ríkissjóði, er vegna þess að það hefur tekist að innheimta meiri afborganir heldur en reiknað var með í upphafi fjárlaganna. En 32% aukningu á heildarlánsfjárþörf tel ég vera allháa tölu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 22.03.

---

48. FUNDUR

fimmtudaginn 2. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ofbeldisverk barna og unglinga á Íslandi, beiðni um skýrslu, 253. mál, þskj. 293. *Hvort leyfð skuli.*
2. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 76. mál, þskj. 79, nál. 294. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 105. mál, þskj. 108, nál. 297, brtt. 131, 171 og 298. — 2. umr.
5. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283. — 1. umr.
6. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284. — 1. umr.
7. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 242. mál, þskj. 280. — 1. umr.
8. Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, stjfrv., 243. mál, þskj. 281. — 1. umr.
9. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300. — 1. umr.
10. Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, þáltill., 151. mál, þskj. 168. — Frh. fyrri umr.
11. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 165. mál, þskj. 183. — Fyrri umr.
12. Auðlindakönnun í öllum landshlutum, þáltill., 172. mál, þskj. 190. — Fyrri umr.
13. Staðsetning hæstaréttarhúss, þáltill., 176. mál, þskj. 194. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1993, 105. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 305; *brtt. minni hluta fjárln.*, þskj. 306.

Kaup á björgunarþyrlu, 186. mál, svar dómsmrh., þskj. 299.

Nýsmíði fiskiskipa, 226. mál, svar iðnrh., þskj. 303. — [Fundarhlé.]

Ofbeldisverk barna og unglinga á Íslandi.

Beiðni VS o.fl. um skýrslu, 253. mál. — Þskj. 293.

[11:03]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðni leyfð með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvÁ, VS.

26 þm. (ÁRÁ, EH, EgJ, GE, GuðjG, GB, GunnS, ISG, IP, JBH, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, StG, StH, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Skattamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 251. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 290.

[11:04]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvÁ, VS.

25 þm. (ÁRÁ, EH, EgJ, GE, GuðjG, GB, GunnS, ISG, IP, JBH, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, StG, StH, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn án atkvgr.

Lánsfjárlög 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 76. mál (heildarlántökur ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 79, nál. 294.

[11:05]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁS, GunnS, IBA, JóhS, JVK, LMR, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvÁ.

13 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓRG, VS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, EH, EgJ, GE, GuðjG, GB, ISG, IP, JBH, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, StG, StH, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:05]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um það að ræða að breyta lánsfjárlögum yfirstandandi árs. Ég tel að þau sýni eins og ég gat um í umræðum að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar var ekki raunsæ í fjárlögum. Ég viðurkenni hins vegar þá staðreynd að við stöndum frammi fyrir halla sem verður að brúa og þess vegna skrifaði ég undir þetta nál. með fyrirvara en samþykki frv. að öðru leyti.

2.–4. gr. samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁS, IBA, JóhS, JVK, LMR, MB, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, SvÁ.

16 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, REl, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, EH, EgJ, GE, GuðjG, GB, GunnS, ISG, IP, JBH, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, StG, StH, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓRG, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvÁ, VS.

24 þm. (ÁRÁ, EH, EgJ, GE, GuðjG, GB, GunnS, ISG, IP, JBH, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, StG, StH, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fjáraukalög 1993, 2. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 108, nál. 297 og 305, brtt. 131, 171, 298 og 306.

[11:08]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. við frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993. Frv. var lagt fram á Alþingi 18. okt. sl. Nefndin hefur lokið umfjöllun um frv. og mælir meiri hlutinn með samþykkt frv. með þeim breytingum sem flutt er tillaga um á sérstöku þskj. sem ber númerið 298.

Nefndin kannaði frv. rækilega í einstökum atriðum og leitaði skýringa hjá fjmrn. og fagráðuneytum varðandi beiðnir um auknar fjárheimildir frá fjárlögum þessa árs. Að lokinni þeirri athugun og að fengnu áliti fjmrn. ásamt skýringum fagráðuneyta féllst meiri hluti nefndarinnar á allar tillögur ráðuneytanna um auknar greiðsluheimildir sem fram koma í frv. Meiri hlutinn gerir 19 brtt. við frv. sem flestar eru minni háttar. Samtals nema tillögur um auknar greiðsluheimildir við 2. umr. 355 millj. kr.

Undir álit meiri hlutans rita Sigbjörn Gunnarsson, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Árni Johnsen og Árni M. Mathiesen.

Virðulegi forseti. Ég mun nú gera grein fyrir brtt. meiri hluta.

1. brtt. er vegna umboðsmanns Alþingis. Erindum til embættisins hefur fjölgað að undanförnu. Að óbreyttu munu fjárveitingar til embættisins fyrir árið 1993 ekki nægja til rekstrar þess og því er lagt til að veitt verði 1,5 millj. kr. til að mæta auknu umfangi.

2. brtt. snertir fjárveitingu til eflingar heimilis- og listiðnaði. Í frv. til fjáraukalaga 1993 er sótt um 20 millj. kr. framlag til þessa verkefnis undir fjárlagalið Byggðastofnunar. Beiðnin kemur í framhaldi af áliti nefndar um eflingu heimilisiðnaðar sem skipuð var samkvæmt áliti Alþingis. Gert er ráð fyrir að fjárveitingin renni til þriggja ára reynsluverkefnis er ljúki um áramót 1996–1997 og hafi þann megintilgang að stuðla að uppbyggingarstarfi á sviði handverksiðnaðar í landinu. Verkefnið mun lúta þriggja manna verkefnisstjórn sem í eiga sæti fulltrúar handverksfólks og hönnuða en forsrh. skipi enda starfi nefndin á ábyrgð forsrn. Því er lagt til að umrædd fjárveiting verði flutt yfir á fjárlaganúmer aðalskrifstofunnar.

3. brtt. snertir Byggðastofnun. Í lánsfjárlögum 1993 er fjmrh. heimilað að lána Byggaðstofnun sérstaklega víkjandi lán að fjárhæð allt að 20 millj. kr. til að mæta framlögum í afskriftarsjóð útlána í tengslum við ákvæði í viðauka II um búvörusamning frá 11. mars 1991. Samkvæmt ákvæðinu er Byggðastofnun ætlað að greiða fyrir atvinnuuppbyggingu á stöðum sem viðkvæmastir eru fyrir samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Lagt er til að þessu 20 millj. kr. víkjandi láni verði breytt í fjárveitingu sem verði greidd út eftir því sem útlán Byggðastofnunar falla til.

4. brtt tekur til húsnæðis Fósturskóla Íslands að Engjateigi 1. Ríkissjóður seldi húsnæðið Sláturfélagi

Suðurlands í tengslum við kaup á byggingu fyrir Listaskóla. Fasteignir ríkissjóðs hafa síðan haft húsnæðið á leigu frá Sláturfélaginu fyrir tvöfalt hærri fjárhæð en kveðið er á um í eldri samningum um endurleigu til Fósturskólans og hafa nú farið fram á afturvirka leiguhækkun. Ekki er talið fært að ætla skólanum að mæta þeim kostnaðarauka með óbreyttum fjárheimildum þar sem fjárveitingar hafa miðast við eldri leigusamninginn. Lagt er til að skólanum verði veitt 2 millj. kr. viðbótarframlag til að greiða uppsafnaða leiguskuld vegna Engjateigs 1 við Fasteignir ríkissjóðs.

5. brtt tekur til Listdansskólans og Íslenska dansflokksins og er tvíþætt. Annars vegar er um að ræða uppsafnaðan rekstrarhalla Listdansskólans. Menntmrn. áætlar að rekstrarhallinn undanfarin tvö ár verði í árslok orðinn 8,6 millj. kr. Verulegur hluti umframgjaldanna er vegna yfirvinnulauna. Að athuguðu máli telur fjmrn. að launaliður skólans hafi verið vanmetinn og að fallast megi á nokkurt viðbótarframlag vegna þessa. Í forsendum fjárlaga er ekki gert ráð fyrir neinni yfirvinnu vegna kennslunnar en endurskoðaður fjárlagagrunnur miðast við að yfirvinnutímar verði 2.700. Lagt er til að veitt verði 6 millj. kr. framlag til skólans í fjáraukalögum vegna launavanmats í fjárlögum beggja áranna 1992 og 1993 og að auki 1,5 millj. kr. vegna annarra gjalda. Miðað er við að menntmrn. hækki fjárveitingu skólans í fjárlögum komandi árs af sömu ástæðu í samræmi við rekstrarumfang. Gert er ráð fyrir að aðrar greiðslur skólans en þær sem mætt er með aukafjárveitingunni færist yfir áramótin og verði unnar upp með aðhaldi í rekstri.

Hinn hluti brtt. snertir á sama hátt og 4. brtt. húsnæðið undir starfsemi Listdansskólans og Íslenska dansflokksins að Engjateigi 1. Fasteignir ríkissjóðs hafa haft húsnæðið á leigu frá Sláturfélagi Suðurlands og fara eins og áður var nefnt fram á afturvirka leiguhækkun. Ekki er talið fært að ætla stofnununum að mæta þeim kostnaðarauka með óbreyttum fjárheimildum þar sem fjárveitingar hafa miðast við eldri leigusamninginn. Lagt er til að stofnunin fái 7,5 millj. kr. aukafjárveitingu til greiðslu á leiguhækkun til Fasteigna ríkissjóðs frá miðju ári 1991 til ársloka 1993.

6. brtt. tengist hluta ríkisins í kostnaði við útgáfu á fransk-íslenskri orðabók. Fyrir liggur að kostnaður við fransk-íslenska orðabók verður verulega umfram heimildir fjárlaga í ár. Áætlað er að kostnaður við verkið frá árinu 1991 verði kominn í 27 millj. kr. í árslok og að um 12 millj. kr. þurfi til viðbótar til að ljúka verkinu. Miðað við þetta koma um 24 millj. kr. í hlut menntmrn. en upphafleg áætlun gerði ráð fyrir 10 millj. kr. Lagt er til að veittar verði 4 millj. til þessa verks umfram þær 3 millj. sem veittar eru af fé á fjárlögum 1993. Að því er stefnt að ljúka verkinu á næsta ári.

Með 7. brtt. er lagt til að veitt verði 1 millj. kr. framlag til endurbóta á skrúðgarðinum Skrúði að Núpi í Dýrafirði.

8. brtt. varðar umframfjárþörf vegna friðargæsluverkefna á vegum Sameinuðu þjóðanna á árinu 1993. Útgjöld vegna friðargæslu eru samningsbundin og engin leið fær til að komast hjá að greiða þau nema ganga á svig við skuldbindingar sem felast í aðild Íslands að sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Lagt er til að veittar verði 14 millj. kr. umfram það sem gert hefur verið ráð fyrir í frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993 til að standa undir kostnaði vegna friðargæslu í fyrrum Júgóslavíu.

9. brtt. tekur til niðurgreislna á gærum. Á árinu hafa verið teknar ákvarðanir um að ríkissjóður greiði skinnaverksmiðjum 25% tillag ofan á verð á gærum samkvæmt verðlagsgrundvelli, 5 kr. á hvert saltað kg og að auki 7 kr. á hvert saltað kg af hvítum gærum. Þetta er nokkru hærri upphæð en gert hafði verið ráð fyrir í upphafi. Ástæða þess er sú að nauðsynlegt var að bjóða hærri niðurgreiðslu til að gærurnar færu ekki óunnar úr landi eftir að erlendir aðilar yfirbuðu verðlagningu gæra í verðlagsgrundvelli haustsins. Landbrn. áætlar að niðurgreiðslur á gærum sem ekki var gert ráð fyrir í forsendum fjárlaga verði um 40 millj. kr. í árslok. Á næsta ári er gert ráð fyrir að fjármagna þessar niðurgreiðslur með því að draga úr kostnaði vegna niðurgreiðslna á ull.

10. brtt. tekur til Fiskifélags Íslands. Fiskifélag Íslands var stofnað árið 1911. Um starfsemi þess hafa frá upphafi gilt lög sem félagið hefur sjálft sett sér án nokkurs atbeina hins almenna löggjafarvalds. Hið opinbera hefur hins vegar falið félaginu að vinna ýmis verkefni og veitt til þess framlög. Á undanförnum árum hafa framlög til Fiskifélagsins verið skorin mikið niður. Er nú svo komið að félagið hefur gripið til þess ráðs að segja upp öllum starfsmönnum félgsins en þeir hafa þegið laun eftir launakerfi ríkisstarfsmanna. Hyggst félagið ráða aftur 12–13 starfsmenn á kjörum hins almenna vinnumarkaðar, en 5–6 starfsmenn verða ekki endurráðnir. Ráðstafanir þessar eru liður í fjárhagslegri endurskipulagningu Fiskifélagsins. Sterkar líkur eru taldar á að þeir starfsmenn sem ekki hljóta endurráðningu eigi rétt á biðlaunum en réttarstaða annarra starfsmanna er óljósari hvað varðar þetta ákvæði. Til að gera Fiskifélaginu kleift að ráðast í umrædda endurskipulagningu er lagt til að framlag til félagsins verði aukið um 13,5 millj. kr.

11. brtt. snertir Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið, NAMMCO. Ráðið var stofnsett í september á árinu 1992 með þátttöku Íslands. Það láðist hins vegar að gera ráð fyrir árgjaldinu til ráðsins í fjárlögum þessa árs. Lagt er til að veitt verði 5 millj. kr. framlag í fjáraukalögum 1993 vegna málsins eða sem svarar til árgjaldsins.

12. brtt. tekur til Brunamálastofnunar ríkisins. Lagt er til að veittar verði 2 millj. kr. til námssjóðs stofnunarinnar og sértekjur stofnunarinnar hækki á móti sem því nemur. Samkvæmt 34. gr. laga um brunavarnir og brunamál frá árinu 1992 er Brunamálastofnun heimilt að veita slökkviliðsmönnum, eldvarnareftirlitsmönnum og öðrum þeim sem starfa að brunamálum styrki til náms á sviði brunamála. Tekjur stofnunarinnar af brunaeftirlitsgjaldi verða nokkru hærri en gert var ráð fyrir í fjárlögum 1993 og munu þær mæta auknum kostnaði.

13. brtt. snertir sjúkrahúsið í Keflavík. Gert var samkomulag um málefni sjúkrahússins í árslok 1988

við sveitarfélögin á Suðurnesjum sem miðaðist við að ríkissjóður gerði upp hallann á rekstrinum fram að þeim tíma. Í fjáraukalögum fyrir árið 1989 var sjúkrahúsinu bættur hallinn en síðar kom í ljós að hallarekstur vegna fyrri ára reyndist vera meiri. Sjúkrahúsið safnaði upp skuldum við Sparisjóð Keflavíkur sem síðan voru gerðar upp með skuldabréfi að fjárhæð 25 millj. kr. í upphafi árs 1990. Skuldabréfið var til tveggja ára og er nú greitt upp að fullu. Á þessum tíma hófst söfnun lausaskulda við sýslumann sem stóðu í 27 millj. kr. í árslok 1992. Því var ákveðið í árslok 1992 að greiða fyrir fram 10 millj. af rekstrarfé ársins 1993. Sú greiðsla rann upp í skuld við sýslumanninn og hefur greiðsluáætlun spítalans á þessu ári verið lækkuð um 1 millj. kr. á mánuði í 10 mánuði til að jafna fjárveitinguna. Lagt er til að afgangur skuldarinnar eða 17 millj. kr. verði bættar í fjáraukalögum fyrir árið 1993, enda verði gerð sérstök athugun á bókhaldi og fjárreiðum sjúkrahússins.

14. og 16. brtt. snertir St. Jósefsspítala, Landakoti. Framlag til spítalans var skert verulega í fjárlögum 1992 og tók mið af því að bráðaþjónustu á spítalanum yrði hætt og koma á samrekstri eða mjög náinni samvinnu Borgarspítala og Landakots. Það var ekki fyrr en í lok mars á árinu 1992 sem bráðaþjónustu var hætt og ekkert varð úr samrekstri við Borgarspítalann. Á árinu 1992 var Landakotsspítali rekinn með tæplega 100 millj. kr. halla og þrátt fyrir að gripið hafi verið til margvíslegs sparnaðar og hagræðingar í rekstri hefur ekki tekist að vinna á þeim halla á þessu ári. Þó þykir sýnt að rekstur spítalans verði í jafnvægi í ár. Því er lagt til að spítalanum verði veitt 90 millj. kr. aukafjárveiting vegna hallaresktrar 1992. Einnig er lagt til að ráðstafað verði 10 millj. kr. af liðnum 08-370 Sjúkrahús í Reykjavík og stofnkostnaðarfjárveitingu verði breytt í rekstrarframlag vegna þess.

15. brtt. snertir Ríkisspítala og er tvíþætt. Annar þátturinn snertir Þvottahús Ríkisspítala. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1993 er tekið fram að ef ekki yrði af sölu hlutabréfa í þvottahúsi spítalanna yrði að draga úr umfang í rekstri á móti þeim 60 millj. kr. sem afla átti með sölu hlutabréfanna. Ljóst var á fyrri hluta árs 1993 að ekki yrði af sölu þvottahússins en þetta álit kom fram í skýrslu Hagvangs hf. til einkavæðingarnefndar. Niðurstaðan var send heilbrrn. og stjórnendum Ríkisspítala. Í ljósi þess að liðið var á árið þegar þessi niðurstaða var kunn hafa fjmrh. og heilbrrh. orðið ásáttir um að leita eftir aukafjárveitingu til Ríkisspítala fyrir helmingi áætlaðra tekna, þ.e. 30 millj. kr. Meiri hluti fjárln. gerir þá tillögu að sinni.

Hinn þáttur brtt. tekur til Fæðingarheimilis Reykjavíkur. Ríkisspítalar tóku við rekstri Fæðingarheimilisins þann 1. apríl 1992. Kostnaður við rekstur þess frá þeim tíma til ársloka 1992 nam 23 millj. kr. en heildarfjárveiting var 20 millj. Borgarspítalinn rak Fæðingarheimili Reykjavíkur frá ársbyrjun til marsloka 1992 og hefur sent Ríkisspítölum reikning fyrir rekstrinum þennan tíma að fjárhæð 13 millj. kr. Því er lagt til að Ríkisspítölum verði veittar 13 millj. kr. viðbótarfjárveiting til að greiða umræddan kostnað Borgarspítala.

17. brtt. snertir St. Jósefsspítala í Hafnarfirði. Í fjárlögum ársins 1992 var gert ráð fyrir verulegum breytingum í rekstri sjúkrahússins sem áttu að leiða til lækkunar fjárframlaga. Fyrirhugað var að auka innheimtu sértekna af sérhæfðri þjónustu, m.a. af „ambúlant"-þjónustu. Þessar breytingar hafa ekki gengið að fullu eftir og raunar hefur að hluta til verið horfið frá þeim áformum. Lagt er til að sjúkrahúsið fái 7 millj. kr. viðbótarframlag vegna halla síðasta árs og 20 millj. kr. til að mæta fyrirsjáanlegum halla á þessu ári. Heilbrrn. hækkaði fjárlagagrunn sjúkrahússins til samræmis við þá starfsemi sem þar fer fram í frv. til fjárlaga ársins 1994.

18. brtt. tekur til Rannsóknarnefndar flugslysa. Nefndin starfar eftir starfsreglum sem settar eru með stoð í 1. gr. laga um loftför frá árinu 1983. Nefndin hefur aðgang að starfsmanni Flugmálastjórnar en nefndarmenn rannsaka sjálfir slysin. Umfang starfseminnar fer eftir því hve mörg og alvarleg flugslys verða og hve flókin þau eru. Á þessu ári hefur starf nefndarinnar verið óvenjumikið og 2,1 millj. kr. fjárveiting í fjárlögum 1993 mun ekki duga fyrir útlögðum kostnaði. Alls hefur nefndin rannsakað 6 slys og óhöpp á þessu ári. Lagt er til að Rannsóknanefnd flugslysa verði veitt 2 millj. kr. viðbótarfjárframlag.

19. brtt. er millifærsla fjárveitinga frá framkvæmdum við ferjubryggjur til hafnarmannvirkja. Í fjárlögum er framlagið til ferjubryggja þannig að Nauteyri fær 20 millj. kr. og Mjóifjörður 2 millj. Þar sem ákvörðun um rekstur djúpferju verður ekki tekin fyrir áramótin verður ekkert af framkvæmdum við Nauteyri í ár. Að ósk Vita- og hafnamálastofnunar er lagt til að flutt verði 15 millj. kr. fjárheimild af ferjubryggjum yfir á hafnarmannvirki. Þar af fari 10 millj. kr. til uppgjörs á framkvæmdum í Bolungarvík og 5 millj. kr. til uppgjörs á framkvæmdum á Ísafirði. Þá er lagt til að 4,5 millj. kr. flytjist til innan fjárlagaliðar ferjubryggja frá Nauteyri til Mjóafjarðar.

Í öllum tilvikum er hér um að ræða uppgjör verkefna sem vitað var um við gerð fjárlaga fyrir árið 1993 og hefði að öðrum kosti komið til greiðslu á árinu 1994 til að gera upp framkvæmdir sem þá reyndist ekki næg fjárveiting fyrir. Jafnframt hefur stofnunin farið fram á að fénu verði skipt þannig að 4,5 millj. kr. af framlagi Nauteyrar renni til Mjóafjarðar.

Virðulegi forseti. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993 vék formaður fjárln. að fjárveitingu til Sólheima í Grímsnesi þar sem greint var frá því að fyrirhugað væri að gera sérstakan þjónustusamning við vistheimilið á þessu ári og enn fremur þær breytingar sem fyrirhugaðar voru á rekstrarfyrirkomulagi heimilins á árinu 1993. Í ræðu formanns fjárln. kom eftirfarandi m.a. fram, með leyfi forseta:

„Í samráði við félmrh. mun fjárln. taka málefni Sólheima til nánari skoðunar þegar fyrir liggur endanleg gerð þjónustusamnings á milli stjórnvalda og Sólheima í byrjun næsta árs og meta þá hver fjárþörf heimilisins þyrfti að vera á árinu."

Á þessu ári hefur af hálfu félmrn. verið unnið að gerð þjónustusamnings við stjórnendur Sólheima sem

ætlað er að taka til þessa árs og þess næsta. Í lok ágústmánaðar sl. sendi félmrn. stjórn heimilisins tillögu að þjónustusamningi sem stjórn Sólheima hafnaði og lagði fram tillögu sem felur í sér umtalsvert hærri fjárveitingu en félmrn. hefur getað fallist á. Stjórnendur Sólheima hafa kynnt fjárln. óskir sínar og þá hefur nefndin rætt við fulltrúa félmrn. og fjárlagaskrifstofu fjmrn. um mál þetta. Niðurstaða fjárln. er sú að teknu tilliti til þeirra skipulagsbreytinga sem átt hafa sér stað á árinu 1993, þ.e. að hluti vistmanna fær nú greiddan örorkulífeyri sem að hluta gengur til rekstrar vistheimilisins, eigi fjárframlag ríkissjóðs til heimilisins í ár að nema um 68 millj. kr. og er sú fjárhæð í samræmi við álit félmrn. og fjárlagaskrifstofu fjmrn.

Í fjárlögum ársins 1993 er gert ráð fyrir fjárveitingu til rekstrar að upphæð um 81,4 millj. kr. sem er um 13 millj. kr. hærri fjárhæð en tillaga að þjónustusamningi félmrn. gerir ráð fyrir. Í viðræðum við fulltrúa Sólheima hefur komið fram að vistheimilið búi nú við slæma lausafjárstöðu. Samkvæmt upplýsingum frá Sólheimum er áætlað að viðskiptaskuldir nemi um 16 millj. kr. í árslok 1993. Í ljósi þessarar stöðu hefur fjárln. fallist á að fjárveitingin á fjárlögum 1993 standi óbreytt. Fjárln. vill undirstrika að þessi afgreiðsla er til að leysa fjárhagsvanda vistheimilisins sem rekja má til endurbóta á húsnæði heimilisins og skuldasöfnun frá fyrri árum. Afgreiðsla þessi hefur ekki áhrif á fjárveitingu til heimilisins árið 1994.

[11:31]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil áður en ég hef mína framsöguræðu fyrir áliti minni hluta fjárln. þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þá tillitssemi sem hann sýnir og virðingu við þingið að sitja við þessa umræðu en ég lýsi jafnframt yfir því að auðvitað ætlumst við til, a.m.k. sem skipum minni hluta fjárln., að fjmrh. sé við þessa umræðu og við ætlumst líka til þess auðvitað að forsrh. sé við þessa umræðu. Hér er verið að fjalla um einn stærsta þáttinn í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar og ef þetta væri allt saman í góðu lagi þá væri náttúrlega hægt að líða það að hæstv. ráðherrar væru utan húss en ég held að þetta plagg sem hér er til umræðu sé með þeim hætti að það veiti ekki af að þeir séu viðstaddir.

Einnig vil ég beina því til hæstv. forseta að ég vil í þessari umræðu eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. og óska eftir því að hann verði aðvaraður einnig. Ég sé nú að hæstv. fjmrh. er kominn.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. eru báðir í húsinu. Hæstv. sjútvrh. er enn veðurtepptur í Vestmannaeyjum eftir því sem best er vitað, en væntanlega á hann eftir að koma hér í dag.)

Mér þykir það nú afar slæmt að hæstv. sjútvrh. er ekki við þessa umræðu því að mikilvægur þáttur þessara mála snertir einmitt starfssvið hans en eigi að síður vonast ég til að það gefist tækifæri til þess að eiga við hann orðastað um málið og vil spyrja hæstv. forseta hvort veðurútlit sé þannig að hann sé yfirleitt væntanlegur. Hefur hæstv. forseti eitthvert mat á því?

(**Forseti** (SalÞ): Nú á forseti erfitt með að upplýsa með veðurútlit á þessari stundu. Hins vegar heyrði forseti í fréttum í morgun að von væri á því að veðrið lagaðist um hádegisbilið, en segir þetta algerlega án ábyrgðar. En vonandi gerist það og þá greiðist væntanlega úr því að hæstv. sjútvrh. komist til lands.)

Þetta verð ég að telja nægilega veðurspá af hendi hæstv. forseta og mun þá hefja framsögu mína fyrir nál. minni hluta fjárln. sem er að finna á þskj. 305.

Það fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu er próftsteinn á stefnu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum. Minni hluti fjárln. tekur ekki ábyrgð á þeirri stefnu sem fjáraukalagafrv. er afleiðing af.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti vill skjóta hér inn gleðifréttum fyrir hv. 2. þm. Austurl. því að hæstv. sjútvrh. mun vera á leiðinni með Herjólfi.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir og Herjólfur er traust skip enda kemur hann mjög við sögu í starfi fjárln. Við könnumst við sjóhæfni hans og verðlag á því skipi þannig að ég treysti því að hæstv. sjútvrh. komist klakklaust til lands með því góða skipi og þakka fyrir.

Ég var kominn þar að minni hluti fjárln. tekur ekki ábyrgð á þeirri stefnu sem fjáraukalagafrv. er afleiðing af og skilar því sérálití. Í frv. er sótt um heimild til viðbótarútgjalda upp á 4,1 milljarð kr. og brtt. þær sem meiri hlutinn hefur lagt fram, útgjaldaaukinn við þær er 335 millj. kr. Samkvæmt áætlun dragast heildartekjur ríkissjóðs saman um 3,2 milljarða kr. og halli ríkissjóðs á árinu 1993 verður því samkvæmt áætlun 13,8 milljarðar kr. í stað 6,2 milljarðar kr. sem fjárlög gerðu ráð fyrir þegar þau voru samþykkt. Að mati minni hluta fjárln. valda hér einkum ákvarðanir ríkisstjórnar og meiri hluta Alþingis við fjárlagagerð fyrir yfirstandandi ár en ljóst var að þessar ákvarðanir stæðust ekki. Það ættu þeir að muna sem tóku þátt í fjárlagaumræðunni fyrir síðasta ár. Þessi atriði voru afdrifaríkust í því efni:

Þegar fjárlög voru samþykkt voru kjarasamningar lausir og það var alveg ljóst að ríkissjóður mundi verða fyrir útgjöldum vegna þeirra. Þessi útgjöld eru um 2 milljarðar kr., þar af 1 milljarður kr. í framkvæmdir. Eins og fram kemur í yfirliti sem fylgir fjáraukalagafrv. eru 558 millj. kr. yfirfærsla frá árinu 1992 af ónýttum heimildum, en nýjar heimildir upp á 487 millj. kr. Það var ekkert samráð á frumstigi haft við fjárln. um skiptingu þessa fjár og mótmælir minni hlutinn því þessum vinnubrögðum harðlega. Og þrátt fyrir að atvinnuleysi sé mun meira meðal kvenna en karla eru aðeins 60 millj. kr. af þessari upphæð til atvinnusköpunar fyrir konur. Þar sem hlutaðeigandi aðilum hefur fyrir löngu verið tilkynnt um þessa skiptingu og hafa gert ráðstafanir í samræmi við hana í góðri trú til undirbúningsverka telur minni hlutinn ekki fært, þó að við mótmælum þessum vinnubrögðum harðlega, að flytja brtt. varðandi þessa skiptingu.

Í forsendum fjárlaga var atvinnuleysi áætlað 3% en það verður a.m.k. 4,5% á yfirstandandi ári. Þetta þýðir viðbótarútgjöld um 1,2 milljarða kr. Þetta atvinnuleysi er nú langmesti vandi ríkisfjármálanna. Það sýnir bæði fjárlagafrv. fyrir næsta ár og fjáraukalagafrv.

því að áhrifa þess gætir bæði á tekju- og gjaldahlið fjárlaga og auk viðbótarframlags sem fjáraukalögin gera ráð fyrir í Atvinnuleysistryggingasjóð er sjóðnum gert og hefur verið gert að ganga á sínar eignir.

Ríkisstjórnarákvarðanir sem knúðar voru í gegn við afgreiðslu fjárlaga og hafa ekki gengið eftir eru ein höfuðorsökin fyrir þeim viðbótarheimildum til útgjalda sem nú þarf að sækja um. Þar má í fyrsta lagi nefna að áform um víðtæka einkavæðingu og sölu ríkisfyrirtækja hafa ekki náð fram að ganga. Reiknað var með tekjum vegna sölu ríkisfyrirtækja um 1.500 millj. kr., en samkvæmt áætlun nú verða tekjurnar 100 millj. kr. vegna þessara aðgerða. Ég kem nánar að þessu máli síðar. Hætt var við sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins sem þýðir að fjáraukalögin gera ráð fyrir viðbótarframlagi til Hafrannsóknastofnunar um 300 millj. kr. Boðað hefur verið að með frv. um þróunarsjóð sjávarútvegsins verði ákvæði til að úthluta aflaheimildum sjóðsins án endurgjalds. Nú má telja ólíklegt að þessi frumvörp komi til afgreiðslu á yfirstandandi ári en samkvæmt lögum er skylt að bjóða aflaheimildir sjóðsins á yfirstandandi fiskveiðiári til sölu. Það er því alls óvíst hver verður niðurstaðan í þessu máli og hefur ekki fengist upplýst í meðförum fjárln. Ég mun einnig koma að þessu máli aðeins síðar í ræðu minni og reyndar þarf að eiga orðastað um það við hæstv. sjútvrh.

Samkvæmt fjárlagafrv. má rekja 2 milljarða kr. tekjutap ríkissjóðs til aukins efnahagssamdráttar. Af þessu má ljóst vera að tveir meginþættir í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar hafa brugðist. Atvinnuleysi hefur aukist og efnahagssamdrátturinn og tekjutapið af þeim sökum bætist við þann útgjaldavanda sem af því leiðir.

Að öðru leyti en hér hefur verið rakið að framan flytur meiri hlutinn nokkrar brtt. við fjáraukalagafrv. Minni hlutinn gerir ekki sérstakar athugasemdir við þorra þeirra brtt., en vill þó taka fram varðandi 20 millj. kr. framlag til eflingar heimilis- og listiðnaði sem undir umsjón forsrn. að eðlilegt væri að framlög til þessara mála, sem eru auðvitað þörf og góð, væru ekki dreifð um mörg ráðuneyti og haft sé samráð við fjárln. Alþingis um úthlutun á þessu fé. Það færist nefnilega mjög í vöxt að framkvæmdarvaldið reynir að sniðganga löggjafarvaldið í úthlutun fjármuna og það hefur aldrei keyrt svo um þverbak í því efni eins og sl. tvö ár.

Gerð er tillaga um að St. Jósefsspítali á Landakoti fái 100 millj. kr. fjárveitingu, þegar tekið er tillit til 10 millj. kr. framlags á liðnum 08-370, Sjúkrahús í Reykjavík, stofnkostnaður, sem verði breytt í rekstrarframlag. Hér er um að ræða fjárveitingu til þess að greiða skuldir Landakotsspítala sem m.a. eru til komnar vegna illa undirbúinna skipulagsbreytinga og niðurskurðar vegna sameiningar sjúkrahúsanna í Reykjavík. Sömuleiðis er gerð tillaga um að St. Jósefsspítali í Hafnarfirði fái 27 millj. kr. vegna uppsafnaðs vanda í rekstri spítalans.

Ég mun einnig koma örlítið nánar, og hv. 1. þm. Norðurl. e. sem mun tala í þessari umræðu, að málefnum spítalanna. En auk þess voru áform um sölu Þvottahúss Ríkisspítalanna við fjárlagagerð en þau áform hafa ekki gengið eftir frekar en önnur áform um sölu ríkisfyrirtækja og einkavæðingu, en tekjur vegna þessarar sölu, sértekjur áttu að nema um 60 millj. kr. sem nemur áætluðum tekjum af sölu hlutabréfa í Þvottahúsinu. Það er ekki gert ráð fyrir að bæta Ríkisspítölunum nema helming þessarar upphæðar eða 30 millj. kr. og ljóst er að draga verður verulega þjónustu ef það á að spara í rekstri um 30 millj. kr. á þessum eina mánuði sem eftir er ársins. Minni hlutinn telur ekki annað fært en bæta þetta að fullu þar sem hér var um ákvarðanir að ræða sem ekki voru í valdi stjórnenda Ríkisspítalanna og flytur um það brtt.

Minni hlutinn bendir á að innheimta tekjuskatts, sem rennur til sveitarfélaga í stað aðstöðugjalds að upphæð 4 milljarðar kr., kemur ekki fram í fjárlögum eða fjáraukalögum. Í trausti þess að ríkisreikninganefnd, sem vinnur nú að framsetningu fjárlaga og ríkisreiknings, muni skila sameiginlegum tillögum um þetta mál innan tíðar flytur minni hlutinn ekki brtt. um málið. En eins og komið hefur fram er svokölluð ríkisreikninganefnd að störfum og vinnur að því að reyna að samræma framsetningu á ríkisreikningi, fjárlögum og fjáraukalögum og munu tillögur vera væntanlegar um þessi mál en öllum eru í fersku minni mismunandi skoðanir Ríkisendurskoðunar og fjmrn. á þessum efnum.

Minni hlutinn telur að fjáraukalagafrv. 1993 sýni að útgjöld ríkissjóðs hafi farið fram úr áætlunum vegna rangra og óraunsærra ákvarðana sem teknar voru af stjórnvöldum við fjárlagagerð fremur en að rekstur einstakra stofnana hafi farið langt úr böndunum. Það hefur komið í ljós að ekki var samstaða þegar til átti að taka í stjórnarliðinu um ákvarðanir sem teknar voru af meiri hluta Alþingis þegar fjárlög voru samþykkt. Það hefur ekki tekist að vinna bug á atvinnuleysi né samdrætti og svartsýni sem því fylgir, efnahagsstefnan hefur beðið skipbrot og ljóst er að vaxandi atvinnuleysi er fram undan. Minni hlutinn getur því ekki borið ábyrgð á því fjáraukalagafrv. sem hér er lagt fram vegna þess að það er óaðskiljanlegur þáttur efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Minni hlutinn mun því sitja hjá við afgreiðslu frv., en áskilur sér rétt til að flytja eða fylgja brtt.

Margrét Frímannsdóttir var fjarstödd afgreiðslu málsins en undir nál. skrifa Jón Kristjánsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Guðrún Helgadóttir og Guðmundur Bjarnason.

Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir nál. sjálfu en vil koma örlítið nánar að nokkrum þáttum sem reyndar er minnst á í nál. Eins og ég kom inn á í upphafi og kemur fram í nál. að það er einkennandi fyrir þetta fjáraukalagafrv. að langstærstu tölurnar í því varða efnahagsstefnuna beint og beinar ákvarðanir ríkisstjórnar og stjórnarmeirihlutans hér á Alþingi, sem ríkisstjórninni tókst í mörgum tilfellum að klemma í gegn og fá stjórnarliða til að samþykkja. Það er það sem hefur brugðist, það er það sem hefur farið úr böndunum, það eru þær ákvarðanir sem reyndust tóm vit-

leysa, óframkvæmanlegar. Og þá ber kannski hæst áformin um hina mikla einkavæðingu sem átti að skila ríkissjóði hvorki meira né minna en 1,5 milljörðum kr. á þessu ári, en þegar upp er staðið er þessi upphæð aðeins 100 millj. og ekki búist við að það verði mikil breyting á í desember. Það er ekki búist við neinum jólamánuði í sölu í þessu né jólaös í innkaupum á ríkisfyrirtækjum. Það er auðvitað ástæða fyrir þessu sem lá í augum uppi þegar fjárlög voru samþykkt. Það átti að gera mikla sölu í ríkisbönkunum. Það var fyrst og fremst ekkert samkomulag um það í stjórnarliðinu að selja bankana. Í öðru lagi árar nú ekkert vel til þess að selja banka. Ríkisbankarnir eru ekki nein sérstök söluvara eins og er og það segir sitt um stjórnarfarið, þessar feiknavitlausu ákvarðanir sem teknar hafa verið algjörlega út í loftið, eins og að taka ákvörðun um tekjur í ríkissjóð upp á 1,5 milljarða sem er algjörlega út í bláinn og koma svo hér á síðustu vikum ársins og viðurkenna þetta því að það er ekki hægt annað. Og það sem meira er, að til þess að gefa þessu svona öllu gott andlit og láta þetta líta nógu vel út, þá voru gefin þau fyrirheit að það ætti að leggja af þessu ½, ef ég man rétt, eða rúmlega 300 millj. í rannsókna- og þróunarstarfsemi. Ég sé það reyndar í umræðum um fjárlögin að hæstv. menntmrh. hefur viðurkennt í umræðunni, hefur auðvitað ekki getað annað, að þessar 300 millj. væru ekki tryggar eins og hann orðaði það. Auðvitað voru þær ekki tryggar því að þetta var tóm vitleysa og það kemur á daginn. Hins vegar er rétt að klóra í bakkann með aukafjárveitingu í fjáraukalögum til Rannsóknasjóðs og háskólans upp á 55 millj. kr. og er það auðvitað vel og ekki nema gott um það segja. En það er umhugsunarefni að setja slíkar væntingar af stað um þessa þróunar- og rannsóknastarfsemi í tómri vitleysu og láta fara að undirbúa slíka hluti sem menn vita fyrir fram að ganga ekkert eftir.

Ég ætla ekki að hafa ýkjamörg orð um sjúkrahúsin í Reykjavík því að það verður komið inn á þau nánar á eftir í þessari umræðu. En ég vil byrja á að geta þess að forsvarsmenn allra stóru spítalanna voru í viðtölum hjá fjárln. í morgun. Og það var einmitt þess vegna, að við gátum ekki komið þeim viðtölum á þann tíma sem við ætluðum, að fundi var frestað hér í Alþingi um hálftíma og vil ég þakka virðulegum forseta þá tillitssemi. En forsvarsmönnum spítalanna lá mikið á hjarta. Það var reyndar verið að ræða um fjárlög fyrir næsta ár, en spítalarnir koma inn í fjáraukalagafrv. 1993 með verulegar upphæðir. Einkum er það þó Landakot þar sem gert er ráð fyrir að aukafjárveiting sé 90 millj. kr. og 10 millj. kr. fært á stofnkostnaðarliðum. Þetta er hreinlega til að halda spítalanum gangandi eftir þær aðgerðir sem gerðar hafa verið. Og eftir allar þær sparnaðaraðgerðir sem gerðar hafa verið koma forsvarsmenn spítalanna á fund fjárln. í morgun og segja að fjárveitingar næsta árs sem spítölunum eru ætlaðar í fjárlagafrv. séu með þeim hætti að það verði að skera niður þjónustu ef eigi að búa við það. Eða eins og einn þeirra orðaði það: „Við höfum æfingu í því að brjóta niður spítalann og ég vona að við verðum ekki látnir nota þá æfingu áfram.“ Þetta er nú aldeilis dómur yfir þeim aðgerðum sem gerðar hafa verið í spítalarekstri á undanförnum árum. Þetta kemur inn á þetta fjáraukalagafrv. að því leyti að Landakotsspítali er með 100 millj. kr. aukafjárveitingu, 10 millj. af því eru tilfærsla og síðan er St. Jósefsspítali í Hafnarfirði með 27 millj. til þess að sjá rekstri spítalans farborða og laga til skuldahala þar. Auðvitað er óhjákvæmilegt að gera þetta og ég er ekki að mæla á móti því en þetta sýnir bara að sú aðför, ef svo má segja, sem gerð var í þessum málum um áramótin 1991 og 1992 var illa undirbúin og er okkur fjárlaganefndarmönnum a.m.k. í fersku minni og við erum enn þá að súpa seyðið af henni. Og menn skulu minnast þess þegar hæstv. fyrrv. heilbrrh., sem er ekki við þessa umræðu frekar en aðrir ráðherrar, fer að berja sér á brjóst og tala um sparnað í þessu efni.

Ég gat þess áðan að það væri listi sem fylgdi frv. yfir fjárframlög í tengslum við kjarasamninga til framkvæmda upp á 1 milljarð kr. Ég hef gagnrýnt þau vinnubrögð sem voru við úthlutun á þessu fé. Það er mjög einkennilegt og ætti að vera umhugsunarefni fyrir þingmenn almennt og fjárlaganefndarmenn og ekki síst forsætisnefnd Alþingis að þrátt fyrir þá breytingu sem orðin er á þingsköpum, þrátt fyrir þá breytingu sem orðin er á þinginu, þá er þingið sniðgengið í vaxandi mæli í störfum framkvæmdarvaldsins. Það hefði ekki verið mikið verk og það hefði átt að vera í lófa lagið að kalla saman fjárln. hvenær sem var í sumar til að fjalla um skiptingu á þessu fé ef það á að fara að réttum leikreglum. Við sitjum hér heilu dagana og erum að fjalla um skiptingu á safnliðum sem er allt ofan í 100 þús. kr. en svo geta hæstv. ráðherrar skipt milljörðum á hné sér án þess að þingið komi þar nokkuð nærri. Ég gagnrýni þessi vinnubrögð, og það kemur fram í áliti minni hlutans, mjög harðlega.

Það hefur komið fram í umræðunni undanfarnar vikur að hluti af þessari upphæð, rúmlega helmingur, eru ónotaðar heimildir í stofnkostnaði frá fyrra ári. Það má spyrja sem svo: Hvernig í ósköpunum stendur á því að í atvinnuástandi eins og það er nú, þegar er um 3% atvinnuleysi eins og var á fyrra ári, að það skuli vera ónotaðar heimildir til opinberra framkvæmda upp á rúmlega hálfan milljarð kr.? Það eru verulegir peningar. Og það hefðu áreiðanlega einhverjir fengið atvinnu við að framkvæma fyrir hálfan milljarð kr. Þetta hefur komið til umræðu úti í fjárln. en svörin hafa ekki legið í augum uppi. Ég minnist þess að ég spurði starfsmenn Ríkisendurskoðunar álits á þessu efni, hvað þeir teldu að væri hér valdandi að það væru svo miklar heimildir eftir. En það lágu ekki í augum uppi svör við því. Ég er ekki að segja með þessu að það eigi að vera búið að eyða hverri krónu um áramót, langt frá því. En ég held að almenn svartsýni og samdráttur, svartsýni stjórnvalda og samdráttarstefna sé hreinlega að draga úr mönnum kjark. Menn reyna að tryggja sig og halda að sér höndum og það kemur fram í þessu. Síðan koma útgjöldin annars staðar í stórauknum framlögum til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem fær 1,2 milljarða framlag á þessum fjáraukalögum og 1,2 milljarðar eru engin smáupphæð. Og fer furðu hljótt sú frétt

og skýrsla sem liggur hér á borðum okkar þingmanna um að kostnaður við atvinnuleysi hér í landinu á þremur árum er yfir 20 milljarðar kr. að mati nefndar sem hefur fjallað um það mál, 20 milljarðar í útgjöld og tekjutap á þremur árum vegna atvinnuleysis. Það er hætt við að það að nefna þessa tölu segi ekki mikið. Það sagði einn frægur maður hér fyrir einhverjum áratugum: Hvað er milljón? Og það má eins segja: Hvað er milljarður? Og hvað eru 20 milljarðar? Það má geta þess að vegaframkvæmdir, nýframkvæmdir á vegum í landinu, liggja á bilinu 2,5–3 milljarðar kr., vegaframkvæmdir, viðhald og stofnkostnaður á einu ári svona rúmlega 6 milljarðar kr., ráðstöfunarfé Vegagerðarinnar. Af þessu má ráða hvaða upphæðir er hér um að tefla þannig að það er ekkert smáræði sem liggur í því ef hægt er að bæta atvinnuástandið í landinu og gera ráðstafanir til þess að svo verði.

Ríkisstjórnin telur sér nú til gildis um þessar mundir að hafa lækkað vextina og ég hef sagt sem svo þegar hæstv. ráðherrar hafa hælt sér mest af þessu að þetta sé jafnvel eins og þegar við skólafélagarnir í Reykholti í gamla daga áttum að þvo gólfið á kvöldin. Við helltum vatnsglasi á mitt gólfið, þurrkuðum yfir og þá var gólfið orðið hreint. Ég er hræddur um að undir kojunum sé nefnilega eitthvað og þessi vaxtalækkun sé ekki nóg til þess að koma atvinnulífinu í gang aftur. Vextir eru nefnilega enn þá í efri kantinum sem nokkurs staðar gerist hvort sem miðað er við vexti af ríkisskuldabréfum eða raunvexti í bönkum sem eru enn þá frá 10–15%. Þannig að hér er ekki búið að snúa við blaðinu. Því miður. Og það er sjálfsblekking að halda að það sé búið að snúa við blaðinu í þessum efnum.

Ástandið er þannig í atvinnulífi landsins að bankarnir eru lamaðir vegna útlánatapa. Þeir halda að sér höndum, þeir þora ekki að taka í viðskipti ný fyrirtæki. Ég hef mýmörg dæmi þess að menn sem eru að brjótast áfram í nýjum fyrirtækjum fá hvergi áheyrn í bankakerfinu vegna þess að menn halda að sér höndum og þora ekki að sækja fram á ný mið. Og það hefur ekkert verið gert af hálfu stjórnvalda til að reyna að bæta hér úr. Ef bankarnir eru ekki færir um að fjalla um það á opinberum vettvangi, hvaða úrbætur eru hér mögulegar? Meðan svo er fáum við á fjáraukalögum ómældar upphæðir inn í Atvinnuleysistryggingasjóð í aukafjárveitingar á ári hverju.

Ég ætla ekki í þessari umræðu að fjalla í löngu máli um Hagræðingarsjóð, sem er alveg sérmál, ég mun geta gert það síðar. Ég þykist vita að Herjólfur sé á sjó enn þá og hæstv. sjútvrh. sé á sjó. En ég hefði þurft að spyrja hann að því sem við fengum ekki upplýst í fjárln. hvort það sé meiningin að fá einhverjar tekjur af sölu aflaheimilda á þessu ári. Það er verið að biðja um 300 millj. til Hafrannsóknastofnunar í þessu fjáraukalagafrv. og það væri fróðlegt að vita hvernig það lítur út, hvort þessi frumvörp, sem boðað er að lögð verði fram um sjávarútveginn, koma fram, hvort það er ætlunin að úthluta aflaheimildum á yfirstandandi fiskveiðiári ókeypis eða selja þær. Þetta þarf ég að ræða við hæstv. sjútvrh. þegar hann kemur, en ég ætla ekki að orðlengja um þessi mál frekar nú að sinni.

Um einstakar tillögur til aukinna útgjalda sem eru af smærra tagi ætla ég ekki að vera langorður. Hv. formaður fjárln. gerði grein fyrir þeim brtt. sem meiri hlutinn leggur fram. Ég gat þess og það kemur fram í nál. að flutt er brtt. um að Ríkisspítölunum verði bætt tekjutap þeirra eða lækkun sértekna sem varð vegna þess að sala Þvottahúss Ríkisspítalanna hefur ekki gengið eftir. Ríkisspítalar herma upp á fyrrv. heilbrrh. loforð þessa efnis og það væri fróðlegt að heyra álit núv. heilbrrh. á þessu máli. Við teljum að þetta verði að bæta og brtt. segir sig sjálf í rauninni að þessu leyti.

Ég hef aðeins minnst á þennan lið undir forsrn. um heimilisiðnaðinn, geri ekki athugasemd við liðinn. Málið er þarft og gott en ég tel að það þurfi að endurskipuleggja það með hverjum hætti þessu fé er úthlutað og hafa það ekki á víð og dreif um kerfið.

Það má nefna smærri liði eins og þann að lagt er til að sértekjur Veðurstofunnar verði lækkaðar um 10 millj. Þarna er um eina vitleysuna sem lagt var upp með hér í fyrra að ræða þegar einhverjum snillingum datt það í hug að selja flugfélögunum veðurfréttir áður en þær færu í loftið til þess að gæta aðhalds og sparnaðar og sparnaðurinn á þá væntanlega að vera í því fólginn að menn fari í loftið án þess að gá að því hvernig veðrið er. En það er ekki nóg með það heldur þó að þetta hafi ekki gengið eftir á þessu ári og þurfi að lækka þessar heimildir, þá á að leggja upp með sömu vitleysuna á næsta ári. Það vill nú svo til að veðurstofustjóri, bæði fráfarandi og viðtakandi, hafa komið á fund fjárln. og vita ekkert hvernig þeir eiga að fara að því að innheimta þetta. Þeir eru algjörlega ráðalausir í því. Hér í fjáraukalögunum hafa menn viðurkennt vitleysuna, dregið þetta til baka en leggja svo upp með þetta aftur í fjárlögunum.

Það eru hér einnig inni lækkanir fjárheimilda. Það er lækkun til Lánasjóðs ísl. námsmanna upp á 60 millj. kr. Jú, sumir segja að þetta sé kannski ágætt og vissulega er þarna um sparnað að ræða. En þegar farið er að líta á það nánar hvernig sá sparnaður er til kominn, þá kemur það í ljós að hann er vegna þess að annaðhvort hafa námsmenn ekki hafið nám, þeir hafa hætt námi eða ekki uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru og auðvitað er sparnaðurinn kominn til vegna þess að námsmenn hafa verið hraktir frá námi meira og minna upp á 60 millj. kr. Ég vil því biðja hv. þm. að setja spurningarmerki við þennan sparnað til Lánasjóðs ísl. námsmanna. Það væri verðugt verkefni að fara betur ofan í þá liði, en forsvarsmenn lánasjóðsins hafa ekki komið á fund fjárln. enn til þess að skýra út málefni sjóðsins svo að umræða um það af minni hálfu bíður umræðu um fjárlögin sem verður vafalaust hér innan tíðar því að auðvitað koma þessi mál áfram til kasta fjárln. í umfjöllun um fjárlögin.

Þessi fjáraukalög sýna svo ekki verður um villst að ríkisstjórninni hefur mistekist að hafa þá forustu í þjóðfélaginu að koma hjólum atvinnulífsins til að snúast. Það er meginástæðan fyrir því að halli á fjárlögum yfirstandandi árs verður a.m.k. 13,8 milljarðar kr. í stað 6,2 milljarða sem lagt var upp með. Samdráttur í tekjum ríkissjóðs vegna samdráttar í atvinnulífinu og sam-

dráttar í neyslu af þeim sökum er önnur ástæðan. Síðan er hin ástæðan vitlausar ákvarðanir, áform sem ekki hafa gengið eftir og það er ástæðan fyrir þessum rúmlega 7 milljörðum sem ber á milli fjárlaga og fjáraukalaga. Þetta er engin smáupphæð og það er ekkert smáverkefni, það er ekki lítið verkefni sem bíður ef á að snúa þessari þróun við. Það er nú svo að hæstv. forsrh. hefur kosið að tala með nokkurri bjartsýni nú um sinn. Hæstv. utanrrh. talaði í haust með mikilli svartsýni. Ég hef ekki heyrt að hann hafi sagt neitt núna upp á síðkastið. Ég veit ekki hvar hann er niður kominn, en það er alveg ljóst að þessi hæstv. ríkisstjórn verður að láta hendur standa fram úr ermum ef hún á að hafa þá forustu að atvinnulíf landsins fari að snúast á ný með eðlilegum hætti. Ef svo verður ekki, þá verður næsta fjáraukalagafrv. sem við fjöllum um árið 1994 enn þá verra heldur en þetta og er það þó nógu slæmt.

[12:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vildi vekja á því athygli að það er þunnskipaður ráðherrabekkurinn. Hér er á dagskrá fjáraukalagafrv. og samkvæmt venju og hefð geri ég ráð fyrir því að þeir hæstv. ráðherrar sem menn kjósa að eiga orðastað við verði viðstaddir umræðuna eins og jafnan hefur verið ef eftir er óskað og ég ætla að byrja á því að beina máli mínu að hæstv. fjmrh., sem ég gef mér nú að sé ekki langt undan, en einnig er alveg óhjákvæmilegt að hæstv. sjútvrh. komi til umræðunnar áður en henni lýkur. Ég heyrði nú ekki orðaskipti sem voru hér áðan um einhverjar ferðaraunir hæstv. sjútvrh., hvort hann var einhvers staðar á sjó eða hvað en það skiptir ekki öllu máli. Ég vil að það komi fram strax að ég þarf að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. áður en umræðunni lýkur af minni hálfu.

Ég vil fyrst segja það um ríkisfjármálin að þetta er óskapleg sorgarsaga hjá hæstv. núv. fjmrh. Hæstv. núv. fjmrh. er eins og kunnugt er einn af forvígismönnum frjálshyggjunnar í Sjálfstfl. og mun það vera staðfest í nýútkominni ævisögu hv. 1. þm. Vestf. að svo sé og honum jafnvel eignaður heiðurinn af því að hafa fundið upp kjörorðið „Báknið burt". Þá riðu ungir sjálfstæðismenn um héruð á stuttbuxum að sumir segja og hugðust skera stórkostlega niður ríkisútgjöld og leggja niður báknið og einkavæða og þar fram eftir götunum. Og nú er sem sé þessi merki frjálshyggjuuppfinningamaður, Friðrik Sophusson, hæstv. fjmrh., kominn í þá valdaaðstöðu sem þá hefur væntanlega dreymt um, unga sjálfstæðismenn á þessum árum, sjálfa slátrarastöðuna, að vera fjmrh. og geta með stjórn á ríkisútgjöldunum svelt báknið til hlýðni ef svo má að orði komast. Enda stóð nú ekki á því. Hæstv. fjmrh. hafði uppi býsna sverar yfirlýsingar þegar hann tók við embætti fyrir um það bil tveimur og hálfu ári síðan — og er það þannig að hæstv. fjmrh. sé ekki viðstaddur?

Forseti (SalÞ): Hann er viðstaddur. Forseti taldi að hann væri hér í hliðarherbergi og heyrði mál hv. þm.)

Já, mér finnst nú svo mikil prýði að hæstv. fjmrh. að ég vil endilega að hann sé hérna inni í þingsalnum þannig að við fáum að berja hans ásjónu augum. A.m.k. vill maður að það sé tryggt að hæstv. ráðherra heyri það sem við hann er sagt. Það er reyndar afar hvimleitt, hæstv. forseti, að mati ræðumanns hversu þunnskipaðir eru hér bekkirnir. Er ekki rétt að það standi til að gefa mönnum hádegisverðarhlé kl. 1? Ég spyr nú eiginlega til hvers það sé ef flestallir ef ekki allir hafa laumast í hádegismat og skrópað á meðan. Auðvitað ber ekki að refsa þeim fáu samviskusömu sem hér sitja, en ég vona alla vega að hæstv. fjmrh. sé ekki svo vannærður þó að hart sé í ári að hann þoli við þar til kl. 1. (**Fjmrh.:** Hann er ekki vanur að borða yfir sig.) Nei, og er auk þess ekki vanur að borða yfir sig, segir hæstv. ráðherra.

Hæstv. forseti. Ég var að ræða það að hæstv. fjmrh. hefði verið einn af þessum forvígismönnum frjálshyggjunnar í Sjálfstfl. og mun að vera staðfest í nýútkominni ævisögu og hæstv. fjmrh. jafnvel eignaður höfundarrétturinn á slagorðinu mikla „Báknið burt". Og nú er rétt að líta aðeins yfir það hvernig hæstv. ráðherra hefur vegnað í þessu samhengi í störfum. Ef ég man rétt voru gefin um það mikil loforð af hálfu hæstv. fjmrh. eða yfirlýsingar að þannig ætti að taka á í ríkisfjármálunum að sennilega yrði óhjákvæmilegt að nokkur halli yrði á ríkissjóði eins og fyrstu tvö árin sem hæstv. ráðherra færi með þau mál en síðan skyldi stefnt að því að á næsta ári þar á eftir yrði ríkissjóður rekinn án halla. Og það mun þá sennilega hafa verið frekar árið 1994 heldur en 1993, skiptir þó ekki öllu máli. Og svo var stefnt að því að reka ríkissjóð með afgangi þannig að ekki átti að vera vafi á því hver þróunin yrði. Sjálfsagt hefur þetta allt saman átt að falla í eina heild, þ.e. með snilld í fjármálastjórn og skynsamlegri efnahagsstefnu og batnandi árferði af þeim sökum í efnahagslífinu og hvað tekjustreymi ríkissjóðs snertir og svo með því að skera niður báknið, einkavæða og reka ríkissjóð fyrir söluhagnaðinn, þá mundi þetta allt ganga upp. Nú er rétt að líta aðeins á hvernig staðan er og það hefur auðvitað þegar verið rakið hér að nokkru leyti.

Ég vil líka taka þetta inn í það samhengi sem mikið hefur verið rætt um á undanförnum árum, þ.e. samhengið milli ríkisútgjaldanna, halla ríkissjóðs og lánsfjáreftirspurnar ríkissjóðs annars vegar og vaxtastigsins í landinu hins vegar. Það er afar fróðlegt að fara nú yfir þá hluti sem gerst hafa eða vonandi eru að gerast og bera það saman við yfirlýsingar og fullyrðingar manna á undanförnum missirum um samhengi þessara hluta. Þetta er þannig í ríkisútgjöldunum að þegar verið var að vinna að fjárlagafrv. fyrir yfirstandandi ár, síðsumars og um haustið 1992, þá stigu menn á stokk og strengdu þess heit hver um annan þveran, og man ég alveg sérstaklega eftir bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. í því sambandi, að það væri alveg lífsnauðsynlegt að halda halla ríkissjóðs innan við 5 milljarða kr. Sú tala var mjög oft nefnd og ég veit að hæstv. fjmrh. getur staðfest þetta því að markmiðið var ábyggilega að leggja frv. fram með minni halla en 5 milljörðum. (**Fjmrh.:** Sex.) Fjárlögin enduðu í 6,2, en var það nú ekki þannig að menn væru að berjast við einhverja 5 milljarða grensu í þessu efni, skiptir ekki

öllu máli. En það var alla vega útlagt af þessum miklu spekingum um efnahagsmál sem alveg afar viðkvæmt jafnvægi þarna sem alveg sérstaklega skipti sköpum gagnvart viðleitni við að ná niður vöxtum. Og ríkissjóðshallinn mætti alls ekki fara upp fyrir þetta bil ef ætti að vera hægt að ná niður vöxtunum. Fjárlögunum var lokað eins og kunnugt er með 6,2 milljarða halla og nú stefnir þessi halli í að verða tæpir 14 milljarðar á árinu eða ég veit ekki betur en hér liggi fyrir áætlun upp á halla ríkissjóðs um 13,8 milljarða, er það rangt? (**Fjmrh.:** Já, það er eigið ...) Ég held að hæstv. fjmrh. verði þá að skýra þetta betur en ég taldi mig nú ekki fara fjarri lagi með það að nefna þá tölu. (**Fjmrh.:** Það er munur á útgjöldum annars vegar og halla hins vegar.) Við skulum svo bara sjá til hver hallinn verður að lokum, hæstv. fjmrh. Það hefur nú oft reynst hyggilegt að hafa ekki mjög stór orð um það því að gjarnan hefur þetta viljað verða heldur ljótara þegar upp er gert svona nokkra mánuði inn á næsta ár þegar öll kurl eru komin til grafar, eins og sagt var aðallega, sjaldan gert í dag.

En mér finnst þetta nokkuð athyglisvert að menn ræddu sem sagt mikið á þessum árum, 1992–1993, um það hversu afar mikilvægt þetta væri um ríkisfjármálin að halda hallanum þarna niðri og helst hafa hann engan og hæstv. utanrrh. t.d. hefur haldið marga heita ræðuna um það að þetta sé alveg úrslitaatriði svo að við lendum nú ekki Færeyjaleiðina. Og svo stöndum við frammi fyrir því að á því ári einmitt sem hallinn verður einna mestur í sögunni eins og hann stefnir á þessu ári og á því ári sem fjárlagafrv. fyrir í hönd farandi ár er lagt fram með meiri halla en nokkurn tíma áður hefur verið sýndur í fjárlagafrv., einmitt þá telja menn hinar einu réttu forsendur vera komnar til að lækka vextina og nú hafi akkúrat verið nákvæmlega rétti dagurinn, 29. okt., hvorki degi fyrr né degi seinna, þá hafi verið hið rétta jafnvægi fundið til að lækka vextina. Þetta er formúla hæstv. forsrh. og blessunarlega virðast vextirnir hafa lækkað. Reyndar kemur það heim og saman við þá skoðun margra að hér hafi í raun og veru verið haldið uppi vöxtum með alveg sérstöku handafli langt upp fyrir það eða ofan við það sem nokkur ástæða væri til. Auðvitað er þessi sorgarsaga í ríkisfjármálastjórn hæstv. fjmrh. þannig að það er ekki vel gert þegar í hönd fer svartasta skammdegið að vera að rifja þetta of mikið upp. Væntanlega eru raunir hæstv. fjmrh. nægar fyrir og svo að ég tali nú ekki um að vera að rifja upp yfirlýsingar, loforð og heitstrengingar frá því sitt hvorum megin við alþingiskosningar 1991 um skattalækkanir og annað því um líkt, um það að reka ríkissjóð hallalaust á síðari hluta kjörtímabilsins og helst með afgangi undir lokin. Þetta stefnir í þveröfuga átt eins og ljóst er.

Vissulega er það svo, hæstv. forseti, að versnandi ytri skilyrði eiga þarna hlut að máli og það dettur mér ekki í hug að draga fjöður yfir, að auðvitað ber að líta á það. Ég veit ekkert hvort er ástæða til eða ætlandi að reyna að nefna einhver hlutföll í því sambandi eða vega og meta áhrif einstakra þátta í þessu. En ég get alveg sætt mig við það að við getum sagt sem svo að versnandi ytri skilyrði hafi a.m.k. gert það að verkum að það hafi verið erfitt að ná hallanum niður fyrir það sem hann hefur verið að breyttu breytanda að meðaltali á árabilinu frá því að fór að þyngjast fyrir fæti í okkar fjármálum eftir góðærið 1987, þ.e. ef maður tæki meðaltal frá 1988 til og með nú. En hitt er ekki nokkur vafi að þessar ógöngur eru að hluta til heimatilbúinn vandi hæstv. ríkisstjórnar og það ber okkur auðvitað alveg sérstaklega að ræða því að því getum við ráðið, haft áhrif á, ekki hinu eða síður hinu sem lýtur að óbreytanlegum ytri skilyrðum sem eru ekki í valdi okkar Íslendinga. Við verðum að sjálfsögðu að sæta þeim og bregðast við þeim eins og kostur er, en við getum þar ekki upprætt orsökina, en það ættum við að einhverju leyti að geta varðandi okkar eigin stefnumörkun og viðbrögð.

Hér blasa til að mynda við tveir hlutir sem hæstv. ríkisstjórn verður auðvitað að bera alla pólitíska ábyrgð á, dellumakarí sem hæstv. ríkisstjórn ber alla pólitíska ábyrgð á, er hennar eigin sjálfskaparvíti og það er til að mynda fíflaleg uppsetning á tekjum vegna einkavæðingar fyrirtækja ár eftir ár. Hvað á svona endaleysa að þýða eins og að setja upp fjárlagafrv. með 1,5 milljarða í tekjur af einkavæðingu fyrirtækja sem reynist svo hvorki vera dugur né pólitískur bakgrunnur fyrir, ekki einu sinni innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar. Var það ekki svo að inni í þessari tölu sem hér er verið að hverfa frá og gefast upp með, einkavæðing upp á 1,5 milljarða, væru til að mynda hugmyndir um sölu á Búnaðarbankanum? Og hvernig stendur það mál? Það lá ljóst fyrir þegar þessi tala var sett á blað, ef ég rétt veit, að til að mynda hæstv. félmrh. var ekki inni á þeim áformum og hafði allan fyrirvara á um það. Var það þá gáfulegt að byggja fjárlagafrv. upp á því að eftir sem áður mundu koma tekjur af þessari sölu og einkavæðingu bankans fyrir nú utan hvað það er efnislega vitlaust og alveg gersamlega út í hött að ætla að fara að fleyta sér í gegnum erfiðleikana með því að ganga kannski á einhverjar verðmætustu eignir ríkisins og þær sem síst er ástæða til að kasta frá sér? En þetta er nú svona samt. Í frv. er gert ráð fyrir því að 1.500 millj. kr. skili sér í gegnum einkavæðingu. En nú er sem sagt komið á daginn að þetta verður aðeins minna eða 100 millj. kr. Það munu vera, ef ræðumaður kann rétt að reikna, 6,67% af því sem til stóð. Það er þó nokkur skekkja ef því væri snúið upp á hinn veginn og reiknað út í hundruðum prósenta sem þarna skakkar, að fá 100 millj. í staðinn fyrir 1.500.

Eitt stóráfallið t.d. í þessum reikningum er að það hefur mistekist að einkavæða Þvottahús Ríkisspítalanna. Það er hér til umfjöllunar í frv. Það er hæstv. fjmrh. örugglega mikið pólitískt áfall að það skuli hafa mistekist að einkavæða Þvottahús Ríkisspítalanna. Eins og kunnugt er stóð til að græða á því eða fá heilar 60 millj. kr. á árinu í ríkissjóð með einkavæðingu Þvottahúss Ríkisspítalanna, takk fyrir, og um það var flutt ákaflega merkt frv. hvernig ætti að koma fyrir kattarnef þessari miklu miðstýringu og þessu mikla ríkisbákni sem þvær línið á Landspítalanum. Þetta gekk sem sagt ekki eftir frekar en ýmislegt annað og af því

stafar m.a. gatið sem hæstv. fjmrh. er að afla heimilda til að brúa.

Ég held að þessi áform og þessi uppsetning fjárlagafrv., að koma svo innan við ári síðar og biðja um heimild fyrir 1.400 millj. kr. lántökum í staðinn fyrir þessa áformuðu einkavæðingu og sölu af eignum, það er auðvitað ekki mjög góður svipur á þessu fyrir hæstv. fjmrh. að þetta skuli fara svona ár eftir ár. Nú sé ég að vísu að inn í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er komið talsvert raunsærra mat á þessa stöðu og ef ég man rétt er þar reiknað með 500 millj. vegna sölu á ríkiseignum eða einkavæðingar og sennilega er Þvottahús Ríkisspítalanna inni í því með 60 millj. (**Fjmrh.:** Hvorki þeirri tölu né ...) Nú, nú. Hvað átti að gera við 60 millj. fyrir Þvottahús Ríkisspítalanna? (**Fjmrh.:** Beint til Ríkisspítalanna.) Já, og er það þá til viðbótar sem sagt? (**Fjmrh.:** Já.) Það er rétt já, þannig að það er þá inn í rekstrarlið Ríkisspítalanna sem sú vöntun kemur fram. Gott og vel. (**Fjmrh.:** Maður lærir af reynslunni.) Við hjálpumst að við það, hæstv. fjmrh. Ég vona að hæstv. fjmrh. sé líka að læra af reynslunni og ég tel út af fyrir sig að hann sé að gera það, t.d. með því að átta sig á því að það er ekki líklegt að hann einkavæði fyrir 1,5 milljarða á næsta ári. Það er bara hreinlega ekki líklegt. Reynslan hefur sýnt hæstv. fjmrh. það að þetta reynist í framkvæmd svolítið flóknara en til stóð með báknið burt og þetta með að reka ríkissjóð með hagnaði o.s.frv. sem var auðvelt að segja á góðum dögum í upphafi hveitibrauðsdaganna en það er svolítið öðruvísi í reynd. Þeir eru auðvitað ekki langir hjá þessari ríkisstjórn.

Annað atriði sem eðlilegt er að ræða og flokkast undir þetta síðara sem ég nefndi, þ.e. pólitíska stefnu ríkisstjórnarinnar og pólitískar ákvarðanir og pólitísk verk sem ríkisstjórnin sjálf hlýtur að þurfa að svara nokkuð til, eru afleiðingar stjórnarstefnunnar eins og þær birtast í vaxandi atvinnuleysi í landinu og tekjusamdrætti ríkissjóðs. Það er ekki nokkur vafi á því að stjórnarstefnan hefur þar veruleg áhrif á, því er ekki nokkur leið að neita. Og það er afar mikil einföldun t.d. að ætla að kenna versnandi ytri skilyrðum um það allt sem þar er á ferðinni.

Hæstv. forsrh. grípur gjarnan til þorskbrestsins þegar hann er kominn í kastþröng og þeir fleiri hæstv. ráðherrar og þurfa að útskýra vandann. Staðreyndin er sú að það hefur sáralítill þorskbrestur orðið í veiðum eins og þetta birtist í veiðum og aflaverðmæti fyrr en þá síðustu mánuði þessa árs að útflutningstekjurnar eru að falla. En hann blasir hins vegar við á næsta ári. Það er út af fyrir sig alveg ljóst að menn eiga það fram undan að taka á sig nokkurn samdrátt í þessum efnum. En menn geta skoðað útflutningstölur, bæði um magn og furðanlega verð einnig, alveg fram á síðustu mánuði og það er t.d. ljóst að aflinn fyrstu 10 mánuði þessa árs er einn sá mesti í sögunni og meiri en í fyrra. Og verðmætin hafa haldist furðanlega uppi þrátt fyrir fallandi afurðaverð, þá meina ég útflutningsverðmætin, vegna þess að menn hafa framleitt í verðmætari pakkningar og menn hafa flutt sig til á mörkuðum o.s.frv. Þannig að þegar upp er staðið er fall útflutningsteknanna miklu minna en ætla mætti. Það dugar því skammt til að skýra þann mikla tekjusamdrátt sem orðið hefur og þetta stóraukna atvinnuleysi sem ég held að sé að verulegum hluta til afleiðing rangrar stjórnarstefnu, afleiðing þessarar sjálfshengingarpólitíkur sem ríkisstjórnin hefur rekið, að skera sjálfa sig niður við trog og tekjumöguleika ríkissjóðs og skrúfa þannig niður í efnahagslífinu öllu sem af því leiðir, vaxandi atvinnuleysi og minnkandi tekjur ríkissjóðs, aukinn halli, stærra fjárlagagat o.s.frv. Þetta er önnur meginskýringin á því á þeim aukna fjárlagahalla sem hér er sérstaklega til umræðu af því að í fjáraukalagafrv. er verið að afla heimilda fyrir því. Þannig er í raun og veru hæstv. ríkisstjórn að fá eigin stefnu í hnakkann og er vonum seinna í sjálfu sér að hún mæti afleiðingu eigin gerða að þessu leyti til. Afganginn tekur hún svo út í dómi kjósenda þegar kosið verður næst.

Ég ætlaði svo, hæstv. forseti, að gera hér að umtalsefni atriði, og er nú eiginlega mjög bagalegt að hæstv. sjútvrh. er ekki viðstaddur til að hlusta á. Það varðar fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar á yfirstandandi ári og þá niðurstöðu hæstv. ríkisstjórnar að horfið verði frá sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sem er út af fyrir sig fagnaðarefni að ríkisstjórnin er þar að átta sig á mistökum sínum og hverfa frá þeirri vitlausu stefnu sem það alltaf var að láta sér detta í hug þessa sölu til að afla rekstrarfjár og merkja það út af fyrir sig hafrannsóknum eða einhverju öðru. En staðan í því máli er hins vegar afar kúnstug og það er algerlega óhjákvæmilegt að nefna það hér og ég ætla að gera það í stuttu máli og taka það þá fyrir betur þegar hæstv. sjútvrh. verður mættur til leiks að það er alveg óhjákvæmilegt að vekja athygli á þeirri stöðu sem uppi er í því máli um leið og þetta er tekið fyrir og heimilda aflað til þess að færa yfir til Hafrannsóknastofnunar aukafjárveitingu upp á 300 millj. kr. vegna þess að stofnunin fær ekki þær tekjur af sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Staðan er sú að fyrir einum tíu dögum eða svo viðurkenndi meira að segja hæstv. sjútvrh. að það gæti ekki gengið að ríkisstjórnin kæmist ekki að niðurstöðu í þessu máli vegna þess að það væri verið að brjóta lög í landinu. En gildandi lög eru eins og kunnugt er á þá leið að strax 1. september í haust átti stjórn Hagræðingarsjóðs að hefja sölu á veiðiheimildunum og bjóða útgerðum í landinu í hlutfalli við aflaheimildir, veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs sem þá voru eftir óráðstafaðar að undangenginni úthlutun til sveitarfélaga, veiðiheimildirnar til kaups. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því að ef ein einasta útgerð í landinu tæki sig til núna og leitaði réttar síns fyrir dómstólum þá væri ríkið gersamlega flatt fyrir í því máli og stjórn Hagræðingarsjóðs sek um það að hafa ekki framkvæmt lögin eins og þau eru gildandi og ótvíræð. Hæstv. sjútvrh. viðurkenndi þetta í raun á dögunum fyrir nokkru og talaði þá um daga í því sambandi, það gæti ekki dregist nema daga að niðurstaða fengist í þetta mál og ríkisstjórnin þá eftir atvikum breytti lögum þannig að þau yrðu ekki brotin áfram með þeim hætti sem gert hefur verið frá og með mánaðamótum ágúst/september.

Nú hefur ekkert af þessu frést, ekki orð, ekki spor. Það eru líklega liðnir einir 10 dagar síða þessi orðaskipti fóru hér fram og samkvæmt mínum heimildum hefur málið í raun og veru ekki hreyfst í ríkisstjórninni. En ríkisstjórnin hefur samt smekk í sér til þess að koma með á dagskrá og til afgreiðslu fjáraukalagafrv. þar sem málefni Hagræðingarsjóðs koma við sögu í því formi að óskað er eftir aukafjárveitingu til Hafrannsóknastofnunar þar sem ekki komi neinar tekjur af sölu veiðiheimildanna á þessu ári eins og til stóð og engar skýringar gefnar á því hvernig málið standi að öðru leyti.

Saga þessa máls, hæstv. forseti, er eitthvert mesta reginhneyksli í samskiptum framkvæmdarvaldsins við lagaákvæði af þessu tagi sem lengi hefur orðið til og í raun og veru aldeilis ótrúlegt ef farið er yfir það allt frá byrjun þegar ríkisstjórnin rauk til og eyðilagði ákvæðin um Hagræðingarsjóð eins og þau voru, kippti m.a. út þeim ákvæðum sem inni í sjóðnum voru til ráðstöfunar gagnvart byggðarlögunum sem lentu í erfiðleikum, setti þetta allt saman á markaðsgrundvöll, nú skyldi allt selt, þar á meðal veiðiheimildir til byggðarlaga í erfiðleikum og það er hjálpræði við þau að þau mega náðarsamlegast kaupa veiðiheimildir sem frá þeim hafa verið teknar í gegnum gjaldþrot eða annað því um líkt á markaðsverði og er nú að reyna á það m.a. á þessum dögum hvílíkt bjargræði það er Bílddudal að fá að kaupa til baka veiðiheimildirnar sem þaðan hafa horfið á fullu verði. Og auðvitað eiga menn enga peninga í slíku byggðarlagi sem orðið hefur fyrir þungum áföllum en það er nú samt hjálpræði sem þarna var skilið eftir handa sveitarfélögunum. Svo kom þetta mikla snjallræði að selja veiðiheimildirnar og borga með því rekstur Hafrannsóknastofnunar. Það var fullyrt að þetta væri alveg innan sjávarútvegsins, alveg snilld, sjávarútvegurinn mætti nú bara vel við una því að hann fengi allar þessar hafrannsóknir í staðinn. Því var að vísu alveg sleppt að skýra frá því að ríkissjóður hefði borgað þessar hafrannsóknir úr sameignlegum sjóði alveg fram að því en þetta var nú samt sett svona upp af hæstv. sjútvrh. Ég man eftir alveg makalausum ræðuhöldum þegar hann var í þessum útskýringum hvernig stæði á því að þetta væri ekki skattlagning á greinina, þetta væri ekki auðlindaskattur eða neitt í því líki vegna þess að ráðstöfun fjárins héldist innan sjávarútvegsins af því að það ætti að borga með þessu rekstur Hafrannsóknastofnunar. Og ég er alveg hissa á því að þeir skulu þá ekki koma hér og miklast yfir þessum mikla stuðning við sjávarútveginn sem felist í því að ríkissjóður ætli nú að reka Hafrannsóknastofnun.

Síðan þekkja menn þessa sögu og það er ekki ástæða til þess að rekja hana hér. Hún er öll með miklum endemum. Þegar þorskkvótinn var svo skertur þá komu náttúrlega strax upp raddir skynsemdarmanna um að ein skynsamlegasta og eðlilegasta ráðstöfunin til að bregðat við því væri að útdeila veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs án endurgjalds til þeirra útgerða sem mestan samdrátt hefðu fengið á sig. Og hæstv. sjútvrh. mun hafa haft skoðanir í ríkisstjórn í þá veru en hann varð undir og sagði það sjálfur að við því væri ekkert að gera, hans sjónarmið hefði orðið undir og hann yrði náttúrlega bara að taka því, hann væri í minni hluta í ríkisstjórninni og hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. völtuðu yfir sjútvrh. og heimtuðu að veiðiheimildirnar yrðu seldar en í staðinn skyldu útgerðunum sendar ávísanir sem mundu fébæta þeim í raun og veru kaupin á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Og þannig átti þetta sem sagt að fara svona í dálítinn hring, niður í vinstri jakkavasann og upp úr þeim hægri aftur í formi ávísana til útgerða og hvernig þetta streymdi svo í gegnum líkamann sjálfan, þ.e. frá ríkisstjórninni, frá vinstri vasanum yfir í þann hægri, það veit ég ekki. (Gripið fram í.) Ja, einhvern vegin hefur þetta átt að komast milli fóðurs og ytra byrðis trúlega þarna á milli. Og við þetta stóð í allmarga mánuði. Og það er rétt að skjóta því hér inn í að í sjútvn. Alþingis sumarið 1992 komu fram eindregnar óskir um að því yrði frestað að hefja sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs sökum þess að ekki væri fullreynt hvort samstaða gæti skapast um það á Alþingi þó svo að ríkisstjórnin kynni að hafa aðrar hugmyndir að veiðiheimildunum yrði eftir sem áður ráðstafað með þessum hætti þ.e. ókeypis og til útjöfnunar. Þá brást stjórn Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, sem mun vera sama fyrirbærið og stjórn Fiskveiðasjóðs, þannig við að hún þvertók fyrir það að hægt væri að bíða með það dögum lengur að fresta því að hefja framkvæmd laganna og bjóða út veiðiheimildirnar strax á sl. hausti, þ.e. fyrir rúmu ári síðan. Og ekki var unnt að verða við tilmælum af því tagi að skapa þó ekki væri nema ráðrúm til að skoða það í einhverjar vikur. En nú bregður svo furðulega við að sama stjórn, því að mér er ekki kunnugt um að þar hafi einn einasti maður viki sæti eða annar bæst við, lætur það líðast mánuð eftir mánuð eftir mánuð að lögin séu brotin. Og ég vil spyrja, hvað hefur eiginlega breyst? Hefur verið skipt um forrit í þessum mönnum? Hvaða nýja lagatúlkun er það sem komið hefur til sögunnar að nú sé unnt að láta líða meira en fjórðung úr ári án þess að þessi lög séu framkvæmd? Þetta er til alveg stórkostlegrar skammar, herra forseti, og er þá ónefndur sá þáttur hvernig meiri hlutinn hér hefur níðst á stjórnarandstöðunni í sambandi við þetta mál og í raun og veru gersamlega misboðið þingræðinu með því að neita í fyrravor að afgreiða frumvörp stjórnarandstöðunnar sem gerðu ráð fyrir lagaheimildum í þessu skyni þannig að unnt væri að úthluta veiðiheimildunum og fella svo hér á dögunum brtt. um að nú mætti úthluta veiðiheimildunum með þeim hætti sem stendur til. Og þetta er mál sem er svo yfirgengilegt að manni verður eiginlega orða vant þegar maður á að fara að lýsa þeim ósköpum. Mér finnst forusta þingsins hér alveg afspyrnuaumingjaleg í þessu máli, hæstv. forseti, svo að ekki sé meira sagt, og á þar við formenn þingflokka og í raun og veru forsætisnefndina líka að láta þetta ganga svona til því þetta er auðvitað alveg forkostuleg vinnubrögð. Það er ekkert hægt að neita því. Að neita afgreiðslu á þessum frumvörpum í fyrravor og setja svo sömu ákvæði með bráðabirgðalögum nokkrum dögum síðar, að fella hér tillögu um það að

útvega lagaheimildir til úthlutunar veiðiheimildanna, boða svo flutning á sama efni í formi stjfrv. síðar. Hvernig á þetta að vera? Er mönnum nákvæmlega ekkert heilagt í þessum efnum lengur?

Ég tel þetta mikið hneyksli, hæstv. forseti, eins og ég hef vonandi komið hér sæmilega til skila og vil leggja mitt af mörkum til þess að halda þessu rækilega inni á spjöldum þingsögunnar og það er alls ekki að vita nema ég eigi eftir að nefna þetta nokkrum sinnum oftar í vetur til þess að þetta fari ekki fram hjá neinum. En ég mun e.t.v. nota tækifæri mitt í síðari ræðu og ræða þetta og þá að viðstöddum hæstv. sjútvrh. sem vonandi verður ekki mjög sjóveikur þegar hann kemur úr Herjólfi og getur haldist við undir umræðunni þegar hann hefur náð til þings.

Þá vildi ég einnig nefna annað atriði sem kemur hér fram í fskj. með þessu frv. og varðar sjávarútveginn eða Hafrannsóknastofnun og fjallað er um á bls. 38 í greinargerð með fjáraukalagafrv. Það er í fyrsta sinn sem ég sé þetta atriði á prenti sem ég hafði reyndar frétt af. Það kann vel að vera að þetta hafi komið fram áður opinberlega á prenti en ég vil í öllu falli gera þetta hér lítillega að umtalsefni en það er áformuð ráðstöfun á eftirstöðvum eigna Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins. En hér er það boðað að ríkisstjórnin ætti að láta eftirstöðvar eigna Verðjöfnunarsjóðs, því sem ekki hefur verið úthlutað til greinarinnar úr hinu einstöku deildum sjóðsins, renna til Hafrannsóknastofnunar og þá væntanlega beint í rekstur þeirrar stofnunar. Annað verður ekki ráðið af þessum upplýsingum sem hér koma fram. Nú kunna e.t.v. fjárlaganefndarmenn á þessu skil og ég vildi gjarnan fá það þá upplýst hvernig þetta hefur verið lagt fyrir í fjárln. ef einhverjar upplýsingar hafa verið um þetta veittar. Hér er að vísu hvorki formaður fjárln. né fjmrh. og það virðist vera ætlun ríkisstjórnarinnar að láta stjórnarandstöðuna um það að afgreiða þetta mál, a.m.k. að ræða það. Hér situr að vísu einn stjórnarsinni úti í horni, hv. 1. þm. Vesturl. og á hann alveg sérstakar þakkir skildar fyrir það að halda uppi heiðri ríkisstjórnarmeirihlutans hér sem telur 36 manns, en er nú samt þannig á sig kominn að einn af þessum 36 situr hér í þingsalnum, enginn ráðherra og ekki heldur formaður fjárln. Og sennilega eru þeir orðnir máttlausir af hungri og farnir niður í mat en eins og kunnugt er stóð til að gefa matarhlé kl. 1 en þeir hafa sennilega ekki mátt við því að bíða.

Ég óska eftir upplýsingum um á hvaða grundvelli sú ákvörðun er byggð að láta eftirstöðvar eigna Verðjöfnunarsjóðs renna bara beint í rekstur Hafrannsóknastofnunar ef það er rétt. Ég tel þetta furðulega ráðstöfun og ég trúi því ekki að samtök sjávarútvegsins ætli að skrifa upp á þetta þegjandi og hljóðalaust. Mér er að vísu ljóst að að því leyti sem hér er um að ræða eldri eignir Verðjöfnunarsjóðs, þ.e. áður en þær voru sérmerktar greinum eða fyrirtækjum þá er hæpið að til ráðstöfunar geti komið í því formi að þetta verði greitt aftur út til greinarinnar en mér finnst þetta vera í raun hrein eignaupptaka á eignum sem sjávarútvegurinn auðvitað á og við slíkar aðstæður á að leita annarra leiða til að ráðstafa þessum eignum. Þetta gæti í vissum tilvikum gengið til sérstakra verkefna innan þeirra greina sem þarna eiga innstæður. Ég nefni sem dæmi eftirstöðvar í þeim hluta sjóðsins sem tengist rækju- og hörpudiski. Þar er af nægum verkefnum að taka sameiginlega fyrir þær greinar, t.d. markaðsátök í þágu þeirra greina og einhver hluti þessara verðmæta gæti gengið þangað. En að svo miklu leyti sem þetta yrði nýtt sameiginlega, þá hefði ég talið að þessar eignir ættu að renna t.d. í endurnýjunarsjóð rannsóknarskipanna en ekki í rekstur stofnunarinnar. Það er að mínu mati mjög óeðlilegt og ég kalla það aumingjaskap ef sjávarútvegurinn ætlar að skrifa upp á það þegjandi og hljóðalaust að þetta verði gert upptækt með þessum hætti í hreinan rekstur. Nú geta menn sagt að hafrannsóknirnar sem slíkar, að svo miklu leyti sem rekstur Hafrannsóknastofnunar skilar sér þannig í auknum hafrannsóknum, séu góðra gjalda verðar og vissulega eru þær það en ég tel að meðferð svona uppsafnaðra eigna, sem myndast hafa vegna gjaldtöku á greinar, það sé með öllu óeðlilegt að láta þær hverfa þannig inn í hítina og í raun fyrst og fremst lækka sem því nemur ríkisframlögin til stofnunarinnar eða rannsóknanna. Menn eru engu betur settir, menn eru engu nær hvað varðar hafrannsóknaþáttinn. Ef þessir fjármunir hins vegar sem hér eru taldir nema 190 millj. kr. gengju í endurnýjunarsjóð hafrannsóknarskipanna þar sem fyrir munu vera einhverjir fjármunir frá því að rannsóknaskipið Hafþór var selt, þá væri þar að myndast myndarlegur sjóður sem gæti auðveldað mjög þá bráðnauðsynlegu endurnýjun rannsóknaskipanna sem fyrir dyrum stendur eða þarf að ráðast í. Nú er það svo að aðalrannsóknaskipin, Árni og Bjarni, eru komin á þriðja tug ára í aldri og þó að þeim skipum hafi verið vel viðhaldið og þau séu út af fyrir sig í ágætu ástandi og gætu sem slík dugað til að sinna þeim verkefnum sem þau ráða við til einhverra ára, þá er alveg ljóst að það háir nú stórkostlega Hafrannsóknastofnun að hafa ekki yfir öflugri skipakosti að ráða. Þar er ég sérstaklega með í huga úthafsrannsóknirnar og rannsóknir á dýpra vatni. Þessi skip ráða ekki við aðstæður á því dýpi sem nú er kannski hvað mest þörf á að rannsaka og þá á maður við möguleika á vannýttum eða ónýttum tegundum á dýpri miðum, einkum suður af landinu.

Það var upplýst í sjútvn. á dögunum að leigan af öflugum stórum togara sem ræður við rannsóknir á dýpri miðum kosti gjarnan í kringum 1,5 millj. kr. á dag og slík gerir það ósköp einfaldlega að verkum að stofnunin hefur sáralítið bolmagn til þess að ráðast í slík rannsóknarverkefni og í raun og veru alls ekkert miðað við þær fjárveitingar sem til hennar renna í dag. Ætti stofnunin í sjóði myndarlegar eignir til þess að hefja undirbúning að endurnýjun rannsóknaskipanna, þá hlyti það auðvitað að koma til greina annaðhvort sem viðbót sem auðvitað væri best eða í staðinn fyrir eitthvert af núverandi rannsóknaskipum þá kæmi nýrra og miklu öflugra skip sem réði við rannsóknirnar á djúpmiðunum. Það er alveg hroðalegt hvernig það stendur hjá okkur Íslendingum að við höfum í sumum tilvikum ekkert getað sinnt rannsóknum í þessum efn-

um á djúpmiðunum og fjær landinu, rannsóknum sem menn voru jafnvel að byrja á eða gerðu tilraunir til að ráðast í fyrir 20 árum síðan eða svo, t.d. frægan leiðangur sem farinn var fyrir rúmum 20 árum í Grænlandshaf og Reykjaneshrygg og hefur síðan nánast ekkert verið fylgt eftir fyrr en einhverjar tilraunir hafa verið í þá átt á síðasta ári og því sem nú er að líða. En það sem háir stofnuninni alveg sérstaklega í þessu efni er það að hafa ekki yfir skipakosti að ráða sem ræður við aðstæðurnar þegar komið er á dýpra vatn. Ég vil þess vegna gera það að tillögu minni þó að mér sé það ljóst að sjálf ákvörðunin er ekki hér á ferðinni, þ.e. slíkt mundi væntanlega koma í frv. sem þá yrði flutt um að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins eða þá sem viðauki við frv. um áformaðan þróunarsjóð en þá er að þessu vikið hér og ég veit ekki hvort ber að skilja það svo að það sé þegar á dagskrá að mæta að einhverju leyti rekstrarfjárþörf Hafrannsóknastofnunar, t.d. á næsta ári, með þessum peningum, eða hvað? Til hvers er verið að tíunda þessa upphæð í greinargerð með fjáraukalagafrv.? Og ef svo er, þá óska ég eftir skýringum á því frá fjárln. hvað fyrir hana hefur verið lagt í þessum efnum og ef þetta er ætlunin þá vil ég lýsa mig algerlega andvígan því. Ég áskil mér rétt til þess að berjast gegn því með öllum tiltækum ráðum hér í þinginu að þetta fari á þennan veg og segi það enn og aftur að mér þykir geð sjávarútvegsmanna lítið ef þeir ætla að sitja þegjandi undir því að þessir fjármunir fari svo.

Ég hefði svo, hæstv. forseti, að lokum kannski viljað segja fáein orð um þetta mál almennt og þá ekki síst um það að hér er enn á ferðinni úthlutun eða sundurliðun á ráðstöfun þeirra fjármuna sem ríkisstjórnin hefur sjálf skipt á hné sér og látið það heita til atvinnuskapandi aðgerða. Það er margt kúnstugt í þeirri grautargerð allri eins og kunnugt er og til að mynda var talað mikið um milljarð kr. til atvinnuaukandi aðgerða á þessu ári sem í ljós kom að var ekki nema hálfur milljarður því að helmingurinn voru gamlar og geymdar heimildir frá fyrra ári. Þannig að allt er það nú meira og minna í skötulíki þegar á hólminn er komið sem þarna er á ferðinni og lítið skárra heldur en hálfi milljarðurinn sem átti að fara á Reykjanes sem kom svo í ljós að Reyknesingar áttu að taka upp úr eigin vasa að mestu. Það var gert að umtalsefni talsvert í sumar og gagnrýnt harðlega, ekki síst norðan heiða, hvernig í fyrsta lagi staðið var að úthlutun þessara fjármuna og í öðru lagi hvernig þeim var skipt. Ég vil minna á þessa gagnrýni hér og ég vil rifja það upp í ljósi þess að atvinnuástandið er það hið lakasta í landinu og hefði verið ástæða til að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefði með einhverjum hætti reynt að bæta fyrir ráð sitt og sýna okkur í verki vilja til þess að ráðstafa þessum fjármunum þannig að þeir nýttust sem best í atvinnuaukandi störf eða til atvinnuaukandi verkefna og kæmu þeim landshlutum sérstaklega til góða sem erfiðast eiga í þessum efnum, en svo er ekki. Þvert á móti er hér verið að setja inn í mörgum tilvikum stórar fjárhæðir á þá staði þar sem jafnvel ekkert atvinnuleysi er að finna og er það nú ekki allt í sjálfu sér mannaflafrekar framkvæmdir sem þar eiga í hlut. Þetta er því allt hið kúnstugasta mál og ríkisstjórninni til lítils sóma hvernig hún hefur að þessu staðið og stjórnarmeirihlutanum sem skrifar auðvitað upp á þetta með því að taka þessu þegjandi og hljóðalaust eða ég kalla það þó að einstöku þingmenn hafi eitthvað verið að mjálma í sumar en síðan hafi lítið af því frést.

Hæstv. forseti. Ég held að ég fari þá að gera hér hlé á máli mínu sökum þess að hæstv. sjútvrh. er ekki mættur til leiks og ég tel rétt að bíða með það að ræða þau mál frekar sem ég ætla mér þegar hann verður mættur. — [Fundarhlé.]

[13:31]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993 höfum við í minni hluta fjárln. séð ástæðu til þess að skila sér nefndaráliti sem hv. þm. Jón Kristjánsson hefur gert grein fyrir.

Ég tel ástæðu til þess að fara nokkuð í einstaka liði í fjáraukalagafrv. þar sem við 1. umr. málsins er nánast tekið á heildarstefnu og mjög lauslega farið yfir frv. í heild. Síðan hafa komið fram brtt. með áliti meiri hluta fjárln. og gerir minni hluti fjárln., eða flest allir, ekki miklar athugasemdir við það eins og stendur í nál. okkar. En með þessu fjáraukalagafrv. er, eins og bent var á í 1. umr., greinilegt að fjárlög standast engan veginn. Hér eru gjöld umfram tekjur áður en til breytinga kemur, rúmir 7 milljarðar, og verða með breytingum 7,5 milljarðar kr. til viðbótar við það sem fyrir var.

Það er því alveg ljóst að stefnan, sem farið var af stað með við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, hefur beðið skipbrot. Það er hægt að rekja sig nokkuð í gegnum frv. að því leyti til að mjög víða standast sértekjur ekki. Það má t.d. nefna að sértekjur Tækniskóla standast ekki, vegna þess að þar þurfti að breyta lögum til þess að það næði fram að ganga og því tókst hv. meiri hluta á þingi ekki að koma í gegn í fyrra.

Það er einnig hægt að nefna að það er á fleiri stöðum sem sértekjur hafa ekki skilað sér eins og til var ætlast og er þá stærsta talan í sjútvrn. þar sem fjármagna átti Hafrannsóknastofnun. Það eru 300 millj. kr. sem þar munar á sértekjum þar sem ekki tókst að selja allar aflaheimildir. Ákveðið var að breyta því þannig að þar eru sértekjur sem ekki standast upp á 300 millj. kr.

Það má nefna að hjá Ríkisspítölum hefur orðið umtalsverð minnkun á sértekjum, vegna þess að ekki tókst að selja Þvottahús Ríkisspítalanna og raunar ætlar meiri hluti fjárln. ekki að verða við þeirri ósk og skilst mér að það komi vegna þess að ágreiningur sé jafnvel enn um það milli heilbrrh. og fjmrh. hvort ríkissjóður skuli taka á sig þennan mismun. En í þessu fjárlagafrv. er með breytingum lagt til að verða við 30 millj. vegna þess að salan tókst ekki. En 30 millj. sem eru þarna sértekjur, við því er ekki orðið. Þannig að það hefur brugðist líka. Fyrir utan nú það að þær sértekjur sem allir spítalarnir og yfirleitt heilbrigðiskerfið hef-

ur þurft að áætla sér í sínum útgjöldum standast oft og tíðum ekki.

Hjá Fasteignamati ríkisins kom ekki fram það frv. sem átti að vera undirstaðan undir sértekjum, þannig að þar þarf að leita eftir 20 millj. kr. viðbótarheimild.

Hjá Rafmagnseftirliti ríkisins, sem tilheyrir iðnrn., er farið fram á að sértekjur verði lækkaðar samkvæmt fjárlögunum um 10 millj. kr. vegna þess að sértekjurnar stóðust þar ekki. Þær stóðust ekki heldur hjá Náttúruverndarráði, þar þarf að lækka þær, og ekki heldur hjá Veðurstofunni, þar sem ekki var komið á þeirri reglugerð að innheimta sértekjur hjá Veðurstofunni vegna innanlandsflugsins.

Eins og hv. þm. Jón Kristjánsson gat um áðan, þegar hann nefndi þetta, þá eru bæði Þvottahús Ríkisspítalanna með þær sértekjur sem það á að afla og einnig Veðurstofan inni í frv. fyrir næsta ár, þannig að þetta rugl heldur áfram. Það á enn að reyna að ná þarna inn tekjum og er sett áfram inn í frv. sem sértekjur.

Það var mjög fróðlegt að hlusta á fulltrúa frá spítölunum sem komu á fund fjárln. í morgun. Það komu fulltrúar frá öllum stóru spítölunum í Reykjavík, Ríkisspítölum, Borgarspítala og Landakotsspítala og það var satt að segja ekki skemmtilegt fyrir einn eða neinn að hlusta á það sem þar þurfti að koma fram, en staðfesti auðvitað það sem við höfum margoft haldið fram í umræðum að sparnaður vegna alls þess sem búið er að vera að umsnúa í heilbrigðiskerfinu, á sjúkrahúsunum hér í Reykjavík, hefur orðið nánast enginn. Ég skal þó ekki segja þegar upp verður staðið endanlega, sem ekki er kannski hægt að segja á þessu stigi málsins, að það gætu hafa sparast 50–100 millj. kr. En ég hygg að það sé ekki hærri tala.

Það hefur oft verið vitnað í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem gerði úttekt á þessum málum samkvæmt beiðni þáverandi heilbrrh. — Nú hefði ég óskað eftir því, virðulegi forseti, að hæstv. heilbrrh. heyrði mál mitt. Ég vænti þess að hann sé ekki langt undan.

(**Forseti** (VS)**:** Hæstv. heilbrrh. mun vera í símanum rétt í augnablikinu en hann kemur væntanlega fljótlega.)

Eins og ég sagði þá gerði Ríkisendurskoðun úttekt á því snemma árs hvernig sparnaður hefði náðst á spítölunum á höfuðborgarsvæðinu á síðasta ári. Þar var það metið svo, miðað við þær aðstæður sem þá voru, og það kom raunar fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að hún gæti ekki alveg metið þetta til fullnustu, að líklega væri sparnaðurinn í kringum 460 millj. kr. Ég held ég fari rétt með þá tölu.

Það kemur svo auðvitað í ljós að nú er inni beiðni frá Landakoti, sem kemur svo fram í brtt. með fjáraukalagafrv., að Landakotsspítali þarf að fá 100 millj. kr. til þess að koma til móts við þann halla sem skapaðist á þessu ári. Þar eru þá farnar 100 millj. af þessum rúmlega 400 sem höfðu sparast.

Menn muna það kannski, þó oft sé rætt um skammtímaminni stjórnmálamanna og ekki hvað síst þingmanna, að til þess að gera þessa „hagræðingu“, eins og hún var kölluð, mögulega að færa frá Landakoti yfir til Borgarspítala m.a. bráðavaktirnar, þá þurfti Borgarspítali á þeim tíma að fá 200 millj. kr. til þess að þetta væri mögulegt. Þannig að ég lít nú svo á að þær 200 millj. kr. hljóti að dragast frá þessum hugsanlega sparnaði. Þá fara ekki að verða eftir nema kannski 100 millj. kr. Og það kemur í ljós í erindi Borgarspítala í morgun að á þessu ári muni hann verða með halla a.m.k. upp á 107 millj. kr. Hvort sá halli er allur uppsafnaður á þessu ári eða hluti af honum færður frá árinu í fyrra get ég ekki sagt á þessu stigi málsins, en mér sýnist þó að eitthvað af því sé það sem fært var á milli ára. Þá fer nú ekki að verða mikið eftir af þeim sparnaði sem hugsanlega hafði náðst á sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu á árinu 1992.

Það má einnig geta þess að það eru stórar upphæðir sem eru færðar yfir áramót á milli ára, þ.e. óhafin framlög eru færð, það eru yfirfærðar heimildir og jafnframt auðvitað umfram gjöld, en það eru óhafnar heimildir nokkrar hjá sjúkrahúsum yfirleitt yfir þessi áramót, milli 1992 og 1993. Þó ég reikni þetta ekki upp á milljón þá sýnist mér að útkoman verði sú að það hafi ekki náðst sparnaður af öllu þessu brölti sem þarna var iðkað.

Þegar við spurðum um það í morgun hvernig forsvarsmenn þessara stóru spítala litu á það hvort þessi sparnaður hefði náðst, þá kom raunar í ljós að menn voru ekki á því að sá sparnaður hefði náðst mikið. Að vísu vildi Borgarspítali ekki alveg taka það af að einhver sparnaður hefði náðst. En í skýrslu frá stjórnarnefnd Ríkisspítala segir, með leyfi forseta:

„Þessi árangur náðist með hagræðingu, samdrætti í þjónustu, þ.e. lokunum deilda, og með því að fresta verkefnum og kaupum á nauðsynlegum tækjabúnaði.“ — Það er eiginlega þrennt sem þeir tala um, það er hagræðing, samdráttur í þjónustu, lokanir deilda og þess háttar, og frestun á verkefnum. Það er auðvitað hægt að spara með því að loka deildum, þá er einhver sparnaður af því að ekki eru teknir inn neinir sjúklingar á meðan, en hversu mikill sparnaður það er þegar upp er staðið held ég að sé nokkurt álitamál.

Það er hægt að fresta verkefnum og það gat ég einmitt um áðan. Því er frestað að vinna ýmislegt viðhald, því er frestað að kaupa ýmis tæki fram yfir áramót og þar af leiðandi eru þau ekki greidd á þessu ári og það kemur þá bara fram í halla á yfirstandandi ári eða næsta, eftir því hvernig menn færa það á milli.

Síðan er þriðja atriðið, þ.e. þeir segja að þetta hafi náðst með hagræðingu. Það er út af fyrir sig gott mál ef það hefur náðst hagræðing, en ég held þó að þessi hagræðing sé alltaf í gangi hjá spítölunum. Ég hygg að eðli málsins samkvæmt þá sé ákveðin hagræðing í gangi bara með þeirri tækniværðingu sem við horfum á í dag. Það eru færri legudagar hjá hverjum sjúklingi, menn eru sendir fyrr heim, stundum vegna þess að það er verið að spara og menn ekki hafðir eins lengi, en stundum líka vegna þess að tæknin hefur breytt því, menn geta farið fyrr heim, eins og t.d. hefur stundum verið nefnt, eftir botnlangaskurð vegna þess að þetta er kannski framkvæmt á annan hátt í dag.

Það er í stuttu máli niðurstaða þessara sjúkrahúsa að sparnaðurinn sé mjög hæpinn, vægast sagt.

Ég geri ráð fyrir því að fyrrv. hæstv. heilbrrh., hv. þm. Guðmundur Bjarnason, muni jafnvel taka þetta enn þá betur, þannig að ég ætla ekki að fara alveg nákvæmlega út í þessa sálma. En þó get ég ekki látið hjá líða að nefna það að spítali í umdæmi hæstv. núv. heilbrrh. fær 27 millj. á fjáraukalögum til þess að koma til móts við halla fyrra árs og fyrirsjáanlegan halla á þessu ári. Í sjálfu sér kemur það heldur ekki heldur á óvart þar sem hæstv. ráðherra var einn af þeim þingmönnum í fyrra sem mæltu í móti þeim niðurskurði sem var á þeim spítala og taldi hann ekki vera raunhæfan. Það hefur enda sýnt sig hér að hann er nú í aðstöðu til þess að bæta að einhverju leyti fyrir þann niðurskurð sem á þann spítala var settur. Það væri fróðlegt að heyra í hæstv. ráðherra um það hvernig hann lítur á það mál, hvort sá niðurskurður sem framkvæmdur var á St. Jósefsspítala hafi haft við rök að styðjast eða hvort hann hafi þurft í sínu ráðherraembætti að bæta fyrir afglöp fyrri ráðherra.

Það er svolítið sérkennilegt í kaflanum hjá forsrn. að nú vill hæstv. forsrh. fara að skipta sér mikið af heimilis- og listiðnaði. Ég fagna því að sjálfsögðu að hann skuli hafa fengið svona mikinn áhuga á þessu sérstaka máli okkar kvennalistakvenna sem höfum iðulega haldið því á lofti. (**Fjmrh.:** Hann situr og bróderar allan daginn.) Situr og bróderar allan daginn, segir hæstv. fjmrh., og ég segi bara guð láti gott á vita, það er gott ef menn nota tómstundirnar. Hann hefur þá líklega mjög margar tómstundir. Hins vegar fæ ég ekki séð hvers vegna þessi upphæð sem á að fara til heimilis- og listiðnaðar er betur komin inn í forsrn. Byggðastofnun hefur haft með það að gera að úthluta ýmsum styrkjum til smáiðnaðar og til heimilsiðnaðar m.a. kannski, þannig að ég get ekki séð hvers vegna það er betur komið þar inni. En ef þingheimur lítur svo á að þetta sé í góðum höndum hjá forsrh. þá hef ég svo sem ekkert sérstakt við það að athuga og ætla mér ekki að taka neina afstöðu til þess.

Í menntmrn. hefur komið á daginn, eins og hér hefur verið nefnt áður, að framlag til rannsókna- og þróunarstarfsemi gat engan veginn staðist þar sem það átti að koma af sölu eigna sem svo til engar tókust. Hér er lítils háttar reynt að bæta það upp með 45 millj. kr. í Rannsóknasjóð. Er það nú lítill hluti af þessum 300 millj. sem áttu að fara til aukinnar rannsóknastarfsemi ef tekist hefði að selja eignir. Út af fyrir sig er ég að sjálfsögðu sammála því að þessar 45 millj. koma, en ég sé ekki að ríkisstjórnin standi við það fyrirheit sitt að auka framlag til rannsókna og þróunar eins og hún lofaði á síðasta ári að gert yrði á þessu fjárlagaári, með þessu framlagi, það dugar engan veginn til þess.

Það er svolítið sérkennilegt hér með kaflann um listir og framlög. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt samningi ríkisins við Reykjavíkurborg greiðist rekstrarhalli af listahátíðinni að hálfu af hvorum aðila og sama gildir um kvikmyndahátíð sem fram fer í ár." — Síðan segir: „Fyrirhugað er að framvegis verði veittir fastákveðnir styrkir í fjárlögum til slíkra listviðburða."

Ég er út af fyrir sig alveg sammála því að það gengur ekki að koma eftir á með reikninginn og heimta að það sé greitt af bæði ríki og Reykjavíkurborg, það verður að vera að mínu áliti föst fjárveiting í þetta. En hér er aftur á móti ekki nefnt hvort þetta gildir um kvikmyndahátíðir líka. Hér er sagt að það eigi að endurskoða þetta með listahátíðir, en mér sýnist það ekki koma nógu skýrt fram a.m.k. hvort hér er líka átt við kvikmyndahátíð. Þetta veldur því að það þarf að auka framlag um 6 millj. kr. vegna Listahátíðar í Reykjavík.

Svo er einnig í þessum kafla margumtöluð aukafjárveiting vegna kaupa á sýningarrétti kvikmynda til afnota fyrir grunnskóla, sem menn hafa rætt hér áður, og liggur í því að þarna er verið að kaupa kvikmyndir fyrir grunnskólann sem eru bannaðar börnum. Enn hefur engin skýring fengist á því hvernig á að nota þessar kvikmyndir. Ég hef séð að það er búið að leggja hér fram tillögu um að taka þetta út og styð það að sjálfsögðu, enda finnst mér eðlilegt ef ráðherra hefur tekið þessa ákvörðun að hann greiði það af sínu ráðstöfunarfé en komi ekki til Alþingis eftir á og biðji um framlag til þess að greiða þetta, fyrir utan hversu fáránlegt það er að fara að kaupa slíkar myndir sem ekki má sýna börnum og ekkert samráð verið haft við Námsgagnastofnun.

Í kaflanum um utanrrn. þá er skýring með því þar sem sótt er um aukafjárveitingu. Það eru m.a. rúmar 6 millj. vegna aukins kostnaðar við þýðingar á reglugerðum og tilskipunum EB. Og það sem mér finnst rétt að vekja athygli á í þessu sambandi er að heildarkostnaður við þýðingar frá upphafi til ársloka í ár stefnir í að verða um 110 millj. kr. sem er 90% hækkun frá því sem ætlað var þegar verkið var hafið á árinu 1990 og er þetta þó aðeins um þýðingarnar. Þetta er ekki um margan annan kostnað sem leynist í öllum ráðuneytum. En bara þessi kostnaður fer 90% fram úr áætlun.

Það er líka svolítið sérkennilegt í utanrrn. að það er talað um að ríkisstjórnin þurfi að fá heimild til að ráða aftur í stöðu fastafulltrúa hjá Sameinuðu þjóðunum. Ég veit nú eiginlega ekki hvernig þetta er orðið hjá utanrrn. Það koma sífellt yfirlýsingar bæði í fjáraukalögum og fjárlögum um að nú eigi að leggja niður þetta embættið og hitt embættið. Það er hjá Sameinuðu þjóðunum, það er í Vín, það er hjá RÖSE og árið eftir er alltaf komið og sagt að það hafi verið hætt við að leggja niður þessi embætti. Þau verði eftir sem áður að fá fjárframlög á fjárlögum eða fjáraukalögum. Ég held að það væri nú tími til kominn fyrir hæstv. utanrrh. að skoða það almennilega hvernig hann ætlar að haga þessum málum í framtíðinni og sé ekki að vingsast með þessa fulltrúa ýmist úti eða inni. (**Fjmrh.:** Það er rétt.) Það er rétt, segir hæstv. fjmrh. Það er gott að geta haft hæstv. fjmrh. hér viðstaddan til þess að svara svona jafnóðum og ég ber fram spurningar. Það sparar honum áreiðanlega tíma og mér líka hér á eftir.

Þá vil ég aðeins gera að umtalsefni Ríkismat sjávarafurða sem lagt var niður og sameinað með því að stofna Fiskistofu á síðasta ári. Það hefur verið nokkuð umdeilt hvernig staðið var að þeirri breytingu.

Fiskifélagið hefur m.a. komið ítrekað með athugasemdir til okkar fjárlaganefndarmanna um að það hafi í raun og veru ekki verið staðið alveg við það sem lofað var hjá Fiskifélaginu þegar þessi sameining var gerð og Fiskistofa átti að kaupa ákveðna þjónustu af Fiskifélaginu. Það kemur líka í ljós að þar er búið að segja upp mörgum starfsmönnum og það þarf m.a. núna í brtt. við fjáraukalögin að leggja til að staðið sé undir biðlaunum vegna Fiskifélags og það er hér inni í fjáraukalögunum um biðlaunarétt vegna Ríkismatsins. Ég held að það sé hægt að efast mjög um það hvort þessi breyting hafi verið til bóta. Það hefur komið ítrekað fram hjá þeim sem þurfa að sækja þjónustu hjá Fiskistofu að þeir eru óánægðir með þá þjónustu og það er mjög umdeildar ýmsar ákvarðanir Fiskistofu. Það er fullyrt að vottorðafargan hafi aukist mikið, það þurfi að fá vottorð hjá upp undir 10 aðilum til þess t.d. að senda út afurðir af silungi. Það hefur verið fullyrt í mín eyru að það þurfi ein 10 vottorð til þess. Þar að auki er það líka álitamál hvort ekki þurfi alltaf að vera eitthvert apparat eins og Ríkismat sjávarafurða sem tekur opinbera ábyrgð á ýmiss konar framleiðslu. Þannig að öll sú einkavæðing og breyting sem búið er að gera í sambandi við þetta, ég er ekki trúuð á það að hún hafi í raun og veru verið til bóta. (Gripið fram í.) Já, ég hugsa að hún hafi líka verið of dýr og það var nú reyndar gagnrýnt mjög í fyrra, ég ætla ekki að taka þá umræðu aftur, sem sett var fram sem áætlun við það að breyta þessu yfir í Fiskistofu, að það fór langt fram úr þeim áætlunum og algerlega úr böndunum. Fulltrúar Fiskistofu hafa fullyrt í okkar eyru að það sé vegna þess að þá hafi verið um stofnkostnað að ræða og það muni lækka. Við eigum auðvitað eftir að sjá hvort það stenst eða ekki. En þessi gagngerða breyting sem gerð var í fyrra með því að sauma jafnmikið að Fiskifélaginu og gert var, leggja niður Ríkismat sjávarafurða og síðan kemur þarna með inn í reikninginn, þrátt fyrir að þetta átti auðvitað að vera í sparnaðarskyni eins og flestar tillögur ríkisstjórnarinnar, sem eiga nú allar að vera til sparnaðar en tekst mjög misjafnlega, að þá er auðvitað þarna um að ræða biðlaun sem koma til viðbótar. Þannig að ekki er farið að sjá að sparnaðurinn verði svo mikill, a.m.k. sést það ekki næstu framtíð.

Þá vil ég gera að umtalsefni fangelsismálin. Fangelsismál á Íslandi eru í miklum ólestri og þó að í fjáraukalagafrv. eigi að leggja fram 10 millj. kr. til þess að framkvæma lágmarksúrbætur í öryggismálum fangelsa, eins og hér segir, þá hygg ég að það sé fyrst og fremst vegna þeirra uppákoma sem af urðu á síðasta sumri þegar menn voru ítrekað að strjúka úr fangelsum, að þá eigi eitthvað að bæta það. En aðbúnaður fanga er hrein hörmungarsaga hér á Íslandi og mikil nauðsyn á að vinna að úrbótum í þeim málum. Og ég satt að segja skil eiginlega ekki hvernig það mál hefur verið látið dankast hér árum saman. Fólk sem hefur komið þarna hefur lýst hvernig aðkoman er og hvernig aðbúnaður fanga er, t.d. uppi í Síðumúla, og það er ein hörmungarsaga sem ég hygg að margir þingmenn hér inni þekki. En þeim mun heldur er mikil nauðsyn að farið sé að taka á því máli af einhverju viti.

Hagsýsla ríkisins hefur nýverið gefið út skýrslu um málefni barna og ungmenna. Í þessu fjáraukalagafrv. er farið fram á 15 millj. kr. til þess að stofna lokaða meðferðardeild innan Unglingaheimilis ríkisins fyrir sífbrotaunglinga sem eru yngri en 16 ára og mér skilst að það sé heimilið sem er í Gröf í Skagafirði. Ég efa það ekki að það hefur verið nauðsynlegt að koma þeirri deild á fót, en samkvæmt því sem segir í skýrslu Hagsýslu ríkisins, sem ég er nýbúin að lesa, þá telja þeir að ekki sé gott skipulag á þessum málum. Þeir telja t.d. ekki góða nýtingu á unglingaheimilinu á Tindum. Þeir telja að þar sé nýting á plássum ekki nema svona í kringum 60% yfir árið og þeir mæla alveg sérstaklega með úrræðum eins og á Torfastöðum og Sólheimum 17, þar sem er um fjölskylduheimili að ræða. Það hefur skilað bestum árangri að þeirra mati og þar eru bæði aðstandendur og notendur þeirrar þjónustu ánægðastir.

Samkvæmt fjárlagafrv. fyrir næsta ár er boðað að stofna skuli fjölskyldaþjónustu ríkisins upp úr unglingaheimilinu og er þá þess að vænta að það verði tekið á þeim ábendingum sem koma fram í þessari skýrslu. En ég vil enn og aftur leggja áherslu á það, í sambandi við málefni barna og ungmenna, að þá sé ekki alltaf hlaupið til og málið skoðað fyrst þegar barnið er dottið ofan í brunninn. Það sé byrjað á því með forvarnastarfi. Forvarnastarfið mun skila miklu, miklu meiri árangri heldur en þær úrbætur sem verður að gera af illri nauðsyn þegar óhappið er skeð. Og það er til skammar, ég verð að segja það, það er til skammar hvernig búið er að börnum og unglingum á Íslandi og þessi ríkisstjórn hefur ekki bætt ástand hér á landi í þeim málum.

Í sambandi við það atvinnuleysi sem hér hefur verið vaxandi undanfarin ár er orðinn margfrægur í umræðunni milljarðurinn sem átti að fara til atvinnusköpunar. Af því fóru aðeins 60 millj. til atvinnusköpunar fyrir konur. Við getum bætt við þessum 20 milljörðum sem forsrh. ætlar að nota til þess að kaupa prjónagarn og prjóna í tómstundum sínum, en kannski fer eitthvað af því til kvenna líka. Það er ekki svo að Alþingi, fjárln. eða neinir slíkir fái að skipta 60 millj. frekar en öðru af þessum milljarði, heldur segir hér í kaflanum um þessar 60 millj. að 35 millj. fari til fyrirtækjarekstrar einkaaðila, það hefur ráðuneytið ákveðið, 20 millj. fari til ýmissa verkefna á vegum sveitarfélaga og 5 millj. fari til námsaðstoðar til að skapa atvinnulausum konum betri aðstöðu á vinnumarkaði. Þessar 5 millj. kr. sem eiga að fara til námsaðstoðar eru vægast sagt mjög lítill hluti af milljarðinum og þar að auki hefur það komi í ljós að hann nýtist raunverulega eingöngu konum hér á höfuðborgarsvæðinu. Þegar verið er að setja upp námskeið fyrir atvinnulausar konur sem eru víðar heldur en hér í Reykjavík, þó vissulega séu þær margar hér og atvinnuleysi meira meðal kvenna, líka hér á höfuðborgarsvæðinu, það er miklu meira meðal kvenna um allt land, að þá hefði þurft að skipta þessu á annan hátt og deila því þannig að það færi þá jafnt til námsaðstoðar kvenna, bæði í Reykjavík og annars staðar. En eins og mér skilst að

þetta sé útfært núna, þá mun það eingöngu nýtast konum hér á höfuðborgarsvæðinu. Fyrir nú utan það, eins og ég sagði áðan, að hér er það ráðuneytið sem ákveður hvernig þessi skipting er og Alþingi hefur ekkert um það að segja. Maður fer nú að verða svolítið þreyttur á því að gagnrýna hér sí og æ og tala um það hvernig ráðherrar og ríkisstjórnin hundsar yfirleitt Alþingi í allri ákvarðanatöku. Það hefur svo iðulega komið í ljós og það virðist ekkert lát vera á þeirri stefnu.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna Tryggingastofnun ríkisins, þar aukafjárveitingar að upphæð 350 millj. kr. sem á að greiðast lífeyrisþegum í uppbætur. Nú stóð ríkisstjórnin að því á síðasta ári að lækka persónufrádrátt og ég reiknaði það að gamni mínu út hvort þessar 350 millj. kr., sem eiga að vera greiddar lífeyrisþegum, mundu nú skila sér til þeirra. Af þeim fer ekki nema rúmur helmingur til lífeyrisþeganna, vegna þess að það er búið að hækka skatta og það er búið að lækka skattleysismörkin. Þannig að milli 150–160 millj. fara beint í staðgreiðslu skatta, svo að þessar 350 millj. kr. sem eiga að fara í uppbætur til líffeyrisþega segja nú ekki alla söguna.

Ég hef nokkuð rætt hér um þann niðurskurð sem hefur verið hjá sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu og ég ætla ekki að endurtaka það. En ég get þó ekki látið hjá líða að nefna hér í einni grein í fjáraukalagafrv. þar sem segir að lagt sé til að framlag til Ríkisspítala hækki um 60 millj. vegna eingreiðslu í kjölfar endurskoðunar á launafyrirkomulagi hjúkrunarfræðinga. Eingreiðsla á launafyrirkomulagi hjá hjúkrunarfræðingum. Það er dálítið einkennilegt að það sé bara hægt að greiða hækkun launa einu sinni og síðan skuli það ekki að halda áfram. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. hvernig því er fyrir komið, hvort þessar greiðslur eða þessar hækkanir launa hjúkrunarfræðinga eigi þá ekki að koma áfram á næsta ári, ef ekki er gert ráð fyrir því að það hækki frv. til fjárlaga fyrir árið 1994. Mér hefur skilist á fulltrúum sjúkrahúsanna að þeir hafi einmitt gert ráð fyrir því að hjúkrunarfræðingarnir héldu áfram að fá þessar launahækkanir og þeir sjá engin merki um það í fjárlagafrv. fyrir næsta ár að það eigi að viðurkenna það.

Svo get ég ekki látið hjá líða að nefna hér eitt sem mér finnst svolítið skondið mál. Það er allt í lagi að koma með það aðeins líka inni í allri þessari alvarlegu umræðu um fjármál. Í umhvrn., undir ýmsum verkefnum, vill umhvrn. fá 12 millj. kr. til að kaupa mengunarbúnað fyrir hafnir, sem átti raunar að veita í fjárlögum ársins 1994. Hvers vegna skyldu þeir vera að biðja um þetta núna í fjáraukalögum fyrir árið 1993? Það er til þess að unnt verði að ná fram staðgreiðsluafslætti á búnaðinum. Ég segi nú bara, ef það væri hægt hjá öllum stofnunum að leggja fram beiðni í fjáraukalögum um einhver tækjakaup eða annað sem þær þyrftu að kaupa til þess að ná fram staðgreiðsluafslætti. Það væri sannarlega gott mál. Það er svolítið einkennilegt að þetta skuli vera allt í einu nauðsynlegt í mengunarbúnaði fyrir hafnir þó ég viðurkenni að sjálfsögðu að það er nauðsynlegt að hafa hann. En hvort hann er svona bráðnauðsynlegur umfram allt annað og öll önnur tækjakaup og búnað sem ríkisstofnanir þurfa á að halda, það fæ ég raunar ekki séð. Það skal ég viðurkenna.

Ég ætla ekki að lengja þetta mikið en ég vona að hæstv. ráðherrar sem hér eru inni muni geta svarað einhverju af því sem ég hef verið að velta upp í ræðu minni. En ég vil leggja áherslu á það sem ég sagði í upphafi að ég tel að þetta fjáraukalagafrv. sýni það að áætlanir í fjárlögum hafi engan veginn staðist. Þær hafa farið allt að 140% fram úr áætlun fjárlaga. Útgjöldin hafa aukist um það. Sumt vegna aukinna gjalda, sumt vegna þess að tekjuáætlun hefur ekki staðist. Síðan verð ég einnig að geta þess að þrátt fyrir það að ríkisstjórnin hafi ákveðið að leggja 1 milljarð kr. til atvinnuskapandi aðgerða og draga þar með úr atvinnuleysinu og reyna að stemma stigu við auknum útgjöldum ríkissjóðs vegna þess, þá hefur það ekki tekist nógu vel því það þarf að færa a.m.k. helminginn af þeirri fjárhæð, jafnvel allan milljarðinn á milli ára núna um næstu áramót. 558 millj. af þessum milljarði sem ákveðinn var í sumar voru færðar frá síðasta ári og það er allt útlit fyrir að það hafi ekki tekist að nota þessa upphæð í sumar eða á þessu ári, og að það verði sennilega 900 millj. til 1 milljarður sem verði fært á milli ára 1993 og 1994. Þannig hefur ekki tekist vel að sporna við atvinnuleysi og vinna úr þessum milljarði á árinu og mér sýnist að því miður stefni í enn meira atvinnuleysi á næsta ári en á þessu ári og hljóta þar að koma fram líka þau áhrif sem sífellt minnkandi þorskkvóti og afli þar af leiðandi hefur á afkomu landsmanna, því það skilar sér allt á endanum inn í ríkissjóð.

Eins og ég hef lýst þá get ég samþykkt ýmsar þær breytingar sem hér horfa til bóta og einmitt þess vegna greiddi ég líka atkvæði hér áðan með lánsfjárlagafrv. þar sem ég tel að við stöndum frammi fyrir ákveðnum vanda sem við verðum að viðurkenna, þrátt fyrir það að við séum ekki sammála þeirri stefnu sem hefur komið þeim vanda á, en við þingmenn stöndum frammi fyrir því og verðum þar af leiðandi að leggja til að lánsfjárheimildir ríkissjóðs séu auknar sem því nemur. En ég held að það sé tími til kominn hjá ríkisstjórninni að setja sér einhverja stefnu, bæði í heilbrigðismálum og sjávarútvegsmálum, og líklega landbúnaðarmálum líka.

[14:14]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Fjáraukalagafrv. það sem hér er komið til 2. umr. er, eins og fram hefur komið hjá sumum hv. ræðumönnum á undan í þessari umræðu, dómur um þá efnahagsstefnu sem núv. hæstv. ríkisstjórn er að reyna að framfylgja. Sá dómur er í raun ekki fagur. Það er raunverulega dómur um það að efnahagsstefnan hafi beðið skipbrot. Þetta er skipbrotsdómur yfir þeirri stefnu hæstv. fjmrh. að ná fram hallalausum fjárlögum og hafa ríkisfjármálin í jafnvægi. Þetta er líka dómur um það sem hann hefur aftur og aftur lýst yfir í umræðum um fjárlagafrv. sín og fjáraukalagafrv. að fjárlög í tíð hæstv. núv. ríkisstjórnar séu unnin með miklu markvissari hætti, traustari

hætti og betur að þeim staðið heldur en áður af því að m.a. hafi verið reynt að færa ábyrgðina meira út til fagráðuneytanna og láta þau standa við sínar fjárveitingar og sinn fjárlagaramma.

Nú er það svo að ýmsar stofnanir hafa reyndar staðið betur við sínar fjárveitingar, við þann ramma sem fjárlögin hafa ákveðið þeim og forsvarsmenn stofnana eiga vissulega heiður skilið fyrir að reyna að berjast við það og glíma við það að reka stofnanir sínar innan þessa þrönga ramma sem þeim hefur að undanförnu verið skammtaður. Er það vel, en auðvitað er það líka vegna þess að tekist hefur að halda nokkuð í hemilinn á verðbólgunni sem hér áður æddi yfir okkur og gerði fjárlög og allar rekstrar- og efnahagsáætlanir miklu óraunhæfari heldur en nú hefur verið um sinn. Grunnurinn að þeirri glímu, að kveða niður verðbólgudrauginn, var auðvitað lagður í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar og tekist hefur að búa svo um hnútana enn þá, m.a. með samningum við aðila á vinnumarkaði, að þessi glíma hefur gengið nokkurn veginn upp og á það auðvitað þátt í því að margar stofnanir eru nú nær þeim fjárlagaramma sem þeim hefur verið ákveðinn. En það er eitthvað annað að í ríkisfjármálunum heldur en einmitt þetta. Og það merkilega er að það kemur í ljós að fjárlagaáætlun hæstv. ríkisstjórnar sjálfrar, þ.e. innbyggð vandamál ýmis þar, sem menn hafa annaðhvort vísvitandi eða óviljandi látið yfir sig ganga við samþykkt fjárlaganna, hafa leitt til þess að fjáraukalög eru nú lögð fram með þeim hætti að halli á ríkisfjármálunum fer úr 6,2 milljörðum í 13,8 — í tæpa 14 milljarða, virðulegur forseti, eða hækkar um 7,6 milljarða kr. Þetta er dómur yfir sjálfri efnahagsstefnunni.

Ég sagði að það væri kannski fyrir það að menn hefðu annaðhvort óviljandi, óafvitað eða vísvitandi sett fram í fjárlögum tölur svo óraunhæfar að niðurstaðan skuli verða þessi. Ég leyfi mér að fullyrða að a.m.k. sumt af því, eins og reyndar hér hefur verið rakið á undan, hafi verið gert vísvitandi. Má þar t.d. nefna þær hugmyndir hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnarinnar að ætla að einkavæða samkvæmt trúarbrögðum þeirra og stjórnarflokkanna fyrir 1,5 milljarða kr. sem allir vissu þá strax fyrir ári síðan að var algjörlega óraunhæft. Og auðvitað sýnir það sig hér. Að minnsta kosti sá eini og hálfi milljarður er líka nú að sanna sig að var hvergi nærri lagi og ljóst að þar voru menn að blekkja, kannski bæði sjálfa sig og aðra, e.t.v. höfðu einhverjir trú á því að þetta tækist en því miður hafa menn þó trúlega blekkt vísvitandi af því að þeir vissu að þetta mundi ekki ganga upp. Þetta er skipbrot fyrir þessa efnahagsstefnu.

Atvinnumálin hafa líka verið með þeim hætti í landinu á undanförnum missirum að það hefur haft verulega og afdrifarík áhrif á þróun ríkisfjármálanna. Það hefur leitt til þess að skatttekjur ríkissjóðs hafa verulega dregist saman og kemur það líka fram í þessu fjáraukalagafrv. að skatttekjurnar eða tekjuhliðin hefur dregist saman um sem nemur rúmlega 3 milljörðum kr. frá því sem fjárlögin gerðu ráð fyrir. Þar á líka hlut að máli sú stefna sem hæstv. ríkisstjórn hefur haldið sig við í þeirri hreinsun sem reynt hefur verið að framkvæma í atvinnulífinu, þ.e. gjaldþrotastefnunni, þar sem gjaldþrot hafa verið látin ríða yfir án þess að reynt væri að sporna við og beinlínis verið yfirlýst sem stefna að gjaldþrotin ættu að hreinsa til og endurnýja í atvinnulífinu. Gjaldþrotin hafa síðan ýmis önnur vandamál í för með sér sem ég kem kannski aðeins að hér nánar á eftir.

Eitt enn langar mig að nefna í þessum inngangsorðum mínum af því sem mig langar að segja um þetta frv., það eru vaxtamálin, vaxtastefna hæstv. ríkisstjórnar og áhrif vaxtastefnunnar á atvinnu- og efnahagsástandið og þá auðvitað þar með líka á ríkisfjármálin.

Minni velta í þjóðfélaginu sem leiðir af þessum samdrætti í atvinnulífinu hefur haft þær afleiðingar að ríkissjóðstekjurnar hafa dregist verulega saman. Einkum munar þar auðvitað um samdrátt af veltusköttum hvers konar og innflutningstekjum sem hafa verið áætlaðar miklu meiri en fjárlögin gerðu ráð fyrir og þarf þess vegna að lagfæra í fjáraukalagafrv. Um þetta ræddum við reyndar nokkuð þegar frv. var til 1. umr. en það er alveg ljóst að lítið hefur gerst síðan sem hefur þar bætt um, jafnvel þó svo að síðan hafi ríkisstjórnin að vísu reynt að taka nokkuð til hendinni í vaxtamálunum sem ég ætla aðeins að nefna hér einnig síðar.

Gjaldþrotin og áhrif þeirra á ríkisfjármálin eru gífurleg. Gjaldþrotastefnan, að láta hana ráða svo ferðinni eins og gert hefur verið, hefur haft það í för með sér að ríkistekjurnar hafa dregist mjög saman. Ekki bara að það hafi valdið því að atvinnulíf hefur lamast a.m.k. tímabundið heldur líka það að ríkissjóður tapar ekki síður en aðrir á gjaldþrotunum þegar stór fyrirtæki verða fyrir þeim áföllum að þau eru gerð upp. Nú er stundum óumflýjanlegt að gjaldþrot fari fram þegar svo er komið fyrir veikburða fyrirtæki eða félagsskap í atvinnulífinu að gjaldþrot eigi sér stað, en að reka það sem stefnu beinlínis og láta það vera yfirlýst að það eigi að vera leiðin til þess að stokka upp, þá hlýtur það að vera hluti af efnahagsstefnunni og hafa þannig áhrif á það hvernig komið er í ríkisfjármálunum, eins og fjáraukalagafrv. ber glöggt með sér.

En gjaldþrotin hafa áhrif á fleira, þau hafa áhrif á stöðu bankakerfisins og þau hafa áhrif á þróun vaxtastigsins. Bankakerfið hefur orðið að auka sinn vaxtamun mjög til þess að mæta þessum gjaldþrotum eða töpum sem hafa riðið yfir og allt hefur þetta síðan haft áhrif á það að hækka vextina eða halda uppi háu vaxtastigi.

Síðast en ekki síst má nefna það að gjaldþrotin hafa ekki lítil áhrif á einstaklingana, fjölskyldurnar og afkomu einstaklinganna í þjóðfélaginu. Sumir hverjir verða fyrir áföllum vegna þess að þeir lenda óbeint í því þegar önnur fyrirtæki verða gjaldþrota og tapa þá inneignum hjá þeim fyrirtækjum og síðan eignum sínum. Allt saman hlýtur þetta að vera mikil þrautaganga. Þar af leiðandi ætti það að vera hluti af efnahagsstefnu ríkisstjórnar að reyna að koma í veg fyrir gjaldþrotin í stað þess að þau séu notuð sem hluti af efnahagsstefnunni. Það hlýtur að vera óásættanlegt að svo sé

unnið þó að gjaldþrot kunni, eins og ég sagði áðan, í sumum tilfellum að vera óumflýjanleg.

Í kjölfar þessa efnahags- og atvinnuástands hefur ríkisstjórnin síðan orðið að grípa til ýmissa hliðarráðstafana eins og þess að reyna að setja viðbótarfjármuni út í þjóðfélagið til að skapa atvinnu. Ég tel að það hafi verið mjög af hinu góða og rétt stefna að beita þannig fjármunum Atvinnuleysistryggingasjóðs að hann væri notaður meira til þess að skapa atvinnu og að greiða mönnum fyrir það að vinna — þegar menn búa við það ástand að hafa ekki næga atvinnu. Ef það er mögulegt þá ber að reyna að gera það eins og hægt er. Ég veit að hæstv. heilbr.- og trmrh. sem hér situr og fylgist með þessari umræðu er væntanlega sammála því líka og mun halda áfram að reyna að nýta fjármuni Atvinnuleysistryggingasjóðs í þá veru. Hins vegar hefur Atvinnuleysistryggingasjóður orðið fyrir alvarlegum áföllum af þessu ástandi. Þó svo að ríkisstjórnin hafi sett allnokkra fjármuni í það að styrkja atvinnulífið, sérstaklega með því að setja það sem kallað var fjármuni til atvinnusköpunar, þá er það samt svo að það þarf samkvæmt þessu frv. að hækka fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs um á annan milljarð kr., um 1,2 milljarða kr., sem þarf að bæta við Atvinnuleysistryggingasjóðinn til þess að hann geti staðið við þær skuldbindingar sem við honum blasa nú vegna þess atvinnuástands sem nú ríkir í landinu. Og er þá ekki enn þá séð fyrir endann á því, því það segir í grg. frv. að ýmis óvissa blasi enn þá við, m.a. það að Atvinnuleysistryggingasjóður er að taka á sig nýjar skyldur og nýjar ábyrgðir sem menn vita ekki enn þá og sjá ekki fyrir endann á hvernig muni ganga fram. Meðal annars má nefna það að ég held að það hafi verið núna 1. okt. þar sem t.d. sjálfstætt starfandi einstaklingar öðlast bótarétt í sjóðnum og trúi ég að það séu ekki öll kurl komin enn til grafar um það hvaða áhrif það kann að hafa á fjármagnsstöðu sjóðsins.

Mig langar aðeins að gera enn frekar að umræðuefni þessar sértæku aðgerðir sem ríkisvaldið greip til í sumar og tengdust kjarasamningunum sem gerðir voru við aðila vinnumarkaðarins um það að bæta nokkrum fjármunum til þess að auka atvinnu. Settur var 1 milljarður kr. í þann lið og honum ráðstafað til ýmissa verkefna samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Ég ítreka að það var samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar vegna þess að þrátt fyrir andmæli í fjárln. strax í sumar og svo aftur að undanförnu hefur ekki verið talin ástæða til þess að endurskoða þær fjárveitingar í einu eða neinu eða líta til þess hvort þeim hefði verið hægt að verja betur til þess að gegna sínu hlutverki og skapa atvinnu, betur komið í öðru formi eða farvegi heldur en ríkisstjórnin ákvað í sumar. Nú er það líka sýnilegt og vitað að það er ekki nema brot af þessum fjármunum, þessum milljarði, kominn til framkvæmda. Það er ekki nema brot af því sem hefur verið unnið fyrir og svo merkilegt er það að þegar talað er um að útgjaldaaukinn í þessu fjáraukalagafrv. sé á gjaldahliðinni, u.þ.b. 4 milljarðar, reyndar 4,1 fyrir svo utan brtt. þær sem hér liggja fyrir til afgreiðslu núna við 2. umr., þá er hæstv. ríkisstjórn að gæla við það að útgjaldaaukinn verði kannski ekki nema 3 milljarðar eða jafnvel tæpir 3 milljarðar. Ég spyr hæstv. fjmrh. hvort þetta sé ekki réttur skilningur hjá mér að þrátt fyrir það að útgjöldin séu talin aukast í fjáraukalagafrv. um 4,1 milljarð þá segir hér samt að helstu frávik séu ætluð verða tæpir 3, 2,9 milljarðar, af því að hæstv. fjmrh. telur að menn muni ekkert eyða u.þ.b. 1 milljarði kr., 1 milljarður kr. verði enn þá útistandandi um áramótin, þ.e. hann verði ekkert nýttur til þessarar atvinnusköpunar sem hann þó átti að vera samkvæmt samningunum við aðila vinnumarkaðarins og samkvæmt ákvörðuninni sem ríkisstjórnin tók á liðnu sumri.

Þetta hlýtur auðvitað að vekja líka upp þá spurningu hvernig stendur á því að menn eru knúnir til þess í kjarasamningum að setja fjárveitingar til ákveðinna verkefna til þess að reyna að skapa atvinnu en svo þegar upp er staðið kemur í ljós að þeir fjármunir eru ekkert nýttir til þeirra verkefna. Þeir fara ekki í þær framkvæmdir sem boðað er og áætlað er.

Ég held að hluti af því sé það sem ég nefndi í upphafi að forsvarsmenn ríkisstofnananna halda mjög að sér höndum og gæta ýtrasta aðhalds fram eftir ári. Þeir vilja eðlilega glíma við það að láta fjárlagatölurnar standast og ganga upp og þeir glíma eðlilega við það að þeirra stofnanir séu innan fjárlagarammans og hugsa sem svo: Það er betra að láta viðhaldsframkvæmdirnar, tækjakaupin, hugsanlega líka stofnframkvæmdir sem á að fara í bíða til þess að sjá hvernig okkur reiðir af með rekstrarfjárveitingarnar. Þetta leiðir síðan til þess þegar komið er fram í október, kannski nóvember, að þessum fjárlagaliðum verður ekki eytt. Gott og vel um það, ef menn ættu það þá tryggt að þeir hefðu þessa fjármuni til ráðstöfunar á næsta ári. Hæstv. ríkisstjórn hefur reyndar sett sér vinnureglur í því hvernig eigi að standa að því að láta þessa fjármuni ganga yfir áramót þannig að hægt sé að nota þá til þessara verkefna á komandi ári. Þá bregður svo við í sumar að hæstv. ríkisstjórn, og hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. hafa sjálfsagt leitt þá vinnu, semur við Alþýðusambandið og vinnuveitendur um það hvað af þessum fjárveitingum frá fyrra ári eigi að nýta og hvað ekki. Hvað af þessu eigi að telja inn í milljarðinn góða sem átti að skapa nýja atvinnu og hvað ekki. Þetta hljóta að vera vinnubrögð með endemum. Ég hef reyndar áður spurt hæstv. fjmrh. að því hvort hann hugsi sér að þetta verði aftur svo núna á næsta ári að hann þurfti eftir áramótin að setjast niður með aðilum vinnumarkaðarins og spyrja hvað af þessu hann megi nú lofa forsvarsmönnum fyrirtækjanna að nýta og hvað ekki.

Ég held að ég muni það rétt að ég hafi orð hans fyrir því hér úr ræðustól að það sé ekki meiningin að endurtaka þetta, en það væri ágætt að fá hann til þess að lýsa því yfir einu sinni enn þannig að það sé alveg skýrt og að forsvarsmenn stofnananna, sem eru kannski að spara þessa fjármuni þessa dagana, þessar vikurnar, viti það þá og þeim sé það ljóst að eftir áramótin geti þeir gengið að þessum upphæðum. Þetta vildi ég undirstrika einu sinni enn um leið og ég gagnrýni það hvernig staðið var að þessari fjárveitingu, úthlutun þessara fjármuna og að ekki skyldi hugað að því hvar

atvinnuástandið var þess eðlis að á þeim þyrfti helst að halda og þá reyndar valdar þær framkvæmdir sem líklegast væri hægt að nýta fjármunina í. Ég vil líka minna á það, þó að ég því miður sjái ekki þann ágæta hv. þm. hér í þingsalnum, að í sumar þegar þessi fjárveiting var kynnt af hæstv. ríkisstjórn sagði einn hv. stjórnarliðinn, þingmaður í Sjálfstfl., hv. þm. Tómas Ingi Olrich, að við þetta mundi hann ekki sætta sig, við þessa afgreiðslu mundi hann ekki sætta sig og ekki standa að henni óbreyttri. Það verður fróðlegt að sjá það þegar kemur að því að afgreiða þetta formlega — ríkisstjórnin er auðvitað búin að afgreiða þetta fyrir löngu — við atkvæðagreiðslu við 2. umr. hvernig að því verður staðið. (**Gripið fram í:** Er ekki búið að lemja hann til hlýðni?) (**Fjmrh.:** Jú, jú.) Er búið að lemja hann til hlýðni? er nú spurt hérna og hæstv. fjmrh. svarar að bragði: Jú, jú. Það er auðvitað búið að *lemja hann til hlýðni. Kannski hefur hann fengið eitthvað* fyrir húðstrýkinguna eða í barsmíðunum sem ekki hefur komið hér fram í frv. og væri nú fróðlegt að fá það upplýst hjá hæstv. fjmrh. hvað þetta hefði kostað.

Minni hluti fjárln. sér þó ekki ástæðu til þess að fara hér fram, hæstv. forseti, með brtt. vegna þess að auðvitað hafa forsvarsmenn ýmissa stofnana gert ráð fyrir því að þessi tilkynning ríkisstjórnarinnar stæðist og væntanlega treyst á það að styrkur stjórnarmeirihluti stæði að baki ákvörðuninni þannig að þeir gætu treyst á þetta og núna væri þess vegna til lítils að fara að flytja hér brtt. Og auðvitað er ljóst að þegar ekki eru nema fjórar vikur eftir af ári, þá mundi það ekki breyta miklu um það hvað tækist að framkvæma fyrir af þessum fjármunum þó að farið yrði að flytja það milli verkefna. Hefði auðvitað mátt gera það hefði það verið gert strax í sumar eða jafnvel strax þegar þing kom saman ef hæstv. fjárln. hefði viljað beita sér fyrir því. Ég vil upplýsa það hér að ég spurði eftir því bæði þá og nú aftur síðar í fjárln. hvort það væri vilji til þess hjá meiri hluta nefndarinnar að taka þetta að einhverju leyti upp og skoða það hvort hægt væri að verja þessu fé með öðrum hætti en það var ekki talið vera.

Þá langar mig aðeins, hæstv. forseti, að ræða hér um vextina og vaxtastefnuna og þróunina eins og hún hefur verið í tíð þessarar ríkisstjórnar og svo kannski ekki síður það sem gerðist nú á dögunum þegar ríkisstjórnin loksins greip til handaflsins þó að þeir kysu nú að kalla það handleiðslu. Mér er reyndar alveg sama hvort það er kallað handafl eða handleiðsla. (**ÓRG:** Er ekki rétt að ná í viðskrh. og forsrh.?) Auðvitað væri æskilegt að þessir hæstv. ráðherrar væru við þessa umræðu, og reyndar meira en æskilegt. Það er auðvitað nauðsynlegt, hæstv. forseti, að ráðherrar sem þessi mál varða og fjalla um efnahagsstefnuna í eins ríkum mæli og þetta frv. hlýtur að gera þegar verið er að tala um það að auka halla ríkissjóðs úr 6 milljörðum í 14, þá láti þessir ágætu herrar svo lítið að ræða hér við okkur sem höfum áhuga á að ræða þetta mál og teljum að það sé full ástæða til þess að ræða það. Það er nánast óásættanlegt að þeir séu ekki hér við þessa umræðu og varða reyndar fjáraukalögin ekkert síður en fjárlögin málaflokka allra ráðuneyta meira eða minna, að vísu misjafnlega mikið. En sum nokkuð mikið og er ástæða til þess að þeir ágætu ráðherrar sem málið varðar mest fylgist með þessari umræðu og séu þá til að svara fyrir það ef hv. þm. hafa ástæðu til þess að spyrja þá frekar út í það með fullri virðingu fyrir því að vissulega er málið sem slíkt mál hæstv. fjmrh. og hann svarar auðvitað fyrir það svo langt sem það nær. En þó geta verið uppi sérmál og ég get sagt það strax hér að ég hef t.d. áhuga á því að ræða við hæstv. heilbr.- og trmrh. Það þarf ekki að kalla hann fyrir af því að hann hefur setið hér mjög stíft undir þessari umræðu í morgun þannig að ég vænti þess að hann muni gera það áfram því ég þarf að ræða við hann ofurlítið síðar um ákveðin mál sem fjallað er um í þessu frv. og þeim brtt. sem fyrir liggja.

En ég tel að það hefði ekki verið ástæðulaust að sá *hæstv. ráðherrann sem fer með efnahagsmálin, hæstv.* forsrh., væri viðstaddur þessa umræðu og reyndar hæstv. viðskrh. líka þegar rætt er um svo veigamikinn þátt eins og vaxtamálin og þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn greip til. (Gripið fram í.) Virðulegur forseti. Er nokkur von til þess að þessir hæstv. ráðherrar geti verið hér viðstaddir umræðu af þessu tagi?

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að segja sér aftur hverra ráðherra er óskað.)

Mér þykir nú leitt að forseti skuli ekki hafa getað hlýtt á það, ég hef líklega í nokkrar mínútur rætt um það hvað mér þætti það óviðeigandi að hæstv. ráðherrar væru ekki viðstaddir umræður um efnahagsstefnu af þessu tagi.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti heyrði það og heyrði jafnframt að óskað var eftir nærveru hæstv. viðskrh. En forseti spyr einfaldlega hvort nærveru fleiri ráðherra sé óskað.)

Ég nefndi líka að sjálfsögðu hæstv. forsrh. og svo ætla ég að vonast til þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. sýni okkur þá þolinmæði að sitja hér eitthvað áfram sem hann hefur gert dyggilega í morgun og ég geri ekki athugasemd við það, að sjálfsögðu.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti mun nú kanna hvort unnt er að fá hæstv. ráðherra til að koma hingað í húsið.)

Ég er hér með ýmsa aðra þætti, hæstv. forseti, sem ég kannski sný mér þá að að ræða næst, en geymi vextina þar til síðar. En af því að ég gleymdi því áðan þegar ég var að tala um þennan milljarð eða þessa viðbótarfjárveitingu vegna atvinnuskapandi aðgerða, þá *langar mig í framhaldi að spyrja hæstv. fjmrh. eftir því* hvort hann telji að þeim ákvæðum í — kannski ekki ákvæðum í kjarasamningum heldur þeim vilyrðum eða loforðum sem gefin voru í tengslum við kjarasamningana, hafi verið framfylgt að fullu. Ég er hér með bréf frá Alþýðusambandi Íslands sem dagsett var í október, 8. okt. nánar tiltekið, þar sem Alþýðusambandið telur að ríkisstjórnin eða ríkisvaldið hafi ekki staðið við vilyrði um það að fjárveitingar til framkvæmda væru í samræmi við yfirlýsingar sem gefnar voru og vanti þar upp á 555 millj. kr. Ekki er þetta nú nákvæmlega skilgreint hvað það kunni að vera sérstaklega, en hér er sett upp tafla þar sem Alþýðusam-

bandið telur að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar hafi falist vilyrði um 17 milljarða kr. fjárframlög til hinna ýmsu verkefna en í fjárlögunum séu með þessum aðgerðum og fjáraukalögunum ekki nema 16,5 milljarðar tæpir þannig að þarna séu 550 millj. um það bil sem enn þá standi út af. Reyndar eru svo síðan athugasemdir við fjárlagafrv. fyrir næsta ár og hvernig þeir álíta að staðið sé að efndum þar. En ég veit að síðan þetta var sett fram hafa margvíslegar umræður átt sér stað um það mál þannig að sjálfsagt eru ekki lengur réttar þær tölur eða a.m.k. ekki ástæða til þess nú að vera að velta því fyrir sér hvernig það dæmi líti út, en ég spyr um það hvernig þetta líti út gagnvart árinu í ár og þeim viðhorfum sem í bréfinu koma fram varðandi sjónarmið Alþýðusambandsins um það að ekki sé staðið við þetta.

Nú hefði mig langað til þess að hæstv. heilbr.- og trmrh., ef hann hefur ekki vikið úr húsinu, væri hér og hlýddi aðeins á mál mitt því að mig langar að ræða nokkuð um stefnuna í sambandi við sjúkrahús og hagræðingu og sparnað sem þar hefur verið reynt að framkvæma en kemur nú reyndar í ljós í þessu fjáraukalagafrv. og brtt. meiri hluta nefndarinnar að hefur ekki allt gengið eftir. Reyndar hygg ég að við eigum enn eftir að fá ýmislegt upp úr þeirri skjóðu þegar haldið verður áfram að skoða og ræða nánar í sambandi við afgreiðslu fjárlaga fyrir næsta ár, en það bíður auðvitað líka betri tíma. En það eru ýmis mál sem hefði verið ástæða til þess að ræða við hæstv. heilbrrh. núna varðandi það sem hér er á ferðinni. Reyndar hefði ekkert verið á móti því að hæstv. viðskrh. hefði verið við þá umræðu líka því að hann lagði grunninn að því sem hér hefur verið að gerast og þeirri þróun sem við stöndum núna frammi fyrir í þessum mikilvæga og viðkvæma málaflokki. — Veit hæstv. forseti nokkuð um heilbr.- og trmrh., hvort hann hefur tök á því að ...

(Forseti (GHelg)**:** Hæstv. heilbr.- og trmrh. mun hafa farið í síma og kemur á hverri stundu.)

Ég þakka fyrir upplýsingarnar, hæstv. forseti, og skil það ofur vel, enda eins og ég sagði áðan ekki ástæða til þess að gagnrýna hæstv. heilbr.- og trmrh. því að hann hefur hlýtt á þessar umræður og er mættur.

Það sem mig langaði til að ræða hér í sambandi við heilbrigðismálin og þá þróun sem við horfum á núna í tengslum við þau fjáraukalög sem hér eru til umræðu er hvort sparnaður sá, sem boðaður hefur verið og mikið rætt um að undanförnu og hagræðing í skipulagi og rekstri sjúkrahúsanna, hafi skilað árangri, sumir hafa sagt miklum árangri, jafnvel hundruðum millj. kr. ef ekki enn meira. Ég þykist hafa nokkra vissu fyrir því að það hafi ekki allt gengið eftir og sparnaðurinn sé lítill ef hann er nokkur annar en sá að af hefur hlotist verulegt óhagræði, verulegt rask í rekstri stofnana og auðvitað á högum þeirra einstaklinga og aðila sem þurfa að njóta þjónustu heilbrigðisstofnananna okkar, svo mikilvæg sem sú þjónusta er.

Við munum eftir því að hæstv. fyrrv. heilbrrh. óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun færi ofan í þetta mál og leitaði eftir því við hana að skýra það eða fá fram álit hvort og þá hversu mikill sparnaður hefði nú þegar hlotist af þeim breytingum sem hann var að beita sér fyrir með því að skera verulega niður fjárveitingar til Landakots, með því að flytja hluta af þjónustu Landakots yfir til Borgarspítalans, með því að skera verulega niður fjárveitingar til sjúkrahússins í Hafnarfirði, sem ég hygg að hæstv. núv. heilbrrh. sé mjög vel kunnugt um, hvernig það mál hefur gengið fram og með öðrum slíkum aðgerðum. Í áliti Ríkisendurskoðunar kom að vísu fram að Ríkisendurskoðun taldi að nokkur sparnaður hefði náðst en það undarlega var að það var einmitt ekki hjá þessum stofnunum. Það var hjá Ríkisspítölunum. Mesti sparnaðurinn sem Ríkisendurskoðun sá og tók fram í sínu áliti, þó að ég sé nú ekki með það hér fyrir framan mig, ég þykist muna þetta og geta fullyrt, var einmitt hjá Ríkisspítölunum sem höfðu lagt sig fram um að standa við þær fjárveitingar sem þeim höfðu verið ætlaðar og leita allra leiða til aðhalds og sparnaðar sem hugsanlegar voru. En í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar voru fyrirvarar um það að svo skammt væri liðið frá því að þessar róttæku breytingar voru knúnar fram, t.d. hvað varðar rekstur Landakots og tilfærslu á verkefnum, að það væri of snemmt að segja til um varanlegar afleiðingar af þeim breytingum og það væri ekki hægt að fullyrða um það hvernig þetta kæmi út til lengri tíma litið. Og það er einmitt það sem ég hef rætt hér ítrekað, virðulegur forseti úr þessum ræðustóli og annars staðar að ég álít að það væru einmitt langtímaáhrifin sem kannski skiptu meira máli heldur en það hvort menn gætu sýnt fram á það að þeir spöruðu einhverja tugi millj. eða kannski 100–200 millj. með einhverjum róttækum breytingum til skamms tíma litið. En þá væru menn að fresta öðru sem mikilvægara væri fyrir utan það að það gæti auðvitað haft alvarleg langtímaáhrif á heilsu fólks hvernig farið er með heilbrigðisþjónustuna á vissum sviðum.

Mig langar í því sambandi að vitna hér til nýútkominnar skýrslu landlæknisembættisins um afköst, kostnað og biðlista í heilbrigðisþjónustunni. Þessa skýrslu lagði landlæknir fyrir fjárln. nú á dögunum. Ég geri ráð fyrir því að hún hafi einnig verið afhent öðrum hv. þm. eða sé a.m.k. ekkert leyniplagg. Hún er ekki merkt sem trúnaðarmál og kemur frá því embætti sem á að vera og er ríkisstjórn og stjórnvöldum til ráðgjafar og ráðleggingar um heilbrigðisþjónustu og framkvæmd hennar. Í inngangi að þessari skýrslu segir m.a., með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir að allt að 50% af minni háttar aðgerðum hafi flust út fyrir veggi sjúkrahúsanna, m.a. vegna mikilla tækniframfara á svæfingu og skurðaðgerðum, hafa biðlistar ekki styst, frekar lengst frá árinu 1991.“ Og áfram: „Biðlistar vegna lýtalækninga eru ekki teknir með þar eð greiðsluákvæði hafa breyst og yfirgnæfandi hluti eru minni háttar fegrunaraðgerðir. „Þyngri“ aðgerðir eru nú framkvæmdar en áður og þess vegna er biðlistavandamálið erfiðara. Margir sjúklingar kvarta. Bið eftir aðgerðum hér á landi er yfirleitt lengri en gerist víða í nágrannalöndunum. Það verður að hægja á „hagræðingunni“.“ Og áfram segir landlækn-

ir: „Það skapaði mikil vandræði ef nú væri dregið úr göngu- og dagdeildaraðgerðum Landakotsspítala. Hagræðingaraðgerðir síðustu ára hafa þó að mörgu leyti skilað góðum árangri.“

Ég vil aðeins undirstrika þetta sem hér segir í einni línu: Það skapaði mikil vandræði ef nú væri dregið úr göngu- og dagdeildaraðgerðum Landakotsspítala. Og það er einmitt það sem hæstv. ríkisstjórn og hæstv. heilbr.- og trmrh. boðar í fjárlagafrv. fyrir næsta ár enn frekar en þó er núna. Ég hygg nefnilega að sumt af því sem hér er bent á að hagræðingaraðgerðir síðustu ára hafi skilað að mörgu leyti góðum árangri hafi m.a. verið í því fólgið að gera Landakotsspítalann að — það er stundum kallað „elektívt“ sjúkrahús, þ.e. sjúkrahús sem snýr sér frekar að biðlistaaðgerðum, sérhæfir sig í því og vinnur aðgerðir sem hægt er að skipuleggja fyrir fram og kalla einstaklinga inn til aðgerða og hagræða á þann hátt og það væri mjög til bóta að halda *því sjúkrahúsi áfram með verkefni af því tagi*. En nú er hins vegar boðaður alvarlegur niðurskurður á fjárveitingum til Landakotsspítala sem setja þetta verkefni spítalans a.m.k. í mikla óvissu ef ekki algjörlega út af borðinu. Það mátti helst heyra á fulltrúum þess sjúkrahúss sem komu til fjárln. á þessum morgni til þess að ræða ástand stofnunarinnar að það væri sannarlega mikil óvissa fram undan varðandi rekstur þess spítala, enda eins og hér kom fram hjá hv. þm. Jóni Kristjánssyni í morgun, þá lýstu þeir því yfir að þeir hefðu þegar orðið mikla æfingu í því að rústa rekstur heilbrigðisstofnana. Þeir geta þá líklega haldið áfram við að mölva endanlega niður það litla sem þar stendur eftir.

Mig langar til að halda áfram að vitna í þessa skýrslu landlæknis, með leyfi forseta. Hér segir:

„Vinnuhraði og vinnuálag á sjúkrahúsum hefur aukist. Landlæknisembættið hefur undir höndum nokkur slysatilvik sem rekja má óbeint og beint til þessa.“

Ég tel að hér sé alvarlegt mál á ferðinni sem stjórnvöld hljóta að verða að skoða og taka nokkurt tillit til að hér er landlæknir að leggja dóm á ástandið hvernig það er núna og segir, ef ég má ítreka þetta, með leyfi forseta:

„Vinnuhraði og vinnuálag á sjúkrahúsunum hefur aukist. Landlæknisembættið hefur undir höndum nokkur slysatilvik sem rekja má óbeint og beint til þessa.“ Og áfram: „Vinnuálag hefur enn aukist, en sem dæmi má nefna kvartanir um mikla streitu. Um 30% hjúkrunarfræðinga kvörtuðu um mikla streitu fyrir 10 árum, en nú um 45% þeirra.“ Eða nær helmingur starfandi hjúkrunarfræðinga. Það er nú innskot mitt. Áfram segir í skýrslunni: „Svipaða sögu er að segja um sjúkraliða. Um 35% íslenskra lækna kvarta um mikla streitu í starfi og er það mun hærra en gerist meðal annarra stétta.“

Og svo út af yfirlýsingum landlæknis um biðlistana, þá er tafla í þessari skýrslu þar sem hann gerir grein fyrir þeirri þróun. Að vísu er þetta nokkuð misjafnt *eftir einstökum aðgerðum sem beðið er eftir en í heildina* hljóðar þessi listi, sem ég ætla ekki að lesa allan, upp á það að biðlistarnir hafa frá 1991 þróast þannig: 1. sept. 1991 var 3.151 einstaklingur á biðlista, 1. sept. 1992 voru þeir 3.166 og 1. sept. 1993, þegar sparnaðar- og aðhaldsaðgerðanna fer nú virkilega að gæta, þá eru þeir orðnir 3.259 sem eru á biðlista. Og þetta eru upplýsingar frá landlækni, virðulegur forseti, sem ég tel að heilbrigðisyfirvöld og auðvitað stjórnvöld almennt, ríkisstjórnin öll en ekki síst hæstv. heilbr.- og trmrh. hljóti að verða að velta fyrir sér og væri fróðlegt að fá að heyra álit hans á þessum alvarlegu upplýsingum sem ég tel að hér komi fram.

Í gögnum sem komið hafa fyrir fjárln. frá hinum stóru þremur sjúkrahúsum, t.d. frá Landakotsspítala, frá Borgarspítala og síðast en ekki síst frá Ríkisspítölum, þá kemur í ljós að þróunin er með þeim hætti að mikill vandi er að skapast á bæði Landakoti og Borgarspítalanum. Þar er því miður nokkur halli á rekstri og auðvitað umtalsverður á Landakoti miðað við stærð þess sjúkrahúss. Það má kannski segja að þegar fjárveitingar til stofnana eru farnar að skipta milljörðum kr., þá séu 100 millj. e.t.v. ekki það sem veltir hlassinu, en 100 millj. eru þó miklir fjármunir og nú er fyrirliggjandi brtt. um það að hækka fjárveitingar til Landakots um 100 millj. kr. Það er vegna þess að þar hefur þróunin einmitt verið sú á þessum umbrotatímum í heilbrigðisþjónustunni eða sjúkrahúsmálunum hér á höfuðborgarsvæðinu á þessum næstliðnu árum að *sjúkrahúsið hefur, þrátt fyrir það að verkefni hafi* verið flutt frá því, alls ekki getað staðið við það markmið sem það hefur þó reynt að standa við fjárlög og gífurlegur fjárhagsvandi hefur verið að safnast þar upp.

Það er verið að tala um að allt saman sé þetta fortíðarvandi og allt saman meira og minna fyrrv. ríkisstjórn og fyrrv. ráðherrum að kenna hvernig komið er. Staðreyndin er sú að svo var komið 1987, þegar fyrrv. hæstv. ríkisstjórn tók við völdum að þá höfðu þegar safnast upp verulegar skuldir á St. Jósefsspítalanum að Landakoti, verulegir rekstrarerfiðleikar sem blöstu við. Þá settumst við niður, þáv. heilbrrh. sem hér stendur og hæstv. fyrrv. fjmrh., og reyndum að ná samkomulagi um það hvernig hægt væri að leysa vanda þessa sjúkrahúss, auðvitað með því að bæta þeim að einhverju leyti þennan halla en líka með því að fá stjórnendur þess til þess að hagræða og lagfæra í sínum rekstri þannig að betur mætti takast að reka stofnunina. Nú ætla ég ekki að segja að það hafi allt saman gengið upp sem þar var lagt upp með en þó þróaðist það þannig með aukafjárveitingum og með breytingum á rekstri í stofnuninni að frá árinu 1987 til ársins 1990 hafði hallinn farið úr 350 millj. kr., sem þá voru uppsafnaðar skuldir, niður í 118 millj. Rekstrarhallinn á þessum árum hafði þá líka breyst úr því að vera á annað hundrað millj. kr. niður í tæpar 20 millj. Og á árinu 1991 tekst stofnuninni að koma skuldum sínum niður fyrir 100 millj. kr. og rekstrarafkomunni réttum megin við strikið upp á rúmar 20 millj. Á árinu 1992 og 1993 snýst þetta hins vegar algjörlega við aftur og er nú svo komið að skuldirnar eru farnar að skipta *mörg hundruð milljónum enda þarf að veita núna* 100 millj. kr. fjárveitingu til þess að laga rekstur þessarar mikilvægu stofnunar. Og það sem meira er að forsvarsmenn Landakots sem hafa þó út af fyrir sig ver-

ið jákvæðir gagnvart hugmyndum um, að ég hygg að ég megi segja þó þeir séu ekki hér staddir til þess að staðfesta eða andmæla, en ég hygg að ég megi segja það að forsvarsmenn þessarar stofnunar, bæði framkvæmdastjóri og yfirlæknir hafi verið jákvæðir í viðhorfi til þess að breyta skipulagi á rekstri heilbrigðisstofnana hér á höfuðborgarsvæðinu. En þá segja þeir báðir við fjárln. á þessum morgni að þeir telji að það sé óvíst að af þessu brölti á undanförnum tveimur árum hafi leitt nokkurn sparnað. Án þess að ég sé að hafa það frekar eftir þeim orðrétt þá hygg ég að þetta sé þó nógu nákvæmt til þess að vera það sem þeir sögðu, að þeir hefðu efasemdir um það að af þessu hefði hlotist einhver sparnaður ef nokkur.

Borgarspítalinn fær ekki mikla úrlausn í þessu fjáraukalagafrv. og er ekki gert ráð fyrir því að bæta neitt við fjárveitingar til þeirrar stofnunar en á fundi í fjárln. hafa þeir hins vegar gert ráð fyrir því að þar blasi við rekstrarhalli upp á annað hundrað millj. kr. á yfirstandandi ári og voru þeim þó veittir verulegir fjármunir til þess að taka við verkefnum frá Landakotsspítala, en þeir telja vissulega að þar hafi ekki verið að fullu komið á móti þeim kostnaði sem af því hlaust og benda jafnframt á það að sértekjur stofnunarinnar muni alls ekki nást, þær sértekjur sem sjúkrahúsinu voru áætlaðar á fjárlögum þessa árs. En það er sem sagt ekki gert ráð fyrir því að breyta þar heldur verði þeir að glíma við það á næsta ári að leysa þann vanda sem nú er að skapast upp á a.m.k. 115–120 millj. kr.

Ég ætla ekki að rekja, ég hygg að það hafi komið fram í ræðu hv. þm. Jóns Kristjánssonar, frsm. minni hluta fjárln., lýsing á því hvernig viðhaldsþörfin blasir við á þessum stofnunum og kom mjög vel fram í orðum fulltrúa Borgarspítalans einmitt hvað þarf orðið að gera þar og hluti af þessari svokölluðu hagræðingu og þessum svokallaða sparnaði er auðvitað í því fólginn að fresta viðhaldsframkvæmdum, fresta nauðsynlegum úrbótum á þessum sjúkrahúsum. Ætla ég aðeins að koma að því nánar þegar ég ræði málefni Ríkisspítalanna en vil þó áður en ég hverf frá Borgarspítalanum spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. út í það að ég hygg að það megi segja að það hafi náðst nokkur lending í málefnum leikskóla spítalanna, bæði á Landspítalanum og á Landakoti, þó það megi sjálfsagt deila um það hversu viðunandi sú niðurstaða er. En samkvæmt fréttum í Morgunblaðinu í gær, miðvikudaginn 1. des., er fjallað um ósk borgarráðs sem, eins og þar segir, vill fá fund með ráðherra um leikskólamálin og er þar verið að fjalla um ályktun stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar þar sem óskað er eftir fundi með ráðherra af því að málið sé alls ekki leyst og undir þeim kringumstæðum sem a.m.k. voru í gær í þessu máli þá telji stjórn sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar sér ekki fært að taka ákvarðanir um framtíðarrekstur leikskóla Borgarspítalans. Mig langaði að víkja að því við hæstv. ráðherra hvernig þetta mál stæði nú. En vissulega er þetta þó mál sem kannski fremur varðar fjárlög næsta árs heldur en þau fjáraukalög sem við erum nú að fjalla um, að öðru leyti heldur en því að það verður auðvitað erfiðara fyrir þessar stofnanir að leysa nokkuð sín mál á næsta ári eftir því sem þeim er ætlað að fara með stærri fjárlagahalla frá yfirstandandi ári yfir á það næsta.

Varðandi Ríkisspítalana þá langar mig sérstaklega að fara nokkrum orðum um þvottahúsið og það þegar hefur komið fram um það. En áður en ég kem að því langar mig að vitna aðeins til greinargerðar sem fjárln. hefur borist frá stjórnarnefnd Ríkisspítalanna þar sem fjallað er um aðgerðir sjúkrahússins til þess að reyna að halda sig innan fjárlagarammans sem ég tel að hafi tekist bærilega miðað við þetta stóra sjúkrahús og þann margvíslega og flókna rekstur sem þar fer fram, og bæði framkvæmdastjóri og forstjóri þeirrar stofnunar og starfsfólk eiga heiður og þökk skilið fyrir það hvernig það hefur staðið að þessum málum. En í þessari skýrslu segir m.a., með leyfi forseta:

„Þessi árangur [þ.e. sá að halda sig innan fjárlaga] náðist með hagræðingu, með samdrætti í þjónustu, þ.e. lokunum deilda, og með því að fresta verkefnum og kaupum á nauðsynlegum tækjabúnaði. Þetta tókst með samstilltu átaki starfsfólks."

Undir þetta er ábyggilega hægt að taka en það segir að þetta sé auðvitað ekki allt gert með hagræðingu sem hvergi komi fram annars staðar en bara að draga úr kostnaði. Þetta er gert með því að draga úr þjónustu. Það er gert með því að loka deildum og veita minni þjónustu og það er gert með því að fresta ýmiss konar verkefnum. Það er gert með því að fresta viðhaldsverkefnum eins og t.d. kom mjög vel fram hjá Borgarspítalamönnum og það er gert með því að fresta kaupum á nauðsynlegum tækjabúnaði. Það er þetta sem er að gerast, virðulegur forseti, og það er þetta sem við getum ekki horft á til frambúðar með mikilvægar stofnanir sem þess er krafist af að vera stöðugt í farabroddi, vera stöðugt að taka við verkefnum sem aðrir treysta sér ekki til að fylgja fram og geta ekki, við getum ekki ætlast til þess að allar stofnanir geri það, við ætlumst til þess að við eigum hér gott háskólasjúkrahús, sem eru Ríkisspítalarnir, sem sé undir það búið að takast á við hin ýmsu flóknu vandamál sem upp koma í heilbrigðisþjónustunni og svo Borgarspítalinn sem við viljum einnig að sé fullkomið og gott sjúkrahús.

En svo segir líka í þessari skýrslu til fjárln. frá Ríkisspítölunum og mig langar til að beina því til hæstv. fjmrh. einnig, með leyfi forseta:

„Þess er vænst að Ríkisspítalar fái að njóta þess árangurs sem þegar hefur náðst þannig að ekki sannist sú skoðun sem víða heyrist að það borgi sig ekki að spara í rekstri ríkisstofnana því það verði aðeins til þess að krafist verði enn meiri sparnaðar."

Ég veit að hæstv. fjmrh. hefur á þessu skoðun og ég veit að hann hefur fullan vilja til að láta menn njóta þess, hann hefur stundum talað um það að menn ættu raunverulega skilið umbun fyrir það að standa sig vel í rekstri og það ætti ekki að þýða það ef mönnum tekst að spara 600 millj. í ár að þá eigi að segja við þá: Þið verðið að spara aðrar 600 millj. á næsta ári, heldur að það sé einhvern tímann sagt við þetta fólk: Þið hafið gert vel og það þarf vissulega að meta það við ykkur.

Ég tel að starfsfólk í heilbrigðisþjónustu eigi það reyndar skilið núna. Formaður stjórnar sjúkrastofnana Reykjavíkurborgar, formaður stjórnar Borgarspítalans, sagði m.a. á fundi fjárln. í morgun að honum fyndist kominn tími til þess að þeir fengju að vera í friði, þeir teldu sig vera búið að gera ærið nóg. Hvort það væri ekki loksins tími til þess að þeir fengju að vera í friði með sína stofnun og fá að reka hana eftir því sem þeir teldu skynsamlegast, auðvitað innan sanngjarns fjárlagaramma sem ég veit að stjórnvöld verða að krefjast af þeim.

Virðulegur forseti. Þá langar mig að fara örfáum orðum um margrætt Þvottahús Ríkisspítala og finnst eiginlega sá farsi allur saman verða skrautlegri eftir því sem lengra líður og eftir því sem meira er um málið fjallað. Við munum þá umræðu alla frá því í fyrra og ég þarf ekki að rifja hana upp í mörgum orðum. Það var ætlast til þess að Ríkisspítalaþvottahúsið yrði einkavætt, því það er eitt af trúarbrögðum hæstv. ríkisstjórnar að einkavæða allar stofnanir eða sem flestar og selja síðan. Þó skyldi það vera með nokkuð öðrum hætti þarna því að Ríkisspítalarnir áttu að vera, ef ég skil rétt, eigendur — þeir eru náttúrlega eigendur stofnunarinnar, vænti ég, það hafa a.m.k. verið fjármunir Ríkisspítalanna sem hafa verið notaðir til að byggja þetta þvottahús, og að Ríkisspítalarnir séu eigendur hlutabréfanna í hlutafélaginu þegar búið er að breyta því í hlutafé og þess vegna áttu tekjurnar af sölu hlutabréfanna síðan að renna aftur sem sértekjur til Ríkisspítalanna. Þegar mönnum varð ljóst hversu vitlaust þetta var þá var auðvitað fallið frá þessu snemma á þessu ári. Hæstv. fyrrv. heilbrrh. fullvissaði stjórnendur Ríkisspítalanna um það að þessu yrði mætt með breytingu á sértekjum af því að það væri ekki ætlast til þess að þeir fengju þessar 60 millj. Reyndar var hótun í fjárlagafrv. fyrst um það að ef ekki væri hægt að selja þessi hlutabréf þá skyldu Ríkisspítalarnir spara einhvern veginn á móti þessu eða afla sér sértekna með öðrum hætti á móti þessu. En frá því var líka fallið og stjórnendur Ríkisspítala hafa staðið í góðri trú það sem af er þessu ári að þeir fengju þetta bætt, að orð hæstv. fyrrv. heilbrrh. stæðu hvað þetta varðaði. Nú er hann því miður ekki hér við þó það hafi verið óskað eftir því að hann kæmi hingað og það var um þetta mál sem mig langaði til að fá hann til að tjá sig. Það kann að vera að það geti gerst síðar í dag ef hann kemur hér. En þetta loforð hæstv. ráðherra virðist því miður ekki hafa gengið eftir og svo virðist sem núv. hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh. hafi komið sér saman um það, þrátt fyrir þessi fyrirheit, að þetta skuli ekki bætt nema að hluta. Og fjárln. hefur reyndar fengið um það bréf eða erindi frá heilbrrn. að um það hafi náðst samkomulag milli þessara tveggja hæstv. ráðherra að standa ekki við fyrirheitið og að þeir hafi orðið sáttir um að sértekjuáætlun Ríkisspítala verði lækkuð um 30 millj. kr. eins og segir í þessu bréfi til nefndarinnar. Það er út af fyrir sig kannski ekki við því mikið að gera ef þeir hafa náð þessu samkomulagi, en mér finnst óviðunandi að fara svona með stjórnendur stofnana. Ég kalla það að fara aftan að þeim og það er verulegur sparnaður sem þarf að knýja fram á fjórum vikum, á einum mánuði, ef það á að spara á móti þessum 30 millj. Hættara er auðvitað við að þeim verði velt áfram sem rekstrarhalla og stjórnendur spítalans lendi í því að þurfa að knýja fram þennan sparnað á næsta ári.

En það sem er kannski enn merkilegra við þetta mál allt saman heldur en það að fara svona með, að ég fullyrði, gefin loforð eða a.m.k. gefin fyrirheit, að svíkja þau gefnu fyrirheit, það er að í raun er verið að knýja Ríkisspítalana til þess að kaupa helminginn af þeim hlutabréfum sem áætlað var að selja. Þó það sé ekki búið að gera fyrirtækið eða þessa rekstrareiningu að hlutafélagi enn þá, þá má alveg líta þannig á það að það átti að selja fyrir 60 millj., það eru bættar 30 og Ríkisspítalarnir eru þá byrjaðir að kaupa fyrirtækið aftur. Búnir að kaupa fyrir 30 millj. núna, þeir fá þá kannski einhver extra hlutabréf, það verða að vera einhver A-hlutabréf fyrst og svo B-hlutabréf sem Ríkisspítalar fá fyrir þessar 30 millj. sem þeir greiða í ár þegar þeir þurfa svo aftur að fara að selja 60 millj. á næsta ári, hvernig svo sem hæstv. ráðherra hugsar sér að standa að því máli. Væri nú fróðlegt að heyra álit hans á því, ef hann er þá ekki þegar horfinn frá þessari vitleysu aftur. Auðvitað væri mikið betra að viðurkenna það núna strax áður en gengið er frá fjárlögum fyrir næsta ár, heldur en að bíða með það fram í janúar, febrúar eða mars og segja þá: Við erum hættir við að selja. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að gefa okkur þá yfirlýsingu hér á eftir að það þurfi ekki að ræða mikið meira um þetta. Sjúkrahúsið verði bara að búa við þennan 30 millj. kr. niðurskurð ef hann ekki treystir sér til að samþykkja þá brtt. sem við leggjum fram og ég geri grein fyrir á eftir, en ef ekki þá segi hann okkur a.m.k. það að hann sé hættur við þetta.

En mig langar aðeins í viðbót að vitna hér til greinargerðar sem er merkt Framkvæmdanefnd um einkavæðingu og er bréf til fjárln. Alþingis frá 25. nóv. 1993 þar sem nefndinni er send skýrsla um þvottahúsið sem Hagvangur hf. vann að beiðni þessarar ágætu nefndar, framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Þetta er afar merkileg skýrsla fyrir þá sem hafa gefið sér tíma til að glugga í hana vegna þess að þar er auðvitað rekstri þessarar einingar, Ríkisspítalanna, hælt mjög og þar ítarlega tilgreint að rekstrarsmál þar séu í góðu lagi og að þjónustan sé á lágmarksverði, fyllilega samkeppnishæf við það sem gerist í öðrum löndum, hér á Norðurlöndunum t.d. og það sem gerist á einkamarkaði hér á landi. Þess vegna getur þetta allt saman, þessi krafa og þessi ósk um hlutafélag og það að koma þessu fyrirtæki í eitthvert annað eignarhald til annarra aðila, ekki haft nema eina afleiðingu: að hækka kostnaðinn. — Þetta getur ekki haft nema þá einu afleiðingu að hækka kostnaðinn. Einhvern arð hljóta þeir að vilja hafa sem ætla sér að leggja fjármuni sína í að kaupa þetta þvottahús, kaupa hlutabréf í því og hvernig ætla þeir að skapa sér þann arð af stofnun sem rekin er nú með lágmarkskostnaði og lágmarksgreiðslum fyrir þjónustuna? Hvernig ætla þeir að skapa sér arð af sínum fjármunum öðruvísi en að hækka verð fyrir þjónustu stofnunarinnar? Enda segir í þessari skýrslu, ég

ætla, með leyfi forseta, að fá að vitna aðeins í hana:

„Þróun rekstrarkostnaðar á milli ára virðist eðlileg og var heildarkostnaðarverð pr. þvegið kíló lægra en 1992 í samanburði við 1991 þrátt fyrir rúmlega 5% samdrátt í magni.“ — Það sýnir sig að það er verið að hagræða þarna mjög og það er haldið áfram að gera vel og það tekst að lækka kostnað.

Svo segir áfram: „Verðlagning á þjónustu Þvottahúss Ríkisspítalanna er í beinum tengslum við þau gjöld sem hún á að standa fyrir.“ — Þannig er verðlagningunni fyrst og fremst ætlað að standa undir kostnaði, beinum rekstrarkostnaði við þvottahúsið. — „Samanburður við verðlagningu annarra þvottahúsa á hinum Norðurlöndunum leiðir í ljós að Íslendingar eru vel samkeppnisfærir í verðum. Verðið er einnig samkeppnishæft miðað við einkamarkaðinn.“ — Og þrátt fyrir þetta kemur þessi gullvæga trúarbragðasetning: „Lagt er til að stofnað verði hlutafélag“. — Það eru engin rök í því, það er ekkert sem er á bak við það annað en bara það að framfylgja þessum trúarbrögðum að stofnunin skuli einkavædd og kostnaðurinn þar með hækkaður. — „Lagt er til að stofnað verði hlutafélag sem sérhæfir sig í þjónustu við sjúkrahús og hjúkrunarstofnanir. Hið nýja fyrirtæki yfirtekur rekstur Þvottahúss Ríkisspítalanna og hagsmunaaðilum verði seld eignaraðild að því til þess að tryggja hagsmuni og öryggissjónarmið.“ — Hagsmunaaðilum hverjum? Eiga þá kannski Ríkisspítalarnir enn í þriðja skiptið að fara að kaupa þessa stofnun? Að borga sjálfum sér? Eða hvers lags endalaus hringavitleysa er þetta, hæstv. heilbr.- og trmrh.? Ég vona að þú gefir okkur þá yfirlýsingu á eftir að það sé alveg ljóst að þetta sé svo mikið rugl að þú saltir þetta frv. sem hæstv. ráðherra hefur þegar lagt fram. — Virðulegur forseti, þá má víst ekki tala svona beint við hæstv. ráðherra. — Ég vona að virðulegur hæstv. heilbrrh. segi okkur það á eftir að hann hafi tekið ákvörðun um það að salta þetta frv. sem hann hefur lagt hér fram. Mig langar þó að lesa eina setningu enn úr þessu ágæta yfirliti um þvottahúsið frá Hagvangi. Þar segir:

„Stofnun hins nýja hlutafélags ætti ekki að raska samkeppnisstöðunni á almenna þvottahúsamarkaðinum því gert er ráð fyrir að félagið einbeiti sér að þeim markaði sem hentar því best, þ.e. sjúkrahús og hjúkrunarstofnanir. Á þessum markaði eru enn ónýtt tækifæri sem felast m.a. í því að yfirtaka þvottahússþjónustu hjá stofnunum og samtökum sem reka eiga þvottaaðstöðu í dag.“

Það á sem sagt ekkert að breyta rekstrinum, hann á að halda áfram að vinna fyrir þennan sérhæfða markað. Það er líklega til þess að friða einhverja einkaaðila sem gætu óttast það að Þvottahús Ríkisspítalanna færi síðan að selja t.d. hótelum og ýmsum öðrum aðilum, einstaklingum auðvitað einnig, þjónustu sína og færi þar með að keppa við þá. Ég veit ekki hvað þessi setning á að þýða. Og svo er lokasetningin í skýrslunni:

„Af viðbrögðum þeirra einkaaðila sem þekkja þennan markað og rætt hefur verið við má ætla að áhugi fyrir hlutabréfakaupum sé takmarkaður nema viðkomandi hafi getu til þess að ná meirihlutaáhrifum í stjórn fyrirtækisins og þannig haft veruleg áhrif á verðlagningu og arðsemi sinnar fjárfestingar.“

Og var það ekki einmitt þetta, hæstv. heilbr.- og trmrh. og hæstv. fjmrh., sem ég var að segja: Menn hljóta að fjárfesta í þessu með þeim eina tilgangi að hækka verðið og fá arð af sínum hlutabréfum og til hvers er þá unnið? Hver er tilgangurinn? Ég spyr.

Virðulegur forseti. Ég fer að ljúka máli mínu. Ég hef talað lengur en ég ætlaði mér í upphafi, en það er margt sem er athugavert við þetta, kannski ekki beint við þetta frv. því að það er auðvitað alveg eins og til er stofnað. Það er bara leiðrétting á vitlausum fjárlögum og á rangri efnahagsstefnu sem beðið hefur skipbrot að það hlýtur að vera ástæða til þess að fjalla nokkuð ítarlega um það. Ég ætlaði þó ef hæstv. forsrh. er hér enn, hann gekk hér í gegnum salinn áðan, að fá að segja við hann tvö eða þrjú orð um vexti. Ég get meðan hann lýkur samtali sínu þarna sagt aðeins tvö eða þrjú orð um Sólheima í Grímsnesi. Mig langar að segja út af því sem fram kom í ræðu hv. formanns fjárln., hv. þm. Sigbjarnar Gunnarssonar, að við höfum rætt um málefni Sólheima í fjárln. og við erum sammála um að sú breyting, sem orðið hefur á greiðslum til vistmanna á þessari stofnun, hlýtur að hafa áhrif á þær fjárveitingar sem renna til stofnunarinnar á næstu fjárlögum. En í ræðu formanns kom sérstaklega fram að það væri niðurstaða nefndarinnar að á næsta ári væri búið að móta nokkuð hvaða fjárveitingar þyrfti til reksturs stofnunarinnar. Ég vil aðeins hafa fyrirvara um það. Ég er ekki að andmæla því að það kunni ekki að verða niðurstaðan að nefndin nái saman um það, en vil hafa fyrirvara á því að við höfum ekki rætt enn þá ítarlega um það í nefndinni, ekki svo ítarlega að ég vilji undirskrifa þetta eins og það kom orðrétt fram í ræðu formannsins, en ég tel að nefndin þurfi núna á næstu dögum að ganga endanlega í að komast að niðurstöðu um hvernig haga beri þessum málum á næsta ári. Breyting á greiðslutilhögun hlýtur að hafa áhrif á þær fjárveitingar sem ætlaðar eru og þess vegna ekki við því að búast að þær verði óbreyttar frá því sem fjárlög ársins í ár gera ráð fyrir. Undir það tek ég með hv. formanni nefndarinnar.

Það sem mig langaði að segja við hæstv. forsrh., af því að hann er kominn hér í salinn, er að við höfum rætt um það nokkuð í tengslum við þetta fjáraukalagafrv. að það væri auðvitað hluti af efnahagsstefnunni og það er ekki glæsilegur dómur að þurfa að sætta sig við það eða sitja uppi með það að fjárlögin hafi breyst svo gífurlega að hallinn skuli fara úr 6,2 milljörðum í nær 8, a.m.k. 7,6 milljarða sýnist mér eins og þetta liggur hér fyrir. En í framhaldi af þeirri umræðu um efnahagsstefnu langaði mig að segja aðeins um vexti. Vissulega hefur ríkisstjórnin að lokum eftir mikla umræðu um vaxtamál í þjóðfélaginu og kröfur frá ýmsum aðilum, aðilum vinnumarkaðarins, bæði atvinnurekendum og launþegum svo og stjórnarandstöðunni, beitt áhrifum sínum í málinu til þess að knýja fram vaxtalækkun. Og mér er nokkuð sama hvort það er kallað handafl eða handleiðsla. Það læt ég nú alveg

liggja milli hluta. En auðvitað var það það sem ríkisstjórnin gerði sem búið var að krefjast. Hún reyndi að beita þeim áhrifum og þeim stjórntækjum sem hún hafði yfir að ráða, sem ríkisvald í hvaða landi sem er hefur yfir að ráða. Ég man eftir því að ég hef sagt það hér úr þessum ræðustól við hæstv. forsrh. áður í sambandi við umræður um vaxtamál að það væri eðlilegt og nauðsynlegt að ríkisstjórn á hverjum tíma beitti sér í þessu máli. Hæstv. forsrh. sagði það hins vegar einhvern tíma að það hefði alltaf verið krafa stjórnarandstöðunnar að handaflið þyddi lagasetningu. Ég man eftir því þegar ég ræddi þetta einhvern tíma hér fyrr á þessu þingi þá bar ég það saman við kröfuna um það að stjórnvöld t.d. í Þýskalandi væru aftur og aftur krafin um að hafa áhrif á vaxtastefnuna í því landi með þeim tækjum sem ríkisvaldið þar teldi sig hafa tiltæk og það er sú krafa sem ég vildi gera þá til hæstv. ríkisstjórnar og tel að hæstv. ríkisstjórn hafi reynt að beita sér fyrir með nokkrum árangri. Vextir hafa vissulega lækkað. Vextir hafa hins vegar ekki lækkað svo að það hafi skipt sköpum fyrir afkomu atvinnulífsins. Lækkunin hefur ekki skipt sköpum um það hvort atvinnulífið hefur risið úr öskustó og öllu sé hér breytt til betri vegar. Ég vona sannarlega að það sé í áttina og þessi breyting á vaxtastefnunni hafi áhrif til góðs en mér er alveg að fullu ljóst að það er ekki það sem skiptir endanlega sköpum þó það hafi vonandi einhver áhrif. Og því miður eru vextirnir enn háir hér í bankakerfinu sem eru kannski 10, 12, 15%, ég veit ekki hvað, misjafnir af því að vextirnir eru nú þannig reiknaðir að bankakerfið hefur ýmiss konar möguleika á því að velja vaxtastigið og segja lántakendum það hvað þeir eigi að borga í vexti. Þó þeir auglýsi einhverja lágmarksvexti, þá eru vextirnir sem síðan koma út þegar búið er að reikna skuldabréfaafborgunina yfirleitt þeir hæstu sem hægt er að koma þeim í. Það sem skiptir máli eru 10, 12, 15% vextir í lítilli sem engri verðbólgu, háir raunvextir, auðvitað allt of háir raunvextir og enn þá hærri hér heldur en í löndunum í kringum okkur.

En það var aðeins þetta, hæstv. forseti, sem mig langaði að beina til hæstv. forsrh. að fullyrðingin um það að stjórnarandstaðan hefði alltaf krafist eða haft í huga einhvers konar öðruvísi aðgerðir er auðvitað röng fullyrðing og a.m.k. hef ég áður sett það fram í þessum ræðustól að það væri auðvitað Seðlabankinn og ákvörðun ríkisstjórnarinnar um ríkisskuldabréfavexti sem ætti að skipta máli. Enda hefur það væntanlega ekki verið svo morguninn þegar hæstv. fjmrh. kom í ráðuneyti sitt, að þá hafi tölvuskjáirnir sýnt honum það að vextirnir hafi lækkað um nóttina, það hafi gerst eitthvað í ráðuneytinu frá því að hann fór úr því kvöldið áður og vextirnir væru einhverjir allt aðrir þegar hann kom um morguninn. Nei, það var auðvitað ákvörðun ríkisstjórnarinnar að beita þeim ráðum og þeim brögðum sem stjórnvöld höfðu tiltæk til þess að knýja niður vextina sem þarna höfðu áhrif.

[15:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að á þessu stigi málsins sé nauðsynlegt að koma til skila nokkrum staðreyndum. Í fyrsta lagi hafa hv. stjórnarandstæðingar og þar á meðal hv. síðasti ræðumaður sagt að hallinn á fjárlögum yfirstandandi árs stefni í 13,8 milljarða. Ég vil af þessu tilefni rifja það upp að fyrir sl. ár var reiknað með því þegar fjárheimildir voru skoðaðar í fyrrahaust að hallinn yrði yfir 10 milljarðar en í raun varð hallinn 7,2 milljarðar vegna þess að heimildir voru ekki allar nýttar í útgjöldum og tekjuhliðin kom heldur skár út en gert var ráð fyrir um haustið. Þetta vil ég að komi hér fram því að þetta sýnir að það er ekki hægt að leggja saman tölurnar í fjáraukalagafrv. og tölurnar í fjárlagafrv. til þess að segja að útkoman verði halli. Það kemur í ljós þegar seinni fjáraukalög verða flutt eftir áramótin. Þá kemur endanlega í ljós hvort allar heimildir hafa verið nýttar.

Í öðru lagi kom það fram í máli hv. þm. að hann efaðist um og tók nú ekki djúpt í árinni reyndar að staðið hefði verið við loforð ríkisstjórnarinnar gagnvart ASÍ. Af því tilefni vil ég taka fram að viðtöl við forustulið ASÍ hafa átt sér stað frá því að þetta bréf var skrifað og ég tel að það sé full samstaða á milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og ASÍ-forustunnar hins vegar um það hvernig standa eigi að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um fjárfestingar og viðhald og vegna milljarðarins er ljóst að ef heimildir verða ekki nýttar á þessu ári, þá hefur fjmrh. lýst því yfir að þær verði fluttar yfir á næsta ár. Og það má vera að kannski þriðjungur, jafnvel allt að helmingur þeirra heimilda hafi ekki nýst á yfirstandandi ári, þá munu þær verða fluttar yfir á næsta ár og um það ríkir gott samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og forustu Alþýðusambandsins.

[15:20]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nákvæmlega það sem ég átti von á að kæmi fram frá hæstv. fjmrh. að hann hefði vonir um það að hallinn yrði ekki 13,8 milljarðar eins og hann þó stefnir í samkvæmt þessum plöggum sem hann hefur hér lagt fram. Hann kýs að kalla það fjárheimildir. Fjárlög eru kannski fjárheimildir á hverjum tíma. Fjárlög eru auðvitað það sem samþykkt var hérna fyrir ári síðan og gerði ráð fyrir að hallinn yrði 6,2 milljarðar. Nú er verið við að samþykkja breytingar á þessum fjárlögum sem hæstv. fjmrh. vill kalla fjárheimildir. Það eru bara fjáraukalög sem þýðir það að fjárlögin verða eftir að þau hafa verið samþykkt eins og þau liggja fyrir 13,8 milljarðar. Síðan eru væntingar um það að eitthvað af þessu verði ekki nýtt eins og gerðist í fyrra og eins og við erum búin að fara yfir hér áður og er auðvitað með ólíkindum að þurfa síðan að grípa til sérstakra aðgerða eða ráðstafna til þess að bæta atvinnuástandið með viðbótarfjárveitingum, aukafjárveitingum eða hvað menn vilja nú kalla það, til þess að fá menn til að nýta þessar heimildir sem þó eru í fjárlögunum og gera það með sérstöku samkomulagi við Alþýðusambandið eða aðila vinnumarkaðarins. Ég fagna því að ráðherra lýsir því einu sinni enn yfir handa forsvarsmönnum stofnananna þannig að þeir geti gengið að því vísu hvað þeir eiga að búa við. Það eru

þeir sem verða að fá að vita það og eiga það þá alveg víst núna samkvæmt þessum endurteknu yfirlýsingum hæstv. ráðherra um að þeir muni fá að nýta þessar fjárheimildir á næsta ári.

Varðandi loforðin til ASÍ, þá var það aðeins bréfið sem ég var að vitna til frá 8. okt. og gott er ef þar hefur náðst samstaða um að við þau fyrirheit sé staðið sem gefin voru í kjarasamningum.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Við erum sammála, virðulegi forseti, um það að hér er um heimildir að ræða og niðurstaðan getur að sjálfsögðu breyst þar til endanlegt fjáraukalagafrv. verður samþykkt en það mun ekki koma fyrr en eftir áramót.

Varðandi fjárfestingar og viðhald skal það enn staðfest sem hér hefur komið fram. Það kann einnig að vera heppilegt jafnvel að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin ætlaði að beita sér fyrir á yfirstandandi ári færist yfir á næsta ár því að nú er ljósar en áður að næsta ár verður í atvinnulegu tilliti jafnvel erfiðara heldur en yfirstandandi ár og árið í fyrra. Og ég vona að það komi þá að sama gagni og meira gagni þegar erfiðleikarnir verða meiri til sjós eins og spáð er á næsta ári.

Þetta vildi ég að kæmi fram og varðandi viðræður á milli aðila vinnumarkaðarins annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar þá er það rétt að það gætti nokkurs misskilnings aðallega vegna þess að fjárfestingarliðurinn í fjárlögum á hverjum tíma er ekki einungis til fjárfestingar eða framkvæmda á yfirstandandi ári heldur einnig til skuldagreiðslna vegna gamlla fjárfestinga, til að mynda kaupa eða yfirfærslna á eignum þegar um var að ræða samninga á milli sveitarfélaga og ríkisins og það auðvitað blekkti dálítið að liðurinn á greiðslugrunni og þar eru færðar inn upphæðir til greiðslu á gömlum skuldbindingum þótt engar beinar framkvæmdir lægju að baki á yfirstandandi ári. Þetta veit ég að hv. þm. þekkir mjög rækilega bæði úr sínu fyrra starfi sem ráðherra og einnig sem gamalreyndur fjárlaganefndar- og fjárveitinganefndarmaður.

[15:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þeirra orða sem hv. þm. lét falla varðandi vaxtamálin þá hefur það margoft komi fram, bæði í viðtölum í útvarpi og úr þessum ræðustól frá ýmsum talsmönnum Framsfl., að þeir hafa lagt áherslu á það að beitt verði því sem kallað er handafli í vöxtunum og þeir hafa tilgreint jafnvel á stundum að beitt yrði ákvæðum Seðlabanka til að þvinga bankana til þess að lækka vexti hjá sér. Meginmáli skipti auðvitað að forsendur væru fyrir hendi til aðgerða af því tagi sem gripið var til fyrir rúmum mánuði síðan næði fram að ganga. Það var reynd svipuð aðgerð á vordögum 1991, á lokamánuðum síðustu hæstv. ríkisstjórnar. Það dæmi gekk ekki upp. Þá var markmiðið ekki hærra en það að vextir fara niður í 6,5% og spariskírteini voru skráð á það. Þau voru ekki keypt. Það hrúguðust upp skuldir í Seðlabankanum, spariskírteini voru ekki keypt og á verðbréfaþingi voru vextir á þessum tíma skráðir á 8%, en ráðherrarnir töldu sér trú um að vaxtastigið væri 6,5% sem auðvitað er rangt. Nú hefur aðgerðin hins vegar heppnast. Hún heppnaðist vegna þess að það er stöðugleiki, það er friður á vinnumarkaði, verðbólgan er lág og það sem mestu skiptir, viðskiptahallinn er hagfelldari en áður þannig að við erum ekki að safna erlendum skuldum. Þess vegna hafa forsendurnar gengið upp og það var auðvitað meginatriðið að nýta markaðsstöðuna til að fylgja þeim breytingum og þeirri þróun eftir.

[15:26]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af því að það kemur enn sú fullyrðing hjá hæstv. forsrh. að framsóknarmenn hafi ítrekað krafist þess að handafl þýddi lagabreytingu eða lagabeitingu. Ég hef ítrekað lýst því yfir hér, bæði úr þessum ræðustóli og annars staðar, að ég teldi það að stjórnvöld ættu að grípa til þeirra mögguleika sem þau hefðu í valdi sínu, þ.e. eins og það að hafa áhrif á það hvernig Seðlabankinn vinnur, hvernig Seðlabankinn hefur áhrif á markaðinn. Það er hluti af því og ef það eru ákvæði í bankalögum sem kveða á um það að bankinn geti haft áhrif á vexti, þá á hann auðvitað að gera það. Það er það sem við höfum verið að tala um og ítrekað krafist og ég segi aftur, auðvitað var það líka það sem ríkisstjórnin gerði þegar hún tók ákvörðun um það núna að breyta vöxtum á skuldabréfum ríkissjóðs, þá var það ekki þannig að þegar hæstv. ráðherra eða ráðherrar eða ríkisstjórn mættu til vinnu að morgni þessa dags, ég man nú ekki lengur hvaða dagsetning var sem rætt var um vextina í ríkisstjórninni, þá hefðu vextirnir breyst eitthvað um nótturina, heldur tók ríkisstjórnin ákvörðun um það að beita nú þeim aðferðum sem hún hefði tiltækar til að knýja fram vaxtalækkun með handafli eða handleiðslu hvort heldur þeir vilja nú kalla það.

Varðandi stöðuna í efnahagslífinu, þ.e. að það skuli þó þrátt fyrir allt vera stöðugleiki nokkur, þá var grunnur að þeim stöðugleika lagður í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar og ég rakti það nokkuð hér í upphafsorðum mínum áðan og tímans vegna hef ekki aðstæður til þess að endurtaka það nú en þar voru upphafsskrefin stigin og það hefur leitt til þess að stofnunum hefur tekist að halda sig nokkuð vel við þær fjárveitingar sem markaðar eru í fjárlögum. En efnahagsstefnan hefur hrunið því það eru einmitt ýmsar aðrar stærðir sem breytast og verið er að breyta í fjáraukalögunum sem við erum að ræða nú heldur en það að stofnanirnar hafi farið með rekstur sinn allan út um víðan völl. Það er áætlunargerð og efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar sem hefur brugðist.

[15:28]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í 3. lið brtt. frá meiri hluta fjárln. við fjáraukalagafrv. er lagt til að komi nýr liður undir Byggðastofnun: Stofnkostnaður 20 millj. Þessi liður á sér nokkuð sérstæða sögu og í nál. frá meiri hluta fjárln. segir um þennan lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt lánsfjárlögum 1993 er heimilt að veita 20 millj. kr. víkjandi lán til að mæta framlögum á afskriftareikning vegna lánafyrirgreiðslu stofnunarinnar

til atvinnuuppbyggingar á þeim svæðum sem hafa orðið fyrir mestum samdrætti í sauðfjárframleiðslu. Lánin eru veitt í samræmi við ákvæði í viðauka II við búvörusamninginn frá 11. mars 1991. Lagt er til að þessu 20 millj. kr. víkjandi láni verði breytt í fjárveitingu sem verði greidd út eftir því sem útlán Byggðastofnunar falla til."

Aðdragandinn að þessu máli er sá að í búvörusamningi, sem gerður var í mars 1991, er ákvæði um það að á næstu árum skuli Byggðastofnun fá sérstaklega 100 millj. kr. árlega í því skyni sem kemur fram í athugasemdum meiri hluta fjárln. Tillaga um það var hins vegar felld við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993, þannig að ekki var þar staðið við þetta. Hins vegar kom svo þetta furðulega ákvæði í lánsfjárlögum, að veita 20 millj. kr. víkjandi lán til Byggðastofnunar, sem átti að vera til ábyrgðar fyrir töpum vegna útlána í þessu skyni. Fannst flestum það nokkuð furðuleg ráðstöfun að fara að veita þannig sérstaka ábyrgð á einhverju einu láni fyrir ríkisstofnun sem hvort sem er er með ríkisábyrgð á öllum sínum lánum. En nú hefur það líka orðið niðurstaðan að hverfa frá þessum vinnubrögðum og hér er komin tillaga um að það komi 20 millj. kr. fjárveiting.

Mér finnst ástæða til þess að draga fram nokkrar spurningar í þessu sambandi og vildi gjarnan fá að vita hvort fjárln. hefði fengið upplýsingar um það hvort búið væri að veita 100 millj. kr. í þessu skyni, til þeirra svæða sem verst urðu úti vegna samdráttar í sauðfjárframleiðslu. Reyndar vildi ég gjarnan fá upplýsingar um það frá hæstv. forsrh., sem var hér fyrir stundu. — Mig langaði að bera fram spurningar til hæstv. forsrh. vegna þess að hér var fyrir skömmu á dagskrá skýrsla Byggðastofnunar fyrir árið 1992. Umræðu um hana varð að fresta af eðlilegum ástæðum þá, en svo hefur hún ekki komið á dagskrá síðan og ég vildi gjarnan spyrja hæstv. forsrh. hvort hún verði þá ekki á dagskrá alveg á næstu dögum.

En sérstaklega vildi ég þó bera fram aðra spurningu og hún er sú hvort ekki verði alveg á næstunni lögð fram á Alþingi þáltill. um byggðaáætlun. Samkvæmt lögum um Byggðastofnun þá ber hæstv. forsrh. að leggja slíka áætlun fram og hefði þá átt að gera það í fyrsta skipti á þinginu 1991–1992. Þá var skammur tími liðinn frá því að þetta ákvæði var sett í lög svo það fengust þau svör að ekki unnist nægur tími til að undirbúa málið. Þessi byggðaáætlun var ekki heldur lögð fram á þinginu 1992–1993 og sömu ástæðu borið við. En nú er komið fram undir jól á hinu þriðja þingi. Það er vitað að Byggðastofnun skilaði frá sér tillögu um slíka byggðaáætlun fyrr á þessu ári, þannig að hún er búin að liggja alllengi í forsrn. Vildi ég af því tilefni óska eftir því að hæstv. forsrh. skýrði hér frá því hvort ekki sé að vænta þessarar tillögu um byggðaáætlun nú alveg á næstunni og hvað valdi þeim drætti, að hún hefur ekki þegar verið lögð fram, þó að liðið sé á um þriðja mánuð frá þingsetningu.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill leyfa sér að upplýsa að eins og kunnugt er þá var skýrsla Byggðastofnunar hér á dagskrá fyrir nokkru síðan en vegna veikinda hæstv. forsrh. varð að fresta þeirri umræðu og ekkert mun vera því til fyrirstöðu að sú skýrsla komi á dagskrá mjög fljótlega. Umrædd þáltill. mun vera í vinnslu hjá ríkisstjórninni.)

Já, hæstv. forsrh. mun þá væntanlega skýra hér frá því af hverju dráttur er á að þessi áætlun hefur ekki þegar verið lögð fram, því eins og ég sagði áður, þá afgreiddi stjórn Byggðastofnunar hana frá sér fyrr á þessu ári.

En það eru fleiri spurningar sem vakna í þessu sambandi og þá m.a. í sambandi við þann lið sem hér er til umræðu, um fjárveitingu til Byggðastofnunar. Við athugun allshn. á fjárlagafrv. fyrir næsta ár komu á fund allshn. formaður og forstjóri Byggðastofnunar og voru þá spurðir um starfsemi stofnunarinnar og stöðu mála. Ég ætla ekki nú að fara að ræða fjárveitingar næsta árs, það verður gert þegar fjárlagafrv. kemur aftur til umræðu, en vil hins vegar víkja að því að það kom fram í máli a.m.k. formanns að sú reglugerð sem sett var fyrir Byggðastofnun fyrir skömmu síðan bindi mjög hendur stofnunarinnar til þess að styðja við uppbyggingu atvinnulífs þar sem samkvæmt henni væri ekki lengur heimilt að leggja fram áhættufjármagn. Það væri mjög slæmt því staða margra fyrirtækja væri þannig að það væri ekki aukið lánsfé sem þau þyrftu á að halda heldur eigið fé til þess að styrkja stöðu þeirra. Við vitum það, sem þekkjum til slíks atvinnurekstrar, að tiltölulega lágar upphæðir af eigin fjármagni geta skipta sköpum fyrir rekstrarmöguleika ef skilyrði að öðru leyti eru viðunandi.

Í síðustu viku var erindi frá Byggðastofnun mjög til umræðu í fréttum, þegar skýrt var frá að beiðni frá henni hefði borist til ríkisstjórnarinnar um 300 millj. kr. til þess að leggja í atvinnurekstur á Vestfjörðum. Það efast sjálfsagt enginn um það að atvinnurekstur á Vestfjörðum þarf á slíku að halda um þessar mundir, en við vitum líka að það er víðar sem atvinnurekstur stendur höllum fæti og því gæti verið þörf á að huga að fleiru. En mig langar að spyrja að því hvort fjárln. hafi ekkert rætt þetta mál, hvort þetta mál hafi ekkert komið til umræðu innan nefndarinnar. Nú mun einn af þingmönnum Vestfjarða eiga sæti í fjárln. og virtist þá vera að það væri eðlilegur vettvangur að þar yrði rætt og komið fram með tillögur um fjármagn sem þyrfti strax, því eftir ummælum frá Byggðastofnun þá er þarna um bráðan vanda að ræða sem ekki þolir langa skoðun og þá væntanlega ekki langan drátt á afgreiðslu. Væntanlega verða þessi mál þá skoðuð milli 2. og 3. umr. þessa máls eða hvort ástæða sé til að koma með fjármagn inn í þau af þessum ástæðum.

En eins og ég sagði þá stendur atvinnulíf því miður miklu víðar höllum fæti og í fleiri atvinnugreinum heldur en í sjávarútvegi, það á einnig við um landbúnaðinn. Því veldur að sjálfsögðu samdráttur í tekjum bænda, gífurlegur samdráttur og erfiðar markaðsaðstæður. Að sjálfsögðu hefur það áhrif á afkomu bænda og möguleika til að reka sinn búskap, sú breyting sem hefur orðið á fjárlögum og er að verða, þar sem það kemur fram í skýringum við fjárlagafrv. að fjármagn úr ríkissjóði til landbrn. lækkar frá ríkisreikningi 1992 til

fjárlagafrv. fyrir árið 1994 um tæpa 4 milljarða kr. Að sjálfsögðu er augljóst að það hlýtur að hafa alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu þeirrar stéttar og reyndar miklu fleiri, sem veita landbúnaðinum margs konar þjónustustörf.

Það er líka þannig að til Stofnlánadeildar landbúnaðarins hafa komið óskir frá heilum búgreinum um að þar verði hugað að hvort eitthvað sé hægt að létta þeirra þunga róður nú vegna versnandi stöðu. Og það er óskiljanlegt að hæstv. landbrh. skuli ekki hafa, að því er virðist, áhyggjur af þessum alvarlegu horfum. Það sem við höfum helst orðið vör við frá hans hálfu síðustu vikur og mánuði eru einhverjar sviðsetningar um bardaga innan ríkisstjórnarinnar þar sem ráðherrar metast um það hver sé mesti sigurvegarinn og hver tapi mestu. Og þess er náttúrlega ekki að vænta að það verði mikið gert í málefnum atvinnuvegar á meðan mest er hugsað um slík vinnubrögð. En óneitanlega finnst manni að þetta séu einhverjir vindmylluriddarar sem eru þarna að setja á svið sýningar til þess að geta svo fagnað sigri.

En það er alvarlegt mál að staðan skuli vera þannig og ekkert skuli, eins og ég sagði, vera aðhafst í málefnum atvinnuvegarins. Fyrir skömmu síðan kom það fram hjá hæstv. landbrh. að á næstunni yrði að koma fram frv. um breytingar á búvörulögum, en það lægi ekki ljóst fyrir hvert efni þess yrði, hvort það yrði á þann veg að raunverulegt forræði landbúnaðarmála væri af landbrh. tekið eða ekki. Með tilliti til þess, ef staðan er svo erfið og veik hjá hæstv. ráðherra, þá er það næsta furðulegt að hann skuli ekki nota tækifærið meðan hann situr þó í ráðherrastólnum og reyna að búa eitthvað í haginn fyrir eða koma í veg fyrir að þarna verði óbætanlegt slys í þessum undirstöðuatvinnuvegi. En það er kaldhæðnislegt að á sama tíma og staðan er svona fyrir atvinnulíf úti um land þá skuli það gerast, sem rætt var hér á fundi í fyrradag, að þessir aðilar séu gerðir að sérstökum skattstofni í sambandi við flutninga og ferðamál.

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu margt sem ástæða væri til að ræða í sambandi við þetta fjáraukalagafrv., þar sem það snertir öll ráðuneyti á einhvern hátt og þar af leiðandi flest svið þjóðfélagsins. En það hefur nú þegar verið gert ítarlega og verður gert af öðrum á eftir, svo ég ætla ekki að þessu sinni að hafa fleiri orð um þetta.

[15:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér dettur nú í hug þegar ég hlusta á þessa umræðu að þessar vikurnar er verið að sýna þætti í ríkissjónvarpinu sem heita „Já, ráðherra", þar sem ráðherra kerfismála í Bretlandi er að gíma við ráðuneytisbáknið. Og manni dettur náttúrlega í hug þegar borin er saman útkoman úr fjárlögunum ár eftir ár og svo sú stefna og áætlanir sem ríkisstjórnin hefur gert, að það séu einhver slík tröll sem verið er að glíma við. En auðvitað er leikurinn ekki jafn og stefnan sem gengið er út frá vægast sagt misheppnuð.

Almennt má segja að með þessu frv. og þeim brtt. sem nú hafa verið lagðar fram þá sé útkoma ríkisfjármála ársins 1993 að skýrast eftir því sem hægt er, en enn lifir mánuður af þessu ári og það vantar ýmislegt inn í dæmið. En hvað varðar næsta ár, þá er það mikilli og dimmri þoku hulið. Það er búið að leggja fram skattafrumvarp, en hinn mikli lagabálkur um ráðstafanir í ríkisfjármálum er ekki kominn fram. Og ef svo fer fram sem horfir og það frv. og meðferð skattafrv. verður eitthvað í líkingu við það sem verið hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar, þá má hamingjan vita hver útkoman verður. Fyrir síðustu jól upplifðum við það að skattafrv. var gjörbreytt á síðustu dögum fyrir jól. Og það er alveg augljóst að það eru miklar umræður komnar í gang í þjóðfélaginu og ákveðnar atvinnugreinar eins og ferðaþjónustan mjög uggandi um sinn hag og ekki að vita nema breytingar kunni að verða gerðar þar á. Samt sem áður er ljóst að það ár sem brátt fer í hönd mun verða erfitt og reynsla þess árs og meðferð ríkisstjórnarinnar á ríkisfjármálunum lofar ekki góðu. En við umræðu um þetta frv. er auðvitað tækifæri til þess að skoða efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar í heild, auk þess sem hér eru til umræðu ýmsar aðgerðir sem verið er að grípa til í ráðuneytunum, ýmislegt sem vanreiknað hefur verið er hér bætt. Jafnframt kemur í ljós hve illa var staðið að frv. til fjárlaga fyrir árið 1993. Þar er skemmst frá að segja, eins og margrakið hefur verið í umræðum í vetur, að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur gjörsamlega mistekist.

Ríkisstjórnin ætlaði sér að ná ríkishallanum niður á tveimur árum, en nú blasir það við okkur að hallinn á þessu ári stefnir í tæpa 14 milljarða kr. og frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 gerir ráð fyrir tæpum 10 milljörðum. Ef reynsla þess árs verður eitthvað í líkingu við það ár sem nú er að ljúka þá má búast við að hallinn fari upp í allt að 20 milljarða. Þetta eru vægast sagt ógnvænlegar tölur í ljósi þess að það stefnir í enn meiri samdrátt í tekjum ríkisins, það stefnir í aflasamdrátt, sem vonandi verður þó ekki eins mikill og reiknað er með. Og enn blasa við okkur þær staðreyndir að frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 er álíka vitlaust og illa frá gengið og frv. var fyrir árið 1993. Forsendurnar eru einfaldlega ekki réttar, menn horfast ekki í augu við staðreyndirnar, menn reikna sér alls konar hluti sem augljóslega munu ekki ganga fram.

Ef við lítum aðeins á þessa helstu þætti þá er þar fyrst að nefna áætlanir um ríkissjóðshallann, útkomuna úr dæminu sem, eins og ég nefndi hér áðan, hefur sýnt sig að er kolvitlaus ár eftir ár. Ég veit ekki hvort hægt er að tala um einhverja reglu í þessu, en hallinn virðist nokkurn veginn tvöfaldast frá því sem ráð er fyrir gert. Og það vekur þá spurningu til fjmrh. hvernig hann skýrir þennan halla. Honum er gjarnt að tala um útgjaldahalla, þ.e. aukin útgjöld sem menn taka ákvarðanir um, en síðan kemur það sem hann kallar kerfislægan halla og er þá um að ræða ýmiss konar innbyggða aukningu á útgjöldum og er þá m.a. átt við tryggingakerfið og fleiri þætti ríkisfjármálanna, þar sem lög og samningar gera ráð fyrir eða fela í sér ákveðinn vöxt útgjalda. Þarna hefur ríkisstjórninni algjörlega mistekist að taka á málum og hennar aðferð-

ir og aðgerðir í þeim efnum hafa verið vægast sagt handahófskenndar, enda held ég í raun að það sé ekki hægt að ná ríkissjóðshallanum niður á svona stuttum tíma. Í stað þess hefði verið nær að gera áætlanir til lengri tíma og fara í þær strúktúrbreytingar sem verða að eiga sér stað, eigi að draga úr ríkisútgjöldum til langframa. Þar minni ég enn á það að vilji menn ná fram minni útgjöldum í heilbrigðismálum, þá þýðir ekkert annað en að breyta um áherslur og gera það sem ég hef kallað að bæta heilsu þjóðarinnar. Það kallar á nokkurn kostnað í byrjun, en þar er um að ræða aðgerðir sem munu skila sér í lækkuðum útgjöldum mjög fljótt.

Annað dæmi um stefnu ríkisstjórnarinnar sem hefur að miklu leyti mistekist eru áætlanir um þjónustugjöld og sértekjur, sérstaklega sértekjur stofnana. Þar eru dæmin mýmörg, að sértekjurnar hafa ekki skilað sér eins og áætlað var. Margt af því var fyrirsjáanlegt og var margbent á það í umræðum, bæði í fyrra og hittiðfyrra, að þessar áætlanir stæðust engan veginn, en það var haldið í tölurnar. Og það eru alveg stórbrotin vinnubrögð sem hér eiga sér stað varðandi Tækniskóla Íslands. Þriðja árið í röð er gert ráð fyrir því að Tækniskóli Íslands afli sér sértekna án þess að hann hafi nokkrar heimildir til þess. Það var lagt fram frv. í fyrra sem dagaði uppi í menntmn., sem átti að veita Tækniskólanum heimildir til að afla sér sértekna, en, eins og ég segi, það dagaði uppi, þannig að Tækniskólinn gat ekki aflað sér þessara sértekna og í þessu frv. til fjáraukalaga fær hann bætur fyrir það. En þrátt fyrir það er í frv. fyrir árið 1994 enn gert ráð fyrir því að Tækniskólinn afli sér sértekna, en það er ekkert frv. komið fram. Ég er nú svo sem ekki að harma það, því ég er algjörlega mótfallin þessum skólagjöldum. En það er jafnfáránlegt að í frv. til fjárlaga skuli vera gert ráð fyrir innheimtu sem engin lagastoð er fyrir. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Það eru eflaust mýmörg dæmi um slíka hluti.

Ég veit ekki hvort ég á mikið að vera að tala um einkavæðinguna, sem er auðvitað enn eitt dæmið um hina misheppnuðu stefnu ríkisstjórnarinnar. Í hvítbókinni, Velferð á varanlegum grunni, eru margar síður um einkavæðinguna og hvað eigi að einkavæða. En þar er auðvitað skemmst frá að segja að sem betur fer hafa þau áform meira og minna runnið út í sandinn. En það er sama sagan, það hefur verið gert ráð fyrir miklum tekjum vegna sölu á ríkisfyrirtækjum ár eftir ár, þó þær skili sér engan veginn. Og eins og við höfum rætt hér áður var reiknað með 1.500 millj. kr. í tekjur fyrir sölu ríkiseigna á þessu ári, en það stefnir í að 100 millj. skili sér. (**Gripið fram í:** 6,67%.) Já, 6,67% skil á þeim tekjulið. Þetta eru auðvitað dæmi um það hvers konar vinnubrögð og hvers konar stefna er hér á ferðinni. Sannleikurinn er sá að þessi ríkisstjórn, sem þóttist ætla að rjúfa kyrrstöðu og ég veit ekki hvað ekki átti að gera, hún er lent í nákvæmlega sama horfinu og aðrar ríkisstjórnir, það hjakkar allt í sama farinu. Þetta eru orðið vægast sagt mjög hefðbundin vinnubrögð hjá ríkisstjórninni, þeir bara gefast upp við allar breytingar. Þeir gefast upp við stefnu sína, sem er að sumu leyti þakkarvert, en það er verið að stefna ríkisfjármálunum í gífurlegt óefni. Auðvitað ætti þessi ríkisstjórn að vera farin frá fyrir lifandis löngu. En menn hafa tekið með misjöfnum hætti á fjármálum ríkisins á undanförnum árum, þó þau séu með svipuðu sniði og hefðbundnu sniði ár eftir ár og ríkisstjórnin er sem sagt lent í nákvæmlega sama farinu. Og hún er búin að viðurkenna það á þessu ári að hún hefur gefist upp á öllum sparnaðaráformum.

Enn einn þáttur sem kemur inn í þessa sorgarsögu eru kjarasamningar. Ég er ekki að harma það að gerðir hafi verið kjarasamningar heldur að það hafi gerst enn einu sinni að gerðir séu samningar þar sem öllu er ávísað á ríkissjóð eða þá hitt að ríkisstjórnin neitaði algjörlega að horfast í augu við það að auðvitað yrðu gerðir kjarasamningar og auðvitað þyrfti að semja við ríkisstarfsmenn. Það er að finna í þessu frv. nokkra liði þar sem einmitt er verið að greiða laun vegna kjarasamninga og þetta er auðvitað alveg fráleitt, að setja það inn í fjárlög ár eftir ár að það verði engar launabreytingar. Þetta er svo út í hött, miðað við reynslu undanfarinna áratuga, að það tekur engu tali.

Kjarasamningar skapa auðvitað stöðugleika á vinnumarkaðinum, en það getur ekki gengið til lengdar að allar launabætur eða kjarabætur séu teknar úr ríkissjóði. Það er dæmi sem ekki gengur upp og bendir okkur á að það er atvinnulífið sem þarf að styrkja. En það er alveg dæmigert að þessi ríkisstjórn hefur enga stefnu í atvinnumálum, ekki nokkra. Það kannski lýsti sér best í því hversu lengi hún dró það að grípa til aðgerða í vaxtamálum og það var náttúrlega ekki fyrr en hún var barin til þess. Hún var einfaldlega barin til þess að grípa til aðgerða, að eitthvað gerðist. Þetta er stjórnarstefna sem ekki gengur til lengdar og er þegar búin að valda svo miklum skaða að það mun taka mörg ár að bæta fyrir hann. (**Gripið fram í:** Hvar eru ráðherrarnir?) — Fjmrh. situr hér til hliðar. — Þegar ég tala um skaða þá er ég ekki síst að hugsa um það sem gerst hefur í menntamálum og heilbrigðismálum, þar sem gríðarlegur niðurskurður hefur átt sér stað. Það tekur auðvitað tíma að vinna upp niðurskurð á kennslu og það kemur niður á þeim hópum ungmenna sem í honum lenda. Það er alveg ljóst. Það tekur tíma að vinna það upp, þó ég voni að það sé ekki um óbætanlegan skaða að ræða. Það tengist þessum vondu vinnubrögðum hve margar af þeim áætlunum sem er að finna í fjárlögum eru ónákvæmar. Og þó að það sé margbent á það í umræðum að áætlanir standist ekki, það er augljóst, það sér hver maður að áætlanirnar standast ekki, þá er ekkert á það hlustað og útkoman er sú að undir lok ársins verður að setja fram aukafjárlög vegna þess að það er búið að eyða um efni fram eða taka ákvarðanir sem kosta aukafjárveitingar.

Þá get ég ekki annað, virðulegi forseti, en minnt á það enn einu sinni, að þessi vinnubrögð, sem ég veit reyndar ekki hvað hafa tíðkast lengi, eru einfaldlega stjórnarskrárbrot. Stjórnarskráin er þverbrotin ár eftir ár eftir ár og þar vísa ég til 41. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem segir:

„Ekkert gjald má greiða af hendi, nema heimild sé

til þess í fjárlögum eða fjáraukalögum."

Það er alveg ljóst að margar af þeim upphæðum sem hér er verið að biðja um leyfi fyrir hefur þegar verið úthlutað. Það er búið að eyða hluta af þessum peningum og það er ekki heimilt samkvæmt íslensku stjórnarskránni. Nú veit ég að þessi ríkisstjórn er ekkert sérstaklega sek í þeim efnum, þetta eru vinnubrögð sem tíðkast hafa, að ég hygg, óralengi, en þau eru jafnvond fyrir því og sýna það virðingarleysi við lögin sem hér tíðkast.

Þegar ég var að renna í gegnum fjáraukalögin og ýmsa þætti sem þar er verið að taka ákvarðanir um, þá vaknar sú spurning, þó að margt gott sé í þeim að finna: Af hverju geyma menn þetta ekki til fjárlaganna? Af hverju er þetta ekki sett inn í fjárlögin? Ef menn vilja halda sig innan rammans, þá skiptir oft ekki sköpum þó það líði einhverjir tveir, þrír mánuðir þegar um aukafjárveitingar eða ákvarðanir ríkisstjórnarinnar er að ræða. Það er miklu eðlilegra að miða þær við fjárlagaárið, þó auðvitað þurfi stundum að grípa til aukaútláta. En þá á að kalla Alþingi saman, eins og við ræddum hér varðandi kjarasamningana, í stað þess að setja bráðbirgðalög, þá átti að kalla Alþingi saman og fá heimild fyrir þeim fjárveitingum sem þar voru til umræðu, sem þar var samið um. Þetta eru vinnubrögð sem þurfa að breytast, í stað þess að ríkisstjórnir fari með það vald sem lögum samkvæmt er í höndum Alþingis, fjárveitingavaldið. Það er Alþingi sem hefur fjárveitingavaldið á sínum höndum, ekki ráðherrar eða ríkisstjórn.

Varðandi þessi bráðabirgðalög sem ég var að nefna og þær fjárveitingar sem þar var samið um, þá væri fróðlegt að fá það upplýst hjá hæstv. fjmrh. hversu miklu er búið að eyða af milljarðinum margnefnda, hversu miklu hefur þegar verið eytt. Í fjáraukalögunum er einmitt að finna margar af þeim aðgerðum sem á að grípa til til að auka atvinnu, ýmis viðhalds- og viðgerðarverkefni ráðuneytanna, og það hefur ekki verið upplýst, mér vitanlega, hversu mikið er búið að framkvæma, hversu miklum eða háum upphæðum hefur þegar verið eytt.

Ég ætla ekki að fara út í deilur fjmrn. og Ríkisendurskoðunar um bókhaldsmálin, en það er auðvitað spurning varðandi Landsbankann og þá upphæð sem ríkið ætlar að styrkja eiginfjárstöðu hans um, hvort sú upphæð þurfi ekki að koma hér einhvers staðar fram. En eins og hæstv. fjmrh. upplýsti í umræðum á þriðjudaginn þá verður hún auðvitað í ríkisreikningi þegar þar að kemur.

Ég ætla þá að víkja að einstökum atriðum þessa frv. áður en ég mæli fyrir þeirri brtt. sem ég flyt við þetta mál. Það eru mjög mörg atriði sem vert er að velta fyrir sér í þessu fjáraukalagafrv. og ýmsar spurningar sem vakna. Þar er þá fyrst að nefna að hér er vikið að forsrn. — nú er hæstv. forsrh. víðs fjarri, en kannski getur hæstv. fjmrh. upplýst það sem hér er á ferð og það er varðandi ráðherrabústaðinn. Hér er beðið um 25 millj. kr. aukafjárveitingu til ráðherrabústaðarins og mín spurning er: Er þetta hluti af milljarðinum sem þarna er á ferð? Ég held ég muni það rétt að í fjárlögunum fyrir næsta ár sé gert ráð fyrir 5 millj. í viðgerðir á ráðherrabústaðnum. Þýða þessar upphæðir að viðgerðum þar verði þar með lokið eða er þetta margra ára verkefni sem þarna er á ferð? Ef svo er þá hefði mér fundist eðlilegra að þessi upphæð hefði flust yfir á næsta ár. Hvað liggur svo á að veita 25 millj. í viðgerðir á ráðherrabústaðnum núna? En kannski getur hæstv. fjmrh. skýrt það hvað þarna er á ferð.

Hér kemur það fram að Hæstiréttur Íslands fær 13 millj. kr. í sinn hlut og eftir því sem ég best veit þá eru þar á ferð launagreiðslur til hæstaréttardómara vegna yfirvinnureikninga sem þeir hafa sent til ríkisins og fengið greidda. Þetta tengist umræðum um launamál í landinu og í hvílíkt óefni er komið í þeim málum þegar ríkið er ýmist farið að borga svona yfirvinnureikninga eða það fær á sig dóma. Nú síðast kom úrskurður kjaranefndar um laun presta og ég spyr hæstv. fjmrh.: Hefur það verið reiknað út í fjmrn. hvað sá úrskurður kostar? Hversu háar fjárhæðir eru þar á ferð?

Ég minni á að það hafa verið dómsmál í gangi gegn ríkinu, BHMR-dómurinn féll á sínum tíma og kostaði ríkið 300 millj. kr. Það er dómsmál á ferð vegna bráðabirgðalaganna sem sett voru sl. sumar. Það er að vísu ekki hægt að segja til um það hver niðurstaða verður í því máli en ef hann fellur prestunum í vil þá verður þar um gífurlegan kostnað að ræða fyrir ríkisvaldið. Þetta bendir okkur á það enn einu sinni að það verður að taka launamál ríkisins til endurskoðunar. Það nær ekki nokkurri átt að halda svona áfram. Og ég ítreka spurningu mína til hæstv. fjmrh.: Hvað ætlar hann að gera í þeim málum? Er ekki löngu tímabært að hefja uppstokkun á launamálum ríkisins? Þetta nær ekki nokkurri átt að fá svo sífellt á sig bakreikninga. Og ég vil vekja athygli á því að með þessum úrskurði kjaranefndar er hluti presta að fara fram úr þingmönnum í launakjörum og er að nú umhugsunarvert fyrir þingmenn þó að ég telji að prestar séu ekki of sælir af sínu. En það er auðvitað orðið ákaflega umhugsunarvert hvernig launakjörum þingmanna er háttað.

Eins og ég hef nefnt þá er að finna í frv. ýmsa liði einstakra stofnana, sem heyra undir viðkomandi ráðuneyti, um viðhald og sums staðar í greinargerðinni kemur fram að þetta sé hluti af milljarðinum margnefnda en annars staðar er þess ekki getið og ég vil spyrja m.a. vegna Stofnunar Árna Magnússonar. Það kemur hér fram að sú framkvæmd, viðgerðir á húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar, fer fram á vegum Háskóla Íslands og eins og ég skil þetta þá leggur háskólinn fram fé að hluta til en síðan koma væntanlega 15 millj. til viðbótar frá ríkinu. Og ég spyr hæstv. fjmrh., er þetta hluti af milljarðinum og hvað er það sem þarna er á ferð? Ég vil ítreka að það þarf að passa mjög vel upp á að húsnæði Árnastofnunar sé í góðu lagi því að þar eru dýrgripir miklir sem ekki mega verða fyrir neinum skakkaföllum. Og eins og kom fram í umræðu sl. vor um safnamál hér í landinu er staðan sem betur fer sú að Stofnun Árna Magnússonar er eina safnið á landinu sem býr við viðunandi varnir, þ.e. brunavarnir og slíkt og við megum aldrei gleyma því að þarna eru geymdir alveg ómetanlegir dýrgripir og ég

fagna því að það skuli vera veitt fé til viðhalds Árnagarðs, þ.e. til Stofnunar Árna Magnússonar sem er til húsa í Árnagarði, en mín spurning er sem sagt: Er þetta hluti af milljarðinum?

Ég vék hér áðan að Tækniskóla Íslands en hér er að finna leiðréttingu vegna þeirra sértekna sem honum er ætlað að afla sér en hefur enga lagalega heimild til. Og það er samt sem áður eins og ég nefndi áðan að finna í frv. fyrir 1994 áætlun um sértekjur án þess að nokkur lagaheimild sé til staðar.

Kennaraháskóli Íslands — nú vill svo til að menntmrh. er ekki hér staddur og ég ætla ekki að fara að kalla á hann, enda er þetta ekki stórmál hér sem hann varðar nema Rannsóknarsjóðurinn. En hér er verið að veita 18 millj. kr. til Varmalands og mér finnst í raun og veru að þegar við erum að fara í gegnum aukafjárlög og það er einmitt verið að biðja hér um framlög til einstakra framkvæmda, þá ættu viðkomandi ráðherrar að vera hér til staðar til að skýra hvað er á ferð. Varðandi Varmaland þá er verið að afhenda Kennaraháskóla Íslands þann gamla húsmæðraskóla og þar á að verða eins konar kennslusetur, setur fyrir námskeið, ráðstefnur og fleira slíkt á vegum Kennaraháskólans og þarna þurfa greinilega að eiga sér stað viðgerðir og breytingar væntanlega, en ég vil í því sambandi vekja athygli á því að á Varmalandi er ákveðið vandamál, þ.e. eigur gamla húsmæðraskólans, og það hefur enn ekki fengist nein lausn á því hvað eigi að gera við eigur gömlu kvennaskólanna og húsmæðraskólanna og er mjög brýnt að það verði tekið á því máli. Þarna eru ýmiss konar dýrgripir á ferð, málverk, borðsilfur, dúkar, hannyrðir og ýmislegt sem er mikils virði og tilheyrir okkar heimilis- og kvennamenningu og er ótækt að ekki sé tekið á þeim málum.

Ég vil aðeins minnast hér á Rannsóknarsjóðinn en hann kemur inn á einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar því að eins og þingmenn eflaust minnast átti hluti þeirra tekna sem reiknað var með vegna einkavæðingar að renna til rannsókna og vísinda en þar sem sáralítið hefur skilað sér af þeim verða menn að grípa til þess ráðs að biðja um aukafjárveitingar til þess að einhverjar rannsóknir eigi nú stað. Þetta eru nú vinnubrögðin. Þetta eru vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Á þessu eiga rannsóknir og vísindi í landinu að byggjast og þetta eru auðvitað algerlega fráleit vinnubrögð.

Hér er líka undir menntmrn. að finna lið sem heitir Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður upp á 74 millj. kr. Ég hygg að þarna sé líka á ferð hluti af milljarðinum margnefnda en vildi nú fá það skýrt hjá hæstv. fjmrh. hvort svo sé en þessi liður á að deilast niður á mjög marga skóla í landinu og ber auðvitað að fagna því að þeir fái viðhaldsfé og fjármagn til ýmiss konar stofnkostnaðar.

Ég vil líka fagna sérstaklega þeim lið sem hér heitir fullorðinsfræðsla þar sem er veitt aukalega 10 millj. til kennslu nýbúa og það veitir svo sannarlega ekki af að taka á í þeim málum. Reynslan ætti að kenna okkur það og það sem gerst hefur hjá öðrum þjóðum að því fyrr sem við tökum á þeim vandamálum sem útlendingar sem hingað flytja þurfa að glíma við því betra. Þar með spörum við okkur vandamál í framtíðinni.

Hér undir menntmrn. er líka minnt á mikið deilumál sem var á þingi í fyrra og snerti Menningarsjóð því að hér kemur fram að það sé búið að afhenda Listasafni Íslands húsið að Skálholtsstíg nr. 7, þ.e. gamla Landshöfðingjahúsið, og hér er beðið um 10 millj. kr. til þess, til viðhalds væntanlega án þess að það komi skýrt fram ef ég man rétt. Jú, það kemur hér fram að húsnæðið þarfnist verulegra endurbóta. Þarna er um mjög umdeilanlega ráðstöfun að ræða og ég ætla ekki að fara að rifja það upp hvernig staðið var að þessu máli öllu saman, en auðvitað þarf að halda húsinu við. Þetta er mjög merkilegt hús og fagurt í byggingarsögu bæjarins og ber að fagna því að veitt skuli fé til viðhalds en það breytir ekki því hvernig að málum var staðið.

Þá ætla ég aðeins að víkja að utanrrn. og fyrst og fremst að þeim lið sem varðar þýðingar utanrrn. vegna EES-samninganna. Það kom hér fram fyrr í dag að sá kostnaður hefur orðið miklu, miklu meiri en reiknað var með og mér þætti fróðlegt að vita hvað þarna er um mörg störf að ræða og hversu langt þýðingarnar eru komnar. Er reiknað með því að þessi þýðingarmiðstöð þurfi að starfa áfram, að þetta verði með þessum hætti eða er reiknað með að þegar mesta skriðan er gengin um garð þá verði hún lögð niður? Hvernig verður þeim þýðingum háttað sem þurfa að eiga sér stað á hverju ári því að það munu náttúrlega áfram streyma tilskipanir frá EB? Nú er náttúrlega utanrrh. víðs fjarri og ég svo sem veit ekki hvort sanngjarnt er að beina þessum spurningum til hæstv. fjmrh. en mér finnst að það þurfi að koma fram í þessu samhengi hvað hér er á ferð.

Í landbrn. er að finna afleiðingar kjarasamninganna. Þar er beðið um rúmlega 300 millj. kr. vegna niðurgreiðslna sem samið var um á mjólkurvörum og kjötvörum og það vaknar sú spurning í mínum huga hvað gerist þegar þessum niðurgreiðslum lýkur um áramótin, hvað gerist þá varðandi verðlag á mjólkurvörum og kjötvörum. Ég held að það sé alveg ljóst að íslenskir bændur geta ekki tekið sjálfir á sig hækkanir á kjötverði. Það er alveg ljóst að þeir taka þær ekki á sig. Og hvað gerist þegar þessum niðurgreiðslum lýkur? Verður ekki hækkun á mjólkurvörum og kjötvörum um leið og innflutt matvæli og hráefni, sem m.a. eru í samkeppni við íslenskar landbúnaðarvörur, lækka í verði vegna lækkunar virðisaukaskatts niður í 14%. Þetta þarf auðvitað allt að skoða í samhengi og tengist því frv. sem er til umfjöllunar í efh.- og viðskn. um virðisaukaskattinn og fleiri skattamál.

Það hefur verið nokkuð rætt hér um Hafrannsóknastofnun og þá sögu alla þar sem sala á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs átti að skila Hafrannsóknastofnun rúmlega 300 millj. kr. Síðan voru þær ekki seldar og nú þarf auðvitað að útvega stofnuninni þessar 300 millj. Þetta er enn eitt dæmið um þessi dæmalausu vinnubrögð ríkisstjórnarinnar. Þessar heimildir voru ekki seldar og verða ekki seldar. En hvernig í ósköpunum á að vera hægt að stunda einhver vísindi hér í

landinu og rannsóknir með þessum hætti þegar stofnanir eiga að treysta á einkavæðingu og sölu aflaheimilda og svo skilar sér ekkert af þessu.

Varðandi dóms- og kirkjumálaráðuneytið kemst ég ekki hjá því að minnast hér aðeins á lið sem heitir húsnæði og búnaður dómstóla þar sem beðið er um 25 millj. kr. vegna húsnæðis Hæstaréttar og þeir peningar eiga væntanlega að fara í undirbúning að byggingu hins nýja hæstaréttarhúss. Það er hér á dagskrá í dag tillaga um staðsetningu hæstaréttarhússins þar sem skorað er á ríkisstjórnina að endurskoða þá staðsetningu að troða þessu húsi niður innan um Arnarhvol, Þjóðleikhúsið og Landsbókasafnið sem ég tel vera hið versta mál og ég held að þetta mál þarfnist nánari skoðunar. En ef ég man rétt þá eru ætlaðir verulegir fjármunir á næsta ári til 1. áfanga þessa húss.

Síðan er undir dóms- og kirkjumálaráðuneytinu heldur dularfullur liður sem heitir Sýslumaðurinn í Reykjavík og er einmitt skólabókardæmi um stjórnarhætti sem tíðkast hér því að undir liðnum 411, Sýslumaðurinn í Reykjavík, segir á bls. 39, með leyfi forseta:

„Sýnt þykir að útgjöld embættisins fari a.m.k. 15 millj. kr. umfram heimildir fjárlaga í ár. Skýrist það að hluta til af því að fjárþörf embættisins var vanmetin í áætlun ráðuneytisins við undirbúning fjárlaga. Í öðru lagi hafa ófyrirséð barnsburðar- og veikindaleyfi leitt til aukins launakostnaðar. Í þriðja lagi" — og ég vek sérstaka athygli á þessu — „hefur verið ráðið í bæði tímabundin og föst störf sem ekki var veitt framlag til í fjárlögum. Þótt ljóst hafi verið hvert stefndi frá því snemma á árinu hefur hvorki ráðuneytið né embættið gripið til ráðstafana til að draga úr hallanum. Brýnt er því að ráðuneytið treysti betur áætlanagerð vegna embættisins og komi á skilvirkari fjármálastjórn áður en sameining við sýslumannsembættin í Kópavogi og Hafnarfirði fer fram á næsta ári."

Það er nú gaman að fá að vita hver það er sem skrifar þetta. Hver er það sem sendir dóms- og kirkjumálaráðuneytinu tóninn með þessum hætti eða er þetta sjálfsgagnrýni ráðuneytisins? Það væri fróðlegt að fá það upplýst en þetta eru vægast sagt sérkennileg vinnubrögð. Menn sjá það fyrir að það þarf að ráða í störf. Það er ekki fjármagn til þess. Samt er ráðið í störfin og treyst á að það fáist aukafjárveiting. Hvernig halda menn að það sé hægt að draga saman í ríkiskerfinu með þessum hætti? Hvernig kemur þetta heim og saman miðað við yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar? Hvaða störf eru hér á ferð? Hvað var þarna að gerast sem olli þessari útþenslu? Ég vildi gjarnan fá skýringar á því.

Virðulegi forseti. Ég ætla að reyna að fara hraðar yfir sögu en það er vægast sagt svo margt í þessu frv. sem vert er að ræða að það er varla hægt að komast hjá því að ræða einstaka liði. Ég get ekki annað en minnst á þann lið sem heyrir undir félmrn. sem kallaður er vinnumál en þar er að finna sérstakt 60 millj. kr. framlag til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni. Og þarna er enn einn liðurinn sem tengist milljarðinum. Þetta er sérstakt framlag, 60 millj. af heilum milljarði, til þess að bæta stöðu kvenna á landsbyggðinni. En eins og menn vita þá er atvinnuleysi um það bil helmingi meira í röðum kvenna en karla. Það er um helmingi meira. Samt sem áður beinast sjónir manna fyrst og fremst að þeim verkefnum sem karlmenn vinna við hér á landi með heföbundnum hætti og þó að konur gætu auðvitað sótt um ýmis störf þá eru hefðirnar sterkar og menn hefðu átt að beina sjónum að öðrum verkefnum sem koma konum til góða. Og það er ekki annað hægt en gagnrýna það hvernig staðið er að málum þó að ég fagni því auðvitað að það skuli einhverjum peningum vera varið til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni, á landsbyggðinni.

Það er töluvert atvinnuleysi meðal kvenna hér á Reykjavíkursvæðinu og á Suðurnesjum og það þarf auðvitað að gefa þeim málum gaum. Það er ekki bara verkefni Reykjavíkurborgar svo að dæmi sé tekið að leysa þau mál þó að borgin þurfi auðvitað að koma þar inn í. Það er líka hlutverk ríkisins og það er nú einu sinni svo að samdráttur í undirstöðuatvinnugreinunum magnast í þjónustugreinum og það er í þjónustugreinunum þar sem atvinnuleysi er vaxandi og þar eru konur mjög fjölmennar. Það þarf að taka á þessum málum og þarna verður stefnubreyting og hugarfarsbylting að eiga sér stað.

Þá víkur sögunni að heilbr.- og trmrn. og enn koma kjarasamningarnir við sögu og Atvinnuleysistryggingasjóður og hér er enn eitt dæmið um vanáætlun á útgjöldum. Á það var bent í umræðunum í fyrra að atvinnuleysi yrði meira en gert var ráð fyrir samkvæmt fjárlagafrv. og hér kemur í ljós að biðja þarf um hvorki meira né minna en 1.150 millj. til viðbótar til þess að standa undir atvinnuleysinu í landinu. Ég hef ekki borið þetta saman við tölurnar í frv. fyrir 1994 en menn verða að vera raunsæir í þessum efnum og í það minnsta að taka mark á spá Þjóðhagsstofnunar og reikna dæmið út frá því. Og ég spyr hæstv. heilbr.- og trmrh.: Er það gert að miða tölurnar fyrir næsta ár við reynsluna á þessu ári og spá Þjóðhagsstofnunar?

Það er líka mjög athyglisverður þessi liður sem heitir atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna þar sem er verið að biðja um 75 millj. til viðbótar og þessar tölur sýna það að atvinnuleysi í röðum opinberra starfsmanna hefur greinilega verið mjög vanáætlað. Ég beindi fyrir skömmu fyrirspurnum til fjmrn. um atvinnuleysi hjá opinberum starfsmönnum og biðlaun og mér þykja svörin sem ég fékk vera nokkuð athyglisverð. Það kom fram í svari fjmrn. á þskj. 249 að ríkið hefur greitt 575 ríkisstarfsmönnum atvinnuleysisbætur á þessu ári, þ.e. á tímabilinu 1. jan. til 15. nóv. 1993 og heildarfjárhæðin er 96,5 millj. kr. á þessu tímabili. Hér er verið að biðja um 75 millj. kr. þannig að þeir peningar sem voru áætlaðir í atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna hafa greinilega verið mjög vanáætlaðir og ég vil beina því til hæstv. fjmrh. að menn skoði það í ljósi þessara staðreynda hvernig áætlunin er fyrir næsta ár. Ég ætla aðeins að líta á listann yfir það hvaðan þessir einstaklingar koma, frá hvaða stéttarfélögum. Það reyndist ekki unnt að fá það uppgefið í hvaða ríkisstofnunum fólki hefði verið sagt upp. Það er einfaldlega mjög mikið mál að finna það út og

er ekki inni í tölvukerfi fjmrn. en hér kemur fram að 73,2% af heildargreiðslunum renna til BSRB, 14,1% til Kennarasambandsfélaga og 11,3% til BHMR-félaga. Þetta eru athyglisverðar tölur og það er auðvitað spurningin, hvað er hér á ferð? Það eru 293 félagar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana á atvinnuleysisskrá. Það er hvorki meira né minna. Það eru tæplega 300 félagar í Starfsmannafélagi ríkisstofnana á atvinnuleysiskrá og þetta vekur auðvitað spurningar um það hvað er að gerast hjá ríkinu. Hvað er það sem veldur þessu atvinnuleysi?

Síðan eru líka mjög athyglisverðar upplýsingar varðandi þá sem eru á biðlaunum hjá ríkinu og flestar þær upplýsingar tengjast einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar þar sem flestir eru á biðlaunum. Það er vegna Menningarsjóðs 8 manns, Ríkismats sjávarafurða 17, Rafmagnseftirlits ríkisins 9, Byggingarsjóðs ríkisins 12, Skipaútgerðar ríkisins 8 og á Ríkisspítölunum vegna legudeildar Kristness, sem var lögð niður, 12 manns. Þetta er mikill kostnaður sem ríkið hefur af biðlaunum og samkvæmt þessum upplýsingum sem hér koma fram á þskj. 250, þá hafa alls verið greiddar 48,6 millj. kr. í biðlaun á þessu ári. Þetta er náttúrlega töluverður kostnaður og þegar maður hugsar til þess að einkavæðingaráformin hafa skilað ríkinu 100 millj. á þessu ári meðan greiða þarf 48,6 millj. kr. í biðlaun, þá er nú spurningin: Hver er hagnaðurinn af einkavæðingunni? Varðandi atvinnuleysisbætur opinberra starfsmanna vaknar sú spurning hvort upphæðin fyrir næsta ár sé ekki stórlega vanáætluð.

Það væri hægt að fara í langt mál um sjúkrahúsin og heilsugæslustöðvarnar og hér hafa fjárlaganefndarmenn komið fram með mjög athyglisverðar upplýsingar um þá ringulreið og það stefnuleysi sem ríkir í þeim málum og þar höfum við bæði dæmi um það að ákveðnar starfsstéttir á Ríkisspítölunum hafa náð fram kjarabótum og gildir það bæði um sjúkraliða og hjúkrunarfræðinga. Við höfum dæmi um mikla óvissu sem ríkir um framtíð bæði ákveðinna deilda og eins ákveðinna sjúkrahúsa bæði hér í Reykjavík og úti á landi í kjölfar nýrrar skýrslu. Við höfum nýlegt dæmi um hæstaréttardóm þar sem starfsmenn á Sjúkrahúsi Vestmannaeyja unnu mál gegn sínum yfirboðurum sem menn telja að muni hafa víðtækar afleiðingar og ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort menn í fjmrn. hafi gert sér grein fyrir því hvað þessi dómur varðandi starfsmenn Sjúkrahúss Vestmannaeyja hefur að segja í ríkiskerfinu? Hafa menn eitthvað skoðað það hvað hann þýðir?

Það er kannski stærsta spurningin í þessu öllu saman hvað eiginlega er að gerast á Ríkisspítölunum og hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi Ríkisspítalana. Þar er allt í óvissu og þetta getur auðvitað ekki gengið svona. Þetta stefnuleysi og þessi handahófskenndi niðurskurður og sífelldu hótanir sem starfsfólk og heilu stofnanirnar eiga yfir höfði sér af hálfu ríkisstjórnarinnar skapar mikið óöryggi, slæman vinnuanda og þetta getur ekki gengið svona. Það er alveg greinilegt að menn eru komnir að þeirri niðurstöðu að það sé ekki hægt að spara meira á sjúkrahúsunum með þeim aðferðum sem hingað til hefur verið beitt ef nokkur sparnaður hefur þá náðst fram. Mér skilst að menn hafi haldið því fram á fundi fjárln. í morgun að það hafi nánast enginn sparnaður náðst fram á sjúkrahúsunum. Þessi niðurskurður kemur einfaldlega fram annars staðar og í öðrum kostnaði. Hvað eru menn eiginlega að fara með þessu? Hver er stefnan? Það er löngu kominn tími til að menn geri það upp við sig. Það á ekki bara þessi ríkisstjórn að gera, það á Alþingi að gera. Það er Alþingi sem á að móta stefnuna í heilbrigðismálum.

Virðulegi forseti. Ég er þá komin að þeirri brtt. sem ég flyt hér við þetta frv. til fjáraukalaga, en hana er að finna á þskj. 171 og er hún svohljóðandi:

„Við 3. gr. 02-982 Listir, framlög. Fyrir „8,9 millj." kemur 3,6 millj." Þetta þýðir að þessi liður er lækkaður um 5,3 millj. en í honum felst að Alþingi veiti menntmrh. ekki heimild til þess að kaupa þrjár kvikmyndir Hrafns Gunnlaugssonar. Það er það sem málið gengur út á. En upp á sitt eindæmi og án þess að hafa til þess heimildir festi menntmrh. kaup á kvikmyndunum Í skugga hrafnsins, Lilju og Óðali feðranna.

Í umræðum sem áttu sér stað hér á Alþingi um skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálaleg afskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsar ríkisstofnanir þá sagði hæstv. menntmrh. um þessar kvikmyndir, með leyfi forseta:

„Kvikmyndirnar hafa ekki verið afhentar Námsgagnastofnun og stofnunin hefur ekki lagt kennslufræðilegt mat á myndirnar. Innan Námsgagnastofnunar hefur sú hugmynd verið rædd að stofna sérstakan flokk íslenskra bíómynda hjá stofnuninni." Og síðar segir hæstv. menntmrh., með leyfi forseta: „Þá er spurt hvers konar notkun á myndunum Í skugga hrafnsins og Óðal feðranna ég hafi hugsað mér þegar þær myndir voru keyptar. Það er að mínu mati fráleitt sjónarmið að einungis eigi að kaupa þær íslensku kvikmyndir til notkunar í skólum sem gerðar eru eftir bókmenntaverkum." Og enn segir hæstv. menntmrh., með leyfi forseta: „Þá er spurt um myndina Í skugga hrafnsins hvort ég telji hana hæfa til sýninga og kennslu í skólum. Kvikmyndin Í skugga hrafnsins er íslensk kvikmynd gerð af íslenskum listamönnum og spunnin úr íslenskri sagnahefð."

Þetta voru skýringarnar sem hæstv. menntmrh. gaf á sínum kaupum og það kom fram í hans máli að hann væri allsendis ósammála því sem fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar og hann sagði af þessu tilefni, með leyfi forseta: „Það sem Ríkisendurskoðun gagnrýnir er greiðsluloforð sem ég gaf með samþykki fjmrh. Ég er ekki sammála Ríkisendurskoðun um þetta atriði."

Það er alveg ljóst að fjmrh. hafði ekki heimild fyrir þessum kaupum. Það er alveg ljóst að þetta mál var ekki borið undir Námsgagnastofnun. Það veit enginn hvað á að gera við þessar kvikmyndir. Þær liggja enn þá í menntmrn. og ég tel heppilegast og eðlilegast að Alþingi einfaldlega hafni þessari beiðni og að menntmrh. afturkalli kaupin.

Ég vil rifja það hér upp fyrir þingmönnum hvern-

ig þessi kaup voru til komin, en það segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um fjármálaleg samskipti Hrafns Gunnlaugssonar við ýmsa opinbera aðila á bls. 58, með leyfi forseta:

„Tildrög þess að menntmrn. keypti sýningarréttinn á kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar eru þau að eftir að hann fékk synjun um styrk frá Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðnum til að gera myndina Hin helgu vé óskaði hann eftir fundi með Ólafi G. Einarssyni menntmrh. Honum var þá kunnugt um það frá Námsgagnastofnun að ráðuneytið hefði í nokkrum tilvikum keypt sýningarrétt á leiknum íslenskum kvikmyndum auk þess sem hann hafði aflað sér upplýsinga frá ráðuneytinu um kaupverð myndanna. Á fundinum með ráðherra upplýsti Hrafn um fjárhagserfiðleika sem hann var í vegna Hinna helgu véa og bauð ráðuneytinu til kaups sýningarrétt á þremur myndum. Ólafur mun hafa lýst áhuga sínum á að aðstoða Hrafn í þessu máli en tekið fram að ráðuneytið hefði takmarkaða fjármuni til ráðstöfunar til kaupa á myndum. Hann mundi geta keypt eina mynd af Hrafni þá þegar en hinar tvær ekki fyrr en á næsta ári. Ráðherrann mundi gefa skriflegt loforð um kaupin sem Hrafn gæti notað til að útvega lánsfé. Ólafur fól síðan ráðuneytisstjóra að athuga hvort það verð sem farið var fram á væri raunhæft og að útbúa samningsuppkast. Samningur um kaup ráðuneytisins á Lilju var síðan gerður 10. júlí 1992. Þá gaf menntmrh. svohljóðandi yfirlýsingu 28. sama mánaðar: „Það er ákvörðun menntmrh. í samráði við fjmrh. að kaupa tvær filmur af Hrafni Gunnlaugssyni í síðasta lagi á næsta ári. Kaupverð er 5,3 millj. kr. sem mun verða greitt beint til Íslandsbanka hf. til endurgreiðslu á láni að sömu fjárhæð sem Hrafn hyggst taka í nefndum banka." Samningur um kaup ráðuneytsins á myndunum Í skugga hrafnsins og Óðal feðranna var síðan gerður 9. febr. 1993."

Síðan segir í skýrslunni:

„Samkvæmt upplýsingum frá Námsgagnastofnun átti stofnunin hlut að máli við samningagerð vegna kaupa menntmrn. á myndinni Kristnihald undir Jökli, m.a. varðandi tímalengd sýningarréttar. Þá mun stofnunin hafa gefið samþykki sitt til að taka fyrri myndir til dreifingar í skólum áður en gengið var frá kaupum á þeim. Hins vegar var ekki haft samráð við stofnunina áður en ráðuneytið gerði samninga um kaup á myndum Hrafns."

Í lok þessa kafla skýrslunnar segir á bls. 61, með leyfi forseta:

„Að lokum gerir Ríkisendurskoðun athugasemd við greiðsluloforð sem menntmrh., með samþykki fjmrh., gaf með yfirlýsingu 28. júlí 1992 og getið er um hér að framan. Telja verður að ráðherra hafi brostið heimild til að gefa út óskilyrta yfirlýsingu sem þessa. Slík yfirlýsing, jafnvel þó hún hefði verið skilyrt, yrði samt sem áður að teljast óheppileg með tilliti til þess fordæmis sem með henni skapaðist. Í báðum tilvikum er um að ræða ráðstöfun fjármuna áður en ljóst er hversu háum fjárhæðum Alþingi þarf að veita til viðkomandi vekefna."

Og það er einmitt þetta sem er mergurinn málsins. Hér er á ferð mjög óheppilegt fordæmi. Hér er fyrst og fremst verið að liðsinna ákveðnum einstaklingi. Þetta er mjög óheppilegt fordæmi sem hér er á ferð og því er eðlilegt að Alþingi hafni þessu og felli út þennan lið frv.

Að lokum, virðulegi forseti, til að draga saman það sem ég hef hér sagt, þá er að finna í þessu frv. ótal liði sem kalla á skýringar og ég ítreka þá spurningu mína: Hversu miklu hefur verið varið af milljarðinum sem samið var um í sumar og eins og hér hefur verið rakið er hægt að tengja marga liði þessa frv. við hann? Ég ítreka líka þá niðurstöðu mína að þetta frv. sýnir það einna best hve ónákvæmar áætlanir fjmrn. eru þó að auðvitað sé þar ýmislegt á ferð sem ekki var hægt að sjá fyrir og aðstæður hafa á ýmsan hátt gripið inn í, þá er staðreyndin sú að menn hafa gert óraunhæfar áætlanir. Sértekjur hafa verið ofáætlaðar eða brugðist og þar að auki er hér verið að eyða peningum án heimilda og síðasta dæmið sem ég nefndi um kaup menntmrh. á kvikmyndum Hrafns Gunnlaugssonar er mjög slæmt dæmi um það hvernig 41. gr. stjórnarskrárinnar er þverbrotin. Það þurfa að eiga sér stað breytingar á vinnubrögðun og það gildir ekki bara um þessa ríkisstjórn heldur alla þá sem hafa komið og eiga eftir að koma að ríkisfjármálunum í framtíðinni. Þessi mál eru í allt of föstu formi og ég er sannfærð um það að ætli menn sér að ná árangri í því að takmarka ríkisútgjöld í samræmi við þær slæmu horfur sem því miður blasa við okkur þá þurfa menn að fara út í ýmsar grundvallarbreytingar en ég sé ekki að þessi ríkisstjórn ætli sér að gera það.

[16:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst segja það að mér finnst dálítið mikið bera á því að hér séu ráðherrar spurðir um einstök efnisatriði frv. sem hafa verið rædd ítarlega í nefndinni og ég veit að allir flokkar eiga aðild að nefndinni. Og maður spyr sig að því hvort það þurfi að fara fram nefndarstarf ef það á síðan allt að endurtakast í 2. umr. En vegna sérstakra fyrirspurna hv. þm. sem auðvitað blasir við ef menn bera sig eftir því að lesa það sem fyrir þá er borið þá kemur í ljós varðandi ráðherrabústaðinn að á yfirstandandi ári eru 1.100 þús. til þessa verkefnis. 1994 er gert ráð fyrir 4,1 millj. og í þessum pakka, sem er hluti af einum milljarði, eru 10 millj. og aftast í sjálfu frv. er fskj. 2 á bls. 53. Þar er þetta sett niður mjög nákvæmlega og þar er yfirleitt að leita svara við yfirleitt öllum spurningum sem varða þetta efni nema þá spurningu sem hv. þm. kom með og snertir hve mikið er búið að eyða af þessum milljarði. Það get ég ekki sagt upp á hár á þessari stundu. Það veit enginn alveg nákvæmlega hve mikið fer út fyrir áramótin, en ég geri ráð fyrir því að það verði milli 600–700 millj. kr. Þetta vildi ég láta koma fram.

Varðandi síðan fjáraukalög. Ég er alveg sammála þingmanninum að það er of mikið gert af því að koma með heimildir inn á fjáraukalögum. Ég vil bera lof á fyrrv. ráðherra sem var á undan mér sem gjörbreytti

þessu því að þá var byrjað á þeim vinnubrögðum að koma með þetta inn á sama árinu og ætlunin var að greiða út fjárheimildirnar og það er ekki gert nema í undantekningartilvikum núna en um 50 ára skeið gerðist það stundum mörgum árum seinna. Og af því að það er minnst á 300 millj. og einn milljarð þá var sú lagaheimild fengin í sumar með bráðabirgðalögum og hér er einungis verið að staðfesta sundurliðunina.

[16:50]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur hér aðeins komið inn á örfáar af þeim spurningum sem ég beindi til hans og er kannski ekki að öllu leyti sanngjarnt að beina þeim til hans vegna þess að það er mál sem heyrir undir aðra ráðherra. Ég verð að taka það á mig að hafa ekki borið saman þennan lista við frv. en ég hygg að sumt af því sem ég var að spyrja um áðan tilheyri þessum milljarði en engan veginn allt.

Varðandi milljarðinn og þessar 300 millj., þá er málið það að ríkisstjórnin sótti sér réttinn með bráðabirgðalögum, en hið eðlilega hefði verið að kalla þingið saman. Það sem við höfum verið að vekja athygli á hér mörg er að gerðar hafa verið breytingar á lögum og þingsköpum og það er miklu eðlilegra að þingið, sem fer með fjárveitingavaldið, leggi blessun sína eða hafni beiðnum af þessu tagi. Það er mjög óeðlilegt að ríkisstjórnin taki sér það vald að semja um háar upphæðir án þess að afla til þess fyrst heimilda. Þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð og ef menn ætla að halda ríkisútgjöldunum í böndum, þá þarf einfaldlega að breyta þarna um. Og eftir því sem ég þekki til á Norðurlöndunum, þá tíðkast ekki svona vinnubrögð.

[16:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með hv. þm. að það þarf auðvitað að laga framkvæmdina á þessum málum og gera breytingar, en það sem ég hef verið að reyna að segja hér er að það hafa orðið stórkostlegar framfarir í þessum efnum. Allt frá 1923 til 1988 var það stundum þannig að það liðu mörg ár þar til staðfestar voru með fjáraukalögum greiðslur sem höfðu átt sér stað mörgum árum áður. Nú er það þó þannig að ráðherrar koma með fjáraukalög fram á viðkomandi ári. Það er reynt að haga því þannig að það sé ekki búið að greiða út þessar heimildir og við höfum reynt að passa upp á það sem við best getum gert. Ef verið er að greiða út heimildirnar, þá höfum við reynt að afla okkur lagalegs réttar til þess og auðvitað gilda bráðabirgðalög í því sambandi þótt menn geti haft þá skoðun að það sé betra að kalla þingið saman. Það er síðan allt annað mál. Ég held því að það verði að segjast eins og er að þessi mál eru í betra horfi í dag en þau hafa verið nokkurn tíma áður og það var tekið mikilvægt skref einmitt 1988 og 1989 í þessum efnum.

Ég get því miður ekki svarað öllum spurningum í andsvari, enda ekki ætlast til þess og fæ ég að taka til máls síðar, en ég vil vekja athygli á því að ég held að einmitt meginþingskjalið sem lagt var fram í upphafi hafi verið mjög vel upp sett og það sé mjög einfalt að rekja allar tölur í frv. með því að bera fylgiskjölin sem fylgja með frv. við einstakar greinar þess og á það vildi ég leggja sérstaka áherslu.

[16:54]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði óskað eftir því fyrr í dag að hæstv. forsrh. yrði viðstaddur þennan þátt umræðunnar og ítreka þá ósk mína til hæstv. forsrh. Ég tel einnig óhjákvæmilegt að hæstv. viðskrh. sé hér við þessa umræðu. (**GHelg:** Hann er ekki á landinu.) Mér er tjáð að hann sé ekki á landinu en hann hlýtur að hafa einhvern staðgengil. Það er auðvitað mjög vont ef enginn ráðherra Alþfl. treystir sér til þess að vera viðstaddur þessa umræðu nema hæstv. heilbrrh. sem fyrst og fremst er þá hér til þess að passa sitt bú. (**Fjmrh.:** Og fjmrh.) Fjmrh. er nú ekki ráðherra Alþfl. (Gripið fram í.) En það má vel vera að svo náið sé samstarfið orðið. En ég ítreka ósk mína um það að hæstv. forsrh. komi hér til umræðunnar, enda var hún sett fram fyrir hádegi að hann yrði viðstaddur þennan þáttinn þannig að ærinn tími hefur gefist til þess að gera ráðstafanir í þeim efnum og enn fremur sá ráðherra Alþfl. sem ber ábyrgð á viðskrn.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að láta hæstv. forsrh. vita að hans sé óskað í þingsalinn. Um aðra ráðherra veit forseti ekki nema hvað fram hefur komið að hæstv. viðskrh. sé erlendis.)

Ósk mín er þá að sá ráðherra Alþfl. sem fer með viðskiptamál verði kallaður til umræðunnar, sá sem gegnir fyrir hæstv. viðskrh.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti skal gera ráðstafanir til að láta þann ráðherra vita.)

Það þarf, virðulegi forseti, ekki að rekja það hér í þessum stól að samhengi ríkisfjármála við aðra þætti efnahagsmála er ærið. Við erum hér að fjalla um frv. sem felur það í sér að staðfesta gífurlegan halla á ríkissjóði á þessu ári. Hvað hann verður mikill á eftir að koma í ljós eins og hæstv. fjmrh. benti á fyrr í þessari umræðu. En hæstv. fjmrh. er væntanlega sammála okkur um það að hvað sem líður hinni endanlegu tölu, þá er ljóst að hallinn verður gífurlegur.

Þá er það einnig ljóst að ríkisstjórnin hefur gefist upp við það að minnka hallann á fjárlögum næsta árs frá því fjárlagafrv. sem lagt var fram í byrjun þings þannig að allt hið mikla starf sem hæstv. utanrrh. og hæstv. fjmrh. hafa lagt í það verk virðist ekki ætla að skila neinu. Við erum því að fást við dæmi sem felur það greinilega í sér að á tveimur síðustu heilu árum ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, 1993 og 1994, verður hallinn á ríkissjóði einhvers staðar á bilinu 20–30 milljarðar. Það hefðu þótt mikil tíðindi í upphafi þessa stjórnarsamstarfs þegar hér voru fluttar á Alþingi ræður hvað eftir annað af hæstv. ráðherrum og skrifaðar stjórnarsáttmáli sem fól það í sér að á fyrstu tveimur árunum sem ríkisstjórnin starfaði ætti að ná ríkissjóðshallanum niður í núll, að þegar upp væri staðið væri árangurinn sá að á síðustu tveimur heilu árunum hjá ríkisstjórninni yrði hallinn aldrei undir 20 milljörðum

og gæti verið á bilinu 20–30 milljarðar.

Hæstv. utanrrh. sagði hér í stefnuumræðunni í haust að þingið gæti varla mætt á Þingvöll á 50 ára afmæli lýðveldisins með þann halla sem við blasti á ríkissjóði í ár og á næsta ári. Er hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin öll hætt við að mæta á Þingvöll á 50 ára afmæli lýðveldisins?

Er það virkilega þannig að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi einfaldlega gefist upp í þessu verkefni? Það er fyrsta spurning mín til hæstv. forsrh. Á að afgreiða það frv. til fjáraukalaga sem hér er til umræðu og fjárlögin á þeim grundvelli sem liggur fyrir hér við 2. umr. og boðað hefur verið hjá hæstv. fjmrh. varðandi afgreiðslu fjárlaga næsta árs? Má ég minna hæstv. forsrh. á það hve oft hann hefur síðan hann tók við haldið fram þeirri kenningu að ekki sé hægt að ná vöxtunum niður á Íslandi varanlega nema með hallalausum ríkisbúskap. Er hæstv. forsrh. búinn að átta sig á því að sú kenning sé röng? Og er þá ekki rétt að hann komi hér upp og segi þinginu og þjóðinni það að sú kenning sé röng? Eða er sú vaxtalækkun sem ríkisstjórnin náði hér fyrir nokkrum vikum síðan aðeins skammvinn aðgerð? Það getur ekki hvort tveggja gengið upp, hæstv. forsrh., að halda því fram að varanleg vaxtalækkun náist ekki á Íslandi nema með hallalausum ríkisbúskap og að ganga þannig frá ríkisfjármálunum að yfir 20 milljarða halli blasi við á þessum tveimur árum og ætla sér að viðhalda vaxtalækkuninni.

Ég vil þess vegna í upphafi þessarar umræðu spyrja bæði hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. hvert sé samhengið í afgreiðslu þess frv. sem hér er til umræðu og fjárlaga næsta árs við vaxtastefnu ríkisstjórnarinnar. Ef það er eitthvað eitt sem ríkisstjórnin treystir á til þess að koma hjólum hagkerfisins í gang á nýjan leik og draga úr atvinnuleysinu þá er það vaxtalækkunin og þess vegna er nauðsynlegt að fá fram hér í þessari umræðu alveg skýr rök fyrir því hver sé grunnur hennar.

Ég hef sagt það á öðrum vettvangi og get endurtekið það hér að hæstv. forsrh. og reyndar einnig hæstv. fjmrh., að ógleymdum hæstv. utanrrh., hafa haldið fram mörgum röngum kenningum um þessi efnahagsmál síðan þeir tóku við fyrir tveimur árum síðan. Ein af þessum kenningum hefur verið sú að það væri ekki hægt að ná vöxtunum niður nema ná hallanum á ríkissjóði út úr myndinni. Nú er ríkisstjórnin hins vegar að hæla sér af því að vera samtímis með met í hallarekstri og að ná fram vaxtalækkun. Ég held þess vegna að hæstv. ríkisstjórn ætti að átta sig á því að sú kenning, sem hún hefur verið með lengi og hefur verið flutt hér í þessum ræðustól af flestum ráðherrum á sl. tveimur árum, að það væri ekki hægt að ná vöxtunum niður nema ríkissjóðshallinn minnkaði, hún stenst einfaldlega ekki því að raunveruleikinn blasir nú við að það hefur tekist að ná vöxtunum niður — nema það sé bara skammvinn aðgerð og mun ég koma að því hér eftir stutta stund.

Hæstv. fjmrh. hefur síðan hvað eftir annað haldið því fram að forsendan fyrir því að hann geti náð vöxtunum á ríkisverðbréfum niður sé að markaðurinn gangi á undan. Hvað ætli það séu margar ræðurnar sem hæstv. fjmrh. hefur haldið um það? Hver er niðurstaðan nú? Hæstv. fjmrh. fór á undan og þess vegna spyr ég hér: Hefur markaðurinn elt hann eða ekki? Var hæstv. fjmrh. alltaf með ranga kenningu eða er það einfaldlega þannig að vaxtalækkunin núna sé skammvinn vegna þess að markaðurinn elti ekki hæstv. fjmrh. eins og ráða má af frétt Morgunblaðsins í dag og ummælum seðlabankastjóra Jóns Sigurðssonar? Og það er satt að segja mjög merkilegt að hæstv. ráðherrar skuli ekki strax í dag hafa tjáð sig um ummæli Jóns Sigurðssonar seðlabankastjóra í Morgunblaðinu í morgun því að þar er seðlabankastjóri, fyrrv. hæstv. viðskrh., í raun og veru að segja það að vaxtalækkun ríkisstjórnarinnar muni ekki ganga upp. Kem ég nánar að því síðar.

Hæstv. forsrh. sem hefur haldið fram mörgu röngu í þessum málum á undanförnum missirum kom hér enn á ný upp í dag með enn eina staðleysuna og þess vegna vaknar sú spurning: Er það virkilega þannig að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson viti ekki hvað er rétt og breyti þess vegna samkvæmt því eða er hann vísvitandi að fara með falskar upplýsingar í trausti þess að þeir sem á hann hlýða viti ekki betur? Og hann endurtók hér í ræðustólnum það sem hann flutti þjóðinni á Rás 2 í gær, fullyrðinguna um það að spariskírteini ríkissjóðs hefðu ekki selst í ársbyrjun 1991 þegar tilraun var gerð til þess að bjóða þau á í kringum 6% vöxtum en hefðu síðan farið að seljast eftir að ríkisstjórnin hækkaði vextina. Hverjar eru tölurnar, hæstv. forsrh.? Tölurnar eru þessar:

Í október og desember 1990, þrjá síðustu mánuði ársins 1990, seldust spariskírteini ríkissjóðs fyrir 2 milljarða 152 millj. Á fyrstu fjórum mánuðum ársins 1991, janúar, febrúar, mars og apríl seldust spariskírteini ríkissjóðs fyrir tæpar 1.400 millj. eða 1.376 millj. En hver var salan næstu fjóra mánuði á eftir, eftir að ríkisstjórnin hafði hækkað með handafli vextina á spariskírteinum ríkissjóðs? Hefði hún ekki þá samkvæmt lögmálum markaðarins og kenningum hæstv. forsrh. átt að rjúka upp og verða meiri? Jú, auðvitað. En það var bara ekki raunveruleikinn. Markaðurinn keypti minna af spariskírteinum á þeim fjórum mánuðum þegar ríkisstjórnin fór að bjóða þeim á háu vöxtunum heldur en selt var á lágu vöxtunum á fyrstu fjórum mánuðum ársins, eða aðeins um u.þ.b. 900 millj. samtals í maí, júní, júlí og ágúst 1991. Með öðrum orðum var meiri sala á spariskírteinum ríkissjóðs á lágu vöxtunum fyrstu fjóra mánuði ársins 1991 heldur en fyrstu fjóra mánuðina þegar þau voru boðin á háu vöxtunum. Þess vegna er það einföld staðreynd að hæstv. forsrh. fór hér með rangt mál því að ef tekinn er veturinn frá október til apríl 1990–1991 er samanlögð sala spariskírteina um 3,5 milljarðar. Og það er allnokkur sala á spariskírteinum ríkissjóðs. Ég er ekki að segja þetta í einhverjum metingi við núv. hæstv. fjmrh. um að það hafi selst meira af spariskírteinum ríkissjóðs á þeim mánuðum þar sem við stjórnuðum í fjmrn. og á þeim mánuðum samsvarandi þegar hann tók við í fjmrn. Mér dettur ekki í hug að fara í nein slíkan meting. Ég er einfaldlega að rekja þetta hér

vegna þess að hæstv. forsrh. hefur farið með rangt mál og ég held að hann fari ekki vísvitandi með rangt mál. Ég held bara að hann sé búinn að búa til einhverja veröld í kollinum á sér sem hann gengur út frá í sínum málflutningi og aðgerðum sem einfaldlega stenst ekki og þess vegna sé kannski ósköp eðlilegt að prógrammið gangi ekki upp frekar en afsökunin um ríkissjóðshallann og að markaðurinn yrði að ganga á undan gekk heldur ekki upp þegar svo veruleikinn er skoðaður núna, þegar ríkisstjórnin segist hafa náð að lækka vextina með því að ganga sjálf á undan og ríkissjóðshallinn hefur aldrei verið meiri.

En hvað kemur fram í dag, virðulegi forseti? Í dag birtist sú frétt á baksíðu Morgunblaðsins að raunávöxtun óverðtryggðra lána í íslenska bankakerfinu sé 12–16%, — 12–16% raunvextir í íslenska bankakerfinu. Með öðrum orðum: Raunvextir íslenska bankakerfisins eru enn þá eins og Alþafjöllin í samanburði við það sem er í viðskiptabönkum annars staðar í Vestur-Evrópu. Munurinn á milli vaxtastigsins í íslenska hagkerfinu og þess sem er í nágrannalöndum okkar er enn þá himinhár þannig að við búum hér, atvinnulífið og einstaklingar á Íslandi, við vaxtahæðir sem eru fjallháar samanborið við þær sléttur sem tíðkast í viðskiptalöndum okkar. Og varð breyting á vaxtabreytingadeginum til þess að lækka vextina í gær? Nei. Það gerðist nefnilega ekki. Það var stopp. Bankarnir voru hættir. Það gerðist ekki neitt. Og þá kemur seðlabankastjórinn nýráðni, og senn fráfarandi, og kveður upp sinn salómonsdóm, með leyfi virðulegs forseta:

„Þegar á þetta allt er litið er náttúrlega alveg ljóst að það skortir verulega á að nafnvextir útlána í bankakerfinu séu í samræmi við markaðskjör."

Ég ætla að endurtaka þessa einstæðu yfirlýsingu formanns bankastjórnar Seðlabanka Íslands, Jóns Sigurðssonar seðlabankastjóra: „Þegar á þetta allt er litið er náttúrlega alveg ljóst að það skortir verulega á að nafnvextir útlána í bankakerfinu séu í samræmi við markaðskjör."

Þess vegna bað ég um staðgengil viðskrh. en í fjarveru hans spyr ég hæstv. forsrh., sem einnig með sjálfstæðum hætti verður auðvitað að tjá sig um þessa yfirlýsingu seðlabankastjórans vegna þess að hæstv. forsrh. er yfirmaður efnahagsmála í Stjórnarráðinu: Ef bankakerfið á Íslandi starfar ekki í samræmi við þá markaðsvexti sem seðlabankastjórinn hefur tilkynnt að séu í landinu, hvað ætlar ríkisstjórnin þá að gera? Ef bankakerfið starfar ekki í samræmi við markaðskjörin, er þá ekki allt unnið fyrir gýg? Er þá ekki allt í plati? Gengur þessi leiksýning þá upp lengur þegar seðlabankastjórinn hefur komið og sagt: Tjaldið er fallið. Bankarnir haga sér ekki í samræmi við markaðskjörin?

Auðvitað er það gott og blessað að bjóða ríkisvíxlana og spariskírteini ríkissjóðs á lægri vöxtum En, hæstv. forsrh. og virðulegur fjmrh., það dugar atvinnulífinu nánast ekki neitt og einstaklingum í landinu nánast ekki neitt ef bankakerfið gengur ekki á eftir, ef bankakerfið heldur áfram að vera í Alpafjöllum vaxtahæðanna og starfar að dómi seðlabankastjórans ekki í samræmi við vaxtakjör, þá skiptir það í sjálfu sér engu máli fyrir efnahagslífið í landinu og einstaklingana á hvaða kjörum lífeyrissjóðirnir og bankakerfið kaupa spariskírteinin og ríkisvíxlana sem fjmrn. er með. Þá er það bara einhver svona sérheimur út af fyrir sig milli Arnarhvols og Austurstrætis og kemur atvinnulífinu í landinu ekkert við.

Morgunblaðið greinir frá því í dag að raunvextir bankanna á óverðtryggðum lánum séu enn þá 12–16% og Jón Sigurðsson seðlabankastjóri lýsir því yfir að það sé ekkert hægt að gera í því. Og hann heldur áfram. Hann lýsir því yfir að vextir bankanna væru mjög háir og búist hefði verið við því að þeim yrði breytt um mánaðamótin. Seðlabankinn bjóst við því að viðskiptabankarnir mundu lækka vextina núna um mánaðamótin, en þeir bara gerðu það ekki, bara alls ekki, ekki um eitt prósentubrot. Og hvað ætlar ríkisstjórnin og Seðlabankinn þá að gera? Halda áfram að bíða? Ætlar Alþfl. að halda áfram að ferðast um landið og halda fundina? Hvar ætlar hæstv. heilbrrh. að vera næst á vaxtafundi? Á ekki hæstv. heilbrrh. eftir að mæta á einhverjum vaxtafundi eða eru allir vaxtafundir Alþfl. búnir, sirkusinn sem fór hér um landið og tilkynnti fólkinu að nú væru lækkaðir vextirnir hjá atvinnufyrirtækjunum í sjávarútvegi og iðnaði og hjá þeim væru a byggja og hjá einstaklingunum í landinu? Búist var við því að þeir yrðu lækkaðir um mánaðamótin, segir seðlabankastjóri Jón Sigurðsson. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvað gerðist? Hvað gerðist fyrst Seðlabankinn og ríkisstjórnin bjuggust við því að vextirnir yrðu lækkaðir í gær en þeir voru ekki lækkaðir? Og við viljum fá svör hér, hæstv. forsrh., í þessum sal vegna þess að gagnvart þjóðinni í gær tilkynnti hæstv. forsrh. að þetta væri eðalmerki stjórnarstefnunnar og árangursins. En bara á sama tíma og hann var að fytja þjóðinni þann boðskap, þá voru Íslandsbanki, Landsbanki, Búnaðarbanki og sparisjóðirnir allir að ákveða að gera ekki neitt. Með öðrum orðum, hæstv. forsrh., þeir voru að hafa orð forsrh. að háði og spotti.

En seðlabankastjórinn heldur áfram. Seðlabankastjórinn segir að Seðlabankinn hafi með ýmsum aðgerðum beitt sér fyrir bættum starfsskilyrðum bankanna. Þannig hafi lausafjárkvöð og bindiskylda verið lækkuð og vaxtaskiptasamningar verið gerðir við bankana sem geri það að verkum að verðtryggingaráhættan væri tekin frá þeim meðan sá samningur gilti vegna þess að sérstaklega væri ástæða til að lækka vextina. En það bara gerðist ekki. Það er búið að gera nýja samninginn sem undirritaður var við langa borðið í Seðlabankanum þar sem 13 bankastjórar röðuðu sér að langa borðinu og undirrituðu samninginn. En svo gerist bara ekki neitt. Ætlar ríkisstjórn Íslands að láta þetta mikla vaxtalækkunarleikrit enda í því að raunávöxtun óverðtryggðra lána í bankakerfinu sé 12–16%? Bankakerfið á Íslandi er búið að tilkynna að þar verði hætt. 12–16% raunávöxtun óverðtryggðra lána. Halda menn að eitthvað atvinnulíf standist það? Halda menn að það verði hægt að byggja upp nýja sókn í íslensku atvinnulífi með 12–16% raunvexti í bankakerfinu? Auðvitað ekki. Halda menn að þeim þúsundum sem verða

hér atvinnulausir í vetur sé einhver gleði í því að fá slíkar tilkynningar? Auðvitað ekki. Og halda menn að Vestfirðingunum sem eru að horfa framan í það að fyrirtækjunum verði loka sé einhver gleði í því? Auðvitað ekki.

Hæstv. forsrh. kom í gær og sagði: Það er þorskurinn. Ef skoðaður er munurinn á Íslandi og þessu fína hagkerfi úti í heimi á Vesturlöndum þar sem ástandið er miklu verra en hér og reynt að útskýra í hverju munurinn felst, sagði hæstv. forsrh. í gær, þá er munurinn einfaldlega fólginn í því að hjá okkur er það bara þorskurinn sem hefur minnkað. Er það kannski, hæstv. forsrh., líka þorskurinn sem ber ábyrgð á 12–16% raunávöxtun óverðtryggðra lána í bankakerfinu? Er það kannski líka þorskurinn sem ber ábyrgð á því að bankarnir lækkuðu ekki vextina í gær? Hvað á þessi vitleysa að halda lengi áfram að þorskurinn sé gerður að einum allsherjarsökudólgi fyrir mistök og lélega stjórn þessarar ríkisstjórnar á efnahagsmálum? Eða hefur það kannski farið fram hjá hæstv. forsrh. að árið í ár er nú þegar orðið metár í veiðum á Íslandi? Það er ekki hægt að finna eitt einasta ár í sögu lýðveldisins þar sem Íslendingar hafa veitt meiri sjávarafla. Það er nú allur aflasamdrátturinn. Og það er lýðveldismet í veiðum það sem af er þessu ári. Hefur hæstv. forsrh. ekki áttað sig á því? Auðvitað er það alveg rétt að þorskurinn hefur minnkað, en það hefur bara aukist í öðrum stofnum sem eru seldir á háu verði og sem mikil eftirspurn er eftir víða á mörkuðum. Þess vegna gengur það ekki upp, hæstv. forsrh., að lifa í þessum draumaheimi, draumaheimi sem er byggður á slíkri skammsýni á staðreyndir sem hér birtist í því að segja að engin spariskírteini hafi verið seld á fyrstu mánuðum ársins 1991 og ætla að afsaka muninn á íslenska hagkerfinu og því sem er að gerast erlendis með þorskinum einum. Þess vegna spyr ég að því skýrt hér í þessum stól og óska svara frá hæstv. forsrh.: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í ljósi þess að bankakerfið hefur nú numið staðar á vaxtalækkunarferlinu við 12–16% raunvaxtastigið? Er það ásættanlegt að dómi hæstv. ríkisstjórnar eða hvað hyggst hún gera? Ef ekki koma skýr svör við því hér í dag við þessa umræðu, þá blasir það við að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er búin að gefast upp í þessu mikla vaxtalækkunarferli. Það eina sem hefur gerst er að henni hefur á litlum hluta markaðarins milli Arnarhvols og bankanna í Austurstræti tekist að lækka vextina á verðbréfum ríkissjóðs. Það er út af fyrir sig ágætt, en það hefur bara ekki haft nein áhrif á þá vexti sem atvinnulífið og einstaklingarnir þurfa að greiða í gegnum bankakerfið. Bankakerfið á Íslandi gengur enn þá laust með sín Alpafjöll í vaxtastigi.

Því vænti ég þess, hæstv. forsrh., að fá við því skýr svör hér í umræðunni hvert sé álit ríkisstjórnarinnar á þessari stöðu, hvert sé álit ríkisstjórnarinnar á ummælum Jóns Sigurðssonar seðlabankastjóra í Morgunblaðinu í dag og hvað ríkisstjórnin hyggist gera í framhaldi af þeirri staðreynd að raunvextirnir eru 12–16% í bankakerfinu.

Hæstv. fjmrh. hóf hér í umræðu um annað mál í fyrradag, að flytja játningar Sjálfstfl. í skattamálum, þær játningar að málflutningur Sjálfstfl. allt síðasta kjörtímabil í skattamálum hafi verið óraunhæfur og ekki staðist, játningar um það að yfirlýsingar fjmrh. um það að ekki hafi verið hækkaðir skattar í tíð núv. ríkisstjórnar hafi heldur ekki staðist og það ber að fagna þessum játningum. Sjálfstfl. hélt því fram allt síðasta kjörtímabil að allar skattabreytingar sem þáv. ríkisstjórn tók að sér að framkvæma hefðu verið ónauðsynlegar. Við fórum hins vegar ekki í neinar felur með það sem við vorum að gera. Við vorum ekkert að leyna því að við vorum að breyta sköttum til hækkunar. En Sjálfstfl. sagði allan þann tíma að þetta væru ónauðsynlegar breytingar og greiddi atkvæði á móti þeim. Og í kosningunum lofaði Sjálfstfl. að afnema þær. Í prófkjöri hér í Reykjavík lýsti þáv. frambjóðandi, borgarstjórinn Davíð Oddsson því yfir að hann mundi afnema alla skattana sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar ... (Gripið fram í). Hæstv. ráðherra sagði það víst. **(Forsrh.:** Það eru ósannindi.) Það eru engin ósannindi vegna þess að í útgáfu Heimdallar sem gefin var út og hæstv. forsrh. getur fengið uppi í Valhöll, hjá Kjartani Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Sjálfstfl. og starfandi formanni bankaráðs Landsbankans, var svar þáv. frambjóðanda Davíðs Oddssonar við spurningunni mjög einfalt og stutt: Það voru tveir stafir, raðaðir saman í orðið já. Já. Og ef hæstv. forsrh. ætlar í þriðja sinn að segja að það sé rangt, þá er hann meira að segja farinn að gleyma því sem hann hefur sagt sjálfur.

Það var aðeins einn frambjóðandi Sjálfstfl. í Reykjavík sem hafði manndóm í sér til að segja að þetta væri líklegast óraunhæft loforð. Það var Geir Haarde, núv. formaður þingflokks Sjálfstfl. Það ber að hæla honum fyrir það og láta það lifa. Allir hinir frambjóðendurnir lýstu því yfir að þeir mundu afnema alla þessa skatta. Nú kemur fjmrh. hér fyrir tveim dögum síðan og lýsir því yfir að þeim hafi nánast öllum verið haldið við. Og það sem meira er, ríkisstjórnin hafi bætt við um það bil 2 milljarða skattahækkun fram að því ári sem við erum hér að ræða, að fjáraukalögin sem við erum hér að ræða, feli í sér um það bil 2 milljarða hækkun á sköttum sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi bætt við. Það eru mikil tíðindi að fjmrh. Friðrik Sophusson skuli nú í fyrsta sinn vera að viðurkenna skattahækkanir þessarar ríkisstjórnar og þá er bara verið að tala um einfaldar skattahækkanir en ekki þjónustugjöldin og það allt saman. Síðan segist hann að vísu ætla að lækka skattana aðeins á næsta ári og fær út svona milljarð nettó í viðbót. Það breytir því ekki að á árinu 1993 sem við erum að ræða hér er í hans eigin gögnum innbyggð skattahækkun upp á rúma 2 milljarða til viðbótar þessum 10. Með öðrum orðum viðurkennir varaformaður Sjálfstfl. og fjmrh. í fyrsta lagi að hann hefur viðhaldið nánast öllum þeim sköttum sem Sjálfstfl. lofaði að afnema og í öðru lagi að hann hefur bætt við 2 milljörðum í viðbót, a.m.k. fram að þeim tíma sem nú er.

Í sjálfu sér þarf ekki að segja neitt meira um það. En munurinn á okkur og Sjálfstfl. er að við höfum ekki leikið þennan óábyrga leik í stjórnarandstöðunni sem

Sjálfstfl. gerði á sínum tíma og ég fagna því að varaformaður Sjálfstfl. hefur þjálfast þannig í fjmrn. að hann er farinn að viðurkenna hlutina.

Þá kem ég, virðulegi forseti, að því sem er lokaatriðið af þeim sem ég vildi taka hér til umfjöllunar — og er nú leitt að vera búinn að missa hæstv. forsrh. úr salnum. Ég var engan veginn búinn að tala við hann.

Hér fyrr á þessu ári fékk hæstv. forsrh. sendan reikning frá Hæstarétti um það að Hæstiréttur ynni nú allt í einu svo mikla yfirvinnu og það væri nauðsynlegt að fá hana greidda. Hæstv. forsrh. framsendi reikninginn til fjmrn. og lét greiða hann og hafði þau ummæli opinberlega að hann deildi ekki við dómarann. Það var þó hæstv. forsrh. ljóst að Hæstiréttur var ekki dómari í eigin launum. Til þess er sérstakur aðili sem ber heitið Kjaradómur þó að hann sé auðvitað ekki dómur í sama skilningi og Hæstiréttur. En nú, hæstv. forsrh., hefur Kjaradómur kveðið upp úrskurð. Og það vill svo til að Kjaradómur úrskurðar hæstaréttardómurum allt önnur laun en þeir tóku sér sjálfir. Nú blasir sú spurning við hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh.: Hvað á að gera við 13 milljónirnar sem eru í þessu fjáraukalagafrv. og voru ætlaðar til þess að greiða sjálftöku Hæstaréttar? Ætlar ríkisstjórnin virkilega eftir að Kjaradómur hefur kveðið upp þann úrskurð að þessi sjálftaka Hæstaréttar sé röng — því að það er það sem Kjaradómur hefur gert, Kjaradómur hefur kveðið upp úrskurð um það hvaða laun hæstaréttardómarar eiga að hafa og þau eru önnur en sjálftökuliðið í Hæstarétti ákvað sér — ætlar ríkisstjórnin virkilega að afgreiða þetta fjáraukalagafrv. þannig að Hæstiréttur fái bæði sjálftökupeningana óáreitta og óskerta og síðan laun samkvæmt þeim úrskurði sem Kjaradómur kvað upp? Og þannig verði bara tilkynnt gagnvart öllum stofnunum í ríkiskerfinu sem heyra undir Kjaradóm: Gjörið þið svo vel. Þið getið tekið ykkur hvaða yfirvinnu sem þið viljið eftir sjálftökuleiðum og við munum ekki hrófla neitt við því þó að Kjaradómur sé ekki búinn að kveða upp úrskurð? Auðvitað er það þannig að úrskurður Kjaradóms verður að liggja til grundvallar, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. Ég ætla bara rétt að vona að ríkisstjórnin fari ekki að ganga inn á þær brautir hér, nógur er nú orðinn ruglandinn í þessu öllu saman, að láta afgreiðslu þessa frv. vera með þeim hætti að Hæstiréttur fái bæði sjálftökupeningana og launagreiðslu samkæmt Kjaradómi. Þess vegna er það alveg ljóst að það verður að lækka þessa 13 millj. kr. upphæð í fjáraukalagafrv. Við höfum óskað eftir því, þingmenn Alþb. og fulltrúar okkar í fjárln., að Ríkisendurskoðun reikni út hver þessi upphæð á að vera samkvæmt úrskurði Kjaradóms. Og það eitt er víst að hún er mun minni heldur en ríkisstjórnin fer fram á í þessu frv. Þess vegna munum við breyta okkar brtt. á þann veg að hún verði nákvæmlega upp á það sem Kjaradómur úrskurðaði. Ekki krónu meira. Við munum þess vegna draga þá tillögu sem við fluttum hér upphaflega til baka til 3. umr. og breyta henni á þann veg að eingöngu sé veitt heimild til þess að greiða Hæstarétti það sem Kjaradómur hefur úrskurðað Hæstarétti. Og ég vona satt að segja að ríkisstjórnin styðji þá brtt. og er alveg reiðubúinn til samvinnu við ríkisstjórnina um það að hún flytti hana sjálf. Það er ekkert kappsmál fyrir okkur í Alþb. að flytja tillöguna sjálf, en hitt vona ég að ráðherrarnir sjái að það gengur ekki upp að þingið afgreiði þetta fjáraukalagafrv. á þann veg að þingið hafi ekki tekið eftir því að Kjaradómur hafi kveðið upp úrskurð í launum hæstaréttardómara. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. að því hvort þeir telji ekki eðlilegt að breyta upphæðinni í fjáraukalagafrv. í samræmi við úrskurð Kjaradóms.

En málinu er ekki lokið. Fyrir nokkrum dögum síðan kvað kjaranefnd upp úrskurð um launahækkanir handa prestum sem nema tugum prósenta. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er það ekki eðlilegt fyrst ráðherrann kom með fjáraukalagafrv. þar sem beðið var um fjárheimildir vegna sjálftöku Hæstaréttar að þessu fjáraukalagafrv. sé breytt í samræmi við úrskurð kjaranefndar varðandi prestana? Eða á líka að afgreiða þetta frv. þannig eins og þingið hafi ekki tekið eftir því að kjaranefnd er búin að úrskurða prestum hér launahækkanir upp á tugi prósenta? Það verður auðvitað að vera einhver samkvæmni í því sem menn eru að gera.

Vandinn er hins vegar sá að miðstjórn Alþýðusambandsins og forusta BSRB hefur látið í ljósi skoðanir sem ég óska eftir að hæstv. forsrh. tjái sig um hér í ræðustólnum. Bæði formaður BSRB og forseti ASÍ segja í Morgunblaðinu í dag að það sé nauðsynlegt að samræmi sé í þeim kjarabótum sem úrskurðaðar eru æðstu embættismönnum ríkisins og þeim kjarabótum sem fólkið í landinu fær. Eða eins og einn góður maður orðaði það, að það sé sanngjarnt að þeir sem útbúi jólamatinn og afgreiði hann í verslununum og þeir sem beri út jólapóstinn og þeir sem afgreiði jólabækurnar fái sömu kjarabreytingu og þeir sem fari með jólaguðspjallið. Það sé ekki verið að mismuna mönnum svona í jólahátíðinni eftir framlagi þeirra til jólahátíðarinnar. Jólamaturinn, jólabækurnar og jólapósturinn eigi alveg sama rétt á því og jólaguðspjallið að sitja við sama borð í kjaramálum. Eða á virkilega að fara að innleiða hér þá launastefnu að það sé svona miklu dýrmætara, með allri virðingu fyrir jólaguðspjallinu, að annast þann þáttinn í jólahaldinu?

Það þarf ekki mikla skynsemi til að átta sig á því að launafólk á Íslandi hefur sýnt mikla sanngirni, og ég reikna með að hæstv. forsrh. sé reiðubúinn að viðurkenna það að launafólkið á Íslandi hefur sýnt mikla sanngirni, að vera reiðubúið að ganga fyrst til samninga og framlengja samninga í trausti þess að allir verði látnir sitja við sama borð og skerðing á kjörum verði þoluð vegna þeirra erfiðleika sem þjóðin stendur í. Þess vegna er spurt að því vegna þess að Alþýðusambandið er nýlega búið að framlengja þessa samninga í trausti þess að eðlileg sanngirni og jafnrétti yrði látið hér gilda. Og félagsmennirnir í félögum BSRB sem nýlega gerðu kjarasamning eiga að greiða atkvæði um þá eftir skamman tíma og önnur félög BSRB, sem voru reiðubúin að ganga að samningaborði fyrir nokkrum dögum síðan, hika nú og vilja fá að vita: Eru það bara sumir starfsmenn ríkisins sem

eiga að fá launahækkanir? Bara sumir? Bara þeir sem eru í Hæstarétti? Bara þeir sem vinna hjá kirkjunni? Ég heyrði hæstv. forsrh. segja það að Kjaradómur mundi síðan ekki úrskurða fleirum hækkanir. Hvaðan hefur hæstv. forsrh. það? (**Forsrh.:** Sagði ég það?) Ja, ég heyrði ekki betur en hæstv. forsrh. segði það í einhverjum fjölmiðlinum og hann leiðréttir það þá ef það (**Forsrh.:** Þingmaðurinn þarf að fara nákvæmar með þetta.) Þá vona ég bara að hæstv. forsrh. fari nákvæmlega með það sem hann sagði sjálfur hérna á eftir því að ég hrökk satt að segja við fullyrðingar ráðherrans um að það mundu ekki fleiri koma á eftir vegna þess að það var sagt í því samhengi að næstir kæmu alþingismenn. Og ég held að forsrh. hafi einmitt fullyrt það að þingmenn mundu ekki koma þar á eftir, það yrði látið staðar numið. Kannski hefur mér misheyrst og þá er ég alveg reiðubúinn að draga þessa fullyrðingu mína til baka því að ég vona að mér hafi misheyrst.

Mér fannst satt að segja þessar yfirlýsingar forsrh. um hvað mundi gerast næst hjá Kjaradómi vera dálítið furðulegar og ég vona bara að hæstv. forsrh. sé ekkert að fikta í Kjaradómi þó hann hafi þangað góð sambönd eins og allir vita og það sé a.m.k. ljóst að það verði ekkert úrskurðað í Kjaradómi fyrr en kosningarnar hafa farið fram í Rússlandi og það getur verið að það verði friður í Kjaradómi þangað til, en eftir að kosningunum er lokið í Rússlandi, þá getur vel verið að Kjaradómur byrji aftur að úrskurða. (**Forsrh.:** Hvenær kemurðu heim?) Ég kem heim þann 14. sem og hinn eftirlitsmaður sem skipaður hefur verið af ríkisstjórninni, borgarlögmaður. Hann kemur líka heim 14. og þá verður Kjaradómur á ný fullskipaður. En ég vona hins vegar að þessi gömlu tengsl forsrh. og borgarstjórans fyrrv. við borgarlögmanninn hafi ekki leitt til þess að forsrh. hafi komið sér upp einhverjum „extraordiner" samböndum við Kjaradóm. Þess vegna getur enginn maður gengið út frá því að Kjaradómur muni hér láta staðar numið. Það getur enginn maður gefið sér það, því að ef Kjaradómur ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur, þá hlýtur hann að halda áfram því að það eru engin efnisleg rök fyrir því af hálfu Kjaradóms að taka bara dómarana eina út úr. Engin efnisrök fyrir því. Og þess vegna er ríkisstjórnin komin hér í mikinn vanda. Ætlar hún að taka þátt í því að spila sig þannig með launafólkið i landinu að þorri opinberra starfsmanna fái engar launahækkanir fram á árið 1995, félagar í Alþýðusambandinu ekki heldur en síðan fái hluti þeirra sem starfa hjá ríkinu, starfa hjá dómstólum og hjá kirkjunni, hækkanir upp á marga tugi prósenta?

Þess vegna segir forseti Alþýðusambandsins í dag að þessi ákvörðun sé „mjög ósvífin". Mjög ósvífin, er orðalag forseta Alþýðusambandsins og hann segir að það verði ekki þolað að launafólk sem taki kjör samkvæmt kjarasamningum færi eitt fórnir meðan aðrir hópar samfélagsins haldi öllu sínu og meira til.

Ég vil líka vekja athygli hæstv. forsrh. á grein sem mig minnir að hafi birst í Tímanum hjá forstöðumanni Vinnumálasambands samvinnufélaga þar sem hann rakti það hvernig einn efnisþátturinn í úrskurði Kjaradóms gagnvart Hæstarétti um meðferð yfirvinnu og fastrar vinnu, ef það væri yfirfært á almennan vinnumarkað sem sanngjarnt er auðvitað vegna þess að dómnum ber að starfa í samræmi við það, mundi leiða til verulegra breytinga í launakerfinu á almennum vinnumarkaði. Og mér fannst það vera ekki síður varnaðarorð af hálfu þess manns heldur en það sem forseti Alþýðusambandsins og formaður BSRB segja í Morgunblaðinu í dag vegna þess að með þessum úrskurði er Kjaradómur varðandi hæstaréttardómara búinn að búa til nýtt prinsipp í launaákvörðunum sem getur haft afdrifaríkar afleiðingar sé það yfirfært á almennan vinnumarkað.

Í ályktun miðstjórnar Alþýðusambandsins sem gerð var í gær segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Verði ekki snúið af þessari braut er ljóst að þeirri þjóðarsátt sem ríkt hefur um atvinnu- og kjaramál hefur verið fórnað." — Hefur verið fórnað, hæstv. forsrh. — „Almennt launafólk hlýtur þá að gera kröfu til þess að kjarasamningar þess verði teknir upp og þeir færðir til samræmis við það sem nú virðist eiga að gera gagnvart embættismönnum. Það verður ekki þolað að launafólk sem tekur kjör samkvæmt kjarasamningum færi eitt fórnir meðan aðrir hópar samfélagsins halda öllu sínu og meira til."

Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh.: Hvert er álit hans á þessari yfirlýsingu Alþýðusambandsins? Hvert er svar hans við þessari skoðun Alþýðusambandsins? Er það afstaða ríkisstjórnarinnar sem skilja mátti á forsrh. í fjölmiðlum að ríkisstjórnin ætli ekki að aðhafast neitt vegna úrskurðar Kjaradóms eða kjaranefndar? Ef það er afstaða ríkisstjórnarinnar að hún ætli ekki að aðhafast neitt, þá blasir það við að Alþýðusambandið og BSRB munu bregðast við með þeim hætti sem hér er lýst.

Formaður BSRB segir, með leyfi forseta: „Mér finnst eðlilegt að ríkið sé sjálfu sér samkvæmt og bjóði öðrum þessar kjarabætur. Í rauninni ætti að minnka kjaramun en ekki auka hann og það er verið að gera það með þessu, með því að segjast ekki deila við dómarinn en hnakkrífast við lágtekjufólkið og standa á bremsunni gagnvart því. Slíkur málatilbúnaður er náttúrlega algjört og fullkomið siðleysi. Að búa til kerfi, nefndir og kjaradóma fyrir hátekjuhópana og láta þá fá tugprósentahækkun en halda hinum niðurnjörvuðum. Þetta er gjörsamlega óþolandi."

Þessar yfirlýsingar forseta Alþýðusambandsins og formanns BSRB, sem báðir hafa á undanförnum vikum tekið forustu um það að reyna að skapa hér sátt á vinnumarkaði, sátt á grundvelli kjarasamninga sem fela ekki í sér neinar kjarabætur handa launafólkinu í landinu, eru mjög alvarlegar. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh.: Hver verða viðbrögð ríkisstjórnarinnar við Kjaradómi og úrskurði kjaranefndar og við yfirlýsingu miðstjórnar Alþýðusambandsins, yfirlýsingu forseta Alþýðusambandsins og yfirlýsingu formanns BSRB? Þegar verið er að ganga frá fjáraukalagafrv. fyrir árið 1993, einum af meginþættinum í stjórn efnahagsmála í landinu, þá er nauðsynlegt að svörin gagnvart vaxta-

málunum og gagnvart launamálunum liggi alveg skýrt fyrir.

[17:42]

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Maður hélt nú að hér yrðu ekki sérlega skemmtilegar umræður frekar en fyrri daginn í þessu þjarki öllu saman, en þá bregður svo vel við að hér eru stórmerkilegar umræður í gangi sem vonandi halda áfram á meira en tveimur eða þremur mínútum. Hér segir t.d. á forsíðu Morgunblaðsins að það séu boðuð hallalaus fjárleg árið 2000 í Bretlandi sjálfu. Hér erum við að berjast við að hafa ekki hallalaus fjárlög. Ég hef sagt það margsinnis í þessum ræðustól og í mínum flokki núna í þessari baráttu okkar að hallalaus fjárlög ein sér þurfa ekki að vera til tjóns ef peningarnir eru notaðir í réttum tilgangi. Þetta sannar nú Mogginn minn, það ágæta blað, eitt besta fréttablað vestursins, hefur verið það lengi og vel stjórnað eins og menn vita og síðan er hér komið að því að það er sýnt fram á í þessu Morgunblaði að raunvextir hjá mikla spekingnum, fjárlagaspekingnum okkar, Jóni Sigurðssyni, hann áætlar þá verða 12–16%.

Hér er vissulega um alvarleg umræðuefni að ræða. Ég ætla ekkert að fara að dæma einn mann eða annan án þess að við sameiginlega, sem þykjumst nú hafa eitthvert vit á stjórnmálum og fjármálum, getum rætt þetta niður í kjölinn. Það er þarna á ferðinni grundvallarágreiningur, tvenns konar ágreiningur sem við eigum að taka okkur tíma til þess að ræða miklu betur og taka þann tíma strax og held ég að ég þurfi ekki að rekja þetta nánar. Halli á fjárlögum getur verið í lagi og það er ekki endilega skaðvænlegt, annars vegar er það staðhæfing og síðan er nú komið á daginn að hér gætu raunvextir orðið allt að 16% og það er nú ekki ánægjulegt.

[17:45]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ánægjulegt að ræða hér um vaxtabreytingarnar því að þær breytingar sem hafa orðið þegar eru gríðarlega mikilvægar fyrir íslenskt atvinnulíf og verða það með vaxandi þunga á næstu mánuðum og missirum. Auðvitað vita menn það að fyrrv. ríkisstjórn talaði mikið um að lækka vexti, náði því ekki, gerði það ekki. Vextir á ríkispappírum á markaði, sem er hin raunverulega mæling, voru um 8% rúmlega þegar sú stjórn fór frá en eru núna á sambærilegum pappírum rúmlega 5%. Auðvitað hefði fyrrv. ríkisstjórn viljað ná þessum árangri. Hún gerði það bara ekki. Og það vita allir menn að hún gerði það ekki.

Nú hefur það skipt sköpum eins og ég nefndi áðan að það hafa gerst breytingar í okkar efnahagslífi. Það er nefndur ríkissjóðshallinn, að ríkisútgjöld hafi verið skorin niður. En meginmáli skiptir þó að lánsfjárþörf hins opinbera hefur minnkað og er nú aðeins hluti af heildarsparnaði þjóðarinnar. En þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var hæstv. fjmrh., þá var lánsfjárþörf hins opinbera meiri en allur sparnaður landsmanna. Og það var þess vegna sem vextir m.a. gátu ekki lækkað. Þess utan eru aðrar forsendur nú traustar. Nú er viðskiptahallinn þannig að menn eru ekki að safna erlendum skuldum. Verðbólgan er traustari en áður hefur verið. Gengisöryggið er mikið, gengið er skráð hagstætt útflutningsatvinnuvegunum. Það er stöðugleiki, það er vinnufriður. Allir þessir þættir og það sem að hefur verið unnið á undanförnum árum gerðu það kleift að vextir lækkuðu og það eru sömu ástæður til þess að ykkur tókst aldrei, og sitjið uppi með sárt ennið, ykkur tókst aldrei að lækka vextina. Staðreyndin var sú að það hlóðust upp skuldir, ég hygg að það hafi verið nálægt 10 milljörðum kr. þegar hv. þm. fór úr fjmrn. vegna þess að „trikkið" hjá honum heppnaðist ekki. Sú er staðreyndin, hv. þm., og þingmaðurinn hlýtur að vita það.

[17:47]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg tilbúinn að ræða við hæstv. forsrh. aðgerðir síðustu ríkisstjórnar í vaxtamálum og það sem nú er að gerast. Ég get reitt fram svona ýmsar tölur sem sýna t.d. að raunvextir óverðtryggðra lána í bankakerfinu á Íslandi fóru lækkandi á síðustu tveimur árum síðustu ríkisstjórnar á sama tíma og þeir voru hækkandi í viðskiptalöndum. Það er hins vegar tilgangslítið karp, hæstv. forsrh. Ég var ekki að spyrja um það. Ég var einfaldlega að biðja um svar hæstv. forsrh. við því hvað hann ætlar að gera þegar sú staðreynd blasir við að raunvaxtastigið í bankakerfinu er 12–16% og bankarnir lækkuðu ekki vextina, ekki um brot úr prósenti í gær. Það er veruleikinn, hæstv. forsrh.

Svar forsrh. hér var á þann veg að hann svaraði ekki einni spurningu af þeim sem ég bar fram, ekki einni. Hann fór með þessa sömu þulu eins og hann gerði á Rás 2 í gær. Hún er ágæt fyrir málfundi og má halda henni áfram á þeim vettvangi. Hún dugir ekki sem svar við spurningunni: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera í ljósi þeirrar staðreyndar að raunvaxtastigið í bankakerfinu á Íslandi er 12–16%?

[17:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Meginmálið í þessum efnum er traust á markaðnum. Hv. þm. hafði orð um það í sinni fyrri ræðu hvort um væri að ræða varanlega lækkun vaxta eða aðeins stundarfyrirbæri. Boð í skírteini ríkisins, í bréf ríkisins, þriggja mánaða, sex mánaða, tólf mánaða og tveggja ára boð, sýna að markaðurinn treystir því að vaxtalækkunin sé raunveruleg. Boðin til 12 mánaða sýna það að menn eru þar að spá í 5% raunvexti til 12 mánaða og miðað við það að verðbólgan verði kannski 1–1,5%. Það er enginn vafi á því að bankarnir munu fylgja í kjölfarið. Að taka einn vaxtadag eins og þennan varðandi nafnvextina og dæma út frá því er rangt. Menn vita hins vegar það að í bankakerfinu hafa bækur bankanna verið bundnar fram að áramótum. Það lá fyrir þegar vextirnir lækkuðu. Og það er enginn vafi á því að lækkunin á nafnvöxtum bankanna mun koma fram, ekki síst eftir að jafnvægi kemst á og eftir að þessi binding losnar á bókum bankanna um áramótin.

[17:50]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hallast helst að því að forsrh. trúi sjálfur þessu sem hann er að segja hér. (**Gripið fram í:** Auðvitað.) Ef svo er, þá er það mjög alvarlegt og greinilegt að einn af nýjum þingmönnum Sjálfstfl., Árni Mathiesen, trúir því líka sem í sjálfu sér er ekki eins alvarlegt. En varðandi forsrh., er það hins vegar mjög alvarlegt.

Hvað segir Jón Sigurðsson seðlabankastjóri í Morgunblaðinu í dag þegar hann er að skýra það hvers vegna raunvextirnir séu 12–16%? Það eru tvær ástæður. Annars vegar fákeppni bankanna og hins vegar erfið afkoma. Það eru skýringarnar. Mun þetta tvennt breytast, virðulegi forsrh., á næstu mánuðum? Nei. Íslenski peningamarkaðurinn verður áfram fákeppnismarkaður og erfiðleikarnir í sjávarútvegi munu á þessum vetri og á næsta ári leiða til áframhaldandi erfiðrar afkomu bankakerfisins. Þess vegna spurði ég hér í dag vegna þess að Jón Sigurðsson seðlabankastjóri segir það á baksíðu Morgunblaðsins í dag að það séu engar forsendur fyrir raunvaxtalækkun í bankakerfinu. Það er það sem seðlabankastjórinn segir í dag og það er eins og hæstv. forsrh. hafi ekki skilið það hvað er að gerast í hinni raunverulegu veröld í þessum efnum.

[17:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. flutti hér ræðu og varpaði fjöldanum öllum af fyrirspurnum til nokkurra ráðherra. Það gefst auðvitað ekki tækifæri til að svara þeim nú að sinni, en eitt af því sem hv. þm. nefndi var það að ég hefði sagt frá því í umræðu hér á Alþingi að skattar hefðu hækkað þegar miðað er við heilt ár um 1.100 millj. kr. hjá núv. ríkisstjórn og þá er tekin með í reikninginn sú breyting sem nú er fyrirhuguð í þessum mánuði. Það var hins vegar mjög athyglivert að hv. þm. ræddi minna um það hvaða skattabreytingar voru gerðar á þremur árum sem hann var fjmrh., því á nákvæmlega sama mælikvarða voru þær skattabreytingar 10,5–10,6 milljarðar eða tífalt meiri. Þetta er munurinn. Tífalt meiri skattabreytingar hjá hv. þm. og samt sem áður var halli á ríkissjóði síðasta árið sem hann starfaði, síðasta hálfa árið, þ.e. vegna síðustu fjárlaga sem hann lagði fram, hæsti og mesti halli sem hér hefur sést og hann verður ekki einu sinni sleginn í ár, hygg ég. (**Gripið fram í:** Næsta ár.) Hann verður ekki sleginn næsta ár og ekki heldur í ár hygg ég. Þetta eru staðreyndirnar sem tala sínu máli og það er þetta sem þingmaðurinn hefði átt að segja í sinni ræðu, en kaus að þegja yfir, þó hann færi vítt um og talaði þar um jólamat og jólapóst og jólaguðspjöll og jólakött og ég veit ekki hvað, rétt eins og ... (**Gripið fram í:** Ekki um köttinn.) Ekki um köttinn. En hann verður að átta sig á því að hann lék jólasveininn þegar hann var í ráðuneytinu og dældi út peningum og heimtaði síðan það inn með skattinum sem hann gat þá kallað jólaskattinn, ekki satt, fyrrv. ráðherra?

[17:53]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki heil brú í því sem ráðherrarnir eru að segja hér, forsrh. og fjmrh. Það er kannski vitnisburður um það hvað þeir telja sig vera komna í þrönga stöðu í þessum vaxtamálum, þessu stóra trompi ríkisstjórnarinnar, að hjá hvorugum þeirra skuli koma neitt efnisatriði hér í andsvörum, heldur kjósi þeir í staðinn að stunda svona frekar ómerkilegt og stráklegt pólitískt karp. Það sýnir málefnafátæktina, það sýnir efnislega stöðu þeirra gagnvart launamálunum, kjaranefnd, Kjaradómi, ASÍ og BSRB og vaxtamálunum, að við þessu er ekkert svar hér í andsvörum. Ég vona að þau komi hins vegar í almennum umræðum hér á eftir.

Ástæðan fyrir því, virðulegi fjmrh., að ég ræddi ekki ítarlega um þessa skattaútreikninga var sú kurteisi að sú umræða fór fram varðandi annað frv., sem var hér fyrir tveimur dögum. Ég ætla mér hins vegar að ræða það ítarlega þegar að þeirri umræðu kemur. En ég kaus að gera það hér í leiðinni aðeins einfaldlega vegna þess að Sjálfstfl. var með þann feril þegar hann stjórnaði fjmrn. og þegar hann stjórnaði forsrn. frá 1983–1988, að hann skildi eftir sig svo mikil vandamál í ríkisfjármálunum að það varð að hækka skattana. Og því var aldrei leynt. Og ég var ekki í hlutverki jólasveinsins, virðulegi fjmrh., ég var í hlutverki skattmanns, sem hæstv. fjmrh. hefur nú tekið að sér.

Sjálfstfl. sagði hins vegar allan tímann: Þetta er ónauðsynlegt. Þessa skatta þarf ekki að leggja á. Og það sem ég fagnaði var að núv. fjmrh. er þannig búinn að afhjúpa markleysuna í málflutningi Sjálfstfl. hérna í stjórnarandstöðu með því að ætla sér að viðhalda öllum þessum sköttum allt þetta kjörtímabil og það sem meira er, bæta við. En hins vegar skilur hann eftir sig um það bil 20 milljarða halla á síðustu tveimur árunum. Og hvernig á að ná þeim halla upp? Hvernig á að borga það til baka? Það ætlar utanrrh. að segja á Þingvöllum 17. júní á næsta ári.

[17:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hérna fengu hv. þm. kennslu í kurteisi hjá fyrrv. háskólakennara, hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni. Og hvernig var sú kurteisi? Þetta er siðbótamaðurinn sem nýkominn er af þingi Alþb. og hann ætlar að kenna þeim úti í Rússlandi hvernig á að kjósa eða öllu fremur, maður mætti nú stundum halda að Jeltsín hefði hringt í hv. þm. til þess að spyrja að því hvernig ætti að komast hjá því að láta kjósa sig þegar hann frestaði kosningunum, því það er svipað og hv. þm. gerði þegar hann ákvað að haga kosningaundirbúningi alþýðubandalagsformannsins með þeim hætti að hann var sjálfkjörinn. (Gripið fram í.) Ekki vera svona viðkvæmur, hv. þm.

En þegar litið er á þessa kurteisi þá er hún í því fólgin að benda á aðra hlið málsins. Svo kemur hann hér upp og segir: Það var kurteisi að ég nefndi það ekki að ég lagði 10 sinnum meiri skatta á í minni tíð, heldur en þið hafið gert núna. Ég verð að segja það,

hv. þm., ef þetta er þín kurteisi, þá held ég að það ættu fáir að læra af slíku.

[17:57]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn á ný skýtur hæstv. fjmrh. sér undan því að ræða það sem máli skiptir. Það sem máli skiptir eru 12–16% raunvextir í íslenska bankakerfinu. Það sem máli skiptir er hvernig Kjaradómur og kjaranefnd eru að fara með launamálin í landinu. Ekki orð um þetta. Ekki orð um það að bankakerfið er að sigla vaxtalækkunarstefnu ríkisstjórnarinnar í strand, ekki orð um það. Í staðinn er talað um Jeltsín, kosningar í Rússlandi, landsfund Alþb. (**Forsrh.:** Hver byrjaði að tala um kosningar í Rússlandi?) Já, það er rétt, hæstv. forsrh., að ég vék hér að því að einn af kjaradómsmönnum, undirmaður fyrrv. borgarstjóra, Davíðs Oddssonar, er í Rússlandi til að fylgjast með kosningum og þess vegna væri ekki að vænta nýs úrskurðar í Kjaradómi fyrr en borgarlögmaður og sérstakur vinur forsrh. kæmi heim. (**Forsrh.:** Sem sagt, þú byrjaðir að tala um það.) En ég vona hins vegar að hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., í umræðunum á eftir, fari nú að svara einhverju sem þeir voru spurðir um. Ég er hins vegar alveg reiðubúinn að tala um kosningar í Rússlandi, en helst ekki undir fjáraukalögum 1993. (**Gripið fram í:** Hann byrjaði sjálfur.)

[17:58]

Eyjólfur Konráð Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er ærið skemmtileg og fjölbreytileg og það er kannski hægt að bæta einhverju við það. Ég man það t.d. að Hoover Bandaríkjaforseti og Carter, forseti Bandaríkjanna, voru sameinaðir um eina stefnu eða beittu einni og sömu stefnunni, þ.e. að koma á hallalausum fjárlögum í Bandaríkjunum. Niðurstaðan varð sú að Hoover, sá sem fyrr greip til þess að hafa hallalaus fjárlög, kom af stað heimskreppunni það árið, sem menn þekkja nú til, og þegar Carter fór þessa sömu leið, þá kom hann í fyrsta skipti á verðbólgu í Bandaríkjunum sem varð gífurleg, ein 15%, sem vakti auðvitað heimsathygli.

Það er auðvitað traustið á markaðinum, traustið eins og einhver hv. þm. hér sagði. Traustið á peningana, markaðinn og stjórnarfarið, á stjórnarherrana, á fólk eins og okkur hérna, sem eigum að reyna að stjórna þessu landi, að við getum gert það þannig að fólk fái trú og traust á okkur.

[18:00]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. til fjáraukalaga sem nú er til umfjöllunar er enn ein staðfestingin á því að stjórnarstefnan í ríkisfjármálunum hefur beðið algert skipbrot. Hæstv. fjmrh. er ekki hér í salnum núna, en ég vildi gjarnan óska eftir því að hann yrði viðstaddur þessa umræðu. Hins vegar sé ég að hæstv. forsrh. er hérna og ég ætla að fá að beina nokkrum orðum til hans síðar í ræðu minni og eins hæstv. heilbr.- og trmrh.

Hæstv. ríkisstjórn fór af stað með það í upphafi þessa árs að hallinn á fjárlögum færi ekki nema lítils háttar yfir 6 milljarða kr. Nú hefur það komið fram við þessa umræðu að fjárlögin munu verða, þegar upp er staðið, með 13,8 milljarða kr. halla. Þrátt fyrir yfirlýsingar, og það bara upp á síðkastið, að að öllum líkindum gæti ríkisstjórnin náð á tveimur fyrstu árum síns starfsferils að skila fjárlögum hallalausum, þá er mikið langt frá því. Og nú kemur hæstv. fjmrh. með andsvar við ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. áðan og fer að reyna að rugla menn í ríminu með því að þetta sé nú ekki eins alvarlegt, því að fjárheimildirnar séu allt aðrar heldur en fjárlögin sem samþykkt voru hér í desember á sl. ári. Staðreyndin er auðvitað sú, og það er það sem menn verða að horfa á, að menn samþykktu hér fjárlagafrv. sem varð að fjárlögum og átti að vera með 6,2 millj. kr. fjárlagahalla. En þegar upp er staðið og það frv. sem hér er nú til umræðu og umfjöllunar, um fjáraukalög, gerir ráð fyrir því að hallinn á árinu verði 13,8 milljarðar.

Þessi mikli halli er orðinn þrátt fyrir það að hér sé um gríðarlegar skattahækkanir að ræða. Það kom fram á landsfundi Sjálfstfl. árið 1991, fyrir alþingiskosningarnar í apríl, að skattarnir ættu að lækka, tekjuskatturinn niður í 35% eða skattalækkun upp á 9.150 millj. kr. En bara tekjuskattshækkunin á síðasta ári, sem þessi ríkisstjórn beitti sér fyrir, var upp á tæpa 3 milljarða kr. Þannig að þau loforð sem ríkisstjórnarflokkarnir gáfu fyrir alþingiskosningarnar 1991 hafa verið svikin. Það hafa verið lögð á þjónustugjöld sem eru upp á 2,5 milljarða. Vaxtabætur hafa verið skertar. Barnabæturnar hafa verið lækkaðar. Vextir í félagslega húsnæðislánakerfinu hafa verið hækkaðir. Vextir í hinu almenna húsnæðislánakerfi hafa verið hækkaðir. Lánstíminn hefur verið styttur. Skattleysismörkin hafa verið lækkuð.

Á öllu þessu ber ríkisstjórnin ábyrgð og hæstv. fjmrh. þó alveg sérstaklega. Hann ber ábyrgð á því að nú er búið að byggja hér upp skattkerfi sem er svo kolvitlaust að það tekur engu tali. Hinn almenni launamaður í landinu borgar nú í kringum 70% jaðarskatt, þ.e. launafólk sem er með tekjur á bilinu 150–250 þús. kr. í mánaðarlaun. Vegna allra þessara breytinga sem gerðar hafa verið á skattkerfinu þá fara af hverjum 100 kr. sem þetta fólk vinnur sér inn til viðbótar, til að mæta kjaraskerðingunni fyrstu 70 kr. beint til fjmrh. áður en það fær sjálft 30 kr. 70% jaðarskattur. Þetta gerist hjá þeim stjórnmálaflokkum sem lofuðu fólkinu fyrir alþingiskosningarnar 1991 að skattarnir skyldu lækkaðir.

Í upphafi árs 1992 þegar menn stefndu að því að ná fjárlagahallanum niður í núll á tveimur fyrstu árunum, þ.e. skila hallalausum fjárlögum, þá fóru menn af stað og töluðu við starfsfólk á opinberum stofnunum, á heilbrigðisstofnunum, á hinum ýmsu opinberu stofnunum, og hétu því að ef menn næðu nú árangri í að spara og gætu orðið innan fjárlaga, þá væri það alveg klárt að starfsfólkið fengi að njóta þess í bættum kjörum. Á fundi sem páv. hæstv. heilbr.- og trmrh. átti með starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni í janúar 1992, og ég býst við að hæstv. fjmrh. sem nú kemur í salinn hafi átt aðra slíka fundi með starfsfólki í ríkiskerfinu, þá lofaði páv. hæstv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson því

að ef mönnum tækist að spara, þá skyldu stofnanirnar njóta þess arna og það væri hægt að bæta starfsfólkinu það. Nú gerðist það í heilsugæslunni í Reykjavík að á árinu 1992 varð sparnaður á bilinu 6–7 millj. sem er verulegur árangur vegna þess að það er ekki mjög mikil velta hjá þessum fáu heilsugæslustöðvum hér. Starfsfólkið trúði því að við þetta loforð yrði staðið, sem fulltrúi ríkisstjórnarinnar gaf í upphafi árs 1992. Ítrekað á árinu 1993 hafa stjórnir heilsugæslunnar í Reykjavík skrifað bréf til hæstv. heilbr.- og trmrh., bréf til hæstv. fjmrh. og óskað eftir því að við þessi loforð yrði staðið. Þessar 6–7 millj. kr. sem hefðu sparast árið 1992 yrðu fluttar yfir til heilsugæslunnar árið 1993. Enn hefur það ekki gerst og það er ekkert í þessu frv. til fjáraukalaga sem gerir ráð fyrir því að það eigi að flytja þennan rekstrarárangur og rekstrarafgang sem varð árið 1992 yfir til heilsugæslunnar, þannig að við þessi loforð verði staðið. Þess vegna þýðir ekkert fyrir hæstv. ráðherra að koma nú aftur og óska eftir því við þetta sama fólk að nú verði menn að spara og ef menn nái að spara, þá muni starfsfólkið njóta þess. Það verður auðvitað ekki tekið mark á þessum yfirlýsingum nú ef þær koma og eftir því verður gengið. Ég vil því spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. og eins hæstv. fjmrh. hvort við það loforð sem fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh. gaf og situr nú enn í ríkisstjórn sem viðskrh. og iðnrh., hvort við þetta loforð verður staðið og með hvaða hætti það verði gert.

Það er auðvitað líka einkennilegt á sama tíma og menn tala um hagræðingu og sparnað og að alveg nauðsynlegt sé að ná því, alveg sérstaklega í heilbrigðisþjónustunni, þá skuli menn enn halda því til streitu að ætla að sameina Borgarspítalann og Landakotsspítala eins og hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. lagði til, því það er alveg ljóst að það mun á næstu árum, verði af þessari sameiningu, ekki leiða til tuga eða hundraða millj. kr. útgjaldaauka heldur milljarða kr. útgjaldauka á næstu árum. Bara það að samþykkja að sameinaður Borgarspítali og Landakotsspítali verði háskólasjúkrahús, þannig að við rekum tvö háskólasjúkrahús í 250 þús. manna samfélagi, þá þýðir það viðbótarútgjöld á bilinu 400–600 millj., bara sú ákvörðun ein og sér, þannig að það sjúkrahús geti staðið undir merkjum sem háskólasjúkrahús. Það er ekkert verið að gera í því að koma á verkaskiptingu milli þessara sjúkrahúsa. Það stendur til, eftir því sem best er vitað, og hæstv. heilbr.- og trmrh. getur þá kannski upplýst okkur sem ekki vitum betur um það, að flytja barnadeild sem nú er á Landakotsspítala yfir á Borgarspítalann í stað þess að flytja hana yfir á Landspítalann þar sem barnadeild er fyrir. Þetta eru fyrstu merki þess og þar mun það koma fram, að ef barnadeildin verður flutt yfir á Borgarspítalann frá Landakotsspítala en ekki yfir á Ríkisspítalana, þá er það alveg ljóst að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. heilbr.- og trmrh. meinar ekkert með því að koma á verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna sem er þó alger forsenda fyrir því að menn nái hér árangri í hagræðingu og sparnaði.

Í þessari umræðu um það frv. til fjáraukalaga sem hér hefur verið til umfjöllunar í dag hafa menn mikið rætt um vaxtalækkunina sem fyrir dyrum stendur eða sem margir vilja halda fram að hafi nú kannski náð fram að ganga. Hæstv. forsrh. gerði mikið úr því að það þyrftu að vera skilyrði til staðar og það væri í fyrsta skipti núna á þessu hausti sem skilyrði hefðu verið til staðar til að lækka raunvexti. Nú birtist það, eins og kom hér fram hjá hv. 8. þm. Reykn., að Morgunblaðið greinir frá því í dag að þessi raunvaxtalækkun er auðvitað ekkert komin niður í einhver 5 eða 6%. Hún er eitthvað miklu meiri. Þegar menn vega saman verðtryggðu lánin og óverðtryggðu lánin, þá er ekki um neina 5 eða 6% raunvaxtalækkun að ræða. Sennilega eru vextirnir núna enn hærri en þeir voru þó þegar þessi ríkisstjórn tók við og var hennar fyrsta verk á sínum tíma að hækka vextina um 2–3% og síðan hafa þeir stöðugt farið hækkandi. En hvaða skilyrði eru það sem þurfa að vera til staðar, hæstv. forsrh., til þess að vaxtalækkunin geti gengið fram?

Sú aðgerð sem gripið var til til vaxtalækkunar var og er í raun og veru ekkert annað en sjónhverfing. Það sem gerist er það að 8–9 milljörðum kr. er á fáum dögum dælt út í hagkerfið sem leiðir auðvitað til þess að eftirspurn eftir peningum minnkar tímabundið, þannig að það verður til tímabundin vaxtalækkun að mönnum sýnist og halda að hún sé í raun og veru einhver langtímalækkun. Því fer fjarri. Það sem gerðist var það að Seðlabankinn losaði um bindiskylduna, lausafjárhlutfalli viðskiptabankanna var breytt og Seðlabankinn fór að greiða vexti á bindiskylduna eftir á. Öllum þessum peningum, 8–9 milljörðum kr., var hent út í hagkerfið á fáum dögum. Hvað þýðir þetta þegar fram líða stundir? Þetta þýðir það að þegar ríkissjóður er rekinn núna á þessu ári með 13–14 milljarða kr. halla og á næsta ári með 16–20 milljarða kr. halla, þá getur ríkissjóður ekki annað gert um mitt ár 1994 en að fara inn á markaðinn aftur og þá auðvitað hækka vextirnir. Það er ekkert annað sem gerist. Þannig að hæstv. forsrh. er raunverulega ekkert annað að gera heldur en kaupa sér frið með vaxtalækkunum, sem eru eintómar sjónhverfingar, fram yfir sveitarstjórnarkosningarnar á næsta ári, vegna þess að áhrifin af 8–9 milljörðunum hafa fjarað út um mitt ár 1994.

Það er síðan auðvitað mjög alvarlegt gagnvart almenningi og þeim fyrirtækjum og stofnunum sem núna eru að kaupa bréf á markaði að halda því fram að þarna sé um varanlega vaxtalækkun að ræða, lækkun sem menn geta treyst og þannig að byggja upp trú á falskan markað í raun og veru. Og það er ábyrgðarhluti hjá hæstv. forsrh. þegar hann veit það og hefur margoft sjálfur sagt það á undanförnum árum, mánuðum, vikum og missirum, að það sé ekki hægt að ná vöxtunum í landinu niður nema ríkissjóður dragi úr sínum fjárlagahalla. Að ætla svo að skapa falska trú á markaðinn með því að vita að ríkissjóðshallinn er á bilinu 13–15 milljarðar á þessu ári, 16–20 á næsta og ætla síðan að halda því fram að það sé orðinn einhver traustur markaður sem geti staðið undir 5–6% raunvöxtum í landinu. Þetta er rangt og þetta er ábyrgðarhluti og því spyr ég hæstv. forsrh.: Hefur hann breytt

um skoðun á því að það sé ekki nauðsynlegt að draga úr fjárlagahallanum til þess að hægt sé að ná raunverulegri vaxtalækkun til langframa?

[18:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram hjá öllum þeim mönnum sem fróðastir eru í þessum málum og á þessum markaði að þeim ber saman um það að vaxtalækkun sem nú hefur orðið sé ekki bara varanleg, hún sé líkleg til að aukast, þ.e. lækkunin verði meiri. Öllum ber saman um það. Og það sem meginmáli skiptir, traustið á markaðnum sem kemur fram í útboðum ríkisins nú fyrir aðeins örfáum dögum síðan á langtímabréfum, óverðtryggðum langtímabréfum, sýnir hið sama. Þannig að þingmaðurinn á ekki að vera með tal í þessa veru og reyna að skapa vantraust á markaðnum, enda verður honum ekki trúað. Miklu fremur verður þessum markaðsöflum sjálfum trúað og því sem allir þessir sérfræðingar hafa sagt. En ef hv. þm. trúir því sem hann sagði sjálfur, að það væri rangt hjá mér að nú hefðu skapast skilyrði til þess að vextir mættu lækka, hvernig stóð þá á því að ríkisstjórninni sem hann studdi og var starfandi aðstoðarráðherra í skyldi aldrei takast að lækka vextina og raunvextir á hennar tímabili skyldu vera 2–3% hærri heldur en þeir eru núna, sem er varanlegt.

[18:16]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ætli það sé nú ekki svo, til að hafa það sem sannara reynist, að fyrrv. hæstv. ríkisstjórn lækkaði raunvexti í landinu um þriðjung. Sú ímyndaða vaxtalækkunin sem menn halda fram að þeir séu að ná núna — þegar menn lesa Morgunblaðið í dag og sjá hvað bankarnir eru að gera, þá er það auðvitað alveg ljóst að vextirnir eru enn hærri hjá þessari ríkisstjórn heldur en þeir voru hjá ríkisstjórninni sem núv. hæstv. ríkisstjórn tók við af. Markaðsöflin, segir hæstv. fjmrh., hafa trú á þessari vaxtalækkun. Skyldi það nú vera svo?

Hver eru markaðsöflin? Markaðsöflin eru auðvitað viðskiptabankarnir í landinu að langstærstum hluta til. Þeirra trú, hæstv. forsrh., á varanlega vaxtalækkun kemur fram í Morgunblaðinu í dag. Raunvextir eru enn 12–16%, en, hæstv. forsrh., ég tek það fram, af óverðtryggðum lánum. Þeir eru lægri á verðtryggðum lánum. En þegar menn meta þetta saman, þá eru menn ekki að tala um 5–6% raunvaxtalækkun eða raunvexti.

[18:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom hjá þingmanninum þá hafa raunvextir bankanna þegar lækkað. Nafnvextirnir hafa verið að lækka en ekki í takt við verðbólguna. Þeir hafa lækkað um 5 eða 6%, verðbólgan hefur lækkað miklu hraðar frá toppnum sem hún skaust upp í, eins og menn muna, um sumarmál. Þannig að taka þennan þátt út úr og fullyrða það að þetta sýni raunvaxtastigið er blekking. Og staðreyndin er sú að vaxtastig á raunvaxtakjörum var um 8% þegar fyrrv. ríkisstjórn fór frá og var ekki mikið lægra á því tímabili þegar hún fór frá og sú er staðreyndin og fram hjá því komast menn ekki. Reyndar sagði einn hv. þm. hér áðan, sem er ekki nú í salnum, þó hér til hliðar, að seðlabankastjóri hefði ekki trú á því að þetta mundi lækka. En ég var að lesa þá úrklippu sem sá hv. þm. vitnaði í og hann tekur það sérstaklega fram, seðlabankastjórinn, að auðvitað muni þetta ná jafnvægi og vextir muni lækka.

[18:18]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem skiptir þó auðvitað langmestu máli í þessu sambandi, hæstv. forsrh., er það, og ég tek undir það með hæstv. forsrh., hvort markaðsöflin hafa í raun og veru trú á því að vextir séu að lækka. Og viðbrögð markaðsaflanna, sem eru í þessu tilfelli viðskiptabankarnir að langstærstum hluta til, eru þau að þessar stofnanir hafa ekki trú á vaxtalækkuninni. Þau fylgja henni ekki eftir nú, hæstv. forsrh. En það sem ég, hæstv. forsrh., var að leggja áherslu á er að það er jafngildi þess að prenta peninga að taka 8–9 milljarða kr. út úr Seðlabankanum og henda út á markaðinn. Það er jafngildi þess að prenta peninga. Það gefur auðvitað falska mynd af því hver markaðsstaðan er vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki skapað þau skilyrði sem nauðsynleg eru til að tryggja langvarandi vaxtalækkun og það gerist ekki. Ég er sammála hæstv. forsrh. í því og hann svaraði ekki þeirri fyrirspurn minni hér áðan, að það er forsenda fyrir því að menn nái niður fjárlagahallanum og það er það sem ríkisstjórnin er ekki að gera vegna þess að hann er 13,8 milljarðar á þessu ári, hann verður á bilinu 16–20 milljarðar á árinu 1994. Og það er alvarlegt. Og það er þess vegna alvarlegt ef ráðherrar í hæstv. ríkisstjórn sem vita betur, eru að gefa fölsk, ég segi fölsk skilaboð út á markaðinn um að hér sé um raunverulega vaxtalækkun að ræða, því hún mun bara ná, því miður, fram á mitt árið 1994. Menn hafa keypt sér frið fram yfir sveitarstjórnarkosningar til að sýna betri stöðu.

[18:20]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson hélt því fram í ræðu sinni hér áðan að sú umræða, þær aðgerðir og þau skref sem tekin hafa verið með glöggvun og breytingum á verkaskiptum stóru sjúkrahúsanna hér í Reykjavík hafi leitt og muni til lengri tíma leiða til stórkostlegrar útgjaldaaukningar. Hér talar þingmaðurinn annaðhvort þvert um hug sér ellegar að hann vill ekki vita betur. Auðvitað sýna tölur að það hefur verulegur árangur náðst vegna fækkunar bráðavakta frá þremur í tvær með tilflutningi bráðavakta af Landakoti yfir á Borgarspítala og Landspítala. Og það mun líka koma í ljós í þeim umræðum sem tiltölulega góð sátt er um og víðtæk sátt meðal starfsmanna heilbrigðisþjónustu hér í Reykjavík, á þessum viðkomandi spítölum, að þær viðræður sem nú eru í gangi og þær ákvarðanir sem teknar verða á grundvelli þeirra um enn frekari, skýrari og skilmerkilegri verkaskiptingu milli þessara þriggja sjúkrahúsa, muni ekki einasta leiða til

þess að það mun verða peningalegur sparnaður, heldur er ég líka sannfærður um það að þjónustan mun þegar til lengri tíma er litið batna og verða betri fyrir þá sem hennar eiga að njóta.

[18:22]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er náttúrulega mjög einkennilegt af hæstv. heilbr.- og trmrh. að halda því fram að menn hafi náð verulegrum árangri í sparnaði sjúkrahúsa hér á höfuðborgarsvæðinu. Nú veit ég ekki hvort hæstv. ráðherra hefur fylgst með umræðunni hér í dag eða þá ekki lesið það frv. sem er til umfjöllunar. Sparnaður sem menn hafa reiknað sér af bráðavöktum og öðru slíku er bara ekki til staðar. Hæstv. ráðherra verður að tala við stjórnendur þessara sjúkrahúsa sem hafa m.a. komið á fund bæði fjárln. og heilbr.- og trn. Þeir fullyrða að það sé ekki um neinn sparnað að ræða af þessu, enda er verið að láta þessi sjúkrahús hafa í þessu fjáraukalagafrv. hundruð millj. kr. og hvar er sparnaðurinn þá?

Það sem er alvarlegast er það að byggja upp til framtíðar tvö sjúkrahús í Reykjavík sem fara í bullandi samkeppni um takmarkaða fjármuni, tvö háskólasjúkrahús. Og bara það að gera bæði þessi sjúkrahús að háskólasjúkrahúsum mun þýða útgjaldaauka strax á bilinu 400–600 millj. kr. Fyrir utan það, hæstv. ráðherra, ef menn ætla ekki að koma neinni verkaskiptingu á milli sjúkrahúsanna, þá mun þetta leiða til þess að það verður samkeppni um sérfræðingana, það verður samkeppni um tækin og búnaðinn. Og ef það er til búnaður á sjúkrahúsunum, þá kallar það á sérfræðinga þangað og ef það eru ráðnir sérfræðingar inn á stofnanirnar, þá kallar það á tæki. Fyrir utan það að auðvitað mun sameinaður Borgarspítali og Landakotsspítali fara út í hjartaskurðlækningar þegar fram líða stundir, það sem er fyrir í dag á Landspítalanum. Og þannig mætti lengi, lengi telja, hvernig menn munu tvöfalda allt kerfið á báðum sjúkrahúsunum, í stað þess að fara nú í alvarlega umræðu og tilraunir til verkaskiptingar milli þessara sjúkrahúsa. Það er það sem þarf að gera, hæstv. heilbr.- og trmrh., en ekki að fjölga hátæknisjúkrahúsunum á þessu svæði.

[18:24]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er einmitt nákvæmlega það sem verið er að gera. Það fara fram núna mjög gagnmerkar, ítarlegar og efnislegar umræður einmitt um það sem hv. þm. nefndi. Ég hygg hins vegar að hann hafi kannski verið að lýsa sinni tíð í heilbrrn. hér á árum áður, þegar þróunin varð einmitt með þeim hætti að það þurfti á stundum ekki nema einn sérfræðing til, einn lækni til, að heil deild yrði stofnuð um viðkomandi einstakling. Það er akkúrat þetta, þessa tilviljanakenndu þróun mála, sem verið er að stöðva og hefur tekist áþreifanlegur árangur í þeim efnum. Þannig að ég hygg að efnislega séum við sammála um þá stefnumörkun sem lögð hefur verið og þá vinnu sem unnin hefur verið og í gangi er. En við erum hins vegar líka jafnsammála um það að þessari tilviljanakenndu þróun mála hér á stóru spítölunum í Reykjavík eins og hún þróaðist í gegnum áranna rás verður að linna. Og senn munum við sjá að það náist um það tiltölulega góð sátt, almenn sátt, hér á stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík einmitt um þessa verkaskiptingu, að hún verði fest í sessi varanlega og að menn geti gengið að því sem vísu hvernig skipulag þessara mála verði háttað.

[18:25]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla nú ekki að fara að þrátta um það hvernig þetta gekk fyrir sig á þeim tíma er ég starfaði í heilbrrn. Hins vegar get ég verið hæstv. ráðherra sammála um það, ég held að efnislega sé ekki mikill munur á okkar skoðunum í þessum efnum. Gott og vel. Ef svo er, þá vonast ég auðvitað til þess að nokkur verkaskipting komist á milli þessara sjúkrahúsa. Og því vil ég spyrja hæstv. ráðherra, sem ég geri mér grein fyrir að getur ekki komið hér aftur upp í andsvari til að svara, en vonandi tekur hann til máls hér í þessari umræðu: Er hæstv. ráðherra tilbúinn til þess að sýna það í verki með ákvörðun sinni að barnadeild sem núna er verið að færa frá Landakoti, samkvæmt fjárlagafrv. fyrir árið 1994, lendi inn á Ríkisspítölunum þar sem barnadeild er nú þegar til staðar, eða er þetta bara marklaust hjal um verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna, með því að ráðherrann ætli að taka þá ákvörðun að færa barnadeildina af Landakotsspítala yfir á Borgarspítalann þar sem engin barnadeild er og er alls ekki nauðsynlegt að vera með barnadeild? Það er hægt að sinna allri sérhæfðri þjónustu í kringum börn, enda er mest af þeirri sérhæfðu þjónustu til staðar á Landspítalanum í dag. Það væri fróðlegt að fá svar við þessasri spurningu og þá um leið kæmi það í ljós hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. er einhver alvara með þessari umræðu um verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna.

[18:27]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er satt að segja heldur raunalegt að vera viðstaddur þá umræðu sem hér fer fram og kannski skiljanlegt að hv. þm. stjórnarflokkanna hafi á þessu máli lítinn áhuga, þó að svo sé nú almennt álitið að árangur í stjórnmálum mælist í því hvernig fer um fólkið í landinu. Hér hefur hins vegar verið talað í allan dag um halla upp á svo og svo marga milljarða án þess að nokkur geri minnstu tilraun til að skilgreina í hverju þessi halli er fólginn. Og það er illt í ári ef stjórnmálamenn eru búnir að gleyma því til hvers þeir eru að forvalta þessa peninga.

Ég ætla ekki að endurtaka það sem ýmsir ágætir hv. þm. hafa sagt hér í dag og leyfi mér að vitna m.a. í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 2. þm. Austurl., þar sem við eigum öll sæti í hv. fjárln. En ég ætla þó aðeins, vegna þess að hæstv. heilbrrh. er hér staddur, að benda honum á nokkrar staðreyndir sem mér sýnast blasa við.

Þegar verið er að umbylta grónu kerfi eins og heilbrigðiskerfinu í landinu og ekki síst hér í höfuðborginni, þá hljóta að verða að liggja þar að baki umfangs-

miklar rannsóknir og samvinna við alla þá sem að þeim málum vinna. Það hefur um langt skeið verið í okkar þjóðfélagi sátt um heilbrigðiskerfið. Við höfum verið stolt af því, hreykin af því að eiga hér heilbrigðiskerfi sem hefur á að skipa ágætustu læknum og hjúkrunarliði og öllum þeim sem að þeim málum þurfa að starfa. Þess vegna blasir það ekki við að einmitt þar skyldi þurfa að ráðast til atlögu. Þvert ofan í álit nefndar sem beðin var að líta ofan í þessi mál voru ákvarðanir teknar sem nú sýna sig auðvitað að hafa verið alrangar. Og svo er komið að jafnvel þeir sem ákafast vörðu þessar aðgerðir innan heilbrigðiskerfisins eru hættir því, eins og við komumst að raun um í fjárln. Alþingis í morgun, þar sem einróma var lýst yfir frá öllum þremur sjúkrahúsunum í Reykjavík að það æðiskast sem menn fengu þegar þessi hæstv. ríkisstjórn tók við, hefði svo sem engan árangur borið.

Okkur var tjáð að þarna væri um að ræða, og það var einhvern tíma fyrr á árinu, a.m.k. 500 millj. kr. sparnað. Hvernig lítur svo dæmið út? Framúrakstur Borgarspítalans á þessu ári verður ekki undir 116 millj. Það er ekkert á fjáraukalögum til að bæta þeim það upp. Landakot þarfnast 100 millj. og fær þær. Ríkisspítalarnir þarfnast 103 millj. og 30 millj. betur sem stendur til að bæta þeim vegna Þvottahúss Ríkisspítalanna, sem átti að selja en ekki var selt. Að vísu þyrftu þeir að fá 60 millj. en þeir fá 30. Nú eru þetta bara tölur. Þetta eru liðlega 300 millj., 350 millj. Þannig að af hinum frægu 500 millj. eru nú farnar 350.

En það er auðvitað farið miklu meira, vegna þess að þjónustan hefur versnað og það er alvara málsins. Svo er nú komið og hef ég þar fyrir mér hjúkrunarforstjóra eins sjúkrahússins, og raunar hafa fleiri tekið undir það, að það starfsfólk orðar það þannig að því finnist skelfilegt, og það orð var notað, hvernig fólk er sent heim eftir aðgerðir löngu áður en það er fært um það. Síðan koma menn og segja einmitt á þessu tungumáli sem enginn á að skilja: Sértekjur sjúkrahúsanna hafa minnkað. Mig langar að spyrja þá sem á mig hlýða: Vita allir hvaða sértekjur þetta eru? Jú, þetta er það sem fólk þarf að greiða sjálft fyrir þjónustu. Og af hverju skyldu þær nú hafa minnkað? Það er vegna þess að um leið og ráðist inn í stærstu sjúkrahús landsins, þá var jafnframt dregið úr þátttöku ríkisins í greiðslum á göngudeildum og svo er nú komið að fólk veigrar sér við að leita bóta á meinum sínum vegna þess að það hefur ekki efni á því.

Hæstv. forseti. Er þetta það sem Alþingi ákvað að skyldi gert? Vildum við stórminnka heilbrigðisþjónustuna? Ég er sannfærð um að þó að hv. þm. væru nú hér, sem þeir eru ekki, og ég bæði þá um að rétta upp höndina sem hefðu viljað gera þetta, ekki ein einasta manneskja mundi voga sér það. (**Gripið fram í:** Gera hvað?) Að rétta upp höndina til samþykkis um að það hafi verið vilji Alþingis að draga úr heilbrigðisþjónustu. Það held ég að hafi ekki verið vilji nokkurs manns, ekki nokkurs manns. Það er nefnilega stundum þannig að þegar menn sem þekkja lítið til hluta fara að ráðskast með þá, þá verður úr því eintóm vitleysa. Auðvitað endar þetta ekki nema á einn veg: Að menn ná áttum og sjá að þetta gengur ekki.

Hv. 2. þm. Austurl. benti hér í ræðu í gær eða í fyrradag á bréf sem okkur hefur borist frá landlæknisembættinu um svokallaðar smáaðgerðir sem greiddar eru af Tryggingastofnun ríkisins, fyrri hluta þriggja síðustu ára. Og hvað kemur í ljós? Hér er um að ræða smáaðgerðir eins og aðgerðir við kviðsliti og ég fer ekki að telja það upp hér. En á listanum er einn hættulegur sjúkdómur sem heitir „æxli fjarlægt úr brjósti", enda er það eina aðgerðartegundin sem hefur aðeins aukist eða um 9%. Hinar aðgerðirnar hafa dregist saman um 23%, 10%, 19%, 28% og aðgerðir við algengum beinkvilla á fæti hafa dregist saman um 69%. Og af hverju skyldi þetta vera? Vegna þess að það kostar á milli 15 og 20 þús. kr. að fá þetta gert. Og þegar hv. 2. þm. Austurl. benti á þetta hér, hverju svaraði hæstv. heilbrrh.? Skýringin gæti alveg eins verið sú að það hefði verið gert allt of mikið af þessu.

Ég býst við að það sé fullkomlega viðeigandi að nefna sjúkdóma, hæstv. forseti, hér úr ræðustól, sjúkdóma sem ærið margir landsmenn þurfa einhvern tíma á ævinni að glíma við, svo sem æðahnútaaðgerðir. Hefur Alþingi einhvern tíma ákveðið að fólk skuli bara sitja uppi með þann skafanka, þannig að þær aðgerðir hafa dregist saman um 23%? Ég held ekki. Og ég stórefast um að hæstv. heilbrrh. telji það nú æskilegt að fólk gangi með slíka kvilla, því ef þeir fá að þrífast nógu lengi og vel gæti svo farið að þeir yrðu ekki hættulausir þegar öllu er á botninn hvolft. Og þetta er auvitað mergurinn málsins. Hjúkrunarfólk er áhyggjufullt yfir því að þurfa að senda heim fárveikt fólk, oft fólk sem býr eitt og nýtur ekki aðhlynningar aðstandenda, löngu áður en hér á árum áður hefði verið talið sæmandi að slíkt fólk nyti ekki hjúkrunar. Og það sorglega er að þetta er dæmi um ákvarðanatöku sem er röng. Hún er ekki bara röng. Hún er röng af því að þeir sem taka hana eiga ekki að taka hana. Ekkert okkar hér inni er færara um að hagræða í heilbrigðiskerfinu heldur en það fólk sem í því starfar. Auðvitað eru allir tilbúnir til að leggja sitt af mörkum á erfiðum tímum — og ég held að tímar nú séu ekki miklu erfiðari en þeir hafa verið síðan ég man eftir mér — við búum í litlu samfélagi sem verður auðvitað að halda vel utan um það sem það þénar, en hvers vegna er það fólk sem best þekkir til ekki beðið um að leggja til og kanna hvar er e.t.v. hægt að draga úr kostnaði?

Hvernig er þetta svo gert? Jú. Öldrunarálma á Borgarspítalanum sem var hönnuð sem slík, á að verða barnadeild. Hvert á gamla fólkið að fara? Það á að fara á barnadeildina sem var hönnuð sem slík á St. Jósefsspítala. Þetta hljómar fyrir mér, og ég vona, hæstv. forseti, að ég megi segja það, eins og vitlaust fólk sé að verki. Það er ekki hægt að nefna þetta neitt annað.

Ég ætla ekki að halda því fram að hér sé á ferðinni illska í garð þjóðarinnar, illur vilji. Ég held að þetta sé kjánaskapur, vanþekking og hroðvirknisleg vinnubrögð. Og það er alveg skelfilegt ef það bitnar á viðkvæmasta þætti samfélagsþjónustunnar, samfélagsþjónustu sem oft varðar líf eða dauða. Menn eru auðvitað löngu búnir að sjá í heilbrigðiskerfinu að þetta

gengur ekki. Landakotsspítalinn hefur tapað mestum sértekjum. Og ég er alveg sannfærð um að hæstv. ráðherra veit ekki af hverju það er, en ég skal segja honum það. Það er nefnilega þannig að Landakotsspítali hafði umtalsverðar tekjur af röntgenrannsóknum. Þegar allt fór í upplausn og allt átti að einkavæða og sumir ágætir læknar féllu í þá gryfju að það væri lausnin á heilbrigðisþjónustunni, til að spara, þá fluttu þeir sig út úr spítalanum og stofnuðu fyrirtæki um röntgenrannsóknir og nú fara þær þangað. En Landakotsspítali hefur tapað, mig minnir að þeir segðu, um 59 millj. í sértekjur, fyrir utan allar sértekjurnar sem hann missir af vegna þess vesalings fólks sem á ekki peninga til þess að láta rannsaka sig. Og ef menn vita ekki hvað er verið að ræða um, þá vil ég segja það, svo fólk skilji þetta. Ristilrannsókn er algeng rannsókn sem margt fólk á miðjum aldri þarf að fara í. Vita hv. þm. hvað slíkt kostar venjulegan borgara núna, sem menn fengu svo til ókeypis áður? Það kostar 17 þús. kr. Fyrir manneskju sem hefur kannski 60 þús. kr., eins og t.d. margar konur hafa í laun og jafnvel karlmenn, þá er þetta orðinn ⅓ af mánaðarlaunum. Í hvaða veruleika lifa menn? Hvernig má þetta ganga svona? Auðvitað getur þetta ekki gengið svona. Það er ekki hægt að bjóða upp á það í siðuðu þjóðfélagi að algeng rannsókn, sem í mörgum tilfellum getur verið lífsnauðsynleg, vegna þess að þó að oft, sem betur fer, komi í ljós að engin hætta sé á ferðum og um smávægilega kvilla sé að ræða, kemur það svo sannarlega fyrir að í ljós kemur lífshættulegur sjúkdómur sé fólki svo dýr. Og er það virkilega vilji hæstv. heilbrrh. að menn eigi það undir efnahag hvort lífi manna sé bjargað með því að sjúkdómar uppgötvist á réttum tíma? Þetta siðleysi má ekki ganga svona. Þetta bara getur ekki gengið og ég held að menn séu óðum að sjá þetta.

Það var satt að segja heldur dapurleg stemmning í hv. fjárln. Alþingis í morgun þegar forustumenn spítalanna í Reykjavík voru spurðir um árangur af sparnaðarbrölti hæstv. ríkisstjórnar. Það er nefnilega þannig að það verður að vera vit í hlutunum. Það er hægt að spara, mikil lifandis ósköp. Það er hægt að spara ýmislegt í þessu samfélagi. En í guðanna bænum, við skulum ekki fara mörg ár, jafnvel áratugi aftur á bak í heilbrigðisþjónustu sem hefur verið góð. Og eins og framkvæmdastjóri Ríkisspítalanna benti raunar á í morgun, mun hinn margumræddi og langþráði EES-samningur setja nýjar skyldur á herðar heilbrigðiskerfisins, vegna þess að nú verða menn einfaldlega að ná til staðla EES og Evrópubandalagsins. Menn kvíða því að þurfa að sýna hér sjúkrahús sem eru langt undir því sem tíðkast í nágrannalöndum okkar og í löndum Evrópubandalagsins. Þetta eru mál sem er alveg óhjákvæmilegt að skoða og ég vildi nú ráðleggja hæstv. heilbrrh. að hlusta ekki á aðra hæstv. ráðherra í þessu efni og efna til málþings um þessi mál í alvöru, því þetta er að komast í mjög alvarleg þrot og þetta á einungis eftir að versna. Það er alveg nákvæmlega sama við hvern menn ræða í heilbrigðiskerfinu, menn hrista höfuðið og segja: Við vitum ekki hvernig þetta endar. Við erum komnir með samfélag þar sem fólk hefur ekki efni á að líta eftir heilsu sinni.

Ég kom í apótek í fyrradag og ræddi þar við afgreiðslustúlku í heimabæ hæstv. heilbrrh. Hún sagði mér: Við getum ekkert annað gert en að skrifa hjá fólki. Við látum ekki, við gerum það a.m.k. ekki, fólk fara hér bónleitt til búðar vegna þess að það á ekki fyrir lyfjunum sínum. Það verður þá að hafa það þó að við fáum það ekki greitt. Þetta var eitt apótek. Ég veit ekki hvernig aðrir lyfsalar líta á þetta mál. En það var greinilegt og kom fram, að í æ meira mæli á fólk ekki fyrir lyfjunum sínum. Ég trúi því ekki eitt andartak að hæstv. heilbrrh. hafi yfirgefið minn fallega fæðingarbæ eftir farsæla — já, þó það sé nú kannski umdeilt — forustu í sex ár, til þess að leggja niður heilbrigðiskerfið og allt öryggi sjúklinga í landinu. Ég trúi því ekki augnablik. Ég bið því í mestu vinsemd um að þessi mál verði skoðuð, vegna þess að af 500 millj. kr. sparnaðinum — og bið ég nú hv. formann fjárl. að vera ekki að trufla ráðherrann — en hann getur verið vitni að því að af þessum 500 spöruðu millj. er nú verið að biðja um 350 til baka. Og það er leikur einn að finna afganginn. Þannig að allt er þetta brölt sem hefur ekkert haft upp á sig annað en að draga úr heilbrigðisþjónustu í landinu. Og það er sorglegt að heyra ábyrgan starfsmann sjúkrahúsanna í Reykjavík segja að því miður séu dæmi um slys vegna lélegrar þjónustu, dæmi um slys, og fór ekki á milli mála að konan var að segja: Menn hafa látist af þessum sökum. Þetta eru voðalegir hlutir að segja, en ég sel þá ekki dýrari en ég keypti. En eitt veit ég, þetta er ekki það heilbrigðiskerfi sem við alþýðubandalagsmenn viljum sjá og mætti nú vera kominn byltingamaðurinn í heilbrigðiskerfinu, hæstv. fyrrv. ráðherra Magnús Kjartansson, og taka þessa ungu drengi í bakaríið sem virðast ekki vita hvað er að gerast í landinu.

Almennt um fjáraukalögin eru þau auðvitað eins og fjárlögin sem draumóramenn halda að verði rædd við 2. umr. á þriðjudaginn, þó að ekki sé einu sinni kominn fram bandormur sem á að gjörbreyta þeim. Það sýnir náttúrlega veruleikafirrð þessara hv. þm. að á sama tíma og við lesum í blöðunum að það standi til að fara að svipta stóran hóp fólks atvinnuleysisbótum, þá halda þeir að það sé hægt að keyra hér út fjárlög á þriðjudaginn kemur. Ég get alveg fullyrt að það er útilokað. En gallinn við að standa frammi fyrir þessum málum er sá að við fáum ekki að vinna þau af viti. Allir í hv. fjárln., eins og í öllum fjárlaganefndum allra þjóðþinga, eru viljugir og tilbúnir til að vinna saman að því að setja landinu fjárlög, auðvitað. Það er skylda okkar og við eigum meira að segja ekki að vera eins harðflokkspólitísk í fjárln. og við erum annars staðar. Þó að við leggjum auðvitað misjafnar áherslur, þá berum við sameiginlega ábyrgð á því að landið eignist fjárlög, annars er ekki hægt að reka það.

En hvernig er þessi vinna svo unnin? Eitthvert heilagt batterí sem heitir meiri hlutinn þingar og þingar og verður heldur geðvondur ef minni hlutinn, óæðri hluti fjárln., vogar sér að reyna að ræða málin. Og þessi vinnubrögð gera ekkert annað en að hefna sín á hæstv. ríkisstjórn, því auðvitað væri það styrkur hennar að

fjárlagagerðin gengi létt og vel. Við gerum okkur grein fyrir að á endanum ræður meiri hluti hverju sinni. En við gætum heilmikið hjálpað til og eru fyllilega fús til þess. En af þröngsýni, smásmygli og þekkingarleysi er þessi vinna afþökkuð. Hún er einfaldlega afþökkuð.

Ég varð samferða einum hv. fjárlaganefndarmanni út til þings í morgun eftir fundinn okkar og spurði hann hvort hann tryði því virkilega að við gætum látið 2. umr. fara fram á þriðjudaginn. Hann hélt nú það, það væri verið að hnýta þetta saman. Og þar sem erindaskráin hefur ekki enn þá verið borin undir minni hlutann, þá spurði ég: Hvenær á að gera það? Honum fannst það ekki skipta miklu máli. Við ráðum þessu. *Hvernig halda menn að fjárlagagerð geti farið fram* með þessu móti? Það er svo gjörsamlega útilokað og sorglegt fyrst og fremst, vegna þess að þetta sýnir auðvitað svo hroðalega vankunnáttu og vanþekkingu. Það er nefnilega enginn að huga að þörfum þjóðfélagsins.

Ég gæti svo sem talað hér í allt kvöld þess vegna, hv. þm. til yndis og ánægju. Gallinn er bara sá að ég er að tala við þá menn sem skilja þetta og vita þetta og eru sammála mér. Ég mundi kannski tala lengur yfir hausamótunum á þeim sem ekki eru hér, en það er nefnilega vitað, hvers vegna þeir eru ekki hér, vegna þess að það þarf að flýta umræðunni.

Við getum eins farið yfir í skólakerfið. Við megum lúta því að yfir okkur er hellt alþjóðlegri skýrslu um læsi. Þessi þjóð sem hefur verið að montrassast af menningu sinni um árabil og árhundruð, bókmenntaþjóðin, það kemur í ljós að hún er verr læs en flestar þjóðir í Evrópu. Hvernig er brugðist við því? Jú, jú, það eru sett fleiri og fleiri börn í hendur færri og færri kennara. Laun kennara eru með því móti að það er öllu venjulegu fólki óskiljanlegt hvaða guðlegar hugsjónir valda því að þeir stunda barnakennslu því svo langt er frá að þeir séu matvinnungar af því starfi. Atgervisflótti blasir við úr háskólanum því að launakjörin eru söm við sig þar. Það er alveg sama hvert litið er, sérkennsla er dregin saman þó að æ fleiri börn þarfnist sérkennslu af því að æ færri foreldrar hafa tíma til að sinna börnunum sínum. Hefur enginn áhyggjur af þessu? Er þetta sú framtíð sem við sjáum? Heilsulaust, illa menntað fólk? Og þetta er fólkið sem hæstv. menntmrh. segir svo að eigi að ganga inn í nýja öld með megináherslu á vísindi og rannsóknir. Ég held að þetta sé ekki góður grunnur undir það sem stefna þessarar hæstv. ríkisstjórnar boðar.

Það væri freistandi að ræða ofurlítið um sjávarútveginn okkar. Það virðist vera nákvæmlega sama hvað veiðist, það er aldrei nokkur peningur til. Það tapa allir á útgerð. Þetta þykir okkur kyndugt, hæstv. heilbrrh. og *mér sem ólumst upp í útgerðarbænum Hafnarfirði*. Þar nefnilega græddu menn svo mikið að þeir eru enn að rífast um hvort þeir eigi að fá 16 millj. eða 116 millj. fyrir reitinn sem ég breiddi saltfiskinn á í gamla daga. Þeir áttu hann nefnilega, þeir eiga hraunið. Þeir voru svo ríkir að þeir áttu hraunið undir fótunum á okkur. Ég vissi það ekki þá. Ég hefði kannski ekki leyft mér að tína upp eitt og eitt ber eða stela ofurlitlum mosa í búið mitt, en ég gerði það nú víst. Nú kemur í ljós að hv. fyrrv. 1. þm. Reykn. og afkomendur hans á þingi og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar eru ólmir að fá 100 millj. kr. meira fyrir reitinn sem við breiddum saltfiskinn á þegar vimplað var í gamla daga. Menn áttu sko fyrir hinu og þessu af því að veiða fisk í gamla daga. Og ég er ekki 100 ára.

Sannleikurinn er sá að það er alveg sama ástandið í sjávarútveginum, það er ekkert vit í neinu. Menn hugsa ekki um neitt annað en að græða og af því að þeir héldu í áratugi að það eina sem hægt væri að græða á væri steinsteypa þá steyptu þeir og steyptu án þess að hafa hugmynd um hvað þeir ætluðu að gera við allan þennan húsakost. Það má gefa þessum gömlu *kapítalistum eins og Einari Þorgilssyni og Einari Guð*finnssyni að þeir höfðu svolítið peningavit. Þeir lögðu bara fyrir og urðu ríkir af, þangað til vargurinn komst í vein og allt fór í hundana.

Ég held, hæstv. forseti, að það verði að grípa til einhverra ráða. Ég veit ekki hvaða ráða á að grípa til. Ég gæti lagt til að okkur konum á Alþingi yrði falið að stofna ríkisstjórn og reyna að bjarga þessu því það er hægt. Við höfum rekið heimili, við vitum hver er munurinn á tekjum og gjöldum. Og við vitum líka hvað kemur fólki best vegna þess að það erum við sem höfum hugsað um þetta fólk. Börnin okkar, sjúklingana okkar. Við þurfum ekkert að láta segja okkur það frá Þjóðhagsstofu hvað sé hagræðing í kerfinu. Við vitum það eitt að við viljum láta lækna fólk, við viljum ala börnin okkar upp sem hrausta og heilbrigða og vel menntaða einstaklinga. Við þurfum engar tölur ofan úr ráðuneytum til að segja okkur það. Við viljum nefnilega gera það, hæstv. heilbrrh. — sem hér er eini maðurinn sem virðist hafa þrek til þess að sitja á þingfundum að einhverju ráði — við viljum nefnilega gera þetta hvað sem það kostar. En við erum tilbúin til þess að gera það svo skynsamlega að það verði viðráðanlegt. En við vitum að þetta skiptir öllu máli. Það er nefnilega engin hagsæld til og enginn hagvöxtur nema þjóðin sé fær um að forvalta þann hagvöxt og að við eigum heilbrigða einstaklinga, vel menntað fólk, hugsandi fólk sem skilur og hefur eitthvert gildismat til þess að miða líf sitt við. Tölur á blaði eru einskis virði, alveg nákvæmlega eins og kapítal er einskis virði nema því fylgi fólkið sem notar það.

Það skelfilegasta sem getur komið fyrir nokkra þjóð er að tína sjálfri sér og væri kannski veglegt að minnast þess í tilefni dagsins í gær. Það tekur nefnilega ekkert óskaplegan langan tíma að missa sjálfsvitund sína og þar með sjálfsvitund þjóðarinnar. Og þegar svo er er komið getur ekkert kapítal, ekkert fjármagn bjargað henni, vegna þess að fjármagn hefur enga sjálfsvitund. Það getur hins vegar verið harla gagnlegt ef það er notað á skynsamlegan hátt. Það á að vera verkefni hv. fjárln., ekki bara meiri hlutans því það er vonlaust, heldur allrar nefndarinnar. Ég vona, herra forseti, að hv. formaður fjárln. taki upp betri siðu og þiggi það góða boð minni hluta fjárln. að vinna með honum að því að lagfæra það sem búið er að eyðileggja eða menn eru á góðri leið með að eyðileggja í þessu samfélagi áður en verra hlýst af.

[18:58]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. síðasti ræðumaður hafði af því áhyggjur að íslenska heilbrigðiskerfið væri komið að fótum fram og væri ekki til þess hæft að sinna þeim stóra hópi fólks sem þangað vill sækja. (**GHelg:** Sem þangað verður að sækja.) Í fyrsta lagi af þeim orsökum að þjónustan væri ekki eins góð og þyrfti að vera og hv. þm. hafði af því áhyggjur að með tilkomu EES yrði samjöfnuðurinn slíkur að það þyrfti að grípa til sérstakra neyðarráðstafana, ef ég skildi hana rétt, til þess að jafna þá stöðu sem við þyrftum að hafa gagnvart Vestur-Evrópu. Ég hygg að flestir þeir sem gengið hafa um ganga og stofur á erlendum sjúkrahúsum geti borið saman um það að við Íslendingar getum borið höfuðið hátt í þeim efnum. Við getum líka borið höfuðið hátt þegar það lýtur að þjónustunni og hæfni þeirra þúsunda heilbrigðisstarfsmanna, hinna vel menntuðu og ötulu og vel meinandi heilbrigðisstarfsmanna sem vilja og veita góða þjónustu. Þannig að þennan samjöfnuð óttast ég ekki, hv. þm.

Í annan stað og það er auðvitað ástæða til þess að hafa á því gát frá einum tíma til annars að íslenska heilbrigðiskerfið sé með þeim hætti að hver einasti einstaklingur sem þangað þarf að sækja geti gert það vegna félagslegrar og efnahagslegrar stöðu. Í því sambandi hef ég ekki fyrir margt löngu gefið út reglur þar sem auglýst var eftir fólki sem hefði sótt og þyrfti að sækja til heilbrigðiskerfisins og hefði talið sig verða fyrir óhóflegum útgjöldum vegna þess arna og það komu 450 umsóknir. Það voru gefnar út reglur sem kunna að vera umdeilanlegar en þar sem var mætt einmitt þessum sjónarmiðum og 130 manns fengu þarna endurgreiðslu. Þannig að með aðferðum á borð við þessar er reynt að gæta þess að hver einn og einasti einstaklingur njóti þessarar grundvallarþjónustu sem ég hygg að ég og hv. þm. séum sammála um að allir geti sótt í okkar ágæta heilbrigðiskerfi og átt þangað greiðan aðgang burt séð frá efnahag og félagslegum aðstæðum.

[19:00]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér komum við enn að því að menn hafa ekki hugmynd um um hvað þeir eru að tala. Á fundi með fjárln. í morgun kom fram að talið er að til þess að standast staðla EES verði að ráða 20 sérfræðinga í kennslu á Landspítalann — 20 sérfræðinga, bara til þess að fylla út staðal þess sem krafist er innan EES. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra vissi þetta. En menn eru búnir að kynna sér þetta þar og segja einfaldlega: Við verðum að ráða 20 sérfræðinga. Þetta er bara byrjunin. Það verður gaman að sjá upplitið á hæstv. heilbrrh. þegar hann á að uppfylla fleiri skilyrði.

Þessi hjárænulega endurgreiðsla sem hæstv. ráðherra minntist á á þeim ósköpum sem lögð voru á fólk við greiðslu lyfja þar sem fjölskyldur komust upp í hundrað þús. kr. í lyf á hálfu ári, hún segir auðvitað ekki nokkurn skapaðan hlut vegna þess að í mörgum tilvikum, og það er mér mjög vel kunnugt um, var fólk örvæntingarfullt að leita að einhverjum reikningum sem það hafði kannski fengið en þá var ekki vitað að þetta yrði neitt endurgreitt svo auðvitað hafði fólk ekkert haldið þessum reikningum saman. Það var því aðeins lítill hluti af því fólki sem hafði greitt allt upp í 50 og jafnvel upp í 100 þús. kr. sem gat sótt um þetta vegna þess að það hafði ekki reikningana, svo einfalt er það. Og það eru einmitt slíkar skyndiákvarðanir sem rugla allt og alla. Hefðu menn vitað það fyrir fram að þeir ættu rétt á einhverri endurgreiðslu þá hefðu þeir haldið reikningunum sínum saman.

[19:02]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég og hv. þm. hljótum þá að vera sammála um það að þegar önnur lota þessarar mælingar á meintum óhóflegum kostnaði í heilbrigðiskerfinu fer fram um næstu áramót eða upp úr næstu áramótum þá sé þó fólk tilbúið og skili þá kvittunum í stærri stíl ef ástæða er til. Við skulum sjá hvað setur.

Ég vil hins vegar geta þess líka af því að hér færði hv. þm. talið að lyfjamálunum að ég vænti þess að ég eigi þar hauk í horni þegar ég legg fram mitt lyfjaframumvarp sem miðar að því að lækka verð lyfja stórkostlega og álagningu á lyf til þess einmitt að koma til móts við allan almenning, koma til móts við útgjöld ríkisins og útgjöld fólksins í landinu því það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra að ná niður lyfjaverði þannig að ég vænti þess að ég eigi þar hauk í horni.

Ég hygg hins vegar að við séum einnig sammála um það að áhyggjur hennar af heilbrigðiskerfinu áðan lutu fyrst og síðast að því hvernig gengi að sinna fólki, hvernig gengi að lækna það fólk sem þangað sækir. Það er auðvitað grundvallaratriði og grundvallaratriði í heilbrigðiskerfinu öllu. Um það snýst heila málið, ekki með fullri virðingu um það hvort 10 eða 20 manns sé kennt meira eða minna á ári hverju.

[19:04]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú hafði ég af eðlilegum ástæðum ekki tíma til að hlusta á fréttir Ríkisútvarpsins, sem nú standa yfir, en hv. 11. þm. Reykv., sem hefur lítið útvarpstæki hér, var svo vinsamlegur að segja mér frá því að landlæknir hefði verið að ræða það rétt í þessu að slysum hefði fjölgað á sjúkrahúsum vegna minnkandi þjónustu. — [Fundarhlé.]

[20:29]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Ég fór þess á leit í dag þegar ég talaði fyrir áliti minni hluta fjárln. um þetta mál að hæstv. sjútvrh. kæmi til þessarar umræðu. Hann mun hafa verið þá á sjó fyrir hádegið, á leiðinni frá Vestmannaeyjum, en komst klakklaust í land og er hér kominn að hlýða á þessa umræðu um fjáraukalög 1993. En venjulega hefur sjútvrn. ekki komið mikið inn í þessa umræðu en það er þó svo að þessu sinni að það eru verulegar fjárhæðir í þessum fjáraukalögum sem snerta

hans ráðuneyti. Það er beðið um 300 millj. kr. til hafrannsókna í aukafjárveitingu, sem er allnokkuð, en það á sínar orsakir og er ein af þeim ákvörðunum sem var tekin við fjárlagagerð fyrir síðasta ár, fyrir yfirstandandi ár, sem ekki hefur gengið eftir m.a. vegna ósamkomulags í ríkisstjórninni. Það var ætlunin að afla tekna með sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins og það var einn þátturinn í hinu mikla sértekjuæði sem gekk yfir fyrir ári síðan og hefur reyndar verið að ganga yfir síðustu tvö árin. Hafrannsóknastofnun hefur ekki farið varhluta af þessu að það var ætlunin að selja þessar aflaheimildir. Alþfl. batt nokkrar vonir við þessa sölu — og þá sé ég mér til mikillar ánægju að hæstv. umhvrh. gengur í salinn, það er gott að hafa hann við þessa umræðu og ber vel í veiði. Alþfl. batt nokkrar vonir við þessa veiðileyfasölu eða sölu á aflaheimildum að þetta væri vísir að auðlindaskatti sem flokkurinn og alþýðuflokksmenn eru mjög áhugasamir um að koma á.

Nú hefur þetta ekkert gengið eftir og engar aflaheimildir verið seldar. Þess vegna vantar 300 millj. til að kosta hafrannsóknir á yfirstandandi ári en málið er kannski enn þá flóknara en þetta. Það var ætlunin að leggja fram frv. um þróunarsjóð sjávarútvegsins þar sem yrði tekið á þessu máli og ákveðið fyrir næsta fiskveiðiár að úthluta þessum aflaheimildum sem eru núna um 13.000 tonn eða þorskígildi og mundi muna um það fyrir þá sem eru í svelti með aflaheimildir sem eru ærið margir, það þarf ekki að rekja.

Nú er það svo að þetta margumtalaða frv. er ekki komið fram og þegar afgreidd voru á Alþingi bráðabirgðalög vegna kjarasamninga þá var felld brtt. frá stjórnarandstöðunni um að úthluta þessum aflaheimildum ókeypis. Hér eru í gildi lög um Hagræðingarsjóð frá 15. maí 1990, með síðari breytingum, þar sem segir svo í 6. gr.:

„Hagræðingarsjóður skal" — og takið nú eftir — „við upphaf hvers fiskveiðiárs gefa útgerðum þeirra skipa, er aflahlutdeild hafa af botnfisktegundum sem sjóðurinn fær úthlutað skv. 5. gr. og ekki eru boðnar byggðarlögum skv. 7. gr., kost á að fá framseldar til sín aflaheimildir sjóðsins gegn endurgjaldi. Skal forkaupsrétturinn boðinn í hlutfalli við aflahlutdeild hvers skips af þeim tegundum sem sjóðurinn hefur forræði á. Endurgjald skal miðað við almennt gangverð á sams konar heimildum að mati ráðherra. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið lágmark þeirra aflaheimilda sem forkaupsréttur samkvæmt þessari grein nær til."

Það er nú svo að fiskveiðiárið byrjar 1. sept. og nú spyr ég hæstv. sjútvrh.: Er ekki meiningin, úr því að þessi brtt. frá stjórnarandstöðunni var felld og ekkert frv. er væntanlegt, að Hagræðingarsjóður muni selja þessar heimildir eða bjóða þær til sölu? Ég sé ekki annað en hann sé skyldugur til þess samkvæmt lögum. En til að fyrirbyggja allan misskilning þá er ég ekki fylgjandi því. Ég hefði talið eðlilegast að þessum aflaheimildum yrði úthlutað og það mundi geta lagað til fyrir þeim sem skortir þessar heimildir tilfinnanlega og hafa orðið fyrir mestri skerðingu á þorski. En lagagreinin er einföld. Stjórn sjóðsins hlýtur að bjóða þessar aflaheimildir til sölu nema það verði gerðar einhverjar sérstakar ráðstafanir á næstu dögum til að svo verði ekki. Verði aflaheimildir sjóðsins seldar á þessu ári þá koma auðvitað einhverjar tekjur af því og það er í beinu samhengi við þær 300 millj. sem beðið er um í fjáraukalögunum til Hafrannsóknastofnunar.

Ég vildi gjarnan fá svar við þessu vegna þess að þetta hefur ekkert fengist upplýst í meðförum fjárln. og meirihlutamenn hafa verið heldur hljóðir þegar spurt hefur verið ítrekað um hvort það sé von á frv. um þróunarsjóð sjávarútvegsins, hvenær það verði, hvort það verði fyrir jól, hvort það verði eftir áramót og hvað verði þá með sölu á þessum heimildum. Ég er þeirrar skoðunar að við getum ekki afgreitt hér blindandi fjáraukalög upp á 300 millj. kr. framlag til Hafrannsóknastofnunar nema vita eitthvað um hvað er ætlun ríkisstjórnarinnar og hæstv. sjútvrh. í þessum efnum. Mér er alveg kunnugt um það að það hefur verið ágreiningur í ríkisstjórninni um þetta efni, það hefur ekki leynt sér og það er meira að segja svo að aðstoðarmaður utanrrh. og hæstv. umhvrh. deila um þessi mál á fundum hjá krötum úti í bæ og nota jólaföstuna til þess þannig að það er bæði á milli flokka og innan flokka ágreiningur um þessi efni, um þessi grundvallaratriði um sjávarútvegsstefnuna. Menn komast ekki einu sinni svo langt að leggja fram frv. um þessi efni, hvað þá meira.

Ég vil því ítreka spurningu mína til hæstv. sjútvrh. sem hér er mættur: Verður frv. um þróunarsjóð lagt fram fyrir jól og hvaða ráðstafanir verða gerðar varðandi þau lagaákvæði um meðferð á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sem eru í fullu gildi?

Hér hefur að vonum verið löng umræða í dag um fjáraukalög því sannleikurinn er sá að ég minnist þess ekki að fjáraukalög hafi verið til meðferðar sem hafa farið eins langt fram úr heimildum fjárlaga eins og þessi sem við erum með til meðferðar nú. Hæstv. forsrh. hefur komið upp í andsvörum nokkrum sinnum og talað um það með nokkru stolti að stöðugleikinn sé mikill í þjóðfélaginu, stöðugleikinn sé mikill. Og stöðugleikinn hafi gert ríkisstjórninni fært að lækka vextina. Nokkuð sem fyrrv. ríkisstjórn gat ekki ef ég endursegi lauslega orð hans fyrr í dag. Það er rétt. Það er viss stöðugleiki í þjóðfélaginu. Það er stöðugt atvinnuleysi. Það er atvinnuleysið sem orðið gerandinn í þessu þjóðfélagi. Fyrrverandi ríkisstjórn náði samningum á vinnumarkaði með þjóðarsátt. Þessi ríkisstjórn nær samningum á vinnumarkaði í skugga vaxandi atvinnuleysis. Það er munurinn. Þjóðarsáttin var arfur frá fyrrv. ríkisstjórn og á því hefur verið byggt síðan. Munurinn er sá að í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur atvinnuleysið farið hraðvaxandi, atvinnuleysið hefur verið gerandinn í samskiptum verkalýðshreyfingarinnar og ríkisvaldsins síðan.

Síðan bregður svo við í sambandi við alla þessa vaxtaumræðu nú að nú er ekki minnst á samspil vaxta og ríkissjóðshalla þegar við erum að afgreiða og ræða um fjáraukalög sem fara hvorki meira né minna en 7,8 milljarða fram úr heimildum fjárlaga, það er ekki minnst á samspil vaxtanna og þessa halla. Þannig að

vaxtalækkunin getur því miður orðið skammgóður vermir og það hefur verið rakið í dag að raunvextir í bankakerfinu eru enn mjög háir, bankarnir lækka ekki vextina vegna þess að þeir hafa ekki trú á vaxtastefnunni og telja sig þurfa að tryggja sig og leggja í afskriftarsjóði vegna ástands atvinnulífsins í landinu.

Það er mikil kokhreysti að koma hér upp í ræðustól í Alþingi og guma af stöðugleikanum í þjóðfélaginu. Stöðugleikinn í þjóðfélaginu nú grundvallast á stöðugu atvinnuleysi. Það skyldu hæstv. ráðherrar hafa í huga.

Ég minntist örlítið í morgun á Lánasjóð ísl. námsmanna. Til hans eru lækkaðar heimildir. Ég vildi aðeins bæta örfáum orðum við um þann sjóð. Þar eru heimildir lækkaðar um 60 millj. kr. Það skeður vegna þess að lánþegum sjóðsins fækkar. Það hefur hins vegar verið sagt á móti að nemendum í háskólanum fjölgi. Ég vil hins vegar leiðrétta þann misskilning að draga af þessu rangar ályktanir. Það er vegna þess að nú fer fólk miklu minna erlendis í nám en áður og það fólk fer í háskólann en lánþegum á síðasta skólaári hjá Lánasjóði ísl. námsmanna fækkar um 30% á skólaárinu 1992 til 1993. Þar af er einn markhópur sem er hærri og það eru einstæðar mæður í námi. Þeim hefur fækkað um 35% á síðasta skólaári. Þó að gott sé að sjá mínustölur í fjáraukalagafrv. þá horfi ég ekki á þessa mínustölu með miklu stolti og ég vil vara við því að horfa á hana með miklu stolti. Ég hef ekki kallað hæstv. menntmrh. hér til þess að ræða þessi mál, það gefst vafalaust tækifæri til þess innan tíðar þegar við ræðum um fjárlagafrv. fyrir næsta ár, þá koma þessi mál til umræðu og ég þarf ekki að orðlengja um þau frekar undir þessum lið.

Hæstv. forsrh. sagði í ræðu sinni fyrr í dag, eða andsvari, ég hjó eftir því að hann sagði að gengisöryggi væri mikið. Það var hluti af stöðugleikanum í þjóðfélaginu. Ég er að vísu ekki hagfræðingur og ég get viðurkennt í þessum ræðustól að ég er ekki einn af fremstu efnahagssérfræðingum þjóðarinnar. (**Fjmrh.:** Hvaða lítillæti er þetta.) Það get ég viðurkennt. Hæstv. fjmrh. er nú efins um að ég segi satt en ég kem því þó ekki heim og saman þegar hljóðið er í sjávarútvegsmönnum og undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar eins og það er um þessar mundir og flokksbróðir hæstv. forsrh., stjórnarformaður Byggðastofnunar, sendir honum sérstakt bréf um neyðarhjálp fyrir undirstöðuatvinnuvegina í heilum landshluta og aðrir taka undir í einum kór að þetta sé ekki sérstakt ástand fyrir Vestfirði. Síðan var Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins greiddur út á síðasta ári og tæmdur, en þá er hægt að segja að gengisöryggi sé mikið. Ég vil a.m.k. fá nánari útlistingar á þessu frá meiri efnahgssérfræðingum heldur en ég er og auglýsi eftir því hér.

Þessi fjáraukalög fara mjög fram úr áætlun eins og ég kom inn á áðan. Ég viðurkenni vissulega vanda ríkisfjármálanna, hann er mikill og hann er mikill fyrir það að atvinnuástandið er eins og það er. Hjól atvinnulífsins hafa ekki snúist af fullum krafti. Ríkissjóður tapar tekjum og það hefur ekki tekist að skera niður á móti. Hins vegar bar vel í veiði í dag að hér barst allt í einu inn á borðið leiðarvísir um lækkun ríkisútgjalda og ég horfði dálítið grannt á þetta þegar ég fékk það í hendurnar því hér stendur: „Lækka mætti ríkisútgjöld um 50 milljarða og byrja að greiða niður skuldir í stað þess að veðsetja ungu kynslóðina.“ 50 milljarðar eru helmingurinn af fjárlögunum. Síðan fer ég að fletta og í ljós kemur að útgefandinn að þessu riti er kompaní sem heitir Viðreisn hf. og ber það virðulega nafn sem bæði kratar og sjálfstæðismenn hafa varla getað tekið sér í munn ógrátandi upp á síðkastið. (**ÓRG:** Næst verður bara Sjálfstæðisflokkurinn á þessu.) Það getur verið en þetta kompaní heitir Viðreisn hf. og ritstjóri er dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson (**GHelg:** Þessi kostulegi.) sem er kostulegur að sögn hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnasonar, en þessi Hannes Hólmsteinn er í fjölmiðlum alla daga, oft á dag. Ef það er kallaður einhver fulltrúi til þess að tala fyrir sjónarmiðum frjálshyggju, sem á upp á pallborðið í Sjálfstfl., þá er hann kallaður fyrir. Hér er mikil forsíðugrein, hér er mynd af hv. 3. þm. Reykv. og vitnað í hann og hér er mynd af hæstv. forsrh. og síðan er mynd af framkvæmdastjóra sjónvarpsins á næstu síðu sem hefur komið við sögu í þingsölum. Síðan er forsíðugrein með löngum lista yfir það hvað hægt er að skera niður og ef við hefðum gengið svona til verks í fjárln. þá værum ekki að skila fjáraukalögum með 13,8 milljarða kr. halla. Hér kennir nefnilega margra grasa. Hér á að leggja Halldór Blöndal og hans starfsemi niður eins og hún leggur sig. Allt sem viðkemur honum og m.a. aðalskrifstofu landbrn., sýnist mér að eigi að leggja niður með hæstv. landbrh. Halldóri Blöndal.

Hér á listanum er biskup Íslands með 39,5 millj. Prestaköll, eins og þau leggja sig og prófastsdæmi og prestssetur. Svo koma ýmsir liðir eins og Vegagerð ríkisins, stofnkostnaður upp á 3 milljarða. Menntamál upp á 2,2 milljarða og heilsugæsla, sjúkrastofnanir og sjúkratryggingar upp á 6,7 milljarða. (**ÁMM:** Hvað færðu borgað fyrir þessa auglýsingu?) Það er von að hv. 3. þm. Reykn., Árni Mathiesen, reki upp stór augu. En hins vegar eru hér tillögur um aukin útgjöld. Það er styrktarsjóður í heilbrigðismálum 1,3 milljarðar.

Þetta eru hugmyndir frjálshyggjunnar. Ég er ekki að lesa þetta upp til að auglýsa ritið þó vissulega ættu sem flestir að lesa þetta. Ég ráðlegg mönnum að lesa þetta rit mjög vandlega. Þessi sjónarmið eru nefnilega mjög hátt skrifuð um þessar mundir. Það er verið að tala með nokkrum öfgum að vísu, það viðurkenni ég. Ég er ekki að bera það upp á alla hv. þm. Sjálfstfl. að þeir séu þessarar skoðunar en þessi sjónarmið eru hátt skrifuð í flokki þeirra. Það er hið alvarlega mál. Það skyldu hv. þm. Sjálfstfl. gera sér grein fyrir.

Það er fleira áhugavert í þessu riti en ég ætla ekki að lesa meira upp úr því nema bara minnast á það að hér er smágrein um það hvar þeir sem fara til Rio de Janeiro eiga að gista (**ÁMM:** Lestu á bls. 46.) og hvaða hóteli þeir eigi að vera á til þess að vera nægilega öruggir fyrir fátæklingum og öðrum götulýð, hvaða hótel hefur þar mest öryggi og hvar þotufólkið er. (**GE:** Hvaða hótel er þetta?) Það er Hótel Sheraton

Rio, 553 herbergi. Hér stendur, með leyfi forseta: „Þeir sem kvíða því að fara til Rio de Janeiro vegna fregna af ofbeldi og fátækt í borginni ættu að gista á Rio Sheraton því það tryggir öryggi gesta sinna sennilega betur en nokkurt annað gistihús í Rio de Janeiro.“ (**ÁMM:** Lestu nú bls. 46, Jón.)

Nú ætla ég að leggja þetta rit frá mér og ekki lesa meira upp úr því vegna þess að þau sjónarmið sem þetta rit er að koma á framfæri njóta mikils framgangs í Sjálfstfl. um þessar mundir. Það eru ekki eingöngu mín orð, ef hv. þingmenn eru í vafa þá skulu þeir spyrja t.d. hv. 1. þm. Vestf. sem er að gefa út bók um þessar mundir og segir m.a. að hæstv. fjmrh. hafi verið einn af upphafsmönnum þessarar stefnu í Sjálfstfl. Ég trúi því varla upp á hæstv. fjmrh. að hann hafi verið upphafsmaður þeirra sjónarmiða sem enda í svona samansetningi. Ég held að þetta hljóti að vera eitthvað orðum aukið en hins vegar vil ég vara við þessum sjónarmiðum og hvert þau benda inn í framtíðina.

Það mætti tala langt mál um sjúkrahúsin og heilbrigðismálin sem bar á góma í dag vegna aukafjárveitinga til þeirra. Hæstv. heilbrrh. er ekki hér staddur og ég mun ekki kalla hann til vegna þess að hann hafði samband við mig og er forfallaður í augnablikinu en ég vil þó segja það þó hann sé ekki hér staddur að það var mjög lærdómsríkur morgunn fyrir fjárln. að ræða við forsvarsmenn sjúkrahúsanna í Reykjavík sem fullyrða og segja fullum fetum að allur þessi sparnaður, sem fyrrv. heilbrrh. og alþýðuflokksráðherrarnir hafa verið að guma af í heilbrigðiskerfinu, sé enginn, meira og minna tóm vitleysa og einn forsvarsmaður spítalanna kom og auglýsti eftir stefnu í heilbrigðismálum. Það kom fram að sértekjur á einum stærsta spítalanum eða Borgarspítalanum eru 45 millj. kr. lægri á þessu ári en fjárlög gerðu ráð fyrir. Það er auðvitað m.a. vegna þess að fólk kemur ekki í eins miklum mæli og hér hefur verið rakið.

Ég hef nóterað hjá mér efnislega þar sem talað er um ástand spítalanna að það leki ofan úr loftinu ofan í vatnsglös sjúklinganna og sjúklingar og starfsfólk sé í hættu í einangrunardeild spítalans vegna þess að plötur lafa niður úr loftinu og rignir inn um glugga og vindar og vatn leika lausum hala um sjúkraskýrslur og önnur gögn. Þetta er nú ekki falleg lýsing.

Síðan hef ég líka skrifað hjá mér að starfsfólk spítalanna finnst óhugguleget að sjá í hvaða ástandi það fólk er sem er útskrifað af spítölunum og sent heim.

Það er aðeins gripið niður í minnispunkta á morgunfundinum í fjárln. Og það er klykkt út með því að flutningurinn á bráðavöktunum af Landakoti yfir á Borgarspítalann hafi skilað sáralitlum sparnaði.

Ég vil aðeins grípa niður í þessi mál þó að hæstv. heilbrrh. sé hér ekki en það er svo sannarlega þörf á og verður gert áður en lýkur að ræða þau mál sem varða heilbrigðiskerfið í landinu ofan í kjölinn.

Ég vil að lokum endurtaka þá spurningu sem ég bar fram í upphafi til hæstv. sjútvrh.: Er von á frv. um þróunarsjóð og málefni sjávarútvegsins fyrir jól? Hvenær er von á þeim og hvað verður gert varðandi aflaheimildir Hagræðingarsjóðs?

[21:02]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 2. þm. Austurl. skal það tekið fram að það hefur verið gert ráð fyrir því að flytja þau frv. sem hv. þm. spurði um. Vegna sérstakrar spurningar hans um jöfnunaraðgerðir þeim til aðstoðar sem hafa orðið fyrir mestum skaða út af þorskbresti, þá liggur það fyrir að ríkisstjórnin hefur tekið ákvarðanir um að bæta þann skaða með því að nota aflaheimildir Hagræðingarsjóðs í því skyni. Það var ítrekað í umræðum fyrir ekki löngu síðan á hinu háa Alþingi að við þá yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar yrði staðið og ég hef á þessu stigi engu við það að bæta. Það mun koma frv. fram þar að lútandi.

[21:03]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir þetta svar er ég litlu nær. Ég hef heyrt það áður að það standi til að flytja frumvörp, ég var ekki að spyrja að því hvort frv. yrðu flutt, ég var að spyrja hvenær þau yrðu flutt. Hvort þau verða flutt fyrir jól, hvort þau verða flutt eftir áramót og ég var að spyrja um þau lagaákvæði sem eru í gildi varðandi Hagræðingarsjóðinn, hvort þeim verður beitt eða hvort það verður þá flutt frv. þess efnis að beita þeim ekki. Ég sé ekki annað en stjórn sjóðsins verði að beita þessum lagaákvæðum sem eru skýr og ótvíræð. Ég var að spyrja um einhverjar tímasetningar í þessu efni og hvort ríkisstjórnin hefur komið sér saman um þessi mál.

[21:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ítreka að það verður flutt frv. um að nota aflaheimildir Hagræðingarsjóðs í þessu skyni. Ríkisstjórnin gaf út yfirlýsingu þar um á sínum tíma og við hana verður staðið.

[21:04]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég er enn þá ekki miklu nær og held að ég verði að taka einu sinni enn til máls þegar ég fæ rétt til þess á eftir því ég á einn ræðutíma eftir og spyrja hæstv. umhvrh. um málið ef hann væri einhverju fróðari. En ég spyr enn: Á að flytja þessi frumvörp fyrir jól eða ekki? Ég hef ekkert svar fengið við því. (**ÓRG:** Hvaða jól?) Hvaða jól, já? Fyrir þessi jól, sem eru núna að venju í lok desember. Ég hélt að hv. þm. væru ekki farnir að hugsa lengra. Ég hugsa ekki lengra að minnsta kosti í bili heldur en ljúka þeim verkum sem þarf að ljúka fyrir jólin. Hvað verður? Á að flytja frv. um það fyrir jól að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs?

Ég held að sjómenn úti um allt land og útgerðarmenn bíði eftir þessu svari. Ég skil það ósköp vel að hæstv. sjútvrh. eigi í erfiðleikum með að svara þessu því auðvitað er ekkert samkomulag í ríkisstjórninni um þessi mál, um undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar, og hefur ekki verið svo frá því að ríkisstjórnin var stofn-

uð. Það er ekkert auðvelt að svara þessu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Næstur á mælendaskrá er hv. 4. þm. Norðurl. e. en hann mun ekki vera kominn í þinghúsið og enn fremur er ekki kominn í þinghúsið hæstv. heilbrrh. sem einnig var á mælendaskrá.

Forseti mun gera örstutt hlé meðan athugað er hvort von sé á hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég við hv. þm. að hafa biðlund á meðan það verður kannað nánar. — Upplýsingar hafa borist um að ekki sé von á hv. 4. þm. Norðurl. e. til fundarins og það liggur enn fremur fyrir að hæstv. heilbrrh. hefur óskað að láta taka sig út af mælendaskrá.

[21:09]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið óskað í dag eftir svörum frá hæstv. forsrh., hæstv. fjmrh., hæstv. sjútvrh. og hæstv. heilbrrh. Þær spurningar sem hafa verið bornar fram eru allar um efnisatriði sem snerta það frv. sem hér er til umræðu. Ég trúi því ekki að það sé virkilega þannig að enginn þessara hæstv. ráðherra ætli að svara. Ekki einu sinni hæstv. fjmrh. sem þó er flutningsráðherra þessa frv. Ef það er virkilega þannig að ráðherrarnir ætla að umgangast þingið með þessum hætti þá er ég hræddur um að það þurfi að endurskoða ýmislegt hér því við höfum reynt að greiða fyrir þingstörfum með eðlilegum hætti í allt haust. En menn verða þá að taka þátt í umræðu í þinginu. Þannig að ég vil biðja hæstv. forseta að sjá til þess að umræðu verði frestað um smástund þar til hæstv. ráðherrar hafa tíma og aðstöðu til þess að svara þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram.

[21:10]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Um fundarstjórn þessa fundar þá vil ég einungis minna á að í umræðum í dag sem hafa tekið nokkuð langan tíma, óvenjulega langan tíma, hafa hv. þm. tekið til máls og ég veit ekki betur en hæstv. ráðherrar hafi reynt eftir megni í andsvörum sínum að láta fram koma svör við fyrirspurnum eða mótmæli við staðhæfingum eins og þeir hafa heimild til að gera samkvæmt þingsköpum. Sé hins vegar einhverjum fyrirspurnum ósvarað þá getur auðvitað hv. þm. endurtekið þær eða komið þeim til okkar því allra síst vil ég a.m.k. verða til þess að þessi umræða dragist á langinn vegna þess að það liggja ekki fyrir svör við fyrirspurnum sem eðlilegt er svara í þessari umræðu og fjalla um efnisatriði frv. Sé svo þá er auðvitað sjálfsagt að verða við ósk hv. þm. Ég man fyrst og fremst eftir einu atriði, því atriði hafði ég svarað fyrr á þessu þingi mjög ítarlega en það snertir rétt Hæstaréttar til þess að taka sér laun. Það svar stendur. Það hefur ekkert breyst í þeim efnum og hv. meiri hluti fjárln. hefur fjallað um það mál og hefur ekki gert breytingartillögur við frv. þannig að ég álít að hv. nefnd muni ætlast til þess og leggur það til að þetta atriði frv. verði samþykkt. Hins vegar vitum við um minnihlutasjónarmiðin, þekkjum tillögu hv. þm., sem hefur verið lýst hérna og margoft hefur komið fram að auðvitað hlýtur hv. Alþingi að ráða. Þannig að ég kannast ekki við að það séu efni til þess að svara sérstaklega fleiri fyrirspurnum. En ef hv. þm. er með þær og flytur þær í umræðum hér þá er sjálfsagt að verða við því eða kemur þeim til mín með öðrum hætti, þá skal ég a.m.k. reyna eins og ég get.

[21:13]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var fjöldi fyrirspurna sem hér var borinn fram sem ekkert hefur verið vikið að. Ég bar hér fram ýmsar fyrirspurnir til hæstv. forsrh., hann svaraði engri þeirra í sinni ræðu. Þær snertu yfirlýsingu Alþýðusambandsins, þær snertu yfirlýsingu formanns BSRB og forseta ASÍ, þær snertu yfirlýsingar seðlabankastjóra varðandi vexti í bankakerfinu og fjölmargt annað sem snertir tengslin á milli þess halla ríkissjóðs sem hér er verið að afgreiða í þessu frv. og vaxtastefnunnar í landinu.

Ég bar enn fremur fram ýmsar aðrar spurningar. Ég bar fram þá spurningu hvort inn í þetta frv. ætti að taka upphæð vegna úrskurðar kjaranefndar um presta. Það hefur ekkert svar komið við því. Ég spurði einnig að því skýrt hvort það ætti ekki að endurskoða upphæðina til Hæstaréttar í ljósi úrskurðar Kjaradóms. Hæstv. fjmrh. var núna fyrst að svara því, undir athugasemdum um störf þingsins, og þannig mætti lengi telja.

Hæstv. heilbrrh. hefur fengið fjölda fyrirspurna í þessum umræðum. Mér var tjáð að hv. þm. Jón Kristjánsson hefði fallist á það að hann yrði í burtu í einhvern smátíma í upphafi fundar í kvöld, en það jafngilti því ekki að hæstv. heilbrrh. (**JónK:** Ég sagðist ekki ætla að beina til hans spurningum.) þyrfti ekki að svara neinu af því sem borið var fram í umræðum í dag. Við höfum engan áhuga á að lengja þessa umræðu, hæstv. fjmrh., en við viljum fá svör. Það er ekki sanngjarnt um að biðja okkur að nota seinni ræðutímann sem við höfum til að endurtaka spurningar og hafa svo engan rétt til þess að tjá okkur eitthvað um svörin nema í andsvörum.

[21:14]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða er að taka undarlega stefnu. Hér rétt fyrir kvöldverðarhlé beindi ég fjölmörgum spurningum til hæstv. heilbrrh. Ég hélt því fram að það væru að gerast óhöpp á sjúkrahúsunum vegna niðurskurðar á fjármagni til þjónustu. Borgarspítalinn hefur beðið um 116 millj. á þessu ári vegna þess sem þeir hafa farið fram úr fjárlögum. Í kvöldfréttum í kvöld staðfesti landlæknir þessar ásakanir mínar að þess væru dæmi að slys yrðu á sjúkrahúsunum vegna skorts á fjármagni og síðan leyfir hæstv. heilbrrh. sér, sem talaði út í hött um þessi mál, að vera fjarverandi þegar dregur að lokum þessarar umræðu. Ég vil fá svör frá honum hvort það standi til að Borgarspítalinn fái það fé sem hann vantar til að geta haldið uppi sæmilegri þjónustu. Ég á allan rétt á því svo og allur þingheimur að heyra hvað menn eru að hugsa þar á bæ og ég vil biðja hæstv. forseta að skerast í leik-

inn og kalla hæstv. heilbrrh. til þannig að þessari umræðu geti lokið. Við erum ekkert að leika okkur. Það er ástæða fyrir því að við stöndum hér klukkan hálftíu að kvöldi. Við erum að bíða eftir að fá niðurstöðu og svör við því sem við höfum verið að ræða í dag.

[21:16]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég minntist á í ræðu minni áðan að hæstv. heilbrrh. hefði haft samband við mig. Hann gerði það í kvöldmatartímanum og spurði mig hvort ég mundi beina til hans orðum af því að hann vissi að ég var fyrstur á mælendaskrá. Ég sagðist ekki mundu gera það og hann hefur verið við umræðuna í dag en okkur fór ekkert annað á milli. Ég vil láta það koma fram að ég sagði eingöngu svo að ég mundi ekki beina til hans spurningum í minni ræðu. Annað veit ég ekki um hans fjarvistir.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Umræðum um fundarstjórn er lokið. Forseti vill taka fram að nú þegar eru komnir tveir hv. þm. á mælendaskrá. Forseti mun láta kanna það hvort hæstv. heilbrrh. kemst til fundarins en þrír hæstv. ráðherrar aðrir eru hér í húsinu eins og óskað hafði verið eftir áður en fundi var frestað.

[21:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Eins og allir vita liggur dálítið á að koma þessu máli áfram en mér finnst eðlilegt að það sé orðið við óskum ...(**ÓRG:** Við viljum hafa ráðherrana hérna.) Ég veit ekki, forseti, hver það er sem stjórnar fundi en mér heyrist hv. 8. þm. Reykn. vera búinn að taka að sér það hlutverk óbeðið.

(**Forseti** (PJ): Hæstv. ráðherra hefur orðið. (**ÓRG:** Ég var að biðja ráðherrana að koma hér.) Ekki samtal. *Hæstv. ráðherra hefur orðið.*)

Ég ætlaði að segja það að mér finnst eðlilegt að verða við óskum hv. stjórnarandstæðinga en ég minni á að í umræðum í dag tók hæstv. heilbrrh. margoft til máls og ég vissi að hann gerði það sem í hans valdi stóð til þess að greiða fyrir umræðum með því að svara jafnóðum í andsvari þeim fyrirspurnum sem til hans var beint. Ég vil enn fremur taka það fram að í ræðu hv. 8. þm. Reykn. voru auðvitað góðir sprettir. Það var út af fyrir sig ræða sem var kannski eðlilegt innlegg í *eldhúsdagsumræður en það voru yfirleitt ekki efnisatriði* sem áttu beinlínis heima í þessari umræðu. Hitt er annað mál að það er sjálfsagt að verða við þeim óskum hv. þm. að reyna að svara þeim fyrirspurnum sem hann hefur beint, a.m.k. til þess ráðherra sem fer með málið og hann á auðvitað fullan rétt á því eins og hann hefur sagt sjálfur.

Það hefur verið minnst á kjaranefnd sem skipuð var á sínum tíma og niðurstöður hennar eða úrskurð sem varðar presta og hvaða áhrif það gæti haft á kjarasamninga. Um það er ekkert hægt að segja á þessari stundu. Ég get þó upplýst það að mér sýnist að það þurfi ekki að hafa þær afleiðingar að kjarasamningar frestist a.m.k. ekki við þá aðila sem samninganefnd ríkisins hefur verið að tala við upp á síðkastið. Ég get þó sagt frá því hér að í fréttum í kvöld, ef það hefur farið fram hjá hv. þingmönnum sem eru að spyrja um þetta atriði, þá kom í ljós að BHMR virðist telja sínum hag betur borgið með því að fresta um sinn viðtölum við samninganefnd ríkisins. Það liggur reyndar nokkuð í eðli máls því allir vita að þeir samningar sem hafa verið gerðir, bæði á almennum vinnumarkaði og nú á vegum ríkisstjórnarinnar og BSRB, hafa verið samningar sem fyrst og fremst hafa komið að notum þeim sem allra lægst hafa launin. En sem betur fer eru fáir eða fæstir þeirra og nánast engir innan raða BHMR.

Ég hef að sjálfsögðu eins og aðrir hv. þm. heyrt hvað hefur komið frá Alþýðusambandi Íslands en ég minni á að hæstv. forsrh. fjallaði um það málefni í andsvari í dag og ég er að sjálfsögðu fyllilega sammála því sem fram kom hjá honum.

Ef það mætti greiða fyrir umræðunni og án þess að ég hafi nokkurn rétt til þess að tala fyrir hönd hv. nefndar eða nefndarmeirihluta, þá finnst mér ekki úr vegi ef það þarf að ná fram sérhæfðum spurningum til ráðherra sem ekki á þess kost að koma hér nú og fá upplýsingar í nefndinni fyrir 3. umr. því auðvitað er ein umræða eftir í málinu og þannig getur þingheimur og einstakir hv. þm. fengið þær upplýsingar sem þeir telja sig eiga rétt á til þess að geta tekið frekari þátt í þessari umræðu. Það kom fram af hálfu hv. stjórnarandstæðinga rétt áðan að þeir teldu sig ekki geta fórnað ræðu í sjálfri umræðunni af því að þá töluðu þeir sig dauða, að því er mér skildist. En í staðinn voru hafnar að nokkru leyti efnisumræður undir þingskapaumræðu.

Ég held, virðulegi forseti, að ég hafi reynt að svara þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint með þessum hætti og ég vonast satt að segja til þess að það liðki til við þetta mál því ég hygg að það græði í raun og veru enginn á því að þetta mál dragist á langinn, ekki síst eftir að ljóst er, að því er ég tel, að málið geti gengið a.m.k. einn fund til hv. nefndar áður en 3. umr. getur átt sér stað sem ekki verður fyrr en eftir helgi, en mér er kunnugt um það að hv. nefnd mun hittast áður en næstu fundir verða hjá hv. Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég vona að ég hafi a.m.k. komið að þeim málum sem til mín var beint í þessari umræðu.

[21:24]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt að hæstv. fjmrh. sé að gera tilraun til þess að svara þá er það ekki tæmandi, hæstv. ráðherra. Ég spurði að því og spyr enn: Er það tillaga ríkisstjórnarinnar að upphæð sem samsvarar kjaranefndarúrskurði til presta verði tekin inn í þetta fjáraukalagafrv.? Það hefur ekki komið neitt svar við því.

Í öðru lagi spurði ég að því hvort ríkisstjórnin ætlaði að halda til streitu að Hæstiréttur héldi sinni sjálftöku þótt að *Kjaradómur* væri *búinn* að úrskurða honum annað og má skilja fyrri ræðu ráðherrans í kvöld að svo sé?

Í þriðja lagi sagði hæstv. ráðherra að forsrh. hefði í andsvörum í dag svarað spurningu minni um afstöðu ríkisstjórnarinnar til yfirlýsingar miðstjórnar Alþýðusambandsins. Ég var að vísu ekki alveg allar mínútur umræðunnar en sat þó nokkuð í umræðunum, ég heyrði ekkert svar frá hæstv. forsrh. við því. Það er a.m.k. ljóst að þegar ég bar upp þá fyrirspurn til hans í dag þá kom ekkert svar við þeirri spurningu, ekki neitt. Þannig að það væri fróðlegt að fá frá hæstv. fjmrh. hvenær hæstv. forsrh. svaraði þeirri spurningu í umræðunni í dag, sérstaklega þegar hæstv. fjmrh. sagðist vera sammála svari hæstv. forsrh.

Því miður er það þannig, hæstv. ráðherra, að þetta er ekki nóg. Við höfum engan áhuga á því að lengja þessa umræðu en ég vona að hæstv. ráðherra skilji það og hæstv. forseti skilji það einnig, sem sat í fjárln. þegar sá sem hér stendur var fjmrh., að það er forsenda þess að við getum lokið þessari umræðu að það sé gerð a.m.k. tilraun til þess að svara þeim spurningum sem við berum fram. (Forseti hringir.) Og má ég minna á það í því sambandi að þegar Sjálfstfl. fannst ekki vera svarað á síðasta kjörtímabili þá óskaði Sjálfstfl. einfaldlega eftir að umræðum væri frestað þar til svör væru veitt.

[21:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fjármögnun nýrrar ákvörðunar kjaranefndar um laun presta skal það tekið fram að að sjálfsögðu verður frv. fyrir næsta ár skoðað með tilliti til þess, eins og siður er að gera, áður en það er samþykkt við 3. umr. sem væntanlega verður. Varðandi þetta ár, þennan mánuð sem eftir er, skal þess getið að það er, hv. þm., liður í fjmrn. sem gerir ráð fyrir því að mæta óvissu og breytingum sem verða á launum eins og hér er um að ræða, kafla úr árinu.

Komi það hins vegar í ljós sem ég hef ekki upplýsingar um að farið verður út fyrir þann lið þá þarf auðvitað að mæta því og það gefst tækifæri til þess, annað hvort fyrir 3. umr. eða við síðara fjáraukalagafrv. sem á eftir að koma því hér er um útgjöld að ræða sem ekki er hægt að segja á þessari stundu nákvæmlega hvernig falla og nákvæmlega hvenær verða greidd en ég hygg að til sé fyrir á lið sem er ætlaður fyrir útgjöld af þessu tagi. Það veit hv. þm., sem er fyrrv. fjmrh., að margoft hefur það gerst, ekki síst á þeim tímum sem hann var ráðherra, var samið við heilu hópana og auðvitað var þeim borgað út án þess að það væri fjáraukalagafrv. á ferðinni eða fjárlög. Það liggur auðvitað í eðli málsins og er öllum ljóst að ríkið verður að borga þeim laun sem ríkinu ber að borga og vona ég að hv. þm. sé sammála mér um það.

[21:29]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að það er almennur liður sem ætlaður er til að mæta slíkum breytingum. En það hefur hins vegar vakið athygli, hæstv. ráðherra, að fjmrh. sá ekki ástæðu til að nota þann lið hvað snertir sjálfstöku yfirvinnugreiðslu Hæstaréttar og auknar launagreiðslur til dómaranna. Þar fer ráðherrann fram með þeim hætti að setja það sem sérstakan lið inn í þetta fjáraukalagafrv. og biðja um fjárveitingu í það. Fyrst nauðsynlegt er að biðja um sérstaka fjárveitingu vegna launahækkunar hæstaréttardómara þá er eðlilegt að menn spyrji af hverju sama reglan sé ekki notuð hvað snertir launahækkun til presta.

Hins vegar svaraði hæstv. fjmrh. engu síðari spurningu minni, ekki einu orði. Það var spurningin hvenær hæstv. forsrh. hefði svarað spurningu minni um afstöðu hans til yfirlýsingar Alþýðusambandsins sem fjmrh. vitnaði í fyrr að forsrh. hefði gert og sagðist meira að segja vera sammála því svari. Ég heyrði ekki það svar. Fyrr en fjmrh. getur staðfest það fyrir mig og lýst hvað í því var þá er ekki hægt að ljúka þessari umræðu nema hæstv. forsrh. komi og svari þeim spurningum sem til hans var beint. Það er ekki í þágu forsrh. eða hæstv. ríkisstjórnar að forsrh. sýni ekki þá lágmarkskurteisi að gera a.m.k. tilraun í almennum umræðum til þess að svara þeim fáeinu spurningum sem til hans hefur verið beint. Því ítreka ég það til hæstv. forsrh. sem hér er í húsinu og til forseta að forsrh. láti okkur heyra svör sín við spurningum sem hér hafa verið bornar fram.

[21:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal viðurkenna að ég get ekki nákvæmlega sagt hvenær þetta svar var gefið, ég skal viðurkenna það líka að það er ekki víst að það hafi verið í umræðunum í dag, en það var a.m.k. gefið svo skýrt að mér er alveg óhætt að lýsa því yfir enn einu sinni að ég er sammála svari hæstv. forsrh. en það svar var efnislega á þá leið að þessi úrskurður kjaranefndarinnar mundi ekki að hans áliti hafa fordæmisgildi fyrir aðra. Vona ég a.m.k. að þetta skýri málið.

Síðan vík ég að fyrri hluta fyrirspurnarinnar, þ.e. sem snýr að hæstaréttardómurum. Það er ólíku saman að jafna úrskurði kjaranefndarinnar sem okkur ber að hlíta eins og um kjarasamning væri að ræða og hins vegar þeirri niðurstöðu sem kemur frá Hæstarétti um það að greiða yfirvinnu sem sé tilkomin vegna aukins vinnuálags. Það verður auðvitað stofnunin sjálf að standa undir eða sækja um leyfi til þess að fá fjármagn til þess en þess ber að geta að þegar sú ákvörðun var tekin af hálfu Hæstaréttar giltu í landinu önnur lög um Kjaradóm og kjaranefnd en nú gilda því þá giltu gömlu lögin um Kjaradóm og á grundvelli úrskurðar þess kjaradóms taldi Hæstiréttur sig geta tekið þessi laun. En síðan, eða rétt eftir áramótin síðustu, breyttist íslensk löggjöf og eftir það er alveg ljóst að úrskurður Kjaradóms og kjaranefndar hlýtur að gilda jafnt um hæstaréttardómara eftir að sá úrskurður kom eins og um aðra þá sem undir þessi nýju lög heyra.

[21:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið nokkuð fjörleg umræða í dag og margt nefnt sem hefur verið forvitni-

legt að fylgjast með, sérstaklega svörum hæstv. ráðherra sem hafa verið ýmist engin eða jafnvel í skötulíki. Ég verð að segja það að þennan þriðja vetur sem ég sit hér þá þykir mér það áberandi verra núna hversu ráðherrar leyfa sér meira en áður að hunsa spurningar þingmanna. Ég vona að það sé ekki þróun sem hefur orðið í kjölfar mannabreytinga hjá Alþfl. að hinir ungu menn og nýju ráðherrar ýti undir þessa þróun og vænti þess frekar að þeir mundu beita sér fyrir því að svara skynsamlega og svara yfir höfuð spurningum sem til þeirra er beint. En ég get tekið undir það sem hér kom fram í máli hv. 8. þm. Reykn. að þegar þeir tveir ráðherrar svöruðu spurningum hans, hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh., þá var ekki neinum spurningum svarað af þeim sem þingmaðurinn bar fram. Það get ég alveg vottað því ég fylgdist grannt með þeirri umræðu. Mér fannst satt að segja sú andsvaralota vera með mesta móti út í hött, sérstaklega af hálfu hæstv. ráðherra, og verð að segja af því að það er ólíkt þeim að vera svo ómálefnalegir að það komi mér á óvart hversu langt þeir leyfðu sér að ganga í þessu efni.

En það sem mig langar til að vekja aðeins máls á er einmitt staðan í byggðamálum. Þegar maður les það sem er í þessu frv. til fjáraukalaga um byggðamál þá er það ekki mikið og greinilegt að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki nein áform um sérstakar aðgerðir í þeim efnum þrátt fyrir að Byggðastofnun hafi sent inn sérstakt erindi til ríkisstjórnarinnar með formlegri beiðni um fjárstuðning. Ég vil óska eftir því við hæstv. forsrh. að hann svari því í þessari umræðu hver áform ríkisstjórnarinnar eru í þeim efnum sem erindi Byggðastofnunar lýtur að. Það kemur fram í athugasemdum með þessu frv. að áætlað er að leggja fram á haustþingi frv. um þróunarsjóð sjávarútvegsins. Nú er haustþingi senn að verða lokið og ekki bólar á frv. og hæstv. sjútvrh. fæst ekki til að upplýsa hvenær frv. verður lagt fram. Hann hefur ekki einu sinni fengist til þess að upplýsa fyrir hvaða jól frv. muni fram koma. En það er afar mikilvægt fyrir marga útgerðarstaði að fá vitneskju um það hvað á að gera við þær aflaheimildir sem liggja í Hagræðingarsjóði og samkvæmt laganna hljóðan á að selja fyrir fé af yfirstandandi fiskveiðiári og átti að bjóða þær til sölu strax í september í haust. Þannig að miðað við laganna hljóðan eins og þau er í dag þá átti þetta fé að vera komið inn í ríkissjóð og aflaheimildirnar á auðvitað að óbreyttum lögum að selja svo fljótt sem auðið er.

Hér er ekki að finna neina breytingu á þeim lögum sem hefur svona bein áhrif á fjárhag ríkissjóðs og tengist því þessu frv. að það er eðlilegt að menn spyrji eftir því.

Nýlega var birt samantekt yfir afla, sundurliðaðan eftir landshlutum, miðað við fyrstu 10 mánuði þessa árs. Það er fróðlegt að skoða greiningu á þeim tölum því þá verður mönnum ljóst hversu knýjandi er að menn svari spurningum um hvað á að verða um aflaheimildirnar í Hagræðingarsjóði. Þá verður mönnum líka ljóst hvers vegna menn eru svona misjafnlega háværir eftir landshlutum. Það er vegna þess að menn hafa skipt gæðunum misjafnt eins og þingheimur veit. Menn vita hvernig ákvarðanirnar voru teknar á sínum tíma um það magn sem mátti veiða úr fiskstofnunum og hvað það var aukið úr sumum stofnum á móti því að það var skert í þorski. Þetta hafði í för með sér að aflaheimildir jukust jafnvel hér á suðvesturhorninu á meðan þær drógust saman annars staðar, misjafnlega mikið, en þó mest á Vestfjörðum. Þetta endurspeglast í tölum yfir heildarafla yfir fyrstu 10 mánuði þessa árs. En þar kemur fram að á Suðurlandi jókst aflinn fyrstu 10 mánuði þessa árs borið saman við fyrstu 10 mánuði síðasta árs um 1,1%. Á Vesturlandi jókst aflinn um tæp 11%. Á Reykjanesi jókst aflinn um rúm 13% samkvæmt þessu yfirliti. Síðar var samdráttur á Austfjörðum um 7% eða 3.700 tonn. Á Norðurlandi um 7,9% eða 6.800 tonn. En á Vestfjörðum var samdrátturinn þessa fyrstu 10 mánuði ársins 21% eða 12.397 tonn. Er það von að höggið komi þyngst þar niður og fyrst þar sem samdrátturinn er mestur? Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að mæta því? Hún sagðist ætla að draga úr áfallinu sem menn kalla svo þegar þorskveiðar eru dregnar saman. Þessar tölur staðfesta að það hefur ekki verið jafnað, þvert á móti, það hefur ekki verið jafnað. Og ég spyr hæstv. forsrh., yfirmann byggðamála á landinu: Hvað ætlar ríkisstjórnin að gera til að draga úr þessu áfalli?

Menn geta lesið t.d. í síðasta tölublaði Ægis um skuldastöðu sjávarútvegs eins og þá grundvallarstaðreynd sem þar kemur fram að skuldir í sjávarútvegi eru verulega hærri en útvegurinn getur borið. Þar kemur t.d. fram að ársveltan sé um 70 milljarðar og það sé þumalfingursregla að skuldþol atvinnugreinarinnar sé jafnmikið. En skuldirnar eru hins vegar um 86 milljarðar kr. eða um 16 milljarðar umfram það sem greinin er talin þola. Það hlýtur auðvitað, hæstv. forseti, að kalla á aðgerðir af hálfu ríkisstjórnar sem ætlar að vera marktæk í atvinnumálum hvort sem það eru sértækar aðgerðir eða almennar aðgerðir. Ríkisstjórnin getur valið um það að mínu viti. En engin ríkisstjórn getur leyft sér að gera ekki neitt. Það er alveg ljóst. Miðað við þær aðstæður sem eru í sjávarútvegi hvað varðar skuldsetningu og samdrátt á afla sem þegar er kominn mjög harkalega niður á einu svæði landsins og mun svo koma fram af miklum þunga á öðrum stöðum, eins og Norðurlandi og Austfjörðum þegar líður á vetur, verður ríkisstjórnin að grípa til aðgerða. Það er ljóst. Að öðrum kosti er hún að framkalla fjöldagjaldþrot fyrirtækja með tilheyrandi atvinnuleysi. Það atvinnuleysi eru menn að sjá í tölum í fjáraukalögum að kostar mikla peninga. Það er hægt að leggja nokkuð á sig til að komast hjá því að verða fyrir slíku áfalli.

Það má minna á það að ekki hefur farið fram nein umræða um byggðamál í þinginu í tvö ár. Það var engin umræða á síðasta hausti og umræðunni sem átti að verða í haust var frestað og ég hef ekki fengið fréttir af því hvenær hún eigi að verða. En mér þykir sjálfum nokkuð ljóst að hún verður varla á þessu haustþingi. Þannig að ekki fáum við tækifæri til þess fyrir jól að fara yfir þau mál og inna hæstv. ríkisstjórn eftir því hvað hún ætlar sér að gera í þessum efnum á þessu ári.

Ég vel því þann kost að inna eftir þessu núna enda á það fullt erindi inn í þessa umræðu svo nátengt sem það er fjármálum ríkissjóðs á ýmsa vegu og aðgerðir sem gripið verður til ef það verður hljóta að koma við pyngju ríkissjóðs sem og annarra og verður því að gera ráð fyrir þeim á fjáraukalögum.

Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forsrh. hafi heyrt þær spurningar sem ég beindi til hans. Ég spurði hann almennt um áform ríkisstjórnarinnar í þessum efnum, hvað hún hygðist gera til að jafna þetta áfall sem sjávarútvegurinn hefur orðið fyrir og er misjafnt og nefndi sérstaklega Vestfirði þar sem samdráttur í afla hefur á þessu ári orðið 21% á fyrstu 10 mánuðum þessa árs. Það segir sig sjálft að það er gríðarlegt áfall og einkum þegar litið er til þess að stór hluti af þeim samdrætti er vegna þorskveiða, að það kemur við atvinnulíf og það kemur við stöðu atvinnufyrirtækja. Það væri hlálegt þó það sé grafalvarlegt mál ef það ætti fyrir mönnum að liggja að það væri undir stjórn Sjálfstfl. sem öll helstu sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum færu á hausinn. Það þætti einhvern tímann saga til næsta bæjar ef stjórn þess flokks í atvinnumálum væri með þeim hörmulega hætti að undir þeirri stjórn þrifist ekki þessi grundvallaratvinnuvegur landsmanna.

En í trausti þess að hæstv. forsrh. komi hér til svara af hálfu ríkisstjórnarinnar við spurningum mínum varðandi aðgerðir hvað varðar byggðamál og sjávarútveg þá læt ég máli mínu lokið að sinni en hlakka til þess að heyra svör hæstv. forsrh.

[21:46]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Til mín var beint fyrirspurn fyrr í dag af hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur, sem er raunar ekki í salnum í andartakinu, en í trausti þess að hún heyri mál mitt þá vil ég taka á nokkrum þeim atriðum sem hún nefndi. Hún ræddi það og vísaði til orða landlæknis, Ólafs Ólafssonar, í þeim efnum að svo mætti ætla að sökum þess að ákveðnar hagræðingaraðgerðir, ákveðnar sparnaðaraðgerðir, ákveðin uppstokkun í heilbrigðiskerfi sjúkrahúsa í Reykjavík hefði leitt til þess að slysum við lækningu sjúkra hefði fjölgað og leiða mætti getum að því og renna mætti stoðum undir það að það mætti rekja beinlínis til þessara aðgerða. Ég ætla mér það ekki að reyna að finna orðum landlæknis stað í þessum efnum. Ég vil hins vegar segja það eitt að það er þannig því miður þegar mannanna verk eru annars vegar og ekki síst í þessum viðkvæma málaflokki, að það hefur verið þannig og verður því miður þannig um ókomna tíð að mistök af mannanna völdum verða á sjúkrahúsum. En það að leiða og gera beint orsakasamhengi milli þeirra skynsamlegu aðgerða sem gripið hefur verið til varðandi verkaskiptamál, varðandi þær umræður og aðgerðir sem gripið hefur verið til um ýmsa hagræðingu, ég tel það af og frá og segi það eitt að sá sem þetta fullyrðir verður að finna þeim orðum stað og tíunda það í dæmum.

Annars vil ég segja það um þá umræðu sem hér hefur verið í dag og að vissu marki hefur lotið að heilbrigðismálum og að sönnu þeim tillögum hér í frv. til fjáraukalaga sem lúta að því ráðuneyti að það má segja í stuttu máli að flest allt það sem fyrri hv. þm. hafa drepið á í dag megi draga saman í einu málefni og það eru verkaskiptamál sjúkrahúsa í Reykjavík. Að sönnu er það auðvitað stórt mál. Það er ekki síst stórt mál vegna þess, eins og ég hygg að hv. þm. sem sitja einnig í hv. fjárln., heyrðu af vörum forsvarsmanna sjúkrahúsanna í Reykjavík í morgun sem margir ræðumenn vitnuðu til, þeir finna fyrir því í auknum mæli sem hin umdeilda sjúkrahúsaskýrsla um sjúkrahús í Reykjavík og á landinu öllu sagði til um, að í stríðum straumum kemur fólk hingað til Reykjavíkur fram hjá sínum heimasjúkrahúsum að sækja sér lækningu sem í sumum tilfellum og allt of mörgum er hægt að finna heima í héraði. Þetta er ein skýringin.

Jafnframt var þess látið getið á þessum umræddu fjárlaganefndarfundi í morgun og sumir höfðu það eftir ónefndum forsvarsmönnum sjúkrahúsa í Reykjavík að þeir bæðu um frið. Aðrir ræðumenn höfðu hins vegar á því orð að nú væri þannig komið að forsvarsmenn þessara spítala vildu fá umbun erfiðisins og vildu að þeir nytu þess árangurs sem þeir höfðu sýnt í hagræðingu og sparnaði. Svo kom þriðji flokkur ræðumanna og ræddi um að það væri alls enginn sparnaður. Allt þetta fimbulfamb væri ekki til neins, leiddi aðeins til aukins kostnaðar. Þannig að mér gengur satt að segja ákaflega erfiðlega að samsafna þessar þrjár gagnrýnisraddir sem hér hafa hljómað af vörum stjórnarandstæðinga í dag og vil því segja almennt um þetta mál að ég hygg að nú sé svo komið að allir séu um það sammála í þessum þremur spítölum og alls staðar þar sem menn þekkja til og koma nærri að þau skref, sem stigin hafa verið m.a. með því að fækka bráðaþjónustu á spítölum hér í Reykjavík úr þremur í tvo, hafi verið skynsamleg skref. Ég ætla mér ekki að fara í tölfræði og deilur um krónur og aura til eða frá en gæti það svo sannarlega. En ég hygg að hver maður sjái þetta. Er einhver vitglóra í að halda úti því sem næst í sumum tilfellum jafngildri þjónustu á þremur sjúkrahúsum á svæði sem telur 150.000 manns og byggja upp samsvarandi þjónustu á öllum þessum stöðum? Ég held að það svari því enginn játandi. Ekki forsvarsmenn þessara spítala og ekki nokkur maður sem nærri kemur. Þess vegna hafa menn tekið skref þótt í smáum stíl sé og eru að ræða næstu skref í þessa veru, spyrja sig gagnrýnna spurninga á borð við þær, eins og raunar hv. þm. Finnur Ingólfsson kom hér inn á, fyrrv. aðstoðarmaður fyrrv. heilbrrh. hér á árum áður, hvort einhver vildi til að mynda sjá háls-, nef- og eyrnadeildir á öllum þremur spítölunum? Hvort einhver vildi sjá glasafrjóvgunardeildir á öllum þremur spítölunum? Hvort einhver vildi sjá geislalækningadeildir á öllum þremur spítölunum? Nei, ég hygg að allir svari þessu neitandi. Og einmitt í því ljósi hafa verið í gangi mjög ítarlegar og ígrundaðar viðræður og umræður undir forsæti heilbrrn. með forsvarsmönnum þessara spítala þar sem þess hefur verið freistað að ná um það nokkuð skynsamlegri niðurstöðu hvernig þessari verkaskiptingu milli sjúkrahúsanna yrði best háttað.

Það er auðvitað ekkert launungarmál að menn eru

ekki sammála um meginstef í því sambandi. Það þarf ekki að fara aftar í tíma en tæp tvö ár til að rifja það upp að forsvarsmenn Ríkisspítalanna hafa sagt og segja enn, og vísa til skýrslu Ernst & Young í því sambandi, ef ég man nafn þessarar útlendu endurskoðunar- og sérfræðiskrifstofu rétt, að hjá dvergríki á borð við okkur Íslendinga væri ekki vit í öðru en því að eitt hátæknisjúkrahús, eitt háskólasjúkrahús yrði til staðar hér í Reykjavík. Á hinn bóginn hefur því verið haldið fram, einkanlega af hálfu forsvarsmanna Borgarspítala, að það væri brýn nauðsyn á því að það yrði eitthvert val í mörgum tilfellum. Það yrði að vera hægt að bera saman fjárhagslega og faglega tvær tiltölulega sjálfstæðar stofnanir og því ætti að halda áfram úti tveimur tiltölulega jafnsterkum spítölum á borð við Borgarspítala og Landspítala og grundvalla framtíðina á þeim veruleika. Enginn, hygg ég — ég hef a.m.k. ekki heyrt þann mann síðan ég settist í þetta ráðuneyti né áður en ég gerði það — heldur því fram lengur að það þurfi að vera þríliðað í þessu. Að það þurfi að halda úti þremur jafngildum stofnunum, Borgarspítala, Ríkisspítölum og Landakoti. Það er ekki lengur til staðar. Nú vilja menn hins vegar reyna að ná um það samkomulagi hvaða verkefni, sértæk verkefni, verði á hverri stofnun fyrir sig — sums staðar verði þau á báðum stofnununum, í sumum tilfellum aðeins á einni — og reyna að ná um þetta nokkuð víðtækri samstöðu, að við komum á tiltölulega góðri, skýrri og skilvirkri verkaskiptingu því það er alveg hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni að þróun mála fram undir þetta, og ég hygg að forveri minni hv. þm. Guðmundur Bjarnason geti tekið undir það, þróunin hefur kannski í allt of ríkum mæli verið sú að deildir hafa til orðið og „fæðst" fyrir þann einn tilverknað að hæfur læknir hefur ráðist til einhvers þriggja spítalanna, safnað um sig traustu liði sérfræðinga, hjúkrunarfræðinga og annarra, og úr hefur orðið heil deild. Ég held að þannig getum við ekki staðið að uppbyggingu heilbrigðisþjónustu, hvorki í heild né í einstökum atriðum og því sé það mjög mikilvæg vinna sem menn hafa verið að sinna, og menn sjá kannski fyrir endann á fyrr en síðar, að koma nokkrum skikk á þetta.

Í þessu sambandi get ég ekki hlaupið fram hjá þeirri lykilspurningu sem e.t.v. er næst í tíma og menn hafa kannski hvað ólíkust viðhorf til og það er hvernig skipa skuli þjónustu við sjúk börn á spítölum í Reykjavík. Það liggur í hlutarins eðli, og af því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir kom inn á það að henni þætti þessi vistaskipti ærið kúnstug, þá hygg ég að það sé nauðsynlegt að líta til þeirrar staðreyndar sem er lykilatriði þessa máls, því allt þetta fimbulfamb og allar þessar vangaveltur byggja á því markmiði einu að gera vel við þau börn sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús. Staðreyndin er sú að á Landakoti þarfnast sú deild sem þar er annaðhvort umtalsverðra betrumbóta og lagfæringa ellegar flutnings því að viðhorf til þessara mála hafa gjörbreyst á ekkert allt of löngum tíma. Nú er það ekki lengur litið óhýru auga heldur þvert á móti talið nánast nauðsynlegt að foreldri, annað eða bæði, séu með barni sínu á meðan það liggur sína sjúkrahúsdvöl. Það er hins vegar ekkert ráð fyrir því gert á þeim barnadeildum sem eru að sönnu að sumu leyti barn síns tíma hvað aðstöðu varðar. Og foreldrar sem hafa fylgt börnum sínum í sjúkrahúslegu hafa búið við mjög þröngan kost, þurft að sofa þar í stólum eða á göngum og þar er auðvitað þörf á að taka á. Ég hygg að við eigum að nýta það lag sem nú er varðandi þær breytingar sem í aðsigi eru til þess einmitt að leggja megináhersluna á það að við notum tækifærið og gerum betur við þau börn sem þurfa að leggjast inn á sjúkrahús. Látum kannski koma í annað sætið þessar stóru spurningar sem við þurfum að svara, hvar þetta allt eigi að byggjast upp, hversu mörg pláss, ef um fleiri en einn stað er að ræða, skuli vera hérna megin eða hinum, skal þetta allt vera á einum stað, heldur hitt sem er auðvitað lykilatriði og ég hygg að ágætur sveitungi minn, hv. þm. Guðrún Helgadóttir, sé mér sammála um að við notum ferðina til þess að gera betur við þau börn sem í neyð þurfa að leggjast inn á sjúkrahús.

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort það er ástæða til að orðlengja þetta frekar á þessu stigi máls, ég vil þó aðeins segja það eitt til þess að halda því til haga í þessari umræðu að vangaveltur fyrri hv. ræðumanna um að meintur sparnaður af þessum tilfærslum meðal sjúkrahúsa í Reykjavík, meintur áformaður sparnaður í sjúkrahúsrekstri yfirleitt hefði með öllu misheppnast. Það er litið til talna í þessu frv. til fjáraukalaga. Menn verða hins vegar að skoða þann efnislega bakgrunn sem þar er að finna. Í fyrsta lagi að horfa til þess að 100 millj. vegna Landakots stafa ekki af árinu í ár, þær stafa af erfiðum rekstri síðasta ár. Ég hygg að hv. þm. Guðmundur Bjarnason hafi einmitt hitt alveg á réttan punkt í sínum vangaveltum þegar hann rifjaði það upp að það er því miður ekkert ný saga að Landakot hafi átt í rekstrarerfiðleikum og staðið uppi í árslok með mikinn halla og það án þess að umdeild verkaskiptamál hafi verið svo mjög uppi á borðum, og það án þess að menn væru að fara fram með stórar kerfisbreytingar á því sjúkrahúsi. Ég skal fyrstur manna viðurkenna það, eins og hv. þm. Guðmundur Bjarnason nefndi, að árangri var náð í þeim efnum, en það segir okkur það eitt að það er ekki nýtt undir sólinni að þetta ágæta sjúkrahús hafi lent í rekstrarörðugleikum áður. Ég hygg hins vegar að það sé fagnaðarefni öllum hv. þm. að mun betur hefur gengið á þessu ári og það standa vonir til þess að þetta sjúkrahús verði innan þess ramma sem fjárlög mörkuðu.

Varðandi Ríkisspítalana eru þar ytri aðstæður sem ráða, ekki það að forsvarsmönnum sjúkrahússins hafi mistekist í rekstri þess. Þvert á móti held ég að með fullri sanngirni sé hægt að segja að forsvarsmenn Ríkisspítalanna hafi haldið allvel á spilum og hafi tekist að ná þeim árangri í sparnaði og hagræðingu sem að var stefnt og það fer auðvitað að sönnu eftir þeim ummælum sem þeir ku hafa látið falla í hv. fjárln. í morgun að þeir vildu frá umbun erfiðisins, vildu fá að njóta þess árangurs sem þeir höfðu áður náð. En helstu ástæður þessarar viðbótar sem hér er farið fram á liggja í kjarasamningi við hjúkrunarfræðinga og það var yfirlýst við gerð þeirra kjarasamninga að fjmrn. og heil-

brrn. mundu freista þess að koma til móts við sjúkrahúsið varðandi þann útgjaldaauka sem þeim var samfara en jafnframt var það skilningur beggja að á komandi ári, fjárlagaárinu og árinu 1994, yrði það verkefni Ríkisspítalanna að leysa þennan útgjaldavanda innan síns ramma.

Þá hafa menn staldrað við Þvottahús Ríkisspítalanna og er það út af fyrir sig ekki óeðlilegt. Í fyrsta lagi hefur því verið velt hér upp hvernig á því standi. Í annan stað að Ríkisspítölum sé eingöngu bættur skaðinn að hálfu en ekki að öllu leyti. Ég tel raunar að hv. formaður fjárln., hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, hafi svarað því mjög skilmerkilega í sinni inngangsræðu í morgun. Staðreyndin er einfaldlega sú að um mitt árið lá það ljóst fyrir að um þessar tekjur yrði ekki að ræða og upplýsingar liggja fyrir um það að sjúkrahúsinu var gert viðvart um það. Ég skil það hins vegar ákaflega vel að forsvarsmenn sjúkrahússins séu ekkert allt of glaðir og kátir með það að þurfa að bera þennan skaða sjálfir og fannst satt að segja ákaflega skemmtilegt og listavel gert hjá hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni hvernig hann lagði út af því öllu saman og lagði líkum að því að nú væru Ríkisspítalarnir búnir að kaupa þetta hlutafélag, eða meinta hlutafélag sem ekki er orðið og kannski verður aldrei, einu sinni og jafnvel tvisvar og væri orðinn margfaldur eigandi að því. En svo því gríni sé sleppt þá er þetta skýringin á þessum 30 millj. sem þarna eru. (Gripið fram í.) Ég sagði: Verður aldrei, því það er ekkert launungarmál að heilbrrn. er núna fyrir 2. umr. fjárlaga að skoða þessa hluti mjög grannt því það er því keppikefli að það upplegg sem er í fjárlögum fyrir einstakar stofnanir í heilbrigðiskerfinu í heild sé grundvallað á hinu mögulega og vissulega horfum við til þeirra afdrifa sem frv. fékk á yfirstandandi ári og ég hygg að nánar geti ég um það fjallað við 2. umr. fjárlaga.

[22:05]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. talaði um að málflutningur okkar hefði gengið dálítið sitt í hvora áttina í dag í málefnum spítalanna. Það var alveg rétt að forsvarsmenn Ríkisspítalanna komu fyrir fjárln. í morgun og vildu fá umbun fyrir að hafa náð árangri í rekstri, en „nota bene" þetta var spítalinn sem slapp við sameininguna. Hæstv. heilbrrh. sagði að það væri sóun í því að byggja upp tvö hátæknisjúkrahús. Ég skildi það á honum. Ég er honum alveg sammála. En það er alveg nákvæmlega það sem var verið að gera með sameiningu Landakots og Borgarspítala að byggja upp tvö hátæknisjúkrahús sem er varað við. Hér segir um sameiningu Borgarspítala og Landspítala: „Öflugri spítali sem veitir mótvægi við Ríkisspítala og kemur í veg fyrir einokun á sjúkrahúsþjónustu. Gefur stjórnvöldum möguleika á samanburði kostnaði, afköstum og gæðum."

[22:06]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. kom víða við í ræðu sinni og fjallaði m.a. um skýrslu landlæknis en í henni kom fram að það hafi orðið slys á sjúkrahúsum vegna of mikils álags á heilbrigðissstéttum almennt. Í þessari könnun landlæknis kemur í ljós að fyrir fáum árum síðan voru það 30% starfsmanna, lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, sem kvörtuðu um streitu vegna of mikils álags. Núna eru það 45% lækna, hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða sem kvarta um óbærilegt álag vegna aukinna hagræðinga á sjúkrahúsum. Þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann ætli að bregðast við þessu. Nú er það greinilegt að mörg sjúkrahús úti á landi eiga að vera öldrunarsjúkrahús ef marka má þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Vill ekki hæstv. ráðherra heldur markaðssetja þessi sjúkrahús vítt og breitt um landið þannig að þau verði betur nýtt, þannig að það minnki álagið á Reykjavíkursvæðinu? (Forseti hringir.)

Mig langar að spyrja líka varðandi biðlistana sem koma fram í þessari sömu skýrslu frá landlækni, þá kemur í ljós að biðlistar hafa aukist, sérstaklega hvað varðar beinaaðgerðir þrátt fyrir aukna tækni. Hverju svarar hæstv. ráðherra því?

[22:08]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi fagna ég viðbrögðum af þeim toga sem hv. þm. sýndi varðandi sjúkrahússkýrsluna umræddu. Nú loksins heyri ég efnislega umræðu í þessa veru. Þetta er eitt af þeim atriðum sem eru til skoðunar, að auka verkefni sjúkrahúsa úti á landi þar sem tæki og tól eru til staðar og mannvirki og oft og tíðum mjög hæft og gott starfsfólk. Þetta er eitt af því sem við hljótum að skoða í kjölfar staðreynda sem birtast í þessari umdeildu sjúkrahússkýrslu.

Í annan stað varðandi álag á starfsfólk heilbrigðisstofnana. Ég get auðvitað ekki neitt um það fullyrt frekar en landlæknir hvað rétt er í þessu sambandi. Ég sagði það áðan og segi það aftur að því miður er það þannig og sem betur fer er það þannig líka að læknayfirvöld hafa tekið mun vasklegar nú (Forseti hringir.) og myndarlegar á þeim athugasemdum réttum eða röngum sem frá sjúklingum hafa komið og kannski er það ein skýringin að þarna hefur orðið aukning á þó að ég geti ekki fullyrt um það frekar en neinn annar.

[22:09]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur auðvitað í ljós að það vantar þessa heildarstefnu í heilbrigðismálum, hvernig má nýta þær heilbrigðisstofnanir sem fyrir eru í landinu. En ef svo fer sem horfir að það verða ekki skýr verkaskipti á Reykjavíkursvæðinu þá verða þær 700 millj. sem spara á úti um landið að litlu gagni ef hér á að fara fram brjáluð samkeppni milli þessara tveggja hátæknisjúkrahúsa. Þess vegna verður að liggja áður en lengra verður haldið skýr stefna í heilbrigðismálum almennt fyrir landið allt.

[22:10]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Sannleikurinn er nú sá að það kem-

ur fram í þessari margumræddu sjúkrahússkýrslu, sem er auðvitað merkilegust fyrir þær sakir að hún segir að undanskildum þessum tillögum bara sannleikann um bókhald viðkomandi sjúkrahúsa og það segir manni þá og veltir þeirri spurningu upp: Hefur stefnan fram undir þetta verið röng? Hvernig stendur á því að fólk sækir ekki þjónustu í heimahéraði þegar aðstaðan er til staðar, mannaflinn er til staðar? Hvað er að? Það eru þessar spurningar sem við þurfum að spyrja okkur og leita sameiginlegra svara. Eitt svarið kann að vera það sem hv. þm. nefndi hér áðan. Önnur svör kunna að liggja í tillögum þessarar embættismannanefndar sem hér hefur verið úthrópuð í þingsölum, en allt að einu hljótum við að spyrja okkur fyrst og síðast um þetta: Hefur þessi heildstæða uppbygging um land allt sem að mörgu leyti hefur verið mjög myndarleg mistekist í einhverju? Þurfum við að breyta þarna um stefnu? Ég leita eftir samstarfi og samvinnu við þingheim um það að marka svör við þessum áleitnu spurningum. Við komumst ekki hjá því.

[22:12]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. ræddi hér um þann sparnað sem alltaf er verið að halda fram að hafi tekist á sjúkrahúsum á höfuðborgarsvæðinu og ég vil þá spyrja hann: Telur hann það sparnað þegar þarf 100 millj. nú í fjáraukalögum til þess að koma til móts við halla Landakots frá síðasta ári? Það er vissulega rétt, en þetta byrjaði þá. Borgarspítala vantaði 107 millj. samkvæmt því sem þeir sögðu okkur í morgun. Ríkisspítalar fá samkvæmt tillögu meiri hlutans nú 103 millj. kr. og það er ekki nægilegt til að rétta við hallann. Ríkisendurskoðun talaði um að það hefði náðst á síðasta ári rúmlega 400 millj. kr. sparnaður. Samt fékk Borgarspítali sérstaklega 200 millj. kr. til þess að standa fyrir öllum þessum breytingum. Mér sýnist vera orðið lítið um sparnaðinn. Því sem hugsanlega væri eftir, eins og ég sagði í dag, hefur verið velt yfir á sjúklinga. Þessi svokallaði sparnaður hefur nefnilega verið framkvæmdur algjörlega stefnulaust og jafnvel fulltrúi Sjálfstfl. í stjórn Borgarspítala sá ástæðu til að auglýsa eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í sjúkrahúsmálum.

[22:13]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði hér áðan ætla ég ekki að elta ólar við tíu aura og fimmkalla í þessu sambandi. Ég gerði í nokkum orðum grein fyrir því hvað lægi þarna að baki. Ég vil hins vegar rifja það upp ef menn skoða útgjöld sjúkrahúsa í Reykjavík einn áratug aftur í tímann eða jafnvel meira getum við þó verið sammála um það að útgjaldavöxturinn hefur verið stöðvaður því að sannarlega eru verkefnin óþrjótandi og verða sennilega alltaf. Þannig að ég bið þó ekki um annað en að við getum verið sammála um það að þarna hafi útgjaldavöxturinn verið stöðvaður og þó án þess að dregið hafi úr þjónustu þrátt fyrir staðhæfingar um hið gagnstæða.

[22:14]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mál vel vera að hæstv. heilbrrh. finnist hér vera talað bara um tíu aura og fimmkalla þegar verið er að ræða um nokkur hundruð millj. kr. Ég er alveg viss um það að sjúklingum úti í bæ og út um allt land sem þurfa að borga þessa tíu aura og fimmkalla sem hann kallar svo finnst það enginn smápeningur.

[22:14]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrri ræðu minni hér í dag spurði ég hæstv. heilbrrh. nokkurra spurninga, en því miður varð ég of seinn til umræðunnar til þess að fylgjast með hvort hann hefði haft tækifæri til að svara en held þó að hann hafi ekki svarað. Þó mun hann hafa sagt að það væri rugl að byggja upp tvö hátæknisjúkrahús hér í borginni. Það er gott að heyra það. En fyrsta skrefið til þess að sýna að einhver alvara fylgi slíkum orðum er það að svara því hvar þeir ætla að koma barnadeild Landakotsspítala fyrir. Það er alveg rétt að það er ekki fullkominn barnaspítali á Landspítalanum vegna þess að eins og hæstv. ráðherra sagði eru þær stofur sem þar eru barn síns tíma og það þarf að gera breytingar. En ég sé ekki muninn á því að ætla að koma fyrir barnadeild í öldrunarsjúkrastofunum á Borgarspítalanum. Þær eru líka barn síns tíma. Það verður ekki orðið við þessum óskum sem uppi eru nú og kröfum um að vel sé búið að aðstandendum barnanna fyrr en byggður verður fullkomin barnaspítali. Og ætla menn þegar að þeirri ákvörðun kemur að vera með þessa barnaþjónustu dreifða um allan bæ? Þess vegna er það grundvallaratriði, hæstv. ráðherra, að þú svarir því hvort þú ætlir að ákveða hvar barnadeildin verður staðsett.

[22:16]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var eitt rétt hjá virðulegum ræðumanni og hv. þm. Finni Ingólfssyni. Hann var ekki kominn þegar ég hélt ræðu mína. Ég lýsti hér viðhorfum til mála. (Gripið fram í.) Ég lýsti hér viðhorfum sem hefðu heyrst til þessara mála. Ég sagði jafnframt að ég hefði ekki endanlega tekið afstöðu til þess, væri hins vegar í viðræðum við forsvarsmenn allra þessara spítala þessa dagana og mundi lýsa mínum hugmyndum á allra næstu dögum. Barnadeildarmálið er að sönnu lykilatriði í því sambandi. Kannski er það allt of mikið, og ég leyfi mér að sletta, „prestige"-atriði í þessu verkaskiptamáli öllu. Það kann að leiða af þeirri staðreynd einni saman að það er næst í tíma. En allt að einu þá vænti ég þess að ég geti náð um það tiltölulega góðri samvinnu og samstöðu með forsvarsmönnum spítalans hvernig þeim málum verði best skipað.

[22:17]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir það slæmt ef ég hef misst af þessari gagnmerku ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. hér áðan. Það er slæmt. Vonandi fæ ég annað

tækifæri til að hlusta á hann síðar. Hins vegar er spurningu minni ósvarað, og það segir auðvitað allt um vinnubrögð ráðherrans, að hann treystir sér enn ekki til að taka þá ákvörðun hvar þessi barnadeild á að lenda. Kannski eins gott að hann taki enga ákvörðun vegna þess að að þær ákvarðanir sem hæstv. ráðherra tekur standast ekki frá morgni til kvölds og er erfitt fyrir þá aðila sem þurfa að búa við þessar ákvarðanatökur ráðherrans, og kannski, sem betur fer, tekur ráðherrann enga ákvörðun í þessu efni og það verði bara tilviljun hvar þetta lendir allt saman.

[22:18]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru þrjú atriði sem mig langaði að koma inn á í ræðu hæstv. ráðherra en hef lítinn tíma til þess. Það var í fyrsta lagi varðandi Landakot. Ég gerði grein fyrir því í ræðu minni hér í dag að vissulega átti St. Jósefsspítalinn á Landakoti í erfiðleikum á árum áður, en fyrrv. ríkisstjórn var að glíma við það á árunum 1987–1990 að snúa hjólunum þar við og hafði tekist að koma rekstrarhalla úr 120 millj. í mínus í 24 millj. kr. í plús og það var án þess að rústa starfsemi þessarar stofnunar. Það var án þess, hæstv. heilbr.- og trmrh.

Í öðru lagi fagna ég yfirlýsingu ráðherrans um það að segja að Þvottahúsi Ríkisspítalanna verði sennilega aldrei breytt í hlutafélag. Hann sagði: „Af því verður kannski aldrei", áréttaði það síðan og sagði: „Ég sagði: Af því verður aldrei." Ég vona að það seinna standi og sé það rétta og það sem ráðherrann meinti. (Gripið fram í.) Skilningur ráðuneytanna hins vegar, fjmrn. og heilbrrn., að Ríkisspítalar ættu að bera á næsta ári kostnaðinn við samningana við hjúkrunarfræðinga upp á 60 millj. kr., ég vil fá að heyra ráðherra árétta að þetta hafi verið rétt heyrt hjá mér, ég trúi þessu ekki.

[22:19]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í fyrsta lagi er óþarfi að endurtaka vangaveltur hv. þm. um Landakotið. Ég sagði: Þar hafa verið erfiðleikar áður og það er ekki nýtt undir sólinni.

Í öðru lagi um Þvottahús Ríkisspítalanna. Það er óþarfi að ég endurtaki það líka. Ég sagði að fyrir 2. umr. fjárlaga mundi frá mér heyrast um þau mál nánar.

Þriðja atriðið var, virðulegi þingmaður, um ... (**GB:** Um samninga við hjúkrunarfræðinga.) samninga við hjúkrunarfræðinga. Virðulegur þingmaður heyrði það rétt að um það var rætt á sínum tíma, og ég hygg að forsvarsmenn sjúkrahússins hljóti að hafa látið þess getið í stjórnarnefnd Ríkisspítalanna að um það var samkomulag að Ríkisspítalar bæru þann viðbótarkostnað sjálfir á næsta ári.

[22:20]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Forsvarsmenn sjúkrahússins eða Ríkisspíalanna lýstu því yfir í fjárln. í morgun að þeir hefðu gert ráð fyrir því að þetta yrði bætt. Ekki gæti verið að ráðuneytið ætlaðist til að þessi hækkun yrði aftur tekin til baka á næsta ári. Það var, held ég, orðrétt það sem þeir sögðu eða spurðu, hvort það væri meining stjórnvalda að laun hjúkrunarfræðinganna sem bætt voru á sl. vori yrðu aftur lækkuð til þess sem hafði verið áður.

Og tímans vegna langar mig að nota þessa hálfu mínútu sem ég eftir til þess að árétta varðandi þvottahúsið að ég held að hæstv. ráðherra hafi sagt það áðan að forsvarsmönnum sjúkrahússins hafi verið gerð grein fyrir því að þessar tekjur yrðu ekki bættar. Það var þveröfugt. Forsvarsmönnum sjúkrahússins var gerð grein fyrir því strax og ákveðið var að þvottahúsinu yrði ekki breytt í hlutafélag að þeir þyrftu ekki að gera ráðstafanir til þess að innheimta þessar sértekjur á móti og þetta yrði bætt. Það var alla vega skilningur stjórnenda og það hefur margsinnis komið fram á stjórnarnefndarfundum. Ég trúi því ekki að það geti verið svo algjörlega á skjön annars vegar það sem hæstv. ráðherra telur og hins vegar það sem okkur hefur verið gerð grein fyrir í stjórnarnefndinni.

[22:21]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins um þetta örstutt. Vitaskuld stendur ekki til og hefur aldrei að draga til baka þá hækkun sem frá hefur verið gengið við hjúkrunarfræðinga og undirrituð hefur verið af til þess bærum yfirvöldum. Það gefur auga leið. Hér er einfaldlega verið að segja að það er verkefni forsvarsmanna Ríkisspítalanna, sem velta á sjöunda milljarð kr., að finna leiðir til þess að mæta þessum útgjaldaauka.

[22:22]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð líklega að biðjast afsökunar á því að vera svo framhleypin að ætlast til þess að hæstv. heilbrrh. sé hér í kvöld. A.m.k. lá við að ég fengi ákúrur fyrir slíka framhleypni. En ég vil að eitt sé alveg ljóst sem mér sýnist að sé að verða alvarlegur misskilningur hér á hinu háa Alþingi. Þegar þingskapalögum var breytt og mönnum var gefinn kostur á því að veita andsvör, þá var það tvímælalaust hugsað í þá veru að hv. þm. gæfist kostur á að veita andsvör, oftast við meiri háttar framsögum og gjarnan ræðum ráðherra. Það er mikill misskilningur að ráðherrar eigi að nýta sér andsvaraformið til að komast hjá því að halda ræður. Það var aldrei meiningin og ég vara, hæstv. forseti, við að ráðherrar fari að nýta sér leyfi til andsvara til þess að komast hjá því að halda ræður sem skýra stefnumótun þeirra. Það var hreint ekki hugmyndin að andsvör yrðu nýtt á þennan hátt. (Gripið fram í.) Þetta vil ég að sé alveg ljóst. Og þess vegna nægja mér ekki ...

(**Forseti** (PJ): Forseti vill taka fram að hæstv. ráðherrar hafa eins og aðrir hv. þm. leyfi til að nýta sér ákvæði þingskapa um andsvör og þeir hafa fullt vald á því að nota þann tíma eins og þeim þóknast til þess að svara ræðum hv. ræðumanna og þarf ekki frekari athugasemdir við það.)

Hæstv. forseti. Því sagði ég þetta að rök fyrir því að

óþarfi væri að ónáða hæstv. heilbrrh. voru í samtali við mig í kvöld þau að hann hefði setið hér í allan dag og verið mjög iðinn við að veita andsvör. Það nægir þingmönnum engan veginn og því vil ég ítreka þá aðvörun mína, hæstv. forseti, um leið og ég geri mér fullkomlega ljóst að vitaskuld mega ráðherrar sem og aðrir veita andsvör, að þau andsvör mega ekki koma í staðinn fyrir að svara spurningum sem komið hafa fram í ræðum manna daglangt eins og nú á sér stað. En ég skal ljúka þessari umræðu.

Ég held að það sé mikil fífldirfska hæstv. heilbrrh. að tala af allnokkurri léttúð um álit landlæknis sem síðast í fréttum í kvöld varar við ofkeyrslu á starfsfólki sjúkrahúsa og heldur því fram í skýrslum að til óhappa hafi komið, og ég þori ekki að hugsa til enda hvers konar óhappa, vegna þess að svo mjög hafi verið hert að sjúkrahúsunum. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra og hv. þingheimur rifji upp hvert sé hlutverk landlæknis. Í lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 59/1983, með síðari breytingum, segir svo, með leyfi hæstv. forseta, í 3. gr.:

„Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka f.h. ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum, er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta. Aðstoðarlandlæknir skal vera landlækni til aðstoðar og staðgengill hans.

Landlæknir skipuleggur skýrslugerð heilbrigðisstarfsfólks og heilbrigðisstofnana og innheimtir þær. Ráðuneytið og landlæknir annast útgáfu heilbrigðisskýrslna.

Forseti skipar landlækni. Hann skal vera sérmenntaður embættislæknir eða hafa jafngilda menntun til starfsins. Ráðherra skipar aðstoðarlandlækni og skal gera sömu kröfur um menntun hans og starfsreynslu og gert er til landlæknis.

Ráðherra setur reglugerð um starf og stöðu landlæknis og embættis hans að höfðu samráði við samtök heilbrigðisstétta, læknadeild Háskóla Íslands og Læknafélag Íslands. Í reglugerðinni skal kveða á um faglegt eftirlit landlæknis með heilbrigðisstofnunum, lyfjanotkun, heilbrigðiseftirliti og sóttvarnarráðstöfunum og einnig um sérhæft starfslið til þess að sinna þeim verkefnum.

Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar.“ — Lýkur hér lestri, hæstv. forseti.

Það ber því að taka það allalvarlega, og ég bið nú hæstv. ráðherra að hlýða á mál mitt. — Hæstv. forseti. Ef hæstv. heilbrrh. telur ástæðu til að sitja í hliðarsölum og ræða við menn á meðan ég er að halda ræðu mína, þá get ég frestað henni. (**Gripið fram í:** Við formann Alþb.) Það skiptir mig engu við hvern hæstv. ráðherra er að tala, ég vil að hann hlýði á mitt mál. Ég skal ekki leggja það á hv. þingheim að lesa aftur þau lagaákvæði sem varða embætti landlæknis, en hann er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt það er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd þeirra þannig að það ber að taka það grafalvarlega ef landlæknir sjálfur varar ráðherra sinn við að svo sé komið fyrir sjúkrahúsum landsins að til óhappa komi vegna niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu. Þetta er ekkert gamanmál. Og það er auðvitað dæmalaus fífldirfska að segja eins og hæstv. ráðherra sagði hér í dag: „Við eigum nú eftir að tala um þetta, við Ólafur Ólafsson.“ Ég held að hæstv. ráðherra hafi skyldu samkvæmt lögum að hlýða á ráðleggingar umrædds landlæknis Ólafs Ólafssonar. (**GunnS:** Ertu að banna þeim að tala saman?) Þannig að svona svör eru auðvitað gjörsamlega út í hött og bera þess vott að hæstv. ráðherra hafi ekki hugmynd um hvaða skyldur landlæknir hefur við ráðherra sinn.

Ráðherra tók því léttilega hér í kvöld enn og aftur og sagði að öll mannanna verk væru eins og þau væru. Það væri óhjákvæmilegt að einhver mistök yrðu. Það kann að vera rétt. En málið hér snýst um það að tala þeirra hefur farið vaxandi og það er áhyggjuefni. Það er áhyggjuefni, hæstv. ráðherra og hæstv. forseti.

Það hefur enginn neitt á móti hagræðingu nema síður sé. En sú hagræðing þarf að fara fram að kunnáttumanna ráðum. Þess vegna var fengið erlent fyrirtæki til að reyna að gera sér grein fyrir hvernig hagræða mætti í heilbrigðiskerfinu hér í Reykjavík og raunar í landinu öllu þar með, því auðvitað sinna spítalarnir í Reykjavík landinu öllu eins og allir ættu að vita. Það er auðvitað dæmigert fyrir Íslendinga að hlusta á það og lesa margar skýrslur og gera svo einmitt það sem ekki var ráðlagt. Það var nefnilega ekki niðurstaða þessara ráðgjafa að sameina Landakot og Borgarspítalann. Það var ekki niðurstaðan. Þess vegna var auðvitað alls ekki farið að þeirra ráðum.

Ég held að hér hefði verið vænlegra að hlýða betur á mál þeirra sem til þekkja og það er auðvitað furðulegt að heyra hæstv. heilbrrh. tala um að menn hafi verið að breyta því að hér væru þrír jafngildir spítalar. Það hafa þeir auðvitað aldrei verið. Það hefur enginn haldið því fram að Landakotsspítalinn væri spítali á borð við Landspítalann, auðvitað ekki. Þannig að hér var aldrei um það að ræða að verið væri að breyta því að hér væru þrír jafngildir spítalar. Hins vegar var það auðvitað afar eðlileg niðurstaða umræddra ráðgjafa að í litlu samfélagi eins og okkar væri einn háskólaspítali, hátæknisjúkrahús, nóg, það þyrfti ekki tvö. Hver ákvað síðan að þau skyldu vera tvö er eitthvað sem mér hefur aldrei verið alveg ljóst, hvar sú ákvörðun var tekin. En síðan talar hæstv. ráðherra um að hér hafi sprottið upp deildir, meira og minna tilviljanakennt, einhverjir læknar hafi safnað um sig hirð sem allt í einu hafi orðið að deild. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. heilbrrh.: Hvað á hann við? Sem betur fer kom að því að við eignuðumst t.d. heilaskurðlækna. Telur hann að heimkoma Kristins Guðmundssonar og Bjarna Hannessonar til starfa í sínu heimalandi og að þeir fóru að vinna á Borgarspítalanum hafi verið einhver dyntur úr þeim? Ég vil upplýsa hæstv. heilbrrh. um að prófessor Bush er dáinn, það er ekki hægt að senda til hans lengur. Þess vegna var afskaplega gott að fá heilasérfræðinga til Íslands og ég held að það deili enginn um ágæti þeirrar deildar á Borg-

arspítala og margir eigi þeim ágætu læknum líf sitt að launa. Eða telur hæstv. ráðherra að sérfræðiþekking Íslendinga í meðferð brunasára, sem Landakotsspítali sérhæfði sig í, hafi verið einhverjir dyntir framagjarnra lækna sem bjuggu til hirð um sig? Það held ég ekki að þeim sem þeir björguðu finnist.

Svona gáleysisleg orð á hinu háa Alþingi eiga ekki við og það verður að harma að umræða skuli fara niður á þetta stig. Annars staðar í máli sínu sagði hæstv. ráðherra að útgjaldavöxtur í heilbrigðiskerfinu hefði verið stöðvaður. Hvað er hæstv. ráðherrann að segja? Stöðvaður, síðan hvenær? Kannski hefðum við átt að stöðva alla þróun í heilbrigðismálum árið 1927 eða þegar við útrýmdum berklaveikinni eða einhvern tímann þá. Það hefði sparað mikla peninga. Það hefðu bara ansi margir dáið. Við skulum vona að það verði áfram þróun í heilbrigðiskerfinu. Það vill svo til að sumt ræður hæstv. ráðherra ekki við.

Fyrir tíu árum — ég hygg að ég ýki það ekki — vissi enginn hvað sjúkdómurinn eyðni var. Eru það dyntir í Haraldi Briem (**Gripið fram í:** Sigurði Guðmundssyni.) og Sigurði Guðmundssyni að það er komin eyðnideild á Borgarspítalann? Ætli það sé ekki til þess gert að reyna að bjarga mannslífum enn og aftur? Nú berast fréttir af ýmsum sjúkdómum sem mönnum stendur ógn af, sem enn eru ekki þekkt lyf við. Svo leyfir hæstv. ráðherra sér að tilkynna hér: Útgjaldavöxtur er stöðvaður um aldur og eilífð. Má nú hvert fár yfir okkur ganga, útgjöldin hækka ekki. Þvílík vanþekking, hæstv. forseti. Það er satt að segja dálítið erfitt að halda uppi samræðum um jafnviðkvæman og nauðsynlegan málaflokk og heilbrigðiskerfið þegar svona er talað.

Það hefur margsinnis verið tekið fram í dag að beiðnir um framlög á fjáraukalögum gera auðvitað ekkert annað en að sanna það að sparnaðurinn af þessu brambolti hefur enginn orðið. Ég skal ekkert vera að endurtaka það. En fáránleikinn í því að barnadeildin flytjist á öldrunardeild Borgarspítalans, en gamla fólkið yfir á barnadeild Landakots, segir manni náttúrlega bara að gamall málsháttur á rétt á sér, tvisvar verður gamall maður barn. Það er kannski alveg sama hvar þetta fólk er, það þarf líklega sömu hönnun fyrir báða aðila. Þó er nú farið fram á 10 millj. til að breyta barnadeildinni í öldrunardeild, eða hvort það var öfugt, það man ég ekki. En að þessi vinnubrögð borgi sig er auðvitað fráleitt.

Það er huggun harmi gegn að enginn hefur sýnt sérstakan áhuga á að kaupa Þvottahús Ríkisspítalanna. Spítalinn hefur hins vegar tapað 30 millj. á þessu brambolti, því ekki stendur til að bæta nema 30 millj. af 60 millj. En við skulum vona að það fái að vera í friði, eins og menn báðu lengstra orða um í morgun í fjárln.: Látið þið okkur nú í friði svo við getum farið að vinna vinnuna okkar.

En eins og ég sagði í ræðu minni í dag þá er auðvitað aðalatriði þessa máls að þjóðin er sá aðili sem hefur tapað mestu í þessu brambolti. Og eins og hefur verið ítrekað hefur dregið úr aðgerðum sem fólk telur sig lifa af að vera án. Fólk verður að þola alls kyns skafanka af því að það hefur ekki efni á því að leita sér lækninga. Og það var þetta sem ég innti hæstv. ráðherra eftir í dag: Hver ákvað og hvenær þá stefnu hæstv. ríkisstjórnar að það skyldi draga úr heilbrigðisþjónustu í þessu landi? Því það hefur gerst og það vita allir og meira að segja svo að sérstakur ráðunautur, samkvæmt lögum, hæstv. heilbrrh., varar við. Og ég geri ráð fyrir að það þurfi töluvert til að landlæknir gangi fram fyrir skjöldu og segi: Hingað og ekki lengra. Það eru að verða óhöpp og slys á sjúkrahúsunum ofan á allt of mikla vinnu hjúkrunarfræðinga og lækna. Og það vill til að það eru konur líka í læknastétt, enda börmuðu menn sér yfir því að allt í einu væri farið að greiða barnsburðarleyfi til lækna og þótti nú hálf óanstöndugt heyrðist mér. Ofan á streituna sem fylgir þessu mjög svo erfiða starfi eiga svo að koma áhyggjur af börnunum. Þetta höfðu sjúkrahúsin skilning á, að vinnutíma þessa fólks væri öðruvísi háttað en flestra annarra og það ætti síst af öllu að vera haldið taugaveiklun og áhyggjum af ungum börnum sínum. Þess vegna voru leikskólar spítalanna stofnaðir. En vitaskuld þarf einnig að leggja þá í rúst. Öllu skal eytt sem hægt er að eyða. Síðan er þetta kallað sparnaður.

Og það nær auðvitað engri átt, hæstv. forseti, að fólk skuli þurfa að hugsa sig um áður en það leitar læknis. Það nær engri átt. Ég talaði um það hér í dag, til að reyna að koma með einhverjar upplýsingar um hvað er hér á ferðinni, að ósköp venjuleg ristilskoðun, sem mjög margt miðaldra fólk þarf að gangast undir, skoðun sem sem betur fer sýnir kannski oftast að hægt er að lækna meinið, stundum því miður ekki, slík skoðun kostar 17.000 kr. Láglaunakona með 60.000 kr. á mánuði verður að greiða fyrir slíka skoðun u.þ.b. þriðjung mánaðarlauna sinna. Gæti ekki verið, virðulegur forseti, að slík kona mundi bara hugsa sig um og fresta málinu? En það vill svo til að það gæti reynst afdrifaríkt. Það er þess vegna sem ég er að spyrja hæstv. heilbrrh.: Getum við ekki verið sammála um að svona viljum við ekki hafa þetta? Við viljum ekki svona samfélag. Það eiga ekki að vera forréttindi hinna ríku að ganga úr skugga um að allt sé með felldu varðandi heilbrigði þeirra. Og ég voga mér ekki að halda því fram að hæstv. ráðherra sé þeirrar skoðunar að svona eigi þetta að vera. Ég held að hér sé um vanþekkingu að ræða sem honum ber að komast til botns í. Ég vildi kannski ráðleggja honum að gera meira af því að ræða við þann mann sem hann á að ræða við og ráðgast við, landlækni, og aðra þá sem í heilbrigðiskerfinu vinna. Ég held að embættismenn í ráðuneytunum séu ekki góðir ráðgjafar í svo margslungnum málaflokki og væri affarasælla að tala við það fólk sem þar kann til verka.

Það er grátbroslegt að einkavæðingaráhuginn hefur leitt til þess að sértekjur Landakotsspítalans hafa lækkað um 59 millj. Og af hverju lækkuðu þær? Það var af því að læknarnir á Landakoti, sem höfðu röntgenmyndað fólk inni á sjúkrahúsinu, inni á Landakoti, fluttu sig út í bæ og einkavæddu sig og stofnuðu fyrirtæki. Og nú stelur þetta fyrirtæki öllum „bissnesnum“ frá Landakoti. Svo er nú komið að einkavæðingin er að eta sjálfa sig.

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að nú líður mjög á kvöld. Ég á mér eiginlega aðeins eina ósk um einkavæðingu og hún er sú að ríkisstjórnin verði einkavædd sem allra fyrst.

[22:42]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það hefur ítrekað hér í kvöld verið óskað eftir því að hæstv. forsrh. svaraði þeim spurningum sem til hans hefur verið beint í umræðunni. Samhengið á milli efnahagsmálanna og fjárlaganna er svo augljóst að það á ekki að þurfa að rökstyðja það hvers vegna hæstv. forsrh., ráðherra efnahagsmála, verður að svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. Hann hefur enga tilraun gert til þess. Hæstv. heilbrrh. hefur sýnt mikinn myndarskap í að taka þátt í umræðum hér í kvöld og reynt að svara sínum fyrirspurnum.

Nú er komið að því að við ýmsir sem höfum talað hér einu sinni, nýtum rétt okkar til að tala aftur og höfum þar með engan rétt lengur í þessari umræðu. Ég mælist til þess við hæstv. forseta, að hann geri ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. sé hér í salnum og svari þeim spurningum sem til hans er beint, svo hægt verði að ljúka þessari umræðu á eðlilegum tíma. Ef hæstv. forsrh. gerir það ekki, þá er þessi umræða komin í ákveðið óefni. Ég ítreka þess vegna þau tilmæli að hæstv. forsrh. komi til fundarins, sé við umræðuna og svari þeim spurningum sem til hans er beint.

(**Forseti** (StB): Forseti mun kanna hvort hægt er að ná sambandi við hæstv. forsrh. og gera ráðstafanir í samræmi við það.)

[22:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég hef nú fallist á að flytja mína ræðu, seinni ræðu í þessari umræðu, sem verður ekki ýkjalöng, þó svo að sá ráðherra sem ég beindi spurningum til fyrr í dag einkum og sér í lagi, sé farinn úr húsi, hafi tjáð mér að hann þyrfti að hverfa héðan og hafi að sögn ekki enn kvatt sér hljóðs. Að vísu veitt einhverjar tilteknar upplýsingar í stuttu andsvari, en þrátt fyrir mýmargar spurningar hér í umræðunum fyrr í dag hefur hæstv. sjútvrh. ekki séð ástæðu til að biðja um orðið. Þetta er auðvitað að verða plagsiður hér, sem er afar hvimleiður, að ráðherrar tíðka það að láta heita svo að þeir hafi gert skyldu sína og verið við umræðu og svarað með því að hlaupa upp í eitt eða tvö andsvör og eru svo roknir burt.

Ég féllst eingöngu á að ljúka, fyrir mitt leyti, þessari umræðu um málið með því fororði að hæstv. sjútvrh. verði viðstaddur 3. umr. málsins. Þá ætla ég að bera á nýjan leik upp spurningar mínar og skal þá hundur heita, með leyfi forseta, ef ég sé ekki til þess að sjútvrh. svari þeim. Það er auðvitað alveg á hreinu að ég ætla ekki að láta misnota það að maður, með þessum hætti, er í raun að greiða fyrir umræðunni og leyfa hæstv. sjútvrh. að hverfa af vettvangi í trausti þess að hann bregðist þá vel við og svari í næstu umferð.

Ég mun engu að síður víkja fáeinum orðum að þessu umfangsefni svona til að undirbúa umræðuna í þriðja og síðasta sinn. Mig langar til að víkja fáeinum orðum að heilbrigðismálunum sem hér hafa orðið talsvert umræðuefni. Er það að vonum, því útgjaldaauki til heilbrigðismála er stór hluti af þessu fjáraukalagafrv. og svo ber það einnig við að hæstv. heilbrrh. hefur sýnt umræðunni þann skilning að vera hér viðstaddur og taka þátt í henni og veita svör og það met ég að sönnu.

Því miður er það svo, hæstv. forseti, að þessi niðurstaða hér, varðandi fjárlögin á yfirstandandi ári, er okkur í raun og veru sönnun þess að vinnubrögð í heilbrrn. á undanförnu ári hafa ekki verið með þeim hætti að þar hafi náðst betri tök á útgjöldum eða sá sparnaður orðið sem ætlað var. Það ber að vísu að taka fram og það þekkja menn, að stór hluti af þessum mikla útgjaldaauka til heilbr.- og trmrn. er vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs, eða rúmur milljarður kr. En það eru hér engu að síður nokkur hundruð millj. í aðra þætti, eins og Tryggingastofnun ríkisins, stærstu sjúkrahúsin o.fl. Og eru þó sjálfsagt ekki öll kurl komin til grafar í þeim efnum, því miður. Þannig hefur þetta orðið þegar upp er staðið, bæði á síðasta ári og aftur núna, að þrátt fyrir öll rassaköstin í hæstv. fyrrv. heilbrrh. þá hefur þegar upp er staðið sáralítill sparnaður orðið á útgjöldum, þrátt fyrir að ástæða sé til að ætla og fullkomlega það, það liggur reyndar fyrir, að þjónustan hefur í ýmsum tilvikum verið skert. Biðlistarnir hafa t.d. lengst í mörgum greinum og það eru að myndast biðlistar gagnvart ýmsum smærri aðgerðum sem ekki voru fyrir hendi áður.

Ég held að það sé líka fullt tilefni til að ræða það hér, af því að t.d. málefni Landakots bar á góma, að menn reyni þá að læra af reynslunni og standa öðruvísi að málum í framhaldinu. Nógu bölvað er auðvitað að búa við svona niðurskurðarköst sem menn fá þegar að illa grunduðu máli er rokið til og skorið niður hér og skorið upp þar. Svo kemur auðvitað í ljós þegar frá líður að þessu fylgir enginn sparnaður, vegna þess að þörfin gufar ekki upp þó einhvers staðar rjúki menn til með niðurskurðarhnífinn og beiti honum. Menn hætta ekki að veikjast, því miður. Það er ekki svo, það er nú meinið. Og mjaðmarliðirnir í gamla fólkinu hætta ekki að slitna þó fjárveitingar séu skornar niður til bæklunardeilda. Þá er bara tvennt til, annaðhvort gengur þetta blessað gamla fólk áfram á ónýtum liðunum með miklum kvölum eða kostnaðurinn færist með einhverjum hætti til yfir í annað, yfir í heilsugæsluna, yfir í sérfræðingageirann o.s.frv. Staðreyndin er auðvitað sú að hæstv. fyrrv. heilbrrh. mistókst algerlega, sem vel að merkja fleirum hefur mistekist, og það er að ná utan um dæmið. Það er augljóst þegar það er skoðað að þá hafa þetta oftast nær orðið algengustu mistökin og í raun og veru hin bitra niðurstaða tilrauna manna til að draga úr útgjöldum í heilbrigðiskerfinu, að um leið og menn hafa ætlað að spara inni á stofnununum og á spítölunum og skera þar niður, þá hefur kostnaðurinn einfaldlega flust annað, vegna þess að það er auðvitað alveg opin æð yfir í sérfræðingaþjónustuna, sérstofnanirnar þar og í gegnum

reikningana sem sendir eru Tryggingastofnun.

Hvað er að gerast á Landakoti, úr því að það er nefnt? Jú, það er einmitt það sem er að gerast. Þegar röntgendeildin þar var lögð niður þá tóku læknarnir sig saman, fóru inn í Domus Medica, keyptu sér röntgentæki og fjárfestu fyrir hátt í 100 millj. kr. og reka þar nú einkastofu, með einhverjum glæsilegasta tækjabúnaði sem röntgenlæknar hafa séð í landinu. Og hverjir haldið þið að prísarnir séu þá þar? Eitthvað þarf nú í budduna, kassann, til að borga niður þessa fjárfestingu. Er þetta sparnaður? Þetta er e.t.v. sparnaður fyrir dæmið, Landakot innan ársins, en ekki fyrir ríkissjóð í heild og þaðan af síður fyrir landið. Þetta er útgjaldaauki fyrir þjóðarbúið, því þetta er viðbótarfjárfesting sem ekki var þörf á. Það var enginn skortur á röntgentækjum í landinu áður en þessi einkaklínik bættist við.

Þetta er auðvitað það sem hefur verið að gerast í stórum stíl á undanförnum árum. Og hæstv. fyrrv. heilbrrh., með öllum gauraganginum, var liðónýtur í því að taka á þessum enda málsins, því miður. Hann stóð í styrjöldum við nánast allar heilbrigðisstéttir í landinu, nema þær sem hann hefði þurft að slást við og þar sem mestu peningarnir eru á ferðinni og það er sérfræðingaendinn í málinu og það er lyfjaliðið. Hann var í bullandi orrustu við láglaunafólkið á sjúkrastofnununum og það stóð allt á haus hér inni á Alþingi og úti á þessum stofnunum, en því miður átti hann ekki í átökum við þá aðila innan þessa kerfis, sem að mínu mati hefði verið mest ástæða til. Ég held að það væri fróðlegt fyrir hæstv. núv. heilbrrh. að fara svolítið yfir þessi mál og reyna að læra af þeim mistökum sem þarna áttu sér stað.

Það er auðvitað ekki bara í röntgenþjónustu sem einkapraxísinn hefur þotið upp. Það hefur gerst í fjölmörgum fleiri tilvikum. Það eru í raun reknir nokkrir litlir spítalar í bænum, algerlega undir einkahatti. Þar eru meira að segja oft í samstarfi læknar á nokkrum mismunandi sérsviðum og rannsóknalæknar með, þannig að það er hægt að taka menn bara heilan hring á hæðinni. Og það gengur sú saga um bæinn að gömul kona hafi lent inn á einn af þessum einkaspítölum, inn á svona hæð. Hún ætlaði að láta taka af sér fæðingarblett, en þeir renndu henni í leiðinni einn hring á hæðinni, tóku úr henni blóð og þvag, mynduðu hana í bak og fyrir, ræktuðu úr henni þetta og hitt og hún kom voðalega ánægð heim, hafði farið í meiri háttar rannsókn, verið bara skoðuð í hólf og gólf og Tryggingastofnun fékk auðvitað reikninginn. Það er voðalega handhægt þegar hægt er að taka menn bara inn á einn enda og rúlla þeim í hring á hæðinni og taka úr þeim sýni hér og mynda þá þar og senda svo reikninginn til Tryggingastofnunar. Og halda menn að þetta sé nú endilega einhver sparnaður? Nei, ég er ekki viss um það. Ég held nefnilega að því miður sé það þannig að margt hafi farið alveg úr böndunum, vegna þess að orkan beindist að því að hamast á nokkrum stofnunum sem urðu sérstök fórnarlömb hæstv. fyrrv. heilbrrh., núv. hæstv. iðnrh., sem á auðvitað að vera hér og sinna þingskyldum sínum, þannig að ég hef ekkert samviskubit yfir því að segja þetta að honum fjarstöddum.

Ég held að þarna hafi sem sagt ekki á nokkurn hátt náðst sá árangur sem að var stefnt. Það er líka alveg ljóst að aðgerðir af þessu tagi hafa því miður þá náttúru að þær vilja gjarnan skila, ef einhverjum árangri, þá mjög tímabundnum, vegna þess að þær mynda stíflu fyrir framan sig. Þær ýta á undan sér ákveðinni óleystri þörf, hún hleðst upp og þegar upp verður staðið verða útgjöldin meiri innan eins til tveggja ára. Hvað kostar það t.d. að fresta aðgerðum sem geta gert sjúkdóminn alvarlegri, veikindin erfiðari, gert viðkomandi einstakling jafnvel óvinnufæran? Kostað þjóðfélagið þannig vinnutap og ómælda peninga, svo að ekki sé nú minnst á þjáningarnar. Og þannig er það auðvitað viðurkennt að menn eiga að reyna að nálgast þessi vandamál alveg frá þveröfugum enda, þ.e. að reyna að beita fyrirbyggjandi ráðstöfunum, komast fyrr fyrir meinsemdirnar og leysa þær á lægra stigi í kostnaðarpíramítanum heldur en gert er. Ég held að aðgerðir t.d. fyrrv. hæstv. heilbrrh. hafi oft haft þveröfug áhrif, þær hafi ýtt vandamálunum upp á dýrari þrep í heilsugæslupíramítanum. Og ég held að það sé alveg stórkostlegt áhyggjuefni að sú áherslubreyting sem í reynd hefur orðið í heilbrigðisþjónustunni á Íslandi á síðustu árum er fráhvarf frá þeirri skynsamlegu áherslu sem tekin var upp með heilbrigðislögunum á sínum tíma þegar heilsugæslustigið var byggt upp og er gáfulegasta og besta aðgerð sem gerð hefur verið í heilbrigðismálum á Íslandi um áratuga skeið, sennilega allt frá því að Vilmundur var á móti okkar áherslu hér fyrr á öldinni.

Frá þessu hafa menn verið að hverfa að vissu leyti á undanförnum árum, m.a. vegna þess að menn hafa staðið í svona niðurskurðarfári af og til. Það er rokið í þetta. Það á bara allt í einu að loka fjárlögunum og það eru 2–3 vikur til stefnu til að spara einn eða tvo milljarða í heilbrrn. Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð frekar en í öðrum málaflokkum. Og við verðum að komast út úr því að vinna svona, við verðum að gera það. Það allra sorglegasta er auðvitað það, hæstv. forseti, að á meðan tími okkar fer í þetta, þá erum við ekki að ræða það sem mestu máli skiptir og við ættum að vera að tala um, þar sem verið er að ræða í sambandi við heilbrigðisáherslur og kostnað í heilbrigðisþjónustu í öðrum löndum þar sem þessi mál eru á almennilegu plani. Og það eru auðvitað þær siðferðislegu spurningar sem eru að rísa, þar sem mönnum er ljóst að tækniþróun og þróun í lyfjaframleiðslu í heiminum er örari heldur en greiðslugeta jafnvel mestu velmegunarþjóðanna ræður við. Það er auðvitað alveg ljóst að tækninni hefur fleygt þannig fram, lyfjaþróuninni og framleiðslunni líka, að við vitum að við verðum að fara að setja okkur ákveðin mörk í því. Við getum ekki gert allt, það er ljóst. Við getum ekki látið það eftir okkur, allra síst þessi litla þjóð, að kaupa t.d. öll þau dýru og fínu hátæknitæki sem nú eru að verða til í heilbrigðisþjónustu. Sum þeirra eru svo risavaxin að það mundi kosta næstum hálf og heil fjárlögin að setja þau stærstu og dýrustu upp sem eru að verða til. Auð-

vitað er það ekki á okkar færi og það ræður í sjálfu sér engin þjóð við það, ekki einu sinni Japanir, að láta allt eftir sér í heilbrigðismálum sem er orðið tæknilega mögulegt í dag. Þá rísa mjög mörg og áleitin siðferðileg álitamál. Hvernig eigum við að draga mörkin? Hvenær eigum við t.d. að hætta vegna kostnaðar að veita tiltekna þjónustu, gefa tiltekin lyf? En það er ekki verið að ræða þetta, því miður, eða ég heyri a.m.k. lítið um það í þessari endalausu umræðu hér og þvargi um niðurskurð á þessari stofnun og rústun á hinni. Það er búin að fara meiri orka í það, í þessum hamagangi úti á Landakoti eða Kristnesi eða St. Jósefsspítala, heldur en nokkurn tíma hefur farið í að ræða grundvallarmálin sem þarf að taka á í heilbrigðismálum til framtíðar litið. Eins og Landakot og rekstur þess hafi verið einhver grundvallarmeinsemd í íslenskum heilbrigðismálum. Það er þvættingur. Þetta var gróin stofnun og að mörgu leyti vel rekin. Það hefði verið út af fyrir sig allt í lagi að taka skipulag hennar og samstarf við aðrar heilbrigðisstofnanir hér til skoðunar, en það átti ekki að gera það með því að rústa stofnuninni á 1–2 árum. Það var stórkostlegt slys, að mínu mati, stórkostlegt slys. Það fara mikil verðmæti forgörðum þegar gróinni og skipulagðri stofnun í fullum rekstri er rústað þannig, eins og gert var þar. Það var ekki grundvallarmeinsemd í íslenskum heilbrigðismálum og mönnum hefði verið nær að reyna að stemma stigu við útgjaldavextinum á öðrum sviðum þar sem hann hefur verið nánast hömlulaus, t.d. bæði í sambandi við innkaup og notkun á ýmsum hátækniútbúnaði í læknisþjónustu og dýrustu sérlyfjunum. En þetta er ekki til umræðu heldur stendur allt á haus yfir því sem t.d. var verið að gera í sjúkrastofnunum á höfuðborgarsvæðinu eða nú er til umræðu vegna uppbyggingar heilsugæslunnar úti um landið. Eins og það væri framfaraskref fyrir þjóðina að verða að játa á sig þann aumingjaskap á 10. áratug aldarinnar að geta ekki einu sinni rekið þau heilbrigðismannvirki og þær stofnanir í landinu sem búið er að byggja upp. Þá finnst mér nú skörin vera farin að færast upp í bekkinn. Hitt er allt annað mál að endurskipuleggja nýtingu þeirra og er sjálfsagt mál að skoða og ræða það. En þegar t.d. svo langt var komið eins og í fyrra að það átti að leggja niður Kistnesspítala, þó að ástand í sambandi við hjúkrunarrými væri þannig í þeim landshluta að það var langt undir því sem talið er fullnægjandi t.d. miðað við staðla á Norðurlöndum, þá sést bara út í hvílíkar ógöngur menn eru komnir.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, að koma þessum hugleiðingum að í tengslum við þá ágætu umræðu sem hér varð um heilbrigðismálin. Mín hvatning til hæstv. heilbrrh., sem hefur lent í talsverðum barningi á fyrstu mánuðum í embætti, er sú að hann verði maður til þess að vinna öðruvísi að þessum málum heldur en forveri hans. Reyna frekar að fara svolítið yfirvegað og skipulega í þennan málaflokk, hann er viðkvæmur og vandasamur, og láta sér ekki detta það í hug að vaða þar um eins og fíll í glervörubúð eins og forveri hans gerði, því það skilar engum árangri og við erum m.a. með niðurstöðuna af því hér í höndunum. Þannig ná menn ekki árangri í þessum efnum. Menn geta hugsanlega sýnt á blaði tímabundið í eitt ár eitthvað lægri tölur, en það kemur beint í hnakkann á mönnum og er þá auðvitað ekki mælt það sem ekki er hægt að mæla sem eru þjáningar fólksins og jafnvel þaðan af verri hlutir.

Hæstv. forseti. Ég hafði svo ætlað mér að ræða lítillega við hæstv. sjútvrh., eins og ég sagði, varðandi þessi dæmalausu mál sem lúta að Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. En hæstv. sjútvrh. er nú þrotinn að kröftum og farinn til síns heima og mun ekki verða hér meira á meðal vor í kvöld og ég mun því ekki orðlengja mikið um það. Ég ítreka bara að það er auðvitað með öllu óásættanlegt, eins og er í tísku að segja í dag, með öllu óþolandi, að þetta gangi svona áfram, verði svona áfram afvelta hjá hæstv. ríkisstjórn, þessi hagræðingarsjóðsmál, þau eru orðin þvílík hneisa. Hæstv. forsrh., sem ber nú í raun og veru ábyrgð á þessu sulli öllu saman, sem höfuðið á ríkisstjórninni, verður auðvitað að fara að taka þetta á sína könnu ef þetta ætlar að ganga svona til. Við ræddum þessi mál 11. nóv. og þá sagði hæstv. sjútvrh., með leyfi forseta:

„Ég get sagt það hér að ef dráttur verður á því að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða komist til umfjöllunar í þinginu, þá tel ég að það komi til skoðunar alveg á næstu dögum að taka þetta mál út úr með sérstökum hætti og afgreiða það hér.“

Alveg á næstu dögum, 11. nóv. Nú er kominn 2. des. Ég verð að segja, hæstv. forseti, að þessi tímatalsfræði ríkisstjórnarinnar undrar mig mjög. Þannig er það t.d. að hugtakið „í upphafi“ hefur alveg sérstaka merkingu hjá þessari ríkisstjórn, sem ég hef aldrei áður vitað um í íslensku máli. Það væri gaman að vita hvort hæstv. forseti vor hefur þennan sama skilning og ríkisstjórnin á því hvað það þýði að vera í upphafi einhvers. En þannig er það nefnilega. Lögin um Hagræðingarsjóð eru þannig að í 6. gr. þeirra segir:

„Hagræðingarsjóður skal við upphaf hvers fiskveiðiárs ...“ Við upphaf. En ríkisstjórnin hefur túlkað þetta, við upphaf, þannig að það sé bara hægt að teygja það hugtak langt, langt inn á árið. Nú er fjórðungur af árinu liðinn, það er enn við upphaf á þessu fiskveiðiári, það er enn við upphaf samkvæmt skilningi ríkisstjórnarinnar. Og hæstv. sjútvrh. fór út í að reyna að túlka það að stjórn Hagræðingarsjóðs hefði út á þetta orðalag svona visst svigrúm. Og ég sé ekki betur en það svigrúm sé að teygja sig upp í að vera svona — ja, á það að verða upp undir hálft ár eða eitthvað svoleiðis, þetta upphaf fiskveiðiársins. Það væri gaman að vita hvort hæstv. forseti hefur þennan sama skilning, t.d. hvort upphaf fengitíðar eru líka þrír mánuðir. Ég er hræddur um að það mundi þá bera seint á búinu það sem síðast fengi, ef upphafið t.d. á fengitímanum væri svona langt. Það væri ástæða til að fá svolítið betri skýringar á þessu hjá hæstv. ríkisstjórn og e.t.v. getur hæstv. forsrh., sem stundum hefur brugðið sér í hlutverk sjútvrh. eins og kunnugt er — t.d. yfirtók hæstv. forsrh. að mestu leyti sjávarútvegsmálin í fyrra um skeið og sjútvrh. vísaði bara á forsrh. og sagði: Þetta er ekki á mínum höndum, þetta er hjá forsrh. Eins og ráðstafanir vegna þorskbrestsins, þær voru allt í einu

orðnar byggðamál og þar með á verkahring forsrh. Og ef hæstv. forsrh. vildi endurtaka leikinn og bregða sér hér í gervi sjútvrh. um sinn, þá gæti hann e.t.v. gefið okkur einhverjar skýringar á þessari hugtakanotkun ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:** ... leysa það með bráðabirgðalögum líka.) Já, þessum einstæða skilningi ríkisstjórnarinnar hvað það þýði, að vera við upphaf einhvers. Er t.d. hæstv. forsrh. við upphaf valdaferils síns núna eða ...? (**Forsrh.:** Ég býst við því.) Já, það er nefnilega það. Reyndar hefur sú ágæta hugmynd skotið upp kollinum að ríkisstjórnin gæti e.t.v. leyst þetta með því að setja bráðabirgðalög á milli jóla og nýárs um Hagræðingarsjóð. Það væri mjög vel til fundin slaufa utan um pakkann, þessa frægu sögu sem orðin er af ráðstöfun ríkisstjórnarinnar á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Sennilega væri þó enn betra að setja bráðabirgðalögin eftir hádegi á Þorlák, eftir skötuna, ég hugsa að það væri albest. En þetta verðum við sem sagt að bíða með að ræða betur að öðru leyti en því sem forsrh. svarar okkur e.t.v. þangað til hæstv. sjútvrh. verður við hér við 3. umr. (**Gripið fram í:** Í skötulíki þá.) Já, en það er náttúrlega viss hætta á því, eins og hér kemur fram í skynsamlegu framíkalli, að þetta geti átt eftir að verða í skötulíki hjá ríkisstjórninni.

Þá að síðustu, hæstv. forseti, hafði ég hugsað mér að segja hér fáein orð um vaxtamál, af því að hæstv. forsrh. var hér nokkuð kokhraustur fyrr í dag og taldi árangur ríkisstjórnarinnar kraftaverki líkastan, ef ég má leyfa mér að túlka það svo, svona hátt í það, og ég vildi að satt væri. Ég verð að játa að ég hef heilmikið skoðað það og velt því fyrir mér, hversu traustar og varanlegar horfurnar séu varðandi þessa vaxtalækkun. Efh.- og viðskn. var m.a. í heimsókn í Seðlabankanum í fyrradag og þar ræddum við við seðlabankastjóra um líkurnar á því að þetta héldist og ég tala nú ekki um það sem best væri, að vaxtaþróunin gæti orðið áfram niður á við. Því staðreyndin er náttúrlega sú, því miður, að vaxtalækkunin er ekki nema að hluta til gengin í gegnum kerfið, eins og ég veit að hæstv. forsrh. er kunnugt. Þannig hafa til að mynda sumir útlánavextir bankanna nánast ekkert lækkað og hreyfðust ekki núna á síðasta vaxtabreytingadegi, sem er auðvitað algerlega ósættanlegt. Að vextir á ýmsum óverðtryggðum skammtímaútlánum bankanna skuli enn vera yfir 16% í vissum tilvikum og það eru hinir útgefnu vextir og er þá eftir áhættuþóknun ef hún kemur til, þ.e. ef viðkomandi lántaki er svo í áhættuflokki c eða d, þá geta hans lánskjör orðið enn óhagstæðari. Og að þessi vaxtakjör á óverðtryggðu lánunum skuli liggja á bilinu rúmlega 12 og upp í rúmlega 16%, það er auðvitað alveg ósásættanlegt. Þannig að veikleikinn er greinilega í fyrsta lagi í bankakerfinu og það er alveg ljóst að afkoma bankanna er mikið áhyggjuefni í þessu sambandi. Þeir viðurkenna það og Seðlabankinn viðurkennir það, að afkoma bankanna leyfi í raun og veru ekki að vaxtamunurinn minnki. Þó hefur hann gert það lítillega og það er þá með öðrum orðum sagt ávísun á tap bankanna, vegna þess að rekstur þeirra er ekki betri en þetta. Og þær ráðstafanir sem Seðlabankinn hefur gert eru samkvæmt þessu ekki nægjanlegar til þess að bankarnir geti tekið þátt í vaxtalækkuninni með almennilegum hætti og án þess að afkoma þeirra versni.

Í öðru lagi þá hlýtur maður að nefna fjármögnun húsnæðislánakerfisins í þessu sambandi. Ég veit ekki hvort menn hafa áttað sig á því að í raun og veru hefur ekki reynt að neinu marki á það enn þá hvort aðrir en ríkissjóður geta fengið þau ávöxtunarkjör sem ríkið hefur sett sér, af þeirri einföldu ástæðu að Húsnæðisstofnun vék af markaðinum fyrst eftir að ráðstafanirnar voru kynntar 29. okt., tók ekki þátt í fyrsta útboðinu eftir þá breytingu og gat svo aðeins tekið ⅓ af tilboðunum í næstu umferð, þ.e. núna fyrir um hálfum mánuði síðan. Þannig að í raun og veru hefur Húsnæðisstofnun ekki getað aflað sér nema lítils brots af því fjármagni sem hún hefði gert að óbreyttu eða ætlaði sér að óbreyttu, þ.e. hún vék alveg á fyrra útboðsdegi eftir breytinguna og gat aðeins selt ⅓ af því sem í boði var í næstu umferð. Og það er auðvitað alveg augljóst mál að þar hljóta menn að fara að velta því fyrir sér, ef svo heldur sem horfir og stofnunin nær ekki nema einhverjum litlum hluta af því sem hún ætlar sér í hverju tilviki á innanlandsmarkaði undir þessu vaxtaþaki sem sett hefur verið, að hún verði einnig að leita á erlendan lánamarkað. Því auðvitað er ekki hægt að halda henni í klemmu, jafnfyrirferðarmiklum aðila á þessum markaði og raun ber vitni.

Í þriðja lagi er rétt að nefna að það hafa auðvitað miklir peningar verið settir í umferð núna í tengslum við þessar ráðstafanir. Út af fyrir sig er ég ekki að leggjast gegn því, en við hljótum að velta því fyrir okkur og taka það inn í okkar mat á því hvernig horfurnar eru. Það er til að mynda alveg ljóst að Seðlabankinn hefur keypt óhemju af ríkisskuldabréfum. Hann á núna líklega meira í langtímapappírum ríkissjóðs heldur en nokkurn tíma fyrr eða milli 7 og 9 milljarða kr. Það er auðvitað mikil summa og spurning hversu lengi bankinn getur haldið á slíkum eignum. Það er e.t.v. hægt að réttlæta það á meðan engin merki eru um þenslu og bankinn segir þetta vera í langi eins og stendur, en hversu tryggt er það til frambúðar? Þannig að ég held, hæstv. forsrh., að við ættum að fagna fullum sigri a.m.k. varlega í þessum efnum.

Auðvitað binda allir vonir við að þetta haldist og auðvitað þarf að gera meira en það vegna þess að sú aðgerð sem gripið var til 29. okt. gerir í raun og veru, a.m.k. ekki enn sem komið er af því að bankarnir hafa bara að litlu leyti fylgt eftir, ekki betur en halda í við vaxtaþróunina eins og hún hefur verið í nágrannalöndunum niður á við. Við erum því miður enn nokkurn veginn jafnlangt fyrir ofan. Það sjáum við t.d. á ríkisskuldabréfunum, en þau eru að meðaltali á vöxtum núna milli 3 og 4,5% í OECD, þannig að þar er verulegur munur upp í það vaxtaþak sem menn hafa sett sér hér.

Þegar farið er yfir í raunvexti bankanna þá er staðan enn verri, því þeir eru óumdeilanlega þeir langhæstu hér í öllum OECD-ríkjunum, langhæstu. Þeir voru rétt í 10% að meðaltali, vegið raunvaxtastig bank-

anna, fyrir breytinguna 29. okt. og hafa sáralítið lækkað. Þannig að ég held því miður að það séu ýmsir veikleikar í stöðunni. Það sem ég bind nú mest vonir við er í sjálfu sér kannski ekki, þegar upp er staðið, nema að litlu leyti þær ráðstafanir sem gerðar voru 29. okt., þó ég taki það skýrt fram að ég tel að í raun og veru hafi þær að langmestu leyti verið eðlilegar og hefði þurft að vera búið að gera margt af því fyrir löngu, að vísu með öðrum hætti heldur en gert var. Nei, það sem ég bind mestar vonir við er það að kannski hafi vaxtastiginu hérna verið haldið uppi með vissu handafli og við getum gert okkur vonir um að bara sú breyting sem varð á andrúmsloftinu geri það a.m.k. að verkum að menn haldi þó ekki vaxtastiginu hærra heldur en efni standa til eftir þetta, en það hafi jafnvel verið gert áður. Og ég er þeirrar skoðunar að ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar hafi að nokkru leyti haldið vaxtastiginu uppi allt frá því í maí 1991, að nokkru leyti haldið því hærra uppi en það hefði þurft að vera, með sinni þrengslapólitík í þessum efnum sem var umfram efni, að mínu mati. En vonandi gengur þetta vel og vonandi nást vextirnir hér varanlega niður og þá ekki síst vextirnir í bankakerfinu og endavextirnir, sem þrátt fyrir allt eru nú sá vaxtakostnaður sem mest þörf er á að ná niður og þá á ég við þann vaxtakostnað sem lakar settu fyrirtækin og skuldugari heimilin bera. Það eru nefnilega, þegar upp er staðið, kannski ekki vextirnir á langtímalánunum og föstu lánsviðskiptunum, sem eru í góðum farvegi og eru í skilum og borgað er af reglulega, sem mestu máli skipta þrátt fyrir allt, vegna þess að þar eru ekki mestu erfiðleikarnir, augljóslega ekki úr því að þau lán eru í horfinu. Erfiðleikarnir sem menn eru að berjast við blóðugastri baráttu eru auðvitað hjá þeim sem eru skuldugastir, eru að berjast við vanskil, eru í útlánaáhættuflokkum c og d í bankakerfinu. Þar eru hinir raunverulegu erfiðleikar. Þar eru fyrirtækin sem eru að fara á hausinn vegna þess að þau ráða ekki við fjármagnskostnaðinn og þar eru heimilin sem eru að missa ofan af sér o.s.frv.

Fleira ætla ég ekki að segja um þetta að sinni, hæstv. forseti, en ég leyfði mér að koma með þessar hugleiðingar hér í framhaldi af m.a. orðum hæstv. forsrh. Ég held því miður að við ættum að stíga varlega til jarðar og fara varlega í það að hrósa einhverjum endanlegum og miklum sigri í vaxtamálum. Að sjálfsögðu fagnar maður þeim árangri sem náðst hefur og þó fyrr hefði verið og vonar að það verði unnt að halda áfram á þessari braut. En það væri mikill barnaskapur að gera sér ekki grein fyrir því að það eru ýmis hættumerki í stöðunni og á margan hátt verkar það þannig á mig að það megi lítið út af bera til þess að þetta jafnvægi raskist aftur, ef jafnvægi er þá hægt að kalla það, af því að ég vil gefa mér það í lengstu lög að ríkisstjórnin ætli ekki að fara út í botnlausar erlendar lántökur bara sí svona. Það sé þrátt fyrir allt ætlunin að reyna að beita því fyrst og fremst sem hótun, en gera ekki alvöru úr því. Því það væri auðvitað annað og alvarlegra mál, ef menn ætluðu að ganga þá braut í alvöru í umtalsverðum mæli, að hella sér út í milljarða erlendar lántökur eingöngu til þess að ná e.t.v. tímabundnum árangri hér í vaxtamálum. Ég vil gefa mér að svo sé ekki, að menn hafi fyrst og fremst ætlað að beita þessum yfirlýsingum um erlendar lántökur sem hótun og ætlunin sé að reyna að fara þar eins varlega og nokkur kostur er.

[23:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Engin hótun er marktæk nema vilji sé til þess að fylgja henni eftir. Og hvað síðasta atriðið varðar sem hv. þm. nefndi, þá er vilji til þess að fylgja þeirri hótun eftir, ef til þess þarf að koma. Það er réttlætanlegt vegna þess að við erum að opna fyrir skiptin endanlega með fjármuni upp úr þessum áramótum og því er ekkert óeðlilegt að hótun af þessu tagi sé beitt, ekki síst vegna þess að lánskjör erlendis eru nú mjög hagstæð.

Aðeins vegna þess sem nefnt var um vextina. Sumir hafa sagt hér og reyndar annars staðar, að verst hafi verið að þessi aðgerð, þó hún hafi heppnast, hafi ekki verið gerð fyrr. Þegar umsagnir sérfræðinganna eru skoðaðar þá kemur á daginn að þeir telja allir eða nánast allir að þessi aðgerð hafi heppnast og ekki sé ástæða til að ætla annað en hún mundi standa. Þeir segja flestir að þetta hafi verið hárrétti tíminn, en tímasetning skiptir mjög miklu máli. Einstaka aðili hefur þó sagt að hugsanlega hafi ríkisstjórnin gripið til þessara aðgerða aðeins of fljótt. Enginn sérfræðingur segir að ríkisstjórnin hafi gripið til þessara aðgerða of seint.

Vegna húsbréfanna þá vil ég vekja athygli á því, af því að hv. þm. nefndi að ekki hafi verið fullnægt eftirspurn kerfisins þar, sem rétt er, að í þeim tilboðum sem ekki voru tekin kom fram mikil vaxtalækkun. Tilboðin voru á bilinu 5,2–5,4, en það var ákveðið að taka þeim ekki, en vaxtalækkunin kom í ljós og sýndi sig þar. En það var ákveðið að halda sig við prinsippið og það mun verða gert nú við það útboð sem fer fram, að ég hygg, á þriðjudaginn kemur. Það verður ekki tekið neinum tilboð með raunávöxtun hærri en 5%.

[23:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. forsrh. svona herstjórnarlega séð, herfræðilega séð, macchiavellískt séð, að þá er auðvitað hótun ekki hótun nema á bak við hana sé vilji til að fylgja henni eftir. Mönnum helst yfirleitt ekki uppi að hóta margoft nema þeir standi við það a.m.k. af og til. Það er ljóst. En hitt er auðvitað alveg jafnljóst í mínum huga að þetta er afar vandmeðfarið, vegna þess að menn hafa enga tryggingu fyrir því, að mínu mati, ef ríkissjóður og aðrir stórir aðilar, eins og t.d. byggingarsjóðirnir, fara að leita út á erlendan lánamarkað og það rofnar í raun og veru það viðskiptasamband sem verið hefur milli lífeyrissjóða og fleiri slíkra aðila, ríkissjóður ryður þannig brautina, — menn hafa enga tryggingu fyrir því að það náist síðan akkúrat jafnvægi, að á móti þeim erlendu lántökum komi þá annar innlendur sparnaður o.s.frv. Ég held að það geti orðið afar vandasamt að stilla það af.

Varðandi dagsetninguna, þessa einu sönnu dagsetningu og kenningarnar um það að þetta hafi verið hárréttur dagur, 29. okt., ekki degi of seint og ekki degi of snemma, þá vefengi ég slíka spekinga, ég segi það alveg eins og er. Þetta eru sömu spekingarnir og sögðu okkur það að það væri alveg lífsnauðsynlegt að fjárlagahallinn færi ekki yfir 5 milljarða á árinu til þess að hægt væri að ná niður vöxtunum. Nú stefnir hann í 14 og það er komið fram á haust og fjárlagafrv. er með 10 milljarða halla og þá er allt í einu kominn rétti dagurinn, 29. okt. til að ná niður vöxtunum. Er þetta nú trúverðugt, hæstv. forsrh.? Hafa þessir sérfræðingar nú ekki skotið sig pínulítið í lappirnar? **(Gripið fram í:** Það má ekki hlakka í þér.) Það hlakkar ekki í mér, þetta eru of alvarleg mál til þess. Og ég segi fyrir mitt leyti: Ég held að sígandi lukka sé best í þessum efnum. Ég hefði haft meiri trú á varanleika þessarar vaxtabreytingar, ef hún hefði gerst jafnt og þétt með sígandi skrefum, hægum skrefum niður á við. Svona stökk aðferðir eru alltaf varasamar að mínu mati.

[23:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem skiptir meginmáli í þessum efnum er að heildarlánsfjáreftirspurn ríkisins hefur dregist saman. Þegar þessi tilraun var gerð á sínum tíma með ekki jafnnákvæmum hætti eins og nú hefur verið gert, þá var vandamálið það að heildarlánsfjárþörf hins opinbera var meiri heldur en allur sparnaður í landinu, nýsparnaður í landinu, en nú hefur heildarlánsfjárþörf hins opinbera dregist saman um meira en helming og það skiptir miklu máli og skiptir meira máli heldur en hallarekstur á ríkissjóði á hverjum tíma varðandi vextina.

Varðandi hitt sem hv. þm. nefndi hér fyrr og reyndar aðrir þingmenn hafa komið inn á, að það hafi verið sópað út á markaðinn miklum peningum af hálfu Seðlabankans, þá er ég ekki sammála þeirri útleggingu. Það er frekar um það að ræða að stjórntækjum bankans, sem hafði verið beitt mjög fast og ákveðið í tengslum við þensluástand í landinu, voru löguð að því ástandi sem nú er, þegar ekki er um þenslu að ræða. Menn slökuðu á þáttum sem eðlilegt er að hafa í föstu formi, þegar þensla er mikil. Það er ekkert sem bendir til þess hér, fremur en annars staðar um þessar mundir, að þessi slökun af hálfu Seðlabankans muni leiða til þess að þensla fari af stað. Og ég er reyndar þeirrar skoðunar gagnvart bönkunum að það muni sanna sig, sem ég hygg reyndar að einn af bankastjórunum hafi tekið undir, að þessir lækkandi vextir, þó þeir kunni um stundarsakir að skapa bönkunum vandamál, þá muni gerast það sama hér og í Noregi að lækkandi vextir muni verða bönkunum til framdráttar. Staða skjólstæðinganna mun styrkjast, vilji þeirra til að standa í skilum mun eflast og til lengri tíma horft munu bankarnir standa betur við lækkandi vexti heldur en við hærri vexti og meiri vaxtamun.

[23:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get út af fyrir sig verið sammála hæstv. forsrh. um það að vonandi er það svo að þegar til lengri tíma er litið þá verki þetta svona. Og það er auðvitað alveg ljóst og því hefur margoft verið haldið fram hér, sem annars staðar í þessari umræðu, að bankarnir hafi verið sjálfum sér verstir með hinum háu vöxtum, og fjármálakerfið, og síðan gífurlegri afskriftaþörf sem þeir hafi orðið að taka inn í sína reikninga á móti, vegna þess að þeir hafi í raun verið að kyrkja viðskiptavini sína í greip sinni með hinum háu vöxtum.

Ég óttast hins vegar að íslenska bankakerfið, íslenski fjármálaheimurinn, en síðast en ekki síst þó atvinnulífið á Íslandi og heimilin á Íslandi eigi langt í land með að komast í þá stöðu sem þessir hlutir eru í í Noregi. Ég óttast það mjög. Ég held að íslensku bankarnir, a.m.k. sumir hverjir, hafi ákaflega litið borð fyrir báru til þess að taka á sig það sem í öllu falli er líklegast að verði verulegt tímabundið tap í framhaldi af þessum aðgerðum, ef þeir þrjóskast þá ekki bara áfram við og halda uppi vaxtamun og háum vöxtum. En það er í raun og veru það sem þeir eru að gera. Og í viðtali við Morgunblaðið í dag viðurkennir formaður bankastjórnar Seðlabankans, fyrrv. hæstv. viðskrh., að skýringin á því að bankarnir hreyfi ekki vöxtunum nú á síðasta vaxtabreytingadegi sé þessi slæma afkoma bankanna og sú fákeppni sem hér ríkir á markaði. Og ég endurtek bara það sem ég sagði áðan. Það er út af fyrir sig ágætt að hæstv. forsrh. sé bjartsýnn á að þetta gangi allt saman vel en ég held að hann ætti að hafa báða fætur á jörðinni, vera raunsær og átta sig á því að það er enn, því miður, allt of snemmt að fagna fullum sigri í þessum efnum, allt of snemmt. Og það væri fróðlegt að eiga orðaskipti við hæstv. forsrh. um þetta t.d. eftir þrjá mánuði og má vel vera að við gerum það.

[23:23]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Herra forseti. Fyrr í kvöld átti ég orðastað við hæstv. sjútvrh. um málefni Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins og málefni sjávarútvegsins almennt, hvenær væri von á frumvörpum um fiskveiðistefnu, um ráðstöfun á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sem beðið er eftir með mikilli eftirvæntingu. Hæstv. ráðherra svaraði engu öðru en því að þessi frumvörp mundu verða lögð fram, þrátt fyrir að ég gengi ítrekað eftir því hvenær þau yrðu lögð fram, hvort það yrði fyrir jól. Ég fékk engin svör.

Ég veit að það eru skiptar skoðanir um þetta mál í hæstv. ríkisstjórn, en það breytir því ekki að auðvitað vil þjóðin fá að vita hvað er fram undan í þessum efnum. Því vil ég spyrja hæstv. forsrh., sem er hér enn við þessa umræðu, hvort hann getur upplýst þingið og þjóðina um hvað er fram undan varðandi málefni sjávarútvegsins, varðandi málefni Hagræðingarsjóðs, sem snertir með beinum hætti frv. sem hér er til umræðu, og fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar upp á 300 millj. Hvenær er von á þessum frumvörpum varðandi þennan undirstöðuatvinnuveg þjóðarinnar? Ef hæstv. ráðherrar halda að það skipti engu máli hvenær þessi mál koma fram, sem ég trúi ekki, þá vil ég minna á að

þetta er einu sinni undirstöðuatvinnuvegurinn sem stendur undir 75% af útflutningi þjóðarinnar og fyrirtæki í sjávarútvegi og útgerðir berjast mjög í bökkum um þessar mundir. Ekki bætir úr skák að forustumenn í sjávarútvegi vita ekkert um hvað er fram undan í þessum efnum.

Ég hitti áðan á göngum Alþingis formann Útvegsmannafélags Austurlands, sem gerði hér boð fyrir mig. Og hann er í stjórn LÍÚ. Ég innti hann eftir því hvort hann vissi hvenær þessi frumvörp kæmu fram? Nei, hann hafði ekki hugboð um hvenær það mundi gerast. Því spyr ég hæstv. forsrh.: Eru líkur á að ríkisstjórn hans nái saman um þessi mál á þessu ári eða verður þetta allt í óvissu fram á vor? (**Gripið fram í:** Er ekki bara hægt að spyrja Amy Engilberts?) Ég hugsa það. En óvissan sem fram undan er í þessum málum um þessar mundir gerir það að verkum að málið verður heitara og viðkvæmara með degi hverjum í þjóðfélaginu. Óvissan er eins og lamandi hönd. Það eru vaxandi erfiðleikar í þessari atvinnugrein, bankarnir hálflamaðar og eins og ég rakti í ræðu minni áðan þá kemur þetta m.a. í ljós í því að bankarnir halda að sér höndum í útlánum. Þeir lána ekki til nýrra fyrirtækja. Nýsköpun er algerlega stöðvuð í þessari atvinnugrein. Það hefur auðvitað áhrif á atvinnuástandið og ég vildi í lokaorðum mínum hér í þessari umræðu minna enn einu sinni á atvinnuástandið í landinu, að gleyma því ekki eitt augnablik að atvinnuleysið er gerandinn í efnahagsmálum í þjóðfélaginu núna.

Það hefur verið furðuhljótt um þessa skýrslu hér, þskj. 289, skýrsla félmrh. um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis. Afleiðingar atvinnuleysis í krónutölu birtast m.a. í fjáraukalagafrv. sem við höfum verið að ræða í dag. En afleiðingar atvinnuleysisins eru miklu víðtækari heldur en það. Allt sem getur unnið bug á því er árangursríkt og það má einskis láta ófreistað til þess að sækja fram gegn atvinnuleysinu. Og það er eitt grundvallaratriði að búa svo í löggjöf um málefni undirstöðuatvinnuvegs þjóðarinnar að þar geti menn byggt upp til framtíðar með einhverri vissu um eftir hvaða leikreglum á að fara næstu árin í þeirri atvinnugrein.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri, enda er farið að líða nokkuð á þessa umræðu. En að lokum vil ég minna á það að í 2. umr. um fjárlög þann 10. des. fyrir um ári síðan, þegar fyrrv. formaður fjárln. stóð hér í pontu og vitnaði í nóbelsskáldið máli sínu til stuðnings. Vitnaði í Barn náttúrunnar, m.a. þessi orð, með leyfi hæstv. forseta:

„Þú stendur á krossgötum lífsins. Við þér blasa tvær leiðir, önnur er vegurinn niður í Helvíti eigingirninnar og sjálfselskunnar — hins versta í sjálfum þér, og þar ber sál þín úr býtum óróleika og lífsleiða. Hinn er vegurinn í Paradís göfginnar og ósérhlífninnar, vegurinn til hins sanna, guðdómlega eðlis mannsins og þar fyllist sál þín gleði og sælu yfir vitundinni um, að þú sért að vinna heiminum gagn.“ (**ÓRG:** Í Tryggingastofnun.) — Sú ríkisstjórn sem nú situr hefur vissulega náð árangri eins og ég hef tíundað hér að framan.

Fyrrv. formaður fjárln. var bjartsýnn í ræðu sinni fyrir ári síðan og sannfærður um að hann væri að gera heiminum gagn og sannfærður um að hann væri með raunsætt fjárlagafrv. í höndunum. Nú blasir það við að hallinn á þessu fjárlagafrv. sem fyrrv. formaður fjárln. var með í höndunum fyrir ári síðan er fyrirsjáanlega orðið 13,8 milljarðar í stað 6,2 milljarða. Enda sá fyrrv. formaður fjárln. að hér væri varla hægt að vinna heiminum meira gagn og hvarf út úr þinginu til annarra starfa, inn í Tryggingastofnun, þar sem hann verður vonandi til gagns og ég veit það að hann leggur þar hönd á plóginn af samviskusemi. En þetta er ekki góð útkoma eftir þetta ár. Það er afar dapurleg útkoma sem blasir nú við og vafalaust eru ekki öll kurl komin til grafar í þessu efni enn, því miður.

[23:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Austurl. endurvitnaði hér í Barn náttúrunnar frá því í fyrra. Mig minnir að sú bók hafi byrjað á orðunum maðkur. Sjálfsagt þykir hv. þm. að það sé maðkur í mysu fjáraukalaganna sem menn ræða. En varðandi hitt atriðið sem hann nefndi sérstaklega og spurði um, frv. sem sjávarútveginum tengjast, þá spurði hv. þm. hvort ég teldi líkur á því að frv. kæmu fram fyrir jól. Ég tel allar líkur á því að þau komi fram fyrir jól og þá fyrr en síðar.

[23:34]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi yfirlýsing var mjög athyglisverð og gengur nú nokkuð lengra en yfirlýsing hæstv. sjútvrh. En ekki voru nú tímasetningarnar nákvæmar frekar fyrr en síðar, vegna þess að það hefur verið rakið hér að tímaskyn hæstv. ríkisstjórnar er dálítið sérkennilegt. Ég er ekki alveg viss um að „fyrr en síðar“ þýði að þessi frv. komi fram í desember. „Upphaf“ er mjög teygjanlegt í orðabók hæstv. ríkisstjórnar. En ég fagna því mjög ef það er rétt að þessi frv. komi fram í desember en vil nú spyrja enn hæstv. forsrh., hvort „fyrr en síðar“ þýði t.d. að frv. komi fram í næstu viku? Er það svo? Það eru ekki margar vikur að verða eftir af desembermánuði. Ég held að það séu ekki nema þrjár vikur til jóla. Þannig að þau hljóta þá að koma fram nú eftir helgina. Eða er ekki svo?

[23:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bind vonir við að þau komi fram í næstu viku.

[23:36]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. forsrh. að þessi frv. komi fram í næstu viku. Hann sagði reyndar: „Ég bind vonir við það“. Svo einhver fyrirvari er enn inni. En aðrir hæstv. ráðherrar eru ekki til þess að staðfesta þetta svo ég bind einnig vonir við það, svo ég noti orðalag hæstv. forsrh., að frv. komi fram í næstu viku. Eru það nú nokkur tíðindi og nokkur niðurstaða af þessari umræðu ef svo verður.

[23:37]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að þingmenn stjórnarandstöðunar hafi í þessari umræðu sýnt að þeir hafa fullan vilja á því að efnisleg umræða fari fram. Og þegar ráðherrar hafa svarað þeim efnislega þá er það talið fullnægjandi. Hæstv. heilbrrh. hefur staðið nokkuð vel hvað það snertir að koma fram í umræðunni með þeim hætti og eftir að búið var að benda hæstv. fjmrh. á það að hann hefði ekki brugðist við á þann veg að svara þeim spurningum sem til hans var beint þá gerði hæstv. fjmrh. það. Hæstv. forsrh. hefur ekki gert það. (**Forsrh.:** Hvað, fyrirgefðu?) Að svara þeim fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint. (**Forsrh.:** Hann hefur leitast við það, jú.) Nei, það hefur hæstv. ráðherra ekki gert. Að vísu eftir að ég kvartaði undan því klukkan rúmlega ellefu að hann hefði ekki svarað neinu þá loksins kom hann hér í salinn og tók til við að svara þeim ræðumönnum sem þá voru að tala í formi andsvara. En hæstv. forsrh. hefur ekki enn flutt neina venjulega ræðu í þessum umræðum þannig að hann hefði tíma til að svara þeim spurningum sem til hans hefur verið beint. T.d. hvað snertir þær mörgu spurningar sem ég beindi til hans þá hefur hann ekki svarað neinni þeirra. (**Forsrh.:** Þetta er ekki rétt.) Hæstv. forsrh. getur sjálfur gengið úr skugga um það með því að skoða umræðuna. Hann veitti andsvör hér sem voru svona almennar fullyrðingar, nokkuð út og suður, en komu á engan hátt inn á þær spurningar sem ég bar fram til hans.

Ég vil segja það við hæstv. forsrh. alveg skýrt: Við ætlumst til þess að forsrh. taki á málefnalegan hátt þátt í umræðum hér. Við erum ekki að biðja hann að flytja langar ræður en við ætlumst til að hann taki, fimm, tíu eða fimmtán mínútur sem þarf til að svara þeim spurningum sem til hans er beint. Við erum að beina þeim til ráðherrans vegna þess að við teljum þær mikilvægar. Og það dugir ekki að nota bara andsvörin hér í svona almennum pólitískum skætingi í málfundastíl þegar beðið er um svör við spurningum. Og eins og hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði hér í fyrr í kvöld, og er alveg rétt hjá þeim þingmanni, er það mjög hæpið hjá ráðherranum að ætla sér að nota andsvaraformið eingöngu í þessi orðaskipti þingmanna og ráðherra vegna þess að andsvaraformið er það stutt að það er ekki hægt að ætlast til þess að ráðherrar veiti svör við öllum þeim spurningum sem þá eru bornar fram. Þess vegna ætla ég, virðulegur forseti, að endurtaka hér nokkrar af þeim spurningum sem ég hef borið fram til hæstv. forsrh. og hann hefur í engu svarað.

Í fyrsta lagi spurði ég hæstv. forsrh. að því hvort hann væri enn þeirrar sömu skoðunar sem hann hefur flutt hér ítrekað síðan hann varð forsrh. að það væri samhengi á milli ríkissjóðshallans og vaxtastigsins í landinu? Ef hann væri þeirrar skoðunar að forsendan fyrir varanlegri vaxtalækkun væri sú að ná ríkissjóðshallanum niður hvert væri þá svar hans við spurningu um horfurnar um varanlega vaxtalækkun þegar við blasti við afgreiðslu þessa fjáraukalagafrv. að hér í þessari umræðu er verið að afgreiða fjáraukalagafrv. fyrir árið í ár sem felur í sér tæplega 14 millj. halla þótt hæstv. fjmrh. hafi lýst hér nokkurri von sinni um að hallinn yrði eitthvað minni? Hæstv. fjmrh. hefur lýst því yfir að engin von standi til þess að 10 milljarða hallinn í fjárlagafrv. fyrir næsta ár verði minni. Því er eðlilegt að hæstv. forsrh. svari því hér: Telur hann að þessi mikli halli í fjáraukalagafrv. sem hér er til umræðu og fjárlagafrv. fyrir næsta ár sem liggur hér fyrir hafi engin áhrif á vaxtastigið á næsta ári? Þessi spurning mín hefur svo sérstaklega verið rökstudd enn frekar af hv. þm. Finni Ingólfssyni, sem benti á það hér fyrr í þessum umræðum og fékk heldur ekkert svar, hæstv. forsrh., við þeirri ábendingu að þegar þeir átta til níu milljarðar sem notaðir höfðu verið til þess að greiða fyrir vaxtalækkuninni núna væru uppurnir um mitt næsta ár, hvað þá? Hvað þá?

Hæstv. forsrh. sem ráðherra efnahagsmála þarf að veita svör við þessum spurningum, ekki bara vegna þess að við berum þær upp hér á Alþingi, heldur vegna þess að hann hefur sagt það opinberlega að nú eigi fyrirtækin í landinu að bregðast við þeim árangri sem náðst hefur með varanlegri vaxtalækkun og leggjast í fjárfestingar eða aðgerðir til sóknar í atvinnulífi til að auka atvinnu í landinu. Þá verða fyrirtækin að fá frá hæstv. forsrh. hér á þinginu, sem er hinn eðlilegi vettvangur slíkra yfirlýsinga, einhver rök fyrir því að þetta sé ekki byggt á sandi í ljósi kenninganna um ríkissjóðshalla og vaxtastig.

Ég heyrði að vísu hæstv. ráðherra halda því fram hér í innskoti áðan í andsvari sínu að það sem skipti máli væri heildarfjárþörf ríkisins á lánsfjármarkaði, ekki hallinn sjálfur. Það er að vísu algerlega ný kenning hjá hæstv. ríkisstjórn. Það má hins vegar ræða hana ef það er kenningin. En þá verður líka að vera alveg skýrt hvað menn eru að tala um alveg nákvæmlega.

Hæstv. forsrh. sagði það hér áðan að yfirlýsingin um erlendar lántökur væri ekki bara hótun, henni yrði fylgt fram. Þá vil ég segja við hæstv. forsrh.: Það er hættuspil. Það er hættuspil að fara að fjármagna húsbyggingar á Íslandi með erlendum lánum. Þjóð sem er farin að fjármagna íbúðarbyggingar sínar með erlendum lántökum, hún er komin á hættustig. Þjóð sem er farin að fjármagna rekstur sjúkrahúsa og skóla með erlendum lántökum, hún er komin á hættustig. Ég vænti þess að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir því.

Eru kjörin sem kunna að bjóðast á þeim erlendu lánamörkuðum þá betri en þau sem kynnu að bjóðast hér innan lands þótt þau væru fyrir ofan 5% vaxtamarkið? Það er líka fullkomlega ósannað mál. Vegna þess að gengisáhættan á hinum erlenda lánamarkaði er slík að það er ekki hægt að jafna því saman við lántökur á íslenskum markaði.

Það er hægt að rekja fjölmörg dæmi um það hvernig bæði ríkissjóður og Landsvirkjun, sem er fyrirtæki sem við þekkjum nú báðir nokkuð til, hafa tapað verulegum fjármunum á því að velja vitlausar myntir á ákveðnum tímapunkti og orðið þess vegna að líða fyrir verulegt gengistap af lántökuákvörðunum fyrri ára. Til þess að eitthvert vitrænt samhengi sé í efnahagsumræðunni og ákvörðunum aðilanna úti í þjóðfélag-

inu, hæstv. forsrh., þá verða að fást hér svör við þessum spurningum.

Ég spurði hæstv. fjmrh. hér fyrr í kvöld, vegna þess að hæstv. forsrh. var þá ekki í salnum, hvort hann gæti þá svarað einni af þeim spurningum sem ég hafði borið fram við hæstv. forsrh. af því að ég vildi greiða fyrir umræðunni. Þá kom hæstv. fjmrh. upp og sagði að hæstv. forsrh. hefði svarað því fyrr í umræðunni og hann væri sammála því svari. Honum var þá bent á það, hæstv. fjmrh., að forsrh. hefði engu svarað í umræðunni um það atriði. Hæstv. fjmrh. kom þá upp og sagði að, jú, það væri líklegast rétt að forsrh. hefði engu svarað hér á þingi um það atriði en líklegast hefði hann heyrt hann svara því í fjölmiðlum í gær.

Virðulegi forseti. Við erum hér með þjóðþing og það er orðið dálítið hættulegt þegar jafnvel ráðherrarnir í ríkisstjórninni eru orðnir svo ruglaðir í ríminu að þeir í fyrstu halda því fram að það sem þeir hafi heyrt fyrir tilviljun forsrh. segja í fjölmiðlum hafi verið flutt hér í umræðunni fyrr í dag á Alþingi. Þessi stóll hér er hinn formlegi vettvangur sem ríkisstjórnin hefur til að flytja sitt mál. Þótt vissa virðingu sé hægt að bera fyrir fjölmiðlum í landinu þá dugir það ekki að umræðan sé gerð svo óljós að enginn viti lengur hvað er sagt hvar.

Fyrsta atriðið sem ég hef ekki fengið neitt svar við er afstaða ráðherrans til þessa samhengis milli ríkissjóðshalla og vaxtastigsins. Annað atriði sem ég hef ekki heldur fengið neitt svar frá hæstv. forsrh. við er hver sé afstaða hans til þess 12–16% raunvaxtastigs á óverðtryggðum lánum sem nú er í bankakerfinu í ljósi þess að bankarnir breyttu ekki vaxtastiginu núna á síðasta breytingardegi og í ljósi þess að hæstv. fyrrv. viðskrh., núv. seðlabankastjóri, kemur með þær skýringar á þessu háa vaxtastigi að það stafi annars vegar af fákeppniseðli íslenska bankakerfisins og hins vegar af rekstrarerfiðleikum bankanna. Ef þessar skýringar seðlabankastjórans eru réttar þá vitum við báðir, hæstv. forsrh., að þeir tveir þættir munu ekkert breytast á næstu missirum. Það verða áfram fákeppniseinkenni á íslenskum peningamarkaði og það verða áfram erfiðleikar hjá íslenska bankakerfinu. Er þá seðlabankastjórinn virkilega að segja það að þess vegna verði menn að sætta sig við 12–16% raunvaxtastig á óverðtryggðum lánum í bankakerfinu? Og er hæstv. forsrh. sammála þessum skýringum seðlabankastjórans? Ég spurði að því hér í dag. Það hefur ekkert svar fengist við því. Og ef hann er ekki sammála þeim, með hvaða rökum telur hann þá að raunvaxtastigið á óverðtryggðum lánum geti lækkað hér á næstunni?

Þriðja atriðið sem ég hef ekkert svar fengið við hér í dag er sú spurning mín til hæstv. forsrh. hvert sé svar hans gagnvart yfirlýsingu Alþýðusambands Íslands og yfirlýsingum forseta Alþýðusambandsins og formanns BSRB varðandi það að þjóðarsáttarsamningarnir séu í hættu ef sumir starfsmenn ríkisins fái margra tuga prósentuhækkun en aðrir ekki. Þegar jafnvarkár maður og forseti Alþýðusambandsins lætur þau orð falla sem hann gerir í viðtali við Morgunblaðið í dag þá er mikill þungi þar á bak við. Þess vegna spurði ég hæstv. ráðherra: Ætlar ríkisstjórnin að aðhafast eitthvað eða ekki vegna úrskurðar kjaranefndar og Kjaradóms eða ætlar ríkisstjórnin að festa það í sessi að sumir opinberir starfsmenn fái hér launahækkanir upp á marga tugi prósenta?

Hæstv. ráðherra veit það ósköp vel að það er hægt að finna fjölmörg rök fyrir því hjá hinum ýmsu starfshópum opinberra starfsmanna að þar hafi aðstæður breyst með sama hætti og hjá hæstaréttardómurum og hjá prestum. Þess vegna sé hægt að réttlæta launahækkanir þeirra. Ég held að það gangi einfaldlega ekki upp að sannfæra launamenn um það að á sama tíma og það sé sjálfsagt og eðlilegt að þeir sem fari með jólaguðspjallið fái margra tuga prósenta hækkun núna rétt fyrir jólin, þá eigi þeir sem afgreiða jólamatinn, þeir sem framleiða jólabækurnar, þeir sem bera út jólapóstinn ekki að fá neitt. Ástæðan fyrir því að almenningur í landinu hefur sætt sig við það að taka þátt í þessum erfiðleikum með þeim hætti sem Alþýðusambandið staðfesti og BSRB er nú að búa sig í er sanngirni, það séu allir á þessum sama bát. Það er meginástæðan. Íslenskt launafólk hefur ávallt verið tilbúið að leggja á sig mikla erfiðleika bæði nú og áður ef sanngirni væri gætt. En þótt prestar og dómarar séu þannig staddir að sjálfsagt sé hægt að færa ýmis rök fyrir þeirra launahækkunum, þá mun þjóðin einfaldlega ekki skilja það að þeir séu einhvern veginn svo illa haldnir að það verði bókstaflega að hækka hjá þeim.

Þó ég telji nú ekki allt upp sem ég spurði hér um og hef ekki fengið nein svör við, þá ætla ég samt sem áður að ljúka þessari upptalningu hér og nú með því að minna hæstv. forsrh. á að ég spurði líka um yfirlýsingar hans varðandi Kjaradóm. Ég þóttist heyra hæstv. forsrh. segja það hér í gær í fjölmiðlum að það mundi ekki koma meira frá Kjaradómi. Efnislega var það þannig. Ég man ekki orðalagið alveg nákvæmlega, en þegar hann var spurður hvort þingmenn kæmu ekki næst og þannig koll af kolli, þá var svar hans einhvern veginn á þann veg að það mundi ekki vera. Og þess vegna spurði ég hæstv. forsrh.: Hvaða tryggingu hefur hann fyrir því að Kjaradómur láti nú staðar numið? Eða telur hæstv. forsrh. að Kjaradómur muni halda áfram að kveða upp úrskurði? Og ég gat þess svona í leiðinni, bara til þess að hæstv. forsrh. vissi af því, af því að ég er nú yfirleitt hreinskilinn við hæstv. forsrh., að hann yrði líka að átta sig á því að sú staðreynd að náinn fyrrv. samstarfsmaður hans sem situr í Kjaradómi, borgarlögmaður, skapar auðvitað þá stöðu að ýmsir velta því fyrir sér hvort hæstv. forsrh. standist algerlega þá freistingu að ræða kjaradómsmál við þennan ágæta vin sinn og fyrrv. samstarfsmann, það vænti ég að sé staðreyndin. En sumir hafa dregið þá ályktun hér úti í þjóðfélaginu af þessum ummælum sem þeir heyrðu eins og ég að forsrh. sé með eitthvert sérstakt samband við Kjaradóm og hafi verið upplýstur eitthvað um það hvað Kjaradómur ætlist fyrir. Og ég tel það vera mikilvægt fyrir hæstv. forsrh. sjálfan að fá tækifæri til þess hér á Alþingi að afneita því, tel að það þurfi að vera alveg á hreinu að hæstv. forsrh. hafi ekki verið og muni ekki vera með puttana í Kjaradómi

eins og ég orðaði það hér fyrr í dag.

Virðulegi forseti. Þetta eru nokkur af þeim atriðum sem ég ræddi fyrr í dag og hæstv. forsrh. hefur ekki svarað enn. Og ég vona að ég hafi þar með rökstutt nægilega fyrir hæstv. ráðherra að þau stuttu andsvör sem hann veitti hér í dag voru á engan hátt á þann veg að þessum spurningum sem ég hef nú hér lýst væri svarað. Ég tel hins vegar, virðulegi forseti, að það sé illa farið með minn tíma og illa farið með tíma þingsins að ég skuli þurfa að endurtaka þessar spurningar rétt fyrir miðnætti. Ég ætlaði ekkert að lengja umræður en framganga hæstv. forsrh. að svara ekki er auðvitað á þann veg að maður neyðist til þess að endurtaka spurningarnar og endurtaka þær á þann veg að ég hef ekki rétt til þess að taka til máls á eftir andsvörum ef hæstv. forsrh. kýs að svara þannig að framganga hans í umræðunni er á þann veg ef hann nú fer loksins að svara að vonlaust er fyrir mig að eiga við hann fleiri orð um þetta mál nema undir hinum stuttu andsvörum. Við erum að taka þessi mál hér á dagskrá líkt og gert var með heilbrigðismálin til þess að reyna að átta okkur á því hvernig hæstv. ráðherrar líta á málin. Ég tel að það hafi tekist vel varðandi hæstv. heilbrrh. í þessum umræðum og mér finnst miður að það skuli ekki hafa gert það varðandi hæstv. forsrh.

[23:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Herra forseti. Ég vil í upphafi máls segja fyrir mitt leyti að ég er ósammála hv. þm. að ég hafi ekki leitast við að svara hans spurningum en auðvitað er það svo að þingmaður getur talið að þau svör sem hann fær séu ekki fullnægjandi. Við það getur sá sem svarar ekki ráðið í sjálfu sér og þarf raunar ekki að lúta þeim dómi. Það er ekki hægt að gera aðrar kröfur en að menn leitist við að svara eftir bestu getu. Ég vek líka athygli á því að mér finnst ekkert óeðlilegt að í máli eins og þessu sé það einn fagráðherra sem hafi meginforsvar málsins eins og á við í þessu tilfelli varðandi fjmrh. en síðan séu aðrir ráðherrar tilbúnir til þess að koma í andsvör og svara tilteknum hlutum sem til þeirra er beint og þeir hafa þá auðvitað hliðsjón af því hvort sá ráðherra sem fer með málið hefur áður svarað fyrir ríkisstjórnarinnar hönd þeim spurningum sem til hans og annarra ráðherra hefur verið beint og það hlýtur að teljast fullnægjandi þannig að mér finnst ekkert óeðlilegt að aðrir ráðherrar komi inn í umræðuna með þessum hætti en einn fagráðherra sé ábyrgur fyrir umræðunni. Ég hygg að þingsköpin gangi út frá því og það sé heilbrigð og eðlileg aðferð.

Og ég segi líka eftir að hv. þm. hefur farið yfir þessi atriði sem hann telur að ég hafi látið hjá líða að svara þá er ég þeirrar skoðunar að ég hafi í mörgum greinum svarað þeim spurningum eins og efni stóðu til og mun að hluta til endurtaka þau svör hér. Öðrum svaraði ég ekki vegna þess að ég taldi að aðrir aðilar hefðu svarað þeim þegar og mundu svara þeim og ég hef verið sammála þeim svörum sem hafa komið fram af hálfu einstakra ráðherra og þó ráðherra sérstaklega sem í meginforsvari er fyrir málinu.

Varðandi það sem hv. þm. sagði hér síðast um Kjaradóm og spursmál um það hvort forsrh. hefði persónulega sérstök sambönd inn í Kjaradóm þá finnst mér það ekki alveg passandi með hvaða hætti hv. þm. fjallaði um það mál. Það er ekki viðeigandi að þó að hv. þm. viti um mikinn og góðan vinskap minn við einn kjaradómsmanna þá gefi hann sér það og ætlist til þess að ég afneiti því hér að ég ræði við hann, þennan vin minn, persónulegan vin minn til margra ára, um málefni Kjaradóms. Það er ekki viðeigandi að hv. þm. gefi sér það. Með sama hætti gat þingmaðurinn sagt að það vildi nú þannig til að annar kjaradómsmaður er einn af samborgarfulltrúum mínum í borgarstjórn Reykjavíkur, formaður kjaranefndar sem einnig á sæti í Kjaradómi. Ekki veit ég af hverju hv. þm. kaus að draga út minn ágæta persónulega vin, borgarlögmanninn, og gefa sér það að við værum í einhverju sérstöku bralli í kringum Kjaradóm. Mér finnst það ekki passandi og ekki viðeigandi að vera með málatilbúnað af þessu tagi. Nú veit ég að hafi ekki hv. þm. kynnst þeim ágæta borgarlögmanni, þá fær hann núna á næstu dögum tækifæri til þess við ákjósanlegar aðstæður að kynnast honum vonandi með nánum hætti. Og þá held ég og er viss um að hann áttar sig á því að þar er um gætinn og grandvaran embættismann að ræða sem veit nákvæmlega hvaða takmörk embættisstörf hans setja honum í hverju falli. Vel má vera að þeir þekkist fyrir en sé svo ekki þá verði kynnin gagnkvæm og ánægjuleg af hálfu beggja. Og ég nota tækifæri og óska báðum góðrar ferðar austur til Rússlands að fylgjast þar með kosningum fyrir hönd okkar lýðræðissinnanna allra.

Varðandi hitt sem hv. þm. nefndi og virtist gefa sér svo að talað sé um Kjaradóm, að þeir sem flytja jólaboðskapinn, það hafi verið niðurstaða kjaranefndar, ættu að fá sérstakar hækkanir og það yrði að draga þær ályktanir af því að þeir snerta jólin með einhverjum öðrum hætti þá fyrst miðað væri við jólaboðskapinn að fá þessar hækkanir sérstaklega. Ég held að það hafi ekki verið miðað við jólaboðskapinn sérstaklega. Ég tók reyndar eftir því að um síðustu helgi, þá voru þeir sem fluttu jólaboðskapinn fyrrv. aðalbankastjóri Seðlabankans, núv. bankastjóri Seðlabankans og hæstv. viðskrh. Ég tók ekki spurninguna þannig að hv. þm. teldi að þessir þrír jólaboðskapsmenn frá síðustu helgi ættu að fá sérstaka hækkun, ég hygg að Kjaradómur hafi ekki gert ráð fyrir því né heldur hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir sem einnig flutti jólaboðskapinn eftir því sem ég best veit um síðustu helgi. Og ég get getið þess að ég stefni að því að flytja hann um næstu helgi og hef ekki gert ráð fyrir kauphækkun af þeim ástæðum. (**ÓRG:** Eru menn farnir að vinna þetta fyrir prestana?) Ja, þetta er nú þekkt. Ég þekki líka einn hv. þm. sem sér um páskana í tiltekinni kirkju í kjördæmi sínu. En allt er þetta nú þekkt og það eru sjálfboðaliðar í ýmsum greinum sem taka að sér verkefni í kirkjunum og sumir meira að segja ótrúlegir því ég hygg að það hafi komið mönnum dálítið óvart þegar formaður Alþb. hóf þessi prestsþjónustuverk á sínum tíma. En ég er viss um að hann hefur haft mikinn

helgiblæ yfir sér og farið vel þarna í kirkjunni, ég hef engar efasemdir uppi um það enda fyllti hann húsið ef ég man rétt og kannski oftar en einu sinni sem gerist nú ekki nema á meiri háttar jarðarförum eins og menn vita nú orðið í síðari tíð.

Um þau atriði sem hv. þm. nefndi sérstaklega um Kjaradóm og þau ummæli sem til mín var vitnað þá hef ég ekki önnur tök á því en hv. þm. að vega og meta aðstæður í landinu og vega og meta þau lög sem við báðir tókum þátt í að setja. Ég skal ekki fara með hvernig menn hafi greitt atkvæði, en við tókum báðir þátt í málsmeðferðinni hér á þinginu og þekkjum þau. Og út frá því hefur mér ekki þótt líklegt að ætla mætti að sérstakt áframhald yrði í þessum efnum. En ég tók eftir því sérstaklega — og var að svara því sem að mér var beint af hálfu fréttamanns Ríkisútvarpsins, Hermanns Sveinbjörnssonar, sem bar undir mig nýsetta ályktun miðstjórnar Alþýðusambandsins. — Og ég hafði tekið eftir því í þeim texta sem ég fékk reyndar frá honum að þar var talað um að ef haldið yrði áfram á þessari braut þá væri hætta á ferðum og ég svaraði aðspurður að ég teldi engar sérstakar líkur á því að haldið yrði áfram á þessari braut. Þannig var svar mitt efnislega, ekki orðrétt, ég tek það fram.

Varðandi það atriði sem hv. þm. nefndi um það sem hann tók fram að ég hefði ekki svarað, hvort ég væri nú þeirrar skoðunar að hallinn á ríkissjóði skipti ekki lengur máli varðandi stöðugleikann í vöxtum, þá er það nú svo að þessu svaraði ég bæði hv. þm. og einnig hv. þm. Finni Ingólfssyni og ég tók sérstaklega fram að miklu skipti auðvitað að útgjöldin hefðu dregist saman. Það skipti verulegu máli. En jafnframt nefndi ég það og einnig þegar ég svaraði hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að það skipti ekki síst máli í þessu sambandi að heildarlánsfjáreftirspurn ríkissjóðs hefði minnkað og hlutfall þeirrar eftirspurnar miðað við nýsparnað í landinu væri með réttari hætti en þetta hlutfall var fyrir örfáum missirum og árum. Þetta sagði hv. þm. hér áðan að væri ný kenning. Þetta er ekki ný kenning frá mér fram sett. Það má finna í ræðum mínum hér í þinginu að þetta skipti mjög miklu máli.

Í þessu sambandi vil ég líka vekja athygli á því að ríkissjóðshallinn einn, mælt í tilteknum árum, skiptir hann ekki öllu máli. Til lengri tíma horft skiptir hann auðvitað máli. Ég vek athygli á því að í löndum eins og til hefur verið vitnað hér og til að mynda af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, þar sem ríkissjóðshallinn er miklu meiri en hér, t.d. í Svíþjóð, þar eru vextirnir lægri. Lánsfjáreftirspurn ríkjanna þarna miðað við sparnaðinn í löndunum hins vegar eru miklu hagfelldari. Það er það sem skiptir máli. Ég get talið upp allmörg lönd, hv. þm. þekkir þau líka, þar sem aðstæður eru nákvæmlega svona þannig að þetta er af minni hálfu ekki ný kenning og ég kom að þessu atriði í svarinu bæði við ræðu hv. þm. og fleiri hv. þm. og því finnst mér ekki sanngjarnt af hv. þm. að fullyrða það að ég hafi ekki leitast við að svara þessu atriði. Það hef ég gert og ég tel þetta vera fullnægjandi svör. Auðvitað má um þau deila en þau eru málefnalegt innlegg í þessa umræðu.

Hv. þm. nefndi líka að hv. þm. Finnur Ingólfsson hefði talað um það að þegar þessir fjármunir sem hefði verið dælt út á markaðinn í einu vetfangi væru uppurnir mundu þessir vextir ganga til baka og hækka á nýjan leik. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. og ég hygg reyndar að hæstv. fyrrv. fjmrh. viti það nákvæmlega að þingmaðurinn var að misskilja málið. Það sem um er að tefla í þessu sambandi er að það var linað á tilteknum stjórntækjum bankans, bindiskyldu bankans, vaxtagreiðslu á bundnu fé o.s.frv., lausafjárhlutfalli. Það er linað á þessum þáttum. Það hefur refsiþýðingu, kostnaðarþýðingu fyrir bankann o.s.frv. Það er linað á þessum þáttum sem er eðlilegt að lina á þegar þessu tímabili sem stjórntækin eiga ekki síst við um eru ekki fyrir hendi á því skeiði. Og það er engin ástæða til þess að ætla að því skeiði verði lokið um mitt næsta ár. Ég taldi það reyndar svo augljóst að þingmaðurinn væri að fara villur vegar og hefði misskilið málið að ég taldi ekki rétt að vera að nudda honum upp úr því sérstaklega. Ég taldi víst að fyrrv. hæstv. fjmrh. mundi þekkja þetta mál það vel að hann hefði ekki misstigið sig á þessu þó að hv. þm. hefði ekki þekkt nægjanlega vel til málsins.

Hv. þm. sagði líka að ég hefði svarað því til varðandi ræðu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér áðan að hótanir væru lítils virði ef ekki væri vilji til að standa við þær og það væri fullur vilji til að standa við þessar hótanir. Þá sagði hv. þm. að þarna væru menn á vafasamri braut ef þeir ætluðu sér að fara að fjármagna húsnæðiskerfið og fleiri slíka þætti með erlendum lántökum. Því miður hefur þetta verið gert í raun þannig að menn hafa verið að fjármagna slíka hluti og almenna eyðslu í landinu með erlendum lántökum. Sem betur fer hefur hin almenna söfnun á skuldum erlendis verið stöðvuð. Aukning á erlendum skuldum hefur verið stöðvuð og það skiptir auðvitað meginmáli. Þess vegna finnst mér ekki rétt að hv. þm. túlki þau orð mín svo að menn séu tilbúnir til þess að standa við þær hótanir. Ég vil ekki einu sinni nota orðið hótanir í þessu sambandi þó að ég skilji hvað hv. þm. eigi við, ráðagerðir, staðfestu eða hvað það er um að það fáist ekki eðlileg lánafyrirgreiðsla hér, þá muni hún um skeið fást annars staðar. Það er margt sem bendir til þess í raun að markaðurinn svari svo vel þessari vaxtalækkun og þannig er til að mynda með hin almennu fjármál ríkisins nú að þess verði ekki þörf að leita í verulegum mæli á erlenda markaði umfram það sem menn höfðu áður ráðgert. En það er ekki áhætta í þessu dæmi að mínu viti við núverandi aðstæður. Þvert á móti gæti það verið eðlilegt ef dæmið snýst þannig og það er það sem ég var að segja, að vilji stæði til þess. Ég vakti líka athygli á því í svarinu við spurningu hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar, að í raun hefðu menn gengið mjög nálægt því að fá frambærileg tilboð í húsnæðisbréfin eða aðeins 0,2–0,4% yfir 5% markinu sem við settum okkur.

Varðandi yfirlýsingar Alþýðusambandsins og það að hæstv. fjmrh. hefði sagt að ég mundi hafa svarað þessu í fjölmiðlum áður en ég svaraði þessu hér, þá er nú hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson ekki sá þingmaður sem

mest fælist fjölmiðla eða hátalara. **(ÓRG:** Fjmrh. sagði að forsrh. hefði svarað því hér.) Já, það var reyndar ekki rétt. En kannski eftir allar umræðurnar geti mönnum aðeins skjöplast í því og skotist í því. Það hefur örugglega komið fyrir hv. þm. sem ráðherra, þykist ég viss um, að hafa svarað spurningum sem ráðherra áður en hann hafði fengið slíkar spurningar hér og svarað þeim í sinni tíð. Það þykist ég viss um. Til að mynda er það reyndar venja hér á landi sem mér finnst alltaf dálítið sérkennilegt að fjárlagafrv. er hent inn í þingið en aðeins nokkrum klukkustundum síðar eða jafnvel um sama leyti eru fjármálaráðherrarnir á hverjum tíma, hæstv. fyrrv. fjmrh. var ekki sá fyrsti, í óða önn að kynna innihald þess fyrir fjölmiðlum, rétt meðan þingmenn eru að byrja að blaða. Mér hefur alltaf þótt þetta afskaplega sérkennileg aðferð og mundi ekki víða verða liðin, hygg ég. Þannig að mitt svar í fjölmiðlum varðandi þetta atriði miðað til að mynda við þessa venju er algjört smáræði. Þingmenn fá útleggingu, skoðanir fjmrh. niður í minnstu atriði í fjölmiðlunum, útleggingar þar, mörgum dögum áður en umræðan hefst. Mér finnst það ekki vera góð venja fyrir mína parta en eins og margoft hefur verið bent á þá er ég ekki mjög þingreyndur maður og hef ekki gert við þetta athugasemdir en af þessu gefna tilefni þá geri ég það.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um afstöðu mína um 12–16% nafnvexti, þ.e. raunmat á nafnvöxtum, hvort mér þætti það frambærilegt og hvort ég væri sammála seðlabankastjóranum, að menn yrðu að sætta sig við 16–18% vaxtastig eins og hv. þm. sagði. Ég vakti nefnilega athygli á því í þeim svörum sem þm. kvartaði yfir að hefðu ekki komið fram að hv. þm. fór ekki rétt — og það er galli — með ummæli seðlabankastjórans. Seðlabankastjóri nefnilega segir að hann telji víst að þarna muni nást jafnvægi. Hann er ekki að boða að menn eigi að sætta sig við þetta, ekki frekar en ég. Og ég er sammála formanni bankastjórnar Seðlabankans og ég tel víst að þarna náist jafnvægi. Menn hafa þegar verið að lækka þá vexti sem bundnir hafa verið við vísitölur og bankarnir gerðu það og fylgdu því allfast eftir en ég vakti líka athygli á því að það væri þetta misræmi að bækur með gríðarlegum upphæðum eru bundnar með tilteknum kjörum til áramóta. Það hefur örugglega ekki skapað erfiðleika fyrir bankana. Ég tel algjörlega út í bláinn, þó ég hefði kosið að sjá lækkun af þessum vaxtadagatímamótum sem eru á 10 daga fresti, ég minni á það, út í bláinn að leggja svo mikið upp úr þessari einu dagsetningu. Hins vegar finnst mér gott að blöðin, og Morgunblaðið sérstaklega til að mynda, skuli láta fylgjast mjög vel með þessu. Það hefur aðhald í för með sér og ég er ekki í vafa um það að þau útboð sem hafa farið fram á ríkisbréfum núna á síðustu dögum með þeirri miklu lækkun sem þar er og með því mikla trausti sem markaðurinn hefur og sýnir í þeim útboðum á 12 mánaða og tveggja ára óverðtryggðum bréfum sem segir að ef verðbólgan verður 1,5%, þeir eru að veðja á það til þessa langs tíma, þá eru kjörin að lækka. Það skiptir meginmáli og það bendir til þess að markaðurinn trúir því og það traust er mikilvægt og mikilvægast af öllu að vaxtalækkunin ekki bara standist heldur sé líklegt að þeir hagnist með því að bjóða þessar tölur sem þýðir með öðrum orðum að þeir trúa því að vextir eigi enn eftir að lækka. Ég held að það sé hið raunhæfa mat í þessum efnum.

Hv. þm. spurði: Ætlar ríkisstjórnin virkilega ekki að grípa til aðgerða gagnvart Kjaradómi og kjaranefnd og úrskurðum þeirra? Nú verður hv. þm. að spyrja skýrar. Er hv. þm. að krefjast þess, mælast til þess að ríkisstjórnin beiti sér fyrir lögum á Kjaradóm og kjaranefnd? Á úrskurðum sem eru felldir aðeins skömmu eftir að Alþingi setti lög um þessar tvær stofnanir. Er hv. þm. að biðja um það? Ég óska eftir því að þingmaðurinn tali skýrt þannig að ég eigi betur með að svara þessum efnum. Mér þykir fullnægjandi að hv. þm. tali um það skýrt í andsvörum og þá skal ég segja mína skoðun á málunum.

Hv. þm. sagði að það væri varasamt að tala um hagstæð kjör í þessum efnum eins og nú byðust á erlendum lánamarkaði vegna gengisáhættunnar. Það er alveg rétt, hann hefur nefnt dæmi um að þar getur brugðið til allra átta en ef það er svo og ef það gerist svo að sterkir aðilar hér una ekki þeim vaxtakjörum sem ríkissjóður býður upp á og leita þess vegna til útlanda þar sem þeir trúa því að þeir fái hærri ávöxtun en ríkisvaldið getur til að mynda boðið hér, þá skapast jöfnuður í myntkörfunni gagnvart íslensku efnahagslífi sem heild og gengisáhættan minnkar verulega. Þetta eru atriði sem ég held að sé nauðsynlegt að hv. þm. hafi mjög í huga þegar þeir fjalla um þessi atriði.

Hæstv. forseti. Ég tel að ég hafi með þessum efnum og þeim andsvörum, sem mér finnst óþarfi að gera lítið úr, tekið fullan málefnalegan þátt í þessum umræðum, leitast við það, en auðvitað hefur sá fagráðherra sem með málið fer haft meginveg og vanda af málinu þó að ég hafi ekki talið eftir mér að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint og gert það að mínu viti samviskusamlega.

[00:18]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa komið inn í umræðuna með þessum hætti og ég vænti þess að hann íhugi það að það er eðlilegur framgangur máls að hann komi hér á tiltölulega stuttum tíma, lýsi viðhorfum sínum með jafnskýrum hætti og hann gerði hér. Hæstv. forsrh. verður auðvitað að átta sig á því að hann er ráðherra efnahagsmála og þó að fjárlögin heyri formlega undir fjmrh. þá hefur það ávallt verið talið eðlilegur siður í þinginu að forsrh. tæki efnislegan þátt í þeirri umræðu svo nátengd sem fjárlögin eru allri stjórn efnahagsmála. Um það gilda ekki einhverjar almennar reglur um viðkomandi fagráðherra. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þó við gerum kröfur til þess við þau tvö eða þrjú frv., sem eru hér árlega um fjárlög og fjáraukalög, að hæstv. forsrh. tali með myndugleika í þeirri umræðu.

Ég tel líka það vera kost fyrir þjóðina og aðila í atvinnulífinu að hafa fengið að heyra og kynna sér þau rök sem hæstv. forsrh. flutti hér fyrir mati sínu og

skoðunum. Ég tel að það væri hið eðlilega og rétta sem hann var að gera í sinni ræðu áðan að lýsa rökum sínum með þessum hætti. Þannig á umræðan að vera á þinginu og það er af hinu góða og hefði betur mátt gerast fyrr í dag.

Ég fagna því einnig að hæstv. forsrh. hefur talað alveg skýrt um það að hann var aðeins að álykta almennt varðandi Kjaradóm. Ég dreg hins vegar í efa tiltrú hans á það að Kjaradómur muni láta hér staðar numið.

Varðandi lausafjárhlutfallið og aðgerðir Seðlabankans í þeim efnum fyrir nokkrum vikum síðan þá virðist það ekki hafa dugað bönkunum enn sem komið er til að lækka vextina. (Forseti hringir.) Nú er það því *miður þannig, hæstv. forsrh.*, að ég verð að ljúka andsvari mínu að sinni en hæstv. forsrh. getur gert mér vissan greiða með því að halda áfram að taka þátt í þessum andsvörum.

[00:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi gjarnan að hv. þm. mundi fjalla meira um það efni sem ég spurði um sérstaklega þó ég sé ánægður með það sem þegar er komið og sérstaklega um það sem ég bað um að hann nefndi, hvaða aðgerða hann ætlaðist til að ríkisstjórnin gripi til varðandi Kjaradóm og reyndar fleiri atriði sem hann hefur hjá sér og ég ætla ekki að draga tímann heldur hlusta á hv. þm.

[00:21]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. vék að því hér að seðlabankastjóri hefði sagt í viðtalinu í Morgunblaðinu að hann teldi víst að bankarnir mundu lækka það raunávöxtunarstig sem rætt var um í fréttinni en það vantaði bara rökin fyrir því. Rökin sem hann flutti fyrir því að stigið væri svona hátt var að vitna í fákeppnismarkaðinn og rekstrarerfiðleika bankanna. Það komu engin rök fyrir þeirri trú hans á að þetta mundi lækka. Hæstv. forsrh. var að því leyti aðeins skýrmæltari en seðlabankastjóri að hann vék að stöðu sparisjóðsbókanna og annarra reikninga í bönkunum og breytingu á þeim um áramót sem vissum rökum fyrir því að þá gæti þetta liðkast til hjá bönkunum. En það voru engin rök hjá seðlabankastjóranum fyrir því að þetta mundi gerast. Ég tel að hæstv. forsrh. eigi ekki að hafa svona mikla trú á því að það sem hann kallar nú markaður og er samheiti fyrir Íslandsbanka, sparisjóðina, Landsbankann og Búnaðarbankann, muni endilega haga sér með þessum hætti.

Að lokum varðandi kjaranefnd og Kjaradóm. Þar er mikill vandi uppi sem ég veit að hæstv. forsrh. gerir sér grein fyrir og það er ekki einfalt svar sem hægt er að veita í þeirri stöðu. Ég ætla ekki að fara út í það hér í andsvörum að veita það en staðan sem er komin núna upp er hins vegar þannig að það kerfi sem notað er til að ákveða laun hluta ríkisstarfsmanna, yfirleitt þeirra ríkisstarfsmanna sem best eru launaðir, hefur ákveðið að þessi hluti ríkisstarfsmanna eigi að fá verulega kauphækkun. Og þá efast ég um að það takist að sannfæra aðra ríkisstarfsmenn og launafólk á almennum launamarkaði um að það eigi ekki líka að gilda um þessa aðila og þess vegna tel ég nauðsynlegt að ríkisstjórnin fjalli um það með hvaða hætti hún bregst við þessari stöðu sem upp er komin en líti ekki á þetta sem einhverja utanaðkomandi þætti sem hún geti í raun og veru ekki tekið á vegna þess að þeir komi henni ekki við.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–13. mál.

Fundi slitið kl. 0.24.

49. FUNDUR

mánudaginn 6. des.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

Fjáraukalög 1993, stjfrv., 105. mál, þskj. 108, nál. 297 og 305, brtt. 131, 171, 298 og 306. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Halldór Blöndal landbrh.

Útbýting þingskjala:

Verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins, 259. mál, þáltill. SvÁ o.fl., þskj. 307.

Ráðgjafarhópar um þyrlukaup, 261. mál, fsp. IBA, þskj. 309.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 260. mál, stjfrv., þskj. 308.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti upplýsa að fyrirhuguð er utandagskrárumræða að lokinni atkvæðagreiðslu. Það er utandagskrárumræða sem frestað var sl. mánudag. Hún fer fram að beiðni hv. 2. þm. Vestf., Ólafs Þ. Þórðarsonar, og er um viðhorf ríkisstjórnarinnar til veiða Íslendinga við Svalbarða og í Smugunni. Þetta er hálftíma umræða, fer fram eftir 1. mgr. 50. gr. þingskapa.

Fjáraukalög 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 108, nál. 297 og 305, brtt. 131, 171, 298 og 306.

[15:03]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, HÁ, IBA, MF, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EgJ, HÁ, IBA, MF, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 131 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 298.1–5 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (AÓB*, GB, GÁ, JHelg, KHG, KE, ÓRG, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EKJ, FI, HÁ, IBA, JónK, MF, MB, SP, StB, VS, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 171 felld með 31:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.

7 þm. (HÁ, IBA, MF, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. gengur út á það að lækka liðinn 02-982 um 5,3 millj. Þarna er um það að ræða að hæstv. menntmrh. festi kaup á þremur kvikmyndum í heimildarleysi til notkunar í grunnskólum en þær eiga ekki heima í grunnskólum landsins. Ég segi já.

Brtt. 298.6–14 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (HÁ, IBA, MF, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 306 felld með 31:25 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.
7 þm. (HÁ, IBA, MF, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:09]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins gera stuttlega grein fyrir þessari brtt. af því að hún er brtt. við brtt. meiri hluta fjárln. sem við höfum þó setið hjá við atkvæðagreiðslu á, svo og við frv. í heild sinni eins og fram kemur í nál. minni hlutans. Hér er um það að ræða að leiðrétta fjárveitingu til Ríkisspítala sem nemur sértekjum vegna fyrirhugaðrar sölu á Þvottahúsi Ríkisspítalanna sem ekki varð af á þessu ári. Hæstv. ríkisstjórn hefur nú tekið þá skynsamlegu ákvörðun að hætta þessari vitleysu og hefur ekki uppi hugmyndir um að einkavæða þvottahúsið á næsta ári svo að eftir situr það að leiðrétta sértekjur fyrir það ár sem er að líða um það sem áætlað var að Ríkisspítalar hefðu tekjur af sölunni eða hlutabréfum af þessari stofnun spítalanna. Það er gerð tillaga um það hjá meiri hlutanum að leiðrétta þetta að hálfu leyti um 30 millj. kr. af þeim 60 sem áætlaðar voru. Við gerum tillögu um að það verði leiðrétt að fullu og þess vegna komi hér 30 millj. til viðbótar þannig að heildarleiðréttingin verði sem nemur 60 millj. kr.

Brtt. 298,15 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JVK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.
21 þm. (FI, GB, GÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.
5 þm. (HÁ, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 298,16–18 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvG*, TIO, VE, ÞorstP.
21 þm. (FI, GB, GÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, VS) greiddi ekki atkv.
7 þm. (EgJ, HÁ, KE, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.: ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 298,19.a samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.
25 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (HÁ, HG, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:14]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætlaði að gera grein fyrir mínu atkvæði vegna þess að hér er gert ráð fyrir að fella niður framlag til ferjubryggja. Eins og þingmönnum er kunnugt voru ferjur færðar undir Vegagerðina. Það er starfandi nefnd sem hefur það hlutverk að taka ákvörðun um það hvort nýja Fagranesi eigi að fara í ferjuflutninga yfir Ísafjarðardjúp. Forsenda þess að það verði hægt er að ferjubryggjur verði byggðar á tveimur stöðum. Meðan óvíst er hver niðurstaðan verður í þessu máli treysti ég mér ekki til að styðja það að þetta verði fellt út, heldur mun ég sitja hjá.

Brtt. 298,19.b samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvG*, TIO, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.: ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

3. gr., liður 02-440, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (FI, REl, StG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EgJ, HÁ, IBA, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða 10 millj. kr. vegna sérstaks viðbótarframlags til kennslu nýbúa. Við afgreiðslu fjárlaga á síðasta þingi lögðum við kvennalistakonur fram tillögu um að 10 millj. kr. væri varið sérstaklega í viðbót vegna kennslu nýbúa. Vegna loforða hæstv. menntmrh. um að skoða málið drógum við þá tillögu til baka og ég fagna því að þessi tillaga skuli vera komin hér inn og greiði henni að sjálfsögðu atkvæði.

3. gr., liður 07-981, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (GB, JGS, JónK) greiddu ekki atkv.

6 þm. (HÁ, MB, REl, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.

26 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (HÁ, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP.

26 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (HÁ, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (HÁ, MB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Viðhorf ríkisstjórnarinnar til veiða Íslendinga í Smugunni og við Svalbarða.

[15:20]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að spyrja hæstv. sjútvrh. hvert sé viðhorf ríkisstjórnar Íslands til veiða Íslendinga í Smugunni og við Svalbarða.

Ég vil byrja á að færa þeim útgerðarmönnum og sjómönnum sem hófu veiðar í Smugunni og við Svalbarða þakkir mínar. Ég lít svo á að í þeirri stöðu sem við erum bæði efnahagslega og með möguleika á veiðum á heimaslóð hljóti það að vera mjög jákvætt að Íslendingar sæki út fyrir sína landhelgi eftir fiski. Ég tel að það geti ekki neitt verið á móti því að við veiðum á alþjóðlegum hafsvæðum og veiðarnar í Smugunni hafi verið mikil búbót fyrir íslenskt þjóðarbú.

Veiðar við Svalbarða eru vissulega stundaðar af þjóðum eins og t.d. Rússum sem með réttu neita að viðurkenna yfirráð Norðmanna yfir veiðum á því svæði. Það er nú einu sinni svo að réttarstaða Norðmanna í því máli er það tæp að ef íslenskt skip væri tekið þar að veiðum teldi ég að ríkisstjórn Íslands ætti að tryggja það að um málshöfðun fyrir Alþjóðadómstólnum yrði að ræða í framhaldi af slíkum atburði.

Það er samkomulag um að nota ekki Svalbarða í hernaðarlegu tilliti, það er elsta samkomulagið sem gert hefur verið. Og það var meginatriði hins upprunalega sáttmála um Svalbarða. Skjóti Norðmenn á skip eru þeir um leið farnir að nota aðstöðu sína í hernaðarlegu tilliti á þessu svæði. Ég vil líka benda á það að mér vitanlega eiga Íslendingar þann möguleika opinn að stofna fyrirtæki í Rússlandi og hefja veiðar undir rússneskum fána ef Norðmenn vilja ekki una því að við stundum þar veiðar undir íslenskum fána. Og ég er sannfærður um að þar kemur að að skipti á úthafsveiði munu eiga sér stað á milli þjóða eftir hefðbundnum leiðum. En allt bendir til þess að sú veiðireynsla sem menn munu afla sér á næstu árum verði lögð til grundvallar í þeirri skiptingu.

Því miður er ég ekki ánægður með þær yfirlýsingar sem heyrst hafa eftir hæstv. sjútvrh. um þetta mál og vil þar byrja á að vitna í Morgunblaðið frá 11. ágúst. Þar var sagt svo um togarana belgísku sem lönduðu á Austfjörðum.

„Ráðherra með löndunarbann í undirbúningi.“ Og seinna kom það svo fram þegar við hófum þarna veiðar að þeir væru svo sem að falla frá því að fara í löndunarbann eða að stöðva veiðarnar með reglugerð þar sem lagaheimild væri ekki til staðar að fara í slíka hluti. Ef ráðherra hefði nú haft lagaheimild í sumar til að banna veiðar í Smugunni hefði hann þá snúið sér til þess verkefnis og bannað íslenskum veiðiskipum að stunda þar veiðar? Var það sú stefna sem hæstv. sjútvrh. taldi þjóðhagslega rétta? Ég held að það sé nauðsyn fyrir ríkisstjórnina að gera hreint fyrir sínum dyrum í þessu máli. Ég tel að þjóðin bíði eftir því að fá svar við því: Ætla menn að verja íslenska hagsmuni eða á að geyma þetta inni í einhverju heiðursmannasamkomulagi kratanna á Norðurlöndum?

[15:26]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Að því er varðar fyrri spurningu hv. þm. er það að segja að eins og kunnugt er úr fréttum þá lagði hæstv. utanrrh. fyrir skömmu fyrir ríkisstjórnina tillögu þess efnis að Íslendingar gerðust aðilar að Svalbarða-samkomulaginu að undangengnum kynningarviðræðum við Norðmenn. Þetta mál er nú til athugunar í ríkisstjórninni. Það hefur verið til umræðu á sameiginlegum fundum hv. sjútvn. og hv. utanrmn. í tvígang.

Það hefur komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún telur mikilvægt að leita eftir sem fyllstu samráði og fyllsta samstarfi allra flokka í þinginu og því hafa þessir samráðsfundir farið fram og ljóst að frekari ákvarðanir verða ekki teknar nema að höfðu samráði annaðhvort á þeim vettvangi eða með öðrum hætti sem þingflokkarnir koma sér saman um en enn hefur ekki verið tekin endanleg ákvörðun um hvernig skipa skuli.

Að því er síðara atriðið varðar þá er ljóst að það hefur ýmislegt það verið að gerast sem hefur breytt aðstöðu okkar Íslendinga, bæði áhugi á samstarfsverkefnum erlendis, áhugi á veiðum á fjarlægari miðum og ný þróun í hafréttarmálum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Því var skipuð í haust nefnd með fulltrúum allra flokka hér í þinginu og fulltrúum allra helstu hagsmunasamtaka til þess að endurskoða lög um veiðar íslenskra skipa utan landhelgi og í því endurskoðunarstarfi að móta afstöðu okkar til veiða á fjarlægum miðum og til stefnumótunar og kröfugerðar á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

Þetta mikilvæga starf fer nú fram og af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið leitast við með þessum hætti að tryggja sem fyllst samráð og samstarf allra flokka í þinginu og helstu samtaka atvinnurekenda og sjómanna í landinu. Ég legg á það mikla áherslu í þessu efni að freista þess að viðhalda því samstarfi og veit að sú nefnd sem með þessi mál fer og fjallar mun komast að góðir og skynsamlegri niðurstöðu sem samstaða getur tekist um hér á hinu háa Alþingi og meðal þjóðarinnar.

[15:28]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það sætir furðu hversu ríkisstjórn Íslands virðist óviðbúin að taka á þeim málum sem hér hefur verið vakið máls á og mikið hafa verið rædd frá því á síðasta sumri. Það er auðvitað mjög slæmt þegar æðsta stjórnvald í landinu er með misvísandi yfirlýsingar og dregur við sig að koma fram með skýra stefnumörkun. Það er því ekki seinna vænna að það sé reynt að stilla saman strengi hér á hv. Alþingi eins og nú er verið að reyna að gera í þessum brýnu málum sem hér eru rædd.

Ég lít svo til að hér sé um aðskilin efni að ræða. Veiðar á alþjóðlegu hafsvæði í svokallaðri Smugu í Barentshafi er mál út af fyrir sig og ætti ekki að þurfa að valda miklum deilum hér eða á alþjóðavettvangi þar sem um alþjóðlegt hafsvæði er að ræða. Veiðar innan efnahagslögsögu sem Norðmenn hafa tekið sér við Svalbarða eða fiskverndarlögsögu er allt annars eðlis og ber ekki að blanda saman að mínu mati við veiðar í Smugunni. Það er hins vegar rannsóknarefni út af fyrir sig hvernig stendur á því að íslenska utanríkisþjónustan og raunar Alþingi Íslendinga skuli ekki hafa gert athugasemdir við það að við stöndum utan við samkomulag sem er frá árinu 1920.

Almennt um úthafsveiðar utan við efnahagslögsögu ríkja vil ég segja það, virðulegur forseti, að lokum að ég tel að við þurfum að gæta þar fyllstu varkárni og samkvæmni í sambandi við þann rétt sem við teljum æskilegt að sækja okkur til frekari réttinda utan við 200 mílur. Og við hljótum að hafa það í huga að sjávarauðlindir eru í geigvænlegri hættu á ofnýtingu og það skiptir meginmáli að náist alþjóðlegt samkomulag um verndun þeirra.

[15:31]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegur forseti. Umræður um veiðar íslenskra skipa við Svalbarða eru að mínu mati ótímabærar nú um stundir og eftir umfjöllun á sameiginlegum fundi utanrmn. og sjútvn. þá sýnist mér að það þjóni hagsmunum Íslands best að reyna til þrautar að ná saman til að tryggja sem best hagsmuni Íslendinga. Þegar hafa verið gefnar of margar ótímabærar yfirlýsingar í þessu máli. Vonandi munu ráðherrar sem aðrir spara frekari yfirlýsingar á meðan verið er að vinna að því að reyna að ná sameiginlegri niðurstöðu.

Eftir þá fundi sem haldnir hafa verið í utanrmn. og sjútvn. þá held ég að enginn velkist í vafa um hver hugur alls þorra nefndarmanna er og ég treysti því að unnið verði að málinu í samræmi við það, hvaða farvegur sem fundinn verður fyrir það.

Af þessum sökum tel ég ekki heppilegt að fara í efnislega umræðu um þetta mál nú þótt mörg atriði væri gagnlegt að fara yfir á þessu stigi. Ógætileg orð ættu ekki að falla fleiri en sögð hafa verið.

Varðandi veiðarnar í Smugunni þá vil ég ekki fara sérstaklega út í það mál að svo stöddu, ég held að það sé brýnna að takast á við þetta Svalbarðamál en ég bendi þó á að reynslan í sumar er búin að kenna okkur þá lexíu að þarna eru í rauninni ekki nein tök eða burðir til þess að gera annað en viðurkenna þetta sem aðþjóðlegt hafsvæði fyrr en þjóðréttarleg staða málsins hefur verið könnuð og við verðum að vinna á öðrum vettvangi að þeim málum sem við teljum eðlilegt varðandi samninga við aðrar þjóðir og fiskverndunarmál.

[15:33]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst nokkuð einkennilegt ráðaleysi ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Það minnir mig satt að segja á afstöðu viðreisnarinnar á sjöunda áratugnum þegar Sjálfstfl. og Alþfl. sátu með hendur í skauti og vildu ekki hreyfa útfærslu landhelginnar. Sem betur fór tóku aðrir við stjórnartaumunum og það er auðvitað skylda ríkisstjórnar á hverjum tíma að gæta hagsmuna Íslendinga.

Afstaða núv. ríkisstjórnar hefur verið sú að reyna fyrst og fremst að telja kjark úr skipstjórum og útgerðarmönnum. Fyrst í Smugunni en þeir létu ekki slá

sig út af laginu og það hefur orðið Íslandi til hagsbóta og nú síðast við Svalbarða þar sem þeir hættu við veiðar eftir að ríkisstjórnin hafði látið það koma skýrt fram að hún bakkaði þá ekki upp í málinu.

Stjórnarandstaðan hefur boðið samstarf. Mér finnst skorta nokkuð á að stjórnarliðið hafi tekið í okkar útréttu hönd. Málið hefur að vísu verið rætt á tveimur fundum og við höfum hlustað á ráðherrana en það er ekki merkjanlegt að þeir hafi hlustað á okkur. Ég held að það sé þjóðarnauðsyn að um þetta mál skapist þjóðareining en hún verður ekki sköpuð með því að beina málinu inn á einhverja kratafundi í Noregi.

[15:35]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Um afstöðu íslenskra stjórnvalda til veiða í Smugunni þarf ekki að spyrja. Frá upphafi hefur því verið lýst yfir að þær veiðar fari fram á alþjóðlegu hafsvæði og norsk stjórnvöld hafa ekki treyst sér til að hreyfa formlegum mótmælum við því.

Að því er varðar veiðar á svæðinu í kringum Svalbarða, hinu svokallaða fiskverndarsvæði sem Norðmenn hafa lýst þar yfir, þá gegnir þar vissulega öðru máli. En það er nú ekki í anda mikillar samstöðu ef menn vilja ræða það mál með einhverjum köpuryrðum um linkind stjórnvalda. Vissulega geta Íslendingar litið í eigin barm og spurt sig hvernig það má vera að á öllu tímabilinu frá 1920 og þar til nú fyrir skömmu þá hafi íslensk stjórnvöld ekki mótað neina stefnu til þess máls. En þess má geta að það er fyrst í tíð núv. ríkisstjórnar sem viðræður eru teknar upp um það mál, það eru lögfræðilegar álitsgerðir teknar saman og kröfur settar fram um heimildir til veiða á Barentssvæðinu og þar með á þessu svæði og efasemdir látnar í ljós með formlegum hætti um réttarstöðu þessa fiskverndarsvæðis sem Norðmenn hafa tekið sér.

Það er rétt sem kom fram í máli Hjörleifs Guttormssonar að það er að sjálfsögðu annað mál en veiðar á opnu hafi vegna þess að við erum hér að tala um svæði sem við höfum ekki viðurkennt sem það fiskverndarsvæði sem Norðmenn hafa tekið sér, við erum með fullan fyrirvara á því. Við erum þar í hópi ýmissa annarra þjóða sem hafa ekki viðurkennt það að lögum. Sem dæmi má nefna sérstaklega fyrrum Sovétríki og Rússa. En aðrar þjóðir hafa hins vegar viðurkennt það í reynd með því að una þeim reglum sem Norðmenn hafa sett.

Það er ekki ástæða til að gagnrýna framgangsmáta okkar í þessu máli vegna þess að það hefur verið flutt í ríkisstjórn Íslands tillaga um að Ísland gerist aðili að Svalbarðasamningnum. Það er hygginna manna háttur og sjálfsögð háttvísi að leita eftir viðbrögðum Norðmanna áður en endanleg niðurstaða er fengin eða ákvörðun tekin. Það er skynsamlegra að farið að ræða þetta mál í nefndum þingsins og leita eftir sem mestri samstöðu á Alþingi Íslendinga um málið. Hér er um að ræða mál þar sem öll rök standa til þess að Íslendingar snúi bökum saman. Og það er ekki ástæða til gagnrýni á málsmeðferðina að svo stöddu.

[15:38]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er svo að um langt árabil hafa íslensk stjórnvöld og stjórnmálaflokkar hvatt til þess að íslenskir aðilar nýttu sér alla möguleika til veiða á vannýttum tegundum og á dýpri miðum. Það er nú fyrst á þessu ári og hin síðustu ár sem orðið hefur veruleg þróun í þessa átt. Þannig munu veiðar á Reykjaneshrygg skila allt að einum milljarði kr. í útflutningsverðmæti á þessu ári, veiðar á Flæmingjahatti við Kanada um hálfum milljarði og veiðar í Barentshafi einum til einum og hálfum milljarði kr. og munar um minna.

Það kom því á óvart svo ekki sé meira sagt að fyrstu viðbrögð íslenskra stjórnvalda og þá sérstaklega hæstv. sjútvrh. við veiðum íslenskra skipa í Barentshafi í sumar voru þau að leita leiða til að stöðva þessar veiðar. Sömuleiðis orka ýmsar yfirlýsingar ráðamanna um veiðar íslenskra skipa við Svalbarða á dögunum mjög tvímælis. Það er afar óheppilegt svo ekki sé meira sagt að nokkuð það sé sagt af hálfu íslenskra stjórnvalda á meðan staðan er jafnóljós og raun ber vitni sem orðið gæti hugsanlega til þess að veikja okkar málstað síðar og draga úr þunganum á bak við kröfuna um hlutdeild okkar í veiðum á alþjóðlegum hafsvæðum eða umhverfis einskismannsland við Svalbarða.

Ég bind vonir við að þessi mál séu nú komin í eða a.m.k. að komast í farsælli farveg í formlegu samráði allra þingflokka. Og ég vona að í framhaldinu verði haft fullt samráð um næstu skref í málinu og það verði haldið eftirleiðis af festu og fullri einurð á málstað Íslands. Á því er mikil þörf. Losaratök af því tagi sem einkenndu málsmeðferð íslenskra stjórnvalda fyrst í stað eru ekki til hagsbóta okkar málstað í þessum efnum.

[15:40]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur foreti. Ég skal ekki hafa mörg orð um þetta mál vegna þess að ég vil að það komi fram eins og hefur komið fram beint eða óbeint í máli margra sem hér hafa talað að kannski sé þessi umræða dálítið ótímabær vegna þess að það fer fram mikil umræða um þetta inni í nefndum þingsins núna þar sem er verið að reyna að móta einhverja stefnu til framtíðar í þessum málum.

Ég vil hins vegar að það komi fram að ég tel að í þessum málum verði Íslendingar að hafa tvö sjónarmið að leiðarljósi. Það er fyrst og fremst verndunarsjónarmiðið vegna þess að við vitum það að flestar veiðanlegar eða nýttar tegundir núna eru ýmist fullnýttar eða ofnýttar og það er mikilvægt fyrir Íslendinga, sem treysta á sjávarauðlindir, að ganga varlega um þessar auðlindir og hafa verndunarsjónarmiðin ævinlega að leiðarljósi.

Í öðru lagi held ég að við verðum að reyna, og það tengist auðvitað fyrri hugmyndinni, að fara samningaleiðina ef þess er nokkur kostur og ég held að það skipti verulegu máli fyrir okkur vegna þeirra tegunda sem hér eru fyrir utan íslenskar 200 mílur. Við þurf-

um þar á samningum að halda síðar meir og þess vegna er æskilegt að reyna að fara ævinlega samningaleiðina.

Hér var talað um það að menn þyrftu að halda þannig á málunum að það veikti ekki samningsstöðu okkar síðar eða málstað Íslendinga síðar og það held ég að sé nú kannski mergurinn málsins, en það getur verið nokkuð flókið mat að meta það hvernig hagsmunir Íslendinga og málstaður Íslendinga verður best tryggður síðar meir. Þar getur vel verið að skammtíma- og langtímasjónarmið fari ekki ævinlega saman og það getur verið þjóðhagslega hagkvæmt að grípa til tiltekinna aðgerða í dag eins og um er að litast í íslenskum efnahagsmálum, eins og hér var sagt, en við verðum ævinlega að gæta þess að það komi heim og saman við þá hagsmuni sem við metum til lengri tíma litið mikilvæga.

[15:42]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í Morgunblaðinu 24. ágúst senda 27 togarar í Barentshafi sjútvrh. skeyti og þeir óska eftir því eins og hér segir:

„Til að fá úr því skorið hvort íslenskum skipum eru heimilar veiðar á fiskverndarsvæðinu við Svalbarða samkvæmt Svalbarðasáttmála hinn 9. febr. 1920 æskjum við ákveðinna viðbragða íslenskra stjórnvalda hið fyrsta."

Skeytið sem ráðherra sendir hefur ekkert vitrænt innihald. Það er ekkert svar komið við þessu. Svo standa hér upp fulltrúar Kvennalistans og telja of tímabært að svara skeyti frá 24. ágúst. Það er skrýtinn hugsunarháttur að tarna. Og að helst eigi að geyma þetta inni í einhverjum herbergjum og ræða það alls ekki. Það hlýtur náttúrlega að vera kominn tími til að þeir sem hófu þessa sókn fái við því svör hvort íslensk stjórnvöld eru að verja íslenska hagsmuni eða norska.

Árið 1925 samþykktu Norðmenn að Svalbarði verði hluti af konungsríki Noregs en Svalbarðasáttmálinn frá 1920 færði þeim engan eignarrétt yfir Svalbarða. Það er stórkostlegur munur á þessu tvennu. Ég fæ ekki séð að þar sem við vorum andvígir í upphafi þeim hugmyndum Noregs að leggja þetta undir sig, að nú eigum við að fara að sækja um aðild að þessum sáttmála. Við þurfum ekki að sækja. Við gætum samþykkt það út af fyrir sig hér. Ég undirstrika það að ég er sannfærður um að það eru veiðar og aftur veiðar sem skipta máli á þessu svæði. Þar hefur aldrei landskiki unnist við samningaborð sem ekki var búið að ná áður með ófriði.

Fundi slitið kl. 15.45.

---

50. FUNDUR

mánudaginn 6. des.,
að loknum 49. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Ofbeldi í myndmiðlum, fsp., 236. mál, þskj. 268.

Til fjármálaráðherra:

2. Fob-tollun, fsp., 256. mál, þskj. 301.

Ofbeldi í myndmiðlum.

Fsp. AÓB, 236. mál. — Þskj. 268.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Þann 26. apríl 1990 var eftirfarandi þál. samþykkt á Alþingi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir því að dregið verði verulega úr því ofbeldi sem börnum og öðrum er sýnt í sjónvarpi, kvikmyndum og á myndböndum og gerðar verði nauðsynlegar kannanir í þessu skyni."

Á þessum tíma var umræða um ofbeldi í myndmiðlum á byrjunarstigi, hér á landi a.m.k., en ég held að ég þurfi ekki að tíunda það nákvæmlega hversu mjög það hefur verið í umræðu núna að undanförnu, bæði hér á landi og erlendis. Það hefur borið á vaxandi ofbeldi meðal barna og ungmenna og hryggileg dæmi bæði hér á landi og í öðrum löndum hafa dregið mjög athyglina að því hve hægt er beinlínis að rekja ofbeldi, ofbeldisaðferðir og annað slíkt til þess sjónvarps- og myndbandaefnis sem á boðstólum er.

Ég vil einnig vekja athygli á því að mjög árangursríkt átak gegn einelti sem gert var í Noregi fyrir allmörgum árum skilaði sér mjög vel en nú er svo komið að það er fallið í sama farið aftur og jafnvel hefur versnað og samkvæmt nýjum skýrslum er talið að ein helsta ástæða þess að sótt hefur í verra far aftur sé sú að ofbeldi í myndmiðlum hefur farið mjög vaxandi, verið aðgengilegra fyrir börn og unglinga og einnig að vídeóefni mjög ofbeldisfullt hefur verið á boðstólum þannig að hér er bæði um sjónvarp og myndbönd að ræða.

Ég held að það sé að verða nokkur hugarfarsbreyting og það má rekja þá umræðu m.a. til Bandaríkjanna þar sem megnið af þessu ofbeldisefni á uppruna sinn meira og minna. Menn eru farnir að doka við og hugsa hvort ekki sé nóg komið og hvort það sé ekki þörf á aðgerðum. Við bárum gæfu til þess fyrir liðlega þremur árum síðan hér á Íslandi að samþykkja tillögu um að dregið verði verulega úr ofbeldi í myndmiðlum og því hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra á hvern hátt ályktun Alþingis hefur verið framfylgt. Ég hygg að það sé fróðlegt fyrir alla hér að vita hvað hefur verið gert og hvort það hefur borið einhvern árangur.

[15:50]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þál. sem vísað er til í fsp. hefur verið lesin hér af hv. fyrirspyrjanda og síðan er spurt á hvern hátt ályktun Alþingis frá 26. apríl 1990 um að draga úr ofbeldi í myndmiðlum hafi verið framfylgt.

Mikilvægasta aðgerðin sem tengist efni þál. er endurskoðun laga nr. 33/1983, um bann við ofbeldiskvikmyndum. Að þeirri endurskoðun hefur verið unnið um alllangt skeið og verkið er nú á lokastigi. Drög að frv. og greinargerð liggja fyrir og ég vænti þess að unnt verði að leggja málið fyrir Alþingi fljótlega eftir áramót. Nefndin sem vann að endurskoðun laganna hafði í starfi sínu m.a. hliðsjón af þál. þeirri sem hér var nefnd. Það er ekki tímabært að rekja efnisatriði væntanlegs frv. en það er stefnt að því að ný löggjöf verði heildstæður og traustur starfsgrundvöllur fyrir kvikmyndaeftirlitið.

Það er að sjálfsögðu öllum ljóst að þótt sett séu skýr ákvæði um bann við ofbeldiskvikmyndum og þótt bærilega takist að framfylgja slíku banni, sem er þó engan veginn vandkvæðalaust, er ekki þar með búið að reisa skorður við birtingu hvers konar ofbeldis í myndmiðlum og þá sérstaklega í sjónvarpi. Fáum mun koma til hugar að unnt sé að setja með stjórnvaldsboði þess háttar fyrirmæli um inntak frétta og fræðsluefnis í sjónvarpi að ofbeldi beri þar ekki fyrir augu áhorfenda. Sjálfsagt er þó að draga úr ofbeldi í myndmiðlum en því má ekki gleyma að til þess að draga úr ofbeldi þarf að vinna á mörgum vígstöðum samtímis. Þar fléttast margir þættir saman, svo sem aðbúnaður barna og uppeldishættir.

Í greinargerð frá menntmrn. haustið 1990 var skýrt frá því að ráðuneytið hefði í tilefni af umræddri þál. leitað til Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um tillögugerð og kostnaðaráætlun um víðtæka könnun á útbreiðslu ofbeldis í myndmiðlum. Í slíka könnun hefur ekki enn verið ráðist á vegum ráðuneytisins en ég tel fulla ástæðu til að athuga að nýju möguleika á að til hennar verði efnt, ekki síst væri mikilsvert að fá trausta athugun á því hver þróunin er á þessu sviði, bæði að því er varðar eðli og umfang þess ofbeldisefnis sem sýnt er í helstu myndmiðlum.

Það málefni sem við erum hér að ræða, ofbeldi í myndmiðlum og áhrif þess, ekki síst á unga áhorfendur, er svo sem kunnugt er ofarlega á baugi víða um lönd um þessar mundir eins og hv. fyrirspyrjandi nefndi. Þannig hefur töluverð umræða átt sér stað í Bandaríkjunum auk þess sem talsvert hefur verið rannsakað þar í þeim efnum. Nýlega ákvað fjölmiðlaráðherra Frakklands að beita sér fyrir alþjóðlegum reglum til þess að stemma stigu við ofbeldi í sjónvarpi. Á fundi norrænna menningarmálaráðherra í Stokkhólmi í vikunni sem leið kom fram að þessi vandamál og viðbrögð við þeim eru til umfjöllunar með ýmsum hætti á Norðurlöndum. Í niðurstöðum athugunar sem nýlega fór fram á vegum norrænu forsætisráðherranna á hindrunum í vegi greiðra samskipta Norðurlandabúa er bent á að mismunandi aldursmörk sem gilda um aðgang barna að kvikmyndum í kvikmyndahúsum á Norðurlöndum torveldi dreifingu barna- og unglingamyndanna milli landanna. Það er lagt til að reglur um þessi efni verði samræmdar og komið á gagnkvæmri viðurkenningu á skoðunarniðurstöðu milli landanna. Þessar tillögur verða nú athugaðar á vegum menningamálaráðherranna og teknar fyrir á næsta fundi þeirra. Ráðherrarnir létu í ljós áhyggjur á því ofbeldi sem birst hefur í fréttum af raunverulegum atburðum.

Þá vil ég geta þess að viðræður eiga sér nú stað milli menntmrn. og könnunarfyrirtækisins Viðhorfs hf. um athugun á ofbeldi í myndmiðlum. Ákvörðun um hversu nákvæma innihalds- og tíðnigreiningu yrði að ræða mun liggja fyrir að þeim viðræðum loknum nú á allra næstu dögum væntanlega. Greining á fréttaflutningi með tilliti til ofbeldis yrði væntanlega einn þáttur í slíkri innihaldsgreiningu.

[15:55]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það er löngu tímabært að skoða það hvaða áhrif ofbeldi í myndmiðlum yfirleitt, ekki hvað síst í sjónvarpi og þær myndir sem börn geta tekið og horft á heima hjá sér, hafi. Ég geri ráð fyrir að flestir muni eftir því máli sem hér hefur oft verið í fjölmiðlum um tvo drengi á Englandi sem misþyrmdu þriggja ára dreng. Hann lést af þeim misþyrmingum og það kom í ljós að atburðarásin í kringum það mál var alveg óhugnanlega lík því sem gerðist í ákveðinni kvikmynd sem annar drengurinn hafði iðulega horft á. Ég tel því að það sé mikil nauðsyn á því að vinna skipulega að því að banna slíkar myndir sem víðast og að fyrirbyggja á einhvern hátt að börn hafi aðgang að þeim.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. greið svör og ég fagna því að nú er í farvatningu frv. og ég vona að það verði lagt fram sem fyrst og hljóti hér greiða framgöngu. Ég hef vissulega ekki séð það efnislega en ég geri ráð fyrir því að það muni vera bæði skoðað hér með opnum hug eins og þessi tillaga á sínum tíma og að menn taki einnig tillit til þeirrar umræðu sem síðan hefur verið og þeirra óvefengjanlegu vísbendinga sem hafa komið fram um það að ofbeldi í myndmiðlum hafi veruleg áhrif. Ég tek hins vegar undir það með hæstv. ráðherra að það er ekki nóg að draga úr ofbeldi í myndmiðlum þó að gott sé því það verður að hyggja að öllum aðbúnaði barna. Það er að sjálfsögðu ekki einangrað mál en þarna hefur a.m.k. verið bent á svo miklar vísbendingar um að ofbeldi í myndmiðlum hafi sérstaklega slæm áhrif á ofbeldi í samfélaginu, einkum á meðal barna og unglinga. Þetta eru óharðnaðir einstaklingar sem eru áhrifagjarnir og hafa e.t.v. ekki að miklu að snúa sér öðru heldur en vídeókvikmyndum og þessum gerviheimi sem þar er boðið upp á. Ég held að það verði að hyggja sérstaklega að þessu án þess að gera minni kröfur um góðan aðbúnað barna og fjölskyldna þeirra almennt, bæði heimila og skóla. [Fundarhlé. — 15:59]

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 83. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 311; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 312.

Félagsleg aðstoð, 84. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 313; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 314.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, 263. mál, stjfrv., þskj. 316.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 21.02.

---

51. FUNDUR

þriðjudaginn 7. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283. — 1. umr.

2. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284. — 1. umr.

3. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 242. mál, þskj. 280. — 1. umr.

4. Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, stjfrv., 243. mál, þskj. 281. — 1. umr.

5. Samkeppnislög, stjfrv., 239. mál, þskj. 274. — 1. umr.

6. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 105. mál, þskj. 310, brtt. 131. — 3. umr.

7. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 76. mál, þskj. 79. — 3. umr.

8. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 6. des. 1993:

„Þar sem ég get ekki sótt þingfundi næstu vikur vegna læknisaðgerðar leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþm. Framsfl. í Reykn., Jóhann Einvarðsson, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn."

Jóhann Einvarðsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1993, 105. mál, þskj. 310.

Seta embættismanna í sveitarstjórnum, 262. mál, fsp. KHG, þskj. 315.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svar við fyrirspurn um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

[13:34]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Þann 4. nóv. var dreift hér á Alþingi fsp. frá þeim sem hér stendur til hæstv. dómsmrh. um kaup á björgunarþyrlu. Fsp. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Hvað veldur því að ekki hefur enn verið gerður samningur um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna?"

Í greinargerð með fsp. er óskað eftir skýrum svörum hvað valdi því að samningurinn hafi ekki verið gerður og vitnað til yfirlýsingar hæstv. forsrh. frá 25. febr. 1993, þar sem hæstv. forsrh. lýsti því yfir að innan fárra vikna mundi ríkisstjórnin ganga til þessara samninga.

Virðulegi forseti. Það tók hæstv. ráðuneyti tæpan mánuð að svara þessari einföldu fsp. og það er vegna þess svars sem ég kveð mér hér hljóðs. Ég tel að svarið sé alls ekki fullnægjandi og svari í engu þeirri einföldu fyrirspurn sem lögð var fram. Svarið rekur einfaldlega slóða hinna ýmsu nefnda og ráðgjafarhópa sem hafa verið skipaðir og endar síðan á því að tala um minnisblað sem var lagt fyrir dómsmrh. og fjmrh. þann 4. maí sl. frá einni viðræðunefndinni í viðbót sem skilaði af sér drögum að kaupsamningi um notaða Super Puma þyrlu og var tillaga nefndarinnar að sú tegund yrði keypt. Sem sagt, svar ráðuneytisins endar 4. maí og gerir í engu tilraun til þess að svara þeirri fyrirspurn sem lögð var fram. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta að hann sjái til þess að ráðuneytið svari þeim fyrirspurnum sem fyrir þau eru lögð, en svari ekki, eins og hér er gert, nánast út í hött. Ég tel að það hafi ekki verið gerð tilraun til svara. Ég tel að það svar sem var dreift sé nánast móðgun við þingið og það sé ráðuneytinu til vansa.

Að endingu vil ég segja það að allt þetta mál eins og það stendur er sjálfri ríkisstjórninni til skammar og ég vona að ríkisstjórnin fari að manna sig upp og klára málið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er ekki á valdi forseta að dæma efnislega um þau svör sem berast frá ráðherrum. Þau eru á þeirra ábyrgð.

[13:36]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú regla er í gildi á Alþingi Íslend-

inga að til þess að einhver geti spurt ráðherra þá þarf hæstv. forseti að vera búinn að samþykkja spurninguna. Þetta þýðir í reynd að það er búið að staðfesta að spurningin sé ekki þyngri eða flóknari en svo að gera megi ráð fyrir því að hæfileikar og hæfni séu innan hvers ráðuneytis til þess að svara viðkomandi spurningu. Ég hef upplifað það að bera fram fyrirspurn til félmrh. Það var um launaþróun á kjarasáttartímabilið. Svarið var fyrir neðan allar hellur. Ég minnist þess að hv. 14. þm. Reykv. kvaddi sér þá hljóðs og vakti athygli á þessu hvernig þetta svar var. Það var út í hött. Og auðvitað er það svo að það er ekki móðgun við einhvern ákveðinn þingmann þegar ráðuneytin koma sér undan að svara með eðlilegum hætti. Það er móðgun við Alþingi Íslendinga vegna þess að það þarf að fá heimild fyrir viðkomandi spurningu hjá forseta þingsins hverju sinni.

[13:38]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau sjónarmið sem fram hafa komið, einkum í máli hv. þm. Inga Björns Albertssonar og segja að það er orðið dálítið erfitt og vandlifað fyrir þingmenn þegar staðan er sú sem hér birtist að hingað koma svör sem eru ófullnægjandi. Það er í raun og veru útilokað fyrir þingmann samkvæmt gildandi þingsköpum að bera spurningarnar fram aftur sem þó væri full ástæða til. Vonandi þurfum við aldrei að koma á sérstakri varúðarskipan varðandi meðferð mála sem þingmenn leggja fram. Auðvitað er það forseti Alþingis sem á í raun og veru að tryggja að réttur þingmanna sé eins öruggur og góður og kostur er samkvæmt lögum. Vonandi þarf aldrei að flytja hér á Alþingi frv. til laga um umboðsmann alþingismanna sem hefur það hlutverk að kvarta fyrir þeirra hönd við forsetann ef einhver mál eru með þeim hætti að þingmenn telja þau ófullnægjandi að því er varðar svör eða skýrslur eða aðra þess háttar hluti. En staðreyndin er hins vegar sú að menn velta því alvarlega fyrir sér hvort sú skipan sem nú er uppi er nægilega örugg þegar um er að ræða rétt þingmanna og þar með innihald þingræðisins því að innihald þingræðisins er ekki bara það innihald sem kann að birtast ríkisstjórninni á hverjum tíma heldur líka stjórnarandstöðunni hver sem hún er og öðrum þingmönnum. Ég skora því á hæstv. forseta að taka þetta mál föstum tökum og láta það ekki líðast mikið lengur að ráðherrar komist upp með vinnubrögð af því tagi sem hv. 5. þm. Reykv. lýsti hér fyrr undir þessum dagskrárlið.

[13:40]

Ingi Björn Albertsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að harma að það skuli ekki vera neinar leiðir til fyrir þingmenn að gera athugasemdir við þau svör sem koma frá viðkomandi ráðuneytum. Ég tel að þingmenn hafi ekkert annað að leita en til forseta þingsins og forsætisnefndar ef þeir hafa alvarlegar athugasemdir við svör sem berast frá ráðuneytunum. Að öðrum kosti geta ráðuneytin náttúrlega komist upp með að svara hvernig sem þeim þóknast og svara ekki neinu eins og reyndar í þessu tilfelli hér. Ég vil gjarnan að það komi fram að ég veitti ráðuneytinu umframfrest, umfram það sem þingsköp gera ráð fyrir, til þess að svara þessari fyrirspurn og bjóst þá auðvitað við því að svarið yrði fyllra og nákvæmara. Menn geta svo dæmt um það hvernig til tókst hjá ráðuneytinu þegar upp var staðið. Ráðuneytið fékk um þriggja vikna umframtíma til að svara, en það endar sitt svar 4. maí þrátt fyrir það að mér hafi verið gefið í skyn að það væru ákveðin störf í gangi sem tækju örfáa daga og það væri betra að doka fram yfir þann tíma til að fá fyllra svar. En síðan kemur þetta svar sem hér er. Og ég hlýt þá að spyrja viðkomandi ráðherra sem er staddur hér: Hvað í svarinu kallaði á þennan frest? Ég get ómögulega séð það hvað í svarinu kallaði á hann. Ég kunni alveg þennan þráð um það hvernig hinar ýmsu nefndir voru skipaðar og hinu ýmsu ráðgjafahópar voru skipaðir og hvernig þeir störfuðu. En spurningin var afar einföld. Hvað tefur það að ekki skuli gengið til samninga um kaup á björgunarþyrlu? Og ég trúi því ekki að menn hlusti ekki og fari ekki eftir þeim orðum og þeim yfirlýsingum sem hæstv. forsrh. gaf. Hann sagði í lok febrúar sl. að innan fárra vikna yrði þessi samningur gerður og ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh. sem ég sá hér aðeins bregða fyrir áðan: Hvað táknar fáar vikur í hans huga?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og hér hefur komið fram, þá er þessi dagskrárliður einmitt ætlaður fyrir þingmenn til þess að gera athugasemdir sem beinast að öðrum en forseta og fundarstjórninni. Forseti væntir forseti þess að þær athugasemdir sem hér hafa komið fram komist til skila rétta boðleið.

[13:43]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að við séum hér að ræða störf þingsins. Ég held að ekki þurfi að stofna neitt umboðsmannsembætti fyrir alþingismenn. Ég tel að forseti geti ekki skorast undan því að finna að ófullkomnum svörum og ganga þá eftir fullkomnari svörum. Forseti heimilar formlega fyrirspurnir. Þessari tilgreindu fyrirspurn var ekki svarað með fullnægjandi hætti. Það var sett fram á þskj. söguleg upprifjun en spurningunni sem beint var til ráðherrans var ekki svarað. Þar af leiðandi hefur þingmaðurinn ekki aðra leið en bera sig upp við forseta og leita eftir því að forseti fari fram á það við ráðherra að fullnægjandi svör berist við fyrirspurninni. Ráðherra á að vera það í lófa lagið að svara fsp. skýrt þannig að þingmaðurinn fái svar.

[13:44]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem við erum hér að ræða snertir ekki aðeins þyrlukaup heldur samskipti þingsins við framkvæmdarvaldið. Eins og hér hefur verið rakið þá ber forseta Alþingis að ákveða hvort fsp. er rétt fram borin og senda hana áfram til viðkomandi ráðherra. Síðan er svarið frá ráðuneytinu sent til forseta þingsins. Svarið er ekki sent til viðkomandi þingmanns heldur til forseta þingsins. Og ég trúi því ekki

að forseti þingsins ætli virkilega að halda við þá túlkun að það komi forseta þingsins ekkert við hvort ráðherrar gegna skyldu sinni við þingið og svari þeirri spurningu sem fram er borin eða ekki. Það mátti túlka yfirlýsingu forseta hér áðan á þann veg að það yrðu þingmenn bara að eiga við viðkomandi ráðherra, forseti þingsins væri bara póstur (**Gripið fram í:** Póstkassi.) eða póstkassi eins og hér er leiðrétt frammi í sal. Það er ekki þannig. Forseti þingsins er gæslumaður Alþingis gagnvart framkvæmdarvaldinu, gæslumaður löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Og ég vil nú biðja virðulegan forseta að endurskoða afstöðu sína af því að hún gildir ekki bara fyrir þetta mál sem hér er rætt heldur fyrir þingstörfin almennt. Það er alveg rétt að hv. þm. Ingi Björn Albertsson á rétt á því að forseti þingsins liðsinni honum og aðstoði hann við að fá fram svar við þeirri spurningu sem forseti samþykkti að væri borin fram. Forseti samþykkti að fyrirspurnin væri rétt og forseti getur ekki fríað sig ábyrgð á því að henni sé ekki svarað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti hefur nú þegar bent á eru þær athugasemdir sem hér hafa komið fram eru vegna svars frá ráðherrum við fsp. þingmanna og þær athugasemdir munu væntanlega komast til skila rétta boðleið. Það er það eina sem forseti getur gert í þessum efnum.

Útbýting þingskjala:

Ráðgjöf um sambúðarslit, hjónaskilnaði og forsjá barna, 264. mál, fsp. AÓB, þskj. 317.

Sameiginleg forsjá, 265. mál, fsp. AÓB, þskj. 318.

[13:47]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hjó eftir að hæstv. forseti talaði um það að þær athugasemdir sem hefðu komið fram við þessa umræðu mundu komast til viðkomandi ráðherra. Ég vil þá spyrja með hvaða hætti þær komast þangað. Eiga þeir að nálgast þær með því að lesa þingtíðindi eða mun hæstv. forseti koma þessum athugasemdum áfram til ráðherra sem niðurstöðu af þessari umræðu, samanber það sem fram hefur komið að hæstv. forseti vísar frá sér ábyrgð á þessum svörum?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar upplýst að þessar athugasemdir munu komast til skila og bendir jafnframt á að hæstv. ráðherra situr hér í salnum. Nú er liðinn sá tími samkvæmt þingsköpum sem athugasemdir má gera um störf þingsins í upphafi þingfundar. Það eru 20 mínútur samkvæmt þingsköpum og því verður ekki hægt að taka fleiri á mælendaskrá undir þeim lið að þessu sinni.

Preststsetur, 1. umr.

Stjfrv., 244. mál. — Þskj. 283.

[13:49]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um preststsetur en frv. þetta er lagt fram samhliða frv. til laga um kirkjumálasjóð. Frv. til laga um preststsetur sem hér liggur fyrir til umræðu stefnir með sama hætti og frv. til laga um kirkjumálasjóð að því að auka sjálfstæði þjóðkirkjunnar á sviði stjórnsýslu og fjármála. Frv. þetta gerir þannig ráð fyrir að sérstakur sjóður sem lúti sjálfstæðri stjórn fari með málefni preststsetra. Frv. varðar einungis stjórnsýslu preststsetra en ekki hinn fomrlega eignarrétt þeirra.

Eins og fram kemur í frv. til laga um kirkjumálasjóð er það hliðsjón af viðræðum sérstakra nefnda ríkis og kirkju um framtíðarskipan kirkjueigna landsins.

Í 1. gr. frv. er hugtakið preststsetur í skilningi frv. skilgreint. Preststsetrum er skipt í tvo flokka, preststsetursjarðir annars vegar og prestsbústaði hins vegar.

Í 2. gr. frv. mælir fyrir um stofnun sérstaks sjóðs sem nefndist preststsetrasjóður.

Sjóðurinn lýtur sérstakri stjórn og stendur hann straum af kostnaði við preststsetrin. Megintekjustofn sjóðsins verður framlag úr kirkjumálasjóði.

Þá er mælt svo fyrir að kirkjuráð kýs þriggja manna stjórn preststsetrasjóðs og skiptir með þeim verkum. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kirkjuráðs. Þá er enn fremur mælt svo fyrir að kirkjuþing getur sett sjóðstjórn starfsreglur og gert ályktanir um hvaðeina er lýtur að stjórn og starfrækslu sjóðsins er bindur sjóðstjórn. Þetta felur í sér eflingu kirkjuþings og veitir stjórn preststsetrasjóðs visst aðhald og mótvægi.

Í 4. gr. er mælt fyrir um heimild sjóðstjórnar til að kaupa og selja preststsetur. Áskilið er að kirkjuþing skuli heimila slíka ráðstöfun svo og dóms- og kirkjumálaráðherra. Ástæða þess að hér er sú undantekning gerð að atbeina ráðherra þurfi til máls er sú að ríki og kirkja eru í viðræðum um framtíðarfyrirkomulag þessara mála eins og áður hefur komið fram. Þykir því eðlilegt að ríkisvaldinu sé tryggður áfram viss íhlutunarréttur um ráðstöfun eigna á meðan þeim málum hefur ekki verið ráðið til lykta.

Þá er mælt fyrir um skyldu presta til að inna af hendi leigugjald fyrir umráð og afnot sín af preststsetrum. Sjóðstjórn setur nánari reglur um leigugjald, og gerir leigusamninga við presta um preststsetur. Þá er enn fremur mælt fyrir um að ákvæði húsaleigulaga og ábúðarlaga eigi við um réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt. Þykir tryggilegra að hafa tilvísun í nefnda lagabálka til að taka af vafa og eyða réttaróvissu sem ella kynni að skapast.

Í 6. gr. eru taldir upp þeir liðir sem sjóðnum ber að kosta. Að því leyti sem ekki er um lögboðnar skyldugreiðslur að ræða, t.d. opinber gjöld, ákveður sjóðstjórn skiptingu fjár á viðfangsefni samkvæmt ákvæði þessu.

Þá er mælt fyrir um tekjur preststsetrasjóðs. Er það nýmæli að gert er ráð fyrir þeim möguleika að sóknir

geti lagt prestssetrasjóði til fé vegna prestsseturs. Ekki er þó gert ráð fyrir hugsanlegum fjárframlögum af þessu tagi við mat á fjárþörf sjóðsins. Þau yrðu hrein viðbót við annað fé hans.

Þá er í frv. gert ráð fyrir yfirfærslu stjórnsýslunnar svo og réttinda og skyldna að því er varðar prestssetrin og því mörkuð skil sérstaklega.

Í 9. gr. frv. er mælt svo fyrir að reikningshald prestssetrasjóðs skuli vera í höndum biskupsstofu. Er sú regla í samræmi við hina almennu reglu sama efnis um aðra sjóði kirkjunnar er fram kemur í lögum nr. 62/1990, um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands. Þá er lagt til að kirkjuþing geti ákveðið að hafa annan hátt á með því t.d. að fela öðrum reikningshaldið.

10. gr. frv. mælir fyrir um breytingu á lögum um Kristnisjóð. Breytingin lýtur einvörðungu að því að færa orðalag laga um Kristnisjóð til samræmis við orðalag þessa frv. Lagt er til að 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands verði fellur úr gildi. Ákvæði þetta mælir fyrir um heimild kirkjumrh. til að setja reglugerð um leigugjald fyrir prestssetursjarðir. Mælt er fyrir um það atriði í 5. gr. frv. þessa og því eðlilegt að ákvæðið sé afnumið.

Í 11. gr. er lagt til að lagafrv. þetta öðlist gildi á sama tíma og lög um kirkjumálasjóð en að því er stefnt að það geti orðið 1. jan. nk.

Í ákvæði til bráðabirgða er mælt fyrir um að kirkjuráði beri að kjósa þriggja manna stjórn prestssetrasjóðs svo fljótt sem auðið er. Eðli máls samkvæmt mundi sú stjórn einungis sitja til loka kjörtímabils núv. kirkjuráðs eða til hausts 1994.

Stjórn samkvæmt þessu ákvæði öðlast að sjálfsögðu ekki umboð til athafna fyrr en við gildistöku laganna.

Það er rétt að taka það fram að um þær breytingar sem hér getur hefur tekist mjög gott samstarf milli kirkjumrn. og þjóðkirkjunnar. Ég vænti þess að hv. nefnd taki þetta mál til skoðunar og eins skjótrar afgreiðslu og kostur er. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[13:55]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og hér kom fram í framsöguræðu hæstv. dóms- og kirkjumrh. er þetta frv. sem er á dagskrá fundarins hluti af viðameiri málatilbúnaði sem hér er uppi þar sem síðar er á dagskrá fundarins frv. til laga um kirkjumálasjóð. Auk þess hafa á kirkjuþingum verið samþykkt mörg frumvarpsdrög sem snerta þau málefni sem hér er um að ræða og ganga í grundvallaratriðum út á það að færa stjórnsýslu á sviði kirkjumála frá ríkisvaldinu til þjóðkirkjunnar sem er út af fyrir sig mjög mikilvæg stefnumörkun. Ég held að það sé nauðsynlegt að hv. Alþingi geri sér alveg ljóst að hér er verið að breyta til í grundvallaratriðum að því er varðar yfirstjórn kirkjumála í landinu.

Þessi kirkjumál hafa verið til meðferðar á Alþingi, mér liggur við að segja í smáatriðum. Alþingi hefur fjallað um einstök atriði í yfirstjórn kirkjunnar með furðunákvæmum og oft smásmugulegum hætti en hér er gert ráð fyrir að flytja þennan þátt mála, þ.e. stjórnsýsluna, frá ríkisvaldinu til þjóðkirkjunnar. Á kirkjuþingi sem haldið var fyrir nokkrum vikum var um það rætt að sennilega væri sú skipan best í framtíðinni að þau framlög sem ríkið veitir til kirkjumála fari til kirkjunnar sem ein heild og kirkjan ákveði síðan sjálf hvernig þeim fjármunum er ráðstafað, m.a. til launamála starfsmanna kirkjunnar, þ.e. prestanna og annarra sem á vegum hennar vinna.

Hér er með öðrum orðum verið að taka á býsna mikilvægu grundvallaratriði í samskiptum ríkis og kirkju. Ég tel að þetta frv. um prestssetur, þó það láti lítið yfir sér, sé fyrsta skrefið í þessa átt og ég tel fulla ástæðu til að um það fari fram eðlileg og nákvæm umræða hér í þessari virðulegu stofnun.

Út af fyrir sig þá hefur ekki farið fram ítarleg umræða um aðskilnað ríkis og kirkju hér á Alþingi um alllangt skeið. Ég hygg að það séu áratugir síðan sú umræða fór fram síðast. Ég minnist þess ekki að sú umræða hafi farið fram að minnsta kosti á þeim tíma sem ég hef setið hér og ég hygg að það séu áratugir, líklega að minnsta kosti þrír síðan ítarleg umræða hefur farið fram um þau mál. Það fór fram talsverð umræða um þetta mál, aðskilnað ríkis og kirkju í tengslum við afhendingu á Skálholtsstað á sínum tíma. Það var flutt sérstakt stjfrv. um Skálholtsstað, ég hygg að það hafi verið á árunum 1960–1965, á fyrri hluta sjöunda áratugarins alla vega. Þá urðu þó nokkrar umræður og merkileg skoðanaskipti um staðsetningu kirkjunnar með tilliti til stöðu ríkisvaldsins í þjóðfélaginu. Síðan hefur sú umræða ekki farið fram.

Ég ætla ekki undir þessum dagskrárlið, um frv. til laga um prestssetur, að ræða almennt um aðskilnað ríkis og kirkju. Það er kannski rétt að gera það frekar undir næsta dagskrárlið sem fjallar um kirkjumálasjóð sem er miklu stærra og viðameira mál. En ég held hins vegar, og vil vekja á því athygli, virðulegur forseti, að í rauninni væri eðlilegt að hér færi fram ítarleg umræða um stöðu kirkjunnar gagnvart ríkisvaldinu. Ég veit eiginlega ekki undir hvaða dagskrárlið það ætti helst að vera. Það mætti hugsa sér að kirkjumrh. gæfi skýrslu um þær umræður sem fram hafa farið m.a. á kirkjuþingum um þessi mál og í framhaldi af því verði hér almenn opin umræða um stöðu kirkjunnar í landinu og með þjóðinni. Ég tel að það gæti vel komið til greina og gæti verið skynsamlegt fyrirkomulag á málinu, skynsamlegra heldur en að vera að taka þetta upp í einstökum atriðum undir þessum dagskrárliðum.

Varðandi þetta sérstaka frv. þá ætla ég ekki að ræða það mjög ítarlega, ég ætla aðeins að vekja athygli á örfáum atriðum. Í fyrsta lagi að í greinargerð frv. er komist svo að orði, með leyfi forseta:

„Frumvarpið felur jafnframt í sér að stjórnsýsla prestssetra og tilsjón með þeim færist frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til þjóðkirkjunnar."

Í framsöguræðu hæstv. dóms- og kirkjumrh. var þetta aðeins öðru vísiorðað. Það var svona orðað með leyfi forseta:

„Frumvarpið felur jafnframt í sér að stjórnsýsla prestssetra en ekki eignarréttur og tilsjón með prestssetrum færist frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til þjóðkirkjunnar."

Það er mjög nauðsynlegt að þetta einstaka atriði sé neglt alveg ákveðið, að hér eru menn eingöngu að tala um stjórnsýslu, eingöngu um stjórnsýslu en ekki eignarrétt. Þar með skil ég það svo að hæstv. ráðherra vilji ekki blanda sér í störf þeirrar nefndar sem hefur nú verið að störfum um nokkurra missira skeið og fjallar um eignamál kirkjunnar. Með því að slá því alveg föstu að hér sé hvergi hróflað við eignarrétti, heldur eingöngu talað um stjórnsýslu þá er hæstv. ráðherra í raun og veru að segja að það mál sé óuppgert af hálfu ráðuneytisins. Ég held að það sé skynsamlegt að slá því alveg föstu að það er ekki verið að hrófla við eignarréttinum út af fyrir sig með þessu frv. eins og það liggur hér fyrir heldur eingöngu stjórnsýslu málsins.

Varðandi efnið að öðru leyti ætla ég aðeins að víkja fyrst að 1. gr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í lögum þessum merkir orðið prestssetur lögboðinn aðsetursstað prests og er hluti af embætti hans." — Er hluti af embætti prestsins. Þetta vekur upp þá spurningu hvort hægt er að líta þannig á að prestssetrið sé prestinum til frjálsrar ráðstöfunar undir hvaða starfsemi sem er. Getur prestur t.d. ákveðið að nota embættisbústað sinn til þess að auglýsa þar stjórnmálafundi? Er það eðlilegt þar sem prestssetrið er í raun og veru ekki bara bústaður prestsins heldur er það líka hluti af embætti hans samkvæmt orðanna hljóðan í þessum texta? Ef þessi texti er rétt skilinn þá er útilokað annað en að líta svo á að tiltekinn stjórnmálafundur á Þingvöllum fyrir nokkru hafi verið hluti af embættisverki prestsins. Það er dálítið hæpið, finnst mér, þó þetta hafi örugglega verið virðulegur fundur. Og mér skilst að hæstv. forseti Alþingis hafi verið á þeim fundi, sem mér finnst mjög sérkennilegt verð ég að segja, mjög sérkennilegt. En það er nú annað mál. Ég tel að með því að slá því alveg föstu að prestssetrið sé hluti af embætti prestsins, þá sé verið að taka undir þau sjónarmið sem við höfum haft hér uppi sem höfum gagnrýnt forseta Alþingis, þjóðgarðsvörðinn og formann Þingvallanefndar fyrir það að hleypa af stað stjórnmálafundi í embættishúsi prestsins á Þingvöllum. Ég vil þess vegna fyrir mitt leyti taka af allan vafa um það hvernig ég skil þetta orðalag. Ég skil það þannig að hér sé húsið hluti af embætti prestsins og þar af leiðandi ekki hægt, án þess að leita þá staðfestingar hjá þjóðkirkjunni, að taka upp hvaða atvinnustarfsemi sem er inn í þessu embættishúsi. Ég hef ekki trú á því að í þessu einstaka tilviki, sem ku hafa verið þann 1. des. á Þingvöllum, hafi verið leitað samþykkis biskups fyrir því að Sjálfstfl. héldi fund á prestssetrinu. Það er auðvitað þannig að jafnvel þó svo vildi til að Sjálfstfl. eigi eitthvað af þingmönnum á Suðurl., hann eigi formann Þingvallanefndar og eigi forseta Alþingis og ætti jafnvel starfandi prest, sem ég veit ekkert um, jafnvel þó svo væri þá verð ég að segja alveg eins og er að ég tel að slík vinnubrögð séu óeðlileg þar sem þetta er partur af embættinu.

Það dugir auðvitað ekkert í þessu sambandi að segja: Ja, hv. þm. Guðni Ágústsson hefði alveg eins getað auglýst pólitíska fund þarna í Þingvallabænum samkvæmt formúlunni: Í húsi mínu eru mörg híbýli og rúmast allir, eins og einn af kirkjumálaráðherrum sagði hér forðum og mjög var rætt á sínum tíma.

Ég verð því að segja alveg eins og er að ég tel að þetta frv. hér á dagskránni, einmitt á þessum fundi sé sérstakt fagnaðarefni vegna þess að þá er hægt að gera út um það hvaða reglur gilda um atvinnustarfsemi eða stjórnmálafundi í embættisbústöðum presta landinu.

Í öðru lagi vildi ég aðeins víkja, virðulegur forseti, að 4. gr. frv., þar sem stendur:

„Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur, eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumrh. hafi heimilað þá ráðstöfun."

Ég spyr þá í fyrsta lagi hæstv. ráðherra: Hefur fjmrh. samþykkt þetta? Það er mikil framför verð ég að segja. Og það er algjör grundvallarbreyting á afstöðu fjmrn. og er fróðlegt t.d. fyrir menntmrh. og heilbrrh. að fá að kynnast þessari víðsýni fjmrn. sem allt í einu brestur á öllum að óvörum í 4. gr. þessa frv. Því samkvæmt 4. gr. getur dóms- og kirkjumrh. sem fagráðherra keypt hús (**Gripið fram í:** Og selt.) og selt. En eins og kunnugt er þá er það algjörlega bannað og brot á hinni heilögu kirkju fjmrn. að nokkur maður dirfist að skuldbinda ríkið upp á eina einustu krónu nema fjmrn. setji sinn þunga stimpil á það. (**ÓÞÞ:** En einn gaf nú fyrrverandi skólabyggingu sem hann er svo leiður yfir að ekki skyldi vera staðfest.) Það er allt annað mál sem verður rætt undir öðrum dagskrárlið — og var staðfest, hv. þm. Og skil ég ekki af hverju þingmaðurinn sér ævinlega svona mikið eftir að hafa gefið þetta hús.

Staðreyndin er sú að hér er um að ræða algjöra grundvallarbreytingu á afstöðu fjmrn. Og ég vildi gjarnan heyra hæstv. dómsmrh. svara því hér í þessum stól hvort þetta er þannig. Hvort það er rétt að fjmrn. hafi allt í einu tekið þetta frjálslyndiskast, liggur mér við að segja og samþykki að fagráðherrar fari bara að kaupa hús og jafnvel að gefa þau. — Og er nú frammíkallandinn hlaupinn á dyr. — Jafnvel að gefa hús eða hvaðeina sem er mjög athyglisvert að setja upp. Og ég verð að segja líka, hæstv. forseti, að þessi grein eins og hún er hér er ekki að öllu leyti í samræmi við „prinsipp" frv. að öðru leyti. Frv. fjallar um það grundvallaratriði sem er stjórnsýsla prestssetra. Hér er fjallað um bindandi samninga um eign og sölu á prestssetrum. Ég tel þess vegna að það sé skothent að hafa þetta ákvæði hér inni þó ég viðurkenni að ég telji að það sé mikið til vinnandi að knýja fjmrn. til þess að stíga eitt framfaraspor af þessu tagi.

Í 5. gr. segir svo í síðasta málslið, með leyfi forseta: „Ákvæði húsaleigulaga og ábúðarlaga taka til réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt." Og þá kem ég aftur að þessu með fundahöld í embættisbústöðum. Segjum nú að hér yrði haldinn í einhverjum embættisbústað mjög fjölmennur fundur, kannski 30 manna eða fleiri og að húsnæðið skemmdist með ein-

hverjum hætti í kringum fundinn. Þó þetta væri að öðru leyti friðsamur fundur og ekki ryskingar þá gæti orðið slys. Þá er það spurningin: Hver er samkvæmt þessum málslið ábyrgur fyrir skemmdunum? Er það presturinn sem ætti að borga? Segjum nú að Sjálfstfl. auglýsti fund í embættisbústað sem er mjög sjáldgæft, mjög sjaldgæft en hefur komið fyrir, segjum að það gerðist aftur einhvern tímann og segjum að það yrðu þar pústrur nokkrar af einhverjum ástæðum og það skemmdist kannski eitthvað lítillega hurðabúnaður t.d., hurðabúnaður. Spurningin er þá sú: Hver ætti að borga? Er það fundarboðandi eða er það presturinn eða hver er það?

Sömu spurningar vakna við skoðun á 6. gr. frv. þar sem fjallað er aðeins um verkefni þau sem prestssetrasjóður á að kosta. Ég verð að segja að ég áttaði mig ekki alveg á þeim tölum sem komu fram í máli hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra. Mér skilst að þetta séu 52 millj. á ári sem menn eru að tala þarna um í þennan prestssetrasjóð. Samkvæmt fjárlögum núna eða fjárlagafrv. þá kostar 3. liðurinn í 6. gr. 44,6 millj. kr. Síðan á að verja 5,1 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv. næsta árs í almennan rekstur og loks í nýbyggingu og kaup 8,4 millj. eða samtals nærri 60 millj. kr., samkvæmt fjárlagafrv. ársins 1994. Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að taka frá um 52 millj. kr. í verkefni sem á næsta ári kostar 60 millj.

Ég vil spyrja hæstv. dóms- og kirkjumrh. að því hvaða aðili það er sem hann hefur hugsað sér að skera sérstaklega niður, því það er greinilegt að peningarnir í prestssetrasjóði duga ekki fyrir þessum verkefnum á árinu 1994, eins og ég skil textann og eins og fjmrn. skilur textann líka samkvæmt fskj. sem er frá fjmrn., umsögn um frv. til laga um prestssetur. Þannig að ég vildi gjarnan inna hæstv. ráðherra eftir því hvaða þátt á að skera niður, því að peningarnir duga ekki fyrir öllu verkefninu samkvæmt frv. eins og það lítur hér út. Það eru í raun og veru 60 millj. kr. verkefni, en peningarnir eru ekki nema 52 millj. sem á að verja til þeirra verkefna.

Loks, virðulegi forseti, þar sem tími minn er búinn, vildi ég nefna eitt atriði og það er 10. gr. frv. Þar segir:

„Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða."

Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því hvort Samband ísl. sveitarfélaga hefur fallist á þetta sjónarmið sem þarna kemur fram og þó alveg sérstaklega Reykjavíkurborg sem er auðvitað stór aðili að þessu máli, en þar starfa í einu og sama sveitarfélaginu mikill fjöldi presta.

[14:13]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég held að það sé rétt að athuga þetta frv. vandlega áður en það verður afgreitt sem lög frá Alþingi. Hæstv. ráðherra lagði til að þetta mál yrði sent allshn. til meðferðar, en ég vil óska eftir því að hv. allshn. sendi hv. landbn. málið til skoðunar einnig, því það er þess eðlis að óhjákvæmilegt er að landbn. fjalli líka um það. Hér er um verulega breytingu á gildandi lögum að ræða. Í 4. gr. segir t.d., með leyfi forseta:

„Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumálaráðherra hafi heimilað þá ráðstöfun."

Síðan segir í athugasemdum um 4. gr., með leyfi forseta:

„Ákvæði þetta mælir fyrir um heimild sjóðstjórnar til kaupa og sölu á prestssetrum. Tryggilegra þykir að gera áskilnað um að kirkjuþing skuli heimila slíka ráðstöfun svo að hún öðlist gildi. Enn fremur þykir rétt að áskilja að samþykki dóms- og kirkjumálaráðherra þurfi til slíkra ráðstafana. Sú regla helgast m.a. af því að frumvarp þetta tekur ekki til eiginlegs eignarréttar yfir prestssetrunum eins og fyrr sagði. Þykir því rétt að tryggja ríkisvaldinu áfram vissan íhlutunarrétt með þessum hætti uns eignamál verða til lykta leidd."

40. gr. stjórnarskrár hljóðar svo: „Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild."

Ég tel að það orki tvímælis að 4. gr. samræmist stjórnarskránni. Ég skil það svo að hingað til hafi sala kirkjujarða þurft að lögfestast á Alþingi. Ég tel reyndar og hef flutt um það frv. nokkrum sinnum, að réttara sé að samþykki Alþingis komi til ef verið er að selja meiri háttar eignir ríkisins, þ.e. ekki bara fasteignir heldur hlutabréf eða eignarhlut í félögum, skip eða flugvélar, listaverk, listmuni eða söfn sem geyma menningarverðmæti og aðrar eignir sem hafa verulegt verðgildi. Ég tel sem sagt að það ætti að áskilja það um sölu fleiri ríkiseigna heldur en fasteigna, að samþykki Alþingis þurfi að koma til. En samkvæmt þessu er það lagt í hendur kirkjuþings að ákveða hvort sala fari fram eða ekki.

Nú er eignarmál kirkna mjög flókið mál og mig rak í rogastans þegar ég heyrði í fréttum fyrir 2–3 árum yfirlýsingu frá núv. hæstv. kirkjumálaráðherra að hann vildi afhenda kirkjunni kirkjujarðir. Ég held að það sé mál sem þarfnist verulegrar athugunar áður en gert verður. Hér er verið að afhenda prestssetrin. Ég nefni eitt dæmi sem sýnir hvað þetta er fráleitt sjónarmið sem fram kom hjá hæstv. ráðherra. Kirkjujörðin Valþjófsstaður er ríkiseign. Ef kirkjunni væri t.d. afhentur Valþjófsstaður í Fljótsdal, þá væri kirkjunni jafnframt afhent virkjunarréttindi Fljótsdalsvirkjunar að langmestum hluta. Nú eru sum prestssetur mikil dýrmæti og margar kirkjujarðir. Ég nefni t.d. Heydali og Kolfreyjustað í Vopnafirði, svo ég nefni aðeins fáein af þessum dýrðarhöfuðbólum, og þar sitja prestar sem eru regluleg staðarprýði. Ég vil ekki láta svona jarðir lenda í braski. Þess vegna tel ég mjög óeðlilegt að ekki þurfi heimild Alþingis til þess að selja svona eignir.

Ég ætla ekki að orðlengja um Þingvallafund hinn nýjasta. Hann er alveg sér á parti. Ég tek undir sumt af

því sem hv. síðasti ræðumaður, 9. þm. Reykv. sagði þar um, en ekki allt saman. Ég tel að Þingvallafundur hinn nýjasti sé einstæður að smekkleysi, þ.e. að halda stjórnmálafund í embættisbústað þjóðgarðsvarðar, sem er einnig Þingvallaprestur, á 75 ára afmæli fullveldisins. Það er í sjálfu sér þannig að varla er hægt að hugsa sér að ganga lengra í smekkleysi. Hæstv. forseti Alþingis kórónaði smekkleysuna með því að vera frummælandi á þeim fundi. Ég lít svo á að hæstv. forseti hafi ekki verið þar mætt sem stjórnmálamaðurinn Salome Þorkelsdóttir heldur sem einingartákn og höfuð Alþingis og það á sjálfan fullveldisdaginn. Það gildir mig hins vegar einu þótt hv. þm. séra Gunnlaugur Stefánsson boði til funda í embættisbústað sínum, það er allt annað mál.

[14:21]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Kirkjan hefur lifað mörg tímaskeið og þurft að standa að útbreiðslu fagnaðarboðskapar sem stundum var torskilinn. Veraldarhöfðingjum innan kirkjunnar hefur löngum þótt erfitt að búa við þá yfirlýsingu að það væri jafnerfitt fyrir ríkan mann að komast inn í himnaríki og úlfalda að komast í gegnum nálarauga. Ég held þess vegna að þó að þetta nálarauga hafi verið ákveðið hlið, þá hafi ekki farið á milli mála að álit á kirkjunni í gegnum aldirnar hafi verið minnst þegar fjársýsla hennar fór á þann veg að þó að ekki væri hægt að segja að embættismenn kirkjunnar sem slíkir væru eigendur fjárins, þá fór ekki á milli mála að um gífurlega misnotkun var að ræða. Og í því frv. sem hér er lagt fram, sem ég hallast að að hefði átt að flytja hér í öfugri röð, þ.e. að frv. til laga um kirkjumálasjóð hefði átt að koma á undan, því það virðist ekki vera hægt að samþykkja frv. um prestssetrin nema hið fyrra njóti samþykkis á Alþingis Íslendinga.

Fyrst er það skilgreining: Hvað er kirkjan? Er kirkjan prestarnir eða er kirkjan allir söfnuðir landsins sem standa að þjóðkirkjunni? Ég vil skilgreina kirkjuna sem alla söfnuði landsins og ég vil skilgreina prestana sem þátttakendur í þessum söfnuðum.

Nú er svo komið með breytingum sem urðu á frv. til laga um kirkjuþing að það jafnræði sem var þar inni, að leikmenn væru jafnsterkir kennimönnum, var rofið. — Það er nú mjög skaðlegt, hæstv. forseti, ef hæstv. dómsmrh. hefur ekki eirð í sínum beinum til að vera hér inni meðan verið er að ræða þetta mál.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. dómsmrh. var hér aðeins inni, hefur gengið til hliðar í salnum og heyrir væntanlega það sem um er rætt.)

Ég sé nú ekki hæstv. dómsmrh. og ég efa að hann sé í því herbergi sem um er rætt. Það er fundur landbrh. og dómsmrh. hér í hliðarsölum, það er rétt.

Samkvæmt þessum frumvörpum, ef þau eru skoðuð í heild, þá er verið að taka vald frá söfnuðunum og færa það til kirkjuþings. Það er það sem verið er að gera. — Og nú virðist staðan vera sú, að það sem héðan kemur fer inn til hæstv. dómsmrh. og þaðan inn í eyra hæstv. landbrh. og er nú spurning hvort ekki geti skolast nokkuð á þeirri leið. — Ég tel að þessi uppsetning, að taka valdið frá söfnuðunum, eins og hér er verið að leggja til í frv. til laga um kirkjumálasjóð, og færa það til kirkjuþingsins og svo til kirkjuráðs, sé röng stefna. Ég tel að það sé sjálfstæði safnaðanna, sem ráða sínum ráðum að sjálfsögðu með sínum sóknarfresti, sem þurfi að tryggja á svæðunum. Ég er ekki viss um að svo verði um ókominn tíma að sveitirnar séu í þeirri aðstöðu að geta varið sín höfuðból, prestssetrin, ef valdið, yfirráðin yfir þeim, á að flytjast undir allt aðra aðila. Ef á að flytja það vald héðan, þá væri eðlilegt að flytja það til safnaðanna, að þeir sætu yfir þessum hlutum og gættu þeirra. Og ég mundi engum treysta betur til að fara með það vald en söfnuðunum sem verja að sjálfsögðu sín prestssetur.

En sú hugmynd sem hér er uppi varðandi prestssetrin er á þá leið að kirkjuráð á að kjósa þriggja manna stjórn prestssetursssjóðs og varamenn þeirra og skipta með þeim verkum. Kjörtímabil stjórnar er hið sama og kirkjuráðs. Það þýðir að eftirlitið með öllum prestssetrunum er sett undir ákveðna miðstýringu héðan að sunnan. Það er ekki verið að flytja valdið frá Alþingi til safnaðanna, það er verið að flytja valdið héðan upp á biskupsstofu og það er þá sama miðstýringin sem á að drottna.

Nú vita menn að sum prestaköll úti á landi eru rýr prestaköll varðandi sértekjur. Hins vegar er það svo að sum þessara prestakalla hafa haft verulegar tekjur í sjálfu sér og þess vegna hafa fengist menn til að sitja þau, sem e.t.v. hefðu aldrei fengist til að fara á þessa staði, og kirkjan gæti setið uppi með verulega undirmálsmenn í þessum prestaköllum ef þannig væri að máli staðið. Ég er þess vegna ekkert spenntur fyrir því að setja þetta mál inn í einhvern miðstýrðan sjóð hér syðra, þar sem einhverjir embættismenn fara að leggjast yfir það og koma í veg fyrir það að sú skipan haldist að góð prestaköll í dag, vel mönnuð, búi við það í framtíðinni að þannig verði að málum staðið að þangað fari bara undirmálsmenn.

Ég held þess vegna að þessi mál þurfi að skoða með mun víðara sjónarhorni en hér er gert. Það fer heldur ekki að milli mála að sú skilgreining sem Alþingi hefur sett varðandi vanhæfni á ýmsum sviðum til að fjalla um eigin mál, stenst ekki í þessum lögum. Alþingi Íslendinga fékk það t.d. á sig af mikilli hörku frá forsrh. eitt sinn í þjóðhátíðarræðu á 17. júní að það væri óeðlilegt að þingmenn tækju ákvarðanir um sín laun. Nú leggur hæstv. dómsmrh. til að á kirkjuþingi eigi kirkjuþingsfulltrúar að ákveða þóknun fyrir störf sín á þessu þingi. Í hvaða takt er þetta við tímans þróun?

Ég held að hvort sem mönnum líkar betur eða verr, þá sé nokkurt umhugsunarefni það sem stendur í 40. gr. stjórnarskrárinnar. Ef hæstv. dómsmrh. er alvara með það að hér sé ekki verið að taka ákvörðun um hver sé eignandi þessara eigna, er hann þá að taka upp þær leikreglur að eignir á Íslandi verði seldar af öðrum en eigandanum? Er hugmyndin þá sú að innleiða það réttarkerfi að eignir á Íslandi skuli seldar af öðrum en eigandanum? Það væri alveg ný heimspeki. Það þýðir ekkert að koma hér upp og lýsa því yfir að það eigi ekki að taka ákvarðanir um eignir með þessu,

nema verið sé að taka ákvörðun um að hér eftir sé það regla á Íslandi á vissum sviðum að það séu ekki eigendur sem selji eignir sínar heldur einhverjir allt aðrir.

Ég er sannfærður um að það er ófær skipun að kirkjan hafi ekki neitunarvald um sölu á eignum þegar verið er að selja þær langt undir eðlilegu verði. Ég vil nefna síðasta dæmið, sem var algert hneykslí, um sölu á kirkjujörð í eigu sveitarfélags. Hæstv. landbrh. sá um þá sölu. Hann seldi Garðabæ ákveðna jörð. Hann veitti stórkostlegan afslátt á söluverði landsins bara út á það hvað jörðin væri stór. Þarna var verið að veita tugi milljóna í styrki með þessari sölu. Auðvitað á kirkjan að hafa neitunarvald undir svona kringumstæðum þegar verið er að gera svona hluti. Það er allt annað mál. Þessi kirkja hafði einu sinni verið sóknarkirkja, ekki síður Hafnarfjarðar. Þeir fengu ekki fermetra af þessu landi. Það voru ákveðnir gæðingar í Garðabæ sem áttu bara að fá þetta fyrir lítið — og hæstv. landbrh. er farinn að hlusta því hann veit nákvæmlega hvað hann skrifaði undir og hefur vafalaust fengið syndaaflausn út á þetta í leiðinni. Í það minnsta hefur hann slegið af sér, hafi hann ekki gengið frá slíkum hlutum um leið og hann seldi jörðina á því verði sem þarna var um að ræða. Þetta á auðvitað að stoppa. Það á ekki að vera eðlilegt að þannig sé staðið að verkum. En það er jafnvitlaust ... (**Landbrh.:** Það á að borga keisaranum það sem keisarans er og guði það sem guðs er.) Hæstv. landbrh. hefur ekki tapað húmor sínum yfir þessu og það er vel, enda veit hann mætavel um hvað málið fjallar. Hann kannast mætavel við þessa hluti. En það er jafnvitlaust að láta sér detta það í hug að hægt sé að fara að kaupa eignir og þá fyrir hvern? Ríkið. Kaupandinn á bara að skrifa undir skuldbindingar ef dómsmrh. samþykkir. Er þá verið að færa fjmrn. undir dómsmrn. varðandi þessa hluti? Þetta gengur ekki upp. Það verður að vera samræmd stefna í réttarstöðu allra ráðuneytanna. Ef dómsmrh. fær þetta vald, þá hlýtur menntmrh. að fá það vald að mega kaupa eignir og selja fyrir menntmrn. eins og ráðuneytinu sýnist, eða landbrh. eða iðnrh. Þá verður bara opinn sölukontór hjá öllum aðilum, fasteignasala. Eins og heimildin er útbúin núna mætti hæstv. dómsmrh. kaupa hverja einustu jörð á Íslandi, ef hann hefði heimild til þess og kirkjuþing áhuga. Heimildin er það opin. Og hún heimilar að selja öll prestssetrin á Íslandi ef hæstv. dómsmrh. hefði áhuga á því og kirkjuþing hefði áhuga á því. Svona opnar heimildir á ekki að setja inn í lög. Svona opnar heimildir til framkvæmdarvaldsins á ekki að setja inn í lög.

Ég held að það hljóti að vera hægt að koma eðlilegum skikk á þessa hluti án þess að menn fari úr einni vitleysunni yfir í aðra. Ég er sannfærður um að það er hægt og er rétt að ýmis framlög séu gjörsamlega óeyrnamerkt þannig að kirkjan fái að ráðstafa þeim eins og henni sýnist. En það er röng stefna að flytja fjármuni safnaðanna til kirkjuþings og til ráðstöfunar þar. Það er röng stefna.

Ég játa það aftur á móti að hinn þátturinn í ræðu tveggja ágætra þingmanna, hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, og hv. 1. þm. Norðurl. v., þegar kemur að helgispjöllum á Þingvöllum, þá vil ég minna á það að þessi staður var notaður undir aftökur, þar voru menn höggnir, hengdir og þeim drekkt og varla hefur nú atburðurinn verið verri sem fram fór í Þingvallabænum en þessi forna saga kennir okkur. Ég vil líka bæta því við að hvaða frelsi og mannréttindi ber að verja fremur á Íslandi en fundafrelsi á Þingvöllum, þegar litið er til þeirrar staðreyndar að menn eru þó að minnast ákveðins áfanga í frelsisbaráttu Íslendinga sem byggðist m.a. á fundafrelsinu?

[14:37]

Salome Þorkelsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég finn mig knúna til þess að koma í ræðustólinn. Í fyrsta lagi til að þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að hafa látið svo lítið að meta það svo að það hafi ekki orðið verri spjöll á Þingvöllum 1. des. sl. heldur en voru hér á sínum tíma þegar mönnum var drekkt þar eða aðrir slíkir atburðir gerðust. Ekki skal sú sem hér stendur dæma um það en vill vekja athygli á því að hún er 2. þm. Reykn. og var beðin um að koma á fund í fundaferð sem hv. 3. þm. Suðurl. stóð fyrir um kjördæmi sitt. Ég verð að leyfa mér að segja að það hafi verið dugnaðarfrumkvæði hjá honum að standa fyrir slíku fundahaldi á þessum árstíma.

Nú vill svo til að á Þingvöllum er ekkert samkomuhús að vetri til til að halda fundi. Og það vill svo til að staðarhaldari á Þingvöllum bauð þessum hv. þm. sem ég nefndi hér, hv. 3. þm. Suðurl., að lána honum húsnæði til þess að hann gæti haldið þar fund og get ég ekki séð mikið athugavert við það. Ef ég man rétt þá mun hv. 1. þm. Norðurl. v. hafa gert athugasemdir í þeirri trú að þessi fundur ætti að fara fram í sumarhúsi forsrh., en svo var ekki. En hér voru sögð þau orð að það hafi verið mjög sérkennilegt að forseti Alþingis, sú sem hér stendur, hafi verið á fundi á Þingvöllum 1. des. og þetta sagði hv. 9. þm. Reykv. Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði enn fremur að sú sem hér stendur hafi „kórónað smekkleysuna“ með því að mæta á þennan fund.

Nú vill ég þakka þessum ágætu þingmönnum fyrir hversu smekklegt þeirra tal var í minn garð. En ég vænti þess að Þingvallabændur og bændur í Grafningshreppi hafi haft sömu ánægju af þeim fundi sem þar fór fram 1. des. eins og hv. 2. þm. Reykn. hafði.

[14:39]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við erum hér að tala um frv. til laga um prestssetur. Það er virkilega þörf á því að ræða um stöðu kirkjunnar gagnvart ríki og söfnuðum eins og fram kom hjá hv. þm. Svavari Gestssyni og við hefðum sjálfsagt gott af því og ekki síður kirkjan sjálf að við skiptumst á skoðunum um það málefni.

Hér er sem sé komið fram frv. til laga um prestssetur og það virðist eiga að fá býsna greiðan aðgang í gegnum þingið vegna þess að gildistaka frv. er ætluð 1. janúar, það er tæpur mánuður til stefnu og ekki nema aðeins örfáir dagar eftir af störfum þingsins. Mér finnst það því verða of mikil bjartsýni hjá hæstv. ráð-

herra að ætlast til þess að þingið, þó það væri allt af vilja gert til þess að afgreiða þetta mál, geti gert það á svo skömmum tíma. Reyndar er ekki sanngjarnt af hæstv. ráðherra að ætlast til þess að þingmenn afgreiði málið á þann hátt því hér þurfa vissulega fleiri að kallast til heldur en þeir sem búa næst Austurvelli, til þess að fá að segja álit sitt. Ég trúi ekki öðru hvort sem það verður allshn. eða landbn., eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. vék að að það ættu jafnvel báðar nefndirnar að fjalla um málið. Ég vil bæta því við að ég ætlast líka til þess að fólk af landsbyggðinni úr hinum ýmsu söfnuðum eða prófastsdæmum fái, og það á allan rétt á því, að segja álit sitt á þessu máli. Þess vegna sé ég ekki að það sé möguleiki á því að þetta mál geti fengið svo skjóta afgreiðslu eins og hæstv. ráðherra ætlast til. Ég efast um að málinu sé gerður greiði með því að renna því svo skjótt í gegnum þingið að mönnum veitist ekki svigrúm til þess að huga að þessum málum og reyna að vinna kirkju og kirkjumálefnum sem best gagn, sem við þingmenn örugglega viljum.

En ég vil aðeins vegna þess sem kom fram áðan hjá hv. 2. þm. Vestf., vini mínum ágætum Ólafi Þ. Þórðarsyni, taka fram að mér féll ekki alls kostar talsmáti þingmannsins þar sem talað var oftar en einu sinni — hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, ef þingmaðurinn vill hlusta, en við getum endurtekið það aftur betur niðri í þingflokksherbergi — en ég vil taka það fram hér að ég sætti mig ekki við það þar sem þú vékst að prestum sem undirmálsmönnum. Sú málnotkun hefur fengið allt aðra merkingu en ég held að hv. þm. meini með orðum sínum. (Gripið fram í.) Nei, það er rangt, Ólafur Þ. Þórðarson. Yfirleitt eru þeir sem valist hafa til prestsstarfa sem betur fer hinir mætustu menn.

Ég vil víkja örfáum orðum að frv. sjálfu og koma aðeins að 4. gr. frv., sem reyndar fleiri hafa komið inn á og flestir sem hafa talað í þessu máli þar sem segir svo:

„Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila, nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumálaráðherra hafi heimilað þá ráðstöfun."

Hér er náttúrlega verið að tala um að gefa heimild til þess að selja ekki aðeins húsnæði eða jörð. Það er einnig, ef ég skil málið rétt, verið að gefa heimild til þess að taka undan viðkomandi jörðum t.d. stórkostleg hlunnindi sem víða eru og færa ráðherra og þá þessum aðilum heimild til þess að gera slíkt.

Það er meiningin, eins og hér stendur, að þetta þurfi að fara fyrir kirkjuþing og dómsmrn. Ég treysti því að sú nefnd sem fær þetta frv. fjalli um það af mikilli kostgæfni. Ég vil trúa því að það finnist þeir menn í þeim nefndum sem um þetta koma til með að fjalla að þeir hafi skilning á því að það séu einhverjir fleiri sem þurfi að spyrja í þessu máli heldur en hér eru tilteknir. Ég trúi því ekki að mönnum finnist það óeðlilegt að viðkomandi prófastsdæmi fái að fjalla um slíkt eða jafnvel söfnuðirnir sjálfir, þeir verði spurðir og fái að segja álit sitt á slíkum hlutum áður en gerðir verða. Ég held að það sé engum gerður greiði með því og síst af öllu kirkjunni að ganga fram í þessum málum á slíkan hátt. Ég held að við þurfum að reyna að tryggja friðinn í þessu máli og það verður svo best gert að þeir sem við þetta eiga að búa, sem eru fyrst og fremst söfnuðirnir sjálfir, verði sáttir við það sem hér er verið að gera.

Aðeins vildi ég víkja að því sem segir í 7. gr., 2. tölul.: „Leigutekjur af prestssetrum." Ég velti því fyrir mér hvort ekki mætti taka þarna inn viðbót: og öðru húsnæði, sem fellur undir prestssetur og kirkjumálasjóð. Það gætu verið fleiri atriði sem einmitt ættu að falla undir þennan lið heldur en hér er tekið fram. En það er aðeins sagt: Leigutekjur af prestssetrum. Ég vil koma því á framfæri við nefndina.

Ég vík að því sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi um 10. gr. Ég tek undir það, það er sem sé mjög stórt spurningarmerki sem má setja við það, en ég tel víst að samráð verði haft við Samband ísl. sveitarfélaga þar um. En svo segir einnig hér í athugasemdum við lagafrv. og það segir okkur nokkuð mikið og kannski það sem ég finn að við hæstv. ráðherra hvað hann ætlar okkur skamma stund til þess að fjalla um þetta mál. En þar segir, með leyfi hæstv. forseti:

„Frv. felur jafnframt í sér að stjórnsýsla prestssetra og tilsjón með þeim færist frá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu til þjóðkirkjunnar." Hér er um mikla stefnumörkun að ræða og þetta þarf vissulega skoðunar við og ég trúi því, eins og með frv. allt, að menn gefi sér nægan tíma til þess að gaumgæfa það og kryfja til mergjar hvað er hér verið að fara.

Það segir einnig í 7. gr. þar sem er vikið að leigugreiðslu fyrir prestssetur. Ég geri mér grein fyrir því að þar sitja menn sjálfsagt við mjög misjafnan kost í sambandi við leigukjör. En ég vil þó einnig að það verði metið og skoðað þegar um þau mál er fjallað að prestar eru misjafnlega settir eins og aðrir menn hvað fjölskyldustærð viðkemur og oft þurfa menn kannski þess vegna að taka við og setjast að í mjög óhentugu, kannski stóru og dýru húsnæði, þannig að mér finnst að það þurfi að meta hlutina betur heldur en þarna er raunverulega kveðið á um.

Að endingu vildi ég aðeins fá að segja það sem stendur í umsögn fjmrn. um frv. Þar segir svo m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Svo sem getið er í umsögn um frv. til laga um kirkjumálasjóð eru áhrif þessa frv., verði það að lögum, að færa ákveðin verkefni frá ríkissjóði til kirkjuyfirvalda, þannig að þau falli brott af fjárlögum. Þau verkefni, sem sjóðurinn á að kosta, eru talin upp í 6. gr. frv. til laga um prestssetur."

Svo segir hér á öðrum stað: „Vakin skal athygli á, eins og gert er í athugasemdum við lagafrv. þetta, að kirkjunni eru ekki afhentar prestssetursjarðir og prestsbústaðir til eignar. Þær eignir verða áfram eign ríkissjóðs."

Hér er stungið á því sem ég minntist aðeins á og einnig að ég tók rétt eftir, hv. þm. Svavar Gestsson veltir fyrir sér. En alla vega er þessi umræða þörf og ég undirstrika það við hæstv. dómsmrh., ég veit ekki hver ætti að hafa frumkvæði í því, en ég held að við

bættum okkur í því að taka hér umræðu um stöðu kirkjunnar og safnaða í landinu.

Að lokum vil ég vara menn við því að ætla að afgreiða þetta mál í einhverju hendingskasti, þannig að það gefist ekki ráðrúm til að leita umsagna hjá þeim sem eðlilegt er að fái að fjalla um málið, en tíminn er það skammur að ég sé ekki á hvern hátt væri hægt að verða við því.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Vegna ræðu hv. þm. vill forseti minna þingmanninn og raunar þingheim allan á 54. gr. þingskapa sem segir: „Ræðumaður skal jafnan víkja ræðu sinni til forseta eða fundarins, en eigi ávarpa nokkurn einstakan þingmann."

[14:52]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það megi um það deila hvort ég hafi kveðið of fast að orði þegar ég taldi að hætta væri á að undirmálsmenn mundu vígjast til vissra starfa hjá þjóðkirkjunni í suma söfnuði ef prestssetursjarðirnar yrðu þar teknar burtu og seldar. Nú er það svo að það er setning sem er ekki uppfundin af mér „allan skrattann vígja þeir". Þetta veit jafnvel hæstv. forseti að hefur verið notað sem málsháttur á Íslandi. Ég játa það að e.t.v. er það vegna minna kynna af einum ágætum sóknarpresti sem var afbragð annarra manna, bar þar ægishjálm yfir að mínu viti, að ég hef alltaf verið gagnrýninn á presta og staðið viss stuggur af því hve mikil gengisfelling hefur orðið í stéttinni. Gengisfellingin hefur orðið óhugnanleg. Sem betur fer, segi ég, voru launakjör presta leiðrétt með seinasta kjaradómi og vonandi verður það til þess að aðsókn manna í að sinna þessu verki muni aukast, þannig að ekki þurfi að taka hvern sem er og gera hann að sálnahirði, því sumir sem vígðir eru hafa ekki reynst menn til að sinna því starfi. Það er mitt mat.

Útbýting þingskjals:

Tekjuskattur og eignarskattur, 266. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 319.

[14:54]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt sem hv. 9. þm. Reykv. vék að í ræðu sinni að þau frumvörp sem hér eru til umræðu í dag um málefni kirkjunnar marka um margt þáttaskil og þau tímamót að verið er að stíga mjög veigamikið skref í átt til fjárhagslegs sjálfstæðis kirkjunnar. Hér er á hinn bóginn hvergi verið að hverfa frá þjóðkirkjuskipulaginu en kirkjan er eigi að síður að taka á sig meiri fjárhagslega ábyrgð en um leið aukið fjárhagslegt sjálfstæði. Ég tel að að því leyti sé verið að stíga hér mjög markvert skref og mjög mikilvægt fyrir kirkjuna og þýðingarmikið í samskiptum ríkis og kirkju.

Mér þykir hins vegar miður að hv. 9. þm. Reykv. og reyndar fleiri hv. þm. sem hér hafa talað hafa notað *þetta tilefni til þess að fara í strákslega umræðu um* fund í Þingvallabænum sem haldinn var á dögunum og farið hefur fyrir brjóstið á nokkrum hv. þm. Forseti Alþingis hefur vakið athygi á því að í þeirri fámennu sveit eru ekki mörg hús sem hýst geta stjórnmálafundi að vetrarlagi og hverjum stendur það nú nær en kirkjunni að skjóta skjólshúsi yfir menn við slíkar aðstæður. Þetta er þó allt aukaatriði.

Hv. 9. þm. Reykv. spurði hvaða starfsemi mætti fara fram á prestssetrum. Ég vil minna hv. þm. á að það er algengt að prestar sitji á Alþingi og þeir búa á prestssetursjörðum og ástæðulaust með öllu að gera það tortryggilegt á nokkurn hátt. Ég vil líka minna á að það eru ekki aðeins prestssetrin sem hafa verið í fáeinum tilvikum notuð sem íbúðarhús alþingismanna og til þess að hýsa samkomur sóknanna. Það hefur komið fyrir að stjórnmálamenn hafa fengið kirkjur lánaðar til þess að halda samkomur á eigin vegum. Ég veit ekki betur en formaður Alþb. hafi nokkrum sinnum efnt til samkomu í kirkjum og engum dottið í hug að gera athugasemdir þar við. Það mætti sjálfsagt setja á hneykslanlegar *ræður um að þar væri verið að misnota* kirkjur, ef menn vildu vera í einhverjum stráksskap í umræðum hér á hinu háa Alþingi. En ég veit ekki til þess að nokkrum manni hafi dottið það í hug.

Að því er varðar athugasemdir sem hér hafa komið fram um 4. gr. frv. þar sem áskilið er að samþykki dóms- og kirkjumálaráðherra þurfi fyrir þeim ráðstöfunum sem þar er mælt fyrir um er það að segja: Hér er verið að gera þá breytingu að kirkjan fær aukið sjálfstæði um eigin málefni og þar á meðal um ráðstöfun þessara prestssetra. Ég minni á að sala á þessum eignum hefur ekki haft þau áhrif að fjármunirnir hafi runnið í ríkissjóð. Þessar eignir hafa ekki verið eign ríkissjóðs með þeim hætti heldur hefur andvirði þeirra farið í sjóði kirkjunnar sjálfrar. En með því að enn eru að störfum viðræðunefndir ríkis og kirkju um eignamálin þar sem fjallað er um það á hvern veg megi leiða þau mál til lykta, þá þykir eðlilegt að stjórnvöld samþykki þær ráðstafanir sem kirkjuyfirvöld vilja grípa til í þessu efni varðandi ráðstöfun eignanna og ég held að það sé í fullu samræmi við stöðu málsins. En ég minni á að athugun á eignastöðu kirkjunnar hófst fyrir alllöngu. Það var einmitt í tíð ríkisstjórnar sem hv. 9. þm. Reykv. átti sæti í sem ákveðið var að gera sérstaka athugun á kirkjueignum og hver væri hinn rétti eigandi þeirra. Niðurstöður þeirrar athugunar liggja nú fyrir og í framhaldi af því hófu viðræðunefndir ríkis og kirkju sín störf, þannig að þessi skipan mála er í fullu samræmi við stöðuna eins og hún er í dag.

Að því er 10. gr. frv. varðar og þær athugasemdir sem þar koma fram þá er fyrst og fremst verið að hnykkja á um að gildandi reglur haldi áfram í þessu efni.

Ég sé svo, frú forseti, ekki ástæðu til þess að gera á þessu stigi fleiri athugasemdir við það sem hér hefur komið fram, en met það að ýmsir þingmenn og þar á meðal hv. 9. þm. Reykv., hafa í grundvallaratriðum tekið undir þá stefnumörkun sem í þessum frumvörpum felst og ég vænti þess að þingið geti fylgt henni *eftir með samþykkt frumvarpanna hér á þinginu*. Ég vil ítreka það að frumvörpin eru unnin í mjög góðu samstarfi við yfirstjórn kirkjunnar og innan hennar er mjög

sterkur vilji til þess að koma skipulagsbreytingunum fram. Ég vænti þess að Alþingi taki vel þeim vilja og þeim óskum kirkjunnar með eins skjóti afgreiðslu þessara mála hér í þinginu og kostur er.

[15:02]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt. Ég er að vísu þeirrar skoðunar að hann hafi kannski látið það eiga sig að reyna að svara sumu af því sem hér kom fram og afgreiddi það með býsna einföldum hætti með því að segja að eitthvað væri stráksleg sem hér hefði verið sagt um tiltekin mál, m.a. af mér.

Ég vil víkja aðeins að því sem fram hefur komið síðan ég talaði áðan, m.a. frá hæstv. ráðherra, en þó sérstaklega og fyrst kannski frá hæstv. forseta Alþingis. Ég er þeirrar skoðunar að um Þingvöll eigi að gilda sérstök regla. Ég er þeirrar skoðunar að íbúð þjóðgarðsvarðar á Þingvöllum sé ekki eins og hver annar embættisbústaður prests. Ég er þeirrar skoðunar að Þingvellir séu ekki eins og hvert annað svæði á Íslandi heldur skipi sérstöðu. Það eru fleiri þessarar skoðunar. Það er Alþingi líka með því að sett hafa verið sérstök lög um þjóðgarðinn á Þingvöllum, skipuð hefur verið sérstök nefnd um hann, yfirstjórn hans og staðarins, og ég tel því að eðlilegt sé að gera kröfur til þess að um fundahöld á Þingvöllum, einnig í embættisbústað þjóðgarðsvarðar, gildi sérstakar reglur. Ég tel að það sé vanræksla okkar sem hér erum að hafa ekki stuðlað að því að þær reglur hafi verið settar fyrir löngu. Það að málið kemur hér til umræðu á Alþingi bendir til þess að a.m.k. eins og sakir standa sé engin sátt um þá skipan mála sem þar virðist vera í gildi að því er varðar fundahöld í Þingvallabænum.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, hljóta menn síðan að velta því fyrir sér hvort það eigi að gilda aðrar reglur um Þingvelli en aðra bústaði presta. Mér skildist það á hv. 1. þm. Norðurl. v. að hann teldi að það væri svo og ég get út af fyrir sig tekið undir það. En í þeim efnum verða menn einnig að lúta tilteknum reglum þar sem þeir eru þarna ekki í eigin húsnæði heldur í leiguhúsnæði á viðkomandi preststsetursjörðum eða preststsetrum sem þjóðin á. Þess vegna finnst mér að viðkvæmni forseta Alþingis við ummælum mínum hér áðan séu hin furðulegustu. Þar sem hún er ekki lengur í stól eða í salnum þá ætla ég ekki að segja mikið meira um það að sinni annað en þetta: Ég skora á hana og aðra þingmenn sem hafa hér um þetta mál að véla með einhverjum hætti, að beita sér fyrir því að það verði til reglur um það hvernig Þingvallabærinn er notaður, m.a. með tilliti til almennra fundahalda. Það dugar ekki að bera við skorti á samkomuhúsum í Þingvallasveit til þess að fullnægja þeim kröfum sem ég vil gera í þessu efni. Það er auðvitað víða skortur á samkomuhúsum og ef menn ætla að þræða þá röksemd upp á enda, þá eru menn komnir býsna langt frá hinu alvarlega efni og þeim kjarna málsins sem við erum hér að tala um. Þess vegna vísa ég gagnrýni hæstv. forseta Alþingis á mig í sambandi við þetta mál á bug og vænti þess að því verði komið til forsetans. Verði það ekki gert af neinum öðrum, þá mun ég gera það sjálfur.

Í öðru lagi vek ég athygli á því sem fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. v. að í frv. er gert ráð fyrir því að það verði samþykkt núna á þeim dögum sem eftir lifa fram að jólum, verði að lögum og taki gildi frá og með 1. jan. 1994. Ég endurtek spurninguna til hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra sem hann má út af fyrir sig, mín vegna, svara undir næsta dagskrárlið: Stenst þetta? Ég held að það standist ekki að hægt verði að afgreiða þetta sem lög.

Varðandi stefnumörkunina í málinu, þá vil ég aðeins fara nokkrum orðum um hana. Ég er hlynntur því að kirkjan hafi sjálfstæði um sín mál. Ég var t.d. andvígur því í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar á sínum tíma að Alþingi ákveddi í einstökum atriðum hvernig ætti að koma fyrir námi og fræðslu í Skálholtsskóla. Mér fannst og finnst að það sé hlutverk kirkjunnar, svo lengi sem hún hefur með þann skóla að gera, að ráða því. Og það var hlustað á þessi sjónarmið. Niðurstaðan varð sú að þar er um að ræða núna opnari rammalöggjöf en upphaflega var áformað. Af þeim ástæðum er ég í grundvallaratriðum hlynntur því að yfirstjórn prestsbústaða t.d. og kirkjumálasjóðs, sem verður hér til umræðu á eftir, sé undir stjórn kirkjunnar í öllum meginatriðum. Auðvitað verður þar að fylgja reglum eins og gengur um opinbera sjóði, Ríkisendurskoðun endurskoði reglurnar eða sjóðinn, færslur o.s.frv. En ég er þeirrar skoðunar almennt að kirkjan eigi að fjalla um þessa hluti, hún eigi að ráða miklu um það. Þess vegna finnst mér sú prinsippumræða sem fór fram á kirkjuþingi síðast um stöðu ríkis og kirkju vera skynsamleg umræða og merkileg í raun og veru miðað við allar aðstæður.

En hvað er þá kirkjan? Er hún biskupinn eða er hún söfnuðirnir eða er hún hvort tveggja? Og það sem hv. 2. þm. Vestf. var að finna að hér áðan var í raun og veru það að með þessum frumvörpum eins og þau líta út sé valdið að mjög litlu leyti flutt til yfirstjórnar þjóðkirkjunnar, þ.e. biskupsstofu. Hann taldi að þetta vald ætti að flytja til safnaðanna. Nú harma ég það að hv. þm. útfærði hugmyndir sínar ekki nákvæmlega í ræðu sinni, því að ég hefði haft gaman af því að heyra hvernig það er hægt í sambandi við mál eins og þau sem hér um ræðir og þó alveg sérstaklega í sambandi við frv. um kirkjumálasjóðina. Ég sé ekki það gangi almennilega upp að flytja það til safnaðanna í einstökum atriðum, en ég útiloka svo sem ekkert í þeim efnum. Þannig að auðvitað er það alveg rétt hjá honum engu að síður að um leið og við tökum ákvörðun um að flytja þessi mál í vaxandi mæli yfir til kirkjunnar sjálfrar, þá hljótum við líka að spyrja þeirra spurninga: Hvað er kirkjan og hvernig er skipulagsmálum háttað innan hennar að því er varðar einstök efni?

Ég vil að allra síðustu, virðulegi forseti, vekja athygli hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra og formanns allshn. á því að í þessu frv. segir hér í síðasta málslið 5. gr.:

„Ákvæði húsaleigulaga og ábúðarlaga taka til réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt."

Í lögum um húsaleigu, nr. 44/1979, og í síðari lagaákvæðum um húsaleigu, sem er í raun og veru vitnað til í þessari 5. gr., er alveg greinilega að finna ákvæði sem stangast á við þann skilning forseta Alþingis eða sumra annarra aðila sem hér hafa talað að það megi nota embættisbústaði af því tagi eins og mönnum sýnist. Þau ákvæði stangast á við ákvæði húsaleigulaga eins og þau eru í gildi í landinu. Þess vegna tel ég rangt ef menn ætla sér að viðhalda þessum skilningi sem uppi hefur verið að vitna til húsaleigulaga með þeim beina hætti sem hér er gert í 5. gr. þessa frv.

[15:11]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna þeirra orða sem hv. síðasti ræðumaður hafði um fund á Þingvöllum hinn 1. des. sl. og nauðsyn þess að setja reglur um afnot af Þingvallabænum, sem er undir forsjá þjóðgarðsvarðar, þá vil ég láta þá skoðun mína koma í ljós — ég tók þátt í þeim fundi sem þarna var 1. des. — að ég hefði talið það mjög miður ef það hefðu einhverjar reglur verið í gildi sem hefðu hindrað þann fund miðað við hvernig hann fór fram og miðað við þá þátttöku og þann áhuga sem íbúar í Þingvallahreppi og Grafningshreppi sýndu á fundinum. Ég hefði talið það mjög miður ef einhverjar opinberar reglur hefðu verið í gildi sem hefðu komið í veg fyrir þann fund. (**GHelg:** ...verið á Bessastöðum.)

[15:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kemur mér svo sem ekkert á óvart þó hv. 3. þm. Reykv. vilji ekki hafa opinberar reglur um Árna Johnsen, hv. 3. þm. Sunnl., enda yrði flókið að setja þær reglur. Það kemur mér ekkert á óvart þó hann lýsi þeim viðhorfum sem fram komu hjá honum áðan. Ég harma þau hins vegar þar sem hann er formaður Þingvallanefndar. Mér finnst það mjög slæmt að svona skuli vera haldið á málum af formanni Þingvallanefndar. En það er ekkert við því að gera á meðan hv. þm. gegnir því trúnaðarstarfi. En ég tel að það eigi að gilda um Þingvöll sérstakar reglur og það eigi ekki að halda þar fundi í húsnæði þjóðgarðsvarðar eftir geðþótta hver svo sem á þann geðþótta, einnig þó hann sé formaður Þingavallanefndar. Og ég bið menn um, sem gegna opinberum trúnaðarstörfum, að reyna stundum að skilja á milli þess að gegna pólitísku trúnaðarstarfi annars vegar og að vera í stjórnmálaflokki.

[15:12]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og fram kom hér í umræðum um þetta litla mál áður var ákvörðun um þennan fund tekin án þess að það væri borið undir formann Þingvallanefndar eða nefndina þannig að hún var tekin af fundarboðanda og þjóðgarðsverði. Og eins og ég sagði ég tel að það hefði verið mjög miður ef einhverjar opinberar reglur hefðu komið í veg fyrir að unnt hefði verið að halda þennan fund.

[15:13]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig gildir í rauninni engu hvað hv. 3. þm. Reykv. segir í þessu efni að öðru leyti en því að hann er formaður Þingvallanefndar. Ég er hins vegar sannfærður um að það verða settar reglur um notkun embættisbústaða af þessu tagi jafnvel þó hann standi þar í vegi fyrir í öllu sínu valdi sem formaður Þingvallanefndar. Ég er kannski ekki viss um að það gerist í tíð núverandi ríkisstjórnar eða núverandi Þingvallanefndar. En það stöðvar enginn „tímans þunga nið" og heldur ekki Þjórsá eins og hv. þm. sjálfsagt veit og við öll.

[15:14]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér þykir miður að hv. 2. þm. Reykn. er ekki hér í salnum, forseti Alþingis, ég vildi gjarnan eiga við hana nokkur orð. Ég vildi gjarnan að forseti hlutaðist til um ef hægt væri að fá hana hér í salinn.

(**Forseti** (KE): Forseti skal gera ráðstafanir til að láta hv. 2. þm. Reykn. vita að hennar sé óskað í salinn.)

Ég þakka fyrir. Ég mun þá snúa mér að öðru. Satt að segja finnst mér þetta frv. eins og ég sagði áðan þurfa verulegrar athugunar við. Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Prestssetur eru:

a. Prestssetursjörð: Tiltekin jörð (lögbýli) ásamt mannvirkjum, þar með talið íbúðarhúsi sem að lögum er prestssetur.

b. Prestsbústaður: Íbúðarhúsnæði án jarðnæðis í tilteknu sveitarfélagi eða á tiltekinni jörð eða á nafngreindum stað þar sem lögboðið er að prestssetur skuli vera."

Ég vek athygli þingheims á því að prestssetur eru annars vegar prestssetursjörð og hins vegar prestsbústaður. Í 4. gr. segir:

„Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumrh. hafi heimilað þá ráðstöfun."

Þetta er lagatextinn. Síðan er talað um tekjur prestssetrasjóðs í 7. gr. og 4. tekjuliður prestssetrasjóðs er söluandvirði prestssetra.

Þessi lagatexti felur það ótvírætt í sér að hér getur verið um að ræða sölu á prestssetursjörð. Sölu á prestssetursjörð sem ekki er heimil án atbeina Alþingis samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar nema þá ef kirkjuþing ætti að fara að hafa lagasetningarvald, einhver annar aðili heldur en Alþingi gæti veitt lagaheimild. Þetta held ég að sé alveg ótvírætt ef textinn er lesinn. Hins vegar þá er ósamræmi í skýringunum. Þá byrjar nú grautargerðin. Til að reyna að samræma þetta stjórnarskránni þá er sagt í fyrsta lagi í athugasemdum við lagafrv. um 4. gr.:

„Ákvæði þetta mælir fyrir um heimild sjóðstjórnar til kaupa og sölu á prestssetrum. Tryggilegra þykir að gera áskilnað um að kirkjuþing skuli heimila slíka ráðstöfun svo að hún öðlist gildi. Enn fremur þykir rétt að

áskilja að samþykki dóms- og kirkjumrh. þurfi til slíkra ráðstafana. Sú regla helgast m.a. af því að frv. þetta tekur ekki til eiginlegs eignarréttar yfir prestssetrum eins og fyrr sagði."

Þetta stangast á við texta lagagreinarinnar eins og hann hljóðar.

Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. er hnykkt enn betur á og segir í umsögninni:

„Vakin skal athygli á, eins og gert er í athugasemdum við lagafrumvarp þetta, að kirkjunni eru ekki afhentar prestssetursjarðir og prestsbústaðir til eignar. Þær eignir verða áfram eign ríkissjóðs."

Gott og vel. Ef þetta stæðist sem hér segir í umsögn fjmrn. þá er ég sæmilega sáttur við það fyrirkomulag. En ég er ekki sáttur við þennan lagatexta eins og hann hljóðar. Annað hvort er ef þetta frv. á á annað borð að verða að lögum, sem ég út af fyrir sig held að sumt í því geti verið til bóta, þá verður að umskrifa þetta frv. þannig að tekin séu af tvímæli í lagatextanum sjálfum að hér sé um að ræða húsnæði t.d. sem prestar búa í, ekki jarðirnar sem slíkar. Ellegar þá að fella þessa 4. gr. út.

Ég held sem sagt að það verði að endurbæta þetta frv. í nefndinni og ég treysti nefndinni prýðilega til þess.

Ég er mjög þakklátur hv. 2. þm. Reykn. fyrir að vera gengin í salinn. Ég óskaði eftir að hún kæmi hér vegna þess að ég tel að hún hafi misskilið orð mín áðan. Ég var ekki að tala við 2. þm. Reykn., ég var að tala við forseta Alþingis. Það vill svo til að þetta er sama persónan. Ég tel ekki ástæðu til að leggja hömlur á og reyndar væri það mjög óréttmætt að 2. þm. Reykn. gæti beitt sér í stjórnmálabaráttu á virkum dögum sem helgum. En mér finnst það skipta nokkru máli þó hver dagurinn er þegar hún gegnir jafnframt því æðsta virðingarstarfi sem Alþingi getur kosið til, þ.e. er forseti þingsins, einingartákn okkar og á að gæta virðingar Alþingis og kemur fram fyrir hönd okkar út á við. Ég er ekki að álasa hv. 3. þm. Suðurl. þó hann skipuleggi og ég reyndar fagna því að hann skipuleggi fundaferðir um kjördæmi sitt og fái flokkssystkini sín til að mæta þar á fundum. En ég tel að það hafi ekki verið tilviljun að hann valdi Þingvallabæinn eins og sagði í auglýsingunni til þessa fundahalds. Ég tel að það hafi ekki verið tilviljun að hann valdi sjálfan fullveldisdaginn af öllum þeim dögum sem þessi fundaherferð hefur staðið til að halda fund einmitt í Þingvallabænum. Ég tel að það hafi ekki verið tilviljun að hann óskaði eftir því að forseti Alþingis yrði frummælandi á þeim fundi og það var ekki í auglýsingum þeim sem ég sá um fundinn að 2. þm. Reykn. var kynntur sem ræðumaður, heldur forseti Alþingis. Þetta er helgistaður, Þingvellir, þetta er fullveldisdagurinn þegar fundurinn var haldinn. Ég er ekki að láta mér detta í hug að eitt eða annað hafi farið þarna ósiðlegt fram. Og ég treysti því meira að segja að hvert einasta orð sem hrotið hefur af munni ræðumanna hafi verið satt og rétt, ég treysti því. En ég tel að forseti Alþingis hafi mætt þarna sem forseti Alþingis en ekki sem 2. þm. Reykn.

Ég á ekki von á því svo ég nefni nú einn flokksbróður hæstv. forseta, nefni Þorvald Garðar Kristjánsson, fyrrv. hv. þm. og hæstv. forseta Alþingis, ég á ekki von á að hann hefði farið til Þingvalla á fullveldisdaginn til að halda þar pólitískan fund í Þingvallabænum og nóg um það.

Hvað varðar hlálegar fullyrðingar hér um húsakost í Þingvallasveit þá vil ég taka það fram að ég hef komið á nokkra bæi í Þingvallasveit og Grafningshreppi og þar eru stofur sem prýðilega geta tekið við stjórnmálafundum af þeirri stærð sem hér var um að ræða.

[15:24]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er stórt mál og mikilvægt á dagskrá. Það sem kannski vekur athygli mína er það að núna 7. des. talar hæstv. kirkjumrh. fyrir þessu frv. hér á Alþingi og hann ætlast til þess, hæstv. ráðherra, að það verði afgreitt á tíu dögum frá þinginu en samkvæmt dagskrá á þingi að ljúka fyrir jól hinn 18. des.

Nú er það svo að það kemur fram í þessu frv. að prestarnir og prestaþing hafa fjallað um málið og gert ákveðnar athugasemdir. En ég held að það hljóti að vera nauðsynlegt að Alþingi skoði þetta mál vel og að stjórnir safnaðanna víða um land, eins og hefur komið fram í umræðunni, fái málið til umsagnar og allt tekur þetta sinn tíma. Þannig, hæstv. kirkjumrh., að ég sé ekki að Alþingi geti afgreitt þetta í þeim önnum sem eru fram undan. Hitt er svo önnur saga að þetta frv. ber það með sér, sem hefur verið að gerast á síðustu árum, að framkvæmdarvaldið, að Alþingi og forustumenn kirkjunnar hafa um langt árabil verið á ákveðnum flótta. Verið í ákveðnum vandræðum með marga hluti sem snúa að kirkjunni og prestastéttinni.

Auðvitað er það svo að manni sýnist að í þessu frv. sé verið að stíga ákveðin skref til að aðskilja ríkið og þjóðkirkjunna. Ég hef talið mikilvægt að ríkisvaldið og þjóðkirkjan eigi með sér mikið samstarf. Og ég hefði talið það göfugt verkefni af Alþingi að setjast fremur yfir það að endurskipuleggja og styrkja kirkjuna á þeim tímum sem nú ríkja í samfélaginu heldur en vera á þessum eilífa flótta.

Ég geri mér grein fyrir því að núv. ríkisstjórn ber þunga sök gagnvart prestum hvað þeirra launakjör varðar. Það var auðvitað afskaplegt framferði ríkisstjórnarinnar að setja bráðabirðalög og eyðileggja þá viðurkenndu kjarabót sem prestarnir áttu fyrir sitt mikla starf. Síðan hefur þetta mál verið á flótta og flæmingi meðal ríkisstjórnarinnar og nú fengu prestar á dögunum örlitla leiðréttingu sinna mála. Þess vegna hygg ég að það sé bæði samdóma álit prestanna og margra þeirra sem bera hag kirkjunnar fyrir brjósti að það ríki hættuástand hvað það varðar að hinir hæfustu menn leggi ekki í þetta mikilvæga starf, ekki síst kjaranna vegna. Og svo er hitt atriðið sem ber að hafa í huga að engin stétt, engin langskólagengin stétt, býr við jafnmikinn mismun og einmitt prestarnir. Þannig að ég endurtek að ég hefði viljað taka þátt í því í þinginu að styrkja kirkjuna og efla hana og vera ekki að fálma við þá hluti sem menn hér eru að stíga.

Ég ætla t.d. að minnast á þessa óskiljanlegu 4. gr. í frv. hæstv. kirkjumrh. Þar segir: „Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa eða selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema" o.s.frv. Ég hygg að þessi grein samræmist ekki öðrum lögum og ekki venjulegum stjórnsýsluháttum í landinu. Mér sýnist t.d. að þarna eigi að stíga eitt skrefið til þess að ná kjörum af þeim prestum sem kannski búa við ágæt kjör á þeim prestssetrum sem þeir sitja. Ég nefni dæmi: Gæfi þetta ekki t.d. heimildir til þess að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, sem er sóknarprestur í Heydölum, ætti það á hættu að æðarvarpið yrði selt undan jörðinni? Þarna finnst mér vera gefin heimild um það að þessari stjórn með heimild ráðherra væri heimilt að taka hlunnindi undan jörð eða ég skil þetta svo. Og jafnframt er verið að gefa því undir fótinn að það eigi að selja fullvirðisrétt burt af mörgum jörðum. Ýmsir prestar hafa haft það með að stunda búskap á lögbýlum sem þeim er heimilt eða þá að hér er verið að ýja að því að þessari stjórn með heimild ráðherra verði heimilt að taka t.d. laxveiðiréttindi undan prestssetursjörðum. Ég vil alla vega spyrja hæstv. kirkjumálaráðherra hvort ég misskilji þessa grein en mér sýnist að hún, eins og ýmislegt annað í þessu frv., sé ekki í samræmi við gildandi venjur og lög. Það er því mikilvægt að allshn. fari vel yfir þetta frv.

Hér hefur komið til umræðu mjög oft þessi Þingvallafundur eða fundur í Þingvallabændum sem ýmsir þingmenn hafa gagnrýnt hart. Ég vil sem þingmaður Sunnlendinga taka það fram að ég hef aldrei verið þeirrar skoðunar að það væri glæpsamlegt að forseti Alþingis og hv. þm. Árni Johnsen kæmu saman í Þingvallabænum því að ég lít ekki bara á Þingvallabæinn að því leyti sem opinberan stað heldur hlýtur þetta að vera helgur reitur og heimili prestshjónanna sem þar búa og þau hljóta eins og við öll að ráða nokkuð sínum heimilum. En jafnframt geri ég mér grein fyrir því að þegar þau hafa opnað sitt heimili með þessum hætti fyrir sínum sóknarbörnum, sínum þingmönnum, þá hlýtur þetta jafnframt að vera okkur öllum hinum opið og ég býst við því að við munum alla vega láta á það reyna hvort svo sé. En ég ber nú það mikla virðingu fyrir stjórnmálaflokkunum og alþingismönnum að ég hef lítið við það að athuga þó þeir haldi fund 1. des. og séu á hinni heilögu jörð Þingvöllum í húsakynnum prestsins.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá ekki að hafa öllu fleiri orð um þetta frv. en mér sýnist að hæstv. kirkjumálaráðherra verði að ætla þinginu örlítið lengri tíma. Það er náttúrlega mjög alvarlegt og þyrfti að taka það upp í stjórn þingsins hversu seint mörg mál koma fram. Það er eins og menn geymi stóru málin þar til komið er dálítið fram í jólamánuðinn. Þá er þeim dembt yfir þingið og á að afgreiða þau án umræðu og umsagnar. Og það er kannski af þeim sökum sem það hefur gerst mjög oft á síðari árum að lagasetning frá Alþingi Íslendinga hefur klúðrast og orðið að leiðrétta þar ýmislegt og endurskoða síðar.

[15:34]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rangt hjá hv. 5. þm. Suðurl. að hér sé verið að hverfa frá stuðningi ríkisins við þjóðkirkjuna og þjóðkirkjuskipulagið. Þvert á móti er verið að styrkja sjálfstæði kirkjunnar, færa kirkjunni meira áhrifavald og meiri sjálfstjórn í eigin málefnum. Og að er athyglisvert í þessari umræðu að allir þeir hv. þm. Framsfl. sem hér hafa talað hafa verið með úrtöluraddir. Sérstaklega hafa þeir gagnrýnt það að kirkjan sjálf fái að ráðstafa prestssetrunum. Þeir hafa lagt á það mikla áherslu að frv. fari í umræðu úti í sóknum landsins.

Ég er alveg sannfærður um það að þegar sóknir landsins fara að meta þá umræðu hér, þá verður eftir því tekið að allir þingmenn Framsfl. sem hér hafa talað hafa gagnrýnt það að kirkjan sjálf fengi meira að segja um þessi efni, þeir hafa viljað halda hennar eigin málum í eigin höndum og talið það vera kirkjunni til framdráttar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé meira virði að kirkjan sjálf fái að hlutast til um eigin málefni eins og kveðið er á um í þessu frv. Það styrki kirkjuna og auki sjálfstæði hennar en hitt dragi úr sjálfstæði hennar að þingið sé að véla um hin smæstu mál sem lúta að stjórnsýslu kirkjunnar. Því miður hefur ekki annað komið fram hér eins og ræða hv. 5. þm. Suðurl. bar vott um en þeir hv. þm. Framsfl. sem hér hafi talað séu með úrtöluraddir einar um þessi tímamót sem miða að því að auka fjárhagslegt sjálfstæði kirkjunnar.

[15:36]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þýðir ekkert fyrir hæstv. kirkjumálaráðherra að þenja sig hér úr stólnum. Hann svarar ekki því sem um er spurt. Ég spurði hæstv. ráðherra sérstaklega t.d. um 4. gr. hvað hún þýddi í þessu frv. Hann svarar því ekki heldur tekur að þenja sig hér um að menn séu bara á móti o.s.frv. Auðvitað hygg ég að margir séu þeirrar skoðunar að hér sé verið að víkjast undan ábyrgð, hér sé verið á flótta og hér sé verið að stíga skref til þess að aðskilja ríki og þjóðkirkju. Þetta er gegnumgangandi hjá þessari ríkisstjórn að menn eigi að fara sjálfir segja þeir með sín mál. Skattálögurnar skulu teknar af öðrum en þeim. Þó þeir tali hér fjálglega um að kirkjan sjálf skuli gera hitt og þetta þá tek ég nú ekki mark á því því að mér finnst liggja í gegnum þetta frv. að þeir séu á flótta undan því miður. En mér þætti vænna um það að hæstv. kirkjumálaráðherra væri hér málefnalegur þegar málefnalega er spurt og rætt um málin og kæmi þá að þeim atriðum sem verið er að gera athugasemdir við og spyrja út í.

[15:38]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vona að það megi túlka ræðu hv. 5. þm. Suðurl. á þann veg að hann sé á flótta undan þeirri úrtölurödd sem birtist í upphaflegri ræðu hans. Það er alveg ljóst að með þeirri grein í frv. sem hv. þm.

spurði um er verið að auka áhrifavald kirkjunnar um ráðstöfun þeirra eigna sem þar er fjallað um. Það er markmið þessa frv., ekki aðeins um þau atriði heldur um önnur þau verkefni sem verið er að færa til kirkjunnar, að hún fái þar aukið sjálfstæði og aukinn ákvörðunarrétt. Það er ekki flótti frá stuðningi ríkisins við kirkjuna. Það er ekki leið á vegi til þess að aðskilja ríki og kirkju. Það er þáttur í því að styrkja innviði kirkjunnar, gera hana hæfari til að fjalla um eigin mál, gera hana um leið ábyrgari og færa henni meiri völd, auka sjálfstæði hennar.

[15:39]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er farinn að efast um það að hæstv. kirkjumálaráðherra hafi lesið þetta frv. eða kynnt sér hvernig greinarnar hljóða því að hann kemur hér hvað eftir annað upp í stólinn og treystir sér þá ekki til þess að útskýra hvað 4. gr. þýði. Þýðir hún að hér á að stíga skref sem ganga gegn öðrum lögum, selja réttindi, veiðiréttindi eða fullvirðisrétt eða æðarvarp o.s.frv. eins og ég spurði. Hvað þýðir þessi 4. gr. frv.?

Hins vegar er ég kinnroðalaus þegar ég ræði við þá aðila sem standa að þessari ríkisstjórn. Ég álít að hér hafi aldrei í aldir verið ríkisstjórn sem með jafnníðingslegum hætti hefur ráðist að heilli stétt eins og prestastéttinni, því miður, eins og gerðist hér fyrir 2—3 árum. Það var henni til skammar og síðan hefur hún verið á flótta í málefnum þessarar stéttar. Það er fyrst núna sem náðist þar fram ákveðin leiðrétting á kjörum prestanna en er þó smán enn þá og gefur ekki tiltefni til annars en það verði gengisfall í röðum þessarar stéttar eins og hér var sagt áðan nema það verði endurskoðað. Ég ber því ekki mikla virðingu fyrir ríkisstjórninni sem nú situr, ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, í kirkjulegum málum eða gagnvart hinni mikilvægu stétt sem prestastéttin er í þessu þjóðfélagi, ekki síst á hinum síðustu og verstu tímum.

[15:41]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki sammála hv. 5. þm. Suðurl. að öllu leyti. Það er ekki nokkur vafi í mínum huga á því að frumvarpshöfundar hafa viljað styrkja kirkjuna og sú stefna held ég að sé af hinu góða. En það verður náttúrlega að gera það með lögum, það verður að gerast með eðlilegum hætti. 4. gr. þessa frv. eins og hún hljóðar, lagatextinn, stangast á við stjórnarskrá Íslands og 4. gr. samræmist ekki jarðarlögum. Það er ekki lagt til að breyta þeim í þessu frv. Hæstv. dóms- og kirkjumrh. hefur látið hafa sig til þess að flytja frv. sem hann hefur kannski ekki lesið. Þetta er stórgallað frv. og ég trúi því varla að hann hafi lesið það gaumgæfilega, en það hefði hann átt að gera áður en hann lagði það fram. Að selja þýðir það að láta af hendi eignarrétt gegn gjaldi.

[15:42]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sá nú ekki að þetta væri eitt einasta andsvar við minni ræðu hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. Hins vegar sé ég að hann hefur það fram yfir hæstv. kirkjumálaráðherra að hann hefur lesið og spekúlerað í 4. gr. þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjumálasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 284.

[15:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um kirkjumálasjóð en það er samtengt því frv. sem kom hér til umrræðu sem fyrsta mál á dagskrá um prestssetur en hvor tveggja frumvörpin fela í sér aukið sjálfstæði þjóðkirkjunnar á sviði stjórnsýslu og fjármála með því að yfirstjórn málaflokka þeirra sem frumvörpin taka til er færð frá stjórnarstofnunum ríkisins, svo og fjárveitingavaldi, til þjóðkirkjunnar. Jafnframt er fest í sessi sú lækkun ríkisútgjalda á sviði kirkjumála sem lögfest var á síðasta ári með setningu laga nr. 115/1992, um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Þeim lögum var aldrei ætlað að gilda nema til eins árs og þau fólu ekki neina breytingu á stjórnsýslu þjóðkirkjunnar í sér. Þessar breytingar raska hins vegar í engu þjóðkirkjufyrirkomulaginu sjálfu eins og áður hefur komið fram í umræðu um fyrsta dagskrármálið.

Bæði frv. til laga um kirkjumálasjóð svo og frv. til laga um prestssetur byggjast á ákveðnum forsendum. Stjórnkerfi það sem frumvörpin mæla fyrir um er sniðið að núverandi stjórnkerfi þjóðkirkjunnar eins og við getur átt. Frumvörpunum er ætlað að vera rammalöggjöf. Einungis er tekið á helstu grundvallaratriðum en þjóðkirkjunni að öðru leyti veitt fullt sjálfstæði um stjórn málaflokkanna í öllum aðalatriðum. Þjóðkirkjan mun hafa sömu fjárhagslegu forsendur til að sinna málaflokkunum sem ríkið hafði. Höfð er hliðsjón af því að viðræður ríkis og kirkju standa yfir um framtíðarskipan kirkjueignar landsins.

Ég skal þá víkja að einstökum ákvæðum þessa frv. en í 1. gr. er mælt fyrir um stofnun sérstaks sjóðs sem lagt er til að nefnist kirkjumálasjóður. Þá er mælt fyrir um tekjustofn sjóðsins í 2. gr. Tekjustofn kirkjumálasjóðs verður sambærilegur tekjustofn Jöfnunarsjóðs sókna. Unnt var að fara nokkrar leiðir til að mæla fyrir um tekjur sjóðsins. Sú leið sem farin er í frv. þessu er talin sú hentugasta fyrir alla aðila, m.a. vegna tiltölulega einfaldrar framkvæmdar og samsvörunar við tekjuöflun Jöfnunarsjóðs sókna.

Í 3. gr. er mælt fyrir um að kirkjumálasjóður skuli skila prestssetrasjóði árlega fjárhæð sem ákveðin er með fastri krónutölu. Þetta er lágmarksfjárhæð sem tekur árlegum breytingum í samræmi við byggingarvísitölu. Stjórn kirkjumálasjóðs gæti hins vegar ákveðið að auka framlög til prestssetrasjóðs kysi hún svo. Ástæður þess að mælt er fyrir um fasta lágmarksfjárhæð eru einkum þær að öll áætlunargerð er auðveldari sem er mikilvægt atriði við umsýslu svona margra fasteigna en jafnframt er tryggt að framlag til eign-

anna rýrni ekki, a.m.k. ekki meðan formlegu eignarhaldi á þeim hefur ekki verið skipað til frambúðar.

Þá eru talin upp viðfangsefni sjóðsins. Þau eru hin sömu og tiltekin eru í lögum um fjármálaráðstafanir á sviði dóms- og kirkjumálaráðuneytisins með þeirri viðbót að kirkjumálasjóður yfirtekur biskupsgarð. Ástæðan er m.a. sú að óeðlilegt þykir að undanskilja eina fasteign ef stefnt er að því að kirkjan yfirtaki stjórnsýslu annarra fasteigna.

Þá er fjallað um stjórn sjóðsins og eftirlit með honum. Eins og áður hefur verið sagt er stefnt að því að stjórnkerfi frv. þessa og frv. til laga um prestssetur sé í samræmi við stjórnkerfi það sem fyrir er innan kirkjunnar. Ákvæði þetta á sér því samsvörun í lögum um sóknargjöld og Kristnisjóð.

6. gr. mælir fyrir um hver fjárhæð kirkjugarðsgjalds verður að teknu tilliti til kostnaðar við málaflokka þá sem kirkjumálasjóður sinnir. Má vísa til athugasemda með lagafrv. að öðru leyti til nánari skýringa þar um. Þá er lagt til að lögum um kirkjuþing og kirkjuráð hinnar íslensku þjóðkirkju sé breytt á þann veg er greinir í ákvæðinu. Ástæður breytinganna eru þær að með því að kirkjumálasjóði ber að greiða kostnaðinn við kirkjuþing telst eðlilegt að kirkjuþing hafi meira um skipulag og starfshætti að segja. Þetta eru þó einungis minni háttar breytingar.

Þá er lagt til að kirkjuþing geti sjálft gert aðra skipan á tíðni og lengd þinghalda. Áhersla skal lögð á að óbreytt skipan mála helst nema til komi sérstök breyting sem kirkjuþing gerir. Breyting þessi felur einungis í sér að vald kirkjuþings er aukið frá því sem nú er.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir breytingum á 14. gr. laganna á þann veg að fellt er brott ákvæði um hlutdeild ríkissjóðs og atbeina kirkjumálaráðherra við ákvörðun um greiðslu dagpeninga og ferðakostnaðar. Þess í stað er gert ráð fyrir að sérstök þingfararkaupsnefnd ákvarði þetta.

Í þriðja lagi er lagt til að felldur verði brott 2. málsl. 17. gr. laga sem mælir fyrir um að kirkjumálaráðuneytið úrskurði reikninga kirkjuráðs sem greiddir eru úr ríkissjóði, þar á meðal framlagðan kostnað og dagpeninga.

Ákvæði til bráðabirgða er sett til að tryggja með sanngjörnum hætti hagsmuni nemenda og starfsfólks söngmálastjóra og Tónskóla þjóðkirkjunnar. Sama á við um fjölskylduþjónustu kirkjunnar. Þá er mælt fyrir um að húseignin á Bergstaðastræti 75 í Reykjavík verði eign kirkjumálasjóðs við gildistöku laganna, sbr. 4. gr.

Frú forseti. Ég hef þá í aðalatriðum gert grein fyrir efnisatriðum frv. og legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[15:49]

Jón Helgason:

Herra forseti. Með frv. þessu er verið að festa til frambúðar í lög að hluti af kirkjugarðsgjaldi skuli renna í sérstakan kirkjumálasjóð. Þessi breyting á lögum um kirkjugarðsgjöldin þar sem hluti af þeim hefur runnið í ríkissjóð og síðan til kirkjulegra málefna hefur verið umdeild á síðustu árum. Um það hafa farið fram allhörð orðaskipti, ekki síst af hálfu núv. hæstv. kirkjumrh. þar sem hann taldi það vera hið versta verk.

Nú hefur hins vegar verið samið um þessi mál við yfirstjórn kirkjunnar og því skapaður farvegur sem kemur fram í þessum tveimur frv. sem hér eru til umræðu. Það er ljóst að hér er um veigamikla skipulagsbreytingu að ræða og ekki að fullu séð fyrir endann á því hvernig þessum málum verði stjórnsýslulega skipað innan kirkjunnar þegar lögin hafa gengið í gildi. Þetta atriði var lauslega rætt í allshn. í sambandi við athugun á fjárlagafrv. og fjárveitingum til kirkjunnar og þar kom fram hjá fulltrúa kirkjumrn. að ýmis atriði í framkvæmdinni væru enn óljós. Mig furðar því á orðum hæstv. kirkjumrh. hér áðan að hann skyldi leggja það út á hinn versta veg ef menn vildu spyrja eitthvað út í frv. og fá svör við spurningum og telja að það bæri vott um illvilja til málefna kirkjunnar. Ég met kirkjuna það mikils að ég vil vita hvað sú lagasetning sem Alþingi er að setja um hennar málefni þýðir og vil mótmæla því harðlega að vilji til slíks beri vott um andstöðu og illvilja til kirkjunnar.

Að vísu er það svo að það virðist eiga að stilla þingmönnum upp við vegg í þessu máli þar sem frv. kemur svo seint fram og gert er ráð fyrir að lögin taki gildi innan mánaðar. Það setur því mjög þröngar skorður við skoðun málsins. En við vitum það að stundum hefur verið reynt að leysa slíkt á annan hátt ef ekki er búið að ganga fyllilega frá lögum í upphafi árs þar sem er um að ræða breytingar sem tengjast fjárlögum. Þá eru sett inn bráðabirgðaákvæði t.d. í fjárlagafrv. eða eitthvert fylgifrv. þess sem gera mögulegt að greiða út samkvæmt hinni nýju skipan þó ekki sé endanlega búið að ganga frá lagafrv. og samþykkja lög.

Ég varpa fram þessari hugmynd hér þar sem ég á sæti í allshn. sem á að fjalla um þetta frv. og bera ábyrgð á því hvað hún leggur til við þingið að verði samþykkt. Vil ég því hafa þennan fyrirvara á þó að ég vilji lýsa því yfir að ég mun gera það sem í mínu valdi stendur til að greiða fyrir framgangi málsins og reyna að verja þeim tíma sem unnt er til að skoða það. En eins og ég sagði þá met ég kirkjuna það mikils að ég vil vita eins vel og kostur er hvaða áhrif viðkomandi lagasmíð hefur fyrir kirkjuna en ekki að ýta alveg blindandi á takkann og samþykkja það sem fram er lagt. Við vitum að þó mál hafi verið skoðuð allvel áður en þau eru lögð fyrir Alþingi þá kemur stundum í ljós eitthvað við meðferð málanna á þingi sem allir eru sammála um að betur megi fara og ekki síst þegar tíminn hefur verið svo skammur að það hefur þegar komið fram í allshn. að ýmis atriði séu enn óskýr um nákvæma framkvæmd á þessum málum.

Hv. 9. þm. Reykv. vakti athygli á því hér áðan að kirkjumálasjóði ber að greiða a.m.k. 52 millj. til prestssetursjóðs þótt verkefni sem prestssetursjóður á að *inna af hendi séu 58 millj. rúmar samkvæmt fjárlagafrv.* sem hér er til meðferðar. Það vaknar sú spurning hver skýring sé á. Er þá kannski búist við að yfirstjórn og skipulagsbreyting þessara mála við að færa þau frá

kirkjumrn. sem hefur annast þau hingað til og til biskupsstofu verði það kostnaðarsöm að þarna verði að skera ofan af öllum tölum til að mæta þeim kostnaði? Í fjárlagafrv. eru ekki fjárveitingar til biskupsstofu til að standa undir kostnaði við þau auknu umsvif. Það er a.m.k. mjög lítið gert ráð fyrir því í núgildandi fjárlagafrv. og öruggt að sá kostnaður verður miklu meiri. Þá er það spurningin hvort þetta þýði í reynd niðurskurð á fjárveitingum til kirkjunnar. Þetta er eitt þeirra atriða sem ég held að við þurfum að skoða í nefnd.

Ég skal ekki tefja tímann meira á umræðu um þetta nú því að eins og ég sagði þá sit ég í allshn. og fær þar betra tækifæri en flestir aðrir þingmenn til að leita eftir svörum við mínum spurningum. En ég vil ítreka það að lokum að ég frábið mér ásakanir um að það sé af illvilja til kirkjunnar sem þær eru lagðar fram.

[15:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Suðurl., sem jafnframt er fyrrv. hæstv. kirkjumrh., vakti athygli á því í ræðu sinni áðan, sem er til umhugsunar, að hér er gert ráð fyrir að festa til frambúðar í lögum þá skerðingu sem ákveðin var á tekjustofnum kirkjunnar fyrir nokkrum árum og var þá mótmælt mjög harðlega, m.a. af páv. formanni Sjálfstfl. sem nú er dóms- og kirkjumrh. Það er satt að segja dálítið sérkennilegt að upplifa það að sami maðurinn og skammaði fyrrv. ríkisstjórn hvað grimmilegast fyrir niðurskurð á tekjustofnum kirkjunnar skuli núna vera sá sem leggur til að þeir séu skertir varanlega með sérstakri löggjöf. Það segir okkur auðvitað eins og margt annað sem borið hefur við í seinni tíð að það er eiginlega sama í hvaða málaflokki er gripið niður að þar sem Sjálfstfl. hefur lofað einhverju fyrir kosningar þar svíkur hann það eftir kosningar ef hann á kost á því. En auðvitað á hann ekki alltaf kost á því þannig að það eru kannski einhver loforð ósvikin enn af því hann hefur ekki verið þar í stjórnkerfinu að hann hafi getað komið því við að bregðast þeim fyrirheitum sem hann gaf. Það er líka nauðsynlegt að ítreka þá spurningu sem ég bar fram hér áðan varðandi annars vegar þau verkefni sem hér er gert ráð fyrir að tekin verði á sjóðinn og hins vegar tölur fjárlagafrv. Mér sýnist að það skakki þar einum 6 millj. kr. og ég óska eindregið eftir því að hæstv. dóms- og kirkjumrh. svari því hvað hér er á ferðinni.

Varðandi einstakar greinar frv. þá ætla ég ekki að ræða þær ítarlega. En þar sem ég á sjálfur ekki sæti í allshn. og á því ekki kost á því að koma þar á framfæri tæknilegum athugasemdum við efni frv. kýs ég að gera það hér.

Ég vil fyrst vekja athygli sérstaklega á þeirri grein frv. sem er 6. gr. tölul. 2, stafliður b. Þar er gert ráð fyrir því að kirkjuþing kjósi sérstaka þingfararkaupsnefnd sem ákveði dagpeninga, ferðakostnað og þóknun til kirkjuþingsmanna. Og þar með er í raun og veru gert ráð fyrir því að aðild ríkisins að ákvörðun um þingfararkaup kirkjuþingsmanna verði felld niður. Nú hefur þetta verið þannig, ef ég man rétt, að dóms- og kirkjumrh. hefur orðið að samþykkja greiðslur fyrir setu á kirkjuþingi eins og aðrar greiðslur sem fara til þeirra sem vinna einhver verk á vegum ríkisins á vegum hvaða ráðuneytis sem er. Hér er um algerlega nýja skipan mála að ræða og ég tel að út af fyrir sig samrýmist sú skipan því að kirkjan sé sjálfstæðari með sín mál á sem flestum sviðum. En hins vegar samrýmist þetta ekki því miðstýringarvaldi sem tekið hefur verið upp að því er varðar laun ríkisstarfsmanna. Hér áðan vorum við með frv. sem gerir ráð fyrir því að dóms- og kirkjumrh. geti í raun og veru heimilað kaup og sölu á prestssetrum samkvæmt 4. gr. frv. til laga um prestssetur og það þurfi ekki að bera það undir fjmrh. Þetta er gífurleg breyting frá því sem verið hefur varðandi eignameðferð hjá ríkinu. Annað skref er svo stigið í nákvæmlega sömu átt þegar gert er ráð fyrir því að ráðherra sé byggt út úr því kerfi sem lýtur að ákvörðun launa fyrir setu á kirkjuþingi. Ég verð að segja alveg eins og er, virðulegur forseti, að mér brá nokkuð í brún þegar ég sá þetta ákvæði. Mér sýnist það benda til þess að þarna eigi að gilda allt aðrar reglur um þessa starfsmenn ríkisins en um aðra starfsmenn ríkisins.

Ég er þeirrar skoðunar eins og komið hefur fram í umræðum um þessi mál og fleiri að ég tel að kirkjan eigi að hafa sem mest sjálfstæði en þá segi ég: Aðrar stofnanir sem taka við fjármunum í gegnum ríkissjóð með einum eða öðrum hætti eiga þá að vera sjálfstæðar líka. Og það að það verði til sérstök þingfararkaupsnefnd til að ákveða þóknun handa þeim sem sitja á kirkjuþingum einmitt á þessum tímum núna þegar bullandi deilur eru uppi í þjóðfélaginu um kjör ríkisstarfsmanna, það er mjög sérkennilegt, mjög sérkennilegt. Og ég hlýta að spyrja hæstv. dóms- og kirkjumrh. að því hvort fjmrn. hafi fallist á þetta líka, þetta ákvæði. Hæstv. dóms- og kirkjumrh. gefur það til kynna að hæstv. fjmrh. hafi fallist á þetta ákvæði. Það eru tíðindi verð ég að segja fyrir þá opinberu starfsmenn sem hafa verið að fjalla um sín kjaramál núna síðustu daga að þarna verði til sérstök skipan að því er varðar tiltekinn hluta eða kannski öllu heldur brot af því starfi sem þessir starfsmenn ríkisins í raun og veru inna af hendi. Ég held að þarna sé um að ræða nýbreytni svo ekki sé meira sagt sem sé nauðsynlegt að menn taki á og vinni að og ræði með algjörlega opnum hætti hvort menn viti í raun og veru hvað menn eru að gera. Vita menn hvað þeir eru að gera þegar þeir eru að leggja þessa tillögu fram með þeim hætti sem það er orðað í þessu frv.?

Ég vil í annan stað, virðulegur forseti, víkja að þessu ákvæði til bráðabirgða sem mér finnst frumlegt satt að segja í lagasmíði, ákaflega frumlegt. Þannig háttar til, virðulegur forseti, að þetta er frv. um kirkjumálasjóð en síðan er smellt inn í ákvæði til bráðabirgða ákvæðum um nokkra opinbera embættismenn. Afskaplega sérkennilegt verð ég að segja. Það er sex ný efnisatriði í ákvæðinu til bráðabirgða. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að kirkjumálasjóður þessi starfræki embætti söngmálastjóra. Og að hann starfræki Tónskóla þjóðkirkjunnar í öðru lagi. Og hvað á hann að gera þessi Tónskóli þjóðkirkjunnar? Jú, það

sendur í þessu ákvæði til bráðabirgða líka, ákvæði til bráðabirgða um kirkjumálasjóð, hann á að stuðla að prófum sem eru lokapróf þar sem menn fá réttindi til að starfa sem organistar í kirkjunum, og hvað? Sem kennarar í tónlist. Þetta er hér inni í frv. um kirkjumálasjóð. Það stendur að vísu: Tónskólinn skal til þess tíma kenna í samræmi við námsskrá sem hlotið hefur staðfestingu menntmrn. Svo stendur hér í frv. sem er alveg ótrúlegt um skólamál. „Nemendur Tónskólans öðlast að öðru leyti réttindi í samræmi við þá áfanga (námsstig) sem þeir ljúka í námi og í samræmi við ákvæði í reglugerð." Hér er með öðrum orðum kveðið á um námsstig í tónlistarnámi alveg í smáatriðum í frv. um kirkjumálasjóð. Þetta er alveg ótrúlegt. Og þó að þetta séu miklir snillingar allir sem vinna í kringum æðstu embætti kirkjunnar og heiðri okkur sumir hér með nærveru sinni efast ég um að það eigi að láta þá skrifa lagafrv. alveg í smáatriðum og gagnrýnislaust. Ég held að það hefði verið sniðugra að flytja um þetta fleiri frv. og hafa þetta í öðrum frv. heldur en slengja þessu í frv. um kirkjumálasjóð, hvaða réttindi menn geta fengið úr Tónskóla þjóðkirkjunnar. Að þaðan geti menn bara orðið organistar og kennarar í músik ofan í kaupið.

En það er ekki nóg með að þetta sé haft þarna bæði varðandi söngmálastjórann og Tónskóla þjóðkirkjunnar heldur er dregin inn í þetta lagafrv. önnur stofnun, sú þriðja. Hver er það? Fjölskylduþjónusta kirkjunnar, hún smellir sér hér inn í ákvæði til bráðabirgða um kirkjumálasjóð. Það stendur hér, með leyfi forseta: „Forstöðumaður fjölskylduþjónustu kirkjunnar skal eiga rétt til áframhaldandi og sambærilegra starfa við fjölskylduþjónustuna við gildistöku laga þessara." Um kirkjumálasjóð. Svo er bætt við tveimur efnisatriðum í viðbót. Það er sagt: „Eignir þær sem ríkið hefur lagt Tónskóla þjóðkirkjunnar til renna til skólans við gildistöku laga þessara." Og síðan kemur: „Húseignin að Bergstaðastræti 75, Reykjavík," stendur hér í frv. til laga um kirkjumálasjóð „ásamt leigulóðaréttindum verður eign kirkjumálasjóðs við gildistöku laga þessara." Þannig að hér er slengt inn í ákvæði til bráðabirgða einni stofnun sem er embætti söngmálastjóra, annarri stofnun sem er Tónskóli þjóðkirkjunnar og kveðið á um hvað hann á að gera, hann á að útskrifa organista og músikkennara. Í þriðja lagi er smellt hér inn embættinu fjölskylduþjónusta kirkjunnar. Í fjórða lagi er ákveðið að eignir Tónskólans renni til sjóðsins og í síðasta lagi að húseignin að Bergstaðastræti 75 ásamt leigulóðarréttindum verði eign kirkjumálasjóðs við gildistöku laga þessara.

Virðulegi forseti. Það er stundum verið að skammast yfir einhverjum bandormum sem er dýrategund og meira er talað um á Alþingi en í öðrum stofnunum. Ég veit eiginlega ekki hvað þetta dýr ætti að heita. Þetta er kannski bandormsættar, af liðdýrategund með einhverjum hætti. (Gripið fram í.) Þetta er ekki sullur, nei hv. þm. Guðrún Helgadóttir, það er rangt. Þetta er ekkert svoleiðis. Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt sull aftur á móti, það er rétt hjá hv. þm., alveg ótrúlegt sull, þannig að ég vildi nú af því að ég á ekki sæti í þeirri hv. nefnd sem um málið fjallar beina því til hennar að hún leysi þetta frv. upp í ein 4–5 frumvörp, þar sem eitt fjallar um embætti söngmálastjóra, eitt um Tónskóla þjóðkirkjunnar, eitt um fjölskylduþjónustu kirkjunnar og eitt um þær eignaráðstafanir sem hér er um að ræða. Og svo loks eitt frv. um kirkjumálasjóð en ekki að hrúga þessu öllu saman með þeim hætti sem hér er gert.

Virðulegi forseti. Ég vildi koma þessum athugasemdum á framfæri um leið og ég endurtek það sem sagði áðan við fyrsta dagskrármálið, að ég er í grundvallaratriðum hlynntur því að þessi verkefni séu flutt til kirkjunnar í auknum mæli og það sé staðið að því með eðlilegum hætti. Og ég endurtek líka það sem ég sagði hér í upphafi áðan við fyrsta dagskrármálið að ég tel að það þyrftu að fara fram ítarlegar umræður um samskipti og hugsanlegan aðskilnað ríkisins og kirkjunnar og þær umræður ættu að fara fram hér í opinni dagskrá að undangenginni skýrslu sem hæstv. kirkjumálaráðherra flytti. Alþingi ræðir aldrei um mál af þessum toga. Grundvallaratriðið ræðir Alþingi helst aldrei nokkurn tíma, aldrei, hvorki sem snerta kirkjuna eða yfirleitt neitt heldur dansa menn hér í yfirborðinu gjarnan langtímum saman. Og þegar kemur að málefnum sem snerta kirkjuna, þá ræða menn það yfirleitt mjög lítið, sem er í raun og veru mjög skrýtið miðað við allar aðstæður og þá sterku stöðu sem hún hefur hér í okkar þjóðfélagi. Og það væri þess vegna að mínu mati skynsamlegt að það færi fram heildarumræða um þessi mál um leið og þessi skref eru stigin sem hér er gerð tillaga um, þar sem í rauninni er stefnt að formlegri aðskilnaði ríkisins annars vegar og kirkjunnar hins vegar en við höfum áður kynnst í íslenskri löggjöf.

[16:12]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ætlað að beina nokkrum spurningum til hæstv. fjmrh. varðandi þetta frv. og ég vil spyrja að því hvort hæstv. fjmrh. er í húsinu.

(**Forseti** (KE): Hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu.)

Þá, virðulegi forseti, verð ég að biðja um það að hæstv. fjmrh. sé sóttur til þessarar umræðu vegna þess að í þessu frv. eru ýmis atriði sem óhjákvæmilegt er að hæstv. fjmrh. veiti svör við til þess að skýra þá stefnumótun sem hér er greinilega á ferðinni af hálfu fjmrn. og snertir líka ýmislegt annað þannig að mér er nokkur vandi á höndum þegar búið er að breyta þingsköpum og ekki er heimilt að tala nema í 20 mínútur en nánast ógerlegt og ekki boðlegt að ræða þetta mál hér án þess að geta átt þess kost að fá hæstv. fjmrh. til umræðunnar. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvernig hægt er að leysa úr þessari þraut. Ég er reiðubúinn til að gera hlé á ræðu minni og bíða þess að hæstv. fjmrh. komi.

(**Forseti** (KE): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að athuga hvort hæstv. fjmrh. getur komið til fundarins en ég vil benda á að hæstv. dómsmrh. er til staðar og flytur málið þannig að ég vil spyrja ræðumann hvort hann geti ekki beint máli sínu til hæstv. dómsmrh.)

Nei, ég get það nú ekki vegna þess að þær spurningar sem ég er með snerta annars vegar launagreiðslur á vegum ríkisins og hins vegar eignir ríkisins sem er nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. svari.

(**Forseti** (KE)**:** Ef hv. þm. ætlar ekki að beina máli sínu á neinn hátt til annars en hæstv. fjmrh. og ekki eru fleiri á mælendaskrá mun forseti fresta þessari umræðu um stund en vill taka það fram að það verður að ráðast af því hvort hæstv. fjmrh. getur komið til fundarins hvernig framhaldið verður en það er verið að athuga málið.)

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það og vil þá beina þeirri ósk til forseta þingsins að það verði séð til þess á þessum annatíma þingsins að a.m.k. þeir ráðherrar sem meira máli skipta varðandi mörg þau frumvörp sem hér eru til umfjöllunar, hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. sérstaklega, hagi störfum sínum þannig að hægt sé að kalla þá til umræðu svo að mál geti komið til umfjöllunar. Ef hæstv. dómsmrh. tekur hér til máls, þá kannski kemur hæstv. fjmrh. áður en hann hefur lokið ræðu sinni.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti mun nú fresta þessari umræðu um stund en vill taka fram að til þess að liðka fyrir umræðu er betra að þingmenn geri viðvart þannig að forseti geti gert ráðstafanir áður en svo langt er liðið á umræðuna til þess að láta hæstv. ráðherra vita að þeirra sé óskað ef þeir eru ekki viðlátnir eða hafa gert aðrar ráðstafanir. Í þessu tilviki eru ekki fleiri á mælendaskrá og verður því að fresta umræðunni um stund.)

Umræðu frestað.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (aðgreining afurða og skoðunarstofur). — Þskj. 280.

[16:16]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í gildandi lögum um meðferð og eftirlit sjávarafurða er fortakslaust ákvæði um það að innflutningi á sjávarafurðum sé haldið aðgreindum frá innlendri framleiðslu uns þær eru fluttar úr landi. Af ýmsum ástæðum þykir erfitt í framkvæmda að hafa svo fortakslaust ákvæði í lögum og því er hér lagt til að ráðherra geti heimilað að kveðið sé á um það í reglugerð í hvaða tilvikum sé ekki krafist slíkrar aðgreiningar. En eins og kunnugt er þá eru heimildir til þess í fríverslunarsamningi Íslands við Evrópubandalagið að nota svokallaða bókhaldslega aðgreiningu í stað hlutlægrar aðgreiningar í tilvikum sem þessum og þykir rétt að lagaheimildir heimili að þeirri reglu sé framfylgt. Jafnframt er í frumvarpinu gert ráð fyrir því að sjútvrh. geti ákvarðað gjald fyrir þjónustu sem Fiskistofa veitir á grundvelli þessara laga.

Nú er það svo að engin slík lagaheimild er fyrir hendi það eru þess vegna innheimt gjöld í ríkissjóð á grundvelli aukatekjureglugerðar. Þau þykja ívið of há og þess vegna þarf sjálfstæða lagaheimild til að geta ákvarðað þessi gjöld fyrir Fiskistofu og lækka þar með þau þjónustugjöld sem þarna um ræðir.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[16:19]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þær athugasemdir sem ég vil gera við þetta mál varða fyrst og fremst Fiskistofu. Ég minni á að þegar verið var að setja Fiskistofu á laggirnar var þegar fyrirsjáanlegt að ekki væri séð við öllu því sem þyrfti og ég er þá sérstaklega að vísa hér í þá greinargerð sem fylgir eða skýringu sem fylgir 2. gr. þessa frv. en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkar skyldur eru því lagðar á Fiskistofu um þjónustu við sjávarútveginn. Þær athuganir sem stofan þarf að gera til að tryggja að sjávarafurðir uppfylli heilbrigðiskröfur helstu viðskiptaþjóða eru í senn umfangsmiklar og kostnaðarsamar. Þá hefur komið í ljós að Evrópubandalagið gerir mun meiri kröfur um opinbert eftirlit með framleiðslunni en reiknað var með þegar ný lög um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra voru samþykkt. Fleiri verkefni hafa því lent hjá Fiskistofu en ráð var fyrir gert."

Ég vil vekja athygli á því að þetta átti ekki að þurfa að koma mönnum svo ýkjamikið á óvart þar sem það var þegar fyrirsjáanlegt þegar Fiskistofa og skoðunarstofur voru settar á laggirnar auk þess innra eftirlits sem var samkvæmt gamla kerfinu hjá stærstu framleiðsluaðilum. Það átti ekki að þurfa að koma nokkrum manni á óvart að þetta kerfi stæðist ekki vegna þess að það lá fyrir á meðan þetta mál var til umfjöllunar í nefnd. Miklar tilfærslur urðu vegna meðferðar sjávarafurða og eftirlits með framleiðslu þeirra. Það var fyrirsjáanlegt þá þegar að það yrðu gerðar miklu meiri kröfur á hendur opinberum aðilum en látið var að liggja þegar þessi kerfisbreyting var keyrð í gegn. Ég gagnrýndi það raunar mjög að þarna væri ekki verið að horfast í augu við það sem koma skyldi. Það er alveg áreiðanlegt að okkar helstu viðskiptaaðilar í fiskviðskiptum, bæði Evrópubandalagið og Bandaríkin krefjast þess að opinberir aðilar hafi miklu meiri ábyrgð og miklu meiri skyldur í eftirliti en látið var að liggja þegar skoðanastofuæðið gekk yfir.

Við vitum af því að síðan hefur verið gagnrýnt töluvert hvernig gangur þessara mála er. Vissulega má ætla að eitthvað af því séu byrjunarörðugleikar og vankantar verði sniðnir af en í þessu tilviki er ekki hægt að skýla sér á bak við það. Þessi varnaðarorð komu fram í umræðu í sjútvn. og að hluta til einnig í viðræðum hér á þingi, einkum þegar fjallað var um Fiskistofu og það átti ekki að koma nokkrum manni á óvart að það væri verið að fara út í eftirlitskerfi sem ekki stæðist og þess vegna er verið að gera þessar lagfæringar. Okkur getur sjálfsagt greint á um hvort það sé raunhæft að gera allar þær kröfur til viðskiptavina sem Evrópubandalagið gerir og Bandaríkjamenn að hluta en það er alla vega alveg ljóst að við verðum að standast þær kröfur ef við ætlum að vera samkeppnisfær í þessum viðskiptum. Og við verðum einfaldlega að taka það

upp að gera töluvert ríka kröfu til opinberra aðila. Auk þess erum við með þetta millistig sem skoðunarstofur vissulega eru og var alltaf fyrirsjáanlegt að þær yrðu og svo að sjálfsögðu eftirlit vinnsluaðilans sjálfs þótt í einstaka tilviki sé hægt að sameina skoðunarstofu og þetta fyrsta stig eftirlitsins. Ég held að hér sé verið að byggja upp allt of þunglamalegt kerfi, allt of dýrt kerfi og í rauninni fáránlegt kerfi og þetta staðfestir enn þann grun minn. Það er vitað og hefur verið til umræðu raunar innan sjútvn. að mönnum er farið að blöskra það hversu mikil pappírsvinna og vottorðavinna og mikið óhagræði er að því þunglamalega kerfi sem er í kringum Fiskistofu og það er m.a. vegna þess að þarna koma of margir aðilar að málinu. Það hefði átt að horfast í augu við það strax í upphafi að ríkvöð er sett á opinbera aðila að standa vel að eftirliti og bera mikla ábyrgð og mikla eftirlitskyldu og þá hefðum við kannski getað sleppt þessum millilið sem skoðunarstofur eru eða haga á þessu á einhvern skynsamlegri hátt.

Ég ætla ekki að fara í langa umræðu um þetta en mér finnst sjálfsagt að vekja athygli á þessu sérstaklega. Ég vísa hins vegar í þá umræðu varðandi 1. gr. sem varð hér í fyrra þar sem sérstaklega var varað við því að við færum ekki að veikja okkar stöðu varðandi það að okkar hráefni væri talið uppfylla upprunareglur, við færum ekki að grauta of mikið sama t.d. Rússafisk og íslenskum fisk. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þá umræðu. Hún sagði í rauninni í efnisatriðum það sem segja þurfti um þetta mál. Við munum væntanlega fá tækifæri til þess að fjalla nánar um þetta innan sjútvn. og þar mun ég hafa aðstöðu til að koma að málinu en það er dálítið hvimleitt að standa hér ár eftir ár frammi fyrir því að aðvaranir og ábendingar hafa ekki verið teknar til greina og þar af leiðandi fer meira bæði af okkar tíma og tíma alls starfsfólks þingsins, bæði þingmanna og annarra í óþarfar endurtekningar og óþarfa björgunarstörf eftir á.

[16:27]

Ragnar Elbergsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. til laga um meðferð sjávarafurða og eftirlit er auðvitað framhald af því sem var þegar Fiskistofa var sett á laggirnar. Ég var einn af þeim sem höfðu mikla fyrirvara um að leggja niður Ríkismat sjávarafurða og taka upp Fiskistofu og hefur margt af því sem við héldum fram sem höfðum fyrirvara um þetta komið fram.

En varðandi þetta frv. langar mig að taka fyrir 1. gr. þar sem segir: „Þó er ráðherra heimilt að kveða á í reglugerð í hvaða tilvikum sé ekki krafist slíkrar aðgreiningar."

Það kemur til af því að það eru fortakslaus ákvæði um að halda skuli sjávarafurðum sem sérstaklega eru fluttar inn til vinnslu eða innpökkunar hér á landi sér. Ég tel mjög varasamt að sjútvrh. gefi út almenna reglugerð varðandi þessi mál. Ég tel miklu eðlilegra að innan laganna verði ákvæði um það hvað gæti verið undanþegið í þessum samruna. Þar á ég sérstaklega við bræðslufiskinn sem gæti auðvitað fallið undir það þegar erlend loðnuskip koma hér að landi, þá er mjög eðlilegt að það verði heimilt að það sé unnið saman, en ég set alla fyrirvara um það að t.d. í saltfiski eða freðfiski geti verið um að ræða að taka Rússafisk sem nefndur var hér áðan og blanda honum sem útflutningsvöru og síðan líklega undir kjörorðinu Íslenskt já takk. Ég lýsi öllum fyrirvara þar á.

Varðandi Fiskistofu almennt þá hefur hún auðvitað leitt til þess í sjávarútvegi að gjaldtaka í eftirlitskerfinu er alltaf að aukast. Gjaldtaka á sjávarútvegsfyrirtæki með tilkomu Fiskistofu er sem sagt orðin allt of há og ég tel að með því að leggja niður Ríkismat sjávarafurða hafi verið stigið skref aftur á bak. Ég hef fengist mikið við atvinnurekstur í sjávarútvegi og allt það sem Fiskistofa er að gera í dag varðandi eftirlitsþáttinn sinnti Ríkismat sjávarafurða að fullu. Það sem hefur komið í staðinn eru óhemjumiklar gjalddtökur. Og eins og hv. 9. þm. Reykn. sagði áðan þá ég tel að skoðunarstofurnar séu óþarfamilliliður í þessu eftirlitskerfi. Ég tel að það kerfi, sem Ríkismat sjávarafurða var búið að byggja upp, hafi fullnægt sem eftirlitsaðili. En mér þætti gaman að fá líka upplýsingar hjá ráðherra um það hvort hann gæti látið gera úttekt á hversu mikill kostnaðarauki er fólginn í Fiskistofu og skoðunarstofum fyrir sjávarútvegsfyrirtækin og það væri mjög gott að það kæmi hérna fyrir hið háa Alþingi að hæstv. sjútvrh. mundi veita okkur þær upplýsingar.

Ég held að ég sé ekki að orðlengja meira um þetta en ég undirstrika að ég vara við að gefin verði út almenn reglugerð um undanþáguákvæði í sambandi við 1. gr. heldur verði sett inn í lögin einhver undanþáguákvæði, t.d. hvað varðar bræðslufisk.

[16:31]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að það flokkist undir það að veita andsvar að vera sammála síðasta ræðumanni, en það er ég að því leyti til að ég tel að það væri æskilegt að kveða skýrar á um að það væri ekki verið að veita almenna undanþágu í 1. gr. heldur að skilgreina sérstaklega bræðslufiskinn þar sem hann er kveikjan að því að þeir eru að taka upp þessa grein á annað borð. En ég vil líka benda á að það þarf að fara fram meiri umræða almennt um það. Það er sí og æ verið að réttlæta slíkar breytingar með því að það geti komið fleiri tilvik. Það vantar hreinlega að fá dæmi til þess að réttlæta það að hafa þessa reglugerðarheimild svona opna. Ég hef ekki fengið skýr svör um það heldur bara gefið í skyn að þetta gæti verið gagnlegt og nýtilegt. Og ég vil fá að bæta þessu við það sem hv. síðasti ræðumaður sagði en ég tek undir að það þyrfti að kveða þarna mun skýrar á og ekki hafa reglugerðarheimildina svona opna.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi frá síðasta þingi og reyndar á þetta mál sér lengri forsögu. Hér er að vísu eingöngu á ferðinni tvær afmarkaðar greinar eða efnisþættir í lögum um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra og varðar sú fyrri eins og hér hefur þegar verið nefnt undanþáguákvæði af einhverju tagi gagnvart þeirri fortakslausu

skyldu sem er í gildandi lögum um að halda aðgreindu hráefni eftir því hvort uppruni þess er innlendur eða erlendur.

Ég deili þeim efasemdum sem menn hafa haft um að það sé skynsamlegt að ganga allt of langt í þessum efnum og ég tel að það sé hyggilegast að búa þannig um hnútana að við getum í raun og veru vísað til þeirrar almennu reglu að þetta sé aðskilið og þá á ég bæði við efnislega og bókhaldslega aðskilið, það sé hægt að vísa á alveg hreint borð í þeim efnum. Það nægir alveg að vísa til þeirra erfiðleika sem ýmsir hafa lent í og Íslendingar reyndar ekki alveg undanskildir varðandi það að gera grein fyrir uppruna útflutningvöru sem nýtur þá hagstæðari viðskiptakjara svo að eingöngu sé nú rætt um þann hluta málsins sem snýr að tollunarlegri meðferð vörunnar og þeim viðskiptakjörum sem menn njóta þó að það sé í sjálfu sér ekki aðalatriði málsins heldur hitt að við förum varlega í öllu því sem getur haft áhrif á markaðsstöðu, orðstír íslenskrar framleiðslu og þar sé hreint mjöl í pokanum í orðsins fyllstu merkingu, ekki neitt aðfinnsluvert í því hvernig við tíundum uppruna okkar framleiðsluvöru. Og þegar við segjum að hún sé íslensk, þá er hún íslensk. Menn hafa miklað hér fyrir sér vandkvæði sem geta verið fólgin í því að halda aðskildum förmum t.d. þegar bræðslufiskur endrum og eins berst hér í land af erlendum skipum. Það eru í raun og veru nánast einu tilvikin sem bent hefur verið á þegar spurt hefur verið um það, hvar þetta hefur valdið erfiðleikum í framkvæmd, þá er það nefnt sem er kunnugt að endrum og sinnum landa hér norsk eða færeysk loðnuskip einhverjum slöttum og það er þá fyrst og fremst í bræðslunum sem þyrfti að vera heimild fyrir því að halda þessu aðskildu enda liggur það í eðli málsins þannig að tæknilega er það jafnframt erfiðast í slíkri framleiðslu miklu frekar en þegar verið er að framleiða fisk sem er meira handunninn eða unninn þannig aðgreindur í stykkjatölu. Þess vegna væri að mínu mati einfalt að búa þannig um hnútana að þau fyrirtæki sem byggju við þessar sérstöku aðstæður gætu sótt um undanþágur frá þessari reglu og það væri hægt að skilgreina hana og samþykkja í hverju tilviki og það væru þá væntanlega fyrst og fremst einhverjar bræðslur um norðaustanvert landið sem eru að taka á móti hráefni á þeim árstíma þegar eitthvað kemur af erlendum skipum hér að landi sem mundu leita eftir því og fá slíka undanþágu. Það væri varlegri opnun í þessu efni en almenn undanþáguheimild án þess að ég sé með því að segja að hæstv. ráðherrum núv. og tilvonandi í framtíðinni sé ekki treystandi eða verði ekki treystandi til að fara með þetta sem slíkt. Þetta er meira spurningin um það hvernig þetta á að standa samkvæmt lagabókstafnum. Ef það væri svo vísað í t.d. greinargerð eða nál. að þarna væri fyrst og fremst höfð í huga þessi tilvik með bræðslufisk og annað því um líkt þá held ég að það væri allt á sínum stað.

Um seinna efnisatriðið varðandi Fiskistofuna þá verð ég að segja alveg eins og er að það er afar neyðarlegt fyrir hæstv. sjútvrh. að þurfa að koma hér með gjaldtökuheimildarákvæði af þessu tagi vegna þess að ýmsum mun nú þykja að nóg sé komið. Og það hefði verið heppilegra að mörgu leyti og betra ef hæstv. ráðherra hefði í staðinn fyrir að afla heimildar til gjaldtöku af þessu tagi lagt fyrir fundinn ítarlega greinargerð um það hvernig þessi breyting yfir í Fiskistofu hefði tekist og niðurlagning Ríkismatsins. Og að er ástæða til þess að gera gangskör að því að óska eftir slíkum upplýsingum hvað hefur verið að gerast þarna á sl. 1½ árinu í kringum þetta apparat þarna því það eru ýmsar sögurnar sem maður heyrir og sumar býsna vel rökstuddar með bara hreinlega fskj. og bókhaldi fyrirtækjanna um það gjaldafargan sem þessu hefur fylgt, margfalda eftirlits- og vottorðakerfi sem í raun og veru er verið að koma á fót og auðvitað alveg morgunljóst að þarna er báknið ekki bara kyrrt heldur er beinlínis verið að auka það verulega. Og ég er ekki viss um að þetta sé að stefna í að verða mikið gæfulegri útkoma á þessari einkavæðingu heldur en bara hreinlega var með Bifreiðaskoðun Íslands hf. sem var nú fræg að endemum eins og kunnugt er og í skjóli sinnar einokunar og ríkisvernduðu viðskipta komst upp með linnulaust okur hér um árabil og gerir sjálfsagt enn, veitti verri þjónustu en sá aðili sem fyrir var og hefur fjárfest í gífurlegum mannvirkjum og velt þeim umsvifalaust út í verðlagið og yfir á kúnnann, enda býr hún við þá sérstöku aðstöðu að lögreglan færir henni viðskiptavinina nauðuga viljuga ef ekki vill betur til og klippir af druslunum þeirra númerin ef þeir ekki gera svo vel að mæta og borga sína pligt til Bifreiðaskoðunar Íslands hf. vel að merkja. En það er þetta sáluhjálparatriði að koma þessu hf. fyrir aftan sem allt snýst um að því er virðist. Fiskistofan er nú kannski ekki hf. enn þá en það er þessi hugsun og skoðunarstofurnar eru hf. eða eitthvað þaðan af fínna. Hér er í raun og veru að birtast manni það sem maður óttaðist að í staðinn fyrir að einfalda þessi mál, stytta boðleiðirnar og gera ábyrgð hinna einstöku framleiðenda á þessum gæðaþáttum meiri, þá er í raun og veru verið að setja upp þrefalt lagskipt eftirlitskerfi með tilheyrandi kostnaði í öllum samskiptunum og gjaldtöku þarna á milli.

Hér er sem sagt Fiskistofan að fara fram á heimild í lögum eða sjútvrh. fyrir hennar hönd að hún megi taka 200 þús. kr. fyrir það að viðurkenna skoðunarstofurnar sem fara svo á stjá og fara að skoða fyrirtækin. Og ég held að það sé margt til í því sem sagt var á sínum tíma og varað var við að þarna sé verið að byggja upp alveg hreinan millilið, kláran millilið sem í raun og veru ætti að vera hægt að komast af án. Er það nú virkilega svo að menn séu betur settir með aragrúa af skoðunastofum sem Fiskistofa þarf að hafa eftirlit með og taka 200 þús. kr. fyrir að taka út (**Gripið fram í:** Og stimpla.) og stimpla svo allt saman sjálf hvort sem er vegna þess að það kom á daginn þegar farið var að fara ofan í saumana á þessum málum vorið 1992, tókst nú reyndar þá að afstýra miklu slysi sem e.t.v. væri best að hafa sem fæst orð um, auðvitað getur ríkið ekki framselt hið opinbera eftirlitsvald því að viðskiptavinir okkar erlendis viðurkenna það ekki að einkaaðilar fái hinn opinbera eftirlitsstimpil. En það var

engu að síður það sem var lagt til við okkur í frv. sem lá hér fyrir þinginu veturinn 1991–1992 að í raun og veru átti að einkavæða eftirlitshlutverk ríkisins. Og þegar við stjórnarandstæðingar fórum að biðja menn að staldra nú aðeins við og gá betur að sér og óskuðum eftir upplýsingum og fengum upplýsingar m.a. frá Evrópubandalaginu um þessi mál þá kom það á daginn að þarna væru menn á leið með að gera reginskyssu vegna þess að kaupendurnir erlendis viðurkenna ekki að ríkið selji frá sér í hendur einkaaðila hið opinbera eftirlitsvald. Það skal veskú vera ríkið sem er með stimpilinn ef hann á að gilda. Þessu urðu menn þá að bjarga einhvern veginn því að ekki mátti hætta við einkavæðinguna og ekki mátti hætta við að koma upp skoðunarstofnunum fínu út um allt land. Nei. Þetta var þá leyst þannig að Fiskistofa skyldi hafa eftirlit með skoðunarstofunum og vera ofan á þeim og bera ábyrgðina í reynd að lokum og þar með væri fyrir því séð að eftirlitshlutverkið væri á endanum hjá ríkinu, uppi á efsta þrepi píramídans. Og þarna er sem sagt hver silkihúfan ofan á annarri með tilheyrandi kostnaði. Þessu hafa viðskiptavinirnir, sjávarútvegurinn náttúrlega kvartað stórlega undan og þetta hefur stóraukið útgjöld og vandræði þeirra fyrir utan svo ýmsar uppákomur í framkvæmdinni sem væri hægt að segja miklar sögur af. T.d. hafa snúið sér til sjútvn. fyrirtæki sem höfðu fengið samþykkt hjá Ríkismati sjávarafurða áætlun um uppbyggingu og úrbætur í sinni verkun og vinnsluaðstöðu. Svo mætir skoðunarstofa fyrir hönd Fiskistofu og segir: Nei takk. Þið skuluð koma þessu í lag bara hérna fyrir jól eða við lokum hjá ykkur. Svona hótunarbréfum hefur rignt út yfir fyrirtækin sem sum hver höfðu í höndunum samþykkta áætlun forverans, Ríkismats sjávarafurða um að vinna kannski úrbætur í fyrirtækjunum á tilteknum tíma og margt fleira af þessu tagi er ómögulegt annað en nefna hér úr því að tækifæri gefst til þess að segja nokkur orð um þessa vitleysu. Staðreyndin er náttúrlega sú að það er búið að velta hérna verulegum byrðum yfir á greinina á síðustu 2–3 árum og hæstv. núv. sjútvrh. hefur verið betri en enginn við það að velta nýjum gjöldum yfir á sjávarútveginn, bara tiltölulega afkastamikill. Hann kom t.d. veiðieftirlitinu öllu yfir á sjávarútveginn snemma á embættisferli sínum, hæstv. núv. sjútvrh. og það er t.d. búið að velta nánast öllum rekstri Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins yfir á sjávarútveginn sem á að langstærstum hluta nú að fjármagna sig af sértekjum sem eru auðvitað ekkert annað en gjöld á sjávarútveginn. Áður hafði þessi stofnun umtalsverð framlög frá ríkinu. Það þekkja allir vitleysuna um Hafrannsóknastofnunina og hvernig átti að velta því yfir á sjávarútveginn í formi sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs. Nú er sem betur fer búið að snúa eitthvað ofan af því og hér er á ferðinni dálítil angi af þessu máli. Fiskistofan verður auðvitað fá að taka 200 þús. kall fyrir það að gera úttekt á skoðunarstofunum og svo verða skoðunarstofurnar náttúrlega að borga þetta. Og hvert fara þær með reikninginn? Til kúnnans auðvitað og þær leggja það ofan á þjónustureikninga sína við fyrirtækin í sjávarútveginum að þær þurfa að borga Fiskistofunni svo og svo mikið fyrir hennar náð og þannig koll af kolli. Einbjörn togar í Tvíbjörn o.s.frv.

Ég held að það væri nær að taka þetta frv. og skipta því upp í tvennt, reyna að ná samkomulagi um meðferðina á 1. gr. og afgreiða það en geyma hitt og fara þess í stað fram á að það verði ekki hreyft við þessari vitleysu frekar fyrr en búið er að gera rækilega úttekt á því sem hefur verið að gerast hjá Fiskistofunni og í þessu eftirlitsbákni öllu. Að vísu hefur það heyrst að hæstv. forsrh. hafi hugsað sér að skera sjúvrh. og fleiri niður úr snörunni og setja sérstaka nefnd í það að skoða eftirlitsbransann eins og það er einhvers staðar orðað á þeirri gullaldaríslensku sem nú tíðkast, þennan blómlega iðnað sem er að þjóta hér upp undir verndarvæng frjálshyggjumannanna í ríkisstjórn, eftirlitsiðnaðinn sem blómstrar meira en nokkuð annað. Ég held að það sé full ástæða til og í raun og veru þyrfti að fara fram úttekt á vegum Ríkisendurskoðunar eða einhvers slíks aðila á annars vegar kostnaðarþáttum þessa máls og hins vegar stjórnsýsluþáttunum. Þarna þarf auðvitað að gera ítarlega stjórnsýsluúttekt og jafnframt vandaða kostnaðarúttekt á því sem þarna er að gerast. Það er auðvitað ekki hafandi að gamanmálum þegar svona vitleysur verða eins og t.d. með Bifreiðaskoðunina sem ég hef leyft mér að nefna hér sem víti til varnaðar og menn verða að láta af svona kreddutrú að allt sé leyfilegt bara í nafni einkavæðingar og frelsis eða hvað það nú á að heita í þessum efnum. Og sér er nú hvert frelsið. Hvert eiga menn að flýja undan svona viðskiptaháttum, þegar tekið er af þeim vinnsluleyfið ef þeir gera ekki svo vel og borga reikningana bara þegjandi og hljóðalaust og framkvæma það sem stofnuninni þóknast að skella á þá í formi kvaða um að bæta úr hlutum sem í sumum tilvikum er þannig að það virðist ætlast til þess af íslenskum sjávarútvegi að hann fái skemmri aðlögunartíma til þess að koma þessum málum í horf en jafnvel sjávarútvegur í nágrannalöndunum. Og það er fulllangt gengið, það verð ég að segja alveg eins og er. Eða telja menn svo blómlegt um að litast í sjávarútveginum í dag að það sé ástæða til þess að hann fái jafnvel ekki einu sinni að nýta sér í sumum tilvikum þá aðlögunarfresti sem t.d. Evrópubandalagið sjálft, aðalviðskiptaaðilinn, gjarnan hefur ákveðið að veita til ársins 1996 eða þar um bil?

Ég held að það sé ástæða til að staldra aðeins við í þessum efnum og vil gera það alveg ljóst af minni hálfu að ég mun ekki standa að afgreiðslu á þessu fyrr en í fulla hnefana fyrr en búið er að gefast tækifæri til að fara rækilega ofan í saumana á því sem þarna hefur verið að gerast.

Það er auðvitað ýmislegt fleira sem þarna hefur átt sér stað sem er vægast sagt óheppilegt, t.d. sú úlfúð sem hefur komið upp milli Fiskifélagsins og Fiskistofunnar og rifrildi og togstreita þar um verkefni og fjármuni. Það er auðvitað alveg ómögulegt að hafa þetta eins og þetta er og það gengur ekki. Á þessum málum verður að taka. Þetta er allt í skötulíki núna í áformaðri afgreiðslu fjárlagafrv. Það á bara að byggja á þeim ákvæðum að Fiskistofan skuli fela Fiskifélaginu tiltekin verkefni og skammta því tiltekna peninga fyrir og í

reynd sé þar verið í formi einhvers konar verktöku að færa fjármuni yfir í Fiskifélagið þannig að það geti rekið sig. En auðvitað er þetta engin hemja. Þarna eiga að vera sæmilega hrein skil á milli hver gerir hvað og það sem greitt er af ríkissjóði á bara að færast sem fjárveitingar og rekstrarframlög til viðkomandi aðila.

Ég er því miður afar hræddur um það, hæstv. forseti, að þessi uppbygging Fiskistofu sem að ýmsu leyti stóðu rök fyrir að því marki sem þar væri á ferðinni einhvers konar stjórnsýslustofnun sem færi með tiltekin verkefni sem færðust út úr sjútrn. og gátu átt fullan rétt á sér að gera sé að breytast í hálfgerðan óskapnað, m.a. vegna þess að þarna er hrúgað saman ólíkum verkefnum inn í þessa stofnun og afar óljóst í mörgum tilvikum hvernig verkaskipting og kostnaðarskipting á að verða í þessari eftirlitshlið málsins. Og það hafa líka átt sér stað þarna slys sem ég held að væri þá ástæða til að skoða og lagfæra. T.d. er verkaskiptingin milli landbúnaðarins og sjávarútvegsins hvað varðar eftirlit með þeim matvörum sem byggja þar á jaðarsvæðinu, eldisfiski og öðru slíku og hollustueftirliti þar, alls ekki nógu vandlega skilgreind. Þar hefðu menn betur haft manndóm í sér til þess að ákveða bara af eða á í hvorum geiranum þetta skyldi vera alfarið. Það var ekki. Menn voru ekki menn til þess, heldur átti að skipta þessu einhvern veginn þarna upp og afleiðingin er sú að fyrirtækin þurfa að sækja undir fleiri aðila en ella, borga fleiri vottorð en ella og hafa varla orðið við að senda fax og taka á móti faxi og borga gíró fyrir þetta og hitt. Í sumum tilvikum hjá sumum eldisfyrirtækjunum hefur þetta komið þannig út að þau eru með algerlega tvöfaldan eftirlitskostnað í þessu efni, þurfa vottorð frá bæði landbrn. og sjútvrn. eða bæði landbúnaðargeiranum og sjávarútvegsgeiranum. Gott ef ekki frá Heilbrigðiseftirlitinu eða Hollustuverndinni líka. Þetta er sem sagt í hinu megnasta ólagi og það er ekki það brýnasta eða gáfulegasta eða nauðsynlegasta sem þarf að gera í þessum efnum að afgreiða enn eina lagaheimildina fyrir viðbótargjaldtöku eða skatti þarna inn í þennan eftirlitspíramída. Ég leyfi mér að fullyrða það.

Ég hef algeran fyrirvara um efni 2. gr. frv. og tel í raun og veru að það sé alveg með öllu ótímabært að afgreiða slíkt fyrr en búið er að gefast tækifæri til að fara ofan í saumana á því sem þarna hefur verið að eiga sér stað og marka einhverja stefnu og ná einhvern veginn tökum á þeirri uppbyggingu sem þarna er á ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, 1. umr.

Stjfrv., 243. mál (EES-reglur). — Þskj. 281.

[16:53]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Í samningi EFTA-ríkjanna við Evrópubandalagið er óheimilt að gera upp á milli borgara ríkjanna á grundvelli þjóðernis hvað varðar frelsi til að mega stunda verslunaratvinnu. Á hinn bóginn eru í þeim samningum, að því er okkur Íslendinga varðar, ákveðnir fyrirvarar um heimildir útlendinga til þess að fjárfesta í sjávarútvegsfyrirtækjum. Þeir gilda hins vegar ekki um fyrirtæki sem versla með fisk og því þykir nauðsynlegt að flytja frv. til laga um breytingu á lögum um uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla þar sem borgarar í ríkjum hins Evrópska efnahagssvæðis eru undanþegnir skilyrðum um ríkisfang og búsetu samkvæmt þeim reglum sem settar eru.

Frv. þetta var flutt á síðasta þingi og er flutt óbreytt í þeirri mynd í samræmi við þær skuldbindingar sem við höfum undirgengist með samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það breytir hins vegar í engu, eins og ég hef tekið fram, þeim fyrirvörum sem gerðir voru í samningum og lögbundnir eru í íslenskum lögum um eignaraðild útlendinga að sjávarútvegsfyrirtækjum almennt.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

Útbýting þingskjals:

Fjáraukalög 1993, 105. mál, brtt. fjmrh., þskj. 321.

[16:55]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að í sjávarútvegsmálum er fleira en Fiskistofa undir steini. Hér er á ferðinni kunningi frá síðasta þingi og óbreyttur og þar af leiðandi hefur hann ekkert skánað.

Það sem hér er í rauninni að koma í ljós er enn ein sönnunin um það að í orði a.m.k. töldu menn að það væri hægt að draga mörkin býsna skýrt inn á Evrópska efnahagssvæðinu á milli þess sem Íslendingar hafa kosið að halda utan samningssviðsins og þess sem samningssviðið nær til. M.a. hefur almenningi og þar með töldum þingmönnum jafnan verið talin trú um það að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið kæmi afskaplega lítið við sjávarútveg vegna okkar fyrirvara. En þetta frv. er lýsandi dæmi um að þetta er einfaldlega ekki rétt. Þetta stenst ekki, þar sem verslun með fisk er hluti af viðskiptum en ekki hluti af sjávarútvegi samkvæmt þessum skilgreiningum og þar af leiðandi er ekkert því til fyrirstöðu að erlendir aðilar komi með þessum hætti í okkar sjávarútveg. Þetta er að sjálfsögðu bara fullkomlega í takt við þær skuldbindingar sem við undirgengumst með samþykkt Evrópska efnahagssvæðisins á Alþingi. Það er út af fyrir sig ekkert við það að athuga vilji menn á annað borð fara inn á þetta svæði og hlíta þeim leikreglum sem þar eru. Það sem mér finnst fyrst og fremst ámælisvert er að það er sífellt verið að reyna að láta í veðri vaka að til séu ýmsar girðingar og ýmis mörk sem síðan eru að sjálfsögðu ekki til staðar.

Í umræðunni á sl. ári reyndi hæstv. sjútvrh. sitt besta til þess að sýna okkur þingmönnum fram á það að þetta frv. væri ekki á nokkurn hátt til þess fallið að opna sjávarútveginn fyrir erlendum aðilum og til að mynda þá hefðum við möguleika á að halda óbreyttu

álagi sem lagt er á útflutning á ferskum fiski og kemur til skerðingar á kvóta þeirra skipa sem flytja út.

Ég á eftir að sjá það ef erlendir aðilar eru orðnir beinir aðilar að okkar verslun með fisk og uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla að þeir t.d. neyti ekki þess afls sem þeir hafa og þess svigrúms og möguleika sem þeir hafa til þess að fá þessu breytt. Þeir hafa jafnvel möguleika á að vísa á að þetta sé ekki í takt við leikreglur Evrópska efnahagssvæðisins. Það gengur illa að fá svör um nákvæmlega hversu mikil þessi áhætta er en ég held að hún sé til staðar og þar af leiðandi sé sí og æ verið að veita mönnum falskt öryggi sem mér finnst hreinlega ekki réttlætanlegt.

Ég vil líka vekja athygli á því að flestir Íslendingar sem hafa á annað borð eitthvað fylgst með því hvernig mál ganga fyrir sig í íslenskum sjávarútvegi vita að þar hefur það fyrst og fremst gilt að vera í nógu öflugum þrýstihópi. Ég vil varpa þeirri spurningu fram hvort menn séu reiðubúnir til þess að takast á við þann þrýstihóp sem hugsanlega hefur margfalt afl á við fyrri þrýstihópa þegar erlendir aðilar koma inn. Það er mögulegt að sterkir erlendir aðilar hafi áhuga á okkar fiski, þetta er jú sú auðlind sem við höfum helst upp á að bjóða, það er sjávarútvegurinn, og það er mjög líklegt að erlendir aðilar sjái sér hag í að fara inn í þessa verslun og nýta þann farveg til þess að hafa áhrif í sjávarútvegsmálum almennt. Mér finnst það afskaplega skiljanlegt frá sjónarmiðum þeirra sem á annað borð vilja komast nálægt þessari verslun okkar og þessari auðlind okkar, því vissulega er þetta okkur dýrmæt auðlind.

Þetta frv. er aðeins ein af mörgum sönnunum fyrir því hversu stórgötótt sú röksemdafærsla er og hefur alltaf verið sem segir að Íslendingar geti nánast sett allar þær hindranir og alla þá fyrirvara sem þeir sjálfir kjósa í sína eigin löggjöf. Það er annað vígi á málasviði hæstv. ráðherra að falla núna í nefndarstarfi þessa dagana og það eru hindranir sem til stóð að setja fyrir atvinnuréttindum manna með því að krefjast þess að menn í ýmsum störfum t.d. niðurlagningarmenn sjótjóna þyrftu að eiga lögheimili á Íslandi. Auðvitað stenst þetta ekki. Þetta er ein af þessum ýmiss konar lágu girðingum sem þó hefur verið talið að stætt væri á að setja. Það er það ekki. Það þýðir ekkert að vera að bera það á borð fyrir þá aðila sem gæta hagsmuna t.d. launþega hreyfingarinnar hér á landi að slíkar girðingar haldi. Það hefur aldrei verið raunhæft, er ekki raunhæft og mun ekki verða það. Ef við gerumst aðilar að ákveðnum samningi þá verðum við að sjálfsögðu að haga okkur í takt við það og ekki lifa í einhverjum óraunsæjum heimi um að við munum samt eftir sem áður stjórna öllu. Þannig ganga hlutirnir einfaldlega ekki fyrir sig en því miður tókst að slá ryki í augu einhverra aðila, ég veit ekki hversu margra, með alls konar þess háttar yfirlýsingum. Ég hygg að þingmenn hafi almennt haft aðstöðu til að kynna sér málin nógu vel til þess að vera ekki í þeirra hópi, en úti í samfélaginu hefur með röngum og villandi upplýsingum og kannski oftrú á einhverjar slíkar girðingar verið varpað ryki í augu ýmissa sem hafa verið að fylgjast með málinu og mér finnst það hreinlega mjög athugunarvert og afskaplega vont.

Við sjáum það með þessu frv. að nú þarf að fara að krukka í lög sem áður hafa verið talin halda og hafa haldið vegna þess að við erum að fara inn í þessa aðlögun. Við höfum undirgengist þessa aðlögun og það munu sjálfsagt fylgja í kjölfarið ótal slík mál, vonandi ekki öll með sömu áhættu og mér sýnist hér vera á ferðinni. Við erum að horfast í augu við þær samþykktir sem við höfum gert og það er kannski vonum seinna.

[17:02]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að hafa mjög mörg orð um þetta frv. því það kom til umfjöllunar á Alþingi á sl. ári. Þá setti ég fram efasemdir um að það væri nauðsynlegt að gera breytingar á þessum lögum af þeirri ástæðu að það er alveg ljóst að samkvæmt samningnum um Evrópskt efnahagssvæði þá gerumst við ekki aðilar að fiskveiðistefnu Evrópubandalagsins. Mér vitanlega hefur það ekkert verið dregið í efa að við getum áfram haldið því skipulagi sem við höfum haft, ef við kjósum svo, í sambandi við okkar útflutningsmál. Það er hægt að viðhalda því sölukerfi sem við höfum haft, t.d. að því er varðar síldarútvegsnefnd. Það er líka hægt að viðhalda því sölukerfi sem viðgengist hefur varðandi SÍF og ef menn hefðu viljað viðhalda því sölukerfi sem hefur verið að því er varðar markaðinn í Bandaríkjunum þá er að sjálfsögðu ekkert því til fyrirstöðu.

Hins vegar vill svo til að hæstv. utanrrh. hefur aðrar skoðanir á þessum málum og ef ekki er hægt að koma á stórauknu frjálsræði á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þá kýs hann að gera það með öðrum hætti en venjulega ber hann það fyrir sig að hann hafi skuldbundið landið til þess að gera það í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Það er að sjálfsögðu sjálfstæð ákvörðun og því er haldið fram í dag að við séum að fá lægra verð fyrir okkar afurðir í Bandaríkjunum vegna þess að þarna hafi verið breytt um áherslur og ég tel að það sé rétt.

En í sambandi við þetta mál er ég þeirrar skoðunar að fiskmarkaðirnir séu hluti af fiskveiðistefnu í breiðari skilningi þess orðs, a.m.k. eins og það orð er skilgreint hjá Efnahagsbandalaginu, og því sé það alveg á mörkum hvort eigi að taka slíka kröfu alvarlega að breyta eignaraðild að fyrirtækjum sem þessum.

Ég lagði slíkar spurningar fyrir bæði ráðuneytisstjóra viðskrn. og fulltrúa sjútvrn. í umræðu um málið á sl. ári og ég tel að nefndin hafi í reynd ekki fengið nein svör við þessum spurningum. Ég tel nauðsynlegt að hæstv. sjútvrh. beiti sér fyrir því að nefndin fái greinargerð um þetta mál, af hverju hann telur nauðsynlegt að gera þessa breytingu, og hvort ekki sé hægt að líta þannig á að þetta mál sé í reynd hluti af fiskveiðistefnu í víðari skilningi þess orðs, eins og hún gengur t.d. fyrir sig í Efnahagsbandalaginu og þess vegna eigum við ekki að gera þessa breytingu og láta jafnvel eitthvað á það reyna.

Ég vil jafnframt benda á að það hefur fengist sam-

þykkt að við séum undanskilin því að erlendir aðilar geti fjárfest í frumvinnslu hér á landi og um það er enginn ágreiningur. Hér er um það að ræða að versla með hráefni sem fer til frumvinnslu. Mér finnst það jafnframt styrkja þá skoðun að það sé ekki sjálfgefið að gera þessa breytingu.

Það má e.t.v. segja að hæstv. sjútvrh. hafi svarað þessum spurningum með því að flytja frv. á nýjan leik en ég vildi samt óska eftir því að við fengjum greinargerð um málið og fengjum tækifæri til þess að fara yfir það á nýjan leik og ég fyrir mitt leyti get ekki lofað stuðningi við þetta mál eins og það stendur í dag nema fá þá rökin fyrir því. Hitt er svo annað mál að ég ætla ekki að halda því fram að það sé einhver stórkostleg hætta á ferðum þótt einhverjir erlendir aðilar kynnu að eignast lítils háttar eða einhvern hlut í fiskmörkuðum. Ég vil ekki að orð mín séu skilin með þeim hætti, en ég vil hins vegar reyna að skilgreina þessi landamæri eins vel og hægt er og ég tel að þetta mál sé á mörkum þeirra.

[17:07]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Afskaplega væri það gott ef hv. 1. þm. Austurl. hefði rétt fyrir sér. Ég óttast að hann hafi það ekki en ég er svo sannarlega reiðubúin að leggja honum lið til þess að kanna hvort það væri mögulegt.

Ég verð nefnilega, þótt ég sé afskaplega ósátt við þetta frv., að ætla að þetta sé einmitt í takt við þær leikreglur sem meiri hluti Alþingis hefur ákveðið að við færum eftir og þar af leiðandi þá beri okkur að gera þetta. En reynslan mun að sjálfsögðu svo og þær upplýsingar sem við fáum í sjútvn. skera úr um hvort okkar hefur rétt fyrir sér. Ég verð að viðurkenna að það væri afskaplega gott ef hv. síðasti ræðumaður hefði rétt fyrir sér.

Varðandi það að þarna sé einungis verið að tala um að erlendir aðilar eignist lítils háttar hlut í íslenskum uppboðsmörkuðum þá finn ég því ekki stað að það sé verið að takmarka eignaraðildina við lítils háttar hlut. Ég held að það sé algjörlega opið og það sé þá nákvæmlega eftir því hver hugur þessara erlendu aðila er, hvaða möguleika þeir hafa á að kaupa sig inn í slíka markaði hér á landi. Þannig að ég vil gera athugasemd við það.

En ég vænti þess að þetta verði kannað ítarlega og þeim spurningum sem hv. þm. varpaði fram í ræðu sinni verði svarað við vinnu málsins í hv. sjútvn.

[17:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er kominn svona einn lítill Evrópupappír, þetta er línan frá Brussel, þ.e. hér er lagt fyrir mál sem með ósköp einföldum rökstuðningi gengur út á það að nú verðum við Íslendingar að breyta gildandi lagaákvæðum um það að íslenskir ríkisborgarar megi ekki lengur einir stunda rekstur á uppboðsmörkuðum fyrir sjávarafla. Þeir eiga eftir að verða fleiri svona pappírarnir á næstu árum ef að líkum lætur og rökstuðningurinn þessi. Það er ekkert um það að ræða, það er ekkert val, þessu þarf bara að breyta af því að það er svona. Það er búið að ákveða það annars staðar að svona eða hinsegin skuli hlutirnir vera og ekki víst að það eigi eftir að verða mjög hátt risið á öllum málflytjendum sem koma hér til þess að mæla fyrir svona tillögum á komandi árum.

Því var haldið fram lengi framan af þegar verið var að gera samninginn um Evrópskt efnahagssvæði að hann mundi að sjálfsögðu ekkert koma sjávarútvegi við, fjallaði ekki um sjávarútvegsstefnu og skipulag sjávarútvegsmála því það væri innra mál hvers ríkis og um það yrði ekki samið, enda væri þetta bara viðskiptasamningur. Sama var sagt um landbúnaðarmál, o.s.frv. Samt kemur það á daginn að það er nú ekki svo eða á ekki að vera svo, að við getum í raun og veru skipulagt þessi mál og haldið þeim hjá okkur eins og okkur sýnist í hverju tilviki. Þetta frv. er m.a. til marks um það.

Síðan er að því að víkja, eins og margnefnt er, að einn einasti fyrirvari hélst inni af hálfu Íslendinga í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og það var fyrirvarinn varðandi fjárfestingar erlendra aðila í veiðum og frumvinnslu á sjávarafla. Allir aðrir fyrirvarar láku út úr höndunum á samningamönnum Íslands á lokasprettinum, þó menn í vörn sinni vísi í eitthvert haldlítið öryggisákvæði í 112.–114. gr. samningsins.

Þess vegna er það nokkurt umhugsunarefni að þetta mál, sem óneitanlega er í miklum tengslum við þennan eina beina fyrirvara, skuli samt sem áður koma hér fyrir, flutt án nokkurs rökstuðnings um það að þrátt fyrir fyrirvarann þá beri okkur skylda til að breyta þessu ákvæði. Nú er þetta þannig að það er skýrt orðað í gildandi lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og fyrirvarinn í samningnum vísar í það ákvæði, að erlendir aðilar geti ekki stundað hér veiðar og frumvinnslu sjávarafla, geti ekki verið eigendur í rekstri sem hefur slíkt með höndum. Þess vegna vakna auðvitað ýmsar spurningar þegar hér er svo lagt fyrir að eftir sem áður geti útlendingar átt uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir. Hvað eru slíkir markaðir? Jú, þeir eru gjarnan millistig á milli þessara tveggja sviða sem nefnd eru í fyrirvaranum, þ.e. afli getur gengið kaupum og sölum á markaði á leið sinni frá veiðunum og yfir í frumvinnslu sjávarafurða. Og þá fer maður að spyrja sig að því, var það hyggilegt að láta þetta eftir, ef það hefur verið gert? Maður spyr sig, voru engar tilraunir gerðar m.a. til að hafa þessa varnarlínu hreinni og hafa hana utar, að sjá þá til þess að viðskipti, innbyrðis viðskipti, á milli þessara stiga, veiða og frumvinnslu sjávarafurða, væru klárlega undanþegin? Svo virðist ekki hafa verið. — Hæstv. forseti. Það er afar leiðinlegt að hafa ráðherrana sem maður er að tala við ekki einu sinni í sjónmáli og vita ekki hvort þeir heyra eða ekki. Ég tók að vísu eftir því að hæstv. ráðherra svaraði ekki einu orði þeim athugasemdum, gagnrýni og spurningum sem hann fékk á sig í fyrra dagskrármálinu sem hann hafði mælt fyrir. Hann kaus að þegja um það þunnu hljóði. Ég veit ekki hvort það ber að taka þá þögn ráðherrans sem samþykki við allri þeirri gagnrýni sem fram kom á Fiskistofu. (**Sjútvrh.:** Nei.) — Hristir nú ráðherra hausinn

og kallar meira að segja fram í „nei". Þetta er mikilsverð þátttaka hjá hæstv. sjútvrh. í umræðunni. Þetta merkilega nei sem vonandi hefur náð alla leið í gegnum hljóðnemann inn í þingtíðindi. Þögn ráðherra bar sem sagt ekki að túlka þannig að hann væri samþykkur allri þeirri gagnrýni sem Fiskistofan fékk á sig, sjálfsagt einhverri af henni samt.

Mig langar til að vita það, hæstv. forseti, frá hæstv. sjútvrh., í fyrsta lagi hver hefur krafist þess að þetta frv. sé flutt? Er þetta frv. flutt að ósk utanrrn.? Er það túlkun utanrrn. á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að við verðum að fella niður þetta íslenska eignarhald á uppboðsmörkuðum? Ef svo er þá spyr ég í öðru lagi: Er sjútvrn. sammála því að það sé ekkert undanfæri að beita þeirri túlkun gagnvart samningnum, með vísan til fyrirvarans, að við getum haldið íslensku forræði og íslenskri eignaraðild á uppboðsmörkuðunum, t.d. í ljósi þess að þeir geta verið hreint millistig í viðskiptum milli veiða og frumvinnslu? Er þetta rökstutt af hálfu þeirra ráðuneyta sem hafa þessa skoðun, hvort sem þau eru eitt eða fleiri? Einhver hlýtur að hafa þessa skoðun úr því að þetta mál er flutt, því annars hefðu væntanlega óbreytt lög mátt gilda eða er þetta e.t.v. einhver prívat og pólitísk skoðun t.d. hæstv. utanrrh. í þeim anda að brjóta niður sölukerfið sem Íslendingar hafa byggt upp um áratuga skeið eins og Sölusamlag íslenskra fiskframleiðenda og t.d. markaðskerfið í Bandaríkjunum? Það er alveg nauðsynlegt að það liggi fyrir hvort það eru einhverjar efnislegar forsendur fyrir frumvarpsflutningi af þessu tagi eða hvort það er einhver einkapólitík Alþfl. eða eitthvað annað sem er undirrótin að flutningi mála af þessum toga. Það er ekki nokkur minnsti vafi á því að bröltið í utanrrh. er búið að valda þjóðinni stórkostlegu tjóni á útflutningsmörkuðum okkar. Það viðurkennir hver einasti maður. Það er uppáskrifað af kaupendunum niðri á Spáni, það er viðurkennt af öllum í Noregi og hér uppi á Íslandi, þeim sem einhverja dómgreind hafa í þessum málum, að við erum búin að baka okkur stórkostlegt óhagræði með því að fara að undirbjóða hverjir aðra og slíkri vitleysu sem hefur auðvitað haldið innreið sína allt í nafni þessa blessaða frelsis. Ég vil fá að vita hvort það séu þannig forsendur sem liggja að baki þessum tillöguflutningi. Halda menn að himinn og jörð mundu farast þó við létum þessi lagaákvæði gilda, standa óbreytt? Það kæmi þá í ljós hvort hér banka upp á einhverjir útlendingar og heimta að fá að kaupa sig inn í fiskmarkaði. Ég held að það væri ekki stór skaði skeður. Mín spá er að vísu sú að það mundi ekki gerast nokkur skapaður hlutur, sennilega ekki árum saman eða áratugum og það væri fróðlegt að á það væri látið reyna.

Ég tel þetta vera afar slæman fyrirboða um það að menn verði ansi mjúkir í hnjáliðunum gagnvart túlkun þessara hluta, að svo miklu leyti sem eitthvert hald er í slíku. Er það t.d. góð byrjun á framkvæmd þessa fyrirvara gegn fjárfestingum útlendinga í sjávarútvegi, að menn skuli þurfa að hleypa þeim hér inn í þessa starfsemi, sem er alveg á bólakafi inni í skipulagningu þessara mála og er í raun og veru millilíður sem verðleggur hráefnið í viðskiptum innbyrðis milli þessara tveggja meginsviða sjávarútvegsins, veiðanna og frumvinnslunnar, sem hvort tveggja á að vera utan fjárfestingarfæris útlendinga? Ég hef ekki heyrt mikil rök fyrir því að ekki væri stætt á annarri túlkun.

Ég vona að hæstv. sjútvrh. geti gert okkur einhverja frekari grein fyrir málinu. Mér finnst alveg nauðsynlegt að það liggi skýrar fyrir, úr því að þessi krói er kominn eina ferðina enn á dagskrá, þessi Brussel-pappír, og ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni í von um að hæstv. sjútvrh. brjóti odd af oflæti sínu, sem hann ekki gerði áðan, og láti svo lítið að taka þátt í umræðunni og veita einhverjar upplýsingar um þetta. Er þetta sérstakt keppikefli hæstv. sjútvrh. eða er þetta flutt að beiðni utanrrh. og þá með hvaða rökstuðningi?

[17:18]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við fjöllum hér um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 123, frá 28. des. 1989, um uppboðsmarkað fyrir sjávarafurðir, með síðari breytingum. Þetta er býsna merkilegt mál, eins og hér hefur komið fram, og það staðfestir að með samþykkt okkar á EES-samningnum þá virðumst við vera knúin til þess nú að breyta íslenskum lögum til þess að uppfylla þær samþykktir sem hér voru gerðar.

Ég vil segja að ég varð fyrir sárum vonbrigðum að hæstv. sjútvrh. skuli sjá sig knúinn til þess að flytja þetta mál. Ég vil undirstrika það og biðja hæstv. ráðherra að gefa okkur skýringar á því hvað hinir vísustu menn hafi sagt honum um nauðsyn þess að þurfa að bera þetta mál hér inn á Alþingi.

Ég hafði vonast til þess í lengstu lög, þegar þetta mál fór út af borðinu á síðasta þingi, að það mundi ekki koma hér inn aftur og menn næðu áttum í málinu. Því miður virðist það ekki vera.

Í sjútvn. vænti ég þess að okkur gefist ráðrúm til að kalla aðila fyrir nefndina til að fá að skoða þetta mál í þaula vegna þess að hér er vissulega alvarlegt mál á ferðinni, svo ekki sé fastar að orði kveðið. Hér er sem sé verið að opna nokkurn veginn þráðbeina leið fyrir erlenda aðila til þess að komast inn í íslenskan sjávarútveg og það gerist fyrr heldur en menn ætluðu þegar þeir samþykktu EES-samninginn.

Ég spyr hæstv. ráðherra hvort ég skilji það ekki rétt að verði þetta samþykkt þá sé erlendum aðilum leiðin greið — hæstv. ráðherra, þá sé erlendum aðilum leiðin greið til þess að gera tilboð í veiddan fisk úti á sjó eins og fiskmarkaðir hafa heimild til að gera í dag. Þeim sé sem sagt leyfilegt að kaupa þennan veidda fisk um borð í veiðiskipum úti á sjó og þar með er ráðstöfunarréttur þeirra á afla tryggður.

Ég get ekki séð annað en með þessu sé verið að opna dyr og ekki bara upp á hálfa gátt, vel það, hæstv. ráðherra.

Ég veit ekki hvort ég þarf að eyða fleiri orðum að þessu máli. Fyrir alla hugsandi menn skýrir frv. sig sjálft. Ég vil hins vegar trúa því að þegar málið kemur til kasta þingsins verði nógu margir þingmenn sem átti sig á því hvað hér er að gerast og sameinist um að

reyna að koma vörnum við og stoppa framgang þess.

Ég trúi ekki öðru — ég tala ekki til alþýðuflokksmanna í þessum efnum, ég ber ekki mikið traust til þeirra í málinu, að þeir komi okkur til aðstoðar. En ég trúi því að svo margir séu til í Sjálfstfl. sem vilji koma til viðbótar við okkur sem í stjórnarandstöðunni stöndum að við fáum nægjanlegan liðsafla til að við getum stöðvað málið, hæstv. ráðherra, því hér er illt verk unnið.

[17:23]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það hefur verið að því spurt í umræðunni hvaða rök séu til þess að þetta frv. er flutt. Það er rétt að minna á að það hefur verið talið leiða af eignarréttarfyrirvaranum sjálfum sem við settum í EES-samningunum, að heimila yrði útlendingum eignaraðild að öðrum þáttum í íslensku atvinnulífi en þeim sem þar eru teknir fram. Það er svo rétt að rifja það upp fyrir hv. þingmönnum, ekki síst hv. 4. þm. Norðurl. e., sem sat í þeirri ríkisstjórn sem hóf EES-samningana og bar ábyrgð á því orðalagi sem er á eignarréttarfyrirvaranum eins og hann stendur í dag, samþykktur af Alþingi Íslendinga og Evrópubandalaginu. Því niðurstaðan í því máli var sú að það var fallist á eignarréttarfyrirvara eins og fyrrv. ríkisstjórn lagði til. Það hefur verið litið svo á að af þeim sökum væri nauðsynlegt að gera þessar breytingar á lögunum um uppboðsmarkaði.

Ég get svo tekið undir það með hv. 1. þm. Austurl. að ég hygg að það mundi ekki leiða til neinna stórkostlegra breytinga þó að einhver erlend eignaraðild yrði að þessum fiskmörkuðum. En vegna óska hv. 1. þm. Austurl. um að fá allar nauðsynlegar upplýsingar og greinargerðir um þetta mál í meðferð hv. sjútvn. þá skal ég beita mér fyrir því að allar nauðsynlegar upplýsingar sem eftir verður leitað og þær greinargerðir sem fyrir hendi eru verði lagðar fyrir nefndina, þannig að hún geti fjallað ítarlega um málið og komist að niðurstöðu á málefnalegum grundvelli. Það er meira en sjálfsagt að afla þeirra upplýsinga og eðlilegt að til þess séu gerðar kröfur að nefndin fari vandlega yfir þetta mál eins og önnur sem fjalla um jafnviðkvæm svið. Það er auðvitað ekkert hægt að draga fjöður yfir það að þetta er hluti af íslenskum sjávarútvegi og við höfum borið gæfu til þess að fylgja einni línu í þeim efnum á Alþingi, að takmarka í þessum samningum við Evrópubandalagið rétt útlendinga til þess að fjárfesta í útgerð og fiskvinnslu, vegna þess að við ætlum að ráða yfir okkar auðlind sjálfir. En ég mun beita mér fyrir því að nefndin fái þær upplýsingar og það ráðrúm sem nauðsynlegt er til þess að fjalla um málið.

[17:27]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég beindi þeirri fyrirspurn til hæstv. sjútvrh. hvort það væri ekki rétt skilið hjá mér að nái þetta frv. fram að ganga þá sé greið leið fyrir erlenda aðila til þess að kaupa veiddan fisk úti á hafi, um borð í veiðiskipum úti á hafi, og þar með komist þessir aðilar yfir ráðstöfunarrétt aflans. Ekkert flókið mál. Já eða nei.

[17:28]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ráðstöfun afla sem seldur er á uppboðsmarkaði gerist á uppboðinu sjálfu og það eru þeir sem tilboðin gera sem ráða því hvert aflinn fer.

[17:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það borgi sig ekkert fyrir sjútvrh. að fara í neina útúrsnúninga gagnvart eðlilegum og efnislegum spurningum um þetta mál. Hér er það ósköp einfaldlega á ferðinni að menn benda á þá staðreynd sem blasir við, að verði þetta frv. að lögum geta útlendingar eignast uppboðsmarkaðina hér og komast þar með inn á milli varðandi ráðstöfun á ferska hráefninu, þ.e. þessi tvö meginsvið sem eru samkvæmt fjárfestingarfyrirvaranum undanskilin, veiðarnar og frumvinnslan. Uppboðsmarkaðurinn getur verið millistig milli þessara rekstrarþátta í sjávarútveginum og er það gjarnan. Það þarf auðvitað ekkert að fara út í langar rökræður um það að sá aðili sem kemst þarna inn á milli og í þá aðstöðu að geta stjórnað viðskiptum með hráefnið á milli þessara stiga, hann kemst í ákveðna áhrifaaðstöðu. Ég tel að það sé afar aumingjaleg túlkun á þessum ákvæðum að fallast á að svona hluti af þessari starfrækslu í sjávarútveginum geti ekki fallið undir fjárfestingarfyrirvarann. Það er ekki við orðalag hans að sakast í þeim efnum, það er fínt eins og það er. Það er eingöngu spurningin um það hvar ytri mörkin ættu þá að liggja. Niðurstaðan varð sú og er í gildandi lögum, að þetta skuli taka til veiða og frumvinnslu, m.a. vegna þess að menn vildu kannski ekki loka á þátttöku útlendinga í einhverri endanlegri úrvinnslu aflans sem er þá kannski farin að tengjast meira markaðsendanum heldur en upprunaendanum. Þetta snýst um túlkun á því hvort þessi hluti starfrækslu í sjávarútvegi geti fallið þarna undir eða ekki.

Það komu engin svör við því hér hjá hæstv. ráðherra hvers vegna þessi túlkun væri uppi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það þýðir ekkert að vísa í það að fyrri ríkisstjórn beri á því ábyrgð að 1989 hófust könnunarviðræður um EES. Það er ekki merkilegt svar, hæstv. sjútvrh., við spurningu sem er borin upp á árinu 1993 og snýr að því viðfangsefni sem hæstv. ráðherra er að leggja fyrir þingið. Ég held að hann ætti að reyna að komast nær sér í samtímanum en það að vera að velta vöngum yfir löngu liðnum hlutum af því tagi sem koma efni málsins ekki við. Hvaða ráðherra krefst þess að þetta sé flutt og túlkað svona?

[17:30]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Kjarni málsins kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. í andsvari hans. Hann sagði að af ásettu ráði hefði fyrrv. ríkisstjórn orðað eignarréttarfyrirvarann með þeim hætti að það væri hægt að heimila ákveðna fjárfestingu útlendinga, það hefði verið gert beinlínis í þeim tilgangi að hafa þarna í op. Þar er auðvitað komin skýringin á því hvers vegna orðalag hans

var með þessum hætti en ekki á þann veg að ótvírætt væri girt fyrir það að útlendingar gætu keypt hlut í uppboðsmörkuðunum og hann hefur þannig svarað sjálfum sér og Alþingi mjög skýrt um þetta atriði.

[17:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. er nú fáum líkur þegar hann legst í sína útúrsnúninga, hæstv. forseti. Þetta var afar ómerkilegt svar svo ekki sé meira sagt að ætla að snúa út úr mínum orðum með þessum hætti að ég hefði þarna verið í raun og veru að veita eitthvert svar við þeirri spurningu sem hér hefur verið borin upp. Hvers vegna viðskipti á uppboðsmarkaði með ferskar sjávarafurðir, sem getur verið millistig á milli veiða og vinnslu, mætti ekki flokkast sem slíkt, þó svo ákvæði gildandi laga um fjárfestingar erlendra aðila í atvinnurekstri sem snýr að sjávarútveginum sé orðað eins og raun ber vitni og ég man ekki betur en full samstaða hafi orðið um á Alþingi. Skyldi nú ekki Sjálfstfl. hafa greitt því atkvæði líka vorið 1991, e.t.v. hæstv. núv. sjútvrh.? Það er hægt að fletta því upp. Þar er því ekki um eitthvert einstaklingsbundið verk fyrrv. ríkisstjórnar sem hafi verið sérstaklega mótað vegna viðræðna sem stóðu yfir um samninga um Evrópskt efnahagssvæði, það er einfaldlega rangt. Það voru sett ný heildarlög með takmörkunum á fjárfestingum erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi. Og mig rekur ekki minni til annars en um þau lög hafi orðið ágæt samstaða. Þar er þetta orðað eins og raun ber vitni um veiðar og frumvinnslu sjávarafurða og í það er svo aftur vísað í fyrirvaranum ef ég kann þetta rétt. Það er alveg óskylt því að þetta var orðað eins og raun bar vitni. Og e.t.v. er ástæða að spyrja hæstv. sjútvrh.: Er hann ósammála þeim ákvæðum? Var hann að fría sig ábyrgð frá þeim með útúrsnúningum sínum hér áðan og voru þetta tilburðir til að koma ábyrgðinni yfir á herðar fyrrv. ríkisstjórnar af því að hæstv. núv. sjútvrh. sé þessu efnislega ósammála? Það væri fróðlegt að hæstv. ráðherra svaraði frekar slíkum grundvallaratriðum í þessu máli en hlaupa hér í ræðustól og snúa út úr.

[17:33]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. er kominn á undanhald í þessari umræðu af sinni hálfu og ég skil það mætavel. Ég hef aldrei hlaupið frá þeirri ábyrgð sem ég hef tekið á mínar herðar með því að samþykkja samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Ég var sammála þeim ákvæðum um fjárfestingar útlendinga sem eru í gildandi lögum þó á þeim kunni að vera nokkrir hnökrar. En hv. þm. getur náttúrlega ekki hlaupist undan þeirri ábyrgð að hann var í þeirri ríkisstjórn sem hóf samningana við EES, hann var í þeirri ríkisstjórn sem setti fram tillöguna um það hvernig eignarréttarfyrirvarinn var orðaður og endanleg niðurstaða samninganna var í samræmi við það. Og frá þeirri ábyrgð getur hv. þm. ekki hlaupist hvað sem hann reynir með hundakúnstum í ræðustól á Alþingi og víðar um landið.

[17:34]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er nú hart þegar menn verða kaþólskari en páfinn. Þegar við afgreiddum samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og hann var lögtekinn á Alþingi þá stóð eftir einn einasti fyrirvari af þeim fimm fyrirvörum sem ríkisstjórn sú, sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sat í og hefur margoft verið vitnað til á undanförnum mínútum, setti fram við upphaf samningana. Einn einasti fyrirvari af þeim fimm sem settir voru fram upphaflega fyrir Íslands hönd stóð eftir. Hann var sá að Íslendingar mættu halda áfram eignarhaldi einir í íslenskri útgerð og frumfiskvinnslu. Þetta var sá eini af fimm og þýðir ekkert fyrir hæstv. sjútvrh. að láta svo sem endanleg niðurstaða EES-samningsins sé sú sem lagt var upp með af ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar.

Alþingi samþykkti þennan samning, þ.e. meiri hluti á Alþingi samþykkti þennan samning í góðri trú vegna þess að þarna væri þó pínulítið komið til móts við okkur Íslendinga að lofa okkur náðarsamlegast að hafa ofurlítið vald á meginauðlind þjóðarinnar. Alþingi gekk út frá því þegar þetta frv. var samþykkt illu heilli á Alþingi að Íslendingar gætu áfram átt fiskinn við strendur landsins og hann bærist hér að landi. Við höfðum vald á útgerðinni og frumfiskvinnslunni. En svo er flutt hér frv. sem gerir þennan fyrirvara marklausan, þ.e. gengur þvert á fyrirvarann. Það hefur verið upplýst hér með skýrum rökum að útlendingar geta eignast fiskinn áður en hann berst að landi og gert við hann það sem þeim sýnist. Þar með er hann ekki Íslendinga lengur. Með tilliti til EES-samningsins og þess fyrirvara sem í honum var um útgerð og frumfiskvinnslu á Íslandi þá er gjörsamlega óþarfi að flytja þetta frv. Það væri glapræði að samþykkja þetta frv. og ég er bjartsýnn eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. og ég trúi því ekki að skynsamir sjálfstæðismenn hér í salnum, sem enn þá eru til, glannist til að fara að samþykkja þetta ákvæði. Fyrir utan það að hæstv. sjútvrh. hafi verið þráspurður um af hverju þetta frv. sé flutt þá koma engin haldbær rök fyrir því. Það er ekki vegna þess að ákvæði EES-samningsins krefjist þess. Það er ekki vegna þess, það eru einhver önnur sjónarmið sem liggja þarna að baki að opna þessa gátt. Einhver önnur óheillasjónarmið. Þetta frv. er óþarft og það er meira að segja munaðarlaust vegna þess að það þarf ekki að samþykkja það og ef maður hlustar á hæstv. sjútvrh. þá skilur maður það nú strax að þetta er eitt af óhreinu börnunum sem hann fyrirverður sig fyrir og vill ekki gangast við annars mundi hann ekki svara svona eins og hann hefur gert í dag.

[17:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég sé mig því miður knúinn til að kveðja mér aftur hljóðs vegna endurtekinna ómerkilegra útúrsnúninga hæstv. sjútvrh. og væri nú æskilegt að hæstv. ráðherra sýndi þessu þá virðingu að vera hér viðstaddur þegar maður er að svara upphlaupum af því tagi sem hann stóð fyrir hér áðan. Ég held ég nenni því ekki, hæstv. forseti, að fara að standa hér einn í stóln-

um og geri þá bara hlé á máli mínu þangað til hæstv. sjútvrh. er við ef forseti vill það eða ...

(**Forseti** (SalÞ): Það er búið að gera ráðstafanir til þess að hann komi hér í salinn í sjónmál.)

Það er gott, þá getum við haldið áfram að ræða þennan munaðarleysingja eins og hann var réttilega kallaður hér áðan af síðasta ræðumanni. Þennan munaðarleysingja sem enginn rökstuðningur fæst fyrir að hér sé fluttur heldur einfaldlega sagt: Af því bara, af því bara. Það er litið svo á að það þurfi að breyta þessu af því bara. Og enginn vill bera ábyrgð á króanum eða ganga honum í föðurstað. Það er alveg ljóst af ítrekuðum spurningum til hæstv. sjútvrh. um það af hvers óskum þetta frv. sé flutt, hvort það sé krafa utanrrn. að það sé gert eða hvort það sé samdóma álit utanrrn. og sjútvrn. að þessu þurfi að breyta. Hvort sjútvrn. sem sagt bakki það upp og sé efnislega sammála því að þetta geti ekki fallið undir frumstarfsemi í sjávarútvegi og þurfi þess vegna að breytast.

Varðandi orð hæstv. sjútvrh. hér um að menn væru að reyna að hlaupast undan ábyrgð þá er ómögulegt annað en segja nokkur orð um það því hæstv. sjútvrh. er svona geysilega ábyrgur í tali. Það er ósköp einfaldlega þannig að sú ríkisstjórn sem sat að völdum 1989 og meiri hluti hennar á Alþingi bera að sjálfsögðu ábyrgð á því að það var ákveðið eftir leiðtogafund EFTA-ríkjana í Ósló að hefja þátttöku í könnunarviðræðum um gerð samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Og ég undirstrika að það var ákveðið að hefja þátt í könnunarviðræðum um gerð þessa samnings. Það voru í framhaldinu settir fram fjölmargir fyrirvarar af Íslands hálfu. Þeir komu upphaflega fram margir hverjir í ræðu forsrh. í Ósló í mars 1989 og síðan í samningaferlinu hver á fætur öðrum og voru reyndar fleiri en fimm ef út í það er farið því á ýmsum undirsviðum þá lágu fyrir fjölmargir fyrirvarar af Íslands hálfu í einstökum vinnuhópum.

Og sú ríkisstjórn sem sat á þessum tíma, frá 28. sept. 1988, tók við þegar ríkisstjórn hæstv. fyrrv. forsrh., Þorsteins Pálssonar, liðaðist í sundur og beið einhvern ömurlegasta dauðdaga sem ein stjórn í lýðveldinu hefur gert. Þá tók þessi stjórn við og sat síðan út aprílmánuð 1991 eins og kunnugt er. Þessi ríkisstjórn stóð á þeim fyrirvörum sem settir voru fram allt til loka. Það var síðan 6. maí 1991 sem sú ríkisstjórn sem þá var sest að völdum gaf utanrrh. samningsumboð og þar með heimild til að falla frá fyrirvörum Íslands, öllum nema einum. Sú ríkisstjórn ber ábyrgð á því, hin á því að hafa ákveðið að hefja þátttöku í könnunarviðræðunum, þannig að það er bara best að hver eigi sitt í þessum efnum. Hér er ekki verið að reyna að hlaupa frá neinu. Ég hef engan heyrt gera það nema hæstv. sjútvrh. sem með ómerkilegum og ómálefnalegum útúrsnúningum hér er stanslaust að víkja sér undan því að ræða efni málsins. Það er væntanlega vegna þess að efni málsins er hæstv. sjútvrh. eitthvað viðkvæmt. Svo gekk það þannig til eins og hæstv. sjútvrh. vafalaust man að hæstv. sjútvrh. greiddi atkvæði með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði en sá sem hér talar á móti.

Hæstv. sjútvrh. var einhvern tímann framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins ef ég man rétt. Hann ætti að muna það t.d. úr því starfi að menn skuldbinda sig yfirleitt ekki fyrir fram um leið og þeir taka ákvörðun um að hefja þátttöku í viðræðum að hlíta niðurstöðunni. Það kann að vera að Vinnuveitendasambandið hafi beitt þeirri aðferð á sínum tíma að það hafi litið svo á að með því að taka ákvörðun um að hefja viðræður þá væri það að skuldbinda sig til að hlíta niðurstöðunni en það er afar óvenjuleg aðferð og heimskuleg held ég að verði að segjast. Nei staðreyndin er sú að yfirleitt er það hin almenna regla að menn skuldbinda sig ekki til neins annars en að taka þátt í þeim viðræðum og hafa fyrirvara í raun og veru á málinu um hina endanlegu niðurstöðu. Þegar öll kurl eru komin til grafar er það venjan að menn geti þá í ljósi heildarniðurstöðu metið árangurinn og tekið honum eða hafnað. Þetta ætti ekki að þurfa að rökræða hér en ég ætla nú að gera það samt alveg sama þótt hæstv. sjútvrh. sé ekki tilbúinn til efnislegra skoðanaskipta og rökræðna af einhverju viti þá ætla ég að gera það fyrir mitt leyti. Svona barnalegri röksemdafærslu, þvælu af þessu tagi, að með því að taka ákvörðun um það á árinu 1989 að hefja könnunarviðræður um gerð samnings um Evróðskt efnahagssvæði hafi menn í raun og veru gengist þar með í ábyrgð fyrir niðurstöðunni. Þetta er þvílík þvæla og svo ómerkileg framsetning í röksemdafærslu að það er ekki hægt að láta henni ómótmælt. Og þó það sé e.t.v. eins og að tala út um opinn glugga að reyna að ræða þetta við hæstv. sjútvrh. þá vil ég a.m.k. fyrir mitt leyti fara yfir þetta hér vegna þess að ég tel rétt að hver beri ábyrgð á því sem honum ber í þessum efnum. Ég hef aldrei í eitt einasta skipti skorast undan því að bera ábyrgð á því fyrir mitt leyti að standa að ákvörðuninni um það á sínum tíma að hefja þátttöku í þessum könnunarviðræðum, setja fram þá fyrirvara sem settir voru fram. En annað tel ég mig ekki þurfa að svara fyrir í þessum efnum.

Ég segi það að lokum, hæstv. forseti, að ég held að það sé svo afar bagalegt ef þessari umræðu á að ljúka hér þannig að hæstv. sjútvrh. kemur sér algerlega undan því, neitar því að verða við óskum um að færa fram rökstuðning í þessu máli. E.t.v. getur hæstv. sjútvrh. það ekki. Það er búið að spyrja um það trekk í trekk, er það að ósk utanrrn. er það túlkun utanrrn. á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og samhenginu við fyrirvarann þar um fjárfestingar útlendinga í sjávarútvegi sem þetta frv. er flutt? Eða er þetta einkaframtak sjútvrn. að túlka þessi mál svona? Því þetta snýst um túlkun. Það er ekki merkileg frammistaða hjá hæstv. sjútvrh. að geta ekki veitt nein svör, engin svör við þessu en fara út í strákslega útúrsnúninga sem hann gerði hér áðan. Það er venjan, hæstv. forseti, að það teljist til framlags í þá veru að greiða fyrir vegferð mála í gegnum þingið að veita umbeðnar upplýsingar við fyrstu umræðu. Það er alveg augljóst mál að úr því að hæstv. sjútvrh. er svona illa nestaður til umræðunnar eða hugur hans stendur ekki til þess að veita um þetta upplýsingar þá hlýtur það auðvitað að kalla á þeim mun ítarlegri úttekt á þessu máli í nefnd. Og það

er svo sem ekki mikið við því að segja. Það hefur að vísu þann galla að þeir þingmenn sem hafa verið þátttakendur í umræðunni og ekki eiga sæti í viðkomandi nefnd eiga þess þá ekki kost að fá þessar upplýsingar í 1. umferð og verða þá að bíða a.m.k. eftir því að þær komi þá í gegnum nefndarálit o.s.frv. Þannig að hitt er tvímælalaust æskilegra og ég skil í rauninni ekki hvað getur verið svona óskaplega erfitt við þetta mál hjá hæstv. stjúrvrh. að svara þessu jafnsáraeinfalt og það nú er. Svar af því tagi sem hann gaf hér áðan að — ja, af því bara það væri túlkað svo — hann tók ekki fram af hverjum, þessu yrði að breyta, það er ekkert svar. Það er ekkert svar við þeim einföldu spurningum sem hér hafa verið fram bornar.

Eitthvert samviskubit, einhverja vonda samvisku, einhver ónot eru í hæstv. sjútvrh. greinilega í þessum málum. Hæstv. ráðherrann er harla aumingjalegur þegar hann er hér að reyna að ræða þetta og hefur ekki fyrir því svo mikið sem reyna að rökstyðja framlagningu þessa frv. sem er afar sérkennilegt. Menn geta að sjálfsögðu haft mismunandi skoðanir á því hvort þetta komi til með að hafa einhver umtalsverð áhrif og það er í raun og veru ekki sá útgangspunktur sem ég er hér að ræða. Það geta allir reynt að vera spámenn í því og enginn sjálfsagt betri en annar í því að spá fram í tímann um það hvort þetta hefur þá einhver áhrif og þá hver. Enda hljótum við að þurfa að ræða þetta á hinum efnislegu forsendum sem fyrir liggja í málinu. Er eitthvað sem knýr okkur til að gera þessa breytingu? Er okkur ekki stætt á því að láta gildandi lagaákvæði halda sér a.m.k. þangað til á þau reynir? Og það kemur þá í ljós hvort okkar túlkun, ef hún væri sú að þetta tilheyrði frumstarfseminni í greininni, stæðist eða ekki. Ég sé ekki annað en það væri í góðu lagi að láta þá einhverja sem kynnu að banka upp á hafa fyrir því að hnekkja þeirri túlkun okkar að svo væri og sækja þá rétt sinn eftir þeim úrræðum sem byggð eru inn í þetta mikla stofnanabákn í þessum samningi. Eru þau ekki til þess m.a. að taka á einhverjum slíkum atriðum? Hvað með það að láta það þá bara fara þá leið?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjumálasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 284.

[17:51]

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.):

Virðulegi forseti. Það er nú ekki langt mál, en ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að koma hér til umræðunnar. Ástæðan fyrir því að ég vildi fá að heyra í hæstv. fjmrh. er að meðal margra atriða í frv. um kirkjumálasjóð er ekki aðeins verið að ákveða að kirkjumálasjóður skuli standa straum af alls konar atriðum eins og kirkjuþingi, kirkjuráði, prestastefnu og fjölmörgu öðru, heldur er líka verið að bæta því við 14. gr. laganna um kirkjuþing og kirkjuráð að til viðbótar því sem verið hefur til þessa, að greiddir séu dagpeningar og ferðakostnaður við að sitja kirkjuþing, þá eigi kirkjuþing að kjósa þingfararkaupsnefnd sem ákveður einnig þóknun til kirkjuþingsmanna. Þar með er verið að koma upp sérstöku launagreiðslukerfi þar sem kirkjuþing hefur nánast sjálfdæmi um það samkvæmt þessum lögum, að því er virðist, að ákveða greiðslur fyrir setu á kirkjuþingi og þau störf sem því tengjast.

Nú ætla ég ekkert að leggjast gegn því að menn fái greitt fyrir það að sitja kirkjuþing, en við vitum hins vegar að launakerfi ríkisins er með þeim hætti að menn hafa frekar stefnt í það horf að samræming sé varðandi greiðslur og ákvarðanir hvað ýmsar þóknanir snertir og verulegar umræður hafa verið um setu fulltrúa á búnaðarþingi og fiskiþingi. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. hvort í þessu felist einhver ákveðin stefnubreyting eða hver sé hugsunin á bak við það að opna þannig fyrir sjálfsákvörðun kirkjuþings á launagreiðslum til kirkjuþingsmanna, því mér sýnist frv. vera orðað á þann veg að það sé ótakmörkuð heimild fyrir þingfararkaupsnefnd kirkjuþings að ákveða greiðslur til kirkjuþingsmanna.

[17:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mun leitast við að svara fyrirspurn hv. 8. þm. Reykn. sem er eðli málsins samkvæmt mikill áhugamaður um kirkju, kirkjusiði og siðbót yfirleitt, eins og alþjóð er kunnugt. (**Gripið fram í:** Eins og sá sem stendur í ræðustólnum núna.) Já, eins og nafn þess sem í ræðustólnum stendur bendir frekar til, mundi ég segja, en það er kannski aukaatriði málsins.

Ég vil fyrst geta þess að fyrr á þessu ári, nánar tiltekið 18. febr., svaraði ég fyrirspurn frá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Sú fyrirspurn var einmitt um það hve ríkissjóður greiddi mikið vegna þinghalds eða funda ýmssa starfsstétta á sl. 4 árum. Í svari mínu sem má finna í þingtíðindum segir svo, með leyfi forseta:

„Ef litið er hins vegar á kirkjuþing og prestastefnu, þá lítur dæmið út með þessum hætti: Kirkjuþing kostaði 1989 2,6 millj., 1990 3,4 millj., 1991 3,8 millj. og 3,7 millj. 1992."

Eins og sést á svarinu þá greiddi ríkissjóður þessa fjármuni á sínum tíma. Upphæðin er á núvirði í kringum 4 millj. kr. Ef ég skil rétt það frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um kirkjumálasjóð, þá fjallar það um það að kirkjumálasjóður, sem verður algerlega á vegum þjóðkirkjunnar, mun standa straum af ýmsum kostnaði sem hingað til hefur verið greiddur af ríkissjóði, þar á meðal þessum kostnaði sem hv. þm. vitnaði til og er að finna í 2. tölul. 6. gr. frv. Þess vegna er um það að ræða að kirkjuþing ber sjálft ábyrgð á ákvörðun sinni og kirkjan greiðir reikninginn sem er nýnæmi. Það má auðvitað halda þeirri skoðun fram að eðlilegt sé að fjmrn. sé ákaflega voldugt, veraldlegt ráðuneyti, eins og hv. þm. þekkir sem er fyrrv. fjmrh., og þess vegna ætti hið veraldlega vald að fylgjast með hinu geistlega og setja skorður með einhverjum hætti. Mér sýnist hins vegar, ef ég skil þetta frv. sem hér er til umræðu rétt, að þá sé kannski enn frekar ástæða til þess nú en áður að kirkjuþing sjálft geti ákveðið þess-

ar greiðslur. Ég vonast hins vegar til þess., m.a. vegna þeirrar umræðu sem hér hefur fari fram, að kirkjuþing hagi ákvörðun sinni með þeim hætti að greiðslur til þeirra sem kirkjuþing sækja verði ekki langt frá þeim greiðslum sem hingað til hafa verið bornar upp af ríkissjóði.

Þess skal getið, virðulegi forseti, að ríkið hefur til skamms tíma borgað fyrir ýmsar starfsstéttir eins og sýslumenn, sem reyndar er með ákveðnum reglum og í kjörum þeirra, fulltrúa af fiskiþingi og í svari mínu kom fram að búnaðarþingsfulltrúum er greitt af hinum félagslega þætti starfsemi Búnaðarfélagsins en ekki beint úr ríkissjóði, en allir vita að Búnaðarfélagið fær verulegan hluta af sínu rekstrarfé beint úr ríkissjóði. Þetta er auðvitað mál sem er eðlilegt að sé fjallað um á hinu háa Alþingi. En mér sýnist að eftir að sú breyting á sér stað sem gert er ráð fyrir í þessu frv. sé frekar en nokkurn tíma áður hægt að sætta sig við að kirkjuþing taki ákvörðun á borð við þessa, enda mun kirkjan sjálf þurfa að borga brúsann því að nú sér hún um ýmsan kostnað með aðstoð þessa sjóðs, kirkjumálasjóðs, kostnað sem áður féll beint á ríkissjóð.

[17:58]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að hæstv. fjmrh. hefur kannski ekki skoðað þetta mjög náið og ég lái honum það í sjálfu sér ekki. En ég vil benda hæstv. ráðherra á það að í 2. gr. frv. kemur auðvitað skýrt fram, sem við öll vitum, að tekjur kirkjumálasjóðs eru hluti af tekjuskatti, þannig að sá tekjuskattur sem hæstv. fjmrh. lætur innheimta árlega er tekjustofn kirkjumálasjóðs. Það er því ekki hægt að tala um þetta eins og kirkjan sé hér að fá einhvern sérstakan sjóð sem sé ríkisvaldinu gjörsamlega óviðkomandi, þvert á móti. Þessi sjóður verður til með tekjuskattinum sem lagður er á, enda stendur hér:

„Ríkissjóði ber að skila kirkjumálasjóði árlega af tekjuskatti gjaldi er nemur 11,3% af gjöldum er renna til þjóðkirkjusafnaða samkvæmt lögum um sóknargjöld."

Þetta er hluti af þeirri kerfisbreytingu sem varð 1987, að í stað þess að kirkjan væri sjálf að innheimta sín sérstöku gjöld og mátti þess vegna segja að þau væru meira tengd kirkjunni, var þetta hluti af hinum almenna tekjuskatti í landinu.

Í öðru lagi vil ég benda hæstv. ráðherra á það að sá er munurinn á fulltrúum á fiskiþingi og búnaðarþingi og þeim sem sækja kirkjuþing, að meginhluti fulltrúa á búnaðarþingi og fiskiþingi eru menn sem ekki þiggja laun sín frá ríkissjóði heldur eru starfandi í atvinnulífinu eða á sviði landbúnaðar og þarf kannski að bæta þeim eitthvað fyrir tekjutap vegna þeirra starfa. En meginhluti þeirra sem sækja kirkjuþing, ef ég kann það rétt, eru hins vegar á föstum launum hjá ríkinu. Og það var tilefni mitt til þess að spyrja, hvort að til viðbótar við þau föstu laun sem þeir fá sem ríkisstarfsmenn, eigi líka að fara að borga þóknun fyrir að sækja kirkjuþing í vinnutímanum sem launagreiðslurnar til þeirra sem ríkisstarfsmanna eiga væntanlega að mæta. Ekki vegna þess að ég telji það eitthvað óeðlilegt að menn fái einhverja smágreiðslu fyrir þetta, en það verður að vera eitthvert kerfi á því hvernig þessi mál eru meðhöndluð.

[18:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að hv. þm. hafi rétt fyrir sér þegar hann segir að ég hafi ekki kynnt mér frv. mjög náið. Þrátt fyrir ræðu hans sýnist mér samt að mál séu þannig, eins og ég lýsti í minni ræðu, að kirkjumálasjóður verður á vegum þjóðkirkjunnar. Það er ekki nýtt deilumál hvort hv. Alþingi á að geta takmarkað fjármuni kirkjunnar sem kirkjan telur sig eiga fullt tilkall til. Ég hygg að hv. þm. kannist mjög vel við það að á sínum tíma, þegar hann var ráðherra, þá lýsti kirkjan því yfir að hún teldi það ekki vera sæmandi Alþingi að skerða tekjustofna kirkjunnar og reyndar fékk sá sem hér stendur að kenna á því jafnframt þegar hann endurtók þann leik skömmu eftir að hann varð fjmrh. Það er nefnilega þannig að sóknargjöldin, sem áður voru borguð með öðrum hætti, voru heimt inn ásamt og með tekjustofnum ríkisins eftir að sú breyting var gerð að um staðgreiðsluinnheimtu væri að ræða. Ég ætla ekki að halda því fram að sjálfstæði kirkjunnar sé svo mikið að Alþingi geti ekki skert gjöld með þessum hætti, en eigi að síður hefur kirkjan talið að hún ætti þessa fjármuni.

Ég vil einungis minna á það til viðbótar að auðvitað er óhagræði af því, jafnt fyrir alþingismenn sem kirkjunnar þjóna, að þurfa að fara úr sinni heimabyggð og dvelja annars staðar og fyrir það hafa menn fengið dagpeninga. Alþingismenn sem dveljast erlendis fá til að mynda dagpeninga, ferðakostnaðinn greiddan o.s.frv., jafnvel þó að þeir séu á föstum launum. Og ég hygg að það sé ekkert ósanngjarnt að opinberir starfsmenn, eins og kirkjunnar þjónar eru, fái líka greitt fyrir þetta óhagræði þegar þeir þurfa að yfirgefa sína heimabyggð og taka þátt í fundum sem þessum. En ég ítreka það að ég vænti þess að hér verði ekki um einhverja grundvallarbreytingu að ræða í upphæðum, upphæðum í veraldlegri merkingu þess orðs, frá því sem nú gildir.

[18:03]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn ágreiningur við hæstv. fjmrh. um greiðslur vegna óþæginda að sækja fundi fjarri sínu heimili. En ég bendi hæstv. fjmrh. á það að breytingin sem felst í þessari grein frv. er að orðið „þóknun" bætist við. Í gildandi lögum er ætlað fyrir dagpeningagreiðslum og ferðakostnaði, en samkvæmt þessu nýja frv. sem við erum hér að ræða bætist orðið „þóknun" við og það var tilefni minnar fyrirspurnar að það er nýtt í því kerfi sem hér á að innleiða.

[18:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, ég tek eftir því að það hefur orðið breyting á lögunum og sjálfsagt eru einhverjar

ástæður fyrir því. En ég ítreka það aðeins að jafnvel þótt orðið „þóknun" komi til skjalanna þá sé ekki þar með sagt að í hugtakinu „dagpeningar og þóknun" felist hærri fjárhæðir heldur en nú felast í dagpeningum einum saman. Ég held að við verðum að láta staðar numið við svo búið og bíða eftir úrskurði þeirrar þingfararkaupsnefndar sem kosin verður á næsta kirkjuþingi.

Að lokum vil ég einungis ítreka það, virðulegi forseti, að mér finnst það vera lofsvert hvernig formaður Alþb. hefur sýnt það eftir að alþýðubandalagsþinginu lauk að hann hefur mikinn áhuga á öðrum siðbótarmönnum en sínum eigin flokksmönnum og eru þá kirkjunnar þjónar ekki undanskildir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (hæfniskröfur samkeppnisráðsmanna). — Þskj. 274.

[18:05]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á samkeppnislögum, nr. 8 frá 25. febr. 1993. Í frv. er lagt til að 1. mgr. 6. gr. laganna orðist svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmeðferð".

Hinn 25. febr. sl. voru samþykkt ný samkeppnislög nr. 8/1993, sem leystu af hólmi lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978. Í 1. mgr. 6. gr. nefndra laga var kveðið á um að ráðherra skipaði fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skyldu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til. Samkvæmt þessu skipaði páv. viðskrh. í samkeppnisráð Brynjólf Sigurðsson prófessor, sem formann ráðsins, Atla Frey Guðmundsson skrifstofustjóra, varaformann þess, Ingibjörgu Rafnar héraðsdómslögmann, Magnús K. Geirsson rafvirkja og Þórarin V. Þórarinsson lögfræðing til setu í ráðinu.

Hinn 5. apríl sl. bar Jóhannes Gunnarsson fram þá kvörtun fyrir hönd Neytendasamtakanna, en hann er framkvæmdastjóri þeirra, að þeir sem skipaðir hefðu verið í samkeppnisráð uppfylltu ekki allir það almenna hæfisskilyrði að vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem samkeppnislög nr. 8 taka til. Hinn 30. ágúst sl. sendi umboðsmaður Alþingis álit sitt í tilefni af kvörtun Neytendasamtakanna til viðskrh., þar sem hann komst að þeirri niðurstöðu að þrír af fimm fulltrúum í samkeppnisráði uppfylltu ekki þau skilyrði að vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til. Þessir þrír fulltrúar lýstu því þegar yfir að óhjákvæmilegt væri að nýir menn tækju sæti í ráðinu, þannig að enginn vafi léki á að skipan þess væri í samræmi við gildandi lagaákvæði. Í fyrrnefndu áliti umboðsmanns Alþingis segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Almennar hæfisreglur, sem settar eru til að draga úr líkum á hagsmunaárekstrum, geta verið mjög áhrifaríkar og stuðlað að auknu réttaröryggi. Hins vegar verður að gæta þess að sú hætta getur fylgt mjög ströngum hæfisskilyrðum að þeir sem mesta þekkingu og reynslu hafa á hlutaðeigandi sviði verði útilokaðir frá því að gegna opinberu starfi."

Þá segir enn fremur í áliti umboðsmanns, með leyfi forseta:

„Ég tel því rétt að beina því til viðskrh. að hann taki það til athugunar hvort leggja beri til við Alþingi að endurskoða orðalag áðurgreindrar hæfisreglu með það fyrir augum að gera það markvissara, m.a. með því að tilgreina skýrar þau tengsl og hagsmuni er leiði til vanhæfis manna til setu í samkeppnisráði."

Ljóst þykir, að hið stranga hæfisskilyrði í 1. mgr. 6. gr. útilokar fjölmarga hæfa og reynslumikla menn frá setu í samkeppnisráði. Það er því lagt til að orðalagið „að vera óháður fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til" falli niður.

Hvað varðar þá sem ráðherra skipar í samkeppnisráð eru tilgreindir þeir kostir sem þeir verða að bera, þ.e. sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Með þessu er átt við alhliða þekkingu á grundvelli menntunar og reynslu. Samkvæmt þeim breytingum sem hér eru lagðar til eru almennar hæfiskröfur samkeppnisráðsmanna gerðar mun skýrari án þess þó að hæfisskilyrðin séu það ströng að þau útiloki menn með reynslu og þekkingu á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins.

Áréttað skal að hér er eingöngu fjallað um almennt hæfi manna til setu í samkeppnisráði. Ekki verða því breytingar á öðrum ákvæðum laganna um almennt hæfi, svo sem 2. mgr. 9. gr. þar sem almenn hæfisskilyrði fyrir setu í áfrýjunarnefnd samkeppnismála koma fram, né heldur ákvæðum um sérstakt hæfi manna.

Í 2. mgr. 50. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, og í 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, er fjallað um sérstakt hæfi, þ.e. hæfi til meðferðar einstaks máls og kunna ráðsmenn í einstökum tilvikum að vera vanhæfir á grundvelli þessara ákvæða.

Lagt er til að tekið verði upp það nýmæli í lokamálslið 1. mgr. 6. gr. að samkepnisráð setji sér reglur um málsmeðferð. Þó verður að gera ráð fyrir ákveðnum umþóttunartíma í þessu sambandi á meðan venjur skapast í afgreiðslu mála fyrir ráðinu. Verður að telja aukið réttaröryggi felast í ákvæði sem þessu enda afar mikilvægt fyrir einstaklinga eða lögaðila sem samkeppnisráð fjallar um að fyrir liggi reglur um málsmeðferð. Með tilliti til sjálfstæðis samkeppnisráðs, sem fer ásamt Samkeppnisstofnun og áfrýjunarnefnd með daglega stjórnsýslu á því sviði sem lögin ná til, þykir eðlilegt að samkeppnisráðið sjálft setji sér málsmeðferðarreglurnar.

Virðulegi forseti. Að lokum skal vakin athygli á

ákvæði til bráðabirgða sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir 2. mgr. 6. gr. lýkur skipunartíma starfandi samkeppnisráðs við gildistöku laga þessara."

Eðlilegt þótti að hafa slíkt ákvæði til bráðabirgða í lagatextanum.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að þessari umræðu lokinni verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:12]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni nokkuð sérkennilegt mál sem á sérstakan aðdraganda. Það var nú svo að efh.- og viðskn. lagði gríðarlega mikla vinnu í hin nýju samkeppnislög. Það var ekki að ástæðulausu sem sú lagagrein sem hér er verið að gera breytingar á var orðuð á þann hátt sem raun ber vitni í sjálfum lögunum, þ.e. það ákvæði sem nú á að fella niður, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Þeir sem sitja í ráðinu skulu vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til."

Það var með ráðum gert að hafa þetta svona til að undirstrika hve mikilvægt þetta ráð er og hve mikilvægt það er að þeir sem til þess þurfa að leita geti treyst því að þar sé haldið á málum af hlutleysi. Hins vegar verður að segjast eins og er að þegar álit umboðsmanns Alþingis kom fram þá vakti það nokkuð mikla furðu. Ekki það að tveir þeirra sem álitnir voru óhæfir skyldu vera það, enda hafði verið bent á það á hinu háa Alþingi að skipun þáv. hæstv. viðskrh. væri afar sérkennileg, heldur var það fyrst og fremst sú túlkun umboðsmannsins að starfandi lögfræðingar hér í bæ væru óhæfir til setu í ráðinu. Ég held að flestir sem hafa látið álit sitt í ljós á þessu séu þeirrar skoðunar að þarna sé gengið ansi langt í túlkun. En umboðsmaður Alþingis hefur að sjálfsögðu mikið til síns máls og það verður að taka mark á hans áliti og því er þessi breyting lögð til. En það skiptir auðvitað gríðarlega miklu máli hvernig henni verður svo fylgt eftir, að þess verði gætt að samkeppnisráðið sé hlutlaust, eins og lögin í rauninni gera ráð fyrir og að í því sitji hæft fólk sem hefur þá stöðu að geta lagt hlutlaust mat á þau mál sem til þess koma. Þannig að þetta er engan veginn einfalt mál.

Við þurfum líka að taka mið af því að um næstu áramót ganga hin nýju stjórnsýslulög í gildi þar sem kveðið er á um hæfi þeirra sem sitja m.a. í ráðum og nefndum á vegum ríkisins og þarna þarf að vera samræmi á milli. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. viðskrh. hvernig hann hyggist halda á þessum málum verði þessi breyting samþykkt hér, því okkur sem eigum sæti í hv. efh.- og viðskn. þótti skipan fyrrv. viðskrh. afar sérkennileg, vegna þess að það var svo augljóst að þar var um hagsmunaárekstra að ræða þar sem framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins var skipaður í nefndina. Þó því væri borið við að hann persónulega væri þarna settur, þá var það auðvitað augljóst að hans staða var og er með þeim hætti að hann átti ekki heima í ráðinu og sama gilti um annan nefndarmann sem tengist mjög verkalýðshreyfingunni. Menn þurfa að gæta sín svolítið á þessum arfi að það þurfi að skipa fulltrúa ASÍ og VSÍ í allar þær nefndir sem starfandi eru. Það er auðvitað langt í frá og lögunum var einmitt breytt til þess að sú skipan héldist ekki áfram að aðilar vinnumarkaðarins ættu sæti í nefndinni, heldur fyrst og fremst hlutlausir aðilar eins og ég hef margnefnt.

Fyrst þessi lög eru komin til umræðu og sú breyting sem hér er verið að leggja til, þá vil ég gjarnan nota tækifærið og beina nokkrum spurningum til hæstv. viðskrh. Eins og ég nefndi áðan var lögð gríðarleg vinna í þetta frv. og ég harma það enn að geta ekki stutt þetta mál vegna þess kafla sem er að finna í lögunum og fjallar um Evrópska efnahagssvæðið og samskiptamálin á því svæði, vegna þess að að öðru leyti tel ég að hér sé um mjög góð lög að ræða. En mig langar að forvitnast um það hjá hæstv. viðskrh. hvernig þessi lög hafa reynst það sem af er. Hafa komið fram einhverjir fleiri annmarkar á þeim? Hvað hefur gerst hjá hinni nýju Samkeppnisstofnun með þeim breytingum lögin fólu í sér? Hefur verkefnum stofnunarinnar fjölgað eða hefur þeim fækkað miðað við það sem gerðist hjá Verðlagsstofnun? Hefur eðli erindanna breyst að einhverju leyti eða hefur stofnunin nýtt sér víðtækara hlutverk? Mér hafa t.d. borist í hendur bæklingar frá Samkeppnisstofnun. Ég minnist þess ekki að hafa séð mikið prentað efni frá Verðlagsstofnun á sínum tíma og þarna er Samkeppnisstofnun að sinna því hlutverki sínu að fræða almenning um hin nýju lög og það sem fram undan er á hinu Evrópska efnahagssvæði.

Mig langar líka að spyrja um áfrýjunarnefndina. Er hún tekin til starfa? Hafa henni borist erindi? Hefur reynt á þann hluta laganna?

Eins með auglýsinganefndina sem lögin gera ráð fyrir, hefur reynt á hennar starf? Því þarna var auðvitað verið að breyta skipulagi og er afar forvitnilegt að fá að heyra um það hvernig til hefur tekist.

Við í efh.- og viðskn. munum væntanlega kalla á fulltrúa Samkeppnisstofnunar þegar við förum að fjalla um þetta mál, því það er sjálfsagt að nota tækifærið og kippa þá öðru í liðinn ef eitthvað hefur komið í ljós sem þyrfti að breyta.

Að lokum, virðulegi forseti, eins og ég hef nefnt þá leiddi álit umboðsmanns Alþingis í ljós að það þurfti að taka á þessu máli en það er auðvitað spurning hvernig þessu ákvæði verður fylgt eftir og hvernig menn túlka þessa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og hvernig það verður tryggt að hlutlausir aðilar sitji í ráðinu ef það er ekki beinlínis tekið fram í lögunum. En það má kannski segja að hin upprunalegu lög og greinargerð með þeim túlka auðvitað þann vilja löggjafans að hins fyllsta hlutleysis sé gætt sem er að mínum dómi afar mikilvægt í þessum málum.

[18:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það kemur mér ekki á óvart að þetta mál skuli þurfa að koma hér fyrir þingið einungis ári eftir eða á næsta þingi eftir því sem afgreiddi eftir ít-

arlega skoðun og vandaða vinnu ný samkeppnislög. Ástæðan fyrir því er ósköp einföld. Ég tel að hæstv. fyrrv. viðskrh. hafi gert reginmistök við skipan samkeppnisráðs á sl. vori og vakti strax athygli á því að það kynni ekki góðri lukku að stýra þegar hæstv. ráðherra umgengist óhæfisákvæði 6. gr. laganna með þeim hætti sem hann gerði og hafði þá sérstaklega í huga skipun framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands í ráðið. Hæstv. fyrrv. viðskrh. var ítrekað varaður við því að þessi skipan mundi kalla á umræður um vanhæfi á grundvelli 6. gr. og hafa væntanlega tilheyrandi afleiðingar, þessi skipan mundi draga dilk á eftir sér sem nú er orðin raunin á. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að hefði þessi tiltekni einstaklingur, sem gegnir því starfi að vera framkvæmdastjóri heildarsamtaka atvinnurekenda í landinu, ekki verið skipaður í ráðið þá hefðu ekki risið umræður um vanhæfi annarra ráðsmanna, þó svo að þær hafi síðan komið til skoðunar þegar mál var risið af þessu hvort eð var.

Það var þannig að strax 1. apríl 1993, eða reyndar í marsmánuði 1993, lagði ég fram fyrirspurn í beinu framhaldi af því að hæstv. viðskrh. hafði skipað í samkeppnisráð. Ég spurði hæstv. þáv. viðskrh. hverju það sætti að standa að skipan samkeppnisráðs með þeim hætti sem raun bar vitni og þá einkum og sér í lagi hvernig á því stæði að hæstv. ráðherra kaus að skipa framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands einn af ráðsmönnum.

Ég rakti það í greinargerð með fyrirspurn minni hvernig þessi mál þróuðust í meðförum þingsins. Þannig var að í frv. eins og það var upphaflega lagt fram var gert ráð fyrir því að í ráðinu yrði blanda af fulltrúum hagsmunaaðila, þ.e. fulltrúar Alþýðusambandsins og Vinnuveitendasambandsins, en síðan skipaði Hæstiréttur tvo menn í ráðið og skyldu þeir hafa þekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til. Þaðan er þetta orðalag komið. Þetta orðalag var í upphaflegu frumvarpsgerðinni eins og hún var fram borin af viðskrh., en átti þá eingöngu við um þá fulltrúa í ráðinu sem Hæstiréttur skipaði og er svo rökstutt í greinargerð að með því eigi að tryggja að óháðir aðilar hafi veruleg áhrif og vigt inni í ráðinu. Það var síðan niðurstaða í meðförum þingsins að láta þessi skilyrði ná yfir alla ráðsmenn enda var tilnefningum breytt, fallið frá því að hagsmunaaðilar, aðilar vinnumarkaðarins, tilnefndu þarna fulltrúa, þess í stað skyldi viðskrh. gera það, tilnefna alla ráðsmenn en þeir uppfylltu þá líka allir þessi skilyrði.

Ég spurði svo, í framhaldi af þessum rökstuðningi mínum og því mati mínu að það væri svo gjörsamlega útilokað að líta svo á að starfandi framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands fullnægði þeim skilyrðum um að vera óháður fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til, hæstv. fyrrv. viðskrh., Jón Sigurðsson, núv. seðlabankastjóra og verðandi stórbankastjóra úti í heimi, hverju það sætti að þessi tilhögun hefði verið viðhöfð. Það stóð ekki á svörum frá hæstv. ráðherra. Í umræðum á Alþingi 1. apríl sl. svaraði hann m.a. spurningum mínum, um það hverju þetta sætti með framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins og hvort ekki væri ástæða til að óttast að álitamál kynnu að rísa um hæfi framkvæmdastjórans, með eftirfarandi hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Því er fyrst til að svara að við skipun hins nýja samkeppnisráðs var að sjálfsögðu reynt að finna til starfa í því einstaklinga sem eru til þess fallnir að marka hinu nýja ráði virðingu og áhrif í okkar samfélagi um leið og þeir væru óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til.“ — Síðan kom þetta: „Þórarinn V. Þórarinsson er án alls efa slíkur maður“ — sagði hæstv. fyrrv. viðskrh. 1. apríl 1993. (**Gripið fram í:** 1. apríl.) Já. „Þórarinn V. Þórarinsson er án alls efa slíkur maður.“

Ég var ekki sammála þessari niðurstöðu ráðherrans og lét það koma fram og spáði því að hæstv. ráðherra tæki að mínu mati stóra áhættu gagnvart því að hann fengi í hausinn málaferli eða vanhæfismál, t.d. þegar hið nýja samkeppnisráð færi að fella úrskurði eða beita sektum sem það hefur heimild til að gera samkvæmt lögunum. Menn verða að átta sig á því í þessu sambandi að samkeppnisráð fer með mjög umfangsmikil völd. Það hefur á hendi sinni úrræði til að knýja fram úrskurði og koma úrskurðum sínum í framkvæmd, m.a. með beitingu viðurlaga. Þannig að það var auðvitað afar alvarlegt mál að í ráðinu sitji menn sem nokkur minnsti vafi geti leikið á um að fullnægi öllum hæfisskilyrðum og séu óháðir þeim aðilum sem þeir beri að vera.

Ég ítrekaði svo í lokin óskir mínar og áskoranir til hæstv. ráðherra um að endurskoða þessa skipun sína og beindi því reyndar einnig til viðkomandi einstaklings að hann ætti þann kost vænstan að óska eftir því að þurfa ekki að sitja í ráðinu.

Fjórum dögum síðar óskuðu Neytendasamtökin eftir því áliti umboðsmanns Alþingis sem hér hefur síðan leitt til þess að flutt er nú frv. til laga um breytingu á ákvæðum 6. gr. samkeppnislaganna.

Ég vil láta það koma fram fyrir mitt leyti að ég tel að úrskurður umboðsmanns — það kom mér á óvart hversu þröngt hann kaus að túlka þessi ákvæði, einkum gagnvart þeim einstaklingum öðrum sem hér áttu hlut að og ég hef ekki gert að umtalsefni, svo sem eins og starfandi lögmanni hér í bæ — en ég tel að það sé auðvitað enginn annar kostur en taka fullt tillit til þessarar niðurstöðu og hún hljóti að verða leiðandi um framhaldið og þess vegna sé rétt að bregðast þá við með einhverjum þeim hætti sem mönnum finnst eðlilegastur. Ég tel svo að vísu að það sé í sjálfu sér ekkert því til fyrirstöðu að menn geti byggt á óbreyttum lagaákvæðum um samkeppnisráð, það er ekki nokkur vafi á því í mínum huga. Það eru fjölmargir vel hæfir einstaklingar til staðar í þjóðfélaginu sem geta fullnægt öllum þessum skilyrðum, jafnvel þó þau séu svona þröngt túlkuð. Það er ekki vandinn í sjálfu sér. Hitt er álitamál hvort menn séu um of með svona ströngum ákvæðum og þröngri túlkun að takmarka þann hóp sem hægt er að velja úr og hvort það geti til að mynda verið ákjósanlegt að hafa í samkeppnisráðinu að einhverju leyti menn sem eru í beinni tengslum

við atvinnulífið og jafnvel starfandi í því á einhvern hátt.

Ég vil þess vegna hreyfa því sjónarmiði hér að þarna gæti verið skynsamlegt að hverfa aftur til hinnar upphaflegu hugmyndar að nokkru leyti og þá þannig að óbreytt hæfisskilyrði yrðu gerð til a.m.k. tveggja af fimm ráðsmönnum. Þetta yrði þá þannig orðað að viðskrh. skyldi skipa fimm manns í samkeppnisráð og skuli þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum og a.m.k. tveir þeirra vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem lögin taka til. Reyndar held ég að þarna mætti nota ofurlítið rýmra orðalag og e.t.v. væri skynsamlegt í ljósi úrskurðar eða álits umboðsmanns að talað væri um að þeir skyldu ekki hafa beinna hagsmuna að gæta gagnvart einstökum fyrirtækjum eða samtökum sem undir lögin falla. Það mundi þá væntanlega afmarka þetta við að þeir væru ekki beinir hagsmunaaðilar í þeim skilningi að þeir væru eigendur að fyrirtækjum eða ættu hagsmuna að gæta í gegnum arðgreiðslur, starf sitt með beinum hætti o.s.frv.

Ef sú tilhögun væri viðhöfð þá mundu menn væntanlega leita hófanna hjá til að mynda sérfróðum aðilum í viðskiptamálum innan raða háskólastofnana, rannsóknastofnana, þeirra sem annast kennslu eða fræðslu á þessu sviði og ýmissa slíkra, sem óumdeilanlega fullnægðu þessum skilyrðum, en afgangurinn af ráðsmönnum gæti þá komið beint úr atvinnulífinu. Þetta er sú tilhögun sem viðhöfð er sums staðar í nágrannalöndunum, þá gjarnan að vísu á því formi að hæstiréttur viðkomandi lands eða háskólar á viðkomandi sviði tilnefna einhvern hluta af fulltrúum í samkeppnisráði. Þannig mun það til að mynda vera í Danmörku að úr háskólanum kemur einhver hluti þeirra sem situr í ráðinu og með því er reynt að tryggja að a.m.k. hluti ráðsmanna sé óháður og geti á faglegum og fræðilegum grunni nálgast þetta viðfangsefni meira heldur en undir þrýstingi eða af áhrifum á beinum hagsmunum einstakra aðila.

Ég held að það sé óheppilegt að gefast með öllu upp við það að gera slíkar kröfur til a.m.k. einhvers hluta ráðsmanna. Ég held að það sé þá afturför frá upphaflegu hugmyndinni án þess að ég sé í sjálfu sér að mæla með því að menn fari alla leið yfir í að hagsmunaaðilar tilnefni tvo menn, eins og þá var gert ráð fyrir, þ.e. Vinnuveitendasambandið og Alþýðusambandið sem ég leyfi mér að kalla þeim nöfnum í þessu samhengi.

Sú tilhögun sem er nokkuð algeng í íslenskum lögum, að Hæstiréttur taki að sér einhvers konar óháð hlutverk í þeim efnum og tilnefni menn í svona starf, hvort sem það er Kjaradómur eða samkeppnisráð eða annað því um líkt, hefur sætt gagnrýni og að nokkru leyti með réttu. Það má setja spurningarmerki við það hvort það samræmist í raun og veru óhæði Hæstaréttar og hlutverki hans sem slíks að annast slíkar tilnefningar í stjórnsýsluna. Margir eru þeirrar skoðunar að það sé ekki heppilegt það fyrirkomulag sem á Íslandi hefur tíðkast í nokkuð ríkum mæli að þrátt fyrir hinn heilaga aðskilnað dómsvalds, framkvæmdarvalds og löggjafarvalds og allt það og stöðu Hæstaréttar, þá hefur hann í allmiklum mæli verið látinn standa í því að tilnefna svona fulltrúa. Síðan eru þeir að störfum og fella úrskurði og taka þátt í málum og geta gerst aðilar að málum sem endanlega koma svo fyrir Hæstarétt á einhverju formi og þá vakna spurningar um það hvort þessum aðskilnaði hafi verið nógu vel til haga haldið. Þannig að ég get alveg fallist á það að frekar heldur en að láta Hæstarétt annast um slíkt þá sé þetta tilnefningarvald hjá viðskrh. en það séu gerð ákveðin skilyrði um það hvernig með það skuli farið.

En ég segi það strax að ég á erfitt með að sætta mig við að þessu verði breytt á þennan veg sem frv. gerir ráð fyrir að menn gefist einfaldlega upp við það að láta einhver skilyrði, þó rýmra væri orðuð en þau sem fyrir voru, gilda að þessu leyti og þá t.d. um hluta ráðsmanna. Maður gæti hugsað sér að fyrir því væri m.a. sá rökstuðningur að þetta væru tveir menn, þá gæti fulltrúi ráðherra í raun verið í oddaaðstöðu ef svo bæri undir milli þeirra sem kæmu þá kannski með öðrum hætti að ráðinu og hinna sem væru sérstaklega valdir á grundvelli þess eða með hliðsjón af því að þeir væru *óháðir öllum hagsmunum í málinu.*

Þetta þurfa menn að vanda mjög, og ég segi það að lokum hæstv. forseti, að í ljósi þess hversu að mörgu leyti tókst ánægjulega til með góða samstöðu um vinnu að þessu máli á síðasta vetri og ég tel að í heildina tekið hafi verkið tekist vel þá er leiðinlegt að geta ekki leyst með farsælum hætti úr þessu klúðri sem verður að segjast eins og er að er ósköp einfaldlega klúður. Ég ætla ekkert endilega að segja að það klúður eigi 100% að reiknast á viðkomandi viðskrh., e.t.v. var það svolítið óraunsætt af Alþingi, af okkur öllum, sem ákváðum í fyrra að vera svona ströng í þessum skilyrðum og þar ber efh.- og viðskn. og ég þar með talinn vissulega verulega ábyrgð því okkar var það að vinna þetta efnislega. Það má alveg um það deila hvort þetta hafi verið raunsætt í ljósi þessa litla þjóðfélags sem við búum í og hagsmunatengslanna sem fléttast víða um þetta fámenna samfélag. En eftir sem áður verða menn að reyna, ekki satt, að halda til haga og í heiðri svona grundvallarreglur um svona hluti og ég tel að það sé ekki nokkur vafi á því að það sem gerði þetta mál að því vandræðamáli sem það er orðið, var þessi lítt grundaða tilnefning á einstaklingum og sérstaklega einum aðila inn í ráðið sem borðleggjandi var að stóðst ekki óhæðiskröfu laganna. Það var borðleggjandi og þann úrskurð fengu menn í hausinn eins og *spáð hafði verið.*

Það væri fróðlegt að heyra aðeins sjónarmið núv. hæstv. viðskrh. gagnvart þessum hugmyndum sem hér hefur verið hreyft um að menn kannski leiti leiða til þess að finna einhverja málamiðlun milli þessara sjónarmiða sem öll eiga nokkurn rétt á sér og ég hef verið að gera grein fyrir.

[18:35]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa talað. Um þær spurningar sem hv. 18. þm. Reykv. bar fram áðan vil ég aðeins segja þetta:

Í síðustu viku eða vikunni þar áður svaraði ég fyrirspurn frá einum þingmanni einmitt um þau atriði sem hv. þm. spurði um. Það var hv. 4. þm. Suðurl. sem var með fyrirspurn í Alþingi um nákvæmlega þessi atriði og ég svaraði henni fyrir nokkrum dögum. Ég held að það væri einfaldast að ég afhenti hv. þm. sem spurði sömu spurninga áðan eintak af svari mínu sem ég flutti þá því þessum spurningum var öllum svarað. Ég treysti mér ekki til þess að fara með það eftir minni. Í bréfi frá samkeppnisráði kemur m.a. fram, svo ég fari örfáum orðum um bæði fjölda erinda og hvers eðlis þau eru o.s.frv., að nú standa yfir miklar breytingar hjá samkeppnisráði. Þetta er ekki lengur Verðlagsstofnun, þetta er Samkeppnisstofnun. Við það aukast ekki verkefnin heldur gjörbreytast en það er ekki verið að vinna sömu verkefni í Samkeppnisstofnun og unnin voru í Verðlagsstofnun með einhverju viðbættu heldur er verið að vinna þarna algjörlega ný verkefni. Samkeppnisráð er að setja sér starfsreglur og ég taldi eðlilegt að orða það í frv., eins og hér er gert, að það skuli gert til þess að það liggi fyrir í lögum að samkeppnisráðið eigi að vinna eftir starfsreglum sem það setur sér og auglýsir opinberlega, þannig að þeir sem þurfa til samkeppnisráðsins að leita geti vitað hverjar þær reglur eru sem samkeppnisráðið hefur markað sér.

Um það sem hér hefur verið sagt að öðru leyti þá er ég sammála mönnum um að auðvitað á Alþingi að vanda verk sín eins og föng eru en fyrr má nú vanda en vanda svo vel að framkvæmdarvaldið geti nánast ekki framfylgt þeim lögum sem hv. Alþingi setur því miðað við úrskurð umboðsmanns eins og hann liggur fyrir, þá tel ég að nánast sé ekki hægt fyrir ráðherra að framfylgja lögunum eins og þau eru túlkuð af umboðsmanni. Ég vil aðeins, með leyfi forseta, vitna í nokkur atriði sem umboðsmaður tiltekur í úrskurði sínum:

„Líta verður svo á að menn teljist fyrst og fremst háðir fyrirtækjum og samtökum þannig að þeir fullnægi ekki hæfisskilyrðum 1. mgr. 6. gr. samkeppnislaga, nr. 8/1993, ef þeir vegna starfa sinna í þágu slíkra aðila eða eignar í þeim eiga verulegra fjárhagslegra hagsmuna að gæta eða eru í fyrirsvari fyrir aðila sem svo er ástatt um. Fleiri atriði geta komið til álita svo sem sérstakar starfsskyldur við aðila sem undir lögin falla eða samtök þeirra."

Þetta er túlkun umboðsmanns Alþingis og sú túlkun útilokar talsvert marga í íslensku samfélagi. Ég skal fúslega viðurkenna að ég átti í hinum mestu erfiðleikum með að finna einstaklinga sem hugsanlega gætu uppfyllt þau ströngu hæfisskilyrði sem umboðsmaður gerir í úrskurði sínum á grundvelli þeirra vönduðu laga sem Alþingi setti. Ég held að enginn viðskrh. sem í mínum sporum stæði mundi óska eftir því að þurfa að fara svo náið í saumana á persónulegum högum manna.

Ég vil aðeins í þessu sambandi lesa annan þátt í yfirlýsingu umboðsmanns, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Brynjólfur Sigurðsson er formaður samkeppnisráðs. Hann er prófessor við Háskóla Íslands að aðalstarfi. Samkvæmt gögnum sem fyrir mig hafa verið lögð á Brynjólfur hlutafé í þremur hlutafélögum sem lögin taka til. Hlutur Brynjólfs í tveimur af þessum fyrirtækjum er innan við 0,02% af hlutafé fyrirtækjanna. Með tilliti til fjárhæða hlutanna verður að telja að hér sé um svo óverulega hagsmuni að ræða að ekki hafi þýðingu skv. 2. mgr. 6. gr. samkeppnislaga. Brynjólfur er hins vegar formaður stjórnar í hlutafélagi þar sem hann á 11,8% hlutafjár. Með tilliti til þess að hér er um að ræða lítið hlutafélag en hlutafé fyrirtækisins er nokkuð innan við 1 millj. kr. og að umfang rekstrar þess er takmarkaður verður að mínum dómi naumast talið að Brynjólfur geti talist háður umræddu hlutafélagi í merkingu 2. mgr. 6. gr."

Með öðrum orðum, áður en viðskrh. gengur frá skipun manns í samkeppnisráð þá verður hann að óska eftir því að fá yfirlit frá viðkomandi einstaklingi um hugsanlega hlutafjáreign hans í fyrirtækjum, þ.e. í hvaða fyrirtækjum á viðkomandi einstaklingur hugsanlega eitthvert hlutafé? Á hann sæti í stjórn einhvers hlutafélags? Er hann starfsmaður einhvers hlutafélags? Hvað um nánustu ættingja, svo sem eiginkonu eða börn, eiga þau hlut í hlutafélagi? Er það hár hlutur eða er það lágur hlutur? Er það hlutafélag sem ætla má að hafi einhver áhrif í atvinnulífi eða ekki? — Þetta væru upplýsingar sem viðskrh. yrði að kalla eftir samkvæmt þessum úrskurði sem ég veit ekki til að aðrir geti kallað eftir með lögum og rétti en skattyfirvöld. Ég segi fyrr má nú gera lög vönduð en svo að viðskrh. sem ætlar að skipa menn í samkeppnisráð þurfi að leita slíkra upplýsinga.

Því miður mun hafa láðst að geta þess að formaður samkeppnisráðs á sæti í stjórn Hagfræðistofnunar háskólans. Hagfræðistofnun háskólans er „fyrirtæki" sem vinnur á samkeppnisgrundvelli gagnvart öðrum fyrirtækjum í sambandi við alls konar úttektarstörf eins og kunnugt er svo og ráðgjafarstörf svo að segja má að það hefði mátt telja líklegt að ef þessar upplýsingar hefðu legið fyrir þá hefði formaður samkeppnisráðs einnig verið dæmdur óhæfur til setu í ráðinu, þar sem hann ætti sæti í stjórn Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands.

Um annan mann er það sagt að hann verði ekki úrskurðaður vanhæfur þar sem fyrir liggi að hann eigi ekkert hlutafé í neinu fyrirtæki, sitji ekki í stjórn neinna fyrirtækja né samtaka. Hann mætti t.d. vænta nlega ekki eiga sæti í stjórn Sambandsins, ekki í stjórn kaupfélags, ekki í stjórn verkalýðsfélags, ekki í stjórn slíkra aðila.

Við skulum taka annað dæmi um þriðja mann sem dæmdur var vanhæfur. Hann er framkvæmdastjóri stéttasamtaka. Hann situr í miðstjórn Alþýðusambands Íslands sem á hlutabréf í þremur hlutafélögum, m.a. á grundvelli þess er hann talinn vanhæfur til setu í samkeppnisráði.

Mig langar af því að hér var talað sérstaklega um Þórarin V. Þórarinsson að lesa úrskurð umboðsmanns um hans tilvik vegna þess að niðurstaða umboðsmanns er allt önnur heldur en sú sem rætt var um að mundi orsaka vanhæfi Þórarins um það leyti sem hann var skipaður. Í umsögn umboðsmanns segir:

„Viðkomandi er framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands. Þar sem samkeppnislög, nr. 8/1993, taka ekki til launa eða annarra starfskjara launþega samkvæmt kjarasamningum er ljóst að það meginviðfangsefni Vinnuveitendasambands Íslands að koma fram fyrir hönd aðildarfyrirtækja við gerð kjarasamninga fellur utan gildissvið samkeppnislaga."

Með öðrum orðum: Framkvæmdstjóri Vinnuveitendasambands Íslands er ekki vanhæfur að áliti umboðsmanns fyrir það að vera framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, þvert gegn því sem talið var þegar sú skipun var gagnrýnd. Hins vegar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 2. gr. laga Vinnuveitendasambands Íslands er það hins vegar einnig tilgangur sambandsins að vera í forsvari fyrir vinnuveitendur gagnvart almenningi og hinu opinbera, svo og að móta og koma á framfæri stefnu í málum sem snerta atvinnurekstur. Í þeim málum sem komið geta til kasta samkeppnisráðs getur því komið til þess að Þórarinn verði ekki talinn óháður fyrirtækjum sem samkeppnislögin taka til."

Síðan er rætt um óverulega hlutafjáreign viðkomandi sem ekki gerir hann vanhæfan, en það er sem sé fyrir það að vera starfsmaður samtaka sem hafa m.a. það að hlutverki sínu að koma á framfæri stefnu í málum sem snerta atvinnurekstur sem viðkomandi er dæmdur vanhæfur.

Með sama hætti er annar ráðsmaður dæmdur vanhæfur sem á sæti í miðstjórn Alþýðusambandsins, ekki fyrir það að eiga sæti í miðstjórn gagnaðilans, hins samningsaðilans, Þórarinn var ekki heldur dæmdur vanhæfur fyrir slíkt heldur telst hann vera vanhæfur af því að miðstjórn Alþýðusambands Íslands sem hann situr í stjórn hjá á hlutafé í einhverjum félögum.

Virðulegi forseti. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að sá hafi ekki verið tilgangur hins vandaða löggjafa að þessi væri túlkunin. En engu að síður er þetta niðurstaðan og um þessa niðurstöðu deilum við að sjálfsögðu ekki heldur verða Alþingi og viðkomandi ráðherra að reyna að bregðast við með einhverjum hætti enda bendir umboðsmaður á það í úrskurði sínum að rétt sé af viðskrh. að hann taki málið upp. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Ég tel því rétt að beina því til viðskrh. að hann taki það til athugunar hvort leggja beri til við Alþingi að endurskoða orðalag áðurgreindrar hæfisreglu með það fyrir augum að gera það markvissara, m.a. með því að tilgreina skýrar þau tengsl og hagsmuni sem leiði til vanhæfis manna til setu í samkeppnisráði."

Þannig að það er umboðsmaður sjálfur sem gerir sér grein fyrir því hver eru áhrifin af úrskurði hans. Þau eru, og það skal hreinlega viðurkennast að það var ekkert auðhlaupið verk, ekkert auðunnið verk, að finna menn í stað þeirra sem urðu að víkja úr samkeppnisráði samkvæmt úrskurði umboðsmanns sem uppfylltu þau ströngu hæfisskilyrði. Það er ekkert áhlaupaverk fyrir einn ráðherra að þurfa að yfirheyra þá aðila sem hann hugsar sér að skipa í samkeppnisráð um persónulegan fjárhag þeirra og e.t.v. nánustu vandamanna. Menn eiga ekki að ganga frá lagasetningu með þeim hætti.

Hins vegar bendi ég á 2. mgr. 50. gr. þessara laga sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Enginn má af hálfu stjórnvalda taka þátt í úrlausn máls er lög þessi ná til ef hann hefur þar persónulegra hagsmuna að gæta ..."

Sama regla er orðuð með enn strengilegri hætti í 3. gr. stjórnsýslulaganna sem Alþingi setti í fyrra. Það er mitt álit að þessi hæfisskilyrði séu það ströng að þau eigi að nægja til þess að koma í veg fyrir það að aðili í samkeppnisráði taki þátt í úrskurði máls þar sem hann hafi hagsmuna að gæta. Það tel ég meginatriði málsins.

Mér líst hins vegar ekki vel á þá hugmynd að gera mismunandi hæfiskröfur til þeirra fulltrúa sem í ráðinu eiga sæti. Mér finnst rétt að gerðar skuli sömu hæfiskröfur til þeirra allra og ég bið hv. efh.- og viðskn. endilega um það að leggja ekki þær byrðar á herðar viðskrh., hver sem hann er, að ætlast til þess að hann framfylgi hæfiskröfum í gildandi lögum gagnvart einhverjum hluta ráðsmanna. Ég tel að viðskrh., sem reynir að velja hæfa menn í samkeppnisráð, eigi ekki áður en hann tekur ákvörðun um það að þurfa að ganga þau svipugöng að grennslast fyrir um persónulegar fjárreiður manna.

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. núv. viðskrh. hefur gert allítarlega grein fyrir þeim erfiðleikum sem hann telur að því hafi verið samfara að finna menn í ráðið sem uppfylltu þessi ströngu hæfnisskilyrði og ég ætla út af fyrir sig ekkert að gera lítið úr því veseni. Ég get sagt það fyrir mitt leyti, eins og ég gerði reyndar áðan, að ég tel að þegar þessi breyting var afgreidd á sínum tíma á Alþingi á sl. vetri þá hafi menn haft í huga rýmri túlkun á þessu orðalagi heldur en var niðurstaða umboðsmanns Alþingis. Ég tel mig geta fullyrt það, a.m.k fyrir mitt leyti, eins og umræður hnigu í efh.- og viðskn. þá áttuðu menn sig ekki á því að túlkunin á þessu orðalagi gæti orðið svona þröng. Ég held að menn hafi einmitt haft þar í huga að einhver minni háttar eignaraðild og annað því um líkt þyrfti ekki að gera menn háða fyrirtækjum eða samtökum í beinum skilningi þess orðs. Það að hafa þarna eitthvað rýmra orðalag kæmi þess vegna vel til greina, og það er náttúrlega mikill millivegur frá því að hafa þetta eins og það var óbreytt í ljósi þessarar túlkunar og hinu að fella þetta alveg burtu. Þá vakna auðvitað ýmis álitamál um það hversu háðir beinum hagsmunum samtaka eða fyrirtækja menn gætu orðið og samt hlotið skipun í ráðið og væri ekki eðlilegt að þarna væri mælt fyrir um þetta með einhverjum hætti. Ég bakka ekki með þá hugmynd að sú hugsun sem var í fyrsta uppkastinu væri alls ekki galin í þessum efnum að tryggt væri að einhver hluti ráðsmannanna væri skipaður óháð þessum hagsmunum. Það er ekkert vandamál í sjálfu sér fyrir ráðherrann að ganga þannig frá hlutunum, gæti þvert í móti haft ýmsa kosti í för með sér.

Varðandi úrskurðinn eins og hann snýr að fram-

kvæmdastjóra Vinnuveitendasambands Íslands þá var hann nákvæmlega á þeim forsendum sem ég spáði, þ.e. ekki út frá því hlutverki Vinnuveitendasambandsins að semja um laun heldur út frá hinu almenna hagsmunagæsluhlutverki Vinnuveitendasambandsins, samskiptum við stjórnvöld o.s.frv. Sá úrskurður var því nákvæmlega eins og fyrir hafði verið spáð.

[18:51]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil alls ekki orða þetta svo að það sé verið að falla frá öllum hæfisskilyrðum því eins og ég tók fram eru í 50. gr. gildandi laga mjög ströng hæfisskilyrði. Enn fremur eru mjög ströng hæfisskilyrði í stjórnsýslulögunum nýju og það er ekki verið að falla frá þeim. En ég bið menn að hugleiða það hvort menn ætla sér að hafa hæfisskilyrðin svo ströng að t.d. þeir sem starfa í þágu almannasamtaka, ráðgjafarstörf eða eitthvað slíkt, þeir sem eru starfsmenn hjá atvinnufyrirtækjum, látum nú eignaraðildina liggja á milli hluta, þeir sem starfa t.d. sem sjálfstæðir endurskoðendur, rekstrarráðgjafar, lögfræðingar o.s.frv. eigi allir að vera óhæfir til setu í samkeppnisráði þannig að þó svo að menn sleppi eignaraðildinni og geri lítið úr henni, þá eru hinar almennu hæfiskröfur um önnur atriði sem gerð eru í gildandi lögum sem gera það að verkum að þeir menn og konur sem starfa í einhverjum tengslum við atvinnulífið, við fjöldasamtök, í ráðgjafarþjónustu, í endurskoðun o.s.frv. verði allir vanhæfir til setu í samkeppnisráði. Það getur ekki verið ætlun Alþingis að þannig sé málum skipað. Það hlýtur að vera ætlun Alþingis að sá úrskurði ekki í máli í samkeppnisráði sem er af einhverjum orsökum vanhæfur til þess að úrskurða í því máli sem lagt er fyrir hverju sinni. En að ætla að útiloka alla þá sem eru í trúnaðarstörfum eins og ég nefndi hér áðan, ekki bara fyrir opinbera aðila heldur fyrir atvinnulíf, fyrir hagsmunasamtök, fyrir stéttasamtök, bændasamtökin, neytendasamtök eða einhverja slíka aðila, það gengur ekki.

[18:53]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér er í fyrsta lagi nauðsynlegt að gera skýran greinarmun á hæfi annars vegar og hæfni hins vegar. Það er ljóst að við erum ekki á nokkurn hátt að draga í efa að hæfni margra til að skipa þessum störfum er óumdeild úti á markaðinum. Hins vegar er það sú aðferð sem valin er hjá mörgum þjóðum að reyna að tryggja að einhver hluti a.m.k. manna sem fara með svona vandasamt og í raun og veru valdamikið hlutverk eins og það er að sitja í samkeppnisráðum samkvæmt þeim verkefnum sem þau nú hafa í nútímalegri löggjöf þjóða eins og í Bretlandi, Danmörku og á Íslandi, t.d. að úrskurða um samruna fyrirtækja, að einhver hluti þeirra sem þann úrskurð fella séu óháðir í beinum skilningi þess orðs, eigi ekki neinna hagsmuna að gæta vegna starfa sinna á einhverju tilteknu sviði. Og t.d. ef ég man rétt í „konkúranslögunum" dönsku, þá er ósköp einfaldlega séð fyrir þessu með því að frá háskólanum koma tilteknir menn sem ekki eiga þá neina rekstrarhagsmuni í því, menn sem kenna hagfræði úti í háskóla, að þetta gangi svona eða hinn veginn til. Það má að sjálfsögðu setja svo reglur um það hversu smávægilegum tengslum í formi einhverra lítilla eignarhluta eða jafnvel starfa megi líta fram hjá við slíka skipun og það held ég að væri tiltölulega auðvelt að gera og kannski nauðsynlegt að gera til þess að það séu alveg skýrar reglur um það hvernig svona skipun megi gerast. Ég held að allt annað sé ákaflega óheppilegt og það t.d. má ekki endurtaka sig að hlutir gerist eins og þeir hafa gerst á þessu ári. Ég tel að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands eigi t.d. ekki að sitja í samkeppnisráði þó að við breytum þessum reglum. Hann er framkvæmdastjóri heildarsamtaka sem hafa m.a. innan sinna vébanda 60 fyrirtæki sem eru beinir aðilar að VSÍ, ekki í gegnum starfsgreinar og þar á meðal nokkur stærstu fyrirtæki landsins. Og hin almenna hagsmunagæsla í þágu slíkra aðila gerir það að verkum að við eigum að skipa málum þannig að slíkir aðilar sitji ekki í ráðinu.

[18:56]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef afskaplega litlu við þau svör að bæta sem ég hef þegar gefið. Það eina sem ég bið um er einfaldlega að menn skoði þetta mál nú vel og gangi ekki þannig frá lagasetningunni að hún sé því sem næst óframkvæmanleg eins og ég tel hana vera í núverandi mynd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1993, 3. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 310, brtt. 131 og 321.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 321. — Afbrigði samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, IBA, ISG, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SJS, SvG.

1 þm. (REl) greiddi ekki atkv.

31 þm. (DO, EH, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur. — [Fundarhlé.]

[20:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir tillögu sem er að finna á þskj. 321. Hún er við 3. gr. og fjallar um að þar komi nýr liður, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, almennur rekstur, 250 millj. kr. Þessi tillaga er flutt hérna við 3. umr. og hún er hluti af drögum að samkomulagi milli ríkisstjórnarinnar annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar en eins og fram hefur komið í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að sveitarfé-

lögin leggi af mörkum í Atvinnuleysistryggingasjóð 600 millj. kr. og ríkisstjórnin beiti sér fyrir viðbótarframlagi að sömu upphæð og þessum fjármunum verði varið til sérstakra verkefna til eflingar atvinnulífi á vegum sveitarfélaga.

Jafnframt hefur ríkisstjórnin tekið að sér að kanna breytingar á reglum Atvinnuleysistryggingasjóðs í hátt við það sem fram hefur komið í viðræðum við fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Nokkur fleiri atriði eru í drögum að samkomulaginu sem væntanlega verður undirritað eftir örfáa daga, jafnvel í þessari viku.

Fyrir um það bil tæpu ári síðan var gerð sú breyting á lögum og reglum að meðlög með börnum, meðalmeðlög, voru hækkuð umtalsvert en eins og allir vita, þá eiga börnin meðlagsrétt hjá því foreldri sem ekki elur barnið upp. Ef greiðsla berst ekki frá barnsföður eða barnsmóður getur viðkomandi aðili sem réttinn á fengið greitt meðlagið úr Tryggingastofnun ríkisins en Tryggingastofnun ríkisins á síðan endurkröfurétt á sveitarfélögin og þau hafa kosið að gera það með þeim hætti að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur tekið að sér að greiða muninn. Þegar þessi ákvörðun var tekin á sínum tíma var það gert um leið og bótaréttur einstæðra foreldra var skertur nokkuð en þar sem málið snertir ekki einungis ríkissjóð og ríkisstjórnina var haft samráð um þessa hluti við fulltrúa sveitarfélaganna og jafnframt var gert samkomulag þess efnis að ef Jöfnunarsjóðurinn þyrfti vegna þessara breytinga að greiða Tryggingastofnun ríkisins meira en 300 millj. kr. skyldi ríkissjóður bæta þann mun sem umfram yrði.

Nú hefur komið í ljós að það vantar um það bil 250 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til þess að hann standi jafnsettur og gert hafði verið ráð fyrir. Reyndar hefur það komið í ljós þegar mál eru skoðuð að Innheimtustofnun sveitarfélaga, sem annast fyrir hönd sveitarfélaganna innheimtu á meðlögum, hefur átt við nokkra innheimtuörðugleika að stríða sem stafa sumpart af því að gerðar voru breytingar á dómskipuninni og öðrum slíkum atriðum. Þessar breytingar hafa orðið til þess að innheimtan hefur gengið verr en áður og nokkur slaki myndast við innheimtuna. Mjög erfitt er að greina á milli að hve miklu leyti minni innheimta en vænst var stafar af hækkun meðlaga eða hvort orsakanna megi leita í slakari innheimtu af öðrum ástæðum.

Þar sem samningar gengu um þetta á sínum tíma þótti eðlilegt að ganga frá nýju samkomulagi við sveitarfélögin þannig að þetta mál væri frágengið og afgeitt. En það þýðir m.a. að ekki er gert ráð fyrir þessari upphæð á fjárlögum næsta árs heldur er gert ráð fyrir því í yfirlýsingu sem væntanlega verður gefin af hálfu ríkisstjórnar og fulltrúa sveitarfélaganna að leita verði nýrra leiða til þess að innheimta það fjármagn sem innheimta á samkvæmt lögum hjá þeim sem borga eiga með börnum og Innheimtustofnun sveitarfélaganna leitar fjármagns hjá. (**SvG:** Nýrra leiða?) Nýrra leiða. (**GÁ:** Hvaða leiðir eru það?) Það er t.d. að grípa til leiða sem notaðar eru í skattkerfinu, herða innheimtuna með þeim hætti, enda kemur í ljós að í mörgum tilvikum er ríkið að borga út bætur til manna sem skulda Innheimtustofnun sveitarfélaga stórkostlegar upphæðir og það þykir óeðlilegt þegar litið er til þess hve meðlögin eru skyld raunverulegum skattgreiðslum að eðli til að hægt sé að grípa til svipaðra ráðstafana. Enn hafa ekki verið settar niður neinar reglur um þetta efni en það er gert ráð fyrir því að um þetta geti náðst gott samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga til hvaða aðgerða er hægt að grípa til þess að árangur verði betri og mun betri en á undanförnum missirum. Það er alveg ljóst frá mínum bæjardyrum séð að breyting sem var á upphæð meðlaganna skýrir ekki lélegri innheimtu Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Það væri vissulega áhugavert, virðulegi forseti, að fjalla hér um upphæð meðlags yfir höfuð og rifja það upp af því tilefni að stundum hefur verið sagt að meðlag þess foreldris sem ekki hefur barn hjá sér ætti að nægja fyrir um það helmingi af framfærslu barnsins. Þegar við skoðum meðlag út frá þessum sjónarhóli, þá hugsa ég að ýmsum þyki 20 þús. kr. eða þar um bil vera heldur lág fjárhæð til að standa undir kostnaði vegna barns á heimili. Eigi að síður reynist það mjög erfitt að fá sérstaklega barnsfeður, sem ekki eru í fastri vinnu, þá helst í vinnu hjá hinu opinbera, til þess að greiða þessi meðlög og koma þar ýmsar ástæður til. Þær ástæður eru sumpart afar skiljanlegar, t.d. vegna þess að margir þessara manna og kvenna sem ekki hafa börn hjá sér mynda nýtt samband, eignast maka og börn og það sjá allir í hendi sér að upp geta komið árekstrar þegar þannig stendur á.

Ýmsar aðrar ástæður mætti minnast á í þessu sambandi en hvernig sem málið er hugsað þá hlýtur það að vera ljóst að það getur ekki talist eðlilegt að þeir sem standa reglulega skil á meðlögum til Innheimtustofnunar eða beint til viðkomandi aðila, eigi jafnframt í gegnum skattana að kosta meðlög hinna sem ekki standa í skilum. Og allra síst getur þetta verið réttlætanlegt þegar ljóst er að margir sem eiga lögum samkvæmt eða samningum samkvæmt að borga meðlög, njóta bóta eða útborgaðra skatta af hálfu hins opinbera. Um það snýst þetta mál ekki sem hér er flutt. Það snýst reyndar um það að það er ætlun ríkisins og sveitarfélaganna að finna viðunandi lausn á þessu máli. Það hlýtur eitthvað að vera að í því kerfi þar sem ekki nást inn 550 millj. á ári af þeim barnsmeðlögum sem greiða á. Það hlýtur eitthvað að vera að í því kerfi og það hlýtur að vera eðlilegt að ríkisvaldið taki þátt í því með sveitarfélögunum sem hafa félagsmálin og þar á meðal framfærslumálin í sínum verkahring að þessir aðilar sameiginlega leiti lausna.

Þessi brtt. sem hér er mælt fyrir er einungis flutt vegna þess samkomulags sem gert var fyrir ári síðan og til þess að greiða fyrir og um leið vera hluti af nýju samkomulagi á milli ríkis og sveitarfélaga sem ætlunin er að ganga frá allra næstu daga og hefur inni að halda mörg önnur atriði, þar á meðal það að sveitarfélögin taki að sér að greiða með beinum hætti í Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að koma í veg fyrir aukningu atvinnuleysis. Það gerist til viðbótar því að sveitarfélögin þurfa eins og aðrir launagreiðendur að greiða tryggingagjald sem að nokkru leyti rennur beint

til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að rekja þetta mál frekar. Það er eðlilegt að mínu mati að ríkið greiði þessa fjármuni í þetta eina sinn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Sá sjóður hefur þýðingarmiklu hlutverki að gegna öðru en að borga barnsmeðlög. Þar á meðal er þessi sjóður ákaflega dýrmætur smæstu sveitarfélögunum. Þegar af þeirri ástæðu, virðulegi forseti, tel ég ástæðu til að hv. þm. styðji þessa brtt. við fyrirliggjandi frv. til fjáraukalaga.

[20:42]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar þessi mál voru hér síðast til meðferðar, þá upplýsti hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson eftir sínum útreikningum og hyggjuviti að það mundi vanta 250 millj. kr. upp á það að fjármunir dygðu til þess að standa við þær skuldbindingar sem hér er verið að gera tillögu um. Og niðurstaðan er nákvæmlega sú sama. Það er dálítið merkilegt að hugsa um þetta með hliðsjón af því að tölur hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar á sínum tíma þóttu svo vitlausar að það væri ekki einu sinni ástæða til að hlusta á það sem hann sagði, hvað þá heldur að taka mark á því. Þannig liggur núna fyrir að það sem stjórnarandstaðan sagði þegar þessi breyting á meðlögunum var tekin upp er rétt og þessi hækkun meðlaganna stóðst ekki veruleikann, enda var verið að hækka þau úr ef ég man rétt 7.500 kr. í um það bil 11 þús. kr. á mánuði. Þessi tillaga hæstv. fjmrh. er auðvitað ákaflega góð og skýr viðurkenning á því að undirbúningurinn að ráðstöfunum í ríkisfjármálum í fyrra var slakur, áætlanagerðin stóðst ekki. Ég tel út af fyrir sig fagnaðarefni að hæstv. fjmrh. skuli viðurkenna það. Hitt er þó alvarlegra að hann hótar því hér að gera lögtak fyrir barnsmeðlögum í öðrum opinberum bótum sem þessir aðilar eru að greiða. Eins og hverju? Eins og þá væntanlega aðallega örorkubótum og atvinnuleysisbótum sem eru stærsti hluti opinberra bóta sem þessir aðilar fá. Ég er sannfærður um að hann getur náð kannski samkomulagi við sveitarfélögin um þetta efni, en það segir mér ekki neitt. Hér er bersýnilega um að ræða kerfi sem gengur ekki upp og það er ekki nóg að semja við sveitarfélögin um ráðstöfun þessara mála.

[20:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki skal ég gera lítið úr hyggjuviti hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar (Gripið fram í.) sem er nú gamall nemandi minn. (Gripið fram í) Já, já, til viðbótar, ekki versnaði hann við það. En nákvæmlega sömu niðurstöðu höfðu aðrir komist að, þar á meðal Sigurjón Pétursson sem átti sæti í sjóðstjórninni, þ.e. Innheimtustofnunar, og Sigurgeir Sigurðsson, Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og margir fleiri menn sem bentu á að svona gæti farið. Það breytir hins vegar ekki því að Ríkisendurskoðun skoðaði þessi mál mjög nákvæmlega og niðurstaða Ríkisendurskoðunar varð sú að þetta væri fyrst og fremst slaki í innheimtu af tveimur ástæðum: Önnur er sú að það varð breyting á dómaskipuninni. Hin er sú að tækjabúnaður stofnunarinnar vegna flutnings var í molum og það var ekki fyrr en seint á þessu ári að hægt var að fara með lögfræðilega innheimtu af stað.

Hér er ekki á ferðinni hjá mér nein hótun um það að fara að taka örorkubætur eða aðrar slíkar bætur af fólki heldur er einungis verið að benda á að í sumum tilvikum er verið að greiða út skatttengdar bætur, barnabætur, jafnvel virðisaukaskatt sem er endurgreiddur, beinlínis til þeirra sem ekki hafa staðið skil á þessum sjálfsögðu greiðslum sem ég hélt satt að segja að flestir skildu að væri eitt af því sem við gætum kallað frumskyldu okkar, þ.e að greiða með þeim börnum sem við eigum.

[20:46]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig mikilvægt að fjmrn. viðurkenni, hæstv. forseti, að það geri vitlausar áætlanir og ber að þakka fyrir það. Hitt er alvarlegra með hvaða hætti hæstv. fjmrh. gerir það, bæði í sínu andsvari núna og í ræðu sinni hér áðan. Hér áðan talaði hann um ýmsar bætur sem þessir einstaklingar fá úr ríkiskerfinu. Ég nefndi sem dæmi örorkubætur og atvinnuleysisbætur. Nú nefndi hann ýmsar aðrar bætur eins og t.d. barnabætur og hann nefndi reyndar líka aðra óskylda skatta. Stendur virkilega til að fara að breyta uppgjöri innskatts og útskatts í virðisaukaskatti með því að kippa inn í leiðinni vangreiddum barnsmeðlögum þeirra sem reka fyrirtæki hér á landi? Það er afar fróðleg og merkileg yfirlýsing frá varaformanni Sjálfstfl. og athyglisverð.

[20:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var enginn sem sagði að þetta eða hitt yrði gert. Það var einungis sagt og bent á að ríkið væri að borga út bætur til þeirra sem skulduðu meðlög og ég spurði: Er það eðlilegt? Ég sagði hins vegar, og ég veit að hv. þm. tók eftir því að það væri hlutverk ríkisins annars vegar og sveitarfélaganna hins vegar að finna viðunandi lausn á þessu máli og benti á í því sambandi að það kæmi vel til greina að nota skattalegri aðferðir til þess en hingað til hafa verið notaðar. En eins og allir vita hafa menn heykst á því að beita innheimtuúrræðum sem notuð eru til að mynda þegar skattur er innheimtur. Ég ætla hér ekki að fara að nefna til hver verður niðurstaðan af þessari vinnu. Ég bendi einungis á að ríkið hefur skuldbundið sig gagnvart sveitarfélögunum til þess að finna viðunandi lausn á þessu mjög svo mikilvæga máli.

[20:49]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að víkja að öðrum þætti þessa fjáraukalagafrv. en þeim sem hæstv. fjmrh. var að mæla hér fyrir, en á þskj. 131 flytjum við þingmenn Alþb. brtt. sem felur það í sér að sá liður í frv. til fjáraukalaga, þar sem sótt er um heimild til þess að fjármagna launahækkanir Hæstaréttar, er felldur niður. Ég og við þingmenn Alþb. sem erum fulltrúar í fjárln. höfum óskað eftir upplýsingum síðustu daga frá Ríkisendurskoðun og starfsmanni fjárln. um það hvað

felist í úrskurði Kjaradóms varðandi launagreiðslur til Hæstaréttar og hvað Hæstiréttur hafi fengið greitt á þessu ári. Áður en ég kem að þeim tölum er nauðsynlegt að ítreka það hér að Kjaradómur ákveður laun Hæstaréttar, hann ákveður laun ráðherra og þingmanna. Kjaradómur er endanlegur úrskurðaraðili í þeim málum. Úrskurði hans verður ekki áfrýjað til Hæstaréttar eða annarra aðila, hann hefur lokaorðið.

Atburðarásin í þessu máli hefur verið nokkuð flókin, en hún hefur verið á þann veg að Hæstiréttur sendi bréf til forsrh. og kaus að túlka úrskurð Kjaradóms á þann veg að Hæstarétti bæri að fá yfirvinnugreiðslur allnokkrar er næmu um það bil 100 þús. kr. á mánuði. Forsrh. svaraði á þann veg að hann deildi ekki við dómarann og sendi þetta erindi til fjmrn. og fjmrn. hóf að greiða þessar yfirvinnugreiðslur til Hæstaréttar og sækir nú um heimild í fjáraukalagafrv. fyrir árið 1993 til þess að geta greitt þær úr ríkissjóði.

Nú gerist það hins vegar fyrir nokkrum vikum síðan að Kjaradómur fellir úrskurð um launakjör hæstaréttardómara. Þá kemur í ljós að úrskurður Kjaradóms samrýmist á engan hátt þeirri sjálftökutúlkun sem Hæstiréttur hafði sent í bréfi til forsrn. og fjmrn. greitt í samræmi við það. Þess vegna óskuðum við þingmenn Alþb. eftir því að Ríkisendurskoðun svaraði þeirri spurningu, hverjar ættu launagreiðslur til Hæstaréttar að vera á árinu 1993 í samræmi við úrskurð Kjaradóms. Eða með öðrum orðum, ef fylgt er niðurstöðu þess aðila sem samkvæmt lögum á að ákveða launakjör Hæstaréttar. Svar Ríkisendurskoðunar er alveg skýrt. Þar segir:

„Heildarlaunagreiðslur til hæstaréttardómara 1993 miðað við úrskurð Kjaradóms eiga að vera samtals 27.259.828 kr. (**Gripið fram í:** Viltu endurtaka.) 27 milljónir 259 þúsund 828 krónur. (**Gripið fram í:** Getur ekki skakkað krónum?) Þetta er síðan sundurliðað annars vegar í greiðslur til forseta réttarins og hins vegar til annarra dómara og síðan í mánaðarlaun, yfirvinnu og orlof. Samtalan 27 millj. rúmar.

Starfsmaður fjárln. hefur síðan upplýst samkvæmt eftirgrennslan sinni að heildarlaunagreiðslur til hæstaréttardómara á þessu ári muni nema 41,4 millj. kr. eða um það bil 50% meira en Ríkisendurskoðun telur að hæstaréttardómarar eigi að hafa samkvæmt úrskurði Kjaradóms. Þessar 41,4 millj. eru sundurliðaðar á þann veg að föst laun eru 24,6 millj., yfirvinna 11,6 millj., orlof 1,3 millj., launatengd gjöld 3,9 millj. Samtals 41,4 millj. kr.

Hér er þess vegna komin upp sú staða að Hæstiréttur Íslands er að fá á árinu 1993 50% meira í greidd laun en Kjaradómur hefur úrskurðað honum og þessi munur er byggður á túlkun réttarins sjálfs á því hvað hann eigi að fá. En Hæstiréttur er ekki dómari í eigin máli hvað þetta snertir, það er Kjaradómur. Og Kjaradómur hefur nýlega kveðið upp úrskurð sem felur það í sér að túlkun Hæstaréttar á því hvað hæstaréttardómarar eigi að fá er alröng. Kjaradómur hefur þess vegna sagt: Það sem Hæstiréttur las í vilja Kjaradóms um launakjör Hæstaréttar, var rangt og það skakkaði ekki litlu, það skakkaði heilum 50%. Í stað þess að fá 27 millj. hefur rétturinn tekið sér 41,4 millj. Fjmrh. er þess vegna í þeim vanda staddur: Ætlar hann að halda með málið áfram og óska eftir þessari heimild í frv. þegar þetta blasir nú við sem gerst hefur eftir að hann lagði frv. fram? Og ætli hann að gera það, þá er líka ljóst að hann verður að hækka þá upphæð sem hann lagði upphaflega fram í frv. vegna þess að hún dugir ekki heldur til þess að dekka þær greiðslur sem hæstaréttardómarar eru að fá á árinu, þær 13 millj. til viðbótar sem þar er sótt um.

Ég heyrði hæstv. fjmrh. segja það í sjónvarpsviðtali nú um kvöldmatarleytið að þetta byggðist á því að úrskurður Kjaradóms nú væri nýr og það yrði greitt samkvæmt honum framvegis. Mín fyrsta spurning er þá til hæstv. fjmrh.: Er hann þar með að segja að hann ætli að lækka raunlaun hæstaréttardómara um rúmlega 30% núna um áramótin? Að það sem muni gerast í raunlaunum hæstaréttardómara um áramótin sé lækkun upp á rúm 30%? Það væri mjög fróðlegt að fá svar við þessu. En það breytir hins vegar ekki þeirri staðreynd að sá formlegi aðili sem úrskurðar um launakjör Hæstaréttar hefur úrskurðað það samkvæmt upplýsingum Ríkisendurskoðunar að þeir hafi fengið of mikið vegna þess að það var ekki Kjaradómur sem heimilaði þessa sjálftöku Hæstaréttar. Það var Hæstiréttur sjálfur sem úrskurðaði hvað hún ætti að vera mikil og hvers eðlis og að hún ætti yfir höfuð að eiga sér stað.

Þess vegna er það nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. tjái sig mjög rækilega um þetta mál hér við þessa 3. og síðustu umræðu. Ég vil enn fremur upplýsa það að samkvæmt upplýsingum fjmrn. í dag er fjárlagatalan 1993 fyrir launagreiðslur hæstaréttardómara eins og hún er í bókum fjmrn. 29,2 millj., eða með öðrum orðum, hún er hærri heldur en sú upphæð sem Ríkisendurskoðun segir að hæstaréttardómarar eigi að fá samkvæmt úrskurði Kjaradóms. Það þarf þess vegna ekki eina einustu krónu í þessu fjáraukalagafrv. til þess að fjmrn. geti greitt hæstaréttardómurum það sem þeim ber samkvæmt úrskurði Kjaradóms. Ekki krónu. Þess vegna stendur sú tillaga sem við fluttum, þingmenn Alþb., um að fella liðinn Hæstiréttur brott úr fjáraukalagafrv. að upphæð 13 millj. fyllilega eftir þessa athugun.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. fjmrh.: Er það virkilega ætlun hans að láta það ganga eftir að þessar launagreiðslur umfram úrskurð Kjaradóms verði látnar standa? Ef hann ætlar að gera það, þá er líka ljóst að sú upphæð sem hann fer fram á í þessu fjáraukalagafrv. dugir ekki. Hann verður að hækka hana þannig að ef hæstv. fjmrh. ætlar að vera sjálfum sér samkvæmur, þá verður hann líka að flytja brtt. nú við 3. umr. um að hækka þessa upphæð til að geta greitt Hæstarétti því að hann á ekki peninga samkvæmt sínum eigin röksemdafærslum til þess að geta greitt þær um það bil 14 millj. sem Hæstiréttur er hér að fá umfram.

Þetta gefur auðvitað einnig tilefni til þess að spyrja hæstv. fjmrh. að því hvað sé eiginlega að gerast í launamálum ríkisins. Ég ætla að nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi voru á sínum tíma sett bráðabirgðalög sem voru staðfest á Alþingi um það að nema kjara-

dóm úr gildi. Síðan fer Hæstiréttur einn fram á það að fá greidda yfirvinnu með sérstökum hætti og fer að túlka kjaradóm sér í hag. Sú túlkun hefur hins vegar verið afnumin af Kjaradómi sjálfum þannig að um áramótin mun koma til framkvæmda rúmlega 30% launalækkun hæstaréttardómara sem sýnir hve stórvægileg sjálftakan var umfram það sem Kjaradómur leyfir.

Síðan kemur kjaranefnd og úrskurðar prestum launahækkanir upp á tugi prósenta. Á sama tíma er hæstv. fjmrh. að ganga eftir kjarasamningum við opinbera starfsmenn þar sem hann segir að ekki komi til greina að veita öðrum opinberum starfsmönnum neitt annað en það sem er í samningum ASÍ og hann geti ekki gert neitt varðandi úrskurði Kjaradóms og kjaranefndar. Það sé annað kerfi. En síðan upplýsir DV það á laugardaginn var að á sama tíma og fjmrh. er að segja þetta, þá sé formaður samninganefndar ríkisins, sem jafnframt er ráðuneytisstjóri í dómsmrn., að gera samninga um það að fangaverðir fái sem samsvarar 10% launahækkun umfram ASÍ-samkomulagið, umfram það sem öðrum félagssamtökum BSRB er boðið, hækkun um 2–4 launaflokka. Í öðru lagi að tollverðir hafi fengið launahækkun um 2,5% umfram ASÍ-samkomulagið. Og í þriðja lagi að lögreglumenn hafi fengið tveggja launaflokka hækkun á þessu sama tímabili.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh.: Er það virkilega þannig að til viðbótar við það sem er að gerast hér í launamálum hæstaréttardómara og í launamálum presta sé búið að setja í gang mismunarkerfi af hálfu samninganefndar ríkisins þar sem gagnvart Starfsmannafélagi ríkisstofnana er sagt: Ekki prósent í almenna hækkun. Gagnvart símamönnum er sagt: Ekki prósent í almenna hækkun. En svo séu einstakir hópar, sem vill svo til að heyra allir embættislega undir það ráðuneyti sem formaður samninganefndar ríkisins er jafnframt ráðuneytisstjóri, Þorsteinn Geirsson, fangaverðirnir og lögreglumennirnir, þeir eru hækkaðir. Ég er í sjálfu sér ekki að gagnrýna þá hækkun en ég vil bara fá að vita af hálfu hæstv. fjmrh.: Hver er stefnan í þessum launamálum? Er stefnan sú sem sumum hópum opinberra starfsmanna hefur verið sagt núna síðustu daga: Þið skuluð skrifa undir samning og það er ekki eitt prósent í hækkun? Eða er stefnan sú að það eru teknir út úr einstakir hópar til viðbótar við þá sem eru undir kjaranefnd og Kjaradómi og þeir fá þessar hækkanir?

Ég hélt satt að segja að kerfið væri þannig að yfirlýsingar hæstv. fjmrh. um að engir hópar hjá opinberum starfsmönnum fengju hækkanir umfram ASÍ, það væri stefnan. Ég vil þess vegna í fyrstu spyrja að því, þó að ég treysti þessum fréttaflutningi út af fyrir sig í DV: Er þessi frétt virkilega rétt? Er hún virkilega rétt? Og ef hún er það, hver eru þá rökin fyrir þeirri mismunun sem hér kemur fram?

Virðulegi forseti. Ég vil því óska eftir því að hæstv. fjmrh. tjái sig um þessi launamál en sérstaklega lýsi hann afstöðu sinni gagnvart þessu með hæstaréttardómarana því að við höfum þessar tölur alveg skýrt hér hjá okkur, Ríkisendurskoðun og starfsmaður fjárln. hafa veitt þessar upplýsingar og þær tala sínu máli eins og ég hef lýst fyrr í minni ræðu. Það stendur þess vegna fyrir dyrum að þingið greiði atkvæði um það nú við lok 3. umr. þessa frv. hvort þingið ætli að veita fjmrh. heimild til að greiða hæstaréttardómurum meira — ég endurtek — meira en Kjaradómur hefur dæmt þeim. Þessi liður í fjáraukalagafrv. hæstv. fjmrh. er ósk um það að þingið samþykki að hann greiði hæstaréttardómurum 50% meira en Kjaradómur hefur sagt að þeir eigi að fá. Ætlar Alþingi Íslendinga virkilega að segja já við því? Og hvernig ætla menn þá að standa frammi fyrir launafólkinu í landinu, fólkinu í BSRB, fólkinu í ASÍ, láglaunafólkinu í landinu sem hefur þessa dagana verið neitað um eitt einasta prósent eða brot úr prósenti, og hefur fallist á það — að þjóðþingið hér skrifi upp á það að fjmrh. megi greiða hæstaréttardómurum 50% meira en Kjaradómur hefur heimilað að þeir eigi að fá? Þess vegna flytjum við þessa brtt. svo að hver og einn þingmaður verði að gera það upp við samvisku sína hvort hann ætli virkilega að taka þátt í því sem hér er lagt til af hálfu ríkisstjórnarinnar að verði gert.

[21:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skal tekið fram að hæstaréttardómarar hafa tekið laun fram til skamms tíma samkvæmt gömlum dómi sem byggðist á gömlum lögum og auknu vinnuálagi. Sú upphæð sem verið er að sækja um í því lagafrv. sem hér er til umræðu er fyrir eitt og hálft ár vegna þess að þetta eru tvisvar sinnum fjórir mánuðir sem teknar eru yfirvinnugreiðslur þannig að í raun og veru er verið að sækja um eitt og hálft ár sem skýrir auðvitað þann misskilning sem hér er á ferðum. Nýr dómur Kjaradóms tekur gildi frá tilteknum tíma og mér sýnist að laun hæstaréttardómara lækki nokkuð frá þeim tíma. (Gripið fram í.) Frá þeim tíma sem nýi dómurinn tekur gildi. Munurinn eru 8 mánuðir annars vegar og 12 mánuðir hins vegar. Upphæðirnar hef ég ekki hér en hv. þm. las þær. Ég minni á að það tóku ekki allir yfirvinnu samkvæmt gamla kerfinu. Til dæmis tók Þór Vilhjálmsson ekki yfirvinnuna.

Vegna prestanna sem minnst var á, þá kemur auðvitað réttlætingin fyrir því í úrskurði þar sem beinlínis er skýrt mjög ítarlega að þetta fari ekki í bága við lögin sem gera ráð fyrir því að kjaranefnd gangi ekki á svig við almenna kjarasamninga. Fangaverðir er mér sagt, án þess að ég hafi kynnt mér það sérstaklega, eru að vinna upp gamalt mál sem hafi orðið til vegna þess að þeir misstu verkfallsrétt. Samningar við tollverði og lögregluþjóna voru undirritaðir áður en BSRB-félögin gengu til samninga. Stefna ríkisins er að fylgja ASÍ-samningunum sem fóru fram á almennum vinnumarkaði en einnig hefur fjmrh. gefið yfirlýsingu um samráðsvettvang þar sem hægt er að ræða ýmis mál sem upp hafa komið.

[21:08]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi er það rangt hjá hæstv. fjmrh. að hæstaréttardómarar hafi á þessu ári fengið greitt samkvæmt gömlum dómi. Þeir hafa feng-

ið greitt samkvæmt sinni eigin túlkun á þeim dómi. Það er hvergi til skrifað af hálfu Kjaradóms að það eigi að greiða hæstaréttardómurum þessa yfirvinnu sem þeim hefur verið greidd og ég skora á hæstv. fjmrh. að leggja fram þann skriflega texta frá Kjaradómi. Það vita allir í þessum sal að það voru hæstaréttardómararnir sjálfir sem tóku eigið frumkvæði og skrifuðu forsrh. og sögðu: „Við lesum það inn í dóminn að við eigum að fá þetta.“ Dómurinn hafði ekki sagt orð um það að hæstaréttardómarar ættu að fá 100 þús. kr. á mánuði í yfirvinnu. Ekki orð. Kjaradómur talar fyrst um málið nú fyrir nokkrum vikum síðan og þá er niðurstaðan skýr. Hún er sú að þær sjálftökugreiðslur sem hæstaréttardómararnir úrskurðuðu sjálfir sjálfum sér til handa séu allt of háar. Það er það sem Kjaradómur hefur sagt. Þær eru meira að segja svo háar að heildarlaunagreiðslan verður þá að lækka um rúm 30% núna um áramótin.

Ef það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að þessar 13 millj. eigi að dekka eitt og hálft ár, þá er alveg ljóst að þá vantar enn meira upp á að ríkissjóður hafi heimild til að borga þá yfirvinnu sem hann er að borga í ár til hæstaréttardómara heldur en farið er fram á hér í þessu fjáraukalagafrv. þannig að þá verður hæstv. fjmrh. að hækka þessar 13 millj. upp í tæpar 20 ef hann ætlar að nota þessar 13 millj. á þann hátt sem hann er hér að lýsa.

Ástæðan fyrir því að Þór Vilhjálmsson tók ekki þessa yfirvinnu var einfaldlega sú að þriðjunginn af árinu var hann ekkert að vinna í Hæstarétti. Það hefði nú verið til að bíta höfuðið af skömminni ef hann hefði líka farið að taka yfirvinnu þegar hann var að vinna í Mannréttindadómstól Evrópu.

[21:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það þýðir fyrir mig að koma upp aftur og reyna að skýra þetta út. En gamli dómurinn sem ég átti við er auðvitað síðari kjaradómur fyrrv. Kjaradóms áður en lögunum var breytt, þ.e. dómur sem féll sumarið 1992. Þeir sem nenna að lesa forsendur dómsins sjá auðvitað að þær eru misjafnar því að í þeim fyrri, sem hækkaði laun hæstaréttardómara verulega, er sagt að þessi laun sem þar eru tildæmd eigi að duga fyrir öllum launum, en sú klausa er felld út í forsendum síðari dómsins en þar tekið fram sérstaklega að ef um yfirvinnu sé að ræða, þá eigi hún að borgast með tilteknum hætti. Þannig túlkaði síðan Hæstiréttur forsendur dómsins.

Nýi kjaradómurinn víkur örlítið frá gamla dómnum eins og Hæstiréttur túlkaði hann, um nokkur prósent og það verða að sjálfsögðu gerðar leiðréttingar á fjárlögum næsta árs til þess að lækka þá tölu sem er 41,2 millj. eða svo á næsta ári niður í það sem Kjaradómur hefur úrskurðað. En ég held að misskilningur hv. þm. hljóti að liggja í því að þeir fjármunir sem eru í fjáraukalagafrv. eru í raun fjármunir sem eru fyrir eitt og hálft ár en ekki eitt ár. Ég tel að þeir fjármunir dugi vel og ef þeim verður ekki ráðstafað samkvæmt því sem Kjaradómur hefur nú ákvarðað fyrir síðari hluta ársins, og eins og þeir hafa sjálfir sótt um fyrir fyrri hluta ársins, þá mun það standa út af og að sjálfsögðu ekki verða greitt út þar frekar en annars staðar þegar um það sama er að ræða.

[21:12]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Kannski er það hæstv. fjmrh. sem skilur ekki hvað hér er að gerast. Ef hans túlkun er rétt, þá er hann að segja það að hinn nýi kjaradómur, sem hann kallar svo, hafi úrskurðað 30% launalækkun til hæstaréttardómara. Það hafi verið það sem hafi gerst hér fyrir nokkrum vikum síðan. 30% launalækkun til hæstaréttardómara. Auðvitað vita það allir hér að það voru hæstaréttardómararnir sjálfir sem lásu þá túlkun inn í gamla dóminn að þeir ættu að fá þetta. Það stóð hvergi. Það var þeirra eigin túlkun og það er gamalt lögmál í rétti að enginn er dómari í eigin sök en hæstaréttardómararnir tóku sér þetta vald. (**Gripið fram í:** Enginn er dómari í sjálfs sín sök.) Og þá kemur síðan Kjaradómur sem segir: Þetta var ekki rétt hjá Hæstarétti. Þetta var ekki rétt, þetta var rangt og nú á að lækka þær greiðslur sem hæstaréttardómararnir hafa tekið sér.

Það að tala um þetta eina og hálfa ár er líka út í hött. Ég hef upplýst það hér að samkvæmt fjárlagaupplýsingum fjmrn. sjálfs hefur fjmrn. 29,2 millj. til þess að greiða laun Hæstaréttar á árinu 1993 en raungreiðslurnar eru 41,4 millj. Hvað sem líður öllum deilum um Kjaradóm, þá verða raungreiðslurnar 41,4 millj. Ef þessar 13 millj. eiga að dekka eitt og hálft ár af liðnum tíma, þá er alveg ljóst að hæstv. fjmrh. þarf mun meiri fjárhæð en hann biður um í þessu frv. til þess að geta haft heimild til að borga það sem búið er að borga.

Varðandi hins vegar launahækkanir til fangavarða, lögreglumanna og tollvarða, þá gerast þær allar á þeim tíma þar sem aðrir félagsmenn BSRB gera ekki kjarasamninga og hefði verið hægt að færa fullkomlega rök fyrir því hjá Starfsmannafélagi ríkisstofnana, hjá símamönnum og hjá öðrum hópum opinberra starfsmanna að þeir byggju við sams konar aðstæður og þessar þrjár starfsgreinar en þeim var hins vegar sagt að þeir fengju ekki neitt. Ég vona að hæstv. fjmrh. kynni sér það sem hér er að gerast vegna þess að mér fannst hann nota það orðalag að honum væri ekki nákvæmlega kunnugt um það hvaða rök lægju þar á bak við.

[21:15]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Hér við 3. umr. fjáraukalaga hefur komið upp brtt. frá fjmrn. þar sem skotist hafa upp á yfirborðið litlar 250 millj. kr. Með þessari hækkun er halli fjárlaga á yfirstandandi ári sýnilega kominn yfir 14 milljarða kr. Það verður ekki hjá því komist að fjalla um þessa brtt. ekki síst vegna þess að um hana hefur ekkert verið fjallað í fjárln. og ég sé að það sér ekki nokkur þingmaður úr meiri hluta nefndarinnar ástæðu til að vera við þessa umræðu, 3. umr. um fjáraukalögin. Það mál vel vera að þetta hafi verið upplýst hjá meiri hlutanum en minni hlutinn hefur ekki fjallað um þetta mál né fengið á því skýringar. Þess

vegna er óhjákvæmilegt að fara um það nokkrum orðum við þessa umræðu.

Þetta mál eins og það leggur sig er eitt af mörgum dæmum um að fjárlög yfirstandandi árs voru uppfull af áætlunum sem reynast vera vitlausar og ekki ganga eftir þegar farið er að gera upp árið núna á síðustu vikunum. Í ítarlegum umræðum við 2. umr. um fjáraukalögin var þetta rakið og þetta er náttúrlega eitt dæmið af mörgum um þessar skökku áætlanir sem skildar voru eftir í uppnámi við afgreiðslu síðustu fjárlaga.

Hv. 9. þm. Reykv. minntist hér á útreikninga hv. 5. þm. Vestf. í þessu máli. Það er alveg rétt, hann aðvaraði um þetta mál sem og stjórnarandstaðan. Ég sé að ég hef fjallað um þetta mál við 3. umr. fjárlaga í fyrra um þetta leyti og sagði þá svo, með leyfi forseta:

„Varðandi gjaldahliðina er ljóst að það er algjör óvissa um hve háa upphæð Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þarf að greiða til Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna aukinna vanskila sem stafa af hækkun meðlagsgreiðslna sem fylgja frv. til laga um almannatryggingar."

Ég held að það sé komið á daginn að þarna hafi nú ekki verið mjög vel búið um hnútana. Og þannig stóð nefnilega á fyrir ári síðan að það var allt í uppnámi á milli sveitarfélaganna og ríkisins. Formaður Sambands ísl. sveitarfélaga var kominn í verkfall, í vinnu fyrir félmrn. og þann 10. okt. var gerður griðasáttmáli milli Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisins um að nú ætti að taka upp betri siði og fara að semja um mál. Hæstv. fjmrh. upplýsti áðan að þetta væri einn anginn af samningum ríkis og sveitarfélaga, þetta mál væri eins og hann orðaði það orðrétt, „hluti að drögum að samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga" sem mér skilst að sé væntanlegt núna á næstunni. Í byrjun desember í fyrra var einmitt allt að fara í uppnám út af þessu máli milli ríkis og sveitarfélaga og ég sagði þá, með leyfi forseta:

„Við fengum af því fregnir í hv. félmn., sem ég á sæti í jafnframt fjárln., að einhverjar viðræður hefðu farið fram milli formanns Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisstjórnarinnar um þak á greiðslum Jöfnunarsjóðsins til Innheimtustofnunar sveitarfélaga sem ætti að vera 300 millj. kr. Við fengum af þessu óljósar fregnir í fjárln. en ekkert sem hönd má festa á og ljóst er þó að það gangi eftir að allt þar umfram verður að greiðast úr ríkissjóði. Um málefni Jöfnunarsjóðsins og fjárútlát ríkissjóðs í tengslum við Jöfnunarsjóðinn er því fullkomin óvissa."

Nú er komið fram að þarna eru litlar 250 millj. kr. sem ber á milli og það kemur auðvitað ekkert á óvart. Það hefði kannski verið betra að hafa verið raunsæir í þessum málum þegar fjárlög voru afgreidd. Það kom auðvitað á daginn að þessi hækkun meðlaga skilaði sér ekki og því er kennt um að það séu einhverjar tölvur og breytingar á dómskipuninni í landinu sem valdi. Það veldur þar auðvitað um að þessi gjöld hafa hækkað og vafalaust er það fyrir þá hækkun sem innheimta gengur verr. Síðan eftir að þetta er leiðrétt núna og gengið frá þessu þá er lagt upp í næsta ár með hlutina alveg nákvæmlega eins. Það á að skilja allt eftir í uppnámi á næsta ári og það er látið nægja að segja: Það verður leitað nýrra leiða á næsta ári til að herða innheimtu og, ef ég skildi hæstv. fjmrh. rétt, að skuldskeyta innheimtu þessara gjalda. Ég held að það sé mjög vafasamt að þetta skili árangri og ég er ekki búinn að sjá það.

Það vakna þær spurningar við þessar aðfarir allar saman: Hvað var unnið fyrir ríkissjóð með hækkun meðlaganna? Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. ef hann hefur um það tölur: Hver er í rauninni nettóhagnaður ríkissjóðs af hækkunum á meðlagsgreiðslum þegar þessar 250 millj. eru færðar til bókar? Hefur hæstv. ráðherra upplýsingar um það eða getur hann aflað þeirra? Það hefði auðvitað verið hægt að spyrja um þetta í fjárln. ef málið hefði þar komið til umræðu og ég hefði þá ekki þurft að koma hér og spyrja þessara spurninga. En það væri fróðlegt að vita þetta.

Hæstv. fjmrh. sagði áðan að meðlög hafi hækkað umtalsvert. Það var auðvitað umtalsverð hækkun á meðlögum og þar með er ég ekki að segja að þeir sem hafa forræði barna séu ofhaldnir af þessum upphæðum. Það er langt frá því. En þessi hækkun varð til þess að þetta innheimtist ekki og lendir meira og minna á ríkinu meðan við teljum það rétt að ganga í ábyrgð fyrir þessar greiðslur, sem ég vona að menn fari nú ekki að hverfa frá, að þeir sem hafa forræði barnanna hafi einhverja tryggingu fyrir að fá þessar greiðslur. Það vona ég að verði þó áfram og ríki og sveitarfélög hafi þar ábyrgð á og endurkröfurétt. En það er mjög vafasamt, svo ekki sé meira sagt, hver hagnaðurinn hefur orðið af þessu í fyrra sem og fleiri vanhugsuðum ákvörðunum sem teknar voru við fjárlagagerð síðast. Og þessi brtt. bætist þá við þau skrautblóm sem eru í þessu fjáraukalagafrv. um vitlausar ákvarðanir ríkisstjórnarinnar, vitlausar áætlanir sem ekki ganga eftir og kosta það að við erum að leita hér eftir viðbótarheimildum um milljarða kr. í þessu fjáraukalagafrv. og halli ríkissjóðs er kominn yfir 14 milljarða kr. nú þegar á þessu ári með þessari tillögu sem hér um ræðir.

[21:26]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Frv. það til fjáraukalaga sem hér er flutt er ærið umhugsunarefni vegna þess að nú er ekki um það að ræða að verðbólgan hafi skekkt áætlanir embættismanna. Nú er um það að ræða að sá blákaldi veruleiki blasir við að fjárlög hæstv. fjmrh. standast ekki. Þessi staðreynd gerir það að verkum að skuldasöfnun íslenska ríkisins vex með ævintýralegum hraða. Ég hygg að hæstv. fjmrh. hafi verið með glöðustu ráðherrum í þeirra hópi þegar hann hóf sinn ræðuflutning fyrir sínum fjárlögum og boðaði nýja og betri tíma. Hann boðaði nýja og betri tíma. Ég veit ekki hvort það var skilyrðið fyrir því að hann fengi að vera fjmrh. að hann ræki ríkissjóð með stórkostlegum halla. Ég minnist þess aftur á móti að Sjálfstfl. var ekki sáttur við þann fjmrh. sem seinast skilaði hallalausum fjárlögum úr hópi sjálfstæðismanna. Sá fékk nú heldur betur á baukinn. E.t.v. er það skilyrðið fyrir því að núverandi ráðherra yrði gerður að fjmrh. að hann yrði hæfilega

eftirgefanlegur, hæfilega mjúkur, hæfilega hlynntur því að flytja hér tillögur um kolvitlaus fjárlög eins og hann er búinn að gera á undanförnum árum.

Ég veit heldur ekki hvort það hefur verið gert samkomulag við Ríkisendurskoðun um það að þegar hann þyrfti á því að halda, þá fengi hann stimpluð blöð þaðan sem boðuðu allt aðrar niðurstöður en sérhver viti borinn maður gat komist að með því að meta þau frumvörp sem hér var verið að fjalla um. Og einn af þeim sem dró hæstv. fjmrh. á asnaeyrunum var hæstv. heilbrrh. þegar hann flutti brtt. við almannatryggingalögin og boðaði að að það væri hægt að hækka barnsmeðlög um 36% og að þetta mundi allt saman innheimtast. Þetta var sem sagt liður hæstv. heilbrrh. í því að koma á sparnaði hjá ríkissjóði.

Auðvitað stóðst þetta ekki. Ég minnist þess að í umræðu um það frv. töluðum við Svavar Gestsson, hv. 9. þm. Reykv., nokkuð strítt. Við efuðum að þetta mundi eftir ganga að þeir næðu þessum peningum. Að vísu hefur bjartsýni hæstv. fjmrh. enn aukist og nú boðar hann það að í gegnum virðisaukaskattinn eigi að ná þessum peningum inn. Það er fróðlegt. Ætli það verði ekki nokkuð margir sem breytast þá bara snögglega í hf. með sinn rekstur? Og það verður fróðlegt að vita hvort hf. verður samþykkt sem barnsfeður á Íslandi í hlutafjárvæðingunni miklu. Það verður gaman að sjá hvernig hann reiknar það út þegar einstaklingurinn breytir rekstrinum úr einkarekstri, eins og er nú boðað það æðsta og besta, yfir í félagsrekstur með hf., hvort þá verður tekið af virðisaukaskattinum.

Þá kemur næsta atriðið, það merkilega, það eru örorkubæturnar, en þá erum við komnir í annað mál sem er ekki efnilegra og það er 70. gr. stjórnarskrárinnar. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sá skal eiga rétt á styrk úr almennum sjóði, sem eigi fær séð fyrir sér og sínum, og sé eigi öðrum skylt að framfæra hann, en þá skal hann vera skyldum þeim háður, sem lög áskilja."

Það verður sem sagt að flytja breytingu á stjórnarskránni til að ná þessum áformum fram. Það er eini möguleikinn, fella út 70. gr. Þá komum við aftur á móti að því hvort þessir blessaðir samningar, mannréttindasamningar sem við höfum verið að skrifa undir, hvort þeir halda þá ekki og rugla enn kerfið. En það var ekki nóg með það að við sætum undir brigslyrðum hér í þingsölum út af okkar athugasemdum um það að þessir peningar mundu aldrei innheimtast og þeir mundu lenda á Jöfnunarsjóði. Einhver ritfærasti penni á Morgunblaðinu var sendur fram í fullum herklæðum með heilsíðubleksvertu til þess að boða það að það væri ekki skrýtið þó það gengi illa hjá ríkissjóði þegar meðlagspabbarnir væru farnir að berjast gegn þessu hér í þingsölum. Það gekk svo langt að ég varð að fá vottorð frá Innheimtustofnun sveitarfélaga um að ég væri alveg saklaus af því að vera greiðandi að meðlögum eða að ég skuldaði þar nokkra krónu til að sýna mönnum eftir að þessi stóri ritsnillingur hafði farið á kostum á síðum Morgunblaðsins. Ég veit ekki hvort það er greitt sérstaklega fyrir svona greinar af almannatryggingunum ofan á eðlileg laun hjá Morgunblaðinu. En mikið mega þeir menn vera hamingjusamir sem hafa á að skipa slíku liði til að senda fram á ritvöllinn með svívirðingar þegar eðlilegur málflutningur dugar ekki.

Ég verð að minna á það að 71. gr. stjórnarskrár Íslands, með leyfi forseta, þrengir líka stöðu hæstv. fjmrh. í þessum efnum. Hún hljóðar svo:

„Hafi foreldrar eigi efni á að fræða sjálf börn sín eða séu börnin munaðarlaus og öeigar, er skylt að sjá þeim fyrir uppfræðingu og framfæri af almannafé."

Það liggur alveg ljóst fyrir að það er stjórnarskrárbundin skylda að sjá til þess að þeir sem hafa forræði barnanna fái þessa peninga. Það er ekkert sem heitir, það er stjórnarskrárbundin skylda. Þá komum við bara að þessari merkilegu staðreynd að í sumum tilfellum getur mönnum dottið það í hug, eins og kom hér fram núna hjá hæstv. fjmrh. og kom fram hjá hæstv. heilbrrh. á sínum tíma, að það væri gjörsamlega siðlaust ef það gerðist að íslenska ríkið þyrfti að borga með börnum sem hér væru að alast upp. Þá væru skattborgarar sem væru að ala upp sín börn einnig að greiða með þessum börnum. Gjörsamlega siðlaust.

En hvernig skyldi nú ástandið vera með þessi lög? Ef kona eignast barn t.d. með Ástralíubúa, hverjir borga þá meðlagið með þessum börnum? Ætli hæstv. fjmrh. sé þá ekki orðinn meðlagsgreiðandi í gegnum skattana með þessum börnum? Ég veit ekki betur. Og hvaða mannréttindi eru það þá að leggja það á hann að greiða meðlag með þessum börnum ef það er svona siðlaust?

Séu þessi mál skoðuð í einhverju raunhæfu samhengi, þá er það staðreynd að það eru þrír aðilar sem hafa staðið að framfærslunni undir þessum kringumstæðum. Það er móðir barnsins, það er faðir barnsins og það er íslenska ríkið, þ.e. ef móðir eða faðir hefur verið á lífi. Og ég verð að halda því fram alveg hiklaust að ég er hlynntur því að íslenska ríkið taki þátt í þessu verkefni að ala upp Íslendinga, tryggja þeim eðlilega lífsmöguleika á æskuárum. Hvaða verkefni er yfir höfuð merkilegra fyrir íslenska þjóð en að standa sómasamlega að slíku?

Mig undrar það í sjálfu sér ekki að hæstv. fjmrh. þurfi að koma hér og leggja fram tillögu um 250 millj. Mig undrar það ekki. En ég spyr sjálfan mig, hvers vegna fékk hann ekki hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh., Sighvat Björgvinsson til að vera meðflm. að tillögunni? Það hefði nú verið stuðningur að því að hafa svona stóran mann hérna hinum megin sem stuðningsmann að því að koma þessu í gegnum þingið. Er ekki eðlilegt þegar það kemur í ljós að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur blekkt fjmrh. við afgreiðslu fjárlaganna í fyrra svona snilldarlega að hann hefur haft af honum 250 millj., er ekki eðlilegt að hann þurfi að standa fyrir máli sínu? Er það nóg að lífvörður í Morgunblaðinu skrifi eina heilsíðugrein með svívirðingum um þá sem báru það á ráðherrann á sínum tíma að hann færi með blekkingar hér í þinginu? Er það nóg? Eigum við kannski von á nýrri svívirðingagrein núna á næstunni af hendi sama blaðamanns í Morgunblaðinu? Nei, það er nefnilega hægt að standa að svona blekkingum einu

sinni. En það hlýtur að koma fram hvað verið er að gera því að sannleikurinn kemur fram. Og spilaborgirnar sem byggðar voru um sparnað með þessum hætti eru núna að verða snörur um háls ráðherrans sem herðast að. Það er nefnilega ekki lengur hægt að nota gömlu ræðurnar sem voru notaðar til að tala fyrir fjárlögunum þegar allt átti að vera fullkomið, hallinn átti ekki að vera neinn þegar milljarðahallinn dynur á hæstv. ráðherra.

En kratarnir fóru í endurnýjun. Þeir fóru í nokkurs konar rúsíbana með sína ráðherra. Sumir voru algerlega úreltir eins og þegar verið er að tala um fiskiskipin og sendir út úr ríkisstjórninni, burt úr þinginu, skipt um, (**Gripið fram í:** Og úr landi.) og úr landi jafnvel. En hvað gerðist hjá samstarfsflokknum, Sjálfstfl.? Engin endurnýjun, engin úrelding. Allir stóðu sig svo vel. Það var sem sagt niðurstaðan: Fjmrh. á að sjá til þess að ríkishallinn upp á hvert einasta ár meðan hann situr í stólnum verði minnst 10 milljarðar. Það er stefna núverandi stjórnar. Það er ekki skrýtið þó að þessir aðilar trúi því að þeir séu að gera stórkostlega hluti fyrir íslenska þjóð.

Engu að síður ber að fagna því að það er lagt fram frv. til fjáraukalaga. Það ber að fagna því að þannig er þó staðið að verki í dag að ráðherrann er neyddur til *þess á sama ári og fjárlögin eru framkvæmd að gera* grein fyrir því hvað hann var að blekkja þjóðina þegar hann flutti fjárlagafrv. á sínum tíma. Það er ekki hægt að fela þetta eins og gert var áður og koma svo með ríkisreikning eftir nokkur ár þar sem sannleikurinn kom í ljós. Að þeirri siðbót stóð Alþingi Íslendinga og þáv. fjmrh., hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, á sinn þátt í því að sú regla komst á. Fyrir það mun ég ávallt virða hans fjármálastjórn þó að ég hafi ekki verið sáttur við sumt sem gerðist í ráðuneytinu þá frekar en endranær. (**SvG.:** En kennaraskólahúsið?) Hér spyr syndaselur um kennaraskólahúsið. Það gerðist nefnilega þá eins og stundum áður að ráðherrar komust í svo mikið hátíðarskap, urðu svo gjafmildir að eigin eigur dugðu alls ekki fyrir þeim ásetningi um gjafmildi sem hafði sótt á þá. Þeir urðu að taka sig til og gefa opinbert fé. Sumir voru náttúrlega komnir það hátt upp að heilu húsin fuku í gjafapappír inn til einhverra annarra aðila undir þeim kringumstæðum. Gamla kennaraskólahúsið, sem ég taldi að ætti að verða safnhús fyrir sögu kennaramenntunarinnar á Íslandi og hefði sómað sér vel sem slíkt, var gefið Kennarasambandi Íslands. *Ég veit ekki hvað hv. þm.* Svavar Gestsson fékk að launum, en honum var það mikið mál að þetta yrði framkvæmt. (Gripið fram í.)

Ég hygg, herra forseti, að þar sem hæstv. fjmrh. er nú genginn úr salnum (**Fjmrh.:** Hann er hér.) að vissrar iðrunar gæti. Það er nú svo að menn vilja stundum ekki vera á almannafæri þegar þeir skammast sín hvað mest heldur leita frekar skjóls og afdreps og það er skiljanlegt. En það þarf mikinn kjark til að sitja í stól fjmrh. með 14 milljarða halla og hafa það staðfest að það hafi ekki verið þörf á neinni róteringu á ráðherrum hjá Sjálfstfl. Annaðhvort hefur niðurstaðan verið sú að hæstv. fjmrh. hefur verið talinn óhæfur til að setja hann í önnur ráðherraembætti eða þá að niðurstaða Sjálfstfl. hefur verið sú að þeir ættu engan hæfan mann í þennan stól. Engan hæfan mann. Þeir áttu einu sinni fjmrh. *sem tók sig til strax eftir jól og fór að tala um* gatið í fjárlögunum. Hann fór að tala um gatið í fjárlögunum og hann hélt áfram að tala um gatið í fjárlögunum. Það fóru allir að tala um gatið í fjárlögunum. Þá breytti hann umræðuefninu og fór að tala um að það yrði að fylla upp í gatið í fjárlögunum. Það yrði að fylla upp í gatið í fjárlögunum og það yrði að fara að skera niður. Það tóku allir undir þetta. Og niðurstaðan varð sú að það var fyllt upp í gatið í fjárlögunum og það voru afgreidd hallalaus fjárlög. Slíkt hefur Sjálfstfl. ekki áhuga á að gerist aftur. Sporin hræða. Núv. fjmrh. hefur ekki hugsað sér að taka á sig slíka pólitíska erfiðleika að standa að slíku. Hann veit hvað það getur kostað. Það er þung refsing við slíku innan Sjálfstfl.

[21:44]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka þau viðurkenningarorð sem hv. þm. lét falla hér um þá reglu sem komið var á í tíð síðustu ríkisstjórnar að leggja fram fjáraukalagafrv. á réttum tíma. Hins vegar vil ég vekja athygli hv. þm. á því að afleiðingin af því að *Kennarasambandi Íslands var afhent gamla kennara*skólahúsið er sú að á rúmu ári var það hús endurnýjað og gert þannig úr garði að það er nú hrein bæjarprýði að innan sem og utan. Í húsið er komin lifandi starfsemi og þar er ætlað gott rými fyrir minjar um sögu kennaramenntunar á Íslandi. Ég er sannfærður um það, ef horft er á fjármögnun til viðgerða á opinberum húsum, að gamla kennaraskólahúsið stæði enn þá ryðgað, illa farið og borginni og hinu opinbera lítt til sóma ef þáv. hæstv. menntmrh. Svavar Gestsson og ýmsir aðrir hefðu ekki fundið það snjallræði að fela Kennarasambandi Íslands að varðveita þetta hús. Ég tel þess vegna að það hafi verið góð ákvörðun sem ekki ber að gagnrýna og bið hv. þm. að fara nú í heimsókn í gamla kennaraskólahúsið og sannfærast sjálfur um það hvað þar er vel að verki staðið og heimsækja síðan ýmsar aðrar opinberar byggingar hér í miðbæ Reykjavíkur og sjá hve þær eru illa farnar af því að það hefur orðið að heyja harða glímu með litlum árangri til þess að fá nægilegt fé til að endurnýja þær. Þess vegna vona ég að hv. þm. endurskoði nú hug sinn til gamla kennaraskólahússins.

[21:46]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Viðurkenningarorð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þakka ég honum að sjálfsögðu. Efnisleg athugasemd mín er á þann veg að hér er um tvö aðgreind mál að ræða. Fyrra málið er það hvort taka eigi það upp sem reglu að gefa það sem menn eiga ekki. Mér er ljóst að það er útgjaldalítið. Það er aftur á móti mjög merkilegt ef fyrrv. fjmrh. boðar að nú skuli taka upp þá reglu að menn skuli gefa það sem þeir eiga ekki. Það er í samræmi við það sem hæstv. dómsmrh. talaði um hér fyrir frv. í dag, að nú ættu þeir að selja eignir sem ekki ættu þær því að eignaskipun-

in átti að vera sú sama en heimildin til að selja átti að færast á hendur annarra. Það vona ég að hv. þm. Ólafur Ragnar geri sér grein fyrir að það gengur hvorki á Seltjarnarnesinu, í Reykjavík né annars staðar að taka almennt upp þá reglu að menn eigi að gefa það sem þeir eiga ekki.

Hitt atriðið hvort það hafi verið vel eða illa ráðið að gefa Kennarasambandinu þetta hús, það kallar líka á aðra spurningu og það er spurningin um það: Hvað eru mörg stéttarfélög á Íslandi? Hvað skyldu stéttarfélögin vera mörg? Hvað skyldu þau oft eiga afmæli og hvað skyldu mörg hús svífa út í gjafapökkum á hverju ári ef þessi regla væri upp tekin miðað við það að sá sem sæti í stól menntmrh. eða öðrum stólum væri álíka mikill atorkumaður og hv. þm. Svavar Gestsson vissulega er? Hann er snöggur í snúningum ef því er að skipta. Ég gæti trúað því að það yrði þó nokkur bunki af húsum sem færi. Ég efa það að þetta gengi upp sem allsherjarlausn.

[21:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér eru fjáraukalögin komin til 3. umr. og lögð er fram brtt. sem hv. fjárln., a.m.k. minni hluti hennar, sér nú í fyrsta skipti og hefur ekki heyrt orð um í starfi nefndarinnar til þessa og lýsir það kannski í stuttu máli þeim vinnubrögðum sem því miður viðgangast nokkuð oft í þeirri nefnd.

Í fyrra var einmitt rætt nokkuð um þá breytingu sem þá var verið að gera á meðlögum og eins og flestar þær aðgerðir sem hæstv. ríkisstjórn greip til átti þetta að vera til sparnaðar. Að sjálfsögðu átti það að vera til sparnaðar fyrir ríkissjóð. Og samkvæmt því sem hæstv. heilbrrh. sagði þegar hann lagði fram það frv. sem gerði ráð fyrir hækkun meðlags sem við erum nú að súpa seyðið af með þessari brtt. í fjáraukalögunum. Þegar hann var að leggja fram það frv. sagði hann, með leyfi forseta:

„Heildaráhrif til lækkunar á útgjöld ríkisins af 1. og 2. gr. eru því upp á um það bil 500 millj. kr. Þar af bera meðlagsgreiðendur um það bil 350 millj." Þ.e. ríkið var að spara sér nákvæmlega tiltekið þarna 350 millj. því þó að hann tali fyrst um sparnað upp á 500 millj. og þar eigi meðlagsgreiðendur að taka 350, þá er sjálfsagt afgangurinn eftir hjá ríkinu. Sem sagt: Meðlagsgreiðendur áttu að spara ríkinu 350 millj. kr. Samkvæmt því sem þetta frv. sem hann var að mæla fyrir sagði fyrir um, þá átti að hækka meðlagið um tæpar 4.000 kr. á mánuði. Í meðförum Alþingis var síðan fallið frá því að hækka meðlagið um 4.000 kr. heldur var það hækkað um 3.000 kr. Þá hlýtur að liggja í hlutarins eðli að sparnaður ríkisins hafi ekki átt að verða 350 millj. kr. af þessari aðgerð, heldur þá ¼ minna eða 90 millj. kr. minna og þá eigum við eftir sparnað ríkisins af þessari ráðstöfun 260 millj. kr. Sem sagt, sparnaðurinn af þessari aðgerð í meðlagsgreiðslum var 260 millj. kr. þegar frv. varð að lögum.

Nú kemur brtt. frá hæstv. fjmrh. um það að bæta Jöfnunarsjóði sveitarfélaga 250 millj. kr. sem er vegna þess að það er svo mikið útistandandi af meðlögum sem ekki innheimtast. Ágóði ríkisins af þessari aðgerð er þá einar 10 millj. kr. ef það fer þá ekki í eitthvað annað. Og hverjir skyldu þá hafa grætt á þessari ráðstöfun, hverjir skyldu hafa grætt á þessum hræringi með upphæðir og framlög til og frá eins og er gjarnan venja hæstv. ríkisstjórnar? Í framsöguræðu ráðherra sagði hann þegar hann er búinn að rekja þetta nokkuð, með leyfi forseta:

„Með þessu er ég síður en svo að breiða yfir það að kjarninn í þeim aðgerðum sem hér eru lagðar til er að sjálfsögðu sá að verið er að auka þátt framfæranda barna í framfærslubyrði fjölskyldna einstæðra foreldra án þess að verið sé með því að bæta kjör þessara fjölskyldna." — Þessar aðgerðir voru engan veginn til þess að bæta kjör einstæðra fjölskyldna. — „Í sumum tilvikum eru áhrifin þau að kjörin verða ekki betri heldur nokkru lakari eftir en áður þó að það fari dálítið eftir því hvort um er að ræða fólk sem er með tekjur undir frítekjumörkum eða yfir," segir hæstv. ráðherra þegar hann var að ræða um þessa breytingu á meðlögum fyrir ári síðan. Hann viðurkennir það hér að í sumum tilvikum verði kjörin hjá einstæðum foreldrum lakari eftir en áður. Og hvað græðir ríkið, en það var tilgangurinn með þessu? Ekki nokkurn skapaðan hlut. Það græðir ekki neitt. Það situr uppi með skaðann sem það verður að greiða af þessum ráðstöfunum. Og einstæðir foreldrar hafa einnig fengið á sig skerðingu.

Það er líka rétt að rifja það upp að þegar umræður stóðu um þetta frv. fyrir ári síðan, þá kom það fram hjá fleiri ræðumönnum heldur en hv. þm. Kristni Gunnarssyni sem hér var vitnað í áðan að hefði giskað á að þetta mundi lenda á ríkinu, um 250 millj. kr. sem væri svo eftir að sjá hvernig ætti að greiða. En þá sagði í umræðunum hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir m.a., með leyfi forseta:

„Það hefur komið fram í samtölum nefndarmanna við fulltrúa frá Innheimtustofnun sveitarfélaga [þ.e. nefndarmanna í hv. heilbr.- og trn.] að þeir hafi miklar áhyggjur af greiðsluskyldu sinni ef þessi hækkun verður að veruleika. Ég tala nú ekki um ef 50% hækkun hefði orðið að veruleika eins og fyrirhugað var. Þá töldu þeir að vanskil mundu aukast úr, mig minnir 245 millj. í 600 millj. á ári. Það hefði þýtt að Innheimtustofnunin hefði þurft að bera þau og sótt þau í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem hefði komið niður á jöfnunarframlagi og þjónustuframlagi þess sjóðs og þar af leiðandi niður á minnstu sveitarfélögunum. Nú skilst mér að komið sé eitthvert samkomulag milli Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ríkisvaldsins um að Innheimtustofnunin beri aldrei nema 300 millj. kr." — eins og raunar hefur komið hér fram hjá hæstv. ráðherra.

Enn fremur segir hún: „Þá eru eftir, getum við sagt, 200 millj. ef þær hugmyndir um vanskil sem eru uppi í Innheimtustofnun standast. Og maður hlýtur að spyrja sig: Hvert á að sækja þessa peninga? Mér vitanlega er ekki í fjárlögum gert ráð fyrir útgjöldum vegna vanskila. Ef svo er væri sjálfsagt að heilbr.- og trmrh. upplýsti okkur um það hvar gert er ráð fyrir þessum vanskilum í fjárlögum."

Það var einmitt ekki gert ráð fyrir þessu. Dæmið var ekki reiknað til enda og nú, heilu ári síðar, á að fara að

reyna að gera dæmið upp að einhverjum hluta. Það er því enn og aftur niðurstaðan við 3. umr. um fjáraukalög þessa árs, að sá sparnaður sem hér átti að vera hefur í hæsta lagi skilað 10 millj. kr. ríkissjóð. Og þetta er eins og með aðrar aðgerðir. Þannig að þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar og ekki hvað síst hæstv. heilbrrh., sem nú er reyndar hlaupinn í annan stól, skila akkúrat engu nema því í þessu tilfelli að kjör einstæðra mæðra versnuðu því að einstæðar mæður fengu á sig skerðingu sem var u.þ.b. 12 þús. kr. á ári í barnabótum.

Ég verð nú að segja það að í raun og veru veit maður ekki hvar þetta ætlar að enda hjá hæstv. ríkisstjórn. Þetta kemur hvað eftir annað, aftur og aftur. Það eru ævinlega kolvitlausar ákvarðanir sem teknar eru í öllum þeim breytingum sem verið er að leggja til og ekki hvað síst í heilbrigðiskerfinu eins og margoft hefur verið rakið hér í þessum stól.

[21:58]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það var reyndar ekki meining okkar fulltrúa stjórnarandstöðunnar í fjárln. að lengja mjög umræður um fjáraukalög fyrir árið 1993, enda var búið að taka hér allítarlega umræðu um þetta frv. við 2. umr. fyrir nokkrum dögum síðan. En það er eins og fram kom hér hjá hv. seinasta ræðumanni, hv. 6. þm. Vestf., að það tekur engan enda, þessi vitleysa eða endaleysa hjá hæstv. ríkisstjórn sem virðist hafa farið fram við samþykkt fjárlaga fyrir ári síðan og hefur rækilega sannað sig með fjáraukalögunum sem hér hafa verið til umræðu og þeim breytingum sem á þeim hafa verið gerðar. Og síðan ber það við nú við 3. umr. að hæstv. fjmrh. kemur hér með nýja brtt. við frv. upp á 250 millj. kr. Það er svo sem ekki eins og þetta séu einhverjir smáaurar, eins og menn séu að leiðrétta um einhverja tíkalla, heldur eru þetta hundruð millj. kr. sem skakkar á hverjum einasta lið sem þarf að taka til endurskoðunar af því sem átti þó allt saman að leiða til sparnaðar að áliti hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. ráðherra af þeim hugmyndum sem þeir voru að leggja hér fram um breytingar fyrir ári síðan á ýmsum liðum fjárlaganna, bæði útgjaldaliðum og tekjuliðum. Og hér er eitt dæmið enn sem ekki er hægt að láta hjá líða að benda rækilega á sem sönnun þess sem við höfum áður talað um að efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar hafi með þessum fjáraukalögum virkilega beðið skipbrot og þetta er enn ein sönnunin.

En það sem mig langaði, virðulegi forseti, að undirstrika eða leggja sérstaka áherslu á í þessum umræðum eftir að hafa hlýtt á nokkra hv. þm. fjalla um málið, er m.a. það að þetta erindi hefur ekki verið tekið til neinnar meðferðar af hálfu fjárln. og það er spurning hvort í raun sé hægt að sætta sig við það að hér sé lögð fram brtt. af hæstv. fjmrh. upp á kvart milljarð kr., 250 millj. kr., án þess að það mál komi til rækilegrar eða ítarlegrar umfjöllunar í fjárln. og að við fáum þar þær upplýsingar sem vissulega væri ekki vanþörf á að fá fram eins og kom fram áðan hjá hv. 6. þm. Vestf., svo ég vitni aftur til ræðu þess hv. þm.

Þar að auki er enginn fulltrúi meiri hlutans úr fjárln. viðstaddur þessa umræðu til að upplýsa það hvort um þetta hafi verið fjallað í meiri hlutanum. Ég verð, virðulegur forseti, að játa það að ég var frá þingstörfum eina viku hér á dögunum þannig að auðvitað gat þetta hafa komið til umræðu þá, mér er ekki kunnugt um það, en hv. þm. Jón Kristjánsson og hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir hafa bæði lýst því yfir að þau kannist ekki við það að þessi umræða hafi verið tekin í fjárln. Það finnst mér hreint með ólíkindum.

Eins og ég sagði ætla ég ekki að lengja þetta mikið og ég veit ekki hvort það eru nokkur ákvæði um það í þingsköpum að hægt sé að fresta umræðu af þessu tagi til þess að taka mál til skoðunar í nefnd meðan umræða stendur, þó ekki væri annað en örstutt, hálftíma eða klukkutíma, og ég ætla reyndar ekki að gera tillögu um það, virðulegur forseti. En ég vil benda á það að mér hefði þó fundist í raun full ástæða til þess að nefndin fjallaði um málið betur en greinilega hefur verið gert þar sem þeir fulltrúar sem hér hafa tekið til máls og hafa samviskusamlega setið við þingstörf og nefndastörf undanfarna daga kannast ekki við umræður um málið.

Mig langaði hins vegar að spyrja hæstv. fjmrh. ef hann heyrir mál mitt, ég veit að hann er hér í hliðarsal, einnar spurningar í framhaldi af því sem fram kom hjá hv. 6. þm. Vestf. Mjög rækilega í hennar ræðu var gerð grein fyrir því að líklega hefði með þessum tillögum öllum og þessu brambolti ekkert sparast. E.t.v. væri frekar um útgjöld að ræða. Hv. þm. rakti það ítarlega í tölum sem hún hafði fyrir framan sig að það kynni að vera að tekjur hefðu verið 10 millj. Kannski 10 millj. Það var gerð tekjuáætlun fyrir ári síðan upp á um á 260 millj. Hér er gerð tillaga um viðbótarútgjöld upp á 250 millj. og ég hefði gaman af því að heyra álit hæstv. fjmrh. á þessu. Hvað hefur komið út úr þessu brölti eða er það eins og fleiri tillögur hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh. að það hefur lítið sparast af því sem þar hefur verið lagt til? Það hafi hins vegar hlotist af því ómæld fyrirhöfn og erfiðleikar hjá hinum ýmsu stofnunum sem undir heilbr.- og trmrn. heyra, hjá hinum ýmsu heilbrigðisstofnunum. Og ýmsar aðrar tillögur sem varða sparnaðarhugmyndir í sjúkratryggingum hafa líka sýnt sig að hafa lítinn árangur borið og svo er hér ein tillagan enn sem átti að skapa tekjur í ríkissjóð en hefur sennilega ekki gert það ef hún hefur ekki hreinlega leitt til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð þannig að hinar auknu álögur eða hækkun á meðlagsgreiðslunum hafa sennilega leitt til þess að ríkissjóður hafi tapað á öllu saman. Mig hefði langað til þess að fá álit hæstv. fjmrh. á því eða hvort hann hefur um þetta tölulegar upplýsingar. Auðvitað hefði átt að draga það fram í nefndarstarfinu. Í störfum fjárln. hefði átt að biðja um úttekt á því og fá fram útreikninga. Og ef hæstv. ráðherra hefur þetta ekki hjá sér nú, af því að við erum svo hógværir stjórnarandstæðingarnir sem höfum tekið þátt í þessari umræðu að fara ekki fram á það formlega að málinu sé vísað aftur til nefndarinnar og skoðað þar, þá mætti hann gjarnan senda okkur þessar upplýsingar, ítarlegar upplýsingar um það hverjar hafa verið tekjurnar af þessu og hver útgjöldin.

[22:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nokkrir hv. þm., þar á meðal síðasti hv. ræðumaður, hafa gert nokkuð mikið úr því að það hafi ekki orðið mikill sparnaður af þessum aðgerðum sem efnt var til fyrir ári síðan og hækkun meðlaga var hluti af. Ég get ekki hér og nú nákvæmlega sagt til um sparnaðinn en ég hygg að hann sé lítill sem enginn á yfirstandandi ári og get ekki sagt hvorum megin hryggjar það liggi. Það gætu verið 20 millj. í plús, 20 millj. í mínus, en það má ekki gleyma því að þetta er á fyrsta árinu. Á næsta ári er ekki gert ráð fyrir því í samningum við sveitarfélögin að þessar 250 millj. eða nokkrir fjármunir fari til Jöfnunarsjóðsins en áfram verður haldið með aðra þætti þannig að á fyrsta árinu hefur orðið sáralítill ef nokkur sparnaður, en við verðum að líta á þau ár sem eftir eru til þess að kanna það hver sparnaðurinn verður þegar upp verður staðið og það er ekkert hægt að segja til um það fyrr en eftir næsta eða næstu ár.

Varðandi það svo að lokum, virðulegi forseti, þá skal ég taka undir það og fallast á það sem ég tel vera mjög eðlileg rök, að það er óheppilegt að fá þessa tillögu inn svona seint og ég verð auðvitað að taka það á mig. Þetta mál var samt þekkt, hélt ég, og ég vissi satt að segja ekki betur, en ég heyrði í umræðunum að svo var ekki, en að nefndinni hefði verið kynnt þetta. En það mun hafa verið nefndarmeirihlutanum og mér þykir það leitt. En ég vona að ég hafi skýrt hér afar vel í upphafi máls míns út á hvað þetta mál gengur, þessi brtt., en ég tek undir það að hún er auðvitað mjög seint ef ekki allt of seint fram komin og biðst velvirðingar á því.

[22:07]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans og þær upplýsingar sem hann gefur okkur hér. Hann viðurkennir að á þessu ári sé trúlega ekki um neinn sparnað af þessum hugmyndum og tillögum að ræða og öllu þessu brölti, e.t.v. sé meira að segja af því hreinlega tap, það hafi orðið útgjaldaauki fyrir ríkissjóð þar sem hér var lagt til og hér er verið að fjalla um.

Ég ítreka þess vegna ósk mína til hæstv. ráðherra að hann sendi fjárln. greinargerð um þetta mál. Ég skora á hann að gera það vegna þess hvernig að málinu var staðið og kynningu þess í nefndinni og tel að það sé ekki ofætlan að fara fram á það að nefndin fái þessar upplýsingar þó seint sé þannig að þær liggi þar fyrir og séu til þar skjalfestar.

En síðan talar hæstv. ráðherra um það að þetta muni geta leitt til sparnaðar á næsta ári. Það datt fáum í hug fyrir ári síðan að þetta kynni að kosta 250 millj. kr. Ég held ekki, hæstv. ráðherra, ég held að það hafi ekki verið hugmyndin, a.m.k. ekki hæstv. ríkisstjórnar og hv. stjórnarliða. Það voru hins vegar efasemdir uppi um ágæti þessara hugmynda hjá stjórnarandstöðunni eins og hér hefur verið rakið og hér hefur komið fram og sumir hv. þm. töldu að kostnaðurinn gæti jafnvel numið allt að þessari upphæð. En það var ekki skoðun hæstv. ríkisstjórnar og þess vegna leyfi ég mér að efast um það að hæstv. ráðherra muni ná inn þessum tekjum sem hann áætlar af þessu á næsta ári.

Aðeins að lokum, virðulegur forseti, um nefndarstörfin. Það er út af fyrir sig ekki von að meiri hluti fjárln. geri sér grein fyrir því hvenær nefndin er öll að störfum og hvenær það er bara meiri hlutinn vegna þess að að undanförnu hefur það bara verið meiri hlutinn sem hefur verið að störfum. Það er meiri hlutinn sem hefur verið að vinna, vænti ég, að þessu frv. og fjárlagafrv. sem við tökum til 2. umr. einhvern næsta dag, og þess vegna skil ég það vel að þeir séu hættir að gera greinarmun á því því að þeim er nokkuð sama hvort stjórnarandstaðan er við eða tekur þátt í nefndarstörfunum.

[22:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal reyna að senda hv. nefnd þær upplýsingar sem hægt er að ná um þetta mál og hvernig það hefur þróast. Mér finnst eðlilegt líka að hv. nefnd sjái samninginn þegar hann hefur verið gerður, hann er aðeins í drögum eins og er. Mér finnst einnig eðlilegt að nefndin sjái niðurstöðu Ríkisendurskoðunar sem reiknaði þetta mál út fyrir okkur og fór ofan í innheimtukerfið hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga og var á sömu skoðun og fjmrn. að það væri alls ekki hækkuninni sem væri um að kenna að öllu leyti heldur kæmu önnur atriði til.

Loks vil ég segja að það er rétt sem fram hefur komið að sparnaður í ár er sáralítill, ef nokkur. Á næsta ári er gert ráð fyrir því í samningum við sveitarfélögin að það komi ekki nýir fjármunir úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðsins heldur beri hann kostnaðinn af þessu þannig að sá sparnaður sem á móti kom, útgjaldasparnaður, hann heldur áfram. En útgjöld af þessu tagi sem renna til Jöfnunarsjóðsins verða aðeins í ár.

[22:11]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins út af lokaorðum hæstv. ráðherra um að það væri samkomulag við sveitarfélögin hvernig að þessu væri staðið. Ber að skilja það svo, er það niðurstaða málsins að ef þetta nær ekki fram að ganga og það verður útgjaldaauki af málinu í heild en ekki tekjur eða sparnaður eins og hefur sjálfsagt verið ráð fyrir gert, að sá útgjaldaauki bitni á eða komi niður á sveitarfélögum? Það eru þá sveitarfélögin sem sitja uppi með það ef innheimtan skilar sér ekki eins og áætlað hefur verið. Það er þá orðin niðurstaða milli sveitarfélaganna og ríkissjóðs að á greiðslum frá Jöfnunarsjóðnum sé ákveðið þak eða á greiðslum frá Innheimtustofnuninni sé ákveðið þak og ef útgjöldin fara yfir það þá séu það bara útgjöld sveitarfélaganna. Er það rétt skilið hjá mér? Er það hin raunverulega niðurstaða af þessu máli? Líklega er hæstv. ráðherra búinn að eyða sínum tíma í andsvörum en ég hefði gjarnan viljað fá þetta svar hjá honum. Ég hygg að það séu fleiri á mælendaskrá og það gefst þá tækifæri til að

svara þessu þannig að það sé alveg ljóst hvort og hvernig þetta kemur til með að hafa áhrif á útgjöld sveitarfélaganna.

[22:12]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það vil nú svo vel til með okkur sum sem höfum verið um nokkurt skeið að maður er ekki mikið að rifja það upp sem gerðist í fyrra nema það gefist alveg sérstök tilefni til þess. Satt að segja rifjaðist upp fyrir mér undir ræðu hv. 6. þm. Vestf. umræða sem fór hér fram og orðaskipti við hæstv. heilbrrh. um það hvað tiltekin sparnaðaráform gætu gefið. Ég man eftir því að ég hljóp þá inn í heilbr.- og trn. sem varamaður fyrir hv. þm. Margréti Frímannsdóttur og við reyndum eins og við gátum í þeirri nefnd þá að slíta út upplýsingar um það hvað sparnaðurinn gæfi mikið. Við vorum búin að giska á að þessi tiltekni sparnaður í ákveðnu frv. gæfi 1.540 millj. kr. Okkur þótti við vera nokkuð góð í reikningi vegna þess að þetta var nokkurn veginn alveg sama tala og við höfðum baslað við að giska á í sameiningu, fulltrúar stjórnarandstöðunnar.

Við tókum síðan nokkra rispu á þessu máli ásamt heilbr.- og trmrh. eitt kvöld, eina sæla kvöldstund í fyrra, fyrir held ég nákvæmlega réttu ári, ég held reyndar að það hafi verið 9. des., mér sýnist það á þingtíðindum. Sú kvöldstund skilaði verulegum árangri. Hún lagði sig á hálfan milljarð. Vegna þess að hæstv. heilbrrh. stökk í stólinn nokkrum sinnum og fór eiginlega aldrei fyrir minna en eins og 100 millj. Meðal annars hafði hann hugsað sér að selja Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Það kom reyndar í ljós í umræðunum þá um kvöldið að ríkið átti ekki Samábyrgð Íslands á fiskiskipum þannig að það var ekki hægt að selja það. Þar fauk það. Síðan fauk eitthvað annað sem kom í ljós að stæðist ekki og niðurstaðan varð sú að þarna fauk u.þ.b. hálfur milljarður króna. Samt sem áður voru þessar tölur látnar standa í fjárlagafrv. í gröfum dráttum. Samt sem áður var það þannig að þó það væri búið að tína hverja spjör, eða a.m.k. aðra hverja, af hæstv. heilbrrh. þá voru þessar tölur látnar standa í fjárlagafrv. og þær voru afgreiddar í fjárlögunum fyrir árið 1993. Og svo er verið að skamma Stjórnarráðið fyrir slaka framkvæmd fjárlaga og vinir mínir í Ríkisendurskoðun sitja kófsveittir við að velta því fyrir sér hvað fer úrskeiðis. Niðurstaðan er auðvitað sú að það er tóm vitleysa sem stendur í þeim tölum sem verið er að afgreiða hér í þinginu.

Ég sé það á umræðum frá 22. des. í fyrra að ég hef grísað á það — með leyfi forseta, ég veit ekki hvort það er þinglegt orðalag en það var alla vega notað í vesturbænum í fornöld — að það væru 200–250 millj. kr. sem þarna vantaði í sambandi við þessi meðlög. Ég sé ekki betur en þetta sé upphæð sem er munaðarlaus og er í vanskilum svo að segja, og eigi eftir að ganga frá því hvar hún lendir og á hverjum hún lendir, segir hér. Síðan er farið í þessari ræðu minni nokkuð rækilega yfir þennan sparnað lið fyrir lið og þegar ég skoða þetta núna eftir á að hyggja og rifja það líka upp fyrir mér að ég fór dálítið yfir skýrsluna um framkvæmd fjárlaga, bæði fyrir árið 1993 — og svo vill til að við hv. þm. Pálmi Jónsson fórum nýlega mjög rækilega yfir framkvæmd fjárlaga 1992 — þá sé ég ekki betur en þetta sé allt tóm vitleysa sem var ætlunin að framkvæma í fyrra, nema eitt: Þátttaka sjúklinga í lyfjaverði. Hún hefur aukist. Hún var hækkuð úr 26% í 32% í fyrra og þá var sagt að það væri svipað og í Evrópubandalaginu og þótti afskaplega göfugt þess vegna, að það ætti að vera sama verð á lyfjahlutdeild hér og í Evrópubandalaginu, upp í 32%. Það átti að gefa um 210 millj. kr. og samkvæmt þeim tölum sem ég hef séð á stangli hér og þar sýnist mér að það hafi út af fyrir sig náðst.

En umhugsunarvert er málið, fyrir hvern? Fyrir Alþingi, fyrir fjárln. en þó alveg sérstaklega fyrir hæstv. fjmrh. Sá ágæti vinur minn um langa tíð hefur látið heilbrrh. plata sig. Ég hef aldrei séð aðra eins meðferð á einum fjármálaráðherra því að hann hefur svoleiðis gjörsamlega verið gabbaður upp úr skónum að hann hefur ekkert haft upp úr þessu. Og nú er ekki eins og hann hafi ekki verið varaður við vegna þess að hér stendur í einni ræðunni sem er flutt af undirrituðum og lýsir því mjög vel hvað undirritaður, sá sem hér stendur, getur verið hógvær í málflutningi — getur verið en er ekki alltaf, ég viðurkenni það. Ég sagði hér, með leyfi forseta:

„En ég verð að játa það, virðulegi forseti, að ég hef hæstv. heilbrrh. grunaðan um eitt og jafnvel þó það fari í þingtíðindi þá verð ég að láta það flakka", sagði sá sem hér stendur. „Ég hef hæstv. heilbrrh. grunaðan um að útmála þetta nokkuð bjartari litum frá sjónarhóli fjmrh. en efni standa til. Ég held að hæstv. heilbrrh. sé að plata hæstv. fjmrh. upp á a.m.k. hálfan milljarð kr. Honum er auðvitað vorkunn þó hann reyni að plata fjmrn. upp á hálfan milljarð a.m.k. Hann hefði kannski mátt vera minna viljugur að taka að sér að skera og spara en hann hefur verið og hefði átt að verjast betur."

Með öðrum orðum, það lá fyrir í málflutningi stjórnarandstöðunnar — nú held ég að hæstv. fjmrh. sé að reyna að koma einhverjum vafasömum fjárlagahugsunum inn hjá formanni þingflokks Alþfl. en ég vil trufla það augnablik. Í fyrra sýndum við stjórnarandstæðingar fram á það með skýrum hætti að áform heilbrrn. um sparnað upp á 1,5 milljarða gengju ekki upp. Heilbrrh. dró þriðjung af því til baka upp á hálfan milljarð eða svo við umræðurnar á Alþingi 9. og 22. des. en samt voru tölurnar áfram hafðar inni í fjárlagafrv. og fjárlögunum. Samt lömdu menn höfðinu við steininn og afgreiddu kolvitlaus fjárlög og vissu það. En auk þess er það þannig að í þessari ræðu minni sem ég var að vitna til frá 22. des. þá segi ég fullum fetum: „Ég held að hæstv. heilbrrh. sé að plata hæstv. fjmrh. upp á að minnsta kosti hálfan milljarð kr."

Ég nefni þetta hér, virðulegi forseti, til umhugsunar. Er það þannig að þeir sem fara með þessi mál í Stjórnarráði Íslands líti á þetta sem eins konar prúttmarkað þar sem fagráðuneytin reyna að selja fjmrn. hluti eins og þann sem hér er nefndur þó að allir viti að þetta sé meira og minna sundurskotið. Í öðru lagi:

Er það þannig að núv. fjmrh., sá ágæti maður, setji sér það sem prinsipp að hluta ekki á eitt einasta orð sem frá stjórnarandstöðunni kemur, jafnvel þó það séu einstaklingar sem halda þeim sjónarmiðum fram sem flutt eru af stjórnarandstöðunni sem ættu að þekkja til í stjórnkerfinu, eins og t.d. hv. 1. þm. Norðurl. e., svo ég nefni bara dæmi?

Ég held að það sé mjög varasamt að umgangast stjórnarandstöðuna með þeim hætti sem núv. ríkisstjórn gerir og hér er sönnunin. Ef hæstv. fjmrh. hefði hlustað á stjórnarandstöðuna í fyrra þá hefði staða ríkiskassans verið önnur, upp á 1–1,5 milljarða, það er ljóst. En hann neitaði að hlusta á það sem stjórnarandstaðan var að segja.

Auðvitað er sú ræða, sem hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, flutti hér áðan afhjúpandi fyrir þetta mál. Þetta mál snýst ekkert um það hvort menn eru þeirrar skoðunar að meðlög séu há eða lág. Það þýðir ekkert fyrir fjmrh. að setja dæmið þannig upp. Málið snýst ekkert um það. Við vitum alveg að meðlagið í höndum þeirra sem fá meðlögin er lágt, það er lítil upphæð og dugir skammt. Umræðan snerist ekkert um það á síðasta þingi. Þess vegna var blaðagrein Agnesar Bragadóttur á undirritaðan m.a. ákaflega ósanngjörn vegna þess að málið snerist ekki um það á síðasta þingi þar sem það var auk þess gefið í skyn í þessari undarlegu blaðagrein að sá sem hér stendur væri stórskuldugur við Innheimtustofnun sveitarfélaga sem hér með skal lýst yfir úr ræðustól í þessari stofnun fyrir Alþingistíðindi að þar hef ég aldrei skuldað eina einustu krónu. Aldrei nokkurn tímann. (**Fjmrh.:** Ertu með vottorð?) Þarf ekki vottorð, það liggur alveg fyrir með mín börn, hæstv. fjmrh. Þannig liggur það mál. (**Gripið fram í:** Ólafur Þ. Þórðarson þurfti vottorð.) Ólafur Þ. Þórðarson kaus að verða sér úti um vottorð, hv. þm., hann taldi það öruggara. Ég vona að hæstv. fjmrh. dragi mín orð ekki í efa í þessu efni og tel mig ekki hafa neina ástæðu til þess.

En niðurstaðan er sú að það er hér verið að tala um tölur upp á 250 millj. kr. — eða nákvæmlega liggur dæmið þannig svo ég reki það: Meðlög voru 7.551 kr. á mánuði. Þau voru hækkuð upp í 11.300 kr. í frv. upphaflega. Þá kom hæstv. heilbrrh. Sighvatur og sagði: Þetta eiga ekki að vera 11.300 heldur 10.300. Hefðu þetta verið 11.300 þá hefði það gefið 350 millj. kr. fyrir ríkið. Þegar þetta var lækkað úr 11.300 niður í 10.300 þá sáu menn í hendi sér að þetta mundi ekki fara í 350 heldur kannski í 260 millj. kr. eða svo. Og hvað er að gerast núna? Það er verið að borga inn í Jöfnunarsjóð 250 millj. Mismunur hver? 10 millj. kr. Það stendur varla undir kostnaði við allt pappírsverkið, vesenið og reglugerðirnar og fundahöldin í kringum þetta mál. 10 millj. kr. Það er búið að halda ótal ræður í þinginu um þetta mál, það er búið að halda ótal fundi í nefndum þingsins. Þangað kom t.d. á fund hv. heilbr.- og trn. einhver þrautpíndasta sveit sem ég hef nokkru sinni séð framan í í minni þingsögu og er þá langt til jafnað. Það voru fulltrúar Félags meðlagsgreiðenda og var átakanlegt hvernig þeir lýstu sinni stöðu. En það eru 10 millj. kr. sem tekst að vinda út úr þessu kerfi öllu saman. Og hvað dettur hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. þá í hug að gera þegar hann stendur frammi fyrir þessum vanda? Dettur honum í hug sá möguleiki að lækka þetta aftur og rétta þessa hluti við á allt annan veg með því að fara inn í málið með öðrum hætti? Nei, það sem hæstv. fjmrh. Sjálfstfl. dettur í hug er það að auka við ríkisútgjöldin sem þessu nemur eða 250 millj. kr. í viðbót. Út af fyrir sig er málið þannig að það er ekkert hægt að snúa þetta niður með einu handtaki vegna þess að hér er um að ræða framfærslueyri tiltekinna einstaklinga. Það er ekkert einfalt mál að snúa þetta niður. En niðurstaðan er eftir sem áður sú að staðan er þessi fyrir ríkissjóð og niðurstaðan fyrir einstæða foreldra batnaði ekki samkvæmt upplýsingum heilbrrh. því að samkvæmt því sem hann sagði þá versnaði staða einstæðs foreldris með eitt barn á framfæri um 983 kr. á mánuði. Þannig að málið snerist heldur ekki um það að það væri verið að byggja upp þetta fólk. Nei, það átti að nota þetta lið, þessa meðlagsgreiðendur til þess að kýla inn í ríkissjóð 300–400 millj. kr. — Niðurstaðan er hver, hæstv. fjmrh.? Innilega til hamingju með það eða hitt þó heldur, 10 millj. kr. Ja, þvílíkur leiðangur! Ég segi: Aldrei nokkurn tímann hefur hæstv. fjmrh. verið gabbaður svona svakalega af nokkrum heilbrrh. eins og hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson.

[22:27]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en mér fannst það ekki koma nógu skýrt fram áðan hjá hæstv. fjmrh. að það væri ekki gert ráð fyrir því að ríkissjóður þyrfti að koma inn með svipuðum hætti á næsta ári. Hann nefndi þar einhverja samninga sem væru í gangi en ef ekki gengur eftir hert innheimtuátak eða annað slíkt í sambandi við þetta, er það þá meiningin að sveitarfélögin taki á sig það sem ekki innheimtist af meðlagi? Ég vil þá minna hæstv. ráðherra á það að í umræðunum fyrir einu ári síðan kom það í ljós að meðlagsskuldir voru þá í kringum 3 milljarðar kr., uppsafnaðar skuldir voru þá í kringum 3 milljarðar kr., og þá voru yfir 800 manns sem skulduðu 500 þús. þó þeir væru ekki með nema eitt barn sem þeir skulduðu fyrir. En það hefur verið upplýst í umræðum og ég held að það hafi verið hæstv. ráðherra sem upplýsti það að á þessu ári eru 550 millj. kr. útistandandi af meðlögum og það hlýtur að vera til viðbótar við þessa 3 milljarða sem hafa verið útistandandi fyrir ári síðan. Ég spyr bara hæstv. fjmrh.: Er það þá meiningin að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga eigi að taka á sig þessar greiðslur?

[22:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Mér sýnist vera komið að leiðarenda þannig að ég tek til máls í þessari umræðu, það er síðari ræða mín, og vonandi til að skýra þessa tillögu sem mest hefur verið rædd í þessari 3. umr. enda tillagan komin mjög seint fram. Ég skal reyna að svara nokkuð þeim fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint.

Í fyrsta lagi hef ég reynt að giska nokkuð á hver

hafi verið niðurstaðan eftir fyrsta ár þessa fyrirkomulags sem við höfum rætt hérna. Ég get ekki sagt það nákvæmlega en ég giska á að ágóði ríkissjóðs hafi verið hverfandi og hef rakið það fyrr.

Ég ætla ekki hér og nú í minni ræðu að fara að ræða um ríkissjóðshallann, það hefur verið gert áður í umræðum hér fyrir skömmu og gefst áreiðanlega nægur tími til þess síðar. Ég kemst þó ekki hjá því að nefna tvennt í því sambandi og þá vegna orða hv. 2. þm. Vestf.

Í fyrsta lagi vil ég að það komi skýrt fram að það er miklum mun erfiðara að ná endum saman hjá ríkissjóði þegar viðskiptahalli er lítill sem enginn miðað við það hvernig það gerist þegar viðskiptahallinn er mikill vegna þess að sá innflutningur umfram útflutninginn sem viðskiptahallanum nemur er skattlagður í ríkissjóð og myndar tekjur þrátt fyrir það að þjóðin sé að safna upp botnlausum erlendum skuldum. Þannig að það er ekki alltaf gæðamerki á fjármálaráðherrum sem skila ríkissjóði með halla ef það er gert vegna þess að þeir séu að skattleggja viðskiptahallann.

Í öðru lagi vil ég benda á að á undanförnum árum hefur það gerst í Evrópuríkjunum — og nýlega var um það skrifað í merkt breskt tímarit, fyrir rúmri viku síðan, að þar var úttekt á ríkissjóðshalla í Evrópubandalagslöndunum. Hann hefur þrefaldast að meðaltali á undanförnum þremur árum og er nú að meðaltali um 7% af vergri landsframleiðslu. Á Íslandi er landsframleiðslan tæpir 400 milljarðar kr. þannig að 7% af því eru um 28 milljarðar kr. Það er meðalhallinn, meðalríkissjóðshallinn í Evrópubandalagslöndunum. Þess skal þó getið að yfirleitt eru ríkisafskipti meiri þar en hér þannig að þetta þarf ekki að vera eins há hlutfallstala af ríkissjóðsútgjöldunum eða ríkissjóðsumsvifunum eins og af vergri landsframleiðslu.

Þetta nefni ég vegna þess að þrátt fyrir allt þá hefur okkur tekist með því að þræða einstigið að koma í veg fyrir að sú sama þróun hafi átt sér stað hingað til eins og hefur verið að gerast í okkar nágrannalöndum að ríkissjóðshallinn hafi þrefaldast á örskömmum tíma. Þvert á móti höfum við haldið í horfinu og skal ég þó ekki stæra mig né ríkisstjórnina af því því það nægir auðvitað hvergi til. Nóg um þetta.

Hv. þm. hafa nokkuð rætt um það á hverjum það lendi ef ríkissjóður ætli sér ekki á næsta ári að greiða þessar 250 millj. kr. sem hér er verið að ræða um. Þá vil ég í fyrsta lagi láta það koma fram að það er álit fjmrn. að einungis megi rekja rúmlega 100 eða í hæsta máta 150 millj. kr. til þess að meðlagið var hækkað. Það séu aðrar ástæður fyrir því að innheimtan hafi slaknað. Fyrir þessu eru færð rök, bæði af hálfu fjmrn. en einnig á vegum Ríkisendurskoðunar sem kannaði þetta mál sérstaklega fyrir fjmrn. Niðurstaðan sem hér er verið að birta er hins vegar samningur á milli ríkisins og sveitarfélaganna vegna þess að fyrir ári síðan gerðum við ráð fyrir því að bæta sveitarfélögunum það upp með því að leggja fjármagn til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ef hallinn af þessum ástæðum einum færi yfir 300 millj. kr.

Þá kem ég að því sem spurt var um og hv. síðasti þm. og reyndar hv. 1. þm. Norðurl. e. gerðu að umtalsefni. Það er spurningin um það hvort þetta lendir á sveitarfélögunum. Svarið við því kom reyndar fram í upphafsræðu minni þegar ég sagði að ríkið mundi ásamt sveitarfélögunum leita lausna á þessu máli þannig að innheimtan næðist í það horf sem eðlilegt getur talist en við höfum sett það mark að Jöfnunarsjóðurinn þurfi ekki að greiða umfram 300 millj. kr. til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Við ætlumst til þess að sett verði niður nefnd á vegum félmrh. og Sambands ísl. sveitarfélaga og á þessu máli verði tekið í nefndarstarfinu og því verði lokið fyrir mitt ár þannig að það verði þá fyrirliggjandi hugmyndir um aðgerðir sem ættu að duga. Ég tel að þetta sé hægt og engin ástæða til þess að halda annað en að þetta kerfi sem byggir á meðlagsgreiðslum upp á rúmlega 10.000 kr. á mánuði með barni geti virkað. Og ég bendi á að með reglugerðarbreytingu hefur ráðherra sem með þetta mál fer breytt innheimtunni nokkuð þannig að ef um fleiri börn er að ræða þá er dregið úr innheimtukvöðinni og lánstíminn þannig lengdur í raun, enda er hér um að ræða skuldir sem eiga að greiðast á tilteknu tímabili, þ.e. allt þar til börn eru fullra 17 ára. Þess vegna eru miklar líkur til þess að hægt sé að ná þessum fjármunum inn, jafnvel talsverðu síðar, að börnin fara yfir þann aldur sem meðlagsskyldan er miðuð við.

Ég hef áður í mínu máli hins vegar bent á að það eru margar hliðar á þessu máli, aðrar hliðar sem auðvitað þarf að taka tillit til, en mín skoðun er sú, og þrátt fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram, að það sé ekkert óeðlilegt við það að barnsfeður, þetta eru yfir 95% barnsfeður, greiði með börnum sínum sem eru í umsjá hins foreldrisins eða annarra sem nemur u.þ.b. helmingnum af framfærslukostnaðinum. Ég held að 10.000 kr. sé ekki há tala þegar maður miðar við það.

Virðulegi forseti. Ég held að það sé þess vegna ekki hægt að svara fyrirspurninni öðruvísi en svo að það er hugmyndin að meðlagsgreiðendurnir greiði þennan kostnað sjálfir. Það lendi þess vegna ekki á sveitarfélögunum umfram þessar 300 millj. Það er svarið við spurningunni. Ríkið hefur hugsað sér í þeim samningsdrögum sem liggja fyrir að hjálpa til við að það markmið geti náðst með því að efna til samstarfs við sveitarfélögin svoleiðis að hægt sé að útbúa reglur sem duga til að þessi árangur náist. Auðvitað getur einhver misbrestur orðið á því á næsta ári, um það er ekkert nákvæmlega hægt að segja nú en ég hygg að þegar fram líða stundir, líklega á næsta ári eða a.m.k. á næstunni, þá náist jafnvægi í þessi mál. Og eftir að hafa kynnt mér nokkuð innheimtuna hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga er ég sannfærður um að það má ná betri árangri heldur en næst nú um stundir.

[22:39]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa verið með sérstökum hætti í tíð þessarar ríkisstjórnar eins og kunnugt er. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. að það getur farið svo að á sveitarfélögin verði velt allt að 300 millj. út af þessu máli

og þar að auki er ríkisstjórnin með sérstaka 500 millj. kr. skattheimtu á sveitarfélögin sem hún ætlar reyndar að auka á næsta ári upp í 600 millj. sem upphaflega var tengd löggæslu en endaði svo núna sem framlög í Atvinnuleysistryggingasjóð. Samanlagt eru bara þessir tveir liðir 900 millj. á ári sem ríkið er að velta yfir á sveitarfélögin. Mér finnst ástæða til þess að fulltrúar sveitarfélaga staldri aðeins við þegar svo háttar til að ríkisstjórnin stendur ekki betur við samninga við sveitarfélögin en raun ber vitni og er svo núna að gera stórfelldar breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem opna ýmsar smugur fyrir ríkissjóð til þess að næla sér í auknar tekjur umfram það sem þetta er. Þannig að ég hygg að hæstv. fjmrh. verði að skilja það þó að fulltrúar sveitarfélaga séu ekki mjög ginnkeyptir fyrir því og treysti ríkisstjórninni ekki allt of vel í fjármálalegum samskiptum þessara tveggja aðila.

[22:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það gætir misskilnings í ræðu hv. þm. Þessar 300 millj. sem Jöfnunarsjóðurinn greiðir til Innheimtustofnunar sveitarfélaga hafa ekkert með ríkið að gera, ekkert með samskipti ríkisins og sveitarfélaganna að gera. Þetta er sú upphæð sem sveitarfélögin sjálf hafa reiknað með á undanförnum árum að þurfi að fara út Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að bæta Innheimtustofnun sveitarfélaganna þetta upp. En Innheimtustofnuninni ber samkvæmt lögum að greiða þetta síðan til almannatrygginga eða Tryggingastofnunar ríkisins. Það voru 250 millj. umfram þessar 300 millj. sem verið er að ræða um hér. Það var öllum ljóst allan tímann að 300 millj. hljóta að liggja á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og hafa ekkert með þetta mál að gera. 600 millj. sem sveitarfélögin leggja til — ég tek fram að það er gert og verður gert í fullu samkomulagi við þau — og það verða settar reglur um nýtingu á þeim fjármunum enda hefur samstarfið gengið vel í þeim efnum.

Það er rangt sem kom fram hjá hv. þm. að ríkið væri að næla sér í peninga vegna breytingarinnar þegar aðstöðugjaldið er lagt niður því að niðurstaða þeirrar nefndar sem vann það verk, og eftir því verki hefur verið farið, var sú að enginn aðilanna, atvinnulífið, sveitarstjórnirnar né ríkissjóður, færi út úr þessu með neinum gróða. Það er hins vegar rétt að það færast fjármunir til milli sveitarfélaganna og á milli atvinnufyrirtækjanna en það er annað mál og önnur saga.

Loks vil ég segja það, virðulegur forseti, að ég tel að upp á síðkastið hafi ríkt gott samstarf og góður samstarfsandi í samskiptum ríkis og sveitarfélaga.

[22:43]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. fjmrh. að það sé eitthvert sérstakt sveitarfélagamál að innheimta meðlög. Þess vegna er auðvitað verið að velta yfir á sveitarfélögin þessum 300 millj. af því að hér er verið með lögum að setja á þau verkefni sem þeim ber í reynd ekki að fara með. Í öðru lagi, hvað varðar 600 millj. þá undrar mig að heyra það að hálfu sjálfstæðismanns að hann telji það betra fyrirkomulag að taka 600 millj. af sveitarfélögunum í einn sameiginlegan sjóð og setja þar yfir þriggja manna stjórn sem á síðan að deila þessum peningum út. Er ekki betra að hver sveitarstjórn standi ábyrg fyrir sínum málum og hafi þá sínar tekjur til þess að standa að aðgerðum í sinni heimabyggð til að draga úr atvinnuleysi ef þess gerist þörf? Eru ekki heimamenn færari um að ráðstafa peningunum en einhver sjóðstjórn hér í Reykjavík? Það er auðvitað eðlilegra að hafa hlutina með þeim hætti að láta menn um það að hafa peningana og glíma við þetta mál.

En hvað varðar tekjustofnabreytinguna sem nú er verið að gera, eins og málið er lagt upp í tengslum við frv. um breytingar á skattaorminum þá er ríkissjóður að íþyngja skattgreiðendunum, auka álögurnar bara í staðgreiðslunni um fjárhæðir sem gætu numið allt að 900 millj. kr. sýnist mér, af því að það er verið að hækka útsvarsprósentuna meira en menn ætla að lækka tekjuskattsprósentuna. Þannig að ef menn reikna bara mismuninn á þessu þá liggur eftir skattahækkun upp á nokkur hundruð milljónir kr. sem verið er að taka upp úr vösum skattgreiðendanna. Það er alveg ljóst.

[22:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það síðasta sem hæstv. ræðumaður sagði er rangt. Niðurstaðan kemur út á núlli nema í fyrsta skipti, þ.e. vegna greiðsluflæðisins, þá mun ríkissjóður ná einhverjum 600 millj. kr. út úr þessu, vegna greiðsluflæðisins í kerfinu. Það er það eina sem gerist. Þessi reikningur er sýndur í greinargerð með svokölluðum skattaormi og hv. þm. getur skoðað það svart á hvítu hver niðurstaða nefndarinnar var.

Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um það hvort sé eðlilegra að sveitarfélögin sjái um atvinnuleysismálin heima eða sameiginlega í Atvinnuleysistryggingasjóði. Það má vel vera að það sé ágætis aðferð þótt þessi hafi verið valin. Loks vil ég segja að það er auðvitað hlutverk sveitarfélaganna að innheimta meðlög. Ástæðan er sú að framfærslumálin eru málefni sveitarfélaganna en ekki ríkisins. Þess vegna hefur það gerst í tímans rás að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur verið notaður til að greiða þann mun sem verður þegar út af stendur hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Það var aðeins í þetta eina skipti vegna þess að meðlögin voru hækkuð sem ríkið tók að sér að hjálpa til við að greiða muninn. Munurinn varð 550 millj. kr. en sveitarfélögin sjálf höfðu gert ráð fyrir 300 millj. Ég tel raunsætt að áætla að á næstu árum verði þessi munur ekki meiri en 300 millj. kr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1993, 3. umr.

Stjfrv., 76. mál (heildarlántökur ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 79.

[22:46]

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 22.47.

---

52. FUNDUR

miðvikudaginn 8. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Preststsetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 242. mál, þskj. 280. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, stjfrv., 243. mál, þskj. 281. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Samkeppnislög, stjfrv., 239. mál, þskj. 274. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 105. mál, þskj. 310, brtt. 131 og 321. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Lánsfjárlög 1993, stjfrv., 76. mál, þskj. 79. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
9. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 316. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Heilbrigðisþjónusta, 270. mál, frv. heilbr.- og trn., þskj. 327.

Kaup á björgunarþyrlu, 267. mál, fsp. IBA, þskj. 322.

Ofbeldi gegn konum á Íslandi, 269. mál, þáltill. SvG og ISG, þskj. 324.

Sjálfbær atvinnuþróun í Mývatnssveit, 271. mál, þáltill. umhvn., þskj. 329.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, 268. mál, frv. IBA o.fl., þskj. 323.

Útboð á ræstingu í framhaldsskólum, 48. mál, svar menntmrh., þskj. 320.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Fjölgun frystitogara.

[13:32]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla hér að ræða við hæstv. sjútvrh. Það ríkir mikil óvissa í málefnum sjávarútvegsins um þessar mundir. Fiskvinnslan er rekin með tapi og útgerðin með tapi. Tap bátaflotans stefnir í 9,5%, tap togara stefnir í 9%, en hagnaður frystitogara er 9%. Þegar ríkisstjórn í einu landi lætur það viðgangast að undirstöðuatvinnuvegur landsmanna er í taprekstri ár eftir ár hljótum við að vera á leið í þjóðargjaldþrot eða alla vega allsherjarstöðvun í þjóðfélaginu. En meðan þessu vindur fram og hæstv. sjútvrh. unir kratastefnunni vel eru útgerðarmenn að stela sjávarþorpunum og setja kvóta fiskvinnsluhúsanna yfir á frystitogara.

Nú eru frystitogarar orðnir 43. Árið 1985 var þessi þróun vart hafin. Þá var aflaverðmæti þeirra af botnfiskaflanum 6%. Nú er talið að í ár verði hann 26%. Eitt sjávarþorp er flutt um borð í frystitogara annan hvern mánuð. Í morgun birtist heil mynd í Morgunblaðinu af einum slíkum nýjum sem skartar í búnaði, þar er fiskimjölsverksmiðja hvað þá annað um borð og aflið er 3400 hestöfl. Sjávarútvegurinn er að reyna að bregðast við stefnuleysi ríkisstjórnarinnar. En hver nýr frystitogari eykur skuldir og fjármagnskostnað sjávarútvegsins í heild fyrir utan hitt að í frystitogurunum er ekki verið að fullvinna fiskinn eins og allir vita.

Nú vil ég spyrja hæstv. sjútvrh.: Hver er skoðun hæstv. sjútvrh. á þessari þróun? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að bregðast við þeim ógnvænlega hallarekstri í veiðum og vinnslu sem fer sífellt vaxandi? Hyggst hæstv. sjútvrh. með einhverjum aðgerðum reyna að stöðva frystitogaraævintýrið?

[13:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér er verið að efna til almennari umræðu en almennt er litið á að eigi að gera í fyrirspurnatíma af þessu tagi. Nauðsynlegt væri í tilefni af þessari fsp. að gera mjög ítarlega grein fyrir þeim umfangsmiklu ráðstöfunum sem gerðar hafa verið á síðasta ári til þess að rétta við stöðu útflutningsgreinanna og sjávarútvegisins sem alþjóð er kunnugt um, en greinilega hafa farið fram hjá hv. 5. þm. Suðurl.

Varðandi frystitogarana og sölu á aflaheimildum til þeirra þá fara þær fram á grundvelli laga sem hv. 1. þm. Austurl. beitti sér fyrir sem sjútvrh. og hv. 5. þm. Suðurl. samþykki í lok síðasta kjörtímabils. Á þeim grundvelli fara sölur á aflaheimildum fram og þar á meðal til frystitogara. Núv. ríkisstjórn beitti sér fyrir því að Alþingi setti á þessu kjörtímabili nýja löggjöf til þess að takmarka á ýmsan hátt þá miklu aukningu sem var í augsýn á fjölgun frystitogara. Það var fyrst gert

eftir að núv. ríkisstjórn kom til valda. Eins og alkunna er flutti sjútvn. brtt. á þessum lögum til þess að auðvelda kaupfélagi vestur á fjörðum að koma nýjum frystitogara í starfrækslu. Ég held að að hafi verið eðlileg ráðstöfun og nauðsynleg miðað við allar aðstæður. En þessi skip hafa sannarlega skilað góðum árangri og menn mega ekki gleyma því að þau hafa verið ein aðalforsenda fyrir því að við höfum verið að auka sókn okkar í vannýttar tegundir. Við höfum verið að stækka þá auðlind sem við getum veitt úr með því að beina þeim á úthafið og á úthafsveiðar. Afli íslenskra skipa og tekjur þjóðarbúsins væru mun minni ef þessi skip hefðu ekki verið fyrir hendi og getað nýtt þá möguleika og þá útrás sem sjávarútvegurinn hefur hafið í þessu efni.

[13:37]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. fer eins og fyrr að það er eins og hann sé sjútvrh. fortíðarinnar. En ég hefði haldið að hann þyrfti að sitja í þessum stól sem skipstjóri til að mæta þeirri þróun sem er að eiga sér stað í dag. Það er enginn vafi á því að útgerðarmenn eru á flótta frá bátaútgerð og togaraútgerð yfir í frystitogaraævintýri vegna þess að ríkisstjórnin mótar ekki framtíðarstefnu fyrir sjávarútveginn.

Mér er ljóst að á meðan hv. þm. Halldór Ásgrímsson var sjútvrh. þá reyndi hann að mæta hverjum tíma með nýjum aðferðum og móta stefnu í heild sinni með aðilum sjávarútvegsins. Þetta finnst mér á vanta. Ég get tekið undir það með hæstv. sjútvrh. að hér er mikilvægt að taka upp almenna umræðu um sjávarútvegsmálin og hafa til þess lengri tíma. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann sé tilbúinn að beita sér fyrir því nú fyrir jólin.

[13:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég veit auðvitað ekki hvað vakir fyrir hv. þm. Vill hann banna starfrækslu þessara togara? Hvaða reglur ætlar hann að láta setja um þrengri kost þessara skipa en frá því sem nú er? Hann hældi réttilega fyrrv. sjútvrh. sem á heiður skilið fyrir það hvernig hann stóð að verki í ráðuneytinu. Eigi að síður var það svo að um þessi skip hafði ekki verið sett nein löggjöf þegar núv. ríkisstjórn kom að völdum. Það var þess vegna nauðsynlegt, eitt af fyrstu verkum hennar, að setja almenna löggjöf um þessi skip, gera almennar kröfur um það hvernig ætti að vinna afla um borð í þeim, setja gæðakröfur og sambærilegri kröfur en gerðar höfðu verið áður um jafnari aðstöðu milli vinnslu úti á sjó og í landi. Að þessu hafði ekki verið hugað fram að þeim tíma. Fram hjá þessu horfir auðvitað hv. þm., nema hann hafi einfaldlega ekki tekið eftir því hvað Alþingi hefur verið að gera á þessu kjörtímabili og það er kannski líklegasta skýringin á orðræðum hans hér í dag.

[13:39]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki betur en flest mál sjávarútvegsins séu í frosti hjá þessari ríkisstjórn, þannig að ég hef ekki séð að mikið væri verið að gera fyrir sjávarútveginn í landinu. En hæstv. sjútvrh. snýst jafnan svona til varnar og svarar lítt spurningum. Er hæstv. sjútvrh. að segja það hér í dag að það sé eðlilegt að frystitogararnir séu orðnir 43 og þeim fjölgi um einn með hverjum mánuði sem líður? Að þeir hafi 1985 haft 6% af botnfiskaflanum, séu núna komnir upp í 26%. Er þetta eðlileg þróun? Við sjáum sjávarþorpin um allt land, fólkið þar er að missa atvinnu sína. Það er verið að fara með vinnuna á haf út. Þess vegna er ég að spyrja eftir því og spurði eftir því hér í upphafsræðu minni, hvort sjútvrh. hefði leitt hugann að þessari þróun. En því miður virðist það ekki vera.

[13:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er í sjálfu sér tilgangslaust að vera að tyggja ofan í hv. þm. það sem gert hefur verið. Það hafa verið samþykkt alveg ný lög sem takmarka umsvif þessara skipa og gera miklu meiri kröfur til þeirra en áður hefur verið gert. En hv. þm. þarf auðvitað að svara því hvort þessi nýsamþykktu lög eru að hans dómi ófullnægjandi og ef svo er, hvað vill hv. þm. þá gera? Vill hann banna fjölgun þessara togara? Vill hann banna starfrækslu þeirra togara sem eru fyrir hendi í dag? Vill hann breyta þeim lögum um framsal aflaheimilda sem hann sjálfur samþykkti fyrir rúmlega tveimur árum síðan? Hann þarf að upplýsa um þessa afstöðu sína áður en hann sendir skeyti af því tagi sem hann hefur verið með hér í dag.

Samningar um kaup á björgunarþyrlu.

[13:41]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í fjarveru hæstv. forsrh. hygg ég að ég geti beint fsp. minni til hæstv. dómsmrh. Í febrúar á sl. ári sagði hæstv. forsrh. hér í þingsal að samningar um kaup á björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna mundu hefjast innan fárra vikna. Nú vil ég spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvaða mat hefur hæstv. ríkisstjórn á því hvað eru fáeinar vikur? Ekki hafa borist enn þá fréttir af því að samningaviðræður séu hafnar og því vil ég beina þeirri fsp. til hæstv. ráðherra: Eru þessir samningar í gangi og ef ekki, hvenær má þá vænta þess að samningaviðræður hefjist?

[13:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Samningaumleitanir hófust strax sl. vor. Frá því í haust hefur legið fyrir samningsuppkast á borði ríkisstjórnarinnar og ég vænti þess að endanleg ákvörðun verði tekin mjög fljótlega í því efni.

[13:43]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Nú á síðustu dögum gerði hv. 5. þm. Reykv., Ingi Björn Albertsson, athugasemd við sérkennilegt svar sem honum barst við skriflegri fsp. til forsrh. um þyrlukaupin. Í því svari var ekkert að finna nema sögulegt yfirlit yfir einar fjórar nefndir sem settar höfðu verið í málið, en af svarinu var ekki hægt að greina hvort samningaviðræður væru hafnar. Þess vegna gleður þetta svar hæstv. dómsmrh. meira en það

svar og ég vil ítreka að ég skil það svo að samningaviðræður séu hafnar, en hlýt að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað á hann við þegar hann talar um að innan tíðar muni ákvörðun verða tekin? Ákvörðunin hlýtur að vera tekin ef samningaviðræður eru hafnar eða hef ég misskilið þetta, hæstv. ráðherra?

[13:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ríkisstjórnin samþykkti að fela dómsmrh. og fjmrh. að leita samninga. Þegar endanlegir samningar liggja á borðinu af hálfu þeirra þarf ríkisstjórnin að taka hina endanlegu ákvörun á þeim grundvelli sem þessir tveir ráðherrar leggja fyrir hana. Það er það mat sem nú liggur fyrir ríkisstjórninni og verður vonandi tekin ákvörðun um innan tíðar.

Skotmörk langdrægra kjarnorkueldflauga.

[13:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Þau válegu tíðindi bárust vestan um haf fyrir svo sem tveimur dögum að Bandaríkjamenn og Rússar hyggist breyta stöðu langdrægra kjarnorkueldflauga sinna og beina þeim út á Norður-Atlantshaf í stað skotmarka á landi þessara fornu fjenda. Þessar hugmyndir lýsa auðvitað hrikalegu hugarfari til norðurhafa og þess lífs sem þar þrífst. Í Morgunblaðinu í morgun kemur fram að hæstv. utanrrh. hefur sett könnun af stað á þessu máli og ég vil spyrja hann af því tilefni hvort hann hafi fengið einhverjar skýringar á því hvað hér er á ferð, hversu langt þessar hugmyndir eru komnar og er það rétt að bæði Bandaríkjamenn og Rússar séu að huga að þessu?

Í öðru lagi, hvernig hyggst hann halda á þessu máli næstu vikur?

Og í þriðja lagi, hvernig og hvar ætlar ríkisstjórn Íslands að mótmæla þessum áformum kjarnorkuveldanna tveggja?

[13:46]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í blaðafrétt í dag þá voru viðbrögð okkar þau, um leið og við höfðum fengið vitneskju um þessa frétt eða þessa fréttaskýringu sem birtist í New York Times, að sendiherra Íslands í Washington var falið að hafa þegar í stað samband við utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna og krefjast skýringa á málinu.

Viðbrögð bandarískra stjórnvalda voru þau að yfirmaður Evrópudeildar bandarísku utanríkisráðuneytisins gaf þá skýringu að engin ákvörðun hefði verið tekin af hálfu bandarískra stjórnvalda í þessu máli. Ég endurtek: Engin ákvörðun hefði verið tekin. Með öðrum orðum, það var synjað um staðfestingu á fréttinni.

Í framhaldi af því hefur sendiherranum verið falið að leita aftur til bandarískra stjórnvalda eftir skýringum á málinu í heild. Ákvörðun um það hvernig við verður brugðist fer eftir því hverjar þær skýringar endanlega verða. Það skal tekið fram að engin krafa hefur verið sett fram um að þessum eldflaugum verði beint aftur að fyrri skotmörkum.

[13:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það kom fram í svari hæstv. utanrrh. að fyrirspurn hefði verið beint til Bandaríkjamanna, en samkvæmt þessum fréttum eiga Rússar líka hlut að máli og ég spyr: Ætlar hæstv. utanrrh. ekki að kanna hvaða áform eru uppi í Moskvu? Og ég vil ítreka það að mér finnst mjög mikilvægt að við fylgjumst grannt með þessum málum vegna þess að það sjá það auðvitað allir að þarna er um lífshagsmunamál okkar að ræða. Þó að það sé heldur ólíklegt að menn fari að skjóta kjarnorkueldflaugum á haf út, þá er kannski það alvarlega í þessu það hugarfar sem liggur að baki þessara áforma. Það er mjög alvarlegt að menn skuli yfirleitt láta sér detta það til hugar að beina kjarnorkueldflaugum á haf út á þennan hátt.

[13:48]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að eðlilegt sé að taka þetta mál einnig upp við rússnesk stjórnvöld, þ.e. að krefja þau líka skýringa. Það var hins vegar ekki gert á þessum tíma af þeirri einföldu ástæðu að fréttin gaf ekki tilefni til þess, vegna þess að það var skýrt tekið fram samkvæmt henni að Rússar hefðu fyrir sitt leyti ekki breytt skotmörkunum.

Ég tek undir það með hv. þm. að það er undarlegt að heyra það haft eftir nafngreindum bandarískum herforingja að annaðhvort hafi verið tekin ákvörðun eða standi til að taka ákvörðun um að beina eldflaugum að skotmörkum á norðurhöfum, þar sem sagt er beinlínis að slíkt muni væntanlega ekki koma að sök, þar sem þeir muni í besta falli hitta höfuðskeljarnar á nokkrum hvölum. Og að þetta komi frá stjórnvöldum sem hafa talið þær höfuðskepnur úthafanna vegna greindarstigs og þroska, verðar þess að vera verndaðar um aldur og ævi, og hóta öðrum þjóðum viðskiptastríði af því tilefni, þá er þetta dálítið sérkennileg yfirlýsing.

Breyting á búvörulögum.

[13:50]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Í umræðum hér á Alþingi fyrir þrem vikum síðan sagði hæstv. landbrh. að fyrir nóvemberlok þyrfti að vera búið að breyta búvörulögunum í þá veru sem frv. lá fyrir um og hafði náðst samstaða um í landbn. á síðasta vori. Nú liggur fyrir dómur sem segir út af fyrir sig ótvírætt að meðan lögum er ekki breytt, þá skuli búvörulög gilda og þau ráði gagnvart innflutningi á búvörum. Það er hins vegar að mínu mati versta staða sem uppi getur verið fyrir íslenska bændur og íslenskan landbúnað sú óvissa sem nú er og það misræmi sem er á milli alþjóðasamninga sem við erum þátttakendur að og íslenskra laga. Og það hanaat sem kemur með reglulegu millibili upp milli ráðherra ríkisstjórnarinnar meðan ekki er búið að gera hér breytingar á, er afar skaðlegt fyrir hagsmuni íslensks landbúnaðar, en forsvarsmenn hans hafa sagt að þeir vilji horfast í augu við og takast á við þá samninga sem við gerumst aðilar að en gera aftur á móti þá ský-

lausu kröfu til íslenskra stjórnvalda að þau standi á rétti okkar eins og við höfum leyfi til. Því miður er framganga núv. ríkisstjórnar ekki á þann veg. Og ég vil nú spyrja hæstv. landbrh.: Hverju sætir það að við höfum ekki enn séð frv. í þessa veru á Alþingi í vetur?

[13:52]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég tek undir ummæli hv. þm. að það væri auðvitað æskilegt ef tekist hefði að leggja frv. um þessi efni fram hér á Alþingi. Það er unnið að gerð slíks frv. og ég vona að það geti legið fyrir mjög fljótlega.

[13:53]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þetta voru mjög hliðstæð svör og við fengum frá hæstv. ráðherra fyrir þrem vikum síðan nema á endanum var hægt að særa það svar upp úr ráðherranum að það væri mjög brýnt að í þetta yrði gengið strax og að það yrði gengið frá málinu fyrir lok nóvembermánaðar. Ég hlýt nú að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað kom í veg fyrir að hægt væri að gera það? Nú lá fyrir á vordögum skýlaus vilji meiri hluta Alþingis að ganga í málið. Ég spyr hæstv. ráðherra: Stendur þannig á þessu að málið strandi í þingflokki Alþfl. og það sé hæstv. utanrrh., fjandvinur hans, sem þarna sé sá þrándur í götu að málið komist ekki fram?

[13:53]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst láta í ljósi undrun mína á notkun orðsins fjandvinur. Við utanrrh. erum gamlir vinir úr skóla, uppeldisvinir, og ég þekki ekki orðið í þeirri merkingu.

Ég vil í annan stað segja að mjög fast og ákveðið er unnið að gerð frv. og eins og ég sagði þá vonast ég til að það verði lagt fyrir nú á allra næstu dögum.

[13:54]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra svarar engu og ég hlýt að vekja athygli á því að hæstv. landbrh. virðist engu máli koma fram. Ég bendi á að hv. landbn. er með eitt mál til umfjöllunar á haustþingi núna og ég vil benda hv. landbrh. á að það tekst ekki einu sinni að koma fram einfaldri lagabreytingu á búvörulögum þannig að hægt sé að vinna eftir, gagnvart skipulagi mjólkurframleiðslu, og koma þar við frekari hagræðingu. Þessi staða er orðin afar skaðleg fyrir hagsmuni íslensks landbúnaðar, að hæstv. ráðherra virðist ekki koma nokkru máli í gegnum ríkisstjórnina þannig að það komist hér inn í þingsalinn.

[13:55]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað laukrétt hjá hv. þm. að þann búvörusamning sem nú liggur fyrir bar að endurskoða á þessu hausti. Viðræður við bændur eru hafnar um það og verið að reyna að leita leiða til þess að bæta stöðu þeirra og veitir ekki af eins mikill og samdrátturinn hefur verið í sauðfjárframleiðslunni og eins verður að líta til mjólkurframleiðslunnar til lengri tíma litið.

Ég vil taka fram að það er fullt samráð milli mín og forustumanna bænda um þau frumvörp sem lögð hafa verið fram og hefur ekki komið ágreiningur upp um það.

Vaxtamál og viðskipti með húsbréf.

[13:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. viðskrh. og vil eiga við hann orðastað um vaxtamál og viðskipti með húsbréf. Hæstv. ráðherra fór mikinn, samkvæmt endursögn fjölmiðla, á kratafundi í gærkvöldi og skaut þar á báðar hendur í sambandi við vaxtamál, milli þess sem hann ræddi um stefnumörkun Alþb. sem er þeim alþýðuflokksmönnum eins og kunnugt er hugleikin og er það vel að þeir kynni sér slík gagnmerk rit. En ég saknaði þess að í þessari endursögn af málflutningi viðskrh. var ekkert minnst á stöðu vaxtamálanna hvað húsnæðismálin snertir, hvorki fjármögnun byggingarsjóðanna sem virðist stefna í hreint óefni, samanber það að í tveimur tilraunum hefur byggingarsjóðunum ekki tekist að afla sér fjármagns á innlendum markaði undir því vaxtaþaki sem ríkisstjórnin hefur sett sér. Hitt er svo mikið umhugsunarefni sem gerst hefur í viðskiptum með húsbréf og ég vil spyrja hæstv. viðskrh. sérstaklega um það. Fer vel á því að hæstv. félmrh., sem sór og sárt við lagði hér á árum áður að aldrei mundu verða afföll af húsbréfum, sitji á vinstri hönd hæstv. viðskrh., en afföll af húsbréfum fóru eins og kunnugt er upp undir 25% þegar best lét fyrir nokkru síðan.

Nú hefur sú tilhögun verið tekin upp að húsbréf eru skilgreind hjá bönkunum sem laust fé og koma þess vegna bönkunum að sömu notum í þeim efnum í raun eins og peningalegar innstæður, húsbréfaeign banka. Samt gerist það að bankarnir kaupa nú ný húsbréf með afföllum og þau munu vera um 6%. Ég spyr hæstv. viðskrh.: Eru það eðlilegir viðskiptahættir að bankarnir sem mega nota húsbréfin eins og laust fé skuli samt sem áður kaupa þau með þessum afföllum? Telur hæstv. viðskrh. þetta eðlilega viðskiptahætti? Er hann tilbúinn til að beita sér í þessu máli af ekki minni krafti heldur en hann talaði á kratafundinum í gærkvöldi?

[13:58]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hv. fyrirspyrjandi ruglar hér saman tvennu: annars vegar húsbréfum og hins vegar húsnæðisbréfum. Útboðið sem fram fór í gær og fyrir hálfum mánuði síðan var útboð á húsnæðisbréfum. Húsnæðisbréfin eru eldri bréfin í kerfinu. Þeim er ætlað að fjármagna hið félagslega íbúðakerfi. Það kom í ljós í tilboðum lífeyrissjóðanna bæði fyrir hálfum mánuði og svo aftur í gær að þeir vilja hærri ávöxtun á fjármögnun hins félagslega húsnæðiskerfis en þeir hafa þegar fallist á að veita ríkissjóði beint. Ástæðuna fyrir því virðast þeir telja að það sé verri ríkisábyrgð á bréfum

sem Húsnæðisstofnun ríkisins gefur út en á bréfum sem ríkissjóður sjálfur gefur út og þess vegna sé réttlætanlegt að krefjast hærri ávöxtunar af bréfum sem ætluð eru til að fjármagna hið félagslega húsnæðiskerfi heldur en af bréfum sem ætluð eru til að fjármagna rekstur ríkissjóðs. Þetta er að sjálfsögðu gersamlega úr lausu lofti gripið. Það eru engin rök fyrir því að það sé eitthvað verri ríkisábyrgð á húsnæðisbréfum heldur en á skuldabréfum ríkissjóðs og þessi röksemd þeirra er því út í hött. Þetta er eingöngu tilraun til þess að reyna að brjóta vaxtamúrinn upp á við og koma í veg fyrir að það náist sá árangur til vaxtalækkunar sem nú þegar er fram kominn. Ég tel mig vera í fullum rétti þegar ég gagnrýni þessa afstöðu lífeyrissjóðanna og ég mun ekki láta af þeirri gagnrýni. Ég mun krefjast þess að þessir sjóðir sem eru í forsjá aðila vinnumarkaðarins en í eigu landsmanna allra, standi ekki gegn þeirri vaxtalækkun sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir í samráði við Alþýðusambandið og Vinnuveitendasamtökin.

[14:00]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Fyrirspyrjandi er ekki að rugla neinu saman. Mér er fullkunnugt um það á hvaða grundvelli útboð Húsnæðisstofnunar fara fram og um þessar tvær gerðir af bréfum sem eru í gangi, annars vegar hjá stofnuninni þegar hún leitar frumfjármögnunar og hins vegar húsbréfin sjálf sem eru í höndum einstaklinganna og eru að ganga kaupum og sölum. Ég spurði um viðskiptahætti bankanna gagnvart hinu síðarnefnda, þ.e. þeim viðskiptaháttum bankanna að halda áfram að kaupa húsbréf með afföllum eftir að skilgreiningunni hefur verið breytt og bankarnir mega nú telja húsbréfaeign sína sem lausafé. Hæstv. ráðherra svaraði því ekki einu orði, en notaði þetta tækifæri til að halda áfram ómaklegum árásum sínum á lífeyrissjóðina, ómaklegum árásum. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að velja sér heppilegri óvini heldur en þá. Það hefur þegar komið fram að ein ástæðan fyrir því að lífeyrissjóðirnir hafa keypt minna fé nú er einfaldlega útgjaldabyrði lífeyrissjóðanna á þessum árstíma sem er mikil og þar á meðal t.d. tvöfaldar útgreiðslur í desember. Þetta þyrfti nú helst hæstv. viðskrh. þjóðarinnar að vita. En ég bið um svör varðandi þessa viðskiptahætti bankanna. Þar getur hæstv. viðskrh. haft áhrif með beinum hætti í staðinn fyrir að vera að skamma aðra að ósekju.

[14:02]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það var mjög eðlilegt að ég teldi að einhvers misskilnings gætti í máli hæstv. fyrirspyrjanda því hann kallaði bæði þessi bréf húsnæðisbréf og húsbréf, kallaði hvort tveggja húsbréf. Það hlaut að vera misskilningur hans ellegar þá þráfaldlegt mismæli, en það hlýtur þó að vera hið síðara fyrst það hefur komið fram að hér er ekki um misskilning að ræða. Húsbréf hafa verið á yfirgengi þannig að dæmi eru um það að húsbréf hafi verið keypt á yfirgengi og bankarnir gerðu það. Það er alveg rétt að það var liðkað til þannig að bankarnir geta með ákveðnum takmörkunum þó talið húsbréf með lausafé sínu. Þarna er um að ræða viðskipti sem eru frjáls. Það er hverjum heimilt að kaupa og hverjum heimilt að selja. Þetta eru þau gildi sem eru á markaði með húsbréf í dag. Þau eru seld með þessum kjörum og þau eru keypt með þessum kjörum. Við því er fátt að segja. En ég ítreka það sem ég sagði áðan að það kemur mér á óvart ef lífeyrissjóðirnir ætla að verða fyrstir til þess að reyna að brjóta niður ákvörðun ríkisstjórnarinnar um vaxtalækkun.

[14:03]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað yfirgengilegt hvernig hæstv. viðskrh. notar hér tækifæri trekk í trekk til að ráðast með þessum hætti að lífeyrissjóðunum og bera þá sökum sem eiga sér enga stoð í veruleikanum, enga stoð. Getur verið að það sem er að gerast hér sé það að ríkisstjórnin er að átta sig á því að vaxtakraftaverkið mikla er að koðna niður í höndunum á henni? Hún þarf að finna sér sökudólg og leitar þá að lífeyrissjóðunum sem hafa um langa hríð m.a. gengið á undan með því fordæmi að hafa lægri útlánsvexti til sinna félaga heldur en ýmsir aðrir. Þannig að það er með öllu ómaklegt að ráðast svona á lífeyrissjóðina, ég tala nú ekki um þegar þeir eru ekki á staðnum til þess að svara fyrir sig.

Hitt er svo greinilegt að hæstv. viðskrh. veit ekki hvað er að gerast í viðskiptaháttum bankanna gagnvart nýjum húsbréfum. Ég er að tala um viðskiptakjörin á nýjum húsbréfum. Þau ganga nú kaupum og sölum eða bankarnir kaupa þau með afföllum, þrátt fyrir að þeir megi telja þau til lausafjár. Það eru óeðlilegir viðskiptahættir og ég held að viðskrh. væri nær að snúa sér að því að reyna að hafa áhrif á hluti sem hann getur haft áhrif á eins og óeðlilega viðskiptahætti viðskiptabankanna að þessu leyti, en hætti að skamma lífeyrissjóðina og reyni að finna þar blóraböggul fyrir því sem úrskeiðis fer hjá ríkisstjórninni.

[14:05]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég tel að það séu engir óeðlilegir viðskiptahættir sem hér er beitt. Ég veit ekki betur en húsbréf hafi frá upphafi verið seld með afföllum, en ég vék að því í ræðu minni áðan að sá tími kom eftir vaxtalækkunaraðgerðir ríkisstjórnarinnar að þau voru seld á yfirgengi. En ég get ekki látið hjá líða að neita því að það séu einhverjar árásir á lífeyrissjóðina þó að vakin sé athygli á því að þeir fari fram með kröfu um hækkun vaxta eða réttara sagt að hærri vextir skuli greiddir af bréfum sem ætlað er að fjármagna hið félagslega íbúðarhúsakerfi á Íslandi með heldur en þeir fallast á að greiða vegna fjármögnunar ríkissjóðs. Ég vil bara leyfa mér að lýsa því yfir að ég er ekki einn þeirrar skoðunar. Ég vitna í ummæli formanns Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, fyrrv. formanns Verkamannasambands Íslands, í DV í dag. Hv. fyrirspyrjandi ætti að kynna sér álit þess merka og mæta verkalýðsleiðtoga.

Prestssetur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 244. mál. — Þskj. 283.

[14:06]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SigG, SighB, SAÞ, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, EKJ, GuðjG, ISG, IP, MF, MB, ÓRG, SalÞ, SP, StG, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 242. mál (aðgreining afurða og skoðunarstofur). — Þskj. 280.

[14:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁJ, GuðjG, ISG, IP, MF, MB, ÓRG, SalÞ, StG, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 243. mál (EES-reglur). — Þskj. 281.

[14:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, EH, EgJ, GuðjG, ISG, IP, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Kirkjumálasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 284.

[14:09]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (ÁJ, GuðjG, ISG, IP, MF, MB, ÓRG, SalÞ, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Samkeppnislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 239. mál (hæfniskröfur samkeppnisráðsmanna). — Þskj. 274.

[14:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, ISG, IP, MF, ÓRG, SalÞ, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjáraukalög 1993, frh. 3. umr.

Stjfrv., 105. mál. — Þskj. 310, brtt. 131 og 321.

[14:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 131 felld með 31:8 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, KHG, RA, REl, RG*, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP.

19 þm. (AÓB, EH, FI, GB, GÁ, HÁ, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ISG, MF, ÓRG, StB, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.: ætlaði að segja nei.]

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í umræðum hér í gærkvöldi sagði hv. 8. þm. Reykn. að Hæstiréttur hefði tekið sér laun 50% umfram það sem eðlilegt geti talist og vitnaði þar í útreikninga Ríkisendurskoðunar. Hér er um að ræða mjög alvarleg mistök í útreikningi sem ég vil að verði leiðrétt og sérstaklega vegna þess að fjölmiðlar hafa haft þetta eftir. Sannleikurinn er sá að inn í útreikningana vantar um 12,7 millj. kr. því að aðeins er tekinn einn mánuður í yfirvinnu í stað þess að taka tólf þótt allir dagvinnumánuðurnir séu reiknaðir. Þetta þarf að leiðrétta og vænti ég þess að það verði gert eftir að þessi skýring hefur komið fram.

Efnislegar umræður fóru fram um málið í 1., 2. og 3. umr. þess. Vísa ég til hennar og mælist til þess að þessi tillaga ferði felld.

[14:12]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Vegna þessarar athugasemdar hæstv. fjmrh. vil ég taka fram að ég hef ekki verið í aðstöðu til þess að meta það reikningsdæmi sem hér var gert að umtalsefni og vil þar af leiðandi ekki fullyrða neitt um það að ekki kunni að vera einhver misskilningur á ferð í þessu dæmi. En eins og hann upplýsti þá eru tölurnar fengnar frá starfsmanni Ríkisendurskoðunar og ef einhver misskilningur er í þessu dæmi, þá kemur sá misskilningur þaðan.

Að öðru leyti get ég ekki tjáð mig um þessa reikninga vegna þess að ég hef ekki haft aðstöðu til þess að meta þá. En þeir breyta að sjálfsögðu engu um þá brtt. sem hér er. Hún er flutt vegna þess að hæstaréttardómarar sömdu við forsrh. um ákveðna launahækkun í gegnum yfirvinnugreiðslur. Við töldum það ótilhlýðileg vinnubrögð að slíkt ætti sér stað og stöndum við það. Þess vegna viljum við að þessi tillaga sé samþykkt. Við teljum að ef menn ætla að samþykkja núna greiðslur til hæstaréttardómara vegna kjaradóms, þá verði að sjálfsögðu að reikna dæmið upp á nýtt því það er ekki um þessa sömu tölu að ræða eins og hún var lögð fram á sínum tíma. Það er röng tala sem er í frv. og þar af leiðandi á hún að falla niður og það verður að endurskoða málið.

[14:14]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Við þingmenn Framsfl. teljum að það hafi verið ranglega og óeðlilega staðið að þessu máli. Við erum þeirrar skoðunar að Hæstiréttur hefði ekki átt að taka þá ákvörðun að hækka laun hæstaréttardómara með þessum hætti og ríkisstjórnin hefði ekki átt að samþykkja þessa skipan mála, heldur hefði Kjaradómur átt að fjalla um þetta mál eins og önnur lögum samkvæmt. Við teljum jafnframt að mistökin eigi sér rót í þeim fálmkenndu vinnubrögðum sem áttu sér stað þegar bráðabirgðalögin um Kjaradóm voru sett á af hæstv. ríkisstjórn. Við lýsum því ábyrgð í þessu máli á hendur ríkisstjórninni og munum sitja hjá við tillögu þessa.

[14:15]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við kvennalistakonur teljum það mjög ámælisvert þegar ein stétt í þjóðfélaginu getur ákvarðað sér laun sjálf og ríkisstjórnin styður það með því að leggja fram tillögu um aukafjárveitingu sem þegar er raunar farið að greiða. Hins vegar hefur úrskurður Kjaradóms nú nýlega tekið að nokkru undir þessa ákvörðun hæstaréttardómaranna og þá hefur kjaranefnd einnig kveðið upp úrskurð um launamál presta fyrir nokkru síðan sem gengur í sömu átt. Með tilliti til þess sem gerst hefur síðan þessi brtt. sem hér liggur til afgreiðslu var lögð fram, þá munum við sitja hjá við afgreiðslu þessa máls.

Brtt. 321 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE, MB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ISG, MF, ÓRG, StB, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:16]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða viðbótarframlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga til að gera Innheimtustofnun sveitarfélaga kleift að standa undir vanskilum á barnsmeðlögum. Stjórnarandstæðingar bentu á það fyrir ári í umræðum um frv. til fjárlaga að hér væri ein af vanáætlunum og vitleysum ríkisstjórnarinnar á ferðinni og þörf væri á þessum fjármunum. Því munum við þingmenn Framsfl. samþykkja þessa brtt.

[14:17]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í desembermánuði í fyrra tókst hæstv. heilbrrh. að telja hæstv. fjmrh. trú um að í tillögum sem hann var með um breytingar á barnalífeyri o.fl. væri fólginn hagnaður og ávinningur fyrir ríkissjóð upp á 260 millj. kr. Þá bentum við stjórnarandstæðingar á að það væri rangt, það væri við því að búast að hér væri ekki um neinn eða mjög lítinn ávinning að ræða. Niðurstaðan er núna sú að hæstv. fjmrh. viðurkennir þetta og að hann hefur verið plataður af heilbrrh. meira en nokkur dæmi eru um í samanlagðri sögu samskipta fagráðherra og fjmrh. Ég óska hæstv. fjmrh. til hamingju með þetta met og ég segi já.

[14:18]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í umræðum í gærkvöldi um þessa tillögu þá ætlaði ríkisstjórn að ná hér 260 millj. kr. sparnaði. Þegar upp er staðið verður munurinn ekki nema 10 millj. þarna á milli því nú kemur fram tillaga um að leggja fram 250 millj. kr. vegna þess að meðlög innheimtist ekki. Ég tel að rík-

isstjórnin eigi sjálf að bera ábyrgð á þeirri hringavitleysu sem fram kemur í fjárlögum fyrir yfirstandandi ár og því greiði ég ekki atkvæði.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP.

26 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (MF, ÓRG, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 330).

Lánsfjárlög 1993, frh. 3. umr.

Stjfrv., 76. mál (heildarlántökur ríkissjóðs o.fl.). — Þskj. 79.

[14:20]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP.

nei: ÓÞÞ.

25 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (MF, ÓRG, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 331).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, 1. umr.

Stjfrv., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 316.

[14:21]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf frá þingflokki Samtaka um kvennalista:

„Hér með er óskað eftir að ræðutími í umræðum um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1994, 263. mál, verði tvöfaldaður sbr. 3. mgr. 55. gr. þingskapa. Frv. er mjög viðamikið og tekur til breytinga á fjölmörgum lagabálkum."

Forseti hefur ákveðið að verða við þessari beiðni.

[14:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum árið 1994. Til þess að unnt verði að standa við áform ríkisstjórnarinnar hvað snertir útgjöld ríkissjóðs á næsta ári er nauðsynlegt að breyta nokkrum lögum. Rétt þótti að safna þeim breytingum saman í eitt frv. til þess að leggja á það áherslu að öll tengjast þau stefnu ríkisstjórnarinnar um lækkun ríkisútgjalda og viðleitni hennar til þess að draga úr halla í ríkisbúskapnum. Frv. þetta nær þó ekki til allra þeirra laga sem breyta þarf til að markmið fjárlagafrv. nái fram að ganga.

Lengst af þeim tíma sem núv. ríkisstjórn hefur setið hefur hún þurft að glíma við samdrátt í þjóðarbúskapnum og erfiðar efnahagsaðstæður. Meginverkefni efnahagsstjórnarinnar hafa verið að milda áhrifin af samdrættinum á atvinnulíf og heimili, tryggja stöðugleika í efnahagslífinu og búa í haginn fyrir hagvöxt og bætt lífskjör þegar fram í sækir. Vegna mikilla skuldasafnana ríkisins mörg undanfarin ár hefur svigrúm til aðgerða hins vegar verið þrengra en ella.

Markmið stefnunnar í ríkisfjármálum er skýrt. Þrátt fyrir erfiðar efnahagsaðstæður verður að draga úr hallarekstri ríkissjóðs án þess að hækka skatta. Þess vegna verður að lækka ríkisútgjöld.

Þegar ríkisstjórnin tók við völdum fyrir rúmum tveimur árum setti hún sér það markmið að koma ríkisfjármálunum í viðunandi horf. Tvennt hefur raskað þessu áformi. Annars vegar reyndist vandinn mun meiri en gert var ráð fyrir m.a. vegna ýmissa skuldbindinga sem ríkisstjórnin fékk í arf frá fyrri tíð. Hins vegar hafa versnandi efnahagsaðstæður innan lands og utan leitt mikinn samdrátt yfir þjóðarbúið sem hefur enn aukið hallarekstur ríkissjóðs. Eigi að síður hefur ríkisstjórninni tekist að stöðva útgjaldavöxt hjá ríkinu og hamla þannig gegn halla á ríkissjóði án þess að grípa til skattahækkana.

Ef ekki hefði komið til samdráttar í efnahagslífinu hefði upphaflegt markmið um hallalaus fjárlög nú verið innan seilingar. Efnahagsaðgerðir ríkisstjórnarinnar á sl. ári og á þessu ári eru grundvöllur þess að kjarasamningar voru á þessu ári gerðir til lengri tíma en oftast áður, en friður á vinnumarkaði er mikilvægur þáttur í því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálunum. Þrátt fyrir lækkun á gengi krónunnar hefur verðbólga ekki farið úr böndum og verður á næsta ári minni en að meðaltali í Evrópuríkjunum. Viðskiptahalli hefur farið minnkandi eins og að var stefnt með aðgerðum ríkisstjórnarinnar í fyrrahaust og í júní sl. og skuldir þjóðarbúsins aukast ekki lengur að raungildi. Efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar hefur skilað þeim árangri sem til var ætlast við þær erfiðu aðstæður sem nú ríkja. Þessari stefnu verður einnig fylgt á næsta ári. Verkefnið er að halda halla á ríkissjóði í skefjum og sporna gegn vaxandi atvinnuleysi án þess að fórna því sem áunnist hefur í hjöðnun verðbólgu og minnkandi viðskiptahalla.

Í kjarasamningum þeim sem gerðir voru á almennum vinnumarkaði í vor var kveðið svo á um að forsendur samninganna skyldu endurmetnar fyrir 10. nóv. Á fundi launanefndar Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda með formönnum ríkisstjórnarflokkanna 14. okt. sl. var rætt um forsendur kjarasamninga í ljósi þjóðhagsáætlunar og fjárlagafrv. fyrir árið 1994. Þar lýstu nefndarmenn áhyggjum sínum vegna atvinnu-

mála og töldu þeir m.a. ekki nægilega hafa verið beitt þeim tækjum sem stjórnvöld höfðu yfir að ráða til að lækka vexti. Í framhaldi af þessum fundi fjallaði ríkisstjórnin um þau mál sem þar voru nefnd og ekki síst vaxtamál. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar var sú yfirlýsing um samræmdar aðgerðir til lækkunar vaxta sem ríkisstjórnin samþykkti hinn 29. okt. sl. Með þeim aðgerðum hugðist ríkisstjórnin ná því markmiði að lækka vexti verulega. Stefnt var að því að vextir á verðtryggðum ríkisskuldabréfum lækkuðu í 5%. Þetta hefur nú þegar gengið eftir og vextir af verðtryggðum fjárskuldbindingum banka og lánasjóða hafa lækkað til samræmis. Með samstilltu átaki allra aðila tókst að ná fram verulegri vaxtalækkun vegna þess að ríkisstjórnin hafði með efnahagsstefnu sinni skapað þær forsendur sem nauðsynlegar voru til þess að árangur næðist. Hvarvetna í nágrannalöndum hafa stjórnvöld lagt mesta áherslu á vaxtalækkun til að stöðva samdrátt og efla hagvöxt og hér á landi ríkir einnig víðtæk samstaða um það að veruleg lækkun vaxta sé mikilvægasta aðgerðin til að örva atvinnulífið og sporna gegn atvinnuleysi. Til þess að árangur af vaxtalækkuninni verði varanlegur er afar mikilvægt að stöðugleiki ríki í efnahagslífinu á næstunni. Það má ekki raska þeim forsendum sem vaxtalækkunin byggir á. Þar skiptir staða ríkisfjármála og lánsfjárþörf ríkisins afar miklu máli. Aðgerðirnar í vaxtamálum voru reistar á þeirri forsendu að halli á ríkissjóði á næsta ári verði alls ekki meiri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Viðbótarútgjöld án frekari tekjuöflunar hvort sem er til rekstrar eða fjárfestingar mundu raska þessari forsendu og stefna vaxtalækkun í tvísýnu. Aðgerðirnar í vaxtamálum og þær ákvarðanir sem ríkisstjórnin tók í tengslum við endurmat kjarasamninga og lýst er í bréfi til launanefndar 5. nóv. sl. voru teknar í trausti þess að ekki kæmi til uppsagna kjarasamninga Alþýðusambands Íslands og vinnuveitenda, enda taldi ríkisstjórnin að með þessum ákvörðunum hefði hún uppfyllt þær forsendur samningsins er lúta að yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar sem gefin var út þegar samningurinn var gerður í maí sl. Jafnframt ítrekaði ríkisstjórnin mikilvægi þess að eyða óvissu í kjaramálum, tryggja frið á vinnumarkaði og treysta þannig stöðugleika í efnahagsmálum.

Eins og kunnugt er varð niðurstaða launanefndar einróma sú að ekki væri tilefni til uppsagnar kjarasamnings og samningar mundu því gilda óbreyttir út næsta ár. Friður á vinnumarkaði og lækkun vaxta munu búa í haginn fyrir framfarir og bætt lífskjör þegar þjóðhagsleg skilyrði batna. Það þarf að stilla saman ákvarðanir í ríkisfjármálum og á peningamarkaðnum þannig að lækkun raunvaxta verði varanleg.

Hæstv. forseti. Ég mun fara nokkrum orðum um helstu efnisatriði þess frv. sem hér er til umræðu. Í 1. og 2. gr. er lagt til að enn verði frestað að hrinda í framkvæmd nokkrum útgjaldaskapandi nýmælum sem fest voru í ný heildarlög um grunnskóla vorið 1991 án þess að þeim væru tryggðir tekjustofnar, en ógerlegt er að segja til um hversu mikill kostnaður mundi leggjast á sveitarfélögin af þessum sökum. Að þessu sinni er því lagt til að ákvæðum um skólamáltíðir, lengingu kennslutíma, fækkun nemenda í bekkjum og skólaathvarf verði enn frestað um eitt ár.

Í 3. og 4. gr. er lagt til að lagaákvæði um Tækniskóla Íslands verði færð til samræmis við önnur lög um sambærilega skóla á framhaldsskólastigi þannig að eðlilegt jafnræði sé með nemendum á þessu skólastigi. Fjárveiting til skólans verði eftir sem áður ákveðin í fjárlögum.

Í 5. og 6. gr. er enn lagt til að heimildir til gjaldtöku fyrir skólavist verði samræmdar á öllu framhaldsskólastiginu. Ákvæði þessi eiga við um Bændaskólann á Hvanneyri, Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskóla ríkisins að Reykjum í Ölfusi.

Ákvæði 7. gr. er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að atvinnuvegirnir standi að hluta sjálfir undir kostnaði af opinberri þjónustu í þeirra þágu. Hér er lagt til að söluaðilar búvéla standi að mestu leyti sjálfir undir kostnaði við rannsóknir, tilraunir og prófanir á búvélum með því að heimilt verði að leggja sérstakt gjald á kaupverð þeirra. Reyndar er hér aðeins um nánari útfærslu á núverandi gjaldtökukerfi að ræða með því að þeim söluaðilum sem látið hafa vélar til prófunar hjá bútæknideild er þegar gert að greiða fyrir þá þjónustu sérstaklega.

Framkvæmd ríkisábyrgðar á launum og ríkisábyrgðar á orlofi hefur að undanförnu verið á sömu hendi. Ábyrgðasjóður launa hefur fjármagnað launagreiðslur vegna gjaldþrota en tekjustofn sjóðsins er sérstakt ábyrgðagjald af greiddum vinnulaunum, þóknun og reiknuðu endurgjaldi sem skattskylt er samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt. Ríkissjóður hefur hins vegar greitt kostnað vegna ríkisábyrgðar á orlofi. Í athugasemd sem Ríkisendurskoðun gerði snemma á þessu ári við ríkisábyrgð á orlofi er lagt til að athugað verði hvort ekki sé eðlilegt að ábyrgðasjóður launa yfirtaki ábyrgð á orlofsgreiðslum vegna greiðsluerfiðleika líkt og með aðrar launagreiðslur vegna gjaldþrota. Í því sambandi bendir Ríkisendurskoðun á að verulegur hluti þeirra launagreiðenda sem er í greiðsluerfiðleikum og geta ekki greitt orlofslaunakröfur fara síðan í gjaldþrot. Með hliðsjón af þessu er lagt til í 8. gr. að ábyrgðasjóði launa verði falið að ábyrgjast greiðslur á orlofi vegna greiðsluerfiðleika launagreiðenda. Ekki er lagt til að ábyrgðagjaldið hækki frá því sem nú er.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað mikil uppbygging þjónustustofnana fyrir fatlaða. Framkvæmdasjóður fatlaðra markaði á sínum tíma tímamót í þessu efni. Kostnaður við rekstur og þjónustu í þágu fatlaðra hefur vaxið ár frá ári í takt við uppbyggingu þjónustustofnana. Í lögum um málefni fatlaðra, sem tóku gildi á sl. ári, er lögð áhersla á að auka hvers konar stoðþjónustu í þágu fatlaðra. Með tilvísun til þessa þykir nú rétt, þrátt fyrir ákvæði laga um málefni fatlaðra um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra, að leggja til í 9. gr. að á árinu 1994 verði heimilt að verja allt að 15% af ráðstöfunarfé sjóðsins til tiltekinna rekstrarverkefna en það er einkum til liðveislu, skv. 25. gr. laganna, og félagslegrar endurhæfingar, skv. 27. gr. laganna.

Gert er ráð fyrir tvenns konar breytingum á lögum

almannatryggingar. Annars vegar er lagt til að sett verði heimild í 19. gr. laganna um að tekjutengja greiðslu ekkjulífeyris. Greiðsla ekkjulífeyris er nú óháð tekjum. Ákvæði almannatryggingalaga um ekkjulífeyri eru barn síns tíma og sett í lögin er atvinnuþátttaka kvenna var verulega minni en nú er. Athugasemdir hafa verið gerðar við þetta ákvæði út frá jafnréttissjónarmiðum því sambærileg heimild um bætur gagnvart ekklum er ekki fyrir hendi. Nágrannaríki okkar, sem flest höfðu ákvæði um ekkjulífeyri í sinni löggjöf, hafa flest fellt þennan bótaþátt niður en ekki þykir ástæða til að ganga svo langt að sinni. Hin breytingin er að lagt er til að sett verði heimild í 41. gr. laganna um að setja megi reglugerð ákvæði um að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalar á stofnun en sjúktatryggingar greiða fyrir. Fyrirhugað er á árinu 1994 að hefja innheimtu hlutdeildar sjúkratryggðs í kostnaði vegna dvalar á áfengis- og meðferðarstofnunum.

Í fjárlagafrv. er greint frá því að gert verði ráð fyrir því að útgjöld til atvinnuleysisbóta verði lækkuð um 250 millj. kr. með auknu eftirliti, fræðslu og samræmingum á störfum úthlutunarnefnda auk þess sem áformað er að úthlutunarreglum verði breytt.

Í tengslum við endurmat kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í byrjun nóvember sl. lýsti ríkisstjórnin því yfir að breytingar á úthlutunarreglum atvinnuleysisbóta til launþega verði kannaðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Undirbúningur að slíkri könnun er hafinn og hefur ríkisstjórnin ákveðið að sett verði á fót samstarfshópur, starfshópur, skipaður fulltrúum forsrn., fjmrn., heilbr.- og trmrn. og félmrn. til þess að ræða við aðila vinnumarkaðarins um breytingar á löggjöf og framvkæmd atvinnuleysistrygginga. Niðurstöður skulu liggja fyrir í lok janúar þannig að breytingar komist til framkvæmda sem fyrst á næsta ári.

Í ljósi fenginnar reynslu af framkvæmd laga um atvinnuleysistryggingar er líka lagt til að þegar verði gerðar á þeim eftirtaldar breytingar: Í fyrsta lagi er þess að geta að í frv. til laga um breytingar í skattamálum er gert ráð fyrir að hlutur Atvinnuleysistryggingasjóðs í tekjum af tryggingagjaldi verði aukinn í 0,5%. Í gildandi lögum um atvinnuleysistryggingar er mælt svo fyrir að framlag ríkissjóðs skuli nema þrefalt hærri fjárhæð en tekjur sjóðsins af tryggingagjaldi. Með auknum tekjum af tryggingagjaldinu er því lagt til að framlag ríkissjóðs verði jafnhátt framlagi atvinnurekenda. Þrátt fyrir þessa breytingu mun framlag ríkissjóðs á árinu 1994 hækka um sem nemur 0,45% af stofni til tryggingagjalds í 0,5%. Jafnframt er rétt að taka fram að ríkissjóði verður eftir sem áður skylt að leggja fram fé til að bæta úr fjárþörf sjóðsins ef til þess kemur að hann geti ekki staðið við skuldbindingar sínar með þessum tekjum.

Í öðru lagi að sett verði ákvæði sem taki af öll tvímæli um að grunnlífeyrir elli- og örorkulífeyrisþega og örorkustyrkur skerði atvinnuleysisbætur í hlutfalli við rétt til atvinnuleysisbóta. Nýmæli þess efnis að þessar bætur skerði atvinnuleysisbætur voru sett í lögin sl. vor. Í ljós hefur komið að það ákvæði er ekki nægilega skýrt að því leyti að atvinnuleysisbætur ber aldrei að skerða að fullu um greiddan elli- eða örorkulífeyri eða örorkustyrk nema bótaþegi fái fullar atvinnuleysisbætur. Af þessu mun leiða nokkurn kostnaðarauka fyrir Atvinnuleysistryggingasjóð.

Í þriðja lagi er lagt til að felld verði niður heimild til að greiða atvinnuleysisbætur vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis en þá hefur starfsmaður átt rétt til atvinnuleysisbóta sem svarar til skerðingar dagvinnutíma af þessum sökum. Í ljós hefur komið misnotkun þessa ákvæðis og því lagt til að heimildin falli brott.

Í fjórða lagi er lagt til að ákvæði um úthlutunarnefndir atvinnuleysisbóta verði breytt þannig að unnt verði að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda með reglugerð. Úthlutunarnefndir eru nú 150 talsins. Nauðsynlegt þykir að fækka nefndunum og því er mikilvægt að afla til þess reglugerðarheimildar. Jafnframt er lagt til að ákvörðun um þóknun vegna nefndarstarfanna svo og hver fari með umsýslu með greiðslu bótanna verði færð í hendur ráðherra í stað stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs. Talið er að ná megi fram verulegum sparnaði með fækkun nefndanna, bættri fræðslu til þeirra og auknu eftirliti með starfsemi þeirra.

Í fimmta lagi er lagt til að 34. gr. laganna falli brott enda þykir ekki ástæða til að lána úr Atvinnuleysistryggingasjóði til stéttarfélaga og félaga atvinnurekenda til að koma upp húsnæði fyrir félagsstarfsemi eða til orlofsheimila launþega. Þá er gert ráð fyrir að sveitarfélögin styrki Atvinnuleysistryggingasjóð með framlagi til atvinnuskapandi verkefna í sveitarfélögunum á árinu 1994 með sama hætti og árið 1993. Í 20. gr. er lagt til að samþykkt þessi verði fest í lög og er þá gert ráð fyrir að framlagið hækki úr 500 millj. kr. á þessu ári í 600 á því næsta. Sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiða þá kr. 2.312 á hvern íbúa en greiddu kr. 1.950 á þessu ári. Sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiða kr. 1.387 fyrir hvern þeirra en greiddu 1.170 á þessu ári. Þessum fjárhæðum hefur verið slegið saman við prentun þess frumvarps sem dreift var hér í fyrrakvöld þannig að virtist sem framlag í fjölmennari sveitarfélagi mundi hækka úr 1.170 í 2.312. Misritun þessi hefur nú verið leiðrétt með endurprentun frumvarpsins sem dreift var í gær og ítrekast hér með.

Loks er lagt til að gerðar verði nokkrar minni háttar breytingar á lögunum í því skyni að gera framkvæmdina liprari og túlkun þeirra skýrari.

Í 21.–37. gr. er lögð til skerðing á sjálfvirkum framlögum til ýmissa aðila sem bundin eru í sérlögum í samræmi við markmið fjárlagafrv. Slíkur kafli hefur venjulega verið í frumvarpi til lánsfjárlaga en samræmis vegna þykir eðlilegra að flytja hann í þessu frumvarpi.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu þáttum frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994 og legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[14:36]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Eftir þessa ræðu hæstv. forsrh. er nú ærin ástæða til þess að ræða nokkuð um efnhagsmál almennt en ég skal nú hins vegar stilla mig um það að þessu sinni og reyna eftir fremsta mætti að halda mig við helstu efnisatriði frv. en síðar munu aðrir hv. þm. Framsfl. koma inn á einstök efnisatriði þessa máls með ítarlegri hætti.

Hæstv. forsrh. lét þess getið að ef ekki hefði átt sér stað samdráttur í efnahagslífinu þá væri líklegt að það hefði náðst fram að fjárlög væru nokkurn veginn hallalaus. Ég skal ekki hafa uppi neinar efasemdir um þessi orð hans en aðalatriðið er hins vegar það að samdrátturinn er mikill og hann er af ýmsum toga.

Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. að við höfum orðið fyrir miklum búsifjum vegna aflasamdráttar og verðfalls í efnahagslífinu. En ég vil hins vegar minna á það að ýmsar aðgerðir hafa átt sér stað sem hafa dregið úr umfanginu í efnahagslífinu og má þar fyrst og fremst nefna það að ríkisstjórnin hefur verið afar svifasein í vaxtamálum og þar tók hún allt of seint við sér sem varð til þess að mikið tjón hefur hlotist af.

Það er líka nauðsynlegt að vera ekki allt of fljótur að lýsa yfir fullum sigri í því máli og þótt þar hafi náðst árangur, sem að sjálfsögðu er rétt að viðurkenna, þá verður að halda því til haga að þessi árangur næst m.a. með því að tæplega 9 milljörðum kr. er veitt út í efnahagslífið með lægri bindiskyldu, með breyttu lausafjárhlutfalli og ýmsum öðrum aðgerðum á peningamarkaði.

Þessar aðgerðir skila allmiklum árangri í upphafi, ekki skal borið á móti því. En aðeins getur þessi árangur orðið varanlegur ef því er fast fylgt eftir og ég er sammála hæstv. ráðherra í þeim efnum að hluti af því er að hafa sem minnstan halla á ríkissjóði. Það vekur hins vegar athygli að vextir bankanna á óverðtryggðum lánum hafa lækkað sáralítið nú að undanförnu og t.d. eru vextir á yfirdráttarlánum yfir 15% og algengir vextir á veðskuldabréfum og víxlum eru 14%. Þar að auki þekkjast mun hærri vextir í bankakerfinu.

Hæstv. viðskrh. hefur brugðist þannig við að hann skammar bankana á fundi í Alþýðuflokknum og ætlar sér greinilega að glíma við þá með þeim hætti. Þessi ræðuhöld viðskiptaráðherrans eru síðan spiluð í fjölmiðlum þar sem hann lýsir því hvernig hann ætlar að taka í hnakkadrambið á þessum mönnum, jafnt bankastjórum, verkalýðsleiðtogum, forsvarsmönnum Vinnuveitendasambandsins og öðrum þeim sem að málinu koma.

Það má vel vera að ríkisstjórnin telji að slíkar aðfarir í vaxtamálum séu til framdráttar, en ég leyfi mér að efast mjög um það að þessi ræðuhöld viðskiptaráðherrans muni skila miklum árangri. Ég hafði haldið það að hæstv. ríkisstjórn hefði ákveðið að taka upp samvinnu við alla aðila á peningamarkaði sem fælist í því að náið samráð væri haft frá degi til dags þar sem allir væru sammála um að það bæri að ná árangri í þessum málum. En að það gerist með þeim hætti að hæstv. viðskrh. tilkynni það fyrir fram í fjölmiðlum að hann hafi hugsað sér að kalla á þessa menn og síðan tilgreinir hann spurningarnar í fjölmiðlunum jafnframt, hvernig fundirnir munu fara fram í viðskrn. (**SvG:** Og leikur báða.) Já, og leikur kannski báða. Það eru alveg ný vinnubrögð í sambandi við samvinnuaðila hvort sem það er á vinnumarkaði eða fjármagnsmarkaði og væri fróðlegt að spyrja hæstv. forsrh. hvort að hann telji þetta árangursríkar aðferðir.

Það hefur mjög verið um það talað hvaða aðferðum beri að beita til þess að ná niður vöxtunum og mest hefur nú verið talað um handafl í því sambandi. En ég lýsi yfir undrun minni á þeim samskiptaháttum sem þarna virðast hafa verið teknir upp. Ekki það að ég sé að öllu leyti ósammála hæstv. viðskrh. En ég er hins vegar ósammála slíkum vinnubrögðum af hálfu ríkisstjórnar og tel að það muni fremur spilla fyrir heldur en greiða fyrir málum, á sama hátt og ég held nú að í viðkvæmum málum geti það líka spillt fyrir að skamma ríkisstjórnina um of þótt að hún verði að sætta sig við það að til hennar sé beint ýmsum spjótum í sambandi við framkvæmd hinna margvíslegu mála.

Ég vil jafnframt vekja athygli á því að ríkisstjórnin hefur ekki hlíft ýmsum greinum atvinnulífsins við skattahækkunum, þ.e. þeim greinum atvinnulífsins sem mestar vonir eru bundnar við. Ég vil í því sambandi sérstaklega nefna ferðaþjónustuna sem er sú atvinnugrein sem getur skapað hvað mesta atvinnu hér á landi á næstunni. Það hefur líka komið í ljós nú að undanförnu að þar hefur náðst mikill árangur en sá árangur er í mikilli hættu vegna skattastefnu ríkisstjórnarinnar. Það er góðra gjalda vert að hafa það markmið að minnka halla á ríkissjóði en það stoðar lítið að gera það með þeim hætti að það er augljóst að verðmætasköpunin í samfélaginu minnkar. Þetta hefur svo sem oft verið rætt hér á Alþingi áður, m.a. af þeim sem hér stendur, og ég skal ekki gera það að frekara umtalsefni hér. En ríkisstjórn sem vill auka umsvifin í þjóðfélaginu og kraftinn í atvinnulífinu grípur ekki til slíkra ráðstafana nema þá að þar sé um alvarleg mistök að ræða. Það er enn tími til að bæta þarna um og væri fróðlegt að heyra frá hæstv. forsrh. hvort að hann telji ekki rétt í ljósi þess hvernig ástand er í atvinnumálum að framkvæma endurskoðun á þessum fyrirætlunum.

Ég vil segja almennt um þær fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar að draga úr útgjöldum í fjárlagafrumvarpinu að ég er sammála því að það sé reynt eftir því sem nokkur kostur er. Ég get tekið undir það að við eigum við verulegan útgjaldavanda að glíma í fjárlögunum og það verður ekki undan því vikist að minnka fjárlagahallann eftir því sem nokkur kostur er, án þess að þar sé gripið til mjög óréttmætra aðgerða eða þá að gripið sé til slíkra óyndisúrræða að draga úr umsvifunum í þjóðfélaginu. Og það er helsta gagnrýnisatriði mitt í sambandi við þetta mál. Ég ætla ekki að fara út í einstaka liði þess, það munu aðrir gera frá mínum flokki, en ég vil nefna sem dæmi í þessu sambandi að þótt nauðsynlegt sé að draga úr útgjöldum í almannatrygginga- og heilbrigðiskerfinu þá má ekki gera það með þeim hætti að það sé gripinn þessi hópurinn í dag og hinn á morgun. Sem dæmi má nefna að samkvæmt

10. gr. á að draga úr kostnaði almannatrygginga vegna greiðslu ekkjulífeyris, en það er lagt til að það verði heimilt að tekjutengja greiðslu þessara einstöku bóta. Mér finnst með öllu óeðlilegt að það sé farið út í það að tekjutengja sérstaklega þessa tegund bóta. Ég tel það fyllilega koma til greina að tekjutengja fleiri greiðslur úr almannatryggingakerfinu og það er mál sem lengi hefur verið unnið að. Í því sambandi verður líka að nefna að tekjuhugtakið er ekki nægilega vel útfært til þess að slík tekjutenging geti skilað góðum árangri. Og á ég þá sérstaklega við þá staðreynd að vaxtatekjur koma ekki inn í tekjuhugtakið, hvorki í skilningi þessara laga né skilningi skattalaga. Nú er það í sjálfu sér ekkert nýtt en það hefði verið mun réttlátara að tekjutengja lífeyri almannatrygginga ef menn hefðu gengið fram í því máli á rösklegri hátt.

Ég vil líka nefna það sem dæmi að hér er gert ráð fyrir því að taka upp greiðsluhlutdeild sjúklinga vegna áfengismeðferðar og þar er vitnað til þess að greiðsluhlutdeild sú sem þar er fyrirhuguð sé af svipuðum toga og tíðkast hjá heilsustofnun Náttúrulækningafélags Íslands. Ég tel að hér sé um algjörlega ósambærileg mál að ræða. Þeir aðilar sem dvelja á þessari stofnun sem þarna er tilgreind í Hveragerði eru margir hverjir einstaklingar sem leita þangað sér til hressingar og heilsubótar, jafnvel á ári hverju, þótt það sé með mjög mismunandi hætti. En eitt er þó víst að þeir aðilar búa við allt aðrar aðstæður en áfengissjúklingar yfirleitt. Þetta er dæmi um ósamræmi og flumbrugang sem viðgengst í þessum niðurskurðarmálum. Það er einn hópur valinn í dag og annar á morgun og það sem er ákveðið að morgni er hætt við að kvöldi. Þetta eru hlutir sem ekki eiga að viðgangast og það verður að fara yfir útgjaldahliðina á mun heilsteyptari hátt.

Það er líka mjög gagnrýnisvert og styður þá gagnrýni sem ég set hér fram að þetta frv. sem við nú erum að byrja að fjalla um er lagt fram hér á Alþingi 6. eða 7. des. og á að afgreiðast u.þ.b. 10 dögum síðar. Þetta sýnir ljóslega að undirbúningi er afar ábótavant. Og jafnvel þótt allur þessi tími hafi verið notaður í það að undirbúa frumvarpið þá er ýmislegt í því sem ekki hefur fengið mjög nákvæma skoðun. Þetta gerist ár eftir ár jafnvel þó að hér sé verið að leggja til gamla kunningja að miklu leyti sem hafa komið til umræðu áður. Það er t.d. ekkert alveg nýtt þær skerðingar sem eru lagðar fram að því er varðar grunnskóla og menntakerfið, þetta eru mál sem áður hafa verið rædd á Alþingi og fóru í gegnum umræðu á síðasta ári og mig minnir að hæstv. ríkisstjórn hafi þá fullyrt að þetta yrði þá aðeins gert í það eina skipti. Það er hins vegar, svo réttlætis sé nú gætt, ekki einsdæmi í sambandi við skerðingu á útgjöldum fjárlaga því hér er í II. kafla upptalning á ýmsum sjóðum og útgjöldum sem skert eru til eins árs í senn, sem hefur verið fastur liður og venjulega fylgt frv. til laga um lánsfjárlög mjög svo lengi. Ætli það sé ekki komið töluvert á annan áratug með mörg þessara mála.

Núv. hæstv. ríkisstjórn verður ekki ein dregin til ábyrgðar í því máli. En það hlýtur að vera verkefni okkar hér á Alþingi að fara í gegnum það hvort ekki sé ástæða til þess að taka ákvarðanir um varanlega breytingu á þessum lögum að einhverju leyti. Hér er um að ræða breytingar sem hafa gengið í gegn margar hverjar á annan áratug og ætti það að vera nægileg ástæða til þess að þarna yrði gerð annars konar breyting á.

Þetta mál mun koma til umfjöllunar í hæstv. efh.- og viðskn. þar sem ég á sæti og þess vegna ætla ég ekki að eyða miklum tíma í að fjalla um málið hér við 1. umr. Það er líka ljóst að það mun þurfa að koma til rækilegrar umfjöllunar í ýmsum fagnefndum þingsins því að flest þessara mála sem hér er getið um heyra undir verksvið þeirra og það hefur verið venjan að um þau sé fjallað sérstaklega í þeim nefndum þingsins sem sérstaklega fjalla um þau mál eins og t.d. hæstv. menntmn. og heilbr.- og trn. og félmn. Þetta eru málefni sem þeir þingmenn sem í þessum nefndum sitja þekkja sérstaklega og betur en aðrir þingmenn sem sitja í öðrum nefndum og því er mjög eðlilegt að þeir muni fá þau til umfjöllunar.

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins að þessi sjónarmið kæmu hér fram við upphaf þessarar umræðu. En að lokum vil ég sérstaklega harma að þetta mál skuli þurfa að koma svona seint fram því að það má segja að stefnan í þessum málum öllum hafi verið mörkuð þegar fjárlagafrumvarpið var lagt fram og því hefði ekkert átt að vera til fyrirstöðu að leggja það frumvarp sem hér er til umræðu fram samhliða fjárlagafrumvarpinu. Þótt ég sé ekki að gera kröfur um að það kæmi nákvæmlega sama daginn þá er með öllu óeðlilegt að það komi fram rúmum tveimur mánuðum eftir að fjárlagafrumvarpið kemur fram og fráleitt að gera um það kröfur að það sé afgreitt hér á Alþingi á aðeins tíu dögum.

[14:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á þessu stigi máls vil ég aðeins fá að svara einni beinni spurningu hv. þm. varðandi aðgerðir í vaxtamálum. Ég tel að aðilar vinnumarkaðarins hafi stuðlað að lækkun vaxta með því að gangast með ábyrgum hætti til kjarasamninga í maí sl. og með þeirri niðurstöðu sinni að þá samninga bæri að framlengja. Ég er ekki í vafa um það að lækkun vaxta miðað við óvissu í kjaramálum hefði ekki gengið fram. Á hinn bóginn get ég líka sagt að ég tel að lífeyrissjóðirnir mættu vera virkari og sýna meiri trú á vaxtalækkunaraðgerðirnar en má segja að þeir hafi gert og ég vænti þess að það muni þeir gera í framtíðinni.

[14:58]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. að auðvitað skiptir friður á vinnumarkaði sköpum í sambandi við lækkun vaxta. Ég hefði hins vegar talið að gott samband og samstarf ríkisstjórnar við banka, lífeyrissjóði og aðila vinnumarkaðarins í þessum málum væri jafnframt forsenda þess að það væri hægt að ná betri árangri og halda utan um hann. Mér finnst að ræðuhöld hæstv. viðskrh. þessa dagana bendi ekki til þess að samstarfið um þessi mál sé mjög gott. Þvert á móti benda hans ræðuhöld og fyrirhugaðir fundir, sem hann hyggst eiga við þessa aðila fyrir hönd ríkisstjórn-

arinnar — að vísu hefur hann haldið því fram að ríkisstjórnin öll muni eiga þessa fundi með aðilunum — það bendir til þess að þarna sé vont samband á milli. Og ég vildi spyrja hæstv. forsrh. um það: Telur hann að ríkisstjórnin muni ná árangri með þessum hætti? Telur hann ekki líklegra að ríkisstjórnin muni ná árangri með hljóðlátu samstarfi við þessa aðila í stað þess að vera í háværum orðræðum í fjölmiðlum dag eftir dag?

[15:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mikilvægt að eiga gott samstarf við alla þessa aðila og í tengslum við lækkun vaxta eða aðgerðir ríkisstjórnarinnar í því sambandi voru haldnir fundir með forráðamönnum lífeyrissjóða, með forráðamönnum í atvinnulífinu og ítarlegir fundir með bankakerfinu, viðskiptabönkum, sparisjóðum og slíkum aðilum. Og það voru mjög mikilvægir fundir einmitt til að skapa traust á þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til.

Ég tel líka að menn megi ekki um of leggja þunga merkingu í það þó að vextir á óverðtryggðum bréfum hafi ekki lækkað enn um sinn að sama skapi og aðrir vextir hafa lækkað. Ég tel að eftir áramótin, þegar ekki eru lengur bundnir þeir reikningar sem bankarnir voru bundnir með þegar til vaxtalækkunaraðgerðanna var gripið þá muni skapast skilyrði til þess að lækka óverðtryggða vexti og þá muni þeir lækka. Ég tel jafnframt að þegar líður fram á næsta ár að þá muni það gerast að greiðslubyrði skuldenda, greiðslubyrði almennings muni lækka verulega, menn tala um jafnvel 4–5% þegar líður fram á árið, og það muni verða til þess að styrkja stöðu bankakerfisins og bankarnir muni fylgja eftir vaxtalækkun því að hún er þeim sjálfum til framdráttar. Og ég tek undir með hv. þm. að það er mjög mikilvægt að eiga gott samstarf við þessa aðila um allar þessar aðgerðir og ég vænti þess að þeir sem ábyrgir aðilar í þessu þjóðfélagi muni fylgja þessum mikilvægu hagsmunum fast eftir. Það er mikilvægt fyrir þessa aðila sjálfa, fyrir umbjóðendur þeirra sem og fyrir atvinnulífið í landinu og ríkisstjórn og þing og alla þá sem að málum koma.

[15:02]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegu forseti, aðeins örstutt af þessu tilefni. Ég býst við því að aðilar vinnumarkaðarins telji sig hafa lagt mjög mikið af mörkum í sambandi við vaxtalækkunina. Hins vegar skil ég þá þannig að þeir telji að enn þá hafi ekki náðst sá árangur í ríkisfjármálum sem sé nauðsynlegur til þess að tryggja þessa vaxtalækkun.

Hæstv. forseti. Það er mjög óþægilegt að vera í þessum sporum þegar hæstv. fjmrh. er ýmist að tala í símann svo hátt úti í hliðarherbergi eða þá hér inni í sal að hann veldur mikilli ókyrrð hér í salnum. En það er kannski bara svo mikil ókyrrð í ríkisstjórninni.

En það sem ég vildi sérstaklega spyrja hæstv. forsrh. um er: Hvernig er samstarfinu við aðila vinnumarkaðarins og lánastofnanir varið, hvernig er það skipulagt? Eru reglulegir fundir? Hvaða ráðherrar bera ábyrgð á þessu samstarfi til þess að tryggja árangur? Ég tel að það sé alveg grundvallaratriði að þarna sé skipulag á. En mér finnst ræðuhöld hæstv. viðskrh. benda til þess að það sé ekkert skipulag á þessu samstarfi. Og þess vegna tel ég það nauðsynlegt til þess að menn fái betri trú á því sem þarna er að gerast að fá það upplýst hvernig ríkisstjórnin hyggst halda á þessum málum á næstunni og hvernig hún hyggst halda á samstarfi við þessa aðila nú á næstu vikum.

[15:04]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er kominn á dagskrá gamall kunningi undir nafninu Ráðstafanir í ríkisfjármálum. Og þótt margt nýtt sé í honum að finna þá eru líka á ferð gamalkunnug mál sem ýmist hafa verið í frumvarpi af þessu tagi eða verið bornir fram sem sérstök þingmál.

Ég tek undir það með síðasta ræðumanni að þetta frumvarp er seint fram komið, ekki síst vegna þess hversu mörg mál er í því að finna, mörg mál og alvarleg. En það vakna auðvitað spurningar um vinnubrögð bæði ríkisstjórnarinnar og Alþingis í þessum málum. Við höfum rekið okkur á að það er auðvitað um ákveðinn tvíverknað að ræða þegar verið er að senda mál á milli nefnda og við erum einmitt í hv. efh.- og viðskn. *með dæmi um það þar sem er frv. um tekjustofna* sveitarfélaga, þar sem hv. félmn. er búin að fara í gegnum málið og kalla til alla aðila og það er auðvitað spurning hvernig efh.- og viðskn. eigi síðan að standa að umsögn um málið. Og það sama gildir auðvitað um þetta frv. hér, hvort tveggja er að efh.- og viðskn. þarf að fara í gegnum öll þessi mál en jafnframt viðkomandi fagnefndir. Og þetta er bara eitt af þessum málum sem þingmenn og þingnefndir þurfa að ræða sín á milli í ljósi breytinga á þingsköpum. Því að það er auðvitað óþarfi að menn séu með tvíverknað af þessu tagi.

En það sem ég les fyrst og fremst út úr þessu frv., sem hér er á ferð, er að þessi ríkisstjórn er auðvitað gjörsamlega strand í sinni efnhagsstefnu. Aumingjaskapurinn er svo algjör að það er engu lagi líkt. Þetta frv. er svona seint fram komið vegna þess að ráðherrar eru endalaust búnir að vera að rífast um efni þess og þegar hér er komið sögu er búið að taka út nánast allt það sem ágreiningi olli. Það hefur verið farin sú leið að sleppa deilumálunum og auka halla ríkissjóðs að sama skapi. Ég verð að segja það að þó að ég hafi verið mjög ósammála mörgum þeim aðgerðum sem ríkisstjórnin hefur gripið til í sínum niðurskurðaráformum og í þeirri viðleitni að halda hallanum á ríkissjóði í skefjum þá er það auðvitað mjög mikið áhyggjuefni hve hallinn á ríkissjóði vex ár frá ári. Það er mikið áhyggjuefni og það er verið að vísa vandamálunum til framtíðarinnar, það er ekkert annað sem verið er að gera. Og ríkisstjórn sem gefst upp á hverju málinu á fætur öðru er auðvitað ekki starfi sínu vaxin, það hlýtur að vera ljóst.

Þegar við horfum aðeins á þau sparnaðaráform sem áttu að vera í þessu frv. en eru horfin, þá ber þar hæst heilbrigðismálin þar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur orðið að hætta við nánast hvert einasta áform sem

hann hafði uppi, hversu vond eða góð sem þau annars voru. Það var hætt við sjúklingaskatt upp á 400 milljónir, það var hætt við að leggja niður barnaheimili spítalanna eða koma þeim yfir á sveitarfélögin og það var hætt við sölu á Þvottahúsi Ríkisspítalanna. Og dómsmrh. gafst upp við að sameina sýslumannsembættin og eftir því sem ég best veit þá verður ekkert úr því að tveir eða þrír ráðherrar setjist niður við að leggja fram enn frekari sparnaðaráform. Þetta er allt gufað upp. Og eins og ég sagði, þó að þarna sé að mörgu leyti um vond áform að ræða, þá lýsir þetta því að ríkisstjórnin hefur gefist upp. Hún hefur gefist upp við þau áform sín að ná einhverjum tökum á ríkisfjármálunum.

Og ég spyr: Hver er hallinn á þessari stundu? Geta ráðherrar ríkisstjórnarinnar upplýst mig um það, hver er staða ríkissjóðs á þessari stundu áður en við komum að 2. umr. um fjárlögin? Hvað stefnir í að niðurstöðutalan verði? Þetta er vissulega mikið áhyggjuefni og við höfum orðið vitni að örvæntingarfullri leit ráðþrota ráðherra að sparnaðarleiðum en niðurstaðan er þessi: Að hætta við allt sem er erfitt og óvinsælt og ávísa á framtíðina. Og ástæðurnar eru annars vegar það ósamkomulag sem hefur einkennt þessa ríkisstjórn og birst hér í umræðum og einkum þó í fjölmiðlum. En það er líka önnur ástæða. Hún er sú að það eru kosningar fram undan. Sjálfstæðisflokknum er mjög í mun að styrkja stöðu íhaldsins í Reykjavík og stöðu formannsins sem er fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík. Ég tel að það sé einmitt það sem ríkisstjórnin er að gera, hún er að fresta öllum óvinsælum aðgerðum fyrst og fremst til þess að bjarga íhaldinu í Reykjavík. Ég held að það sé engin önnur skýring á þessu vegna þess að auðvitað eru sparnaðarleiðirnar margar, þær eru margar. En þær felast ekki síst í því að menn takist á við það sem ég kalla strúktúrbreytingar, bæði sameiningu ríkisstofnana, að leggja niður stofnanir sem ríkið á ekki að vera að reka og að hefja breytingar einkum í heilbrigðis- og tryggingakerfinu sem horfa til þess að ná niður kostnaði í framtíðinni.

Nú las ég það í blöðunum í morgun að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur sett á laggirnar samstarfsnefnd heilbrigðisráðuneytisins og BSRB, að því er mér skilst. Ég skil nú ekki af hverju aðrir koma ekki þar að málum, hann getur kannski upplýst okkur um það. En það er vissulega ástæða til þess að setjast niður og marka hér framtíðarstefnu í heilbrigðis- og tryggingamálum, ekki síst í því skyni að ná niður kostnaði sem auðvitað þarf að gera. Það þarf auðvitað að ná niður kostnaði í þessu kerfi, koma í veg fyrir ýmiss konar sjálftöku og stöðugan vöxt, vegna þess að það er hægt. Það er hægt fyrst og fremst með því að bæta heilsu þjóðarinnar, eins og ég hef svo margoft sagt í þessum ræðustóli.

En sú spurning sem vaknar einmitt út frá þessu frumvarpi hér er: Hver er stefnan? Hver er stefnan í heilbrigðis- og tryggingamálum? Hver er stefnan í menntamálum, hæstv. menntmrh., sem ég ætla að beina orðum mínum að hér á eftir? (**Menntmrh.:** Ágæt.) Hver er stefnan? Ég fæ ekki betur séð en að stefnuleysið sé algjört í hverjum málaflokknum á fætur öðrum.

Ég ætla þá að víkja að frumvarpinu sjálfu og því sem í því er að finna en þar eru auðvitað ótal mörg atriði sem vekja spurningar og vekja til umhugsunar, ekki síst um það hver stefnan er. Þar er fyrst að nefna að þriðja árið í röð á að framlengja niðurskurð til grunnskólakerfisins sem við stjórnarandstæðingar höfum gagnrýnt mjög harðlega. Það á enn einu sinni að fresta því að fækka í bekkjum, það á að framlengja niðurskurð á kennslustundum í skólum og í þriðja lagi á að koma í veg fyrir að komið verði á máltíðum í skólum. Þetta undarlega fyrirbæri sem hefur fylgt þessum hluta laganna ár eftir ár vegna þess að það á fyrst og fremst við um sveitarfélögin, það er á kostnað sveitarfélaganna að koma á máltíðum í skólum. Og ég spyr í þriðja skipti, þriðja árið í röð: Hvers vegna í ósköpunum er ríkisvaldið að skipta sér af þessu? Af hverju mega ekki sveitarfélögin koma á máltíðum í skólum eftir því sem þau vilja í samstarfi við kennara og foreldra? Þetta er það sem þarf að gerast í íslensku skólakerfi að börnum verði tryggð næring, þetta er til skammar.

Ég get auðvitað ekki látið hjá líða að minna á það að þegar ríkisstjórnin gengur hér fram með þessi niðurskurðaráform þá eiga þau að ganga fram á ári fjölskyldunnar, árið 1994. Sameinuðu þjóðirnar hafa útnefnt árið 1994 sem ár fjölskyldunnar og ríkisstjórnin sýnir hugarfar sitt til þess árs hér í verki með því að skera niður til skólakerfisins þriðja árið í röð.

Og það er sama sagan á ríkisstjórnarheimilinu að vinstri höndin veit ekki hvað sú hægri gjörir. Á meðan menntmrh. undirbýr niðurskurðinn þriðja árið í röð, þetta sem átti að verða tímabundin aðgerð en er auðvitað orðin varanleg aðgerð, það verður erfitt að snúa til baka þegar kennsla hefur verið skorin niður þrjú ár í röð með öllum þeim afleiðingum sem það hefur, það tekur tíma að vinna það upp. Á meðan hann er að undirbúa þennan niðurskurð þá situr nefnd á vegum félmrh. og undirbýr ár fjölskyldunnar, hvernig Íslendingar ætla að efla og bæta hag fjölskyldunnar á árinu 1994. Í gögnum þeirrar nefndar, sem fram hafa komið, er að sjálfsögðu vikið að skólunum. Að sjálfsögðu, vegna þess að skólarnir koma að miklu leyti inn í líf nánast hverrar einustu fjölskyldu í landinu. Í plöggum frá þessari nefnd félmrh. segir um verkefni fjölskyldunnar á árinu 1994, Verkefni fyrir alla:

„Skólarnir. Stefnið að samfelldum skóladegi. Virkið heimilin til þátttöku í skólastarfi. Komið á fjölskyldudúðum. Undirbúið nemendur undir heimilislíf og gagnkvæma ábyrgð á fjölskyldunni. Haldið þemaviku um heimilin og fjölskyldulíf. Standið fyrir samkeppni þar sem heimilin eru í brennidepli."

Og þetta kostar auðvitað allt peninga. Það kostar peninga að koma þessu í framkvæmd, ekki síst að komið verði á samfelldum skóladegi í öllum skólum. Þar hefur að vísu sem betur fer töluvert áunnist, ekki síst hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem að loksins, loksins hefur eitthvað verið gert í þeim efnum þó að reyndar megi gagnrýna hvernig þar hefur verið að mál-

um staðið. En það kostar peninga að koma á samfelldum skóladegi og það kostar einhverja fjármuni að bæta og efla samskipti heimilanna og skólanna í landinu sem, ef ég man rétt, hefur nú verið sérstakt áhugaefni Sjálfstæðisflokksins. Og ef við horfum á það að beina sjónum nemenda að því hver þýðing fjölskyldunnar er og hvað felst í því að eiga börn og reka heimili þá kostar það auðvitað peninga. Við erum að tala um kennslu, við erum að tala um námskeið, þetta kostar allt saman peninga. Þemavikur og samkeppni, þetta kostar allt saman peninga þannig að um leið og við höldum inn í þetta ár fjölskyldunnar að þá er áframhaldandi skorið niður til skólanna og ég spyr nú hæstv. félmrh.: Ætlar hún að útvega peninga í þetta? Ætlar hæstv. félmrh. að útvega peninga til þess að Íslendingar geti staðið með einhverjum sóma að ári fjölskyldunnar?

Sannleikurinn er nefnilega sá að því miður er sótt að fjölskyldunni úr öllum áttum og margar þær aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til í skattamálum og á fleiri sviðum, launamálum, beinast gegn fjölskyldunni, þær koma niður á fjölskyldum þessa lands. Þar er ekki síst mjög alvarlegur sá niðurskurður sem átt hefur sér stað í kennslu á landinu og mun auðvitað koma út í verri menntun.

Fyrir nokkru lagði ég fyrirspurn til hæstv. fjmrh. vegna atvinnuleysis opinberra starfsmanna. Og það kemur fram í þeim gögnum að atvinnuleysi meðal kennara sem eru félagar í Kennarasambandi Íslands er verulegt, það er ótrúlega mikið. Það kemur fram í þessu svari að á árinu 1992 voru 79 félagsmenn í Kennarasambandi Íslands atvinnulausir, 79 manns. Og skyldi nú ekki þetta atvinnuleysi vera afleiðing af þessum niðurskurði til skólanna í landinu? Það held ég gefi auga leið því að kennslustundum hefur verið fækkað og það hefur verið fjölgað í bekkjum þannig að hægt væri að fækka kennurum og það kemur auðvitað fram í þessum tölum.

Sá sparnaður sem ríkisstjórnin ætlar sér að ná með þessum niðurskurði til kennslumála er eins og í fyrra rúmlega 100 milljónir. Ég hef nú ekki reiknað út hvað þetta er í rauninni mikill niðurskurður, það kemur fram í greinargerðinni að ef lögum væri fylgt þá ættu kennslustundir að vera 314 en fara í 287 stundir. Nú veit ég ekki við hvað er miðað hér, hvort þetta er 314 stundir á nemanda eða hvað þetta er, við þurfum að kanna það í hv. menntmn. En þessi niðurskurður á að skila sparnaði upp á 110 millj. kr. á haustönninni 1994 og 130 millj. kr. á vorönn 1995, eftir því sem kemur hér fram. Þessi sparnaður er að sjálfsögðu miðaður við skólaárið, öðruvísi er ekki hægt að gera þetta.

Og fjölgunin í bekkjardeildum á að spara 50 millj. kr. á haustönn 1994, 60 millj. kr. á vorönninni 1995, þannig að þar eru 110 millj. kr. á ferð. Þannig að þetta er allnokkur sparnaður sem menntmrn. nær fram með þessum hætti en þetta er dýrt spaug, hæstv. menntmrh. Þessi niðurskurður er dýrt spaug og hann kemur niður á börnum þessa lands og framtíð þessarar þjóðar. Og ég verð að segja það að mér finnst sú stefna sem lesa má út úr þessu, þegar maður horfir upp á það hvernig ríkisstjórnin hefur gefist upp á öðrum sparnaðarráðstöfunum, hversu réttmætar sem þær voru, þá er auðvitað nöturlegt upp á það að horfa að það skuli vera börn og ekkjur sem ríkisstjórnin er að ráðast á í sínum sparnaðaráformum. Það er nú ekki verið að ráðast á garðinn þar sem hann er hæstur.

Það er búið að fresta fjármagnstekjuskatti, það er ekki verið að hækka hátekjuskattinn. Nei, það eru börn og það eru ekkjur og það eru áfengissjúklingar sem eiga að spara fyrir ríkið. Þetta er stórmennskan, þetta er stefna þessarar ríkisstjórnar. Þetta er ömurlegt, þetta er hreinlega ömurlegt upp á að horfa.

Minni hlutinn í menntmn. lagði fram fyrirspurn fyrr á þessu ári um niðurskurðinn á kennslustundum. Og þar kom auðvitað fram í því svari að hann er verulegur. Niðurskurðurinn er verulegur og það kom fram í gögnum frá fræðslustjórum og skólatjórum, sem við kölluðum á okkar fund í byrjun þessa árs, að eins og við vorum búin að segja til um þá kom niðurskurðurinn auðvitað niður á íslenskukennslu, þó að það hafi átt að verja hana. Það verður auðvitað að skera niður þar sem hægt er að skera. Þannig að það er alveg ljóst að þessi niðurskurður og svokallaður sparnaður kemur niður á framtíðinni. Þetta er vond pólitík, hæstv. menntmrh.

Í vor dagaði uppi í menntmn. frv. um Tækniskóla Íslands þar sem leitað var heimilda til þess að koma á skólagjöldum í Tækniskólanum. En það vill nú svo til að í þessu máli eins og mörgum öðrum eru vinnubrögðin vægast sagt furðuleg, því að þrjú ár í röð hefur verið gert ráð fyrir því í fjárlögum að Tækniskólinn aflaði sér sértekna með skólagjöldum. Hann hefur ekki haft til þess lagaheimild og ríkisstjórninni hefur ekki hingað til tekist að afla þeirrar heimildar, m.a. vegna mikillar andstöðu í menntmn. og víðar. Og það er auðvitað alveg makalaust að horfa upp á svona vinnubrögð. Nú er farin sú leið að skella þessu máli inn í þetta frumvarp, skólagjöld Tækniskólans upp á 7 millj. kr., ég veit ekki hversu mikið það er á nemanda, mér hefur ekki gefist tækifæri til þess að kanna það, en ég er þessu algjörlega andvíg. Það þarf að afnema þessi skólagjöld. Þegar þeim var komið á af þeirri ríkisstjórn sem nú situr þá var það brot á reglu sem ríkt hefur hér um áratuga skeið í okkar skólakerfi og hefur gengið út á það að skólinn sé fyrir alla og að það sé hlutverk ríkisvaldsins að reka skólakerfið og bjóða upp á almenna menntun og framhaldsmenntun. En þessi ríkisstjórn hefur brotið þá reglu og hún hefur verið að reyna að koma skólagjöldum á í nánast öllum skólum á landinu fyrir ofan grunnskólastigið, þ.e. fyrir ofan skólaskylduna, og ég er því andvíg. Og sama gildir um búnaðarskólana og Garðyrkjuskóla ríkisins, frumvarp um það að koma á skólagjöldum dagaði líka uppi í landbn., m.a. vegna mikillar andstöðu.

Það er ekki um háar upphæðir að ræða í bændaskólunum og í Garðyrkjuskólanum. Ég vil af því tilefni benda á það að það er villa í frumvarpinu, Bændaskólinn á Hvanneyri er tvítekinn, en ég reikna með að það sé átt við Bændaskólann á Hólum, en Bændaskólanum á Hvanneyri er ætlað að innheimta 800 þúsund

kr. í skólagjöld, Hólum 600 þúsund kr. og Garðyrkjuskólanum einnig 600 þúsund kr. Þarna er ekki um háar upphæðir að ræða á nemendur en það er fyrst og fremst prinsippið eða reglan í þessu sem er aðalmálið. Og ekki síst það að þegar einu sinni er búið að koma á skólagjöldum í sveltu skólakerfi er ákaflega freistandi að hækka hlut nemenda og auka álögurnar á þá. Það hlýtur að verða ákaflega freistandi fyrir viðkomandi skóla þegar sífellt er verið að skera niður til skólanna. En ég ítreka það að ég er algjörlega andvíg þessari stefnu.

Víkur þá sögunni að almannatryggingunum og ég get ekki annað en mótmælt því sem hæstv. forsrh. sagði hér áðan um það að ekkjubæturnar væru barn síns tíma. Það er sjálfsagt að skoða þann bótaflokk eins og alla aðra. En að fara allt í einu að tekjutengja þennan flokk fremur öðrum, ég á mjög erfitt með að skilja þá röksemd. Það er 75 millj. kr. sparnaður sem á að nást með því að tekjutengja ekkjubætur þannig að þarna er um verulegan hóp að ræða, fyrst og fremst kvenna, og ég er nú ekki aldeilis tilbúin til þess að samþykkja niðurskurð til ekkna án þess að það mál hafi verið rækilega kannað hvaða hópur hér á í hlut. Ég get að mörgu leyti skilið það sjónarmið að auðvitað eru til konur — það eru miklu fleiri konur í þessum hópi en karlar og tengist nú ástandinu í okkar þjóðfélagi og ýmsum líffræðilegum þáttum, en það eru auðvitað til vel efnaðar konur sem eru fyllilega færar um að sjá fyrir sér og sínum þó að þær missi maka sinn. En þetta þarfnast að sjálfsögðu náinnar skoðunar og þarf að horfa á þetta í samhengi við aðra þætti tryggingamála. Ég mótmæli því að þessi þáttur sé tekinn hérna út úr með þessum hætti.

Mér þykir það merkilegt að í þeirri umræðu sem orðið hefur um fjárlög ríkisins hefur ekki borið mikið á mótmælum við þessum þætti. Það er verið að mótmæla hækkun á tekjuskatti, eins og eðlilegt er, og því hefur verið mótmælt af hálfu Alþýðusambandsins að það skuli ekki staðið við framlög til atvinnumála, en það er ekki mikið verið að horfa á þessar ekkjur sem hér eiga í hlut. Og það kemur auðvitað inn á það sem ég hef margoft nefnt hér að því miður eru karlasjónarmiðin allsráðandi í þeim samtökum eins og í ýmsum öðrum og menn ættu nú að vera meira vakandi fyrir a.m.k. helmingi sinna félagsmanna. Það þarf ekki að segja mér það að það séu ekki margar ekkjur í röðum félagsmanna ASÍ og fleiri samtaka launafólks.

Þá kemur að því máli sem varðar áfengisjúklinga sem eiga nú að fara að borga hluta af þeirri meðferð sem þeir þurfa að ganga í gegnum. Og við munum það að hæstv. fyrrverandi heilbrrh. taldi að margir þessara sjúklinga væru að frílista sig á Vogi, færu þangað aftur og aftur til að njóta lífsins, að því er manni skildist. En ég vil benda á að þeir læknar sem fást við meðferð þessara sjúklinga hafa mótmælt þessum áformum mjög ákaft og benda á að þarna sé um hóp að ræða sem eigi mjög erfitt með að greiða og það tengist þeirra andlega og líkamlega ástandi. Þegar menn eru orðnir illa farnir af drykkjusýki þá eru þeir vart vinnufærir og hafa varla úr miklum tekjum að spila. Og ég vil sérstaklega minna á það að Tómas Helgason, yfirlæknir á Landspítalanum, skrifaði grein í Morgunblaðið um síðustu helgi þar sem hann var að benda á þessar staðreyndir og að spyrja þeirrar spurningar sem ég kom með hér áðan: Hver er stefnan? Hver er stefnan í þessum málum? Á þessi hópur sjúklinga að fara að borga fyrir meðferð en aðrir ekki? Og hver er ástæðan fyrir því, hver eru rökin fyrir því?

Það er ekki eingöngu um það að ræða að það sé sjálfseignarstofnunin á Vogi sem sinnir áfengissjúklingum, það er líka stór deild á Landspítalanum og í tengslum við Landspítalann sem sinnir þessum sjúklingum. Þannig að spurningin er hver er stefnan og hvaða rök eru fyrir því að taka þennan hóp sjúklinga út úr. Það verður að rökstyðja það. Ég tel að hér sé ekki aldeilis um fyrirbyggjandi aðgerð að ræða, ef eitthvað er þá mun þetta auka á vandann ef menn hafa ekki einu sinni efni á því að fara í meðferð. En þetta mál þarf að skoða mjög rækilega. Það kann að vera að einhverjir séu aflögufærir eins og auðvitað gerist og gengur en þarna er auðvitað enn einu sinni um það að ræða að spyrja sig: Hver á reglan að vera? Út frá hverju göngum við í okkar heilbrigðiskerfi? Annað hvort förum við að taka gjöld af öllum alls staðar, sem ég er auðvitað andvíg, eða ekki. Það er ekki réttlætanlegt að taka einn hóp sjúklinga út úr með þessum hætti.

Ég ætla þá aðeins að nefna hér það sem kemur upp varðandi rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Það er líka gamall kunningi sem var til meðhöndlunar í landbn. í fyrra. Þessi liður gengur út á að það verði heimilt að leggja sérstakt gjald á seldar búvélar og veita þá peninga til Rannsóknarstofnunar landbúnaðarins. Hér er um 8 millj. kr. gjald að ræða. Þessari gjaldtöku var mótmælt harðlega af hálfu bænda í vor og þarna er um það að ræða hvaða skatt er verið að leggja á með þessum hætti. Þarna er frjálshyggjustefnan í algleymingi. Þetta minnir mann á það sem verið var að gera varðandi sjávarútveginn og fleiri atvinnugreinar en ég vil minna á að við erum búin að sjá mörg dæmi um að það fjármagn sem hefur átt að renna til rannsókna skilar sér ekki. Það átti að fjármagna rannsóknir og rannsóknasjóði með fjárframlögum frá sölu ríkiseigna og þetta hefur ekki skilað sér. Og ég veit ekki hvaða ástæða er til að ætla það í þeim mikla samdrætti sem íslenskur landbúnaður hefur gengið í gegnum og stendur enn frammi fyrir því miður að þá muni skila sér 8 millj. kr. gjald til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Ég er því miður hrædd um að hér sé enn ein vitleysan á ferðinni.

Hér munu aðrir þingmenn Kvennalistans fjalla um þau málefni sem snúa að félmn., atvinnuleysistryggingunum, orlofi og málefnum fatlaðra. Hér er um ýmiss konar breytingar að ræða og því er haldið fram í greinargerðinni að tekjuöflun komi á móti niðurskurði, en það atriði sem hér er lögfest að sveitarfélögin eigi að leggja fram 600 millj. kr. til atvinnusköpunar vil ég sérstaklega gera að umræðuefni, ekki síst í ljósi þess hvernig samskiptum ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna í landinu hefur verið háttað. Því vil ég beina

þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvort þetta sé gert í samráði við sveitarfélögin. Er þetta gert í samráði við sveitarfélögin? Því var haldið fram í fyrra og hittiðfyrra að ýmsar ákvarðanir væru í samráði við sveitarfélögin en Samband ísl. sveitarfélaga kannaðist ekkert við að um slíkt væri að ræða. Og ég verð að segja það svona almennt séð að það er býsna sérkennilegt að vera að binda sveitarfélögin með lögum til þess að leggja fram fé til ákveðins málefnis. Mér þykir þetta vera býsna sérkennileg vinnubrögð.

Virðulegi forseti. Ég er þá komin að hinum svokölluðu „þrátt-fyrir"-ákvæðum og ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau atriði. Hér er um endurtekningu að ræða frá fyrri árum en hún er jafnvond fyrir því og af því tilefni vil ég taka undir það sem síðasti ræðumaður sagði að þetta eru auðvitað alveg furðuleg vinnubrögð og gilda ekki bara um þessa ríkisstjórn heldur fleiri að vera með þessi ákvæði ár eftir ár eftir ár, taka af stofnunum þeirra tekjustofna í heilu í lagi í stað þess að breyta lögunum. Við eigum bara að taka okkur til að breyta lögunum ef það er vilji til þess að taka þessa tekjustofna af.

Ég vil sérstaklega nefna hér Framkvæmdasjóð Ríkisútvarpsins sem er tekinn í heilu lagi enn eitt árið og þýðir það auðvitað að ýmsar framkvæmdir á vegum Ríkisútvarpsins dragast. Ég vil af því tilefni beina þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvaða áform eru uppi varðandi Ríkisútvarpið. Það hefur dregist mjög að sjónvarpið flytji sínar höfuðstöðvar í nýja útvarpshúsið og ég vil spyrja hann hvort hætt er við þau áform og ef svo er, hvernig á þá að nýta þetta mikla hús? Það hljóta að vakna spurningar um það.

Ég vil líka nefna varðandi húsfriðunarsjóðinn sem einnig heyrir undir hæstv. menntmrh. Hann er skorinn niður um hvorki meira né minna en 25,5 millj. kr. þrátt fyrir það að ljóst er að það eru mjög mikil verkefni sem bíða úrlausnar varðandi viðgerðir á húsum Þjóðminjasafnsins og það liggi fyrir skýrslur og áætlanir um það sem þarf að gera. Þetta skerta fjármagn sem húsfriðunarsjóðurinn fær ár eftir ár þrátt fyrir lög gerir erfitt um vik að standa við þau áform og ég minni hér enn á torfbæina og það ástand sem þeir eru í og minni á að þar er um ákaflega viðkvæm hús að ræða sem þarfnast stöðugs viðhalds. Ég veit að það hefur eitthvað verið gert, m.a. í Glaumbæ í Skagafirði til viðgerða á því húsi, en það gengur auðvitað ekki að auka stöðugt verkefni Þjóðminjasafnsins og bæta verkefnum þar á en veita svo ekki það fjármagn sem til þarf.

Ég vil líka vekja athygli á því að lögbundið fjármagn er skorið niður til Vegagerðar ríkisins um 370 millj. kr. og það er vægast sagt afar sérkennilegt að ríkisstjórnin geri samkomulag við verkalýðshreyfinguna um aukið fé til framkvæmda, m.a. til vegagerðar en sker svo niður með hinni hendinni lögbundið fé til þeirra framkvæmda.

Að lokum vil ég nefna Ferðamálaráð og Ferðamálasjóð, sem er skorinn niður um 134 millj. kr., hvorki meira né minna. Það er auðvitað afar slæmt að annars vegar er verið að leggja virðisaukaskatt á ferðaþjónustu í landinu þó að það kunni að vera fram undan einhverjar breytingar í þeim málum og hins vegar er fé til Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs skorið niður um 134 millj. og menn horfa til ferðaþjónustunnar sem mikilvægs vaxtarbrodds í okkar atvinnumálum. Þar liggja miklir möguleikar en fjármagnið er skorið niður. Hvernig á þetta að koma heim og saman?

Virðulegi forseti. Eins og ég hef hér rakið, þá eru mjög mörg mál á ferð í þessu frv. misjafnlega stór og misjafnlega alvarleg, en ég ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að þetta frv. speglar fyrst og fremst uppgjöf ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálunum og dregur fram þær ömurlegu áherslur að það eru skólabörnin, það eru heimilin, það eru fjölskyldurnar, það eru ekkjurnar, það eru áfengissjúklingarnir sem eiga að borga brúsann.

[15:40]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður beindi til mín þeirri fyrirspurn hvort sú fjármögnun sem lögð er til í þessu frv. varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð og snýr að sveitarfélögunum hafi verið gerð í samráði við sveitarfélögin. Því er til að svara að það liggja fyrir drög að yfirlýsingu milli Sambands ísl. sveitarfélaga, fjmrh. og félmrh. um þetta mál sem væntanlega verður undirrituð á næstu dögum og hún felur í sér að Samband ísl. sveitarfélaga mælir með því við sveitarfélögin að þau leggi fram á árinu 1994 600 millj. kr. fjárframlag í Atvinnuleysistryggingasjóð. Og eins og kemur fram í þessum drögum eru aðilar sammála um að unnið verði að beytingum á reglum um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði frá 27. jan. 1993 þannig að sveitarfélögum verði auðvelduð nýting þess fjár sem ætluð er til eflingar atvinnulífi á vegum sveitarfélaga, m.a. með samstarfi við atvinnufyrirtækin. Og við það er miðað í þessum reglum að þetta gerist með þeim hætti að þegar fjármagn er veitt til sveitarfélaganna í atvinnuskyni þá nýtist það þeim sem eru á atvinnuleysisskrá og fækki að sama skapi þeim sem þar eru.

[15:41]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því ef þarna eru samkomulagsdrög á ferð. Ég ítreka það sem ég sagði að mér þykir mjög sérkennilegt að vera að lögbinda þetta framlag sveitarfélaganna og í rauninni held ég að hér sé bara um bókhaldskúnstir að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar til að geta sýnt fram á einhvern sparnað því að hér í lokaniðurstöðum frv. eru þessar 600 millj. taldar til tekna þannig að ríkisstjórnin telur sig vera að ná inn meiri peningum, en auðvitað er þetta óskylt mál. Þarna er um framlag sveitarfélaganna að ræða en það er mjög sérkennilegt að vera að lögbinda það með þessum hætti.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1994, 1. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 325; brtt. meiri hluta fjárln., þskj 326.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 272. mál, stjfrv., þskj. 332.

[15:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er kominn á dagskrá enn einn bandormurinn frá hæstv. ríkisstjórn og ekki sá minnsti. Hér á í frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994, eins og það heitir, að breyta ákvæðum um 26 gildandi laga. Það er býsna drjúgur hluti af lagasafninu sem hérna er verið að krukka í með þessum bandormi. Það eru efnisbreytingar hér á níu mismunandi lagaákvæðum í I. kafla frv., sem auðvitað hafa veruleg áhrif á stefnuna í þeim málaflokkum sem þar eiga undir svo sem skólamál, tryggingamál og annað því um líkt. Síðan eru hér í 17 tilvikum skert framlög eða afnumin með öllu til ýmissa verkefna í svonefndum „þrátt-fyrir"-kafla og þar er að vísu um margan gamlan kunningjann að ræða.

Ég ætla aðallega að renna í gegnum ákvæði fyrri kaflans sem lúta að meiri háttar áherslubreytingum eða áherslum eins og þær birtast í gegnum framlög hæstv. ríkisstjórnar eins og þau verða ef ákvæði þessa frv. ná fram að ganga. Það er reyndar ástæða til að fara aðeins yfir það fyrst því vegna þess að þetta er að verða árlegur viðburður hér að það sé ekki hægt að loka fjárlögum, það sé ekki hægt að afgreiða hlutina með venjulegum hætti í gegnum fjárlagafrv. og þá með breytingum á einstökum lögum heldur þurfi sífellt að grípa til þess að flytja einhver sérstök fylgifrv. um ráðstafanir, víðtækar ráðstafanir sem grípa inn í framkvæmd hinna einstöku málaflokka svo sem málefni grunnskólans, framhaldsskólanna, Tryggingastofnunar o.s.frv. Auðvitað er það að verða þannig, hæstv. forseti, að maður spyr sig æ oftar að því hvað það hefur eiginlega upp á sig að vera að setja hér lög og vinna faglega að því í nefndum þingsins að móta áherslu t.d. eins og um málefni grunnskólans og það skuli stefnt að ákveðnum úrbótum. Síðan koma menn hér með sérstakan bandorm, gjarnan um miðjan desember, þannig að það sé örugglega enginn tími eftir til að fara yfir hvað þar er á ferðinni og svo er honum sullað hérna í gegnum þingið, menn rétta upp hendurnar og búmm! Þar fór það. Þar með er bara út af borðinu með hugmyndir um skólamáltíðir, lengingu skóladagsins, kennslu hér eða úrbætur þar. Þetta er auðvitað ekki mjög fagleg vinnubrögð svo ekki sé nú fastar að orði kveðið og verður held ég að takast til nokkurrar skoðunar eins og þetta hefur gerst á undanförnum árum að í raun og veru eru hinar faglegu og efnislegu áherslur ekki lengur mótaðar þegar heildarendurskoðun einstakra lagaflokka fer fram. Eða þegar fagnefndir þingsins sitja við það vikum saman að vanda sig við að leggja línur fyrir málefni einstakra sviða í þjóðfélaginu. Nei, það er ekki þar sem þessar ákvarðanir eða áherslur eru í reynd mótaðar vegna þess að þær eru jafnharðan gerðar ómerkar með niðurskurðarfári og bandormasmíð af þessu tagi. Þetta hefur auðvitað alveg keyrt um þverbak í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Ég leyfi mér að fullyrða það að annað eins hefur ekki tíðkast. Hér eiga nánast allir fagráðherrarnir við það að búa í þessum bandormi að einhverjar af áherslum eða stefnumótandi samþykktum sem gerðar hafa verið í þeirra málaflokkum á undanförnum árum eru gerðar fullkomlega ómerkar, gerðar bara upptækar með tillögum í þessum bandormi. Þannig er auðvitað með grunnskólalögin og þau ákvæði þar, sem full samstaða varð um á Alþingi á árinu 1991 að setja, að hér er enn eina ferðina lagt til að gera þá stefnumörkun í raun og veru að engu og fresta flestu því sem til úrbóta horfði og framfara í málefnum grunnskólans með því frv. Við verðum auðvitað að spyrja okkur að því, ekki bara samþykkja þetta svona með einni handauppréttingu af því að það sé hart í ári eins og sagt er gjarnan og notað sem allsherjarréttlæting fyrir hverju sem er þegar verið er að sulla þessu hér í gegn. Er svo hart í ári á Íslandi að við höfum ekki efni á því að hrinda í framkvæmd neinu af þeim umbótum í grunnskólunum sem stefnt var að með heildarendurskoðun laganna árið 1991? Þetta snýr ekkert í mínum huga að spurningu um stjórn eða stjórnarandstöðu. Það vill svo til að allir flokkar á Alþingi samþykktu þessi lög þá. Það voru gerðar á þeim sérstakar breytingar ef ég man rétt m.a. til að auðvelda þingflokki Sjálfstfl. sem þá var í stjórnarandstöðu að standa að afgreiðslu laganna. Þannig að þetta er í raun og veru ekki mál sem á að draga niður í þær skotgrafir að þetta snúist bara um metnað stjórnar eða stjórnarandstöðu, þetta er spurningin um það hvort það sé einhver alvara að baki ákvörðunum af þessu tagi og það snýr að okkur öllum sem hér á Alþingi störfum. Mér finnst það óskaplega dapurlegt svo ekki sé meira sagt, hæstv. forseti, að sjá þarna þessi ákvæði að engu gerð eina ferðina enn.

Það þarf ekki að fara yfir það, það verður sjálfsagt gert vandlegar af öðrum sem betur eru til þess færir, sem þarna er á ferðinni en í grófum dráttum er það það að með því að fresta gildistöku 3. mgr. 4. gr. þá detta skólamáltíðirnar upp fyrir eina ferðina enn. Með 1. og 6. mgr. 46. gr. er lengingu skólatímans frestað og að komið verði upp skólaathvarfi, og svo í 2. gr. er fækkun í bekkjardeildum frestað. Það á sem sagt enn þá að hrúga saman 28 nemendum eða hvað það nú er í hverri einstakri bekkjardeild. Þetta er allt saman harla dapurlegt og ekki í miklu samræmi við það að síðan halda menn á sunnudögum fallegar ræður um það að framtíðin liggi í menntuninni, mestu verðmæti hverrar þjóðar sé mannauðurinn, vel menntuð og upplitsdjörf ung kynslóð sem gangi á vit nýrrar aldar og allt það. Það er satt best að segja spurning hvort ráðamenn þjóðarinnar hafi mikil efni á slíkum ræðuhöldum á hátíðisdögum eins og að þessu hefur verið staðið núna undanfarin ár.

Þá kem ég að sérskólunum eða framhaldsskólastiginu sem hér er lítillega vikið að og þar er nú að mínu mati um öllu verri málafylgju að ræða því að þar er ríkisstjórnin að reyna að festa í sessi og geirnegla alveg inn í skólakerfið eins og það leggur sig kostnaðarþátttökustefnu sína, gjaldtökuna, skólagjöldin, þ.e. að menntunin hætti að vera greidd úr sameiginlegum sjóðum og þeim hefur fundist það auðvitað stílbrjótur og beinlínis ósmekklegt að það fyndust einhverjir skólar í landinu þar sem ekki væri hægt að leggja á skólagjöld og það hefur verið farið í það að leita hér hvort

enn væru einhverjir sem slyppu undan þessu. Jú, það hafa fundist nokkrir aðilar, Tækniskólinn, búnaðarskólarnir og Garðyrkjuskólinn og að er auðvitað stórhneyksli að það skuli ekki vera lögð á skólagjöld í Garðyrkjuskólanum og því skal snarlega breyta. Þetta er auðvitað afar ógeðfelld þróun svo að ekki sé meira sagt en eins og þegar hefur verið bent á hér þá er þetta ekki bara spurningin um þær upphæðir sem hér eru settar á í fyrstu umferð heldur um þá pólitísku stefnumörkun sem að baki liggur. Hún er stórháskaleg og hefur reynst alveg skelfilega illa hjá þeim þjóðum sem hafa asnast út á þessa braut því að það er auðvitað sagin saga að í næstu umferð munu menn hækka þessi gjöld með vísan til þess að það sé erfitt í ári, það sé enn tómur kassinn hjá hæstv. fjmrh. og nauðsynlegt að afla meiri tekna í ríkissjóð og það er ákaflega auðvelt og freistandi fyrir gíruga fjmrh. og ístöðulitla menntmrh. sem eru með lina hnjáliði að bogna gagnvart kröfum um að þessi gjöld verði hækkuð í næstu umferð. Og hvar eru menn svo staddir áður en þeir vita af því? Þeir eru staddir þar að það er búið að auka þannig þessa gjaldtöku að hún er farin að mismuna nemendunum stórkostlega eftir efnahag. Auðvitað endar það þannig og það má segja að hver einasta króna sem tekin er með þessum hætti endi þannig. Og til þess hafa menn almenna fjáröflun ríkisins, til þess hafa menn skattkerfi, persónufrádrætti og annað því um líkt að jafna aðstöðu manna og afla teknanna eftir almennum leiðum og þær á að nota til að fjármagna þann almenna rekstur og þá samneyslu sem menn eru sammála um að hafa í þjóðfélaginu. Auðvitað er það eins og hreinasta rugl sem oft hefur verið tuggið á að það sé nauðsynlegt að hafa svona gjaldtöku, að hún þjóni einhverjum ákveðnum tilgangi, auki kostnaðarvitund og hvað að nú er sem kratarnir fundu upp á árunum þegar þeir voru að réttlæta það og reyna að selja mönnum þessa nýju stefnu. Sú níðstöng verður lengi uppi yfir Alþfl. að hafa átt forustu um það hér að innleiða þessa gjaldtöku og þessa sjúklingaskatta, skólagjöld og allt það dót. Það er auðvitað alveg til reginskammar fyrir þann flokk sem kennir sig við alþýðu manna og montast af því að hann hafi innleitt hér á árum áður eða átt þátt í því að innleiða ýmsa þætti velferðarkerfisins. Það er það. Og þessi fyrirmynd, það er náttúrlega þekkt hvaðan hún er sótt. Hún er sótt í frjálshyggjusýkina sem gekk yfir og smitaði fleiri en bara hægri flokka á Vesturlöndum, náð langt inn í raðir til að mynda sósíaldemókratískra flokka í Evrópu, Nýja-Sjálandi og víðar. Hver er svo uppskeran af þessu brölti? Hún er víðast hvar sú að skynsamari menn á þessum kanti eru alls staðar að hverfa frá þessu nema hér. Þá vaknar náttúrlega sú spurning: Eru það þá skynsamir menn sem t.d. ráða ferðinni í Alþfl. í dag? Að berjast áfram fyrir þessari stefnu hér uppi á Íslandi þegar menn eru að hverfa frá henni í öðrum löndum? Það er alla vega ljóst að ráðandi öfl í Alþfl. eru rígföst í þessu hjólfari enn þá eins og sést í þessu frv. því að það hefur væntanlega ekki verið flutt í andstöðu við Alþfl. að halda hér áfram og lengra inn á þessa braut sem sést á skólagjaldtökunni núna þar sem er verið að tína upp síðustu skólana í landinu og afla heimilda til þess að leggja þar á skólagjöld, þar sem er verið að leita að aðilum eins og áfengissjúklingum til þess að leggja á þá sérstaka skatta og dugar þá ekki lengur að nota samheitið sjúklingaskattar. Það verður væntanlega að búa út þarna undirflokk sem heitir áfengissjúklingaskattar og fer nú vel á því að það skuli koma í hlut hæstv. ráðherra Alþfl. að leggja það hér til.

Það er ekki hátt risið á öllu hér eins og t.d. í 7. gr. frv. þar sem farið er út í það að innheimta sérstakt gjald af tilraunum með búvélar og prófanir hjá búnæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Það eru ekki stór mál að mínu mati og hefur ekki velt miklu um í þessu þjóðfélagi þó að það fyrirkomulag yrði við lýði áfram, en þar er samt skattstofn sem ríkisstjórnin fann, það er skattstofn. Það væri hægt að nurla einhverju inn af því að leggja þarna gjald á innflutning á tækjum til landbúnaðarins eins og hann er nú í stakk búinn til þess að mæta því einmitt núna búandi við þann tekjusamdrátt og þá váboða alla sem við honum blasa við sjóndeildarhringinn. En það er sennilega sáluhjálparatriði hjá hæstv. ríkisstjórn og samræmingaratriði og fagurfræðilegt atriði að landbúnaðurinn skuli ekki sleppa þarna frekar en aðrir.

Þá kem ég að 8. gr. Þar er fjallað um orlof og hér er lögð til sú breyting á lögum um orlof að ábyrgðin á vangreiddu orlofi og kostnaður af þeim málaflokki skuli færast yfir á ábyrgðasjóð launa, þann sem ríkisstjórnin stofnaði fyrir einum tveimur árum síðan og lagði yfir á herðar atvinnulífsins að fjármagna eins og hann leggur sig. Þar var einni byrðinni enn velt yfir af útgjöldum sem áður höfðu verið úr sameiginlegum sjóðum og hér er verið að færa orlofsgreiðslurnar, vangreidda orlofið yfir á þennan sjóð. Hvað tilhögun snertir má vel vera að það sé ekki óvitlaus aðferð og ekki verri en sú sem við lýði er að Tryggingastofnun annist þetta en það er rétt að vekja athygli á því að þar með er kostnaðinum velt yfir á þennan sama aðila. Þetta er ekki eingöngu framkvæmdalegt atriði þó svo að hér sé sagt að ekki verði um að ræða hækkun á ábyrgðagjaldinu sjálfu. Ég hef ekki farið ofan í saumana á því hvernig fjárhagsstaðan þar er og getur vel verið að þetta sleppi til. Þó þykir mér það nú mesta furða ef svo er að ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota sé svo vel staddur einmitt nú í ljósi gjaldþrotahrinunnar að hann geti tekið við þessum byrðum, en það kemur þá í ljós.

Þá er lögð til í 9. gr. sú breyting á málefnum fatlaðra að allt að fjórðungur af ráðstöfunarfé þess sjóðs megi renna til að fjármagna rekstur í þessum málaflokki, fjármagna reksturinn, hrein rekstrarútgjöld eins og síðan eru skilgreind þarna í stafliðum a, b og c. Ég veit ekki hvað menn vilja segja um þessa þróun almennt. Það geta auðvitað skapast þær aðstæður tímabundið að það sé skynsamlegt eða réttlætanlegt að draga úr uppbyggingu og þá þurfi og sé jafnvel meiri þörf fyrir fjármunina með öðrum hætti til rekstrar, en menn skulu ekki láta sér detta það í hug eitt einasta augnablik að það verði auðvelt að snúa til baka af þeirri braut ef búið er að binda ráðstöfunartekjur sjóðs-

ins í verulegum mæli í það að fjármagna reksturinn. Ég læt mér ekki detta það í hug eitt augnablik að það beri að taka minnsta mark á því þó að hlutunum sé stillt upp svo að þarna sé um tímabundna ráðstöfun að ræða. Þetta er sett upp sem „þrátt-fyrir"-ákvæði gagnvart árinu 1994, en ég hefði gaman af því að fá þá a.m.k. heyra loforð frá hæstv. ráðherra um að þetta yrði aldrei gert aftur og fá þau hér inn í þingtíðindin. Ekki það að ég mundi taka mjög mikið mark á þeim, reynslunni ríkari af því hvernig slíkt hefur haldið, en það væri þá a.m.k. tilraunarinnar virði að kalla slíkt fram. Hvað segir t.d. hæstv. félmrh.? Hefur hann eitthvert samkomulag á bak við sig í ríkisstjórn um það að þetta verði ekki að viðvarandi fyrirkomulagi? Og er það þá eitthvað sem er ásættanlegt? Ég reyndar efast um það. Mér er ekki kunnugt um annað en þrátt fyrir allt séu gífurleg verkefni óunnin í þessu þjóðfélagi á sviði uppbyggingar í málefnum fatlaðra.

Þá kem ég að breytingum á lögum um almannatryggingar sem fjallað er um í 10. og 11. gr. Þar er í fyrri greininni um að ræða heimild til að tekjutengja ekkjulífeyri og þar hefur ríkisstjórnin fundið enn eitt smekksatriðið og það er auðvitað alveg lífsnauðsynlegt að koma í þennan volduga tekjustofn, ekkjulífeyrinn og krukka aðeins í hann og er nú mikill skaði að því að hv. varaþm. Sjálfstfl. sem mest talaði um ekkjuskatt hér á árunum skuli ekki sitja á þinginu einmitt um þessar mundir því að það væri fróðlegt að eiga orðastað við hv. varaþm. Þuríði nokkra Pálsdóttur. Eins og kunnugt er stóð hún í mikilli herferð hér á árunum út af ekkjuskatti og hún taldi sérstakan níðingsskap af þáv. hæstv. fjmrh. að leggja á ekkjuskatt og voru um það mikil fundahöld og mikill lúðrablástur í Sjálfstfl. að þarna væri þessum fjöndum rétt lýst og fyndu akkúrat matarholuna þar sem væri eyrir ekkjunnar. En hvað er svo að gerast hér undir forustu hæstv. forsrh. sjálfs sem flytur þetta frv.? Jú, það er alveg sérstaklega búið að finna tekjustofn í ekkjunum. Og segi menn svo að eitthvað sé nýtt undir sólinni. Þar eru breiðu bökin og hvar er hv. forkólfur sjálfstæðismanna sem stóð fyrir herferðinni um ekkjuskattinn? Ég tel það alveg bráðnauðsynlegt að Sjálfstfl. hagi þannig til að henni gefist kostur á að komast inn á þing áður en það fer í jólaleyfi og ræða svolítið um þetta við okkur, útskýra muninn á þessum ekkjuskatti og hinum sem var lagður á fyrr á öldinni. Það er alveg nauðsynlegt.

En svo kemur að öllu snyrtilegra atriði í 11. gr. og það er áfengissjúklingaskatturinn. Það er búið að finna upp sérstakan flokk sjúklinga í þjóðfélaginu sem ber að skattleggja umfram aðra og það eru áfengissjúklingar. Þetta er alveg lýsandi fyrir viðhorf ríkisstjórnarinnar eins og það hefur verið mótað af Alþfl. sérstaklega, samanber ummæli hæstv. fyrrv. heilbrrh. og studd af núv. hæstv. heilbrrh. með þessari málafylgju, að áfengissjúklingarnir séu alveg sérstakur markhópur sem þurfi að þjarma að. Annars vegar beri náttúrlega að koma í veg fyrir þá ósvinnu að þeir séu að frílista sig á meðferðarheimilunum sem var sett upp sem mikið hneyksli af hæstv. fyrrv. heilbrrh. og nú ríður arftaki hans í slóðina með því að leggja til að sérstök skattlagning verði á áfengissjúklinga sem eru þó að reyna að ná tökum á vandamálinu og leita sér meðferðar eins og ástatt er nú yfirleitt hjá þeim mönnum sem þannig er komið fyrir að þeir sjá sig knúna til að leita sér læknismeðferðar út af þessum sjúkdómi. Og ég vil spyrja hæstv. heilbrrh. að því, liggur á bak við þetta einhver fagleg röksemd af hálfu heilbrrn.? Er búið að taka upp þá stefnu í heilbrrn. Íslendinga að áfengissýki sé eitthvað öðruvísi en aðrir sjúkdómar, það sé einhvers konar annars flokks sjúkdómur eða annars flokks menn sem eiga við þá erfiðleika að stríða? Þess vegna sé réttlætanlegt að skattleggja þá og þeirra meðferð, þeirra lækningu alveg sérstaklega umfram aðra. Og ég spyr: Hvers eiga þeir að gjalda? Eru þá bara ekki fleiri slíkir sjúkdómar sem ástæða er til að ... Hæstv. forseti, ég spyr. Er tíma mínum lokið? Var ekki lengdur ræðutími?

(**Forseti** (SalÞ): Hann er hálfnaður.)

Hann er hálfnaður nefnilega, það er heppilegt því að ég er ekki alveg búinn.

Nei, þetta er auðvitað alveg makalaust og ég tel að það eigi ekki að sleppa hæstv. ríkisstjórn og allra síst hæstv. heilbrrh. við það að koma hér og standa fyrir máli sínu hvað þetta varðar. Hver eru faglegu rökin á bak við það að skattleggja sérstaklega meðferð áfengissjúklinga? Liggja þau í einhverjum félagssfræðilegum eða læknisfræðilegum aðstæðum í þessum málum sem mæla sérstaklega með því að það sé minni ástæða til þess að þessir sjúklingar njóti ókeypis heilbrigðisþjónustu en aðrir? Er það minna nauðsynlegt að reyna að ráðast að rótum þess vanda sem áfengissýkin er í þjóðfélaginu og draga úr því að hvetja til þess að menn leiti sér meðferðar? Er það þjóðhagslega skynsamlegt? Er það efnahagslega gáfulegt að hvetja þannig beinlínis ekki til þess eða hvernig sem menn eiga nú að snúa því, draga úr því sem full ástæða er til að óttast að verði að menn leiti sér þá meðferðar. Nú held ég að flestir séu sammála um það að áfengisvandamálin eru einhver allra dýrustu og erfiðustu heilbrigðisvandamál sem vestrænar þjóðir eiga við að glíma. Ég veit ekki betur en fyrir liggi áætlun bæði Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og heilbrigðisáætlun Íslendinga um að að setja sér sérstök markmið um að draga úr áfengisneyslu um tiltekinn hundraðshluta á nokkurra ára bili. Er þetta innlegg í það mál að leggja hér sérstaka skatta á áfengismeðferð? Og þegar maður svo horfir til þess að á sama tíma er verið að skera mjög harkalega niður fjárveitingar til velferðarstofnananna þannig að það verður e.t.v. að loka fleiri en einni og fleiri en tveimur stofnunum á næsta ári, þá spyr ég mig nú eiginlega bara að því, hvar eru menn staddir? Og liggja þó fyrir nýjar tölur um það að áfengisvandamálið er á hraðri uppleið hér á Íslandi. M.a. hefur drykkjan færst niður í aldurshópum ískyggilega frá því og með því að hér var innleiddur áfengur bjór hvort sem það er eina orsökin eða samverkandi með öðru. Mönnum væri nær að snúa sér að því að reyna að móta einhverja stefnu og glíma við þau vaxandi vandamál heldur en hitt. Og maður spyr sig líka að því hvort það sé að verða svo að sú viðleitni sem t.d. norrænar þjóðir hafa sýnt í

þessum efnum og hefur nú verið fordæmi þeirra þjóða í heiminum sem eitthvað hafa viljað glíma við þetta vandamál sé í raun og veru verið að gera hana að engu a.m.k. hér uppi á Íslandi. Nú liggur fyrir að Evrópubandalagið hefur áhuga á því að brjóta niður áfengiseinkasölukerfi Norðurlandanna og menn óttast að Norðurlandaþjóðirnar munu tapa því í málaferlum innan EES og missa þannig úr höndum sér það stýritæki sem einkasala ríkisins hefur verið í þessum efnum. Allt ber því þarna að sama brunni. Það á að skattleggja sérstaklega meðferð áfengissjúklinga. Það eru skorin niður mjög harkalega framlög til meðferðarheimila og til heilbrigðisstofnana sem eru að sinna þessu vandamáli í þjóðfélaginu. Það liggja fyrir tölulegar upplýsingar um að vandamálið er að aukast, drykkja m.a. að færast niður í aldurshópum og svo er jafnvel ógnað því stýrikerfi eða skipulagi sem norrænar þjóðir hafa haft á í gegnum einkasölu sína á áfengi og þar með viss takmörk á aðgengi manna að þessri vöru þannig að ég sé fátt jákvætt í þróuninni eins og hún er. Við þær aðstæður finnst mér það alveg sérlega aumingjalegt, satt best að segja, alveg sérlega aumingjalegt að velja svo þennan markhóp, áfengissjúklingana, til sérstakrar gjaldtöku.

Ég ætla ekki að segja meira um þetta, hæstv. forseti. Maður talar hér sjálfsagt yfir daufum eyrum og þessi hæstv. ríkisstjórn Íslands hefur e.t.v minni áhuga á því en ýmsar aðrar að glíma við áfengisvandamálið, um það veit ég ekki neitt. Ég hef ekki annað til að ganga út frá í mati mínu á því heldur en verk hennar og þau tala sínu máli.

Þá kem ég að 12.–20. gr. frv. sem fjalla um atvinnuleysistryggingarnar og það sem þar er á ferðinni. Þar er frá því að segja að hæstv. ríkisstjórn er þarna að gera ýmsar breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem mér virðast sumar hverjar ekki mjög vel ígrundaðar eða í miklu samhengi við það sem er að gerast í þjóðfélaginu. Nú er ég ekki að mæla á móti því að þörf sé einhverrar endurskoðunar á framkvæmd þessara hluta og til að mynda virðist næsta sjálfsagt að gera þá lagfæringu sem 15. gr. frv. gerir ráð fyrir því það er auðvitað hárrétt að það má ekki vera nein óvissa um það með hvaða hætti atvinnuleysisbætur skuli skerðast vegna annarra tekna eða annarra bóta og sama má segja í sjálfu sér um 14. gr. að hún sé eðlileg lagfæringargrein.

Um 12. gr. á í sjálfu sér það sama við að þar er verið að breyta þeirri viðmiðun sem fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs taka nú mið af, þ.e. tryggingagjaldið í staðinn fyrir fjárveitingarhlutföll ríkis og annarra aðila en ég vil hins vegar spyrja um og fá skýringar á ákvæðum 13. og 16. gr. sérstaklega, hvaða tekjur og tekjuígildi er þarna verið að tala um þegar skerða á hámarksbætur atvinnuleysistrygginga, hvað er þarna á ferðinni í formi útgjalda. Mér finnst sá rökstuðningur sem fylgir hér í greinargerð afar götóttur. Það er til að mynda ekki gefin upp nein tala hvað varðar áhrif 16. gr. en þar er lagt til að 5. mgr. 24. gr. laganna falli brott. Rökstuðningurinn er vægast sagt einfaldur eins og hann kom fram í máli hæstv. fosrh. og reyndar líka í greinargerð með frv. að þetta ákvæði hafi verið misnotað og því sé lagt til að að falli brott.

Nú er það þannig t.d. með ýmislegt í skattkerfinu að það er talið að það sé misnotað. En það er samt ekki lagt til að það falli brott, t.d. þó að menn svíki eitthvað undan tekjuskatti, þá er ekki lagt til að hann sé felldur niður. Nei. Það er vegna þess að það er kannski talið að þrátt fyrir vissa misnotkun geti verið ástæða til að meta hið góða sem fyrirkomulagið hefur í för með sér og ég spyr hvað þessi ákvæði 16. gr. þýði. E.t.v. getur hæstv. heilbr.- og trmrh. svarað þessu. Og í hve miklum mæli hafa menn nýtt sér þennan möguleika að greiða að hluta til atvinnuleysisbætur á móti þeirri vinnu sem menn þó hafa í fyrirtækjum eftir að til að mynda hráefni hefur dregist saman í fiskvinnslu og þar er orðið um hlutavinnu að ræða? Er það endilega skynsamlegt að henda þessu fyrirkomulagi? Ég spyr. Er ekki til að mynda viss hætta á því að þetta geti haft þau áhrif að fyrirtækin segi upp fólki sem þau sjá sér ella fært að hafa í vinnu ef fólkið getur haft atvinnuleysisbætur á móti hlutastörfum sem eftir eru þó í viðkomandi starfsemi? Ég ímynda mér að þetta geti átt við ekki síst um fiskvinnsluna og spyr að því: Er búið að ræða það og skoða hvaða áhrif þessi breyting geti haft? Mér finnt þetta afar fljótfærnislegt eins og þetta er lagt hér fram án nokkurs rökstuðnings, án þess að nokkrar tölulegar upplýsingar séu færðar fram og ég vona að annaðhvort hæstv. heilbrrh. eða hæstv. forsrh. geti gefið um þetta upplýsingar. Málið er í raun og veru ekki frambærilegt eins og það er hér lagt fyrir af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Mér dugar ekki svona billeg röksemdafærsla að þetta hafi verið misnotað og þar með skuli þetta falla brott.

Síðan eru hér í 17. og 18. gr. laganna allsérkennilegar breytingar á stjórnsýslulegri meðferð þessara mála og þær ganga ósköp einfaldlega út á eitt og aðeins eitt: Að fela ráðherra stóraukin völd í þessum efnum. Ráðherra geti til að mynda með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir. Ber að skilja það svo að það skuli vera bara per se, ráðherrann geti það bara ef honum sýnist eða hvað? Þarf ekkert samkomulag að liggja að baki t.d. hjá viðkomandi úthlutunarnefndum eða samkomlag við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs svo að dæmi sé tekið? Hvaða vald er ráðherra með þessum breytingum að fá í hendur? Telja menn það eðlilegt að galopið reglugerðarákvæði af þessu tagi sé sett í lögin með þessum hætti? Ráðherra á að fá verkefni og völd sem áður voru hjá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Enn undarlegri eru þó ákvæði 18. gr. en þau ganga út á það að 1. mgr. 30. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar skuli orðast svo: „Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega nema ráðherra ákveði annað.“ Hvers konar stjórnkerfi er það? Með öðrum orðum, ráðherra getur gert það sem honum sýnist. Ef hann ákveður eittvað annað en það að úthlutunarnefndirnar annist útborgun, þá gildir það. Og ég sé ekki annað en ráðherra gæti með þessu ákveðið að annast sjálfur útborgun allra atvinnuleysisbóta í landinu. Í raun og veru þýðir þetta ákvæði það. Hann hefði nóg að gera þá, hæstv. heilbrrh. Nei,

ég tel afar sérkennilega um þetta búið hér í þessum frumvarpsdrögum og ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað vakir hér fyrir mönnum? Er samkomulag um þetta við verkalýðshreyfinguna? Mér er ekki kunnugt um að það samráð sem átti að fara í gang og tengjast endurskoðun á þessum málum sé svo langt komið að það sé líklegt að þetta liggi nú þegar fyrir sem samkomulag, það eru þá nýjar fréttir fyrir mig. Og ég spyr hæstv. ráðherra að því, á hvaða grundvelli er þetta ákvæði flutt svo og hvaða völd hefur hæstv. ráðherra í hyggju að fá sér í hendur eða nota sér á grundvelli þessa ákvæðis?

Og þá að lokum um 20. gr. Þar er verið að festa í sessi það sem upphaflega hóf göngu sína hér á Alþingi undir nafninu lögguskatturinn en þá ákvað ríkisstjórnin einhliða að leggja 600 millj. kr. nefskatt sveitarfélögin í landinu og datt það snjallræði í hug að merkja hann útgjöldum vegna löggæslu. Það væri óeðlilegt að sveitarfélögin bæru ekki einhvern kostnað af löggæslunni í landinu og þess vegna væri rétt að þau borguðu svona eins og 600 millj. í ríkissjóð vegna löggæslu. Þessu var breytt og eftir dálítið japl, jaml og fuður var fundið á þetta nýtt nafn og síðan látið ganga í næstu umferð inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og hér er þetta einfaldlega að festast í sessi sem viðbótargreiðsla sveitarfélaga inn í þetta samhengi og það má í raun og veru einu gilda hvort þetta er tengt Atvinnuleysistryggingasjóði, löggæslunni eða bara hverju sem er. Það mætti alveg eins tengja þetta Landhelgisgæslunni og bara hverju sem er, það skiptir ekki nokkru máli. Það sem hér er á ferðinni er ósköp einfaldlega það að ríkisstjórnin er smátt og smátt að komast upp með þetta ofbeldi gagnvart sveitarfélögum í landinu. Það er ekkert annað og ég verð að segja það alveg eins og er, hæstv. forseti, að það hefur oft undrað mig hversu mikið langlundargeð sveitarstjórnarmanna í landinu er gagnvart þessari ríkisstjórn að þola það ár eftir ár að samskipti þessara stjórnsýslustiga sé af þessu tagi. Hér eru þverbrotin öll ákvæði laga um óhæði þessara stjórnsýslustiga hvort gagnvart öðru, þverbrotinn Evrópusáttmálinn um sjálfstæði sveitarfélaga sem hér er búið að lögfesta, þverbrotið samráðsákvæði sveitarstjórnarlaganna milli ríkisstjórnar og sveitarfélaga o.s.frv. og það er alveg með ólíkindum satt best að segja að sveitarfélögin og sveitarstjórnarmenn skuli ekki vera búnir að afsegja hæstv. félmrh. eftir þessa framkomu trekk í trekk og ár eftir ár og verður sú saga væntanlega einhvern tíma skrifuð hvernig samskipti þessara stjórnsýslustiga hafa verið í valdatíð hæstv. félmrh. en eins og kunnugt er, þá er hæstv. félmrh. búinn að sitja í því embætti síðan 1987 og er að verða með eldri ráðherrum í embætti þó að hæstv. ráðherra beiti gjarnan þeirri aðferð að tala eins og hún hafi hvergi nærri neinu komið, a.m.k. ekki verið á Íslandi undanfarin 6–7 ár, þegar fátækt ber á góma, erfiðleika í húsnæðismálum, vaxtamál, greiðsluerfiðleika og svo því um líkt, þá kemur hæstv. félmrh. engilhreinn utan úr tóminu, ber ekki nokkra ábyrgð á nokkrum hlut, er með blæðandi hjarta gagnvart öllum þessum erfiðleikum og fátækt og erfiðleikum hjá almenningi og láglaunafólkinu í landinu. Það er ekki að heyra að þar fari ráðherra sem hefur í 7 ár nærfellt axlað ábyrgð af því að fara með tiltekin mál í Stjórnarráði Íslands. Nei. Það eru einhverjir aðrir vondir sem þar hafa um vélað þegar svo er talað. Og svo ekki sé nú spurt að því hversu jákvæður hæstv. félmrh. hefur verið í garð sveitarfélaganna alla tíð og annt um samráð við þau o.s.frv. Hér er ávöxtur af þeim samskiptum, þessi 600 millj. kr. lögguskattur sem að vísu á að renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs á næsta ári.

Kem ég þá, hæstv. forseti, að „þrátt-fyrir"- ákvæðunum sem hér eru í II. kafla. Þar eru nú margt gamlir kunningjar og ætla ég ekki að hafa um þau mörg orð. Þó eru þar sumir hlutir verri en aðrir, sumir nýir og ég vil þá sérstaklega nefna skerðingu á mörkuðum tekjum Vegasjóðs sem er auðvitað ákaflega bagaleg, ekki síst í ljósi þess að það er búið að skerða ráðstöfunartekjur Vegagerðarinnar með öðrum hætti, þ.e. um 530 millj. kr. til að mynda á næsta ári með því að láta öll útgjöld af rekstri ferja og flóabáta lenda yfir á Vegagerðinni bótalaust til hennar, þ.e. útgjöld sem áður voru greidd úr ríkissjóði eru færð yfir á Vegasjóð og honum ætlað að axla þau án þess að vera það í nokkru bætt og svo til viðbótar missir hann af mörkuðum tekjum sínum 370 millj. kr. inn í ríkissjóð þannig að þetta tvennt eru 900 millj., sem þarna eru í raun teknar af vegafé til annarra verkefna og skerðir að sjálfsögðu framkvæmdagetu Vegagerðarinnar sem þessu nemur. Enda er hún allt of lítil, nær tæplega að halda í horfinu og er þó haldið uppi að stórum hluta til með lántökum. Þannig verður það að ef hæstv. samgrh. auðnast að sitja út kjörtímabilið þá mun hann skilja þannig við vegamálin að Vegasjóður skuldi ríkinu á fjórða milljarð kr., að Vegasjóður hafi misst í mörkuðum tekjum til annarra verkefna inn í ríkissjóð eða í rekstur ferja og flóabáta líklega um 2 milljarða kr. og þetta verður staðan. Svo slá stjórnarliðar sér gjarnan á brjóst og tala um miklar framkvæmdir í samgöngumálum. Það er afar holt undir þeim málflutningi þegar staðreyndir málsins eru skoðaðar og munu auðvitað verða mönnum ljósar og ég er alveg sannfærður um að það verður leitun að því að a.m.k. nokkur samgrh. í lýðveldissögunni hafi tekið við verra búi heldur en sá sem fær það erfiða hlutskipti að taka við af hæstv. núv. samgrh.

Þá aðeins um 34. gr. sem fjallar um skerðingu á framlögum til ferðamála og Ferðamálasjóðs. Þar á að leggja til þriðja árið í röð, ef ég man rétt, óbreytta krónutölu til þeirra verkefna, landkynningarverkefna og umhverfisverkefna á vegum Ferðamálaráðs og það er afar dapurlegt að hæstv. núv. ríkisstjórn skuli ekki hafa sýnt lit á því að leggja aukið fé til uppbyggingar í þessum málaflokki sem er þó einn af þeim fáu sem menn binda verulegar vonir við sem vaxtarbrodd í okkar atvinnumálum og er það nú um stundir. Í tíð fyrri ríkisstjórnar var þetta framlag hækkað á hverju einasta ári. Ætli það hafi ekki verið innan við 30 millj. þegar sú stjórn tók við en var hækkað úr um 30 millj. í 68 millj. í þremur áföngum en síðan hefur það staðið þar óbreytt í krónutölu þó að tekjustofninn, þ.e. sölutekj-

ur fríhafnarinnar hafi aukist verulega á þessu árabili þannig að skerðingin er náttúrlega alltaf að vaxa með þessari frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar. Og læt ég hér ónefnd þau ósköp og þær hremmingar sem ríkisstjórnin er að leggja á ferðaþjónustuna að öðru leyti með virðisaukaskatti og öðru slíku.

Hér er svo, hæstv. forseti, að lokum ein kostuleg lagagrein, 37. gr. með breytingu á ákvæðum laga um eyðingu refa og minka. Mætti margt segja um þann óskapnað sem þar er á orðinn. Þannig er t.d. ákveðið að það skuli gilda sérstakar reglur um þessa eyðingu eftir því hvort íbúar í sveitarfélagi eru 1.999 eða 2.000 og veit ég ekki hvað það kemur refnum við hvort færri eða fleiri manns búa á einhverju landsvæði. Sömuleiðis er sú stórspeki sett hér fram að ríkissjóður muni ekki taka þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum. Þetta tel ég alveg tímamótaupplýsingar sem hér koma fram og ríkisstjórninni alveg sérstaklega til hróss að hún skuli hafa uppgötvað þessi sannindi að það sé ekki ástæða til, hæstv. forsrh., ég gratúlera, að það sé ekki ástæða til að ríkissjóður taki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum.

[16:23]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. flutti í upphafi sinnar ræðu ræðustúf um efnahagsmálin og aðgerðir ríkisstjórnarinnar og að vanda eyddi hæstv. forsrh. nokkrum orðum að fortíðarvandanum sem núv. ríkisstjórn væri að glíma við. Ég mun, virðulegur forseti, fyrst og fremst í minni ræðu ræða um þennan kafla í ræðu hæstv. forsrh. en það verða aðrir þingmenn til þess að taka hina einstöku faglegu þætti sem eru í þessum bandormi. Og það er alveg kapítuli út af fyrir sig gagnvart vinnubrögðum þingsins ef það á að gerast ár eftir ár að allar breytingar sem á að gera og tengjast fjárlögum eigi að bera fram í formi bandorms sem sé síðan vísað til einnar nefndar, í þessu tilfelli efh.- og viðskn., sem síðan þarf að senda málið út og suður í þinginu til fagnefndanna. Sum þessara mála eru mál sem hæstv. ríkisstjórn gafst upp við að koma fram á síðasta þingi á hinn hefðbundna hátt og nú á að koma þeim fram með því að stinga þeim inn í bandorm.

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. ræddi um vextina. Og víst er það að ríkisstjórnin greip til ákveðinna aðgerða í vaxtamálum en hverjar voru þær aðgerðir? Þær fólust í því einu að ákveða að taka erlend lán ef ríkissjóður nyti ekki þeirra kjara hér innan lands sem hann taldi eðlileg. Annað gerðist ekki. Engar aðrar forsendur breyttust.

Nú er það svo að vissulega hefur í kjölfarið fylgt ákveðin vaxtalækkun en hverjir hafa notið þeirrar vaxtalækkunar enn sem komið er? Fyrst og fremst ríkið, enda sýnist mér að þegar hæstv. núv. ríkisstjórn og hæstv. núv. forsrh. talar um vaxtalækkun og hugsar um vaxtalækkun, þá nái sú hugsun ekki út fyrir þá fjármuni sem ríkið þarf að taka að láni. Ég hef í dag verið að ræða við nokkra aðila sem standa í atvinnurekstri. Hvað hefur gerst þar? Þeir hafa ekki fundið fyrir vaxtalækkuninni, hæstv. forsrh. Hún hefur ekki náð þangað. Og því miður veit ég ekki hvort ráðherrar í núv. hæstv. ríkisstjórn hafa svo miklar áhyggjur af því og ef við lítum yfir ráðherrahópinn og spyrjum svo þeirrar spurningar, hverjir sitji þar sem hafi einhverja reynslu og einhverja tilfinningu fyrir því að reka fyrirtæki á almennum markaði hér á Íslandi, atvinnufyrirtæki í grunnatvinnuvegunum eða útflutningi. Ég vil biðja þann hæstv. ráðherra að gefa sig fram. Það sitja að vísu fáir hér núna en ég sé aðeins fleiri ráðherra ef ég lít hér í hliðarsali, en því miður held ég að íslenskt atvinnulíf sé farið að líða fyrir það og það kemur fram hér í umræðunni um vaxtamálin að innan ríkisstjórnarinnar er sáralítill skilningur á þessum málum. Staðreyndin er sú að íslenskt atvinnulíf í dag er að mjög miklu leyti fjármagnað með skammtímalánum, með óverðtryggðum skammtímalánum og þar eru eins og margsinnis hefur komið fram á síðustu dögum vextirnir 14–16%, hæstv. forsrh. Það hefur ekkert breyst þannig að íslenskt atvinnulíf býr í dag við vaxtastig sem er líklegast eitthvað um það bil að vera helmingi hærra en samkeppnisfyrirtækin sem við erum síðan að slást við í okkar nágrannalöndum.

Ég ætla að nefna annað atriði í þessu sambandi. Vissulega var losað um bindiskyldu sem jók það fjármagn sem bankarnir hafa til umráða. En hverra kosta völ eiga bankarnir varðandi þessa fjármuni? Þeir eiga engra annarra kosta völ heldur en að kaupa fyrir það ríkispappíra og ríkið er ánægt því að það lækkar vextina þar. Vegna þeirra reglna sem eru í gildi um áhættumat þá mega bankarnir ekki lána þetta til atvinnulífsins því að þá verða þeir að reikna með 100% áhættu og taka til hliðar í áhættusjóð sömu upphæð. Þetta er því miður staðan í vaxtamálum í dag.

Efh.- og viðskn. hefur bæði rætt við fulltrúa bankanna og við Seðlabankann um stöðuna í vaxtamálum. Samdóma álit þessara aðila er það að ef ríkissjóðshallinn verði eins og í stefnir núna þá ráði menn ekki við þetta dæmi. Og eins og fjárlagagerð er háttað núna þá sé ég engin teikn á lofti að ríkissjóðshallinn muni lækka, þvert á móti og við erum farin að heyra nú þegar utan að okkur að þegar brtt. fjárln. komi fram þá séu einstakir þingmenn stjórnarliðsins þar búnir að pína út æðimargar milljónir til viðbótar við útgjöld ríkisins. En ríkið finnur leiðir til þess að spara á móti og þar er enn höggvið í sama knérunninn og menn heykjast á því enn að standa við ákvæði grunnskólalaga. Hvað er það sem mundi skila fjármunum betur í dag en að búa vel að yngstu þegnum þessa þjóðfélags? Við fáum því miður í fréttum, nánast á hverjum degi, dæmi um það að stórlega er ábótavant í þessum málum hér á landi og að við búum ekki nógu vel að okkar yngstu kynslóð. En þar sér ríkisstjórnin leiðina til þess að spara.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að halda hér langa ræðu. En ég ætla að leyfa mér að fara með hæstv. forsrh. aðeins yfir fortíðarvandann. Það er nefnilega að springa framan í hæstv. ríkisstjórn núna annar angi af fortíðarvandanum. Ég vil minna hæstv. forsrh. á það að á þeim árum sem ráðherrann hefur sakað fyrrverandi stjórnvöld hvað mest um óráðsíu, um eyðslu umfram efni, þá var ýmislegt annað að gerast í okkar þjóðfé-

lagi. Á þeim árum hafði Reykjavíkurborg yfirburðastöðu, yfirburðastöðu yfir öll önnur sveitarfélög varðandi tekjuöflun. Þannig að þegar maður var að fletta í ársskýrslum sveitarfélaga þá sá maður iðulega að þegar menn töluðu um skatttekjur Reykjavíkurborgar á hvern íbúa upp á 100 þá urðu önnur sveitarfélög að láta sér nægja einhvers staðar á bilinu 80–90 og komust þó af. Maður skyldi þá ætla að nú þegar allir þurfa að taka á, þá væri nú Reykjavíkurborg vel stæð, í stakk búin til þess að takast á vandanum, takast á við vandann með ríkisstjórn og öðrum aðilum. En hver er staðan?

Á þessum velmektarárum Reykjavíkurborgar safnaði hún skuldum. Meðan ríkisstjórnin á þeim tíma var að berjast við að reyna að halda atvinnulífinu gangandi þá notaði Reykjavíkurborg skatttekjur, sem hún hafði langt umfram það sem flestir hefðu talið eðlilegt, til þess að byggja ráðhús, perlur, viðeyjarstofur og skemmtigarða. Getur nú ekki verið, hæstv. forsrh., að þetta hafi nú eitthvað komið við efnahaginn í landinu? Höfðum við ráð á þessu á þeim tíma? Hæstv. forsrh. talar um að þá hafi verið safnað erlendum skuldum í milljarðavís. En hvar var innstæðan fyrir Ráðhúsi, fyrir Perlu, fyrir Viðeyjarstofu og skemmtigörðum? Var hún í verðmætasköpun í þjóðfélaginu?

Hæstv. forsrh., þessi atriði hljóta að vera undir nákvæmlega sömu sök seld. Hvar endaði þessi fjárfesting? Hún endaði í erlendri lántöku. Það þýðir ekkert að skjóta sér undan þessu með því að Reykjavíkurborg hafi haft á þessum tíma óeðlilega aðstöðu til þess að taka sér stóran hluta af þjóðarkökunni. Það er einu sinni þannig, virðulegur forseti, að menn skyldu tala af svolítilli varfærni þegar rætt er um fortíðarvanda. Það er afar athyglisvert að lesa bréf borgarstjórans í Reykjavík um stöðuna í dag, þar sem borgarstjórinn bendir á að ef Reykjavíkurborg á að brúa tekjulækkun sína af niðurfellingu aðstöðugjaldsins með því að hækka útsvarið þá þurfi hún að hækka það um 1,8–2 prósentustig. Og þá kemur nú í ljós, þá afhjúpast, hvernig á því stóð að Reykjavíkurborg gat leyft sér að vera með lægra útsvar en almennt gengur og gerist á síðustu árum. Það var einfaldlega vegna þess að Reykjavíkurborg hafði algjöra yfirburðastöðu í skattlagningu á atvinnulífinu. Þannig að ráðhúsin, perlurnar og allt hitt var byggt með því að mergsjúga atvinnulífið.

Nú hristir hæstv. forsrh. höfuðið. (Gripið fram í.) Ekki heyrði ég það nú, nei. Þessa ræðu flyt ég kannski fyrst og fremst og öllu öðru fremur til þess að leiða hæstv. forsrh. fyrir sjónir að þegar menn ræða um fortíðarvanda og að menn hafi eytt um efni fram hér áður fyrr og séu að blæða fyrir það núna, þá ættu menn að taka heildarmyndina. Og staðreyndin er einfaldlega sú að það stefnir í það að staðgreiðsluhlutfallið, þegar tekin eru saman tekjuskatturinn og útsvarið, verði tæp 42%. Ef ég man rétt þá ýjaði Sjálfstfl. að því í kosningaloforði fyrir síðustu kosningar að þetta hlutfall þyrfti að fara niður í 35%, eða var það kannski enn neðar? Ég man það ekki, nú spyr ég hæstv. forsrh. að því: Hverju lofaði Sjálfstfl. varðandi skattalækkanir? Ef ég man rétt þá var rætt um það að tekjuskattshlutfallið ætti að fara niður í 35%, sem einstaklingarnir bera.

Virðulegur forseti. Ég nefndi 1. gr. frv. sem hér liggur fyrir þar sem rætt er um á hvern hátt á að skerða kost okkar yngstu kynslóðar. Það er margt sérkennilegt í þessu frumvarpi. Ég ætla að nefna eitt atriði sem sýnir kannski frekar dæmi um vinnubrögð heldur en að það sé stórt atriði efnilsega. Í 7. gr., um breytingar á lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, er rætt um að taka gjald sem á að standa straum af kostnaði við vinnu og verktakarannsóknir og tilraunir með búvélar. Þetta er nú góðra gjalda vert og ég ætla ekki að taka efnislega afstöðu til þess hér. Það kemur svo fram í samantekt aftast í frumvarpinu að með þessu á að spara 8 millj. kr.

Lítum síðan í greinargerðina um 7. gr. Þar stendur: Þeir söluaðilar sem hafa látið vélar til prófunar hjá bútæknideild hafa þurft að greiða fyrir þá þjónustu sérstaklega. Hér er því um að ræða nánari útfærslu á núverandi gjaldtökukerfi. Ákvæði þessarar greinar er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnar að atvinnuvegirnir kosti sjálfir hluta — hluta af þeirri þjónustu sem þeir njóta.

Hvað þýðir þetta? Þarna er sagt að það sé bara verið að lögfesta óbreytt ástand, en samt á að spara með því 8 millj. Og ef það sem stendur á bak við þetta er allt í þessu skötulíki þá get ég ekki gefið mjög mikið fyrir þetta plagg.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill leyfa sér að benda hv. þm. á að samkvæmt 58. gr. þingskapalaga þá skal eigi, nema með leyfi forseta, lesa upp úr prentuðu máli.)

Virðulegur forseti. Ég vil benda á að ég var mér að fullu meðvitaður um þetta, en ræðumaður las ekki orðrétt upp úr plagginu. Hann vitnaði í það án þess að lesa upp úr því.

Virðulegur forseti. Ég læt hér lokið ræðu minni. Efh.- og viðskn. þarf að fjalla um þetta mál og senda það til nefnda og það er vægt til orða tekið afar ólíklegt að sú vinna takist á þeim fáu dögum sem ætlaðir eru til þinghaldsins. Mér sýnist á öllu að þó oft hafi hlutirnir legið seint fyrir fyrir jólin að þá hafi það aldrei verið eins og nú. Stórir málaflokkar sem tengjast ríkisfjármálunum, eins og skattamálin, eru vegna tímaskorts algjörlega óunnir enn þá. Þar er um afar umdeilda hluti að ræða og þær umsagnir sem við höfum verið að fá frá hagsmunaaðilum eru þess efnis að það hlýtur að kalla á mikla vinnu ef hér á ekki að verða stórslys varðandi lagasetningu í skattamálum á jólaföstu.

[16:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þeir ræðumenn úr stjórnarandstöðuflokkunum sem þegar hafa talað hafa gert allítarlega grein fyrir almennum viðhorfum til frumvarpsins sem hér liggur fyrir og heitir frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, en ætti auðvitað að heita frumvarp til laga um að breyta velferðarkerfinu. Því þegar frumvarpið er skoðað þá kemur í ljós að það er auðvitað fyrst og fremst velferðarkerfinu sem hér er verið að breyta. Það eru lög um skóla, lög um orlof,

lög um málefni fatlaðra, lög um almannatryggingar, lög um atvinnuleysistryggingar, þetta eru stofnlög velferðarkerfisins sem hér á að fara að breyta.

Það er auðvitað rétt, sem hér hefur komið fram áður, að það er býsna athyglisvert að atlagan að þessu kerfi er engu mýkri þegar Alþfl. á sæti í ríkisstjórn heldur en ella og hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni þeim sem hafa litið til Alþfl. sem vonarneista í baráttunni fyrir jöfnuði í þjóðfélaginu.

Varðandi frumvarpið í einstökum atriðum mætti svo sem ýmislegt um það segja. Ég ætla að víkja fyrst lauslega að þáttunum sem lúta að skólamálum, síðan aðeins að ákvæðunum um almannatryggingar og loks um atvinnuleysistryggingar.

Fyrst um skólamálin. Staðreyndin er sú að sú frestun sem á sér stað hér á grunnskólalögunum er ekki aðeins fráleit frá uppeldislegu sjónarmiði, hún er líka fráleit frá efnahagslegu sjónarmiði. Íslendingar verja minni fjármunum til skólamála en nokkur önnur þjóð í Norður-Evrópu. Þegar við skoðum framlög til skólamála á hvern mann á Íslandi og berum það saman við það sem gerist innan OECD þá eru Íslendingar á svipuðu róli og gerist í Tyrklandi, Grikklandi og á Spáni. Ef við berum saman framlög til skólamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu þá erum við með hlutfall hér á landi sem er um helmingur af því sem það er í Danmörku. Þannig að ef menn ætluðu sér að verja svipuðum fjármunum til skólamála á Íslandi og gert er í Danmörku þá mundu menn auka þar við mjög verulega frá því sem gert er ráð fyrir í dag.

Með því að skera niður framlög til skólamála eru menn að mínu mati að dæma sig til verri lífskjara í framtíðinni, það er hinn alvarlegi veruleiki þessa máls. Vegna þess að þjóð sem ekki sinnir sínum menntunarmálum betur en við er að dæma sig til lakari lífskjara þegar fram í sækir og þannig eru menntunarmálin orðin grunnþáttur í efnahagsframförum í raun og veru. Þeir sem ætla sér að byggja upp framtíðarþjóðfélag, framtíðarþjóðfélag fyrir börn okkar og barnabörn í þessu landi, eiga þess vegna að láta skólamálin hafa forgang.

Það er stundum sagt að skólamálin og heilbrigðismálin gleypi í raun og veru öll ríkisútgjöldin og skólamálin og heilbrigðismálin eru sett á sama bás. Því vísa ég á bug. Staðreyndin er sú að þegar útgjöld til heilbrigðismála á mann eru skoðuð þá erum við á svipuðu róli og gerist með grannþjóðum okkar í röðinni innan OECD.

Ef við aftur á móti berum skólamálin saman þá erum við á allt öðrum slóðum. Það er því tvímælalaust þannig að í heilbrigðismálunum höfum við út af fyrir sig haldið í að því er þetta varðar, sérstaklega ef við tökum tillit til þjónustunnar við aldraða líka, sem er þó sums staðar reiknuð sem partur af félagsþjónustunni. Ef við tökum hins vegar menntamálin þá erum við langt á eftir öðrum þjóðum með svipuð lífskjör. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það eigi að kreíja stjórnmálaflokkana og stjórnmálamennina um svör við því: Vilja þeir verja menntamálin frekar en aðra málaflokka á samdráttar- og niðurskurðartímum? Vilja þeir auka við menntamálin, jafnvel þó að skorið sé niður til annarra málaflokka á kreppu og samdráttartímum?

Fyrir utan það að í 1. gr. þessa frv. felst auðvitað storkun við framtíðina, storkun við börnin og framtíð þeirra í landinu, þá er efni frumvarpsins og textans svo vitlaust að það tekur engu tali. Skoðum hér a-lið 1. gr., hvað stendur þar? Það stendur þar að ákvæði 3. mgr. 4. gr. grunnskólalaganna eigi ekki að koma til framkvæmda — skulu ekki koma til framkvæmda á árinu 1994–1995.

Hvaða ákvæði eru það? Það eru ákvæðin um skólamáltíðir. Hverjir borga þær? Sveitarfélögin. Er ákvæðið þannig að það sé skylt að koma á skólamáltíðum? Nei. Ákvæðið er þannig að það er heimilt að gera það í áföngum og sveitarfélögin borga. Þetta er svo inni í frumvarpi um ráðstafanir í ríkisfjármálum, það á ekkert erindi þar inn. Það er vitleysa.

Sérstaklega er þetta auðvitað hrópandi í himininn á árinu 1993–1994 þegar borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík er að velta sér upp úr því og hæla sér af því og senda skrautbæklinga inn á hvert einasta heimili þar sem börn eru í Reykjavík, að hér sé verið að taka upp það sem kallað er heilsdagsskóli, sem er ágæt hugmynd að öllu öðru leyti en því að það er hvorki heilsdags né skóli. Að öðru leyti er hugmyndin fín. Það er ekki heilsdags vegna þess að það nær ekki yfir allan daginn fyrir öll börn, og það er ekki skóli vegna þess að þetta er yfirleitt gæsla eða geymsla frekar en uppeldisúrræði. En þarna er þó snarl eða matur í mörgum tilvikum, sem börnin borga fyrir. Samkvæmt orðanna hljóðan í þessu frumvarpi er þetta bannað. Árni Sigfússon er bannaður hér í þessu stjórnarfrumvarpi, bara bannaður. Það stendur hérna „skulu ekki koma til framkvæmda á árinu 1993–1994". Þannig að hæstv. menntmrh. vill greinilega stoppa heilsdagsskólann eftir þessu að dæma.

Af hverju er menn að setja hér inn svona vitleysu endalaust? Til hvers eru menn að því? Ég veit auðvitað að núverandi ríkisstjórn hefur vanið sig á það og núverandi ráðherrar hlusta alls ekki á neitt sem kemur frá stjórnarandstöðunni, ekki neitt. En væri nú ekki ráð að brjóta kannski aðeins odd af oflæti sínu, þegar það kostar nú einu sinni ekki krónu, og viðurkenna að það er endileysa að hafa þetta ákvæði hérna inni eins og það lítur út?

Ég minni á að sparnaðurinn sem á svo að nást með b-lið 1. gr. er 160 millj. kr. í fjárlögum ársins 1994, 160 millj. kr. Það er ekki stór upphæð. Mig minnir að grunnskólinn sé milli 5 og 6 milljarðar króna, allur grunnskólinn. Hérna er í raun og veru ekki verið að gera neitt annað en það að hinir ráðherrarnir í ríkisstjórninni eru að segja við menntmrh.: Þú verður að gera eins og við hinir. Jafnvel þó að það séu í raun og veru engin rök fyrir því önnur, engin rök fyrir því. Ég bendi á að á síðasta þingi flutti ég, ásamt fleiri þingmönnum, tillögu um það að fella niður framlag til þessa ótrúlega Hæstaréttarhúss, sem á að fara að byggja uppi á bílastæðinu fyrir aftan Landsbókasafnið. Það var nokkurn veginn alveg sama upphæð sem átti að fara í það og hefði sparast á þessu ári við að

skera niður grunnskólann með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

Ég held að það þurfi, virðulegi forseti, líka að tala nokkuð skýrt út með það, hvað ætla flokkarnir að gera varðandi þetta ákvæði framvegis? Ætla flokkarnir t.d. þegar kemur að kosningunum 1994 og 1995, að standa að því að framkvæma niðurskurðinn á grunnskólanum áfram? Verður þetta liður í kosningastefnuskrá Sjálfstfl., að halda áfram niðurskurði í grunnskólanum? Það verður auðvitað gengið mjög rækilega eftir því í kosningabaráttunni 1994 og 1995 hvort Sjálfstfl. ætlar að ganga áfram með þetta flagg.

Hið sama er auðvitað að segja hér, virðulegur forseti, um Tækniskólann. Það er 3. og 4. gr. þessa frv. Tækniskólafrv. kom inn í þingið í fyrra, fyrr á þessu ári, og urðu miklar umræður um það. Það frv. var stoppað. Það var óeining um það í stjórnarflokkunum. Össur Skarphéðinsson, hæstv. umhvrh. núna, hefur verið forframaður ef svo mætti segja, þó það sé nú vafamál að svo sé því formennska í þingflokki er eins og kunnugt er virðulegt starf, eins og hæstv. menntmrh. þekkir. En hæstv. umhvrh. barðist um á hæl og hnakka á móti því að það yrðu tekin upp skólagjöld í Tækniskólanum. Ég hefði gjarnan viljað kanna það, virðulegi forseti, hvort hugsanlegt er að hæstv. umhvrh. sé hér í húsinu, til að það mætti spyrja hann að því hvort hann standi að því núna að leggja á skólagjöld í Tækniskólanum.

(**Forseti** (VS)**:** Hæstv. umhvrh. er í húsinu.)

Mundi hæstv. forseti vilja vera svo vænn að kanna hvort ráðherrann vildi sýna okkur þann sóma að vera hér nærstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess.)

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að fram komi upplýsingar um það hvort hæstv. umhvrh. er hlynntur þessu ákvæði miðað við það sem fram kom hér í hans máli í fyrra. Því þetta mál stöðvaðist hjá krötum í fyrra, þetta Tækniskólamál, það gerði það alveg örugglega. Og ég vil inna eftir því hvort þar hafi orðið á skoðanabreyting.

Við skulum aðeins fara yfir skólagjaldamálið. Það var haustið 1991 sem umræða hófst um þessi skólagjöld. Við sögðum þá, stjórnarandstæðingar, það er ekki heimilt að leggja á skólagjald samkvæmt framhaldsskólalögum. Við töldum það ekki vera heimilt að leggja á skólagjald eftir framhaldsskólalögum eins og þau hljóða. Ég er í raun og veru þeirrar skoðunar að það sé alveg ótvírætt þannig að það sé ekki heimilt, vegna þess að í framhaldsskólalögum stendur að ríkið eigi að borga rekstrarkostnað framhaldsskólans alveg 100%. Engu að síður hefur núv. ríkisstjórn ákveðið að innheimta sérstök skólagjöld í framhaldsskólunum, en hún hefur ekki breytt lögum í því skyni, þ.e. ekki framhaldsskólalögunum. Framhaldsskólalögunum hefur ekki verið breytt. Mér er kunnugt um það að Alþfl. stóð þar fastur fyrir, var á móti því að taka upp skólagjöld í framhaldsskólunum, Alþfl. var svo góður við framhaldsskólanemendur þá. Nú er það hins vegar svo að allt í einu er flutt hér stjfrv. þar sem smyglað er inn ákvæði um skólagjöld í Tækniskólanum, smyglað inn í þetta frv. Og það er óhjákvæmilegt að inna nánar eftir því hvernig á því stendur. Þau ákvæði sem lúta að Tækniskólanum eru í raun og veru tvær greinar. Í fyrri greininni segir:

„Síðasta málsgrein 1. gr. laganna [nr. 66/1972] falli brott."

Hvað stendur nú þar, með leyfi forseta? Í síðustu málsgrein stendur:

„Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði."

Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði. Þessa setningu á að fella alveg niður um leið og skólagjöldin eru tekin upp. Það er auðvitað mjög athyglisvert að á sama tíma og í 4. gr. er gerð tillaga um að taka upp skólagjöld, þá er sett inn ákvæði um að fella niður skyldur ríkisins til að kosta rekstur og stofnkostnað Tækniskóla Íslands. Þýðir með öðrum það að fræðilega séð, teoríska séð, er hugsanlegt að fjármagna allan rekstur Tækniskólans með skólagjöldum. (**Menntmrh.:** Þetta er algert rugl, algert rugl.) Hæstv. ráðherra getur væntanlega beðið um orðið hér er það ekki? (Gripið fram í.) Algert rugl að gefa honum orðið? Nei, það er það ekki, það er alveg stórsniðugt að gefa honum orðið. (Gripið fram í.) Það er rétt, það er rétt, það væri algert rugl hjá hæstv. ráðherra. (**Menntmrh.:** Það er búið að fara í gegnum þetta allt áður.) Nei, ekki fyrir hæstv. umhvrh. sem nú er kominn í salinn og er boðinn sérstaklega ... (**Menntmrh.:** Það er búið að fara í gegnum þetta allt áður.) Nei, það er misskilningur. Þetta frv. hefur aldrei verið rætt hér á Alþingi áður, hæstv. ráðherra, aldrei nokkurn tímann. (**Menntmrh.:** Ég er nú hræddur um það.) Nei, þetta frv. hefur aldrei verið rætt hér. (Gripið fram í.) Nei, ekki þetta akkúrat. (**Menntmrh.:** Sömu ákvæðin.) Ja, ekki þetta frv.

(**Forseti** (VS)**:** Það er hv. 9. þm. Reykv. sem hefur orðið.)

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir því, hæstv. forseti, að fella niður þessi orð úr lögunum um Tækniskólann, hæstv. umhvrh.: „Kostnaður við stofnun og rekstur skólans ...

(**Forseti** (VS)**:** Forseta þykir leitt að þurfa að tilkynna að nú er kl. orðin fimm og það hafði verið ákveðið að nú hæfust þingflokksfundir.)

Spurningin er, hæstv. forseti, hvort ég mætti ljúka spurningu minni til hæstv. umhvrh., þannig að hann mætti hugsa um hana í skjóli náttmyrkurs einhvers staðar annars staðar í bænum og svara svo síðar?

(**Forseti** (VS)**:** Ef það tekur mjög stuttan tíma þá er hv. þm. heimilt að bera upp spurninguna.)

Það tekur hálfa mínútu. Það eru felld niður þessi orð:

„Kostnaður við stofnun og rekstur skólans greiðist úr ríkissjóði."

Sem þýðir það að í raun og veru væri hægt að kosta allan reksturinn og stofnkostnað Tækniskólans með skólagjöldum. Hæstv. umhvrh. var á móti þessari ósvinnu í fyrra. Og ég spyr: Hefur honum snúist hugur? Ef svo er, af hverju?

Þetta var spurningin, hæstv. forseti, og ég þakka þolinmæðina og mun þá halda ræðu minni áfram í fyllingu tímans.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16.58.

---

53. FUNDUR

fimmtudaginn 9. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

Fjárlög 1994, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 325 og 334, brtt. 326. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 83. mál, brtt. heilbr.- og trn., þskj. 312.

Fjárlög 1994, 1. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 334.

Kvótaviðskipti og eignarhald kvóta, 203. mál, svar sjútvrh., þskj. 333.

Ráðning aðstoðarprests á Ísafirði, 195. mál, svar dómsmrh., þskj. 328.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða um skýrslu Byggðastofununar.

[10:34]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Virðulegur forseti. Nú er það svo að það situr aðeins einn forseti í stólnum á hverjum tíma og hann tilkynnir að sjálfsögðu hvað er á dagskrá. Við þingmenn höfum fengið prentað skjal í hendur þar sem farið er yfir þá dagskrá sem ætlað er að taka fyrir á haustþingi. Þar var skýrsla Byggðastofnunar sett niður á ákveðinn tíma en þegar kom að því að hún yrði rædd var tilkynnt að hæstv. forsrh. væri veikur. Nú rengi ég ekki þá tilkynningu á þeim tíma og þeirri stundu. Hins vegar þykist ég hafa sannfrétt það að hæstv. forsrh. sé kominn til hinnar bestu heilsu. Því er það mín spurning til forseta: Þegar það gerist að tilkynntur er frestur með þessum hætti færist þá það verkefni sjálfkrafa aftast í röðina eða má gera ráð fyrir því að það sé fært til og að það haldi velli á haustþingi? Það hlýtur að vera ærið umhugsunarefni fyrir venjulegan þingmann sem horfir á dagskrá haustsins hvort hann megi búast við því að ef það verði veikindi hjá ráðherra þá fari málin endanlega út af dagskrá og komi kannski ekki fyrr en á vorþingi. Ég leita þess vegna mjög ákveðið eftir svari við þessu og vænti þess að hæstv. forseti geri grein fyrir málinu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti tekur fram að forseti að höfðu samráði við forsætisnefnd skipar málum niður á dagskrá þingsins hverju sinni. Iðulega er einnig haft samráð við formenn þingflokka. Skýrsla Byggðastofnunar hafði verið sett á dagskrá svo sem hér var frá greint en þegar til átti að taka var hæstv. forsrh. veikur og hann var veikur þá í u.þ.b. eina viku. Síðan hefur málið ekki verið tekið á dagskrá vegna annarra mála og anna í þinginu svo sem altítt er fyrir jólaleyfi. Svo horfir að litlar líkur eru til að þessi skýrsla sem og skýrsla Ríkisendurskoðunar verði teknar á dagskrá nú fyrir jólaleyfi.

[10:36]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með málshefjanda að það ber ekki góðan svip varðandi störf þingsins að það þurfi að koma til sérstaks eftirrekstrar varðandi stórmál sem eru búin að fá fastan sess í starfsáætlun en er síðan frestað af ástæðum sem ekki er ástæða til að gera athugasemdir við á tilteknum degi. En þá hljótum við að ganga út frá því að viðkomandi liður komi við fyrstu hentugleika á dagskrá þingsins og það þurfi ekki að hafa um það mörg orð hér.

Hér er nú ekki um annað og minna að ræða heldur en skýrslu Byggðastofnunar varðandi byggðamál. Það er orðið ansi langt síðan þau efni hafa verið rædd hér, síðan þau hafa komið hér til umræðu. Ég vil reyndar ekki fullyrða um dagsetningar en mig minnir að því hafi verið frestað á síðasta þingi að taka málin til umræðu og það sé mikil þörf á því að þessi mál séu rædd hér, m.a. í tengslum við afgreiðslu fjárlaga sem er dagskrármál fundarins, fjárlagafrv. til 2. umr. Auðvitað hefðu þessi byggðamál þurft að vera komin hér á dagskrá og vera rædd áður en þessi umræða fer fram. Því tek ég eindregið undir áskorun málshefjanda um það að úr þessu verði bætt en hér boðar forseti að þessi mál eigi að liggja fram á næsta ár án þess að þau komi til umræðu. En ég treysti forseta til að endurskoða þá skipan mála.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti mun að sjálfsögðu koma þessum athugasemdum á framfæri í forsætisnefnd.

[10:38]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir fyrirspurnir hv. 2. þm. Vestf. um skýrslu Byggðastofnunar. Það hefur verið svo að ekki hefur verið rætt hér um skýrslu Byggðastofnunar frá því um haustið 1991 er rætt var um skýrsluna fyrir árið 1990. Það hefur ekki verið rætt um skýrslur stofnunarinnar fyrir 1991 og 1992. Eða

með öðrum orðum er ekki enn þá búið að taka til umræðu skýrslu stofnunarinnar fyrir tímabil sem nær inn á starfstímabil núv. ríkisstjórnar. Þetta var fellt niður á sl. hausti og komst ekki að, eða var alla vega ekki tekið á vorþingi og það er ljóst, eða ég met það svo, að forseti þingsins hyggst ekki koma þessu efni að fyrir jól. Ég hlýt að spyrja forseta: Má treysta því að skýrsla Byggðastofnunar verði tekin fyrir á vorþingi? Eru áform uppi um það? Eða hyggst forseti ýta þessu máli alveg út af borðinu eins og á sl. vetri?

Í öðru lagi vil ég spyrja forseta: Ef svo fer að þessi mál verða ekki rædd fyrr en á vorþingi er þá ekki rétt að tekið verði með í þeirri skýrslu árið 1993 þannig að við getum rætt um árin 1991, 1992 og 1993? Og m.a. þá bréf formanns stjórnar Byggðastofnunar þar sem hann biður um peninga frá ríkisvaldinu sem hefði eðlilega átt að vera rætt hér við afgreiðslu fjárlaga fyrir næstkomandi ár. En ég hef ekki séð að stjórnarliðar hafi séð ástæðu til að minnast á það erindi sem hv. þm. Egill Jónsson o.fl. hafa sent forsrh.

[10:40]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að vekja athygli á þessu máli. Það er komin nokkuð merkileg yfirlýsing úr forsetastól um það að skýrsla Byggðastofnunar verði ekki á dagskrá þingsins fyrr en á næsta ári, ég veit ekki hvenær. Ég harma það auðvitað og það er leitt að hvorki hæstv. forsrh. og ég tala nú ekki um hæstv. fjmrh. skuli vera hér viðstaddir vegna þess að það er ekki mjög langt síðan hæstv. fjmrh. í einu vonskukasti sínu fór hér hamförum í þessum stól og kvartaði yfir í því að við stjórnarmenn Byggðastofnunar skulduðum sér og þinginu greinargerð og skýrslu um afstöðu okkar til ákveðinna mála í Byggðastofnun. Við skuldum hæstv. ráðherra engar skýrslur eða greinargerðir. Við erum hins vegar örugglega allir tilbúnir til að ræða við bæði hæstv. fjmrh. og aðra um störf okkar í Byggðastofnun vitandi það að hún er eina stofnunin sem leggur sín mál á borðið fyrir þingmenn og þjóðina alla hvert það verk sem þar er unnið. Því harma ég slíkan málflutning. Og ég harma það enn fremur að skýrsla stofnunarinnar skuli ekki fást tekin á dagskrá þingsins og rædd á eðlilegan hátt.

Það var verið að vinna merkilegt starf sem er byggðaáætlun, brautryðjendastarf, sem þarf líka að komast inn í umræðuna og út í þjóðlífið til umfjöllunar. Þess vegna hlýt ég að harma að þær fréttir skuli nú berast úr forsetastól frá forsætisnefnd þingsins, sem skipuð er nú hvorki meira né minna en sex þingmönnum, bærilega skipuð nefnd, að hún skuli gefa þá yfirlýsingu að þessi skýrsla skuli ekki verða til umræðu fyrr en á næsta ári.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti hefur látið þess getið að það voru eðlileg forföll hæstv. forsrh. sem réðu því að skýrsla þessi var eigi rædd þegar hún hafði verið tekin á dagskrá. Það er alkunna og þarf ekki miklar málalengingar við að annir eru í þinginu fyrir jólahlé og óvíst um skýrslur hvort unnt er að taka þær til meðferðar í þinginu á þeim tíma.

Forseti hefur lýst yfir að hann muni flytja þessar athugasemdir til forsn. En að sjálfsögðu verður þessi skýrsla tekin fyrir hið allra fyrsta eftir að þinghléi lýkur þannig að það er tilefnislaust að gera því skóna að hún verði ekki rædd á þingínu.

Ég bið nú hv. þm. að taka þessu þannig að það verði ekki að skera niður ræðutíma því að þessi dagskrárliður má eigi taka nema tiltölulega skamman tíma.

[10:44]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram þar sem hér er verið að ræða um skýrslu Byggðastofnunar að mig minnir að það hafi aldrei verið lokið við að ræða skýrsluna fyrir árið 1990 sem hv. 5. þm. Vestf. nefndi hér áðan. Mig minnir að 2. þm. Vestf. hv. hafi verið í miðri ræðu þegar hætt var að ræða þá skýrslu. Og þingheimi til upplýsingar þá stendur til að ræða skýrslu hæstv. utanrrh. á morgun, þ.e. fyrri hluta skýrslu hans eða munnlega skýrslu. Hún mun eiga að verða tvisvar í vetur. Ég vildi beina því til forsn. hvort ekki væri hægt að fresta flutningi þeirrar skýrslu og taka heldur á dagskrá flutning á skýrslu Byggðastofnunar sem ég tel miklu eðlilegra að sé rædd í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og á þessum tíma heldur en skýrsla utanrrh.

[10:45]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er nú ekkert undarlegt að þessi umræða skuli eiga sér stað hér núna. Út af fyrir sig skil ég vel hæstv. forsrh. að hann kæri sig ekkert um að ræða byggðamál hér í þinginu. Í fyrra var óútrædd skýrsla fyrir árið 1991 og forsrh. lagði enga áherslu á það að klára þá umræðu. Það er þægilegra að ráðherrar standi með skítkast á Byggðastofnun og þá starfsemi sem þar fer fram. Ríkisstjórnin hefur gengið milli bols og höfuðs á þessari stofnun, skert tekjur hennar, eyðilagt fyrir henni starfsumhverfi og síðan er það þægilegra fyrir þá að standa og láta éta eftir sér, blaðamenn éta eftir sér hnútur og illyrði út í stjórnarmenn Byggðastofnunar. Þetta kemur allt niður á byggðaþróun í landinu eins og menn vita og það er ekki von að forsrh. sé neitt gráðugur í að ræða það hér.

Við verðum að ræða hér skýrslu fyrir árið 1992, síðar í vetur skýrslu fyrir árið 1993 og það er engin undankomuleið fyrir ríkisstjórnina með það.

[10:47]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á að þakka hæstv. forseta fyrir skýr svör. Það er ákaflega gott þegar þingmenn koma hér í stólinn að fá skýr svör. Hitt er annað mál að það getur ekki talist skynsamleg regla að gefa upp dagskrá fyrir þingið, veikist svo ráðherra þá færist sú dagskrá til um marga mánuði. Ef sú regla hefði verið tekin upp og hæstv. fjmrh. veikst á þessum drottins degi þá hefði nú kannski kárnað gamanið ef það hefði þá átt að taka fjárlagaumræðuna á vorþingi. En hitt verður forsn. þingsins að gera sér grein

fyrir að ef ekki er hægt að gjalda hæstv. fjmrh. þá skuld sem hann segir að stjórnarmenn Byggðastofnunar skuldi sér undir umræðum um byggðamál þá er hægt að gera það undir umræðum um fjármál þessarar þjóðar og um atvinnustefnu sem birtist í því að ríkið kaupir hlutabréf villt og galið út um land en ætlar svo að fárast og gjörsamlega tapa sér ef minnst er á það að ákveðið landsvæði sé komið í vanda vegna þess að þar er íslenska ríkið ekki að fjárfesta í hlutabréfum í fyrirtækjunum.

[10:49]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég stend upp hér eingöngu til að leiðrétta það sem hv. 6. þm. Vestf. sagði hér áðan varðandi umræðu um utanríkismál. Það stendur ekki til, hv. þm., að hún fari fram á morgun. Þingmanninum er vel kunnugt um að það er hætt við þau áform. Það kom fram á fundi formanna þingflokka í gær að þau áform eru ekki lengur uppi. (Gripið fram í.) Það kom víst fram. Og það liggur fyrir að sú umræða frestast, verður í öllu falli ekki á morgun og væntanlega ekki fyrir jól.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Athugasemdum um störf þingsins er lokið, það er liðinn sá tími sem leyfilegur er fyrir þær athugasemdir. Hv. 6. þm. Vestf. tekur til máls og ber af sér sakir.

[10:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alls ekki rétt sem hér hefur komið fram að ég hafi fengið að heyra þetta á fundi þingflokksformanna í gær því ég sat ekki þann fund. Ég var upptekin við aðra vinnu í fjárln. og mætti ekki á þennan fund.

Fjárlög 1994, 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 325 og 334, brtt. 326.

[10:51]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Í ræðu minni við 1. umr. fjárlaga á dögunum sagði ég að sérhagsmunir hefðu fengið of miklu um ráðið í ríkisfjármálum á undangengnum tveimur áratugum. Heildarvandinn hefði setið á hakanum en öll orka farið til deilna um hin smæstu atriði. Einn helsti vandi íslensku þjóðarinnar væri ístöðuleysi þeirra sem með fjármuni hennar fara. Þegar á hefur bjátað hafa verið slegin ný lán og látið undan þörfum, þörfum sem á stundum hafa ekki verið raunverulegar eða brýnar. Þannig hafa lántökur síðustu áratuga í allt of ríkum mæli farið til þess að viðhalda lífsstíl og samneyslu á tímum samdráttar í efnahagslífi í stað þess að fara til gjöfulli verkefna sem megi í framtíðinni skila þjóðinni auknum arði og velsæld. Við höfum gjarnan eytt fjármununum fyrir fram í þeirri von að handan við hornið biði ávinningur. Sú von um ávinning sem blundað hefur í brjóstum okkar hefur hvað eftir annað brostið á síðustu árum, reynst tálvon. Af þessari braut verður að snúa. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur tekist á við vandann með ýmsum aðgerðum sem nánar verður vikið að síðar. Ýmsar þær aðgerðir hafa verið sársaukafullar en til þeirra hefur verið gripið til að komast hjá enn meiri sársauka fyrir þá sem landið munu erfa. Við höfum ekki til þess nokkurn rétt að skila börnum okkar skuldbindingum sem munu reynast þeim óbærilegar og hefta möguleika þeirra til sjálfstæðra ákvarðana. Þessar eru hinar einföldu staðreyndir sem við þingmenn og þjóð stöndum frammi fyrir. Smærri hagsmunir verða að víkja fyrir hinum stærri.

Eitt af meginverkefnum Alþingis er að afgreiða fjárlög. Þær ákvarðanir sem teknar eru við afgreiðslu fjárlaga eru mikilvægur þáttur í efnahagsstjórn í landinu á hverjum tíma og geta skipt sköpum um árangur hennar. Ljóst er að þau markmið sem núverandi ríkisstjórn setti sér um að eyða ríkissjóðshallanum hafa ekki náð fram að ganga. Ástæðu þess má fyrst og fremst rekja til óhagstæðra ytri skilyrða innan lands sem utan. Þar ber fyrst að nefna skertar aflaheimildir og þá hefur mikil alþjóðleg efnahagskreppa haft veruleg áhrif til hins verra á viðskiptakjör okkar Íslendinga. Efnahagssamdrátturinn sem fylgt hefur í kjölfar þessarar þróunar hefur veikt stöðu atvinnulífsins sem leitt hefur til meira atvinnuleysis hér á landi en þekkst hefur um langt árabil. Aukið atvinnuleysi og minni atvinna hefur svo leitt til að staða heimila í landinu hefur versnað til muna.

Ríkisstjórnin hefur gripið til margvíslegra aðgerða til að mæta þessum vanda, m.a. með því að veita framlög úr ríkissjóði til framkvæmda og atvinnuskapandi verkefna. Þá hafa skattar á atvinnufyrirtæki verið lækkaðir. Allt er þetta gert til að styrkja atvinnulífið í landinu og verjast því að atvinnuleysi hér á landi verði svipað og gerist í nágrannalöndum okkar.

Þjóðhagsáætlun sem lögð var fram hér í upphafi þings, gerir ráð fyrir því að á árinu 1994 dragist bæði landsframleiðsla og þjóðartekjur saman um 2,6%. Það stefnir því í aukinn samdrátt miðað við yfirstandandi ár en á þessu ári er reiknað með að landsframleiðslan aukist um 0,5% en þjóðartekjur minnki um 1,9% vegna mikillar lækkunar á verði sjávarafurða.

Þá er atvinnuleysi talið aukast á næsta ári vegna samdráttar í þjóðarbúskapnum og stefnir í 5,5% atvinnuleysi á árinu 1994 miðað við 4,5% á þessu ári. Því er spáð að verðbólga muni verða 3% á milli áranna 1993 og 1994. Ef litið er til lengri tíma má ætla að botni hagsveiflunnar verði náð á næsta ári og því megi búast við nokkrum hagvexti næstu ár þar á eftir. Sá bati er þó að mörgu leyti háður ytri aðstæðum. Efnahagslægðin í helstu viðskiptalöndum okkar hefur nú varað um alllangt skeið og horfur um bata bæði óvissar og afar mismunandi eftir löndum. Þó er því spáð að hagvöxtur í iðnríkjum muni smám saman glæðast á næstu mánuðum.

Áætlað er að heildarafli landsmanna á árinu 1993 verði um 1.865 þús. tonn sem er tæplega 19% meiri afli í tonnum en árið 1992. Þessi aukning skýrist öll af aukningu loðnuafla um 300 þús. tonn. Hins vegar stefnir í að þorskaflinn 1993 verði sá minnsti sem veiðst hefur á Íslandsmiðum í marga áratugi.

Úthlutun aflaheimilda á Íslandsmiðum fyrir yfirstandandi fiskveiðiár felur í sér verulega minnkun þorskafla eða um 30% og því stefnir í talsverðan samdrátt heildarafla milli ára þrátt fyrir aukningu annars afla en þorsks. Talið er að heildaraflinn á árinu 1994 verði 7,6% minni en hann var á því ári sem nú er að líða, reiknað á föstu verði. Erfiðara er að áætla afla af öðrum miðum en Íslandsmiðum en veiðar í Smugunni hafa verið umtalsverð búbót fyrir þjóðarbú okkar í haust. Ekki er ólíklegt að fleiri möguleikar verði reyndir á næstunni en erfitt er að áætla umfang þeirra.

Viðvarandi halli á ríkissjóði á liðnum árum hefur aukið á skuldastöðu hans. Skuldir ríkissjóðs í árslok 1992 námu 236 milljörðum kr., en á því ári hækkuðu skuldir ríkissjóðs um rúmlega 25 milljarða kr. Af heildarskuldum ríkissjóðs námu lífeyrisskuldbindingar vegna opinberrar starfsemi tæplega 58 milljörðum kr. Þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna og þær dregnar frá skuldum eru nettó peningalegar skuldir ríkissjóðs í árslok 1992 um 150 milljarðar kr. Það þýðir með öðrum orðum að ef greiða ætti upp allar skuldirnar þyrfti að ráðstafa öllum tekjum ríkisins í næstum eitt og hálft ár til greiðslu skulda.

Þá hafa fjármagnsgjöld vegna þessara skulda verið að vaxa á liðnum árum og er svo komið að um 12% af tekjum ríkissjóðs er ráðstafað til greiðslna þeirra. Þó svo að fjármagnstekjur séu dregnar frá nema nettó fjármagnsgjöld um 7 milljörðum kr. Þegar þessi tala er borin saman við heildarútgjöld einstakra ráðuneyta eru það einungis menntmrn. og heilbr.- og trmrn. sem eru með hærri útgjöld í krónum talið en nemur nettó fjármagnsgjöldum sem ríkissjóður þarf að greiða.

Af þessu má ráða að eitt brýnasta verkefnið á sviði ríkisfjármála er að minnka skuldsetningu ríkissjóðs. Ljóst er að þrátt fyrir að ekki hafi tekist hjá núverandi ríkisstjórn að vinna bug á rekstrarhallanum hafa ýmsar aðgerðir til að ná fram hagræðingu og sparnaði borið árangur. Hvers vegna það hefur ekki birst í minnkandi rekstrarhalla má skýra með því að samdrátturinn í efnahagslífinu hefur leitt til minni tekna ríkissjóðs að raungildi og svo hinu að aukin útgjöld vegna atvinnuleysis, svo og aðgerða stjórnvalda í tengslum við almenna kjarasamninga, hafa að stórum hluta vegið upp þann sparnað sem náðst hefur.

Mikil umræða hefur farið fram um skattsvik á undanförnum mánuðum í kjölfar skýrslu fjmrn. um skattsvik og aðgerðir til úrbóta gegn þeim. Ein meginniðurstaðan í þeirri skýrslu var að óframtaldar tekjur hafi numið sem svarar tæpum 4,5% af landsframleiðslu fyrir árið 1992. Þetta samsvarar því að um 16 milljarðar hafi ekki verið gefnir upp til skatts og tekjutap ríkis og sveitarfélaga sé um 11 milljarðar vegna þessara skattsvika, auk ofáætlaðs innskatts. M.a. þess vegna hafa margir talið að lækkun matarskatts nái ekki tilætluðum árangri þar sem stærstur hluti lækkunarinnar lendi í vasa skattsvikara en ekki á borði neytenda, auk þess sem skattbreytingin kalli á aukinn mannafla í skattkerfinu.

Afleiðingar skattsvika eru margar og alvarlegar. Ein af þeim er sú sem að framan er lýst, þ.e. vegna þess að opinberir aðilar verða af umtalsverðum skatttekjum sem aftur leiðir til þess að skattgreiðendur nú og í framtíð þurfa að bera þyngri byrðar en ella. Skýrsluhöfundar telja brýnt að yfirvöld skattamála breyti áherslum sínum og taki upp markvissa stefnu til þess að uppræta skattsvik.

Ríkisstjórnin hyggst bregðast hart við skattsvikum á næsta ári og er lagt til nú við 2. umr. að veita aukið fé til skatteftirlits og til að efla starfsemi skattyfirvalda.

Eins og ég gat um hér að framan hefur verið unnið að sparnaði í ríkisrekstri á undanförnum árum. Þær aðgerðir hafa yfirleitt gengið út á að draga saman rekstrarkostnað að óbreyttu rekstrarumfangi stofnana með flötum niðurskurði. Það er ljóst að sú sjálfvirkni sem var á árum áður í útgjöldum ríkisins hefur að mestu leyti verið stöðvuð. Í því samandi má benda á að sú stöðuga aukning sem varð á fjölgun ríkisstarfsmanna er ekki fyrir hendi í dag. Telja verður að tími ákvarðana er varða flatan niðurskurð sé að lokum kominn og nú þurfi að taka pólitíska ákvörðun um hvaða þjónustuhlutverki hið opinbera á að sinna. Þá tel ég mjög mikilvægt að ráðist verði í það með skipulögðum hætti að meta árangur af rekstri ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja.

Í því sambandi tel ég ástæðu til að vekja athygli hv. alþm. á því sem fram kemur í endurskoðunarskýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna um ríkisreikninginn 1992, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Fullyrða má að enn megi ná talsverðum árangri með aukinni hagræðingu og minni sóun á verðmætum í rekstri ríkisstofnana án þess að draga úr þeirri þjónustu sem veitt er. Þó þannig sé fyrir hendi ákveðið svigrúm til að lækka kostnað kemur að því að minni framlög til ákveðins málaflokks hljóta að hafa í för með sér skerta þjónustu af hálfu þeirra aðila sem í hlut eiga. Til þess að standa megi skynsamlega að ákvarðanatöku um skerðingu framlaga er nauðsynlegt að fyrir hendi séu aðferðir til að meta árangur af rekstri ríkisfyrirtækja og ríkisstofnana. Slíkur mælikvarði yrði þá lagður til grundvallar við forgangsröðun verkefna og ákvarðanir um nýja útgjaldaliði. Eins og staðan er í dag er stofnunum settur ákveðinn útgjaldarammi í fjárlögum hvers árs til að sinna þeirri þjónustu sem þeim lögum samkvæmt er ætlað að veita. Hins vegar er hvergi skilgreint hve mikla þjónustu viðkomandi stofnanir skulu inna af hendi né hver gæði hennar skuli vera. Árangur stofnana er oft mældur eftir því hvernig þeim tekst að haga rekstri sínum innan ramma fjárlaga án tillits til þess hvort dregið sé úr veittri þjónustu. Á sama hátt eru stofnunum stundum settir útgjaldarammar sem fengnir eru með flötum niðurskurði á útgjöldum fyrra fjárlagaárs.

Mat á rekstrarárangri er mun erfiðara en mat á árangri einkafyrirtækja. Ólíkt afkomutölum atvinnufyrirtækja sem rekin eru í ágóðaskyni liggur ekki fyrir neinn einhlítur mælikvarði á árangri ríkisstofnana. Mismunur tekna og gjalda segir ekki til um hvort þau verðmæti sem til verða við starfsemi stofnunar séu meiri eða minni en þau verðmæti sem ráðstafað er til starfseminnar. Úr ríkisreikningi verður ekki lesið hversu vel eða illa einstakar stofnanir ríkisins hafa staðið sig á árinu. Ýmsar aðferðir hafa verið þróaðar í öðrum löndum í þeim tilgangi að meta árangur af starfsemi opinberra aðila. Þó ekki sé hægt að segja að fundist hafi algildir mælikvarðar sem nota megi í þessum tilgangi, má fullyrða að sú viðleitni hafi orðið til þess að efla kostnaðarvitund og ef að líkum lætur orðið til þess að skynsamlegar sé staðið að ákvörðunum um útgjöld en ella. Þessu tengist einnig sú eðlilega krafa skattborgaranna að stofnanir ríkisins geri skilmerkilega grein fyrir árangri af þeirri starfsemi sem þeir bera kostnaðinn af."

Ég vil taka undir þessar ábendingar og tel mikilvægt að slíkri vinnu sem að framan er getið sé hrint í framkvæmd en grundvöllur að slíku mati er að stofnunum verði sett skýr markmið um þjónustu og að þróaður verði mælikvarði sem nota má til að meta árangur þeirra.

Meginforsenda fjárlagafrv. fyrir árið 1994 tekur mið af annars vegar framvindu ríkisfjármála á árinu 1993, horfum um umtalsverðan samdrátt í efnahagslífinu á árinu 1994 og að stjórnvöld hafa gengist undir ákveðnar skuldbindingar í tengslum við gerð kjarasamninga á sl. vori og ber frv. þess merki.

Í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir 9,8 milljarða kr. halla á ríkissjóði á árinu 1994. Hallinn nemur 2,5% af landsframleiðslu samanborið við 3,2% áætlaðan halla á þessu ári. Hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs er áætluð 12 milljarðar kr.

Við þær aðstæður sem lýst hefur verið hér að framan ber brýna nauðsyn til að horfa fram á veginn og leggja grunn að framfarasókn. Það er enn mikilvægara nú en áður vegna þess að með auknum alþjóðasamskiptum, með aukinni sókn íslenskra ungmenna í menntun erlendis á síðustu árum og auknum möguleikum til starfa erlendis eykst samkeppni um hæfileikaríkustu og dugmestu einstaklingana. Verkefnið sem við er að glíma er ekki einungis að fá þessu fólki störf við hæfi, heldur einnig að skapa þær ytri aðstæður að sá kraftur sem í því býr fái að njóta sín við arðbær og skapandi verkefni.

Sem fyrr er fjármagn eitt þeirra grundvallarskilyrða að þetta megi takast. Án fjármagns verður engin nýsköpun. Stuðningur við hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf fyrirtækja á sviði hönnunar, vöruþróunar, framleiðslutækni og markaðsaðgerða er í reynd einn mikilvægasti þátturinn í atvinnustefnu stjórnvalda. Því ber að fagna að þessi mál eru nú orðin ríkur þáttur í efnahags- og atvinnumálaumræðunni og eru metnir að verðleikum sem snar þáttur í nauðsynlegum efnahagsaðgerðum.

Ólíkt því sem var á fyrstu áratugum aldarinnar þegar blásið var til sóknar í íslensku atvinnulífi er þjóðin ekki lengur fjárvana. Það ríður á miklu að nýta fjármagnið vel og beina því í verkefni sem treysta grunn atvinnulífsins og örva vöxt þess og viðgang. Ekki síst þarf að örva nýjar útflutningsgreinar. Þetta er stóra verkefnið sem blasir við.

Við Íslendingar eigum meira undir alþjóðaviðskiptum komið en flestar aðrar þjóðir. Milliríkjaviðskipti eru driffjöður hagvaxtar ef framleiðslukostnaður hvers lands og hvers fyrirtækis fá að njóta sín hindrunarlaust. Þá gerir hver og einn hvað hann best getur. Snúist hagþróun í helstu viðskiptalöndum okkar til betri vegar, virðast horfur fyrir íslenskan þjóðarbúskap allgóðar nokkur næstu ár. Þótt nokkur samdráttur landsframleiðslu sýnist óumflýjanlegur á árinu 1994 vegna skerðingar í þorskafla, virðist mega ætla að á næstu árum þar á eftir fari fiskverndin á undanförnum árum að skila árangri í auknum afla. Síðustu spár benda til að um og eftir miðjan þennan áratug verði hagvöxtur á ný meiri en fólksfjölgun.

Ekki leikur á því vafi að samkeppnisstaða íslenskra atvinnuvega hefur verið að batna að undanförnu vegna aðgerða ríkisstjórnar sem tryggja lága verðbólgu, lágt raungengi, lækkun skatta á fyrirtækjum með afnámi aðstöðugjalds og lækkun tekjuskatts og vegna opnunar markaða bæði innan lands og milli landa. Þegar á því ári sem nú er að líða má greina slík áhrif í auknum útflutningi nýrra greina á Íslandi.

Til þess að bætt starfsskilyrði fái notið sín til fulls er mikilvægast að milliríkjaviðskipti glæðist. Þar eru vonir við það bundnar að á næstu sólarhringum liggi fyrir farsæl niðurstaða í GATT-viðræðunum sem kenndar eru við Úrúgvæ og hafa senn staðið yfir í sjö ár. Staðfesting EES-samningsins og NAFTA, fríverslunarsamnings Norður-Ameríkuríkjanna þriggja, eru ekki síður mikilvæg skref til að styðja batann í efnahag iðnríkjanna á Vesturlöndum. Það sem sameinar flesta ef ekki alla möguleika til framfara á Íslandi í framtíðinni er að þeir þurfa á opnum möguleikum og hagvexti í umheiminum að halda.

Ég hef hér á undan vikið að nauðsyn þess að draga úr halla ríkissjóðs. Ég minni á óleystan skipulagsvanda í hefðbundnum atvinnugreinum þjóðar okkar, sjávarútvegi og landbúnaði. Í skipulagsumbótum í þessum greinum eru reyndar fólgnir mikilvægir möguleikar til framfara. Með umbótum á fjármagnsmarkaði og minnkandi lánsfjárþörf má stuðla að lækkun verðbólgu, jafnari og lægri nafnvöxtum og lægri raunvöxtum til frambúðar. Mikilvægustu skilyrði til framfara eru nú stöðugleiki í efnahagsmálum og örvun til nýsköpunar. Fljótt á litið gæti svo virst að í þessu felist mótsögn, þ.e. að nýsköpun og stöðugleiki séu andstæður. Svo er ekki. Peningamálastefna sem miðar að verðstöðugleika bætir skilyrði fyrir lágum langtímavöxtum. Slík stefna í peningamálum er brýn til að mynda stöðugt efnahagsumhverfi, sem hvetur til nýjunga og fjárfestingar fyrirtækja og einstaklinga sem er undirstaða hagvaxtar þegar til lengdar lætur. Þetta á ekki aðeins við um stöðugt verðlag heldur einnig gengi og vexti og önnur starfsskilyrði atvinnulífsins. Þannig

styður stöðugleikinn nýsköpun.

Fjárlaganefnd hóf undirbúning að afgreiðslu fjárlagafrv. 27. sept. sl. með viðræðum við sveitarstjórnarmenn. Eins og áður auglýsti nefndin viðtalstíma þar sem þeim aðilum sem þess óskuðu var gefinn kostur á að bera upp erindi sín við nefndina. Þá kallaði nefndin fyrir sig forsvarsmenn helstu stofnana ríkisins svo og ráðuneyta til viðræðna um starfsemi þeirra og fjárframlög.

Eins og undanfarin ár fengu fastanefndir Alþingis til umsagnar þann þátt fjárlagafrv. sem fjallaði um málefnasvið þeirra. Nefndirnar skiluðu áliti sínu og fylgja þau með áliti meiri hluta fjárln. Þessi háttur er skilyrðislaust til bóta fyrir störf fjárln. Það hefur einnig komið fram að þessi yfirferð fagnefnda eykur nefndarmönnum þekkingu á fjárhagslegum málefnum viðkomandi stofnana og ráðuneyta. Eigi að síður er tekið undir þau sjónarmið sem fram koma í álitsgerðum nokkurra fastanefnda að nauðsyn beri til að koma á fastari skipan á fyrirkomulag samskipta fjárln. og annarra fastanefnda þingsins. Nú þegar hefur verið haldinn fundur formanna nefnda þingsins þar sem viðhorfum var lýst og sammælst um að taka þráðinn upp á nýju ári undir forustu fjárln.

Nefndin hefur haldið 38 sameiginlega fundi og fjöldi aðila hefur komið á fund nefndarinnar. Þá hafa einstök ráðuneyti og að sjálfsögðu fjmrn. veitt nefndinni aðstoð við úrvinnslu frv. Fyrir hönd nefndarmanna vil ég þakka öllum aðilum fyrir gott samstarf í hvívetna.

Nefndin hefur lokið afgreiðslu flestra þeirra erinda sem til hennar bárust. Fyrir liggja breytingartillögur frá meiri hluta nefndarinnar sem hér eru til umfjöllunar að upphæð samtals 681,4 millj. kr. til hækkunar á 4. gr. frv. Rétt er að geta þess í þessu sambandi að hækkanir vegna Vegagerðar ríkisins nema 345 milljónum kr. en lækkanir þar á móti koma fram við 3. umr. þegar fjallað verður um tekjuhliðina og þá munu ýmsar aðrar lækkanir koma fram.

Samkvæmt venju bíða 3. umr. afgreiðsla á tekjuhlið frv., B-hluta, og heimildir skv. 6. gr. Auk þess bíða ýmis viðfangsefni 3. umr., bæði smærri og stærri, sem nefndin hefur enn til umfjöllunar. Í því sambandi má nefna Jöfnunarsjóð sveitarfélaga og sjúkrahúsin í Reykjavík.

Mun ég nú víkja að einstökum þáttum þeirra brtt. sem meiri hlutinn leggur til og flytja við þær skýringar. Undir álit meiri hlutans rita Sigbjörn Gunnarsson, Sturla Böðvarsson, Árni Johnsen, Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Gunnlaugur Stefánsson.

1. brtt. Á aðalskrifstofu forsrn. er í fjárlögum 1993 sérstök fjárveiting til fjarvinnslu og er styrkurinn hluti af sérstöku átaki til að efla fjarvinnslu tölvufyrirtækja utan höfuborgarsvæðisins fyrir opinberar stofnanir. Fjárhæðin hefur verið notuð til að skrá aðalefnisyfirlit Alþingistíðinda í tölvugagnagrunn. Nú er gerð tillaga um að fjárhæð þessi verði færð undir þingmálaskrifstofu Alþingis til að hægt verði að sinna þessu verkefni á næsta ári. Gert er ráð fyrir að hægt verði að skrá 4–7 árganga Alþingistíðinda til viðbótar.

2. brtt. Framlag til launa hæstaréttardómara lækkar um 3,2 millj. kr. í 38,5 millj. kr. í kjölfar nýfallins úrskurðar Kjaradóms þar sem greiddum yfirvinnustundum hæstaréttardómara var fækkað frá því sem áður var.

3. brtt. Framlag til umboðsmanns Alþingis er hækkað um 3 millj. kr. Launagjöld eru hækkuð um 1,3 millj. kr. Ekki er um að ræða fjölgun starfsmanna heldur er tekið mið af fyrirsjáanlegri yfirvinnu við umfjöllun kvartana og fyrir tímabundna aðstoð vegna afleysinga og vinnu við ársskýrslu umboðsmannsins. Hækkun annarra rekstrargjalda og eignakaupa í rekstri er m.a. vegna prentunarkostnaðar við ársskýrslu og nauðsynlegrar endurnýjunar og viðbóta við tölvubúnað embættisins.

4. brtt. Í fjárlagafrv. fyrir árið 1994 varð misskilningur varðandi skiptingu á kostnaði af rekstri Þjóðhagsstofnunar. Lagt er til að þetta verði leiðrétt og að sértekjur lækki af þeim sökum.

5. brtt. Framlag til Byggðastofnunar er hækkað um 15 millj. kr. vegna atvinnuráðgjafa í landshlutunum. Í fjárlögum 1992 var kostnaður vegna atvinnuráðgjafa færður til Byggðastofnunar í samræmi við ákvæði laga nr. 39/1991, um breytingar á lögum um Byggðastofnun, sem kveður á um þátttöku stofnunarinnar í kostnaði við starfsemi atvinnuráðgjafa. Þessari breytingu fylgdi ekki viðbótarfjárveiting til Byggðastofnunar og er hér með lagt til að bætt verði úr því.

6. brtt. Rannsóknastarfsemi á vegum Háskóla Íslands hefur verið komið á allvíða um land með góðum árangri og nú síðast hafa Vestmannaeyjabær og Háskóli Íslands gert með sér samning á sviði rannsókna og þróunar. Einnig er fyrirhugað að útibú Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunar í Vestmannaeyjum reki sameiginlega aðstöðu með Háskóla Íslands. Tillaga fjárln. um framlag er annars vegar ætlað til að kosta stöðu starfsmanns sem annast á daglegan rekstur í Vestmannaeyjum og hafa verkefnisumsjón í einstökum verkefnum. Hins vegar eru ætlaðar 12 millj. kr. til kaupa og umbóta á húsnæði í Vestmannaeyjum. Heildaráætlun hljóðar upp á 20 millj. kr. og mun Vestmannaeyjabær greiða það sem upp á vantar eða 8 millj. kr.

7. brtt. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993 gerði fjárln. tillögu um hækkun framlags til Raunvísindastofnunar Háskólans vegna hálfrar stöðu sérfræðings við NMR-kjarnarófstækið. Tæki þetta er mjög vandmeðfarið í notkun og krefst því meðhöndlunar sérfræðings. Nú er gerð tillaga um að hækka launagjöld um 0,8 millj. kr. til að unnt verði að ráða sérfræðing í heila stöðu sem geti einbeitt sér óskiptur að rannsóknum og þjónustuvinnu á sviði kjarnarófsgreiningar.

8. brtt. Framlag til Stofnunar Sigurðar Nordals er hækkað um 0,4 millj. kr. og þar með fær stofnunin sömu fjárhæð og á yfirstandandi ári.

9. brtt. Kennaraháskóli Íslands hefur fengið húsnæði fyrrum hússtjórnarskóla að Varmalandi til ráðstöfunar og í fjárlagafrv. er fjárveiting vegna endurbóta og viðgerða. Ekki er þó gert ráð fyrir fjárveitingu vegna rekstrar hússins en óhjákvæmilegt er að greiða

af því ýmis gjöld eins og brunatryggingar og orku ásamt umsjón með húsinu. Er hér gerð tillaga um 2,5 m. kr. hækkun á rekstri fasteigna Kennaraháskólans sem er ætluð sérstaklega til þessa. Einnig er gerð tillaga um 5 millj. kr. hækkun fjárveitingar til tækja og búnaðar skólans.

10. brtt. Fjárveiting til óskipta liðarins undir almennri háskóla- og rannsóknastarfsemi er hækkuð um 1,5 millj. kr. og er sérstaklega ætluð Félagsstofnun stúdenta á Akureyri. Félagsstofnunin hefur staðið í verulegum byggingarframkvæmdum á undanförnum árum og hefur nú yfir að ráða 54 íbúðum og einstaklingsherbergjum.

11. brtt. Lagt er til að viðhald framhaldsskóla lækki um 3 millj. kr. en sú fjárhæð er færð yfir á byggingarframkvæmdir. Til viðbótar við þessar 3 millj. kr. er framlag til framkvæmda hækkað um 30,5 millj. kr. Heildarframlag til viðhalds og byggingarframkvæmda verður þá 616,5 millj. kr. og er sundurliðun sýnd í brtt. meiri hluta fjárln. á þskj. 326.

12. brtt. Lagt er til að óskiptur liður framhaldsskóla hækki um 50 millj. kr. Í fjárlagafrv. eru engar fjárhæðir til að mæta launaskriði og aldursflokkahækkunum sem kunna að eiga sér stað milli áranna 1993 og 1994 né heldur hafa verið bættar hækkanir vegna launasamninga sem gerðir hafa verið án þátttöku samninganefndar ríkisins eða fjmrn. Menntmrn. telur útilokað að skólakerfið geti mætt öllum þessum þáttum óbættum þar sem svigrúm til túlkunar á kjarasamningum kennara er mjög þröngt. Að auki hafa verið útfærðar bókanir í kjarasamningum við kennara með þátttöku samninganefndar ríkisins. Hækkunin er færð á óskiptan lið en verður dreift á einstaka skóla við gerð greiðsluáætlunar í upphafi næsta árs.

13. brtt. Framlag til Flensborgarskóla er hækkað um 1,6 millj. kr. vegna kennslulauna.

14. brtt. Lögð er til hækkun framlags til annars kostnaðar en kennslulauna Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi en þar er um að ræða launagreiðslur annarra starfsmanna en kennara í skólanum svo sem starfsfólk á skrifstofu, bókasafni, við ræstingar og húsvörslu. Eftir að ríkissjóður tók alfarið við rekstri framhaldsskóla hefur framlag á fjárlögum til skólans verið lægra en raunkostnaður var við yfirtökuna. Með þessari hækkun er komið á jafnvægi kostnaðar og fjárveitingar.

15. brtt. Heildarframlag til Framhaldsskólans í Austur-Skaftafellssýslu er hækkar um 900 þús. kr. en þar af eru 500 þús. kr. vegna lækkunar sértekna sem hafa verið ofmetnar og 400 þús. kr. vegna hækkunar annarra rekstrargjalda en launa.

16. brtt. Kennslulaun Þroskaþjálfaskóla Íslands eru hækkuð um 0,6 millj. kr. en þau hafa lækkað að raungildi milli ára. Stjórnendur skólans hafa sýnt mikla ráðdeild í rekstri og ekki er réttlætanlegt að lækka fjárveitingu til skólans frekar. Á hverju ári sækja mun fleiri um nám við skólann en unnt er að taka við.

17. brtt. Framlag til Héraðsskólans Reykholti í fjárlagafrv. tók mið af 60 nemendum. Í reynd er fjöldi nemenda við skólann nú um 100 talsins. Fjárveiting skólans er því hækkuð til samræmis við þann fjölda. Verði beyting á fjölda nemenda á næsta ári frá því sem nú er breytist greiðsluáætlun skólans til samræmis við það.

18. brtt. Lagt er til að hækka framlag til byggða- og minjasafna, sem fært er á fjárlagalið Þjóðminjasafns Íslands, um 4,7 millj. kr. og verður heildarrekstrarframlag til þessara safna því 13 millj. kr. Þjóðminjavörður mun gera tillögu um ráðstöfun þessa fjár í samráði við fjárln. Að auki er í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 stofnkostnaðarframlag til byggða- og minjasafna að fjárhæð 5,7 millj. kr. en ekki er gerð hér tillaga um breytingu á þeirri fjárhæð. Til að mæta þessari hækkun að hluta er gerð tillaga um lækkun á óskiptum lið fjárlaga, Söfn, ýmis framlög.

19. brtt. Lagt er til að veittar verði 20 millj. kr. til viðgerða á húsnæði Þjóðskjalasafns. Nú eru sjö ár liðin frá því að Þjóðskjalasafn flutti starfsemi sína að hluta að Laugavegi 162 og eru húsakynni safnsins þar nú fullnýtt en ekki hefur verið gengið frá geymslum safnsins né búnaði í þær. Framlagið er einkum ætlað til viðhalds utan húss og að koma í veg fyrir varanlegar skemmdir og dýrar viðgerðir síðar. Auk þess verði lögð áhersla á að tryggja örugga geymslu þeirra gagna sem þar eru varðveitt.

20. brtt. Gerð er tillaga um hækkun framlags til Listasafns Sigurjóns Ólafssonar og eins og áður er getið lækkar framlag til óskipts liðar safna, að hluta til vegna hækkunar framlags til byggða- og minjasafna undir fjárlagalið Þjóðminjasafns.

21. brtt. Framlag til æskulýðsmála er hækkað um 5,5 millj. kr. og er m.a. lögð til hækkun til Ungmennafélags Íslands og Bandalags íslenskra skáta. Heildarframlag til æskulýðsmála verður þá 30,5 millj. kr.

22. brtt. Fjárlagaliðurinn Ýmis íþróttamál hækkar alls um 4 millj. kr. Framlag til Íþróttasambands fatlaðra hækkar um eina milljón króna en verkefni sambandsins eru umfangsmikil og kostnaðarsöm. Styrkir til íþróttafélaga hækka um 500 þús. kr. frá fjárlagafrv. og verða 14,5 millj. kr. og mun fjárln. að venju skipta þeirri fjárhæð í samráði við menntmrn. Framlag til Skákskóla Íslands að fjárhæð 2,5 millj. kr. er nú fært á sérlið en framlag til hans hefur verið veitt af safnlið undanfarin ár. Um skólann gilda lög nr. 76/1990 og þótti fjárln. eðlilegra að framlag til hans yrði sýnt í fjárlögum.

23. brtt. Lögð er til hækkun framlags til aðalskrifstofu utanríkisráðuneytisins en búferlaflutningar manna í utanríkisþjónustunni munu verða meiri á næsta ári en gert hafði verið ráð fyrir við gerð fjárlagafrv. og kemur þessi viðbótarfjárveiting aðallega til af þeim sökum.

24. og 25. brtt. Fjárveiting til sendiráðs Íslands í Washington hækkar um 3,5 millj. kr. en í ráði er að selja núverandi skrifstofuhúsnæði sendiráðsins á næsta ári og flytja í leiguhúsnæði og er gert ráð fyrir húsaleigu af þeim sökum. Einnig er lögð til hækkun tækjabúnaðarfjárveitinga sendiráða almennt og verður hún þá 10,3 millj. kr.

26. brtt. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að taka þátt í stuðningi Norðurlandanna við Palestínumenn á hernumdum svæðum Ísraela sem kemur til í framhaldi af friðarsamningum milli Palestínu og Ísraels. Stuðningur Íslands nemur alls 1,3 milljónum Bandaríkjadala og verður greiddur á næstu þremur árum. Á árinu 1994 er gert ráð fyrir að komi til greiðslu 0,5 milljóna dala eða um 36 milljóna íslenskra króna.

27. brtt. Eins og fram kemur í nál. meiri hluta fjárln. er hækkun framlags til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins ætluð til afborgana af lánum vegna framkvæmda við tilraunastöðina á Stóra-Ármóti. Skuldastaða búsins er þannig að á búinu hvíla um 20 millj. kr. í langtímaskuldum og greiðslubyrði er um 2,7 millj. kr. á ári. Gert er ráð fyrir að ríkið komi að hálfu inn í afborganir á móti sunnlenskum bændum.

28. brtt. Framlag til yfirdýralæknis er hækkað um 5,5 m.kr. vegna vaktakerfis dýralækna. Landbrh. skipaði í nóvember 1993 nefnd sem hafði það hlutverk að ganga endanlega frá vaktafyrirkomulagi héraðsdýralækna þannig að greitt yrði að fullu fyrir bakvaktir um helgar og á stórhátíðum í samræmi við bókun með kjarasamningi fjármálaráðherra og Dýralæknafélags Íslands frá 18. maí 1989. Nefndin skilaði áliti í mars sl. á þann veg að til að fullnusta samkomulagið þyrfti fjárveitingu að upphæð 7 millj. kr. á ári. Fyrir er fjárveiting að upphæð 1,5 millj. kr. og er því gerð tillaga um hækkun að fjárhæð 5,5 millj. kr.

29. brtt. Breytingar á fjárlagalið Búnaðarfélags Íslands eru með tvennum hætti. Annars vegar er framlag til Búnaðarfélagsins lækkað um 2 millj. kr. og framlag til héraðsbúnaðarsambanda hækkað um jafnháa upphæð. Með þessari breytingu vill fjárln. leggja áherslu á að verkefni verði færð frá Búnaðarfélaginu til héraðsbúnaðarsambanda. Hins vegar eru teknar fjárhæðir út af viðfangsefnum Búnaðarfélags Íslands og héraðsbúnaðarsambanda sem svarar til greiðslu á uppbótum á lífeyri fyrrum starfsmanna þessara samtaka sem eru aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og færðar á sérstakt viðfangsefni merkt Uppbætur á lífeyri. Fjárln. hefur lagt til hækkanir á framlögum til þessara aðila vegna lífeyrisskuldbindinga í fjárlögum og fjáraukalögum á undanförnum árum og telur rétt að sérmerkja þennan lið.

30. brtt. Tekinn er inn nýr liður Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðið með 5 millj. kr. framlagi. Ráðið var stofnsett í september á árinu 1992 með þátttöku Íslands. Hins vegar láðist að gera ráð fyrir árgjaldinu til ráðsins í fjárlagafrv. Lagt er til að bætt verði úr því við afgreiðslu fjárlaga. Þá er lögð til 5 millj. kr. hækkun á viðfangsefni 132 undir fjárlagalið 190 Ýmis verkefni í sjávarútvegsráðuneyti. Hækkunin er ætluð til kynningar á sjónarmiðum Íslendinga í hvalveiðimálum.

31. brtt. varðar framlag til Fiskifélags Íslands er hækkað um 500 þús. kr. og er ætlað til tæknideildar félagsins.

30.–38. brtt. snerta embætti héraðsdómara. Flest embætti héraðsdómara hækka en laun héraðsdómara hækka samtals um 11 millj. kr. í kjölfar úrskurðar Kjaradóms. Héraðsdómurum voru úrskurðaðar auknar yfirvinnustundir frá því sem nú er.

39. brtt. er um að Landhelgisgæsla Íslands greiði á tímabilinu septemer 1993 til 1. apríl 1994 laun sex skipstjórnarmanna sem stunda nám í varðskipadeild Sjómannaskólans í Reykjavík. Próf frá varðskipadeild veitir réttindi til skipstjórnar á varðskipum og var slík deild síðast hjá Sjómannaskólanum veturinn 1988–1989. Talið er nauðsynlegt að fleiri stýrimenn hjá Landhelgisgæslunni hefðu fullgild réttindi til skipstjórnar á varðskipunum en til að mæta þeim útgjöldum þarf að koma til hækkun framlags um 4 millj. kr. sem hér er gerð tillaga um.

40. brtt. Við vinnslu fjárlagafrv. urðu mistök sem snúa að fyrirhugaðri sameiningu sýslumannsembættanna í Vík og á Hvolsvelli en viðbót við löggæslukostnað sameiginlega embættisins vegna áframhaldandi rekstrar lögreglunnar í Vík féll niður. Kostnaður þessi nemur um 5,3 millj. kr. og er hér gerð tillaga um hækkun til sýslumannsins á Hvolsvelli vegna þessa.

Í 41. brtt. er lögð til 9 millj. kr. hækkun framlags til Hallgrímskirkju en kirkjan skuldar nú opinberum aðilum u.þ.b. 26 millj. kr. Framlagið er ætlað til að greiða 9 millj. kr. skuld við embætti húsameistara ríkisins. Fjárþörf kirkjunnar til áframhaldandi viðgerða og lúkningar á ýmsum byggingaframkvæmdum er mikil þó mikið hafi áunnist.

42. brtt. Leigusamningur svæðisskrifstofunnar í málefnum fatlaðra á Norðurlandi eystra rennur út á næsta ári. Af endurnýjun þessa samnings getur ekki orðið og er hér lögð til hækkun vegna fyrirsjáanlegs aukins húsnæðiskostnaðar. Viðræður hafa átt sér stað milli svæðisskrifstofunnar, fræðsluskrifstofu Norðurlands eystra og Félagsmálastofnunar Akureyrar um samvinnu um húsnæðismál og samnýtingu á aðstöðu og búnaði.

Í 43. brtt. er lagt er til að fjárveiting merkt Alþýðusambandi Íslands undir fjárlagalið 981 Vinnumál í félagsmálaráðuneyti verði felld niður og bætt við viðfangsefnið 190 Ýmislegt undir sama fjárlagalið. Meiri hluti fjárln. telur ekki eðlilegt að sérmerkja einum samtökum aðila vinnumarkaðarins fjárveitingu í fjárlögum heldur verði ráðherra falið að ráðstafa fé til aðila er sinna vinnumálum af óskiptum liðum. Þá vill meiri hluti fjárln. beina þeim tilmælum til ráðherra að af þeim lið verði veitt fé vegna þátttöku aðila vinnumarkaðarins í ráðgjafanefnd EFTA.

44. brtt. fjallar um lífeyristryggingar sem hækka um 25 millj. kr. þar sem tekjutenging á greiðslum ekkjulífeyris er talin gefa 50 millj. kr. lækkun útgjalda í stað 75 millj. kr. eins og gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Í 45. brtt. er lagt er til að sjúkratryggingar lækki um 180 millj. kr. frá áætlun fjárlagafrv. Áætlun fyrir útgjöld sjúkratrygginga á næsta ári hefur verið endurskoðuð á grundvelli greiðslna á yfirstandandi ári. Komið hefur í ljós að útgreiðslur á síðari hluta ársins eru til muna minni en talið var í sumar þegar áætlun fjárlagafrv. var gerð. Í ljósi þessa hefur áætlun næsta árs verið lækkuð um 400 millj. kr. Fallið hefur verið frá útgáfu á heilsukortum á næsta ári sem áttu að skila 400 millj. kr. til sjúkratrygginga. Þess í stað verður gripið

til aðgerða innan sjúkratrygginga sem eiga að lækka útgjöldin um 180 millj. á næsta ári. Þar ber hæst áform um að lækka útgjöld vegna magasárslyfja um 100 millj. kr. Útgjöld sjúkratrygginga vegna slíkra lyfja eru talin nema um 400 millj. kr. í ár. Á grundvelli upplýsinga frá nágrannalöndunum má ætla að með útboðum og magninnkaupum á hjálpartækjum megi lækka þann kostnað um 50 millj. kr. eða sem svarar til um 10%. Þá er talið að með fjölgun hjartaaðgerða innan lands megi lækka erlendan ferða- og sjúkrakostnað sjúklinga um 15 millj. kr. Loks á að herða eftirlit með útgreiðslu sjúkradagpeninga sem á að spara 15 millj. kr. Að öllu samanlögðu lækka útgjöld sjúkratrygginga um 180 millj. kr. frá áætlun fjárlagafrv.

46. brtt. fjallar um Krýsuvíkursamtökin. Framlag til Krýsuvíkursamtaka hefur verið fært hjá landlækni og verið undir eftirliti hans. Gerð er tillaga um að framlag þetta verði 11 millj. kr. á næsta ári. Samtökin reka vist- og meðferðarheimilið í Krýsuvík og reyna að mæta fyrst og fremst þörfum þeirra sem verst eru staddir vegna langvarandi vímuefnaneyslu og þarfnast langtímameðferðar og endurhæfingar.

47. brtt. fjallar um Hollustuvernd og er eingöngu vegna óska um að breyta dreifingu framlaga á viðfangsefni. Heildarframlag til stofnunarinnar breytist ekki.

48. brtt. fjallar endurhæfingarstöð hjarta- og lungnasjúklinga á Akureyri og hækkar vegna aukins rekstrarumfangs.

51.–55. og 68. till. fjalla um framlög til nokkurra sjúkrahúsa sem hækka vegna leikskólarekstur en sem kunnugt er er í fjárlagafrv. gert ráð fyrir að ríkið hætti rekstri leikskóla. Þessi áform hafa ekki gengið eftir og þarf því að koma til hækkun rekstrargjalda. Að hluta til er komið til móts við þessa hækkun með því að lækka rekstrarhagræðingarfé helbrigðisráðuneytisins.

Brtt. merkt 53.b fjallar um sértekjur Ríkisspítala sem lækka þar sem horfið hefur verið frá því að selja hlutabréf í þvottahúsi spítalans. Áætlað söluverð nam um 60 millj. kr. og lækka því sértekjur um samsvarandi fjárhæð.

56. brtt. Við fjárlagaliðinn Sjúkrahús og læknisbústaðir bætist nýr liður sem fær heitið Viðhald starfsmannaíbúða, óskipt. Framlag er 20 millj. kr. en sértekjur hækka um sömu fjárhæð og nettóáhrif því engin. Um næstu áramót verður sú breyting að leigutekjur allra starfsmannaíbúða renna í sameiginlegan sjóð sem standa mun undir rekstri og viðhaldi allra starfsmannaíbúða. Tekjur og gjöld heilsugæslustöðva hafa verið leiðrétt með tilliti til þessarar breytingar.

59. brtt. Í fjárlögum 1993 er 10 millj. kr. framlag til Bláalónsnefndar og er hér gerð tillaga um sambærilega fjárveitingu. Fyrirhugaðar eru frekari rannsóknir á lækningamætti Bláa lónsins og að þær fari fram á næsta ári. Um lokaafgreiðslu er að ræða.

Breytingar á framlagi til vistheimilisins Hlaðgerðarkots er af tvennum toga. Annars vegar er tillaga um 10 millj. kr. hækkun á rekstrarframlagi. Fjárveitingin í fjárlagafrv. var 18 millj. kr. lægri en í fjárlögum yfirstandandi árs. Með þessari hækkun er talið að rekstur heimilisins sé tryggður á næsta ári. Hins vegar er gerð tillaga um 5 millj. kr. framlag til endurbóta á húsnæði fyrir vistmenn. Um er að ræða seinni hluta framlags en í fjárlögum 1993 var veittur 6 millj. kr. styrkur til þessa verkefnis.

63.–66. brtt. eru gerðar að ósk stjórna heilsugæsluumdæma í Reykjavík þar sem um er að ræða nokkrar innbyrðis breytingar milli einstakra heilsugæslustöðva og heilsugæsluumdæma. Ekki er um hækkun á heildarframlögum að ræða.

67. brtt. fjallar um Heilsugæslustöðina á Patreksfirði þar sem rekstrargjöld eru hækkuð um 1 millj. kr. en önnur gjöld voru lækkuð of mikið við tilfærslu á rekstri starfsmannaíbúða frá heilsugæslustöðinni yfir til sérstaks viðhaldssjóðs starfsmannaíbúða.

69.–70. brtt. Leitað er viðbótarfjárheimildar í fjárlögum 1994 til skattframkvæmdar og skatteftirlits og kemur margt til.

Í fyrsta lagi liggur fyrir álit svokallaðrar skattsvikanefndar um eflingu skatteftirlits og skattrannsókna. Í öðru lagi er það mat fjmrn. og embættis ríkisskattstjóra að upptaka tveggja þrepa virðisaukaskatts feli í sér flóknari skattframkvæmd og kalli á aukið eftirlit með framkvæmd og skilum skattsins. Í þriðja lagi hefur fjmrn. unnið greinargerð um skipulag skatteftirlits en meginefni tillagnanna er að marka þurfi skatteftirliti skýran sess í starfi skattstofanna og að fjölga þurfi starfsmönnum við skatteftirlit. Í fjórða lagi hafa aðilar vinnumarkaðarins og samtök opinberra starfsmanna lýst yfir vilja til samráðs og hvatt til eflingar skatteftirlits og aðgerða til að draga úr skattsvikum.

Þær tillögur sem fjárln. gerir um auknar fjárheimildir beinast að þremur þáttum. Gerð er tillaga um 10 millj. kr. hækkun vegna kostnaðar við upptöku tveggja þrepa virðisaukaskatts og er þar um að ræða undirbúnings-, kynningar- og útgáfukostnað og nauðsynlegar breytingar á tölvu- og vinnslubúnaði. Lagt er til að framlag til skatteftirlits hækki um 30 millj. kr. Að lokum eru veittar 12 millj. kr. til embættis skattrannsóknarstjóra ríkisins vegna fjölgunar starfsmanna en fjmrh. ákvað í haust sem leið að fjölga starfsmönnum við embættið. Útgjöld sem af þessu hljótast á þessu ári eru borin af óskiptum lið til skatteftirlits á fjárlögum 1993.

71. brtt. fjallar um framlag til Landsbjargar sem hækkar um 3 millj. kr. en þar af eru 2 millj. sérstaklega ætlaðar Björgunarfélagi Vestmannaeyja.

72. brtt. fjallar um Vegagerð ríkisins. Töluverðar breytingar verða á framlögum til Vegagerðarinnar en heildarhækkun vegna þessa er 345 millj. kr. Við 3. umr. verður gerð tillaga um breytingar á tekjuhlið fjárlagafrv. til að mæta þessum útgjaldaauka. Gert er ráð fyrir að bætt innheimta þungaskatts muni skila um 60 millj. kr. en áformuð 5% hækkun á bensíngjaldi um 285 millj. kr. Verður gerð nánar grein fyrir þessum breytingum við 3. umr. fjárlaga.

Nokkrar breytingar eru gerðar milli liða á fjárlagaliðnum í 73. brtt.

74. brtt. fjallar um hafnamál. Sundurliðun á fjárveitingum er sýnd á þskj. 326. Til ferjubryggja er lögð til 10 millj. kr. hækkun, enn fremur er get ráð fyrir

breytingu á heiti liðarins en það er Ferjubryggjur við Ísafjarðardjúp. Liðurinn Hafnarmannvirki lækkar um 6,7 millj. kr. og liðurinn Hafnarmannvirki (fjármagnskostnaður) Sandgerði lækkar um 3,3 millj. kr. vegna breytinga á vöxtum.

77. og 78. brtt. fjalla um tillögur frá iðnrn. og viðskrn. en þar eru óskir gerðar um tilfærslur milli stofnana sem ekki hafa áhrif til hækkunar og verða ekki raktar nánar hér.

Í 81. brtt. er lögð er til 1,3 millj. kr. hækkun til ýmissa verkefna umhvrn. vegna náttúrustofu á Austurlandi og tekinn er inn nýr liður, Náttúrugripasafn á Vestfjörðum.

Í 82. brtt. er gerð tillaga um að framlag til Landmælinga Íslands hækki um 6 millj. kr. vegna verkefnis við stafræna kortagerð. Kort þessi eru unnin í samvinnu við Landmælingastofnun varnarmálaráðuneytis Bandaríkjanna.

83. brtt. fjallar um sérstakt þjónustugjald í innanlandsflugi. Fyrirhugað var að leggja á sérstakt þjónustugjald í innanlandsflugi en horfið hefur verið frá því. Af þeim sökum lækka sértekjur Veðurstofu Íslands um 10 millj. kr.

Áður en ég lýk við þennan kafla, herra forseti, vil ég koma að einni leiðréttingu á 15. brtt. a-lið, Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. Þar segir að viðfangsefnið 101 Kennsla í dagskóla hækki um 400 þús. kr. en hið rétta er að viðfangsefnið 102 Annað en kennsla á að hækka um þessa upphæð. Vona ég að þetta leiðréttist hér með.

Virðulegi forseti. Þá hef ég lokið yfirferð yfir breytingartillögur á þskj. 326. Til viðbótar við það sem ég hef sagt um einstakar tillögur vil ég taka eftirfarandi fram:

Undanfarin ár hefur verið starfrækt svokallað skíðaval við Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði. Ekki er gerð sérstök tillaga um fjárveitingu til þeirrar starfsemi. Gert er ráð fyrir henni áfram innan fjárhagsramma skólans.

Enn fremur skal þess getið að nefndinni barst erindi frá fyrirtækinu Skeggja hf. sem hefur að undanförnu unnið að fjarvinnsluverkefni fyrir Þjóðminjasafnið. Samkvæmt upplýsingum þjóðminjavarðar er gert ráð fyrir þessari starfsemi áfram á árinu 1994 og rúmast verkefnið innan þess ramma sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv.

Undanfarin ár hefur verið unnið að þýðingu Gamla testamentisins. Gert er ráð fyrir að af fjárlagalið 06-701, Biskup Íslands, verði veitt fé til þýðingarinnar líkt og á þessu ári.

Árið 1987 var gerður samningur milli heilbr.- og trn., fjmrn. og heimamanna um framkvæmdir við bygginguDvalarheimilis aldraðra á Sauðárkróki. Kostnaður við bygginguna hefur orðið nokkru hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Til þess að hægt sé að ljúka við verkið þarf því auknar fjárveitingar, 6,5 milljónir króna samkvæmt áætlun. Heilbrrh. mun beita sér fyrir því að fram fari endurskoðun á samningi um byggingu Dvalarheimilis aldraðra á Sauðárkróki þar sem gert verði ráð fyrir að framkvæmdir eigi sér stað á árinu 1994 og að til þeirra fáist fjárveitingar á fjárlögum árið 1995 þannig að starfsemin megi hefjast.

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir hönd nefndarinnar þakka starfsmanni nefndarinnar, Sigurði Rúnari Sigurjónssyni, fyrir frábært samstarf og mikla eljusemi. Einnig vil ég þakka Halldóri Árnasyni, starfsmanni fjmrn. sérstaklega gott samstarf. Þá hefur nefndin notið góðrar liðveislu starfsfólks Ríkisendurskoðunar og fjmrn. Einnig ber að færa starfsfólki Alþingis þakkir og þá ekki síst því fólki sem starfar í Austurstræti 14 sem lagt hefur sig í líma við að greiða götu okkar.

Ég flyt öllum samnefndarmönnum mínum þakkir fyrir gott samstarf og umburðarlyndi en allir hafa þeir lagt sig fram um að störf nefndarinnar gætu gengið sem greiðast.

Eins og ég gat um hér að framan er ýmsum málum vísað til 3. umr. Fyrir þá umræðu verður að taka ýmsar ákvarðanir sem styrkja fjárlagafrv. Þá verða eflaust ýmsar óvinsælar ákvarðanir teknar. Það er nú einu sinni svo að fleira þarf að gera en gott þykir, ekki síst við aðstæður sem nú ríkja í samfélagi okkar.

Virðulegi forseti. Halldór Laxness ritar í Innansveitarkroníku sinni, með leyfi forseta: „Því hefur verið haldið fram að Íslendingar beygi sig lítt fyrir skynsmlegum rökum, fjármunarökum varla heldur, og þó enn síður fyrir rökum trúarinnar, en leysi vandræði sín með því að stunda orðhengilshátt og deila um tittlingaskít sem ekki kemur málinu við, en verði skelfingu lostnir og setji hljóða hvenær sem komið er að kjarna máls."

Víst er það svo að oft birtist hin pólitíska umræða í þeirri mynd sem nóbelsskáldið lýsir svo kostulega í tilvitnuðum orðum hér á undan. Orðhengilsháttur og eins og Laxness orðar það, tittlingaskítur, skyggja gjarnan á skynsamleg rök og kjarna máls. Það er von mín að lýsingar úr Innansveitarkroníkunni muni ekki eiga við um þær umræður sem fara munu fram um fjárlög ríkisins.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1994, 1. mál, brtt. ISG o.fl., þskj. 335; brtt. HÁ o.fl., þskj. 336; brtt. JHelg og GÁ, þskj. 337.

[11:49]

Frsm. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta fjárln. fyrir frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 sem hér er til 2. umr. Fjárln. hefur, eins og fram kom hjá hv. formanni nefndarinnar, einkum fjallað um útgjaldaliði frv. en þar eru þó ýmsir stórir póstar óræddir enn þá eins og sjúkrahúsin í Reykjavík. Við 1. umr. um frv. lýsti minni hluta fjárln. þeirri skoðun sinni að frv. væri ekki marktækt. Þessi minni hluti sem er sá sami nú og fyrir ári síðan lýsti sömu skoðun við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993 og spáði þá að halli ríkissjóðs yrði miklu hærri en fjárlög gerðu ráð fyrir. Þetta reyndust orð að sönnu og ekki trúi ég því að þeim verði mótmælt nú. Samanlagður halli áranna 1992 og 1993 stefnir í að verða yfir 20 milljarðar kr. og bróðurparturinn af þeirri upphæð er halli þessa árs. Frv. sem hér

er lagt fram felur í sér minnst 10 milljarða kr. halla, líklega meira. Ef ríkisstjórnin heldur uppteknum hætti við stjórn ríkisfjármála má ætla að þær hallatölur sem við komum til með að sjá á næsta ári verði miklu, miklu hærri en þær sem ráð er fyrir gert.

Þessi ríkisstjórn, sem lýsti því yfir í upphafi ferils síns að fjármál ríkisins ættu að vera komin í jafnvægi árið 1993, leggur nú fram frv. með hærri hallatölu en sést hefur og orðið jafnvægi hefur greinilega fengið nýja merkingu og áður óþekkta. Ég býst við að flestir hafi skilið ríkisstjórnina á sínum tíma þannig að stefnt væri að jafnvægi tekna og útgjalda. Hugtakið jafnvægi í ríkisfjármálum hefur hins vegar þessa nýju merkingu og nú þýðir það jafnvægi í halla. Það er leitast við að halda stöðugum eða vaxandi halla á ríkissjóði.

Á þessu fjárlagaári stefnir hallinn í 13 milljarða kr. og frv. næsta árs er lagt fram með 10 milljarða kr. halla, líklega mesta halla eins og ég sagði áðan sem nokkurn tímann hefur verið gert ráð fyrir við afgreiðslu fjárlaga. Og því miður eru ýmis teikn á lofti sem benda til að hallinn geti orðið enn meiri þegar upp verður staðið. Við fulltrúar minni hlutans í fjárln. sjálfum ekki betur en að framlög til heilbrigðismála séu t.d. verulega vanáætluð. Það getur munað rúmum milljarði króna. Sama er að segja um framlög til Atvinnuleysistryggingasjóðs, þau eru áreiðanlega vanáætluð. Þessi tvö atriði ein nægja til að auka hallan um tæplega 2 milljarða kr. frá því sem gert er ráð fyrir í frv. Á móti þessu kemur hins vegar, eins og við sýnum fram á í nefndaráliti okkar, að aukinn hagvöxtur og vaxtalækkun umfram það sem sett er fram í spá Þjóðhagsstofnunar og umfram forsendur fjárlaga gæti dregið úr halla ríkissjóðs. Beri ríkisstjórnin gæfu til að auka hagvöxt með aðgerðum sínum og halda vöxtum niðri þá kemur það til frádráttar hallanum.

Þetta frv. til fjárlaga sem hér er til umræðu bendir þó ekki til að það gangi eftir. Fjárfestingar á vegum ríkisins metnar sem hlutfall af landsframleiðslu hafa t.d. verið 15,5% sem er sögulegt lágmark. Fjárfesting er of lítil til að bera uppi aukinn hagvöxt og án vaxandi hagvaxtar er óraunhæft að búast við bata á vinnumarkaði. Skynsamlegra hefði verið hjá ríkisstjórninni að beita öllum tiltækum ráðum til að auka framlög til hagkvæmra fjárfestinga en að draga úr þeim eins og gert er ráð fyrir í frv. Það skal þó viðurkennt að hallarekstur ríkissjóðs á undanförnum árum og áratugum, hvort sem er í góðæri eða á samdráttarskeiði hefur þrengt það svigrúm sem er í ríkisfjármálum til að hamla gegn samdrætti. Svigrúmið er þó til staðar og það er hægt að draga úr atvinnuleysi án þess að auka halla ríkissjóði. Það má gera með því að breyta samsetningu ríkisútgjalda, leggja meiri áherslu á viðhald og vinnuaflsfrekar framkvæmdir en draga úr rekstrarútgjöldum í ríkiskerfinu sjálfu. Til að svo megi verða þarf að leggja meiri vinnu í fjárlagagerðina en nú er gert og byggja frv. upp með öðrum hætti.

Sú leið sem valin hefur verið á undanförnum árum að láta einstök fagráðuneyti um fjárlagatillögurnar og átti að skila okkur raunhæfari tillögum hefur ekki skilað þeim árangri sem við var búist. Það sést m.a. á því að halli ríkissjóðs vex ár frá ári og tilhneiging fagráðuneyta til að passa „sínar stofnanir" hefur í mörgum tilfellum orðið skynseminni yfirsterkari. Það gengur heldur ekki að fagráðuneyti gangi frá fjárlagatillögum í sambandi við stofnanir sínar en vísi síðan ábyrgðinni af því hvernig tiltekst á aðra. Mér finnst eðlilegt að þingið kalli viðkomandi fagráðherra til ábyrgðar ef fjárlagatillögur og ákvarðanir standast ekki. Reyndin er hins vegar sú að flestum tilfellum er fjmrn. kennt um mistökin. Á þessu eru þó undantekningar. Heilbrrh. hæstv. er t.d. ávallt kallaður til þegar rætt er um fjárveitingar til heilbrigðiskerfisins. Og mistökin heimfærð í ráðuneyti hans. Þannig ætti þetta að sjálfsögðu að vera með öll fagráðuneytin á meðan við búum við þessi svokölluðu rammafjárlög. Rammahugsunin sem átti að leiða til þess að faglega yrði tekið á óskum um fjárframlög hefur snúist upp í andhverfu sína. Nú eru það ekki einungis stofnanir sem reyna allt hvað þær geta til að halda í sína gömlu ramma eða auka þá heldur er einnig augljós tilhneiging ráðuneyta til að halda sem stærstum ramma og tapa helst engu frá fyrra ári. Engu máli virðist skipta þó stórum fjárfrekum verkefnum ljúki eða augljósar áherslubreytingar verði í þjóðfélaginu sem krefjist flutninga á fjármagni milli málaflokka, keppikefli ráðuneytanna er að halda sínum hlut gagnvart öðrum ráðuneytum. Hætt er við að á meðan slíkur hugsanagangur viðgengst verði lítið úr hagræðingu eða nauðsynlegri sameiningu stofnana. Það er reyndar svolítið spaugilegt að hlusta á það að fái einn ráðherra hækkun á sínum ramma þá verði aðrir að fá hið sama. Þannig kemur umræðan iðulega fyrir sjónir.

Oft hefur verið rætt um nauðsyn þess að sameina og endurskipuleggja ríkisstofnanir og starfsemi þeirra. Heldur fer þó lítið fyrir framkvæmdum nema þá helst í heilbrigðiskerfinu þar sem allir stjórnarliðar virðast vera sammála um nauðsyn þess að skera niður og endurskipuleggja. Hvað með aðrar stofnanir? Ríkisendurskoðun hefur t.d. lagt til sameiningu og endurskipulagningu Skógræktar ríkisins og Landgræðslu ríkisins og hvað með sameiningu Landmælinga ríkisins og embætti skipulagsstjóra ríkisins? Ég sé fátt sem er því til fyrirstöðu að ráðast í þessar sameiningar, alla vega ekkert sem ekki má stíga yfir. Ég er hins vegar sannfærð um að rammafjárlög koma í veg fyrir að þessir kostir verði skoðaðir af alvöru. Enginn vill missa spón úr sínum aski. Það er einnig varhugavert og dregur úr þeim árangri sem hægt er að ná með rammafjárlögum að framkvæmdarvaldið vinnur í mörgum tilvikum eftir öðrum verklagsreglum en löggjafinn.

Að síðustu um rammafjárlög þá virðist mér að framkvæmd þeirra hafi verið með þeim hætti að þau hafi komið í veg fyrir nauðsynlega endurskoðun á uppbyggingu fjárlaga. Sú vinna hefði átt að fara fram áður en fagráðuneytin fengu sína ramma. Það hefði átt að kryfja hverja stofnun til mergjar, alla vega þær fjárfrekustu, og helstu þætti ríkisútgjalda áður en römmum var úthlutað. Slík úttekt þyrfti að vera bæði bókhaldsleg og á stjórnsýslulegum grunni. Réttur grunn-

ur að rammafjárlögum er mjög mikilvægur og forsenda þess að markmið slíkrar fjárlagagerðar náist. Niðurstaða fjárlaga síðustu ára sýnir svo ekki verður um villst að þessi mikilvægi grunnur er ekki til og þess vegna ekki hægt að gera raunhæfar áætlanir.

Tekjuhlið frv. til fjárlaga er samkvæmt venju látin bíða 3. umr. Ég get þó ekki látið hjá líða að nefna hana aðeins. Nýlega kom fram í upplýsingum frá fjmrn. að þessi ríkisstjórn hefði með tveim síðustu fjárlögum hækkað skatta um 2,7 milljarða kr. á verðlagi ársins 1994. Um leið var sagt frá því að síðasta ríkisstjórn hafi í sinni tíð hækkað skatta um rúma 10 milljarða miðað við sama verðlag. Þetta eru áreiðanlega réttar upplýsingar frá fjmrn. svo langt sem þær ná. Síðasta ríkisstjórn dró ekki dul á sínar skattahækkanir heldur taldi þær bráðnauðsynlegar til að bæta ástand ríkisfjármála. Sjálfstfl. taldi þær hins vegar með öllu ónauðsynlegar og lofaði alþjóð skattalækkun kæmist flokkurinn í ríkisstjórn. En hvað gerist svo? Sjálfstfl. hefur bætt um betur þvert á eigin stefnu og þar með viðurkennt réttmæti þess sem gert var í tíð síðustu ríkisstjórnar.

Fjmrn. segir að núv. ríkisstjórn hafi hækkað skatta um 2,7 milljarða kr. á verðlagi ársins 1994 með tveimur síðustu fjárlögum. Þessi tala segir ekki alla söguna eins og alþjóð veit. Í þessari tölu er ekki reiknað með felusköttunum svokölluðu. Það er alveg ljóst að sértekjur stofnana verða sífellt stærri hluti af rekstrartekjum þeirra. Og hlutur þjónustugjalda í sértekjum vex þar mest, þ.e. hlutur sölu á vöru og þjónustu, þessi umtöluðu þjónustugjöld. Hlutur þjónustugjalda hefur vaxið mest í heilbrigðisgeiranum á síðustu fimm árum eða sem nemur miðað við fast verðlag 175,8%. Samkvæmt ríkisreikningi ársins 1992 innheimti heilbrigðiskerfið 2.733 millj. kr. það ár borið saman við 1.516 millj. kr. árið 1990, hækkunin er 80,3% á tveimur árum. Þegar tölur sem þessar eru skoðaðar og aukningin borin saman við þann sparnað sem náðst hefur í heildarútgjöldum heilbrigðiskerfisins þá veltir maður því fyrir sér hversu stórt hlutfall af þessum sparnaði hefur náðst með því að þyngja skattbyrði almennings í landinu. Þjónustugjöldin eru ekkert annað en hrein skattlagning sérstaklega þegar um er að ræða gjöld af veittri þjónustu sem ekki er hægt að vera án eins og er með heilbrigðisþjónustuna, valið er ekki neitt. Heildarsértekjur ríkisstofnana voru árið 1990 miðað við fast verðlag 8.634 millj. kr. en 10.124 millj. kr. árið 1992. Aukning sértekna miðað við fast verðlag frá árinu 1988 til 1992 er 32,9% en á árinu 1988 námu þær 7.616 millj. kr. Þetta eru ógnvænlegar tölur. Árið 1992 voru tekjur af seldri vöru og þjónustu 5.072 millj. kr. sem er 50% allra sértekna það ár. Seld vara og þjónusta var hins vegar 3.688 millj. kr. árið 1990. Hækkun tekna af seldri vöru og þjónustu frá árinu 1990 til 1992 er því um 35,9%.

Skoðum breytinguna 1988–1992. Árið 1988 gáfu þessi þjónustugjöld 3 milljarða kr. samanborið við 5 milljarða árið 1992. Aukningin er 69%. Þjónustugjöld voru aukin í fjárlögum þessa árs og enn er aukningin í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994. Það er alveg augljóst að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ekki aðeins aukið verulega viðurkennda skattheimtu, hún mætir í vaxandi mæli útgjöldum sem áður voru greidd úr sameiginlegum sjóðum landsmanna með aukaskattheimtu í formi þjónustugjalda. Sömu tilhneigingar hefur gætt gagnvart sveitarfélögunum, til þeirra eru færð aukin verkefni og þeim skal mæta með aukinni skattheimtu á einstaklinga. Skattar á fyrirtæki hafa að verulegu verið felldir niður eins og aðstöðugjaldið er skýrt dæmi um en þess í stað hafa þeir verið lagðir á einstaklinga. Hér hefur eingöngu verið um tilfærslu að ræða frá fyrirtækjum til fólks. Um leið og allar þessar auknu álögur hafa orðið að veruleika hafa skattleysismörkin lækkað verulega en skattleysismörkin koma þeim helst til góða sem lægstar hafa tekjurnar. Í raun eru engin skattleysismörk í þjónustugjöldum og fyrir þeirri skattheimtu eru allir jafnir. Þar er engin frádráttur fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar og erfiðast eiga. Það er því vont til þess að hugsa að ríkisvaldið skuli sjá sér hag í því að fjármagna sem stærstan hluta af rekstri ríkisstofnana með þjónustugjöldum.

Annað sem kemur á óvart þegar skoðaðar eru skatttekjur ríkissjóðs á undanförnum árum er hversu gífurlegur samdráttur er í innheimtu virðisaukaskatts og einnig ef borið er saman við innheimtu söluskatts. Ef miðað er við verðlagstölur fyrir árið 1994 þarf að fara aftur til ársins 1986 til að fara lægra í innheimtu en gert er ráð fyrir í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994. Hæstu tekjur á þessum lið fengust árið 1988 eða 48,6 milljarðar kr. Eftir það og eftir að virðisaukaskattur kom að fullu í stað söluskatts hefur innheimtan dregist saman.

Árið 1994 er gert ráð fyrir að virðisaukinn skili 37,9 milljörðum kr. sem er rúmum 10 milljörðum lægri upphæð en innheimt var árið 1988 á föstu verðlagi. Þessi mikli munur skýrist ekki að fullu af lækkun matarskatts né af almennum samdrætti í þjóðarbúskapnum.

Árið 1988 var innheimtan 11,5% af vergri landsframleiðslu, árið 1991 var hún 11%, í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 er gert ráð fyrir að innheimtan verði aðeins 9,7% af vergri landsframleiðslu. Í ár er áætluð innheimta 10,3%. Mismunurinn á þessu ári og áætlun fyrir árið 1994 skýrist af fyrirhugaðri lækkun á matarskatti. Þessar tölur benda ótvírætt til þess að misbrestur hafi orðið á því að virðisaukaskatturinn hafi skilað því sem til var ætlast. Á því þarf að taka en það er ekki gert í þessu frv.

Þær eru ansi margar spurningarnar um tekjuhlið frv. sem þarf að svara fyrir 3. umr. Textinn í frv. er afar óskýr þegar kemur að tekjunum. Ég læt eitt dæmi nægja þar um. Á bls. 270 í frv. er gert ráð fyrir hækkun tekjuskatts einstaklinga frá áætlun fyrir árið 1993 um 1.700 millj. kr. Á bls. 271 er gerð tilraun til að útskýra þessa hækkun á tekjuskatti einstaklinga. Sá kafli er í stuttu máli sagt alveg óskiljanlegur. Þar segir að meginástæðan fyrir þessari miklu hækkun sé fyrirhuguð breyting á tekjustofnum sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að útsvar sveitarfélaga hækki um 1,5% að meðaltali á næsta ári en tekjuskattur ríkisins lækki í sama hlutfalli. Einnig að skattur á skrifstofu- og verslunar-

húsnæði verði felldur niður sem lækki tekjur ríkissjóðs. Þessir tveir póstar til lækkunar á tekjuskatti eru síðan taldir skýra þá hækkun sem fram kemur í frv. og nemur 1.700 millj. kr. Vafalaust eru skýringar á hækkuninni augljósar höfundum frv. en þær eru það alls ekki í greinargerð frv.

Meðal þeirra spurninga sem svara þarf fyrir 3. umr. eru þessar að mati okkar minnihlutamanna í fjárln. Alþingis:

Í fyrsta lagi. Hvaða áhrif hefur aukin skattheimta á árinu 1994 á ráðstöfunartekjur einstaklinga? Hvaða áhrif hefur það á veltu í landinu?

Í öðru lagi. Hvað hækkar jaðarskattur vísitölufjölskyldunnar mikið á næsta ári?

Í þriðja lagi. Það er lagt til að hámarksprósenta útsvars verði 9,2% í stað 7,5%. Hve mörg sveitarfélög hafa tilkynnt útsvarsprósentu á næsta ári? Og hver verður hún í stærstu sveitarfélögunum sem mest áhrif hefur?

Í fjórða lagi. Hvaða breytingar hafa verið gerðar á staðgreiðslukerfinu, upptöku þess árið 1988, bæði hvað varðar skattprósentu og einstaka bóta- og frádráttarliði, persónuafslátt og hvað er talið að þær hafi skert ráðstöfunartekjur vísitölufjölskyldunnar miðað við forsendur fjárlagafrv. 1994?

Í fimmta lagi. Hvernig hafa veltutölur virðisaukaskatts í helstu atvinnugreinum breyst frá árinu 1990 til ársins 1993 og hver er velta sömu atvinnugreina áætluð í frv. 1994?

Í sjötta lagi. Hvernig hafa undanþágur og endurgreiðslur í virðisaukaskattskerfinu þróast og breyst frá árinu 1990 til 1994? Hver hafa áhrifin verið á tekjur ríkissjóðs.

Í sjöunda lagi þurfum við að fá upplýsingar um áhrif launabreytinga, t.d. aukið atvinnuleysi umfram forsendur fjárlaga á tekjuskatt og tryggingagjald í fjárhæðum. Við þurfum að fá upplýsingar um áhrif veltubreytinga og breytingu á innheimtuhlutfalli á tekjur af virðisaukaskatti í fjárhæðum.

Í þjóðhagsáætlun sem lögð var til grundvallar við gerð fjárlagafrv. var gert ráð fyrir 0,5% vexti landsframleiðslu á þessu ári og viðskiptahalla sem nemur 1,4% af landsframleiðslu. Þær fréttir sem hafa verið að berast að undanförnu benda hins vegar til þess að hagvöxtur verði meiri og viðskiptahallinn minni. Má telja að þorskaflinn í Smugunni sé þegar orðinn 9 þús. tonn. Sú aukning bætir viðskiptajöfnuð um 400 millj. kr., eykur sjávarafurðaframleiðslu um 1,3% og landsframleiðslu um a.m.k. 0,22%. Þessu til viðbótar bendir tiltölulega hagstæð útkoma vöruskiptajafnaðar til og með október til þess að útflutningstekjur geti orðið meiri og viðskiptahallinn verði minni en þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Auk þess má benda á að afgangur varð á viðskiptajöfnuði fyrstu þrjá ársfjórðunga ársins og verður að fara aftur til ársins 1986 til að finna svipaða stöðu.

Þessi þróun vekur spurningar um hvort spáin fyrir árið 1994 sé of svartsýn. Samdráttur í þorskafla á þessu fiskveiðiári þarf ekki einungis að koma fram í samdrætti útflutningstekna og landsframleiðslu. Reynslan í ár sýnir að mögulegt er að auka aðrar veiðar og gæti það gerst í ríkari mæli en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Ef lækkun raunvaxta um 2% næst má líka búast við að það stuðli að auknum umsvifum í atvinnulífinu og þar með að auknum þjóðartekjum.

Til þess að svo geti orðið verður þó að mati minni hlutans að grípa til ýmissa ráðstafana. Þess sjást því miður engin merki í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Ef hagvöxtur verður meiri í ár og á næsta ári en gert er ráð fyrir í þjóðhagsáætlun og í forsendum fjárlaga ætti halli ríkissjóðs einnig að verða minni að öllu öðru óbreyttu eins og ég vék að í upphafi ræðu minnar. Vaxtalækkunin dregur einnig sjálfkrafa úr halla ríkissjóðs. Í þessu ljósi er enn óásættanlegra en ella að afgreiða fjárlög með 10 milljarða kr. halla, líklega mesta halla á afgreiddum fjárlögum sem dæmi eru um á síðustu áratugum.

Samkvæmt skýrslu Seðlabankans, Peningar, gengi og greiðslujöfnuður, sem kom út 11. nóv. munu erlendar skuldir aukast verulega á þessu og næsta ári í hlutfalli við landsframleiðslu eða útflutningstekjur. Hreinar erlendar skuldir verða rúm 60% af landsframleiðslu á næsta ári, ef svo fer fram eins og gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. og áformum ríkisstjórnarinnar, en á árunum 1990–1991 var þetta hlutfall um 46%. Aukningin í hlutfalli við útflutningstekjur er jafnvel enn hrikalegri. Hreinar erlendar skuldir munu nema um 175% af útflutningstekjum á næsta ári, ef svo fer sem horfir, en voru um 130% á árinu 1990. Samanburðurinn við útflutningstekjur er jafnvel enn mikilvægari en samanburðurinn við landsframleiðslu því það er með útflutningstekjunum sem við verðum að greiða vexti og afborganir af erlendum skuldum.

Ríkisstjórnin hefur verið að hreykja sér af því að erlendar skuldir aukist ekki að raungildi á þessu ári. Það er í sjálfu sér rétt að þær munu í ár aukast minna en nemur verðbólgu í nágrannalöndunum. Það er þó engin ástæða til þess að ýta undir andvaraleysi gagnvart erlendum skuldum af þessum sökum, eins og ríkisstjórnin virðist gera til að grípa í hálmstrá á erfiðum tímum. Hækkun hlutfalls skulda af útflutningstekjum er jafnalvarleg fyrir það, nema að full vissa sé fyrir því að útflutningstekjur hækki mjög fljótlega þannig að hlutfallið leiti í fyrra horf. Slík vissa er ekki til og ekkert í tillögum ríkisstjórnarinnar gefur tilefni til bjartsýni í þessum efnum.

Við búum nú við meira atvinnuleysi en þekkst hefur um langt árabil og allt útlit er fyrir að atvinnuleysi fari vaxandi. Á næsta ári mun enn draga úr fiskveiðum ef gildandi úthlutun verður látin ráða. Afleiðingar af samdrættinum eru ekki enn komnar fram og hafa ekki enn haft teljandi áhrif á atvinnustigið í landinu. Ljóst má vera að á næsta ári stefnir í aukið atvinnuleysi grípi stjórnvöld ekki til róttækra aðgerða og beiti öllum tiltækum ráðum til að efla og styrkja atvinnulífið. Nú er svo komið að atvinnuleysi er farið að hafa veruleg þjóðfélagsleg áhrif. Álagið í heilbrigðisþjónustunni hefur tvímælalaust farið vaxandi af þessum sökum og félagsleg vandamál hvers konar blasa við okkur. Fjárlög yfirstandandi árs gerðu ráð fyrir að at-

vinnuleysi á árinu yrði að meðaltali um 3%. Nú er allt útlit fyrir að það verði a.m.k. 4,5–5% og hefur það leitt til verulegs útgjaldaauka fyrir ríkissjóð. Fjárveitingar til Atvinnuleysistryggingasjóðs eru því hækkaðar í fjáraukalögum fyrir árið 1993 um 1,2 millj. kr. Á næsta ári má gera ráð fyrir að atvinnuleysi verði meira svo sem áður er sagt og má því telja ljóst að enn þurfi að veita fjármuni til að styrkja stöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs. Að mati minni hlutans er þeirri fjárþörf ekki mætt að fullu í frv. til fjárlaga fyrir 1994 og við höfum heldur ekki séð aðrar tillögur þar um.

Aðilar vinnumarkaðarins hafa mjög lagt að ríkisstjórninni að grípa til aðgerða til þess að tryggja og treysta atvinnu. Í tengslum við undirskrift kjarasamninga voru gefin loforð um það að verja auknum fjármunum til atvinnuskapandi aðgerða. Nokkur ágreiningur hefur orðið um það hvernig að þeim málum var staðið á síðastliðnu sumri. Stjórnarandstaðan hefur talið að þegar ákvarðanir um einstök verkefni voru teknar hefði átt að taka meira tillit til hvaða framkvæmdir voru á undirbúningsstigi svo hefja mætti vinnu þá þegar. Jafnframt hefði átt að veita aukna fjármuni á þau svæði þar sem atvinnuástandið var verst. Nú hefur komið í ljós að einungis hluti af þeim fjármunum sem verja átti til eflingar atvinnulífi hefur nýst á þessu ári. Einnig hefði þurft að hafa enn betur í huga að þessir fjármunir nýttust til nýrra verkefna sem sköpuðu atvinnu á næstu árum en ekki aðeins til þess að leysa tímabundinn vanda.

Alþýðusambandið hefur haldið því fram að ekki hafi að fullu verið staðið við gefin fyrirheit um fjárveitingar til verklegra framkvæmda af ýmsum toga í fjárlögum, fjáraukalögum og í fjárlagafrv. fyrir næsta ár. Miklar umræður hafa þó farið fram milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins að undanförnu og varð það niðurstaða við framlengingu kjarasamninga nú á haustmánuðum að nokkurn veginn hafi verið staðið við fyrirheitin en í því efni séu vafaatriði og sumir þættir óljósir. Má þar til dæmis nefna að ríkisstjórnin vísar til væntanlegra framkvæmda við jarðgöng undir Hvalfjörð sem eru á vegum einkaaðila og á þessu stigi alveg óljóst hvað verður um. Í öðru lagi vísar ríkisstjórnin á það að sveitarfélögin munu væntanlega á næsta ári halda áfram átaksverkefnum hliðstæðum þeim sem unnið var að í sumar og gætu framkvæmdir af þessu tagi numið allt að 500 millj. kr. Í þriðja lagi má nefna það, sem verður að teljast athyglisverðast, að ríkisstjórnin vísar beinlínis til þess að talsverður hluti af fyrirhuguðum viðbótarframkvæmdum á árinu í ár, líklega um 600 millj. kr., muni ekki koma til framkvæmda eða greiðslu fyrr en á næsta ári. Þar sem þessar greiðslur eru ekki taldar með í fjárlagafrv. telur ríkisstjórnin að bæta megi þeim við þær framkvæmdir sem þar eru ráðgerðar og er þá að áliti stjórnarandstöðunnar einu sinni enn verið að ákveða að verja til framkvæmda fjármunum sem búið er að ráðstafa í fjárlögum fyrra árs. Það sama gerðist á síðastliðnu sumri og þrátt fyrir margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. innan þings og utan um að þær framkvæmdir sem ákveðnar hafa verið á fjárlögum og í fjáraukalögum fyrir 1993 muni ekki í neinu hafa áhrif á framkvæmdastig sem ákveðið er á næsta ári er ekki annað að sjá á þessari yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til aðila vinnumarkaðarins en að verið sé að telja með framkvæmdum næsta árs það sem lofað var að verja til framkvæmda á yfirstandandi ári. Sá grunur læðist að manni að við ákvörðun ríkisstjórnar um það í hvaða framkvæmdir skuli fara í sé skotið inn einni og einni framkvæmd sem ekki á að hefja á því tímabili sem kjarasamningar eru í gildi. Þessi loforð til verkalýðshreyfingarinnar eru því sýnd veiði en ekki gefin. Vinnubrögð af þessu tagi átelur stjórnarandstaðan harðlega og telur að hér sé ríkisstjórnin enn að fara með sjónarspil og blekkingar. Ég er reyndar hissa á því að þeir aðilar sem sömdu við ríkisstjórnina um framlög til atvinnuskapandi aðgerða skuli ekki fylgjast með því hvernig þeir fjármunir nýtast. Ríkisstjórnin hefur þar alræðisvald. Tillögurnar um skiptingu þessa fjármagns koma fullmótaðar til afgreiðslu Alþingis og í krafti meiri hluta ríkisstjórnarinnar hljóta þær líklega samþykki þó ljóst sé að hluti þessara verkefna mun alls ekki koma til framkvæmda á þessu ári og líklega ekki heldur á því næsta.

BSRB hefur þó lagt mikla áherslu á það að fjármunum sé varið til að auka og tryggja atvinnu en hefði viljað sjá meiri áherslu lagða á fjárveitingar til nýsköpunar í atvinnulífinu en til tímabundinna verkefna.

BSRB hefur einnig haldið því fram að við kjarasamninga árið 1992 hafi verið gefin fyrirheit um húsaleigubætur sem ríkisstjórnin hefur ekki enn staðið við. Efndir á þessum fyrirheitum eru engar enn og eru ekki boðaðar með fjárveitingum í fjárlagafrv. fyrir næsta ár.

Af þessu má sjá að full ástæða er til að hafa uppi efasemdir um það að ríkisstjórnin ætli sér að standa við á næsta ári þau fyrirheit sem hún hefur gefið launþegasamtökum og aðilum vinnumarkaðarins í tengslum við nýgerða kjarasamninga.

Í áðurnefndri yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til launanefndar aðila vinnumarkaðarins er sérstaklega getið um það að framkvæmd á eingreiðslum til lífeyrisþega vegna launabóta á næsta ári verði ákveðin í nánu samráði við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila. Þessi yfirlýsing mun vera gefin vegna þess að í fjárlagafrv. er ekki með sama hætti og í ár gert ráð fyrir fjármunum til þess að greiða þessar eingreiðslur, þ.e. orlofsuppbót, desemberuppbót og láglaunabætur til lífeyrisþega. Fjárveiting í frv. nemur aðeins 370 millj. kr. en kostnaður við þessar greiðslur í ár mun nema tæpum 600 millj. kr. Hér vantar því verulega fjármuni.

Sömu sögu er að segja um verðuppbætur og bókanir í tengslum við kjarasamninga kennara. Í frv. eru engar fjárhæðir til þess að mæta þeim breytingum sem kunna að verða í tengslum við þessa samninga á árinu 1994. Áætlaður kostnaðarauki vegna þessara fyrirheita og bókana kann að verða um 100 millj. kr. Í brtt. meiri hlutans við frv. er hins vegar aðeins gert ráð fyrir að bæta þetta með 50 millj. kr. framlagi þannig að annaðhvort er ekki gert ráð fyrir að standa við þessi ákvæði kjarasamninganna eða að stjórnendum skólanna ætlað að grípa til enn frekari niðurskurðar.

Þetta verður að teljast algerlega óviðunandi og ótrúlegt að aðilar vinnumarkaðarins geti gætt sig við að þannig sé farið með hina ýmsu þætti í fjárlögum sem tengjast nýgerðum kjarasamningum.

Einn áhrifaríkasti þátturinn í efnahagsstefnunni og sá sem hefur e.t.v. mest áhrif á þróun efnahagsmála er þróun vaxta. Vaxtastefna ríkisstjórnarinnar hefur verið mjög mikið gagnrýnd allt frá því að þessi ríkisstjórn tók við völdum en eitt af hennar fyrstu verkefnum var veruleg hækkun vaxta á ríkisverðbréfum sem leiddi til þess að vextir hækkuðu um allt að þriðjung. Stjórnarandstaðan hefur hvað eftir annað lagt hart að ríkisstjórninni að grípa til allra tiltækra ráða til þess að knýja fram vaxtalækkun. Einnig hefur krafan um vaxtalækkun verið mjög áberandi af hálfu aðila vinnumarkaðarins, bæði launþega og vinnuveitenda, og hefur það hvað eftir annað komið fram í viðræðum þessara aðila við ríkisvaldið, t.d. í tengslum við kjarasamninga.

Fyrir nokkrum dögum greip ríkisstjórnin loks til þess ráðs, knúin af fyrrgreindum aðilum, stjórnarandstöðu í umræðu á þingi og aðilum vinnumarkaðarins, að lækka vexti með aðgerðum sem ávallt hefur verið haldið fram að ríkisstjórnin gæti beitt, þ.e. með því að *ákveða vaxtastig á ríkisverðbréfum og með því að* knýja á Seðlabankann að grípa til ráðastafana sem gætu haft áhrif á vaxtaþróun í bankakerfinu. Þessar aðferðir hafa sumir kallað handaflsaðgerðir en aðrir kjósa að tala um handleiðslu og má einu gilda hvort heldur er. Aðalatriðið er það að stjórnvöld sáu sig loks neydd til þess að grípa inn í þróun mála og hefði það sannarlega mátt vera fyrr.

Vaxtastigið hefur lækkað nokkuð við þessar aðgerðir, einkum þó á verðbréfum ríkissjóðs, og voru miklar væntingar við það bundnar að sú þróun mundi einnig ná til vaxta í bankakerfinu.

Nú eru hins vegar ýmsar blikur á lofti hvað þetta varðar og má telja nánast sýnt að þessi vaxtalækkun verði skammvinn eða að minnsta kosti að hún hafi ekki þau áhrif sem til var ætlast á vaxtaþróun í landinu. Verður því að beita öllum tiltækum ráðum til þess að vextir lækki á öllum sviðum.

Á síðasta vaxtaákvörðunardegi kom í ljós að bankarnir töldu sig ekki hafa frekara svigrúm til vaxtalækkunar og lítur þá út fyrir að raunávöxtun á óverðtryggðum lánum sé á bilinu 12–16%. Þetta verður að teljast algjörlega óviðunandi og ljóst að nafnvextir útlána í bankakerfinu eru ekki í samræmi við þau markaðskjör sem nú gilda, t.d. á ríkisverðbréfunum.

En það er víðar en í bankakerfinu sem vaxtaþróunin virðist vera með öðrum hætti en ríkisstjórnin hefur haldið fram eftir þær aðgerðir sem hún greip til um *mánaðamótin október/nóvember. Í nýlegu skuldabréfa*útboði Húsnæðisstofnunar ríkisins kemur í ljós að stærstu fjárfestarnir eru ekki tilbúnir til þess að sætta sig við það vaxtastig sem boðið er upp á og krefjast hærri raunávöxtunar en þar var miðað við.

Sömu sögu virðist mega segja varðandi þróun hjá Iðnþróunarsjóði og Iðnlánasjóði en þar eru vextir enn þá mjög háir og hafa ekki lækkað í samræmi við þá vaxtalækkun sem hefur orðið á verðbréfaþingi og á ríkisverðbréfum að undanförnu. Þar er lækkunin aðeins um 0,5% og raunvextir því enn þá mjög háir hjá þessum sjóðum. Þetta sýnir aðeins og sannar það sem stjórnarandstaðan hefur margsinnis haldið fram að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar er kolröng. Það eitt að grípa til aðgerða sem áttu að leiða til vaxtalækkunar til lengri tíma nægir ekki nema samræmdar efnahagsaðgerðir fylgi í kjölfarið og fjármunum verði varið til þess að efla þróunar-, rannsókna- og markaðsstarfsemi. Slíkar aðgerðir hefðu orðið til þess að auka bjartsýni, áræðni og þor fyrirtækja, félagasamtaka og einstaklinga í landinu. Vissulega hefði mátt vænta þess að *hér væri um að ræða aðgerðir sem hefðu varað til* lengri tíma en nú er útlit fyrir. Vaxtalækkun til skemmri tíma mun hafa lítil áhrif á þróun efnahags- og atvinnumála í landinu á næsta ári.

Einnig er spurning hverjum þessi lækkun vaxta kemur til góða. Mikið hefur verið skrifað og sagt um það hvað fjölskyldurnar mega vera þakklátar fyrir þessa vaxtalækkun. Sérstaklega lágtekjuhóparnir. Það kom mér því á óvart þegar ég sá fyrir stuttu síðan skuldabréf sem fátækur fjölskyldufaðir hafði fengið hjá Landsbanka Íslands þar sem honum var gert að greiða *mun hærri vexti af láninu sem hann tók en þeir vext*ir eru sem kynntir hafa verið eftir vaxtalækkunina. Skýringin sem þessi einstaklingur fékk á þessum háu vöxtum var sú að þar sem greiðslugeta hans væri lítil og veðin ekki nógu trygg þá lenti hann í hærri vaxtaflokki en þeir sem ættu næg veð og hefðu meiri greiðslugetu. Það var sem sé verið að láta hann gjalda fátæktar sinnar. Vaxtalækkunin var ekki fyrir þessa fjölskyldu heldur fyrir þá sem meiri efni hafa. Ég hef áður nefnt þörfina fyrir að tryggja að sú vaxtalækkun sem náðist fram með handafli hæstv. viðskrh. eftir forskrift aðila vinnumarkaðarins verði varanleg. En það þarf ekki síður að tryggja að vaxtalækkunin nýtist þeim fjölskyldum sem minnstar tekjur hafa.

Virðulegi forseti ég ætla ekki að fara ítarlega í einstaka málaflokka eða framlög til einstakra stofnana og ráðuneyta, það munu aðrir fulltrúar minni hluta fjárln. gera hér á eftir.

Þó eru það nokkur atriði í nál. okkar sem ég ætla að minna á. Í fyrsta lagi eru það málefni sem heyra til félagsmálaráðuneytis en þar er gert ráð fyrir að rekstrarútgjöld og tilfærslur hækki um 28% milli ára.

Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga hækkar um 600 millj. kr. Þetta þýðir þó ekki hækkun á rauntekjum sjóðsins því að framlagið er í stað landsútsvars sem fellur niður og afnumin er skerðing til sjóðsins upp á 100 millj. kr. sem var á fjárlögum yfirstandandi árs. Sjóðurinn fékk 250 millj. kr. á fjáraukalögum 1993 til að standa straum af greiðslum til Innheimtustofnunar sveitarfélaga vegna barnsmeðlaga. Ekki er gert ráð fyrir þessari upphæð á fjárlögum fyrir árið 1994 og því borið við að innheimta verði betri en á árinu 1993. Ekkert bendir til þess að straumhvörf verði í þessum efnum. Allt eins er líklegt að þessi viðbótarútgjöld lendi á sveitarfélögunum á næsta ári.

Þar að auki er mjög óskýrt eftir hvaða reglum Jöfn-

unarsjóðurinn á að vinna í framtíðinni eða hvernig tekjujöfunarframlög hans ríma við frumvarp um tekjustofna sveitarfélaga sem liggur fyrir félmn. Alþingis. Frv. um málefni Jöfnunarsjóðsins er í vinnslu og er ekki komið fram. Því er mjög óljóst hvernig Jöfnunarsjóðurinn á að fara að því að standa við skuldbindingar sínar með þeim fjármunum sem honum eru ætlaðir samkvæmt frv.

Gert er ráð fyrir að Framkvæmdasjóður fatlaðra taki þátt í ákveðnum rekstrarverkefnum, svo sem aðstoð við fatlaða sökum félagslegrar hæfingar og endurhæfingar. Kostnaður við þetta er áætlaður 42,2 millj. kr. Sjóðurinn verður fyrir tekjumissi upp á 30 millj. kr. vegna lægri tekjuáætlunar af erfðafjárskatti. Minni hlutinn bendir á þessar lækkuðu tekjur um leið og sjóðurinn fær aukin verkefni án þess að lagst sé gegn þeirri hugmynd að sjóðurinn taki þátt í afmörkuðum rekstrarverkefnum sem geta samrýmst upprunalegu markmiði hans sem er að jafna stöðu fatlaðra og ófatlaðra í landinu.

Einnig er á það bent að málefni Sólheima í Grímsnesi hafa ekki fengið afgreiðslu fjárln. en með bréfi þann 18. okt. 1993 vísar félmrn. þeim til nefndarinnar. Þjónustusamningur hefur ekki verið gerður og málefni stofnunarinnar eru í algerri óvissu með þeim fjárveitingum sem henni eru ætlaðar í frv.

Brunamálastofnun er ætlað að hækka sértekjur um 11,9 millj. króna og Vinnueftirlit ríkisins á að hækka sínar sértekjur um 4,1 millj. og er það í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að innheimta skatta í formi sértekna sem nefnd eru þjónustugjöld.

Húsnæðisstofnun ríkisins er ætlað að spara 24 millj. kr. í rekstri á árinu 1994. Ekki liggur nein áætlun að baki þessari tölu. Þótt ljóst sé að einhver sparnaður verði þegar starfsfólk, sem sagt var upp á síðasta ári, fer af biðlaunum hjá stofnuninni og möguleikar séu á því að leigja húsnæði sem hefur losnað er bent sérstaklega á að á stofnunina hlaðast nú mikil verkefni vegna greiðsluerfiðleika fólks og ráðgjafar vegna þeirra. Þetta er í beinum tengslum við þá efnahagserfiðleika sem eru í þjóðfélaginu og speglast í því að skuldir einstaklinga hafa margfaldast, ekki síst vegna afborgana og vaxta af húsbréfum og lánum vegna húsnæðis.

Liðurinn Vinnumál lækkar frá fyrra ári á sama tíma og ný verkefni eru sett á beint inn í þennan fjárlagalið. Aðilar vinnumarkaðarins gegna miklu hlutverki í mótun efnahagsstefnu og í því að veita stjórnvöldum aðhald í opinberri umræðu. Styrkurinn hefur verið veittur til þess að efla þetta hlutverk. Auk þess hefur styrkurinn verið notaður til þess að auka hagræðingu hjá aðildarfélögum aðila vinnumarkaðarins.

Til framkvæmdaáætlunar um jafnréttismál er veitt 3,2 millj. kr. Hins vegar gengur frumvarpið skammt til móts við það frumkvæði sem konur hafa sýnt í atvinnumálum. Til atvinnumála kvenna er veitt 15 millj. kr. og hefur félmrn. sótt um að breyta nafninu á fjárlagaliðnum Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni í Atvinnumál kvenna. Minni hlutinn telur fulla þörf fyrir stuðning við atvinnumál kvenna um land allt en telur 15 millj. kr. hvergi nærri þeirri þörf sem fyrir hendi er.

Í stjórnartíð núv. ríkisstjórnar hefur hvað eftir annað að frumkvæði hæstv. heilbrrh. verið gerð hörð hríð að uppbyggingu og skipulagi heilbrigðisþjónustunnar og almannatryggingakerfisins. Stjórnarandstaðan hefur mótmælt þessum aðgerðum harðlega og talið að með þeim væri verið að skaða uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar sem gæti haft í för með sér alvarlegar afleiðingar þegar til lengri tíma er litið. Jafnframt er með breytingum á almannatryggingarkerfinu verið að raska eða breyta verulega þeirri stefnu sem velferðarkerfi okkar hefur byggst á og verið hornsteinn hennar. Þar á ég við samhjálp þjóðarinnar allrar og samtryggingu sem leiddi til þess að þeir sem minna mega sín eða verða undir í lífsbaráttunni af einhverjum ástæðum geta átt það tryggt að almannatryggingakerfið veiti þeim þá aðstoð sem nauðsynleg er. Breytingar þessar hafa verið gerðar undir formerkjum nauðsynlegs aðhalds og sparnaðar í opinberum rekstri og skal síst gert lítið úr þeim viðhorfum og markmiðum en stjórnarandstaðan hefur haldið því fram að þarna hafi ekki verið farið rétt að. Unnið hefur verið flausturslega að ýmsum breytingum og þær oftar en ekki þurft að endurskoðast jafnharðan. Ýmist hafa þær verið dregnar til baka eða breytt verulega. Nú þegar hægt er að líta á aðgerðir þessar með nokkurri reynslu þegar tvö ár eru liðin af valdatíma ríkisstjórnarinnar kemur í ljós að sparnaðurinn er sáralítill ef nokkur af öllu þessu brölti. Breytingarnar hafa á hinn bóginn valdið verulegu óhagræði og í sumum tilfellum tjóni.

Verulegur hluti þessara breytinga felst í því að stórauka svokölluð þjónustugjöld, þ.e. greiðslur þeirra sem þurfa á aðstoð heilbrigðis- og tryggingakerfis að halda, fyrir þá þjónustu sem veitt er. Þetta er gert með þeirri röksemdafærslu að með því sé verið að auka kostnaðarvitund einstaklinga. Sannleikurinn er auðvitað sá að hér er um stóraukna skattheimtu að ræða og verið að færa skattálögurnar frá því kerfi að menn greiði skatta sérstaklega eftir efnum og ástæðum í það form að einstaklingarnir greiði sérstaklega fyrir opinbera þjónustu. Með þessu er horfið frá þeirri samhjálp sem þjóðarsátt hefur verið um. Þessu hefur stjórnarandstaðan mótmælt harðlega og gerir enn.

Sé borinn saman ríkisreikningur tveggja seinustu ára, fjárlög þessa árs og fjárlagafrv. fyrir næsta ár kemur í ljós að veruleg hækkun er á þjónustugjöldunum. Er þó ekki allt talið því að greiðslur einstaklinga fyrir lyf og fyrir sérfræðiþjónustu ýmiss konar koma hvergi fram. Þær lækka aðeins þann reikning sem apótekin og sérfræðingarnir senda tryggingakerfinu en sjást hvorki í ríkisreikningi né öðrum opinberum skýrslum. Þess vegna er ekki auðvelt að átta sig á hversu mikil hækkun hefur orðið á þessum greiðslum á undanförnum árum en ljóst að hún er gífurleg og miklu meiri en fram kemur í opinberum tölum. Ef litið er á hækkun þjónustugjalda og sértekna hjá heilbr.- og trmrn. frá árinu 1990 kemur í ljós að það ár hafa þessar tekjur samkvæmt ríkisreikningi numið 1.516 millj. kr. Árið 1991 er þessi upphæð 2.372 millj. kr. og árið 1992 er upphæðin komin í 2.733 millj. kr. Þetta þýðir hækkun

samtals upp á 1.217 millj. kr. eða 80,3%.

Í greinargerð fjárlagafrv. er getið um nokkra liði sem eiga að leiða til umtalsverðrar lækkunar á útgjöldum lífeyris- og sjúkratrygginga. Flestar eru þessar tillögur gamlir kunningjar og hefur ekki allt gengið fram á undanförnum missirum eins og ríkisstjórnin hefur áætlað. Má þar fyrst nefna hugmyndir um að lækka eingreiðslu til lífeyrisþega um 200 millj. kr. svo sem áður er getið en síðan hefur aðilum vinnumarkaðarins verið gefið loforð um að þessar greiðslur verði svo til óbreyttar á næsta ári.

Í öðru lagi var fyrirhugað að lækka lífeyrisgreiðslur vegna áforma um að tekju- og eignatengja greiðslurnar og átti að spara 200 millj. kr. Nú er samkvæmt upplýsingum frá heilbr.- og trmrn. einnig fallið frá þeim hugmyndum, enda ekki uppi áform um það taka upp eigna- og fjármagnstekjuskatt en sú skattalagabreyting er forsenda þess að hægt sé að tekju- og eignatengja lífeyrisgreiðslurnar.

Í þriðja lagi var áformað að tekjutengja ekkjulífeyri *og átti það að skila um 50 millj. kr. Nú er dregið úr* þeim sparnaðaráformum um helming eða 25 millj. kr. Að lokum var áætlað að herða eftirlit með útgreiðslum bóta og átti það að gefa af sér um 75 millj. kr. Slík áform hljóta þó að vera mjög óljós og óvíst til hvaða sparnaðar þau geta leitt. Enda þótt einhver sparnaður næðist af þessum ráðagerðum má ljóst vera að ákvarðanir sem teknar hafa verið eftir að fjárlagafrv. var samið leiða til lækkunar á sparnaðaráformum um 450–500 millj. kr. á þessum eina lið. Í sjúkratryggingunum var áætlað að spara 730 millj. kr. Hæsta upphæðin þar var tekjur af heilsukortum upp á 400 millj. kr. sem nú hafa verið felldar niður. Annað varðaði breytt greiðslufyrirkomulag til lækna, endurskoðun á greiðslum fyrir röntgenmyndatökur og rannsóknir og endurskoðun á fyrirkomulagi lyfjaverðlagningar.

Sýnt er að frumvarpið er að þessu leyti til með mörgum óvissuþáttum og hugmyndum sem komið hafa fram síðustu daga og verið sýndar í fjárln. til að mæta þessu tekjutapi og eru ekki mjög trúverðugar svo ekki sé meira sagt. Þar er t.d. gert ráð fyrir því að spara enn 180 millj. kr., m.a. með því að draga úr útgjöldum vegna hjálpartækja um 50 millj. með því að hjálpartækin verði boðin út. Draga á úr greiðslum fyrir læknisaðgerðir sem framkvæmdar eru erlendis. Þar á að spara 15 millj. kr., en ekki gert ráð fyrir því að það leiði til neins kostnaðarauka á sjúkrastofnunum innan lands sem hlýtur að þýða að það eigi þá hreinlega að fækka þessum aðgerðum og láta sjúklinga búa við það að fá ekki læknismeðferð ef ekki verður hægt að sinna þeim hér heima. Sjúkradagpeningagreiðslur eiga einnig að lækka um 15 millj. kr. með því að draga á úr greiðslum sjúkradagpeninga til einstaklinga sem dveljast lengi á stofnunum. Loks á enn að auka sparnað í lyfjakostnaðinum upp á 100 millj. kr. Þessu til viðbótar hafa áform heilbr.- og trmrn. að ríkið hætti rekstri leikskóla og sjúkrastofnana ekki gengið fram. Sú aðgerð átti að spara um 200 millj. kr. Því þarf að hækka fjárveitingar til rekstrar skólanna um 80 millj. kr. Nær helmingur af þeirri upphæð er þá tekinn af rekstrarhagræðingarfé ráðuneytis svo að nettóhækkun er um 40 millj. kr.

Í frv. er gert ráð fyrir að taka upp nýjan tekjulið á sviði heilbrigðismála. Er hér um að ræða meðferðargjöld sem áfengissjúklingum er ætlað að greiða fyrir dvöl á meðferðarstofnunum. Á þessi nýi sjúklingaskattur að skila um 40 millj. kr. Þessu hefur ekki enn verið breytt og er þá líka eina sparnaðartillaga hæstv. heilbrrh. sem enn stendur óhögguð. Það verður að teljast í fullu samræmi við aðrar aðgerðir ríkisstjórnarinnar á sviði heilbrigðis- og tryggingamála, þ.e. að láta sjúklingana borga. Ýmsir forsvarsmenn á sviði heilbrigðismála hafa varað eindregið við þessari hugmynd og telja að innheimta muni verða mjög erfið. Tómas Helgason prófessor, forstöðulæknir á geðdeild Landspítalans, spyr í grein í Morgunblaðinu nýlega hvers vegna þessir sjúklingar séu neyddir til að leita aðstoðar Félagsmálastofnunar um greiðslu meðferðar frekar en aðrir sjúklingar. Nýlega sendu læknar við FSA frá sér svohljóðandi tillögu, með leyfi forseta:

„Fundur læknaráðs Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hinn 6. des. 1993 skorar á heilbr.- og trmrh. og alþingismenn að hætta við þá gjaldtöku af áfengissjúklingum á sjúkrastofnunum sem áformuð er í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 vegna þess að slík mismunun gagnvart þeim sjúklingahópi samræmist ekki siðum lækna og annarra heilbrigðisstétta og er líkleg til að auka útgjöld þjóðfélagsins vegna heilsutjóns af völdum áfengis og annarra fíknicfna."

Undir þessa áskorun vill minni hluti fjárln. taka og væntir þess að hæstv. heilbrrh. og aðrir stjórnarliðar komi í veg fyrir þá mismunun sem felst í því að áfengissjúklingar þurfa að greiða fyrir meðferð sjúkdóms síns eða eiga á hættu að skaðinn verði óbætanlegur ef þeir geta ekki borgað.

Helsta breytingin sem frv. gerir ráð fyrir í dóms- og kirkjumálum er að útgjöld til sýslumannsembætta dragist saman um 90 millj. kr. frá fjárlögum 1993 vegna fækkunar embætta og skipulagsbreytinga sem því fylgja. Fjárln. hefur engar uppýsingar fengið sem rökstyðja þennan sparnað og draga má í efa að þessi aðgerð njóti stuðnings meiri hluta þingmanna. Minni hluti fjárln. telur þessa aðgerð lítt grundaða og engan rökstuðning er fyrir því að finna í frv. að þessi sparnaður nái fram að ganga nema þjónusta þessara embætta skerðist stórlega. Alls er óvíst um framgang þess máls vegna ósamkomulags í stjórnarliðinu sem er þar líkt og á fleiri sviðum.

Þá vil ég nefna nauðsyn þess að taka sérstaklega á málum sem lúta að fangelsum, fangavist og Fangelsismálastofnun. Sá málaflokkur hefur ekki um nokkurt árabil fengið þá hækkun á fjárlögum sem nauðsynleg er og vonast ég til að hægt verði að ræða þessi mál milli 2. og 3. umr. fjárlaga.

Erindi biskups Íslands um stöðu aðstoðarpresta var hafnað. Þar var um að ræða þrjár stöður í fjölmennum prestaköllum á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Benda má á í þessu sambandi að álag á sóknarpresta í fjölmennum sóknum er mjög mikið, ekki síst í því efnahags- og atvinnuástandi sem nú er, þegar leitað er

til þeirra í miklum mæli af þeim sem höllum fæti standa í lífsbaráttunni. Sömuleiðis var hafnað umsókn um prestsembætti í Gautaborg en benda má á að slíkt embætti þar gæti verið þýðingarmikið vegna fjölda sjúklinga sem leitað þangað vegna aðgerða sem þeir þurfa að gangast undir en kostnaður ríkissjóðs vegna sérstakra fylgdarmanna þeirra er um 10 millj. kr. á ári hverju. Einnig gæti prestur í Gautaborg þjónað hinni fjölmennu Íslendingabyggð í Svíþjóð.

Minni hluti fjárln. telur miður að slík erindi sem hér um ræðir skuli ekki fá betri undirtektir en raun ber vitni.

Svo virðist sem tekjustofnar til vegamála standist í meginatriðum. Það mun þó hafa í för með sér hækkun á bensíngjaldi sem nemur um það bil tveimur krónum á lítra. Útfærsla á þeim lið bíður 3. umr. og verður gerð grein fyrir þeim áhrifum á tekjuhlið fjárlaga.

Framlög til ferja og flóabáta eru nú tekin af rekstrarfé Vegagerðarinnar og er þar um 530 millj. kr. að ræða. Þar er á ferðinni stefnubreyting þar sem sérstakt framlag til reksturs ferja og flóabáta hefur ekki áður verið tekið eingöngu af fé til vegamála. Á síðsta ári fóru 300 millj. kr. í þennan lið þó vitað væri að það nægði ekki, samanber töflu um áætlaðan kostan um ferjur og flóabáta árin 1993–1996. Það kemur síðan í ljós í fjáraukalögum fyrir árið 1993 þar sem 50 millj. kr. framlag er til ferjureksturs. Skerðing á mörkuðum tekjustofnum Vegagerðarinnar er um 370 millj. og lögbundinn tekjustofn Vegagerðarinnar þar með notaður til tekjuöflunar fyrir ríkissjóðs. Þarna eru samtals 900 millj. kr. og er það sama upphæð og ríkisstjórnin kallar framkvæmdaátak í vegagerð á næsta ári eða kr. 900 millj. Framkvæmdaátakið er svo þar að auki fært sem lán hjá Vegagerð sem greiðast skal á næstu árum af afmörkuðum tekjustofnum. Minni hlutinn mótmælir þessari málsmeðferð og telur að réttara hafi verið að Vegasjóður héldi sínum tekjustofnum og hið svokallaða framkvæmdaátak yrði lækkað um þá upphæð sem nemur skerðingunni. Átakið fer beint í rekstur ferja og flóabáta og sem framlag í ríkissjóð.

Hafnaáætlun tekur mið af frv. til hafnalaga sem tvisvar hefur verið lagt fram á Alþingi án þess að hljóta afgreiðslu og það er því ljóst að verði frv. ekki samþykkt á þessu þingi þá breytast forsendur hafnaáætlunar þar sem greiðsluhlutfall ríkisins er þar annað en í núgildandi lögum. Minni hlutinn telur það aðfinnsluvert að miða hafnaáætlun við ósamþykkt lög. Í greinargerð með fjárlagafrv. er hins vegar sagt að fjárveitingar til hafnamála miðist við gildandi hafnalög. Þarna er ósamræmi á milli.

Fjarskiptaeftirlit ríkisins er ný stofnun sem á að fjármagnast með sértekjum upp á 56 millj. kr. Þar er verið að auka kostnað þeirra sem þurfa að nota þjónustu stofnunarnnar. Er það í samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar sem í síauknum mæli hleður kostnaði við opinbera þjónustu sem skylt er að nýta yfir á notendur þjónustunnar og ég hef margsýnt fram á í þessari umræðu.

Niðurskurður fjár til rannsókna í sjávarútvegi og fiskvinnslu annað árið í röð er áhyggjuefni. Í fjárlagaliðnum Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir var framlag skorið niður um meira en helming í fyrra, úr 51,2 millj. kr. í 21,3 millj. kr. Í ár er enn sama skerðing til þessa mikilvæga málaflokks. Þetta merkir m.a. að fjárveiting til aflanýtingarnefndar var skorin niður úr 20 millj. í 9 millj. í ár og líkur á að svipað mundi endurtaka sig á næsta ári. 5 millj. kr. hækkun breytir ekki miklu þar um þar sem verkefni undir þessum safnlið eru aukin. Aflanýtingarnefnd er samstarfsverkefni ýmissa aðila, m.a. Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Á vegum hennar hefur verið veitt til ýmissa grunnrannsókna, langtímarannsóknaverkefna og stutt við nýsköpun í sjávarútvegi og fiskvinnslu.

Í skýrslu OECD sem mikla athygli vakti á sl. ári er bent á að Íslendingar veiti allt of litlu fé til grunnrannsókna, tilraunaverkefna og langtímarannsókna. Þessar greinar eru undirstaða framfara í nútímasamfélagi. Skerðing fjár til rannsókna í sjávarútvegi og fiskvinnslu getur því reynst okkur dýr sparnaður.

Í áliti sjútvn. um fjárlagafrv. er lýst áhyggjum vegna skerðingar fjár til rannsókna og þróunar í sjávarútvegi. Undir þær athugasemdir tekur minni hluti fjárln. Einnig skal bent á þá óþolandi óvissu sem ríkir um fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar sem á þessu ári varð að bjarga með aukafjárveitingu vegna þess að óraunhæfar hugmyndir um sölu aflaheimilda Hagræðingarsjóð brugðust.

Að lokum vil ég nefna aðeins málefni fjmrn. Heildarútgöld þessa ráðuneytis eru áætluð 16,4 milljarðar kr. og aukast samkvæmt frv. um 6% frá núgildandi fjárlögum en um 25% frá ríkisreikningi 1992. Útgjöld til ráðuneytis munu þó aukast nokkuð enn vegna sérstakra ráðstafana til þess að auka skatteftirlit og innheimtu. Það tel ég hins vegar vera af hinu góða. Þau framlög munu áreiðanlega skila sér þegar til lengri tíma er litið.

Sérstök ástæða er til að nefna aðrar fjárhæðir sem fram koma í frv. til fjárlaga. Vaxtagreiðslur hafa aukist frá ríkisreikningi 1992 um 3,4 milljarða kr. eða um 40% og munu vaxtagreiðslur á næsta ári nema um 11,7 milljörðum kr. samkvæmt áætlun fjárlaga. Það er því ljóst að verulegu máli skiptir fyrir málefni ríkissjóðs hvernig vaxtastigið er.

Enn er eftir að fjalla um marga mikilvæga þætti frv. til fjárlaga fyrir 1994, svo sem landbúnaðarmál, mennta- og menningarmál og umhverfismál. Öllum þessum málaflokkum eru gerð skil í nefndaráliti minni hluta fjárln. og þar er einnig kafli þar sem sérstaklega er tekið á því hvernig ríkisstjórnin hyggst samkvæmt frumvarpinu taka á málefnum fjölskyldunnar á ári fjölskyldunnar 1994. Öllum þessum atriðum verða gerð skil í löngum og ítarlegum ræðum annarra fulltrúa minni hlutans hér á eftir. En lokaorð nefndarálitsins eru þessi, með leyfi forseta:

„Í flestum þjóðþingum er það talið meginverkefni þingmanna að setja landi sínu fjárlög. Til fjárlagagerðar eru því gjarnan valdir þeir þingmenn sem langa þingreynslu hafa og mikla þekkingu á ríkisfjármálum vegna starfa sinna innan þings eða utan. Þessi skilningur var enda áréttaður af forsetum Alþingis þegar

unnið var að þeirri breytingu að þingið skyldi starfa í einni deild. Lögð var áhersla á að efla starfsemi fjárln. gagnvart framkvæmdarvaldinu, sem nokkuð hafði þótt á skorta um árabil, og sérstakur starfsmaður var ráðinn til að vinna með nefndinni. Þá var húsnæðisaðstaða nefndarinnar bætt til muna með því að tekið var á leigu húsið nr. 14 við Austurstræti.

Forsetar Alþingis bentu á að flokkadrættir um smæstu atriði væru ekki við hæfi þegar fjárlagagerðin væri annars vegar þó að viðurkennt væri að kjörinn meiri hluta mótaði að sjálfsögðu meginstefnu. Rétt minni hlutans skyldi virða en hann skyldi jafnframt sæta rétti meiri hlutans.

Forsetar töldu ástæðu til að fjárlaganefndarmenn færu til nágrannalands og kynntu sér hvernig fjárlagavinna færi fram þar sem vitað var að menn hefðu náð góðum árangri við fjárlagagerð. Varð Noregur fyrir valinu. Af einhverjum ástæðum fór þó svo að aðeins þrír nefndarmanna tókust þessa ferð á hendur, formaður nefndarinnar, Karl Steinar Guðnason, sem nú hefur látið af þingmennsku, Sturla Böðvarsson og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og fylgdi þeim starfsmaður nefndarinnar, Sigurður Rúnar Sigurjónsson. Skýrsla Jónu Valgerðar um þessa ferð fylgir með þessu nefndaráliti þingmönnum til upplýsingar.

Það vakti athygli þingmannanna að stjórnarandstæðingur var formaður fjárln. norska Stórþingsins og engar sögur fóru að því að ríkisstjórn Verkamannaflokksins væri í hættu þess vegna. Þar í landi umgangast menn lýðræðið af virðingu og þess vegna virða þingmenn aðra kjörna þingmenn án tillits til flokkspólitískra skoðana. Eftir tveggja ára samstarf við meiri hluta fjárln. telur minni hluti nefndarinnar fulla ástæðu til að önnur ferð verði farin til að kynna fleiri nefndarmönnum starfshætti þjóðþinga þar sem yfirgangssemi og tillitsleysi er talið rýra traust og virðingu þingsins og vera vísasti vegur til aðskilnaðar og vantrausts milli þings og þjóðar."

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það verður nú gert hlé á fundinum en forseti vill nefna það að eftir hlé mun verða byrjað á því að leita afbrigða vegna brtt. sem borist hafa og of skammt er liðið frá útbýtingu. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1994, 1. mál, brtt. IP, þskj. 338.

[13:35]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 335, 336,337 og 338 — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu **já:** ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HG, IBA, JE, JóhS, JHelg, JVK, KHG, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JGS, JBH, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP) fjarstaddur.

[13:36]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir árið 1994 er komið til 2. umr. í hv. Alþingi eftir mikil og ströng fundahöld í fjárln. samkvæmt venju. Minni hluti fjárln. hefur lagt fram ítarlegt nál. þar sem farið er yfir hina ýmsu þætti sem við sem skipum minni hlutann töldum ástæðu til þess að draga fram og árétta varðandi þau vinnubrögð sem við teljum að viðhöfð hafi verið og þau efni ýmis sem okkur finnst að ástæða hefði verið að fjalla meira um og láta koma betur fram. Frsm. minni hlutans, hv. 4. þm. Suðurl., hefur gert ítarlega grein fyrir þessu nál. í langri ræðu og þarf ég því ekki að fara mörgum orðum um það frekar en langar þó að árétta nokkur atriði eða fylgja frekar eftir og e.t.v. bæta við, enda finnst mér að af mörgu sé að taka. Ég tel að frv. þetta sem liggur fyrir og er til 2. umr. staðfesti í raun það skipbrot sem efnahagsstefna núv. ríkisstjórnar hefur beðið.

Það má auðvitað segja að þau fjáraukalög sem Alþingi samþykkti fyrir nokkrum dögum fyrir árið í ár hafi verið undirstrikunin á það fjárlagafrv. sem hér var lagt fram fyrir ári síðan og samþykkt, sem gerði ráð fyrir halla upp á rúma 6 milljarða kr. Nú hafa hins vegar fjáraukalög staðfest að hallinn er ekki 6, hann er ekki heldur 12, hann er ekki helmingi meiri, hann er 14 milljarðar. Það eru 14 milljarðar kr. sem blasa við að verði halli ríkisfjármála á þessu yfirstandandi ári. Og fjárlagafrv. sem við tökum nú til 2. umr. gerir ráð fyrir 10 milljarða halla. Þetta hljóta að vera alvarleg tíðindi fyrir ríkisstjórn sem boðaði það í upphafi starfsferils síns að stefna ætti á hallalaus ríkisfjármál og ekki hægt að túlka þetta nema á þann hátt að hér hafi efnahagsstefnan í raun beðið skipbrot. Auðvitað er fjárlagafrv. veigamikill þáttur, kannski undirstöðuþáttur í efnahafsstefnunni og því hlýtur það að segja okkur æðimikið hvernig það lítur út og hvernig það gengur fram, hvernig ríkisstjórninni tekst að standa við þá stefnu sem þar er boðuð.

En það er fleira sem vekur ugg varðandi ástandið í þjóðfélaginu en bara niðurstöðutala fjárlaganna. Það er ýmislegt sem þeim fylgir annað og kemur víða fram í þjóðfélaginu. Atvinnuleysið hefur ekki verið meira um áratuga skeið og hætt er við að það eigi enn eftir að vaxa miðað við óbreytta stjórnarstefnu. Við fáum daglegar fréttir af fyrirtækjum sem lenda í greiðsluerfiðleikum, þurfa að biðja um greiðslustöðvun og því miður oftar en ekki endar sá ferill með gjaldþroti viðkomandi fyrirtækis með ómældum erfiðleikum fyrir bæði atvinnulífið og fyrir einstaklingana. Gjaldþrotin ríða yfir og það sem verra er að það má kannski líta á þau sem hluta af stjórnarstefnu hæstv. ríkisstjórnar. Þau eru notuð til þess að hreinsa til í atvinnulífinu, þau eru notuð til þess að færa til eignir og fjármuni í þjóðfélaginu. Tekjuskipting og launamunur vex stórlega með hverjum degi, hverri viku, hverjum mánuði sem líður. Stóreignamennirnir skara eld að sinni köku með skattfrjálsum fjármagnstekjum meðan svo er og virðist ekki að breyting verði á því samkvæmt því sem þetta fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Að vísu er rétt að taka fram að

enn er eftir að fjalla um tekjuhlið frv. og verður það gert milli 2. og 3. umr. og er hugsanlegt að þá komi fram einhverjar nýjar upplýsingar um það hvernig ríkisstjórnin hyggst reyna að draga úr ríkissjóðshallanum eða mæta þeim vanda sem við blasir en lítið höfum við minnihlutamenn a.m.k. fengið enn þá um það að vita hvað er fram undan.

En það eru ekki bara þessir þættir sem við öllum blasa og skapa alvarlegt ástand í atvinnulífinu og í efnahagsmálunum, heldur eru það ýmsir þættir sem varða velferðarkerfið okkar og samhjálpina sem einnig valda okkur ugg og við höfum áhyggjur af sem skipum minni hluta fjárln. og ég hygg að svo eigi við um a.m.k. alla stjórnarandstæðinga hér á hv. Alþingi og ekki er ég grunlaus um að það kunni að eiga við einnig einhverja stjórnarliða.

Skólagjöldin og breyttar lánareglur Lánasjóðs ísl. námsmanna hindra ungt fólk í að leita sér menntunar. Hlýtur það út af fyrir sig að vera alvarlegt áhyggjuefni fyrir framtíð þjóðarinnar og þjónustugjöld og auknar kröfur um sértekjur á heilbrigðisstofnunum færa skattbyrðina til í svo stórum stíl að skiptir milljörðum. Ég fullyrði að það skiptir milljörðum og kem kannski aðeins nánar að því síðar. Þessir milljarðar eru færðir frá þeim sem tekjur hafa til þess að greiða skattana sína til þeirra sem sjúkir eru og þurfa nauðsynlega á heilbrigðisþjónustunni og velferðarkerfinu okkar að halda. Það er hið alvarlega í þessari stefnu, virðulegi forseti.

Ég verð nú að segja það, hæstv. forseti, að mér þykir nokkrum undrum sæta að hæstv. fjmrh. sjái ekki ástæðu til þess að fylgjast með umræðum hér í hv. þingi um þetta fjárlagafrv. sitt þó að hann geti varla verið mjög stoltur af því. Einnig tel ég að hv. formaður fjárln. ætti að fylgjast með umræðunni og kann að vera að hann geri það hér í húsinu af því að menn hafa auðvitað tækifæri til að gera það annars staðar en hér í þingsal. Einnig er svo með fleiri hæstv. ráðherra, virðulegur forseti, sem varðar náttúrlega framgang fjárlagafrv. Það eru margir stórir málaflokkar sem hlýtur að vera eðlilegt að þeir sinni með því að fylgjast með því hvaða framgang þetta aðalmál ríkisstjórnarinnar hefur.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. fjmrh. er í símanum og kemur rétt strax hér í þingsalinn.)

Ég þakka, virðulegur forseti, fyrir það og skil það að menn þurfi í löngum umræðum að víkja sér frá og er út af fyrir sig ekkert við því að segja. Almennt hefur hæstv. fjmrh., sem nú gengur í salinn, setið vel undir umræðu um hans mál og ber síst að ásaka hann fyrir það að sinna ekki sínum þingskyldum en mér finnst að það eigi við um suma aðra ráðherra að þeir mættu sitja hér betur.

Allt þetta sem ég hef tínt til hér á undan, virðulegur forseti, um ástandið í efnahags- og atvinnumálunum, um ástandið í menntamálunum, heilbrigðis- og tryggingamálunum og félagsmálunum lýsir í raun rétt stefnu þessarar ríkisstjórnar. Þetta er raunverulega allt í anda hinnar svokölluðu frjálshyggju þar sem hinn ríki og hinn sterki verður ofan á á kostnað þess veika og þess sem minna má sín og verður undir. Það er verið að hverfa frá þeirri stefnu sem við höfum kallað samhjálp og sem segja má að þjóðarsátt hafi þó í raun og veru ríkt um. Það er mjög sterk samkennd með þjóðinni, en svo virðist þó vera að hæstv. ríkisstjórn sé með stefnu sinni að takast að breyta þessum grundvallargildum. Og það er í raun alveg óskiljanlegt að flokkur sem kennir sig þó enn við jöfnuð og jafnaðarstefnu skuli taka þátt í þessu skemmdarverki, ég leyfi mér að segja skemmdarverki, sem verið er að vinna á íslensku þjóðfélagi. Já, virðulegur forseti. Það er svo sannarlega af mörgu að taka í umræðum um þetta fjárlagafrumvarp.

Mig langar þó fyrst að ræða ofurlítið um vinnubrögð eða vinnutilhögun í hv. fjárln. Árið 1991 gerði hv. Alþingi breytingu á lögum um þingsköp Alþingis þar sem m.a. var breytt um þá tilhögun að þingið var allt flutt í eina málstofu. Það voru gerðar ýmsar aðrar breytingar sem áttu að leiða til þess að þingið ynni betur saman að hinum ýmsu verkefnum, væri sjálfstæðara frá framkvæmdarvaldinu sem það auðvitað á skilyrðislaust og tvímælalaust að vera sem löggjafi og er einn af meginþáttum í stjórnskipun landsins. Einnig var gert ráð fyrir því að nefndastörf og önnur störf í þinghaldinu gætu breyst nokkuð með þessum nýju þingskapalögum. Í haust gerði Alþingi síðan enn frekari breytingar á þingsköpunum til þess að árétta þessa stefnu sína ef ég skildi rétt og ég hygg að svo hafi verið með fleiri hv. þm. Þeir hafi álitið að það væri tilgangur breytinganna. Það náðist t.d. í framhaldi af því samkomulag um að fela hv. stjórnarandstöðuþingmönnum meiri verkefni við stjórn eða starfsemi þingsins og voru sumir þeirra kosnir til formennsku í einstökum nefndum. Vinnubrögð voru auðvitað rædd í upphafi starfa fjárln. á sl. hausti hvernig haga skyldi vinnunni á þessu þá nýbyrjaða þingi við að vinna úr fjárlagafrv. Minni hlutinn lýsti vilja sínum til þess að taka meiri þátt í úrvinnslu erinda en hann taldi að áður hefði verið gert. Vísa ég þar reyndar til umræðu um svipað mál bæði fyrir ári síðan og tveimur árum síðan þegar sest var niður við vinnu að hausti og því heitið að farið yrði rækilega yfir þau erindi sem nefndinni berast og nefndarmenn verja ærnum tíma í að hlýða á og yrði um það gott samstarf að vinna úr þeim. Okkur hefur fundist áður að efndir hafi verið minni á þessu en vonir stóðu til og ég verð að segja það því miður, virðulegi forseti, að mér finnst að verst hafi þetta þó gengið fram á þessu hausti.

Ég hygg þó að megi segja að hv. formaður fjárln., hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, hafi tekið undir þessi sjónarmið minni hlutans sem sett voru fram í haust en hafði auðvitað þann fyrirvara á að hann er nýr í nefndarstarfi í fjárln. í þessari miklu vinnu og hafði því frekar uppi fyrirheit um það að róttækari breytingar yrðu ræddar í nefndinni síðar og gerðar á störfum nefndarinnar, e.t.v. eftir áramót eða við næstu fjárlagagerð. En það var þó svo að við höfðum um það vissar væntingar að á þessu yrðu breytingar hvað varðaði úrvinnslu erinda því að undir það var þó a.m.k. tekið. Við teljum að sumarið í sumar hafi reyndar einnig verið nýtt

fremur illa til þess að skipuleggja breytt vinnubrögð í nefndinni og m.a. í framhaldi af ágætri ferð sem nokkrir nefndarmenn fóru til Noregs til þess að kynna sér störf þjóðþingsins þar og vinnubrögð nefnda og hefði sannarlega þurft að ræða þau mál betur í kjölfar þeirrar ferðar og skipuleggja nefndarstarfið, en það tafðist nú af ýmsum ástæðum og þarf ekki að rekja það hér. Það urðu breytingar á forustu nefndarinnar sem öllum hv. þm. eru kunnar.

Ég sagði það áðan að okkur hefði fundist að þrátt fyrir væntingar um betra samráð og meira samstarf í nefndinni í heild hafi niðurstaðan orðið þveröfug og ég leyfi mér að fullyrða að þegar kom að úrvinnslu erindanna hafi minni hlutanum nánast verið hent út úr nefndarstarfinu. Við höfum verið kallaðir til stuttra funda til þess að tilkynna okkur um ákvarðanir meiri hluta nefndarinnar og ég má kannski segja það líka, virðulegur forseti, að það sé ekki að undra þegar litið er á þær ákvarðanir sumar sem meiri hluti nefndarinnar hefur tekið. Mig langar til þess að benda hér á nokkrar þeirra.

Á bls. 2 og 3 í nál. meiri hluta nefndarinnar er gerð grein fyrir nokkrum brtt. og ég hefði gjarnan viljað að hæstv. menntmrh., ef hann er í húsinu, kæmi hér þó ekki væri nema í svona 2–3 mínútur, virðulegi forseti.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. menntmrh. er ekki kominn en hann er væntanlegur á hverri stundu og gerði ráð fyrir því að vera kominn hér upp úr hálftvö.)

Ég mun þá kannski endurtaka spurningu mína til hans aftur síðar þegar hann kemur í salinn. Það sem mig langaði til að nefna sérstaklega er t.d. brtt. sem gerð er við menntmrn., við Háskóla Íslands þar sem veitt er sérstök nær 14 millj. kr. viðbótarfjárveiting til samstarfsverkefnis háskólans við Vestmannaeyjabæ. Nú ætla ég ekki að gera lítið úr þessu verkefni. Ég er alveg sannfærður um það að það er mikilvægt og sjálfsagt nauðsynlegt að ráðast í rannsóknir sem þar eru fyrirhugaðar á sviði sjávarútvegsmála en mig langar að benda hv. þm., hæstv. ráðherrum og hv. formanni fjárln. á það að 20. maí 1992 samþykkti Alþingi þál. Þessi þál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þingsályktun um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu svo að þar verði öflug miðstöð rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs."

Mér finnst nú lítið vera gert með þessa ályktun, hæstv. forseti, miðað við þær brtt. sem hér liggja fyrir varðandi annars vegar þetta verkefni sem ég greindi hér sérstaklega frá svo og þá aðrar breytingar og tölur sem er að finna varðandi fjárlagafrv. Ég ætla ekki eins og ég sagði áðan að draga úr mikilvægi verkefna af þessu tagi en ég tel þó að annað hefði mátt sitja í fyrirrúmi eða hafa frekari forgang.

Mig langar að nefna hérna tvö eða þrjú önnur atriði úr brtt. við þetta ráðuneyti, virðulegur forseti. Það er t.d. lagt hér til, í nokkrum umsóknum um lagfæringar á fjárveitingum til Kennaraháskólans, að hækka sérstaklega framlag til reksturs Varmalands sem heyrir nú undir Kennaraháskólann. Það er hér sérstök tillaga um að hækka framlag til kennslu við Flensborgarskóla og ég minnist þó ekki eftir að hafa séð neitt erindi um þetta mál. Ég fletti í erindaskrá í morgun, virðulegi forseti, og fann ekki erindi frá þessum skóla og þykir merkilegt að það skuli þó þurfa að hafa forgang í brtt. umfram ýmis önnur mikilvæg og áríðandi efni.

Hér er lögð til hækkun á Fjölbrautaskóla Vesturlands upp á 3 millj. kr. vegna hækkunar launagjalda vegna ræstingar o.fl. Það er veruleg hækkun hér á fjárveitingu til Héraðsskólans í Reykholti. Ég efast ekki um að allt sé þetta þarft eins og ég nefndi. En ég veit líka að það er margt, margt fleira þarft í þeim erindum sem nefndinni hafa borist og hafa þau þó sum fengið litla umfjöllun.

Hér er ég t.d. með eitt erindi fyrir framan mig, virðulegur forseti, sem ég undrast nú reyndar að skyldi ekki fá afgreiðslu eða náð fyrir augum hv. nefndar eða meiri hluta nefndarinnar. Það er frá Framhaldsskólanum í Vestmannaeyjum og er reyndar ekki skrifað fyrr en 3. des. en það skiptir ekki öllu máli í sjálfu sér hvenær erindin eru skrifuð. Það hefur borist nefndinni og þar segir m.a., mig langar að lesa, með leyfi forseta, eina málsgrein úr þessu bréfi:

„Í fjárlagafrv. vegna ársins 1994 eru fjárveitingar vegna Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum skornar nokkuð niður líkt og hjá ýmsum öðrum skólum. Við því er e.t.v. lítið að segja. En ég get þó ekki látið hjá líða að deila með ykkur nokkru af áhyggjum mínum og vonbrigðum. Ég hef ásamt aðstoðarfólki mínu og kennurum lagt mig fram um að draga úr tilkostnaði og reka þessa litlu rekstrareiningu eins hagkvæmt og kostur er. Með ýtrasta sparnaði tókst okkur að vera örlítið í plús með reksturinn um síðustu áramót. Fyrir þetta virðist eiga að refsa mér að þessu sinni.

Sérstaklega hef ég hyggjur af þeim lið er heitir Annað en kennsla, þ.e. hinu daglega rekstrarfé. Stærsti hluti þess fer í laun, fyrir húsvörslu, ræstingar og skrifstofuhald sem er í lágmarki. Það sem ég fæ í hendur til að greiða með fyrir rekstrarvörur, ljós, hita pappír og til kaupa á tækjum fyrir 5–6 millj. á ári plús um það bil 1,5 millj. í sértekjur. Ef þessi upphæð er skorin niður um 1 millj., þá hljótið þið að sjá í hversu vondum málum ég er. Ekki þarf að nefna það að reglubundið viðhald er auðvitað í skötulíki við þessar aðstæður."

Þetta erindi er aðeins lesið til þess að benda á og draga fram að þau eru fjölmörg önnur sem eru hliðstæð þessu. Auðvitað er ekki hægt að verða við öllum erindum og öllum óskum, það er mér alveg ljóst. En það er sárt fyrir stjórnendur stofnana, hvort sem þær eru stórar eða smáar, hvort sem fjárveitingarnar eru háar eða lágar, hér er ekki um mjög háar fjárveitingar að ræða, að ef þeim tekst að gera vel þá sé þeim fremur refsað fyrir það en umbunað. Ég minni t.d. á erindi frá Ríkisspítölunum þar sem fjallað er um málin með nokkuð hliðstæðum hætti þó tölurnar séu auðvitað miklu hærri. Þetta langaði mig til þess að nefna hér einnig, virðulegur forseti, og árétta að það þarf

auðvitað að skoða þessi erindi öll sömul ítarlega og það þarf að reyna að vega og meta hvað af þeim er brýnast, hvað af þeim er kannski óhjákvæmilegt að verða við og hverjum þarf af eðlilegum ástæðum að hafna vegna þess að það er ekki svigrúm til þess að verða við öllum erindum. Því dettur mér ekki í hug að halda fram.

Hv. formaður fjárln. lauk sinni framsöguræðu hér áðan með tilvitnun í nóbelsskáldið okkar, Halldór Laxness og Innansveitarkróníku hans og vænti þess að menn yrðu ekki í umræðunum hér í dag með orðhengilshátt og tittlingaskít. Ég vona að hann telji ekki að þessar ábendingar mínar hér, sem settar eru fram í fullri vinsemd en e.t.v. eins og hann og aðrir hv. þingmenn finna, með nokkrum sárindum, flokkist undir orðhengilshætti eða tittlingaskít vegna þess að ég tel að það sé mjög mikilvægt og mikils virði að það sé góð samvinna og gott samstarf í nefnd eins og fjárln. og reyndar öllum nefndum þingsins og tel að það sé mjög mikilvægt og mikils virði líka fyrir þinghaldið og fyrir virðingu þingsins að stjórn og stjórnarandstaða reyni að vinna sem best saman og reyni að sýna það traust sem auðvitað er eðlilegt og sjálfsagt með þó þeim fyrirvara sem ég vil gjarnan undirstrika og kemur fram í lokaorðum nál. okkar minni hluta nefndarinnar. Með leyfi forseta, vil ég fá að vitna í þetta nál. en þar segir og er þá verið að ræða um þær breytingar á þingsköpunum sem ég vitnaði til hér aðan:

„Forsetar Alþingis bentu á að flokkadrættir um smæstu atriði væru ekki við hæfi þegar fjárlagagerðin væri annars vegar þó að viðurkennt væri að kjörinn meiri hluti mótaði að sjálfsögðu meginstefnu. Rétt minni hlutans skyldi virða en hann skyldi jafnframt sæta rétti meiri hlutans."

Þetta eru bara leikreglur lýðræðisins og ég er alveg sannfærður um að þær hefðum við reynt að virða þó við hefðum fengið að starfa meira og betur að endanlegum afgreiðslum mála með hv. meiri hluta fjárln.

Minni hlutinn flytur ekki brtt. við fjárlagafrv. sameiginlega og við teljum ekki heldur aðalatriðið að vera að þrefa um eina milljón til eða frá, eina milljón hér eða þar. Auðvitað áskilja einstakir nefndarmenn sér rétt til þess að flytja eða fylgja brtt. sem fram kunna að koma. En aðalmálin eru auðvitað þau sem mestu máli skipta þegar rætt er um fjárlög, efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar, efnahagsstefnan sem boðuð er í fjárlagafrv. og hvernig sú efnahagsstefna síðan kemur við og mótar atvinnulífið eða atvinnumálin í landinu því að traust atvinnulíf er auðvitað undirstaðan að uppbyggingu velferðarkerfisins okkar. Traust atvinnulíf er auðvitað undirstaða þess að við getum byggt upp öflugt menntakerfi. Það er undirstaða þess að við getum haldið uppi öflugri félagslegri þjónustu og það er undirstaða þess að heilbrigðis- og tryggingamálin okkar, flokkarnir sem við köllum oft velferðarmál, séu líka traustir. En þetta er þó ekki aðskilið. Þetta er ekki aðskilið þannig að það sé fyrst atvinnulífið sem þurfi að efla, síðan sé hægt að gera hitt, snúa sér að hinum verkefnunum, þ.e. að treysta menntamálin, félagsmálin og heilbrigðismálin. Þetta vinnur auðvitað allt saman. Menntun, þekking og rannsóknir eru auðvitað undirstaða öflugs atvinnulífs og þurfa þess vegna að fara saman með uppbyggingu þess. Traust heilbrigðiskerfi og félagslegt kerfi eru einnig undirstaða velferðar einstaklingsins og getu hans til þess að starfa sem dugandi og kraftmikill þjóðfélagsþegn. Ef þetta fer ekki saman þá er ekki heldur að vænta þess að við höfum öflugt atvinnulíf. Þess vegna má ekki alltaf víkja öðru til hliðar fyrir hinu. Við þurfum að tengja þetta saman og það er auðvitað eitt af meginverkefnum efnahagsstefnunnar og þar með fjárlagafrv.

Hvað þessa undirstöðuþætti varðar þá tel ég því miður að fjárlagafrv. sé ekki sá trausti grunnur sem það bæði á og þarf að vera. Þar er því miður ekki margt að finna sem sérstaklega styrkir atvinnulífið. Hvað með framlag til rannsókna og tilraunaverkefna ýmiss konar? Hvar er stuðningurinn við rannsókna- og vísindastefnu hæstv. ríkisstjórnar? — Nú sé ég reyndar að hæstv. menntmrh. er kominn í salinn og þá mætti kannski gjarnan spyrja hann að því. Hvernig finnst honum frv. til fjárlaga fyrir 1994 taka á þessari stefnu sem ég held að ríkisstjórnin hafi kynnt nýverið og ég fer kannski ekki rétt með nafnið, en mig minnir að hafi þó verið kölluð rannsókna- og vísindastefna hæstv. ríkisstjórnar? Hvernig er farið með þessa þætti sem eru þó afar mikilvægir fyrir undirstöðuatvinnuvegina okkar? Það er líka hart að þurfa að búa við það, eins og var á þessu ári sem nú er að líða, að fjárveitingar til þessa málaflokks væru háðir því að einkavæðingartrúarbrögðin næðu fram að ganga, að einkavæðingartrúarbrögðin tækjust eða gengju þannig upp að það mætti e.t.v. klípa eitthvað af sölu ríkisfyrirtækja til þess að setja í rannsóknasjóðina. Það var sem sagt afgangsstærð, enda kemur í ljós að þegar einkavæðingaráformin ganga ekki fram þá kemur lítið til rannsóknastarfanna.

Í frv. sem fyrir liggur eru að vísu minni upphæðir ætlaðar í tekjur af einkavæðingunni heldur en áætlaðar voru á árinu í ár og nú þegar er farið að hverfa frá vissum þáttum þar, samanber ákvörðunina um það að hætta við að einkavæða Þvottahús Ríkisspítalanna. Reynslan frá yfirstandandi ári er því ekki góð og útlitið fyrir næsta ár er ekki björgulegt.

Að undanförnu hafa verið allmiklar umræður um Byggðastofnun, um hlutverk hennar til þess að styrkja og treysta atvinnu og um atvinnuástand og atvinnulíf á Vestfjörðum og horfur þar. Ég ætla ekki að taka langa umræðu um það, virðulegur forseti, en það er þó óhjákvæmilegt annað en rétt að minnast á það eða nefna það í tengslum við þessa fjárlagaumræðu, því það er auðvitað nauðsynlegt að ríkisvaldið hugi að þeim erfiðleikum sem þar blasa við eins og annars staðar, blasa því miður við víða um land. Milljörðum er eytt í atvinnuleysistryggingar. Það er nauðsynleg trygging sem launþegar þessa lands þurfa að búa við en það væri auðvitað hægt að draga úr þeim fjármunum ef atvinnustefnan væri styrk og atvinnulífið blómlegra. Þess vegna má spyrja hvort ekki sé skynsamlegt að verja þeim fjármunum sem renna í Atvinnuleysistryggingasjóðinn í enn ríkara mæli en gert hefur ver-

ið til þess að byggja upp nýjar atvinnugreinar, nýja atvinnuþætti, treysta og styrkja atvinnulífið. Ég vænti þess að a.m.k. sumir ráðherrar hæstv. ríkisstjórnar hafi vilja til þess að beita sér í þessu máli og ég skora á þá að gera það.

Það ber vissulega að virða það að nokkrir fjármunir renna í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóðinn í þessa þágu og ríkisstjórnin hefur þar að auki varið nokkrum fjármunum til verklegra framkvæmda til þess að auka atvinnu. En því miður gekk ekki allt eftir eins og áætlað var á seinasta ári og er margsinnis búið að taka þá umræðu hér og ég ætla þess vegna ekki að lengja umræðuna nú með því að ítreka það, en get þó ekki komst hjá því, virðulegur forseti, að vitna aðeins til yfirlýsingar forsrh. frá 5. nóv. 1993 sem hann veitti launanefnd ASÍ og VSÍ þegar verið var að framlengja kjarasamningana. Þar kemur ýmislegt á óvart. Þar kemur t.d. á óvart að þrátt fyrir einn þátt í yfirlýsingunni um það að framkvæmd á eingreiðslum til lífeyrisþega sem svo hafa verið kallaðar, þ.e. orlofsuppbót, desemberuppbót og láglaunauppbót eða greiðsla tilsvarandi láglaunauppbóta á vinnumarkaði sem renna til lífeyrisþega, að framkvæmd þessara eingreiðslna á næsta ári verði í nánu samráði við samtök launþega og allra hagsmunaaðila. Þessir hagsmunaaðilar og launþegar hafa lagt áherslu á að það væri með svipuðum hætti eins og er í ár og þá er líka ljóst að í fjárlagafrv. vantar 200 millj. kr. til að geta staðið við þennan þátt. Það vantar 200 millj. kr. til þess að sama upphæð sé veitt í þennan lið undir almannatryggingunum eins og er úthlutað til þessara eingreiðslna á líðandi ári. Og annar þáttur sem varðar útgjöld til framkvæmda kemur einnig nokkuð á óvart í þessu skjali og mig langar að vitna til þess orðrétt, með leyfi forseta, en þar segir:

„Talsverður hluti viðbótarframkvæmda á árinu 1993, líklega um 600 millj. kr., munu ekki koma til greiðslu fyrr en á næsta ári. Þessar greiðslur eru ekki meðtaldar í fjárlagafrv. næsta árs enda munu þær koma fram í fjáraukalögum vegna ársins 1994."

Virðulegur forseti. Mig langar að spyrja hæstv. fjmrh. hvort ég misskilji þetta eitthvað eða hvort þetta kunni að stangast á við margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. ráðherra úr þessum ræðustól um að það sem ekki eyðist af áætluðum framkvæmdum á árinu í ár verði ekki notað til þess að standa við yfirlýsingarnar um viðbótarframkvæmdir á næsta ári. Ég fæ ekki betur séð en að þrátt fyrir allt talið sé það orðið svo að 600 millj. kr. eigi að telja aftur, fyrst í milljörðunum í ár og og síðan aftur í milljarðinum á næsta ári eða hvað það var sem fyrirheitin hljóðuðu upp á.

Ég verð líka að segja það að mér finnst þróunin í menntamálunum vera nokkurt áhyggjuefni. Hvernig stefnir þar og hvernig hefur verið unnið af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Og þá má ég kannski aftur aðeins grípa niður þar sem ég var að tala áðan um brtt. frá hv. meiri hluta fjárln. og langaði að spyrja um álit hæstv. menntmrh. Ég spurði áðan um álit hv. þingmanna og hv. formanns fjárln. á þessari brtt. og hvernig hún hljómaði saman við samþykkta ályktun þingsins um rannsóknir á sviði sjávarútvegs. En ein af brtt. sem lögð er fram af hálfu meiri hlutans hljóðar um það að Háskóli Íslands fái nær 14 millj. kr. til þess að leggja í samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ. Ég ítreka það við hæstv. menntmrh. að ég er ekki að gera lítið úr þessu verkefni og ég þykist viss um að það kunni að reynast hið besta mál að auka rannsóknir á sviði sjávarútvegs og jafnvel þó það sé gert og þrátt fyrir að það sé gert með þessum hætti sem hér er lagt til. En mig langar að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið forgangsverkefni af hans hálfu úr hans ráðuneyti ef hægt væri að bæta hag Háskóla Íslands þá sé það gert með þessum hætti. Jafnframt hvert sé viðhorf hans til þeirrar þál. og framkvæmdar þeirrar ályktunar sem samþykkt var á þingi 20. maí 1992. Í þeirri ályktun segir, með leyfi forseta, ég fæ að lesa hana upp aftur:

„Þingsályktun um eflingu Akureyrar og Eyjafjarðarsvæðisins sem miðstöðvar fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera áætlun um frekari uppbyggingu og eflingu Háskólans á Akureyri og annarra rannsókna- og fræðslustofnana á svæðinu svo að þar verði öflug miðstöð rannsókna- og fræðslustarfsemi á sviði sjávarútvegs."

Auðvitað geta svona rannsóknamiðstöðvar verið víða og kannski hefur það líka verið hugsunin að það yrði svo. En ég álít að vilji þingsins hafi verið sá að annað hefði forgang í þeim efnum að auka og styrkja rannsóknir til sjávarútvegsins heldur en þessi uppbygging á rannsóknaraðstöðu í Vestmannaeyjum. Svo verður auðvitað líka að lýsa undrun sinni á því að hér er gert ráð fyrir einum starfsmanni, það eru launagjöld vegna líffræðings, ef ég man rétt, upp á 1,8 millj. kr. og til þess að hann geti haft bærilega starfsaðstöðu þá þarf að kaupa undir hann 20 millj. kr. hús. (**Gripið fram í:** Hvar þá?) Í Vestmannaeyjum minnir mig. 20 millj. kr. hús. 8 millj. eiga að koma frá bænum og það er reyndar ánægjulegt að það skuli takast samstarf við sveitarfélög um umsjónarverkefni. Ég geri ekki heldur lítið úr því. En 12 millj. eiga að koma frá ríkinu. Forgangsverkefni í málefnum háskólans.

Framlög til kennslumála eru svo þar að auki skorin verulega niður og það er ekki framfylgt ákvæðum í lögum sem fjalla um skólamál og hlýtur það að vera áhyggjuefni allra hv. þm. Væntanlega einnig hæstv. menntmrh. þó hann láti þetta yfir sig ganga. Ég óttast einnig að breytingar á úthlutunarreglum Lánasjóðs ísl. námsmanna í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar muni hafa það í för með sér að þeim fækki sem treysta sér til þess að stunda langskólanám. Nú er það svo að lánasjóðurinn er svokölluð B-hluta stofnun og um hann verður því fjallað nánar bæði í fjárln. og eins við 3. umr. fjárlaga og því ekki ástæða til þess að lengja mjög umræðu um málefni hans sérstaklega, þau koma örugglega upp aftur. En stefnan er auðvitað mótuð af hálfu ríkisstjórnarinnar í fjárlagafrv.

Ég tel að við verðum að leggja aukna áherslu á alla þætti menntunarinnar, alla þættina allt frá grunnskólanum og upp í langskólann eða háskólastigið til þess að standast þá samkeppni sem við augljóslega stönd-

um frammi fyrir og fram undan er í þeim breytta heimi sem við búum nú við með auknum samskiptum og auknum samningum milli þjóða. Ef við getum ekki staðið vel að þessum undirstöðuþætti, skólamálunum og rannsókna- og þróunarstarfinu, er hætta á því að atgervisflótti bresti í okkar besta lið og það kunni að leita fyrir sér með öðrum þjóðum þar sem betur sé staðið að þessum málum en við treystum okkur til og þá kann sá flótti að verða þjóðinni dýrkeypur. Það er auðvitað hægt að segja að við höfum ekki efni á þessu og við höfum ekki efni á hinu, en höfum við efni á að draga svo úr einmitt á sviði mennta- og menningarmála, rannsókna- og þróunarstarfs sem raun ber vitni? Erum við ekki þar að grafa okkar eigin gröf? Erum við ekki þar í vítahring? Eru líkur á að atvinnulífið treysti og styrkist þegar við stöndum þannig að?

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, frsm. minni hlutans, ræddi hér ítarlega um þróunina í heilbrigðis- og tryggingamálunum í ræðu sinni áðan, framsöguræðunni fyrir nál. minni hlutans og þarf ég út af fyrir sig ekki að endurtaka það sem kom fram í máli hennar. En ég verð þó að lýsa yfir einu sinni enn, sem ég hef gert áður í þessum ræðustól, að ég hef af því miklar áhyggjur hvert stefnir um ýmsa þætti á því sviði. Ég hygg að ég deili þeim áhyggjum einnig með ýmsum öðrum, þar á meðal með landlækni sem er ráðgjafi ríkisstjórnar og stjórnvalda á sviði heilbrigðismála. Landlæknir hefur komið til fjárln. og rætt þessi mál og ég þykist þess fullviss að hann hafi aftur og ítrekað gengið á fund hæstv. heilbrrh. til þess að ræða þessi mál við hann. Út af fyrir sig fagna ég því sem kom fram í blöðum nýlega að hæstv. heilbrrh. ætti að beita sér fyrir samstarfi við starfsfólk opinberra stofnana undir merkjum BSRB og landlæknis til þess að fara yfir alla þessa þætti og skoða hvert við stefnum, hvar við erum stödd og hvaða stefnu við yfirleitt viljum hafa í þessum málum. Ég vona að af því starfi leiði gott.

Sjúkrahúsin í Reykjavík, þrjú stóru sjúkrahús í Reykjavík, koma til frekari umfjöllunar í nefndinni og verða tekin fyrir við 3. umr. þannig að það gefst þá einnig tími til þess að ræða nánar um þau og mun ég ekki eyða löngu máli í það en verð þó að segja það hér, virðulegur forseti, að forsvarsmenn þessara stofnana allra hafa nú þegar komið til viðtals hjá nefndinni og þeir hafa einnig flestir dregið mjög í efa að þær breytingar og það brölt allt sem hefur verið framkvæmt varðandi rekstur þessara stofnana á undanförnum missirum muni hafa í för með sér þann sparnað sem áætlað var og vafamál að það leiði til nokkurs sparnaðar. Auðvitað eru mjög skiptar skoðanir hjá þessum mönnum um það hvernig beri að standa að endurskipulagningu þessara sjúkrahúsa og það er leitt til þess að vita að menn skuli ekki geta komið sér saman um heilsteypta stefnu í því sem sé okkur öllum til góðs og við fáum sem mest út úr þeim fjármunum sem við höfum til afnota. Ég vona sannarlega að það takist að koma þeim málum í þann farveg að helst allir eða í það minnsta sem flestir geti verið sáttir við þróunina. En breytingarnar sem þegar hafa verið gerðar hafa ekki leitt til mikils sparnaðar og því miður er hætt við því, þó hægt sé að sýna fram á einhvern sparnað til skamms tíma litið að við töpum honum aftur þegar til lengri tíma er litið ef ekki tekst að haga þessari þróun og þessari uppbyggingu á sem skynsamlegastan hátt.

Það hefur t.d. komið fram að útgjöld til spítalanna eru nú með þeim hætti að það vantar verulega fjármuni. Það vantaði u.þ.b. 100 millj. kr. í rekstur Landakots á seinasta ári og varð orðið við því í fjáraukalögum á dögunum að hækka fjáveitingarnar til þess sjúkrahúss. Það var aðeins staðfesting á því að áformin um sparnaðinn hefðu ekki náð fram að ganga. Sömu sögu var reyndar að segja um sjúkrahúsið í Hafnarfirði sem líka fékk verulega aukna fjárveitingu vegna þess að sparnaðaráformin þar höfðu ekki náð fram að ganga. Borgarspítalafulltrúarnir lýstu því yfir að þar blasti við u.þ.b. 120 millj. kr. halli á þessu líðandi ári sem er þó ekki gert ráð fyrir að bæta að sinni í það minnsta og jafnframt að það blasti við 180 millj. kr. halli á hinu næsta ef fjárlagafrv. yrði óbreytt og þó aðeins miðað við óbreyttan rekstur sjúkrahússins. Auðvitað hafa menn væntingar um það að auka starfsemina og gera meira, það er eðli málsins, en þó að ekkert yrði gert annað en reynt að halda í horfinu þá vantar á þessum tveimur árum 300 millj. kr. í rekstur stofnunarinnar. Og svipaða sögu er auðvitað að segja einnig af Ríkisspítölunum þar sem verulega fjármuni vantar til þess að halda þar óbreyttum rekstri ef það er markmið stjórnvalda. Það vantar um 320 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til leiðréttinga vegna áforma um að selja Þvottahús Ríkisspítalanna og áforma um að ríkið dragi sig út úr rekstri leikskólanna sem hefur reyndar breyst frá því að fjárlagafrv. var lagt fram. Um það hefur náðst nokkuð bærileg niðurstaða að ég hygg. En þá vantar þar einnig mörg hundruð millj. kr. bara til þess að halda óbreyttum rekstri. Það má sjálfsagt vænta þeirra svara frá hæstv. ráðherrum að menn verði bara að halda áfram að spara, það sé auðvitað gert ráð fyrir óbreyttum rekstri. (**EgJ:** Hvað vill þingmaðurinn?) Stofnanirnar eigi að halda áfram óbreyttum rekstri. Ég kem að því, hv. þm. Egill Jónsson, síðar í ræðu minni. En ég álít eins og ég vitnaði til í bréfi frá skólameistara Framhaldsskólans í Vestmannaeyjum að það sé einhvern tímann komið að mörkunum í því hvað hægt er að ætlast til að forsvarsmenn þessara stofnana spari án þess að draga verulega úr rekstrinum. Hagræðingin, sparnaðurinn, er allt saman af hinu góða og nauðsynlegt en það er líka búið að gera æðimikið í því. Það er búið að spara fyrir mörg hundruð millj. kr., t.d. á Ríkisspítölunum. Það hefur komið fram í því að vissulega hefur einhvers staðar dregið úr þjónustunni. Deildum hefur verið lokað og ýmislegt slíkt sem við munum vafalaust ræða nánar þegar við komum að málefnum sjúkrahúsanna við 3. umr.

Því miður er það einnig svo að sparnaðurinn og aðhaldið í sjúkratryggingakerfinu hefur beinst mest að því að hækka greiðslur sjúklinganna. Kannski hefur eitthvað sparast, kannski hafa menn breytt einhverju, t.d. í notkun lyfja og þá er það gott, ef menn hafa beint neyslunni að ódýrari lyfjum ef þau hafa gegnt sama hlutverki án alvarlegra aukaverkana, þá er það líka af

hinu góða. Auðvitað á að reyna að framfylgja slíku sem mögulegt er, en þessi sjónarmið að tala um sparnað þegar skattabyrðinni er aðeins skipt upp á annan hátt en gert var, þá er með því verið að blekkja. Og það kemur fram þegar litið er á ríkisreikninga og fjárlagatölur undanfarinna ára að fjárveitingarnar til heilbrigðisstofnana hafa breyst nokkuð vegna þess að sértekjurnar hafa hækkað umtalsvert. Sértekjurnar hjá heilbrigðisstofnunum, þ.e. sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum, og stofnunum sem undir ráðuneytið heyra hafa hækkað um á annan milljarð kr., 1,2 milljarða kr. frá árinu 1991, þ.e. á tveimur árum í raun, 1992 og 1993 hafa tölurnar hækkað úr 1,5 milljörðum í 2,7 milljarða. Þetta er fyrst og fremst tilfærsla á skattbyrði. Þetta er tilfærsla á greiðslum einstaklinganna frá því að menn greiði skatta sína eftir efnum og ástæðum og í það að menn greiði skatta sína eftir því hversu sjúkir þeir eru, hversu mikið menn þurfa á heilbrigðisþjónustunni að halda. Og það er ekki allt upp talið með þessu, virðulegi forseti. Það er líka í viðbót við þessar breytingar umtalsverð hækkun á greiðslum einstaklinganna fyrir að sækja þjónustu sérfræðinganna. Þar hafa greiðslur einstaklinganna hækkað umtalsvert og auðvitað líka sá hluti lyfjanna sem sjúklingarnir greiða yfir borðið í apótekinu eða lyfjaverslununum og þær upphæðir koma hvergi fram, þær upphæðir eru ekki taldar með og það er líka erfitt að afla upplýsinga um þær. Það er erfitt að átta sig á því hvaða upphæðir hér er um að ræða af því að við sjáum þær ekki, það verður ekki gert öðruvísi en með einhverjum líkindareikningi, með því að reikna út hvað mikið magn af lyfjum er selt og hvert er hlutfall sjúklinga í greiðslu þeirra lyfja og reyna á þann hátt að finna hversu mikið meira einstaklingarnir hafa greitt fyrir þessa þjónustu á undanförnum árum.

Mig langar þá að spyrja hæstv. fjmrh. og hæstv. heilbr.- og trmrh., sem hér situr einnig og hlýðir á umræður og ég þakka honum fyrir það, hvernig þeir hugsa sér að ná fram þeim sparnaði sem nú er fyrirhugaður ef brtt. meiri hluta fjárln. ná fram að ganga, þeim viðbótarsparnaði sem nú er fyrirhugaður í sjúkratryggingunum. Það er út af fyrir sig í minnisblaði sem fjárln. barst gerð grein fyrir því hvaða hugmyndir hæstv. heilbr.- og trmrh. er með uppi til þess að ná inn 180 millj. kr. En hann gerir líka, ef ég veit rétt, ráð fyrir því að falla frá innheimtu sértekna upp á 400 millj. kr. með því að hætta við heilsukortin. Þá sýnist mér að hér séum við að fjalla um ekki 180 millj. heldur 580 millj., þ.e. 400 millj. sem tapast við það að hætta við innheimtu heilsukortanna og þær 180 millj. sem á að spara með einu eða öðru móti. Ég sagði nú óvart innheimta því að það liggur nú svo ljóst fyrir að sparnaðurinn í heilbrigðiskerfinu er yfirleitt fenginn með því að innheimta meira. Og auðvitað á líka að ná 100 millj. kr. af þessu í gegnum lyfin, vonandi með því að breyta áherslum þar og kann að vera að það sé hægt. Ekki ætla ég að gerast dómari í því fyrir fram en hitt óttast ég að verulegur hluti af því verði fenginn með því að menn greiði meira fyrir þessi lyf en þeir hafa gert áður. Í grg. fjárlagafrv. eru sértekjur flokkaðar undir sjúkratryggingar upp á 400 millj. kr. vegna fyrirhugaðrar innheimtu heilsukortanna. Og þær sértekjur eru síðan dregnar frá þeirri nettótölu sem rennur til sjúkratrygginga upp á 9.540 millj. kr. og með brtt. sem hér liggur fyrir er gert ráð fyrir að lækka þessa tölu um 180 millj. þannig að hún verði 9.360 millj. kr. og ætla ég að þessu sinni ekki að ræða frekar um þær fyrirhuguðu breytingar. Það var gert í ræðu hér á undan en ég vil aðeins að spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrst hann er hér og þá kannski hæstv. fjmrh. líka hvernig þeir hafa hugsað sér að standa að þessu af því að það segir í minnisblaðinu sem fjárln. barst um þessi mál að ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála og fjmrn. hafi orðið ásátt um að það svigrúm sem hér virðist vera til staðar í sjúkratryggingum komi að einhverju leyti á móti fyrirhuguðum sparnaðaráformum á árinu 1994. Það er þetta sem ég vildi fá frekari skýringar á hjá þessum tveimur ágætu hæstv. ráðherrum.

Virðulegur forseti. Ég nefndi það áðan að landlæknir deildi áhyggjum með okkur ýmsum um það hvert stefnir í þróun heilbrigðismálanna og hann hefur gengið á fund fjárln. og lagt þar fram nokkrar tillögur sem því miður hefur ekki verið hægt að verða við um lagfæringar á fjárveitingum til hans. Þó langar mig að nefna eina sérstaklega sem mér finnst að hefði fyllilega verið þess virði að hv. fjárln. tæki til skoðunar á milli umræðna en það er ósk hans um fjárveitingu til þess að þróa enn frekar kerfi sem varðar símsendingar á röntgenmyndum til greininga hjá sérfræðingum. Til að skýra þetta aðeins nánar fyrir hv. þm. þá er það svo, þó að ég kunni ekki að skilgreina tæknina nákvæmlega, að hægt er að senda röntgenmyndir símleiðis milli staða, þ.e. frá t.d. heilsugæslustöðvum og sjúkrahúsum úti á landi til sjúkrahúsanna í Reykjavík sem búa við meiri sérfræðiþekkingu og láta greina og yfirfara þessar röntgenmyndir hér. Þetta er afar athyglisvert mál sem hefur verið í þróun á undanförnum árum og með landlækni gengu á fund okkar þeir aðilar sem unnið hafa að þessu máli og hafa á því mikla þekkingu og töldu að það væri æskilegt að fá ofurlitla fjárveitingu í viðbót til þess að geta haldið þessu áfram. Þetta leiðir kannski ekki til mikils sparnaðar í uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar en ætti þó að geta sparað kaup og uppsetningu röntgentækja annars staðar að einhverju leyti þó ég ítreki það að ég kann ekki mjög vel að lýsa tækninni í þessu sambandi en fyrst og fremst á þetta auðvitað að gefa betri sjúkdómsgreiningu og gera heilbrigðisstarfsfólki betur kleift að ráða við þau vandamál sem uppi kunna að vera.

Virðulegur forseti. Ég ætla nú að fara að stytta ræðu mína. En mig langar þó að nefna hér örfá atriði, sem verða kannski að teljast af smærra taginu, en skipta þó miklu máli þar sem við á og hafa verið í umræðunni töluvert mikið að undanförnu. Ég vil spyrja hv. stjórnarþingmenn og hæstv. fjmrh. hvert stefni með eða hvað eigi að gera við hin ýmsu sýslumannsembætti sem fjárlagafrv. ráðgerir að leggja niður. Við höfum heyrt ýmsa hv. stjórnarþingmenn lýsa því yfir að ekki sé meiri hluti fyrir þessum breytingum í þinginu og væri

gott að fá að vita hvort búið er að taka ákvörðun um það og hvort það komi þá fram við 3. umr.

En það er eitt mál fremur lítið sem þessu tengist, það er lítið í upphæðum miðað við frv. allt en það er stórt fyrir þá sem málið varðar. Það eru hugmyndir um að leggja niður héraðsdóm Norðurlands vestra. Það hefur ekki verið jafnmikið í umræðu eins og hugmyndirnar um sýslumennina, sýslumannsembættin, en mig langar að vita hvort það hangi á spýtunni, hvort það sé einnig hugmynd að breyta — þarna er hæstv. dómsmrh. á þessum fundi líka þannig að hann geti kannski svarað einhverju um það hvaða hugmyndir séu uppi, en í greinargerðinni segir í tveimur línum, með leyfi forseta:

„Þá er áformað að sameina héraðsdóma Norðurl. v. og e. í einn, héraddóm Norðurlands, með aðsetri á Akureyri." Nú veit ég að við þessu hafa auðvitað komið fram andmæli og röksemdir sem mæla gegn þessari breytingu svipaðar þeim sem hafa átt sér stað með sýslumannsembætti en þó hafa nú umræður um sýslumannsembættin meira einkennst af því að það væri hægt að fela sýslumannsembættunum ný verkefni frá stjórnsýslunni og draga ýmis verkefni út frá höfuðborginni og senda þeim starfsmönnum stjórnkerfisins. Slíkt verður varla gert um héraðsdóm en mig langar þó að heyra álit hæstv. ráðherra á því hvort fyrirhugaðar séu breytingar hvað þetta varðar milli umræðna.

Þessi litlu dæmi snerta byggðastefnu í reynd og má í raun líta á sem svar hæstv. ríkisstjórnar við þeim hugmyndum sem uppi hafa verið um að flytja stofnanir frá höfuðborginni og út á land. Nefnd sem starfaði á vegum forsrh. skilaði fyrir ekki löngu áliti hvað þetta varðaði. Þess vegna finnst ýmsum það skjóta skökku við að leggja svo til í fjárlagafrv. eitthvað sem gengur í þveröfuga átt, þ.e. að draga þjónustuna frá hinum smærri stöðum og flytja hana til hinna stærri og í sumum tilfellum kannski alla leið til höfuðborgarinnar. Eitt lítið dæmi í sama dúr er einnig nefnt í fjárlagafrv. þó að það heyri undir annað ráðuneyti. Það heyrir undir ráðuneyti hæstv. fjmrh. sjálfs og ég mætti kannski spyrja hann í tengslum við þetta um þjónustu skattyfirvalda á Húsavík. Þar hefur verið rekið útibú frá skattstjóranum sem hefur aðsetur á Akureyri og hafa verið miklar kröfur uppi um það að halda þessu útibúi þar áfram gangandi en ekki flytja það einnig burtu til Akureyrar, draga úr þjónustunni við íbúana heima í héraði eins og virðist þó vera áformað í fjárlagafrv. ef áætlanir þar og hugmyndir ganga óbreyttar fram.

Þetta er kannski byggðastefnan í reynd, virðulegi forseti, sem við erum hér að horfa á þó að þetta séu nú e.t.v. hin smærri atrtiði þegar litið er til ástandsins í atvinnulífinu.

Ég sagði það áðan þegar ég ræddi um heilbrigðisþjónustuna og sjúkrahúsin að auðvitað væri nauðsynlegt að gæta ýtrasta aðhalds, hagræðingar og sparnaðar í opinberum rekstri. Það hlýtur að vera krafan hverju sinni og ég veit að þannig hafa fjölmargir forstöðumenn og forsvarsmenn opinberra stofnana brugðist við á undanförnum árum og starfsfólkið hefur tekið þátt í þeirri vinnu. Það ber að þakka og það þykist ég vita að hæstv. ráðherrar eða hæstv. ríkisstjórn geri einnig. En það er erfitt að halda stöðugt áfram að höggva í þann sama knérunn og einhvern tíma er komið að mörkunum í því. Það er ekki stöðugt hægt að segja upp starfsfólki. Það er ekki stöðugt hægt að draga úr rekstri og ætla samt að krefjast þess að þjónustan sem veitt er sé óbreytt. Menn verða þá líka að viðurkenna það og framfylgja því að það sé verið að draga úr þjónustunni, það sé verið að minnka umsvif hins opinbera, ekki bara í krónum talið heldur líka að draga úr verkefnum. Og þetta hefur auðvitað að einhverju leyti þau áhrif að uppsagnir starfsfólks auka atvinnuleysið. Atvinnuleysið fer vaxandi og útgjöldin koma að einhverju leyti aftur til baka inn í ríkissjóð í gegnum annan farveg. Það er mál sem ég held að sé einhvern tíma á einhverju stigi komi að því að stjórnvöld þurfi líka að velta fyrir sér og hugsa um án þess að mér detti í hug og vona að orð mín séu ekki skilin svo að ríkið eigi að halda uppi einhverri atvinnubótastarfsemi. Ég fjallaði um það fyrr í ræðu minni að það væri mikilvægt að Atvinnuleysistryggingasjóður tæki meiri þátt í því að byggja upp atvinnu til frambúðar, taka þátt í þeim verkefnum og styrkja atvinnulífið í heild. Og ég tel að það sé eitthvert mikilvægasta hlutverk stjórnvalda nú að efla atvinnulífið, það er að styrkja það og efla. Það mun þá auðvitað líka treysta fjárhag ríkissjóðs. Þetta verður að geta unnið allt saman eins og ég einnig nefndi áðan og það getur verið hluti af svari mínu við frammíkalli hv. þm. Egils Jónssonar að við verðum auðvitað númer eitt að koma hjólum atvinnulífsins af stað á nýjan leik, fá þau til þess að snúast og þá líka hjól þjóðfélagsins alls því að það hefur auðvitað einnig áhrif á opnberu þjónustuna alla og starfsemina þar og möguleika okkar til þess að veita þá þjónustu. Allt verður þetta að fara saman.

Mig langar í lokin, virðulegur forseti, aðeins að vitna til stjórnmálaályktunar miðstjórnarfundar Framsfl. sem haldinn var hér í Reykjavík dagana 5. og 6. nóv. sl. þar sem einmitt er fjallað um þessa þætti og með ítarlegum rökstuðningi sem ég ætla nú ekki að lesa upp heldur aðeins ályktanirnar sjálfar í stuttu máli og aðeins þrjá liði þeirra þar sem fjallað er um það hvernig m.a. þurfi að bregðast við til þess að örva atvinnulífið. Og við segjum hér, með leyfi forseta:

„1. Breið þjóðarsátt verði undirstaða endurreisnar atvinnulífs og velferðarkerfis.

2. Verulegu fjármagni verði varið til örvunar í atvinnulífinu. Hagkvæm lán verði veitt til framleiðniaukandi framkvæmda og sem áhættufé til nýsköpunar og markaðsleitar, sérstaklega hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Stofnlánasjóðir atvinnuveganna verði nýttir í þessu skyni.

3. Langtímaáætlanir um þróun atvinnulífs verði gerðar í samvinnu þess og ríkisvaldsins líkt og hjá þeim þjóðum sem lengst hafa náð í uppbyggingu þess. Með auknu fjármagni, endurbótum og markvissum áherslum, menntun, rannsóknum og opinberum framkvæmdum verði að því stuðlað að markmiðin náist."

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég taka undir þakk-

ir hv. formanns fjárln. til þess fólks sem unnið hefur með nefndinni í því mikla starfi sem þar hefur verið unnið að undanförnu, svo og þakka formanni og öðrum meðnefndarmönnum mínum fyrir samstarf.

[14:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það munu vera 14 á mælendaskrá þannig að ég kýs að koma hér og veita andsvar við þessari ræðu.

Í fyrsta lagi vil ég segja það að sá milljarður sem margnefndur hefur verið og ríkisstjórnin lofaði að leggja í fjárfestingar og viðhald á þessu ári hefur að vísu ekki allur verið notaður á þessu ári en hann verður allur notaður. Upptalninguna er að finna í fjáraukalagafrv., sérstöku þingskjali. Það sem út af stendur verður ekki sett á fjárlög næsta árs en verður fært á milli ára með fjáraukalögum ef þau verða samþykkt með þeim hætti. Þannig að það loforð stendur og því mun verða fylgt eftir og hefur ekkert með önnur loforð ríkisstjórnarinnar að gera á næsta ári eða fyrr eða síðar.

Í öðru lagi vegna sýslumannsembætta og héraðsdómaraembættisins í Norðurl. v. skal það segja að hvort tveggja málið er til sérstakrar skoðunar og niðurstaðan verður ljós fyrir 3. umr.

Í þriðja lagi held ég að það sé rétt að það komi hér fram að fjmrn. á nú í viðræðum og bréfaskriftum við bæjarstjórnina á Húsavík um lausn á skattaþjónustu Húsvíkinga og annarra Þingeyinga og ég vænti þess að lausn finnist á því máli. Það er ekki verið að draga úr byggðastefnu. Þvert á móti hefur núv. ríkisstjórn lagt sig fram um að auka fjármuni til vegagerðar til þess að tryggja það að fært sé á milli staða innan hvers þjónustusvæðis úti á landi. Á það höfum við lagt mjög ríka áherslu og það verður að sjálfsögðu gætt þeirra sjónarmiða þegar breytingar verða gerðar, ef gerðar verða, á þessum þjónustusviðum eins og öðrum.

[14:38]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svör hans við spurningum mínum um héraðsdóm og um skattstofur. Hitt vitum við svo auðvitað að aukin og bætt vegagerð og bættar samgöngur geta líka breytt áherslum og fært til þjónustumiðstöðvar. Það er bara staðreynd sem allir verða að horfast í augu við og hafa væntanlega vart á móti því að bæta samgöngurnar. Varla trúi ég því að nokkur vilji að dregið sé úr samgöngubótunum eða að samgöngur hindri það að menn geti leitað þjónustu víðar.

En mér þykir leitt að þurfa að vera í hálfgerðum stælum við hæstv. fjmrh. um þær fjárveitingar sem ríkisstjórnin hefur lofað að verja til þess að auka framkvæmdir til þess að efla atvinnustigið. Ég dreg það ekki lengur í efa að hæstv. fjmrh. er ákveðinn í því að þessi milljarður sem lofað var í sumar og ekki eyðist allur núna verði færður yfir á næsta ár í fjáraukalögum og hann verði nýttur þá, vonandi komi til framkvæmda betur heldur en gert var núna. En það sem mig undraði og ég þykist nú skilja enn þá svo er það að í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar til aðila vinnumarkaðarins er hluti af þeim milljarði, 600 millj. segir hér í yfirlýsingunni, sem ekki verði unnið fyrir á þessu ári, sem verður hluti af þeim 16 milljörðum, hygg ég hafi verið, sem ríkisstjórnin lofaði að yrðu til fjárfestingar í heild á næsta ári. Og ef það voru 17 milljarðar í ár og 16 á næsta ári og það er hægt að taka hálfan milljarð af þessu ári og færa yfir á næsta ár þá er annaðhvort verið að svíkja loforðið í ár eða á næsta ári um þennan hálfa milljarð. Ég get ekki skilið þetta öðruvísi, virðulegur forseti og hæstv. fjmrh., það er þá eitthvað að mínum þykka haus en svona segir mér mín reikningskúnst að þetta dæmi líti út.

[14:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru alls ekki neinar stælur og ég gleðst bara yfir að fá tækifæri til að gefa þær upplýsingar sem mér ber að gefa.

Til þess að skýra þetta mál skal það sagt að það var ágreiningur á milli ríkisstjórnar, segjum kannski frekar fjmrh. annars vegar og ASÍ-forustunnar hins vegar hvað hefði falist í loforði ríkisstjórnarinnar frá því vor varðandi næsta ár. Og sá ágreiningur var m.a. kominn til af því að við töldum að sjálfsögðu ekki með fjárfestingum skuldagreiðslur af gömlum kaupum eða gömlum tilfærslum á milli ríkis og sveitarfélaga en það hafði verið inni í heildarupphæðinni þegar menn voru að skoða upphæðir frá fyrri árum. Þess vegna til vonar og vara og til að sýna að allir væru nú ánægðir með niðurstöðuna var þessi texti valinn. Áður en hann var skrifaður hafði það legið fyrir af minni hálfu eins og hv. þm. veit, því frá því sagði ég í sumar í fjárln., að það hefur aldrei annað staðið til en að þessi tiltekni milljarður sem við vitum nákvæmlega hvernig skiptist á tilteknar framkvæmdir eða viðhald, við hann verður staðið og það mun verða gert í ár og á næsta ári og að því leytinu sem milljarðurinn færist yfir á næsta ár þá gerist það utan fjárlaga. Það á ekki að koma að mikilli sök því það má búast við því að á milli áranna 1994 og 1995 færist einhverjar framkvæmdir einnig og önnur viðfangsefni þó að sjálfsögðu ekki nákvæmlega þessi sömu. Þetta allt saman gerist vegna breyttra vinnubragða en nú háttar þannig að ríkisstjórnin heimilar færslu á milli ára bæði inneignar og einnig skuldbindinga. Og ég tel að það sé kannski markverðasta sporið sem stigið hefur verið á undanförnum árum til að ná betri tökum á ríkisfjármálum.

[14:43]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. aftur fyrir svörin og ætla ekki að stæla frekar við hann enda hafa þetta ekki verið neinar stælur. Ég vísa þá þeim stælum til þeirra sem á málum þurfa að taka ef ágreiningur kann að vera og ekki kæmi mér það á óvart þó það kynni enn að bera eitthvað á milli í þessum umræðum á milli ríkisvaldsins, hæstv. ríkisstjórnar annars vegar og aðila vinnumarkaðarins hins vegar um það hvernig þessi fyrirheit eru uppfyllt. Það má vera þeirra

mál fyrir mér. En ég skildi það svo í máli hæstv. ráðherra að þessi tilfærsla sé þá orðin hluti af þessum 16 eða 17 milljörðum sem í heildina átti að verja til framkvæmda á næsta ári.

[14:44]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðmundur Bjarnason spurði hvað mér þætti um vísindastefnuna sem fram kæmi í fjárlagafrv. Í stuttu máli sagt er ég ánægður með hana og þykir satt að segja hv. þm. fremur seinheppinn að velja sér þennan málaflokk til þess að gagnrýna. Því engin ríkisstjórn hefur gert meira á sviði vísinda og rannsókna en einmitt þessi.

Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að sala ríkisfyrirtækja skilaði ekki þeim fjárhæðum sem ætlað var en hluti þeirra átti að ganga til vísinda og rannsókna. Engu að síður hefur verið staðið við það sem var lofað. Þannig er staðið við það fyrirheit sem gefið var í fyrra að Rannsóknasjóður Rannsóknaráðs hefði til ráðstöfunar á þessu ári 165 millj. kr. sem er 50 millj. kr. hækkun frá því í fyrra. Á sama hátt verður staðið við þá samþykkt ríkisstjórnarinnar frá í fyrra að Rannsóknasjóður verði kominn í 200 millj. á næsta ári 1994 og þá hefur Rannsóknasjóðurinn nær tvöfaldast á þessu kjörtímabili.

Það hefur verið stofnaður rannsóknanámssjóður til að standa undir kostnaði við rannsóknatengt framhaldsnám. Tryggðar eru 8 millj. kr. á þessu ári og 25 millj. á hinu næsta með brtt. frá meiri hluta fjárln. sem ég vonast til að verði samþykkt. Auk þess hefur verulegum upphæðum á þessu ári, og verður á því næsta, verið varið til ýmissa samstarfsverkefna hjá Evrópubandalaginu á sviði vísinda, tækni og þróunar. Og ég fullyrði að það eru yfir 230 millj. kr. sem hefur verið bætt við þennan málaflokk nú á síðustu missirum. Ég er þess vegna ánægður með þá stefnu sem þessi mál hafa tekið á yfirstandandi kjörtímabili.

Um menntamálin og áhyggjur hv. þm. af þeim hef ég ekki tíma til að ræða núna, það gefst tækifæri til þess á morgun, í framhaldsumræðu um frv. um ráðstafanir í efnahagsmálum.

Aðeins örfá orð vegna fyrirspurnar um hvað mér þætti um brtt. frá meiri hluta fjárln. vegna samstarfs háskólans við Vestmannaeyjar. (Forseti hringir.) Ég veit að þar er hið besta mál á ferðinni en sú tillaga kom ekki frá ráðuneytinu vegna þess að þetta var málefni háskólans alfarið en ekki ráðuneytisins. Það var háskólinn sem gerði samningana við Vestmannaeyjabæ en ekki ráðuneytið.

[14:46]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að heyra það að hæstv. menntmrh. skuli vera ánægður með afrek sín á sviði vísinda og rannsókna og ekkert nema gott um það að segja. En mig langar þó að spyrja hann aftur út í það sem segir í greinargerð með fjárlagafrv. um Rannsóknasjóð þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Framlag úr ríkissjóði er aukið um 85 millj. kr. frá fjárlögum 1993 og verður 200 millj. kr. í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að gera sérstakt átak í rannsókna- og þróunarmálum. Ráðgert er að viðbótarframlagið komi úr tekjum af sölu ríkiseigna, sbr. lið 5.5 í 6. gr. fjárlagafrv." Þá spyr ég ráðherra aftur: Er það þá ekki svo, það að minnsta kosti var minn skilningur og þess vegna varð nú umræðan og vaknaði fyrirspurnin, að þetta viðbótarframlag og það aukna fjármagn sem ráðgert er að komi til rannsókna- og þróunarstarfsemi komi sem hluti, 20% ef ég man rétt, af eignasölunni af einkavæðingaráformunum? Þannig að hér er, ef það má orða það svo, áhættufé á ferðinni og það hafi litlu skilað eignasalan sem varð í ár.

Um annað sem fram kom í máli hæstv. ráðherra þá þakka ég honum fyrir svörin um þetta Vestmannaeyjamál. Ég ítreka það sem ég sagði í ræðu minni hér áðan að þetta er vafalaust hið besta mál og ekkert um það að segja heldur er þetta spurning um forgangsröðun og þetta er spurning um vilja Alþingis. Þegar Alþingi hefur einu sinni samþykkt ályktun um það hvernig eigi að standa að uppbyggingu slíkrar rannsókna- og þróunarstarfsemi þá finnst mér dálítið furðulegt að það skuli vera teknar ákvarðanir sem algjörlega ganga í berhögg við það næst þegar stór skref eru stigin á þessu sviði.

[14:48]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þm. las upp úr greinargerðinni með fjárlagafrv. er allt saman satt og rétt en alveg eins og ætlað var á þessu ári að það framlag, 50 millj. kr. sem átti að koma vegna sölu ríkisfyrirtækja, það gerðist ekki, þá var engu að síður svo að ríkisstjórnin tryggði þetta ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs og það gerði hún með tillögu á fjáraukalögum. Á sama hátt mun það verða á næsta ári ef þetta framlag skilar sér ekki af tekjum af sölu ríkiseigna eða ríkisfyrirtækja þá verður þetta framlag engu að síður tryggt og þá á fjáraukalögum.

Ég hafði ekki tíma til að svara öllu sem spurt var um áðan. Ég var spurður um viðhorf mitt til þál. frá því í maí 1992. Það er þegar komin fram fsp. í þinginu frá hv. þm. Svanhildi Árnadóttur og þeirri fyrirspurn verður svarað skriflega þar sem koma fram viðhorf mín til þál. og jafnframt svör við því sem hefur verið unnið í þeim efnum.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1994, 1. mál. brtt. HG o.fl., þskj. 339; brtt. HG, þskj. 340; brtt. SvG, þskj. 341; brtt. SvG o.fl., þskj. 342; brtt. KHG o.fl., þskj. 344.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 339, 340, 341, 342 og 344. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PBald, REl, RG, SigG, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKJ, FI, GE, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, JóhS, JBH, KÁ, MB, ÓRG, PP, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SJS, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

[14:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. til fjárlaga fyrir næsta ár sem við erum hér að ræða er nú komið til 2. umr. Það er búið að gera allvel grein fyrir því af hálfu minni hlutans með framsöguræðu hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur og einnig hefur hv. þm. Guðmundur Bjarnason gert ítarlega grein fyrir því líka, ekki hvað síst þætti heilbrigðismálanna í þessu frv.

Það fer ekki milli mála að þetta fjárlagafrv. sannar það endanlega að ríkisstjórnin hefur gefist upp á því að ná þeim markmiðum sem hún setti sér þegar hún tók við stjórnartaumum. Í raun og veru má segja að hún hafi enga stefnu lengur því að stefna hennar fólst fyrst og fremst í því að ná niður halla fjárlaga á tveimur árum og ég ætla ekki að fara nákvæmlega út í þá sálma hér. Það hefur verið rakið að það var byrjað með því að leggja fram frv. með 4 milljarða halla sem urðu að 7. Næsta fjárlagafrv. var með 6 milljarða halla sem urðu að 14 milljörðum og nú er lagt fram frv. með 10 milljarða halla sem e.t.v., þó vonandi ekki, verða að 20. En þó svo það yrðu ekki nema 10 milljarðar sem er þó æðihá tala þá er á þessum þremur fjárlagaárum hallinn kominn í 31 milljarð kr. Það er engan veginn hægt að segja að það séu þær væntingar sem þeir höfðu sem trúðu á tilvist ríkisstjórnarinnar og að hún næði sínum markmiðum, að ná niður hallanum á tveimur árum, og þeir hafa sjálfsagt tapað sinni trú.

Það sem fólst að öðru leyti í stefnu ríkisstjórnarinnar var að hækka þjónustugjöld og hækka sértekjur og það hefur henni tekist allvel, að færa skattabyrðar yfir á herðar landsmanna, og ekki að miða þá að öllu leyti við tekjur heldur að þeir sem þurfi á þjónustunni að halda greiði fyrir hana burt séð frá því hvernig aðstaða þeirra er til tekjuöflunar.

Að selja ríkisstofnanir var líka ein af þeim áætlunum sem ríkisstjórnin hafði hátt um að einkavæða sem flest og við höfum heyrt hér oft og mörgum sinnum hvernig sú áætlun hefur tekist. Það átti heldur ekki að hækka skatta. Það átti að breikka skattstofna og einfalda kerfið. En það tókst ekki. Það virðist ekki ætla að takast því að nú er ekki verið að breikka skattstofna. Það er ekki verið að setja fleira undir t.d. virðisaukaskattinn og lækka skattþrepið þá um leið eins og hefði verið eðlilegast að gera heldur er verið að taka upp tvö skattþrep. Og það er líka ástæða til að ítreka það aftur, sem ég gerði raunar hér þegar við vorum að ræða fjáraukalagafrv., að þetta er ekki að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins. Þetta er að frumkvæði ríkisstjórnarinnar vegna þess að á síðasta ári ákvað hún að taka upp 14% virðisaukaskatt, m.a. á hitaveitur, orkufyrirtækin, á fjölmiðla, á bækur og blöð, afnotagjöld útvarps og sjónvarps, og núna á síðasti áfanginn að koma til framkvæmda um áramótin með því að setja 14% virðisaukaskatt á ferðaþjónustu.

Við höfum rakið það nokkuð í nál. okkar minni hluti fjárln. hvaða áhrif þessi virðisaukaskattur muni koma til með að hafa á ferðaþjónustu. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa hér hluta úr því nál.:

„Virðisaukaskattur á ferðaþjónustu á að taka gildi um áramót samkvæmt ákvörðun fjárlaga fyrir yfirstandandi ár. Sýnt er að það mun verða til þess að draga úr vexti þessarar atvinnugreinar. Þá er þessi skattur alveg sérstaklega erfiður landsbyggðarfólki og atvinnugreinum á landsbyggðinni sem oft þurfa að sækja þjónustu til Reykjavíkur þar sem skatturinn kemur til hækkunar á innanlandsfargjöldum flugfélaganna. Þá veldur skatturinn einnig mismun á milli flugferða innan lands og erlendis og getur orðið erfiður í framkvæmd. Minni hlutinn gagnrýnir þessar álögur sem mismuna fólki eftir búsetu og telur fráleitt að ríkisvaldið standi fyrir slíkri skattlagningu."

Með þessu er raunar fylgiskjal sem ég hygg að nokkuð margir hafi fengið að sjá ef þeir hafa þurft að ferðast síðustu vikurnar út á land, en það er auglýsing frá Flugleiðum um það hvað þeir sem þurfa að ferðast út á land þurfi að borga í átthagaskatt. Þetta er nokkuð skemmtilega sett upp þar sem Reykjavík þarf auðvitað engan átthagaskatt að borga, þó að ferðast sé á milli stofnana, en þeir sem þurfa að borga mest í þennan átthagaskatt eru að sjálfsögðu þeir sem borga dýrustu fargjöldin í dag og það eru þeir sem fara frá Egilsstöðum.

Nú skal ég ekki um það segja hvort þetta muni koma til með að hafa áhrif á tekjuhlið frv. sem enn er eftir að ræða. Má vera að sú umræða sem búin er að vera í gangi um þennan skatt hafi haft einhver áhrif en ég hef hugsað mér að ræða það ekki frekar fyrr en við 3. umr. þegar tekjuhlið fjárlaga verður til umræðu.

Hvað ferðamálum viðvíkur að öðru leyti þá eru einnig í þessum fjárlögum skert lögbundin framlög til Ferðamálaráðs og Ferðamálasjóðs sem kemur raunar fram í frv. um breytingar á skattalögum sem nú liggur fyrir í formi bandorms. Þannig er hert að starfsskilyrðum þeirrar atvinnugreinar sem hefur þó verið helsti vaxtarbroddur í atvinnumálum hérlendis. Þessi skerðing á næsta ári er hvorki meira né minna en 134 millj. kr. Og samkvæmt því sem mér sýnist að sé orðið frá því að þetta framlag átti að greiðast samkvæmt lögum til Ferðamálaráðs þá mun skerðingin í dag frá árinu 1986 vera orðin á milli 800 og 900 millj. kr. Þetta fer nokkuð eftir tekjum í Fríhöfninni, en það hefði alla vega verið í kringum 800 millj. kr. sem Ferðamálaráð hefði haft meira til ráðstöfunar ef þessi skerðing væri ekki á hverju ári. Aðeins einu sinni, það var á árinu 1985 þegar þessi lög voru sett, fékk Ferðamálaráð lögbundið framlag, síðan hefur það verið skert árlega.

Það er ekki gott að segja hvernig Ferðamálaráð fer að því að bregðast við þessum niðurskurði en það er þó fullkomin ástæða til að óttast að það komi niður á starfsemi þess þar sem þetta hefur ekki einu sinni tekið verðlagsbreytingum, þessi upphæð er búin að vera sú sama í a.m.k. þrjú ár, jafnvel lengur. Það er ástæða til að óttast að það komi þá niður á starfseminni, e.t.v. á því sem Ferðamálaráð hefur verið að snúa sér að í vaxandi mæli á undanförnum tveimur árum, þ.e. alls

kyns nauðsynlegum úrbótum í umhverfismálum. Á árinu 1992 varði Ferðamálaráð t.d. rúmum 10 millj. kr. af sínu ráðstöfunarfé sérstaklega til átaks í umhverfismálum.

Ferðamálasamtök landshlutanna eru þau samtök sem hafa haldið víða uppi þróttmiklu starfi úti um landið og þar er um að ræða mikið sjálfboðastarf sem unnið er í því og þau hafa mörgu góðu getað komið þar til leiðar en þau hafa alltaf þurft að berjast fyrir framlögum til þeirrar starfsemi og hafa ekki einu sinni fengið því framgengt að fá að vera sérstakur liður á fjárlögum ársins heldur fæst sú upphæð, sem þeim er þó ætluð samkvæmt umræðum í fjárln., ekki skilgreind sérstaklega sem liður í fjárlögum heldur er inni í öðrum lið til ferðamála. Þrátt fyrir það að ferðamálasamtökin hafi komið á fund okkar í fjárln. og skýrt sitt mál þá hefur þetta ekki fengist leiðrétt.

Eitt af því sem hefur mikil áhrif á fjárlög næsta árs er spáin um atvinnuleysið. Það kom fram í skýrslu um atvinnuleysi sem nýlega birtist að atvinnuleysið, með því sem áformað er að verði á næsta ári, stefnir í að kosta okkur 20 milljarða á þremur árum. Það eru nú bara ⅔ af því sem hefur verið halli fjárlaga núna á þremur árum. 20 milljarðar í atvinnuleysi, 30 milljarða halli. Ef hægt væri að stöðva þessa aukningu atvinnuleysis þá mundi það hafa þau áhrif að tekjur ríkissjóðs mundu aukast og hallinn þar af leiðandi minnka. En atvinnuleysið er meira en bara hluti af fjárlögum, það er líka ástand sem ekki er æskilegt í neinu þjóðfélagi. Það hefur komið fram í rannsókn sem gerð var hjá Evrópubandalagsþjóðum að þeir telja að það sem þurfi mestrar athugunar við sé að bæta úr atvinnuleysinu. Í skoðanakönnun sem nýlega var gerð meðal þeirra þjóða eru 70% sem telja að það sé brýnasta verkefni hverrar ríkisstjórnar að vinna bug á atvinnuleysinu. Það sé mest aðkallandi í efnahagsstjórn. Og þar sem ég veit að hæstv. núv. ríkisstjórn er gjarnan á því að fylgja ýmsu því sem Evrópuþjóðirnar og Evrópubandalagið hefur tekið sér fyrir hendur þá vænti ég þess að núna muni það verða til þess að þeir skoði hug sinn og reyni að leita leiða sem allra mest til þess að bæta úr því atvinnuleysi sem spáð er á næsta ári og er staðreynd í dag.

Það er hægt að ræða um ýmislegt meira út frá því hvort hægt sé að leysa þetta atvinnuleysisvandamál. Við vitum auðvitað að hluti af þessu vandamáli er skerðing kvóta í sjávarútvegi og þar af leiðandi líka minnkandi afli. Þar er mikið vandamál á ferðinni og því miður verður það að segjast að hæstv. ríkisstjórn virðist algjörlega vanbúin því að geta tekið á því vandamáli. Fiskveiðistefna ríkisstjórnarinnar hefur ekki enn litið dagsins ljós, kannski verður hún engin. Mér fannst athyglisvert að heyra fréttir í morgun frá fundi sem tveir ráðherrar Alþfl. höfðu haldið og þar sagði hæstv. utanrrh., sem lætur nú ekki svo lítið að heiðra okkur hér með nærveru sinni þó verið sé að ræða um fjárlög, að ríkisstjórn ætti ekki að setja sér markmið. Pólitík væri ekki það að setja sér markmið. Pólitík væri það að finna skynsamlegustu leiðirnar. Mér fannst þetta svolítið undarlegt því ég hugsaði með mér: Ef maður setur sér ekki markmið og ef maður veit ekki hvert för er heitið hvernig á maður þá að velja leiðina að því? Ég hygg að fyrst verði að setja sér markmið og finna síðan leið, skynsamlegustu leiðina að því markmiði. En ríkisstjórnin virðist hvorki hafa getað sett sér markmið né fundið leiðir að því að finna heppilega og farsæla fiskveiðistefnu fyrir þessa þjóð.

Í dagblaðinu Tímanum í morgun segir hæstv. sjútvrh. að það sé alveg óvíst hvort frumvörpin um stjórn fiskveiða og þróunarsjóð komi fram fyrir áramót, það muni skýrast í lok vikunnar. Þessi vika er að verða búin. Reyndar segir hér: „Hann útilokar ekki að hann muni sjálfur flytja frv. um breytingar á Hagræðingarsjóðnum ef ekki næst samkomulag um það milli stjórnarflokkanna.“ Þannig er ágreiningurinn á stjórnarheimilinu að í þessu mesta hagsmunamáli okkar Íslendinga og í okkar aðalatvinnuvegi sem við byggjum okkar útflutningstekjur á og má segja að fjárlög hins íslenska ríkis standi og falli með, er ekki hægt að vera sammála um stefnu. Svo ég geri ráð fyrir því að það verði mjög erfitt hjá hæstv. utanrrh. að finna skynsamlegar leiðir.

Hæstv. menntmrh. svaraði því í andsvari áðan að hann væri mjög ánægður með það framlag sem væri til rannsókna- og þróunarstarfsemi. Að sjálfsögðu er ég mjög ánægð með að heyra það ef ríkisstjórnin ætlar að taka sig á í því að leggja meira fjármagn til rannsókna- og þróunarstarfsemi og ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra, af því að hann er einn til svara fyrir alla ríkisstjórnina og hæstv. sjútvrh. er hér ekki staddur. Mér sýnist að það verði allmikill niðurskurður á fjármunum til rannsókna í sjávarútvegsmálum. Í fjárlagaliðnum Gæðaátak, starfsmenntun, markaðsöflun og tilraunir, sem er liður í sjútvrn., var framlagið skorið niður í fyrra úr 51 millj. í 21 millj. kr. Í ár átti enn að vera sama skerðing á þessum málaflokki en reyndar er bætt við 5 millj. kr. hækkun á liðnum í brtt. meiri hluta fjárln. Ég tel þó að það breyti í sjálfu sér ekki miklu vegna þess að um leið og þessi tillaga kom fram um 5 millj. kr. viðbót þá var einnig bætt við verkefnum á þennan sama lið. Þannig að það er ekki að sjá að á þessu sviði, þ.e. í sjávarútvegsmálum, sé verið að auka rannsóknir og þróunarstarf heldur er þvert á móti verið að skera niður og það allverulega.

Það má einnig nefna það að fulltrúar Hafrannsóknastofnunar komu á fund okkar í fjárln. og lýstu því m.a. að til þess að geta haldið áfram rannsóknum á þorskklaki þá þyrftu þeir 26 millj. kr. á næsta ári. Til skýringar segir hér í minnisblaði þeirra, með leyfi forseta:

„Hrygningar- og klakrannsóknir voru t.d. styrktar í rúmt ár af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi, en þessi hagsmunsamtök hafa hins vegar gert okkur ljóst að það verði ekki um frekari styrki að ræða. Markmið þessa verkefnis er að kanna ýmsa eiginleika hrygningar og klaks hjá þorski við Ísland“ — og nú ættu menn að hlusta, hjá þorskinum sem við byggjum svo mikið af okkar afkomu á — „og auka þannig skilning okkar á þeim þáttum sem segja til um nýliðun og lífsafkomu þorskungviðis. Áhersla er lögð á að meta framlag ein-

stakrar stærðar hópa til hrygningar með því að bera saman lífslíkur hrogna og lirfa þessara hópa. Rannsóknir þessar hafa aðeins staðið í tvö ár en nauðsynlegt er að halda þeim áfram enda virðast þær vera að varpa nýju ljósi á þennan mikilvæga þátt í ævi þorsksins. Þannig benda niðurstöður til að líkurnar á að fá góða nýliðun aukist ef margir hlutfallslega gamlir árgangar eru til staðar í hrygningarstofninum og áframhaldandi rannsóknir munu því m.a. leiða í ljós hvort elstu árgangarnir leggja meira af mörkum til að viðhalda stofninum heldur en þeir árgangar sem eru tiltölulega nýkomnir inn í hrygningarstofninn. Þessar niðurstöður mundu hafa mjög mikil áhrif á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um nýtingu þorskstofnsins."

Ég tel, eftir að þeir komu og sögðu okkur frá þessari skýrslu sem þeir lögðu fram, að eitt af því mikilvægasta í rannsóknastarfi sem við erum að fást við um þessar mundir sé að halda áfram þessum rannsóknum þannig að þær stöðvist ekki heldur verði hægt að halda þeim áfram og byggja þá áfram þær ákvarðanir sem teknar eru um veiðar á þeim og á þeim niðurstöðum sem koma út úr þessum rannsóknum.

Mér fannst það mjög merkilegt þegar Jakob Jakobsson, forstjóri Hafrannsóknastofnunar, sagði frá því, sem kemur reyndar fram í því sem ég var að lesa, að líkurnar á því að fá góða nýliðun aukist ef margir hlutfallslega gamlir árgangar eru til staðar í hrygningarstofninum.

Það er sem sagt greinilega komið í ljós að það er ekki endilega allt sem segir að meiri líkur séu á því að hrygning takist ef mikið er af fiski eða mikið magn af fiski heldur fyrst og fremst að það sé þá stærri fiskurinn sem skili þessum árangri. (Gripið fram í.) Það grípur einhver hér í salnum fram í og segir að þeir gömlu séu alltaf bestir. Ég held að menn verði sjálfir að dæma um það. En alla vega er það greinilegt að þessar rannsóknir mega ekki falla niður og ég verð að segja það að ég fagna því að hér skuli vera komin fram brtt. um það að framlag fari til Hafrannsóknastofnunar til þess að halda áfram þessum rannsóknum. Sú tillaga gerir reyndar ekki ráð fyrir nema 14 millj. kr. en þeir töluðu um 26 millj. En e.t.v. er hægt að fá atvinnufyrirtækin til þess að halda áfram stuðningi við þetta mál eins og þau gerðu í upphafi til að koma því af stað. En þetta finnst mér afsanna þá kenningu sem hæstv. menntmrh. kom með hér áðan að það væri búið að gera stórátak í því að auka rannsókna- og þróunarstarfsemi í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Umhverfismál hafa yfirleitt ekki fengið mikinn hljómgrunn í fjárlagafrv. síðustu ára. Umhvrn. er ungt ráðuneyti og ungur maður líka sem stjórnar því í dag. En kannski sannar það tilgátuna sem hér kom áðan að þeir eldri væru sterkari að þessum unga manni hefur ekki tekist að fá meira framlag en raun ber vitni til starfsemi fyrir umhvrn.

Það kom mjög ítarlegt nál. frá umhvn., sameiginlegt nál., þar sem ýmislegt er tínt til. Minni hluti fjárln. tekur undir álit fulltrúa, sem er raunar stjórnarandstöðunnar í umhvn. (**Gripið fram í:** Allir.) Allir fulltrúar í umhvn. Það eru ekki bara fulltrúar stjórnarandstöðunnar það eru allir fulltrúar í umhvn. sem telja að í frv. til fjárlaga sé gert ráð fyrir allt of lágum fjárveitingum til umhvrn. í heild eins og ég var að lýsa hér áðan. Sérstaklega lýsa þeir yfir áhyggjum vegna lágra fjárveitinga til Náttúruverndarráðs. Þeir mótmæla því sérstaklega að Veðurstofunni sé ætlað að hefja gjaldtöku fyrir þjónustu við innanlandsflug og það hefur raunar verið fellt niður í brtt. meiri hlutans. En þeir tína margt til sem betur mætti fara í sínu áliti og minni hluti fjárln. tekur undir þær ábendingar. En hið eina sem náði eyrum meiri hluta fjárln. var að fella niður þá gjaldtöku sem hugsuð var af þjónustu Veðurstofunnar við innanlandsflugið.

Við skiptingu fjár í menntmrn., viðhald og stofnkostnað, þá vakti það athygli að til skólanna í Reykjavík fer mjög lítið fjármagn og margir þeirra eru algjörlega sveltir, en nýr skóli á að rísa í Grafarvogi og til hans eru áætlaðir allmargir tugir milljóna — ég er því miður ekki með þetta blað hér hjá mér (Gripið fram í.) en hæstv. menntmrh. upplýsir að það séu 120 millj. kr. Það er til að byggja nýjan skóla í Grafarvogi. Nú efast ég ekki um að það sé full nauðsyn á því að byggja nýjan skóla í Grafarvogi, þar er nýtt hverfi sem sjálfsagt þarf á því að halda og við vitum að skólar hér í Reykjavík eru margir mjög þétt setnir. Það breytir samt ekki því að ég tel að það væri heppilegri stefna að búa betur að þeim skólum sem fyrir eru. Sinna betur þeirra viðhaldi og taka tillit til ábendinga sem forsvarsmenn þessara skóla hafa komið á framfæri við okkur. Það er nokkuð einkennilegt að þingmenn Reykjavíkur skuli ekki koma saman til að ræða þessi mál, en hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur einmitt bent á það í sínum ábendingum sem hún hefur sent til fjárln. að þingmenn Reykjavíkur ræði aldrei um hagsmunamál Reykvíkinga, hvorki í skólamálum né heilbrigðismálum. Hvort það hefur einhvern tímann verið gert, það skal ég ekki um segja. (**GHelg:** Það hefur verið gert.) Það hefur verið gert, upplýsir hv. þm. Guðrún Helgadóttir. En það hefur ekki verið gert að þessu sinni og mundi það sjálfsagt skrifast á reikning hæstv. forsrh. sem mun vera 1. þm. Reykv.

Það sýnir líka í hnotskurn þá staðreynd að þingmenn Reykv. hafa ekki talið sig þurfa að standa sérstaklega vörð um hagsmuni sinna umbjóðenda rétt eins og aðrir þingmenn hafa þó reynt að vera sammála um þær fjárveitingar sem úthlutað hefur verið til t.d. skólamála í þeirra kjördæmum. Þar hafa menn reynt að jafna þessu út og hafa samstöðu um það hvert fjármagnið færi, reynt að meta þörfina á hverjum stað og vinna eftir því. En það hefur ekki verið talin þörf á því hér í Reykjavík að hafa einhverja samvinnu um slíkt og sannar það enn og aftur að þegar menn eru í nánd við stjórnsýsluna þá telja þeir sig ekki hafa neinna sérstakra hagsmuna að gæta hér inni á þingi.

Það er einnig farið út í nýjar framkvæmdir í Keflavík. Þar á að byrja að byggja D-álmu sem reyndar er búið að standa til í mörg ár og hefur verið umdeilt verkefni. Nú á að leggja þar í kostnað sem er metinn á 322 millj. kr., þ.e. kostnaðaráætlunin, og gert er ráð fyrir því að byrjað verði á næsta ári, vel að merkja, án

þess að samningur hafi verið gerður. Þær fjárveitingar sem deilt er út til sjúkrahússbygginga byggjast yfirleitt á þeim samningum sem búið er að gera eftir að búið er að gera vistunarmat og skoða málið og gera samning um bygginguna. En nú er sem sagt gert ráð fyrir að hefja þessa byggingu án þess að samningur hafi verið gerður og án þess að vistunarmat hafi farið fram. Hins vegar hefur mér alltaf heyrst það þegar verið er að ræða um önnur sjúkrahús, byggingar, hjúkrunarheimili eða annað, þá hefur fyrst komið fram krafa um að vistunarmat væri gert. Það virðist ekki hafa verið gert þarna.

Það væri kannski rétt að beina þeirri spurningu til hæstv. heilbrrh., ef hann er hér í húsinu, hver sé skýringin á því að nú sé nauðsynlegt að fara í þessa byggingu þrátt fyrir að ekki sé fullnægt þeim kröfum sem gerðar eru annars staðar.

Það kom líka fram í máli hv. formanns fjárln. að það væri nauðsynlegt að fara að taka pólitíska ákvörðun um það hvaða þjónustuhlutverki ætti að sinna af hálfu ríkisins. (Gripið fram í.) Ég segi nú bara við hv. formann, ja, mæl þú manna heilastur, því það er vissulega orðið mjög nauðsynlegt að skoða hvaða hlutverki ríkisvaldið ætlar að þjóna. Hingað til hefur bara verið skorið niður, ýmist flatur niðurskurður eða teknar fljótfærnislegar ákvarðanir um lokanir og breytingar og sameiningar á milli deilda og á milli sjúkrahúsa án þess að fyrst væri skoðað hvaða þjónustuhlutverki ríkið eigi að sinna og hvernig við ætlum að hafa þessi mál í næstu framtíð.

Það er komin fram umdeild skýrsla um sjúkrahúsmál í landinu. Hún var rædd hér utan dagskrár fyrir nokkru síðan. Menn gagnrýndu þá skýrslu og það er vissulega í henni mjög mikið af villum og rangfærslum. En það er þó eitt sem er athyglisvert, það hefur aldrei verið gerð slík úttekt, eftir því sem skýrslan upplýsir, það hefur aldrei verið gerð slík úttekt á þessum málum fyrr. Þrátt fyrir að það sé búið að fara í alls konar breytingar, sparnaðaráætlanir og framkvæmdir, án þess að það væri fyrst skoðað hvaða hlutverki þessar stofnanir eiga að þjóna og hvaða þjónustu við sem erum hér á Alþingi viljum að ríkið veiti og hvernig og hvar.

Enn get ég komið að málaflokknum Rannsóknir og þróunarstarf. Beiðni landlæknis um að leggja fram fjármagn til nýjunga í heilbrigðisstarfi var algjörlega hafnað. Landlæknir kom á fund fjárln. og gerði grein fyrir nýrri tækni sem hægt væri að beita núorðið sem hann kallaði fjargreiningu. Það er kerfi fyrir símsendingu röntgenmynda á milli spítala, milli landshluta, þar sem segir, með leyfi forseta:

„Röntgenrannsóknir eru gerðar víða um land en sérfræðiþekking til að greina myndirnar er að langmestu leyti til staðar í Reykjavík og á Akureyri. Því þarf að senda myndirnar með pósti frá því héraðssjúkrahúsi eða heilsugæslustöð þar sem myndin var tekin til sérgreinasjúkrahúss sem sendir svar um hæl. Þetta tekur nokkurn tíma. Slíkar tafir geta valdið sjúklingi og læknum miklu óhagræði. Ef mynd af röntgenfilmu er send eftir símalínu í stað póstsendingar til sérgreinasjúkrahússins má stytta þennan tíma verulega. Slíkt fyrirkomulag má nefna fjargreiningu röntgenmynda."

Bent hefur verið á að samskipti af þessu tagi geta sparað marga legudaga og óþægilegan flutning sem samkvæmt reynslu gæti kostað allt upp undir 100 þús. kr. á sjúkling, sem er mjög algeng tala t.d. fyrir sjúkraflug. Kostnaðurinn við að flytja sjúkling frá Ísafirði eða t.d. Egilsstöðum kostar iðulega a.m.k. 100 þús. kr.

Ef orðið hefði verið við þessari beiðni landlæknis þá hefðu líklega sparast, til lengri tíma litið a.m.k., allmiklir fjármunir og jafnframt hefði það orðið til þess að sjúkrahúsin og starfskraftar sjúkrahúsanna úti á landi mundu nýtast miklu betur. Aðstaða og læknar mundu nýtast miklu betur. Það var ekki verulega stór fjárhæð sem landlæknir fór fram á í þessu skyni. Það voru í kringum 10 millj. kr. sem hann taldi duga til að koma þessu verkefni af stað eða halda þessu verkefni áfram því að þetta er að vísu komið í gang en ekki hægt að halda því áfram nema með fjármagni til þess. En það var ekki orðið við því í tillögum meiri hluta fjárln. Þarna komum við því enn og aftur inn á það hvaða stefnu við ætlum að hafa í heilbrigðismálum.

Það er ekki hægt að ræða svo fjárlög næsta árs að koma ekki inn á vaxtamálin. Vaxtamálin hafa spilað stórt hlutverk í allri efnahagsumræðu hér á landi og ekki hvað síst síðustu vikur þegar vaxandi fylgi ríkisstjórnarinnar var þakkað þeim áhrifum sem vaxtalækkunin hefði haft.

Það er skemmst frá því að segja að það tókst ákveðin vaxtalækkun með handleiðslu ríkisstjórnarinnar fyrir nokkrum vikum síðan. En því miður virðist sú handleiðsla hafa misst marks að því leyti til að það virðist ekki vera um neitt áframhald á þessari vaxtalækkun að ræða. Hæstv. fjmrh. og viðskrh. standa núna báðir í stórhríð við að berja á bönkum og lífeyrissjóðum um það að þeir taki tillit til þessarar stefnu ríkisstjórnarinnar og lækki áfram vextina. En ekkert hefur skeð enn þá. Ég vildi sannarlega óska þess að þessi vaxtalækkun takist. En því miður sýnist mér ekki mikið útlit fyrir það á þessari stundu. Það er líka rétt að velta því upp: Hvernig í ósköpunum getur á því staðið að ekki skuli lækka vextir á óverðtryggðum lánum? Hingað til hafa vextir á óverðtryggðum lánum í gegnum árin alltaf fylgt lánskjaravísitölu og svarið hefur alltaf verið að þegar vextir hafa hækkað á óverðtryggðum lánum að þeir yrðu að fylgja þróuninni hjá lánskjaravísitölunni. Nú hafa vextir á verðtryggðum lánum lækkað, raunvextir eru þar miklu lægri en á óverðtryggðum lánum og þá allt í einu þurfa óverðtryggðu lánin ekki að fylgja eftir vaxtastiginu á verðtryggðu lánunum. Þannig að ég get verið sammála hæstv. viðskrh. í því að það er bara farið eftir því þegar verðbólgan stígur eitthvað, þá fer allt upp á við, en það fer hægara eða alls ekkert niður á við þó aðstæðurnar skapist til að vextir geti lækkað.

Ég tel að það sé löngu kominn tími til að afnema þá verðtryggingu sem hér er á öllum lengri lánum og það verði að fara að gerast a.m.k. í áföngum. Því tímabili þegar taka þurfti upp verðtryggingu, sem var ákvörðun í sjálfu sér, hefði verið hægt að komast hjá ef vext-

ir hefðu hækkað í takt við verðbólguna. En það var ekki gert. Það var tekin upp verðtrygging. Hún var skiljanleg á þeim tíma en hún er það ekki lengur. Hún er löngu komin úr takt við allt sem er að gerast og á ekki lengur að vera til í þessu kerfi.

Hér hefur legið frammi frv. í mörg ár um að afnema tryggingu á langtímaskuldum en ég held að ég hafi séð það á því frv. núna síðast þegar það lá frammi að það væri í áttunda skipti. Kannski hefur það ekki verið raunhæft þegar það var lagt fram fyrir átta árum en það hefur a.m.k. verið raunhæft síðustu tvö til þrjú árin. Því ég fullyrði að það er löngu kominn tími til þess að afnema þá verðtryggingu sem hér er. Enda er sú fjárskuldbinding ekki notuð í löndunum hér í kringum okkur.

Ég get ekki látið það hjá líða í þessari umfjöllun um fjárlögin að gera að nokkru umtalsefni fjárlagaliðinn hjá utanrrn. Fyrst kom í ljós að ráðgjafarnefnd EFTA átti hvergi samastað. Það þurfti á hverju einasta ári að ganga eftir framlagi til að standa undir kostnaði af störfum nefndarinnar og íslensku fulltrúarnir hafa átt erfitt með að taka þátt í störfum nefndarinnar eins og aðrir þátttakendur frá öðrum löndum af því að utanrrn. vildi aldrei viðurkenna þennan króa. Það vísaði yfirleitt á önnur ráðuneyti.

Nú er reyndar valinn sá kostur að leggja til 2 millj. kr. í utanrrn. til að koma til móts við þetta. En það er sérstaklega erfitt að henda reiður á fjárveitingum í utanrrn. Þar eru miklar tilfærslur á milli flokka og breytingar milli málaflokka. Stofnanir eru settar á fót á einu árinu en lagðar niður á því næsta. Ýmsar alþjóðastofnanir eru fluttar á önnur ráðuneyti. Færð eru störf af viðskiptaskrifstofu til Brussel og með þeim eru færðar fjárveitingar þannig að sá samdráttur sem er sýndur í framlögum til ráðuneytis segir ekki allt. Einnig voru miklar fjárveitingar á árinu 1992 vegna EES-samningagerðar þannig að eðlilegt er að það dragist saman að einhverju leyti þegar samningum er lokið. Hins vegar kemur síðan aftur vinna við annað eins og kom fram í fjáraukalögum að þýðingar á ýmsum lögum og reglugerðum Evrópubandalagsins hafa farið nærri 100% fram úr áætlunum.

Síðan eru fyrirhugaðir búferlaflutningar, m.a. á aðalskrifstofu og einnig í sendiráðum eins og eðlilegt getur talist. Þar eru því 7 millj. vegna flutninga, 5,9 millj. vegna aðalskrifstofu og vegna sendiráða 1,5 millj. og einnig vegna eignabreytinga 3,5 millj. Þarna eru framlög til utanrrn. hækkuð um 12,9 millj. Þetta er ráðherrann sem ætlaði að spara og ætlaði heilmikið að draga saman í fjárlögum, ætlaði að koma með nýjar tillögur við 2. umr. ásamt hæstv. fjmrh. sem er ekki einu sinni í salnum. Ég óska eftir því, hæstv. forseti, að fjmrh. sé í salnum á meðan verið er að ræða fjárlögin.

(**Forseti** (VS): Forseti mun gera ráðstafanir til að fá hæstv. fjmrh. á fundinn.)

Ég þakka, virðulegi forseti. Það væri tilvalið að spyrja hann að því hvort hann og hæstv. utanrrh. séu búnir að finna skynsamlegar leiðir til sparnaðar eins og hæstv. utanrrh. orðaði það.

Ég get ekki séð annað en að nokkur feluleikur sé með tölur í þessum málaflokki hjá utanrrh., fært er á milli liða og mjög erfitt að átta sig á tölum. Hv. þm. Árni M. Mathiesen hefur einnig komist að raun um það því að hann hefur beðið um skýringar á þessum málslið þar sem honum finnst mjög erfitt að átta sig á því hvernig tilfærslur eru þar. Það er því ekki aðeins stjórnarandstaðan sem hefur eitthvað við þetta að athuga. — Hér gengur hæstv. fjmrh. í salinn. Ég var að reyna hvernig væri fært á milli liða í utanrrn., sem hefði ætlað að spara mjög mikið, og hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að það þurfi að spara meira í fjárlögum. Einnig var upplýst við 1. umr. um fjárlögin að hæstv. utanrrh. og fjmrh. væru búnir að mynda nefnd sem ætlaði að skoða það hvort hægt væri að tína eitthvað upp til að spara og væri ágætt að heyra það frá hæstv. ráðherra hvort eitthvað hefur gengið í þeim efnum og hvort hugsanlega verði reynt að spara líka í utanrrn. Kannski verður hætt við einhverja flutninga eða eitthvað slíkt.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna aðeins orkumál. Oft hefur verið sagt að ekki væri mikið að ræða um iðnrn., þar væri ekkert sérstakt hægt að skoða eða taka sérstaklega. En það er nokkuð stór málaflokkur sem getur a.m.k. fallið undir iðnrn. og mig langar að nefna orkumál í því sambandi.

Í fjárlagafrv. fyrir næsta ár er sama upphæð til niðurgreiðslu á hitunarkostnaði milli ára. Það eru 347 millj. kr. á næsta ári, alveg nákvæmlega sama upphæð og er í ár. Það er engin aukning. Það kom raunar í ljós í fsp. sem ég bar fram til hæstv. iðnrh. fyrir nokkru að engin aukning af hálfu ríkissjóðs hefur átt sér stað í niðurgreiðslu á orku til þess að lækka húshitunarkostnað frá 1. júní 1991.

Þegar lítils háttar aukning varð um síðustu áramót, þ.e. þá hækkuðu niðurgreiðslur frá ríkinu um 6 aura á kwst., sem var vegna 14% virðisaukaskatts sem þá átti að taka upp á orkuveiturnar, og varð þetta til þess að neytendur fengu nokkra hækkun þrátt fyrir það að niðurgreiðslan væri aðeins hækkuð.

Auðvitað liggur í hlutarins eðli og þarf ekki mikla reiknikúnst til að sjá það að þegar sama upphæð fer ævinlega ár eftir ár til þessara mála er ekki um neina lækkun á þessum kostnaði að ræða hjá notendum og þar af leiðandi heldur ekki um þá jöfnun sem hæstv. ríkisstjórn auglýsti svo fagurlega þegar hún hóf starf sitt og byrjaði reyndar myndarlega með því að lækka hitunarkostnað á svokölluðum köldum svæðum 1. júní 1991. En síðan hefur nákvæmlega ekkert gerst. Engin lækkun hefur komið til neytenda. Hitakostnaður neytenda er enn þá hinn sami. Hann var rúmlega tvöfaldur þegar þessi niðurgreiðsla byrjaði og hann er það enn þá. Þar hefur því ekki mikið átt sér stað.

Það er líka vert að nefna það í sambandi við iðnrn. að nú er fyrirsjáanlegt að ekki verði hægt að treysta á skipasmíðaiðnaðinn til þess að halda uppi atvinnu á næstu árum þar sem hæstv. fjmrh. og hæstv. iðnrh. eru ósammála. Fjmrh. treystir sér ekki til að leggja jöfnunartoll á skipasmíðaiðnað samkvæmt nýjustu fréttum en hæstv. iðnrh. hefur þó haft manndóm í sér til að

leggja það til. En ríkisstjórnin nær að sjálfsögðu ekki samkomulagi um það frekar en annað. Vert er að skoða það að í Finnlandi skapar skipasmíðaiðnaður og málmiðnaður þúsundir starfa og í löndunum í kringum okkur hafa stjórnvöld treyst sér til þess að styðja þennan iðnað. Þau hafa treyst sér til að gera það með því að leggja t.d. á jöfnunargjöld. Hér hefur það aldrei fengist í gegn heldur hefur þessi iðngrein verið látin drabbast niður og hún hefur ekki getað staðið í samkeppni við erlendan niðurgreiddan skipasmíðaiðnað og það þýðir að við erum að tapa öllum þeim atvinnutækifærum sem byggjast á þessum iðnaði.

Nýlega var settur á fót starfshópur í iðnrn. og kom fram í úttekt hans að öll skilyrði væru til þess að leggja á jöfnunartolla t.d. gagnvart ríkisstyrkjum Norðmanna til skipasmíða. Við vitum að mörg skip eru smíðuð í Noregi fyrir okkur Íslendinga. Í grein í Tímanum í morgun kemur fram að skipaiðnaðurinn rær lífróður fyrir tilveru sinni því að markaðshlutdeild hans hefur hrunið úr 70% í 8%. Vert væri að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort ríkisstjórnin ætlar virkilega ekki að gera neitt í málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Ég er hrædd um að þá verði atvinnuleysið ekki bara 4,5% heldur mun meira ef ekkert verður gert í því.

Ég hefði gjarnan viljað ræða málefni Lánasjóð ísl. námsmanna en raunar er eftir að ræða B-hluta fjárlaga. Þar inni eru málefni lánasjóðsins þannig að ég er að hugsa um að lofa þingheimi því að ég taki heldur góða rispu á það við 3. umr. og geyma það í þetta sinn. Ég vil þó ekki láta hjá líða að nefna aðeins það reglugerðarfargan sem þar dynur yfir námsmenn árlega, árlega er verið að breyta reglugerðum, það er ekki bara hér á Alþingi þar sem alltaf er verið að breyta lögum, heldur er árlega verið að breyta reglugerðum sem eiga að byggjast á þessum lögum. Þær reglugerðir koma á margan hátt mjög illa við námsmenn. Ég get nefnt eitt dæmi.

Í Kennaraháskólanum þurfa nemendur að skila 90 einingum í þriggja ára námi. Til þess að fá fullt lán þá þurfa þeir að ljúka 15 einingum á hverri af þessum sex önnum. Þegar lögin tóku gildi fyrir tveimur árum þá var ekki hægt að færa þessar einingar á milli. Sem dæmi má nefna að hefði nemandi kannski fengið 32 einingar eftir árið 1991–1992 var ekki hægt að færa þær einingar sem umfram voru yfir á næsta ár. Síðan var reglugerðinni breytt í fyrra og þá mátti færa einingarnar á milli þannig að þeir nemendur gætu fengið 100% lán. En þeir sem hafa ekki fengið viðurkennt að þeir gætu fengið einingarnar færðar frá námsárinu í hittiðfyrra geta staðið frammi fyrir því í ár að hafa ekki nægilegan fjölda eininga til þess að fá 100% lán enda þótt þeir skili sínum afköstum og vinni samkvæmt skipulagi skóla. Þótt þeir skili öllu sínu eins og þeir eigi að gera og hafi fengið loforð um 100% lán þá fá þeir það ekki vegna þess að það gilti önnur reglugerð fyrir tveimur árum en gildir núna. Nemendur geta því staðið frammi fyrir því að fá kannski ekki nema 75% lán á fyrri helmingi ársins í ár vegna þess að skipulag skóla segir e.t.v. að þeir skuli skila 11 eða 12 einingum fyrri hlutann og síðan 17 eða 18 einingum á seinni hlutanum.

Þetta er eitt lítið dæmi um það óréttlæti sem viðgengst í sambandi við reglugerðarsetningu hjá Lánasjóði ísl. námsmanna og erum við þá ekki að ræða um þau lög sem við höfum margoft rætt og hafa orðið til þess að tugir nemenda og ekki síst konur hafa hrökklast frá námi. En þetta eina atriði er líka til þess að nemendur hrökklast frá námi því að þeir geta staðið þar frammi fyrir því að hafa verið búnir að fá bráðabirgðalán sem byggir á 100% afköstum og skipulagi skóla, standa síðan frammi fyrir því nú í desember að lánasjóðurinn viðurkennir ekki samkvæmt reglum sínum að þeir séu að stunda 100% nám og þeir fá bara 75%. Það getur alveg eins orðið til þess að þeir gefist upp.

Þeir sem hafa talað á undan mér hafa allmikið rætt um vinnubrögð á fjárlagafrv., bæði hv. formaður fjárln. og frsm. minni hluta og hv. 1. þm. Norðurl. e.

Með fskj. nál. minni hluta fjárln. fylgir frásögn af ferð fjárlaganefndarmanna til Noregs fyrir tæpu ári, þ.e. í janúar 1993. Sú ferð var farin til að kynna sér starfsemi fjárlaganefndar norska Stórþingsins og aðallega fjárlagavinnuna. Ferðin hefur einstöku sinnum verið nefnd í umræðum í þinginu en þó hefur aldrei verið lögð fram frásögn eða skýrsla um þessa ferð. En ég var ein af þeim sem fóru þessa ferð af hálfu fjárln. og mér fannst mjög athyglisvert hvernig norska fjárln. vinnur fjárlagagerðina. Vinnutilhögun, skipulag vinnunnar, tímamörkin, að formaður norsku fjárlaganefndarinnar er úr stjórnarandstöðu en varaformaður úr stjórnarflokknum, að formenn annarra nefnda eru kosnir eftir þingstyrk og því talsvert um það að stjórnarandstaðan eigi formenn nefnda vakti athygli mína og einnig að þinghald norska þingsins er yfirleitt í mjög föstum skorðum eins og segir í skýrslu um ferðina í nál. minni hlutans. Vegna þess að hér hefur oft verið rætt um það að fagnefndir ættu að taka á sig meira af vinnu fjárln. og vinna það inni í sínum nefndum finnst mér rétt að nefna aðeins það sem ég segi í miðri skýrslunni, með leyfi forseta. (**Fjmrh.:** Hvað mega menn tala lengi í norska þinginu?) Það eru nokkrir klukkutímar sem samið er um en ég get lesið þetta fyrir hæstv. fjmrh. ef hann langar til að hlusta á þetta.

„Þegar fjármálaráðherra leggur fram fjárlagafrumvarp í fyrstu viku október fara engar umræður fram. Frumvarpinu er vísað til fjárlaganefndar og einstökum köflum frumvarpsins er vísað til viðkomandi fagnefnda. Fjárlaganefndin vinnur málið í nefndinni í um einn mánuð og leggur fram nefndarálit (Dokument I) í byrjun nóvember. Þá fer fram umræða í Stórþinginu og samið er um það fyrir fram hve langan tíma hún á að taka. Venjulega eru það tveir dagar, tíu tímar hvorn dag. Tillaga um tímamörkin er borin upp í þinginu og er þá hægt að gera athugasemdir og hugsanlega lengja eða stytta tímann. Ræðutíma er skipt niður á flokka eftir þingstyrk þeirra og menn þurfa að setja sig á mælendaskrá daginn áður en umræðan fer fram. Ræðumenn mega tala tvisvar, 30 mínútur í fyrra skiptið og tíu mínútur í seinna skiptið". — Hæstv. ráðherra, ég er

ekki enn þá búin með þennan tíma. — „Einnig eru leyfð fimm andsvör eftir hverja ræðu. Daginn sem umræðan fer fram er hægt að setja sig á mælendaskrá en þá fær ræðumaður aðeins þrjár mínútur til umráða tvisvar sinnum. Tímamörk sem ákveðin hafa verið standast því nokkuð, geta í mesta lagi farið 2–4 tíma fram úr áætlun í heildina tekið og er þá umræðu haldið áfram fram eftir kvöldi seinni daginn þar til henni lýkur. Af 165 þingmönnum Stórþingsins er algengt að um helmingur þeirra taki til máls um fjárlögin.

Þessar reglur gilda einnig um önnur mál þingsins en þá er venjulega ákveðinn tími styttri, t.d. er algengt að fjórir tímar séu teknir í umræður um lagafrumvörp. Þau eru fyrst tekin fyrir í viðkomandi fagnefnd sem leggur þau fyrir óðalsþingið og ákveður um leið í samráði við forsætisnefndina hve langan tíma umræðan taki. Forseti skiptir tímanum á milli flokka og þingmenn raða sér á þann tíma. Einstakir þingmenn geta fengið orðið í þrjár mínútur tvisvar. Framsögumenn tala yfirleitt í 15–20 mínútur.

Fagnefndir skila síðan af sér hver af annarri sínum málaflokki í fjárlagafrumvarpinu beint inn í Stórþingið (ekki með milligöngu fjárlaganefndar) og umræða um það fer fram eftir því sem það berst og lýkur í nóvember. Frumvarpið getur tekið nokkrum breytingum í meðferð nefndanna en þeim er þó uppálagt að halda sig innan rammans. Þær fjalla bæði um tekjur og gjöld fyrir viðkomandi málaflokk. Verkaskipting er í föstum skorðum í öllum nefndum. Hver nefndarmaður ber ábyrgð á einum málaflokki nefndarinnar, t.d. er í fjárlaganefnd einn með skattamál, annar með gengismál o.s.frv. Í samgöngunefnd er einn með flugmál, annar með hafnir, þriðji með vegamál o.s.frv.

Þegar allar fagnefndir hafa skilað af sér er tekin fyrir svokölluð „salderingstillaga" ríkisstjórnar í fjárlaganefnd og rædd þar í um viku. Að því loknu leggur fjárlaganefnd fram endanlegar tillögur á þingskjali sem merkt er II. Þá er kominn miður desember og lokaumræða um fjárlög og atkvæðagreiðsla er afgreidd á einum degi í Stórþinginu.

Þegar ég spurði hvort aldrei væru ótímabundnar umræður í þinginu var svarið að það hefði verið fyrir 50 árum og fyrir allmörgum árum var tímalengd ein klukkustund á mann en nú er hálf klukkustund hámark.

Ráðherrar taka varamenn inn þegar þeir taka sæti í ríkisstjórn og starfa ekki sem þingmenn en þeir sitja í þinginu þegar mál sem þá varða eru á dagskrá." — Hæstv. ráðherrar í þessari ríkisstjórn eru nú ekki að fara eftir því.

Í lokafaflanum segir: „Yfirleitt er þinghald norska þingsins í mjög föstum skorðum og það er öruggt að þingmenn þar eiga hægara um vik með að skipuleggja tíma sinn en íslenskir kollegar þeirra. Hægt er að velta fyrir sér hvort hið norska lýðræði sé nokkru lakara en hið íslenska þrátt fyrir allströng tímamörk í umræðum. Og fullyrða má að umræður hér á Alþingi fari á stundum fram úr því sem eðlilegt getur talist. Hins vegar þarf á öllum tímum að gæta þess að vinnubrögð séu þannig að sjónarmið, bæði stjórnar og stjórnarandstöðu, komist skilmerkilega á framfæri." — Þar er t.d. formennsku í nefndum skipt eftir þingstyrk sem ekki er gert hér en raunar hefur þó nokkuð verið bætt úr því með breytingum sem gerðar voru í haust á þingsköpum þar sem stjórnarandstaðan fékk formennsku og varaformennsku í nokkrum nefndum og breyting var raunar líka gerð á ræðutíma við 1. umr. um frv. Ég tel þó að áfram þurfi að vinna í þeim málum að gera alla þingmenn jafnábyrga fyrir vinnunni hér, að menn taki á sig ákveðna ábyrgð í þeim málum. Það var tekið lítið skref í þessa átt með því að breyta þingsköpum í haust en ég tel að áfram þurfi að vinna til að bæði stjórn og stjórnarandstaða hafi hér eðlileg áhrif.

Fjárln. ætti að taka sér þessa skýrslu til fyrirmyndar, a.m.k. hv. meiri hluti nefndarinnar, að tileinka sér þar betri vinnubrögð. Það hefur raunar verið nefnt fyrr í umræðum og getið um það sérstaklega í nál. minni hlutans. Ég hygg að það væri betra fyrir þingið og þinghaldið að það færi fram skilmerkilegra starf og væri betri vinnuandi í fjárlaganefnd en hefur verið í sambandi við vinnuna núna upp á síðkastið. Það hefur nánast verið sama hvað minni hluti fjárln. hefur komið með, það hefur ekki verið hlustað á neitt af því og ekki verið tekið tillit til þess þannig að þar þarf úr að bæta.

Að lokum ætla ég að segja að meiri hluti nefndarinnar gæti einnig tekið sér þá vinnureglu til fyrirmyndar sem við í minni hluta fjárln. höfum komið á að vinna sameiginlega að nál. Það var mjög góð samvinna um það nál. sem hér liggur frammi frá minni hlutanum og með því verður samstaðan betri og vinnan léttari. Ég hygg að meiri hluti fjárln. gæti tekið sér ýmislegt til fyrirmyndar í þeim efnum.

Það er svo sem ýmislegt fleira hægt að ræða en þar sem hér eru margir á mælendaskrá þá ætla ég ekki að lengja þetta að þessu sinni en get þá komið upp í síðari ræðutíma ef þörf er á.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Hæstv. fjmrh. hafði beðið um að veita andsvar en hann er sem stendur fjarstaddur. — Forseti getur ómögulega beðið lengur eftir hæstv. fjmrh. og telur að hæstv. fjmrh. hafi misst möguleikann á að veita andsvar.

Útbýting þingskjals:

Fjárlög 1994, 1. mál, brtt. FI o.fl., þskj. 345.

[16:09]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Fjárlagafrumvarp ársins 1994 hefur verið til meðferðar í fjárlaganefnd síðustu mánuði og er nú komið til 2. umr. hér í þinginu. Formaður fjárlaganefndar hefur gert grein fyrir áliti meiri hluta nefndarinnar og þeim breytingartillögum sem hann leggur til. Mun ég því í minni ræðu hér fjalla um einstaka þætti breytingartillagna og almennt um ríkisfjármálin.

Fjárlaganefnd hóf vinnu sína við fjárlög næsta árs í lok septembermánaðar með viðtölum við fulltrúa

sveitarfélaga. Hefur nefndin unnið óslitið síðan. Vil ég þakka meðnefndarmönnum mínum samstarfið, svo og starfsfólki þingsins, fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðun sem unnið hafa með nefndinni.

Eftir því sem útgjöld ríkisins hafa vaxið síðustu árin hafa spurningar um sparnað og niðurskurð ríkisútgjalda orðið áleitnari. Sá tími er liðinn að talið sé eðlilegt að útgjöld ríkisins vaxi sjálfkrafa á hverju ári. Segja má að eitt helsta viðfangsefni ríkisstjórna og Alþingis við fjárlagagerð hvers árs sé að finna leiðir til að draga úr ríkisútgjöldum og minnka hallarekstur ríkissjóðs.

Telja má fullvíst að enn megi ná talsverðum árangri með aukinni hagræðingu og minni sóun á verðmætum í rekstri ríkisstofnana án þess að draga úr þeirri þjónustu sem veitt er. Til þess að standa megi skynsamlega að ákvörðunum um skerðingu framlaga er nauðsynlegt að fyrir hendi séu aðferðir til að meta árangur af rekstri ríkisstofnana og fyrirtækja ríkisins. Slíkan mælikvarða þarf að leggja til grundvallar við forgangsröðun verkefna og ákvarðanir um nýja útgjaldaliði. Þetta er eitt af allra mikilvægustu viðfangsefnum og í fjárln. er að sjálfsögðu lögð mikil vinna í að leggja mat á slíka hluti en það er alveg ljóst að það þarf að gera enn betur. Og ég get tekið undir orð hv. 6. þm. Vestf. þegar þingmaðurinn kom inn á þetta atriði. Það er mikilvægt að stofnunum ríkisins verði sett markmið um þjónustu og að þróaðir verði mælikvarðar sem nota má til að meta árangur stofnana og starfsfólks þeirra.

Fyrr á þessu ári hafa þingmenn og þá einkum stjórnarþingmenn orðið fyrir ómaklegri gagnrýni, m.a. í fjölmiðlum. Hefur því verið haldið fram að þingmenn snúist gegn tillögum um sparnað. Þessi gagnrýni hefur verið lítt ígrunduð og órökstudd að mínu mati. Það er hlutverk þingmanna í fjárlaganefnd að fara yfir fjárlagafrumvarpið og gera tillögur til breytinga. Sumar tillögur frá framkvæmdarvaldinu, úr ráðuneytum, eru þannig að þingmenn leggjast gegn þeim og verða að leggjast gegn þeim og færa fyrir því að sjálfsögðu fullgild rök þegar um það er fjallað.

Sá meiri hluti fjárlaganefndar sem starfað hefur þetta kjörtímabil hefur sérstaklega gætt þess að halda aftur af hækkunum á frumvarpi til fjárlaga í meðförum þingsins. Þegar bornar eru saman tillögur fjárlaganefndar, áður fjárveitinganefndar, árin 1989–1994 við þær tillögur sem hér eru til umræðu kemur í ljós að hækkun frá frumvarpi til fjárlaga var árið 1990 1,3%, árið 1991 0,9%, þ.e. tvö síðustu ár fyrri ríkisstjórnar, en árið 1993 varð lækkun frá frv. til afgreiðslu fjárln. og á þessu ári, þegar búið er að taka tillit til þess að framlög til vegagerðar koma með auknum tekjum, er hækkunin frá frv. til þeirra tillagna sem fjárln. gerir núna 0,3%. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu vegna þess að þingmenn eru gagnrýndir fyrir að standa að hækkunum og fjárln. jafnan gagnrýnd fyrir það að gera tillögur um hækkanir á fjárlagafrv. Af þessum tölum má sjá að sú fjárlaganefnd sem starfað hefur á þessu kjörtímabili hefur lagt sig mjög fram um að halda ríkisútgjöldunum niðri og gera tillögur til sparnaðar. Það mun að sjálfsögðu verða til umfjöllunar frekar við 3. umr. fjárlagafrv.

Allnokkur umræða hefur farið fram um sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Einkum tengist það fjárlagagerð og því hvernig fjárlaganefnd og Alþingi taka á fjárlagagerðinni og framkvæmd fjárlaga. Í því sambandi vil ég lýsa þeirri skoðun minni að auka þarf sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Treysta þarf sjálfstæða skoðun þingnefnda á einstökum málum. Það varðar ekki aðeins ákvarðanir um skiptingu einstakra fjárlagaliða heldur miklu fremur undirbúning og stefnumörkun við setningu löggjafar á hinum ýmsu sviðum.

Það er afar mikilvægt að á milli þingsins og Ríkisendurskoðunar ríki fullkomið traust. Ég tel að starf Ríkisendurskoðunar verði stöðugt mikilvægara. Á það bæði við um skoðun einstakra mála, stofnana og eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Staða Ríkisendurskoðunar er sterk og tel ég að þingmönnum beri að standa vörð um það álit sem hún hefur skapað sér en þinginu ber ávallt að gera miklar kröfur um fagleg og vönduð vinnubrögð Ríkisendurskoðunar.

Þegar rætt er um sjálfstæði þingsins, hvað er þá átt við? Í mínum huga snýst það einkum um að þingið fjalli á sjálfstæðan hátt um mál og rannsaki með gagnrýnum hætti þau frumvörp sem þingmenn og ráðherrar leggja fram. Á það jafnt við um almenna löggjöf, skattalagafrumvörp sem og fjárlagafrumvarpið. Það verður að telja óeðlilegt að ráðherrar eða ráðuneytismenn beiti sér gagnvart þinginu í einstökum málum eftir að þingið hefur fengið þau til umfjöllunar. Ráðherrar eiga auðvitað og geta beitt áhrifum sínum í þingflokkum og í þinginu vegna þeirra mála sem þeir leggja fram eða varða þeirra svið. En það á að vera meginregla að gagnrýnin umræða geti farið fram um hvert mál og þau taki breytingum í þinginu, en komi ekki til afgreiðslu með þeim skilaboðum frá ríkisstjórn eða aðilum utan þings að engu megi breyta.

Þegar ég ber saman vinnu hér í þinginu og þá málefnavinnu sem fer fram á vettvangi sveitarstjórna hlýt ég að viðurkenna að þar sem verið er að marka stefnu er varðar sveitarfélögin miklu fer oft fram mun vandaðri og efnismeiri umfjöllun í sveitarstjórnum og á vettvangi samtaka sveitarfélaganna en gerist með stór mál hér í þinginu þegar þeim er hraðað í gegnum nefndir með miklum eftirrekstri. Þetta vil ég nefna vegna þess að það er gagnrýnt að mál tefjist hér í þinginu, mál sem þurfa vissulega vandaða skoðun og afgreiðslu eftir að umsagnir hafa borist um þau frv.

Á þessu kjörtímabili sem nú er hálfnað hefur verið með myndarlegum hætti reynt að takast á við að hagræða í ríkisrekstrinum. Fjármálaráðherra hefur þar markað mjög ákveðna stefnu og gert ráðuneyti og stofnanir ábyrgar fyrir þeim ramma sem settur er í fjárlögum. Árangur þessa hefur nú þegar komið í ljós en áfram þarf að halda og ná enn frekari árangri við það að draga úr kostnaði ríkisstofnana.

Við Íslendingar höfum staðið frammi fyrir miklum samdrætti í efnahagslífi okkar. Það er því eðlilegt og ekki annarra kosta völ en að reynt sé að hagræða og

draga úr kostnaði og færa þjónustu einstakra stofnana að breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu. En það er ekki auðvelt í öllum tilvikum. Engu að síður þarf að halda því verkefni áfram og ná þeim áfanga að færa sem mest af stofnunum sem það hentar til sveitarfélaga og einkavæða þar sem því verður við komið. Þá er nauðsynlegt að breyta stjórnkerfinu m.a. með stærri sveitarfélögum en það þarf allt sinn aðdraganda og eðlilegan undirbúning.

Á síðasta áratug hafa náðst fram ýmsar mjög merkar breytingar. Með breytingum á sveitarstjórnarlögum 1986 voru sýslunefndir lagðar af og samstarf sveitarfélaga aukið með stofnun héraðsnefnda. Ekki voru allir á eitt sáttir með þá breytingu sem ég tel að hafi skilað miklum árangri í markvissara samstarfi sveitarfélaga. Með þeirri breytingu lauk hlutverki sýslumanna á vettvangi héraðsstjórna og beinna afskipta fulltrúa ríkisvaldsins á sveitarstjórnarsviðinu.

Með breytingu á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga sem tóku gildi 1990 var annað stórt skref stigið sem hefur án nokkurs vafa orðið til góðs, gert skil milli ríkis og sveitarfélaga skýrari og dregið úr afskiptum ríkisvaldsins af málefnum er varða verkefni sem best eru komin í höndum sveitarstjórna, svo sem rekstur grunnskóla og uppbygging hans. Og enn eru uppi hugmyndir um breytingar til þess að gera stjórnkerfi ríkisvaldsins skilvirkara og að ég tel ódýrara. Sameining sveitarfélaga gegnir þar að mínu mati lykilhlutverki en sameiningunni á og verður að fylgja tilflutningur verkefna eins og ég kom að hér fyrr í máli mínu, virðulegur forseti.

Í fjárlögum er gert ráð fyrir breytingum á sýslumannsembættum. Ekki liggja fyrir endanlegar niðurstöður í því máli en við 3. umr. mun liggja fyrir tillaga um meðferð þessa máls. Vegna umræðna og óljósra frétta af undirbúningi þessa máls vil ég lýsa þeirri afstöðu minni að ég tel nauðsynlegt og eðlilegt að endurskoða skipulag og umdæmi sýslumannsembættanna, ekki síst ef það gæti orðið til þess að spara árlega stórar fjárhæðir, en eftir sem áður væri hægt að veita fullnægjandi þjónustu og halda reisn héraðanna. En sparnaður gæti m.a. verið fólginn í því að færa tiltekin verkefni til skrifstofa sýslumannsembættanna eða útibúa þeirra. Ég mun ekki við þessa umræðu nefna þá þætti sem ég tel að þarna eigi að skoða en þegar að því kemur verður að sjálfsögðu að fara rækilega yfir það en ég er sannfærður um að tilflutningur verkefna frá stofnunum ríkisvaldsins til sýslumannsembættanna út í héruðin gæti eflt þau, gæti bætt þjónustuna og gert hana ódýrari.

Í umræðum um sýslumannsembættin virðist um of hafa gleymst að þau embætti hafa breyst mjög mikið með eflingu sveitarstjórnarstigsins með því að viðfangsefni og verkefni sýslumanna eru ekki lengur á vettvangi sveitarstjórnarmála. Með því að færa verulega mikil verkefni til embættanna er ég sannfærður um að með eðlilegri breytingu á þeim embættum mun verða hægt að efla þau verulega til hagsbóta fyrir íbúa svæðanna, bæði á höfuðborgarsvæðinu og ekki síður um landið allt. En í mínum huga er það óhjákvæmilegt að taka til endurskoðunar fleira en embætti sem eru úti um landsbyggðina. Ég tel að við alþingismenn eigum og verðum að skoða og endurskipuleggja það sem snýr að yfirstjórn þjóðfélagsins, ekkert síður en hinn almenna rekstur og hinar einstöku stofnanir.

Þær breytingar sem fjárln. hefur gert tillögur um fela í sér hækkun á ríkisútgjöldum um 744 millj. og lækkun um 199,7 millj. kr. Samtals er þarna um hækkun að ræða upp á 544 millj. og 300 þús. en þar inni er hækkun vegna aukinna framlaga til vegagerðar samfara hækkun á bensíngjaldi og hertri innheimtu á þungaskatti þannig að nettóhækkunartillögur fjárln. eru 199 millj. kr.

Þær breytingar sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir fjárln. og nefndin gerir tillögu um eru 385 millj. kr. til hækkunar á frv., 247,9 millj. til lækkunar og því þar um að ræða 137,1 millj. til hækkunar. Gert er ráð fyrir því að meiri hluti fjárln. muni leggja fram við 3. umr. tillögur um niðurskurð og verður það til umfjöllunar í nefndinni milli umræðna. Vissulega er það áhyggjuefni hversu mikill halli á ríkissjóði er á þessu ári og fyrirsjáanlegur á því næsta. En við þær aðstæður sem enn er búið við í þjóðfélaginu og vegna hættu á auknu atvinnuleysi er að mati meiri hluta fjárln. ekki talið fært að draga meira úr útgjöldum ríkisins en hér er gerð tillaga um nema skoðað verði sérstaklega. Samt sem áður mun fjárln. fyrir 3. umr. eins og fyrr er sagt fara nánar yfir frv. með tilliti þess hvort minnka megi hallann og meta að nýju tekjuhlið í ljósi þeirra upplýsinga um afkomu og stöðu þjóðarbúsins sem nú liggur fyrir.

Þær breytingar sem meiri hluti fjárln. gerir og ég vil nefna sérstaklega eru þessar: Gerð er tillaga um hækkun á framlagi til Byggðastofnunar en þar er um að ræða framlag vegna atvinnuráðgjafar í landshlutum. Sá þáttur í starfsemi Byggðastofnunar var yfirtekinn en á vegum iðnrn. var áður veittur stuðningur vegna iðnráðgjafar í landshlutum. Þegar Byggðastofnun var fengið þetta verkefni komu ekki jafnframt fjármunir til þess og er með þessari hækkun komið til móts við Byggðastofnun og stofnuninni auðveldað að leggja fjármagn til atvinnuráðgjafar í landshlutum sem er að mati meiri hluta fjárln. afar mikilvægt og brýnt viðfangsefni.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um framlag til samstarfsverkefnis í Vestmannaeyjum milli Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar. Þarna er um að ræða starfsemi háskólans sem er ástæða að vekja athygli á en Vestmanneyingar hafa gengið til samstarfs við háskólann og er þess að vænta að sú aðstaða, sem með þessari fjárveitingu er ætlað að koma upp í Vestmannaeyjum til þess að þar verði hægt að stunda rannsóknir, ætti að geta orðið mikilvægur þáttur í uppbyggingu rannsókna á sviði sjávarútvegs og fiskvinnslu í þessari langstærstu verstöð landsins.

Rétt er að taka fram svo að ekki valdi nokkrum misskilningi að með þessu er á engan hátt höggvið að rótum Háskólans á Akureyri á sviði sjávarútvegsmála enda hefur meiri hluti fjárln. lagt alveg sérstaka áherslu á það að efla Háskólann á Akureyri, m.a. þegar unn-

ið var að undirbúningi þess að koma upp kennaradeildinni við háskólann.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um hækkun á framlagi til Kennaraháskóla Íslands. Þar er um að ræða hækkun vegna kaupa á tækjum og búnaði og einnig vegna endurmenntunardeildar sem Kennaraháskólinn hefur undirbúið og er gert ráð fyrir að verði starfrækt á Varmalandi. Telja verður mikilvægt fyrir Kennaraháskóla Íslands að efla þessa starfsemi og reyndar efla rekstur skólans sem er að sjálfsögðu nauðsynlegt að styrkja svo mikilvægur þáttur í okkar samfélagi sem kennaraháskóli hlýtur að vera. Þess vegna gerir meiri hluti fjárln. þessa tillögu og vill með því undirstrika og leggja áherslu á þýðingu Kennaraháskólans.

Rekstur framhaldsskólanna í landinu er stöðugt vaxandi útgjaldaþáttur. Þar er bæði um að ræða kostnað vegna byggingarframkvæmda en mjög margir framhaldsskólar eru í uppbyggingu og á vegum þeirra standa yfir miklar byggingarframkvæmdir. Í fjórum framhaldsskólum eru gerðar tillögur um hækkun á rekstrarframlögum vegna þeirrar aukningar sem hefur orðið á starfsemi í skólunum en þar er um að ræða Flensborgarskóla, Fjölbrautaskóla Vesturlands, Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu og Reykholtsskóla en í Reykholti hefur nemendum fjölgað og þar er býsna öflugt skólastarf á þessum vetri. Því er gerð tillaga um að miða rekstrarframlag skólans við þann nemendafjölda sem þar er nú í haust og ber að fagna því að þetta merka skólasetur skuli hafa eflst á ný. Er það mikilvægt bæði fyrir héraðið og Reykholtsstað sem þjónustumiðstöð og merkan sögustað sem tekur við fjölmörgum ferðamönnum á hverju einasta ári. Rekstur skólans og rekstur þjónustumiðstöðvarinnar styrkir því hvort annað.

Það vakti nokkra undrun mína þegar hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði þessa tillögu að sérstöðu umtalsefni hér á fundinum, virðulegur forseti. Það vakti athygli mína vegna þess að fyrrv. ríkisstjórn tók um það ákvörðun að þarna skyldi hætt skólastarfi. Í Reykholti skyldi ekki vera skólastarf heldur skyldi staðurinn afhentur öðrum. Það var undirbúið með þeim hætti að það var enginn grundvöllur fyrir þeim fyrirætlunum og þess vegna er þetta hrein og klár stefnumörkun, og er ágætt að komi þá fram hverjir eru andstæðingar við þá stefnumörkun núv. hæstv. menntmrh. að efla Reykholt. Fjárln. fylgir því fram og gerir þessar tillögur og ég fagna því svo sannarlega að það skuli hafa tekist.

Þjóðskjalasafnið býr við mikinn en hálfkláraðan húsakost. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um nokkra hækkun á framlagi til Þjóðskjalasafnsins. Er sú fjárveiting ætluð til þess að koma á endurbótum en það er ekki vansalaust að búa með þeim hætti að Þjóðskjalasafni okkar Íslendinga sem raun ber vitni um. Meiri hluti fjárln. væntir þess að það megi takast að gera þær endurbætur á húsakynnum Þjóðskjalasafnsins sem eru nauðsynlegar og að sjálfsögðu mjög mikilvægar.

Til yfirdýralæknisembættisins er gerð tillaga um að nokkur hækkun komi en þar er um að ræða samninga sem gerðir voru við dýralækna en ekki hefur verið staðið við. Þeir samningar voru gerðir 1989 og hefur ekki tekist að standa við þá samninga og verður að teljast afar óeðlilegt að standa þannig að málum. Þess vegna tók fjárln. þetta mál upp og fylgir því hér fram með þeirri tillögu sem fyrir liggur.

Lítils háttar breytingar eru gerðar á framlögum til Búnaðarfélags Íslands en það kom fram hjá meiri hluta fjárln. sá vilji að það bæri að efla héraðsbúnaðarsamböndin og þess vegna er sú tillaga gerð sem hér liggur fyrir.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um hækkun frá frv. á framlagi til rekstrar meðferðarstofnunar að Hlaðgerðarkoti. Á síðasta ári var nokkur hækkun til þessarar starfsemi auk þess sem veitt var fé til byggingarframkvæmda í Hlaðgerðarkoti. Fjárln. leggur áherslu á að Samhjálp geti haldið áfram rekstri í Hlaðgerðarkoti svo sú ágæta þjónusta sem þar fer fram geti orðið eins og verið hefur

Virðulegi forseti. Ég vitnaði hér áður í gagnrýni hv. 1. þm. Norðurl. e. varðandi Reykholtsskóla. Ég má til með að vekja athygli á því að hv. þm. reyndi að gera tortryggilegar tillögur um hækkanir á framlögum til framhaldsskólanna. Fjárln. hefur haft það mál undanfarandi ár til sérstakrar meðferðar en komið hefur fram gagnrýni frá einstökum skólum um að svokallaðar gildistölur, sem leggja mat á kostnað einstakra skóla, þyrfti að endurskoða. Fjárln. hafði á síðasta ári sett fram óskir um að mennmrn. gerði skoðun á þessu máli. Það náði ekki fram að ganga, það urðu engar breytingar og gagnrýni skólamanna stóð eftir sem áður. Þess vegna vildi meiri hluti fjárln. taka þetta mál upp núna og undirstrika vilja sinn til þess að í þetta mál verði farið með því að gera þær tillögur sem hér eru en þær varða þá skóla sem fjárln. hafði upplýsingar um að þyrfti sérstaklega að skoða.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. fór einnig nokkrum orðum um tillögur meiri hluta fjárln. sem varðar samning Vestmannaeyjabæjar og háskólans. Ég verð að segja alveg eins og er að ég undrast nokkuð viðkvæmni hv. þingmanna, einkum og sérstaklega þingmanna úr Norðurl. e. gagnvart þessu verkefni. Þarna er um það að ræða að Háskóli Íslands hefur komið á mjög merkilegu samstarfi við Vestmannaeyjabæ og þarna er meiningin að efla samstarf háskólans við bæjarfélagið og sjávarútvegsfyrirtækin í stærstu verstöð landsins. Ég tel það af hinu góða en það kann vel að vera að einhverjum finnist of mikið í lagt að háskólinn taki upp samstarf við sjávarútvegsfyrirtæki. Ég fagna því hins vegar og ég vil vekja á því sérstaka athygli að í erindi sem kom frá háskólanum og varðar þennan samstarfssamning við Vestmannaeyjabæ þá kemur það fram að prófessorstaðan í fiskifræði við háskólann verður tengd þessum rannsóknum í Vestmannaeyjum. Þeir hyggjast nýta sér þá frábæru aðstöðu sem er í náttúrugripasafninu, fiskasafninu. Síðast en ekki síst vegna þeirra umræðna að þetta væri mikið í lagt þá er ástæða til þess að nefna það að bæði Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnun er ætlað að vera í þessu húsnæði og nýta þá aðstöðu sem þarna er um að ræða.

Virðulegi forseti. Þetta vildi ég að kæmi fram og er alveg nauðsynlegt að liggi fyrir vegna þeirrar gagn-

rýni sem fram kom varðandi samning háskólans og Vestmannaeyjabæjar.

Rekstur sjúkrastofnana er áfram til skoðunar í fjárln. og verður til endanlegrar afgreiðslu við 3. umr. Það er alveg ljóst að skoða verður enn frekar fjárframlög bæði til Ríkisspítalanna, Borgarspítalans og Landakots auk nokkurra annarra minni sjúkrahúsa og er þess að vænta að niðurstaða geti orðið viðunandi svo halda megi úti þessum sjúkrastofnunum með eðlilegum hætti. Það er alveg ljóst að vegna minni tekna en áður verður að takmarka þau rekstrarútgjöld sem eru í heilbrigðiskerfinu. Sú mikla endurskipulagning sem hefur átt sér stað á sjúkrahúsum hér á höfuðborgarsvæðinu skilar verulegum sparnaði þegar til lengri tíma er litið tel ég. Fara þarf mjög vandlega og rækilega yfir þá skýrslu um skipan sjúkrahúsamála sem starfshópur hefur nýverið skilað hæstv. heilbrrh. Meta þarf hvað af því sem þar er lagt til er hægt að framkvæma og með hvaða hætti beri til framtíðar að byggja upp þjónustu sjúkrahúsanna. Það þarf út af fyrir sig ekki að vera sjálfgefið að í öllum tilvikum sé hagkvæmasta leiðin að reka sjúkrastofnanir í mjög stórum einingum. Það þarf heldur ekki að vera sjálfgefið að af landsbyggðinni skuli fólk sækja þjónustu til stóru sjúkrahúsanna en það sé á hinn bóginn talið útilokað að sjúklingar af höfuðborgarsvæðinu geti þurft að sækja sjúkrahúsaþjónustu til nærliggjandi byggða. Allt þetta þarf að skoða fordómalaust og reyna að ná sem mestri skilvirkni í rekstri sjúkrahúsa landsins. Á það jafnt við hér á höfuðborgarsvæðinu sem um landið allt.

Fjárln. hefur farið mjög ítarlega yfir alla þætti frv. Vegna stöðu atvinnumála hefur verið reynt að tryggja fjármál til framkvæmda í vegagerð, hafnargerð og í þeim opinberu framkvæmdum sem nauðsynlegar eru og auka ekki verulega útgjöld vegna rekstrar. Með þeirri stefnu er innri uppbygging samfélagsins styrkt og gerð hagkvæmari.

Ef litið er á horfur í efnahagsmálum þjóðarinnar eins og nú blasir við er ástæða til að ætla að á næsta ári takist að snúa vörn þjóðarinnar í sókn. Þrátt fyrir minnkandi eða minni sjávarafla á þessu yfirstandandi fiskveiðiári bendir flest til þess að auka megi tekjur í sjávarútvegi ef tekst að bæta nýtingu auk þess sem meiri loðnuveiði gefur auknar tekjur fyrir þjóðarbúið.

Í stóriðnaði eru horfur þær að allt bendir til þess að rekstur járnblendiverksmiðjunnar á Grundartanga verði mjög góður á næsta ári og álverð fer hækkandi á mörkuðum. Verð á olíu hefur verið lækkandi og ætti það að geta haft verulega mikil áhrif á afkomu útgerðar og það ásamt öðru dregið úr viðskiptahalla.

Virðulegi forseti. Afgreiðsla fjárlaga hefur mikilsverð áhrif á framvindu efnahagsmála. Halli á ríkissjóði getur veikt stöðuna ef eftirspurn ríkisins eftir lánsfjármagni fer úr böndum. Með lækkun vaxta ætti að draga úr halla ríkissjóðs auk þess sem tekjur geta aukist umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir þegar afkoma fyrirtækja batnar samfara lækkandi vöxtum. Það er því ástæða til þess að ætla að þegar líður á næsta ár geti hagur okkar vænkast, en til þess að svo geti orðið verður að hafa hemil á ríkisútgjöldum og leggja allt kapp á að efla atvinnulífið. Lækkun vaxta sem ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir skiptir miklu máli en ég tel að afgreiðsla fjárlaga eins og stefnt er að núna ætti ekki að þurfa að raska þeim markmiðum sem sett hafa verið m.a. með því samkomulagi sem aðilar vinnumarkaðarins hafa gert. Sú sátt sem nú ríkir á vinnumarkaði er forsendan fyrir stöðugleika. Því ber að fagna.

Fjárlög næsta árs eru mikilvægur þáttur í því að viðhalda stöðugleikanum og auk þess mikilvægur þáttur í því að reyna að tryggja atvinnu eftir því sem nokkur kostur er. Við afgreiðslu fjárlaga erum við þingmenn oft minntir á þá ábyrgð sem hvílir á okkur og reyndar þjóðinni allri um að varðveita efnahagslegt sjálfstæði okkar. Fyrrv. formaður fjárln., Karl Steinar Guðnason, var óþreytandi í því að minna okkur á þær staðreyndir þegar hann flutti ræður sínar um ríkisfjármálin. Hann var hertur í eldi verkalýðsbaráttunnar og var öðrum raunsærri í mati sínu á aðstæðum og eindreginn talsmaður stöðugleika á vinnumarkaði og ábyrgrar fjármálastjórnar ríkisins. Allar kollsteypur við núverandi aðstæður í efnahagsmálum okkar eru hættulegar. Okkur ber að halda í heiðri sjónarmiðum festu og stöðugleika. Þau tryggja best hag þeirra sem velferðarkerfið þarf að verja, hag þeirra sem minnst bera úr býtum í þjóðfélaginu.

Með afgreiðslu fjárlaga ársins 1994 er stefnt að stöðugleika og að búið sé í haginn til framtíðar í okkar ágæta landi. Fjárln. Alþingis, bæði stjórn og stjórnarandstaða, hefur unnið af fullum heilindum við meðferð fjárlagafrv. þótt ætla mætti annað þegar hlýtt er á ræður hv. stjórnarandstæðinga í dag.

Ég vænti þess að eftir 2. umr. geti fjárln. tekið upp þráðinn að nýju og farið rækilega yfir frv. fyrir 3. umr. og komist helst að sameiginlegri niðurstöðu um lokaafgreiðslu nefndarinnar og tillögugerð til þingsins, þó að efast megi um að svo verði reyndar, eins og ég nefndi að málflutningurinn hefur verið hér. En ég vænti þess samt og vona að þingmenn taki höndum saman um það meginverkefni okkar að setja fjárlög sem framkvæmdarvaldinu ber að fara eftir.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[16:41]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. sagði það vilja fjárln. að styrkja búnaðarsamböndin. Ekki skal ég efa að svo hefur verið eða svo er. Hins vegar vill nú svo til að fjárln. hefur tekið við áliti frá landbn. og þar eru leidd rök að því að við fjárlagagerðina þurfi að breyta með öðrum hætti heldur en lagt er til til þess að búnaðarsamböndin haldi sínum hlut. Ekki er verið að tala um að þau styrkist. Hér veit ég reyndar að um er að ræða misskilning sem, m.a. á grundvelli yfirlýsingar varaformanns fjárln., hlýtur að vera auðvelt að leiðrétta þar sem það er vilji fjárln. að styrkja búnaðarsamböndin. En þá verða menn líka að taka öðruvísi til orða því að í tillögunum eins og þær liggja hér fyrir er ekki um það að ræða heldur það gagnstæða að búnaðarsamböndin búa við þrengri fjárhag, skertan fjárhag,

frá því sem var í síðustu fjárlögum. Að því leyti fannst mér þessi yfirlýsng vera óþörf, að ég hafði komið þessum skýringum á framfæri við félaga mína í fjárln. Reynir nú á það hvort menn vilja leiðrétta, því ekki er þá um annað að ræða en leiðréttingu miðað við það sem orð féllu hér hjá hv. 1. þm. Vesturl.

[16:43]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. 3. þm. Austurl. að hv. landbn. kom mjög glöggum og greinargóðum athugasemdum og miklu og góðu nefndaráliti á framfæri. En það er nú eins og það er að ekki er hægt að verða við öllum óskum, en að sjálfsögðu mun fjárln. skoða öll mál fyrir 3. umr. en hér úr þessum ræðustól verða engar yfirlýsingar gefnar um það að sinni.

[16:44]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti Ég var ekki að biðja um neinar yfirlýsingar af hendi hv. 1. þm. Vesturl. Ég var einungis að segja það eitt að það kæmi annað fram í tillögum fjárln. heldur en sá ásetningur sem hv. þm. hafði hér í frammi áðan og var að lýsa, að búnaðarsamböndin væru styrkt við þessa fjárlagagerð. Ég var að vekja athygli á því að ef sú staðhæfing væri rétt, þá væri það rangt sem segði í áliti landbn. Ég er ekkert hræddur við að koma þeim skýringum á framfæri svo að hver geti séð hvar sannleikurinn liggur í þessu máli.

[16:45]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nú ekki verið að fjalla um sannleika eða hið gagnstæða hér. Aðalatriði þessa máls í mínum huga er það að á síðasta ári, við afgreiðslu fjárlaga, tók fjárln. það upp að tryggja greiðslur héraðsbúnaðarsambandanna til ráðunauta. Það er gert aftur núna og gerð tillaga um alveg sérstakan lið í fjárlögum vegna þessa máls, lífeyrisgreiðslna vegna starfsmanna héraðsbúnaðarsambanda.

Að öðru leyti er gerð tillaga um tiltekna hækkun. Hvort það er nóg er alltaf matsatriði en öll verða þessi mál að sjálfsögðu skoðuð eins og önnur sem hér liggja fyrir þinginu.

[16:46]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. gerði ofurlítið að umræðuefni í ræðu sinni ræðua mína hér fyrr í dag. Ekki veit ég alveg á hvaða ræðu hann hefur hlustað eða þá með hvaða hugarfari hann hefur hlustað, nema þá að það sé eitthvað í hans samvisku sem gerir það að verkum að hann heyrir ekki rétt það sem hér er sagt, ekki veit ég hvað það er. Hann sagði t.d. fyrst að í máli mínu hefði komið fram gagnrýni á samninginn milli háskólans og Vestmannaeyjabæjar. Það kom aldrei fram heldur þveröfugt. Ég margtók það fram að ég teldi að hér væri sjálfsagt um hið besta mál að ræða, ég efaðist ekki um það og það væri mikilvægt að efna til rannsókna á sviði sjávarútvegs. Ef menn hefðu efni á að gera það á mörgum stöðum, þá væri það líka gott. Hann talaði um að við værum viðkvæmir sumir hverjir, og nefndi nú þar held ég þingmenn Norðurl. e. í sameiningu, fyrir málinu. Það er svo aftur annað mál. Það getur vel verið að ég sé viðkvæmur fyrir því að hafa hér fyrir framan mig þingsályktun frá þinginu frá 20. maí 1992, þar sem sérstök áhersla er lögð á það að efla og styrkja rannsóknir á sviði sjávarútvegs á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu og gera það að miðstöð fræðslu í þessu efni. Þar að auki tók ég líka fram að ég fagnaði því að það hefði þó náðst í þessu samstarfsverkefni háskólans og Vestmannaeyjabæjar samstaða um það að Vestmannaeyjabær styddi verkið og legði því lið. Ég tók þetta líka fram. Ég held að hv. 1. þm. Vesturl. verði að skoða ræðu mína. Ég skal reyndar sjá til þess að hann fái hana sem fyrst útprentaða þegar búið er að vélrita hana, þannig að hann sjái hvað þar var sagt.

Í öðru lagi ræddi ég um skólamál, m.a. í Vesturlandskjördæmi, sem fá hér lagfæringu og ég sagði líka að ég efaðist ekki um að öll þessi verkefni væru góð, brýn, nauðsynleg. Það væri auðvitað ekki hægt að verða við öllum verkefnum. Ég las t.d. hér eitt erindi um Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og sagði að mig undraði það að hann skyldi ekki hafa fengið einhverja meðhöndlun hjá nefndinni líka. Ég held að ég hafi spurt hvers sá skóli ætti að gjalda. En það er m.a. vegna þess að ég hafði ekki haft neina aðstöðu til þess, mér hafði ekki verið boðið upp á það í samstarfi meiri hluta og minni hluta í fjárln. að fara yfir þessi erindi með þeim og meta það hver væru brýnni en önnur. Ég efast ekki um að þau eru öll brýn og gott væri að geta orðið við þeim öllum. En ég veit að það er ekki hægt og þess vegna hefði ég gjarnan viljað taka þátt í því að meta það, sem ég veit að meiri hlutinn hefur gert, og auðvitað komist að þeirri niðurstöðu að það væri brýnna að bæta Fjölbrautaskólann á Vesturlandi og skólann í Reykholti heldur en t.d. skólann í Vestmannaeyjum.

[16:49]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. 1. þm. Norðurl. e. skuli vera svo ánægður með okkar tillögu, sem meiri hluti fjárln. hefur lagt hér fram, og að sjálfsögðu gefst okkur færi á því í fjárln. að skoða öll þessi mál betur, það er tími til þess enn. En aðalatriðið er auðvitað það að hérna eru lagðar tilteknar áherslur en ég fagna því hins vegar ef stjórnarandstaðan getur fylgt okkur í því.

[16:50]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins, vegna þess að ég níddist örlítið á tíma og þolinmæði forseta hér áðan, undirstrika það að ég hef ekki nokkrar minnstu efasemdir um að það sé mikilvægt að lagfæra rekstrarmál skóla sem hér eru tilgreindir í brtt. En ég er alveg viss um að ýmis önnur erindi sem lágu fyrir hafa verið svipaðs eðlis og það var það sem ég var að reyna að undirstrika hér í máli mínu áðan. Og ég tel að það hefði verið bæði eðlilegt og rétt að nefndin hefði öll farið yfir þau verkefni í starfi sínu og metið það sameiginlega, ef það var eitthvert svigrúm til að laga ein-

hverja þætti, hvaða þætti ætti að lagfæra.

Nú hefur meiri hluti fjárln. komist að þeirri niðurstöðu, án aðstoðar okkar hinna, að þetta séu þau verkefni sem séu brýnni heldur en önnur sem lágu fyrir og það verði þess vegna að leiðrétta það og þá er það auðvitað dómur og ákvörðun sem meiri hlutinn hefur tekið. Það er ekki þar með sagt að við teljum verkefni skynsamleg þó að þeir hafi talið þau það. Og ég ítreka það aðeins að okkar skilningur og vilji var sá að nefndin ynni öll að þessu sameiginlega, það ræddi ég dálítið um áðan, og kæmi að þessu mati þegar farið yrði yfir erindin sem fyrir nefndinni lægju. En ég óttast að það kunni að vera eitthvað í undirmeðvitund hjá hv. 1. þm. Vesturl. sem gerir það að verkum að hann er eitthvað viðkvæmur fyrir því sem hér hefur verið rætt í því efni.

[16:51]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Við þessa 2. umr. fjárlaga hefur hv. formaður fjárln. og varaformaður flutt sinn boðskap. Það er dálítið merkilegt að hlusta á sumt af þeim yfirlýsingum sem komið hafa frá þeim við þessa umræðu. Það var að heyra á ræðu hv. formanns að sérhagsmunir hefðu ráðið fjárlagagerð hingað til. Ríkisstjórnin hefði tekist á við vandann, hefði að vísu ekki tekist að vinna bug á rekstrarhallanum. Og hv. varaformaður segir í sinni ræðu, hv. 1. þm. Vesturl., að sá tími sé liðinn að útgjöld ríkisins vaxi á hverju ári og segir reyndar líka að mikil vinna hafi farið í það að meta forgangsröð mála í nefndinni, er með samanburðarfræði á því hvað fjárframlög hafi hækkað milli fjárlagafrv. og tillagna fjárln. eða við vinnu fjárln. Þetta er allt saman gott og blessað og athyglisvert og ég kem að þessu nánar síðar.

Það blasir hins vegar við að halli á fjárlögum yfirstandandi árs verður 14 milljarðar kr., hvorki meira né minna. Það eru ekki litlir peningar þegar lagt var upp með 6,2 milljarða kr. þegar fjárlög voru samþykkt um síðustu áramót. Að vísu hafa hæstv. fjmrh. og ríkisstjórnin og þá væntanlega hv. stjórnarliðar einfaldan hátt á því að komast frá þessu máli. Þeir segja einfaldlega: Halli fjárlaga hefur minnkað. Þegar fjárlagafrv. var kynnt í haust fyrir fjölmiðlum, þá er sett fram sú staðhæfing að halli fjárlaga hafi minnkað vegna þess að halli fjárlaga fer í 14 milljarða á yfirstandandi ári, þá er markið sett við það að byrja núna með 10 milljarða. Það var byrjað með 6,2 milljarða í fyrra, nú á að byrja með 10 milljarða. Málið endar a.m.k. í 14 milljörðum í ár og hvar skyldi það lenda eftir ár með þessu áframhaldi? Ég held að þetta séu þær köldu staðreyndir sem við stöndum frammi fyrir við þessa fjárlagagerð. Það hefur ekki tekist að hemja útgjöld ríkissjóðs og ástæðurnar hafa verið raktar margoft hér í þingsölum allt þetta ár. Ástæðurnar eru þær að það hefur ekki tekist að koma böndum á atvinnuleysið í landinu og útgjöld af þeim sökum. Atvinnuleysið og samdrátturinn hefur komið svo hart niður á tekjum ríkissjóðs að áhrifin verða tvöföld af því. Það er aðalástæðan og sú grafalvarlega staða sem blasir við og auðvitað ætti það að vera forgangsverkefni í fjárlagavinnunni að bregðast við þessu. En ég mun koma að því síðar að það virðist nú ekki vera aðalvinnan í því fólgin hjá hv. meiri hluta fjárln. að bregðast við þessum alvarlegu staðreyndum sem við blasa í atvinnumálum sem eru ástæðan fyrir þessum halla. Það þarf ekki að rekja tölur í því sambandi. Það er nóg að nefna eina tölu sem er skjalfest hér í þingskjölum í skýrslu frá félmrn. þar sem segir að útgjöld ríkissjóðs vegna atvinnuleysis fari yfir 20 milljarða kr. á þremur árum. Það eru staðreyndirnar í málinu. Og það er ekkert auðvelt verk sem fjárln. stendur frammi fyrir, ég viðurkenni það, að eiga að klípa milljón hér og þar af einhverjum liðum til að bregðast við þessum halla. Hallinn stafar af því að atvinnulífið í landinu gengur ekki með eðlilegum hætti.

Hins vegar er komin 2. umr. fjárlaga og ég vildi gjarnan ef hæstv. félmrh. væri hér viðstaddur segja við hann okkur orð. Ég vildi mælast til þess að það væri kallað í hæstv. félmrh. hér í salinn því að mér finnst alveg mál til komið fyrir þingheim að fara að vita hvaða ráðherrar ríkisstjórnarinnar styðja þetta frv. (Gripið fram í.) Hæstv. menntmrh. styður það væntanlega og ég hygg að hæstv. heilbrrh. styðji frv., svo að talningamaður minn, hv. 5. þm. Austurl., hefur talið upp að tveimur, telur að það hafi tvö atkvæði. En nú ætla ég að gera örlítið hlé á máli mínu þar til hæstv. félmrh. kemur í salinn, því að í hinu virðulega blaði Morgunblaðinu hinn 11. sept. er frétt sem er svo, með leyfi forseta:

„Jóhanna Sigurðardóttir gekk út af ríkisstjórnarfundi vegna ágreinings við aðra ráðherra. Segist vera óbundin af afgreiðslu fjárlaganna."

Og nú vil ég spyrja hæstv. félmrh., af því að hún er mætt hér í þessa umræðu, hvort þessi afstaða sé enn í gildi við 2. umr. Við þurfum að fara að vita þetta hv. þm. því að í þessari frétt segir, með leyfi forseta, og er haft eftir hæstv. félmrh.:

„Að ráðast þarna alfarið á félagslega íbúðakerfið er algerlega óásættanlegt fyrir mig og ég trúi því ekki að þingflokkur Alþfl. ljái því lið. ...

Það vita allir mína afstöðu til húsaleigubótanna og ýmissa þátta varðandi heilbrigðis- og menntamálin og ef þau atriði verða eins og þau líta út núna mun ég ekki telja mig bundna af fjárlögunum og þá hlýtur málið að vera í höndum forsrh. og hugsanlega formanns Alþfl.," sagði hún. Og hugsanlega formanns Alþfl. (**GunnS:** Er það ekki víst?) Það er hugsanlegt.

Þetta leikrit heldur áfram. Og hér segir í Morgunblaðinu þann 14. sept., svo að vitnað sé í það virðulega rit áfram. Þá er forsrh. kominn í málið og segir nú, með leyfi forseta, að hann: „... hefði m.a. tjáð Jóhönnu að sú meginregla ríkti í ríkisstjórnarsamstarfi að ráðherrar yrðu að styðja fjárlagafrv. og að á það mundi reyna við atkvæðagreiðslu um frv. á þingi en hins vegar væri æskilegt að það lægi fyrir þegar frv. væri lagt fram. „Við fórum yfir sjónarmið okkar í málinu en fundurinn breytti í sjálfu sér engu," sagði Jóhanna Sigurðardóttir."

Síðan segir hæstv. forsrh. „Ég tel að það muni skýrast innan Alþfl., því þetta mál hlýtur hann að klára á sínum vettvangi."

Nú er það svo að í þessu frv. eru engar húsaleigubætur og það er komin 2. umr. og það er búið að fjalla um flestalla útgjaldaliði fjárlaganna. Það er engar húsaleigubætur hér að sjá og það væri fróðlegt að vita hvort ýmsir þættir heilbrigðis- og félagsmála væru orðnir þannig að hæstv. félmrh. gæti sætt sig við þá, hvort þetta mál er orðið þannig að ríkisstjórnin stendur öll að því.

Það er fleira sem kom upp í þessu sjónarspili í haust. Hæstv. utanrrh. vildi skera niður nokkra milljarða í viðbót, eina fimm ef ég man rétt. En árangur hæstv. utanrrh. í því efni að fá aukinn niðurskurð birtist í tillögum um hækkanir til utanrrh. til að starfsmenn hans þar geti flutt búferlum. Það er árangur utanrrn. í niðurskurðinum. Samstarf innan ríkisstjórnarinnar um þetta mál er náttúrlega hreinn farsi og það er auðvitað tækifæri fyrir hæstv. ráðherra að gera hreint fyrir sínum dyrum a.m.k. áður en kemur til atkvæðagreiðslu í 2. umr. um málið. Hvort þessi hringavitleysa stendur enn, hvort það á að bjóða þjóðinni upp á það að ráðherrar deili, taki svona rispur öðru hvoru, einu sinni í mánuði, um þetta mál og ætlist svo til að þjóðin gleymi því þar á milli. Ég sagði áðan að það ætti að vera frumskilyrði í allri þessari fjárlagavinnu að kanna það sem best hvaða fjárveitingar ríkisvaldsins gætu orðið til þess að auka atvinnu og umsvif í landinu. Örðuvísi næst aldrei vit í þessi mál. En því miður, þau vinnubrögð sem meiri hluti fjárln. hefur haft forgöngu um miða alls ekki að þessu. Þetta hefur ekki verið haft að leiðarljósi.

Það var nú líka svo að það voru ýmsar trúarsetningar samþykktar á síðasta ári, þegar síðustu fjárlög voru samþykkt. Ýmsar, það sem ég hef kallað vitleysur, ýmis einkavæðingartrúarbrögð og það tekur langan tíma að vinna sig út úr þessu rugli. Það eru að vísu gleðileg merki um það í þessu frv. að hæstv. ráðherrar og hv. stjórnarliðar hafa vitkast í afmörkuðum málum. Það er t.d. hætt við það að láta litlu flugfélögin borga veðurfréttir. Það er góðra gjalda vert. Það er rétt að geta þess sem jákvætt er í þessu. Og hætt er við að selja Þvottahús Ríkisspítalanna. En það var ekki hætt við það fyrr en búið var að borga verkfræðistofu úti í bæ stórfé fyrir að taka saman skýrslu um hluti sem allir vissu, voru búnir að segja hér margsinnis í umræðum á Alþingi. Skýrslan gerði ekkert annað en staðfesta það sem sagt hafði verið um málið. En það er haldið áfram og svokölluð einkavæðingarnefnd fer hér hamförum og hefur sjálfsagt nokkuð fyrir snúð sinn að kanna og skoða hvort það megi ekki selja hitt og þetta sem engin samstaða er um að selja. Ég get komið nánar að því þegar tekjuhlið fjárlaga verður rædd. Hún verður rædd við 3. umr. þannig að ég þarf ekki að eyða tíma í það núna. En enn þá er verið að áætla 500 millj. kr. tekjur af sölu ríkiseigna sem tókst með harmkvælum að selja fyrir 100 millj. á þessu ári og síðan er kostað stórfé til að kanna og skoða hvort þetta sé mögulegt.

Ég mun ekki heldur hafa mörg orð að þessu sinni um skattamálin eða hið stóralvarlega mál sem hér er í uppsiglingu og hv. stjórnarliðar samþykktu fyrir ári síðan, að leggja virðisaukaskatt á flugfargjöld og ferðaþjónustu. Ég get látið nægja, með leyfi forseta, að vitna hér bara í tvö erindi sem ég var að sækja í pósthólfið mitt núna fyrir klukkutíma síðan. Þau eru ein af tugum sem við hv. þm. fáum um þetta mál. Hér er fréttabréf frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda þar sem segir, með leyfi forseta:

„Auk þess að mótmæla þeirri óskiljanlegu pólitísku ákvörðun að leggja virðisaukaskatt á þessa þætti ferðaþjónustu á samdráttartímum, þá er fyrirkomulaginu mótmælt. Það er skoðun ferðaþjónustunnar að verið sé að búa til kerfi sem er flóknara en áður var. Það stórskekki samkeppnisstöðu á markaðinum og það bjóði upp á mun meira skattsvindl en verið hefur. Allt þetta stingur átakanlega í stúf við upphaflega stefnu ríkisstjórnarinnar og alla heilbrigða skynsemi."

Hér er erindi frá ferðaskrifstofu á Austurlandi sem er mjög stór í innflutningi erlendra ferðamanna og aflar mjög mikils gjaldeyris fyrir þetta þjóðarbú. Ég get svona til að spara tímann bara lesið fyrirsagnirnar á þessari ítarlegu skýrslu sem er mjög góð um þetta mál og þar segir:

„Afleiðingar þessarar skattlagningar verða eftirfarandi: Ferðum fækkar og tímabilið styttist, vinna flyst úr landinu og viðbrögðin verða að draga úr markaðssókn. Landsbyggðin tapar mest, ferðir munu styttast og farþegum fækka og gjaldeyrir tapast og það endar með því að gjaldþrot vofi fyrir mörgum fyrirtækjum sem eru að brjótast á þessum víðtæka markaði." Síðan segir: „Ísland er nú þegar afar dýrt land."

Ég vil minna á þetta við þessa umræðu þó að sjálfsögðu verði fjallað um tekjuhliðina við 3. umr. fjárlaga sem verður væntanlega innan tíðar.

Hv. 1. þm. Norurðl. e. flutti hér ítarlega ræðu um frv. fyrr í dag og ég ætla ekki að endurtaka það sem hann sagði. Ég vil samt aðeins koma nánar að málaflokknum landbúnaðarmál í þessu frv. Það er svo að landbrn. þurfti að þola mjög mikinn niðurskurð á fjárlögum yfirstandandi árs. Það var auðvitað vegna búvörusamninga og minni framleiðslu af þeim sökum, en það er svo merkilegt að það er eins og það þyki aldrei nóg að gert. Landbrn. býr núna við mestan niðurskurð allra ráðuneyta (Gripið fram í.) og eina ráðuneytið sem eitthvað er skorið niður hjá, eins og hv. formaður landbn. og 3. þm. Austurl. segir réttilega, enda skilar hann hér mjög ítarlegu áliti landbn. sem ég kem að aðeins seinna.

Það var mjög athyglisvert og alveg dæmi um kokhreysti hv. varaformanns og hv. formanns fjárln. að hv. varaformaður nefndarinnar lýsti því yfir hátíðlega úr ræðustól áðan að það hefur komið fram í nefndinni vilji til að efla héraðsbúnaðarsamböndin. Hvernig skyldi sá vilji hafa komið fram? Hér stendur í brtt. nr. 29 við liðinn Héraðsbúnaðarsambönd. Fyrir 40,1 millj. kemur 39,5 millj. Þetta er mjög merkileg aðferð við að efla héraðsbúnaðarsamböndin. Að vísu er ekki um mikinn niðurskurð að ræða, en hér er ekki allt sem sýnist. Hér voru lífeyrisskuldbindingar ráðunauta. Búnaðarfélagi Íslands og héraðsbúnaðarsamböndunum er gert í raun að skera niður fyrir þessum lífeyrisskuldbinding-

um, þó þær séu teknar út og gerðar að sérlið. Síðan fékk meiri hlutinn samviskubit og taldi að þeir mundu fá bágt fyrir hjá héraðsbúnaðarsamböndunum þegar þeir kæmu út í héruðin og fundu það snjallræði að taka 2 millj. af Búanaðarfélagi Íslands og bæta við héraðsbúnaðarsamböndin án þess að það væri nokkur umræða um það. Og mér blöskrar náttúrlega alveg sá málflutningur þegar hv. 1. þm. Vesturl. kemur svo hér upp og segir að það hafi komið sá vilji hér fram að efla héraðsbúnaðarsamböndin. (**EgJ:** Ég er búin að taka hann upp.) Enda þarf ég ekki að eyða lengri tíma í þetta því að hv. 3. þm. Austurl. segist vera búinn að taka hann í gegn og ég vildi bara taka hann svolítið betur í gegn, en (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að dæma um það.

Hins vegar ætla ég næst að koma að jarðræktarlögum, þar sem er ekki króna til þess að greiða framlög vegna jarðræktarlaga og þá skuld sem þar stendur. Það er að vísu alveg rétt að samkvæmt lögum eða lagaákvæði sem samþykkt var hér á síðasta ári, er óheimilt að greiða jarðræktarframlög nema til þess sé heimild eða fé á fjárlögum. En mér er spurn og við því hef ég ekki fengið svar í fjárln., hvaða tilgangur er í því að fara að safna upp þessum skuldahala? Því það kemur alveg ótvírætt fram í bréfi m.a. frá landbrn. að jarðræktarlögin eru í gildi og eftir þeim er náttúrlega að sjálfsögðu unnið meðan þeim er ekki breytt. Þannig að þessi upphæð, 70,9 millj. kr., er skuld ríkisins við þá sem hafa staðið í framkvæmdum. Nú heyrir maður stundum rök í því að verið er að hártoga nafnið jarðræktarframkvæmdir og það er náttúrlega hártogað af mönnum sem aldrei hafa stigið á græna torfu og vita ekkert hvað um er að ræða í landbúnaðinum. Menn virðast halda að þó að niðurskurður sé í landbúnaði og minnkun framleiðslu þá sé hægt að hætta að rækta tún. Auðvitað verður að halda fóðurframleiðslunni eins góðri og mögulegt er til þess að fá góðar afurðir, en þetta virðast menn ekki skilja og telja að það sé hægt að strika þetta allt saman út bara á einu bretti. Það verður þá a.m.k að breyta lögunum og menn verða þá að standa frammi fyrir því. En þessar aðfarir finnst mér alveg forkostulegar. Það verð ég þó að segja.

Svo er það auðvitað miklu fleira sem þarna er styrkhæft. Það eru gróðurhús og geymslur, vatnsveitur, grænmetisgeymslur o.fl. Það skiptir t.d. miklu máli fyrir þann sem ræktar grænmeti eða kartöflur, eins og t.d. hv. 3. þm. Austurl., að geta geymt þær almennilega svo að þær séu almennileg vara. En sá skilningur virðist ekki komast inn í höfuðið á hv. meiri hluta fjárln.

Ég vil líka nefna málefni Landgræðslu Íslands. Það eru núna mjög stór og alvarleg verkefni sem blasa við Landgræðslunni. Hér kom mjög vel rökstutt erindi úr Vestur-Skaftafellssýslu um það alvarlega ástand sem þar er, þar sem Eldhraunið er að blása upp og mjög alvarleg gróðureyðing er yfirvofandi. Morgunblaðið skrifar m.a. forustugrein í morgun um það alvarlega ástand sem þar er og hvetur til björgunaraðgerða. Þessum málum var bara umsvifalaust vísað yfir á Landgræðsluna án þess að hún fengi nokkurt fjármagn til að sinna þeim aukalega. Þannig að ég vil minna á, þó að Landgræðslan búi við svipaðar fjárveitingar eins og árið áður, að einmitt þetta starf, landgræðslustarfið, gæti orðið til þess að auka eitthvað atvinnu í landinu, að gera átak í því og áreiðanlega gætu skilað sér til baka eitthvað af *þeim fjárveitingum sem gengu til* þeirra mála. En það er einmitt það sem er að, ýmsar fjárveitingar eru þannig vaxnar að þær auka atvinnu og skila tekjum til baka til ríkissjóðs. En ég hef ekki orðið var við nokkurn vilja til þess að skoða þessi mál.

Ég minntist á að það hefði komið ítarlegt álit frá landbn. um þetta mál, um landbúnaðarmálin. Þar er m.a. talað um *málefni loðdýraræktarinnar*, að þar standi út af að veita stuðning sem var veittur á fjárlögum á síðasta ári vegna fóðurframleiðslu í loðdýrarækt og hér stendur: Þess vegna leggur nefndin til að hliðstæð fjárveiting verði á fjárlögum ársins 1994, en þetta voru 34 millj. kr. Hér er einnig drepið á þau mál sem ég hef verið að ræða og það bregður nú svo við að þetta er samhljóða álit landbn. Hér rita að vísu tveir fjárlaganefndarmenn undir með fyrirvara og fyrirvarinn var í því fólginn að það átti eftir að taka málið fyrir í fjárln., það var upplýst á fundum í fjárln. Að öðru leyti er álitið samhljóða og hér skrifa undir það Egill Jónsson formaður og þeir hv. þm. Gísli Einarsson, Guðni Ágústsson, Ragnar Arnalds, Eggert Haukdal og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, allir án fyrirvara. Þetta er álit þessara hv. þm. og Árna M. Mathiesens og Einars K. Guðfinnssonar með fyrirvara, sem ég hef skýrt frá. Fyrirvarinn var í því fólginn að þeir ættu eftir að fjalla um þessi mál nánar.

Ég lagði þá fyrirspurn fyrir hæstv. félmrh. í upphafi hvort hann sem ráðherra styddi þetta frv. Ég undirstrika þá spurningu. En það eru fleiri sem hafa verið með æfingar í kringum þetta frv. Í frv. voru tillögur um að leggja niður sýslumannsembætti hingað og þangað á landinu sem voru ekki með miklum rökstuðningi. Hér hafa hv. stjórnarliðar keppst við baki brotnu að lýsa því yfir að það væri ekki meiri hluti fyrir þessum tillögum. En tillögurnar standa enn hér við 2. umr. málsins og mér er nú spurn: Er von á því að þessar tillögur verði dregnar til baka eða er von á því að atkvæðagreiðsla gangi fram án þess að tillögurnar verði dregnar til baka? Ég veit ekki betur en hv. stjórnarliðar hafi meira að segja verið að flytja hér þingmál sem ganga í þveröfuga átt við þessi ákvæði um sýslumennina og það er bara að æra óstöðugan að rekja öll þau atriði sem búið er að breyta í sambandi við þetta frv. Ég ætla ekki að endurtaka það.

Ég vil minnast á eitt atriði varðandi sjútvrn. sem hefur reyndar komið fram í dag í ræðu, að mig minnir, hv. 6. þm. Vestf. Það er varðandi Hafrannsóknastofnun og þær seiðarannsóknir sem þar hafa farið fram. Mér finnst alveg dæmalaust að ríkisvaldið og reyndar LÍÚ í sameiningu skuli ekki klára sig af þessu verkefni upp á rúmlega einn tug milljóna króna. Að stefna verkefninu í hættu fyrir 26 millj. kr., sem er heildarkostnaðurinn, það finnst mér alveg dæmalaust, þar sem útgerðarmenn hafa verið starfandi í þessu verkefni á móti ríkisvaldinu að það skuli ekki vera

leiðir til þess að klára það.

Fulltrúar Hafrannsóknastofnunar komu á fund fjárln. og lögðu mikla áherslu á þessar rannsóknir, sem væru afar þýðingarmiklar í sambandi við ráðgjöfina varðandi þorskinn. Ég veit ekki hvaða mál er í raun þýðingarmeira heldur en þetta hafrannsóknarstofnunarmál. Að það skulu ekki vera möguleikar á því að leysa þetta mál finnst mér ekki vera góður vitnisburður um þau forgangsmál sem fyrir hendi eru í hv. fjárln.

Ég vil aðeins koma að málum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem fær nú ríkisframlag í staðinn fyrir landsútsvarið. Málefni Jöfnunarsjóðsins eru í nokkurri óvissu. Í félmn. er frv. um tekjustofna sveitarfélaga og frambúðartekjustofna í stað aðstöðugjaldsins sem lagt var niður. Það er auðvitað alveg nauðsynlegt að vita hvernig Jöfnunarsjóðurinn kemur inn í þau mál, tekjustofnamál sveitarfélaga, með hvaða hætti hann vinnur eftir að það frv. tekur gildi, ef það verður samþykkt hér á Alþingi. Það er ekki sýnt hvernig þær upphæðir sem veittar eru til Jöfnunarsjóðsins í frv., sem eru hans lögbundnu framlög, endast til þeirra verkefna sem hann á að sinna. Hér kom skyndilega upp við 3. umr. fjáraukalaga aukafjárveiting upp á litlar 250 millj. til Jöfnunarsjóðsins, sem er staðhæft að eigi ekki að endurtaka sig á næsta ári, út á einhverja samninga við sveitarfélögin sem hv. þm. hafa ekki séð enn þá. Ég vil minna á þetta og minna á það við þessa umræðu að auðvitað er alveg nauðsynlegt að fá niðurstöðu í máli Jöfnunarsjóðsins sem allra fyrst og fá einhverja hugmynd um það hvernig breyttar reglur eiga að vera og breytt er löggjöf um sjóðinn, sem er boðað að séu í vinnslu.

Í húsnæðismálum er gert ráð fyrir að Húsnæðisstofnun skeri niður starfsemi sína um 24 millj. kr. Það má segja að það sé ekki há upphæð miðað við þau umsvif sem eru í þeirri stofnun. Eigi að síður má þó ekki gleyma því að á stofnunina eru að hlaðast verkefni, og hef ég þær upplýsingar úr stofnuninni, vegna vanskila á húsnæðislánum og ráðgjafarstarfsemi varðandi vanskila á lánum. Og ég vil minna á þetta. Þetta er einn veigamesti þátturinn í því slaka efnahagsástandi sem er hjá almenningi í landinu. Það eru húsnæðislánin og hvernig gengur að standa straum af þeim. Skuldir einstaklinga hafa farið hraðvaxandi og það eru gríðarlegar upphæðir sem skuldir fjölskyldnanna í landinu eru orðnar og þess sér stað einmitt í Húsnæðisstofnun. Fólk kemur þangað með sín vandræði og er að reyna að grynna á sínum málum, reyna að fá ráðgöf, fá einhverja möguleika hvernig það getur staðið við sínar skuldbindingar og það má ekki þjarma svo að stofnuninni að hún sé ófær um að sinna þessu verkefni. Ég vil vara við því.

Hv. formaður fjárln. vitnaði hér í innansveitarkróníku þar sem hann varaði við því að ræða mikið um titlingaskít. Ég bið afsökunar á orðbragðinu, en þetta er úr bókmenntum. Ég veit ekki hvað hann kallar smámuni í þessu efni, en það eru nokkur atriði sem mér finnst undarlegt hvernig afgreiðslu fá. Ég ætla ekki að nefna mörg. Mér finnst t.d. alveg óskiljanlegt að ár eftir ár sé ekki hægt að leysa málefni Menntaskólans á Ísafirði með því að koma upp skíðabraut við skólann (Gripið fram í.) Framhaldsskólans á Ísafirði, koma þar upp skíðabraut. Þetta er verkefni upp á 1 millj. kr. sem ekki er hægt að leysa þrátt fyrir að hv. 6. þm. Vestf. hafi lagt á þetta mikla áherslu og þeir sem reka erindi fyrir skólann.

Mér finnst alveg óskiljanlegt að það skuli ekki vera hægt að sérmerkja framlag til ferðamálasamtaka Íslands, að þessum ferðamálasamtökum skuli ekki treyst fyrir því að skipta fjárveitingu milli sinna aðildarfélaga. Að það skuli vera sett inn í Ferðamálaráð og þessir aðilar utan af landi þurfi að standa í stórstyrjöld og daglöngum fundum til að fá viðurkenningu á því í Ferðamálaráði að þessir peningar eigi að fara út á land. Ég held að hér sé verið að gera einfaldan hlut flókinn og það er skrýtið að landsbyggðinni skuli ekki vera treyst til að fara með sín mál, þetta þurfi að vera inni í einhverju Ferðamálaráði hér sem hefur næg verkefni á öðrum sviðum.

Þá kem ég að máli sem hefur valdið nokkrum átökum í nefndinni en það var varðandi skiptingu stofnkostnaðar. Ég kem þá inn á vinnubrögð nefndarinnar í leiðinni. Skipting stofnkostnaðar hefur farið fram með þeim hætti að komið hafa tillögur frá ráðuneytum, undirnefndir hafa farið yfir þær, síðan hafa þeirra tillögur verið sendar til þingmannahópanna þar sem þingmannahóparnir hafa haft leyfi til þess, ég segi leyfi, og það er hefð að það hafa verið teknar til greina þeirra ábendingar um áherslur í verkefnum. Þetta hefur verið regla hér síðan ég man eftir og lengur áreiðanlega. En það eru til undantekningar og þær undantekningar voru fyrir tveimur árum þar sem tillaga okkar þingmanna Austurl. var ekki tekin til greina um skiptingu í heilbrigðismálum, þar sem við lögðum til að lítil upphæð væri lögð fram til þess að gera samning um verk á Höfn í Hornafirði. (**GunnS:** Ekki allir.) Ekki allir nei, það er rétt. Og það er kannski mergurinn málsins.

Nú gerðum við tillögu um það fjórir þingmenn og einn var því andvígur, hv. 5. þm. Austurl., að taka 1 millj. af framlagi til Hafnar í Hornafirði og 1 millj. af framlagi til Eskifjarðar og leggja það fé í undirbúning verks á Fáskrúðsfirði, hjúkrunarheimilis þar. Þetta erindi okkar var afgreitt með þeim hætti í nefndinni að við erum nauðbeygðir að flytja brtt. um málið. Erindinu var hafnað af meiri hluta nefndarinnar og við flytjum um það brtt. að þarna verði teknar inn 2 millj. til viðbótar við þennan lið þar sem fordæmin eru auðvitað fyrir hendi, þar sem framhaldsskólaliðurinn var aukinn, ramminn um 35 millj. kr., vegna þess að hann sprengdi utan af sér þau verkefni sem þar var um að ræða og við leggjum til í brtt. að þetta verkefni verði tekið inn. Það var fjárveiting í það í fyrra til hönnunar og undirbúnings. Það er forgangsverkefni hjá sveitarstjórninni á staðnum að ráðast í þetta og til þess að geta unnið að málinu áfram verður að hafa fjárveitingu að baki þó að hún sé ekki stór.

Ég trúi ekki að það sé ekki hægt að leysa þetta mál. Og ég trúi því satt að segja ekki að ef þessi tillaga yrði dregin til baka til 3. umr., að nefndin taki ekki málið aftur til umræðu og skoði þetta. Ég vil trúa því að

þarna hafi verið um augnabliksmisskilning að ræða, þó að sá misskilningur sé ansi harkalegur, því það var harkalega tekist á um þetta í nefndinni og ég skil ekki þessi vinnubrögð gagnvart þingmannahópnum. Það snertir þá kannski það sem ég ætlaði að enda á að ræða hér, vinnubrögð meiri hluta fjárln. Það þarf auðvitað að setjast yfir þessi vinnubrögð og hv. formaður fjárln. hefur haft orð um það að við munum fara í þá vinnu eftir áramótin. Og það er nauðsynlegt að gera það vegna þess að ég viðurkenni auðvitað að í fjárlögum felst pólitísk stefnumörkun ríkisstjórnar hverju sinni. Ég geri ekki kröfu til þess að blanda mér í hana, ekki pólitíska stefnumörkun þessarar ríkisstjórnar. Það er langt frá því að mig langi til þess að fara inn í slíkan ormagarð sem þar er. Hins vegar geri ég kröfu til þess að í vinnu í fjárln. sé minni hlutinn tekinn jafngildur á þann hátt að það sé ekki haft þannig að minni hlutinn sé í viðtölum vikurnar út við hina og þessa aðila sem koma til nefndarinnar. Svo þegar þessi viðtöl eru búin, þá eru einstakir þættir teknir fyrir í undirnefndum eins og stofnkostnaðarliðir, safnliðir ýmiss konar, en síðan lokar meiri hlutinn að sér og situr sólarhringana út og þar urra þeir hver á annan og skipta herfanginu. Síðan er kallað á minni hlutann þegar allir eru búnir að fá sitt og okkur er tilkynnt hvernig þessar afgreiðslur eru og það er ekki óalgengt, var a.m.k. ekki óalgengt í fyrra og ekki óalgengt núna, að heyra eitthvað á þá leið að þetta sé ákvörðun þegar er spurt. Ég geri kröfur til þess, þegar ég tala við aðila utan úr þjóðfélaginu, að vita sem best á hvaða forsendum þeirra kröfum og þeirra beiðnum hefur verið rutt út af borðinu. Og ég geri líka kröfur til þess að vita á hvaða forsendum beiðnir eru samþykktar, en mér finnst mikið á það skorta.

Mér er ekki ljúft að fara með þetta í ræðustól á Alþingi því auðvitað er þetta hlutur sem við þurfum að gera upp í nefndinni, en því miður hafa þessi mál verið með þeim hætti að ég er nauðbeygður til þess.

Ég vil ljúka þessu með því að leggja áherslu á það að fjárlagavinnan á að vera þannig og stefna ríkisvaldsins á að vera sú að leggja sitt af mörkum til að ýta undir bjartsýni í þjóðfélaginu og trú á það að það sé þess vert að ráðast í framkvæmdir og koma hjólum atvinnulífsins til að snúast. Ég tel að það þurfi að styðja hvers konar rannsókna- og ekki síst markaðsstarfsemi sem eru undirstöðuatriðin í því að byggja atvinnulífið upp á nýtt. Mér finnst líka stefnumörkun skorta í þetta frv.

Ég held að hallarekstri ríkissjóðs verði ekki snúið við nema með aukinni tekjuöflun. Ég er ekki þar með að segja að það eigi að leggja aukna skatta á almenning í landinu, sú aukna tekjuöflun kemur ekki nema atvinna aukist í þjóðfélaginu og það er þaðan sem þeir auknu fjármunir eiga að koma.

[17:44]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson gerði grein fyrir tillögu er hann flytur ásamt þremur öðrum þingmönnum á Austurlandi um að veita 2 millj. kr. til byggingar hjúkrunarheimilis á Fáskrúðsfirði. Hér er um mjög óábyrga sýndartillögu að ræða. Það liggur ekki fyrir samningur um þessa byggingu. Mikilvægast af öllu núna er að undirbúa slíkan samning. Hv. þm. Jón Kristjánsson sagði að hér væri um misskilning að ræða. Aldeilis ekki. Ég er andvígur þessari tillögu af því að ég get ekki fellt mig við að bjóða fólki á Stöðvarfirði og Fáskrúðsfirði önnur kjör um byggingu hjúkrunarheimilis en gerist í öðrum sveitarfélögum. Vísa ég þá til sveitarfélaganna á Höfn og Eskifirði sem búa núna við alveg nýtt fyrirkomulag í sambandi við uppbyggingu sinna mannvirkja, heilsugæslustöðvar og hjúkrunarheimilis, er byggist á skuldbindandi greiðslusamningi í stað grunnastefnunnar er hann stóð fyrir hér á árum áður.

[17:45]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi fjárveiting er einfaldlega til þess að heimamenn hafi eitthvað á bak við sig til að gera samning um verkið. Svo einfalt er það mál. Ef fjárveiting fellur niður til þessa verkefnis þá draga heimamenn auðvitað sínar ályktanir af því.

[17:46]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hv. þm. Jón Kristjánsson stóð að því að gera tillögu til fjárln. um það að brjóta skuldbindandi greiðslusamninga á Höfn og á Eskifirði til þess að veita 2 millj. til Fáskrúðsfjarðar og byggingu hjúkrunarheimilis þar. Það er mjög alvarlegt að brjóta slíka samninga og þar með að reyna að leiða aftur inn í kjördæmið grunnastefnuna sem gerði ekkert annað en að safna skuldum, hlaða skuldum á sveitarfélögin eins og á Eskifirði, 24 millj. kr. skuld á Eskifirði á hjúkrunarheimilið þar, tæprar 10 millj. kr. skuld á Vopnafirði. Ég tek ekki þátt í að endurtaka slíkt. Ég vil að Fáskrúðsfirðingar og Stöðfirðingar, sem einnig standa að þessu framtaki, fái að búa við sömu kjör og við bjóðum öðrum sveitarfélögum á Austurlandi við uppbyggingu sinna mannvirkja á heilbrigðissviði. Þetta er óábyrg sýndartillaga, ekki annað en ávísun á Fáskrúðsfjörð og Stöðvarfjörð til þess að safna skuldum á meðan ekki er samningur gerður.

[17:47]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst samningar orðnir mjög nákvæmir ef verið er að eyðileggja skuldbindandi greiðslusamninga um verk sem á að taka hvorki meira né minna en fimm ár með því að flytja úr því eina millj. kr. Það finnst mér með ólíkindum. Ég heyri á hv. 5. þm. Austurl. að hann er ekki tilbúinn að ræða þetta mál aftur í hv. fjárln. Hann segir einfaldlega: Ég tek ekki þátt í þessu. Og þá er það ljóst.

[17:48]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 2. þm. Austurl. gerði athugasemd við það að ekki væri í brtt. fjárln. gert ráð fyrir sérstökum fjárlagalið til ferðamálasamtaka landshluta. Vegna þessa er rétt að taka fram að fyrir þetta ár var veitt og gert ráð fyrir því að veita 5 millj. kr. til að skipta upp á milli ferðamálasamtakanna. Ástæðan fyrir því að þetta er inni á liðnum hjá Ferðamálaráði er að

meiri hluti fjárln. telur eðlilegt að Ferðamálaráð skipti þessu, sérstaklega vegna þess að það er ekki nógu fast form á skipulagi ferðamálasamtakanna í sumum kjördæmum og þess vegna er langeðlilegast að Ferðamálaráð hafi með þessa skiptingu að gera. Hins vegar tek ég undir það með hv. þm. að það er afar mikilvægt að Ferðamálaráð víki sér ekki á nokkurn hátt undan því að skipta þessum fjármunum eins og til er stofnað.

[17:50]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er alveg ljóst að Ferðmálaráð hefur reynt á undanförnum árum að víkja sér undan því að skipta þessum fjármunum og þess vegna þarf að sérgreina þá á ferðamálasamtök landshlutanna. Þessi samtök eru landssamtök og ég hlusta ekki á þau rök að það sé laust form í einhverjum kjördæmum. Ætli það séu ekki einhver losaraleg aðildarfélög í einhverjum kjördæmum einhvers staðar hjá landssamtökum sem fá fjárveitingu? Mér finnst þessi rök náttúrlega algjörlega út í hött. Það þarf að sérgreina þetta fé vegna reynslunnar.

[17:51]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil af þessu tilefni taka það fram að ferðamálasamtök landshlutanna hafa fengið þessa fjármuni í ár. Það er aðalatriði málsins. Hins vegar hvort það eru skiptar skoðanir um hvernig eigi að skipta þessum fjármunum innan Ferðamálaráðsins, það verður náttúrlega að leyfa þessu fólki að hafa mismunandi meiningar um þessa hluti. En aðalatriðið er að ferðamálasamtökum landshluta sé tryggt þetta fjármagn. Í mínum huga skiptir það öllu máli en ekki formið.

[17:51]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ferðamálasamtökin fengu þetta fjármagn. Hins vegar var það eftir harða baráttu. Í þeim viðræðum sem við höfum átt, a.m.k. minnihlutamennirnir, við forráðamenn þessara samtaka kemur fram sá skilningur Ferðamálaráðs Íslands að hækkun fjárveitinga sé til að borga gengismun, en ekki til þess að greiða þessar fjárveitingar. Það þarf því að ganga tryggilega frá þessum málum frá okkar hendi.

[17:52]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni orðaskipta sem fóru fram um hjúkrunarheimilið á Fáskrúðsfirði vil ég lýsa því yfir að sú stefnumörkun sem unnið hefur verið eftir, að gera samninga við heimamenn áður en verk er hafið, um framkvæmdatíma, verklok og greiðslutilhögun, er mjög skynsamleg. Ég hygg hins vegar að þingheimur og þar með hv. þm. Austurlands séu sammála um það, og ég er það líka, að næsta stórverkefni á sviði öldrunarmála á Austfjörðum sé Fáskrúðsfjörður. Til að taka af öll tvímæli og ná sátt um þau markmið vil ég lýsa því yfir að ég mun beita mér fyrir því strax á næsta ári að gera samning við heimamenn um verkið og einnig beita mér fyrir því í samráði við hv. fjárln. að tryggja nauðsynlegt fjármagn til þess, þannig að framkvæmdir geti hafist á árinu 1995.

[17:53]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. þessa viljayfirlýsingu, ég tel hana innlegg í málið. Hins vegar vil ég undirstrika það að slík samningagerð, án þess að verkið sé merkt inn í fjárlög, er náttúrlega mjög hæpin. Ég vil því auðvitað gera þá kröfu að fjárln. ræði þetta mál milli 2. og 3. umr. Ég vil fara fram á það og er þá tilbúinn, ef fjárln. vill ræða málið milli 2. og 3. umr., og ég veit að hv. þingmenn Austurl. eru tilbúnir til þess, að draga þá brtt. til baka til 3. umr.

[17:55]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki miklu við þetta að bæta. Ég vil hins vegar árétta það að ég sé ekki þessa brýnu nauðsyn á því að eyrnamerktar séu 2 millj. til þessa verks, þannig að unnt sé að gera þennan rammasamning um verkið við heimamenn. Ég hygg að vilji þingheims ætti að liggja nokkuð skýr fyrir. Ég minnist þess sem sveitarstjórnarmaður hér á árum áður þegar hv. Alþingi eyrnamerkti verk með þessum hætti, með tíu þúsund köllum og fimm þúsund köllum. Ég ætla að vona sú tíð renni aldrei upp aftur í hv. Alþingi.

[17:55]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mín beiðni um að fjárln. ræði málið byggist auðvitað á því að fjárln. hefur fjárlagavaldið og vilji þingsins í þessum efnum liggur ekki fyrir fyrr en greitt er atkvæði um þá brtt. sem hér er um að ræða.

[17:56]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna ræðu hv. 2. þm. Austurl. og í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. varðandi hjúkrunarheimilið á Fáskrúðsfirði, vil ég taka fram að ég mun beita mér fyrir að yfirlýsing hæstv. heilbrrh. verði tekin á dagskrá á fundi fjárln. milli 2. og 3. umr.

[17:56]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni fjárln. fyrir hans viðbrögð í þessu máli og hæstv. heilbrrh. Ég tel að það sé vilji til þess að leysa þetta mál sem hér er um að ræða og ég mun þá beita mér fyrir því að þessi brtt. komi ekki til atkvæða við 2. umr.

[17:57]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Kristjánsson beindi til mín þeirri fyrirspurn hver væri afstaða mín til fjárlaganna og vitnaði þar til fyrirvara sem fram komu hjá mér í septembermánuði. Eins og hv. þm. veit þá hefur fjárlagafrv. í veigamiklum atriðum tekið breytingu,

m.a. varðandi þá þætti sem ég var í mikilli andstöðu við og það breytir auðvitað miklu. Að öðru leyti mun mín afstaða koma fram við afgreiðslu fjárlaga líkt og hjá öðrum þingmönnum og ég vona að hv. þm. hafi þolinmæti til að bíða eftir því.

[17:58]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þarf í rauninni ekkert að ræða þetta mál meira. Það hefur komið fram hér að hæstv. félmrh. treystir sér ekki til að svara því játandi hvort hún styður fjárlagafrv. Það eru náttúrlega ekkert komnar inn í þetta frv. neinar húsaleigubætur til dæmis. En ég þarf í rauninni ekkert að ræða þetta mál frekar við hæstv. félmrh., hennar afstaða kemur fram í atkvæðagreiðslu og hún verður spennandi.

[17:59]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Eins og hv. þm. veit þá stóð aldrei annað til en framkvæmdin á húsaleigubótunum tæki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1995 þannig að það er auðvitað ástæða þess að þær eru ekki í þessu fjárlagafrv. En ég vona að hv. þm. haldi svefni yfir því að geta beðið eftir því að mín afstaða til fjárlaganna komi fram. Ég mun alveg halda svefni yfir því hvernig hann mun greiða atkvæði þannig að ég vona að það sé líkt og með komið.

[17:59]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er alveg ljóst að það er ekkert spennandi hvernig ég greiði atkvæði, því ég get náttúrlega alveg sagt það hér. Ég mun sitja hjá við þetta frv. og enga ábyrgð taka á því, enda er ég óbreyttur þingmaður. En hæstv. félmrh. er ráðherra og það er miklu meira spennandi, sérstaklega ef hæstv. ráðherra er á móti fjárlagafrv. sem ríkisstjórn sem hún á sjálf sæti í leggur fram. Það er það sem er spennandi í málinu. (**Gripið fram í:** Hvernig ætlið þið að sofa?) En hvernig ég greiði atkvæði skiptir ekki máli enda er það ekki leyndarmál.

[18:00]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af þeim orðum sem féllu af vörum hv. 2. þm. Austurl. um þá tillögu sem ég er hér flm. að og með tilliti til þeirrar yfirlýsingar sem hefur komið fram hjá hæstv. heilbrrh., þá er hún ekki í samræmi við þá umræðu sem hefur farið fram í Sjálfstfl. um þessa niðurstöðu til sátta og er þess vegna ófullnægjandi fyrir mig að ganga að með þeim hætti sem hún liggur nú fyrir.

[18:02]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. til fjárlaga sem hér er til 2. umr. undirstrikar auðvitað það að stefna núv. ríkisstjórnar í ríkisfjármálunum hefur beðið algert skipbrot. Það kom fram í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins um mitt ár 1991 þegar þessi ríkisstjórn hafði nýlega tekið til starfa að hún yrði ekki eins og aðrar ríkisstjórnir sem fyrr hefðu setið að því leyti til að hún væri ekki afgreiðsluríkisstjórn heldur fyrst og fremst ríkisstjórn sem ætlaði að taka á þessum grundvallaratriðum, m.a. því að snúa þeim vandamálum sem við væri að glíma í ríkisfjármálunum og skila hallalausum fjárlögum innan þriggja ára. Nú eru þrjú ár liðin af starfstíma þessarar ríkisstjórnar og staðan er sú að — hér eru haldnir fundir í hliðarherbergjum og það er sjálfsagt það fjaðrafok sem var áðan um stefnu Sjálfstfl. í málefnum hjúkrunarheimilisins á Fáskrúðsfirði, en ég vildi gjarnan að hæstv. heilbrrh., ef hann má vera að hér á eftir í umræðunum, hlustaði á mál mitt því að ég hef nokkrar spurningar fram að færa sem snúa að hans málaflokki, (**Gripið fram í:** Hann er að stilla til friðar.) en hann mun vera að stilla til friðar eins og stendur (**Gripið fram í:** Hann er í stjórnarmyndunarviðræðum.) og ég hef sjálfsagt biðlund eftir því og gangi honum vel í þeim efnum.

Árið 1993 stefnir í það að fjárlagahallinn muni verða í kringum 14 milljarðar kr. og það fjárlagafrv. sem hér er til 2. umr. gerir ráð fyrir því í raun þó að önnur tala sé skráð í fjárlagafrv. að hallinn verði á bilinu 15–20 milljarðar. Þrjú ár áttu að vera nóg til þess að tryggja hallalaus fjárlög án skattahækkana og var það auðvitað í samræmi við stefnu Sjálfstfl. fyrir alþingiskosningarnar 1991 sem gerði ráð fyrir því að skattar væru lækkaðir. Í landsfundayfirlýsingu Sjálfstfl. frá þeim tíma sem verður að styðjast við þegar menn meta hver var stefna þess flokks í alþingiskosningunum, var gert ráð fyrir því að skattprósentan lækkaði úr rúmum 39% niður í 35%. Þetta var fyrsta atriðið í skattayfirlýsingu Sjálfstfl. frá landsfundinum 1991 um að stefnt væri að því að skattprósenta einstaklinga væri 35%. Alþfl. lofaði í þeim kosningum að hækka skattleysismörkin upp í það sem þau hefðu átt að vera komin eða tæpar 80 þús. kr.

Þegar menn hins vegar líta til baka og yfir loforðalista þessara stjórnarflokka sem nú hafa starfað í þrjú ár og berum saman efndirnar og vonir þær sem Morgunblaðið batt við ríkisstjórnina, þá kemur í ljós að skattprósenta sem átti að vera 35% og Sjálfstfl. lofaði er núna komin í 41,29% og mun fara hækkandi á árinu 1994, gangi þær tillögur sem núna liggja fyrir um skattkerfisbreytingar fram. Í raun hefði þessi yfirlýsing og þessi loforð sem Sjálfstfl. gaf kjósendum í kosningunum 1991 þýtt skattalækkun upp á 9.150 millj. kr. En hækkunin er 2.850 millj. bara í tekjuskattinum einum og sér. Barnabætur hafa lækkað um 500 millj. kr. Vaxtabætur hafa lækkað um 500 millj. kr., *vextir í húsnæðislánakerfinu hafa hækkað* og skattleysismörkin sem Alþfl. lofaði að yrðu hækkuð upp í 80 þús. kr. lækkuðu um síðustu áramót og eru nú komin niður í kringum 57 þús. kr. Þannig hefur þessum stjórnarflokkum tekist í raun og veru að snúa skattkerfinu í landinu á haus, draga úr hvata almennings til að vinna sér inn auknar tekjur vegna þess að við búum orðið nú við 70% jaðarskatt. Með öðrum orðum þýðir þetta það að af hverjum 100 kr. sem einstaklingurinn vinnur sér núna inn þarf hann fyrst að skila 70 kr. til fjmrh. áður en hann fær sínar 30. Til viðbótar þessum skattahækkunum hafa þjónustugjöld á sjúklinga og elli- og örorkulífeyrisþega hækkað. 1.000 millj. kr.

lyfjaskattur hefur verið lagður á í tíð þessarar ríkisstjórnar sem felst í því að þátttaka einstaklings í lyfjakostnaði hefur hækkað úr 18% upp í 32%. Kostnaður á þá sem þurfa að sækja sér sérfræðilæknishjálp hefur hækkað um 700 millj. kr. Beinn skattur á þá sem þurfa að heimsækja heilsugæslustöðvar og nýta sér þjónustu þeirra hefur hækkað um 370 millj. kr. Beinn skattur á elli- og örorkulífeyrisþega sem settur var á á árinu 1992 var 280 millj. og þannig mætti lengi halda áfram. En þrátt fyrir þessar auknu skattálögur, sem eru gífurlegar, þá stefnir í það að fjárlagahallinn verði á þessu ári eins og ég sagði áður 14 milljarðar. Það er ekkert í fjárlagafrv. sem getur gefið mönnum vonir um það að hægt verði að standa við þau áform sem núna eru uppi um að fjárlagahallinn verði í kringum 10 milljarðar. Hann mun verða á bilinu milli 15 og 20 milljarðar kr.

Hæstv. forsrh. hefur margoft lýst því yfir að frumskilyrði fyrir því að menn gætu lækkað vexti í landinu væri að það drægi úr fjárlagahallanum. Í umræðum um fjáraukalög fyrir dáum dögum síðan sagði hæstv. forsrh. að í tíð fyrri ríkisstjórnar hefðu verið skráðir vextir á ríkisskuldabréf sem verða 6%. Það hefðu verið falskar tölur sem þar voru settar vegna þess að bréfin seldust á allt öðru verði, á bilinu 8–9%. Þetta var hárrétt hjá hæstv. forsrh. Eftirspurnin eftir peningunum var þá svo mikil að raunvextir voru langtum hærri. Nú gorta hæstv. ráðherrar og einstakir alþingismenn af því að menn hafi náð að lækka vextina niður í 5%. Hvernig fara hæstv. ráðherrar að því að finna slíkt út? Jú, með því að skrá 5% vexti á húsbréf og ríkisskuldabréf. En þegar út á markaðinn er komið, þá bregst markaðurinn einfaldlega ekki við með þessum hætti og segir: Þessar tölur sem þarna eru skráðar eru falskar. Þær eru nákvæmlega eins falskar eins og hjá fyrri ríkisstjórn vegna þess að markaðsöflin á markaðnum, lífeyrissjóðirnir, bankakerfið og aðrir slíkir kaupa ekki þessi bréf með þeim vöxtum sem á þau eru skráð heldur á hærri vöxtum og þetta gerist bara á fyrstu dögunum og Alþfl. hefur enn ekki lokið fundaherferðinni þar sem hann er að kynna 5% vextina sem eru ekki 5% vextir lengur heldur langtum, langtum meira. Þannig að því miður, segi ég, vantar allar forsendur. Og það eru forsendur sem hæstv. ríkisstjórn átti að skapa fyrir því að hægt sé að lækka vextina og forsendurnar eru auðvitað þær að það sé hægt að draga úr fjárlagahallanum. Aðilar vinnumarkaðarins sömdu um kjarasamning til langs tíma sem skapar ró á vinnumarkaði. Það voru m.a. forsendur fyrir því að vextir gátu lækkað en það stendur enn upp á ríkisstjórnina að ganga frá þeim forsendum sem hún átti að skapa.

Þegar sá hluti ríkisstjórnarinnar sem stóð að fjárlagafrv. lagði fram fjárlagafrv. fyrir árið 1994 þá var gert ráð fyrir því að sparnaður í heilbrigðis- og tryggingamálum yrði 2,4 milljarðar kr. Hvernig átti að ná þessum sparnaði? Í stórum dráttum var áætlað að sparnaðurinn kæmi þannig fram:

1. Hætt yrði rekstri barnaheimila á ríkisreknum sjúkrastofnunum og sveitarfélögum gefinn kostur á að taka við rekstrinum og þannig var áætlað að spara 200 millj. kr.

2. Framlög til áfengismeðferðarstofnana áttu að lækka um 90 millj. kr.

3. Útgjöld vegna lífeyristrygginga átti að lækka um 525 millj.

4. Útgjöld til sjúkratrygginga áttu að lækka um 703 millj.

5. Ná átti fram hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna og spara þannig 735 millj.

6. Gera átti breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem áttu að spara 120 millj.

Þegar menn líta hins vegar til baka og líta yfir það hvað núna stendur eftir við 2. umr. fjárlagafrv., bæði þær breytingar er hv. fjárln. hefur gert og eins hvaða yfirlýsingar hjá hæstv. heilbrrh. standa nú eftir af því sem menn fóru af stað með, þá ætla ég með leyfi forseta að fara hér yfir nokkur atriði í þeim efnum.

Það er ljóst að hæstv. ríkisstjórn hefur hætt við að spara af þessum 2,4 milljörðum a.m.k. 1 milljarð. Í fyrsta lagi hefur verið ákveðið að halda áfram rekstri leikskólanna í óbreyttri mynd. 200 millj. kr. sparnaðurinn sem þar átti að nást verður í kringum 100 millj., kannski rétt rúmlega 100 millj.

Í öðru lagi átti að spara í lífeyristryggingum 525 millj. kr. Samkvæmt yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. og ríkisstjórnarinnar í heild hefur verið hætt við að eignatengja lífeyrisgreiðslur. Því munu ekki sparast 200 millj. kr. sem áætlað var að með því mundu sparast. 200 millj. kr. átti að spara með því að afnema eingreiðslur að hluta til, þ.e. greiðslur til elli- og örorkulífeyris þeirra er snúa að orlofsuppbót, desemberuppbótt og láglaunabótum eins og allir launþegar fá. Nú spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Hvað líður þeim samningum sem lýst er í fjárlagafrv. að séu í gangi við aðila vinnumarkaðarins um skerðingu á þessum bótum? Ef ekki verður samið um þessa skerðingu og þannig náist þarna 200 millj. kr. sparnaður þá er ljóst að af 535 millj. kr. er hæstv. heilbrrh. hættur við að spara 400 í lífeyristryggingunum. Í sjúkratryggingunum var áætlað að spara 730 millj. en nú liggur það fyrir að hætt hefur verið við heilsuskortin sem áttu að skapa sjúkratryggingunum sértekjur upp á 400 millj.

Í fjórða lagi átti að spara með hagræðingu í rekstri sjúkrahúsanna 735 millj. kr. Nú kom það fram í máli hv. 1. þm. Vesturl. áðan að umræðu um sjúkrahúsin hefur verið frestað til 3. umr. en hann lýsti því jafnframt yfir, hv. 1. þm. Vesturl., að nauðsynlegt væri að gera breytingar á ýmsu því er snýr að rekstri sjúkrahúsanna og hygg ég að það sé hárrétt hjá hv. þm.

Í fimmta lagi var gert ráð fyrir því að spara 90 millj. með því að gera breytingar á áfengismeðferðarstofnununum. Heilbrrh. hefur lýst því yfir að áformuð breyting á Gunnarsholti sé ekki lengur inni í myndinni en það kemur fram í þeim nefndarálitum sem hér liggja fyrir að menn hafa ekki fallið frá gjaldtökunni á áfengismeðferðarstofnunum þannig að þegar á þetta er litið í heild er það a.m.k. einn milljarður kr. sem þarna mun ekki sparast af áætluðum eða áformuðum sparnaði. Hins vegar hafa komið fram nýjar tillögur sem ég kem

hér örlítið að á eftir eða um 180 millj. kr. sparnaði í sjúkratryggingunum.

Hæstv. heilbrrh. hefur hvað eftir annað lýst því yfir í umræðum og núna síðast í ágætu viðtali við Mannlíf að munurinn á þeirri stefnu er núv. hæstv. heilbrrh. rekur og þeirri stefnu er forveri hans, núv. hæstv. iðnrh. og viðskrh. Sighvatur Björgvinsson, rak í heilbrigðismálum sé í stórum dráttum sá að núv. hæstv. ráðherra treystir sér ekki til þess að fara þá leið er forveri hans fór að leggja á sjúklinga og aðra aukin þjónustugjöld. Í sjálfu sér finnst mér þetta vera göfugt markmið ef við það væri staðið. Þetta ítrekar hæstv. ráðherra í Mannlífsviðtali fyrir stuttu en þegar við höfum það í huga og lítum til þess að þau áform sem uppi eru nú varðandi áfengismeðferðina þá eru um beina gjaldtöku af þeim er þá þjónustu munu þurfa að nýta sér í framtíðinni að ræða. Þá spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað á hann við þegar hann segir að hann sé ekki tilbúinn til þess að fara gjaldtökuleiðina? Hvað á hæstv. ráðherra við þegar hann lýsir slíku yfir?

Frá því er Alþfl. tók við heilbrrn. 1991 hafa fjárframlög til allrar áfengis- og vímuefnameðferðar lækkað úr rúmum 520 millj. kr. árið 1991, ef við miðum við það á verðlagi núna í nóvember, í 370 millj. kr. árið 1994 eða um hvorki meira né minna en 30%.

Það er alveg ljóst að með þeirri leið sem hérna er verið að velja, að leggja þessar auknu álögur á þá sem þurfa á þessari þjónustu að halda, þá munu sárafáir geta nýtt sér þessa sjúkrahúsþjónustu sem þarna er um að ræða. Af þeim 25 millj. sem gert er ráð fyrir að SÁÁ, ef við tökum þá einu stofnun, muni taka þar inn í auknum tekjum vegna gjaldtöku á þessa sjúklinga og við göngum út frá því að innlagnirnar séu 2.600 og allir greiði jafnt. Þá þýðir þetta að kostnaðurinn við meðferðina mun verða 9.615 á hvern einstakling ef allt er greitt. Ef helmingur sjúklinganna borgar þá þýðir það að þeir sem munu greiða munu þurfa að greiða 19.231 kr. fyrir meðferðina. Ég spyr hæstv. ráðherra hvaða leið hann ætlar að fara til að innheimta þessar tekjur sem hér er gert ráð fyrir að innheimtar verði á þessum stofnunum, ekki bara hjá SÁÁ heldur hjá öðrum áfengismeðferðarstofnunum, bæði Ríkisspítölunum og líka á Borgarspítalanum.

Hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur sent fjárln. Alþingis bréf þar sem hann lýsir því hvaða leið hann vilji fara til að spara í sjúkratryggingunum eftir að ljóst liggur fyrir að af þeim 2,4 milljörðum sem spara átti almennt í heilbrigðis- og tryggingamálum mun ekki nema brot nást. Þessar nýju tillögur ráðherrans eru:

1. Að sparnaður verði í hjálpartækjum með útboðum upp á 50 millj. kr.

2. Gert er ráð fyrir að spara 15 millj. kr. með því að lækka sjúkradagpeninga.

3. Að draga úr kostnaði við magasárslyf um 100 millj. kr.

4. Spara 15 millj. kr. með því að draga úr því að senda fólk úr landi í hjartaaðgerðir.

Nú vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig telur hann að hægt sé að spara 15 millj. kr. í sjúkradagpeningunum? Gerir hæstv. ráðherra sér grein fyrir því að þeir einstaklingar sem þurfa að lifa af sjúkradagpeningum hafa 526 kr. á hverjum degi til að lifa af? Kannski til að reka fjögurra eða fimm manna fjölskyldu. Hver lifir af slíku? Er einhver forsenda fyrir því að lækka þessa upphæð? Ef ekki á að lækka upphæðina, hvernig ætlar þá hæstv. ráðherra að spara 15 millj. kr.?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Sparnaður upp á 100 millj. kr. með því að hætta eða ég a.m.k. gef mér að það eigi að fara mjög svipaða leið og farin var varðandi sýklalyfin því hér er ekki leitað eftir, eftir því sem ég best fæ séð, lagaheimild til að spara í magasárslyfjunum. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að spara þær 100 millj. af þeim 400 sem útgjöldin eru þar nú í heild sinni? Það verður ekki gert öðruvísi en með því að hætta greiðsluþátttöku almannatrygginga í þessum lyfjum. Staðreyndin er hins vegar sú að á undanförnum árum hafa sennilega þessi magasárslyf sparað ríkinu og þjóðarbúinu í heild sinni hundruð millj. kr. Vegna þess hversu öflug þessi lyf eru orðin þá hefur ekki þurft að leggja nærri jafnmarga sjúklinga inn á sjúkrahúsin og skera þá upp. Eins hafa þessir einstaklingar getað stundað fulla vinnu og ekki þurft að vera frá vinnu, þannig að þetta hefur sparað ríkinu og þjóðarbúinu hundruð millj. kr. Ég geri mér alveg grein fyrir því, hæstv. ráðherra, að þetta er stór útgjaldaliður í heildarútgjöldum sjúkratrygginganna og í lyfjunum í heild rétt eins og róandi lyfin og sýklalyfin voru áður. Sú leið var þar valin að taka þessi lyf út úr greiðsluþátttöku almannatrygginganna. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er það sú leið sem hæstv. ráðherra ætlar að fara?

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að spara í hjartaskurðaðgerðum 15 millj. kr. með því að hætta að senda einstaklinga til útlanda. Nú er það svo að sennilega eru aðgerðir á fullorðnu fólki sem gerðar voru erlendis á árinu 1993 teljandi á fingrum annarrar handar. Sem betur fer hafa þessar aðgerðir að öllu leyti flust inn í landið. Þær aðgerðir sem nú eru gerðar erlendis eru aðgerðir sem ekki er til tækniþekking á að framkvæma hér á landi og eru fyrst og fremst aðgerðir á börnum.

Við höfum enn ekki getu til að framkvæma þær aðgerðir hér í landinu. Því spyr ég: Hvernig er hægt að spara 15 millj. á næsta ári með því að hætta aðgerðum erlendis sem ekki eru gerðar nema hæstv. ráðherra ætli þá að hætta að senda börnin til útlanda? Það er auðvitað mjög alvarlegt og ég trúi ekki að hæstv. ráðherra ætli slíkt. Sé meiningin að byggja þessa þjónustu upp á Ríkisspítölunum, sem ég tel að eigi að stefna að og ég þykist vera viss um að hæstv. ráðherra ætli að gera, þá trúi ég að það muni því miður ekki takast árið 1994. Að minnsta kosti þarf þá að gera verulega leiðréttingu á því sem núna kemur fram í fjárlagafrv. því að bara til þess að Ríkisspítalarnir geti haldið óbreyttri starfsemi árið 1994 þarf að hækka þann fjárlagalið þess sjúkrahúss eins um 380 millj. kr. Það verður kannski gert hér á milli 2. og 3. umr. Það væri gott. En ef það á að flytja hjartaaðgerðir barna inn í landið þá þarf sennilega að setja í það a.m.k. 100–150 millj. til viðbótar við þær 380 millj. kr., bara til þess að halda óbreyttum rekstri á því sjúkrahúsi.

Óskir þessara þriggja sjúkrahúsa bara í Reykjavík til að halda óbreyttum rekstri árið 1994 eru upp á 720 millj. kr., 380 millj. á Landspítalanum, 150 á Landakotsspítala og 182 millj. kr. á Borgarspítalanum. Hæstv. ráðherra, ég hefði gjarnan viljað fá svör við því hvernig á að framkvæma nýjustu tillögur sem nú hafa komið frá hæstv. heilbr.- og trmrh. um sparnað í sjúkratryggingunum árið 1994. Ég ætlast ekki til að ráðherrann fari að svara mér því af hverju menn hafa hætt við þetta allt saman sem áformað var. Ég get vel skilið að nauðsynlegt sé að gera breytingar á frv. eins og það liggur fyrir frá því það er fyrst lagt fram og þar til það verður endanlega afgreitt en svo róttækar breytingar eins og hér hafa nú þegar verið gerðar og snúa að heilbrigðis- og tryggingamálunum lýsa auðvitað bara því að málið var algerlega óhugsað þegar það var lagt fram í upphafi.

[18:29]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér gefst mér ekki tími né tóm til að fara yfir þær rangfærslur sem hv. þm. Finnur Ingólfsson fór með varðandi meginstoðir fjárlagafrv. og tillögur heilbrrn. í þeim efnum. Það er alrangt, svo ég taki dæmi í þessum efnum, að aftur hafi verið teknar hugmyndir um kerfisbreytingu á leikskólum sjúkrahúsanna. Þar verður sparnaðar 130 millj. kr., farið verður hægar í sakir en upphaflega var ráð fyrir gert en engu að síður kerfisbreyting gerð.

Í annan stað eru ígrundaðar kerfisbreytingar og sparnaðaraðgerðir gagnvart kerfinu sem slíku mjög gaumgæfðar og traustar hvað varðar sjúkratryggingaútgjöld, rannsóknakostnað, röntgenkostnað, læknakostnað og út af fyrir sig væri hægt að ganga lengra í því og það kemur kannski fram við 3. umr. fjárlaga.

Varðandi eingreiðslurnar sem hér komu til tals þá liggur það fyrir að næsta greiðsla samkvæmt samningum er í júní á næsta ári. Það verður farið í viðræður samkvæmt yfirlýsingu forsrh. við framlengingu kjarasamninga í þær viðræður nú strax eftir áramót. Við spyrjum að leikslokum í þeim efnum.

Varðandi nokkur þau atriði sem hann gerði að umtalsefni og bendi til mín fyrirspurnum. Í fyrsta lagi hér yfirlýsingu hv. þm., sem var nú raunar aðstoðarmaður fyrrv. hæstv. heilbrrh., um magasárslyfin þá væri fróðlegt fyrir þingmanninn að kynna sér útgjöld í þeim efnum og samanburð við Norðurlönd ef það er rétt sem hv. þm. hélt fram að þetta hefði bjargað og dregið úr kostnaði við innlagnir þá kann maður að spyrja hvers vegna er það ekki gert á öðrum Norðurlöndum? Hvað er svona sérstakt við notkun þessara lyfja hér á Íslandi? Við ætlum að taka á þessu máli með sértækum hætti.

Í annan stað hefur verið staldrað hér við 15 millj. sparnað í greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar varðandi innlagnir aldraða einkanlega vegna langlegu. Hér er alls ekkert verið að ræða um að lækka þessa lágu upphæð sem við getum verið sammála um að er í hlutfalli lág. Hins vegar ætlum við að ganga eftir því og tryggja að þeir einir njóti sem rétt eiga á.

[18:32]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú reynar grafalvarlegt þegar hér kemur í stólinn hæstv. heilbr.- og trmrh. og veit ekki hvað stendur í því fjárlagafrv. er hann leggur fyrir Alþingi. Ég bendi bara hæstv. ráðherra á að lesa á bls. 329 aftur að bls. 333 í fjárlagafrv. þar sem hann hefur lýst því nákvæmlega hver áformin voru um sparnað. En hitt er sýnu alvarlegra þegar hæstv. ráðherra gerir ekki greinarmun á mismunandi bótaflokkum hjá Tryggingastofnun ríkisins og talar hér um sjúkradagpeninga eins og vasapeninga til þess fólks sem er inni á stofnununum. Á þessu er grundvallarmunur. Þetta er sinn hvor bótaflokkurinn. Og er það virkilega svo, hæstv. rásherra, að tillögur þínar hér séu ekki betur ígrundaðar en það að þú sért að rugla hér saman tveimur algjörlega óskyldum bótaflokkum. Annars vegar sjúkradagpeningum til þess fólks sem er í veikindum tímabundið úti á vinnumarkaðnum og svo vasapeningum til þess fólks sem er inni á stofnununum. Þetta er náttúrlega svo alvarlegt ef menn eru að fjalla hér um fjárlagafrv. og gera engan greinarmun á því hvað í þessu tvennu felst. Á þessu er grundvallarmunur, hæstv. ráðherra, og menn þurfa að lesa örlítið betur heima áður en þeir koma hér í ræðustól og fara að fjalla um hlutina með þessum hætti. En ég spyr aftur hæstv. ráðherra: Hvernig á að taka með sértækum hætti á magasárslyfjunum einum og sér og skera þar niður kostnað?

[18:34]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það heils hugar með hv. þm. að það er nauðsynlegt fyrir hv. þm. að lesa fjárlagafrv. og þær forsendur sem þar liggja að baki mjög gaumgæfilega. Það var augljóst af ræðu hans áðan að það hafði hann alls ekki gert. Hann fór yfir nokkur atriði sem lúta að heilbrigðismálunum og gerði hvað hann gat til að snúa út úr þeim á alla kanta. Með eða án betri vitundar, ég skal ekki um segja. En allt að einu eru þær tillögur ígrundaðar, bæði í upphaflegu frv., í mjög ítarlegum greinargerðum með þeim brtt. sem fram hafa komið og eiga hugsanlega eftir að koma enn frekar við 3. umr. Og ég hygg og segi það eitt, ég spyr að leikslokum um það hvernig framkvæmd og niðurstaða í þessum efnum verður að ári. Við skulum þá taka tal saman um það en aðalatriði málsins er að það hefur tekist á umliðnum árum að hefta þennan viðvarandi útgjaldavöxt sem verið hefur í heilbrigðis- og tryggingamálunum sem hv. þm. átti nú aðild að með veru sinni í heilbrrn. á árum áður. Það hefur tekist að stöðva hann þrátt fyrir það að ekki yrði slakað á ströngustu kröfum um þjónustu, ekki yrði slakað á þeirri meginhugsun að heilbrigðiskerfið væri fyrir alla burt séð frá félagslegri eða fjárhagslegri stöðu. Þetta hefur tekist. Auðvitað hafa menn stundum mætt andstreymi, stundum hafa menn farið í blindgötur og til baka aftur, það er eðli máls samkvæmt. En meginatriðinu verður ekki hægt að gleyma eða horfa fram hjá. Það hefur tekist að stöðva þessa sjálfvirku út-

gjaldaaukningu án þess að draga úr grundvallarstoðum velferðarkerfisins. Og nákvæmlega þeirri stefnu er framhaldið í þeim tillögum sem eru vel ígrundaðar í því fjárlagafrv. sem hv. þing fer nú höndum um og ræðir hér. Ég hygg að þegar menn gefa sér tíma og ráðrúm og leyfa betri vitund að ráða ferð þá sjái þeir það og viðurkenni með sjálfum sér þó þeir tali öðruvísi í ræðustól.

[18:36]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki hægt á þessum skamma tíma að fara að deila um það hvar árangur hafi orðið og á hvaða tíma í því að draga úr útgjöldum í heilbrigðisþjónustunni. Staðreyndin er bara sú að báðum þessum ríkisstjórnum hefur tekist, bæði fyrri ríkisstjórn og þeirri sem nú er, að draga úr útgjöldum til heilbrigðismála en með gjörólíkum hætti. Fyrri hæstv. ríkisstjórn lagði höfuðáherslu á það að taka á ýmsum skipulagsvandamálum er uppi voru í heilbrigðis- og tryggingamálum. Taka þannig á kerfinu innan frá. En núv. hæstv. ríkisstjórn hefur fyrst og fremst tekist það að velta útgjaldaauka ríkissjóðs sem greiddur var úr ríkissjóði inn í heilbrigðiskerfið yfir á sjúklingana, yfir á elli- og örorkulífeyrisþegana, þá sem síst geta staðið undir þeim útgjöldum sem þarna um ræðir.

En út af orðum hæstv. heilbrrh. um að það sem í fjárlagafrv. hafi staðið eigi allt saman enn við rök að styðjast þá er það nú komið eina ferðina enn svo að menn hafa farið hringinn í kringum sjálfan sig. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Er það svo að menn ætli að eignatengja lífeyrisgreiðslurnar sem ríkisstjórnin hafði lýst yfir að ætti ekki að gera? Er það svo að menn ætli að leggja á heilsukortin upp á 400 millj. kr. eins og ríkisstjórnin hafði lýst yfir að hún ætlaði ekki að gera? Bara þessi tvö atriði fyrir utan eingreiðslurnar eru hlutir upp á 800 millj. kr. sem ríkisstjórnin hefur fallið frá af 2,4 milljörðum. Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvernig í ósköpunum getur ráðherrann haldið því fram að það standist allt sem stóð upphaflega í fjárlagafrv.? Þetta er þar inni og ríkisstjórnin hefur ákveðið að framkvæma ekki nema ef það er nú að koma upp hjá hæstv. ráðherra að menn ætli aftur að halda við heilsukortin og eigna- og tekjutengja.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill tilkynna að leita þarf afbrigða og er ætlunin að freista þess að ná atkvæðagreiðslu um afbrigði að loknu matarhléi kl. hálfníu.

[18:39]

Stefán Guðmundsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér fer fram umræða um eitt mikilsverðasta mál þingsins, sem eru fjárlögin og inn í þá umræðu koma eðlilega efnahagsmál. Það vekur athygli mína og sjálfsagt fleiri þeirra sem sitja hér í dag og fylgjast með þessari umræðu að hér skuli hvorki vera hæstv. forsrh. né hæstv. fjmrh. (**ÓÞÞ:** Né formaður fjárln.) Hv. formaður fjárln. hefur nú setið hér að ég best veit mest í dag og held að það sé ekkert við hann að sakast. En mér finnst það, virðulegur forseti, vægast sagt, ja ef ég mætti segja, dónaskapur eða tillitsleysi við þá sem hér hafa lagt sig fram um það að vinna að þessum málum vikum og mánuðum saman og koma nú og gefa skýrslu og þingmenn sem hér eru að ræða þetta mikilsverða mál, að hvorki hæstv. forsrh. eða fjmrh. verði hér við þessa umræðu. Það hljóta að vera hér fleiri en ég sem finna að slíkum málum.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vil taka fram að hann hefur fengið í hendur skilaboð þess efnis að hæstv. fjmrh. hafi þurft að bregða sér frá og þess var vænst að hann kæmi aftur um klukkan 18. En forseti mun láta kanna það hvort hæstv. ráðherrar hafi möguleika til þess að vera við umræðuna og þá eigi síðar en að loknu matarhléi ef þeir eiga þess ekki kost fyrir kvöldverðarhlé.

[18:41]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég get tekið undir það sem fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefáns Guðmundssonar, að það er eðlilegt að ráðherrar séu viðstaddir þessa umræðu. En ég tel ekki síður mikilvægt og raunar mikilvægara að fjárln. sé viðstödd umræðuna. Ég sé engan þingmann í meiri hluta fjárln. staddan hér. Það eru aðeins tveir þingmenn úr fjárln. hér staddir sem eru báðir úr minni hluta. En það sem ég þarf fyrst og fremst að ræða eru tillögur meiri hlutans, að hluta til, sem og nokkur atriði er varða beinlínis vinnu fjárln. Mér finnst mjög óeðlilegt að hvorki formaður né varaformaður séu viðstaddir það sem ég þarf að tala og þá get ég raunar sleppt því að ræða þetta mál. Ég hef ekki mikið að ræða við ráðherra.

(**Forseti** (PJ): Hv. formaður fjárln. hefur nú þegar gengið í salinn og forseti hefur gert ráðstafanir til að láta kanna hvort hæstv. ráðherrar hafa möguleika til að koma í þingsalinn og enn fremur aðrir forustumenn fjárln. Hér gengur hv. 1. þm. Vesturl., varaformaður fjárln., í salinn.)

Ég þakka forseta fyrir skjót viðbrögð og reyndar formanni og varaformanni fjárln., en ég á fyrst og fremst orðastað við fjárln. Á þessu stigi málsins lít ég svo á að fjárlagafrv. sé fyrst og fremst í höndum þingsins og það sé þingið sem er að fjalla um það nú. Þess vegna tel ég mikilvægt að þegar við þingmenn höfum athugasemdir við tillögur fjárln. og meðferð fjárln. á málinu þá sé hlustað á mál okkar og ég þakka fyrir að þessir menn brugðu svo skjótt við.

Hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, hefur farið ítarlega yfir fjárlagafrv. og ætla ég mér ekki að fara yfir það á sama hátt og hún gerði, þ.e. fjárlagafrv. í heild. En eins og þingmenn hafa eflaust tekið eftir þá gerir Kvennalistinn aðeins örfáar brtt. við fjárlagafrv. sem eru á þskj. 335. Ég ætla heldur ekki að gera grein fyrir þeim brtt., það mun hv. 10. þm. Reykv. gera síðar í umræðunni. Það eru önnur atriði sem ég ætla að gera að umtalsefni.

Ég ætla fyrst að gera að umtalsefni meðferð fjárln. á áliti umhvn. á þeim hluta frv. sem umhvn. fór yfir og fellur undir fagsvið umhvn. Umhvn. fór mjög vandlega yfir frv. að því er varðaði umhvrn. Við kölluðum

fyrir fulltrúa allra þeirra stofnana sem undir ráðuneytið falla. Þær eru að vísu óvanalega fáar miðað við aðrar fagnefndir, en við ákváðum að verja nokkrum tíma í þessi fjárlög. Ég tek það fram að við sjálf höfðum mikið gagn af því og töldum okkur læra mikið af því að heimsækja t.d. Landmælingar Íslands, sem við gerðum til þess að kynna okkur sérstaklega þeirra starfsemi. En allar aðrar stofnanir komu til fundar við nefndina eins og ég sagði áðan.

Umhvn. skilaði áliti til fjárln. sem er birt sem fskj. á bls. 25, þar sem það byrjar, með áliti meiri hlutans. Það er nokkuð ítarlegt og það sem ég vona að veki athygli fjárlaganefndarmanna sem og allra annarra þingmanna er að umhvn. skilaði sameiginlegu áliti. Það voru aðeins óverulegar athugasemdir sem komu fram í lok álitsins að því er varðaði fulltrúa stjórnarflokkanna. Þeir töldu að það ætti að leggja áherslu á að fjárln. leiti leiða til að standa við samningsbundar skuldbindingar og lagafyrirmæli að því er varðaði fjárlagafrv.

En mig langar til að gera að umtalsefni þetta álit og fara örlítið yfir það og spyrja nokkurra spurninga í því sambandi.

Það vakti athygli mína og reyndar okkar allra, held ég, í umhvn., að það var lagt til af hálfu umhvrn. að framlag til Landmælinga Íslands lækkaði um rúmar 30 millj. kr. Það vekur furðu mína að umhvrn. skuli ekki leggja til meira að því er varðar Landmælingar Íslands og má taka það fram að þessi upphæð er ívið lægri heldur en framlag til Landmælinga Íslands var árið 1990. Umhvrn. hefur því lagt til verulegan niðurskurð á starfsemi Landmælinga Íslands, sem ég tel mjög miður. Starfsemi Landmælinga Íslands er mjög mikilvæg og ekki síst fyrir umhverfismálin. Í áætlanagerð í umhverfismálum er hlutverk Landmælinga Íslands mjög mikið og er raunar algjör undirstaða í öllum umhverfismálum. Ég get tekið sem dæmi starfsemi Landmælinga Íslands að því er varðar fjarkönnun sem er mjög mikilvæg og sérstaklega að því er varðar allt mengunareftirlit. Þeir eru að reyna að vinna í þessum málum. Ég tek það fram að ég ásaka ekki hv. fjárln. fyrir það að hafa ekki lagt til hærri upphæðir, það er fyrst og fremst umhvrn. sem þarna hefur ekki unnið sína vinnu að mínu mati eða alla vegna ekki lagt þær áherslur sem ég tel vera eðlilegar og ég tala nú ekki um varðandi allt skipulag sem skiptir auðvitað máli. Og kortagerð stofnunarinnar er mjög mikilvæg, ekki bara fyrir þessi atriði sem ég hef upp talið heldur einnig fyrir almenning í landinu, fyrir ferðamenn, fyrir þá sem eru að fara um fjöll og firnindi, sem auðvitað skiptir einnig miklu máli.

Alvarlegasti niðurskurðurinn í tillögum umhvrn. er þó niðurskurður á svokallaðri DMA-kortagerð eða stafrænni kortagerð. (**Gripið fram í:** Hvar eru ráðherrar?) Ráðherrar hafa sumir hverjir verið frekar lítið við hér en ég sá umhvrh. bregða fyrir fyrr í morgun. Ég vil hafa þennan formála að minni gagnrýni vegna þess að ég vil alls ekki ásaka fjárln. fyrir það sem hún á ekki skilið. Það er að segja, það er fyrst og fremst ráðuneytið sem þarna hefur ekki staðið sig, að mínu mati, og ég tek fram að það er mitt mat. Ég er ekki að vitna í umhvn. í heild sinni vegna þess að þetta ræddum við ekki sérstaklega heldur er þetta mitt mat sem ég er að lýsa.

Í áliti umhvn. kemur fram á bls. 26, um Landmælingar Íslands að DMA-kortagerð er unnin samkvæmt samningi íslenska ríkisins við landmælingastofnun varnarmálaráðuneytis Bandaríkjamanna og segir orðrétt, með leyfi forseta, í áliti umhvn.:

„Bandaríkjamenn verja talsverðu fé til þessa verkefnis og fyrir liggur að þeir munu halda verkinu áfram, enda þótt Íslendingar verði ekki aðilar að því. Það hefði þær afleiðingar að umrædd kort yrðu byggð á gömlum og jafnvel úreltum upplýsingum og væru því nánast ónothæf til dreifingar hér á landi. Forsvarsmenn Landmælinga fullyrða að þörf sé fyrir kort af þessari gerð hér á landi og óhjákvæmilegt verði að ráðast í gerð sambærilegra korta síðar. Fyrir liggur að það verk yrði a.m.k. fjórfalt dýrara en verk unnið á grundvelli umræddrs samnings." — Ég endurtek þetta: Það yrði fjórfalt dýrara. Þannig að það er mjög varasamt að spara með þessum hætti. — „Fram kom að forsenda þess að Íslendingar fái staðið við sinn hluta samningsins er að Landmælingar Íslands fái fjárveitingu sem nemur 14 millj. kr. á ári næstu þrjú árin auk fjárveitingar til tækjabúnaðar sem nemur 12,7 millj. kr. Umhverfisnefnd telur mikilvægt að fjárveitingar til stofnunarinnar verði hækkaðar sem þessum fjárhæðum nemur þannig að unnt verði að ljúka verkefninu."

Það gladdi þess vegna hjarta mitt sérstaklega þegar sé sá að fjárln. hafði lagt til hækkun um 6 millj. kr. til stafrænnar kortagerðar, þ.e. tækjabúnaðarins, sem við höfðum að vísu lagt til að yrði 12,7 millj. Ég veit ekki hvernig það nákvæmlega kemur út, en það ætti að vera möguleiki á því að Landmælingar Íslands gætu komið sér upp þeim tækjabúnaði sem þarf til þess að taka þátt í þessu verkefni svo viðunandi sé. Ég fagna því að tillaga er gerð um að þessi liður hækki og auðvitað hljótum við öll sem erum í umhvn. að fagna því sérstaklega. En það verður auðvitað að vera hægt að nota tækin líka. Það verður að fást fé til þess að vinna með þessi tæki. Ég skora á hv. fjárln. milli 2. og 3. umr. að líta sérstaklega til þessa liðar, þannig að það sé mögulegt að standa við þennan samning sem Bandaríkjamenn og Íslendingar hafa gert. Þessi kort sem þarna er verið að gera eru mjög mikilvæg og þau munu verða gerð, þ.e. Bandaríkjamenn munu gera þessi kort, en þá bara eftir eigin höfði, þ.e. þau eru fyrst og fremst gerð í hernaðarlegu tilliti. Til þess að við getum notað kortin og það sé hægt að selja þau hér á landi þá þurfa Íslendingar að koma að þessu máli. Þau verða ónothæf Íslendingum ef við gerum þetta ekki. Ég legg því höfuðáherslu á að reynt verði að sjá til þess að hægt sé að vinna að þessu máli þannig að þetta verði ekki dýrara fyrir okkur þegar fram í sækir. Þannig munum við spara. Með því að veita fé í þetta núna þá munum við spara þegar til lengri tíma litið og það tel ég að sé mjög mikilvægt. Ég er viss um að fjárln. í heild sinni mun líta jákvætt á þetta mál miðað við það hvað tekið var vel undir það og setja fram tillögur um

að auka fjárveitingu til þessa liðar um 6 millj. kr. Þess vegna fagna ég því að fram er komin tillaga á þskj. 340 frá hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifi Guttormssyni, um að Landmælingar Íslands fái þarna 14 millj. til þess að hægt sé að vinna að þessu máli. Ég er alveg sannfærð um að hægt er að sameinast um það að reyna að standa við þennan mikilvæga samning sem þarna var gerður að því er varðaði kortagerð á Íslandi. Þau kort sem þarna er um að ræða eru í mælikvarðanum 1:50.000 og það er byrjað á þessum kortum en þetta er spurningin um að ljúka vinnunni á næstu þrem árum.

Ég vona því að hæstv. umhvrh. leggist á árar með umhvn. og fjárln. við að vinna að því að Landmælingar Íslands geti unnið starf sitt sómasamlega og þó sérstaklega að því er varðar þennan lið.

Ég endurtek það að ég vonast til þess að fjárln. muni líta jákvæðum augum á þetta svo vel sem hún hefur litið á þennan lið til tækjakaupanna.

Það er annað atriði sem ég vil benda á og því vil ég sérstaklega beina til fjárln. og varðar Náttúrufræðistofnun Íslands. Eins og fram kemur í áliti umhvn. þá gerum við ekki neinar beinar tillögur um hækkun þar. Við náðum ekki saman um það, enda ákváðum við að gera bara fáar tillögur og ekki vera með neinar frekari tillögur, enda var ekki samstaða í nefndinni um það. En ég vek athygli á því sem segir í áliti umhvn., en þar er tekið sérstaklega fram og bent á að samkvæmt 2. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, sem samþykkt voru 20. maí 1992 — ég sé að það er prentvilla í þskj., þetta á að vera í 2. gr. þeirra laga þá segir, með leyfi forseta:

„Stofnunin getur byggst upp á allt að fimm setrum sem hvert um sig hefur sjálfstæðan fjárhag."

Í athugasemdum við þessa grein á sínum tíma þegar frv. var lagt fram þá var tekið sérstaklega fram að það þýddi að það væri ætlast til þess að þetta yrði sér fjárlagaliður í fjárlögum. Umhvn. benti á þetta og leggur áherslu á, eins og segir orðrétt, með leyfi forseta: „Umhverfisnefnd leggur áherslu á að tekið verði tillit til þessara ákvæða við frágang fjárlaga."

Nú erum við aðeins við 2. umr. þannig að enn þá er tækifæri til að breyta þessu og vona ég að fjárln. taki tillit til þess við framsetningu þegar til 3. umr. kemur að ósk fjárln. og í raun lít ég svo á að það sé ákveðið með lögum nr. 60/1992. Þetta er það sem ég vildi taka fram að því er varðaði Náttúrufræðistofnun Íslands.

Næst vil ég víkja að Skipulagi ríkisins, þ.e. aðeins einu atriði. Þann 7. maí á þessu ári samþykkti Alþingi breytingu á skipulagslögum þar sem ákveðið var að sett yrði á stofn samvinnunefnd til að gera tillögur að skipulagi miðhálendis Íslands. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt mál, þ.e. að skipulag miðhálendisins komist í viðunandi horf. Það þarf varla að lýsa því fyrir þingmönnum hversu skipulag miðhálendisins hefur verið í miklum ólestri og nánast ekkert verið þar sem þyrfti þó að gera. Umhvn. lagði til að 2,5 millj. kr. yrði varið til þess að þessi nefnd gæti starfað og vil ég spyrja hv. formann fjárln. hvers vegna ekki hafi verið tekið tillit til þessarar tillögu umhvn. Hvort það hafi e.t.v. verið einhverjar upplýsingar sem ég hef ekki undir höndum eða umhvn., að því er varðaði það að ekki ætti að setja þessa nefnd á stofn eða það hafi skapast einhverjir fjármunir sem umhvn. er ókunnugt um sem ætti að setja í þetta verkefni. Þetta verkefni er mjög mikilvægt og samkvæmt þeim upplýsingum sem umhvn. fékk frá skipulagsstjóra þá vantar fé til þessarar nefndar.

Þó að ég telji að fjárveitingar til Náttúruverndarráðs séu auðvitað allt of lágar og er þar fyrst og fremst, að mínu mati, við umhvrn. að sakast, þá lagði umhvn. ekki til neinar beinar tillögur um hækkun á þeim lið, en ég tel auðvitað að það sé allt of lágt. Ég tók einnig eftir að fjárln. gerir tillögu um að 10 millj. kr. þjónustugjöld sem átti að setja á innanlandsflug, að sá liður falli niður og er það vel. Ég held að það hafi verið óraunhæft að láta sér detta í hug að það væri hægt að innheimta þá upphæð og hefði getað komið niður á öryggi í innanlandsflugi, þannig að ég lít svo á að þarna hafi verið tekin skynsamleg ákvörðun.

Ég vil taka það fram að fulltrúar minni hlutans í umhvn. töldu að það væri gert ráð fyrir allt of lágum fjárveitingum til umhvrn. í heild og vil ég lesa upp það sem fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni létu bóka, með leyfi forseta:

„Varðandi álit umhverfisnefndar um Landmælingar Íslands og Skipulag ríkisins leggja fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. áherslu á að fjárln. leiti leiða til að standa við samningsbundnar skuldbindingar og lagafyrirmæli innan þeirra marka sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir."

Þetta vil ég taka fram til að forðast misskilning. Þeir lögðu ekki til að um hækkun yrði endilega að ræða á heildarliðum fjárlaga.

Þar sem ég er fyrst og fremst að tala fyrir sjálfa mig þá nota ég tækifærið til að lýsa vonbrigðum mínum með að ekki skyldi tekið tillit til þess þegar umhvn. kemur í heild með tillögur til fjárln.

Á sama tíma og ekki er séð til þess að Landmælingar Íslands fyrir hönd Íslendinga geti staðið við samning sem gerður er við Bandaríkin, að því er varðar stafræna kortagerð, þá er verið að gera samninga um ný verkefni, sem út af fyrir sig eru örugglega ágæt. Ég get tekið eitt dæmi um ný verkefni sem eru sett inn, sem meiri hluti fjárln. gerir tillögu um. Það er undir menntmrn., liður 201 eins og kemur fram í þskj. 325 bls. 2. Það er samstarfsverkefni við Vestmannaeyjabæ, 13,8 millj. kr. og þar af er miðað við að 12 millj. kr. séu ætlaðar til kaupa og endurbóta á húsnæði í Vestmannaeyjum. Ég er alveg viss um að þetta getur verið ágætis verkefni, en er nú alveg rétt að leggja þetta til af hálfu meiri hluta fjárln.?

Ég veit og það segir í nál. meiri hluta fjárln. að þetta sé vegna samnings og auðvitað á maður að standa við samninga. En hvers vegna í ósköpunum á að hefja rannsóknir úti í Vestmannaeyjum, nýtt verkefni, þegar svo mörg verkefni eru óleyst? Hvernig í ósköpunum stendur á því að farið er að dreifa með þessum hætti rannsóknakröftum á sviði sjávarútvegs, eins og það er nú mikilvægt? Ég vil benda á það að t.d. Háskólinn á Akureyri ætlaði að hasla sér völl á þessu

sviði. Það var lögð áhersla á það að sjávarútvegsbraut Háskólans á Akureyri yrði efld. Hvað var gert hér í fyrra? Jú, það var sett á stofn prófessorstaða við Háskóla Íslands, sem er út af fyrir sig ágætt mál, en af hverju er ekki lögð áhersla á einhverja verkaskiptingu úr því að við erum með tvo háskóla? Ég verð að viðurkenna að ég setti á sínum tíma ákveðið spurningarmerki við það að stofna háskóla á Akureyri. Nú erum við komin með hann og þá eigum við að efla hann. (**SigG:** Það eru miklu fleiri en tveir háskólar í landinu.) Úr því að hv. formaður fjárln. segir að það séu fleiri en einn háskóli í landinu, þá vil ég taka það fram að ég geri greinarmun á skólum á háskólastigi og háskólum sem starfa eins og akademía, þ.e. háskólar sem þurfa að stunda rannsóknir og eru æðri menntastofnanir á sama hátt og ég tel að Háskóli Íslands eigi að vera. Og ég tel að mikilvægt sé, ef við erum með háskóla á Akureyri, að hann geri það líka. Ég tel allt annað mál hvort við erum með svokallaða framhaldsskóla eða skóla á háskólastigi, sem er allt annar handleggur. Þannig að ef við Íslendingar ætlum að dreifa rannsóknakröftum okkar eins og við erum að gera núna þá getur það ekki bara komið niður á okkur sjálfum heldur kemur það líka niður á allri samvinnu okkar við erlenda háskóla. Ég hef stundað rannsóknir í lífeðlisfræði við Háskóla Íslands. Við vorum mjög fá, en vorum þó öll á sama stað. Þannig að það er mjög mikilvægt að dreifa ekki rannsóknakröftum á Íslandi allt of mikið. Ég skora því á hv. fjárln. að endurskoða þessa tillögu sína, draga hana til baka til 3. umr. alla vega og endurskoða hvort ekki sé rétt að verja þessum fjármunum á skynsamlegri hátt en hérna er verið að leggja til. Það getur vel verið að Háskóli Íslands hafi lagt þetta til og vilji hafa þetta sem forgangsverkefni, en ég á ákaflega erfitt með að trúa því að þetta hafi verið forgangsverkefni af þeirra hálfu. En allt í lagi, ef þeir hafa gert það þá finnst mér að við eigum að taka fram fyrir hendurnar á þeim og segja: Þetta er ekki sú stefna sem við viljum fylgja, það er miklu skynsamlegra að reyna að efla það rannsóknastarf sem við höfum nú þegar á sviði sjávarútvegsmála, eins og ég tel það mikilvægt.

Ég tel að með þessu lagi sem hér er verið að leggja til, þá séum við í raun að skemma fyrir. Með því er ég ekki að draga úr mikilvægi Náttúrugripasafnsins í Vestmannaeyjum og hvernig hægt væri að nota það á ýmsan hátt. En eins og ástandið er núna þá verðum við að setja okkur ákveðna forgangsröð, við höfum ekki peninga í allt. Sérstaklega ekki í rannsóknaþáttinn.

Þetta vil ég segja við formann fjárln. sem sagði að við yrðum að hafa einhverja ákveðna forgangsröð og ættum ekki að reisa okkur hurðarás um öxl. Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að þegar við erum búin að setja á stofn rannsóknarstöðu og stofnun á einum stað í viðbót, þá kostar það auðvitað rekstur áfram. Þetta er ekki bara einu sinni, þetta þýðir áframhaldandi fjárútlát. Mér finnst mjög mikilvægt að við tökum þetta í heild, þ.e. Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri. Og hvað ætlum við að gera með rannsóknir í landinu?

Ég skora enn og aftur á fjárln. að skoða þessi mál vel og vandlega milli 2. og 3. umr.

Áður en ég lýk umfjöllun minni um þetta þá ætla ég að endurtaka að ég lýsi ánægju minni með þá hækkun sem fjárln. gerði tillögu um, hækkun á fjárlagalið til stafrænnar kortagerðar og tækjakaupa. En ég vil enn og aftur vekja athygli á því að þetta verður að vera ljóst, við verðum að passa að við getum staðið við þennan samning og reynum þá frekar að ljúka þeim verkefnum sem við erum búin að taka að okkur, þetta er þriggja ára verkefni, og byrjum ekki á nýjum og verðum svo með hálfkák alls staðar.

Virðulegi forseti. Ég get ekki stigið úr stólnum nema að minnast á aðeins eitt atriði er varðar fjárlagaliði til Reykjavíkur. Það var þannig að í pósthólf mitt kom bréf, að ég held á mánudaginn var, sem var merkt „Áríðandi" og innihélt blöð að því er varðaði fjárlagatillögu til Reykjavíkur. Ég vissi því miður aldrei hver sendi mér það plagg, en ég átti von á því að við þingmenn Reykjavíkur yrðum kölluð saman til þess að fjalla um fjárlagatillögur til Reykjavíkur, en svo varð því miður ekki. Þess vegna lagði ég blað til formanns fjárln. og reyndar 1. þm. Reykv., sem er hæstv. forsrh. Ég gerði það að vísu mjög seint vegna þess að ég gerði mér ekki grein fyrir að við mundum ekki fjalla um þessa tillögu, þannig að tillögur meiri hluta fjárln. komu fram stuttu eftir að ég afhenti bréfið. En það vakti hins vegar athygli mína og því vil ég beina til fjárln. að varðandi viðhald framhaldsskóla í Reykjavík þá er allt of litlu fé varið til þess liðar. Og það sem vekur sérstaka athygli mína er að t.d. Iðnskólinn í Reykjavík er ekki einu sinni á blaði. Ég skil ekki af hverju. Ég á mjög erfitt með að skilja hvernig stendur á því að Iðnskólinn í Reykjavík, sem er búinn að berjast í bökkum hvað varðar þennan lið í mörg undanfarin ár, er ekki á blaði. Það er búið að vera erfitt fyrir þá að fá nægilegt viðhaldsfé. Þeir hafa fengið af óskiptum lið frá ráðuneytinu, alla vega í fyrra og ég held reyndar áður líka, en núna er skólinn ekki á blaði. Á sama tíma er lagt til að til skóla í Borgarholti, sem er nýr skóli, verkmenntaskóli, sem ég tel mjög af hinu góða, verði sett 121 millj. í byggingarframkvæmdir þar. En væri ekki eðlilegt að það yrði tekið eitthvert fjármagn í að halda við þeim skóla sem er svo mikilvægur að því er varðar verknám, áður en við förum að byggja nýjan? Við verðum líka að gera okkur grein fyrir því að sá skóli mun ekki taka til starfa fyrr en kannski 1998, eða eftir 3–5 ár, og þess vegna verður að reyna að gæta þess að það sé búið þannig að Iðnskólanum að hann geti sinnt þeirri kennslu sem honum ber, svo mikilvæg sem hún er.

Ég vil einnig vekja athygli á því að tækjakaupafé Iðnskólans er allt of lítið. Þetta er mjög mikilvægur skóli sem hefur yfir 50 verkstæði og verknámsstofur og þeir fá ekki nema 8,8 millj. til að kaupa tæki og búnað á næsta ári, en tveir aðrir skólar, bóknámsskólar, sem eru með álíka nemendafjölda fá 5,4 millj. kr. Ég tel að þetta séu rangar áherslur og tel mjög mikilvægt að fjárln. líti á það hvort ekki sé rétt annaðhvort að hagræða þarna eitthvað eða það sem væri best, að

reyna að fá aukningu til Iðnskólans. Ég sé að það eru fleiri skólar, ég tek það fram, sem ekki eru með neitt viðhaldsfé. En ég tek þennan sérstaklega út sem dæmi vegna þess að verið er að leggja til að byggður verði nýr verknámsskóli.

Ég hef einnig ýmsar athugasemdir við heilsugæsluna í Reykjavík, en þar sem ég tel það miklu flóknara og stærra mál og kannski eðlilegra að þingmenn Reykjavíkur í samráði við yfirvöld borgarinnar færu ofan í þau mál nánar, þá ætla ég ekki að gera þau að umtalsefni. Ég vil bara gera athugasemd við það að gert sé ráð fyrir lækkun um 1 millj. til heilsugæslu í Reykjavík, þ.e. úr 21 millj. í 20 millj., sem ég sá á því blaði sem ég hef undir höndum. Þetta vil ég gera athugasemd við, en að öðru leyti ætla ég ekki að gera athugasemdir við fleiri liði að svo komnu máli.

[19:13]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. formanni umhvn. falleg og uppörvandi orð í garð okkar hv. fjárlaganefndarmanna. Ég sé mig hins vegar knúinn til þess að gera örstutta athugasemd við umfjöllun hv. formanns um álit hv. umhvn. á fjárlagafrv., en af orðum hv. formanns mátti skilja að nefndin hefði eiginlega alveg verið sammála um fjárlagafrv. nema hvað meiri hlutinn hefði verið með smávegis nöldur í restina. Þetta er auðvitað ekki svo. Umhvn. hefur lagt fram mjög skilmerkilegt plagg þar sem koma fram sjónarmið bæði meiri hluta og minni hluta, en það skrifa allir sameiginlega undir plaggið. En það breytir því ekki að það koma fram mjög greinilega ólík sjónarmið meiri hlutans og minni hlutans. Ég tel að það séu vinnubrögð til fyrirmyndar að nefndirnar reyni að koma fram áliti sínu í einu og sama plagginu, jafnvel þó að mismunandi sjónarmið séu uppi. En ég vil undirstrika að það er ekki réttur skilningur að allir hafi verið sammála og það hafi aðeins verið meiri hlutinn sem var með smávegis nöldur í restina, það eru mjög ólík sjónarmið meiri hluta og minni hluta sem koma fram í þessu sameiginlega áliti.

Að öðru leyti vil ég taka undir með hv. formanni umhvn. þar sem hún sagði að við gætum bara ekki framkvæmt allt sem við vildum af því að við hefðum ekki nógu mikla peninga til þess.

[19:15]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég orðaði það alls ekki þannig að meiri hlutinn hefði verið með nöldur, því það er ekki nöldur. Ég las það hér upp að þeir voru með ákveðinn fyrirvara. En það breytir því ekki að það stendur skýrum stöfum á bls. 26 í áliti meiri hluta fjárln., sem er álit umhvn., með leyfi forseta:

„Umhverfisnefnd telur mikilvægt að fjárveitingar til stofnunarinnar verði hækkaðar sem þessum fjárhæðum nemur þannig að unnt verði að ljúka verkefninu."

Síðan segir að því er varðar Skipulag ríkisins:

„Umhverfisnefnd leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggð verði fjárveiting til að standa straum af kostnaði við störf nefndarinnar, en hann hefur verið áætlaður 2,5 millj. kr."

Undir þetta skrifa allir nefndarmenn, Árni M. Mathiesen, með fyrirvara, og eins og ég las áðan þá hafa fulltrúar Sjálfstfl. og Alþfl. fyrirvara að því er varðar Landmælingar Íslands og Skipulag ríkisins og leggja áherslu á, orðrétt: „... að fjárlaganefnd leiti leiða til að standa við samningsbundar skuldbindingar og lagafyrirmæli innan þeirra marka sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir."

Að þessu leyti vorum við sammála þó að þetta sé fyrirvarinn, að fjárveiting væri innan þeirra marka sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Ég gerði grein fyrir þessu þannig að álitið varð sameiginlegt þrátt fyrir það. Þetta er því ekki bara smá nöldur í lokin, eins og hv. þm. sagði, og það er ekki í veigamiklum atriðum, þessar tillögur sem þarna koma að því er varðar þessar tvær stofnanir, þ.e. Landmælingar Íslands og Skipulag ríkisins.

[19:17]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði ekki að hv. formaður umhvn. hefði sagt að það væri nöldur, ég sagði að það hefði mátt skilja það svo. Ef það var minn misskilningur þá bið ég hv. formann afsökunar, enda hefur formaðurinn gert mjög skilmerkilega grein fyrir því í andsvari hvernig álitið er samansett hvað varðar álit meiri hlutans og minni hlutans.

[19:17]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég gerði mjög skýra grein fyrir því líka í ræðu minni áðan. Ég las upp orðrétt álit meiri hlutans og vitnaði lauslega í það sem minni hlutinn hafði sagt. Þannig að það er ekki bara í andsvari heldur gerði ég það líka í ræðu minni.

[19:18]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka formanni umhvn. sem og öðrum nefndarmönnum fyrir afar vel unnið álit sem barst fjárln. og þar var farið yfir álitið. Þar eru frómar óskir eins og flestar þær óskir sem til nefndarinnar berast. Ég vil hins vegar vekja athygli á að það er ekki mögulegt að verða við öllum þeim óskum sem til okkar berast, því miður, en tekjurammi sá sem skapaður er, þær tekjur sem reikna má með að ríkissjóður hafi yfir að ráða hljóta að ráða útgjöldum næstu ára. Ég vil hins vegar taka undir það að það er afar brýnt, bæði á sviði umhverfismála sem og annars staðar, að forgangsraða verkefnum og á það tel ég hafa skort og kom reynar að þeim atriðum í ræðu minni fyrr í dag.

Varðandi Landmælingar Íslands þá vil ég vekja athygli á texta á bls. 356 í grg. með fjárlagafrv. þar sem segir um Landmælingar: „Lækkun stafar af því að umfangsmiklum tilraunaverkefnum í stafrænni kortagerð lýkur á yfirstandandi ári. Nú er unnið að framtíðarstefnumörkun á þessu sviði í umhvrn. Áhersla er lögð á að þeir aðilar sem sjá sér hag í þessari þjónustu fjármagni uppbyggingu hennar."

Ég vil hins vegar einnig benda á að meiri hlutinn leggur til nokkra hækkun við þennan fjárlagalið, eins

og fram hefur komið, og í samtali við forstöðumann stofnunarinnar hefur hann tjáð mér að hann muni geta haldið þessari starfsemi gangandi fyrir þessa fjármuni. Það er óskandi að mögulegt hefði verið að gera betur en svo var ekki.

[19:20]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Já, það getur verið rétt að það komu fram frómar óskir í álitum nefnda. Ég vil þó benda á að við fljóta yfirferð held ég að það sé engin nefnd sem gerir tillögur eins beint og umhvn. sameiginlega eins og þarna var gert. Áherslan sem ég lagði á í minni ræðu var einmitt að það ætti ekki að byrja ný verkefni á sama tíma og ekki væri hægt að ljúka við það sem búið er að skuldbinda sig til að taka að sér. Það er ekki síst það. Ég sé að hv. meiri hluti fjárln. leggur til ný verkefni á sama tíma og ekki er hægt að standa við þau sem við erum búin að gera samninga um og það mun kosta okkur mikið þegar til framtíðar er horft. Það getur vel verið að forstöðumaður stofnunarinnar telji að þarna sé hægt að halda áfram og er það vel, ég hef enn ekki kynnt mér það sérstaklega. En ég skora enn og aftur á þá að líta á þetta með jákvæðum augum og ég mun að sjálfsögðu einnig hafa samband við Landmælingar Íslands en það þarf kannski ekki vegna þess að fjárln. mun væntanlega gera það. En varðandi það sem hv. þm. las upp úr fjárlagafrv. þá vil ég einmitt gera athugasemdir við það og gerði það reyndar í ræðu minni. Ég gerði athugasemdir við það hvernig umhvrn. hefur staðið að þessum málum og hvernig þeir setja þetta fram. Þetta er bara misskilningur af þeirra hálfu. Ég ætlast ekki til þess að hv. þm., formaður fjárln., svari fyrir það en þetta er bara það sem ég gagnrýni að þeir skuli segja að stafrænni kortagerð ljúki á yfirstandandi ári þegar fyrir liggur að það er þriggja ára verkefni eftir. Mér finnst alveg forkastanlegt að umhvrn. skuli standa með þessum hætti að framlagningu fjárlagatillagna. — [Fundarhlé.]

[20:30]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 345 og 346. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv., og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, GHH, GE, GuðjG, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, PBald, REl, RG, SigG, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

27 þm. (AÓB, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, JBH, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, PP, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[20:32]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það undrar mig satt að segja ekki þó að stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar séu órólegir í kvöld, margir þeirra voru að enda við að hlusta á fréttir fjölmiðlanna þar sem megininntak þeirra var aukin ásókn í aðstoð Mæðrastyrksnefndar, kvíði fólks vegna fyrirhugaðrar jólahátíðar og almennar yfirlýsingar um að fólk hafi lítið handa á milli. Það var satt að segja raunalegt að þurfa að hlusta á þetta eins og að einhverjar náttúruhamfarir hafi geisað hér í landi á síðustu mánuðum.

Þessi fundur hefur staðið allmarga klukkutíma og margt af því sem ég hefði viljað segja hér þegar komið fram, bæði í framsögu hv. 4. þm. Suðurl. fyrir nál. minni hlutans í hv. fjárln., svo og í löngum ræðum félaga minna þar, hv. 1. þm. Norðurl. e. og 2. þm. Austurl. svo ég ætla ekki, hæstv. forseti, að taka tíma okkar í kvöld í að endurtaka það sem þar var sagt. Ég mun hins vegar víkja aðeins að störfum nefndarinnar sem ég hygg að sé töluvert á annan veg en verið hefur. Það hefur löngum þótt sómi hvers þjóðþings að standa vel að gerð fjárlaga og til þeirra starfa hafa valist mætustu menn þinganna með mikla reynslu vegna starfa sinna innan þings og utan. Menn hafa talið það skyldu sína að bera ábyrgð á fjárlögum þó að vitaskuld sé viðurkennt, eins og hér hefur margkomið fram í dag, að þegar til afgreiðslu kemur ræður að sjálfsögðu kjörinn meiri hluti. Við því er ekkert að segja og því sætir minni hluti. Hitt er annað mál að það flýtir mjög fyrir verkum nefndarinnar ef menn vinna saman að gerð fjárlaga en því fer svo fjarri að það hafi verið gert. Menn hafa haldið linnulausa meirihlutafundi og kallað síðan minni hlutann til þess að hlýða á boðskapinn og ekki haft axlastærð til að taka minnsta tillit til einnar einustu tillögu sem frá minni hluta hefur komið og það hygg ég að sé afar óvenjulegt. Nú hefur svo kcyrt um þverbak að áragamall siður þegar þingmenn hinna einstöku kjördæma koma saman og ráða ráðum sínum um hvernig skiptingu fjármuna skuli varið sem alla jafna hefur farið fram með nokkru samkomulagi, er í einu ákveðnu kjördæmi svo komið að fjögurra manna meiri hluti varð að lúta í minni hluta fyrir einum þingmanna kjördæmisins og það hygg ég að sé sögulegur atburður hér á hinu háa Alþingi. En hv. 2. þm. Austurl. hefur nú þegar komið þessu máli á framfæri og ég hygg að þingheimi hafi svo ofboðið að úr því verði raunar bætt.

En þetta eru vinnubrögð sem eru engum til gagns en öllum til skaða. Við í minni hluta fjárln. höfum reynt að vinna verk okkar af sæmilegri samviskusemi en flestar tillögur okkar hafa verið hunsaðar og er það mjög miður. En nóg um það. Annað hefur borið við sem er jafnóvenjulegt í störfum nefndarinnar og það er það að um árabil hefur hv. 1. þm. Reykv. kallað saman þingmenn Reykjavíkur vegna þess að það vill svo til að höfuðborgin er líka kjördæmi og raunar fjölmennasta kjördæmi landsins. Hv. fyrrv. þm. Albert Guðmundsson taldi þetta skyldu sína og gerði þetta alltaf með miklum myndarskap í samráði við borgaryfirvöld. En nú bar svo við að þangað til í gær höfðu engar fréttir borist af slíkum fundi. Sú sem hér stendur ákvað þá að boða til þessa fundar sem þingmaður Reykvíkinga og hringingar voru hafnar til þess að safna saman þingmönnum kjördæmisins. Fyrstu boð bárust um að virðulegur borgarstjóri gæti ekki mætt á slíkan fund og þegar auglýst var eftir staðgengli fannst hann ekki enda mun hann vera að fylgjast með kosn-

ingum í Rússlandi þessa dagana ef ég heyrði rétt. Síðan hlaut þetta ekki miklar undirtektir en þá brá svo við að einhver sagði mér að Sigrún Magnúsdóttir borgarfulltrúi hefði raunar talið ástæðu til að bera fram tillögu í borgarráði um að þingmenn Reykjavíkur yrðu kallaðir saman og borgarráð samþykkti það. Um þetta vissi ég ekki. Ekki hafði verið mikið lífsmark með borgaryfirvöldum að fara að senda út bréf að þeirri tillögu samþykktri en það voru hafðar hraðar hendur þegar hv. 14. þm. Reykv. fór að boða fund því að hálftími leið þar til boðað var til fundarins og þá þurfti ég auðvitað ekki að halda mínu fundarboði til streitu. En það sem þetta sýnir auðvitað er að nú vill svo til að hv. 1. þm. Reykv. er hvorki meira né minna en hæstv. forsrh. og hann þarf ekkert við þingmenn Reykv. að tala. Ekkert. En nú hygg ég að hann sé neyddur til þess á mánudaginn klukkan fjögur og við hlökkum auðvitað öll til þess að fá að ræða um skiptingu fjármagns í þessu stærsta kjördæmi landsins. Valdhroki af þessu tagi er harla nýr á hinu háa Alþingi. Og ég vil biðja hæstv. forseta lengstra orða að ráða bót á þessu. Þetta er engu þjóðþingi til góðs og ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir traust þjóðarinnar á þinginu að reynt verði að bæta úr þessum samskiptum. Það er enginn sómi að því fyrir hæstv. forsrh. að ætla sér að hunsa það að kalla saman hina 18 þingmenn Reykv. til skrafs og ráðagerða um hvernig best skuli skipt fjármunum. Þetta taldi ég mér rétt að upplýsa hv. þingheim um svo að menn geri sér grein fyrir hvað er hér á ferðinni. Gagnrýni okkar minnihlutamanna er ekki komin til að ófyrirsynju, það er aldrei skemmtilegt að þurfa að gagnrýna samnefndarmenn sína en svo var okkur minnihlutamönnum nóg boðið að hjá því varð ekki komist.

En varðandi það fjárlagafrv. sem nú er til 2. umræðu vil ég gera að umræðuefni fyrst og fremst kafla í nál. okkar sem fjallar um mennt og menningu. En það er sá þáttur í íslensku þjóðfélagi sem ekki skiptir hvað minnstu máli. Það vill nefnilega svo til að menningarlaus þjóð er lítils megnug þó svo jafnvel að nægir fjármunir væru til staðar. Við höfum löngum talið það okkur til ágætis og raunar talið það undirstöðu tilvistar okkar í þessu erfiða landi að við stæðum sterkum rótum í fornri menningu, ekki síst bókmenningu. Það fer ekki á milli mála að ýmislegt bendir til þess að þessar stoðir gætu farið að veikjast. Nýleg skýrsla um stöðu læsis í Evrópulöndum sýnir okkur að íslensk börn og unglingar eru sýnu verr og lakar læs en jafnaldrar þeirra í Evrópu. Ég hygg að fæstir Íslendingar hefðu trúað þessu en þetta liggur auðvitað í því að kennslumagn hér á landi er miklu minna en annars staðar og þrátt fyrir þessar skelfilegu staðreyndir er enn hert að grunnskólanum, fleiri og fleiri nemendur eru í bekkjum, laun kennara eru fyrir neðan allar hellur, aðbúnaður barnanna í skólanum á þann veg að ekki er sæmandi. Ég vil benda hv. þingmönnum á það að sá vinnustaður finnst varla í landinu lengur sem ekki hefur á boðstólum einhvers konar hádegisverð en það er einn hópur Íslendinga sem ekkert slíkt býðst á sínum vinnustað og það eru skólabörnin. Það eru þeir Íslendingar, ¼ þjóðarinnar sem hraðast vex og mest þarf á hollri og góðri fæðu að halda. Við teljum ekki ástæðu, við teljum okkur ekki hafa efni á að láta þessi börn hafa mat í hádeginu eins og ég hygg að við vildum síst af öllu án vera hér t.d. á hinu háa Alþingi. Þetta er auðvitað okkur til vansa og er alveg óskiljanlegt að menn skuli ekki setja slíkt í forgang og reyna að bæta úr aðstöðu barnanna í skólunum.

Á sama tíma og þetta er að gerast er æ meiri hluti uppeldisins lagður á herðar skólans. Foreldrar flestra barna, báðir foreldrar, ég tala nú ekki um þar sem einungis annað foreldrið sér fyrir barninu eða börnunum, vinna úti allt of langan vinnudag, óhóflega langan og miklu lengri en gerist í öðrum löndum þannig að skólinn er í raun og veru eina skjól barnanna yfir daginn. En hvernig er það skjól? Löngu áður, mörgum klukkustundum áður en foreldrarnir koma heim er vinnudegi barnanna lokið og við tekur tómt hús og afþreying barnanna er því það sem þau geta fundið til, oftast vídeómyndir, sjónvarpsprógrömm ef þau eru í gangi. Allt er þetta kannski af vafasömum gæðum og fullkomlega eftirlitslaust og börnunum látið það eftir einum að greiða úr því sem þau þar sjá.

Ég vil spyrja hæstv. menntrmh. sem eflaust finnst ég draga upp dökka mynd, en ég er því miður hrædd um að hún sé ekki mjög ósönn, ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Er þetta virkilega það sem við viljum, þau skilyrði sem við viljum búa börnunum okkar í landinu? Þetta er fólkið sem á að taka við þessari þjóð og þessu landi og gæðum þess og kostum og ég vil spyrja: Er þetta mótuð stefna? Hefur einhver ákveðið að þetta skuli vera svona? Ég held ekki. Ég held aldeilis ekki. En það vill svo til að hlutir gerast ekki, þeir eru gerðir. Hvort það er gert vísvitandi eða af klaufaskap og fákunnáttu, það veit ég ekki. Ég vona að það sé af síðari ástæðunum.

Nú vill svo til að í tíð síðustu ríkisstjórnar var lögð í það mikil vinna að móta stefnu, menntastefnu í landinu. Ríkisstjórnin lét vinna mikið verk þar sem að komu allir lærðustu og reyndustu skólamenn landsins. Um þetta var sátt og friður og menn ætluðu að reyna að bæta úr þessu í áföngum. Ríkisstjórnin var ekki fyrr búin að koma sér fyrir í ráðuneytunum en þessu verki var kastað undir stól og hefur ekki sést síðan. Hvers vegna það var verður auðvitað hver að svara fyrir sig en ég hygg að skynsamlegra hefði verið að nýta það mikla verk sem unnið hafði verið í samráði við reyndustu og lærðustu skólamenn landsins og sérfræðinga á öllum sviðum og halda því verki áfram. En þetta er auðvitað ein veilan í stjórnkerfi okkar að það er eins og engin ríkisstjórn geti nýtt sér þá vinnu sem fráfarandi ríkisstjórn hefur lagt af mörkum. Allir þurfa að reisa sér bautasteina, hvort sem í þeim er eitthvað efni sem varanlegt er eða ekki.

Ég vil minna á að síðasta Alþingi samþykkti einróma, samhljóða, bæði grunnskólalög og leikskólalög. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh.: Var ekkert á bak við þetta? Af hverju voru menn að greiða þessu atkvæði ef ekkert á að gera með þetta?

Allir kannast við meðferðina á Lánasjóði ísl. náms-

manna og er satt að segja skelfilegt að hlusta á það sem menn láta frá sér fara úr þeim herbúðum. Menn hreykja sér af því að þeir hafa sparað milljarð eða meira í Lánasjóði ísl. námsmanna. Hvernig hafa þeir gert það? Þeir hafa gert það með því að draga svo úr námslánum að fjöldinn allur af námsmönnum hefur hrökklast frá námi. Hverjir skyldu helst hrökklast frá námi? Það skyldu þó aldrei vera konurnar? Konur með börn á framfæri? Eða með börn í sinni umsjá, hvort sem það er í hjónabandi eða utan. Sá hópur námsmanna stendur alltaf veikast þegar að herðir. Í viðtali við hv. fjárln. upplýsti skólastjóri Tækniskóla Íslands þá staðreynd að á sl. ári næstum tæmdist skólinn. Öll kennsluáætlun fór úr böndunum vegna þess að það vantaði nemendur í skólann. Menn gáfust upp þegar þeir sáu hvernig kjör þeim voru búin í lánasjóðnum. Síðan kemur fólk heim frá námi og á þá að bera slíkar byrðar að það er sennilega rétt það sem vitnað er í nál. frá minni hluta hv. menntmn., setning sem höfðu er eftir stjórnarformanni lánasjóðsins, að menn sem taki mikil námslán hafi svo þunga skuldabyrði að þeir muni aldrei lifa mannsæmandi lífi. Þetta er hreinskilni verð ég að segja. En mér þykir þetta allkaldranaleg yfirlýsing til þess menntafólks sem er að koma heim eða út úr háskólanum frá löngu námi. Ef menn halda að þetta sé sparnaður þá er það mikill misskilningur, eða a.m.k. væri gaman að heyra fyrir hvern sá sparnaður er. Ekki fyrir þjóðfélagið, svo mikið er víst.

Við minnihlutamenn höldum að hér sé verið að feta hættulegar slóðir og ófyrirséð sé hvert þetta leiðir okkur. Í því umhverfi sem við erum að fara inn í á nýrri öld í Evrópusamvinnu og öllu þessu sem menn hafa lagt mikla áherslu á er ég hrædd um að við komumst ekkert upp með að haga okkur svona. Það verða gerðar til okkar kröfur sem ég held að menn verði fyrr eða síðar að horfast í augu við. Og ég held að við ættum að fara að undirbúa okkur undir þær kröfur sem það samstarf mun gera til okkar. Og kannski ættum við að halda upp á 50 ára afmæli lýðveldisins með því að reyna að snúa við þeirri meðferð sem skólakerfið og uppeldisskilyrði barnanna okkar eru að verða fyrir.

Ef við lítum til Háskóla Íslands þá er ástandið þar orðið svo að á síðasta ári var ekki hægt að kenna, það var ekki hægt að halda kúrsum sem kallaðir eru úti sem þó var krafist til prófs. Og það þýddi að vegna þess að nemendurnir gátu ekki fengið kennsluna þá misstu þeir líka námslánin, ekki af því að þessir nemendur vildu ekki stunda námið heldur stóð það ekki til boða. Það varð að fækka kennslugreinum um tugi greina og þetta er auðvitað engu líkt. Síðan vitum við öll að háskólabókasafnið hefur á engan hátt yfir að ráða þeim bókakosti sem háskólabókasöfn í löndum í kringum okkur hafa yfir að ráða. Nú skal bæta við erfiðleikana og háskólarektor hefur tjáð mér að virðisaukaskattur á bækur muni auka kostnað við innkaup bóka í háskólabókasafn um 5 millj. kr. á næsta ári og er þá miðað við óbreytt bókakaup.

Ég ætla ekki að segja mikið um fjármögnun háskólans á byggingunum sínum. Ég hef aldrei leynt því að mér finnst harmsefni að Háskóli Íslands skuli þurfa að grípa til spilakassa til að fá fé til uppbyggingar háskólans en það má segja háskólanum til afsökunar að einhvers staðar frá verður þetta að koma því ekki koma fjárframlögin frá ríkissjóði. Síðan rjúka menn til og stofna háskóla norður á Akureyri og ekkert er nema gott um það að segja, einkum þegar hugmyndin var að byggja þar upp sjávarútvegsdeild og bar að fagna því. En hvernig er síðan búið að þessari deild sem á að einbeita sér að grunni þess sem við lifum á, sjávarútveginum? Þar er skorið niður eins og hægt er og síðan farið að dreifa fé til annarra staða á meðan allt vantar norður á Akureyri en að þessu mun ég koma síðar.

Ég hef talað oftlega um hvernig komið er fyrir handmenntakennslu í öllu skólakerfinu frá grunnskóla og upp úr. Á sama tíma belgja menn sig út og ætla að efla íslenskan iðnað. Hvenær ætla þeir að byrja? Hver á að fara í iðnmenntun sem aldrei hefur fengið neina handmennt alla sína skólagöngu? Þetta er auðvitað barnaskapur sem nær ekki nokkurri átt. Eftir þessa lýsingu vil ég spyrja hæstv. menntmrh. sem hefur margsinnis talað um að þessi ríkisstjórn leggi höfuðáherslu á auknar rannsóknir og vísindastörf. Er þetta nú ekki þversögn að ætla að setja sér slík markmið sem vissulega eru góðra gjalda verð á sama tíma og skólakerfið er skorið niður eins og gert er? Ég held að þetta geti ekki verið neitt nema orðin tóm og held að ríkisstjórninni væri sæmra að setjast niður og reyna að átta sig á hvað er að gerast í þessum efnum. Ég held að enginn Íslendingur vilji hlusta á það að íslenskum börnum og unglingum fari hrakandi í lestri. Læsi er merkilegur hlutur. Það þýðir ekki það að börn séu hætt að geta raðað saman stöfum. En það sem er auðvitað að gerast er að börnin eru að tapa tungumálinu og börnin skilja ekki þau orð sem þau raða saman og hætta að lesa. Það er of erfitt. Og þetta eru fyrirbæri sem við höfum kynnst í öðrum löndum, meðal lágstéttarfólks í Bretlandi t.d. sem er ólæst að stórum hluta og getur ekki hugsanlega brotist í gegnum dagblöð sem millistéttin og ég tala nú ekki um hástéttirnar lesa. Og ég vona að menn láti ekki þessa þróun fara út í þá sálma því að þá held ég að við séum illa komin.

Hæstv. forseti. Menn fara nú inn í ár fjölskyldunnar og hæstv. félmrh. hefur auðvitað margsinnis talað um það í hástemmdum vendingum að á því ári verði lögð mikil áhersla á fjölskylduna, málefni fjölskyldunnar. Það gladdi mig þess vegna óendanlega að heyra það að hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur kvatt sér hljóðs utan dagskrár á morgun um skuldastöðu hinnar íslensku fjölskyldu. Ég held að það sé mál til komið að hið háa Alþingi taki þau mál til athugunar. Sannleikurinn er sá að ég þori að fullyrða að fólk með ung börn á erfiðar uppdráttar nú á Íslandi en um langt skeið og það þýðir ekkert að segja okkur að fyrir því séu gildar ástæður. Svo mikil kreppa er ekki á Íslandi. Við höfum oft orðið að herða ólina, en ég hygg að það sé langt síðan ungt barnafólk hafi átt eins erfitt uppdráttar og það á nú.

Eins og ég sagði áðan vinna flestir foreldrar úti langan vinnudag og umhirða barnanna er því miður langt frá því að vera eins og æskileg væri þar sem leik-

skóla skortir og skólavera barnanna er í engu samræmi við vinnudag foreldranna. Þessar vandræðalegu geymsludeildir sem komið hefur verið upp hér í Reykjavík af engum efnum í engu húsrými er ekki nema sýndarmennskan ein og það hef ég séð af eigin raun. Þar er hvorki starfslið né húsnæðisaðstaða til þess að sinna börnunum sem skyldi og úr þessu verður ekkert nema svona heldur leiðinlegir geymslustaðir þrátt fyrir besta vilja fólksins sem þar vinnur. Þar eru allt of mörg börn í hverri deild og ófullkomin aðstaða á allan máta. Og það er satt að segja hráslagalegt að það fólk sem fæst við umönnun barna, hvort sem það er í leikskólum eða í skólakerfinu alla leið upp til háskóla, er fólk sem hefur laun sem eru í engu samræmi við mikilvægi þessara starfa auk þess sem einmitt þetta fólk er oft skuldum hlaðið vegna fyrra náms. Og ég held að það sé ástæða til þess að vara við að hér kunni að verða umtalsverður atgervisflótti úr landinu. Það er einfaldlega þannig að það getur verið sæmilega auðvelt fyrir margt vel menntað fólk að fá svo miklu betri bæði vinnuaðstöðu til rannsókna og svo miklu betri laun í öðrum löndum að því fólki verður tæplega láð þó að það kjósi þann kostinn. Og ef við höfum ekki efni á einhverju þá er það einmitt að missa þetta fólk úr landinu.

Ef menn lesa dagblöðin erlendu, sem eru hér í hliðarherbergi, þá mátti lesa á forsíðu danska blaðsins Politiken fyrir nokkrum dögum hvernig komið er fyrir dönsku fjölskyldunni eftir að Danmörk gerðist háþróað iðnríki. Þar sagði að 60% fólks, fullvaxta fólks í Danmörku býr eitt, þ.e. annaðhvort eitt eða með börnum sínum, einungis 40% búa í kjarnafjölskyldu. Og þessi þróun er að eiga sér stað út um alla Evrópu. Konur eru nú fjárhagslega sjálfstæðari en áður var og álagið á þessari litlu kjarnafjölskyldu þar sem allt annað fólk en hjónin og börnin er horfið út af heimilunum, vandamál þessara heimila verður svo mikið áreiti að þessar fjölskyldur gliðna í sundur. Það er nú einu sinni þannig og ég vil segja það hér frá þessum stóli að ég held að það sé röng stefna að enginn eigi að koma nálægt uppeldi barna aðrir en foreldrarnir. Ég held að uppeldi barna sé svo erfiður og vandasamur hlutur að þar eigi að koma til skyldmenni, ömmur, afar og fjölskylda allt í kring. Öll vandamál verða svo yfirþyrmandi þegar einungis tvær manneskjur sem vinna langan vinnudag eiga að axla þau öll og ég hygg að við sem ólumst upp í þriggja kynslóða fjölskyldum þekkjum það að vandamál leystust stundum í þetta skiptið hjá ömmu, í annað skiptið hjá mömmu. Og ég held að þessi þróun sem hefur átt sér stað sé mjög hættuleg. Hvað sjáum við svo fyrir okkur, jafnvel hér uppi á Íslandi? Við sjáum ofbeldi sem er ólíkt öllu því sem við höfum áður séð. Við sjáum drykkjuskap unglinga allt niður í 11, 12 og 13 ára gamalla barna. Það er eitthvað að. Þetta er ekki eðlilegt. Þessum börnum líður ekki vel og við hljótum að verða að spyrja okkur hvað sé að gerast hérna hjá okkur. Við verðum einfaldlega að snúa þessari þróun við og sjá til þess að hinir fullorðnu hafi tíma til að vera með börnum sínum og geti borið ábyrgð á hvernig einstaklingar þau verða.

Það má kannski benda á það líka að svo gæti farið ef herðir áfram að íslensku fjölskyldunni að fólk hugsi sig í meira mæli um áður en það eignast mörg börn. Við höfum notið þeirrar gæfu hingað til að Íslendingar hafa verið óhræddari við að eiga börn en margar nágrannaþjóðir okkar. Fari svo að menn gerist svo varkárir í efnahagsmálum sínum að mjög dragi úr barnsfæðingum þá er ég hrædd um að það komi til með að bitna illilega á aldursskiptingunni í þessu litla samfélagi. Ég hygg að menn ættu að reyna að horfa svolítið til framtíðar og hugsa sér hvernig þjóðin okkar kemur til með að líta út ef barnsfæðingum fækkar mjög, meðan þjóðin lifir sem betur fer lengur og lengur, þá er ég ansi hrædd um að það sé orðinn ærið lítill hópur eftir nokkra áratugi sem vinnur fyrir ansi stórum hóp. Og þetta eru auðvitað hlutir sem við hv. þingmenn verðum að huga að. Þetta er ekkert sem hægt er að afgreiða sem einhver kvennamál eða mjúk mál eða hvað þetta er allt saman kallað. Þetta eru einfaldlega staðreyndir sem við berum ábyrgð á og þessari þróun er ekki hægt að loka augunum fyrir.

Ég hef áður minnst á hvernig hefur verið farið með aldraða fólkið. Þegar byggingariðnaðurinn fór að skreppa saman datt einhverjum snjöllum mönnum í hug að fara að bjóða hinum öldruðu kostaboð, íbúðir fyrir aldraða, sérhannaðar og með einhverri sérstakri þjónustu. Úr þessu hefur svo orðið að það byggðarlag finnst varla lengur í landinu sem er ekki búið að byggja blokkir handa gamla fólkinu. Sjaldnast fylgir nokkur þjónusta og hafi gamla fólkið verið einmana í húsinu sínu eða gömlu íbúðinni sinni, þá er það enn þá meira einmana í nýju blokkinni. Og ofan á allt annað hafa þessar íbúðir reynst svo ótrúlega dýrar að gömul og gróin hús, gömul einbýlishús, hafa varla dugað fyrir tveggja til þriggja herbergja íbúð. Þetta hefur verið látið viðgangast og menn hafa þannig losað sig við það sem þeir mega ekki vera að því að sinna, þ.e. aldraða foreldra sína. Ég held ekki að neinn hafi mótað þessa stefnu. Ekki hef ég gert það og ég hugsa að enginn hér inni hafi gert það. Þessi þróun og þessir atburðir hafa einfaldlega verið látnir reka á reiðanum og það er einmitt það sem Alþingi og þjóðþing aldrei eiga að gera. Og efist einhver um að þessi umræða eigi við í umræðum um fjárlög ríkisins þá á hún einmitt heima þar vegna þess að með þeim er mótuð sú stefna sem ég er að tala um. Í þessum fjárlögum er því miður ekki að sjá neinar vísbendingar um að frá þessari þróun eigi að víkja, því miður. Og ég vildi nú gera það að minni meginósk og harma nú að hæstv. félmrh. skuli ekki vera hér að á margumræddu ári fjölskyldunnar 1994 og raunar 50 ára afmæli hins íslenska lýðveldis verði virkilega gert átak í því að styrkja barnafjölskyldurnar og það unga fólk sem er að ala upp nýjar kynslóðir. Ég held að það sé algjör undirstaða þess að þetta samfélag okkar eigi sér einhverja framtíð.

Hæstv. forseti. Af einstökum málum ætla ég ekki að tína margt til. Það hefur að mörgu leyti þegar verið gert. Við minnihlutamenn sem skiluðum sameiginlegu nefndaráliti höfum kosið að bera ekki fram neinar brtt. Við teljum að þessi fjárlög séu svo pólitískt mál að

smávægilegar breytingar til eða frá þjóni ekki miklum tilgangi. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði tillögu eins og hér liggur fyrir á þskj. 344 sem er tillaga um að virðisaukaskattur af bókum verði felldur niður eins og fyrrv. ríkisstjórn hafði gert. Ég held að þjóðin mundi þola þær 280 millj. sem það gefur ríkissjóði því að ég held að það sé svo mikilvægt að allur þorri manna eigi aðgang að bókum að það sé ekki sparnaður að gera það erfiðara, svo sannarlega ekki.

Að lokum, frú forseti, (**Gripið fram í:** Passa að kyngreiningin sé rétt.) Maður verður að snúa sér við til að sjá hver er í forsetastól þó að hv. 2. þm. Vestf. geri lítið með það hvort kynið situr í stólnum. (**Gripið fram í:** Það er málfræðin sem ræður hjá honum.) En varðandi frv. sem hér liggur fyrir, þá er það gömul og ný saga þó að hún sé kannski áþreifanlegri nú en oft áður að þingmenn hinna ýmsu kjördæma sem í fjárln. sitja eru misýtnir við að nálgast fjármuni til eigin byggðarlags og verður oft skynsemin að víkja þar svo að menn geti komið heim í hérað og bent á hversu duglegir þeir hafi verið að afla fjár. Við því er auðvitað ekkert að segja. Vitaskuld eiga þingmenn hinna ýmsu kjördæma að vera með mesta þekkingu á því hvar skórinn kreppir. En ég hlýt að gera eins og hv. 6. þm. Vestf. gerði hér í dag, ég hlýt að spyrja hæstv. menntmrh. hvort það hafi verið stefna Háskóla Íslands og hæstv. menntmrh. að hlúa svo vel sem þessar brtt. sýna að samstarfsverkefni Vestmannaeyjabæjar og Háskóla Íslands um sjávarútvegsrannsóknir í Vestmannaeyjum. Hér fást 13,8 millj. eða allt sem um var beðið og vissulega á hv. 3. þm. Suðurl. heiður skilið fyrir að hafa barist mikið fyrir þessu máli, en þar á móti koma 8 millj. frá Vestmannaeyjabæ og það er sannarlega óvenjulegt að nýtt verkefni sem ekki er fullmótað að mér sýnist hljóti svo vinsamlegar móttökur í hv. fjárln. Telja mætti upp tugi verkefna sem Háskóli Íslands hér úti á Grímsstaðaholti verður að láta bíða vegna fjárskorts, svo og hinn ungi háskóli á Akureyri.

Að mínu viti hefur það aldrei verið skynsamlegt þegar lítið er um fjármuni að dreifa þeim þannig að hvergi sé mikið hægt að gera. En vera má að þetta samstarfsverkefni geti gengið. Ég hygg að hús það sem kaupa á undir einn starfsmann kosti ekki undir 20 millj. og við skulum þá vona að frá því starfi komi umtalsverður árangur. En auðvitað vil ég ekkert hafa á móti þessu máli og ég vildi að nógir peningar væru til svo hægt væri að efla sjávarútvegsrannsóknir í Vestmannaeyjum. En ég hlýt að spyrja hvort ekki hefði verið nær að efla starfsemina á Akureyri í nokkur ár áður en þetta verkefni væri sett af stað þannig að við værum ekki að dreifa fé út um allar grundir eins og mörg dæmi eru um í fjárfestingum á Íslandi þar sem hver grunnurinn hefur verið við hliðina á öðrum árum og áratugum saman út um allt land fremur en að einhverju verkefni væri lokið svo það gæti orðið arðbært og einhverjum til góðs.

Virðulegur forseti. Vera má að ég gleymi einhverju sem ég ætlaði að gera að umtalsefni. Við minnihlutamenn uppgötvuðum það seint í gærkvöldi að tvö voru þau ráðuneyti sem okkur hafði eiginlega sést yfir. Annað var iðnrn. og eftir nokkrar umræður komumst við að því að þaðan væri ósköp lítið að frétta og tæplega tæki að gera því ítarleg skil. Hitt var utanrrn. og við komumst einmitt einnig að því að þar væri erfitt að fóta sig. Dæmi væru um að stórir fjármunir væru í bönkum erlendis, sendiráð eru lögð niður fyrirvaralaust og önnur stofnuð, því að eins og kunnugt er hefur hæstv. utanrrh. eða hafði a.m.k. í upphafi ferils síns mestu ímugust á starfsemi sendiráðanna. Þar held ég að hafi komið til vanþekking á vinnu þeirra manna sem þeim störfum gegna rétt eins og hefur komið fram í mörgum öðrum aðgerðum þessarar ríkisstjórnar. Við kusum því að athuga það mál til 3. umr. ef hægt væri að fá einhvern botn í fjármál þess virðulega ráðuneytis, utanrrn.

Að endingu. Það er raunalegt að standa hér í þessu ríka landi, því að þessi þjóð er rík og landið er auðugt. Að við skulum ekki hafa burði til þess að gera tilveru þessara 260 þús. íbúa á þann veg að öllum geti liðið sæmilega vel er sorglegt. Það er engin ástæða til þess, ég skal ekkert létta af okkur hinum, minnihlutamönnum, að við höfum ekki einhvers staðar brugðist á undanförnum árum en við reyndum þó að vinna betur en þessi hæstv. ríkisstjórn gerir. Ég hygg að við höfum ekki fyrr séð kuldalegt andlit þeirrar neyðar sem við sjáum í dag. Bankarnir eru að sligast undan íbúðum fólks sem þeir neyðast til að taka upp í skuldir og fátt vilja bankarnir síður. En þeir eiga enga aðra kosti. Ég vil spyrja hæstv. ríkisstjórn: Hvað ætla menn að gera þegar bankar landsins, sem margir hverjir eru ekkert of sterkir, fara að sligast undan húsnæði íslensku fjölskyldunnar? Hvað ætla menn að gera við íbúana? Ég held að hæstv. ríkisstjórn ætti, þegar hún er búin að borða sig vel sadda um jólin, að setjast niður og hugsa sinn gang þar til þing kemur saman aftur. Sú stefna sem ríkisstjórnin fylgir nú gengur ekki. Þetta er helferð og hana verður að stöðva, því fyrr því betra.

[21:15]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eftir svona ræðu verður ekki mikið um barnsfæðingar á Íslandi spái ég, þ.e. ef menn trúa þessum lýsingum á aðbúnaði skólabarna að mér skilst vegna aðgerða núv. ríkisstjórnar á sl. tveimur árum. Málið er hins vegar það að hér var farið með staðlausa stafi frá upphafi til enda. Fleiri og fleiri eru nú í bekkjum, sagði hv. þm. Þingmaðurinn upplýsir kannski á eftir hvaðan þær upplýsingar koma. Ég er með hinar réttu tölur hér og ég ætla að taka Reykjavík sem dæmi af því að það er kjördæmi þingmannsins. Árið 1991 var meðaltal í bekk 22,4. 22 árið 1993 og áætlað 21,8 1994. Þetta er hæsta meðaltal í bekkjum á landinu í kjördæmi hv. þm.

Þá er það með skólamáltíðirnar. Hv. þm. lagði þá kvöð á sveitarfélögin vorið 1991 að þau skyldu sjá grunnskólabörnum fyrir málsverði í skóla en ásamt félögum sínum láðist þingmanninum hins vegar að sjá sveitarfélögunum fyrir tekjustofnum á móti.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var mikil vinna lögð í mót-

un menntastefnu, sagði hv. þm. Það er rétt, það var lögð mikil vinna í að útbúa ritið Til nýrrar aldar, en það er hins vegar ekki menntastefna. Það er gott upplýsinga- og uppsláttarit og nýtist vel sem slíkt.

Þá talaði þingmaðurinn um lánasjóðinn, rétt einu sinni, og sagði að fjöldi nemenda hrökklaðist frá námi. Það varð stórfelld fjölgun lánþega á árunum 1988–1990 vegna þess að þá voru námslán hækkuð nokkrum sinnum umfram verðlag. Nú hefur lánþegum hins vegar fækkað en stúdentum ekki og stúdentum fjölgaði heldur ekkert á þessum árum, 1988–1990. Það er þess vegna hreinn áróður að ný lög um LÍN hafi hrakið menn frá námi. (Forseti hringir.) Ég er búinn að svara því sem ég hef að segja um tillöguna um framlagið til verkefnis Háskóla Íslands í Vestmannaeyjum.

[21:18]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræða hæstv. menntmrh. er einmitt dæmi um þá veruleikafirrð og þá fjarlægð frá fólkinu í þessu landi sem kom fram í máli hans. Hvað varðar okkur um meðaltöl barna í bekk? (**Menntmrh.**: Við hvað á að miða?) Ég veit að það eru ekki 28 börn í bekk í Hrísey, en þau eru það í Sandgerði. (**Menntmrh.**: Ég var að tala um Reykjavík.) Var þingmaðurinn að tala um Reykjavík? Þá bið ég afsökunar, en mér er líka alveg nákvæmlega sama hvort þingmaðurinn var að tala um Reykjavík. Það eru nefnilega 28 börn í bekk líka í Reykjavík og ég gæti tekið um það mörg dæmi. En það er einmitt þannig sem öll mál eru afgreidd, meðaltekjur, meðaltal barna í bekkjum, meðaltal barna á deildum í leikskólum. Á sumum stöðum á Íslandi eru ekki nógu mörg börn til þess að það séu of mörg börn í bekk. En á hinum fjölmennari stöðum er það því miður svo að það eru of mörg börn í bekk, sérkennsla hefur dregist saman á sama tíma og þörfin fyrir hana fer sívaxandi, a.m.k. í Reykjavík.

Ég verð nú að segja að það er fádæma hroki að segja að það rit sem hæstv. ráðherra nefndi Til nýrrar aldar, sem unnið var tíð síðustu ríkisstjórnar, sé ágætt uppsláttarrit. Mér þykja þetta kaldar kveðjur til þess fólks sem lagði mikla vinnu, ómælda vinnu í að ræða hvaða stefnu eigi að taka í menntamálum í landinu. Það eru kaldar kveðjur verð ég að segja.

En ef hæstv. ráðherra hefur gaman af meðaltölunum sínum þá er það svo sem mér að meinalausu en það hefur enga merkingu inn í þessa umræðu.

[21:20]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir upplýsti það í ræðu sinni að á seinni stigum vinnunnar í fjárln. hefði það uppgötvast að á vegum utanrrn. væru stórar upphæðir í bönkum erlendis. Mér leikur hugur á að vita hvaða upphæðir er hér verið að tala um og af hverju eru þær geymdar erlendis og hvar koma þær fram í opinberum plöggum?

[21:21]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal svara því. Það kom fram á einhverju stigi fjárlagavinnunnar að í Bandaríkjunum hefði verið, ef ég man rétt, nú gæti kannski einhver fjárlaganefndarmaður hjálpað mér, mig minnir að það væri um 90.000 dollarar sem hefðu verið þar á reikningi vegna sölu einhverra eigna og við gerðum ósköp einfaldlega athugasemd við það að þetta kom hvergi fram á reikningum. Það er akkúrat það sem ég var að tala um, það kom ekki fram. Auðvitað hafa sendiráðin eins og gefur að skilja fé inni á bönkum í smærri stíl þó ekki væri nema rekstrarfé sendiráðanna. En þarna var um að ræða umtalsverða upphæð sem okkur þótti kyndugt að ekki skyldi koma fram. Ég veit að hv. 2. þm. Austurl. man þetta betur en ég. Það var það sem ég átti við. En fyrst og fremst var ég að tala um það reiðileysi sem hefur ríkt í málefnum sendiráðanna, menn vita ekki frá degi til dags hvort sendiráð er á þeim stöðum þar sem þeir eru staðsettir. Þessu er umturnað án samráðs við það fólk sem best þekkir til þannig að öll sú starfsemi einkennist af sérkennilegri hentistefnu sem enginn skilur og enginn hefur fengið neinn botn í, satt að segja. Og ef ég man rétt voru yfirlýsingar hæstv. utanrrh. í garð sendiráðsfólks með slíkum endemum, alla vega í upphafi ferils hans, að flestir Íslendingar hneyksluðust.

[21:23]

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Svona rétt til upplýsinga í framhaldi af orðum síðasta ræðumanns um sjóði og bankainnstæður sendiráða og fastanefnda erlendis þá er rétt að upplýsa, því það virtist ekki liggja fyrir hjá hv. þm., að það var brugðist við á sínum tíma vegna þessa máls og gerð athugun á peningaeign á vegum sendiráða erlendis og kom í ljós að hún nam rúmlega 290 millj. kr. sem er allveruleg upphæð og það er líka upplýst að það fjármagn var sótt erlendis sem á lausu lá í þessum efnum og flutt heim til Íslands. Þetta á að vera mönnum kunnugt því þetta kemur fram í endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1992.

Ég ætla ekki að fjalla meira um það en þótti rétt að það kæmi fram vegna fyrrgreindra vangaveltna.

Það sem ég ætla að víkja aðeins að í þessari umræðu er kannski fyrst um almenn sjónarmið eins og menn hafa gjarnan komið að í þessari umræðu í dag og síðan að ákveðnum atriðum sem varða tillögur fjárlaganefndar og orðið hafa að umtalsefni. Það er alveg ljóst ef maður tekur almenna sjónarmiðið að okkur Íslendingum er gjarnt að gera miklar kröfur til ríkisvaldsins án þess þó oft á tíðum að gera sömu kröfur til okkar sjálfra, þ.e. borgaranna í landinu. Auðvitað er ekki mikill greinarmunur þarna á því það eru skattgreiðendur í landinu sem eiga að borga brúsann og því sameiginleg krafa að vel sé að verki staðið hvorum megin borðsins sem er.

Það er auðvitað grundvallaratriði þegar rætt er um að skapa skilyrði og jarðveg fyrir heilbrigt fjölskyldulíf, fyrir heilbrigt þjóðlíf eins og til að mynda hv. þm. Guðrún Helgadóttir vék réttilega að þar sem hún fjallaði nokkuð um þann vanda sem við er að glíma í okkar þjóðfélagi, agaleysi, drykkjuskap, ofbeldi og vandamál meðal barna og unglinga sem auðvitað er mikið áhyggjuefni og menn ættu kannski að sinna frekar á

raunhæfan hátt eins og þingmaðurinn vék að. Það gera menn auðvitað bæði með almennum aðgerðum og sérvirkum aðgerðum og kannski er brýnast í stöðunni að fara þá leið sem núv. ríkisstjórn hefur gert, að reyna að skapa þennan almenna grundvöll til jafnvægis til þess að skapa réttlæti fyrir alla, að allir sitji við sama borð. Þetta hefur sem betur fer náð fram að ganga í rétta átt, til að mynda með því að viðhalda lágri verðbólgu og stuðla að lágum vöxtum. Skiptir miklu máli fyrir fjölskylduna í þjóðfélaginu, fyrir þjóðfélagið í heild. Undan því verður ekki vikist að viðurkenna það hvað svo sem menn vilja segja um aðra þætti.

Það er auðvitað ástæða til þess að ræða um vandamál í ákveðnum greinum. Það liggur til að mynda ljóst fyrir að gjaldþrotavandinn á árunum 1988–1992 hefur kostað margslungin vandamál í þjóðfélaginu, ekki bara það að ríkissjóður hefur orðið að falla frá innheimtu á 15 milljörðum kr. í töpuðum skatttekjum heldur einnig það að ótal fyrirtæki, heimili og einstaklingar, hafa lent í vanda af fylgiástæðum þessara gjaldþrota þó svo að þeir viðkomandi aðilar hafi ekki verið gerðir upp eins og það er orðað. Þetta er spegilmyndin af því umhverfi sem við höfum verið að hrærast í undanfarin ár og það er enginn tilbúinn vandi frá einu ári eða tveimur árum, það er uppsafnaður vandi. Það verður auðvitað að hafa það í huga við þessa fjárlagaumræðu að horfa til lengri tíma án þess að vera að kenna í svo ríkum mæli sem gert er einum eða öðrum um. Það er mörgum um að kenna og það hefur verið slugsað á margan hátt og það er uppsafnað subb og vandi sem við erum að glíma við. Það er til að mynda ljóst að það er hægt að einfalda þessa hluti mjög. Það er hægt að einfalda þá með því að horfa til þess að árið 1991 stefndi í það á næstu árum miðað við það kerfi sem við bjuggum við, miðað við það sem var í pípunum, miðað við það sem voru kröfur og áætlanir í velferðarkerfi Íslendinga, að útgjöldin til að mynda á næsta ári væru komin upp í 140–150 milljarða kr. (**JGS:** Var það Herjólfur?) Það hefur lítil breyting orðið á tekjuliðnum. 1991 var hann um 100 milljarðar kr., á næsta ári er hann ætlaður rétt liðlega 100 milljarðar kr. Svo það sjá allir sem vilja sjá, án þess að vera að leika sér að hlutunum, búa til falsvonir, sletta fram tölum sem skipta ekki máli (**JGS:** En Þjóðleikhúsið?) en eru hluti af dæminu og það er alveg sama hvort menn nefna þar Herjólf, Þjóðleikhús eða annað, það er sameiginlegur búskapur Íslendinga og það er sameiginleg ákvörðun sem er tekin og ástæðulaust að vera að gera það eitthvað tortryggilegt. Það er til að mynda ákvörðun fyrrv. ríkisstjórnar að leggja á hafið við endurbyggingu Þjóðleikhússins og því kannski ekki jafneðlilegt að hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sem ætlar að gagnrýna það hér úr sæti sínu. Það er rétt að menn vandi svolítið (Gripið fram í.) og leiki sér ekki um of.

Það er alveg jafnljóst líka þegar tekin eru almenn atriði að það er tvískinnungur og hagsmunaárekstrar í mörgum þáttum í okkar þjóðfélagi. Það má til að mynda nefna lífeyrissjóðina, hina sterku lífeyrissjóði í eigu verkalýðshreyfingarinnar, þar sem við annan borðsenda er krafist lægstu vaxta til hagsmuna fyrir verkamanninn en við hinn borðsenda hæstu vaxta til hagsmuna fyrir sjóðinn. Þarna fara hagsmunir ekki alltaf saman. Það hefur sýnt sig undanfarna daga að þetta er hluti af tvískinnungi sem er á margan hátt í íslensku þjóðfélagi.

Hvað varðar okkur um meðaltöl, sagði hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Þingmaðurinn fór rangt með þegar hún vék að læsi Íslendinga, íslenskra barna og könnun í þeim efnum. Íslendingar komu vel út miðað við samanburðarþjóðir í læsi barna en komu illa út í því að lesa úr línuritum. Hv. þm. virðist falla undir þá niðurstöðu að kunna ekki að lesa úr línuritum. Þarna er ástæða til að gera á greinarmun. Það er mikill munur á því að halda því fram að íslensk börn séu illa læs á bók eða á línurit. (**Gripið fram í:** Besti barnabókahöfundur landsins.) Já, þess vegna var þetta nú sorgleg niðurstaða en auðvitað var þetta misskilningur hjá hv. þm., fyrst og fremst er það misskilningur.

Það er mikilvægt finnst mér þegar fjallað er um þessi fjárlög í fullri alvöru að menn eru að vinna sig út úr vanda. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið þó að menn kunni að greina á um leiðir.

Þá ætla ég að víkja að einu atriði hér sem hefur verið gert tortryggilegt af nokkrum hv. stjórnarandstæðingum og það er samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar á sviði rannsókna. Við Íslendingar búum sem betur fer við gott menntakerfi. Mjög gott og háan staðal miðað við önnur lönd sem við viljum keppa við og miða okkur við. Við búum að því leyti yfir mikilli þekkingu og reynslu, við búum yfir auðlindum sem eru í fiski og öðum matvælum, vatni og öðrum náttúruauðlindum þessa lands. Við búum yfir orku og iðnaðarmöguleikum. Síðan náttúru landsins til að skapa tekjur af ferðaþjónustu. Þetta eru nú þau svið sem við búum við. Það má hins vegar gagnrýna að um langt árabil höfum við ekki sinnt rannsóknaþáttum sem skyldi. Okkur vantar í dag fisk úr hafinu, betri nýtingu á orku, fullvinnslu á þeim möguleikum sem við eigum í okkar landi. Svo einföld eru þau sannindi. Okkar vantar sem sagt virðisaukningu á okkar hráefnum. Hvernig ætlum við að ná því? Ætlum við að ná því með því að dæla sífellt út menntuðu fólki úr okkar ágæta menntakerfi án þess að stunda rannsóknir og ganga til nýrra tíma til að nýta þá möguleika sem búa í því sem við eigum í okkar landi? Það er þarna sem hnífurinn stendur í kúnni. Og þegar menn eru að gera tortryggilegt verkefni eins og hér hefur verið vikið að, samstarfsverkefni Háskóla Íslands og Vestmannaeyja, þá vil ég mjög vara við slíkum málflutningi vegna þess að við þurfum á öllu okkar að halda til að skapa þessa virðisaukningu sem ég vék að. Hún vinnst ekki á einum stað, hún vinnst á mörgum stöðum. Hún vinnst með því að nýta mikla þekkingu og grunn sem er í Háskóla Íslands, sem er að skapast í Háskólanum á Akureyri, sem er að skapast víða í hinu ágæta skólakerfi okkar hvort sem það er í Tækniskóla Íslands, verkmenntaskólum eða öðrum stofnunum þar sem við erum að mennta fólk til að standa betur að vígi í baráttunni fyrir hinu daglega brauði í okkar landi og til

þess að skapa farveg fyrir fleiri vinnandi hendur í þjóðfélaginu. Um tíu ára skeið hefur nánast engin fjölgun átt sér stað í almennum rekstri, í einkarekstri, í vinnslu og iðnaði. Fjölgunin hefur átt sér stað í opinbera kerfinu.

Það var auðvitað áhyggjuefni fyrir ekki mörgum árum þegar gerð var skoðanakönnun í Háskóla Íslands varðandi það hvað háskólaborgarar ætluðu sér að vinna að loknu námi. Yfir 90% ætluðu sér að vinna í opinberri þjónustu. Fjölgunin að meðaltali um árabil í opinbera geiranum hefur verið 700 störf en engin í einkageiranum. Og auðvitað sjá allir að það gengur ekki til lengdar. Við þurfum að vinna að vinnslu auðlindanna sem við búum við og þurfum að rækta betur. Við Íslendingar höldum að við stöndum framarlega í nýtingu og meðferð á fiski. Þeir sem hafa átt þess kost til að mynda að skoða slíkar aðstæður í Japan þurfa ekki langan tíma til að sjá að við erum aftarlega á merinni í þessum efnum.

Það var auglýst í sumar sem leið hjá opinberri stofnun að hugmynd væri allt sem þarf, fá góða hugmynd og þar með væri okkur borgið. Hvað segja Danir? Hvað segja Japanir sem eru hörðustu sölumenn í heimi? Hörðustu markaðsmenn í heimi og duglegastir að selja fyrir hæst verð? Þeir segja: hugmyndin er 1%, framleiðslan er 10% markaðssetningin er 90%. (**ÓÞÞ:** Þetta gengur ekki upp.) (**Gripið fram í:** Þetta eru 101%.) 89%, já já menn geta snúið út úr svona þó maður rúnni af og ég þarf ekki að ætla þingmönnum það að skilja það ekki. (**SJS:** Skiptir ekki máli. Umhverfisfirrtur ...) Þetta er nú það sem málið snýst um. Og þó að fjallamenn eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gjammi hér eina ferðina enn og tísti eins og grátkerling frá Spáni þá er það ekki til umræðu hér. (**SJS:** Skiptir ekki máli. Umhverfisfirrtur.) Ég held að þetta séu atriði sem ástæða sé til að skoða í svona umræðu eins og hér á sér stað. Það er nefnilega svo að sem betur fer eru menn að vinna ýmsa góða hluti á rannsóknasviðinu. Það hefur verið lögð áhersla á það. Það var til að mynda á síðasta ári lögð áhersla á það á rannsóknasviðinu að byggja upp botndýrarannsóknastöð í Sandgerði sem hefur skilað miklum árangri og gefur miklar væntingar þó lítil sé. Þar var einn starfsmaður í upphafi í sameiginlegu átaki Háskóla Íslands og ýmissa aðila, Sandgerðisbæjar og ýmissa stofnana. Þar vinna nú yfir 10 manns og munu vinna a.m.k. um árabil eingöngu að þeim verkefnum sem nú liggja fyrir. Þetta eru rannsóknir sem skipta máli í því að styrkja okkar grunn sem menntaðrar þjóðar sem vill vinna úr því hráefni sem við höfum.

Þá skal ég koma sérstaklega að starfssamningi Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar. Mér finnst ósanngjarnt að gera það verkefni tortryggilegt (**GHelg:** Hver var að gera það?) og blanda því saman. Það hefur komið fram í ræðum þingmanna fyrr í dag og því hefur verið slegið saman sem tortryggilegu og nefnt í sambandi við Háskólann á Akureyri sem fær vonandi gott brautargengi inn í framtíðina og styrkingu ekki síst á þeim sviðum sem til að mynda þingsályktun hefur mælt með á sviði matvæla, iðnaðar, á sviði sjávarútvegsrannsókna almennt og annarra þátta sem skila okkur áleiðis að þeirri fullvinnslu sem ég hef aðeins vikið hér að og virðisaukningu. Verkefni Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar byggist á þáttum sem tengjast verkfræðideild háskólans, sem tengjast félagsfræðideild háskólans, líffræðideild, raunvísindadeild og ýmsum öðrum þáttum sem unnið er að. Það er byrjað á ýmsum verkefnum í þessum efnum. Það er til að mynda hafið verkefni á vegum verkfræðideildar Háskóla Íslands um úttekt á stórum fyrirtækjum í fiskvinnslu, stjórnun þeirra og hagræðingu, á faglegan hátt í skóla sem hefur sterkan vísindalegan grunn en hefur kannski í of litlum mæli sinnt því sem heitir rannsóknir, sinnt því sem heitir að liðsinna hinum vinnandi stéttum og hinu vinnandi fólki eins og sagt er.

Verkefni tengt líffræðideild Háskóla Íslands er hafið í Vestmannaeyjum, þ.e. rannsóknir á fisksjúkdómum. Hafa rannsóknir á fisksjúkdómum áður verið stundaðar á Íslandi? Nei, ekki í hafinu við Ísland. Í pollum og pyttum og vötnum höfum við sinnt rannsóknum um árabil en ekki í sjálfu hafinu við Ísland sem gefur okkur auðlegðina til að byggja allt okkar kerfi á.

Auðvitað er það jafnvitlaust hjá þjóð eins og Íslendingum að hafa ekki sinnt þessum þáttum eins og það er jafnundarlegt að loksins á árinu 1993 skuli ráðið í prófessorstöðu við Háskóla Íslands í fiskifræði. Við erum með allmarga prófessora við Háskóla Íslands en skýtur það ekki skökku við að fiskveiðiþjóðin Íslendingar skuli ekki hafa haft um langt árabil prófessor í fiskifræði við háskóla Íslendinga? Svari hver eins og hann vill. En auðvitað skýtur þetta skökku við. Samstarfsverkefnið í Eyjum er hagkvæmt á margan hátt þó ekki væri nema af því að Vestmannaeyjar eru staðsettar við gjöful fiskimið eða fiskimiðin við Vestmannaeyjar eftir því hvernig menn líta á það. Þar er landað nánast öllum tegundum af fiski sem veiðist við Ísland. Þar er breið samsetning allra fyrirtækja í vinnslu og allra fyrirtækja í útgerð. Að því leyti er þessi verstöð kjörinn staður sem tilraunastöðu fyrir Háskóla Íslands og aðrar stofnanir. Fyrir Háskólann á Akureyri, fyrir Tækniskóla Íslands og aðra skóla sem eiga auðvitað að sinna ákveðnum þáttum til að nýta þekkingu okkar í menntakerfinu til að skila okkur áleiðis. Ekki að safna eingöngu menntamönnum og dæla út í kennslu heldur til að stórauka rannsóknir.

Um þetta snýst þetta mál. Það er það stórt að það þolir alveg að menn gantist með það og reyni að gera lítið úr því, það er hafið yfir slíkan leikaraskap. En það er líka mjög sterkt að mínu mati að þarna kemur sveitarfélag til samstarfs á móti Háskóla Íslands með verulegu fjárframlagi, hærra hlutfalli en þekkist annars staðar í slíku samstarfi á Íslandi.

Þegar gantast er með að það sé verið að kaupa hús fyrir 20 millj. fyrir einn starfsmann þá er það auðvitað leiður útúrsnúningur. Þær stofnanir sem ég vék að í Háskóla Íslands munu hafa rannsóknaaðstöðu í þessu húsi, prófessor í fiskifræði mun hafa rannsóknaaðstöðu þar eins og í útibúum Hafrannsóknastofnunar, eins og í Grindavík, þar sem eiga sér stað ákveðnar

rannsóknir og væntanlega á fleiri stöðum í framtíðinni. Það liggur líka ljóst fyrir að stofnanir sem eru staðsettar í Vestmannaeyjum eins og Hafrannsóknastofnun og Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins munu fara í þetta sama hús. Þannig að þarna skapast á hagkvæman hátt eins konar þróunarsetur. Það er kannski stórt orð en fyrst og fremst er það markvisst starf sem reiknað er með að vinna þar og ákveðin verkefni og stóra verkefnið sem er á borðinu í þessu dæmi er könnun á hafinu í kringum Ísland, djúpmiðunum, nákvæmlega að sama marki og ég vék að að okkur skipti svo miklu máli, okkur vantar meiri fisk úr hafinu. Okkur vantar meiri virðisaukningu. Eitt af því er meiri fiskur ef þess er kostur, annað er meiri fullvinnsla.

Það er því mikið fagnaðarefni að þessi tillaga skuli vera komin fram og ég er sannfærður um að þegar menn kynna sér það sem á bak við liggur að þetta er eitt af þeim málum sem menn segi að sé gott mál. Það á eftir að þróast en það er lagt upp með samstarfssamningi sem er undirritaður af fulltrúum Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar, það er hlutdeildarþátttaka í stofnkostnaði þannig að það er ýtt úr vör á skynsamlegan hátt.

Það kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að þetta verkefni væri ekki fullmótað. Þau verkefni sem byrjað er að vinna eru fullmótuð. En það er ekki fullmótað starfið inn í framtíðina. Það á eftir að finna sinn farveg en verkefnin eru ærin nú þegar. Og af því ég nefndi hér þetta stóra verkefni sem er rannsókn á djúpmiðunum þá er auðvitað líklegast og eðlilegast að það verði alþjóðlegt verkefni. En við vitum ósköp vel að sumir reyndir skipstjórar á stærri skipum Íslendinga, togurunum, þekkja ákveðnar bleyður og trintur í útkantinum á djúpmiðunum sem þeir sigla til þegar þeir hafa ekki í annað að sækja á grunnslóðinni. En þeir gera það ekki nema um utankvótafisk sé að ræða, þá er það stífari sókn. Við vitum líka að okkur vantar meiri frið á grunnslóðinni. Okkur vantar meira svigrúm fyrir minni skipaflota landsmanna og framtíðin mun auðvitað leiða til þess að stóru skipin fara meira út á dýpið.

Þessir ágætu skipstjórar, veiðimennirnir, hafa komist upp með það að lúra á upplýsingum um ákveðin fengsæl mið og ganga í þau eins og þeim hentar. En við Íslendingar höfum þörf fyrir að vita um þetta þannig að við getum skipulagt þetta inni í okkar veiðimöguleikum og nýtingu til að skapa sterkari grundvöll fyrir okkar þjóðfélag til að rétta úr kútnum, skapa þetta jafnvægi sem óskað er eftir hvort sem er með tilliti til barna, fjölskyldna eða almenns atvinnurekstrar í landinu. Og það er ástæða til að fjalla um þetta á þessum nótum en hanga ekki endalaust í smáatriðum og aukaatriðum. Þá komumst við ekkert áleiðis.

Það er þetta sem ég vildi segja um þetta verkefni fyrst og fremst vegna þess að ég tel að það sé mikið framtíðarverkefni. Það er hluti af sameiginlegum búskap okkar landsmanna og skiptir þess vegna í sjálfu sér engu máli hvar það er staðsett. Það mun nýtast jafnt Suðurlandi, Austurlandi, Norðurlandi, Vestfjörðum og öðrum landshlutum. En það er að því leyti nýstárlegt að það stefnir í að í vaxandi mæli muni Háskóli Íslands dýfa hendinni í kalt vatn og takast á við möguleika sem skipta okkur máli.

[21:52]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alveg ástæðulaust af hv. þm., síðasta ræðumanni, að tala um að menn hefðu verið að tala um þetta verkefni í Vestmannaeyjum af einhverri léttúð. Ég held að það hafi enginn talað um það hér öðruvísi en af fullri alvöru og út af fyrir sig held ég að það hafi enginn út á verkefnið sem slíkt að setja. Það sem hins vegar vekur athygli er að fyrsta nýja fjárveiting til rannsókna á sviði fiskveiða og vinnslu og skyldra greina eftir að Alþingi samþykkti á síðasta vori páltill. þess efnis að slík miðstöð skyldi byggð upp á Akureyri í tengslum við háskólann þar skuli vera til Vestmannaeyja en ekki til Akureyrar. Þetta vekur spurningar um það hvers virði ályktanir Alþingis séu yfir höfuð. Og það væri gaman að varpa þeirri spurningu til fjárlaganefndarmanna hvort þeir fari yfir slíka hluti þegar þeir eru að vinna að sínum tillögum.

Ég vil benda á að það er ekki eingöngu hér í Reykjavík, þar sem aðalstöðvar Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins eru, sem stundaðar eru rannsóknir tengdar fiskveiðum og vinnslu. Hv. þm. nefndi bæði Sandgerði og Grindavík og að mínu mati, meðan við erum að spila úr eins litlu fjármagni og við höfum, eins og þingmaðurinn benti réttilega á í upphafi sinnar ræðu, þá held ég að á þessum stöðum höfum við ærin verkefni og það er á þessum grunni sem það kom mér afskaplega mikið á óvart að sjá þessa fjárveitingu þar sem hún var komin.

[21:54]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað hlýtur vilji manna að standa til þess að Háskólinn á Akureyri verði efldur. En menn hljóta jafnframt að gera sér grein fyrir því að starfsemin og grunnurinn í Háskóla Íslands verður ekki stöðvaður. Það hlýtur að eiga að nýta hann, nýta þá þekkingu og reynslu sem þar býr og alveg sama hvort menn eru að tala þar um líffræðideild, verkfræðideild, hagfræðideild eða aðrar deildir, þá hljóta menn að stunda þar rannsóknastarfsemi óháð og kannski að sumu leyti samtengt því sem er að gerast á Akureyri með þeim þroska sem sá skóli á eftir að vinna sér. Háskóli verður ekki háskóli með vísindalegan grunn á fáum árum. Það tekur einfaldlega lengri tíma en 2–3 ár. Ugglaust má reikna með a.m.k. 10–20 árum með marvissri stefnu, starfsemi og fjármagni að skapa slíkan grunn. En það þýðir ekki það að á sama tíma eigi ekki að nota móðurskipið, Háskóla Íslands, og þekkinguna og reynsluna sem þar býr. Það er það sem þeir eru að gera í þessu verkefni. (**FI:** Lögðu þeir áherslu á Vestmannaeyjar?) Og til að mynda er það alveg ljóst að þegar sótt er í rannsóknasjóði erlendis, hina svokölluðu stóru sjóði, þá byggjast möguleikar á fjármagni úr þeim á því að sterk staða, vísindaleg staða, að prófessorsembætti við virtan skóla standi á bak við það. Og í

þessu samstarfsverkefni eru þar rétt valdir fulltrúar Háskóla Íslands sem sækja um og leggja þetta erindi fyrir fjárln.

[21:57]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt að það tekur langan tíma að byggja upp háskólastofnun og þess vegna þurfum við að einbeita okkar fjármagni að því sem við erum að gera á hverjum tíma en ekki dreifa því um of. Hv. þm. sagði að þetta tæki langan tíma en ég sé hins vegar hvernig á að stytta sér leið til þess að skapa hinn vísindalega grunn í þessari rannsókna- og þróunarstarfsemi í Vestmannaeyjum, því að í viljayfirlýsingu um þetta verkefni segir, með leyfi forseta, um hvernig stjórnin sé skipuð á þessari stofnun. Frá Vestmannaeyjum eiga sæti fulltrúi Vestmannaeyjabæjar, einn fulltrúi Rannsóknastofnana og Náttúrugripasafns Vestmannaeyja og einn fulltrúi frá fiskvinnslu og útgerð. Frá Háskóla Íslands eiga sæti fulltrúar Líffræðistofnunar, Sjávarútvegsstofnunar og einn fulltrúi tilnefndur af háskólaráði. Og svo kemur, virðulegur forseti, hvernig á að stytta sér leið að hinum vísindalega grunni og hinu akademíska starfi: Stjórnin hefur samráð við Árna Johnsen alþingismann. Ég hygg að það sé algert einsdæmi að í plaggi sem þessu sé sett inn klásúla sem hér er og ber nú satt best að segja ekki vott um mjög vísindaleg vinnubrögð.

[21:58]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það ber auðvitað vott um drifkraft í Háskóla Íslands að það sé ætlast til þess að það sé unnið með framsýnum mönnum og ættum við ekki að hafa neitt við það að athuga. En auðvitað verða svona hlutir til með því að menn bera saman bækur og reyna að fylgja þeim fram og að því eru menn að starfa í þessu þjóðfélagi eða a.m.k. eiga að vera til þess að starfa á þann hátt, hvort sem það eru þingmenn eða aðrir og á ekki að vera neitt launungarmál. Það er spurning um að fá samstöðu með hugmyndum, ef það liggja rök að baki og væntingar um árangur, þá á ekki að skipta máli hvort einhver ákveðin nöfn standi þar á bak við heldur einfaldlega hver árangurinn verður.

Ég held að það megi benda á svona sem smádæmi að í Gufudal í Hverageröi er háhitahola sem hefur staðið ónotuð um áratuga skeið. Hún er látin blása þegar erlendir þjóðhöfðingjar koma til Íslands. Hún er ekki notuð til neinnar vinnslu. Við seljum ál á 70 kr. kg úr landi, fullunnið í erlendum vörum, tæknivörum, hvort sem það eru felgur eða fullunnin hátæknivara, hefur verðgildið þrjúhundruðfaldast.

Í Vestmannaeyjum er náttúrugripasafn sem er tilbúin tilraunastöð, sem er vísindalegur grunur. Þar eru gerðar margar tilraunir en ekki á eins skipulegan hátt eins og efni standa til. Ég nefni hér aðeins ónýtta möguleika sem er ástæða til að takast á við.

[22:00]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Í allan dag hefur farið fram 2. umr. um fjárlagafrv. og er óhætt að segja að margt í málflutningi hv. stjórnarþingmanna hefur komið á óvart og þó er nú fátt sem manni er farið að koma á óvart. Mér hefur fundist satt að segja eins og þeir hafi verið í alla vega tveggja ára einangrun. Þeir telja að hæstv. ríkisstjórn hafi náð verulegum árangri í efnahagsmálum. Það er engu líkara en raunveruleikaskyn hafi brenglast alvarlega hjá þessum hv. þm. Hér t.d. byrjaði hv. formaður fjárln. á því að segja að mikilvægt sé að þröngir sérhagsmunir fái ekki ráðið, sérhagsmunir í von um ávinning. Þetta sagði hv. þm. Alþfl. Sigbjörn Gunnarsson. Ef einhver hæstv. ríkisstjórn hefur séð um sig og sína þá er það þessi ríkisstjórn sem nú situr. Nægir að nefna stöðuveitingar Alþfl. en hér í kvöld er ekki tími til að telja það allt upp. Það nægir líka að nefna einkavinavæðingu Sjálfstfl. og þetta er talið að þröngir sérhagsmunir hafi ekki fengið að ráða.

Hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson sagði einnig að smærri hagsmunir verði að víkja fyrir stærri hagsmunum. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. og það hefur hæstv. ríkisstjórn svo sannarlega staðið við. Hagsmunir hinna lakast settu hafa þurft að víkja fyrir hagsmunum hinna hærra settu, hagsmunir sjúklinga, öryrkja og námsmanna svo að eitthvað sé nefnt. Aftur á móti hefur verið lækkað tekjuskattur á þeim örfáu fyrirtækjum á Íslandi sem enn skila hagnaði. Þau eru því miður allt of fá, þau fyrirtæki. En það er þó ekki ástæða til að lækka tekjuskatt á þeim þannig að það er hárrétt sem þingmaðurinn sagði varðandi þetta mál þó að ég snúi kannski út úr merkingu hans orða, ég viðurkenni það. En samt sem áður er þetta raunveruleikinn sem við blasir.

Hann talaði um óhagstæð ytri skilyrði og það er alveg hárrétt hjá hv. þm., þau hafa oft verið betri. En þau eru samt þó nokkuð betri en Þjóðhagsstofnun spáði, bæði hvað varðar loðnu- og úthafsveiðar. Og vegna þess að hv. þm. sem síðast talaði, hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, talaði mikið um úthafsveiðar og mikilvægi úthafsveiða m.a. í sinni ræðu og kom víða við í sambandi við sjávarútvegsmál, þá ætla ég að minna á það að þessi hæstv. ríkisstjórn hefur ekkert gert fyrir þá sem eru að reyna að veiða í úthafinu, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það kom fram í umræðum ekki alls fyrir löngu. Hvert er t.d. öryggi sjómanna á úthöfunum? Það er því miður harla lítið og lítið gert í að bæta það þannig að það hefur verið fremur lítil hjálp í hæstv. ríkisstjórn þó að hún tali sífellt um að það þurfi að auka veiðar í úthafi, þá gerir hún harla lítið til að aðstoða við það nema síður væri.

Það hefur verið rætt um að náðst hafi stórkostlegur árangur í ríkisfjármálum og hv. 1. þm. Vesturl., varaformaður fjárln., talaði um að það hefði verið stöðvað sjálfvirkt flæði fjármagns til hinna einstöku stofnana. En það er hægt að benda á að það eru verulegar hækkanir víða, t.d. til ráðuneyta, milli ára, milli áranna 1992 og 1993. Ef við skoðum skýrslu um framkvæmd fjárlaga frá Ríkisendurskoðun í janúar til september 1993 þá langar mig, með leyfi hæstv. forseta, að benda á nokkur dæmi þar sem gjöld hafa verulega hækkað.

T.d. hækkuðu gjöld æðstu stjórnar ríkisins um 45 millj. á fyrstu 10 mánuðum ársins 1993 miðað við

1992. Þar hækkaði mest um 18 millj. vegna framkvæmda á Bessastöðum en þó allra mest 43,8% vegna yfirvinnu hæstaréttardómara. Ef ég tek áfram forsrn. þá hækkuðu þar gjöld um 18,9 millj. eða um 8,1%. Stærsta breytingin þar er framlag til embættis húsameistara ríkisins sem var 13,2 millj. kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins 1993 en embættið skilaði 14,3 millj. kr. tekjum í ríkissjóð á sama tímabili í fyrra. Það er að sjálfsögðu vegna þess að verkefnin hafa minnkað hjá húsameistara ríkisins.

Ef við tökum sjútvrn. þá hækkuðu útgjöldin í heild um 69 millj. kr. eða 9,3% aðallega vegna breytinga í sambandi við stofnun Fiskistofu síðari hluta ársins 1992. Síðan kemur dómsmrn. Það hækkar líka verulega. Það hækkar um 270 millj. kr. eða um 7,5% og það er vegna hinna nýju dómstóla sem var verið að setja upp og á nú að fara að fækka aftur skilst mér. Ef maður tekur fjmrn. þá hækkuðu útgjöld þar um 771 millj. eða 7,6% og það eru nú aðallega vaxtagreiðslur sem hækkuðu þar milli ára. Gjöld í umhvrn. hækkuðu um 32 millj. eða 7,8% og þetta er talið að það hafi náðst verulegur árangur í því að spara í ríkisútgjöldum. Þetta eru bara nokkur dæmi, mjög lítil dæmi. Það hefði þurft að taka miklu fleiri dæmi en ég læt það vera í bili.

Hér standa menn upp hver á eftir öðrum, hv. fulltrúar ríkisstjórnarinnar, og segja að það hafi náðst mikill árangur í sparnaði almennt og mikill árangur í málefnum þjóðarinnar. Hvar telur hæstv. ríkisstjórn að hafi náðst árangur? Hvar hefur náðst árangur? Eini árangurinn sem hefur náðst er sá að ríkisstjórnin hefur náð miklum árangri að hætta við hina ýmsu hluti og þegar við minnumst ríkisstjórnarinnar þegar árin líða, þá verður hún örugglega kölluð ríkisstjórn Davíðs Oddssonar sem hætti við. En frumskilyrði til að ná jafnvægi í efnahagsmálum þjóðarinnar er að ná niður fjárlagahallanum sem aldrei hefur verið meiri en nú, búist við 10 milljarða halla og hann á eflaust eftir að aukast. Hið góða sem hæstv. ríkisstjórn lagði upp með að minnka fjárlagahallann gerir hún ekki. Það mun aldrei takast meðan hún hefur engan skilning og enga stefnu í atvinnumálum.

Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki lagt fram frumvörp um stjórn fiskveiða. Það átti að vera forgangsverkefni frá í fyrra, forgangsverkefni. Við höfum ekki séð þessi frumvörp enn og þó er komið fram í miðjan desember. Á meðan stefnan er ekki skýr og vel afmörkuð í sjávaútvegsmálum, þá næst engin hagræðing í þessari grein, vegna þess að menn vita ekki við hverju þeir mega búast. Ég tel að það sé ljóst að það ósætti sem nú er uppi meðal sjómanna varðandi kjör þeirra sé fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki komið sér saman um stefnu í sjávarútvegsmálum. Og sú deila sem nú er í uppsiglingu mun kosta þjóðfélagið mikið því hún kemur ekki aðeins niður á sjómönnunum sjálfum, heldur kemur hún niður á landverkafólki í þúsunda tali. Þarna ber ríkisstjórnin mikla ábyrgð. Og að ríkisstjórnin skuli hafa hætt við hvað eftir annað að útdeila afla Hagræðingarsjóðs, 13 þús. tonnum þorskígilda, til þeirra vertíðarstaða sem verst hafa orðið úti vegna þorsksbrestsins er ófyrirgefanlegt. Þjóðin getur ekki liðið það að ríkisstjórnin hafi ekki fasta stefnu í þessum undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar.

Ríkisstjórnin hefur hætt við ýmislegt fleira heldur en að koma með stefnu í sjávarútvegsmálum. Hún hefur líka hætt við að koma með nokkra stefnu í landbúnaðarmálum. Hún er ýmist að flytja inn landbúnaðarvörur eða stöðva sölu innfluttra landbúnaðarvara og það veit enginn hver framtíðin er varðandi landbúnaðinn. Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki staðið við búvörusamninginn. Hún hefur ekki staðið við það að bæta þeim fjölmörgu sauðfjárbændum skerðinguna sem verst hafa orðið úti. Og núna fyrir tveim dögum síðan var hæstv. landbrh. spurður að því hvað liði endurskoðun búvörulaga sem átti líka vera eitt af fyrstu verkefnum þessa þings. Það varð ekkert um svör, engin svör.

Og hvað með skipasmíðaiðnaðinn, hæstv. forseti? Honum blæðir út og það er ekkert gert, ekki nokkur skapaður hlutur. Norðmenn niðurgreiða sinn skipasmíðaiðnað um 13,5% og við erum í samkeppni við þá. Hér hefur verið talað um að leggja jöfnunargjöld á innflutt skip, en það er ekkert gert í því. Og á sama tíma og þessari iðnaðargrein er að blæða út þá horfa menn í gaupnir sér og segja að þeir hafi náð töluverðum árangri, ekki bara töluverðum þeir hafi náð geyslegum árangri í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hvað varðar atvinnu- og efnahagsmál. Það er talið að það þurfi rúman milljarð til að strika út skuldir skipasmíðaiðnaðarins til að hægt sé að halda áfram. Hæstv. ríkisstjórn gerir ekkert í þessu máli.

Hin milda hönd ríkisstjórnarinnar hvað varðar atvinnulífið kemur víða við. Atvinnuhúsnæði á landsbyggðinni er einskis virði. Það er einskis virði í dag, það er því miður ekki söluvara. Samt er verið að hækka fasteignaskatta á atvinnuhúsnæði.

Já, hæstv. ríkisstjórn er sífellt að leggja fram mál og hætta við að afgreiða mál. Það halda kannski ýmsir að hæstv. heilbrrh., fyrst hann er hérna, eigi heimsmet í þessu eða landsmet réttara sagt. Þegar allt er saman tekið þá á hann trúlega ekki metið, en hann á metið hvað tíma varðar. Hann befur gert þetta á svo skömmum tíma. Á aðeins tveim mánuðum tókst honum að ná verulegum árangri í að hætta við, enda er þetta ríkisstjórnin sem hætti við, eins og ég sagði áðan.

Tökum lyfjakortin. Það var eitthvað sem átti að gefa ríkissjóði 400 millj. og var náttúrlega aldrei útfært. Menn höfðu mismunandi skoðanir á því. En það er búið að kyngja þessum lyfjakortum og ég sakna þeirra ekki nokkurn skapaðan hlut. Það var hætt við þau.

Gunnarsholt á Rangárvöllum, eitt af mörgum meðferðarheimilum sem átti að loka, það var hætt við það og það er út af fyrir sig ágætt. Það átti að selja Þvottahús Ríkisspítalanna fyrir 60 millj. og það var að sjálfsögðu hætt við það, vegna þess að enginn grundvöllur var fyrir að selja það. Það gátu allir heilvita menn sýnt og sannað.

Það er komin ein heljarmikil skýrsla sem hér hefur verið mikið til umræðu, um sjúkrahúsin í landinu. Það er skýrsla sem segir að það eigi nánast að leggja

niður fjölda sjúkrahúsa í landinu og efla önnur. Út af fyrir sig vantar heildarstefnu í heilbrigðismálum og það er ágætt að hafa þessa skýrslu, ekki til að nota hana eins og hún stendur heldur til að nýta hana þannig að hægt sé að sérhæfa þessi sjúkrahús til að minnka álagið á sjúkrahúsunum á Reykjavíkursvæðunum. Þetta veit ég að hæstv. ráðherra er sammála mér um og ég væri tilbúin að hjálpa honum að vinna að þessu því þetta er möguleiki sem mundi spara þjóðarbúinu mikið. Þarna eru mikil verðmæti úti um land, bæði hvað varðar húsnæði, tól og menntað fólk. Ég sé t.d. fyrir mér að það væri hægt að sérhæfa Sjúkrahús Suðurlands á Selfossi. Það væri hægt að gera eingöngu æðahnútaaðgerðir þar svo að ég nefni dæmi um sérhæfingu. Það væri hægt að sérhæfa Sjúkrahúsið í Stykkishólmi t.d. með því að hafa þar endurhæfingu og þeir eru komnir langt með endurhæfingu. Það á að skoða þessa skýrslu á þennan hátt vegna þess að hér hefur áður verið gert að umræðuefni að hagræðingin á sjúkrahúsunum á Reykjavíkursvæðinu sé komin á algert hættustig. Landlæknir segir að það séu 45% starfsmanna á þessum sjúkrahúsum sem kvarta undan óbærilegri streitu og hægt sé að leiða að því rök að það hafi orðið slys vegna þess. Það er of mikið álag á þetta fólk. Þessi sama skýrsla, sem ég vitna hér til frá landlækni, sýnir líka að biðlistar hafa aukist verulega, sérstaklega í aðgerðir eins og beinaaðgerðir sem hægt er beina út á land á fleiri en eitt sjúkrahús. Ég vona því að þessi skýrsla verði notuð á jákvæðan hátt þannig að það fjármagn sem þegar hefur verið lagt í þessar stofnanir nýtist.

En það er ýmislegt sem hæstv. ríkisstjórn hefur ekki hætt við, það er rétt að minnast á það líka. Hún hefur t.d. ekki hætt við að eltast við meðlagsgreiðendur. Þrátt fyrir að hún nái ekki inn þessum 260 millj. sem hún ætlaði að ná inn á þessu ári, náði aðeins inn 250 millj., þá er hún ekki af baki dottin. Hún ætlar að finna upp nýja innheimtuaðgerð, nýja og fullkomnari innheimtuaðgerð. En það er nú alveg sama hvaða innheimtuaðgerð menn finna upp á ef ekki eru peningar í vasa þess sem á að rukka, jafnvel þó að það komi handrukkarar sem eru víst í tísku í dag. Ég trúi ekki að hæstv. ríkisstjórn noti þá aðferð.

Það er ýmislegt annað sem hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að hætta við. Hún ætlar t.d. ekki að hætta við að tekjutengja ekkjulífeyri. Og hæstv. forsrh. sagði hér í gær í ræðu að þetta væri jafnréttismál. Ég teldi það jafnréttismál að ekkjur og ekklar fengju þessar bætur.

Mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh. hvernig hann ætli að tekjutengja þetta, við hvaða upphæð hann ætli að miða tekjutenginguna? (Gripið fram í.) 70 þús. kr. kallar hæstv. heilbrrh. hérna fram í, 70 þús. kr. Hann skýrir þetta betur út á eftir, en það er kannski betra að hann komi hér í ræðupúlt til þess. En hæstv. ríkisstjórn er ekki hætt við þetta.

Hæstv. ríkisstjórn er ekki heldur hætt við að reyna að rukka inn 25 millj. hjá áfengis- og vímuefnaneytendum, hún telur að það sé auðvelt. Það er auðvitað alveg útilokað mál vegna þess að að eru akkúrat þeir þjóðfélagsþegnar sem ekki munu geta greitt þetta, alveg sama hvaða nýtískulegar rukkunaraðferðir verða fundnar upp. Þeir geta ekki greitt þetta. Það verður alveg eins og með meðlögin. En þetta ætlar hæstv. ríkisstjórn ekki að hætta við.

En hæstv. ríkisstjórn ætlaði að einkavæða. Hún er nú að mestu hætt við að einkavæða. En ég spyr: Hæstv. ríkisstjórn hefur ekki áhuga á að einkavæða Húsatryggingar Reykjavíkur? Er það nú fyrirtæki sem er samkeppnisfyrirtæki. Hún hefur ekki áhuga fyrir því. Hún fær sérstaklega undanþágu til nokkurra ára, að vísu í EES-samningnum, til að þurfa ekki að einkavæða Húsatryggingar Reykjavíkur. Og hæstv. ríkisstjórn er ekki tilbúin að einkavæða t.d. embætti húsameistara ríkisins sem er í almennum skilningi teiknistofa. Hæstv. ríkisstjórn er tilbúin til að leggja verulega fjármuni til að halda þar uppi starfsemi. Það á ekki að einkavæða það. Svo á aftur á móti að reyna að einkavæða hið ómögulega sem engin samkeppni er í. Það á að einkavæða t.d. ÁTVR, skilst manni, og það á að einkavæða Landssíma Íslands.

Hæstv. forsrh. sagði í gær við umræður um ráðstafanir í ríkisfjármálum að það hefði verið reynt að gera allt til að milda áhrif efnahagsþrenginganna, bæði í atvinnulífinu og hvað varðar heimilin. Og hvernig er sú milda hönd? Hvað hafa skuldir heimilanna aukist á undanförnum árum? Frá 1981 til 1992 hafa skuldir heimilanna aukist sem hér segir: Úr 60 milljörðum í 226 milljarða. Og bara á síðustu 6 árum, svo að ég taki nú bara þann tíma sem hæstv. félmrh. hefur ráðið ríkjum í félmrn., þá hafa skuldir heimilanna vaxið um 100 milljarða. Það er eins og öll fjárlög íslenska ríkisins. Það er ýmislegt sem veldur þessu. Það er auðvitað atvinnuleysið og það er vaxtastigið í landinu. Og skuldir fyrirtækjanna, þær hafa margfaldast. Tvær síðustu gengisfellingar hafa ekki bætt þar um, sem ríkisstjórnin var þó búin að lofa að yrðu ekki. Meira að segja nokkrum dögum fyrir síðustu gengisfellingu sögðu þeir að það yrði eitthvað sem aldrei skeði, en þeir hættu náttúrlega við það eins og allt annað sem þeir hafa hætt við. En vextir hafa lækkað. Ég vona að það sé ekki bara sýnd veiði. Þeir hafa lækkað, en allt of seint. Heimilin og fyrirtækin hafa ekki þolað það vaxtastig sem við höfum búið við og þó svo að það megi þakka fyrir þessa vaxtalækkun, þá kemur það bara eins og bóluefni of seint ef maðurinn er orðinn dauðsjúkur.

En það hefur orðið alvarlegur trúnaðarbrestur milli þjóðarinnar og ríkisstjórnarinnar. Fólkið í landinu trúir ekki á þessa hæstv. ríkisstjórn. Það trúir ekki á hana. Í hvert skipti sem nýtt stjfrv. er lagt fram hér á þingi þá segir fólk: Er nokkuð að marka þetta? Það verður ekkert úr þessu. Og allar þær tillögur sem koma frá hæstv. ríkisstjórn eru afgreiddar eins af fólkinu, það verður ekkert úr þessu. En númer eitt, tvö og þrjú, það verður að skapa betri grundvöll fyrir atvinnulífið í landinu ef fjárlagahallinn á að vera í einhverju jafnvægi. Það er númer eitt, en það eru engin teikn á lofti að menn séu að vinna í því, því miður. Samkomulagið í ríkisstjórninni er ekki á því stigi að þeir nái þeim árangri. Og nú segir fólk: Fara þessir ágætu hæstv. ráðherrar ekki bráðum að ákveða það að þeir séu hættir við að vinna saman? Það er það eina sem þeir eiga eft-

ir að hætta við og nú bíður þjóðin spennt eftir því.

Virðulegi forseti. Mig langar að mæla fyrir tveim brtt. við þetta fjárlagafrv. Ég ætla að mæla fyrst fyrir brtt. sem ég mælti einnig fyrir í fyrra, en hún náði ekki fram að ganga, fékk ekki hljómgrunn, en hún kostar ríkissjóð ekki eina einustu krónu og er svohljóðandi, með leyfi forseta. Hún er á þskj. 338:

„Við 6. gr. Nýr liður:

3.60 Að afhenda Samtökum áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ) til eignar eftirtaldar eignir sem þau hafa nú til afnota að Staðarfelli í Dölum:

gamla skólahúsið,

kennaraíbúðir (tvö hús),

kyndi- og rafstöðvarhús."

Það er mikil samstaða milli heimamanna um að áframhaldandi rekstur verði á þessu heimili að Staðarfelli í Dölum, en það hefur ríkt mikil óvissa frá ári til árs hvort þessu meðferðarheimili verði lokað. Það er mjög mikilvægt að SÁÁ eignist þetta húsnæði. Þetta er gamalt húsnæði og þarf mikilla endurbóta við. Og það er nú þannig að ef mönnum finnst að það sé eitthvað laust og bundið hvort þarna verði áframhaldandi starfsemi, þá eru menn ekki tilbúnir til að setja mikla peninga. En það eru margir velunnarar þessa heimilis sem eru tilbúnir að leggja til mikla vinnu, sjálfboðavinnu, til þess að endurbæta þetta húsnæði, þannig að ég tel mjög mikilvægt að það verði hafður sá háttur á að SÁÁ eignist húsin að Staðarfelli í Dölum. Þetta er algerlega útgjaldalaust af hálfu ríkissjóðs og væri eflaust bara mjög gott fyrir ríkisstjórn að losna við þessa eign. Þetta er gamli húsmæðraskólinn sem ekki kemur að neinum notum ef þessi starfsemi hættir þarna að Staðarfelli.

Svo er önnur brtt. á þskj. 345 sem ég vil mæla fyrir, með leyfi forseta. Hún er frá Finni Ingólfssyni, Stefáni Guðmundssyni og Ingibjörgu Pálmadóttur. Hún er lögð fram til þess að koma til móts við íþróttamenn vegna virðisaukaskatts af flugfargjöldum. Nú á að setja virðisaukaskatt á allt flug í landinu, eins og menn hafa heyrt frá hinu háa Alþingi. Iðkendur íþrótta ferðast mjög mikið og það er mjög dýrt og ef virðisaukaskatturinn bætist þar við þá mun það verða til þess að fjöldi félaga mun ekki treysta sér til að fara í þau ferðalög sem eru nauðsynleg varðandi ýmsar keppnisgreinar. Við leggjum því fram svohljóðandi brtt.:

„1. Við brtt. 326,21 a-lið, Ungmennafélag Íslands. Fyrir „10.000" kemur: 14.000.

2. Við 4. gr. 02-989 110, Íþróttasamband Íslands. Fyrir „24.000" kemur: 32.000."

Þetta er sem sé lagt fram til að koma til móts við unga íþróttaiðkendur úti á landi þannig að þeir þurfi ekki að hætta að taka þátt í keppnum vegna þessa skatts sem á nú að fara að leggja á flugfargjöld.

[22:30]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ræðumaður gerði hér að umtalsefni tvö atriði sem raunar hafa verið nefnd fyrr í umræðunni í dag og ég hygg að það sé nauðsynlegt að eyða nokkrum misskilningi sem þar hefur gengið aftur. Í fyrsta lagi varðandi tekjutengingu ekkjulífeyris, þá er við það miðað að tekjutengingin verði með svipuðum hætti og gerist með ellilífeyri og hann fari að skerðast í kringum 70 þús. kr. markið og lækki síðan og verði ekki greitt með tekjum umfram 120 þús. kr. Þetta er ekki ósvipað og gerist um ýmsa aðra bótaflokka og ég hygg að ekki sé unnt að halda því fram að þarna sé um slíkt óréttlæti að ræða, eins og margir ræðumenn hafa haldið fram.

Í öðru lagi hafa menn staldrað við í umræðu í dag og raunar í gær um bandorm ríkisstjórnarinnar varðandi sértekjur eða gjaldtöku vegna áfengissjúkra. Til að taka af öll tvímæli í þeim efnum líka, þá vil ég láta þess getið og upplýsa það hér að viðkomandi aðilar sem hlut eiga að máli og hafa verið eyrnamerktar sértekjur vegna þess arna þar sem SÁÁ er stærst á því sviði, hafa fengið bréf þar sem þess er vænst að þessir aðilar skili tillögum um fyrirkomulag þessarar gjaldtöku, hyggist þeir nota gjaldtökuheimildina. Kjósi stjórnendur þessara stofnana að nota ekki heimild til gjaldtöku og verða þannig af tilgreindum sértekjum verða þeir á hinn bóginn að haga rekstri stofnana í því ljósi, enda kemur ekki til annarra framlaga úr ríkissjóði umfram það sem fjárlög 1994 segja til um. Með öðrum orðum, það er kallað eftir reglum frá þessum aðilum sjálfum. Ég vil minna á að þetta er ekki allsendis ókunnugt í þessum hópi SÁÁ því fyrir árið 1987 voru tekin gjöld af þeim toga sem hér um ræðir.

Rétt í bláendann, virðulegur forseti, er rétt að upplýsa það líka að sjúkradagpeningar til þeirra sem í meðferð fara, til áfengissjúklinga, eru á bilinu 30–50 millj. kr. á ári hverju.

[22:32]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég varð fyrir miklum vonbrigðum með svör hæstv. heilbrrh. Ég var að vona að hann kæmi hér upp og segðist vera hættur við. En hann er ekki hættur við. Það á sem sagt áfram að ráðast á garðinn þar sem hann er langhæstur eða hitt þó heldur. Það kemur í ljós að það á að byrja að tekjutengja ekkjulífeyri við 70 þús. kr. markið. Það eru nú 12 þús. kr. rúmar sem þessi lífeyrir getur orðið hæstur. Mér finnst það satt að segja ekki vera sæmandi að taka þennan flokk sérstaklega fyrir og ætla að fara að tekjutengja hann við 70 þús. kr. markið. Mér finnst alla vega að það ætti að vera einhver aðlögun. Varðandi seinna málið, SÁÁ og gjaldtökuna, þá fannst mér svarið líka alveg sérstakt. Það er búið að skerða fjármagn til áfengismeðferðarheimila á sl. fjórum árum um 500 millj. kr. eða svo. Síðan er sagt: Ef það rúmast innan fjárlaga þessara meðferðarheimila, þá þarf ekki að rukka inn þessi gjöld. En svo er náttúrlega aðalspurningin: Hvernig er hægt að rukka inn þessi gjöld á meðferðarheimilum en ekki t.d. á Ríkisspítölunum eða öðrum sjúkrahúsum? Hvers vegna er hægt að taka eina sjúkrastofnun úr og sjúkrastofnunin getur valið um hvort hún rukkar sjúklinginn eða ekki. Það er finnst mér alveg óskiljanlegt og ég trúi ekki að það sé löglegt.

Útbýting þingskjala:

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 131. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 348; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 349.

Umferðarlög, 273. mál, frv. GE og GunnS, þskj. 343.

[22:35]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að mæla fyrir brtt. sem ég flyt við frv. til fjárlaga sem hér er til umræðu. Flm. ásamt mér er Guðni Ágústsson, hv. 5. þm. Suðurl. Hún er á þá leið að við 4. gr., lið 04-311, Landgræðsla ríkisins, komi nýr liður til að stöðva eyðingu Lakagíga og Skaftáreldahrauns af völdum Skaftárhlaupa 10 millj. kr.

Í nýútkomnum Landgræðslufréttum er stutt grein sem ber fyrirsögnina: Lakagígar í hættu, og ég ætla að lesa hana hér, með leyfi hæstv. forseta.

„Hlaup í Skaftá sem eiga upptök sín í Vatnajökli bera með sér mikinn sand upp á bakka árinnar. Sandurinn berst síðan undan vindi og hefur eytt þúsundum hektara af gróðri og ógnar náttúruperlum á borð við Lakagíga og Skaftáreldahraun. Hlaup fóru ekki að koma í Skaftá að ráði fyrr en 1955. Vandamál vegna sandfoks frá henni eru því ný tilkomin og náttúruöflin eiga þar ein sök. Reyndar má segja að um náttúruhamfarir sé að ræða. Frá sandburði árinnar stafar hætta allt frá upptökum til sjávar. Sandur sem berst ofarlega úr ánni stefnir í átt til Lagagíga hægt en örugglega. Hætta er á að hluti þessarar sögufrægu eldsprungu hverfi í sand. Einn gígurinn er nú þegar að fyllast af sandi. Sandurinn spillir víða gróðri og hraunið sem rann í Skaftáreldum gæti hulist sandi að hluta til. Reyndar blasir eyðileggingarmáttur sandsins við vegfarendum nokkru vestan Kirkjubæjarklausturs. Þar fór allbreið sandtunga yfir veginn fyrir nokkrum árum og stefnir í átt til sjávar. Melgresi hefur verið sáð til að koma í veg fyrir að sandfok hindri umferð um þjóðveginn. Þá hefur verið unnið að því að gera kort af sandleiðum. Rannsóknir sýna að varnaraðgerðir þola ekki bið."

Þetta eru í stuttu máli þær staðreyndir sem þarna blasa við. Í framhaldi vil ég geta þess að það hafa verið gerðar allumfangsmiklar athuganir og áætlanir um það hvernig megi draga úr afleiðingum þessara náttúruhamfara og stöðva sandinn. Þær áætlanir liggja fyrir, en það er með þær eins og svo margar aðrar að þeim verður ekki hrint í framkvæmd nema til þess komi eitthvert fjármagn. Beiðni um þetta barst hv. fjárln., en hún hefur ekki séð sér enn þá fært að verða við því og því er þessi brtt. flutt hér.

Á næsta ári eru 50 ár liðin frá stofnun íslenska lýðveldisins. Í sambandi við þann merka áfanga fyrir 50 árum var unnið að átaki og stofnaður landgræðslusjóður til að vekja áhuga og vera bakhjarl áhugamannsstarfs að landgræðslu. Til þess að örva áhuga almennings og hvetja hann til að leggja þessu máli lið þá voru flutt nokkur útvarpserindi í maí 1944 og ég vil hér taka upp örfáar setningar sem páv. hæstv. forsrh. Björn Þórðarson sagði: „Allur landslýður þarf að sameinast um að leggja sem ríflegastan skerf til stofnunar landgræðslusjóðsins, hins nýja landssjóðs."

Páv. skógræktarstjóri Hákon Bjarnason sagði svo, með leyfi hæstv. forseta: „... hornsteinn velferðar þjóðarinnar um ókomnar aldir því í þessu landi viljum vér allir búa."

Steingrímur Steinþórsson, síðar forsætisráðherra, vitnaði til Guðmundar Friðjónssonar skálds og sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Þjóðin öll sameinuð getur nú lagt gull í lófa framtíðarinnar sem komandi kynslóðir munu blessa hana fyrir."

Pálmi Hannesson notaði orðin, með leyfi hæstv. forseta: „Minnumst skuldar vorrar við landið."

Þannig voru viðhorfin fyrir 50 árum þegar lýðveldið var stofnað, en því miður virðist þetta viðhorf ekki haldast nægilega vel enn hjá núv. hæstv. ríkisstjórn þegar við ætlum að fara að minnast 50 ára afmælis lýðveldisstofnunarinnar.

Það er að sjálfsögðu álitamál hversu miklu fjármagni hægt er að verja til einstakra verkefna, ekki síst þegar þröngur stakkur er skorinn. En hér er um að ræða landeyðingu, náttúruhamfarir, sem magnast með hverju ári sem líður, hverjum mánuði og jafnvel getur ein vika haft mikil áhrif ef þannig viðrar og sífellt verður erfiðara að stöðva þennan vágest og sigrast á honum eftir því sem lengur er dregið að hefjast handa. Landgræðslustjóri hefur sagt að vandinn muni margfaldast á næstu árum ef ekkert verður aðhafst. Aðgerðarleysi þýðir því gífurlega sóun. Það er sóun náttúruminja sem hverfa undir sandinn, það er sóun gróðurs sem einnig fer undir og það er beinlínis sóun á fjármunum ríkissjóðs, því við verðum að trúa því að sem allra fyrst komi önnur ríkisstjórn sem hafi önnur viðhorf til landsins og verðmæta þess og muni þá snúast til varnar, en þá þarf miklu meira til.

En því miður verður að segja það að þessi gróðureyðing af völdum Skaftárhlaupanna minnir okkur óþyrmilega á það hvernig núv. hæstv. ríkisstjórn hefur gengið um sinn völl. Þar er því miður allt of víða að koma í ljós sviðin jörð og mun ég víkja meira að því síðar. Á það hefur verið bent í þessari umræðu um fjárlagafrv. að sú staðreynd setur sitt mark á það. Það er gífurlegur halli á þessu fjárlagafrv. þrátt fyrir harkalegan niðurskurð. Þetta er fjárlagafrv. fyrir þriðja heila ár núv. ríkisstjórnar, ef hún lifir næsta ár. Þegar ríkisstjórnin var mynduð þá er þetta fyrsta árið sem fjárlög áttu að vera hallalaus. Því marki átti að ná án þess að leggja nýja skatta og margir töluðu um að lækka skatta. Það voru að vísu fleiri markmið sem ríkisstjórnin setti sér. Hæstv. utanrrh. sagði að Alþfl. hefði gengið til þessa samstarfs til þess að hrinda í framkvæmd tveimur aðalbaráttumálum Alþfl. Það var að tryggja inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið og reisa nýtt álver.

Það er lítið talað um það nú í sambandi við þessa fjárlagagerð eða spá um horfur á næsta ári, hinar miklu tekjur og ávinning sem þjóðin á að hafa af inngöngunni í Evrópska efnahagssvæðið og allir vita hver skýjaborg þetta nýja álver var. En þó hamaðist fyrrv. hæstv. iðnrh. við þá skýjaborg eins og rjúpan við staur-

inn og sinnti lítt öðrum atvinnuverkefnum með þeim afleiðingum sem nú blasa við m.a. í umræðu um stöðu skipasmíðaiðnaðarins.

Eitt stefnumarkmið ríkisstjórnarinnar enn var það, og kannski það sem höfuðáhersla var lögð á, að hún ætlaði ekkert að skipta sér af atvinnulífi þjóðarinnar. Það áttu aðrir að sjá um það, að þessu álveri slepptu. Það verður að segjast að því miður þá hefur ríkisstjórnin ekki einu sinni staðið við það að láta atvinnulífið í friði því svo margt hefur gerst hjá henni sem hefur orðið atvinnulífinu þrándur í götu. Allir þekkja hina háu vexti sem hún keyrði upp með handafli á fyrstu dögum valdaferils síns og hafa staðið og standa enn þrátt fyrir það að fyrir fáum vikum uppgötvaði hæstv. viðskrh. að það væri líka til handafl eða handleiðsla til að koma vöxtunum niður. En þeirri spurningu hefur ekki verið svarað enn, af hverju það var þá ekki gert fyrr?

En þessi staða atvinnulífsins, sem setur mark sitt á fjárlagafrv., er að sjálfsögðu afleiðing þess að mjólkurkýrnar, undirstöðuatvinnulífið, hefur verið svelt.

Í nál. meiri hluta fjárln. eru álit frá öðrum nefndum um einstaka kafla fjárlagafrv. Þar á meðal er álit frá minni hluta allshn. og er það undirritað af hv. þingmönnum Önnu Ólafsdóttur Björnsson, Ólafi Þ. Þórðarsyni og Kristni H. Gunnarssyni, auk mín.

Í athugun allshn. á fjárlagafrv. var m.a. fjallað um þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir á sýslumannsembættum í landinu, þar sem lagt er til að fækka þeim um níu. Af þeim ástæðum reyndum við að gera okkur nokkuð grein fyrir því máli og að því er aðeins vikið í áliti minni hlutans. Ætla ég að lesa þann kafla, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fund nefndarinnar komu m.a. fulltrúar frá Sýslumannafélagi Íslands. Bentu þeir á ýmis atriði sem verið væri að vinna að til hagræðingar í rekstri embættanna og að áfram væri hægt að halda á þeirri braut. Einnig gæti komið til greina sameining einhverra sýslumannsembætta. Það ætti að gerast að undangenginni ítarlegri athugun á öllum hliðum málsins þannig að sparnaður yrði sem mestur án þess að draga um of úr þjónustu. Slík athugun lægi alls ekki fyrir nú og því væri rennt alveg blint í sjóinn með hvaða sparnaður yrði af þeirri tillögu sem liggur fyrir og drógu þeir stórlega í efa að hann yrði nokkur eða töldu að hann yrði jafnvel minni en enginn. Töldu þeir að mjög víða væri sameining sýslumannsembættanna útilokuð nema haldið væri áfram að hafa útibú á þeim stöðum þar sem embætti verða lögð niður. Engin áætlun lægi hins vegar fyrir um hversu mikil þjónusta yrði veitt og þá ekki heldur hversu fjölmennt starfslið þyrfti til að inna hana af hendi, hvorki hvað varðar fast starfslið eða með heimsóknum sýslumanns og fulltrúa hans á staðinn.

Dómsmálaráðuneytið hefur þegar gert tillögu um að hækka framlag til löggæslu á Hvolsvelli um 5,3 millj. kr. vegna vanáætlunar í frumvarpinu. Víðar hafa komið fram efasemdir um að tölur standist og hefur sýslumaðurinn í Vestur-Skaftafellssýslu bent á að verið sé að færa kostnað frá ríkinu til þeirra sem á þjónustunni þurfa að halda og muni ferðakostnaður Vestur-Skaftfellinga til Hvolsvallar geta numið allt að 5–6 millj. kr. Þá virðist vafasamt að tekjur af eignasölu muni standast þar sem sala mun víða verða erfið þegar samdráttur vegna niðurlagningar embættanna bætist við þann samdrátt sem fyrir er í þessum byggðarlögum.

Sýslumennirnir í Kópavogi og Hafnarfirði afhentu allsherjarnefnd greinargerð um embætti sín og bentu á ýmis atriði sem valda því að aukinn kostnaður og óþægindi munu fylgja skipulagsbreytingunni. Það er líka athyglisvert að sjá í töflu frá ríkisbókhaldi, sem fylgir með áliti sýslumannsins í Kópavogi, að í árslok 1992 hefði verið komið um 1.460 millj. kr. meira í ríkissjóð ef innheimtuhlutfall Gjaldheimtunnar í Reykjavík hefði verið það sama og í Kópavogi."

Eins og ég sagði áður þá hlutum við í allshn. að taka alvarlega þá uppsetningu sem er á þessu máli í fjárlagafrv. og er hún óbreytt nú þegar frv. kemur endurskoðað frá hv. fjárln. til 2. umr. En það vekur hins vegar athygli að ekkert bólar á frv. sem er óhjákvæmilegt að fylgi í kjölfarið eða komi samhliða, þar sem breytt er skipan þessara mála sem bundin er með lögum. Það fer að verða skammur tími til stefnu þar sem breytingin á flestum embættunum á að taka gildi 1. mars nk. miðað við athugasemdir fjárlagafrv. og þær tölur sem þar eru settar fram.

Það er að vísu ekki nýlunda að frumvörp séu lögð fram á síðustu stundu og því kynnumst við reyndar í allshn. þegar til nefndarinnar voru að koma tvö frumvörp frá hæstv. dóms- og kirkjumrh. sem gjörbreytir stöðu kirkjunnar í landinu. Sagt er að við eigum að afgreiða málið á einni viku og þá hlýtur það að verða að lítt athuguðu máli miðað við þær annir sem nú eru í þingstörfum í sambandi við afgreiðslu fjárlaga.
Samt sem áður þá er ótrúlegt að frv. um breytingar eigi eftir að koma fram fyrir jól og því hlýtur hv. fjárln. að taka þetta mál til endurskoðunar.

En ég vil hér víkja að öðrum lið sem allshn. fjallaði einnig um og það eru fjárveitingar til Byggðastofnunar. Til þess að fá upplýsingar um það mál fékk nefndin á sinn fund formann og forstjóra stofnunarinnar og um þær upplýsingar er drepið á í örstuttu máli í áliti minni hlutans. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

Hjá formanni stjórnar Byggðastofnunar og forstjóra hennar komu fram athyglisverðar upplýsingar. Formaður sagði að framlög til stofnunarinnar hefðu farið minnkandi allt frá árinu 1977 þegar þau voru um eða yfir einn milljarður kr. á núgildandi verðlagi og að sá samdráttur héldi áfram með þessu fjárlagafrv. Engin sérstök fjárveiting hefði komið til Byggðastofnunar þegar hún tók að sér greiðslu launa iðnráðgjafa fyrir tveimur árum en þeir nefnast nú atvinnuráðgjafar og það væri líklegt að í stað 350 millj. kr., sem stofnunin hefði til ráðstöfunar á þessu ári, mundi sú tala lækka niður undir 300 millj. kr. miðað við þetta fjárlagafrv. Áætlað er að veita 80 millj. kr. í styrki á þessu ári, þar af 25 millj. til atvinnumálafélaga, en úr því mundi draga á næsta ári. Engin fjárveiting hefði komið til að standa við ákvæði búvörusamnings um 100 millj. kr. til

atvinnuuppbyggingar í sauðfjárrækt. Hins vegar væri ríkisábyrgð á 20 millj. kr. lántöku sem ætti að skoðast sem áhættufjármagn. Lánveitingar, sem hægt væri að flokka undir þennan lið, yrðu þó langt innan við 100 millj. kr. Þau byggðarlög, sem höllustum fæti standa, hafa ekki bolmagn til mikillar lántöku og þurfa því á hlutafjárframlögum að halda. Því væri mjög brýnt að breyta reglugerð um Byggðastofnun en hún kemur í veg fyrir að stofnunin hafi heimild til slíks. Staða atvinnuveganna fari nú mjög versnandi, sérstaklega sjávarútvegs sem aflasamdrátturinn bitnaði mjög þungt á. Vegna þessara þrenginga hefur Byggðastofnun nú eignast skip og verksmiðju sem veldur henni auknum erfiðleikum. Það er því ljóst að staða Byggðastofnunar verður ákaflega erfið á næsta ári miðað við þær þröngu skorður sem fjárlagafrv. setur henni.

Það er rétt að geta þess að eftir að þessu áliti var skilað kom fram brtt. í fjáraukalögum um að 20 millj. kr. láni með ríkisábyrgð væri breytt í framlag. Það hefur líka gerst síðan þessu áliti var skilað að Byggðastofnun hefur sent frá sér ósk um nýtt fjármagn að upphæð 300 millj. kr. til að styðja við bakið á atvinnulífi á Vestfjörðum. Ekki virðist sú beiðni hafa fengið neinn hljómgrunn hjá hv. fjárln. því engin ný tala er sett í brtt. hennar til Byggðastofnunar. — Fyrirgefið, það eru 15 millj. Liðurinn Byggðastofnun hækkar um 15 millj., en það segir lítt upp í þær 300 millj. (Gripið fram í.) — Það er til atvinnuráðgjafanna. Það segir lítt upp í þær 300 millj. sem talin er bráð þörf á til atvinnulífsins á Vestfjörðum. Því miður er vandi atvinnulífsins á Vestfjörðum of mikil spegilmynd af ástandi víðs vegar annars staðar á landinu.

Hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, vék að því sem hann kallaði uppsafnaðan vanda á árunum 1988–1992. Í opinberum skýrslum kemur fram að á árinu 1990, árinu áður en núv. ríkisstjórn tók við völdum, þá var afkoma sjávarútvegs og iðnaðar góð hér á landi og sú besta sem verið hefur um langt skeið. Það er því erfitt að skilja að það sé vandi þess árs sem veldur erfiðleikum nú. Ef áfram hefði verið haldið á spilunum eins og gert var á því ári af fyrrv. ríkisstjórn og afkoma atvinnuveganna hefði haldist sú sama, þá þyrftum við ekki að ræða málin á þeim nótum sem nú verður því miður að gera.

Hér hefur verið vikið að því hvernig algjört stefnuleysi ríkir í sjávarútvegsmálum hjá núv. hæstv. ríkisstjórn og horfur þar vægast sagt ískyggilegar þegar ekki er samstaða um neitt í þeim málum innan ríkisstjórnarinnar. Það berast sífellt fréttir um átök og ósamkomulag og margendurteknar yfirlýsingar um frumvörp um einhver úrræði standast ekki því engin frumvörp koma fram sem taka á vandanum.

Hv. 2. þm. Austurl. vék í sinni ræðu að því hvernig hv. fjárln. afgreiddi álit hv. landbn. á sínum þætti fjárlagafrv. Það var ekki aðeins að ekkert tillit væri tekið til þeirra ábendinga sem þar voru settar fram heldur var farið í öfuga átt. Það mátti heyra hér undir umræðunni á hv. formanni landbn. að hann ætlaði að knýja þar fram einhverja breytingu og vonandi verður honum ágengt að þoka einhverju til betri vegar, en það er óhætt að fullyrða að það verður aðeins dropi í hafið á móti þeim gífurlega samdrætti sem þar hefur orðið.

Margir fagna þeim samdrætti og segja að þarna sjáist árangur af stefnu ríkisstjórnar í aðhaldi og sparnaði. En það hefur ekki fengist lagt mat á það hversu dýrkeyptur þjóðinni þessi samdráttur er. Það hefur verið margítrekað og gengið eftir við hæstv. forsrh. að Þjóðhagsstofnun gerði ítarlega úttekt á afleiðingunum samdráttar í landbúnaði nú síðustu tvö árin. Það hefur ekki enn þá fengist gert og vonandi fer að fækka vikunum sem líða þangað til niðurstaðan kemur af því, en lítið þýðir að beina spurningum til hæstv. ríkisstjórnar því hún er gjörsamlega gufuð upp og líka meiri hluti fjárln. (**ÓÞÞ:** Komin á fylliríi.) Þannig að ekki virðist vera mikill áhugi á þessum málefnum þjóðarinnar hjá hæstv. ríkisstjórn. Enda er það athyglisvert að á sama tíma og þessi vandi blasir við í landbúnaðinum, í afkomu þar, og allir eru sammála um að sé geigvænlegur hjá sauðfjárbændum, þá kemur ekkert frá hæstv. landbrh. annað en tillögur um nýjar álögur og nýja skatta, sérstaklega á þessa atvinnugrein. Og ef hæstv. ráðherra er spurður um hvenær komi eitthvað annað frá honum, þá er svarið að það sé enn ekki samstaða í ríkisstjórninni um neitt.

Það er því ekki nóg sem hv. 3. þm. Suðurl., Árni Johnsen, sagði áðan, að við hefðum mikla möguleika. Við eigum vatn og við eigum orku og við eigum land fyrir ferðaþjónustu. Hvernig er stefna ríkisstjórnarinnar í sambandi við ferðaþjónustu? Í hólf okkar þingmanna var að koma fréttabréf frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda og þar er á forsíðu „Vaskur á villigötum". Nú vitum við það að vaskur, virðisaukaskatturinn, er ekki lifandi vera, hann er tæki ríkisstjórnarinnar. Þannig að hér er á kurteislegan hátt sagt: Ríkisstjórn á villigötum, og þar er vikið að þeirri nýju skattlagningu sem lögð er á þessa atvinnugrein sem margir hafa þó viljað vona að gæti verið vaxtarbroddur í okkar þjóðfélagi.

Því miður er það svo að það er ekki aðeins að hæstv. ríkisstjórn lendi á villigötum heldur leiðir hún þjóðina líka í ógöngur með sínum villum. Það eru þessar ógöngur sem eru að birtast í þessu fjárlagafrv. og hér hefur verið drepið á í umræðum. Það eru gjaldþrot fyrirtækjanna og heimilanna, það er atvinnuleysið, það er halli á ríkissjóði. Við þingmenn stjórnarandstöðunnar teljum það skyldu okkar að gera það sem í okkar valdi stendur til að vekja athygli á þessari eyðimerkurgöngu sem hæstv. ríkisstjórn virðist stefna í. Og þó að hæstv. ríkisstjórn telji að þetta fjárlagafrv. sé svo ómerkilegt að ekki taki því fyrir hæstv. ráðherra að vera viðstadda umræður um það, þá er það því miður örlagaríkt fyrir þjóðina og þess vegna alveg ótrúleg lítilsvirðing. — Hér kemur þó einn hæstv. ráðherra, hæstv. umhvrh. og býð ég hann velkominn í salinn, þó að ég sé að ljúka máli mínu.

Ég sagði að það væri skylda okkar að vekja athygli á þeim vítahring sem við erum komin í og birtist m.a. í fjárlagagerðinni. Með samdráttarstefnu í atvinnulífinu, þar sem ekki hefur farið fram hjá neinum hinn gíf-

urlegi áhugi fyrir að flytja inn okkar neysluvörur í staðinn fyrir að framleiða þær hér, þá hlýtur auðvitað að draga úr okkar framleiðslu, okkar verðmætasköpun. Það þýðir minni atvinnu, minni umsvif, minni tekjur fyrir ríkissjóð og síðan kemur atvinnuleysið sem, eins og hér hefur komið fram, mun kosta ríkissjóð beint og óbeint í útgjöldum og minni tekjum um 20 milljarða á valdatíma þessarar ríkisstjórnar, það sem af er. En þrátt fyrir það, þó að staðan sé svona, þá verðum við að hvetja þjóðina til að leggja ekki árar í bát heldur reyna að hrinda af sér þessu þungbæra oki.

[23:15]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Nú gerast þau undur og stórmerki að hv. 1. þm. Vesturl. gengur í salinn og er nokkuð vel á sig kominn. Í ljósi þeirrar staðreyndar vil ég beina þeim tilmælum til hæstv. forseta hvort svo sé ástatt með hv. formann fjárln. að hann treysti sér til að ganga í þingsalinn. Það væri mér mikill heiður ef hæstv. forseti kæmi þeim boðum á framfæri því það er nú einu sinni svo að slíkt var flugið í upphafi hans ræðu, þegar hann talaði fyrir þessum brtt., að ég vissi ekki í fyrstu hvort það væri alheimsstjórn sem væri tekin við í salnum, en áttaði mig þó á því að í þeim málflutningi var ekkert minnst á Sómalíu og fannst mér það undarlegt miðað við þá staði alla aðra sem komið var við á.

Það er nefnilega dálítið merkilegt að þegar ríkisstjórn Íslands leggur fram frv. til fjárlaga með 10 milljarða halla, þá treystir hún því að íslenska þjóðin greini það ekki hvaða tölu er verið að tala um. Að íslenska þjóðin átti sig ekki á því hvað 10 milljarðar eru mikið. Það hefur að vísu komið í ljós að þó Íslendingar séu vel læsir, eins og kom fram í könnuninni með börn í barnaskóla, að þá skortir á að einu leyti og það er að íslensk ungmenni læri að lesa úr tölum og línuritum. Og það er einmitt þegar verið er að birta slíkar tölur, eins og 10 milljarða, sem máli skiptir hvort menn skynja línurit eða ekki.

Það stendur til að bora göng undir Hvalfjörð. Sumir eru sannfærðir um að það sé besta lausnin. Og þau göng koma ekki inn í íslensk fjárlög. Fyrirtæki í eigu ríkisins hafa ákveðið að leita eftir því að þau göng verði skrifuð hjá þeim. Grundartangaverksmiðjan og Sementsverksmiðjan eru þar inni og íslenska ríkið var fyrir stuttu síðan að leggja 200 millj. hlutafé í Grundartangaverksmiðjuna. Ég taldi það sýna jákvætt viðhorf hjá íslenska ríkinu til þessarar verksmiðju og atvinnulífsins í landinu. En þessi ríkisstjórn hefur ákveðið að láta skrifa hjá sér þrenn Hvalfjarðargöng og hún er búin að láta skrifa hjá sér átta Hvalfjarðargöng þann tíma sem hún hefur stjórnað. Á tveimur árum, átta Hvalfjarðargöng. Hvalfjörður er eins og gatasigti eftir núverandi ríkisstjórn ef skuldir hennar eru skoðaðar. Þó huga þeir líka að smámununum því að í fjárlagafrv. núna er gert ráð fyrir smáfjárveitingu í brtt. til að taka á móti ísbirninum þegar umhvrh. sendir hann vestur. Náttúrugripasafn fyrir Vestfirði, móttökunefnd til að taka á móti ísbirninum, smáfjárveiting í brtt.

Ég verð að segja eins og er að sú ríkisstjórn sem kinokar sér ekki við að leggja til 10 milljarða fjárveitingu, er annaðhvort orðin tilfinningalega sljó, skilningslega sljó, eða þá að ósvífnin er slík að undrun sætir.

Nú er það svo að í núv. ríkisstjórn eiga sæti samtals fjórir fjmrh., hvorki meira né minna. Þar skal fyrstan frægan telja núv. iðnrh. og viðskrh. Þar skal frægan telja núv. sjútvrh. og dómsmrh. og þar skal frægan telja núv. utanrrh. og að síðustu þann sem situr í stólnum, hæstv. fjmrh. Því það er nefnilega tímabært að þau verði notuð, orðin sem Churchill notaði forðum: „Tómur leigubíll kom niður að þinghúsinu og út úr honum steig Attlee." Það er nefnilega enginn munur á því hvort hæstv. fjmrh. situr í stólnum eða ekki. Það dugði þessari þjóð lengi vel að hafa einn fjmrh. í ríkisstjórn, sá hét Eysteinn Jónsson, og passaði upp á það að þjóðin eyddi ekki um efni fram. Skuldum ríkisins yrði ekki safnað fyrir næstu kynslóð að greiða. Þeir eru fjórir núna og hver er stefnan?

Ég vil, með leyfi forseta, víkja að þeim ræðum sem þessir menn hafa flutt. Ég ætla að hlífa einum. Ég ætla að hlífa hæstv. viðskrh. við því að lesa upp úr hans ræðu á þeim tíma þegar hann var fjmrh., enda vita allir að þessa stundina er hann að leita að voldugum öflum í þjóðfélaginu. Hann er í gervi Sherlock Holmes að leita að voldugum öflum í þjóðfélaginu, öflunum sem ekki taka mark á því þegar hann skammar þau, öflunum sem ekki taka mark á því þegar handleiðslu er beitt, öflunum sem virðist ekki einu sinni duga handayfirlagning til þess að þau fari að vilja hæstv. viðskrh. Undir slíkum kringumstæðum er ekki skrýtið þó hæstv. umhvrh. fái sér sæti í stól frammi í sal og hætti ekki á það að vera í ráðherrastól, e.t.v. dytti hæstv. viðskrh. í hug að halda að völdin lægju þar.

Hæstv. núv. sjútvrh.- og dómsmrh. talaði fyrir fjárlögum og ætla ég að lesa hér upp örlítinn kafla úr þeirri ræðu sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjárlög eru ein veigamesta undirstaða í efnahagsstjórn ríkisins. Niðurstöðutölur þeirra í heild og einstökum atriðum hafa ómæld áhrif á allt gangverk þjóðlífsins. Þau snúa sér ekki einvörðungu að efnahagsstarfsemi í þröngri merkingu þess orðs. Fjárlög ríkisins eru með beinum og óbeinum hætti hluti af heimilishaldi hverrar einustu fjölskyldu í landinu og hvers einstaklings. Í þeim er fólgin engu minni fjölskyldupólitík en efnahagspólitík, ef menn vilja greina viðfangsefnið þannig sundur. Afgreiðsla fjárlaga á Alþingi markar því hverju sinni ákveðin þáttaskil. Fjárlög eru allt í senn, spegilmynd af efnahagslegum aðstæðum, ákvörðunum fyrri þinga og pólitík þeirrar ríkisstjórnar er í hlut á. Þannig eru fjárlögin mikilvægur áttaviti." — Takið eftir, fjárlögin eru mikilvægur áttaviti segir hæstv. sjútvrh.- og dómsmrh. — „Fólkið í landinu, atvinnufyrirtækin eiga að geta ráðið nokkuð af þeim hvert stefnir, tekið ákvarðanir um eigin fjárhagsmálefni með tilliti til þess. Nauðsynlegt er að slíkur áttaviti taki rétt mið af umhverfi öllu og aðstæðum."

Hvert skyldi núverandi áttaviti benda örinni? Norður og niður, hæstv. umhvrh.

Ég ætla að taka hér næstu fjármálaræðu sem hæstv. sjútvrh.- og dómsmrh. flutti. Ég vona að ég sé ekki vændur um það að velja óhagstæða kafla úr þeim ræðum sem ég er hér að vitna í. Ég hef reynt samviskusamlega að finna það gáfulegasta í þessum texta.

Herra forseti. Þessi fjárlagaræða var við fjárlögin 1987 og vil ég lesa hér örstuttan kafla, með leyfi forseta:

„Ég hef kosið að draga fram í þessari ræðu þau atriði og þær meginlínur sem mestu máli skipta í ríkisbúskapnum og huganlega er pólitískur ágreiningur um. Fjárlög eru ekki ein saman talnabálkur, þau eru miklu fremur umgjörð mannlífs og menningar í landinu, en umfram allt eru þau hluti af þjóðarbúskapnum og hafa að því leyti mikil áhrif á framvindu efnahagsmála. Það mikilvægasta við fjárlagafrv. er þetta. Það skilar okkur verulega áleiðis að hallalausum ríkisrekstri, þótt því marki verði ekki náð á næsta ári."

Á næsta ári. Hvenær er þetta sagt? 1987. Skyldi nú næsta ár vera komið, herra forseti? Skyldi næsta ár á eftir vera komið eða hvenær kemur næsta ár? Er það kannski með næsta ár eins og morgundaginn? Hann kemur aldrei vegna þess að þegar sá dagur kemur, þá er það líka dagurinn í dag. Er það þannig sem hæstv. ráðherra hugsaði þetta næsta ár?

Með leyfi forseta, vil ég halda áfram lestrinum:

„Það tryggir jafnframt heldur minni þátt hins opinbera í þjóðarbúskapnum og veitir öðrum þar með meira svigrúm. Jafnframt markar það þau mikilsverðu þáttaskil að opinberir aðilar eru nú í fyrsta skipti í áraraðir að grynnka á erlendum skuldum. Þjóðhagsstofnun gerir einnig ráð fyrir að jöfnuður eða því sem næst geti náðst í viðskiptum við önnur lönd á næsta ári. Með minnkandi halla er þannig stefnt að áframhaldandi jafnvægi í efnahagsmálum.

Þetta frv. er ekki dæmigert fyrir fjárlagafrumvörp sem lögð eru fram á síðasta vetri fyrir kosningar. Í því eru engin ábyrgðarlaus yfirboð, hvorki útgjalda- né teknamegin. Ég ætla að láta stjórnarandstöðunni eftir að mæla fyrir ábyrgðarleysi sínu. Það er létt verk en ekki að sama skapi merkilegt að æsa upp nýjar útgjaldakröfur og kalla á skattalækkanir sem ekki er möguleiki á að hrinda í framkvæmd við núverandi aðstæður. En stjórnmálamenn og ríkisstjórnir verða á endanum dæmdar af verkum sínum. Þessi ríkisstjórn hefur á ferli sínum gætt aðhalds, án þess að reiða öxina til höggs og þetta frv. endurspeglar þau sjónarmið."

Það eru tvö atriði í þessum texta sem rétt er að höggva eftir. Annað er það að hæstv. sjútvrh.- og dómsmrh. gerir ráð fyrir því að á kosningaári megi eiga von á ábyrgðarlausum fjárlögum, það sé reglan. Samkvæmt þessu getur íslenska þjóðin ekki vænst þess að fjárlög næsta árs verði með meiri ábyrgð en þau fjárlög sem nú eru. Það er sá kaldi veruleiki sem blasir við að í vor eru sveitarstjórnarkosningar. Er það þess vegna sem hallinn er boðaður svo hrikalegur sem hann er? Er verið að segja að íslenskir stjórnmálamenn séu svo huglausir að þeir þori ekki að gera það sem þeir vita að er rétt þegar fer að nálgast kosningar.

En það kemur fram í þessari ræðu, sem allir vita, að minnkandi halli ríkisútgjaldanna er nauðsyn. En hafi hún verið nauðsyn 1987, hver er þá nauðsynin nú miðað við þá siglingu sem verið hefur?

Herra forseti. Ég ætla að yfirgefa tímabil hæstv. núv. dómsmrh. sem fjmrh. Hann náði aldrei að gera drauma sína að veruleika. Hann náði því aldrei sem hann ætlaði sér og boðaði.

En víkjum að næsta. Það var hæstv. utanrrh. sem tók við, Jón Baldvin Hannibalsson. Og það verður að segjast eins og er að ég efa að öllu þykkari fjárlagaræða finnist í þingtíðindunum. Hér hefur ekki skort orðagnótt til að tala fyrir þeim texta sem átti að gera að lögum. Ég ætla að hlífa þingi og þjóð við því að lesa upp nema það sem mér sýnast vera sérstakir kjarnakaflar í þeim texta sem ég hef hér fyrir framan mig.

Herra forseti. Þessi texti er úr umræðum um fjárlög 1988:

„Að ná jafnvægi í ríkisbúskapnum á næstu þremur árum en vegna vaxandi útgjaldaþenslu seinustu mánuði er nauðsynlegt að herða tökin og stíga þetta skref til fulls þegar á næsta ári eins og boðað er. Að ljúka heildarendurskoðun á tekjuöflunarkerfi ríkisins fyrir mitt kjörtímabil þannig að skattkerfið verði einfaldara, réttlátara og skilvirkara."

Hér var ekkert hik. Hlutirnir skyldu framkvæmdir. Þrjú ár, hvaða ár skyldi það nú vera sem hann taldi í síðasta sinn að ætti að vera hallalaus fjárlög sem hæstv. ráðherra kæmi nálægt? Er það ekki 1991? Það virðist hafa tognað úr því ári allharkalega. Hæstv. ráðherra virðist hafa farið yfir áramót tvisvar án þess að átta sig. Það hefur aldeilis verið glaumur og gleði ef það getur gerst án þess að menn fylgist með því að nýtt ár byrji. En það er fleira í þessari gagnmerku ræðu og þó eru hinar blaðsíðurnar miklu fleiri, herra forseti, sem ég tel ástæðulaust að hér séu lesnar upp. Hér segir, með leyfi forseta:

„Næstu skref í endurskoðun laga um tekjuskatt og eignarskatt eru annars vegar lagaákvæði um eignartekjur og hins vegar ákvæði um skattlagningu fyrirtækja. Unnið er að undirbúningi í báðum þessum málaflokkum, en nokkuð er enn í land að tillögur liggi fyrir. Eignatekjur einstaklinga eru samkvæmt núgildandi lögum að verulegu leyti undanþegnar tekjuskatti. Tekur það til vaxta, affalla og gengishagnaðar af innstæðum í bönkum og sambærilegum stofnunum, svo og af verðbréfum, víxlum og sambærilegum kröfum. Einnig er arður af hlutabréfum skattfrjáls hjá móttakanda að ákveðnu marki auk þess sem arðgreiðslan er frádráttarbær hjá fyrirtækinu einnig að vissu marki. Enn fremur eru kaup á hlutabréfum að tiltekinni fjárhæð frádráttarbær frá skattskyldum tekjum. Þessar reglur íslenskra skattalaga eru mjög verulega frábrugðnar þeim sem almennt eru ríkjandi hjá grannþjóðum okkar. Aðrar tekjur sem eru í eðli sínu eignatekjur að fullu eða að hluta til eru hins vegar skattlagðar að fullu, svo sem leigutekjur, ýmsar arðgreiðslur, söluhagnaður o.fl. Endurskoðun á skattlagningu eignatekna mun óhjákvæmilega snerta mjög skattlagingu eigna, skattlagningu fyr-

irtækja og skattlagningu einstaklinga með rekstur. Meginsjónarmið við umfjöllun eignatekna er að meðhöndla allar tekjur eins án tillits til þess hvaðan þær koma. Slík sjónarmið stangast hins vegar á við sjónarmið þeirra sem vilja nota þennan þátt skattanna til þess að þjóna öðrum markmiðum en tekjuöflun, svo sem að hvetja til sparnaðar eða örva eignamyndun í einu formi fremur en öðru. Þessi sjónarmið þarf að vega og meta, bæði með tilliti til þess hvort skattkerfið hafi í þessu efni raunveruleg áhrif þegar litið er til langs tíma og með tilliti til þess hvort þau áhrif eru þess virði sem þau kosta, bæði í sköttum sem taka þarf þá með öðrum hætti og með flóknara skattkerfi þar sem hætta á skattaívilnunum er meiri en ella væri. Verði farið út í almenna skattlagningu eignatekna að hætti flestra grannþjóða okkar verður ekki undan því vikist að koma á upplýsingamiðlun frá bönkum og öðrum fjármálastofnunum, svo og öllum sem versla með hvers lags verðbréf og fasteignir til skattyfirvalda og mætti þar gjarnan fara að bandarískum hætti. Án slíkra upplýsinga yrði öll skattheimta af þessu tagi óörugg og eftirlit óframkvæmanlegt.

Ákvæði skattalaga um fyrirtæki eru í endurskoðun. Um þau gilda að mörgu leyti sömu meginsjónarmið og um skattlagningu einstaklinga, þ.e. að undanþáguákvæði, sérreglur og misræmi veldur erfiðleikum í framkvæmd og takmarkar möguleika til virks eftirlits. Auk þess sem skattaákvæði um fyrirtæki í heild er í endurskoðun eru tiltekin atriði í sérstakri athugun, m.a. með tilliti til þess hvort rétt sé eða e.t.v. nauðsynlegt að gera á þeim breytingar áður en að hinni almennu endurskoðun kemur. Að hluta til er um að ræða atriði sem tengjast þeirri breytingu sem gerð hefur verið á skattlagningu einstaklinga en önnur eru þess eðlis að ekki er í sjálfu sér þörf á að bíða heildarendurskoðunar.

Eitt þeirra atriða sem snerta skattlagningu einstaklinga er skatthlutfall fyrirtækja. Jaðarskattur fyrirtækja er nú 51%. Mismunur á því hlutfalli og því sem einstaklingur greiðir af jaðartekjum sínum er orðinn of mikill og getur leitt til tekjutilfærslna sem byggjast eingöngu á skattalegum forsendum. Til athugunar er að lækka hlutfall þetta jafnframt því að felld yrðu niður skattfríðindi framlaga í varasjóð og fjárfestingarsjóð og útborgun arðs.

Af öðrum atriðum sem eru í sérstakri athugun má nefna afskriftareglur og flýtifyrningar, tap á útistandandi viðskiptaskuldum og mat á vörubirgðum. Enn fremur einkaneysla og fríðindi eigenda og starfsmanna sem látin eru í té á kostnað fyrirtækja, draga úr skattgreiðslum þessum og eru ekki talin njótendum til tekna. Stefnt er að því að hluti þessara breytinga geti tekið gildi á næsta ári og jafnframt verði þá ekki séð til þess að þær auknu tekjur af sköttum fyrirtækja sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir skili sér.

Ónefnt er eitt mál tengt skattareglum fyrirtækja þar sem eru fjármunaleigur. Sýnt þykir að uppgangur slíkra fyrirtækja á síðustu mánuðum stafi a.m.k. að hluta til af því að þjónusta þeirra er boðin og seld á þeim forsendum að notandinn hafi af því verulegt skattahagræði hvort sem það hagræði er til lengdar og aðeins í bráð, þ.e. skattfrestun. Er óeðlilegt að skattfríðindi séu notuð sem söluvara og þessu formi fjárfestingar gert hærra undir höfði en öðru. Hins vegar á ekkert heldur að mismuna gegn þeim."

Það vantar ekki að hér brenna hugsjónaeldar jafnaðarmennskunnar á fullu. En hverjar eru efndirnar? Hverjar eru efndirnar á þessum yfirlýsingum sem hér eru settar fram? Hafa menn orðið varir við að þetta væri framkvæmt? (**Gripið fram í:** Brunarústirnar, maður.) Það eru brunnar rústir, hugsjónirnar hafa verið settar í ruslafötuna en hæstv. ráðherrann situr í stólnum.

Með leyfi forseta vil ég halda hér áfram lestrinum: „Söluskatturinn er nú 25%. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að freistingin til undandráttar frá þessum skatti sem er svo hár er allnokkur og er rétt að rifja upp að smá voru skrefin í fyrstu þegar menn lögðu á viðreisnarárum á 3% söluskatt. Við þetta bættist að undanþágur frá skattinum eru svo fjölskrúðugar að eftirlit með innheimtu og jafnvel álagningu þessa skatts er illframkvæmanleg. Undaþágur frá sköttum eiga vafalaust flestar rétt á sér þegar þröngt er skoðað hver einstök fyrir sig. Það er hins vegar mannlegt að leita að smugum í skattkerfinu. Undanþágufarganið og smugurnar verða um síðir svo margar og flóknar að brestir myndast í skattkerfinu í heild. Þannig er fyrir löngu komið fyrir söluskattskerfinu. Við þetta bætist að vegna uppsöfnunaráhrifa söluskatts er kerfið orðið dragbítur á framþróun og verkaskiptingu í atvinnulífi og á viðskipti milli landa og samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs. Brestir núverandi söluskattskerfis eru svo alvarlegir og ágallarnir svo augljósir og svo miklir að ekki er um annað að ræða en byggja upp nýtt kerfi og taka upp virðisaukaskatt.

Virðisaukaskattur hefur á síðustu árum og áratugum verið tekinn upp í flestum löndum Vestur-Evrópu. Kostir þessa skattkerfis eru einkum þeir að skatturinn er hlutlaus gagnvart atvinnurekstri og neysluvali. Hann hvorki ívilnar eða íþyngir einstökum aðilum. Frv. til laga um virðisaukaskatt hefur þrívegis verið lagt fyrir Alþingi en ekki náð fram að ganga. Efnisleg umfjöllun um málið hefur hins vegar verið lítil á stundum, m.a. á seinasta þingi þegar frv. þessa efnis var lagt seinast fyrir. Þá sættu umfang og eðli hliðarráðstafana verulegri gagnrýni sem og skatthlutfallið sem þá var ráðgert 24%. Við undirbúning málsins er nú byggt á fyrra frv. en miðað við að skatthlutfallið verði mun lægra eða á bilinu 21–22% og verði 0,5–1% lægri en skatthlutfall í söluskatti. Upptaka virðisaukaskatts markar þriðja og síðasta skrefið í umskipan söluskattskerfisins samkvæmt verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar."

Það fer ekki á milli mála að hæstv. ráðherra hafa verið ljósir gallarnir á söluskattskerfinu og þeim ótal smugum sem þar voru. En hvað er hæstv. ríkisstjórn að gera? Er hún að loka smugunum í virðisaukaskattskerfinu eða er hún að opna þær? Hvort er hæstv. ríkisstjórn að gera? Eru hugsjónirnar settar í ruslafötur nar, það sem hæstv. ráðherra taldi rétt? Er það sett í ruslafötuna en það framkvæmt sem þarf að fram-

kvæma til að mega sitja í stólnum? Er það staða málsins? Það er svo sannarlega staða málsins. Kaupgjald gæfunnar virðist vera það að allt það sem hæstv. ráðherra hefur sagt varðandi skattamál og ríkisfjármál hefur verið sett í ruslafötuna til þess að ráðherra mætti sitja í stólnum. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hér örlítið áfram:

„En ríkisstjórnin væntir þess að öðru leyti að gott samstarf megi takast við aðila vinnumarkaðarins um undirbúning þessara ráðstafana. Í þessu sambandi kemur auðvitað sérstaklega til athugunar lækkun skatta í staðgreiðslukerfi" — lækkun skatta í staðgreiðslukerfi, taki menn eftir, „hækkun barnabóta og barnabótaauka sem eru tekjutengdar og persónuafsláttur af. Með staðgreiðslukerfinu opnast nýir möguleikar til tilfærslna til þeirra sem við rýrust kjör búa. Tekjutilfærslur um kerfi óbeinna skatta til tekjulágra þjóðfélagshópa munu alltaf missa marks að stórum hluta. Miklu vænlegra er að *slíkar tilfærslur fari fram um tekjuskattskerfið* eða fjölskyldubætur."

Hafa menn orðið varir við það að tekjuskatturinn á einstakingunum væri lækkaður í landinu? Hafa menn orðið varir við það að þetta væri framkvæmt? Hvert einasta atriði í þessum hugsjónum sem hér koma fram hefur verið sett í ruslafötuna til þess að mega sitja í stólnum.

Herra forseti. Ég á stutt eftir ólesið upp úr þessari ræðu. En lokaorðin mættu vera ærið umhugsunarefni. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Íslenska þjóðin á mikið undir því komið að sú grundvallarstefna sem boðuð er með þessu fjárlagafrv. um aðhaldssemi í ríkisfjármálum, um jöfnuð í ríkisrekstri nái fram að ganga. Ég vænti þess að ríkisstjórnin og þeir þingflokkar sem að baki henni standa sem og alþingismenn allir reynist reiðubúnir að axla þá ábyrgð sem á þeim hvílir. Menn verða að hafa pólitískt þrek til að vera sjálfum sér samkvæmir", takið eftir, þetta er vel orðað hjá hæstv. utanrrh., „menn verða að hafa pólitískt þrek til að vera sjálfum sér samkvæmir." (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) Þessi orð féllu þegar hæstv. utanrrh. var fjmrh. þessarar þjóðar.

Herra forseti. Ég held áfram lestrinum.

„Það stoðar ekki að gjalda jáyrði við nauðsyn aðhaldsaðgerða en setja síðan ótal fyrirvara og flytja endalausar tillögur um hundruð millj. kr. aukaútgjöld sem ekki verða fjármögnuð nema með auknum erlendum lánum. Hér duga engir fyrirvarar, enginn undansláttur eða pólitískt kjarkleysi. Það dugar ekki að gagnrýna nauðsynlega tekjuöflun en flytja á sama tíma tillögur um stóraukin útgjöld. Lykilorðin eiga að vera ráðdeild og aðhaldssemi hvar sem því verður við komið án þess að reiða öxina að rótum trésins sem er það velferðarríki fólksins sem við viljum festa í sessi í okkar landi."

Enn brennur hugsjónaeldur. En hvert fór þetta allt, hvert einasta atriði þessarar ræðu, þessarar stefnumörkunar, þessarar sannfæringar um hvað ætti að gera? Það fór í ruslafötuna til þess að mega sitja í ráðherrastólnum.

Hæstv. núv. fjmrh. flutti fjárlagaræðu við fjárlög 1992. Með leyfi forseta vil ég lesa hér örstutta kafla úr þeirri ræðu. Ráðherrann hefur gagnrýnt að nokkru fyrirtækin þegar hann kemur að þessu:

„En það er ekki hægt að skella skuldinni alfarið á atvinnulífið. Kannski skiptir mestu máli að stjórnvöld hafi ekki brugðist rétt við. Stjórnvöld hefðu fyrst og síðast átt að grípa til almennra aðgerða til að tryggja stöðugleika, litla verðbólgu, lága vexti og yfir höfuð svipuð rekstrarskilyrði og í öðrum löndum. Það er ekki gert, þvert á móti. Í stað þess að halda aftur af útgjöldum ríkisins og skapa atvinnulífinu þannig aukið athafnafrelsi gerist hið gagnstæða. Ríkisbáknið þandist út sem aldrei fyrr. Aukin útgjöld kölluðu á meiri og meiri skattahækkanir og þegar það dugði ekki til var gripið til þess ráðs að slá lán jafnt innan lands sem utan. Afleiðingin birtist í óðaverðbólgu og óheyrilega háum vöxtum. Samt tókst ekki að ná endum saman í ríkisrekstrinum."

Hérna fullyrðir hæstv. ráðherra að það sé verkefni stjórnvalda að tryggja lága vexti. Það er athyglisvert. Það er eins og maður hafi heyrt það síðan að það sé markaðurinn sem eigi að ráða og markaðurinn er ekki stjórnvöld. Annaðhvort hefur hæstv. ráðherra fipast í framsögninni eða hann hefur trúað því þá að það væru stjórnvöld sem réðu vöxtunum ef þau vildu ráða vöxtunum.

Herra forseti. Þá held ég áfram lestrinum. Nokkru síðar: „Við verðum að hleypa nýju lífi í íslenskt efnahagslíf til að geta staðið straum af kostnaðinum við þá samfélagsþjónustu sem við viljum veita og njóta. Þetta kallar á róttækar breytingar í hagstjórn. Gömlu úrræðin duga ekki lengur. Skattar á Íslandi eru of háir. Vextir á Íslandi eru of háir. Við verðum að lækka skatta og við verðum að lækka vexti. En slíkt gerist ekki með tilskipunum stjórnvalda eða yfirlýsingum á tyllidögum." — Merkilegt er það með jafn vel lesinn mann eins og hæstv. viðskrh. ef hann hefur ekki lesið þennan texta áður en hann fór að burðast við að skipa lífeyrissjóðunum fyrir. Hér stendur að tilskipanir dugi ekki. — „Eina leiðin til þess er að draga úr umsvifum ríkisins og stöðva hallarekstur og lántökur opinberra stofnana og sjóða. Við vitum það öll að hér á landi eru til stjórnmálaflokkar sem eru tilbúnir til að hækka skattana upp úr öllu valdi til viðbótar við það sem þeir hafa gert á undanförnum árum og fara ekki dult með þá skoðun sína. En ríkisstjórnin hæstv. hefur kosið að fara aðrar leiðir. Hún hafnar skattahækkunarleiðinni.

Mér hefur orðið nokkuð tíðrætt um þau vandamál sem við blasa í efnahagslífi okkar Íslendinga. Þetta er ekki að ástæðulausu, því það er forsenda þess að við getum unnið okkur út úr erfiðleikunum að við gerum okkur glögga grein fyrir ástandinu, hvar við stöndum og hvert okkur ber að stefna.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um þær leiðir sem ríkisstjórnin hæstv. telur færar út úr ógöngunum. Í örstuttu máli má segja að meginmarkmið efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar séu:

að draga úr ríkisumsvifum,
að tryggja lága verðbólgu og stöðugt gengi,
að stuðla að frjálsum viðskiptum milli landa,

að tryggja atvinnu og aukinn kaupmátt þegar til lengri tíma er litið."

Hérna er í fyrsta lagi boðað að það eigi að koma hjólum atvinnulífsins til að snúast. Hérna er það boðað að tryggja eigi atvinnu. Hefur þetta verið framkvæmt? Það er nú öðru nær. Afturförin blasir við. Gjaldþrotastefnu, hávaxtastefnu hefur verið beitt. Fyrirtækin hafa verið þjóðnýtt í stórum stíl í þágu opinberra sjóða og banka og þeir eru hættir að tala um að tryggja atvinnu. Það er algerlega búið að leggja það markmið á hilluna eins og kemur fram síðar þegar farið er yfir ræður hæstv. ráðherra.

Rétt er að minnast á það líka. Hæstv. ráðherra talar um að það eigi ekki að hækka skattana. En hafi nokkur ráðherra hækkað tekjuskattinn á Íslandi þannig að undan sviður er það núv. hæstv. ráðherra. Hækkanir skattanna blasa við en árangurinn er enginn. Með leyfi forseta vil ég halda áfram lestrinum:

„Samhliða fyrstu aðgerðum til að draga úr hallanum á ríkissjóði verður að halda áfram umbótum á sviði skattamála. Fram undan eru ýmis mikilvæg verkefni, bæði að því er varðar álagningu skatta og framkvæmdir. Mig langar að nefna það helsta sem er á döfinni en vísa að öðru leyti til athugasemda fjárlagafrv. og starfsáætlunar hæstv. ríkisstjórnar um frekari umfjöllun.

Hæstv. ríkisstjórn ætlar á næstu tveimur árum að ná jafnvægi í ríkisfjármálum án þess að hækka skatta." — Á tveimur árum ætlar hún að ná jafnvægi þegar þetta er sagt. Það er merkilegur hlutur. Það er búið að gjörbreyta stefnunni í dag. — „Lokatakmarkið á sviði skattamála er að létta skattbyrðina á fyrirtækjum sem og einstaklingum." — Hér er ekki farið dult með það að markmiðið sé að lækka skattbyrði einstaklinganna. — „Jafnframt er réttlætismál að draga úr því misræmi sem fyrirfinnst í mörgum tilvikum í skattkerfinu í dag. Um einstaka skatta er það að segja að hæstv. ríkisstjórn ætlar þegar á næsta ári að spara einn milljarð króna með því að lækka endurgreiðslur og fækka undanþágum í skattkerfinu. Á öðrum sviðum er gert ráð fyrir að það taki lengri tíma að undirbúa aðgerðir, jafnvel þótt nú þegar sé hafin á vegum fjmrn. víðtæk endurskoðun á skattkerfinu.

Eitt brýnasta verkefni hæstv. ríkisstjórnar í skattamálum er að samræma skattlagningu eigna og fjármagnstekna." — Þetta er sagt við fjárlagaumræðu 1992. — „Samræmingin er liður í því að draga úr misræmi í skattkerfinu. Það er óréttlátt að skattleggja sumar tekjur á meðan aðrar eru skattfrjálsar. Þetta misræmi þarf að leiðrétta. Ég vil taka það fram að óháð því hvaða leið verður fyrir valinu er þessari samræmingu ekki ætlað að skila ríkissjóði auknum tekjum heldur tryggja sanngjarna og samræmda skattheimtu. Af öðrum skattabreytingum sem koma til athugunar á næstunni vil ég nefna eftirfarandi.

Hlutfall tekjuskatts einstaklinga og fyrirtækja þarf að lækka samhliða minni ríkisumsvifum og fækkun undanþága og endurgreiðslna." — Hafa menn orðið varir við að skattar einstaklinganna hafi verið lækkaðir eins og hér er verið að boða? (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) Þetta er úr ræðu hæstv. núv. fjmrh. sem hann flutti 1992. Þá boðaði hann lækkun tekjuskatts einstaklinganna. Með leyfi forseta held ég áfram:

„Virðisaukaskattur er hærri hér á landi en annars staðar. Hann þarf að lækka, m.a. með fækkun undanþága og hertu skatteftirliti." — Hafa menn orðið varir við það að virðisaukaskattsprósentan hafi verið lækkuð eins og hér er verið að tala um? Hæstv. ráðherra gerir í þessari ræðu grín að hinum gömlu leiðum.

„Þetta er gamalkunn leið. Við sjáum afleiðingar hennar víða í löndunum í kringum okkur þar sem skattbyrðin er orðin ógnvænleg, atvinnulífið í lamasessi og erlendar skuldir hrannast upp, hagvöxtur er enginn og atvinnuleysi vaxandi." — Hagvöxtur enginn og atvinnuleysi vaxandi, það er niðurstaðan af stefnu núv. ríkisstjórnar. Það er stefnan sem verið er að framkvæma, stefnan sem ráðherrann tekur sig til og gerir grín að. Enginn hagvöxtur, aukið atvinnuleysi.

Herra forseti. Þá er hér komið að fjárlögum 1993. Og nú er rétt að fá upp stefnuna. Það er ekki víst að kompásinn sé sá hinn sami og eins að menn fái nú að vita stefnuna. (**Gripið fram í:** Þeir kunna ekki á kompásinn.) Herra forseti. Ég hef hugsað mér að lesa hér með leyfi forseta úr ræðu núv. hæstv. fjmrh. sem hann flutti fyrir fjárlögum 1993:

„Stefna ríkisstjórnarinnar tekur mið af erfiðum aðstæðum í þjóðarbúinu og boðar uppstokkun á flestum sviðum efnahagslífs. Erfiðleikarnir gera það enn brýnna en ella að rekstrarskilyrði atvinnulífsins verði bætt. Þrátt fyrir að ekki blási byrlega í atvinnumálum okkar þessa stundina megum við ekki missa sjónar á helstu markmiðum efnahagsstefnunnar og hrekjast út í gagnslausar skammtímalausnir. Þær leysa engan vanda. Við verðum að beita almennum aðgerðum. Það eru engar töfralausnir til.

Við þurfum að beita öllum ráðum sem duga til að örva atvinnustarfsemina. Aðeins þannig getum við dregið úr atvinnuleysi." — Örva atvinnustarfsemina. Aðeins þannig er hægt að draga úr atvinnuleysinu. Það var samþykktur einn milljarður og hvert fór hann? Fór hann í skammtímalausnir eða fór hann í varanlegar aðgerðir? Hafi einhver frétt af því að hann hafi farið í varanlegar aðgerðir þá vænti ég þess að sá hinn sami komi og geri grein fyrir því svo að ég halli ekki réttu máli. Þessi milljarður fauk út í veður og vind í skammtímaaðgerðir. Að vísu er hann ekki allur fokinn en hæstv. ráðherra segir að það megi treysta því að það sem eftir er af milljarðinum fjúki líka út í veður og vind.

Með leyfi forseta koma hér nokkur atriði enn síðla í ræðunni til að undirstrika stefnuna:

„Aðgerðir okkar verða að miða að því að fá hjól atvinnulífsins til að snúast hraðar." — Sama stefna og fremst í ræðunni. — „Án þess að koma hjólum atvinnulífsins af stað er ekki hægt að auka atvinnuna í landinu." Svo boðast hér áfram: „Það er gangverkið sem knýr þjóðarskútuna áfram." — Hér talar ekki maður sem ætlar að leggja þjóðarskútunni flatri fyrir veðri og vindum. Hér talar maður sem ætlar að sigla henni. — „Við erum öll að tryggja kjör þeirra lakast settu og draga sem mest úr áföllum. Hinir sem betur mega sín

verða að leggja meira á sig í þeim boðaföllum sem yfir okkur ganga um sinn." — *Nú er ekki verið að vorkenna stóreignamönnunum í Sjálfstfl. að borga skatta.* Það er sagt beinum orðum að þeir verði að leggja meira á sig um sinn. — „Við skulum setja stefnuna á mið frjálsræðis," — kompásinn stilltur — „og opnunar í viðskiptum en þau hafa í tímans rás verið fengsælust í lífskjarasókn þjóðanna. Ef við höfum þessi þrjú atriði í huga er ég sannfærður um að okkur farnast vel í átökum við þá erfiðleika sem að okkur steðja og þjóðin hefur falið okkur að leysa."

Enn er kjarkurinn til staðar. Enn er áræðið til staðar. Enn skal skútunni siglt. Þetta er ekki karl sem er að gefast upp.

Svo kemur enn fjárlagaræða flutt á þessu hausti og það furðulega er að í byrjunarorðum er inngangur allur orðinn miklu styttri. Hér í byrjunarorðum kemur enn: „Meginboðskapur fjárlagafrv. er að draga úr hallarekstri ríkissjóðs án þess að hækka skatta."

Miðað við þann texta sem ég er búinn að lesa finnst mér skrýtið að þetta skuli enn vera í upphafi ræðunnar, atriði sem hefði fyrir löngu átt að vera búið að leysa. En svona er þetta nú samt. Með leyfi forseta vil ég lesa hér áfram. Nú er bjartsýnin nefnilega farin að bila.

„Atvinnuleysi og hallarekstur á ríkissjóði eru ekki einungis vandamál hér á landi því í flestum nágrannaríkjum er við svipaðan vanda að stríða. Þar líkt og hér á landi má rekja hallann til minnkandi hagvaxtar og skipulagsvanda í efnahagslífinu, jafnt í opinberum rekstri sem einkarekstri."

Þetta er í fyrsta skipti sem það er talað um skipulagsleysi í einkarekstrinum. Ég vil biðja menn að taka eftir því. (Gripið fram í.) Það er alveg magnað að það skuli vera komið inn í textann á sama tíma og einkavæðingin á að vera á fullu. — „Þó er óhætt að fullyrða að óvíða hefur samdráttur verið meiri en hér á landi síðustu tvö árin." Fari það nú í logandi. Árangurinn að láta hjólin snúast, setja á fulla ferð og gefa hvergi eftir. Niðurstaðan: *Hvergi verra ástand en hér.*

„Viðbrögð stjórnvalda hafa einnig verið svipuð. Hvarvetna hefur verið gripið til aðgerða til að styrkja atvinnulífið og örva hagvöxt. Skattar á fyrirtæki hafa verið lækkaðir, framlög til opinberra framkvæmda aukin tímabundið og sérstakar ráðstafanir verið gerðar til að draga úr áhrifum samdráttarins á hag hinna lægst launuðu."

Það er nú svo. Ekki er ég viss um að hinir lægst launuðu skrifi alveg undir þetta. Það er nefnilega farið að sverfa allóhugnanlega að í þessu þjóðfélagi. Það er farið að sverfa það óhugnanlega að að hæstv. fjmrh. mætti gjarnan yfirgefa Stjórnarráðið eina dagstund til þess að fá sér gönguferð og kynnast kjörum almennings í þessari borg ekki síður en annars staðar úti á landi.

Ég held að sá ráðherra sem flytur þessa ræðu sé búinn að gefast upp. Ég held að sá ráðherra sem flutti fjárlagaræðuna fyrir þetta ár sé búinn að gefast upp. (**Gripið fram í:** Hann er líka farinn.) hann sé fyrst og fremst að reyna að réttlæta það fyrir sjálfum sér og þjóðinni hvers vegna honum mistókst, hvers vegna ráðin *dugðu ekki, hvers vegna dæmið gekk ekki upp. Eitt* er víst, að hæstv. ráðherra hefur ekki tekið sig til og flutt inn í sali þingsins breytingartillögurnar við fjárlögin sem gáfaðasti maður Sjálfstfl. utan þings hefur skrifað skipulega upp í blaði sem hann hefur gefið út. Efst á baugi, heitir ritið. (Gripið fram í.) Efst á baugi, heitir ritið. (**Gripið fram í:** Hver skrifar þetta?) (**Gripið fram í:** Gáfaðasti maður Sjálfstfl.) Það er nú svo að þrátt fyrir að búið sé að breyta þingsköpunum hér á Alþingi og stjórnarskránni gegnum tíðina þá er enn sá fyrirvari á að þeir einir sem hér eru inni, ráðherrar eða þingmenn, mega flytja mál á Alþingi. Og þess geldur þessi gáfaðasti maður Sjálfstfl. utan þings. Hann getur ekki flutt þjóðinni bjargráðin í tillöguformi á Alþingi. En hann leggur það á sig að gefa út sérstakt rit því að þetta er forsíðugrein, tillögurnar um niðurskurðinn upp á 50 milljarða. Okkur duga tillögur upp á 10 ef þetta er rétt útbúið. En er það þá tilfellið að sá skoðanaágreiningur sé orðinn uppi á milli hæstv. núv. fjmrh. og hins lærða manns við Háskóla Íslands sem þáv. menntmrh. skipaði án kennsluskyldu að það sé ekki hægt að nota neitt af hugmyndunum? Þó er það nú svo að íslenska þjóðin lifði þokkalegu lífi þegar sumar þær stofnanir sem hér er þó ekki lagt til að skera niður nema af hálfu voru bara ekki til í þessu landi. Samt er það svo að hæstv. fjmrh. telur að heiminn og jörð séu í hættu ef eitthvað af tillögunum verði teknar og notaðar. Slíkur er nú skoðanaágreiningurinn á milli mannsins sem boðaði frjálshyggjuna svo grimmt að jafnvel amman var verðlögð, sett á markaðinn og metin. (Gripið fram í.) Nú brestur mig stórkostlega þekkingu til að vita hver hún var.

Hæstv. fjmrh. kemur með eina afsökun. Hann ber það á aðila vinnumarkaðarins að þeir hafi beygt ríkisstjórnina og það skaði fjárlögin um 5 milljarða. Þrátt fyrir það að Sjálfstfl. sé í samstarfi við Alþfl. undir forustu núv. utanrrh. sem sagði sem fjmrh. á sínum tíma að pólitískt hugleysi ætti ekki við. Engu að síður er það nú svo að gamall maður, formaður Alþýðusambands Íslands, ásamt framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins liggja undir þeim áburði að hafa beygt núv. ríkisstjórn og skaðað fjárlögin um 5 milljarða. Er nú sanngjarnt að hlaupa frá og segja: Þeir eyðilögðu þetta? Ábyrgðin á fjárlögunum getur aldrei verið annarra en þeirra sem sitja í þessum sal og greiða hér atkvæði. Það þýðir ekkert að bera það á nokkurn annan mann að hann beri ábyrgðina. En ég ætla, með leyfi forseta, að vekja athygli á því að það var felldur dómur í Félagsdómi sem er að vissu leyti tímamótadómur og mjög merkur dómur. Dómurinn lýsir verkfall ólöglegt vegna þess að þeir sem kröfðust verkfallsins og vildu koma því á voru í reynd að mati dómsins ekki að deila um kaup og kjör við þann sem þeir vildu fara í verkfall við. Þeir vildu fá að ráðskast með aðra hluti. Þeir vildu fá að ráðskast með það hvort íslensk áhöfn væri á erlendu leiguskipi. Og verkfallið var dæmt ólöglegt. Það er nefnilega orðið umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra Íslands og fyrir alþingismenn að gera sér grein fyrir því að lögin sem verka-

lýðshreyfingin starfar eftir og Vinnuveitendasambandið starfar eftir ætla þessum aðilum visst verksvið í þessu þjóðfélagi. Þau ætla þeim að semja um kaup og kjör sín á milli. Þau ætla þeim ekki það vald að láta þriðja aðilann greiða. Og Alþingi Íslendinga má aldrei lúta svo lágt að það líti svo á að það sé nothæf afsökun að segja: Þessir aðilar beygðu okkur til þess að hafa fjárlögin allt öðruvísi en við töldum að þau ættu að vera. Það er pólitískt hugleysi. Það er villan stóra. Það er að þora ekki að standa við sannfæringu sína í þeim slag sem hér þarf að heyja.

Herra forseti. Ég hef ekki flutt brtt. til hækkunar á þessum fjárlögum. Mér er ljóst að ef ég hefði átt um að véla hefði ég skipað mörgu með öðrum hætti. En allt eru það smærri hlutir, miklu smærri hlutir en sú stórkostlega alvara sem blasir við að tvenn síðustu fjárlög hafa skilað 25 milljarða halla. Þessi fjárlög ætla að bæta 10 milljörðum við en verði tekið mið af reynslunni þá er það sennilega nær að þau bæti 20 milljörðum við og mættu nú sumir, sem ganga sofandi um salinn, fara að vakna.

[00:20]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér stendur yfir 2. umr. um fjárlög fyrir árið 1994 og hefur staðið í allan dag frá því í morgun. Mig fýsir að vita hvort það sé virkilega meiningin að halda þessum umræðum áfram þegar hér er ekki staddur einn einasti ráðherra í salnum og þessa stundina er einn einasti fjárlaganefndarmaður hér inni. Mér finnst þetta alveg ótækt, virðulegi forseti, ég verð að segja það. (**Gripið fram í:** Þeir eru þrír.) Já, þeim fjölgar þarna, en t.d. er formaður fjárln. ekki hér og þarna birtist einn ráðherra. Mér finnst að þingmenn eigi að sýna þessari umræðu meiri virðingu en þeir gera og koma og fylgjast með umræðum, sérstakir ráðherrar. Hér var síðasti ræðumaður að beina orðum sínum til hvorki meira né minna en fjögurra fyrrv. og reyndar núv. fjmrh. og hefðu nú margir þeirra mátt hlusta á það sem hér var sagt. Þetta er auðvitað ekki hægt, virðulegi forseti, að halda svona mikilvægri umræðu áfram með þessum hætti. Þetta er bara til vansa að halda svona áfram. Og ég vil fara þess á leit að annaðhvort verði umræðum frestað eða þingmenn og ráðherrar mæti hér í salinn.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess vegna ræðu hv. 18. þm. Reykv. að hæstv. fjmrh. er húsinu og ef óskað er eftir því að hann sé hér í salnum mun forseti gera það ráðstafanir.

[00:22]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú mjög eindregið fara fram á það að hæstv. forseti svari þeim spurningum sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir bar fram áðan, þ.e. hversu lengi ætlunin er að halda þessu fundahaldi áfram. Og ég vil einnig skora á hæstv. forseta að taka til íhugunar ábendingu hennar um að fresta nú umræðu um þetta mikilvæga mál og halda henni áfram á skikkanlegum tíma á morgun. Miðað við þá mælendaskrá sem liggur fyrir má ætla að svipaður tími fari í umræður þær sem eftir eru og þær sem þegar er lokið þannig að það er útilokað í raun og veru ef umræðan hefur eðlilegan framgang að henni ljúki með skikkanlegum hætti á þessari nóttu. Og þess vegna hljótum við að leggja fram þá einlægu ósk við forsetann og forsætisnefndina að fundinum verði frestað núna. Það er komið hér inn á nýjan sólarhring, gert ráð fyrir því að hefja fundastörf í nefndum þingsins í fyrramálið, gert ráð fyrir því að hefja hér fundastörf í þinginu sjálfu kl. 10.30, ætlunin að hitta ýmsa aðila um níuleytið þar sem ýmsir þingmenn koma við sögu til þess að hitta fulltrúa Flóttamannastofnunar Sameinuðu þjóðanna og mér fyndist nú viðkunnanlegra að þeir sem mæta þar séu sæmilega útsofnir og geti verið fulltrúar þjóðar sinnar með sóma og reisn en ekki eins og druslur. Ég legg það til að annaðhvort verði fundinum hætt núna, hæstv. forseti, bara hætt eða þá að þeir sem eiga að vera hér í fyrirsvari, formaður fjárln., varaformaður fjárln. — og hann geti talað en sitji ekki í forsetastóli — og fjmrh. sitji hér inni og taki þátt í umræðunni og virði þingmenn viðlits. Það er ópolandi fyrir þingmenn að láta sýna sér dónaskap með þeim hætti sem birtist í stöðugri fjarveru ráðherra og forsvarsmanna fjárln. hér í dag.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að gert var ráð fyrir því að fundurinn yrði eitthvað lengur en til þeirrar stundar sem nú er og vissulega væri það æskilegt ef hægt væri, vegna þess að tíminn líður hratt í þessum mánuði, að geta lokið einhverju af þeim ræðum sem enn eru óflutt ar hér.

[00:25]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það er ein einföld spurning sem ég vil bæta við inn í þetta safn sem komið er frá tveimur hv. þm. og hún er: Hvað dvelur formann fjárln.? Hvar er formaður fjárln.? Hvað veldur því að formaður fjárln. sýnir þinginu þá lítilsvirðingu að vera fjarverandi þessa umræðu? Ég læt nú vera þó að hæstv. fjmrh., sem ætti ekki að koma málið ýkja mikið við svona meðan það er í höndum þingsins hérna þó að það sé ágætt að hafa hann nærstaddan en það er tilfinnanlegra að formaður fjárln. skuli ekki sjást hér klukkustundum saman og ég spyr forseta, hvað dvelur og finnst forseta það vera viðeigandi og í rauninni hægt að bjóða þingheimi það að ræða málið og sá sem fer með forræði nefndarinnar, þ.e. formaður nefndarinnar, skuli vera fjarverandi?

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram vegna þeirra fyrirspurna sem hér var beint til forseta að forseti veit ekki annað en hv. formaður fjárln. sé innan seilingar og fylgist væntanlega með umræðunni. Forseti sá sem stýrir hér fundi hafði gert ráð fyrir því að vera við þessa umræðu að sjálfsögðu en hljóp í skarðið að stýra fundi og verður væntanlega laus innan stundar til þess að geta tekið þátt í umræðunum.

[00:27]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg nú að flestum þingmönnum sé kunnugt um að gert hefur verið ráð fyrir því að ljúka þessari umræðu í einu lagi. Ég hygg að sú sameiginlega niðurstaða forseta þingsins og formanna þingflokka hafi verið kynnt í öllum þingflokkum í gær. Auðvitað hefur þessi umræða orðið lengri en flestir hafa kannski átt von á og skal ég engum getum leiða að því hver ástæðan fyrir því er. En ég heyrði ekki betur, virðulegi forseti, en hv. 9. þm. Reykv. hefði verið með ágæta tillögu um að halda fundinum áfram á þeirri forsendu að hér væru þeir viðstaddir sem þetta mál heyrir mest undir ef svo mætti segja, fjmrh., formaður fjárln. og nokkrir aðrir aðilar sem hann tiltók og ég legg til að við gerum það þannig að það verði séð til þess að viðkomandi aðilar verði hér og við getum lokið þessu og atkvæðagreiðsla geti þá farið fram á morgun eins og ráðgert hafði verið. Ég held að það sé öllum ljóst að okkur veitir ekkert af að halda vel á spöðunum þessa daga sem eftir eru af þinghaldi fyrir jól og ég held að við getum lokið þessari umræðu með þessum hætti.

[00:28]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er kominn 10. des. líklega, en við hófum þessa umræðu snemma síðasta dags. Ég vildi við upphaf míns innleggs í þessa umræðu víkja aðeins að þessum vinnubrögðum sem hér eru tíðkuð í sambandi við 2. umr. fjárlaga og í rauninni við meðferð fjárlagafrv. og samstarf við þingnefndir að fjárlagagerð. Að þessu er vikið í upphafi meiri hluta álits fjárln. sem minnir á það að ég ítreka ósk mína framborna hér áðan um það að formaður fjárln. birtist hið snarasta í þingsal ella treysti ég mér ekki til að ræða þessi mál.

(**Forseti** (VS): Forseti sá sem nú stýrir fundi hringdi í formann fjárln. og hann mun vera á leiðinni.)

Við skulum vona að úr rætist, virðulegi forseti, hið fyrsta því að þetta atriði sem ég ætla hér að ræða í upphafi varðar stjórn starfsins í fjárln. en auðvitað þinghaldið í heild og alla þingflokka.

Ég tel að þau vinnubrögð sem hér hafa verið tíðkuð auðvitað um langa hríð og enn eru tíðkuð í sambandi við meðferð fjárlagafrv. séu í rauninni engan veginn boðleg lengur hafi þau nokkurn tíma verið það. Og við þurfum nauðsynlega að gera atrennu að því í framhaldi af afgreiðslu þessa frv. að það verði annað en orðin tóm sem lesa má í upphafi að meirihlutaáliti fjárln. að í framhaldi af skyndifundi fjárln. með formönnum svokallaðra fagnefnda sem hafi sammælst um að taka þráðinn upp á nýju ári um vinnubrögðin, úr því verði gerð gangskör og raunar að sú umræða verði tengd forsætisnefnd þingsins vegna þess að hér er að mínu mati þörf róttækra breytinga. Það er ekki boðlegt að meginumræða fjárlaga fari fram með þeim hætti sem við höfum tíðkað og tíðkum hér nú. Hér erum við að ræða alla þessa mörgu málaflokka sem tengjast fjárlagagerðinni sem á auðvitað erindi við alla ráðherra en ekki hæstv. fjmrh. einan þó að hann fari með forræði þessa máls. Málaflokkarnir sem eigum við að segja fagráðherrarnir, til að nota hliðstæðu við fagnefndirnar, fara með þurfa að fá sína skilmerkilegu umræðu í þinginu sér á parti og raunar áður en kemur til 2. umr., heildarumræðu og afgreiðslu í tengslum við hana. Að mínu mati þarf vinna að fjárlagagerðinni að hefjast í byrjun árs og vera helst þannig komið áður en þinghlé er gert að vori að það liggi fyrir, ef ekki framlagt þá a.m.k. þannig að það megi kynna það, og það geti verið til meðferðar hjá fagnefndum sem svo eru kallaðar, nefndum þingsins þá þegar til skoðunar í því fundahléi sem gert er, venjulega í maí, þannig að ráðrúm gefist til þess að fara yfir málin með einhverjum skikkanlegum hætti. Þetta er einn möguleikinn til úrbóta í þessum efnum.

Annar möguleiki sem kannski er ekki síður til álita er það að menn í reynd hefji fjárlagagerð sem taki til ekki eins árs heldur skulum við segja þriggja ára. Það er auðvitað matsatriði yfir hversu langt atriði tímabilin teygja sig. Ég er ekki að leggja til, virðulegi forseti, að menn fari í farveg sovétsins með fimm ára áætlanir, (**ÓÞÞ:** Verður ekki formaður fjárln. að koma í salinn?) Það má nú vera aðeins skemmra. Ég geri ráð fyrir að virðulegi forseti hafi vökult auga á því, enda birtist formaður fjárln. nú í fullu veldi hér í dyrunum. Hefur hans verið sárt saknað klukkutímum saman og ég vænti þess að að lokinni ræðu komi formaður fjárln. upp í stólinn og skýri það hvernig það má vera að hann skuli vera fjarverandi þessa umræðu þar sem margir þingmenn hafa notað rétt sinn til að tjá sig um málin án þess að formaður fjárln. hafi séð ástæðu til þess að vera viðstaddur. Þetta er auðvitað fyrir neðan allar hellur.

Ég var að víkja hér, virðulegur formaður fjárln., að breyttum vinnubrögðum í sambandi við meðferð fjárlagafrv. og varpa þeirri hugmynd fram að fjárlagagerðin hefjist af alvöru ekki síðar en í byrjun ársins áður en fjárlög skulu taka gildi og liggi fyrir til umfjöllunar helst þegar að vori, þannig að fjárln. og fagnefndir geti þá þegar farið að skoða málin. Þetta er einn möguleiki til þess að laga vinnubrögðin og síðan verði það tryggt eftir að þing kemur saman og fjárlagafrv. liggur þá fyrir í þeim búningi sem fjmrh. vill leggja það fyrir, þá gefist ráðrúm til þess svipað og tíðkast í nágrannalöndum okkar að einstakir þættir fjárlaga verði til sérgreindrar umræðu við ráðherra viðkomandi málaflokka. Það verði hægt að eiga hér viðræðu við hæstv. menntmrh. sér á parti og tekinn í það einn dagur, einn sólarhringur ef vill til þess að fara yfir þau efni og þannig þræði menn sig koll af kolli í gegnum málin og 2. umr. fjárlaga til afgreiðslu á brtt. við frv. verði sem áfangi, burðugur áfangi að lokinni slíkri yfirferð þingsins þar sem ráðherra standi skil sinna mála og þingheimi gefist í reynd og fagnefndum þingsins gefist kostur á að vinna í málunum og eiga orðastað við einstaka ráðherra um það efni.

Ég held einnig að til álita eigi að vera að fjárlagagerðin taki yfir lengra tímabil en tíðkað hefur verið og nefndi það áðan, t.d. yfir þriggja ára tímabil. Það gæfi færi á því að hafa ákveðna samfellu í umfjöllun mála

og þá væru í raun fjárlög þar næsta árs í sigti og til meðferðar jafnhliða svipað og menn eru að byrja að fikra sig inn á og hafa reyndar gert um skeið í sambandi við einstaka málaflokka eins og t.d. við vegamál og fleiri málaflokka þar sem menn eru að reyna að taka ákvarðanir tvö ár fram í tímann og ekki skemmra eða fjögur ár og endurskoða með vissu millibili. Ég segi þetta hér, virðulegur forseti, vegna þess að mér finnst að umræður þessa dags og þær aðstæður sem við búum við, ráðherraliðið er út og suður. Það telst til tíðinda að það sitji hér einn, ég tala nú ekki um tveir samtímis í þingsal og forustan í fjárln. lætur ekki sjá sig tímunum saman. Þetta getum við ekki látið bjóða okkur og það hlýtur að vera sameiginlegt hagsmunamál að lagfæra þetta, hvort sem við erum í stjórn eða stjórnarandstöðu, þingsins vegna, málefnisins vegna og eðlilegra vinnubragða sem hér er þörf á.

Ég ætla svo ekki, virðulegur forseti, að eyða miklu fleiri orðum að þessu en minni aðeins á að við ættum í þessu samhengi að fara yfir umræður um þingskapalögin frá 1991 þar sem menn vildu taka stærra skref en er í núverandi þingsköpum. Margir vildu það, gera það að skyldu að vísa málum til fagnefnda og ætla þeim skilmerkilegri hlut en reyndin varð á. Hér er aðeins um heimild að ræða í núgildandi þingsköpum en það var gert ráð fyrir því í drögum að frv. að það væri skylda að gera það að vísa málum til fagnefnda og kveða fastar á um málsmeðferð heldur en reyndin varð. Það voru hins vegar ýmsir mjög hikandi. Nú þurfum við að reka af okkur slyðruorðið í þessum efnum og gera hér á róttækar breytingar á þessum afleitu vinnubrögðum sem hér hafa tíðkast allt of lengi í sambandi við þessi mál.

Mitt aðalerindi hér, virðulegur forseti, eins og ég ætlaði með þátttöku í þessari umræðu var að fjalla um nokkrar brtt. sem ég flyt hér, sumpart í eigin nafni og einn eða með öðrum hv. þm. Alþb. sem standa að tillögum með mér. Hver þeirra getur gefið tilefni til nokkurrar orðræðu og skýringa af minni hálfu og ég skal reyna, virðulegi forseti, vegna þess hvar við eru stödd á sólarhringnum og hér er fjöldi enn á mælendaskrá, að þjappa því saman í ekki mjög langt mál. Ég vil þó nefna nokkur atriði í stuttu máli áður en ég kem að þessu.

Það lifa aðeins um þrjár vikur til áramóta. Þá er gert ráð fyrir því af flestum að svonefndur samningur um hið Evrópska efnahagssvæði taki gildi. Fyrir ári síðan eða svo var þessi samningur um hið Evrópska efnahagssvæði talinn hið mikla ljós í myrkri sem ætti að tendrast í íslenskum efnahagsmálum ekki síst, öllum til mikilla hagsbóta og menn muna nú eftir því hvernig hæstv. utanrrh. túlkaði það mál og hvernig hann fór með tölur í því sambandi. Það var ekki sparað við sig í janúarmánuði sl. þegar þessi mál voru hér til afgreiðslu, að vísu ekki lokaafgreiðslu en til afgreiðslu samt af hæstv. utanrrh. Og ég held að fjmrh. hafi heldur ekkert sparað sig í þessari umræðu.

Nú kveður hins vegar við annan tón, virðulegur forseti. Nú heyrist nánast ekkert minnst á þennan samning þar sem við erum þó komin á þröskuldinn ef marka má orð og samþykktir þinga þeirra landa sem að þessum samningi standa. Það er bara ekkert á málið minnst. Út af fyrir sig þarf það ekki að vera harmsefni okkar sem höfum varað við þessum málum og varað við þessum samningi að þetta er staðreyndin. En hitt er þó alvörumál og mikið alvörumál að þegar þessi samningur gengur í gildi þyrftu Íslendingar að vera með einhverjum hætti undir það búnir, íslenskt atvinnulíf þar með og aðrir sem koma til með að búa við þennan samning og þar sem þessi samningur mun hafa mikil áhrif. Og hann mun ekki aðeins hafa áhrif að því er varðar harðnandi samkeppni og aukið atvinnuleysi í þessu landi að líkindum (**ÓÞÞ:** Það er þögn yfir sóknarfærunum.) heldur mun hann jafnframt fyrr en varir hafa mikil áhrif á fjárlagagerð á Íslandi. Þó að fjárlög hvers lands séu ekki með beinum hætti tengd inn í samninginn, þá mun hann óhjákvæmilega fyrr en varir fara að setja mark sitt á fjárlagagerð, svigrúm ríkisins til tekjuöflunar og hvernig á þeim málum er haldið. Þess vegna er ástæða til að minnast á þennan samning hér. Hvort hurð skellur að stöfum varðandi þennan samning um áramótin eða eitthvað seinna skiptir kannski ekki öllu máli. Í blöðum allra síðustu daga lesum við að það kunni nú svo að fara að þetta verði ekki 1. jan. Til þess að það skilyrði sé uppfyllt verða öll kurl að vera komin til grafar á þriðjudaginn kemur. Þá verða staðfestingarskjölin að vera komin í ákveðið hólf og öll ættu þau að geta verið það ef vilji stendur til, en það er ýmislegt að gerast í heiminum annars staðar en hjá okkur og atriðið sem tengja annars staðar en í Evrópubandalagin og á EES-svæðinu svokallaða. GATT-samningarnir koma einnig inn í þetta samhengi og hafa sín áhrif, hugsanleg áhrif á vilja aðildarríkja EES-samningsins á það að skila skjölunum fyrir miðvikudaginn kemur.

Í Dagens Nyheter 7. des. er að því vikið að Frakkar íhugi að draga það við sig að skila inn sínum skilríkjum, sínu staðfestingarskjali, hugsanlega sem hefndaraðgerð gagnvart Svíum út af Renault/Volvo samningnum en líka af ástæðum sem varða stjórnarhætti í Evrópubandalaginu sjálfu og samskipti við ríki utan þess, m.a. í Austur-Evrópu. Þannig er getum að því leitt að sérstakur fríverslunarsamningur Evrópubandalagsins við Búlgaríu hafi hleypt efasemdum Frakka sérstaklega af stað og þeir taki undir hugmynd um það að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins fái valdið til þess að bregðast við ef grípa þurfi til viðskiptapólitískra aðgerða gagnvart þriðja landi og að það verði ekki einstök ríki sem fái valdið heldur verði það afhent framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins í heild sem stofnun. En við skulum bíða og sjá. Ég nefni þetta hér vegna þess að það er talað um það svona eins og nokkurn veginn fullvissu að þessi samningur verði orðinn staðreynd 1. jan. og gott ef hæstv. utanrrh. er ekki á leið úr landi til þess að annast ljósmóðurstörfin um miðjan þennan mánuð. Ég hef heyrt að hann verði fjarverandi komandi viku, það er hugsanlegt og kannski tekst honum að hjálpa til að þetta verði fæðing þótt tangarfæðing verði fyrir 15. des. En það eru fleiri atriði í gangi sem hafa valdið erfiðleikum, m.a. flutningar á

fiski, samningar þar að lútandi milli Norðmanna og Evrópubandalagsríkja sem valda þarna urg og tregðu. Það er sem sagt mál sem mun skýrast og ég ætla ekki að rekja hér frekar þó að ég nefni það þegar þennan stóra samning ber á góma.

Annað atriði sem ég vildi aðeins koma að er spurningin um afdrif þessa frv. hér, stuðning stjórnarliða við þetta frv. Ég segi það vegna þess að hér var hæstv. félmrh. dreginn upp í stólinn, það átti að gefa yfirlýsingu. Það er óskað eftir afstöðu til frv. og því nefni ég það að ég undrast það mjög að einhverjum skuli hafa komið það til hugar að hæstv. fémrh. ætlaði að bregða einhverjum fæti fyrir þetta fjárlagafrv. Það bæri nú eitthvað við ef hæstv. félmrh. færi að standa við hótanir sínar í garð starfsfélaga í ríkisstjórn. Hvenær hefur það gerst? Hvenær hefur það gerst að hæstv. félmrh. allar götur frá 1987 hafi staðið við einhverjar hótanir gagnvart þeim ríkisstjórnum sem hún hefur setið í? Ég minnist þess ekki. En enn eru menn að taka það alvarlega þó hæstv. félmrh. hafi uppi einhver illyrði í garð samstarfsaðila í ríkisstjórninni og stórra mála eins og fjárlagafrv. Nei, þá þyrfti mikið að gerast, enda mátti heyra það að hæstv. félmrh. var að undirbúa lendinguna með orðum sínum í þessum ræðustól á síðasta sólarhring og vildi hafa það að það hefði svo margt breyst til bóta í þessu fjárlagafrv., margt tekið breytingum að þetta gæti nú allt svona smollið saman. Það hefði verið gaman að fá þær skýringar hjá ráðherranum hvaða atriði það væru sem hæstv. ráðherra nefndi sérstaklega og tíundaði í septembermánuði sl. sem hefðu tekið þeim stakkaskiptum eins og brtt. líta út núna við fjárlagafrv. Hvaða atriði skyldu það vera? Alþfl. og ráðherrar hans hvort sem þeir heita Jóhanna eða Jón eru ekkert á þeirri leið að bregða fæti fyrir eitt eða annað í þessum efnum heldur taka þessu öllu fagnandi og vilja samkvæmt yfirlýsingum í rauninni ganga miklu lengra í niðurskurði í sambandi við fjárlagafrv. jafnhliða því sem þeir taka þátt í að skerða tekjurnar og kistuleggja áformin um skattlagningu á fjármagnstekjur og að gera einhverja alvöru úr hátekjuskattlagningu og öðru slíku til tekjuöflunar. Það væri jafnvel frekar að búfu eins og hv. 3. þm. Austurl., væri trúandi til að velta hlassi með því að koma eigin flokki og samstarfsaðilum í uppnám út af tveimur millj. kr. Það væri miklu líklegra en að hæstv. félmrh. færi að bregða einhverjum fæti fyrir þetta frv. Ég held að aðilar hvort sem þeir eru innan þings eða utan, ég tala nú ekki um fjölmiðlana, ættu nú að hætta að taka það alvarlega þegar hæstv. félmrh. þykist vera í ólund út af tillögum í ríkisstjórninni og ætli sér að gera eitthvað með málin.

Virðulegur forseti. Ég á hlut að brtt. á þskj. 344 við fjárlagafrv., þar sem tillaga er gerð um breytingu á tekjuhlið fjárlagafrv. þannig að tekjurskattur félaga verði ekki lækkaður heldur haldi því stigi sem nú er og tekjuhliðin verði sem svarar rösklega hálfum milljarði hærri en fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Ég mun ekki fjalla efnislega um þessa tillögu sérstaklega, ég er ekki 1. flm. hennar, það mun sá hv. þm. gera, mæla fyrir því. En til ráðstöfunar á þessum hálfa milljarði eða þar um bil gerum við með þessari tillögu ráð fyrir því að virðisaukaskattur sem lagður hefur verið á farþegaflutninga með innanlandsflugi og með almenningsfarartækjum sem og virðisaukaskattur á bækur verði felldur niður með breytingu á lögum þar að lútandi. Þetta er mjög þýðingarmikið mál, þetta er byggðapólitískt mál og þetta er sanngirnismál fyrir þá sem nota almenningsfarartæki hér á aðalþéttbýlissvæði landsins og þetta er stórt menningarmál að því er varðar útgáfu og kaup á bókum í landinu.

Á tveimur þskj. er ég einnig flm. að brtt. Á þskj. 339 stend ég að brtt. ásamt þremur öðrum þingmönnum Alþb. þar sem lagt er til að nýr liður komi inn á fjárveitingu til Hafrannsóknastofnunar, nýr liður sem beri heitið Klak- og hrygningarrannsóknir á þorski, að upphæð 14 millj. kr.

Í athugasemdum hv. sjútvn. við fjárlagafrv. segir m.a., örstutt tilvitnun. — Hvar skyldi nú formaður fjárln. vera? Hefst ekki hv. formaður fjárln. við í þingsal loksins þegar hann er kominn til þings heldur stendur á skrafi hér í hliðarsölum? Ef hv. formaður fjárln. gæti nú viðbundist aðeins og hlýtt á mál manna því ég er að víkja hér að brtt. sem skiptir talsverðu máli og kannski meira máli en sýnist fljótt á litið. Ég tala nú ekki um upphæðina 14 millj. kr. sem ekki er há, sem lagt er til að færist til Hafrannsóknastofnunar til rannsókna á klaki og hrygningu þorskstofnsins.

Sjútvn. segir um þetta, með leyfi forseta:

„Fram kom að gert er ráð fyrir nánast óbreyttum fjárlögum frá því sem var á þessu ári. Nefndin bendir á að fjárframlög til rannsókna voru skorin niður á fjárlögum þessa árs“ — þetta varðar sem sagt Hafrannsóknastofnun — „sem er hættuleg þróun og gera þarf allar hugsanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þessi niðurskurður endurtaki sig. Nefndin gerir þó engar tillögur til breytinga á frv. að svo stöddu.“

Ekki er kveðið fastara að og ekki er skýrt hvort brtt. sé að vænta á milli umræðna eða í tengslum við þetta frv. en það er greinilegt að það er gengið á þófum í kringum þetta mál, þessa hættulegu þróun sem sjútvn. er sammála um að nefna svo og það er sannarlega ekki of fast að orði kveðið.

Ég ætla aðeins að ræða þetta mál. Það tengist tillögum sem ég flutti við síðustu fjárlagagerð fyrir árið 1993. Þá var þróunin kannski ekki alveg eins hættuleg eins og hún virðist vera nú. Þá var kannski meiri von um að hægt væri að fjármagna þessar rannsóknir með öðrum hætti en að til kæmu framlög frá ríkinu á fjárlögum. En þeim tillögum var í engu sinnt heldur. Þá var beðið um 10 millj. kr. Svo var beðið um 5 millj. kr. og allt saman fellt.

Um þetta mál segir Hafrannsóknastofnun í erindi til fjárln., með leyfi forseta. Að vísu eru það tvö atriði sem ég ætla að koma að sem snerta stofnunina en fyrst þetta:

„Hrygningar- og klakrannsóknir voru t.d. styrktar í rúmt ár af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Þessi hagsmunasamtök hafa hins vegar gert okkur ljóst að ekki verði um frekari styrki að ræða.“ — Hafa gert okkur ljóst að ekki verði um frekari styrki að ræða. —

„Markmið þessa verkefnis er að kanna ýmsa eiginleika hrygningar og klaks hjá þorski við Ísland og auka þannig skilning okkar á þeim þáttum sem segja til um nýliðun og lífsafkomu þorskungviðis. Áhersla er lögð á að meta framlag einstaka stærðar (aldurshópa til hrygningarinnar) með því að bera saman lífslíkur hrogna og lirfa þessara hópa. Þessar rannsóknir hafa aðeins staðið í tvö ár en nauðsynlegt er að halda þeim áfram enda virðast þær vera að varpa nýju ljósi á þennan mikilvæga þátt í ævi þorsksins. Þannig benda niðurstöður til að líkurnar á að fá góða nýliðun aukist ef margir hlutfallslega gamlir árgangar eru til staðar í hrygningarstofninum. Áframhaldandi rannsóknir munu því m.a. leiða í ljós hvort elstu árgangarnir leggja meira af mörkum til að viðhalda stofninum heldur en þeir árgangar sem eru tiltölulega nýkomnir inn í hrygningarstofninn. Slíkar niðurstöður mundu hafa mjög mikil áhrif á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um nýtingu þorskstofnsins."

Ég leyfi mér að endurtaka þetta og bið hæstv. fjmrh. einnig að leggja við hlustir. Það varðar hugsanlega niðurstöðu þessa verkefnis sem hefur staðið í tvö ár og ég veit að varaformaður fjárln. hlustar því hann hefur sýnt áhuga á fiskirannsóknum og virðist gera sér ljósa þýðingu þeirra miðað við hans málafylgju hér í þinginu. Þarna segir: „Slíkar niðurstöður mundu hafa mjög mikil áhrif á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um nýtingu þorskstofnsins." Þetta eru stór og ákveðin orð sem hér eru töluð. Getur þingið leyft sér það í ljósi þessarar áherslu frá ráðgjafarstofnun sinni, Hafrannsóknastofnun, að hunsa beiðni stofnunarinnar um fjárveitingu í þessum efnum? Beðið var um 26 millj. kr. Ég var nú ekki svo bjartsýnn að ætla mönnum að samþykkja það fyrst fjárln. tók þetta ekki upp í heild sinni. En legg hér til ásamt fleirum sem flytja þessa brtt. 14 millj. kr. eða rétt röskan helming til þessa verkefnis sem fjárveitingu í von um að það megi þrátt fyrir allt fá aðra aðila til að leggja til þessa verkefnis eða að fá eitthvert fjármagn úr svokölluðum upptökusjóði sem sjútvrn. fer með og sem hugsanlega gæti miðlað einhverju fjármagni til hafrannsókna nú eins og stundum áður.

Ég vil biðja hv. formann fjárln. og varaformann nefndarinnar um að líta til þessa máls við áframhaldandi umfjöllun því ég ætla mér ekki að láta þetta mál ganga hér til atkvæða við 2. umr. ef vart verður við einhvern vilja til að skoða málið frekar.

Það eru fleiri þættir sem varða Hafrannsóknastofnun sem þingið þyrfti að taka á með öðrum hætti heldur en raun ber vitni og þar nefni ég viðhald hafrannsóknaskipanna. Skipin tvö hin gömlu góðu hafrannsóknaskip, Árni Friðriksson og Bjarni Sæmundsson, eru komin á þriðja tug ára, reyndar Árni Friðriksson 26 ára gamalt skip og Bjarni Sæmundsson 23 ára og og kostar að sjálfsögðu verulegt viðhald árlega og stofnunin hefur sótt þar um ákveðið fjármagn, fór fram á tæpar 50 millj. kr. en er afgreidd með litlum 30 millj. kr. Hvers konar afgreiðsla er þetta af hálfu þingsins? (**SigG:** Það er engin afgreiðsla enn þá.) Það verður dýrt að kaupa nýtt skip þegar að því kemur og það kemur fyrr að því ef ekki er staðið þokkalega að viðhaldi í sambandi við skipin. Formaður fjárln. greinir hér frá því utan úr sal að engin afgreiðsla liggi enn þá fyrir varðandi málið og það er vel. Ég bið hann að taka einnig á þessu máli til þess að þarna verði orðið með eðlilegum hætti við þessari tillögu því að ég held að þarna sé ekkert ofætlað af hálfu stofnunarinnar þegar um viðhaldið er að ræða.

Ég tók eftir að hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir tók vel undir þessa tillögu sem ég hef verið að ræða varðandi klak og rannsóknir og ég veit að það verður hægt að fá hér liðsinni úr mörgum áttum í þinginu, það er í reynd stuðningur við þetta mál og ég treysti einnig hæstv. fjmrh. til að hjálpa til við að þetta lífshagsmunamál okkar allra að auka vitneskju í brýnustu þáttum okkar þjóðarbúskapar að við það verði staðið þegar ekki er nú farið fram á meira heldur en raun ber vitni.

Virðulegur forseti. Þá kem ég að brtt. sem ég flyt á þskj. 340 í fjórum liðum. Þar er í fysta lagi farið fram á fjárveitingu til Orkusjóðs til jarðhitaleitar í Austur-Skaftafellssýslu, framlag 3 millj. kr. Á þessu svæði hefur það ánægjulega gerst nú að undanförnu við rannsóknir, sem studdar hafa verið með vissum hætti af opinberri hálfu en heimamenn hafa einnig lagt til allmyndarlega þar á meðal frá Höfn í Hornafirði og einstaklingar sem hafa lagt til þessara rannsókna, að við þær hefur komið í ljós að á þessu svæði er að finna jarðhita, von um jarðhita, sem gæti hugsanlega verið nýtanlegur til hitaveitu fyrir þéttbýlið á Höfn í Hornafirði svo og til nota fyrir bændur til heimilisnota og atvinnurekstrar á nokkrum öðrum svæðum í sýslunni. Þarna er um að ræða, að því er virðist við þær rannsóknir sem komnar eru, þrjú svæði aðallega. Eitt í Nesjum, aðallega við Hoffell og Miðfell í Nesjum og þar er nú verið að bora og þar eru vísbendingar allar jákvæðar. Síðan er það í Suðursveit og einnig í Öræfasveit. Og með þessari fjárveitingu ætlast ég til að heimaaðilum gefist færi á að leita eftir styrkjum á móti eigin framlagi til stuðnings við jarðhitaleit til örvunar í þessu áhættusama fyrirtæki sem það vissulega er. Þar er mikið við að glíma allt frá byrjun, yfirborðskönnunum og grunnum borunum að ekki sé talað um nýtingu hugsanlega í framhaldinu.

Það er eðlilegt og sjálfsagt að af opinberri hálfu sé stutt við slíka viðleitni og það auðvitað víðar heldur en á þessu svæði sem hér er þó tekið sérstaklega vegna þess að þarna hefur fundist vísbending um jarðhita meiri en annars staðar sem gæti orðið til nytja en sem betur fer erum við vel á veg komin að nýta jarðhitann í sambandi við húshitun í þéttbýli víða um land. Ekki meira um þessa tillögu.

Þá flyt ég tillögu í öðru lagi um litla eina millj. kr. til Náttúruverndarráðs. Nánar tiltekið vegna friðlands á Lónsöræfum. Þetta er svæði sem hefur verið afskaplega lítill sómi sýndur þótt það hafi verið friðlýst með auglýsingu menntmrn. 1977. En þangað streymir nú æ meira af ferðafólki enda hefur þetta svæði upp á alveg óvenjulega mikla náttúrufegurð og fjölbreytni að bjóða. Hér er lögð til fjárveiting sérmerkt til þessa verkefnis

nánar til tekið til skipulags á svæðinu, merkinga, leiðbeininga og landvörslu. Þarna er búið að reisa þrjá ferðamannaskála en að öðru leyti er svæðið afar illa undir það búið að taka við þeim straumi ferðamanna sem gert er ráð fyrir inn á svæðið og það varðar bæði náttúruverndina en einnig öryggisatriði fyrir ferðafólk. Svæðið er flókið, hættusamt fyrir ókunnuga og þá sem ekki eru vanir að ferðast í íslenskri náttúru þar sem hún er hvað stórbrotnust. Og það hefði nú verið gaman fyrir hv. fjárln. að koma á þetta svæði, líka fyrir landbn., sem lagði land undir fót, á síðasta sumri eins og rómað var og nokkuð umrætt. Þannig að þetta svæði svíkur engan sem það sækir heim. En það þarf líka að búa þannig um hnúta að svæðið þoli aukinn ágang og að öryggismál séu þar í viðunandi horfi.

Þá er í þriðja lagi tillaga sem ég flyt um framlag til skipulagsstjóra ríkisins vegna skipulags miðhálendis landsins 2,5 millj. kr. Um þetta efni er fjallað í áliti umhvn. til fjárln. og með þessum hætti, virðulegur forseti, ef ég má vitna aðeins í þetta álit:

„Í máli skipulagsstjóra ríkisins kom fram að verkefni Skipulags ríkisins munu aukast á næsta ári, m.a. með gildistöku laga nr. 63/1993, um mat á umhverfisáhrifum. Þá liggur fyrir að sértekjur stofnunarinnar munu lækka vegna samdráttar í nýbyggingum. Í skýringum með fjárlagafrv. kemur fram að auknum kostnaði skuli mætt með skipulagsbreytingum og hagræðingu í rekstri. Umhvn. vill sérstaklega vekja athygli á að í lögum nr. 73/1993, um breytingu á skipulagslögum, nr. 19/1964, er kveðið á um vinnu við skipulag miðhálendis Íslands. Ekki er gert ráð fyrir fjárveitingu til starfsemi miðhálendisnefndar sem þessi lög gera ráð fyrir í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994. Umhvn. leggur áherslu á mikilvægi þess að tryggð verði fjárveiting til að standa straum af kostnaði við störf nefndarinnar, miðhálendisnefndar, en hann hefur verið áætlaður 2,5 millj. kr."

Til hvers er það, virðulegur forseti, að afgreiða og samþykkja fyrir forgöngu ríkisstjórnar sérstakt lagafrv. um skipulagsmál miðhálendisins og ætla síðan ekki fjárveitingu til þess að tryggja að á grundvelli þeirra laga verði unnið og ætti þó öllum að vera ljós nauðsyn þess að taka á skipulagsmálum þeirrar gersemi sem miðhálendið er.

Það væri þess virði, virðulegur forseti, að ræða hér um stöðu mála að því er varðar umhverfismálin, umhvrn. sérstaklega. Ég hef ekki lagt á mig að kalla eftir hæstv. umhvrh. sérstaklega, vegna þess að hér er auðvitað ekkert tækifæri til þess að ræða þessi mál eins og þyrfti að vera. Til þess þyrftum við alveg sérstaka umræðu í reynd, ef vel ætti að vera. En staðan er sú í fjárveitingum á vegum umhvrn. að þar er um lækkun að ræða frá því sem var á síðasta ári í málaflokki þar sem þörfin er jafnbrýn og ætti að vera augljóst, í málaflokki sem alveg nýlega hefur verið sameinaður í einu ráðuneyti, á meðan víða í löndunum í kringum okkur hefur verið tekið myndarlega á og fjárveitingar stórauknar til þessara mála. Þar er eitthvað skemmra á milli orða og efnda, orðs og æðis, heldur en hér gerist, þar sem menn eru í hátíðarræðum og þess utan að skreyta sig með lofsyrðum um framsækna stefnu og mikinn hug í umhverfismálum. Ríkisstjórnin kemur með skýrslu um hvernig hún ætli að standa að þeim málum með fögrum fyrirheitum, en þegar kemur til áherslna við fjárlagagerð þá sjást ekki mikil merki um þetta í reynd, því miður. Og satt að segja er hörmulegt að vaskur maður, eins og ég vil halda að hæstv. umhvrh. geti verið, skuli láta bjóða sér þá meðferð sem þessi málaflokkur fær við fjárlagagerðina.

En með litlu mætti þó aðeins um bæta eins og tillögur standa hér til um og kem ég þá að 4. lið í brtt. sem er um Landmælingar Íslands. Þar er gert er ráð fyrir nýjum lið undir heitinu DMA-kortagerð upp á 14 millj. kr. sem umhvn. fjallaði einnig um í sinni umsögn og tók mjög eindregið undir tillögu stofnunarinnar um fjárveitingu til þessa verkefnis. Formaður umhvn. gerði skýra grein fyrir því máli í ræðu sinni fyrr við þessa umræðu og vísa ég til þess sem þar kom fram. En sem kunnugt er þá er kortagerð, sem lengi hefur verið vanrækt hér í landinu, undirstaða undir skipulagsvinnu og öll vitræn vinnubrögð varðandi landnýtingu og landnotkun. Því ætti að vera auðunnið verk að fá stuðning við þá stefnu sem felst í því að nýta þann samning sem gerður hefur verið milli Íslands og Bandaríkjanna í sambandi við kortagerð og kort sem hafa verið hér til sölu en sem nýtast afskaplega lítið vegna þess að þau hafa ekki verið aðlöguð íslenskum aðstæðum sem skyldi. Mun það verða til kostnaðarauka fljótlega, því á nákvæmari kortum þurfum við að halda. Hér er um að ræða kort í mælikvarðanum 1:50.000 og þetta mál verðskuldar athygli og stuðning.

Ég hef með þessu, virðulegi forseti, nefnt þær tillögur sem ég stend að, fyrir utan tillögur sem ég flyt með hv. þm. Svavari Gestssyni, sem hann mun vafalaust gera skil hér í umræðunni og ég ætla ekki að fjalla um frekar. Ég vil hins vegar fara fáeinum orðum um þrennt til viðbótar sem tengist umræðunni hér, þrjú mál sem ég vildi aðeins víkja að. Þar sem þau snerta meiri hluta fjárln. og þar á meðal þingmenn úr kjördæmum sem koma þar við sögu, þá hefði ég ekki á móti því að forseti gerði hv. 3. þm. Vestf. viðvart að ég ætli að víkja hér að máli sem snertir Vestfirði og hv. 3. þm. Suðurl. einnig varðandi mál sem nokkuð hafa borið hér á góma og snerta Suðurlandskjördæmi, nánar tiltekið Vestmannaeyjar. Ég ætla ekki að fara að vekja upp hv. 5. þm. Austurl. þó að ég víki aðeins að því ásteytingarefni sem hann hefur gefið tilefni til nú síðustu sólarhringana, en ekki hef ég neitt á móti nærveru hans hér fremur en annarra hv. þm.

Ég tek eftir því að á málasviði umhvn. sem ég á sæti í eru tillögur um nýja liði og það situr ekki á mér að fjargviðrast út af því eða hafa á móti því að inn á þann málaflokk komi nýir liðir og sjálfur er ég að gera tillögur þar að lútandi og tel að það beri allt að athuga vel og vandlega sem þar eru gerðar tillögur um. Ég tók eftir því að hér er komin tillaga um sérstaka fjárveitingu, að vísu ekki hár liður upp á 800 þús., um Náttúrugripasafn á Vestfjörðum. Satt að segja fannst mér birta aðeins til þegar ég sá að hér var komin tillaga um

náttúrugripasafn á Vestfjörðum, því ég hef satt að segja lengi verið að horfa eftir því og sjálfur unnið að þessum málum hér á árum, að koma upp slíkri stofnun hinum megin á landinu, og leitaði þá einmitt á náðir hv. Alþingis. Ég held að fyrsta bónarbréfið til þingsins hafi verið um lítinn styrk á móti heimaframlagi, að vísu óverulegan styrk sem við nutum í náttúrugripasafninu í Neskaupstað um lengri tíma að nafn þeirrar stofnunar bar hér á góma. Síðar vann ég að frumvarpssmíð í nefnd sem hv. fyrrv. menntmrh. Svavar Gestsson setti á laggir vegna Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa í landshlutunum sem eru hugsaðar sem framhald eða frekari uppbygging á rannsóknastarfsemi sem sums staðar hefur farið fram á vegum náttúrugripasafna. Þá leituðum við einmitt upplýsinga um það á þeim tíma, líklega 1989, hvað væri að gerast sem víðast á landinu, fá það kortlagt. Þá kom í ljós að á Vestfjörðum var ekki að finna vísi að náttúrugripasafni, við fundum hann ekki, það gaf sig enginn fram þó leitað væri. En nú virðist vera að rofa þarna til og ég vil biðja hv. formann fjárln. að skýra okkur frá því og aðra í meiri hluta fjárln. sem bera þetta fram, hvaða góðu tíðindi hafa hér orðið í þessum efnum, hvaða stofnun er þarna risin sem á að veita stuðning um 800 þús. kr. Ekki efa ég að þar liggi fyrir stofnsamningur og menn séu komnir eitthvað áleiðis, því yfirleitt hefur það verið skilyrði fyrir slíkum fjárveitingum, og þarna sé um mótframlag að ræða. Væri æskilegt að fá upplýst í hvaða samhengi þessi tillaga er gerð. Hefði hún legið fyrir, skrifleg umsókn um þennan stuðning í umhvn., þá hefðum við að sjálfsögðu getað skoðað málið þar, en þetta hefur komið hér inn á milli umræðna og því er eftir þessu spurt. Þá ætla ég ekki að eyða frekari orðum að þessu, en ég óska Vestfirðingum til hamingju ef þeir eru að fá stofnun á þessu sviði þarna hjá sér og vona að vel megi farnast. En þar sem ekki er um að ræða stuðning samkvæmt fjárlagafrv. til annarra hliðstæðra náttúrugripasafna, þá er um sérstakt mál að ræða sem hlýtur að byggja á sérstökum aðstæðum eða slíku, því ella hljóta þeir að spyrja sem fyrir slíkum rekstri standa hvort ekki sé í þessa matarkistuna að leita fjárveitinga á nýjan leik, því um skeið nutu nokkur náttúrugripasöfn stuðnings á fjárlögum.

Þá ætla ég aðeins að víkja nokkrum orðum að máli sem hefur orðið umræðuefni fyrr í þessari umræðu, virðulegi forseti, sem er uppbygging á aðstöðu í Vestmannaeyjum vegna sjávarútvegsrannsókna. Kemur hér inn milli umræðna tillaga um nýjan lið í því efni og þar hefur orðið tilefni talsverðrar umræðu og spurninga. Ég ætla að bæta hér örfáum orðum við umræðuna sem orðið hefur um þetta. Ég vil taka skýrt fram að mér finnst að öll mál sem varða þetta svið, þörfina á rannsóknum á sviði sjávarútvegsmála, verðskuldi alla athygli. Hér hefur verið á það minnst að Alþingi samþykkti þáltill. sl. vor um sérstaka áherslu á eflingu sjávarútvegsrannsókna á Eyjafjarðarsvæðinu. Hér liggur fyrir tillaga um nýjan lið, fjárveitingu upp á 13,8 millj. kr., vegna rannsóknaraðstöðu í Vestmannaeyjum. Þegar svo ber við að fjárln. tekur slíkan lið upp, þá er eðlilegt að spurt sé hvernig standi nú á því að það birti til í þessum efnum og við sjáum fjárveitingu upp á þó þetta myndarlega upphæð, án þess að málið hafi mikið verið kynnt áður eða mikið verið í umræðu. Mér sýnist að málið liggi þannig nokkuð ljóslega. Það hefur verið unnið starf heima fyrir til þess að undirbúa þetta mál í samvinnu við ákveðnar deildir í Háskóla Íslands. Það liggur fyrir samningur eða drög í formi viljayfirlýsingar um þetta samstarf Háskóla Íslands og Vestmannaeyjabæjar sem er undirstaðan undir þessa fjárveitingu og hér er ýmislegt athyglisvert á ferðinni. En hitt er líka nokkuð ljóst að þetta mál hefur borið býsna skjótt að og hefur ekki orðið mikið samráð út fyrir veggi þeirra sem hér standa að málinu. Það er nokkuð ljóst að menntmrn. hefur lítið að þessu máli komið, sem yfirmaður Háskóla Íslands, og það liggur jafnframt fyrir eða ég tel mig hafa upplýsingar um það að Hafrannsóknastofnun hafi ekki verið spurð einu orði um þetta mál og þá á ég við aðalstöðvar Hafrannsóknastofnunar. Hér er látið að því liggja að útibúið í Vestmannaeyjum verði þátttakandi og þurfi á húsnæði að halda, en ekkert hefur verið spurst fyrir um málið hjá Hafrannsóknastofnun, a.m.k. liggur ekkert fyrir frá þeirri stofnun hvernig henni lítist á þetta sambýli og samvinnu, sem hér er verið að efna til. Þetta segi ég til viðbótar við það sem komið hefur fram, sem ber vott um það að menn hafa flýtt sér mikið í málinu og það ber nokkuð nýrra við þegar tillaga af þessum toga fær þennan byr og það er ekkert minna en svo að orðið er við beiðninni að fullu. Það er beðið um 13,8 millj. kr., þær eru veittar. Það ber eitthvað nýrra við. Það er eitthvað annað en það sem hin gróna Hafrannsóknastofnun má búa við þegar hún sendir inn erindi sín varðandi hin mestu alvörumál og rannsóknir. Við þurfum í rauninni á því að halda í þessum málum að stilla vel saman. Við þurfum á því að halda. Og við þurfum auðvitað að stíga á stokk saman til þess að tryggja margfalt aukið fjármagn í sambandi við sjávarlífsrannsóknir og vistfræðilegar rannsóknir á hafsvæðum við Ísland. Það er lífsnauðsyn fyrir þessa þjóð að þar verði öðruvísi staðið að málum. Við erum á mikilli hættuslóð stödd varðandi aðalauðlind landsmanna, sjávarauðlindirnar. Og það er tækniþróunin og veiðiaðferðirnar sem eru auðvitað að gera þetta æ brýnna. Það er slík bylting í veiðum og veiðitækni að líkurnar á stórslysum hafa margfaldast fyrir utan það að lífsskilyrðum sjávar, uppeldisskilyrðum botndýra, er verið að raska því það hlýtur að vera öllum áhyggjuefni hvað hlýst af því að hleypa botnvörpunni um allar slóðir í kringum landið, eða mjög víða, með þeim hætti sem raun ber vitni og umbylta lífsskilyrðum á botni. Þetta er nú undirstaðan undir okkar þjóðarbúskap svo að ég bið menn að horfa hér vel í kringum sig í þessum efnum og reyna að stilla sem best saman í sambandi við rannsóknastarfsemi á þessum sviðum. Það er verið að stofna fyrsta prófessorsembættið, er mér tjáð, í fiskifræði held ég að það sé nú kallað, eða á þessu sviði við Háskóla Íslands. Sá prófessor sem á að nota aðstöðuna í Vestmannaeyjum að sagt er, það er ekki búið að ráða hann. Ég veit ekki hvort

nokkur getur svarað því hvort sá prófessor muni hafa áhuga á því að stunda rannsóknir í Vestmannaeyjum, en það er eitt af grunninum undir þessu. (Gripið fram í.) Sá ágæti þingmaður sem er hér aðaltengiliður, samkvæmt þessum samningi, og stjórnin á að hafa samráð við, er náttúrlega yfirumsjónarmaður alls sem tengist þessu máli, það er alveg ljóst. Og ég vil segja það að þessi hv. þm. á allt gott skilið fyrir áhuga sinn og dugnað í sambandi við þetta mál, allt gott skilið fyrir það. Mér dettur ekki í hug að kasta steini til hans vegna þess að hann hefur lagt sig fram um það sem þingmaður Suðurl. að ná í peninga og hjálpa til að skapa þarna samstarf og annað, en ég set svolítið spurningarmerki við það að fjárln. sé á örfáum dögum búin að skrifa upp á fjárveitingarbeiðnina óskerta á sama tíma og fjölmargt annað er skorið niður við trog. Það er svona ákveðið spurningarmerki sem ég set við þau vinnubrögð, en ég er ekki þar með að vísa málinu frá, það er langt frá því. En menn þurfa líka að hugsa til þess, hvað hefur Alþingi sagt og hvað hefur Alþingi ályktað nýverið og hafa eitthvert samhengi í málsmeðferð.

Virðulegur forseti. Það er rétt að ég dragi hér senn í land með mitt mál, þó hér sé auðvitað af mörgu að taka ef farið væri að ræða þessa fjárlagagerð og margt sem tengist henni, ég tala nú ekki um ef aðeins er skimað út fyrir mörk þess árs sem hér er horft til og margt í þróuninni sem þörf væri á að ræða. Satt að segja er það með fádæmum, virðulegur forseti, að við skulum ekki hafa haft umræðu um atriði eins og þennan samning sem ég minntist á í upphafi, sem sumir eru að vona að skelli á, verði að veruleika innan skamms, og samninganna sem kenndir eru við GATT, sem sumir virðast halda að muni veita heldur fjöri í heimsviðskipti og heimsbúskapinn. Það skyldi nú ekki vera að það fari eitthvað líkt um það eins og vonirnar með þennan EES-samning, en ég ætla ekki að fara að efna til þeirrar umræðu í sambandi við frv. til fjárlaga. Það er hins vegar umræða sem þörf væri á að fram færi hér núna þegar menn eru hugsanlega á vegamótum að þessu leyti. Ég hef reyndar nýlega í öðru samhengi mælt nokkur aðvörunarorð úr þessum ræðustól að því er snertir þennan margumræddda GATT-samning sem reynt er að mála upp í rósrauðum litum og gylla, en er nú e.t.v. ein varðan í svona heldur óglæsilega slóð sem þjóðir heims eru að feta um þessar mundir.

En það var aðeins í lokin þetta litla mál þarna austan að sem ég vildi nefna, virðulegur forseti. Ég ætla að vona að það verði ekki mönnum að vinslitum, hvorki þingmönnum Austurlands né milli þingflokka, sú brtt. sem ég á hlut að ásamt þremur öðrum þingbræðrum að austan. En ég ætla ekki að efna til sérstakrar umræðu um það núna, aðeins geta þess að það eru algerlega órannsakanlegar leiðir sem hafa orðið þar til að skilið hefur á milli þingmanna Austfirðinga út af því máli og er sérstakt athugunarefni hvernig það má verða að menn fari að skipta sér upp í þeim efnum að fenginni reynslu sem við höfum þarna úr kjördæminu frá því fyrir tveimur árum, sem ætti nú ekki að hvetja til þess að fara í ágreining út af þessu efni. En það fær væntanlega niðurstöðu fyrir jólahátíð sem nálgast óðum.

Ég vildi að lokum, virðulegur forseti, ítreka hvatningu mína til fjárln., forsætisnefndar þingsins, og raunar okkar allra, að láta verða af því sem fyrst upp úr jólum að endurmeta störf þingsins að því er varðar fjárlagagerð og allt sem henni tengist. Ég held að kominn sé tími til að svo verði og okkur auðnist að láta umræðu og athugun mála í tengslum við fjárlagagerðina verða að öðrum og gildari þætti en hún raunverulega er hér í okkar störfum og sérstaklega að umræða um þessi efni geti orðið til að lyfta okkur svolítið upp úr hjólförum. Hún leiði til bæði bættrar, efnislegrar meðferðar á þeim fjármunum sem við höfum úr að spila og við náum þeim árangri sem hugur þorra þingmanna og allra stefnir í raun að, þó að ágreiningur sé um leiðir að marki og hversu djúpt skuli seilst og hvar skuli seilst í vasa þegnanna í landinu og um ráðstöfun þess fjár sem við öflum í sameiginlegan sjóð.

[01:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék að meðferð fjárlagafrv. og gerð fjárlaga í ræðu sinni hér á undan. Það hefur gerst nokkrum sinnum að ég hef tjáð mig úr ræðustól á haustþingi um þessi efni. Um breytta meðferð þessara mála hefur verið fjallað nokkuð í fjárln. Auk þess hefur verið haldinn fundur með formönnum allra nefnda þingsins þar sem sammælst hefur verið um, eins og tekið er fram í nál. meiri hluta fjárln. og nefnt var í ræðu minni fyrr í dag, að þessi mál skuli tekin upp á nýju ári, þ.e. í janúar nk.

Mig undrar það nokkuð varðandi þær umræður sem átt hafa sér stað um breytta meðferð vinnubragða að fjárlögum, að frá þessu skyldi ekki hafa verið gengið í lok síðasta kjörtímabils. Þeir þingmenn sem einkum og sér í lagi hafa tjáð sig um þessi efni eru þingmenn sem sátu á þingi á síðasta kjörtímabili. Það er mjög miður að mönnum skuli ekki hafa auðnast að ganga frá þessu með þeim hætti að allir gætu við unað. Því hlýtur það að vera verkefni þeirra sem nú sitja að takast á við vandann sem eftir var skilinn og ég mun ekki draga af mér við það.

Ég get að ýmsu leyti verið sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að nauðsynlegt sé að fjárlagagerð hefjist fyrr á árinu. Hins vegar vitnaði hann nokkuð til skandinavískra reglna eins og fleiri hafa gert, en ef farið væri að skandinavískum reglum, þá gæti það hins vegar ekki gengið að ræðutími væri með þeim hætti sem verið hefur við þessa fjárlagaumræðu hér í dag.

[01:37]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræðutíminn er ekki vandamálið í þessum efnum, það er mikill misskilningur. Spurningin er um það hvernig menn vilja haga þessum störfum, hvaða vilja menn hafa í þeim efnum og það voru ekki þeir sem — ýmsir þeir ræddu þessi mál í lok síðasta kjörtímabils sem drógu lappirnar í sambandi við breytingar á vinnubrögðum. Ég held að ég geti bent á

þingtíðindi því til staðfestingar að ég hvatti mjög eindregið til gjörbreyttra vinnubragða í sambandi við fjárlagagerðina. Menn tækju t.d. mun stærri skref í sambandi við samstarf fjárln. og fagnefnda. Menn tækju fyrir málefnaflokka í sambandi við fjárlagagerðina og fjárlagafrv. endurspeglaði í raun með miklu skýrari hætti áherslur stjórnvalda, ríkisstjórnar, í sambandi við einstaka málaflokka. Það þarf ekki annað en líta í fjárlagafrumvörp nágrannalanda til að sjá allt annan svip á þessum málum, t.d. í umhverfismálunum sem ég hef gert hér að umræðuefni. Það fylgir sérstök græn bók sem fylgirit með fjárlagafrv. af hálfu umhvrn. norska, svo litið sé til Noregs, þar sem saman er dregið allt það sem snertir umhverfismál óháð því hvort það er beint undir umhvrn. eða utanrrn. eða hvaða ráðuneyti leggur það til. Þetta lesa menn í samfellu í fjárlagafrv. þar í landi. Ég hef hvatt til þess að það verði hér umræða um hvern einstakan málaflokk þar sem skipst verði á skoðunum sérstaklega við viðkomandi fagráðherra og það í aðdraganda 2. umr. fjárlaga þar sem menn taka að lokum á málinu til afgreiðslu í ljósi fram kominna tillagna frá fjárln. og öðrum.

[01:39]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það voru alls ekki mín orð hér á undan að ræðutími væri vandamál við umræðuna. Ég hafði hins vegar orð á því og hef sagt það margoft hér áður að ég tel mikla ástæðu og brýna ástæðu til þess að taka upp athugun á því hvort skynsamlegt væri að gera breytingar á meðferð fjárlagafrv. og gerð fjárlaga. Það hafa orðið sammæli um milli formanna nefnda að ganga til þessa verks í janúar nk. og ég hef til þess fullan vilja og hef marglýst því yfir, þannig að það þarf ekkert að þrátta um það. Hitt er svo annað að ef við göngum til þessa verks, þá verðum við auðvitað að semja okkur að reglum og við verðum að hlíta þeim reglum sem við munum sammælast um. Og ég vil einungis ítreka það að í þeim umræðum sem átt hafa sér stað um þessi efni þá hefur það iðulega komið fram að menn hafa bent á ýmislegt sem kann að henta þeim við vissar aðstæður, en ekki viljað taka á öðrum atriðum sem e.t.v. gætu orðið gegn þeim á öðrum sviðum. Við verðum að ganga til samkomulags og ná samkomulagi í bróðerni og við munum gera það og hefja þessi störf í janúar nk.

[01:41]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem þarf að gerast ef menn vilja fá breytt vinnubrögð hér á Alþingi er að stíga skref sem menn hafa verið að hika við, sýna smávegis lit með því að deila völdum milli stjórnar og stjórnarandstöðu í litlu í sambandi við formennsku í þingnefndum. Það er lítið skref en skref til bóta. En það sem máli skiptir er að forusta þingsins, forsetadæmi þingsins, lyfti sér yfir stjórn og stjórnarandstöðu og stjórnarandstaðan hafi þar áhrif ekki síður en ríkjandi meiri hluti í sambandi við þinghaldið og við fáum hér yfirstjórn í þinginu sem njóti þannig óskoraðs trausts. Þetta segi ég ekki vegna neinna einstaklinga eða hverjir það skipa, heldur að menn geti komið málum hér í annan og skikkanlegri farveg. Það er lykillinn að því að fá annan svip á þinghald á Alþingi Íslendinga.

[01:42]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Austurl. hafði á orði að í þeirri litlu fjárveitingu, 0,8 millj. kr., vegna náttúrugripasafns á Vestfjörðum, hafi hann séð ákveðið ljós í myrkrinu. Ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta heldur lítil týra, en engu að síður er ég sammála hv. þm. um það að þetta er hið þarfasta og merkasta mál.

Það er þannig til komið að í Bolungarvík hafa menn á undanförnum árum unnið hörðum höndum að því að undirbúa gott náttúrugripasafn sem þeir hafa vænst að gæti orðið leiðandi í kjördæminu sem náttúrugripasafn og jafnvel eygt þá von að þegar fram liðu stundir þá gæti þetta orðið náttúrustofa fyrir fjórðunginn. Þetta litla safn eða vísir að safni komst nokkuð í fjölmiðla í sumar og tengdist tilteknu dýri, ísbirni, sem felldur var norður af Íslandi (**Gripið fram í:** Var það að frumkvæði þingmannsins?) — sem var ekki að frumkvæði þingmannsins, sem var ekki einu sinni viðstaddur þegar hann var dreginn á land. Þá bar það til að hæstv. umhvrh. hafði á orði að e.t.v. mætti ánafna þessu ágæta safni ísbirninum. En það er aukaatriði. Aðalatriðið er að umsókn varðandi þetta náttúrugripasafn kom frá bæjarstjórn Bolungarvíkur og hafði raunar líka borist á síðasta ári, en var því miður ekki sinnt á þeim tíma. Hugsunin að baki fjárveitingu að þessu sinni er einfaldlega sú að með því að leggja fram lítið fé í upphafi mætti auðvelda það að koma þessu ágæta safni á laggirnar. Ég vona að verði þessi tillaga meiri hluta fjárln. samþykkt, þá geti þetta orðið upphafið að góðu starfi náttúrugripasafns á Vestfjörðum, í Bolungarvík, og með því að ríkisvaldið komi þarna til móts í upphafi, þá verði það til þess að þetta náttúrugripasafn verði myndarlegt strax í byrjun og rísi undir nafni sem slíkt.

[01:44]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þær upplýsingar sem hann kom hér með. Það sem ég vildi í rauninni fá upplýst er það, er þetta safn orðinn veruleiki? Er búið að stofna til þess? Liggur fyrir stofnskrá? Hvað leggja heimamenn á móti í sambandi við fjárveitingar? Hvernig er sem sagt staðið að þessum málum formlega? Væntanlega liggur fyrir erindi, fyrir fjárln., í sambandi við málið. Ég spyr um þetta bara vegna hliðstæðu við það hvernig þessi mál hafa þróast annars staðar. Þar sem slíkum söfnum hefur verið komið á legg, þá hefur verið um að ræða að ríkið hefur lagt fram stuðning og vonandi getur það orðið til þess að slík stofnun komist á legg eða verði alvörustofnun á Vestfjörðum og þegar tímar líða geti einnig orðið rannsóknarstarfsemi þar í tengslum við það sem þingmaðurinn nefndi sem náttúrustofa. En mér er sem sagt ekki alveg ljóst hversu langt málið er komið í þessum efnum og hvert framlag heimamanna er til

safnsins, hvort það er raunverlega komið á laggirnar eða hvort verið sé að gefa þarna innspýtingu til að þetta verði að veruleika.

[01:46]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessu máli er þannig til að svara að að því hefur verið unnið ötullega af áhugasömum heimamönnum undanfarin ár. Þar hafa mjög margir komið að. Þetta safn hefur ekki síst verið tengt minningu Steins Emilssonar, eins kunnasta jarðvísindamanns sem uppi var fyrr á þessari öld og er látinn fyrir nokkrum árum. Ætlunin var raunar að safnið yrði opnað núna rétt fyrir jólin, en af því getur ekki orðið. Mér er hins vegar ekki kunnugt um hvort búið er að gera endanlegan samning um starfsemi safnsins. Það mun vera ætlunin að safnið opni á vordögum með myndarlegum hætti og þá tel ég sjálfsagt, eins og hv. 4 þm. Austurl. vék að, að formlegir samningar liggi þar fyrir og það liggi ljóst fyrir með hvaða hætti starfsemi safnsins verður. Ég held hins vegar að það fari ekkert á milli mála og það er auðvitað gefið til kynna með þessari litlu fjárveitingu, að hér er auðvitað verið að fara af stað af nokkrum vanefnum. Bæjarfélagið hefur lagt til nokkra fjármuni en einkanlega hefur þetta verið gert af áhugasömum einstaklingum sem hafa verið að safna til þessa munum og verið að undirbyggja það að hægt sé að opna þetta litla safn.

Mjór er mikils vísir er stundum sagt og ég vona að það muni eiga við um þetta safn. Það hefur þegar eignast allnokkra gripi, m.a. fugla sem áhugasamur sóknarprestur, séra Sigurður Ægisson, hafði forgöngu um og ef fram heldur sem horfir og ýmis fyrirheit um safngripi munu rætast, þá efast ég ekki um að þar geti í framtíðinni risið býsna myndarlegt safn. En ég tek undir það með hv. 4. þm. Austurl. að ég held að þetta þurfi hins vegar þegar fram í sækir að gerast formlega og skipulega, m.a. til þess að tryggja það að ríkisvaldið geti með eðlilegum hætti komið þarna til liðs við heimamenn í uppbyggingu safnsins.

[01:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði í fyrsta lagi að fara yfir brtt. sem ég flyt ýmist einn eða ásamt öðrum þingmönnum Alþb. Í öðru lagi ætlaði ég að fara aðeins yfir nál. þeirra nefnda sem ég á sæti í, þ.e. hv. menntmn. og hv. iðnn. og í þriðja lagi ætlaði ég lítillega að ræða um hina skattalegu undirstöðu fjárlagafrv. fyrir árið 1994. En fyrst ætla ég að víkja aðeins að brtt.

Á þskj. 341 flyt ég tvær brtt. Í fyrsta lagi tillögu um lítils háttar framlag til framkvæmda við félagsaðstöðu Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Þannig háttar til að þessi skóli hefur búið við afar knappan og erfiðan húsakost um langt árabil. Þessi skóli hefur gegnt mjög mikilvægu hlutverki í framhaldsskólaflórunni á þéttbýlissvæðinu, m.a. vegna þess að hann hefur talið sér skylt og sýnt myndarskap í því að taka við verulegum fjölda nemenda utan af landi. Eins og allir vita sem þekkja eitthvað til í skólum þá liggur það í augum uppi að þegar nemendurnir eiga ekki heima í viðkomandi byggðarlagi þá er þeim mun meiri þörf fyrir önnur afdrep fyrir þá í skólahúsæðinu eða í tengslum við það heldur en ella væri. Af þeim ástæðum er mjög nauðsynlegt fyrir þennan skóla, Fjölbrautaskólann við Ármúla, að fá þetta viðbótarhúsnæði. Teikningar liggja fyrir, byggingarnefnd hefur verið að störfum, alla vega hefur verið farið yfir þessi mál í skólanefndinni, ef ég man rétt, og þess vegna flyt ég hér litla tillögu um 10 millj. kr. til þess að undirbúa framkvæmdir við félagsaðstöðu Fjölbrautaskólans við Ármúla.

Í öðru lagi flyt ég tillögu um annan framhaldsskóla í Reykjavík sem er Stýrimannaskólinn, en eins og kunnugt er hefur húsnæði hans ekki verið nægilega vel við haldið á undanförnum árum og stýrimannaskólamenn skrifuðu okkur, þingmönnum Reykvíkinga, fyrr á þessu þingi þar sem óskað var eftir sérstökum framlögum í þennan skóla. Og af þeim ástæðum flyt ég litla tillögu um það efni á þskj. 341. Ég sé síðan að hv. meiri hluti fjárln. flytur tillögu um fjármuni í þessu skyni, bæði varðandi framkvæmdir og viðhald og er raunar heldur rausnarlegri en ég er í þeirri tillögu sem ég legg til þannig að það liggur í augum uppi að ég dreg mína tillögu til baka og ég vænti þess að meiri hluti fjárln. telji það til marks um það að menn vilji eiga gott samstarf en ekki það að menn vilji strekkja fram með sína hluti. Ég tel að það sé skynsamlegt af meiri hlutanum að taka svona á þessu máli þó að ég sjái út af fyrir sig ekki á öllum tillögum meiri hlutans að því er varðar menntmrn. að þar sé fylgt faglegri forgangsröð. Væri út af fyrir sig fróðlegt að ræða það í betra tómi heldur en á þessari nóttu.

En ég tel ástæðu til að þakka meiri hlutanum fyrir það að flytja tillögu um Stýrimannaskólann og ég tel einnig ástæðu til að vekja athygli á því að í fjárlagafrv. er líka gert ráð fyrir nokkrum fjármunum til þess að gera við gamla Stýrimannaskólahúsið. Ég tel að það sé út af fyrir sig sérstaklega þakkarvert að það hús á að taka í gegn, gera upp og lagfæra vegna þess að það er engum til sóma eins og það hefur þróast eftir að því var skilað. Og það er Reykjavíkurborg til skammar hvernig hún skilaði því húsnæði eftir margra ára notkun án þess að leggja neina fjármuni í endurbætur og viðhald á því húsnæði.

Úr því að ég er farinn að tala um einstakar tillögur á vegum menntmrn. þá vil ég nefna tvær aðrar sem ég tel að séu sérstaklega jákvæðar og tel ástæðu til að nefna hér. Önnur er tillaga sú sem hér liggur fyrir í upphaflegu fjárlagafrv. um framlög vegna nýbúa. Ég tel að þar sé myndarlega á hlutunum tekið þar sem gert er ráð fyrir 16 millj. kr. til þess að útbúa kennsluefni m.a. fyrir nýbúa. Ég tel að það sé mjög þarft mál og ég vek athygli á því að sú tillaga er í mjög góðu samræmi við þann málflutning sem hér hefur verið hafður uppi á Alþingi af hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur sem eins og kunnugt er hefur stundum setið fyrir Kvennalistann á þessu þingi.

Ég vil einnig — og ég tel að það sé í raun og veru skylt mál — fagna því að í fjárlagafrv. sé gert ráð fyrir að á næsta hausti verði hafin kennsla í táknmálstúlkun við Háskóla Íslands. Ég tel að það sé mikið

framfaraspor, þar sé verið að stíga stórt skref í þá átt að viðurkenna þennan málminnihlutahóp sem heyrnarlausir eru. Og að stíga skref í þá átt að táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál heyrnarlausra sem hlýtur að vera næsta skref sem við reynum að stíga að undangengnum eðlilegum rannsóknum þeirra mála.

Ég vil þá víkja að brtt. sem ég flyt á þskj. 342 ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds, Kristni H. Gunnarssyni, Ragnari Elbergssyni og Hjörleifi Guttormssyni, en þar er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að veita 160 millj. kr., sem er stærsta brtt. Alþb. við þessa fjárlagaumræðu, til þess að hægt sé að framkvæma grunnskólalögin eins og þau liggja fyrir þannig að skerðingarákvæðin verði afnumin bæði að því er varðar fjölda í bekkjum og að því er varðar tímafjölda á nemendur. Ég hef fjallað nokkuð um þessa tillögu eða þetta efni, m.a. í umræðum um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum, þannig að ég tel í sjálfu sér ekki ástæðu til að ræða hana ítarlega á þessum fundi þar sem ég tel að hún sé fullrökstudd, bæði í mínum ræðum og fjölda margra annarra þingmanna stjórnarandstöðunnar, bæði nú á þessu þingi og á undanförnum árum.

Í öðru lagi flytjum við á þessu þingskjali sérstaka tillögu um að fella niður svokallað áfengismeðferðargjald hjá stofnunum SÁÁ. Það er sem sagt gert ráð fyrir því að sértekjur sem samtök áhugamanna um áfengisvandamálið eiga að fá upp á 24,4 millj. í fjárlagafrv. verði 7,2 millj. kr. Mér er það ljóst að hér er aðeins um hluta þessa áfengismeðferðargjalds að ræða vegna þess að í fjárlagafrv. er einnig gert ráð fyrir því að það verði innheimt í Hlaðgerðarkoti og að það verði innheimt af Ríkisspítölunum á Vífilsstöðum. En ég tel auðvitað einboðið að ef þessi lækkun á sértekjum SÁÁ yrði samþykkt hér þá mundi það ganga yfir Ríkisspítalana og Hlaðgerðarkot við 3. umr. Ég tel að hér sé farið inn á alveg stórhættulega braut. Hér er í raun og veru farið inn á þá braut að láta fólk borga fyrir sjúkrahúsvist. Það þarf enginn og á enginn að gera tilraun til þess að rökstyðja þetta með því að langlegusjúklingar sem eru inni á spítölum greiði að nokkru fyrir það með lífeyrisgreiðslum sínum, það er algjörlega ósambærilegt mál. Ég tel hins vegar að ef þetta áfengismeðferðargjald verður samþykkt þá sé í raun og veru verið að samþykkja sjúklingaskatt til frambúðar og það gæti orðið á öðrum sviðum. Ég tel þess vegna að hér sé um stórkostlega mikið prinsipp-mál að ræða, miklu stærra heldur en nemur þeim tölum sem hér eru uppi.

Ég hef orðið var við það að Alþfl. hefur á undanförnum árum, í þeim þrengingum sem hann hefur verið í í núverandi ríkisstjórn, reynt að verja sig með því að menn komist ókeypis inn á sjúkrahús. Og hann telur að hann hafi staðið gegn kröfum Sjálfstfl. um að tekið yrði gjald af fólki um leið og það leggst inn á sjúkrahús. Ég tel að með þessum tillögum um áfengismeðferðargjaldið sé Alþfl. að ganga á bak þeirra fyrirheita sem hann hefur gert í þessu efni. Þess vegna flytjum við þessa tillögu því við teljum að hér sé um að ræða alvarlegt mál, grundvallaratriði. Og ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn til að fara í þann leiðangur með stjórnarliðinu eða hverjum sem er að finna leiðir til að ná í aðra peninga en þessa til að stoppa upp í þann stóra halla sem nú er á ríkissjóði. Ég tel satt að segja að hér sé um að ræða pólitískt grundvallaratriði sem menn eigi ekki að afgreiða svona. Og ég skora á meiri hlutann að hafna þessari tillögu um þetta sérstaka áfengimeðferðargjald.

Loks flyt ég einn, virðulegi forseti, tillögu sem er brtt. við brtt. hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur. En hún gerir ráð fyrir því að bætt verði við 6. gr. fjárlagafrv. nýrri grein sem miðist við að Staðarfell í Dölum verði afhent SÁÁ til frambúðar. Ég kannast við að þessi tillaga kom hér á dagskrá á síðasta þingi og þá greiddi ég atkvæði gegn henni. Ég tel að það sé algjörlega óeðlilegt að afhenda félagasamtökum af hvaða tagi sem er þennan stað. Algjörlega óeðlilegt. Hér er um að ræða menningarstað í héraði sem er á fallanda fæti og á sér ekki marga staði sem héraðið hefur ástæðu til að halda verulega á lofti og því taldi ég þessa tillögu fráleita og greiddi atkvæði gegn henni á síðasta þingi. Hún var felld með mínu atkvæði og stjórnarþingmanna.

Að þessu sinni hef ég ákveðið, vegna þess að það hefur heyrst að það standi til að loka á Staðarfelli, að flytja hér brtt. við tillögu hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur þar sem segir að á eftir orðunum „Staðarfelli í Dölum" komi: enda verði þar starfrækt áfram meðferðarheimili. Ég tel sem sagt með öðrum orðum að það verði hugsanlegt að fallast á það að afhenda SÁÁ þennan stað enda sé tryggt að þar verði starfrækt áfram meðferðarheimili.

Ég vil í tilefni af þessu, virðulegi forseti, spyrja hv. formann fjárln., sem heiðrar okkur hér með nærveru sinni, hvort það sé ætlunin að tryggja rekstur meðferðarheimilisins á Staðarfelli á næsta ári eða hvort áform séu uppi um að loka meðferðarheimilinu á Staðarfelli á miðju næsta ári eða á einhverjum öðrum tíma á árinu 1994. Það er alveg nauðsynlegt að upplýsingar liggi fyrir um þetta mál áður en 2. umr. lýkur um fjárlögin fyrir árið 1994.

Ég hef þá vikið að brtt. þeim sem ég flyt, virðulegur forseti, og hef þessu næst hugsað mér að fara aðeins yfir þau nál. sem koma frá þeim nefndum sem ég á sæti í, þ.e. frá hv. menntmn. og hv. iðnn. Það er þá fyrst frá hv. menntmn. en þar stend ég að áliti ásamt hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og Kristínu Ástgeirsdóttur um fjárlagafrv. fyrir árið 1994.

Það verður að segja það eins og er að nefndin fór ekkert sérlega ítarlega í þessi mál að mínu mati. Ég held að það sé reyndar þannig með fleiri þingnefndir vegna þess að þær hanga dálítið í lausu lofti í sambandi við meðferð fjárlagafrv. Engu að síður var farið yfir vissa þætti og það sem við nefnum í okkar nál., minni hlutinn, eru þrjú atriði.

Það er í fyrsta lagi Lánasjóður íslenskra námsmanna. Þar setjum við fram sjónarmið sem við höfum áður sett fram og eru gamalkunn og ég ætla ekki að endurtaka að öðru leyti en því að ég ætla að segja: Það er alveg furðulegt að Lánasjóður íslenskra námsmanna skuli ekki geta gengið þannig frá sínum reglum um úthlutun lána að þær samræmist nokkurn veginn þeim

kröfum sem gerðar eru um námsframvindu í Háskóla Íslands eða venjulegum skólum. Ég undrast það satt að segja að það skuli vera þannig að kröfur LÍN um 100% námsframvindu séu með þeim hætti að þær eru mjög oft í ósamræmi við kröfur skóla. Það er ástæða til að skora á ríkisstjórnina að fara í að breyta þessu atriði því ég er sannfærður um það, hæstv. forseti, að hér er ekki um stórfellt útgjaldaatriði að ræða. Hér er um að ræða almennt fyrirkomulagsatriði. Og ég tel að það sé hreinn þvergirðingsháttur og ekkert annað að standa að málum með þeim hætti sem gert er núna í úthlutunarreglum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þess vegna tek ég þetta atriði hér upp að ég tel að það liggi beint við að lagfæra atriði af þessum toga.

Í öðru lagi förum við sérstaklega yfir niðurskurðinn í grunnskólanum í okkar nál. Og í þriðja lagi, og það hef ég reyndar rætt áður, ræðum við aðeins um verðlagsforsendur frv. og um það mál ætla ég að ræða nokkuð. Í nál. okkar segir:

„Við meðferð málsins í menntmn. var spurt um verðlagsforsendur frumvarpsins. Giskað var á að í frumvarpinu óbreyttu væri verulegur niðurskurður umfram það sem í raun sæist þar sem verðlagsforsendur frumvarpsins væru ekki réttar. Menntmrn. var beðið um að gera grein fyrir þessu máli á minnisblaði. Minnisblaðið kom aldrei og ástæða þess hve seint þetta álit minni hlutans kemur er að beðið hefur verið eftir minnisblaði menntmrn. um verðlagsforsendur og launaskrið. Minni hlutinn hvetur fjárln. sérstaklega til þess að fara yfir verðlagsforsendur og launaskrið og bendir á að erfiðara er að leysa slíkan vanda í skólum en annars staðar vegna þess ramma sem skólunum er nú ætlaður. Séu þessar forsendur rangar getur verið að það vanti hundruð milljóna króna í menntmrn. eitt. Samtals hafa framlög til menntamála lækkað um 1,6 milljarða kr. í tíð núverandi ríkisstjórnar."

Ég sé að hv. fjárln. hefur af einhverjum ástæðum tekið eftir þessum ábendingum eða fengið þær annars staðar að því að í ræðu hv. formanns fjárln. segir svo, með leyfi forseta, samkvæmt handriti sem ég fékk frá formanninum hér í dag: „Lagt er til að óskiptur liður framhaldsskóla hækki um 50 millj. kr. Í fjárlagafrv. eru engar fjárhæðir til að mæta launaskriði og aldursflokkahækkunum sem kunna að eiga sér stað milli áranna 1993 og 1994 né heldur hafa verið bættar hækkanir vegna launasamninga sem gerðir hafa verið án þátttöku samninganefndar ríkisins eða fjmrn."

Það er spurning, hæstv. forseti, hvort það væri hægt að fá hingað hæstv. fjmrh. Ég vildi aðeins tala um þetta við hann.

Í ræðu hv. formanns fjárln. segir: „Menntmrn. telur útilokað að skólakerfið geti mætt öllum þessum þáttum óbættum þar sem svigrúm til túlkunar á kjarasamningum kennara er mjög þröngt. Að auki hafa verið útfærðar bókanir í kjarasamningum við kennara með þátttöku samninganefndar ríkisins. Hækkunin er færð á óskiptan lið en verður dreift á einstaka skóla við gerð greiðsluáætlunar í upphafi næsta árs."

Ég átta mig satt að segja ekki alveg á þessu máli — og ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að koma í salinn. — Ástæðan fyrir að ég bað hæstv. ráðherra um að koma hér er sú að í ræðu formanns fjárln. í dag segir svo, með leyfi forseta: „Lagt er til að óskiptur liður framhaldsskóla hækki um 50 millj. kr. Í fjárlagafrv. eru engar fjárhæðir til að mæta launaskriði og aldursflokkahækkunum sem kunna að eiga sér stað milli áranna 1993 og 1994 né heldur hafa verið bættar hækkanir vegna launasamninga sem gerðir hafa verið án þátttöku samninganefndar ríkisins eða fjmrn."

Og síðan eru settar í þetta 50 millj. kr. Út af fyrir sig held ég að ég átti mig alveg á því hvert er tilefnið. Það er sem sagt það að í fjárlagafrv. eru engar fjárhæðir til að mæta launaskriði og aldursflokkahækkunum sem kunna að eiga sér stað milli áranna 1993 og 1994. Það eru væntanlega inni í fjárlagafrv. upphæðir til að mæta aldursflokkahækkunum sem um hefur verið samið, ég reikna alveg fastlega með því, en ekki þær sem eru óvissar. En maður veit að í þeim efnum vill oft verða nokkur hreyfing þannig að mér sýnist að þarna sé verið að tala um að dekka eftirtaldar upphæðir:

1. Mæta launaskriði.
2. Mæta aldursflokkahækkunum.
3. Mæta hækkunum sem verða vegna samninga sem aðrir aðilar gera en samninganefnd ríkisins, eins og stendur hér í ræðunni.
4. Hækkanir sem verða vegna útfærslu á bókunum í kjarasamningum við kennara sem gerðir hafa verið með þátttöku samninganefndar ríkisins.

Þannig að þetta eru hugsanlega fjórir þættir.

Þá verð ég að segja: Hvernig stendur á því að þetta er bara á framhaldsskólum en ekki annars staðar, ekki á grunnskólum vegna þess að þar eru hlutirnir alveg jafnstífir og annars staðar? (Gripið fram í.) Já. Það er fínt. Og auk þess hlýtur þetta launaskrið og allt þetta sem ég var að rekja að vera líka inni á spítölum o.s.frv. þannig að mér þætti vænt um ef hæstv. fjmrh. vildi skýra þetta því að satt að segja sýndist mér án þess að það þurfi nú að vera mikil vísindi að það gæti verið að þarna vantaði ansi háar upphæðir þegar allt kemur saman. Þess vegna hefði ég viljað bera þetta undir hæstv. ráðherra og þykir gott að hann skuli hafa kvatt sér hljóðs til þess að svara því.

En ég ætla þá að bera annað undir hæstv. ráðherra og það er að mér hefur borist bréf, reyndar afrit. Það er of mikið sagt að mér hafi borist bréf. Mér liggur við að segja að það sé hrokafullt að segja að mér hafi borist bréf. Ég fékk afrit. Það er frá borgarstjóranum í Reykjavík. Hann heitir Markús Örn Antonsson. Hann er í Sjálfstfl. Hann er í miklum vanda staddur, pilturinn sá, vegna þess að það á að fara að breyta hér stórkostlega skattkerfinu. Hann segir í bréfi til félmn. Alþingis:

„Þær breytingar sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir að verði lögfestar munu staðfesta og auka yfirfærslu á skattbyrði félaga og fyrirtækja og einstaklinga. Lög nr. 113/1992 kváðu á um að innheimta aðstöðugjalds skyldi til bráðabirgða felld niður árið 1993 og sveitarfélögum bættur tekjumissirinn með greiðslum úr ríkissjóði. Til að mæta þeim greiðslum að hluta var jafn-

framt ákveðið að hækka tekjuskatt til ríkisins um 1,5%. Með setningu þeirra laga og ákvæðum frv. nú er slitið að mestu leyti á skattaleg tengsl sveitarfélaga við atvinnurekstur og þar með á nauðsynlegan og eðlilegan hvata fyrir sveitarfélögin að búa atvinnurekstri aðstöðu og laða hann til sín. Fjárhagslegt sjálfstæði sveitarfélaga og sjálfsforræði er stórlega skert. Felldur er niður sjálfstæður tekjustofn þeirra."

Síðan er rakið í hvaða vanda Reykjavík er stödd að þessu leytinu til. Hér segir að skattbyrði íbúa Reykjavíkur mundi að óbreyttu með þessum kerfisbreytingum aukast um 0,65–0,85% á næsta ári og auk þess um 0,25–0,3% til að mæta þeim tekjumissi sem yrði eftir að skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði væri fallinn niður eftir árslok 1994. Þannig að hér er sem sagt verið að tala um skattahækkanir í Reykjavík að mati borgarstjórans og að frumkvæði ríkisstjórnarinnar um 0,9–1,15% á næsta ári.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur svör við þessum vanda. Hún vill halda áfram því kerfi sem hefur verið í gangi, bráðabirgðakerfi að vísu, því að hér segir svo, með leyfi forseta:

„Það er ekki góð stjórnsýsla að breyta í sífellu jafnviðkvæmum og flóknum málum sem skattamál eru. Eðlilegt hefði verið að fá lengri reynslu af tekjustofnalögunum áður en farið var að umbylta þeim. Þetta var að vissu leyti viðurkennt með þeim breytingum sem gerðar voru á tekjustofnalögunum með lögum nr. 113/1992. Þar var kveðið á um að sveitarfélögin fengju á árinu 1993 greiðslur úr ríkissjóði vegna tekjumissisins sem þau urðu fyrir á því ári þegar fallið var frá innheimtu aðstöðugjalds.

Nú eru uppi ráðagerðir um stórfelldan verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga og tímasett að grunnskólinn verði alfarið verkefni sveitarfélaganna frá 1. ágúst 1995." — Sem að vísu hefur auðvitað ekki verið ákveðið. En borgarstjórinn heldur áfram: „Þetta hlýtur að kalla á mikla uppstokkun á tekjustofnum sveitarfélaga og tilfærslu skatta til þeirra frá ríkinu. Því er skynsamlegt að láta aðgerðir í skattamálum bíða en halda a.m.k. á næsta ári óbreyttu fyrirkomulagi frá því sem í gildi hefur verið í ár."

Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Er hann staðráðinn í að fara með þessar skattaforsendur fjárlagafrv. í gegnum þingið? Er hann staðráðinn í því eða hyggst hann hlusta á borgarstjórn Reykjavíkur? Venjan hefur verið sú að borgarstjórn Reykjavíkur hefur haft mikil áhrif hér í þessari stofnun þegar um hefur verið að ræða þingmenn Sjálfstfl., sérstaklega úr Reykjavík. Nú er hæstv. fjmrh. einn þeirra og hæstv. forsrh. og þess vegna hlýt ég að spyrja hvort það sé virkilega þannig að þeir ætli að standa þannig að málum að borgarstjórn Reykjavíkur telji sig nauðbeygða til þess að hækka skatta núna við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir 1994 með þeim hætti sem hér hefur verið rakið. Eða er fjmrh. tilbúinn til þess að framlengja það kerfi sem tekið var upp til bráðabirgða óbreytt út næsta ár og þar með í raun og veru út kjörtímabilið?

Satt best að segja held ég að það sé ýmislegt til í þeim sjónarmiðum sem fram koma í bréfi borgarstjórans í Reykjavík. Það er auðvitað óskaplegt að sulla í skattamálum með þeim hætti sem menn hafa verið að gera hér á undanförnum árum. Við sem höfum verið hér um nokkurt skeið höfum horft á þvílíkar kollsteypur núna á síðustu 5–6 árum í skattamálum á Íslandi að það er alveg með ólíkindum. Það er nú staðgreiðslukerfi skatta, þótti fínt. Svo kom virðisaukaskatturinn. Hann átti algjörlega að afnema skattsvik eins og kunnugt er og það var í fjármálaráðherratíð Jóns Baldvins Hannibalssonar sem hann var tekinn upp. Síðan er ákveðið að fella niður aðstöðugjaldið. Og svo er verið að grauta í þessum skattamálum út og suður einlægt eins og t.d. vaxtaafslætti vegna íbúðarhúsnæðis o.s.frv. þannig að eftir stendur það að þjóðin veit ekki sitt rjúkandi ráð í þessum efnum. Þeir flokkar sem lofuðu skattalækkunum fyrir kosningar, bæði síðustu og næstsíðustu, eru núna búnir að vinna það afrek að hækka skattprósentu einstaklinga í tekjuskatti upp í 41–42% á sama tíma og skattar af fyrirtækjum eru lækkaðir stórkostlega.

Ég held satt að segja, virðulegi forseti, að þetta hringl með skattana sé eitt það allra versta sem hægt er að hugsa sér, ef það á að halda uppi eðlilegu og virku skattkerfi í landinu. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. fjmrh.: Hyggst hann verða við óskum borgarstjórnar Reykjavíkur í þessu máli eða er hann staðráðinn í að hafa bænarskrá Markúsar Arnar Antonssonar, borgarstjórans í Reykjavík, að engu?

Virðulegi forseti. Það er væntanlega komið að lokum þessarar umræðu um fjárlög fyrir árið 1994, þ.e. lokum 2. umr. þó að hér séu nokkrar ræður eftir og getur vel verið að renni nýr dagur áður en umræðunni lýkur. Það er alveg rétt sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hér fyrr í kvöld í þessari umræðu að í raun og veru benti allt til þess að stjórnarflokkarnir hefðu gefist upp. Hallatölurnar í ríkissjóði eru alveg ofboðslegar. Meiri hluti fjárln. virðist vera þannig staddur að hann telji óhjákvæmilegt að bæta þar talsverðu við og það er nokkuð sérkennilegt miðað við það að formaður fjárln. er úr Alþfl. en formaður Alþfl. hefur aftur á móti sagt að stefna Alþfl. sé að róta þessum halla niður um nokkra milljarða kr. Það er í raun og veru þannig að þegar maður horfir á þessa hluti, á þessa ríkisstjórn eins og hún er núna að leggja þetta frv. hér fyrir, þá er það bersýnilegt að ríkisstjórnin og ráðherrarnir eru búnir að missa móðinn, missa kraftinn sem menn þurfa auðvitað til þess að geta tekist á við erfiða hluti. Og svo mikilvægt sem það er að ráðherrarnir hafi móð og kraft til þess að takast á við erfiða hluti, þá þurfa auðvitað þingmenn stjórnarflokkanna að gera það líka. Vonleysið, svartsýnin, deyfðin og móralleysið í stjórnarliðinu er orðið slíkt að við höfum aldrei séð annað eins hér jafnvel þó að við höfum sum hér setið hér um nokkurt skeið. Þegar það er orðið þannig að einstakir ráðherrar þurfa að halda sellufundi í flokkunum sínum, svo að segja við hliðina á Alþingishúsinu, á Kornhlöðuloftinu, til þess að hæla hver öðrum eins og viðskrh. og utanrrh. gerðu hér á Kornhlöðuloftinu fyrr í þessari viku, þegar svo er komið að menn þurfa að sækja huggun í hólið hver hjá öðrum með

skipulegum hætti og það er spilað í útvarpinu lon og don, þá er illa komið.

Hæstv. viðskrh. sagði t.d. á þessum undarlega kornhlöðufundi — það er margt sem þetta kornhlöðuloft hefur reyndar orðið að þola, hæstv. forseti, í seinni tíð, það er alveg ótrúlegt hvað súðin þar hefur mikil þol gagnvart ýmsum yfirlýsingum. En svakalegast held ég að það hafi verið fyrr í vikunni þegar þeir voru að bera lof hver á annan, ráðherrar Alþfl., þannig að það var eiginlega feimnismál satt að segja. (**Gripið fram í:** Varstu þar?) Ég hlustaði, hv. þm. Varst þú þar, hv. þm.? (**Gripið fram í:** Nei.) Nei, hv. þm. var þar ekki. Ég bið forseta að afsaka en ég var spurður.

Hvað sagði hæstv. viðskrh., með leyfi forseta, á þessum fundi á Kornhlöðuloftinu? Það er ekki ný deild hér í Alþingi, það er bara sérstök deild fyrir krata. Þegar þeir fara og gráta, þá fara þeir á Kornhlöðuloftið að hæla hver öðrum, spýta kjarki hver í annan, strákakvalirnar, með leyfi forseta.

„Ég er alveg sannfærður um það," sagði hæstv. viðskrh., „að eftir 20–30 ár" — það er að vísu dálítið langt þangað til, verð ég að segja, „eftir að 20–30 ár eru liðin frá þeirri kerfisbreytingu, þá verður formanns Alþfl. minnst eins og formanns Alþfl. er minnst frá viðreisnarárunum sem andlit þeirra kerfisbreytinga sem gerðar voru á því herrans ári 1993 og 1994."

Það er að vísu dálítið langt þangað til, finnst mér, 20–30 ár, 30 ár, það er árið 2023 er það ekki? Það er dálítið langt þangað til. Við verðum sum komin á ellilaun þá, við verðum komin á ellilaun fyrir löngu. En þá verður það samt þannig að menn verða farnir að minnast formanns Alþfl. fyrir það að hann hafi verið faðir hinna miklu kerfisbreytinga sem við núna stöndum frammi fyrir.

Þær eru nú ekki mikið til að hrósa sér af, verð ég að segja, þessar kerfisbreytingar. Ríkissjóður hefur bætt við sig 20–30 milljörðum kr. í skuldir á þeim tíma sem liðinn er frá því að kerfisbreytingin mikla tók gildi sem lýst var á Kornhlöðuloftinu. Atvinnuleysi hefur aldrei verið meira á Íslandi nú um áratuga skeið eftir að kerfisbreytingin mikla tók gildi sem lýst var á Kornhlöðulotinu hér á dögunum. Siðspillingin í embættaveitingum hefur náð hámarki og hefur aldrei verið eins mikil og í seinni tíð eftir að kerfisbreytingin mikla tók gildi sem lýst var þarna á Kornhlöðuloftinu, þannig að auðvitað er þetta hól sem þeir eru þarna að bera hver á annan, þessir menn, til marks um það að Alþfl. á orðið afar bágt í þessari stjórn þegar menn þurfa að skjóta á aukafundum við hliðina á þinghúsinu til þess að hæla hver öðrum með þeim hætti sem hér hefur verið lýst.

En það var ekki nóg með að hæstv. viðskrh. hældi hæstv. utanrrh. heldur var það líka auðvitað „omvendt", það voru gagnkvæmar ástarjátningar, omvendt eins og það heitir í norrænu samstarfi. Hann sagði um hæstv. viðskrh.: „Honum tókst af því að saman fór annars vegar pólitískur kjarkur og hins vegar úrræði að stöðva sjálfvirkan vöxt svona nokkurn veginn."

Við höfum núna síðustu dagana einmitt í tengslum við fjárlögin séð hvernig hæstv. fyrrv. heilbrrh. hefur tekist þetta, með því að snúa á fjmrh. með mjög eftirminnilegum hætti. Þannig að þessi sérkennilegu fundarhöld ásamt mörgu öðru að undanförnu, m.a. tillögur fjárlaganefndarmeirihlutans, benda til þess að kraftur inn sem þarf að vera í hverri ríkisstjórn ef hún á að ráða við vandann sé úr sögunni í þessari stjórn hafi hann einhvern tímann verið til.

Ég hef, virðulegi forseti, lagt nokkrar spurningar fyrir formann fjárln. og hæstv. fjmrh. sem ég vænti að þeir geti svarað.

Ég ætla að lokum að nefna eitt atriði sem mér er sagt að hafi verið rætt allmikið og mér hefur heyrst vera rætt allmikið í dag og í kvöld og snertir tiltekið mál í Vestmannaeyjum. Þar hef ég tekið eftir því að hv. þm. Árni Johnsen hefur verið gagnrýndur fyrir það að hann hafi gengið þar fram með nokkuð miklum krafti svo ekki sé nú meira sagt og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þessi garnrýni að mörgu leyti ósanngjörn. Mér finnst að það eigi ekki að gagnrýna hv. 3. þm. Suðurl. í þessu máli heldur Háskóla Íslands. Ég satt að segja tel að Háskóli Íslands þurfi að gæta sín mjög í málum af þessu tagi og vanda sig. Ég hef á undanförnum árum talað fyrir því að Háskóli Íslands hefði faglegt sjálfstæði og ég hef reyndar talað fyrir algjöru faglegu sjálfstæði Háskóla Íslands.

Ég óttast það að vinnubrögð af því tagi sem sýnast vera uppi núna í kringum þessar tillögur, og þá er ég ekki að gagnrýna hv. þm. Árna Johnsen, ég óttast að vinnubrögð af þessu tagi geti orðið til þess að valda háskólanum erfiðleikum í framtíðinni. Ég held að það geti orðið til þess ekki einasta að skapa ákveðna erfiðleika í samskiptum Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri þar sem þyrfti auðvitað að halda vel á hlutunum eins og kostur er, heldur óttast ég að áhersiur af því tagi sem þarna koma fram geti valdið Háskóla Íslands erfiðleikum. Það sem ég á við er að ég tel að það sé nauðsynlegt við nýsköpunarverkefni sem ákveðin eru í Háskóla Íslands eða í tengslum við hann, sé stuðlað að víðtækri, faglegri samstöðu um þau verkefni. Þá er ég að tala um háskólann og ég er að tala líka um menntmrn. Og ég tók mjög glöggt eftir því sem hæstv. menntmrh. sagði hér í dag að þessi tiltekna tillaga væri ekki komin frá menntmrn. Það er nokkuð merkilegt satt að segja, hæstv. forseti. Ég endurtek það af því að ég sagði það áður en hv. 3 þm. Suðurl. gekk hér í salinn: Ég hef ekki uppi gagnrýni á hann í þessu máli. Ég tel að hann hafi vaðið fram af þjóðkunnum dugnaði fyrir sitt byggðarlag og það er engin ástæða til að gagnrýna hann fyrir það. En ég tel hins vegar engu að síður að Háskóli Íslands hefði átt að halda aðeins öðruvísi á þessu máli, ég segi það alveg eins og er. Og það þýðir ekkert fyrir hv. 3. þm. Suðurl. eða yfirleitt neinn að fara að halda því fram að þessi orð séu mælt vegna þess að ég sjái ofsjónum yfir þeim samstarfstengslum sem eru að myndast á milli háskólans og Vestmannaeyja, mér finnst þau sniðug. Mér fyndist reyndar og finnst að háskólinn hefði fyrir löngu átt að taka upp miklu víðtækara samstarf við sjávarútveginn og atvinnulífið í landinu en ég bendi á að það eru ekki mjög mörg ár síðan Alþingi Íslend-

inga ákvað að grunnurinn í sjávarútvegsfræðum á háskólastigi á Íslandi væri ekki aðeins í Háskóla Íslands heldur líka í Háskólanum á Akureyri. Ég hefði talið að þessir tveir skólar, bæði Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri hefðu átt að sameinast um faglega forgangsröð verkefna varðandi samstarf við atvinnulífið og sjávarútveginn sjálfan alveg sérstaklega. Mér finnst það líka afar skemmtileg hugmynd sem tengist þessu þar sem er safnið í Vestmannaeyjum og sú starfsemi sem þar hefur verið byggð upp af mjög miklum myndarskap á undanförnum árum og áratugum og ég læt satt að segja þá ósk í ljós að ég vona að þó að mér finnist vera undarlega staðið að þessu máli af hálfu Háskóla Íslands, mér sýnist það vera þannig, þá vona ég að það verði ekki til þess að spilla fyrir Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri né heldur þessu verkefni, samstarfi Háskóla Íslands við atvinnulífið í framtíðinni. Ég vona að það verði þvert á móti og rætist þannig góðar óskir þess þingmanns sem bersýnilega hefur aðallega borið þetta mál fyrir brjósti.

Ég tel með öðrum orðum að þarna þurfi háskólinn að skoða sína stöðu. Út af fyrir sig má segja að það sé heldur ekki sérstakt fjárlagaumræðumál hvernig Háskóli Íslands hefur staðið að fjármálum sínum ýmsum öðrum eins og t.d. þessu svokallaða spilakassamáli. Ég segi það alveg eins og er að Háskóli Íslands er hroðalega aðþrengdur með peninga og það er ofboðslega farið með Háskóla Íslands. Það hafa verið skorin niður framlög til Háskóla Íslands á undanförnum árum þannig að það er að verða til vansa. Það er að verða þannig að það er talinn vafi á því að háskólinn geti veitt þá menntun sem hann þarf, ef fólk úr Háskóla Íslands á að vera samkeppnisfært við fólk sem kemur úr öðrum háskólum. Það hefur mjög verið þrengt að háskólanum með skólagjöldum og niðurskurði, það er enginn vafi á því. Þá er það samt þannig að mínu mati að menn þurfa ekki aðeins að gæta að faglegum heldur líka að siðlegum forsendum áður en þeir taka ákvörðun um það hvernig þeir afla fjár til þeirrar starfsemi sem þeir eru með. Ég tel að þetta spilakassamál, eins og það þróaðist, sé ekki Háskóla Íslands til sóma að öllu leyti, svo að ég segi ekki meira.

Þessu vildi ég koma hér á framfæri, virðulegi forseti, um leið og ég legg hér fáeinar spurningar fyrir hv. 7. þm. Norðurl. e. og hæstv. fjmrh.

[02:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér gefst nú ekki tækifæri til þess að fjalla um nema tvö atriði sem hv. ræðumaður gaf tilefni til að ég gerði. Í fyrsta lagi vil ég taka það fram að þær 50 millj. sem nú koma inn í frv. sem brtt. og snerta framhaldsskólana eru vegna HÍK fyrst og fremst. Þetta eru hækkanir sem urðu vegna kjarasamninga sem gerðir voru fyrr á árinu og giltu aftur í tímann við BHMR og HÍK. Ástæðan fyrir því að þetta átti sér stað eingöngu í menntmrn. með þessum hætti var misskilningur á milli fjmrn. og menntmrn. um verðlagið sem frv. byggðist á. Það kom í ljós að menntmrn. byggði á janúarverðlagi en aðrir, fjmrn. og önnur ráðuneyti, á verðlagi sem við köllum verðlag frumvarpsins. Þetta er skýringin. Ég held að hækkunin hafi verið 2,7% og síðan einhverjar eingreiðslur og slíkt sem kom til skjalanna. Þetta er fyrst og fremst það sem verið er að bæta með þessum hætti.

Í öðru lagi vegna bréfs borgarstjóra til félmn. sem þingmenn Reykvíkinga hafa fengið afrit af, þá vil ég láta það koma mjög skýrt fram hér að þær tillögur sem ríkisstjórnin hefur gert eru byggðar á sameiginlegu starfi sveitarfélaganna, ríkisins og atvinnulífsins og það er alveg hárrétt að á milli sveitarfélaganna verða tilfærslur. Reykjavík tapar nokkrum upphæðum, önnur sveitarfélög vinna til sín upphæðir en þegar upp er staðið kemur þetta nokkurn veginn niður á jöfnu, á atvinnulífinu, sveitarfélögunum sem heild að meðtöldum Jöfnunarsjóðnum og ríkinu og þessu er lýst ákaflega vel í svokölluðum skattabandormi. Auðvitað hlustum við á rök borgarstjórans í Reykjavík og borgarstjórnarinnar, en því miður er mjög erfitt að fresta þessu máli vegna þess að það er erfitt að fylgja eitt ár í viðbót eftir því að eltast við aðstöðugjaldsstofninn því að það verður erfitt fyrir framteljendur að halda honum til haga eins og var á fyrsta árinu sem átti aðeins að vera til bráðabirgða.

[02:31]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi varðandi misskilninginn sem hæstv. menntmrh. segir að hafi verið á milli menntmrn. og fjmrn. Mér sýnist að ef það eru 2,7% sé það þó nokkuð mikil upphæð ef hún er víðar en í framhaldsskólunum. (**Fjmrh.:** Það var kannski 1,7%.) Og ég vil þá einfaldlega spyrja: Er orðið samkomulag á milli menntmrn. og fjmrn. um þetta mál? Telja menn að það sé komin lending í þessu máli? Ef þetta eru 2,7% er það talsvert miklu hærri upphæð en sú sem nefnd hefur verið á framhaldsskólana. Og í ræðu formanns fjárln. sem flutt var í dag segir svo, með leyfi forseta:

„Í fjárlagafrv. eru engar fjárhæðir til að mæta launaskriði og aldursflokkahækkunum." Ég veit að í fjárlagafrv., eða venjulega hefur verið í því liður sem heitir laun og verðlagsmál eða eitthvað því um líkt þannig að ég átta mig ekki alveg á því hvernig þetta fer saman að annars vegar er sagt: Það eru engar upphæðir í þetta. Svo er mismunur á þessum tveimur ráðuneytum upp á 1,7% eða 2,7%. Það er því eitthvað sem þarna fer á milli mála og ef svo er í málum af þessu tagi, þá getur það mjög fljótlega munað nokkrum tugum eða jafnvel hundruðum milljóna eins og hæstv. fjmrh. þekkir auðvitað manna best.

Í öðru lagi lít ég svo á að í bréfi sínu hafi hæstv. fjmrh. verið að hafna bréfi borgarstjórans í Reykjavík um að skattbreytingin verði látin ganga yfir og að gamla kerfið verði ekki framlengt fyrir árið 1994.

[02:33]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tvö eða þrjú atriði sem mig langar aðeins að koma að vegna ræðu hv. þm. eftir því

sem tíminn endist. Hv. þm. sagði að kröfur Lánasjóðs ísl. námsmanna um námsframvindu væru oft í ósamræmi við kröfur skóla. Nú ætla ég ekki að fullyrða of mikið en ég held að þetta sé ekki rétt, að kröfur LÍN séu í ósamræmi við kröfur skóla. Hins vegar mun það vera rétt að kröfur sumra skóla eru mjög svo óraunhæfar. Einkum mun það vera í háskólum í Þýskalandi og mér er kunnugt um það að stjórn lánasjóðsins er með þetta mál til sérstakrar athugunar.

Þá sagði hv. þm. það, sem oft hefur svo sem heyrst áður, að skorið hefði verið niður ofboðslega í Háskóla Íslands eins og hv. þm. orðaði það og að mjög væri þrengt að háskólanum. Ég veit ekki hvað ég hef oft reynt að koma réttum tölum til skila og býst svo sem ekkert við að mér verði trúað nú fremur en áður en það er ekki hægt að nota þau orð að þarna hafi verið um ofboðslegan niðurskurð að ræða. Á föstu verðlagi er ráðstöfunarfé háskólans 1991 1.682,5 millj. en 1994 samkvæmt frv. 1.630 millj. Þetta eru lægri tölur sem nemur 50 millj. en skólagjöldin eru þarna inni í, ég tek það mjög skýrt fram. Þetta er ráðstöfunarfé háskólans þannig að þetta er ekki hægt að kalla ofboðslegan niðurskurð.

Þá vildi ég aðeins segja vegna brtt. hv. þm. Svavars Gestssonar við brtt. um Staðarfell í Dölum að það mál hefur verið til nokkurrar meðferðar í menntmrn. vegna þess að þangað hefur borist erindi frá SÁÁ og í menntmrn. er engin andstaða við það að SÁÁ fái Staðarfell afhent en það kann að vera nokkur hængur á vegna þess að þegar Staðarfell komst til menntmrn. fyrir arf, þá var að háð ákveðnum skilyrðum, að þar skyldi vera skóli. Þegar skólahald þar lagðist niður, þá var gerður samningur við ættmenni arfleifanda um að meðferðarstöð mætti þar vera þannig að það þarf að ná samkomulagi við ættingja þess sem arfleiddi ráðuneytið að þessum skóla til þess að það megi afhenda staðinn. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé svo sem ástæða til að ætla að það verði þar neitt í veginum.

[02:36]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að krafa lánasjóðsins um 100% námsframvindu sé í sumum greinum allt of ströng, allt of stíf og ég tel þess vegna að ráðuneytið ætti að beita sér fyrir endurskoðun á þeim reglum, m.a. með þeim rökum að ég er sannfærður um að þegar litið væri til lengri tíma, mundi það ekki hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir lánasjóðinn.

Í öðru lagi varðandi útgjöldin til háskólans þá held ég að það séu út af fyrir sig réttar tölur sem hæstv. ráðherra var með þó að það beri að taka það fram, eins og hann gerði, að skólagjöldin eru þarna inni í, en það ber líka að taka það fram að auðvitað er það svo að það er ekki bara skrið í launum, þróun í launum eða efnahagslegum stærðum, heldur er líka framskrið í þróun þátta eins og þeirra sem háskólar byggjast á og það er ekki hægt að halda háskóla föstum. Það er alltaf þannig að þar er kallað á nýja hluti og ný verkefni. Það hljóta menn að skilja. Þess vegna tel ég að háskólinn búi í raun og veru við gífurlega þröngan kost.

Varðandi Staðarfell í Dölum þá heyrðist mér á því sem hæstv. ráðherra sagði að ótímabært sé að slá því föstu að það sé hægt að afhenda Staðarfell. Ég tel að það sé einboðið og ég hvet hæstv. ráðherra, bæði menntamálaráðherra og heilbrigðisráðherra, til þess að ganga ekki frá því máli öðruvísi en í samvinnu og samráði við heimamenn á því svæði.

[02:38]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson minntist á það snemma í ræðu sinni að formaður fjárln. heiðraði með nærveru sinni. Hv. þm. Svavar Gestsson heiðraði ekki formann fjárln. með nærveru sinni þegar framsöguræða var flutt hér fyrr í dag og þurfti þingmaðurinn að afhenda honum ljósrit úr ræðunni og reyndar saknaði sá sem hér mælir hv. þm. Svavars Gestssonar við umræðuna lungann úr deginum. En það er önnur saga.

Hv. þm. Svavar Gestson hefur verið nokkur sporgöngumaður um það að bæta og efla samskipti nefnda þingsins, þ.e. fjárln. og fagnefnda. Það er vel og hefur nokkrum sinnum verið komið að þessu máli í dag. Hins vegar veldur það mér nokkrum áhyggjum að þingmaðurinn dró hér til baka tillögu í ræðu sinni áðan um 10 millj. kr. framlag til Stýrimannaskólans þar sem meiri hluti fjárln. hafði gert tillögu um 16,5 millj. E.t.v. er það svo að það er meira sem á skortir heldur en samskipti milli fagnefnda þingsins. Það kann að vera að í þingflokkum skorti á tengsl milli þeirra sem gegna embættum í einstökum nefndum þannig að eitthvað hafi farið á milli mála í þessu efni.

Auk þess var það svo að álit iðnn. sem hv. þm. er formaður fyrir barst ekki fjárln. fyrr en 6. des. sem var hálfum mánuði síðar en álit flestra nefnda þingsins og í það minnsta sjö dögum síðar en sú síðasta nefnd sem skilaði þar á undan. Það var mjög miður þannig að fjárln. tókst ekki að fara yfir álit iðnn. áður en störfum nefndarinnar lauk.

[02:40]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég læt mér nú í léttu rúmi liggja skæting eins og þann sem hv. þm. flutti varðandi mín störf hér, m.a. það að ég hefði ekki verið viðstaddur ræðu formanns fjárln. Málið liggur ekki þannig að það sé nein mætingarskylda á mönnum í þeim efnum. Auk þess er til aðferð sem heitir Sýn. **(Fjmrh.:** Hefur hv. þm. ekki mætingarskyldu?) Í sjálfu sér hef ég mætingarskyldu en eins og hæstv. ráðherra veit, þá er það ekki þannig að þingmenn sitji hér yfir framsöguræðum í einstökum atriðum. Auk þess var ég að sinna starfi fyrir Alþingi nákvæmlega á þessum tíma þannig að ég kann satt að segja ekki við skæting af þessu tagi sem ég held að ég hafi ekki sýnt með mínum störfum hér á Alþingi að ég eigi skilið. Það þætti mér mjög sérkennilegt ef það væri.

Í öðru lagi varðandi iðnn. fannst mér það einnig óskaplega ómerkilegt hjá hv. þm. af því að iðnn. skilaði til hans núna snemma í þessari viku, af því að ég lagði í það vinnu að ná fullri samstöðu allra nefndarmanna, líka stjórnarflokkanna og stjórnarandstöðunn-

ar, í þessari nefnd. Ég skora á hv. þm. að kynna sér hvernig þessum málum víkur við, m.a. með því að ræða við hv. varaformann iðnn., hv. þm. Gísla Einarsson.

Ég endurtek svo spurninguna frá því hér áðan. Stendur til að loka meðferðarheimilinu á Staðarfelli á næsta ári? Þetta var eina spurningin sem ég bar fram fyrir þingmanninn en hann svaraði ekki.

[02:42]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir ástæðulaust að svara þessum orðum um skæting sem hér fóru fram áðan. Ég vil hins vegar vekja athygli á því að hv. þm. Svavar Gestsson gat sérstaklega um það að hv. formaður fjárln. heiðraði með nærveru sinni en formaður fjárln. hefur verið viðstaddur lungann úr umræðunni á þessum degi.

Spurt er hvort ætlunin sé að tryggja í Staðarfelli í Dölum áframhaldandi starfsemi. Hæstv. heilbrrh. hefur svarað því til að hann telji að starfsemi Staðarfells fái rúmast innan marka þeirra fjárveitinga sem ætlaðar eru til starfsemi SÁÁ og á þessari stundu án þess að tekin hafi verið til þess frekari afstaða fær sá sem hér stendur ekki annað séð en að það sé mögulegt.

[02:44]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít svo á að í yfirlýsingu hv. formanns fjárln. felist það að gera megi ráð fyrir því að starfsemin á meðferðarheimilinu á Staðarfelli haldi áfram á næsta ári og að hann hafi einnig orð hæstv. heilbrrh. fyrir því. Ég þakka fyrir þessa yfirlýsingu.

[02:44]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Klukkan er nú langt gengin í þrjú og þingfundur hefur nú staðið í næstum því 16 klukkustundir og a.m.k. nokkrir þingmanna sem hér eru hafa verið hér lungann úr deginum og þó að vissulega megi taka það fram og sé ástæða til þess að taka það fram að hér er margra þingmanna saknað úr salnum því að heldur er hann orðinn þunnskipaður. (**Fjmrh.:** Þeim mun betur.) Þeim mun betur, segir fjmrh. Það er að vísu rétt að það er hérna mannval hið besta, en engu að síður er það nú þannig að hér koma þingmenn sem ætla að tala fyrir brtt. og eru kannski búnir að bíða eftir því meira og minna í allan dag að tala fyrir þessum tillögum og það verður að segjast eins og er að það er dálítið leiðinlegt að tala aðallega yfir stólunum og sjá ekki framan í marga þingmenn þegar það er gert. Við erum að afgreiða hérna fjárlögin sem eru ramminn um það sem gert verður á næsta ári og þegar lagðar eru fram brtt. og talað fyrir þeim, þá er ekki verið að gera það bara til þess að fullnægja einhverju formsatriði, heldur vegna þess að menn vilja leggja eitthvað til málanna, leggja inn í fjárlögin sínar tillögur og reyna að sannfæra aðra þingmenn, samþingmenn sína um að þessar tillögur eigi fyllilega rétt á sér og ættu í rauninni að samþykkjast. Mér finnst því dálítið leiðinlegt að það skuli vera þannig að hér sé talað langt fram á nætur yfir tómum stólum bara til þess eins að fullnægja einhverjum formsatriðum. Ég ætla samt að tala fyrir þessum tillögum. Ég á ekki annarra kosta völ fyrst svona er komið, en margt annað sem ég hefði viljað segja í þessari fjárlagaumræðu ætla ég að láta liggja á milli hluta, enda hefur margt verið sagt hér í dag sem kannski er óþarfi að endurtaka.

En áður en ég geri það langar mig til þess að fara nokkrum orðum um fjárlagafrv. almennt og þá kannski þennan ramma sem maður sér þar. Á það hefur verið bent hér af öðrum þingmönnum að það sem einkenni þessa fjárlagagerð og störf ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans eða stjórnarþingmanna á þessu hausti sé hringlandaháttur og ráðleysi. Fjárlagahugmyndir hafa tekið sífelldum breytingum allt frá því að fyrst var farið að ræða þær og er þess skemmst að minnast að í vor var samið við ASÍ í kjarasamningum um lækkun matarskatts. Þó að vissulega megi draga í efa að það sé eðlilegt og réttlætanlegt að semja um slíka hluti í kjarasamningum, þá var það engu að síður gert. Hins vegar var eins og ríkisstjórnin vaknaði upp við vondan draum í nóvember og eins og hún áttaði sig á því að þetta væri eitthvað sem væri illframkvæmanlegt með skömmum fyrirvara. Og þá taldi ríkisstjórnin sig geta tekið málið einfaldlega upp og fengið þessu breytt án þess að gefa því gaum að þarna var um lið í samþykktum kjarasamningum að ræða og umboðið sem forusta ASÍ hefur til þess að breyta slíkum hlutum hlýtur að vera takmarkað. Það hefði í rauninni þýtt að kjarasamningar hefðu verið lausir og ASÍ-forustan hefði þá þurft að fara með þessi mál aftur út í félögin og semja að nýju.

Ég sagði að ríkisstjórnin hefði vaknað upp við vondan draum. Það er ljóst að þó að þetta hafi auðvitað verið erfitt mál að framkvæma, þ.e. að koma á tveimur þrepum í virðisaukaskattinum, þá hefur ríkisstjórnin líka notað tímann mjög illa frá því í vor. Og ég er alveg sannfærð um það að ef menn hefðu verið ákveðnari í því að þeir ætluðu að framkvæma þetta, þá hefði verið unnið betur að þessum málum. Við vorum boðuð á fund í morgun hjá samtökum sem kalla sig Íslensk verslun og þar eru m.a. Kaupmannasamtökin sem eru aðilar og Félag íslenskra stórkaupmanna og Bílgreinasambandið. Þar kom fram að þeir telja sig eiga mjög erfitt með að framkvæma þessa breytingu í virðisaukaskattinum núna um áramótin, ekki síst vegna þess að það liggur ekki fyrir nein reglugerð eða reglugerðardrög frá fjmrn. um það hvernig eigi að framkvæma þetta, hvaða vörutegundir þarna féllu undir og hverjar ekki. Þar að auki var alveg greinilegt af viðræðum við þessa menn að vegna þess hvernig ríkisstjórnin hafði staðið að þessu, vegna þess að ríkisstjórnin hafði sáð fræjum efasemda um að þetta kerfi yrði tekið upp, þá höfðu menn verið andvaralausir og lítið unnið að þessum málum í versluninni. Þeir höfðu í rauninni trúað því að þetta yrði ekki að veruleika, enda hafði ríkisstjórnin auðvitað gefið fulla ástæðu til þess að ætla að svo yrði ekki. En staðreyndin er nú sú að það virðist fátt koma í veg fyrir að tekin verði upp

tvö þrep í virðisaukaskatti núna um áramótin.

Ég vil að það komi skýrt fram að ég er þeirrar skoðunar að það sé rétt að vera með tvö þrep í virðisaukaskatti og vera með nauðsynjavöru í lægra þrepi og eitthvað sem við getum kannski kallað síður nauðsynjavöru í hærra þrepi. Ég er þeirrar skoðunar að þetta sé rétt. Hins vegar hef ég miklar efasemdir um að það eigi að semja um slíka hluti í kjarasamningum við tiltekin samtök sem eru í þessu tilviki ASÍ, en það þýðir auðvitað það að önnur heildarsamtök eins og BSRB og BHMR eiga ekki annarra kosta völ en að kaupa þennan pakka sem búið er að semja þarna um á þessu borði. Og ég er full efasemda um að rétt sé að gera þetta með þessum hætti.

En það átti að fjármagna matarskattinn með ýmsum hætti. Það átti m.a. að fjármagna hann með fjármagnstekjuskatti, 10% skatti á nafnvexti, það átti að fjármagna hann með heilsukortum og það átti að fjármagna hann með því að leggja 0,5% atvinnuleysistryggingagjald á launþega. Það er skemmst frá því að segja að nú er hætt eina ferðina enn við að leggja á fjármagnstekjuskattinn og er borið við tæknilegum örðugleikum í framkvæmd hans. Nú skal ég ekki draga það í efa að á því séu ýmsir tæknilegir örðugleika en það eru sannarlega líka ýmsir tæknilegir örðugleikar á margvíslegri annarri skattheimtu sem skýtur upp kollinum hérna á þinginu ár eftir ár rétt fyrir jól, afgreitt hér í hasti og framkvæmt án þess að menn hafi hugsað sitt mál til enda. Og það væri sannarlega óskandi að jafnvandaður undirbúningur væri að annarri skattlagningu eins og virðist eiga að vera að þessari skattlagningu á fjármagnstekjum því að þetta er búið að taka slíkan óratíma og það er búið að ræða þetta svo lengi og það eru alltaf tæknilegir örðugleikar einhvers staðar í veginum. Það er ekki verið að hrapa að ákvörðunum þegar um þetta er að ræða þó að það sé gert þegar önnur skattlagning á í hlut.

Þegar ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að leggja ekki á fjármagnstekjuskattinn að þessu sinni þá sagði aðstoðarmaður fjmrh. í fjölmiðlum eitthvað á þá leið að verkalýðshreyfingin þyrfti í rauninni ekki að hafa áhyggjur af þessu, hún mætti láta sér á sama standa, þetta væri bara tekjuvandi ríkissjóðs. Það væri ríkissjóður sem þarna næði ekki í vissar tekjur sem yrði að glíma við þennan tekjuvanda eða þetta gat sem þarna myndaðist. En mér finnst dálítið bratt að segja þetta vegna þess að hvernig er tekjuvandi ríkissjóðs yfirleitt leystur? Tekjuvandi ríkissjóðs er leystur yfirleitt með skattlagningu á einstaklinga. Við höfum ekki séð annað til þessarar ríkisstjórnar eða með niðurskurði í velferðarkerfi eða annarri þjónustu við almennt launafólk þannig að ef það myndast tekjuvandi hjá ríkissjóði, myndast gat hjá ríkissjóði, þá er fyllsta ástæða fyrir launþega og fyrir verkalýðshreyfinguna að hafa áhyggjur af því, enda höfum við séð það í þeim tekjuáætlunum sem ríkisstjórnin er með uppi núna að þar eru það ekki síst einstaklingarnir sem eiga að bera þær byrðar.

Í fyrra eins og hefur talsvert rætt um áður, m.a. í tengslum við skattabandorm ríkisstjórnarinnar, var tekjuskattur einstaklinga í staðgreiðsu hækkaður um 1,5% og sú hækkun átti að koma í stað aðstöðugjaldsins. Og síðan fengu sveitarfélögin 80% af aðstöðugjaldsstofni sínum greitt frá ríkinu og það var fjármagnað með þessari skattlagningu á einstaklinganna, þessari hækkun á tekjuskatti. Núna eru menn að leita eftir að mér skilst varanlegri leið til þess að breyta þessu. Hér hefur verið minnst á það að Reykjavíkurborg hafi farið fram á það að þessu yrði frestað og það yrði hafður sami háttur á á næsta ári og nú í ár, þ.e. að reikna út aðstöðugjaldið og síðan greiða það með sama hætti og var gert núna, þ.e. með því að hækka tekjuskattinn og ríkið greiddi það síðan yfir til sveitarfélaganna. Við höfum rætt þetta mál í félmn. og það virðist ekki vera grundvöllur fyrir því eftir því sem mér hefur heyrst þar að viðhalda sama kerfi og var nú í ár á þessum hlutum. Núna á sem sagt að flytja hluta af staðgreiðslunni yfir til sveitarfélaganna og heimila þeim að leggja á hærra útsvar en gert hefur verið og leyfa þeim að fara í hámark, hækka um 1,7%, í útsvarinu. Ef vel ætti að vera þá ætti ríkið að lækka sig sem þessu nemur. Fjmrh. sagði hér áðan að eins og skattabandormurinn liti nú út og þær breytingar sem þar eiga sér stað þá væri þetta nokkurn veginn í jafnvægi, þ.e. einstaklingarnir bæru nokkurn veginn sömu skattbyrði og í fyrra, ríkið fengi nokkurn veginn það sama og það fékk í fyrra og sveitarfélögin fengju nokkurn veginn það sama og þau fengu í fyrra. **(Fjmrh.:** Á yfirstandandi ári.) Ég meina á yfirstandandi ári, ég er farin að tala út frá árinu 1994, en ég meina á yfirstandandi ári. Þetta sagði fjmrh. hér áðan.

Ég fæ nú ekki séð að þetta passi vegna þess að eins og ég sagði áðan hækkaði ríkið tekjuskatt sinn í staðgreiðslu á þessu ári um 1,5% en þegar við flytjum þetta yfir til sveitarfélaganna og leyfum þeim að hækka hjá sér útsvarið um 1,7%, þá ætlar ríkið samt ekki að lækka hjá sér tekjuskattinn nema um 1,15% sem þýðir það að þeir skilja þarna eftir 0,35% af hækkuninni sem þeir lögðu á á þessu ári, þeir skilja það eftir og ná þar í 700 millj. kr. Fjmrh. hristir höfuðið. Hann útskýrir þetta þá væntanlega fyrir mér hér á eftir en ég fæ alls ekki séð hvernig hægt er að neita því. Það var hækkað um 1,5% á þessu ári, tekjuskatturinn af staðgreiðslunni, það á að lækka um 1,15%, þá hljóta 0,35% að standa eftir sem samkvæmt mínum útreikningum gera 700 millj.

Við skulum gefa okkur að sveitarfélögin fullnýti hækkunina um 1,7% á næsta ári í staðgreiðslunni og ríkið heldur eftir þessum 0,35%. Þá fæ ég ekki betur séð en staðgreiðslan hækki um 2,05% á þessu ári frá því sem hún var 1992 og eftir því sem mér hefur skilist þá er þarna um varanlega breytingu að ræða, þ.e. það er varanleg breyting að sveitarfélögin fái 1,7% hærra útsvar en þau höfðu og ég hef ekki heyrt annað en það sé þá líka varanleg breyting að hækka tekjuskattinn um 0,35%. Þetta gefur um 1,5 milljarða í aukna skattheimtu á einstaklingana á næsta ári þannig að það er augljóst hvert á að sækja peningana eins og hefur reyndar verið háttur þessar ríkisstjórnar síðan hún tók við. Hún hefur alltaf sótt þetta í vasa launafólks.

Um þessi vinnubrögð í skattamálum eins og þau hafa verið viðhöfð hérna þarf ég ekki að hafa mörg orð. Þau eru óverjandi og ég held að það séu flestir þingmenn sammála því í hjarta sínu, hvort sem þeir eru stjórnarþingmenn eða stjórnarandstöðuþingmenn, að það sé algerlega óviðunandi að vera að hræra í skattamálunum og stunda ég get nánast sagt einhvers konar hrossakaup með þessi mál rétt fyrir jól til þess að ná endum saman í fjárlagafrv. og vakna svo upp við vondan draum þegar líður á næsta ár því að þá loks átta menn sig á því hvernig hlutirnir koma út og hvernig þeir virka í raun og um þetta eru auðvitað mörg dæmi.

Ég ætlaði, virðulegur forseti, að fara nokkrum orðum um heilbrigðismálin. En ég verð að segja eins og er að ég sé ekki ástæðu til þess að eyða hvorki mínum tíma né annarra þingmanna í að gera það á þessari nóttu þar sem hvorki er viðstaddur hérna heilbr.- og trmrh. né formaður heilbr.- og trn. þingsins og ég veit þá ekki við hvern ég ætti að ræða þau mál þannig að vit væri í því. Og þó að ég efist ekki um að fjmrh. hafi reynt að kynna sér þau mál eitthvað, þá er ég ekki viss um að það sé hægt að ræða þau til nokkurrar hlítar án þess að heilbr.- og trmrh. sé hér viðstaddur.

Ég ætla þá að tala fyrir þessum brtt. sem við kvennalistaþingkonur flytjum á þskj. 335. Þetta eru 5 tillögur og það þarf í sjálfu sér ekki að hafa langt mál um þær allar en þó eru þær aðeins mismunandi. Í fyrsta lagi flytjum við tillögu um að við 4. gr. 02-201 Háskóli Íslands bætist nýr liður sem heitir Kvennarannsóknir og á þann lið viljum við setja 3 millj. kr. Um þessa tillögu er það að segja að Rannsóknastofa í kvennafræðum við Háskóla Íslands var stofnuð samkvæmt reglugerð frá menntmrn. árið 1990. Það var í rauninni í samræmi við þróun sem hefur verið að gerast í flestum nágrannalöndum okkar þar sem konur hafa verið að sækja í sig veðrið á vettvangi vísinda og fræðimennsku. Þannig hafa verið byggðar upp rannsókna- og kennslustofnanir í kvennafræðum innan flestra viðurkenndra háskóla í Evrópu og Bandaríkjunum og þó víðar væri leitað. Á hinum Norðurlöndunum hafa stjórnvöld verið með sérstakt átak undanfarinn áratug til að efla bæði kennslu og rannsóknir á þessu sviði. Innan Háskóla Íslands hefur umræða um eflingu kvennafræða varla farið af stað nema á mjög óformlegan hátt þó að margir íslenskar konur hafi lagt stund á rannsóknir í hinum ýmsu faggreinum út frá kvennasjónarhorni og sífellt fleiri stúdentar skrifi nú lokaritgerðir sínar við háskólann um málefni kvenna.

Þrátt fyrir mikinn áhuga kvenna jafnt innan háskólans sem utan á þessu fræðasviði þá hefur fjárveiting til kennslu og rannsókna varla verið nokkur að heitið geti frá háskólanum. Og þarna komum við kannski aðeins að þeirri umræðu sem hér hefur rétt farið fram um sjálfstæði háskólans og stöðu hans, bæði faglegt og fjárhagslegt sjálfstæði vegna þess að það geta verið á því ýmsar hliðar. T.d. hefur sú þróun að háskólinn fái heildarupphæð á fjárlögum sem hann á síðan að skipta á milli deilda og stofnana sem allar eru auðvitað í fjársvelti, ekki orðið kvennafræðum við háskólann til framdráttar. Þótt sífellt fleiri konur komi til starfa við háskólann og konur séu að verða meiri hluti nemenda, ég held að konur séu orðnar meiri hluti nemenda við Háskóla Íslands, þá á engin kona utan tveggja fulltrúa stúdenta sæti í háskólaráði og engin kona situr í fjármálanefnd háskólans. Það er því hætt við að háskólinn eigi enn eftir að dragast aftur úr sambærilegum stofnunum erlendis í jafnréttismálum. Miðað við aðrar stofnanir þjóðfélagsins stendur Háskóli Íslands einnig höllum fæti þegar um jafnréttissjónarmið er að ræða og það finnst mér ekki vera góður vitnisburður um þessa æðstu menntastofnun þjóðarinnar að hún skuli standa svona illa að vígi í jafnréttismálum, að það skuli ekki ein einasta kona úr hópi háskólakennara eiga sæti í háskólaráði. Þar eru tvær konur og þær eru báðar fulltrúar stúdenta. Og eins þetta að það er engin kona í fjármálanefnd háskólans. Til þess að bæta nú aðeins þessa slagsíðu sem þarna er og til þess að rétta aðeins hlut kvennafræða við háskólann sem eiga þar undir högg að sækja og þurfa að slást þar um takmarkaða fjármuni við ákveðið ofurefli þá förum við fram á að það verði varið 3 millj. kr. til að efla kvennafræði innan Háskóla Íslands. Annars vegar mundi þessi fjárveiting verða notuð í þróunar- og stjórnunarkostnað og hins vegar til að veita tímabundnar stöður til fræðikvenna til ákveðinna rannsóknaverkefna og hugsanlega líka til kennslu í aðferðafræði í kvennafræðum og kenningum kvennafræða. Þessa tillögu viljum við leggja hér fram og leggjum mikla áherslu á. Það er ekki farið fram á mikið þegar um 3 millj. er að ræða því við erum að ræða hér um miklu hærri fjárhæðir í Vestmannaeyjatilvikinu sem hefur mikið verið til umræðu í dag.

Önnur tillaga okkar snýr að Kennaraháskóla Íslands. Þar leggjum við til að bætist við 10 millj. kr. Um það þarf ég ekki að hafa mörg orð. Fjárveitingar til Kennaraháskóla Íslands standa nánast í stað á þessu ári, þ.e. rekstrarframlag til skólans er nær óbreytt í krónum talið samkvæmt fjárlagafrv. en starfsemi skólans hefur hins vegar verið aukin verulega samkvæmt ákvörðun menntmrn. og þar ber auðvitað hæst flutning kennslumiðstöðvar Námsgagnastofnunar til Kennaraháskólans. Fjárveiting til reksturs kennslumiðstöðvarinnar á árinu 1993 er um 10 millj. kr. en samkvæmt greinargerð með fjárlagafrv. fyrir næsta ár virðist engin fjárveiting fyrirhuguð til þessarar kennslumiðstöðvar og við teljum alveg ófært að flytja stofnun með þessum hætti til Kennaraháskólans án þess að því fylgi einhverjir fjármunir í upphafi, að það sé mikilvægt ef vel eigi að takast til um þessa kennslumiðstöð að hún fái ákveðna fjármuni í upphafi með þessum flutningi.

Þriðja tillagan sem við flytjum fellur undir liðinn Þróunarmál og alþjóðleg starfsemi. Það er nýr liður sem er nr. 114 og heitir Hjálparstarf Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum. Þar leggjum við til að komi 5,6 millj. kr. til þeirra samtaka sem heita UNIFEM. Á Íslandi er starfrækt félagið UNIFEM, það er til í mjög mörgum löndum og var stofnað á Íslandi 18. des. 1989. Starfsemi þess hefur aðallega falist í því að kynna UNIFEM en það er þróunarsjóður Samein-

uðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum og þróunaraðstoð almennt. Þetta félag hefur haldið fundi árvisst 24. okt., á degi Sameinuðu þjóðanna. Þessir fundir hafa ævinlega verið mjög vel sóttir og notið sívaxandi áhuga. Þá gefur félagið út 2–4 fréttabréf á ári en þetta félag hefur enn ekki notið neinna opinberra styrkja, hvorki til reksturs né til þróunarverkefna. Og það er ástæða til þess að minna á það hér þó að maður eigi kannski ekki að vera með neinn meting í því sambandi að Félag Sameinuðu þjóðanna á Íslandi er með á fjárlögum held ég að ég fari rétt með 600 þús. kr. til reksturs. Það er félag sem ég held að við heyrum afskaplega lítið af og verð ekki vör við að það sé mikið lífsmark með því félagi. Hins vegar erum við með félag eins og UNIFEM sem hefur verið að sækja mjög í sig veðrið á undanförnum árum og er mjög merkilegt félag sem nýtur engra rekstrarframlaga á fjárlögum. Ég held að það sé alveg tímabært að menn hugi nú að því hvort ekki sé rétt að styðja aðeins við bakið á félaginu.

UNIFEM-sjóðurinn í New York, þ.e. þessi þróunarsjóður Sameinuðu þjóðanna fyrir konur í þróunarlöndunum, hefur hins vegar fengið fé af fjárlögum nokkur undanfarin ár. Fyrst var það undir sérstökum lið fjárlaganna en síðustu árin hefur styrkurinn komið úr svokölluðum potti utanrrn. eða af heildarfjárveitingu utanrrn. Það má kannski geta þess með þessar fjárveitingar til UNIFEM-sjóðsins í New York að hann fékk um 19 þús. dollara af fjárlögum 1974–1983. Árin 1984 og 1985 fékk hann 6 þúsund dollara, lækkaði verulega og síðan féllu framlög alveg niður 1985–1990. Þá voru þau hins vegar tekin upp aftur og á árinu 1992 voru þau komin upp í 21 þúsund dollara. Það er engin ástæða til þess að ætla annað en sjóðurinn fái þetta framlag áfram af óskiptu framlagi utanrrn. en við teljum engu að síður mikilvæg að styrkja UNIFEM á Íslandi beint vegna þess að þá er hægt að velja sérstakt íslenskt verkefni af verkefnalista UNIFEM og styrkja það og styðja. Þetta gerði UNIFEM á Íslandi sl. vor í góðri trú og félagið hafði ástæðu til þess að ætla að ríkisstjórnin mundi styðja félagið í þróunarvinnu sinni. Það hafði verið talað um það við félagið að það fengi 5 millj. á ári næstu þrjú ár eða 15 millj. í heildina en við það hefur ekki verið staðið. Verkefnið sem UNIFEM á Íslandi valdi til þess að styrkja var ræktunarverkefni í Andersfjöllunum og þetta verkefni er eins og önnur verkefni á vegum UNIFEM að það skilar sér afskaplega vel til kvenna og aðstoðar konur á þessum svæðum til þess að verða virkir þátttakendur í ákvarðanatöku í þeirra byggðarlagi.

UNIFEM hefur hlotið mikið lof og margar viðurkenningar fyrir vel unnin þróunarverkefni og má í því sambandi m.a. geta þess að Alþjóðabankinn hefur leitað í smiðju til UNIFEM þegar þeir skipulögðu nýjasta þróunarátak sitt í ræktun á Indlandi. Við gerum tillögu um að UNIFEM fái 5,6 millj. kr. og þá sjáum við það þannig fyrir okkur að 5 millj. séu styrkur vegna verkefnis UNIFEM á Íslandi, þ.e. þetta verkefni í Andesfjöllunum sem Íslandsdeildin vill styrkja, en hins vegar séu 600 þús. rekstrarstyrkur til UNIFEM á Íslandi.

Fjórða tillagan sem við flytjum snýr að atvinnumálum kvenna og það er liður sem er inni í félmrn. undir vinnumál og heitir Atvinnumál kvenna og hafa verið 15 millj. á nú í a.m.k. þrjú ár, hefur stundum gengið undir nafninu Jóhönnusjóðurinn. Þessi liður hét Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni og heitir það kannski enn eða hét það í frv. eins og það var lagt fram hér í haust, en hefur verið talað um að því heiti verði breytt og heiti Atvinnumál kvenna. Í staðinn fyrir 15 millj. viljum við að komi 75 millj., þ.e. 60 millj. til viðbótar komi á þennan lið. Ég mun nú aðeins rökstyðja það hvers vegna við leggjum þetta til.

Eins og flesta rekur minni til stóð ríkisstjórnin fyrir nokkuð víðtækum atvinnuskapandi aðgerðum í sumar. Hún hafði í tengslum við kjarasamningana sl. vor lofað milljaði í atvinnuskapandi aðgerðir en þegar til átti að taka kom í ljós að af þessum milljarði voru 558 millj. kr. vannýttar fjárveitingar frá fjárlögum ársins 1992 sem voru bara færðar yfir á árið 1993 þannig að hin raunverulega aukafjárveiting til atvinnuskapandi aðgerða er 487 millj. kr. Til ráðstöfunar var engu að síður, þó hluti af því væri frá árinu á undan, 1 milljarður 45 millj. kr. og það sem vekur auðvitað athygli og sker í augu er að 960 millj. kr. af þessum rúma milljarði, 92% af framlaginu, fóru til atvinnuskapandi aðgerða fyrir karla en 80 millj kr. eða 8% af framlaginu fór til atvinnuskapandi aðgerða fyrir konur. Og þegar ég segi þetta voru raunar bara 60 millj. kr. eyrnamerktar í atvinnusköpun fyrir konur. Hitt var allt bara eitthvert framlag til atvinnuskapandi aðgerða, eyrnamerkt engum auðvitað.

Hins vegar þegar lesinn er verkefnalistinn sem ríkisstjórnin setti saman og ákvað í hvað þessum fjármunum skyldi varið, þegar sá verkefnalisti er lesinn þá er alveg morgunljóst hverjum þetta fjármagn nýttist fyrst og fremst því að þarna er aðallega um að ræða vegagerð, byggingaframkvæmdir og viðhald á byggingum og við vitum það ósköp vel að það eru fyrst og fremst karlmenn sem vinna við þessi störf.

Ríkisvaldið var ekki eitt um það að grípa til atvinnuskapandi aðgerða í sumar. Það gerðu líka sveitarfélögin. Þau stóðu fyrir ýmsum átaksverkefnum í sumar sem m.a. voru fjármögnuð úr Atvinnuleysistryggingasjóði af því 500 millj. kr. framlagi sem sveitarfélögin greiddu þar inn á þessu ári og það verður að segjast eins og er að sveitarfélögin hafa staðið sig mun betur en ríkið gagnvart konum. Þar er ólíku saman að jafna en samt sem áður hafa konur borið skarðan hlut frá borði í þessum atvinnuátaksverkefnum sveitarfélaganna. Hlutfall kvenna í átaksverkefnunum hefur aðeins verið 34,1% á móti 65,9% karla sem hafa verið í þessum verkefnum. Upplýsingar um þetta hlutfall hef ég úr skýrslu frá starfshópi um atvinnumál kvenna sem hefur starfað í félmrn. þannig að þessi hlutföll eru ekki minn tilbúningur heldur er þetta úr þessari skýrslu frá félmrn. En þar er að vísu einungis getið um það hvernig konur koma út úr atvinnuskapandi aðgerðum sveitarfélaganna en ekki hvernig þær koma út úr atvinnuskapandi aðgerðum ríkisvaldsins þar sem myndin er enn verri eins og ég gat um áðan.

Þessi ójöfnuður sem þarna var í framlögunum endurspeglast auðvitað í atvinnuleysistölum og enn ætla ég að vitna til þessarar skýrslu frá félmrh. Þetta er skýrsla sem var lögð fram sem þskj. og heitir Skýrsla félmrh. um rannsókn af afleiðingum atvinnuleysis. Í þessari skýrslu segir að nokkuð hafi dregið úr atvinnuleysi í sumar en miklu minna hefur dregið úr atvinnuleysi kvenna en karla frá því það var mest í mars. Almennar vinnumarkaðsaðgerðir hins opinbera hafa dregið miklu meira úr atvinnuleysi karla en kvenna. Þess vegna reyndist nauðsynlegt að fara í sérstök atvinnukapandi verkefni fyrir konur, segir í skýrslunni og það voru 60 millj. af þeim milljarði reyndar kom líka frá sveitarfélögunum til kvenna, en af þessum milljarði sem ríkisvaldið setti í þetta.

Það er sagt hérna að langtímaatvinnuleysi hafi lítillega aukist frá maí til ágúst og fjölgun verði einkum hjá þeim sem hafi verið atvinnulausir lengur en 9 mánuði en hins vegar fækki þeim sem hafi verið atvinnulausir 6–9 mánuði, þ.e. hjá þeim sem hafa verið atvinnulausir lengur en 9 mánuði eykst atvinnuleysið. Og í skýrslunni segir:

„Langtímaatvinnuleysi kvenna hefur aukist í heild um 19% en langtímaatvinnuleysi karla hefur minnkað um 11%," þ.e. langtímaatvinnuleysið er að aukast hjá konum. Og þá segir hér og það er meginniðurstaða í þessari skýrslu hjá félmrh.:

„Meginniðurstaðan er sú að atvinnuskapandi aðgerðir á þessu ári hafa einkum skilað sér til yngra fólks, til karla og til þeirra sem ekki hafa verið of lengi atvinnulausir."

Þetta finnst mér í rauninni vera talsvert mikill áfellisdómur yfir þeim aðgerðum sem ríkisvaldið hefur gripið til í atvinnumálum að það skuli ekki hafa nýst þeim sem hafa verið langtímaatvinnulausir og konum því að ég held að þetta séu þeir hópar sem eigi miklu erfiðara uppdráttar á vinnumarkaði en hinir og þess vegna fyllsta ástæða til þess að reyna að grípa til aðgerða sem geti gagnast þessum hópum.

Atvinnuleysistölur núna eru hins vegar miklu daprari en þær voru í sumar vegna þess að auðvitað dró dálítið úr atvinnuleysinu með þessum aðgerðum. Núna eru atvinnuleysistölur þannig að atvinnuleysi er 6% meðal kvenna og 4,2% meðal karla. Enn þá sígur á ógæfuhliðina fyrir konur og atvinnuleysi eykst þar hraðar heldur en hjá körlum.

Þá blasa við okkur þær nöturlegu tölur að meðal ungs fólks á aldrinum 16–20 ára er atvinnuleysi núna 16% og þetta eru auðvitað alveg hrikalegar tölur sem við erum að sjá þarna.

Þá segir líka í þessari skýrslu frá félmrh. að í sumar hafi atvinnuleysi meðal karla á höfuðborgarsvæðinu minnkað um 30% í sumar. Þetta sama hlutfall er mun hagstæðara hjá körlum á landsbyggðinni þar sem fækkað hefur um nánast 60% á atvinnuleysisskrá á síðustu tveimur mánuðum. Þá segir að hjá konum sé þetta hlutfall ekki jafnhagstætt. Hjá konum á landsbyggðinni hefur atvinnuleysið reynar minnkað um líðlega 30% en á móti kemur að atvinnuleysi meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu hefur aukist um rúmlega 15%. Meðal kvenna á höfuðborgarsvæðinu hefur atvinnuleysi aukist um 15% þegar það hefur verið að minnka hjá öllum öðrum. Og þetta segir okkur kannski betur en flest annað hvað það er mikilvægt að þessi liður sem hefur verið í félmrn. og hefur heitið Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni, að þetta sé útfært til höfuðborgarsvæðisins líka. En það eitt dugir auðvitað ekki. Ef það eru bara 15 millj. kr. á þessum lið, þá dugir ekki að yfirfæra þetta yfir á allt höfuðborgarsvæðið því að þetta er þá ekki til skiptanna. Og þess vegna leggjum við til að þessi liður verði ekki 15 millj. heldur 75 millj. og þá viljum við halda í þetta 60 millj. kr. framlag sem fór í sumar til atvinnumála kvenna og var þarna sérstakt framlag á vegum ríkisstjórnarinnar.

Mig langar í þessu sambandi einmitt að geta þess að konur hafa verið úti um allt land að vinna að atvinnuuppbyggingu og reyna að skapa sér störf en þær hafa átt við ramman reip að draga vegna þess að það er ekki auðvelt að komast í styrki eða lánsfé, ekki nema fólk sé tilbúið til að veðsetja heimili sín og ég held að það séu afskaplega fáar konur tilbúnar til að taka þá áhættu. Þær vilja heldur hafa hlutina smærri í sniðum og vera öruggar með heimili sín og fjölskyldur heldur en leggja allt undir. Hins vegar væri auðvitað afskaplega æskilegt ef menn vildu nú vakna í þessu lánakerfi hérna upp af sínum þyrnirósarsvefni og fara að fjárfesta í hugmyndum fólks og hugmyndum kvenna. Það er það sem þarf að gerast, ekki endilega að það séu lögð fram einhver veð í steinsteypu sífellt heldur að menn reyni að meta hugmyndirnar og sjá hvort þær eru arðvænlegar og fjárfesta í þeim. Þá blasir það auðvitað við að fjárfestingarlánasjóðir og viðskiptabankar eru mun opnari fyrir körlum heldur en konum og það eru þeir sem eru stóru skuldararnir og það er þeirra vegna sem verið er að leggja á afskriftareikninga um 10 milljarða á ári hverju. Á sama tíma eru konurnar að sækja í litlu sjóðina. Það er þessi Jóhönnusjóður svokallaður sem eru 15 millj. kr. inn í félmrn., það er smáiðnaðarsjóðurinn í iðnrn. upp á 11 millj. kr. og svo er það smáverkefnasjóður Framleiðnisjóðs landbúnaðarins upp á líklega 8 millj. kr. á þessu ári og það sést náttúrlega hugmyndin á bak við það. Þetta eru allt smáverkefnasjóðir og smáiðnaðarsjóðir og eitthvað smátt. Það eru stórir sjóðir fyrir stóra karla með stórar hugmyndir og litlir sjóðir fyrir litlar konur með litlar hugmyndir. Það er svona hugmyndafræði sem manni finnst búa á bak við þetta allt saman. (**Fjmrh.:** Small is beautiful.) Vissulega er það „beautiful" en það dugir nú stundum skammt að vera fagur. Það þarf meira til í þessu lífi heldur en vera fagur.

Mig langar í þessu sambandi einmitt að vitna hér í það sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar um smáverkefnasjóð landbúnaðarins. Það er dálítið athyglisvert sem þar segir. Þar er þessum smáverkefnasjóð hrósað að mörgu leyti og sagt að 131 umsókn um styrk hafi hlotið jákvæða afgreiðslu þar frá því að sjóðurinn hóf starfsemi sína og alls hafi verið samþykkt að veita um 20,3 millj. kr. í styrk. En síðan segir í þessari skýrslu frá Ríkisendurskoðun, með leyfi forseta:

„Hins vegar vekur það athygli að samstarfsnefnd-

in," þ.e. samstarfsnefndin sem úthlutað hafi úr þessum sjóð, „sem m.a. er skipuð fulltrúa úr stjórn Framleiðnisjóðs skuli hafi séð ástæðu til þess að setja jafnskýrar starfsreglur um starfsemi sjóðsins og raun ber vitni," þ.e. smáverkefnasjóðsins. „M.a. eru þar sett fram skilyrði um upplýsingaskyldu þó svo að fyrirgreiðslan sé jafnsmá í sniðum og fram kemur að ofan." Það hefur komið fram að styrkirnir séu yfirleitt frá nokkrum tugum þúsunda upp að hámarki 300 þús. kr. sem veitt er úr þessum sjóð og það eru settar mjög skýrar starfsreglur um þessa hluti og krafa um upplýsingaskyldu. Og svo segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Á sama tíma var eins og áður segir ekki gerð sambærileg krafa um upplýsingaskyldu vegna styrkveitinga Framleiðnisjóðs svo sem til búháttabreytinga. Á hitt ber þó að líta að oft nema styrkveitingar úr smáverkefnasjóði hærra hlutfall af heildarkostnaði en aðrar styrkveitingar Framleiðnisjóðs."

Smáverkefnasjóður Framleiðnisjóðs hefur frá því að hann tók til starfa gefið loforð um styrkveitingar upp á 20 millj. kr. og hann er með skýrar reglur um úthlutun, upplýsingaskyldu o.s.frv. en á sama tíma hefur Framleiðnisjóður veitt 456 millj. kr. til búháttabreytinga og þar eru ekki gerðar þær skýru kröfur sem eru gerðar til þessara litlu peninga úr smáverkefnasjóðnum og þetta skýtur náttúrlega dálítið skökku við. Ég er hins vegar alveg sannfærð um að það borgar sig að fjárfesta í konum og það borgar sig að lána konum því að ég held að þær séu með skilvísustu skuldurum þessa lands. Og það er ekki bara hér á landi. Ég held að margir séu búnir að gera sér grein fyrir þessu víða um heim og m.a. var mér bent á það um daginn að Midland-banki í Bretlandi ætlar núna sérstaklega að fjárfesta í fólki sem er að reka lítil og meðalstór fyrirtæki, aðallega lítil fyrirtæki. Og það er dálítið gaman að sjá auglýsingarnar frá Midland-banka þ.e. út á hvaða hóp þessi banki gerir. Hann er búinn að ákveða núna að setja einn milljarð punda í lánsfé sem hann ætlar að lána í smáfyrirtækin. Og hverjum er það sem hann er að lána og til hverra er hann að höfða? Hann er, svo að ég komi með ítarefni með mér í pontuna eins og farið er að tíðkast, hann er farinn að lána kleinukonunum. Það eru kleinukonurnar sem hann ætlar að gera út á, sem hann ætlar að lána. Hann auglýsir sérstaklega og höfðar sérstaklega til þeirra og segist hafa þarna einn milljarð punda til þess að lána og bendir þeim á að þetta sé kannski eitthvað fyrir þær. (**Fjmrh.:** Er búið að tala við Hollustueftirlitið?) Þetta er nú EB-ríki sem hlýtur að hafa allar reglur í lagi ef maður hefur skilið þá hluti rétt. Ekki veit ég undir hvaða heilbrigðisskilyrðum þessi kona framleiðir sínar kleinur en ég vænti þess að þær séu í lagi, virðulegur fjmrh. Ég er sem sagt alveg sannfærð um það að fjármunum í atvinnuátak og stuðning við konur í sinni atvinnusköpun er vel varið og þeir munu skila sér. Og þess vegna er þessi tillaga hér flutt og ég vil jafnframt taka það fram svo að ég hafi ekki mikið fleiri orð um þessa tillögu að mér finnst að það hvernig þessi nefnd í félmrn. sem úthlutaði þessum fjármunum, hvernig hún stóð að málum, þessi starfshópur um atvinnumál kvenna þar, hvernig hann stóð að því að úthluta þessum 60 millj. hafi að mörgu leyti verið til mikillar fyrirmyndar. Þetta er mjög vel unnið, það er mjög vel gerð grein fyrir því út frá hverju var gengið, bæði þegar auglýst var og eins hvaða hugmyndir hópurinn lagði til grundvallar við úthlutun. Hópurinn skilar þessu mjög vel af sér og ég vildi sannarlega sjá að hlutirnir væru jafnvel unnir hjá ýmsum öðrum sem eru að ráðslagast með fé í atvinnusköpun. Mér finnst margar góðar hugmyndir þarna á ferðinni og vel að þessum málum unnið og full ástæða til þess að þakka það en ég vil bara ekki að þar við sitji og síðan ekki söguna meir, það gerist ekkert meir með þessa hluti. Og þess vegna leggjum við þetta til að hér komi 60 millj. í atvinnumál kvenna.

Þá kem ég að fimmtu og síðustu tillögunni. Hún snýr annars vegar að Kvennaathvarfinu í Reykjavík og hins vegar að Stígamótum. Við leggjum til að framlag til Kvennaathvarfsins í Reykjavík verði ekki 15,4 millj. heldur 18 millj. 367 þús. og framlag Stígamóta verði ekki 6,9 millj. heldur 7,5 millj. Þetta er nú að verða árviss tillaga að við kvennalistakonur leggjum þetta til en við teljum þetta mjög mikilvægt. Bæði þessi samtök eru frjáls félagasamtök sem hafa staðið sig mjög vel í sínu starfi. Þau hafa unnið mikið brautryðjendastarf gegn ofbeldi í samfélaginu, kynferðislegu ofbeldi fyrst og fremst en ég held að um leið hafi þessi samtök opnað augu fólks fyrir ofbeldi almennt og eins og ég segi hafi unnið þarna mikið brautryðjendastarf. Úrræðin sem þessi samtök bjóða upp á, bæði Kvennaathvarfið og Stígamót, eru ekki dýr fyrir ríkið. Hvor tveggja þessi samtök eru mjög ötul að afla sértekna og í því sambandi má geta þess með Kvennaathvarfið að á árinu 1992, ég hef ekki ársreikninga fyrir 1993, en á árinu 1992 aflaði Kvennaathvarfið sér 5,4 millj. kr. í sértekjur. Tekjur voru samtals 25 millj. og þar af voru 5,4 millj. sem samtökin öfluðu sér í sértekjum. Það var bæði með gjafafé, áheitum, árgjöldum og daggjöldum en konur greiða fyrir fæði sitt í Kvennaathvarfinu, þær sem þar dveljast.

Þá má geta þess að árið 1992 fóru samtökin m.a. í landssöfnun og söfnuðu nettó rúmlega 17 millj. kr. sem þau notuðu síðan til að kaupa húsnæði fyrir nýtt kvennaathvarf og það er rétt að taka það fram að það er einmitt stefna samtakanna að viðhald og endurbætur á húsnæði verði kostað af gjafafé frá almenningi, fyrirtækjum og félagasamtökum en þær hafa ekki leitað til ríksins um þessa hluti. Þarna er engin útþenslustefna eða ævintýramennska á ferðinni. Þarna er unnið jafnt og þétt og mér finnst að þessi samtök hafi sýnt það í sínum fjárbeiðnum að þau fara mjög varlega í því og þau biðja ekki um meira heldur en þau þurfa og finnst ástæða til þess að orðið sé við beiðni samtakanna.

Um Stígamót er það sama að segja að á árinu 1992 voru rekstrargjöld Stígamóta 11,7 millj. kr., tekjurnar voru þannig saman settar að það komu frá ríkinu 6,2 millj., um 2,5 millj. frá sveitarfélögunum en samtökin öfluðu sér sjálf í sértekjum 3,8 millj. kr. eða 33% af

sínum rekstrartekjum og ég segi bara: Geri aðrir betur.

En þó að þessi samtök hafi verið mjög ötul við að afla sér sértekna og gert það með alls kyns útgáfustarfsemi og söfnunum þá er auðvitað ekki hægt að búast við því að slíkt gangi alltaf á hverju ári. Það þarf að sýna þessum samtökum að þetta sé metið og þess vegna leggjum við til að þau fái þá hækkun sem um er beðið.

Bæði þessi samtök hafa fengið á sig aukin verkefni ef svo má segja. Hjá Stígamótum hefur umfang starfsins aukist mjög á þessu ári ekki síst vegna tilkomu neyðarmóttöku fyrir þolendur nauðgunar á slysadeild Borgarspítalans, en samtökin Stígamót manna bakvaktir vegna þess allt árið og samtökin greiða þeim konum fyrir útköll vegna neyðaraðstoðar við þolendur nauðgunar.

Um Kvennaathvarfið er það að segja að þar hafa aukist verkefni, ekki síst vegna þess að erlendum konum hefur fjölgað mjög í Kvennaathvarfinu. Einkenni á þessum konum sem þangað koma eru oft algjör einangrun, engin íslenskukunnátta og þá oft heldur ekki nein enskukunnátta og það þýðir að samtökin verða m.a. að greiða talsvert fyrir túlkaþjónustu.

Þetta eru þær fimm tillögur sem við flytjum, þingkonur Samtaka um kvennalista, við höfum valið að hafa þessar tillögur fáar og nokkuð á einn veg, þ.e. við viljum með þessum tillögum reyna að styrkja starf kvenna á ýmsum sviðum, hvort sem það lýtur að þróunarhjálp, að rannsóknum og þróun, að atvinnumálum eða velferðarmálum og leggjum áherslu á að þessar tillögur fái sanngjarna umræðu og meðhöndlun og þó að hér séu ekki ýkjamargir að hlusta á mál mitt núna þegar svo langt er liðið á annan dag í þessari umræðu þá vænti ég þess engu að síður að menn skoði þessar tillögur með jákvæðu hugarfari.

[03:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er margt sem kom fram í ræðu hv. þm. sem ég er sammála, einkum það sem hún ræddi um konur og atvinnulíf, konur og þróunaraðstoð o.s.frv. Ég er líka sammála henni um að það hljóta að vera takmörk fyrir því sem hægt er fyrir ríkisstjórn að semja um í almennum kjarasamningum. Það er samt þannig að gerðir voru samningar, þar á meðal um að lækka virðisaukaskatt af matvælum og ég minni á að þeir samningar voru ekki einungis gerðir við ASÍ heldur líka við Vinnuveitendasambandið og innan Vinnuveitendasambandsins eru Kaupmannasamtökin þannig að þau hafa að sjálfsögðu ekki mikla afsökun fyrir því að undirbúa sig ekki enda aðilar að samningunum.

Í öðru lagi vil ég láta það koma fram að tekjur af heilsukortum áttu ekkert skylt við það að fjármagna lækkun virðisaukaskattsins. Hins vegar var hugmyndin að leggja á 0,5% gjald á öll laun en það fékkst ekki fram og í staðinn var gripið til þess ráðs að hækka tekjuskatt um 0,35% og það er skýringin á því að tekjuskatturinn lækkar ekki um 1,5%. Það er alveg kristaltært að það er um verulega skattalækkun að ræða í tillögum ríkisstjórnarinnar og þegar litið er á samspil atvinnufyrirtækjanna, sveitarstjórnanna og ríkisins er um mjög litlar breytingar að ræða á milli ára en þess verður að sjálfsögðu að geta að sveitarfélögin fara mismunandi vel út úr því, sum hagnast og önnur tapa, og því miður er það þannig að Reykjavíkurborg mun tapa nokkrum hundruðum milljóna á meðan önnur sveitarfélög hagnast.

Loks vil ég segja í lokin, virðulegi forseti, að vaxtaskatturinn er auðvitað skattur á einstaklinga og nær til allra þeirra, á öllum aldri, sem eiga peninga sem bera vexti.

[03:36]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega er það rétt hjá fjmrh. að kjarasamningurinn var bæði gerður við ASÍ og VSÍ, þ.e. það var samið um þessi mál við ASÍ og VSÍ og Kaupmannasamtökin eru innan VSÍ. Hins vegar hefur ríkisstjórnin og ráðherrarnir talað þannig allt fram í desembermánuð að það mátti næstum því búast við að það yrði ekkert af þessari lækkun á virðisaukaskattinn og a.m.k. var lagt ofurkapp á það að reyna að fá það fram og knýja á um það bæði gagnvart ASÍ og VSÍ að lækkun á virðisaukaskattinum yrði ekki að veruleika. Þegar margir stjórnarþingmenn trúðu því sjálfir að þetta mundi ekki ganga eftir þá er kannski ekki nema vorkunn þeim sem trúa því úti í bæ að þetta verði ekki að veruleika og þar með kannski ýmsum í Kaupmannasamtökunum. Ég hygg að þar hafi margir treyst á það og trúað því að þessi breyting yrði ekki um áramót og spurningin er sú, ætla menn að fara að vinna einhverja hluti, eyða tíma í það og svo verður kannski aldrei neitt úr neinu? Þannig held ég að þeir standi núna talsvert vanbúnir að taka þetta kerfi upp og náttúrlega ekki síst vegna þess að það hafa ekki sést nein drög að reglugerð frá fjmrn.

Ráðherra samþykkti þessa útreikninga mína áðan, þ.e. að það væri 0,35% hækkun á tekjuskattinum í staðgreiðslu. Hann sagði hins vegar að það hefði komið í staðinn fyrir 0,5% atvinnuleysistryggingagjald sem átti að leggja á og það væri kristalklárt að um skattalækkun væri að ræða. Ég skil ekki hvernig hægt er að segja að það sé kristalklárt að það sé um skattalækkun að ræða þó þeir hafi hætt við 0,5% áform og ákveðið að hafa þau 0,35%. Hækkunin er samt sem áður þessi, 0,35% í tekjuskattinum og úr 1,5 í 1,7% í útsvarinu, og nota bene það skilar meiru, það eykur skattbyrðina þegar það fer yfir í útsvarið vegna þess að þar kemur ekki persónufrádrátturinn inn. Þannig að bara 1,5% í útsvari ef það hefði verið látið þar við sitja hefði skilað talsvert meiru heldur en 1,5% í tekjuskattinum.

[03:39]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það að það er kristaltært að það er um skattalækkun að ræða. Ekki um lækkun á tekjuskatti og útsvari til samans heldur þegar litið er á skatt í heild vegna þess að þegar við skoðum áhrif á heilu árin mun virðisaukaskatturinn

lækka um 3,1 milljarð. Lækkun vörugjalds er upp á 165 millj., þessi 0,35% á atvinnurekendur gefa 560 millj., 0,35% í tekjuskattinum á einstaklinga gefur 685 millj., hækkun á bifreiðagjaldi 450 millj. Nettó verður skattalækkunin sem allir njóta, Reykvíkingar eins og aðrir, 1.570 millj. kr. Þeir sem hafa lesið gögnin sem hefur verið dreift á hinu háa Alþingi í skattafrv. ríkisstjórnarinnar vita jafnframt að þar er sýnt svart á hvítu hvernig ríkið fer út úr þessum skattabreytingum og ég get bætt við þeim upplýsingum sem þar er að finna að sveitarfélögin munu tapa í heild á þessu öllu saman um 80 millj. kr. samtals. Hitt er svo deginum ljósara að sveitarfélögin fá ekki jafnt í sinn hlut og þau fengu áður, einfaldlega vegna þess að Reykvíkingar nutu aðstöðugjaldsins umfram önnur sveitarfélög. Það er rangt sem kemur fram í bréfi borgarstjóra og mjög villandi að halda því fram að það hafi ekki verið ætlunin að sveitarfélögin fengju að njóta fasteignaskattsins sem hefur verið kenndur við skrifstofu- og verslunarhúsnæði, það var sagt í sumar í áliti sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson samdi með öðrum að það væri til eins árs litið á þetta sem verslunar- og skrifstofuskatt en til framtíðar yrði að samræma þessa skattheimtu og aðlaga — ég get nú bara lesið það orðrétt upp úr þessari skýrslu, með leyfi forseta: „að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að skatturinn falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga." — Orðrétt. Þannig að ég vísa alveg á bug þeim áróðri sem nú er hafður uppi varðandi þessi mál og mun senda félmn. Alþingis þessi svör skrifleg.

[03:41]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega rétt sem kemur fram hjá fjmrh. að sveitarfélögin eru nokkuð mismunandi og þessi lækkun til sveitarfélaganna — hann talaði um að það væri lækkun upp á 80 millj. kr. yfir heildina — þessi breyting sem nú er verið að gera kemur auðvitað mjög mismunandi út eins og ráðherra benti á vegna þess að þó að ríkisvaldið sé „homogen" þá eru sveitarfélögin ekki „homogen", þau eru mjög mismunandi. Þess vegna er það að þetta kemur verr út fyrir Reykjavíkurborg heldur en ýmis sveitarfélög önnur úti á landi. (**Fjmrh.:** Þetta vissu allir þegar niðurstaðan var fengin.) Þetta vissu allir, segir fjmrh., þegar niðurstaða var fengin í sumar, en það er náttúrlega ekki nóg að skoða bara frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga, það sem við þurfum að skoða líka í þessu samhengi er Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, þ.e. hvaða breytingar á að gera á honum og það er náttúrlega eins og annað þegar kemur að þessum skattamálum að í desember, eftir að sveitarfélögin eiga að vera búin að ákveða útsvar hjá sér, þá er hent inn í þingið frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga og við erum ekki enn farin að sjá tangur eða tetur af þeim breytingum sem eiga að gerast á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þetta verður auðvitað að hanga saman og ég vil benda á það að eftir því sem fram kemur í því áliti sem ráðherra vitnaði til áðan sem Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson skrifaði m.a. undir, þá lá þetta fyrir og var sent til ríkisstjórnarinnar í sumar. Samt kemur frv. inn í þingið í desember eftir að sveitarfélögin eiga að vera búin að ákveða útsvarið. Það er dálítið seint í rassinn gripið og ætlast svo til þess að hér séu bara allir tilbúnir til þess að flýta fyrir þessu máli eftir föngum þegar heildarmyndin liggur ekki einu sinni fyrir, hún liggur ekkert fyrir fyrr en Jöfnunarsjóðurinn kemur inn í myndina.

[03:43]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að efna til ítarlegrar ræðu þótt umræðuefnið sé það viðamesta sem þingmenn kljást við á hverjum vetri, sjálft fjárlagafrv. Það hefur í mörgum atriðum verið farið ítarlega yfir það af hálfu okkar stjórnarandstæðinga og ekki miklu við það að bæta. En ég vil þó aðeins áður en ég vík að því að mæla fyrir þeirri brtt. sem ég er 1. flm. að og flyt ásamt þremur öðrum þingmönnum Alþb., víkja lítillega að því sem hér hafa spunnist umræður um, þ.e. skattbreytingarnar sem eru að eiga sér stað í tengslum við þessa fjárlagagerð.

Ég rak augun í það þegar ég fór að lesa betur fjárlagafrv. að þar stendur á bls. 271 í því eftirfarandi tvær setningar, með leyfi forseta:

„Þyngst vega fyrirhugaðar breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga á móti niðurfellingu aðstöðugjalds. Á þessu ári [þ.e. 1993] var tekjutapi sveitarfélaga alfarið mætt með hækkun á tekjuskatti einstaklinga."

Með öðrum orðum, það segir í greinargerð með fjárlagafrv. að aðstöðugjaldinu hafi verið að fullu mætt með 1,5% tekjuskatti sem ríkið innheimti og greiddi síðan yfir til sveitarfélaga.

Þetta er dálítið athyglisverð fullyrðing. Einkum í ljósi þess að í fyrra þegar var verið að ganga frá þessum skattalagabreytingum á síðasta þingi þá segir í nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. á þskj. 489, með leyfi forseta:

„Í frv. er gert ráð fyrir að kostnaði ríkissjóðs vegna afnáms aðstöðugjalds verði að hluta til mætt með þeim hætti að tekjuskattur manna hækki úr 32,8% í 34,3% eða um 1,5%. Lagður verði á sérstakur hátekjuskattur og barnabætur lækki um 500 millj."

Með öðrum orðum, meiri hluti efh.- og viðskn. segir á síðasta þingi að menn ætli að bæta sér upp aðstöðugjaldið með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með því að hækka skattprósentuna í tekjuskatti um 1,5%. Í öðru lagi með sérstökum hátekjuskatti og í þriðja lagi með því að lækka barnabætur. Síðan gerir þessi nefnd, eða meiri hluti hennar, þá tillögu í stað þess að lækka barnabætur þá verði almenni persónuafslátturinn lækkaður. Þarna fer eitthvað á milli mála frá því sem stendur í áliti efh.- og viðskn. eða meiri hluta hennar á síðasta þingi.

Ef við skoðum áhrifin eins og þau voru reiknuð út þegar frá þessu var gengið á síðasta þingi og hvernig þau kæmu út fyrir þetta ár og berum það saman við þær breytingar sem menn eru að gera núna þá er það dagljóst að það er verið að auka skattheimtuna hér á landi og þar er ríkissjóður stórtækastur, hann er að sækja sér auknar tekjur í skjóli þess að menn séu að

breyta tekjustofnun sveitarfélaga. Það er þannig, virðulegi forseti, að ætlunin er að hækka útsvarið um 1,7% sem er 0,2% meira en tekjuskatturinn var. Það þýðir að óbreyttum reglum um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að sveitarfélög munu verða að hafa hámarks útsvarsprósentu til þess að ná sér í tekjur úr Jöfnunarsjóði. Með öðrum orðum, þau verði að fullnýta sér þessa heimild að hækka sig um 1,7% til þess að missa ekki af miklum tekjum sem þau hafa í dag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Þessi hækkun, um 0,2%, gefur um 440 millj. kr. sem er auðvitað aukin skattheimta á þann sem greiðir. Í öðru lagi er það 0,35% hækkun á tekjuskatti sem gefur eftir því sem hæstv. fjmrh. upplýsti áðan um 685 millj. kr. Þannig að úr þessum tveimur liðum fáum við skattahækkun á launamenn upp á 1.125 millj. kr. frá því sem var á þessu ári. Þetta er skattahækkun og um það er ekki hægt að deila.

Þá verður að bæta við það sem ríkissjóður tók sér í fyrra sem skatt á þessu ári til að mæta aðstöðugjaldinu en þegar ríkissjóður losnaði við aðstöðugjaldið þá skilar ríkissjóður ekki þeim sköttum. Það er í fyrsta lagi lækkun á persónuafslætti sem átti að gefa 700 millj. á þessu ári og hátekjuskatturinn sem á að gefa 400 millj. Þarna verða eftir í ríkissjóði um 1.100 millj. kr. sem ríkissjóður tók fyrir þetta ár undir því yfirskini að afla tekna til að greiða sveitarfélögunum í staðinn fyrir missi aðstöðugjaldsins. Og þegar menn gefa sveitarfélögunum tekjustofna í staðinn fyrir aðstöðugjaldið, þá verða þessir tveir skattar eftir í ríkissjóði. Samtals er því um að ræða skattahækkun sem situr eftir eftir þennan flutning upp á 2.225 millj. kr. Það er því ekki nema von þó að hæstv. fjmrh. standi gegn flokksbróður sínum, borgarstjóranum í Reykjavík, sem vill fresta fyrirhugaðri breytingu á tekjustofnum sveitarfélaga af því að hann gerir sér grein fyrir því að hann verður að hækka útsvarið, hann verður að hækka skattana á borgarana í Reykjavík og vill auðvitað ekki gera það svona rétt fyrir borgarstjórnarkosningarnar. En hæstv. fjmrh. sér líka að hann getur ekki orðið við þessari beiðni því þá missir hann svo mikið af tekjum út úr sínum ríkissjóði og hagsmunir ríkissjóðs ganga eðlilega, hjá hæstv. fjmrh., fyrir hagsmunum borgarstjórans í Reykjavík og ég skil það að mörgu leyti vel.

Þá vil ég, virðulegi forseti, víkja að þeirri brtt. sem er að finna á þskj. 344 sem ég flyt ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds, Hjörleifi Guttormssyni og Ragnari Elbergssyni. Hún er í tveimur liðum. Annars vegar að hætta við þau áform að lækka tekjuskatt á félög úr 39% niður í 33%, eins og áformað er að gera fyrir næsta ár. Með því að hætta við þessa lækkun á tekjuskatti félaga má fá eða auka tekjur ríkissjóðs um 520 millj. kr. Brtt. okkar er þá þannig að í stað þess að tekjuskattur félaga skili 2 milljörðum 460 millj. í ríkissjóð, þá verði það 2 millj. 980 millj.

Seinni tillagan sem við leggjum fram er sú að lækka tekjur af virðisaukaskatti um 550 millj. kr. Það byggir á því að við gerum ráð fyrir því, og munum væntanlega flytja um það tillögu þegar færi gefst við umræðu um frv. um breytingar á skattalögum, í fyrsta lagi að leggja af fyrirhugaðan virðisaukaskatt á flug sem á að leggjast á frá og með næstu áramótum og mun vera áætlað að skili ríkissjóði um 100 millj. kr. Í öðru lagi munum við leggja til að virðisaukaskattur af fólksflutningum og þar með talið strætisvögnum hér í Reykjavík og á höfuðborgarsvæðinu verði felldir niður. Þetta gæti skilað ríkissjóði á næsta ári um 150 millj. kr., þannig að samtals mundi þessi virðisaukaskattur á fólksflutninga í flugi og á landi vera um 250 millj. kr. Í þriðja lagi munum við leggja til að virðisaukaskattur á bækur verði aflagður eða hætt við að taka hann upp um næstu áramót, en það er áætlað að hann muni skila um 300 millj. á næsta ári. Samanlagt er því um að ræða lækkun upp á 550 millj., eins og áður greindi.

Það þarf ekki að hafa mörg orð um þau áhrif sem virðisaukaskattur kemur til með að hafa á þessa starfsemi sem til umræðu er ef af verður. Það hefur ítarlega verið gerð grein fyrir því bæði í þessari umræðu, í umræðunni fyrr í þessari viku um skattamál og eins á síðasta þingi þegar tekist var á um þessar breytingar. Ég get þó ekki stillt mig um að nefna eitt lítið dæmi sem barst í hendur mínar fyrr á þessum þingfundi. Það er dæmi frá ferðamiðstöð Austurlands sem hefur látið virta endurskoðunarskrifstofu reikna út áhrif virðisaukaskatts á rekstur sinnar starfsemi. Niðurstaðan er sú að ef virðisaukaskatturinn hefði gilt á árinu 1992, þá hefði orðið tap um 3,6% af veltu þess fyrirtækis í stað þess að vera með hagnað upp 4,3%. Þarna er í raun og veru um að ræða sveiflu upp á tæp 8% af veltu. Í krónum talið þýðir þetta að í stað þess að fyrirtækið var rekið með 6,7 millj. kr. hagnaði, hefðu þeir gert það upp í fyrra með tæplega 6 millj. kr. tapi. (Gripið fram í.) Það gengur út á það, af því að menn geta ekki velt skattinum yfir á þann sem endanlega greiðir og það er nákvæmlega það sem er kjarni málsins hvað varðar ferðaþjónustuna. Menn hafa auðvitað gert sér grein fyrir þessu í öðrum útflutningsgreinum, eins og t.d. sjávarútvegi, og eru ekki að innheimta þennan skatt af þeim sem flytja vöruna út og geta ekki velt virðisaukaskattinum á neytandann erlendis, og auðvitað gildir það sama um þessa þjónustu. Þannig að þetta dæmi sýnir ákaflega glögglega þau áhrif sem koma til með að verða af þessum skatti ef hann tekur gildi um næstu áramót.

[03:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af síðustu orðum hv. ræðumanns vil ég eingöngu minna á að við megum ekki gleyma genginu, hvernig það hefur þróast. Raungengi íslensku krónunnar hefur aldrei verið hagstæðara samkeppnis- og útflutningsatvinnugreinunum en nú. Tryggingargjald ferðaþjónustunnar verður lækkað. Aðstöðugjaldið, sem hann títt ræddi, hefur horfið úr sögunni. Allt þetta hefur komið til móts við þessa atvinnugrein. Auðvitað er ljóst að það verður einhver hækkun í greininni, en við verðum að taka þá með hvernig gengið hefur þróast.

Númer tvö, og það skiptir miklu máli, er að átta sig

á því að það er ekki bara hægt að tína til skattahækkanirnar sem urðu á yfirstandandi ári. Það má ekki gleyma því að það varð lækkun skatthlutfalls hjá fyrirtækjum og á því tapaði ríkið 800 millj. á heilu ári, en á móti kom breikkun á stofni sem svaraði til hækkunar upp á 400 millj. Samtals tapaði ríkið á heilu ári um 400 millj. Það má ekki gleyma því heldur að það hefur orðið breyting á vörugjöldum sem lækkuðu tekjurnar um 300 millj. og gjaldeyrisskattur var lagður á upp á 100 millj. Þannig að það voru breytingar í hina áttina líka á yfirstandandi ári. Það er hins vegar alveg rétt að skattar hækkuðu nokkuð, en munu lækka verulega á næsta ári.

Við skulum fara yfir reikninginn hvernig hann lítur út. Ríkið lækkar tekjuskatt um 1,5% vegna aðgerðanna í sambandi við sveitarfélögin. Við fellum niður skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði upp á 470 millj. og framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verður 500 millj. Þessu má ekki gleyma. Þetta er tekjutap ríkisins. Það nefndi hv. ræðumaður ekki nokkurn skapaðan hlut og þetta rennur að sjálfsögðu til sveitarfélaganna. Menn verða að sjá alla myndina fyrir sér í einu.

[03:59]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar hið fyrra sem hæstv. ráðherra nefndi, þá er búið að reikna út áhrif þess að fella niður aðstöðugjaldið í því dæmi sem ég nefndi og ég vil einnig nefna það að þegar gengið er skráð, eins og hæstv. ráðherra vék að, þá kemur það auðvitað seljandum til góða, en á móti getur það líka þýtt að hinn erlendi ferðamaður þarf að borga meira. Þannig að auðvitað er þetta tvíbent.

Hvað varðar áhrifin gagnvart sveitarfélögunum og breytingar í tengslum við tekjustofna þeirra, þá tók ég eftir því að hæstv. ráðherra mótmælti því ekki að við tilflutninginn á því sem menn gerðu í fyrra, hækkunina um 1,5% í tekjuskatti, lækkun persónuafsláttar og hátekjuskatturinn, sem menn tóku sér til þess að mæta aðstöðugjaldi og eru núna að flytja yfir til sveitarfélaganna, þá verða eftir um 1.100 millj. í ríkissjóði vegna þess að persónuafsláttur er lægri og þess að hátekjuskatturinn verður áfram og síðan þar að auki koma 1.125 millj. inn í ríkissjóð og til sveitarfélaganna í formi þess að menn taka hærra samanlagt í tekjuskatt og útsvar en áður.

Hvað varðar það sem hæstv. ráðherra gat um, 500 millj. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, þá vil ég minna ráðherrann á að ætlunin er að ríkissjóður taki aukna skatta af bensíni til þess að vega á móti landsútsvari. Þannig að ríkissjóður ætlar ekki að gefa neitt á því. Og ég minni ráðherrann á að það á að hækka sérstakt framlag frá sveitarfélögum í Atvinnuleysistryggingasjóð úr 500 millj. í 600 millj. sem þýðir í raun 100 millj. kr. hækkun og þar er verið að framlengja skerðinguna á framlagi ríkissjóðs í Lánasjóð sveitarfélaga.

[04:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er yfir mig hissa á því að þingmaðurinn hefur ekki lesið það sem hefur verið lagt hér á borð fyrir hann. 600 millj. til sveitarfélaganna, ég byrja á því. Það voru 500 í fyrra, en í fyrra var líka skerðing á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, þ.e. Lánasjóði sveitarfélaga. Það er hvergi að finna þar núna. 500 plús 100 gera 600, það hélt ég að hv. þm. vissi. Honum var kennd það vel stærðfræði.

Í öðru lagi var landsútsvar á ÁTVR. Það breytist líka. Það eru langsamlega stærstu upphæðirnar. Þá kem ég að því að reikna fyrir — ég er vanur að kenna þingmanninum að reikna og ég vona að hann læri núna. Í fyrsta lagi, í fyrra eru það 4 þús. millj. sem er samtals tekjuskattur einstaklinga, hækkar um 1,5% það eru 3.400 millj. plús hátekjuskattur plús persónuafsláttur. Það eru 600 millj. samtals.

Hvernig lækkar þetta á móti? Þetta lækkar á móti með því að 3.400 millj. hverfa út úr dæminu með því að hækkunin um 1,5% fellur niður. Niðurfellingin á skrifstofu- og verslunarhúsnæði 470 millj., framlag til Jöfnunarsjóðsins, 500 millj., það eru hér um bil 1.000 millj. En það sem kemur á móti inn í ríkissjóð eru 325 millj. af ÁTVR og 140 millj. vegna hækkunar á bensíngjaldi. Það sjá náttúrlega allir menn að munurinn er 55 millj. sem er innan skekkjumarka, því það reyndust ekki vera nema 3.960 millj. sem var skilað til baka af útsvarinu, en ekki 4.000 millj. Með öðrum orðum, þar munar 40 millj. Þetta er nú reikningurinn og ég veit að hv. þm., sem er mjög vel að sér í stærðfræði, hlýtur að skilja þetta þegar gamall kennari hans fer í gegnum þetta með þessum hætti.

[04:03]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki tími til þess að fara í gegnum þessa útreikninga til hlítar eins og þyrfti svo að við næðum saman, ég og hæstv. fjmrh. En ég er með tölu sem ég tek upp úr skjölum frá því á síðasta þingvetri um áhrifin af þessum sköttum og það hefur ekkert komið fram sem gefur tilefni til að ætla að þar hafi menn reiknað vitlaust, enda sýnist mér að fjmrn. noti þessar sömu stærðir og forsendur þeirra við gerð fjárlagafrv. fyrir 1994. Í þeim skjölum kemur fram að tekjuskattur upp á 1,5% skili 2.900 millj. kr., lækkun persónuafsláttar skili um 700 millj. kr. og hátekjuskatturinn um 400 millj. eða samtals um 4.000 millj. kr. Ég hygg að menn eigi ekki að þurfa að deila um þá útreikninga núna, þó að það sé nokkuð liðið á nóttu núna í byrjun desember.

[04:04]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er nánast kominn morgunn, klukkan er 10 mínútur gengin í fimm, og umræðan búin að standa í fjórtán og hálfa klukkustund og sennilega búið að segja allt sem segja þarf, enda er ekki meining mín að lengja umræðuna mikið úr því sem komið er. Vissulega er af nógu að taka og hægt að segja margt um þetta frv., en ég kvaddi mér hljóðs upphaflega fyrir um 10 tímum síðan, til þess að fjalla hér um tvær brtt. sem hafa verið lagðar fram og lýsa yfir stuðningi við þær. Þær brtt. koma fram á þskj. 342 og þskj. 345.

En áður en ég sný mér að þeim vil ég aðeins taka undir þær hugmyndir sem komu fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni um störf fjárln. og hans hugmyndir um það hvernig ætti að ræða einstaka málaflokka í einstökum fagnefndum þingsins og um hugsanleg fjárlög til lengri tíma heldur en nú er. Þingmaðurinn nefndi þrjú ár, það getur þess vegna verið miðað við kjörtímabil. En ég vil alla vega taka undir þá hugsun sem fram kom í máli þingmannsins.

Ég hef sjálfur margoft gagnrýnt hvernig störf nefnda í þinginu fara fram. Ég hef gagnrýnt það mjög stíft að þingheimur sem slíkur skuli ekki fá að taka afstöðu til mála, heldur séu það eingöngu kannski fimm menn í viðkomandi þingnefnd sem taka afstöðu til máls. Þetta tel ég vera nánast árás á lýðræðið og frelsi þingmanna til að móta afstöðu til mála. Ég tel að öll mál eigi að koma út úr nefndum og það sé þingið í heild, þeir 63 þingmenn sem eru kjörnir af þjóðinni sem eigi að taka afstöðu til hvers og eins máls, svo framarlega sem það kemur nógu snemma til nefndar og hún nær að vinna í málinu.

Einnig vil ég benda á það að öllum málum er vísað til nefndar og 2. umr. og þar með tel ég að þingið hafi tekið til þess afstöðu að mál skuli koma aftur inn í þingið. Þar með eigi þau ekki að daga uppi í nefndum og nefndir hafi þar af leiðandi engin völd og engan rétt til þess að láta mál sofna eða afgreiða ekki mál frá sér.

Þá vil ég einnig geta þess að ég álít að nefndir eigi að fá til umfjöllunar þær brtt. sem koma fram við frumvörp. Þetta hef ég áður minnst á og ætla ekki að gera langt mál úr þessu, en af því að um þetta hefur svolítið verið rætt í þessari umræðu, þá taldi ég sjálfsagt að ítreka þetta enn eina ferðina.

Þær brtt. sem ég vildi lýsa stuðningi við eru, eins og ég sagði áðan, annars vegar á þskj. 345 og er það tillaga frá hv. þm. Framsfl. Finni Ingólfssyni, Stefáni Guðmundssyni og Ingibjörgu Pálmadóttur, en þar er farið fram á það að framlag til Ungmennafélags Íslands verði hækkað úr 10 millj. kr. upp í 14 millj. kr. og framlag til ÍSÍ eða Íþróttasambands Íslands verði hækkað úr 24 millj. upp í 32 millj. Samtals er þetta hækkun upp á 12 millj. kr.

Ég vil byrja á því að þakka þingmönnunum fyrir þann velvilja og þann stuðning sem þeir vilja sýna íþróttahreyfingunni og hef áður reynt þessa þingmenn af slíku og fagna því að sjálfsögðu að enn finnast þingmenn sem vilja styðja íþróttahreyfinguna. Það vill nefnilega brenna við að á tyllidögum séu allir tilbúnir að styðja íþróttahreyfinguna og mæla fögur orð í hennar garð, en þegar kemur að því að veita fjármuni til hreyfingarinnar, þá kveður við annan tón og fáir eru tilbúnir til slíks.

Þó að ég hafi ekki heyrt mælt fyrir þessari brtt. þá þykist ég vita að ástæðan fyrir henni sé sú að nú á að taka upp virðisaukaskatt á samgöngur og það mun leggjast mjög þungt á íþróttahreyfinguna. Sú hækkun sem hér er talað um, 12 millj. kr., mun ekki dekka þann aukakostnað sem fellur á íþróttahreyfinguna, þannig að hér er mjög varlega í sakirnar farið og af fullri sanngirni. Ég tel því að það ætti ekki að verða nokkrum til tjóns að ljá þessu atkvæði sitt. Ég geri frekar ráð fyrir því að þessi tillaga verði látin bíða 3. umr. og ætla því að spara mér frekari rökstuðning með þessu máli. Ef ég á að segja alveg eins og er þá er orðið það áliðið að ég nenni varla að vera að ræða of mikið um málið, en er að vísu tilbúinn til þess. Ég er að hér í fyrsta sinn og á möguleika á að tala aftur ef þess er óskað.

En meginröksemdin er sem sagt þessi álagning virðisaukaskatts sem mun leggjast mjög þungt á íþróttahreyfinguna sem er mjög illa stödd fjárhagslega í dag og hefur því miður á mörgum undanförnum árum verið afar — ja, ég vil bara nota orðin illa studd af ríkinu og er ég þá ekkert að gagnrýna frekar þá sem nú sitja við völd en þá sem áður sátu. Það er auðvitað til lítillar fyrirmyndar hvernig við höfum hugsað til íþróttahreyfingarinnar í landinu og er ég þá ekki að gleyma lottói eða getraunum eða slíkum hlutum.

Það starf sem er unnið innan íþróttahreyfingarinnar er auðvitað mjög mikilvægt fyrir æsku þessa lands. Það þekkja allir það mikla forvarnastarf sem íþróttahreyfingin innir af hendi og hve mikilvæg hún er fyrir framtíð þjóðarinnar. Það þekkja allir líka — já, ég var að tala um fjárhagsstöðu íþrótta. Á fund hv. efh.- og viðskn. komu fulltrúar íþróttahreyfinganna til skrafs og ráðagerða í gærkvöldi. Þar kom fram að þeir höfðu verulegar áhyggjur af þessari skattlagningu á samgöngurnar og töldu að þetta mundi koma mjög illa við íþróttahreyfinguna í landinu. Svo illa að væntanlega þýddi þetta að yngriflokkastarf og þó alveg sérstaklega kannski, eins og þeir nefndu, að kvennastarfið innan hreyfingarinnar mundi líða fyrir þetta. Þetta er auðvitað mjög slæmt, ef rétt er, og við eigum auðvitað að sporna þarna við fótum.

Þeir nefndu, sem rétt er, að þetta er fyrst og fremst landsbyggðarskattur, sem svo oft er notað. Ekki síður má kalla þetta alveg sérstakan skatt á Vestmanneyinga.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að fjölyrða meira um þetta. Eins og ég sagði þá ætla ég mér að gera það við 3. umr., en láta þetta duga um þetta mál.

Hitt málið sem ég vildi lýsa stuðningi við er brtt. á þskj. 342 sem er frá hv. þm. Alþb. Þar er 1. flm. Svavar Gestsson. Það er tölul. 2 sem ég vil lýsa stuðningi við sem tekur á samtökum áhugamanna um áfengisvandamál. Þar fara flm. fram á að liðurinn Sértekjur verði lækkaður úr 24,4 millj. kr. niður í 7,2 millj. kr. Þetta mál þykist ég vera fullviss um að verður dregið til baka við atkvæðagreiðsluna seinna í dag og kemur því til umræðu aftur við 3. umr. og ég ætla því að spara mér þá umræðu að öllu leyti þar til að henni kemur.

[04:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til að varpa einni lítilli fyrirspurn til hv. þm. Telur hv. þm. að ef hlutverkaskipan væri þannig hér í þinginu að hann væri í stjórnarandstöðu og hefði flutt þær tillögur sem er að

finna á þskj. 342 annars vegar og 345 hins vegar, að þeir hv. þm. sem þar er að finna, annars vegar þingmenn Alþb. og hins vegar þingmenn Framsfl., myndu, ef þeir væru í ríkisstjórn og hefðu verið að standa að tillögum sinna stjórnar að þeir hefðu lýst yfir stuðningi við tillöguflutning hv. þm.? Ef svarið er játandi þá verður fróðlegt að sjá hvernig fer ef þeir skyldu einhvern tímann í framtíðinni komast í stjórn, sem reyndar er óvíst, en ef svarið er neitandi þá spyr maður um tilganginn með þessari yfirlýsingu sem reyndar enginn hlustar á nema fjmrh. og hæstv. forseti.

[04:15]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það gildir mig einu hverjir hlusta á og það gildir mig líka einu hvaða afstöðu þessir ákveðnu þingmenn hafa, hvort sem þeir eru í stjórn eða stjórnarandstöðu. Það er mín eigin sannfæring sem hér skiptir máli. Þetta er málstaður sem ég vil styðja burt séð frá því hverjir flytja tillöguna, hvort sem það eru stjórnarliðar eða stjórnarandstæðingar. Bæði íþróttahreyfingin og vandamál þeirra sem eiga við þann sjúkdóm sem áfengið kallar fram, eiga samúð mína alla, báðir þessir málaflokkar, og ég vil styðja þá, hver sem á frumkvæðið að því að leggja fram tillöguna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 4.17 árdegis.

---

54. FUNDUR

föstudaginn 10. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1994, stjfrv., 1. mál, þskj. 1, nál. 325 og 334, brtt. 326, 335, 336, 337, 338, 339, 340, 341, 342, 344, 345 og 346. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)

2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 316. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 275. mál, stjfrv., þskj. 350.

Útflutningur á íslensku vatni, 274. mál, fsp. GHall, þskj. 347.

Athugasemdir um störf þingsins.

Meðferð EES-mála á Alþingi og framtíð þingmannanefndar EFTA.

[10:30]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þó að Evrópskt efnahagssvæði hafi gengið í gegnum mjög erfiðar fæðingarhríðir, þá virðist nú fátt geta komið í veg fyrir að það verði að veruleika í janúar nk. Í því sambandi hlýtur sú spurning að vakna hvernig Alþingi sé í stakk búið til að takast á við ný verkefni á Evrópsku efnahagssvæði, þ.e. til að hafa áhrif á nýjar gerðir, nýjar tilskipanir sem munu gilda á Evrópsku efnahagssvæði og fyrir Ísland eins og aðra. Hvernig Alþingi sé í stakk búið til þess að tryggja þingræðislegt eftirlit með framkvæmdarvaldinu í þessu máli þegar farið verður að semja um þær nýju tilskipanir sem eiga að gilda á öllu þessu svæði.

Þegar ég spyr mig þeirrar spurningar, þá hlýtur svarið að vera að Alþingi sé mjög illa í stakk búið til að takast á við þetta og hér hafi ríkt ákveðinn sofandaháttur í þessum málum því það er ekkert form komið enn þá á samráðið á milli ráðherra og þings í þessum málum, þ.e. með hvaða Alþingi ætlar að hafa þetta þingræðislega eftirlit með þeim samningaviðræðum sem ráðherrar munu verða í núna eftir áramót um tilskipanir og gerðir sem gilda munu á Evrópsku efnahagssvæði. Ég hef ekki séð neinar tillögur um þetta efni hérna og ekki orðið vör við að það hafi farið fram sérstök umræða.

Og þá vil ég geta þess líka að framtíð þingmannanefndar EFTA er mjög óráðin og eins hvernig hagað verður þingmannanefnd á Evrópsku efnahagssvæði. Þingmannanefnd EFTA, Íslandsdeildin, er að fara á fund í Vín 16. des. og þar er á dagskránni að gera grein fyrir því hvernig þjóðþing EFTA-ríkjanna ætla að standa að þessum málum og haga þessu samráðsferli. Og þá er skemmst frá því að segja að við getum ekkert sagt á þessum fundi vegna þess að við vitum ekki hvernig þessum málum verður háttað. Þess vegna sný ég mér til forseta, nú og formanns utanrmn. þess vegna, og formanns þingflokks Sjálfstfl. sem mér finnst að eigi að vera ákveðnir frumkvæðissaðilar í þessu máli og spyr: Hvað er að gerast og hvernig hyggjast menn halda á þessum málum?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill byrja á því að þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir að gera fyrir fram aðvart um að hún mundi taka þetta mál upp hér í upphafi fundar og gefa forseta tækifæri til að undirbúa svarið frá sinni hendi. En vegna þessarar fyrirspurnar vill forseti taka fram að hún hefur fylgst vel með þeim málum sem hv. þm. hefur vakið athygli á og gerir sér grein fyrir að mikilvægt er að hér á Alþingi náist samkomulag um þau mál fyrir jólahlé. Hér er að dómi forseta í meginatriðum um tvö mál að ræða, annars vegar hvernig haga skuli meðferð EES-mála á Alþingi og hins vegar hvernig haga skuli þátttöku Alþingis í þingmannastarfi EES-ríkjanna.

Hvað varðar meðferð EES-mála á Alþingi þá er forseta kunnugt um að utanrmn. á von á greinargerð á næstu dögum frá skrifstofu þingsins um meðferð EES-mála á Alþingi og sérstaklega umfjöllun um EES-mál á mótunarstigi og samráð Alþingis og ríkisstjórnar í þeim efnum. Forseti væntir þess að á grundvelli þeirrar greinargerðar muni utanrmn. sem hefur haft með EES-málið að gera móta sína afstöðu til þess hvernig um EES-mál verður fjallað á Alþingi þegar samningurinn hefur tekið gildi 1. jan. nk.

Hvað hitt málið varðar þá liggur fyrir forsætisnefnd tillaga frá Íslandsdeild þingmannanefndar EFTA um tilhögun á þátttöku Alþingis í væntanlegri þingmannanefnd EES. Á fundi forsætisnefndar 15. nóv. sl. var ákveðið að fresta afgreiðslu þeirrar tillögu, þó ekki væri efnislegur ágreiningur um það mál, þar til fyrir lægi jafnframt tillaga um meðferð EES-mála á Alþingi. Hér er um tengd mál að ræða og því eðlilegt að gengið sé frá skipan beggja málanna á sama tíma. Forseti verður að viðurkenna að niðurstaða um þetta efni hefði þurft að liggja fyrir í byrjun þessa mánaðar en það hefur því miður ekki tekist. Forseti væntir þess hins vegar að þessi mál muni skýrast á allra næstu dögum og vonast til að um þau megi nást víðtækt samkomulag milli þingflokkanna. Hér er vissulega um mikilvægt mál að ræða sem varðar störf þingsins og því eðlilegt að formenn þingflokka fjalli um það í samráði við forseta og forsætisnefnd þegar heildartillögur liggja fyrir.

[10:35]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af athugasemdum hv. þm. vil ég taka fram tvennt. Hið fyrra er að í Reykjavík hinn 20. maí 1992 var gerður samningur með hliðsjón af 95. gr. EES-samningsins og fjallar um nefnd þingmanna frá þjóðþingum EFTA-ríkjanna. Samningurinn kveður á um stofnun sameiginlegrar EES-þingmannanefndar sem á að vera EFTA-ríkjunum til ráðgjafar um mál sem tengjast EES. Þetta þýðir ekki að þingmannanefnd EFTA sem nú starfar verði lögð niður. Hún starfar áfram, enda á Sviss aðild að þeirri nefnd. Á ríkisstjórnarfundi í morgun var þessi samningur lagður fram til staðfestingar í ríkisstjórn.

Annað sem ég vildi taka fram er að á ríkisstjórnarfundum á þessu hausti a.m.k. í tvígang hef ég lagt fram ítarlegar skrár yfir þingmál sem varða framkvæmd EES-samningsins og skipt þeim eftir forgangsröð, þ.e. þau mál sem þyrfti að afgreiða fyrir áramót og önnur mál sem eru á aðlögunartíma og áréttað öðru hverju og beint þeim tilmælum til ráðherra að þeir fylgi þeim málum eftir þannig að við stæðum við skuldbindingar okkar.

Það er rétt sem fram kom í máli þingmannsins að það liggur alveg ljóst fyrir nú að EES-samningurinn gengur í gildi um áramót. Hann verður formlega og endanlega staðfestur í ráðherraráði Evrópubandalagsins nú á mánudag og þess má geta að tilraunir á lokastundu til þess að koma í veg fyrir að samningurinn taki gildi samkvæmt upphaflegri orðanna hljóðan, þ.e. að bæði fyrstu tvö árin sem veita t.d. tollaniðurfellingar eða tollalækkanir taki gildi, tilraunir til þess að fá því breytt af hálfu ýmissa aðildarríkja EB hafa ekki tekist þannig að samningurinn mun taka gildi 1. jan. 1994 og á þann veg að fyrstu tveir áfangarnir sem varða tvö fyrstu árin koma til framkvæmda.

[10:37]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur ítrekað verið vakin athygli á því í umræðum hér á þessum vetri hvernig ríkisstjórnin stendur að málum sem tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og hversu andvaralausir þeir virðast vera sem bera ábyrgð á þessum samningi að því er Ísland varðar. Þetta var m.a. rætt hér sl. nótt í umræðum um fjárlagafrv. Það er mjög eðlilegt að hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörg Gísladóttir, hafi áhyggjur af þessu máli eins og aðrir, enda ber hún ásamt meiri hluta hér á Alþingi ábyrgð á því að þetta mál er þar statt sem raun ber vitni. En auðvitað verða menn að taka samningi sem þessum eins og hann liggur fyrir og það hefur ríkisstjórnin og þinglið hennar sem studdi samninginn sannarlega ekki staðið í ístaðinu. Fyrir utan það sem nefnt hefur verið almennt, þá hafa safnast upp á fjórða hundrað samþykktir hjá Evrópubandalaginu frá því 31. júlí 1991 sem hafa verið afgreiddar og lögfestar þar eða með þeim hætti sem það gerist innan EB. Þessi pakki mun liggja á borðum EES-ráðsins væntanlega á fyrsta fundi og það er algerlega ósamið um þetta á fjórða hundrað atriði sem þarna eru á dagskrá.

Hæstv. utanrrh. fullyrðir að samningurinn verði í höfn 1. jan., hann verði staðfestur næsta mánudag. Það má vera. Í blöðum, m.a. Dagens Nyheder frá 7. des., eru menn að gera því skóna að það kunni að verða um seinkun að ræða vegna fyrirstöðu hjá Frakklandi að leggja inn staðfestingarskjöl. Um það skal ég ekki dæma. Það mun reynslan leiða í ljós, en það hefur gerst alloft í þessu máli að það hafa komið sker sem það hefur steytt á.

[10:40]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. 10. þm. Reykv. fyrir að vekja máls á þessu máli sem hér er til umræðu nú undir þessum lið. Ég vil skýra frá því að á vegum utanrmn. í samræmi við ákvörðun sem tekin var innan vébanda hennar á síðasta vetri hefur verið unnið varðandi undirbúning þessa máls og ég á von á því að á mánudaginn kemur, sama dag og formlega verður væntanlega gengið frá því að EES-samningurinn taki gildi frá og með 1. jan. nk. verði lögð fram í nefndinni álitsgerð frá starfsmanni nefndarinnar, forstöðumanni nefndadeildar Alþingis, um þetta mál sem verði grundvöllur viðræðna milli þingflokkanna í nefndinni og vafalaust á milli þingflokkanna um það hvernig haga skuli aðild Alþingis að framgangi mála eftir að EES-samningurinn tekur gildi. Það má auðvitað segja að æskilegt hefði verið að menn hefðu fyrr hafið umræður um þetta á vettvangi þingsins, en það var ekki fyrr en 22. nóv. sl. sem síðasta þjóðþingið afgreiddi þetta mál frá sér og enn á eftir að ganga formlega frá skjölum þannig að samningurinn taki gildi 1. jan. nk. En í þessu máli þurfa menn að taka afstöðu til ýmissa

álitaefna og vonandi tekst okkur að gera það með skipulegum hætti á þeim tíma sem við höfum til stefnu á grundvelli þeirrar álitsgerðar sem verður kynnt í utanrmn. á mánudaginn ef svo fer fram sem horfir.

[10:42]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hv. málshefjandi beindi að hluta til máli sínu til mín varðandi þá fyrirspurn sem hún færði hér fram.

Það hefur komið fram í máli formanns utanrmn. á hvaða vegi málið er statt að því er lýtur að þeirri nefnd og ég sé ekki ástæðu til þess að bæta neinu við það. Hins vegar að því er varðar þingmannasamskiptin og störf þingmannanefndar EES sem hefjast munu þá um áramótin, þá hefur eins og kunnugt er legið fyrir í forsætisnefnd ákveðin tillaga um að þingmannanefnd EFTA taki að sér það verkefni og það mun vera sú skipan sem tíðkast í öðrum þjóðþingum.

Ég sé ekki ástæðu til þess að gera neina athugasemd við það að sá háttur verði einnig á hafður hér. Ég tel hins vegar að það þurfi að taka um það formlega ákvörðun á réttum vettvangi og ræða það og ég vænti þess að forsætisnefndin muni á næstunni ganga frá því máli að höfðu samráði við formenn þingflokka. Þá er það auðvitað sérstakt ákvörðunarefni fyrir hvern og einn þingflokk með hvaða hætti hann skipar sína fulltrúa í þá nefnd og ekki um það að tala af hálfu annarra en þeirra sem fara með það tilnefningarvald.

Þetta vildi ég láta fram koma af minni hálfu. Ég tel að það hafi verið ágætlega og eðlilega að þessu staðið af hálfu EFTA-nefndar Alþingis og ég vænti þess að það sé hægt að ljúka þessu máli, vonandi fljótlega, af hálfu þeirra sem á því bera hina formlegu ábyrgð.

[10:43]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þau svör sem hér hafa komið fram. Það er vissulega rétt eins og kom fram í máli formanns utanrmn. að það er ekki lengra síðan en 22. nóv. að síðasta þjóðþingið í EB gekk frá málinu. Þá fyrst lá fyrir hvort samningurinn yrði að veruleika eða ekki eða a.m.k. hvort í það stefndi. Engu að síður var búið að samþykkja það hér á þingi að gerast aðili að Evrópsku efnahagssvæði yrði það að veruleika. Það þarf því að vinna í samræmi við það á þinginu og hefði auðvitað verið löngu tímabært að þessi umræða færi fram og menn settust nú niður og veltu því fyrir sér hvernig önnur þjóðþing hafa hugsað sér að haga þessu samstarfi milli þings og ríkisvalds.

Ég hjó eftir því í svari forseta að hún taldi að það væri æskilegt að reyna að ná samkomlagi um þetta mál fyrir jólahlé, eða þannig skildi ég hennar orð. Ég hef ekki trú á því að það takist vegna þess að ég held að það þurfi mun meiri umræðu og umfjöllun heldur en svo að hægt sé að ganga frá því fyrir jólahlé, þ.e. hvað líður þessu samstarfi milli ríkisvaldsins og þingsins.

Um þingmannanefnd EFTA fyndist mér að það ætti ekki að vera neitt að vanbúnaði að ganga frá því fyrir jólahlé vegna þess að það liggur fyrir tillaga frá þingmannanefnd EFTA um það hvernig æskilegt sé að haga þessu og það er auðvitað ekki bara persónuleg skoðun okkar, heldur er þetta fyrirkomulag sem þingmannanefnd EFTA almennt hefur komið sér saman um að sé hið besta og ég vil einmitt benda á það varðandi þingmannanefnd Evrópsks efnahagssvæðis að skv. 95. gr. samningsins er gert ráð fyrir að hún starfi. Stofnsamþykkt hennar er í bókun 36 með samningnum þannig að mönnum mátti vera alveg ljóst að hverju stefndi með þá nefnd og hefði auðvitað þurft að ræða þetta og ganga frá þessu miklu fyrr.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti geta þess að fyrirhuguð er utandagskrárumræða að loknu matarhléi, væntanlega kl. hálftvö. Hún fer fram að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. v. samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga og er um fjárhagserfiðleika heimilanna.

Fjárlög 1994, frh. 2. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 1, nál. 325 og 334, brtt. 326, 335, 336, 337, 338, 339, 340, 341, 342, 344, 345 og 346.

[10:46]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (AÓB, ÁMM, EH, GuðjG, IBA, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AÓB, ÁMM, EH, IBA, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 344 kölluð aftur.

3. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS,

GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AÓB, EH, IBA, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,1 og 3–5 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, ÖS.

9 þm. (AÓB, EH, IBA, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,2 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,6 kölluð aftur.

Brtt. 335,1 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,7–9 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 335,2 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,10–12 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 341,1 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,13–15.a samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

5 þm. (ISG, JVK, KÁ, KE, PJ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AÓB, EH, EgJ, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,15.b samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

8 þm. (AÓB, EH, JE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 341,2 kölluð aftur.

Brtt. 326,16–17 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG,

SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.
1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.
8 þm. (AÓB, EH, JE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 342,1 felld með 32:23 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.
8 þm. (AÓB, EH, JE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:59]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í þessari tillögu er gert ráð fyrir fjármunum til þess að standa við framkvæmd grunnskólalaga eins og þau voru samþykkt vorið 1991 að því er varðar tímafjölda á nemendur og að því er varðar fjölda nemenda í bekk. Hér er um að ræða mikilvægt undirstöðuatriði fyrir skólaþróun í landinu og framtíðarþróun lífskjara. Hér er í raun og veru um að ræða lága upphæð með hliðsjón af því hve mikið er í húfi fyrir þjóðina alla og þess vegna er mikilvægt að Alþingi samþykki tillögu af þessu tagi.

Brtt. 326,18 og 20 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS.
5 þm. (ISG, JVK, KÁ, KE, SvG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AÓB, EH, JE, JHelg, MB, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,19 kölluð aftur.

Brtt. 345,1 (við brtt. 326,21.a) felld með 32:23 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.
8 þm. (AÓB, EH, HG, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:01]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir þeirri brtt. sem hér er flutt er sú að um næstu áramót er gert ráð fyrir því að leggja virðisaukaskatt á ferðaþjónustu sem er vaxtarbroddur atvinnulífsins á Íslandi. Þessi virðisaukaskattur mun leggjast mjög þungt á íþróttahreyfinguna samkvæmt þeim útreikningum sem íþróttahreyfingin hefur gert og kynnt. Er gert ráð fyrir því að þetta þýði um 10–15 millj. kr. útgjaldaauka á einu ári fyrir íþróttafélögin í landinu. Þetta er byggt á kennsluskýrslum frá árinu 1992, aukning 1993 og verður enn meiri aukning 1994. Þessi útgjaldaauki er á bilinu 10–15 millj. Brtt. gerir ráð fyrir því að íþróttahreyfingunni verðiað hluta til bætt þessi útgjöld með 12 millj. kr. hækkun á framlagi til Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands sem skiptist þannig: 4 millj. kr. hækkun til Ungmennafélagsins og 8 millj. kr. hækkun til Íþróttasambandsins.

Brtt. 326,21 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE.
8 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 345,2 felld með 31:22 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE.
2 þm. (KE, MF) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 326,22 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.
8 þm. (AÓB, EH, FI, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,23–26 kallaðar aftur.

Brtt. 335,3 felld með 33:23 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,27–28 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

4 þm. (ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 337 kölluð aftur.

Brtt. 326,29 kölluð aftur.

Brtt. 326,30–31 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg*, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS.

6 þm. (ISG, KHG, KÁ, KE, REl, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hún studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 339 felld með 33:23 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:08]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Í áliti sjútvn. segir varðandi fjárlagatillögur Hafrannsóknastofnunar: „Nefndin bendir á að fjárframlög til rannsókna voru skorin niður á fjárlögum þessa árs sem er hættuleg þróun og gera þarf allar hugsanlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þessi niðurskurður endurtaki sig.“ — Því miður bætir nefndin svo við: „Nefndin gerir þó engar tillögur til breytinga á frv. að svo stöddu.“

Það mál sem hér um ræðir, rannsóknir á klaki og hrygningu þorsksins, eru einhverjar þýðingarmestu rannsóknir sem nú standa yfir sem mér er kunnugt um. Um það segir Hafrannsóknastofnun: „Þessar rannsóknir hafa aðeins staðið í tvö ár en nauðsynlegt er að halda þeim áfram, enda virðast þær vera að varpa nýju ljósi á þennan mikilvæga þátt í ævi þorsksins.“ — Og um niðurstöður í lokin segir: „Slíkar niðurstöður mundu hafa mjög mikil áhrif á ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar um nýtingu þorskstofnsins.“

Ég treysti því að tillaga þessi verði samþykkt.

Brtt. 326,32–34, 36–40 og 43 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, VS, VE, ÖS.

11 þm. (GHelg, HG, ISG, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, REl, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,35 samþ. með 38:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÖS.

nei: KHG, RA.

16 þm. (FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JHelg, JVK, KÁ, KE, MF, PP, REl, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:12]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þessi texti sem hér stendur á þingskjalinu er rangur. Það hefur fallið niður að ætla sérstaka upphæð til héraðsdóms Norðurlands vestra. Það eru fyrirheit um að það verði lagað fyrir 3. umr. Ég mun því sitja hjá við þennan lið.

Brtt. 326,41–42 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

9 þm. (AÓB, ÁMM, EH, JE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 335,4–5 felld með 32:24 atkv. og sögðu

já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.
7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,44–45 kallaðar aftur.

Brtt. 326,46 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.
4 þm. (GÁ, KÁ, KE, PP) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,47–55 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS.
8 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:16]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Undir lið 49–55 er verið að bæta sjúkrahúsunum upp þá skerðingu sem fyrirhuguð var í fjárlagafrv., þ.e. það átti að skera niður rekstur leikskóla hjá sjúkrahúsunum. Nú liggur það fyrir að þetta mál hefur fengið tímabundna lausn, ekki varanlega þannig að hægt sé að sætta sig við það, en þarna er þó ákveðin úrbót gerð og þess vegna mun ég greiða atkvæði með þessu en gera jafnframt þá athugasemd að þetta mál hefur ekki enn verið leyst til frambúðar.

Brtt. 326,56 samþ. með 33:19 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.
nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.
4 þm. (ISG, JVK, KE, MF) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:17]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Í þessari brtt. felst það að flytja sértekjur vegna húsaleigu starfsmanna íbúða heilsugæslustöðva inn í Innkaupastofnun ríkisins á sameiginlegan lið þar og úthluta því síðan frá Innkaupastofnuninni aftur til viðhaldsverkefna. Ég tel að málum þessum sé í flestum tilfellum vel komið eins og þau eru, þ.e. stjórnir heilsugæslustöðvanna innheimta leigutekjur og verja þeim síðan til viðhalds á þessum starfsmannaíbúðum og málið sé betur komið í höndum heimamanna og sú miðstýring sem hér er gerð tillaga um að taka þetta allt saman inn í framkvæmdadeild Innkaupastofnunar sé ekki skynsamleg. Ég legg því til að þessi brtt. verði felld.

Brtt. 336 kölluð aftur.

Brtt. 326,57 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS.
4 þm. (ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, SvG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,58–59 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.
4 þm. (ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
8 þm. (AÓB, EH, JE, JHelg, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,60–61 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.
8 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 342,2 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.
7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin flytur í fjárlagafrv. tillögu um sjúklingaskatt, þann fyrsta sem tekinn yrði upp hér á landi fyrir það fólk sem þarf að fara í áfengismeðferð. Við þingmenn Alþb. leggjum til að horfið verði frá þessum áformum og að sértekjuliðurinn hjá SÁÁ verði lækkaður sem nemur þessum sérstaka skatti sem á að leggja á þessa sjúklinga. Við teljum að hér sé um að ræða mikilvægt grundvallaratriði vegna þess að ef þessi skattur verður samþykktur, hér, þá sé yfirvofandi hætta á því að skattlagning sé að halda innreið sína í heilbrigðiskerfið í heild og menn verði ekki spurðir fyrst: Hvað er að þér? heldur: Hvað áttu í veskinu? áður en þeir verða lagðir inn á heilbrigðisstofnanir. Við mótmælum þessu, flytjum því þessa brtt. Ég segi já við henni, forseti.

Brtt. 326,62–68, 71, 73 og 75–78 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS.

8 þm. (HG, ISG, KÁ, KE, MF, RA, REl, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,69.a samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,69.b samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JBH, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÖS.

14 þm. (FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, PP, StG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:25]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að þessi fjárhæð sem hér er ætluð til skattkerfisbreytinga sé algjörlega ófullnægjandi. Það er verið að tala um það að ákveða skattkerfisbreytingu hér á Alþingi næstu daga sem á að taka gildi 1. jan. Þetta er í reynd óframkvæmanlegt. Þetta mun kosta ríkissjóð mun meira og þetta mun kosta atvinnureksturinn í landinu gífurlegar fjárhæðir.

Ég er ekki á móti því að leggja fjármagn til skatteftirlits, en ég tel að þetta sé aldeilis ófullnægjandi. Ég er þar að auki á móti þessari breytingu og mun því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 326,70 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,72.a–g samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 326,72.h samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.

23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (AÓB, EH, HÁ, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:28]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég tel að það liggi engan veginn fyrir að stofnkostnaður ferju- og flóabáta sem ríkissjóður var búinn að taka á sig ábyrgð á færist í gegnum fjárlög sjálfkrafa á hendur Vegagerð ríkisins. Ég er andsnúinn því að það verði gert og greiði því ekki atkvæði um þennan lið.

Brtt. 326,74 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, VE, ÖS.

4 þm. (ISG, KÁ, KE, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (AÓB, EH, FI, GÁ, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 340,1 felld með 33:18 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JHelg, JónK, KHG, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÖS.
5 þm. (ISG, JGS, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er gerð tillaga um 3 millj. kr. framlag til Orkusjóðs vegna jarðhitaleitar í Austur-Skaftafellssýslu. Ástæðan fyrir því að flutt er sérstök tillaga um þetta svæði er að einmitt þar hafa komið fram undanfarið mjög jákvæðar vísbendingar um að finna megi nýtanlegan jarðhita og síðustu daga hafa þær vonir verið frekar að styrkjast. Með samþykkt tillögunnar skapaðist möguleiki til þess að ljá heimamönnum, bæði þéttbýlisbúum og bændum, lið við að afla jarðhita. Því er þessi tillaga flutt.

Brtt. 326,79–81 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.
6 þm. (GÁ, ISG, KÁ, KE, PP, StG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AÓB, EH, GuðjG, JE, ÓRG, ÓÞÞ, SAÞ, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 340,2 og 4 felldar með 34:22 atkv. og sögðu
já: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (MF) greiddi ekki atkv.
6 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér eru fluttar tillögur um 1 millj. kr. framlag vegna friðlands á Lónsöræfum. Þetta svæði var friðlýst 1977, eitt allra stærsta friðland í landinu og raunar þjóðgarðsígildi en hins vegar landið í einkaeigu. Á síðasta náttúruverndarþingi var því beint til Náttúruverndarráðs og Skipulags ríkisins að sjá til þess að hið fyrsta verði hafin vinna að aðalskipulagi um friðlandið á Lónsöræfum á grundvelli gildandi friðlýsingar í samráði við sveitarstjórn, landeigendur, Ferðafélagið og aðra heimaaðila. Tryggt verði að nauðsynlegar athuganir og rannsóknir fari fram á svæðinu vegna skipulagsins svo og á hugsanlegri stækkun friðlandsins.

Tillaga þessi er flutt til þess að styðja við þessa viðleitni svo og til að tryggja öryggi ferðamanna á þessu svæði sem er mjög flókið, fjölbreytt og fagurt.

Í 4. tölul. er flutt tillaga um 14 millj. kr. framlag til Landmælinga Íslands. Sú tillaga er studd af umhvn. sem lagði áherslu á að þessi hækkun næði fram að ganga.

Brtt. 340,3 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

[11:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það voru samþykkt lög sl. vor um að hefja vinnu við skipulag miðhálendisins. Ég held að menn greini ekki á um að þetta sé brýnt verkefni og til einhvers voru lögin sett. Umhvn. fjallaði um óskir skipulagsstjóra ríkisins um framlag til að vinna að þessu máli á grundvelli laganna og hvatti til þess að tekin yrði þessi fjárveiting sem hér er gerð tillaga um. *Það er í fullkomnu ósamræmi við lagasetninguna sl.* vor ef ekki er veitt fjárframlag til verksins.

Brtt. 326,82 kölluð aftur.

Brtt. 326,83 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, EH, HÁ, JE, ÓRG, ÓÞÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

Liður 03-401.141 (Atlantshafsbandalagið, NATO) samþ. með 42:12 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, HG, ISG, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, REl, SJS, SvG.

2 þm. (PP, StG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:38]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Á bls. 74 í fjárlagafrv. er undir tölul. 141 framlag til hernaðarbandalagsins NATO 38,8 millj. kr. Menn ættu að hugleiða hvort þessum fjármunum væri ekki betur varið til annarra þarfa. (Gripið fram í.) Alþb. ályktaði í stjórnmálaályktun sinni um afstöðuna til Atlantshafsbandalagsins. Áréttaði þá stefnu sína að Ísland hætti allri þátttöku í NATO og standi utan hernaðarbandalaga hvaða nafni sem þau nefnast. Þetta hernaðarbandalag hefur það á stefnuskrá sinni nú sem fyrr að áskilja sér allan rétt til að beita kjarnorkuvopnum í hernaði að fyrra bragði. (**Gripið fram í:** Hvað segir formaðurinn?) (**Gripið fram í:** Formaður Alþb.?) (**Gripið fram í:** Hvað gera framsóknarmenn? Eru þeir ekki bæði með og á móti?)

4. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (AÓB, EH, JE, JGS, ÓRG, ÓÞÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

Brtt. 346 (við brtt. 338) kölluð aftur.

Brtt. 338 kölluð aftur.

6. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, PP, RA, REl, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EH, JE, ÓRG, ÓÞÞ, StB, TIO) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, REl, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, EH, HÁ, JE, JGS, ÓRG, ÓÞÞ, StB, TIO) fjarstaddir. — [Fundarhlé.]

Útbýting þingskjala:

Iðnaðarmálagjald, 278. mál, stjfrv., þskj. 353.
Iðnlánasjóður, 277. mál, stjfrv., þskj. 352.
Utanríkismál, 276. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 351.

Umræður utan dagskrár.

Skuldastaða heimilanna.

[13:31]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til að ræða þá miklu fjárhagserfiðleika sem steðja að einstaklingum og heimilum vegna skuldastöðu þeirra sem sífellt fer vaxandi og hefur keyrt úr hófi síðustu ár. Þannig er talið að heildarskuldir heimilanna séu í dag um 260 milljarðar kr. Hér er um ógnvekjandi tölur að ræða sem valda því að sá hornsteinn sem heimilið er riðar nú allt of víða til falls og því miður verður að viðurkenna að sá válegi gestur sem fátæktin er og fylgifiskur hennar, angistin og vonleysið, knýja nú dyra á Íslandi að nýju eftir margra áratuga fjarvist.

Tilgangur þessarar umræðu er að vekja athygli á þessu vandamáli og hvetja ríkisstjórnina til skjótra aðgerða. Það sem vekur athygli er að þrátt fyrir það hvernig komið er í þessum málum hefur engin markviss athugun farið fram á þessu máli hér á landi og stjórnvöld láta sig þetta því miður litlu varða. Við þekkjum það erlendis frá hvernig aðrar þjóðir bregðast við hliðstæðum vanda hjá sér en það eitt nægir ekki hér. Það er í þessu sem öðru frumskilyrði þess að leysa vandann að þekkja hann og greina rétt. Ríkisstjórnin verður að sveigja af þeirri leið sinni sem vörðuð er því miður allt of mörgum mistökum.

Ég beini þeirri eindregnu áskorun til ríkisstjórnarinnar og þá sérstaklega hæstv. forsrh. að hann, án tafar, komi á fót starfshópi er skoði þessi mál og skili markvissum tillögum til lausnar í þessu mjög svo alvarlega máli.

Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að leggja um 11 milljarða í nýjum sköttum á einstaklinga, eins og gert var, er auðvitað fásinna á sama tíma og tekjumöguleikar þessa fólks hafa verið stórlega skertir, m.a. með styttingu vinnutíma og meira atvinnuleysi en mælst

hefur á Íslandi. Á meðan skattbyrðin er að sliga hinn almenna launamann liggja um 70 milljarðar á einkareikningum í bönkum án þess að af þeim séu greiddir skattar og um 12 milljarðar liggja óinnheimtir vegna skattsvika.

Hér er rekin sú stjórnarstefna að gera þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Alþfl. er sem bandingi hjá frjálshyggjuliði Sjálfstfl. og sameinaðir veitast þeir nú af fullum þunga gegn því velferðarkerfi sem hér hefur verið byggt upp og heimilin fara ekki varhluta af þeirri stefnu. Alþfl. hefur brugðist grundvallarhugsjónum sínum, jafnaðar- og félagshyggju.

Á sl. sex árum sem Alþfl. hefur farið með málefni fjölskyldunnar í ríkisstjórn hafa skuldir heimilanna vaxið hvorki meira né minna en um 125–130 milljarða kr. Krafa hins almenna launamanns í dag um skilning á auknu réttlæti bergmálar um þjóðfélagið allt. Heimilin, sá hornsteinn sem þjóðfélagið byggir öðrum fremur á, er allt of víða að sundrast vegna ranglátrar stjórnarstefnu og fjárhagslegra erfiðleika. Þau sár sem af því hljótast munu seint gróa, til mikils tjóns fyrir þjóðfélagið allt.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að sú stutta umræða sem hér fer fram verði til þess að ríkisstjórn og alþingismenn allir verði þess betur meðvitaðir en fyrr hversu nauðsynlegt það er að hér verði strax gripið til varnaraðgerða og þá er tilgangi þessarar umræðu náð.

[13:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Málshefjandi beindi málinu til mín en notaði aðallega tímann til að skamma samstjórnarflokk minn, Alþfl., mér fannst það ekki alveg sanngjarnt fyrst málinu var beint til mín, en að vísu fékk frjálshyggjan að fljóta með, heyrðist mér, svona í einni setningu. En varðandi þessi atriði þá er dálítið hættulegt að beina umræðunni í þann farveg sem hv. þm. gerði um aukningu skulda heimilanna því að hluta til hefur það jú verið meðvituð pólitísk stefna að auka fyrirgreiðslu úr opinberum sjóðum, húsnæðissjóðum og öðrum slíkum sjóðum og meginaukningin í þessari skuldasöfnun er einmitt á þeim vettvangi.

Það er rétt hjá hv. þm. að heildarskuldir heimilanna eru núna milli 260 og 270 milljarðar kr. og þessar skuldir hafa aukist mikið á undanförnum 14 árum. Til að mynda frá árinu 1988, en þá sat ríkisstjórn sem hv. þm. studdi ötullega, hafa þessar skuldir nær tvöfaldast og ekki síst á þeim árum sem sú stjórn sat sem hv. þm. studdi. Menn verða að hafa í huga að skuldir af þessu tagi, húsnæðisskuldir, voru með allt öðrum hætti fyrir þetta ár, 1981, því þá vildu skuldirnar hverfa með hjálp og aðstoð verðbólgu. Því lauk með þessu tímabili 1981 og skuldirnar eru verðtryggðar og því meira sem veitt er úr opinberum sjóðum ásamt með verðtryggingunni því hækka þessar tölur. Um 125 millj. af þessum 260 millj. kr. skuldum munu vera hjá húsnæðissjóðunum, 35 hjá lífeyrissjóðunum, 50 millj. hjá bönkum, auðvitað mikið út af húsnæðismálum líka, og síðan er drjúgur hluti í húsbréfum. Meginhlutinn er sem sagt vegna þess að menn hafa verið að veita verðbundið fjármagn til húsnæðiskerfisins sem hefur verið stefna, ég hygg allra stjórnmálaflokka í landinu.

Það er þó athyglisvert að það hefur verið að hægja á skuldasöfnun heimilanna nú fyrst á þessu líðandi ári og það eru jákvæð tákn í þessari umræðu en það er rétt að skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum þeirra eru háar hér á landi samanborið við önnur lönd og er því ekki að leyna. En menn verða að hafa í huga að hér er að langmestu leyti um að ræða skuldir vegna húsnæðisöflunar.

Það segir til að mynda á bls. 33–34 í riti um peninga og gengi og greiðslujöfnun, sem gefið er út á vegum Seðlabankans 11. nóv. 1993, með leyfi forseta:

„Á undanförnum árum hafa heimilin leitt til lánsfjáreftirspurnar ásamt ríkissjóði. Þar hefur nú nokkuð hægt á eftirspurn og nemur aukningin síðustu 12 mánuði röskum 10% og er það talsvert hægari vöxtur en á sama tímabili ári fyrr. Þá var vöxtur lána til heimila tæp 14%. Vöxtur lána til heimila frá áramótum til septemberloka var hins var tæp 8% samanborið við rúm 10% á árinu 1992. Of snemmt er að segja á þessu stigi hvort um er að ræða straumhvörf í lánsfjáreftirspurn heimila eða tímabundinn öldudal. Meginuppspretta lána til heimila um þessar mundir eru byggingarsjóðir hins opinbera, þar með talið húsbréfakerfið og námslánakerfið. Gætt hefur minnkandi útstreymis bæði námslána og opinberra húsnæðislána. Hið fyrra stafar af takmörkuðum aðgangi en hið seinna af efnahagssamdrættinum sem setur mark sitt á íbúðaviðskipti og íbúðabyggingar."

Hér eru sem sagt sundurgreindir meginþættirnir í þessari vaxandi skuldastöðu en auðvitað er það rétt sem kom fram hjá hv. þm. að þegar saman dregur í þjóðfélaginu og þegar tekjur minnka eins og gerst hefur vegna aflasamdráttar og tekjusamdráttar þjóðfélagsins sem heildar þá reynast skuldir sem þungar eru fyrir, þó þær séu teknar í góðum tilgangi og m.a. fyrir atbeina stjórnvalda og hvatningu frá stjórnvöldum eins og í húsnæðiskerfinu og hafa verið gerðar á öllum þessum áratug, þá reynast þær auðvitað þyngri í skauti þegar hinar sameiginlegu tekjur og þar með tekjur einstaklinganna dragast saman. Ég er sammála hv. þm., að það er rétt að vera á varðbergi í máli þessu og fylgjast mjög náið með því og auðvitað getur komið vel til greina að starfshópur af því tagi sem hann nefndi fari sérstaklega ofan í málin.

[13:39]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi máls míns þakka hv. þm. Stefáni Guðmundssyni fyrir að hefja máls á skuldastöðu heimilanna.

Árið 1994 verður sérstaklega helgað málefnum fjölskyldunnar um heim allan fyrir tilstuðlan Sameinuðu þjóðanna og því er ekki seinna vænna að Alþingi Íslendinga gefi gaum að málefnum hennar.

Á undanförnum áratugum hafa orðið miklar breytingar á stöðu og samsetningu íslenskra fjölskyldna án þess að nægilega hafi verið kannað hvað liggur að baki og hvaða afleiðingar þær breytingar hafi fyrir þjóðfélagið í heild og ekki síst börnin sem því miður vilja

verða fórnarlömb umbrota og erfiðleika. Hér á landi ríkir algjört stefnuleysi í málefnum fjölskyldunnar. Ef eitthvað er sauma stjórnvöld sífellt harðar að fjölskyldunum með ýmiss konar vanhugsuðum aðgerðum. Sjaldnast er spurt hvernig stjórnvaldsákvarðanir komi við hag heimilanna. Skattheimta hefur aukist, þjónustugjöld hafa verið lögð á og félagsleg þjónusta skorin niður, sem þýðir það eitt að fjölskyldurnar verða að sinna sínum í auknum mæli hvort sem þær geta það eða ekki. Ofan á aðgerðir ríkisstjórnarinnar bætast svo almennur samdráttur, minni yfirvinna, atvinnuleysi og ógnvænlegar skuldir með háum vöxtum en allt bitnar þetta á fjárhag heimilanna. Erfiður fjárhagur leiðir svo af sér félagsleg vandamál og óhamingju af ýmsu tagi. Það er mjög brýnt að vandi íslenskra fjölskyldna verði greindur og stefna mótuð út frá niðurstöðunum, stefna í þá veru að styðja og styrkja stöðu fjölskyldnanna, ekki síst barna.

En það kostar peninga að bæta hag fjölskyldna og þeim peningum er vel varið. Það á eftir að verða okkur dýrt að bregðast ekki við þeim vaxandi vandamálum sem við okkur blasa. Ríkisstjórnin, sú sem nú situr, ber mikla ábyrgð á vanda fjölskyldna í landinu enda hefur stefna hennar og stefnuleysi komið hart niður á heimilunum. Það þarf að bregðast við og það strax. Ég tek undir þá tillögu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar að starfshópur verði settur á laggir til að setja fram tillögur um brýnustu úrbætur en síðan þarf að móta stefnu til lengri tíma.

[13:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessum málum þó augljóslega þurfi lengri tíma til að ræða þau til hlítar heldur en hér gefst. Það er ekki vafi á því að fjölmörg heimili í landinu og fjölskyldur eiga við gífurlega greiðsluerfiðleika að etja, um það liggja fyrir óhrekjandi vísbendingar. Ég vil í því sambandi nefna athyglisverða hugmynd sem kom frá forsvarsmönnum Íslandsbanka á sl. sumri um samræmdar aðgerðir allra lánastofnana í landinu til skuldbreytinga og ráðstafana vegna greiðsluerfiðleika fólks. Bankastofnun væri væntanlega ekki að hreyfa slíkum hugmyndum nema vegna þess að þar er mönnum mætavel kunnugt um þá miklu erfiðleika sem að fjölskyldunum steðja.

Það er einnig athyglisvert að það virðist oft og tíðum ekki standa á ráðstöfunum þegar sambærilegan vanda ber að garði hjá fyrirtækjunum en það er eins og það sé erfiðara að fá skilning á því að vandi fjölskyldnanna er í eðli sínu ekkert öðruvísi en vandi fyrirtækjanna.

Ríkisstjórnin sjálf hefur ekkert gert í þessum efnum og hafa þó ýmsir talsmenn hennar á þingi hreyft við þessum vanda. Ég vil í því sambandi minna á tillöguflutning hæstv. núv. umhvrh. sem lagði það til í fyrra að skipuð yrði sérstök nefnd vegna greiðsluvanda fólks sem ætti í verulegum erfiðleikum. Þar var fjallað um það að fela félmrh. að skipa nefnd sem mundi undirbúa setningu laga um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki í verulegum erfiðleikum. Af þessu hefur lítið heyrst og hefur þó viðkomandi þingmaður tekið sæti í ríkisstjórn.

Það liggur sömuleiðis fyrir, hæstv. forseti, þegar skoðaðar eru tölur um fall kaupmáttar á undanförnum árum en kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur fallið úr u.þ.b. 120 miðað við 100 árið 1980 á árunum 1989 til 1992 í 112 á yfirstandandi ári og spá er um 108 á hinu næsta, þ.e. meira en 10% fall kaupmáttar ráðstöfunartekna á síðustu tveimur árum. Það þarf ekki frekari vitna við en það hvílíka gífurlega erfiðleika slíkt hlýtur að skapa fólki sem þegar var með bogann spenntan fyrir.

Ég tek svo undir þá tillögu hv. málshefjanda að samstarfshópur þingflokka, ríkisstjórnar, sveitarfélaga með aðild verkalýðshreyfingarinnar og e.t.v. fleiri aðila væri góð hugmynd til að vinna að þessum málum.

[13:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Oft er sagt að fjölskyldan sé hornsteinn þjóðfélagsins. Þrátt fyrir það hefur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar lagt drápsklyfjar á íslensku fjölskylduna á sl. tveimur árum. Skuldastaða og þróun í málefnum fjölskyldunnar er ógnvænleg. Það eitt að skoða hjónavígslur og lögskilnaði á t.d. 10 ára tímabili lýsir þeim efnahagslega hnút og örvæntingu sem vex með hverju ári. Hér er verið að gifta um 1.200–1.300 hjón árlega en 500–600 hjón fá staðfestan lögskilnað á ári hverju. Fast að helmingi allra hjónabanda fara í vaskinn á einhverju tímabili. Þetta eitt segir okkur það að heimilin og fjölskyldurnar búa við brostnar vonir. Árið 1992 fór fram 1.241 hjónavígsla en það sama ár 541 lögskilnaður hjóna. Mikilvægt er að marka stefnu í fjölskyldupólitík eins og hér hefur komið fram sem styrkir og festir í sessi ákveðin grundvallaratriði sem snúa að málefnum fjölskyldunnar. Hluti af þessari stefnu snýr að efnahag fjölskyldunnar, hinn hlutinn snýr að umhverfi og aðbúnaði barna og foreldra, frítíma, afþreyingu og fleiru.

Ég tek undir með þingmönnum að mér ógna þessi vindaský í málefnum fjölskyldunnar sem nú blasa við. Því er mikilvægt að Alþingi biðji hæstv. félmrh. að taka saman skýrslu um skuldastöðu heimilanna og hvernig Ísland er í samanburði við helstu nágranna- og viðskiptalönd. Fyrir þessu verðum við að beita okkur.

Ég vil að lokum spyrja hæstv. forsrh. um einn hóp sem er nýr misgengishópur á tíma þessarar hæstv. ríkisstjórnar, það er hópurinn sem fékk húsbréf árið 1991 og tapaði einni af hverjum fjórum milljónum í afföll sem var boðað þegar húsbréf voru tekin upp að mundu ekki þekkjast. Er hæstv. forsrh. tilbúinn að skoða þennan hóp einstaklinga sem eiga mjög erfitt um þessar mundir?

[13:46]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil, eins og fleiri, þakka hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefáni Guðmundssyni, fyrir að koma þessu máli á dagskrá. Það hefði auðvitað verið full ástæða til að gera það, og við þingmenn hefðum svo sem átt að sjá sóma okkar í því að gera það með

meira afgerandi hætti heldur en í hálftíma utandagskrárumræðu. Hér höfum við trekk í trekk rætt erfiða stöðu atvinnulífsins sem auðvitað stafar af samdrætti í tekjum, háum vöxtum og líka mikilli skuldsetningu. Við höfum tekið á vanda lánastofnana, við gerðum það með sérstöku frv. í fyrra þar sem vandi þeirra var leystur að hluta, við höfum rætt um vanda ríkissjóðs sem m.a. stafar af erfiðri skuldastöðu og mikilli skuldsetningu þar eins og annars staðar. En þennan máttarstólpa þjóðfélagsins sem hér hefur verið minnst á, þ.e. fjölskyldurnar í landinu og erfiða stöðu þeirra og heimilanna, það höfum við ekki rætt í þinginu nema í mýflugumynd. En það er auðvitað þetta sem er aðalatriðið, þ.e. staða fjölskyldnanna í landinu þegar við erum á annað borð að tala um efnahags- og fjármál.

Hér hefur verið bent á að skuldir heimilanna hafi aukist mjög mikið að undanförnu. Þær hafa fjórfaldast sl. áratug og það er athyglisvert að þetta gerðist eftir að vextir voru gefnir frjálsir og aðgangurinn að lánsfé aukinn verulega, þá jókst þessi skuldsetning, hún fjórfaldaðist á þessum tíma sem er út af fyrir sig athyglisvert. En það er ekki nóg að skoða bara skuldastöðu heimilanna því það er fjöldi heimila og fjölskyldna sem kannski er ekkert í mjög erfiðri skuldastöðu en ná ekki að framfæra sig. Ég vil benda á það að hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar er staðan sú núna að það þarf að veita 110 millj. kr. aukafjárveitingu til þess að aðstoða fólk í fjárhagsvandræðum, til framfærsluaðstoðar. Í september sl. var fjárhagsaðstoðin hjá Félagsmálastofnun komin upp í tæpar 300 millj. Á sama tíma í fyrra var hún í 185 millj. Þetta er fjárhagsaðstoð til fólks sem getur ekki framfleytt sér og þetta er venjulegt fólk, venjulegar fjölskyldur og ég get sagt ykkur að það eru þung spor sem þessar fjölskyldur þurfa að stíga þegar þær leita til Félagsmálastofnunar eftir framfærslustuðningi.

[13:49]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég sakna þess að hæstv. félmrh. skuli ekki vera viðstaddur þessa umræðu. Hún vill væntanlega vera stikkfrí og ekki þurfa að leggja orð í belg. Hún er hins vegar fús að taka mikið upp í sig fyrir kjósendur og jafnvel að vera með hótanir en guggnar svo náttúrlega á því að framkvæma þær þegar til kastanna kemur. Mér fannst fátt um svör hjá hæstv. forsrh. Það var kannski eðlilegt. Þessi þróun er afleiðing af þeirri stjórnarstefnu sem við höfum búið við, hún er bara rökrétt afleiðing af þeirri stjórnarstefnu sem fylgt hefur verið af ríkisstjórn Davíðs Oddssonar. Þessi ríkisstjórn hefur starfað að því að færa þjóðarauðinn til, gera þá ríku ríkari og þar með hafa þeir fátæku orðið fátækari. Svo einfalt er þetta.

Fjármagnstekjurnar eru skattfrjálsar og ríkisstjórnin kemur sér undan því ár eftir ár að skattleggja þær. Hátekjuskatturinn er lítið annað en nafnið. Atvinnulífið var lamað með vaxtahækkun strax í upphafi stjórnarferilsins. Skattabyrðin er færð af gróðafyrirtækjunum yfir á einstaklingana og skattahækkanirnar koma einkum fram í hækkun þjónustugjalda sem svo lenda fyrst og fremst á þeim sem lasburða eru og illa settir og hafa ekki peninga til að greiða þessar skattahækkanir. Það er góðra gjalda vert að stofna samstarfshóp en ég held að það leysi þó tæplega vandann. Þessi umræða er góðra gjalda verð sem upphaf að öðru stærra og meira. Þingmenn Framsfl. hafa óskað eftir skýrslu um þetta mál, um skuldastöðu heimilanna, og hún verður að takast til ítarlegrar umræðu eftir jólin. En það sem þarf að gera er að breyta stjórnarstefnunni. Við þurfum nýja stjórnarstefnu, afskrifa frjálshyggjuna og fá nýja ríkisstjórn í landið.

[13:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég, eins og aðrir, þakka hv. málshefjanda fyrir að vekja máls á þessu og raunar kom þetta á ýmsan hátt í ljós líka í gær í umræðum um fjárlög þar sem verið var að ræða um það hve mikið skattbyrði almennings hefði aukist. Það hefði verið fært af fyrirtækjum yfir á almenning. Ekki nóg með það heldur einnig aukin þjónustugjöld, skólagjöld, ásamt meiri þátttöku í lyfjakostnaði o.fl. Það er sem sagt sífellt verið að velta byrðum þjóðfélagsins af fyrirtækjum og yfir á einstaklinga og þar með auðvitað heimilin.

Til upplýsingar vil ég líka láta það koma hér fram að þegar staðgreiðslan var tekin upp þá var staðgreiðsluhlutfallið ekki nema 35,2%. Samkvæmt ákvörðunum ríkisstjórnarinnar verður það á næsta ári 41,8%. Það hefur hækkað frá árinu 1988 þegar staðgreiðslan var tekin upp frá 35,2% í 41,8%. Skattleysismörkin hafa lækkað á verðlagi í júlí sl. frá því að vera núna 689.724 kr. en voru á verðlagi þess sama mánaðar árið 1988 824.303 kr. Það munar á milli þessara ára 134.579 kr. á ári sem nú fer beint í skatta. Og það munar um minna hjá láglaunafólkinu í dag heldur en þessa upphæð.

Það hringdi í mig rúmlega sjötug kona fyrir nokkrum dögum síðan. Hún sagðist fá 52 þús. kr. útborgað af ellilífeyri sínum og öðrum tekjum sem hún fengi á seðlinum. Hún þyrfti að greiða í fastan kostnað 46 þús. kr. til þess að standa við það sem hún ætti að borga í desember. Hún átti 6.000 kr. eftir og það eru að koma jól.

[13:54]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þingmönnum fyrir góðar undirtektir og ég vil aðeins segja við hæstv. forsrh. að ég geri mér grein fyrir því hvernig þessi þróun hefur verið undanfarin ár en ég held að það sé kominn tími til að í stað þess að vera að velta sér endalaust upp úr einhverjum fortíðarvanda að reyna að gera sér grein fyrir því hver framtíðin er og reyna að horfa meira til framtíðar heldur en gert hefur verið. Það er hins vegar öllum ljóst ef þessar tölur eru skoðaðar að þá hefur þróunin samt orðið sú að skuldastaða heimilanna hefur vaxið hvorki meira né minna en um 60–70 milljarða kr. frá því að núv. ríkisstjórn kom til valda.

Af hverju ég beini þessari umræðu til hæstv. forsrh.? Hæstv. forsrh. fannst að það hefði verið eðlilegra að ég hefði talað við hæstv. félmrh. Málið er klárt frá minni hálfu. Ástæðan er einfaldlega sú að fyrir ári síð-

an fluttu hv. þm. Össur Skarphéðinsson og Sigbjörn Gunnarsson þáltill. um hliðstætt mál. Málið var aldrei tekið á dagskrá þingsins þrátt fyrir það að við margítrekuðum það þingmenn stjórnarandstöðunnar að draga mál okkar til hlés þannig að það skapaðist ráðrúm til þess að þingmenn gætu fengið það mál á dagskrá svo merkilegt sem það var. Nú hafa þessir menn báðir verið hækkaðir í metorðastiga Alþfl., annar er nú orðinn hæstv. umhvrh. og hinn orðinn formaður fjárln. og ekkert bólar á viðbrögðum til þess að rétta hlut fjölskyldnanna í landinu þannig að mér fannst vita vonlaust verk að tala meira við Alþfl. í þessum efnum. Ég bar þó það mikið traust til hæstv. forsrh. að ég bað hann að verða við þeirri eindregnu ósk að settur yrði á fót starfshópur til að vinna að lausn þessa máls.

Ég hef aðeins rætt þetta mál við Sólrúnu Halldórsdóttur hagfræðing sem hefur kynnt sér þessi mál erlendis og hvernig við þeim hefur þar verið brugðist. Hún hefur sagt mér það að á Íslandi sé svo sannarlega ástæða til þess í dag að kryfja þessi mál til mergjar. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. En rétt að lokum, eins og kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v., Páli Péturssyni, mun nefndin ekki leysa þetta mál. En til þess að við þekkjum vandann og greinum hann rétt þá þurfum við að setja upp þennan starfshóp til að við getum á vitrænan hátt tekið á þessu máli og reynt að leysa það. Því endurtek ég þá ósk mína til hæstv. forsrh. að hann komi þessum starfshópi á, og ég minni á að ár fjölskyldunnar fer í hönd.

[13:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þetta voru út af fyrir sig ágætar umræður um þessi atriði en ég verð þó að segja alveg eins og er að mér fannst holur hljómur í því hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. þegar hann nefnir að það sé sú ríkisstjórn sem ég veiti forstöðu sem beri mesta sök í því hvað skuldir heimilanna hafa aukist. Þegar plöggin liggja fyrir sem sýna að frá 1980 til 1991, þegar Framsfl. er í stjórn allan tímann, þá fjórfaldast skuldir heimilanna. Það er á þeim tíma sem mest af þessu gerist. (Gripið fram í.) Það kom fram í mínu svari að nú hefur hins vegar hægt á þessari skuldasöfnun, en hún fjórfaldaðist á tíma Framsóknar. Þannig að það var ansi billegt hjá hv. þm. Framsóknar að reyna að klína þessu aðallega á þá ríkisstjórn sem ég veiti forstöðu. En vegna þess hversu skuldirnar eru háar á heimilunum sem við öll tökum eftir, þá er það sú aðgerð sem mestu skiptir gagnvart þeim að vextir fái lækkað. Hv. þm. Framsfl. hafa mjög talað um vaxtalækkun en þeir gerðu ekkert í því. Þeir höfðu að vísu falska tölu á veggnum þar sem vextir voru skráðir en lutu engum lögmálum á markaðnum og vextir fengust ekki á þeim kjörum sem framsóknarmenn trúðu á og horfðu á á veggnum. En núna hins vegar hafa vextir lækkað. Menn töluðu um það hér í umræðum á dögunum að vextir væru ekki að lækka á óverðtryggðum kjörum. Ég sagði þá að það mundi gerast ekki síðar en upp úr áramótum, en sparisjóðirnir hafa þegar tilkynnt að þeir muni lækka nafnvaxtakjörin verulega. Og auðvitað munu aðrir bankar koma í kjölfarið. Það er núna um að ræða verulega raunvaxtalækkun, bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum kjörum, og það er sú aðgerð sem best gagnast skuldugum heimilum í landinu.

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 279. mál, frv. sjútvn., þskj. 354.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 316.

[14:00]

Svavar Gestsson (frh.):

Virðulegur forseti. Þegar við ræddum þetta mál síðast hafði ég farið yfir tvær til þrjár fyrstu greinar frv., þ.e. þær sem lúta að grunnskólanum sérstaklega og hafði bent á að það eru í raun og veru ekki nema 160 millj. sem menn eru að spara með því að fækka kennslustundum og fjölga í bekkjum. Tillaga um að taka þær 160 millj. inn í fjárlögin 1994 var felld hér áðan af stjórnarliðinu. Þannig að það er út af fyrir sig ljóst að það eru ekki til peningar fyrir ...

(**Forseti** (SalÞ): Forseti vill aðeins upplýsa hv. þm. um það að hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki kominn í hús en honum verður gert viðvart að hans nærveru sé óskað hér.)

Hæstv. heilbr.- og trmrh. var ásamt mér núna í hádeginu á fundi með tóbaksvarnaráði. Það var ákaflega fróðlegur fundur og ég mun koma að þeim fundi á eftir í umræðum um heilbrigðismál.

Í annan stað er í frv. gert ráð fyrir því að taka upp skólagjöld í Tækniskólanum. Því hafnaði Alþfl. á síðasta þingi. Umræðunni lauk þannig á dögunum, í fyrradag held ég að það hafi verið, að ég spurði hæstv. umhvrh. — og hvar er nú hann? Ætli hann sé á Kornhlöðuloftinu að hæla einhverjum öðrum ráðherrum Alþfl., í þessum nýju flóttamannabúðum Alþfl., Kornhlöðuloftinu? Ég spurði hann: Hefur hann skipt um skoðun? Er hann núna til í að leggja skólagjöld á í Tækniskólanum af því að hann er orðinn umhvrh., getur það verið? Ég trúi því ekki á þann mæta mann Össur Skarphéðinsson, hæstv. ráðherra. Hefur, eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir bendir á, verið lagt umhverfisgjald á umhvrh. sem birtist nemendum Tækniskólans í skólagjöldum? Það er spurningin og ég held að það væri fróðlegt að fara yfir það og ég mun ganga eftir því síðar í umræðunum og mundi vilja inna hæstv. forseta eftir því hvort það væri ekki líka hægt að kalla í hæstv. umhvrh. Mér er kunnungt um að hann var ekki á fundi tóbaksvarnaráðs áðan.

(**Forseti** (KE): Forseti mun gera ráðstafanir til að hæstv. umhvrh. verði látinn vita af því að hans er óskað í salinn.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir skjót viðbrögð.

Að öðru leyti snýst þetta frv., eins og ég sagði í fyrri hluta ræðu minnar, fyrst og fremst um stórkost-

legar breytingar á velferðarkerfinu. Í raun og veru eru öll velferðarlög tekin og höggvin í spað, má segja, meira og minna í þessu frv. Hér eru skólalög af ýmsu tagi, tækniskólalögin, lög um búnaðarfræðslu, grunnskólalögin, Garðyrkjuskóli ríkisins, rannsóknir í þágu atvinnuveganna, lög um orlof, lög um málefni fatlaðra, lög um almannatryggingar, lög um atvinnuleysistryggingar, með öðrum orðum öll stofnlög velferðarkerfisins eins og þau leggja sig eru í þessu frv. og þess vegna ætti þetta frv. auðvitað ekki að heita frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum heldur frumvarp til laga um að ráðast á velferðarkerfið.

Fyrir utan skólaþættina sem ég hef aðeins vikið að mun ég hér síðar þegar hæstv. heilbrrh. kemur víkja að því sem lýtur að almannatryggingunum og atvinnuleysistryggingunum. Ég ætla að benda á greinina sem snertir rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Það er 7. gr. þessa frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Til að standa straum af kostnaði við vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar og prófanir á þeim hjá bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins er landbrh. heimilt að láta innheimta sérstakt gjald af öllum seldum búvélum og má gjaldið vera tiltekin krónutala á hverja þyngdareiningu, hlutfall af tollverði vélanna eða söluverði innan lands, þó að hámarki 2% að teknu tilliti til álagningargrunns."

Þessi munkalatína þýðir að það á að leggja skatt á traktora. Og hvað ætli það sé nú mikið sem menn ætla að fá inn af þessum traktorsskatti sem hér er verið að tala um? Hvað er það mikið? Mér sýnist að það séu bara heilar 8 millj. kr. þannig að það er alveg ótrúlegt að menn skuli vera að hjóla í heilu lagabálkana fyrir ekki stærri tölur en hér eru á ferðinni. Hugsum um allt innheimtukerfið sem verður að koma upp á hvern einasta innfluttan traktor og á allar innfluttar búvélar eins og þær leggja sig. (**Gripið fram í:** Það er atvinnuskapandi.) Það er að vísu atvinuskapandi, það er rétt hjá hv. þm. en það hefur ekki verið fært fram sem rök í þessu máli og það er eini ljósi punkturinn í málinu, að það sé atvinnuskapandi. Það er kannski rétt að fara fram á það við ríkisstjórnina framvegis að hún geri þá grein fyrir því hvað það kostar mörg mannár að vinna öll eyðublöðin og kontórvinnuna og stimipilgerðina sem þarf í kringum þessa skatta alla sem þar er verið að leggja á út og suður.

Ríkisstjórnin hefur reyndar sett í gang sérstaka athugun á þessum málum eins og kunnugt er. Hún hefur skipað nefnd til þess að rannsaka eftirlitsiðnaðinn á Íslandi. Það er iðnaður sem hefur með að gera eftirlit með fiski og eftirlit með ýmsum öðrum þáttum. Ég held að lögreglan sé t.d. ekki talin vera inni í eftirlitsiðnaðinum, þó veit ég það ekki. En ríkisstjórnin hefur sem sagt sett í gang sérstaka athugun á þessum eftirlitsiðnaði og hér á að auka við eftirlitsiðnaðinn. Það má segja að þetta séu einu framlög ríkisstjórnarinnar til atvinnuskapandi aðgerða á þessum hroðalegu atvinnuleysistímum, þ.e. að spýta dálítið í eftirlitsiðnaðinn. Nú á að hafa menn við að tékka hvern einasta traktor og hverja einustu búvél sem flutt er inn til landsins. Hér er að vísu ekki tekið á því vandamáli, hvenær vél byrjar að vera búvél, þ.e. hvenær vél telst vera búvél, hversu stóran garð eða lóð menn mega hafa til þess að vélin sem þeir eru með sé ekki búvél. Er t.d. garðsláttuvél búvél? Það er ekki fjallað um það í þessari athyglisverðu lagagrein og væri fróðlegt að fara yfir það við tækifæri hvernig hæstv. ríkisstjórn hugsar sér það og ég tel alveg víst að hæstv. landbrh., stórvinur minn, hafi svar á reiðum höndum í þeim efnum.

Í annan stað er hér breytt lögum um orlof og síðan lögum um málefni fatlaðra og loks lögum um almannatryggingar. Ég ætla þá að víkja aðeins að þeim og mér er nokkur vandi á höndum satt að segja, hæstv. forseti. Ég væri alveg til í að fresta ræðu minni núna og hleypa einhverjum öðrum að ef það gæti orðið til samkomulags hér til að greiða fyrir þessu mikilvæga máli svo að ég geti fengið að tala við heilbrrh. Ég kann því satt að segja ekki almennilega að fá ekki að tala pínulítið við hæstv. heilbrrh. Hvernig vill forseti leysa úr þessum vanda mínum?

(**Forseti** (KE)**:** Ef hv. þm. ætlar ekki að tala við aðra í ræðu sinni en hæstv. heilbrrh. og hæstv. umhvrh., þá er kannski ekki um neitt annað en velja en hv. þm. fresti ræðu sinni þangað til þeir hæstv. ráðherrar geta komið til fundar — ef þingmaðurinn getur hugsað sér að fresta ræðu sinni og hann er búinn með aðra þætti hennar.)

Já, ég er það. Ég vek athygli forsetans á því að ég á eftir 20 mínútur og er tilbúinn til þess að fallast á að það verði ekkert meira sem mér verður ætlað í næstu lotu heldur en þessar 20 sem nú eru eftir þó það sé kannski óvenjulegt samkvæmt þingsköpum að fyrna á milli ræðna. Ég veit ekki hvernig það er. En ég er til í að beita mér fyrir þeim nýmælum í tilefni af þessum skorti á heilbrrh. sem hér er allt í einu vandamál, aldrei þessu vant.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti vill benda hv. þm. á að hann á rétt á að tala í 20 mínútur í annarri ræðu sinni þannig að hann getur bæði fengið að fyrna að hluta til eða fresta þessari ræðu sinni, en jafnframt vill forseti benda á að þingmaðurinn á rétt á að tala tvisvar og í seinna skiptið í 20 mínútur.)

Þannig að þetta er auðleysanlegt, hæstv. forseti. En ég mundi vilja spyrja að því hvort ég kæmist þá fljótlega á mælendaskrá eftir að ráðherrann væri kominn hingað inn aftur eða færist ég aftur fyrir alla gusuna, sem eru tíu menn?

(**Forseti** (KE)**:** Forseti skal, ef þingmaðurinn er tilbúinn til að ljúka þessari ræðu sinni og hefja síðan aðra ræðu, setja hann á mælendaskrá þá þegar er ráðherrar birtast hér í salnum.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir þessi liðlegheit í minn garð.

[14:09]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég get hafið ræðu mína þó að hæstv. heilbrrh. sé ekki hér á staðnum því að ég átti við hann orðastað í gærkvöldi en ég sakna þess að hæstv. félmrh. skuli ekki vera hér á svæðinu og spyr forseta hvort hæstv. félmrh. sé væntanlegur.

(**Forseti** (KE)**:** Forseti getur upplýst að hæstv. félmrh. er í húsinu samkvæmt töflu hér og munu nú þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til að láta hana vita að hennar sé óskað í salinn.)

Þá hef ég ræðu mína sem verður ekki löng því að eins og ég sagði kom margt fram í gær sem er einmitt í þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Hér hefur verið mikið rætt um það að skólarnir verði látnir bíða enn um sinn með nauðsynlegar umbætur og er það mjög slæmt. Hér kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að það þyrfti aðeins 160 millj. til þess að koma grunnskólamálum í sæmilegt lag. Það er ekki stór upphæð en það er sorglegt á þessum tíma þegar svo erfiðlega horfir í þjóðfélaginu og mörg samfélagsvandamál eru alvarleg að skólunum sé ekki gert kleift að sinna hlutverki sínu eins og lög gera ráð fyrir. Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um það, en mér finnst það vera mjög í takt við stefnu ríkisstjórnarinnar, allt þetta frv.

Það á að styrkja verkmenntun í landinu, það er á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar. Og það er gert með því að setja sérstök skólagjöld á alla verkmenntaþætti. Það hefur verið talað hér um Tækniskólann og það á að styrkja verkmenntun með því að setja sérstakt skólagjald á Bændaskólann á Hvanneyri, Bændaskólann á Hólum í Hjaltadal og Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi. Nú kostar það nemanda t.d. að fara á Bændaskólann á Hvanneyri lágmark, bara uppihaldið yfir veturinn 230 þús. kr. Við bætist svo skólagjald. Hér hefur komið fram að það er ekki hátt en það er of hátt fyrir marga.

Það er á stefnuskrá ríkisstjórnarinnar að styrkja atvinnulífið í landinu og það kemur fram á ýmsa vegu. Eins og hv. síðasti ræðumaður gat um áðan er verið að styrkja atvinnulífið t.d. með því að verið er að setja sérstakan skatt á eftirlilt með búvélum sem enginn mun greiða nema náttúrlega bændur. Það eru engir aðrir sem greiða það. Og í 8. gr. þessa frv. finnst mér vera um nokkra réttarbót að ræða, eitt jákvætt atriði. Það er það að þeim sem missa vinnuna vegna þess að fyrirtæki fer á hausinn verði örugglega greitt orlof ofan á laun. Nú er gert ráð fyrir þessari orlofsgreiðslu innan sjóðsins.

En hvernig er þessi tekjustofn fundinn hér í 8. gr.? Þeir sem greiða sem sé laun og orlof þeirra sem missa vinnuna vegna þess að fyrirtæki missir fótanna, það eru þau fáu fyrirtæki sem enn þá eru lifandi. Þetta er sérstakur skattur á þau fyrirtæki sem enn þá eru lifandi. Það er trúlega til að styrkja og efla atvinnulífið í landinu.

Síðan kem ég að IX. kafla sem ég hefði gjarnan viljað spyrja hæstv. félmrh. aðeins nánar út í. Mér er sagt að hæstv. ráðherra sé í húsinu. Það er bara örlítil spurning. Virðulegi forseti.

(**Forseti** (KE)**:** Hæstv. félmrh. er kunnugt um að hennar sé óskað í salinn og ég vænti þess að hún komi innan tíðar, en ég skal ítreka óskina.)

Það er óþarfi í bili því að ég get haldið áfram ræðu minni og geymt þennan IX. kafla.

Í gær ræddum við um 10. gr. þessa frv. varðandi ekkjulífeyrinn og kom í ljós að ekkjulífeyrir mun skerðast ef ekkja hefur 70 þús. kr. eða meira. Ég hefði talið skynsamlegra að farið væri eftir framfærslubyrði þeirra sem þessa lífeyris eiga að njóta. Nú er framfærslubyrði mjög mismunandi. Þetta getur verið einstaklingur með mörg börn t.d. og þungt heimili þannig að mér finnst að það eigi að reiknast inn í framfærslubyrði þegar verið er að tekjutengja slíka hluti. Og það er eins með 11. gr. svo að ég haldi áfram með þetta frv. eins og það kemur fyrir af kúnni, þá var það líka rætt hér og kom fram að það er enginn bilbugur á hæstv. ríkisstjórn að reyna að innheimta 25 millj. kr. af áfengissjúklingum í landinu. Að vísu kom það fram hjá hæstv. ráðherra í gær, eða mér fannst koma vissar efasemdir hjá honum um að það væri hægt að innheimta þetta, og reyndar mjög miklar efasemdir og taldi að þá yrðu bara stofnanirnar sem þessir sjúklingar liggja inni á að taka þá skerðingu á sig og hafa þó þurft að taka á sig 500 millj. kr. skerðingu á undanförnum 3–4 árum.

Það er margsinnis búið að skerða öryrkja gagnvart atvinnuleysistryggingabótum og það er greinilegt að í þessu frv. er áfram höggvið í sama knérunn. Það er ekki tekið til þess aukakostnaðar sem fatlað fólk þarf að greiða vegna fötlunar sinnar.

Síðan kemur hérna í 16. gr. sem ég tel þurfa miklar skýringar við og kannski getur hæstv. heilbrrh. gefið þær skýringar fyrst hæstv. félmrh. er ekki í salnum. Nú á að hætta að greiða atvinnuleysisbætur til þeirra sem eru í hlutastarfi. Það hefur verið þannig að ef maður er í 100% starfi en svo þrengir að hjá fyrirtækinu — það er m.a. mjög algengt í fiskvinnslufyrirtækjum vegna minnkandi afla, þá fær fiskvinnslukona t.d. aðeins hálfsdagsvinnu en hefur síðan fengið greiddar atvinnuleysisbætur til að uppfylla þessi 50% sem skerðingin verður á atvinnu. Nú sýnist mér að menn ætli að taka þessa möguleika af og er það afar misráðið, ekki síst í framhaldi af því sem hér var rætt um áðan, hvernig staðan er almennt hjá hinu almenna verkafólki í landinu. Mig langar því til að spyrja hæstv. ráðherra, en það kemur hér fram í greininni að þetta hafi verið misnotað verulega, og ég spyr: Er ekki hægt að hafa betra eftirlit með þessu þannig að þeir sem þurfa á þessu að halda, fái þetta áfram, fái greiddar atvinnuleysisbætur fyrir þessa hálfsdagsvinnu sem þeir tapa?

Í 20. gr. gert ráð fyrir því að sveitarfélögin leggi áfram 600 millj. kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Það er ekkert sérstaklega kveðið á um það í þessu frv. til hvaða verkefna þetta muni síðan vera nýtt, en mér skilst að það sé samkomulag um þetta milli sveitarstjórnanna í landinu og ríkisstjórnar þannig að ég geri ekki ágreining um það.

En þar sem ég ætla ekki að hafa langt mál, þá er ég farin að sakna verulega hæstv. félmrh. sem ekki er í salnum. Það er lagt til í 9. gr. um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra að á árinu 1994 verði ekki ráðist í nýframkvæmdir. Þessar 330 millj. í Framkvæmdasjóð fatlaðra, sem er upphæð eyrnamerkt Erfðafjársjóði, fari til stoðþjónustu og rekstrar. Út af fyrir sig

finnst mér eðlilegt að hluti af þessari upphæð fari til þess, en mig langaði að spyrja hæstv. félmrh., það kann að vera að hún heyri mál mitt — og eru nú mjög miklar hvíslingar í gangi um hæstv. félmrh. Ég fæ kannski upplýsingar um það innan tíðar hvar hæstv. ráðherra er staddur.

(**Forseti** (KE)**:** Hæstv. ráðherra er í húsinu og er verið að athuga hvort hún geti ekki komið til fundar nú þegar ef hv. þm. gæti haft örlitla biðlund.)

Já, þingmaðurinn hefur biðlund. En þar sem þetta er nú alveg í blárestina af minni ræðu, þá mun ég bara standa hér og bíða eftir ráðherra. — Nú sé ég að hæstv. félmrh. er komin í salinn. Ég er hér að ræða bandorminn, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og er að ræða 9. gr. og mig langaði að spyrja hæstv. félmrh. varðandi þá grein og um Framkvæmdasjóð fatlaðra. Það er ekki ráðlagt á þessu ári að fara í neinar nýframkvæmdir ef marka má frv. til fjárlaga fyrir 1994 þrátt fyrir það að í lögum um Framkvæmdasjóð fatlaðra sé ætlast til að sjóðurinn standi fyrir uppbyggingu. Ég viðurkenni að það hefur orðið mikil og myndarleg uppbygging í landinu á sambýlum, en nú á greinilega aðeins að doka við og hluti Framkvæmdasjóðs fatlaðra fer til rekstrar og til stoðþjónustu og til endurbóta á húsnæði. En spurning mín til hæstv. ráðherra er þessi: Hvað líður flutningi vistmanna frá Kópavogshæli? Og eru engir peningar áætlaðir á næsta ári til að flytja fólk frá Kópavogshæli á sambýli? Mig langar líka að spyrja varðandi Sólborg á Akureyri. Mér skilst, alla vega stendur það í frv. til fjárlaga, að það eigi að selja Sólborg og þá reiknast okkur til að það þurfi a.m.k. þrjú ný sambýli fyrir þá einstaklinga sem eru nú á Sólborg. Mig langar því að spyrja hæstv. ráðherra hvort fyrirhugað sé að Framkvæmdasjóður greiði þessi þrjú sambýli eða hvort hugsunin sé sú að söluandvirðið fari til að kaupa sambýli og hvernig staðan sé varðandi sölumálin.

Þetta eru þær spurningar sem mig langar að leggja fyrir hæstv. félmrh.

[14:23]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hv. fyrri ræðumaður beindi til mín nokkrum fyrirspurnum og gerði að umtalsefni þau álitamál sem uppi eru og lúta að mínu ráðuneyti og Atvinnuleysistryggingasjóði sem raunar flyst um næstu áramót í ráðuneyti félagsmála. Þar staldraði hún við 16. gr. sem tekur til þess að þegar fyrirtæki hafa dregið saman starfsemi sína þá hafa starfsmenn fengið atvinnuleysisbætur sem nemur skerðingu dagvinnutíma. Greiðslur þessar hafa þó verið bundnar við hámark 30 bótadaga á almanaksári. Þess hefur orðið vart í nokkrum tilvikum að fyrirtæki hafa í raun og sanni spilað á þessa grein, að orði kveðnu dregið saman seglin, en ekki í raun og þannig hefur Atvinnuleysistryggingasjóðurinn greitt að hluta til laun viðkomandi starfsmanna. Ég vil hins vegar almennt um þær breytingar sem þar eru tilgreindar árétta að þar er um að ræða lagfæringar og endurbætur á rétti þeirra aðila sem þangað þurfa að leita, ekki síður en hitt að tekið er þar á ýmsum misvísunum sem upp hafa komið.

Varðandi ekkjulífeyri þá er það alltaf undanskilið í þessari umræðu að hér er verið að fara þá leið sem þekkt er í almannatryggingakerfinu í fjölmörgum bótaflokkum að tekjutengja, og er ekki nýtt. Það var umdeilt á sinni tíð en ég hygg að á seinni tímum hafi verið almennari samstaða um það þegar minna fjármagn er milli handa en áður var að beina því takmarkaða fjármagni sem til ráðstöfunar er til þeirra sem mest þurfa á því að halda en síður til hinna sem rýmri fjárráð hafa.

[14:25]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin. Við erum sammála um að það á að tekjutengja lífeyri. Þetta er bara spurning um það við hvaða upphæð sé byrjað og líka að það sé skoðað hvaða framfærslubyrði sé á bak við. Það kom sérstaklega fram áðan í máli mínu í sambandi við öryrkja að það sé skoðað t.d. hvað það kostar aukalega að vera öryrki, þannig að t.d. þegar til atvinnuleysisbóta komi þá byrji skerðingin ekki hjá þeim eins og hjá öðrum.

Hæstv. ráðherra svaraði einnig spurningu minni varðandi 16. gr. þar sem hann telur að það hafi verið mjög spilað á það að fólk sem hafi misst hluta af sinni vinnu hafi nýtt þennan sjóð eða bara hætt, að mér skildist, að vinna nema hluta úr degi til þess að nýta sér þessar bætur. En ég sagði áðan í fyrri ræðu minni að ég tel að það eigi frekar að auka eftirlit með því að þessar bætur séu ekki misnotaðar. Því að fyrirtæki í dag eru verulega að draga saman seglin og það eru fleiri og fleiri að missa hluta af sinni vinnu þannig að það er alls ekki rétti tíminn til að skrúfa algjörlega fyrir þessa möguleika.

[14:27]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég vil leiðrétta að ég hafi talað um að þetta væri í miklum mæli, ég sagði að þess þekktust dæmi og það er mat manna þó að óvíst sé að þarna kunni að vera einhverjar 5–10 millj. kr. sem hafa verið greiddar vegna þess arna sem mundu þá sparast við þessa breytingu. Eftirlit, jú, vissulega væri það hin æskilega leið en það er ákveðnum takmörkunum háð einfaldlega vegna eðli málsins eins og ég gat um áðan því þegar það er kannski að undirlagi vinnuveitandans að svona skuli gengið til verka og að hann setji launþegann í þau spor að þurfa að fá greidd launin sín með þessum tvískipta hætti, þá eru náttúrlega möguleikar eftirlitsaðila sjóðsins og opinberra aðila ákaflega takmarkaðir. Það er kannski sá þáttur málsins sem menn horfast í augu við og hafa því gripið til þessara ráða.

Ég skal ekki útiloka það að í einhverjum tilvikum og kannski nokkrum þá komi sér þetta illa þar sem um raunverulegan samdrátt hafi verið að ræða og fólk hafi verið keyrt niður og fyrirtæki þurft að draga saman í rekstri með þeim afleiðingum að vinnumagn starfsmannsins hafi dregist saman en á hinn bóginn hefur þetta líka gerst og það er matið að ekki verði öðruvísi

á því tekið en með þeim hætti sem hér um ræðir.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar með ekkjurnar, við munum auðvitað gæta þess að þeirra hagur verði tryggður sem þurfa mest á þessum bótagreiðslum að halda. Það er eðli almannatryggingakerfisins og þess verður auðvitað gætt við úrfærslu reglugerðar í þessu sambandi.

[14:29]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. sagði að það þekktust dæmi um misnotkun og ég trúi því vel. Í öllum kerfum þekkjast dæmi um misnotkun. Í öllum bótaflokkum. En spurningin er sú, af því að það þekkjast dæmi um misnotkun, hvort þess vegna sé ástæða til að skrúfa algjörlega fyrir. Hvort það sé ekki heldur ástæða til þess að takast á við þá misnotkun í staðinn fyrir að láta þá sem síst skyldi gjalda þess að einhver misnotar kerfið.

[14:30]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara hér þeim spurningum sem til mín er beint varðandi ákvæði um málefni fatlaðra í þessu frv. Það er rétt hjá hv. þm. að það er farin sú leið núna að á næsta ári verði heimilt að veita ákveðinn hluta af fjármagni sjóðsins til liðveislu sem mun gefa okkur aukið svigrúm til þess að bæta þjónustuna frá því sem er á þessu ári og það er líka rétt að það hefur orðið gífurleg uppbygging í þjónustu við fatlaða á umliðnum árum, sérstaklega í sambandi við uppbyggingu á sambýlum, en það hefur orðið raunaukning á síðustu fimm til sex árum í þennan málaflokk um 700 millj.

Þetta ákvæði var borið undir samtök fatlaðra og þau voru miðað við aðstæður sátt við það að þessi leið yrði farin núna. Því verður lítið um það á næsta ári að það komi til ný sambýli. En að því er spurningu hv. þm. varðar varðandi Sólborg á Akureyri þá er gert ráð fyrir því að það sé hægt að koma á fót þrem sambýlum sem þarf til þess að hægt sé að útskrifa þá einstaklinga sem nú eru á Sólborg. Það kallar ekki á aukinn rekstur vegna þess að starfsfólkið mun þá flytjast með yfir á þessi sambýli. Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur látið liðlega 50 millj. kr. til Sólborgar frá 1983 og við hljótum að gera ráð fyrir því að ef tekst að selja Sólborg að andvirði þess sem við höfum látið til Sólborgar þá renni það í sjóðinn aftur.

Varðandi Kópavogshælið þá hefur gengið hægar þar að útskrifa þá sem þar eru yfir á sambýli heldur en menn væntu. Þó hefur eitt sambýli sérstaklega verið tekið í notkun á árinu 1990–1991, að mig minnir, til þess að útskrifa af Sólborg. Við höfum verið í nokkrum viðræðum við forsvarsmenn Kópavogshælis til þess að gera áætlun um útskriftir en þar stendur á því sama eins og annars staðar að þó við eigum peninga fyrir stofnkostnaði á sambýlum þá vantar okkur peninga fyrir rekstri og við höfum rætt það hvort ekki verði þá að sama skapi hægt að flytja starfsfólk af Kópavogshæli yfir á þessi sambýli en engin niðurstaða liggur fyrir enn sem komið er.

[14:33]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. En aðeins nánar í sambandi við vistmenn á Kópavogshæli. Skil ég þá rétt að það muni engir útskrifast á næsta ári á sambýli frá Kópavogshæli? Engir vistmenn?

[14:33]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég sagði það áðan að vandamálið sem við stöndum frammi fyrir er að við höfum ekki fjármagn í reksturinn sjálfan. Jafnvel þó við ættum fyrir stofnkostnaði, sem alls ekki er útilokað að við gætum átt fyrir á næsta ári, þá stendur þetta á því að við höfum ekki fjármagn í reksturinn og takist eitthvert samkomulag milli Kópavogshælis og okkar um að það fækki þá að sama skapi starfsliði til þess að manna þetta sambýli þá er það alls ekki útilokað, en þeir samningar hafa bara ekki náðst enn þá.

[14:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að víkja að nokkrum atriðum sem snerta sérstaklega hæstv. heilbr.- og trmrh. og birtast í 11. gr. frv. sem hér er til umræðu og síðan 12.–18. gr. frv. Ég byrja fyrst á 11. gr.

Samkvæmt greinargerðinni felur 11. gr. í sér eða á að fela í sér heimild til að innheimta svokallað áfengismeðferðargjald. Ég tel að það sé stórkostlega alvarlegt prinsippatriði að taka upp þetta áfengismeðferðargjald vegna þess að þar með séu menn að innleiða sjúklingaskatta og það verði mjög erfitt að stöðva sig eftir að þetta áfengismeðferðargjald hefur verið tekið upp. Ég óttast það að á komandi árum muni stjórnvöld við þrengingar í efnahagsmálum, ríkisfjármálum heillast til þess í vaxandi mæli að taka meðferðargjald. Ja, úr því að það er komið á áfengismeðferð þá af einhverri annarri meðferð, endurhæfingarmeðferð af ýmsu tagi o.s.frv. Ég óttast að núv. ríkisstjórn, þar sem Alþfl. á heilbrrh. og félmrh., sé að þessu leytinu til að brjóta í blað, hún sé að hverfa aftur um marga áratugi og að þegar fólk leggst inn til áfengismeðferðar þá verði bersýnilega spurt: Áttu fyrir henni? áður en spurt er: Hversu mikið þarftu á henni að halda?

Þetta er auðvitað hróplegt félagslega séð en líka heilsufræðilega og læknisfræðilega vegna þess að það vill einu sinni þannig til að þeir sem þurfa brýnast á meðferð að halda frá læknisfræðilegu sjónarmiði eru ekki endilega þeir sem eiga mest af peningum. Það vill nú svo sérkennilega til, eins og t.d. hv. 2. þm. Vesturl. þekkir, sem hefur stundað sjúklinga, að það er ekki spurt að því hvað er í buddunni þeirra áður en meðferðin hefst vegna þess að buddan segir ekkert um heilsufarið að öðru leyti nema á buddunni sjálfri.

Í greininni segir svo, með leyfi forseta:

„Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar."

Þetta er breyting á 41. gr. laganna. Nú ætla ég að lesa hana, með leyfi forseta:

„Hverjum þeim, sem sjúkratryggður er skv. 40. gr.,

skal tryggð ókeypis vist að ráði læknis í sjúkrahúsum, þar með talið á fæðingarstofnunum. Sjúkrahúsvist skal tryggð eins lengi og nauðsyn krefur ásamt læknishjálp og lyfjum og annarri þjónustu sem sjúkrahúsið veitir." — Við þessa grein bætist þessi nýja málsgrein:

„Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar."

Hér stendur ekki að þetta sé bundið við áfengismeðferð. Eins og greinin hljóðar í frv. er hægt á grundvelli hennar að setja reglugerð um meðferðargjald vegna hvaða sjúkdóms sem er og hvar sem er í heilbrigðiskerfinu. Ég bið hæstv. ráðherra í fullri vinsemd að athuga þetta mjög alvarlega vegna þess að ég held að málið sé svona að þarna séu menn að opna fyrir miklu víðara sjúkdómasvið heldur en áfengismeðferðina eina sem menn þó í orði kveðnu og í greinargerðinni eru að skírskota til. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra. Í fyrsta lagi segi ég: Ég er á móti þessu áfengismeðferðargjaldi. En í öðru lagi segi ég: Ef þetta á að eiga við áfengismeðferðargjaldið eitt þá verður að orða greinina nákvæmar vegna þess að eins og hún hljóðar hér þá nær hún í raun og veru til allra heilbrigðisstofnana í landinu af því að þó að orðið sjúkratryggður sé notað hér þá þýðir það auðvitað ekkert annað en alla þá sem fara inn á heilbrigðisstofnanir. Þetta er það fyrsta.

Annað snertir svo atvinnuleysistryggingarnar. Ég vil segja í sambandi við þær að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur ekki verið spurð. Hún hefur aldrei séð þessa tillögu með formlegum hætti. Mér er kunnugt um það. Mér er kunnugt um það að einstakir stjórnarmenn í Atvinnuleysistryggingasjóði fengu fyrst að sjá þessar tillögur þegar undirritaður, sá sem hér stendur, ljósritaði þær og sendi á faxi daginn sem frv. var dreift hér í þinginu. Þetta tel ég grafalvarlegt mál að fara svona með atvinnuleysistryggingalögin af því að þau eru í kjarasamningum. Þau eru kjarasamningur frá 1955 milli atvinnurekenda og verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnin er auðvitað aðili að því máli þannig að þessu á að breyta í samráði við þessa aðila. Ég gagnrýni vinnubrögð númer eitt.

Ég gagnrýni það númer tvö hvernig farið er með stjórnkerfi atvinnuleysistrygginganna. Auðvitað er þetta nefndafargan alveg voðalegt eins og er, allar þessar úthlutunarnefndir. Það er engin spurning. Við tókum smárispu á því í fyrra, ég og hæstv. heilbr.- og trmrh., því að við alþýðubandalagsmenn fluttum þá frv. um að einfalda þetta kerfi. En við sögðum: Það er hægt að einfalda samkvæmt ákvörðun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs enda verði um það samhljóða niðurstaða í stjórn sjóðsins. Hvað er gert hér? Hér er ráðherranum heimilað að ryðja öllu úthlutunarnefndakerfinu eins og það leggur sig, hann getur það, ég veit að hann ætlar ekkert að gera það, en það er fræðilega hægt samkvæmt textanum eins og hann lítur út, en þar stendur:

„Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda."

Þetta er allt of rúmt. Það er alveg vonlaust, finnst mér, fyrir ráðherrann að fara fram á heimildir af þessu tagi og enn þá vitlausara finnst mér fyrir Alþingi að veita honum þetta og ég efast stórlega um að hæstv. heilbr.- og trmrh., sá sem það embætti skipar nú, vilji fá inn á borð hjá sér það vald og þau vandamál sem fylgja því valdi sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Ég vil sem sagt í öðru lagi spyrja: Telur hæstv. ráðherra ekki rétt að endurskoða þetta orðalag þannig að þetta vald verði hjá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs en ekki einhliða í höndum ráðherrans eins og frumvarpstextinn gerir ráð fyrir?

Í þriðja lagi vil ég í þessu sambandi víkja að 18. gr. frv. sem er hliðstæð, þar sem segir:

„Úthlutunarnefndir annast greiðslu bóta til einstakra bótaþega, nema ráðherra ákveði annað." — Hann getur sem sagt ákveðið að láta aðra annast afgreiðslu bóta.

Þetta er ómögulegt. Það getur vel verið að ráðherrann geti fundið fínt kerfi, en það þýðir ekkert annað en hafa sátt um svona hluti hverjir eiga að borga út þessar atvinnuleysisbætur og þess vegna tel ég að um þetta eigi einnig að ríkja sátt og spyr hæstv. ráðherra hvort hann sé ekki tilbúinn að til þess að stuðla að því.

Í fjórða lagi vil ég sérstaklega nefna 16. gr. frv. Þannig háttar til að á undanförnum árum hefur fólk getað fengið atvinnuleysisbætur á móti hluta af launum. Þetta hefur verið t.d. þannig þegar það hefur vantað hráefni í frystihúsum eða fiskvinnsluhúsum, þá hefur fólk dregið við sig vinnuna, haldið kannski ⅓ eða helmingi launanna í viðkomandi frystihúsi en fengið atvinnuleysisbætur á móti. Með þessu móti helst vinnuréttarsamband launamannsins og viðkomandi atvinnurekanda jafnvel þó að atvinnuleysisbætur séu greiddar um skeið og þetta er gamalt samningsatriði milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda og þótti mikil réttarbót á sinni tíð.

Ég vil nefna eitt sérstakt dæmi þar sem þetta mál hefur komið sér vel. Það er í iðnaðinum. Við höfum gengið í gegnum alveg hroðalega erfiðleika oft í iðnaðinum, t.d. í Sambandsverksmiðjunum fyrir norðan. Og þar hefur það komið fyrir að menn hafa dregið niður vinnuna í smátíma meðan framleiðslutoppurinn er runninn niður og svo hafa menn borgað atvinnuleysisbætur á móti þannig að þetta kerfi hefur gengið nokkuð vel. En hérna er gert ráð fyrir því að fella þetta alveg niður eins og þetta lítur út hér. Ég ætla að nefna annað dæmi, reyndar úr kjördæmi hæstv. ráðherra. Það er Álafoss. Ég veit um það að langtímum saman var fólkið á Álafossi í tiltölulega lítilli vinnu með tiltölulega litlar tekjur hjá Álafossi en hafði síðan einhverja aura í viðbót í gegnum atvinnuleysistryggingakerfið þannig að ég held að þetta sé sniðugt kerfi eins og það hefur verið og stuðli að því að fólk haldi sambandi við sinn atvinnurekanda meðan fyrirtækið á í vissum erfiðleikum. Síðan þegar þeim erfiðleikum lýkur þá gengur fólkið aftur til starfa hjá viðkomandi fyrirtæki. Og ég er viss um að ekki aðeins hjá launamönnum hefur þetta verið heldur þakklátt kerfi heldur hafa atvinnurekendur líka talið þetta gott kerfi af því að þeir hafa getað haldið áfram tengslum við viðkomandi fólk. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra: Telur hann ekki koma til

greina að fella þessa grein niður, 16. gr.? Af því að ég tel að hún brjóti viðkvæmt prinsippatriði sem er það sem mér liggur við að kalla friðsamleg sambúð milli launakerfisins í landinu annars vegar og atvinnuleysistryggingakerfisins hins vegar.

Með hliðsjón af því að við höfum rætt þetta mál nokkuð áður, þá ætlaði ég að láta máli mínu lokið hér. Ég rifja það aðeins upp að ég á ósvarað hér inni spurningum hjá hæstv. umhvrh. en ég tek bara rispu á því við annað tækifæri af því að hann hefur enn þá ekki látið sjá sig hér, því miður, en mér þætti mikilvægt með hliðsjón af framvindu umræðunnar ef hæstv. heilbr.- og trmrh. treystir sér til að svara þeim atriðum sem ég hef hér nefnt og beint til hans sérstaklega.

[14:45]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur beint til mín nokkrum fyrirspurnum og gert að umtalsefni nokkur atriði er snúa að ráðuneyti heilbrigðis- og tryggingamála í frv. því sem hér er til umræðu, um bandorminn svokallaða.

Í fyrsta lagi hefur hann í þessari ræðu og raunar fyrr og áður undir þessum formerkjum, og raunar við 2. umr. fjárlaga einnig, staldrað við eyrnamerktar sértekjur á áfengisstofnanir og nú varðandi þessar breytingar á almannatryggingalögunum þar sem heimilt er að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar, og bendir réttilega á það að samkvæmt orðanna hljóðan mætti líta þannig til að þetta hefði víðfeðmari og víðtækari merkingar og ætti við aðrar sjúkrastofnanir og aðrar meðferðarstofnanir. Ég hygg hins vegar að öll tvímæli séu tekin af í greinargerð með þessari grein og einnig vil ég taka það algerlega skýrt fram hér úr þessum ræðustóli að hér er átt við greiðsluþátttöku vegna áfengismeðferðar og mun ég koma nokkrum orðum að efnisþætti þeirra mála hér á eftir. Ég vil árétta það að hér er eingöngu verið að ræða um áfengismeðferð.

Einnig kemur fram í grg. og er til þess vísað að um nokkurra ára bil hafa vistmenn hjá Náttúrulækningfélaginu í Hveragerði tekið þátt í kostnaði þann tíma sem þeir hafa þar dvalið og það leiðir mig að þeirri umræðu sem er auðvitað mjög umdeilanleg og ég geri mér að fullkomlega ljóst hvaða áhrif og afleiðingar þessar eyrnamerktu sértekjur á SÁÁ á Hlaðgerðarkot og á Vífilsstaði kunna og munu hafa. Ég held að í því samhengi sé rétt að fara nokkrum orðum um það með hvaða hætti áfengismeðferð fer fram hér á landi. Það er ekki með þeim hætti þegar um meðferð er að ræða að menn séu vistaðir inni á sjúkrahúsi í þeim hefðbundna skilningi. Ég held að það megi í stórum dráttum flokka þetta með fernum hætti:

Í fyrsta lagi er um að ræða bráðainnlögn og svokallaða afeitrun eins og um er talað og fer fram fyrstu dagana, stundum tekur hún 1–2 daga, stundum tekur hún 6–7 eftir aðstæðum og eftir ástandi sjúklingsins. Á vegum SÁÁ fer þetta fram á Vogi. Í ríkari mæli hafa Vífilsstaðir líka tekið þennan þátt inn undir sína starfsemi og eins og ég segi getur þessi þáttur meðferðarinnar varað frá sólarhringi upp í fimm til sjö. Á stundum er það þannig í vissum tilfellum að þá lýkur þessari meðferð. Í miklum mun fleiri tilvikum er henni síðan fram haldið og í tilvikum SÁÁ og Vífilsstaða og Hlaðgerðarkots raunar undir allflestum og nánast öllum tilvikum er um það að ræða að næsti áfangi fer í gang, svokölluð eftirmeðferð, þar sem með félagslegum hætti fyrst og síðast og fræðslustarfsemi er viðkomandi einstaklingum gerð grein fyrir afleiðingum áfengisnotkunarinnar og með ýmsum öðrum hætti sem ég þekki ekki til hlítar er farið yfir sögu og stöðu þessara mála.

Það er alveg ljóst að þess konar meðferð fer fram víðs vegar í heilbrigðiskerfinu, víðs vegar í hinu félagslega kerfi, þ.e. fræðsluprógramm þar sem menn eru til nokkurra daga, í þessu tilfelli til nokkurra vikna í þessu prógrammi. Ég geri nokkurn greinarmun á því, virðulegur forseti, þegar þessari bráðameðferð, þessu fyrsta stigi afeitrunar er lokið og þar til annar fasi fer fram. Enda er það svo að það er mjög mismunandi hvernig á stendur í fyrsta lagi hjá viðkomandi einstaklingum, hvert mat lækna er á nauðsyn þessarar eftirmeðferðar því að síðan gerist það í þriðja fasa þessa máls að þá er í sumum tilfellum talið nauðsynlegt, eftir að dvöl á Vík, Staðarfelli eða Hlaðgerðarkoti er lokið eftir 30–40 daga, þá er talin nauðsyn á því að sumir þessara einstaklinga fari á svokölluð áfangaheimili. Þessi áfangaheimili njóta styrkja frá sveitarfélögum. Þau eru flest hér í borginni, njóta þar ágæts stuðnings. Einnig fá þau stuðning frá heilbrrn. en veigaþyngsti þátturinn í rekstri þeirra í peningum talið er sá sem kemur frá sjúklingunum sjálfum. Þeir greiða með öðrum orðum í flestum tilfellum þetta 30–35 þús. kr. fyrir herbergi og fæði á þessu áfangaheimili, á þessu stigi sem kemur í kjölfar eftirmeðferðar, en er af mörgum sérfræðingum talinn nauðsynlegur þáttur meðferðar.

Síðan er það fjórði þátturinn sem er hin svokallaða dagvistun þar sem um það er að ræða að viðkomandi einstaklingum er gert eða þess er æskt að þeir mæti tvo til fjóra tíma daglega og haldi sambandi við lækna, félagsráðgjafa og aðra sérfræðinga. Í þessum tveimur síðasttöldu atriðum, áfangaheimili og dagvistun, er greiðsluþátttaka og enginn hefur andað yfir því eitt aukatekið andartak. Raunar er það þannig með þessi áfangaheimili af því að ég staldra við þau — og ég legg mikið upp úr því og tel þau mjög nauðsynlegan þátt í þessari starfsemi því að ekki einasta taka þau í þessum vanda sem áfengismálin eru, heldur líta þau einnig á hinn félagslega þátt málsins sem stundum er innblandaður og kannski allt of oft og tekur til þeirrar einföldu staðreyndar að sumir þessara einstaklinga eiga hvergi höfði sínu að halla. Það er hins vegar þannig núna og þeir hafa verið á tali við mig nokkrir aðstandendur þessara áfangaheimila og þeir hafa haft af því áhyggjur að það væru of mörg pláss laus, þeir næðu ekki að fylla þau, kunnu út af fyrir sig engar skýringar á því en höfðu auðvitað áhyggjur af fjárhagslegri afkomu þessara áfangaheimila sem eru svo mikilvæg. Þess vegna vildi ég segja þetta og upplýsa um leið að ég sá í blaði um daginn að Samtök áhuga-

fólks um áfengisvandamálið voru að fjárfesta í slíku áfangaheimili að Miklubraut 1 og það er í nokkuð stóru húsi. Ég mundi ætla að markaðsverð þess húss væri milli 20 og 30 millj. kr. Þeir hafa hugsað sér það sem áfangaheimili fyrir það fólk sem kemur frá stofnunum SÁÁ, Vík og/eða Staðarfelli, og því hef ég í því samhengi velt því fyrir mér hver væri þessi brýna nauðsyn á þessari nýju þjónustu SÁÁ sem er þó þrátt fyrir allt sæmilega fyrir séð hér í Reykjavík og nágrannabyggðum. Og margir forsvarsmenn þessara áfangaheimila sem hafa rekið sín heimili með miklum myndarbrag um áratuga skeið hafa undrast það satt að segja að til þessa ráðs hafi verið gripið. En nóg um það. Þetta er útúrdúr.

Í ljósi þessarar skömmu yfirferðar minnar um þetta fyrirkomulag, sem ég er þó auðvitað ekki sérfróður um og margir mér vafalaust kunnugri. Mér sýnist á þessu að málið sé ekki svona svart/hvítt eins og margir hér hafa viljað vera láta. Með öðrum orðum: Ég hef eins og ég greindi frá hér í umræðum í nótt, sent forsvarsmönnum SÁÁ, Hlaðgerðarkots og Ríkisspítalanna bréf þar sem ég geri grein fyrir því sem þeir raunar vissu allir saman að sértekjur hefðu þeim verið merktar á næsta fjárlagaári í fjárlagafrv. og nauðsynlegar lagabreytingar yrðu gerðar vegna þessa og ég les, með leyfi forseta:

„En við það verður miðað að tillögur um gjaldtökuna komi til heilbr.- og trmrh. frá viðkomandi stofnun hyggist þær nota gjaldtökuheimildina og þarfnist staðfestingar hans. Þess er vænst að tillögunum verði skilað til ráðherra hið fyrsta."

Ég hef ekki fengið þessar tillögur frá þeim en ég tel það mjög mikilvægt, ekki síst í ljósi þess sem hér hefur verið sagt, að auðvitað er það þannig þó að erfitt sé að alhæfa að ýmsir þeirra manna og kvenna, sem þessarar aðstoðar þurfa að leita, hafa ekki mikið milli handa. En svo eru það aðrir sem hafa það vissulega og ég vil í því samhengi enn og aftur rifja það upp að það eru ekki nema ein sex ár síðan að einmitt þessi sömu samtök sem menn eðli máls samkvæmt staldra talsvert við, SÁÁ, enda er árangur af starfsemi þeirra á umliðnum árum um langt árabil það með fádæmum góður, að þar var innheimt gjald af þessum toga fyrir 1987. Þar er núna innheimt gjald fyrir þessa dagvistun. Þar verður innheimt gjald fyrir þetta áfangaheimili. Og ég spyr: Hvar er þessi skurðarpunktur? Mér sýnist hann, og ég hef horft þannig til þessa máls, að hann geti allt eins verið eftir að þessari afeitrun á Vogi lýkur, að þegar kemur til þessarar eftirmeðferðar á Staðarfelli eða Vík, þá sé ekki óeðlilegt að þar sem einstaklingur hefur á því ráð og getu taki hann þátt í kostnaði við þá eftirmeðferð, það fræðsluprógramm sem þá fer í gang.

Þess vegna segi ég, virðulegi forseti, að það er auðvitað mikilvægt ekki síst af því að þeir hafa að byggja á ákveðinni reynslu í þessum efnum, þekkja vafalaust að einhverjum hluta gerð síns sjúklingahóps að frumkvæðið og tillögur að fyrirkomulagi komi frá samtökunum sjálfum. Síðan segir í þessu bréfi frá mér til þessara aðila og ég les, með leyfi forseta:

„Kjósi stjórnendur stofnana" í þessu tilfelli SÁÁ „að nota ekki heimild til gjaldtöku og verða þannig af tilgreindum sértekjum, verða þeir að haga rekstri stofnana í því ljósi, enda kemur ekki til annarra framlaga úr ríkissjóði umfram það sem fjárlög 1994 segja til um."

Ég held, virðulegi forseti, að um þetta þurfi ekki margt fleira að segja. Ég vil þó halda því til haga sem heldur hefur ekki verið mjög áberandi í þessari umræðu að áfengissjúklingar fá greidda sjúkradagpeninga á meðan á meðferð stendur, að vísu að undanskildum fyrstu tveimur vikum hennar. Að vísu verða þeir að sýna fram á það að þeir hafi verið í vinnu einhvern hluta ársins fyrir meðferð. Það er mat manna og hef ég þá gamla tölu frá 1988, sennilega verið í heilbrigðisráðherratíð hv. þm. Svavars Gestssonar, að á verðlagi þess árs hafi það verið um 30 millj. sem hafi runnið til þessara áfengissjúklinga sem nutu þeirra réttinda að fá greidda sjúkradagpeninga. Það er um það bil 5 millj. kr. hærri upphæð en þessar merktu sértekjur í fjárlagafrv. fyrir nk. ár.

Þess er einnig getið sem rétt er að mörg stéttarfélög nota sjúkrasjóði sína til þess að greiða sínum launamönnum á meðan meðferð stendur. Og einnig er það mjög algengt að atvinnurekendur sjálfir haldi viðkomandi einstaklingum á launum á meðan meðferðartími stendur yfir og það er vel.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta hafi nokkuð skýrt hina efnislegu hlið þessa máls. Mér finnst nauðsynlegt, ekki síst í ljósi þess að hér er um umdeilt mál að ræða, að við getum með málefnalegum hætti nálgast þetta mál og rætt það af nokkurri hreinskilni og gengið til verka í því sambandi.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð sem eins og kunnugt er fer nú á hendur hæstv. félmrh. frá og með næstu áramótum og á ég þá nokkuð erfitt með að lýsa, og skiptir kannski ekki meginmáli, mínum viðhorf til þess hvernig framkvæmd verður varðandi úthlutunarnefndirnar. Ég vil þó segja það eitt í því sambandi að ég hygg að reynslan sé kannski hvað ólygnust í því, því það held ég að hafi verið hárrétt hjá hv. þm. að bæði verkalýðsfélögin og allflestir þeir aðilar sem nærri hafa komið eru um það sammála, að þeim þurfi að fækka, þeim eigi að fækka. Það hefur hins vegar gengið býsna illa að ná fram einhverjum niðurstöðum í þeim efnum og menn úr verkalýðshreyfingunni hafa sagt mér að það sé ákaflega erfitt fyrir forsvarsmenn verkalýðshreyfingar á einum stað, jafnvel fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar innan Atvinnuleysistryggingasjóðs að taka af skarið um það að setja af eða sameina úthlutunarnefnd í einu eða öðru héraði hjá félögum sínum innan verkalýðshreyfingarinnar, þetta sé nú bara einfaldlega svona. Það þurfi kannski einhvern utanaðkomandi aðila til þess að rjúfa þennan vítahring til að taka skrefin. En hitt er alveg hárrétt og ég held að við þessa einföldun og betrumbætur, sem vissulega hefur verið rætt á síðustu dögum og vikum við verkalýðshreyfinguna í landinu, forsvarsmenn ASÍ, þá sé það ekki vilji neins að ganga fram fyrir skjöldu með þeim hætti að þar verði hristar saman nefndir án þess að tala við kóng eða prest, án þess að hafa um það

orðaræðu við verkalýðshreyfinguna heldur verður þess freistað fyrst og síðast að ná um það samkomulagi í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs og fá þaðan tillögur um skynsamlegan framgang þeirra mála. En ef ég man þessa tölu rétt þá held ég að nefndirnar séu 120, kannski man hv. þm. það betur, og upphæðirnar sem þær hafa fengið greiddar skipta tugum milljóna. Ég segi án ábyrgðar 80 en þori þó ekki að standa við það. En það eru hins vegar allir um það sammála að þar þarf að einfalda hluti og ég trúi því og veit raunar að hæstv. félmrh. mun standa þannig að verki að vissulega mun verkalýðshreyfingin og Atvinnuleysistryggingasjóðurinn koma þar að.

Varðandi 18. gr. þá hef ég skilið það þannig þegar um það er að ræða að heimild ráðherra til að ákveða að aðrir en úthlutunarnefndirnar standi að greiðslu bóta til einstakra bótaþega að þarna sé kannski um praktískt þjónustuatriði að ræða. Þær upplýsingar hef ég fengið úr sjóðnum að þegar því verði illa við komið á fámennum stöðum þar sem verkalýðsfélagið eða staða þess er með þeim hætti að þetta úrræði sé til staðar ef þurfi til að grípa. En að öðru leyti finnst mér sömu efnislegu rök um aðferðafræðina gilda og varðandi sameiningu nefndanna.

En varðandi síðan 16. gr., þá er ég ekki alveg sammála hv. þm. um mikilvægi þessarar greinar. Ég held að þessi tengsl sem hann nefnir svo milli vinnuveitanda og starfsmanns sem eru með þeim hætti að úr vinnuframlagi dregur jafnvel um ⅓ einhvern tíma, jafnvel um langan tíma, sé ákaflega óheilbrigt ástand milli vinnuveitanda og launamanns þó auðvitað kunni ytri aðstæður að ráða því í mörgum tilfellum. Ég vil árétta það að þetta getur auðvitað ekki verið um langan tíma því samkvæmt gildandi lögum eru greiðslur þessar bundnar við hámark 30 bótadaga á almanaksári. Mér segja starfsmenn sjóðsins að það hafi færst í vöxt og menn hafi orðið varir við það í auknum mæli að fyrirtæki séu farin að notfæra sér þetta ákvæði og knýja á um það við starfsmenn að þeir dragi formlega úr vinnuframlagi sínu, sæki síðan laun sín að hálfu, svo dæmi sé tekið, til Atvinnuleysistryggingasjóðs, en vinni eftir sem áður sinn fulla vinnudag og ekki verði séð að úr framlagi viðkomandi starfsmanns eða úr starfsemi fyrirtækisins í heild hafi að nokkru leyti dregið, þannig að menn séu farnir að gera út á þennan þátt. Og þá er þetta samband vinnuveitanda og launamanns orðið ákaflega óheilnæmt og launamaðurinn orðinn eins og mús undir fjalaketti og á sér enga möguleika til að standa í hárinu á vinnuveitanda sínum þannig að allt að einu held ég að þessu þurfi að linna. Það er auðvitað álitamál hvort með einhverjum öðrum hætti hefði verið hægt að taka á þessu. En ég sagði það áðan að þegar um væri að ræða svona samsæriskenningar launamanns og vinnuveitanda, kannski gegn vilja launamannsins, þá væri auðvitað ákaflega erfitt fyrir það opinbera að nálgast það mál og taka á því.

Virðulegur forseti. Það væri ástæða til að fara nánar ofan í önnur atriði sem hér hefur borið á góma en ég læt þetta duga í bili.

[15:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir svörin. Ég vil fyrst segja það að ég treysti því að þetta frv. verði sent til viðkomandi fagnefnda þannig að heilbr.- og trn. fái þá kafla sem við höfum verið að tala um, ég held að það sé mjög mikilvægt og að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs verði örugglega kölluð til. Það skiptir gríðarlega miklu máli.

Ég ætla þess vegna ekki að staldra við atvinnuleysistryggingaþáttinn heldur fyrst og fremst 11. gr. Þar stendur:

„Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar."

Ráðherrann viðurkenndi áðan að þetta næði víðar en til áfengismeðferðarinnar. Hann sagði: „Það er takmarkað í greinargerðinni." Og hann sagði: „Meðan ég er ráðherra þá verður þetta aldrei notað nema að því er varðar áfengismeðferðina."

Það getur vel verið, en það skiptir ekki öllu máli í þessu sambandi því svo getur auðvitað farið að það taki einhver annar ráðherra við einn góðan veðurdag og hann verði í þröngri stöðu með ríkisfjármálin og ramma heilbrrn. og telji sig neyddan til að leggja þessi gjöld á miklu víðar.

Ég tel með öðrum orðum að þetta sé stórhættuleg opnun á almannatryggingalögunum sem hér á sér stað. Samkvæmt þessari opnun er hægt að taka gjald fyrir allt sem fram fer í sjúkrakerfinu á Íslandi. Það gengur ekki. Og þessi markatilvik sem hæstv. ráðherra var að rekja, það væri einfalt að skilgreina þau ef maður hefði lengri tíma hér eftir en 22 sekúndur.

[15:07]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég vil við þessa 1. umr. við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994 leggja nokkur orð inn í þá umræðu. Þetta frv. er eitt í þeirri röð mála sem eru fastagestir í þingstörfum í desembermánuði og varða breytingar á ýmsum lagaákvæðum er varða ríkisfjármál. Og í efh.- og viðskn. eru um þessar mundir miklar breytingar á skattalögum sem eiga að koma til framkvæmda núna um áramótin ef samþykktar verða fyrir jólin.

Það má spyrja sem svo hvort það sé náttúrulögmál að við hv. þm. þurfum ávallt að vera uppteknir við það í lok ársins að breyta fjölda lagaákvæða, leggja á nýja skatta hingað og þangað og taka allar þær breytingar í einu lagi rétt um það leyti sem verið er að afgreiða fjárlög. Þetta er satt að segja einn þátturinn af þeirri áráttu okkar að vera alltaf að rífa upp alls konar lagabálka, oft með vafasömum árangri. En þetta var nú svona almenn hugleiðing í upphafi, en ég hygg að margar þær breytingar, sem gerðar hafa verið og þegar verið er að rífa upp löggjöf og breyta henni, valdi aðeins óöryggi og óvissu og margt af því sé ekki til bóta.

Hitt er svo annað mál að auðvitað eru ýmis lög hér í hv. Alþingi sett með góðum vilja og góðum áformum og síðan hafa menn ekki kraft eða peninga til þess að standa við þau ákvæði. Þannig er einmitt um 1. gr.

í I. kafla þessa frv. að við erum að fresta góðu máli ár eftir ár sem þó var sett löggjöf um á sínum tíma og svo sannarlega er hér um þarft mál að ræða. Það er satt að segja svo málum komið í þjóðfélaginu að það ætti að vera okkur hv. þm. mikið umhugsunarefni hvort það ekki séu möguleikar til þess að hrinda þessu ákvæði í framkvæmd.

Við sem sitjum á hv. Alþingi höfum sjálfsagt öll heyrt fregnir úr grunnskólum landsins, hvernig ástandið er orðið nú hjá ýmsum nemendum í þjóðfélaginu. Ég man eftir að hafa heyrt það í fréttum fyrir nokkru síðan að í einum grunnskóla hér í Reykjavík kæmu börnin svöng og vanhirt í skólann af ýmsum ástæðum. Ég held að það væri betra ástandið fyrir þessi börn ef það væri t.d. völ á skólamáltíðum í skólunum. Ég hef sagt það áður úr þessum ræðustól að mér finnst skjóta skökku við og ekki vansalaust að þjóð sem kemur sér upp hinum glæsilegustu mötuneytum á öllum vinnustöðum — og við erum ekki þar undanskildir, hv. þm., skuli ekki sjá nokkurn möguleika til þess að koma upp aðstöðu til að borða eða máltíðum á vinnustöðum barnanna okkar. Þetta ætti að vera ærið umhugsunarefni. Ég held að það eigi allur þingheimur þarna nokkra sök. Þetta mál er ekki nýtt og þessi frestun er ekki ný, en ég held að ástandið sé því miður orðið þannig í þjóðfélaginu núna að það geti verið eitt af því sem létti undir með almenningi í landinu að framkvæma þetta ákvæði og reyna að finna einhverjar leiðir og fjármagn til að koma þessu í framkvæmd.

Það hefur komið fram í þessari umræðu að auðvitað er með þessu frv. verið að ýta gjöldum yfir á almenning í landinu og ýmsa markhópa. Markhóparnir eru m.a. nemendur í framhaldsskólum og að þessu sinni verða fyrir valinu nemendur í Tækniskóla Íslands og nemendur í búnaðarskólunum og Garðyrkjuskóla ríkisins sem eiga nú að greiða skólagjöld.

Það eru nýgengnar fram hér á Alþingi miklar breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna sem hafa vissulega þrengt kost þeirra námsmanna sem á annað borð þurfa að leggja mikið á sig til þess að fjármagna sitt nám. Auðvitað er aðstaða námsmanna misjöfn að þessu leyti. Það þekki ég vel. Og það er gífurlegur aðstöðumunur að þessu leyti hjá námsmönnum. En ég held að engum blandist hugur um að þær nýju reglur sem samþykktar hafa verið um lánasjóðinn þrengja kost námsmanna mjög og það sýnir aðsókn að skólunum. Þarna er náttúrlega verið að herða á þeirri stefnu ríkisstjórnarinnar að láta greiða skólagjöld og það kemur til viðbótar við þær skerðingar sem verið hafa á lánasjóðnum. Þessu mótmæli ég harðlega og mun auðvitað greiða atkvæði á móti þessum ákvæðum.

Ég vil geta þess, af því að hér eru búnaðarskólarnir undir þessum ákvæðum, að við fjárlagagerðina var hafnað þeirra beiðnum um fjárveitingar til uppbyggingar og til þess að þróa kennslu og m.a. varðandi nýjar búgreinar. Þessi ákvæði eru auðvitað til að hnykkja á þeim ákvörðunum. Það má vel vera að þau verði til þess að einhver fátækur námsmaður sjái sér ekki fært að halda áfram námi. Það er vegið í sama knérunninn að þessu leyti.

Það er stefna ríkisstjórnarinnar að koma sem mestum gjöldum yfir á atvinnuvegina í landinu, þjónustugjöldum, og sérstakt gjald af öllum seldum búvélum er þáttur í því. En tekjurnar af því, eins og kom fram í ræðu hv. 9. þm. Reykv., eru um 8 millj. kr. og ég tek undir það sem hann sagði í sinni ræðu að það er vafasamt að það eigi að vera að búa til sérstakt skattkerfi fyrir slíkar upphæðir. Hins vegar þegar stefna ríkisstjórnarinnar er í húfi og skal fram þá verður auðvitað að búa til kerfi, hjá því verður ekki komist að þeirra dómi.

Í 9. gr. frv. er ákvæði um Framkvæmdasjóð fatlaðra, að honum sé heimilt að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sjóðsins til verkefna sem talin eru upp í greininni. Ég leggst í sjálfu sér ekki á móti þessu ákvæði, ég tel að það sé eðlilegt að Framkvæmdasjóður fatlaðra, sem hefur verið nokkuð öflugur, taki þátt í einhverjum rekstrarverkefnum. Hins vegar verða menn að gæta sín í þeim efnum og það má ekki koma niður á því hlutverki sjóðsins að jafna aðstöðu fatlaðra í landinu með stofnframkvæmdum. En ég vil einmitt geta þess að í fjárlögum er gert ráð fyrir því að 30 millj. kr. tekjur í sjóðinn af erfðafjárskatti skili sér ekki á næsta ári þannig að sjóðurinn verður fyrir tekjumissi auk þess sem honum er ætlað að taka þátt í rekstrarverkefnum fyrir um 42 millj. kr. Þetta eru aðvörunarorð. Ég tel í sjálfu sér ekki óeðlilegt að þessi breyting sé gerð en það verður að gæta sín í því að afmarka þessi rekstrarverkefni vel.

Það hefur verið rætt ítarlega um gjöld m.a. vegna áfengismeðferðar og ég ætla ekki að bæta miklu við í þeim efnum. Ég tek undir það sem fram hefur komið í þessari umræðu að hér erum opið ákvæði að ræða og þó að það sé bara um áfengismeðferð að ræða í ár, þá getur komið eitthvað annað á eftir. Þarna er verið að opna rifu og það getur komið sá tími að það verði opið upp á gátt fyrir kostnaðarþátttöku sjúklinga í sjúkratryggingum.

Í 20. gr. er gert ráð fyrir að sveitarfélögin greiði áfram 600 millj. kr. til Atvinnuleysistryggingasjóðs og sveitarfélög með 300 íbúa eða fleiri greiði 2.312 kr. fyrir hvern íbúa en sveitarfélög með færri en 300 íbúa greiði 1.387 kr. Þarna er verið að framlengja þennan skatt sveitarfélaganna til sjóðsins og ég tek undir að það er eðlilegt að Atvinnuleysistryggingasjóður leggi eitthvað af mörkum til þess að reyna að skapa atvinnu frekar en að greiða atvinnuleysisbætur, ég er sammþykkur því grundvallaratriði. En það má spyrja hvort það sé þörf á því að sveitarfélögin, sem hafa mikla reynslu í atvinnuskapandi verkefnum og hafa lagt til þess mikið fjármagn á undanförnum árum, greiði þetta fjármagn í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð og því sé úthlutað þar, hvort það sé ekki einfaldara að verja þessu fé beint í atvinnuskapandi aðgerðir án þess að vera að borga það í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð og úthluta því svo aftur þaðan. Ég er í vissum vafa um þetta ákvæði, en ég tel þó að þetta samstarf hafi gert gagn. Það er enginn vafi á því. En ég hygg að það eigi ekki að festa þetta í sessi til frambúðar og áskil mér rétt til að skoða þetta mál nánar, enda mun

ekki vera ætlunin að þetta ákvæði standi nema til eins árs, en ákvæði sem eiga nú að standa til eins árs í upphafi standa nú í tvö ár eins og þetta ákvæði hefur nú staðið og það er enginn kominn til með að segja nema þetta fyrirkomulag standi þá til frambúðar en ég held að við ættum að gefa okkur tíma til að skoða það vandlega.

Skerðingarákvæðin í frv. eru gamlir kunningjar, mörg hver og ég ætla ekki að hafa um þau mörg orð. Það er eitt skerðingarákvæði hér sem ég hef gert að umtalsefni á undanförnum árum ef ég hef tekið til máls varðandi þessi ákvæði sem koma hér árvisst, en það er skerðing á mörkuðum tekjustofnum til ferðamála. Ég botna ekkert í þeirri hagfræði sem liggur þar að baki. Það er talað um það á hátíðlegum stundum að ferðaþjónustan sé vaxtarbroddur í atvinnulífinu og hún hefur vissulega verið það, það er rétt, geysilega mikilvægur atvinnuvegur fyrir þjóðina. Og hún er mikilvægur atvinnuvegur að því leyti að háannatíminn í ferðaþjónustunni er þegar fjöldi fólks kemur út á vinnumarkaðinn, m.a. námsfólk.

Það vantar mikla uppbyggingu í ferðaþjónustu. Það ber öllum ferðaþjónustumönnum sem hafa kynnt sér þau mál sérstaklega og vinna í greininni saman um það að nú vantar fyrst og fremst fjármagn til markaðssetningar og til þess að koma upp afþreyingu fyrir það fólk sem kemur til landsins og það vantar einnig fjármagn til þess a búa landið þannig úr garð að það sé hægt að taka á móti þessu fólki án náttúruspjalla. Og meðan við höfum þessi markmið og þessa skoðun að ferðaþjónustuna eigi að efla, þá birtist það í verki með því að skerða til hennar tekjustofna og leggja svo á hana virðisaukaskatt um næstu áramót í ofanálag. Þetta er hagfræði sem ég skil ekki. Auðvitað viðurkenni ég að þetta skerðingarákvæði er gamalt og hefur verið hér í áraraðir, en það er ekkert betra fyrir það. Sú ríkisstjórn sem nú situr tók ekki upp þetta ákvæði. Hún hafði fyrirmyndir áður en það er ekkert betra fyrir það að hafa þetta svona.

Ég viðurkenni að ég hef til samkomulags ætíð samþykkt þessi ákvæði í gegnum tíðina. En ég vil þó eigi að síður minna á þetta. Það er náttúrlega alveg ný staða sem upp er komin í þessu efni þegar á svo að fara að leggja virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna líka. Það tók núv. ríkisstjórn ekki í arf frá fyrrv. ríkisstjórn þannig að því vísa ég til hennar. Það er því alveg ný staða upp komin varðandi þessa atvinnugrein.

Ég ætla ekki að hafa um þetta frv. öllu fleiri orð á þessu stigi. Það kemur að sjálfsögðu til skoðunar í nefnd og verður fjallað um það nánar á þeim vettvangi en ég vil minna á það m.a. að eitt skattafrv. er til meðferðar í félmn. þingsins. Það eru tekjustofnar sveitarfélaga. Þar höfum við fengið inn umsögn frá aðila sem a.m.k. forustuflokkur ríkisstjórnarinnar hefur ætíð tekið nokkuð mark á, þ.e. frá forráðamönnum Reykjavíkurborgar. Þar eru mikil viðvörunarorð. Þar er það sagt hreint út að það sé óhæfa að vera alltaf að grauta í viðkvæmum ákvæðum skattalaga á hverju einasta ári og nú þurfi að vanda sig vel og láta það bíða, þær breytingar sem verið er að fjalla um þar. Ég tek nokkurt mark á þessu þó að auðvitað séu kannski ástæður fyrir þessari varfærni einmitt núna. Það er af því að það eru kosningar fram undan og það er auðvitað óþægilegt fyrir Reykjavíkurborg að fá þessar lagabreytingar fyrir kosningarnar og hækka útsvarið. Þannig að það er ástæða þar að baki. En eigi að síður er ég efnislega sammála því að þessar skattabreytingar, þessar breytingar í ýmissi löggjöf, að vera að krukka í alls konar löggjöf, opna hana, krukka í hana fram og aftur í annríki á síðustu vikum fyrir jól, það er ekki góð lagasetning en því miður heldur það áfram hér núna og keyrir þó um þverbak í þeim skattalagabreytingum sem til meðferðar eru í efh.- og viðskn. um þessar mundir og í félmn. þar sem til meðferðar eru hin viðkvæmustu tekjuöflunarmál í miklu tímahraki núna rétt fyrir jólin.

Útbýting þingskjals:

Skuldastaða heimilanna, 280. mál, beiðni GÁ o.fl. um skýrslu, þskj. 356.

[15:33]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér er frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994 til umræðu. Þetta frv. var flutt og fyrir því mælt af hæstv. forsrh. Það hlýtur því að vekja nokkra athygli að hæstv. forsrh. skuli ekki vera við þessa umræðu. Að vísu falla atriði þessa frv., hygg ég vera, undir flesta aðra ráðherra líka og þar sem ég ætla sérstaklega að ræða um 5., 6. og 7. gr. frv. þá er það landbrh. sem ætti að vera þar til svara. Ég vildi spyrja hæstv. forseta hvort annar hvor þeirra ráðherra gæti ekki verið við þar sem ég ætla að leggja hér fram spurningu sem ég óska eftir að fá svar við.

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að leita eftir því hvort hæstv. landbrh. getur ekki komið og verið við umræðuna.)

Í sambandi við þær greinar, 5., 6. og 7. gr., þá vekur það athygli að þær eru um nákvæmlega sama efni og frv. sem flutt var snemma á síðasta þingi fyrir meira en ári síðan. Þá var það frv. lagt fram af hæstv. landbrh. Og af hverju endurflutti hæstv. landbrh. ekki þetta frv. sitt nú í upphafi þings úr því að það átti að leita eftir því að fá það samþykkt? Á síðasta þingi urðu örlög þess þau að því var vísað til 2. umr. og hv. landbn. en kom ekki þaðan aftur inn í þingið. Er ástæða þess að hæstv. landbrh. flytur frv. ekki sú að hann bresti orðið þrótt til þess að leggja þetta frv. fram með þessum nýju sköttum ofan á alla þá nýju skatta sem nú er ætlunin að komi á landbúnað og þá sem í sveitum búa? Eða er e.t.v. ástæðan sú að ekki eigi að láta málið falla í sömu gryfju og það lenti í á síðasta þingi þegar það stöðvaðist í landbn.?

Með þessari tilhögun mun frv. fara til efh.- og viðskn. og hún mun bera ábyrgð á því að skila um það áliti, enda þótt eðlilegt hljóti að vera að málið fari til landbn. til umsagnar eða þessir liðir og reyndar fleiri sem snerta landbúnaðinn í frv. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort þarna sé verið að reyna að beygja og sniðganga hv. formann landbn. sem afgreiddi málið ekki á síðasta þingi, en nú veltur það ekki lengur á af-

greiðslu landbn. hvort þessir liðir koma inn í þingið aftur. Það væri náttúrlega býsna fróðlegt að heyra það frá hv. formanni landbn., hv. 3. þm. Austurl., hvernig hann muni halda á þessu máli. Ætlar hann nú að láta það fara gegnum þingið þegar hann hefur ekki sömu tök á því með þessum vinnubrögðum sem hæstv. landbrh. hefur á málinu á þessu þingi? Að sjálfsögðu getur oltið á vinnubrögðum landbn. hvort sú skattlagning, sem þarna er gert ráð fyrir að leggja á landbúnaðinn, nær fram að ganga eða ekki. En aðalatriði málsins er að sjálfsögðu það hvort landbúnaðurinn sé núna þannig í stakk búinn að hann sé fær um að taka á sig sérstaka skattlagningu.

Hæstv. forsrh. sagði í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. m.a. að tilgangur þess væri að milda áhrif af samdrætti í atvinnulífinu. Hvernig getur hæstv. landbrh. skýrt það að þessar nýju álögur mildi áhrif samdráttar í landbúnaði á landbúnaðinn? Enn fremur talaði hæstv. forsrh. um það að þessum markmiðum ætti að ná án skattahækkana. En hér hefur verið bent á það að samkvæmt athugasemdum með frv. er t.d. 7. gr. ætlað að ná 8 millj. kr. af landbúnaðinum. Síðan er í 5. og 6. gr. skattlagning á væntanlega nemendur við búnaðar- og garðyrkjuskóla.

Samdráttur í sauðfjárrækt hefur t.d. orðið gífurlega mikill, algengast 20–40% nú á síðustu tveimur árum og þar með skerðast heildartekjur sauðfjárbúanna sem því nemur og launatekjur bóndans og þeirra sem við búið vinna að sjálfsögðu enn þá meira þar sem úr ýmsum föstum kostnaði er ekki hægt að draga. Það er því augljóst að um áratuga skeið hafa unglingar frá þessum heimilum ekki haft verri aðstöðu til þess að standa undir auknum kostnaði við nám sitt og erfitt er að sjá hvernig þessi vinnubrögð geta fallið undir orð hæstv. forsrh. í framsöguræðu hans, um að þetta frv. eigi að búa í haginn fyrir framtíðina ef það verður til þess að leggja steina í götu unga fólksins að afla sér menntunar.

En það sem bætist svo enn ofan á þennan gífurlega samdrátt sem ég var að ræða um í framleiðslu margra búgreina er sú óvissa um það við hvaða aðstæður landbúnaðurinn muni búa nú alveg á næstu mánuðum má segja og árum. Þar koma til með að hafa áhrif þeir alþjóðasamningar sem nú er verið að ganga frá. EES-samningur er sagður munu ganga í gildi um áramótin og GATT-samningur er á lokaspretti. Við heyrðum það í fréttum í dag að verið er að leita til ríkisstjórna um það hvort þær ætli að standa við sín tilboð eða standa á þeim tilboðum sem þær hafa sent. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. að því hvort ríkisstjórnin standi við það tilboð sem hún sendi til GATT-viðræðnanna eða hvort þar verður eitthvað gefið eftir samkvæmt þeirri kröfu sem nú er verið að gera til ýmissa ríkja á þessum lokaspretti.

[15:46]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað laukrétt hjá hv. þm. að þetta frv. felur það í sér annars vegar að taka upp innritunargjöld, skólagjöld í búnaðarskólunum. Þau hafa nú verið í líkingu við það sem hér er. Nemendur hafa greitt efnisgjöpld, pappírsgjöld o.s.frv. þannig að hér er einungis staðfesting á þessu og eðlilegt að hafa þetta hreint og beint. Skólagjöldin eru alls ekki ný. Þau hafa viðgengist hér mjög lengi en á hinn bóginn ekki vakið athygli hér á Alþingi fyrr en eftir að þessi ríkisstjórn tók við völdum. (Gripið fram í.) Þetta er rétt hjá mér.

Í öðru lagi vil ég segja það um bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins á Hvanneyri að hér er gert ráð fyrir því að landbrh. sé heimilt að leggja nokkurt gjald á landbúnaðarvörur til þess að standa straum af kostnaði við vinnu- og verktæknirannsóknir og tilraunir með búvélar og prófanir á þeim hjá bútæknideild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Það hefur verið byggt mjög myndarlegt húsnæði fyrir þessa starfsemi þar efra. Það er auðvitað eðlilegt að þeir sem nota vélarnar standi undir þeim rannsóknum og tilraunum sem rétt þykir að gera og nauðsynlegar eru. Það má vera að sú stund komi að menn telji að óþarfi sé að standa fyrir slíkum tillögum og þá kemur náttúrlega ekki til gjaldtökunnar.

Varðandi GATT vil ég aðeins ítreka það sem ég hef áður sagt. Við höfum í grófum dráttum fylgt Norðmönnum í sambandi við okkar GATT-tilboð og það hefur verið tekin ákvörðun um að við munum gera það einnig nú.

[15:49]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. svörin. Ég vil fyrst spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé þá ljóst að skólagjöld verði ekki hækkuð frá því sem hann segir að þau hafi verið, þannig að óhætt sé að treysta því að eingöngu sé verið að staðfesta það sem hefur verið en ekki bæta þar neinu nýju við.

Í öðru lagi vil ég ekki fallast á að það hljóti að vera eðlilegt að leggja nýjan 2% skatt á öll tæki til landbúnaðar miðað við þá aðstöðu sem er í landbúnaðinum og ég rakti hér áðan.

Í þriðja lagi finnst mér svar hæstv. ráðherra um GATT-tilboðið ekki nægjanlega skýrt. Ég hygg að það hafi átt að svara nú fyrir kl. 4 í dag um það hvort ríkisstjórnirnar stæðu á sínum tilboðum eða gæfu eitthvað eftir. Hæstv. ráðherra hlýtur að vita það nú hvort eitthvað verði eftir gefið eða hvort staðið verði á þessu. Hvort ætlunin sé að gefa eitthvað eftir í samræmi við það sem Norðmenn gera þá er ég auðvitað jafnnær um hvað það er, þar sem mér er ekki kunnugt um að þeir séu búnir að tilkynna það.

[15:52]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt athugasemd hjá hv. þm. sem hann vék hér að áðan að auðvitað er gert ráð fyrir nokkru hærri gjaldtöku en áður. Af þeim sökum eru þessi mál flutt með þessum bandormi og er í samræmi við það fjárlagafrv. sem hér liggur fyrir.

Varðandi GATT-tilboðið vil ég taka það fram að eins og nú standa sakir, þá hefur komið fyrirspurn til okkar Íslendinga um það hvort við viljum heldur

standa á magntakmörkunum ef sú spurning kynni að koma upp, en leyfa þá meiri lágmarksaðgang en ella, og þá er verið að tala um 4–8%, eða við á hinn bóginn kysum ef ekki yrðu magntakmarkanir að halda okkur við 3–5%. Eftir þeim upplýsingum sem ég hef hafa Norðmenn tekið ákvörðun um að velja síðari leiðina, en standa á kröfu sinni um magntakmarkanir áfram á meðan þeir telja stætt á því og við Íslendingar höfum ákveðið að fara þá hina sömu leið.

[15:54]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. skýrari svör. En vissulega eru það nokkuð nýjar fréttir að þarna hafi verið tekin ákvörðun um að víkja verulega frá því sem ríkisstjórnin var búin að segja Alþingi að væru sínar tillögur og ekki voru þá neinir fyrirvarar um. Það er ekki svo ýkja langt síðan þessi mál voru hér til ítarlegrar umræðu og þá kom ekkert fram um það. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta hafi verið lagt undir nefndir þingsins, utanrmn. eða landbn. (**Landbrh.:** Ég er búinn með andsvör.)

Forseti (Pálmi Jónsson):

Andsvörum er lokið. (Gripið fram í.) Hæstv. ráðherra getur komið á mælendaskrá.

[15:57]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Mig langar til þess að fara hér nokkrum orðum um þetta frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994. Ég ætla að reyna að hafa mál mitt ekki mjög langt en þó get ég kannski ekki skautað mjög hratt yfir þar sem þarna er um að ræða breytingar á talsvert mörgum lögum, þ.e. svokallaðan bandorm, og það eru nokkur þessara laga sem mig langar til þess að gera hér lítillega að umtalsefni.

Í fyrsta lagi langar mig til þess að fjalla um I. kafla þessa frv. sem fjallar um breytingu á lögum um grunnskóla. Þarna er verið að setja í lög þriðja árið í röð aðgerðir sem áttu að verða tímabundnar þegar þær koma hér fyrst inn á borð þingmanna. Þá var talað um að þetta væru tímabundnar aðgerðir. Þetta felur það í sér að því skuli frestað að fækka í bekkjardeildum og að koma upp mötuneytum í skólum. Þetta átti að vera tímabundið en þessar tímabundnu aðgerðir eiga nú að fara að gilda þriðja árið í röð.

Það má segja að þessar aðgerðir feli kannski ekki beint í sér sparnað en þær koma í veg fyrir ákveðinn útgjaldaauka sem er á bilinu 160–180 millj. kr. Þessi hlutur snýr að ríkinu, þ.e. þá er um að ræða fækkun barna í bekkjardeildum, það er sá hlutur sem snýr að ríkinu. Hitt snýr að sveitarfélögunum, þ.e mötuneytin í skólum. Ríkið kemur þarna í veg fyrir ákveðinn útgjaldaauka sem hefði ella orðið ef börnum hefði verið fækkað í bekkjardeildum eins og grunnskólalögin gera ráð fyrir.

Það er athyglisvert þegar þetta er skoðað hvað þessi heildarsparnaður á launum í grunnskólunum þýðir. Ef þarna er um 160–180 millj. að ræða á heilu ári, þá mun láta nærri að það séu um 120–130 stöðugildi kennara sem í þessu felast. Ef litið er á hlut Reykjavíkur í þessu máli þá er hann um 29,6% eða um 53 millj. kr. rétt rúmlega. Þetta mun jafngilda 40–50 stöðugildum kennara í Reykjavík sem ríkisvaldið sparar sér með þessum hætti.

Það kom fram í umræðum um fjárlögin, ég held í gær, hjá hv. 14. þm. Reykv., Guðrúnu Helgadóttur, að börnum hefði fjölgað í bekkjardeildum og væru víða 28 og jafnvel upp í 30. Menntmrh. var með aðrar tölur og var með eitthvert meðaltal um það hver barnafjöldi í bekk væri, en það er kannski eins og var uppáhaldsfrasi, svo að ég noti það orð, Ásmundar Stefánssonar forseta ASÍ þegar hann sagði: Maður sem stendur með annan fótinn í of heitu vatni og hinn í of köldu, honum líður að meðaltali vel. Það er kannski eins með þetta. Meðaltölin segja nefnilega afskaplega lítið því að staðreyndin er sú að hámarksfjöldi nemenda í bekkjardeildum getur verið 30 allt frá 4. bekk í grunnskóla og upp úr. Það eru um 24 í 1., 2. og 3. bekk, en 30 í 4. bekk og upp úr.

Það sem vekur líka athygli þegar maður skoðar fjölda kennslustunda og hámarksfjölda nemenda í bekk er að frá 1974, ef við berum saman 1974 og svo 1992, þá kemur í ljós að fjölda kennslustunda hefur fækkað hjá börnum sem eru í 5. bekk og þar yfir. Það hefur orðið örlítil fjölgun hjá fyrstu þremur árgöngunum, reyndar tók ég 5. bekk en mér sýnist að þetta gildi allt frá 4. bekk, en þar hefur kennslustundum fækkað hjá nemendum og það umtalsvert vegna þess að ef við tökum 5. bekk, þá hefur kennslustundum fækkað úr 33 á viku í 27 og hjá 10. bekk úr 39 í 33 þannig að þarna er um verulegan samdrátt í kennslu að ræða hjá þessum aldurshópum. Það eru einungis í fyrstu þremur árgöngunum, hjá 6, 7 og 8 ára börnum, þar sem ekki er um fækkun á kennslustundum að ræða.

Þessi samdráttur í kennslustundum og það að ekki skuli hafa verið gert eins og grunnskólalögin gerðu ráð fyrir, þ.e. fækkað í bekkjardeildum, kemur auðvitað niður á grunnskólanemendum. Af því að ég var að taka dæmið um Reykjavík áðan og sagði að ríkið sparaði sér í grunnskólunum í Reykjavík rúmlega 50 millj. kr., þá skýtur það náttúrlega dálítið skökku við að á sama tíma og Sjálfstfl. í ríkisstjórn er að spara sér rúmlega 50 millj. kr. í grunnskólum í Reykjavík, þá er Sjálfstfl. í borgarstjórninni að koma af stað einhverju sem hann kallar heilsdagsskóla, þar sem börnum er boðið upp á ákveðna þjónustu, þ.e. ákveðna gæslu þegar skólatíma lýkur og þá þarf að greiða fyrir þá gæslu. Og þrátt fyrir að eftir því hafi verið leitað við ýmis tækifæri, þá hefur ekki verið hægt að fá það uppgefið hjá borgaryfirvöldum í Reykjavík eða skólamálaráði Reykjavíkurborgar hver kostnaður Reykjavíkurborgar af þessu er. Ég hygg að hann sé afskaplega lítill vegna þess að það eru foreldrarnir sem greiða þetta fyrst og fremst. Gjaldið fyrir barn sem nýtir sér heilsdagsskólann að fullu gæti verið um 6.500 kr. á mánuði, það er þakið, 6.500 kr. á barn á mánuði. Ef um systkini er að ræða, þá er gjaldið 9.750 kr., þ.e. þakið. Síðan þarf fólk að greiða fyrir málsverði í skólunum sem gefinn er kostur á í heilsdagsskólanum. Það er gefinn kostur á léttum máls-

verð. Þá getur kostnaður vegna barns farið allt upp í 10.500 kr. á mánuði. Með öðrum orðum, ríkið er að spara sér 50 millj. kr. í skólunum í Reykjavík og flytja það yfir á foreldrana þannig að það má segja að í raun sé verið að koma upp þjónustugjöldum í skólunum. Það þarf að greiða fyrir heilsdagsskóla sem kallað er, það þarf að greiða fyrir skólatímann. Ef þetta á að vera stefnan, þá finnst mér við komin út á afskaplega hættulega braut þar sem farið væri að mismuna börnum verulega eftir efnalegri stöðu foreldra.

Þessi niðurskurður, svo nefnd sé ein tala enn um það hvernig hann birtist í grunnskólum landsins, ég talaði um að þetta væru 160–180 milljónir og þetta væri í stöðugildum svona 120–130, og ef við tölum um kennslustundafjölda þá eru þetta um 4.600 stundir á viku sem skorið var niður á síðasta skólaári í grunnskólum landsins. Þetta er það sem sjálfstæðismenn í ríkisstjórninni standa fyrir og boðuðu á sínum tíma sem tímabundnar aðgerðir en eru nú að líta dagsins ljós þriðja árið í röð og geta ekki talist tímabundnar aðgerðir lengur heldur varanlegar aðgerðir sem er ástæða til þess að harma.

En það er ekki bara þetta sem snýr að grunnskólanum, ekki síst í fjárlögunum þó að þetta sé það eina sem er að finna hér í þessum bandormi. Í fjárlögunum kemur fram að það sé áætlað að spara 100 millj. kr. í grunnskólum landsins. Það segir hér, með leyfi forseta, á bls. 301 í greinargerð með fjárlagafrv.:

„Líkt og hjá öðrum stofnunum ríkisins er gert ráð fyrir að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri grunnskóla á árinu 1994, eða sem nemur liðlega 100 millj. kr. Menntmrn. leggur áherslu á að þeim sparnaði verði að mestu náð með því að draga úr öðrum kostnaði en beinni kennslu. Jafnframt verði unnið að því að flýta yfirfærslu þeirra verkefna sem falla vel að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga."

Flýta yfirfærslu þeirra verkefna sem falla vel að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að það eigi að fara að flytja aukin verkefni yfir á sveitarfélögin og spara þannig 100 millj. kr. hjá ríkinu og auka útgjöld sveitarfélaganna eða hvað þýðir þetta, virðulegur ráðherra?

Það er líka talað um að það séu 100 millj. sem eigi að spara á öðru en beinni kennslu og þá hlýtur sú spurning að vakna: Hvað er það annað en kennsla sem ríkið getur í rauninni sparað í grunnskólunum vegna þess að launakostnaður í grunnskólunum er um 94% af heildarútgjöldum ríkisins. — 94%. Eftir standa 6% þar sem á að taka þessar 100 millj. samkvæmt því sem segir í fjárlagafrv. og maður hlýtur að spyrja: Hvar á þetta að koma fram? Í hverju á þessi sparnaður að liggja? Það er ekki sýnt fram á það hér í þessu frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum hvernig eigi að ná þessum 100 millj. og mér finnst ekki að það sé hægt að ganga frá fjárlagafrv. með þessu hér inni án þess að heyra eitthvað frá menntmrh. um hvernig hann ætli að ná þessu fram. Hvar og hvernig ætlar hann að ná þessum 100 millj. kr. sparnaði?

Í umræðunum um fjárlagafrv. og eins þetta frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum hefur þingmönnum orðið tíðrætt um ár fjölskyldunnar sem gengur nú í garð eftir áramótin og mikilvægi þess að móta heildstæða fjölskyldustefnu og það er ekki vonum seinna að það sé gert hér í íslensku samfélagi. Í rauninni hefði átt að vera búið að því fyrir lifandis löngu og þá væri kannski ekki eins illa fyrir okkur komið í ýmsum málum og nú er, ef það hefði verið gert.

Félmrh. var með ráðstefnu nú nýverið, eða Alþfl., þar sem einmitt var verið að tala um fjölskyldumál og þar sagði félmrh. að það sé brýnt að móta heildstæða fjölskyldustefnu. Og félmrh. var með ýmsar sláandi upplýsingar á þessum fundi eftir því sem fjölmiðlar greina frá. Þannig sagði félmrh. á þessum fundi að nú þyrftu 500 börn á Íslandi á ári að þola skilnað foreldra sinna. Uppeldið færist í auknum mæli á herðar einstæðra foreldra, einkum kvenna, og meðal þeirra fari vinnustreita vaxandi. — Þetta er allt satt og rétt, en það mátti auðvitað bæta því við að uppeldi færist líka í auknum mæli inn í skólana. Það getur ekki með sama hætti átt sér stað inni á heimilunum eins og áður var miðað við þá vinnuhörku sem ríkir í samfélaginu og miðað við þær tvístruðu fjölskyldur sem við erum með. Og þá vaknar auðvitað sú spurning: Hvernig ætlar skólinn að taka á þessu á sama tíma og þar er skorið niður eins og ég hef gert hér grein fyrir?

Ráðherra sagði þá líka að Íslendingar verðu minni fjárhæðum til félagsmála en hin Norðurlöndin og svo segir hér í frétt í Ríkisútvarpinu 4. des., með leyfi forseta:

„Jóhanna vill stórbæta alla félagslega þjónustu, auka aðhlynningu við þá sem höllum fæti standa, efla allt forvarnastarf. Hún efast um fjárhagslegan ávinning þess að ganga nærri heilbrigðis- og félagsþjónustu með niðurskurði fjárframlaga."

Þetta eru vissulega hin mætustu orð en það dugir bara ekki að segja þetta. Ég verð að endurtaka það eina ferðina enn, ég hef gert það áður, það dugir bara ekki að segja það og sitja svo í ríkisstjórn sem gerir ekki annað en að skera niður í heilbrigðis- og velferðarmálunum. Það dugir ekki að tala um að móta heildstæða fjölskyldustefnu og hlúa að fjölskyldunni á sama tíma og ríkisstjórnin hefur skorið niður í grunnskólunum, skorið niður barnabæturnar, skorið niður mæðralaunin og skorið niður í heilbrigðiskerfinu þannig að komið hefur verulega við fólk með börn. Það segir mér fólk sem starfar í heilbrigðiskerfinu að það séu í rauninni ekki hinir öldruðu sem verða verst úti í þessum niðurskurði sem hefur verið í heilbrigðiskerfinu vegna þess að þeir njóta ýmissa ívilnana, það sé miklu frekar barnafólkið sem hafi komið verr út úr þessum breytingum sem hafa átt sér stað í heilbrigðiskerfinu.

Ég vil að lokum áður en ég vík frá grunnskólanum vitna í það sem félmrh. sagði líka á þessum fundi. Hún sagði:

„Við megum ekki horfa bara á málin út frá hinni köldu staðreynd reiknistokksins heldur meta einnig hin manneskjulegu verðmæti og hvaða ávinning þjóðfélagið hefur af því að varðveita þau."

Ekki gæti ég, held ég, orðað þetta betur. Ég get sannarlega tekið undir þessi orð en ég ítreka að það

verða að fara saman orð og athafnir. Það þýðir ekki, hvað eigum við að segja, að ætla að slá striki yfir aðgerðir þessarar ríkisstjórnar og tala eins og ráðherrar í henni séu ekki hluti af því sem þar er að gerast. Það verða allir ráðherrar að bera sameiginlega ábyrgð á stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ég ætla þá aðeins að víkja í framhaldi af þessu að málefnum fatlaðra. Hér er verið að gera tillögu til breytinga á lögum um málefni fatlaðra og þetta má segja að sé nokkurs konar „þrátt-fyrir"-ákvæði, þ.e. að þrátt fyrir þau ákvæði sem gildi um hlutverk Framkvæmdasjóðs fatlaðra þá verði honum á næsta ári heimilt að verja allt að 25% af ráðstöfunarfé sínu til tiltekinna verkefna. Þar er um að ræða liðveislu til fatlaðra sem búa í heimahúsi og félagslegrar hæfingar og starfsemi stjórnarnefndar í málefnum fatlaðra.

Þetta er út af fyrir sig kannski ekki hægt að gera miklar athugasemdir við. Í Framkvæmdasjóði fatlaðra eiga á þessu ári að vera um 320 millj. kr. og ég vil minna á það að við vorum að samþykkja fyrir skemmstu, ég held að það hafi verið í júní 1992 sem þau lög tóku gildi, þ.e. ný lög um málefni fatlaðra. Þar voru m.a., ef ég man rétt, gerðar ákveðnar breytingar á Framkvæmdasjóði fatlaðra og ákveðið að hann gæti varið ákveðnu hlutfalli af ráðstöfunarfé sínu í meiri háttar viðhaldsframkvæmdir, það er 25% sem má verja í það og 10% má verja í að bæta úr aðgengi fatlaðra, þ.e. það má taka 35% af sjóðnum, sem eru þá 112 millj., í þessa hluti. Við sem vorum þá í félmn. og stóðum að því öll, ég held ég muni það rétt, að samþykkja þetta frv., við settum okkur ekki upp á móti því vegna þess að við sáum auðvitað að það var enginn hagur í því að byggja upp stofnanir fyrir fatlaða ef síðan væri engu fé varið í viðhaldið og það mætti ekki gerast að þær grotnuðu niður þannig að við féllumst á þetta.

Nú er stigið eitt skref enn í því að taka fé úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sem var á sínum tíma stofnaður til þess að bæta úr því misrétti sem ríkir á milli fatlaðra og ófatlaðra, til þess aðeins að jafna þann mun sem er á fötluðum og ófötluðum, og átti þá ekki síst að nota þetta fé í framkvæmdir og uppbyggingu í þágu fatlaðra. Nú á að skerða hann enn frekar eða um 42 millj. kr. samkvæmt fjárlagafrv., það er að vísu ekki 25%, þessar 42 millj. ná ekki þessum 25% sem hér er verið að heimila að sé notað í þessi verkefni. Ég held að 42 millj. nái ekki því ef Framkvæmdasjóðurinn er 320 millj., en þá er sem sagt búið að taka 55% af sjóðnum í annað en beina uppbyggingu og eftir stendur þá tæpur helmingur. En mér finnst alveg að þetta megi skoða vegna þess að það hefur verið byggt talsvert upp á undanförnum árum í þessum málaflokki en enn þá vantar mikið upp á að það sé búið að jafna stöðu þeirra sem fatlaðir teljast gagnvart hinum ófötluðu. Það er því miður ekki hægt að halda því fram núna þó að mikið hafi gerst á sl. 10 árum, að sjóðurinn hafi lokið hlutverki sínu. Það er langur vegur frá og því ástæða til þess að fara mjög varlega í það að taka framlög sjóðsins í almennan rekstur sem ættu í raun að greiðast af fjárlögum.

Hins vegar vil ég vekja athygli á því hér og spyrja félmrh. út í það sem segir á bls. 250 í fjárlagafrv., en þar er fullyrt að á árinu 1994 verði „ekki veitt framlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra og Framkvæmdasjóði aldraðra til að koma á fót nýjum stofnunum."

Þetta er sagt fullum fetum í fjárlagafrv. að það verði ekki veitt framlög til þess að koma á fót nýjum stofnunum, hvorki úr Framkvæmdasjóði fatlaðra né aldraðra.

Hvað þýðir þetta? Er þetta bara markleysa því að miðað við þá útreikninga sem ég hef verið með þá stendur a.m.k. helmingur fjárins eftir í sjóðnum, þegar búið er að taka í aðgengi, viðhald og ný verkefni, þá stendur um helmingurinn eftir. Og ef ekki á að nota það í ný verkefni hvað á þá að gera við þessa fjármuni? Eða er þetta bara markleysa sem stendur þarna í frv.?

Þá vil ég líka spyrja ráðherra — það kann að vera að það hafi komið fram, ég bið þá afsökunar á því, ég hef kannski ekki setið hér allan tímann sem þessi umræða hefur farið fram — hvað eigi að gera við söluandvirði Sólborgar á Akureyri. Þar hefur Framkvæmdasjóður fatlaðra fjárfest fyrir u.þ.b. 50 millj. kr. og nú er heimild í 6. gr. fjárlaga til þess að selja Sólborg og ég vil þess vegna nota tækifærið og spyrja félmrh. hvað sé hugsað með það söluandvirði, hvort það renni inn í Framkvæmdasjóð fatlaðra eða hvort það eigi bara að renna inn í ríkissjóð.

Þá hlýt ég líka að spyrja í þessu sambandi vegna þess að til þess að hægt sé að selja Sólborg þá þarf að koma upp þremur nýjum sambýlum á Akureyri og væntanlega hefur hugmyndin verið sú að nýta Framkvæmdasjóð fatlaðra til þess og enn kem ég þá að því sem segir á bls. 250 að ekki sé ætlunin að veita ný fjárframlög úr Framkvæmdasjóði fatlaðra á næsta ári. Ég held ég hafi ekki fleiri orð um málefni fatlaðra og þá breytingu sem þar stendur til að gera.

Þá langar mig til þess að víkja að lögunum um almannatryggingar þar sem gerð er tillaga um tvenns konar breytingar. Í fyrsta lagi er verið að heimila að tengja greiðslu ekkjulífeyris við tekjur, þ.e. að tekjutengja ekkjulífeyri. Ég verð að segja að þó að það megi kannski finna rök fyrir því og eflaust færa ágæt rök fyrir því að það sé eðlilegt að tekjutengja þennan lífeyri, þá vil ég nú spyrna við fótum vegna þess að maður hefur ævinlega séð það gerast þegar um tekjutengingu er að ræða þá er alltaf farið svo lágt í tekjuviðmiðun. Það eru alltaf, við getum sagt svona lægri millihópar sem lenda í tekjutengingu. Þessir hópar lenda alls staðar í tekjutengingunni, hvarvetna þar sem þeir þurfa að sækja sér einhvern stuðning eða bætur. Ég held að með þessari víðtæku tekjutengingu sem við sjáum að er að eiga sér stað í samfélaginu í öllum bótum þá verði þessi hópur mjög illa úti og þegar upp er staðið geti þessi hópur jafnvel haft minna á milli handanna en þeir sem eru tekjulægri í launum vegna þessarar tekjutengingar. Og þá er ég ekki bara að tala um ekkjulífeyrinn heldur margvíslega tekjutengingu aðra.

Í upphaflegu fjárlagafrv. var meiningin að þetta skilaði 75 millj. kr. Nú skilst mér eftir 2. umr. um fjár-

lögin að verið sé að tala um 50 millj. kr. sem þarna eigi að sparast. En nú er ég náttúrlega að tala um almannatryggingarnar og ég sakna þess að heilbrrh. skuli ekki vera hér í salnum.

(**Forseti** (GHelg): Forseti skal athuga hvort hann muni vera í húsinu. — Svo mun ekki vera en gerðar verða ráðstafanir til þess að athuga hvort hann geti komið.)

Virðulegur forseti. Ef heilbr.- og trmrh. er ekki í húsinu þá get ég eiginlega ekki haldið áfram ræðu minni því það sem ég á eftir ósagt snýr allt að tryggingamálunum. Annars vegar að almannatryggingalöggjöfinni og hins vegar atvinnuleysistryggingunum.

(**Forseti** (GHelg): Hæstv. heilbrrh. mun vera staddur uppi á Reykjalundi og eflaust tekur það nokkurn tíma fyrir hann að komast hingað svo forseti vill inna hv. þm. eftir því hvort hún vildi kannski fresta ræðu sinni á meðan ráðherra væri á leiðinni.)

Já, ég verð að gera það, virðulegur forseti, en ég vil lýsa óánægju minni með það að heilbr.- og trmrh. skuli fara héðan úr húsinu. Það lá fyrir að þetta mál yrði rætt í dag, að það ætti að klára þessa umræðu í dag. Þetta er í annað skiptið sem þetta mál er á dagskrá og við erum mörg hérna sem höfum beðið lengi eftir því að tala um þessi mál og ráðherra mátti vera það eins ljóst og okkur hinum að heilbrigðis- og tryggingamálin hlytu að koma til umræðu þar sem hér væru lagabálkar undir sem heyrðu undir ráðherrann. Þannig að ég verð að lýsa óánægju minni með það ef ég þarf að sitja hér og bíða einhvern tíma enn eftir því að geta lokið ræðu minni þar sem ráðherra fer í burtu án þess að ráðgast við okkur sem eftir vorum á mælendaskrá um það hvort það væri í lagi. En ég get ekki lokið ræðu minni, virðulegi forseti.

[16:18]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég hafði satt að segja ekki reiknað með að tala fyrr en hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hefði lokið sínu máli vegna þess að ég þóttist vita að hún ætti eitthvað vantalað við mig en þar sem ég er nokkurn veginn viss um hvað þingmaðurinn kemur til með að segja (Gripið fram í.) þá held ég að ég eigi létt með að halda áfram. (Gripið fram í.) Já, ég er búinn að heyra þessar ræður svo oft og ég veit að það er ekkert annað sem þingmennirnir hafa fram að færa í sambandi við þetta mál sem varðar menntmrn. heldur en hefur verið sagt áður. (**Gripið fram í:** Þetta er mikil hagræðing.) Já, það er mikil hagræðing. Ég reikna alveg með að ég geti svarað hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur áður en hún talar. En við sjáum til. Ég á þá möguleika að tala aftur eftir að hún hefur lokið sínu máli. En ég þarf sem sagt að svara nokkrum atriðum sem hafa komið fram í máli einstakra ræðumanna þrátt fyrir það að þetta hafi allt verið rætt áður á hv. Alþingi.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði í sinni ræðu í fyrradag og fleiri hafa sagt það raunar að nú ætti þriðja árið í röð að framlengja niðurskurð í grunnskólakerfinu, fresta fækkun í bekkjum og framlengja niðurskurð á kennslustundum í skólum og koma í veg fyrir skólamáltíðir. Svo hélt hv. þm. sömu ræðuna sína í þriðja sinn eða jafnvel oftar. Ég hef ekki lengur tölu á þessu. Ég kemst ekki hjá því einu sinni enn að leiðrétta verstu rangfærslurnar í málflutningi hv. þingmanna.

Fyrst nokkur orð um skólamáltíðirnar. Það er hneykslast á orðalagi 1. gr. frv. þar sem segir að eftirtalin ákvæði laganna skuli ekki koma til framkvæmda á fyrri hluta árs 1994 o.s.frv. Það er auðvitað hreinn útúrsnúningur að segja að tillaga þessi feli í sér bann til sveitarfélaga að koma á skólamáltíðum. Auðvitað geta þau gert það og þau hafa gert það. Það eru fjölmörg sveitarfélög sem hafa komið á skólamáltíðum í grunnskólum og munu þau gera það áfram. Og þau sveitarfélög sem telja sig hafa bolmagn til þess án þess að hafa fengið nýja tekjustofna munu auðvitað gera það þó að það hvíli ekki á þeim skyldan núna tímabundið. Það hefur ekki verið svo á undanförnum tveimur árum og mun ekki verða verði þetta frv. samþykkt.

Hv. þm. hafa gert mikið mál úr svokölluðum niðurskurði sem ég vil heldur nefna aðhaldsaðgerðir eða sparnað og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir kallaði sparnaðinn dýrt spaug og hann mundi koma niður á börnum þessarar þjóðar og framtíðinni, ef ég hef tekið rétt eftir. Vegna þessara orða, sem svo sem öll hafa verið sögð hér margoft áður, þá verð ég enn og aftur að upplýsa nokkrar staðreyndir.

Auðvitað höfum við unnið að margs konar sparnaðaraðgerðum í skólakerfinu. Það höfum við verið að gera undanfarin missiri, þó það nú væri. En það er alrangt að segja að þessar aðgerðir hafi komið eitthvað sérstaklega niður á börnunum sem sagt er að við séum að ráðast að. Að sönnu hafa þessar aðgerðir haft í för með sér lækkun launa til sumra kennara og stöðum hefur fækkað nokkuð milli áranna 1991/1992 og 1992/1993. Ég hef þessar tölur. Það er úr 3.480 í 3.362, þ.e. 118 stöðum færra þegar saman eru taldir bæði grunnskólakennarar og leiðbeinendur. Leiðbeinendum hefur fækkað miklu meira. Þeim hefur fækkað um 242, en grunnskólakennurum hefur fjölgað um 114. En fækkunin í heild þegar við tökum saman grunnskólakennara og leiðbeinendur er sem sagt 118. Þetta er ekkert sem á að koma á óvart vegna þess að sparnaðaraðgerðir í grunnskólakerfinu eins og margsinnis hefur komið fram hljóta að koma sérstaklega fram í launum kennara vegna þess að þau eru langstærsti hlutinn eins og kom fram hjá hv. ræðumanni Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur hér áðan.

En þá er spurningin hver þessi skaðaverk séu sem sagt er að við höfum unnið á börnunum. Mér skilst að þau séu fyrst og fremst fólgin í skertum kennslustundafjölda og samþjöppun nemenda í bekki. Ég man ekki eftir að annað hafi sérstaklega verið talið upp. En við hvað eru menn að miða? Hver er viðmiðunartalan? Hver var vikulegur kennslustundafjöldi áður og hver var fjöldi í bekkjum? Ég veit að þetta hefur breyst. Það lá alveg ljóst fyrir þegar við fluttum fyrst frv. um frestun á ákveðnum ákvæðum grunnskólalaganna. En mér finnst satt að segja stundum á málflutningi hv. stjórnarandstæðinga og raunar ýmissa úti í

þjóðfélaginu eins og allt menntakerfið sé bara að hrynja til grunna fyrir þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Minna hefur það nú ekki mátt vera. Hér tala menn, þar á meðal hv. þm. Svavar Gestsson sem eitt sinn gegndi embætti menntmrh., eins og það hafi aldrei verið fækkað áður vikulegum kennslustundum, eins og það hafi bara aldrei gerst áður í ráðherratíð nokkurs manns fyrr en þetta gerist hjá mér. Auðvitað hefur vikulegum kennslustundum verið fækkað áður. Og ef ég man rétt, þá gerðist það í ráðherratíð hv. þm. Svavars Gestssonar og ég veit að það gerðist í menntamálaráðherratíð hv. þm. Ragnars Arnalds og ég kannast ekki við að það sem þá var skert hafi verið bætt að nýju.

Við skulum athuga einu sinni enn samanburð á því sem var og er nú eftir aðgerðir menntmrn. varðandi grunnskólann. Við höfum frestað framkvæmd nokkurra ákvæða grunnskólalaga og vikulegur kennslustundafjöldi hefur verið skertur um tvær stundir í 6.–10. bekk og eina stund í 4. og 5. bekk. Það var ákvörðun eftir að heimildin fékkst um að fresta ákvæðum laganna. Þá var ákvörðun tekin um að skerða um tvær stundir í 6.–10. bekk, eina stund í 4.–5. bekk en óbreyttur stundafjöldi í 1.–3. bekk. Ég get mætavel tekið undir með þeim sem segja að fjölgun vikulegra kennslustunda sé æskilegt markmið. Ég er því alveg sammála. Ég hef hins vegar ekki heyrt að gagnrýnendur þessara ákvarðana hafi haft miklar áhyggjur af velferð og framtíð þeirra barna sem stunda og stundað hafa nám í þeim skólum þar sem kennt er aðeins í sjö mánuði, í átta mánuði eða í átta og hálfan mánuð. Þessir skólar eru enn til, allt of margir, því miður. En þeim hefur sem betur fer fækkað á undanförnum árum, þeim skólum sem kenna í sjö, átta og átta og hálfan mánuð. Skólaárið 1990–1991 voru aðeins 43% skólanna níu mánaða skólar, aðeins 43%. Og þá voru 2% skólanna þar sem kennt var aðeins í sjö mánuði. Nemendahlutfallið er að vísu ekki svona óhagstætt vegna þess að þetta voru einmitt fámennari skólar þar sem ekki var kennt lengur en þetta sem ég sagði. En á þessu hefur orðið veruleg breyting nú á allra síðustu árum. Þannig eru núna 60% skólanna níu mánaða skólar. Það er þó ekki komið hærra en 60%. Enn þá eru 48 skólar eða 23% sem kenna aðeins í átta og hálfan mánuð og 34 skólar eða 16% í átta mánuði. Sjö mánaða skólar eru varla til lengur. Það eru aðeins tveir. Sem betur fer eru þeir ekki fleiri.

Ég veit ekki hvort það kunni að vera til einhverjar athuganir á því hvernig þessum börnum hefur vegnað sem hafa ekki fengið lengri tíma í grunnskóla heldur en þessu nemur. Ég veit ekki hvort þeim hefur vegnað svo miklu verr í lífinu heldur en þeim sem stunda nám í níu mánuði. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að kanna slíkt. Með þessu er ég ekki að segja að það sé í lagi að kenna ekki lengur en þetta. Markmið okkar á auðvitað að vera að allir skólar verði níu mánaða skólar.

Lítum aðeins á samanburð milli áranna 1991 og núna. Á árinu 1991 skilst mér að allt hafi verið í himnalagi en ekki núna. Ég tek Reykjavíkurfræðsluumdæmi sem dæmi, sérstaklega vegna þess að hér hafa einkum talað þingmenn Reykjavíkurkjördæmis, þeir hafa gagnrýnt þetta kannski hvað mest. Vikustundir á nemanda, þ.e. heildarfjöldi vikustunda deilt með fjölda nemenda, var árið 1991 1,43 en verður 1994 1,44. Í öllum hinum fræðslumdæmunum eru vikulegar kennslustundir á nemanda fleiri. Ég minni í því samhengi á það sem ég var að rekja hérna áðan hve miklu fleiri skólar starfa nú í níu mánuði en var skólaárið 1990–1991. Þetta eru blákaldar staðreyndir.

Athugum næst hverjar breytingar hafa orðið á fjölda nemenda í bekkjum og tökum enn Reykjavík sem dæmi. Árið 1990 voru 22,4 nemendur að meðaltali í bekk. Nú, eða 1994 21,8. Það eru sem sagt færri nemendur í bekk að meðaltali heldur en var 1990. Þetta heitir á máli hv. þm. að verið sé að troða nemendum í bekki og þetta er hæsta hlutfallið í nokkru fræðsluumdæmi, það er einmitt hér í Reykjavík og er þó ekki hærra en þetta. Meðaltalið fer allt niður í 15,5. Að vísu hefur orðið fjölgun í bekkjum sums staðar í öðrum fræðsluumdæmum en Reykjavík. En samt eru miklu færri nemendur að meðaltali í bekk. Þessar eru nú staðreyndirnar. Og svo tala menn hér eins og allt fræðslukerfið sé að hrynja, mæla hver upp í annan alls konar rugl sem ekkert er á bak við.

Í umræðunum hér í þinginu í gær afgreiddi hv. þm. Guðrún Helgadóttir þessar staðreyndir þannig að mér skildist að henni kæmu þessar meðaltalstölur ekkert við. Það væri vel vitað að í ýmsum bekkjum væru nemendur allt upp í 30. Ja, vissu fleiri og þetta er ekkert nýtt. Það eru margir bekkir, því miður segi ég, sem enn þá eru með allt upp í 30 nemendur eins og lögin heimila. En meðaltölin eru þessi og við komumst ekkert hjá því að taka mið af þeirri staðreynd. Það er alltaf hægt að nefna eitt og eitt dæmi og það hefur alltaf verið hægt. Það er ekkert sem er að gerast akkúrat núna í fyrsta skipti.

En það er eitt sem hefur breyst og það svo að um munar. Það er framlag á hvern nemanda í öllum fræðsluumdæmum. Það er alveg rétt. Það hefur breyst. En meira að segja það er líka gagnrýnt, að það skuli nást árangur í aðhaldsaðgerðum okkar. Í Reykjavík, svo að ég taki enn Reykjavík sem dæmi, þá var kostnaður á hvern nemanda 1991 98.210 kr. 1994 er hann 93.110 kr., þ.e. lækkun um 5.100 kr. á nemanda sem þýðir, ef við reiknum bara út frá þessum tölum, nokkru hærri fjárhæð heldur en hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir nefndi hér áðan. Mér sýnist að þetta geti þýtt allt upp í 67 millj. eða liðlega það í sparnað hér í Reykjavík. Hæst er framlag á nemanda í Austurlandsumdæmi. Árið 1991 var það 131.980 kr., 1994 er það 123.430, þ.e. lækkun um 7.550 kr. sem gerir samtals í því umdæmi um 1,6 millj. kr. í sparnað. En þetta er líka gagnrýnt. Ég verð að segja alveg eins og er að ég á afar erfitt með að skilja að að þessu skuli fundið að einstök ráðuneyti skuli leggja sig fram um að knýja fram ákveðna ráðdeild og sparnað. Það er okkar viðfangsefni. Það er beinlínis skylda hvers ráðherra og auðvitað allra þingmanna að starfa í þeim anda. Það er það sem við höfum verið að gera.

Þá fáein orð um Tækniskólann einu sinni enn, þótt allt hafi það svo sem verið sagt áður. Þetta verð ég að gera vegna þess að enn og aftur er hafður hérna í frammi málflutningur sem mér finnst ekki við hæfi. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði t.d. að núv. ríkisstjórn hefði komið á skólagjöldum í framhaldsskólakerfinu. (**KÁ:** Hún gerði það.) Já, og ítrekar það enn og aftur að núv. ríkisstjórn hafi komið á skólagjöldum í framhaldsskólakerfinu. (Gripið fram í.) Ég skal svara þessu. Það hafa fleiri sagt það en hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. Ef ég man rétt, líka hv. þm. Svavar Gestsson, sem einu sinni var menntmrh. og ég get upplýst kannski svolítið um innheimtu skólagjalda á þeim tíma sem hann var menntmrh. (Gripið fram í.) Við skulum sjá til.

Það hafa allir framhaldsskólar heimildir til innheimtu gjalda og þær heimildir eru í framhaldsskólalögunum. Það er alveg sama hvað hv. þm. tönnlast lengi á því að engar heimildir séu til þess í framhaldsskólalögunum. Þær eru þar. Og það er margbúið að rekja þetta hér á hv. Alþingi. Sama gildir um skóla á háskólastigi. Þeir hafa þessar heimildir. Eina undantekningin er Tækniskóli Íslands, það er eina undantekningin. (**KÁ:** Búnaðarskólarnir.) Já, ég er nú að tala um þá skóla sem heyra undir menntmrn. Og ákvæði þessa frv. varðandi Tækniskólann eru til þess að samræma þau lög við lög sem gilda um aðra skóla. Í fjárlögum yfirstandandi árs og í frv. fyrir næsta ár, 1994, er engin önnur breyting en sú að gert er ráð fyrir tiltekinni innheimtu sem rennur til hinna einstöku skóla. Og í flestum tilvikum, ég held að það séu fimm eða sex undantekningar, þá hafa á undangengum árum verið innheimtar hærri upphæðir til skólanna án afskipta menntmrn. og án afskipta Alþingis. Þetta eru alveg blákaldar staðreyndir og þetta vita hv. þm., það er búið að segja þetta svo oft. Þess vegna er engin þörf á að breyta framhaldsskólalögunum eins og hér hefur verið haldið fram. Það þarf ekki. Þessar innheimtur hafa átt sér stað, m.a. í ráðherratíð hv. þm. Svavars Gestssonar og hann skipti sér ekkert af því, kannski vissi hann það ekki. Það getur vel verið að hann hafi ekki vitað af þessu. Þess vegna er ekki hægt að túlka 3. gr. frv. eins og hv. þm. Svavar Gestsson gerði, að með samþykkt hennar sé þeirri hættu boðið heim, eins og ég held að hv. þm. hafi orðað það, að allur rekstur Tækniskólans verði fjármagnaður með skólagjöldum. Þetta sagði hv. þm. Að vísu bætti hann við, svo að hann njóti nú alveg sannmælis, að svona „teoretískt" séð þá væri það hægt. (**SvG:** Það er alveg rétt.) Það er alveg fáránlegt að túlka þessa grein þannig, það er alveg út í bláinn og þarf nú ekki annað en lesa greinargerðina sem ég trúi að hv. þm. og þingmenn yfirleitt hafi gert. Svona málflutningur gengur bara ekki. Í greinargerð frv. segir að þessi breyting hafi ekki áhrif á útgjöld ríkissjóðs, enda verði fjárveiting til skólans ákveðin á fjárlögum hverju sinni. Og þannig er það um alla skóla. Fjárveitingar til þeirra eru ákveðnar á fjárlögum. Þó það nú væri. Hvernig á að gera það öðruvísi? Ég ætla að láta þetta nægja um þetta atriði.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir beindi þeirri spurningu til mín hvaða áform væru uppi varðandi Ríkisútvarpið, hvort hætt væri við þau áform að sjónvarpið flytti í útvarpshúsið í Efstaleiti og ef svo væri, hvernig ætti þá að nýta það mikla hús eins og hv. þm. orðaði það. Því er til að svara að það mál er núna til sérstakrar athugunar hjá Ríkisútvarpinu sjálfu að því er útvarpsstjóri hefur tjáð mér. Hann hefur í hyggju, ef hann er þá ekki þegar búinn að því, að skipa sérstaka nefnd, innanhússnefnd til þess að athuga allar þær áætlanir. Það eru sem sagt ekki núna uppi neinar áætlanir um frekari framkvæmdir við útvarpshúsið og fyrr á þessu ári synjaði ég beiðni Ríkisútvarpsins um heimild til þess að taka 400 millj. kr. erlent lán til frekari framkvæmda þar. Ég vek athygli á því að útvarpslögin eru í endurskoðun og væntanlega verður lagt fram frv. til nýrra útvarpslaga eftir áramótin. Ákvarðanir Alþingis um ný útvarpslög kunna að sjálfsögðu að hafa áhrif á skipulag Ríkisútvarpsins og þess vegna er mér ekki unnt að svara spurningu hv. þm. ljósar en þetta á þessari stundu.

Hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi hér lánasjóðinn og talaði eins og svo margir fleiri að hin nýju lög og úthlutunarreglur hefðu hrakið fjölda námsmanna frá námi. Ég hef svo sem svarað þessu áður og leiðrétt þessar fullyrðingar. Það hefur þegar farið fram athugun á áhrifum hinna breyttu laga þótt þau hafi ekki gilt lengi og ég ætla ekki að fullyrða neitt um það að öll áhrif þeirra séu komin í ljós. Það þarf sjálfsagt lengri tíma. En það hefur þó sýnt sig að mismunandi reglur um námslán hafa afar lítil áhrif á fjölda námsmanna. Þar höfum við lengri tíma til viðmiðunar heldur en bara þennan tíma sem liðinn er frá því lánasjóðslögin tóku gildi á síðasta ári. Við þekkjum það frá þeim tíma — frá árunum 1988–1990 þegar stórfelld fjölgun lánþega átti sér stað. Það var vegna þess að á þeim árum voru námslán hækkuð nokkrum sinnum umfram verðlag og fjölskyldutillit var mjög mikið. Þá fjölgaði lánþegum LÍN á skólaárunum 1988–1990/1991 um rúmlega 2.000. En á sama tíma stóð nemendafjöldinn í stað. Þetta er dæmi um að mismunandi reglur hafa lítil áhrif á fjölda námsmanna. Nákvæmlega það sama kemur út núna. Námsmönnum fækkar ekki en lánþegum fækkar vegna þess að það eru gerðar miklu strangari kröfur. Það eru gerðar miklu strangari kröfur til námsframvindu og það hafa verið lagðir á vextir sem eru að vísu ekki nema 1% en eru vextir samt sem fara þó ekki að leggjast á lánin fyrr en að loknu námi. Og það hafa verið tekin upp lántökugjöld þannig að þetta er ekki alveg eins og það var fyrir stúdenta að taka námslán. Afleiðingin er þessi: Nemendum fækkar ekki en lánþegum fækkar. Þetta eru líka staðreyndir. Þess vegna er sá áróður alveg fráleitur að þessi nýju lög hafi verið að hrekja menn í stórum stíl frá námi eins og hér er sífellt verið að tönnlast á. Þetta er bara rangt. Það eru engar tölur til sem sýna að þessi fullyrðing sé rétt. (**Gripið fram í:** Hvað með nám erlendis?) Það er verið að fullgera núna athugun á því hvað hefur gerst með stúdenta erlendis en fyrstu athuganir benda til að það sé nokkurn veginn það sama þar. Nokkurn veginn það sama. Af því að ég hef ekki þessar tölur við höndina

þá ætla ég ekki að fullyrða það en þetta er það sem ég hef fregnað af þeirri athugun.

Það eru einhver atriði sem komu fram í ræðu hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem ég þarf að svara. Ég held ég hafi þegar komið inn á flest af því sem hún sagði í upphafi ræðu sinnar varðandi þetta frv. En hv. þm. minntist á það sem segir í greinargerð með fjárlagafrv. og óskaði eftir skýringum á því hvað það þýddi sem þar segir. Það segir hér, svo ég taki það upp aftur, með leyfi hæstv. forseta:

„Unnið er að gerð frv. til laga um grunnskóla sem fyrirhugað er að leggja fram á þessu þingi en þar verður gert ráð fyrir að rekstur grunnskóla flytjist alfarið yfir til sveitarfélga í síðasta lagi haustið 1995. Með því er talið að náist fram einfaldara skipulag og hagkvæmari rekstur" o.s.frv. Síðan kemur áfram:

„Líkt og hjá öðrum stofnunum ríkisins er gert ráð fyrir að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri grunnskóla á árinu 1994 eða sem nemur liðlega 100 millj. kr. Menntamálaráðuneytið leggur áherslu á að þeim sparnaði verði að mestu náð með því að draga úr öðrum kostnaði en beinni kennslu. Jafnframt verði unnið að því að flýta yfirfærslu þeirra verkefna sem falla vel að verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Menntamálaráðuneytið mun vinna að framgangi þessa sparnaðar nú á haustdögum í samvinnu við þá aðila sem hlut eiga að máli."

Hv. þm. spurði sem sagt hvað þetta þýddi og ég vil svara því til að þegar þetta var sett á blað þá stóðu yfir viðræður eða átti að fara að taka upp viðræður öllu heldur við sveitarfélögin um hvort möguleiki væri á að ná samkomulagi um að yfirfæra viss atriði þegar á næsta ári, haustið 1994, til sveitarfélaganna, atriði sem ég hugsa að menn séu almennt sammála um að eigi betur heima þar. Ég nefni þar það eina atriði sem eftir er varðandi leikskólann, þ.e. ríkið tekur þátt í umframkostnaði sveitarfélaga við leikskólana að því er tekur til gæslu fatlaðra barna. Þetta var eitt atriðið. Annað var gæsla í frímínútum, þriðja vinna í bókasöfnum. Um þetta var ætlunin að reyna að ná samkomulagi við sveitarfélögin. Það samkomulag hefur ekki náðst, m.a. vegna þess að það hefur verið leitað eftir samkomulagi við sveitarfélögin um önnur atriði og miklu stærri eins og hv. þm. er efalaust kunnugt. Þannig að ég geri ekki ráð fyrir að þessar fyrirætlanir nái fram að ganga og mun ekkert reyna frekar að ná samkomulagi um yfirfærslu á þessum atriðum eða öðrum fyrr en ætlunin er að grunnskólinn í heild fari yfir, sem sagt haustið 1995. Þannig að það sem hér segir um að flýta yfirfærslu, það verður ekki gert. En þær 100 millj. sem þarna er talað um eru að sjálfsögðu inni í tölum frv., þetta er ekkert sem á eftir að lækka tölurnar í frv., það á hins vegar eftir að útfæra það á hvaða liðum verður reynt að ná fram sparnaði. Það er unnið að því einmitt núna þessa dagana í ráðuneytinu og ég vænti þess að geta gert grein fyrir því fyrir eða við 3. umr. fjárlagafrv.

Af því að hv. þm. talaði hér um að það væri erfitt að sjá hvað annað væri hægt að spara en laun þá bendi ég á ýmis atriði í frv. sem ekki eru bein laun eins og ýmislegt sem fellur undir fræðsluskrifstofurnar, grein í frv. sem heitir „Grunnskólar, almennt" og er með mörgum undirliðum. Allt þetta verður athugað sérstaklega.

Hæstv. forseti. Ég held að ég hafi komið að flestum þeim atriðum sem þegar hafa komið fram í máli ræðumanna og læt máli mínu lokið.

[16:50]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var svo margt í ræðu hæstv. menntmrh. sem þarf að svara að ég er nú þegar búin að setja mig á mælendaskrá. En það er alveg makalaust að hlusta á þennan málflutning hæstv. menntmrh. Hann vill ekki viðurkenna að niðurskurður hafi átt sér stað í skólakerfinu heldur aðhald og sparnaður sem í hans huga er af því góða. En það kom fram hjá honum að það hefur orðið mikill niðurskurður í kennslustundum. Það kom fram hjá honum að kennarastöðum hefur fækkað um marga tugi og eins og ég rakti fyrr hér í umræðunni eru núna samkvæmt upplýsingum fjmrn. 79 grunnskólakennarar atvinnulausir. 79 kennarar eru atvinnulausir. Og maður spyr sig: Borgar þessi sparnaður sig? Borgar þetta svokallaða aðhald sig? Ég held ekki. Það er alveg ljóst, það kemur fram í frv., að þær kennslustundir sem nemendur eiga að fá eru miklu fleiri en þær sem þeir fá. Það er auðvitað hægt að draga fram alls konar meðaltöl. Skólarnir eru misstórir, bekkirnir eru misstórir og meðaltalið gefur enga mynd af því sem sum börn þurfa að þola vegna þessa aðhalds hæstv. menntmrh. (Gripið fram í.)

Ég vil líka minna á það hér og koma betur inn á það seinna að það kom fram í upplýsingum fyrr á þessu ári að eftir sparnaðinn sem samþykktur var í byrjun árs 1992 þegar þá fækkaði bekkjardeildum um 34 og stöðugildum kennara fækkaði um allt að 80. Það var niðurstaðan eftir fyrsta veturinn og þetta er ekkert annað en niðurskurður og auðvitað kemur hann niður á börnunum. Börnin fá ekki jafngóða og ekki jafnmikla kennslu og áður. Þegar stöðugt vaxandi kröfur eru gerðar til skóla og menntunar og öllum ber saman um að bætt menntun sé það sem allar þjóðir heims þurfa að stefna að þá gengur menntmrh. íslenska lýðveldisins fram í svokölluðu aðhaldi og sparnaði sem er auðvitað ekkert annað en handahófskenndur niðurskurður.

[16:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla alls ekki að snúa út úr orðum hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur en hún var að tala enn um atvinnuleysi kennarastéttarinnar og upplýsti að 79 grunnskólakennarar væru atvinnulausir, ekki rétt? Ég upplýsti að grunnskólakennurum hefði fjölgað um 114. Grunnskólakennurum hefur fjölgað um 114. Leiðbeinendum hefur að vísu fækkað en hv. þm. talaði um grunnskólakennara, bara svo að við notum rétt orð og séum að tala sama tungumálið (Gripið fram í.), þá er þetta staðreyndin. En það er auðvitað fleira sem hefur áhrif hér heldur en eingöngu niðurskurður eða aðhaldsaðgerðir í skólakerfinu. Atvinnuleysi er hér meira

en hefur verið um áratuga skeið og auðvitað hefur það áhrif í kennarastétt. Það er vitað að það sækja fleiri núna inn í skólakerfið með kennaramenntun heldur en gerðu áður. Kennaralaunin eru nú víst ekkert til að hrópa húrra fyrir. Og kennarar hafa leitað á vinnumarkaðinn í ýmislegt annað en í kennslu. Þar hefur orðið erfiðara á markaðnum líka og þess vegna koma þeir meira inn í kennsluna og það er ein skýring á því að nú verður vart við atvinnuleysi í þessari stétt.

Ég skil heldur ekki af hverju er verið að hneykslast á þessu að það hefur verið hægt að koma við hagræðingu í skólakerfinu. Af hverju er verið að því? Á það ekki að vera keppikefli okkar allra? Þá er ég að tala um hagræðingu en ekki niðurskurð. Ég veit að menn geta kallað það niðurskurð þegar fækkað er vikulegum kennslustundum. Ég viðurkenni það, ég er ekkert að draga dul á það. En það er fleira sem hefur verið gert í skólakerfinu til þess að spara fé heldur en bara það að fækka vikulegum kennslustundum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú verður forseti að leita samstarfs við hv. þm. Forseta urðu á þau mistök að hefja þessi andsvör með tveggja mínútna ræðutíma, til þess eru of margir sem óskað hafa andsvara þannig að forseta er nauðugur einn kostur að stytta ræðutímann í eina mínútu. Ég vona að það verði virt.

[16:55]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég nefndi hér áðan þá er ég búin að setja mig á mælendaskrá þannig að ég mun þá koma að flestum þeim atriðum sem hér eru til umræðu en hæstv. menntmrh. spyr hvers vegna menn séu svona hneykslaðir á þessari hagræðingu.

Ég þykist þekkja sæmilega til í íslensku skólakerfi og að mínum dómi er það hrikalga svelt. Það er mjög fjársvelt. Og ég er alveg sannfærð um að þangað er lítinn sparnað að sækja, því miður. Það er þannig á sig komið og þá er ég ekki bara að tala um laun kennara heldur aðbúnað víða í skólunum. Ég held að menntmrh. ætti nú að fara hér eina hringferð í grunnskólunum í Reykjavík, sérstaklega í gömlu hverfunum, og skoða hvernig þeir skólar eru á sig komnir, hvernig húsnæði er þar háttað og hvernig er troðið inn í stofur sums staðar. Því miður er það þannig og þannig kemur þessi sparnaður m.a. við börnin. Það er nú einu sinni þannig að börn eru mismunandi og bekkir eru mismunandi og kennarar eru mismunandi og það er bara einfaldlega ekki nógu vel búið að íslenska grunnskólanum, því miður, og þess vegna þolir hann engan niðurskurð.

[16:56]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Á töflu á bls. 293 í fjárlagafrv. fyrir árið 1994 kemur fram hver niðurskurðurinn er í menntmrn. Hann er á háskólum og rannsóknum 162 millj., framhaldsskólum og sérskólum 130 millj., grunnskólum og sérskólum 355 millj., Lánasjóði íslenskra námsmanna 967,8 millj., samtals 1.623,4 millj. kr. eða 1,6 milljarðar kr. samkvæmt upplýsingum menntmrh. sjálfs. Það þýðir ekki fyrir hann að neita því að skólakerfið, menntakerfið á Íslandi hefur verið skorið mjög alvarlega niður í hans tíð.

[16:57]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aftur að niðurskurðinum. Ég spurði hvar menntmrh. hygðist ná þeim 100 millj. kr. niðurskurði í grunnskólanum sem boðaður er í fjárlagafrv. Hann sagði að það hefðu verið viðræður við sveitarfélögin um að yfirfæra þangað viss atriði, það hefði hins vegar ekki náðst samkomulag og hann mundi ekki reyna frekar við það atriði.

Ég fagna því út af fyrir sig en eftir stendur að fá einhverjar yfirlýsingar um það eða einhverja útfærslu á því hvar eigi að ná fram þessum sparnaði. Ráðherra lofaði að gera grein fyrir því hér við 3. umr. (Gripið fram í.) Hann gerði ekki nánar grein fyrir því en hann ætlar að gera það við 3. umr. og við bíðum auðvitað spennt að sjá hvernig hann ætlar að gera þetta og munum taka vel eftir því hvað ráðherra segir við 3. umr. fjárlaga.

Vegna þess að ráðherra sagði hér að það lægi ekki ljóst fyrir hvenær sjónvarpið flyttist í nýja útvarpshúsið þá hef ég áreiðanlegar upplýsingar um það að í menntmrn. liggi núna fyrir ákveðið nál. Ráðherra skipaði nefnd til þess að kanna hugsanlegan aðskilnað útvarps og sjónvarps, og heyrst hefur að þar liggi nú fyrir nál. og sé búið að liggja fyrir lengi, þar sem lagt sé til að það sé skilið á milli útvarps og sjónvarps. Þetta mun nú vera eftir því sem mér skilst hálfgert leyniplagg. En ég vil spyrja ráðherra hvort þetta sé rétt, hvort þetta nál. liggi þarna fyrir, þetta mun vera þriggja manna nefnd sem hann skipaði til að skoða þessi mál og hvort hægt sé að fá þetta nefndarálit í hendur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. menntmrh. svarar og þar sem efni leyfa getur hæstv. ráðherra haft tvær mínútur.

[16:59]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þarf held ég ekki nema eina mínútu. Það er rétt að ég skipaði að beiðni útvarpslaganefndar þriggja manna nefnd til að athuga sérstaklega með skipulag Ríkisútvarpsins vegna þess að útvarpslaganefndin taldi sig ekki hafa stöðu til þess að fara beint inn í Ríkisútvarpið. Hún er að semja ný útvarpslög sem gilda auðvitað ekki bara um Ríkisútvarpið og ég fékk til þess innanhússmenn hjá Ríkisútvarpinu að fara í það mál.

Það álit er afhent beint til útvarpslaganefndar og ég hef ekki talið ástæðu til að dreifa því neitt. Það er útvarpslaganefnd sem fær það sem sagt til athugunar fyrir sitt starf, þetta er ekki álit sem ég tek sérstaklega sem ráðherra til athugunar eða yfirvegunar heldur er þetta vinnuplagg, má segja, fyrir útvarpslaganefndina sjálfa. En þetta var eitt af þeim atriðum sem nefndinni var falið að kanna, hvort það kynni að vera heppileg leið að skilja milli hljóðvarps og sjónvarps og um það

eru að sjálfsögðu bollaleggingar ef svo má segja í þessu nál. Meira get ég ekki sagt um það.

[17:00]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Menntmrh. staðfestir hér sem sagt að þetta nál. sé til og það hafi verið lagt inn til útvarpslaganefndar. Ég vil þá minna á það að stjórnarandstaðan á enga fulltrúa í þessari útvarpslaganefnd sem situr nú og er að endurskoða útvarpslögin og ég spurði ráðherra hvort við gætum fengið þetta álit upp í hendurnar. Ég vil ítreka þá spurningu vegna þess að ráðherra svaraði henni ekki áðan. Ég held að það geti skipt máli að stjórnarandstaðan viti um nál. þessarar innanhússnefndar sem ráðherra skipaði þó það væri að beiðni útvarpslaganefndar og gæti gefið okkur ýmsar upplýsingar um það hvað menn eru að velta fyrir sér í þessum efnum. Þess vegna spyr ég: Getum við fengið þetta álit?

[17:01]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég mun ráðgast um það við formann útvarpslaganefndar. Hann er víst með fjarvistarleyfi í dag, hv. alþm. Tómas Ingi Olrich. Ég mun ráðgast um það við hann hvort hann telji það heppilegt að dreifa gögnum sem eru vinnuplögg hjá útvarpslaganefnd. Ég hef ákveðnar efasemdir um að það séu skynsamleg vinnubrögð en það er sjálfsagt að ræða það við hann.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er hæstv. heilbrrh. kominn til þings og því heldur hv. 10. þm. Reykv. áfram ræðu sinni. En forseti vill biðja þá hæstv. ráðherra sem í húsinu eru að víkja ekki burtu þar sem enn eru á mælendaskrá þeir sem vilja við þá tala.

[17:02]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (frh.):

Virðulegur forseti. Ég get þá haldið áfram máli mínu þar sem ég hætti hér áðan. Ég var aðeins byrjuð að tala um þá breytingu á lögum um almannatryggingar sem fyrirhuguð er samkvæmt þessu frv. og það var ekki síst 10. gr. sem ég hafði aðeins rætt um, þ.e. tekjutenging á ekkjulífeyri.

Ég sagði að þó að það mætti kannski finna ágæt rök fyrir því af hverju bæri að tekjutengja ekkjulífeyri þá fyndist mér það orka mjög tvímælis og ég vildi hafa allan vara á slíkum tekjutengingum vegna þess að við höfum séð það að þegar farið er að tekjutengja slíkar bætur þá er ævinlega farið svo lágt niður í tekjum. Ráðherra nefndi sjálfur í frammíkalli 70 þús. kr., ef ég man rétt, á mánuði og það eru náttúrlega engin ósköp, 70 þús. kr. Það er einmitt þetta sem gerist þegar farið er að tekjutengja nánast allar bætur að það er fólkið sem er með lægri meðaltekjur sem lendir nánast undantekningalaust í tekjutengingu og það kemur hvarvetna inn í tekjutengingu, þannig að þegar upp er staðið getur verið að þetta fólk hafi minni ráðstöfunartekjur en hinir sem hafa jafnvel lægri launatekjur í sjálfu sér. En vegna þess að launatekjurnar eru lægri þá lenda þær ekki í tekjutengingunni. Ég vil því hafa allan vara á þessari tilhneigingu sem núna er til að tekjutengja, ekki síst þegar þess er gætt að tekjutengingin nær einvörðungu til þeirra sem hafa einhverjar launatekjur. Hún nær ekki til þeirra sem hafa tekjur af fjármagni eða eignum þannig að ég vil þess vegna gjalda varhug við þessu.

Mér finnst líka einhvern veginn svolítið nöturlegt að sjá þetta eina atriði tekið út úr og ákveðið að tekjutengja, þ.e. ekkjulífeyri. Mér finnst þetta svolítið eins og það sé verið að reyna að ná í eyri ekkjunnar. Það sé nú svo illa komið fyrir ríkisstjórninni að hún finni ekki aðrar matarholur heldur en eyri ekkjunnar. Það skýtur náttúrlega skökku við því að við sjáum hvarvetna í kringum okkur fólk sem hefur úr verulegum fjármunum að spila og það er eins og það takist aldrei, það sé aldrei hægt að koma með neinar aðgerðir í einu eða neinu sem ná til þeirra hópa.

Ég vil hins vegar segja að með ekkjulífeyri þá óskar maður þess að þetta gæti þegar fram líða stundir horfið út úr almannatryggingalöggjöfinni og þá á ég við að það þyrfti ekki á þessu að halda, þ.e. að konur yrðu fjárhagslega sjálfstæðar í framtíðinni á sama hátt og karlar. En við vitum vel — og þarna er fyrst og fremst verið að tala um konur sem eru orðnar fimmtugar og við erum að tala um konur sem hafa kannski miklu minni reynslu á vinnumarkaði og mun lægri launatekjur en jafnaldrar þeirra karlkyns. Það gildir svo sem um konur í öllum aldurshópum að þær eru ekki nema rétt rúmir hálfdrættingar á við karla, hvað þá þegar komið er í þessa eldri hópa. Þannig að ég vona sannarlega að þetta hverfi en þá vegna þess að konur verði fjárhagslega sjálfstæðar á sama hátt og karlar og konur hafi sömu laun almennt í samfélaginu og karlar og þá þurfum við ekki svona hluti inni í almannatryggingalöggjöfinni.

Hitt atriðið sem ég vil gera að umtalsefni er 11. gr. frv. þar sem verið er að opna ákveðna heimild til þess að hægt sé að taka greiðslur hjá þeim sem vistast á sjúkrastofnunum SÁÁ eða fara í áfengismeðferð. Ég skal alveg viðurkenna það að ég gæti séð ýmis rök fyrir því að taka greiðslur hjá þeim sem fara í áfengismeðferð. Þá er ég ekki að tala um þá sem koma inn í einhverja „akút" meðferð, þ.e. þessa fyrstu meðferð, heldur að þegar henni lýkur þá sé hugsanlegt að það sé tekið ákveðið gjald fyrir dvalardag. Og þá er ég bara að hugsa um hluti á borð við sjálft Kvennaathvarfið í Reykjavík. Þangað koma konur oft algjörlega slyppar og snauðar og hafa mjög lítið handa á milli en þar er tekið daggjald. Þær þurfa að greiða ákveðið daggjald meðan þær eru í athvarfinu. Ef þær geta ekki greitt daggjaldið og hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til þess þá er farið til sveitarfélagsins og það rukkað um daggjaldið. Ég veit svo sem að það gengur ekkert alltaf að innheimta þetta því að sumar geta alls ekki greitt og sum sveitarfélög draga líka lappirnar og eru ekkert tilbúin að greiða fyrir þessar konur. Þannig að það gengur á ýmsu með þessa hluti. En það sem er hins vegar vandamálið í þessu sambandi er hvar erum við að tala um félagslegt úrræði og hvar erum við að tala um

sjúkrahús? Það eru kannski þessi mörk sem þarf einhvern veginn að skilgreina í þessari áfengismeðferð, hvar er sjúkrahúsþjónustan og hvar er þetta orðið meira eins og félagslegt úrræði og félagsleg meðferð, getum við sagt?

En það sem ég vil vara við er 11. gr. eins og hún er orðuð hér. Mér finnst þetta stórhættulegt eins og þetta er orðað hérna. Það er með öðrum orðum verið að bæta inn í þessa grein almannatrygginganna þar sem kveðið er á um að allir skuli eiga kost á sjúkrahúsþjónustu þeim að kostnaðarlausu, ókeypis vist á sjúkrahúsi. Það er meginreglan, það skal vera ókeypis vist á sjúkrahúsi. Síðan kemur samkvæmt þessari tillögu: „Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar."

Þetta finnst mér algjörlega óviðunandi að setja þarna inn vegna þess að það er í rauninni verið að opna flóðgátt. Það kann vel að vera að heilbrrh. sá sem nú situr ætli sér ekki að fara í neina gjaldtöku á sjúkrastofnunum umfram þetta hjá SÁÁ. Það kann vel að vera og ég reikna með að miðað við þær yfirlýsingar sem hann hefur gefið þá muni hann ekki fara út í aðrar gjaldtökur. En hann er bara búinn að opna flóðgátt fyrir þá ráðherra sem á eftir koma. Og hann er búinn að auðvelda þeim mjög eftirleikinn, þ.e. ráðherrar sem hugsanlega vilja nýta sér þetta sem sértekjur eða sparnaðarleið eða hvað við köllum þetta, þeir þurfa ekki að taka um það pólitískan slag hér á Alþingi, þeir gera þetta bara með reglugerð, ákveða þetta einhliða með reglugerð og þurfa þar af leiðandi ekki að standa klárir á því máli gagnvart þinginu. Mér finnst algjörlega óviðunandi að þetta sé gert með þeim hætti sem hér er lagt til, að það sé bara lagt í vald ráðherra og opnuð þessi flóðgátt sem ég sé að þarna er verið að gera.

En þá vík ég aðeins að lögunum um atvinnuleysistryggingar. Hér er gerð tillaga um ýmsar breytingar á þeim lögum og þá komum við aftur að þessu sem ég gat aðeins um áðan í sambandi við málefni fatlaðra. Við samþykkum ný lög sem legið var mikið yfir og menn veltu mikið fyrir sér. Það var í júní 1992 og nú erum við byrjuð að gera breytingar. Hérna erum við komin með lögin um atvinnuleysistryggingar sem voru samþykkt á síðasta þingi og nú erum við byrjuð að gera breytingar og það í talsvert mörgum liðum. Þetta er ófullnægjandi að það skuli aldrei vera hægt að ganga þannig frá málum hér á þinginu að hlutir fái að standa svolítinn tíma.

Hinu skal ég ekki neita að mér finnst ýmislegt til bóta í þessum tillögum sem hér eru lagðar fram en annað ekki.

Samkvæmt þeim tölum sem fylgja þessu frv. frá fjmrn. þá hafa þessar breytingar á atvinnuleysistryggingunum ekki í för með sér sparnað fyrir ríkið heldur þvert á móti aukakostnað fyrir ríkissjóð, þ.e. að þessar breytingar munu kosta 100 millj. kr. og það liggur í 12. gr. þessa lagafrv., þ.e. nú á að hækka hluta af tryggingagjaldi sem fer til Atvinnuleysistryggingasjóðs úr 0,15% í 0,5%, þá er ég að tala um hlut atvinnurekanda, og hlutur ríkissjóðs á að vera sá sami sem þýðir þá það að hlutur ríkissjóðs fer úr 0,45% af tryggingagjaldsstofni í 0,5% og útgjaldaaukinn er um 100 millj. kr.

Aðrar breytingar, segir í fylgiskjali með frv. frá fjmrn., vega salt, þ.e. útgjaldaaukinn jafnast út. Þar af leiðandi er þetta ekki sparnaður sem í þessum tiltekna kafla felst. Hins vegar kemur það fram í frv. til fjárlaga að það eigi að spara 250 millj. kr. í atvinnuleysistryggingum og það eigi m.a. að gera með meira aðhaldi, breyttum úthlutunarreglum og fleiru. Og þá hlýtur maður að spyrja sig fyrst þessar 250 millj. kr. sparast ekki með þeim breytingum sem hér eru gerðar á almannatryggingalögunum, hvar á þá að ná þessu? Hvernig á að spara þessar 250 millj. kr. sem fjárlagafrv. gerir ráð fyrir? Ég segi með það eins og sparnaðinn í menntmrn. áðan að þetta þarf að liggja fyrir, það þurfa að vera skýr svör við þessu áður en þessari fjárlagaumræðu lýkur, hvernig ná eigi þessum 250 millj. kr. sparnaði.

Þá vil ég reyndar geta þess líka að nú er ekki bara um að ræða þennan 250 millj. kr. sparnað sem er dálítið óljós heldur líka hvernig eigi að fjármagna Atvinnuleysistryggingasjóð vegna þess að það var lagt upp með það í fjárlagafrv. að leggja á 0,5% atvinnuleysistryggingagjald á alla launþega, það átti að vera flatur skattur á alla launþega, og það átti að gefa, ef ég man rétt, um 1 milljarð. Nú er búið að falla frá þessu og það á ekki að leggja þetta gjald á og þá fæ ég ekki betur séð en það vanti milljarð í fjármögnun Atvinnuleysistryggingasjóðs. Hvaðan á hann að koma og hvar er gert ráð fyrir honum í fjárlagafrv. og því sem við höfum séð? Við þessu þarf líka að fá skýr svör.

Þá vil ég minnast aðeins á 13. gr. frv. þar sem mér sýnist að geti verið til bóta, þ.e. að ef sjálfstætt starfandi einstaklingur er með tekjur eða tekjuígildi og hann nær ekki hámarksbótum atvinnuleysistrygginga, þá megi greiða þennan mismun sem er á atvinnuleysisbótunum og tekjunum sem hann hefur eða tekjuígildinu, að þarna sé sem sagt heimild til að bæta honum það upp með greiðslum úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Þetta get ég séð sem ákveðið réttindamál en þá skil ég alls ekki hvernig á því stendur að í 16. gr. þessa frv. er verið að fella niður mjög sambærilegt atriði sem snýr að launþegum. Eins og hér hefur komið fram, að ef dregur úr vinnu t.d. í fiskvinnslu, ef það er samdráttur í fiskvinnslu og fólk verður helst að minnka við sig starfshlutfallið þá hefur þessi heimild verið til þess að bæta það upp sem upp á vantaði úr Atvinnuleysistryggingasjóði. Nú er gert ráð fyrir að það falli niður sem snýr að venjulegum launþegum. Mér sýnist á sama tíma verið að taka slíkt upp í 13. gr. sem snýr að sjálfstætt starfandi. Ef þetta er misskilningur hjá mér þá vona ég að heilbr.- og trmrh. leiðrétti það, en mér finnst vera í þessu mjög mikið misræmi ef við ætlum að fara að taka upp ákveðna réttarbót fyrir sjálfstætt starfandi sem við erum á sama tíma að fella niður eða gert er ráð fyrir að sé felld niður gagnvart venjulegu launafólki.

Um 15., 17. og 19. gr. þessa frv. verð ég að segja að mér sýnist að þær séu heldur til bóta, ég tala ekki um 15. gr. vegna þess að þar var mikið óréttlæti á

ferðinni sem þýddi það að öryrkjar sem voru í hlutastarfi og misstu vinnu höfðu ekki sama rétt til bóta og aðrir vegna þess að þeir voru með örorkubætur og eins ellilífeyrisþegar. Þingmenn fengu bréf í vetur frá Verslunarmannafélagi Reykjavíkur um þetta atriði þar sem bent var á þetta óréttlæti og nú sýnist mér að það eigi að leiðrétta það hér og ég fagna því.

Varðandi 17. og 19. gr. þá sýnist mér að þær séu til bóta, mér finnst eðlilegt að sameina úthlutunarnefndir, mér finnst það í rauninni ekkert vit að það séu starfandi, ef ég veit rétt, um 150 úthlutunarnefndir á landinu og það eru 5–7 í hverri nefnd og a.m.k. til skamms tíma voru ekki neinar reglur um það með hvaða hætti skyldi úthlutað þannig að þetta var mjög mismunandi hvernig úthlutunarnefndirnar stóðu að þessu. Mér finnst eðlilegt að reyna að sameina þær og það þarf þar að auki að setja skýrari reglur um hvernig skuli standa að úthlutun þannig að ekki sé mjög mikið misræmi á milli félagssvæða.

Þá finnst mér líka að 19. gr. sé til bóta, ég sé enga ástæðu til þess að Atvinnuleysistryggingasjóður sé að veita lán til verkalýðsfélaganna til að koma upp húsnæði. Ég sé ekki að hann hafi efni á slíku miðað við það árferði sem núna er.

Þetta eru mínar athugasemdir við þetta frv. Það hefur verið farið í þessi svokölluðu „þrátt-fyrir"-ákvæði og ég ætla ekki að gera það hér líka. Það er óþarfi og hægt er að gera það við 2. umr. þessa máls. En ég vil bara segja það til þess að ljúka ræðu minni um þetta mál að ég byrjaði á því að tala um grunnskólann og samræmda fjölskyldustefnu og mikilvægi þess að koma henni á og vitnaði í fund eða ráðstefnu sem Alþfl. var með um þetta mál og það sem ráðherra sagði þar. Ég vil ítreka það að ég tel að þetta sé mjög mikilvægt mál og sem við þurfum að sinna miklu betur en við gerum hér á Alþingi og þar verði að fara saman orð og athafnir í þessu máli.

Ég vil bara ljúka máli mínu með því, virðulegi forseti, að segja það við þingmenn að stundum þegar við ræðum fjölskyldumál hér í þinginu eða eitthvað sem að því lýtur þá er ekki mjög þéttsetinn bekkurinn í þinginu. Þegar við hins vegar ræðum eitthvað sem varðar sjávarútvegsmál, sem vissulega skiptir þessa þjóð verulegu máli, þá er hér yfirleitt margt manna í þingsalnum. Og stundum finnst mér eins og þingmenn og ákveðinn hluta þjóðarinnar hafi meiri áhyggjur af því ef klak á þorskfiski misferst heldur en uppeldi nýrra kynslóða.

[17:18]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi ekkjulífeyrinn margnefnda. Ég held að ég og hv. 10. þm. Reykv. séum um margt sammála í þeim efnum. Það hefur sem betur fer margt breyst í atvinnusamsetningu þjóðar okkar og frá því að þessi bótaflokkur var á settur hefur atvinnuþátttaka kvenna aukist stórlega sem betur fer og að því leytinu til, sem betur fer, eru ekkjur nú á tímum virkari þátttakendur í atvinnulífi en áður var. Ég held ég muni það rétt að úttektir sem gerðar hafa verið á bótaþegum í þessum flokki sýni að atvinnuþátttaka sé í kringum 40%, en nú tala ég þó eftir minni.

En allt að einu. Hér er verið að færa þennan bótaflokk til samræmis við það sem gerist og gengur orðið í almannatryggingakerfinu okkar og í hinni félagslegu þjónustu, að líta til hinna tekjulegu þátta. En vissulega er það hárrétt líka að við þurfum að færa þetta út í auknum mæli með því að eignatengja og skoða fjármagnseign og væntanlega verður styttra í það en ekki.

Varðandi síðan sértekjur vegna áfengismeðferðar. Ég held að það sé ekki hafsjór á milli mín og hv. þm. í þessum efnum og ég er alveg tilbúinn að skoða það í meðferð nefnda milli umræðna hvernig lagatexti verði með þeim hætti að taki af öll tvímæli því að hér er ekki verið að opna flóðgáttir, ég vil árétta það. Hér er verið að ræða þessa sértæku aðgerð vegna þessarar sértæku meðferðar sem er, eins og hv. þm. sagði réttilega, á landamærum lækninga og félagslegrar meðferðar og það er kannski þetta sértæka í málinu.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóðinn, þá vil ég segja það eitt, og kannski getur félmrh. bætt þar um betur, að hér er um það talað við verkalýðshreyfingu að taka upp þráðinn í janúarmánuði og fara yfir sviðið og skoða möguleikana á aukinni hagræðingu og sparnaði í rekstri sjóðsins. Það er út af fyrir sig ekkert hægt að fullyrða um lyktir þeirra mála, en menn hafa tekið höndum saman um það að fara í þær viðræður.

[17:21]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að ég hafi ekki fengið svör við öllum mínum spurningum. M.a. hef ég ekki fengið svör við þessum milljarði sem mér sýnist að vanti inn í til að fjármagna Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég reikna með því að þegar ráðherra sagði að það ætti að fara í viðræður við verkalýðshreyfinguna og fara yfir sviðið allt, þá hafi hann verið að tala um þessar 250 millj. kr. sem menn hafa verið að tala um að spara í úthlutunarreglum og öðru slíku. En eftir stendur og ég fæ ekki betur séð en að það vanti milljarð til þess að fjármagna sjóðinn. Og ég vil ítreka þá spurningu mína: Hvernig hyggjast menn gera það og er einhvers staðar ráð fyrir því gert í þeim gögnum sem við höfum séð hvernig það eigi að gerast?

Varðandi ekkjulífeyrinn kom fram hjá ráðherra að líklegast væri atvinnuþátttaka ekkna um 40% og það segir mér mikla sögu vegna þess að atvinnuþátttaka giftra kvenna á Íslandi í dag er yfir 80%. Ef atvinnuþátttaka ekkna er ekki nema 40%, þá segir það auðvitað hver þörfin er á þessum ekkjulífeyri og hversu varlega menn verða að fara í því að skerða hann. Þessar konur eru ekki með sama hætti á vinnumarkaði og aðrar konur og auðvitað erum við alltaf að tala þarna um konur yfir fimmtugt því að þetta nær ekki til annarra.

Ráðherra sagði líka hér áðan að það væri ekki verið að opna flóðgátt með breytingunni á almannatryggingalögunum þar sem veitt er reglugerðarheimild til þess að taka gjald þrátt fyrir sjúkratryggingu. Það kann

vel að vera að það sé ekki ætlun ráðherra að opna neina flóðgátt og hann ætli sér ekki að gera annað en þetta. En menn hafa nú áður unnið mikinn skaða óvart og ég held að ráðherra ætti að átta sig á því að hann gæti einmitt unnið mikinn skaða á almannatryggingalöggjöfinni með því að opna þetta með þessum hætti þó að hann ætli sér ekki að nýta það og hafi gefið hér einhverjar yfirlýsingar um það.

[17:23]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún ræddi hér nokkuð málefni fatlaðra og vitnaði til greinargerðar í fjárlagafrv. og spurðist fyrir um hvort það ákvæði sem hún tiltók kæmi í veg fyrir að veitt yrðu framlög til að koma á fót nýjum stofnunum. Ég lít svo á að svo sé ekki. Úthlutun úr Framkvæmdasjóðnum er fyrst og fremst í höndum ákveðinnar sjóðstjórnar. Þar eru ákvæði sem heimila að veita fjármagn úr sjóðnum til ákveðinna verkefna annarra en stofnkostnaðar, svo sem viðhald, svo sem aðgengismála fatlaðra og nú til liðveislu og það er fyrst og fremst í höndum sjóðstjórnar hvernig hún nýtir þá heimild og hvað hún lætur í stofnkostnað. En auðvitað verður hún að gæta að því að það sé til rekstur til þessa og t.d. varðandi Sólborg sem þingmaðurinn tiltók er gert ráð fyrir að koma á fót þremur sambýlum vegna útskriftar af Sólborg og til þess er til fjármagn í rekstur.

[17:24]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ráðherra segir að þau orð, sem standa í fjárlagafrv., að ekki eigi að úthluta úr Framkvæmdasjóði fatlaðra eða aldraðra til nýrra verkefna á þessu ári, ættu ekki að koma í veg fyrir úthlutun úr þessum sjóðum, þá lít ég svo á, og ég vil fá það staðfest, að þetta sé markleysa sem þarna standi og þessi orð séu að engu hafandi og það muni koma til úthlutunar til nýrra verkefna eins og Sólborgar og þá væntanlega einhvers í öldrunarmálum þrátt fyrir þessi orð.

Hvað varðar Sólborg, ef á að selja það heimili þá þarf að koma upp þremur sambýlum, þá spurði ég líka um hvert söluandvirðið mundi renna þegar Sólborg verður seld því að Framkvæmdasjóður fatlaðra hefur þar fjárfest fyrir rúmar 50 millj. kr. og ég vil vita hvert söluandvirðið á að renna.

[17:25]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég svaraði þessu reyndar fyrr í dag í tilefni af fyrirspurn sem til mín var beint um þetta efni. Það er rétt að þetta eru um 50 millj. kr. sem hafa verið lagðar í Sólborg úr Framkvæmdasjóðnum frá 1983 og það rennur auðvitað í Framkvæmdasjóð fatlaðra að mínu viti.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 17.26.

---

55. FUNDUR

föstudaginn 10. des.,
að loknum 54. fundi.

Dagskrá:

1. Skuldastaða heimilanna, beiðni um skýrslu, 280. mál, þskj. 356. *Hvort leyfð skuli.*
2. Stjórn fiskveiða, frv., 279. mál, þskj. 354. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 316. — Frh. 1. umr.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Frv. sjútvn., 279. mál (síldveiðar umfram aflamark o.fl.). — Þskj. 354.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, RG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HG, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

[17:30]

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Sjútvrh. fór þess á leit við sjútvn. að hún stæði að flutningi máls sem fjallar um breyting á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Nefndin tók þetta frv. fyrir á fundi sínum í morgun og varð sammála um það að flytja þetta mál og ég vil leyfa mér fyrir hönd nefndarinnar að fylgja þessu máli úr hlaði með örfáum orðum.

Á yfirstandandi síldarvertíð eru aflaheimildir samtals um 110 þúsund lestir. Er leyfður heildarafli á þessu fiskveiðiári 100 þúsund lestir en þar við bætast rúmlega 10 þúsund lesta aflaheimildir sem ekki nýttust af aflamarki síðasta fiskveiðiárs og flytjast því yfir á þetta ár. Samkvæmt upplýsingum Fiskistofu hafði 95 þúsund lestum verið landað 9. þessa mánaðar. Samtök fiskvinnslustöðva áætla að til manneldisvinnslu hafi þegar farið samtals tæplega 35 þúsund lestir sem skiptast þannig að í söltun höfðu farið 19 þúsund lestir en tæpar 16 þúsund lestir í frystingu. Einungis eru óveiddar 15 þúsund lestir af aflaheimildum yfirstandandi vertíðar en Samtök fiskvinnslustöðva ætla að rúmar 16 þúsund lestir þurfi til að standa við þegar gerða samninga um sölu á frystri og saltaðri síld en auk þess eru taldar líkur á að frekari samningar geti tekist. Af framansögðu er ljóst að í nokkurt óefni horfir varðandi manneldisvinnslu á síld á yfirstandandi vertíð verði

ekki gripið til sérstakra ráðstafana eins og hér er lagt til.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til tvær breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem stuðla ættu að því að takist að standa við gerða samninga. Er annars vegar lagt til að árlega verði hverju skipi heimilað að veiða allt að 5% umfram aflamark sitt hvert fiskveiðiár af síld enda dragist það frá aflamarki næsta fiskveiðiárs. Er þetta sama regla og gildir varðandi botnfiskveiðar. Með þessu gætu aflaheimildir á yfirstandandi vertíð aukist um allt að 5 þúsund lestir. Hins vegar er lagt til að til loka yfirstandandi síldarvertíðar verði einungis heimilt að stunda síldveiðar til manneldisvinnslu. Með því móti ættu milli 15 og 20 þúsund lestir af síld að vera til ráðstöfunar til frystingar og söltunar sem er nálægt því magni sem Samtök fiskvinnslustöðva telja til þurfa.

Þess ber að geta að þegar liggur fyrir sjútvn. Alþingis þáltill. frá þeim Jóhanni Ársælssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Ragnari Arnalds þar sem mælt er fyrir um að Alþingi skuli álykta um að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að móta stefnu um nýtingu síldarstofna við Ísland. Nefnd þeirri er ætlað að gera tillögur sem miða að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar. Sú tillaga hefur þegar verið send til umsagnar til hagsmunaaðila og verður hún tekin til umfjöllunar í nefndinni þegar hún hefur störf á nýju ári.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að hafa þessi orð fleiri, en þar sem þetta frv. er flutt af nefnd, þá legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr.

[17:35]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Síldarvinnsla er að því leytinu til sérstæð að það þarf yfirleitt að semja sérstaklega um sölu á saltaðri síld fyrir fram og það er að sjálfsögðu mikilvægt að staðið sé við slíka samninga. Á sl. ári var samið um sölu á 67 þúsund tunnum af síld af hálfu Íslendinga en aðeins tókst að salta 55 þúsund tunnur. Það urðu því allverulegar vanefndir á okkar samningum sem m.a. má rekja til þess að mikill hluti aflans fór til bræðslu og mörg skipanna fóru til veiða eingöngu til að veiða til mjöl- og lýsisvinnslu. Þetta kallaði að mínu mati á ákveðnar ráðstafanir og af hálfu sjútvrn. hefur verið reynt að leysa það á þessu hausti með viðræðum milli aðila og reyna að koma á samvinnu sem tekist hefur að einhverju leyti, þó alls ekki eins og nauðsynlegt hefði verið.

Nú er ástandið þannig að það á aðeins eftir að veiða um 15 þúsund tonn af síld og það þarf meira magn til þess að uppfylla nauðsynlega samninga. Hitt er svo annað mál að það er e.t.v. ekki nóg vegna þess að það þarf líka stóra síld sem ekki hefur verið á miðunum þannig að auðvitað má ekki eingöngu kenna þessu um.

Ég er hins vegar mjög hræddur um það að þær ráðstafanir sem hér er gripið til muni í sjálfu sér ekki skipta mjög miklu máli þó að einhver bót sé að þeim þar sem meginhluti veiðanna hefur þegar átt sér stað. Ég styð hins vegar þessar aðgerðir og vona að þær verði m.a. til þess að gripið verði til þeirra ráðstafana sem duga þannig að hægt sé að standa við okkar samninga og að sem mestur hluti aflans fari til manneldisvinnslu.

Útvegsmenn halda því gjarnan fram að þeir fái lítið meira fyrir aflann til slíkrar vinnslu og þeir séu miklu fljótari að veiða hann til bræðslu, en þessi sjónarmið mega ekki gilda. Hér er um mikið atvinnuspursmál að ræða og það á ekki að líða það að menn líti svo á að það verði að gera þetta fyrst og fremst á sem ódýrastan hátt alveg án tillits til atvinnusjónarmiða í landi. Það getur aldrei orðið friður um slíkt og það eiga eigendur skipanna og handhafar kvótanna að vita. Og ef þeir geta ekki sætt sig við að taka tillit til þeirra sjónarmiða, þá er að mínu mati sjálfsagt og nauðsynlegt að breyta lögum. Það hefur aldrei verið ætlunin að þessir aðilar gætu ráðskast með þessa hluti alveg eins og þeim sýndist án tillits til almannahagsmuna.

Ég er því þeirrar skoðunar að þetta mál eigi að taka til endurskoðunar og ég hefði óskað þess að það hefði verið gert fyrr, en það er orðinn hlutur og ég tel það vera til bóta að hægt sé að veiða 5% umfram eins og hér er gert ráð fyrir eins og í botnfisktegundunum, en það er rétt að taka það fram að í greinargerð frv. er gert ráð fyrir að með þessu verði hægt að auka veiðarnar um 5 þús. lestir. Það er ekki alls kostar rétt þar sem það á eingöngu við um þau skip sem hafa haldið til veiða, en það mun vera innan við helmingur af þeim skipum sem hafa síldveiðiheimildir þannig að þetta magn er allmiklu minna án þess að ég hafi nákvæmar tölur yfir það og ég óttast að það sé ekki mikið meira en svona helmingurinn af þessu.

Að því er varðar ákvæði til bráðabirgða þá á það eingöngu við um yfirstandandi veiðitímabil. Ég hefði talið fulla ástæðu til þess að ráðherra fengi slíka heimild til frambúðar og tel það í reynd nauðsynlegt. Hitt er svo annað mál að það er eðlilegt að það hljóti góðan undirbúning en ég skil þann vilja sem hér kemur fram með þeim hætti að það standi til að ræða og taka inn slíkt ákvæði við meðferð frv. til laga um stjórn fiskveiða, þ.e. ef það kemur þá einhvern tímann fyrir hv. Alþingi og ekki veit ég neitt um það nema einhverjar vonir standa þó til þess samkvæmt fréttum síðustu daga.

[17:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Við þingmenn Alþb. í sjútvn. stöndum að flutningi þessa frv. Við teljum það sjálfsagt mál að grípa til þeirra ráðstafana sem enn er hægt að gera og vonandi geta haft einhver áhrif á það að tryggja betur en ella væri að það sem óveitt er af síldarkvóta yfirstandandi vertíðar fari eins og nokkur kostur er allt til að vinna síld til manneldis. Það ber að vísu að harma það að svo seint skuli gripið til ráðstafana sem ég tel að ljóst hafi verið í ljósi reynslu síðustu vertíðar og strax þegar líða fór á þessa að það stefndi í nákvæmlega sama farið og á síðasta ári og á þetta hafði verið rækilega bent. Ég minni í því sambandi á ágætar og

miklar umræður sem urðu um till. til þál. um nýtingu síldarstofna sem hér fór fram fyrir nokkrum vikum síðan. Þetta er 139. mál þessa þings á þskj. 154. Þá var á það bent og það kemur fram í fylgiskjölum með þeirri tillögu að það væri þegar orðið ljóst að veruleg óvissa væri um það ef svo héldi sem horfði að það tækist að fylla upp í alla sölusamninga sem fyrir lægju hvað þá ef nýir bættust við.

Reynslan frá síðustu vertíð liggur fyrir og hefur þegar verð gerð hér að umtalsefni. Það verður að segja það alveg eins og er að það er náttúrlega ekki við það unandi, það er ekki nokkur leið að kyngja því að það þurfi að ganga þannig til vertíð eftir vertíð að við verðum af stórkostlegum útflutningsverðmætum og atvinnusköpun vegna þess að hráefnið fari til bræðslu og það berist ekki nóg til þeirra fyrirtækja sem eru að vinna síldina til manneldis.

Menn ræddu mikið um það hér á undangengnum árum þegar saltsíldarmarkaðirnir miklu voru að lokast í Austur-Evrópu og einkum Sovétríkjunum sálugu hvílíkt áfall það væri fyrir okkur og yfirleitt gekk sú umræða öll út á eitt og hið sama og það var að vandamálið væri að þar með misstum við markaði fyrir síld til manneldis og það mundi skapa hér mikla erfiðleika. En ég held að fæstum hafi þá dottið í hug að svo mundi fara þrátt fyrir það að okkur tækist síðan ekki einu sinni að fylla upp í þá sölusamninga sem eftir stæðu eða tækist að gera á öðrum mörkuðum, en sú hefur orðið reyndin á, því miður, og stefnir í það sama á þessu ári þó vonandi takist a.m.k. að bjarga því svona að verulegu leyti, m.a. með þessu frv. og með því að vel gangi hjá þeim fyrirtækjum sem enn eru að vinna síld til manneldis af fullum krafti. Það þarf auðvitað ekki að fara hér yfir þær röksemdir fyrir því að gera þetta. Það liggur fyrir og er ítarlega rökstutt, m.a. í gögnum frá Þjóðhagsstofnun sem komu fram á síðasta vetri, hvernig söluandvirðið margfaldast við það að vinna síldina í verðmætari manneldisafurðir og ljóst líka að mikil atvinna fylgir því að þannig sé að málunum staðið.

Ég vil svo láta það koma hér fram með svipuðum hætti og síðasti ræðumaður að ég stend að þessum frumvarpsflutningi og við alþýðubandalagsmenn í trausti þess að málunum verði fylgt eftir. Hér er eingöngu gripið á þeim með þeim þætti að flutt er ákvæði til bráðabirgða sem mun gefa sjútvrh. heimildir til að hafa á þetta áhrif á yfirstandandi vertíð. Ég trúi ekki öðru fyrr en ég tek á því að það sé ekki ætlunin að reyna með einhverjum varanlegum hætti að setja reglur sem tryggja að hægt sé að stýra hráefninu nægjanlega í manneldisvinnsluna og slíkar reglur liggi fyrir vel fyrir upphaf næstu síldarvertíðar. Það er algjörlega nauðsynlegt að það gerist. Því það er ekki hægt annað en viðurkenna að það er viss ágalli á þessu frv. og því að grípa inn í málin svo seint á vertíðinni að það getur leitt til þess að ráðstafanirnar komi nokkuð mismunandi niður á þeim aðilum sem þarna eiga hlut að máli. Sumar útgerðir og margar eru þegar búnar að ráðstafa og nýta allan sinn kvóta en aðrar eiga hann kannski að einhverju leyti eftir og þetta getur vissulega valdið ákveðnu misræmi. Þarna væri miklu æskilegra að almennar reglur lægju fyrir strax við upphaf vertíðar þannig að allir stæðu jafnfætis gagnvart þeim, hvort sem það verður í því formi að samþykkja tillögu okkar þingmanna Alþb. eða með einhverjum öðrum hætti að tryggja að þessi mál verði vandlega skoðuð á næstu mánuðum og síðan lögfestar eða settar þær reglur sem þarf til þess að stjórnvöld hafi þarna nægjanleg úrræði eða hvernig sem að því verður nú staðið og hver sem með það verkefni fer. Auðvitað væri æskilegast að þetta gæti verið sem mest á hendi þeirra sem starfa í greininni sjálfri að sjá um þessa framkvæmd en það virðist alveg ljóst í ljósi reynslunnar að undanförnu að það þarf að grípa þarna í taumana ella einfaldlega valda aðstæður því að allt of mikið af hráefninu fer beint í bræðslu á fyrri hluta vertíðar og þegar líður á hana sitja menn uppi með þessa stöðu ár eftir ár. Það er ekki undir nokkrum kringumstæðum hægt að horfa upp á það að þjóðarbúið verði af þeim sökum af umtalsverðum verðmætum. Hið gagnstæða á auðvitað að vera okkar keppikefli, að ná að færa aukinn hluta af þessum stofni í verðmætari afurðir. Menn binda ekki síst vonir við síldarstofninn, bæði þann sem er hér við land og eins hugsanlega norsk-íslenska stofninn þegar hann — eða ef sem vonandi verður — fer að ganga hér aftur upp að landinu. Þá getur það skipt sköpum fyrir þjóðarbúið að við höfum gert allt sem hægt er og í okkar valdi stendur til þess að reyna að byggja upp verðmætari markaði fyrir þessar afurðir.

Með tilliti til aðstæðna, hæstv. forseti, ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta þótt margt mætti um það segja. En ég get fyrir mitt leyti a.m.k. vísað í þá ágætu umræðu sem hér varð um þetta mál þegar þáltill. um nýtingu síldarstofna var til umræðu og þær jákvæðu undirtektir sem það þá fékk að tekið yrði á þessum málum.

[17:48]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Verið er að reyna að bjarga málum með því að skella þessu frv. hér inn þegar allt er að verða komið í óefni í sambandi við síldarsölumál. Það má eiginlega segja að það sem hér er að gerast sé það sem felst í ákvæði til bráðabirgða. Það kom einnig fram hjá hv. framsögumanni málsins að það horfi til óefnis hvað varðar manneldisvinnslu á síld á þessari vertíð ef ekki verður gripið til þeirra ráðstafana sem hér eru lagðar til.

Það hefur oft verið rætt um þessi mál hér á þingi og síðast nú fyrir nokkru síðan þegar verið var að ræða þá þáltill. sem nefnd hefur verið í þessu sambandi. Ég man einnig eftir því að á síðasta þingi var mikið rætt um sölumál síldar og talin nauðsyn á að gera þær ráðstafanir sem dygðu til þess að hægt væri að standa við gerða samninga. Það hefur ekkert verið gert á þessu ári sem liðið er síðan og ekkert verið gert í því að móta neina stefnu um nýtingu síldarstofna sem sú tillaga gerir ráð fyrir sem nú liggur fyrir og rædd var fyrir nokkrum dögum eins og ég sagði áðan. Það er sem sagt engin stefna til um þessi mál hjá ríkisstjórninni en allir vita að það þarf að reyna að standa við gerða

samninga því annað getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér í sambandi við þetta og í sambandi við þessa atvinnugrein. En það kemur enn og aftur í ljós að stjórnvöld gera ekkert í þessu tilfelli eins og mörgum öðrum og þau gera heldur ekki mun í þessu tilfelli á frelsi og stjórnleysi sem er tvennt ólíkt. Þessar veiðar eiga að vera frjálsar og það þýðir að þá má hvergi nokkurs staðar koma nálægt því að hafa einhverja stjórn á því hvort það fer í gúanó eða hvort það fer í einhverja manneldisvinnslu. Það finnst mér einmitt vera munurinn á því þegar menn eru að tala um frelsi þá eru þeir í sumum tilfellum að tala um stjórnleysi sem ég tel vera tvennt ólíkt.

Mér sýnist að með þessu frv. sé verið að bjarga sér fyrir horn þó seint sé. Ég hefði auðvitað viljað að menn hefðu gert þetta tímanlega og eins og ég sagði áðan hefur nægur tími verið til þess, það hefur oft verið bent á þetta hér. Hins vegar styð ég að sjálfsögðu þá tilraun sem hér er gerð til að bjarga þessum málum með þessu frv. og þessu bráðabirgðaákvæði sem í því er að finna. En ég legg áherslu á að það þarf að finna varanlega lausn til að þessi afli nýtist okkur á sem verðmætastan hátt.

Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja umræðuna um þetta mál. Sjútvn. er sammála um að leggja það fram. Fulltrúi okkar kvennalistakvenna í sjútvn., áheyrnarfulltrúi, er veik í dag, þannig að hún hefur ekki fjallað um það þar inni eða tekið afstöðu til þess. En við kvennalistakonur munum að sjálfsögðu greiða þessu sinn gang hér í gegnum þingið.

[17:52]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta mál er flutt af sjútvn. en á fundi þingflokksformanna með forseta var það kynnt fyrir okkur fyrr í dag, og fyrirhuguð afgreiðsla þess á þessum degi, og helst að reyna að ljúka afgreiðslu hratt hér í dag.

Ég hef tekið þetta mál fyrir og kynnt efni þess í þingflokki Alþfl. og við viljum standa að þessu máli og greiða götu þess í dag þannig að málið verði afgreitt fljótt og vel. Mér fannst mikilvægt að koma hér upp og lýsa þessu yfir þar sem fulltrúi okkar flokks í nefndinni er ekki á þessum fundi.

[17:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er nú margt skondið sem rekur á fjörur manna hér í þingsal en ég held að þetta frv. sé nú satt að segja með því skrýtnara sem ég hef séð og það úr þeirri átt sem frv. er ættað þar sem höfuðstöðvar þessa málaflokks er nú að finna í Sjálfstfl. að sjá þar frv. sem byggir á þeirri hugsun að menn ætli að segja sjávarútveginum eða útgerðinni fyrir um það hvað þeir eigi að gera við sinn fisk. Það verður gaman að sjá þegar hæstv. sjútvrh. fer að flytja frv. sem skyldar togara til að landa þorski eingöngu til manneldis. Eða hvaðan í ósköpunum kemur hæstv. ráðherra og sjútvn. það til að fara að flytja frv. um það að skylda þá sem veiða síld til að sjá til þess að aflinn fari til manneldisvinnslu? Hafa menn ekki verið hér árum saman að tala um markað og markaðslögmál? Hafa ekki þeir flokkar sem standa að þessari ríkisstjórn verið að tala um að markaðurinn leysti öll vandamál og menn ættu að fara eftir flæðilínum markaðarins? Fara svo allt í einu að setja einhver lög sem segja mönnum hvað þeir eigi að gera. Ætti ekki frekar að spyrja: Hvers vegna hefur ekki síldin farið til manneldis? og leita orsakanna. Fyrsta spurningin sem vaknar er: Af hverju er þetta þá ekki flutt fyrr? Þarf þá ekki þetta ákvæði að gilda líka fyrir næstu síldarvertíð þannig að það verði alveg örugglega víst að þeir sem veiða síld þá muni gera það rétta við síldina sem hæstv. stjórnvöldum dettur í hug á hverjum tíma að sé best?

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að þetta finnst mér afar skrýtið. Þetta finnst mér afar skrýtið. Einhvern tímann hefðu menn talað um forræðishyggju ef aðrir hefðu kannski lagt þetta frv. fram.

Ég vil líka segja að ég er ekki heldur sammála hinu atriðinu í frv. sem byggir á þeirri hugsun að menn eigi einhverja úthlutaða kvóta sem menn geti síðan yfirdregið frá ári til árs. Ég hélt að það væri að renna upp fyrir mönnum í sambandi við stjórn fiskveiða að það er ekkert víst í þeim efnum og að sú þekking sem hefur verið að koma á undanförnum árum á þessu sviði benti einmitt fremur til hins gagnstæða að menn gætu ekki gengið að fiskinum í sjónum eins og bankainnstæðu. Þannig að menn ættu enn síður en áður að vera að setja löggjöf sem byggði á þeirri hugsun. En ég geri nú ekki stórar athugasemdir við það atriði sem er að finna í 1. gr. frv. þó ég nefni þetta og láti það koma hér fram. En hitt finnst mér alveg með ólíkindum að sjá þetta ákvæði til bráðabirgða og ég efast um að ég nenni nokkuð að vera að styðja það.

[17:56]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil fyrst og fremst þakka hv. sjútvn. fyrir að hafa brugðist skjótt við í þessu efni og þingmönnum fyrir þá samstöðu sem virðist vera um að koma þessu máli fram. En eins og menn gera sér grein fyrir í ljósi eðlis þessarar atvinnugreinar þá skiptir miklu máli að afgreiðslan geti orðið skjót og þetta geti orðið að lögum í dag.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þau viðfangsefni sem hér eru til umfjöllunar. Þau eru um margt flókin og erfið úrlausnar. Það er almenn skoðun að miklu máli skipti að sem mest af síldinni fari til manneldisvinnslu því það gefur meiri virðisauka fyrir þjóðarbúið. En það er engan veginn svo að með einföldum hætti sé hægt að setja stjórnunarreglur sem tryggja að því markmiði verði náð. Þeir sem í atvinnugreininni starfa, bæði útvegsmenn og sjómenn og hins vegar kaupendur hráefnisins, eru þeirrar skoðunar að æskilegast sé að atvinnugreinin sjálf hafi sem mest frelsi í þessu efni og stýri málum á þann veg sem hagkvæmastur er fyrir þjóðarheildina. Ráðuneytið hefur fyrir sitt leyti reynt að stuðla að því að innan greinarinnar takist samstaða í þessu efni. Ráðuneytið beitti sér fyrir því að það var komið á fót samstarfsnefnd vinnsluaðila og hún hefur hist reglulega og með því móti hefur tekist að hafa veruleg áhrif. Við sjáum þess

víða merki að menn hafa tekið af myndarskap á þessum málum. Ég nefni hér Eskifjörð, Höfn í Hornafirði og Vestmannaeyjar og einnig Neskaupstað þar sem mjög myndarlega hefur verið tekið á þessum málum og verulegur hluti síldarinnar hefur farið í vinnslu.

Í því nána samráði hagsmunaaðila og ráðuneytisins sem haft hefur verið á undanförnum vikum hafa ekki komið fram tillögur um að grípa inn í þróun mála fyrr en í gær að fulltrúar vinnsluaðila sneru sér til ráðuneytisins og óskuðu eftir því að það yrði gert til þess að tryggja sölusamninga og ákveðið var að verða við því með því að leita eftir þeirri samstöðu sem nú hefur orðið í hv. sjútvn.

Það er nauðsynlegt, og ég tek undir það með þeim hv. þm. sem hér hafa talað, að skoða enn frekar hvernig þessum málum verður komið fyrir til frambúðar þannig að vaxandi hluti af síldinni fari til manneldisvinnslu og ráðuneytið mun fyrir sitt leyti í samráði við þá aðila sem hér hafa mestra hagsmuna að gæta vinna að slíkum hugmyndum. Og ég vona að þegar þar að kemur geti tekist góð samstaða um þá skipan mála hér í þinginu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Skuldastaða heimilanna.

Beiðni GÁ o.fl. um skýrslu, 280. mál. — Þskj. 356.

[18:01]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Beiðni leyfð með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 18.03.

56. FUNDUR

föstudaginn 10. des.,

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, frv., 279. mál, þskj. 354. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 316. — Frh. 1. umr.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Frv. sjútvn., 279. mál (síldveiðar umfram aflamark o.fl.). — Þskj. 354.

[18:03]

Of skammt var liðið frá 1. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

28 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

28 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

27 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 35:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JE,

JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

nei: KHG.

27 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 18.06.

---

57. FUNDUR

föstudaginn 10. des.,
að loknum 56. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, frv., 279. mál, þskj. 354. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 316. — Frh. 1. umr.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Frv. sjútvn., 279. mál (síldveiðar umfram aflamark o.fl.). — Þskj. 354.

[18:07]

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

28 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JE, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, REl, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

26 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, ISG, IP, JóhS, JBH, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 358).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, frh. 1. umr.

Stjfrv., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 316.

[18:09]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þannig var að ég þurfti að bregða mér aðeins frá seinni partinn og komst því ekki að áður en hæstv. menntmrh. tók til máls til að svara hv. þm. og hann var nú svo tillitssamur að taka það sérstaklega fram að hann vissi hvað ég ætlaði að segja og gæti þess vegna svarað mér líka án þess að ég hefði flutt mitt mál. Það er nú kannski ekkert ólíklegt að hæstv. ráðherra hafi farið eitthvað nærri um það því að það mál sem hér er til umræðu og ég ætla sérstaklega að gera að umræðuefni hefur komið á dagskrá hv. Alþingis tvisvar sinnum áður og er því einn af þessum gömlu kunningjum.

Ég ætla ekki að flytja langt mál núna því að mér finnst það ekki svara miklum tilgangi að flytja sömu ræðuna ár eftir ár því að það virðist ekki bera mikinn árangur miðað við það að málið birtist alltaf á nýjan leik. En mér þykir það leiðinlegt að hæstv. menntmrh. skyldi svíkja það sem ég tel að hann hafi lofað foreldrum í landinu að þetta mál kæmi ekki fram nema einu sinni en önnur er nú raunin.

En það sem mér fannst athyglisvert við ræðu hæstv. menntmrh. þegar hann svaraði hér áðan var það að hann var að mér heyrðist svo sannfærður um að hann væri að gera góða hluti með því, eins og hæstv. ráðherra kallaði það, að hagræða í skólakerfinu. Ég lít allt öðruvísi á þetta mál. Mér finnst að þarna sé ekki um hagræðingu að ræða upp á 160 millj. nema þá að ákaflega litlu leyti heldur sé þetta fyrst og fremst skert þjónusta við grunnskólanemendur í landinu og afleiðingarnar eru ekki skemmtilegar. Mér finnst einhvern veginn eins og hæstv. menntmrh. viti ekki nógu mikið um það hverjar þær eru. Og það er kannski enn eitt

dæmið um það að hæstv. ríkisstjórn er í eins konar sérheimi og fylgist ekki með þegnum þessa lands.

Það hefur verið fækkað bekkjardeildum mjög mikið eins og hefur komið hér fram hjá hv. 18. þm. Reykv. og í litlu skólunum hér í Reykjavíkurborg þýðir þetta það að þrengslin eru slík í bekkjardeildunum að það er hreint með ólíkindum. Það hefur ekkert tillit verið tekið til þess hversu stórar skólastofurnar eru þegar verið er að hrúga börnunum inn í bekkina. Og nú veit ég að einhverjir segja sem svo að börnin hafi verið svo mörg í bekkjunum hérna á árum áður og þess vegna eigi þetta eins að geta gengið núna, en þá ber þess að geta að það eru ýmis tæki sem nú eru komin inn í skólastofurnar sem ekki voru til í gamla daga og auk þess fer kennsla öðruvísi fram. Í þriðja lagi mætti nefna það að nú eru börnin með svo stórar skólatöskur og þær taka líka sitt plass. — Og hlustar nú hv. þm. Björn Bjarnason á og situr hann í hv. menntmn. og væntanlega gerir hann sér grein fyrir þessu alvarlega ástandi sem er hér í Reykjavíkurborg í mörgum skólum.

Þetta er sem sagt mál sem búið er að margtyggja hér og hæstv. ráðherra setur bara í hnakkann og telur að hann sé að hagræða fyrst og fremst, en ég vildi spyrja eftir því, hæstv. forseti: Hvenær fær hv. Alþingi að fjalla um skólamál á jákvæðan hátt? Það finnst mér vera kannski stóra málið. Mér finnst ákaflega leiðinlegt að þurfa að vera hér með úrtölur og flytja þessar svartnættisræður um skólann því að það getur haft alvarlegar afleiðingar líka að gera of mikið af því, en ég hlakka mikið til þess að fá að tala um skólann, um uppbyggingu skólans á Íslandi á jákvæðan hátt og hafandi þá fyrir framan mig frv. sem tengist skólamálum á jákvæðan hátt., en því miður hafa þau frumvörp sem lögð hafa verið fram í tíð þessarar ríkisstjórnar yfirleitt öll verið á hinn veginn.

Nú veit ég að það er starfandi nefnd á vegum hæstv. menntrh., svokölluð 18 manna nefnd, sem er væntanlega að vinna að frumvarpsgerð sem tengist skólanum og það hefur verið boðað að þau mál komi hér fram í vetur og við skulum vona að það standist. En við sem sitjum í hv. menntmn. fyrir stjórnarandstöðuflokkana vitum ákaflega lítið um hvað þar gerist og ég held það hefði nú verið vitlegt að kynna hv. menntmn. það sem er að gerast í þessari nefnd og það gæti jafnvel flýtt fyrir þegar málin koma til umfjöllunar í þinginu ef við sem þar sitjum erum kunnugri því sem þarna fer fram heldur en raun ber vitni. Ég hefði fellt mig betur við það ef hæstv. menntmrh. hefði sagt að því miður væru erfiðleikar í okkar efnahagsmálum og þess vegna þyrftum við að þola það núna í einhver örfá ár að draga saman í menntamálum en úr því yrði bætt síðar, en miðað við hans ræðu er ég þeirrar skoðunar að það sé ekki meiningin að bæta mikið úr því að hæstv. ráðherra talaði fyrst og fremst um hagræðingu sem væri bara af hinu góða.

Nú er ég þeirrar skoðunar að það þurfi að gæta aðhalds í ríkisfjármálum og raunar hef ég áhyggjur eins og aðrir af miklum halla á fjárlögum. En það má líka velta því fyrir sér hvers vegna ástandið er eins og það er í þessu þjóðfélagi. Ekki er að sjá að hallæri sé svo óskaplega mikið af náttúrunnar völdum því að þegar skoðað er verðmæti afla upp úr sjó á síðustu árum, þá hefur hann aldrei verið meiri en á árinu 1991 og reyndar eitthvað minni 1992, en þó eru þetta einhver bestu ár ef skoðað er 20 ára tímabil og raunar þá má segja öll okkar saga. Þannig að ekki er þetta ástæðan og þess vegna veltir maður því fyrir sér hvort ástæðan sé kannski fyrst og fremst af manna völdum og þá nánar tiltekið af ríkisstjórnar völdum og þær úrtölur sem hæstv. ríkisstjórn hefur haft hér uppi valdi því að einstaklingar treysta sér ekki í framkvæmdir og það er dreginn allur kjarkur úr þjóðinni. Þetta sýnir sig t.d. þegar skoðaðar eru fjárfestingar á Íslandi sem eru komnar niður í um 15% af landsframleiðslu, ef ég man rétt, en voru hér á árum áður náttúrlega svo miklu meiri og þegar miðað er við OECD-löndin, þá er þar meðaltalið 22% þannig að við erum komin neðar en við höfum nokkrum sinnum verið síðan fyrir seinni heimsstyrjöld. Og þetta kemur náttúrlega fram í minnkandi þjóðartekjum og minnkandi tekjum ríkissjóðs sem síðan veldur því að hallinn er mikill og ríkisstjórnin bregst þannig við að draga saman í ýmsum geirum velferðarkerfisins sem við fulltrúar Framsfl. höfum áhyggjur af og teljum að geti skaðað það til lengri tíma litið þó svo að þjóðin yrði nú svo lánsöm að losna við þá hæstv. ríkisstjórn sem nú situr við næstu kosningar.

[18:18]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fór nú svona líkt og ég spáði að ég mundi vita hvað hv. þm. mundi segja. Einkum kom það fram sem áður hafði komið fram að það væri verið að hrúga í bekki og þess háttar, en það kom eitt nýtt sem ég ekki áttaði mig á að mundi koma fram í ræðu hv. þm. og sem ég var mjög feginn að heyra. Það var spurningin um hvenær Alþingi fengi að fjalla um skólamál á jákvæðan hátt.

Ég vona að það geti orðið alla vega á vorþinginu og ég vona sem fyrst eftir að þing kemur saman á nýju ári. Þá vona ég að við getum fjallað um ný frumvörp til grunnskólalaga og framhaldsskólalaga og raunar leikskólalaga líka og ég trúi því og treysti að sú umræða verði jákvæð. Sannleikurinn er sá að það hefur nefnilega farið fram mjög jákvæð umræða um skólamál á undanförnum mánuðum og allt þetta ár frá því að áfangaskýrsla menntastefnunefndar eða 18 manna nefndarinnar kom út í janúarmánuði sl. Ég vænti þess að sú jákvæða umræða nái hér inn á hv. Alþingi þegar lokaskýrsla nefndarinnar hefur borist sem verður væntanlega nú fyrir jól, þá verður málið kynnt þeim fjölmörgu aðilum sem hlut eiga að máli og þeir eru margir.

Hugmynd hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um að kynna málið fyrir hv. menntmn. finnst mér allrar athygli verð. Ég held að það geti verið mjög gagnlegt að lokaskýrsla nefndarinnar verði kynnt sérstaklega fyrir menntmn. Ég held að það sé hið besta mál eins og lokaskýrslan verður kynnt fyrir samtökum, kennara,

foreldra og fjölmörgum öðrum sem þarna eiga að koma að verki og þá er ég að tala um kynningu áður en frumvörpin verða fullfrágengin í ráðuneytinu. Ég mun taka það til sérstakrar athugunar og treysti því að jákvæð umræða komist hér inn á Alþingi líka eins og hún hefur verið að því er ég vil ætla úti í þjóðfélaginu.

[18:21]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir góðar undirtektir við þeirri hugmynd minni að hv. menntmn. fái að fjalla um nýja stefnu í menntamálum, því að sannleikurinn er sá að nefndin hefur ósköp lítið að gera. Það er nú kannski ekki vaninn að kvartað sé yfir því hér á hv. Alþingi svona rétt fyrir jólin að það sé lítið að gera en það hefur ekki verið mikið um það að hæstv. menntmrh. hafi lagt fram þingmál á haustþingi til þess að fjalla um í menntmn. og þess vegna hefði nefndin haft góðan tíma til að velta þessum málum fyrir sér.

En mig langar að spyrja hæstv. menntmrh. hvort það sé byggt á þeim grunni hvað varðar kostnað við grunnskólann að hann sé eitthvað svipaður og gert er ráð fyrir í þeim grunnskólalögum sem samþykkt voru 1991 eða hvort hann er frekar nær því að vera kostnaður við grunnskólann eins og hann er samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu. Verða þessar 160 millj. með í nýja frv. eða ekki?

[18:23]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst vegna þess að lítið sé að gera í menntmn. Mér er alveg ljóst að ég hef ekki með frumvarpaflutningi íþyngt starfi menntmn., mér liggur nú við að segja því miður, en ég vissi það áður en þing hófst að frumvörp þau sem ég hyggst flytja á þessu þingi yrðu vart tilbúin fyrr en á síðari hluta þings.

Spurningin um á hvaða grunni verður byggt, að því er ég skildi hv. þm., þegar ákveðið verður hvaða fé sveitarfélögin fá til þess að taka við grunnskólanum að fullu og öllu, þá verður að sjálfsögðu metið hvað það kostar að framfylgja nýjum grunnskólalögum, ekki þeim sem nú eru í gildi heldur samkvæmt nýjum lögum. Það hlýtur að verða viðmiðunin. Ef við værum hins vegar að yfirfæra tekjustofna sem svöruðu til núgildandi grunnskólalaga, þá yrðu þessar 160 millj. að sjálfsögðu með í matinu. En það verður ekki það sem við komum til með að miða við. Það liggur held ég alveg í augum uppi að það verður að meta hvað ný grunnskólalög kosta í framkvæmd að fullu og öllu og það verður sú yfirfærsla sem þarf að eiga sér stað á tekjustofnum til sveitarfélaganna þegar þau hafa tekið við grunnskólanum að fullu og öllu, væntanlega 1995.

[18:24]

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég ætla að vita hvort hæstv. landbrh. er hér viðstaddur.

(**Forseti** (PJ)): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að leita eftir því að hæstv. landbrh. gangi í salinn. Það er óskað eftir hæstv. landbrh.)

Herra forseti. Ég lýsti yfir andstöðu minni á þeim nýju álögum á landbúnaðinn sem eru lagðar á samkvæmt þessu frv. og ræddi sérstaklega um 5.–7. gr. Ég taldi að það væri aldrei síður en nú að leggja nýjar álögur á landbúnaðinn vegna þess hve aðstæður væru erfiðar og einnig vegna alþjóðasamninga og innti hæstv. ráðherra þá eftir hvernig staða væri í GATT-málum þar sem nú væri verið á lokaspretti samninga. Þá kom það fram hjá hæstv. ráðherra að ríkisstjórnin hefði fallið frá magntakmörkunum við innflutning búvara og þar með eru að engu orðnar þær kröfur sem ríkisstjórnin gerði um það að tekið yrði tillit til þess að hér hafa allar útflutningsbætur verið afnumdar og það hefur hvergi verið gert í öðrum löndum. En ég vil til viðbótar því sem ég sagði áðan spyrja hæstv. ráðherra að því hvort það hafi verið metið hvaða afleiðingar það hefði fyrir íslenskan landbúnað annars vegar að hækka lágmarksprósentu fyrir aðgang að búvörum og hins vegar að fella niður magntakmarkanir og þá jafnframt hvaða afleiðingar hæstv. ráðherra telji að það hafi fyrir íslenskan landbúnað ef svo fer að samningur verði gerður án þess að magntakmarkanir verði okkur heimilar. Jafnframt vil ég láta í ljós undrun mína á því að þarna hafi ríkisstjórnin í svo veigamiklu atriði fallið frá skilyrðum sínum án þess að hafa neitt samband eða samráð hvorki við hagsmunaaðila, utanrmn. né landbn. Alþingis.

Ég gagnrýndi það í umræðum fyrr á þessu þingi að verið væri að taka ákvarðanir án þess að þess væri gætt að hafa slíkt samráð en þá sagði hæstv. landbrh. í ræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„En ég held að hitt sé alveg ljóst að eins og landbn. hefur haldið á þessum málum frá öndverðu hefur ekki svo mér sé kunnugt verið gerð nein tilraun til að leyna upplýsingum, hvorki fyrir hagsmunaaðilum“ — ég tek það svo að þar sé átt við bændastéttina — „né stjórnarandstöðu.“

Er hér ekki verið að leyna hlutum þegar svo örlagaríkar ákvarðanir eru teknar án þess að þessum aðilum sé sagt það fyrir fram að stefnubreyting hafi orðið hjá hæstv. ríkisstjórn? Og af hverju var ekki hægt að láta þessa aðila fylgjast með málum og fá þá afstöðu þeirra? En ég tel að ef það hefði fengist hefði það verið styrkur fyrir hæstv. landbrh. Og þá sýnist mér nú eftir að þetta er farið að harla lítið sé eftir af því sem sagt var að hæstv. landrh. hefði verið að togast á við hæstv. utanrrh. um áður en tilboðið var sent út á sl. hausti.

[18:31]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ástæða þess að ég kvaddi mér hljóðs að nýju var sú ræða sem hæstv. menntmrh. flutti hér fyrr í dag, og ég vildi gjarnan að honum yrði gert viðvart. — Hann er kominn þarna.

Það er tæplega ástæða til að lengja þessa umræðu mikið meira en orðið er. Við munum taka þessi mál til athugunar í efh.- og viðskn. og þaðan verða hinir einstöku kaflar frv. væntanlega sendir til þeirra nefnda

sem þeir heyra undir. En vegna þess hvernig hæstv. menntmrh. hagaði orðum sínum í dag, þá get ég ekki látið hjá líða að fara nokkrum orðum um ræðu hans.

Hæstv. menntmrh. spurði hvaða skaði væri skeður, hvaða voðaverk hefðu verið unnin. Og það er kannski mergurinn málsins að við þurfum að kanna áhrifin af aðgerðum eins og þeim sem gripið hefur verið til hér á undanförnum árum og á nú að fara að framlengja í þriðja sinn. Ástæðan fyrir því að okkur stjórnarandstæðingum er svo meinilla við þessar aðgerðir er auðvitað sú að við höfum áhyggur af þróuninni í grunnskólum landsins. Það er ekki af þeirri ástæðu einni að við séum að gagnrýna ríkisstjórnina, heldur er hér um viðkvæmar stofnanir að ræða, stofnanir sem eru undirstaða í okkar þjóðfélagi, stofnanir sem eiga að byggja upp fyrir framtíðina og þess vegna þarf að halda þar mjög vel á málum.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir spurði: Hvenær skyldi sá dagur koma sem við gætum átt hér jákvæðar umræður um skólamál í landinu? Vonandi gerist það fljótt því að skólamál eru afar spennandi málaflokkur, en aðgerðir hæstv. menntmrh. í því að láta endurskoða bæði lögin um grunnskóla og lögin um framhaldsskóla sýna auðvitað að honum fannst eitthvað vera að. Það var eitthvað að. Við vitum öll að það er ýmislegt að í okkar skólakerfi. Það skilar því miður ekki nógu góðum árangri og allar þær kannanir sem hafa verið gerðar á undanförnum árum á stöðu barna hér í okkar landi sýna að þar eru ýmis vond teikn á lofti.

Við höfum séð kannanir um að það eru til hér því miður vegalaus börn, það eru vannærð börn, það eru börn sem búa við félagslega erfiðleika af ýmsu tagi og það er hópur barna sem á við námsörðugleika að stríða. Það er nú einu sinni svo að samfélagið allt ber ábyrgð á börnunum. Það er ekki einkamál foreldra hvernig búið er að börnum, sem betur fer því að því miður búa allt of mörg börn við of slæman aðbúnað og þar verður samfélagið að grípa inn í. Það bitnar á samfélaginu öllu ef illa er búið að börnum. Þarna kemur grunnskólinn auðvitað inn í á mjög afdrifaríkan hátt og reyndar framhaldsskólinn líka, þessi tvö skólastig skipta gríðarlega miklu máli og það skiptir miklu að í grunnskólunum sé hægt að fylgjast með vellíðan barna og að aðstoða þau og hjálpa þeim áfram til þroska sem er auðvitað eitt meginhlutverk skólans. Þess vegna er það gríðarlegt áhyggjuefni þegar kennslustundum er fækkað með þeim hætti sem gert hefur verið, þegar nemendum er fjölgað í bekkjum eins og gert hefur verið og þegar kennarar, hvort sem þeir hafa full réttindi eða eru leiðbeinendur, missa vinnu sína. Það er auðvitað rétt sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. að sem betur fer hafa menntaðir kennarar snúið aftur til starfa í skólunum, fólk sem hafði áður verið úti á hinum almenna vinnumarkaði. En það breytir ekki því að samkvæmt tölum fjmrn. voru, svo að ég hafi það nú rétt, voru 79 kennarar á atvinnuleysisskrá á sl. ári og það er nokkuð stór hópur. Það er býsna stór hópur.

Eins og ég nefndi tel ég að það sé ákaflega brýnt að kanna afleiðingarnar af þessum niðurskurði því að þetta er niðurskurður. Það kemur fram í frv. sjálfu að kennslustundafjöldinn er ekkert í líkingu við það sem ætti að vera að óbreyttum lögum. Nú hef ég ekki þessar tölur hérna með mér en ég nefndi þær í fyrri ræðu minni. Það kemur líka fram í svari frá menntmrn. um niðurskurð kennslustunda við fyrirspurn sem Svavar Gestsson lagði fram á síðasta þingi að þessi niðurskurður á kennslustundum er verulegur. Samkvæmt þessum upplýsingum á þskj. 225 frá 116. löggjafarþingi munaði hvorki meira né minna en 1.038 kennslustundum milli áranna 1991 og 1992. Niðurskurðurinn var upp á 1.038 kennslustundir. Og aðeins tveimur kennslustundum minna á Reykjanesi. Í þessum tveimur fræðsluumdæmum er að finna stærstu og fjölmennustu grunnskóla landsins þannig að ég held að við þurfum ekki að deila um það að þessi niðurskurður hefur átt sér stað. Deiluefnið snýst kannski um það hverjar eru afleiðingarnar. Er verið að skaða skólakerfið eða ekki? Ég er þeirrar skoðunar að þarna hafi verið unninn mikill skaði og hann felst kannski ekki síst í því óöryggi sem er skapað með þessum hætti. Þarna er á ferðinni nákvæmlega það sama og í heilbrigðiskerfinu að þegar fólki, sem vinnur í stofnunum sem eru sveltar, er gert að skera enn þá meira niður, þá skapar það óöryggi og vanda af ýmsu tagi.

Ég ætla ekki að eyða fleiri orðum í grunnskólann, en það gildir það sama um annan þátt sem fléttaðist hér inn í umræðuna og er Lánasjóður ísl. námsmanna. Þar vantar okkur auðvitað könnun á því hvað hefur gerst í raun og veru. Það kemur fram í gögnum frá stjórn og framkvæmdastjóra lánasjóðsins sem hann lagði fram á fundi menntmn. nú fyrr í haust, eins og reyndar kom fram á fundi menntmrh., að lánþegum hefur fækkað verulega en námsmönnum hefur heldur fjölgað.

Það kom fram hjá stjórnarmönnum LÍN að námsmönnum erlendis hefur fækkað nokkuð. En þá er spurningin sem vaknar: Hvernig fjármagna þeir nemendur sem ekki sækja um lánin, hefðu sótt um lán að óbreyttum lögum, hvernig fjármagna þeir sitt nám? Hverjir eru það sem eru að borga? Eru það foreldrarnir? Eru þessir nemendur að vinna með námi og ef þeir eru að vinna með námi, þá segir það mér að það mun taka þá lengri tíma að ljúka námi. Og hvað kostar það? Hvað kostar það t.d. í Háskóla Íslands? Það leiðir eitt af öðru og menn verða að horfa á afleiðingarnar. En vissulega hefur sá tilgangur náðst að skera niður fjárveitingar til sjóðsins og draga úr lánsþörfinni vegna þess að lánþegum hefur fækkað. Við höfum m.a. fengið dæmi um það frá fulltrúum námsmanna í stjórn lánasjóðsins sem hafa skoðað þessi mál niður í kjölinn að það hefur fækkað, það er einn hópur sem sker sig nokkuð úr og það eru einstæðar mæður. Einstæðum mæðrum hefur fækkað í hópi lántakenda og það hlýtur að ráðast af því að sá hópur sér væntanlega ekki fram á það að geta borgað þessi lán að námi loknu.

Það kom líka fram á fundinum með fulltrúum lánasjóðsins, sem er afar athyglisverð staðreynd, að þeir búast við því að umsóknum fari að fjölga aftur. Það mátti auðvitað við því búast að fyrstu viðbrögðin yrðu nokkuð mikil og að umsóknum mundi fækka í kjölfar

þeirrar miklu umræðu sem átti sér stað um lánasjóðinn, en það má líka búast við því að þau áhrif fjari út að einhverju leyti svo framarlega sem nemendur líta ekki þannig á að þeir geti ekki borgað þessi lán og það þýði ekki fyrir þá að taka lánin.

Inn í þetta blandast líka spurning um hlutfall milli þeirra sem ljúka námi í framhaldsskólum og atvinnuleysið sem auðvitað leiðir það af sér að fólk fer þá heldur í skóla. En þessum spurningum þurfum við að fá svar við til að geta áttað okkur áhrifum þessara breytinga, en eins og ég sagði er alveg ljóst að lánþegum hefur fækkað, fjárþörf sjóðsins fer minnkandi, sérstaklega ríkishlutinn þó að það þurfi enn að taka mikil lán og það bæði lán á erlendum og innlendum markaði til þess að fjármagna afborganir eldri lána.

Enn eitt atriði sem ég ætla að koma hér inn á vegna ræðu hæstv. menntmrh. er mál sem ég hef rifist mikið við hann um hér og það eru skólagjöldin, hin svokölluðu skólagjöld. Staðreyndin er sú að það er alveg greinilegt að við leggjum ekki sama skilning í orðið skólagjöld. Það sem ég á við þegar ég segi að skólagjöld hafi ekki tíðkast í íslensku skólakerfi þar til ríkisstjórninni tókst að knýja það í gegn í fyrra er það að hingað til hafa nemendur í ríkisskólunum, hvort sem við erum að tala um framhaldsskólana eða skóla á háskólastigi, ekki tekið þátt í rekstri skólanna nema með örfáum undantekningum sem ég hef reyndar ekki fundið. Ég hef ekki fundið þessar undantekningar því að þegar þetta mál var hér í undirbúningi, þá hringdum við nokkrir þingmenn í hvern einasta framhaldsskóla á landinu. Nú hristir hæstv. menntmrh. hausinn og þá kemur kannski að því hvaða skilning hann leggur í orðið rekstur, en eins og ég þekki þetta mál, þá var staðreyndin sú að það voru innheimt gjöld af nemendum sem fóru fyrst og fremst í félagsstörf nemenda. Það var tekin örlítil upphæð í pappírskostnað og síðan var það mjög algengt, ég veit ekki hvort það hefur breyst, að skólarnir lögðu til hliðar í sjóð til þess líka að styrkja félagsstörf nemenda af ýmsu tagi, leiksýningar, kóra og fleira slíkt. En beinn rekstur, þ.e. það að borga kennslu eða kaupa kennslutæki, fjármagna þrif eða annað slíkt, ég veit ekki til þess að nemendur hafi greitt það. Það eru þá nýjar upplýsingar fyrir mig ef svo hefur verið. (**Menntmrh.:** Ég hef aldrei sagt að þeir hafi greitt kennslulaun.) Nei, það er spurningin hvað við eigum við með hugtakinu rekstur, en það sem gerðist í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar hafa verið á lögum um nokkra skóla er að nú eru innheimt gjöld að ákveðinni upphæð og skólanum er í rauninni gert að afla þessara gjalda. Og við höfum haft dæmi um það hér í þessari fjárlagaumræðu sem fjárln. reyndi að leiðrétta, og ég á reyndar eftir að fara ofan í og athuga hvort dugar, en það voru dæmi um það með Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu, að honum var gert að afla sértekna sem voru ekki í nokkru samræmi við nemendafjöldann í skólanum, ekki í nokkru samræmi ár eftir ár. En núna leiðrétti fjárln. þetta að hluta til og mér leikur hugur á að vita hvort hlutirnir séu með eitthvað svipuðum hætti og þar þó að ég hyggi að það hafi nú verið undantekning því að sá skóli var rekinn með lánum og yfirdrætti sem er náttúrlega aldeilis furðulegt í íslensku skólakerfi.

En þarna hefur orðið breyting á og það sem er að gerast er að þarna er verið að opna fyrir þá leið að afla eða taka þjónustugjöld, sérgjöld af nemendum til þess að kosta skólastarfið. Við skulum bara nota orðið skólastarf sem er mjög vítt hugtak. Þeir hafa hingað til borgað sína eigin félagsstarfsemi og þeir hafa lagt í sjóði til styrktar kórum og leikfélögum. Og eins og tíðkaðist í þeim skóla þar sem ég kenndi, þá var alltaf lögð til hliðar upphæð sem nam einum leikhúsmiða fyrir hvern nemanda til þess að tryggja það fyrir fram að allir kæmust a.m.k. einu sinni í leikhús. En það hefur ekki tíðkast svo mér sé kunnugt að gjöld frá nemendum hafi verið notuð í almennan rekstur skólanna. En hæstv. menntmrh. getur kannski skýrt það betur hér hvað þarna er á ferðinni. Ég hef ekki tíma til að fara að rekja dæmið um Háskóla Íslands þar sem tekin var upphæð af nemendum sem dugði ekki einu sinni fyrir þeim pappírum sem nemendur fengu. Ef ég man rétt voru það 2.000 eða 2.700 kr. áður en skólagjöldin voru hækkuð upp í 17 þús. kr. En það sem áður var inni dugði ekki einu sinni fyrir þessum pappírum, þ.e. kennsluskrá, háskólapassa og ýmsu sem þeir fengu og var þá hreint og klárt pappírsgjald.

Tækniskólinn kemur inn í þetta dæmi og ég ætla ekki að fara að rekja það aftur en vil hins vegar nota tækifærið og spyrja hæstv. menntmrh. hvernig á því stendur að fjárframlög til Tækniskólans eru skorin allverulega niður í fjárlagafrv., meira en til annarra skóla. Það segir í greinargerð fjárlagafrv. að hann eigi að ná þessum sparnaði með niðurskurði á kennslu. Ég hef heyrt það úr Tækniskólanum og þar eigi menn ekki annarra kosta völ en einfaldlega að fækka nemendum. Þeir munu bregðast við þessu með því að fækka nemendum. Og það tel ég ekki vera góðan kost ef við tökum mið af því hvernig tæknimenntun er háttað hér á landi og hvílík gífurleg þörf er á því að efla tækni- og verkmenntun.

Það vakti athygli mína í ræðu hæstv. menntmrh. þar sem hann var að fjalla um þennan 100 millj. kr. sparnað sem á að nást á fræðsluskrifstofunum og fleiri liðum. Hann nefndi þar safnlið og mér þætti afar fróðlegt að vita hvernig fræðsluskrifstofurnar eiga að ná þessu því að ég veit ekki betur en að þær séu sveltar líka eins og aðrar stofnanir menntakerfisins.

Að lokum, virðulegi forseti, ætla ég aðeins að nefna skólamáltíðirnar sem að mínum dómi er afar brýnt mál að komist á. Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni, þá skil ég ekki hvers vegna löggjafinn, meiri hluti Alþingis getur ekki einfaldlega gefið sveitarstjórnunum frelsi til þess að ráða því hvort komið verður á skólamáltíðum eða ekki. Það hefði verið langeinfaldast því að ríkið ber ekki af þessu kostnað. Ríkið ber ekki kostnað af skólamáltíðunum heldur sveitarfélögin og þar af leiðandi væri einfaldast bara að gefa þeim frelsi og vera ekki að nema þetta lagaákvæði úr gildi með þeim hætti sem gert er. Við hefðum frekar átt að breyta lagaákvæðinu og gefa sveitarfélögunum frelsi vegna þess að það sem gildir er að löggjafinn lýsi yfir

þeim vilja sínum að skólamáltíðum sé komið á, það sé eitt af þeim markmiðum sem við eigum að setja okkur hér í skólamálum að börn fái mat í skólunum og það sé þannig tryggt að hér séu ekki vannærð börn í grunnskólum landsins eins og því miður eru dæmi um. Og ég vil leggja það til við hæstv. menntmrh. að við sameinumst um að breyta þessu og gefa sveitarfélögunum frelsi.

[18:51]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vegna ummæla hv. 2. þm. Suðurl. vil ég taka eftirfarandi fram:

Í fyrsta lagi liggur fyrir nýr texti varðandi landbúnaðarkaflann í Úrúgvæ-viðræðunum og eftir þeim upplýsingum sem ég hef og samkvæmt upplýsingum samninganefndarmanna verður að líta á þann texta sem nánast endanlega gerð samningsins því að hann er niðurstaða úr samningaumleitunum formanns hóps sem fjallar um markaðsaðgang, G. Denis, á seinustu vikum. Textinn er byggður á drögum að lokaskjali Úrúgvæ-viðræðnanna frá desember 1991 að teknu tilliti til samkomulags Bandaríkjanna og Evrópubandalagsins frá því í nóvember og samkomulags þeirra í Brussel í þessari viku.

Samkvæmt þessum texta er enn staðfest það sem fyrr hefur oft komið fram að ekki verða veittar varanlegar undanþágur frá tollígildum heldur er einungis veittur möguleiki á frestun frá því að taka hana upp, en þá er það gert með mjög ströngum skilyrðum. Frestunarvalkosturinn sem gjarnan er kenndur við Japan felur í sér eins og fastanefnd Íslands hefur áður skýrt frá að beita megi magntakmörkunum í sex ár, en þá gegn því að heimila aukinn lágmarksaðgang að lágum tollum fyrir viðkomandi vörur sem væru 4% í upphafi í 8% við lok aðlögunartímans í stað 3% og 5% eins og áður hefur verið talað um. Hvaðeina sem gerist þar á eftir miðast við að viðhalda þeim lágmarksaðgangi, 8% sem þannig hefur verið veittur. Það hefur verið talið að Suður-Kórea muni telja þessa leið henta sér, sömuleiðis jafnvel Japan og kannski Sviss. Á hinn bóginn er talið ljóst og ég hef fyrir því upplýsingar að Noregur telji þessa leið ekki færa. Ástæðan er sú að við höfum talið, og ég hygg að um það séum við í landbrn. sammála bændasamtökunum, að höfuðhættan sem við stöndum frammi fyrir nú sé lágmarksaðgangurinn og af þeim sökum höfum við látið í ljósi þá skoðun og látið tilkynna það að við munum ekki nýta okkur það að halda lágmarksaðgangi í sex ár, þ.e. að fá heimild til magntakmarkana í sex ár, ef það hefur í för með sér varanlega hækkun eða aukinn lágmarksaðgang og ég hygg að hv. þm. sé mér sammála um það.

Ég vil einnig taka fram af því að hv. þm. taldi að íslenska ríkisstjórnin hefði hopað eða gefið eftir í sambandi við fyrri kröfur, þá hefur það verið misskilningur. Ég veit ekki hvort ég hef mismælt mig í fyrri ræðu minni en málið er ekki þannig vaxið. Um þessar mundir er staðan þannig að nokkur þeirra landa sem óskað hafa eftir undanþágu frá allsherjartollígildun munu velja frestunarleið eins og ég sagði, en Noregur — hér er ég raunar að tala um 8% leiðina og greip á vitlausum stað niður. — Eins og sakir standa núna höfum við tilkynnt að Íslendingar vilji halda við kröfuna um undanþágu ásamt Norðmönnum. Það er sú krafa sem við höfum sett fram. Við höfum ekki fallið frá henni enn sem komið er og teljum að okkur sé enn þá stætt á því að halda við kröfuna. Við höfum á hinn bóginn hafnað því að lágmarksaðgangur verði hér 4–8%. Þannig standa málin. Það er stöðugur þrýstingur og vaxandi úr öllum áttum að ljúka þessari samningagerð og við hljótum að verða að taka afstöðu til hennar. Það hefur verið gerð athugun á því hvað það mundi þýða ef ekki yrði fallist á magntakmarkanir. Þjóðhagsstofnun vann þá skýrslu og ég gerði mjög rækilega grein fyrir henni við setningu búnaðarþings 1992 og var skýrslan þá lögð fram og ég fer áreiðanlega rétt með það að talið var að á samningstímanum mundu íslenskar landbúnaðarvörur, og þá vorum við að tala um mjólk og kjötvörur, halda markaðshlutdeild sem væri yfir 90% og ég sé enga ástæðu til þess að ætla að forsendur þeirrar úttektar hafi breyst og veit raunar ekki til þess að þær hafi verið vefengdar.

Þetta eru málin eins og þau standa núna. Það er enginn að gefa eitt eða neitt eftir. Þróunin í umræðunum hefur haldið áfram í samræmi við það sem talið hefur verið og í samræmi við það sem bændasamtökin og allir sem að málinu hafa komið hafa sagt.

[18:57]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka landbrh. fyrir þær upplýsingar sem hann hefur veitt, en ég vil leyfa mér, virðulegi forseti, að varpa því fram hér hvort það hefði ekki verið útgjaldalaust af hálfu ríkisstjórnarinnar að láta nefndir þingsins fylgjast með framvindu málsins. Það vekur alltaf tortryggni, þessi háttur sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur á, að láta helst ekki vita um nokkra svona hluti fyrr en þá eftir á og það er að mínu mati óskiljanlegt hvernig á því stendur að ríkisstjórnin kýs ekki að hafa í svo veigamiklum málum nánara samstarf við nefndir þingsins, landbn. og utanrmn. En yfirleitt ganga hlutirnir þannig fyrir sig og hafa gert í haust að við þingmenn í viðkomandi nefndum erum að frétta af breytingum og vendingum í málinu utan að okkur og það kann ekki góðri lukku að stýra að mínu mati.

[18:58]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt sem hv. þm. segir að við höfum löngum verið um það vændir að leyfa stjórnarandstöðu ekki að fylgjast með. Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að ég telji að þetta sé algerlega ómaklegt. Það er á hinn bóginn rétt að atburðarásin er mjög hröð núna um þessar undir og auðvitað er sjálfsagt að kynna nefndum þingsins þessi mál um leið og endanleg gögn liggja fyrir og málið hefur fengið fasta mynd.

[18:59]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú staðfesti hæstv. ráðherra orð

mín í fyrra andsvari mínu þegar hann lauk máli sínu með því að tilkynna að það væri sjálfsagt að tilkynna nefndum þingsins um málið þegar endanleg niðurstaða lægi fyrir. Það er, hæstv. ráðherra, að mínu mati ekki að láta nefndir þingsins fylgjast með. Ég veit ekki hvernig hæstv. ráðherra ætlar að komast hjá því yfir höfuð að nefndir þingsins frétti af málinu þegar endanleg niðurstaða liggur fyrir. Um það snýst málið ekki. Og, virðulegur forseti, ég verð því miður að segja að með orðum sínum nú staðfesti hæstv. ráðherra þá gagnrýni sem við fulltrúar í landbn. höfum haldið uppi varðandi framgang þessa máls.

[19:00]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir upplýsingar sem hann gaf hér til viðbótar því sem áður var. Það er ekki staður né stund til þess að ræða þetta öllu ítarlegar núna og allra síst í stuttu andsvari, en ég held að það hafi komið glöggt fram í hans fyrri orðum hér í umræðunni í dag að það hefði verið um tvo kosti að velja, annaðhvort að halda magntakmörkunum og þá ekki nema í sex ár og þá að hækka lágmarksaðganginn eða hækka ekki lágmarksaðganginn og halda magntakmörkunum. Ég gat a.m.k. ekki skilið það á annan hátt og það hafi verið ákveðið að velja þá leið að hækka ekki lágmarksaðganginn. Ég er út af fyrir sig ekkert að dæma um það hér að það hafi verið rangt, en það sem ég gagnrýni enn og það sem kom fram í andsvörum hæstv. ráðherra nú síðast er að hafa ekki samráð við hagsmunaaðila eða nefndir þingsins. En væntanlega verður þetta mál rætt frekar hér áður en langt um líður og þá í betra tómi.

Útbýting þingskjals:

Fjárfesting er erlendra aðila í atvinnurekstri, 281. mál, frv. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 357.

[19:02]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Þetta verða aðeins örfá orð. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir lýsti áhyggjum sínum af þróuninni í málefnum grunnskólans. Hv. þm. er ekki ein um það að hafa áhyggjur af grunnskólanum og ég trúi því ekki að þær áhyggjur hafi allt í einu komið upp núna á síðasta ári eða svo. Ástæðan fyrir því að ég setti grunnskólalögin og framhaldsskólalögin reyndar líka í endurskoðun var einmitt sú að ég deili þessum áhyggjur með þingmanninum og fleirum. Það hefur nefnilega komið í ljós að við höfum ekki verið alveg á réttri leið í þessum efnum og vitneskjan um það er alveg nægileg til þess að setja þessi mál í ítarlega endurskoðun.

Ég er alveg sammála því að það þarf að kanna áhrif aðgerða undanfarinna ára og ekki bara aðgerðanna í fyrra á grunnskólann. Það er sjálfsagt að gera það og af mistökum eigum við að læra. En ég bendi á það að þótt ég hafi sett þessi mál í endurskoðun, þá sýndist ekki öllum að það væri tímabært eða yfirleitt nokkur ástæða til þess. Það var mjög harðlega gagnrýnt í byrjun að þessi lög skyldu sett í endurskoðun. Ég heyri að vísu minna þær gagnrýnisraddir núna.

Hv. þm. minntist á Lánasjóð ísl. námsmanna og í því sambandi upplýsi ég það að þótt það hafi lítillega verið kannað af starfsmönnum lánasjóðsins sjálfs hver áhrif nýju laganna hafi orðið, þá er ætlunin að setja ítarlegri athugun af stað og ég hef boðið stúdentum, samtökum þeirra, aðild að þeirri könnun. Það hefur ekki verið gengið endanlega frá því með hvaða hætti aðild þeirra verður, en ég tel alveg sjálfsagt að þeir fái að koma sínum sjónarmiðum að og það verði ákveðin samvinna og samstarf á milli lánasjóðsins og samtaka stúdenta um athugun á áhrifum þessara lagabreytinga.

Um skólagjöldin skal ég ekki segja mikið. Ég geri mér alveg grein fyrir því að við erum ekki sammála um hvað eru skólagjöld og heldur ekki hvort þau hafi tíðkast áður. Ég er hérna með skrá um innheimtu skólaárið 1992–1993, bæði í það sem kallað er hér dagskólar og svo í öldungadeildum sem við skulum ekki vera að blanda inn í þetta því að það er allt annað mál, en þar er það sem kallað er innritunargjöld og getur verið samheiti yfir öll þessi gjöld sem eru innheimt í skólakerfinu. Þau er mjög misjöfn. Ég hef séð þau hæst hér — og þá ætla ég ekki að telja iðnskólana því að þar er þetta hærra, 16 þús. kr. þar — en í sumum framhaldsskólanna eru innritunargjöldin allt upp í 10 þús., upp í 11 þús. raunar, og þau skiptast milli skólasjóða og nemendafélaga. Mér er alveg ljóst að það sem hefur runnið til skólanna sjálfra, skólasjóða sem svo er kallað, hefur áreiðanlega verið nýtt til hinna mikilvægustu málefna og þar á meðal til þess að styrkja ýmsa starfsemi nemendanna. Það eru sem sagt ekki eingöngu nemendasjóðirnir sem hafa styrkt starfsemi nemendanna. Það er hluti af þeim fjármunum sem hefur runnið til skólans sjálfs. Það sem hefur hins vegar vantað, og er ekki til enn en eru til drög að í menntmrn., er að það hefur aldrei verið sett reglugerð á grundvelli laganna frá 1991 og raunar heldur ekki eldri grunnskólalaga um innheimtu þessara svokölluðu innritunargjalda. Við þurfum að koma þessu í fastara form og það gerist áreiðanlega með nýrri löggjöf um grunnskólann.

Um fjárframlögin til Tækniskólans og lækkun þeirra hef ég svo sem engu við að bæta það sem segir í greinargerðinni með fjárlagafrv. og hv. þm. las hér upp, að það verði reynt að ná lækkun á rekstrargjöldum með almennri hagræðingu eins og þar segir og svo er hér bætt við: t.d. með samdrætti í kennslumagni. Þetta hefur ekkert verið afráðið en verður að sjálfsögðu farið fram á það við skólann að hann geri það sem unnt er til þess að halda sig innan þess ramma sem fjárlögin ákvarða honum. En bein fyrirmæli koma ekki frá ráðuneytinu í þeim efnum fremur en gagnvart öðrum skólum.

Hv. þm. sagðist ekki átta sig á því hvernig fræðsluskrifstofurnar gætu komið inn í hugmyndir um sparnað og samdrátt, það var í sambandi við þennan 100 millj. kr. sparnað sem um getur í greinargerð með fjárlögunum. Fræðsluskrifstofurnar koma þannig inn í þetta — ég er ekki að tala beint um þó að það sé auðvitað hluti af því, sparnaður í beinum rekstri fræðslu-

skrifstofanna, þá koma fræðsluskrifstofurnar mjög sterkt inn í allt skipulag skólahalds í grunnskólum fræðsluumdæmanna. Það var það sem ég átti við þegar ég nefndi þær.

Svo að lokum um skólamáltíðirnar. Hv. þm. sagðist ekki skilja hvers vegna löggjafinn gæti ekki gefið sveitarfélögunum frelsi í þeim efnum. Það má raunverulega segja að með því að ákvæði þessa frv. um skólamáltíðirnar verði samþykkt, þá hafi sveitarfélögin einmitt fullt frelsi. (Gripið fram í.) Jú, þau hafa þá frelsi til þess að koma á skólamáltíðum eins og þau höfðu áður. Það var hins vegar lögð á þau skylda. Árið 1991 var lögð á þau skyldan til þess að koma á skólamáltíðum. Við erum að létta af þeim þeirri skyldu á meðan svona árar því að það árar ekkert verr hjá þeim en hjá ríkinu. Það er eingöngu það sem við erum að gera, en við erum ekki að leggja bann við því. Það má ekki túlka þetta ákvæði þannig að það sé verið að leggja bann á sveitarfélögin að þau komi á skólamáltíðum. Ef þau treysta sér til þess, þá gera þau það, að sjálfsögðu.

Herra forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[19:09]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurning mín varðandi Tækniskólann snerist um það hvers vegna hann er skorinn svona mikið niður meðan slíkt gerist ekki hjá öðrum skólum á háskólastigi. Ef við flettum upp í frv. til fjárlaga fyrir árið 1944 á bls. 294, þar sem er að finna yfirlit, töflu yfir fjárveitingar til skóla á háskólastigi, þá er fjárveiting til Háskóla Íslands skorin niður um 1%. Háskólinn á Akureyri fær 4% aukningu. Kennaraháskólinn fær líka 4% aukningu en Tækniskólinn er skorinn niður um 6%. Mér þykir þetta bara ósköp einfaldlega mjög undarleg útkoma og spyr um skýringar á þessu. Síðan bætist þar inn í að það er verið að afla Tækniskólanum lagaheimildar til þess að innheimta skólagjöld.

Að lokum varðandi þessar skólamáltíðir þá verð ég að lýsa þeirri skoðun minni að ég hef aldrei skilið það hvers vegna menntmrh. hefur svona mikla samúð með sveitarfélögunum að vilja ekki skylda þau til þess að hafa skólamáltíðir á meðan ríkisstjórnin sem hann situr í hefur með hinni hendinni verið að leggja lögregluskatt og ýmiss konar skatta á sveitarfélögin og er nú í þessu frv. hér að ætla sveitarfélögunum að leggja til 600 millj. til atvinnusköpunar. Þetta er auðvitað allt spurningin um það hvað er mikilvægt og ég spyr: Hvað er mikilvægara en það að vel sé búið að börnum þessa lands? Það er að sjálfsögu mjög mikilvægt að fólk hafi vinnu. En börnin eru ekki síður mikilvæg og ríkið á ekki að vera að grípa inn í þetta með þessum hætti.

[19:11]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er samkomulag á milli ríkisstjórnarinnar og sveitarfélaganna um þessar 600 millj. sem hv. þm. nefndi. Það er ekkert verið að þvinga þar eitt eða neitt fram, það er samkomulag á milli sveitarstjórnanna og ríkisstjórnarinnar um það efni.

Vegna samanburðar hv. þm. á framlögum til einstakra skóla, þá er sú eðlilega skýring á því sem Háskólinn á Akureyri fær í auknum framlögum sú að það er skóli sem er í þróun og vexti. Það var stofnuð þar kennaradeild á sl. hausti þannig að það eru mjög eðlilegar skýringar á því að Háskólinn á Akureyri þurfti að fá meira fjármagn.

Tækniskólinn. Það er kannski ekki alveg raunhæft að bera saman breytingu frá fjárlögum 1993 og til frv. 1994 þar sem réttilega kom fram hjá hv. þm. að þar er lækkun um 6%. Ef við berum saman reikninginn 1992, þá er hins vegar lítils háttar aukning eða um 1%. Tækniskólinn fékk verulega aukið framlag á fjárlögum þessa árs frá 1992 og það er enginn sem segir að það eigi að vera þannig stöðugt. Það er sú einfalda skýring á þessu.

[19:16]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, PJ, PBald, REl, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

29 þm. (AÓB, ÁJ, EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HG, IBA, ISG, IP, JE, JóhS, JBH, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, StG, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 19.17.

58. FUNDUR

þriðjudaginn 14. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Heilbrigðisþjónusta, frv., 270. mál, þskj. 327. — 1. umr.
2. Sjálfbær atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 271. mál, þskj. 329. — Fyrri umr.
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 281. mál, þskj. 357. — 1. umr.
4. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 131. mál, þskj. 144, nál. 348, brtt. 349. — 2. umr.
5. Almannatryggingar, stjfrv., 83. mál, þskj. 86, nál. 311, brtt. 312. — 2. umr.
6. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 84. mál, þskj. 87, nál. 313, brtt. 314. — 2. umr.
7. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350. — 1. umr.
8. Iðnlánasjóður, stjfrv., 277. mál, þskj. 352. — 1. umr.
9. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 278. mál, þskj. 353. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.

Athugasemdir um störf þingsins.

Svör við fyrirspurnum.

[13:30]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég kveð mér hér hljóðs um stjórn þingsins er að í upphafi þessa þings lagði ég fram fsp. á þskj. 51, sem var til menntmrh., um afleiðingar útboðs á ræstingu í framhaldsskólum á höfuðborgarsvæðinu. Það leið nú og beið og eins og sést á númerinu, þetta er 48. mál þingsins, þá hefði ég ekki átt að fá svar svona löngu síðar, en ég fékk það fyrir u.þ.b. viku síðan. Og það verður að segjast eins og er, virðulegur forseti, að ég er afskaplega ósátt við þetta svar, enda er það mjög ófullkomið. Þannig kemur t.d. fram í svari við 3. lið fyrirspurnar minnar — en þar er beðið um að fá upplýsingar um þær breytingar sem hafa orðið á tímamælingu á ræstingu í einstökum skólum í kjölfar verklýsingar frá verktaka. Svarið er það að fyrir útboð voru greiddar um 500 klst. á dag vegna ræstingar í skólunum 13 sem var boðið út, en upplýsingar frá verksala um fjölda greiddra stunda á dag eftir að samningar voru gerðir eru ófáanlegar. Þannig er svarið og það er ekkert útskýrt nánar hvernig á því stendur að þessar upplýsingar eru ófáanlegar.

Í 5. lið fyrirspurnar minnar er ég að spyrja um það hversu margir einstaklingar hafi orðið fyrir tekjuskerðingu vegna breytinga á fyrirkomulagi ræstinga. Svarið þar er í rauninni stutt og laggott. Upplýsingar um tekjubreytingar einstaklinga eru ófáanlegar er sagt þar líka og er engin útlistun nánar á því eða upplýsingar gefnar hvernig á þessu stendur.

Það verður að segjast eins og er, virðulegur forseti, að þegar svarið við tveimur meginliðum þessarar fyrirspurnar er það að upplýsingar séu ófáanlegar, þá er í rauninni ekkert svar komið við fyrirspurninni og engar ályktanir hægt að draga af þessu máli, eins og ég auðvitað ætlaði mér. Og ég ætlaði að fá nánari upplýsingar um það hverju þetta útboð hefði skilað, ekki síst hvaða áhrif það hefði haft á stöðu og kjör þeirra sem vinna í skólunum.

[13:32]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég á svipað erindi í ræðustól og hv. 10. þm. Reykv.

Hinn 6. okt. sl. lagði ég fram fyrirspurn og bað um skriflegt svar. Fyrirspurnin var til hæstv. fjmrh. og fjallaði um tap ríkissjóðs og opinberra sjóða vegna gjaldþrota fyrirtækja á sl. tveimur árum. Ég hlýt að spyrja, hæstv. forseti, hvað veldur því að ekkert svar hefur borist nú þegar farið er að líða á desember, en fyrirspurnin var lögð fram hér á Alþingi 6. okt. sl.? Ég vil mælast til þess að hæstv. forseti gangi eftir því hvað veldur.

Ég get upplýst það að þessi fyrirspurn var fyrst borin fram innan hv. fjárln. og hæstv. fjmrh. var viðstaddur þann fund. Hann taldi þá að það væri ekkert mál að taka þetta saman, þetta lægi allt fyrir. Síðan leið sumarið og nefndinni barst ekkert svar og þá lagði ég fyrirspurnina fram hér á hinu háa Alþingi. En ég bíð enn eftir svari og vil inna hæstv. forseta eftir því hvað valdi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur meðtekið þessar athugasemdir hv. þm., hv. 10. þm. Reykv. og hv. 14. þm. Reykv. Þannig háttar til að hæstv. fjmrh. er ekki í þinginu en hæstv. menntmrh. er það, reyndar ekki hér í þingsalnum, en forseti mun koma þessum athugasemdum til viðkomandi ráðherra.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 14. des. 1993.

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagjörðum og get því ekki sótt þingfundi næstu viku leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að í forföllum 1. varaþingmanns Alþfl. í Reykv. taki 2. varaþingmaður Alþfl., Valgerður Gunnarsdóttir, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv."

Enn fremur hefur borist svohljóðandi bréf, dags. 14. des. 1993.

Forseti Alþingis, frú Salome Þorkelsdóttir. Þar sem ég, sökum veikinda, get ekki tekið sæti Jóns Baldvins Hannibalssonar, óska ég eftir að 2. varaþingmaður Alþfl. í Reykv., Valgerður Gunnarsdóttir taki sæti hans að þessu sinni.

Virðingarfyllst,

Magnús Jónsson, 1. varaþm. Alþfl. í Reykv."

Valgerður Gunnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er hún boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjala:

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 286. mál, stjfrv., þskj. 363.

Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, 149. mál, nál. utanrmn., þskj. 367.

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, 148. mál, nál. utanrmn., þskj. 366.

Fjárlög 1994, 1. mál, þskj. 355.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 287. mál, stjfrv., þskj. 364.

Hollustustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 285. mál, stjfrv., þskj. 362.

Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, 284. mál, stjfrv., þskj. 361.

Stjórn fiskveiða, 283. mál, stjfrv., þskj. 360.

Þingsköp Alþingis, 288. mál, frv. JGS, þskj. 365.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 282. mál, stjfrv., þskj. 359.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka það fram að um þrjúleytið í dag fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar. Umræðan fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, hálftímaumræða, og er umræðuefnið landbúnaðarþáttur GATT-samkomulagsins.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 270. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 327.

[13:37]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd heilbr.- og trn. fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 110/1992, um breytingu á lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, sbr. lög nr. 86/1991.

Eins og ég sagði í upphafi er þetta frv. flutt af heilbr.- og trn. en eins og kemur fram í greinargerð með frv. þá var samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í lögum nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, gert ráð fyrir að frá og með 1. janúar 1991 yrði heilsugæslustarfi í Reykjavík og starfsemi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur þannig háttað að lög nr. 44/1955, heilsuverndarlög, sbr. lög nr. 28/1957, yrðu óþörf og féllu því úr gildi. Hins vegar hefur ekki unnist tími til að ganga frá nauðsynlegum breytingum á heilbrigðisþjónustulögunum varðandi starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar fyrir árslok 1991 og var því með lögum nr. 86/1991 veittur eins árs frestur til viðbótar því sem upphaflega var ákveðið í lögunum.

Því er með þessu frv. lagt til að bráðabirgðaákvæði laganna um heilbrigðisþjónustu verði breytt á þann veg að veittur verði eins árs frestur til viðbótar til að ganga frá lögum um framtíðarhlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar. Það er ekki ástæða til að segja fleira um þetta mál og legg ég til að því verði vísað til 2. umr. að lokinni 1. umr.

[13:39]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Frv. sem hér er til umfjöllunar er flutt af hv. heilbr.- og trn. Í sjálfu sér er ekki margt um þetta mál að segja. Það er eiginlega árvisst atriði að frv. sé flutt og það yfirleitt af hálfu nefndarinnar, vegna þess að það er nú svo, hver svo sem er í ráðuneytinu hverju sinni, að þetta mál kemur upp á síðustu stundu, að menn átta sig á því að það þarf að framlengja starfsleyfi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur um eitt ár í senn. Auðvitað er mikilvægt að mínu viti að þessu máli fari nú að linna. Allt frá því er breyting varð á lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þá hefur þessi aðferð verið notuð, að framlengja rekstrar- eða starfsleyfi Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur um eitt ár í senn. Uppi eru og hafa verið ýmsar hugmyndir um það hvert yrði framtíðarhlutverk Heilsugæslustöðvar Reykjavíkur. Á síðasta þingi kom hér fram frv. sem gerði ráð fyrir því að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur skyldi fengið ákveðið hlutverk og henni markaður ákveðinn sess í heilbrigðisþjónustunni og það til framtíðar. Um það frv. náðist ekki nógu víðtækt samkomulag þannig að hægt væri að ganga frá því sem lögum héðan frá hinu háa Alþingi. Því er þetta frv. nú enn einu sinni fram komið.

En við þessa umræðu vildi ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. fjögurra spurninga sem mér finnst vera mikilvægt að fá álit hans á áður en lengra er haldið.

1. Hvað hyggst ráðherra gera með álit stjórnar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá 10. nóv. 1991 um framtíð þeirrar stöðvar? Það er raunverulega svo að menn hafa verið að fjalla um það allt frá þeim tíma og í sjálfu sér hefur ekki verið mikill pólitískur ágreiningur um það hvert hlutverk Heilsuverndarstöðvarinnar eigi að vera. Fyrst og fremst hefur styrinn staðið um það hvernig stjórn þessarar ágætu stofnunar ætti að vera samansett.

2. Hefur ráðherra hug á að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur verði einvörðungu þátttakandi í heilsugæslu í Reykjavík eða á landsvísu? Um þetta var reyndar ágreiningur í því frv. sem ég vitnaði til áðan á síðasta þingi.

3. Hefur ráðherra hugleitt tilflutning á verkefnum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur yfir til heilsugæslunnar eða einkaaðila og metið kosti þess og galla og kostnað við slíka breytingu?

Nú veit ég að í heilbr.- og trmrn. hafa verið uppi vangaveltur um þessa hluti og ég hef þá trú að búið sé að vinna málið talsvert betur en það lá fyrir á síðasta þingi og þess vegna væri fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. ráðherra hvort svo væri.

4. Telur ráðherra að leggja megi niður eitthvað af þeirri starfsemi sem sinnt er af Heilsuverndarstöð Reykjavíkur?

Nú er það svo að það er alveg nauðsynlegt að þetta frv. verði samþykkt þannig að enginn vafi sé á því að Heilsuverndarstöðin hafi ákveðnu hlutverki að gegna næsta árið. Að síðustu vil ég því spyrja hæstv. ráðherra: Er meiningin sú af hálfu hæstv. ráðherra að koma með inn í þingið frv. sem tryggi það að Heilsuverndarstöð Reykjavíkur verði skapaður framtíðarsess í heilsugæslu- og heilsuverndarstörfum hér í borginni?

[13:43]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson beindi til mín fjórum fyrirspurnum. Í rauninni er eitt og hið sama svar við þeim öllum, eins og raunar kom fram í hans orðum, að um þessi mál hefur ekki náðst eins víðtæk samstaða og vonir stóðu til um. Og m.a., eins og hann gat um og raunar spurði einnig, þá hafa verið skiptar skoðanir um það, annars vegar hér í höfuðborginni og hins vegar úti um land, hvort Heilsuverndarstöðin í Reykjavík ætti að gegna miðlægu hlutverki fyrir landið allt og vera eins konar miðstöð heilsugæslunnar á landsvísu ellegar að hún ætti fyrst og síðast að vera hér kjarninn í starfsemi heilsugæslunnar í Reykjavík, eins og raunar var komið inn á í þriðju spurningu hv. þm.

Það er alveg hárrétt sem hv. þm. nefndi að meðal þeirra atriða sem mjög hafa verið til skoðunar er hvort núverandi starfsemi Heilsuverndarstöðvarinnar, sem lýtur að hluta til heilsugæslu í Reykjavík, eigi þar heima, nefni ég þar heimahjúkrun sem dæmi, ellegar hvort það eigi með skipulegum hætti að færa þá starfsemi í auknum mæli og raunar algerlega í náinni framtíð út á heilsugæslustöðvarnar. Í því samhengi hafa menn auðvitað líka rætt um sjálfstætt starfandi lækna í heilsugæslunni hér í Reykjavík og sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga og spurt sig þeirrar grundvallarspurningar hvort ekki sé tími til kominn að taka þau mál svipuðum tökum og gerist og gengur í sveitarfélögum út um landið allt. Þar gegna heilsugæslustöðvarnar sem slíkar þessari víðfeðmu þjónustu sem Heilsuverndarstöðin hér í Reykjavík gegnir að hluta til, sem sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðingar ráðnir hjá Tryggingastofnun ríkisins og sjálfstætt starfandi læknar sömuleiðis hafa með höndum að hluta til hér í Reykjavík. Þetta kann út af fyrir sig ekki að öllu leyti að tengjast því frv. sem hér um ræðir, en er þó auðvitað náskylt viðfangsefni. Því vil ég segja það eitt til þess að svara spurningum hv. þm. að það álit sem fram kemur árið 1991 er auðvitað meðal þeirra atriða sem nú er verið að fara yfir. Ég bind vonir við að um þetta geti náðst allþokkalegt samkomulag, þannig að fyrir þinglok í vor geti komið hér fram frv. sem þingið geti tekið afstöðu til og vonandi afgreitt. Ég nefni fleiri álitamál sem uppi hafa verið í þessu sambandi og vafalaust hafa verið rædd hér í þinginu sl. vor, án þess að ég geti fullyrt um það. Það er hlutverk landlæknis í þessu samhengi, hvar hann komi inn í bæði stjórnsýslu þessarar stofnunar og efnislega starfsemi hennar. Þannig að hér erum við kannski að ræða um fleiri þætti heldur en eingöngu form og stjórnun þessarar stofnunar þegar grannt er skoðað. Þessi álitamál vakna a.m.k. og ýmis önnur mjög hratt og ákveðið til lífsins þegar menn setjast yfir málefni Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík og vilja reyna að marka henni framtíðarsess í íslensku heilbrigðiskerfi.

[13:47]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Í sjálfu sér svaraði hann öllum þessum spurningum í einu svari. Það er ætlun hæstv. ráðherra að koma hér fram frv. á vorþinginu um Heilsuverndarstöð Reykjavíkur. Það tel ég vera mjög mikilvægt og það er auðvitað mjög mikilvægt líka að hægt sé að skapa um það góða samstöðu og ef að því er unnið þá er það auðvitað afskaplega gott. En ég legg þó áherslu á að það væri mikilivægt að hv. heilbr.- og trn. væri höfð með í ráðum í þeim efnum, þannig að málið mundi vinnast fyrr og betur þegar kæmi síðan til kasta nefndarinnar, en því yrði ekki hent þar inn á síðustu stundu og síðustu dögum og ætlast til þess að málið fengi framgang í þinginu, en um það væru kannski átök, jafnvel í nefndinni. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að starfsemi læknavaktarinnar, sjálfstætt starfandi hjúkrunarfræðinga og sjálfstætt starfandi heimilislækna í Reykjavík er málinu mjög tengd og rétt væri að skoða það í því samhengi og ég fagna því að það skuli eiga að gera.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjálfbær atvinnuþróun í Mývatnssveit, fyrri umr.

Þáltill. umhvn., 271. mál. — Þskj. 329.

[13:49]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir tillögu til þál. sem er á þskj. 329 um sjálfbæra atvinnuþróun í Mývatnssveit. Þessi tillaga er frá umhverfisnefnd og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta Byggðastofnun, í samvinnu við Skipulag ríkisins, Náttúruverndarráð og sveitarstjórn Skútustaðahrepps, gera úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Við úttektina verði m.a. höfð hliðsjón af skýrslu Skipulags ríkisins um umhverfismat fyrir Skútustaðahrepp frá í júlí 1993."

Þingsályktunartillaga þessi á rætur að rekja til tillögu til þingsályktunar sem flutt var á 115. og 116. löggjafarþingi og bar heitið atvinnuþróun í Mývatnssveit. Á 116. þingi var tillögunni vísað til allsherjarnefndar sem óskaði eftir umsögn umhverfisnefndar um málið. Umhverfisnefnd tók málið fyrir og kallaði m.a. á sinn fund fulltrúa frá sveitarstjórn Skútustaðahrepps, Skipulagi ríkisins og Náttúruverndarráði. Í kjölfar niðurstöðu rannsókna á áhrifum kísilgúrvinnslu á botni Mývatns á lífríki þess og veitingar námaleyfis á grundvelli hennar lagði umhverfisnefnd til við allsherjarnefnd að tillögunni yrði breytt þannig að brott félli málsgrein sem fjallaði um rannsóknir á áhrifum kísilgúrnáms. Tillagan var afgreidd samhljóða úr allsherjarnefnd þannig breytt en kom ekki til síðari umræðu í tímaþröng á síðasta starfsdegi þingsins.

Umhverfisnefnd hefur lagt talsverða vinnu í þetta mál og efnisleg samstaða ríkir um það í nefndinni. Því ákvað nefndin að leggja nú fram í sínu nafni tillögu sem er efnislega samhljóða þeirri sem allsherjarnefnd lagði til að yrði samþykkt á síðasta þingi en ítarlegri að því leyti að nú er kveðið á um hverjir skuli gera þá úttekt sem í tillögunni greinir.

En eins og ég las í upphafi þá er miðað við að það verði Byggðastofnun í samvinnu við Skipulag ríkisins, Náttúruverndarráð og sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Mývatnssveit og svæðið meðfram Laxá hafa ótvíræða sérstöðu.

Mývatnssveit hefur verið viðurkennd sem náttúruverndarsvæði á alþjóðlegan mælikvarða með því að falla undir Ramsar-sáttmálann. Svæðið er einstakt í heiminum, bæði sökum lífríkis og jarðmyndana. Mývatn hefur því gífurlegt alþjóðlegt aðdráttarafl eins og best sést á þeim mikla og vaxandi fjölda ferðamanna sem þangað leggur leið sína.

Alþingi hefur tekið ákvarðanir um lögverndun á náttúru svæðisins en íslenska ríkið hefur einnig átt aðild að uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar síðustu áratugi, einkum Kísiliðjunnar og Kröflurvirkjunar.

Margs konar rannsóknir fara nú fram á lífríki Mývatns. Á vegum umhverfisráðuneytisins er starfandi rannsóknahópur sem kannar áhrif kísilgúrnáms á lífríkið í Mývatni, en sá hópur skilaði áfangaskýrslu vorið 1993 sem nefnd var hér að framan og iðnaðarráðherra byggði á við veitingu námaleyfis. Hópurinn mun halda áfram rannsóknum sínum á þessu ári og því næsta. Þá er starfrækt á grundvelli laga nr. 36/1974, um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu, rannsóknastöð við Mývatn sem heyrir undir Náttúruverndarráð. Til stöðvarinnar rennur hluti námaleyfisgjalds Kísiliðjunnar og hann fer óskiptur til rannsókna á áhrifum starfsemi verksmiðjunnar á lífríki Mývatns. Þá rennur hluti námagjaldsins í svonefndan Kísilsjóð sem lýtur stjórn umhverfisráðuneytisins og er ætlað að kosta könnun á möguleikum á atvinnuuppbyggingu á svæðinu umhverfis Mývatn.

Umhverfisnefnd telur að samhliða rannsóknum á lífríki Mývatns sé nauðsynlegt að kanna þróunarforsendur og möguleika á nýsköpun í atvinnulífi á svæðinu til að tryggja þar byggð og sjálfbæra þróun. Við þá athugun verði m.a. haft til hliðsjónar ítarlegt umhverfismat sem unnið var á vegum Skipulags ríkisins og birt í skýrslu í júlí 1993. Var sú vinna með vissum hætti frumraun á þessu sviði sem leggur góðan grunn að þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir.

Það er orðin viðurkennd regla víða um lönd að fyllstu varúðar beri að gæta þá mannleg umsvif eru annars vegar og óvissu eigi að meta náttúruverndinni í vil. Það getur varla orkað tvímælis að slíka reglu beri að virða þegar lífríki Mývatns er annars vegar. Því leggur umhverfisnefnd áherslu á að stjórnvöld komi til liðs við heimamenn nú þegar með þeirri úttekt sem tillagan gerir ráð fyrir.

Skýrsla sú sem vitnað er til í tillögunni og miðað er við að verði höfð til hliðsjónar við þá úttekt sem þar er gert ráð fyrir, barst þingmönnum, alla vega þingmönnum í umhvn., fljótlega eftir að henni var lokið og er geysilega góð skýrsla um umhverfismat í Skútustaðahreppi. Þessi skýrsla er unnin á vegum Skipulags ríkisins í samvinnu við hreppsnefnd Skútustaðahrepps, Náttúruverndarráð og umhvrn. Það eru nokkrir aðilar sem hafa staðið að skýrslunni. Verkefnisstjóri lengst af var Fríða B. Eðvaldsdóttir, deildarstjóri hjá Skipulagi ríkisins, en Ingvi Þorsteinsson náttúrufræðingur hefur ritstýrt þessari skýrslu.

Í skýrslunni er reynt að leggja mat á ákveðnar skipulagstillögur sem þar er greint frá. Það eru fjórar tillögur sem lagðar eru til grundvallar, en ekki tekin afstaða til þeirra. Síðan er reynt í skýrslunni að leggja mat á áhrif tillagna á ýmsa þætti svo sem veðurfar, jarðveg, gróður og dýralíf, svo eitthvað sé nefnt.

Þegar umhvn. vann að þessari tillögu á síðasta þingi þá kom fulltrúi Skipulags ríkisins á fund nefndarinnar meðal annarra, en hann var Ingvi Þorsteinsson sem er einn þeirra sem unnið hefur að þessari skýrslu. Taldi hann að þetta umhverfismat fyrir Skútustaðahrepp legði góðan grunn að því verkefni sem þessi þáltill. gerir ráð fyrir. Þannig að grunnurinn er lagður og er því eðlilegt að áfram verði haldið á sömu braut, sem hér hefur verið mörkuð að vissu leyti, og þess vegna ákvað umhvn. að flytja þessa tillögu.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að gera frekari

grein fyrir tillögunni. Ég held að hún ætti að vera öllum þingmönnum ljós og þurfi kannski ekki að rökfæra hana nánar. Ég legg ekki til að henni verði vísað til nefndar þar sem umhvn. hefur fjallað ítarlega um tillöguna, en til síðari umr. að þessari umræðu lokinni.

[13:57]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er eflaust rétt að umhvn. hafi fjallað mikið um þetta mál. Hins vegar set ég ákveðið spurningarmerki við það hvort málið er þess eðlis að það sé rétt að renna því í gegn með flutningi nefndar. Það er verið að fjalla þarna um stórt mál, það er verið að fjalla um búsetuskilyrði og búsetugrundvöll 500 manna byggðar. Ég leyfi mér að spyrja hv. framsögumann hvort málið verði þá ekkert sent út til umsagnar til að mynda til sveitarstjórnar í viðkomandi sveitarfélagi og fleiri hagsmunasamtaka?

Það er alveg rétt sem kemur fram í greinargerð með þessari tillögu og ég ætla að lesa hér, með leyfi forseta:

„Alþingi hefur tekið ákvarðanir um lögverndun á náttúru svæðisins en íslenska ríkið hefur einnig átt aðild að uppbyggingu atvinnufyrirtækja þar síðustu áratugi, einkum Kísiliðjunnar og Kröfluvirkjunar."

Það má með sanni segja að með þessum ákvörðunum hafi Alþingi og ríkisvald tekið nokkra ábyrgð á þeirri byggð sem þarna hefur vaxið upp í skjóli þessara fyrirtækja og menn verði að skoða þetta mál í því ljósi. Það hafa oft verið heitar umræður um Mývatnssveit og sérstaklega áhrif Kísiliðjunnar á lífríkið við Mývatn. Það hafa verið gerðar skýrslur, fleiri en ein og fleiri en tvær. Gallinn við þá skýrslugerð er sá, að mínu mati, að það er svo erfitt með samanburðinn þar sem við höfum ekki rannsóknaniðurstöður og mælingar nema frá til þess að gera skömmum tíma. Mér fannst hins vegar afar merkileg sú meginniðurstaða sem var í skýrslunni sem kom út á síðasta ári sem sagði, á nokkuð trúverðugan hátt, að það væri sáralítið samhengi á milli þess sem gerðist í Ytriflóa og Syðriflóa. Það kollvarpaði í raun mörgu af því sem haldið hefur verið fram um áhrif Kísiliðjunnar á vatnið og lífríki þess, svo maður tali nú ekki um þann mikla silungsafla sem fékkst úr vatninu í sumar. Hann er þá kannski Kísiliðjunni að þakka, ég veit það ekki, af því að sá litli afli á árunum á undan var Kísiliðjunni að kenna. Ég er ekki að segja að þetta sé svona, en þetta kannski segir okkur hvað við vitum lítið um þetta enn þá og kannski segir það okkur enn þá fremur að þarna eru geysilega stórir þættir sem hafa áhrif á lífríkið og koma í sjálfu sér mannabúsetu á svæðinu lítið við. Þar eru afar stórir hlutir eins og landrisið í kjölfar Kröfluelda, vatn sem rennur í vatnið hefur hitnað mjög mikið og svo mætti lengi telja. Ég vil hins vegar varpa því fram til nefndarmanna þegar þeir tala um að efla atvinnulíf í Mývatnssveit sem byggi á sjálfbærri þróun — og nú bið ég hv. framsögumann að hlusta. Ég vil varpa því fram hvort ekki sé hægt að líta svo á að kísilnám úr vatninu, ef það fer eftir ströngum reglum, hvort ekki megi líta á það sem hlut af sjálfbærri þróun, að þar séum við í raun að nýta auðlindir, endurnýjanlega auðlind, en að vísu um einhvern tíma, því þarna má náttúrlega ekki ganga of nærri. En þessu vil ég varpa hér fram og það er mín skoðun að fyrst Alþingi og stjórnvöld leyfðu þennan rekstur þarna þá beri þeim að að leita allra leiða þannig að hann geti þrifist áfram, án þess að lífríkið beri tjón af og hann geti þróast við hliðina á öðru atvinnulífi og annarri starfsemi í Mývatnssveit.

[14:03]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Fyrst vil ég segja það að ekki var ætlun umhvn. að renna þessu máli óræddu í gegn frekar en öðrum málum, því umhvn. fjallaði mjög ítarlega um þessa tillögu á síðasta þingi og nokkuð á þessu þingi. Á síðasta þingi voru ýmsir kallaðir til viðræðna — og ég vil leyfa mér að lesa hér upp úr bréfi umhvn. til allshn. frá því í fyrra. En þeir sem komu til fundar við nefndina í fyrra voru Jón Pétur Líndal sveitarstjóri, Stefán Thors skipulagsstjóri, frá Skipulagi ríkisins, Ingvi Þorsteinsson og Unnsteinn Gíslason, Þóroddur F. Þóroddsson framkvæmdastjóri, frá Náttúruverndarráði, og Arnþór Garðarsson. Þetta mál var hins vegar flutt á 115. löggjafarþingi og svipuð tillaga flutt áður, þannig að það var bæði sent til umsagnar þá og haft samráð við bæði sveitarstjóra og aðra og reyndar sveitarstjórn.

En það sem ég ætla aðallega að tala um varðandi það sem hv. þm. sagði hér áðan, að þá felst ekki í þessari tillögu afstaða til hvorki Kísilgúrverksmiðjunnar eða þeirrar starfsemi sem er í Mývatnssveit. Það sem kemur fram í tillögu nefndarinnar er að það verði höfð hliðsjón af skýrslu Skipulagsins um umhverfismat og ég vænti þess að hv. þm. hafi lesið hana. En ég ætla til upprifjunar að benda á að þar er gert ráð fyrir fjórum tillögum. Ein tillagan gerir ráð fyrir nánast óbreyttu fyrirkomulagi, þ.e. að engar stórvægilegar breytingar verði á fólksfjölda það verði rúmlega 500 manns og það verði óbreytt. Önnur tillagan gerir ráð fyrir að íbúar hreppsins verði í lok skipulagstímabilsins 1.000 manns, þannig að það verði verulegar breytingar þar á, iðnaðarsvæðum fjölgað og Kísilgúriðjan verði starfrækt áfram. Þriðja tillagan gerir ráð fyrir að það verði u.þ.b. 700 íbúar í lok skipulagstímabilsins. Í þeirri tillögu er gert ráð fyrir að það verði breytingar á atvinnuháttum og m.a. sú að Kísiliðjan hætti í áföngum, annar atvinnurekstur verði tekinn upp.

Ég vil lesa hér upp, með leyfi forseta, „Atvinnutækifærum fjölgar í ýmsum smáiðnaði, verslun, þjónustu og ferðaþjónustu." Þetta er tillaga c.

Svo er þriðja tillagan. Hún er að það verði fækkun fólks í Mývatnssveit og rekstri Kísiliðjunnar verði strax hætt. Umhvn. hefur ekki tekið afstöðu til neinnar af þessum tillögum. Síðan gengur skýrslan út á það að meta áhrif þessara tillagna á ýmsa þætti. Þar er tekið fyrir, landbúnaður, atvinnuvegur, opinber þjónusta og ýmislegt fleira. Það er reynt að meta og vega áhrif á hina ýmsu þætti, bæði mannlífs, umhverfis og fleira og fleira.

Þannig að þetta er eingöngu grunnur til að reyna að

byggja á og við í umhvn. tökum enga afstöðu til hvorki eins eða annars af þessu. Hvorki hvort það eigi að halda áfram því sem er núna, breyta eða taka upp nýtt. Þó held ég að flest okkar vilji efla atvinnulíf í Mývatnssveit og auka, en við ræddum það ekki út frá því að taka afstöðu til einnar eða annarrar tillögu sem hér koma fram. Við töldum það ekki vera okkar hlutverk heldur ætti það að vera hlutverk Byggðastofnunar í samvinnu við Skipulag ríkisins, Náttúruverndarráð og sveitarstjórn Skútustaðahrepps.

Að verið sé að tala um sjálfbæra atvinnuþróun er auðvitað svo sjálfsagt, vegna þess að öll atvinnuþróun á að vera það hér á landi og reyndar alls staðar. Við göngum út frá nýtingu auðlinda, við ætlum ekki að ganga á höfuðstólinn heldur einungis taka renturnar eins og venjulega er sagt. Auðvitað verðum við að ganga að einhverju leyti á óendurnýjanlegar auðlindir, en við verðum þá að meta það hversu langt við ætlum að ganga í þeim efnum og það er alltaf mat. Það verður auðvitað að taka inn í það mat sem hér er verið að gera alla mögulega þætti bæði umhverfið, mannlífið og hvaðeina sem menn telja sig þurfa að taka tillit til þegar verið er að fjalla um þessa tillögu.

Þegar tillagan var flutt á 116. löggjafarþingi þá var vitnað til álits ýmissa aðila sem létu álit sitt í ljós að því er varðaði atvinnuþróun í Mývatnssveit. Ég gleymdi því miður að taka það með mér í stólinn, en ég skal að sjálfsögðu fúslega veita hv. þm. aðgang að þeim upplýsingum. Tillagan var sem sagt ekki send til umsagnar á þessu þingi. Það var ekki gert, en það var eitt af því sem þingmaðurinn spurði um.

[14:09]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir þessa ræðu. Það skýrðist margt, en annað varð óljósara á eftir og ekki síst það sem ég spurði um, hvort hefði til að mynda verið leitað til sveitarstjórna í Mývatnssveit. Það var nefnt að til hefði verið kallaður Jón Pétur Líndal sveitarstjóri. (Gripið fram í.) Já, en ef ég man rétt þá eru nú ein fjögur ár síðan Jón Pétur Líndal hætti sem sveitarstjóri í Mývatnssveit. Ef ég man rétt þá er hann sveitarstjóri upp á Kjalarnesi, búinn að vera í nokkur ár.

Í öðru lagi varðandi það sem kom fram hjá ræðumanni og ég hlýt að taka undir að menn verða að meta það á hverjum tíma hversu langt á að ganga þegar við erum að ræða auðlindir sem ekki eru endurnýanlegar. Nú tel ég reyndar að kísillinn í botni Mývatns endurnýist þó svo við höfum væntanlega unnið hann hraðar núna heldur en nemur endurnýjuninni. Hv. þm. sagði að það hlyti alltaf að vera matsatriði á hverjum tíma hversu langt ætti að ganga í slíku.

Þá vil ég inna hv. þm. eftir því hvort hann sé ekki sammála mér í því að við eigum að bíða með það þangað til um eða upp úr aldamótum að taka um það ákvörðun hvort eigi að ganga lengra í kísilvinnslu í botni Mývatns en eingöngu í Ytriflóa en mér skilst að Náttúruverndarráð leggi á það mikla áherslu að nú þegar verði ákveðið og helst lögfest að ekki verði farið í Syðriflóa.

[14:11]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég biðst afsökunar hve óljós ég var og sérstaklega hv. þm. vil ég biðja afsökunar á að ég gleymdi að geta þess að þessar tillögur höfðu verið fyrst og fremst til meðferðar eða svipaðar tillögur meðan þessi ágæti maður var sveitarstjóri, þess vegna var hann kallaður fyrir fund nefndarinnar. Að sjálfsögðu var einnig leitað eftir umsögn sveitarstjórnar og skilaði hún áliti sínu til umhvn. í fyrra 25. mars 1993. Á þskj. 199 frá 116. löggjafarþingi koma fram álit ýmissa aðila á þessari tillögu.

Varðandi það sem hv. þm. talaði um hvert álit mitt væri á því hversu lengi ætti að bíða eftir að taka ákvarðanir um kísilvinnslu í Mývatni, þar vil ég ekki vera dómari. Ég hef ekki nægilega mikla þekkingu og vit til þess að geta sagt það á grunni þeirra upplýsinga sem ég hef, en ég gæti kannski gert það ef ég hefði nánari og betri upplýsingar, en ég tel mig ekki vera þess umkomna að meta nákvæmlega hvenær ákvarðanir ætti að taka í þessum efnum, því miður.

[14:13]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þingmanninum svarið sem var fullkomlega heiðarlegt að mínu mati. Það er ekki ástæða til þess að taka stærri ákvarðanir en var gert á síðasta ári um að takmarka í framtíðinni námuvinnslu í Mývatni fyrr en menn hafa betri og traustari gögn til að byggja á.

[14:14]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé rétt að taka það fram í sambandi við þessa till. til þál. að hún fjallar um úttekt á þróunarforsendum og möguleikum á nýsköpun í atvinnulífi í Mývatnssveit er falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Sá sem hér talar lítur þannig á að hún snerti ekki í sjálfu sér starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar. Alls ekki. Það er mjög mikilvægt að undirstrika þetta. Það er verið að leita eftir þróunarforsendum fyrir nýsköpun, þ.e. ný atvinnutækifæri. Það er gert ráð fyrir því að þau falli að markmiðum um náttúruvernd á svæðinu. Slík stefnumörkun er nauðsynleg á þessu svæði á þeim forsendum sem gerð er grein fyrir í greinargerð með þessari þáltill. En þessi tillaga sem slík snertir ekki að mínu mati það atvinnulíf sem nú er fyrir í héraðinu og hefur ekki áhrif á starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar. Eins og þetta skjal er orðað hér hlýt ég að leggja þennan skilning í það og vildi láta það koma fram við þessa umræðu.

[14:15]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar upplýsingar en ég verð bara að viðurkenna það að eftir að hafa lesið tillöguna og greinargerðina þá hafði ég ekki hugmyndaflug til þess að láta mér detta það í hug að þetta mál ætti ekki og gæti ekki snert það atvinnulíf sem fyrir er í sveitinni. Það eiginlega er fyrir ofan minn skilning.

[14:16]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að ef það hafa verið mín orð hér áðan að það snerti atvinnulífið ekki þá er það kannski of langt gengið en það er verið að tala um nýsköpunarmöguleika og þar af leiðandi snertir þessi þáltill. í mínum augum ekki t.d. starfsemi Kísilgúrverksmiðjunnar. Ég tel rétt að þetta komi skýrt fram.

[14:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka þessar upplýsingar aftur en ég hafði skrifað beint niður eftir ræðumanni að tillagan sem slík snerti ekki það atvinnulíf sem fyrir er í sveitinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 1. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 281. mál (EES-reglur, brottfall gagnkvæmnisskilyrðis). — Þskj. 357.

[14:17]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Efh.- og viðskn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um breytingu á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þótt þetta frv. sé ekki umfangsmikið þá komu fram umsagnir um það þar sem mælt var með allmiklum breytingum á því. Það eru málefni sem varða ekki síst sjávarútveginn og alveg ljóst að ef einhverjar frekari breytingar eiga að verða á því máli þá þarf það mun betri athugunar við og nefndin hefur ekki haft tíma til þess að fara nægilega vel ofan í málið.

Hæstv. viðskrh. óskaði eftir því að mál þetta yrði afgreitt fyrir áramót vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Því taldi nefndin betra að flytja sérstakt frv. um lágmarksbreytingar í þessu máli. Meiri hluti efh.- og viðskn. leggur fram þetta frv. en tveir nefndarmanna, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, munu gera grein fyrir sínum skoðunum í þessu máli.

1. gr. frv. sem hér er flutt af meiri hluta nefndarinnar er breyting á 3. gr. laganna en 3. gr. laganna er með þeim hætti að erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta hér á landi enda njóti íslenskir aðilar ekki lakari réttar til fjárfestingar í heimaríki hlutaðeigandi aðila. Þarna er um gagnkvæmisreglu að ræða sem er mjög ólíklegt að muni reyna á. Það verður að telja ólíklegt að fjárfesting erlends aðila á Íslandi verði svo mikið hagsmunamál í heimaríki viðkomandi aðila að það sé líklegt að stjórnvöld breyti eigin reglum til þess að koma því máli á. Það er jafnframt ljóst að það er lítið um erlendar fjárfestingar hér á landi og mikilvægt að örva það að erlendir aðilar vilji leggja fram áhættufjármagn í ýmsum rekstri hér á landi. Erlendar fjárfestingar eru mun minni hér en víðast annars staðar í Evrópu og við hljótum að hvetja heldur til þess að erlendir aðilar fjárfesti í atvinnurekstri með sama hætti og flest ríki heimsins og þá ekki síst hin nýfrjálsu ríki í Austur-Evrópu sem leggja mjög mikið upp úr því að ná til sín erlendri fjárfestingu. Það er líka rétt að geta þess að Ísland er aðili að tveimur samþykktum OECD um aukið frelsi í gjaldeyrismálum og þar sem jafnframt er kveðið á um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. Þetta ákvæði er andstætt þeim samþykktum og því á allan hátt eðlilegt að mínu mati að breyta því.

Um 2. og 3. gr. frv. og reyndar 4. gr. er það að segja að inn í þær voru sett undanþáguákvæði fyrir ríkisborgara og lögaðila á Evrópska efnahagssvæðinu í samræmi við þann samning. Þessi breyting þykir nauðsynleg vegna samningsins og þessi atriði falla ekki undir þann aðlögunarfrest sem Íslandi var gefinn varðandi breytingu á reglum um erlenda fjárfestingu. En samkvæmt XII. viðauka með þeim samningi fékk Ísland heimild til að viðhalda ótímabundið gildandi banni við fjárfestingu erlendra aðila í fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða. Jafnframt var stjórnvöldum samkvæmt samningnum heimilt að krefjast þess að innlend fyrirtæki losi sig við fjárfestingu í fiskveiðum eða fiskvinnslu ef þau komast að öllu leyti eða að hluta til í eigu erlendra aðila.

Þá var Íslandi einnig veittur frestur til 1. jan. 1996 til að laga gildandi reglur um fjárfestingu erlendra aðila í öðrum atvinnugreinum að ákvæðum samningsins.

Virðulegur forseti. Hér er um algjörar lágmarksbreytingar að ræða en nefndin mun halda áfram vinnu sinni í þessu máli eftir áramót því nauðsynlegt er að gefa frekara svigrúm til þess að athuga þau mál mun betur en hér er um mjög litlar breytingar að ræða en áður var það þannig að því er varðaði þessi undanþáguákvæði að það var háð samþykki viðskrh. þannig að þrátt fyrir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði er hér að mínu mati um tiltölulega mjög litlar efnisbreytingar að ræða. Og með tilliti til þess sem hér er áður sagt þá leggur meiri hluti nefndarinnar til að frv. þetta verði samþykkt og þar sem það er flutt af meiri hluta nefndar þá er ekki tillaga um það að vísa því til nefndar heldur að það gangi síðan beint til 2. umr.

Útbýting þingskjals:

Brunavarnir og brunamál, 290. mál, stjfrv., þskj. 369.

[14:24]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka meiri hluta efh.- og viðskn. og hv. formanni nefndarinnar fyrir þá vinnu sem lögð hefur verið í þetta mál og ég lýsi því yfir að ég styð það frv. sem hér er flutt og er sáttur við þann flutning enda kom fram í ræðu formanns nefndarinnar að nefndin er að vinna í þeim viðamiklu athugunum sem felast í skoðun þess frv. sem var lagt fram fyrr í haust. Eins og hann sagði réttilega þá eru ýmis álitamál þar sem þarfnast nánari skoð-

unar og meiri tíma, sérstaklega hvað varðar fjárfestingu erlendra aðila í ýmsum atvinnuvegum eins og sjávarútvegi og frumframleiðslu þar sem nauðsynlegt er að setja skýrari reglur heldur en nú eru. Ég fagna því einnig að í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir því að 3. gr. laganna orðist nokkuð opnar en var í því frv. sem ég mælti fyrir um. Mér finnst það til bóta því ekki er nokkur vafi á því að það sem okkur helst skortir er áhættufjármagn í atvinnurekstri. Það áhættufjármagn er ekki til í okkar eigin landi nema í litlum mæli og það er að sjálfsögðu miklu betri kostur að taka erlent áhættufjármagn ef það fæst fremur en erlend lán. Að draga úr þeim takmörkunum fyrir erlendri fjárfestingu sem voru í upphaflegu frv. og orða það eins og gerist í 1. gr. frv. er spor í rétta átt.

Ég ítreka þakkir mínar til meiri hluta nefndarinnar og endurtek að ég styð þetta frv. eins og það kemur frá henni.

[14:26]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli frsm. meiri hlutans þá vinnur efh.- og viðskn. nú að frv. um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri á Íslandi og eins og fram kom í 1. umr. um það mál þá er margt sem athuga þarf. Okkur hafa borist allnokkrar umsagnir um það frv. og í þeim kemur fram að það eru ríkjandi mismunandi sjónarmið varðandi fjárfestingu erlendra aðila í sjávarútvegi og nefndarmenn voru sammála um að þar væri á ferðinni svo alvarleg og veigamikil umræða að það væri ekki ástæða til þess að hraða meðferð þessa máls heldur þyrfti að gefa því allan þann tíma sem þyrfti.

Á sl. vetri þegar samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði var til umfjöllunar í þingsölum þá marglýsti ég yfir andstöðu minni við þann samning og hún hefur ekkert breyst en mér er það auðvitað ljóst eins og öðrum þingmönnum að þegar samningurinn gengur í gildi þá verður að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru þannig að íslensk löggjöf standist samninginn. En það breytir ekki þeirri skoðun minni að ég tel ekki rétt að standa að flutningi frv. um jafnveigamikil atriði og fjárfestingu erlendra aðila á meðan samningurinn er ekki genginn í gildi. Mér finnst ekki eðlilegt að ég sem andstæðingur þessa samnings sé að flytja mál sem honum tengjast meðan samningurinn er ekki genginn í gildi þó að ég geri ekki efnislegar athugasemdir við það frv. sem hér er á ferð. Ég tel rétt að sú stund renni upp að samningurinn verði hluti af okkar veruleika og þá munum við skoða málin eftir því sem þau berast í þingsali en ég ítreka þá skoðun mína að auðvitað ber að styðja þau mál sem horfa til góðs en einnig að gagnrýna það sem ég tel vera andstætt íslenskum hagsmunum og á eftir að koma inn í okkar sali vegna þessa samnings.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég er ekki í hópi flm. þessa frv. Eins og fram kom hjá formanni nefndarinnar þá erum við tveir nefndarmenn ekki aðilar að frumvarpsflutningnum og fyrir því eru einkum þær ástæður, a.m.k. af minni hálfu, að ég var ekki stuðningsmaður samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og tel mig því ekki sérstaklega skuldbundinn til að standa í þeim verkum að breyta (**Viðskrh.:** En útflutningsleiðin?) lögum samkvæmt „brusselskri" forskrift. Ég skal svo ræða við hæstv. viðskrh. um útflutningsleiðina stundarkorn undir þessum dagskrárlið úr því að viðskrh. hefur sérstakan áhuga á að fá það á dagskrá. Við alþýðubandalagsmenn erum auðvitað þakklátir fyrir einlægan áhuga Alþfl. á okkar stefnumörkun. Eins og kunnugt er snerist heill kratafundur hér í borginni um það fyrir nokkrum kvöldum síðan að ræða útflutningsleið Alþb. og þeir kratar höfðu ekki annað markverðara til að fjalla um á fundum sínum og við erum að sjálfsögðu ánægð með það, við sem að þeim verkum höfum starfað í Alþb.

Það er þannig að hér eru að vísu bara lagðar til lágmarksbreytingar, eins litlar og þær geta í raun og veru orðið, á lögum nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.e. veittar eru undanþágur fyrir ríkisborgara eða lögaðila á Evrópska efnahagssvæðinu í þremur tilvikum, í þremur lagagreinum, og í fjórða lagi er felld niður úr 3. gr. laganna svonefnd gagnkvæmnisregla, þ.e. að erlendir aðilar skuli jafnan ekki hafa hér rýmri rétt til fjárfestinga en við höfum í þeirra heimalöndum og hafa verið færð fyrir því rök að ekki sé ástæða til eða skynsamlegt að vera að hafa slíka reglu.

Það má sjálfsagt til sanns vegar færa að ólíklegt sé að við mundum þoka miklu til í lagasetningu erlendra stórþjóða, Íslendingar, þó að þeir rækju sig á einhverjar hindranir fyrir fjárfestingum sínum hér sökum þess að ekki væri um sambærilegan eða gagnkvæman rétt okkar að ræða. Menn mundu þá frekar hverfa frá þeim fjárfestingum heldur en standa í því að fá lögum breytt í sínu heimalandi, þannig að frá praktískum sjónarmiðum séð er það ugglaust rétt að það þjóni ekki miklum tilgangi og geti orðið jafnvel Íslendingum heldur til trafala í þeim skilningi að hér komi síður erlendir fjárfestar á vettvang að hafa þetta óbreytt. Hitt er svo annað mál að ég tel að það stríði nokkuð gegn svona almennum jafnræðisreglum og sjónarmiðum að ekki sé almennt talað um slíkt jafnræði að ræða og slík skipan á að sjálfsögðu að gilda almennt í samskiptum ríkja, þ.e. það sé um fulla gagnkvæmni að ræða. Þegar til lengri tíma er litið er annað óeðlilegt og ég tek það þess vegna skýrt fram þó að ég sé ekki andvígur þessari breytingu að í henni felst ekki viðurkenning á því að það geti í raun og veru verið nokkurn tíma réttlætanlegt, a.m.k. til lengri tíma litið, eða eðlilegt að ekki ríki full gagnkvæmni í svona löguðu því að afleiðingin af því að gangast undir að það gerist ekki yrði ósköp einfaldlega í fyllingu tímans sú að sumar þjóðir yrðu rétthærri en aðrar. Þær hefðu meira frelsi til fjárfestinga en aðrar, gætu þess vegna verndað sín heimamið en valsað um hjá öðrum. Almennt séð hljóta auðvitað allir alþjóðlegir samningar og bandalög að byggjast á því að fullt jafnræði ríki í svona löguðu.

Í öðru lagi vil ég segja það, hæstv. forseti, að það er fagnaðarefni að sú varð niðurstaðan að geyma frv. sjálft í efh.- og viðskn. Það hefur verið hið mesta óráð

að mínu mati að reyna að afgreiða það fyrir jól í þeirri tímaþröng sem þá er eins og ríkisstjórnin ætlaði sér. Í því eru stór og mikil álitamál sem alveg bráðnauðsynlegt er að farið verði rækilega yfir og ekki hrapað að að breyta. Þar hafa menn gjarnan nefnt fyrst og rætt mest um sjávarútveginn og fjárfestingartakmarkanirnar sem á veiðum og frumvinnslu sjávarafurða eru í gildandi lögum og eiga að halda sér eða eiga að geta haldið sér samkvæmt fyrirvara í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. En ég tel að það séu mörg fleiri álitamál sem þurfi að fara ofan í saumana á og vil ég þar nefna sérstaklega það hvort það sé í öllum tilvikum ástæða til að fella niður takmarkanir gagnvart þriðju aðilum eða aðilum utan hins Evrópska efnahagssvæðis þegar um fjárfestingar hér er að ræða. Ég tel svo ekki endilega vera. Ég tel að það geti fullkomlega komið til greina þó svo að menn standi frammi fyrir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði sem orðnum hlut, a.m.k. í bili eða verðandi hlut nú um áramótin og verði að haga sér samkvæmt því sem hann er bindandi fyrir okkur, þá geti eftir sem áður komið fullkomlega til greina að hafa vissar aðrar reglur gildandi um fjárfestingaraðila úr öðrum heimsálfum eða aðila sem ekki eru innan hins Evrópska efnahagssvæðis og ég gæti þar nefnt sem dæmi það álitamál hvort ætti t.d. að viðhalda áfram takmörkunum á fjárfestingarmöguleikum erlendra aðila í íslenskum flugfélögum ef um er að ræða aðila utan Evrópska efnahagssvæðisins. Nú er það ljóst að einhvers konar flugmálapakkar á Evrópska efnahagssvæðnu verða auðvitað hluti af samningagerðinni og þeir munu fela í sér viss réttindi flugfélaganna innan alls svæðisins þannig að margir mundu segja að þar með komi eignarhlutur hvers og eins miðað við þjóðerni ekki til með að skipta miklu máli lengur en sama mun ekki eiga við, a.m.k. ekki í fyrirsjáanlegri framtíð, um samskipti okkar við flugfélög eða fjárfesta úr öðrum löndum. Þar er gert ráð fyrir því að áfram gildi loftferðasamningar Íslands og annarra ríkja sem kveði á um gagnkvæm réttindi flugfélaganna miðað við þjóðerni og þá er það almenna reglan að ríki áskilja sér og hafa velflest í sínum lögum einhverjar reglur sem takmarka mögulega eignaraðild útlendinga í þeim flugfélögum sem nýta sér þjóðarréttindi ríkis. Í þessu sambandi er eðlilegt að við horfum ekki síst til Bandaríkjanna en þangað eigum við mikil samskipti í fluginu og þar er einmitt í lögum regla af því tagi sem er sett af bandarískum stjórnvöldum til að tryggja þjóðernisfesti þeirra flugfélaga sem fljúga á ameríska loftferðaréttindum. Í áliti frá Flugleiðum til efh.- og viðskn. er einmitt bent á þetta atriði og lagt til að takmörkuninni, sem kom inn í lögin reyndar í fyrsta sinn vorið 1991, verði haldið áfram gagnvart aðilum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta og margt fleira er álitamál sem er alveg nauðsynlegt að menn fari rækilega í gegnum áður en frv. er afgreitt.

Eins og áður sagði, varð það niðurstaðan að meiri hluti efh.- og viðskn. flytti þetta mál og tæki þannig ómakið af ríkisstjórninni að koma í gegn nauðsynlegustu lagabreytingum varðandi þetta mál fyrir áramót og eðlilegt að þeir sem samninginn bera fram beri á því ábyrgð að okkar mati sem ekki voru stuðningsmenn hans.

Það er nú svo, hæstv. forseti, að nú loksins eftir langa mæðu og miklar þrautir hillir að sögn undir það að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gangi í gildi um áramótin. Þetta hefur að vísu verið sagt alloft áður við okkur og jafnoft ...(**VE:** 17 daga.) Nú telja menn, þeir sem ákafastir eru, bara rétt eins og til jóla, að það séu 17 dagar til jóla — 17 dagar í EES, segir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og opnar jóladagatalið sitt á hverjum morgni og gleðst og brosir eftir því sem nær dregur hátíðinni. (**JGS:** Hann byrjaði ekki fyrr en þann sjöunda að opna.) En það vill nú svo til að þetta hefur nú verið sagt áður og nokkrum sinnum hefur verið komið býsna nærri því að málið væri í höfn að sögn, en það hefur jafnoft klikkað. Spurningin er hvort þetta á nú eftir að gerast einu sinni enn eða ekki. Hitt er svo nokkurt umhugsunarefni, ef þetta verður nú að veruleika um áramótin, hvernig á vegi er staddur undirbúningur íslenskra stjórnvalda. En það er satt best að segja með ólíkindum þegar það er haft í huga að fjölmörg frumvörp og fjölmargar lagabreytingar sem stjórnvöld höfðu fyrir allt upp í einu, einu og hálfu og tveimur árum síðan lofað hér sem lögfestum áður en samningurinn tæki gildi hafi ekki einu sinni enn komið fram á þessu þingi. Það er auðvitað hin mesta hneisa hvernig þau mál hafa öll í raun og veru farið í handaskolum hjá hæstv. ríkisstjórn. Það má til að mynda nefna af því að hér situr nú hæstv. iðnrh. og viðskrh. og orkumálaráðherra og áhugamaður um útflutningsleið að það bólar ekkert á frv. til laga um sameign Íslendinga á orkulindum, ekki spor, ekki par, og hafa þó kratar stundum gasprað um þau mál og þóst vera mikilir áhugamenn um almannaeign á þeim auðlindum. Og það hefur verið hugsað og rætt í sambandi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði að lög sem verndu rétt ríkisins til virkjana og orkuframkvæmda mundu í raun koma í stað einhvers konar fjárfestingarfyrirvara á þessu sviði. Hvar eru þau? Hvar er það frv.? Það hefur ekki komið fram enn þá. Þetta er auðvitað engin frammistaða svo ekki sé meira sagt. Á hverju strandar, hæstv. iðnrh. og orkumálaráðherra? Er e.t.v. óeining í ríkisstjórn um þetta mál? Ég tel að ríkisstjórnin skuldi okkur skýringar á því fyrir áramótin áður en samningurinn gengur í gildi hvernig þessir hlutir eru á vegi staddir.

Hvar er frv. hæstv. landbrh. um forræði hans á innflutningi búvara og jöfnunartolla á búvörum í tengslum við EES? Það er úti í hafsauga. Það hefur ekkert af því frést og eru nú nokkrir dagar til jóla og 17 dagar til EES eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson minnir á. Það bólar ekkert á þessu enn. Þetta er auðvitað allt annað heldur en hér hefur verið talað um og lofað hefur verið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar og með ólíkindum eins og þessi tímamót hafa dregist missirum saman frá því sem ætlað var og menn hafa í raun og veru ekki haft mánuði heldur hálfu og heilu árin til viðbótar til að undirbúa þessa gildistöku ef menn hefðu viljað nýta þann tíma en samt eru menn svona á vegi staddir að menn eru sumpart aftar á merinni en þeir

voru hér á síðasta þingi því að þá voru þó komin fram þingmál um þetta efni sem nú hafa ekki einu sinni náð því að vera lögð fram eins og t.d. frv. hæstv. landbrh. um innflutningsmál búvara eins og kunnugt er og frægt var hér á þingi, en kostaði m.a. einhver sögulegustu þingslit sem þessi stofnun hefur sennilega í allri sinni ótrúlega löngu sögu eða 1063 ára sögu upplifað. (**Gripið fram í:** Tíu þúsund ár.) Að vísu ekki 10 þúsund ár, það eru 10 þúsund ár síðan ísöld lauk, hv. þm., en saga Alþingis er sem kunnugt er nokkru skemmri þó að hún sé býsna löng eða 1063 ár eins og stendur hér á þskj. og hæstv. fyrrv. forseti þessarar stofnunar kom inn þeim ágæta sið, eins og kunnugt er, að prenta ártalið á þskj. en það hafði ekki áður verið gert. (**Gripið fram í:** Og ættu menn ekki að ruglast í ártalinu.) Og ættu menn ekki að rugla því meir enda okkur til hægðarauka að á hverju einasta þskj. er prentað samviskusamlega hve mörg ár eru liðin frá stofnun Alþingis.

Nei, hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að fjölyrða um þetta frekar í tengslum við þetta litla mál sem er nú harla léttvægt borið saman við ýmislegt annað sem hér hefur verið á ferðinni og þessu tengist en ég kýs að nota tækifærið af því að þetta tengist gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og vek á því athygli að þessi undirbúningur og þessi frammistaða af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er alveg með endemum og spurning um það hvort þeir hafa hugsað sér að gera þinginu með einhverjum hætti grein fyrir því hvernig þessi mál standa nú áður en samningurinn tekur gildi. Það er eins og mig rámi í það að einhverjar deilur hafi verið t.d. í hæstv. ríkisstjórn um það atriði að búvörulög leyfa ekki að uppfyllt séu ákvæði tvíhliða samnings Íslands við Evrópubandalagið um innflutning á grænmeti, blómum og öðru slíku. Hugsar ríkisstjórnin sér ekki bara að fara í jólaleyfi og láta standa þannig? Það er ekki annað að sjá því að það bólar ekki á neinum tilburðum af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til að breyta þessum hlutum.

Það er svo hins vegar annað mál að ræðumaður grætur það þurrum tárum þó að þeir hlutir tefjist eitthvað hjá hæstv. ríkisstjórn. Hitt er öllu alvarlegra ef þó þeir möguleikar og þó þau úrræði sem menn binda vonir við að séu tiltæk með lagasetningu, svo sem eins og gagnvart því að tryggja sameign og rétt ríkisins til virkjana, sameign þjóðarinnar á orkulindunum og einkarétt ríkisins til virkjana, ef þau komast ekki einu sinni fram þannig að menn standa þá berskjaldaðri en ella gagnvart gildistöku samningsins en svo virðist ætla að verða. Sama má segja um frv. sem tæki á ráðstöfun eða eignarrétti eða kaupmöguleikum útlendinga hér á landi og fleira af því tagi. Þetta er auðvitað allt í argasta skötulíki hjá hæstv. ríkisstjórn og er svo sem varla von á öðru, enda Þorláksmessan að nálgast.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, ætla ég að geyma mér það þangað til og ef frv. sjálft um breytingar á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, þ.e. stjfrv. sem bíður umfjöllunar í efh.- og viðskn., kemur til umfjöllunar síðar á þessu þingi.

[14:45]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla bara í örfáum setningum að gera grein fyrir ástæðum þess að ég kaus að standa að flutningi þessa máls með meiri hluta nefndarinnar. Í mínum huga er það tvennt. Í fyrsta lagi ber okkur að gera þær breytingar á íslenskum lögum sem nauðsynlegt er vegna þeirra samninga sem við gerum á alþjóðavettvangi. Í öðru lagi er ég þeirrar skoðunar að við þurfum aukna erlenda fjárfestingu í okkar atvinnulíf og ég vil að Alþingi geri það ljóst með sínum störfum að slíkir aðilar eru velkomnir til starfa hér með okkur í okkar atvinnulífi.

Ég vil hins vegar taka fram til þess að forðast allan misskilning að þar eru ákveðnir hlutir sem við þurfum og eigum að standa vörð um og þess vegna m.a. er ég ánægður með þá málsmeðferð að fresta meginefni frv. þannig að það geti fengið vandaða umfjöllun í nefndinni á vorþingi.

Það er nú einu sinni svo, virðulegi forseti, að það sem er áhyggjuefni í okkar atvinnulífi á þessum árum er ekki það að hér standi útlendingar í biðröðum og vilji fjárfesta. Það sem er áhyggjuefni er að það eru engir aðilar sjáanlegir eins og nú er sem eru tilbúnir til þess að hætta fjármagni í íslenskt atvinnulíf og gildir það einu hvort um er að ræða stóriðju sem núv. ríkisstjórn er búin að taka miklar leikfimiæfingar í við að reyna að laða til eða hvort um er að ræða fjármagn til uppbyggingar á almennum iðnaði eða þjónustu. Það er auglýst eftir aðilum sem vilja koma, en þeir hafa ekki enn gefið sig fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 2. umr.

Stjfrv., 131. mál. — Þskj. 144, nál. 348, brtt. 349.

[14:47]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 348 um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði.

Efh.- og viðskn. hefur fjallað um þetta frv. og fékk Finn Sveinbjörnsson og Pál Ásgrímsson frá viðskrn. til að skýra einstök ákvæði frv. Þá hefur nefndin fengið umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, Búnaðarfélagi Íslands, Byggðastofnun, Fiskveiðasjóði Íslands, Iðnlánasjóði, Íslenskri verslun, Verslunarráði Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Samtökum verðbréfafyrirtækja og Seðlabanka Íslands. Flestir umsagnaraðilar taka jákvæða afstöðu til frv. en nokkrir gera þó fyrirvara um breytingar.

Efh.- og viðskn. mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerðar eru tillögur um á þskj. 349.

1. brtt. fjallar um það að færa ákvæði 2. gr. í sama horf og var í frv. þegar það var flutt á síðasta löggjafarþingi því að þar var í reynd um mistök að ræða, sérstaklega að því er varðar b-lið brtt., en þar kemur fram að þrátt fyrir ákvæði laga um viðskiptabanka og sparisjóði er lánastofnun heimilt að nota í firma sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið fjárfestingarbanki, eitt sér eða samtengt öðrum orðum.

Með breytingu á 3. gr. frv. er ítrekuð sú almenna regla að lánastofnanir verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Þessar stofnanir fá mjög víðtækar heimildir til að veita margs konar fjármálaþjónustu og því þykir það farsælasta leiðin til að tryggja samræmd rekstrarskilyrði að gera kröfur um sams konar rekstrarform en auk þess gilda um hlutafélög fastmótaðar lagareglur eins og kunnugt er.

Að sjálfsögðu verður áfram hægt að stofna til lánastofnana með öðrum hætti samkvæmt sérstökum lögum ef það þykir hentugt og sérstaklega á það að sjálfsögðu við ef ríkissjóður og stjórnvöld vilja koma á lánastofnun til þess að leysa einhver tiltekin mál, eins og oft hefur gerst, og enginn getur fullyrt um í dag hver verður þróunin í framtíðinni.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram, eins og kemur fram í nál., að frv. gerir ekki ráð fyrir breytingum að því er varðar þær lánastofnanir sem nú starfa og með þessu frv. eða í nál. er engin afstaða tekin til þess hvort og hvenær skipulagi þeirra stofnana sem starfa í dag í öðru formi skuli breytt. Það er umræða sem er þessu máli algjörlega óviðkomandi.

Þriðja brtt. varðar 8. gr. og er aðeins orðalagsbreyting sem ekki þarfnast nánari skýringa. Breytingin á 9. gr. felur í sér að það er ráðherra sem á að hafa frumkvæði um setningu reglna um eignarleigustarfsemi en ekki bankaeftirlitið. Nefndin telur eðlilegra að hafa ákvæði með þessum hætti, þó ráðherra muni væntanlega, í samræmi við starfsreglur, hafa um þetta náið samráð við bankaeftirlitið í allri framkvæmd. Með þessu er fyrst og fremst verið að leggja áherslu á að mál þetta, eins og málið allt og framkvæmd þess, er að sjálfsögðu á ábyrgð bankamálaráðherra á hverjum tíma.

Í ákvæði til bráðabirgða I kemur það fram að þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er ekki skylt að breyta félagsformi lánastofnunar sem starfandi er við gildistöku laga þessara í hlutafélag, eins og ég hef áður getið um. Það kemur jafnframt fram í þessu ákvæði til bráðabirgða að starfandi lánastofnun sem breytt er í hlutafélag og skattlögð hefur verið samkvæmt lögum um skattskyldu innlánsstofnana skal skattlögð þannig áfram. Það er sem sagt ekki gert ráð fyrir því að skattskylda þessara innlánsstofnana breytist jafnvel þó þeim sé breytt í hlutafélag. Það er rétt að taka það fram að jafnframt hefur sá skilningur komið fram að ef lánastofnunum er með þessu breytt í hlutafélag þá njóta þær áfram undanþágu með sama hætti og verið hefur að því er varðar greiðslu stimpilgjalda. Það er ekki talin ástæða til þess að lánastofnun sem hefur notið slíkrar undanþágu og ákveður að breyta forminu í hlutafélag að það breytist neitt að því er varðar stimpilgjöldin. Það er eðlilegt að með sama hætti og engin breyting verður á skattskyldunni í samræmi við skattalög, þá verði heldur ekki nein breyting á skyldunni, eða undanþágunni réttara sagt, til þess að greiða stimpilgjöld þegar lán eru tekin.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð. Nefndin leggur til að það verði samþykkt. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon skrifaði undir nál. með fyrirvara, en fjarverandi við afgreiðslu málsins voru hv. þm. Ingi Björn Albertsson og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir.

[14:54]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að þakka nefndinni fyrir afgreiðslu hennar á þessu máli. Það er mikið að gera í hv. efh.- og viðskn. um þessar mundir. Það er áríðandi fyrir okkur að koma sem flestum málum frá okkur er tengjast EES sem tekur gildi um áramótin, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur vakið athygli manna á. Á þeim stutta tíma þarf að afgreiða mörg mál úr nefndinni og ég þakka fyrir þann tíma sem hún hefur gefið þessum málum og ítreka það að ég er mjög sáttur við þessi málalok.

[14:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hef fyrirvara á stuðningi mínum við þetta mál og meðflutning að brtt. við það. Það er eitt efnisatriði frv. sem ég vil áskilja mér fyrirvara gagnvart og það er sú fortakslausa kvöð í 3. gr., sem reyndar er hnykkt á með brtt. á þskj. 349, eða ítrekuð sú regla að lánastofnanir verði einungis stofnaðar sem hlutafélög. Nú hef ég í sjálfu sér ekkert á móti þessu ágæta hlutafélagaformi sem slíku og það er margt til í því sem sagt er að með því er tryggt fast skipulag og samræmdar reglur um tilurð slíkra lánastofnana, ef til verða á grundvelli þessara laga, og án þess þá að um þau gildi sérlög. Slíkt er að sjálfsögðu hugsanlegt og mundi þá þessi rammi nægja. En ég vil ekki fyrir mitt leyti að það misskiljist sem einhver sértækur stuðningur við það að lánastofnanir í framtíðinni, á komandi árum, þurfi endilega, án tillits til aðstæðna og tilefnis, að vera á forminu hlutafélög. Það er að vísu alveg ljóst og kom inn eftir umræður um þetta mál í efh.- og viðskn. að frv. gerir ekki ráð fyrir neinum breytingum að því er varðar lánastofnanir sem þegar starfa. Með þessu er engin afstaða tekin til þess hvort skipulagi þeirra verði á nokkurn hátt breytt eða það sé óheppilegra en það sem hér er lagt til, þannig að í raun felst ekki afstaða gagnvart ríkjandi ástandi í þessum málflutningi hér, samanber nefndarálitið sjálft. En ég vildi engu að síður ítreka þennan fyrirvara minn vegna þess að ég tel að þetta hljóti auðvitað að þurfa að ráðast af efnum og aðstæðum og ég tel að margt sem gert hefur verið í skjóli hlutafélagalaganna af hæstv. núv. ríkisstjórn orki mjög tvímælis, hin svokallaða ýmiss konar einkavæðing sem í raun og veru hefur þrengt mjög stjórnun viðkomandi fyrirtækja. Þannig að í stað til að mynda þingkjörinna stjórna, þar sem allir eða flestir flokkar hafa átt aðild að, þá hafa nú nokkur ríkisfyrirtæki færst yfir í hlutafélagaform með þeim afleiðing-

um að viðkomandi fagráðherra eða ráðherra sem fer með viðkomandi fyrirtæki í Stjórnarráðinu, velur einhendis og án tillagna nokkurs staðar alla menn í stjórn viðkomandi hlutafélags. Hann fer með eignarhlut ríkisins sem er þá 100% og velur þannig menn inn.

Þessi fordæmi sjáum við t.d. í skipun stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins sem nú mun vera komin með þetta fína „hf." fyrir aftan og SR-mjöls og fleiri slíkra fyrirtækja. Fyrir mér er þetta ekki framför heldur afturför og þrenging í stjórnunarlegu tilliti, fráhvarf frá lýðræðis- og valddreifingarsjónarmiðum sem ég styð ekki. Ég læt það þess vegna koma hér fram að fyrirvari minn við þessa oftrú á hlutafélög er m.a. tengdur þessari meðferð hæstv. ríkisstjórnar á málefnum þeirra fyrirtækja sem breytt hefur verið í hlutafélagaformið. Enn fráleitara væri auðvitað ef menn kysu að meðhöndla opinbera sjóði með sambærilegum hætti, en samkvæmt þessum lögum væri ekki hægt að slá loku fyrir það að valin yrði sú leið að stofna opinberan sjóð, opinbera lánastofnun sem hlutafélag á grundvelli þessara laga, laga um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, láta ríkið eiga 100%, eða svo til 100% eignarhlut í þeim sjóði og láta viðkomandi ráðherra einn handvelja þess vegna flokkssystkini sín, samanber mýmörg dæmi að undanförnu, til þess að stýra þeim sjóði. Er það heilbrigt? Er það skynsamleg stjórnsýsla? Ég segi nei.

Nú er ég ekki eingöngu að setja upp tilbúin dæmi um það gæti gerst og olli því að ég kaus að hafa hér á fyrirvara og gera grein fyrir honum. Út af fyrir sig mætti einnig nefna það að þetta frv. tengist með tilteknum hætti samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, en þar sem það hefur sjálfstætt gildistökuákvæði og ég tel að efnisþættir þess séu í sjálfu sér ágætir og eðlilegir sem almenn löggjöf um þetta mál hér á landi, þá hefði það í sjálfu sér ekki eitt og sér kallað fram neinn fyrirvara af minni hálfu.

[15:03]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, StG, SJS, TIO, VG, VS, VE.

4 þm. (AÓB, JVK, KE, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EKG, FrS, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 349,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.

22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 349,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, TIO, VG, VS, VE.

2 þm. (RA, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

4.–7. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.

3 þm. (AÓB, JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 349,3 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 349,4 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.
21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JóhS, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

9. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

10.–24. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.
2 þm. (JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EH, FrS, GHelg, GunnS, HG, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Ákv. til brb. I–II samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, VE.
2 þm. (JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GÁ, GHelg, GunnS, HG, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, StG, SJS, TIO, VG, VS, VE.
19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 270. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 327.

[15:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, StG, SJS, TIO, VG, VS, VE.
19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Sjálfbær atvinnuþróun í Mývatnssveit, frh. fyrri umr.

Þáltill. umhvn., 271. mál. — Þskj. 329.

[15:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, StG, SJS, TIO, VG, VS, VE.
20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FrS, GHelg, GunnS, HG, JÁ, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 281. mál (EES-reglur, brottfall gagnkvæmnisskilyrðis). — Þskj. 357.

[15:09]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, StG, SJS, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, FI, FrS, GHelg, GunnS, HG, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Landbúnaðarþáttur GATT-samkomulagsins.

[15:11]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Í fyrirvara ríkisstjórnarinnar frá því í janúar 1992 var gengið mjög á hlut íslensks landbúnaðar frá því sem verið hefur. Síðan hefur ríkisstjórn Íslands slakað enn á kröfunum og sl. föstudag bárust fréttir af því að ríkisstjórnin hefði ákveðið að falla frá kröfunni um magntakmarkanir á innflutningi þeirra búvara sem lúta framleiðslustýringu. Þetta mun hafa mjög alvarleg áhrif á íslenska búvöruframleiðslu í framtíðinni og afkomumöguleika þeirra sem landbúnað stunda og vinna úr landbúnaðarvörum og vinna að þjónustu við landbúnaðinn. Menn verða að átta sig á því að hér er ekki eingöngu um hagsmuni sveitafólks að ræða. Hér er um miklu víðtækari hagsmuni að ræða, atvinnustigið í landinu, byggðamunstrið og alla samfélagsgerðina.

Í GATT-samningnum er það grundvallaratriði að landbúnaðarvörur skuli framleiddar þar sem hægt er að gera það ódýrast, hvaða ráðum sem beitt er. Svokallað heimsmarkaðsverð er myndað af viðskiptum með eitthvað í kringum 3% af heimsframleiðslunni, 97% fara á heimamarkað. Þessi umframframleiðsla, þessi 3% eru sett á almennan markað og boðin á mjög lágu verði til að losna við birgðir. Þessi framleiðsla er verðbætt með margvíslegu móti.

Nú hefur ríkisstjórnin ákveðið að hleypa inn í landið að lágmarki 3–5%, ég endurtek „að lágmarki", standi vilji einstakra ráðherra í lykilhlutverkum, t.d. viðskrh., til þess að hleypa meiru inn, þá er það á valdi hans. Það þarf ekki að spyrja að því að verslunarkóngarnir sem stýra Hagkaup og Bónus og Mata, eða hvað þetta nú heitir allt saman, koma til með að þrýsta fast á að innflutningur verði meiri en 3–5%. Þó ekki væri um meira að ræða en 3–5% þá verður það örugglega verðleiðandi hvað sem öðru líður. Það kemur í veg fyrir verðmiðlun og raskar öllu skipulagi á búvörusölunni.

En með síðustu ákvörðun ríkisstjórnarinnar er mjólkurframleiðslan öll í uppnámi. Tæknilega er unnt að flytja inn alla neyslumjólk í landinu og unna mjólk.

Setjum nú svo að sjúkdómavarnaklásúlan haldi, sem reyndar er vafasamt að dugi til lengdar, þá er líklegt að 20–30% a.m.k. af neysluþörfinni af kjöti verði fullnægt með innflutningi unninna kjötvara.

Íslensku atvinnulífi hefur verið greitt þungt högg og það er fyrirsjáanlegt að af þessum samningi leiðir atvinnuleysi fjölda framleiðenda og þeirra sem vinna úr landbúnaðarvörum eða þjóna landbúnaðinum. Og ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til að afstýra þessu efnahagslega hruni og atvinnuleysi og byggðaröskun sem af landbúnaðarsamningi GATT-samninganna hlýtur að leiða?

[15:14]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það var viss misskilningur í ræðu hv. þm. sem óhjákvæmilegt er að leiðrétta. Það er ekki rétt að á sl. föstudegi hafi ríkisstjórnin fallið frá fyrirvara sínum um magntakmarkanir, það er á misskilningi byggt, eins og raunar kom fram hjá mér í ræðu minni hér á Alþingi sl. föstudag. Staðreyndin er sú að í morgun, eftir að samningar höfðu tekist milli Bandaríkjamanna og Evrópubandalagsins um einstaka þætti GATT-samningsins og samið hafði verið og önnur þjóðlönd höfðu fallið frá fyrirvörum um magntakmarkanir eða samið um þær, eins og Japan og Suður-Kórea sem sömdu um 4–8% lágmarksaðgang í staðinn fyrir 3–5% lágmarkasaðgang gegn því að fá að halda magntakmörkunum, þá voru ekki aðrir eftir en Norðmenn og Íslendingar. Þeir voru þeir síðustu sem eftir voru. Sutherland hafði þá samband við Norðmenn og síðan Íslendinga og þá lá alveg ljóst fyrir að Norðmenn mundu falla frá sínum fyrirvörum um magntakmarkanir þegar hér var komið sögu. Spurningin var þá um það hvort við Íslendingar ætluðum einir að standa utan Gatt-samninga eða hvort við ætluðum að falla frá magntakmörkunum eins og Norðmenn og raunar aðrar þjóðir. Ég hygg að við séum allir sammála um það sem erum í þessum sal að þeir hagsmunir sem við höfum af því að vera innan GATT eru miklu ríkari en svo að við getum fórnað þeim fyrir þann fyrirvara sem við erum hér að tala um, magntakmarkanir, líka vegna þess að eins og sakir stóðu þá höfðu ekki verið gerðar athugasemdir um útreikninga á þeim tollígildum sem við höfum gert eða um aðra þætti. Raunar voru samningarnir ekki endanlega frágengnir þegar ég hafði samband við Kjartan Jóhannsson sendiherra upp úr klukkan tvö í dag, þannig að ég þori ekki að fullyrða hvernig endanlegur frágangur verður, einfaldlega vegna þess að endanlegum frágangi var ekki lokið, en það höfðu ekki verið gerðar athugasemdir um einstök skilyrði af okkar hálfu að öðru leyti.

Það hittist svo á að ég bað Þjóðhagsstofnun í ársbyrjun 1992 að gera athugun á því hvaða áhrif GATT-samningar hefðu á íslenskan landbúnað ef ekki yrði fallist á magntakmarkanir og ég held að það sé óhjákvæmilegt að lesa niðurstöðurnar hér. Það er síðan rétt í kjölfar GATT-samninganna nú að endurskoða þær niðurstöður og útreikninga sem liggja fyrir frá Þjóðhagsstofnun. Helstu niðurstöður eru þessar segir þar:

„1. *Innflutningur á landbúnaðarvörum hingað á aðlögunartíma* GATT-samningsins verður mjög takmarkaður umfram lágmarksinnflutning. Markaðshlutdeild erlendra búvara í neyslu landbúnaðarvara innan lands er talin verða 3–4% á fyrri hluta aðlögunartímans en hækka smám saman í 5–6% undir lok hans." — Ég endurtek að það er talið að markaðshlutdeild erlendra búvara í neyslu landbúnaðarvara sé talin 3–4% á fyrri hluta aðlögunartímans og 5–6% undir lok hans.

„Landbúnaðarafurða er neytt hér á landi fyrir um 24 milljarða kr. á ári. Í fjárhæðum svarar markaðshlutdeildin því til um u.þ.b. 700 millj. til 1 milljarð kr. á ári framan af aðlögunartímanum og 1.200–1.400 millj. kr. undir lok hans.

2. Raunverð á búvöru til neytenda er talið lækka að jafnaði um 1% á ári á aðlögunartímanum. Þessi lækk-

un er innan við markmið búvörusamningsins um lækkun raunverðs á landbúnaðarvörunum á samningstímanum. Verð mun lækka mismikið eftir vörutegundum, líklega mest á þeim vörum sem leyft verður að flytja inn, en þeim mun minna sem vörutegundirnar eru betur varðar fyrir samkeppni við erlendar búvörur.

3. Að öllu samanlögðu má búast við að verð til framleiðenda lækki um 7% á öllum aðlögunartímanum. Þá er gert ráð fyrir því að vinnslustöðvar í landbúnaði auki framleiðni sína ekki minna en bændur. Ef ekki kemur til útflutnings landbúnaðarvara, eins og miðað er við í þessum útreikningum, er óhjákvæmilegt að störfum fækki í landbúnaði á aðlögunartímanum, e.t.v. um 2%.

4. Sé gengið út frá því að markmið búvörusamningsins um að lækkun raunverðs á sauðfjárafurðum náist og svipuð markmið varðandi aðrar búvörur, virðast GATT-samningsdrögin ekki fela í sér verulega röskun í landbúnaði umfram það sem ella hefði orðið á næstu árum. Þetta stafar af því að stefnt er að meiri raunlækkun á verði landbúnaðarvara í búvörusamningnum en GATT-drögin leiða af sér. Ljóst er hins vegar að ýmis atriði búvörusamningsins þarf að endurskoða og samræma við hugsanlegt GATT-samkomulag, eins og nánar er fjallað um síðar í þessari skýrslu."

[15:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það var verulegt áfall að fá þær fréttir að ríkisstjórn Íslands hefði gefið heimild til að falla frá þeirri kröfu Íslands, sem verið hafði uppi í samningaviðræðunum um GATT frá upphafi ásamt með allmörgum öðrum þjóðum, að við hefðum heimild til þess í samningagerðinni að viðhalda hér magntakmörkunum á ákveðnum mikilvægum tegundum innlendrar framleiðslu. Svo virðist sem það sé að verða niðurstaðan í þessari samningalotu að Ísland fái í raun og veru ekkert út úr því að hafa boðið fram meiri lækkun útflutningsuppbóta heldur en flestar ef ekki allar þjóðir. Og það eru næsta sérkennileg skilaboð sem borin eru af hálfu samningamanna Íslands, að þær þjóðir sem frá upphafi viðræðnanna höfðu haldið til haga kröfu um magntakmarkanir hafi einfaldlega mátt falla frá þeim kröfum án þess að fá nokkuð í staðinn. Það eru mjög sérkennileg skilaboð. En í reynd er það sem hér er verið að segja, að mönnum hafi verið settir þeir úrslitakostir í lokin að falla frá kröfunni án þess að fá nokkuð í staðinn. Hér hafa a.m.k. engar upplýsingar verið gefnar um það að Íslendingar, Norðmenn eða aðrar slíkar þjóðir hafi átt þess kost að fá þá önnur úrræði, svo sem eins og minni lágmarksmarkaðsaðgang eða hærri jöfnunargjöld eða eitthvað annað í staðinn til að mæta því að falla einfaldlega frá kröfunni um magntakmarkanir. Ég tel að þarna hafi verið haldið linkulega á hagsmunum Íslands. Það vekur athygli mína að ekki er að sjá að neinir íslenskir sérfræðingar eða embættismenn hafi verið né séu viðstaddir lokafrágang samningagerðarinnar til þess að starfa þar með sendimönnum Íslands á vettvangi.

Ég óskaði eftir upplýsingum frá ríkisstjórninni um það hvað hún er að gera eða hyggst gera til að bregðast við þessari niðurstöðu. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef t.d. frá Noregi þá eru menn þar á fullri ferð að kanna stöðu sína í ljósi þessarar niðurstöðu og hvað unnt sé að gera, svo sem eins og með því að færa til eða breyta um form styrkja til landbúnaðarins og mæta þannig þessari niðurstöðu.

Ég vil að lokum segja það að ég tel að óhjákvæmilegt sé að ríkisstjórnin bjóði bændasamtökunum til viðræðna. (Forseti hringir.) Forseti, ég er að ljúka máli mínu, bjóði bændasamtökunum til viðræðna nú þegar í ljósi þessarar niðurstöðu. Auðvitað hefði stjórnin átt að hafa samráð við þá um hvert einasta skref í þessu máli.

[15:23]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar við ræðum hér um frjálsan innflutning og útflutning landbúnaðarvara þá held ég að við verðum að athuga það að við höfum nokkra sérstöðu hvað varðar útflutning landbúnaðarvara þar sem við erum búin að afleggja allar útflutningsbætur. Við munum að vísu geta nýtt okkur tollaígildi fyrstu árin við innflutning landbúnaðarvara, en það er aðeins tímabundið, kannski fimm til tíu ár. Og hvað tekur þá við? Síðan mun flæða yfir okkur óheftur innflutningur landbúnaðarvara frá þeim löndum sem geta framleitt þessa vöru með minnstum tilkostnaði. Frá löndum þar sem veðurfarið er hagstæðara þannig að við höfum ekki möguleika á að keppa við þær. Hins vegar höfum við möguleika á að keppa við þær í gæðum, ekki í verði en ég held að það verði mjög erfitt að koma þeirri vitneskju á framfæri við markaðinn. Það er auðvitað spurning líka hvort hinn almenni neytandi sem verður að horfa í hverja krónu við matarinnkaup getur leyft sér að taka mið af hollustu vörunnar. Við höfum getað stýrt þessum málum með því að framleiða fyrir innanlandsmarkað og með ákveðinni verðstýringu, en það mun breytast með þessum samningi.

Og nú þegar fallið er frá magntakmörkunum sem voru fyrirhugaðar þá tel ég að við þurfum líka að skoða það að bara 5% markaðsaðgangur mun þýða fækkun starfa um a.m.k. 1.500 í landbúnaði og tengdum störfum og er það það sem við þurfum nú þegar við horfum fram á vaxandi atvinnuleysi?

[15:24]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það sem hér er að gerast með aðild Ísland að Úrúgvæ-lotu GATT-samkomulagsins og með aðild Íslands að EES er að verið er að rífa niður síðustu leyfarnar af haftamúrunum sem komið var upp í kringum þetta land á kreppuárunum. Við erum loksins að segja skilið við kreppuárin. Það er verið að ljúka því verki sem viðreisnarstjórnin hóf á sinni tíð. Það hefur verið hörð og erfið barátta og menn hafa þurft að etja öll þessi ár kappi við sömu aðila, eins og menn gera nú.

Í þessu sambandi vil ég aðeins taka fram að það voru auk Íslands, Japan, Suður-Kórea, Kanada, Noregur og Sviss sem gerðu kröfur um magntakmarkanir. Önnur aðildarríki að GATT-samningnum hafa mót-

mælt því, enda er slíkt í ósamræmi við drögin að lokaskjali viðræðnanna og þeim megintilgangi landbúnaðarþáttarins að breyta öllum magntakmörkunum í tolla. Það var um tvo valkosti að velja. Annars vegar tímabundin heimild í sex ár til magntakmörkunar, en í staðinn fyrir þá tímabundnu heimild hefði orðið að auka lágmarksaðgengi fyrir sömu vörur og tímabundinnar magntakmörkunar er krafist fyrir, sem samsvarar um 4% í innanlandsneyslu við gildistöku samningsins og 8% eftir sex ár. Þetta var sá valkostur sem t.d. Japan valdi. Í umræðum í norska þinginu þann 6. þessa mánaðar kom fram frá norsku ríkisstjórninni að þessi leið mundi ekki henta Norðmönnum, þannig að þeir mundu ekki velja japönsku leiðina. Norðmenn og Íslendingar hafa orðið samstiga í þessum málum vegna þess að af þeim tveimur kostum sem stóðu til boða var valinn af hálfu norsku og íslensku ríkisstjórnarinnar sá kostur sem var betri fyrir norsku þjóðina og fyrir íslensku þjóðina. Ég held að menn ættu frekar en gagnrýna hæstv. landbrh. og ríkisstjórn fyrir þessa afstöðu að fagna því að nú erum við loksins að kveðja kreppuárin.

[15:27]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. GATT-samningurinn er slíkur alvörusamningur fyrir íslenskan landbúnað að bæði búgreinin og ekki síður iðnaðurinn hlýtur að krefjast þess að ríkisstjórnin marki skýra stefnu um það hvernig málum verður háttað. Nú blasa þær staðreyndir við að Íslendingar eru fallnir frá öllum sínum kröfum um magntakmarkanir o.fl. Hæstv. utanrrh. hefur staðið við það fyrirheit sitt að hafa það nú í hendi sinni að brjóta niður íslenskan landbúnað. Full ástæða er til að Alþingi skipi nefnd til að yfirfara vinnubrögð hæstv. utanrrh. í þessari samningagerð. Hagsmunir bænda, iðnaðarfólks og afurðastöðva og íslensku þjóðarinnar til lengri tíma litið hafa verið fyrir borð bornir. Lágmarksaðgangur upp á 3–5% án tolla er sýnishorn þess hvert stórveldin ætla í verðlagningu á landbúnaðarafurðum. Hitt er stórmál að erlendar þjóðir munu keppa við okkur áfram með ríkisstyrkjum í formi útflutningsuppbóta.

Sá sem trúir á jöfnunartolla sem vörn er haldinn villutrú. 400% tollur í upphafi fer á 6 árum í 256% og vegferðinni er ekki lokið. Þessi fallöxi eða þumalskrúfa mun reynast öllum norrænum landbúnaði erfið. Fatnaður Íslendinga er nú saumaður í Austur-Asíu, matvaran kemur kannski frá Bandaríkjunum, níu af hverjum tíu dönskum „bissnissmönnum" eru að selja danska framleiðslu um allan heim. Níu af hverjum tíu íslenskum „bissnissmönnum" eru að kaupa umboð og erlenda vöru til Íslands til að æra og færa út vegi „íslenskt já takk". Ömurlegt er hlutverk hæstv. landbrh. í kolalestinni á skútu hæstv. utanrrh. sem er að gefa útlendingum íslenskan matvælamarkað og brjóta niður íslenskan landbúnað.

Nú er svo komið, hæstv. forseti, að við getum hvorki treyst hæstv. utanrrh. eða landbrh. að fara með þessi mál áfram og verðum að gera þá kröfu til hæstv. forsrh. að hann fari yfir afleiðingar þessarar samningsgerðar og horft verði fram til næstu tíu ára og Alþingi og ríkisstjórn segi til um hvernig skuli staðið að hvað framtíðina varðar.

[15:29]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Nú á lokaspretti er það grímulaust hverjir ráða ferðinni í GATT-viðræðunum, stóru ríkin og ríkjasamsteypurnar og þær gæta hagsmuna sinna á kostnað annarra. Þetta merkir það m.a. að hagsmunir íslensks landbúnaðar hafa orðið útundan. Þetta merkir einnig að þrátt fyrir að látið sé liggja að öðru þá eru það ekki hagsmunir fátækra ríkja sem á endanum ráða ferðinni heldur tryggja þeir ríku og sterku sitt og skipta með sér heimsmarkaðnum en reyna að láta í það skína að allt sé þetta í þágu annarra. Reynslan mun sýna hvert hin nýja skipan leiðir okkur en ég bendi m.a. á vaxandi gagnrýni í þessa veru í umfjöllun erlendra blaða um málið.

Ég gef mér það að almennt sé fólk jákvætt gagnvart íslenskum landbúnaði, jafnvel alþýðuflokksmenn láta í veðri vaka að þeir vilji landbúnaði allt gott þótt þeir velji oft sérkennilegar leiðir til að tjá það. Kannanir sýna þetta jákvæða viðhorf einnig og það er í takt við heilbrigða skynsemi. Það er heilbrigð skynsemi að vilja tryggja að fersk og ómenguð landbúnaðarframleiðsla hér á landi geti haldið áfram. Vaxandi vitund er um það um allan heim að það skiptir máli að neyta hollra afurða en ekki afurða hormóna- og lyfjafulls búfjár sem beitt er á þrautpínt og illa mengað land. Tíminn vinnur með okkur en við verðum að nýta hann vel og verja okkar framleiðslu á meðan þessi hugsunarháttur er að verða almennari. Eftir það ætti okkur að verða allir vegir færir með ferska og ómengaða vöru. Frændur vorir Danir eiga sér ágæta reglu, TTT-regluna, „Ting ta'r tid", hlutirnir taka tíma, og við verðum að muna það.

Það hefur verið rakið hér vel hvers vegna fullyrt er að hagsmuna íslensks landbúnaðar sé ekki gætt sem skyldi. Magntakmarkanir væntanlega úr sögunni í dag, ekkert gefið fyrir þá staðreynd að við höfum verið fremst í flokki að fella niður útflutningsbætur og óljóst hvað lækkun tollígilda á árabilinu 1995–2001 mun skila.

Þetta þýðir það einfaldlega að við gætum ekki hagsmuna íslensks landbúnaðar, ekki atvinnu og ekki íslenskra neytenda heldur.

[15:32]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Við Íslendingar erum mjög háðir utanríkisverslun og því er það vissulega hagstætt fyrir okkur að aukið sé viðskiptafrelsi í heiminum og að því leyti eru GATT-samningarnir jákvæðir. En það gildir það sama um okkur Íslendinga eins og alla aðra að í þessum málum erum við samtímis í sókn og vörn. Við verðum að vera í sókn fyrir okkar útflutning en við verðum samtímis að vera í vörn fyrir okkar heimaframleiðslu og í því er engin mótsögn, það er einfaldlega eðli málsins. Ef þessar varnir bresta hjá okkur varðandi íslenskan landbúnað þá eru afleiðingarnar stóraukið atvinnuleysi og minnkandi þjóðartekjur.

Í þessu máli erum við að tala um allt annað og miklu verri stöðu en var fyrir þremur árum. Það hefur jafnt og þétt hallað á ógæfuhliðina, verið slakað meira og meira á og nú seinast hvað varðar magntakmarkanirnar. Ég vek á því athygli að ríkin hafa haft ákveðið svigrúm sjálf til þess að ákveða hver ætti að vera staða þeirra í þessum málum og við Íslendingar undir forustu hæstv. utanrrh. höfum gengið miklu lengra í að opna fyrir innflutning en t.d. Finnar og Norðmenn, svo ég nefni dæmi. Ég bara bendi á það t.d. að það tollígildi sem Norðmenn fá að miða við er verulega miklu hærra eða um 505 á móti því sem er fyrir okkur Íslendinga 397. Og það er eftirtektarvert hvað varðar lágmarksaðgengi að bæði Finnar og Austurríkismenn hafa valið sér miklu hagstæðari viðmiðun en við Íslendingar höfum gert.

Það er líka kunnugt og hefur komið fram að utanrrh. gekk miklu lengra varðandi gróðurhúsaframleiðsluna að opna fyrir innflutning heldur en t.d. Svíar gerðu þegar samið var um EES o.s.frv. Þannig að hér hefur mjög hallað á ógæfuhliðina, ekki síst vegna þess hvernig á málum hefur verið haldið og það harma ég, það á eftir að kosta okkur mikið.

[15:34]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst beina orðum mínum til hæstv. viðskrh. og benda honum á að það landbúnaðarkerfi, sem við höfum búið við síðustu árin var framleiðsluhvetjandi og byggðist á útflutningsbótum og verulegum styrkjum, það var skilgetið afkvæmi viðreisnaráranna, svo við höfum það alveg hreint á hreinu.

En, virðulegi forseti. Það líður senn að því að gengið verður frá nýju GATT-samkomulagi. Það hefur alla tíð verið skýrt í mínum huga að við Íslendingar ættum engra annarra kosta völ en að vera þátttakendur í starfi Alþjóðatollamálastofnunarinnar GATT. Við eigum einfaldlega það mikilla hagsmuna að gæta sem útflutningsþjóð. Varðandi landbúnaðarþátt samningsins og hvernig hann kemur við okkur Íslendinga hef ég alltaf verið þeirrar skoðunar að þar sé miklu frekar um að ræða innanríkismál heldur en utanríkismál. Það ráðist af því hvernig íslensk stjórnvöld eru tilbúin til þess að standa á okkar rétti. Áhyggjur bænda í dag snúast að því hvað ríkisstjórnin sé að hugsa, hver er hennar þáttur í því að skapa sátt um framkvæmd þessa mikilvæga málaflokks, landbúnaðarmálanna. En það er það sem við þurfum á að halda í dag, breið samstaða um framkvæmd þessa málaflokks. Það er skemmst frá því að segja að hvað þetta varðar hefur núv. hæstv. landbrh. algjörlega brugðist. Í hans huga virðist það vera aðalatriðið að viðhalda stöðugu stríði um málið sem síðan smitar út í allt þjóðfélagið íslenskum landbúnaði til stórtjóns. Það getur hins vegar verið að hæstv. ráðherra telji að hann hafi af þessu tímabundinn pólitískan hag en meðan svona er haldið á málum þá komast engin mál landbúnaðarins í gegn á Alþingi eins og við vitum nú. Ég hlýt því að spyrja hæstv. landbrh.: Hvað líður framlagningu frv. um breytingu á búvörulögunum sem tryggir það að við stöndum við okkar milliríkjasamninga (Forseti hringir.) — virðulegi forseti, ég er að ljúka máli mínu, og tryggir það að við getum nýtt okkur okkar rétt m.a. gagnkvæmnisrétt til jöfnunargjalda við útflutning? (Forseti hringir.) Nú spyr ég hæstv. ráðherra ákveðið: Hvar er þetta mál statt í kerfinu núna? Hvers vegna er það ekki komið fram?

[15:37]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætlaði aðeins að bæta örfáum orðum við þá sérstæðustu söguskýringu sem ég hef nokkrun tímann heyrt að haldin hafi verið alheimsráðstefna í Úrúgvæ til að brjóta niður kreppumúrana sem viðreisnin komst ekki yfir að klára á Íslandi. Ég vil beina því til hæstv. forseta að það verði framhald á þessari umræðu þannig að hæstv. viðskrh. þurfi ekki endanlega að verða sér til skammar, því verði settur punktur þarna þá býð ég ekki í það hvað gæti gerst. Það er ekkert víst að dr. Gylfi verði til staðar eftir 20 ár til að skrifa nýja bók og vísa mönnum veginn hvernig þeir eiga að tala um viðreisnina.

[15:38]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég er kurteis maður og ég ætla að byrja á því að þakka hæstv. landbrh. fyrir að koma í ræðustólinn og taka þátt í þessari umræðu. Mér fannst hann hins vegar fara hálfgerða erindisleysu. Það var auðvitað enginn misskilningur í mínu máli. Það kom í einn stað niður, Kjartan Jóhannsson fékk umboð til þess á föstudaginn var að gefa eftir magntakmarkanirnar og það var samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Þjóðhagsstofnun er líka á villigötum. Þjóðhagsstofnun gefur sér vitlausar forsendur, hún gefur sér þær forsendur að ríkisstjórnin í landinu starfi með öðrum hætti en sú ríkisstjórn sem starfar núna. Hún gefur sér það að þessi ríkisstjórn verði ekki við völd næstu 6–7 árin, þ.e. að í landið komi ríkisstjórn sem stendur á rétti landbúnaðarins og reynir að tempra innflutning en það gerir þessi ríkisstjórn ekki.

Og hvers vegna var hæstv. landbrh. að rembast við að reyna að halda inni magntakmörkunum fram á síðustu stundu, alveg fram á síðasta klukkutíma ef þær voru einskis virði? Sannleikurinn í málinu er auðvitað sá að hæstv. landbrh. hefur verið svínbeygður af hæstv. utanrrh. og félögum hans. Þetta er óskaniðurstaða utanrrh. og hæstv. viðskrh. En hæstv. landbrh. svaraði ekki spurningu minni um það hvað ríkisstjórnin ætlaði að gera til þess að reyna að gera það skásta úr hlutunum. Skaðinn er skeður, landbúnaðarstefnu verður að breyta. Landbúnaðarstefna okkar núna rímar ekki við það viðskiptaumhverfi sem við erum komnir inn í. Búvörusamningur og framleiðslutakmarkanir passa ekki lengur. Við verðum að hugsa málið upp á nýtt og það þarf ríkisstjórnin að hafa forustu um ef hún á annað borð vill reyna að standa sig í stykkinu eða bjarga því sem bjarga verður. Við erum að sigla hröðum skrefum aftur inn í niðurgreiðslu- og útflutningsuppbótakerfi eins og aðrar þjóðir hafa í kringum okkur. (Forseti hringir.) Hæstv. landbrh. — frú forseti, ég er að ljúka máli mínu — virðist vera áhyggjulaus enda kannski skilur hann bara ekki málið. Þessi samningur

er ekki áhyggjuefni manna á Seltjarnarnesi nú um stundir. Ekki enn þá. En bændur sem sjá atvinnu sína tekna frá sér og eignirnar gerðar verðlausar og fólkið sem lifir með einum eða öðrum hætti á landbúnaðinum, það er fólk sem hefur áhyggjur af stöðunni í dag.

[15:40]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessar umræður eru fyrir margra hluta sakir athyglisverðar. Í fyrsta lagi er nú það að það virðist mikill meiri hluti þeirra þingmanna sem hér tóku til máls telja að ríkisstjórnin hefði átt að standa við kröfuna um magntakmarkanirnar og fara sömu leið og Suður-Kóreumenn og samþykkja þess í stað 4–8% lágmarksaðgang af mjólkurvörum og soðnum kjötvörum sem ég segi að hefði orðið skaðlegra fyrir landbúnaðinn en sú leið sem ríkisstjórnin hefur farið og ég hygg að sé full samstaða við bændasamtökin um að farin sé, eins og raunar hefur komið fram í hér í stólnum. Þetta kemur mér því mjög mikið á óvart nema þessir þingmenn sem hér hafa tekið til máls — allir þingmenn Framsfl. utan einn, þingmenn Kvennalista og Alþb. — nema þeir séu þeirrar skoðunar að við getum einir allra þjóða hér á Vesturlöndum staðið utan við GATT-samningana. Staðið þar utan eins og þurs úr fornöldinni. Auðvitað gátum við það ekki. Auðvitað vorum við með því að kasta íslenskum hagsmunum á glæ og það hefur glöggt komið fram á fundum sem ég hef átt með bændum víðs vegar um landið að það finnst varla sá bóndi sem hefur tekið til máls á slíkum fundum sem heldur því fram að við eigum að reyna að draga okkur út úr alþjóðlegu samstarfi.

Ég vil í annan stað taka fram að ég sýndi fram á og rakti þá skýrslu sem Þjóðhagsstofnun hefur gert um þessi mál. Þar kemur skýrt fram það sama og Jóhannes Geir Sigurgeirsson, hv. þm. Framsfl. á Norðurl. e., sagði að framtíðin veltur á því hvernig við Íslendingar sjálfir stöndum að þessu þessu máli. Ég er fullkomlega sammála hv. þm. Jóhannesi Geir um þessi efni. Ég vil líka segja frá því að ég hef rætt það við formann Stéttarsambands bænda að óhjákvæmilegt sé fyrir okkur að bera saman bækur okkar og reyna að átta okkur á því hvernig við bregðumst við þeirri samkeppni sem óhjákvæmileg er.

Út af dagskrá voru tekin 5.–9. mál.

Fundi slitið kl. 15:43.

---

59. FUNDUR

þriðjudaginn 14. des.,
að loknum 58. fundi.

Dagskrá:

1. Heilbrigðisþjónusta, frv., 270. mál, þskj. 327. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Sjálfbær atvinnuþróun í Mývatnssveit, þáltill., 271. mál, þskj. 329. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
3. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 281. mál, þskj. 357. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, stjfrv., 131. mál, þskj. 374. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
5. Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, stjtill., 148. mál, þskj. 165, nál. 366. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
6. Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, stjtill., 149. mál, þskj. 166, nál. 367. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
7. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350. — 1. umr.
8. Iðnlánasjóður, stjfrv., 277. mál, þskj. 352. — 1. umr.
9. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 278. mál, þskj. 353. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með dagskrá þessa fundar að of skammt er liðið frá 1. umr. og fyrri umr. um 1.–3. mál, 2. umr. um 4. mál og of skammt er liðið frá útbýtingu nál. um 5. og 6. mál. Því þarf að leita afbrigða um að þessi mál megi koma á dagskrá og til umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SighB, StG, SJS, VS.

27 þm. (ÁJ, EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JóhS, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, 2. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 270. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 327.

Enginn tók til máls.

[15:46]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, PBald, RA, SalÞ, SJS, VG, VS.

30 þm. (ÁJ, EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JóhS, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, PBald, RA, RG, SalÞ, VG, VS.

30 þm. (ÁJ, EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JóhS, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, PBald, RA, RG, SalÞ, SJS, VG, VS.

29 þm. (ÁJ, EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JóhS, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Sjálfbær atvinnuþróun í Mývatnssveit, síðari umr.

Þáltill. umhvn., 271. mál. — Þskj. 329.

Enginn tók til máls.

[15:47]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SJS, VG, VS.

30 þm. (EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JHelg, KHG, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SJS, TIO, VG, VS.

1 þm. (HBl) greiddi ekki atkv.

29 þm. (EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JHelg, KHG, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 375).

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 2. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 281. mál (EES-reglur, brottfall gagnkvæmnisskilyrðis). — Þskj. 357.

Enginn tók til máls.

[15:49]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SJS, TIO, VG, VS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

27 þm. (AÓB, EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, JHelg, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PBald, RG, SalÞ, TIO, VG, VS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

31 þm. (AÓB, EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JE, JóhS, JHelg, KHG, KE, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SJS, TIO, VG, VS.

27 þm. (AÓB, EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, JHelg, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 3. umr.

Stjfrv., 131. mál. — Þskj. 374.

Enginn tók til máls.

[15:51]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SJS, TIO, VG, VS.

28 þm. (AÓB, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, JHelg, JVK, KHG, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 376).

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, síðari umr.

Stjtill., 148. mál. — Þskj. 165, nál. 366.

[15:52]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég geri grein fyrir áliti utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu bókunar um breytingar á alþjóðasamningi um varnir gegn mengun sjávar vegna losunar úrgangsefna frá skipum og flugvélum. Álitið er birt á þskj. 366. Nefndin sendi tillöguna til sjútvn. og umhvn. sem mætlu báðar með því að þessi tillaga yrði samþykkt og utanrmn. gerir það einnig samhljóða. Að vísu var Rannveig Guðmundsdóttir fjarverandi við afgreiðslu málsins. Með áliti okkar í utanrmn. eru fylgiskjöl, þ.e. umsögn sjútvn. og umsögn umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamningur um ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar, síðari umr.

Stjtill., 149. mál. — Þskj. 166, nál. 367.

[15:54]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nál. utanrmn. um till. til þál. um staðfestingu bókunar við alþjóðasamning um einkaréttarlega ábyrgð vegna tjóns af völdum olíumengunar og bókunar við alþjóðasamning um stofnun alþjóðasjóðs til að bæta tjón af völdum olíumengunar. Álit nefndarinnar er birt á þskj. 367.

Nefndin sendi tillöguna til umsagnar umhvn. og mælti umhvn. með samþykkt tillögunnar og það gerir utanrmn. einnig samhljóða en Rannveig Guðmundsdóttir var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Með áliti utanrmn. birtist umsögn umhvn. um málið.

[15:59]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, ÖS.

22 þm. (AÓB, FrS, GuðjG, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, KHG, MB, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SighB, TIO, VG, VS, ÖS.

23 þm. (AÓB, FrS, GuðjG, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, KHG, MB, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 377).

Alþjóðasamningur um varnir gegn mengun sjávar, frh. síðari umr.

Stjtill., 148. mál. — Þskj. 165, nál. 366.

[15:59]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, ÖS.

23 þm. (AÓB, FrS, GuðjG, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JÁ, JóhS, KHG, MB, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SighB, TIO, VG, VS, ÖS.

24 þm. (FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, KHG, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 378).

Út af dagskrá voru tekin 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 16:00.

---

60. FUNDUR

þriðjudaginn 14. des.,
að loknum 59. fundi.

Dagskrá:

1. Heilbrigðisþjónusta, frv., 270. mál, þskj. 327. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, frv., 281. mál, þskj. 357. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350. — 1. umr.
4. Iðnlánasjóður, stjfrv., 277. mál, þskj. 352. — 1. umr.
5. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 278. mál, þskj. 353. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til að of skammt er liðið frá 2. umr. 1. og 2. dagskrármáls og þarf því að leita afbrigða um að þessi mál megi koma á dagskrá og til umræðu og fer nú fram atkvæðagreiðsla um afbrigðin.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SighB, TIO, VG, VS, ÖS.

28 þm. (EKG, FrS, GE, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, JHelg, JónK, KHG, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Heilbrigðisþjónusta, 3. umr.

Frv. heilbr.- og trn., 270. mál (heilsuverndarstarf í Reykjavík). — Þskj. 327.

Enginn tók til máls.

[16:01]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, ÖS.

1 þm. (KE) greiddi ekki atkv.

22 þm. (FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, KHG, MB, ÓRG, PP, PJ, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 379).

Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri, 3. umr.

Frv. meiri hluta efh.- og viðskn., 281. mál (EES-reglur, brottfall gagnkvæmnisskilyrðis). — Þskj. 357.

Enginn tók til máls.

[16:02]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KÁ, LMR, MF, ÓE, RG, SalÞ, SighB, SJS, TIO, VG, VS, ÖS.

4 þm. (AÓB, JVK, KE, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (EH, FrS, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, JóhS, KHG, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 380).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 275. mál (yfirstjórn). — Þskj. 350.

[16:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingar á stjórnskipulegri stöðu þeirra málaflokka sem lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit taka til og Hollustuvernd ríkisins hefur yfirumsjón með. Lagt er til að staðfest verði sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að færa yfirstjórn þeirra í heild til umhvrn. Í ljósi þess að lögin mæla sérstaklega fyrir um að málaflokkur þessi heyri undir ákveðna ráðherra þykir rétt að flytja sérstakt lagafrv. til breytinga þar á þó að öllu jöfnu beri samkvæmt lögum um Stjórnarráð og stjórnarskrá að skipa stjórnarmálefni undir ráðuneyti með reglugerð sem forseti Íslands staðfestir.

Lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit var breytt með stofnun umhvrn. árið 1990 á þann veg að yfirstjórn mengunarvarnamála var færð til hins ný-

stofnaða ráðuneytis enda óhugsandi annað en mengunarvarnir heyrðu þar undir. Þáverandi stjórnarflokkar báru hins vegar ekki gæfu til að fylgja eftir tillögum páv. forsrh. um að flytja málasviðið í heild sinni þar undir heldur klufu yfirstjórn stofnunarinnar í meðferð Alþingis og var skipt á milli tveggja ráðuneyta þannig að yfirumsjón með heilbrigðiseftirliti og eiturefnaeftirliti stofnunarinnr, svo og rannsóknastofa hennar sem enn sem komið er annast einkum matarrannsóknir urðu eftir sem áður undir yfirstjórn heilbr.- og trmrn.

Hollustuvernd ríkisins er að því leyti til óvenjuleg stofnun að viðfangsefni hennar eru faglega ólík innbyrðis þrátt fyrir að öll sú starfsemi sem Hollustuvernd ríkisins annast geti ekki að öllu leyti talist til umhverfismála. Í strangasta skilningi þess orðs getur það ekki verið álitamál að sameinuð yfirstjórn hennar hjá einu ráðuneyti muni auka vægi umhverfismála í stjórnkerfinu og koma þeim fyrir með skipulegri og öruggari hætti en verið hefur. Þannig getur yfirstjórn orðið markvissari, ábyrgðin víðtækari og ef til vill hagkvæmari.

Jafnframt hefur stjórn stofnunarinnar bæði þá og nú mótmælt þessu fyrirkomulagi og er einhuga um að yfirstjórn hennar verði best skipað með þeim hætti sem hér er lagt til og ítrekar þá afstöðu sína í áliti til ríkisstjórnarinnar að fenginni tveggja ára reynslu hinn 21. maí 1992. Þetta eru þau sjónarmið sem ríkisstjórnin hefur lagt ákvörðun sinni til grundvallar og lagt er til að fest verði í lög.

Í ljósi þess að hér er um stjórnskipulegt atriði að ræða leyfi ég mér að leggja til, virðulegi forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn. og 2. umr.

[16:06]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Þegar þetta frv. barst inn á borð okkar þingmanna varð ég nokkuð undrandi að sjá þá breytingu sem hér er lögð til. Ég tók þátt í þeirri umræðu sem fór hér fram á sínum tíma þegar umhvrn. var stofnað og taldi þá og tel enn að ákveðnir þættir stofnunarinnar geti mjög illa heyrt undir umhvrn. Ef litið er á fagsvið Hollustuverndar ríkisins, þá er ekki hægt að segja að stærsti hlutinn falli undir þau svið sem eðlilegt væri að féllu undir umhvrn. Mengunarvarnir heyra nú undir faglega yfirstjórn umhvrh. og tel ég það vera mjög eðlilegt. Af fjórum fagsviðum, þ.e. heilbrigðiseftirlit, rannsóknastofu, eiturefnaeftirlit og mengunarvarnir, þá má telja að heilbrigðiseftirlit og rannsóknastofa hafi þau verkefni með höndum sem alls ekki er hægt að segja að geti fallið undir þau málefnasvið sem ég tel eðlilegt að falli undir umhvrn.

Einnig ef tekið er tillit til þess að ⅔ hlutar starfsmanna sem starfa við stofnunina starfa innan þessara sviða, þá er mjög vandséð af hverju lagt er til núna að öll starfsemi Hollustuverndar ríkisins eigi að falla undir heilbrrn. Þessi tvö svið, þ.e. heilbrigðiseftirlit og rannsóknastofa, fjalla að mestu leyti um matvælaeftirlit, matvælarannsóknir og matvælaráðgjöf. Stofnunin vinnur að því að tryggja almenna hollustuhætti og hún sér um upplýsingar til neytenda um samsetningu matvæla og ýmislegt fleira. Sem dæmi má nefna rannsóknir og forvarnir vegna matareitrana og matarsýkinga, tengsl mataræðis og langvinnra sjúkdóma, ofnæmi, óþol og önnur dæmigerð heilbrigðismál. Ég á ákaflega erfitt með að sjá af hverju einmitt þetta geti fallið undir umhvrn. eða þau svið sem umhvrn. fer með nú eða þau svið sem ég tel eðlilegt að umhvrn. fari með. Mig langar þess vegna að spyrja hæstv. forsrh. hvort hann viti til þess að slík svið séu undir umhvrn. og þá er ég að tala um t.d. Norðurlöndin eða önnur lönd sem við lítum mjög gjarnan til vegna lagasetningar. Mér er ekki kunnugt um það að svo sé.

Ég veit t.d. að í Danmörku féll matvælaeftirlit, ef ég man rétt, undir umhvrn. í upphafi en þegar heilbrrn. var stofnað þar í landi var matvælaeftirlitið flutt undir heilbrrn. Þetta var það eina sem ég veit um í fljótu bragði en það má vel vera að hæstv. forsrh. viti um dæmi um það hvernig það hefur reynst erlendis eða annars staðar þar sem t.d. matvælamál og aðrir hollustuhættir falla undir umhvrn.

Ég vil einnig spyrja hvernig þetta er hugsað í framhaldinu. Er t.d. ætlunin að umhvrh. fjalli þá um öll mál á matvælasviði? Mér er það ekki alveg ljóst, það kemur ekki fram í frv. eða í grg. með frv. hvernig þetta er hugsað í framhaldinu.

Ég vil minna á að fyrir nokkrum árum, þ.e. 19. maí 1989, var samþykkt á Alþingi þál. um manneldis- og neyslustefnu sem að einhverju leyti kemur inn á það svið að því er ég held sem Hollustuvernd ríkisins er falið og þar segir í lokin, með leyfi forseta:

„Alþingi felur heilbrrn. að sjá um framkvæmd þessarar stefnu í samvinnu við aðra hlutaðeigandi og gera þinginu grein fyrir stöðu málsins eigi sjaldnar en á fimm ára fresti."

Ég spyr þá hvort meiningin sé að framkvæmd þessarar þál. og þetta svið falli undir umhvrn. í framhaldi málsins. Það þætti mér fróðlegt að vita í ljósi þess sem þessi brtt. gerir ráð fyrir.

Ég vil einnig minna á að hér er til meðferðar í þinginu í hv. heilbr.- og trn. frv. til laga um matvæli. Ég á ekki sæti í heilbr.- og trn. og veit ekki hvernig sú nefnd hefur tekið á málinu en velti því fyrir mér hvort það sem þar á við ætti e.t.v. að falla undir umhvrn. með sama hætti og þau svið Hollustuverndar ríkisins að því er varðar matvælaeftirlit og rannsóknir á því sviði. Þetta vildi ég spyrja um til fróðleiks vegna þess að mér er ekki ljóst hvernig ætlunin er að haga þessum málum í framtíðinni. Það er nauðsynlegt að fá það upplýst þegar verið er að fjalla um þetta lagafrv.

Ég átti ekki von á því að lagt yrði til að Hollustuvernd ríkisins yrði lögð í heilu lagi til umhvrn. Á sínum tíma lagði Kvennalistinn til að mengunarvarnasvið Hollustuverndar og e.t.v. hluti eiturefnasviðsins og mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar yrðu allar fluttar undir eina stofnun eða það yrði stofnuð sérstök mengunarvarnastofnun, hún þyrfti kannski ekki endilega að heita það, en stofnun sem sæi um mengunarvarnir og það yrði allt flutt á einn stað. Sýnist mér ef þetta frv. nær fram að ganga þá muni það frekar hefta

framgang þeirrar hugmyndar sem ég held að væri mjög til bóta, þ.e. að mengunarvarnir yrðu allar undir einni stofnun til þess að gera þau mál auðveldari í meðförum en nú er mengunarvarnadeild Siglingamálastofnunar undir Siglingamálastofnun, eiturefnasvið og mengunarvarnasvið eru undir Hollustuvernd og það er e.t.v. hægt að líta svo á að hluti Geislavarna ríkisins ætti einnig þar heima. Ég tel að það hefði átt að líta frekar á þann þátt málsins, þ.e. að taka allar mengunarvarnirnar og setja undir eina stofnun frekar en að gera þetta með þessum hætti. Ég sé alla vega ekki í fljótu bragði, virðulegur forseti, tilganginn með því að flytja þetta mál nú þar sem mér finnst svo mörgum spurningum ósvarað að því er varðar þá hugmynd sem ég held að miklu fleiri séu hliðhollir, þ.e. að mengunarvarnir fari á einn stað.

Mér er kunnugt um að á vegum forsrn. vinnur nefnd sem er að skoða framkvæmd opinbers eftirlits og hafði ég haldið að starfsemi Hollustuverndar ríkisins ætti að koma þar til meðferðar líka og vildi spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé ekki meiningin að starfsemi Hollustuverndar komi þar undir, hvað líði störfum hennar og hvort hún sé e.t.v. búin að ljúka störfum og þetta sé ein af þeim tillögum sem þar að koma fram. Ég vildi gjarnan fá að vita nokkuð um það hvernig þeim málum háttar. Ég hefði haldið að starfsemi Hollustuverndar ríkisins ætti að koma þar til meðferðar.

Ef ég vík aðeins að sjálfu frv. þá er í 1. gr. lagt til að umhvrn. fari með yfirstjórn þessara mála en auk þess er lagt til að landlæknir sé ekki lengur ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnarinnar um það sem lýtur að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti. Ég átta mig alls ekki á því af hverju þetta er lagt til þó að málasviðið heyri ekki lengur undir heilbr.- og trmrn. Ég hefði haldið að það ætti frekar að reikna með því að landlæknir sé ríkisstjórninni til ráðgjafar. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvers vegna lagt er til að landlæknir verði ekki lengur til ráðgjafar ríkisstjórninni því málaflokkurinn breytist ekkert þó hann flytjist frá einu ráðuneytinu til annars.

Ég velti því einnig fyrir mér, ef þetta er talið eðlilegt, hvort ekki sé rétt að líta á aðrar greinar laganna. Ef litið er t.d. á 9. gr. laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit þá er reiknað með því að heilsugæslulæknar skuli vera faglegir ráðunautar heilbrigðisnefnda. Það segir einnig að héraðslæknar, hver í sínu læknishéraði, segi fyrir um og skipuleggi þjónustu heilsugæslulækna við heilbrigðisnefndir. Ég velti því fyrir mér hvort ekki þyrfti þá að skoða þessar greinar einnig, hvort ekki sé rétt að skoða hvort það sé eitthvað frekar eðlilegt að héraðslæknar og heilsugæslulæknar séu til ráðuneytis ef á að fella burtu hlutverk landlæknis.

Í 11. gr. er einnig talað um að héraðslæknir í Reykjavík gegni þessu hlutverki.

Í 13. og 14. gr. eru einnig ákvæði um ráðgjöf landlæknis og yfirdýralæknis reyndar líka þannig að þarna sýnist mér ekki algjörlega gæta samræmis á milli þessara tillagna sem fram koma í frv. og vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta sé gert af ásettu ráði, hvort þarna sé einhver sérstök hugsun að baki, það kemur ekki fram í greinargerð eða athugasemd með frv. Þess vegna finnst mér eðlilegt að fá það upplýst hvað þarna liggur að baki því mér þykir þarna vera nokkuð ósamræmi. Vil ég kannski ekki síst spyrja um ástæður þess og endurtek það hvers vegna þetta er lagt til, mér fannst það ekki vera nægjanlega rökfært af hálfu hæstv. ráðherra hvers vegna ríkisstjórnin hefur ákveðið að færa hollustuþáttinn yfir til umhvrn. nema að því er varðaði það sem ég er raunverulega sammála, ég tel að auðvitað eigi að leggja aukna áherslu á mengunarþátt Hollustuverndar. Ég er alls ekki ósammála því. En ég tel bara að það hefði verið eðlilegra að kljúfa þá stofnun upp úr því að verið er á annað borð að leggja til breytingar á þessu sviði.

Varðandi 5. gr., þ.e. um gildissviðið, þá tel ég að sú grein sé ekki sett fram af nokkru raunsæi því þetta frv. þarf nákvæmrar skoðunar. Hæstv. ráðherra lagði til að frv. yrði sent til allshn. og ætla ég út af fyrir sig ekki að gera tillögu um neitt annað, en ég hefði talið eðlilegt að heilbr.- og trn. og umhvn. þingsins fengju einnig þetta frv. til athugunar þar sem þetta kemur mjög við málasvið þessara tveggja nefnda þingsins.

Virðulegur forseti. Ég vil að lokum taka það fram að ég tel að það þurfi að efla og styrkja umhvrn. í hvívetna og vil í því sambandi minna á þáltill., sem lögð var fram af hálfu Kvennalistans á þinginu 1988–1989 en þar kemur greinilega fram hvaða skoðun kvennalistakonur hafa á þessu og ég held að þær hafi ekkert breyst í tímans rás, en þar leggjum við til að því er varðaði mengunarmálin ef ég má, með leyfi forseta, vitna þar í einn lið:

„Eiturefnanefnd er lögð niður en starfsemi hennar sett undir mengunarvarnadeild, þ.e. deild með númer 5a hér að ofan, en þangað flytjast líka mengunarvarnadeildir Hollustuverndar ríkisins, Siglingamálastofnunar og Geislavarna ríkisins. Þessi deild umhvrn. tekur líka að sér samskipti við erlenda aðila varðandi mengun en utanrrn. hefur haft með það að gera."

Ég ætla bara að vitna til þessarar tillögu sem er á þskj. 159 á þinginu 1988–1989, en ætla ekki frekar að gera þá tillögu að umtalsefni en vil ítreka, virðulegi forseti, að ég tel að þetta frv. áður en samþykkt verður þurfi ítarlegrar og nákvæmrar skoðunar við.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 83. mál, frv., nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 370; brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 371.

Félagsleg aðstoð, 84. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 372; brtt. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 373.

[16:21]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu gerir ráð fyrir því að Hollustuvernd ríkisins verði nú að öllu leyti flutt frá heilbrrn. yfir til umhvrn. Á sínum tíma þegar sú ákvörðun var tekin að flytja aðeins eitt svið þessarar stofnunar, þ.e. mengunarvarnasviðið, frá heilbrrn. yfir til umhvrn., þá fannst

mönnum ekki rétt á þeirri stundu að flytja þá hluti er tengjast heilbrigðiseftirlitinu og eiturefnasviðinu yfir til umhvrn. Nú hefur hins vegar nokkur tími liðið og að mínu viti er komin reynsla á þá starfsemi sem fluttist á sínum tíma frá Hollustuverndinni yfir í umhvrn. og ég tel að það hafi verið af hinu góða.

Þeir hlutir sem eftir voru skildir í heilbrrn. sneru fyrst og fremst að matvælunum og mönnum fannst það vera eðlilegt að þeir hlutir yrðu áfram í því ráðuneyti. Ég skal viðurkenna að ég hafði efasemdir um að það væri skynsamlegt að skipta þessari stofnun upp í þessa tvo hluta eða færa hluta af henni undir umhvrn. og skilja hluta af henni eftir í heilbrrn. Hættan er auðvitað sú að þegar slíkt gerist heyrir stofnunin í raun og veru undir tvö ráðuneyti og í þessu tilfelli eftir því sem ég veit best heyrir hún fjármálalega séð og þeir hlutir sem snúa að heilbrigðiseftirlitinu og matvælunum sérstaklega undir heilbrrn. En svo mengunardeildin undir umhvrn. En á sama tíma og stofnunin heyrir fjárhagslega undir heilbrrn. þá getur hitt ráðuneytið, umhvrn., verið að gera sífellt auknar kröfur til þess að stofnunin taki á sig aukin verkefni en þau auknu verkefni þýða vaxandi útgjöld fyrir stofnunina. Ég er því þeirrar skoðunar að það geti verið skynsamlegt og sé ekki verið að taka mikla áhættu með því að færa stofnunina að öllu leyti undir umhvrn. af þessari ástæðu og það hlýtur að vera bæði fyrir þá sem í stofnuninni starfa og eins fyrir þau ráðuneyti sem um stofnun eiga að fjalla mjög erfitt þegar slík stjórnunarleg vandamál standa fyrir dyrum og eru auðvitað sífellt að koma upp.

Staðreyndin er hins vegar sú að matvælaeftirlit almennt hygg ég að heyri undir heilbrrn. í löndunum hér í kringum okkur þannig að við erum að vissu leyti að stíga alveg sérstætt skref og það er ekki reynsla fyrir því annars staðar til hvers þetta muni leiða en samt held ég að við séum ekki að taka óskaplega mikla áhættu í þessum efnum, burt séð frá því hvaða ráðherra sé í viðkomandi ráðuneyti hverju sinni. Þessi stofnun hefur í gegnum tíðina unnið afskaplega faglega. Ég minnist þess um tíma er ég hafði samskipti við hana er ég var starfsmaður heilbrrn. Hún er að mörgu leyti mjög sjálfstæð og ég treysti þeim mönnum sem þar eru fullkomlega til þess að geta haldið áfram að reka stofnunina með sjálfstæðum hætti og vinna faglega. Það er auðvitað það sem skiptir höfuðmáli.

Þegar maður hins vegar lítur á einstakar greinar þessa frv. og hv. 15. þm. Reykv., Kristín Einarsdóttir, benti á að um 1. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Hér er gerð sú breyting að í stað heilbr.- og trn. og umhvrn. að því er mengunarvarnir varðar komi eingöngu umhvrn. Þá er fellt niður hlutverk landlæknis um að vera ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt sem lýtur að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti. Þykir það óþarfi eftir að málasviðið heyrir ekki lengur undir heilbr.- og trmrn."

Nú verða menn að líta til þess hvert er hlutverk hv. landlæknis. Hans hlutverk er það að vera ráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar á þessu sviði. Hafi menn í hyggju að afnema þetta hlutverk landlæknis þá verður það ekki gert einvörðungu með því að breyta þessum lögum vegna þess að í lögum um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990, í 3. gr. 4. tölul., er gert ráð fyrir því að landlæknir annist einmitt þetta eftirlit með hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti þannig að ef það er meiningin að taka þetta hlutverk af landlæknisembættinu, þá þurfa menn auðvitað að breyta heilbrigðisþjónustulögunum líka.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það eigi ekki að gera. Landlæknir á áfram að vera þessi umsagnaraðili, þessi ráðgjafi ríkisstjórnarinnar og ég býst fastlega við því að hæstv. umhvrh., eftir að hann fær þessa stofnun til sín, ætli áfram að vera í ríkisstjórninni þannig að landlæknir getur jafnt eftir sem áður verið ráðgjafi eins og hann er ríkisstjórnarinnar og ráðherra hvort sem það er þá umhvrh. eða heilbrrh. þannig að ég tel það rangt að fara þá leið að breyta þessu ákvæði.

Eins er í reglugerð nr. 411/1973, í 4. gr., þetta hlutverk landlæknisembættisins skilgreint einmitt með nákvæmlega sama hætti þannig að ef meiningin er sú að gera þessar breytingar eins og boðað er í 1. gr., að taka landlæknisembættið algerlega út úr þessu, þá þarf að breyta fleiri lögum til þess að það sé fullnægjandi.

Hins vegar er það nú svo, virðulegi forseti, að það er kannski ekki þessi stofnun sem menn áttu von á að fyrst yrði flutt úr einu ráðuneyti í annað. Og af því að hæstv. forsrh. mælti fyrir þessu máli hér, þá átti ég nú kannski von á því að hæstv. forsrh. hefði fyrr mælt fyrir frv. sem gerði ráð fyrir því að Skógrækt ríkisins og Landgræðsla ríkisins yrðu flutt yfir í umhvrn. frá landbrn. eins og samið var um í Viðey á sínum tíma en fljótlega eftir að ríkisstjórnin tók til starfa kom það í ljós að formenn Alþfl. og Sjálfstfl. höfðu einmitt samið um þessa hluti úti í Viðey. En nú er spurningin: Var á sínum tíma samið um þennan tilflutning einnig? Um leið spyr ég hæstv. ráðherra hvenær búast megi við því að hæstv. forsrh. mæli fyrir þessu máli hér í þingsölum að Skógræktin og Landgræðsla ríkisins verði flutt frá landbrn. yfir í umhvrn. eins og staðfest hefur verið bæði af hæstv. forsrh. og utanrrh. að samið hafi verið um.

Útbýting þingskjala:

Skuldbreytingar sjávarútvegsfyrirtækja, 289. mál, fsp. JÁ, þskj. 368.

Vátryggingarstarfsemi, 291. mál, stjfrv., þskj. 383.

[16:29]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja mjög þessa 1. umr. um frv. til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með því að fara í mikla efnislega umræðu. Hv. 15. þm. Reykv., Kristín Einarsdóttir, hefur gert ágætlega grein fyrir ýmsum efasemdum sem maður hlýtur að hafa um ágæti þessa máls. Ég ætla hins vegar a.m.k. til að byrja með að gera ákveðnar athugasemdir við það að þetta mál skuli komið fram hér í þinginu þegar samkvæmt plani yfir þingstörf eru einungis 4 eða 5 þingdagar eftir, þá er

komið með þetta mál inn í þingið til 1. umr. og samkvæmt 5. gr. frv. er gert ráð fyrir því að þessi lög öðlist gildi 1. jan. 1994, þ.e. það verði gengið frá þessu máli á þessum dögum sem eftir eru af þingtímanum. Ég hef stundum furðað mig á störfum þingsins en ekki minnkar undrun mín við að sjá svona mál dúkka hér skyndilega upp rétt fyrir jólafrí. Manni dettur stundum í hug að ráðherrar fari í einhvers konar jólahreingerningu og finni eitthvað í skúffunum sínum sem þeim dettur í hug ... (**Gripið fram í:** Þeir fara það.) Þeir fara það segir einn reyndur þingmaður mér til upplýsingar. Mér datt þetta í hug. Það dúkka stundum upp hin furðulegustu mál rétt fyrir jólafrí eða rétt fyrir þinglok á vorin. Það er eins og menn vakni allt í einu upp við vondan draum og muni eftir því að þeir eigi einhvers staðar einhver verk ónunnin eða einhverja hreingerningu óklárða og dríf i málið svo hér inn í þingið.

Nú er ekki svo að skilja að þetta sé eitthvert brýnt mál ef svo má segja vegna þess að þessi mál, sem hér eru komin inn, voru í rauninni rædd þegar árið 1990 þegar umhvrn. var stofnað þannig að þetta er ekki í sjálfu sér alveg nýtt mál sem þurfi að koma í slíku hasti inn í þingið og hefði verið hægt að leggja fram ef menn hefðu þessar skoðanir strax í haust og við hefðum getað fjallað um þetta í nefndum þingsins með sæmilegum hætti. Ég geri alla fyrirvara á því að það sé nokkur leið að afgreiða þetta mál hér fyrir jólaleyfi. Og þá vil ég líka að það komi fram áður en lengra er haldið að mér finnst dálítið sérkennilegt að forsrh. skuli leggja það til að málið fari til allshn. Hann réttlætti það með því að þetta væri svona stjórnskipulegt atriði sem þarna væri á ferðinni en ekkert annað og því eðlilegt að þetta færi til allshn. Mér finnst það orka mjög tvímælis og ég vil vitna til þess að í 23. gr. þingskapa segir, með leyfi forseta:

„Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu."

Hér er um að ræða lög sem efni samkvæmt heyra undir heilbr.- og trn. þingsins og mér finnst að þar hefðu þau átt að fara til umfjöllunar vegna þess að hérna er ekki einungis verið að leggja til breytingu á stjórnarráðslögum eða einhverju slíku heldur efnisbreytingu í rauninni með því að flytja málaflokkinn út úr heilbrrn. yfir í umhvrn. og mér finnst lagabálkurinn eðli mála samkvæmt heyra undir heilbr.- og trn. þingsins og þar hefði þetta átt að koma til umfjöllunar og eðlilegt auðvitað að sú nefnd fjalli síðan um málið í samræmi við umhvn. Ég vil gera þessa athugasemd við að þetta sé sent til allshn. og vil gjarnan fá á því aðeins betri útskýringu af hverju sá háttur er hafður á.

Rökin hjá hæstv. forsrh. voru aðallega þau að þetta frv., ef það næði fram að ganga, mundi tryggja markvissari stjórnun á málaflokknum. Ég er ekkert viss um að það geri það. Ég get séð að þetta frv. geti vissulega leyst ákveðinn stjórnunarlegan vanda sem var lýst hérna af 11. þm. Reykv., þ.e. það skapar ákveðinn vanda inni í hollustuverndinni eða í málaflokknum að hann heyri undir tvö ráðuneyti. En ég held að um leið og menn leysa þennan stjórnunarlega vanda, þá sé hugsanlegt að þeir auki á þann faglega vanda sem við er að etja vegna þess að þarna er alveg klárlega um að ræða heilbrigðismál annars vegar sem eru mjög viðamikill þáttur í þessum lögum og starfsemi stofnunarinnar og hins vegar um umhverfismál sem koma þá aðallega til vegna mengunarþáttar þessa málaflokks.

Hér hefur aðeins verið t.d. bent á það hvernig heilbrigðismálin koma skýrt inn í þennan málaflokk og við getum nefnt hér sem dæmi að það er gert ráð fyrir því að það sé sett heilbrigðisreglugerð og í heilbrigðisreglugerð er aðallega verið að fjalla um hreinlæti og þrifnað, um matvælaeftirlit, um efna- og gerlafræðilegar rannsóknir á matvælum og það kom reyndar fram hér í máli forsrh. að rannsóknastofnun Hollustuverndarinnar væri aðallega að fást við matvælaeftirlitið. Þá er þarna um að ræða eftirlit með ýmsum stofnunum og hreinlæti þar og mér finnst svona ýmislegt í þessu alls ekki liggja beint við að eigi að vera undir yfirstjórn umhvrn. Ég vil því slá ýmsa varnagla og hafa allan vara á um það að hægt sé að afgreiða þetta mál í einhverjum flýti og vil eindregið óskað eftir því að þetta mál komi til umfjöllunar inn í heilbr.- og trn. þingsins því að þar finnst mér það eiga heima en ekki inni í allshn.

[16:35]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Þessar umræður sem hér hafa þegar átt sér stað um flutning á Hollustuvernd ríkisins yfir til umhvrn. hafa verið fróðlegar og þingmenn hafa bent á ýmis atriði sem e.t.v. þyrfti að skoða betur. Hins vegar er það svo að mér finnast þau málefnalegu rök sem hér hafa verið færð gegn þessum flutningi alls ekki veigamikil.

Ég tek heils hugar undir með hæstv. forsrh. þegar hann segir að þau verk sem unnin eru af Hollustuvernd ríkisins falli öll að umhverfismálum í víðasta skilningi þess orðs. Og ég hygg að ef maður lítur á hinn stjórnsýslulega þátt þá hafi hv. þm. Finnur Ingólfsson komist að kjarna þess þáttar þegar hann sagði að það hlyti auðvitað að skapa viss vandamál þegar um væri að ræða stofnun þar sem fagleg stjórnun einnar tiltekinnar vaxandi deildar væri undir einu ráðuneytinu en fjármálalegt vald og ákvarðanir undir öðru ráðuneyti. Það er auðvitað ljóst að þetta hefur skapað vissa óskilvirkni og vissa óvissu í starfi þessarar stofnunar. Þegar menn réðust í þessa sjóferð í upphafi þá var ákveðið að hafa þennan hátt á. Nú hafa menn reynsluna af því og hún er því miður ekki nægilega góð.

Þegar við veltum því fyrir okkur hvort hér sé farið með réttum hætti að málefnum stofnunarinnar þá er auðvitað sjálfsagt að þingmenn og ráðherrar hafi sínar skoðanir sem í mörgum tilvikum byggjast á þekkingu og menntun sem tengist viðkomandi málaflokkum. En hverjir skyldu það vera sem væntanlega eru bestir dómarar í þessu máli? Ætli það séu ekki þeir menn sem hafa verið valdir til þess að stýra stofnuninni og gjörþekkja út í hörgul hennar vandamál. Það er auðvitað stjórn stofnunarinnar sem menn hljóta að taka

verulega mikið tillit til. Þess vegna langar mig, virðulegi forseti, að lesa hér ályktun stjórnar Hollustuverndar ríkisins um stöðu stofnunarinnar í stjórnkerfinu, með leyfi forseta:

„Á fundi stjórnar Hollustuverndar ríkisins þann 14. apríl sl. var m.a. fjallað um yfirstandandi endurskoðun laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Í umræðunum komu fram áhyggjur margra stjórnarmanna vegna óvissu í skipulagsmálum stofnunarinnar. Í því sambandi var lögð áhersla á að fyrrgreindri endurskoðun verði hraðað og línur skýrist sem fyrst varðandi stöðu stofnunarinnar. Ítrekaðar voru fyrri samþykktir og álitsgerðir stjórnar Hollustuverndar ríkisins þar að lútandi þar sem lögð er áhersla á að í stað þess að kljúfa stofnunina verði hún sett öll undir umhvrn. Ákveðið var að árétta þessa afstöðu stjórnar bréflega til heilbrrh. og umhvrh. og er það hér með gert."

Undir þetta ritar fyrir hönd stjórnar Hollustuverndar ríkisins Hermann Sveinbjörnsson þannig að það er alveg ljóst að þeir menn sem þekkja þetta mál gerst, sem eru að vinna að málefnum stofnunarinnr frá degi til dags eru þeirrar skoðunar að það sé farsælast fyrir framtíð hennar að hún sé með þessum hætti flutt.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir dró fram ákveðna þætti sem hún taldi gefa tilefni til þess að menn stöldruðu við og íhuguðu hvort verið gæti að þetta skapaði ef til vill meiri vandamál en það leysti. Hún gerði því til að mynda skóna að stærsti hlutinn af starfsemi Hollustuverndarinnar gæti mjög illa heyrt undir umhvrn. Þetta er alls ekki rétt.

Í dag er það svo að stofnunin skiptist í fjögur verkefnasvið: Heilbrigðiseftirlitssvið, sem er að verulegu leyti farið að snúast um matvæli og það sem ég kalla mengunareftirlit með matvælum, mengunarvarnasvið, eiturefnasvið og síðan er rannsóknastofa sem á að styðja þessa þrjá aðra þætti. Hvert er mat þeirra sem stýra þessari stofnun á því hvoru megin hryggjar meiri hlutinn af verkum stofnunarinnar liggur? Það er svo að yfirmenn stofnunarinnar telja að í dag falli yfir helmingurinn af starfsemi stofnunarinnar í farveg sem er ekki hægt að segja annað en teljist til umhverfismála og það er þessi þáttur sem er vaxandi. Og það er alveg ljóst að þau verkefni sem bíða Hollustuverndar á næstu árum og tengjast t.d. ákveðinni eftirlitsstarfsemi í tengslum við samning okkar um EES munu einmitt auka vægi þessarar starfsemi. Þannig að ef menn velta því fyrir sér hvort þetta eigi að vera hjá umhvrn. eða heilbrrn. þá er það svo að mati yfirmanna stofnunarinnar að í dag er meira en helmingur verksins á sviði sem fellur undir umhvrn. Þróunin hnígur í þá átt að vægi þessa eykst þannig að ég get ekki fallist á þessa skoðun hv. þm.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir velti fyrir sér svipuðum spurningum og sagði að þó að þetta leysti vissan stjórnsýslulegan vanda þá gæti þetta skapað faglegan vanda. Ég fæ nú ekki alveg séð það. Heilbrigðiseftirlitssviðið er í vaxandi mæli að færast yfir í eftirlit með matvælum, t.d. með innfluttum matvælum, og við vitum öll eftir tíðindi dagsins að það verkefni hlýtur að stóraukast á næstu árum, fylgjast með merkingum, fylgjast með ýmsum aðskotahlutum í matvælum og einmitt það sem ég sagði áðan, virkt mengunareftirlit með matvælum.

Nú er það svo að ég skil efasemdir þegar menn segja: Hvers vegna ætti það að vera undir umhvrn.? En það er nú samt sem áður svo að í dag er eftirlit sem tengist matvælaframleiðslu undir öðrum ráðuneytum. Ég bendi á það að yfirdýralæknir hefur ákveðna eftirlitsskyldu. Ég bendi líka á að Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins hefur ákveðna eftirlitsskyldu með fiskafurðum þannig að ég tel ekki að þetta séu mjög gild rök. Þetta eru hins vegar rök sem rétt er að staldra við og íhuga, ég fellst á það. Ég hef íhugað þetta. Fyrir mér er þetta ljóst.

Það var spurt hér, virðulegi forseti, um landlækni og hvers vegna breytt er ráðgjafarhlutverki hans. Almennt má segja að það skipti ekki máli hvort sett er í lög að landlæknir eigi að vera ákveðinn ráðgjafi stofnunar eins og þessarar vegna þess að það er auðvitað alveg ljóst að landlæknisembættið hlýtur ávallt hverju sinni að vera ráðgjafi ríkisstjórnar. Ríkisstjórn hlýtur ávallt að geta leitað til landlæknis um ráðgjöf en þar fyrir utan er líka ákveðin tæknileg skýring á þessu. Hún er sú að landlæknisembættið nú þegar samkvæmt gildandi lögum tilnefnir mann í stjórn stofnunarinnar. Það út af fyrir sig ætti að tryggja flæði sem þarna er á milli.

Menn hafa bent á að það kunni vel að vera að þessi breyting samrýmist ekki ýmsum gildandi lögum og það er vafalaust rétt. En það þarf að koma ákveðin reynsla á það. Menn þurfa auðvitað að fara yfir sviðið og sjá með hvaða hætti er rétt að breyta öðrum lögum.

Það hefur lengi verið mín skoðun að eftirlit með aukefnum í matvælum og eftirlit með innra ástandi matvæla sé umhverfismál, og falli því undir umhverfisvernd og umhverfiseftirlit. Ég hef verið þessarar skoðunar mjög lengi og reyndar verð ég var við það að þegar maður les ýmsa pappíra sem berast frá þeim félagasamtökum sem eru að véla um þessa hluti að þau eru svipaðrar skoðunar.

Hvers vegna eru menn að fara í þetta verkefni núna? Ég hef rakið það hérna talsvert. Þegar umhvrn. var stofnað á vordögum 1990 var ákveðið að taka bara eitt verkefni á sviði Hollustuverndar, þ.e. mengunarvarnasviðið undir umhvrn. og þá voru gerðar lágmarksbreytingar á þessum lögum. Menn hugðust líka athuga hvernig reynsla kæmi á þetta í framvindunni. Þegar síðan var skipuð sérstök nefnd af páv. heilbrrh. í desember 1991 til þess að endurskoða lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit þá var það niðurstaða hennar að hún taldi það ekki vera sitt hlutverk að leggja til að það yrði breyting á stjórnskipulaginu, þ.e. um vistun málaflokksins. Hún komst hins vegar að þeirri niðurstöðu og gat þess í greinargerð sinni að það væri slæmur kostur við óbreyttar aðstæður að kljúfa stofnunina og skipta starfseminni á milli ráðuneyta. Og ég tel að það sé afar slæmur kostur. Ég skil það svo á máli sumra þeirra sem hér hafa talað að það sé kostur sem viðkomandi þingmenn telji a.m.k. íhugunar virði. Það má vera en það er alla vega ljóst að það er

álit bæði nefndarinnar sem fjallar um þessa endurskoðun að það á ekki að gera og það er líka ljóst að það er álit stjórnar Hollustuverndar margítrekað til viðkomandi stjórnvalda að það beri að flytja stofnunina yfir til umhvrn. Það er líka ljóst að í dag er meira en helmingurinn af verkum stofnunarinnar á því sviði sem hægt er að segja að falli undir umhvrn. og það er alveg deginum ljósara að þróunin hjá stofnuninni mun færast yfir í þessa átt, ekki síst vegna breytinga sem verða á okkur högum að því er varðar skolp og sorp þar sem gerðar eru miklu, miklu meiri kröfur til okkar einmitt vegna aðildar okkar að EES og þar sem við þurfum að sinna miklu meira eftirlitshlutverki heldur en hingað til. Það er einmitt þess vegna sem ég tel að þetta sé lausn á ákveðnum stjórnsýslulegum vanda sem hefur hrjáð þessa stofnun og ég vona að hv. þm. geti fallist á það eftir að hafa skoðað þetta að afgreiða þetta mál fljótt og vel.

[16:46]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Svo að ég grípi til orðfæris hæstv. umhvrh. þá hygg ég að umhvrh. hafi verið of lengi fjarri þessari pontu og hafi þess vegna komið með þetta mál hér inn til þess að geta átt einhverja spretti rétt fyrir jól því að greinilega er hér mikið og stórt mál á ferðinni.

Ég hef lengi orðið vör við að það er mikið af heimsvaldasinnum á Alþingi Íslendinga og menn vilja gjarnan færa út landamæri og vinna lönd. Ég heyri það á hæstv. umhvrh. að hann er einn slíkur og vill helst færa út landsvæði sitt þannig að mál sem falli vel að umhverfismálum í víðasta skilningi þess orðs eigi að koma inn í umhvrn. og ég er hrædd um að það megi fella ansi margar mannlegar athafnir undir umhverfismál í víðasta skilningi þess orðs.

Ég hjó eftir því að ráðherrann sagði hér að þeir menn sem hefðu verið valdir til að stýra þessari stofnun og þekkja hana út í hörgul vildu koma þessum málum þannig fyrir að þetta færi í umhvrn. og þess vegna vil ég spyrja hæstv. umhvrh. hvað sé þá með það fólk sem starfar á þessari stofnun og þekkir væntanlega starfsemina þar út í hörgul, hver sé skoðun þess fólks á flutningi stofnunarinnar yfir til umhvrn.

[16:47]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er það svo að það liggja fyrir ítrekaðar samþykktir hjá þeim sem hafa verið kjörnir til þess að stýra þessari stofnun, ítrekaðar samþykktir sem hafa verið sendar bæði til umhvrh. og heilbrrh. og ég held að það hljóti að vera að þeir sem fara með stjórn svona stofnunar viti mætavel hvert er viðhorf starfsfólksins. Ég hef ekki kynnt mér sérstaklega viðhorf þessa starfsfólks. Ég hef rætt við þá sem eru yfir stofnuninni og stjórnendur stofnunarinnar og ég hef lesið þessar samþykktir. Ég hef síðan séð það að þróun stofnunarinnar er öll með þeim hætti að hún er að færast meira yfir á svið umhverfismála.

[16:48]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé að ég hefði kannski ekki átt að spyrja umhvrh. þessarar spurningar heldur hæstv. heilbr.- og trmrh. vegna þess að þessi stofnun hefur auðvitað heyrt undir hann hingað til og ég tel eðlilegt og sjálfsagt að ráðherrar kynni sér ekki aðeins skoðanir þess fólks sem stýrir stofnunum heldur jafnframt viðhorf þess fólks sem vinnur á tilteknum stofnunum og ætti auðvitað að hafa eitthvað um það að segja með hvaða hætti málum þeirra er hagað. Og kannski getur hæstv. umhvrh. sagt okkur hvort heilbr.- og trmrh. hafi eitthvað kynnt sér þessi mál og hverjar þessar skoðanir séu þá.

[16:48]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Ég hefði kannski fyrir kurteisis sakir átt að geta þess líka, virðulegi forseti, að þar sem það er enn þá á valdi þessa Alþingis hvort þessi flutningur á sér stað, þá hef ég á þessu stigi ekki rætt við aðra en yfirmenn stofnunarinnar vegna þess að ég tel að það sé ekki rétt að umhvrh. sé á þessu stigi að fara og ræða við starfsfólk stofnunar sem ekki heyrir undir hann eins og ég veit að hv. þm. skilur.

[16:49]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það virðist liggja mikið við hjá hæstv. umhvrh., það kom best fram í hans máli. Ég vil ekki gera lítið úr því hlutverki sem landlæknisembættið hefur í þessum eftirlitsþætti og það skiptir mjög miklu máli en mér fannst það í máli hæstv. umhvrh. eins og það væri svona algert aukaatriði í þessum þætti málsins og því vil ég ganga eftir þeirri spurningu: Telur hæstv. umhvrh. það koma til greina að sá þáttur, er snýr að eftirlitinu, að matvælunum, heilbrigðiseftirlitinu, verði áfram í höndum landlæknisembættisins eins og það hefur gert hingað til, hann verði hluti af þessari lagasetningu? Ef ekki þá verður eins og ég lýsti í minni ræðu áðan að gera fleiri breytingar á öðrum lögum en hér er lagt til og þá mun það flækja málið auðvitað enn frekar en nú er.

[16:50]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar mitt til hv. þm. Finns Ingólfssonar er nei. Ég tel það nú ekki á þessu stigi en ég hygg hins vegar að þetta sé mál sem sé alveg þess virði að ræða mjög ítarlega í þeim nefndum sem munu um þetta fjalla. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. muni þar færa fram sín rök gegn þessari breytingu sem við erum hér að ræða um. Ég geri mér grein fyrir því að það kunni að þurfa í framhaldi af þessu að breyta einhverjum lögum og reglugerðum.

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1994, 75. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 381; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 382.

[16:51]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa átt sér stað og að ýmsu leyti bærilegar undirtektir við málið. Varðandi spursmál um það hvers vegna málið er flutt þá kom það aðeins fram í minni stuttu framsögu og í máli hæstv. umhvrh. rökin fyrir því að menn vilja í fyrsta lagi hafa þetta málasvið á einni hendi og í annan stað hjá umhvrn. en vilji hefur staðið til þess að efla það ráðuneyti og ég tel að það geti farið vel á því að þessi þáttur eigi þar heima.

Hæstv. umhvrh. las upp og kynnti sjónarmið stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Ég get út af fyrir sig líka tekið undir ummæli Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands þar sem þeir sögðu á sínum tíma, með leyfi forseta:

„Jafnframt er fagnað þeirri tillögu að kljúfa ekki stofnun eins og Hollustuvernd ríkisins, enda er stofnunin í heild umhverfismálastofnun."

Ég hygg að þessi rök starfsmanna sem reyndar eru kenndir við heilbrigði, heilbrigðisfulltrúar, eigi mjög vel við.

Varðandi það atriði hvort þetta mál heyri undir allshn. eða ekki þá tel ég að það sé nokkuð einboðið að málið skuli ganga þangað. Málið lýtur að lögum um Stjórnarráðið og stjórnarskrána reyndar og skipan stjórnarmálefna undir einstök ráðuneyti lýtur að þremur ráðuneytum, forsrn., umhvrn. og heilbrrn. og þegar á sínum tíma þegar málasviðinu var skipt þá var þessu máli vísað af þingsins hálfu til allshn. og ég tel eðlilegt að halda þeirri skipan áfram og engin rök til annars.

Varðandi það sem spurt var um eftirlitsnefndirnar og þátt þeirra þá er það sjálfstætt mál. Nefndin sem er að athuga eftirlitskerfið hér á vegum fulltrúa ráðuneytanna er í starfi og hefur reyndar skilað áfangaþætti til ríkisstjórnar og það starf heldur áfram í raun óháð þessari breytingu þó að verkefni nefndarinnar tengist auðvitað þeim þætti sem hér er um að ræða.

[16:53]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla út af fyrir sig ekki að gera ágreining við hæstv. forsrh. um það að málið skuli ganga til allshn. en ég legg þá ríka áherslu á það jafnframt að allshn. sendi málið bæði til heilbr.- og trn. og umhvn. til skoðunar þannig að þær geti þá gefið álit sitt á þessum fyrirhugaða flutningi sem hér er um að ræða.

[16:54]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í minni fyrri ræðu hér áðan spurði ég hæstv. forsrh. að því hvenær mætti vænta þess að frv. yrði flutt um tilflutning á Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins frá landbrn. yfir til umhvrn. Fyrst þessi skriður er nú kominn á mál að menn eru farnir að færa verkefni og stofnanir til milli ráðuneyta, er þá ekki að vænta þess að menn fari að flytja þær stofnanir er samið var um í Viðey að skyldu fluttar?

[16:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í Viðey forðum var samið um það og það eitt að eðlilegt væri, eins og það var orðað, að setja kjöt og bein umhvrn. Síðan hafa menn að vísu rætt um þá þætti. Það má segja að þarna sé nú kjötflygsa að fara á beinum umhvrn. og ég hygg að það búi vel að því. Hjá okkur verður sjálfsagt stjórnsýsla og stjórnskipun sífellt til endurskoðunar en á þessu stigi máls hefur önnur ákvörðun ekki verið tekin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnlánasjóður, 1. umr.

Stjfrv., 277. mál (gjaldstofn). — Þskj. 352.

[16:55]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér er flutt á þskj. 352 er um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð. Nauðsynlegt er að gera breytingu á lögunum vegna þess að aðstöðugjald sem var álagsstofn iðnlánasjóðsgjalds hefur verið fellt niður. Hér er því lagt til að miðað verði við nýjan gjaldstofn, þ.e. gjaldstofninn verði samkvæmt skilgreiningu 11. og 12. gr. laganna um virðisaukaskatt. Lagt er til að gjaldhlutfallið verði 0,14% af gjaldstofninum en því hlutfalli er ætlað að tryggja svipaðar tekjur af iðnlánasjóðsgjaldi og verið hefur undanfarin ár. Breytingin í frv. þessu á gildandi lögum um Iðnlánasjóð er því mjög óveruleg og eingöngu vegna þess komin að gjaldstofninn, aðstöðugjald, hefur niður fallið.

Ég legg til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. iðnn. og ég vænti þess að þó að skammt sé eftir af starfstíma þingsins, þá náist samkomulag í nefndinni um að afgreiða frv. þetta sem lög frá Alþingi fyrir jólaleyfi þingmanna því að ella fellur niður á næsta ári innheimta í Iðnlánasjóð.

[16:57]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bara ein spurning til hæstv. iðnrh. Fyrst að hér er á ferðinni svo mikilvægt mál að ekki falli niður gjaldið, hver er þá ástæðan fyrir því að frv. kemur svo seint fram sem raun ber vitni?

[16:58]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því er sú að gert var ráð fyrir að annað frv. fylgdi með þessu frv., frv. sem kynnt var hér á hinu háa Alþingi á sl. ári og er meðal þeirra mála sem þegar hefur verið tilkynnt að verði lögð fyrir hv. Alþingi. Það frv. hefur ekki verið lagt fram enn og er enn í skoðun í stjórnarflokkunum. Þess vegna hefur það dregist að frv. af þessum toga yrði lagt fram. Þar sem ekki verður samþykkt ný skipan á Iðnlánasjóði frá því sem verið hefur er nauðsyn-

legt að tryggja sjóðnum áfram tekjustofn og þetta er einasta leiðin sem við höfum til þess.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarmálagjald, 1. umr.

Stjfrv., 278. mál (heildarlög). — Þskj. 353.

[16:59]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Mál þetta kemur nú seint og um síðir fyrir auglit alþingismanna af sömu ástæðu og ég tilgreindi hér áðan. Til stendur að gera tiltekna breytingu á lögum um iðnaðarmálagjald og lögum um Iðnlánasjóð og raunar fleira. Þær breytingar hafa ekki unnist nógu hratt til þess að hægt væri að leggja þær fyrir Alþingi í heild sinni. Þess vegna er okkur sá nauðugur kostur einn þar sem aðstöðugjaldið er fallið niður sem gjaldstofn iðnaðarmálagjalds að óska eftir heimild til áframhaldandi innheimtu og þá miðað við nýjan gjaldstofn.

Ég skal þó taka fram að hér er um að ræða nokkrar breytingar aðrar umfram þær sem ég hef þegar nefnt á gildandi lögum. Lögin um iðnaðarmálagjald eru frá árinu 1975. Frá gildistöku þeirra hafa orðið ýmsar breytingar sem leiða til þess að nauðsynlegt er að fram fari heildarendurskoðun laganna.

Þær breytingar sem hér eru gerðar eru tvíþættar. Í fyrsta lagi hefur aðstöðugjald verið fellt niður en aðstöðugjald hefur verið notað sem gjaldstofn iðnaðarmálagjalds og því er í 1. gr. gerð tillaga um hvernig með skuli fara, þ.e. gert er ráð fyrir því að gjaldstofninn verði gjaldstofn virðisaukaskatts að meðtalinni veltu sem undanþegin er virðisaukaskatti samkvæmt 12. gr. þeirra laga. Tekjurnar eiga að vera sambærilegar eða svipaðar og núgildandi tekjur iðnaðarmálagjaldsins eru. Það er þó nýmæli, og ég vil taka það fram til að fyrirbyggja misskilning að það nýmæli er líka í því frv. sem ég mælti fyrir hér áðan, að það er gert ráð fyrir því að í ríkissjóð geti runnið 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjaldsins vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þess og sama máli gegnir um iðnaðarmálasjóðsgjaldið en ríkissjóður innheimtir þessi gjöld og kemur þeim síðan til skila, annars vegar til Iðnlánasjóðs og hins vegar til þeirra aðila sem eiga að njóta iðnaðarmálagjalds. Það er nýmæli að gert er ráð fyrir 0,5% greiðslu vegna kostnaðar ríkissjóðs sem af innheimtunni leiðir.

Í öðru lagi hafa verulegar breytingar átt sér stað á starfsemi fyrirtækja og samtaka sem lögin taka til. Iðnaðarmálagjaldið sem þannig er álagt er gert ráð fyrir að renni óskipt til samtaka iðnaðarins og ég vek athygli á því að hér er um breytingu að ræða frá gildandi lögum því að samkvæmt 2. gr. þeirra eiga tekjurnar nú annars vegar að renna til starfsemi í þágu iðnaðar og samvinnufélaganna eftir nánari ákvörun stjórnar Sambands ísl. samvinnufélaga og hins vegar til Sölustofnunar lagmetis, en með hliðsjón af breyttum aðstæðum við rekstur iðnaðar hér á landi og stofnun heildarsamtaka fyrirtækja í iðnaði þykir eðlilegt að tekjur af iðnaðarmálagjaldi renni til þeirra heildarsamtaka en þau taki síðan ákvörðun um það hvert gjaldið rennur áfram frá þeim. Ég skal taka það fram að þetta mál hefur verið rætt við samvinnuhreyfinguna og það eru fullar sættir um það hvernig gjaldinu verði skipt.

Í frv. er gert ráð fyrir því að þeir sem greiða gjaldið verði þeir sömu og hingað til auk þess sem lagt er til að hugbúnaðarþjónusta eða hugbúnaðariðnaður falli undir iðnað í skilningi laganna en sú atvinnustarfsemi hefur hvergi átt heima í fjárfestingarlánasjóðakerfinu og gert er ráð fyrir því að hún greiði eftirleiðis iðnaðarmálagjald og njóti góðs af því.

Til að taka af allan vafa um hverjir eru greiðendur gjaldsins er tekin upp tilvísun í atvinnuveganúmer samkvæmt atvinnugreinaflokkun Hagstofunnar.

Ég ítreka það, virðulegi forseti, að þetta frv. er mjög seint fram komið. Hins vegar er mjög ákjósanlegt að frv. geti orðið að lögum fyrir áramótin til þess að innheimta iðnaðarmálagjalds falli ekki niður. Ég geri mér það hins vegar ljóst að sú beiðni er nokkru stífari til hv. iðnn. sem væntanlega fær frv. heldur en sú beiðni sem ég lagði fram um afgreiðslu frv. til laga um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð sem ég mælti fyrir hér áðan en engu að síður leyfi ég mér að fara þess á leit að iðnn. skoði vandlega hvort hún geti greitt fyrir afgreiðslu frv. fyrir jólaleyfi þingmanna.

Að svo mæltu legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 17:04.

---

61. FUNDUR

miðvikudaginn 15. des.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1994, stjfrv., 1. mál, þskj. 355. — 3. umr.
2. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Iðnlánasjóður, stjfrv., 277. mál, þskj. 352. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 278. mál, þskj. 353. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Almannatryggingar, stjfrv., 83. mál, þskj. 86, nál. 311 og 370, brtt. 312 og 371. — 2. umr.
6. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 84. mál, þskj. 87, nál. 313 og 372, brtt. 314 og 373. — 2. umr.

7. Lánsfjárlög 1994, stjfrv., 75. mál, þskj. 78, nál. 381, brtt. 382. — 2. umr.

8. Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, stjfrv., 284. mál, þskj. 361. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

9. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Borist hefur svohljóðandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varamaður Framsfl. í Norðurl. v., Elín R. Líndal hreppstjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.“

Elín R. Líndal hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjala:

Alferðir, 293. mál, stjfrv., þskj. 374.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 101. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 385; brtt. 1. minni hluta allshn., þskj. 386.

Framleiðsla og sala á búvörum, 292. mál, frv. landbn., þskj. 384.

Lánastofnanir aðrar en viðskiptabankar og sparisjóðir, 131. mál, þskj. 391.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., 103.mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 387.

Fjárlög 1994, 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 355.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Samkvæmt 2. mgr. 25. gr. þingskapa er gert ráð fyrir að 3. umr. fjárlaga hefjist ekki síðar en 15. des. og þess vegna er þetta mál hér komið á dagskrá.

[13:34]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Enda þótt frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 sé nú tekið á dagskrá samkvæmt ákvæðum þingskapa, eins og hæstv. forseti gat um, þá hefur fjárln. ekki lokið endanlegri athugun sinni á frv. Auk þess liggur ekki fyrir álit efh.- og viðskn. um áhrif skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs svo sem fyrir er um mælt í 2. mgr. 25. gr. þingskapa. Störfum fjárln. miðar hins vegar vel og er útlit fyrir að hún geti lokið störfum sínum fljótlega. Ég vil því óska eftir því, hæstv. forseti, að þessari umræðu verði frestað til þess tíma sem hæstv. forseti telur hagkvæman til áframhaldandi umræðna um málið.

[13:35]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það er eins og reyndar áður að fjárln. hefur ekki tekist að ljúka afgreiðslu erinda fyrir 3. umr. fjárlagafrv. á þeim tilskilda tíma sem þingsköp gera ráð fyrir, þ.e. fyrir 15. des.

Það er auðvitað, eins og fram kom í máli hv. formanns fjárln., Sigbjörns Gunnarssonar, ekki gerlegt fyrir fjárln. að ljúka málinu meðan tekjuhliðin er enn í umræðu í hv. efh.- og viðskn. Þaðan hafa borist þær fréttir að undanförnu að verið sé að skoða mjög ítarlega skattamálin sem tengjast þessari afgreiðslu allri og verður þess vegna að vinna nokkur frumvörp samhliða áður en hægt er að taka þau hér til lokaafgreiðslu.

Varðandi vinnuna í fjárln. má sjálfsagt taka undir það með hv. formanni að út af fyrir sig stendur ekki á að þar megi ljúka störfum nokkuð fljótt þegar upplýsingar frá ríkisstjórn eða ákvarðanir og þá í framhaldi af því ákvarðanir meiri hluta nefndarinnar liggja endanlega fyrir. Auðvitað eru enn þá nokkur stór mál óafgreidd. Það er eftir, fyrir utan tekjuhliðina, að fjalla um 6. gr. og einnig nokkur mál sem vísað var til 3. umr. strax við 2. umr., eins og t.d. málefni sjúkrahúsanna í Reykjavík. Ég ætla ekki að fara að taka umræðu um það hér og nú en þar hygg ég og lít svo á að eigi eftir að fjalla um ýmis stór og vandasöm mál sem gætu kostað töluverða athugun, umræðu og tíma og svo auðvitað nokkur atriði sem dregin voru til baka til 3. umr. við atkvæðagreiðslu við 2. umr. hér í hv. Alþingi. Okkur minnihlutamönnum er að vísu ekki nákvæmlega ljóst hvar þessi vinna er stödd því eins og fram kom hér í umræðum við 2. umr. þá hafa málin skipast þannig að þessu sinni að meiri hlutinn hefur unnið að afgreiðslu mála án þess að minni hlutinn tæki virkan þátt í þeirri vinnu. Verður það ekki rakið hér frekar að þessu sinni, virðulegur forseti. En ég lýsi ánægju minni með það að hv. formaður fjárln. gerði ekki heldur tillögu um það hvenær 3. umr. færi fram þannig að það sé ekki verið að binda sig á þessu stigi í dagsetningar sem síðan yrði erfitt að standa við, ef önnur mál sem nauðsynlegt er að fá fram á undan, ganga ekki fram svo sem tilskilið er.

[13:37]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það mátti skilja orð hv. formanns fjárln. þannig að það stæði á vinnu hjá efh.- og viðskn. til þess að 3. umr. fjárlaga gæti farið fram. Efh.- og viðskn. væri ekki búin að fjalla um tekjuhlið fjárlaganna. Það er alveg rétt. Efh.- og viðskn. er ekki búin að fjalla um tekjuhlið fjárlaganna og hefur reyndar ekki hafið þá umfjöllun enn af þeirri einföldu ástæðu að það eru engar forsendur til enn þá til þess að fjalla um tekjuhliðina. Meðan skattabandormurinn er

óafgreiddur, meðan meiri hluti efh.- og viðskn., stjórnarmeirihlutinn, leggur ekki fram sínar brtt. og leggur spilin á borðið um það hvernig hann ætlar að afgreiða skattamálin, eru engar forsendur til þess að efh.- og viðskn. geti fjallað um tekjuhliðina. Þannig að ég hlýt að lýsa ábyrgð á því að efh.- og viðskn. hefur ekki fjallað um tekjuhliðina enn þá alfarið á ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta hér á Alþingi.

[13:39]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Á mínum stutta þingferli hef ég ekki öðlast mikla reynslu í átökum við ríkisstjórnir, en ég hygg þó að þau vinnubrögð sem við höfum verið að upplifa hér á undanförnum dögum í hv. efh.- og viðskn. eða það sem komið hefur í ljós þar, er svo makalaust að það tekur auðvitað engu tali. Við erum að fjalla um stórfelldar breytingar á skattkerfinu þar sem um er að ræða lækkun á virðisaukaskatti á matvælum úr 24,5% í 14% og það kemur í ljós að þeim gögnum sem okkur hefur tekist að kría út eftir einhverjum leynilegum leiðum, ber engan veginn saman við það sem haldið er fram. Við erum einfaldlega búin að vera að reyna að átta okkur á því hvað felst í þessari breytingu, hvaða áhrif hún hefur og hvað hún kostar. Þrátt fyrir mikil fundahöld er einfaldlega ekki komin niðurstaða í það mál. Þetta er því makalausara þegar hugsað er til þess að gerðir voru kjarasamningar í maí á þessu ári þar sem fyrir lá að ríkisstjórnin ætlaði að gera þessa breytingu á skattalögum og það er óskiljanlegt hvers vegna ekki var lögð vinna í að kanna þessar breytingar og að leggja fyrir þau gögn sem nauðsynleg eru, þó ekki hefði verið nema að þessi hluti skattalagabreytinganna lægi fyrir nú í upphafi þings, þannig að þingið hefði tíma til þess að fara almennilega ofan í þetta mál. Þetta er svo makalaust að það tekur engu tali.

Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, að efh.- og viðskn. er einfaldlega ekki byrjuð að fjalla um tekjuhlið fjárlaganna og það er auðvitað vegna þess annars vegar að það er ekki búið að loka skattadæminu og við vitum ekki enn þá hver niðurstaðan verður þar. Það er enn þá verið að ræða um vörugjöld og fleira. En síðan bætist það við að mat á tekjuhlið fjárlaga felst ekki eingöngu í því hver skattheimtan verður heldur líka að kanna allar forsendur fyrir tekjuöflun ríkisins. Við þurfum að fara ofan í forsendurnar og við erum einfaldlega ekki byrjuð á þessu verki.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill vekja athygli þingmanna á því að til umræðu er fyrsta dagskrármálið, þ.e. fjárlög 1994.

[13:41]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur verið skýrt frá vinnubrögðum í fjárln. og er litlu við það að bæta öðru en því að auðvitað eru vissar áhyggjur af því hvar starfsáætlun þingsins er komið vegna þess að hér átti að ljúka á laugardag. Við höfum verið öll af vilja gerð, minni hluti fjárln., til þess að greiða fyrir störfum, en höfum lítið gert annað en að bíða eftir ákvörðunum meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Ég segi að við höfum áhyggjur af framvindu mála hér fram að jólum vegna þess að það heyrist alltaf að það sé von á fleiri og fleiri frumvörpum um stórmál sem á að afgreiða fyrir jól og við fréttum af því í fjölmiðlum. Í gærkvöldi fréttum við af því að það ætti að leggja hér fram frv. til breytinga á búvörulögum og afgreiða það fyrir jól. Ég vil því gera athugasemd við þetta þó að það flokkist nú kannski undir störf þingsins. En við höfum áhyggjur af því að hér klárist ekkert mál, hvorki fyrir jól né fyrir áramót með þessu áframhaldi.

[13:43]

Halldór Ásgrímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara að tala hér efnislega um fjárlög heldur vil ég ræða þá stöðu sem komið hefur fram, að formaður fjárln., hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, hefur sagt hér að það standi á umsögn efh.- og viðskn. um tekjuhlið fjárlaga. Það er alveg rétt að sú umsögn er ekki komin og efh.- og viðskn. hefur ekki hafið þá umfjöllun. Efh.- og viðskn. er að fjalla um skattamálið. Það snertir það mál mjög mikið. Þjóðhagsstofnun og fjmrn. hafa ekki verið tilbúin fram til þessa dags til að fjalla um málið. Nefndin mun gera það um leið og fjmrn. og Þjóðhagsstofnun geta hafið þessa umfjöllun. Því er langeðlilegast að taka þetta mál út af dagskrá og bíða eftir því að fjmrn. og Þjóðhagsstofnun verði tilbúin til þess að fjalla um málið. Mér vitanlega þarf þetta álit að liggja fyrir áður en 3. umr. hefst og ef ég man rétt þá verður að líða einn sólarhringur þar til það getur orðið. Þannig að ég vil ekki að nefndin sem slík liggi undir einhverjum ámælum í þessu sambandi.

[13:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar stjórn þingsins á þessari 3. umr. fjárlaga, þá er það orðið árvisst hér að þann 15. desember er tilkynnt á dagskrá 3. umr. um fjárlög og hún efst ævinlega með sömu orðunum, að henni sé frestað vegna þess að málið sé ekki tilbúið. Ég vil bara vekja athygli þingmanna og þeirra sem heyra mál mitt á því að í allt haust höfum við verið að fást við mál sem aðallega hafa komið frá þingmönnum minni hluta eða stjórnarandstöðuflokka hér í þinginu. Það hafa ekki komið fram þau frumvörp sem þarf að vinna fyrir afgreiðslu fjárlaga. Þau hafa ekki komið fram fyrr en síðustu daga og efh.- og viðskn. er að sjálfsögðu upptekin við að vinna þau mál núna og hefur ekki enn þá komist í að sinna því að vinna tekjuhlið fjárlaga, eins og þarf auðvitað að gera sem allra fyrst. Þannig að það er fyrst og fremst vegna þess sem þarf að fresta 3. umr. fjárlaga að ríkisstjórnin hefur ekki unnið sitt starf, hún hefur ekki skilað þeim frumvörpum hingað inn sem þurfti að ræða nógu tímanlega fyrir þessa afgreiðslu og það er það sem ég geri athugasemd við.

[13:46]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sem eiginlega núverandi oddviti meiri hlutans í efh.- og viðskn. vil ég gjarnan leggja orð í belg í þessari umræðu. Ástæðan fyrir því að við getum ekki hafið eða lokið umfjöllun í efh.- og viðskn. um tekjuhliðina er auðvitað sú að við erum með mjög stór frumvörp, skattafrumvörp bæði sveitarfélaga og ríkisins, til umfjöllunar í félmn. og efh.- og viðskn. Við erum að ljúka þeirri umfjöllun þannig að það sé alveg klárt hvar við stöndum í þessum efnum þegar við afgreiðum umsögn okkar til fjárln.

Í morgun var afgreidd úr félmn. frv. um tekjustofna sveitarfélaga. Það mál liggur alveg ljóst fyrir. Það tengist afgreiðslu skattabandormsins eðlilega. Við erum búin að vinna mjög vel og ég vil endilega að það komi fram hér að það hefur verið haldið vel á málum í efh.- og viðskn. undir stjórn nýkjörins formanns. Það er búið að fá fjölda manns á fund nefndarinnar og síðast í gær fengum við til viðræðu fulltrúa vinnumarkaðarins út af tillögum minni hlutans. Við erum að ljúka umfjöllun í dag og ég tel að þegar þeirri umfjöllun sem við höfum verið að vinna er lokið, afgreiðslu okkar á þessum tekjufrumvörpum sem við höfum til umfjöllunar og afgreiðslu, þá verðum við ekki lengi að fara yfir sjálfa umsögnin um tekjugreinina sem okkur er ætlað.

[13:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt ekki verra en annað að taka hér nokkrar mínútur í að skýra aðeins stöðu þessara mála og furðu borubrattur fannst mér nú hv. formaður fjárln. vera að telja stöðuna bara allgóða. Ég held að rétt sé að leggja áherslu á að það er ekki bara við það að eiga að þessi stóru mál hæstv. ríkisstjórnar séu seint fram komin. Það eru þau sannarlega. Þetta er í öðru lagi óhjákvæmileg afleiðing af því að málin eru flutt af hæstv. ríkisstjórn í formi mikilla bandorma sem lenda síðan hjá einni og sömu nefndinni og þar með er að hluta til færð undir efh.- og viðskn. mál sem ella mundu, ef þau væru flutt í sérfrumvörpum, lenda hjá fleiri fagnefndum í þinginu og vinnan þannig dreifast á fleiri hendur. Þetta hlýtur að leiða til þess að þarna myndast stífla eða það safnast upp mál þegar verkefnunum er öllum hlaðið á eina nefnd eins og er óhjákvæmilega afleiðing af þessari bandormagerð hæstv. ríkisstjórnar.

Í þriðja lagi og það skiptir ekki minnstu máli, þá er ekki einungis við það að eiga að hæstv. ríkisstjórn komi málunum beint frá sér inn í þingið, heldur er ríkisstjórnin ekki búin að ná efnislegri samstöðu um þau mál. Það er auðvitað það sem stendur á sólarhring eftir sólarhring að ríkisstjórnarliðið hefur ekki endanlega komið sér niður á afstöðu til veigamikilla atriða í sínum eigin frumvörpum. Ég hygg að talsmenn meiri hlutans í efh.- og viðskn. geti m.a. staðfest þetta. Það er auðvitað lítið við því að gera þegar hver sólarhringurinn á fætur öðrum líður við það að ekki er hægt að afgreiða málin út vegna þess að það vantar ákvarðanir um meiri háttar pólitísk álitamál.

Ég vil svo, hæstv. forseti, einnig vekja athygli á því, þó í raun sé leiðinlegt að þurfa að gera það, að það flýtir ekki fyrir okkar vinnu að miklar fjarverur áhrifamikilla manna í þessu starfi skuli bætast við og jafnvel utanstefnur í stórum stíl. Það er auðvitað ekki til hagræðis að þeir sem hafa verið að leiða starfið að hluta til skuli svo jafnvel vera erlendis sólarhringum saman þegar komið er á lokasprettinn. Ég held að það ætti að vera forustumönnum flokkanna og þingsins til umhugsunar hvort ekki þurfi að reyna að skipuleggja störfin þessa síðustu þingdaga öðruvísi ef það á að vera nokkur von til þess að tímaáætlun þingsins standist og við komumst með eðlilegum hætti í jólafrí, þó það sé kannski ekki aðaláhyggjuefnið, heldur hitt að þessi mál fái eðlilega umfjöllun og vandaða vinnu.

Hæstv. forseti. Við stöndum einfaldlega frammi fyrir því, og kannski í ríkara mæli en oftast áður, að við erum að súpa seyðið af óskipulögðum vinnubrögðum sem geta ekki haft annað í för með sér heldur en stöðu sem þessa og þá verða menn auðvitað að bjarga því sem bjargað verður í þeim efnum. En ég tel að það sé a.m.k. rétt, og ég kom meðal annars hingað til að taka undir það með formanni efh.- og viðskn., að það er ekki við slæleg vinnubrögð í nefndinni að sakast og aðrir nefndarformenn ættu að hafa það í huga.

Umræðu frestað.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Þannig háttar til með 8. dagskrármálið að of skammt er liðið frá útbýtingu frv. Vill forseti leita heimildar um að það megi koma á dagskrá síðar á fundinum. Verður nú heimildar leitað.

[13:52]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (ÁRÁ, DO, EH, EKG, GHH, GE, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SvG, VE) fjarstaddir.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 275. mál (yfirstjórn). — Þskj. 350.

[13:54]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EL, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (ÁRÁ, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SJS, SvG, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Iðnlánasjóður, frh. 1. umr.

Stjfrv., 277. mál (gjaldstofn). — Þskj. 352. [13:55]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁRÁ, DO, EH, EKG, GHH, GE, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Iðnaðarmálagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 278. mál (heildarlög). — Þskj. 353. [13:55]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁRÁ, DO, EH, EKG, GHH, GE, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, ISG, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til iðnn. án atkvgr.

Almannatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (heildarlög). — Þskj. 86, nál. 311 og 370, brtt. 312 og 371. [13:56]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 311 fyrir hönd meiri hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um almannatryggingar.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarpið samhliða frumvarpi til laga um félagslega aðstoð, 84. mál, en þessum tveimur frumvörpum er ætlað að leysa af hólmi lög nr. 67/1971, um almannatryggingar. Nefndin fékk á sinn fund við yfirferð frumvarpanna Dögg Pálsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Þá komu á fund nefndarinnar frá Öryrkjabandalagi Íslands Helgi Seljan og Ásgerður Ingimarsdóttir. Nefndin hefur einnig stuðst við umsagnir margra aðila um frumvörpin, m.a. frá 116. þingi, og aflað ýmissa gagna við umfjöllun um málið.

Meiri hluti nefndarinnar fellst á að reglur um almannatryggingar annars vegar og félagslega aðstoð hins vegar verði aðgreindar og telur það óhjákvæmilegt í ljósi fyrirsjáanlegrar gildistöku EES-samningsins. Í kjölfar gildistökunnar verður skylt að flytja almannatryggingabætur á milli aðildarríkja EES-samningsins í samræmi við þann rétt sem menn hafa áunnið sér í löndunum. Markmið með framangreindri aðgreiningu er því að tryggja að í ákvæðum laga um almannatryggingar sé ekki kveðið á um bætur sem í raun eru félagslegs eðlis. Samkvæmt reglum EB á sviði almannatrygginga eru skilyrði þess að bætur teljist til félagslegrar aðstoðar en ekki almannatrygginga þríþætt, að einstaklingsbundið mat ráði því hvort viðkomandi fái bætur, að tekjustaða hafi áhrif á bótarétt og að fjármögnun bótanna sé aðskilin frá fjármögnun bóta almannatrygginga.

Meiri hlutinn mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt flytur minni hlutinn tillögur um breytingar á sérstöku þingskjali en styður þó þær breytingartillögur sem meiri hlutinn flytur.

Mun ég nú gera grein fyrir breytingartillögunum í örstuttu máli:

1. Lagt er til að frestur, sem kveðið er á um í 7. gr. til að skjóta ákvörðun sem tekin er á grundvelli laga um almannatryggingar eða laga um félagslega aðstoð, verði þrír mánuðir en ekki fjórir eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Eðlilegt þykir að gæta hér samræmis við meginreglu 1. mgr. 27. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, sem öðlast gildi 1. janúar 1994.

2. Lagt er til að biðtími eftir örorkubótum á grundvelli 12. gr. verði styttur úr einu ári í sex mánuði hafi menn haft óskerta starfsorku þegar þeir tóku hér lögheimili. Er það í samræmi við breytingu sem lögð er til á 32. gr. Breytingartillögurnar eru byggðar á sanngirnissjónarmiðum.

3. Lögð er til sú breyting á 16. gr. að sama regla gildi um bótaþega fæðingardagpeninga og gildir um þá sem njóta fæðingarstyrks á grundvelli 15. gr., þ.e. í báðum tilvikum sé gert að skilyrði að viðkomandi hafi átt lögheimili hér á landi síðustu 12 mánuði fyrir fæðinguna sem bótarétturinn byggist á.

4. Leiðrétt er röng lágmarksfjárhæð dánarbóta í 30. gr.

5. Í a-lið er lagt til að orðalagi 32. gr. verði breytt lítillega og framsetning skýrð. Þá er lagt er til að bið-

tími verði styttur í sex mánuði en eins árs biðtími, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, er talinn of langur. Nefna má hér t.d. tilvik þar sem Íslendingur, sem lengi hefur verið búsettur erlendis, ákveður að flytja á ný til landsins. Sex mánaða biðtími er hins vegar talinn nægilega langur til að girða fyrir hugsanlega misnotkun.

Í b-lið er tilvísun 4. mgr. 32. gr. breytt til samræmis við þá breytingu sem lögð er til við 1. mgr. 32. gr.

6. Lagt er til að í 34. gr. sé einnig vísað til ákvæða sérlaga. Með því er vakin athygli á að í sérlögum geta verið ákvæði sem hér skipta máli. Í dag má benda á lög nr. 82/1989, um málefni aldraða.

7. Lagt er til að greiðsla sjúkradagpeninga skv. 38. gr. verði miðuð við 16 ára aldur en ekki 17 ár. Ekki verður séð hvaða rök mæla með 17 ára aldursmörkum.

8. Hér er lögð til breyting á 40. gr. til samræmis við reglur EES-samningsins á sviði almannatrygginga, en óbreytt mun greinin ekki standast ákvæði samningsins.

9. Í a-lið er lögð til sú breyting á ákvæði til bráðabirgða að í stað þess að bætur til öryrkja falli með öllu niður á grundvelli 2. tölul. ákvæðisins skerðist bæturnar eftir almennum skerðingarreglum. Ekki verður séð að nein rök styðji að aðrar reglur gildi í þessu tilviki en almennt gilda um skerðingu vegna tekna.

Með breytingunni, sem lögð er til í b-lið, mun koma skýrar fram að tilvísunin eigi einungis við um 5. tölul. en ekki aðra töluliði ákvæðis til bráðabirgða.

10. Auk þeirra efnislegu breytinga, sem raktar hafa verið, er lagt til að bætt verði í frumvarpið greinafyrirsögnum þar sem kveðið er á um mismunandi bótaflokka. Með því er stuðlað að skýrari framsetningu í frumvarpinu og um leið greiðari aðgangi að efni þess.

Loks leggur nefndin áherslu á að 6. mgr. 29. gr. frumvarpsins verði framkvæmd með afturvirkum hætti, en sú grein fjallar um greiðslu örorkubóta enda þótt örorkuorkutap sé metið undir 10% ef orsökina má rekja til mistaka við meðferð á sjúkrastofnunum. Með því er átt við að greiðslur geti komið til vegna atvika sem orðið hafa eftir gildistöku laga nr. 74/1989, um breytingu á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum.

Undir álit meiri hluta nefndarinnar skrifa Gunnlaugur Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir.

Ég vil þakka hv. nefndarmönnum í heilbr.- og trn. góð störf að þessum málum. Við tókum okkur góðan tíma til að yfirfara málin vandlega í ljósi þeirra breytinga sem nú eru í aðsigi vegna EES-samningsins. Það tókst samkomulag í nefndinni um þær brtt. sem ég hef hér gert grein fyrir, en minni hlutinn mun gera grein fyrir sínu máli sérstaklega.

Að lokum, virðulegur forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni 2. umr.

[14:03]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta heilbr.- og trn. sem er á þskj. 370. Minni hlutann skipa auk þess sem hér stendur, hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, Margrét Frímannsdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Á sérstöku þskj., sem er nr. 371, flytjum við brtt. við frv. eins og það liggur fyrir, en eins og kom fram í máli hv. formanns heilbr.- og trn. þá styður minni hlutinn þær brtt. sem meiri hlutinn leggur til.

Við gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þarf að gera tilteknar breytingar á íslenskri almannatryggingalöggjöf til að hún samræmist þeim reglum sem gilda munu á því sviði. Þannig er nauðsynlegt að mæta með einhverjum hætti svonefndri útflutningsreglu, sem felur í sér að bótaþegi eigi rétt á að fá almannatryggingabætur greiddar úr landi, á grundvelli nánar tiltekinna reglna. Til að mæta þessu hafa stjórnvöld kosið að aðgreina bætur almannatrygginga og skipa þeim í tvö frumvörp, annars vegar í frumvarp til laga um almannatryggingar og hins vegar í frumvarp til laga um félagslega aðstoð.

Í frumvarp til laga um almannatryggingar hefur verið skipað þeim bótum sem ótvírætt eru taldar hafa yfirbragð tryggingabóta og falli þar af leiðandi undir útflutningsregluna. Í frumvarpi til laga um félagslega aðstoð hefur svo verið skipað þeim bótum sem þykja bera keim af félagslegri aðstoð og þurfi þar af leiðandi ekki að greiða úr landi. Samkvæmt upplýsingum frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu eru skilyrði þess að bætur teljist til félagslegrar aðstoðar einkum þríþættar. Í fyrsta lagi að einstaklingsbundið mat ráði hvort viðkomandi fái bætur. Í öðru lagi að tekjustaða hafi áhrif á bótarétt og í þriðja lagi að bætur greiðist beint úr ríkissjóði. Þrátt fyrir þetta fær minni hlutinn ekki séð að ástæða sé til að gera þær grundvallarbreytingar að ýmsir bótaflokkar, sem nú er skylt að greiða samkvæmt lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, breytist í heimildarbætur sem jafnframt verði tekjutengdar.

Við samanburð á frumvörpunum tveimur kemur í ljós að skilin á milli þeirra eru hreint ekki jafnglögg og talið hefur verið. Þannig má finna heimildarákvæði í frumvarpi til laga um almannatryggingar sem og heimild til tekjutengingar og bætur almannatrygginga eru að auki að öllu leyti greiddar beint úr ríkissjóði. Því má segja að í raun og veru séu í frumvarpi til laga um almannatryggingar ákvæði sem bera keim af bótum félagslegrar aðstoðar, þannig að einstaklingsbundið mat og tekjustaða geti haft áhrif á bótarétt. Þá eru bætur, sem kveðið er á um í frumvarpi til laga um félagslega aðstoð, fjármagnaðar af ríkissjóði á sama hátt og bætur í frumvarpi til laga um almannatryggingar. Minni hlutinn fær því ekki séð hvaða rök mæla með því að gera þá gjörbreytingu sem boðuð er með frumvarpi til laga um félagslega aðstoð. Því leggur minni hlutinn til að heimildarákvæðum frumvarpsins um félagslega aðstoð verði breytt í skylduákvæði en það mál kemur hér

til frekari umfjöllunar síðar.

Benda má á að við meðferð nefndarinnar hafa stjórnvöld ítrekað haldið því fram að markmið með þessum breytingum sé ekki að draga úr útgjöldum til almannatrygginga. Því verður ekki séð að þær breytingar, sem minni hlutinn leggur til, muni leggja auknar byrðar á ríkissjóð. Þá telur minni hluti nefndarinnar að framangreindar breytingar beri vott um þróun í þá átt að færa bætur, sem hingað til hafa tilheyrt almannatryggingakerfinu, yfir á sveitarfélög og telur ástæðu til að stemma stigu við því.

Nú er það ekki svo að núverandi hæstv. heilbr.- og trmrh. hafi boðað slíkt, en með því að aðgreina þetta í þessi tvö frv. og hafa heimildarbæturnar í frv. sem verður væntanlega að lögum um félagslega aðstoð, þá er þessi hætta til staðar.

Minni hlutinn mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt stendur minni hlutinn að breytingartillögum ásamt meiri hluta nefndarinnar eins og hér hefur áður komið fram á þskj. 312.

Nú ætla ég að gera í örfáum orðum grein fyrir því í hverju þær efnisbreytingar eru fólgnar sem minni hluti nefndarinnar vill gera á frv. eins og það liggur fyrir.

Fyrst á annað borð var farið að taka til umfjöllunar hér á hinu háa Alþingi frv. til laga um almannatryggingar þá var það skoðun minni hlutans að rétt væri að nota tækifærið og gera ýmsar breytingar sem horfa til bóta fyrir bótaþega, ýmis konar réttarbætur til að tryggja stöðu þeirra sem búa við erfiðustu aðstæðurnar og jafnframt örlítið er snýr að skipulagi Tryggingastofnunar ríkisins.

Í fyrsta lagi er lagt er til að við ákvörðun launa starfsmanna Tryggingastofnunar ríkisins verði tekið tillit til þess að þeir hafi stundað nám við tryggingaskóla stofnunarinnar, en gerð er tillaga um að kveðið verði á um stofnun slíks skóla í 9. gr. frumvarpsins, þ.e. í þeim brtt. sem minni hluti nefndarinnar leggur fyrir. Fyrir liggur að starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins búa almennt við léleg launakjör í samanburði við aðra opinbera starfsmenn. Samhliða því að gerðar verði til þeirra auknar kröfur um þekkingu og bætta þjónustu er hér lagt til að kjör þeirra verði bætt.

Í þessu samhengi má minna á að forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins hélt ekki alls fyrir löngu fund með öllu starfsfólki stofnunarinnar þar sem hann lýsti yfir sérstökum áhuga sínum á því að hægt væri að ganga til móts við starfsmenn stofnunarinnar þar sem þeir byggju við sérstaklega bág kjör og erfiða starfsaðstöðu og tryggja þeim betri laun. Benti hann m.a. á samlíkingu við það sem gert var gagnvart starfsfólki sem starfandi er í fiskvinnslunni þar sem komið var á sérstökum starfsfræðslunámskeiðum sem er leið til kjarabóta. Því er það er lagt til hér að breyting verði gerð á 3. gr. og við hana bætist nýr málsl. sem hljóði svo: Nám við tryggingaskóla skal metið starfsmönnum til launahækkunar.

2. Hér er lagt til að gert verði að skilyrði að trúnaðarmenn Tryggingastofnunar ríkisins hafi lokið námi frá tryggingaskóla stofnunarinnar. Gert er ráð fyrir að þeim starfsmönnum, sem þegar starfa sem trúnaðarmenn stofnunarinnar, verði gert að sækja námskeið við skólann og að námið verði metið þeim til launahækkunar, sbr. breytingu sem lögð er til á 3. gr.

3. Lagt er til að í frumvarpið bætist ný grein, 9. gr., þar sem kveðið verði á um að á vegum Tryggingastofnunar ríkisins skuli starfræktur tryggingaskóli. Slíkir skólar eru starfræktir í nágrannalöndum okkar, oft í tengslum við aðrar menntastofnanir. Svið almannatrygginga er mjög flókið. Auk þeirra lagaákvæða, sem gilda á þessu sviði, hafa verið settar fjölmargar reglugerðir sem kveða nánar á um útfærslu einstakra bótaþátta. Mikilvægt er að opinberir þjónustuaðilar séu færir um að veita þeim sem til þeirra leita áreiðanlegar upplýsingar með litlum fyrirvara. Það á ekki síst við um bætur almannatrygginga þar sem þeir sem þeirra njóta byggja iðulega framfærslu sína á þeim. Lögð er áhersla á að haft verði fullt samráð við menntamálayfirvöld við stofnsetningu tryggingaskóla.

4. Breytingin, sem lögð er til á 10. gr., er til samræmis við þá breytingu sem lögð er til varðandi skipan endurhæfingarlífeyris.

5. Lagt er til að brott falli 3. mgr. 11. gr. Breytingin er byggð á sanngirnissjónarmiðum þar sem um er getið í almannatryggingalögum að svokölluð 90% regla er við lýði, þ.e. að ellilífeyrir einstaklinga sem eru í sambúð eða giftir skuli skerðast um 10%. Það eru ýmiss konar önnur atriði inni í almannatryggingalöggjöfinni, hvort sem er í lögum eða reglugerðum, sem gera ráð fyrir því að mismuna mjög milli þeirrar stöðu sem fólk hefur í þjóðfélaginu, þ.e. hvort fólk er í vígðri sambúð, gift eða einhleypingar. Dæmi má nefna um frítekjumörk hjóna sem eru hjá báðum hjónum 36.832 kr. á mánuði en hjá einstaklingi 26.308 kr. Þarna er augljóslega verið að mismuna. Í öðru lagi hafa einhleypingar eða þeir sem ekki njóta hagræðis af sambýli eingöngu og einvörðungu rétt á heimilisuppbót. Þegar á bótaflokka almannatrygginga og sérstaklega lífeyristrygginganna er litið þá er alveg ljóst að það eru mjög mörg skerðingarákvæði inni í almannatryggingalögunum gagnvart hjónum og fólki sem býr saman. Því er þessi breyting lögð til.

6. Lagt er til að ákvæði um endurhæfingarlífeyri í 8. gr. frumvarps til laga um félagslega aðstoð verði skipað í frumvarp til laga um almannatryggingar. Öryrkjabandalag Íslands hefur gagnrýnt tilflutning bótanna og telja verður óeðlilegt að slíta í sundur örorkulífeyri og örorkustyrk annars vegar og endurhæfingarlífeyri, sem greiddur er öryrkjum, hins vegar. Þá er lagt til að greiðsla endurhæfingarlífeyris verði skyldubundin en ekki heimild eins og 8. gr. frumvarps til laga um félagslega aðstoð gerir ráð fyrir. Þess má einnig geta að endurhæfingarlífeyririnn er einn hlekkurinn í langri keðju fyrir það fólk sem er svo óheppið að verða fyrir slysum eða sjúkdómum, sem byrjar með því að fólk fær greidda sjúkradagpeninga sem eru í almannatryggingalögunum. Síðan tekur oft og tíðum við endurhæfingarlífeyrir sem færi þá út úr almannatryggingalögunum eins og frv. meiri hlutans eða ríkisstjórnarinnar

og hæstv. heilbrrh. gerir ráð fyrir, inn í frv. um félagslega aðstoð. Síðan tekur við örorkulífeyrir eða örorkustyrkur sem er þriðja stigið í þessu en sá bótaflokkur er inni í almannatryggingalögum. Það er því eðlilegt að hafa endurhæfingarlífeyrinn inni í almannatryggingalöggjöfinni sem hluta af því ferli sem þarna er um að ræða.

7. Hér er lagt til að foreldrum skuli tryggðar dánarbætur slysatrygginga við fráfall barna sinna hafi þeir á annað borð notið stuðnings þeirra. Heimild þessa efnis er í lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, og óeðlilegt þykir að fella hana niður, ekki síst þar sem slysabætur byggjast á iðgjaldagreiðslum. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins er hér um fámennan hóp að ræða. Því er um sáralítinn sparnað í raun og veru að ræða í því frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lagt hér fyrir þingið.

8. Lagt er til að bætt verði við 36. gr. ákvæði um uppihaldsstyrk. Þetta ákvæði er nýmæli en ekki leikur vafi á því að landsmenn búa við mjög ójafnar aðstæður að þessu leyti. Ekki er einungis um það að ræða að íbúar í dreifbýli þurfi mjög oft að leita sér læknisþjónustu til höfuðborgarinnar heldur þarf stór hluti þjóðarinnar einnig að sækja þjónustu á milli staða innan síns landsvæðis. Af þessu getur hlotist verulegur kostnaður.

Það má áætla að þessi útgjaldaauki Tryggingastofnunar ríkisins yrði í kringum 30 millj. kr. ef þessi tillaga gengi eftir. En þetta snýr kannski fyrst og fremst að lagtímasjúku fólki er þarf að dvelja hér langdvölum á stofnunum eða til að sækja læknisþjónustu utan sinna heimabyggðar, þeim einstaklingum sem með eru í för og verða fyrir tekjumissi.

[14:16]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér um ræðir og ég mælti fyrir fyrr á þessu haustþingi er kannski fyrst og síðast fram sett til að glöggva bótaflokka sem hafa heyrt undir almannatryggingalög og hafa á tvennan hátt haft einkenni félagslegra bóta annars vegar og almannatryggingabóta hins vegar. Eins og fram hefur komið í framsögu formanns trn. og framsögumanns minni hluta trn. þá er hér um að ræða að skilja þar á milli.

Í álitum meiri hluta og minni hluta annars vegar eru uppi álitamál um hversu mikil nauðsyn er á þessari tvískiptingu annars vegar og hins vegar hvort því þurfi nauðsynlega að fylgja það ákvæði að um heimild sé að ræða til greiðslu bótanna ellegar að um skyldugreiðslu sé að ræða lögum samkvæmt. Ég hygg að segja megi að í inngangi greinargerðar minni hluta heilbr.- og trn. sé réttilega á það minnst, eins og raunar í áliti meiri hlutans, að með þessari tvískiptingu er verið að tryggja að ákveðnar bætur séu ekki fluttar út landi og af þeim sökum þurfi að tryggja með heimildarákvæði og tekjutengingu að þær flytjist ekki sjálfkrafa úr landi eins og ákvæði EES-samkomulagsins segja til um. Hins vegar er það álit minni hluta heilbr.- og trn. að þrátt fyrir þetta sé ekki ástæða til að gera þær grundvallarbreytingar að ýmsir bótaflokkar sem nú er skylt að greiða samkvæmt lögum um almannatryggingar breytist í heimildarbætur sem jafnframt verði tekjutengdar. Um þetta standa kannski þessi stóru álitamál.

Mitt mat er það eins og frv. gefur til kynna að það sé nauðsyn á því að tryggja að ákveðnir bótaflokkar sem að mínu áliti bera óumdeilanlega keim félagslegrar aðstoðar séu þannig úr garði gerðir að sjálfkrafa flytjist ekki bótaréttur úr landi. Ég hygg að þrátt fyrir allt séu hv. þm. sammála um það atriði. Um hitt kunna að vera skiptar skoðanir hvar þessir skurðarpunktar eigi að liggja.

Ég hirði ekki um, virðulegur forseti, að fara mörgum orðum um efnisinnihald frv., né heldur þær brtt. sem heilbr.- og trn. hefur í heild orðið ásátt um. Ég vil hins vegar árétta það sem fram kemur í athugasemdum við frv. sjálft og ég gat sérstaklega um í framsögu minni fyrir nokkrum vikum síðan að þegar gengið var til þessarar vinnu þá var það áréttað sem raunar var vitað fyrir að frá þeim tíma sem núverandi lög um almannatryggingar gengu í gildi 1972 hefur lögunum verið breytt eigi sjaldnar en 60 sinnum. Við þá vinnu sem fram hefur farið nú í sambandi við EES-gildistökuna þá var um leið reynt að fara þannig í saumana á gildandi lögum í þessu efni að leiðrétta, fylla eyður, lagfæra númer greina og aðra lagfæringarstarfsemi sem ég hygg að sé ekki stór ágreiningur um.

Ég held að sú vinna sem nú liggur fyrir þinginu undirstriki í raun og sanni að tími er til þess kominn að heildarendurskoðun þessara laga fari fram. Eftir því sem ég best veit hafa nokkrar atlögur verið gerðar að slíkri heildarendurskoðun og síðast undir formennsku hv. þm. Finns Ingólfssonar þar sem heildstætt frv. var fullkláraað og lokið við en hlaut ekki afgreiðslu á sínum tíma árið 1991 hygg ég að hafi verið ártalið sem þar um ræðir. Í því ljósi tel ég brýna nauðsyn á því, ekki síst í tengslum við þessa tvíkskiptingu, þessi auknu tengsl við Evrópu, að þessi heildarendurskoðun verði tekin upp aftur. Ég vænti þess að ákveðin grunnvinna liggi nú þegar fyrir og mun fljótlega á nýju ári kalla til verka hóp karla og kvenna til að fara í þessa heildarendurskoðun og bind vonir við að hún geti verið heildstæð og til þess að tryggja að svo geti orðið og um hana geti orðið allnokkur sátt þá hef ég ætlað mér að kalla til þeirra verka fulltrúa allra stjórnmálaflokka hér á hinu háa Alþingi.

Þetta þykir mér, virðulegur forseti, nauðsynlegt að fram komi því að í brtt. minni hluta heilbr.- og trn. er um að ræða ný og gömul efnisatriði sem kæmu vafalaust til álita og umræðu við slíka endurskoðun. Í tillögu minni hlutans er til að mynda vakin athygli á nauðsyn þess að koma á tryggingarskóla Tryggingarstofnunar ríkisins, auknu námi til handa því ágæta starfsfólki sem þar vinnur. Það er að sönnu alveg hárrétt að með tímanum hafa bótaflokkar almannatrygginga breyst og þróast, að sumu leyti orðið flóknari fyrir bótaþega og þá um leið hefur álag á þá sem starfa við að útskýra og greiða út bæturnar til bótaþeganna aukist að umfangi. Þannig að ég get tekið undir það með flytjendum þessarar tillögu að það er nauðsynlegt

að skoða allar leiðir í því að tryggja það að starfsmenn Tryggingastofnunar ríkisins fái alla nauðsynlega menntun og fræðslu í þessum efnum. Vissulega er það eitt álitamála sem rétt væri að skoða mjög nákvæmlega hvort skóli af einum eða öðrum toga væri þar inni í mynd. Ég tel hins vegar hér um það stórt mál að ræða að við þessar aðstæður sé ekki unnt að taka slíkar ákvarðanir heldur eigi þær heima í heildarendurskoðun laganna sem eins og ég gat um áðan munu væntanlega fara í gang með nýju ári. Einnig er gerð tillaga um það að endurhæfingarlífeyrir fari úr frv. til laga um félagslega aðstoð í frv. um laga um almannatryggingar. Að mínu áliti er hér um bótaflokk að ræða sem fellur betur að frv. til laga um félagslega aðstoð. Reglur um endurhæfingarlífeyri eru með öðrum hætti en reglur um örorkulífeyri. Hér er um bráðabirgðagreiðslur að ræða uns unnt er að meta hlutaðeigandi til varanlegrar eða tímabundinnar örorku. Í því liggur sá eðlismunur.

En hvað varðar hugmyndir og tillögur minni hluta heilbr.- og trn. um uppihaldsstyrki sjúklings og fylgimanns þá er hér um nýmæli að ræða sem ég tel að eigi að koma til álita við heildarendurskoðun þessara laga. Það liggur auðvitað ekki fyrir kostnaðarmat á slíku. Kostnaður við slíkt gæti numið háum tölum en færi auðvitað að öðru leyti eftir þeim reglum sem um þá yrði að setja. Ég held hins vegar að nýmæli af þessum toga eigi heima í heildarendurskoðun á frv. til almannatryggingalaga. Hvað varðar dánarbætur slysatrygginga til foreldra þá er lagt til að þær verði ekki felldar niður. Rökin fyrir breytingum í fyrirliggjandi frv. liggja í þeirri staðreynd að í gildandi lögum um félagslega þjónustu hefur gagnkvæm framfærsluskylda verið felld niður. Það er auðvitað kannski stóra röksemdin fyrir því að þessi bótaflokkur og þessar bætur standast ekki rök þegar litið er til gildandi laga á öðrum sviðum.

Virðulegur forseti. Hér er vissulega um mjög mikilvægt mál að ræða. Ekki einasta er hér um verulega fjármuni til útgreiðslu að ræða úr ríkissjóði og ekki síður er mikilvægt að bótaþegar, sem skipta þúsundum, njóti þeirrar gullnu reglu sem almannakerfið byggist á, þess öryggisnets sem ég hygg að þingheimur allur sé sammála um að strengt verði til að tryggja framfærslu allra einstaklinga hvernig sem fjárhagslegri eða félagslegri stöðu þeirra er háttað frá einum tíma til annars. Um það hefur auðvitað verið deilt um nokkuð *langt skeið og seint komast menn sennilega að einni og* sömu niðurstöðu um það hvort yfirleitt beri að tekjutengja bætur almannatrygginga. Hér í öndverðu var það með þeim hætti að menn töldu að svo ætti ekki að vera, það ætti yfir alla að ganga hvernig sem hagaði til hjá viðkomandi einstaklingum fjárhagslega. Með tímanum hefur hins vegar því sjónarmiði vaxið ásmegin kannski ekki síst út frá tveimur höfuðástæðum. Í fyrsta lagi hafa menn bent á ákveðin réttlætisrök í því og spurt þeirrar áleitnu spurningar hvort það sé skylda samfélagsins að greiða bætur óháð efnum og aðstæðum bótaþegans. Svarið hefur að mínu mati verið í vaxandi mæli nei. Það eigi þvert á móti að líta til félagslegrar og fjárhagslegrar stöðu njótenda, þ.e. bótaþegans. Hinu er auðvitað heldur ekki að leyna að þegar að kreppir í samfélaginu og enn þá minna verður til skipta hjá ríkissjóði sem öðrum þá hafa menn auðvitað horft með meiri gaumgæfni á þessa leið. Vissulega ber að stíga þar varlega til jarðar og nálgast ekki þessi verkefni undir þeim formerkjum fyrst og síðast heldur hinum hvað sanngirnis- og réttlætisvitund hv. alþingismanna segir þegar teknar eru stórar ákverðanir af þessum toga.

Mitt mat er það að réttlætisrök skjóti stoðum undir þá stefnumörkun að tekjutengja bótagreiðslur í auknum mæli þó þannig að gætt verði við útfærslu þessarar tekjutengingar að skurðarpunktar verði með þeim hætti að þeir sem á þessum bótum þurfa sannarlega að halda verði ekki af skornir. Þó það sé auðvitað enn annað álitamál sem ég hygg að menn komist nú kannski seint að niðurstöðu um hvar eigi að vera upp á krónur og aura.

En allt að einu, virðulegur forseti, ég hygg að nauðsynlegt sé í ljósi komandi áramóta og gildistöku EES-samningsins að hv. Alþingi afgreiði þetta frv. Á því eru engar stórar efnisbreytingar hvað innihald varðar heldur þvert á móti er hér um ákveðna tvískiptingu að ræða í frv. til almannatrygginga og félagslegrar aðstoðar. Innihaldið og efnið er að langstærstum hluta til óbreytt frá því sem verið hefur og að því leytinu til ætti að ríkja allvíðtæk sátt um áframhald málsins á þeim grundvelli þó eins og ég kom inn á séu einstök atriði sem hér eru gerðar brtt. um. En aðalatriðið er að ég vænti þess að ég geti átt allgott samstarf um það að hefjast nú þegar handa á nýju ári um að fram fari heildarendurskoðun þessara laga þar sem farið verður yfir greinar þess og reynt að gera bótaflokkana einfaldari í sniðum, kerfið aðgengilegra fyrir bótaþega. Ég hygg að það sé með þeim hætti hérlendis ólíkt því sem gerist víða erlendis í þeim löndum sem við berum okkur saman við að *grunnlífeyririnn* er lágur hér en þeir pinklar sem bundnir eru á hann eru í sumum tilfellum háir. Þessu er víðast hvar öfugt farið og það er kannski eitt þeirra stóru álitamála sem nefnd sem væntanlega hefur störf á nýju ári mun hafa mjög ákveðið til hliðsjónar og athugunar í sínu starfi.

[14:32]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hv. 11. þm. Reykv. hefur gert grein fyrir áliti heilbr.- og trn. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún *Gísladóttir, 10. þm. Reykv., er fulltrúi Kvennalistans í* heilbr.- og trn. og þurfti hún að fara til útlanda á vegum Alþingis og gat því ekki verið við þessa umræðu. Ég ætla þess vegna að segja nokkur orð um það frv. sem hér er til umræðu en ætla ekki að fara ofan í málið með sama hætti og kannski hefði þurft að gera ef hún hefði verið hér sem hefur unnið þetta mál á vegum nefndarinnar. En eins og þingmenn muna þá var þetta frv. á dagskrá í gær en var frestað þangað til í dag sem gerði það að verkum að hún gat ekki verið vistödd þessa umræðu.

En það sem ég ætlaði að gera að umtalsefni var í fyrsta lagi að lýsa ánægju minni með þær breytingar-

tillögur sem minni hluti nefndarinnar hefur lagt til að gerðar verði á frv. Mér heyrist nú hæstv. ráðherra vera harla ánægður með þær líka og get ég ekki annað en lýst ánægju minni með það hversu vel hann tekur í þær beytingartillögur sem þarna koma fram. Enda held ég að þær horfi allar til verulegra bóta. Vona ég að það verði til þess að meiri hluti nefndarinnar geti einnig mælt með samþykkt þeirra. Velti ég fyrir mér hvort það hefði ekki verið eðlilegt að nefndin liti aðeins nánar á þessar breytingartillögur. En þarna er lagt til m.a. að settur verði á stofn tryggingaskóli og eins og kom fram í máli hv. þm. Finns Ingólfssonar þá hefur það verið nefnt einnig á fundum í Tryggingastofnun að því er hann hefur upplýst hér. Þannig að þetta mál virðist njóta víðtæks stuðnings. Ekki aðeins á hinu háa Alþingi heldur innan Tryggingastofnunar. Þarna er því verulega gott mál á ferðinni. Tryggingamálin eru geysilega flókinn og ég vil segja erfiður málaflokkur og í Tryggingastofnun eru mjög margir sem hafa mikla þekkingu en það er eins og annars staðar að ráða þarf nýtt fólk og það er nauðsynlegt að það fái þá þekkingu og færni með sem skjótustum hætti fyrir stofnunina sjálfa sem og fyrir það sjálft.

Einnig er fólk Tryggingastofnunar margt hvert illa launað og þetta mundi þá geta hjálpað því til að fá ákveðna hækkun á sínum launum. Mér er kunnugt um að það eru fjölmargar konur sem vinna hjá Tryggingastofnun ríkisins sem hafa verið þar um langan tíma og hafa mjög mikla þekkingu og færni og það væri auðvitað eðlilegt að ef slíkum skóla yrði komið á að það yrði gert eins konar stöðumat þannig að það fólk sem þar væri þyrfti ekki að byrja í fyrsta bekk heldur yrði reynt að koma því þannig fyrir að þeir sem hafa ákveðna þekkingu geti byrjað á þeim stað í þessum skóla, ef honum yrði komið á fót, sem passaði fyrir þá. Þannig að ég legg áherslu á að þessi breytingartillaga verði samþykkt.

Það sem ég ætlaði að gera að umtalsefni varðaði brtt. nr. 9, uppihaldsstyrkur til sjúklings og fylgdarmanns. Ég vildi minna á frv. sem flutt var á 110. löggjafarþingi og var vísað til ríkisstjórnarinnar en 1. flm. þess frv. var hv. þáv. þm. Kristín Halldórsdóttir. Þetta var 363. mál þess þings og vildi ég minna á það þar sem þar er einmitt gert ráð fyrir að ferðastyrkur fari til uppihaldskostnaðar sjúklings og fylgdarmanns. Þetta mál er því gamall kunningi og fagna ég því að þetta er nú komið á þann rekspöl að það er komið inn í þessar breytingartillögur hér. Ég minni á að þessu frv. var vísað til ríkisstjórnarinnar á sínum tíma og þá með því fororði að það væri verið að endurskoða almannatryggingalöggjöfina og þess vegna væri eðlilegt að taka þessar tillögur inn í þá endurskoðun. Hæstv. ráðherra sagði einnig núna að það væri eðlilegt að taka þessar tillögur inn í þá endurskoðun sem nú væri verið að gera á almannatryggingalöggjöfinni og er ég búin að heyra þetta núna á hverju ári í nokkuð mörg ár. Eða held ég öll þessi sex ár sem ég hef setið hér á Alþingi og er nú mitt sjöunda ár hálfnað nærri því og enn heyri ég það frá hæstv. núv. ráðherra að nú sé verið að endurskoða almannatryggingalöggjöfina og það sé von á henni innan tíðar en þetta hef ég heyrt eins og ég segi svo oft áður. Þetta er ekki neitt nýtt. Ég tel að það sé nauðsynlegt að gera bætur á tryggingalöggjöfinni eins og minni hluti heilbr.- og trn. hefur lagt til.

Það eru aðeins nokkur atriði sem ég vil koma á framfæri varðandi frv. sjálft. Ég vildi líka spyrja hv. formann nefndarinnar um 15. og 16. gr. frv. eða reyndar aðra, sem hafa fjallað um málið í nefnd þar sem ég kom ekki að þessu máli. Það eru þær greinar fyrst og fremst sem ég er að tala um í sambandi við þetta atriði. Þar stendur að fæðingarstyrks skulu þeir njóta sem lögheimili eiga hér á landi við fæðingu barns og hafa átt lögheimili hér á landi síðustu tólf mánuði. Ég held að það séu engar breytingartillögur við þetta. Síðan kemur aftur í 16. gr. að foreldrar eigi fæðingarorlof sem lögheimili eiga hér á landi. Þetta vildi ég spyrja um vegna þess að þegar ég kom að þessu máli á sínum tíma — nú hefur ýmislegt breyst reyndar á þessum árum, þ.e. þegar ég kom að þessum samningi um Evrópskt efnahagssvæði þá var lögð mikil áhersla á það af hálfu Evrópubandalagsins að t.d. fæðingarorlofs ætti fólk að njóta í því landi þar sem viðkomandi byggi. Þá var ekki talað um að það mætti áskilja lögheimili. Um þetta vildi ég spyrja hv. formann, því nú hlýtur nefndin að hafa farið ofan í þetta mál, hvort heimilt sé að áskilja með þessum hætti að fólk hafi lögheimili, að það sé ekki nóg að það hafi flust og hafi haft búsetu í ákveðinn tíma. Ég man sérstaklega eftir þessu með fæðingarorlofið þegar verið var að ræða um þetta. Þetta kemur einnig fyrir í 32. gr. frv. og þar er reyndar brtt. við það af hálfu nefndarinnar, þar sem kemur fram eins og segir í greininni, með leyfi forseta: „Sá sem eignast lögheimili í landinu, sbr. 1. gr. laganna um lögheimili, nr. 21/1990, verður sjúkratryggður einu ári eftir að lögheimilisbreytingin er tilkynnt“ og það er tillaga um að breyta þessu í sex mánuði. Ég vildi bara spyrja hvort það hafi verið sérstaklega kannað af því að eins og fram hefur komið hér af hálfu hæstv. ráðherra og kemur fram í frv. og lögð áhersla á að frv. sé vegna þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði sé að taka gildi um áramótin. Þannig að þetta vildi ég spyrja um.

Síðan er það ein grein sem ég á mjög erfitt með að fella mig við og það er 66. gr. Nú sakna ég aftur formanns nefndarinnar hér í salinn til að geta spurt um þetta atriði. En í 66. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt“ — og það er akkúrat þetta atriði sem ég vildi vekja sérstaka athygli á — „að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar.“

Þetta finnst mér gífurlega opin heimild. Ég átta mig eiginlega ekki á hvað í þessu getur falist. Ég veit að það eru ákveðnar tilskipanir sem sjálfsagt falla undir þetta og ég fletti í gegnum athugasemdirnar við frv. og það kemur ekki fram nægjanlega að mínu mati hvað þarna er á ferðinni. Ég tel þetta vera mjög opið. Það er raunverulega bara þannig að ef Evrópubandalagið breytir einhverri reglugerð um almannatryggingar þá eigum við að taka við því. Þá getur ráðherra, ef ég skil

þetta rétt, birt þetta sem reglugerð án þess að um breytingar á lögum sé að ræða og það komi ekki fyrir Alþingi á neinn hátt. Þarna finnst mér vera farið fram hjá Alþingi nokkuð gróflega. Ég hef verið ein af þeim sem telja að það sé farið með þessum EES-samning mjög fram hjá Alþingi að því er varðar alla lagasetningu. Þ.e. að Alþingi sé stillt upp gagnvart þeim breytingum sem Evrópubandalagið krefur okkur um að gera. En í þessu er ekki einu sinni ætlast til þess að komi inn á Alþingi þær reglugerðir sem Evrópubandalagið setur á sviði almannatrygginga. Þetta langar mig til að spyrja hv. formann nefndarinnar um af því að þetta fannst mér nokkuð óskiljanlegt. Ég tók ekki eftir því að það væri gerð breytingartillaga að því er varðaði þetta og nú verð ég að spyrja þá sem hafa unnið þetta mál í nefndinni því ég trúi ekki öðru en einmitt þetta atriði hafi komið til umræðu.

Síðan verð ég að viðurkenna það að mér er alltaf jafnilla við þessa grein um að lög þessi öðlist gildi um leið og samningurinn um EES. Það má vel vera að það sé nauðsynlegt í þessu tilviki en ef talið er nauðsynlegt og hægt er að færa rök að því að þetta sé góð breyting þá tel ég eiginlega ekki hægt að hafa slík ákvæði í lagasetningu. En þetta hefur nú greinilega ekki farið fyrir brjóstið á nefndarmönnum því að það er engin breytingartillaga gerð um að þetta ákvæði hljómi t.d. öðlast gildi 1. jan. 1994 eða eitthvað þess háttar sem hefði nú kannski verið eðlilegra að mínu mati. Og mér finnst svona alltaf leiðinlegt í lagasetningu. Þetta eru nú kannski svona viðbótarathugasemdir við það sem annars hefur komið fram bæði í nefndaráliti og framsögu fyrir minnihlutaálitinu og nokkrar spurningar sem ég vona að hægt sé að leysa úr hér á eftir í umræðunni.

[14:45]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur farið yfir þær breytingartillögur sem við minnihlutamenn gerum í hv. heilbr.- og trn. Ég ætla ekki að gera það að löngu umræðuefni heldur vil ég sérstaklega þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að taka jákvætt í flestar þær breytingartillögur sem hér voru fluttar. Sérstaklega er það ánægjuefni ef endurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar í heild verður að veruleika á næsta ári því eins og fram hefur komið þá er þetta yfir 20 ára gömul löggjöf. Það eru yfir 70 breytingar sem búið er að gera á henni. Þannig að það er full ástæða til að gera heildarúttekt á henni. Ég gat nú ekki fylgst nákvæmlega með ræðu hæstv. heilbrrh. því það er margt að gerast hér í einu í þinginu en mér er sagt að hann hafi tekið undir flestar þær breytingartillögur sem minni hlutinn hefur lagt fram. Munum við fylgja því að sjálfsögðu fast eftir.

Þessi löggjöf um almannatryggingar er ein mikilvægasta löggjöf landsins og því mikilvægt að vel sé til vandað þegar hún er endurskoðuð. Hún kemur við marga þætti mannlegs lífs og einmitt viðkvæmustu þættina þannig að það er mikilvægt að vel sé til vandað.

Breytingartillögurnar sem við gerum við þetta frv. eru flestar hverjar ekki kostnaðarsamar heldur eru þær margar hverjar tæknilegs eðlis og kennslulegs eðlis ef við tökum fyrst nám þeirra sem vinna hjá Tryggingastofnun ríkisins. Einmitt vegna þess hversu flókinn málaflokkur þetta er þá er mikilvægt að þeir sem starfa hjá Tryggingastofnun ríkisins séu vel undir það starf búnir og eigi kost á endurmenntun og því er þessi tillaga fram komin. Auk þess sem oft hefur nú verið um það rætt að Tryggingastofnun helst illa á sínu starfsfólki vegna þess að ekki er hægt að segja að það sé hálaunastarf að vinna hjá Tryggingastofnun, mjög erilsamt og erfitt, og auðvitað mundi það hífa fólk upp í launum ef þetta nám kæmi til. Þetta er mjög sambærilegt nám þótt það sé annars konar eins og var skipulagt fyrir fiskvinnslufólk og kom afskaplega vel út, bæði að það hækkaði starfsfólk fiskvinnslustöðva upp í launum auk þess sem það varð miklu hæfara til starfa á eftir. Þó að þetta sé ekki sambærileg störf þá er hugsunin sú sama á bak við þessar tillögur, að gera fólkið hæfara til starfa og viðurkenna menntun þess í launum.

Það eru fleiri breytingartillögur sem þarna eru lagðar fram. Þær eru reyndar margar. Mér,finnst óþarfi að fjölyrða um þær af því að ég veit að hv. þm. Finnur Ingólfsson fór mjög nákvæmlega í gegnum þær.

En mig langar að taka sérstaklega síðustu breytingartillöguna og ræða hana. Það er 8. brtt. okkar sem er varðandi 36. gr., ákvæði um uppihaldsstyrk. Þetta ákvæði er nýmæli en ekki leikur vafi á því að landsmenn búa við mjög ójafnar aðstæður að þessu leyti. Þeir sem þurfa að leita lækninga og búa úti á landi geta þurft að greiða mikinn ferðakostað. T.d. kostar flugfargjald frá Egilsstöðum 16.000 kr. Því er mjög mikilvægt að komið sé til móts við þessa einstaklinga á einhvern hátt, sérstaklega ef tillögur í þeirri skýrslu sem nú liggur fyrir um þær breytingar sem á að gera á sjúkrahúsunum verða að veruleika, því þá verður enn þá meiri ferðakostnaður fyrir þá sem þurfa á sérfræðiaðstoð að halda utan af landi. Það er ástæða til að taka þetta mál upp því það er mikill munur á því fyrir t.d. Reykvíkinga að hlaupa hér til sérfræðings eða þá að þurfa bæði að greiða dýrt flugfargjald eða langan akstur, auk þess sem þarf að greiða fyrir hótelgistingu. Þannig að ég vil sérstaklega að þessi grein verði tekin föstum tökum og ég veit að formaður hv. heilbr.- og trn. sem stendur hér og horfir á mig er sammála mér í þessu efni. Ég trúi ekki öðru en hann muni samþykkja þessa grein. Ég mun síðan taka þátt í umræðu um félagslega aðstoð sem er beint á eftir þessu máli um almannatryggingar. Þetta eru tvö mjög skyld mál sem er verið að kljúfa í tvo hópa, eins og hér hefur komið fram, vegna þess að við ætlum ekki að flytja út félagslegu bæturnar og við erum sammála um það.

Ég vil, vegna þess að hv. formaður stendur hér brosandi, þakka honum mjög góða vinnu að þessu frv. Það var góð samstaða og góð vinna sem fór fram í nefndinni. Það eru þarna nokkur atriði sem við viljum sérstaklega taka út úr og gera breytingartillögu um og ég fagna því að það skuli vera tekið svo jákvætt undir þær eins og hér hefur komið fram og því verður ör-

ugglega fylgt eftir af minni hlutanum að við það verði staðið.

[14:52]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir undirtektir hans við þær tillögur sem minni hlutinn hefur hér flutt. Í sjálfu sér getur maður skilið að þetta sé kannski að mati ráðherrans ekki rétti tíminn til að gera stórvægilegar breytingar á almannatryggingalöggjöfinni, enda held ég að ef sú yfirlýsing hans, sem kom hér áðan í umræðunni, hefði legið fyrir þegar nefndarstarfi var að ljúka, að til stæði að skipa nefnd til að endurskoða almannatryggingalöggjöfina, þá hefðu þessar tillögur minni hlutans ekki þurft að koma fram og ekki síst í ljósi þess þegar því er lýst yfir að ráðherrann ætli að kalla að því verki fulltrúa allra stjórnmálaflokkanna og þeirra aðila er hagsmuna hafa að gæta er tengjast almannatryggingalöggjöfinni.

En þegar menn hafa nú skipt þessu upp í þessi tvö lagafrv., sem verða síðan hér að lögum, annars vegar almannatryggingalöggjöfina og hins vegar félagslegu aðstoðina, þá held ég að það sé útilokað annað heldur en taka báða lagabálkana til endurskoðunar þegar slík endurskoðun fer fram, vegna þess að það er margt í þessu sem er óljóst og það er margt í þessu sem skarast og þarf góðan tíma til að vinna að.

Það er rétt sem hefur komið hér fram og kom fram áðan hjá hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörgu Pálmadóttur, að það var ágætis samstaða og vel að þessu verki staðið af allri nefndinni og við viljum auðvitað þakka formanni og stjórnarliðinu öllu fyrir ágætis samstarf. Menn gáfu sér góðan tíma og fengu góða aðstoð frá heilbrrn. í þeim efnum. Hins vegar var þó nokkur ágreiningur um málið og hann stóð, að mínu viti, að mörgu leyti um prinsippmál, þ.e. hvort og hvernig ætti að tryggja bótaréttinn í frv. um félagslegu aðstoðina. Og hvernig sem maður veltir þessu fyrir sér og fer yfir einstaka bótaflokka og málið eins og það liggur fyrir í heild sinni og gengur út frá því að menn ætli að skilja á milli í þessum tveimur lagafrv. með því að gefa sér þá forsendu að að baki bótunum sé einstaklingsbundið mat, að baki sé tekjutenging og að bæturnar séu annað hvort greiddar úr ríkissjóði eða þá að iðgjald standi undir eins og það ætti raunverulega að vera í almannatryggingalöggjöfinni, þegar menn fara í hvern einstakan bótaflokk, eins og þeim er núna skipað í frv., þá er alveg ljóst að ekkert af þessum prinsippum stenst í raun og veru. Þannig að það er engin grundvallarregla sem verið er að vinna eftir. Það er hins vegar verið að reyna, eftir tilfinningu, að flokka bæturnar upp í bætur sem eru annars vegar félagslegar bætur og hins vegar tryggingabætur, svona eftir því hvaða tilfinningu menn hafa fyrir þessu. Auðvitað er tilfinning manna í þessum efnum mjög mismunandi eftir því hver einstaklingurinn er, hvaða lífssýn og lífsskoðun hann hefur. Þannig að þessi útflutningsregla sem reynt er að styðjast við er í raun og veru ekki í heiðri höfð þegar menn eru að skipa málunum í þessi tvö lagafrv.

Eitt finnst mér mjög sláandi dæmi og ég ætla enn að minnast á og ég minntist á hér í framsögu minni með áliti minni hlutans. Ef við tökum sjúkradagpeningana, endurhæfingarlífeyrinn og örorkulífeyrinn og lítum á það hvernig tilfinningin hefur verið fyrir því hvernig menn skiptu þessu upp þá er það þannig að sjúkradagpeningarnir flytjast úr landi, endurhæfingarlífeyririnn flyst ekki úr landi, örorkulífeyrir eða örorkustyrkur flyst úr landi. Hjá þeim einstakling sem verður veikur og fær sjúkradagpeninga, af því að hann getur ekki stundað vinnu væri hann annars staðar, þá flyttust þeir sjúkradagpeningar úr landi. Nú líður tími, tími sjúkradagpeninga er liðinn, endurhæfingarlífeyrir tekur við vegna þess að einstaklingurinn er í endurhæfingu. Endurhæfingargreiðslurnar sem hann á rétt á flytjast ekki úr landi, þannig að þarna myndast tími þar sem einstaklingur á endurhæfingarlífeyri fær engar bætur. En þegar endurhæfingunni er hins vegar lokið og viðkomandi einstaklingur hefur verið metinn öryrki, hvort sem hann er örorkulífeyrisþegi eða örorkustyrkþegi, þá fara bæturnar aftur að flytjast úr landi. Þannig að þetta er ekki allt svona einfalt, að segja það er bara tilfinningin sem ræður því hvað eru bætur félagslegrar aðstoðar og hvað eru almannatryggingabætur.

Ég bendi á þetta og það er nú m.a. þetta sem minni hlutinn leggur til, að þessum þremur bótaflokkum sé öllum skipað inn í almannatryggingalöggjöfina, en endurhæfingarlífeyririnn sé ekki sérstaklega tekinn og settur inn í frv. um félagslega aðstoð.

En eins og ég sagði í upphafi tók hæstv. heilbrrh. vel undir allar þær tillögur, að mér fannst, sem minni hlutinn flutti og við fögnum því auðvitað. Í ljósi þess munum við auðvitað skoða málið hér á eftir, hver staðan er. Í raun væri að vissu leyti gott að heyra það frá ráðherra hvenær hann hyggur að þessi nefnd sem hann hefur ákveðið að skipa taki til starfa og hvenær hún ljúki störfum.

Svo lengi, held ég, sem menn muna þá hafa ráðherrar að einum ráðherra undanskildum, hæstv. páv. heilbrrh.- og trmrh. Guðmundi Bjarnasyni, vísað öllum þeim málum er snúa að almannatryggingalöggjöfinni á væntanlega endurskoðun laga um almannatryggingar. (**Gripið fram í:** Er hann undanskilinn?) Sá hæstv. ráðherra er undanskilinn að því leyti að hann tók öll þau mál er hér komu inn, setti þau í þessa nefnd og þau sáu öll dagsins ljós í því frv. er páv. ráðherra flutti hér á Alþingi. Þannig að í frv. er hann lagði hér fyrir sáust allar þær óskir, örlítið breyttar oft á tíðum, en þær sáust allar hér á þingi. En á þeim tíma sem frv. var lagt fyrir þá treystu þingmenn Alþfl. sér ekki til að styðja málið af þeirri ástæðu að það væri um tekjutengingu elli- og örorkulífeyris í því frv. að ræða. Það átti í raun og veru að tekjutengja elli- og örorkulífeyri með því að færa frá þeim sem betur máttu sín til þeirra sem byggju við erfiðari aðstæður og nýta það sem þannig sparaðist í almannatryggingalöggjöfinni hjá þeim sem byggju við verulega erfiðari aðstæður. Þetta var í marsmánuði árið 1991. Í nóvember sama ár kemur hér inn á Alþingi frv. frá páv. hæstv. heilbrrh.- og

trmrh. Sighvati Björgvinssyni sem gerði ráð fyrir því að allir þessir bótaflokkar yrðu tekjutengdir, en ekkert yrði gert fyrir þá sem bjuggu við erfiðar aðstæður. Þannig að það er auðvitað einkennilegt að upplifa þessa stöðu eftir að sá ágæti flokkur Alþfl., sem kallar sig jafnaðarmannaflokk, hafði hafnað tekjutengingu einstakra bótaflokka almannatryggingganna, leggur það síðan til, en bætir þeim ekki á nokkurn hátt sem við erfiðar aðstæður búa.

[15:00]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að þessar umræður vitna einmitt um þann góða starfsanda sem ríkti í hv. heilbr.- og trn. við störfin að því máli sem hér hefur verið til umræðu. Við gáfum okkur góðan tíma til þess að vinna þetta mál og um störfin var mjög góð samstaða og mér sýnist að þær umræður sem hér eiga sér stað vitni um þá málefnalegu samstöðu sem um störfin voru. Það er rétt sem hv. þm. Finnur Ingólfsson hefur hér gert rækilega grein fyrir að það var eigi að síður ágreiningur um einstök atriði, eins og greinilega hefur verið gerð grein fyrir hér í umræðunum, og vissulega er ekkert við því að gera. En í sambandi við það vil ég sérstaklega fagna yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. um að fram fari heildarendurskoðun á lögum um almannatryggingar og sérstaklega er miðað að því að gera þau aðgengilegri og einfaldari. Ég held að við getum öll verið sammála um það sem störfuðum að þessu máli í hv. heilbr.- og trn. að það hafi hvarflað að okkur að sennilega væri þörf á því og kominn tími til að í það verk yrði lögð mikil vinna. Þess vegna er það fagnaðarefni að slík yfirlýsing skuli liggja hér fyrir núna þó að hér sé um sérstakar aðstæður að ræða sem ráða því að þannig er staðið að þessum málatilbúnaði nú, eins og fyrir liggur.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir spurði tveggja spurninga og sú fyrri laut að lögheimilisskilyrðum um fæðingarorlof og þá er rétt að geta þess að það brýtur ekki í bága við EES-reglur því samkvæmt þeim telst lögheimilistími í EES-landi jafngilda lögheimilistíma á Íslandi. Og vegna fyrirspurnar hennar er varðaði reglugerðarákvæði EB þá er rétt að leggja áherslu á að ef það verður breyting á reglugerð EB sem brýtur í bága við almannatryggingalög þá verður auðvitað fyrst að breyta almannatryggingalögum áður en breytingin yrði birt með heimild í 67. gr. frv., það held ég að liggi alveg ljóst fyrir.

[15:04]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst varðandi 67. gr. Ég verð að lýsa því yfir að mér finnst að það ætti þá að fella niður þessa heimild því ef heimildin sem þarna er, þ.e. að birta sem reglugerð reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, ef ekki má birta neitt sem ekki er kveðið á um í þessum lögum þá skiptir ekki máli, þá þarf ekki að hafa þetta með þessum hætti. Mér þykir óeðlilegt að hafa þetta inni í íslenskum lögum, þannig að ég mun þá hugleiða það að flytja breytingartillögu annaðhvort við þessa umræðu, eftir því hvort ég hef tíma til þess, eða alla vega við þriðju umræðu ef þetta er yfirlýsing formannsins. Ráðherra getur auðvitað birt eðlilegar reglugerðir á grundvelli þessara laga, fyrri setningin heimilar það. Mér finnst því mjög óeðlilegt að hafa þetta atriði þarna inni.

Varðandi lögheimili þá kom það mér mjög á óvart, þ.e. að út úr þessari 15. gr. mætti þá lesa — það stendur hér: Fæðingarstyrkur skal vera 25.090 kr. á mánuði í sex mánuði við hverja fæðingu til móður sem á lögheimili hér á landi eða í öðru EES-landi. Er þetta rétt skilið? Ég gat ekki skilið annað af hv. formanni nefndarinnar en að „lögheimili hér á landi" þýddi í raun lögheimili á EES-svæðinu. Ég vil fá upplýsingar um það hvort þetta er rétt skilið hjá mér. Ég hélt að hér á landi þýddi bara hér á landi og jafngilti ekki lögheimili í öðru landi. Mér þætti því mjög gott að fá þetta enn þá skýrar. Ég gat ekki skilið annað.

[15:06]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Mér þykir mjög slæmt að geta ekki fengið skýrt svar við því sem ég spyr um hér. Ég spurði hv. formann heilbr.- og trn., hv. þm. Gunnlaug Stefánsson, einfaldra spurninga. Ég hélt, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að það mætti ekki setja ákvæði með þessum hætti inn í lög, þ.e. að fæðingarstyrk og fæðingarorlof mætti einungis greiða þeim sem ættu lögheimili hér á landi heldur yrði þetta að vera víðtækara. Ég var þó ekki viss og þess vegna spurði ég. Ég gat ekki skilið hv. 5. þm. Austurl. öðruvísi en svo að þar sem stæði í frv. „lögheimili hér á landi" þýddi í raun lögheimili á Evrópsku efnahagssvæði. Ég gat ekki skilið hann öðruvísi. Þetta kom mér mjög á óvart og þess vegna vildi ég spyrja. Mér finnst ekki hægt að ganga til atkvæða um þetta mál, þar sem mér er kunnugt um að umræðu er næstum lokið, án þess að vita hvað í raun felst í þessu. Mér finnst grundvallaratriði, og þá hlýtur það að gilda ekki bara í þessum lögum heldur öðrum, hvað „lögheimili hér á landi" þýðir í raun? Ég gat ekki skilið formanninn öðruvísi en að það þýddi eða jafngilti, eins og hann orðaði það, lögheimili á Evrópsku efnahagssvæði. Þetta finnst mér nauðsynlegt að fá upplýst. Ef ég fæ ekki svar við því hér þá vil ég óska eftir að þessari umræðu verði frestað svo ég geti fengið að kanna málið örlítið nánar.

[15:08]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að hér sé ekki um flókið mál að ræða og slíkt ágreiningsefni að við þurfum að tefja lengi yfir því. Ég vil fyrst vekja athygli á því að í 15. gr. segir að það sé náttúrlega skilyrði að viðkomandi eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barnsins og það er náttúrlega grundvallaratriði. En hvað varðar mánuðina á undan þá hélt ég og held að það sé enginn í vafa um það að lögheimilistíminn sé jafngildur á EES-svæðinu. En grundvallaratriðið er náttúrlega það að viðkomandi eigi lögheimili hér á landi við fæðingu barnsins.

Það sem við höfum verið að gera hér er að færa

fyrst og fremst til samræmis í okkar breytingartillögum og ég vona að hv. þm. styðji okkur alla hv. nefndarmenn í því starfi.

[15:10]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi fsp. mín laut alls ekki að því að ég væri á móti þessari grein heldur var ég að fá skýringu á greininni til þess að ég vissi hvað ég var að greiða atkvæði um. Ég lít svo á að formaður nefndarinnar, hv. 5. þm. Austurl., hafi nú upplýst að lögheimili hér á landi þýðir lögheimili hér á Íslandi, þ.e. eingöngu á Íslandi. Og ég lít svo á að það sé þá upplýst. Það var það sem ég spurði að og ekkert annað. Mér fannst svar hv. þm. vera nokkuð óljóst í fyrstu og það var þess vegna sem ég spurði aftur. Nú er þetta upplýst. Mín efasemd var fyrst og fremst vegna þess að þær upplýsingar sem ég hafði fengið áður lutu að því að þetta væri óheimilt samkvæmt EES-samningnum. Það var fyrst og fremst þess vegna. Ef það hefði hins vegar verið athugað í nefndinni að þetta sé heimilt og að þetta sé í lagi eins og það er hérna þá er það að sjálfsögðu í lagi fyrir mig. Ég ætla ekkert að greiða ákvæði gegn þessu ákvæði, fyrirvarar mínir áttu fyrst og fremst við aðrar greinar þessa frv., þ.e. 66. gr. og 67. gr. en ekki t.d. þessar sem ég held að séu ekki neinar breytingar að því er varðar núgildandi lög ef ég hef lesið rétt í þetta frv.

Ég tel að hv. þm. hafi upplýst þetta og leiðrétt þá það sem kom fram hér áður þannig að þetta eigi við þá sem eiga lögheimili hér við fæðingu barns. Ég veit það að það geta verið allar aðstæður á undan, ég var ekki að spyrja að því. Ég geri mér grein fyrir því að það skapar rétt það sem hefur verið gert á undan hvar sem menn hafa verið á þessu svæði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 2. umr.

Stjfrv., 84. mál. — Þskj. 87, nál. 313 og 372, brtt. 314 og 373.

[15:12]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 313 frá meiri hluta heilbr.- og trn. varðandi frv. til laga um félagslega aðstoð. Undir það rita Gunnlaugur Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Sólveig Pétursdóttir og Sigríður A. Þórðardóttir.

Nefndin hefur fjallað ítarlega um frumvarp til laga um félagslega aðstoð samhliða frumvarpi um almannatryggingar, 83. máli, og vísast til almennrar umfjöllunar í nefndaráliti með því frumvarpi.

Hér er um samtengd mál að ræða. Við ræddum fyrr um almannatryggingar og þetta eins og greinilega kom fram í umræðum um það mál.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Jafnframt flytur minni hlutinn tillögur um breytingar á sérstöku þingskjali, en styður þó þær breytingartillögur sem meiri hlutinn flytur. Þær eru eftirfarandi:

Heilbr.- og trn. flytur sameiginlega eftirfarandi brtt. sem ég mun gera örstutta grein fyrir.

1. Lagt er til að svigrúm til greiðslu umönnunarbóta í 4. gr. verði aukið þannig að heimilt verði að greiða framfærendum þær enda þótt barn dveljist um stundarsakir á sjúkrahúsi.

Þá er lögð til sú breyting við 4. gr. að sveðisstjórnir um málefni fatlaðra fjalli einungis um umönnunarbætur til framfærenda fatlaðra en að Tryggingastofnun ríkisins sjái alfarið um afgreiðslu umönnunarbóta til framfærenda annarra barna sem ákvæðið tekur til. Breytingin, sem hér er gerð tillaga um, er í samræmi við reglugerð nr. 150/1992, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og sjúkra barna.

2. Eðlilegt þykir að í 13. gr. verði kveðið sérstaklega á um að frumvarp til laga um almannatryggingar eigi við um kærurétt til tryggingaráðs og um hækkun bóta þegar ákvæði frumvarps um félagslega aðstoð eru annars vegar. Enda þótt almenn tilvísun sé í 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins þykir rétt að árétta framangreind grundvallaratriði.

3. Þá er lagt til að bætt verði í frumvarpið greinafyrirsögnum svo að efnisskipan þess verði greinilegri.

Að lokum þá vil ég segja að það gilti það sama um þetta mál og hið fyrra, breytingar um frv. til laga um almannatryggingar, að um þetta ríkti góð samstaða við störfin. Við lögðum í þetta þann tíma og þá vinnu sem við töldum að málið krefðist og hv. nefndarmenn tóku virkan þátt í því starfi og vil ég færa þeim öllum sérstakar þakkir.

Að lokum, virðulegur forseti, legg ég til að þessu máli verði vísað til 3. umr. að lokinni 2. umr.

[15:15]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta heilbr.- og trn. um frv. til laga um félagslega aðstoð. Nál. er á þskj. 372. Minni hlutann skipa auk þess sem hér stendur hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Brtt. eru einnig fluttar af minni hluta nefnarinnar og þær eru á þskj. 373.

Eins og fram hefur komið hjá hv. formanni heilbr.- og trn. þá stendur minni hluti nefndarinnar einnig að þeim brtt. sem nefndin í heild flytur. Það voru gerðar nokkrar breytingar á frv. í meðförum nefndarinnar og allar eru þær að mati minni hlutans til bóta þannig að nefndarmenn sem nú skipa minni hluta standa að þeim brtt. með meiri hlutanum.

Það kom hér fram í umræðunni um almannatryggingalagafrv. að sú regla sem sett hefur verið upp um þau skilyrði sem talið er nauðsynlegt að séu fyrir því að hægt sé að flokka bætur sem bætur félagslegrar aðstoðar standast ekki í öllum tilfellum þegar menn fara að raða bótaflokkunum upp eftir almannatryggingum

eða frv. um félagslega aðstoð. Það sem vakti fyrir minni hlutanum með þeim tillöguflutningi sem hér er lagður til í brtt. á þskj. 373 er fyrst og fremst það að það voru þó nokkrir bótaflokkar í almannatryggingalögunum sem flytjast yfir þar sem bótaréttur einstaklinganna var tryggður. En með þeirri breytingu sem nú er gerð með þessu frv. þá er sá réttur þurrkaður í burtu en heimildir koma í staðinn. Í ljósi þess að nú er verið að skipta almannatryggingalögunum upp í almannatryggingar og frv. um félagslega aðstoð og félagslegi þáttur málsins gæti hugsanlega seinna meir lent yfir á verkefnansviði sveitarfélaganna þá fannst minni hlutanum það eðlilegt til að tryggja réttinn örugglega gagnvart þessum einstaklingum þannig að ef þetta flyttist yfir til sveitarfélaganna að einstaklingarnir byggju ekki við mismunandi rétt eftir því í hvaða sveitarfélögum þeir byggju ef heimildarákvæðin gilda. Það væri auðvitað mjög alvarlegur hlutur.

En þær brtt. sem minni hlutinn leggur til við frv. eru:

1. Lagt er til að niður verði felld heimild til tekjutengingar í 2. mgr. 1. gr. Talið er varasamt að fela stjórnvöldum á hverjum tíma, með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir, að ákvarða forsendur fyrir rétti manna til að njóta grundvallarbóta almannatrygginga með þessum hætti. Þ.e. það er verið með þessum hætti að fá almenna heimild til tekjutengingar á öllum þeim bótum er um getur í því frv. sem hér er til umræðu.

2. Lagt er til að ákvæðum 2.–7. gr. og 9. gr. verði breytt á þann hátt að bótagreiðslur byggist á rétti bótaþega, en ekki verði einungis um heimildarbætur að ræða eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Um þetta efni vísast að öðru leyti til nefndarálits minni hlutans með frumvarpi til laga um almannatryggingar sem áður hefur verið gerð rækilega grein fyrir í umræðunni um almannatryggingalagafrv.

3. Lagt er til að 5. gr. frumvarpsins verði breytt þannig að kveðið verði á um að sá sem annast elli- eða örorkulífeyrisþega á heimili sínu og getur af þeim sökum ekki stundað fulla vinnu sér til framfæris eigi rétt á umönnunarbótum. Slíkar umönnunarbætur eru nýmæli og er ætlað að koma í stað makabóta. Upphæð bótanna er samanlögð upphæð grunnlífeyris og tekjutryggingar almannatrygginga. Um þetta mál hafa hér áður komið fram frv. á Alþingi að ég hygg bæði frá Ástu R. Jóhannesdóttur, varaþingmanni Framsfl., og Málmfríði Sigurðardóttur, fyrrv. hv. þm. Kvennalistans. Þannig að sú tillaga sem minni hlutinn leggur hér til er efnislega samhljóða þeim lagafrv. sem hafa áður komið fram. Það er gert ráð fyrir því í brtt. að umönnunarbæturnar verði 35.013 kr. á mánuði sem er sú upphæð er tekjutrygging og ellilífeyrir samanlagt gera. Hugsunin er sú að í staðinn fyrir að oft og tíðum þurfi að senda fólk beint inn á stofnanir þá geti aðstandendur þessa fólks annast það heima og fengið greiðslur fyrir. Það eru svokallaðar makabætur í núgildandi almannatryggingalögum sem gera ráð fyrir því að maki viðkomandi elli- og örorkulífeyrisþega geti fengið greitt 80% af ellilífeyri og tekjutryggingu samanlagt en það er einskorðað algerlega við það að um maka sé að ræða. Með þessu er því verið að útvíkka heimildina og greinin orðast svo í brtt. minni hlutans:

„Maki eða sá sem heldur heimili með og annast elli- eða örorkulífeyrisþega og getur af þeim sökum einungis stundað vinnu utan heimilis að takmörkuðu leyti á rétt á umönnunarbótum er nemi allt að 35.013 kr. á mánuði. Bæturnar skerðast sem nemur tekjum af vinnu utan heimilis og öðrum greiðslum skv. lögum þessum."

Með þessu er í raun og veru verið að spara stórkostlega fjármuni í heilbrigðis- og tryggingamálunum. Það er verið að koma í veg fyrir það í mörgum tilfellum að þurfa að senda elli- og örorkulífeyrisþega inn á stofnanir þar sem vistun getur verið mjög dýr. Það er verið með þessu að spara í atvinnuleysistryggingunum líka með því að fólk sem er úti á vinnumarkaðnum finnst jafnvel betra að fara að vinna inn á heimili og annast þann sem er kannski þar sjúkur heima og rýma þannig til fyrir öðrum á vinnumarkaði sem jafnvel hafa verið á atvinnuleysisbótum. Þannig að þarna er um tillögu um sparnað að ræða og ekki síður tillögu sem veitir aukinn rétt og þegar það tvennt fer saman, aukinn réttur og sparnaður, þá er það vafalaust af hinu góða og ekki síst vonast ég til að það hljómi vel í eyrum sannra jafnaðarmanna. (**GunnS:** Allra flokka.) Allra flokka, það er rétt hjá hv. form. heilbr.- og trn., hvar í flokki sem þeir ágætu jafnaðarmenn nú eru.

4. Lagt er til að gerð verði sú grundvallarbreyting á 7. gr. frumvarpsins að í stað réttar til ekkjulífeyris verði kveðið á um rétt til makalífeyris. Fram að þessu hafa konur einar átt rétt á lífeyri frá hinu opinbera vegna fráfalls maka síns. Sú skipan sem frumvarpið gerir ráð fyrir og verið hefur í lögum um langt skeið samræmist ekki þeim hugmyndum sem fólk hefur í dag um jafnrétti kynjanna, sem hlotið hafa staðfestingu í lögum nr. 28/1991, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Draga verður í efa að 7. gr. frumvarpsins standist ákvæði þeirra laga. Þá má telja líklegt að ákvæði frumvarpsins standist ekki jafnréttistilskipun EB 76/207. Þá er lagt til að brott verði felld heimild til niðurfellingar ekkjulífeyris ef ekkja tekur upp óvígða sambúð. Samkvæmt íslenskum rétti skapast ekki gagnkvæm framfærsluskylda með óvígðri sambúð og því verður að telja óeðlilegt að óbreyttu að ekkjulífeyrir falli niður við þær aðstæður.

Þessi brtt. skýrir sig nú að öllu leyti sjálf að mínu viti.

5. Lagt er til að 8. gr. frumvarpsins verði skipað í frumvarp til laga um almannatryggingar ásamt öðrum ákvæðum um bætur til öryrkja. Ekki verður séð hvaða rök mæla með því að skilja í sundur þær bætur sem öryrkjum eru ætlaðar með þeim hætti sem frumvörpin gera ráð fyrir.

Þetta fjallaði ég örlítið um hér áðan í mínu máli þegar ég var að benda mönnum á hvað þetta þýddi í raun og veru ef menn vildu horfa á sjúkradagpeningana, endurhæfingarlífeyrinn og örorkulífeyrinn eða örorkustyrk heildstætt og velta því fyrir sér hvaða tímabil getur myndast þarna á meðan viðkomandi einstaklingur er á endurhæfingarlífeyri þar sem hann yrði

bótalaus ef þessu er skipað með þessum hætti.

Þrátt fyrir að nefndarstarfi heilbr.- og trn. sé lokið í þessu máli og eins og hv. formaður kvaddi okkur á fundinum í morgun að nú væri þessu lokið fyrir jól þá tel ég þegar menn hafa þetta í huga og til þess að það væri hægt að skapa kannski enn ríkari samstöðu um þetta mál þá væri skynsamlegt að mörgu leyti að menn settust niður og veltu því fyrir sér hvort ekki mætti færa þarna til eða öllu heldur að samþykkja þessa einu brtt. minni hlutans og ég held að það gæti nú ekki talist glæpsamlegt athæfi af hálfu meiri hlutans þó að svo sem ein brtt. væri nú kannski samþykkt hér fyrir jólin sem jólagjöf til þeirra sem þurfa við að búa. En ég vil að lokum þakka formanni nefndarinnar sem og meiri hlutanum og ekki síst þeim ágæta minni hluta sem flytur þær brtt. sem hérna eru og þó ekkert síður meiri hlutanum fyrir samstarfið í nefndinni það sem af er þessu þingi.

[15:27]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég þarf svo sem ekki að hafa mörg orð um þetta frv. Hv. 11. þm. Reykv. Finnur Ingólfsson hefur gert grein fyrir áliti minni hlutans í þessu máli. Það gildir sama um þetta mál og það fyrra að fulltrúi Kvennalistans í hv. heilbr.- og trn. er fjarri í dag vegna starfa erlendis á vegum Alþingis og þess vegna ætla ég að segja nokkur orð hér þar sem hún getur ekki tekið þátt í þessari umræðu.

Ég vil leggja áherslu á það sem kemur fram í nál. og hv. 11. þm. Reykv. er búinn að gera grein fyrir að við kvennalistakonur teljum ekki hægt að hafa þetta frv. með þeim hætti sem hér er en eins og fram kemur þá er í hverri einustu grein nánast talað um heimilt er, heimilt er, heimilt er. Við teljum að þetta eigi að vera réttur eins og breytingartillögur gera ráð fyrir. Það verði að vera réttur til bóta. Þetta er ákaflega mikilvægt og *raunar ótrúlegt að hæstv. heilbr.- og trmrh.* hafi lagt þetta til með þessum hætti sem fram kemur í þessu frv. og meiri hluti nefndarinnar skuli hafa tekið undir það álit.

Við treystum okkur ekki til að styðja að þetta sé inni í þessu frv. með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og vonumst nú til að meiri hluti Alþingis sjái að þetta gengur ekki upp og það verður að gera þetta frv. *þannig úr garði að hagsmunir öryrkja og fleiri séu ekki* fyrir borð bornir eins og ég tel að þetta frv. feli í sér. Því breytir ekki sú yfirlýsing sem kom fram hjá ráðherra við 1. umr. þegar hann sagði að ekki væri meiningin að breyta fyrirkomulaginu frá því sem nú er. Það er yfirlýsing frá þeim ráðherra sem nú situr en þetta frv., ef að lögum verður, stendur áfram hvort sem þessi ráðherra verður áfram í þeim stóli sem hann nú situr í eða ekki *þannig að það verður að gera lög þannig úr garði* að þau séu með þeim hætti sem meiri hluti Alþingis telur rétt að þau séu. Og samkvæmt því sem ráðherrann sagði við 1. umr. þá ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að fella burtu öll þessi heimildarákvæði og gera þau að ákveðnum rétti.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson gerði einnig grein fyrir brtt. og vil ég aðeins gera að umtalsefni eina breytingartillöguna en það er brtt. nr. 5, um að maki eða sá sem heldur heimili, eigi rétt á umönnunarbótum. Eins og hv. þm. sagði frá var flutt á 112. löggjafarþingi frv. til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar sem Málmfríður Sigurðardóttir, hv. þm. Kvennalistans, ásamt öðrum kvennalistakonum sem þá voru í neðri deild fluttu hér, þar sem gert er ráð fyrir að maki eða annar heimilisfastur einstaklingur sem annast elli- og örorkulífeyrisþega eigi rétt á umönnunarbótum.

Mig langar einnig að segja frá því, ekki síst í ljósi þess að nú á að fara fram endurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni, að Kvennalistinn gerði á sínum tíma einnig ráð fyrir, í því frv. sem ég nefndi áðan, að einstaklingur sem ekki hefur getað stundað vinnu vegna umönnunar elli- og örorkulífeyrisþega eigi eftir ákveðinn árfjölda rétt á styrk til starfs- eða endurmenntunar vegna þess að í mörgum tilvikum eru þeir sem hafa þurft að taka á sig störf á heimili vegna barna, foreldra eða annarra veikra einstaklinga eða örorkulífeyrisþega oft mjög illa settir þegar út á almenna vinnumarkaðinn kemur og þurfa á endurhæfingu að halda. Ég vil bara nefna þetta hér til þess að minna á þetta ákvæði sem hv. þáv. þm. Málmfríður Sigurðardóttir vakti athygli á. Hún benti á að það væru víða svokallaðar foreldraekkjur, konur sem oft hafa flengst heima eða nánast frosið heima vegna þess að þær hafa ekki komist frá vegna aldraðra foreldra. Þetta er sem betur fer í minna mæli núna en var, þetta var mjög algengt *hér áður fyrr* og þess vegna legg ég mikla áherslu á að þetta verði tekið upp eins og gert er ráð fyrir með brtt. minni hlutans.

Ég vil hins vegar leggja áherslu á að með þessu og ég vil taka það sérstaklega fram vegna orða hv. þm. Finns Ingólfssonar að ég tel ekki eins og mátti skilja hans orð, að með þessu sé verið að fjölga störfum á almennum vinnumarkaði. Ég lít ekki svo á vegna þess að *þarna er alls ekki verið að senda konur heim* heldur er verið að auka rétt þeirra sem þegar eru bundnir yfir þeim sem eru elli- eða örorkulífeyrisþegar. Þarna er því verið að veita fólki sjálfsagðan rétt en alls ekki verið, og það tek ég sérstaklega fram, að ætlast til þess að fólk og þá oftast konur fari heim af hinum almenna vinnumarkaði til þess að hugsa um aldraða öryrkja eða börn. Ég lít ekki svo á að það sé rétt stefna. Auðvitað *á það að vera val þeirra sem vilja hugsa um foreldra* sína eða aðra sem búa á heimilinu að þeir geti þá fengið bætur til þess að geta gert það, en ég lít jafnframt svo á að þetta megi alls ekki notast á þann hátt að konum sé ýtt út af vinnumarkaðinum inn í slíkt hlutverk.

Þetta vildi ég taka fram, virðulegur forseti, og kannski ekki síst í ljósi þess að ákveðin umræða hefur farið fram, t.d. hér í Reykjavíkurborg og jafnvel *víðar, að rétt sé eins og það hefur stundum verið* kallað að greiða konum fyrir að vera heima. Ég lít ekki svo á, að það sé verið að gera það með þessari brtt. eða því frv. sem Kvennalistinn lagði fram á sínum tíma.

Þetta vildi ég nú bara taka fram hér, virðulegur forseti, og tel að þær brtt. sem minni hluti og reyndar meiri hluti líka að hluta til lagði til á þessu frv. séu til

bóta. Það verður að breyta þessum heimildarákvæðum í frv. það er það mikilvægasta og síðan þessu ákvæði um tekjutengingu í 1. gr. frv. Það tel ég að sé nauðsynlegt til þess að hægt sé að greiða þessu frv. atkvæði.

[15:36]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af umræðu um þennan nýja bótaflokk, umönnunarbætur fyrir elli- og örorkulífeyrisþega, þá var það enginn misskilningur hjá hv. 15. þm. Reykv., Kristínu Einarsdóttur, að ég talaði um þetta með þeim hætti að þetta væri einn af þeim möguleikum sem til staðar væru. Mig langar að taka eitt dæmi sem rökstyður að það geti verið mjög nauðsynlegt að þessi heimild sé til staðar, bara það er snýr að foreldrum ungra barna sem eru örorkulífeyrisþegar, þá getur þetta verið afskaplega mikilvægt.

Megintilgangurinn með þessu er ekki sá að senda fólk út af vinnumarkaði heim. Megintilgangurinn er sá að auka réttinn gagnvart þeim sem nú þegar eru bundnir yfir elli- eða örorkulífeyrisþegum á heimilum. Það er megintilgangurinn með breytingum af okkar hálfu en ég sagði hér í minni ræðu að þessi möguleiki skapaðist einnig og gæti þar af leiðandi sparað bæði í kostnað við rekstur sjúkrastofnana og eins í útgjöldum atvinnuleysistryggingganna.

[15:38]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel það bara alls ekki neinn tilgang að senda fólk út af vinnumarkaðnum, hvorki megintilgangur né neinn annar tilgangur. Ég tel að það sé alls ekki með þessari breytingu verið að leggja það til. Ég er alveg sammála hv. þm. að þetta er mjög mikilvæg brtt. og ég tek heils hugar undir hana og var raunar flm. að sams konar tillögu hér fyrir nokkuð mörgum árum. Ég vildi bara ítreka þann skilning minn að það er alls ekki tilgangurinn að senda fólk út af vinnumarkaði eins og hv. þm. orðaði það en í flestum ef ekki öllum tilvikum eru það konur sem mundi verða ýtt út af vinnumarkaðinum eins og verið er að gera í allt of ríkum mæli. Nú þegar er farið að bera á því í mjög ríkulegum mæli erlendis en einnig því miður hér á landi að það er verið að ýta konum út af vinnumarkaði eins og m.a. sést á því að það eru miklu fleiri konur atvinnulausar en karlar. Það er mjög varasamt að túlka þetta ákvæði á þann hátt að það eigi að auka það að konur fari heim og hugsi um þá veiku. Nóg gera þær nú samt í aukavinnu nú þegar.

[15:39]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu um félagslega aðstoð tengist því máli sem áðan var rætt því að hér er verið að slíta í sundur tvö mjög skyld mál. Það er ekki hægt að segja annað en þetta flæki málin svolítið og það hafa komið fram hjá bótaþegum, sem hafa komið til hv. heilbr.- og trn. og rætt þessi mál, vissar áhyggjur varðandi það að þessar bætur séu skrifaðar undir félagslega þjónustu og það hefur viss misskilningur verið á ferðinni sem mér finnst rétt að komi fram og nauðsynlegt að leiðrétta. Það er að sjálfsögðu vegna þess að félagsleg þjónusta almennt er á vegum sveitarfélaga en þessi félagslega aðstoð sem hér er um rætt á að vera á vegum ríkisins áfram og ég sé ekki neinar tillögur um að það verði nein breyting þar á.

En það sem ég vil gera að umtalsefni er breytingin á 5. gr., um umönnunarbætur, sú grein sem hefur verið mest um rætt. Í mars 1992 lagði hv. varaþm. Ásta R. Jóhannesdóttir einmitt fram tillögu um þetta mál og rökstuddi hana mjög ítarlega og af mikilli þekkingu varðandi það að rétt sé að greiða þessar umönnunarbætur vegna ellilífeyrisþega. Hún rakti mjög ítarlega hvað þetta gæti sparað ríkinu. Ég vil vitna í ræðu hennar þar sem hún mælir fyrir þessu máli. Þegar hún ræðir um umönnunarbætur segir hún svo, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þeim lögum sem gilda í dag er það aðeins maki lífeyrisþega sem á rétt á greiðslu frá Tryggingastofnun, makabótum, leggi hann niður störf vegna hjúkrunar hans. Greiðsla til maka fyrir þessi störf er nú, í mars 1992, 28 þús kr. á mánuði en 17.500 kr. hafi makinn einhverja vinnu með umönnunarstarfinu. Þar er algengt að um sé að ræða skúringar eða önnur íhlaupastörf."

Þessar upphæðir eru nú ekki ýkja háar og hún heldur áfram í ræðu sinni:

„Makabætur greiðast ekki til maka sé hann einnig lífeyrisþegi. Dæmi: Kona sem hefur verið bundin yfir eiginmanni sínum sem er umönnunarþurfi, t.d eftir alvarlegan sjúkdóm eða slys, fær makabæturnar greiddar þar til hún verður 67 ára. Þá verður hún ellilífeyrisþegi og fær sinn eigin lífeyri og þá falla makabæturnar niður. Þessi störf eru þá ekki lengur metin við hana og er það mikið óréttlæti. Þeir sem hafa lent í þessu hafa átt erfitt með að sætta sig við þetta."

Síðar í ræðu sinni fyrir þessu frv. vitnar hún í það hvað það muni kosta ef þessi ellilífeyrisþegi þurfi að vistast á stofnun og segir hún um það mál, með leyfi forseta:

„Greiðsla umönnunarbóta er sparnaður, bæði ef til skammtíma og langtíma er litið. Þær spara dýr sjúkrahúspláss eða dýra vistun á stofnun og getur verið fyrirbyggjandi, þ.e. komið í veg fyrir að þeir sem vinna hjúkrunarstörfin slíti sér út og endi sem öryrkjar á bótum hjá Tryggingastofnun.

Greiðsla umönnunarbóta er sparnaður í mörgu tilliti og vil ég nefna dæmi: Elli- og örorkulífeyrisþegi sem dvelur á stofnun, t.d. á Skjóli þar sem margir aldraðir umönnunarsjúklingar eru, kosta heilbrigðiskerfið 7.200 kr. á dag miðað við daggjöld um áramót, eða um 216 þús. kr. á mánuði. Ef hann dvelur heima og fengi umönnun þar væri umönnunarkostnaðurinn samkvæmt frv. í mesta lagi 47.111 kr. Þetta er 169 þús. kr. sparnaður á hvern sjúkling á mánuði. Lægi hann aftur á móti á Borgarspítalanum kostar dagurinn heilbrigðiskerfið 17.825 kr. á dag eða tæplega 544 þús. kr. á mánuði."

Þarna eru sem sé mjög gild rök fyrir því að það sé ódýrara að vista heima sé það samkomulagsatriði og

mögulegt og því finnst okkur það vera réttlætismál að þessi tillaga sé samþykkt. En hv. þm. Finnur Ingólfsson mælti fyrir þessum brtt. og gerði þá m.a. að umfjöllunarefni þá brtt. varðandi ekkjulífeyri þar sem jafnt gangi yfir bæði ekkjur og ekkla. Þarna komi makalífeyrir í staðinn fyrir ekkjubætur.

Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls þá vorum við sammála um það hér sem um þetta ræddu að ekkjulífeyrir væri sem slíkur barn síns tíma og að væri jafnréttismál að bæði ekkjur og ekklar fengju sömu bætur.

Annað ætla ég ekki að gera að umtalsefni nema mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh. um það hvað nákvæmlega felst í 12. gr. þessa frv. en þar stendur, með leyfi forseta:

„Nú verða útgjöld sjúkratryggðs vegna læknishjálpar og lyfja umtalsverð og er Tryggingastofnun ríkisins þá heimilt að endurgreiða hlutaðeigandi þennan kostnað að hluta eða fullu að teknu tilliti til tekna og í samræmi við reglur sem heilbr.- og trmrn. setur.

Sjúkratryggingadeild annast endurgreiðslu samkvæmt þessari grein."

Þetta er mjög opið í þessari grein og það væri mjög fróðlegt að vita nákvæmlega hvað er hér um að ræða. Eins og menn muna auglýsti hæstv. fyrrv. heilbrrh. í fjölmiðlum um það leyti sem var að ljúka störfum sínum sem heilbrrh. í sumar að þeir sem hefðu orðið fyrir umtalsverðum kostnaði vegna lyfja og læknishjálpar fengju hann endurgreiddan. Það var þannig að margir þessir aðilar höfðu þá þegar hent sínum nótum og gátu ekki lagt fram það sem um var beðið. Það er mjög mikilvægt að svona grein sé skýr þannig að menn viti nákvæmlega hvað þarna er á ferðinni.

En varðandi það sem hv. 15. þm. Reykv. gerði að umtalsefni áðan hvenær þessi lög eigi að öðlast gildi, bæði þessi lög og lög um almannatryggingar, þá finnst mér það ekki breyta miklu þó svo að sú brtt. kæmi fram að þessi lög mundu öðlast gildi 1. janúar og þá þyrfti ekki að vera þetta EES-mál sett aftan við og það mun örugglega breyta miklu fyrir marga hér.

Útbýting þingskjals:

Skattskylda innlánsstofnana, 294. mál, stjfrv., þskj. 393.

[15:48]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Fyrst langar mig í örfáum orðum að gera að umtalsefni vangaveltur hv. síðasta ræðumanns vegna 12. gr. frv. um félagslega aðstoð er lýtur að endurgreiðslu vegna lyfja- og læknishjálpar er talin sé umtalsverð eða óhófleg ef menn vilja orða það svo. Eins og fram hefur komið hér í hinu háa Alþingi hef ég þegar gert grein fyrir því hvernig staðið var að framkvæmd þessarar endurgreiðslu sem forveri minn í embætti, hæstv. fyrrum heilbrrh., auglýsti eftir eins og fyrri ræðumaður gat réttilega um. Á þeim reglum sem þar var farið eftir geta ýmsir haft ólíkar skoðanir um hvar skurðarpunktar eigi að vera í þeim efnum. Ég gat um það að umsækjendur voru í kringum 500 talsins og endurgreiðslu nutu að hluta um 120 einstaklingar.

Ég gat þess líka að það yrði fróðlegt að fylgjast með því hvort fullyrðingar á borð við þær sem hér komu fram áðan standast, að einstaklingar hefðu ekki haldið til haga kvittunum og nótum sem nauðsynlegar eru til þess að sýna fram á sannanlegan útlagðan kostnað. Fullyrt var að þær hefðu farið forgörðum og því verður fróðlegt að átta sig á því þegar seinni sex mánuðir þessa árs verða gerðir upp með sviplíka hætti í ársbyrjun 1994, hvort sá fjöldi sem um sækir verður meiri en í þessari fyrstu umferð. Auðvitað er þarna verið að stíga áður ópekkt skref og heilbrrn. mun sýna ákveðinn sveigjanleika og breyta að breyttu breytanda og væntir þess að það geti átt gott samstarf við þingið um það og þá einkanlega hv. heilbr.- og trn. um aðlögun að þeim efnum.

Varðandi frv. almennt þá hygg ég að það sé ástæðulaust að orðlengja frekar um það álitaefni sem efst er á baugi varðandi þetta frv. og það gengur aftur í þeim orðum sem féllu hér í umræðum um almannatryggingalöggjöfina að menn skiptast nokkuð í sveitir um það hvort um eigi að vera að ræða heimildarákvæði og í annan stað hvort það eigi að vera ákvæði um heimild til tekjutengingar. Mér heyrist á öllu að þarna sé nokkur vík milli vina þó að í andanum tali nú flestir ræðumenn í þá veru, hvort heldur þeir eru frá meiri eða minni hluta heilbr.- og trn., að tekjutengingarákvæði sé ákveðið réttlætismál, ekki síst í ljósi þess að fyrri ríkisstjórnir hafa gengið þann veg. Því læt ég frekar ósagt um þær efnisbreytingar sem fram koma frá minni hluta heilbr.- og trn. og koma fram í 1. og 2. gr.

Hvað varðar 3. gr. í greinargerð heilbr.- og trn. og lýtur að umönnunarbótum þá er þar auðvitað um mjög stórt mál að ræða, ekki einasta er lýtur að ákveðnum grundvallarspurningum varðandi jafnrétti eins og hv. þingmenn fyrr í umræðunni hér tóku tal saman um. Þessu svipar að sumu leyti til þeirra hugmynda sem hafa átt sér rætur hér í henni Reykjavík hjá meiri hluta borgarstjórnar Reykjavíkur að greiða mæðrum ákveðna mánaðarlega upphæð til að vera heima hjá börnum sínum og ég hef ekki heyrt betur en um það séu býsna skiptar skoðanir svo ekki sé meira sagt. Þannig að það sem hér er verið að leggja til er í því samhengi ekki ósvipað og út af fyrir sig ekki aðalatriði málsins. Og eins og réttilega hefur hér komið fram þá er tiltölulega nýtt af nálinni að umönnunarbætur sem nú er í gildi og unnið er eftir og lúta að sjúkum eða foreldrum sjúkra og fatlaðra og það var vissulega mætt þar knýjandi þörf. Þær eru tiltölulega nýjar af nálinni en þar er verið að opna mjög þennan rétt og ef ég skil tillögu minni hluta heilbr.- og trn. rétt þá er ekki gerð tillaga um tekjutengingu eða að skoða aðstæður hverju sinni, heldur sé þarna um skilyrðislausan rétt að ræða.

Maður spyr líka um það hvernig meta eigi sönnunarbyrði í því sambandi þegar væntanlega einstaklingar halda því fram að þeir geti ekki stundað fulla vinnu eða hlutavinnu vegna þess að skyldmenni eða foreldrar eru sjúkir og hann þurfi að líta til með þeim og hafi þar með skýlausan rétt til greiðslu umönnunarbóta. Þetta eru auðvitað tæknileg atriði sem vissulega væri

hægt að vinna sig fram úr með reglugerðarsmíð og með yfirlegu. En kannski er nú lykilspurningin þessi hvort tillöguflytjendur hafi reynt að leggja mat á það hversu mikið umfang þetta kynni að verða, bæði í krónum talið og að öðru leyti til.

Sá samanburður sem átti sér stað hjá hv. síðasta ræðumanni varðandi vistun á Skjóli annars vegar og þjónustu sem sinnt yrði með þessum hætti á auðvitað ekki alls kostar við eða a.m.k. ekki í öllum tilvikum. Hvað Skjól varðar er verið að tala um hjúkrunarheimili og þar með sjúka aldraða. Hins vegar er miklu lægri kostnaður meðfylgjandi vistrými þannig að kannski ætti sá samanburður frekar við í þessu sambandi heldur en sá er þingmaðurinn gerði hér grein fyrir.

Ég vil líka rifja það upp í þessu samhengi að það er ekki eins og ekkert sé gert í þessum efnum og hér vil ég nefna til sögu heimahjúkrun sem er eitt af mörgum úrræðum samfélagsins til þess að mæta þörfum þessa fólks. Ég held að flest séum við um það sammála að það sé nokkur nauðsyn og raunar brýn nauðsyn á því að breyta um áherslur hér í öldrunarmálunum hvað þessu viðvíkur og gefa öldruðum kost á því að vera heima hjá sér eins lengi og nokkrar aðstæður eru til. Sveitarfélögin koma þar líka inn í og veita heimilishjálp og ýmsa félagslega hjálp raunar líka þannig að það er raunar sitthvað sem þegar fyrir liggur. Þess vegna árétta ég það að hér er auðvitað á ferðinni gríðarlega stórt mál. Og kannski mál sem maður horfir til að verði í heild og breidd a.m.k. hvað aldraða varðar á vettvangi sveitarfélaga fyrr en síðar. Það eins og raunar hefur komið fram hér fyrr í umræðunni á raunar við um nokkra fleiri bótaflokka þessa frv. til félagslegrar aðstoðar og ber að skoða í því samhengi. Þess vegna vil ég árétta það að ég held að þetta stóra mál sé auðvitað eitt af þeim sem eiga að koma til skoðunar á nýju ári og ég vil taka af öll tvímæli í því að það hlýtur að liggja í hlutarins eðli og ég mun beita mér fyrir því að svo verði að þegar heildarendurskoðun almannatryggingalöggjafarinnar fer fram á nýju ári þá hljóta þau ákvæði sem hér eru í því frv. sem við hér ræðum, frv. til félagslegrar aðstoðar, að koma til skoðunar líka, ekki kannski síst í ljósi þess að það eru uppi álitamál um hvar þessir skurðarpunktar eigi að vera og kannski verða þau álitamál alltaf uppi og eiga kannski alltaf að vera uppi, ég skal ekki fullyrða um það.

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort ástæða sé til þess að fara mörgum orðum um þær brtt. sem hér hafa komið fram varðandi ekkjulífeyri. Undir öðrum formerkjum hafa þau mál nokkuð verið rædd og þar hefur komið fram í forsendum fjárlagafrv. fyrir komandi ár að fyrirhugað er að tekjutengja þær bætur. Kann að vera að ýmsir séu því ósammála en allt að einu er það til samræmis við aðra bótaflokka og ekki síst þegar þetta frv. sem hér um ræðir verður að lögum. Hér er hins vegar gerð sú grundvallarbreyting að bæði kynin standi jafnfætis í þessu sambandi og það er auðvitað réttlætismál að vissu marki. Spurning er hins vegar sú við þá endurskoðun sem ég talaði um áðan hvort þessi bótaflokkur í heild sinni eigi ekki með öðrum orðum að taka breytingum og jafnvel hverfa og menn mæti þeim erfiðleikum sem þarna skapast með öðrum hætti.

Ég vek auðvitað á því athygli sem ég hygg að flestum sé kunnugt að ekkla- og ekkjubætur eru ákveðin tilraun samfélagsins til þess að milda þau fjárhagslegu áföll sem ekkjur og ekklar verða fyrir strax við fráfall maka. Ekkjulífeyririnn hefur hins vegar verið hugsaður þannig að hann geti staðið jafnvel hátt á annan áratug og sé til þess að mæta því fjárhagslega áfalli sem viðkomandi kann að verða fyrir við ákveðnar aðstæður. Ég gat þess hins vegar að sá bótaflokkur varð kannski til fyrst og síðast vegna þess að áður fyrr voru konur meira og minna heimavinnandi í miklu ríkara mæli en nú er og það gaf auga leið miðað við þær aðstæður að þegar fyrirvinna féll frá urðu gerbreytingar á högum og fjárhagslegri stöðu þessara kvenna. Ég veit því ekki hversu skynsamlegt er á þessu stigi málsins að ganga til þessara verka eins og hér er lagt til að færa þetta einfaldlega yfir á bæði kynin og að öðru leyti vera með status quo á þessum bótaflokki. Ég held að þvert á móti eigum við að skoða mjög gaumgæfilega stöðu þessa hóps og kanna það til hlítar hvort jafnvel sé ekki skynsamlegra að mæta þeim þörfum sem vafalaust eru þar ríkar í ákveðnum tilvikum með öðrum hætti. Þessu varpa ég hér fram til umhugsunar og vænti þess að fulltrúar allra flokka geti tekið þetta atriði og önnur þau sem hér hafa verið nefnd og enn önnur sem ekki hafa verið nefnd hérna til ítarlegrar skoðunar við heildarendurskoðun þessara mála á nýju ári.

[16:01]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Finnur Ingólfsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af orðum hæstv. heilbr.- og trmrh. hér áðan varðandi umönnunarbætur þá segir í brtt. minni hlutans að bætur þessar skuli skerðast sem nemur tekjum af vinnu utan heimilis og öðrum greiðslum samkvæmt lögum þessum. Þarna er í raun og veru um beina tekjutengingu að ræða og meira en það því það eru bætur almannatrygginga sem líka munu skerða þennan bótarétt, þ.e. ef ellilífeyrisþegi eða örorkulífeyrisþegi annast annan ellilífeyrisþega þá hafa þær bætur áhrif á umönnunarbæturnar.

Varðandi kostnaðinn við þetta, þá þyrfti hæstv. heilbr.- og trmrh. að kynna sér græna bók sem er til í heilbr.-og trmrn. og er unnin af þeirri nefnd sem hæstv. ráðherra vitnaði hér í áðan og er frv. til laga um almannatryggingar. Í þessari grænu bók, sem er bók jafnréttis og réttlætis enda ber hún þann lit með sér, er gerð nákvæm grein fyrir öllum þeim kostnaðarútreikningum er hver af þeim níu bótaflokkum er nefndin lagði til á sínum tíma gerði ráð fyrir í viðbótarútgjöldum. Þessar umönnunarbætur til elli- og örorkulífeyrisþega gerðu ráð fyrir því að bein útgjöld yrðu í kringum 47 millj. kr. á ári en á öðrum sviðum, í sjúkratryggingunum, í stofnunarþjónustunni væri hægt að spara á móti. Eins og hér hefur komið fram í umræðunni þá sýnist mönnum þá auðvitað sitt hvað í þeim efnum. En sparnaður í stofnanaþjónustunni var tekinn á móti þegar reiknað var út hver útgjöldin yrðu og það var ekki gert ráð fyrir því að þessi bótaflokkur hefði útgjaldaauka í för með sér.

[16:03]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. svaraði fyrirspurn minni varðandi það hvaða reglum yrði farið eftir varðandi óhóflegan kostnað vegna lyfja og læknisþjónustu og ef ég skildi hann rétt þá sagðist hann fara eftir þeim sömu reglum og var farið eftir í haust. Mér finnst nauðsynlegt í því sambandi að þessar reglur séu auglýstar vel og eflaust hefur hann undirbúið það því að það er mikilvægt að fólk haldi þessum reikningum sínum til haga og viti nákvæmlega hvernig þessar reglur eiga að vera og eru.

Varðandi umönnunarbæturnar þá hefur hv. þm. Finnur Ingólfsson farið yfir kostnaðinn varðandi það eða bent á gögn sínu máli til stuðnings en ég minni aftur á hvað það getur verið mikill sparnaður af þessum umönnunarbótum. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra um það að þetta er mjög viðkvæmt mál og sönnunarbyrðin getur verið erfið í þessu tilviki. Og það kann að vera að það sé rétt að þetta séu heimildarbætur. En varðandi jafnréttið, sem hann kom inn á, þá er þetta auðvitað jafnt fyrir karla og konur, þann aðila sem sér um sinn nánasta og hefur ekkert með konur sérstaklega að gera þó það sé þannig og verði að viðurkennast að þær eru seigari við það að hjúkra heima heldur en karlarnir svona almennt, þá er þessi tillaga okkar þannig uppfærð að hún er fyrir bæði kynin.

Það er líka rétt sem kom fram hjá ráðherra varðandi heimahjúkrun að hún hefur aukist verulega og hún er mjög til góðs gagns. En það má ekki gleymast að það er ekki til nein heimahjúkrun sem heitir sólarhringshjúkrun og þar kemur aðstandandinn einmitt til skjalanna og þessar umönnunrbætur sem við er um að leggja hér til að verði samþykktar.

Útbýting þingskjala:

Hafnalög, 193. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 394; brtt. meiri hluta samgn., þskj. 395.

[16:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég á nú ekki sæti í þeirri nefnd sem um þetta hefur fjallað og hef ekki haft mikinn tíma til að fara yfir fylgiskjöl málsins en þó hef ég litið hér á nokkur atriði og ég vil fara um það nokkrum orðum. Í fyrsta lagi vil ég lýsa stuðningi við brtt. minni hlutans við þetta frv. til laga um félagslega aðstoð og afstöðu minni hlutans til þessara tveggja mála sem hér eru samferða og tengjast, þ.e. frv. til laga um félagslega aðstoð sem flutt er sem fylgifrv. með því frv. sem hér var áður á dagskrá til laga um breytingar á lögum um almannatryggingar.

Ég held að það sé engin sérstök ástæða enda hef ég ekki heyrt neinn sérstakan rökstuðning færðan fram fyrir því að hverfa frá þeirri uppsetningu réttar manna til aðstoðar í þessu sambandi sem ég hef skilið að sé í gildandi almannatryggingalögum eða þeim kafla almannatryggingalaganna sem hér er fluttur yfir í sérstök lög vegna Evrópubandalagsins um þessi mál, þá þurfi um leið að fara í þá breytingu að hverfa frá því að skilgreina þetta sem rétt eins og hér er lagt til en í öllum tilvikum gert ráð fyrir heimildarákvæðum. Staðreyndin er sú að að breyttu breytanda eru heimildarákvæði heldur hvimleitt fyrirkomulag í lögum og í raun á löggjafinn ekki að koma sér undan því að skilgreina og ákvarða efni máls með því að skilja það eftir opið eða afhenda það í heimildarákvæðum inni í lögunum sjálfum. Það er mín skoðun að það sé þá heppilegra að afmarka reglugerðarsvigrúm ráðherrans skýrt og ákveða hvaða hlutum skuli ráðstafa með reglugerð eða t.d. uppreikna eða annað því um líkt með einföldum reglugerðarákvæðum sem byggjast þá á viðmiðun í lögum. Hér er í raun og veru rétturinn sjálfur settur yfir í heimildarákvæði og það finnst mér orka mjög tvímælis og ég vil eindregið mælast til þess að það verði betur skoðað hvort ekki sé hægt að ná samkomulagi um það úr því að þokkalegt samkomulag hefur orðið um málið svona að öðru leyti að gera þarna breytingar. Ég skil það svo að minni hlutinn sé tilbúinn til að samþykkja þessi frumvörp ef á þeim yrðu gerðar þessar breytingar. Þetta á við um sem sagt ákvæði 2., 7. og 9. gr. þessa frv. sem lagt er til í brtt. minni hlutans að umorða þannig að þetta verði skilgreint sem réttur viðkomandi til bóta en ekki heimild ráðherra til að greiða bætur.

Ég vil einnig nefna hér þessa opnu tekjutengingarheimild sem er í 1. gr. frv. Hún verkar sömuleiðis heldur ankannlega á mig og er af náskyldum toga og hitt að skilgreina ekki rétt manna til bóta í lögunum heldur gefa ráðherranum þar heimild. Ég sé ekki annað en í 2. mgr. 1. gr. sé í raun og veru gefin algerlega opin heimild til tekjutengingar bóta vegna félagslegrar aðstoðar. Mér finnst það orka mjög tvímælis að það sé við hæfi að afgreiða þetta svona algerlega án nokkurra takmarkana eða skilyrða, það sé ósköp einfaldlega sett í sjálfsvald ráðherra hvort gripið er til tekjutengingar og þá hverrar. Hún gæti þess vegna verið jafnskörp eins og mönnum þykir henta á hverju tímabili, hverju ári eða hverju kjörtímabili eða hvernig sem það nú er. Ég held að það sé ekki farsælt að fara út á þessa braut. Það er miklu betra að reyna að hafa þessar reglur tiltölulega skýrar og fastar í sessi þannig að ekki sé verið að hringla með þetta endalaust. Ég segi alveg eins og er að ég vildi ekki vera í sporum þess heilbr.- og trmrh. sem væri búin að fá svona heimildarákvæði inn í öll lögin og stæði svo frammi fyrir fjmrh. sínum við afgreiðslu fjárlaga með yfir 40 millj. kr. útgjöld og öll almannatryggingalögin galopin þar sem kerfiskallar í fjmrn. gætu bara bent í alla súpuna og sagt: Þú hefur heimild hér og hér og hér til að lækka þetta og tekjutengja og breyta þessu eins og þú vilt, og sjá svo þann heilbrrh. standa vörð um að þetta yrði ekki allt skorið niður við trog.

Mér hefur nú sýnst á undanförnum árum að þeir ættu nóg í vök að verjast blessaðir mennirnir sem hafa gegnt þessu embætti þó þeir veiki nú ekki fyrir fram vígstöðu sína og málaflokksins með því að opna þetta með þessum hætti eins og þessi hugsun gerir. Mér er auðvitað ljóst að þetta er ekki stór hluti af útgjaldadæminu sem þarna er á ferðinni, þessar bætur í félagslega hlutanum. En þetta er þó væntanlega stefnumark-

andi að einhverju leyti. Ég geld heldur varhug við þessari hugsun og hefði gjarnan viljað sjá að um það gæti tekist samstaða að hafa þetta í óbreyttu horfi.

Nú ég hef skilið það svo, og það væri nú fróðlegt að fá um það upplýsingar ef einhverjar frekari eru, en ég hef skilið það svo að það hafi verið staðfest hér hjá hæstv. ráðherra áðan að heildarendurskoðun á þessum lögum sem er nú búin að vera í gangi svo lengi sem ég man a.m.k. sé nú væntanleg, jafnvel von á að hér birtist frv. þar sem menn hafi náð utan um það að leggja til heildarendurskoðun á almannatryggingalöggjöfinni allri. Þá væri náttúrlega miklu eðlilegra að taka á slíkum hlutum í tengslum við það verk heldur en í frumvarpsbleðli af þessu tagi sem hér er í raun og veru aðallega fluttur af öðrum ástæðum, þ.e. þeim sem ég ætla nú að koma að og tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þessi uppskipting málaflokksins er samkvæmt evrópskri forskrift og ég held að það sé ágætt fyrir menn að fara að venjast þeirri hugsun að taka við fyrirmælunum að utan um það hvernig hlutirnir eigi að vera hér, ekki bara að efni og innihaldi heldur líka að formi. Hér er ekki aðallega verið að tala um innihald og efnisákvæði almannatryggingalaganna, nei það er verið að tala um formið á þeim „vesgú" Evrópubandalagið eða Brussel vill ráða því líka hvernig við setjum þetta upp í lagasafninu, ekki bara hvað það inniheldur. Það kemur hér fram í fylgiskjali með þessum frumvarpsbleðli sem ég hef leyft mér að kalla svo vonandi óátalið, hæstv. forseti, að vegna reglna Evrópubandalagsins um almannatryggingar sé nauðsynlegt að gera glöggan greinarmun á bótum almannatrygginga og félagslegri aðstoð. Sjálfum finnst mér það nú óskaplega fjarlæg hugsun að það sé hægt að búa til einhver hrein og klár landamerki milli þessara hluta. Ég óska hverjum þeim til hamingju sem ætlar að reiða fram hin heldu rök fyrir því að hlutirnir séu klárlega annaðhvort svona eða hinsegin, annaðhvort hluti af almannatryggingakerfinu eða félagsleg aðstoð. Og ég reyndar heyrði hér hugleiðingar hæstv. ráðherra áðan og get tekið undir ýmislegt af því sem þar kom fram. En þeir eru búnir að ákveða þetta úti í Brussel og þá á þetta auðvitað að vera þannig hér upp á Íslandi. Og við verðum að gera svo vel að skipta þessum lagabálki okkar upp í tvennt og prenta hann þannig eftirleiðis í einu elsta lagasafni heimsins. Það er nú svo. Ég er andvígur því að menn séu að tengja lagasetningu eins og hér er gert með þessum hætti við gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði með þeim einföldu rökum að ég er andvígur því að við setjum lög á Íslandi af öðrum ástæðum en efnisástæðum sem við sjálf erum sammála um. Ég mun aldrei sætta mig við það að löggjöf hér verði rökstudd með einhverju öðru en því. Og gildistaka laga á Íslandi verði rökstudd með einhverju öðru en þörfinni fyrir viðkomandi lagabreytingar á einhverjum tilteknum tíma á Íslandi, því mun ég aldrei kyngja á meðan ég verð hér. Það finnst mér ekki frambærilegur málflutningur. Annaðhvort eru lögin eins og við viljum hafa þau og erum sammála um að gera hér uppi á Íslandi eða ekki. Þess vegna hefði ég talið að ef menn vildu ná um þetta samkomulagi þá ættu menn að ákveða þó a.m.k. að forminu til að gera þessar breytingar þannig að íslensk löggjöf stangaðist þá ekki á við Evrópubandalagið en gera það með sjálfstæðum hætti og láta gildistökuákvæðið standa sjálfstætt. Þetta mál hefur reyndar verið rætt hér áður og orðið að ágreiningsefni. Og mér finnst þetta ekki rismikil framlagning af hálfu meiri hlutans hér á þingi að lýsa því yfir að viðkomandi lagabreytingar þjóni í sjálfu sér engum efnislegum tilgangi hvað varðar hina íslensku löggjöf og þess vegna þurfi hún ekki að taka gildi, það sé ekki ástæða til þess út af fyrir sig að gera þessar breytingar nema ef Evrópska efnahagssvæðið verður að veruleika. Í raun er verið að segja það hér að meiri hlutinn sem ber þetta fram og hæstv. ríkisstjórn sjái í sjálfu sér engin efnisleg rök fyrir þessum breytingum því þá mundi væntanlega koma eitthvert sjálfstætt gildistökuákvæði ef menn teldu það t.d. skynsamlegt eða nauðsynlegt að þetta gerðist 1. jan. nk. Það er ekki. Ef samningurinn skyldi nú enn einu sinni detta upp fyrir, það dytti loftsteinn ofan á höllina áður en það ætti að fara að skrifa undir pappírana að lokum eða eitthvað því um líkt, sem væri nú eftir öðru, þá mundi þetta ekki ganga hér í gildi væntanlega vegna þess að þeir sem bera málið fram telja ekki ástæðu til þess. Þetta finnst mér ekki rismikil framsetning verð ég að segja, hæstv. forseti. Og hvernig ætli það sé að vera hæstv. forseti á Alþingi Íslendinga sem er búið að starfa í 1063 ár eins og kunnugt er og kemur fram hér á skjölum og fá svo málin núna inn á færibandi með þessum formúlum. Ég verð að segja sama, hæstv. forseti, um það frv. sem hér er tengt sem er í raun og veru orsök þess að þetta er flutt, frv. um félagslega aðstoð, frv. sem vísað er í hér í greinargerð að það sé fylgifrv., að 66. gr. frv. um almannatryggingarnar er auðvitað stórfurðuleg. En sjálfsagt lýsandi fyrir það sem koma skal í tengingu löggjafarstarfa hér á þinginu við hinn evrópska rétt og ákvarðanirnar sem teknar eru þar. En það stendur eins og kunnugt er í 66. gr., síðari málsl., með leyfi forseta: „Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar." Punktur. Með öðrum orðum: Það er talin ástæða til að setja hér sérstaka heimild inn í lögin fyrir íslenskan tryggingamálaráðherra að endurprenta, vonandi þýddar þó, reglugerðir Evrópubandalagsins sem íslenskar reglugerðir. Og mér finnst þetta óskaplega lágkúrulegt. Að setja þetta fram með þessum hætti. Það er verið að afla sjálfstæðrar lagaheimildar til þess að láta reglugerðirnar gilda óháð íslensku mati og íslenskum aðstæðum. Það er ekki einu sinni dulbúið að það skuli þó heita sjálfstæð ákvörðun viðkomandi ráðherra að gefa viðkomandi reglugerð út. Auðvitað fara menn hér með tugguna um að slíkar reglugerðir megi ekki stangast á við íslensku lögin o.s.frv. og menn munu eitthvað fram eftir árunum tyggja það að auðvitað verði engar ákvarðanir Evrópska efnahagssvæðisins hér að lögum nema Alþingi ákveði það. En hvernig verða ákvarðanirnar? Þær verða svona. Það verður færibandaafgreiðsla af þessu tagi sem hér er verið að boða. Og ég tel að þetta gefi alveg forsmekkinn af því sem koma

skal. Að ráðherrarnir fara hér á næstu árum að afla sér lagaheimilda til þess að prenta bara hinn evrópska rétt sem lög og reglur á Íslandi og svo er mikið fyrir hlutverk hins virðulega Alþingis.

Ég með annað þingskjal hér, virðulegur forseti, sem er afar sláandi í þessu sambandi og það er þingskjal sem var verið að dreifa frá meiri hluta samgn. Það varðar efni þessa máls sem ég er að gera hér að umtalsefni, tengingu þessarar lagasmíðar eða frumvarpa við evrópska réttinn. Hvað er þar á ferðinni? Þar eru á ferðinni breytingar við hafnalög en eins og kunnugt er þá lagði samgrn. fram alveg kostulegt frv. í fyrra um aðlögun laga og reglna á sviði samgöngumála að evrópska réttinum. Það var ósköp einfalt það frv. Það var svona: Ráðherra má setja reglugerðir til að aðlaga allt milli himins og jarðar í samgöngumálum á Íslandi að evrópska réttinum. Punktur. Og angi af þessari hugsun kemur á þskj. 395. Þar segir að 40. gr. hafnalaganna skuli orðast svo:

„Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði hafnamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. lög nr. 2 13. jan. 1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum."

Og hvað leiðir af samningnum um hið evrópska efnahagssvæði? Jú, það leiðir t.d. það að taka upp nýja réttinn, nýjar reglur sem eru orðnar til og eru komnar á fjórða hundrað nú þegar frá því að samningurinn var undirritaður. Og eftir hverju er verið að óska hér? Það er verið að óska eftir heimild til þess að taka þessar reglur upp beint. Það er verið að fara fram á lagaheimild um það. Bæði hér í þessu frv. til laga á sviði heilbrigðis- og tryggingamála og svo í þessu tilviki sem ég vísaði til í samgöngumálunum. Hvað segja menn um þetta? Hvað segir hv. 4. þm. Reykv. um þessa framsetningu mála hér trekk í trekk? Út af fyrir sig ætlast ég ekki til að hann sé mjög hrifinn af því, hv. 4. þm. Reykv., miðað við hans afstöðu í þessu máli. En ég held að það sé umhugsunarefni fyrir okkur og ágætt að staldra aðeins við það hér núna dagana áður en samningurinn gengur í gildi ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson væri hér þá mundi hann segja að nú væru 16 dagar til jóla, 17 dagar sagði hann í gær, þ.e. til þess að samningurinn gangi í gildi, og að við áttum okkur aðeins á því á hvaða braut við erum með þessi mál. Ég held að það geti ekki verið sáluhjálparatriði fyrir heilbr.- og trmrh. að þetta sé öðruvísi orðað gagnvart rétti hans til að gefa út reglugerðir sem standist lög um almannatryggingar og lög um félagslega aðstoð. Það er miklu betra og mikið skárri svipur á því fyrir okkur öll að það reglugerðarákvæði sé bara venjubundið. Að sjálfsögðu getur ráðherrann fellt inn í sínar geglugerðir það sem tíðkast eða gerst hefur á Evrópska efnahagssvæðinu og menn velja að hafi áhrif á framkvæmd þeirra mála hér og heimilt er svo lengi sem það stangast ekki á við gildandi lög en mér finnst smekklaust með öllu að setja þessa heimild fram með þessu orðalagi. Þannig að ég óska eindregið eftir því að það verði skoðað hvort ekki er hægt að ná samkomulagi um þetta tvennt a.m.k. Það er annars vegar að reglugerðarheimild ráðherra í 66. gr. breytingafrv. á almannatryggingalögunum verði felld út eða orðuð með öðrum hætti, hún verði almenns eðlis og ekki bundin með þessum hætti við það að prenta hráar og óbreyttar tilskipanir Evrópubandalagsins og að gildistökuákvæði í frv. um félagslega aðstoð verði breytt þannig að þar komi bara eitthvert sjálfstætt gildistökuákvæði. Ég veit ekki betur en að ferðalangurinn mikli, hæstv. utanrrh., sé búinn að tilkynna að nú verði draumurinn loksins að veruleika um áramót. Og þó menn séu að vísu orðnir dálítið kvekktir á því að taka fullt mark á hæstv. utanrrh. í þessum efnum þá væri ég út af fyrri sig fyrir mitt leyti tilbúinn til að taka þá stórkostlegu áhættu að þetta gildistökuákvæði yrði 1. jan. 1994 í staðinn fyrir þetta orðalag sem er hér. Ég held að menn hefðu „resikerað" öðru eins hér við lagasetninguna. Þar með væri a.m.k. sneitt fram hjá þeirri nauðhyggju og undirlægjuhyggju sem ég tel að felist í þessari framsetningu, að við séum þegar komin hér á fulla ferð og á bólakaf í þá framkvæmdavenju að rúlla hér í gegn lagabreytingum og binda gildistöku laga algjörlega við þessar ytri ákvarðanir og ytri aðstæður sem eru ekki teknar hér á Alþingi, þ.e. niðurstöður einhverra ákvarðana úti í Evrópu sem við höfum engin áhrif á. Því það liggur í spilunum eins og allir vita að ef EFTA-ríkin, aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, eru ekki frumaðilar að ákvarðanatöku og afgreiðslu mála þar heldur hafa þeir eingöngu samráðsmöguleika. Slík er hin niðurlægjandi staða aðildarþjóðanna sem að EES-samningnum standa og ekki eru aðilar að Evrópubandalaginu að það er Evrópubandalagið sem mótar reglurnar, það er Evrópubandalagið sem leggur fram frumvörpin, það er Evrópubandalagið sem tekur ákvarðanirnar á sínum vettvangi. EES-ríkin geta haft þar samráð og fylgst með en þau eru ekki „premíerir" þátttakendur að ákvarðanatökunni sjálfri. Þetta liggur fyrir. Ég tel að á meðan sú staða er þá sé það meira en nógu niðurlægjandi fyrir hin virðulegu löggjafarþing t.d. Norðurlandaþjóðanna að búa við þessar aðstæður þó þær játi það ekki beinlínis upp á sig með þeim hætti sem hér er lagt til að þær séu í reynd búnar að framselja ákvörðunarvaldið með þessum hætti. Það er það sem er verið að játa upp á sig með þessum hætti, það er það sem verið er að játa upp á sig með þessari framsetningu og ég er ákaflega ósáttur við að menn geri. Ég tala nú ekki um ósköpin jafnvel fyrir fram og áður en þeir eru þó samningsbundnir að þjóðarétti á grundvelli þessa samnings sem hefur eins og kunnugt er ekki enn tekið gildi.

Fleiri orð, hæstv. forseti, held ég að ég sjái ekki ástæðu til að hafa um þetta mál af mínu leyti. En ég ítreka óskir mínar um það að á þessi atriði verði litið milli umræðna og hugsanlega væri vænlegast að breytingartillögur sem þessu tengjast yrðu þá dregnar til baka ef einhver áhugi er á annað borð fyrir því að reyna að ná samkomulagi um þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 284. mál. — Þskj. 361.

[16:27]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til að vega á móti skerðingu þorskveiðiheimilda.

Eins og alkunna er var leyfilegur heildarafli af þorski lækkaður úr 205 þús. lestum á síðasta fiskveiðiári niður í 165 þús. lestir á yfirstandandi fiskveiðiári. Þessi samdráttur hefur í för með sér mjög alvarlega tekjuskerðingu fyrir sjávarútveginn í heild og þá einkum þær útgerðir sem háðar eru þorskveiðum. Þessi 40 þús. lesta samdráttur leyfðs heildarafla er mun tilfinnanlegri vegna þess að hann kemur til viðbótar þeirri skerðingu á þorskafla sem þurft hefur að grípa til á undanförnum árum vegna lélegrar nýliðunar þorskstofnsins.

Þegar ákvörðun var tekin í lok júní sl. um leyfðan heildarafla á því fiskveiðiári sem nú stendur yfir ákvað ríkisstjórnin að grípa til ýmissa aðgerða til að mæta áhrifum aflasamdráttarins á afkomu sjávarútvegs og þjóðarbús. Var þar um að ræða 7,5% lækkun á gengi krónunnar og frestun afborgana á lánum sjávarútvegsfyrirtækja. Jafnframt var boðað að flutt yrði frv. um ráðstöfun á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs til að jafna mismunandi áhrif aflaskerðingarinnar. Skv. lögum nr. 65/1992, um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins, ræður sjóðurinn árlega yfir 12.000 þorskígildislestum. Er með frv. þessu lagt til að þessum aflaheimildum verði úthlutað án endurgjalds til útgerða þeirra fiskiskipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári. Hrökkva þær til að bæta að fullu þá skerðingu aflamarks milli fiskveiðiáranna sem umfram er 9,8% í þorskígildum talið. Ganga aflaheimildir sjóðsins á yfirstandandi ári nær óskertar til þessara báta en sveitarfélögum nýttist í haust forkaupsréttur á aðeins 162 lestum. Er aðferðin við ákvörðun bótanna nákvæmlega sú sama sem viðhöfð var sl. vor þegar hliðstæðum bótum var úthlutað með bráðabirgðalögum nr. 86/1993, sbr. lög nr. 112/1993, vegna skerðingar aflaheimilda á fiskveiðiárinu sem hófst 1. sept. 1992. Eru það fyrst og fremst þær útgerðir sem háðastar eru þorskveiðum sem bótanna munu njóta en alls mun 781 fiskiskip fá úthlutað viðbótaraflamarki nái frv. fram að ganga. Við úthlutunina er miðað við aflahlutdeild einstakra skipa 7. þessa mánaðar og tekið tillit til breytinga sem orðið hafa á leyfðum heildarafla frá upphafi þessa fiskveiðiárs. Hefur þar nokkur áhrif úthlutun viðbótarkvóta af loðnu sem fram fór í upphafi þessa mánaðar sem veldur því að loðnuskip eru nú almennt ekki meðal þeirra skipa sem verða aðnjótandi bótanna.

Frú forseti. Ég legg svo til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[16:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er að verða gamall kunningi hér í hv. Alþingi þetta frv. hæstv. sjútvrh. um að útdeila aflaheimildum Hagræðingarsjóðs til eins árs í einu því það er ekki lengra síðan en 11. nóv. að verið var að staðfesta sams konar úthlutun fyrir síðasta ár.

Ég ætla ekki að fara yfir þá sögu aftur því það hefur verið gert áður í þinginu og það hvað eftir annað því stjórnarandstaðan reyndi ítrekað að fá sams konar afgreiðslu á þessum málum á síðasta þingi en var ævinlega neitað og ríkisstjórnin sá síðan ástæðu til þess að afgreiða málið með bráðabirgðalögum nokkrum dögum eftir að Alþingi fór heim. Þannig gekk það nú fyrir sig. Nú kemur hæstv. sjútvrh. með þetta mál þegar komið er fast að jólum og biður þingið um að því verði skotið í gegnum umræður á örskotsstund til þess að bjarga sér út úr þeirri ámátlegu stöðu sem hann er kominn í með þetta mál, þ.e. að það er brot á lögunum sem nú gilda um þessi efni að ekki skuli vera búið að hefja sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðsins. Nú er það ekki þannig að stjórnarandstaðan sé á móti því að teknar séu ákvarðanir eins og þessar sem eru þarna í þessu frv., en það er auðvitað full ástæða til þess að ræða önnur mál í tengslum við þetta hér. Það er nú þannig að það hefur ekki mikið upp á sig að úthluta viðbótarheimildum til fiskiskipaflotans ef hann fer ekki á sjó eftir áramótin. Það er ekkert lítið gagn af því að fá viðbótarveiðiheimildir ef skipin verða áfram bundin við bryggju og hæstv. sjútvrh. hefur látið dreifa í þinginu í gær frumvörpum sínum um sjávarútvegsmál sem hafa verið margumrædd og menn hafa beðið lengi eftir að yrði dreift hér og kæmu til umræðu í þinginu.

Hann hefur látið koma fram að þau frumvörp eigi ekkert að tala um fyrr en eftir áramót, einhvern tímann á næsta ári. Þó vita menn að það vofir yfir sjómannaverkfall og aðalkrafa sjómanna í því verkfalli er sú að það verði með einhverjum hætti stöðvað að braskið og verslunin með óveiddan fisk úr sjó. En þá kemur hæstv. sjútvrh. og biður um að það verði úthlutað viðbótar veiðiheimildum úr Hagræðingarsjóði handa flotanum sem leysir ekki landfestar um áramót og lætur ekki fylgja með eitt einasta orð hvað eigi að gerast, með hvaða hætti eigi að taka á þeim vanda sem steðjar að þjóðinni því það er auðvitað ekki lítill vandi sem steðjar að þjóðinni. Það er auðvitað ekki lítill vandi sem steðjar að íslenskri þjóð þegar sjómannaverkfall vofir yfir og allsherjarvinnustöðvun í fiskvinnslu fylgir með.

Ég tel að ef menn tækju mark á þessari ríkisstjórn, það kann vel að vera að margir séu hættir að gera það, þá er framlagning þessara frumvarpa í óbreyttu formi frá því sem þau voru í vor yfirlýsing um, hæstv. sjútvrh., að það eigi að brjóta sjómenn niður í þessu verkfalli. Það er yfirlýsing um það að ríkisstjórnin ætlist ekki til þess að það sé gert neitt til að koma til móts við kröfur sjómanna um að létta af þeim oki verslunarinnar með veiðiheimildirnar og það eigi bara að bíða eftir því að sjómenn brotni niður í því verkfalli sem er að koma.

Hæstv. sjútvrh. lætur hafa eftir sér í Dagblaðinu í dag, með leyfi hæstv. forseta, þar sem hann er spurður um það hvort ríkisstjórnin geti ekki leyst yfirstandandi sjómannadeilu með lagasetningu um bann við að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum:

„Í fyrsta lagi tel ég að það séu lög sem banna þetta. Þar á ég við að það er í kjarasamningum sjómanna að þeir skuli ekki taka þátt í kvótakaupum. Kjarasamningar eru lögverndaðir. Það þarf því bara að kæra þetta mál. Viðkomandi verkalýðsfélög geta svo boðað verkfall hjá útgerðarmönnum sem brjóta samninga alveg eins og ef laun eru ekki borguð út. Þar að auki tel ég að það sé ólöglegt að grípa inn í deiluna með lagasetningu eins og þú spurðir um eftir að verkfall hefur verið boðað, sagði Þorsteinn.

Hann sagðist hafa boðist til fyrir löngu að aðstoða við lausn þessarar deilu með lagasetningu ef menn væru með eitthvað tilbúið. Það hafi hins vegar ekki komið neitt til stjórnvalda frá deiluaðilum.

Þess vegna held ég að það sé ekki margt sem við getum gert úr þessu, sagði Þorsteinn."

Sjútvrh. er að tala við þjóðina, hann er að segja þjóðinni það að það sé að koma sjómannaverkfall og það sé ekkert hægt að gera. Það verður bara að bíða. Bíða eftir hverju? Bíða eftir því að sjómenn gefi eftir. Það er nákvæmlega það sem hæstv. sjútvrh. er að segja, að það sé ekkert hægt að gera.

Hann heldur áfram að tala eins og hann viti ekki um hvað málin snúast. Hann heldur áfram að tala um það að hann sé tilbúinn að setja lög sem banni að sjómenn taki þátt í kvótakaupum þó hann viti það vel að stærsti hlutinn af versluninni með óveiddan fisk fer ekki fram með þeim hætti. Það fer fram með öðrum hætti. Það fer þannig fram að menn eru að versla þetta sem kallað er tonn á móti tonni og lækka kaupverð fisksins með þeim hætti og ná þannig niður skiptaverðinu sem sjómenn eiga að fá til sín. Ef stjórnvöld í landinu ætla að halda áfram að stinga höfðinu í sandinn þá stefnir í langt sjómannaverkfall. Það stefnir í allsherjarvinnustöðvun í fiskiðnaði í landinu. Hvað er verið að hugsa á þessum bæ þar sem hæstv. ríkisstjórn ræður ráðum sínum? Er það bara ekki neitt? Jú, jú, þeir hafa komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi endilega að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs til flotans svo menn hafi eitthvað stærri kvóta til að horfa á á skrifstofum sínum eftir áramótin því ekki rær flotinn út á það. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hélt að það væri ekki hægt að bæta ofan á þá vitleysu sem við höfum horft upp á í gegnum tíðina síðan þessi ríkisstjórn tók við í sjávarútvegsmálum. Hér hafa menn beðið mánuðum og árum saman eftir því að eitthvað gerðist í endurskoðun fiskveiðistefnunnar og nú liggur það fyrir að sjómannasamtökin eru búin að boða verkfall og ríkisstjórnin kemur með svarið. Það á ekkert að gera, það á ekki að koma til móts við sjómenn með neinum hætti. Sjávarútvegsnefnd þingsins kemur ekki saman. Það hafa verið afboðaðir fundir hvað eftir annað í sjútvn. þingsins vegna þess að það liggja ekki fyrir neinir hlutir í þessu efni. Ég vil minna á að þetta er svo beint tengt við lagasetningu Alþingis það sem er að gerast núna hjá sjómannasamtökunum. Yfirlýsing sjómannasamtakanna sem var gerð og undirrituð í apríl, ef ég man rétt, þar sem Farmanna- og fiskimannasambandið, Vélstjórafélagið og Sjómannasambandið skrifuðu sameiginlega undir yfirlýsingu sem varð til vegna þess að þessi samtök voru beðin um að veita umsagnir og taka þátt í að ráða ráðum um skýrslu tvíhöfða nefndarinnar. Lokaorðin í þessari yfirlýsingu voru þau þar sem fyrst er lagst alfarið gegn frjálsu framsali veiðiheimilda en yfirlýsingin endar á þessum orðum: „Sjómannasamtökin telja það ekki þjóna tilgangi að fjalla um aðra þætti í tillögum þeirrar nefndar sem fjallað hefur um mótun sjávarútvegsstefnu nema fyrir liggi að öll viðskipti með veiðiheimildir verði bannaðar."

Þetta oru lokaorðin í yfirlýsingu sjómannasamtakanna. Þau voru að svara stjórnvöldum í landinu vegna skýrslunnar sem tvíhöfða nefndin samdi. Síðan kemur hæstv. ríkisstjórn og dreifir þessari skýrslu í hv. Alþingi í gær og óbreyttum fyrirætlunum sínum um að festa aflamarkskerfið í sessi og láta útgerðarmenn í landinu halda áfram að eiga möguleika á því að níðast á sjómönnum með þeim hætti sem þetta kerfi gefur möguleika á.

Ég segi eins og er að ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórninni að svona skuli vera staðið að málum og við vitum það fyrir fram að hér verður langt sjómannaverkfall ef menn ætla að ganga áfram með bundið fyrir bæði augu.

Það sem þarf að gerast í þessu máli er það, sem við höfum reyndar ítrekað bent á, að Alþingi, og þá getur sjútvrn. þess vegna verið í broddi fylkingar í því, taki það að sér að reyna að finna sáttaleið í þessu máli og að menn brjóti odd af oflæti sínu og viðurkenni að þetta gengur ekki. Stefna ríkisstjórnarinnar getur ekki gengið í þessu máli. Það verður að semja við sjómenn og aðra aðila í þjóðfélaginu um sátt í þessari deilu. Það verður ekki gert með þeim hætti að stinga höfðinu í sandinn og leggja fram þessi frumvörp og ítreka yfirlýsingar um að það sé ekkert hægt að gera. Það verður bara gert með viðræðum við þessa aðila sem eiga hlut að máli og því að reyna að ná sátt í Alþingi um stjórn fiskveiðanna og um breytingar á þessum lögum sem koma til móts við sjómenn.

Ég var satt að segja farinn að vona að það væri að koma að þessari stund, þessi frumvörp yrðu lögð fram og með þeim fylgdu yfirlýsingar sem gæfu tilefni til þess að sjútvn. þingsins gæti sest yfir málið án þess að vera handjárnuð af einhverjum samþykktum ríkisstjórnarflokkanna sem virðast ekki vera haldbetri en það að þær samþykktir sem hafa komið í fjölmiðlum og eru hafðar eftir ráðherrum að væru fyrir hendi eru síðan bornar til baka af sumum ráðherrunum og fylgismönnum stjórnarflokkanna, að menn væru ekki bundnir af einhverju slíku heldur yrði reynt að leita sátta almennt í Alþingi um það að reyna að leysa þessi mál í samvinnu við þá sem eiga þar mest undir. Ég spyr og óska eftir svari frá hæstv. sjútvrh. og það væri kannski ástæða til þess að fleiri ráðherrar kæmu til svara: Er það virkilega þannig að það menn ætli að

hanga áfram á þessu roði? Ætla menn að berjast áfram með tvíhöfða skýrsluna í höndunum og loka báðum augum og ekki tilbúnir til þess að ræða um breytingar á þessu sem getur orðið til þess að leysa þetta verkfall sem er fram undan? Ég spyr að því. Og ég hefði gjarnan viljað sjá hv. 1. þm. Vestf., formann hv. sjútvn., og heyra hans álit á því sem hérna er að gerast og hvaða hlutverk hann telur að sjútvn. þingsins eigi að hafa hér, hvort hann telur að sú nefnd hafi ekkert um það að segja sem hér er að gerast. Ég held að það hljóti að vaka upp þær spurningar hvort það er ekki hv. Alþingi sem ber ábyrgð á þessu máli. Ríkisstjórnin er búin að klúðra því, hún ætlar ekki að leysa það. Hún er að lýsa því yfir að hún ætli ekki að leysa málið með því að leggja þessi mál svona fram. Ef það kemur ekkert annað fram en það þá hlýtur hv. Alþingi að taka það til alvarlegrar athugunar hvort ekki er hægt að leysa málið á milli þingmanna án þess að ríkisstjórnin hafi um það forustu. — Hæstv. forseti. Er hv. 1. þm. Vestf. í húsinu?

(**Forseti** (KE)**:** Nei, hann er ekki hér.)

Mér þykir það verra að hann skuli ekki vera við þessa umræðu sem hann ætti auðvitað að vera og það hefði þurft að gera honum viðvart að þetta mál er komið í umræðu. Sjálfsagt hefur hann vitað að það var á dagskránni. En það er svo sem eftir öðru í kringum þessi sjávarútvegsmál að það skuli ekki vera fleiri viðstaddir þessa umræðu eins og þessi mál horfa alvarlega og það skuli líta þannig út að þjóðin standi frammi fyrir allsherjarverkfalli án þess að menn ætli að bregðast við með neinum hætti. Ég skora á hæstv. sjútvrh. að koma hér í þennan ræðustól og lýsa því yfir að það sé vilji til þess að leita samstöðu meðal þingmanna um að finna leiðir í samráði við sjómannasamtökin og aðra aðila sem eiga aðild að þessari vinnudeilu til þess að leysa þetta verkfall og þá skal ekki standa á mér og örugglega ekki öðrum þeim sem vinna í sjútvn. þingsins að sitja yfir því máli eins og þarf. En ég tel að það sé alveg fáránlegt og fráleitt að Alþingi Íslendinga fari í jólafrí og láti það vofa yfir að hér verði verkfall sjómanna án þess að það sé gert neitt til þess að reyna að afstýra því.

Útbýting þingskjala:

Tekjustofnar sveitarfélaga, 233. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 389; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 390.

[16:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held ég hljóti að verða að taka undir það með hv. síðasta ræðumanni að mér fannst hæstv. sjútvrh. furðu fáorður í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. Maður hefði ætlað að þeim miklu tímamótum yrði til haga haldið með einhverjum hætti í ræðu ráðherrans þegar ríkisstjórnin að sögn hefur náð samkomulagi í sjávarútvegsmálum og hér hafa verið lögð fram mikil frumvörp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, um þróunarsjóð sjávarútvegsins og svo þetta merka frv. á þskj. 361 um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs og allt sem í þessu felst, svo maður minnist ekki á að ráðherra hefði vikið einhverjum orðum að almennum aðstæðum í sjávarútveginum undir áramótin, boðuðu sjómannaverkfalli og afkomu greinarinnar og öðru slíku en því var ekki fyrir að fara. Hæstv. ráðherra, liggur mér við að segja, læddist í stólinn og fór með fáein orð frekar lágum rómi þar sem hann mælti fyrir þessu máli ef svo má að orði komast og var síðan jafnharðan horfinn aftur.

Það er e.t.v. þannig að hæstv. sjútvrh. finnist fátt markvert til frásagnar af vettvangi sjávarútvegsins um þessar mundir en ef það skyldi fara svo að þetta yrði eina framsöguræðan fyrir þingmáli sem ráðherra flytur fyrir áramótin þá verður það nokkuð í minnum haft að hann hafði ekki meira um þessi mál að segja en þetta. Það stendur hugsanlega til bóta og e.t.v. heiðrar ráðherra okkur með einhverju öðru en andsvörum sem hann hefur aðallega tíðkað að flytja mál sitt í á undanförnum vikum. En það er alveg á hreinu alla vega hvað okkur fulltrúa Alþb. í sjútvn. snertir að við teljum það ekki ásættanlegt að Alþingi læðist heim í jólaleyfi með það ástand eins og raun ber vitni uppi í sjávarútvegsmálunum og það verði ekki tekið fyrir hér, annaðhvort í umræðum og/eða í viðkomandi nefnd hvort eitthvað má gera af hálfu Alþingis og ríkisstjórnar ef um slíkt væri að ræða til þess að afstýra því sem stefnir í. Það væri harla sérkennilegt satt best að segja ef það væri ekki verðugt tilefni til einhverra orðaskipta það ástand sem uppi er.

Það er nú svo, hæstv. forseti, að maður veit ekki almennilega hvernig á að byrja á því að ræða þetta frv. sem slíkt ef um efni þess á að fjalla. Það er aðallega að verða sagnfræði og einhvers konar skólabókardæmi í stjórnmálasögu að ræða þessa meðferð á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs, hún er með slíkum ólíkindum orðin öll sú saga og allt sem að því lýtur, bæði í umgengni ríkisstjórnar við Alþingi, við lagasetningarvaldið, meðferð þessara mála og lagaframkvæmd eins og best sést á því að hér er verið að reyna að flytja einhvers konar eftir á heimild til þess að hafa brotið hér lög um fjögurra mánaða skeið og það hafa menn viðurkennt að auðvitað er það skýlaust brot á gildandi lögum um Hagræðingarsjóð að veiðiheimildunum skuli ekki hafa verið ráðstafað með þeim hætti sem gildandi lög kveða á um.

Ef til vill gefst betra tækifæri til að fara rækilegar yfir þessa sögu þegar meiri tími er til stefnu til umræðna. Nú er nokkurt annríki á þingi eins og kunnugt er, hæstv. forseti, og svo sem af nógu að taka í þeim efnum og ekki ástæða til að hafa fleiri orð um slíka hluti sem ekki úreldast hratt eins og sagnfræðin í sambandi við þetta mál. En það er alveg nauðsynlegt að þeirri sögu verði til haga haldið. Hún er um margt afar athyglisverð. Hér er í sjálfu sér lögð til sú ósköp einfalda ráðstöfun á veiðiheimildunum að þeim verði úthlutað endurgjaldslaust til jöfnunar og þá til þeirra sem fyrir mestri skerðingu hafa orðið við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári. Nú mun standa þannig á að svo til allar veiðiheimildirnar eru eftir og þar með er upplýst og kemur fram í þingskjalinu að þetta nægi til þess að enginn verði fyrir meiri skerð-

ingu en tæplega 10%. Það sýnir á hinn bóginn vandann í hnotskurn hjá þeim aðilum sem fyrir þessari skerðingu hafa orðið að þrátt fyrir þessa útjöfnun sitja menn þá eftir bótalausir með um 10% skerðingu, þeir sem verst fara út úr dæminu, og hún er til viðbótar því sem þeir hafa tekið á sig á undangengnum árum. Þetta á auðvitað einkum og sér í lagi við um þá sem mesta aflareynslu hafa í þorski og staðreyndin er náttúrlega sú að meðferðin á þessum málum hefur alls ekki verið réttlát að mínu mati ef horft er til þess hversu ákaflega mismunandi útgerðirnar standa að vígi í þessum efnum, enda kom það á daginn að sú leið sem ríkisstjórnin valdi til að mynda á árinu 1992, fiskveiðiárinu 1991–1992, þýddi það að sumar útgerðir fengu aukningu í úthlutuðum aflaheimildum í heild þegar í hlut áttu til að mynda þær útgerðir sem mesta aflareynslu höfðu í öðrum tegundum en þeim sem þá drógust saman. En þorskveiðiútgerðirnar og þorskveiðisvæðin hafa þarna tekið á sig gífurlegan skell og það á auðvitað einkum við um útgerðina fyrir vestan og norðan.

Þetta liggur allt saman fyrir og þarf svo sem ekki að fjölyrða um. Það sem óhjákvæmilegt er að nefna í þessu sambandi, hæstv. forseti, við framlagningu þessa frv. er auðvitað sú staða sem þrákelkni ríkisstjórnarinnar og hæstv. sjútvrh. hefur sett Alþingi í að standa núna frammi fyrir því að greiða aftur atkvæði um frv. sem það er búið að fella. Það er auðvitað með miklum endemum að ríkisstjórnin skuli standa þannig að málum af þráa einum saman. Það er ekkert annað en þrái. Það er langbesta íslenska orðið yfir það sem hér er á ferðinni, það er þrái. Að ríkisstjórnin af einhverjum misskildum hégómaskap og metnaði og þráa hefur ekki fallist á það að afla lagaheimilda með eðlilegum hætti til þessarar ráðstöfunar sem hefur legið á borðinu, hvorki í fyrravor né í haust, og hefur þess vegna trekk í trekk leiðst út í þá ófæru að misbjóða þingræðinu með framgöngu sinn, fyrst með því að neita afgreiðslu á frumvörpum um ókeypis úthlutun veiðiheimildanna í fyrravor í byrjun maímánaðar og setja síðan sömu ákvæði með bráðabirgðalögum nokkrum vikum síðar sem var alveg fáheyrð framkoma við þingið og stjórnarandstöðuna sem þessi mál flutti, en enn verri er þó hlutur stjórnarinnar á þessu hausti vegna þess að ríkisstjórnin gengur svo langt í þráa sínum í málinu að hún stuðlar beint og óbeint að lögbrotum um margra mánaða skeið frekar en brjóta odd af oflæti sínu og fallast á afgreiðslu mála sem stjórnarandstaðan flytur af engri annarri ástæðu en þeirri að stjórnin getur ekki af einhverjum misskildum hégómaskap og metnaðarástæðum fallist á það að málin séu til lykta leidd á grundvelli tillagna frá stjórnarandstöðunni. Öllu ómálefnalegri og ómerkilegri í sinni framgöngu og samskiptum við þingið og stjórnarandstöðuna geta menn varla orðið, hæstv. forseti, þegar menn viðurkenna gersamlega að engar efnisástæður liggi fyrir afgeiðslu þeirra á málum og atkvæðagreiðslu þeirra á þingi. Hver er munurinn á efnisinnihaldi þessa frv. sem hv. stjórnarliðar ætla sér væntanlega núna að samþykkja og því sem þeir felldu hérna um daginn? Vill hæstv. sjútvrh. koma hérna upp og útskýra það í einstökum atriðum? Það mætti segja mér að einhver samviskusamur embættismaður hafi haft rænu á því að breyta einum stafkróki einhvers staðar til þess að það væri hægt að hanga á þeim bláþræði að þetta væri ekki nákvæmlega sama málið, ekki efnislega nákvæmlega eins í hverju einasta atriði. Kannski hefur verið settur stór stafur einhvers staðar þar sem áður var lítill eða eitthvað því um líkt. En efnislega er nákvæmlega sama viðfangsefnið á ferðinni. Og þetta er auðvitað neðan við allar hellur, hæstv. sjútvrh. að svona skuli vera staðið að málunum. Og ég tek ekki mark á því þó að hæstv. ríkisstjórn eigi í innbyrðis erfiðleikum við að koma sér saman í sjávarútvegsmálum. Það eru ekki frambærileg rök gagnvart því að umgangast lagasetningarvaldið og vinnu hér á Alþingi með þessum hætti. Ríkisstjórnin verður að leysa þau mál með einhverjum öðrum hætti en þeim að stuðla mánuðum saman að lögbrotum og að misbjóða gersamlega hefðum og vönduðum vinnubrögðum hér á þinginu hvað svona lagað snertir.

(**Forseti** (KE)**:** Ég vil inna hv. þm. eftir hvernig ástatt er í ræðu hans. Nú er klukkan 5 og tími þingflokksfunda hafinn þannig að annað tveggja er að þingmaðurinn ljúki ræðu sinni á örstuttum tíma eða hann fresti ræðu sinni til kl. hálfníu en þá er ætlun að halda fundi áfram.)

Ég held að það fari alveg prýðilega á því, hæstv. forseti, að ég haldi bara áfram kl. hálfníu og tek því tilboði með þökkum.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 16:58]

Útbýting þingskjala:

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 86. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 396.

Lánsfjárlög 1994, 75. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 392.

Almannatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 83. mál (heildarlög). — Þskj. 86, nál. 311 og 370, brtt. 312 og 371.

[20:29]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (EH, EL, FI, GE, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SvG, VG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 371 kölluð aftur til 3. umr.

2.–6. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 312,1 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (FI, GE, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, JHelg, KHG, ÓÞÞ, StG, SvG, VG, VE) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
8.–11. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 312,2 samþ. án atkvgr.
12. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
13.–15. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 312,3 samþ. án atkvgr.
16. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
17.–29. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 312,4 samþ. án atkvgr.
30. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
31. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 312,5 samþ. án atkvgr.
32. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
33. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 312,6 samþ. án atkvgr.
34. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
35.–37. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 312,7 samþ. án atkvgr.
38. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
39. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 312,8 samþ. án atkvgr.
40. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
41.–65. gr. samþ. án atkvgr.
66. gr., fyrri málsl., samþ. án atkvgr.

66. gr., síðari málsl., samþ. með 30:10 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, HG, JÁ, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS.

10 þm. (EH, EL, GB, HÁ, IBA, IP, JGS, JónK, MB, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EKJ, FI, GE, GÁ, GHelg, ISG, JE, JHelg, KHG, ÓÞÞ, StG, SvG, VE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[20:38]

Kristín Einarsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er þingið búið að samþykkja við 2. umr. að ráðherra sé heimilt að kveða á í reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara, en síðari málsl. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar."

Ég tel mjög óeðlilegt að í íslenskri löggjöf skuli vera ákvæði sem þetta, þ.e. að reglur Evrópubandalagsins geti verið birtar hér sem reglugerð án þess að brtt. eða þær reglur sem þarna er kveðið á um komi fyrir Alþingi og þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessum lið.

[20:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er sýnishorn af því sem koma skal. Það á að heimila ráðherrum með reglugerð einni saman að lögfesta reglur frá Evrópubandalaginu og það stendur í lagaskýringunni með 66. gr. að greinin sé „samhljóða 81. gr. laganna að öðru leyti en því að sérstaklega er tekið fram að reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar skuli lögfesta hér á landi í formi reglugerða."

Ég trúi því varla að það sé alvara meiri hlutans á Alþingi og þeirra sem styðja þennan samning að haga lagasetningu með þessum hætti. Málið hlýtur að koma til sérstakrar athugunar í ljósi þess við 3. umr. málsins. Ég segi nei.

[20:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði í umræðu um þetta mál fyrr í dag þá tel ég með öllu fráleitt að setja fram lagatexta af þessu tagi, ég tala nú ekki um gagnvart gjörningi, samningi, sem ekki enn hefur gengið í gildi og í raun og veru ótrúlegt metnaðarleysi af hálfu þeirra sem bera þetta frv. fram að ætla að framselja með þessum hætti reglugerðarvald eða ákvörðunarvald til utanaðkomandi aðila sem starfa þannig að þessi samkoma, löggjafarsamkoma Íslendinga, hefur engin bein áhrif á þá ákvarðanatöku sem þar fer fram. Og það bítur auðvitað höfuðið af skömminni að lögskýringin sem gefin er í umsögn um greinina hér í greinargerð með frv. stenst ekki og það er auðvitað fráleitt að hægt sé að tala um lögfestingu hluta í formi framselds valds til að gefa út eða öllu heldur endurprenta óbreyttar reglugerðir frá Evrópubandalaginu. Lengra eða lægra komast menn ekki, hæstv. forseti. Ég segi nei við þessu.

67. gr., 1. málsl., samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GE, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JE, JHelg, KHG, ÓÞÞ, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

67. gr., 2.–3. málsl., samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JónK, JVK, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, EH, EL, FI, HG, IP*, JÁ, JGS, KÁ, KE, MB, RA, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (GE, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JE, JHelg, KHG, ÓÞÞ, StG, SvG, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 312,9 samþ. án atkvgr.

Ákvæði til bráðabirgða, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 312,10 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (JÁ, RA) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GE, GÁ, GHelg, ISG, JE, JHelg, KHG, ÓÞÞ, StG, SvG, VE) fjarstaddir.

Félagsleg aðstoð, 2. umr.

Stjfrv., 84. mál. — Þskj. 87, nál. 313 og 372, brtt. 314 og 373.

[20:45]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 373 kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JóhS, JGS, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AÓB, KÁ, KE, MF, SJS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (EH, GE, GB, GÁ, GHelg, IBA, ISG, JÁ, JE, JHelg, JónK, JVK, KHG, ÓÞÞ, RA, StG, SvG, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 314,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (GE, GÁ, GHelg, IBA, ISG, JE, JHelg, KHG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VE) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

5.–12. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 314,2 samþ. án atkvgr.

13. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

14. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JHelg, JónK, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, HG, JGS, JVK, KÁ, KE, MB, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EH, GE, GÁ, GHelg, IBA, ISG, JÁ, JE, KHG, ÓÞÞ, StG, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 314,3 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (SJS) greiddi ekki atkv.

12 þm. (GE, GÁ, GHelg, IBA, ISG, JE, KHG, ÓÞÞ, RA, StG, SvG, VE) fjarstaddir.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla frumvarps um almannatryggingar.

[20:50]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Hér rétt í þessu var afgreitt við 2. umr. frv. til laga um almannatryggingar og þar kom til atkvæðagreiðslu ákvæði 66. gr. þess frv. sem eins og hv. alþm. þekkja hljóðar svo:

„Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar."

Þegar athugasemd við þessa frvgr. er skoðuð kemur í ljós að hér er ekki aðeins verið að tala um þær reglugerðir sem nú liggja fyrir, heldur er ljóst af orðalagi athugasemdanna að hér er átt við reglugerðir sem síðar kunna að verða settar. Ráðherra hefur með þessu fengið heimild til þess að gefa út reglugerðir sem öðlast lagagildi án þess að til þess sé aflað sérstakrar lagaheimildar hér á Alþingi.

Ég held að sérhver lögfróður maður sem skoðar þetta mál geti ekki komist að neinni annarri niðurstöðu en þeirri að hér sé um alveg skýrt og ótvírætt stjórnarskrárbrot að ræða. Það er alveg útilokað mál að að sé hægt með lagaheimild að veita ráðherra vald af þessu tagi. Þess vegna fer ég eindregið fram á það við virðulegan forseta að hann sjái til þess að þetta mál verði skoðað nánar milli 2. og 3. umr. og nefnd fái það til athugunar og gengið verði úr skugga um það að ekki sé hér um berlegt stjórnarskrárbrot að ræða, eins og mér persónulega sýnist. Ég vildi eindregið fara þess á leit við hæstv. forseta, vegna þess að ég tel að hér sé um mjög alvarlegt mál að ræða og það megi ekki dragast að þetta mál sé skoðað áður en frv. gengur hér til lokaafgreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti beinir þessari athugasemd til formanns viðkomandi nefndar og er það þá á valdi nefndarinnar að taka málið til athugunar.

Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál. — Þskj. 361.

[20:53]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Hæstv. forseti. Það mun láta nærri að ég hafi verið í miðri ræðu að tala um frv. hæstv. sjútvrh. um ráðstöfun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs, þennan gamla kunningja sem í margbreytilegum myndum hefur verið hér á borðum okkar þingmanna og á sér orðið langa og merka en ekki að sama skapi glæsta sögu innan þingsalanna. Ég hafði lítillega farið yfir efni frv. og sett það í það samhengi sem mönnum er kunnugt. Það sögulega samhengi að ríkisstjórnin hefur með makalausum hætti, satt best að segja, meðhöndlað þessar veiðiheimildir og fótum troðið í raun og veru vinnuvenjur og hefðir hér á þinginu til þess að þjóna þeirri einu lund sinni að fallast ekki á tillöguflutning af hálfu stjórnarandstöðunnar. Láta frekar fella efnislega nákvæmlega samhljóða frumvörp því sem hér er svo flutt, heldur en að gangast inn á afgreiðslu þeirra á þeim tíma og með þeim hætti sem stjórnarandstaðan hefur lagt til.

Ég óskaði eftir því að hæstv. sjútvrh. kæmi í ræðustólinn og gerði grein fyrir því hver væri efnismunur á því frv. sem hann nú flytur — ef hæstv. sjútvrh. má nú vera að því að hlusta — og hinu frv. sem hér var fellt í formi brtt. frá stjórnarandstöðunni fyrir nokkrum vikum. Ég óska eindregið eftir því að hæstv. sjútvrh. geri okkur í einstökum atriðum grein fyrir þeim mun sem er á þessum tveimur frumvörpum eða tveimur efnisþáttum og þá í hverju felast þau sinnaskipti stjórnarliðsins að fella fyrir nokkrum vikum síðan sambærilega heimild til úthlutunar á ókeypis veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs, en standa nú að flutningi hennar eða ábyrgjast flutning hennar hér sem stjfrv.

Ég leyfi mér að halda því fram að þetta sé ef ekki einsdæmi í þingsögunni, þá a.m.k. með fádæmum, að menn skuli bera sig að slíkum hráskinnsleik og lítilsvirðingu gagnvart meðferð mála á þingi. Og hæstv. sjútvrh. hefur auðvitað stuðlað að lögbrotum beint og óbeint og reyndar beint, því hér hefur það komið fram að hæstv. sjútvrh. hefur beint tilmælum til stjórnar Hagræðingarsjóðs um að framkvæma ekki gildandi lög um sjóðinn og það er lögbrot. Menn geta farið hér í alls konar orðaleiki og túlkað það hvað felist í t.d. orðunum við upphaf fiskveiðaárs o.s.frv., og það er mér að meinalausu þó menn stundi slíka leikfimi, en hinu verður ekki breytt að þegar þriðjungur er liðinn af almanaksárinu eða kvótaárinu þá er það ekkert upphaf þess lengur og ríkisstjórnin hefur með þessum aðferðum sínum stuðlað að því að lögbrot færi fram.

Ég held að það sé svo kannski heppilegast, hæstv. forseti, að eyða þeim fáu mínútum sem ég hef eftir af fyrstu ræðu minni í að fjalla um almennar aðstæður í sjávarútveginum sem ég vék reyndar lítillega að í upphafi. Hæstv. sjútvrh. var eins og kunnugt er fáorður um það í upphafi umræðunnar, minntist ekki einu orði á boðað og fyrir dyrum standandi sjómannaverkfall, allsherjarverkfall í íslenska flotanum. Og það sem öllu alvarlegra er, það verður ekki séð af framgöngu hæstv. ráðherra eða talsmáta hans, til að mynda í viðtölum við blöð, að ríkisstjórnin hyggist gera nokkurn skapaðan hlut til þess að reyna að afstýra verkfallinu og það er mikill ábyrgðarhlutur. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin lagt fram á borð þingmanna eða það á að heita svo að um stjfrv. sé að ræða, þó einstakir ráðherrar séu þegar á hlaupum frá því, eins og hæstv. trillumálaráðherra Össur Skarphéðinsson, (Forseti hringir.) — hæstv. umhvrh., mér varð á mismæli, mjög meinlegt, ég biðst forláts. — En ríkisstjórnin hefur hér lagt fram frv. sem byggir á áliti tvíhöfða nefndar sem er það sem sjómannasamtökin eru að fara í herferð gegn m.a. með verkfallsboðun nú. Það liggur alveg ljóst fyrir að sjómannastéttin er að boða til verkfalls til þess að verja kjör sín gagnvart því kerfi sem við búum við í sjávarútveginum. Það er skerðing aflahlutar í gegnum viðskipti með veiðiheimildir upp á tugi prósenta í sumum tilvikum sem sjómannastéttin er að berjast gegn. Það er kjaraskerðingin í gegnum þá aðferð, en ekki með beinum samningum eða breyttum hlutaskiptum sem núna eru að leiða yfir okkur verkfall. Og hvers konar skilaboð eru það þá frá ríkisstjórninni að leggja hér fram óbreytt frv., eins og það kom frá tvíhöfða nefnd, inn í þetta samhengi nokkrum dögum áður en verkfallið á að skella á? Jú, það misskilst ekkert. Það er alveg augljóst mál. Og þegar það bætist svo við að hæstv. sjútvrh. segir beinlínis að það sé ekkert hægt að gera af hálfu stjórnvalda úr því að verkfallsboðun sé komin til sögunnar, þá verður ekki hægt að draga aðra niðurstöðu af því en að ríkisstjórnin bíði bara eftir því að þetta verkfall skelli á og ég spyr: Til hvers? Á ef til vill að grípa til bráðabirgðalagaheimildarinnar einu sinni enn í skammri sögu þessarar ríkisstjórnar?

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að oddvitar ríkisstjórnarinnar komi hér og geri okkur grein fyrir því hvað er í vændum. Og ef ekki stendur til af hálfu ríkisstjórnar að leggja annað til mála í sambandi við sjávarútveg á þessu þingi áður en það fer heim í jólaleyfi eða áramótaleyfi eða hvað sem það nú verður heldur en þetta eina frv., sem er léttvægt í sjálfu sér, þá verðum við að nota þetta tækifæri til að spyrja hæstv. ríkisstjórn: Er það meiningin að senda Alþingi heim og gera ekki neitt, lyfta ekki svo mikið sem litla fingri til þess að reyna að afstýra allsherjarverkfalli á íslenska fiskiskipaflotanum? Hvernig á að skilja hæstv. sjútvrh. t.d. í viðtali við Dagblaðið í dag að það sé ekki hægt að gera neitt og hæstv. ráðherra vék ekki að þessu hér einu einasta orði áðan. Ég segi við hæstv. ráðherra: Það er til lítils að úthluta veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs á flota sem liggur bundinn í höfn í verkfalli. Honum verður lítið gagn að þeim veiðiheim-

ildum, a.m.k. á meðan svo stendur. Við gætum þá þess vegna gert það í janúar þó að e.t.v. eigi að heita svo að verið sé að bjarga andliti hæstv. ríkisstjórnar þótt seint sé með því að lögfesta eftir á heimildir fyrir þeim lögbrotum sem stjórnin hefur staðið fyrir.

Nei, hæstv. forseti. Alvara málsins er auðvitað slík að hæstv. sjútvrh. getur ekki látið sér detta það í hug eitt augnablik að við unum því að þessari umræðu ljúki og Alþingi fari heim án þess að hann svari einhverju til um stöðu þessara mála. Ofan í kaupið er það svo að sjútvn. hefur ekkert komið að þessum málum og enginn aðili hér innan þingsins, ekki spor og þar hefur reyndar ekki verið haldinn fundur í einhverjar vikur, þannig að málið er í þessari stöðu. Ég held að það hljóti að verða að koma hér fram, hæstv. forseti, að það hefur alls ekkert samráð verið haft við þingið um aðdraganda þessara mála á einn eða neinn hátt frekar en venjulega, enda ríkisstjórnin fræg að því og orðin alvön því að þverbrjóta og hundsa öll slík ákvæði jafnvel þó lögfest hafi verið um eðlilegt samráð við fagnefndir þingsins.

Auðvitað er það þannig, hæstv. forseti, að það er margt fleira í sambandi við stöðu mála í sjávarútveginum sem fullkomin ástæða væri til að ræða hér og stórkostlegt álitamál að það sé við það unandi að þingið hverfi heim eða taki sér e.t.v. langt hlé án þess að það sé gert. Það fer e.t.v. svo af öðrum ástæðum að Alþingi verði hér að störfum milli jóla og nýárs og jafnvel í janúarmánuði, ósköp einfaldlega vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki komið frá sér og þaðan af síður komið sér saman um nánast nokkurn skapaðan hlut í skattamálum, ríkisfjármálum o.s.frv. og mér þykir þess vegna alls ekki ósennilegt að það hlutskipti bíði manna hér að sitja yfir þessum hlutum dögum oftar milli hátíðanna á nýju ári. Það hefur þó a.m.k. einn kost í för með sér, svo að það sé alveg ljóst, og það er að ríkisstjórnin getur ekki sett bráðabirgðalög á meðan, væntanlega ekki þegar þingið er að störfum. Og þá spyr ég: Hvað í ósköpunum ætlar ríkisstjórnin að gera ef eitthvað? Er það meiningin að láta skella á sjómannaverkfall og standa jafnvel vikum saman og brjóta síðan sjómenn niður og verja þannig óbreytt kerfi og blanda sér í reynd með þeim hætti inn í þau átök sem nú standa fyrir dyrum um þessi mál? Mér finnst satt best að segja alveg með ólíkindum hversu lítið hefur verið um þetta rætt. Það þarf ekki að fara í grafgötur um það hvílíkt alvörumál það er ef hér skellur á verkfall. Ég nefni eingöngu sem dæmi loðnuveiðarnar þar sem hundruð milljóna og milljarða verðmæti geta tapast á vikum ef ekki er unnt að hefja veiðar strax eftir áramót og þau verðmæti koma ekki aftur, ef loðnan gengur til hrygningar og hættir að verða veiðanleg. Þannig að ábyrgð þeirra manna sem ekki reyna a.m.k. að afstýra hér slysi, er mikil.

[21:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. spurði að því hver væri helsti munurinn á því frv. sem hér er til umræðu og þeim tillögum sem þingmenn úr stjórnarandstöðu fluttu fyrir ekki löngu síðan. Það er rétt að upplýsa það hér, því af ræðu hv. þm. mátti ráða að hann hefði ekki farið yfir efnisatriði frv. á þann veg að hann hefði glöggvað sig á þeim mismun, að mismunurinn er m.a. í því fólginn að nú koma loðnuskipin ekki inn í þessa úthlutun, en í þeim brtt. sem stjórnarandstöðuþingmennirnir fluttu hér á dögunum var gert ráð fyrir því að loðnuskip fengju hluta af þessum uppbótum. Í þessu frv. er það ekki á þann veg. Uppbæturnar koma ekki til þeirra, þannig að hin hefðbundnu bolfiskveiðiskip fá stærri hluta af þessum uppbótum en hefði orðið ef brtt. stjórnarandstöðunnar hefði verið samþykkt á dögunum. Þetta er helsti munurinn á þessum tveimur tillögum, hv. þm.

[21:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er mér ekkert feimnismál að viðurkenna að ég hef ekki haft langan tíma til að skoða þetta frv. af þeirri einföldu ástæðu að það er nýframkomið og ég hef verið nokkurn veginn samfellt á fundum í efh.- og viðskn. síðan það birtist hér á borðum þingmanna. En ég spyr hæstv. sjútvrh. og bið hann að útskýra þá fyrir mér, í hvaða efnismun í þessu frv. er það fólgið að loðnuskip komi ekki til greina við úthlutunina? Eru að ekki aðrar ástæður sem hafa komið þar til sögunnar, þ.e. úthlutun á meiri veiðiheimildum til loðnuskipanna? Ég hef ekki séð í fljótu bragði að það komi fram í efnismun á milli þessara tveggja tillagna, því mér virðist fljótt á litið að hér sé í raun lögð til nákvæmlega sams konar meðferð á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs og gerð var með bráðabirgðalögum á síðasta fiskveiðiári og sams konar meðferð og við lögðum til. Hins vegar hafa forsendur e.t.v. breyst úti í þjóðfélaginu þannig að áhrifin af afgreiðslu frv. eru önnur. En ef hér er á ferðinni efnismunur, sem kemur fram í frumvarpstextanum, þá óska ég eftir því að hæstv. sjútvrh. verði mér hjálplegur og bendi mér á hann.

[21:06]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. til frekari glöggvunar hefði hann nú ekki einu sinni þurft að lesa frv. til þess að átta sig á þessum mismun því að það var gerð grein fyrir honum í framsöguræðu fyrir frv. En efnismunurinn er fólginn í því að það eru aðrar viðmiðanir varðandi úthlutun veiðiheimildanna en í fyrra frv. sem gera það að verkum að auknar veiðiheimildir til loðnuflotans leiða til þess að hann kemur nú ekki inn í þann hóp skipa sem fá uppbætur og það bætir hlut hinna hefðbundnu bolfiskveiðiskipa.

[21:08]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. sjútvrh. fyrir og þá er ljóst að það er hér eitt einasta efnisatriði eða öllu heldur ein tala sem er ofurlítið breytt frá því sem var í því frv. sem meiri hlutinn felldi hér fyrir nokkrum vikum síðan. Að öðru leyti eru það breyttar aðstæður úti í þjóðfélaginu sem valda því að verkun laganna er eilítið önnur nú en hún hefði kannski verið fyrr á ár-

inu og það er auðvitað ljóst að slíkt getur hent með lög og gerist gjarnan. En tæpara má það nú ekki vera satt best að segja, hæstv. forseti, þó það sé út af fyrir sig ánægjulegt að þessar breyttu aðstæður, þ.e. meiri úthlutaður loðnukvóti, komi mönnum til góða í því að það er hægt að ganga lengra til lagfæringar gagnvart bolfiskveiðiskipunum. Það breytir satt best að segja næsta litlu um bakgrunn þessa máls í mínum huga og sagan stendur eins og hún hefur verið og verður skrifuð um meðferð hæstv. ríkisstjórnar á þessu máli. En ég vona svo að til þess að greiða fyrir umræðunni verði hæstv. sjútvrh. fyrr eða síðar við óskum um að setja sig hér á mælendaskrá og gefi okkur ofurlitla innsýn í það hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst fyrir, ef eitthvað, í sambandi við almennar aðstæður greinarinnar, eins og þær blasa nú við.

[21:09]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Auðmýking hæstv. ríkisstjórnar er algjör. Hún hefur látið hafa sig í það að fella í tvígang tillögur stjórnarandstöðunnar sem eru efnislega samhljóða í öllum þeim atriðum sem mestu máli skipta um ráðstöfun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs og þá gerist það bæði á því fiskveiðiári sem nýliðið er og næsta ári og þetta gerir hún til þess eins að flytja sama mál hér inn á þing. Að sjálfsögðu var öllum orðið ljóst fyrir lifandis löngu að þetta er eina raunhæfa leiðin. Vandræðagangurinn, seinagangurinn og flumbruskapurinn er allur með eindæmum. Þau vinnubrögð að reyna að læðupokast með hagræðingarsjóðsmálið í skjóli bráðabirgðalaga annars vegar og jólanna hins vegar er auðvitað alveg út í hött. Ef hæstv. ríkisstjórn heldur að það taki enginn eftir þessu, þá skjátlast henni. Þetta blasir við öllum þeim sem málið varðar og ríkisstjórnin heldur ekki andliti með því að hundsa skynsamlegar tillögur okkar stjórnarandstæðinga heldur væri henni betra að viðurkenna þær. Þessi feluleikur breiðir ekki yfir vandræðagang ríkisstjórnarinnar almennt varðandi stjórn fiskveiða ef það er tilgangurinn, en sú umræða mun áreiðanlega bíða betri tíma.

Það liggur við að það læðist að okkur, alla vega stjórnarandstæðingum, sá grunur að ríkisstjórnin megi ekkert heyra nefnt, hvorki í nefndastarfi né í umræðum hér á Alþingi, sem minnir á sjó eða fisk vegna þess hve mikið vandræða- og feimnismál þetta er orðið og það þótt við höfum fengið í hendur þykkan doðrant, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

Þetta er einfaldlega nokkuð sem ég geri ráð fyrir að við munum í ljósi reynslunnar komast að að er jafnerfitt mál ríkisstjórninni nú og það hefur verið og ég held að ríkisstjórnin geri sér allra best grein fyrir því að þetta mál er síður en svo útkljáð, hvorki í röðum stjórnarsinna né vegna athugasemda og aðgerða stjórnarandstæðinga. En ég ætla ekki að eyða meiri tíma í þá umræðu nú, hún bíður síns tíma.

En hvaða frv. er þetta, sem er svo ósnertanlegt að mati ríkisstjórnarinnar að hún er að reyna að grafa það hér í jólaönnunum og í bráðabirgðalagasetningu, sem út af fyrir sig er bæði óþörf og óþolandi í öllum tilvikum? Þetta frv. felur fyrst og fremst tvennt í sér sem er áhersluatriði sem við í stjórnarandstöðunni höfum iðulega bent á og ekki síst Kvennalistinn. Annars vegar er með þessu frv. heimild til að ráðstafa veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs til að vega upp á móti sveiflum, í þessu tilviki aflasamdrætti, rétt eins og við kvennalistakonur höfum jafnan bent á að væri nauðsynlegt að hafa svigrúm til. Þetta var öllum ljóst þegar hinar draumórakenndu hugmyndir um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs voru til umræðu á síðustu missirum. Í þessum tilvikum er um það að ræða að veiðiheimildum verði útdeilt til skipa, en við kvennalistakonur höfum löngum bent á að það væri miklu nær að úthluta þeim til byggðarlaga. Hins vegar er ánægjulegt að einmitt í gegnum Hagræðingarsjóð var nú á þessu ári stigið það skref að úthluta kvóta til byggðarlags, rétt eins og heimilt er samkvæmt lögum um sjóðinn. Ég hef vissulega bæði nú og fyrr haft miklar athugasemdir við það hvernig þetta var framkvæmt, einkum eftir breytingu á þeirri lagagrein sem hér á við. Engu að síður gladdi það mig nokkuð að sjá að þar með var þeirri firru hrundið að það væri svo afskaplega erfitt í framkvæmd að úthluta kvóta til byggðarlaga, eins og menn látið í veðri vaka.

Það er annað atriði í þessu frv. og það er endurgjaldslaus úthlutun veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs, en þetta felst einmitt í frv. og þá meina ég felst í tvennum skilningi miðað við þá óskubuskumeðferð sem þetta blessaða frv. fær. Það er að sjálfsögðu mjög mikilvægt að halda þessu til haga því að ég vil bara minna á og rifja upp fyrir ykkur, hv. þm., sem fylgst hafa með fyrri umræðum um Hagræðingarsjóð, að það var nákvæmlega þetta svigrúm sem þurfti. Einnig vil ég rifja það upp að hér er í raun verið að gefa draumum sumra í Alþfl. um veiðileyfagjald langt nef, því ef Hagræðingarsjóður er stökkpallur í átt til upptöku slíks gjalds þá var þetta magalending á þeim palli, svona í þessari umferð a.m.k.

Það þarf ekki að endurtaka þá umræðu sem hefur verið um þetta atriði, en það er aldrei of seint að viðurkenna staðreyndir. Þessara veiðiheimilda var einfaldlega þörf og er þörf til réttlátrar útdeilingar á tíma aflasamdráttar. Ég bendi á að það geta komið til fleiri sveiflur vegna hinnar kolómögulegu stjórnar fiskveiða sem við búum nú við, þar sem kvótasala hefur bæði raskað stöðu margra byggðarlaga, útgerða og sett bæði einstaklinga, fyrirtæki og jafnvel heilu byggðarlögin í mikinn háska. Þetta er auðvitað meginatriðið. Það er ekki nóg með að við búum ekki við góða stjórn fiskveiða. Við höfum ekki tekið upp byggðakvóta enn, heldur búum við við svo vonda stjórn fiskveiða með það kvótabrask og það kvótaframsal og þá tilfærslu kvóta sem verður á milli byggðarlaga að það þyrfti jafnvel að hafa enn sterkari ákvæði í núverandi lögum um stjórn fiskveiða og öðrum þeim lögum sem þeim tengjast, svo sem hagræðingarsjóðsfrumvörpum af ýmsu tagi, bara til þess að koma í veg fyrir eða leiðrétta þær villur og þau vandræði sem núverandi kvótalög hafa leitt yfir okkur. Um þetta er í rauninni ekki deilt. Ég þarf ekki að rifja upp baráttu sjómanna gegn

kvótabraski. Ég þarf ekki að rifja upp stöðu sumra byggðarlaga, sumra fyrirtækja og þeirra fjölskyldna sem búa í þessum byggðarlögum og vinna hjá þessum fyrirtækjum. Þetta er hverjum manni ljóst og ég skil ekki þá tregðu og þá togstreitu sem verið hefur að horfast ekki í augu við staðreyndir og fara að framkvæma svolítið skynsamlega.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það skammarlega litla samráð sem haft er við sjútvn. ekki bara í þessu máli heldur í öllum málum og einkum er þetta alveg hreint forkastanlegt þegar það er beinlínis lögbrot að hafa ekki samráð við sjútvn. varðandi endurskoðunina á lögunum um stjórn fiskveiða. Við sem erum í sjútvn. eða áheyrnarfulltrúar þar höfum margoft bent á þetta og annaðhvort er þetta skortur á heyrn, skilningi eða vilja að hafa ekki tekið tillit til þessara ábendinga okkar, nema allt þetta sé. Og ég verð að segja að maður hlýtur að hafa vissar efasemdir um hvernig ráðamönnum sem haga sér svona er yfir höfuð treystandi fyrir stjórn landsins, ef þeim tekst ekki í þessu afmarkaða og mjög svo umræddu máli að heyra, skilja og fara eftir réttmætum ábendingum allra sjávarútvegsnefndarmanna sem margoft hafa úttalað sig um þetta og stjórnarsinnar hafa sem betur fer bent réttilega á þetta, rétt eins og við stjórnarandstæðingar. Þetta er hreinlega óþolandi og ég held að það hefði verið full ástæða til þess að hafa samráð við sjútvn. þegar þetta frv. lá fyrir og ég held að það hefði síður en svo skaðað frv. og það hefði áreiðanlega greitt fyrir framgangi þessa máls hér á Alþingi. En slíkur er feluleikurinn að það þykir frekar sæma að koma með þetta á elleftu stundu og ætla að keyra það í gegn í von um að það komi ekki upp á yfirborðið hvaða vandræðagangur hefur verið í kringum þetta.

Ég þarf ekki að fara nánar út í það hvers vegna við í stjórnarandstöðunni ætlum að ríkisstjórnin hagi sér svona í þessu máli, það hef ég þegar rakið og þeir sem á undan mér hafa talið, tveir þeir síðustu a.m.k.

Ég vil minna á það að í umræðu um málið fyrir liðlega ári síðan benti ég á að þolendur í þessu máli, þegar ekki er tekist á við vandann um leið og þarf að gera það og á þann hátt sem þarf, er fólkið sem missir atvinnu, sveitarfélög sem missa tekjur og veltu úr sveitarfélagi, sjómenn sem þurfa að þrengja að sér, fiskvinnslufyrirtækin sem geta stundum hvorki lifað né dáið og útgerðirnar sem standa höllum fæti af ýmsum ástæðum. Þessir aðilar hafa allir látið í ljós ósk sína með það að hægt sé að beita Hagræðingarsjóði til sveiflujöfnunar til þess að draga úr áföllum vegna kvótasamdráttar í öllum þeim fjölbreytileika sem upp getur komið. Vissulega er nöturlegt að það skuli hafa tekið allan þennan tíma og allar þessar krókaleiðir að koma þessu máli, ekki bara einu sinni heldur tvisvar, af stað. Ég ætla það þó að þrýstingur bæði innan þings og utan hafi fyrir löngu verið búinn að gera stjórnvöldum það ljóst að þarna var um raunverulegt mál að ræða, raunverulegan vanda og raunverulegar lausnir sem hægt var að finna. Auðvitað er búið að margræða þetta og takast á um þessi mál og vissulega að setja þetta inn í ráðstafanir ríkisstjórnar og með einum eða öðrum hætti að viðurkenna þetta. Ég held að þrátt fyrir það að málið sé efnislega vissulega jákvætt þá sé aðdragandi þess og þessi málatilbúnaður skaðlegur. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni í þessu máli og ég vona að við þurfum ekki í þriðja skipti í vor eða haust að standa frammi fyrir einhverju af þessu tagi enn og aftur vegna þess að ríkisstjórnin er að breiða yfir innbyrðiságreining, eitthvað mjög svo misskilið stolt, ég veit ekki yfir hverju það stolt ætti svo sem að vera, en það er kannski sært stolt, og að ríkisstjórnin hefur einfaldlega ekki tök á þeim málum sem brýnust eru hér eins og þegar alvöruvandamál koma upp. Það verður að draga saman afla. Ég er ekki að gagnrýna að það hafi verið niðurskurður á aflaheimildum, ég held að það hafi verið nauðsynleg varúðarráðstöfun vegna þess hvernig horfði um fiskstofna okkar. En það er jafnljóst að ef ekki er tafarlaust gripið til ráðstafana til þess að jafna þessar sveiflur og þessar skerðingar hjá þeim sem verst verða úti, þá getur slíkur niðurskurður og slíkar friðunaraðgerðir haft hliðarverkanir í för með sér sem bæði eru óþarfar og óþolandi.

Ég ætla ekki í 1. umr. að hafa fleiri orð um þetta mál. Ég veit að við stjórnarandstæðingar og ég vænti þess stjórnarliðar einnig, munum taka málefnalega á þessu. Rökin í þessu máli hafa í rauninni verið margtíunduð og ef ekki væri um þessi vinnubrögð að ræða þá væri þetta mál löngu komið í höfn.

Útbýting þingskjals:

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 86. mál, brtt. heilbr.- og trn., þskj. 397.

[21:24]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja að ég er tilbúinn til þess að liðka fyrir afgreiðslu þessa máls og ég hefði svo sannarlega viljað sjá það fyrr á borðum okkar þingmanna, því hér er um réttlætismál að ræða miðað við þá stöðu sem nú er í sjávarútveginum. Ég ætla ekki að hefja hér almennar umræður um stjórn fiskveiða, en ég vil þó segja að það er undrunarefni hversu erfiðlega það hefur gengið fyrir núv. ríkisstjórn að koma frá sér þýðingarmiklum málum sem snerta sjávarútveginn og fyrst og fremst er ég að tala um stjórn fiskveiða. Menn eru að kvarta yfir því, einnig þeir ræðumenn sem hafa talað á undan mér um þetta mál. En eitt virðist mér þó hafa unnist með þeim tíma sem farið hefur í að vinna í þessu máli hjá núv. ríkisstjórn að mér sýnist og harma það að allir flokkar hér á Alþingi hafi náð samstöðu um eitt atriði í þessu frv. ríkisstjórnarinnar nema Framsfl., en það er að koma því fram að leggja auðlindaskatt á íslenskan sjávarútveg. Ég sé ekki betur en allir flokkar á Alþingi hafi náð saman um það mál. Ég verð að segja að það eru mér mikil vonbrigði ef það skyldi vera svo að mikill meiri hluti skuli orðinn fyrir því í flokki sjálfstæðismanna, eins og mér virðist koma fram nú síðustu daga.

Ég ætla ekki að fjölyrða mikið um stjórn fiskveiða, en við framsóknarmenn munum gera það þegar það kemur til umræðu. Það er greinilegt að samstaðan í

ríkisstjórninni er ekki enn þá nægjanleg fyrir þessu máli og yfirlýsingar, ekki bara þingmanna heldur ráðherra ríkisstjórnarinnar, eru svo misvísandi að ég sé það raunverulega ekki eða skil hvernig hæstv. sjútvrh. ætlar að koma málinu í gegnum þingið að óbreyttu. En ég vil undirstrika að það er þá umhugsunarefni fyrir þá sem í þessari atvinnugrein starfa að nú við þær aðstæður sem í þjóðfélaginu eru og við þær aðstæður sem þessi grein, sjávarútvegurinn, hefur mátt búa allan þann tíma sem núv. ríkisstjórn hefur starfað, vonlausa rekstrarstöðu, að þá skuli menn láta sér detta það í hug og það allir flokkar á Alþingi, nema framsóknarmenn, að ætla að fara að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn.

Ég spyr hér einu sinni enn, ég er búinn að spyrja oft um það úr ræðustól: Með hvaða peningum á íslenskur sjávarútvegur að borga þennan auðlindaskatt þegar hann er rekinn með endalausu og stjórnlausu tapi, þannig að það blasir við að ævistarf manna er að brenna upp í höndum þeirra sem í þessari atvinnugrein starfa?

Virðulegur forseti. Það er umhugsunarefni fyrir okkur, en það mál er í sjálfu sér ekki hér á dagskrá, ég gæti haldið langa tölu um það og mun gera það þegar það kemur á dagskrá, en það er ljóst að öll þessi mál, í höndum núv. ríkisstjórnar, eru í uppnámi.

En, virðulegi forseti, ég sagði að ég mundi liðka fyrir afgreiðslu þessa máls sem hér liggur fyrir á þskj. 361, um aflaheimildar Hagræðingarsjóðs, og ég hef trú á því að það mál ætti að eiga þokkalega greiða leið í gegnum þingið vegna þess að í ágúst og september árið 1992, ef ég man rétt, þá flutti Framsfl. frv. um Hagræðingarsjóðinn. Alþb. og Kvennalistinn stóðu einnig að öðru frv. um málið. Þannig að mér sýnist að málið ætti þess vegna að eiga hér greiða leið í gegn, nema þá að stjórnarliðar komi í veg fyrir það og tefji það í meðferð sjútvn. eins og þeir hafa gert í langan, langan tíma í þeirri vinnu sem fram hefur farið hjá hæstv. sjútvrh. við að reyna að koma þessum málum í gegnum núv. ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Mér finnst menn hafa eytt of skömmum tíma í að spjalla um sjávarútvegsmálin. Það er rétt, eins og kom fram hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, að það er nöturlegt fyrir okkur alþingismenn að þurfa að fara heim í jólaleyfi og eiga ekki að koma aftur saman fyrr en einhvern tímann upp úr miðjum janúar, undir þeim kringumstæðum sem nú eru í þessari atvinnugrein. Þar er allt í uppnámi, verkföll blasa við og eins og ég sagði áðan, það sem er kannski ekki síður alvarlegt er sá rekstrarvandi sem að þessari grein steðjar.

[21:31]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt ræða hv. þm. hafi að mörgu leyti verið skynsamleg þá langar mig að spyrja hann um eitt sem mér þykir alveg með ólíkindum og hlýtur að vera einhver misskilningur hjá hv. þm. Hvað hefur hann fyrir sér í því að Kvennalistinn hafi áhuga á því að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn?

[21:31]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur margkomið fram í ræðum sumra kvennalistakvenna að þær telji það ekki óeðlilegt að um slíka gjaldtöku væri að ræða af sjávarútveginum. Það er alveg ljóst.

[21:32]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vona að hæstv. forseti afsaki orðbragðið, en þetta er þvættingur. Við höfum ekki léð máls á þessu, þvert á móti viljum við að aflaheimildum sé ráðstafað til byggðalaga og það án þess að gjald komi fyrir. Mér þætti gaman að vita hvað hv. þm. er að tala um.

[21:32]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er það ljúft og þegar við ræðum um stjórn fiskveiða, þegar það mál verður hér á dagskrá, þá mun ég gera grein fyrir afstöðu Kvennalistans og skýra hvað ég er að fara. En það hefur varla farið fram hjá þingheimi og ég veit ekki hvar þessi ágæta kvennalistakona hefur verið allan þennan tíma.

[21:33]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hv. þm. sagði seinast þá get ég upplýst það að ég hef verið m.a. í sjútvn. í góðu yfirlæti með hv. þm. og sótt þar alla fundi sem boðaðir hafa verið. Þeir hafa að vísu verið færri en skyldi. Mér er það bæði ljúft og skylt að gefa hv. þm. eintak af stefnuskrá okkar kvennalistakvenna ef hann velkist eitthvað í vafa um stefnu okkar því ég kalla það ekki að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn að vilja að kvóta sé ráðstafað til byggðalaga án þess að gjald komi fyrir. Ég skil ekki hvað hv. þm. er að fara og ég held að það sé ekki nokkur vegur að sitja uppi með það í þessari umræðu að hv. þm. segi af því bara og ég skal útskýra það seinna þegar hann kemur ekki með nokkur rök, neinar tilvísanir eða neitt sem styður hans mál. Þetta er eina ástæðan fyrir því að ég kem aftur upp í þessari umræðu því ég hafði ekki hugsað mér að lengja hana, við erum að fjalla um allt annað mál. En það er algjörlega óviðunandi að hér sé með farið með staðlausa stafi.

[21:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir ætla að verða snautlegur endir á þessari umræðu. Hér hafa hæstv. sjútvrh. og fleiri verið spurðir spurninga og beðnir að gera þjóðinni grein fyrir því hvað sé í vændum í sjávarútvegsmálum. Það vofir yfir allsherjarverkfall sjómanna, það vofir yfir allherjarvinnustöðvun í fiskvinnslu á Íslandi eftir nokkra daga og hæstv. sjútvrh. lætur ekki svo lítið við umræðu um það eina frv. sem hann hefur getað dregið inn á Alþingi til umræðu í allt haust að segja þjóðinni frá því hvað sé fram undan og hvað sé verið að reyna að gera til þess að koma í veg fyrir að það myndist sá voði í atvinnumálum sem er fram undan. Og hv. 1. þm. Vestf., hv. formaður sjútvn., hefur ekki látið sjá sig í ræðustól til að segja þinginu og þjóðinni

frá því hvaða hlutverki hann telur sig hafa að gegna í þessum málum. Það er búið að leggja fram frumvörp sjútvrh. sem eru í fullri andstöðu við þá sem tekist er á við í þessu verkfalli, þ.e. sjómennina. Það er yfirlýsing um að það eigi að brjóta sjómennina niður í verkfalli og það er á ábyrgð Alþingis hvernig þessi mál eru í dag. Ég vil spyrja hv. 1. þm. Vestf.: Telur hann ekki að hv. Alþingi beri ábyrgð á þessu máli? Það er í skjóli laga sem Alþingi hefur sett að þessir hlutir viðgangast sem sjómenn eru að reyna að brjóta af sér og það er búið að leggja fram frumvörp í þinginu sem ganga út á það að festa í sessi þennan ófögnuð. Ég tel að það hljóti að verða að líta þannig á að nú sé málið í höndum Alþingis. Ríkisstjórnin hefur greinilega tekið sína afstöðu, hún er sú að brjóta sjómenn niður í verkfalli. Það hefur ekkert annað komið hér fram.

Ég held að það sé ástæða til þess, hæstv. forseti, að menn íhugi alvöru þessa máls. Ég segi alveg eins og er að það vekur furðu mína að hlusta á hv. 4. þm. Norðurl. v. halda hér ræðu án þess að ræða það að nokkru marki hve alvarlega stefnir eftir að búið er að stjórna sjávarútvegi þjóðarinnar eftir forskrift framsóknar öll þessi ár. Nú vofir yfir sjómannaverkfall og við erum að fara í jólafrí. Það er þung ábyrgð þeirra framsóknarmanna í þessu og ég held að hann ætti að hæla sér minna af því að það sé samstaða í þeim flokki um sjávarútvegsmálin og hann ætti kannski líka að hæla sér svolítið minna af því að þeir hafi öðruvísi afstöðu og ábyrgari til sjávarútvegsins heldur en aðrir. Hverjir eru að borga auðlindaskatt í sjávarútveginum í dag? Það eru fjölmörg fyrirtæki og sjómenn í sjávarútveginum sem eru að borga stórkostlegan auðlindaskatt til þeirra sem hafa komist yfir veiðiheimildir. Þannig að það er bara fyrir hendi. Ég segi eins og er, ég veit ekki hvaðan hann hefur þær upplýsingar að Alþb. sé búið að taka afstöðu með því að það verði lagður einhvers konar auðlindaskattur á útgerðina. Eina tillagan sem hefur komið fram til umræðu á þinginu frá hendi Alþb. um þessi efni fylgdi þáltill. sem við lögðum fram á sl. vori og þar var um að ræða tillögu um aflagjald sem átti að nýtast alfarið fyrir útgerðina sjálfa. Ef hv. þm. er að tala um samþykkt Alþb. frá síðasta landsfundi þá stendur í þeirri samþykkt klausa um það að kanna megi með öðrum kostum að taka upp einhvers konar afgjald af auðlindinni og það er vegna þess að í þeim flokki eru til menn sem segja sem svo: Við sjáum að það er verið að taka auðlindaskatt af sjávarútveginum og við teljum að það eigi þá að skoða það, ef ekki er hægt að stöðva það, að sá auðlindaskattur fari til sameiginlegra þarfa en ekki til einhverra sægreifa eða einhverra sem finna leiðir til þess að braska í sjávarútveginum. En aðalatriði málsins núna er þetta: Ætla menn að fara hér í jólafrí? Ætlar hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórn að fara heim að éta jólasteikurnar án þess að menn viti neitt hvað á að gerast hér í kringum verkfall sjómanna og hvort það verður hægt að ná samstöðu í þinginu? Og ég segi það í fullri alvöru, ég trúi því bara ekki, hæstv. forseti, að það sé ekki hægt að finna leið til þess að þeir þingmenn sem vilja bera ábyrgð á breytingum á þessu kerfi fái tækifæri til þess að ræða saman, að ríkisstjórnarflokkarnir skulu reyna að halda þessum þráðum í höndum sínum þannig að málin leysist ekki með neinu móti. Það er ekki til einhver meiri hluti í þingum sem er á höndum ríkisstjórnarflokkanna. Það er ekki heldur til meiri hluti á höndum minnihlutaflokkanna í Alþingi, það er ekki til neinn meiri hluti í þessu þingi nema hann sé fundinn í öllum flokkum og ég segi það alveg eins og er að mér finnst að það sé ástæða til að gera þá kröfu til Alþingis að það sýni þá ábyrgð að fara ekki í jólafrí öðruvísi en þessu máli verði komið í þann farveg að það verði í alvöru farið að reyna að leysa það með samráði við sjómenn og þá sem þeir eru að reyna að takast á við í samningum.

[21:46]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja það við hv. þm. Jóhann Ársælsson að ég gat þess einmitt hér að það væri ömurlegt til þess að vita að þingið skyldi fara heim undir þessum kringumstæðum sem nú eru í þjóðfélaginu og eiga það yfir höfði sér að hér verði allsherjarverkfall hjá sjómönnum. Vissulega tek ég undir það með hv. þm. að auðvitað væri eðlilegt að hér yrði tekin upp almenn umræða um sjávarútvegsmálin en ekki undir þessum lið sem við förum að ræða þau mál, að hér yrði tekin upp almenn umræða um sjávarútvegsmál áður en við færum í jólaleyfi. Það væri auðvitað fullkomlega eðlilegt að slíkt væri gert vegna þess hve ástandið er alvarlegt í þessari grein. Og það skal ég taka undir og væri tilbúinn að taka þátt í.

Vegna þess að hv. þm. vék að Framsfl., hvernig viðskilnaður okkur hefði verið þegar við fórum með málefni sjávarútvegsins þá var hann nú ekki verri en svo, hv. þm., að tvö síðustu stjórnarárin Framsfl. var sjávarútvegurinn rekinn með hagnaði. Hann gerði meira en það að borga af skuldum sínum og við þurfum ekki að biðjast afsökunar á því. Og það voru nú fleiri heldur en framsóknarmenn sem komu að því að taka upp stjórnun fiskveiða. Við vorum ekki einir um það en vissulega lenti það á Framsfl. að leiða það mál. Ég kem auðvitað við kvikuna á þeim aðilum sem hér vilja nú verja sig og fría sig gegn því að tala hér fyrir auðlindaskatti. En það stendur hér eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á. Auðvitað er Alþb. að tala um það að koma á afnotagjaldi fyrir auðlindina. Þeir eru búnir að gera það lengi. Og það eru fleiri flokkar hér á Alþingi, allt of margir sem eru farnir að taka undir það væl og þær hugmyndir Alþfl. að borga aðgang að miðunum.

[21:47]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrst um þetta síðasta að Alþb. vilji láta borga aðgang að miðunum. Ég held að það sé ekki nema eðlilgt að það komi upp raddir í öllum flokkum því að það er verið að borga stórkostlega fyrir aðganginn að miðunum. Ég held að það sé ekki nema eðlilegt að það komi upp raddir í öllum flokkum því að það er verið að borga stórkostlega fyrir aðganginn í miðunum að kerfinu sem Framsfl. hefur verið hvað samheldnastur í að styðja. Og menn eru ekki

að borga neitt smávegis. Það er ekki verið að tala um nokkrar krónur. Menn hafa t.d. verið að borga núna 42 kr. fyrir að fá að fiska eitt kg af þorski núna í haust. Hvað kallar hv. þm. það? Er það ekki auðlindaskattur? Er þar ekki verið að borga fyrir aðganginn að miðunum? Og hvaða peningar eru notaðir til þess? Það er verið að nota skiptahlut sjómannanna til að borga það. Og það er um það sem verkfallið stendur sem er að fara af stað núna um áramótin. (**StG:** Hefur Framsfl. lagt það til?) Framsfl. hlýtur að hafa lagt það til (**StG:** Er það þá löglegt?) því að kerfið sem nú er í gildi hefur verið varið af Framsfl. a.m.k. fram að þessu. Þeir hafa að vísu ekki mætt mjög margir til umræðunnar hér í hv. Alþingi þegar verið er að ræða um galla kvótakerfisins. Þeir hafa svo sem ekkert verið að ómaka sig allt of mikið við það. En það er nú svona samt að undir þessu kerfi hefur þessi auðlindaskattur verið borgaður og ég held að þeir sem hann hafa fundið upp ættu kannski að tala minna og varlegar um auðlindaskatt en þeir gera. En hitt er annað mál að ég var alls ekki að tala um það hvernig hefði verið staðið að stjórnun að öðru leyti gagnvart sjávarútveginum. Hún var í góðum farvegi þegar síðasta ríkisstjórn fór frá. Ég tek undir með þingmanninum í því efni. Ég var að tala fyrst og fremst um það að það þarf að nást samstaða um að breyta þessu stórháskalega kerfi sem kvótakerfið er.

[21:48]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við þurfum ekki að vera að karpa um þetta, hv. þm. Jóhann Ársælsson, hann viðurkenndi það sem ég var að segja áðan og var kjarninn í því sem ég sagði um stefnu Alþb. Við höfum rætt hana hér áður og það hefur ekkert verið ágreiningur þar um. Við höfum túlkað hana báðir eins og hún er skýr. En ég vil segja hv. þm. að það er alveg ljóst hjá okkur framsóknarmönnum að það hefur aldrei hvarflað að okkur að sjómenn ættu að taka þátt í því að fjármagna einhver kaup á veiðirétti. Það hefur aldrei hvarflað að okkur framsóknarmönnum.

[21:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur verið formaður sjútvn. þingsins. Hann hefur sjálfsagt manna mest starfað að því að koma þessu í lög sem hér gildir um stjórn fiskveiða. Hann veit vel hvernig þessi lög hafa síðan virkað. Hann veit alveg nákvæmlega hvað er að gerast. Hann veit hvernig er keypt og selt í sjávarútveginum og hann veit hverjir þurfa að borga þennan auðlindaskatt. Hann veit að það eru sjómennirnir og hann veit að það eru kvótalitlu útgerðirnar sem borga hann. Hann veit miklu meira en hann lætur uppi í ræðustól á Alþingi.

[21:50]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Hagræðingarsjóð og hafa nú ýmsir hv. þm. hlaupið um víðan völl og farið yfirleitt inn á gang sjávarútvegsmála í heild en ekki þetta frv. Ég tel frv. vera til mikilla bóta frá því sem verið hefur. Ég hef verið óánægður með þá tilhögun sem í gildi hefur verið og var í gildi fram á síðasta haust og ég fagna því að frv. um þetta efni er nú komið fram.

Ég ætla ekki að fara hér inn á fiskveiðimálin almennt en tel mig þó knúinn til þess vegna fyrirspurna frá hv. 3. þm. Vesturl. um það hvað formaður sjútvn. ætli að gera í sambandi við væntanlega vinnudeilu. Ég hef aldrei vitað til þess að formaður í einni þingnefnd hafi farið að skipta sér af vinnudeilum. Við höfum sett lög um vinnudeilur. Við höfum embætti sáttasemjara í vinnudeilum, ríkissáttasemjara. Hann hefur sína aðstoðarmenn og það er hans hlutverk að leiða deiluaðila saman. Það hefur ekki verið reynt til þrautar hvort hér væri hægt að ná samkomulagi eða ekki. Það er hlutverk þessara aðila en ekki nefndar á Alþingi.

Ég spyr hv. þm. hvenær nefnd eða nefndarformaður á Alþingi hafi gripið inn í vinnudeilu á því augnabliki þegar verið er að reyna sættir á milli deiluaðila. Ég kannast ekki við það þó ég sé búin að vera hérna í 30 ár og jafnvel þó við förum lengra aftur í tímann. Ég skil ekki hvað menn eiga við með því að ætla mönnum þetta hlutverk.

Hitt má svo liggja á milli hluta og það kemur að því að um það verði deilt, um fiskveiðistjórnun og mér finnst nú hálfleiðinlegt karp á milli hv. 3. þm. Vesturl. og 4. þm. Norðurl. v. hvor eigi meira eða minna í þessu kvótadrasli sem hefur verið hér við lýði á undanförnum árum. Ég held bara að það hafi ekki gengið hnífurinn á milli þessara flokka og því miður allt of margra í núverandi stjórnarflokkum líka. En það hefur þó heldur verið hamlað þar af ákveðnum mönnum. En mér er auðvitað alveg sama þótt þeir karpi um það hvort annar flokkurinn á 51% sök á því en hinn 49 eða hvort þeir vilja mætast þá á miðri leið og eiga 50% hvor. Ég hugsa að það sé miklu nær sanni.

Ég tel því enga ástæðu til þess á þessu stigi að fara að ræða hér um þessa vinnudeilu. Ég hef mínar tilfinningar og ég hef mínar skoðanir gagnvart deiluaðilum í þessum efnum en það verður að fara rétta boðleið. Sjómenn hafa sagt upp samningum. Þeir hafa hótað verkfalli um áramót. Einn sjómaður sagði hér í dag að því mundi verða vísað til félagsdóms. Ég veit ekki hvort það er satt eða rétt og á meðan slíkt stendur fyrir dyrum, þá tel ég fráleitt að tala um það að Alþingi fari að blanda sér í málið. Það er að taka fram fyrir hendurnar á ríkissáttasemjara með slíku atferli.

[21:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú nokkuð hissa á orðum hv. formanns sjútvn. hér. Í fyrsta lagi vona ég að ekki beri að skilja orð hans um það að þingmenn hafi farið út um víðan völl í umræðum um þetta mál og rætt sjávarútvegsmál almennt sem svo að formaður sjútvn. amist við því að sjávarútvegsmál séu tekin hér á dagskrá og þyki það svo heldur óþarfi að vera að ræða meira um efni þessa merkilega frv. um Hagræðingarsjóð sem hv. þm. er áreiðanlega stoltur af að styðja sem stjórnarliði, þröngt.

Í öðru lagi er það auðvitað þannig að þetta er ekki

venjuleg vinnudeila, hæstv. forseti, sem hér er á ferðinni. Það vita allir hv. þingmenn. Það að fjalla um þetta eins og einhverja óviðkomandi og venjulega vinnudeilu úti í bæ þar sem verið væri að fjalla um krónur eða aura á tímann er ósköp einfaldlega barnalegt því að það ættu allir hv. alþm. að vita og a.m.k. þeir sem eitthvað sérhæfa sig í sjávarútvegsmálum hér á þinginu að þessi deila snýst um annað og það væri harla sérkennilegt og mikill heilagleiki, verð ég að segja, af hv. alþm. og sjávarútvegsnefndarmönnum að vísa því með öllu frá sér að það sé Alþingi á nokkurn hátt viðkomandi hvað þessi deila fjallar um. Þessi deila er sprottin af afleiðingum þeirra laga um stjórn fiskveiða, sem eru í gildi í landinu, laga sem átti reyndar að vera búið að ljúka endurskoðun á fyrir ári síðan. Og *ég segi það alveg eins og er að mér þykja menn* almennt séð orðnir nokkuð heilagir gagnvart vinnudeilum í landinu ef það er allt í einu orðið svo að Alþingi má hvergi nálægt því koma og hvergi hafa þar nein áhrif á, hvað þá að reyna nú að leysa deiluna eins og ég skildi orð hv. seinasta ræðumanns. Þessu er ég ósammála. Ég fullyrði að það getur enginn nema Alþingi í raun og veru leyst efni þeirrar deilu sem risin er vegna sjávarútvegsstefnunnar vegna þess að þetta eru átök um afleiðingar þeirra laga sem gilda um framkvæmd mála í sjávarútvegi. Það hljóta allir menn að viðurkenna.

[21:54]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef síður en svo á móti því að sjávarútvegsmál komi til umræðu. En ég þarf ekki endilega að blanda því við þetta eina mál. Ég endurtek að þetta er vinnudeila og henni hefur verið vísað til ríkissáttasemjara. Og það er ekki fyrr en ríkissáttasemjari gefst upp á þessari vinnudeilu ef til þess kemur eða deiluaðilar verða sammála um að vísa tilteknum atriðum sem um er að ræða til Alþingis. Ég sé heldur enga ástæðu til þess ef menn komast að þeirri niðurstöðu undir forustu ríkissáttasemjara að Alþingi taki þá málið upp ef það fer á þann veg og þá er engin ástæða til þess að rembast við að fara í verkfall endilega á áramótum því að það er ekki einu sinni full samstaða um það hjá öllum sjómönnum. Vestfirðingar eru t.d. ekki á því. Ástæðan fyrir því er sú að þeir byrja haustvertíð í byrjun október og eru á miðri vertíð þegar aðrir eru ekki byrjaðir svo að þeir eru ekkert að svíkjast undan merkjum gagnvart félögum sínum. En svona verður gangurinn að vera hvort sem mönnum líkar það betur eða verr.

[21:56]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að menn átti sig á því að þessi deila og þessi verkfallsboðun er mjög sérstaks eðlis. Menn hafa væntanlega frétt af fundahöldum forustumanna sjómanna um allt land á undanförnum vikum þar sem þeir hafa kynnt sína afstöðu og sína kröfugerð. Menn muna væntanlega viðbrögð forustumanna sjómannasamtakanna við tvíhöfða skýrslunni. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Vestf. að þessi deila er að forminu til vinnudeila og að forminu til beinast kröfurnar að viðsemjendum sjómanna enda hafa þeir ekki aðra til þess að beina kröfum sínum gegn samkvæmt lögum um vinnudeilur. Og þessi deila er að forminu til vinnudeila og snýst um kjör vegna þess að afleiðingar kvótakerfisins hafa kjaraáhrif gagnvart sjómönnum. Það er ekki á valdi Vinnuveitendasambandsins að leysa þann hluta málsins því það fer ekki með lagasetningarvaldið og ég held að það væri óvenjumikill barnaskapur miðað við kjaradeilur almennt að reikna með því að þessi deila hljóti ekki að þurfa að koma til kasta þingsins ef hún á að leysast eins og hún er fram sett, kröfurnar í þessar deilu eru fram settar. Auk þess sem ég kannast ekki við annað en að Alþingi og ríkisstjórnir hafi á undanförnum árum nánast sem regla en ekki sem undantekning komið að *vinnudeilum á hinum ýmsu stigum þeirra með því* hugarfari að reyna að leysa þær. Mér finnst menn fjalla um þessa stöðu sem uppi er nokkrum dögum fyrir áramót og verkfallsboðunina með býsna miklu andvaraleysi, það verð ég að segja. Enn hefur ekki dregist orð upp úr hæstv. sjútvrh., ekki orð um þetta mál, sem þegir þunnu hljóði þó aðrir séu farnir að ræða það og ég er ekki sammála þeirri uppstillingu formanns sjútvn. að það væri óeðlileg íhlutun þó að til að mynda sjútvn. kallaði deiluaðila til sín og fengi frá þeim upplýsingar um stöðu deilunnar og þreifaði fyrir sér um það hvort hægt væri að afstýra því stórslysi sem allsherjarverkfall er.

[21:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir töluverðum vonbrigðum með ræðu hv. 1. þm. Vestf. einfaldlega vegna þess að ég held að hann skilji það mjög vel að það þarf að leita einhvers hóps sem vill bera ábyrgð á breytingu á lögunum um stjórn fiskveiða hér í Alþingi til þess að það sé hægt að leysa þau vandamál sem sjómenn eru að takast á við í þessu verkfalli. Og það þarf þess vegna að nota þann tíma sem fyrir hendi er til að gera það. Ég tel að hv. 1. þm. Vestf. hafi til þess möguleika meira heldur en aðrir menn hér í hv. Alþingi og ég held að það væri til heilla fyrir þingið sem ber auðvitað alveg sérstaka ábyrgð á þessu deilumáli vegna þess að lögin um stjórn fiskveiða hafa misheppnast með þeim hætti að sjómenn eru látnir bera kostnaðin af kvótabraski hér allt í kringum landið. Og hverjir aðrir en alþingismenn ættu að finna fyrir þeirri ábyrgð? Það er það sem ég held að þingmenn þurfi að hugsa um. Og það er þess vegna sem á að fara að leita samstöðu um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem geta komið til móts við sjómenn í þessari deilu. Og ég *bið menn bara að vera ekki að festast of mikið í* þessu fari sem hér er, að stjórnarliðar haldi ekki þessum málum í sínum höndum og komi í veg fyrir að það sé hægt að ná saman einhverjum hópi manna hér í þinginu. Við vitum ósköp vel að flokkarnir eru meira og minna klofnir í afstöðunni til þessa máls. Og ef það á að nást farsæl niðurstaða þarf að leita samráðs og hóps sem vill bera ábyrgð á breytingum á kerfinu.

[22:02]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bað um að fá að veita andsvar að gefnu tilefni þar sem hv. 1. þm. Vestf. nefndi það að verið gæti að yfirvofandi sjómannaverkfall færi fyrir félagsdóm, þá vildi ég vekja athygli hans á því að fyrir þinginu liggur, og raunar reynt að hraða því máli af hálfu stjórnarsinna, frv. sem gæti gerbreytt gangi mála fyrir félagsdómi ef að lögum yrði í því ástandi sem stjórnarsinnar vilja sjá það. En það er varðandi öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þar er nefnilega eins og frv. lítur nú út ákvæði um það að ef málum er vísað til félagsdóms, þá sé hægt að tefja þar mál, það er að vísu ekki þannig orðað en það er hægt að tefja mál í reynd sem venjulega ganga hratt fyrir sig hjá félagsdómi, enda er það eðli þess dóms með því að biðja um álit frá EFTA-dómstólnum og þetta er sem sagt hægt að biðja um samkvæmt því frv. eins og það lítur út fyrir núna sem liggur fyrir þinginu og ég vil benda hv. þm. á það að ef hann lítur á það sem lausn í þessu máli að félagsdómur fjalli um það, þá reyni hann nú að tala um fyrir samherjum sínum á Alþingi að það verði þá ekki gert útilokað að nýta félagsdóm í þessu skyni.

[22:04]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er nú komið fram frv. þar sem gert er ráð fyrir því að ráðstafa aflaheimildum Hagræðingarsjóðs til að vega upp á móti skerðingu þorskveiðiheimilda. Ég verð að lýsa hér stuðningi við það að svo miklu leyti sem það mun gilda. Þetta er orðinn árviss viðburður að fram komi frv. sem gengur í þá veru sem við kvennalistakonur höfum lagt til að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs sé úthlutað á þennan hátt til þess að koma til móts við þá skerðingu sem orðið hefur.

Ég vil samt sem áður beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvernig sé með umsóknir sveitarfélaga, hvort sveitarfélög geti einnig fengið úthlutað úr Hagræðingarsjóði núna endurgjaldslaust þar sem hér segir að útgerðum sé úthlutað en það kemur fram í greinargerð að sveitarfélagi hafi verið boðinn áður forkaupsréttur að þessum veiðiheimildum. Ég vildi vita hvernig það mál er núna, hvort þau koma þá til greina hér alveg eins og útgerðir.

Svipað mál var inni á þingi í haust og var fellt. Það er nokkuð sérstök aðstaða að standa frammi fyrir því að það sé verið að leggja til sams konar mál sem ríkisstjórnin stendur að og vill fá samþykkt.

En eins og ég segi, það var mjög nauðsynlegt að þetta kæmi fram og þó fyrr hefði verið, að hægt væri að ráðstafa þessum aflaheimildum Hagræðingarsjóðs.

Hér hefur nokkuð verið rætt um það í framhaldi af þessu frv. þar sem hér er um sjávarútvegsmál að ræða, hvort leyfa eigi í raun og veru sölu veiðiheimilda. Ég tel að það sé nokkuð sem þyrfti löngu að vera búið að taka á í sambandi við stjórn fiskveiða, þ.e. að leyfa ekki sölu veiðiheimilda á milli skipa. Það er það sem við stöndum frammi fyrir í dag og vegna þess að þetta sjómannaverkfall sem líklega mun skella á er einmitt til komið vegna þess að hér er verið að mótmæla þeirri sölu veiðiheimilda sem sjómenn þurfa nú í sívaxandi mæli að taka á sig. Ég vil koma því hér á framfæri í örstuttu máli að ég tel að sú stefna að selja óveiddan fisk í sjó sé m.a. ein af ástæðunum fyrir því hvernig útgerðarfélög í landinu standa núna. Og ábyrgðin á því er vissulega stór hjá Framsfl. Ég mótmæli því algerlega að Kvennalistinn hafi hingað til haldið því fram að það eigi að leggja auðlindaskatt á útgerðina. Það er sú stefna sem við höfum mælt á móti að óveiddur fiskur í sjó væri seldur, hvort sem það væri á milli skipa eða hvernig sem það er nú gert, en það var fyrir forustu Framsfl. að þetta ákvæði er inni í lögunum. Og það er vissulega rétt sem hefur komið fram í þessum umræðum að í dag er auðlindaskattur. Menn geta ekki komist fram hjá því, það er auðlindaskattur og hann er kominn á fyrir tilstuðlan Framsfl. sem hér stendur svo og mótmælir auðlindaskatti. En auðlindaskatturinn fer bara ekki í sameiginlegan sjóð. Hann fer aðeins á milli þeirra sægreifa sem hafa efni á því að kaupa þessar heimildir.

Það sem Kvennalistinn hefur lagt til er eins og hér hefur komið fram áður að úthlutað sé meiri hluta af veiðiheimildum til sveitarfélaga sem síðan ráðstafi þeim. Hins vegar hefur Kvennalistinn lagt það til að t.d. 20% af heildarafla geti runnið í veiðileyfasjóð sem sé þá til ráðstöfunar vegna sérstakra ástæðna, þ.e. eins konar hagræðingarsjóður, eða ef ekkert annað þarf þá er hægt að ráðstafa honum í sameiginlegan sjóð sem sé til ráðstöfunar fyrir sjávarútveginn sjálfan. En að við viljum leggja á auðlindaskatt á allan sjávarútveg og selja allar veiðiheimildir er alger rangfærsla og það vil ég ítreka hér.

[22:10]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við eigum kannski ekki að vera að eyða þessari stund í að karpa um stjórnun fiskveiða undir þessum lið því að hér er annað mál á dagskrá þó að það vissulega snerti stjórnun fiskveiða að nokkru leyti. En að gefnu tilefni vil ég samt segja það hér og rétt minnast á eitt og varpa spurningu fram, það verður þá að ráðast hvort henni verður svarað núna eða síðar þegar við fjöllum um stjórnun fiskveiða. Er það nú virkilega svo að það hafi verið Framsfl. sem réði því eða var við stjórnvölinn þegar fyrst var farið að tala um að setja kvóta og kvóti var settur á í sjávarútvegi? Er það svo? Eru menn virkilega búnir að gleyma því að það er kvóti á öðrum fisktegundum en bara botnfiski og þorski? Hvaða ár skyldi það hafa verið þegar kvóti var settur á loðnuveiðar? Ætli það hafi ekki verið í kringum 1977 eða 1978 þegar hv. þm. Kjartan Jóhannsson, fulltrúi Alþfl., fór með málefni sjávarútvegsins? Hver ætli hafi farið með málefni sjávarútvegsins þegar kvóti var settur á humar, síld og rækju, hver ætli hafi verið í sjútvrn. þegar kvóti var settur á vinnslustöðvar í rækju? Halda menn að það hafi verið framsóknarmenn? Það er eins og mig minni að það hafi verið einhverjir aðrir.

En það er rétt, við framsóknarmenn og ég, eins og

hv. þm. vék hér að, áttum þátt í þessum kvótalögum. Ég biðst ekki afsökunar á mínum þætti í þeim málum. Ég var formaður sjútvn. og þess vegna mæddi það nokkuð á mér og ég er ekki að fría mig ábyrgð í því. Ég tel að þessi lög sem við búum við séu þokkaleg lög og það illskásta sem við gátum fundið upp og það var unnið að því á virkilega annan hátt heldur en nú hefur verið gert, reynt að ná sem víðtækastri sátt í þeim efnum. Og það var ekki barasta við sjómenn og útgerðarmenn sem þá var talað. Það var líka reynt að ná sátt við fólkið í landi, fiskverkafólkið en mér finnst nú að þeir sem tala um sjávarútvegsmál og stjórnun veiða muni ekki eftir þeim þættinum og þeim hópi fólks sem á jafnmikilla hagsmuna að gæta. Í þessum lögum var reynt að tryggja það að þeim siðum væri hætt að mæta að morgni og segja þessu fólki að fara heim að kvöldi og vinnan væri bara búin. Og það er auðvitað þetta sem menn eru nú að reyna að skapa undir þessum lögum. Það er það að byggja hér upp verksmiðjurekstur í þessari atvinnugrein og það er auðvitað það sem þarf að koma.

Að endingu vildi ég spyrja hv. þm. og ágætan vin minn Jóhann Ársælsson hvort hann telji virkilega að í núverandi lögum um stjórnun fiskveiða sé gefin heimild til þess að sjómenn taki þátt í kaupum á óveiddum fiski. Telur hv. þm. að það standi í núverandi lögum um stjórnun fiskveiða?

[22:14]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg nú að það gegni allt öðru máli með kvóta í loðnu þar sem þar þurfi Íslendingar að semja við Grænlendinga og Norðmenn um úthlutaðan kvóta eða það sem hægt er að veiða úr þessum sameiginlega stofni. Það gegnir í raun og veru allt öðru máli en með þorskkvóta og annan þann kvóta hér í okkar tegundum sem við erum að selja hér á milli skipa. Það gegnir einnig öðru máli með rækjuna þar sem vinnslustöðvarnar byrjuðu þær veiðar og áunnu sér þannig rétt til þess að veiða. Þannig að þar er um eins konar byggðakvóta að ræða. Það gegnir allt öðru máli.

[22:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. spurði mig að því hvort ég teldi að í lögunum um stjórn fiskveiða væri ákvæði sem gæfi leyfi til þess að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum. Það stendur vissulega ekki skýrum stöfum í lögunum um stjórn fiskveiða að sjómenn geti eða eigi að taka þátt í kvótakaupum. En það er samt þannig að ég býst við því að hv. þm. sé mér sammála um að það séu ekki ólögleg viðskipti sem fara fram þegar fyrirtæki eru að láta fiska fyrir sig samkvæmt lögunum um stjórn fiskveiða, að framselja aflaheimildir. Þannig er náð samningum um lægra fiskverð og með þeim hætti er skiptahlutur sjómanna skertur og það er þannig ekki ólöglegt að láta sjómenn borga brúsann og það er það sem er gert allt í kringum landið. Það er fyrst og fremst um það sem átök sjómanna við útvegsmenn standa núna og það er það sem hv. Alþingi þarf að taka til skoðunar og gera breytingar á að það verði ekki hægt að komast aftan að samningum sjómanna eins og gert er með því að þessi viðskipti geti gengið svona fyrir sig.

Útbýting þingskjala:

Veiting ríkisborgararéttar, 216. mál, nál. allshn., þskj. 400; brtt. allshn., þskj. 401.

[22:16]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vestf. flutti athyglisverða ræðu áðan og það væri æskilegt að gert væri boð eftir honum ef hann væri enn þá hér í húsinu.

Hv. 1. þm. Vestf. er formaður sjútvn. Alþingis. Hann lýsti þeirri skoðun áðan að það væri verkefni sáttasemjara að finna lausn á þeirri deilu sem upp er komin milli sjómanna og útgerðar og ef ríkissáttasemjari teldi að nauðsynlegt væri að gera breytingar á lögum til þess að leysa deiluna eins og reyndar oft hefur verið gert, þá mundi koma til kasta þingsins í þeim efnum. Þetta er mjög athyglisverð yfirlýsing. Með henni er formaður sjútvn. Alþingis að opna á þá leið að ríkissáttasemjari geti leitað eftir breytingum á löggjöf um veiðar og komið með þær hugmyndir til sjútvn. Alþingis og óskað eftir því að þær verði settar í lög. Það var ekki hægt að skilja ræðu hv. 1. þm. Vestf. á annan veg en þann að hann væri að bjóða upp á samvinnu milli þingsins og ríkissáttasemjara til þess að leysa þessa deilu. Og ég fagna því að hv. 1. þm. Vestf. er kominn hér í salinn. (**MB:** Gerið þið það líka í Rússlandi að fylgjast með þeim?) Ég var að víkja að því, hv. þm., að í ræðu sem þingmaðurinn flutti fyrr í kvöld, þá vék hann að því að það væri verkefni ríkissáttasemjara að leita lausna í þeirri deilu sem upp er komin og er mjög hörð og mjög erfið milli sjómanna og útgerðar. Þar með hlýtur það eðli málsins samkvæmt að vera einnig á því sviði að skoða breytingar á skipulagi veiða, enda vita það allir hér í þessum sal að það er eitt harðasta deiluatriðið í þessari deilu og formaður sjútvn. Alþingis lýsti því að ef ríkissáttasemjari fyndi lausnir á þeim þætti málsins þá kæmi til kasta þingsins að festa þær breytingar í lögum. Og ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs hér var að ég gat ekki skilið þessi ummæli hv. 1. þm. Vestf. og formanns sjútvn. á annan veg en þann að hann væri að opna á samstarf sjútvn. og ríkissáttasemjara um lausn á deilunni.

Þetta finnst mér vera mjög mikilvæg yfirlýsing. Hvers vegna? Ástæðan er sú að það vita allir að hæstv. sjútvrh. er staddur í þeim þrengingum í þessum málum að hann getur sig ekkert hreyft. Hann er í raun og veru orðinn máttlaus í málinu. Þess vegna er gjörsamlega vonlaust að hann geti haft nokkra forgöngu um það að leysa þessa deilu. Framkoma ráðherrans og þögn í þessum umræðum er í raun og veru staðfesting hans á því hve máttleysi hans sjálfs er mikið. Það er mjög merkilegt að hv. þm., núv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, skuli vera kominn í þá stöðu sem hvorki fyrirrennari hans, hv. 1. þm. Austurl., né hv. 1. þm. Vestf. þegar hann var sjútvrh., hefðu látið setja sig í, að sjútvrh. hefur bókstaflega ekkert svigrúm til þess að geta

haft atbeina, hvað þá heldur frumkvæði, að því að leita lausnar á þessari hörðu deilu sjómanna. Sjútvrh., sem er búinn að láta spila sér út í þetta horn, er í raun og veru búinn að gera sig máttlausan og gagnslausan í embætti. Þess vegna er kannski skiljanlegt að hæstv. sjútvrh. sitji bara þegjandi í umræðunni þrátt fyrir að spurningar séu bornar fram við hann og ásakanir í hans garð séu með þeim hætti að sjútvrh. með sjálfsvirðingu mundi grípa til svara.

Hvað á þá að gera, hv. 1. þm. Vestf.? Á að láta þessa deilu vera í hnút? Ég held að við hljótum báðir að vera sammála um að það gengur ekki. Þeir fundir sem sjómannasamtökin hafa efnt til hafa að mörgu leyti verið nokkuð einstakir, a.m.k. á síðari árum. Ég hef haft nokkrar spurnir af þeim í mínu kjördæmi og einnig í öðrum kjördæmum. Þær frásagnir sem ég hef fengið frá þessum fundum benda til þess að óvenju mikil harka sé í afstöðu sjómanna í þessum efnum.

Ég held líka að við getum báðir verið sammála um það, ég og hv. 1. þm. Vestf., að þeir menn sem eru í forustu fyrir sjómannasamtökunum í þessari kröfugerð eru ekki líklegir til þess að láta beygja sig. Á þá að horfa upp á það að flotinn festist í verkfalli eftir tvær vikur eða svo? Hefur það ekki verið eitt helsta vonarmerki breytinga í íslensku efnahagslífi að hér væri að takast kannski sæmileg sátt á vinnumarkaði ásamt vaxtalækkun og öðrum þeim skilyrðum sem gætu leitt til þess að forsvarsmenn í atvinnulífi færu að beita sér fyrir þeim breytingum sem nauðsynlegar eru á skipulagi fyrirtækjanna? Því sálræna ástandi verður svipt í burtu ef hér hefst langvinnt sjómannaverkfall um áramótin. Eiga þá stjórnvöld að horfa aðgerðarlaus á það og segja: Málið er hjá sáttasemjara. Sáttasemjari ríkisins á enga möguleika til þess að hreyfa sig í málinu miðað við kjarna deilunnar nema hann hafi einhvern aðila sem væri reiðubúinn að flytja þá efnisþætti inn á þjóðþingið með von um að þeir yrðu samþykktir. Og eins og ég vék að áðan, en ætla ekki að rökstyðja nánar vegna þess að ég tel það þarflaust, þá er hæstv. sjútvrh. orðinn gjörsamlega gagnslaus í þeim efnum. Það er ekki ásökun í mínum orðum hvað þá lýsingu snertir. Það er bara viðurkenning á staðreyndum.

Það sýnir hins vegar visst geðleysi að sitja í þeirri stöðu. Þá er enginn annar aðili en sjútvn. þingsins sem getur beitt sér með árangri. Þess vegna finnst mér það vera mjög mikilvægt að í þessari umræðu hafi 1. þm. Vestf., formaður sjútvn., opnað á þann möguleika, ég gat ekki skilið orð hans á annan veg, að ef ríkissáttasemjari teldi nauðsynlegt að leita leiða til þess að finna lausn á deilunni eftir þessum leiðum þá væri vilji af hálfu 1. þm. Vestf. til þess að koma til samstarfs í þessum efnum.

Ég held þess vegna að það sé mjög mikilvægt að deiluaðilar og ríkissáttasemjari viti það áður en þinginu lýkur hverjir eru tilbúnir til þess á Alþingi að veita lausninni þingmeirihluta. Við erum að afgreiða þessa sólarhringana viðamikil frumvörp sem eru forsenda kjarasamninga ASÍ og VSÍ, forsenda þeirra kjarasamninga. Það er algengara en ekki á síðari árum að lagasetning á Alþingi sé forsenda sáttar í vinnudeilum og kjarasamningum. Spurningin varðandi sjómannaverkfallið er: Hver ætlar að ganga í það verk að mynda þingmeirihluta á bak við þær breytingar sem nauðsynlegar eru til að leysa þá deilu? Eða ætlar enginn að gera það? Hæstv. sjútvrh. hefur verið spurður að því í kvöld hvort hann er reiðubúinn að beita sér fyrir því, en ekkert svar hefur fengist.

Þess vegna finnst mér þáttur 1. þm. Vestf. í þessari umræðu hafa verið athyglisverður að ég tel að hann hafi á sinn hátt opnað á að menn skoðuðu það á næstu dögum að ganga þannig frá málum áður en þing fer heim að ef deiluaðilar og ríkissáttasemjari telja nauðsynlegt þá getur meðal þingmanna myndast nauðsynlegur þingmeirihluti. Það er fullkomið ábyrgðarleysi að þingið fari heim með yfirvofandi sjómannaverkfall án þess að það liggi fyrir hver er reiðubúinn að beita sér fyrir þeirri lagasetningu sem nauðsynleg er til að leysa deiluna.

[22:29]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í raun og veru þarf ég ekki að endurtaka það. Ég hef sagt að þessi vinnudeila er í höndum ríkissáttasemjara og það verður hans að leita sátta en ef þær sættir takast ekki verður fyrst og fremst að koma til kasta ríkisstjórnarinnar. Ég hef setið í ríkisstjórn og það oftar en einu sinni og hef oft þurft að beita mér fyrir því að koma á sáttum. Stundum hefur maður þurft að beita sér fyrir lögum þegar sættir hafa ekki gengið, en það hefur verið reynt til hins ýtrasta.

Ég sagði áðan að ég frétti það frá einum leiðtoga sjómanna, ekki útgerðarmanna, að útgerðarmenn ætluðu með verkfallshótunina fyrir félagsdóm og ég tel fráleitt að Alþingi fari að skipta sér af málinu á meðan. Það getur orðið til þess að það verður einhver frestun á verkfallinu. Verði engin frestun á verkfallinu þá er ég alveg öruggur um að ríkisstjórnin hlýtur að taka málið í sínar hendur og hún hlýtur þá að hafa samvinnu við þá menn sem eru innan þingsins og vilja komast hjá því að flotinn stöðvist.

[22:30]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vestf. fyrir þetta andsvar. Það var mjög skýrt. Það er satt að segja fagnaðarefni að það er talað mjög skýrt í þessum málum. Það hefur nokkuð skort að af hálfu ríkisstjórnarinnar væri talað jafnskýrt og hv. 1. þm. Vestf. gerði hér. Ég er alveg sammála honum um að það er eðlilegt að verði málinu vísað til félagsdóms séu engar ákvarðanir teknar um hvað gera eigi í málinu fyrr en úrskurður hefur þar fallið. Það er enginn ágreiningur milli okkar í þeim efnum. Ég er líka sammála honum um það, fyrst hann kýs að orða þetta á þann veg, að eðlilega er það skylda ríkisstjórnar að ganga til samstarfs við ríkissáttasemjara um að finna lausn á málinu. Ég hef hins vegar skilið þögn hæstv. sjútvrh. í þessum umræðum á þann veg að hann telji sig ekki hafa neitt svigrúm og kannski ekki vilja til þess að leita þeirrar lausnar. Kannski breytist það, vonandi breytist það. Ég mundi fagna því ef það breyttist.

Þetta mun allt saman skýrast á næstu dögum og ég

fagna því að við erum sammála um það, ég og hv. 1. þm. Vestf., að ef það gerist að deilan stendur enn, félagsdómur hefur ekki breytt henni og ríkisstjórnin hefur ekki gefið neina yfirlýsingu um að hún hafi vilja til þess að fást við þessa deilu og leita þar lausnar, þá hljóta menn í þinginu að tala sig saman um hvernig er hægt að forða sjómannaverkfalli, einkum og sér í lagi ef það á að hefjast um næstu áramót.

[22:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í tilefni af ræðu hv. 8. þm. Reykn. vil ég taka þetta fram. Í fyrsta lagi hef ég margsinnis lýst því yfir, allt frá því í vor sem leið, að ég væri tilbúinn til þess að ræða við sjómenn og reyndar útvegsmenn einnig, um þau atriði sem helst hefur verið deilt um þeirra í milli. Þessi yfirlýsing stendur enn þó að það boð hafi ekki verið þegið. Í annan stað vil ég taka mjög sterklega undir orð hv. 1. þm. Vestf. Þessi deila er á milli tveggja sjálfstæðra samningsaðila. Hún lýtur nú stjórn ríkissáttasemjara sem er sjálfstæður og óháður embættismaður og Alþingi þyrfti að breyta lögum um ríkissáttasemjara til þess að taka deiluna úr höndum hans.

Í þriðja lagi, vegna ræðu hv. þm., þá finnst mér að hann ætti að hætta þeim barnaskap að vera að þenja sig hér og telja að þingmenn Alþb. séu betur til þess fallnir en sáttasemjari að leysa þessa deilu því þó að deilt sé um fiskveiðistefnu í öllum flokkum þá er ástandið svo slæmt í Alþb. að þeir geta ekki einu sinni deilt. Þeir hafa ekki einu sinni mismunandi skoðun. Þeir hafa enga skoðun. Slíkir menn eru ekki líklegir til þess að leiða þetta mál frekar en önnur farsællega til lykta.

[22:33]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi stutta tveggja mínútna ræða hæstv. sjútvrh., sem er eina innlegg hans í þessar umræður frá því hann flutti sína stuttu framsöguræðu, var mjög afhjúpandi um það hvar ráðherrann er staddur í þessu máli. Áður en ég kem að því sem er merkilegast í hans ræðu þá vil ég geta þess að sá er munurinn á landsfundi Sjálfstfl. og Alþb. að landsfundur Alþb. ályktaði mjög ítarlega um sjávarútvegsmál. Sú ályktun hefur verið birt í heild sinni í Morgunblaðinu en landsfundur Sjálfstfl. ályktaði ekkert marktækt í sjávarútvegsmálum og sú ályktun hefur ekki verið birt. Ráðherrann og landsfundarfulltrúar voru komnir í harðar deilur strax í vikunni á eftir landsfundinn um hvað það hefði þýtt að vísa ályktuninni frá á fundinum. Ég held því að enginn maður ætti að tala minna um ályktanir flokka í sjávarútvegsmálum en hæstv. sjútvrh.

Hann fór hins vegar algjörlega rangt með það hvað hv. 1. þm. Vestf. sagði og það er það merkilegasta í þessu máli. Hv. 1. þm. Vestf., sá maður sem lengst hefur verið sjútvrh. Sjálfstfl. um langt langt árabil, fyrirrennari hv. þm. Þorsteins Pálssonar í Sjálfstfl. í stóli sjútvrh., sagði að það væri skylda ríkisstjórnar að leita lausnar í þessu máli en flytja hér ekki einhverja hártogunarræðu að samkvæmt lögum væri málið hjá ríkissáttasemjara sem væri sjálfstæður embættismaður. Menn fengu nefnilega í hnotskurn muninn á hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni sem sjútvrh. og Þorsteini Pálssyni hæstv. núv. sjútvrh. Matthías Bjarnason sagði að það væri skylda ríkisstjórnar að leita lausnar í þessu máli en hæstv. sjútvrh. fór með satt að segja frekar þunnan lögfræðilegan fyrirlestur um eðli laganna um embætti ríkissáttasemjara.

[22:35]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Við hv. 1. þm. Vestf. erum alveg sammála í þessu efni og ef hv. 8. þm. Reykn. hefði hlustað á ræður okkar með opin eyrun þá hefði hann komist að því að við erum sammála um hvernig rétt er að taka á þessu máli að því er vinnudeiluna varðar. Okkur getur greint á um ýmislegt í sjálfri sjávarútvegsstefnunni og það er bæði gömul saga og ný. En kjarni málsins er sá að þessi deila er hjá ríkissáttasemjara. Það eru tvær vikur þangað til boðað verkfall á að koma til framkvæmda. Það hefur ekkert komið fram enn í þessum viðræðum sem gefur tilefni til þess fyrir stjórnvöld að hafa afskipti þar af og taka fram fyrir hendurnar á ríkissáttasemjara. Og ég minnist þess ekki að það hafi nokkru sinni gerst að ríkisstjórn hafi reynt að taka fram fyrir hendur á ríkissáttasemjara og samningsaðilum tveimur vikum áður en boðuð vinnustöðvun skellur á. Það er hvergi nærri þrautreynt í viðræðum aðila að þeir nái samkomulagi. Og vegna þess að hv. þm. fór svo að miklast af því að Morgunblaðið hefði birt langloku þeirra um sjávarútvegsmál þá segir það auðvitað ekkert um innihald þeirra skrifa. Þvert á móti hefur engin stefna komið út úr þeirri moðsuðu nema síður sé. Ég tók það sérstaklega fram að það eru skiptar skoðanir innan Sjálfstfl. en menn hafa þar skoðanir. **(Gripið fram í:** Er það?) En innan Alþb. hafa menn engar skoðanir og treysta sér ekki til þess að hafa skoðanir og ákalla Alþingi (Gripið fram í.) um að koma saman til þess að koma Alþb. til bjargar því óöruvísi geta þeir ekki talað um þessi efni. Þess vegna flytja þeir allar þessar ræður um að allt Alþingi verði að koma saman og sameinast.

[22:37]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Var þetta hæstv. sjútvrh. Íslands sem var að tala hérna um yfirvofandi verkfall sjómanna? Voru þessar málfundaæfingar í verslunarskólastílnum, sem hefðu verið ágætar þegar ráðherrann var í Verslunarskólanum, innlegg sjútvrh. Íslands í þessar umræður? Ég nenni ekki að svara þessu með Alþb. og ályktun þess í sjávarútvegsmálum. Það var nú svo ómerkilegt. Það tekur því ekki.

Alvara málsins er hins vegar sú að það er boðuð stöðvun flotans eftir tvær vikur. Á þeim tíma á að halda jól í landinu þannig að þetta eru ekki venjulegar vinnuvikur. Á ráðherranum mátti hins vegar skilja að þessar tvær vikur væri nokkuð langur tími. Það mundi gefast tími áður en þeim lyki til þess að ríkisstjórnin léti til sín taka í málinu. Það var þó hægt að lesa það aðeins í ummæli ráðherrans að hann viður-

kenndi þó að á þessum tveimur vikum yrði hann að láta til sín taka í málinu. Það er þó kannski nokkur ávinningur þessara orðaskipta að sjútvrh. í ríkisstjórn Íslands hefur viðurkennt að á þeim tíma sem er fram að áramótum beri honum skylda til þess að láta svo til sín taka í þessu máli að hann og ríkisstjórnin geri allt sem hægt er að gera til þess að leysa þessa deilu en sitji ekki bara hjá. Það verður því mjög fylgst með því hér þá daga sem eftir eru af þinginu og áður en þetta frv. verður afgreitt hvað hæstv. sjútvrh. hyggst fyrir í málinu því þær tvær vikur sem eru til áramóta verða fljótar að líða.

[22:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Kannski hafa þessi orðaskipti núna síðasta korterið verið svolítið lýsandi fyrir umræðu um sjávarútvegsmál að undanförnu. Hún einkennist að mínu mati allt of mikið af því að menn víkja sér undan að tala um kjarna málsins og gefa sér allt of oft að til séu einhverjar einfaldar patentlausnir og sé þeim beitt þá þurrkist öll vandamál í burtu eins og dögg fyrir sólu. Sumir menn trúa á veiðileyfagjald, aðrir á héraðakvóta, þriðji hópurinn á sóknarmark. Einhverjir trúa því að ef frystitogarar verði bannaðir verði allt í lagi í sjávarútvegsmálum, en málið er einfaldlega ekki svona einfalt. Þegar við erum að ræða um stjórnun sjávarútvegsmála er verið að takast á um skiptingu á okkar grunnauðlind og þar duga engar og eru ekki til neinar einfaldar patentlausnir. Þar dugir ekkert annað en horfast í augu við málið og taka á því eins og þarf að gera á hverjum tíma. Og eitt er alveg ljóst í mínum huga, að nánast allar þær leiðir sem menn hafa rætt um eru óframkvæmanlegar öðruvísi en menn skipti aflanum með einhvers konar kvótaskiptingu nema þeir sem tala um veiðileyfagjald vilji að þar verði einfaldlega bara boðið upp á opnum markaði og þar verði byrjað upp á nýtt á hverju ári og það verði sá sem hæst býður í hvert skiptið sem fær mestar aflaheimildir á hverjum tíma. Það getur vel verið að það eigi þeir við sem eru að daðra við veiðileyfahugmyndirnar hvort sem þeir eru í Alþfl., Sjálfstfl. eða Alþb., en í öllum þessum flokkum hefur þessum hugmyndum skotið upp. En enginn sem daðrar við þessar hugmyndir, eða alla vega mjög fáir, hafa hins vegar haft kjark til þess að segja hér hvað þeir meina. Það er ósköp auðvelt í þessu máli að fiska í gruggugum sjó og slá um sig með frösum um veiðileyfagjöld, um aflamörk og aðra slíka hluti en þurfa síðan ekkert að standa skil á því hvað menn meina með málinu.

Framsfl. hefur haft kjark til þess að standa á sinni stefnu í fiskveiðum. Ég er þeirrar skoðunar að þau lög sem voru lögfest meðan Framsfl. fór með þessi mál séu engin endanleg lausn. Vissulega verður að taka þau til endurskoðunar og breyta. Það sem ég tel stærstu brotalömina núna sem verði að taka á er þátttaka sjómanna í kvótakaupum. Það er sá hlutur sem verður að taka á en núv. hæstv. ríkisstjórn hefur ekki haft manndóm í sér til þess að gera. Málið hefur verið í gíslingu, í deilum milli stjórnarflokkanna og meðan svo er hefur ekkert komið fram og ekkert gerst. Árangurinn er það sem við sjáum núna að það stefnir í verkfall, harða deilur þar sem Morgunblaðið, af því að menn vitnuðum í Morgunblaðið, er farið að hvetja sjómenn til verkfalla, ekki til þess að bæta kjör sín heldur í pólitískum tilgangi, til þess að hafa áhrif á lagasetningu og framgang sjávarútvegsstefnunnar. Það er því full ástæða til þess að menn taki þessa umræðu.

Ég ætla, virðulegi forseti, að gera einn þátt að umræðuefni. Það er sú mikla umræða sem hefur verið um trilluútgerð og krókaleyfi. Nú vil ég taka það fram að ég ber fulla virðingu fyrir trilluútgerð. Hún á langa hefð og verður að viðhalda henni. Hún skiptir miklu máli í ákveðnum byggðarlögum. En ég er þeirrar skoðunar að þeir útgerðarmenn smábáta sem höfðu þessa atvinnugrein að sinni aðalatvinnu áður en kvótakerfið var sett á væru mun betur settir í dag ef það hefði strax í upphafi verið sett aflamark á smábátana líka, hvort sem það hefði verið heildaraflamark eða á einstaka báta eða hvernig sem menn hefðu útfært það. Ég held að þeir sem hafa farið verst út úr því kapphlaupi sem hefur verið um smábátana, um byggingu nýrra smábáta í kringum krókaleyfin, séu þeir sem í upphafi þessa ferils höfðu sína atvinnu af smábátaútgerð og ég held reyndar að það sé að renna upp fyrir mörgum í þeim hópi.

Ég ætla að nefna annað í þessu sambandi. Mikil aukning veiða smábáta er tekin einhvers staðar. Hún kemur ekki af himnum. Ef þeir stækka hlutdeild sína í þorskaflanum, þá gerist það ekki öðruvísi, við höfum takmarkaða auðlind, en það sé tekið af öðrum. En þá komum við að hinum kaflanum. Það er tekið af togurunum fyrst og fremst og það er allt í lagi vegna þess að bak við togarana í þessari umræðu standa einhverjir sægreifar, einhverjir slæmir útgerðarmenn. En það gleymist stundum í umræðunni að það standa fleiri að togurunum heldur en „sægreifarnir" og útgerðarmennirnir. Það eru togarasjómennirnir sem skipta hlut með útgerðarmönnunum og það er gengið á þeirra hlut ef aukið er annars staðar.

Þeim sem mest tala fyrir smábátaútgerðinni finnst sjálfsagt og tala um það hér fjálglega: Við sendum bara þessa menn í Smuguna, Flæmska hattinn eða eitthvað annað. Mér finnst mál til komið að einhver standi upp og tali máli þessara aðila, togarasjómannanna. Það eru æðimörg heimilin í landinu sem eiga í dag afkomu sína undir því sem togarasjómaður aflar og þeim hlut sem hann á og af kvóta útgerðarinnar. Þetta gleymist því miður að mínu mati allt of oft.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði ekki að halda hér langa ræðu en kannski fyrst og fremst varpa ljósi á það hvað mér finnst þessi umræða um sjávarútvegsmálin í raun vera grunn og hvað menn leyfa sér og hvað menn komast upp með að slá um sig með einföldum lausnum án þess að þurfa nokkurn tíma að standa skil á því hvernig eigi að útfæra þær. Mér fannst einnig ástæða að minnast á þann stóra hóp manna sem skiptir hlut með „sægreifunum". Því miður verð ég ekkert óskaplega mikið var við þeirra forsvarsmenn í þessari umræðu, þá menn sem þeir hafa kosið og treyst á til þess að tala sínu máli.

[22:49]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var nú nokkuð, ég veit ekki hvort segja á dæmigert innlegg frá framsóknarmanni í sjávarútvegsumræðunni, en ekki langt frá því a.m.k. Aðalerindi ræðumanns í stólinn var að kvarta yfir því hvað allt sem aðrir segðu um sjávarútvegsmál væri yfirborðslegt og í raun ómerkilegt og óábyrgt þegar menn væru að daðra við þetta og daðra við hitt og gæla við hinar og þessar hugmyndir og útfærðu það síðan ekkert nánar hvað fyrir þeim vekti, köstuðu hlutunum fram án ábyrgðar og kæmu sér hjá því að útskýra hvað þeir ættu við.

Þetta er ekki mjög merkileg umræða satt best að segja og ég held að framsóknarmenn hafi ekkert frekar efni á því en aðrir stjórnmálamenn á Íslandi að tala svona um sjávarútvegsmálin því að satt best að segja tel ég að Framsfl. hafi ekkert meiru að flagga í þessum efnum en aðrir flokkar nema síður sé. Ég veit ekki betur en Framsfl. hafi verið hér í alls konar málamiðlunum og reddingum og skáskotið málum í gegnum þingið og samið út og suður rétt eins og aðrir flokkar. Og ég man ekki betur en t.d. sömu sérsjónarmið Vestfirðinga hafi fundist innan Framsfl. og í öðrum flokkum. Og ég man ekki betur en núv. og enn þá verandi a.m.k., hvort sem hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni líkar það betur eða verr, formaður Framsfl. hafi lýst því yfir opinberlega að hann hefði miklar efasemdir um kvótakerfið og það er hægt að draga fram viðtöl við þann ágæta formann Framsfl. því til sönnunar.

Ég held að þeir menn sem hafa rætt sjávarútvegsmál af hreinskiptni og með rökum á undanförnum árum, þó að þar séu vissulega fráhvörf frá, verðskuldi ekki svona einkunnagjöf almennt séð. Ég tel að hv. þm. hafi sett sig á of háan hest gagnvart umræðunni hér í kvöld og almennt talað umræðunni í öðrum flokkum um sjávarútvegsmál. Það er ekki þannig að þessi mál séu einföld. Það er ekki þannig að það sé sátt í þjóðfélaginu um núverandi ástand og ég tel að tíminn sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson valdi til þess að setja sig á háan hest í þessum efnum hafi verið afar óheppilega valinn með tilliti til þess að það vofir yfir allsherjarverkfall vegna ástandsins í sjávarútvegsmálunum og stefnunnar sem þar er við lýði.

[22:51]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Einhverra hluta vegna kom ég illa við kaunin á hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Ég veit ekki af hverju. En það er svolítið merkilegt eftir að vera búinn að hlusta á það hér, ég hef fylgst nokkuð vel með þeirri sjávarútvegsumræðu sem hér hefur farið fram þar sem rauði þráðurinn, m.a. hjá þingmönnum Alþb., hefur verið sá að það væri nánast Framsfl. einn sem bæri ábyrgð á núverandi sjávarútvegsstefnu og síðan koma menn allt í einu og segja: Framsfl. hefur af engu að státa. Þetta var ekkert Framsfl. frekar en aðrir. Þetta er vægast sagt afar sérstakur málflutningur.

En ég sagði líka, hv. þm., að sú stefna sem var lögfest meðan Framsfl. fór með þessi mál væri langt frá því að vera neitt endanlegt og auðvitað verða menn að stilla kompásinn. Það hefur núv. hæstv. ríkisstjórn ekki gert og það er stór hluti af ástæðunni fyrir því að nú vofir yfir verkfall hjá togaraflotanum.

[22:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekki viss um að Framsfl. sé búinn að æfa sig nógu vel í nýju tilverunni, þ.e. þeirri nýju línu sem verðandi foringi, og sumum finnst að gangi þó seint að koma honum í stólinn, hv. 1. þm. Austurl. er nú að móta, þ.e. sveigjanlegu viðhorfin.

Nú er það svo að hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, varð fyrir það frægur í íslenskum stjórnmálum (Gripið fram í.), bíddu rólegur augnablik, að skipta ógjarnan um skoðun. Nú er hins vegar öldin önnur og nú eru þeir framsóknarmenn hreyknir af því að þeir geti skipt um skoðun eins og aðrir flokkar og nefna til sögunnar tvö þrep í matarskatti í þeim efnum. Það sé til marks um það hvílíkur nútímaflokkur þetta sé orðinn, sveigjanlegur í viðbrögðum og viðhorfum, að þeir geti meira að segja skipt um skoðun varðandi matarskattinn. Og ég held að það verði fróðlegt að sjá hvort Framsfl. bregst við samkvæmt þessari nýju línu einnig í sjávarútvegsmálum. En það hefur lengi verið aðall flokksins að hafa þar bara eitt andlit, eina ásjónu og eina meiningu, þ.e. þá sömu og hv. 1. þm. Austurl. hefur.

Nú tel ég að aðstæður séu fyrir hendi fyrir Framsfl. að prófa þessa nýju aðferð gagnvart sjávarútvegsmálunum og hv. þm. ætti að hugleiða að það gæti orðið hans hlutskipti fyrr en varir í anda hinna nýju siða í Framsfl. að taka heljarstökk, kollhnís, með sama hætti og þeir hafa gert gagnvart matarskattinum og fara nú að leggjast af miklum krafti gegn kvótakerfinu rétt eins og þeir studdu áður lægra skattþrep á mat en eru nú á móti því. Og það mun hafa verið síðast 20. nóv. á miðstjórnarfundi eða svo sem þeir framsóknarmenn ályktuðu um lægra skattþrep á mat en hafa nú skipt um skoðun eins og kunnugt er og það verður fróðlegt að sjá hvort þessi náttúra nýtist þeim gagnvart fleiri málum svo sem kvótakerfinu.

[22:54]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki maður sem hefur góðan málstað að verja sem fer að ræða um virðisaukaskatt og matvæli í andsvörum um sjávarútvegsmál. Það er alveg rétt, hv. þm., að ég held að menn séu menn að meiri að skipta um skoðun ef menn sjá fyrir því rök. En það er ekki málið núna. Ég get tekið undir það með hæstv. sjútvrh. í þessu máli að það er kannski aðalatriðið að hafa skoðun. (**SJS:** Og alltaf þá sömu?) Nei, ekki endilega alltaf þá sömu. Ef rök eru til, þá geta menn skipt um skoðun. En ég hef fylgst með þessari umræðu eins og ég sagði á þessu kjörtímabili um sjávarútvegsmál á Alþingi, en ég er afskaplega litlu nær um það hver er skoðun alþýðubandalagsmanna á sjávarútvegsmálum. Út frá því er afskaplega skiljanlegt að hv. þm. kjósi að slá málinu á dreif með því að fara að ræða um virðisaukaskatt. Það

segir kannski mesta söguna um stefnufestu Alþb. í sjávarútvegsmálum að menn treysta sér ekki að ræða um sjávarútvegsmál í andsvari um málaflokkinn heldur fara að ræða um virðisaukaskatt. (**SJS:** Var þetta eitthvað viðkvæmt fyrir ræðumanninn að minna á ...)

[22:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði að sjómenn væru að fara í verkfall ekki til að bæta kjör sín heldur til þess að hafa pólitísk áhrif. (**JGS:** Það sagði ég ekki. Ég sagði að Morgunblaðið hvetti til þess á þessum ...) Ja, þú tókst upp þessi orð Morgunblaðsins og ég lagði þann skilning í orð þingmannsins að hann væri að koma þessari hugsun á framfæri hér í þinginu. (**Gripið fram í:** Það var ekki Tíminn.) Ég vil segja það að ég held að sumir séu haldnir þessari firru. En það er nú einu sinni þannig að kjör sjómanna byggjast á hlutaskiptakerfinu og verslunin með kvótann fram og til baka er að eyðileggja samninga sjómanna og hlutaskiptakerfið og það er þess vegna sem sjómenn beita neyðarrétti sínum til þess að reyna að rétta sinn hlut.

Hv. þm. sagði líka að trillurnar væru líklega betur settar ef þær hefðu verið settar á kvótann. Líklega veit hann það ekki að hluti af trillunum er á kvóta á þessu kerfi. (Gripið fram í.) Ekki í upphafi. Sá hluti trillanna sem er á kvóta er sá hluti sem var best settur gagnvart viðmiðun þegar kvótakerfið var sett á. Hvernig eru þeir settir í dag? Það eru þeir sem eru jafnvel alaumastir í trilluútgerð í dag sem eru á þessu kerfi sem hv. þm. var að nefna að hefði verið best fyrir þá að fá.

Svo sagði hann að það væri verið að taka það af togurnum sem trillurnar fengju. Ja, sér er nú hvað. Togararnir hafa hömlulaust verið að veiðum allt í kringum landið sl. tvö og jafnvel þrjú ár. (**Gripið fram í:** Hömlulaust?) Hömlulaust. Þeir hafa hömlulaust verið að veiðum. Þó svo að þeim hefði verið úthutað meiri veiðiheimildum, þá hefðu þeir ekki náð þeim. Stór hluti af veiðiheimildum togaranna, t.d. í Norðurlandi vestra, er notaður til þess að láta aðra fiska fyrir sig vegna þess að þeir ná því ekki sjálfir.

[22:59]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitthvað er ég hræddur um að hv. þm. hafi ekki hlustað á orð mín. Það voru ekki mín orð að togarasjómenn væru að fara í verkfall til þess að hafa pólitísk áhrif. Ég benti á þá furðulegu staðreynd að Morgunblaðið hvetti sjómenn til þess að fara í verkfall ekki vegna þess að það bæri þann hag fyrir kjörum þeirra heldur vegna þess, og það segir Morgunblaðið beint út og alveg hreint, að það sé til þess að hafa pólitísk áhrif. Það var það sem ég sagði í minni ræðu.

Ég held að hæstv. sjómaður ætti að segja það við íslenska togarasjómenn að togararnir hafi getað veitt hömlulaust allt í kringum landið síðustu ár og að það sem gerist annars staðar hafi engin áhrif á þá. Sér er nú hver viskan, sér er nú hver spekin. Hvernig hefur þorskkvótinn, sem er dýrmætasti hluti aflaheimildanna, þróast hjá togurunum á síðustu 3–4 árum? Hvað er sá togari með, sem kannski var með 2–3 þúsund tonn fyrir 4 árum, í þorski í dag? Það er ekki hátt alls staðar. Ég skora nú á hv. þm. að kynna sér það og velta því aðeins fyrir sér hvaða áhrif það kunni að hafa haft á kjör sjómanna.

Ég er þingmanninum alveg sammála um að á því sem menn hafa kallað og kalla kvótabrask verður að taka og það tók ég fram rækilega í minni ræðu að þar hefur núv. ríkisstjórn algerlega brugðist.

[23:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það á auðvitað ekki við alla togara að þeir hafi veitt hömlulaust. Hins vegar hlýtur hv. þm. að vera kunnugt um það að mikið af aflaheimildum sem togarar eiga hafa verið notaðar til þess að láta bátaflotann veiða uppi á grunnslóðinni vegna þess að þar hefur fiskurinn veiðst frekar. Vegna þess að þrátt fyrir að aflaheimildir togaranna hafi skroppið saman í þorski, þá hafa fjölmargir af þeim ekki náð honum. Og margir þessara togarar sem eru svona illa settir með veiðiheimildir hafa verið að veiðum mest allt árið og hafa flæmst af veiðunum við Ísland í Smuguna vegna þessa aflaleysis, ekki vegna þess að þeir væru búnir með kvótann heldur vegna aflaleysis. Þetta veit hv. þm. vel.

En það sem ég kom ekki að áðan var þessi upplsáttur hans um að menn væru hér að ræða um sjávarútvegsmál og slægju um sig með einföldum patentlausnum og legðu það ekki á sig að reyna að útfæra þær nánar. Ég mótmæli þessu. Ég veit ekki betur en í þinginu hafi verið dreift útfærðri lausn á sóknarstýringarkerfi til umræðu. Hv. þm. hefur væntanlega skoðað það vegna þess að hann fullyrti að hann hefði fylgst mjög vel með öllum umræðum hér og skoðað það sem hefur verið lagt fram til umræðunnar. Hvort sem honum hefur líkað betur eða verr það sem þar var lagt fram, þá var það a.m.k. verk sem hafði verið unnið og menn höfðu lagt eitthvað á sig til þess að koma til umræðunnar með eitthvað til að tala um. Það var gert, hv. þm.

[23:03]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eitt var afar merkilegt og kannski er það kjarni málsins í ræðu hv. þm. því að hann sagði: Togararnir hafa flæmst úr landhelginni af heimamiðum í Smuguna og annað, ekki vegna kvótakerfisins heldur vegna aflaleysis. Og það er kannski kjarni málsins að að hluta til eru þau vandræði sem við stöndum frammi fyrir ekki að kenna einhverjum mannanna verkum, þ.e. slæmu stjórnkerfi, heldur vegna þess að aflinn, það sem við höfum í að sækja, fiskstofnarnir eru það litlir. Það er einn af kjörnum málsins í þessu.

Það er alveg rétt. Hv. þm. lagði í það stórvirki að útfæra sóknarmarkskerfið. Ég las þá útfærslu. Ég verð hins vegar að viðurkenna að mér fannst hlutirnir rekast æðimikið hver á annars horn og ég verð að segja að með þeirri leið sem þar var lögð til voru menn ekkert að komast fram hjá öllum annmörkum þess kerfis sem

við erum með í dag, síður en svo. Og margt af því fannst mér þess eðils að það þyrfti ærið mikið meiri útfærslu áður en það yrði framkvæmt og ýmislegt sem er mjög vafasamt að stæðist dóm reynslunnar ef að því kæmi að menn legðu í að framkvæma þessi ósköp.

[23:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ef það er svo að komið sé að lokum umræðunnar og hæstv. sjútvrh. hafi ekki beðið um orðið, þá óska ég eftir því að hæstv. forseti kanni hvort hæstv. sjútvrh. hefur áhuga á því að fá orðið áður en umræðunni lýkur. — Ef hæstv. forseti mætti vera að því að veita mér athygli, þá fer ég eindregið fram á það að þar sem m.a. hæstv. sjútvrh. er ekki í salnum og hefur verið heldur laus við verði áður en umræðunni lýkur kannað hvort hæstv. sjútvrh. hefur áhuga á því að taka til máls.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti hefur tekið eftir að hæstv. ráðherra hefur nokkuð verið við þessa umræðu. Ef menn vilja setja þeir sig á mælendaskrá með því að gefa forseta merki um það, annaðhvort með því að banka í borðið eða koma til forseta og biðja um orðið. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki gert það.

[23:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er sannast sagna athyglisvert að hæstv. sjútvrh. ætlar að láta það nægja sem framlag af sinni hálfu í þessa umræðu þau næsta strákslegu innskot sem hér komu frá honum í formi andsvara og skólastrákastíl í málflutningi sem hæstv. ráðherra taldi aðallega þörf á að iðka hér og fjallaði að mestu leyti um sjávarútvegsstefnu Alþb. og samþykkt landsfundar Alþb. Það er út af fyrir sig hið merkasta viðfangsefni en var kannski ekki það sem við þingmenn höfðum mestan áhuga á því að heyra hæstv. sjútvrh. fjalla um. (**Sjútvrh.:** Ég skil það.) Þótt það sé ágætt í sjálfu sér að fá umfjöllun um það og sjálfsagt mál að gera hæstv. sjútvrh. þann greiða við betra tækifæri að taka þau mál rækilega fyrir.

En hæstv. sjútvrh. er samt í því starfi að það á að heita svo að hæstv. sjútvrh. sé sjútvrh. en ekki blaðafulltrúi Alþb. nema það sé þá alveg nýtilkomið að hann hafi verið ráðinn í það starf í kvöld án þess að mér sé kunnugt um. Ég hef staðið í þeirri meiningu, hæstv. forseti, að ég væri að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. þjóðarinnar um þessi alvörumál og ég lagði fyrir hæstv. sjútvrh. nokkrar spurningar og óskaði eftir því að hæstv. sjútvrh. svaraði þeim. En það hefur reyndar vakið athygli mína að það er eins og hæstv. sjútvrh. sé alveg búinn að missa áhugann á stjórnmálum. Það er eins og hæstv. sjútvrh. telji það ekki lengur tilheyra starfi sínu að sinna skyldum sínum hér í þinginu með þeim hætti að svara fyrir þau mál sem hann fer með og ég endurtek: Ég hef þó ekki vitað betur fram að þessu en að sjútvrh. væri sjútvrh. En eitthvað virðist það vera að skolast til. A.m.k. er áhugi hæstv. sjútvrh. á því að svara fyrir sínar embættisskyldur og sín verk orðinn harla lítill. Satt best að segja er sérkennilegt að heyra sjútvrh. þjóðarinnar koma hér í ræðustól — ekki til að svara og ekki til að halda ræðu heldur í skætingslegum andsvörum og hafa það eitt fram að færa gagnvart yfirvofandi allsherjarverkfalli í flotanum að ráðherra hafi strax í vor látið það koma fram að hann væri tilbúinn til að tala við sjómenn. Síðan bætti ráðherrann við: Það tilboð hefur hins vegar ekki verið þegið og það var eins og það væri pínulítið sár broddur í orðum hæstv. sjútvrh. að sjómenn hefðu bara ekki virt hann viðlits og ekki viljað tala við hann og þó hefði hann boðið þeim þetta í vor, hvorki meira né minna en boðið þeim að tala við þá í vor. Og síðan hefur ekkert gerst. Það var ekki að heyra.

Þetta er satt best að segja harla sérkennilegt og ekki von á því að málin séu í góðum farvegi ef samskiptin eru með þeim hætti að sjútvrh. lét það fara frá sér í vor þau merku tíðindi að hann væri tilbúinn til þess að tala við sjómenn og reyndar þess vegna útvegsmenn, sagði hann, en því hefur ekki verið tekið og við það situr og það er að skella á verkfall. Og það er lítið við því að gera, sagði hæstv. sjútvrh. í Dagblaðinu í dag.

Það er auðvitað svo, hæstv. forseti, að það er mikil ógæfa fyrir þjóðina að ekki skuli hafa náðst meiri sátt um sjávarútvegsmálin á undanförnum missirum og árum. Það er ekkert annað hægt að gera en horfast í augu við að það er auðvitað ógæfulegt fyrir þessa þjóð að hafa þau mál í þeim farvegi að logandi deilur eru innan hagsmunahópa, milli hagsmunahópa og milli landshluta um þessi mál. Það lá ljóst fyrir þegar skýrsla tvíhöfða nefndar kom fram að um þá niðurstöðu sem þar væri boðuð yrði engin sátt, ekki við sjómenn, ekki við byggðarlögin og ekki við fiskverkafólkið í landi. Hluti útgerðarinnar í landinu tók þessu að vísu vel en þó voru flestir með hundshaus út í einhver atriði, meira að segja stórútgerðarforustan. Það ættu því ekki að vera nein ný tíðindi fyrir menn hvaða staða er hér upp komin. Það væri fróðlegt fyrir menn til að mynda og hv. 1. þm. Vestf. ekki síst að rifja upp viðbrögð Vestfirðinga, svo dæmi sé tekið, við boðskap þeirra tvíhöfðanna þegar þeir komu vestur og ýmis ummæli sem tæplega verða eftir höfð hér nema fá á sig stanslausan bjölluklið um það hvaða erindi þeir tvíhöfðar ættu vestur á firði til að kenna mönnum um sjávarútveg. En það er það sem sjútvrh. leggur hér fram hafandi ekkert aðhafst í málunum að því best verður séð síðan í fyrravetur til þess að reyna að vinna í þessu. Í hvað fór sumarið? Í hvað fór haustið? Og í hvað hafa vetrarmánuðirnir farið? Í ekki neitt. — Í ekki neitt og loksins þegar nokkrir dagar eru til jóla kemur þetta óbreytt frá ríkisstjórninni og er hent inn í þingið. Ég fullyrði að það er vegna þess að ríkisstjórnin er að gefast upp í þessum málum og hún hefur ákveðið og valið þann kost að sulla þessu inn í þingið meira og minna með fyrirvörum í allar áttir. Einstakir þingmenn stjórnarinnar og einstakir ráðherrar stjórnarinnar lýsa sig með fyrirvörum gagnvart málinu. Síðan á að sjá til, sjá hvað setur eftir áramótin.

Þetta er því auðvitað uppgjöf af hálfu ríkisstjórnar. Og síðan kemur hæstv. sjútvrh. og segir: Það er ekk-

ert hægt að gera. Ég segi: Þetta er mikið ábyrgðarleysi. Það er að skella á verkfall sem mun hafa mjög alvarleg áhrif á a.m.k. hluta flotans og hluta greinarinnar. Ég nefni þar loðnuveiðarnar og síldveiðarnar, þar sem hver vika er dýrmæt sem líður án þess að síld komi til vinnslu. Ég nefni rekstur vinnsluskipanna og ég nefni tvöföldun á línuveiðum sem er mikið hagsmunamál margra útgerða og menn geta eingöngu nýtt sér yfir vetrartímann. Allt þetta er mjög viðkvæmt gagnvart því að einhverjar vikur eða ég tala nú ekki um mánuðir tapist af árinu í verkföll fyrir utan öll almenn áhrif af slíku, atvinnuleysi í landi o.s.frv. Og hafa svo hér sjútvrh. sem ekki hefur sig í ræðustólinn til þess að svo mikið sem svara aukateknu orði hvað ríkisstjórnin hyggst gera gagnvart þessu máli. Og að bera það á borð fyrir menn að það sé ekki hægt að koma að þeim hlutum af því að deilan sé komin til sáttasemjara er eins og hver annar þvættingur. Það er ekki verið að biðja um að málið sé tekið af sáttasemjara. Hitt er annað mál að ríkisstjórnin getur kannað hvort einhver grundvöllur sé til að leggja því lið að deilan leysist. Eða vita menn ekki hvar sáttasemjari er til húsa? Hann er inni í Borgartúni. Og vita menn ekki símanúmerið hjá deiluaðilum? Það mætti ætla að þessir samningar færu fram á annarri plánetu undir forustu einhvers sáttasemjara sem tali óskiljanlegt tungumál og þess vegna sé ekki hægt að komast að málinu. Auðvitað er það með ólíkindum hvernig hér er um málin fjallað.

Þetta er hin mikla alvara þessa máls, hæstv. forseti, og af því að hér er annað mál á dagskrá sem fjallar um sjávarútveg og mér gefst e.t.v. tóm til að ræða á eftir, þá læt ég þetta nægja um þennan þátt málsins að sinni. En ég tel það ekki eftir mér að fara nokkrar ferðir í ræðustólinn í viðbót fyrir áramótin og særa hæstv. sjútvrh. gagnvart því hvað ríkisstjórnin hyggist fyrir í þessu því hæstv. sjútvrh. er sjútvrh. hvort sem honum líkar betur eða verr. Og að vísa málinu endalaust frá sér með þessum hætti sæmir ekki manni sem er tilbúinn til að axla embættisskyldur og ábyrgð starfa síns, nema hann sé að gefa okkur til kynna með óbeinum hætti að hann sé að segja af sér innan fárra daga og komi það ekki við hvernig sjávarútveginum á Íslandi reiðir af þegar frá líður eftir áramótin.

Að lokum um ummæli hæstv. sjútvrh. um Alþb. Hæstv. sjútvrh. hefur gert það að dálítilli íþrótt að fjalla um Alþb. og viðhorf þess til sjávarútvegsmála, gjarnan stillt hlutum þannig upp að allir flokkar á Íslandi hafi alveg eldklár og engilhrein 100% samstæð viðhorf til sjávarútvegsmála nema einn flokkur og það sé Alþb., svo ekki sé talað um að í þjóðfélaginu ríki alger samstaða um sjávarútvegsmál og þetta sé allt í fínu lagi að öllu leyti nema því að það sé þarna einn flokkur, Alþb., sem sé eitthvað sérkennilegur í þessum málum. Og er þetta svona? Er þetta veruleikinn? Er þetta málflutningur sem sæmir manni sem vill láta taka sig alvarlega sem við skulum vona að hæstv. sjútvrh. geri? Ég held ekki. Ég held að hæstv. sjútvrh. væri t.d. hollt að líta sér nær og spyrja sig að því: Hvernig er andrúmsloftið í Sjálfstfl. gagnvart sjávarútvegsmálunum? Hver er hrifningin á Vestfjörðum í dag um ástand sjávarútvegsmála? Er hv. 1. þm. Vestf. tilbúinn til að koma hérna í ræðustólinn og lýsa yfir ánægju sinni með framgöngu hæstv. sjútvrh. og þá sjávarútvegsstefnu sem er rekin? Dagana þegar sjálfur bjargvættur inn á Flateyri er að gefast upp á fiskvinnslu á Íslandi og er að loka sinni starfsemi af því að hann getur ekki lengur rekið starfsemi í sjávarútvegi á Íslandi. Er þá ástandið þannig í Sjálfstfl. að þeir hafi efni á því að kasta steinum í aðra? Er t.d. andrúmsloftið þannig í þeim herbúðum að þeir geti hönd í hönd komið hér hvor á fætur öðrum, sjútvrh. og hv. 1. þm. Vestf. og lýst yfir hamingju sinni með ástandið? Er það svo? Er Guðjón A. Kristjánsson, varaþm. Sjálfstfl., sem núna er að hvetja sjómenn til verkfalla gegn þessu ástandi, hugsanlegur framtíðarþingmaður og foringi sjálfstæðismanna á Vestfjörðum, tilbúinn til að koma hér þegar hann er inni á Alþingi og lýsa ánægju með þetta ástand? Það er ólíklegt. Hann mundi væntanlega ekki haga orðum sínum við sjómenn með þeim hætti sem hann gerir ef svo væri. Ég held því að þetta séu ómagaorð hjá hæstv. sjútvrh. og tek ég mér þá í munn það sem hæstv. landbrh. sagði um starfsbróður sinn, núv. hæstv. umhvrh.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 308.

[23:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um afnám laga nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins.

Kerfisbundin verðjöfnun sjávarafurða hófst með stofnun Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins með lögum nr. 72 21. maí 1969, en sá sjóður tók til starfa í ársbyrjun 1970. Lögin um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og starfsemi sjóðsins árabilið 1970 til 1990 voru afar umdeild. Síðustu fimm starfsár sjóðsins varð hann tilefni mikilla umræðna og athugana. Þetta tímabil störfðu ekki færri en þrjár stjórnskipaðar nefndir hver á fætur annarri sem allar höfðu það verkefni að meta starfsemi sjóðsins og þörf fyrir verðjöfnun sjávarafurða.

Hin fyrsta þessara nefnda gerði ráð fyrir að sjóðurinn yrði starfræktur áfram, en lagði til að gerðar yrðu nokkrar breytingar á starfsháttum og voru þær lögfestar árið 1986. Önnur nefndin komst að þeirri niðurstöðu að leggja bæri sjóðinn niður þar sem forsendur fyrir starfsemi hans væru brostnar í veigamiklum atriðum. Þriðja nefndin var skipuð undir lok ársins 1989. Hún lagði til að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins yrði lagður niður í þáverandi mynd. Hins vegar skyldi lögboðinni verðjöfnun sjávarafurða fram haldið og í því skyni stofnaður verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins sem starfa skyldi eftir öðrum reglum en þá giltu. Á grund-

velli þessara tillagna lagði sjútvrh. fram frv. sem Alþingi samþykkti með nokkrum breytingum og varð að lögum nr. 39/1990.

Í ársbyrjun 1990 tók markaðsverð sjávarafurða að hækka úr þeim öldudal sem það fór í á árinu 1988. Verðið hækkaði stöðugt á árinu 1990 og í árslok var það um fjórðungi hærra en á sama tíma árið áður. Sú verðlagsþróun varð þess valdandi að er Verðjöfnunarsjóður tók til starfa um mitt árið 1990 kom þá þegar til inngreiðslu í botnfiskdeild hans. Inngreiðslan nam í fyrstu 1% af fob-verði botnfiskafurða en fór næst í 5% í apríl 1991, en lækkaði eftir það smám saman og endaði loks í 1,5% í desember 1991 þegar tekið var fyrir inngreiðslur í sjóðinn með sérstökum lögum. Er enginn vafi á því að inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóð á þessu tímabili höfðu veruleg áhrif í þá átt að draga úr þensluáhrifum uppsveiflu í útflutningsverði sjávarafurða á árunum 1990–1991.

Vorið 1992 samþykkti Alþingi sérstök lög um útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði, enda þótt verðþróun gæfi þá ekki tilefni til útborgunar samkvæmt almennum ákvæðum verðjöfnunarsjóðslaganna. Ástæða þess var sú að afkoma sjávarútvegsins hafði versnað mjög, fyrst og fremst vegna þess að nauðsynlegt reyndist að minnka mjög sókn í þorskstofninn. Var megninu af eignum Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins samkvæmt þeim lögum varið til greiðslu á skuldum einstakra framleiðenda sjávarafurða og til lífeyrissjóða sjómanna. Alls hefur verið varið 2,5 milljörðum kr. til greiðslu skulda einstakra framleiðenda og 347 millj. kr. til lífeyrissjóða sjómanna. Samtals nema útgreiðslur því 2.875 millj. kr.

Á fskj. með frv. fylgir sérstök greinargerð um framkvæmd þessarar útgreiðslu.

Í árslok 1991 var skipuð nefnd undir formennsku Hallgríms Snorrasonar til að endurskoða gildandi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Skilaði nefndin áliti í árslok 1992 og er álitið einnig birt sem fskj. með frv. Er meginniðurstaða nefndarinnar sú að með hliðsjón af aðstæðum í sjávarútvegi, andstöðu hagsmunaaðila við áframhaldandi starfsemi sjóðsins og af stöðu sjóðsins þegar fjármunir hans eru upp urnir eftir að hafa verið nýttir til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja séu raunhæf skilyrði fyrir því að verðjöfnunarsjóður starfi áfram ekki lengur fyrir hendi. Því sé eðlilegt að lögin um Verðjöfnunarsjóð verði afnumin og sjóðurinn lagður niður. Er 1. gr. frv. í samræmi við þá niðurstöðu nefndarinnar.

Eins og áður hefur komið fram hefur megninu af innstæðum Verðjöfnunarsjóðs þegar verið ráðstafað. Inni í sjóðnum standa þó enn ríflega 330 millj. kr. Þar af eru 15 millj. kr. á reikningum skráðum á nafn einstakra framleiðenda. Er með 2. gr. frv. lagt til að þær innstæður séu greiddar viðkomandi framleiðanda en að aðrar eignir sjóðsins, eða nálægt 215 millj. kr., renni til reksturs Hafrannsóknastofnunar.

Frú forseti. Ég legg síðan til að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[23:23]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi áður en ég sný mér að efni þess frv. aðeins minnast á það frv. sem áður var til umræðu um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins. Ég fagna því að ríkisstjórnin hefur loksins náð samkomulagi um það að leggja þetta mál fram og þurfti í reynd að vera búið að fella það á Alþingi áður en kom til þess en venjulega hefur það tekið núv. hæstv. ríkisstjórn marga mánuði og jafnvel upp undir ár að leggja fram sjálfsagt mál eins og það sem hér var áður til umræðu.

Um þetta mál gegnir vissulega öðru máli. Um er að ræða langa sögu sem hér er rakin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins sem hefur verið starfandi um langan tíma og oft verið gerðar breytingar á lögum um hann en alltaf hefur starfsemi sjóðsins verið nokkuð umdeild, en ég held samt að á því sé enginn vafi að það er þörf fyrir sveiflujöfnun í okkar samfélagi og það mun verða þörf fyrir slíka sveiflujöfnun á komandi árum og jafnvel áratugum. Við erum háð lífríki sjávar og við erum háð verðlagi á mörkuðum.

Fyrrv. ríkisstjórn hefur oft og tíðum verið harkalega gagnrýnd af hæstv. ráðherrum í núv. ríkisstjórn, sérstaklega fyrir að það hafi verið stofnað til margvíslegra sjóða sem hafi eytt peningum með einhverri óráðsíu. Þar hefur sérstaklega verið nefndur til Atvinnutryggingarsjóður sem var stofnaður til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og hjálpa ýmsum sjávarútvegsfyrirtækjum til að lengja sín lán. Þar hefur vissulega margt á annan veg farið, en hins vegar hefur aldrei verið rætt um það hvað hefði gerst 1988 ef ekki hefði verið gripið til þeirra ráðstafana. Ætli það geti ekki verið að Atvinnuleysistryggingasjóður hefði þurft að borga nokkuð mikið meira í atvinnuleysisbætur, en það þykir ekki tiltökumál nú til dags þó að þar þurfi að greiða marga milljarða á ári. Ætli það geti ekki verið betri stefna að koma í veg fyrir að til slíks atvinnuleysis komi þótt auðvitað sé erfitt að ástunda jafnvægisstefnu í þeim málum.

Ég hef ávallt verið fylgjandi því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins starfaði og ég er því fylgjandi að hann starfi áfram. Og ég lýsi því yfir að ég er ekki sammála því að það beri að afnema þennan sjóð jafnvel þótt hagsmunaaðilar leggi það til. Ég vil minna á það að þegar lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins voru síðast sett var það í andstöðu við þessa sömu hagsmunaaðila. Og það var í andstöðu við þá að þar var safnað upp miklu fé á árunum sem þar fóru á eftir. Það er enginn vafi á því að ef það fé hefði allt verið greitt út til fyrirtækjanna, þá hefði það skapað meiri þenslu í okkar þjóðarbúskap því það var vissulega gott árferði, sérstaklega 1990.

Nú tala menn mikið um að það sé rétt að leggja á auðlindaskatt. Þar er í forustu Morgunblaðið, ákveðnir stjórnmálaflokkar og alls konar hagfræðingar í landinu. (**Gripið fram í:** Lýður?) Ég ætla ekki að nefna orðið lýður, hv. þm., en ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst margt af þessu fólki lítið vita hvað er verið að tala um.

Það er nýbúið að samþykkja það hér á Alþingi að leggja niður aðstöðugjald og um það voru allir sammála. Aðstöðugjald sem er lagt á fyrirtæki án þess að taka nokkurt tillit til þess hvort um hagnað er að ræða eða ekki. Hvað er þetta nýja gjald sem er verið að tala um sem gengur undir þessu fína nafni auðlindaskattur eða auðlindagjald og margir eru farnir að éta hver upp eftir öðrum? Mér heyrðist áðan að jafnvel Alþb. væri farið að álykta um þetta. (**Gripið fram í:** Það er misskilningur.) Nú, það er misskilningur. Það er gott að heyra. En eitthvert nafn í þessa átt var komið þar inn í stefnuskrárnar og vona ég að þeir geti einhvern tíma skipt um skoðun í þeim málum af því að þeir hafa verið að gera heldur lítið úr því að menn skiptu einstaka sinnum um skoðun. (**Sjútvrh.:** Það er bara til að fá það fyrst í Mogganum.) Ég hef alltaf talið það til bóta að skipta um skoðun ef menn fá ný gögn í máli og sjá fram á að það sé skynsamlegt. En svo getur nú farið að menn. (Gripið fram í). Ég hef aldrei skipt um skoðun nema ég hafi talið það vera skynsamlegt og mun ekki gera það. Og ég mun ekki skipta um skoðun að því er varðar sjávarútvegsstefnuna nema ég sjái aðra skynsamlega stefnu koma upp á yfirborðið. Ég skal lofa hv. þm. því að ég geri mér grein fyrir að það verður að vera ákveðin festa í þeim erfiða málaflokki og ég hef ekki séð neina aðra stefnu en núverandi kvótakerfi sem getur staðist þær kröfur sem eru gerðar til sjávarútvegsins. Og þessi fína sóknarstýring sem menn hafa verið að tala hér um er náttúrlega líka stýring sem mun reyna á þá aðila sem gera út. En auðvitað þarf alltaf ýmsu að breyta og það þarf líka að gera að því er varðar þau lög sem nú gilda ef nýjar aðstæður koma upp.

En ég tel að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins geti verið mjög mikilvægur til þess að koma í veg fyrir að þau öfl sem vilja setja á þetta nýja aðstöðugjald, sem á að vísu á að vera miklu hærra og á að leggja á fyrirtæki sem eru í taprekstri, komist nokkurn tíma upp með það. Mér finnst að þessir sömu hagsmunaaðilar gleymi alveg að tala um það. Hvernig á að bregðast við þegar kemur góðæri í sjávarútveginum aftur því það mun koma? Það er mikið viðfangsefni sem blasir við í sjávarútveginum að byggja upp fiskstofna og greiða upp skuldir. Og ætti það viðfangsefni að vera nóg þó menn væru ekki að tala um þetta auðlindagjald. En það getur verið nauðsynlegt vegna hagsveiflunnar að sjávarútvegurinn leggi til hliðar hluta af hagnaði sínum til þess að ekki raskist jafnvægi við aðrar atvinnugreinar. Og sá tími mun koma.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt fyrir sjávarútveginn þegar sá tími kemur að geta lagt fé til hliðar til að mæta verri tíma síðar. Og það verður best gert með því að til sé verðjöfnunarsjóður þar sem hvert og eitt fyrirtæki á bundið fé. En ég býst við því að ef þetta verður gert, þá verði uppi krafa um að það sem er nauðsynlegt að leggja til hliðar renni í ríkissjóðs. Af þessum ástæðum er ég andvígur því að afnema þessi lög og ég sé í sjálfu sér ekki hvað liggur á í þeim efnum. Það er ekkert tilefni til að borga út úr sjóðnum, enda eru engir peningar til þar. Það gæti hins vegar komið tilefni til að borga ætti inn í sjóðinn samkvæmt lögunum. Er ekki allt í lagi að bíða eftir því tilefni og sjá hvernig aðstæður verða?

Ég man ekki betur en því væri tekið fegins hendi af hagsmunaaðilum í sjávarútvegi þegar greitt var út úr þessum sjóði hátt í 3 milljarðar fyrir stuttu síðan. Ég man ekki eftir neinum mótmælum í því sambandi. Ég man hins vegar vel eftir mótmælunum þegar var verið að leggja peningana til hliðar. Þá voru menn ekki mjög glaðir.

Ég býst við að það verði mikil mótmæli þegar á að fara taka peninga af sjávarútveginum í góðæri inn í ríkissjóð og nota þá e.t.v. til ýmissa góðra hluta eða jafnvel einhverra verri. Mér finnst ekkert liggja á í þessu sambandi og skil í sjálfu sér ekki af hverju þarf að vera að taka þetta mál fyrir hér seint á kvöldfundi rétt fyrir jólin. Mér finnst að þetta mál megi vel bíða og ef liggur eitthvað á að koma því til nefndar, þá geti nefndin gefið sér mjög góðan tíma til þess að athuga málið. Hér eru ýmsar skýrslur og þetta er löng saga og ég tel að það þurfi að fara vel ofan í þetta mál og spyrja þá dálítið út úr um það sem virðast vera svo sammála um að leggja sjóðinn niður.

Hér stendur í 2. gr., með leyfi hæstv. forseta, að aðrar eignir sjóðsins skuli renna til reksturs Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég er ekki sáttur við þetta orðalag. Rekstur Hafrannsóknastofnunar hefur verið fjármagnaður af fjárlögum og það er málefni allra landsmanna að reka hafrannsóknir. Það er ekki bara málefni sjávarútvegsins. Það er af og frá að mínu mati að þessar eignir renni inn í almennan rekstur Hafrannsóknastofnunarinnar. Ég vil einfaldlega geyma þessa peninga og sé enga ástæðu til að vera að ráðstafa þeim nú.

Það er undarlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli leggja slíka áherslu á að eyða sjóðum sem til eru. Hefur þetta veri borið undir hæstv. forsrh.? Veit hann af þessum sjóði og vissi hann af því að það voru næstum því 3 milljarðar til í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins þegar núv. ríkisstjórn tók við? Ég man aldrei eftir því að hafa heyrt hæstv. forsrh. minnast á það. Hann hefur hins vegar talað mikið um skuldir og er allur á kafi í því að tala um skuldir frá fyrri tíð. Svo er að dúkka upp einn og einn sjóður sem einhverjir hafa verið svo forsjálir að leggja í hér áður fyrr og ég held að það sé gott að halda þeirri starfsemi áfram og vera ekki að taka upp þá hætti að eyða hverri krónu sem menn finna einhvers staðar. Það er ekki slíkt hallæri í landinu að það sé ástæða til þess.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að hafa um þetta mikið fleiri orð. Ég vildi koma þeirri skoðun minni á framfæri að ég er ekki stuðningsmaður þessa frv. Ég tel að hv. nefnd eigi að gefa sér góðan tíma í að fara ofan í þetta mál því að þrátt fyrir allt er Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins og hefur verið mikilvægt hagstjórnartæki. Ég vil í því sambandi m.a. vitna til ágætrar greinargerðar frá Vinnuveitendasambandi Íslands, ef ég man rétt og ég hygg að sé vitnað hér í og kom vorið 1991, í sambandi við þetta mál þar sem er bent á hversu mikilvægt tæki Verðjöfnunar-

sjóðurinn var tímann þar á undan. Og það er hollt að rifja það upp sérstaklega í ljósi þess að þeir sem eru að leggja til að sjóðurinn verði nú lagður niður, mér skilst næstum því einum rómi, þó ekki alveg, voru líka á móti því að peningar voru lagðir til hliðar á þeim árum. Mér finnst það umhugsunarefni og rétt að taka það til rækilegrar athugunar.

Útbýting þingskjala:

Kirkjumálasjóður, 245. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 402; brtt. allshn., þskj. 404.

Prestssetur, 244. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 402; brtt. allshn., þskj. 403.

Skattamál, 251. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 405.

[23:39]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Þegar verðjöfnunarsjóður var fyrst stofnaður minnir mig að hann hafi heitið Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Þá var hann stofnaður fyrir tilhlutan fiskiðnaðarins í landinu sem vildi fá slíkan sjóð til þess að jafna verðsveiflur. Sá sjóður starfaði í allmörg ár með venjulegum hætti og að mörgu leyti stóð hann undir sínu hlutverki. Síðan kom í ljós að ef aðilar féllu frá þá fékkst ekkert úr sjóðnum og eins ef menn hættu atvinnurekstri. Ýmsir voru óánægðir, þeir töldu að það hefði aldrei átt að stofna til sjóðsins með þessum hætti heldur hinu að það yrði lagt inn á reikning hvers og eins. Hver atvinnurekandi, eða hvaða grein sem er, ætti því það fé sem hann legði í sjóðinn á hverjum tíma. Þetta sjónarmið studdi ég eindregið. Ég studdi einnig þegar Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var stofnaður og flestir atvinnurekendur voru velunnarar þess verðjöfnunarsjóðs. Eiginlega má segja að þeir sem lengst héldu tryggð við sjóðinn hafi verið Landssamband íslenskra útvegsmanna þangað til fyrir örfáum árum að það sneri allt í einu við blaðinu. Þá var líka búið að breyta því að hver átti það sem hann lagði inn í sjóðinn og það dróst frá hans inneign þegar hann fékk bætur úr sjóðnum. Þessi sjóður var að mínum dómi mjög merkilegur og hafði mjög góð áhrif til þess að mæta verðsveiflum í sjávarútvegi. Ég segi til gamans og fróðleiks að samkvæmt tölum frá Þjóðhagsstofnun þá sýnir verð hvers mánaðar mælt í SDR, sem hlutfall af vegnu markaðsverði í janúar 1989 af rækju, sem er afskaplega viðkvæmt verð, að verð hennar núna er liðlega 60% af því sem var í marsmánuði árið 1989. Þetta súlurit sýnir þessa miklu verðlækkun og þetta er auðvitað eitt af því sem þessi þjóð tekur eiginlega ekkert tillit til, þær miklu verðsveiflur sem hafa átt sér stað. Ég nefni nú þessa tegund sjávarafurða þar sem sveiflurnar hafa verið einna mestar fyrir utan loðnu og lýsi. En við verðum að líta svo á að fiskverð í heiminum er almennt að lækka en ekki hækka. Það eru því litlar líkur á því að inngreiðslur í þennan sjóð verði á næstunni. Og þegar aðstandendur sjóðsins, þeir sem báðu um þessa löggjöf, þeir sem hafa lagt til hans, eru eiginlega allir farnir að syngja í sama kórnum, að það eigi að leggja Verðjöfnunarsjóð niður, þá segi ég fyrir mitt leyti, þrátt fyrir að hafa alltaf verið stuðningsmaður þess að taka sveiflur inn í sjóð og útgreiðslur þegar lækkanir verða, að mín skoðun er sú: Það er best að þeir hafi þá sitt. Fyrst þeir vilja þetta ekki sjálfir þá á ekki að vera að pína þá til þess. Þeir fóru sjálfir fram á það að Verðjöfnunarsjóðurinn yrði stofnaður og ég er sammála síðasta ræðumanni hvað það snertir, að það er röng aðferð að leggja hann niður. En því á að vera að pína þessa veslings menn sem vilja ekki hafa þennan sjóð lengur? Eru þeir ekki píndir nóg á öllum öðrum sviðum? Þannig að ég ætla að greiða atkvæði með því að leggja hann niður, bara fyrir þá. En það þýðir ekkert að koma svo aftur. Vonandi verður Alþingi þannig skipað að það hleypur ekki eftir duttlungum nokkurra manna hverju sinni, hvað þeir vilja og hvað þeir vilja ekki, þegar þeir telja sér það henta.

Hér kemur í ljós að í nóvember eða núna er búið að greiða alls 650 fyrirtækjum tæplega 2 milljarða 526 millj. kr. Óafgreidd eru erindi að upphæð u.þ.b. 15 millj. kr. og heildarútgreiðslan af reikningum framleiðenda nemur því rúmlega 2,5 milljörðum kr. Hér er lagt til að það sem eftir verður í sjóðnum, þegar búið er að borga þeim sem eru eyrnamerktir, að þá ætlar fjmrn. að 190 millj. kr. fari til reksturs Hafrannsóknarstofnunar árið 1993, verði frv. samþykkt. Það er hárrétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að Hafrannsóknastofnun hefur fengið sín framlög á fjárlögum. Nú höfum við staðið frammi fyrir því í allmörg ár að geta ekki afgreitt fjárlagafrv. nema með gífurlegum greiðsluhalla. Ég sé því ekkert á móti því, við slíkar aðstæður, að sú stofnun fái verulegan hluta af þessu fjármagni. Þó vil ég þegar við 1. umr. lýsa því yfir að Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda telur að sú grein eigi inni rúmar 13 millj. kr. og þeir eru að undirbúa stórfellt markaðsátak sem kemur til með að kosta 21–22 millj. kr. Það var einu sinni búið að heita, ég held á árinu 1991, 8 millj. kr. til markaðsátaks sem aldrei varð úr og var því ekki notað. Mér finnst að þessi atvinnugrein, sem er mjög vaxandi og hefur stóraukið sína framleiðslu vegna aukningar á úthafsrækjuveiðum, eigi að fá þarna hlutdeild til þessarar markaðskönnunar og markaðsleitar. Ég veit ekki hver þarf frekar á því að halda að fara út í stórfellda markaðsleit ef það er ekki framleiðsla sem hefur tapað frá 1988 tæpum 40% af verðmæti sínu per kg þegar reiknað er í SRD. Þess vegna vona ég að hvað sem líður niðurstöðu ákveðinna nefndarmanna til frv. í heild þá geti menn orðið sammála um það að leggja u.þ.b. 10 millj. kr. í þessa markaðskönnun og markaðsátak undir forustu Félags rækju- og hörpudisksframleiðenda.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, það gefst tækifæri til að ræða þetta mál í nefndinni. Ég endurtek að ég hefði kosið að þessi sjóður hefði starfað áfram og þá hefðu innstæður verið skráðar á nafn, en ég sé enga ástæðu til að neyða þennan sjóð upp á menn sem vilja endilega losna við hann. Þess vegna ætla ég að styðja þetta frv., en legg á það mikla áherslu að nefndarmenn og þingið sjálft komi sér saman um að leggja þetta litla framlag til markaðsöflunar.

[23:51]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Vestf. þá er ráðgert í þessu frv. að meginhluti af þeim fjármunum sem enn eru inni í Verðjöfnunarsjóðnum renni til Hafrannsóknastofnunar. Það er rétt, eins og fram kom hjá hv. þm., að það er auðvitað í ljósi þeirrar þröngu fjárhagsstöðu sem við búum við í dag. Ég get tekið undir þær athugasemdir sem hv. þm. gerði um sérstöðu rækjuiðnaðarins og get fyrir mitt leyti fallist á að þeirri takmörkuðu fjárhæð sem hann nefndi yrði varið til sérstaks átaks í markaðsmálum þessarar atvinnugreinar sem lengi hefur verið í undirbúningi og þar hefur einnig verið hugað að samstarfi með öðrum Norðurlandaþjóðum, en úr því varð ekki á sínum tíma. Ég tek því undir það með hv. þm. að það getur farið mjög vel á því að hv. nefnd taki einmitt þessa hugmynd til athugunar við meðferð málsins.

Útbýting þingskjals:

Tekjustofnar sveitarfélaga, 233. mál, brtt. minni hluta félmn., þskj. 408.

[23:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil í byrjun taka fram, vegna þeirra orðaskipta sem fóru fram hér síðast, að forsvarsmenn rækju- og hörpudisksframleiðenda hafa jafnframt kynnt mér sínar hugmyndir um ráðstöfun á þessum innstæðum greinarinnar í Verðjöfnunarsjóði. Ég styð þá tilhögun og mun standa að því, ef um það getur orðið samstaða í sjútvn., að heimild verði veitt til að ráðstafa þessum hluta eftirstöðvanna í átak á þessu sviði. Ég held að það mæli öll rök með því og reyndar sanngirnissjónarmið að þessi grein, sem á þarna inni og hefur lagt til þessara hluta, fái að nýta sér það með þessum hætti.

Ég vil svo í öðru lagi, sérstaklega vegna orða hv. 1. þm. Austurl. um auðlindaskatt og reyndar umræðu sem varð hér fyrr á fundinum um þau atriði, taka fram, til að taka af allan vafa og öll tvímæli, að Alþb. hefur ekki ályktað um upptöku slíkra hluta. Það hefur engin slík samþykkt verið gerð í Alþb. Hins vegar hefur orðið ekki verið bannorð og það kemur fram á einum stað í texta, svo ég man eftir, að ein þeirra hugmynda sem menn séu að ræða um og þurfi að athuga í þessu sambandi, þegar farið er yfir allt litrófið varðandi stjórn fiskveiða og mögulegar útfærslur á því sviði, sé auðlindagjald. Þó ég sé býsna harðdrægur í skoðunum í þessum efnum þá er ég ekki svo ofstækisfullur að ég þoli ekki orðið á prenti, það er ekki svo. Hins vegar vil ég að það sé alveg ljóst að ég hef í mínum flokki lagst hart gegn öllum hugmyndum um að taka upp slíka flata skattlagningu á sjávarútveginn sérstaklega sem atvinnugrein. (**MB:** Það væri betra ...) Já, og í sjálfu sér væri ég því fegnastur að þurfa aldrei að sjá þetta orð á prenti, því þetta er afar illa ígrundað og vitleysislega framsett af flestum og engir hafa þó verið fíflalegri í þessu en kratar. Staðreyndin er auðvitað sú að þrátt fyrir allt röflið í krötum um auðlindaskatt þá hafa þeir aldrei lagt í það vinnu að útfæra hvað þeir ættu við. (**HÁ:** Þeir komu nú flestir úr Alþb.) Já, við höfum verið blessunarlega lánsamir á undanförnum árum, það er rétt hv. frammíkallandi, að það hefur verið ágætis samvinna milli Alþb. og Alþfl. að þessu leyti. Þeir hafa verið tilbúnir að taka við svona ýmsu frá okkur og bökk sé þeim. En mér finnst það mjög merkilegt, þrátt fyrir alla umræðuna um þetta, að menn skuli ekki hafa lagt í það vinnu að útfæra hvað þeir eigi við. Svo er verið að tala um að Alþb. hafi ekki alltaf lagt í það vinnu að útfæra eldklára stefnu í einstökum atriðum í sjávarútvegsmálum. Hvar er útfærsla Alþfl. á auðlindaskattinum? Hvar er hún? Ég reyndi fyrir einu eða tveimur árum að kanna hvernig þetta lægi í Alþfl. Ég lagði þau ósköp á mig. Ég komst í grófum drættum að þeirri niðurstöðu að þarna væru hugmyndir manna mjög á reiki og í raun og veru ættu menn ekkert sameiginlegt nema þetta nafn. Þeir hefðu fundið þarna nafn, auðlindagjald, auðlindaskattur, og þeim féll það vel í geð, krötum. En hugmyndirnar virtust ýmist ganga út á það að fram færi eitt allsherjaruppboð á veiðiheimildum og hæstbjóðandi fengi allar veiðiheimildirnar. Aðrir voru með þær hugmyndir að þetta væri einfaldlega flatur skattur sem væri lagður ofan á núverandi kvótakerfi. Og hvaða vanda leysir það? Ekki neinn. Þá sitja menn eftir uppi með alla sömu vankantana og núverandi kerfi býður upp á og þessa skattlagningu á sjávarútveginn í viðbót. Þannig að þetta er rugl. Það hefur ekki verið útfærð nein heildstæð og ein tillaga um það hvernig svona skattur eigi þá að vera. Þetta eru því bara hugmyndir út og suður án þess að neinn hafi lagt vinnu í að útfæra þetta.

Hæstv. forseti. Er ekki sjútvrh. viðstaddur og hlustar á umræðuna? Ég geri ráð fyrir að svo sé.

Það væri ástæða til að afgreiða hér í leiðinni þennan þróunarsjóð sem á að fara að setja á. Ég held í raun og veru að hann sé jafnlangt úti í loftinu á margan hátt og jafnlítil speki á bak við það eins og auðlindaskattinn sjálfan, þessa áformuðu gjaldtöku af sjávarútveginum frá og með miðju næsta kjörtímabili eða svo í einhvern samdráttarsjóð sem hæstv. ríkisstjórn hefur sem keppikefli að koma á fyrir sjávarútveginn (Gripið fram í.) sem er auðvitað ákveðin tegund auðlindaskatts, því miður, sem hæstv. sjútvrh. hefur verið vélaður inn á að styðja af Alþfl. En við munum ræða það viðfangsefni síðar.

Varðandi frv. sem er hér sérstaklega til umræðu, hæstv. forseti, um að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, þá get ég sagt að ég er að mörgu leyti sammála því sem fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl. um það efni. Ég er þeirrar skoðunar og ég tel að sagan sýni að það er rík þörf fyrir sveiflujöfnun í sjávarútvegi á Íslandi. Þessi atvinnugrein er einfaldlega þannig í eðli sínu, sem sambland í raun og veru af veiðimennsku og iðnaði, að bæði vegna þeirrar hliðar sem snýr að mismunandi veiðum og hinnar sem snýr að mismunandi verði á afurðunum að þá er rík þörf fyrir sveiflujöfnun í sjávarútegi. Ég held að það sé líka rík þörf fyrir þetta tæki eða tæki af þessum toga vegna greinarinnar sjálfrar en einnig sem hagstjórnartæki. Ég

spái því að menn eigi eftir að átta sig á því að það að hafa engan möguleika til verðjöfnunar innan sjávarútvegsins dregur úr möguleikum stjórnvalda á hverjum tíma til að beita skynsamlegri sveiflujöfnun í greininni sem hluta af hagstjórnartækjum í landinu. Það var t.d. nákvæmlega það sem gert var þegar afkoman batnaði í sjávarútvegi á árunum 1989–1990, bæði með bættri efnahagsstjórn og þeim tökum sem þá náðust á verðbólgu og vöxtum og öðru slíku og aðgerðum sem gripið var til af hálfu stjórnvalda til að bæta stöðu greinarinnar og einnig vegna batnandi verðs. Í staðinn fyrir að sá afkomubati færi umsvifalaust út í veltuna þá var hluta af þeim bata veitt inn í sjóð sem menn áttu síðan upp á að hlaupa þegar aftur harðnaði á dalnum. Hvað var það sem hélt sjávarútveginum gangandi á síðasta ári? Hvað var það, þegar í ljós kom á vordögum 1992 og lá náttúrlega fyrir að afkoma sjávarútvegsins hafði hríðversnað frá haustinu 1991? Í ljós kom að ríkisstjórnin hafði ekki komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut gagnvart sjávarútveginum og hæstv. sjútvrh., sem í nóvember 1991 talaði um nauðsyn neyðarráðstafana gagnvart sjávarútveginum, sat uppi með það á vordögum 1992 að hafa engu komið fram innan ríkisstjórnarinnar. Þá bauð stjórnarandstaðan hæstv. sjútvrh. að greiða fyrir því að lög um að útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði yrðu teknar í gegnum þingið með hraði og það var sá sem hér talar sem úr þessum ræðustóli bauð m.a. upp á þetta þegar fimm eða sex dagar voru eftir af þinginu. Tveim dögum seinna kom fram frv. um útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði. Hvað hélt greininni gangandi á árinu 1992? Það var innstæða upp á tæpa 3 milljarða kr. sem þá var hægt að grípa til og nota til að mæta versnandi afkomu greinarinnar. Og ég fullyrði að sjávarútvegurinn væri ekki það sem hann er þó í dag ef hann hefði ekki átt þessa innstæðu til að nota meðan ráðlaus ríkisstjórn reyndi að koma sér saman um hlutina.

Ég held þess vegna að sagan sýni okkur það, bæði sagan í greininni og hagstjórnarsaga Íslands geri það að verkum að það er rík þörf fyrir svona verðmyndun og verðjöfnun. Hitt er svo annað mál hvort auðvelt er að koma henni við ef þannig sinnaskipti eru orðin í greininni að þar eru menn almennt orðnir á móti henni. Ég get út af fyrir sig tekið undir með hv. 1. þm. Vestf. að það er nokkuð vandséð hvernig þá á að framkvæma það sem menn þó telja skynsamlegt. Því ég tók hv. 1. þm. Vestf. þannig að hann teldi að verðjöfnun væri skynsamleg og hann hefði stutt slíkar ráðstafanir, en hins vegar ylli andstaða greinarinnar því nú að hann treysti sér ekki til að leggjast gegn því að sjóðurinn yrði lagður niður. Ég hefði talið að nærtækara væri a.m.k. fyrst um sinn að gera samkomulag um að sjóðurinn yrði óvirkur um skeið á meðan þessi mál væru skoðuð. En að falla algjörlega frá þeirri hugsun og fella úr lögum að unnt sé að grípa til verðjöfnunar það tel ég í reynd spor aftur á bak, því mér hefur ekki verið sýnt fram á með rökum, hvorki hvað snertir hagstjórn á Íslandi né heldur rekstrarlegar forsendur í greininni sjálfri og burði hennar, skuldsett sem hún er, til að taka á sig sveiflur, að það séu forsendur fyrir hendi til þess að leysa þau vandamál með þeim hætti sem menn vísa á, þ.e. fyrirtækin sjálf eigi að byggja sig upp og þola síðan breytilegar tekjur og breytilega afkomu.

Vissulega er það falleg hugsun og göfug framtíðarsýn að sjávarútvegurinn á Íslandi og hin einstöku fyrirtæki verði þannig í stakk búin að þau geti mætt sveiflunum sjálf og fyrirhyggja manna verði slík að þeir eigi alltaf í handraðanum til mögru áranna. En er því að heilsa í dag? Nei, ætli það. Ég verð því að segja alveg eins og er að ég get ekki með nokkru móti tekið undir það að það séu forsendur fyrir hendi, að það séu rök fyrir því, að hverfa frá þessu, þó mér séu þessir annmarkar málsins ljósir, að helstu hagsmunaaðilar hafa kosið að leggjast á þá sveif að þeir vilji þetta kerfi feigt. Það tel ég skammsýna hugsun, ég verð þá bara einfaldlega að segja það sem mér býr í brjósti um þau efni. Ég tel það vera skammsýna hugsun, ég skil hana vegna þess vanda sem menn standa í gagnvart sínum fyrirtækjum dag frá degi og menn hugsa sem svo: Mér veitir ekki af því að ná til mín öllum batanum ef hann einhvern tímann verður og einhvern tímann kemur til þess að létta á skuldunum o.s.frv. Þar með eru menn í raun að hugsa um hinn bráða vanda en ekki möguleikana til að byggja greinina upp til lengri tíma litið og þola súrt og sætt eins og hlýtur að verða hlutskipti þessarar greinar hér eftir sem hingað til.

Hæstv. forseti. Svo vil ég segja nokkur orð um áformaða ráðstöfun eigna sem eru inni í sjóðnum. Það tel ég mikið metnaðarleysi, svo ekki sé meira sagt, að ætla að leggja það til að gera þessar eignir, nánast eins og þær leggja sig, upptækar — í hvað? Í rekstur Hafrannsóknastofnunar. Í rekstur sem ríkissjóður hefur fram að þessu kostað sjálfur. Ég segi alveg eins og er að ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi séu sáttir við þessa ráðstöfun á eignum, á sjóðmyndun, sem greinin hefur sjálf staðið undir. Af hverju gera ekki hinir eiginlegu eignaraðilar þessara verðmæta, sjávarútvegurinn, kröfur um að þær fari til uppbyggingar og til nýrra verkefna, til viðbótarverkefna a.m.k. í hafrannsóknum, en ekki bara beint í daglegan rekstur batterísins og gufi þannig upp? Mér finnst það metnaðarleysi, ég segi bara alveg eins og er. Mér finnst það algjört metnaðarleysi og ég tel að það yrði erfitt að standa gegn kröfum af hálfu hinna eiginlegu eigenda þessara innstæðna, sem er sjávarútvegurinn, um að þessar eignir rynnu til slíkrar ráðstöfunar og ég hef tillögu í því efni.

Ég legg til að þessi sjóður gangi í byggingarsjóð skipa hjá Hafrannsóknastofnun. Fyrir því eru þau rök að þar er fram undan mikið átak sem þarf að ráðast í, að endurnýja skipakost Hafrannsóknastofnunar. Það verkefni mun vefjast verulega fyrir mönnum, nema stofnunin fái tekjur af því tagi sem hér væru til ráðstöfunar. Það liggur alveg fyrir að Hafrannsóknastofnun er í raun vanmegnug þess að sinna hafrannsóknum á þeim svæðum umhverfis landið sem mest er þörfin eða margir telja að mest sé þörfin nú um stundir, á djúpmiðunum, vegna þess að gömlu hafrannsóknaskipin hafa ekki toggetu og búnað til þess að stunda þar

rannsóknir. Það hefur staðið til að fara í mikla leiðangra á djúpmiðin og kanna þar vannýttar tegundir og ókannaðar togslóðir, en það hefur strandað á því að Hafrannsóknastofnunin sjálf hefur ekki skipakost til þess og leiga á stórum og öflugum togskipum sem ráða við aðstæður er svo dýr að hún er ofvaxin greiðslugetu stofnunarinnar. Það er upplýst að það kosti um 1,5 millj. kr. á dag að leigja stóran frystitogara sem ræður við aðstæður á 700–1.000 m dýpi eða hvað það nú er, hefur togkraft og útbúnað til þess að gera þar rannsóknir.

Þess vegna hlýtur að koma til álita og á að mínu mati að undirbúast að stofnuninni verði gert kleift að bæta úr þessu ástandi með því að auka eða endurnýja skipakost sinn að þessu leyti. Þarna er tækifæri til þess að auðvelda það með því að ráðstafa þessum fjármunum til uppbyggingar að því tagi. Það munu vera þar einhverjir peningar í sjóði frá því að hafrannsóknaskipið Hafþór var selt og þá mundu þessir fjármunir koma þar til viðbótar.

Ef menn kyngja þessari ráðstöfun, þessari upptöku á eignum Verðjöfnunarsjóðs í rekstrarhít ríkissjóðs, því það er auðvitað ekki verið að gera neitt annað en að gera þessa eign upptæka í ríkissjóð sem hefur fjármagnað Hafrannsóknastofnun, þannig að það má nákvæmlega eins flytja um það tillögu að þetta renni í ríkissjóð eins og að vera að þeim skollaleik að merkja þetta Hafrannsókn, þá verða menn algjörlega af þessum möguleikum. Þá er það auðvitað ekkert annað en skattlagning á sjávarútveginn sem hefur borgað í formi iðgjalda inn í sjóðinn, lagt til þessa fjármuni. Það er ekkert annað en enn einar álögurnar á greinina.

Þetta vona ég að verði tekið til rækilegrar skoðunar í hv. sjútvn. Það vill svo til að þegar sjútvn. fór yfir tekjuhlið fjárlagafrv. þá fjallaði hún ítarlega um stöðu hafrannsóknanna og reyndar kemur það sérstaklega fram í umsögn sjútvn. til fjárln. að sjútvn. hafi haft áhyggjur af þessum lið.

Hæstv. forseti. Ef hæstv. sjútvrh. er hér enn á hlaupum um hliðarsalina þá ætlaði ég að leggja fyrir hann eins og tvær spurningar, af því að ég hef þrátt fyrir allt nokkra löngun til þess að láta á það reyna í enn ríkari mæli en gert hefur verið hvort það er yfir höfuð þannig að hægt sé að eiga hér samskipti í þinginu við hæstv. sjútvrh. með venjubundnum hætti, þ.e. eins og tíðkast að þingmenn geri gagnvart ráðherrum, noti tækifærið þegar mál þeirra eru á dagskrá og leggi fyrir þá spurningar og fái við þeim svör. Ég mundi mælast til þess að hæstv. ráðherra bryti odd af oflæti sínu og legði það á sig að fara í ræðustólinn og svara, og helst bara í ræðu, sem hæstv. ráðherra hefur næg tækifæri og nægan rétt til að gera, þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar, en hlaupa ekki hér upp í einhverjum stráksskap og fara með útúrsnúningum að ræða um allt aðra hluti en hann er spurður um, án þess að ég sé t.d. að skorast undan að ræða þá við sjútvrh. um t.d. stöðu sjávarútvegsmálanna í okkar flokkum, Alþb. og Sjálfstfl., ef hæstv. sjútvrh. hefur sérstakan áhuga á því. Það er alveg guðvelkomið í sjálfu sér að eiga um það dálítinn málfund með hæstv. sjútvrh.

En ég hef verulegar áhyggjur af almennri stöðu sjávarútvegsins og það fer vel á því að ræða það í sömu andrá og hér er lagt til að leggja niður Verðjöfnunarsjóð, sem einhver skyldi ætla að væri ávísun á það að þetta væri í harla góðu standi og þyrfti ekki að hafa miklar áhyggjur af einhverjum afkomusveiflum. Eitt af því sem er ekki par glæsilegt og er fram undan er einfaldlega rekstrarstaða sjávarútvegsins og afkoma með skuldir upp á 110 milljarða kr. eða hvað það er. Og ekki bætir það ástandið ef sjávarútvegurinn fær á sig allsherjarverkfall og stopp, þess vegna svo vikum og mánuðum skiptir núna eftir áramótin. Ég hefði talið eðlilegt ef menn væru hér almennt að ræðast við með rökum og málefnalega að manni gæfist kostur á því að heyra eitthvað um viðhorf sjútvrh. til þessarar stöðu og hann gerði grein fyrir því, þegar hann er að flytja mál sín fyrir þingi, hvernig þetta lítur út að hans mati. Það þykir t.d. ekki óeðlilegt að forsrh. geri grein fyrir stöðu efnahagsmála og reifi almennt viðhorf sín til þeirra hluta þegar mál sem undir hann heyra eru hér á dagskrá, alvenjulegt. Sama er t.d. gert þegar rætt er við hæstv. heilbrrh. um heilbrigðismál. Á grundvelli viðamikilla frumvarpa sem hann var að fara með í gegnum þingið í dag þá var hæstv. heilbrrh. í löngum og ítarlegum ræðum að reifa ýmis almenn viðhorf sín til málaflokksins og þeirrar stöðu sem þar væri uppi. Það var vel þegið af hv. þm. sem höfðu lagt fyrir hann spurningar. En hæstv. sjútvrh. hefur komið fram með allt öðrum hætti í þinginu í dag og neitað að svara spurningum sem fyrir hann hafa verið lagðar og í raun og veru skotið sér undan því að taka þátt í umræðum um sinn málaflokk, án þess að rökstyðja það frekar.

Ég ætla því að lokum að leggja tvær spurningar fyrir hæstv. sjútvrh. Sú fyrri er: Hvað hyggst sjútvrh. gera til að reyna að afstýra því að til verkfalls komi um áramótin í sjávarútveginum? — Og sú seinni er svona: Er hæstv. sjútvrh. tilbúinn til þess að beita sér fyrir því í samvinnu við eða með sjútvn. Alþingis að deiluaðilar verði kallaðir til fundar, þess vegna með vitund og samþykki sáttasemjara ef mönnum þykir svo við horfa, og farið yrði yfir það hvort Alþingi geti eitthvað lagt af mörkum til lausnar deilunni áður en það fer í jólaleyfi? Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. svari þessum einföldu spurningum.

Útbýting þingskjals:

Skattamál, 251. mál, brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 406.

[00:13]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um afnám laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Ég vil minna á að allgóð sátt var um setningu þessara laga og að þar komu margir að og ég tel að það hafi verið býsna vel ígrundað þegar þessi breyting varð á frá því sem áður hafði verið. Að vísu hafa komið fram gagnrýniraddir síðan um að e.t.v. mætti eitthvað með öðrum hætti vera. Ég bendi sérstaklega á að hugsanlega væri ástæða til þess að athuga hvort ekki væri grundvöllur fyrir útgreiðslu úr sjóðnum er fyrirtæki yrðu

gjaldþrota. Ég veit að hæstv. sjútvrh. þekkir þessa umræðu mætavel, eins og aðrir sem gagnrýna einstök atriði varðandi þennan sjóð. Almennt séð þá held ég að alla vega til að byrja með hafi verið góð sátt um þetta mál og mér þykir mjög miður að nú skuli hafa verið látið undan gagnrýni þeirra sem eiga aðild að sjóðnum sem meira og minna er að mínu mati komin til vegna slæmrar stöðu af öðrum orsökum. Þar af leiðandi er kannski verið að skamma vitlausan aðila þar sem ég sé ekki að það hafi verið sýnt fram á með neinum raunhæfum hætti að þessi tilhögun hafi tapað gildi sínu og þessi sjóður sé ekki fullgóð og eðlileg leið til þess að ná þeim markmiðum sem með honum voru sett. Þarna er auðvitað sérstaklega verið að tala um það að sveiflur verði jafnaðar vegna verðbreytinga. Það hefur ekkert komið í rauninni í staðinn, mér vitanlega, sem gefur tilefni til þess að fella þetta niður. Vissulega er mér ljóst að sífellt er að nást skárri árangur í rekstri og hagræðingu og það er af hinu góða. En það kemur ekki í staðinn fyrir það að hafa möguleika á því að jafna verðsveiflur og jafnvel aðrar sveiflur eins og dæmin hafa sýnt okkur að hefur verið nauðsynlegt að gera.

Ég held að það hefði verið nauðsynlegt að þreyja þorrann núna á meðan þessi gagnrýni rís hæst og harka hana af sér, því ég er viss um að fyrr en varir hefðu menn komist að raun um að þarna væri nýtilegt tæki til sveiflujöfnunar svo sem fyrr hefur komið í ljós að var til.

Vissulega er lag þegar inngreiðslur í sjóðinn eru ekki fyrir hendi vegna aðstæðna, en það er ekki þar með sagt að það hafi neitt breyst sem réttlætir þessa breytingu. Við verðum að gera ráð fyrir því að sveiflan er ekki bara niður á við heldur geti einnig komið upp á við. Ég hafði með mér eina ágæta bók hér í ræðustól sem ég býst við að flestir kannist við, en það er sjálf Biblían. Ég vil benda á að mönnum væri hollt að lesa undir svefninn, af því að nú er farið að líða á nótt, enn og aftur í fyrstu Mósebók 41 (Gripið fram í.) — ég er ekki byrjuð að lesa upp úr Biblíunni en ég trúi því að hv. framsíkallandi hafi gott af því að hlýða á ekki síður en aðrir þingmenn sem hér eru viðstaddir — um hinn merka draum faraós sem Jósef réð þar sem sjö magrar kýr og sjö skrælnuð öx merktu hallærisár en sjö vænar kýr og sjö væn öx merktu hin góðu ár. Á góðu árunum á að sjálfsögðu að safna í sjóð og það var það sem draumar faraós gengu út á. Nákvæmlega eins er ástæða til þess þegar vel árar að safna í sjóði. Þetta höfum við kvennalistakonur einatt bent á er við höfum rætt stefnu hinnar hagsýnu húsmóður. Þetta eru sannindi sem öllum eru kunn og það á ekkert að þurfa að vera að færa fyrir þeim nein afskaplega ítarleg rök vegna þess að þetta er bæði heilbrigð skynsemi og ef menn treysta henni ekki þá geta þeir lesið góðar heimildir, svo sem stefnuskrá Kvennalistans og fleira. (Gripið fram í.) Fólk getur líka lesið Biblíuna ef það treystir sér ekki til þess að leita að vísbendingum í stefnuskrá Kvennalistans. **(Gripið fram í:** Leggur þingmaðurinn þessi tvö rit að jöfnu?)

Virðulegi forseti. Hér verður hver að meta fyrir sig og ég ætla ekki að vera að svara frammíköllum því það er kannski betra að menn komi í ræðustól ef þeir hafa eitthvað brýnt fram að færa. En ég held að hv. þm. verði að meta fyrir sig, eins og ég geri fyrir mig.

Ég vil nú, með leyfi hæstv. forseta, segja frá því að það sem gerðist samkvæmt þessari ágætu bók, Biblíunni, var það að þegar hungrið gekk yfir allan heiminn þá var aðeins eitt land sem hafði verið fyrirhyggjusamt og gat opnað forðabúrin og ekki einasta látið sitt fólk njóta heldur jafnvel fleiri og mætti nú fyrirhyggjan oftar vera á ferðinni. Ég held að við sjáum það sérstaklega núna þegar þrengir að að það getur verið gott að hafa vissa fyrirhyggju.

Ég vil líka geta þess sem næstu ræðumenn á undan mér hafa mjög vitnað til, að ekki er ýkjalangt síðan það sannaðist með raunhæfum hætti að það var gott að geta sótt í þennan sjóð og það var býsna mikil sátt á vordögum 1992 um að leita í sjóðinn þar sem jafna þurfti ákveðnar sveiflur, jafnvel þótt það þyrfti að gera breytingar vegna þess að sveiflurnar voru ekki vegna verðhruns á sjávarafurðum heldur vegna annarra atriða. Ég minni á að í þeirri umræðu kom það sérstaklega fram hjá fjöldamörgum hv. þm. að það væri ekki verið með þessu að bregða fæti fyrir Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Frsm. hv. sjútvn., hv. 1. þm. Vestf. sem hér hefur þegar talað, sagði t.d. í framsögu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég vil líka geta þess að mismunandi sjónarmið eru uppi varðandi Verðjöfnunarsjóð og framtíð hans. Ekki er verið að gera neitt sem gerir það að verkum að verið sé að segja að Verðjöfnunarsjóður eigi að vera um aldur og ævi eða að hann eigi að leggja niður."

Þetta voru orð hv. þm. á því vori. Síðan er liðið hálft annað ár og ekki heyrðist mér að hv. þm. væri ýkjakátur yfir þeirri breytingu sem hann hefur verið knúinn til að eiga aðild að.

Ég vil líka vekja sérstaka athygli á því að þessu atriði var mjög haldið til haga af okkur stjórnarandstöðuþingmönnum á þeim tíma, að það að grípa til þessara aðgerða, að ganga í þennan sjóð vegna þess að það þurfti virkilega að jafna sveiflur, þýddi ekki að það ætti að hverfa frá því grundvallaratriði að það væri viturlegt að eiga fé í sjóði til sveiflujöfnunar. Þetta finnst mér núna að hafi því miður gleymst einum of mikið.

Vissulega komu inn í þessar umræður upplýsingar um að nefnd væri starfandi varðandi framtíðarhlutverk Verðjöfnunarsjóðs, þessi endurskoðunarnefnd. En ég velti því fyrir mér hvernig það gerist að nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að best sé að leggja sjóðinn niður, vegna þess sem ég áður nefndi, að það er ekki bent á að neitt annað eigi að koma í staðinn. Það er í rauninni verið að láta undan örökstuddum þrýstingi. Ég held að það hefði verið miklu nær að takast á við þetta verkefni, sníða þá annmarka af sem hugsanlega voru á þessum sjóði og ekki síst að takast á við það verkefni að gera sjóðinn að þeim sveiflujöfnunarsjóði sem þörf er á að hafa og sé erfitt að tína til þær helstu sveiflur sem fyrirsjáanlegt var á þeim tíma að dyndu yfir. Við stjórnarandstöðuþingmenn hefðum eflaust getað hjálpað ríkisstjórninni til að sjá það fyrir, ef hún hefði ekki

verið í stakk búin til að gera það, þá átti að sjálfsögðu að vinna það verk og vinna það vel og leysa það.

Ég bendi líka á að jafnvel þótt það hefði ekki tekist til fullnustu þá var alltaf til sú leið að nýta þennan sjóð vegna ófyrirséðra sveiflna, en grundvallaratriðið var það að safna í sjóðinn þegar lag var til. Og ég er ekki búin að heyra eitt einasta orð í þessari umræðu — og bið ég nú um að hæstv. sjútvrh. sé hér við til þess að heyra mitt mál. Ég bað um hæstv. sjútvrh. hingað vegna þess að enn í þessari umræðu hef ég ekki heyrt nein rök fyrir því hvers vegna ekki er ástæða til að safna í sveiflujöfnunarsjóð þegar vel árar. Nú getur vel skeð að hæstv. sjútvrh. búi yfir þessum vísdómi og ég geri þá ráð fyrir að hann muni í máli sínu hér á eftir upplýsa okkur hver ástæðan er fyrir því að ekki er talið ráðlegt lengur að safna í sjóð ef vel skyldi nú ára. En ég yrði ekkert undrandi og ég mundi ekki lá honum ef hann ætti erfitt með að rökstyðja þetta. En ég vil sem sagt gefa hæstv. sjútvrh. tækifæri til þess að svara þessari spurningu, hver er ástæðan. Hvers vegna ekki að safna í sjóð í góðærinu?

Ég hef heldur ekki heyrt það hjá forsvarsmönnum í sjávarútvegi að það séu nein rök fyrir þessu. Hins vegar hefur verið bent á einstaka ágalla þessa sjóðs og eins og ég gat um í upphafi máls míns þá finnst mér vel lítandi á að mögulegt sé að greiða þessar merktu innstæður sem eru í sjóðnum út að einhverju eða öllu leyti ef fyrirtæki verður gjaldþrota. Þetta er leysanlegt atriði. Ég geri ráð fyrir að þær 215 millj. sem hæstv. ráðherra sagði að væru eftir í sjóðnum séu tilkomnar að einhverju eða öllu leyti út af því að fyrirtæki hafi hætt störfum eða orðið gjaldþrota, án þess að ná sínum innstæðum út. Hér hefði hugsanlega verið hægt að fara einfaldari leið en oft er farin til þess að útvega fé sem kannski hefði getað komið fyrirtækjum til góða í greiðsluerfiðleikum, hugsanlega getað komið í veg fyrir gjaldþrot. Ég geri ekki ráð fyrir að það sé alltaf hægt að gera kraftaverk í þeim efnum, en þegar staðan er orðin sú að gjaldþrot blasir við þá hefði verið hægt að ná þessum greiðslum úr sjóðnum, þessum inngreiðslum. Svo að ég sé nú nákvæmari þá á ég við að það sé ekki bara gert eftir gjaldþrot fyrirtækja heldur ef gjaldþrot blasir við.

Nú er ég ekki búin að sjá þessar hugmyndir útfærðar, sem ég hef þó heyrt viðraðar, en ég hefði talið sæmra fyrir þessa nefnd að líta á hverjir hugsanlegir ágallar sjóðsins hefðu verið og reyna að leysa málið samkvæmt því, en ekki gefast bara upp vegna þess að á erfiðleikatímum finnist einhverjum að það þýði ekkert að púkka upp á sjóði sem sjá um sveiflujöfnun. Ég geri ráð fyrir að ef betur áraði hefðu þessar raddir ekki verið eins háværar. Ég tel að þessir bankar mínir séu mjög mikilvægir inn í þessa umræðu vegna þess að ég er ekkert farin að sjá það, miðað við þær raddir sem ég hef heyrt hér, að það sé í rauninni nokkur maður beinlínis ánægður með þessa aðgerð. Ég gat ekki heyrt það á máli hæstv. sjútvrh. að hann væri ýkjakátur yfir þessu og ég heyrði ekki betur en hann viðurkenndi að sveiflujöfnun væri frekar skynsamleg aðgerð og ég er ekki farin að sjá að vandamálin hverfi við það að einn sjóður sé lagður niður. Einhvers staðar verður að taka fé í samfélaginu, hvaðan sem það verður, ef verð sveiflast mikið og það þarf í rauninni að grípa til einhverra aðgerða þegar verðsveiflur verða svo alvarlegar að fyrirtæki komist í verulega erfiðleika. Og því að gera sér róðurinn þyngri, því ekki að vera búin að sýna fyrirhyggju eins og gert var hér forðum daga og sagt var frá í Mosebók, eins og ég vitnaði til hér áðan.

Ég held að það hafi ekki verið mikið fleiri atriði sem ég ætlaði að koma hér að nema að mér þykir nokkuð hvimleitt að Hafrannsóknastofnun skuli vera orðin tilraunastöð björgunaraðgerða af ýmsu tagi. Það er verið að bjarga hér fjárhag Hafrannsóknastofnunar með einum hætti eitt árið og öðrum hætti annað árið og alltaf er tjaldað til einnar nætur. Það er líka gert ef þetta á að verða til þess að lappa upp á fjárhag Hafrannsóknastofnunar, því það er alveg ljóst að ef við búum ekki að vel að okkar hafrannsóknum og rannsóknum í sjávarútvegi almennt, þá erum við að gera alvarleg mistök sem geta orðið okkur alveg feykilega dýr. Og hvaða sjóð á að leggja niður næsta ár til þess að fjármagna Hafrannsóknastofnun? Kannski hæstv. sjútvrh. geti upplýst það. Það má vel vera að það sé til sjóður sem væri heppilegra að leggja niður heldur en Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. En vegna þeirra umræðna sem hér hafa orðið um hlutverk hans þá held ég að það sé alla vega ekki hægt að mæla með að leggja þennan sjóð niður.

[00:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um samhengið á milli lögmáls bókarinnar og stefnuskrár Kvennalistans. En vegna þess að hv. þm. spurði beint að því hvort ekki væri enn tilefni til fyrirhyggju eins og á dögum Móses, þá tek ég undir þau sjónarmið enda er ekkert í þessu frv. sem mælir á móti því. Ég þykist líka vita að hagfræði hinnar hagsýnu húsmóður geti mætavel gengið fyrir sig með fyrirhyggjusemi án þess að hún sé lögþvinguð. Á sama hátt geta stjórnendur og starfsmenn í sjávarútvegi sýnt fyrirhyggju án þess að nákvæmlega sé mælt fyrir um það með lögum frá Alþingi á hvern veg það skuli gert.

Vissulega hefur verðjöfnun í sjávarútvegi, með þeim hætti sem við höfum ákveðið með lögum, bæði haft kosti og galla. Ég tók fram í máli mínu í upphafi að hún hefði vissulega haft kosti í för með sér á ákveðnum sviðum, en á hinn bóginn hafa gallarnir verið ríkari. Nú er ekki lengur samstaða innan greinarinnar um þetta. Það hefur reynst mjög erfitt að viðhalda sveiflujöfnun þegar verðlag hefur verið hátt og mælt fyrir um inngreiðslu á sama tíma og aðrar ástæður hafa leitt til taprekstur í greininni og menn hafa setið inni með eignir í sjóðum, en barist samt við tap. Við slíkar aðstæður er nánast útilokað að tryggja samstöðu um verðjöfnun með þessum hætti og þess vegna er svo komið sem raun ber vitni um og tillögur liggja fyrir um að leggja þennan sjóð niður. En það þýðir á engan hátt að ekki sé ástæða fyrir sjávarútvegsfyrirtæki eins og aðra að sýna fyrirhyggjusemi í rekstri.

[00:34]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í andsvari hæstv. ráðherra kom enn ekkert fram sem breytti þeirri skoðun minni að það skortir fullkomlega rök.

Vissulega bendir hann á að sjávarútvegsfyrirtæki geti hvert um sig fundið sína sveiflujöfnunaraðferð, en þarna var komið ákveðið kerfi sem hefur reynst vel. Ég vil benda á að hún reyndist nú ekki verr en það að hægt hefur verið að ganga í þennan sjóð og það hefur verið hægt að koma til móts við ákveðna kröfu sem hefur verið í samfélaginu þegar sveiflur hafa verið vegna annars en verðlags. Þannig að þetta hefur reynst hin nýtilegasta aðferð og ég held að það hefði verið nær að fara þá leið sem ég gerði að aðalefni í mínu máli og það er að reyna til þrautar að sníða af hugsanlega vankanta á þessum sjóði, jafnvel þó það sé erfitt, því það er ekki endilega vond lausn sem erfitt er að ná. Ég vona að það sé enginn að einfalda það. Og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að það séu fundnar ákveðnar sameiginlegar lausnir, sameiginlegt kerfi sem gefst vel. Við gerum það í lífeyrissjóðakerfi, við gerum það með ýmsum hætti og við gerum það meira að segja með því að leggja sameiginlega fyrir og greiða okkar skatta og verja þeim í þágu þess sem þarf að gera sameiginlega.

Eins lít ég á að þetta sé það stór hluti af okkar atvinnulífi að sjávarútvegurinn verði að taka sameiginlega á, jafnvel þó með sérmerktum innstæðum sé í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins eins og var.

[00:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það kemur aftur og aftur fram við umræðu hér um sjávarútvegsmál að hæstv. sjútvrh. lætur ekki svo lítið að svara spurningum eða fara orðum um hugmyndir sem þar eru settar fram og það er mjög erfitt að taka þátt í umræðum um sjávarútvegsmál þegar hæstv. sjútvrh. hagar sér með þessum hætti. Ég tel að þetta sé ólíðandi og hæstv. ráðherra verði að gera sér grein fyrir því að hann þarf að rækja sitt hlutverk hér á hv. Alþingi þegar verið er að ræða um þau mál sem undir hann heyra.

Hér hafa verið settar fram spurningar um efni og hér hafa verið settar fram hugleiðingar um t.d. hvernig eigi að fara með þá fjármuni sem verið er að tala um. Mig langar til þess að gera eina tilraun enn til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. með hvaða hætti hann ætlar að ráðstafa þessu fé á næsta ári, því það er greinilegt að með því að leggja frv. fram núna og ræða það þegar komið er fram á nótt, þá hlýtur það að vera hans hugmynd að það eigi að koma þessu máli í gegnum þingið og þetta eigi að taka gildi á næsta ári. En ég hef ekki komið auga á það í fjárlögunum hvar þessar tekjur koma niður og mér þætti vænt um að hæstv. ráðherra benti mér á hvar það er. Það er a.m.k. ekki í sértekjum Hafrannsóknastofnunar því að þær hafa nú skroppið æðimikið saman frá því að gert var ráð fyrir því í fyrra að þær yrðu 500 millj. eða hátt í það, held ég, eða meira. Eitthvað í kringum hálfan milljarð áttu þær að vera í fyrra, en núna er gert ráð fyrir að sértekjur Hafrannsóknastofnunar séu 20 millj. og 900 þús. kr. Þannig að það getur varla verið að þetta sé í sértekjunum. Ég hef ekki rekist á þetta annars staðar og mig langar til þess að biðja hæstv. sjútvrh. að benda mér á hvar eigi að ráðstafa þessum fjármunum, því það er greinilegt, eins og ég sagði áðan, að hann ætlar sér að koma þessu máli í gegnum þingið.

Ég hef miklar efasemdir um að það sé skynsamlegt að eyða tíma í það að koma máli hér í gegn þegar hver þingmaðurinn eftir annan hefur komið upp og sagt að hann telji að það sé nú ekki ástæða til að leggja niður þennan sjóð. Meira að segja gekk hv. 1. þm. Vestf., hv. formaður sjútvn. þingsins, hér í ræðustólinn og sagðist að vísu ætla að styðja þetta mál, að leggja þennan sjóð niður, en lýsti því með mörgum orðum að það væri vitlaust að gera það, en hann væri svo sem ekkert að halda uppi sjóði sem útgerðarmenn vildu ekki sjálfir. Ég verð að segja það eins og er að ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt að vera að eyða tíma þingsins í að ræða þetta mál og eyða tíma sjútvn. í að fara yfir það áður en þing fer heim í jólaleyfi eða áramótaleyfi eða hvenær það nú verður sem Alþingi lýkur sínum störfum á þessu ári og tel að það væri nú kannski eitthvað þarfara hægt að hafa fyrir stafni í þeirri nefnd. T.d. að reyna að leysa þau vandamál sem hafa verið til umræðu í kvöld, þ.e. gera betrumbætur á lögunum um stjórn fiskveiða svo það sé hægt að leysa þetta sjómannaverkfall.

Ég verð að segja það á meðan ég fer almennum orðum um þá umræðu sem hefur verið í gangi um sjávarútvegsmál í kvöld að mér finnst það með eindæmum með hvaða hætti menn hafa tekið þátt í henni. Það hefur t.d. verið þannig að það mun einn hv. þm. frá Alþfl. hafa verið staddur í þingsalnum í kvöld en hann er löngu farinn núna. Enginn lét svo mikið að lyfta hendi til að biðja um orðið til að gera grein fyrir afstöðu Alþfl. til þessara mála. Og ekki hafa þeir verið margir þingmenn Sjálfstfl. sem hafa gengið til ræðustóls til að segja sínar skoðanir á þessum sjávarútvegsmálum. Og ég tel reyndar að það hafi kannski verið meiri ástæða til að menn gerðu grein fyrir sínum skoðunum hér í kvöld heldur en stundum áður því það liggur mikið við.

Ég vil fara fáeinum orðum um þennan sjóð en ætla ekki að eyða miklum tíma í það. Ég tel að full ástæða sé til að hafa sveiflujöfnunarsjóð í sjávarútveginum og að það hafi reyndar sannast mjög áþreifanlega á undanförnum árum. Það ætti hæstv. sjútvrh. að vera í fersku minni að það hefði kannski getað verið betra að það hefði verið öflug sveiflujöfnun í sjávarútveginum og í gjaldeyrismálum á sínum tíma þegar hann var forsrh. á árunum 1987 og þar á eftir þegar miklar hækkanir urðu á verðlagi í sjávarútvegi en menn fylgdu ákveðinni stefnu sem menn kölluðu þá fastgengisstefnu og fólst í því að gengið var fast í annan endann. Það var bullandi verðbólga í landinu en það var kallað að hafa fast gengi og sjávarútvegurinn endaði með að vera rekinn með bullandi halla þó svo að verð væru há. Þá hefði nú kannski verið ástæða til þess að

hafa einhverja aðra skipan á þessum hlutum og þá hefði öflugur sveiflujöfnunarsjóður auðvitað þurft að vera til staðar.

Mín skoðun er reyndar að það eigi að sameina í einum sjóði sveiflujöfnun og hagræðingu í sjávarútvegi. Ég tel að það geti komið sér mjög vel þegar góðærið kemur til þess að hagræða í sjávarútveginum að vera ekki alfarið með þessi tvö verkefni aðskilin, þ.e. sveiflujöfnunin og hagræðinguna í sjávarútvegi. Þetta er auðvitað hægt að gera ef menn vilja. Og ég tel að það hefði átt að vera hluti af almennum breytingum í þessu efni að leggja niður þennan sjóð, að eitthvað annað hefði tekið við, og við vitum hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að taki við, það er þróunarsjóðurinn. Hann mun ekki vera hugsaður að neinu leyti sem sveiflujöfnunarsjóður og menn ætla það greininni sjálfri, eins og hæstv. sjútvrh. lýsti áðan, að hafa það á hendi sinni að jafna sveiflurnar. Þar geta menn bara skoðað reynsluna og ég bendi á það sem ég sagði hér áðan um hana.

Ég nefndi áðan að það er ekki gert ráð fyrir þessum tekjum að mér sýnist í fjárlagafrv. en þarna er verið að tala um tekjur til Hafrannsóknastofnunar upp á 215 millj. kr. Ég fer fram á það við hæstv. sjútvrh. að hann t.d. svari því hvort hann er ekki tilbúinn að standa að því að nota þessa peninga ekki í almennan rekstur Hafrannsóknastofnunar heldur í sérstakt verkefni sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi hér áðan, þ.e. skipakaup fyrir Hafrannsóknastofnun. Og þá væri það vel ef menn á annað borð ganga þessa göngu til enda að leggja þennan sjóð niður að taka þá ákvarðanir í þessu efni í leiðinni.

En eins og ég segi þá tel ég að það væri kannski ástæða til að eyða tíma þingsins í annað en skakast hér með mál sem greinilega engin samstaða er um í þinginu. Það þarf örugglega að fara yfir þetta mál með ýmsum aðilum eftir að sjútvn. hefur fengið það í hendurnar og tíminn til að afgreiða það er þess vegna ekki til staðar. Þess vegna held ég að það væri kannski rétt að menn tækju fyrir önnur mál en þetta til þess að reyna sig við áður en þingið fer í jólafrí. Ég ætla ekki að tefja tíma þingsins í kringum þetta mál. Ég vona bara að menn hafi vit á því að fara ekki að eyða tíma okkar sjávarútvegsnefndarmanna í það. Ég held að það væri miklu nær að sjútvn. færi í það verkefni sem við höfum margrætt í kvöld að þurfi að fara í, þ.e. að skoða með hvaða hætti er hægt að koma til móts við sjómenn í þeirri deilu sem núna er yfirvofandi og sem þingmenn og sérstaklega þingmenn stjórnarflokkanna hefðu átt að gera grein fyrir með hvaða hætti þeir hyggjast leysa. Hæstv. sjútvrh. hefði auðvitað átt að tala skýrt í kvöld og segja frá því með hvaða hætti hann ætlaði að leggja sitt lóð á vogarskálina eftir að hæstv. ríkisstjórn með hann í broddi fylkingar er búinn að fleygja inn í þingið frv. um stjórn fiskveiða og fylgifrv. þess frv. sem eru þvert á það sem sjómenn eru að fara fram á að verði gert, þ.e. að gerðar verði breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem komi í veg fyrir að hægt sé að hafa af þeim hlut þeirra.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég ítreka að ég óska eindregið eftir því að hæstv. sjútvrh. gangi til ræðustóls og geri þessum fáu þingmönnum sem eftir sitja og því fólki sem hefur verið að fylgjast með þessari umræðu skýra grein fyrir því hvað hann ætlast fyrir til þess að leysa þessa deilu sem er komin upp og svari þeim spurningum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. lagði fram áðan.

[00:47]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. 3. þm. Vesturl. að í fjárlögum fyrir næsta ár er ekki gert ráð fyrir sértekjum hjá Hafrannsóknastofnun. En eins og ég þykist vita að hv. þm. man þá var gert ráð fyrir því fyrir þetta ár að Hafrannsóknastofnun fengi sértekjur. Og til þess að mæta þeim er þessi ráðstöfun ákveðin sem mælt er fyrir um í frv.

Að því er varðar þær fyrirspurnir sem hv. þm. ítrekaði hér um afskipti af kjaradeildu sjómanna og útvegsmanna ítreka ég fyrri svör mín í þeim efnum. Sú kjaradeila stendur á milli sjálfstæðra félaga sjómanna og útvegsmanna. Hún er nú til meðferðar hjá ríkissáttasemjara og á þessu stigi máls er ekki tilefni til afskipta af hálfu stjórnvalda. Með því væru stjórnvöld að hlutast til um sáttastörf með óeðlilegum hætti. Hins vegar hefur legið fyrir allar götur síðan sl. vor að ég væri tilbúinn til að ræða þessi mál við báða samningsaðila.

[00:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér kemur á óvart að þessar sértekjur sem þarna er gert ráð fyrir að eigi að koma í staðinn fyrir það sem menn ætluðu að hafa í tekjur af sölu veiðiheimilda á þessu ári. Og ég veit ekki með hvaða hætti bókhaldið á að vera í þessu efni. Ég hélt nú að það væri verið að tala um að þessi lög tækju gildi núna um áramótin en þetta er sjálfsagt leið í málinu þó að hún hafi komið mér á óvart.

Hæstv. sjútvrh. endurtók það hér áðan að það stæði yfir vinnudeila milli sjálfstæðra aðila og það væri óeðlilegt að hafa afskipti af þeirri deilu. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst ekki boðlegt að bjóða upp á þessi svör. Auðvitað veit hæstv. sjútvrh. að það er ekki verið að hlutast til um þessa deilu með neinum hætti öðrum en þeim sem er skylda hv. Alþingis. Við vitum að þessi deila stendur um kerfi sem Alþingi hefur lögfest. Við vitum að það verður ekki hægt að leysa þetta mál öðruvísi en hv. Alþingi komi þar að nema með því að brjóta sjómenn niður í verkfalli. Brjóta þessa kröfu á bak aftur með verkfalli. Ef Alþingi ætlar ekki að breyta neinu í lögunum um stjórn fiskveiða vegna þessarar deilu þá er það yfirlýsing um að það eigi að brjóta sjómenn niður í þessu verkfalli og þeirra kröfur á bak aftur. Þannig horfir málið við.

[00:51]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Sú kjaradeila sem nú á sér stað á rætur að rekja til þess að félög sjómanna hafa borið fram

kröfur gagnvart sínum viðsemjendum svo sem þau eiga rétt til lögum samkvæmt. Þau hafa lögbundinn rétt til að bera þessar kröfur fram og fylgja þeim eftir með verkfalli og ég vona að það beri ekki að skilja orð hv. þm. svo að hann vilji að þetta sjálfstæði verkalýðsfélaganna að bera fram kröfur gagnvart sínum vinnuveitendum og fylgja þeim eftir verði af þeim tekið með íhlutun Alþingis. Það mætti ætla af orðum hv. þm. en ég ætla ekki eigi að síður að gera honum þær skoðanir upp heldur fyrst og fremst varpa ljósi á það að málflutningur hans í þessu efni er á villigötum. Deilan er í eðlilegum farvegi eins og sakir standa. Ég held að það geri sér allir grein fyrir því hversu alvarlegt ástand það yrði ef sjávarútvegurinn stöðvaðist vegna vinnudeilna og við skulum vænta þess að samningsaðilar undir forustu sáttasemjara nýti vel þann tíma sem er til áramóta þegar boðað verkfall á að taka gildi. En við skulum líka hafa það í huga að þessir aðilar hafa lögvarinn sjálfstæðan samningsrétt og við skulum ekki gera því skóna að það sé ástæða til að taka þennan rétt af aðilum.

Höfum það líka í huga að sjómannafélögin kusu að bera fram kröfur sínar gagnvart sínum viðsemjendum og fylgja þeim eftir með verkfallsboðun.

[00:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel þetta nú hreina útúrsnúninga. Ég hef ekki nunnað að því einu orði að það ætti að taka eitthvert sjálfstæði af verkalýðsfélögunum enda held ég nú að hæstv. ráðherra viti vel um hvað þetta mál snýst. Hann hefur fimlega vikið sér undan að ræða það eins og hefði þurft hér. Það er auðvitað nóg um að semja milli þessara aðila þó hv. Alþingi reyni að leysa þann hluta deilunnar sem snýr beint að lagasetningu í þinginu. Það þarf að ná samstöðu um ýmis önnur mál sem sjómenn hafa gert kröfur um og það þarf auðvitað að leysa það í sjálfum samningunum. En samningana í heild virðist ekki mögulegt að leysa öðruvísi en að Alþingi komi að málinu. Og það er alger útúrsnúningur að halda því fram að málið leysist milli þessara aðila nema menn séu að gefa sér það sem ég sagði hér áðan að það eigi að brjóta aðalkröfu sjómannanna raunverulega á bak aftur.

Ég verð að segja það alveg eins og er að ég get ekki annað fundið en að hæstv. sjútvrh. tali eins og hann sé undir hæl. Og ég þykist finna að sá hæll sé LÍÚ. Að það megi ekki taka þetta mál til úrlausnar í hv. Alþingi vegna þess að forustumenn í LÍÚ vilji ekki að það sé gert. Ég hef komist að þessari niðurstöðu eftir að hafa fylgst með þessum umræðum hér í kvöld og fundið hvernig hæstv. sjútvrh. hefur ævinlega vikið sér undan því þegar hann hefði þurft að komast að kjarna málsins til að segja þingi og þjóð hvernig hann vill leysa þessi mál.

Útbýting þingskjala:

Skattamál, 251. mál, brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 410; brtt. 3. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 412.

[00:55]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að fjalla um mikilvægt mál sem er Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins og ég get vart trúað því að það sé hugmynd hæstv. ríkisstjórnar að afgreiða þetta mál núna fyrir jólahlé vegna þess að það þurfi að ráðstafa þessum krónum sem þarna eru eftir inn í fjárlögin. Það er stórkostuleg afstaða. Þetta nefndarálit sem liggur til grundvallar er búið að liggja fyrir mjög lengi eftir því sem ég best veit.

Þessi sorgarsaga sem er um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins frá síðasta ári og allar yfirlýsingar ráðherra og ríkisstjórnar í því máli væri efni í langar umræður. En nú á að fara að lagfæra þá skömm með því að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins í skyndi hér í umræðu um skattamál og fjárlög rétt fyrir jólin. Þannig að ég vænti þess að þetta mál verði sent til nefndar en síðan láti menn sér ekki detta það í hug að taka það á dagskrá næstu daga ef það er þá hugmyndin að ljúka störfum Alþingis fyrir jól. Það hefur vissulega komið fyrir að það hefur þurft að halda fundi milli jóla og nýárs og fram yfir áramót og ef á að fara að afgreiða svona stórmál með þessari hugsun þá er illa komið. Ég vil vara við því og vænti þess að hæstv. sjútvrh. hafi skilning á því að hér er um það mikið grundvallarmál að ræða að jafnvel þótt um það sé nokkuð víðtæk samstaða hjá hagsmunaaðilum þá hlýtur Alþingi að taka sér nokkurn tíma í málið.

Hv. 1. þm. Vestf. orðaði það svo að fyrst að þessir aðilar vildu ekki hafa þennan sjóð þá væri ekki rétt að vera að neyða hann upp á þá. Ég er ekki sammála þessari afstöðu. Þetta er að sjálfsögðu ekki einkamál þeirra aðila sem eiga hlut að máli. Þetta er málefni allrar þjóðarinnar. Þetta er málefni atvinnugreinar sem skiptir sköpum fyrir efnahagslíf á Íslandi. Og þetta mál er jafnframt hluti af hugsanlegri samstöðu um sjávarútvegsstefnuna í landinu og kemur inn á það mál. Það er alveg ljóst að það var iðnaðinum mikilvægt á sínum tíma að þessi sjóður var stofnaður. Og það varð m.a. til þess að iðnaðurinn í landinu var ekki með jafnríka kröfu um það að sjávarútvegurinn greiddi auðlindaskatt. Einstakir aðilar þar upphefja rödd sína annað slagið í þeim málum. Ég man eftir því fyrir ekki mjög löngu síðan að ég var á ráðstefnu hjá félagi samtaka iðnaðarins og hún fjallaði nær eingöngu um málefni sjávarútvegsins. Þar var verið að sannfæra alla þá sem þar voru og sérstaklega voru menn að sannfæra hvern annan um það að auðvitað ætti að láta þessa atvinnugrein, sjávarútveginn, borga til sameiginlegra sjóða til þess að iðnaðurinn hefði það gott í landinu. Og mér fannst í reynd að andinn væri sá að ef sjávarútvegurinn borgaði skatt eða inn í sjóði þá mundi verða fínt að vinna í iðnaði á Íslandi. Að mínu mati er þetta því miklu stærra mál en svo að það sé hægt að afgreiða það á þeim grundvelli að það vanti þessar krónur sem þarna eru inn í ríkissjóð.

Ég ætla ekkert að segja um það hvernig ég vildi að þessu fé væri ráðstafað. Ég er á móti því að því verði ráðstafað og ætla ekki að tilgreina neitt annað í því

sambandi. En ég tel ekki ástæðu til þess að það renni inn í almennan rekstur Hafrannsóknastofnunar og ég vænti þess að málið fái hér eðlilega umfjöllun.

[01:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég held að hv. 1. þm. Austurl. hafi orðað það svo í upphafsræðu sinni um þetta mál að nauðsynlegt væri að hv. sjútvn. fengi nægjanlegan tíma til umfjöllunar um málið þannig að nefndarmenn a.m.k. gætu lesið gaumgæfilega þær skýrslur sem málinu fylgja. Ég vil fyrir mitt leyti stuðla að því að alla vega það svigrúm gefist fyrir hv. nefnd og vona að það fullnægi hv. þm. að fá það svar af minni hálfu hér.

[01:02]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það vill svo til að ég hef lesið þessa skýrslu þannig að ég þarf út af fyrir sig ekki tíma til þess. En því miður hef ég þurft að lesa ýmsar skýrslur undanfarna daga og undanfarnar nætur um ýmis önnur mál sem eru afskaplega lítið viskulegar. Sumar þessar skýrslur hafa ekki verið aðgengilegar og það hefur þurft að toga þær út með töngum og leita að þeim úti í bæ því að þær hafa ekki fengist í ráðuneytum sem er nú nokkuð merkileg lífsreynsla. En það finnst mér vera fráleitt svar af hálfu hæstv. ráðherra að það sé nóg að nefndarmenn fái ráðrúm til þess að lesa skýrslur. Það þarf að sjálfsögðu að ræða við aðila og spyrja þá út úr hvað þeir eru að hugsa og hvernig þeir undirbyggja sinn rökstuðning. Það er eðlileg krafa löggjafarvaldsins að kalla aðila fyrir því að það er Alþingi sem setur lög, a.m.k. að nafninu til enn þá, þótt því miður virðist í vaxandi mæli mikið af þeim lögum vera samið einhver staðar úti í bæ og síðan komið hingað inn með þau og það eigi nánast að stimpla þau að *forminu til*.

[01:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það ætti varla að þurfa að gera að umtalsefni í þingsalnum að nefnd kalli aðila til umsagnar og leiti umsagnar um frumvörp eins og þetta. Það eru venjuleg vinnubrögð nefnda í þinginu og mér þykir alveg einsýnt og sjálfgefið að hv. sjútvn. muni kalla eftir áliti og leita umsagna þeirra sem gerst þekkja um þetta mál og vinna það þannig með fullkomlega eðlilegum og hefðbundnum hætti og taki þann tíma sem nauðsynlegur er til þess.

Mín ósk stendur auðvitað til þess að það verði hægt að afgreiða þetta með sem skjótustum hætti. Ég hef aldrei óskað eftir því að það verði beitt einhverjum óvenjulegum vinnubrögðum við meðferð málsins í nefnd nema síður sé.

[01:05]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nú í fullri vinsemd benda hæstv. sjútvrh. á þá staðreynd að það eru enn mjög mörg mál óafgreidd í þinginu sem varða fjárlög ríkisins og ég tel þetta mál ekki vera mál sem varðar fjárlög ríkisins. Ég hefði haldið að hæstv. ríkisstjórn vildi leggja alla áherslu á þau mál. Og það á eftir að halda mikið af nefndarfundum í sambandi við þau og erfitt að koma á nefndarfundi í þessu máli, gæti ég trúað, þannig að það verður að sjálfsögðu að taka tillit til slíkra aðstæðna. Á þetta vildi ég benda og væri skynsamlegast að gera sér grein fyrir því að það er útilokað að reikna með því að þetta mál geti hlotið afgreiðslu fyrir jólahlé þingmanna. Nú er búið að eyða tíma í allt kvöld í það án þess að umræður hafi verið mjög langar, þ.e. þetta mál og annað mál sem liggur á. Það er komið nokkuð fram á nótt og það verður að sjálfsögðu til þess að við þingmenn getum ekki vakað jafnlengi næstu nætur og mun þá líklega verða til þess að stytta þann tíma sem þingið getur starfað næstu daga.

[01:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég mun ekki lengja þessa umræðu mikið af minni hálfu þótt út af fyrir sig væru ærin tilefnin. Ég kem aðallega upp út af þeim spánsku upplýsingum sem komu frá hæstv. sjútvrh. og ég fæ ekki almennilegan botn í að það sé meiningin að ráðstafa þessum fjármunum Verðjöfnunarsjóðs með einhvers konar afturvirkum hætti, aftur á bak inn í fortíðina til þess að fjármagna það gat eða stoppa upp í það gat sem sé eftir þegar búið er að falla frá sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Ég skil þetta ekki almennilega satt best að segja. Ber að skilja það svo að Hafrannsóknastofnun hafi verið rekin án heimilda og bara á loftinu þangað til að eftir dúk og disk náðu menn í þessa peninga Verðjöfnunarsjóðs og það sé hægt að bakka þeim yfir í Hafrannsókn. Hefur Jakob Jónsson bara slegið lán eða reitt fram reksturinn úr eigin vasa? Hvernig er þetta eiginlega?

Ég náði mér í fjáraukalagafrv. og fór að athuga hvernig staðan er gagnvart fjárheimildum Hafrannsóknastofnunar og þá kemur það einfaldlega í ljós að það er búið að afla fjárheimilda í fjáraukalagafrv. til að reka stofnunina, þ.e. dellumakaríinu úr fjárlögunum eins og þeim var lokað annað árið í röð, að það ætti að reka Hafrannsóknastofnun að stórum hluta til með sértekjum sem fengnar yrðu með sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs. Svo gufuðu þær áfram upp eins og við var að búast annað skiptið í röð, og hvað gerist þá? Þá stendur í fjárlögunum fyrir yfirstandandi ár liðurinn 52–58, tölul. 4, sértekjur 322 millj. 900 þús. Og það voru sértekjur Hafrannsóknastofnunar eins og þær áttu að vera af sölu veiðiheimilda Hagræðingarsjóðs. Síðan kemur tæpast króna í pottinn út úr því og þá er flutt fjáraukalagafrv. af hæstv. ríkisstjórn og aflað 302 millj. í beinu ríkisframlagi inn í rekstur Hafrannsóknastofnunar. Ég veit ekki betur en það sé búið að afgreiða þetta frv. Þá standa eftir sértekjur upp á 22 millj. og ég spyr þá: Í hvaða gat á þessi sala þá að renna? Eða öllu heldur, á þessi sjóður Verðjöfnunarsjóðsins að renna? Ég fæ ekki botn í þetta mál. Nú er lagt hér fram fjárlagafrv. fyrir árið 1994 og það er loksins sett upp með venjubundnum hætti þannig að ríkissjóður kosti rekst-

ur Hafrannsóknastofnunar mínus einhverjar 22 millj. aftur sem þar eiga að vera í sértekjur. Þá spyr ég: Í hvaða rekstur Hafrannsóknastofnunar? Á hvaða ári á þetta að ganga? Er það árið 1992 eða hvað eða er einhvern tíma gat fyrr á öldinni sem á að nota þessa fjármuni til að stoppa upp í? Það er von að spurt sé.

Ég held að annað sé á ferðinni. Ég held að þetta sé hreinn orðaleikur og beinlínis eigi að gera þessa peninga upptæka í ríkissjóð. Eins og skjölin liggja fyrir okkur verður ekki annað ráðið af uppsetningu fjárlagaheimilda eins og þær eru til rekstrar Hafrannsóknastofnunar. Ég held að hæstv. sjútvrh. verði að skýra þetta betur eigi þetta yfir höfuð að verða niðurstaðan.

Nú er það svo að það eru engar líkur að mínu mati á því að þetta frv. nái afgreiðslu á þessu ári þannig að það verður komið inn á fjárlagaárið 1994 þegar og ef þetta verður afgreitt þó ekki kæmi annað til en það að um þetta mál er greinilega verulegur ágreiningur þá er vandséð að það fái einhverja flýtiferð hér í gegnum þingið. Menn munu þurfa að skoða það ítarlega vænti ég þannig að ég held að sé svo að ríkisstjórnin hafi reiknað með eða treyst á afgreiðslu þessa frv. og nýtingu þessara fjármuna gagnvart yfirstandandi ári þá verði einfaldlega að hverfa frá þeim áformum og leysa þau útgjaldamál með öðrum hætti. Reyndar sýnist mér að það sé nú þegar búið í fjáraukalögum fyrir yfirstandandi ár þannig að ekki botna ég nú mikið í þessu. En það gefst sjálfsagt einhver betri tími til að skoða.

Um ráðstöfun þessara fjármuna vísa ég til þess sem ég áður sagði. Ég er andvígur því að þetta hverfi einfaldlega í rekstur Hafrannsóknastofnunar. Ég tel það metnaðarleysi og aumingjaskap ætla ég að leyfa mér að segja, af því að klukkan er farin að ganga tvö, af forsvarsmönnum sjávarútvegsins að gefa það eftir baráttulaust að þessir fjármunir, sem eru auðvitað eign sjávarútvegsins í þeim skilningi að hann hefur lagt þá til, renni með þeim hætti inn í ríkissjóð því að það er auðvitað ekkert annað en hrein eignaupptaka á þessum sjóði. Menn gætu þess vegna alveg eins merkt hann rekstri Tryggingastofnunar eða hvað sem er. Þetta er auðvitað eingöngu eins og þetta er upp sett ætlað til þess að minnka útgjöld ríkissjóðs til rekstrar. Og ég held að sjávarútvegurinn hafi á öðru meiri þörf þessa daga en því að vera að reyta af sér fjaðrir af þessu tagi inn í rekstur ríkissjóðs. Honum veitir ekki af sínu.

Að öðru leyti vil ég segja það að svör hæstv. ráðherra gagnvart þeim spurningum sem hann hefur fengið voru náttúrlega átakanlega rýr í roðinu og enn er það svo að þrátt fyrir þessar umræður sem hér hafa staðið klukkutímum saman um málefni sjávarútvegsins hefur hæstv. sjútvrh. ekki séð ástæðu til að biðja um orðið. Hann hefur ekki beðið um orðið öðruvísi en í tveimur eða þremur örstuttum andsvörum og það lýsir auðvitað nokkuð vel því sem hæstv. sjútvrh. hefur til málanna að leggja. Það er ekki meira en svo, það er það fátæklegt að honum duga fáein örstutt andsvör til að koma því á framfæri. Og það er sá áhugi sem hæstv. sjútvrh. sýnir þessari umræðu og sú virðing sem hann sýnir þeim mönnum sem hér hafa tekið tíma sinn í það að ræða þessi mál. Að síðustu hljótum við að draga þá ályktun að það sé lýsandi fyrir það sem hæstv. sjútvrh. hefur á þessu stigi til málanna að leggja og það er fátæktarlegt svo að ekki sé meira sagt og rýrt í roði.

Hæstv. sjútvrh. ver afskiptaleysi sitt gagnvart ástandi mála í sjávarútveginum og yfirvofandi kjaradeilu með því að þetta sé kjaradeila sem sé stjórnvöldum óviðkomandi, ríkisstjórn óviðkomandi og Alþingi óviðkomandi. Til viðbótar liggi það fyrir að hæstv. sjútvrh. hafi af rausn sinni boðið það sl. vor að tala við sjómenn en því hafi ekki verið ansað þannig að hæstv. sjútvrh. telur sem sagt ekki standa mikið upp á sig þó að hann sé að vísu yfirvald sjávarútvegsmála í landinu, þá sé þetta honum óviðkomandi eins og gefið sé í spilið og þetta eigi einfaldlega að leysast við samningaborðið og undir forustu sáttasemjara. En nú liggur það þannig, hæstv. sjútvrh., að það sem er aðalinntak deilunnar hefur þegar verið reynt að leysa með kjarasamningum. Það var gert síðast. Það er í síðastgildandi kjarasamningum milli sjómanna og útvegsmanna að þeir skulu ekki taka þátt í kvótakaupum og reynslan er sú að það ákvæði hefur verið þverbrotið út um allt land og nú eru fyrir dómstólum allmörg dómsmál, málaferli út af slíku, þvingaðri þátttöku sjómanna í kvótakaupum og það gagnvart þessari stöðu, þessari útkomu gildandi laga um stjórn fiskveiða sem sjómannastéttin í landinu er að rísa upp og nýta sér þann eina rétt sem hún hefur til þess að hrinda þessu oki af sér og fara í verkfall. Og menn geta kallað það pólitískt verkfall gagnvart röngum aðila, þ.e. útvegsmönnum en ekki löggjafanum ef því er að skipta, en það vill bara svo til að sjómenn hafa ekki verkfallsrétt gagnvart Alþingi sem slíku. Þetta hljóta menn einfaldlega að skilja og horfast í augu við. Það er óraunsæi eða flótti að fjalla um málið með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. hefur gert, kjarkleysi eða hvað það er, ég veit það bara ekki. Í öllu falli er það svo að veruleikinn mun ekki spyrja um þennan formalisma þegar og ef hann skellur á 1. jan. með allsherjarverkfalli sjómanna. Þá er það ósköp einfaldlega helluverkfall sjómanna og flotinn verður bundin og við það situr og þá mun lítt stoða fyrir hæstv. sjútvrh. að koma hér og segja: Þetta er mér óviðkomandi. Og enn fáránlegra verður það ef hæstv. sjútvrh. ætlar þá að koma og segja: Ég bauð upp á það í vor að það yrði talað við mig en það hefur ekki verið þegið og þar með er ég sýkn mála í þessu efni. Þetta er satt best að segja harla aumingjaleg málsvörn hér af hálfu hæstv. sjútvrh. og ég vænti þess að þeir sjómenn, ef einhverjir eru, sem hafa fylgst með þessari umræðu, a.m.k. forsvarsmenn þeirra væntanlega, séu ekki miklu nær um það hvort einhvers liðsinnis sé að vænta af hálfu yfirvalda sjávarútvegsmála í þessari deilu sem fram undan er.

[01:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur kvartað undan því í kvöld að ég hafi flutt stuttar ræður og athugasemdir. Hann hefur að vísu flutt margar ræður og

langar og stundum stóryrtar, en að efni til hafa þær ekki gefið tilefni til langra svara og þar við situr.

[01:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var ósköp lýsandi svar af hálfu hæstv. sjútvrh. Við erum farin að verða þessu býsna vön og fyrir þessu hafa ýmsir þingmenn orðið á undanförnum þingum og því að hæstv. sjútvrh. virðist ekki almennilega átta sig á, ég veit eiginlega ekki hverju, hlutverki sínu eða stöðu og í öllu falli ekki þeirri virðingu sem menn hafa svona að breyttu breytanda yfirleitt reynt að sýna hver öðrum svona í orðaskiptum.

Mér er t.d. minnisstætt að hæstv. sjútvrh. sýndi af sér einhvern mesta hroka sem ég hef orðið vitni að hér í þingsölum þegar hann svaraði fyrirspurn, sem fram var borin, með eins lítilsvirðandi hætti og honum var nokkur kostur, með einu jái eða neii hvort heldur var, þar sem enginn rökstuðningur eða engar útskýringar af einu eða neinu tagi fylgdu og auðvitað er það mál hæstv. sjútvrh. sem hann verður að eiga við sjálfan sig hvort hann kýs að ganga fram í röðræðum um þessi mál og sinn málaflokk af þessu tagi. Hann ávinnur sér a.m.k. ekki virðingu mína með því. Það er alveg á hreinu. Það kann að vera að hann gangi í augu einhverra með þessari töfframgöngu eða hvað þetta á nú að kallast og þessum sniðugheitum t.d. að koma sér trekk í trekk og ítrekað undan því með útúrsnúningum í andsvörum að reyna að ræða sinn málaflokk. Og mér er alveg nákvæmlega sama þó að ég sé fórnarlamb þessarar íþróttar hæstv. sjútvrh. ásamt með öðrum. Það kemur ekkert við mig. Mér er miklu meira umhugsunarefni á hvaða spori hæstv. sjútvrh. er í þessum efnum þegar ég ber hann saman við aðra ráðherra eins og t.d. hæstv. heilbrrh. í dag sem eyddi miklum tíma og málefnalega í það að fara yfir sinn málaflokk og svara spurningum. Mér finnst þetta satt að segja heldur dapurlegt fyrir hæstv. sjútvrh. sem flaggar m.a. þeirri fortíð að hafa einu sinni verið forsrh. íslenska lýðveldisins en vera ekki betur á sig kominn en raun ber vitni í þessum efnum að telja það fyrir neðan virðingu sína að eiga orðastað við þingmenn. Mér finnst þetta heldur dapurleg örlög fyrir einn stjórnmálamann að vera svona illa á sig kominn, ekki eldri í starfi stjórnmálamanns en raun ber vitni.

[01:20]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur öllum fyrirspurnum hv. þm. verið svarað í stuttu máli. Hvað hann telur nauðsynlegt til þess að ávinna sér virðingu er auðvitað hans mál. Ég ber á vissan hátt virðingu fyrir honum sem þingmanni. Ég tel hins vegar ekki að það sé honum til álitsauka að halda allar þessar löngu og innihaldslausu ræður.

[01:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það skolaðist eitthvað til hjá hæstv. sjútvrh. Það var hér til umræðu virðing hans og metnaður fyrir sjálfum sér og því starfi sem hann gegnir en hann virðist hafa misskilið þetta og haldið að þetta sneri að núverandi ræðumanni. Svo var nú ekki. Ég var að hugleiða það í raun og veru á hvaða spori hæstv. sjútvrh. *væri almennt í samskiptum sínum við þingmenn* og þá ekki bara undirritaðan heldur almennt og vitnaði m.a. til framgöngu hans í svari við fyrirspurnum og öðru slíku.

Það vill nú svo til að það er búið að takmarka hér ræðutíma við 1. umr. frv. Og jafnvel þótt það séu hin mikilvægustu mál þá höfum við stjórnarandstæðingar með einni eða tveimur undantekningum ekki farið fram á eða nýtt okkur rétt okkar til að lengja umræðuna. Við höfum jafnvel fallist á að mikilvæg frv. hafa verið rædd í því knappa formi sem nú er heimilt samkvæmt þingsköpum og það hefur m.a. átt við um umræðu um bæði mál sjútvrh. hér í kvöld. Þannig að ég tel nú að hæstv. sjútvrh. geti ekki kvartað undan því að ræður hafi verið langar. Nokkrar þeirra e.t.v. farið upp í tímamörk sem eru 20 mín. í fyrri ræðu og 10 mín. í seinni. Það teljast ekki langar ræður eða hafa a.m.k. ekki gert það á Alþingi Íslendinga fram undir þetta. En hitt er auðvitað umhugsunarefni með hvaða hætti hæstv. sjútvrh. hefur farið út úr þessari umræðu. Ég tel að það sé nokkuð umhugsunarvert að hæstv. ráðherra virðist svona heldur kvarta undan því, amast við því að þingmenn *sýni þeim málaflokki sem hann fer með í Stjórnarráði* Íslands áhuga og ræði þau mál. Venjan er hið gagnstæða. Svo lengi sem ég man eftir þá hafa ráðherrar t.d. yfirleitt talið það skyldu sína eftir málefnalegar og miklar umræður um sinn málaflokk að koma hingað upp og þakka þær. Það er mjög alvenjulegt að ráðherrar komi eftir 1. umr. um mál og þakki þingmönnum fyrir þátttöku í umræðunum og að hafa gert grein fyrir sjónarmiðum sínum. Ég hef ekki heyrt hæstv. núv. sjútvrh., í eitt einasta tilviki, brjóta odd af oflæti sínu og sýna því einhvern skilning, einhverja lágmarksvirðingu, að alþingismenn láti sig sjávarútvegsmál varða. Það er auðvitað mál hæstv. núv. sjútvrh. íslenska lýðveldisins þó hann vilji merkja sig þátttöku í málaflokknum hér á Alþingi með þeim hætti. Það er hans mál.

[01:23]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Fyrst örfá orð varðandi meintan stráksкap hæstv. ráðherra. Ég vil benda hæstv. ráðherra á varðandi þann stráksкap sem hann hefur vissulega sýnt í umræðum hér í kvöld — og kvartar þó sú sem hér stendur ekki sérstaklega undan þeim svörum sem hún fékk — þá væri nú kannski hægt að taka upp eitthvað svipað sem heitir drengskapur. Ég treysti því að hæstv. ráðherra sýni nú okkur sem komum nálægt störfum sjútvn. þann drengskap að una því að þetta mál verði tekið til gaumgæfilegrar athugunar vegna þess að það er verðugt, ekki hefur öllum spurningum verið svarað um þetta mál og ég heyrði raunar á máli hæstv. ráðherra hér áðan að hann taldi að það væri ástæða til að vinna þetta mál sómasamlega. Ég er svo sem ekki að þakka neitt sérstaklega fyrir það en gleðst þó yfir að mitt í ákveðnum stráksкap skuli hann hafa tekið undir þetta atriði.

En það sem mér finnst í rauninni hafa komið nýtt fram og er ástæðan fyrir að ég blanda mér hér á nýjan leik í þessa umræðu er sú umræða sem er um ráðstöfun þeirra 190 eða 215 millj. kr. sem gert er ráð fyrir að verði eftir í Verðjöfnunarsjóði verði hann lagður niður. Ég hef ekki enn fengið svör við mínum spurningum varðandi það hvaða sjóð eigi að leggja niður á næsta ári ef það á að fara að taka upp þann háttinn núna að leggja niður sjóði í hvert sinn sem þarf að finna fé fyrir Hafrannsóknastofnun. En mér heyrðist jafnframt að menn væru að benda hæstv. ráðherra á að það væri þegar búið að finna aðrar leiðir á þessu ári þannig að þarna væri tvíbókað fjármagn til Hafrannsóknastofnunar alla vega að hluta.

Ég hafði raunar ekki frekar en aðrir hér haft ráðrúm til að kynna mér öll þau fylgiskjöl sem fylgdu með þessu frv. þegar ég tók til máls þar sem hér hefur verið afskaplega annríkt. En ég sé að það er þegar á þessu ári sem á að nýta þessar 190 millj. sem eiga að fara til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Ég er nú ekki alveg sannfærð um hvernig á að skilja þetta vegna þess að hér er í rauninni orðinn slíkur vandræðagangur og kraðak varðandi allar þær skyndilausnir sem fundnar eru á því að fjármagna Hafrannsóknastofnun að þetta er bara ein vitleysan enn. Og þetta er eitt af því t.d. sem við þurfum að fá skýr svör við í nefndinni. Það er annað líka sem ég held að væri kannski ástæða fyrir ráðherra að íhuga hvort ekki væri vert að svara en það er að ég sé ekki betur en að samkvæmt þessu frv. þá reikni a.m.k. sjálfstæðismenn með því að hér séu engin björt ár fram undan heldur einungis slæm ár. Mér þykir þetta með eindæmum mikil bölsýni því ég trúi því og treysti að menn reyni að takast á við vandann en gefist ekki bara upp fyrir honum. Aftur á móti virðist sú uppgjöf sem felst í að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins benda til þess að sjálfstæðismenn séu ekki reiðubúnir til þess. Hlýt ég þá að spyrja hvort það sé kannski vegna lélegrar stjórnar þessa lands sem flokkur hæstv. ráðherra hefur þessa skoðun. Sé svo þá hefur ráðherra áreiðanlega möguleika á að hafa áhrif á að þeim ósköpum linni innan tíðar.

Ef núv. ríkisstjórn sér þetta ekki eða kærir sig ekki um að létta því af sem slæm stjórn landsmála hefur lagt á þjóðina þá geri ég ráð fyrir að þjóðin muni gera það áður en langt um líður því það er í hæsta lagi hálft annað ári í næstu reglubundnar kosningar. Ég hef ekki nokkra trú á því að þjóðin veiti núv. stjórn aftur umboð í ljósi reynslunnar. Þannig að mér finnst það dálítill ábyrgðarhluti ef stjórnvöld núna ætla að fara að leggja niður Verðjöfnunarsjóð til þess eins að vera búin að því þannig að það þurfi að fara að vinna verkið upp á nýtt og setja á laggirnar nýtt sveiflujöfnunarkerfi sem allir eru meira og minna sammála um að við þurfum á að halda. Ég endurtek enn og aftur að þær hugmyndir sem hafa verið um sveiflujöfnun innan fyrirtækja hafa ekki verið raktar hér. Það kerfi hefur ekki verið formað, það hefur ekki verið mótað. Þarna var um hugmyndir að ræða um ákveðinn formlegan hátt á því. Þær hafa hins vegar ekki verið mótaðar, þessar tillögur hafa ekki verið lagðar fram og þar af leiðandi erum við ekki með neitt annað sem á að koma í staðinn. Þetta finnst mér í rauninni vera kjarni málsins. Hér er verið að rjúka til í einhverju pati eins og oft gerist á þessum árstíma, grípa til einhverra ráðstafana til þess að rétta af einhvern hluta af halla ríkissjóðs og það er því miður oftar en ekki gert með afskaplega heimskulegum hætti.

Ég trúi því og treysti að hv. sjútvn. muni leggja þá vinnu sem vert er í þetta mál og ekki afgreiða það frá sér í neinu flaustri. Ég vona að ég eigi ekki eftir að sjá þetta mál í 2. umr. þar sem ég held að hér hafi verið um ákveðið fljótræði að ræða og að í þeirri skýrslu sem fylgir með og því sem hefur komið fram í þessu máli séu ábendingar sem geti leitt til allt annarrar niðurstöðu vegna þess að það er verið að taka afstöðu til ákveðins vanda og það eru til fleiri lausnir heldur en að gefast bara upp.

[01:31]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það fór loks svo að það komu fram á Alþingi eftir langa mæðu þrjú frv. Frv. um stjórn fiskveiða, þróunarsjóð sjávarútvegsins og ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sem hefur verið beðið eftir æði tíma og verið innt eftir því þráfaldlega í allt haust hvenær kæmi fram. Með þessu fylgir frv. til laga um afnám laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Það bregður svo við að nú er þess krafist að það frv. verði afgreitt héðan fyrir jól eins og hér sé um eitthvert smámál að ræða sem sé hægt að afgreiða á nokkrum dögum. Hér er nefnilega ekki um neitt smámál að ræða. Hér er um að ræða sjóð sem í voru milljarðar þegar núv. ríkisstjórn tók við. Þó það væri talað mikið um sjóðasukk fyrrv. ríkisstjórnar þá var greitt inn í þennan sjóð á árunum 1990–1991 2,5 milljarðar kr. Eina raunverulega aðgerð ríkisstjórnarinnar á sl. ári í sjávarútveginu var að greiða innstæður út úr þessum sjóði. Nú liggur alveg lífið á fáeinum dögum fyrir jól í miðjum jólaönnunum að leggja þennan sjóð niður til að það sé hægt að greiða úr honum það sem eftir er inn í rekstur Hafrannsóknastofnunar. Þetta er nú aldeilis frammistaða í lagi. Auðvitað liggur ekkert á að afgreiða þetta frv. Það lá ekki svo mikið á að tryggja rekstur Hafrannsóknastofnunar á yfirstandandi ári að það var ekki fyrr en fyrir nokkrum vikum að afgreiddar voru á fjáraukalögum 300 millj. kr. til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Og síðan liggur svo mikið á núna að afgreiða 190 millj. á næsta ári til þessa reksturs að hér á að rúlla vandasömu máli í gegn á fáeinum dögum þegar alveg er sýnt að það gefst enginn tími til að skoða það til hlítar, það er alveg ljóst. Hér er um ágreiningsmál að ræða og alls ekki sjálfgefið svo ekki sé meira sagt að það eigi að leggja þennan sjóð niður.

Hér er um mál að ræða sem kemur inn á efnahagsstefnuna almennt, hvort það eigi að lögbinda sveiflujöfnun í sjávarútvegi. Það er ekkert smámál. Það kann að þykja forsjárhyggja að ætla að lögbinda sveiflujöfnun í þessum efnum. En það vill svo til að forsjárhyggja á nokkuð upp á pallborðið hjá þessari ríkisstjórn. Það kom inn í félmn. Alþingis í morgun undirskrifað bréf frá þremur ráðherrum, hæstv. forsrh.,

hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., um að lögbinda skattheimtu í þessu þjóðfélagi. Að sveitarfélögin mættu ekki leggja á lægra útsvar en 8,4%. Ef þetta er ekki forsjárhyggja þá veit ég ekki hvað. Svo liggur svo mikið á í nafni frelsisins að leggja niður þennan sjóð að það má ekki einu sinni athuga málið.

Ef hæstv. sjútvrh. heldur að það sé lítið að gera í Alþingi þessa síðustu daga þá vil ég rifja upp örfá mál sem eiga eftir að fara í 2. umr. Það er í fyrsta lagi skattamál sem mun taka mjög langan tíma í umræðu þar sem er ágreiningur. Það er frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum, það er 3. umr. fjárlaga þar sem hv. form. fjárln. segir í sjónvarpsviðtali í kvöld að það sé aðeins eftir að fínpússa frv. og það sé efh.- og viðskn. sem hafi ekki skilað áliti yfir tekjuhliðina, það sé aðeins á því sem standi. Fjárlagafrv. er ekkert tilbúið til 3. umr. og mun taka hér æðitíma. Það er frv. sem ég nefndi áðan um tekjustofna sveitarfélaga þar sem ríkisstjórnin hæstv. í nafni frelsisins er að lögbinda að sveitarfélögin megi ekki slá af útsvari sínu niður fyrir 8,4% þar sem hún er með hinni hendinni í nafni frelsisins að afnema Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og leggja hann niður. Hér sé ég að hæstv. landbrh. situr með aðstoðarmönnum sínum við að reyna að koma fram frv. um breytingar á búvörulögum sem er eitt heitasta deilumál sem ríkisstjórnin hefur fengist við. Okkur var boðað það, einnig í sjónvarpi í gærkvöldi, að það ætti að afgreiða það mál fyrir jól. Mér er nú spurn: Er hægt að bjóða upp á slík vinnubrögð? Þar að auki eru náttúrlega öll smærri mál sem eftir eru og ég ætla ekki að tefja tímann á að telja upp.

Ég held að hv. þm. eigi ekki að láta bjóða sér upp á slíkt. Þetta mál er þess eðlis að það þarf að ræða vel og senda það til umsagnar á eðlilegan hátt, senda það til sjútvn. og senda það síðan til umsagnar. Það er mjög hæfilegur sá tími að gefa frest um það þangað til Alþingi kemur aftur saman (**Gripið fram í:** Fram á góuna.) eftir áramótin. Taka þetta síðan til afgreiðslu á venjulegan hátt þegar þing kemur saman aftur seinni partinn í vetur. Það liggur ekkert á að afgreiða þetta mál. Alþingi, hv. þm. og hæstv. ráðherrar eiga að setja metnað sinn í það að vanda slíka lagasetningu, ekki síst slíka lagasetningu sem kemur inn á grundvallaratvinnuveg þjóðarinnar sem hefur mikil áhrif í efnahagsmálum. Ég vil skírskota til þess að ef þessi blessaður sjóður hefði nú ekki verið til á síðasta ári þá hefði verið lítið um afrek ríkisstjórnarinnar í málefnum fiskvinnslunnar a.m.k.

Ég vil aðeins ítreka að þetta mál á að fá vandaða meðferð og hv. þm. eiga ekki að láta bjóða sér að afgreiða þetta mál í einhverju hendingskasti á næturfundum rétt fyrir jólin.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 7. mál.

Fundi slitið kl. 1:42.

---

62. FUNDUR

fimmtudaginn 16. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, stjfrv., 284. mál, þskj. 361. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv. 260., mál, þskj. 308. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408. — 2. umr.
4. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 292. mál, þskj. 384. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
5. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 86. mál, þskj. 89, nál. 396, brtt. 397. — 2. umr.
6. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 216. mál, þskj. 241, nál. 400, brtt. 401. — 2. umr.
7. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409 og 411, brtt. 406, 410 og 412. — 2. umr.
8. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283, nál. 402, brtt. 403. — 2. umr.
9. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284, nál. 402, brtt. 404. — 2. umr.
10. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385, brtt. 386. — 2. umr.
11. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106, nál. 387. — 2. umr.
12. Almannatryggingar, stjfrv., 83. mál, þskj. 398, brtt. 371. — 3. umr.
13. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 84. mál, þskj. 399, brtt. 373. — 3. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 86. mál, þskj. 423.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 233. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 407.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með 4. dagskrármál þessa fundar að leita þarf afbrigða um að það megi koma á dagskrá og til umræðu þar sem of skammt er liðið frá útbýtingu. Verður nú þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HG, IP, JE, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, DO, EH, EgJ, FI, GE, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JHelg, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SvG, VE) fjarstaddir.

Athugasemdir um störf þingsins.

Vinna í nefndum við frágang fjárlaga o.fl.

[10:32]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Í upphafi þingfundar í gær sagði hv. 7. þm. Norðurl. e., formaður fjárln., að ástæða þess að ekki væri hægt að hefja á lögboðnum tíma 3. umr. fjárlaga væri sú að efh.- og viðskn. hefði ekki skilað umsögn um tekjugrein fjárlaga. Síðan í fjölmiðlum í gærkvöldi endurtekur formaður fjárln. þessa fullyrðingu sína.

Nú vil ég að það komi hér skýrt fram að það voru engar forsendur til þess að hefja þá umræðu fyrr en fyrir lægi hvernig stjórnarmeirihlutinn ætlaði að afgreiða skattamálin. Þau mál voru afgreidd út úr nefndinni í gærkvöldi og nefndarmenn höfðu reiknað með því að hefja umfjöllun um tekjugrein fjárlaganna á fundi kl. 8.15 í morgun. Það gerist síðan í gærkvöldi að við fáum tilkynningu frá fjmrh. þess efnis að fjmrn. sé ekki tilbúið til þess að hefja þessa umfjöllun og hún er því ekki hafin enn. Við fórum að vísu yfir drög að nýrri þjóðhagsspá með forstjóra Þjóðhagsstofnunar í morgun, en ég vil, virðulegi forseti, að það komi hér skýrt fram að ástæða þess að umfjöllun efh.- og viðskn. um tekjugrein fjárlaga er ekki hafin er sú að ríkisstjórnin er ekki tilbúin og treysti sér ekki til þess að fara í þá umfjöllun með nefndinni í morgun. Ég vil þess vegna í fullri vinsemd fara fram á það við formann fjárln. að hann komi hér upp og staðfesti þetta og láti af því að kenna því um að efh.- og viðskn. sinni ekki sinni starfsskyldu.

[10:34]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum enn að ræða þann framgang sem þarf að hafa á málum næstu daga til þess að störfum þingsins ljúki fyrir jól eins og áformað er samkvæmt starfsáætlun. Ég tel einnig rétt að það komi hér fram að nefndarmenn í fjárln. voru boðaðir á fund í morgun kl. 8.30. Fundur stóð hér sl. nótt til klukkan að ganga þrjú og þegar nefndarmenn mættu í fjárln. var ekki hægt að halda neinn fund. Það varð að gefa það eftir að forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sem átti að koma á okkar fund, færi á fund efh.- og viðskn. og það var í raun upplýst að enn væri ekki komið samkomulag á milli meiri hluta fjárln. og ríkisstjórnarinnar. Þess vegna stendur enn á því að sá stjórnarmeirihluti sem hér ræður ríkjum komi sér saman um málin svo að hægt sé að afgreiða fjárlög sem er stærsta mál þingsins á haustdögum. Menn eru að tala um að setja upp skipulag fyrir þingstörf svo að þingi geti lokið á eðlilegum tíma og þingmenn komist heim til sín. Hér eru mjög margir landsbyggðarþingmenn sem þurfa að komast heim nokkru fyrir jól. Sú sem hér stendur komst ekki á síðasta þingi heim fyrr en á Þorláksmessu og ég get upplýst það að síðustu 2–3 dagana hefur ekki verið flogið til Ísafjarðar.

Ég hef mjög margt að athuga við svona starfsemi eins og hér er lýst og vísa allri ábyrgð á stjórnarmeirihlutann að geta ekki komið sér saman um mál svo að hægt sé að afgreiða þau í þinginu.

[10:37]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Í sambandi við störf þingsins vil ég að það komi fram að það var, eins og hv. 6. þm. Vestf. tók fram, fundarfall hjá fjárln. í morgun eins og svo oft áður. Hv. formaður fjárln. kom í sjónvarpsviðtal í gærkvöldi og sagði sem svo að aðeins væri eftir að fínpússa fjárlögin. Ég er ekki að segja að hv. formaður fjárln. sé ekki allur af vilja gerður til þess að halda áfram vinnu. Ég efast ekkert um það. En ríkisstjórnin er bara ekki tilbúin með sín mál. Þessi fínpússning er í því fólgin að afgreiða öll erindi sem var vísað til 3. umr. Hún er í því fólgin að ganga frá 6. gr. fjárlaga og hún er í því fólgin að ræða um alla tekjuliðina og fá að vita hvaða peningum á að skipta. Þetta hefðu múrarar a.m.k. fyrir austan kallað grófpússningu a.m.k. ef það hefði ekki verið kallað að rappa. En það er auðvitað mergurinn málsins að ríkisstjórnin er alls ekki tilbúin með þau mál og með niðurstöðu mála hér. Það er það sem er að. Það er ekki verkleysi efh.- og viðskn. eða verkleysi hv. formanns fjárln. Það er ósamkomulag um framgang mála innan stjórnarliðsins sem tefur þingstörf hér.

[10:39]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þeirra orða sem fallið hafa hér á undan og þá sérstaklega vegna orða hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar vil ég taka fram að í ræðu minni í gær óskaði ég eftir frestun á 3. umr. fjárlaga og sagði að fjárln. ætti eftir að afgreiða nokkur mál. Auk þess vitnaði ég til 25. gr. þingskapa þar sem segir að álit efh.- og viðskn. varðandi tekjuliðina skuli liggja fyrir. Í því fólst ekki nokkur ásökun á hv. efh.- og viðskn. um að hún sinnti ekki þeim störfum sem hún á að sinna, þvert á móti. Ég vitnaði einungis til þess að álitið hefði ekki borist. Við hvern er að sakast í því efni ætla ég ekki um að segja.

[10:40]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætlaði ekki að blanda mér í þær umræður sem hér eru hafnar heldur ætlaði ég í tilefni af þeim fréttum sem bárust hér í morgun að breska ríkisstjórnin væri búin að veita endurvinnslustöðinni THORP starfsleyfi, endurvinnslustöð fyrir geislavirkan úrgang, að nefna að umhvn. ákvað í morgun að leggja það til við þingið að Alþingi samþykkti mótmæli gegn þessari ákvörðun og ætlaði ég því að óska eftir því við forseta að þessi tillaga yrði tekin á dagskrá síðar í dag. Vonandi verður hægt að samþykkja

hana hér í dag ef þingið er sammála mati umhvn. að þessu beri að mótmæla harðlega.

[10:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Það kom fram hér í máli hv. þm. áðan að þau boð hefðu borist frá fjmrh. í nótt til hv. formanns efh.- og viðskn. að tekjuáætlun fyrir næsta ár yrði ekki tilbúin í morgun. Ég vil staðfesta að það er rétt. Það er ekki við hv. formann fjárln. að sakast í þeim efnum. Eins og allir hv. þm. vita, þá byggist tekjuáætlun á þjóðhagsspá fyrir næsta ár og sú vinna er í gangi. Ég á von á því, það voru mínar fréttir í nótt, að því starfi mundi ljúka um hádegið. Ég vonast því til að sú töf verði ekki til þess að tefja starf hv. nefndar. Þetta vil ég staðfesta hér.

Vegna þeirra orða að það sé risinn einhver ágreiningur á milli ríkisstjórnar og meiri hluta fjárln. þá held ég að það sé ekki rétt. Það er hins vegar alveg ljóst að báðir þessir aðilar hafa keppst við að reyna að koma í veg fyrir að hallinn verði meiri en að er stefnt í fjárlögum fyrir næsta ár. Ég veit ekki betur en okkur takist það og þarf ekki að tefja störf hvorki ríkisstjórnarinnar né fjárln. vegna þeirra viðræðna sem fara fram á milli þessara aðila. Vona ég að þetta skýri málið.

[10:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að blanda mér mikið í þetta múrverk sem fer fram í fjárln. Það er á annarra könnu og yfirstjórn hv. formanns á því öllu saman. En ég held að það sé fróðlegt fyrir menn að átta sig á því hvernig starfið hefur gengið til í efh.- og viðskn. síðustu daga. Þar á meðal að það sem allur tími nefndarinnar hefur farið í undanfarna viku og þangað til síðdegis í gær, skattamálin, lá ósköp einfaldlega þannig að meiri hlutinn var ekki tilbúinn með breytingartillögur sínar og afgreiðslu á því máli út úr nefndinni fyrr en undir kvöld í gær. Og þess vegna var það ósköp einfaldlega þannig að nefndin komst ekki til þess að fara að líta á tekjuhlið fjárlaganna fyrr en á fundi í morgun. Þá tók reyndar ekki betra við því að þeir embættismenn sem höfðu átt að koma til nefndarinnar til að hefja þá yfirferð með nefndinni voru að sögn tepptir á fundum með fjárln. Það var því hálfgert uppihald í störfum efh.- og viðskn. af þeim sökum framan af morgni. Síðan liggur fyrir að það eru að koma endurskoðuð drög nýrrar þjóðhagsáætlunar. Þjóðhagsstofnun er fyrst tilbúin með það skjalfest nú um hádegið.

Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að það liggi algerlega ljóst fyrir að tempóið í vinnu nefndarinnar takmarkast af annars vegar ósamkomulagi meiri hlutans og hins vegar því að viðkomandi stofnanir, fjmrn. og Þjóðhagsstofnun, hafa ekki verið tilbúnar með undirstöðuplögg í málinu. Og ég legg til að hv. yfirmúrarameistari, formaður fjárln., verði hógvær í orðum á næstunni umfram það sem verið hefur þegar hann sendir skeyti til annarra nefnda hvort sem það eru efh.- og viðskn. eða t.d. iðnn. sem fékk frá honum kveðjur í Alþýðublaðinu fyrir nokkrum dögum.

[10:46]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að gefnu tilefni að taka undir það sem hér kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. varðandi árásir formanns fjárln. á fagnefndir þingsins. Það er með ólíkindum hvernig hv. formaður fjárln. hefur komið fram gagnvart fagnefndum, m.a. hv. iðnn. Þannig háttar til að iðnn. skilaði sínu áliti nokkuð seint, m.a. vegna þess að það tók tíma að koma saman áliti nefndarinnar og ná samstöðu um það.

Ég ætla ekki hér sem formaður iðnn. að greina frá því í einstökum atriðum af hverju það tók svona langan tíma. Það er ekki af hlíf við minn flokk heldur einhverja aðra í nefndinni. Ég mun geyma það til betri tíma að greina frá því í einstökum atriðum af hverju það tók svona langan tíma að koma álitinu saman. En ég taldi mér skylt sem formaður iðnn. að reyna að ná samkomulagi. Hvað gerist þá? Formaður fjárln. hleypur hér upp með skæting í ræðustól á Alþingi og lætur ekki þar við sitja heldur birtir ótrúlegan óhróður um formann iðnn. sérstaklega í einkamálgagni sínu, Alþýðublaðinu, sem einn og einn maður les fyrir utan Alþfl., m.a. við sem höfum Alþýðublaðið sem hluta, eða nauðungarhluta liggur mér við að segja, af okkar kjörum.

Ég tel hins vegar að þessi vinnubrögð formanns fjárln. séu mjög varasöm. Þau eiga sér ekki fordæmi. Ég kannast ekki við það að formenn fjárln., t.d. núv. hæstv. iðnrh., hafi notað síðustu dagana fyrir jól á undanförnum þingum þegar hann var formaður fjárveitinganefndar til að hjóla í stjórnarandstöðuna. Ég hef reyndar tekið eftir því að í fyrsta sinn núna gerist það að minni hlutinn telur ástæðu til þess að kvarta sérstaklega undan vinnubrögum fjárlaganefndarforustunnar í nefndaráliti minni hlutans sem ég man ekki eftir að hafi gerst um árabil.

Ég mótmæli þessu, hæstv. forseti, og hvet til þess að forsetinn beiti sér fyrir því að forustumenn í nefndum þingsins tali saman með öðrum hætti en formaður fjárln. hefur beitt sér fyrir að undanförnu.

[10:48]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna orða hv. þm. Svavars Gestssonar hér á undan. Hann rifjar upp umræður sem fóru fram hér um miðja nótt við 2. umr. fjárlaga þar sem sá sem hér mælir skýrði frá því að því miður hefði álit iðnn. borist seint og um síðir og nefndinni ekki auðnast að fara yfir það álit ásamt öðrum álitum fagnefnda. Það voru einfaldar staðreyndir sem skýrt var frá og ég lít ekki á það sem skæting.

Síðan hafði hv. þm. orð á því að formaður fjárln. birti óhróður í Alþýðublaðinu. Það er nú svo að formaður fjárln. ber enga ábyrgð sem slíkur á Alþýðublaðinu, ritstýrir því ekki eða hefur þar nokkur áhrif og getur ekki ráðið nokkru um það sem þar er skrifað.

[10:49]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 9. þm. Reykv. hlýt ég að gera athugasemd. Það hefur verið þannig að

fjárln. hefur haft ágætt samstarf við fagnefndir. Ég vísa því algjörlega á bug að formaður fjárln. hafi ekki lagt sig fram um að eiga gott samstarf við formenn fagnefnda. Hann hefur lagt sig mjög fram um það í allri vinnu í fjárln. að eiga sem allra best samstarf við stjórnarandstöðuna og einnig fagnefndir. Hann boðaði m.a. til sérstaks fundar með formönnum nefnda þingsins til þess að samræma vinnubrögð og reyna að koma á betri skikkan og skipan á störf nefnda í þinginu. Ég undrast því mjög satt að segja þessa ræðu hv. 9. þm. Reykv. og vona svo sannarlega að hann átti sig á þessum staðreyndum og við getum haldið áfram að vinna í nefndunum og í þinginu eins og eðlilegt er.

[10:51]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara segja að ég harma það mjög að hv. formaður fjárln. og varaformaður skuli ekki átta sig á því að framkoma formanns fjárln. í garð einstakra starfsnefnda þingsins er með ólíkindum. Hún er algjörlega óviðunandi. Ég vona að hv. varaformaður fjárln. geri sér grein fyrir því að það er sá sem hér stendur sem m.a. beitti sér fyrir því að formenn nefnda hittust núna fyrir hátíðarnar og það hefur verið ákveðið að halda því samstarfi áfram. Ég harma það mjög að það skuli ekki duga til að úr þessum ræðustól fái hv. formaður fjárln. athugasemdir. Ég harma það mjög. Það bendir til að það þurfi þá á öðrum stöðum að veita honum áminningu. Hvar það verður veit ég ekki. Það kemur í ljós, bak jólum í síðasta lagi.

Útbýting þingskjala:

Skattamál, 251. mál, nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 409; nál. 3. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 411.

Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 284. mál. — Þskj. 361.

[10:52]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, BBj, EH, EgJ, EKG, GE, GHall, GÁS, GHelg, ISG, IP, JóhS, KHG, MB, ÓÞÞ, SP, VG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 308.

[10:53]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, GE, GHall, GÁS, GHelg, ISG, JÁ, JóhS, KHG, MB, ÓÞÞ, SP, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (afnám aðstöðugjalds, útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408.

[10:55]

Halldór Ásgrímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Aðeins vegna þess að ég komst ekki að í umræðunni áðan vildi ég benda á þá staðreynd að það er mikið verk óunnið í efh.- og viðskn. Ég ætla ekkert að blanda mér í þau hnútuköst sem hér hafa verið eða ummæli síðustu daga. Það er staðreynd að þessi vinna er nokkuð á veg komin en það er mikið eftir og nauðsynlegt að halda fundi í nefndinni í dag. Það er óskað eftir fundi í hádeginu og það liggur alveg fyrir að það geta ekki allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. sætt sig við það að umræða fari fram um þetta mál á meðan á fundahöldum í nefndinni stendur. Ég vildi því óska eftir því að þingflokksformenn ræddu starfið í dag til þess að ekki komi til árekstra í því sambandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa um það að fyrirhugaður er fundur formanna þingflokka fyrir hádegi og þá gefst tækifæri til að ræða málin.

[10:57]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 389 og brtt. á þskj. 390 um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum.

Félmn. hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna frá félagsmálaráðuneytinu Húnboga Þorsteinsson skrifstofustjóra og Sturlaug Tómasson deildarstjóra, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson formann og Þórð Skúlason framkvæmdastjóra, frá Alþýðusambandi Íslands Láru V. Júlíusdóttur framkvæmdastjóra og Gylfa Arnbjörnsson

hagfræðing, frá Vinnuveitendasambandi Íslands Þórarin V. Þórarinsson framkvæmdastjóra og Hannes G. Sigurðsson hagfræðing, frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja Ögmund Jónasson formann og Rannveigu Sigurðardóttur hagfræðing, frá Fasteignamati ríkisins Magnús Ólafsson forstjóra og Elís Reynarsson rekstrarstjóra, frá Reykjavíkurborg Eggert Jónsson borgarverkfræðing og frá Neytendasamtökunum Jóhannes Gunnarsson formann.

Þá tók félmn. þá ákvörðun að senda nokkrum sveitarfélögum frv. til umsagnar og valdi sveitarfélög af ólíkri stærð og gerð og með misjafna staðsetningu að sjálfsögðu með tilliti til atvinnureksturs til að reyna að fá mynd af viðbrögðum sveitarstjórna við þessu frv. Nefndin fékk umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, sveitarstjórn Breiðdalshrepps, bæjarstjórn Selfoss, sveitarstjórn Hofshrepps, borgarstjóranum í Reykjavík, bæjarstjórn Sauðárkróks, sveitarstjórn Laxárdalshrepps, bæjarstjórn Egilsstaðabæjar, bæjarstjórn Vestmannaeyja, bæjarstjórn Akraness, bæjarstjórn Grindavíkur, Fasteignamati ríkisins, Alþýðusambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands, sveitarstjórn Hofshrepps, sveitarstjórn Hólmavíkurhrepps, bæjarstjórn Mosfellsbæjar, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, fjármálaráðuneytinu, bæjarstjórn Hafnarfjarðar, bæjarstjórn Kópavogs, bæjarstjórn Seltjarnarness og bæjarstjórn Garðabæjar.

Meiri hluti félmn. leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Lögð er til breyting á 6. gr. frv. Í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru ákvæði um að útsvar megi ekki vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni. Hvað útsvarið varðar gerir frv. ekki ráð fyrir öðrum breytingum en þeim að þetta tiltekna hámark verði 9,2%. Í breytingartillögunni felst að lágmarksútsvar verði lögbundið 8,4% og eru veigamestu rökin fyrir þeirri breytingu að mismunur á útsvarsálagningu sveitarfélaganna verður minni og útsvarsgreiðslur íbúa landsins jafnari.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 10. gr. frv. sem kveður á um nýtt ákvæði til bráðabirgða. Lagt er til að aukið verði við 1. efnismgr., í fyrsta lagi til að taka af tvímæli um að viðbótarfasteignaskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á árinu 1994, sem ákvæðið veitir heimild til, skuli renna óskiptur til sveitarsjóðs og í öðru lagi að álagning og innheimta þessa skatts verði í höndum sveitarstjórnar en hún geti jafnframt falið sérstökum innheimtuaðila þá innheimtu.

Ég vil í þessu sambandi benda á að á bls. 3 í athugasemdum með frv. sjálfu stendur undir lið 2 að lagt sé til að álagning í efra þrepi verði í samræmi við núgildandi lög um sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og að samhliða því vinni félmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að skatturinn falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. efnismgr. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað þess að tímafrestur eigenda til að senda skrá yfir eignir ásamt tilgreindum upplýsingum miðist við árslok 1993 verði framkvæmdin sú að viðkomandi sveitarstjórn auglýsi hver frestur þessi verði, en vegna þess hve langt er nú liðið á árið er ekki mögulegt að miða við næstu áramót. Í öðru lagi er felldur brott þáttur Fasteignamats ríkisins í viðtöku skráa og upplýsinga samkvæmt ákvæðinu.

Fram kemur á bls. 2 varðandi 10. gr. frv. að samkvæmt frv. skuli eigendur fasteigna senda Fasteignamati ríkisins, eða því sveitarfélagi sem eign er í, skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þetta ásamt upplýsingum um síðasta heildarfasteignamatsverð þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð. Enn fremur skal skrá þær upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem einnig er notað til annars en verslunarreksturs og skrifstofuhalds. Fasteignamat ríkisins skal útbúa viðeigandi eyðublöð í þessu sambandi. Vanræki húseigandi að senda skrá yfir eignir sem ákvæði þetta tekur til er sveitarstjórn heimilt að láta fylla út slíka skrá og nota til viðmiðunar við álagningu þar til húseigandi bætir úr.

Við þetta komu athugasemdir og er breytingin gerð í samræmi við þá framkvæmd sem verið hefur hjá sveitarfélögunum að skrár yfir eignir séu sendar sveitarfélögunum auk þess sem það einfaldar framkvæmdina að hafa hana hjá einum og sama aðila.

Í þriðja lagi er síðan lögð til viðbót við 2. efnismgr. sem er í samræmi við gildandi framkvæmd að skattyfirvöld séu ráðgjafaraðilar sveitarstjórna við framkvæmd skattlagningar. Í því sambandi vil ég benda á að c-liður 2. liðar í brtt. á þskj. 390 er einmitt um að eigendur fasteigna skuli senda því sveitarfélagi sem eign er í skrá yfir eignir sem falla undir ákvæði þetta ásamt upplýsingum um síðasta heildarfasteignamat þeirra eða eftir atvikum kostnaðarverð. Enn fremur skal skrá þær upplýsingar um notkun þeirra svo og upplýsingar um rúmmál eigna sem einnig eru notaðar til annars en verslunarreksturs og skrifstofuhalds. Sveitarstjórn auglýsir frest eigenda til að skila upplýsingum þeim er að framan greinir. Vanræki húseigandi að senda skrá yfir eignir sem ákvæði þetta tekur til er sveitarstjórn heimilt að nota aðrar upplýsingar til viðmiðunar við álagningu þar til húseigandi bætir úr.

Skattyfirvöld skulu veita sveitarstjórnum þær upplýsingar sem þörf er á í sambandi við framkvæmd ákvæðis þessa, þar á meðal skal heimila sveitarstjórnum aðgang að skrám yfir aðila sem skattlagðir voru á grundvelli V. kafla laga nr. 111 1992, um breytingar í skattamálum.

Loks eru lagðar til breytingar á 10. gr. sem miða að því að taka af öll tvímæli um að viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði verði tekjustofn sveitarfélaga þar til ákvörðun hefur verið tekin um að koma þeirri skattheimtu fyrir með öðrum hætti. Markmiðið er að hinn sérstaki fasteignaskattur verði aðeins lagður á á árinu 1994, en rétt þykir, svo að réttarstaða sveitarfélaganna sé ljós að þessu leyti, að leggja til að við greinina bætist ný málsgrein þess efnis að ákvæðið verði í gildi þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafi unnið að nánari útfærslu málsins auk þess sem að ártöl eru felld brott úr 1. efnismgr. í sama tilgangi.

Lagt er til að í 10. gr. frv. bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Í 26. gr. laganna segir að sveitarstjórn skuli ákveða fyrir 1. des. ár hvert hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á næsta ári og skuli tilkynna ákvörðun sveitarstjórnar til fjármálaráðuneytisins eigi síðar en 15. des. á sama ári. Með bráðabirgðaákvæðinu er lagt til að ráðherra verði heimilt, þrátt fyrir ákvæði 26. gr., að auglýsa á árinu 1993 sérstaka fresti sveitarstjórna til að ákveða hundraðshluta útsvars en tilkynning til ráðuneytis skuli hafa borist eigi síðar en tveimur dögum eftir að ákvörðun sveitarstjórnar átti að liggja fyrir. Breytingin helgast af gildistöku þessa frv. Þá er einnig lagt til að heimilt verði að miða við ákvörðun fyrra árs að viðbættu 1,5% vanræki sveitarstjórn tilkynningarskyldu sína samkvæmt ákvæðinu. Væri viðmið fyrra árs 7,5% yrði niðurstaðan þannig 9% hjá viðkomandi sveitarfélagi. Er þessi áætlunarheimild í samræmi við ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988.

Ég vil taka fram að Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir þetta nál. meiri hlutans rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Eggert Haukdal, Einar K. Guðfinnsson og Valgerður Gunnarsdóttir.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum nefna það að erindi barst félmn. um að binda útsvarsálagningu við 8,4% lágmark og flytur meiri hlutinn þá tillögu eins og fram hefur komið. Mér finnst mikilvægt í því sambandi að kynna þá umsögn sem fylgdi erindinu og er frá Sambandi ísl. sveitarfélaga og hljóðar svo:

„Óskað hefur verið eftir afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga til þeirrar hugmyndar að í frv. til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, sem nú liggur fyrir Alþingi, verði bætt ákvæði um að útsvar megi ekki vera lægra en 8,4%. Í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru ákvæði um að útsvar megi ekki vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni. Hvað útsvarið varðar er í umræddu frv. ekki gert ráð fyrir neinum breytingum öðrum en þeim að þetta tiltekna hámark verði 9,2%. Gert er ráð fyrir að löggjafinn ákveði að binda útsvarsálagningu sveitarfélaga við tiltekið hámark. Veigamestu rökin fyrir því að lögbinda lágmarksútsvar eru þau að mismunur á útsvarsálagningu sveitarfélaganna verður minni og útsvarsgreiðslur íbúa landsins verða jafnari. Samband ísl. sveitarfélaga gerir því ekki athugasemd við þá hugmynd að lágmarksútsvar verði lögbundið 8,4%."

Undir þetta ritar Þórður Skúlason framkvæmdastjóri.

Síðara atriðið sem ég óska að nefna í lokin og er mjög mikilvægt er að komi fram að nánast öll sveitarfélög sem sendu umsögn til félmn. varðandi þetta frv., reyndar önnur en Reykjavík, tjáðu sig á þann hátt að þau teldu frv. ásættanlegt og flest þeirra hvöttu mjög til að frv. yrði samþykkt sem allra fyrst.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið framsögu fyrir meirihlutaáliti félmn.

[11:09]

Frsm. minni hluta félmn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta félmn. sem er á þskj. 407 og er svohljóðandi:

„Minni hluti félagsmálanefndar telur nauðsynlegt að tryggja sveitarfélögunum fasta tekjustofna í stað aðstöðugjalds sem fellt var niður með lögum frá Alþingi á síðasta ári. Það var skattkerfisbreyting sem miðaði að því að bæta samkeppnisaðstöðu fyrirtækja. Samkomulag var um að ríkissjóður bætti sveitarfélögunum tekjumissinn miðað við 80% innheimtu aðstöðugjaldsins og það fyrirkomulag yrði til bráðabirgða í eitt ár, þ.e. árið 1993.

Mörg atriði þessa frumvarps orka tvímælis og önnur mikilvæg atriði eru óljós. Má þar fyrst nefna að gert er ráð fyrir að útsvarsprósenta hækki úr 7,5% að hámarki í 9,2%. Á móti er gert ráð fyrir lækkun tekjuskatts um 1,5% sem síðan er reyndar hækkaður aftur um 0,35%. Ljóst er að hér er verið að hækka staðgreiðslu einstaklinga um að minnsta kosti 400 milljónir króna, ef tekið er mið af 1,5% lækkun tekjuskatts og 1,7% hækkun útsvars, en 800 milljónir króna ef tekið er mið af 1,15% hækkun tekjuskatts á móti útsvarshækkuninni. Með þessu er ríkisvaldið að auka skattheimtu á einstaklinga og blanda henni inn í þá kerfisbreytingu sem hér um ræðir.

Minni hlutinn telur útilokað að ganga frá þeim breytingum sem frumvarpið gerir ráð fyrir nema ný reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga liggi fyrir og hægt sé að meta áhrif hennar á tekjur einstakra sveitarfélaga.

Sveitarfélögunum er samkvæmt frumvarpinu ætlað að hækka fasteignaskatt á atvinnuhúsnæði og er um tvenns konar hækkun að ræða: Í fyrsta lagi hækkar skatturinn úr 1,0% í 1,12%. Í öðru lagi er lagt til að efra þrepið verði í formi álagningar á skrifstofu- og verslunarhúsnæði að hámarki 1,25%. Hér er með bráðabirgðaákvæði verið að flytja skattheimtu á verslunar- og skrifstofuhúsnæði frá ríkinu til sveitarfélaganna og flækja með henni ákvæði um álagningu fasteignagjalda. Er þetta enn eitt dæmi þess að málið er í raun ekki frágengið að hálfu ríkisstjórnarinnar.

Landsútsvar fellur niður og er gert ráð fyrir að Jöfnunarsjóður fái framlag úr ríkissjóði til þess að bæta þann tekjumissi. Ekki er gert ráð fyrir að niðurfelling landsútsvars, t.d. af olíuvörum, lækki vöruverð þar sem gert er ráð fyrir hækkun bensíngjalds á móti að upphæð 143 milljónir króna.

Minni hlutinn telur frv. allt of seint fram komið og ekki hafa fengið þá umfjöllun sem nauðsynleg er. Með því er verið að auka skattheimtu á einstaklinga og fyrirtæki þrátt fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um annað. Mikilvæg atriði eins og starfsreglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga liggja ekki fyrir. Það er ekki góð stjórnsýsla að breyta í sífellu jafnviðkvæmum og flóknum málaflokki og skattamálin óneitanlega eru. Það er því skoðun minni hlutans að mun betur hefði þurft að standa að þessu máli og taka tekjustofnamál sveitarfélaganna til heilstæðrar skoðunar í Alþingi.

Á síðustu stigum komu tillögur frá ríkisstjórn um að lágmarksálagning útsvars skyldi vera 8,4% og gerði meiri hlutinn þá tillögu að sinni. Með þessum aðgerðum er verið að svipta sveitarfélögin sjálfræði um að slá af sinni útsvarsálagningu. Ekkert tóm gafst til þess að fá álit umsagnaraðila á þessum tillögum.

Af þessum ástæðum, sem hér hafa verið taldar, getur minni hlutinn ekki borið ábyrgð á þessu máli."

Undir nál. skrifa Ingibjörg Pálmadóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jón Kristjánsson og Kristinn Gunnarsson mun skrifa undir þetta álit, hann er fjarverandi vegna ófærðar á Vestfjörðum, en hann hefur komið þeim skilaboðum til mín að hann vilji vera með á þessu áliti þannig að þetta álit verður endurprentað með hans nafni.

Virðulegur forseti. Ég haf farið yfir nál. og með því eru nokkur fylgiskjöl sem við töldum nauðsynlegt að fylgdu með frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, umsögn Reykjavíkurborgar, kafli úr umsögn ASÍ varðandi málið, umsögn Akraneskaupstaðar, yfirlit yfir skiptingu skatts á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, félmrn., minnisblað úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og bréf ríkisstjórnarinnar.

Eins og fram kemur í nál. þá er það álit minni hlutans að nauðsynlegt sé að það komi annar skattur í stað aðstöðugjalds. Strax í sumar skilaði nefnd á vegum ríkisstjórnarinnar af sér áliti þar sem hún gerði ráð fyrir því að útsvarsprósenta mundi hækka. En það er ekki fyrr en í byrjun þessa mánaðar eða í lok síðasta mánaðar sem þetta frv. kemur inn til hv. félmn. Það eru auðvitað algjörlega útilokuð vinnubrögð þegar um svo mikilvægan og margslunginn málaflokk er að ræða að frv. skuli vera svona á síðustu stundu. Þessi vinna fór öll fram undir mjög mikilli pressu vegna þess að sveitarfélögin eru nú að ganga frá sinni fjárhagsáætlun fyrir 1994 og hefðu fyrir löngu síðan þurft að vera búin að ákveða sína útsvarsprósentu. Þannig að það er ekki við hv. formann að sakast í þessum málum, hún hefur sýnt einstaka lipurð en það er við hæstv. ríkisstjórn að sakast sem aldrei veit í hvorn fótinn hún á að stíga. Það er eins og kemur fram á allra síðustu dögum — í gærmorgun kemur tillaga frá þremur hæstv. ráðherrum til nefndarinnar þegar á að fara að afgreiða málið út úr nefnd þess eðlis að þeir fara fram á það að það sé sett lágmarksútsvar. (**KÁ:** Hvaða ráðherrar voru það?) Það voru hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, og hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson. Það eru sem sagt þessir þrír ráðherrar sem skrifa svofellt bréf, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra leggja til við hv. félmn. Alþingis að heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar á tekjustofnalögum verði bundin við 8,4% lágmark. Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessa málsmeðferð fyrir sitt leyti."

Síðan er sent hjálagt afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga sem segir, með leyfi forseta:

„Óskað hefur verið eftir afstöðu Sambands ísl. sveitarfélaga til þeirrar hugmyndar að í frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga sem nú liggur fyrir Alþingi verði bætt ákvæði um að útsvar megi ekki vera lægra en 8,4%.

Í gildandi lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru ákvæði um að útsvar megi ekki vera hærra en 7,5% af útsvarsstofni. Hvað útsvarið varðar er í umræddu frumvarpi ekki gert ráð fyrir neinum breytingum öðrum en þeim að þetta tiltekna hámark verði 9,2%.

Gert er ráð fyrir að löggjafinn ákveði að binda útsvarsálagningu sveitarfélaga við tiltekið hámark. Veigamestu rökin fyrir því að lögbinda lágmarksútsvar eru þau að mismunur á útsvarsálagningu sveitarfélaganna verður minni og útsvarsgreiðslur íbúa landsins verða jafnari.

Samband íslenskra sveitarfélaga gerir því ekki athugasemd við þá hugmynd að lágmarksútsvar verði lögbundið 8,4%."

Það er út af fyrir sig ekkert um það að segja þótt Samband ísl. sveitarfélaga mótmæli þessu ekki en það er rannsóknarefni hvernig stendur á því að hæstv. ríkisstjórn frjálshyggjunnar er að taka þetta umboð af sveitarfélögunum að ákveða sína lágmarksútsvarsprósentu. Það er sú spurning sem hæstv. félmrh. hlýtur að svara hér. Það eru mörg sveitarfélög sem hafa lagt miklu lægra álag á sökum þess að fjárhagsstaða þeirra hefur verið góð og rekstur þeirra sveitarfélaga hefur einnig verið góður og það hefur verið talið óþarfi að hafa útsvarsprósentuna eins og hámarkið er. Það hefur verið talið til þessa óþarfi að stýra sveitarfélögunum á þennan hátt. Nú er allt í einu komin upp þessi tillaga frá hæstv. ríkisstjórn og ég spyr vegna þess að það eina sem getur skýrt þessa tillögu er það að Reykjavíkurborg sér fram á að verða að hækka sína útsvarsprósentu og er ekki tilbúin að sýna það að vera með hærri útsvarsprósentu en nágrannasveitarfélögin. Þessi grunur hefur vaknað hjá fleiri en mér því það er alveg með ólíkindum að þetta skuli koma svona alveg í blárestina þegar verið er að afgreiða þetta frv. úr hv. félmn. vegna þess að það hefur ekki verið til umræðu fyrr að setja þetta gólf á útsvarsálagningu. Þannig að ég hlýt að spyrja að því hvað liggur þarna að baki.

Það er ýmislegt sem er vert að benda á varðandi þetta frv. sem hér liggur fyrir. Hér er verið að hækka álögur á einstaklinga. Ég sagði áðan að útsvar hækkar úr 7,5% í 9,2 %. Tekjuskattur lækkar á móti um 1,5% en gæti lækkað um 1,7% ef hæstv. ríkisstjórn ætlaði ekki að næla sér í 400 millj. á millifærslu. Þarna er einn af laumusköttum hæstv. ríkisstjórnar. Það er verið að nota sér þessa skattkerfisbreytingu til að lauma þarna 400 millj. inn til ríkissjóðs frá skattgreiðendum þessa lands. Það er ekki verið að hækka skatta, það er verið að lækka skatta, það er sá áróður sem maður heyrir frá hæstv. ríkisstjórn. En hvað er að gerast? Hvað eru fasteignaskattar að hækka? Þeir eru að hækka úr 1% í 1,12% af almennu atvinnuhúsnæði. Á skrifstofu- og verslunarhúsnæði er verið að leggja 1,25%. Þessi hækkun átti að vera til eins árs en eins og hv. formaður félmn. kom hér inn á áðan þá er búið að strika árið 1994 út, það er sem sé komin brtt. um að festa þennan skatt í sessi. Það er mjög athyglisvert. Það er ekki lengur verið að tala um að skrifstofu- og verslunarhúsnæðisskattur sé ekki þolanlegur skattur,

heldur er verið að tala um að á næsta ári eigi fasteignaskattur á allt atvinnuhúsnæði að vera 1,25%. Það er sú jöfnunaraðgerð sem á að fara fram til að fullnægja öllu réttlæti.

Hvað þetta þýðir t.d. fyrir verslunarrekstur úti á landi geta menn reiknað út sjálfir. Það er verið að leggja þennan skatt á verslunarhúsnæði sem er ekki of feitur göltur að flá og eins og kemur fram í athugasemdum um fasteignaskatt frá ýmsum sveitarstjórnum þá kvíða þeir fyrir að leggja þennan fasteignaskatt á almennt atvinnuhúsnæði vegna þess að atvinnuhúsnæði í landinu er því miður meira og minna illa nýtt og ónýtt. Því miður er mikið af þessu atvinnuhúsnæði ekki verðmætt í dag.

Hér er einnig gert ráð fyrir að landsútsvar hverfi en eins og menn muna þá var aðstöðugjaldið fellt niður vegna þess að það átti að lækka bæði þjónustu- og verslunargjöld. Hér er aftur á móti ekki gert ráð fyrir að vöruverð lækki þó landsútsvar hverfi því það er sett vörugjald á olíu eða bensínvörur í staðinn þannig að það mun ekki lækka. Það er því spurning hver sé hugsunin á bak við að landsútsvarið hverfi þar sem það hefur ekki lækkandi áhrif á vöruverð.

En það er þetta frv. sem hefur þurft miklu meiri umfjöllun í nefndinni eins og ég hef látið koma í ljós heldur en komið hefur fram því þetta er svo viðamikið mál að það er útilokað að ætlast til að það fari á hraðferð í gegnum þingið. En vegna þeirrar miklu pressu sem er frá sveitarfélögunum að afgreiða þetta mál þá höfum við í minni hlutanum ákveðið að bregða ekki fæti fyrir þetta frv. en við gerum miklar athugasemdir við það og það kann að vera að við 3. umr. málsins komum við með brtt. en við erum með brtt. á þskj. 408 varðandi tekjustofna sveitarfélaga og hún er við 6. gr. og orðast svo, með leyfi forseta:

„Við 6. gr. Í stað „9,2" komi: 9."

En inn í þetta vantar fyllri skýringar vegna þess að það er ekki ætlast til að sveitarfélögin taki það á sig sem þarna munar um 9,2% og 9%, það er ætlast til að ríkissjóður greiði aftur þann mun sem hann tekur á 1,5% tekjuskatti og 1,7%.

Við munum draga þessa tillögu til baka til 3. umr. og mun hún koma fyllri fram þar líka vegna þess að þessi skattamál eru í öðrum nefndum, tekjuskattsfrumvarpið, og við viljum sjá hver afdrif þess máls verða.

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að hafa mikið lengra mál um þetta að svo stöddu en ég mun án efa kveðja mér aftur hljóðs um þetta mál, þetta er stórt mál og það eru margar spurningar sem vakna og mín stærsta spurning er til hæstv. félmrh.: Hvernig stendur á því að lágmarksútsvarsprósenta er allt í einu komin inn á borð hv. Alþingis? Hvað er það sem veldur því? Ég vona að ég fái svör við því hér.

Útbýting þingskjala:

Félagsleg aðstoð, 84. mál, þskj. 399.

Kynning samnings um réttindi barna, 187. mál, svar dómsmrh., þskj. 388.

[11:27]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég á ekki sæti í hv. félmn. og hef ekki fylgst nógu grannt með meðferð þessa máls en ég á hins vegar sæti í hv. efh.- og viðskn. þar sem við erum að fjalla um hið stóra og mikla skattafrv. ríkisstjórnarinnar og þetta tvennt tengist auðvitað saman eins og fram kom í máli síðasta ræðumanns. En það mál sem hér er til umræðu, um tekjustofna sveitarfélaga, snertir auðvitað líka það kjördæmi sem ég er fulltrúi fyrir og það vakna ýmsar spurningar varðandi stöðu þess sem ég mun koma inn á á eftir. En ég get ekki annað en hafið mál mitt á því að vekja athygli á þessum slæmu vinnubrögðum sem tíðkast í þinginu og virðast sérstaklega tengjast skattamálum. Þetta gríðarlega stóra og viðamikla skattafrumvarp sem við erum að fjalla um í efh.- og viðskn. kom fram í þinginu í lok nóvember þó að í því sé að finna atriði sem samið var um í kjarasamningum í maí. Menn sjá það fyrir að það þarf að gera viðamiklar breytingar á skattkerfinu, samt er það dregið fram undir jól að leggja þessar breytingar fram á þinginu þannig að tíminn sem Alþingi hefur til þess að fjalla um jafnviðamikið mál og lækkun virðisaukaskatts á matvælum er nánast enginn. Og það sama gildir um það frv. sem hér er til umræðu, tekjustofna sveitarfélaga, það hefur lengi verið ljóst að það þyrfti að finna leið til þess að bæta sveitarfélögunum það tekjutap sem þau urðu fyrir vegna niðurfellingar aðstöðugjalds en það er ekki fyrr en sama sagan endurtekur sig, það er rétt fyrir jól núna sem frv. er lagt fram og er til umræðu í miklu tímahraki rétt fyrir jólin. Ég verð að segja að það er algjörlega ótækt að standa svona að málum. Menn eru búnir að hafa meira en ár til þess að undirbúa þetta mál um tekjuöflun sveitarfélaganna, gott ef það eru ekki komin tvö ár síðan aðstöðugjaldið var fellt niður, og það hefur iðulega verið spurt um það í umræðum hvernig ætti að bæta sveitarfélögunum upp tekjutapið, hver yrði hin varanlega lausn, en síðan er það nokkrum dögum fyrir jól sem Alþingi fær að fjalla um þetta mikilvæga mál. Mér finnst þetta vera vinnubrögð sem við þurfum virkilega að taka á og ég trúi því ekki að það sé ekki hægt að standa betur að verki í ráðuneytunum, hvort sem það er félmrn. eða fjmrn., að mál geti ekki verið tilbúin fyrr þannig að það gefist tími til að vinna þau almennilega.

En ef ég reyni að setja þetta mál um tekjustofna sveitarfélaganna í samhengi við aðrar breytingar sem verið er að gera í skattamálum þá er auðvitað raunin sú að ríkið er fyrst að lækka sinn tekjuskatt um 1,5%, hækkar hann síðan um 0,35% og ætlar sveitarfélögunum að fá inn 1,7%. Það á að innheimta meira en það sem ríkið ákvað til bráðabirgða að taka af sínum tekjuskattstofni og færa yfir til sveitarfélaganna. Það var reyndar ljóst að þessi 1,5% hækkun á tekjuskatti mundi alls ekki skila því sem þurfti til að bæta upp u.þ.b. fjögurra milljarða kr. tekjutap sem sveitarfélögin urðu fyrir. Því lít ég þannig á að með því að hækka útsvarsprósentuna er verið að ná þar inn meira en því sem var borgað úr ríkissjóði.

Samhliða þessum breytingum, þ.e. hækkun á tekjuskatti og hækkun á útsvari, þá kemur auðvitað þar á móti lækkun á virðisaukaskatti af matvælum sem er þó mjög óljóst hvað þýðir fyrir fjölskyldurnar í landinu, þ.e. hvernig sú lækkun jafnast niður á fjölskyldurnar í landinu. En þær upplýsingar sem við höfum fengið í hv. efh.- og viðskn. benda til þess að þessi lækkun á virðisaukaskatti af matvælum komi betur út fyrir þær fjölskyldur sem meira hafa vegna þess að það gefur auga leið að því meira sem fólk eyðir í matvæli því meira græðir það á þessari lækkun þó að útgjöld til matarkaupa vegi auðvitað þyngra í útgjöldum láglaunafjölskyldna.

Það er önnur skattlagning sem gengur í gildi um áramótin og við eigum eftir að ræða mikið á næstu dögum en það er virðisaukaskattur sem verið er að setja á alla flutninga í landinu, flutninga bæði á landi, sjó og í lofti. Það er engum blöðum um það að fletta að sú skattlagning kemur verst við þá sem mikið þurfa að ferðast og eins og rækilega hefur komið fram í umfjöllun um málið þá eru það fyrst og fremst landsbyggðarmenn. Það eru landsbyggðarmenn sem eru á ferð og flugi vegna þess hvernig skipulagi er háttað í okkar samfélagi. Og þessi skattlagning mun auðvitað koma harðast niður á landsbyggðarfólki. En í mínum huga er nú ekki ljóst hver útkoman er úr þessu dæmi. Það er því miður erfitt að fá einhverjar raunhæfar tölur um það hvað þessar tilfæringar á sköttum þýða en það er algerlega ljóst að það er verið að auka skattbyrði á almenningi í landinu. Það er heildarútkoman úr dæminu. Það er verið að auka skattbyrði á fólkið í landinu.

Það er kannski ekki ástæða til að vera að rekja hér hvernig þetta mál hefur gengið fyrir sig en niðurstaðan er auðvitað sú að skattar sem fyrirtæki greiddu hafa verið felldir niður og skattbyrðin færð yfir á fólkið í landinu. Það er auðvitað niðurstaðan. Nú voru menn sammála um að aðstöðugjaldið væri skattur sem þyrfti að breyta, bæði vegna þess að hann var óréttlátur og einnig til að samræma þessa skattlagningu því sem fram undan er í efnahagsmálum og með því að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði gengur í gildi. Ein ástæðan fyrir því að menn felldu niður aðstöðugjaldið var sú að þar með var verið að gera tilraun til að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. En jafnframt er ljóst að aðstöðugjaldið vó ákaflega misjafnlega þungt hjá sveitarfélögum. Í Reykjavíkurborg hefur aðstöðugjaldið verið mikill, jafn og sterkur tekjustofn. Því kom það auðvitað verst við Reykjavíkurborg þegar aðstöðugjaldið var fellt niður. Ef ég man rétt voru það rúmir 2 milljarðar sem Reykjavíkurborg innheimti í aðstöðugjald. Og því er ljóst að það er mjög mikið í húfi fyrir Reykjavíkurborg hvernig þessum mikla tekjumissi verður mætt.

Eins og menn vita þá tengist aðstöðugjaldið Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Jöfnunarsjóðurinn er m.a. hugsaður til þess að jafna aðstöðu sveitarfélaganna í landinu, m.a. vegna mismunandi möguleika þeirra til tekjuöflunar. Það gefur auga leið að með því að búið er að leggja aðstöðugjaldið niður þá þarf að endurskoða hlutverk Jöfnunarsjóðsins og þær reglur sem um hann gilda. Og ég set fram þá spurningu hér: Hvað líður þeirri vinnu? Hvernig stendur á því eftir allan þennan tíma sem liðinn er frá því að aðstöðugjaldið var fellt niður að ekki er búið að setja nýjar reglur um Jöfnunarsjóðinn og hutverk hans? Hæstv. félmrh. hefur brugðið sér frá og ég get ítrekað þessa spurningu þegar hún kemur aftur í salinn.

Þessi mál eru litin það alvarlegum augum af sveitarfélögunum í landinu og þar á meðal Reykjavíkurborg að sá einstæði atburður gerðist að borgarstjórn Reykjavíkur kallaði þingmenn Reykjavíkur á sinn fund. Því miður þá háttar því þannig að samband þingmanna og borgarstjórnar eða okkar sveitarstjórnarmanna er miklu miklu minna en tíðkast að ég held í öllum kjördæmum landsins og að mínum dómi að ástæðulausu því auðvitað eigum við þingmenn Reykjavíkur að fylgjast með fjárhagsstöðu borgarinnar, stöðu félagsmála og atvinnumála og því sem verið er að gera þar á bæ. En einhverra hluta vegna hefur það þróast þannig að sambandið þarna á milli er ákaflega lítið. En á þessum fundi þingmanna Reykjavíkur og borgarstjórnarinnar kom auðvitað fram að borgarstjórn Reykjavíkur hefur ákveðnar áhyggjur af þessari skattlagningu og finnst að það sé verið að fara allt of hratt í þessu máli. Enda eins og ég nefndi áðan þá liggja ekki fyrir þær reglur sem fara á eftir varðandi Jöfnunarsjóðinn. Þetta tengist líka áformum um breytta verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem ég ætla reyndar að koma betur inn á hér á eftir.

En það var sem sagt álit borgarstjórnar Reykjavíkur að það væri verið að fara of hratt og það var tillaga hennar að því fyrirkomulagi sem verið hefur í gildi, þ.e. um innheimtu tekjuskatts, að sveitarfélögin fengju í sinn hlut 1,5% af tekjuskatti ríkisins auk annarra framlaga, því fyrirkomulagi yrði haldið áfram og menn gæfu sér einfaldlega tíma til að skoða þessi mál í rólegheitunum í tengslum við þau áform sem uppi eru um breytta verkaskiptingu. En það þarf ekki að spyrja að því að íhaldið sér um sína og eftir þennan fund fóru náttúrlega af stað gríðarleg fundarhöld þegar menn gerðu sér grein fyrir því að íhaldið í Reykjavík þyrfti kannski að fara að hækka útsvarið rétt fyrir kosningar sem er ekki það vinsælasta sem hægt er að gera. Og það má náttúrlega ekki setja íhaldið í meiri vanda en það er í nú þegar þannig að einhver töfraformúla var fundin upp og settur botn á innheimtu útsvara í landinu upp á 8,4%. Þetta er einhver furðulegasta ráðstöfun sem sést hefur í þinginu um árabil að því er ég hygg. Að sveitarfélögin skuli vera lögbundin til lágmarksinnheimtu skatta. Látum vera þó að menn setji hámark, það er eðlilegt að það séu einhver bönd á því hvað sveitarfélögin mega innheimta í sköttum en að krefjast þess að sveitarfélögin hafi lágmarksinnheimtu í prósentutali, það er ekki verið að setja reglu um að sveitarfélögin eigi fyrir þjónustunni, það er ekki sú regla sem við er miðað, heldur er sett þarna prósentutala um þessa innheimtu. Mér finnst þetta vægast sagt furðulegt og kalla á miklar skýringar frá þeim þremur hæstv. ráðherrum sem settust niður og sömdu þessa

nýju reglu til að koma íhaldinu í Reykjavík í skjól. Þetta þarf heldur betur að skýra fyrir okkur.

En það er ekki þar fyrir að staða Reykjavíkurborgar núna er með þeim hætti að það verður ekki hjá því komist að hækka útsvarið eða nýta þær heimildir sem eru til álagningar útsvars. Það stafar af því að ástand hér í borg hefur því miður farið mjög versnandi. Það kom fram á þessum fundi borgarstjórnar og þingmanna Reykjavíkur að borgarstjórnin er nýbúin að ákveða 110 millj. kr. aukafjárveitingu til Félagsmálastofnunar Reykjavíkur vegna þess að þörfin fyrir félagslega aðstoð er svo mikil í borginni í kjölfar atvinnuleysis, samdráttar og efnahagsörðugleika sem fjölskyldurnar í borginni eru að stríða við að staðan er nú þannig að áttunda hver fjölskylda, áttunda hver fjölskylda í borginni þarf á félagslegri aðstoð að halda. Þetta eru geigvænlegar tölur. Áttunda hver fjölskylda í borginni þarf á félagslegri aðstoð að halda. Þar á ofan kemur auðvitað það að Reykjavíkurborg hefur lagt allverulegar upphæðir til eflingar atvinnulífi í landinu en hún hefur fengið tiltölulega lítinn hluta þeirra peninga til baka. Mér þóttu það merkilegar upplýsingar sem fram komu á þessum fundi borgarstjórnar og þingmanna þar sem það er fullyrt í bréfum borgarstjórnarinnar að þau átaksverkefni sem efnt hafi verið til í atvinnumálum hafi skilað litlu. Ég vildi nú gjarnan heyra álit félmrh. á þessari fullyrðingu. Það var sem sagt fullyrt að þessi átaksverkefni hefðu skilað litlu.

Ég ætla að leyfa mér að vitna hér í þetta plagg borgarinnar sem lagt var fram vegna þessa fundar, en þar segir á bls. 3, með leyfi forseta:

„Á þessu ári voru sveitarfélögin síðan þvinguð" — ég bið hæstv. félmrh. að hlusta vel á þetta, hún er líka þingmaður Reykv. — „til að greiða 500 millj. kr. í Atvinnuleysistryggingasjóð í von um að framlög þeirra skiluðu sér til baka í svokölluðum átaksverkefnum en mikið vantar á að það hafi gerst."

Í tengslum við þetta vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh. hvert framhaldið muni verða á þessu samstarfi sveitarfélaga og ríkisins í atvinnumálum því þetta snertir að sjálfsögðu tekjur sveitarfélaganna. Það á að lögbinda 600 millj. kr. framlag sveitarfélaganna til atvinnumála, væntanlega nú á næstu dögum. En því var haldið fram af sveitarstjórnarmönnum á þessum títtnefnda fundi að síðan yrði því lokið. Árið 1995 yrði þess ekki krafist af sveitarfélögunum að þau legðu fram fé til atvinnumála, til atvinnusköpunar. Fyrir mér eru þetta nýjar upplýsingar. Og ef maður horfir á þann gang sem verið hefur í samskiptum ríkis og sveitarfélaga þá á ég eftir að sjá að þetta gangi fram og að ríkið muni ekki heimta fé af sveitarfélögum til nýsköpunar í atvinnulífinu auk þess sem sveitarfélögin eru auðvitað sjálf að gera vegna ástandsins í hinum einstöku sveitarfélögum.

Ég nefndi það áðan að íhaldið sjái um sína og það eru þeir líka að gera í skattafrv. þar sem ákveðið hefur verið að fella niður 16. gr. frv. þar sem kveðið var á um það að fjárframlög og rekstraraðstoð sem opinberir aðilar veita þjónustufyrirtækjum skyldu verða skattskyldar. Þarna var auðvitað m.a. átt við Strætisvagna Reykjavíkur og það hefði auðvitað þýtt að íhaldið hefði orðið að hækka strætisvagnafargjöldin ofan á útsvarshækkunina. Þetta er ekki fallegt, þetta lítur ekki vel út fyrir kosningar. Það á bara að fella þetta niður. Það á að fella þetta niður til að bjarga íhaldinu. Þar með er ég ekki að segja að það sé eðlilegt að skattleggja þjónustu af þessu tagi, stuðning sveitarfélaganna við almenningssamgöngur. Það sem ég er að benda á með þessu er auðvitað það að þegar íhaldið í Reykjavík kippir í spottana þá stendur ekki á aðgerðum. Þá stendur ekki á því að bjarga málunum. Ráðherrarnir, ekki færri en þrír, setjast niður til að bjarga þeim málum. Væntanlega telur nú íhaldið sig vera búið að bjarga sér fyrir horn í þessum málum.

Það er líka merkilegt það sem hér er að gerast þar sem verið er að færa skattinn af verslunar- og skrifstofuhúsnæði frá ríkinu yfir á sveitarfélögin. Og eins og menn vita, sem hér eru inni, þá er það áragamalt baráttumál Sjálfstfl. að leggja þennan skatt niður. Þeir hafa talið þetta óeðlilegan og vondan skatt á atvinnulífið. En nú er bara verið að færa þetta til íhaldsins í Reykjavík. Það er Reykjavíkurborg sem hefur að sjálfsögðu mestar tekjur af skatti á verslunar- og skrifstofuhúsnæði eins og gefur auga leið. Nú fær Reykjavíkurborg þennan tekjustofn. Það er spurning hvort það er ekki hálfgerð hefndargjöf að senda þeim þennan pakka sem hæstv. fjmrh., Friðrik Sophusson, hefur barist gegn í áraraðir en hefur nú orðið að gleypa eins og fleira hér á hinu háa Alþingi.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði aðeins að nefna hér verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem vissulega tengist þessu máli. Þar minni ég aftur á það sem ég nefndi áðan að borgarfulltrúum hér í Reykjavík fannst eðlilegt að þessar tekjuöflunarleiðir sveitarfélaganna yrðu skoðaðar í samhengi við fyrirhuguð áform um breytta verkaskiptingu. Ég vil segja það hér sem mína skoðun að mér finnst ráðherrar og þessi ríkisstjórn hafa verið býsna yfirlýsingaglöð varðandi þessa breyttu verkaskiptingu og því er m.a. haldið fram að það standi til að færa grunnskólana yfir til sveitarfélaganna á árinu 1995 en að mínum dómi á mjög mikil umræða eftir að eiga sér stað um það mál. Það er mál sem þarf að skoða í mjög víðu samhengi út frá mótun menntastefnu og skilgreiningu á annars vegar hlutverki ríkisins og hins vegar hlutverki sveitarfélaganna í þeim málum. Það er engan veginn einfalt að komast að niðurstöðu í því. Ég sé ekki betur en að þessar hugmyndir um breytta verkaskiptingu þurfi auðvitað að taka til endurskoðunar í ljósi þess hve hrapallega tókst til varðandi sameiningu sveitarfélaga. Þá er ég fyrst og fremst að hugsa um framkvæmd þess máls þar sem ég tel að hafi verið allt of hratt farið. Ég vil taka það skýrt fram að ég er mikill fylgismaður þess að sameina sveitarfélög og tel að með slíkri sameiningu gætum við náð miklu meiri hagkvæmni og betri þjónustu fyrir fólkið í landinu en mér finnst að því miður hafi þannig verið staðið að málum varðandi undirbúning þessarar sameiningar að það var augljóst að þessu var öllu klúðrað. Þessu var öllu klúðrað. Og ég harma hvernig þar var staðið að málum.

Mín niðurstaða er sem sagt sú að út úr þessu skattadæmi kemur hækkun sem lendir fyrst og fremst á almenningi í landinu og mín niðurstaða er einnig sú að ég tek undir þau sjónarmið borgarstjórnar Reykjavíkur að það hefði verið miklu eðlilegra að setjast niður og skoða tekjustofna sveitarfélaganna og verkaskiptinguna og fyrirhugaðar breytingar á henni og taka þetta allt í samhengi og komast að niðurstöðu í ró og næði í stað þess að vera að ana út í breytingar rétt fyrir jól, illa undirbúnar, illa útreiknaðar og að mörgu leyti í trássi við vilja stærstu sveitarfélaganna.

Útbýting þingskjals:
Almannatryggingar, 83. mál, þskj. 398.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 11:52]

Útbýting þingskjala:
Almannatryggingar, 83. mál, brtt. heilbr.- og trn., þskj. 416.

Félagsleg aðstoð, 84. mál, brtt. heilbr.- og trn., þskj. 415.

Prestssetur, 244. mál, brtt. ÓÞÞ og AÓB, þskj. 418.

Starfsleyfi fyrir THORP-endurvinnslustöðina, 296. mál, þáltill. umhvn., þskj 420.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Hjálparstofnun kirkjunnar.

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 2. umr.

Stjfrv., 86. mál. — Þskj. 89, nál. 396, brtt. 397.

[13:30]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 396 og brtt. á þskj. 397 og vil geta þess strax í upphafi að að nál. og brtt. standa allir hv. fulltrúar í heilbr.- og trn. og hafa þeir orðið sammála um eftirfarandi álit til hv. Alþingis:

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk við yfirferð þess á sinn fund Dögg Pálsdóttur, skrifstofustjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti. Þá studdist nefndin við umsagnir um hliðstætt frumvarp sem hún hafði til meðferðar á 116. þingi, en í frumvarpi því sem nú er til meðferðar hefur verið tekið tillit til þeirra flestra. Frumvarpinu er ætlað að samræma ákvæði ýmissa laga á sviði heilbrigðis- og tryggingamála reglum EES-samningsins. Nefndin fellst á þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir og gerir ekki athugasemdir við einstök ákvæði þess.

Við meðferð frumvarpsins í nefndinni kom fram ósk frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu um að felld yrðu inn í frumvarpið ákvæði um breytingu á lögum um bátaábyrgðarfélög, lögum um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, lögum um Brunabótafélag Íslands og lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur til að fullnægja ákvæðum EES-samningsins varðandi þau svið. Nefndin féllst á að flytja breytingartillögur varðandi lög um bátaábyrgðarfélög, nr. 18/1976, og lög um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, nr. 37/1978, með síðari breytingu, og samræma lögin þannig samkeppnisreglum EES-samningsins, enda eru jafnt hagsmunaaðilar sem tryggingayfirvöld sammála um að þær breytingar eigi fullan rétt á sér. Nefndin ákvað hins vegar að fresta afgreiðslu þess þáttar sem varðar Brunabótafélag Íslands og brunatryggingar utan Reykjavíkur, ekki síst þar sem réttarstaða þeirra virðist ekki nægilega ljós með tilliti til EES-samningsins.

Við meðferð þessa þáttar fékk nefndin á sinn fund Svein Hjört Hjartarson og Pál Sigurðsson frá Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Kristján Ragnarsson og Jónas Haraldsson frá LÍÚ, Arthur Bogason og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda og Ólaf B. Thors og Sigmar Ármannsson frá Sambandi íslenskra tryggingafélaga. Þá studdist nefndin við gögn sem hún aflaði við meðferð málsins og upplýsingar frá Tryggingaeftirliti ríkisins.

Nefndin mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Þær meginbreytingar, sem nefndin leggur til að gerðar verði á frumvarpinu, lúta að því að fella niður einkarétt bátaábyrgðarfélaga á því að tryggja vélskip með þilfari 100,49 brúttórúmlestir að stærð eða minni, sbr. 2. gr. laga nr. 18/1976, og skattaívilnanir sem bátaábyrgðarfélögin hafa notið. Þá er á sama hátt lagt til að niður verði felldur einkaréttur Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum á því að endurtryggja fyrir bátaábyrgðarfélögin. Að auki er lagt til að felldar verði niður skattaívilnanir sem Samábyrgðin hefur notið en hún hefur verið undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi, sbr. 17. gr. laga nr. 37/1978. Bátaábyrgðarfélögin hafa líkt og Samábyrgðin verið undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til sveitarfélaga nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi, sbr. 21. gr. laga nr. 18/1976, og lagt er til að þau verði með sama hætti felld brott. Framangreind ákvæði í núgildandi lögum brjóta eins og fyrr segir í bága við samkeppnisreglur EES-samningsins.

Samkvæmt upplýsingum, sem fram komu við meðferð málsins hjá nefndinni, mun Bátaábyrgðarfélag Vestmannaeyja hafa notið skattfríðinda án sérstakrar lagaheimildar. Nefndin leggur því áherslu á að þau skattfríðindi verði afnumin á sama hátt og skattfríðindi annarra bátaábyrgðarfélaga.

Nefndin ákvað að leggja til, auk framangreindra breytinga til samræmis við samkeppnisreglur EES-samningsins, að felld verði niður 19. gr. laga nr. 18/1976, um bátaábyrgðarfélög, og 16. gr. laga nr. 37/1978, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, en þau ákvæði fjalla um að ágreiningsmál á grundvelli laganna beri að leysa fyrir gerðardómi. Í máli hagsmunaaðila kom fram að þessi ákvæði væru óþörf og jafnvel til trafala. Því er lagt til að ákvæðin verði felld niður en af því leiðir að ágreiningsmál sem leiða kunna af

lögunum munu lúta almennum réttarfarsreglum.

Þá vill nefndin vekja athygli á því að lagt er til að sett verði bráðabirgðaákvæði sem veita bátaábyrgðarfélögum og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum svigrúm til að aðlaga sig þeim grundvallarbreytingum sem hér eru lagðar til. Fyrir liggur að þessir aðilar hafa þegar gert samninga um tryggingar fyrir næsta ár. Þó er lagt til að ef um eigendaskipti verður að ræða á bátum sem tryggðir eru á grundvelli laganna verði hinum nýju eigendum frjálst að velja sér tryggingafélag.

Að lokum vekur nefndin athygli á því að skv. 2. gr. laga nr. 18/1976, um bátaábyrgðafélög, eru opnir bátar undanþegnir ákvæðum um skyldutryggingu. Nefndin leggur á þessu stigi ekki til breytingu varðandi það atriði, en telur mikilvægt að það verði tekið til sérstakrar athugunar hið fyrsta þannig að koma megi í veg fyrir að ótryggðir bátar séu á sjó hér við land."

Undir þetta nál. rita Gunnlaugur Stefánsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Margrét Frímannsdóttir, Sólveig Pétursdóttir, Finnur Ingólfsson, Sigríður A. Þórðardóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum þakka hv. nefndarmönnum í heilbr.- og trn. fyrir góð störf að þessu máli. Þar lögðu allir sitt af mörkum til þess að afgreiðslu þess mætti ljúka og við leituðumst við eins og allar aðstæður leyfðu til að leggja þá vinnu í málið sem við máttum. Ég legg til að málinu verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari.

[13:37]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hér er á ferðinni frv. til laga um breytingar á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Í þessu frv. eru ýmis ákvæði sem ég tel vera til bóta. Vil ég þar sérstaklega nefna breytingar á lagaákvæðum á vátryggingarsviði og ýmislegt að því er varðar tryggingar sem verið er að færa til þess horfs að afnema einokun ákveðinna aðila á tryggingum sem ég tel vera mikið til bóta. Verð ég eftir því sem ég hef forsendur til að telja að þær breytingar sem hv. heilbr.- og trn. leggur til sem viðbót við frv. og koma fram á þskj. 397 séu einnig til bóta. En það eru í raun alveg ný ákvæði sem ekki hafa komið inn í þingið fyrr en núna rétt undir lokin þannig að ég hef ekki getað farið vandlega ofan í þann þátt. En þar sem mér sýnist að þetta séu góðar breytingar sem þarna er verið að leggja til þá sé ég ekki annað en það sé rétt að styðja þær.

Mig langaði þó til þess, virðulegur forseti, að spyrja um nokkur atriði að því er varðar breytingu ábyrgðartryggingar í 13. gr. en í athugasemd með greininni segir, með leyfi forseta:

„Vegna breytinga á reglum um vátryggingarstarfsemi er nauðsynlegt að gera ráð fyrir að félögin geti einnig verið skráð af dómsmrh."

Í 13. gr. frv. er gert ráð fyrir að vátryggingarfélög séu viðurkennd eða skráð af dómsmrh. Í athugasemd með greininni kemur fram að í núgildandi lögum sé eingöngu gert ráð fyrir að félögin séu viðurkennd en nú er talað um að þau eigi einnig að vera skráð af dómsmrh. Ég er ekki að gera athugasemd í sjálfu sér við þetta, ég ætla bara að vita hvaða þýðingu þetta hefur, hvort þetta sé til bóta og hverjar þá þessar umbætur séu. Ég átta mig alls ekki á því af þessum athugasemdum. Þetta eru nú kannski smáatriði en þó er heldur betra að vita svona hvað í þessum breytingum felst úr því að verið er að gera breytingar. En það segir að það sé nauðsynlegt að gera þetta vegna breytinga á reglum um vátryggingarstarfsemi og þá þætti mér vænt um að vita hvað er þarna á ferðinni. Þetta er nú atriði sem ég rakst á við yfirferð málsins.

Ég vil einnig segja að ég tel mjög til bóta að ákvæði um brunatryggingar og ýmislegt fleira hafa verið felld út úr þessu frv. og koma ekki til umræðu hér og nú. Einnig það sem kemur fram í athugasemdum við frv. að verið er að fella út og setja inn í önnur lög ýmis ákvæði sem voru inni í ákvæðum gildandi laga þegar frv. var lagt fram.

Það sem ég vildi fyrst og fremst gera að umtalsefni og ég er ekki sérlega ánægð með eru fyrstu greinar þessa frv., þ.e. breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir. Ég er almennt á því að það eigi að viðurkenna sambærileg próf frá viðurkenndum stofnunum eins og t.d. að því er varðar heilbrigðisstéttir. Þ.e. að próf frá viðurkenndum erlendum háskólum að því er varðar læknamenntun, hjúkrunarmenntun, lyfjafræðimenntun o.s.frv. Ég sé að það er kominn fundur í heilbr.- og trn. hérna út í sal. Ég vona að spurningar mínar séu ekki svo flóknar að það þurfi að gera hlé á fundinum og halda nýjan fund. Þetta eru ákaflega einfaldar spurningar. Ég er hér að vísu með fleiri spurningar þannig að mér þætti vænt um að það yrði gert hlé á fundinum á meðan ég legg fram spurningar. En þetta er ekki mjög mikið sem ég þarf að gera athugasemdir við, bara örlítið í viðbót. Þannig að það sem ég vildi fyrst og fremst gera athugasemdir við eru þær breytingar sem lagðar eru til í þessu frv. að því er varðar þessar heilbrigðisstéttir. Og eins og ég var að segja áðan þá finnst mér almennt að það eigi að viðurkenna próf frá erlendum háskólum sem eru sambærileg við það sem við höfum hér á landi. Ég er yfirleitt á því að við eigum að vera nokkuð sveigjanleg að því er það varðar. Þess vegna er mér mjög illa við þau ákvæði sem eru í þessu frv. hér þar sem það eru raunverulega þrenns konar leyfi sem þarf að fá hérna. Ef ég tek þá sem eiga að stunda lækningar þá er í fyrsta lagi talað um að það þurfi próf frá Háskóla Íslands eða viðurkenndum stofnunum hér á landi. Síðan kemur leyfi sem staðfest hefur verið af heilbr.- og trmrh. í EES-landi. Síðan kemur þriðja sortin og það er það sem er utan við það allt saman. Þannig að mér finnst þetta vera nokkuð flókið. Og ef við skoðum 1. gr. þá kemur að þeim sem eru utan hins Evrópska efnahagssvæðis. Skilyrði þess að þeir geti fengið að starfa hér á landi er í 1. gr. c, með leyfi forseta:

„Áður en slíkt leyfi er veitt skal leita umsagnar læknadeildar Háskóla Íslands sem getur sett sem skilyrði að viðkomandi gangi undir próf í lögum og reglum er varða störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli. Læknadeild Háskóla

Íslands getur krafist þess að umsækjandi sanni kunnáttu sína í læknisfræði með því að gangast undir próf."

Þannig að það eru nokkuð ströng skilyrði fyrir því að fá að stunda læknisstörf hér á landi ef fólk kemur frá svæðum utan Evrópska efnahagssvæðisins. En þeir sem eru á Evrópsku efnahagssvæði þurfa ekki, ef ég skil þetta rétt, að fá nein leyfi, þeir þurfa ekki að kunna íslensku, það er ekki hægt að láta þá taka próf í neinum ákvæðum er varða lög og reglur eða neitt þess háttar. Þetta finnst mér mjög mikið ósamræmi. Mér finnst svo mikið ósamræmi í því ef fólk t.d. kemur frá Bandaríkjunum þar sem er enska töluð þarf að gangast undir ströng próf og kunna íslensku en þeir sem koma t.d. frá Bretlandi þurfa þess ekki. Leit nefndin ekkert á það að það yrðu bara sett almenn ákvæði í lög um viðurkenningu á prófum frá viðurkenndum háskólastofnunum? Bara punktur og basta. Þannig að það féllu allir erlendir aðilar sem hingað kæmu undir sömu ákvæði, fólk væri ekki flokkað þannig niður að sumir þyrftu að gangast undir mjög ströng próf, bæði í íslensku og faglega, en aðrir bara alls ekki neitt. Þetta finnst mér ákaflega óeðlilegt.

Síðan kemur í d-lið: „Ráðherra setur reglur um nám sérfræðinga að fengnum tillögum læknadeildar Háskóla Íslands." Ég get ekki betur séð og vil spyrja hv. formann nefndarinnar að því hvort þetta ákvæði gildi þá eingöngu um nám hér á landi. Ég get ekki séð annað en að þetta gildi eingöngu um nám sérfræðinga í læknisfræði.

Síðan kemur hér líka í d-lið, 2. tölul., með leyfi forseta:

„Áður en leyfi samkvæmt 1. tölul. 1. mgr. er veitt skal leita umsagnar landlæknis og nefndar sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn og í eiga sæti einn fulltrúi Læknafélags Íslands og tveir fulltrúar læknadeildar Háskóla Íslands og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti."

Ég verð að viðurkenna að mér fannst þetta vera mikið apparat. Er þá verið að tala fyrst og fremst um þá sem hafa verið við nám í Bandaríkjunum eða hvaða lönd er helst verið að tala um? Ég átta mig ekki á því hvað þarna er á ferðinni og vænti þess að nefndin hafi farið ofan í þessi atriði til að það sé ljóst þegar fólk kemur hingað til lands hvernig það eigi að haga sér í þessum málum. Mjög svipuð ákvæði gilda um tannlækningar. Þau eru að vísu ekki eins og velti ég því nú fyrir mér þegar ég var að lesa þetta hvers vegna frv. er lagt fram með þeim hætti að ákvæðin eru svona ólík eftir því hvort um er að ræða lækna, tannlækna, lyfjafræðinga, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfa og sjóntækna. Ákvæðin eru mjög mismunandi. Þau eru mjög mikið útfærð að því er varðar lækna, tannlækna og hjúkrunarfræðinga en síðan eru ákvæðin ekki eins ítarleg að því er varðar aðra. Ég vildi því gjarnan spyrja hvað þetta nákvæmlega þýðir, hvort þetta ákvæði varðandi ráðherrana og reglur sem ráðherra setur um nám sérfræðinga gildi þá bara um nám hér á landi.

Síðan vil ég spyrja hvort það hafi ekkert komið til umræðu í nefndinni að setja bara almenn lög um réttindi erlendra aðila til að stunda störf á þessu sviði hér á landi til að þurfa ekki að vera með svona margbreytilegar reglur eftir því hvar fólk hefur lært. Ég tel að með þessu séum við að gera mjög mismunandi kröfur til þeirra sem stunda störf hér á landi. Ég bendi t.d. á að bara í hjúkrunarfræði eru mjög miklar kröfur gerðar hér á landi til hjúkrunarfræðinga og þeir eru mjög vel menntaðir hér. Í öðrum löndum er þetta mjög lítil menntun eða miklu minni menntun þannig að þarna getum við raunverulega verið að gera auknar kröfur til ákveðinna aðila en nánast engar kröfur til annarra. Þetta tel ég að geti skapað mjög mikla óvissu og ringulreið og mér finnst þetta raunverulega sýna hvað þessi samningur um Evrópskt efnahagssvæði gerir okkur erfitt að gera kröfur á þessu sviði vegna þess að ég tel að hér eigi að gera almennar kröfur til allra og það eigi ekki að vera að sortera fólk svona niður með þessum hætti. Ef við teljum að eðli starfsins sé þannig, eins og ég tel t.d. að fólk sem vinnur við læknisstörf og hjúkrun og flest þau störf sem hér eru tekin til, þ.e. eru í miklum samskiptum við sjúklinga, að það sé nauðsynlegt að það skilji málið. Ég á mjög erfitt með að sjá hvernig t.d. hjúkrunarfræðingur og læknir sem annast eiga íslenska sjúklinga geti gert það ef þau kunna ekki málið. Það er ákaflega erfitt að vita hvað er að fólki ef samskiptin eru með þeim hætti, nema meiningin sé að hafa túlka.

Þetta eru, virðulegur forseti, nokkur atriði sem ég vildi að gera athugasemdir við. Ég ætlaði ekki að fara ofan í hverja einustu grein því allar þessar fyrstu greinar eru svipaðar. Ég treysti mér ómögulega til að styðja þessar greinar af ýmsum ástæðum. Aðalástæðan er sú að þarna er verið að setja inn sérstakan rétt þeirra sem búa á hinu Evrópska efnahagssvæði, ég tel að það eigi að vera réttur allra. Það er verið að grauta þarna miklu saman og þetta er alls ekki skýrt fram sett þannig að þeir sem eiga að lesa þessi lög eða þessi ákvæði ef að lögum verða megi átta sig á því hvernig fólk á raunverulega að hegða sér. Það hefði að mínu mati verið miklu eðlilegra að taka heildstætt á þessu og vera ekki að skipta fólki upp í svona mikla flokka eftir því hvaðan það kemur.

[13:52]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Þegar frv. sem hér er til umfjöllunar, um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði, kom inn í þingið í haust þá kom fram í umræðum bæði hæstv. heilbr.- og trmrh. og þeirra sem tóku til máls við 1. umr. að á frv. hefðu verið gerðar veigamiklar breytingar frá því er það lá hér fyrir á síðasta þingi. Stærstu breytingarnar voru þær að út úr frv. hafði verið tekið allt er snýr að brunatryggingum húsa og einnig allt er sneri að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélögunum. Þannig að eftir stóðu aðeins þeir hlutir er snúa að starfsstéttum í heilbrigðisþjónustunni og þannig séð aðeins um að ræða aðlögun íslenskra laga að tilskipunum EB nr. 1408 og 574. Um leið voru einnig gerðar nokkuð veigamiklar breytingar, ekki kannski beint

hægt orða það veigamiklar, en leiðréttingar á gildandi lögum, er mönnum fannst vera til bóta og höfðu komið athugasemdir við frá hinum ýmsu starfsstéttum.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að það er ekki mitt að svara fyrir hv. heilbr.- og trn., en af því að ég tók þátt í þeirri umræðu nokkuð rækilega þá ætla ég að víkja að örfáum atriðum er hv. þm. Kristín Einarsdóttir gerði að umræðuefni.

Um næstu áramót mun samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði verða sá veruleiki sem menn verða að búa við. Ég tek undir það hjá hv. þm. að það er mjög mikill mismunur á t.d. menntun hjúkrunarfræðinga hér á landi og í þeim löndum öðrum, mörgum a.m.k., sem eru á Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta atriði kom einmitt mjög rækilega til umfjöllunar í nefndinni, þar sem ljóst er að íslenskir hjúkrunarfræðingar hafa að baki fjögurra ára háskólanám. Hjúkrunarfræðingar frá mörgum Suður-Evrópulöndunum, t.d. Spáni og Portúgal, eru kannski í mesta lagi með fjögurra ára framhaldsskólanám. Eins eða tveggja ára háskólanám í mesta lagi. Þannig að þarna er mjög mikill munur á. Þetta var sérstaklega rætt við Hjúkrunarfélag Íslands og Félag háskólamenntaðra hjúkrunarfræðinga. Veruleikinn er bara sá að það er ekki hægt samkvæmt samningnum að mismuna þessum stéttum. Staðreyndin er hins vegar sú að við þær stofnanir sem viðkomandi hjúkrunarfræðingar eða læknar yrðu ráðnir inn á verður það alltaf mat þeirra stofnana hversu mikið þeir vilja hafa starfsfólkið menntað ef þeir eru að leita að fólki í vinnu. Það er því auðvitað mikill munur á hvernig þessir hjúkrunarfræðingar eru staddir gagnvart þeim atvinnurekenda þegar sótt er um starf.

Kröfur er ekki hægt að setja um tungumálakunnáttu, en það hlýtur að verða litið til þess, hvort sem er með hjúkrunarfræðinga eða lækna þegar um ráðningu er að ræða, að menn geti talað það mál er sjúklingarnir á sjúkrahúsunum skilja. Þannig að í öllum tilfellum tel ég að Íslendingurinn standi framar að þessu leyti heldur en sá sem að kemur. Aftur á móti getur skapast vandamál er snýr að læknunum í þessu sambandi. Þeir hafa auðvitað rétt, þó þeir séu ekki ráðnir inn á viðkomandi stofnanir, til að starfa hér á landi t.d. á grundvelli laganna um almannatryggingar og gætu þegið greiðslur úr sjúkratryggingum almannatrygginga fyrir þá þjónustu sem þeir munu veita ef þeir settu upp læknastofur hér á landi. Þannig að það er alveg klárt að það yrði að greiða fyrir þá þjónustu sem slíkir menn mundu veita.

Þetta eru svona örfá orð um það sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir kom hér inn á, en formaður hv. heilbr.- og trn. mun svara nánar fyrir það, enda, eins og ég sagði, er ekki mitt að gera það í þessu sambandi.

Það er eitt mjög mikilvægt og kannski mesta ágreiningsatriðið sem var hér á síðasta þingi um þetta mál en það voru einmitt brunatryggingarnar. Nú þegar þetta frv. er hér til lokaafgreiðslu og ljóst að búið er að taka brunatryggingarnar út úr frv. þá fyndist mér mjög mikilvægt að hæstv. heilbr.- og trmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Ég mundi vilja óska eftir því, virðulegi forseti, að kannað yrði hvort hæstv. heilbr.- og trmrh. er í húsinu vegna þess að það er alveg óhjákvæmilegt að spyrja hér við þessa umræðu nokkurra spurninga er snúa að brunatryggingum. Það er ljóst, samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, að Húsatryggingar Reykjavíkur fengu undanþágu frá samningnum og geta haldið sinni einokunaraðstöðu í Reykjavík fyrst um sinn. Þetta var, ef ég man rétt, algjörlega ótímabundin undanþága. Nú er talið að þriðja kynslóð í vátryggingum, tilskipun sem gefin hefur verið út, taki gildi 1. júlí á næsta ári. Það þýðir í raun og veru að á þeim tíma ætti einokunarstaða Húsatrygginga Reykjavíkur að renna út. Því vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. sem ég veit nú ekki, virðulegur forseti, hvort er í húsinu eða ekki, og við því væri ágætt að fá svör, því ef svo er ekki þá mundi ég kannski stytta mál mitt örlítið nú og koma síðan aftur inn í umræðuna þegar hæstv. ráðherra væri kominn í hús.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. ráðherra er ekki kominn í hús. Það mun vera ríkisstjórnarfundur. Hvort honum er lokið eða er að ljúka er forseti að láta kanna þannig að það er þá í hendi hv. þm. hvort hann vill nota sér seinni ræðutíma til að spyrja hæstv. ráðherra.)

Ég ætla þá að gera það og láta þá lokið umræðunni að þessu sinni um húsatryggingarnar eða brunatryggingarnar almennt og koma örlítið inn á þann þátt frv. er snýr að Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og bátaábyrgðarfélögunum.

Eins og ég sagði í byrjun, þegar talað var fyrir málinu í upphafi, við 1. umr., þá var tekið fram að það ætti að fresta ákvæðunum um bátaábyrgðarfélögin og Samábyrgðina. Síðan þegar farið er að nálgast jól þá kemur það upp að alveg er nauðsynlegt að lögfesta þau ákvæði er snúa að bátaabyrgðarfélögunum og Samábyrgð Íslands á fiskiskipum. Í sjálfu sér er ekki mikið um það að segja og hv. form. heilbr.- og trn. gerði rækilega grein fyrir því hér í sinni framsögu áðan og um það mál skapaðist ágæt samstaða í nefndinni, samkomulag um að flytja málið, þó svo að aðdragandi málsins hafi auðvitað alls ekki verið til fyrirmyndar vegna þess að um þetta mál var mjög víðtæk samstaða í upphafi, það var lítið fjallað um málið, menn ætluðu að ganga frá því hér á síðustu dögum fyrir jól af þeirri ástæðum að um þau efnisatriði frv. var sátt strax í byrjun, en svo komu þessi ákvæði inn. Það náðist hins vegar, eins og ég segi, samstaða líka við hagsmunaaðila í þessu sambandi og það var að vissu leyti gott að öðru leyti en því, og mér finnst rétt að það komi hér fram við þessa umræðu, að Landssamband smábátaeigenda óskaði eftir því að hægt væri strax þegar einokunaraðstöðu bátaábyrgðarfélaganna og Samábyrgðarinnar hefði verið aflétt, að þá gætu smábátaeigendur strax valið tryggingafélag, sem í sjálfu sér hefði verið eðlilegur hlutur og skynsamlegt að mörgu leyti að binda ekki þessa einu aðila við það að þurfa að tryggja hjá ákveðnu tryggingafélagi í stað þess að geta valið sér. Það kom hins vegar fram bæði hjá formanni Sambands íslenskra tryggingafélaga og eins framkvæmdastjóra þess að það gæti skapað vissa erfiðleika hjá tryggingafélögunum, bátaábyrgðarfélögunum, ef þessi

heimild yrði veitt, af þeirri ástæðu að í flestum tilfellum var búið að gera tryggingasamninga sem giltu í eitt ár. Hefðu menn getað losað sig undan þeim samningum þá hefðu bátaábyrgðarfélögin keypt sér oft á tíðum endurtryggingar og það hefði vafalítið sett þau í mjög erfiða fjárhagslega stöðu. Það var því ekki hægt að verða við þessari ósk frá Landssambandi smábátaeigenda, í þessu tilfelli, þannig að það er í raun og veru sú eina af þeim óskum sem fram komu frá þeim hagsmunaaðilum er mættu til fundar við nefndina, sem ekki var tekið tillit til. Mér finnst rétt að halda því hér til haga við þessa umræðu, en það mun að sjálfsögðu ekki breyta miklu í framkvæmdinni þar sem gert er ráð fyrir því í brtt. að ef um eigendaskipti verður að ræða hjá trillukörlum þá geti þeir í sjálfu sér við eigendaskiptin skipt um tryggingafélag.

En ég ætla ekki að lengja þessa umræðu nú fyrst hæstv. heilbr.- og trmrh. er upptekinn.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. ráðherra er kominn í hús og það er verið að láta hann vita að óskað sé eftir honum.)

Þá ætla ég að bíða, enda sé ég að hæstv. ráðherra gengur í salinn, og snúa mér þá aftur örlítið að brunatryggingunum.

Það kom fram í máli hæstv. heilbr.- og trmrh. í upphafi við 1. umr., þegar mælt var fyrir málinu, að þau stóru átakaatriði er voru í frv. frá síðasta þingi hefðu verið sett út úr því. Nú er hins vegar svo komið að það er útilokað að skilja við þetta mál hér í þinginu án þess að fá svör við spurningum eins og þeim hvort það standi til að sú undanþága sem Húsatryggingar Reykjavíkur hafa samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, þ.e. um einokunaraðstöðu í brunatryggingum húsa í Reykjavík, sem var tímabundin undanþága, en nú þegar þriðja tilskipun Evrópubandalagsins um vátryggingastarfsemi er að koma fram og eftir því sem maður hefur heyrt mun taka gildi 1. júlí á næsta ári, hvort það standi til að Húsatryggingum Reykjavíkur sé áfram veitt undanþága frá samningnum.

Í öðru lagi að lögin um Brunabótafélag Íslands eru í raun og veru í uppnámi eins og staðan er núna. Það er mikilvægt og nauðsynlegt að gera ýmsar breytingar á lögunum um Brunabótafélag Íslands. Það er nauðsynlegt að skýra nákvæmlega eignarhald á Brunabótafélaginu og því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað líður þeirri vinnu að fram komi hér á Alþingi frv. til laga er taki af öll tvímæli um það hvernig eignarhaldi á Brunabótafélagi Íslands sé háttað, hverjir séu eigendur? Og um leið: Hvernig hefur hæstv. ríkisstjórn hugsað sér að fara með eignarhlut ríkisins í félaginu? Ég býst fastlega við því að þegar eignarhaldið er skoðað þá verði það svo metið að einhver hluti ef ekki nokkuð stór hluti af Brunabótafélaginu sé í eigu ríkisins.

[14:07]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra mála sem hv. þm. Finnur Ingólfsson kom inn á varðandi Brunabótafélag Íslands annars vegar og húsatryggingar hér í Reykjavík hins vegar þá vil ég segja það að það er rétt sem hann gat um að nokkur álitamál hafa vaknað varðandi eignarhald á Brunabótafélagi Íslands. Um það atriði held ég að menn séu þó sammála, að það séu auðvitað vátryggingatakarnir sem fyrst og síðast eru þar eignaraðilar og stærstu rétthafar. Þessi mál hafa verið til umfjöllunar í ráðuneytinu og verða það áfram og ég vænti þess að þau mál skýrist með framlagningu frv. á vorþingi. Svipuðu máli gegnir um húsatryggingar í Reykjavík. Það er rétt sem fram kom í máli þingmannsins að undanþága vegna EES-samningsins var bundin annarri kynslóð. Þriðja kynslóðin er að verða og þess má vænta að á því máli þurfi að taka strax á næsta ári. Þannig að á sama hátt þá vænti ég þess að þau mál komi til umfjöllunar með einum eða öðrum hætti hér á hinu háa Alþingi á vorþingi.

[14:08]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. svörin. Ég fagna sérstaklega þeirri yfirlýsingu sem hér kemur frá ráðherranum um að það sé ljóst að vátryggingatakarnir skuli eiga Brunabótafélag Íslands. Sem fyrsta skref í þeirri umræðu er það gríðarlega mikilvægt að það skuli vera skilningur hæstv. heilbr.- og trmrh., sem er yfirmaður þessa málaflokks, að það skuli vera vátryggingatakarnir sem séu eigendur að Brunabótafélaginu, því það hlýtur að vera að öll meðferð málsins eftir þetta skuli vera í samræmi við það. Þannig að ég fagna þessu. Og ég fagna því auðvitað alveg sérstaklega að þetta frv. skuli koma hér fram á vorþinginu þannig að hægt sé að skýra eignastöðu Brunabótafélags Íslands áður en menn fara heim af þingi í vor. (**Umhvrh.**: Þá líður þingmanninum betur.) Já og ég er alveg viss um að hæstv. umhvrh. liði líka betur og sæfi betur á nóttunni í fyrsta lagi vegna þess að það væru ekki eins miklar vökur yfir þessu átakamáli ríkisstjórnarinnar, sem ég veit að það er, hæstv. ráðherra.

Undanþága frá samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur, ég vil ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Kemur til greina og er verið að vinna að því að Húsatryggingar Reykjavíkur fái varanlega undanþágu frá samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði?

[14:10]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Svar mitt er nei, slík vinna er ekki í gangi í heilbr.- og trmrn.

[14:10]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn vil ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Þetta innlegg í umræðuna um brunatryggingarnar, hvort sem þær eru utan Reykjavíkur eða hér í Reykjavík, er mjög mikilvægt líka.

[14:11]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Finnur Ingólfsson benti hér á, sem er staðreynd, að hjúkrunarfræðingar t.d. frá suðurríkjum Evrópu, sumum hverjum, hafa mjög litla

menntun, þ.e. bóklega menntun. Í mörgum tilvikum gæti það samsvarað t.d. sjúkraliðum hér á landi oft á tíðum, þó það heiti hjúkrunarfræðingur eins og við viljum þýða það erlenda orð sem um þá er notað. Í mörgum löndum eru hjúkrunarfræðingar meira að segja flokkaðir niður eftir númerum 1, 2, 3, 4 eða eitthvað þess háttar og eru þá þeir sem eru með minnstu menntunina eða kannski einhverja miðmenntun, ég veit ekki nákvæmlega hvar, eins og sjúkraliðar. Þannig að þarna erum við í raun ekki að tala um sömu starfsstéttir og getum við auðvitað lent í vandræðum þess vegna.

Það sem ég vildi hins vegar spyrja hv. þm. um er hvort hann telur eðlilegt að á sama tíma og við teljum að það sé alger óþarfi að krefjast t.d. íslenskukunnáttu eða ákveðinnar faglegrar kunnáttu til mjög stórs hóps, þarna er um að ræða mannfjölda upp á 300 millj., og hugsanlega kæmu einhverjir hingað (Gripið fram í.) á sama tíma ...Ég skal reyna að beina máli mínu ekki bara til hv. þm., en ég er að veita andsvar eða spyrja hann sérstaklega. Ég er að spyrja hvort hv. þm. telji ekki óeðlilegt að á sama tíma og verið er að gera engar kröfur á vissum sviðum t.d. um íslenskukunnáttu og annað til stórs hóps manna þá skuli standa hérna að þeir sem búa fyrir utan hið Evrópska efnahagssvæði skuli, eins og segir í greininni, með leyfi forseta: „...geta þurft að ganga undir próf í lögum og reglum að því er varðar störf lækna hér á landi og sanni kunnáttu í mæltu og rituðu íslensku máli."

Mér finnst þetta strangar kröfur sem verið er að gera til ákveðinna aðila, en engar kröfur til annarra á þessu sviði. Það er þetta ósamræmi sem ég var að velta fyrir mér hvort nefndin hefði ekkert tekið á.

[14:13]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að ég er lentur í dálítið einkennilegri aðstöðu hér að þurfa að fara að svara fyrir málið. Aftur á móti treysti ég mér alveg til að svara þessari ágætu spurningu sem kemur frá hv. 15. þm. Reykv. Þetta var sérstaklega skoðað í nefndinni og ég veit að hv. formaður heilbr.- og trn. mun svara þessu miklu skýrar hér á eftir. Þetta atriði var sérstaklega skoðað. Það leiðir einfaldlega af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði að þannig verður þessu að vera fyrir komið. Það eru gerðar kröfur í samningnum um það að um alla þegna á svæðinu gildi sama regla, en á sama tíma, ég tek undir það með hv. þm., erum við að gera kröfur til annarra eins og t.d. Bandaríkjamanna, þeirra sem hingað koma, sem eru kannski oft og tíðum ekki síður vel menntaðir, oft jafnvel betur menntaðir, að þeir þurfi að uppfylla ákveðin skilyrði. En ég er nú samt þeirrar skoðunar að það væri mjög hæpið að afnema þetta skilyrði ef við horfum bara til Bandaríkjanna einna og sér. Hvað þá með allar aðrar þjóðir, t.d. í Afríku og Asíu? Það eru viss hættuskref sem við erum að stíga í þessum efnum, án þess að ég ætli þó að flokka menn eða fólk niður eftir því hvar það býr í heiminum.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um hjúkrunarfræðingana þá tek ég alveg undir það með hv. þm. Það er nákvæmlega þannig að hjúkrunarfræðingar sem menntaðir eru í Suður-Evrópulöndunum eru oft og tíðum ekki með meiri menntun en sjúkraliðar hér á landi. En, eins og ég sagði áðan í minni ræðu, þá verður það alltaf stjórnenda þeirra stofnana sem eru að ráða til sín fólk, ákvörðunin liggur hjá þeim hvaða menn þeir velja til starfa.

[14:15]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætlast alls ekki til þess að hv. þm. svari fyrir alla nefndina. Ég spurði eingöngu hvort hann teldi þetta eðlilegt. Ég tel mjög óeðlilegt að gera svona mikið upp á milli fólks. Ef þetta er hvort sem er í valdi stofnananna, af hverju eigum við þá að gera svona strangar kröfur til fólks þó það sé frá fjarlægum heimshlutum? Ég tel að það eigi alveg eins að leyfa því fólki að starfa hér eins og fólki frá Evrópulöndum. Ég tel t.d. að fólk frá Asíulöndum og Bandaríkjunum, sem voru hér nefnd, og víðar geti alveg eins starfað á Íslandi og hafi bæði menntun og þekkingu til þess að gera það, á þessum sviðum sem hér er gert ráð fyrir, eins og fólk sem kemur frá hinu Evrópska efnahagssvæði. Þannig að ég tel að það eigi ekki að mismuna fólki með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Það er fyrst og fremst þetta sem ég geri athugasemdir við, að það sé verið að gera verulega strangar kröfur til ákveðins hóps, en síðan engar kröfur til annarra. Ég tel því að það eigi að reyna að stefna að því að afnema svona ákvæði í lögum þannig að allir sitji við sama borð, ef á annað borð er verið að opna þetta og breyta því. Það er auðvitað á valdi stofnana sem ráða þetta fólk til sín að meta fólk, þá metur það jafnt fólk hvort sem það kemur frá Grikklandi eða Bandaríkjunum eða Japan. Það breytir ekki öllu þegar við erum á annað borð búin að opna þetta. Ég set hins vegar ákveðnar spurningar við það að opna þetta með þessum hætti sem þarna er, svona algerlega. Að við getum ekki sett nein skilyrði um menntun eða neitt. Það má vel vera að þessi samningur um Evrópska efnahagssvæðið sé þannig að við megum ekki setja nokkur skilyrði. Það þykir mér auðvitað mjög slæmt. En ef við erum á annað borð að setja inn í íslensk lög svona ákvæði þá finnst mér að það eigi að gilda um alla útlendinga, við eigum ekki að mismuna fólki með þessum hætti. Ég tel það mjög alvarlegt og hættulegt.

[14:18]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég sagði var þetta sérstaklega skoðað og mjög mikið rætt í hv. heilbr.- og trn. og það varð niðurstaðan að það leiddi af samningnum að þannig þyrfti þetta að vera. Það væri verið að gera alla þegnana jafnsetta á hinu Evrópska efnahagssvæði. Hins vegar held ég — ég vona að það sé misskilningur minn í máli hv. þm. þegar hv. þm. sagði að fólki frá öðrum heimsálfum væri bannað að starfa hér á landi. (Gripið fram í.) Það er ekki rétt. Það er hins vegar hægt að gera, af íslenskum stjórnvöldum, kröfur til þeirra um að þeir uppfylli ákveðin skilyrði. Það er alveg hárrétt að þar er verið að mismuna á milli heimsálfa.

Útbýting þingskjala:

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 101. mál, brtt. 2. minni hluta allshn., þskj. 422.

Málefni aldraðra, 295. mál, stjfrv., þskj. 414.

[14:19]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Málið sem hér er til umfjöllunar hefur nokkuð oft áður verið komið til lokaafgreiðslu þingsins, en alltaf á síðustu augnablikum hefur hæstv. ríkisstjórnin kippt að sér höndum og hætt við að afgreiða málið. Því er mjög athyglisvert hvað er í þessu frv. nú og hvað ekki.

Það hefur komið fram hjá öðrum sem hafa talað á undan mér að það eru brunatryggingar í landinu sem ekki eru inni í þessu frv. sem hefur verið mikill urgur út af, en hæstv. ráðherra hefur nú upplýst að hann muni leggja þau frv. fram eftir áramót og ætli sér að sætta þau sjónarmið sem þar eru uppi. En auðvitað hefur það vakið athygli allra landsmanna að Húsatryggingar Reykjavíkur ættu að vera eitthvað undanskildar öðrum tryggingum í landinu og það er auðvitað umhugsunarefni að það sem hægt er að einkavæða í þessu landi skuli menn ekki vera tilbúnir að einkavæða.

En það er ekki það sem ég ætla að ræða heldur ætla ég aðeins að fara yfir þetta frv. um breytingar á lögum um heilbrigðisstéttir. Hér hefur það verið mikið til umfjöllunar. Hjá Evrópubandalaginu eru í gildi sérstakar tilskipanir um fimm heilbrigðisstéttir, þ.e. lækna, tannlækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæður, lyfjafræðinga og sjúkraþjálfa. Þessar tilskipanir hafa verið hér til umfjöllunar og menn spyrja sig að því hvort við séum að gera minni kröfur til innflytjenda frá þessum EES-löndum heldur en til þeirra sem við höfum sjálf menntað hér á landi. Það hafa komið fram ýmsar ábendingar frá þessum heilbrigðisstéttum til hv. heilbrn. Ég held að ég byrji að ræða athugasemdir tannlækna sem ég held að séu kannski þær áhyggjur sem við ættum að leggja eyru við, því það er nokkuð í þeim athugasemdum sem við þurfum eflaust að varast. Með leyfi forseta, þá eru athugasemdir Tannlæknafélags Íslands þessar:

„Tannlæknafélag Íslands er uggandi um atvinnuástand íslenskra tannlækna í ljósi sameiginlegs vinnumarkaðar sem felst í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í maí 1989 lét Tannlæknafélagið kanna áætlaðan fjölda tannlækna á Íslandi á næstu árum samanborið við mannfjöldaspá. Þetta ár voru 1.080 íbúar á hvern tannlækni. Áætlunin er unnin af Helga Sigvaldasyni verkfræðingi og leiddi í ljós að 1994 mun fjöldi starfandi tannlækna vera 267 og 980 íbúar á hvern tannlækni. Árið 1999 verða starfandi tannlæknar 289 og 945 íbúar á hvern tannlækni. Kannanir hafa sýnt að bera fer á atvinnuleysi hjá tannlæknum þegar íbúar á hvern tannlækni verða færri en 1.100. Í könnun sem Tannlæknafélagið gerði 1989 á atvinnumálum íslenskra tannlækna kom í ljós að fjórðungur tannlækna taldi sig ekki hafa næg verkefni.

Menntun tannlækna í ýmsum Suður-Evrópulöndum er víða lítil. Á Ítalíu, Spáni og í Portúgal eru starfandi tannlæknar sem lokið hafa hluta læknisnáms og mislöngum námskeiðum í tannlæknisfræðum. Starfsheiti þessara manna hefur verið nefnt „stomatologe". Þótt kennsla í tannlækningum í þessum löndum sé nú orðin sambærileg við skóla annars staðar á Vesturlöndum er stór hluti starfandi tannlækna í þessum löndum með áðurgreinda menntun að baki. Spánn og Portúgal hafa gert samninga við nokkur lönd í Suður-Ameríku um að taka við ákveðnum fjölda „stomatologa" á hverju ári. Lönd þessi hafa nýverið ákveðið að veita þeim ekki tannlæknaleyfi nema að undangenginni frekari menntun en fyrir er starfandi mikill fjöldi „stomatologa" með starfsleyfi. Þar sem um verulegt atvinnuleysi meðal tannlækna er að ræða í þessum löndum eru tannlæknafélög í öðrum EES-löndum uggandi um það að þessir „stomatologar" streymi til annarra landa í kjölfar hins sameiginlega atvinnumarkaðar."

Mér finnst þetta mál vera þannig vaxið að það beri að gefa því gaum, því þessir tannlæknar, „stomatologar", eru ekki fullmenntaðir tannlæknar en þeir gætu fengi hér leyfi til að opna stofu. Því þurfum við að vera á varðbergi gagnvart því. Við þekkjum ferðir Íslendinga til Búlgaríu og fleiri landa og ég held að reynsla flestra sé mjög slæm af þeim heimsóknum til illa menntaðra tannlækna. Ég vil því benda hæstv. heilbrrh. á þessa hættu sem er fyrir hendi varðandi tannlækna sem hafa ekki fulla menntun á við íslenska.

Það eru ýmsar athugasemdir frá öðrum heilbrigðisstéttum og hér hefur verið rætt sérstaklega um hjúkrunarfræðinga og hv. 15. þm. Reykv., Kristín Einarsdóttir, hefur einmitt gert að umtalsefni þær hættur sem í því felast ef hjúkrunarfræðingar og aðrar heilbrigðisstéttir verði ráðnar hingað til lands án þess að kunna íslensku. Þetta er réttmæt gagnrýni hjá hv. þm. því það er mjög mikilvægt, hvergi mikilvægara trúlega, að það séu rétt skilaboð á milli sjúklings og þess sem á að lækna eða hjúkra viðkomandi.

En samt sem áður, eftir að hafa farið í gegnum þetta margsinnis, þá tel ég að það sé svo framarlega, og nú endurtek ég það, svo framarlega sem nægilegt framboð er af þessum stéttum hér á Íslandi, hjúkrunarfræðingum og læknum, þá séu hverfandi líkur á því að við þurfum að óttast þetta. Því þær stofnanir sem ráða til sín þetta fólk munu að sjálfsögðu ráða til sín hæfasta fólkið. Og það er viðurkennt að íslensk heilbrigðismenntun er betri en almennt gerist í Evrópu. Þannig að það eru hverfandi líkur á því að við þurfum að óttast þetta. En samt sem áður þá þekkjum við þessi vandamál þegar í dag, þrátt fyrir að við séum ekki aðilar að EES enn þá, því það hefur verið skortur á t.d. hjúkrunarfræðingum og erlendir hjúkrunarfræðingar hafa verið ráðnir hér til landsins sem ekki hafa nægilega þekkingu í íslensku. En það sem ég óttast kannski meira í þessu sambandi heldur en að hér streymi inn innflytjendur er það að héðan streymi út fólk, vegna þess að ég býst við að það verði áskókn í að fá okkar velmenntuðu heilbrigðisstéttir til hinna EES-landanna. Það er það sem ég óttast kannski enn þá meir.

Ég ætla ekki að gera aðrar athugasemdir að um-

ræðuefni hér. Félag íslenskra sjúkraþjálfa segir t.d. í umsögn sinni um þetta frv., með leyfi forseta:

„Félag íslenskra sjúkraþjálfa gerir ekki athugasemdir við þær breytingar sem fram koma í frv. um lög um sjúkraþjálfa, nr. 58/1976. Rétt er að benda á að lönd innan EB hafa komist að samkomulagi um lágmarkslengd á námi í sjúkraþjálfun. Ekki er tryggt að lönd sem sækja um aðild að EES uppfylli þessi skilyrði þótt heilbrigðisstjórnir viðkomandi landa viðurkenni viðkomandi skóla. Það hefur verið vinnuregla hér í landi að sjúkraþjálfarar sem fá löggildingu á Íslandi þurfa að hafa lokið námi sem telst sambærilegt við það íslenska. Það yrði mikill skaði fyrir sjúkraþjálfun á Íslandi ef ekki verður hægt að tryggja þessi lágmarksgæði og lengd námsins fyrir alla sjúkraþjálfara sem koma til með að starfa hér í framtíðinni." Þetta er þeirra umsögn.

Ég ætla að láta lokið máli mínu um heilbrigðisstéttir. Ég hef oft rætt um það hér áður, en vil segja fáein orð um bátaábyrgð og tryggingar. Ég tel þá breytingu vera til bóta sem er gerð varðandi báta innan við 100 brúttólestir sem hér er gert ráð fyrir, vegna þess að smábátaeigendur hafa kvartað yfir því hversu há trygging væri á þeirra bátaflota. Þeir vilja meina að með því að þetta sé gefið frjálst og þeir geti ráðið við hvaða tryggingar þeir skipta, þá geti það lækkað þeirra tryggingagjald allt að um helming. Því er slæmt að geta ekki orðið við beiðni þeirra um að þetta taki gildi strax 1. jan., en það er talið að aðlögunartími sé nauðsynlegur fyrir tryggingafélögin sem tryggja nú þessa báta, vegna þess að þau eru búin að baktryggja sig hjá öðrum tryggingafélögum erlendis.

En það er annað sem þessi bátatryggingarfélög hafa gert að umtalsefni við hv. heilbr.- og trn. og það er að þeim finnst ekki vera gagnkvæmt frelsi varðandi bátatryggingar vegna þess að þeir bátaeigendur sem kannski ganga út og fara til annarra vátryggenda, þeir búast við að sitja uppi með skussana, svo ég tali nú bara íslensku eins og hún kemur fyrir af kúnni. (**Gripið fram í:** Það fer þér vel.) Þetta atriði er nokkuð sem mér finnst að við þurfum að skoða í framhaldi af þessu, en að öðru leyti þá geri ég ekki athugasemdir við þetta frv. Ég tel að það sé heldur til bóta, en verð að segja að það er búið að vera mjög mikill vandræðagangur með þetta mál lengi. Ég segi alveg eins og er að ég er farin að hlakka til þegar kemur að húsatryggingum, því ég er alveg viss um að það verður ekki svona slétt og fellt eins og hæstv. ráðherra kynnti hér áðan.

[14:30]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins örstutt fyrirspurn til hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur. Hún sagði í ræðu sinni að hún óttaðist útstreymi hjúkrunarfræðinga og annarra heilbrigðisstétta til annarra landa. Ég átta mig ekki alveg á því af hverju hún óttaðist það sérstaklega vegna þess að ég veit ekki betur en íslenskar heilbrigðisstéttir, bæði hjúkrunarfræðingar og læknar, hafi getað fengið vinnu erlendis ef um einhverja vinnu hefur verið að ræða einmitt vegna þeirra ástæðna sem hv. þm. tók fram, þ.e. að íslenskar heilbrigðisstéttir eru mjög vel menntaðar og það hefur verið eftirspurn eftir þeim í störf erlendis, ef þar hefur verið skortur. Þannig að ég hef aldrei almennilega áttað mig á því af hverju menn óttast útstreymi fólks héðan þar sem ég veit ekki betur en íslenskt menntafólk og ekki síst á heilbrigðissviðinu hafi getað fengið eins mikla vinnu og raunverulega hefur verið framboð á erlendis. Þannig að þetta atriði hef ég aldrei skilið og vildi spyrja hv. þm. af hverju það breytist sérstaklega núna.

[14:32]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. spyrji að því, hvað breytist núna. Af hverju óttast sú sem hér stendur að það verði aukið útstreymi á þessum heilbrigðisstéttum? Ég óttast það vegna þess að kaup og kjör eru betri víðast hvar í Evrópu heldur en hér á Íslandi sérstaklega hvað varðar hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða o.s.frv.

Hvað breytist með þessum samningi? Varðandi gagnkvæma aðild þá tel ég að það verði enn auðveldara fyrir Íslendinga að fá vinnu og það verði frekar gengið fram hjá öðrum heilbrigðisstéttum í viðkomandi landi og Íslendingar gangi þar fyrir vegna þess að þeir eru einfaldlega betri. Og það er líka annað með Íslendinga að þeir kunna yfirleitt eitt til tvö tungumál en aftur á móti þegar Dani kemur hingað eða Englendingur þá talar hann ekki íslensku. Þetta fullnægir eflaust ekki spurningu fyrirspyrjanda en þetta er mitt svar við henni.

[14:33]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Já, þetta gildir líka allt núna. Íslendingar kunna erlend tungumál núna, það breytist ekkert um áramótin. Og eins og ég sagði í mínu fyrsta andsvari þá er það þannig með Íslendinga að þeir eru ekki bara vel menntaðir og kunna fleiri tungumál en flestar aðrar þjóðir heldur eru þeir líka mjög duglegir að ná sér í vinnu erlendis ef þeir á annað borð vilja. Þess vegna hefur það verið þannig að það hefur ekki staðið fyrir fólki að fara t.d. til Norðurlanda og annarra Evrópulanda að sækja sér vinnu ef sú vinna hefur verið í boði, en eins og við vitum þá er mikið atvinnuleysi í Evrópu og það er ekki víst að þetta fólk geti stokkið í vinnu þegar því sýnist. Það er því alveg rétt sem hv. 2. þm. Vesturl. sagði, þetta svar var raunverulega ekki það sem ég bjóst við að fá, vegna þess að ég sé ekki að þetta atriði breytist neitt núna. Hingað til hafa heilbrigðisstéttir getað starfað yfir landamæri alveg óháð þjóðerni, ef þær kunna málið. Það er alveg rétt að það hefur verið skilyrði mjög víða að geta talað málið sem sjúklingarnir tala.

[14:34]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að með samningnum verði auðveldara að láta Íslendinga ganga fyrir. Það er mitt svar.

Útbýting þingskjals:

Prestssetur, 244. mál, nál. minni hluta allshn., þskj.

417; Kirkjumálasjóður, 245. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 417.

[14:35]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu hefur eins og áður hefur komið fram verið rætt mjög ítarlega bæði á þessu þingi og því síðasta. Á síðasta þingi var frv. í raun og veru stöðvað vegna þess að á því voru ýmsir meinbugir að mati þeirra sem að því komu. Ég tel að upphaflegt frv. eins og það kom frá hæstv. heilbrrh. og svo breytingar hv. heilbrn. sé hvort tveggja til bóta frá því sem var þegar frv. var kynnt hér í fyrra, á því sé lítill vafi. Hins vegar er það svo að þetta frv. vekur náttúrlega upp margar spurningar. Fyrsta spurningin er auðvitað: Til hvers erum við að breyta okkar lögum með þeim hætti sem hér er gert? Er alveg óhjákvæmilegt að það verði gert? Erum við með þessu frv. og afgreiðslu þess komin í þá stöðu sem við óttuðumst mörg þegar Ísland varð aðili að Evrópsku efnahagssvæði að Alþingi Íslendinga yrði eins og póststöð sem tæki við tilskipum, fyrirmælum, *niðurstöðum, úr kerfi Evrópubandalagsins þar sem við* ættum í raun og veru engan annan kost en þann að fallast á það sem þaðan kæmi? Ég segi ekki að hlýða því það er út af fyrir sig þannig að við getum náttúrlega spyrnt við fótum. En staðan er auðvitað engu að síður þannig að formlega séð yrði það mjög erfitt fyrir okkur. Ímyndum okkur að við gerðum samþykkt hér og breyttum þessu frv. eins og hv. 15. þm. Reykv. var að tala hér um. Þannig að tungumálaákvæðið, íslenskuákvæðið, verði ekki aðeins látið ná yfir hið Evrópska efnahagssvæði heldur verði það í raun og veru látið ná yfir alla útlendinga sem hingað koma þannig að þeir séu undanþegnir þessu ákvæði, eða við neitum algerlega að fella tungumálaskilyrðið niður að því er varðar Evrópskt efnahagssvæði. Segjum sem svo að útlendingar, hvaðan sem þeir koma, þurfi að kunna íslensku. Hvort sem þeir koma frá Þýskalandi eða Svasílandi eða hvaðan sem þeir koma. Ímyndum okkur að þetta yrði gert. Ímyndum okkur að við neitum með öðrum orðum að aðlaga okkar löggjöf að þessu leytinu til að kröfum hins Evrópska efnahagssvæðis og samningnum um það og samningnum við Evrópubandalagið. Hvernig stöndum við þá? Hvað yrði þá gert? Staðreyndin er sú að þegar við skoðum þetta mál aðeins nánar þá komumst við að því að við erum upp við vegg. Við erum upp við vegg í þessu máli. Við eigum í raun og veru engan annan kost en þann, ef við viljum á annað borð vera í þessu kerfi, að taka við þeim fyrirskipunum, niðurstöðum, ákvörðunum, sem hið Evrópska efnahagssvæði og það kerfi allt gerir kröfu um. Þar með er þetta frv. eitt fyrsta dæmið um það hvernig við erum þannig upp við vegg eftir að Ísland varð aðili að þessu Evrópska efnahagssvæði. Síðar á þessum fundi er á dagskrá EFTA-dómstóllinn sem er auðvitað sérstakt og mikið umræðuefni og umhugsunarefni og af skyldum toga.

Þetta vil ég nefna vegna þess að ég tel að það sé nauðsynlegt að um leið og menn afgreiða mál sem snerta Evrópskt efnahagssvæði þá sé þetta nefnt, þannig að menn fari ekki að líta á það sem alveg sjálfsagðan hlut að Alþingi Íslendinga sé flæðilína fyrir Evrópukerfið heldur staldri menn við og spyrji: Af hverju er þetta svona? Getum við losnað við þetta? Og að menn geri sér grein fyrir því að ef við ætlum að losna við þessi ákvæði þá geta hlutirnir verið eilítið snúnari heldur en kannski gæti virst í fljótu bragði.

Hitt er svo annað mál með íslenskuákvæðið. Finnst hæstv. ráðherra og hv. talsmönnum málsins hér í þessari virðulegu stofnun eðlilegt að setja íslenskuákvæðið upp eins og hér er gert og hv. 15. þm. Reykv. þráspurði um hér áðan? Að íslenskuákvæðið gildir bara gagnvart sumum? Komi hingað læknar segjum frá Indlandi, eins og dæmi eru um, eða hjúkrunarfræðingar frá öðrum heimshlutum utan hins Evrópska efnahagssvæðis þá á að gera kröfur um að þeir kunni íslensku. En sé um að ræða lækna, hjúkrunarfræðinga, sjóntækjafræðinga, sjúkraþjálfara eða hvað það er nú er frá öðrum löndum á hinu Evrópska efnahagssvæði þá eru engar kröfur í raun og veru gerðar. Þá er íslenskukrafan upphafin. Stenst þetta? Þetta stenst náttúrlega ekki rök. *En stenst þetta t.d. mannréttindasáttmála sem* Ísland er aðili að? Er eðlilegt að þjóðir heimsins sætti sig við að þessi lúxusklúbbur sem heitir Evrópusvæðið setji þannig lög handa sér og útiloki alla hina sem koma úr fátækari hlutum heimsins? Er það eðlilegt, er það sanngjarnt, er það rökrétt? Ekki er það jafnaðarstefna, svo mikið er víst.

Þetta held ég að menn þurfi alvarlega að átta sig á. Ég hlýt þess vegna að ítreka þá spurningu sem hv. 15. þm. Reykv. bar fram hér áðan og fékk í raun engin svör við: Hver var hin efnislega niðurstaða þessa máls í nefndinni? Var það skoðað hvort þetta stæðist þá almennu alþjóðlegu mannréttindasáttmála sem Ísland er aðili að, að mismuna fólki með þessum hætti?

Þetta vildi ég segja í öðru lagi, virðulegur forseti, vegna þess að ég tel að þetta sé stórkostlega hæpið, stórkostlega hæpið.

Í þriðja lagi vildi ég víkja aðeins að spurningunni um Samábyrgð Íslands á fiskiskipunum. Hér er í raun verið að opna fyrir það að bátaábyrgðarfélögin hverfi, gömlu bátaábyrgðarfélögin og menn geta út af fyrir sig haft sínar skoðanir á því, ég ætla ekki gera neina athugasemd við það á þessu stigi, og að endurtryggingin sem hefur verið hjá Samábyrgðinni verði þar af leiðandi úr sögunni. Ég ætla aðallega að minnast á þetta vegna þess að í fyrra átti að selja Samábyrgðina. Hæstv. fyrrv. heilbrrh. ætlaði að fá að mig minnir 100 millj., var það ekki, fyrir Samábyrgð Íslands á fiskiskipum en það kom svo í ljós að hann átti ekkert í henni þannig að hann hætti við að selja hana. Það er út af fyrir sig til fyrirmyndar að menn hætti við að selja það sem þeir eiga ekki, án þess að það liggi fyrir hvað svoleiðis háttalag þýðir, en batnandi manni er best að lifa í sjálfu sér. En nú er niðurstaðan orðin sú að það er ekki bara *þingið heldur líka heilbrn. sem viður*kennir að þetta frv. um að selja Samábyrgðina í fyrra var vitleysa. Ég tel það fagnaðarefni og þakka hæstv. núv. ráðherra og heilbrn. fyrir það.

Í fjórða lagi ætlaði ég svo að víkja aðeins að Húsa-

tryggingum Reykjavíkur og Brunabótafélagi Íslands. Ég vil í fyrsta lagi segja það að ég er sammála því sem hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði hér um Brunabótafélagið, að ég tel að það sé mjög mikilvægt að það liggi fyrir sú yfirlýsing frá hæstv. heilbr.- og trmrh. að Brunabótafélagið sé eign vátryggingatakanna. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þannig verði haldið á þessu máli og það verði tryggt að þeir sem eiga Brunabótafélagið eigi það, þ.e. sveitarfélögin. Og ég tel að það sé mjög mikilvægt að sú yfirlýsing liggi hér fyrir frá hæstv. núv. ráðherra vegna þess að það eru margir býsna gráðugir í það að fá þær eigur sem þarna eru til. Þetta er satt að segja prýðilega stöndugt fyrirtæki. Þetta er í raun og veru að eiginfjárstöðu eitt allra sterkasta fyrirtæki landsins og ég tel það fagnaðarefni að hæstv. núv. heilbrrh. hefur lýst því yfir að sveitarfélögin eigi að eiga þetta eins og til er stofnað af því að það eru sveitarfélögin sem hafa byggt upp Brunabótafélag Íslands. Ég skil út af fyrir sig vel að það séu ýmsir aðilar býsna gráðugir í að fá þetta félag vegna þess að þetta eru miklar eigur og eftir miklu að sækjast, en ég met yfirlýsingu ráðherrans mikils og tel að það sé skynsamlegt að vinna á grundvelli hennar áfram.

Jafnframt þessu hefur svo komið upp það fyrirbrigði sem heitir Húsatryggingar Reykjavíkur. Á því máli eru margar hliðar. Ein er auðvitað sú að Húsatryggingar Reykjavíkur er fínt fyrirtæki, græðir mikið af peningum og borgar slökkviliðið hér í Reykjavík. Okkur sem erum hér þingmenn fyrir Reykv. finnst það að mörgu leyti sniðugt fyrirkomulag að láta Húsatryggingarnar borga slökkviliðið. Og ég held að það borgi eitthvað meira þannig að þetta er þjóðþrifafyrirtæki að mörgu leyti. Þetta er sú hlið sem að okkur snýr, okkur sem höfum ekkert á móti félagslegum rekstri af einhverju tagi. Svo er hin hliðin, sem er spaugilega hliðin, sem snýr að Sjálfstfl. Að Sjálfstfl. hefur lent í því að verða einn helsti varnaraðili einokunar í húsatryggingum í þessu stærsta sveitarfélagi landsins. Það er beinlínis spaugilegt. Og á síðustu stundu þegar menn voru að lenda EES-samningnum á sínum tíma þá allt í einu kom þetta húsatryggingamál upp. Þá fór utanríkisþjónustan með það til útlanda að það væri til fyrirtæki á Íslandi sem þyrfti sérstaka undanþágu. Það væri Húsatryggingar Reykjavíkur. (**ÓÞÞ:** Þetta getur ekki verið.) Jú, jú, tilfellið er, hv. þm., og embættismenn í Efnahagsbandalaginu sögðu einmitt eins og hv. 2. þm. Vestf., þetta getur ekki verið. En niðurstaðan varð sú að Sjálfstfl. sótti þessa einokun alveg gríðarlega fast og Alþfl. fyrir hans hönd. Og menn hafa velt því fyrir sér hvernig þær senur hafi verið þegar Alþfl. eða leiðtogar hans og embættismenn utanrm. voru að reyna að láta embættismenn Efnahagsbandalagsins stafa orðið Húsatryggingar Reykjavíkur. Menn sem hafa tekið þátt í alþjóðlegum samskiptum hafa líka gert sér það til skemmtunar að ímynda sér hvernig það mundi klingja í eyra að láta bera þetta nafn fram á frönsku, Húsatryggingar Reykjavíkur. Ég treysti mér ekki að fara í það en gæti þó reynt utan þessa ræðustóls. Þannig að allt í einu á síðustu stigum samninga um Evrópska efnahagssvæðið, þegar var verið að lenda því máli, þá var Sjálfstfl. gjörsamlega miður sín yfir þeirri nauðsyn að endilega þyrfti að tryggja einokun á húsatryggingum hér í Reykjavík, höfuðborg landsins, þar sem hver hefur ráðið? Sjálfstfl. Og hver er Sjálfstfl.? Ja, menn kynntu sér það náttúrlega niður í Brussel á þessum tíma og komust að þessari niðurstöðu að þetta væri aðalflokkur einkaframtaksins á Íslandi sem heimtaði einokun á þessum húsatryggingum. Þetta stórkostlega grín sem væri auðvitað alveg sér mál fyrir áramótaskaupið þegar þar að kemur hefur síðan þróast hér inn í frv. í þinginu með ýmsum hætti. Nú er sem sagt gert ráð fyrir því að einokunin eða þessi staða Húsatrygginga haldi eitthvað áfram en verði ekki ótímabundin heldur er gert ráð fyrir að Húsatryggingar Reykjavíkur leysist upp eftir einhvern tíma. Mig minnir að það sé einhver tími tiltekin í þeim gögnum sem við erum með hér fyrir framan okkur. Alla vega er ljóst að það verður ekki leitað eftir að um Húsatryggingar Reykjavíkur gildi einhver varanleg undanþága frá þessum almennu grundvallaratriðum hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég mundi hins vegar ekki gráta þó það væri gert og ég verð að segja alveg eins og er að mér er það auðvitað alveg sérstakt fagnaðarefni að Sjálfstfl. skuli leggja í leiðangra eins og þennan fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur til að tryggja undanþágur frá stefnu Sjálfstfl. Ég tel það fagnaðarefni og enga ástæðu til að gangrýna það þó það sé fyndið í aðra röndina að Sjálfstfl. skuli setja málin upp með þeim hætti sem hér er um að ræða.

Nú kom það ekki fram, virðulegur forseti, í máli hv. formanns heilbr.- og trn. hver eru viðhorf tryggingageirans í þessu máli, ég tók a.m.k. ekki eftir því. Mér heyrðist að bátaábyrgðafélögin væru inn á þessari breytingu í raun og veru. En ég heyrði ekki alveg rökin fyrir því að þetta verði endilega að gerast núna um áramótin. Er það bara vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið eða eru einhverjar aðrar tæknilegar ástæður fyrir því? Ég mundi vilja inna eftir því.

Jafnframt vildi ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh., af því að hann er hér viðstaddur, að því hvenær hann geri ráð fyrir því að leggja fram frv. til laga um breytingar á lögum um Brunabótafélag Íslands, þ.e. lagafrv. um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands sem verður lagt fram í upphafi þings eins og hér stendur. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hverju það sætir að það frv. er ekki komið fram enn þá. Er ágreiningur um það mál í ríkisstjórninni eða hvað? Hvernig stendur á því að málið er ekki komið hér enn þá? Síðan segir hér reyndar í 1. tölul. greinargerðarinnar á bls. 7: „Breytingar á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954, og um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, munu lagðar fram í sérfrv. og því felldar burtu hér.“ Ég hefði viljað spyrja, hvenær er von á þessum frv. sem þarna eru nefnd?

Með því að frv. um brunatryggingar í Reykjavík verður flutt þá birtist okkur náttúrlega um leið niðurstaðan að því er varðar Húsatryggingar Reykjavíkur. Ég geri ráð fyrir að það sé ákvæði um húsatryggingarnar sem þar verði um að ræða. Það verður út af fyrir sig fróðlegt að fjalla um það á Alþingi í umræðum

um stjórnarfrumvarp í fyrsta sinn í 40 ár, en á næsta ári verða liðin rétt 40 ár frá því að þessi lög voru sett um brunatryggingar í Reykjavík sem gerðu ráð fyrir því undarlega ákvæði um að hér mundu menn búa við allt annað fyrirkomulag í þeim efnum en gerist annars staðar í landinu. Eins og kunnugt er þá gerðist það á því ári, 1953 og 1954, að brunatryggingar hjá sveitarfélögum voru boðnar út. Niðurstaðan varð sú að Samvinnutryggingar, sem þá var nýlega stofnað tryggingafélag í landinu, bauð í tryggingar í Reykjavík og ljóst var að það var hagkvæmara en þau tryggingatilboð sem lágu fyrir. Þá dreif Sjálfstfl. sig í það að stofna Húsatryggingar Reykjavíkur til þess að koma í veg fyrir að hin frjálsa samkeppni fengi notið sín, enda er Sjálfstfl. eins og kunnugt er alltaf á móti frjálsri samkeppni þegar það kemur Sjálfstfl. illa.

Það verður sem sagt fróðlegt að rifja þá sagnfræði upp þegar að því kemur að við ræðum það frv. fljótlega. Ég hef, virðulegi forseti, lagt fáeinar spurningar fyrir hæstv. ráðherra og hv. formann heilbr.- og trn. sem mér þætti vænt um að þeir reyndu að svara eftir því sem kostur er.

Útbýting þingskjals:

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 101. mál, nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 421.

[14:51]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar frá hv. þm. Svavari Gestssyni, sem ég svaraði raunar fyrr á þessum fundi varðandi Brunabótafélag Íslands, þá vænti ég þess að með einum eða öðrum hætti yrði að leysa úr þeim álitamálum sem sannanlega eru þar uppi varðandi eignarhaldið. Ég lýsti því meginviðhorfi sem ég hef til þeirra mála og þarf ekki að endurtaka það. Ég held að ljóst sé að tryggingatakarnir sjálfir, sveitarfélögin og þar með íbúar sveitarfélaganna, séu þar stærstu réttthafar til þess eignarhalds. En það er rétt sem hv. þm. sagði að Brunabótafélag Íslands er að sönnu öflugt og sterkt fyrirtæki fjárhagslega, enda verið býsna vel rekið í gegnum tíðina.

Varðandi breytingar á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, sem var tekið út úr þessu frv. sem hér er til umræðu, þá mun það koma fyrir vorþing, eins og ég gat um áðan. Ég vil hins vegar undirstrika það og upplýsa þannig að því sé haldið til haga að það reynir ekki á þessa þætti, þetta frelsi sem EES-samningurinn hefur í för með sér á vátryggingasviðinu varðandi brunatryggingarnar fyrr en undir áramótin 1994/1995. Það liggur í þeirri staðreynd að frá brunatryggingum hefur verið gengið nú á haustdögum, 15. okt. held ég að dagsetningin sé, og það gildir til sama tíma að ári. Í praxís verður því þetta frelsi, sem innan seilingar er sannarlega með aðild að EES, ekki að veruleika og starfað eftir því fyrr en í aðdraganda ársins 1995. Þessu vildi ég koma á framfæri.

[14:53]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Mig langar fyrst til þess að þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa átt sér stað um þetta mál og verið yfir höfuð mjög málefnalegar eins og vinnan í nefndinni bar vitni um. Hér hafa verið bornar fram nokkrar spurningar og má geta þess að hv. þm. Finnur Ingólfsson svaraði nokkrum spurningum sem fram komu og er ekki ástæða af minni hálfu að bæta miklu við það enda stóð nefndin mjög einhuga í því starfi sem fólst umhverfis þetta mál og þar sem allir lögðu sitt af mörkum.

Mig langar fyrst að koma að spurningu sem ég hef verið spurður utan þessa ræðustóls og snertir 9. gr. frv. Þar er kveðið á um að 3. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1944 falli niður. Ég hef verið beðinn um skýringu á því í hverju sú niðurfelling felst. Þá er til þess að geta að í lögum frá árinu 1944, sem heita lög um ófriðartryggingar, hljóðar 3. mgr. 1. gr. svo orðrétt, með leyfi forseta:

„Trygging sú, er lög þessi fjalla um, nær ekki til þeirra fjármuna í landinu sem eru í eigu erlendra manna eða stofnana nema slíkir aðilar séu heimilisfastir og greiði hér öll almenn gjöld eða ef um umboðssölu á erlendum vörubirgðum hér á landi er að ræða og sá aðili sem selur þær er heimilisfastur og greiðir öll almenn gjöld hér á landi."

Það er þetta ákvæði sem verið er að fella úr gildi af því að það stangast á við hin almennu ákvæði EES-samnings um jafnan rétt ríkisborgara svæðisins án tillits til þjóðernis.

Þá vil ég koma að þeirri spurningu sem borin var fram úr ræðustól og snertir 13. gr. Þar var spurt hvaða rök lægju að baki þeirri nauðsyn að skrá hjá dómsmrh. vátryggingarfélög sem starfa hér á landi.

Eins og kunnugt er þá er kveðið á um það núna í umferðarlögum að vátryggingafélög skulu viðurkennd af dómsmrn. eða hæstv. dómsmrh. en ekki kveðið á um það að þau skuli vera skráð. Sama regla gildir í öðrum aðildarríkjum á væntanlegu Evrópsku efnahagssvæði. Þar eru vátryggingafélög viðurkennd. Með öðrum orðum ef hér kemur vátryggingafélag af svæðinu og Íslendingar ákveða að gera tryggingasamning við það fyrirtæki þá ber brýna nauðsyn til þess að það tryggingafélag lúti þeirri skyldu að vera skráð hjá opinberu yfirvaldi svo hægt sé að hafa eðlilegt eftirlit og yfirsýn yfir alla tryggingastarfsemina sem fram fer í landinu.

Þetta eru, tel ég, rökin sem liggja að baki því að nauðsynlegt er að taka upp skráninguna til viðbótar viðurkenningunni sem er í núgildandi lögum.

Ég vona að þetta svar svari spurningu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur er bar þessa spurningu fram.

Hv. þm. Svavar Gestsson, sem ég sé að er horfinn úr salnum, bar fram nokkrar spurningar sem mig langaði til að koma aðeins inn á. Ég geri ekki kröfu um að hann komi í salinn ef hann er í miklum önnum við þingstörf utan veggja þingsalarins. Mér er vel kunnugt um að um þessar mundir eru hv. þm. önnum kafnir við þingstörf í húsum Alþingis, ekki einvörðungu í

Alþingishúsinu heldur í húsnæði þingsins í nágrenninu og hef fullan skilning á því þó hv. þm. hafi brugðið sér frá, en mig langar eigi að síður til að koma í örstuttu máli inn á fáein atriði er tengjast máli hans og tengjast einnig máli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur og annarra hv. þm. sem hafa hafa talað. Það er í sambandi við mismun sem hv. þm. höfðu áhyggjur af að ákvæði þessara laga kynni að leiða til, annars vegar gagnvart læknum á Evrópska efnahagssvæðinu og hins vegar kollegum þeirra utan hins Evrópska efnahagssvæðis.

Hér erum við fyrst og fremst að tala um aðgang að læknaleyfinu. Við erum ekki að tala um aðgang nema að hluta til hvað snertir læknaleyfið að opinberum störfum eða á annan hátt störfum er vinnuveitandi hefur ráð um að velja í. Hér er nokkur munur á og við skulum hafa það aðgreint. Hér erum við fyrst og fremst að tala um þau skilyrði sem verður að uppfylla til þess að einstaklingur sem óskar eftir því að fá læknisleyfi öðlist það. Þá vaknar sú spurning af hverju þarf að gera strangar kröfur um það að einstaklingur sem sækir um læknaleyfi, eða réttara sagt sækir um að fá að nýta læknaleyfið sitt á Íslandi en býr utan hins Evrópska efnahagssvæðis, þurfi að sanna kunnáttu sína í mæltu og rituðu íslensku máli.

Þetta snertir líka annað mál. Þetta snertir líka almennt afstöðu íslenskra yfirvalda til útlendinga. Um það mætti hafa langt mál. Ég hef oft haft að orði að Íslandi kynni að vera eitt lokaðasta land í heimi gagnvart íbúum þriðja heimsins eða þróunarlandanna, Asíu, Afríku, Suður-Ameríku og kannski þeirra ríkja sem mesta fátæktin er. Það gildir ekki um þetta frv. til laga sérstaklega heldur stefnu yfirvalda almennt í langa tíð gagnvart þessum þjóðum. Þá stöndum við almennt frammi fyrir þessari spurningu: Erum við tilbúin til þess að móta nýja stefnu til þess að opna þessu fólki leið inn í landið, leið til starfa í landinu og ætlum við að bjóða þetta fólk hjartanlega velkomið? Kann að vera að þetta ákvæði sem hér er að finna sé angi af þessari gömlu stefnumótun sem hefur verið við lýði allt fram að þessu?

Það er ekki auðhlaupið fyrir útlending, ég nefni nú ekki ef hann er svartur, gulur, öðruvísi á litinn en við, að koma til landsins til að dvelja hér þó ekki sé nema um nokkra mánuði að ræða.

Það má líka nefna aðra hlið á þessu máli og hún er sú að þarna vildum við tryggja að útlendingur, sem kæmi langt að hefði yfir aðstæðum að ráða sem hann yrði að geta beitt til þess m.a. að standast námskeið og próf og aðrar þær kröfur sem settar eru fram af okkar hálfu til þess að hann geti sannað hæfni sína áður en honum er veitt lækningaleyfi. En eins og ég sagði áður þá er þetta langtum stærra mál og angi af stefnumótun íslenskra yfirvalda almennt gagnvart þjóðum heims um það hvernig við viljum umgangast útlendinga í okkar eigin landi. Það er rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það ber brýna nauðsyn til að halda vakandi umræðu um það hver eru réttindin og hverjar eru skyldurnar er felast í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er alveg ljóst að þetta er samningur og í öllum samningum felst einhver gagnkvæmni, hvort tveggja réttindi og skyldur.

Ég vil ekki taka svo djúpt í árinni að þegar við fullnægjum skyldum okkar þá séum við einhver sjálfvirk afgreiðslustofnun en þegar við þiggjum réttindin gerum við það á öðrum grundvelli. Samningur byggist á samvinnu en það er rétt hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að við verðum að hafa vakandi vitund og ganga fram af varkárni í hvert sinn sem slík mál eru til umræðu. Ég vona að svör mín við þeim spurningum sem hér hafa verið bornar fram dugi en ég vildi ekki láta hjá líða að koma inn á þessi atriði sem hv. þm. að öðru leyti nefndu í umræðunni. Að öðru leyti vil ég þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa orðið og enn og aftur leggja áherslu á að þær vitna um þann góða starfsanda sem ríkti í nefndinni við umfjöllun málsins.

[15:06]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er rætt er einn af þeim kynlegu kvistum sem tengjast samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sem svo er kallaður, og hv. 5. þm. Austurl. var að ræða um, þar á meðal eðli þessa samnings með réttindi og skyldum. Þessi samningur er alveg einstakur í sinni röð og ég held að hv. þm. gefi því kannski ekki nægan gaum því hann gefur í raun inni einhliða réttindi öðrum samningsaðilanum til þess að knýja upp á hinn aðilann ákvæði sem hann einn tekur ákvarðanir um. Þessi samningur er ekkert sem stendur í því fari sem hann er nú með öllu því sem honum tengist. Það er alltaf verið að breyta honum einhliða af Evrópubandalaginu sem eitt hefur rétt til lagasetningar á sviðum sem snerta samninginn en Ísland hefur þar engan rétt nema til þess að segja nei og fær þá á sig gagnaðgerðir á því samningssviði þar sem menn kynnu að beita neitunarvaldi.

Þetta eru þeir afarkostir sem tengjast þessu máli og gera þennan samning alveg einstakan í sinni röð miðað við alþjóðasamninga enda er það svo að þau ríki sem álpast hafa inn í þetta kerfi mörg hver önnur en Ísland eru komin með talsverðan hroll þegar þau sjá að þau muni verða um lengri tíma líklega aðili að þessu nauðungarkerfi sem fylgir Evrópsku efnahagssvæði, ríkin sem ætluðu sér að fara alla leið, eins og stundum er sagt, þ.e. að borðinu í Brussel og fá þar örlítil áhrif í gegnum atkvæðisrétt við ákvarðanatöku. Við Íslendingar förum vonandi aldrei að því borði en þetta ættu menn að hafa í huga þegar rætt er um eðli þessa einstaka nauðungarsamnings.

[15:09]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þau svör sem veitt hafa verið og sem út af fyrir sig má segja að hjálpi til við að þróa umræðuna áfram án þess að maður segi meira um það á þessu stigi. Ég veit ekki hvort það er uppi einhver misskilningur í sambandi við málið. Ég átta mig ekki alveg á því satt best að segja þar sem málið liggur þannig að það er verið að mismuna. Þeir sem eru læknar, hjúkrunarfræðingar, sjóntækjafræðingar, sjúkraþjálfarar og eiga heima á hinu Evrópska

efnahagssvæði fá eftir þessu frv. fullan rétt á Íslandi og skilyrði um íslenskukunnáttu eru ekki sett um þetta fólk. Það mundi verða brot þannig að það verða ekki sett nein sérstök skilyrði um það en annað fólk verður að sæta ákveðnum skilyrðum. Með öðrum orðum þeim svörtu og þeim gulu, sem hv. formaður heilbr.- og trn. var að tala um áðan, er mismunað. Það er verið að búa til múr í kringum lúxusklúbb yfirstéttarheimsins.

Svarið gæti út af fyrir sig verið, það ef menn vildu, að láta annaðhvort þetta ákvæði aðeins gilda um Ísland og hafa íslenskuákvæði gagnvart öllum öðrum. Það væri hins vegar brot á þessum samningi. Hin leiðin væri sú að hafa ákvæðið mikið rýmra. Spurningin er auðvitað hvort stjórnarliðið væri tilbúið til þess að athuga það milli 2. og 3. umr. málsins að hafa þetta mikið rýmra þannig að þeir svörtu og þeir gulu og aðrir sem kunna að uppfylla fagleg skilyrði málsins að öðru leyti geti stundað lækningar, hjúkrun, sjóntækjagerð, sjúkraþjálfun eða hvað það nú er sem kveðið er á um í þessu frv. Ég hlýt því að spyrja hvort talsmenn stjórnarflokkanna séu tilbúnir til þess að rýmka ákvæði frv. frá því sem þau eru núna þannig að þetta verði opnað frá því sem gert er ráð fyrir í frv.

Hv. 5. þm. Austurl. sagði að þessi ákvæði snertu bara ákvæði að lækningaleyfum en ekki að formlegum störfum. Það er út af fyrir sig rétt. Í fyrsta lagi snertir þetta aðeins aðgang að lækningaleyfum en í öðru þrepi snertir þetta auðvitað aðgang að opinberum störfum vegna þess að það er ljóst að það má ekki mismuna því fólki sem kemur af hinu Evrópska efnahagssvæði gangvart opinberum störfum, t.d. heilsugæslulækna, heilsugæsluhjúkrunarfræðinga eða hvað það nú er. Jafnframt er ljóst að ef um er að ræða sérfræðinga í tilteknum greinum læknisfræðinnar, þá er þetta líka aðgangur að peningum. Ég vil spyrja hv. 5. þm. Austurl. alveg nákvæmlega: Hvað með þá sem hafa sérfræðingaleyfi í læknisfræði, augnlæknar, bæklunarlæknar eða hverjir það nú eru? Munu þeir samkvæmt þessu frv., ef það verður að lögum, geta opnað stofur eins og aðrir sérfræðingar á viðkomandi sviði? Eða hvernig er farið með sérfræðingana sérstaklega í þessu frv. eins og það lítur út?

Út af fyrir sig er nokkuð til í því að Ísland hefur að mörgu leyti verið lokað eins og hv. 5. þm. Austurl. gat um áðan. Það er út af fyrir sig alveg rétt og það á sér ýmsar ástæður. Í fyrsta lagi má segja bara landfræðilegar ástæður. Við erum langt í burtu. Í öðru lagi menningarlegar og sögulegar ástæður sem eru þær að það er ekki mjög langt síðan við endurheimtum okkar sjálfstæði og menn hafa þess vegna goldið varhug við því að opna landið umfram ýtrustu nauðsyn á stundum. En í þriðja lagi er þetta svo vegna þess að ýmsar fagstéttir hafa búið til múr í kringum sig. Ég tel t.d. að tannlæknar, svo ég nefni dæmi, hafi komist upp með að loka sinni stétt allt of mikið. Ég tel að það hafði átt að opna þann markað meira en gert hefur verið. En hagsmunaástæður, m.a. tannlæknastéttarinnar, hafa gert það að verkum að landinu hefur verið lokað. Þannig er um fleiri sérfræðigreinar sem í nafni þekkingar en í raun á grundvelli þröngra eiginhagsmuna hafa tekið þátt í því að loka landinu. Það er út af fyrir sig slæmt og um það erum við öll sammála. En þó við séum sammála um það þá megum við auðvitað ekki láta minnimáttarkenndina ná tökum á okkur þannig að menn segi sem svo: Við skulum bara opna þetta allt upp á gátt hjá okkur af því að við erum svo opin og víðsýn og klár og ráðum við hvað sem er. Við skulum ekki verða þannig séð fórnarlömb minnimáttarkenndarinnar eins og hendir menn oft frá hinum bæjardyrunum séð sem er jafnslæmt og hitt að menn verði fórnarlömb einhvers þjóðernishroka.

Þess vegna held ég að það vanti talsvert upp á að hér hafi hafist eðlileg umræða um Ísland og stöðu þess í umheiminum. Í staðinn hafa menn keyrt í gegn stóra erlenda samninga án þess að neinar undirstöðuumræður um grundvallaratriði hafi fengist. Og ég saknaði þess alltaf í þessum miklu umræðuflóðum um Evrópskt efnahagssvæði að menn fengust einhvern veginn ekki til að staldra við meginatriði, grundvallaratriði, eins og þyrfti að gera. Það er auðvitað alveg rétt, sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson benti á áðan, að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er að því leytinu til alveg óvenjulegur að hann er ekki eins og gengur og gerist með samninga þannig að aðilar ýmist gefi eftir eða vinni á víxl heldur felur hann í sér ákveðin einhliða réttindi fyrir Evrópubandalagið sem getur breytt lögum og reglum og ákvæðum án þess að við fáum nokkra rönd við reist hér í þessari stofnun. Við höfum ekki sama rétt gagnvart hinum aðilunum. Við í þessari stofnun höfum ekki rétt til þess að hafa frumkvæði og segja: Hinn samningsaðilinn verður að taka það gott og gilt sem við segjum. Við höfum ekki þann rétt á sama hátt. Þess vegna er samlíkingin við flæðilínuna því miður rétt. Ég ímynda mér það að áður en langur tími líður, áður en þetta þing verður allt, ég tala nú ekki um næsta þing, muni mörgum þingmanninum þykja þröngt fyrir sínum „durum", svo vitnað sé til gamalla bóka, að ég nefni nú ekki kotkarla í þessu sambandi sem er auðvitað fjarstæða að nefna þegar menn eru að tala um hina virðulegu þingmenn Alþingis Íslendinga. Ég hygg að það verði þannig að menn muni telja að það verði nokkuð þröngt fyrir þeirra „durum" þegar hinir erlendu skömmtunarstjórar fara að húrra hér inn á flæðilínuna lögum, tilskipunum, reglum og reglugerðum um allt milli himins og jarðar og við sem vinnum í þessari stofnun hjá henni Salome, þ.e. hæstv. forseta Alþingis höfum ekki við að stimpla. Það eru sérkennileg örlög og sérstaklega sérkennileg örlög, verð ég að segja, að það skuli vera rætt undir dagskrármáli af því tagi sem hér er en ekki áður en því var þrælað í gegn að Íslendingar yrðu aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Ég lagði, virðulegi forseti, spurningar fyrir hv. formann heilbr.- og trn. sem ég vænti að hann geti svarað.

[15:18]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur

spurt mig tveggja spurninga. Fyrst hvort læknir, þá tel ég að hann eigi við lækni á hinu Evrópska efnahagssvæði, geti opnað hér stofu. Það er alveg ljóst að ef hann hefur hlotið staðfestingu heilbr.- og trmrn. á sínu læknaleyfi þá getur hann hafið hér sjálfstæða starfsemi. Hann getur líka sótt um stöður á sjúkrahúsum eða heilsugæslustöðvum en staðfestingin veitir honum eigi að síður engan rétt til þess að hljóta þá stöðu. T.d. kæmi til greina að hafna umsækjandanum m.a. vegna þess að hann kynni ekki íslensku eða væri mjög lélegur í íslensku og þar af leiðandi teldist ekki hæfur til þess að gegna þessu tiltekna starfi. Það skýrir kannski þennan mun sem ég var að leggja áherslu á annars vegar í sambandi við læknaleyfið og hins vegar í sambandi við gengi til embættis eða stöðu.

Um hitt hvort við mundum taka það upp á milli 2. og 3. umr. í hv. heilbr.- og trn. að breyta þessum ákvæðum er snerta þá sem utan svæðisins standa þá held ég að ekki sé ástæða til þess. En ég vil lýsa því yfir að ég er reiðubúinn til þess að eiga náið og gott samstarf við hv. þm. Svavar Gestsson um það hvernig verið getum lagt okkar af mörkum við að móta nýja stefnu gagnvart þjóðum utan hins Evrópska efnahagssvæðis sem gæti boðið þetta fólk betur velkomið til okkar lands en nú gildir og hefur gilt allt of lengi.

[15:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. hans síðustu orð. Þau benda til þess að hann sé tilbúinn að hefja þann leiðangur með öðrum að endurskilgreina forsendur Evrópubandalagsins og innri markaðarins strax og hann hefur tekið gildi. Orð hans staðfesta auðvitað það sem stundum hefur verið sagt áður og ég hef einhvern tímann sagt úr þessum ræðustól að daginn sem innri markaðurinn tekur gildi þá byrji hann að deyja. Hæstv. utanrrh. hefur orðað það svo að þetta fyrirbæri verði sjálfsagt ekki til mjög lengi. Ég held að hann hafi nefnt 10 ár í því sambandi einhvern tímann. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa yfirlýsingu

Hitt er einnig umhugsunarefni að fyrir nokkrum dögum var gefin út skýrsla Ríkisendurskoðunar um hvernig læknastéttin dælir út úr ríkissjóði. Hún gerir það ýmist hjá spítölunum, háskólanum eða opnar krana upp um allan Laugaveg og inni í Glæsibæ og í nýja miðbænum og Kringlunni og guð veit hvar. Það er verið að opna krana ofan úr Tryggingastofnun ríkisins fyrir lækna og það eru rosalegir peningar sem þeir eru að pumpa út úr ríkissjóði. Nú munu þeir fá hjálp. Samkvæmt því sem hv. þm. sagði áðan mun það verða svo að sérfræðingar, hvaðan sem er af hinu Evrópska efnahagssvæði, geta opnað stofur á Íslandi og byrjað að pumpa peningum út úr sjúkratryggingadeild Tryggingastofnunar ríkisins og, ég bendi á, virðulegi forseti, að talsverður hópur af þessum læknum í Evrópu býr við mikil efni og er með gríðarlega stórar og vel tækjum búnar stofur og þá verður kannski þröngt fyrir „durum" hjá fleiri kotkörlum en þeim sem eru staddir á Alþingi Íslendinga. Spurningin er sú hvort við viljum brjóta niður þessa sérfræðiþjónustu eða hvort við viljum takmarka aðganginn að sameiginlegum peningum þjóðarinnar úr ríkissjóði með einhverjum öðrum hætti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 216. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 241, nál. 400, brtt. 401.

[15:23]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 400 frá allshn. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar.

Nefndin hefur fjallað um frv. með svipuðum hætti og verið hefur á undanförnum löggjafarþingum. Kannað var hvort umsóknir, sem nefndinni bárust, uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Til að auðvelda málsmeðferð fóru formaður og tveir nefndarmanna yfir umsóknir sem bárust nefndinni áður en nefndin í heild fjallaði um einstakar umsóknir með tilliti til fyrrgreindra skilyrða.

Umsóknir um íslenskan ríkisborgararétt, sem ekki hljóta afgreiðslu nú, munu væntanlega koma aftur til umfjöllunar á vorþingi.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Kristinn H. Gunnarsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins en aðrir nefndarmenn undirrita þetta nál.

Þess má geta að það voru óvenju margir sem sóttu um nú og uppfylltu skilyrði til að fá ríkisborgararétt eftir að frv. kom fram. Einnig er rétt að geta þess að nefndin hefur hug á því og hefur rætt það sérstaklega að endurskoða reglurnar um ríkisborgararétt og vonandi getur það orðið fyrir vorið.

[15:25]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hér hefur hv. formaður allshn. mælt fyrir nál. nefndarinnar varðandi ríkisborgararétt. Ég sé að óvanalega margir sóttu um og get ég ekki annað en fagnað því. Ég er viss um að nefndin hefur farið yfir þessi mál með venjulegum hætti og treysti henni vel til þess og mun að sjálfsögðu samþykkja að greiða þessari tillögu atkvæði mitt, þ.e. brtt. á þskj. 401.

Það er aðeins eitt atriði sem ég vil gera athugasemd við en er ekki athugasemd varðandi meðferð nefndarinnar á þessum málum heldur uppsetning þskj. Ég hef áður gert athugasemdir við þetta og vil spyrja hv. 6. þm. Reykv., formann nefndarinnar, hvers vegna ekki var fallist á það sjónarmið mitt að setja þskj. upp eftir íslenskum nafnreglum, þ.e. að fólki sé raðað eftir fornafni eins og er venja hér á landi. Ég sé að það gildir um suma aðila sem er raðað eftir fyrsta nafni en aðrir eftir eftirnafni. Mér finnst þetta ruglingslegt og ónákvæmt og skil ekki af hverju ekki er hægt að raða

fólki upp eftir stafrófsröð.

Ég tek eftir að nokkrum aðilum er raðað saman eftir eftirnafni en hins vegar gildir það ekki alltaf. Í einstaka tilvikum, t.d. að því er varðar nöfn númer 10 og númer 62, virðist, þó það sé ekki ljóst, að um systkini sé að ræða, annars vegar Jósefsson og hins vegar Jósefsdóttur. Ekki veit ég hvort það er svo, enda kemur mér í sjálfu sér það ekkert við, en það sem mér finnst aðalatriðið er að þskj. sé sett þannig fram að þar sé fylgt íslenskri nafnahefð. Þetta finnst mér mjög mikilvægt þar sem hér er um að ræða nýja ríkisborgara og ég býst við að ef þeir ætla sér að búa hér á landi þá muni þeir í megindráttum ætla sér að fylgja íslenskri nafnahefð og muni gera það með svipuðum hætti og þeir erlendu aðilar sem ég þekki til gera að því er varðar nöfn þó að þau séu af erlendum uppruna og hljómi framandi fyrir íslenska tungu.

[15:28]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefur áður gert athugasemd við þetta atriði og þess vegna taldi ég ástæðu til þess að ræða þetta sérstaklega í allshn. er hún hafði þetta frv. til meðferðar. Það var ekki talið rétt eftir nokkrar umræður að fallast á þetta vegna þess að nefndarmenn töldu að þessi uppsetning, sem hv. þm. talar um, gæti orðið til þess að það yrði erfiðara að vinna með umsóknir í nefndinni. Það var talið ráðlegra, m.a. varðandi fjölskyldur, að miða við eftirnöfn. En að sjálfsögðu munum við hafa þetta atriði í huga og það er spurning hvort það mætti setja þskj. upp á annan hátt eftir að unnið hefur verið með umsóknirnar í nefndinni.

[15:29]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Reykv., formanni allshn., fyrir svörin en ég tel þau ekki gild. Ég var ekki að tala um vinnu nefndarinnar. Ég var eingöngu að tala um uppsetningu þskj. Mér finnst auðvitað alveg sjálfsagt og eðlilegt að nefndin vinni það þannig að fjölskyldur séu teknar saman ef um það er að ræða. Nú hef ég aðeins farið yfir þskj. og á einum fimm stöðum er greinilegt að um sömu fjölskylduna er að ræða. Ég nefndi eitt atriði þar sem gat verið um sömu fjölskyldu að ræða sem er á tveim stöðum í þskj.

Ég vil einnig vekja athygli á nöfnum nr. 74 og 75 þar sem er að því er virðist um bræður að ræða þó það komi auðvitað ekki fram heldur, en það vill þannig til að þeir heita annars vegar Þorvarður og hins vegar Þórður þannig að þeir eru þá saman í þskj. en ef annar hefði heitið Arnór eða eitthvað þess háttar þá hefði annar lent framarlega og hinn aftarlega. Uppsetning þskj. hefur því ekkert að gera með vinnu nefndarinnar. Ég vil því ítreka athugasemd mína. Ég veit að það er mjög auðvelt að raða upp nöfnum í t.d. tölvu. Það þarf ekki að ýta nema á einn takka þá raðar tölvan nákvæmlega eins og manni sýnist. Þar fyrir utan er ég alveg tilbúin til að leggja það á mig að hjálpa hv. þingnefnd að raða þessum nöfnum í stafrófsröð ef það vefst eitthvað fyrir fólki. Ég trúi því ekki að það sé ástæðan. En uppsetning þskj. hefur ekkert að gera með störf nefndarinnar sem ég er viss um að hefur verið með mestum ágætum.

[15:31]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að þetta sé enginn misskilningur hjá mér. Það var einfaldlega ekki vilji til þess í nefndinni að breyta þessu fyrirkomulagi, hvorki varðandi uppsetningu þskj. né annað en ég mun að sjálfsögðu koma þessari athugasemd og þessum skilaboðum á framfæri.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. landbn., 292. mál (verðmiðlun mjólkurafurða). — Þskj. 384.

[15:32]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Landbn. hefur orðið við tilmælum frá hæstv. landbrh. að taka að sér flutning á því frv. sem hér er til umræðu, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Ástæðan fyrir því að nefndin varð við þessum tilmælum og þessi leið er farin er einvörðungu sú að með því fæst greiðari leið með málið í gegnum Alþingi.

Þetta frv. gerir ráð fyrir breyttri tilhögun er varðar verðjöfnun á landbúnaðarvörum og færist til þess horfs sem um getur í hinu svokallaða sjömannanefndaráliti sem, eins og menn vita, núgildandi búvörusamningur er að meginstofni byggður á.

Það var álit landbn. þegar fjallað var um þetta mál við afgreiðslu þess árið 1993 að þessum markmiðum væri hægt að ná að lögunum óbreyttum og þess vegna var 9. gr. búvörulaganna, sem fjallar um þessi efni, ekki breytt.

Nú þykir hins vegar réttara að hafa þessi ákvæði ótvíræð og fyrir því er þessi breyting nú lögð til.

Verðmiðlun á mjólkurvörum hefur byggst á því að mjólkurbú hafa átt rétt á að fá slíka fjármuni miðað við afkomu í sínum rekstri. Þessi réttur er nú tekinn af með þeim breytingum sem hér eru lagðar til og segja má að verðmiðlun samkvæmt frv. sé nú fyrst og fremst bundin við þau mjólkurbú sem búa við sérstakar landfræðilegar aðstæður. Þær heimildir sem hér verður einkum byggt á eru, eins og fram kemur í 1. gr. frv., jöfnun á flutningskostnaði. Í öðru lagi að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva og til þess að jafna aðstöðu afurðastöðva við að koma framleiðsluvörum sínum á markað.

Þetta eru, virðulegi forseti, þær breytingar sem hér um ræðir frá því sem er í gildandi lögum.

Auk þess er gerð tillaga um að hámark verðjöfnunargjalda miðist nú við 3,5% í stað 5,5% eins og áður var. Er það með tilliti til þeirra skýringa sem nefndinni eru kunnar þarf vel borð fyrir báru því að í sambandi við verðjöfnun á milli mjólkurbúa er nú leitast

við að miða þetta við 1% en eitthvað aðeins hærri prósentu í sambandi við kjöt og sauðfjárafurðir.

Ég vona að mér hafi tekist, virðulegi forseti, að skýra út efni þessa frv. og geri það að tillögu minni að málinu verði vísað til 2. umr.

Eins og ég gat um í upphafi er þetta frv. flutt af nefnd og þar af leiðandi gengur það á milli umræðna án þess að um það sé fjallað í nefndinni öðru sinni.

[15:38]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er kannski ekki mikið um þetta mál að segja en þó. Það ber að með þeim hætti að ekki er annað hægt en að minnast á það á Alþingi í hvaða úlfakreppu og í hvaða stöðu íslenskur landbúnaður er, því miður, í þessu stjórnarsamstarfi og hversu erfitt hefur reynst á haustþingi að koma fram með frumvörp sem lúta að landbúnaði yfirleitt. Það má svo auðvitað aftur rekja til þess hvernig ríkisstjórnin er samansett og hversu mikill ágreiningur er á milli stjórnarflokkanna hvað þessi mál varðar.

Nú ber svo við, hæstv. forseti, að fjórum dögum fyrir áætlað jólaleyfi alþingismanna kemur hv. þm. Egill Jónsson með þetta frv. inn í landbn. og biður um að nefndin flytji málið. Nú vitum við, sem fylgjumst með þessum málum, að þetta frv. hefur í sjálfu sér verið tilbúið í fleiri vikur til flutnings og umræðu og afgreiðslu í þinginu því ég hygg að það ríki tiltölulega mikil sátt um málið. En auðvitað lýsir þetta því hversu erfitt virðist vera að koma fram nokkru máli sem lýtur að landbúnaði í gegnum þessa ríkisstjórn og sýnir að hæstv. landbrh. virðist vera að missa þrek sitt til þess að fylgja málinu eftir. En þarna finna þeir þó smugu í gegnum þingið að koma málinu í rauninni þessa leið, beint inn í nefndina og þaðan inn í þingið. Það ber kannski svo við að eini kratinn sem er öðruvísi gerður en flestir hinir, hv. þm. Gísli S. Einarsson af Vesturlandi, hefur lýst sig tiltölulega velviljaðan í garð landbúnaðarins. (**JGS:** Góðkynja krati.) Það er talað um að hann sé...(**Gripið fram í:** Eðalkrati.) (**Gripið fram í:** Það er búið að senda hann úr landi.) Nú berast þær fréttir í þingið að þessi eðalkrati, sem talinn er góðkynja, hafi núna rétt fyrir jólin verið sendur á brott, sjálfsagt til Brussel sem núna safnar að sér alþýðuflokksmönnum í hin stóru og feitu embætti til þess að taka við því hlutverki sem hæstv. utanrrh., Jón Baldvin, hefur verið að fela þeim, að mölbrjóta íslenskan landbúnað eins og hann hefur sagt að hann muni gera utan frá. Þess vegna er kannski rétt að fylla rétt í stöðurnar þar.

Hvað þetta frv. varðar þá sýnist mér að hér sé fyrst og fremst verið að tryggja og koma til móts við, eins og t.d. hvað mjólkuriðnaðinn varðar, afskekkt lítil mjólkurbú — við getum tekið Ísafjörð og fleiri — sem auðvitað hlýtur að vera mikilvægt að halda í rekstri áfram og hagkvæmt reyndar fyrir þjóðarbúið.

Í sjálfu sér leggst ég því ekki gegn málinu en það eru vinnubrögðin og það, sem er óþolandi, hvernig heil atvinnugrein sem fram undir þetta og er enn annar aðalatvinnuvegur Íslendinga skuli eiga orðið svo bágt hvað löggjafarþingið varðar að það er engu máli hægt að koma fram í samkomulagi og verður að fara krókaleiðir til þess meira að segja að hægt sé að fjalla um málið. Við vitum að þetta mál er þess eðlis að það þarf að afgreiða það fyrir áramótin.

Ég lýsi þess vegna fullu vantrausti á stjórnarflokkana, á forustu hæstv. landbrh. í málefnum landbúnaðarins og hef áhyggjur af því að hv. þm. Egill Jónsson sé einnig að bresta undan þeim ofurþunga sem sækja að landbúnaðinum innan ríkisstjórnarinnar og tel að menn þurfi mjög að fara yfir í hvaða stöðu þessi atvinnugrein er nú komin.

Á þetta vildi ég benda fyrir utan hitt að það er kannski vert að ræða það við hæstv. forseta hvort hin leiðin sé ekki eðlilegri, að mál komi fyrir þingflokka og séu flutt sem stjórnarfrumvörp í þinginu eða þingmannafrumvörp en að fara þessa smuguleið sem ég hef bent á að hafi verið sá neyðarkostur hv. þm. Egils Jónssonar til þess að halda haus gagnvart landbúnaðarmálum og landbúnaðinum í heild sinni.

[15:45]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Framlagning þessa máls er dæmigerð fyrir vinnubrögð núv. hæstv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutans. Ef við lítum á framlagningu mála undanfarið frá ríkisstjórn og meiri hlutanum þá gerist það þannig að annaðhvort eru mál borin fram í formi bandorms þar sem lagabreytingar, svo allt upp í tugum skiptir, eru settar inn í eitt frv. eða nefndirnar eru fengnar til þess að flytja málin. Ef það hefði verið svo að Alþingi hefði setið yfir miklum önnum á þessu haustþingi þá hefði þetta kannski verið eðlilegt. En nú er ekki svo. Ég vil nú segja, virðulegi forseti, að ef stjórnarandstöðuþingmenn hefðu haft vit á því að leggja engin mál fram í haust og fram á veturinn þá hefði Alþingi setið verklaust vikum saman. Síðan á að hrúga málum í gegn í síðustu vikunni fyrir jól. Þá kemur hvert frv. á fætur öðru. Ýmist er nefndum ætlað að flytja það, eða eins og ég sagði, í formi bandorma og einstaka stjórnarfrumvarpa. Þetta eru náttúrlega engin vinnubrögð.

Varðandi þetta litla mál sem hér er rætt þá lá það fyrir á fyrsta degi þings í haust að þessa breytingu varð að gera og það hefði, virðulegi forseti, að mínu mati verið sjálfsögð kurteisi að hæstv. landbrh. eftir að landbn. hafði fallist á að flytja málið og forða hæstv. ráðherra frá því að daga uppi með að koma þessu í gegnum þingið á haustþinginu að hæstv. ráðherra hefði setið þingfund meðan umfjöllun fer fram.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill upplýsa að forseti hefur gert hæstv. landbrh. viðvart um að þessi umræða sé hafin og hann mun vera á leiðinni.)

Já, það er sagt að hæstv. landbrh. sé á leiðinni. Það er út af fyrir sig gott en ég hlýt að harma það ef það þýðir að ég verð að byrja aftur á fyrri hluta ræðu minnar þegar hann er mættur.

En hér er út af fyrir sig eingöngu um að ræða einfalda tæknilega breytingu á búvörulögunum sem lýtur að því að hægt sé að afnema þá allsherjarrekstrartryggingu sem hefur verið á mjólkurvinnslustöðvum

landsins. Þessi dráttur á því að ekki var hægt að afgreiða þetta fyrr frá Alþingi gerir það að verkum að það liggur alveg ljóst fyrir að þetta ár verður að gera upp með sama hætti og gert hefur verið áður. Þar er ekki við mjólkuriðnaðinn að sakast. Hann var tilbúinn til að takast á við breyttar og nýjar aðstæður, en það strandaði á ríkisstjórninni. Það strandaði á því að ríkisstjórnin hefði forgöngu um að koma fram nauðsynlegum breytingum.

Virðulegur forseti. Ég hlýt að doka við með það sem ég hefði viljað beina frekar að hæstv. ráðherra hvað þetta snertir. Ég vona að hann sé á leiðinni. Ég vil ekki fara fram á, í það minnsta alveg næstu mínúturnar að fá að gera hlé á ræðu minni þó klukkan tifi vissulega. Ég get þó varpað nokkrum orðum til hv. þm. Egils Jónssonar, formanns landbn.

Eins og ég sagði áðan hefur landbn. ekki fjallað um mörg mál í vetur. Við höfum m.a. spurt eftir því hvað liði viðameiri breytingum á búvörulögunum í þá veru sem nefndin var farin að vinna að og var langt komin með á síðasta vori. Nú fréttum við stjórnarandstöðuþingmenn í fjölmiðlum að það hafi orðið eitthvert samkomulag um þetta mál milli stjórnarflokkanna í gærkvöldi. Það sást í gærkvöldi þegar hv. þm., formaður landbn., handsalaði það samkomulag við hæstv. viðskrh. Hv. þm. rétti ekki bara litla fingurinn. Það var öll höndin sem var rétt. Mér fyndist afar eðlilegt við þessa umræðu núna af því að búið er að opna umræðu um búvörulögin að hv. þm., formaður landbn., gerði okkur í stuttu máli grein fyrir því hvað felst í þessu samkomulagi og þar verði ekkert dregið undan. Það vildi svo til að á fundi landbn. fyrir nokkrum dögum neitaði hv. formaður nefndarinnar þeim sem hér stendur að bera fram spurningu í þá veru hvað væri að gerast í þessum málum til fulltrúa landbrn. sem voru staddir á fundinum og upplýsti sjálfur að hann vissi ekkert hvar þetta mál væri statt eða hvað væri að gerast en nú er tækifærið komið fyrir hv. þm. að gera þingheimi og okkur landbúnaðarnefndarmönnum sem hér sitjum grein fyrir þessum breytingum.

Virðulegi forseti. Mig er farið að lengja eftir hæstv. landbrh.

(**Forseti** (VS)**:** Nú getur forseti upplýst að hæstv. landbrh. er kominn í húsið.)

Þá doka ég bara við augnablik. — Virðulegur forseti, ég sé að hæstv. landbrh. gengur í salinn. En ástæða þess að mér fannst eðlilegt að hæstv. ráðherra sýndi landbn. þá kurteisi að sitja hér meðan þetta mál væri flutt er fyrst og fremst sú að hæstv. ráðherra átti fyrir lifandi löngu að vera búinn að leggja þetta mál fyrir Alþingi. Ég rakti það áðan að það var deginum ljósara strax í upphafi þingsins að það þurfti að gera þessa breytingu og það hversu lengi það hefur dregist gerir það að verkum að það ár sem nú er að líða verður að gera upp eftir gamla verðmiðlunarkerfinu innan mjólkuriðnaðarins. Það er því miður afskaplega djúpt á ákvörðunum og reglugerðum frá landbrn. og ég vil spyrja hæstv. ráðherra í þessu samhengi hvernig á því standi að enn er ekki búið að setja reglugerð um úreldingu mjólkursamlaga þannig að hægt sé að nýta þá fjármuni sem til eru í sjóði til slíkra hluta. Það er, virðulegi forseti, eins og það sé hæstv. ráðherra kappsmál að framfarir og hagræðing í mjólkuriðnaði tefjist sem lengst.

Ég vil einnig, virðulegur forseti, beina sömu spurningu til hæstv. viðskrh. og ég lagði fyrir hv. formann landbn. hér áðan hvað hafi falist í því samkomulagi sem fjölmiðlar segja okkur að hafi verið gert í gærkvöldi um frekari breytingar á búvörulögunum. Við fulltrúar í landbn. og fleiri stjórnarandstæðingar höfum margsinnis spurt eftir því hvað dvelji orminn langa. Síðast á landbúnaðarnefndarfundi í vikunni leituðum við eftir þessum upplýsingum en fengum engar.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda um þetta lengra mál. Ég sá hins vegar fulla ástæðu til þess, af því að loksins kom mál frá hæstv. landbrh. fyrir Alþingi, að nota tækifærið til að spyrja um fleiri þætti en tengjast því beint en tengjast þó búvörulögunum sem hér eru til umfjöllunar.

[15:56]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það hefur kveðið nokkuð við nýjan tón hjá hv. þm. upp á síðkastið í sambandi við landbúnaðarmálin og má segja að hann sé farinn að taka þann pólinn í hæðina að þar gerist ekki neitt og allt sé í seinagangi. Þó hygg ég að hv. þm. sé það mjög vel kunnugt, sérstaklega vegna þess að hann á mjög tíðförult í höfuðstöðvar bændasamtakanna, að ekki hefur setið á mér að ræða við bændasamtökin um að taka búvörusamningana upp og reyna að finna einhverjar leiðir til þess að flýta fyrir þeirri hagræðingu í búrekstrinum sem nauðsynleg er.

Á hinn bóginn get ég ekki gengist undir það að ég hafi verið einhver dragbítur á þær úrbætur sem hv. þm. hefur beitt sér fyrir. Mér er satt að segja ekki kunnugt um það t.d., svo ég taki lítið dæmi, hvaða augum hann lítur á stöðu sauðfjárbænda í dag og hvaða skoðun hann hefur á því hvort búvörusamningurinn sem var gerður á sínum tíma hafi verið gerður af mikilli yfirsýn eða framsýni. Mér er heldur ekki kunnugt um það, úr því að hann tekur mjólkurbúin sérstaklega út úr og líka vegna þess að hann heldur því fram að ég standi þar í vegi fyrir hagræðingu, þá væri kannski einfalt að hv. þm. svaraði einfaldri spurningu eins og þessari: Hver heldur hann t.d. að sé staða mjólkurframleiðanda í Eyjafirði gagnvart Kaupfélagi Eyfirðinga ef sú spurning kemur upp hverjir eigi að hafa úrslitaatkvæði um það hvernig eigi að standa að hagræðingu mjólkursamlaganna? Hvaða skoðun hefur hann á því máli? Telur hann að mjólkursamlögin séu eign bænda að meiri hluta til eða kannski alveg? Eða telur hann að mjólkurframleiðendur í Eyjafirði hafi ekkert ráð á mjólkursamlaginu þar þrátt fyrir það hvernig til þess mjólkursamlags var stofnað?

Það eru spurningar eins og þessar, sem ég skýrði frá þegar búvörusamningarnir um mjólkina lágu fyrir, sem óhjákvæmilegt er að svara áður en lengra er gengið.

Hv. þm. víkur líka að því að ég skuli ekki hafa gengið frá reglugerð um verðmiðlunarsjóð mjólkur og það er rétt. Það er sérstök framkvæmdanefnd búvöru-

samninga að störfum og mér er ekki kunnugt um að það hafi setið á mér eða ég hafi lagst undir einhvern feld þegar niðurstaða hefur þaðan komið. Ég hygg á hinn bóginn að það nefndafargan sem hefur verið í landbúnaðinum á undanförnum árum hafi oft orðið bændum til miska og dregið þar úr framförum. Ég get líka sagt það, ef við förum að tala vítt og breitt um landbúnaðarmálin og hv. þm. vill hafa þetta frv. sem sérstakt tilefni þess, að staða bænda í dag, t.d. gagnvart útflutningsversluninni, er ótrúlega léleg miðað við alla þá miklu fjármuni sem ríkisvaldið hefur á undanförnum árum og áratugum lagt fram til þess að efla bændur til sinnar útflutningsverslunar og það fyrirtæki sem bændur treystu sérstaklega til þeirrar starfsemi.

Nú stöndum við á hinn bóginn frammi fyrir því að verða að erja nýja jörð og það erum við að gera. Um búvörusamningana er þar að auki sérstaklega að segja að þeir voru gerðir til tveggja ára. Gert var ráð fyrir endurskoðun búvörusamninga nú á þessu hausti. Ég hef rætt það við formann sauðfjárbænda og formann Stofnlánadeildar landbúnaðarins að við göngum til þess verks en tel á hinn bóginn nauðsynlegt að draga lærdóm af þeirri reynslu sem af búvörusamningnum hefur komið fram að þessu. Þetta vildi ég segja.

Hv. þm. spurði mig sérstaklega að því hvað væri að frétta af frv. sem ekki liggur hér fyrir. Um frumvörp um þau efni sem varða sérstaklega samningana um hið Evrópska efnahagssvæði var rætt í ríkisstjórninni á þessum degi en hefur ekki verið lagt fyrir þingflokka. Það er einfaldlega ekki þinghefð fyrir því að taka stjórnarfrumvörp á dagskrá áður en þau hafa verið afgreidd sem slík og ég mun ekki hverfa frá þeirri venju.

[16:01]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sannleikurinn er sá að það væri full ástæða til þess að fara út í ítarlegar umræður um stöðu landbúnaðarins. Það hefur margt verið að gerast í þeim málum og ef við horfum nokkra mánuði aftur í tímann þá höfum við horft upp á aldeilis ótrúlega atburði og mikla togstreitu milli ráðuneyta sem ég tel að sé landbúnaðinum fyrst og fremst til tjóns og hefði auðvitað fyrir löngu átt að vera búið að skera úr um niðurstöðu í þeim málum. En ég ætla ekki að halda langa ræðu heldur koma aðeins inn á nokkur atriði sem varða efni frv. og aðdraganda þess og taka undir það sem aðrir nefndarmenn í hv. landbn. hafa sagt. Það er auðvitað alveg furðulegt þegar mál eins og þetta kemur fram í landbn. örfáum dögum fyrir jól þegar vitað er að málið hefur legið fyrir svo mánuðum skiptir. Það segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Í frv. þessu, sem flutt er að beiðni landbrh. ...“ — Að beiðni landbrh.

Það vakna auðvitað spurningar í því sambandi hvort það er eðlilegt að nefndir séu að taka að sér að flytja mál eins og þessi og á hvaða leið menn eru þegar ráðherrar biðja nefndir með þessum hætti rétt fyrir jól að koma svona málum að. Það er auðvitað alveg augljóst að þegar þessi leið er farin næst miklu meiri friður um málið og bæði ráðherra og nefndarmenn ætlast til að málið fari í gegn á örskömmum tíma. En í sjálfu sér hefði verið ástæða til þess að skoða þetta mál nánar og kalla á forsvarsmenn mjólkuriðnaðarins og fulltrúa utan að landsbyggðinni til þess að leggja mat á þá breytingu sem hér á sér stað.

Engu að síður stend ég að þessu frv. og ég er fylgjandi því og veit að það er mikil þörf á hagræðingu í íslenskum landbúnaði, ekki síður mjólkuriðnaðinum en annars staðar. Það var einmitt sá þáttur sem eftir varð eftir að menn gerðu búvörusamninginn að fara í afurðastöðvarnar, dreifinguna, milliliðina og annað það sem snertir skipulag landbúnaðarins.

Mér fannst athyglisverð þau orð sem hæstv. landbrh. lét falla um nefndafarganið í landbúnaðinum sem væri bændum til tjóns. Ég held að það sé nokkuð til í þessu og vil benda honum á allt það lagafargan sem landbúnaðurinn er reyrður í og ég held að sé líka landbúnaðinum til tjóns. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að bændur ættu sjálfir að bera mun meiri ábyrgð á sínum rekstri og sínu skipulagi en gert er og ég hygg að margt væri með betri hætti ef ríkisafskipti væru heldur minni en þau eru. Það breytir ekki því að staða landbúnaðar á Íslandi er með þeim hætti að ríkinu ber skylda til þess að styðja við bak hans og að sjá til þess að staða hans batni hægt og sígandi. Ef vilji er til þess að skerða þann ríkisstuðning sem hefur verið veittur til landbúnaðar á það auðvitað að gerast stig af stigi þannig að hann valdi ekki óbætanlegu tjóni og landbúnaðurinn fái tíma til þess að aðlagast breytingum.

Þetta er ekki síst mikilvægt í ljósi þess sem fram undan er og við stöndum frammi fyrir því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði er ekki slitrur einar, eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur oft sagt, hann er að verða að veruleika. Jafnframt virðist GATT-samkomulagið í höfn og eins og við vitum fela báðir þessir samningar í sér mikla ögrun við íslenskan landbúnað og munu kalla á breytingar og aukna samkeppni. Og ég vil ítreka þá spurningu sem kom fram í umræðunum um GATT-samninginn: Hvernig ætla menn að bregðast við? Ég hef ekki séð neinar hugmyndir eða áætlanir um það hvernig eigi að bregðast við þeim breytingum sem fram undan eru, en þær eru verulegar. Þær munu valda breytingum og gera aðstöðu bænda um sumt verri en málið er auðvitað það að snúa vörn í sókn og reyna að nýta alla þá möguleika sem bjóðast en þar þarf auðvitað að standa dyggilega við bak bænda.

Ég minnist þess að þegar upplýsingar voru að koma fram um heimaslátrun og þann niðurskurð sem væri fram undan hjá sauðfjárbændum vegna samdráttar í sölu sagði aðstoðarmaður hæstv. landbrh. að búvörusamningurinn væri greinilega handónýtur. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. landbrh.: Er meiningin að taka búvörusamninginn upp og fara í rækilega endurskoðun á honum, m.a. í þeim tilgangi að treysta stöðu sauðfjárbænda þannig að þessi samningur grafi hreinlega ekki undan þeim smátt og smátt?

Varðandi þetta frv. þá vil ég aðeins nefna það að ég var nýlega að lesa greinar um sjóðasukkið í Færeyjum sem tíðkaðist í færeyskum sjávarútvegi, afar athyglis-

verðar greinar sem birtust í tímaritinu Ægi og ég vil ráðleggja öllum þingmönnum að lesa því það er margt líkt með skyldum. Það tíðkaðist einmitt í færeyskum sjávarútvegi til skamms tíma að þar fengu menn bætur og stuðning úr sjóðum sem voru ekki á nokkurn hátt hvetjandi fyrir veiðar og vinnslu heldur var alveg sama hvað menn gerðu, þeir fengu alltaf sínar bætur og sína styrki. Mér datt þetta í hug þegar ég var að horfa á bakgrunn þessara breytinga. En hér er verið að gera breytingu sem felur það í sér að menn séu fyrst og fremst að styrkja þá sem á stuðningi þurfa að halda og þar sé gætt hagkvæmni í mjólkuriðnaðinum þannig að menn nái fram æskilegri hagræðingu.

Virðulegi forseti. Ég ítreka að það eru vond vinnubrögð að koma með mál af þessu tagi rétt fyrir jól og maður spyr sig auðvitað hvað menn eru eiginlega að gera í ráðuneytunum. Jafnframt vil ég spyrja hæstv. landbrh.: Er það virkilega meiningin að leggja fram annað frv. til breytinga á búvörulögum í kjölfar þess samkomulags sem okkur er tjáð að hafi náðst milli stjórnarflokkanna? Er það virkilega meiningin að koma með það mál inn á þing örfáum dögum fyrir jól? Ég hef fullan skilning á því að það mál þyrfti að komast í gegn fyrir áramót. Það hefur reynt á það nú þegar gagnvart innflutningi á landbúnaðarvörum. Innflytjendur hafa verið að láta á það reyna hvort innflutningur stæðist vegna EES-samningsins. Landbrn. hefur ásamt sínum lögfræðingum kveðið upp úr að það stæðist ekki og það er augljóst mál hvað svo sem mönnum finnst um EES-samninginn að það verður auðvitað að standa við gerða samninga. En varnir landbúnaðarins verða að vera í lagi eða sú staða sem hann býr við gagnvart erlendri samkeppni.

Ég ítreka spurningu mína: Ætlar landbrh. að koma með þetta mál hér inn á síðustu dögum þingsins og hvers vegna í ósköpunum eru menn ekki búnir að ganga frá þessu máli fyrir lifandis löngu?

[16:10]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru þrjú atriði sem mér þykir rétt að svara. Fyrst er það varðandi búvörusamninginn. Það er rétt að ég hef lýst því yfir að ég tel að forsendur búvörusamningsins séu brostnar eins og þær voru hugsaðar af þeim sem undirskrifuðu samninginn á vordögum 1991. Þetta hefur oft komið fram. Raunar held ég að flestir séu mér sammála um það. Þó ekki væri nema vegna þess er óhjákvæmilegt að taka búvörusamninginn upp en auk þess er endurskoðunarákvæði í honum sem gera það óhjákvæmilegt nú á þessum vetri.

Um GATT vil ég segja að strax og þau mál komu upp lét ég Þjóðhagsstofnun gera athugun á því hvaða áhrif GATT-samningar í líkingu við það sem nú hefur gengið fram mundi hafa á landbúnaðinn. Þá skýrslu kynnti ég á öndverðu ári 1992 en taldi ekki rétt að þeirri vinnu yrði haldið áfram fyrr en myndin skýrðist frekar. En um leið og við fáum fullar upplýsingar um það hvernig staðan er mun slíkt starf hefjast í upphafi næsta árs. Ég geri ráð fyrir að ekki standi á bændum að koma að því verki með landbrn. Enda hef ég kappkostað að hafa gott samstarf við forustumenn bænda um þau efni sem önnur.

Í þriðja lagi varð niðurstaðan sú að biðja nefndina að flytja þetta frv. þar sem ég leit svo á að hér væri um frv. tæknilegs eðlis að ræða en ekki um pólitískan ágreining. Það er rétt að ég hefði átt að flytja frv. fyrr en á hinn bóginn hafði verið talið að reglugerðarbreyting dygði til að ná því fram sem hér er sóst eftir. Þegar það var dregið í efa taldi ég óhjákvæmilegt að flytja frv. og bað formann landbn. að flytja það til þess að það kæmi fyrr til nefndarinnar en ella til að nefndarmenn gætu kynnt sér það.

[16:12]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er vissulega sammála hæstv. landbrh. um að það þarf að gera úttekt á því hvað GATT-samningurinn felur í sér fyrir íslenskan landbúnað. Það er ljóst að þar hafa breytingar átt sér stað alveg fram á síðustu stund. En það breytir ekki því að það liggur mjög mikið á að gera áætlanir um hvernig eigi að bregðast við. Það má ekki bíða vegna þess að innflutningurinn mun ekki láta á sér standa. Það mun ekki standa á því, það hefur reynslan þegar sýnt okkur, að innflutningur mun hefjast um leið og menn telja hann heimilan. Þess vegna liggur mjög mikið á því að við fáum yfirsýn yfir þetta mál og að það verði undirbúið af hálfu ráðuneytisins og allra þeirra aðila sem að málinu koma hvernig menn hugsa sér að tryggja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill upplýsa að upp úr kl. 17 fer hér fram utandagskrárumræða. Umræðuefnið er staðan í atvinnumálum á Akureyri og viðbrögð ríkisstjórnarinnar við henni. Umræðan fer fram að ósk hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar. Hún fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. verður hálftíma umræða.

Þá vill forseti upplýsa að að lokinni þeirri umræðu sem nú er á dagskrá, þ.e. um 4. dagskrármálið, er gert ráð fyrir atkvæðagreiðslum.

[16:14]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þá gekk hæstv. landbrh. á dyr eftir að hafa varpað til mín syrpu af spurningum í umræðunni áðan þannig að ég fer fram á að tíminn verði ekki settur á mig fyrr en hæstv. ráðherra hefur komið aftur.

Virðulegur forseti. Ég fór fram á það að tími yrði ekki settur á mig fyrr en hæstv. ráðherra hefði komið í salinn. Hann varpaði fram syrpu af spurningum til mín en gekk svo á dyr um leið og ég steig í ræðustólinn. — Þá gengur hæstv. ráðherra í salinn.

Hæstv. ráðherra varð nokkuð hvassyrtur í sinni ræðu áðan. Ég veit ekki af hverju sá stormur var hjá hæstv. ráðherra. Hæstv. ráðherra sagði í andsvari áðan að hann hefði talið að þær breytingar sem þyrfti að gera á verðmiðlun væri hægt að gera með reglugerðarbreytingu. En þegar ljóst var að það var ekki hægt

hefði ráðherrann beðið formann landbn. að flytja málið í þinginu. Þá hlýt ég að spyrja hæstv. ráðherra: Þurfti allt árið, hæstv. ráðherra? Það er tæpt ár síðan lögin voru samþykkt. Þurfti allt árið til að kanna þetta? Hæstv. ráðherra mótmælti mjög harðlega þeim ásökunum mínum að seinagangi ráðherrans væri um að kenna hvernig komið væri að það yrði að gera upp þetta ár með sömu verðmiðlun og fyrri ár og sagði að sá sem hér stendur hefði haft þennan málflutning uppi að undanförnu og það var að skilja á ráðherranum að ósekju. En, virðulegi forseti, hér höfum við talandi dæmi. Seinagangur hæstv. ráðherra í þessu máli gerir það að verkum að þetta ár, enn eitt ár til viðbótar, verður að gera upp eftir úreltu verðmiðlunarkerfi. Það eru staðreyndir málsins.

Hæstv. ráðherra spurði hvert væri álit þess sem hér stendur á stöðu sauðfjárræktarinnar. Ég hef aldrei dregið dul á það að sauðfjárræktin mundi eiga afar erfitt uppdráttar eftir þann búvörusamning sem gerður var fyrir bráðum fjórum árum síðan. Ég hef aldrei dregið nokkra dul á það. Ég hef sagt að við yrðum að horfast í augu við þá erfiðleika og bregðast við þeim. Hvað hefur hæstv. ráðherra gert í því máli? Hæstv. ráðherra hefur talað og talað á fundi eftir fundi og lýst því yfir að það yrði að gera breytingar. Það yrði að taka upp búvörusamninginn og það yrði að breyta búvörulögum, en hvað gerist? Hvað höfum við fengið hér fram í Alþingi til að fjalla um hvað þetta snertir? Ekki stafkrók. Þarf frekari vitna við þegar rætt er um að það komi lítið frá landbrn. hvað snertir hagsmuni bænda?

Hæstv. ráðherra kaus líka að ræða um það að útflutningsbætur hefðu um árabil verið illa nýttar og ekki skilað okkur miklu. Undir þetta skal ég taka af heilu hjarta með hæstv. ráðherra. En, virðulegi forseti, ég vil varpa fram þeirri spurningu: Hvor ber meiri ábyrgð á því, sá sem hér stendur eða hæstv. ráðherra? Hver skyldi oftar hafa staðið að fjárlögum íslenska ríkisins þar sem voru tillögur um útflutningsbætur án þess að þar væru nokkur skilyrði um hvaða árangri það skilaði. Ég mun fara fram á það að hæstv. ráðherra svari mér þessari spurningu.

Þá fer að koma að því að hæstv. ráðherra reyndi að snúa sig út úr því að hann hefði ekki enn sett reglugerð um úreldingu mjólkursamlaga sem gerir það að verkum að þar er allt í biðstöðu enn þá. Þá kaus hann að fara að ræða um samskipti mjólkurframleiðenda í Eyjafirði og Mjólkursamlag Kaupfélags Eyfirðinga. Nú get ég sagt hæstv. ráðherra það að samskipti bænda í Eyjafirði og Mjólkursamlags KEA eru með miklum ágætum. Hæstv. ráðherra getur fengið það staðfest hjá stjórnarmönnum í Sambandi kúabænda í Eyjafirði sem hafa oftar en einu sinni sagt það svo sá sem hér stendur hefur heyrt að þeir telji að samskipti bænda í Eyjafirði við bæði við mjólkursala og sláturhús Kaupfélags Eyfirðinga sé með miklum ágætum og í mörgum tilfellum ekki síðri ef ekki betri en þar sem um er að ræða hrein samvinnufélög bænda. Kannski kom hæstv. ráðherra hér að kjarna málsins að að baki því að hæstv. ráðherra hefur ekki sett reglugerðina eru ekki fagleg sjónarmið heldur pólitísk sjónarmið. Ástæðan er sú að áragömul andúð hæstv. ráðherra í garð kaupfélaga, blandaðra samvinnufélaga bænda og neytenda gerir það að verkum að hæstv. ráðherra hefur ekki enn treyst sér að setja reglugerð um þetta mál.

Að lokum, virðulegur forseti, þá er það afar athyglisvert að hæstv. ráðherra gat ekki einu sinni upplýst alþingismenn um það, sem hann þó getur sagt fjölmiðlum, hvað er að gerast varðandi samkomulag um frekari breytingar á búvörulögum.

[16:22]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. kemur hér upp æ ofan í æ til að reyna að gefa það í skyn að það hafi staðið á landbrn. að standa fyrir hagræðingu í mjólkuriðnaði. Nú veit hv. þm. að þetta er fullkomlega rangt. Og raunar skrítið hvers vegna hv. þm. tekur málið upp með þessum hætti. Það hafa átt sér stað ákveðnar viðræður bæði milli landbrn., framleiðsluráðs og forustumanna í bændasamtökum og sumt af því sem hann sagði hér áðan er í fullu ósamræmi við það sem formaður Landssambands kúabænda heldur fram t.d. Það er því síður en svo að hv. þm. sé hér að flytja þá stefnu sem starfsbræður hans gera, mjólkurframleiðendur um land allt.

[16:23]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að svara þessu og benda hæstv. ráðherra á það sem ég hef gert í tvígang að við höfum í höndunum dæmi um að seinagangur hæstv. ráðherra hefur gert það að verkum að óbreyttri, úreltri verðmiðlun er haldið áfram einu ári lengur en þurfti að gera og bændur og mjólkursamlög voru tilbúin að gera. Það liggur hér á borðinu. Það liggur á borði okkar alþingismanna, hæstv. ráðherra.

Í öðru lagi liggur það einnig fyrir, virðulegur forseti, að hæstv. ráðherra hefur ekki enn sett reglugerð sem heimili nýtingu þess fjár sem þó er til til úreldinga á mjólkursamlögum. Hæstv. ráðherra hefur ekki komið hér fram með nein frambærileg rök fyrir því að það hefur ekki gert. Og það vill svo vel til að sá sem hér stendur veit að eftir þessu er beðið.

[16:24]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í fyrsta lagi svo að hv. þm. talar eins og sá samningur sem gerður var við mjólkurframleiðendur hafi verið þeim ókunnugur og er að reyna að gefa í skyn að mjólkurframleiðendur sjálfir verði fyrstu mennirnir sem ekki vilja standa við þann samning. Það er auðvitað algjörlega úr lausu lofti gripið að landbrn. hafi staðið í vegi fyrir hagræðingu í mjólkuriðnaði. Þetta eru ómagaorð, ómerk orð og gjörsamlega óskiljanlegt hvernig má á því standa að þau eru hér viðhöfð. Ég skora á hv. þm., annaðhvort í einrúmi hér eftir fund eða hér í heyranda hljóði að lýsa því yfir og skýra það hvar það sé sem standi á framlögum úr verðmiðlunarsjóði til að hagræðing geti orðið í mjólkuriðnaði.

[16:25]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði álitið að hæstv. umhvrh. hefði einkarétt á því í þingsölum að tala um ómagaorð. En e.t.v. er orðið svo kært með hæstv. landbrh. og Alþfl. að hann er farinn að taka upp sömu „frasana" úr ræðustólnum.

Ég hlýt að endurtaka það sem ég hef sagt áður og hæstv. ráðherra virðist ekki skilja að við erum hér með á borðum okkar dæmi um það að slóðaskapur ráðuneytisins hefur orðið þess valdandi að ekki er hægt að breyta um kerfi. Ég vil einnig benda hæstv. ráðherra á að það að sett sé reglugerð um úreldingu mjólkurbúa og það að menn viti hvar þar er í boði er forsenda þess að menn fari að ræða úreldinguna af fullri alvöru. Það er sú forsenda að menn hafi hinn fjárhagslega grunn sem er fyrir úreldingunni. Á meðan þessi reglugerð kemur ekki frá ráðuneytinu er ekki von á því að það verði úr nokkrum framkvæmdum hvað þetta snertir. Ég tók því þann kostinn að lýsa skoðun minni hvað þetta snertir úr ræðustól en ekki í einrúmi við ráðherrann.

[16:26]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Austurl., formanni landbn., og landbn. fyrir flutning þessa frv. Það er mjög mikilvægt að nefndin geri það þegar málefni sem brýnt er fyrir landbúnaðinn að nái fram að ganga komast ekki inn í þingið á annan hátt.

Ég vil einnig taka undir það sem hæstv. landbrh. sagði að ég er honum sammála að grundvöllurinn undir búvörusamningnum er brostinn að því leyti að forsendan fyrir gerð hans var sú að þegar sauðfjárbændur yrðu að draga saman bústofn sinn gætu þeir leitað annarra úrræða til að auka tekjur sínar. Hv. 3. þm. Austurl. þekkir það mætavel og átti þátt í að gera úttekt á því að yfirgnæfandi meiri hluti bænda býr ekki svo langt frá þéttbýlisstöðum, þar sem áður var yfirleitt næga atvinnu að fá, að það var vel mögulegt fyrir þá að sækja vinnu þangað. En nú hefur þetta gjörbreyst of víða vegna hins vaxandi atvinnuleysis því miður. Þar með verða þessi úrræði ekki lengur fyrir hendi. En ég vænti þess að þetta frv. megi verða að lögum til þess að hjálpa til í þeirri erfiðu stöðu sem landbúnaðurinn er nú í af margvíslegum ástæðum þó það sé aðeins eitt af mjög mörgu sem þarf að reyna að gera til að bæta þar úr.

[16:29]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka síðasta ræðumanni komu hans hingað í ræðustól. Það er augljóst af þeirri ræðu að honum hefur fundist eins og mér að ræðuhöld flokksbræðra hans tveggja hér áðan væru með þeim hætti að bændastéttinni væri lítill sómi að. Það var því góð viðleitni hjá þessum reynda alþingismanni að koma hér fram með þeim myndugleik að eftir því væri tekið að hann væri ekki sérstaklega ánægður með framgöngu sinna manna í þessari umræðu.

Svo lengi skal manninn reyna. Það er mér efst í huga þegar ég heyri í fulltrúum framsóknarmanna í landbn. Alþingis. Annar þeirra, hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, talar um verkleysi í landbn. en hinn, hv. þm. Guðni Ágústsson, kvartar yfir miklu álagi, það sé verið að koma málum áfram síðustu daga fyrir jól og eftir öllum mögulegum leiðum. Hv. þm. notar það orðbragð að það að nefnd taki að sér að flytja mál, það að nefnd skuli vera falið að flytja mál, það sé smuguleið. Mér finnst satt að segja að það sé ekki mikill metnaður fyrir starfi sínu á Alþingi, í þessu tilviki í landbn., sem kemur fram í orðum hv. þm. Guðna Ágústssonar, að hann talar um smuguleið þegar nefnd er að vinna að störfum sínum með þessum hætti.

Það er svo alveg sjálfsagt við áframhaldandi störf landbn. að ofbjóða ekki þreki framsóknarmanna með þeim hætti sem þeir kvarta svo sárlega yfir, að það skuli vera afgreidd mál fjórum dögum fyrir jól, eins og það hefur gjarnan verið orðað, og eru þá væntanlega jólin miðuð við morgundaginn. Ég hlakka til að njóta jólanna heima á Seljavöllum, en fyrir mér eru jóladagarnir frá því að við fengum þetta mál í hendur, dagarnir fram að jólum, miklu fleiri en fjórir.

Ég er svolítið hissa á því hvað hv. þm. Framsfl. eru hvumpnir þó alþingismenn takist í hendur. Það er hárrétt að við tókumst í hendur í gær, ég og hæstv. viðskrh., og höfum gert það afskaplega oft því með okkur lifa góðar minningar og góður trúnaður frá því að við störfuðum saman í fjárln. Ég held að ég hafi tekið í hendur á fleiri mönnum á þessum degi og ég sé að hæstv. umhvrh. lyftir hendi. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér þykir afskaplega vænt um samstarf við marga alþingismenn og það gildir alveg einu í hvaða flokki þeir eru. Og að menn skuli standa hér á öskrunum í þessu ræðupúlti þótt við tökumst í hendur, ég og hæstv. viðskrh., sú afbrýðisemi er náttúrlega með eindæmum. Það er svo annað mál, og ég vil vekja athygli þingheims á því, að hér kvarta menn um tímaþröng, hér kvarta menn um leiðir með flutning á þessu máli og allir eru sammála. Allir vilja Lilju kveðið hafa. Hvað er eiginlega að? (**Gripið fram í:** Er nokkuð að?) (**Gripið fram í:** Þetta handaband.) Það skyldi þó aldrei vera að það sé einhver kvíði í fólki, að það sé einhver kvíði í hv. þm. Það gæti vel verið að það fælist dálítið mikil frásögn í þessu skýra frammíkalli áðan. Eitthvert hlýtur tilefnið að vera. Ég kannast ekki við að þetta geti leitt beint af þreytu manna við störf í landbn., þó reyndar hafi þar mikið verið unnið og að því eigum við sjálfsagt eftir að koma síðar í okkar störfum.

Ég ætla ekki, virðulegur forseti, að orðlengja þetta frekar og í rauninni verð ég að biðja virðulegan forseta og reyndar þingheim allan afsökunar á því að ég skyldi fara að eltast við þennan sparðatíning sem hefur komið fram í umræðunni af hendi félaga minna í landbn. og því miður þá hafði ég ekkert tilefni til að upplýsa mál í þessari umræðu. Við þær aðstæður eiga menn náttúrlega að gæta hófs í tali sínu, en ég mátti til með að vekja athygli á því afskaplega fátæklega innleggi sem tveir af þingmönnum Framsfl. hafa borið hingað inn í þessa umræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram að hv. 3. þm. Austurl. þarf ekki að biðja forseta afsökunar á því að hann taki til máls í þinginu.

[16:37]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eitthvað hafa þessi fáu orð komið við hv. þm. og hæstv. landbrh. því þeir tala um að menn standi á öskrinu, ómagaorð og sparðatíning. Það munar ekkert um það. Menn sjá ástæðu til að taka tölurvert mikið upp í sig og það gera menn væntanlega ekki ef ekkert hefur verið sagt, hv. þm. En eitt vil ég taka skýrt fram við hv. þm. Egil Jónsson og formann landbn. að ef hann hefur tekið orð mín þannig að ég hafi gagnrýnt að ekki væri unnið vel í landbn. er það algjör misskilningur. Gagnrýni mín beindist að framlagningu mála og hvernig ríkisstjórnin heldur á þeim málaflokkum, og einstakir ráðherrar, sem þeim er trúað fyrir. Ég get fyrstur manna vottað að í landbn. er afar mikið unnið undir forustu núv. hv. formanns hennar og ég mun aldrei halda öðru fram. (**Gripið fram í:** Þetta er í rétta átt.) Þetta er allt í rétta átt, segir hv. þm. Þannig að ég held að þessi hluti ræðu þingmannsins hafi verið á nokkrum misskilningi byggður.

Hv. þm. tók það sem svo að ég hafi nefnt handtak hans við hæstv. viðskrh. í gær af afbrýðisemi. Það er langt frá því. Ég hef ótal tækifæri til þess að taka í hendur á hæstv. viðskrh. Við heilsumst og kveðjumst þegar þing kemur saman og fer og sjálfsagt oftar. En hv. þm., það er ákveðinn kvíði í mínu brjósti þegar Sjálfstfl. tekur höndum saman við Alþfl. í landbúnaðarmálum og það eru í mínum huga og mínum augum ákveðið hættumerki.

[16:39]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða hjá hv. þm. var að því leyti afar mikilvæg að það skýrðist enn frekar heldur en áður að í sambandi við þessa umræðu, um breytingar á búvörulögunum, hefur þingmaðurinn ekkert til málanna að leggja.

[16:43]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JóhS, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar til að til þess að brtt. á þskj. 415, 416, 418 og 422 megi koma á dagskrá þarf að leita afbrigða og verður það nú gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

30 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JóhS, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 86. mál. — Þskj. 89, nál. 396, brtt. 397.

[16:44]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, ÓRG, PJ, PBald, RG, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EH, HG, JÁ, JHelg, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA) greiddu ekki atkvæði.

31 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JóhS, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddur.

2.–8. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, JónK, PJ, PBald, RG, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (EH, HG, JÁ, JHelg, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

30 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JóhS, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 397 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RG, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (EH, HG, JÁ, JHelg, ÓÞÞ, RA, SJS) greiddu ekki atkvæði.

28 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JóhS, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

9.–15. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IP, JGS, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (EH, HG, JÁ, JHelg, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
28 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JóhS, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SP, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
28 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JóhS, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 216. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 241, nál. 400, brtt. 401.

[16:47]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 401 (ný 1. gr.) samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SighB, SP, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, JE, JóhS, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SighB, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JE, JóhS, JVK, MF, MB, ÓE, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SighB, SP, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JE, JóhS, JVK, MF, MB, ÓE, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 7.–13. mál.

Fundi slitið kl. 16:49.

---

63. FUNDUR

fimmtudaginn 16. des.,
að loknum 62. fundi.

Dagskrá:

1. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408. — Frh. 2. umr.
2. Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, stjfrv., 86. mál, þskj. 423. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv. 216. mál, þskj. 424. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
4. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 292. mál, þskj. 384. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
5. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409 og 411, brtt. 406, 410 og 412. — 2. umr.
6. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403 og 418. — 2. umr.
7. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þsk. 284, nál. 402 og 417, brtt. 404. — 2. umr.
8. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — 2. umr.
9. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106, nál. 387. — 2. umr.
10. Almannatryggingar, stjfrv., 83. mál, þskj. 398, brtt. 371 og 416. — 3. umr.
11. Félagsleg aðstoð, stjfrv., 84. mál, þskj. 399, brtt. 373 og 415. — 3. umr.
12. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 414 — 1. umr. *Ef leyft verður.*
13. Starfsleyfi fyrir THORP-endurvinnslustöðina, þáltill., 296. mál, þskj. 420. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Til þess að 2., 3., 4., 12. og 13. dagskrármál megi koma á dagskrá þarf að leita afbrigða. Of skammt er liðið frá 2. umr. 2.–4. dagskrármáls, og of skammt frá útbýtingu 12. og 13. dagskrármáls. Afbrigða verður nú leitað og hefst nú atkvæðagreiðslan.

[16:50]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SighB, SP, StG, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JE, JóhS, JVK, MF, MB, ÓE, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Lagaákvæði á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna EES, 3. umr.

Stjfrv., 86. mál. — Þskj. 423.

Enginn tók til máls.

[16:51]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RG, SigG, SighB, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (EH, HG, JÁ, JHelg, JónK*, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, RA, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JVK, MF, MB, ÓE, SalÞ, SAÞ, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 425).

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 216. mál (fyrra stjfrv.). — Þskj. 424.

Enginn tók til máls.

[16:52]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JE, JVK, MF, MB, ÓE, SalÞ, SAÞ, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 426).

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Frv. landbn. (verðmiðlun mjólkurafurða, 292. mál. — Þskj. 384.

Enginn tók til máls.

[16:53]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JE, JVK, MF, MB, ÓE, PJ, SalÞ, SAÞ, StG, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JE, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PJ, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EL, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SP, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, EKG, EKJ, FI, FrS, GE, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JE, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PJ, SalÞ, SAÞ, StG, StB, VE) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Staðan í atvinnumálum á Akureyri og viðbrögð ríkisstjórnarinnar við henni.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og forseti hafði tilkynnt, þá fer nú fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. og er umræðuefnið staðan í atvinnumálum á Akureyri og viðbrögð ríkisstjórnarinnar við henni. Umræðan fer

fram samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. það verður hálftíma umræða.

[16:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs og beini máli mínu til hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar til að leggja fyrir hann spurningar og heyra viðhorf hæstv. ríkisstjórnar til ástands atvinnumála á Akureyri og ekki síst stöðu iðnaðarins þar. Akureyri hefur verið, eins og kunnugt er, einn mesti iðnaðarbær landsins. Í iðnaðarhverfinu á Gleráreyrum störfuðu, þegar þar var mest umleikis á árunum upp úr 1980, um 880 manns. Þar eru nú 380 manns við störf eða 500 færri en þegar mest var. Í fyrirtækjunum Slippstöðinni og Odda störfuðu samtals þegar mest var um 400 manns. Þar eru nú við störf 100–130 manns. Þetta er tekið hér til að sýna það sem dæmi um hvernig Akureyri hefur orðið fórnarlamb þess samdráttar í iðnaði og minnkandi markaðshlutdeildar íslensks iðnaðar og/eða hruns í einstökum greinum sem við stöndum frammi fyrir, svo sem í ullariðnaði og skipasmíðaiðnaði. Atvinnuástandið á Akureyri hefur verið að jafnaði eitt hið lakasta í landinu og í reynd varað lengur, þ.e. samfellt atvinnuleysi, en á flestum öðrum stöðum.

Á Akureyri voru í síðasta mánuði skráðir 9.826 atvinnuleysisdagar. Á skrá í mánuðinum voru 341 karl og 298 konur. Í þessum karlmannahópi voru 101 verkamaður, 16 trésmiðir, 13 járniðnaðarmenn og 33 iðnverkamenn.

Hæstv. ríkisstjórn hefur þótt aðgerðalítil, svo að ekki sé fastar að orði kveðið, gagnvart þeim vanda sem við er að glíma í atvinnumálum á Íslandi. Þó hafa verið sýndir tilburðir í þá átt að bregðast við gagnvart vanda einstakra svæða og má í því sambandi nefna skipun nefnda um vanda Vestfjarða og einhvers konar áætlun á að heita að sé í gangi gagnvart vanda á Suðurnesjum. Hins vegar virðist ganga mjög erfiðlega að fá hæstv. ríkisstjórn til að taka við sér gagnvart því svæði þar sem atvinnuleysið hefur þó verið hvað mest í landinu og varað hvað lengst, þ.e. á Akureyri. Má í því sambandi nefna framgöngu hæstv. ríkisstjórnar við skiptingu á framlögum til atvinnuskapandi aðgerða, en þar hefur Akureyri iðulega gleymst á sama tíma og aðrir staðir þar sem ekkert atvinnuleysi hefur fyrirfundist hafa fengið miklar fjárveitingar.

Staða mála er á margan hátt mjög alvarleg á Akureyri um þessar mundir og má í því sambandi benda á stöðu Slippstöðvarinnar og skipasmíðaiðnaðarins og alls þess afleidda iðnaðar og starfsemi sem því máli tengist. Starfsmenn þess fyrirtækis fóru í kröfugöngu fyrir tveimur dögum síðan og sendu bæjaryfirvöldum áskorun, nánast neyðaróp og bæjarstjórn hefur sent Alþingi og ríkisstjórn áskorun um aðgerðir. Ég vil í þessu sambandi og með vísan til þess rökstuðnings sem ég hef flutt spyrja hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, þar sem málið heyrir undir mörg ráðuneyti, eftirfarandi spurninga:

1. Hvað hyggst ríkisstjórn Íslands gera gagnvart ástandi atvinnumála á Akureyri sem er hið versta í landinu?

2. Er ríkisstjórnin sem einn af þremur stórum eigendum í fyrirtækinu Slippstöðin hf. tilbúin til að taka fullan þátt í endurreisn þess fyrirtækis og þá með hlutafjáraukningu ásamt með öðrum eignaraðilum?

3. Er að vænta almennra aðgerða af hálfu ríkisstjórnar gagnvart vanda skipasmíðaiðnaðarins?

4. Er ríkisstjórnin tilbúin til að hraða uppbyggingu til að mynda skóla- og samgöngumannvirkja á svæðinu með vísan til hins alvarlega atvinnuástands og láta þess sjást stað þegar í fjárlögum komandi árs?

5. Er ríkisstjórnin tilbúin til að setja á fót nefnd eða láta vinna sérstaka áætlun um atvinnuvandann á Akureyri með sambærilegum hætti og gert hefur verið eða látið hefur verið í veðri vaka að gert yrði gagnvart til að mynda Vestfjörðum og Suðurnesjum?

6. Er hæstv. ríkisstjórn ekki skuldbundin til þess að sýna vanda þessa byggðarlags a.m.k. ekki minni athygli en átt hefur við um önnur og er þá ekki farið fram á mikið?

[17:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hv. þm. nefndi almennt um atvinnumál, þá ítreka ég það að ríkisvaldið hefur gripið til fjölmargra aðgerða til að styrkja atvinnulífið í landinu almennt við þær erfiðu efnahagsaðstæður sem við höfum búið við og þarf ekki að tíunda í raun það sem menn þekkja, lækkun aðstöðugjalds, hvernig ríkisvaldið hefur stuðlað með fjárframlögum að því að skapa vinnufrið í landinu, hvernig raungengið í landinu er nú skráð o.s.frv. Þessar aðgerðir hafa borið töluverðan árangur. Við sjáum nú mörg teikn á lofti um það að þær eru að bera árangur í vaxandi mæli.

Það hins vegar alveg rétt sem hv. þm. nefndi að atvinnuástandið á Akureyri hefur verið mjög erfitt og á marga lund erfiðara heldur en annars staðar hefur orðið, þó að á einstökum stöðum á tímabilinu hafi það verið erfiðara heldur en fyrir norðan. Sjálfsagt eru margar skýringar á því. Nokkuð hefur dregið úr fyrrum öflugum reskstri Sambandsins fyrir norðan og það hefur auðvitað haft áhrif á atvinnuástandið. Við þekkjum stöðuna varðandi skinnaiðnaðinn. Ríkisvaldið hafði atbeina af því máli og ég vænti þess og vona að það sé sæmileg lausn fengin í það mál. Þó má segja að sá rekstur sé afskaplega viðkvæmur, svo ekki sé meira sagt.

Varðandi skipaiðnaðinn sérstaklega og það fyrirtæki sem hv. þm. nefndi, þá hefur ríkisvaldið á þessu kjörtímabili komið inn í það dæmi með fjárhagslegum atbeina. Þá var talið eða þess a.m.k. vænst að sá fjárhagslegi atbeini mundi nægja fyrirtækinu til þess að fá sæmilega samkeppnisstöðu. Það hefur ekki dugað eins og öllum er kunnugt. Það reyndar er hluti af almennu ástandi skipasmíðaiðnaðarins í landinu, ekki bundinn við Akureyri eitt svæða. Við höfum verið áminnt um þessa stöðu sem hefur verið að þróast því miður nú um nokkurra ára skeið, m.a. á fundi sem haldinn var í næsta nágrenni við okkur nú nýverið.

Þetta mál hefur verið til umræðu í ríkisstjórn sérstaklega nú nýverið af því tilefni, og reyndar áður, og

iðnrh. skipaði nefnd til að fara sérstaklega yfir þessa þætti og hún á að skila áliti eftir því sem ég best veit tiltölulega skömmu eftir áramót.

Spursmálið sem við stöndum frammi fyrir, opinberir aðilar á Íslandi, þar með talinn hv. þingheimur, er hvort eðlilegt sé í þessu sambandi að beita jöfnunaraðgerðum eða jöfnunartollum til þess að koma í veg fyrir óeðlilega samkeppni gagnvart okkar iðnaði að þessu leytinu til. Því við sjáum það að þrátt fyrir að vilji sé til þess af hálfu ríkisvalds á hverjum tíma til að koma einstökum starfsgreinum til hjálpar með fjárframlögum, þá er þar engin varanleg lausn á málinu. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið endanlega afstöðu til þessa máls, en ég tel að við hljótum að skoða þann kost að setja á jöfnunargjöld sem raunhæfan kost miðað við þá samkeppnisstöðu sem þessi iðnaður býr við gagnvart erlendum iðnaði. Það er hins vegar flóknara varðandi þjónustuþætti á þessu verksviði, en kemur að mínu áliti einnig til greina að skoða það, en þó sérstaklega varðandi frumsmíðina.

Ég tel eðlilegt að hv. þm. hafi vakið athygli á þessu máli hér í framhaldi af þeirri umræðu sem hefur verið í þjóðfélaginu og tel að menn eigi að sameinast um að reyna að tryggja það að þessi mikilvægi þáttur í íslensku efnahags- og atvinnulífi fari ekki forgörðum, honum blæði ekki út. En því er ekki að neita að á undanförnum árum, allt fram til þessa dags, hefur verið veruleg hætta á því að illa færi fyrir þessari merku iðngrein.

[17:06]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að hefja þessa umræðu, en það hefur verið svo að við höfum ekki haft mjög mikið til umræðu hér ástandið eins og það hefur verið að þróast í atvinnumálum á Akureyri á undanförnum árum. Allir vita að það er mjög erfitt og atvinnuleysi hefur verið þar mjög vaxandi. Við þingmenn höfum átt samræður við og fundahöld með bæjaryfirvöldum og fulltrúum launþegasamtaka um ástandið þar og nokkurs konar samráðshópur verið myndaður sem hefur enn þá fyrst og fremst verið til upplýsinga, en ekki beint verið með tillögu eða kröfugerð uppi. En nú er svo komið að við hljótum að verða að spyrja ríkisstjórnina sérstaklega að því hvað hægt sé að gera til þess að halda skipasmíðaiðnaðinum gangandi. Það er kannski það brýnasta í augnablikinu.

Miklir erfiðleikar eru einnig í framleiðsluiðnaðinum, eins og hér hefur verið rakið, og þar þarf auðvitað fyrst og fremst að gæta að því að starfsskilyrðin séu sem best fyrir þennan iðnað. Þar er náttúrlega vaxtaþróunin eða vaxtamálin ekki minnsti þátturinn. En á þeim skamma tíma sem ég hef hér til umráða langaði mig til þess að ítreka spurninguna um það hvað ríkisstjórnin hyggist gera. Ég þykist muna það rétt að hæstv. iðnrh. hafi nýlega lýst því yfir fyrir norðan eða í viðræðum við fulltrúa Slippstöðvarinnar á Akureyri að hann mundi beita sér fyrir því að lagt yrði á jöfnunargjald. Í dagblaðinu Tímanum kemur hins vegar fram í dag, haft eftir Ingólfi Sverrissyni hjá Málmi, samtökum atvinnurekenda í skipasmíðaiðnaði, að hann hafi fengið það staðfest hjá fjmrn. að það væri ekki á dagskrá af þess hálfu að leggja þetta jöfnunargjald á. Þess vegna langar mig að spyrja þessa tvo ágætu hæstv. ráðherra, annars vegar forsrh., sem sagði áðan að hann teldi að það yrði að skoða það mál sem raunhæfan kost, og hins vegar hæstv. iðnrh., sem ef ég man þetta rétt, hafi lýst því nýlega yfir að hann teldi að það yrði að grípa til sérstakra aðgerða fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Hvernig ber þá að skilja þessar fullyrðingar eða yfirlýsingar frá fjmrn. um að það ætli ekkert að gera í þessu máli? En öllum er ljóst að það er ekki hægt að bíða mikið lengur og varla fram í miðjan næsta mánuð, eins og segir þó hér einnig í þessari blaðagrein, að neyðarnefnd hæstv. iðnrh. ætli ekki að skila af sér fyrr en um miðjan næsta mánuð.

[17:08]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að hefja máls á því alvarlega atvinnuástandi sem við blasir á Akureyri um þessar mundir og hefur gert síðustu missiri. Það er hins vegar svo að á síðustu árum hefur átt sér stað fólksfjölgun, íbúum hefur fjölgað á Akureyri þrátt fyrir hið erfiða atvinnuástand. Staða mála á sér nokkuð langan aðdraganda, eins og flestum mun kunnugt vera. Það hafa orðið miklar breytingar á fyrirtækjum og þeim iðnaði sem verið hefur á Akureyri. Þannig má segja að sá iðnaður sem var á vegum Sambandsins sé að mestu leyti horfinn, því miður, en það var iðnaður sem menn héldu á sínum tíma, fannst einhvern veginn að hlyti að standa svo traustum fótum, að yrði eilífur.

Eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. gat um hér áðan hefur verið samráð meðal þingmanna, bæjarstjórnar og forsvarsmanna verkalýðshreyfingar á Akureyri og hefur þar verið skipst á skoðunum og mjög gagnlegar viðræður átt sér stað. Eitt af því sem nýlega hefur komið fram og gripið hefur verið til, sem snertir mjög atvinnuástand á Akureyri, er niðurgreiðsla á gærum sem mun gera það að verkum að skinnaiðnaðurinn þar mun eiga sér nokkra von og menn eru þar nokkuð bjartsýnir um að takast megi að reka það fyrirtæki áfram.

Það sem er auðvitað aðalatriðið í atvinnumálum í landinu er að bæta stöðu fyrirtækja eins og gert hefur verið með vaxtalækkunum og með ýmsum skattabreytingum, þannig að fyrirtækin fái að búa við svipaðar aðstæður og gerast í nágrannalöndunum. Auk þess er ríkissjóður og hið opinbera að beita sér fyrir ýmsum framkvæmdum á næstu árum, svo sem varðandi byggingu fjórðungssjúkrahúss, skóla, flugstöðvar og heilsugæslu svo að eitthvað verði talið.

[17:11]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Iðnn. Alþingis hefur á undanförnum vikum og mánuðum fjallað sérstaklega um stöðu skipasmíðaiðnaðarins. Ég held að það sé nauðsynlegt að það komi fram að nefndin hefur farið mjög rækilega yfir þessi mál og kallað til sín fjölda aðila og hún hefur sent hæstv. iðnrh. sérstakt bréf þar sem hún lætur koma fram sín sjónarmið varðandi skipasmíðaiðnaðinn sérstaklega.

Ég tel að það sé í raun og veru tvennt sem hv. Alþingi getur gert að því er þessi mál varðar, sem snúa að skipasmíðaiðnaðinum. Annars vegar að samþykkja hér með lagabreytingum jöfnunaraðgerðirnar og ég lít svo á að yfirlýsing hæstv. forsrh. hér áðan hafi verið mikilvægur áfangi í þá átt að tryggja að hér verði lögð á jöfnunargjöld til þess að treysta íslenskan skipasmíðaiðnað. Ég vil skilja yfirlýsingu hans með sama hætti og hv. 1. þm. Norðurl. e. gerði hér áðan.

Hitt er líka mikilvægt að hafa í huga að eiginfjárstaða íslensks skipasmíðaiðnaðar er hrunin. Þar er í raun og veru ekkert eigið fé eftir. Það er talað um að heildarskuldir skipasmíðaiðnaðarins séu í kringum 2 milljarðar kr. og að verulegur hluti þessa, rúmur helmingur a.m.k., sé í lausaskuldum af ýmsu tagi. Það er því alveg ljóst að jafnvel þó að Alþingi samþykki jöfnunaraðgerðir, þá dugir það ekki til. Það þarf að fara í verulegar nýjar fjármögnunaraðgerðir fyrir skipasmíðaiðnaðinn í landinu og það er í raun og veru forsenda þess að það sé hægt að halda honum áfram. Þess vegna vil ég leggja á það áherslu fyrir mitt leyti, eftir að hafa rætt við fjölda aðila í skipasmíðaiðnaði, að í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga samþykki Alþingi heimildir til ríkisstjórnarinnar og réttra aðila annarra hér á landi til þess að standa fyrir verulegum fjármögnunaraðgerðum í þágu skipasmíðaiðnaðarins. Það eru forsendur til þess að gera það hér næstu daga, í tengslum við afgreiðslu fjárlaga og lánsfjárlaga.

[17:13]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í atvinnumálum á Akureyri skiptir mjög í tvö horn. Annars vegar hefur verið mikill uppgangur í sjávarútvegsfyrirtækjum á Akureyri, meiri uppgangur en annars staðar á landinu. Það hefur í raun og veru bjargað því sem bjargað hefur verið af atvinnuástandinu á Akureyri, fyrir utan það að í menningar- og menntageiranum hefur líka verið mikill vöxtur, sem á ekki síst rætur að rekja til þess hversu öflugir framhaldsskólar eru þar reknir og hve uppbygging Háskólans á Akureyri og þá einkum og sér í lagi í sambandi við nýstofnaða kennaradeild, sem er nú orðin ein stærsta deild skólans, hefur gengið hratt. Þetta hefur haft þau áhrif að á vissum sviðum atvinnulífsins hefur ástandið verið mjög gott og að sjálfsögðu á þetta verulegan þátt í því að skapa þá stöðu á Akureyri að þar hefur fjölgun orðið meiri sl. þrjú ár heldur en landsmeðaltal. Þessi fjölgun hefur verið, ef ég man rétt, 1,8% 1991, 1,6% 1992 og eitthvað svipað 1993 sem er talsvert yfir landsmeðaltali sem er 1,06%.

Aftur á móti á sviði hinna hefðbundnu iðngreina sem lengi vel hafa sett svip á Akureyri, þá hefur ástandið verið mjög dapurlegt, svo að ekki sé meira sagt, og á sú hörmungarsaga sér langan aðdraganda. Í raun og veru var þessi hefðbundni iðnaður ásamt skipasmíðaiðnaðinum kominn í þrot fyrir nokkrum árum.

Nú er það svo að verið er að reyna að reisa þessar atvinnugreinar við. Það verður ekki betur séð en ullariðnaðurinn og skinnaiðnaðurinn sé kominn á flot aftur við mjög erfiðar og veikar aðstæður. Ég hygg að rækjuiðnaðurinn sé líka að fara af stað, en veiki hlekkurinn, Akkilesarhællinn, í atvinnulífinu á Akureyri er fyrst og fremst í skipasmíðaiðnaðinum.

Ég vil fagna þeirri yfirlýsingu forsrh. hér áðan að hann hafi jákvæða afstöðu til jöfnunargjalda, en ég tek undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að þær aðgerðir duga ekki í þeirri stöðu sem skipasmíðaiðnaðurinn á landinu er í nú. Það er mikil vöntun á fjármagni inn í þessar greinar sem aðrar og þar þurfa þeir að koma að sem eiga fé á Íslandi en þar á ég helst við lífeyrissjóðina.

[17:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns taka undir þá ábendingu sem hér kom fram hjá 5. þm. Norðurl. e. að það hefur verið fólksfjölgun á Akureyri síðustu ár umfram landsmeðaltal sem sýnir það að fólk vill setjast að og búa í þessu blómlega héraði. Þar hafa burðarásarnir í atvinnulífinu hins vegar verið, því miður, örfá stórfyrirtæki við hliðina á síðan aftur nánast einstaklingsrekstri. En það er ekki svo að það sé ekkert að. Það hefur verið bent hér á að iðnaður Sambandsins á Akureyri hafi nánast liðið undir lok. Það er alveg rétt, en það er því miður saga íslensks framleiðsluiðnaðar, í það minnsta í vefnaðargreinum eins og þar var uppistaðan.

Það er einnig rétt að skipasmíðaiðnaðurinn á við mikla erfiðleika að etja og ég vil brýna hæstv. forsrh. að standa við þau orð sem hann sagði hér um að tekin verði upp jöfnunargjöld á þá grein, vegna þess að örlög skipasmíðaiðnaðarins ráðast ekki á næstu mánuðum. Við höfum eingöngu daga eða vikur til stefnu. Og ég hlýt að gera mér vonir um að hagsmunaaðilum í þessari grein og kannski fyrst og fremst starfsmönnum þessarar greinar hafi loksins tekist að koma þessum skilaboðum inn til ríkisstjórnarinnar.

Ég vil að lokum ítreka það sem hér hefur komið fram, að það eru grundvallarskilyrði sem skipta öllu. Og varðandi vextina sem ríkisstjórnin hefur sagt að hafi lækkað. Þeir hafa fyrst og fremst lækkað til ríkisins, en atvinnulífið býr enn við raunvexti milli 10–15%. En það kom fram á fundi í efh.- og viðskn. í morgun með þjóðhagsstjóra, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, að í okkar nágrannalöndum værum menn nú farnir að búa við 2–3% raunvexti sem væri hið eina raunverulega rétta stig í því.

[17:18]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins upplýsa í tilefni af því að hv. 1. þm. Norðurl. e. vitnaði hér áðan í blaðafréttir um að álagning jöfnunargjalda væri ekki á dagskrá í fjmrn. Það er ekki rétt. Þann 18. maí sl. samþykkti ríkisstjórnin að fela fjmrh. ásamt fleirum að skoða útfærslu á jöfnunargjaldi í skipasmíðaiðnaði. Menn hafa verið að vinna með það mál í fjmrn. síðan og sú vinna er á lokastigi. Hins vegar er það ekkert einfalt mál, svo að ég nefni aðeins eitt vandamál sem upp kemur og það er að skilgreina hvert er heimsmarkaðsverð á skipasmíðum, sem þarf þá samkvæmt þeim reglum sem við miðum við og verðum að lúta

um meðferð jöfnunargjalds að liggja fyrir. Þannig að við Íslendingar erum þar að ryðja brautina um jöfnunargjald í skipasmíðaiðnaði, því það er ekkert annað land sem hefur tekið upp jöfnunargjald í skipasmíðaiðnaði, þó að það sé heimilt samkvæmt alþjóðasamþykktum. En það er verið að vinna að þessum málum nú.

Í öðru lagi þá er nú að skila af sér nefnd um verkefnastöðu skipasmíðaiðnaðarins. Til viðbótar mun sú nefnd sem ég skipaði sérstaklega að beiðni Málms hf. skila af sér í janúarmánuði. Þar er m.a. verið að skoða þau mál sem margir hv. þm. hafa hér minnst á, þ.e. slaka eiginfjárstöðu skipasmíðaiðnaðarins og hvað hægt er að gera til þess að bæta þar um, m.a. með hagræðingu og samræmingu fyrirtækja. Það starf er unnið ekki aðeins af iðnrn. heldur koma þar að bæði samgrn. og fjmrn. og eins helstu lánastofnanir skipasmíðaiðnaðarins og samtök skipasmíðaiðnaðarins, bæði fyrirtækja og launþega. Þannig að ég á von á því að mjög fljótlega, á næstu vikum, fái ég skýrslu verkefnanefndar og um miðjan janúar fái ég skýrslu þeirrar nefndar sem ég skipaði samkvæmt tillögu Málms. Það má gera ráð fyrir því að mjög fljótlega verði lagðar samræmdar tillögur fyrir ríkisstjórnina um aðgerðir til þess að varðveita skipasmíðaþekkinguna í íslenskum iðnaði.

[17:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þó að hér sé verið að ræða um vanda Akureyringa þá eru skipasmíðarnar, sem hér hafa verið til umræðu ekki síst, vandi víðar. Ég tel þess vegna ástæðu til að taka hér til máls og vil harma það að hæstv. fjmrh. er ekki hér til að upplýsa um afstöðu sína til jöfnunargjalda. Það væri gott ef menn fengju það á hreint hvernig þau mál standa. Hæstv. forsrh. sagði að jöfnunargjöld kæmu til greina á nýsmíðar, en taldi það flóknara gagnvart viðgerðum og endurbótum og vil ég nú harma ef menn telja sig ekki geta gert eitthvað í því, því það eru kannski þau verkefni sem helst er að hafa akkúrat núna. Ég get nefnt það að ég veit að það eru a.m.k. fjögur skip íslensk sem eiga að fara í stórar endurbætur, þrjú í lengingar og eitt í miklar endurbætur. Þar eru á ferðinni fleiri hundruð milljóna verkefni og ég held að það væri gott ef hér yrði upplýst hvort menn ætla ekkert að gera til að sjá til þess að þessi verkefni fari ekki líka burt úr landinu. Ég tel að það séu engin sérstök vandamál við það að koma í veg fyrir að þau verkefni fari burt úr landinu. Það er bara eitt ríki sem keppir við okkur um slík verkefni og er búið að gera undanfarin ár. Menn vita vel að það er Pólland og ef menn eru ekki tilbúnir til þess að taka á því að jafna út samkeppnisaðstöðuna að einhverju leyti gagnvart Póllandi, þá geta menn líka kvatt það að íslenskir skipasmiðir fái mikið af verkefnum af þessu tagi. En ég tel að það sé full ástæða til þess að gera þá útreikninga til enda og ég held að það sé kominn tími til þess að ríkisstjórn Íslands segi í alvöru já takk, þegar átt er við skipasmíðarnar.

[17:23]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað þörf umræða að tala um atvinnumálin á Akureyri. Við vitum að atvinnulíf þar hefur verið mjög sérstætt. Þar hefur verið meira um útflutningsiðnað en kannski nokkurs staðar annars staðar á landinu miðað við fólksfjölda og kannski þó ekki sé tekið tillit til þess í almennum iðnaði. Þess vegna væri það nú svo, ef allt hefði verið með felldu á undanförnum árum og allt gengið vel, að hagur þeirra fyrirtækja ætti að vera mjög góður, þar sem raungengi er lægra nú en það hefur nokkru sinni verið, ég veit ekki hvað ég á að fara langt aftur, 10 ár, 20 ár, 30 ár, sem væri auðvitað mikill hagur fyrir fyrirtækin þar og er í raun og veru sé til þess litið.

Á hinn bóginn þekkjum við það og vitum að sú þrautaganga sem fyrirtækin hafa þurft að ganga í gegnum, ég tala nú ekki um á árunum 1988–1991 eftir að sýndarráðstafanirnar voru gerðar þá um haustið fyrir atvinnuvegina, hefur reynst Akureyringum mjög þungar í skauti. Það er líka alveg ljóst þegar við horfum til Slippstöðvarinnar að skipasmíðaiðnaðurinn og ástandið í honum og rekstur hans endurspeglast af stöðu sjávarútvegsins á hverjum tíma. Eins og nú standa sakir hefur útgerð átt við mikla erfiðleika að stríða og það kemur auðvitað fram í þeim verkefnum sem stóru skipasmíðastöðvarnar hafa verið að sinna á undanförnum árum.

Ég vil líka segja það að um leið og við horfum til Slippstöðvarinnar og veltum fyrir okkur hvernig við getum treyst undirstöður þess iðnaðar, sem því miður hefur verið látið undir höfuð leggjast að hyggja að, stöndum við frammi fyrir erfiðleikum líka í niðursuðuiðnaðinum fyrir norðan. Ég hef því miður ekki ráðrúm til að ræða þetta frekar, en vonast einungis til að það að þessi mál voru tekin upp nú af hv. þm. Steingrími Sigfússyni bendi til að þingmenn kjördæmisins muni vinna að þessum málum með friði og miklum samstarfsvilja.

[17:25]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka málshefjanda fyrir að hefja þessa umræðu. Sú var tíðin að Akureyri var gjarnan nefndur bær iðnaðarins, en því miður er svo komið að Akureyri og byggðir Eyjafjarðar eru nú í vanda staddar.

Það er m.a. af því að frá því að núv. ríkisstjórn kom til valda hafa tapast hvorki meira né minna en 1.500 störf í iðnaði. Á sl. 5 árum hafa tapast hvorki meira né minna en um 500 störf í skipasmíðaiðnaðinum. Á hverju ári eru fluttar inn iðnaðarvörur sem mætti framleiða hér á landi fyrir hvorki meira né minna en um 20 milljarða kr. Sá hluti þessarar framleiðslu sem við Íslendingar gætum framleitt sjálfir, ef við hefðum manndóm í okkur til þess að bregðast þannig rétt og skynsamlega við, ætti að geta skapað hér hvorki meira né minna en 4–5 þúsund störf. Ég vil því í þessu sambandi segja að vegna þess hversu núv. ríkisstjórn er verklítil í þessum málum og vegna þess ekki síst hversu skipaiðnaðurinn er háþróaður, ef svo mætti

segja, á Akureyri og þar er mikil verkþekking til staðar, þá getum við ekki beðið lengur. Við getum ekki beðið lengur eftir því að ríkisstjórnin bregðist við þessum vanda. Þessi atvinnugrein er að leggjast í rúst. Því vil ég mælast til þess að hv. iðnn. þingsins hafi um það frumkvæði að leita lausnar á þeim vanda sem steðjar að íslenskum skipaiðnaði — og ég bið hv. formann nefndarinnar að leggja við hlustirnar — og nefndin leggi fram heildstæðar og markvissar tillögur þar um fyrir Alþingi til samþykktar.

Ég trúi því, eins og alþm. hafa talað í þessu máli, að þá sé mikill meiri hluti hér í þinginu fyrir aðgerðum í málinu og ekki síst, virðulegi forseti, vegna þess að landsfundur Sjálfstfl. samþykkti að leggja bæri höfuðáherslu á jöfnun starfsskilyrða milli innlendra og erlendra atvinnugreina. Þannig að mér sýnist að það blasi við að það sé hér nægur meiri hluti fyrir því að kryfja þetta mál til mergjar og leita lausnar og ég treysti því að iðnn. taki forustu í þessu máli.

[17:28]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þeim þingmönnum sem hér hafa tekið þátt í umræðum og hæstv. ráðherrum fyrir svörin og forsrh. sérstaklega fyrir jákvæðar undirtektir varðandi það að taka upp jöfnunargjöld eða grípa til jöfnunaraðgerða gagnvart skipasmíðaiðnaðinum. Ég vil sömuleiðis taka undir með formanni iðnn. Það er góðra gjalda vert en ekki nóg og stórfellt endurfjármögnunarátak er í raun forsenda þess að fyrirtækin í greininni geti nýtt sér bætt starfsskilyrði. Ég taldi það tímabært, hæstv. forseti, að taka þetta mál upp og vekja athygli hæstv. ríkisstjórnar á hinni alvarlegu stöðu mála. Það er vissulega rétt að uppgangur í sjávarútvegi og uppbygging í mennta- og menningarmálum á Akureyri hefur bjargað miklu. En ég vænti þess að þær tölur sem ég nefndi hér áðan um hið gífurlega hrun í almennum iðnaði eða 800 störf sem tapast hafa úr nokkrum stærstu iðnfyrirtækjunum á um áratug segi sína sögu um það hvað Akureyri hefur mátt takast á við. Og það liggur í hlutarins eðli að Akureyrarbær getur ekki einn axlað þær byrðar trekk í trekk að endurreisa hvert fyrirtækið á fætur öðru, endurreisa jafnvel heilar iðngreinar í þágu landsmanna allra, ef hann fær ekki til þess neinn stuðning frá stjórnvöldum. Akureyrarbær hefur á undanförnum árum lagt stórfellda fjármuni í formi hlutafjár og ábyrgða inn í endurreisn ullariðnaðarins, endurreisn skinnaiðnaðarins, inn í varðstöðu um skipasmíðaiðnaðinn og svo mætti lengi telja. Bærinn hefur ekki bolmagn til þess að gera slíkt endalaust einn og óstuddur og það þjónar líka takmörkuðum tilgangi eins og t.d. í skipasmíðaiðnaðinum, ef ekki er skapaður starfsgrundvöllur fyrir atvinnugreinina.

Ég endurtek svo að lokum spurningar mínar til hæstv. forsrh. Þeim getur hann svarað, hæstv. ráðherrann, með aðgerðum á næstu vikum. Og ég vil sérstaklega undirstrika það að ríkið sem eignaraðili að Slippstöðinni ber líka ábyrgð sem slíkt, ekki bara sem stjórnvald. Það skorti ekki viljann né áhugann þegar þurfti að setja aukið hlutafé í járnblendiverksmiðjuna á Grundartanga og það er vel og við studdum það. En hvers má Slippstöðin á Akureyri gjalda að hún skuli ekki njóta sömu fyrirgreiðslu?

[17:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég tel að þessar umræður hafi verið gagnlegar og hv. þm., ekki síst Norðurl. e., hafi varpað glöggu ljósi á stöðu mála þar. Ég vil ítreka það sem ég sagði, þannig að það verði ekki misskilið, að ég tel að jöfnunartollur hljóti að vera einn af þeim kostum sem menn eiga að skoða sem raunhæfan kost, án þess að ég sé á þessari stundu að taka afstöðu til þess hvort hann skuli á lagður eða ekki.

Það er hárrétt hjá hv. málshefjanda að þetta mál hefur verið að þróast, ekki á undanförnum 2–3 árum, eins og einn hv. þm. gaf hérna í skyn, svona í pólitísku ábataskyni, heldur á lengri tíma og það er atriði sem við þekkjum öll. Ég vil líka vegna orða hans hér áðan segja að þau voru ekki algerlega makleg, vegna þess að ríkisvaldið hefur komið inn í fyrirtækið, Slippstöðina fyrir norðan, með fjármagn, til að mynda í tíð þessarar ríkisstjórnar og reyndar þar á undan. Reyndar hafa þær raddir heyrst að þar hafi ríkið mismunað fyrirtækjum, vegna þess að á sama tíma hafi önnur fyrirtæki í sömu grein átt í erfiðleikum. Engu að síður hefur ríkið tekið þátt í þessari starfsemi og ég held að það hafi verið réttlætanlegt.

Hinu er ekki að leyna að það hafa verið vonbrigði að sá stuðningur skilaði ekki þeim árangri sem menn töldu að hann mundi gera og fyrirtækið sjálft náði ekki þeim árangri í endurskipulagningu sem menn voru að vona að mundi nást. En ég heyri að það er góður hugur í þingmönnum hér til þessa fyrirtækis og reyndar atvinnuástandsins á Akureyri, þannig að ég vona að það fái farsæla lausn.

Almannatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 83. mál (heildarlög). — Þskj. 398, brtt. 371 og 416.

[17:33]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Eftir að 2. umr. lauk í gær kom hv. heilbr.- og trn. saman að gefnu tilefni og ræddi nokkrar ábendingar sem fram höfðu komið við 2. umr. málsins. Það tókst gott samkomulag í nefndinni um þrjár brtt. við málið við 3. umr. og birtast þær á þskj. 416.

Fyrsta brtt. á við 53. gr. frv. þar sem fjallað er um *lögheimili bótaþega og er þar fyrst og fremst um að* ræða samræmingu við önnur gildandi lög eða lög um lögheimili.

Í öðru lagi varð samkomulag um að breyta 67. gr. frv. er varðaði gildistökuna, að í stað þess að miða gildistökuna við gildistöku EES-samnings, þá er nú gerð tillaga um að gildistaka laganna verði 1. janúar árið 1994.

Í þriðja lagi varð samkomulag um það í nefndinni í sambandi við 66. gr., sem mestar umræður urðu um við 2. umr. málsins, að greinin taki breytingum og hljóðar hún nú svo í tillögum hv. nefndar:

„Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um nánari framkvæmd laga þessara. Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar, enda eigi ákvæði þeirra stoð í þessum lögum."

Um þessa útgáfu tillagnanna varð samkomulag í hv. heilbr.- og trn. Það er rétt að taka fram að þeir hv. nefndarmenn lýstu því yfir að hér væri fyrst og fremst um samkomulag að ræða um útgáfu og form ákvæðisins hvað varðaði 66. gr., en samkomulagið næði ekki endilega til efnisinnihaldsins. Ég vona að þessi skilningur sé réttur.

Um þetta er ekki meira að segja, virðulegi forseti, og ég lýk máli mínu.

[17:37]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér ekki hljóðs til að upphefja neinar illdeilur við hv. frsm. nefndarinnar því að ég vil þakka honum fyrir að hafa tekið þetta mál fyrir, sem ég vakti máls á í gær við umræðu um fundarstjórn forseta og varðaði 66. gr. frv.

Ég átti þess kost í gærkvöldi að ræða við lögfræðinga sem fjallað höfðu um undirbúning og gerð þessa frv. og hafði frumkvæði að þeirri orðalagsbreytingu sem hér er verið að gera á 66. gr. Ég er sáttur við þessa niðurstöðu og það er rétt skilið hjá hv. frsm. nefndarinnar að ég er fyrst og fremst sáttur við það að gerð hefur verið þessi formlega breyting á 66. gr. og tel að þannig geti hún staðist. En ég hygg að ef ég hefði sjálfur átt að rita þessa grein þá hefði ég orðað hana á annan veg, ef ég hefði mátt ráða innihaldi hennar sjálfur að öðru leyti, en það er önnur saga.

Ég stend hér upp fyrst og fremst til þess að vekja athygli á því að hér er um stefnumarkandi mál að ræða og ég held að það sé nauðsynlegt að það sé skráð í þingtíðindi hvert var eðli þessa máls, bæði hvað varðar frv. og orðalag þess og einnig hvað varðar lagfæringuna. Ég geri mér vonir um að sú lagfæring sem hér hefur orðið á greininni geti verið fordæmi á síðara stigi, þegar fjallað verður um önnur hliðstæð mál, því að það getur auðvitað oft átt eftir að koma upp að fjallað sé um hliðstæð tilvik.

Ég vil taka það fram að það var ekki kjarni þess máls sem hér um ræðir að menn óttuðust það að nýjar reglugerðir Evrópubandalagsins um almannatryggingar brytu í bága við íslensk lög. Það var ekki kjarni málsins, vegna þess að ef það hefði gert það, þá hefðu auðvitað reglugerðirnar ekki verið gildar og ég tel ekki að í slíkum tilvikum hefði í sjálfu sér verið neitt að óttast.

Það sem hér var fyrst og fremst að óttast, efnislega séð, var auðvitað það að í mörgum tilvikum getur verið um að ræða að sett sé reglugerð á ákveðnu sviði og hún hafi í för með sér ákveðin nýmæli sem felli skyldur eða réttindi á þegnana, en það sé ekkert kveðið á um slíkt í íslenskum lögum fyrir. Hér sé því um nýmæli að ræða, nýtt svið, ný efnisatriði. Þessi nýju svið þurfa ekki að stangast á við neitt sem í fyrri lögum stendur eða í þeim lögum sem verið er að samþykkja. Við værum sem sagt á því gráa svæði þar sem kannski væri hvorki um að ræða að þau lög sem fyrir væru eða þau lög sem íslensk teljast í þessu samhengi séu á móti eða með viðkomandi efnisatriði. Þarna væri sem sagt um að ræða nýtt efnisatriði sem væri að koma inn í íslenska löggjöf og ef ekki væri gerður þessi fyrirvari sem hér er verið að koma inn í 66. gr., þá yrðu slík ákvæði að lögum án þess að þau ættu beina stoð í íslenskum lögum. Með þessu ákvæði er hins vegar tryggt að í hvert skipti sem ráðherra setur reglugerð sem byggð er á reglum Evrópubandalagsins, þá verða starfsmenn ráðuneytisins að fara yfir ákvæði reglugerðarinnar lið fyrir lið og vega það og meta hvort viðkomandi efnisgrein á stoð í þessum lögum sem við erum hér að samþykkja. Sé það ekki, þá verður að sjálfsögðu að setja sérstök lög um það efnisatriði með viðeigandi hætti hér í Alþingi áður en reglugerðin er samþykkt. Í slíku tilviki býst ég við að það mundi verða talið einfaldast að leggja viðkomandi reglugerð Evrópubandalagsins fram til umfjöllunar á Alþingi og til endanlegrar afgreiðslu þar, til lögfestingar.

En það var önnur hlið á þessu máli sem skipti líka máli. Hún var sú að með því ákvæði sem þarna var um að ræða var verið að veita opið ótímabundið valdaafsal af hálfu Alþingis til ráðherra, valdaafsal sem var ekki á nokkurn hátt takmarkað og ég tel að það sé alveg ótvírætt, samkvæmt íslenskum rétti, að slíkt er ekki löglegt. Ég vakti athygli á því í þeim umræðum sem fóru fram um þetta mál milli funda að um þetta hefur Ólafur heitinn Jóhannesson fjallað í bók sinni um Stjórnskipun Íslands, þar sem hann fjallar um útgáfu reglugerða. Ég vil leyfa mér að skrá hér í þingtíðindi mikilvæga setningu eða reyndar tvær setningar sem hann hefur hér uppi á bls. 365 í bókinni Stjórnskipun Íslands, en Ólafur var eins og flestir þekkja allra manna fróðastur um stjórnskipunarmál og prófessor í stjórnskipunarrétti um langt árabil við Háskóla Íslands. En hann komst svo að orði á bls. 365 í bók sinni:

„Almenna löggjafanum myndi óheimilt að veita handhöfum framkvæmdarvalds ótímabundið umboð til að setja hvers konar réttarreglur. Það málefni, sem heimilað er að skipa með fyrirmælum framkvæmdarvaldshafa, verður að vera nokkurn veginn afmarkað."

Síðan fer hann frekari orðum um það.

Kjarni málsins er sem sagt sá að í hvert skipti sem ráðherra setur reglugerð, þá verður sú reglugerð að eiga stoð, ekki aðeins formlega heldur líka efnislega stoð, í íslenskum lögum og þegar Alþingi veitir ráðherra heimild til þess að gefa út slíka reglugerð, þá er sú heimild ekki eins og opin ávísun sem ráðherrann getur bara fyllt út að sinni vild, heldur verður valdaframsalið að vera afmarkað og nánar skilgreint. Og það liggur þá í eðli máls að afmörkunin felst þá í því sem í sjálfum lagatextanum stendur. Ráðherrann getur þar af leiðandi ekki gefið út reglugerð sem fellir skyldur á þegnana og sagt að sú reglgerð sé gefin út með heim-

ild í tilteknum lögum, ef þau lög fela ekki í sér að slíkt vald eigi að falla ráðherranum í skaut.

Sem sagt, ég held að hvort tveggja hafi verið, að það hefði verið ógilt samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar ef Alþingi hefði veitt ráðherra svo opið, ótímabundið og ótakmarkað valdaafsal, sem þarna var um að ræða, og ég held líka að það hafi verið óhjákvæmilegt að taka það fram að í hvert skipti sem slík reglugerð er gefin út, þá verði hún, hvað efni hennar varðar, að eiga stoð í þessum lögum.

Ég ætla ekki að hafa frekari orð um þetta. Ég þakka nefndinni fyrir samstarfið. Ég átti kost á að sitja fundi nefndarinnar í forföllum Margrétar Frímannsdóttur og það var prýðilegt og mjög ánægjulegt samstarf og mikil sanngirni þar sýnd í allri umfjöllun um málið og ég þakka fyrir það.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill minna hv. 3. þm. Norðurl. v. á að samkvæmt 58. gr. þingskapa skal leita leyfis forseta þegar lesið er upp prentað mál úr ræðustól á Alþingi.

[17:48]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég tek eftir að hæstv. forseti vill hafa formið á hreinu í þessu máli og eins og hér er nefnt úr þingsal, ekki síst þegar vitnað er til fyrrv. þingmanna úr kjördæmi hæstv. forseta, sem gildir auðvitað almennt eins og forseti hefur réttilega bent á.

Ég ætla ekki að hafa hér langt mál. Þegar greidd voru atkvæði við 2. umr. þessa máls, þá vakti ég athygli á þeirri sérkennilegu stöðu sem uppi væri og sem raunar hafði komið til umræðu þegar málið var rætt við 2. umr., m.a. af hv. 15. þm. Reykv., að 66. gr. þessa frv. er með sérstökum og mjög óvenjulegum hætti og ekki síst þegar litið er til þeirra lögskýringa sem er að finna í athugasemdum með frv.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur rakið skilmerkilega hvað það hefði haft í för með sér ef Alþingi hefði afgreitt málið frá sér með þeim hætti sem stóð í frv. óbreyttu, þó að því hefði mátt hnekkja á grundvelli þess að það bryti gegn stjórnarskránni. Það er auðvitað mikið umhugsunarefni þegar menn eru komnir jafnlangt í umfjöllun máls, eins og hér var um að ræða, að það skuli hafa að geyma ákvæði sem þessi sem felast í upphaflegu frv., 66. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „Þá er ráðherra heimilt að birta sem reglugerðir reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar.“ Lögskýringin var á þann veg:

„Greinin er samhljóða 81. gr. laganna að öðru leyti en því að sérstaklega er tekið fram að reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar skuli lögfesta hér á landi í formi reglugerða.“

Það er, virðulegi forseti, satt að segja með ólíkindum að svona texti skuli vera lagður fyrir Alþingi af hæstv. heilbrrh., slík lokleysa sem þetta er auðsæilega, eins og hér er um hnútana búið, og allt saman gersamlega opið og síðan orðað þannig að það megi lögfesta í formi reglugerða. Og það eru ekki mál sem snúa að þessu hér sem þetta opnar fyrir heldur bara opin óútfyllt ávísun til framkvæmdarvaldsins að leiða í lög, eins og það er hér túlkað, reglur Evrópubandalagsins um almannatryggingar. En hér hefur verið brugðist við eftir að þetta kom til umræðu og við atkvæðagreiðslu og að henni lokinni og ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. v. sem og þingnefndinni fyrir að koma með þá breytingu sem liggur fyrir á þskj. 416 og gerbreytir auðvitað stöðunni að því er snertir þetta mál frá þeim ófarnaði sem við blasti ella. Þetta eiga menn að láta sér til varnaðar verða upp á framhaldið. Auðvitað er það staðfest, sem oft hefur verið sagt, út á hvers konar ís við erum að ganga í sambandi við þetta stóra svið sem tengist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þó að hér hafi verið ráðin bót á þessu, sem ég mun styðja að gangi fram, þessa brtt., þá stendur hitt auðvitað eftir að regluvaldið, hið upphaflega lagasetningarvald, frumkvæðisvaldið, er í höndum Evrópubandalagsins og mun berast íslenska Stjórnarráðinu í því formi með þeim litlu áhrifum sem samningurinn veitir EFTA-ríkjum og Íslandi til þess að reyna að hafa áhrif á reglusetningu, lagasetningu Evrópubandalagsins áður en frá henni er endanlega gengið. Og það er þessi aðstaða sem ekki er tekið fyrir með þessari breytingu, svo þýðingarmikil sem hún þó er, og setur okkur auðvitað í allt aðra aðstöðu, framkvæmdarvald og Alþingi Íslendinga, heldur en var áður en þessi dæmalausi samningur var lögfestur hérlendis.

[17:55]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er talsverð ástæða til að ræða þetta mál nokkuð ítarlega sem hér er uppi og ástæða til þess í sjálfu sér að byrja á því að fara viðurkenningarorðum um það að hérna hafa menn í hv. heilbr.- og trn. brugðist vel við og einstakir þingmenn einnig. Ég vil líka segja að það er í raun og veru alveg ótrúlegt að málið skuli þó hafa verið komið svo langt að á síðustu stundu hafi einn þingmaður úr stjórnarandstöðunni brugðið fæti fyrir það eins og það lá þá fyrir, þessi ótrúlega 66. gr. Mér finnst það gefa tilefni til þess að velta fyrir sér starfsháttum Alþingis yfirleitt. Þá er ég ekki að tala um hv. heilbr.- og trn. út af fyrir sig heldur Alþingi yfirleitt og þau vinnubrögð sem hér eru tíðkuð.

Með öðrum orðum, það liggur við borð a.m.k. að Alþingi hafi í gær og í dag samþykkt lög sem t.d. að mati hv. 3. þm. Norðurl. v. hefðu að því er þetta varðar ekki staðist stjórnarskrána. Menn hljóta að kippast við þegar svona tíðindi verða og velta því fyrir sér hvað má til varnar verða vorum sóma hér í þessari stofnun þannig að svona nokkuð endurtaki sig ekki og það sé tryggt að haldið sé á löggjafarmálefnum þannig að það sé ekki teflt á tæpasta vað að einu eða neinu leyti. Ég verð einnig að segja að þau orð, sem hv. 4. þm. Austurl. las upp úr greinargerð heilbrrn. með þessari grein, um að það kæmi til greina að lögfesta í formi reglugerðar eitthvað sem stendur þarna inni, eru ekki traustvekjandi.

Nú háttar svo til að það eru til í landinu lög, sennilega 70 ára gömul eða svo, um lagastofnun ríkisins eða laganefnd ríkisins, minnir mig að það heiti, og það hef-

ur oft verið rætt um hvort það ætti að setja hér upp við þingið laganefnd eða lagastofnun til að fara yfir mál, til að fara yfir stjórnarfrumvörp og fara yfir frumvörp sem þingið er að afgreiða. Það er oft allt of mikil fljótaskrift á þessum hlutum hérna og þessi tíðindi sem hér hafa orðið hljóta að hvetja til þess að menn vandi sig sem mest þeir mega framvegis. Ég vil segja fyrir mitt leyti að mér finnst að hugmyndin um lagastofnun Alþingis eða laganefnd Alþingis sé komin á dagskrá fyrir tilstuðlan þessa máls. Það má auðvitað ekki gerast að Alþingi fúski með hluti þannig að það sé alveg á jaðrinum við að standast ákvæði stjórnarskrár lýðveldisins. Það má ekki gerast. Því finnst mér ástæða til þess sem þingmaður hér úti í sal, án þess að hafa átt neinn atbeina að þessu máli, að þakka öllum sem hafa komið að því og kannski ekki síst hv. 15. þm. Reykv. sem mér skilst að hafi sett skriðuna af stað að einhverju leyti — og þá vil ég hvetja til þess að menn íhugi hvort ekki er rétt að reyna að ná um það einhverri víðtækri samstöðu hér í þinginu að það verði til lagastofnun, laganefnd, eða einhver aðili sem fer með þessi mál með vönduðum og traustum hætti. Hættan við svona stofnun eða nefnd er auðvitað sú að þingmennirnir hætti algerlega að vanda sig, en það gera þeir nú stundum þrátt fyrir allt nú orðið. Það er auðvitað hættan að menn leggi sitt traust, sitt vald og sína æru, liggur mér við að segja, í hendurnar á embættismönnum og það má náttúrlega ekki vera þannig því að lokum berum við sem hafandi atkvæði hér í þessari stofnun hina endanlegu ábyrgð. Þetta vildi ég segja, virðulegi forseti, af því að mér varð nokkuð brugðið þegar ég gerði mér grein fyrir því hvaða hætta var hér bersýnilega á ferðum.

Nú er það svo að á síðasta þingi var fjallað um staðfestingarfrv. með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og þar var ein mjög opin reglugerðargrein. Ég man ekki hvort það var 4. eða 5. gr. þess frv. sem kvað á um það að ráðherra hefði heimild til þess að setja reglugerðir í viðeigandi málaflokkum. Þetta var alveg óvenjulega opin reglugerðarheimild sem þarna var í staðfestingarfrv. sjálfu, mjög litlu frv. eins og menn muna. Niðurstaðan af þessu varð sú, af þessari gagnrýni tel ég vera og af umfjöllun málsins í hv. utanrmn., að þessi grein, þessi víðtæka reglugerðarheimild í staðfestingarfrv. var felld niður og það er mjög mikilvægt atriði tel ég vera og taldi það vera stefnumótandi í sjálfu sér þannig að menn væru ekki að samþykkja opnar reglugerðarheimildir að því er varðaði þessa EES-samninga og EES-tilskipanir og allt það, heldur afgreiddu menn efni hvers máls fyrir sig. Af þessum ástæðum var það sem við t.d. í hv. menntmn. breyttum frv. um starfsréttindi. Frv. fól upphaflega í sér að það yrðu tekin inn á færibandi þau mál sem hugsanlega yrðu samþykkt á þessu sviði. Við felldum það niður og sögðum í nefndinni: Við samþykkjum þau ákvæði sem þegar hafa verið afgreidd í þessu kerfi Evrópsks efnahagssvæðis, en við tökum ekki inn í lögin opnar allsherjarheimildir heldur tökum við á málunum í hvert skipti þegar um efnislegar breytingar er að ræða. Ég taldi að þessi ákvörðun, bæði menntmn. og sjálfsagt fleiri nefnda sem ég þekki ekki eins vel til og utanrmn., hafi í raun og veru verið í þeim anda sem niðurstaðan er hér. Þess vegna tel ég að tillagan eins og hún var upphaflega frá heilbr.- og trn. hafi ekki verið í þeim anda sem menn ákváðu þegar þeir voru að afgreiða þessa hluti hér í fyrra. Því að þrátt fyrir þann mikla ágreining sem var um Evrópskt efnahagssvæði hér í fyrra þá skildi ég niðurstöðu Alþingis þannig að menn vildu ekki halda á þessum hlutum öðruvísi en þannig að þingið væri með opnum augum að afgreiða hvert mál fyrir sig, en ekki að taka inn óljósa kippu af alls konar málum sem þingið hefði aldrei komið nálægt.

[18:02]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um þetta frv. Ég ræddi það nokkuð ítarlega við 2. umr. málsins og benti m.a. á þetta ákvæði þá, en fékk ekki miklar undirtektir við sjálfa umræðuna. Það var ekki fyrr en í atkvæðagreiðslunni sem menn gerðu sér grein fyrir hvað þarna var á ferðinni, þegar beðið var um sérstaka atkvæðagreiðslu um þessa grein.

Ég verð að lýsa ánægju minni með að það skyldi hafa tekist að breyta þessu ákvæði til betri vegar þó að ég hefði talið eðlilegast að 1. málsl. þessarar 66. gr. væri nægjanlegur í lögum, það þyrfti ekki að taka sérstaklega fram að það væri heimilt að birta reglugerðir Evrópubandalagsins sem reglugerð því ég teldi að hitt væri nægjanlegt. En þetta tel ég þó vera mikið til bóta.

Ég vil segja það líka að það sama gildir um mig og síðasta ræðumann að mér var mjög brugðið þegar ég sá þetta. Mér fannst þetta mjög sérkennilegt orðalag sem þarna var tekið upp í þessari grein, en sem betur fer tókst að bjarga þessu fyrir horn og fagna ég því auðvitað. Og það er slæmt í ljósi þess hve margir hafa nú lýst því yfir, bæði hér í þessum þingsal og reyndar utan hans líka, hversu alvarlegt þetta mál var að það skyldi nánast þurfa að beita hörðu til að fá þessu breytt. Mér þótti leiðinlegt og erfitt að það skyldi þurfa að gera.

Ég vil hins vegar benda á að það hefur að mínu mati gerst hér ýmislegt í lagasetningu sem orkar mjög tvímælis. Vil ég í því sambandi benda á lög nr. 62 frá 18. maí 1993, um breytingar á lagaákvæðum er varða samgöngumál. Það mætti líta á þau lög og athuga hvort ekki væri rétt að breyta þeim einnig í þá veru sem hér er verið að leggja til vegna þess að eins og við reyndar mörg hver lýstum yfir í umræðunni, þá gengur auðvitað ekki að veita þvílíkar heimildir eins og þar er gert. Þó að þær séu örlítið annars eðlis en akkúrat þetta ákvæði eins og það kom frá ráðuneytinu, þá held ég að Alþingi þyrfti að taka upp þau lög og breyta þeim þannig að það orki ekki tvímælis að þau standist stjórnarskrá.

En ég vil endurtaka það að ég mun styðja þessa brtt. því að mér þykir hún vera mikið til bóta þó að ég telji að það hafi verið óþarfi að hafa þennan síðari málsl. inni í 66. gr. eins og ég hef lýst áður.

[18:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil eins og þeir sem hafa talað hér á undan mér fagna því að það náðist samkomulag um að gera breytingar á þessari grein. Ég ætla svo sem ekki að lengja þessa umræðu mikið en vil þó minna á það að um þessa hluti fóru einmitt fram langar umræður í tengslum við umfjöllun um samninginn um EES og fylgifrumvörpin með honum í fyrra. Það var togast mikið á um þessa hluti í nefndum og ekki síst í samgn. og það er rétt að það orkar mjög tvímælis hvernig þeir hlutir þar enduðu.

Ég kem hér upp kannski ekki síst til þess að vekja athygli á því að í brtt. frá meiri hluta samgn. við frv. til hafnalaga er brtt. sem er svona orðuð. Með leyfi forseta, þá ætla ég að lesa hana:

„Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði hafnamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. lög nr. 2 13. janúar 1993, um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum."

Ég skil hljóðan þessara orða þannig að í raun sé ekki hægt að misskilja það, ef Alþingi samþykkir þessa klausu, að það sé verið að gefa ráðherranum heimild til að setja reglugerðir um einhverjar breytingar sem koma síðar á þessum reglugerðum frá Evrópubandalaginu. Ég tel að það sé ástæða til að forma þessa grein með eitthvað svipuðum hætti og hér var lýst áðan og legg til að það verði skoðað vandlega af meiri hlutanum hvort hann muni nú ekki fallast á að breyta líka þessari tillögu sinni í átt við það sem hér hefur verið gert. Ég er tilbúinn að mæta á fundi nefndarinnar til þess að fara yfir það með hv. formanni samgn. ef hann vill beita sér fyrir þessari breytingu.

[18:08]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég fagna þeim umræðum sem hér hafa farið fram um þetta mikilvæga mál. Það er rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að þetta var rætt mjög ítarlega í tveimur þingnefndum sem ég sat í í fyrra, annars vegar utanrmn. og hins vegar menntmn. Ég beitti mér fyrir því í utanrmn. að 4. gr. laganna í frv. um staðfestingu á EES-samningnum yrði felld úr frv. einmitt til þess að þrengja valdsvið ríkisstjórnarinnar til þess að gefa út reglugerðir á grundvelli EES-samningsins. Einnig stóðum við saman að því í hv. menntmn., ég og hv. 9. þm. Reykv., að breyta frv. til laga varðandi starfsréttindi til þess einmitt að það væri alveg skýrt í þeim lögum hvaða heimildir væri verið að veita ráðherra til þess að gefa út reglugerðir á grundvelli tilskipana eða gerða á hinu Evrópska efnahagssvæði. Og ég er þakklátur hv. 15. þm. Reykv. fyrir að vekja máls á þessu atriði í gær og taka þetta upp með þeim hætti sem gert var og að nefndin skyldi koma saman og breyta þessu eins og gert hefur verið. Að vísu má segja að það sé engin ein formúla sem menn hafa við þann texta þegar slík atvik koma upp og í þessu tilviki hefði að sjálfsögðu verið unnt að fara aðra leið heldur en hv. nefnd gerir tillögu um og í sjálfu sér hefði ég talið nóg að tilgreina þær tvær tilskipanir eða gerðir sem tilgreindar eru í grg. með frv. til þess að taka af öll tvímæli. En ég sætti mig við þá leið sem þarna er farin og það er alveg ljóst að Alþingi mun koma að öllum þeim tilskipunum, gerðum og reglum sem á eftir að samþykkja eða eiga eftir að ná til hins Evrópska efnahagssvæðis.

Innan utanrmn. og til formanna þingflokka og fulltrúa Íslands í EFTA-þingmannanefndinni hefur nú verið dreift greinargerð varðandi málsmeðferð og hugmyndir um málsmeðferð á EES-málefnum hér á hinu háa Alþingi og ég tel að ef rétt er að þeim málum staðið þá geti þingið haft fullt eftirlit með því að ekki komi til að lagagreinar eða frumvarpsgreinar séu jafnopnar og í þessu tilviki og hér hefur verið um rætt. Það er ákaflega mikilvægt þegar af stað er farið í þessu mikla máli að allir aðilar íslenska stjórnkerfisins komi að málinu með réttum hætti og Alþingi getur best tryggt það með því að hafa heimildir til útgáfu á reglugerðum eins takmarkaðar og kostur er miðað við það að efnisleg ákvæði nái fram að ganga og Íslendingar standi við þær skuldbindingar sem þeir gangast undir með aðild sinni að Evrópska efnahagssvæðinu. Það hefur verið bent á það í þingnefndum oftar en einu sinni að í þessu efni séu lagaákvæði í Danmörku e.t.v. heppileg fyrirmynd. Ég hef andmælt þeim skoðunum. Ég tel að danskur réttur hafi þróast á þann veg í evrópsku samstarfi að hann sé ekki til fyrirmyndar fyrir okkur Íslendinga og það sé augljóst að í dönskum lögum séu allt of víðtækar heimildir til útgáfu á evrópskum reglugerðum miðað við okkar hefðir og okkar reglur. Ég tel því að þessar umræður hér og þau tök sem hv. heilbr.- og trn. tók á þessu máli ættu að vera skilaboð bæði til heilbr.- og trn. og annarra ráðuneyta um það að á Alþingi vilji menn að öll slík ákvæði í frumvörpum séu markvisst orðuð og greinilega og ekki sé verið að veita of opnar heimildir. Ég taldi raunar að á síðasta þingi hefðu þessi skilaboð átt að liggja ljós fyrir, m.a. með niðurfellingu á 4. gr. úr frv. um staðfestingu Evrópska efnahagssamningsins og fleiri úrræðum sem við þingmenn gripum til til þess að sýna okkar vilja í þessu efni. Ég hlýt að líta þannig á að þeir lögfræðingar sem starfa á vegum ráðuneytanna og koma að þessu máli hljóti að taka tillit til þess sem hér hefur gerst og hagi sínum störfum í samræmi við það í frekari tillögugerð um þessi málefni.

[18:13]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir það sem hér kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. og tel að hann hafi undirstrikað það hér eins og aðrir sem hafa tekið þátt í þessari umræðu, hver nauðsyn það er að menn vandi sig á þessum vegslóða sem verið er að þræða hér í tengslum við þennan samning.

Það sem kallaði á að ég bað um orðið í andsvari er að ég held að það sé mikil nauðsyn á því að á vegum ráðuneytanna verði rætt við embættismenn sem fjalla um þessi mál, eins og hv. 3. þm. Reykv. vék réttilega að, og það sé brýnt fyrir þeim hver staðan er og til

hvers er ætlast í þessum efnum. Því það er auðvitað alveg augljóst að það eru ekki ráðherrarnir sjálfir sem sitja yfir þessum textum, ekki fyrst og fremst, heldur trúnaðarmenn þeirra og embættismenn í Stjórnarráðinu. Ég hygg að það hafi í þessu tilviki og ýmsum fleiri gætt tilhneigingar til þess, mjög ríkrar tilhneigingar eins og textinn náttúrlega ber vott um, að halda valdinu innan ráðuneytis, valdi sem á að vera Alþingis einnig eftir þeim samningi sem hér var lögfestur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Félagsleg aðstoð, 3. umr.

Stjfrv., 84. mál. — Þskj. 399, brtt. 373 og 415.

[18:16]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 415 er brtt. til 3. umr. sem samkomulag varð um að flytja í heilbr.- og trn. Hún er við 14. gr. Í stað þess að gildistakan miðist við gildistöku EES-samnings, þá gerum við tillögu um að lögin öðlist gildi 1. janúar árið 1994.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Skattamál, 251. mál, nál. 4. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 427.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla mála á dagskrá.

[18:17]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur vakið nokkra undrun mína að 13. liður á dagskránni er ekki tekinn fyrir þó að það hafi verið veitt afbrigði til þess að taka hann fyrir, en nú hafa verið tekin fyrir öll þau önnur atriði sem leyfð voru afbrigði fyrir. Forseti ætlaði hins vegar að fara að taka fyrir eitt af þessum almennu málum hér á dagskránni. Ég veit að allir hér inni vita að málið sem er í 13. lið, starfsleyfi fyrir THORP-endurvinnslustöðina, tillaga frá umhvn., er mikið alvörumál. Það er slíkt alvörumál að starfandi utanrrh. hefur kvatt sendiherra Breta á sinn fund í dag til þess að mótmæla þessari ákvörðun bresku ríkisstjórnarinnar. Ástæðan fyrir því að umhvn. öll kaus í morgun að flytja þessa tillögu hingað inn var viðleitni okkar til þess að Alþingi mundi þá strax láta álit sitt skýrt í ljós. Þess vegna vil ég mælast til þess við hæstv. forseta að 13. mál verði tekið fyrir vegna þess að tilgangurinn með því að flytja það í dag og óska eftir afbrigðunum hér fyrr á fundinum var einmitt sá að Alþingi gæti samdægurs látið í ljós afstöðu sína í þessu máli.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vekur athygli á því að á dagskránni eru allmörg mál og þess er að vænta að 13. dagskrármálið megi koma fyrir síðar á fundinum, en fundahaldið hefur verið skipulagt með samkomulagi a.m.k. margra aðila með þeim hætti að nú komi á dagskrá 6. dagskrármálið eins og forseti hafði kynnt.

[18:18]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil lýsa mikilli undrun á því hvernig haldið hefur verið á þessu máli sem hér hafði verið veitt afbrigði fyrir, mikilli undrun, vegna þess að eins og hér hefur komið fram er um mikið alvörumál að ræða, mikil samstaða um að þetta mál komi hér fyrir og fái sem fyrst afgreiðslu. Ég bið því forseta um að hlutast til um að það verði frá því gengið að það dragist ekki úr hömlu að málið verði hér rætt. Ég veit ekki hvað er fyrirhugað um fundahald. Ég hef ekki heyrt hvað er ráðgert í þeim efnum, en ég óska eftir því að forseti greini okkur frá því hvenær þetta mál verði tekið á dagskrá og það verði tímasett.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill gjarnan beita sér fyrir því að það megi tryggja að þetta mál komi fyrir á fundinum, en vekur jafnframt athygli á því að þrátt fyrir að veitt hafi verið afbrigði fyrir máli, þá gefur það máli ekki neinn sérstakan forgang fram yfir önnur dagskrármál.

Prestssetur, 2. umr.

Stjfrv., 244. mál. — Þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403 og 418.

[18:21]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 402 frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um prestssetur og frv. til laga um kirkjumálasjóð, ásamt brtt. á þskj. 403.

Nefndin hefur fjallað um málin og með vísan til 1. mgr. 30. gr. þingskapa skilar hún einu áliti um þau bæði. Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Þorstein Geirsson ráðuneytisstjóra og Guðmund Þ. Guðmundsson deildarstjóra, Geir Waage, formann Prestafélags Íslands, Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara og Allan V. Magnússon héraðsdómara. Þá barst nefndinni fjöldi umsagna, m.a. frá mörgum prófastsumdæmum, einnig frá fjölskylduþjónustu kirkjunnar og Ríkisendurskoðun svo eitthvað sé talið upp.

Frumvörpin um prestssetur og kirkjumálasjóð eru flutt samhliða og er markmið þeirra að færa stjórnsýslu á sviði kirkjumála frá ríkisvaldi til þjóðkirkju. Frumvörpin hafa verið kynnt bæði fyrir kirkjuráði og kirkjuþingi sem samþykkti þau fyrir sitt leyti.

Með frumvarpi til laga um prestssetur er lagt til að sérstök lög gildi um prestssetur landsins. Frumvarpinu er ætlað að taka af öll tvímæli um að sérstakar reglur og sjónarmið gilda um prestssetur. Hingað til hefur lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, nr. 27/1968,

verið beitt um prestsbústaði og að nokkru leyti einnig um íbúðarhús á prestssetursjörðum. Verði frumvarpið lögfest mun verða breyting þar á. Þá gerir frumvarpið ráð fyrir að sérstakur sjóður, prestssetrasjóður, verði stofnaður er annist um stjórnsýslu og rekstur prestssetra. Engin afstaða er tekin til eignarréttar yfir prestssetrunum í frumvarpinu enda eru að störfum sérstakar nefndir ríkis og kirkju sem hafa það hlutverk að fjalla um framtíðarskipan kirkjueigna.

Í frumvarpi til laga um kirkjumálasjóð er mælt fyrir um stofnun sérstaks sjóðs, kirkjumálasjóðs, er lúti stjórn kirkjuráðs. Sjóðnum er ætlað að skila ár hvert fjárhæð er renni til prestssetrasjóðs, eftir nánari ákvörðun kirkjuráðs, en auk þess er kirkjumálasjóði ætlað að standa straum af ýmsum verkefnum sem talin eru upp í 4. gr. frumvarpsins. Kirkjumálasjóði er einnig ætlað að standa straum af kostnaði við prestssetur landsins að miklu leyti.

Nefndin leggur til að frumvörp þessi verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á aðgreindum þingskjölum. Breytingartillögurnar við frumvörpin eru hliðstæðar. Lagt er til að aukið verði við 9. gr. laga um prestssetur og 5. gr. laga um kirkjumálasjóð þannig að í báðum frumvörpunum verði tilvísun til laga um Ríkisendurskoðun, sem nú eru nr. 12 frá árinu 1986, á viðeigandi stöðum. Er hér ekki um efnisbreytingar að ræða.

Undir nál. skrifa Sólveig Pétursdóttir, Valgerður Gunnarsdóttir, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson og Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða tvö frumvörp sem kveða á um breytingar sem mjög gott samstarf hefur tekist á milli kirkjumálaráðuneytisins og þjóðkirkjunnar. Er það því von okkar sem undir nál. skrifa að málum þessum verði vel tekið hér á hinu háa Alþingi.

[18:25]

Frsm. minni hluta allshn. (Jón Helgason):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti um frv. til laga um prestssetur og frv. til laga um kirkjumálasjóð frá minni hluta allshn. Í nál. segir að nefndin fékk þessi mál til meðferðar í lok fundar síns 13. des. og voru málin afgreidd frá nefndinni á fundi 15. des., tveimur dögum síðar. Þessi staðreynd segir miklu meira en mörg orð um þau algjörlega óhæfu vinnubrögð að ætla þingnefnd að afgreiða mál með þessum hætti, ekki síst þegar um er að ræða mál sem, að mati ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumrn., marka tímamót fyrir þjóðkirkjuna. Þessi frumvörp voru send til umsagnar aðila, eins og fram kemur í áliti meiri hluta allshn., og flestir þeirra brugðust skjótt við þó tíminn væri skammur og sendu umsagnir um málið. En það eru athyglisverð ummælin í umsögn Ríkisendurskoðunar þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í ljósi hins skamma tíma, sem veittur er í þessu sambandi, treystir Ríkisendurskoðun sér ekki til þess að fjalla efnislega um mál þessi á nokkurn hátt."

Í sumum umsagnanna er líka kvartað yfir því að bókun sem kirkjuþing gerði við afgreiðslu málanna, þegar þau voru þar til meðferðar á sl. hausti og afgreidd þaðan, fylgir ekki með frumvarpinu. Henni virðist hafa verið stungið undir stól og fengu nefndarmenn hana fyrst í hendur í umsögn prófastsins í Borgarfjarðarprófastsdæmi. Í niðurlagi bókunarinnar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kirkjuþing treystir hinu háa Alþingi til að athuga þessa þætti gaumgæfilega er það fær þetta mál til meðferðar."

Með þessum vinnubrögðum sem ég var að vekja athygli á bregst Alþingi trausti kirkjuþings, en í bókuninni er sérstaklega vakin athygli á þeirri rúmlega 20% skerðingu til frambúðar á tekjum kirkjugarða sem leiðir af samþykkt frumvarpsins. Þær áhyggjur koma fram í fleiri umsögnum.

Við 1. umr. um frv. til laga um prestssetur var bent á að í 4. gr. frv. er ákvæði sem skilja má að veiti stjórn prestssetrasjóðs heimild til að selja hlunnindi undan prestssetursjörðum, þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumrh. hafi heimilað þá ráðstöfun."

Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að alls ekki beri að skilja greinina á þann hátt að þetta veiti heimild til að selja hlunnindi eða réttindi undan jörðunum. Þar eigi ákvæði jarðalaga að gilda. Því virðist að það hefði verið eðlilegt að nefndinni hefði gefist tóm til að athuga hvort ekki væri rétt að taka öll tvímæli af um þetta með breytingu á greininni.

Minni hluti allshn. telur óviðunandi að hafa svo flaustursleg vinnubrögð á Alþingi um mikilvæg málefni kirkjunnar, eins og hér hefur verið bent á. Það er slæmt þegar málsmeðferð kemur í veg fyrir samstöðu sem allir óska eftir að hefði getað tekist um afgreiðslu á þessum málum.

Í niðurlagi nál. segir að Ólafur Þ. Þórðarson og Anna Ólafsdóttir Björnsson muni flytja brtt. við frv. og munu þau gera grein fyrir þeim hér á eftir. En undir nál. minni hlutans rita, auk þess sem hér stendur, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ólafur Þ. Þórðarson.

Sem fskj. með þessu nál. eru nokkrar umsagnir sem allshn. bárust. Ég hef áður getið um umsögn Ríkisendurskoðunar þar sem hún ber við tímaskorti að geta fjallað nokkuð efnislega um málið og er athyglisvert þegar svo rótgróin stofnun eins og Ríkisendurskoðun, með tugi manna starfandi á sínum vegum, treystir sér ekki til að leggja mat á frumvörp sem alþingismönnum er síðan ætlað að afgreiða á einum eða tveimur fundum.

Síðan eru fleiri fskj. birt með nál. og m.a. umsögn frá prófasti Borgarfjarðarprófastsdæmis og vil ég leyfa mér að lesa hana af því að þar er einnig bókun sú sem ég minntist á fyrr frá kirkjuþingi og hún er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég undirritaður prófastur fékk í gær til umsagnar frumvörp til laga um prestssetur og kirkjumálasjóð sem nú eru til umfjöllunar á Alþingi. Þar sem ég á sæti í kirkjuráði og á kirkjuþingi hef ég áður kynnt mér þessi frumvörp ítarlega. Á kirkjuþingi stóð ég að afgreiðslu

frumvarpanna og þeim breytingartillögum er samþykktar voru. Við lestur frumvarpanna nú kemur í ljós að þær breytingartillögur hafa allar verið teknar til greina og fagna ég því. Ég vil hins vegar vekja á því athygli og leggja á það ríka áherslu að kirkjuþing samþykkti sérstaka bókun vegna frumvarpanna. Þá bókun er ekki að finna í athugasemdum með frumvörpunum og tel ég það miður.

Bókun kirkjuþingsins er svohljóðandi:

„Kirkjuþing 1993 vill vekja athygli hins háa Alþingis á þeirri staðreynd að þrátt fyrir vaxandi starf kirkjunnar hefur framlag á fjárlögum til kirkjulegra málefna farið hlutfallslega minnkandi ár frá ári nú um alllangt skeið.

Þá er óvíst hvort kirkjugarðarnir þoli rúmlega 20% skerðingu á tekjum sínum til frambúðar til að standa straum af framlagi til kirkjumálasjóðs samkvæmt ákvæðum þessa lagafrumvarps; í því sambandi er vert að minna á auknar álögur sem á garðana eru lagðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 36 frá 4. maí 1993, um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Minnt er á að kirkjuþing hefur frá upphafi mótmælt umræddri skerðingu á tekjum kirkjugarðanna, þá liggur það ekki fyrir hvernig görðunum verður bættur sá tekjumissir sem þeir verða fyrir við niðurfellingu aðstöðugjalda.

Kirkjuþing bendir einnig á að ekki liggur fyrir þinginu úttekt á ásigkomulagi prestssetranna og hver fjárþörf þeirra er í raun.

Kirkjuþing treystir hinu háa Alþingi til að athuga þessa þætti gaumgæfilega er það fær þetta mál til meðferðar."

„Með vísan til ofanritaðrar bókunar vil ég taka fram að engin úttekt hefur farið fram á því hvert gjaldþol kirkjugarðanna er og ekki hefur verið leitað umsagnar kirkjugarðastjórna um málið. Mig uggir að víða í hinum dreifðu byggðum landsins þoli kirkjugarðarnir ekki þá miklu skerðingu á tekjum sem nú er gert ráð fyrir að lögfesta til frambúðar. Þá er og ljóst að á næstu árum verða margir kirkjugarðar fyrir verulegum tekjumissi vegna niðurfellingar kirkjugarðsgjalda af aðstöðugjöldum. Á sama tíma eru lagðar auknar byrðar og skuldbindingar á kirkjugarðana, sbr. tilvitnuð lagaákvæði frá 4. maí sl. Ég hefði því talið æskilegt að fyrir lægi umsögn kirkjugarðastjórna (sóknarnefnda) ásamt úttekt á gjaldþoli kirkjugarða, einkum í hinum dreifðu byggðum landsins, áður en svo mikil skerðing kirkjugarðsgjalda er lögfest til frambúðar.

Þrátt fyrir þessa augljósu agnúa og litla kynningu tel ég kosti frumvarpanna mun meiri en ágallana. Kostirnir eru einkum fólgnir í stórauknu sjálfstæði og sjálfsforræði kirkjunnar. Ég mæli því með samþykkt frumvarpanna í þeirri mynd sem þau hafa verið lögð fram og fyrir þeim mælt. Ég geri athugasemd við umsögn fjármálaráðuneytisins varðandi prestssetrin og eignarréttarlega stöðu þeirra. Þá þarf að gaumgæfa hver verður lífeyrisréttarstaða þeirra sem ákvæði til bráðabirgða í frumvarpi til laga um kirkjumálasjóð taka til.

Téð frumvörp kynnti ég lauslega á héraðsfundi hinn 17. október sl. og urðu um þau nokkrar umræður. Almennt telja menn það góðan kost að prestssetrin falli undir stjórnsýslu kirkjunnar. Hitt er meira vafamál og óuppgert dæmi hvort það á alfarið að vera á kostnað kirkjugarðanna í landinu eins og mælt er fyrir um í frumvarpinu um kirkjumálasjóð.

Virðingarfyllst, Jón E. Einarsson prófastur."

Síðan er hér stutt umsögn frá Múlaprófastsdæmi sem er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Sem svar við símbréfi yðar frá 9. desember sl. varðandi frumvörp til laga um prestssetrasjóð og kirkjumálasjóð vil ég undirritaður taka fram eftirfarandi:

Það er jákvætt ef Alþingi vill efla sjálfstjórn kirkjunnar í hinum ýmsu málum. Hér eru hins vegar stór mál á ferðinni sem rétt er að skoða vel. Ég tel að fjárhæð sú sem þessir fyrirhuguðu sjóðir eiga að fá sé of lág. Enn fremur tel ég rangt að taka jafnmikið frá kirkjugörðunum eins og til stendur. Benda vil ég á í því sambandi að fámennar sóknir þurfa að lifa líka eins og hinar fjölmennu.

Í stuttu máli sagt er ég fylgjandi því að þjóðkirkjan fái í sínar hendur umsjá prestssetranna, svo fremi að þannig sé búið um hnútana að kirkjunni verði búin skilyrði til þess að geta sinnt því hlutverki svo vel sé og mætti það þá verða til eflingar kirkjulegs starfs í landinu.

Virðingarfyllst, Einar Þ. Þorsteinsson."

Síðasta fskj. er frá Austfjarðaprófastsdæmi. Ég ætla ekki að lesa það allt, aðeins fáeinar málsgreinar úr því og þær hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þann 9. desember sl. barst mér símbréf þar sem send voru til umsagnar frumvörp til laga um prestssetur og kirkjumálasjóð sem eru nú til umfjöllunar Alþingis.

Ég hef kynnst þessum frumvörpum á síðasta kirkjuþingi þar sem ég á sæti og finnst mér ánægjulegt að breytingartillögur kirkjuþings munu allar hafa verið teknar til greina. Aftur á móti finnst mér miður að bókun sem kirkjuþing samþykkti vegna frumvarpanna skuli ekki fylgja símbréfinu því það eiga ekki allir prófastar sæti á kirkjuþingi og það hefði verið stuðningur fyrir þá að hafa þessa bókun. Í því sambandi bendi ég á að „gerðir kirkjuþings" hafa ekki enn verið sendar út. Vona ég að allsherjarnefnd Alþingis hafi fengið þá bókun í hendur."

Síðar segir: „Í bókun kirkjuþings er dregið í efa þol kirkjugarðanna til að taka á móti þeirri varanlegu skerðingu á tekjum sem gert er ráð fyrir í lagafrumvörpum þessum og er mér alveg ljóst að litlar einingar í sveitum landsins og fámennum söfnuðum munu vart geta greitt eðlilega hirðingu og umsjón garðanna hvað þá meira (t.d. laun presta vegna útfara og grafatökukostnað).

Spyr ég því hvort einhver úttekt hafi farið fram á greiðslugetu kirkjugarða og hvort leitað hafi verið eftir áliti kirkjugarðsstjórna um mál þetta. Enn spyr ég um það hvernig bæta á kirkjugörðum upp niðurfellingu aðstöðugjalda."

Niðurlag álitsins er svo: „Þá finnst mér að endurskoðunarákvæði eftir fjögur ár ætti að vera í frumvarpinu um prestssetur svo sem er í frumvarpinu um

kirkjumálasjóð því að vafalaust koma einhverjir agnúar í ljós þegar farið verður að framfylgja lögunum, svo fremi að frumvörpin verði að lögum.

Héraðsfundir á Austurlandi voru haldnir í ágústlok og þá var þetta mál ekki komið á neitt kynningarstig og því ekki kynnt þar.

Aukið sjálfstæði kirkjunnar, sem verður við samþykkt þessara frumvarpa er að öllum líkindum henni til framdráttar og því mæli ég með því að þau nái að ganga fram en jafnframt að þessar fáu athugasemdir mínar verði teknar til athugunar.

Virðingarfyllst, Þorleifur Kjartan Kristmundsson prófastur."

Þessar umsagnir gefa spegilmynd af því hvað hér er um að ræða í þessum frumvörpum. Annars vegar er sú breyting að kirkjan fær forræði yfir preststsetrum og ber ábyrgð á umsjón og rekstri þeirra með prestunum og hins vegar er það niðurfelling hluta af kirkjugarðsgjaldi um rúmlega 20% sem veldur áhyggjum þeirra sem til málanna þekkja. Á þeim fundi þar sem var aðallega um þetta mál fjallað komu góðir gestir, eins og fram kemur í nál. meiri hlutans, og gáfu fróðlegar upplýsingar. Það var á það bent að að þeirra mati hafi kirkjujarðir aldrei farið úr eign kirkjunnar. Prestar fengu þær til ábúðar og allar tekjur af þeim. Þær tekjur stóðu undir eða voru kaup prestanna áður fyrr, allt fram til ársins 1907, þ.e. tekjur af ábúðarjörðunum og öðrum kirkjujörðum sem hverjum stað fylgdi.

Á þessu verður grundvallarbreyting 1907 að því leyti að þá voru laun presta jöfnuð. Það var tekið frá þeim jörðum sem hæstar tekjur höfðu og látið til þeirra presta sem voru á rýrum jörðum, þannig að launin voru jöfnuð. Síðan þegar staðan breyttist þannig að tekjur fóru lækkandi þá var bætt við launin úr landssjóði.

Það var svo aftur með lögum 1968 að ákvæðum um leigu presta á preststsetursjörðum var breytt. Að mati formanns Prestafélags Íslands, Geirs Waage, breytti það ekki réttarstöðu preststsetranna, þannig að þessu grundvallaratriði hefur að þeirra mati aldrei verið breytt og það kemur einnig fram í nefndaráliti frá svokallaðri kirkjueignanefnd sem sat að störfum á síðasta áratug og vann mikið verk að kanna eignastöðu kirkjujarða og kirkna og skilaði frá sér vönduðu áliti.

Það var vakin athygli á því að það væri sérstætt fyrir íslensku kirkjuna að prestum hennar væru greidd laun úr ríkissjóði, en ekki forstöðumönnum annarra safnaða, en það var bent á sem rökstuðning fyrir því af ráðuneytisstjóra dóms- og kirkjumrn. að ríkið fengi tekjur af kirkjueignum og þess vegna væri það því á allt annan veg farið heldur en með aðra söfnuði.

Þá kemur aftur að fjármálaþættinum. Í yfirliti sem fulltrúi frá dóms- og kirkjumrn. lagði fram á fundinum þá er sundurliðað hvaða verkefni það eru sem ætlast er til að kirkjan taki að sér, en þá munu væntanlega vera gerðar breytingar á fjárlagafrv. í samræmi við það, þó breytingartillögur um það hafi enn þá ekki komið fram. Þar eru tveir liðir sem algerlega falla niður í fjárlagagerðinni. Það eru liðurinn preststsetur, 53,6 millj., og Söngmálaskóli þjóðkirkjunnar og Tónskólinn, 15,6 millj., samtals 69,2 millj. kr. Síðan eru lækkaðar fjárgreiðslur til nokkurra annarra verkefna; starfsþjálfun guðfræðikandídata, kirkjuráð, kirkjuþing, prestastefna, ýmis verkefni og almennur rekstur vegna prestakalla og prófastsdæma og ráðgjöf í fjölskyldumálum. Samtals er þetta 21 millj. Síðan telur dóms- og kirkjumrn. að sparnaður þess af því að losna við umsjón þessara málefna sé 2,5 millj.

Þá er tíundaður annar sparnaður ráðuneytisins. Þar er stærsti liðurinn laun og ferðakostnaður byggingaeftirlitsmanns og einnig er það sama fyrir lögfræðing. Samtals eru þetta 2 millj. Þannig að þá sparast gjöld fyrir 94,7 millj., en síðan missir ríkið tekjur að upphæð 7 millj., sem eru leigutekjur af preststsetrunum. Lækkun útgjalda verður þá þegar það er dregið frá 87,7 millj. Þetta er það sem var dregið í efa í sumum umsögnunum að mundi nægja til þessara verkefna og það er auðvitað spurning hvort það sé ekki hætta á að það verði eitthvað dýrara, a.m.k. í upphafi að reka ýmsa þessa starfsemi sjálfstæða en það var meðan það féll inn í önnur verkefni ráðuneytisins.

En síðan er hitt aðalatriðið. Það er hvernig þær tekjur eru fengnar sem þarna eiga að koma. Það er með lækkun á kirkjugarðsgjöldum. Í 39. gr. laganna sem samþykkt voru á sl. vori er kveðið á um upphæð kirkjugarðsgjaldsins en samkvæmt frv. lækkar það mjög mikið, úr 174 kr. um rúmlega 20% eða niður í 139,88 kr. á einstakling á mánuði miðað við íbúafjölda. Þar við bætist svo aukinn kostnaður fyrir kirkjugarðana sem kveðið var á um í þessum nýju lögum frá síðasta vori. Í ákvæði seinni málsgreinar 10. gr. segir: „Kirkjugarðsstjórn sér um að láta taka allar grafir í garðinum, sér um árlegt viðhald legstaða og ber kostnað af prestsþjónustu vegna útfara."

Við fengum þær upplýsingar að þessi upphæð mundi væntanlega vera kringum 20 millj. kr. Það er vert að geta þess í því sambandi að hluti af því er greiðsla til presta fyrir útfararþjónustu, en það er rétt að geta þess að formaður Prestafélags Íslands sagði að prestar hefðu hug á því nú væntanlega í framhaldi af nýuppkveðnum kjaradómi að lækka þessar greiðslur fyrir aukaverk presta þar sem þau innheimtast ekki nema að hluta. Ef þau væru reiknuð til fulls, þá gætu þau numið um 50 millj. kr. en munu alls ekki vera meira en um 30 millj. kr. sem í reynd er greitt. Ef af slíkri lækkun verður, þá lækkar þessi útgjaldaliður að sjálfsögðu eitthvað en samt sem áður verður þarna um nokkurn bagga að ræða fyrir kirkjugarðana.

Í nefndinni var borin fram ábending um það sem kom fram í þessum umsögnum sem ég las upp áðan, að það vantaði úttekt á því hvernig kirkjugarðarnir stæðu eftir þessar breytingar. Það er rétt að taka það fram að sú skerðing sem þarna er gert ráð fyrir hefur verið nokkur síðustu ár og á yfirstandandi ári var skerðingunni ætlað að greiða þau verkefni sem hér er gert ráð fyrir að falli undir hinn nýja sjóð þannig að raunverulega er um það sama að ræða.

Í sambandi við það hvort þessar tekjur duga til þess að greiða kostnað við verkefnin, þá var okkur skýrt frá því að ætlunin væri að leita til byggingarfulltrúa í byggðarlögunum og leita eftir þeirra þjónustu þar sem

þeir væru nærtækari en eftirlitsmaður sem senda þyrfti héðan úr Reykjavík og jafnframt yrðu prestar og prófastar virkari eftirlitsmenn með þessum eignum þar sem þeirra væri nú orðin ábyrgðin í ríkari mæli en áður. Svo væri það ósk kirkjunnar að þetta verkefni mundi færast meira frá biskupi til vígslubiskupanna sem einnig eru þá nær vettvangi og er vissulega allt gott um það að segja.

Ég hef reynt að gera grein fyrir hvaða málefni þessi frumvörp fjalla um. Það er ljóst að þau eru ærið umfangsmikil og ég tel það rökstyðja og sýna glöggt hve óréttmætt er að ætla allshn. að afgreiða málið á svona skömmum tíma. Þar með er algerlega sniðgengin ósk kirkjuþings um að taka málið til ítarlegrar skoðunar við meðferð þess á Alþingi. En ég vil taka undir það, sem einnig kom fram í umsögnum og hjá gestum allshn., að hér er um mjög stórt mál að ræða fyrir þjóðkirkjuna og verður vonandi til þess að styrkja hana og efla í starfi. Því mun ég greiða atkvæði með frv. þó ég vilji einu sinni enn láta í ljós vonbrigði mín með að geta ekki sýnt kirkjunni þann sóma að verða við ítrekuðum óskum hennar um vandaða yfirferð hér á Alþingi.

[Fundarhlé. — 18:59]

[20:28]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þau frumvörp sem hér liggja fyrir eru hin merkustu hvað það snertir að hreyft er málum kirkjunnar. Áður en til þessarar frumvarpssmíðar kom hafði verið vinna í gangi til að athuga samskipti kirkju og ríkis í ein níu ár. Sú níu ára vinna er þó ekki komin á þann niðurstöðupunkt að þeir sem að henni stóðu hafi skilað svo óyggjandi niðurstöðu að þeir treysti sér til að segja hæstv. dómsmrh. hvað séu eignir kirkjunnar og hvað séu eignir ríkisins og hæstv. dómsmrh. gat þess í sinni framsöguræðu með frv. að það álitamál væri látið liggja. Með því að standa þannig að málinu skyldi nú engan undra þó að þeir sem hafa haft þetta mál til umfjöllunar í örfáa daga teldu að nokkuð skorti á að þeir hefðu haft möguleika til að kynna sér málið sem skyldi, enda er það svo að þeir sem sömdu frv. og lögðu það fyrir kirkjuþing höfðu vissulega stuðning kirkjuþings en kirkjuþing taldi rétt að það yrði skoðað vel í Alþingi. Venjan er sú að mál séu skoðuð í nefndum til fullnustu. Þegar sú vinna hefur farið fram fari málið inn til Alþingis í deildir eða eins og nú er til þess fundar sem hér er og umræðan geti verið nokkuð ljós. Svo er því miður ekki að þessu sinni.

Frv. um ákveðinn sjóð sem lagt er til að verði stofnaður hefur þann stóra annmarka að gert er ráð fyrir því að varanleg skerðing verði á kirkjugarðsgjöldum þrátt fyrir að engar upplýsingar liggi fyrir um afleiðingar þess tiltækis eða nokkur trygging sé fyrir því að samstaða náist um að bæta þar um síðar og sérstaklega eru kirkjugarðar dreifbýlisins til sveita þar í hættu, en einnig að sjálfsögðu á minni stöðum í þorpum og kaupstöðum. Mér finnst það mikill ljóður á þessu frv. að menn skuli tefla umhirðu kirkjugarðanna í tvísýnu í kappi sínu að koma á þessum sjóði.

Nú er það svo að þessi frumvörp tengjast mjög. Ég tel persónulega að það hafi verið mikið fljótræði að tengja þessi frumvörp við fjárlagagerðina og setja þannig aukna pressu á meiri hlutann að reyna að ná málinu út úr nefnd. Ég vísa til umsagnar Ríkisendurskoðunar sem var á þann veg að vegna tímaskorts hefðu þeir alls ekki haft tök á því að kynna sér þetta mál sem skyldi eða verið færir um að veita um það umsögn. Ég ákvað að láta ógert að flytja neinar breytingartillögur um kirkjumálasjóð þrátt fyrir óánægju mína með kirkjugarðsgjaldið vegna þess einfaldlega að þannig er að málinu staðið að að sjálfsögðu væri ég jafnófær um að gera þar skynsamlega tillögu um. Það væri nánast skot í myrkri að segja fyrir um hvað væri óhætt að gera varðandi stöðu kirkjugarðanna þar sem engin könnun liggur fyrir, engar heildstæðar upplýsingar eru um úttekt á ástandi þeirra eða heildstætt mat á fjárþörfinni. Aðeins blasir það við, sem er þó virkilega umhugsunarefni, að það er greinilega sameiginlegt álit þeirra sem eru utan af landinu og gagnrýna stöðu málsins að þeir telja að með þessum tillögum sé verið að stefna þessum kirkjugörðum í vanhirðu.

Hins vegar er það við frv. til laga um prestssetrin sem ég ásamt hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson flyt brtt. Ég hef hugsað mér að renna nokkuð grannt yfir það frv. vegna þess að þar er á margan hátt um stórmál að ræða þó að vinnubrögðin séu eins og ég gat um. Er þá rétt að víkja að 4. gr. fyrst. 4. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur, eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila, nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumrh. hafi heimilað þá ráðstöfun."

Það er út af fyrir sig engin skilgreining á því hver eigi að vera eigandi prestssetursjóðsins. Það liggur engin skilgreining fyrir á því hver sé eigandi kirkjumálasjóðsins. Væri ærið umhugsunarefni hvort ekki hefði verið hugsanlega rétt að hafa einhvern eiganda að þessu miðað við að menn hafa verið að leita dauðaleit að eigendum að heilu brunabótafélagi á undanförnum árum og sitt sýnst hverjum, hvort það væri ríkið, sveitarfélögin eða þeir sem hafa greitt iðgjaldið til Brunabótafélags Íslands, einstaklingarnir sjálfir. Ætli Jeltsín hefði ekki leyst þetta með því að senda öllum Rússum hlutabréf. Það er dálítið skrýtið miðað við einkavæðinguna hér á landi að ekki skuli vera tekið þannig á þessu máli að senda bara öllum hlutabréf í Brunabótafélaginu. Í staðinn hefur félagshyggjan tekið yfir og menn ákveðið að láta sveitarfélögin fá þetta til eignar þó það liggi ekkert fyrir um það að sveitarfélögin séu frekar eigendur. Þeim var aðeins falið að stjórna.

En þetta er útúrdúr sem á þó rétt á sér vegna þess að enn er siglt á þessi mið og sjóðir settir af stað af ríkinu. Og ef ekki er minnst á neinn eiganda sjóðsins, þá hlýtur maður að spyrja sig: Er þá ekki rökrétt að ríkið sé eigandi sjóðsins? Hver er eigandinn ef það er hvergi skilgreint?

En ráðherra varpaði því fram í upphafi að það væri engin afstaða tekin til þess hver væri eigandi eignanna sem sjóðurinn á að sjá um og vegna þess að engin af-

staða er tekin til þess verður að haga frv. á þann veg að hugsanleg skilgreining sé sú að ríkið sé eigandi eignanna. Ef hæstv. dómsmrh. hefði höggvið á þennan hnút í upphafi, þá hefði ekki þurft að haga skilgreiningunni á þann veg nema þá væri ákveðið að ríkið ætti þessar eignir. Annars hefði verið eðlilegt að kirkjan bæri ein ábyrgð á kaupum og sölu þessara eigna.

Vegna þeirrar óvissu sem hæstv. dómsmrh. hefur skapað með þessu blasir það við að við erum að fjalla um stjórnarskrárákvæði. Með leyfi forseta, vil ég lesa þá ágætu stjórnarskrárgrein, þ.e. 40. gr.:

„Engan skatt má á leggja né breyta né af taka nema með lögum. Ekki má heldur taka lán, er skuldbindi ríkið, né selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild."

Hér er vissulega veitt lagaheimild á einu bretti í 4. gr. til þess að selja öll prestssetur á Íslandi eins og þau leggja sig ef kirkjuþing og dómsmrh. telja það skynsamlegt. Þetta er óneitanlega víð lagaheimild. Einnig er þarna að finna inni heimild til að kaupa hús eða jarðnæði, nema hvort tveggja sé, ef kirkjuþing og dómsmrh. telur að það eigi að gera.

Það er bent á það af ríkislögmanni, sem er mjög greinargóður maður, að fordæmi fyrir mjög víðri heimild, sem ekki hefur verið hnekkt með dómi, hafi verið veitt í lögum frá 1968, lögum um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins. Það er óhjákvæmilegt þegar þetta er skoðað að fara örlítið yfir þau lög því þar er vikið að því hvað mátti selja og hvernig átti að standa að sölunni. Í þessu tilfelli er ekkert sagt um hvernig eigi að standa að sölunni. Það er aðeins tekið fram hvað mátti selja. Með leyfi hæstv. forseta hljóðar það svo:

„Lög um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

1. gr. Lög þessi taka til þess húsnæðis sem notað er til íbúðar fyrir starfsmenn ríkisins og ríkið á að einhverju eða öllu leyti.

2. gr. Það skal vera meginregla að ríkið leggi ekki starfsmönnum sínum til íbúðarhúsnæði nema því aðeins að þeir gegni störfum í þeim landshlutum þar sem sérstakir staðhættir gera slíkt nauðsynlegt. Þó skal heimilt að leggja til húsnæði þeim starfsmönnum sem vegna sérstakra gæslustarfa þurfa að búa á vinnustað.

3. gr. Hlutaðeigandi ráðherra ákveður í samráði við fjmrh. hvar ríkið skuli leggja starfsmönnum til íbúðarhúsnæði samkvæmt lögum þessum eftir þeim meginreglum um svæðaskiptingu er settar verða í reglugerð, sbr. 11. gr."

Hérna er hugsunin sú að setja í reglugerð ákvæði um það hvar á Íslandi ríkið hugsanlega leggi til húsnæði og hvar ekki. Og það er mjög mikilvægt að menn átti sig á þessu því að söluheimildin miðaðist við það svæði þar sem ríkið ætlaði ekki að leggja mönnum til húsnæði.

4. gr. hljóðar svo: „Óheimilt er að byggja eða kaupa nýtt íbúðarhúsnæði samkvæmt lögum þessum nema fé sé sérstaklega til þess veitt á fjárlögum og fyrir liggi samþykki hlutaðeigandi ráðherra um að í byggingu eða kaup skuli ráðist."

Þessi grein er óneitanlega þrengri en 4. gr. þeirrar heimildar sem við erum að fjalla um því að þar er ekkert ákvæði um það að sjóðurinn eigi fé þó hann kaupi. Það er ekkert sem segir að það eigi að borga eignirnar. Það er alveg eins hægt að hugsa sér að þær verði allar keyptar á skuldabréfi í upphafi.

Ef ég sleppi hér nokkrum greinum til flýtis og vík að þeim sem kveða sérstaklega að sölumálunum, þá hljóðar 9. gr. svo, með leyfi forseta:

„Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð er sett verður samkvæmt 11. gr., skal selja þegar í stað er núverandi leigutakar þess hverfa úr því eða láta af embætti. Heimilt er þó að fresta sölu ef slík frestun er bersýnilega hagkvæm fyrir ríkissjóð.

Sala fasteignarinnar skv. 1. mgr. þessarar greinar skal fara fram með þeim hætti að húsnæðið skal boðið til sölu með opinberri auglýsingu og tilgreindu lágmarksverði sem sé metið gangverð eða gangverð samkvæmt nýju fasteignamati þegar það tekur gildi. Samanburður verðtilboða eftir því hversu mikil er útborgun kaupverðs skal gerður eftir reglum sem ráðherra setur.

Húsnæðið skal síðan selt þeim sem best verð býður og hagkvæmust greiðslukjör fyrir ríkissjóð. Heimilt er embættismanni þeim er síðast hafði húsnæðið til afnota að ganga inn í hæsta verðtilboð."

Það verður að segjast eins og er að mikil er sú afturför í lagasmíði sem er á milli þessarar greinar og þeirrar sem er 4. gr. þess frv. sem ég er að fjalla um. Hér er með mjög skynsamlegum hætti sett fram hvaða húsnæði eigi að selja og hvernig eigi að standa að sölunni og hvernig eigi að meta verð kauptilboðanna. Allt er niðurnjörvað í lögum. Það eina sem er eftir sem er vissulega víð heimild er það hvaða svæði landsins teljist markaðssvæði og eðlilegt að salan nái yfir. Í upphafi var markaðssvæðið Stór-Reykjavíkursvæðið og Akureyri.

Þrátt fyrir þessi lög erum við með, og nú vil ég með leyfi forseta vekja athygli á því, í heimildargrein í frv. til fjárlaga til sölu eignir á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem ég veit ekki betur en séu íbúðarhúsnæði, að selja eignarhlut ríkisins í húseigninni Álfheimum 74, Reykjavík, sendur hér, með leyfi hæstv. forseta. Erum við ekki að selja íbúðarhúsæði? Að selja fasteignina Furugrund 44, Kópavogi. Enn, með leyfi hæstv. forseta, að selja fasteignina Brekkubyggð 91, Garðabæ. Við erum með heimildir í heimildagreinunum þar sem fjallað er um sölu á 4 hekturum lands.

Það er hægt að segja það alveg hreint út að það er dálítið ósamræmi í lagasmíð sem annars vegar gerir ráð fyrir því að kirkjuþing og ráðherra geti selt allar prestssetursjarðir, stóljarðir, Íslands án þess að tala við Alþingi Íslendinga. Engin fyrirmæli um hvernig eigi að standa að sölunni, hvernig eigi að verðleggja eða hvernig eigi að meta söluna og hins vegar þess sem stendur hér á bls. 238 í fjárlagafrv. að selja allt að 4 hektara úr jörðinni Löngumýri í Seyluhreppi, Skagafjarðarsýslu. (**Landbrh.:** Það þarf nú að gera það.) Og

hæstv. landbrh. segir: Það þarf nú að gera það. En nú vil ég varpa spurningu til hæstv. landbrh.: Af hverju aflar hæstv. landbrh. sér ekki á einu bretti heimild til að selja allt land sem ríkið á á Íslandi? Af hverju lætur hann setja sig niður á þann stall að hann þurfi að vera að glíma við beiðni upp á 4 hektara (**Landbrh.:** Af því að við eigum ekki meira á þessum stað.) þegar hæstv. dómsmrh. leggur bara landið allt undir sig? Að vísu lætur hann miðin eiga sig, en landið allt leggur hann undir sig. (**Landbrh.:** Skikinn er ekki stærri.) Skikinn er ekki stærri, segir hæstv. landbrh., og það er meira að segja svo að forseta þykir nóg um að hafa þennan ófrið í salnum.

En er það samræmi í vinnubrögðum að vera annars vegar að fást við það að selja 4 hektara lands og hins vegar að afhenda á einu bretti heimild til að selja öll prestssetrin á Íslandi ef mönnum sýnist svo? Mér finnst ekki mikið samræmi í þessari uppbyggingu á lagafrumvörpunum sem verið er að leggja fyrir þingið. Hefði nú ekki verið hugsanlegt að hafa þessa 4 hektara með í hinu frv.?

Hvað kemur til að svona er staðið að verki? Svona er staðið að verki vegna þess að 40. gr. stjórnarskrárinnar krefst þess. Það er staðið þannig að verki í fjárlögunum vegna þess að 40. gr. stjórnarskrárinnar krefst þess. Það er óheimit að selja þessa 4 hektara lands nema Alþingi Íslendinga samþykki það. En hin heimildin er svo rúm að þó vísað sé til laganna frá 1968 um íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins, þá hafa menn ekki talið þau lög hafa það fordæmisgildi á seinni árum að menn vilji notfæra sér það. Menn eru að selja íbúðarhúsnæði í Reykjavík með heimildargreinum í fjárlögunum. Þannig eru vinnubrögðin og ég ætla ekki að álasa hæstv. fjmrh. fyrir þau vinnubrögð. Mér finnst nefnilega að með því móti komi hann beint fram við þing og þjóð. Þetta er það sem hann er að óska eftir heimild til að selja.

Hví skyldi fyrir fram vera gert ráð fyrir því að þingið væri að leggjast gegn einhverjum áhuga kirkjuþings í þessum efnum? Ég tel ástæðulaust að gera ráð fyrir því og legg þess vegna til, herra forseti, brtt. sem er á þann veg að í stað orðanna „dóms- og kirkjumálaráðherra" komi: Alþingi. Þá mundi þessi grein hljóða svo, með leyfi forseta:

„Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur, eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema kirkjuþing og Alþingi hafi heimilað þá ráðstöfun."

Þannig mundi greinin hljóða. Og miðað við að í heimildargreinum fjárlaga erum við með heimildir allt niður í 4 hektara lands, þá er ekkert samræmi í lagasetningu sem hér er verið að leggja til. Ég er ekki að fullyrða það að þessi hugmynd, eins og hún er sett hérna fram, standist ekki stjórnarskrána. Það hefur einfaldlega ekki reynt á það og ég er ekki að fullyrða að þetta sé eitthvað sem ekki geti hugsanlega staðist. En ég vil minna á að Alþingi hefur veitt svo rúmar heimildir í skattamálum samkvæmt þessari sömu grein að tveir sitjandi alþingismenn hafa fengið á sig dóma fyrir það að Alþingi Íslendinga framseldi skattlagningarheimild víðar en talið var að stæðist samkvæmt stjórnarskránni og Hæstiréttur kvað upp dóma yfir þeim þáverandi ráðherrum vors lands sem notfærðu sér þær heimildir. Menn geta flett upp í dómum Hæstaréttar til að kynna sér þetta. Og það var ekki svo lítil bótaskylda sem lenti á ríkissjóði út af öðru málinu.

Ég vil, með leyfi forseta, víkja næst að 5. gr. frv. Sú grein var á þann veg að ég treysti mér ekki til að koma með brtt. við hana miðað við þann tíma sem ég hafði en það má segja um hana að hún er svo opin að undrun vekur. 5. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Prestum ber að gjalda prestssetrasjóði leigu fyrir prestssetur. Sjóðstjórn ákveður leigukjör, þar með talið leigugjald, og gerir leigusamninga við presta um prestssetur. Ákvæði húsaleigulaga og ábúðarlaga taka til réttarsambands aðila eftir því sem við getur átt."

Hvað skyldi liggja á bak við setninguna „eftir því sem við getur átt"? Það verður varla skilið á annan veg en þann að ef leigður er prestsbústaður í kaupstað þá gilda húsaleigulögin, en ef leigð er jörð í sveit þá eru það ábúðarlögin. Ég hygg að það sé fróðlegt að lesa skýringarnar. Þær eru svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagt er til að lögfest verði ein heildarregla um skyldu presta á prestssetrum til að inna af hendi endurgjald fyrir umráð og afnot sín af prestssetrum. Sjóðstjórn er ætlað að ákvarða fjárhæð leigugjalds og móta nánari reglur um leigugjald að öðru leyti."

Það er rétt að taka það fram að prestssetur er skilgreint á tvo vegu í 1. gr. frv. Annars vegar prestssetursjörð og hins vegar sem prestsbústaður. Minn skilningur á 5. gr. er þess vegna á þann veg að ákvæði húsaleigulaga eigi að snúa að íbúðarhúsnæðinu, prestsbústaðnum, en ákvæði ábúðarlaganna eigi að taka til prestssetursjarðarinnar.

Nú eru ábúðarlögin mjög viðamikill lagabálkur. Ábúðarlögin voru á sínum tíma sett til þess að tryggja búsetu í sveit á jörðum sem einstaklingar e.t.v. höfðu ekki áhuga á að leigja en var talið óeðlilegt að væri haldið í eyði. Ábúðarlögin voru mjög framleiðsluhvetjandi. Ákvæði ábúðarlaganna voru mjög framleiðsluhvetjandi í landbúnaði ef það er skoðað. Það held ég að við getum öll, sem erum hér inni, verið sammála um að það sé hæpið að líta svo á að við höfum þörf fyrir mjög framleiðsluhvetjandi aðgerðir í landbúnaði þessa stundina. Ég vil vekja athygli á því að samkvæmt ábúðarlögunum átti annars vegar að leigja mönnum jarðir tímabundið eða til lífstíðar. Ég lít svo á að ekki sé hægt að telja að leigan á prestssetursjörðunum geti verið lífstíðarleiga. Ég held að það gangi ekki upp að líta þannig á. Ég held að það hljóti að verða að líta þannig á að þar sé um tímabundna leigu að ræða jafnvel þó sá tími sé ekki inni í samningnum þegar presturinn tekur jörðina á leigu heldur takmarkist hann af því hvenær hann af fúsum og frjálsum vilja hyggst hætta þar búskap af þeirri ástæðu að hann lætur af störfum sem sóknarprestur í viðkomandi sókn. Ef þau ákvæði eiga að gilda að um tímabundna leigu sé að ræða, þá er rétt að meta það hver sé réttarstaða sóknarprestsins þegar hann sest á jörðina. Réttarstaða sóknarprestsins þegar hann sest á jörðina undir þeim

kringumstæðum ætti þá að vera sú sama og hún er *samkvæmt ábúðarlögunum ef trúa má 5. gr.* Með leyfi forseta vil ég lesa 11. gr. sem hljóðar svo:

„Jörð sem leigð er til ákveðins tímabils er landsdrottni skylt að láta íbúðarhús og peningshús í nothæfu ástandi fylgja, hvort tveggja að dómi úttektarmanna.

Vítalaust er landsdrottni ef íbúðarhús er fullnægjandi fyrir meðalfjölskyldu og þá vinnuhjálp sem ætla má að þurfi til þess að jörð verði nytjuð með venjulegum hætti og peningshús fylgja fyrir ¾" og taki menn nú eftir „fyrir ¾ hluta þess bústofns sem úttektarmenn meta að jörðin geti borið miðað við ástand hennar þegar ábúandi tekur við ábúðinni.

Nú er ekki fyrir hendi hinn tilskildi húsakostur er viðtaka fer fram og skal þá í byggingarbréfi ákveðinn sá frestur er landsdrottinn hefur til þess að úr sé bætt og tilgreint með hvaða hætti það skuli gert. Húsakostur telst ekki leigufær án umbóta ef ekki má ætla að hann með eðlilegu viðhaldi sé nothæfur í 10 ár.

Undanþeginn þessari húsaskyldu er landsdrottinn um þær jarðir sem vegna kostarýrðar, skorts á ræktunarskilyrðum eða annarri aðstöðu til búrekstrar verða ekki taldar búhæfar að mati jarðanefndar, svo og jarðir innan takmarka kaupstaða, sjávar- og sveitaþorpa er rétt þykir að dómi landbrn. að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands að skipta niður í ræktunarlóðir."

Nú skulum við taka eitt einfalt dæmi. Við skulum hugsa okkur að ágætur þingmaður, séra Gunnlaugur...

(**Forseti** (SalÞ): Háttvirtur.)

Hv., ekki skal það efað eða því gleymt, hefði ekki verið búinn að fá Heydali, hann hefði sótt um Heydali nú og fengið Heydali. (**HG:** Eydali.) Heydali. (**HG:** Eydali.) Heydali, og að úttektarmenn þar eystra hefðu komist að þeirri niðurstöðu að íbúðarhús væri fullnægjandi en hann sem glöggur maður og gegn hefði bent þeim á að hann ætti rétt samkvæmt jarðalögum, jörðin teldist ekki kostarýr, það yrði að líta svo á að þarna væri hægt að stunda búskap, þá ætti hann rétt á því að það yrði húsakostur fyrir ¾ af þeim bústofni sem jörðin bæri. Þá hefði orðið að kalla til trúlega landnýtingarráðunaut Búnaðarfélags Íslands til að upplýsa það hve margar ær þessi jörð gæti borið. (**Gripið fram í:** En æðarkollur?) Sleppum nú æðarkollunum því að varla er nú krafa um að byggt verði yfir þær, en höldum okkur við staðreyndir. Segjum að landnýtingarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefði nú metið landkosti þessarar jarðar og komist að þeirri niðurstöðu að hér væri um verðugt höfuðból að ræða sem ég trúi að sé og sagt að hún bæri 800 fjár. Ég vel nú 800 af því að það er mjög auðvelt reikningsdæmi. Hvað skyldu þá ¾ vera mikið? Það getur varla vafist fyrir nokkrum að átta sig á því. Það er þó fjárhús fyrir 600 fjár ásamt hlöðu sem prestssetursjóður hefði orðið að byggja á jörðinni og nú sé ég að jafnvel hæstv. landbrh. er aldeilis hlessa, því að honum bregður í brún að heyra hve framleiðsluhvetjandi þetta gæti orðið. (**Landbrh.:** Er þetta Rauðasandsáætlun, sem þú ert að lýsa?) Auðvitað gæti maður látið sér detta það í hug að þar sem ekki væri kvóti á jörðinni, þá stæðist þetta ekki. En nú er þetta ákaflega einfalt. Það var ekkert til um kvóta þegar ábúðarlögin voru samþykkt og þess vegna hefði verðandi sóknarprestur, í þessu tilfelli hv. þm. séra Gunnlaugur Stefánsson, einfaldlega getað sagt: Ég ætla að kaupa mér kvóta fyrir 600 fjár og þið skuluð byggja. (**Gripið fram í:** Hann er meiri hestamaður.) Og ef þeir hefðu ekki orðið við tilmælunum, þá var sjóðurinn orðinn skaðabótaskyldur að lögum. Er það þetta sem menn telja að sé skynsamlegt að samþykkja? Þetta er nákvæmlega það sem hér stendur. Það er búið að ganga frá þessum texta í 5. gr. á svo opinn hátt að öll ábúðarlögin gilda. Og ég verð að segja að þetta er stærsta framlag Alþfl. sem ég hef nokkurn tíma orðið vitni að, að hann er stuðningsmaður að uppbyggingu á fjárhúsum og fjósum í landinu ef verðandi prestum þessa lands skyldi hugkvæmast að lesa ábúðarlögin og krefjast þess að farið væri eftir þeim. (**Umhvrh.:** Er þingmaðurinn á móti prestum og kirkjunni?) Nú er það svo að hæstv. umhvrh. er hálfur með hugann í Bretlandi og þess ekki að vænta að hann fylgist grannt með því sem er til umræðu hér í þingsölum og að sjálfsögðu fyrirgefst honum margt undir slíkum kringumstæðum. En það breytir ekki því að lagatexti sem er svona opinn eins og 5. gr. í þessu frv. er lagatexti sem hv. Alþingi getur ekki verið þekkt fyrir að samþykkja nema mönnum sé þá hjartanlega saman um það hvað þeir eru að samþykkja.

Ég ætla að lesa hér einnig, með leyfi hæstv. forseta, það ákvæði sem snýr að jarðabótunum. Það fer ekki á milli mála að það er gert ráð fyrir því að sóknarprestur, sem yfirgefur sitt prestssetur, eigi rétt á því að fá jörðina tekna út og að sjálfsögðu á hann að eiga þann rétt. Allt annað væri óeðlilegt. En hvað segir þá um jarðabæturnar samkvæmt ábúðarlögunum? Það er 13. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Ef leiguliði vill gera meiri háttar jarðarbætur skal hann leita samkomulags og samþykkis landsdrottins og fara fram á að hann láti gera jarðarbæturnar á sinn kostnað og hækki þá eftirgjald jarðarinnar sem svarar vöxtum Stofnlánadeildar landbúnaðarins."

Jarðardrottinn í þessu tilfelli væri óneitanlega ákveðinn sjóður, þ.e. prestssetrasjóðurinn. Ég les áfram með, leyfi hæstv. forseta:

„Ef landsdrottinn vill ekki gera jarðarbótina á sinn kostnað," þ.e. ef prestssetursjóðurinn neitar, „en hún er samkvæmt skriflegu áliti hlutaðeigandi héraðsráðunautar álitleg til að gefa góðan arð" — út frá sjónarhóli leigjandans að sjálfsögðu — „er leiguliða heimilt að framkvæma verkið."

Þetta er það sem Alþfl. (**Gripið fram í:** Og umhvrh.) undir nákvæmu eftirliti hæstv. umhvrh. sem situr nú og hlustar og er kominn með hugann heim þessa stundina er að leggja til. (**Umhvrh.:** Er nokkuð að þessu?) Það er sko ekki mikið að þessu fyrir þá sem eiga nóg af peningum, það tek ég undir með hæstv. umhvrh. Það er sko ekki mikið að því. Og ég veit ekki hvort það er ekki skynsamlegt líka að lesa 12. gr. fyrir hæstv. umhvrh. af því að 12. gr. ábúðarlaganna fjallar um byggingar á jörðunum og mundi í þessu tilfelli taka til þeirra sem núna eru búendur á jörðunum ef

þeir vilja sækja það mál undir þeim rétti að það séu ábúðarlögin sem gilda. 12. gr. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar endurreisa þarf jarðarhús eða auka við þau hefur landsdrottinn rétt til að ákveða að hann sjálfur kosti alla endurbyggingu á jörðinni. Hann ræður þá byggingarfyrirkomulagi. Landsdrottni er þá heimilt að endurbyggingu fullgerðri að hækka landskuld. Náist ekki samkomulag skal jarðanefnd meta hverju sú hækkun nemur. Við matið skal þess gætt að landskuldarhækkun ber aðeins að reikna af húsakosti sem er við hæfi jarðarinnar og miðast að því er tekur til peningshúsa við þann bústofn sem jörðin ber og íbúðarhús með hliðsjón af búsþörfum."

Hér er ekki lengur talað um ¾ heldur þann bústofn sem jörðin ber þannig að samkvæmt þessu væri hægt að fara í 800 fjár en ekki 600 ef jörðin bæri þann bústofn miðað við það dæmi sem ég tók hér að framan. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa áfram:

„Nú leggur landsdrottinn að ósk leiguliða fram fé til umbóta á jörð sinni og skal þá landskuld hækka þannig að af framlaginu greiðist sömu vextir og af lánum hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins á hverjum tíma.

Nú vill leiguliði auka húsakost ábúðarjarðar sinnar og hans telst þörf að mati viðkomandi héraðsráðunautar og byggingafulltrúa, en landsdrottinn vill ekki kosta auknar byggingaframkvæmdir. Leiguliða er þá heimilt að byggja eftir að hafa sannanlega tilkynnt landsdrottni, enda sé gerð bygginga og fyrirkomulag samþykkt af byggingafulltrúum viðkomandi héraðs og jarðanefnd."

Þetta þýðir það að ef prestsseturssjóður væri með eitthvert múður og neitaði að byggja fjárhúsið upp á 800 fjár þá þarf viðkomandi aðili að senda ábyrgðarbréf suður í dóms- og kirkjumálaráðuneytið og til Jarðasjóðsins, stjórnar eða forstöðumanns prestssetursjóðsins, þar sem það komi fram að héraðsráðunautur og byggingafulltrúi hafi samþykkt að farið skuli í þessar byggingar og þá verður prestsseturssjóður vesgú að borga. Og þetta er landbúnaðarstefnan sem hæstv. Össur Skarphéðinsson, ráðherra umhverfismála, er að leggja til. (**Umhvrh.:** Og er stoltur af.) Og er stoltur af. Og segi menn nú svo að þessi hæstv. ráðherra beri ekki taugar til landbúnaðarins og prestanna þó að deila megi um það á hvorum ástin sé meiri. En, með leyfi forseta, eftir að hafa lesið saman 5. gr. frv. og ábúðarlögin gafst ég upp við að gera brtt. hvað þetta snertir. Mér var alls ekki ljóst hvaða hugsun lá á bak við frv. Var hugsunin sú að bjarga sveltandi fólki í Afríku og hefja mikla framleiðslu eða höfðu þeir sem sömdu þetta frv. ekki ígrundað það á nokkurn hátt að ábúðarlögin eru í reynd framleiðsluhvetjandi eins og andrúmsloft þess tíma var, en í dag er búið að snúa við blaðinu og setja í allt öðrum lögum reglur sem eru framleiðsluletjandi? Niðurstaðan af þessu er sú að það er verið að hvetja mjög til þess að sá lagabálkur sem er framleiðsluhvetjandi skuli halda velli í ákvarðanatöku um alla uppbyggingu á prestssetrunum ef til prestsskapar veljast menn sem hafa áhuga og dug til þess að ráðast í það að byggja þessi prestssetur upp af miklum myndarskap. Ég hefði talið skynsamlegt að fara ögn hægar í þessa uppbyggingu en frv. gerir ráð fyrir þó að ég geti vel hugsað mér það í framtíðinni að prestssetrin séu með myndarlegan búskap ef prestarnir telja að það sé æskilegt að standa í slíku.

Ég hyggst, með leyfi forseta, víkja frá þessum ábúðarlögum þó að hér sé mjög margt fróðlegt að finna, enda greinarnar ekkert smáræði að fjölda til. Og það er kannski aðeins ein grein enn sem væri rétt að lesa upp og það eru viðurlögin ef menn ekki hlýða. Það er 45. gr. sem hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vanræki jarðeigandi skyldur sínar samkvæmt 2.–3. gr., 1. mgr. 4. gr. laga þessara varðar það brot hans sektum. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal fara að hætti opinberra mála."

Ég held að það sé full ástæða til þess fyrir þingið að skoða þetta mál í meiri rósemi en hér hefur verið, leyfa nefndarmönnum að fara yfir þetta mál með þeim hraða sem þeirra hæfileikar leyfa, leggja þá vinnu sem þarf í frv. að mati þeirra sem eru kannski mest hægfara í því að skilja frv. og tefja þannig aðeins 9 menn við vinnu í staðinn fyrir að demba því inn í þingsalinn þar sem 63 eiga að sitja að störfum. Auðvitað hafa menn misjafnar skoðanir á því hvernig eigi að standa að þessu, en ég tel það mjög alvarlegt að nefndarstörf þingsins séu vanvirt með þeim hætti að hraða málum jafnmikið og gert var í þessu sambandi.

Við næstu grein frv., 6. gr., er ég með brtt. en 6. gr. fjallar um það hvað prestssetrasjóðurinn kostar, hvað hann greiðir. Það er rétt að lesa upp 6. gr. þannig að mönnum sé ljóst samhengið í henni en verkefni prestssetrasjóðs eru eftirtalin, með leyfi hæstv. forseta:

1. Nýbygging prestssetra.
2. Kaup og sala prestssetra.
3. Viðhald prestssetra.
4. Eignakaup á prestssetursjörðum við ábúðarlok prests ef því er að skipta.
5. Lögboðnar vátryggingar prestssetra.
6. Fasteignagjöld prestssetra.
7. Annar rekstur prestssetra sem greiðist ekki af presti.
8. Rekstur sjóðsins.

Mér er út af fyrir sig ekki ljóst hvað liggur á bak við 7. tölul., annan rekstur prestssetra sem ekki greiðist af presti, en það er við 5. og 6. tölul. sem ég flyt breytingu ásamt hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson og þar er lagt til að þannig verði staðið að málum að 5. tölul. hljóði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lögboðnar vátryggingar prestssetra ef prestur situr ekki staðinn."

6. tölul. hljóði svo: „Fasteignagjöld prestssetra ef prestur situr ekki staðinn."

Ef þetta er tekið inn þá er gert ráð fyrir því að sóknarprestur, t.d. á Reynivöllum í Kjós, greiði fasteignagjöld Reynivalla og hann greiði brunabótagjald af húsum, bæði íbúðarhúsnæði og öðrum útihúsum.

Nú er það svo að sumar jarðir eru miklar hlunnindajarðir, gefa miklar tekjur hvort heldur það er fyrir laxveiði eða fyrir dún eða eitthvað annað. Er nokkuð óeðlilegt að sá sem leigir slíkar jarðir greiði fast-

eignagjöldin og brunabótaiðgjöldin af jörðinni? Það er meginreglan í öllum leigusamningum ábúðarlaga að þannig skuli staðið að verki, að leiguliðinn greiðir fasteignagjöldin og brunatrygginguna. En sumir virðast líta svo á að það eigi að taka peningana til þess að greiða þetta af skattpeningi í landinu, það eigi að skattleggja fólk hvort heldur það er í Reykjavík eða annars staðar á landinu til þess að borga fasteignagjöldin og brunatrygginguna, t.d. af hlunnindajörðum eins og Reynivöllum í Kjós. Að mínu viti nær þetta ekki nokkurri átt. Það var staðið þannig að þessu að leigutekjurnar af prestssetrunum voru notaðar til þess að greiða þessi gjöld en nú á ekki lengur að nota leigutekjurnar til þess að greiða þau heldur á að nota skatttekjur af íslenskri þjóð. Það á að nota skatttekjur hvort heldur það er verkamanns eða verkfræðings, læknis eða kaupmanns til þess að greiða fasteignagjöldin af Reynivöllum í Kjós og brunatryggingargjaldið. Það er þá ekki mikill hagur að hafa slíka jörð undir höndum ef menn telja að það sé ekki þess virði að borga þessi gjöld fyrir jörðina. Og þetta styður hæstv. viðskrh. Það væri fróðlegt að heyra hvernig hæstv. viðskrh. útskýrir það fyrir kjósendum Alþfl. að það sé ekki um annað að ræða en að greiða þessi gjöld fyrir sóknarprestinn á Reynivöllum í Kjós. Ég held að það væri fróðlegt ef hæstv. viðskrh. fengi það þá upp hjá hæstv. dómsmrh. hverjar laxveiðitekjurnar eru af umræddri jörð og gæfi það upp hver skýringin er, að það er verið að gera þessa kröfu. Ég tel að þetta sé ekki boðlegt, hreint út sagt, þetta sé ekki boðlegt.

Þetta hefur ekkert að gera með það hver heildarkostnaður gæti orðið af leigu hjá hinum ýmsu prestum því að sjálfsögðu er það svo að þó að þeir greiði fasteignagjöldin og brunabótaiðgjaldið, þá er eftir að semja um leiguna og það er þá eftir að hafa hana lægri þar sem jarðirnar eru ekki það kostamiklar að það sé talið eðlilegt að hafa leiguna meiri en sem þessu nemur. En það hlýtur að vera óeðlilegt svo að ekki sé meira sagt að líta á það að menn séu að sækjast eftir brauðum á kostamiklum prestssetrum ef það er talinn óðagengilegur kostur að þeir aðilar, sem sitji slíkar jarðir eins og Reynivelli í Kjós, borgi fasteignagjaldið og brunabótaiðgjaldið.

Það er verið að bjóða upp húsnæði fyrir fjölda manns í þessu landi vegna þess að þeir eru ekki menn til að greiða sína skatta og skyldur, eiga einfaldlega ekki fjármuni til þess og tapa öllu sínu. Það hlýtur að vera eðlilegt að spyrja fulltrúa jafnaðarmanna að því: Telja þeir að þetta sé eðlileg lagasetning? Telja þeir að þetta sé eðlileg lagasetning sem hér er verið að leggja til? (**StG:** Hverjir eru fulltrúar jafnaðarmanna?) Það er nú vel skipað eins og fyrri daginn í þessum þingsal af fulltrúum jafnaðarmanna, því að það er hvorki meira né minna en sjálfur hæstv. viðskrh. og iðnrh. sem situr í salnum. (**StG:** Er hann það?) Og ég vil bæta því við, ég hef enga ástæðu til að efa það að allir ráðherrar Alþfl. hafi setið þann ríkisstjórnarfund, þar á meðal hæstv. félmrh. og hæstv. umhvrh. að ógleymdum hæstv. utanrrh. sem e.t.v. hefur ekki brotið heilann mikið um þetta lagafrv.

En það hlýtur að vera spurning: Hvar er jafnaðarhugsunin ef menn telja að það þurfi að borga með jörðum eins og Reynivöllum í Kjós? Ég vil segja það hér og nú að með því að vekja athygli á þessu er ég að sjálfsögðu ekki að vega að þeim ágæta sóknarpresti sem þar situr. Hann samdi ekki þetta frv. Hann situr ekki í ríkisstjórn Íslands. Hann situr vafalaust kirkjuþing. Það er allt annað mál. En þeir sem eru kosnir til að stjórna þessu landi og setja landinu lög, þeir verða að setja slík lög út frá almannaheill, út frá þeim viðhorfum hvað er eðlilegt gagnvart alþýðu manna í þessu landi. Þeir eru ekki kosnir til þess að líta þetta neitt öðrum augum og það gengur einfaldlega ekki á okkar tímum að halda því fram að það eigi að borga með því að fá slíkt jarðnæði til afnota eins og ég hef verið að víkja að. Það getur vel verið að stjórnarsinnar telji betra að fá ræðu eins og þessa yfir sig heldur en að hlusta á rök úti í nefnd þegar farið er yfir þetta mál. Það getur vel verið að þeir telji það betra, en það er eftir þessi umræða og sú næsta líka ef menn vilja halda áfram að berja höfðinu við steininn.

Í 10. gr. þessa frv. eru ákvæði sem vafalaust hafa þótt eðlileg í sinni samtíð og ég veit að ríkislögmaður telur að standist stjórnarskrána þó að ég hafi verið með vissar efasemdir um að svo væri vegna þess að það er grundvallaratriði í okkar landi að annars vegar er virt trúfrelsi og hins vegar jafnræði á milli trúarbragða. En í þessari 10. gr. er það ákvæði sett inn áfram sem ég tel að ekki sé eðlilegt að verði endurnýjað miðað við þau viðhorf sem almennt ríkja í þjóðfélaginu í dag til jafnréttis og trúfrelsis. Þetta áform er svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans ef um lögboðið prestssetur er að ræða."

Með leyfi hæstv. forseta leggjum við til, hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson og ég, að orðið „ókeypis" falli brott. Þarna standi aðeins að það sé skylt að leggja til lóð undir íbúðarhúsnæði o.s.frv. Hugsunin á bak við þetta er einfaldlega sú að það er ekkert vandamál hjá ríkinu að verja sína þjóðkirkju á þann hátt að hún hafi fjármuni til þess að kaupa lóð eða borga eðlilega leigu fyrir lóð undir íbúðarhús eða borga ákveðið gatnagerðargjald af slíku húsi, en það gæti orðið spauglaust grín þó ekki yrði meira sagt ef allt það fjölskrúðuga mynstur af trúfélögum sem er til í þessu landi ætti að hafa þann rétt að geta labbað inn á bæjarskrifstofur og sagt: Ég á rétt á ókeypis lóð undir íbúðarhús fyrir þann sem þjónar okkar söfnuði. Það hefur einfaldlega ekki reynt á fyrir Hæstarétti Íslands hvar mörkin eru. Það tapaðist mál í undirrétti þar sem ákveðinn aðili sótti það að hann væri ekki skyldugur að borga til ríkisins á þeirri forsendu að ríkið hafði verið að greiða beint til kirkjubyggingar en þetta atriði hefur aldrei farið fyrir dóm. Er jafnræði á milli trúarbragða eins og kveðið er á um ef þjóðkirkjan hefur þetta en aðrir ekki? Mér finnst að rétt sé að gera sér grein fyrir því að við höfum stöðugt verið að þrengja túlkunina varðandi jafnræðið og þrengja túlkunina varðandi trúfrelsið.

Það er nú einu sinni svo að þær fréttir berast frá Norðurlöndum að múhameðstrúarmenn krefjist þess að fá þar húsnæði fyrir sína starfsemi. Gott og vel. Það er trúfrelsi. Það getur enginn mótmælt slíku. Er hægt að leggja þá kvöð á lítið sveitarfélag að það veiti ókeypis lóðir undir öll trúfélögin sem til eru í landinu ef þeim dytti það í hug að óska eftir slíku og mál mundu vinnast út frá jafnréttissjónarmiði?

Það er nú svo að við höfum Hvítasunnusöfnuð, við höfum Votta Jehóva, við höfum náttúrlega kaþólsku kirkjuna og svo mætti halda áfram upp að telja. Ég held að það sé ástæðulaust að vera að storka minnihlutahópum þjóðfélagsins sem eru aðilar að þessum söfnuðum með því að lögfesta nú að þjóðkirkjan skuli hafa þennan rétt en aðrir ekki og ég er stuðningsmaður íslensku þjóðkirkjunnar. En ég er ekki stuðningsmaður þess að halda því fram annars vegar að það eigi að vera trúfrelsi í landinu og hafa hins vegar staðið að setningu jafnræðisstjórnsýslulaga sem kveða á um jafnræði milli þegnanna og segja svo við söfnuð hvort sem það væri Hvítasunnusöfnuður eða aðrir: Þið eigið að borga fyrir lóðina undir íbúðarhús ykkar þjóns en þjóðkirkjan á að fá lóðina ókeypis. Mér fyndist að með því móti væri ég að bregðast því trausti sem mér er trúað fyrir að vinna að lagasetningu á þann hátt að jafnræði þegnanna sé virt.

Samkvæmt 62. gr. stjórnarskrárinnar, með leyfi hæstv. forseta, þá hljóðar texti hennar svo:

„Hin evangeliska lúterska kirkja skal vera þjóðkirkja á Íslandi og skal ríkisvaldið að því leyti styðja hana og vernda.“ Það stendur hvergi mismuna heldur styðja og vernda.

„Breyta má þessu með lögum.

63. gr. Landsmenn eiga rétt á að stofna félög til að þjóna guði með þeim hætti sem best á við sannfæringu hvers eins; þó má ekki kenna eða fremja neitt sem er gagnstætt góðu siðferði og allsherjarreglu.

64. gr. Enginn má neins í missa af borgaralegum og þjóðlegum réttindum fyrir sakir trúarbragða sinna, né heldur má nokkur fyrir þá sök skorast undan almennri félagsskyldu.

Enginn er skyldur til að inna af hendi persónuleg gjöld til neinnar annarrar guðsdýrkunar en þeirrar er hann sjálfur aðhyllist.“

Segjum nú svo að sveitarfélag hafi verið að enda við að kaupa land undir skipulag þar sem ákveðið hafi verið að byggja íbúðarhúsnæði. Landið sé greitt að sjálfsögðu með skatttekjum viðkomandi sveitarfélags. Það er þó umhugsunarefni hvort sá sem er múhameðstrúarmaður t.d. eða við skulum bara fara nær og segja að hann styðji Votta Jehóva, þeir eru þó algengari hér á landi í dag en múhameðstrúarmenn — getur slíkur maður sagt með sanni: Ég er ekki skyldugur til að greiða mitt útsvar til sveitarfélagsins þar sem þið eruð að verja tekjunum til þess að láta þjóðkirkjuna fá ókeypis lóð fyrir sóknarprestinn.

Er nú ekki skynsamlegra að hafa það skilyrði eitt að það eigi að sjá til þess að sjálfsögðu að umræddur sóknarprestur eða réttara sagt söfnuðurinn fái lóð fyrir sinn sóknarprest þó að þetta ókeypis-ákvæði fari út? Það er ekkert sambærilegt að vísa til þeirra kvaða að þetta gildi um byggingu á heilsugæslustöðvum eða skólum þar sem allir hverrar trúar sem þeir eru eiga að njóta þjónustu. Við erum í reynd með svona lagasetningu að storka minnihlutahópum í íslensku þjóðfélagi.

Herra forseti. Ég tel ekki nauðsyn að sinni að ræða þetta frekar. En með því er ég alls ekki að segja að þessi tvö frumvörp séu fullrædd efnislega eða uppsetningarlega af minni hálfu. Ég lít t.d. þannig á að ef talað er um ákvæði til bráðabirgða í frv. þá eigi það aðeins að gilda til bráðabirgða en ekki hitt að í reynd séu þar efnislegar ákvarðanir sem eigi að gilda um óákveðinn tíma eða jafnlengi og lögin eru í gildi. Uppsetningin finnst mér að því leyti t.d. vera kaos varðandi þann sjóð sem talað er um að stofna. Ég er aftur á móti sammála hæstv. dómsmrh. í þeirri hugsun að það er jákvætt að vinna að því að það verði skýrari línur á milli ríkis og kirkju. Og hvers vegna er þá verið að stilla þingheimi upp á þann hátt sem hér er gert? Hvers vegna er ekki hægt að aðgreina frv. eins og þetta fjárlagavinnunni, frá önnunum fyrir jól sem allir vita um þannig að hægt sé að fara yfir það með þeim hætti að menn geti sáttir afgreitt málið án þess að það þurfi að standa hér að athugasemdum með þeim hætti sem ég hef talið mig knúinn til að gera hér í kvöld?

Útbýting þingskjals:

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., 103. mál, nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 428.

[21:42]

Kristín Einarsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Eins og þingmönnum er kunnugt er 13. mál á dagskrá þessa fundar viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield. Þetta mál er mjög brýnt að mínu mati, eins og reyndar flest þau mál sem eru á dagskrá, ég er ekki að draga úr því hve brýn þau eru, en einmitt þetta mál er þess eðlis að það liggur á að Alþingi samþykki þessa ályktunartillögu í dag. Þetta varðar mál sem er brennandi í dag, ekki síst í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur tekið ákveðin skref í þessu máli, sem þáltill. fjallar um, og ákveðið að kalla breska sendiherrann á sinn fund á morgun. Ég hefði því talið eðlilegt að þessi ályktun Alþingis, ef samþykkt yrði, yrði afhent breska sendiherranum við sama tækifæri og mótmæli ríkisstjórnarinnar. Ef þetta mál kemst ekki á dagskrá hér í dag og afgreitt frá Alþingi með sama hætti og ýmis önnur mál sem hér er verið að afgreiða á skömmum tíma og hefur verið gert iðulega hér með aðstoð okkar stjórnarandstæðinga, þá er að mínu mati nánast allt bit farið úr þessu máli. Þess vegna vildi ég spyrja hæstv. forseta hvernig ætlunin er að haga fundi hér áfram að því er varðar dagskrána, hvort það er einhver von til þess að þetta mál komist á dagskrá og hugsanlega þá afgreitt sem ályktun Alþingis í kvöld í ljósi þess að þarna er um að ræða samkomulagsmál þar sem öll ríkisstjórnin virðist vera sammála, öll umhvn. flytur þetta samhljóða þannig að það ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að afgreiða þetta mál frá Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur upplýst, eins og forseti telur reyndar að hv. þm. hafi vitað um, að þegar lokið er umræðu um það mál sem nú er til umræðu, þá verður þetta mál tekið fyrir og væntanlega afgreitt þar sem forseta skilst að það verði ekki miklar umræður um það. Það hefur ekki hvarflað að forseta að sú afgreiðsla færi fram eftir miðnætti heldur hlýtur það að gerast fyrir miðætti. Þannig hafði forseti hugsað það, en auðvitað veit forseti ekki fyrir fram hversu langan tíma umræður taka í hverju máli og getur ekki svarað því heldur.

[21:45]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Umhvn. taldi það mjög brýnt snemma í morgun að vilji Alþingis í þessu máli lægi fyrir strax. Þess vegna afgreiddi umhvn. samhljóða og einróma þessa tillögu og það var kynnt í upphafi fundar í dag kl. 10.30 í morgun af hálfu formanns umhvn. að þessi tillaga lægi fyrir. Síðan var það samþykkt með afbrigðum að taka hana á dagskrá. Það vakti furðu okkar að dagurinn leið allur fram að kvöldmatarhléi án þess að málið væri tekið fyrir. Það þjónar hagsmunum Íslands að vilji Alþingis í þessu máli liggi fyrir eins fljótt og hægt er, virðulegi forseti. Og þegar við spurðumst fyrir um það hér fyrir kvöldmatarhlé hverju það sætti að málið væri ekki tekið fyrir þá strax, þá fengum við á því tilteknar útskýringar sem tengdust aðstöðu eins ákveðins þingmanns og er sjálfsagt að taka tillit til þess, en nú er forseti farinn að skilyrða þetta með þeim hætti að þetta mál verði þá fyrst tekið fyrir þegar umræðu um annað mál verður lokið þannig að það er verið að setja þá þingmenn, sem vilja hugsanlega tala í því máli, sem ég hef ekki hugmynd um hvort eru einhverjir eða enginn, í þá stöðu að þeir verða að fara að taka tillit til þess hvort þetta mál kemst á dagskrá. Mér finnst það draga úr því að þetta sé brýnt hagsmunamál íslensku þjóðarinnar hvað það dregst að það sé tekið hér fyrir. Þetta mál ógnar lífshagsmunum íslensku þjóðarinnar. Breski sendiherrann verður kallaður fyrir sérstaklega í fyrramálið og mér er gersamlega óskiljanlegt hvers vegna forseti þingsins dregur það, dregur í allan dag og ætlar greinilega að draga það fram eftir kvöldi, jafnvel fram á nótt að taka þetta mál fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er alger misskilningur að forseti hafi skilyrt það hvenær þetta mál verður tekið fyrir. Forseti var einungis að skýra frá því að þegar lokið væri umræðu um það mál sem frestað var umræðu um þegar kvöldmatarhlé var gert, þá mundi þetta mál verða tekið fyrir strax. Það yrði næsta mál þó að það væri síðasta mál á dagskránni.

[21:48]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er óhjákvæmilegt að geta þess að sá sem var í forsetastól fyrir kvöldmatarhlé og óskaði eftir því að við tækjum tillit til þess að vegna sérstakra aðstæðna væri það mál sem nú er á dagskrá tekið fyrir, gaf okkur það til kynna að síðan yrði þetta mál tekið fyrir í upphafi kvöldfundar. Það var ekkert orðað að það væri skilyrt að eitthvert annað mál sem ég satt að segja skil nú ekki af hverju er hér til umræðu í kvöld, botna yfir höfuð ekkert í því að það sé svo brýnt að það verði að ræða það hér í kvöld — en að við fulltrúar umhvn. skulum þurfa að standa hér í skaki við forseta þingsins yfir því að fá tekið á dagskrá einróma tillögu umhvn. um að Alþingi Íslendinga mótmæli þeirri ákvörðun bresku ríkisstjórnarinnar að þessi endurvinnslustöð sé tekin í notkun, er satt að segja alveg óskiljanlegt.

[21:49]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil biðja virðulegan forseta um að endurskoða það hvernig hér er haldið á málum varðandi stjórn fundarins. Það liggur fyrir að sá forseti sem sat hér í stól á sjöunda tímanum hét því að þetta mál yrði tekið á dagskrá sem fyrsta atriði eftir kvöldmatarhlé. Það hefur þegar komið fram og það er með öllu óskiljanlegt ef ekki er hægt að treysta því sem þannig er sagt og það varðandi mál sem ætti ekki að þurfa að standa í ágreiningi um að fái afgreiðslu í þinginu. Ef hæstv. forseti heldur að þetta greiði eitthvað fyrir þingstörfum, að ætla að leggjast í hlutina með þessum hætti, þá er það mikill misskilningur. Og ég bið virðulegan forseta um að endurskoða ásetning sinn um að halda þessari umræðu áfram og draga það enn frekar að taka þetta mál á dagskrá. Það verður litið á það sem viðleitni af hálfu forseta ef svo heldur fram til þess að koma í veg fyrir að þetta mál fái hér eðlilega afgreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti endurtekur það einu sinni enn að það hefur aldrei hvarflað að forseta að koma í veg fyrir að þetta mál fái afgreiðslu.

[21:50]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég get nú ekki orða bundist út af ummælum hv. síðasta ræðumanns, þeim svigurmælum sem hann beinir að forseta þingsins sem hefur hvað eftir annað tekið það fram að það stendur ekki á forsetanum að taka þetta mál fyrir með þeim hætti sem lýst hefur verið. Og að ætla að gera því skóna að hæstv. forseti Alþingis sem stjórnar fundi sé að reyna að bregða fæti fyrir þetta mál er auðvitað ekki sæmandi, hv. þm., ekki sæmandi.

Ég legg til, virðulegi forseti, að það verði kallað til fundar formanna þingflokka til þess að fara yfir dagskrá kvöldsins, með hvaða hætti er hægt að greiða úr þeim ágreiningi sem upp er kominn. Ef þarf að gera fundarhlé þá er það út af fyrir sig að mínum dómi ásættanlegt en ég tel að það sé nauðsynlegt að menn ráði ráðum sínum úr því að svona er komið og greiði úr þeirri flækju sem málin eru komin í. En ég hlýt að vekja athygli á því að ræðuhöld á borð við þau sem hér hafa verið í kvöld greiða auðvitað ekki fyrir því að þau mál komist að sem á eftir þeim ræðum eru.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það verður nú gert hlé á þessum fundi og formenn þingflokka (**HG:** Ég óska eftir að taka til máls um fundarstjórn eftir þá ræðu sem hér var haldin.) kallaðir til fundar. Sá forseti sem hér stjórnar fundi vill upplýsa það jafnframt að hann hafði tjáð formönnum þingflokka áður en kvöldfundur hófst með hvaða hætti umræður færu fram eftir kvöldverðarhlé. Forseti hafði upplýst formenn allra þingflokka um að þegar umræðu um þetta mál, sem var frestað fyrir matarhlé, væri lokið þá yrði málið tekið fyrir. Þetta geta væntanlega formenn þingflokka staðfest og það gerði enginn athugasemdir við það.

[21:52]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki verið að beina hér neinum ósanngjörnum orðum að hæstv. forseta og ég vísa frá þeim ummælum sem komu fram hjá þingflokksformanni Sjálfstfl. Mér er ekki kunnugt um að hann hafi blandað sér í það sem var rætt við forseta þingsins fyrir kvöldmatarhlé. Það sem verið er að vitna til er það að við sem vorum að óska eftir því að þetta mál kæmi þá á dagskrá, féllumst á það án þess að hafa uppi mótmæli að það yrði ekki kvöldmatarhlé gegn því sem heitið var að það yrði þegar að kvöldmatarhléi loknu. Og ef það er að ganga á einhverja gerða samninga eða orð, þá er það alger misskilningur og við þann hæstv. forseta, sem var í stól fyrir kvöldmat, var rætt á þeim forsendum, það hef ég fengið staðfest þannig að hér á ekkert að hafa farið milli mála.

[21:53]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði hér í sinni fyrri ræðu að það yrði litið á það sem tilraun af hálfu forseta til að koma í veg fyrir að þetta mál næði fram að ganga ef hún héldi sig við sín áform. Þessu var ég að mótmæla. Þetta kalla ég brigsl og svigurmæli í garð forseta þingsins.

[21:54]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það voru allir nefndarmenn í umhvn. sem sameinuðust um þessa tillögu og ég vil nú biðja menn að fara ekki að blanda afgreiðslu á þessari tillögu inn í einhverja samninga stjórnarandstöðu og ríkisstjórnar og formanna þingflokka um afgreiðslu annarra mála. Ég ætla bara að vona að það sé það ríkur vilji fyrir því í þinginu að þessi tillaga verði afgreidd og samþykkt hér í kvöld svo að utanrrh. hafi hana sem veganesti þegar hann mætir breska sendiherranum í fyrramálið, að það verði ekki farið að blanda afgreiðslu á þessari tillögu inn í einhverja óánægju með ræðuhöld hv. 2. þm. Vestf. í því máli sem hann talaði hér fyrr í kvöld. Það vona ég að verði andinn í þeim viðræðum sem nú fara hér fram þannig að við getum gengið í það að afgreiða þessa tillögu sem ég býst við að taki ekki mjög langan tíma.

[Fundarhlé. — 21:55]

[22:32]

Ragnar Arnalds *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Rétt í þessu var að ljúka fundi formanna þingflokka með forseta þingsins þar sem fjallað var um hvernig haga skyldi störfum fundarins á þessu kvöldi. Það var niðurstaða fundarins að mæla með því við forseta að nú yrði frestað umræðu um 6. og 7. dagskrármálið og tekið fyrir 13. dagskrármálið og 1. umr. um það lokið. Síðan yrði því máli vísað til hv. utanrmn. og það er ósk þingflokksformanna að meðferð málsins verði þar hraðað eftir því sem kostur er. Komi fram ósk um að sérfróðir aðilar fjalli um það mál þá gæti að vísu málið tafist og það verður þá að sjálfsögðu að hafa sinn gang en hraði málsmeðferðar hlýtur að verða í höndum hv. umhvn. og hún mun auðvitað reyna að flýta því eins og kostur er.

Hér áðan urðu nokkrar deilur um þingstörfin á þessu kvöldi og ég vil í því samhengi staðfesta það sem hér kom fram hjá virðulegum forseta þingsins að hann ræddi við okkur þingflokksformenn skömmu fyrir kvöldmatarhlé og upplýsti þar að það væri ætlunin að taka fyrir eftir kvöldmat 6. og 7. dagskrármálið um preststsetur annars vegar og kirkjumálasjóð hins vegar og að því loknu yrði tekið fyrir 12. og 13. dagskrármálið. Nú hefur 12. dagskrármálið horfið af þeirri áætlun þannig að ég held að ég geti sagt það af fullri hreinskilni að ég tel að það geti enginn ásakað virðulegan forseta þingsins um að hann hafi viljað tefja það að 13. dagskrármálið næði sem fyrst fram að ganga á þessum fundi. Mér er kunnugt um áhuga hennar á þessu máli og get staðfest það hér að hún ræddi það við okkur þingflokksformenn að haga fundarstörfum hér á þann veg sem gert hefur verið þótt vissulega verði að játa það að umræður hafa dregist meira en ráð var þá fyrir gert. Og ég held að það hljóti þar af leiðandi að vera allgott samkomlag um það að haga þingstörfum með þeim hætti sem ég hef hér lýst þannig að 13. dagskrármálið verði nú fyrir tekið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Norðurl. v. hefur orðið samkomulag um að fresta um stund umræðu um 6. og 7. dagskrármál.

Umræðu frestað.

Starfsleyfi fyrir THORP-endurvinnslustöðina, fyrri umr.

Þáltill. umhvn., 296. mál. — Þskj. 420.

[22:36]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. frá umhvn. um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield. Tillgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega ákvörðun breskra stjórnvalda þann 15. desember 1993 að veita THORP-endurvinnslustöðinni fyrir geislavirkan kjarnorkuúrgang starfsleyfi og ganga þannig gegn samþykktum Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum.

Alþingi væntir þess að ríkisstjórnin grípi til skjótra og ákveðinna viðbragða vegna þessarar ákvörðunar sem gengur þvert á lífshagsmuni íslensku þjóðarinnar.“

Í gær, þann 15. desember 1993 veittu bresk stjórnvöld THORP-endurvinnslustöðinni fyrir geislavirkan kjarnorkuúrgang starfsleyfi. Um leið höfnuðu þau kröfu tugþúsunda um opinbera rannsókn á fyrirhuguðri starfsemi, svo og frá fjölda sveitarfélaga og samtaka á Bretlandseyjum.

Í yfirlýsingu sem breski umhverfisráðherrann gaf í breska þinginu í tengslum við veitingu starfsleyfisins kom fram að 42.500 einstakar athugasemdir bárust vegna stöðvarinnar. Þar af lýstu 63% sig andvíg því að THORP-stöðin fengi starfsleyfi.

Áætlað hefur verið að starfsemi THORP auki tífalt það magn geislavirkra efna sem berast út í hafið og andrúmsloftið miðað við þá starfsemi sem nú er í Sellafield.

Það þarf varla að fara mörgum orðum um það hve alvarlegt og afdrifaríkt þetta getur orðið fyrir okkur hér á Íslandi ef magn geislavirkra úrgangsefnia eykst í hafinu. Aðeins óveruleg aukning geislavirkni í hafinu umhverfis Ísland getur haft þær afleiðingar að orðspor fiskafurða frá Íslandi versnar jafnvel þótt geislavirknin væri langt undir þeim mörkum sem ógnar heilsu manna. Eitt lítið slys gæti haft hrikalegar afleiðingar.

Íslensk stjórnvöld hafa mótmælt því að starfsleyfi verði veitt fyrir endurvinnslustöðinni, svo og umhverfisráðherrar Norðurlanda og ríkja við Norðursjó. Þann 11. janúar 1993 sendu 42 alþingismenn bréf til breskra stjórnvalda þar sem mótmælt var fyrirhugaðri starfsemi THORP-stöðvarinnar. Þann 1. okt. 1993 sendu síðan allir þingmenn í umhvn. bréf til breskra stjórnvalda þar sem skorað var á þau að leyfa ekki fyrirhugaða starfsemi THORP-kjarnorkuendurvinnslustöðvarinnar. Bent var á það í bréfinu hve mikilvægir fiskstofnarnir væru þjóðinni og hve frekari losun geislavirkra efna í Atlantshafi væri mikil ógnun við lífríki hafsins og þar með ógnun við efnahagslíf hér á landi. Þessi margítrekuðu mótmæli frá Alþingi og ríkisstjórn á undirbúningsstigi THORP eru í senn óvenjuleg og sýna alvöru málsins.

Starfsemi THORP stríðir gegn samþykktum Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar, en sérstök samþykkt um THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield var gerð af aðilum samningsins á fundi í Berlín 14.–19. júní 1993.

Í ljósi þess sem hér hefur verið sagt ákvað umhvn. einróma á fundi sínum nú í morgun að leggja það til við Alþingi að mótmæla ákvörðun breskra stjórnvalda um að veita endurvinnslustöð fyrir kjarnorkuúrgang starfsleyfi.

Ég legg áherslu á það að tillaga þessi hljóti lokaafgreiðslu hér í kvöld til að undirstrika þá samstöðu sem ríkir hér á Alþingi í þessu örlagaríka máli. Fram hefur komið í fréttum að settur utanrrh. hefur kvatt sendiherra Breta á sinn fund á morgun og þá er æskilegt að hann hafi ályktun frá Alþingi í veganesti.

Ég vil leyfa mér að lokinni þessari umræðu að vísa þessu máli til síðari umr. og hv. utanrmn.

[22:40]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það mun reyna á það á næstu fjórum vikum hvort það tekst að hnekkja þeirri ákvörðun sem bresk stjórnvöld tilkynntu í gær um að veita THORP-endurvinnslustöðinni starfsleyfi. Hún mun taka til starfa að 28 dögum liðnum frá þessari yfirlýsingu nema það takist með sameiginlegu átaki þeirra fjölmörgu víða um heim sem hafa beitt sér á undanförnum árum gegn þessum áformum. Það hefur verið að fjölga í þeim hópi og koma til liðs aðilar sem mega sín nokkurs á alþjóðavettvangi og þar nefni ég m.a. stjórnvöld í Bandaríkjunum sem hafa alveg nýverið lýst áhyggjum sínum af því að uppsöfnun á plútoni og úrani frá þessari endurvinnslustöð geti leitt til dreifingar þessara efna til smíði kjarnorkuvopna og þarna er ekkert smámagn á ferðinni. Það er alveg ótrúlegt að kynna sér þær tölur sem liggja að baki þessari væntanlegu framleiðslu sem er þarna á ferðinni þar sem um er að ræða um 60 tonn af plútoni sem safnast upp en aðeins um 7 kg er talið að þurfi til þess að smíða kjarnorkusprengju af minnstu gerð. Nú er það auðvitað ekki svo að það sé hugmyndin að framleiða slíkar sprengjur á færibandi, en það er hættan á dreifingu þessara efna og að þau falli í hendur hryðjuverkamönnum, sem svo eru kallaðir, sem beiti þeim til hótana og ógnunar og það hlýtur að setja að flestum hroll sem átta sig á því að hér í nágrenni við okkur sé verið að setja slíka framleiðslu í gang.

Hitt liggur jafnframt ljóst fyrir að mengun, losun í hafið vex tífalt frá þessari endurvinnslustöð frá því sem verið hefur um 1000%, ef reiknað er þannig og rúmfang hins geislavirka úrgangs eykst nær 200-falt að magni til og mest af því safnast upp á staðnum til losunar með einhverjum hætti þar í nágrenninu.

Hvaða ráð höfum við Íslendingar til þess að stöðva þessi áform? Við erum einir af 13 þjóðum sem erum aðilar að Parísarsamningnum sem vísað er til í þessari þáltill. frá umhvn. og í Parísarsamningnum er kveðið mjög fast að orði, sérstaklega eftir ákvarðanir aðila að honum á sl. sumri sem frsm. nefndi, og það er ekkert svigrúm fyrir THORP-endurvinnslustöðina ef ákvæðum þessa samnings er framfylgt. Og spurningin er einvörðungu þessi: Tekst að beygja Breta sem eru aðilar að samningnum en hafa vissulega andmælt þeirri samþykkt sem tekin var með lögmætum hætti af aðildarríkjunum í júní sl.?

Í þessum samningi frá 1986 er í 32. gr. og jafnframt enn ítarlegar í endurskoðuðum samningi frá haustinu 1992 svigrúm og ákvæði um gerðardómsmeðferð ef eitthvert þátttökuríki ekki unir framferði annars aðila að samningnum, þá geta menn krafist með skýrum reglum og fótfestu í þessum samningi gerðar-

dómsmeðferðar. Og ég vil spyrja hæstv. umhvrh. að því hvort hann telji ekki koma til greina að beita þessum ákvæðum samningsins í sambandi við gerðardómsmeðferð ef í nauðir rekur og Bretar ekki láta undan þeim víðtæku mótmælum sem uppi eru og sem íslenska utanríkisþjónustan væntanlega kemur á framfæri þegar á morgun.

Hér er um svo stórt og geigvænlegt mál að ræða fyrir okkur og fyrir aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf að við hljótum að grípa til allra tiltækra ráða til að fá þessari ákvörðun hnekkt. Það hefur oft verið látið hrikta í á diplómatískum vettvangi af minna tilefni. Er ástæða til þess að vera að halda úti sendiþjónustum í löndum sem ganga þannig fram? Það hafa oft verið kallaðir heim tímabundið sendimenn til þess að leggja áherslu á mótmæli viðkomandi ríkja og aðrar aðgerðir hljótum við einnig að íhuga. Það er satt að segja kaldhæðnislegt að það skuli vera umhverfisráðherra Breta, John Selwyn Gummer, sem áður var sjávarútvegsráðherra og landbúnaðarráðherra og kastaði ónotum í Íslendinga fyrir tveimur árum eða svo eins og lesa má í viðtali í endursögn Morgunblaðsins og beinni þýðingu þann 6. júní 1991, þar sem hann segist vilja halda Íslendingum í hópi siðmenntaðra þjóða með því að koma í veg fyrir að þeir gangi úr hvalveiðiráðinu og íhugi að hefja veiðar á hvölum. En Gummer þessi sat fund Alþjóðahvalveiðiráðsins þar sem Íslendingar tóku ákvörðun um að ganga úr því ráði.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að í framhaldi af samþykkt þeirri sem hér er á dagskrá, þá verði henni af stjórnvalda hálfu fylgt eftir af fyllsta þunga og auðvitað leitað samstöðu með þeim öðrum ríkjum sem eiga hér mikið í húfi, sem hafa lífshagsmuna að gæta eins og við eins og það er orðað í tillögunni. Við eigum að eiga vísa bandamenn meðal annarra Norðurlandaþjóða og einnig hjá næstu nágrönnum Breta, hjá Írum sem standa næst vettvangi og hafa mátt þola mengunina frá þeim rekstri sem fyrir hefur verið í Sellafield á undanförnum árum. Þarna þurfa menn að ná saman og beita afli samstöðunnar til þess að knýja bresk stjórnvöld til að láta af þessum áformum og endurkalla það starfsleyfi sem gefið var út í gær.

[22:49]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. umhvn. fyrir það frumkvæði sem hún hefur sýnt með því að leggja fram þessa tillögu og lýsa yfir fyllsta stuðningi við hana. Ég tel að það sé algjörlega nauðsynlegt að þessi tillaga sé samþykkt á þessum degi og þess vegna hefði hún mátt vera samþykkt fyrr í dag því að ég tel að það skipti miklu máli að Alþingi Íslendinga sýni þegar í stað, samstundis og þessi ákvörðun hefur verið tekin, sinn eindregna vilja í þessu máli. Ég tel að það sé líka rétt að fram komi að ríkisstjórn Íslands hefur rætt þetta mál á fundi sínum í dag og þar var ákveðið að grípa til þeirra viðbragða að kalla breska sendiherrann á fund starfandi utanrrh. á morgun til þess að tjá honum þung mótmæli Íslendinga við þessu máli.

Ég tel að það sé líka rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur mælt hér að reyna að ná sem víðtækastri samstöðu með þeim þjóðum sem eiga þarna hagsmuna að gæta og vil þess vegna upplýsa þingið um það að í umhvrn. í dag hafa verið send bréf til umhverfisráðherra Norðurlanda sem við höfum áður haft gott samstarf við í þessu efni og ég tel að það sé líka ráðlegt að reyna að leita samstöðu með öðrum þjóðum sem eiga aðild að Parísarsamningnum og þá kannski ekki hvað síst Írum sem eiga langmestra hagsmuna að gæta.

Það er auðvitað svo að það er hálfkaldhæðnislegt þegar breski umhverfisráðherrann, John Gummer, með þessum hætti brýtur í rauninni öll þau siðferðilegu lögmál sem gilda, ekki einungis í samskiptum þjóða sem hafa unnið saman á alþjóðavettvangi, heldur brýtur líka þær grundvallarreglur í umgengni við umhverfið sem hafa verið að skapast á síðustu árum og sem m.a. Bretar tóku þátt í að undirstrika á Ríó-ráðstefnunni. Og það var einmitt þessi umhverfisráðherra Breta sem óskaði þess að Íslendingar ættu afturkvæmt í samfélag siðmenntaðra þjóða. Þá var hann að vísa í hvalveiðar Íslendinga. Nú tel ég að með þessari ákvörðun sinni hafi í rauninni Bretar nánast gengið úr samfélagi siðmenntaðra þjóða vegna þess að ég tel að það sem þeir hafa gert sé svo alvarlegt. (**Gripið fram í:** Þetta eru stór orð.) Þessi niðurstaða sem breska stjórnin tók er afleit og ég varð fyrir miklum vonbrigðum með hana, ekki síst vegna þess að ég hef sem umhverfisráðherra átt í bréfaskiptum við breska umhverfisráðherrann og lýst hörðum mótmælum og miklum áhyggjum íslensku ríkisstjórnarinnar í þessu máli og það er ekki langt síðan hann sendi bréf til baka og sagði að þetta yrði tekið til gaumgæfilegrar íhugunar. Niðurstaðan er sem sagt þessi: Það eru öll aðvörunarorð hundsuð.

Það er engum blöðum um það að fletta að Sellafield og hin nýja stöð sem þar er að rísa er meginuppspretta geislamengunar í Norðurhöfum og þegar Bretar segja að öll mengun sem stafar af úrgangi sem frá stöðunni muni koma sé langt undir alþjóðlegum stöðlum, þá mega menn ekki gleyma því að hér er um að ræða efni sem sum hver eru mjög langlíf. Sum efnanna sem eru losuð frá Sellafield, að vísu sum í afskaplega litlum mæli, en það eru dæmi um efni sem hafa helmingunartíma upp á 16 millj. ára. Önnur efni sem við höfum verið að mæla eins og sesíum-137 hafa miklu skemmri helmingunartíma, einungis 30 ár, en það er eigi að síður svo að þarna er um að ræða efni sem safnast upp í náttúrunni og það sem skiptir líka miklu máli er það að mengunarhættan sem stafar af losun efna frá þessari stöð ógnar fyrst og fremst hagsmunum þeirra sem hafa engan hag af þessari endurvinnslu, þjóðum eins og Írum, Færeyingum, Íslendingum og Norðmönnum. Það eru þjóðir sem eru í fjarlægum heimshlutum sem eru að notfæra sér þessa stöð. Þannig hafa t.d. Japanir gert samning við stöðina til 10 ára og þegar greitt umtalsverðar fjárhæðir, 250 milljarða íslenskra króna eða 2,5 milljarða sterlingspunda.

Nú er það svo að það er líka annars konar hætta sem stafar af þessari stöð vegna þess að það kann að

vera að flutningar á úrgangi til stöðvarinnar og síðan geislavirkum efnum frá stöðinni geti líka valdið umhverfisspjöllum og það eru einmitt þessi atriði sem við höfum fundið að gagnvart Bretum. Við höfum ekki fengið frá þeim neinar upplýsingar um að það sé búið að setja sérstakar reglur til þess að tryggja að það verði dregið eins og hægt er úr einmitt hættu á flutningum til og frá stöðinni.

Það er líka rétt að það komi fram að það voru Íslendingar sem á sínum tíma höfðu frumkvæði að því meðal þjóða sem eiga aðild að Parísarsamningnum að Bretar hæfu ekki starfrækslu þessarar stöðvar nema þeir legðu fyrst fram mat á umhverfisáhrifum á starfsrækslu stöðvarinnar. Það var í tíð hæstv. páv. samgrh. Matthíasar Bjarnasonar. Á þessu sumri höfum við síðan ítrekað þessa ósk okkar. Bretar hafa kosið að hundsa hana.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson varpaði fram þeirri spurningu: Hvað er hægt að gera? Hann bendir á það að í ákvæðum Parísarsamningsins er mælt fyrir um gerðardóm ef einhver tiltekin þjóð telur að önnur þjóð sem aðild á að samningnum fullnægi ekki skilyrðum og hann spyr mig hvort ég telji að það sé unnt að notfæra sér þetta ákvæði. Ég tel að svo sé ekki, en það verður auðvitað skoðað. Ástæðan fyrir því að ég tel að svo sé ekki er sú að af þessum 13 þjóðum sem þarna eiga aðild voru einungis 9, ef ég man rétt, sem greiddu atkvæði með þessari tillögu í sumar. Bretar greiddu atkvæði gegn henni og samkvæmt ákvæðum samningsins þýðir það í raun að þeir eru ekki skuldbundnir af honum. En ég segi það hins vegar að þetta mál verður skoðað.

Ég vil samt sem áður, virðulegi forseti, leggja áherslu á það að þó að flestir þeir og væntanlega allir sem hér eru staddir séu sammála um þá miklu ógn sem af þessu getur stafað í framtíðinni, þá megum við samt sem áður ekki mikla það svo fyrir okkur að menn telji að nú þegar sé okkur hætta búin, t.d. fiskimiðum okkar, af þeim úrgangi sem frá stöðinni er þegar að finna í hafinu. Það er svo að þrátt fyrir allt eru fiskimiðin við Ísland þau hreinustu sem til eru í heiminum.

Það er mengun frá Sellafield við Ísland. Ég greindi frá því áðan að Sellafield er ein helsta uppspretta geislamengunar í Norðurhöfum. Það er meira að segja hægt að fá mælingar á því hversu mikil mengunin einungis frá þessari stöð er hér við land. Hafstraumar valda því að sesíum-137, og raunar önnur geislavirk efni, sem losuð eru út í hafið fara með hafstraumum norður fyrir landið. Það magn geislavirkra efna sem hægt er að mæla fyrir sunnan land er ekki komið frá þessari stöð. Það stafar af geislavirku úrfelli frá því að menn voru með tilraunir með kjarnorkusprengingar í andrúmsloftinu á milli 1950 og 1960. Munurinn á mælingunum fyrir sunnan land og fyrir norðan land sýnir því í rauninni það magn sem stafar frá Sellafield. Það kemur í ljós að það er helmingi meira af geislavirkri mengun að finna í hafinu fyrir norðan Ísland heldur en fyrir sunnan. Eigi að síður er það svo að ef við tökum t.d. þang, þá er um það bil tíu sinnum minna af geislavirkum efnum sem mælist í þangi við Ísland fyrir norðan land en t.d. við Norður-Noreg og í yfirborðssjó er munurinn tuttugufaldur. Ef við tökum fisk eins og þorsk, þá er munurinn þrefaldur til áttfaldur.

Það er því nauðsynlegt að undirstrika það í þessari umræðu að íslenskur fiskur er þrátt fyrir þá mengun sem nú þegar stafar af þessari stöð einn sá hreinasti í heiminum.

Virðulegi forseti. Eins og ég gat um hér áðan hefur íslenska ríkisstjórnin þegar ákveðið að grípa til mótmæla með því að kalla á fund utanrrh. breska sendiherrann og tjá honum hörð mótmæli stjórnarinnar. Ég vil líka að það komi fram að ríkisstjórnin hefur með bréfaskiptum við John Gummer mótmælt þessu harkalega og þá einkum því, virðulegi forseti, að Bretum hefur ekki tekist að sýna fram á að mengun geislavirkra efna muni ekki aukast, eins og þeir hafa haldið fram, þegar stöðin tekur til starfa. Sömuleiðis er það aðfinnsluvert að þeir hafa ekki sett neinar reglur sem draga úr hættum á mengunarslysum vegna flutninga til og frá stöðinni.

[22:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir skelegg viðbrögð og ágætar undirtektir varðandi þessa tillögu. Ég vænti þess að hann með framgöngu sinni og góðum stuðning frá Alþingi og væntanlega frá ríkisstjórninni í heild í þessu máli verði þess megnugur að hnekkja þeim áformum sem tilkynnt hafa verið af Breta hálfu í þessu máli.

Ég skal ekki gerast dómari í því hvaða hald er í ákvæðum 32. gr. Parísarsamningsins um gerðardóm, en bendi á í því sambandi að það er að finna bæði í þeim samningi frá 1986 sem hefur verið staðfestur og í þeim samningi frá haustinu 1992 sem ekki hefur verið staðfestur af neinum enn sem komið er, en þó er um það samkomulag, að ég best veit, hjá þátttökuríkjum að vinna í anda þessa nýja samnings. En hinn gamli er í gildi að ég best veit.

Ég tel að Bretar séu í rauninni í mjög slæmri stöðu, að ekki sé sagt í mjög slæmu ljósi í þessu máli. Allar aðgerðir og tilraunir af okkar hálfu og þeirra ríkja sem andsnúin eru þessari ákvörðun til þess að hnekkja henni muni veikja stöðu Breta. Við þurfum að taka stórt á í þessu máli. Það er um slíka hagsmuni að ræða að það hlýtur að vera leyfilegt að grípa til allra tiltækra ráða og í raun neyðarréttar til þess að hnekkja þessari ákvörðun. Út frá því sjónarmiði hvet ég hæstv. umhvrh. til þess að ganga fram og efa það ekki að hann muni ekki spara sig í þeirri viðureign.

[23:00]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það er nauðsynlegt að efla samstöðu með sem flestum aðilum sem hafa lagst gegn þessum illvígu áformum bresku ríkisstjórnarinnar en tíminn er skammur. Til hvaða leiða er þá hægt að grípa?

Við förum á eftir á fund hv. utanrmn. Ég held að t.d. væri þarft að reifa þar hvaða möguleikar eru á að grípa til skjótra viðbragða. Hins vegar hefur íslenska ríkisstjórnin haft frumkvæði. Þessi ríkisstjórn hefur haft frumkvæði að því að sameina Noðurlandaþjóðirnar í andstöðu gegn þessu. Þannig var það t.d. íslenska umhverfisráðuneytið sem fékk samsvarandi ráðuneyti á Norðurlöndum til að mótmæla þessu sameiginlega fyrr í sumar. Við höfum nú í dag haft frumkvæði að því að reyna að efna til samstöðu með þessum ráðherrum aftur. Við munum reyna að útvíkka þá samstöðu. En eins og ég sagði áðan varðandi gerðardómsákvæði 32. gr. tel ég að hún hafi ekki gildi. Það er sjálfsagt að skoða það eins og hægt er, en ég tel að alveg klárt sé að eins og þessi samningur er uppbyggður séu þau ríki sem greiða atkvæði gegn samþykktum eins og þeirri sem við áttum aðild að í sumar og áttum frumkvæði að 1987 undanskilin samþykktum.

Ég er sammála hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að hvað eina sem gert er til að hnekkja þessari ákvörðun, jafnvel þó að það dugi ekki til, veikir stöðu Breta í þessu máli. Og í Bretlandi er umhverfisráðherra sem fer vítt um álfur og talar fjálglega um umhverfismál, gerði það t.d. á ráðstefnu þar sem ég var í New York, þar sem hann enn og aftur tók á hvalveiðimálunum. Það er auðvitað nauðsynlegt, ekki síst vegna þess hversu harkalega Bretar hafa tekið undir með meginmarkmiðum Parísarsamningsins ekki síst í sumar, að sýna fram á það að trúverðugleiki þeirra er enginn í þessum málum ef þetta er niðurstaðan. Og nákvæmlega þessi orð að trúverðugleiki þeirra sé mjög að fótum fallinn ef þetta er niðurstaðan var það viðhorf sem íslenska ríkisstjórnin lét í ljósi bréflega við breska umhverfisráðherrann fyrr í sumar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (ÁJ, EKG, FI, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, JGS, KHG, MB, RA, SalÞ, SigG, SighB, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Almannatryggingar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 83. mál (heildarlög). — Þskj. 398, brtt. 371 og 416.

[23:04]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 371 kölluð aftur.

Brtt. 416 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (ÁJ, FI, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, JGS, KHG, MB, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SJS, StB, VE) fjarstaddur.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:05]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Minni hlutinn dregur sína tillögu til baka sökum þess að hæstv. heilbrrh. gerði grein fyrir því í umræðum að hann mundi endurskoða almannatryggingalöggjöfina í heild sinni og taka til greina þær brtt. sem við vorum með. Við viljum ekki láta fella þær hér í atkvæðagreiðslu. Þar af leiðandi drögum við þær til baka.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SAÞ, SP, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (HG, KÁ, SvG) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁJ, FI, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, JGS, KHG, MB, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SigG, SighB, StG, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 432.)

Félagsleg aðstoð, frh. 3. umr.

Stjfrv., 84. mál. — Þskj. 399, brtt. 373 og 415.

[23:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 373 kölluð aftur.

Brtt. 415 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EH, FI, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, JGS, KHG, MB, RA, SalÞ, SighB, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EL, GÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (FI, GE, GuðjG, GB, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JE, JGS, KHG, MB, SalÞ, SighB, SJS, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[23:08]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. felur í sér að um heimildarbætur er að ræða í staðinn fyrir skýlausan rétt. Þar af leiðandi mun ég sitja hjá við þetta mál.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 433).

Preststsetur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 244. mál. — Þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403 og 418.

[23:10]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég mun ekki hafa ýkja langt mál að þessu sinni um þetta mál, en það eru ákveðin atriði sem er óhjákvæmilegt að koma á framfæri og bið ég nú hæstv. forseta að tryggja hér kyrrð ef hún verður ekki komin á innan skamms.

Ég flyt ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni brtt. við þrjár greinar frv. og hefur hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þegar gert allítarlega grein fyrir þeim og ég hef aðeins örfáum orðum við það að bæta. Áður en ég vík að því vil ég gagnrýna það harðlega hversu stuttur tími gafst til þess að fjalla um þetta stóra mál sem fram hefur komið hér að hefur tekið 9 ár að undirbúa og sér þó ekki fyrir endann á því. Það er nánast óþolandi að vera stillt upp við vegg með tengingum við fjárlagaafgreiðslu sem ætti að vera gersamlega óþörf og hafa ekki möguleika til þess að fjalla um þetta viðamikla mál og að mörgu leyti mjög svo merka mál. Ég hef verið að velta því fyrir mér hvort hér sé um að kenna röðun á dagskrá þingsins eða hvort þarna sé einfaldlega um að ræða að mál sumra ráðherra hafi meiri forgang en annarra. Einnig hef ég rætt það hvort allshn. þurfi virkilega að vera á varðbergi alla tíð til þess að fá að vita það hvaða mál eru væntanleg inn í nefndina til þess að hún hafi hreinlega svigrúm til þess að kalla mál inn í nefnd ef rekið verður harkalega á eftir þeim eins og var í þessu tilviki.

Þrátt fyrir stutta umræðu var hún afskaplega fróðlega að mínu mati og mér þykir mikill skaði að vinna við þær óþolandi aðstæður að geta ekki rætt að nokkru gagni mál sem hefði verðskuldað ítarlega, góða og vandaða málsmeðferð.

Varðandi málið sjálft er það alltaf álitamál hvort Alþingi á að vera að taka við málum lon og don sem orðið hefur samkomulag um úti í bæ jafnvel þótt göfug stofnun eins og kirkjuþing hafi komið nálægt málinu eða eins í öðru máli, sem hefur verið og verður hér á næstunni til umræðu, þar sem önnur valdamikil stofnun, ASÍ, hefur komið að málinu. Ég held að við hljótum fara að spyrja okkur ákveðinna grundvallarspurninga um það hvar og hvernig mál eru undirbúin.

Varðandi brtt. vil ég einungis halda því til haga hér að það er ákveðið réttlætismál — sem ekki var á þessum skamma tímafresti hægt að glíma við sem skyldi — hvort trúfélög hér á landi sitji við sama borð. Vissulega hefur það verið rætt og með nokkrum rökum að á þjóðkirkjunni hvíli ákveðnar skyldur sem ekki hvíli á öðrum trúfélögum, m.a. að henni sé það skylt að halda starfsemi um allt land. En ég held að það verði fyrr en síðar að taka mjög mikla grundvallarumræðu í þessum efnum og ég held að spor í áttina að því að viðurkenna þetta sé þriðja brtt. frá okkur hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni þar sem þó er ekki gengið lengra en svo að ætla að sveitarfélögum sé ekki skylt að leggja til ókeypis lóðir fyrir preststsetur, því sé haldið opnu hvort svo verði eður ei.

Það er ekki afskaplega margt fleira sem ég ætlaði að taka til umræðu og ég held að ég stytti ræðu mína af fleiri en einni ástæðu vegna þess að ég á nú þegar að vera komin á fund hjá hv. utanrmn. og mér þykir miður að missa af upphafi þess fundar. Ég hafði heldur ekki hugsað mér að tala hér lengur í þessu máli en ég held því þó að sjálfsögðu opnu ef umræður gefa tilefni til að taka hér til máls aftur í þessu máli, annaðhvort í síðari ræðutíma í þessari umræðu eða við 3. umr.

[23:16]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hæstv. dómsrmh. fékk leyfi hæstv. forseta til að tala fyrir tveimur málum samtímis. Formaður allshn. lagði á það áherslu að sami háttur yrði hafður á að málin færu saman í nál. inn til þingsins á þeirri forsendu að það yrði talað fyrir þeim saman. Þau væru í eðli sínu náskyld þó þau væru tvö frv. og nefndarálitið sem gefið er út bæði af meiri hluta og minni hluta gerir ráð fyrir að málin séu bæði rædd samtímis. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson var búin að biðja um orðið þegar bæði málin voru á dagskrá. Þegar svo kemur að því að hv. þm. fer í ræðustól þá er annað málið horfið af dagskránni. Ég vil nú biðja hæstv. forseta að hugleiða hvort sá háttur sem hafður var á í upphafi, að hafa bæði málin undir í einu, sé ekki eðlilegur þar sem hæstv. dómsmrh. fékk að tala þannig fyrir málunum. Verði það upptekið að ráðherrar tali fyrir tveimur málum í einu lagi en þegar komi að því að þau fari í umræðu inn í þingið er náttúrlega gjörsamlega vonlaust að óbreyttir nefndarmenn geti staðið þannig að málum að fallast á að það sé eitt nefndarálit og að því sé treyst yfir höfuð að þannig verði staðið að málum í þinginu að þau séu rædd saman. Ég bið forseta að hugleiða þetta því að ég held að það sé fátítt að þetta gerist.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Sá forseti sem hér stendur tók þetta mál á dagskrá þegar umræða um það hófst og tók á dagskrá 6. dagskrármálið. Ekki hafði borist til forseta ósk um að taka

málin bæði fyrir í senn. Hitt er rétt að nefndarálit um bæði málin er sameiginlegt og að lokinni umræðu um þetta dagskrármál fer þegar fram umræða um næsta dagskrármál, þ.e. 7. dagskrármál um kirkjumálasjóð. Vænti ég að sú skipan sé fullnægjandi fyrir hv. þm.

[23:18]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég tel rétt að óska eftir því við forseta að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur a.m.k. ræðu mína. Ég þarf að beina til hans fyrirspurn og tel rétt að óska eftir áliti hans á tilteknu atriði sem miklu varðar í þessu máli. Það sem mér þykir skaði við meðferð á þessum tveimur frv. er sú fljótaskrift sem hefur augljóslega verið á málinu í hv. nefnd. Þar hefur ekki verið úr bætt svo neinu nemi þeim ágöllum sem eru á frv. sjálfum og var m.a. vakin athygli á þeim ágöllum við 1. umr. málsins. Það sem mér þykir vera til baga er að menn eru hér að blanda saman tveimur hlutum. Annars vegar frv. til breytinga á tilteknum lögum til samræmis við forsendur fjárlaga og hins vegar ákveðinni kerfisbreytingu sem hefur verið til meðferðar og umræðu innan kirkjunnar og á þeim vettvangi að undanförnu og menn þar eru orðnir nokkuð kunnugir en hefur ekki komið hér til umræðu fyrr en með þessum tveimur frv.

Það er greinilegt á málskjölum og umsögnum í þessu máli að kerfisbreytingin sem slík þarfnast nánari skoðunar ef ætlunin er að afgreiða hana með sómasamlegum hætti í lagabúningi. Ég hefði talið skynsamlegast í þessu að aðgreina þessi tvö efnisatriði og afgreiða hér fyrir jól samhliða fjárlagafrv. það sem að því lýtur en skilja kerfisbreytinguna eftir til betri skoðunar á vorþingi og ljúka afgreiðslu málanna fyrir vorið.

Það hefði einhvern tímann þótt merki um yfirvegun og skynsamleg vinnubrögð að menn gæfu sér tíma til að fara yfir allnokkrar breytingar. Í mínum huga eru þessar breytingar sem hér eru lagðar til, kerfisbreytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og kirkju, það efnismiklar að ástæða er til að gefa sér allnokkurn tíma til að fjalla um það mál því þær kalla á frekari breytingar í kjölfarið. Það er nauðsynlegt og skynsamlegt, hvort sem um er að ræða í þessu máli eða öðrum, að þegar menn ákveða að breyta kúrsinum og stefna aðra leið en haldið hefur verið hingað til að menn gæti að því áður en af stað er farið hvert siglingin leiðir.

Ég vil, virðulegur forseti, ítreka ósk mína um að hæstv. forsrh. mæti hér til þingfunda og inni forseta eftir því hvort svo geti ekki orðið.

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti er að láta kanna hvort hæstv. fjmrh. getur ei verið við umræðu og á von á svörum við því innan skamms.)

Ég þakka forseta fyrir. Ég mun halda áfram erindi mínu um stund þar til það skýrist. En nauðsynlegt er að fá hann til þess að geta borið fram við hann spurningar um tiltekin efnisatriði sem ekki voru rædd við 1. umr. málsins.

Meginatriðin í þessum tveimur frv. er það að stofna tvo nýja sjóði. Það er tímanna tákn og merkilegt svo ekki sé meira sagt að Sjálfstfl. skuli beita sér fyrir því öðrum flokkum fremur að stofna nýja sjóði. Einhvern tímann hefðu menn tekið sér í munn orðið sjóðasukk af minna tilefni en þessu. En það er greinilegt að stjórnarsetan getur snúið jafnvel hörðustu frjálshyggjumönnum í ýmsar áttir. En það er ekki nóg að afmarka tiltekið verkefni og setja um það sjóði. Það þarf þá líka að búa sæmilega umgjörð um þá sjóði. Ég tek eftir því að engin ákvæði í þessum tveimur frv. binda saman tekjur sjóðanna og útgjöld þeirra. Eða með öðrum orðum er ekkert sem kemur í veg fyrir að unnt sé að reka þessa sjóði með tapi. Þeir sem eiga að fara með stjórn þessara sjóða fá ekki þau fyrirmæli í lagafrv. að þeim beri að haga útgjöldum í samræmi við tekjurnar. Það er hvergi um það neitt ákvæði, sem ég hef séð, í hvorugu frv. um hver eigi að borga tapið á þessum sjóðum ef um tap verður að ræða. Þá vaknar auðvitað fyrsta spurningin. Fari svo að sjóðirnir verði reknir með tapi, annar hvor eða báðir, þá er spurt: Hver á að borga tapið? Er hægt að rukka ríkissjóð fyrir mismuninn? Það er ekki ljóst því ekki er tekið fram að þessir sjóðir, kirkjumálasjóður og prestssetrasjóður, séu í eigu ríkisins. Og fyrst ekki er tekið fram að þeir séu í eigu ríkisins er ekkert hægt að fullyrða um að menn geti sent hallareikninginn til ríkissjóðs.

Enn verður mönnum á að spyrja: Hvernig er með þennan sjóð, hann getur orðið gjaldþrota eins og venjulegir sjóðir eða hvað? Það er engin ríkisábyrgð á þessum sjóði, virðulegur forseti, — og kemur nú hæstv. dómsmrh. og fagna ég því en bíð enn eftir hæstv. fjmrh. — Það er engin ríkisábyrgð á hvorugum sjóðanna að því er ráðið verður af texta lagafrumvarpanna. Ég vil því beina þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. hvernig málið sé hugsað af hans hálfu sem flutningsmanns, hvort þessir sjóðir séu í eigu ríkisins eða hvort ríkisábyrgð sé á skuldbindingum sjóðanna. Hver á að borga hallann af sjóðunum ef halli verður? Ég sé ekki annað á þessum búningi frumvarpanna en að engar skorður séu reistar við því að sjóðstjórn geti hagað þannig ákvörðunum sínum að útgjöld verði hærri en tekjur og að þessir sjóðir geti einfaldlega farið á hausinn og orðið gjaldþrota. Ég sé engin ákvæði í lagatextanum um ábyrgð ríkisins á skuldbindingum sjóðanna.

En því óskaði ég eftir nærveru hæstv. fjmrh. að það kemur fram í umsögn fjmrn. um frv. um prestssetur svar þess ráðuneytis um eignarhald á sjóðnum. Þar kemur skýrt fram að þær eignir sem prestssetrasjóður á að höndla um verða áfram í eigu ríkissjóðs. Annað kemur fram í máli hæstv. dómsmrh. og athugasemdum með frv. en þar er einmitt tekið fram að ekki sé tekin afstaða til eignarhaldsins. Það er því ljóst af þessu tvennu að ráðherrarnir tveir, hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh., eru ekki sammála um eignarhaldið á prestssetrasjóði eða öllu heldur á þeim eignum sem sjóðurinn á að hafa til ráðstöfunar.

Ég hafði hugsað mér að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. fjmrh. hvort það sé skoðun hans og ráðuneytisins að eignirnar sem eiga að falla til þessara sjóða séu ríkisins eign eða ekki og hvort sjóðirnir sjálfir séu ríkisins eign eða ekki. Vil ég nú ganga nokkuð eftir

því, virðulegur forseti, að hæstv. fjmrh. svari þessum spurningum hvort sem hann kemur til salar á meðan ég er í ræðustól eða ekki. Það skiptir ekki höfuðatriði heldur hitt að hann svari spurningunum í þessari umræðu. Það er meginatriðið, virðulegur forseti. Ég vænti þess að forseti geri það sem í hans valdi stendur til að tryggja að svo verði.

Þá vil ég aðeins víkja að uppsetningu frumvarpanna að öðru leyti. En það eru ákvæði 4. gr. í frv. til laga um prestssetur. Ég á dálítið erfitt með að skilja það að hægt sé að setja í lagatexta ákvæði um að stjórn prestssetrasjóðs sé heimilt að kaupa og selja eignir sem tekið er fram af flm. að engin afstaða sé tekin til hver sé eigandi að. En fjmrn., eða það sem ráða má af því sem frá því kemur, álítur að ríkið sé eigandi að þeim eignum. Ég get ómögulega fengið það heim og saman að unnt sé að ganga frá 4. gr. eins og hún er fram sett, hvorn skilninginn sem menn hafa á málinu, þann sem kemur fram í máli hæstv. dómsmrh. eða þann sem kemur fram hjá fjmrn. Það getur ekki verið að það sé hægt að fela einhverjum sjóði að selja eða kaupa eignir sem hann á ekki heldur ríkið. Það segir sig sjálft að slíkur lagatexti fær einfaldlega ekki staðist.

Þá vil ég víkja að hinu frv., frv. til laga um kirkjumálasjóð. Það má svo sem ýmislegt um það segja. En það sem ég vil gera að umtalsefni fyrst og fremst er ákvæði til bráðabirgða sem mér finnst satt að segja afar kyndugt ákvæði. Fyrir það fyrsta vegna þess að það er ekki til bráðabirgða. Í þessu ákvæði til bráðabirgða eru teknar ákvarðanir sem eru ekki til bráðabirgða heldur varanlegar. Það er nú bara lagafúsk, virðulegur forseti, að setja fram slíkan texta og ekki vönduð vinnubrögð af hálfu þingnefndar að laga ekki texta af þessu tagi þannig að sómasamlegt sé. Ég nefni tvennt. Það er í 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða. Í 3. mgr. er ákvæði um það að eignir sem ríkið hefur lagt til Tónskóla þjóðkirkjunnar renni til skólans við gildistöku þessara laga. Það er ekki ákvæði til bráðabirgða, virðulegur forseti. Það er endanleg ákvörðun og á ekkert heima í ákvæði til bráðabirgða. Í 4. mgr. er verið að færa húseign að Bergstaðastræti 75 til kirkjumálasjóðs. Húseign, sem í dag er eign ríkisins, á að verða eign kirkjumálasjóðs sem ekki er ljóst hver á að eiga. Það ákvæði er heldur ekki til bráðabirgða og kemur ekkert fram í 3. eða 4. mgr. að verið sé að færa þessum aðilum, Tónskóla Þjóðkirkjunnar annars vegar og kirkjumálasjóði hins vegar, eignir til bráðabirgða. Því eiga þessi ákvæði ekkert heima inni í ákvæði til bráðabirgða.

Í ákvæði til bráðabirgða kemur fram að kirkjumálasjóður eigi að starfrækja embætti söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar til loka vormissiris 1995. Það þýðir væntanlega að þessi embætti eigi að leggjast niður þá eða hvað? Mér er það ekki alveg ljóst og spyr því hæstv. dómsmrh. hvort það sé rétt skilið að embætti söngmálastjóra og Tónskóli þjóðkirkjunnar eigi að leggjast niður eftir að vormissiri 1995 er lokið.

Það sem er merkilegt að öðru leyti við frv. hvað þetta atriði varðar er að í 7. gr. frv. er tekið fram að lög um söngmálastjóra og Tónskóla Þjóðkirkjunnar falli úr gildi við gildistöku frv. Hins vegar er í 4. gr. frv. talið upp sem eitt af hlutverkum kirkjumálasjóðs að standa straum af kostnaði við söngmálastjórn og tónlistarfræðslu á vegum þjóðkirkjunnar. Hér finnst mér vanta aðeins meiri skýringar svo hlutirnir nái heim og saman.

Þá spyr ég líka um 4. gr. sem er upptalning á verkefnum kirkjumálasjóðs eða því sem hann á að standa straum af kostnaði við. Í 2. tölul. er talið upp að kirkjumálasjóður á að standa straum af kostnaði við biskupsgarð. Samkvæmt texta 4. gr. verður ekki annað ráðið en að þar geti verið um hvort tveggja að ræða, stofnkostnað og rekstur.

Í athugasemdum við 4. gr. er hins vegar einungis talað um kostnað við rekstur fasteignarinnar án þess þó að segja að hlutverk kirkjumálasjóðs sé einungis að greiða kostnað við reksturinn. Það er ekki hægt að skilja athugasemdina þannig að með þeim sé útilokað að sjóðurinn greiði stofnkostnað við biskupsgarð. Því verður að spyrja til að hafa hlutina á hreinu. Best væri náttúrlega að hafa lagatextann þannig að ekki þurfi að spyrja, en mér þykir hins vegar rétt að spyrja alla vega flm. málsins hvernig hann hugsar það. Er gert ráð fyrir því að kirkjumálasjóður greiði hvort tveggja, ef um er að ræða, rekstur og stofnkostnað? Rekstur er auðvitað árlegur tilfallandi kostnaður en stofnkostnaður þarf ekki að vera árlegt framlag. Stofnkostnaður getur fallið til sum árin en önnur ekki. Það skiptir auðvitað máli þau árin sem slíkur kostnaður fellur til hvort hægt er að sækja í kirkjumálasjóð fyrir þeim kostnaði eða ekki.

Þá vil ég spyrja, virðulegi forseti, um áhrifin af skerðingu kirkjugarðsgjaldsins á stöðu kirkjugarða fámennra sókna. Ég sé ekki að athugað hafi verið í meðförum nefndarinnar hver áhrifin yrðu hjá fámennum sóknum af þessari skerðingu sem er á kirkjugarðsgjaldinu og óska eftir því að hæstv. dómsmrh. upplýsi hvort slík athugun hafi farið fram og hver niðurstaða hennar hafi verið. Það er ástæða til að minna á það atriði því m.a. kemur það fram í erindi prófasts Húnavatnsprófastsdæmis, sem er dags. 15. des., að huga þurfi að þessu atriði. Með leyfi forseta segir í erindi prófastsins eftirfarandi:

„Varðandi kirkjugarðana vil ég taka fram að engin könnun hefur verið gerð á gjaldþoli þeirra og er það skoðun mín að sú skerðing sem frv. kveður á um verði mörgum kirkjugörðum til mikils tjóns vegna niðurfellingar kirkjugarðsgjalda af aðstöðugjöldum. Tel ég að fyrir hefði átt að liggja umsögn sóknarnefnda á gjaldþoli kirkjugarðanna áður en fjallað var um þessi mál á hinu háa Alþingi."

Það er því ljóst að vakin hefur verið athygli á þessu máli og rétt að inna eftir svörum við því.

Þá vil ég nefna annað atriði sem fram hefur komið í umsögnum um þetta frv. og mér þykir rétt að halda til haga. Í frv. um kirkjumálasjóð er tekið fram varðandi framlag kirkjumálasjóðs til prestssetrasjóðs að þar skuli vera um lágmarksframlag að ræða. Það er væntanlega gert til að tryggja það að prestssetrasjóður fái þá ekki lægri fjárhæðir en þar er tilgreint. Hins vegar er ekki slíkt ákvæði að finna varðandi annað

atriði sem fellur líka undir kirkjumálasjóð en það er ráðgjöf í fjölskyldumálum sem kirkjan hefur staðið fyrir. Það er verkefni sem ég hygg að allir geti verið sammála um að er afar þarft og hefur eftir því sem ég best veit, skilað góðum árangri, eða a.m.k. eins og hægt er, og full ástæða til að hlúa að þeirri þjónustu. Ég hefði gjarnan viljað sjá þá áherslu frá nefndinni að hún tryggði þessari starfsemi lágmarksframlag, rétt eins og prestssetrasjóðnum. Það er a.m.k. í mínum huga alveg jafnbrýnt mál þó ég vilji ekki gera lítið úr öðrum verkefnum sjóðsins.

Mér þykir að menn séu afar hógværir í áætlunum um tekjur prestssetrasjóðs, virðulegur forseti. Í 7. gr. frv. um prestssetur eru taldar upp tekjur sjóðsins sem eru, auk framlags úr kirkjumálasjóði, leigutekjur af prestssetrum og söluandvirði prestssetra auk annarra óreglubundinna tekna þannig að megintekjustofninn fyrir utan fasta framlagið úr kirkjumálasjóði eru leigutekjur af prestssetrum. Það kemur fram í athugasemdum með frv. að leigutekjur af öllum prestssetrum landsins eru áætluð vera um 7 millj. kr. á ári. Eins og segir í athugasemdinni varðandi væntanlegar tekjur að þó þyki mega gera ráð fyrir að árlegar leigutekjur verði ekki minni en 10 millj. kr. Það sem menn áætla því að hafa í tekjur af leigu prestssetranna eru sem sé 10 millj. kr. Menn vilja ekki fara djarflegar í tekjuáætlun. Það þykir mér satt að segja ekki mjög há upphæð þegar það hefur verið upplýst í svari hæstv. fjmrh. við fsp. frá hv. 3. þm. Vestf. 1. nóv. sl. að t.d. voru heildarleigutekjur af embættisbústöðum heilbrrn. áætlaðar rúmar 6 millj. og í landbrn. voru þær áætlaðar á næsta ári tæpar 13 millj., svo nefnd séu dæmi um leigutekjur af embættisbústöðum sem heyra undir önnur ráðuneyti.

Í minnisblaði sem er mat á áhrifum frv. um kirkjumálasjóð á fjármál ríkisins og lagt var fyrir hv. allshn. í meðförum þessara frv. er birt yfirlit yfir leigutekjur af prestssetrum eins og þær eru væntanlega nú. Það yfirlit er að vísu ekki dagsett það en fylgir með minnisblaðinu sem er svo aftur dagsett 15. des. Þar kemur í ljós að leigutekjur eru ekki áætlaðar ýkja háar. Það verður ekki séð satt að segja að þær hafi neitt hækkað frá því sem var fyrir tveimur árum þegar umræðan fór fram um þessi mál.

Ég vildi því spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það sé rétt, sem þessi gögn draga fram, að húsaleiga hafi ekki verið endurskoðuð á þessum bústöðum. Það er enn að finna allmarga bústaði þar sem greidd húsaleiga á mánuði er innan við 10 kr. Allt niður í það að vera 1 kr. á mánuði. Ég hélt, virðulegi forseti, að yfirlýsingar hæstv. dómsmrh. í þessu máli hefðu verið á þann veg fyrir tveimur árum að breytingar hefðu orðið á og vildi því inna hæstv. ráðherra eftir því hvort svo hafi ekki verið, eins og lesa má út úr þessum gögnum.

Þá spyr ég hæstv. ráðherra einnig hvernig áformað er að hafa þennan tekjulið í prestssetrasjóði. Hvort það sé eins og lesa megi út úr athugasemdum með þessu frv. að húsaleigan eigi að vera í meginatriðum óbreytt. Ekki verður annað ráðið af athugasemdum um 7. gr. frv. um prestssetur en að lítil breyting verði á leigutekjum frá því sem nú er. Ég sé t.d. að taka, svo maður fari ekki bara nema í lægstu tölurnar, að í einum 11 bústöðum er húsaleigan 4 kr. og minna á mánuði.

Virðulegur forseti. Ég get ekki leynt þeirri skoðun minni að ég tel það ekki samrýmast góðum siðum í þessu efni að hafa húsaleigukjör með þessum hætti hvort sem um er að ræða þessa stétt eða einhverja aðra og geri athugasemdir við það að svona sé á málum haldið. Ég tel eðlilegra að endurskoða launakjör starfsstétta ríkisins en að vera með dulin laun í formi hlunninda á borð við húsaleigu.

En ég vil einnig spyrja hæstv. dómsmrh. vegna þessa liðar, leigutekjur prestssetrasjóðs, hvort frv. sé þannig hugsað að hætt verði að greiða ígildi húsaleiguhlunninda til sóknarpresta sem ekki njóta þeirra eins og dæmi eru um hér á höfuðborgarsvæðinu. Hvort ekki sé alveg skýlaust að þeir hlutir verði afnumdir sem engin ástæða er í raun fyrir ef þessi breyting nær fram að ganga. Einkum og sér í lagi í ljósi þess að prestastéttin hefur nú þegar fengið nokkra bót á sínum kjörum, sem í sjálfu sér er vel, en er á hinn bóginn jafnframt rökstuðningur fyrir því að menn leggi niður duldar hlunnindagreiðslur.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að svör fáist við þessum spurningum sem ég hef borið hér fram og vænti þess einnig að hæstv. fjmrh. muni svara þeim spurningum sem ég hef til hans beint. Ég ítreka það sem ég sagði fyrr í minni ræðu að ég vænti þess að forseti sæi um að svo yrði. Að öðrum kosti teldi ég nauðsynlegt að hæstv. fjmrh. kæmi til þingfundar áður en ég lýk minni ræðu því ég tel ekki ásættanlegt að ljúka erindi mínu án þess að vera viss um að ráðherra hafi heyrt fyrirspurnir mínar og enn síður hafa neina vitneskju um hvort hann muni svara. Ég beini því þeirri spurningu til hæstv. forseta hvort hann hafi einhver tíðindi af hæstv. fjmrh.

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti hefur þær fréttir að færa að hæstv. fjmrh. er ekki í húsinu og ekki er vitað hvenær hann kemur til fundarins eða hvort en hæstv. dómsmrh. sem hefur forræði þessa máls af hálfu hæstv. ríkisstjórnar er viðstaddur umræðuna.)

Ég þakka forseta fyrir þessar upplýsingar og hef tekið eftir því að hæstv. dómsmrh. er hér viðstaddur og les bók, sér vonandi til gagns og gamans, en ég hafði beint spurningu til hæstv. fjmrh. að gefnu tilefni sem er að finna í umsögn um frv. til laga um prestssetur sem er frá fjmrn. Þar kemur það skýrt fram að þær eignir sem prestssetrasjóður á að kaupa og selja verða áfram í eigu ríkissjóðs. Það hlýtur að verða að fást svar við því hvort ... (**ÓÞÞ:** Ekki þær sem eru seldar. Þær hljóta að vera í eigu næsta eiganda.) Ég hygg að það sé nokkuð rétt að álykta sem svo þar sem prestssetrasjóði er ætlað samkvæmt frv. að annast kaup og sölu prestssetra sem menn hafa talið að væru í eigu ríkissjóðs en um það hefur verið eitthvað deilt milli ríkis og kirkju. Það kemur skýrt fram í áliti fjmrn. að þessar eignir séu eign ríkissjóðs en hins vegar hefur hæstv. dómsmrh. líka ítrekað tekið fram, og kemur svo fram í frv., að ekki sé tekin afstaða til þessa máls. Dómsmrn. lætur því ekki uppi álit á þessu deilumáli

milli ríkis og kirkju um það hverjir eigi þessar eignir. Það er því ljóst samkvæmt mínum skilningi að ráðuneytið er ekki að halda fram hagsmunum ríkisins. Það er að veikja stöðu ríkisins með því að setja ekki fram ákveðna skoðun sína um að hér sé um að ræða eignir ríkissjóðs.

En ég fæ ekki betur séð en fjmrn. geri það hins vegar og standi við það álit, sem ég tel a.m.k. að hafi verið álit ríkisins fram til þessa, og vil því fá hæstv. fjmrh. til fundar svo að unnt verði að heyra svör hans við því hvort það sé ekki hans skoðun eins og ráðuneytis hans að hér sé ótvírætt um eignir ríkissjóðs að ræða.

Það segir sig sjálft að í þessu máli er þýðingarmikið að fá fram skýr svör, einkum og sér í lagi frá hæstv. fjmrh. vegna eðlis hans starfs.

Ég ítreka því það, virðulegi forseti, að ég tel óhjákvæmilegt að óska eftir því að hæstv. fjmrh. svari fyrirspurnum mínum og vænti þess að ráðherra muni geta mætt til þingfundar. Það mun hafa verið nokkuð tíðkað áður en ég kom inn á Alþingi a.m.k. að sækja ráðherra til að svara spurningum og veit ég ekki til þess að nein stefnubreyting hafi orðið á því að ráðherrar kinoki sér við að mæta.

Ég hef nefnt fáein atriði sem upp úr standa í þessum tveimur frv. Stóra málið í þeim er þessi stefnubreyting sem ég tel nauðsynlegt að góður tími gefist til að fara yfir og tel á engan hátt forsvaranlegt að ætla sér að afgreiða þessi tvö frv. með þessari breyttu meðferð mála á þeim skamma tíma sem gefinn hefur verið til umfjöllunar um málið á þessu þingi.

[23:58]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. vék að þeim sjóðum kirkjunnar sem hér er verið að fjalla um og varpaði fram spurningum um hver ætti þá sjóði og hver bæri á þeim ábyrgð. Þetta verða kirkjusjóðir eins og aðrir sjóðir kirkjunnar og á hennar ábyrgð. Að því er eignastöðuna varðar þá er það ljóst að álit kirkjueignanefndar liggur fyrir. Í framhaldi af því lagði ég til í ríkisstjórn að ríkisstjórnin annars vegar og kirkjan hins vegar skipuðu viðræðunefndir til þess að ræða um með hvaða hætti skyldi ljúka þeim málum á grundvelli álits kirkjueignanefndar. Sú tillaga var samþykkt og þær nefndir eru nú að störfum.

Að því er varðar biskupsgarð þá þótti rétt að hann fylgdi með í þessari yfirfærslu og kirkjan ber ábyrgð á viðhaldsverkefnum og stofnkostnaðarverkefnum biskupsgarðs eins og varðandi aðra þætti þessarar yfirfærslu.

Að því er varðar embætti söngmálastjóra, Tónskóla kirkjunnar og fjölskylduráðgjöf kirkjunnar er það að segja að hér er verið að færa verkefni frá ríkinu yfir til kirkjunnar og það er hennar að taka ákvarðanir um framhald þessa starfs. Það er meginkjarni frv. að það er verið að flytja verkefni frá ríkinu yfir til kirkjunnar og með því fylgir bæði ábyrgð og aukið sjálfstæði. Sama á við um húsaleiguna að eftir að þetta frv. er orðið að lögum þá er það ákvörðunarvald kirkjunnar hver húsaleigan er. Það er grundvallareðli þessa frv. að færa það vald og þá ábyrgð til kirkjunnar sjálfrar.

[24:00]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem er ekki það sama en mér finnst hæstv. ráðherra tala um í sömu andránni. Það er annars vegar verkefni og hins vegar eignir. Ég hef ekki í minni ræðu gert athugasemdir við það að verkefni væru færð til kirkju og tekjustofnar til að standa undir þeim verkefnum. Hins vegar hef ég athugasemdir við það og tel að menn séu líka að færa eignir ríkisins til kirkjunnar. Mér finnst að hæstv. dómsmrh. hafi í raun staðfest það með svari sínu áðan að verið er að færa eignir ríkisins og gera þær að eignum sem eru ekki eignir ríkisins. Það finnst mér vera það sem upp úr stendur í þessu svari.

Mér finnst það ekki ganga að eignir sem ríkið á, eins og embættisbústaðir, skuli vera í forsjá annarra en ríkisins, eigandans. Það verður að vera alveg á hreinu að eignarhald og forræði eignanna fari saman. Menn geta ekki haft það á sitt hvorri hendinni. Það þykir mér ekki ganga upp í þeirri leið sem hér er lagt til að verði farin.

Ég bendi einfaldlega á 3. og 4. mgr. ákvæðis til bráðabirgða sem er um það að leggja eignir ríkisins til annars vegar Tónskóla kirkjunnar og hins vegar kirkjumálasjóðs. Þetta á ekkert heima í ákvæði til bráðabirgða þar fyrir utan og er bara dæmi um illa samið frv. Auðvitað á þingið að breyta þessu og ég skil ekkert í hv. allshn. að gera það ekki. Fyrr má nú vera þjónslundin við ráðherrann, virðulegur forseti.

[00:02]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég skipa 2. minni hluta í virðulegri allshn. í þessu máli en skilaði ekki inn skriflegu áliti heldur kýs að flytja mitt álit munnlega. Það snýr fyrst og fremst að þeim vinnubrögðum sem viðhöfð eru í nefndum þingsins yfirleitt, ekkert frekar þessari tilteknu nefnd heldur nefndum þingsins yfirleitt.

Það mál sem hér er til umræðu, frv. til laga um prestssetur, barst til nefndarinnar 13. des. og var afgreitt út úr nefnd þann 15. des. aðeins tveim dögum seinna. Engu að síður liggur það fyrir og kom fram í hv. nefnd að níu ár eru síðan vinna hófst við samningu þessa frv. Það kom jafnframt fram hjá þeim gestum sem komu á fund nefndarinnar, og ég vil gjarnan geta þess í framhjáhlaupi að það komu gestir í raun aðeins á einn fund nefndarinnar þar sem nefndin var fullskipuð. Þegar gestirnir komu í fyrsta sinn höfðu þegar verið boðaðir að mig minnir þingflokksfundir hjá stjórnarandstöðuflokkunum. Þessir gestir komu því aftur og voru aðeins einu sinni á fundi nefndarinnar. Þar kom fram að þetta væri stórmál í huga klerkastéttarinnar og kirkjunnar og að hér yrði um sögulega lagasetningu að ræða. Þrátt fyrir það verður að segja eins og er að þetta mál er algjörlega óunnið í nefnd.

Ég vil að það komi fram að ég lýsti mig reiðubúinn til þess í hv. allshn. að taka þann tíma sem þarf til, þann tíma sem menn vildu setja í frv. og vinna það al-

veg í botn án tillits til þess að þetta væri hluti fjárlaga eins og gjarnan er notað á þessum síðustu dögum þegar þrýsta þarf málum í gegn. Þessi leikur er leikinn, bæði af stjórn þingsins og ráðherrum, ár eftir ár eftir ár, að setja mál seint á dagskrá og setja þau mjög seint inn í nefndirnar og síðan að þrýsta á nefndirnar undir yfirskini tímaskorts og ég tel einfaldlega að ef það á einhvern tímann að kenna mönnum lexíu og kenna mönnum að vinna málin vel þá verður að láta brjóta á þessu. Menn verða að hafa kjark til þess að brjóta þetta upp og gefa sér þann tíma sem þarf jafnvel þó það færi yfir jólaleyfi. Ég tel að ef menn gera þetta ekki þá læri menn aldrei og þessi leikur heldur áfram ár eftir ár eftir ár. Ég tel algjörlega nauðsynlegt að þetta sé gert og menn séu látnir horfa framan í kaldan veruleikann og afleiðingar þess að setja mál seint fram og stilla þingmönnum svona upp. Þingmenn eiga almennt ekki að sætta sig við þetta.

Ég veit að ég er kannski að verða eins og gömul plata því ég er nánast alltaf að mæla fyrir því sem ég vil kalla betri vinnubrögð. En þetta verður að gera. Ég veit að margir þingmenn eru í hjarta sínu sammála og mörgum þingmönnum líður illa yfir því hversu illa unnin mörg frv. eru úr nefndum. Ég tel að við höfum dæmi fyrir því að mistök hafi verið gerð einmitt út af þessum tímaskorti.

Ég verð að segja alveg eins og er að ræðandi um þetta þá sakna ég þess að þingið sé ekki í tveimur deildum því þar voru auðvitað síurnar til staðar. Mál fóru í gegnum sínar þrjár umræður í fyrri deild og sínar þrjár umræður í seinni deild og jafnvel aftur í fyrri deild. Þar voru því síurnar sem ekki eru til staðar í dag.

Á sama tíma og svona er gert þá mega mál óbreyttra þingmanna liggja í salti heilu þingin. Jafnvel þó þau komi fram á fyrstu dögum þingsins þá liggja málin í nefndum og fá aldrei að koma þaðan út. Við höfum dæmi fyrir því hér fyrir þremur árum þegar tæplega helmingur þingmanna, tæplega 30 þingmenn voru flm. að einu frv. og það fékk ekki að koma út úr nefnd. Greinilegur meiri hluti var fyrir málinu en ofbeldið var slíkt að málið fékk ekki að koma út úr nefnd. Þetta eru auðvitað ólíðandi vinnubrögð með öllu. Ég tel að það eigi að breyta þingsköpum í þá veru að öll mál eigi að koma út úr nefnd og það sé þingsins, þeirra sem sitja í þessum sal, að taka afstöðu til málsins en ekki einhverra níu þingmanna sem sitja í nefndum. Þeir hafa ekki fengið atkvæðisrétt hinna 54. Það eru 63 þingmenn sem eiga að taka afstöðu til mála en ekki 9 þingmenn og hvert einasta mál sem tímanlega berst á að koma út úr nefnd.

Ég vil taka það skýrt fram að þessi ádeila mín á vinnubrögð eru ekki á formann nefndarinnar. Þau eru á okkur sjálf sem sitjum í nefndinni, að láta þetta yfir okkur ganga. Það er það sem ég er fyrst og fremst að gagnrýna. Ég óska þess og vona að hugarfarsbreyting verði hjá þingmönnum og þeir fari að vinna þetta markvissar en gert hefur verið, en til þess þarf auðvitað að hafa stjórn þingsins og ráðherrana með í spilunum.

Þess vegna var ég ekkert hissa þegar hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson þurfti að eyða svolitlum tíma til að ræða málið vegna þess að málið er gjörsamlega órætt. Ég tel að ræða hv. þm. hafi sannað það. Það voru fjölmargar spurningar sem vöknuðu eftir ræðu hv. þm. Ég tek alveg undir það með honum að nefndin getur enn tekið þetta til sín og nefndin getur enn lyft upp andlitinu og unnið þetta betur. Rök hv. þm. voru svo sterk fyrir málinu að það ætti nánast að vera skilyrði fyrir því, enda var það ein af óskum kirkjuþings og kom fram í ýmsum umsögnum þar sem skorað var á þingið að skoða málið vel og gefa sér tíma, ef ég man orðrétt, til að skoða málið en við urðum ekki við því.

Það kom líka fram að umsagnaraðilar höfðu ekki tíma til að gefa umsagnir. Það hefur verið vitnað í umsögn Ríkisendurskoðunar sem sagði það orðrétt að hún hefði ekki fengið nægan tíma til þess að skoða málið efnislega. Einn umsagnaraðilinn fékk símbréf sama dag og hann átti að skila umsögninni. Hvernig eiga menn að skila umsögnum þegar þeir fá engan tíma? Það er eitt símbréf, svaraðu strax. Menn þurfa auðvitað ákveðinn tíma. Jafnvel þó þeir séu vel inni í málunum, þá þurfa þeir að tína til sín rök, setja þau saman og koma þeim skilmerkilega frá sér. Það er því alveg kristaltært að málið er algjörlega óunnið.

Ég vil vitna aðeins í eina umsögn sem barst frá Austfjarðaprófastsdæmi og ætla að lesa, með leyfi forseta, örlítið upp úr þeirri umsögn. Þar segir:

„Í 2. mgr. 3. gr. finnst mér skerðing á valdi sjóðstjórnar nokkuð mikil og þar að auki virðist mér að stundum yrði langdregið með afgreiðslur mála þar sem kirkjuþing kemur aðeins saman stutta stund á ári hverju.

Vegna 5. gr. í frv. um kirkjumálasjóð spyr ég: Er gert ráð fyrir að kirkjuráð geri fjárhagsáætlun fyrir næstkomandi ár þar sem talað er um að fjárhagsáætlun skuli kynnt dóms- og kirkjumálaráðuneyti fyrir maílok og svo líka fyrir kirkjuþingi sem starfar alltaf síðla hausts eða í vetrarbyrjun? Eða er þessi fjárhagsáætlun fyrir hvert yfirstandandi ár? Þetta finnst mér vart nógu skýrt í frumvarpsgreininni.

Mér finnst einnig að ákvæði um lífeyrisréttarstöðu þeirra, sem ákvæði til bráðabirgða í frv. um kirkjumálasjóð nær til, séu óljós og loðin og þurfi nánari skýringa við.

Þá finnst mér að endurskoðunarákvæði eftir fjögur ár ætti að vera í frv. um preststsetur, svo sem er í frv. um kirkjumálasjóð því að vafalaust koma einhverjir agnúar í ljós þegar farið verður að framfylgja lögunum, svo fremi að þau verði að lögum."

Þetta las ég hér upp, hæstv. forseti, aðeins til að sýna fram á að það koma fram spurningar í umsögnum sem ekki hefur gefist tóm til að vinna í og leita svara við.

Varðandi frv. sjálft þá tek ég undir gagnrýni hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar á 4. gr. þar sem veitt er opin heimild til að selja, eins og hv. þm. kallaði, öll stólasetur á einu bretti. Í dag eru heimildarákvæði í fjárlögum fyrir hverja smáeign sem ríkið á. Til að mynda er ein heimildagreinin upp á það hvort leyfilegt sé að

selja fjós og útihús. Aðrir hafa minnst á 4 hektara lands og þar fram eftir götum. En hér á sem sagt á einu bretti að afhenda öll stólasetur í landinu. Opin heimild sem enginn veit í raun hvað þýðir eða enginn hefur náð utan um.

Nú getur vel verið að þetta sé allt rétt og gott og eðlilegt að fara þessa leið en skýringar og svör hafa bara ekki komið til nefndarinnar. Röksemdir fyrir þessu hafa ekki fengist og meðan þær efasemdir eru til staðar er auðvitað mjög erfitt að samþykkja svona opna heimild. Hugsanlega hefði þetta skýrst í nefnd ef við hefðum gefið okkur betri tíma í það. Þess vegna styð ég þá brtt. sem fram kemur að á meðan þessar efasemdir eru og meðan málið hefur ekki verið nægjanlega skýrt þá verði að afla heimilda Alþingis fyrir slíkum sölum, eins og reyndar er í dag.

Varðandi 5. gr. þar sem talað er um leigu fyrir prestssetur þá kom það fram í hv. nefnd að prestarnir líta í raun og veru ekki á þetta sem leigu. Þeir líta á þetta sem fyrningargjald, svo ég noti nákvæmlega þeirra eigin orð, sem renni í rauninni ekki í prestssetrasjóð heldur eigi að verja þessum svokölluðu leigum eða fyrningargjaldi til viðhalds á eignunum. (**Gripið fram í:** Sérmerkt hverju fyrir sig.) Já, sérmerkt. Þá hlýtur maður að spyrja sjálfan sig: Hvað þýðir þá 7. gr. þar sem segir að tekjur prestssetrasjóðs séu m.a. leigutekjur af prestssetrum, þegar prestarnir sjálfir segja í raun og veru að þetta renni ekki í prestssetrasjóð? Þarna stangast hvert á annars horn. Þarna er enn eitt atriðið sem hefði þurft að upplýsa.

Ég tel hins vegar almennt að prestar eigi að borga leigu eins og hún gengur og gerist á markaðnum í dag, markaðsleigu. Ég tel að það sé hollt fyrir presta, eins og reyndar aðra, að vera sem næst fólkinu og næst sínum umbjóðendum og þeir eigi að lifa í svipuðu umhverfi og fólkið sem þeir eru að starfa fyrir. Fólk á almennum leigumarkaði borgar að ég held u.þ.b. 30–40 þús. kr. fyrir litla tveggja herbergja íbúð. Við höfum hér hins vegar nýjan lista yfir leigukjör presta og ég ætla að leyfa mér að skoða nokkrar tölur þar. Leigu á móti fermetrastærð húsnæðis. Menn geta síðan borið saman hvort þetta sé það sem gengur og gerist á markaðnum. Hér er eitt prestssetur sem er 128 m^2, leigan er 11 kr. á mánuði. Ég er hræddur um að menn yrðu ekki í vandræðum með að leigja út húsnæði í Reykjavík á þessum kjörum. Hér er annað sem er 191 m^2, leigan er 1 kr. (**Gripið fram í:** Á ári eða mánuði?) Ein króna á mánuði! Hér er annað 245 m^2, sama leiga 1 kr. Svona eru fjölmörg dæmi. 205 m^2 á 2 kr., 167 m^2 á 1 kr. En gegnumsneitt virðist leigan vera, ef maður tekur þessi öfgakenndu dæmi út sem eru þó 13, 13 dæmi um leigu 16 kr. og undir, þá virðist leigan vera svona kannski 7–8 þús. kr. Það er mín skoðun að prestar eigi að borga sína leigu eins og hver annar í þjóðfélaginu. Af sömu rökum tek ég undir þá brtt. sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Anna Ólafsdóttir Björnsson flytja við 6. gr., þar sem vátryggingar- og fasteignagjöld eiga auðvitað að vera greidd af þeim sem hefur viðkomandi húsnæði á leigu. Það er það sem gengur og gerist á markaðnum.

Varðandi 10. gr., þar sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Anna Ólafsdóttir Björnsson eru með brtt. við sem gerir ráð fyrir að orðið ókeypis falli út, þá verð ég að segja það sama, þetta er óskoðað mál í nefndinni og er svolítið erfitt að leggja mat á það. En ég vil engu að síður leyfa mér að benda á umsögnina með greininni þar sem segir m.a., með leyfi forseta:

„Ákvæði þetta er sett til að taka af allan vafa um að skylt sé, eins og verið hefur, að leggja öllum lögboðnum prestssetrum samkvæmt lögum nr. 62/1990 til ókeypis lóðir.“

Þannig að þetta er í núgildandi lögum. Jafnframt vil ég benda þingmönnum á að svipað ákvæði, kannski ekki alveg eins, en svipað ákvæði er í öðrum lögum, m.a. íþróttalögum frá árinu 1956, með síðari breytingum, en í 18. gr. segir, með leyfi forseta:

„Skylt er sveitarfélögum að leggja til endurgjaldslaust hentug lönd og lóðir undir íþróttamannvirki, sem styrkt eru úr íþróttasjóði eða íþróttanefnd viðurkennir. Heimilt er að taka land til þessa eignarnámi, ef þörf krefur.“

Þetta bendi ég á aðeins til að sýna að svipuð lagaákvæði eru til staðar í dag.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði mér ekki að hafa langt mál og hef ekki haft langt mál um þetta frv. Ég tel eins og aðrir sem hér hafa talað að málið þurfi miklu betri skoðunar við. Það er leiðinlegt til þess að vita þegar jafnstórt mál og sögulegt að mati klerkastéttarinnar er hér á ferðinni að þingið skuli afgreiða málið með þeim hætti sem raun ber vitni og það harma ég.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 298. mál, stjfrv., þskj. 430.

Iðnlánasjóður, 277. mál, nál. iðnn., þskj. 431; Iðnaðarmálagjald, 278. mál. nál iðnn., þskj. 431.

Veiting ríkisborgararéttar, 216. mál, þskj. 424.

[00:21]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar umræðu er hér hefur átt sér stað þykir mér rétt að koma með athugasemdir. Þessi tvö frv. sem eru hér til umræðu voru rædd í allshn. og fengu þar ágæta málsmeðferð að mínu mati. Það var reynt að verða við öllum óskum hv. nefndarmanna um upplýsingar og gögn.

Þessi mál komu til nefndar úr þinginu þann 8. des. og hefði vissulega verið heppilegra að fá þau fyrr. Umsagnarbeiðnir voru sendar út þann 10. des. og hringt var sérstaklega í alla. Það var t.d. hringt í prófasta, en þeir voru líka búnir að margskoða frv.

Þessi mál voru tekin fyrir á þremur fundum nefndarinnar þann 13. des. og á tveimur fundum þann 15. des. Ég get hins vegar tekið undir þau orð hv. þm. að það er ekki heppilegt að þurfa að vera undir tímapressu í tengslum við afgreiðslu mála hér á hinu háa Alþingi.

Í nál. frá minni hluta allshn. er vitnað í aðeins örfáar umsagnir, en það voru fjölmargar sem bárust og allar jákvæðar, enda sést það líka á efni þeirra um-

sagna sem hér fylgja með að það er ekki lagst gegn málunum. Enn fremur segir í nál., með leyfi virðulegs forseta:

„Í sumum umsagnanna er líka kvartað yfir því að bókun, sem kirkjuþing gerði við afgreiðslu málanna, fylgir ekki með frumvarpinu. Hefur henni verið stungið undir stól og fengu nefndarmenn hana aðeins í hendur í umsögn prófastsins í Borgarfjarðarprófastsdæmi. Í niðurlagi bókunarinnar segir: „Kirkjuþing treystir hinu háa Alþingi til að athuga þessa þætti gaumgæfilega er það fær þetta mál til meðferðar.““

Ég veit ekki hvort einhver hefur stungið bókun kirkjuþings undir stól og held að það sé raunar of mikið gert úr þessu máli hér því kirkjuþing samþykkti sjálft bæði þessi frv. Það hefði þá átt að vera hlutverk þeirra aðila sem komu á fund nefndarinnar, m.a. frá kirkjunni, að benda á þessa bókun ef menn hefðu talið það hlutverk Alþingis að gera úttekt á ýmsum stórum málum eins og ástandi kirkjugarða og prestssetra.

Varðandi þær breytingartillögur sem hér liggja fyrir þá þykir mér rétt að víkja fyrst að 4. gr. frv. til laga um prestssetur, en með ákvæðum þeirrar greinar, um kaup og sölu prestssetra, er að öllum líkindum fyrst og fremst átt við að sjóðstjórn verði heimilt að bregðast við þeim aðstæðum að prestssetur ónýtist eða gangi úr sér eða þyki óhentugt og nýtt verði keypt í staðinn. Með öðrum orðum þá er væntanlega ætlunin að veita sjóðstjórn heimild til að varðveita verðmætin sem felast í prestssetushúsunum. Ekki er um það að ræða að sjóðstjórnir fái heimild til að selja jarðir eða hús að geðþótta. Þriðja grein gerir reyndar ráð fyrir því að sjóðstjórn verði settar starfsreglur. Það gerir kirkjuþing og ákveðið er að prestastefnan, sem er samkoma vörsluaðila prestssetranna, muni fjalla um þær starfsreglur. Í þessum starfsreglum verður sjóðstjórninni settur rammi eða skýrar reglur um kaup og sölu. Því má halda að sá ótti sé ástæðulaus að með þessari grein sé gefinn möguleiki á því að rýra prestssetrin með því að láta réttindi, nytjar eða hlunnindi undan þeim ganga.

Brtt. um að Alþingi staðfesti ákvarðanir sjóðstjórnar er óþörf. Með þessu frv. er þjóðkirkjunni falin tilsjón með prestssetrunum. Sú tilsjón er skilyrt að því leyti að hæstv. dóms- og kirkjumrh. mun staðfesta ákvarðanir um kaup og sölu. Það skilyrði byggir á þeirri staðreynd og því samkomulagi ríkis og kirkju, eins og oft hefur verið bent á í þessari umræðu, að nú starfa kirkjueignanefndir ríkis og kirkju að því að fá niðurstöðu um framtíðarskipan og jafnframt hlutverk kirkjueigna í landinu.

Ef kalla á Alþingi Íslendinga til að staðfesta hverja nauðsynlega ákvörðun sjóðstjórnar þá er bókstaflega verið að ganga gegn meginhugsun frv. að kirkjan fái tilsjón með prestssetrunum og beri á þeim fulla ábyrgð. Það má líka spyrja hvort líklegt sé að kirkjuráð, kirkjuþing og prestastefna muni nokkurn tímann heimila þá meðferð á prestssetrum og jarðnæði er þeim fylgir er rýri þessar eignir og þar með kjör og stöðu viðkomandi sóknarpresta. Á það má einnig benda að það er hluti af embættisskyldu biskups og hæstv. kirkjumrh. að gæta þess að prestssetur rýrni ekki.

Það eru víða fordæmi í lögum um heimildir sem þessar. Sérstaklega er rétt að benda á lög um íbúðarhús í eigu ríkisins nr. 27 frá 1968, 9. gr., en þar er gengið miklu lengra en í þessum frv. og vil ég, með leyfi virðulegs forseta, lesa hér upp 1. mgr. 9. gr.:

„Íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins innan þeirra svæða, þar sem eðlilegur markaður hefur skapast fyrir íbúðarhúsnæði til kaups eða leigu, sbr. reglugerð, er sett verður skv. 11. gr., skal selja þegar í stað, er núverandi leigutakar þess hverfa úr því eða láta af embætti. Heimilt er þó að fresta sölu, ef slík frestun er bersýnilega hagkvæm fyrir ríkissjóð.“

Þetta atriði, eðlilegur markaður, er í raun og veru háð mati ráðherra hverju sinni og gengur því mun lengra heldur en það ákvæði sem hér er um rætt.

Varðandi tilvitnun í stjórnarskrá þá er ljóst að þegar dómstólar fjalla um slík tilvik þá er tekið tillit til þess hvernig þessi mál hafa verið framkvæmd. Það þarf heldur ekki að tíunda hverja eign í lagasetningu sem þessari. Ákvæði frv., hvað þetta snertir, eiga því að standast íslenskan rétt, enda ekki framsal á skattlagningarvaldi og ekki íþyngjandi fyrir borgarana. Þá er rétt að benda á það enn fremur að hægt er að þinglýsa kvöðum eins og varðandi virkjunarréttindi. Hér er um afmarkaðar heimildir að ræða í þessu frv. Allan V. Magnússon héraðsdómari svaraði því á fundi í nefndinni að frv. stangist ekki, eða réttara sagt, standist gagnvart 6. gr. fjárlaga, en hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson spurði sérstaklega um það atriði.

Varðandi brtt. við 6. gr. frv. má nefna að ríkið greiðir skatta og skyldur vegna íbúðarhúsnæðis í eigu þess. Leigugjald tekur mið af því. Hér er því um að ræða hliðstæðu við fyrirkomulag sem gildir um ríkiseignir. Ef ætti að láta prestana greiða skatta og skyldur ruglast grunnurinn sem leiga er ákvörðuð út frá. Leigan yrði lækkuð og dæmið yrði einfaldlega flóknara.

Það hefur enn fremur komið fram brtt. varðandi 10. gr. frv. þar sem rætt er um að sveitarfélag skuli leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús prestsins, ef um löggboðið prestssetur er að ræða. Í frv. er verið að staðfesta gildandi lög, sbr. m.a. 5. gr. laga nr. 62/1990, eins og tekið er fram í athugasemdum við 10. gr. Þessi grein hljóðar þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Sveitarfélögum kaupstaða og kauptúna er skylt að leggja til ókeypis lóðir undir kirkjur og undanskilja þær gatnagerðargjaldi. Nú er presti skylt að hafa aðsetur í kaupstað eða kauptúni, og er þá sveitarfélagi skylt að leggja til ókeypis lóð undir íbúðarhús hans, ef um embættisbústað í eigu ríkissjóðs er að ræða.“

Einnig má í þessu sambandi vísa til þess að þjóðkirkjunni er skylt að veita þjónustu á landsvísu en fríkirkjum og sértrúarhópum ekki. Það er ekki brotin jafnræðisregla stjórnsýslulaga enda nýtur þjóðkirkjan sérstakrar verndar í stjórnarskrá. Það eru enn fremur mörg fordæmi þess efnis í lögum eins og rætt er um í 10. gr. t.d. eru lög um skólakostnað, heilbrigðislöggjöf, heilsugæslustöðvarnar o.fl. Þessi lagasetning hefur verið réttlætt með því að sveitarfélagið nyti góðs af þessari þjónustu og sú röksemd á einnig við hér.

Virðulegi forseti. Að lokum er það von mín að þessum tveimur frv., þótt fyrra frv. sé hér aðeins formlega til umræðu, verði vel tekið á hinu háa Alþingi og verði afgreitt sem fyrst sem lög, því hér er um merkileg mál að ræða og í samkomulagi milli ríkis og kirkju.

[00:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins veita andsvar við það sem fram kom í ræðu hv. 6. þm. Reykv. að allar umsagnir um þessi mál væru jákvæðar. Það er rétt að leiðrétta það svo hér sitji ekki eftir sá skilningur að allir þeir sem sendu inn umsögn hafi mælt með þessu frv. Það hefur áður í þessari umræðu verið minnt á umsögn Ríkisendurskoðunar sem tekur það fram að hún treysti sér ekki til þess að fjalla um þetta mál á nokkurn hátt vegna þess að svo skammur tími er gefinn til þess.

Í öðru lagi vil ég, með leyfi forseta, vitna í umsögn frá prófasti Þingeyjarprófastsdæmis, Erni Friðrikssyni, en þar segir, með leyfi forseta:

„Um frv. þessi vil ég þó segja að ég er sannfærður um að fyrir þjóðkirkju Íslands og sveitapresta sé þarna um verulega afturför að ræða. Og sé leitað umsagnar minnar um þessi frv. vil ég leggja til að þau verði felld í núverandi mynd."

Þannig að það er ekki rétt sem fram kom í máli síðasta *ræðumanns að allar umsagnir væru jákvæðar í* þessu máli.

[00:34]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur, 6. þm. Reykv., fyrir málefnalega umræðu hér. — Hæstv. forseti, mér þykir óeðlilegt ef rauða ljósið blikkar strax í ræðustólnum.

(**Forseti** (PJ): Það hefur verið slökkt. Forseti vill taka fram að hv. ræðumaður hefur ótakmarkaðan tíma.)

Það er alltaf ánægjulegt þegar forseti minnir á þá staðreynd að nóttin er ung.

Hv. 6. þm. Reykv. flutti hér málefnalega ræðu. Það kallar að sjálfsögðu á málefnalega umræðu um þau atriði sem þar komu fram. Ég verð að segja eins og er að auðvitað erum við í þeirri stöðu, Alþingi Íslendinga, eins og öll önnur þing sem samþykkja lög, að það er aðeins eftir að lög hafa farið fyrir dómstóla, hæstarétt viðkomandi lands, að úr því fæst endanlega skorið hvað stenst og hvað stenst ekki. Þó við séum með þau ákvæði í lögum um íþróttahús, í verkaskiptingalögum um íþróttahús, að það sem ríkið leggi fram sé ákveðin peningaupphæð og það sem sveitarfélagið leggi fram sé peningaupphæð og lóð undir húsið, þá segir það alls ekki að um eignarnámsákvæði sé að ræða, vegna þess einfaldlega að undir þeim kringumstæðum er frumkvæðisaðili málsins sveitarfélagið sjálft. Að sjálfsögðu er það sama um skólana. Hér er aftur á móti um það að ræða að sveitarfélagið er ekki frumkvæðisaðili. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur að bæði kom það fram hjá þeim kennimönnum sem komu á okkar fund að þeir teldu þetta eðlilegt ákvæði, að þetta ætti að vera ókeypis, og það var vitnað til Svíþjóðar í því sambandi, og það kom einnig fram hjá ríkislögmanni að hann taldi að þetta stæðist. Mér finnst engu að síður að í þessu felist veruleg storkun. Það felist veruleg storkun gagnvart minnihlutahópum samfélagsins. Og ég tel að þarna sé ekki um þær fjárhæðir að ræða fyrir þjóðkirkjuna í sjálfu sér, lóð undir prestsbústaði, að þetta geti verið peningaspursmál, nema því aðeins — og nú bið ég menn að taka eftir — nema því aðeins að það sé ætlunin að taka upp það sem er heimilt samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, að láta alla sem eru í þéttbýlinu hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu fá prestsbústað. Ef það er ætlunin þá er þarna um þó nokkurn pening að ræða. Þá eru menn að snúa frá þeirri braut sem kom fram í frv. til laga frá 1968 þegar ákveðið var að selja á þeim svæðum sem litið var svo á að markaðurinn tryggði að það fjármagn sem menn settu í íbúðarhúsnæði héldi velli. Væri ekki tapað fé á nokkurn hátt heldur héldi velli og því eðlilegt að menn sæju sér sjálfir fyrir húsnæði á því svæði þar sem þannig væri ástatt um, sem sagt, þar sem verð á íbúðarhúsnæði er eðlilegt. Ég tel að sú hugsun sem kom fram 1968 sé rökrétt. Og hver skyldi nú hafa stjórnað þessu landi 1968? Hver skyldi það hafa verið? Voru það framsóknarmenn sem stjórnuðu þá? — Nú er borin tillaga til mín á grænu blaði og það er náttúrlega rétt, hæstv. forseti, að gera hlé á minni ræðu *ef óskað verður*, þannig að annað mál komist að, en það er af og frá að ég láti eitthvert annað mál ráða því hvort ég ljúki efnislegri umræðu um þetta mál. Það er af og frá. En ég er reiðubúinn að gera hlé á minni ræðu nú þegar til að tryggja það að annað mál verði tekið fyrir ef þess er óskað.

Herra forseti. Nú bíðst ég afsökunar á því að hafa tekið þennan miða alvarlega því svo fast virðist vera sótt á með hitt málið að menn mælast til þess að það sé tekið fyrir áður en það er tilbúið. En auðvitað veit hv. þm. Geir H. Haarde hvað málinu líður. Það er allt undir góðu kontróli, eins og menn vita, á þeim bæ (**Gripið fram í:** Hvaða mál er það?) og ég held ég afhendi bara miðann til aðila sem spyr hvaða mál þetta sé.

En svo ég haldi áfram máli mínu með það stóra mál, hver sé eðlileg stefna í uppbyggingu embættisbústaða, þá kom það skýrt fram fyrir Kjaradómi, skýrt fram fyrir Kjaradómi þegar mál voru sótt af prestum, að þeir litu með réttu á það; hvaða nám höfum við að baki, hvert er eðlilegt kaup okkur til handa. En það hlýtur þess vegna að kalla á sama samanburð frá öðrum stéttum ef það verður upptekið að opna það að það eigi að vera embættisbústaðir alls staðar, í þéttbýli líka, sem var afnumið 1968 af páv. ríkisstjórn — og vel að merkja það var ekki Framsókn sem var við völd. Hverjir skyldu hafa verið við völd árið 1968? (**Gripið fram í:** Hin sæla viðreisn.) Hin sæla viðreisn kemur hér. Það er sama viðreisnin og ritað er um í einni af bókunum sem kom út núna á jólamarkaðnum. Þessi hreingerning gagnvart embættismannabústöðunum var *eitt af því sem þeir töldu skynsamlegt, að skipta land*inu upp eftir því hvort eðlilegt markaðsverð væri á

íbúðarhúsnæði eða hvort svo væri ekki. Ég tel að það hafi verið rétt. Hvers vegna skyldu menn þá opna fyrir það núna í þessum lögum, eins og hér kemur fram í athugasemdum með ákveðinni grein, að það sé hægt að fara af stað með byggingar hvar sem er. Ég hygg að menn þurfi að hugleiða það dálítið í víðara samhengi hvort það sé annars vegar hægt að taka launin í Kjaradómi eða kjaranefnd eftir samanburð við menntun og taka svo upp allt annan kúrs þegar kemur að embættisbústöðunum. Það gengur ekki.

Ég vil líka vekja athygli á því að það er sagt að það sé verið að raska einhverjum grunni, einhverjum grunni í leigukjörum, þó þeir sem sitja prestssetur greiði brunabótaiðgjald af mannvirkjum eða greiði fasteignagjöld af jörðinni. Það er ekki verið að raska neinum grunni. En hitt er rétt og það bið ég hv. 6. þm. Reykv. að gera sér grein fyrir. Það getur enginn eftir það búið við þau hlunnindi að borga eina krónu á mánuði í leigu fyrir slíkt. Það er kjarni málsins. Og ef menn vilja koma því á framfæri að það sé ætlunin að staðfesta slíka vitleysu, þá eiga menn að hafa kjark til að segja það. Þá eiga menn að hafa kjark til að segja það hér úr þessum stóli að þeir vilji ekki raska þeim grunni að það séu ákveðnir aðilar sem borgi krónu á mánuði fyrir leigu á húsnæði, íbúðarhúsnæði. Ég vil vekja athygli á því að það er ekkert minnst á þetta í greinargerð með frv., þessar upplýsingar liggja þar ekki fyrir. Það er ekkert verið að kynna þær fyrir nefndarmönnum. Það er allt önnur vinna sem liggur á bak við öflun á þeim upplýsingum.

Og varðandi vinnuhraðann í nefndinni þá vil ég segja tvennt. Ég er sammála formanni um það að sá tími sem gafst var notaður. Það er engin gagnrýni á formann fyrir það að sá tími sem gafst hafi ekki verið notaður. Og það er engin gagnrýni á formann fyrir það að ekki hafi verið reynt að verða við óskum á þeim takmarkaða tíma sem var til umræðu. Það er gagnrýni á hitt að ætla að fara fram á það að hið ómögulega sé gert. Að það sem ráðuneytisstjóri dóms- og kirkjumrn. hafði eytt níu árum í, að eigin sögn, það áttum við að endurskoða og meta á örstuttum tíma. Og þó hann færi faglegum orðum og góðum um ágæti nefndarmanna og hæfileika þá var það náttúrlega mjög ofmælt að við hefðum hæfni til að leysa þetta mál á þessum tíma. Og það sækir á mig nákvæmlega sama hugsunin og kom fram hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni. Er það viljandi gert af embættismannakerfinu, af og til, að ætla sér að stilla þinginu upp við vegg, annaðhvort afgreiðið þið þetta, einn, tveir og þrír eða allt fer í steik. Það er verið að binda þetta við fjárlögin til að tryggja að þetta sé afgreitt í því óðagoti að menn skoða ekki málið. Menn skoða ekki málið.

Við samþykktum á sínum tíma lög um sóknargjöld. Þau lög voru fyrst og fremst hugsuð sem tekjustofnar fyrir söfnuðina. Söfnuðirnir hafa ekki litið á það sem sína skyldu að standa að uppbyggingu á fjárhúsum og fjósum. Hvers vegna? Vegna þess að kristindómsfræðslan fer fram í kirkjunni, þó að eitt sinn hafi fjós verið notað til að þýða biblíuna, það er allt annað mál. Sá tími er liðinn. En samkvæmt þessu frv. liggur það alveg ljóst fyrir að það er heimilt að nota og meira en heimilt það er skylt að nota þennan sjóð, prestssetrasjóðinn, til að kaupa hvort heldur er fjárhús eða fjós ef því er að skipta. (**JGS:** Er það ekki út af fyrir sig ágætt?) Þetta er ekki hugsað til þess að hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, geti selt sitt fjós. Það er mikill misskilningur. Þetta er ekki spurning um almennan markað, að þeir eigi að fara af stað og kaupa þau fjós sem þeim líst best á. Þetta er algerlega hugsað út frá öðru sjónarmiði. Það er verið að setja prestssetursjóðinn í sömu stöðu og landsdrottinn. Og það sem meira er að samkvæmt ábúðarlögunum eru skyldurnar svo miklar og það vona ég að hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv., geri sér grein fyrir, að fyrrv. formaður fjárln., Karl Steinar Guðnason, hafnaði því að það væru keyptar eignir á einni jörð upp á, að mig minnir, 34 millj. kr. Það gæti orðið lítið eftir af þessum sjóði. Og er það tilfellið að þannig sé komið í dag í stöðu þessara mála að það eigi bara ekkert að ræða þessa endurskipulagningu, það eigi bara ekkert að ræða hana, þetta sé bara allt sjálfsagður hlutur?

Það merkilega er að ég held að það séu fæstir þingmenn sem hafa yfir höfuð gert sér grein fyrir því hvers vegna ég tók svona ítarlega umræðu um ábúðarlögin. Menn héldu að ég væri að fara út fyrir efnið. Menn héldu að ég væri að gera það mér til skemmtunar að taka ábúðarlögin fyrir. En það er nefnilega kjarni málsins í þessu frv. að það er verið að setja prestssetursjóðinn í hlutverk landsdrottins, þ.e. hann er settur í sama hlutverk og sá sem á jörð með sömu skyldur, annars vegar að leggja til fé í upphafi, þegar prestur sest á jörð, ef húsakostur er ekki nægur og ef viðkomandi sóknarprestur mótmælir ástandi peningshúsanna á jörðinni. Það þarf ekki nema mótmæli þá er kerfið sjálfvirkt eftir það. Það eru þrír fjórðu sem hægt er að krefjast að séu byggðir upp af skepnuhúsum miðað við það sem jörðin ber. Hvað ber Skálholt margar kýr? Efh.- og viðskn. hefur ekki hugmynd um það. Ef þessi spurning yrði sett fram þá eru þessi lög það ströng að það væri skylda að sjá til þess að það væru byggingar fyrir þrjá fjórðu af þessum bústofni. Þessi ábúðarlög áttu við einu sinni, en þau eiga ekki við í dag vegna þess að það eru komnar framleiðslutakmarkanir. Þess vegna er algerlega út í hött að tengja þetta saman eins og gert er í þessu frv.

Þegar menn eru búnir að taka fyrir 5. gr. með ábúðarlögin, skyldurnar, og þær eru allar settar inn, þá eru þessi örfáu atriði sem snúa að afgjaldinu, því er gjörsamlega snúið við. Vegna þess að hver einasti leigusamningur sem ríkið hefur gert við bændur og núv. hæstv. iðn.- og viðskrh. hafði forgöngu um að gera sérstakar athugasemdir við og ófrið gegn hér á Alþingi Íslendinga, þar er alls staðar gert ráð fyrir því að leigutakinn borgi fasteignagjöldin og brunabótaiðgjaldið. En í þessum lögum er það tekið út. Það er ekkert samræmi. Hvers vegna er þetta tvöfalda siðgæði innan Alþfl.? Hvers vegna er það? Annars vegar að hefja aðför á sínum tíma að þeim bændum landsins sem leigðu ríkisjarðir með miklu hærri leigu en hér er til umræðu,

en standa svo að því að þetta frv. verði að lögum. Lásu þeir þetta aldrei? Lásu þeir þetta aldrei yfir? Er komið svo á ríkisstjórnarfundum að það sé komið með bunkann og menn bara afgreiði þetta á færibandi.

Ég hlustaði einu sinni á þá söguskýringu að þegar aftökudómurinn yfir Maríu Stúart fór fram þá hafi það gerst með þeim hætti að embættismenn komu með það stóran bunka fyrir Elísabetu drottningu til að skrifa undir að hún las ekki það sem hún skrifaði undir. (**Gripið fram í:** Var það María Stúart?) Hún las ekki það sem hún skrifaði undir, hún afgreiddi bara dauðadóminn út af borðinu. Og við sem horfum á Yes Minister, við sjáum vinnubrögðin. Er það þannig sem vinnubrögðin eru innan ríkisstjórnar Íslands, það er komið með bunkann af frv. og þau eru ekki lesin og menn gá ekki að því hvað þeir eru að samþykkja? Eða er það tilfellið að þannig var litið á málið núna 1993 að til að efla kristindóminn í landinu þá ætti að tryggja það að sóknargjöldin færu í að byggja upp fjós og fjárhús á Íslandi? Svo virðist vera.

Ég efa ekki eitt augnablik, þó ég standi hér og tali á þennan veg, að meiri hluti Alþingis, vel agaður undir góðri stjórn, mun afgreiða núna fyrir jól að sóknargjöld á Íslandi skuli m.a. fara í að byggja upp fjárhús og fjós fremur en að auka þjónustu við fjölskyldur í landinu, eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson minntist á. Vegna þess að það er eignastefnan sem er að verða ofan á, en þjónustustefnan sem er að verða undir.

Ég minnist þess að það var ekki talið hátt risið á Sturlu Sighvatssyni þegar búið var að leiða hann fyrir höfuðkirkjur í Róm og hýða hann fyrir framan hverjar kirkjudyr, en það var heldur ekki hátt risið á núv. hæstv. dómsmrh. þegar biskupinn yfir Íslandi var búinn að senda honum tóninn. Það var nefnilega opinber hýðing ekkert síður en í Róm á sínum tíma. Og kannski er það svo að það séu sömu örlög sem séu að henda báða hvað það snertir að þeir gá ekki að sér á flótta undan kirkjuvaldi. Alþingi Íslendinga er reiðubúið að verja þjóðkirkjuna. En það verður fróðlegt að sjá hvort einhugurinn um að breyta sóknargjöldunum á þennan hátt, hvort sá einhugur er til staðar.

Að lokum. Það er talað um að sú heimild sem hér er veitt um sölu í 4. gr. sé nánast upp á punt. Það eigi ekki að fara að selja nokkurn skapaðan hlut. Hvað eru menn að biðja um heimildir ef þær eru hafðar upp á punt? Hvað er verið að taka þennan tíma, hæstv. forseti, til að ræða um heimildir til að selja alla kirkjustaði á Íslandi ef það stendur ekki til að gera nokkurn skapaðan hlut? Er það þá bara upp á punt sem menn eru hafðir hér í þessari umræðu? Hvers vegna er nauðsyn að Alþingi Íslendinga sé sett þarna út, en dómsmrh. í staðinn? Hvaða togstreita um völd er þetta? Hæstv. dómsmrh. er mjög stundlegt fyrirbrigði í sínu starfi, mjög stundlegt. Það er eins og ágætur forstjóri hér í Reykjavík yfir Sölu varnarliðseigna, eða hvort sú stofnun hét nú annað þá, orðaði það þegar hann var skammaður af ráðherra hvers vegna hann hefði ekki hlýtt. „Þessir ráðherrar koma nú og fara," sagði hann og hafði ákveðið að lifa ákveðinn ráðherra af sér án þess að fara eftir hans fyrirmælum.

Hæstv. ráðherra, sem leggur til að þetta vald sé flutt frá þinginu, veit ekkert hver situr yfir þessu valdi seinna meir. En hæstv. ráðherra lýsti því yfir í upphafi umræðunnar að með þessum lögum væri ekki verið að taka neinar ákvarðanir um hver ætti hvað. Hvað ríkið ætti og hvað kirkjan ætti. Þó er búið að vinna í því í níu ár. Og það merkilega er að það er komin stór bók, það var fyrra bindi. Einn ágætur maður sem að því vann er horfinn yfir móðuna miklu. En hefur allshn. verið afhent þetta rit til að hún geti lesið það yfir og skoðað hvað í því stæði til að átta sig betur á því hver væri hugsunin á bak við þetta? Það er aldeilis ekki. Allshn., að hún fái þetta í hendur. Nei, það hefur ekki verið gert. Hún á bara að afgreiða. Hún á bara að afgreiða nákvæmlega eins og á ríkisstjórnarfundum, út með þetta, út með þetta. Helst ekki að skoða nokkurn skaðaðan hlut, hvað er á bak við.

Ég hef lýst því yfir að ég er hlynntur því að það verði unnið að vissri sjóðsmyndun eins og grunnhugmyndin er, það verði aðgreint á milli. En þá verða menn líka að gera sér grein fyrir því að upphafið á því hlýtur að vera það að komast að niðurstöðu. Að komast að niðurstöðu um það hver á hvað. Þora að segja það hér og gera grein fyrir því og starfa samkvæmt því. Ég óska þeim til hamingju sem hafa staðið þannig að málum að þeir telja að hér sé eðlilega unnið. Ég óska þeim til hamingju.

Það getur vel verið að það þætti fróðlegt í félmn. þingsins að skoða leigukjörin hjá þessum 13 sem hér voru til umræðu. Skoða þau vegna þess að það er ekki til eitt einasta félagslegt húsnæði á Íslandi sem er leigt á jafngóðum kjörum. Ekki eitt einasta. Alveg sama hvort það eru gamalmenni, einstæðar mæður eða ekkjur. Nákvæmlega sama. En Alþfl. stendur einhuga á bak við og það má ekki raska grunninum er sagt þegar talað er um það að þeir sem sitji e.t.v. einhverjar kostamestu jarðir Íslands þurfi að kosta því til að borga fasteignagjöldin og brunabótaiðgjaldið af viðkomandi jörð. Nei, prestsseturssjóður skal borga. Það er ekki skrítið þó það sé eining andans í ríkisstjórninni þessa stundina eftir að jafnaðarmannastefnan hefur snúist á þennan veg.

[01:03]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið fróðlegt að hlusta hér á ræðu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ég verð að játa að ég hafði ekki fylgst það mikið með þessu máli, enda er skammt síðan það kom hingað inn í þingið, né áttað mig á þeim nál. sem hér liggja fyrir, hvað sé hér á ferðinni. Mig langar þess vegna til að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort það sé virkilega rétt sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er að segja, að ef þetta frv. er tengt frumvarpinu um kirkjumálasjóð, sem er hér einnig til umfjöllunar, þá sé það þannig að þau sóknargjöld sem greidd hafa verið og hafa verið talin tekjustofn kirkjunnar og eru samkvæmt skilningi almennings í landinu til þess að fjármagna kristni á Íslandi og starf kirkjudeildanna, að það verði hægt að nota þau til að byggja upp útihús, fjárhús og fjós á prestssetrum og

mannvirki sem tengjast búfjárhaldi á þessum jörðum?

Mér er satt að segja til efs að þorri þingmanna hafi áttað sig á því að frv. kunni að vera með þessum hætti. Ég held að það sé nauðsynlegt að fá það alveg skýrt fram hvort þessi skilningur hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar sé réttur. Og hver eru þá rökin fyrir því að sóknargjöldin eigi að fara að standa undir landbúnaðarframkvæmdum í landinu? Ég hef a.m.k. skilið það svo að stefnan væri, hæstv. landbrh., að draga saman í búvöruframleiðslunni og til þess hafa menn verið að leggja hér miklar byrðar á þá stétt í landinu sem eru bændur og það hefur staðið mjög hörð deila um það hér í mörg ár hvort þessar byrðar væru of miklar. Síðan er því haldið fram af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að í þessu frv. sé annarri stétt, þ.e. prestum sem búa á jörðum, veittur sá réttur að sóknargjöldin standi undir framkvæmdum við landbúnaðarmannvirkin á þeirra jörðum, þannig að samkeppnisstaða þeirra við aðra bændur sé styrkt sérstaklega á niðurskurðartímum í landbúnaði í gegnum sóknargjöldin. (**Landbrh.:** Er það nú trúlegt?) Hæstv. landbrh. kallar hér fram í — og ég vil biðja hæstv. dómsmrh. að hlusta vel á það að hæstv. landbrh. kallaði hér fram í: Er það nú trúlegt? Er það nú trúlegt? segir hæstv. landbrh. Þannig að það er þá alveg ljóst að hæstv. landbrh. er í sömu stöðu og ég að hann trúir því ekki að sá skilningur sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur lýst hér á þessu frv. sé réttur. Hæstv. landbrh. trúir því ekki.

Þess vegna finnst mér alveg nauðsynlegt að hæstv. dóms- og kirkjumrh. komi og taki alveg af skarið í þessum efnum, hvert sé samhengið í þessum tveimur frv. Því ef það er virkilega þannig að með samspili þessara tveggja frv., frv. um kirkjumálasjóð og frv. til laga um prestssetur, sé verið að búa til fjármögnun á landbúnaðarframkvæmdum á prestsjörðunum í gegnum sóknargjöldin á sama tíma og verið er að þrengja að öllum öðrum bændum í landinu, þá gengur það einfaldlega ekki upp. Það bara gengur einfaldlega ekki upp. Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð um það. Það sjá allir þingmenn að það gengur ekki upp. Ég vona því að hæstv. dóms- og kirkjumrh. komi og skýri það út fyrir okkur að þessi túlkun hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar sé byggð á misskilningi.

Hitt atriðið sem ég vildi líka spyrja um og sætir furðu og hefði í raun og veru verið ástæða til þess að hæstv. fjmrh. væri hér viðstaddur, að skv. 4. gr. þessa frv. þá er stjórn preststssetrasjóðs, sem kosin er af kirkjuráði, heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim. Nú hef ég talið að það hafi verið sú skipan á að þær jarðir sem ríkið hefur átt þyrfti að flytja um sérstök frv., með tilgreindu nafni þeirra jarða, þegar þær hafa verið seldar úr eigu ríkisins. Það væri mjög fróðlegt að vita hvort það er eitthvert fordæmi fyrir því að það sé búið til svona heildsöluákvæði um sölu á ríkiseignum. Ég vil biðja hæstv. dóms- og kirkjumrh. að svara því: Er til eitthvert fordæmi um það að svona opin heimild sé veitt fyrir sölu á ríkiseignum? Eða er það kannski skilningur hæstv. dómsmrh. að prestssetursjarðirnar séu ekki ríkiseign? (Gripið fram í.) Hvað sagði þingmaðurinn? (**Gripið fram í:** Það er skoðun dómsmrh.) Að þær séu ekki ríkiseign? (**Gripið fram í:** Samkvæmt því sem hann sagði hér um daginn.) Ja, það eru náttúrlega merkileg tíðindi og væri þá fróðlegt að heyra álit hæstv. fjmrh. á því. Vegna þess að okkur sem höfum starfað í fjmrn. hefur a.m.k. verið tjáð það, af þeim sem þar hafa starfað lengi að prestssetrin séu skilyrðislaust ríkiseign í þeim skilningi að þeim megi ekki breyta nema flutt séu sérstök frv. um það á Alþingi að selja þá eign ríkisins.

Hér hefur verið flutt frv. nokkrum sinnum af allri fjárln.

Þar sem skýrt er kveðið á um það að fjmrh. hafi enga heimild til að selja einn einasta þátt í eigu ríkisins nema með samþykkt Alþingis. Og hv. þm. Egill Jónsson, sem hér situr fyrir framan mig, hefur tekið þátt í því að flytja slíkt frv. nokkrum sinnum. Er það virkilega þannig að merkingin í þessari 4. gr. sé sú að einhver þriggja manna nefnd, þó hún sé kölluð stjórn, sem kirkjuráð kýs, eigi að fá heimild til að selja þessar ríkiseignir og réttindi sem þeim eru tengd eins og henni sýnist? Og það sé bara ráðherrann einn, þ.e. dómsmrh., sem þurfi að samþykkja það? Er með þessari 4. gr. verið að taka þetta vald úr höndum fjmrh. og Alþingis? (**Landbrh.:** Það er bara eins ...) Það var ágætt að hæstv. ráðherra nefndi það vegna þess að hér situr í forsetastól maður sem sagði í ræðustól Alþingis að slíkt væri óheimilt. Slíkt væri óheimilt. Við skulum þá a.m.k. alveg átta okkur á því hvað er verið að gera með þessu frv. og ég tel nauðsynlegt í ljósi þessara fullyrðinga sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur sett fram að hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh. skýri alveg nákvæmlega hvað er verið að gera með þessu frv. (**Gripið fram í:** Er þetta Þormóður rammi?) Ég hélt satt að segja þegar þessi frv. voru lögð fram að hér væri verið að greiða fyrir ákveðinni kostnaðarþátttöku kirkjunnar í vanda ríkissjóðs, en það væri ekki verið að knýja hér fram grundvallarbreytingar á eignaeðferð ríkisins. En samkvæmt skilningi hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar á þessari grein, og eins og hún stendur, er verið að gera það. Verið að knýja fram slíka grundvallarbreytingu. Og það gerist nú ekki bara svona einn, tveir og þrír án þess að málið sé skoðað í þinginu og án þess að hæstv. fjmrh. komi til þeirrar umræðu.

Ég hef í sjálfu sér engan áhuga á því að tefja fyrir framgangi mála sem eðlileg eru, en ég tel nauðsynlegt í ljósi þeirrar ræðu sem hv. þm. hefur flutt að við sem ekki höfum haft tækifæri til að setja okkur nákvæmlega inn í þetta mál fáum að vita hvort það sé virkilega rétt að eðli málsins sé með þeim hætti sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur verið að lýsa. Því ef það er svo þá held ég að við hér, a.m.k. í okkar þingflokki, þurfum að taka málið þannig fyrir og átta okkur rækilega á því hvaða afstöðu menn eiga að hafa og ég hugsa að ýmsir aðrir í þinginu þurfi að gera það líka, vegna þess að þá er verið að stíga hér ýmis skref í grundvallarbreytingum á eignarhaldi ríkisins sem m.a. sá sem nú situr í forsetastól hefur á undanförnum árum flutt frv. um að banna.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta lengra. Ég veit ekki hvort það eru fleiri á mælendaskrá eða ekki, en ég tel algerlega óhæft að ætla okkur að ganga til atkvæða um frv. án þess að nánari skýringar komi fram af hálfu hæstv. ráðherra í ljósi þeirra fullyrðinga sem settar hafa verið fram af einum nefndarmanni. Þannig að ef ekki eru fleiri á mælendaskrá þá vildi ég óska eftir því að gert væri hlé á umræðunni svo hæstv. fjmrh. ásamt hæstv. dómsmrh. gæti tjáð sig skýrt um málið.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti tekur fram að þetta er 2. umr. og þrátt fyrir að hæstv. fjmrh. sé eigi viðstaddur þessa umræðu þá getur gefist tækifæri til að spyrja hann spurninga við 3. umr. Hér hefur verið við þessa umræðu og er enn hæstv. dómsmrh. sem hefur með forræði þessa máls að gera og hefur svarað fyrirspurnum sem til hans hefur verið beint.

[01:15]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil minna hæstv. forseta á að ég hef ítrekað óskað eftir því að hæstv. fjmrh. verði kvaddur til umræðunnar til að svara fyrirspurnum sem ég hef beint til hans. Ég kann því illa, virðulegur forseti, að því sé ekki sinnt og að forseti gefi því ekki gaum þegar ég bið hér um orðið um fundarstjórn einmitt til að ítreka það og inna eftir því hvort hæstv. fjmrh. sé fáanlegur til umræðunnar. Því hér er um að ræða ágreiningsmál á milli hæstv. dómsmrh. og hæstv. fjmrh. um meðferð á eigum ríkissjóðs. Það er ekki forsvaranlegt að umræðu ljúki án þess að hæstv. fjmrh. komi og svari fyrirspurnum um þetta atriði. En það kemur fram í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. að þessar eignir séu eign ríkissjóðs. Hæstv. dómsmrh. er ósammála því. Hvað eru hv. alþm. að gera þegar þeir greiða atkvæði um þessa 4. gr. og frv.? Eru þeir að greiða atkvæði sjónarmiði dómsmrh. eða fjmrh.? (**Landbrh.:** Þeir eru að taka af skarið.) Þeir eru að taka af skarið, segir hæstv. landbrh. Það væri nú fróðlegt að fá nánari útlistun á þessu hvaða skar er verið að taka af í þessum efnum. Það er almenna reglan að eignir ríkissjóðs verði ekki seldar nema samkvæmt sérstökum lögum. Eða ætlar hæstv. dómsmrh. að halda því fram að hann gæti farið að selja t.d. embættisbústaði sýslumanna eða húseignir ríkissjóðs sem hýsa embætti sýslumanna út frá einhverju ákvæði í lögum af þessu tagi? Eða jafnvel án þess að það væri ekki neitt ákvæði af þessu tagi? Hvaða eignir eru það sem á að selja hér samkvæmt þessari grein í frv.? Þær eru ekki taldar upp. Og hvaða réttindi eru það sem þeim fylgja sem má selja?

Hæstv. dómsmrh. sagði hér fyrr í umræðunni að þeir sem færu með þessi mál, stjórn prestsseturssjóðs, og hefðu heimild samkvæmt þessu frv. til að kaupa og selja prestssetur, þeir væru á vegum kirkjunnar, sá sjóður væri ekki eign ríkisins, ríkið bæri ekki ábyrgð á þeim sjóði. (**Gripið fram í:** Ha? Sagði hann það?) Já, það kom alveg skýrt fram að kirkjan bæri ábyrgð á þeim sjóði. Með öðrum orðum að þeir sem ekki eru undir stjórn ríkisins þeir geta selt eignir sem fram til þessa hafa verið eign ríkisins og ráðstafað þeim til annarra en ríkisins sjálfs. Þeir geta gengið á eignir sjóðsins með því að reka sjóðinn með halla. Það eru engin ákvæði í frv. sem skylda sjóðstjórnina til þess að láta tekjur mæta útgjöldum. Sjóðstjórnin getur vísvitandi rekið þennan sjóð með halla. Sjóðstjórnin getur haldið áfram að leigja ýmsa bústaði á eina krónu á mánuði. (**GunnS:** Hættu að tala svona.) Hér segir hv. 5. þm. Austurl. mér að hætta að tala um húsaleigu klerka. Hver skyldi húsaleigan vera á Heydölum? Ég vil bara minna hv. þm. á að það eru fleiri í þjóðfélaginu en klerkar sem kvarta undan sínum kjörum. Ég get upplýst þann ágæta þingmann um það að til mín leitaði kona í dag, einstæð móðir, hér í borginni sem er atvinnulaus og hún borgar 45.000 kr. á mánuði í húsaleigu. Hún hafði engin úrræði og hefur engin úrræði til að sjá sér og sínum farborða. Henni bjóðast ekki krónukjör á mánuði í þessari stöðu. Það er enginn tilbúinn til að liðsinna henni hér af þeim sem hún hefur leitað til. Það dugar lítið að segja við fólk eins og hana að menn eigi að hætta að tala um þessi kjör. Ég vænti þess að hv. þm. geri sér grein fyrir því að það er alvörumál sem um er að ræða. Það er ekki flimtingamál að vera með sérkjör og telja það eðlilegan hlut að viðhalda þeim. Þó að hv. 5. þm. Austurl. glotti yfir þessum ræðum þá er ég ekki viss um að hann brosi svo mikið þegar hann er kominn austur á firði og þarf að svara sínum kjósendum um afstöðu sína í þessu máli. Menn eiga ekki, síst af öllu jafnaðarmenn, að taka kerfi og framlengja það og setja sérstök lög til að geta framlengt það... (**Gripið fram í:** Nema kvótakerfið.) Nema kvótakerfið? Ef til vill. Nú sé ég að hæstv. umhvrh. er mættur og brosir breitt.

(**Forseti** (PJ)**:** Ekki samtal.)

Mér er ekkert að vanbúnaði, virðulegur forseti, að ræða þessi mál en ég kann því betur að þingmenn sem hér eru viðstaddir hafi hugann við það að taka þátt í umræðum og hlýða á umræður í því máli sem til umræðu er í stað þess að hafa það í flimtingum. Mér finnst það satt best að segja ekki mjög tilhlýðilegt.

En ég vil ítreka það, virðulegur forseti, og vænti þess að forseti taki því vel eins og jafnan þegar óskað er viðveru ráðherra að ég hef óskað eftir því að hæstv. fjmrh. komi til fundar og svari spurningum um þetta grundvallaratriði. Það verður að liggja ljóst fyrir, virðulegur forseti, hvor skilningurinn á að gilda í þessum efnum. Því ef menn eru að taka stefnubreytingu hvað þetta varðar þá gildir það sama um önnur atriði. Það er ekki hægt að setja lög um að ákveðnar eignir ríkisins verði afhentar tilteknum sjóði sem geti síðan selt þær eða keypt eftir atvikum en aðrar eignir ríkissjóðs fari eftir öðrum reglum, sem sé þeim að það verður að samþykkja með lögum hverju sinni. Það er ekki boðlegur framgangsmáti málsins eins og ég greindi frá í upphafi fyrri ræðu minnar í kvöld að blanda saman tveimur óskyldum atriðum. Annars vegar stefnubreytingu í þessum málefnum og hins vegar því sem tengist fjárlagaafgreiðslu. Og ég hef lagt áherslu á að menn greindu þessi mál í sundur, tækju

það mál sem lýtur að afgreiðslu fjárlaga út úr frumvörpunum og afgreiddu þau sér þannig að forsendur fjárlagafrv. mættu halda en skildu eftir til frekari skoðunar þessa miklu stefnubreytingu sem hér er boðuð í þessum málum og kirkjunnar menn hafa haft á sínum vettvangi til umfjöllunar í nokkuð langan tíma en þingmenn ekki. Það er það sem þarf að gerast, virðulegur forseti, að þingið manni sig upp í að gefa sér þann tíma sem þarf til að geta afgreitt frá sér sómasamlega frv. en látið það vera að haga sér eins og gólftuskur fyrir ráðherra, þræla hér í gegn illa unnum frv. eins og bent hefur verið á og má nefna það fræga ákvæði til bráðabirgða í frv. til laga um kirkjumálasjóð. En það er hollt að lesa það yfir þingmönnum sem hér sitja prúðir og stilltir að í ákvæði til bráðabirgða, sem eðli máls er ákvæði sem gildir um skamma hríð, er ákvæði um að afhenda eignir ríkissjóðs tilteknum sjóði. Það er ekkert til bráðabirgða það er til varanlegrar afhendingar. Hvað á það heima í ákvæði til bráðabirgða? Eins og hér segir, með leyfi forseta:

„Húseignin að Bergstaðastræti 75, Reykjavík, ásamt leigulóðarréttindum verður eign kirkjumálasjóðs við gildistöku laga þessara."

Þetta er í ákvæði til bráðabirgða. (**SvG:** Þetta er kannski bráðabirgðaákvæði gegn ...) Ja, þá væri fróðlegt að fá það upplýst hvenær þessu ákvæði til bráðabirgða lýkur, hvenær það fellur úr gildi. Því það er eðli bráðabirgðaákvæða að þau falla úr gildi að skömmum tíma liðnum.

Það segir einnig í ákvæði til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Eignir þær, sem ríkið hefur lagt Tónskóla þjóðkirkjunnar til, renna til skólans við gildistöku laga þessara."

Það er ekki hægt og ekki boðlegt bara út frá tæknilegum sjónarhóli séð að afgreiða frv. eins og þetta óbreytt. Auðvitað eiga menn að gefa sér tíma til að laga hortitti í lagasetningu af þessu tagi. A.m.k. hef ég lagt á það áherslu að menn gæfu sér tíma til að pússa svona hluti svo að sómasamlegir væru fyrir utan það að skoða hinn efnislega þátt málsins betur en gefist hefur. Það kann að vera að niðurstaða við athugun á máli eins og þessu verði sú að menn fallist á meginsjónarmiðið sem hér er verið að boða en það gerist ekki með þeim hætti að koma í veg fyrir að þingmenn gefi sér tíma til að skoða málið. Þá fyrst er ástæða til að staldra við og spyrja hver sé hin raunverulega ástæða asans á málinu þegar menn virðast vísvitandi gera það sem hægt er til að koma í veg fyrir að þingmenn skoði mál af sæmilegu viti á Alþingi.

[01:27]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Síðastliðin fimm ár hefur verið mikil viðleitni hér í þinginu sem m.a. hv. forseti hefur tekið þátt í og ég hef tekið þátt í og ýmsir fleiri að reyna að koma ákveðinni skipan, ég vildi gjarnan að hæstv. forseti hlustaði á þetta, (**Gripið fram í:** Ekki trufla forsetann.) að koma á ákveðinni skipan varðandi fjármál ríkisins, eignamál ríkisins og aðra slíka þætti svo að horfið væri frá því að þau mál væru á stundum í þeim ruglanda sem var hér áður fyrr. Nú játa ég það eins og ég hef gert fyrr í þessari umræðu að ég fór ekki að kynna mér þetta frv. fyrr en undir ræðum hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ég sé að í athugasemdum við 4. gr. frv. segir:

„Ákvæði þetta mælir fyrir um heimild sjóðstjórnar til kaupa og sölu á prestssetrum."

En síðan stendur hér í fylgiskjali frá fjmrn.:

„Vakin skal athygli á, eins og gert er í athugasemdum við lagafrv. þetta, að kirkjunni eru ekki afhentar prestssetursjarðir og prestsbústaðir til eignar. Þær eignir verða áfram eign ríkissjóðs."

En hvernig er þá hægt að selja prestssetrin samkvæmt 4. gr. ef þau eiga áfram að vera eign ríkissjóðs? Þess vegna vil ég nú, virðulegur forseti, setja fram þá ósk til að þetta mál þurfi ekki að þvælast lengi fyrir hér í almennri umræðu hvort það er ekki hægt að gera hlé á þessari umræðu þannig að við fáum tækifæri til að ræða við hæstv. fjmrh., jafnvel utan þingsalarins, til að afla okkur skýringa á því hvaða hugsanir og hugmyndir liggja þarna á bak við áður en umræðan heldur áfram. Ég hef engan áhuga á að tefja málið hér í ræðustól en mér finnst ekki hægt að halda áfram með þetta mál fyrr en við a.m.k., sem viljum hafa einhverja samfellu í afstöðu okkar til meðferðar fjármála og eigna ríkisins, höfum haft tækifæri til að ræða formlega í þingsal eða utan hans við hæstv. fjmrh. Þess vegna beini ég þeim tilmælum til forseta að þessari umræðu verði frestað.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill gjarnan, vegna athugasemda sem fram hafa komið varðandi þetta mál og fjarveru hæstv. fjmrh., beina því til formanns hv. allshn. að kanna þau atriði sem hér hefur verið spurt sérstaklega um þar á meðal að athuga hvort einhver meiningarmunur sé á milli hæstv. fjmrh. og hæstv. dómsmrh. um þetta mál sem er nú ólíklegt þar sem um stjórnarfrv. er að ræða. Slík athugun gæti farið fram á milli 2. og 3. umr. Ætlun forseta var að ljúka þessari umræðu hér á þessum fundi.

Fyrir liggur að það eru önnur mál sem þarf að koma hér áfram, þar á meðal að setja nýjan fund. Vænti ég þess að það megi takast að koma því máli áfram sem allir vita að áhugi er fyrir að ljúka hér á þessum fundi. Enn fremur er það ætlun forseta að ljúka umræðu um þetta mál.

[01:31]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég hef nú ekki gert miklar athugasemdir við svefntíma manna en nokkuð er það bagalegt hvað svefntími hæstv. fjmrh. virðist ávallt skarast á öfugan veg við fundartíma í þinginu. Og merkilegt má það vera hve samstiga hæstv. forsetar virðast vera í því að ætla honum sérstaka svefnþörf umfram aðra ráðherra og hlífa honum við að mæta hér á fundum. Og mér finnst það með ólíkindum þegar það er yfirlýst að um sögulega atburði sé að ræða í eignalegum samskiptum milli ríkis og kirkju og hæstv. dómsmrh. er raunverulega orðinn tvísaga í því algerlega tvísaga

hvort þessi frv. boði eignabreytingar eða ekki eignabreytingar og jafnframt lýsir hann því yfir að það sé engin afstaða tekin til þess hver eigi hvað, aðeins það að e.t.v. sé sú regla upp tekin að menn megi bara selja það sem þeir ekki eiga, þá finnst mér nú mikil tillitssemi þrátt fyrir svefnvenjur hv. fjmrh., sem ég vil ekki að staðaldri verða til að trufla, að það verði gerð undantekning og hann boðaður á fundinn.

[01:33]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að ítreka að alvara þessa máls er mikil. Ég held hins vegar að það sé skynsamlegra að við fáum tækifæri áður en umræðan heldur lengra áfram til að ræða við hæstv. fjmrh., jafnvl þótt utan þingasalar sé, til að glöggva okkur á því hvað hér er raunverulega á ferðinni.

Ég setti fram þá ósk við virðulegan forseta að þessari umræðu yrði frestað svo slíkt tækifæri gæfist. Ég ætla ekki að fara í harðan slag við hæstv. forseta um það. En ég minni bara á það að á síðasta kjörtímabili þegar Sjálfstfl. óskaði eftir frestun á umræðu vegna þess að fjmrh. væri fjarverandi þá var ávallt orðið við þeirri ósk og stundum var hún sett fram af mikilli hörku af hálfu Sjálfstfl. þá. En það var ávallt orðið við henni. Það er engin viðleitni hér að reyna að tefja þetta mál en við viljum fá að vita það hvað hér raunverulega er að gerast. Og fjmrn. setur ekki á blað sem fylgiskjal með þessu frv. svona texta nema mikil alvara sé þar á bak við. Ég held að það væri skynsamlegra að okkur gæfist tækifæri til að kanna málið hér utan þingsalar í stað þess að vera að eyða tíma hér í einhver áframhaldandi ræðuhöld í þessari umræðu sem engu skilar.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill benda á að altítt er að mál séu athuguð á milli 2. og 3. umr. Forseti hefur þegar boðist til að mælast til þess við formann hv. nefndar að kanna þau mál sérstaklega sem hér hafa verið gerð að umtalsefni.

Ég tel að hv. þm. mættu vel sætta sig við þá leið ... (**Gripið fram í:** Ég geri það ekki. Ég vil fá að ræða við fjmrh. áður en ég greiði atkvæði um þessa grein.) og er það altítt að sú leið sé farin.

[01:35]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hv. 8. þm. Reykn. gerir neitt með það eða hvort hann hefur haft eitthvert samráð við sinn þingflokksformann um það en það er samkomulag þingflokksformanna um að ljúka þessu máli. Og ég sé ekki, ef hv. þm. óskar eftir því að ræða við fjmrh. utan fundar, af hverju hann getur ekki gert það áður en atkvæðagreiðslan fer fram. Hún þarf ekkert að fara fram í upphafi fundar á morgun.

En ég tel einsýnt að við ljúkum þessari umræðu. Ef það eru meinbugir á þessu máli sem koma fram fyrir atkvæðagreiðslu um 2. umr. þá geta menn auðvitað kynnt sér það og komist að niðurstöðu um það og síðan er eins og hæstv. forseti hefur margbent á tækifæri til að fara ofan í slík atriði við 3. umr. Þetta þarf auðvitað ekkert að segja mönnum, þetta vita allir hv. þm. Síðan vek ég athygli á því að hér bíður mál sem þarfnast afgreiðslu og það er ástæðan fyrir því að hér bíða enn svo margir þingmenn sem raun ber vitni til þess að geta verið hér og greitt atkvæði um mál sem hefur verið afgreitt samhljóða úr utanrmn.

[01:36]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir nokkuð sérkennilega staðið að þinghaldinu á þessari nóttu. Þannig háttar til að hér er til 2. umr. mál sem áður hefur sætt nokkurri meðferð við 1. umr. þar sem fram kom verulegur ágreiningur þá strax á milli hæstv. fjmrh. og hæstv. dóms- og kirkjumrh. Hæstv. dóms- og kirkjumrh. lýsti því þá yfir að hann liti svo á að það eignaforræði sem um getur í frv. um prestssetur væri í rauninni með frv., ef það yrði að lögum, flutt til dóms- og kirkjumrn. Það er alveg klárt. Það lá einnig fyrir og hefur legið fyrir um skeið að fjmrn. lítur þannig á að þetta sjónarmið dóms- og kirkjumrn. sé rangt, því það segir svo í umsögn fjmrn., með leyfi hæstv. forseta: „Þær eignir verða áfram eign ríkissjóðs.“ — Með öðrum orðum, það er skjalfestur ágreiningur á milli dómsmrn. og fjmrn. í þessu máli. Þegar 1. umr. fór fram þá óskaði ég eftir því að hæstv. fjmrh. tæki þátt í þeirri umræðu, lýsti því þá yfir, þar sem hann var í burtu, að eftir atvikum gæti ég sætt mig við að þannig stæði á, að hann kæmist ekki til þeirrar umræðu, enda kæmist hann til umræðunnar í hið annað sinn. Hver er svo niðurstaðan? Hún er sú að fjmrh. fæst heldur ekki til að taka þátt í þessari umræðu núna og það er auðvitað alveg óþolandi framkoma miðað við hvað hér er í húfi.

Ég hef tekið eftir því að menn hafa haft þessi mál nokkuð í flimtingum og að gamanmálum. Staðreyndin er þó sú að verði þetta frv. um prestssetur að lögum er verið að flytja úr forræði fjmrn. yfir til dóms- og kirkjumrn. tugi jarða, ef ekki hundruð jarða, og eignir upp á tugi milljóna, ef ekki hundruð millj. kr. Ég tel satt að segja að það sé með ólíkindum að á sama tíma og menn eru að velta fyrir sér, mér liggur við að segja, hverri krónu við afgreiðslu fjárlaganna sjálfra, þá eru menn að henda hér á milli sín upphæðum, hundruðum milljóna króna, út úr eigu ríkisins og yfir til dóms- og kirkjumrn. áður en kirkjueignanefnd hefur lokið störfum. Eins og fram hefur komið þá skipaði hæstv. núv. dómsmrh. fyrir allmörgum missirum kirkjueignanefnd til að fara yfir, mér liggur við að segja, aldagamla deilu milli ríkisins og kirkjunnar um eign jarðanna. Sú deila er óleyst. Nefndin er enn að störfum, en í miðjum klíðum þeirra nefndarstarfa tekur dóms- og kirkjumrn. fram fyrir hendurnar á nefndinni og segir: Þetta er eign kirkjunnar, það kemur ríkinu eða fjmrn. ekki við.

Í þessum orðum mínum felst út af fyrir sig enginn dómur um það hvor lendingin væri rétt að lokum heldur hitt að ég tel algjörlega fráleitt að ganga frá hlutum með þeim hætti sem hér er verið að gera. Algjörlega fráleitt. Ég sætti mig ekki við það og ég sætti mig ekki við það að Alþingi standi að afgreiðslu mála með þessum hætti.

Nú hefur því verið haldið fram að hér sé um að ræða hæpnar fullyrðingar hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Það geti í raun og veru ekki verið að hlutirnir séu þannig að þessi kirkjumálasjóður sem hér er verið að tala um eigi m.a. að kosta framkvæmdir við útihús á jörðum eða bifreiðageymslur. Menn hafa sagt sem svo, þetta getur ekki verið. Það getur ekki verið að það sé verið að flytja stjfrv. af því tagi að þessi sjóður kirkjunnar eigi að blanda sér í landbúnaðarmálin með þeim hætti sem hér er verið að tala um. Það er búið að flytja fjöldann allan af ræðum og frumvörpum, tillögur út og suður á undanförnum þingum og á þessu þingi um landbúnaðarmál og hina kröppu stöðu sem landbúnaðurinn er í, en í miðri þeirri umræðu kemur dóms- og kirkjumrn. með tillögu um að tiltekinn sjóður á vegum kirkjumrn. geti skellt sér í stórfelldar uppbyggingar á útihúsum og bílageymslum í sveitum. Og það sem meira er, að eftir að þetta hefur verið gert, segjum að viðkomandi aðili, prestur sem hafi með jörðina að gera, láti af búskap, þá á hann rétt á því samkvæmt gildandi lögum að ríkið leysi eignina til sín á fullu matsverði því að í athugasemd við 6. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Ef skylda til eignakaupa á prestssetursjörð er fyrir hendi ber prestssetrasjóði að greiða fráfarandi presti sem úttekt mælir fyrir um í því sambandi, en prestssetrasjóður nýtur þó stöðu landsdrottins samkvæmt ábúðarlögum þannig að heimilt er að greiða með þeim skilmálum er þar greinir."

Þannig að það er alveg augljóst mál að ríkinu yrði við þessar aðstæður skylt að bæta þessar framkvæmdir ef þeim sem situr jörðina dettur í hug að framkvæma þær vegna þess að í millitíðinni þarf ekki samkvæmt þessum ákvæðum að leita samþykkis nokkurs aðila.

Þess vegna er það auðvitað alveg hárrétt sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur verið að segja í þessum umræðum, bæði við 2. umr. og eins við 1. umr., að þessi ákvæði ganga ekki. Ég er undrandi á því að hv. formaður allshn., sem hefur vandað sig við meðferð frv. á undanförnum þingum, að ég best veit, skuli láta hafa sig til þess, og meiri hluti allshn., að afgreiða mál með þeim hætti sem hér liggur fyrir. Það er alveg ótrúlegt.

Ég tek þess vegna, virðulegi forseti, mjög eindregið undir þær óskir sem hér hafa komið fram um að það verði gert hlé á umræðunni og málið skoðað með viðtölum við hæstv. fjmrh.

Á undanförnum árum, hæstv. forseti, hafa farið fram nokkrar umræður um meðferð ríkiseigna og það hafa ýmsir verið gagnrýndir fyrir það að hafa haldið á þeim málum með býsna miklum glannaskap. Í þeim hópi er undirritaður sem hefur verið gagnrýndur fyrir það að gefa hús, (**ÓÞÞ:** Eitt hús gamalt.) eitt hús gamalt. Í þeim hópi er t.d. hv. 8. þm. Reykn. Í þeim hópi eru fjöldamargir aðilar sem hafa komið að því að gegna ráðherrastörfum um lengri eða skemmri tíma. Menn hafa verið að ímynda sér að skynsamlegt væri að setja reglur um að ráðherrar misnotuðu ekki vald sitt á neinn hátt í þessum efnum og ég hygg að engir menn hafi fagnað þeim reglum frekar en ráðherrarnir sjálfir vegna þess að í rauninni er mjög óþægilegt að gegna ráðherraembætti við þær aðstæður að reglur í þessum efnum séu óljósar. Af þeim ástæðum hafa aðilar eins og t.d. fjárln. Alþingis, eins og Ríkisendurskoðun, eins og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga, gert strangari og strangari kröfur á undanförnum árum um það að nákvæmlega og vel sé farið með þá hluti sem eru eignir ríkisins.

Fjmrn. hefur gert kröfu til þess að ráða þessum málum alveg í smáatriðum. Það hefur verið svo samkvæmt lögum. Ég hef hins vegar talið og tel að það sé engan veginn sjálfgefinn hlutur að það sé þannig og eigi að vera um langa framtíð eða alla framtíð, að fjmrn. ráði þessum málum í einstökum atriðum. Ég tel að það geti vel komið til greina og sé skynsamlegt að ætla fagráðuneytunum miklu meira vald í þessum efnum, að dóms- og kirkjumrn. fari með meira vald að því er varðar fjármál og eignir en verið hefur, að heilbrrn. fari með meira vald að því er varðar fjármál og eignir en verið hefur og að menntmrn. fari með meira vald að því er varðar fjármál og eignir en verið hefur. Allt tel ég að þetta út af fyrir sig komi til greina, en þá verða menn að taka um það heildarákvörðun. Menn geta ekki unað því að það sé tekin um það ákvörðun frá ráðuneyti til ráðuneytis með tilviljunarkenndum hætti, en það er akkúrat það sem menn mundu vera að gera ef þetta frv. yrði samþykkt eins og það liggur fyrir, hæstv. forseti, menn væru að taka ákvörðun um þessi mál með tilviljunarkenndum hætti. Það er í raun og veru það sem menn hafa verið að gagnrýna í þessari umræðu í kvöld og eins við 1. umr. málsins fyrir örfáum dögum.

Með hliðsjón af þessari umræðu nú um langt skeið þá er ákvæðið í 4. gr. alveg ótrúlegt þar sem stendur:

„Stjórn prestssetrasjóðs er heimilt að kaupa og selja prestssetur eða réttindi sem tengjast þeim, en samningur verður ekki bindandi fyrir aðila nema kirkjuþing og dóms- og kirkjumálaráðherra hafi heimilað þá ráðstöfun."

Ég gæti út af fyrir sig, virðulegi forseti, verið tilbúinn til þess að fallast á ákvæði af þessu tagi, ef menn vilja kannski í frumvarpi flytja hliðstæðar tillögur að því er varðar t.d. menntmrn. þannig að menntmrh. fari með allar eignir sem eru á þess vegum, skóla- og safnahús af hvaða tagi sem er, og heilbrrn. fari með þær eignir sem tilheyra heilbrrn. En að taka dómsmrn. út úr á þennan hátt eru algjörlega fráleit vinnubrögð. Ég skora á hv. meiri hluta að endurskoða þessa hluti og taka tillit til þeirra sjónarmiða sem hér hafa komið fram.

Ég tel að það sé ekki til minnkunar fyrir nokkurn mann að taka tillit til gagnrýni, málefnalegrar gagnrýni, sem komið hefur fram í þessari umræðu eða annarri og ég tel að það sé alveg rétt sem hv. 5. þm. Reykv. sagði fyrr við þessa umræðu að í rauninni er það svo að það þarf einu sinni a.m.k. að brjóta á máli af þessu tagi þannig að þingið segi einu sinni: Hingað og ekki lengra. Þannig að þingið segi einu sinni: Ég læt ekki bjóða mér þessi ósköp. Og þegar í húfi eru

eignir ríkisins eða þjóðarinnar upp á hundruð milljóna króna þá finnst mér satt að segja algjört lágmark að maður fari a.m.k. fram á það við hv. meiri hluta af fullri vinsemd að hann staldri við.

Út af fyrir sig ætla ég ekki í þessu sambandi að fara að ræða um það ótrúlega lagafúsk sem kemur frá dómsmrn. í þessum málum, eins og í frv. um kirkjumálasjóð. Það er satt að segja alveg ævintýralegt. Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir því að í ákvæði til bráðabirgða um kirkjumálasjóð eru ekki færri en sex efnisatriði sem ættu í raun og veru hvert um sig að vera í sjálfstæðum lögum en þau eru öll sett inn í ákvæði til bráðabirgða sem er þó ekkert ákvæði til bráðabirgða af því að það á að gilda um aldur og ævi. Það er ekki sólarlagsákvæði í ákvæðinu, en það er kallað ákvæði til bráðabirgða. Það hefur stundum verið sagt að verstu útreikningarnir komi yfirleitt frá fjmrn., verstu lagafrv. komi yfirleitt frá dómsmrn. og lélegustu textarnir í íslensku komi yfirleitt frá menntmrn. Ég held nú að þetta sé vitlaus kenning, en þó sýnist mér á öllu að hér sé komin viss sönnun á því að þessi kenning geti verið rétt, a.m.k. að því er varðar dómsmrn.

Hér er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða — að hvað komi inn? Ég endurtek að þetta er frv. um kirkjumálasjóð. Í fyrsta lagi á að starfrækja, samkvæmt ákvæði til bráðabirgða, embætti söngmálastjóra. Það er í ákvæði til bráðabirgða um kirkjumálasjóð. Setjum svo að við ætlum eftir nokkur ár að leita að lagaákvæðum um embætti söngmálastjóra. Hvar finnum við það? Í lögum um kirkjumálasjóð. En í ákvæðinu stendur í öðru lagi, það á að starfrækja Tónskóla þjóðkirkjunnar. Og ef við vildum einhvern tímann í framtíðinni gá í lagasafninu að upplýsingum um Tónskóla þjóðkirkjunnar — ja, hvar er hann? Er hann í sérstökum lögum? Nei, hann er í ákvæði til bráðabirgða, um hvað? Um kirkjumálsjóð.

Síðan segir í þriðja lagi að þessi Tónskóli þjóðkirkjunnar eigi að geta útskrifað organista og kennara í tónlist. Þannig að í ákvæði til bráðabirgða um kirkjumálasjóð eru líka almenn námsskrárákvæði. Sem sagt að þessi kirkjumálasjóður hann getur af sér í ákvæði til bráðabirgða Tónskóla þjóðkirkjunnar sem á að geta útskrifað ekki aðeins organista heldur líka kennara í tónlist. Með leyfi forseta, það stendur hérna, kennara í tónlist.

Og ekki nóg með það. Þegar þetta ákvæði til bráðabirgða er búið að unga út úr sér söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, organistum, tónlistarkennurum úr Tónskóla þjóðkirkjunnar, þá er bara 1. mgr. af fjórum búin í þessu ótrúlega ákvæði til bráðabirgða á bls. 2 í þessu skjali, því í 2. mgr. er bætt við og sagt: Það á að starfrækja áfram fjölskylduþjónustu kirkjunnar og forstöðumaður fjölskylduþjónustu kirkjunnar á að halda áfram að vera til og ef maður ætlar í framtíðinni að fletta upp upplýsingum um það hvar hann er í lögum. Ja, hvar er hann? Hann er ekki í sjálfstæðum lögum, hann er undir lögum um kirkjumálasjóð. Og þegar þetta er allt búið, embætti söngmálastjóra þjóðkirkjunnar, búið að framleiða organista og tónlistarkennara, guði sé lof, og Tónskóla þjóðkirkjunnar, og búið að stofna fjölskylduþjónustu kirkjunnar og segja í hvaða launaflokki forstöðumaður fjölskylduþjónustu kirkjunnar eigi að vera, þá er bætt við tveimur efnisgreinum í þessu stórkostlega ákvæði til bráðabirgða. Þar segir að eignir þær sem ríkið hefur lagt til Tónskóla þjóðkirkjunnar, eigi að renna til skólans við gildistöku laga þessara. Þannig að það er smellt út verulegum eignum. Að lokum segir að húseignin að Bergstaðastræði 75 eigi að renna til kirkjumálasjóðs við gildistöku laga þessara. (Gripið fram í.) Nei, hv. þm., það er nefnilega svo merkilegt. Allt er þetta í raun og veru undir augliti hins eilífa auga vegna þess að ekkert af þessu er til bráðabirgða, allt er þetta varanlegt þó að ákvæðið heiti ákvæði til bráðabirgða.

Ef hv. þm. og hv. meiri hluta Alþingis, meiri hluta allshn., forsetum og formanni þingflokks Sjálfstfl. finnst þetta gott þá verður náttúrlega bara að hafa það vegna þess að meiri hlutinn hefur samkvæmt lögum og stjórnarskrá rétt til að gera þá vitleysu sem honum sýnist. En það er þó búið að reyna að vara hann við.

Ég hygg að í samanlagðri kristninni hafi ekki verið sett á blað efnismeira ákvæði til bráðabirgða heldur en þetta ákvæði um kirkjumálasjóð. Mér fyndist hugsanlegt að menn veltu því fyrir sér að taka þetta kannski upp á fleiri sviðum. Hvernig væri að skella aftan við frv. um kirkjumálasjóð öllum ákvæðunum um skatta og ráðstafanir í ríkisfjármálum og kannski bara fjárlögunum líka og kalla þetta allt saman ákvæði til bráðabirgða? Því ef eitthvað er til bráðabirgða þá eru það fjárlögin sem þessi ríkisstjórn ætlar að koma í gegnum þetta þing eftir nokkra daga.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Starfsleyfi fyrir THORP-endurvinnslustöðina, 296. mál, nál. utanrmn., þskj. 434; brtt. utanrmn., þskj. 435.

Út af dagskrá voru tekin 1., 5., 7.–9. og 12. dagskrármál.

Fundi slitið kl. 01:58.

---

64. FUNDUR

föstudaginn 17. des.,
að loknum 63. fundi, kl. 1.58 árdegis.

Dagskrá:

1. Starfsleyfi fyrir THORP-endurvinnslustöðina, þáltill., 296. mál, þskj. 420, nál. 434, brtt. 435. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

2. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403 og 418. — Frh. 2. umr.

3. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284, nál. 402 og 417, brtt. 404. — 2. umr.

Starfsleyfi fyrir THORP-endurvinnslustöðina, síðari umr.

Þáltill. umhvn., 296. mál. — Þskj. 420, nál. 434, brtt. 435.

[01:58]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá fyrri umr. og útbýtingu þskj. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, GHH, GB, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JE, JóhS, JHelg, JVK, MF, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

[02:00]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Utanrmn. kom saman á fundi fyrr í kvöld og fjallaði um till. til þál. um viðbrögð vegna starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield sem flutt var af umhvn.

Nefndin fjallaði um tillöguna og fékk á sinn fund til viðræðna um hana Össur Skarphéðinsson umhverfisráðherra, Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóra í umhverfisráðuneytinu, og Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóra í sama ráðuneyti.

Nefndin vekur athygli á nauðsyn þess að stuðlað sé að nánu samstarfi við aðrar þjóðir þegar mótmælt er við Breta útgáfu starfsleyfis fyrir THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield. Þá leggur nefndin áherslu á að nýtt séu öll ákvæði Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum í því skyni að bresk stjórnvöld falli frá áformum sínum. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingu, sem flutt er tillaga um á sérstöku þingskjali, og hvetur til að tillagan, þannig breytt, verði kynnt sendiherra Breta á Íslandi þegar hann verður kallaður á fund starfandi utanríkisráðherra eins og fyrirhugað er og verði fylgt eftir með þeim ráðum sem tiltæk eru.

Undir álitið rita allir nefndarmenn.

Herra forseti. Ég vil, með leyfi forseta, lesa tillögugreinina eins og hún orðast eftir meðferð í utanrmn. Hún er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að mótmæla harðlega ákvörðun breskra stjórnvalda 15. desember 1993 að veita THORP-endurvinnslustöðinni fyrir geislavirkan kjarnorkuúrgang starfsleyfi og ganga þannig gegn samþykkt aðildarríkja Parísarsamningsins um varnir gegn mengun sjávar frá landstöðvum sem gerð var í Berlín í júní 1993.

Alþingi væntir þess að ríkisstjórnin grípi til skjótra viðbragða í tilefni þessarar ákvörðunar sem ógnar lífshagsmunum íslensku þjóðarinnar vegna áhrifa á lífríki hafsins og nýtingu auðlinda þess.“

[02:02]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Um leið og lýsi að sjálfsögðu stuðningi við þetta mál þá vil ég vekja á því athygli að að þessu sinni hefur þingið breytt um venju. Það hefur tekið upp skynsamlegri vinnubrögð en yfirleitt hafa verið viðhöfð hvað það snertir, að þegar þingnefnd flytur mál þá hefur þeim yfirleitt ekki verið vísað til nefndar. Nú var aftur á móti sá háttur hafður á að vísa máli til annarrar nefndar en flutti málið, þannig að hægt var að segja að um endurskoðun og yfirlit væri að ræða. Ég vil líta svo á að umhvn. þurfi ekki frekari endurskoðun en aðrar nefndir þingsins. Ég lít svo á að hér sé um stefnubreytingu hjá forsetum þingsins að ræða og vil þess vegna þakka fyrir þá stefnubreytingu.

[02:03]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Hér er ekki um neina sérstaka stefnubreytingu að ræða, eins og hv. síðasti ræðumaður hélt fram, heldur er um það að ræða að umhvn. flytur mál sem lýtur að samskiptum Íslands út á við og tengslum við önnur ríki, mótmælum við önnur ríki. Það er þess vegna í alla staði mjög eðlilegt að slík tillaga komi til meðferðar í utanrmn., hefði þess vegna jafnvel mátt gera það áður en málið kom fram. Það má vel vera að ef önnur mál frá öðrum nefndum eru með sama hætti tengd málefnasviði annarrar þingnefndar þá komi þessi málsmeðferð til greina. Þannig að ég held að það sé út í hött að gera athugasemdir við þetta, tala um þetta sem einhverja stefnubreytingu. Ég vek athygli á því og geri ekki ráð fyrir því að hv. þm. hafi haft tök á að kynna sér það, vegna þess að hann hefur verið mjög upptekinn á fundinum, eins og kunnugt er, að tillagan hefur tekið breytingum í meðförum utanrmn. Á henni hafa verið gerðar örfáar orðalagsbreytingar sem auðvitað sýna að það var í hátt við vandaða málsmeðferð að senda nefndinni þessa tillögu.

[02:05]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mig undrar það ef hv. þm., Geir H. Haarde, hefur getað misskilið mín orð á þann veg að ég væri að gagnrýna störf þingsins. Ég var einmitt að undirstrika það að hér hefði farið fram endurskoðun og ég teldi það af hinu góða. En ég undirstrikaði það líka að ég liti ekki svo á að þessi einstaka nefnd þyrfti á einhverri endurskoðun að halda frekar en aðrar. Það er nefnilega of algengt að mál séu sett inn í þingið af nefnd, ekkert skoðuð, afgreidd með afbrigðum og samþykkt. Þetta eru vinnubrögð sem sýna að það er jákvætt að vísa máli sem flutt er af nefnd til nefndar áður en það er afgreitt.

[02:06]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 435 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, GHH, GB, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JE, JóhS, JVK, MF, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EL, EKJ, GHH, GB, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JE, JóhS, JVK, MF, MB, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, StB, TIO, VE) fjarstaddir.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 436).

Prestssetur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 244. mál. — Þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403 og 418.

[02:08]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég bar fram í fyrri ræðu minni fyrirspurnir til hæstv. dómsmrh. Það greiðir ekki fyrir gangi mála í þinginu, virðulegi forseti, þegar hæstv. ráðherrar eru spurðir einfaldra spurninga sem þeir geta svarað með einföldu jái eða neii, að þeir kveðji sér ekki hljóðs og við sem berum fram þessar spurningar neyðumst til þess að kveðja okkur hljóðs á nýjan leik og endurtaka efnið. Ég hélt satt að segja að hæstv. ráðherrar hefðu áhuga á að greiða fyrir afgreiðslu mála.

Ég setti líka fram þá ósk, virðulegi forseti, að þessari umræðu yrði frestað til þess að við gætum átt orðastað við hæstv. fjmrh. Og eftir því sem ég skoða þetta mál meira, virðulegi forseti, eftir því tel ég brýnna að fá hæstv. fjmrh. til þessarar umræðu áður en henni lýkur. Satt að segja er ég kominn í þá stöðu að þurfa að óska eftir því að gert verði hlé á umræðunni í ræðu minni svo ég geti átt orðastað við hæstv. fjmrh. í þessari umræðu. Og vegna þess að ég veit að hæstv. forseti er meðal þeirra þingmanna sem mesta kunnáttu hafa á ríkisfjármálum þá ætla ég að lesa fyrir hæstv. forseta hvað segir í umsögn fjmrn. um þetta frv. Það fylgir með frv. umsögn sem fskj. frá fjmrn. Með leyfi forseta, segir svo í umsögn fjmrn.:

„Í 4. gr. er gert ráð fyrir að stjórn preststssetrasjóðs verði heimilt að kaupa og selja preststssetur eða réttindi sem tengjast þeim. Þau viðskipti eru háð samþykki kirkjuþings og dóms- og kirkjumálaráðherra. Vakin skal athygli á“ — og bið ég forseta að hlýða vel á það sem kemur hér á eftir — „eins og gert er í athugasemdum við lagafrumvarp þetta að kirkjunni eru ekki afhentar preststssetursjarðir og prestsbústaðir til eignar. Þær eignir verða áfram eign ríkissjóðs. Í 3. tölul. 7. gr. er gert ráð fyrir að söluandvirði preststssetra teljist preststssetrasjóði til tekna. Hér skal þess getið að ákveðnar preststssetursjarðir hafa að geyma verðmætan virkjunarrétt auk annarra hlunninda. Þá skal bent á að ákvæði 4. gr. ber að skoða“ — virðulegir forsetar, (**Gripið fram í:** Þetta er rómantísk stund.) virðulegir forsetar, mér finnst mjög erfitt að vera í þeim sporum að beina orðum til eins sérstaks forseta, sem situr í forsetastóli, og í miðjum tilmælum mínum til viðkomandi forseta víkur hann af forsetastóli og annar tekur við. Þar með er dæminu nánast þannig stillt upp að sá forseti sem nýtekinn er við getur ekki orðið við ósk minni. Ég tel þetta ekki vera eðlileg vinnubrögð af hálfu forsetadæmisins og ég vil biðja þann sem sat á forsetastóli að fara ekki úr salnum svo hann geti áfram hlýtt á hvað stendur í þessari umsögn fjmrn.: „Þá skal bent á að ákvæði 4. gr. ber að skoða í samhengi við 40. gr. stjórnarskrárinnar þar sem svo er kveðið á að ekki megi selja eða með öðru móti láta af hendi neina af fasteignum landsins né afnotarétt þeirra nema samkvæmt lagaheimild. Þá skal og bent á 5. gr. laga nr. 52/1987 og 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 63/1970 og loks á 6. gr. fjárlaga um heimildir fjármálaráðherra til kaupa og sölu eigna.“

Þau lög sem fjmrn. vísar hér í, auk þess að vísa í 40. gr. stjórnarskrárinnar, eru lög um opinber innkaup þar sem kveðið er á um að Innkaupastofnun ríkisins annist innkaup á vörum og þjónustu fyrir ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki, rannsaki sameiginlegar þarfir á vörum og þjónustu og beiti sér fyrir samræmdum innkaupum o.s.frv. og stofnunin ráðstafar eigum ríkisins sem ekki er lengur þörf fyrir.

Hvers vegna er fjmrn. í þessari umsögn að vitna í lögin um Innkaupastofnun ríkisins til að ítreka að það skuli vera Innkaupastofnun ríkisins sem á að fara með þessar eignir? Svo víkur fjmrn. einnig í þessari umsögn að lögunum um skipan opinberra framkvæmda frá 1970 þar sem segir alveg skýrt að ákvæði laganna taki einnig til kaupa á eignum eftir því sem við getur átt.

Hér er sem sagt ljóst að fjmrn. vitnar í fyrsta lagi í 40. gr. stjórnarskrárinnar, í öðru lagi í lögin um Innkaupastofnun ríkisins, um opinber innkaup, og í þriðja lagi um skipan opinberra framkvæmda.

Það virðist vera að fjmrn. sé í þessum texta að segja að það sem stendur í frv. sé rugl, svo ég orði þetta á hversdagslegu máli, standist ekki stjórnarskrána, standist ekki önnur lög og sé í eðli sínu í mótsögn vegna þess að eignirnar sem sjóðurinn á samkvæmt 4. gr. að geta selt verði áfram eignir ríkisins. Það stendur alveg skýrt í umsögn fjmrn. að preststssetur sem selt er aðila A verði samt sem áður áfram eign ríkisins.

Ég hef fengið orðsendingu um það að formaður nefndarinnar vilji skoða þetta mál milli 2. og 3. umr. Það er kannski eina tilboðið sem hér er sett fram. Mér finnst það ekki vera viðunandi, ég vil segja það alveg hreint út, vegna þess að þetta er slíkt alvörumál í ljósi

umræðna sem hafa verið á Alþingi á sl. fimm til sex árum um meðferð opinberra eigna og aðferðir við sölu á eignum ríkisins og þátt þingsins í því, sem ég hef tekið þátt í ásamt m.a. hv. þm. Pálma Jónssyni og ýmsum öðrum um nokkurt árabil, að ég skil ekki hvers vegna er ekki orðið við þeirri einföldu ósk minni að fá tækifæri til að ræða þetta mál. Ég hef boðið upp á að það þurfi ekki að vera í ræðustól, heldur utan fundar, við hæstv. fjmrh. og kynna mér betur túlkanir á þessum athyglisverða texta fjmrn. sem hér er í frv. áður en umræðu lýkur. Ég verð að segja alveg eins og er, mér finnst það ekki sanngjarnt, mér finnst það ekki eðlilegt, sérstaklega í ljósi þess sem hér hefur farið fram á undanförnum árum varðandi þennan þátt í málinu. En samkvæmt þingsköpum hef ég auðvitað ekki rétt til þess að tala oftar en hér og nú, en ég ítreka þá ósk mína að þessari umræðu verði frestað í minni ræðu. Ég er reiðubúinn að falla frá orðinu ef ég fæ tæmandi skýringar utan þingfundar hjá hæstv. fjmrh. Ég hef engan sérstakan áhuga á að knýja á um ræðuhöld af hans hálfu, en ítreka ósk mína um að þessari umræðu verði frestað á þann hátt að ég fresti minni ræðu og hafi þannig tækifæri til þess að skoða málið.

(**Forseti** (KE)**:** Ef það má verða til þess að þessari umræðu geti lokið fljótlega eftir að hv. þm. hefur rætt við fjmrh. þá telur forseti eðlilegt að verða við þeirri ósk að umræðunni verði frestað í miðri ræðu hv. þm. og væntir þess að það muni verða til þess að þetta mál geti leyst farsællega.)

Ég þakka forseta fyrir þá afstöðu.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 2:18.

---

65. FUNDUR

föstudaginn 17. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412. — 2. umr.
2. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408. — Frh. 2. umr.
3. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 298. mál, þskj. 430. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 292. mál, þskj. 384. — 3. umr.
5. Iðnlánasjóður, stjfrv., 277. mál, þskj. 352, nál. 431. — 2. umr.
6. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 278. mál, þskj. 353, nál. 431. — 2. umr.
7. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — 2. umr.
8. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106, nál. 387 og 428. — 2. umr.
9. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 414. — 1. umr.
10. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403 og 418. — Frh. 2. umr.
11. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284, nál. 402 og 417, brtt. 404. — 2. umr.
12. Lánsfjárlög 1994, stjfrv., 75. mál, þskj. 78, nál. 381 og 392, brtt. 382. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.

Skattamál, 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412.

[10:33]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 405 um frv. til laga um breytingar í skattamálum frá 1. minni hluta efh.- og viðskn.

Nefndin hefur fjallað um málið og á fundi hennar komu fjölmargir aðilar sem ég ekki mun lesa upp hér því að það er á aðra blaðsíðu upptalning af gestum, en ég vil geta frá hvaða embættum og samtökum fulltrúar mættu á fund nefndarinnar. Það var frá fjmrn., embætti ríkisskattstjóra, skattrannsóknarstjóra, Þjóðhagsstofnunar, ASÍ, BSRB, BHMR, VSÍ, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Sambandi veitinga- og gistihúsa, Flugleiðum, Íslandsflugi hf., Flugfélaginu Erni hf., Samtökum iðnaðarins, Stéttarsambandi bænda, búnaðarmálastjóra, Kaupmannasambandi Íslands, Bílgreinasambandi Íslands, Félagi íslenskra stórkaupmanna, Íslenskri verslun, Verslunarráði Íslands, Íþróttasambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Byggðastofnun, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Félagi raftækjasala, Samtökum landflutningamanna, Almenningsvögnum bs., stjórnarnefnd um almenningssamgöngur í Reykjavík og Ferðamálaráði Íslands

Auk þess bárust nefndinni umsagnir frá eftirtöldum aðilum: Almenningsvögnum bs., ASÍ, BHMR, BSRB, Ferðaþjónustu bænda, Félagi íslenskra bifreiðaeigenda, Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, Íslenskri verslun, ÍSÍ, Kaupmannasamtökunum, Kristmanni Magnússyni, Landssambandi smábátaeigenda, Neytendasamtökunum, Olíufélaginu hf., Sambandi íslenskra viðskipta-

banka, Skeljungi hf., Sambandi veitinga- og gistihúsa, Samtökum iðnaðarins, Samtökum landflutningamanna, stjórnarnefnd um almenningssamgöngur í Reykjavík, Trausta, félagi sendibifreiðastjóra, Verslunarráði Íslands, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og VSÍ.

Fyrsti minni hluti efh.- og viðskn. mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þskj. nr. 406. Þessar breytingar eru helstar eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir þeirri breytingu að samlagsfélög með ótakmarkaða ábyrgð geti ekki verið sjálfstæðir skattaðilar. Breyting þess efnis er gerð á 1. og 10. gr.

Í öðru lagi er lögð til leiðrétting á 3. gr. frv. þannig að greinin nái til allra sem starfa á vegum Stjórnarráðsins við sendiráð Íslands, en ekki aðeins starfsmanna á vegum utanríkisráðuneytisins.

Um þessa grein sem verið er að breyta á þennan hátt segir að breytingin í frv. feli í sér að tekjur af því tagi sem getið er um í greininni verða framtalsskyldar og reiknast inn í tekjuskattsstofninn en frádráttur verður heimill skv. 30. gr. laganna og tekjurnar því í reynd áfram skattfrjálsar. Þess ber að geta að tekjur af þessu tagi munu skerða rétt manna til tekjutengdra bóta skv. 69. gr. laganna. Það byggir ekki síst á því að bótagreiðslur samkvæmt B og C-lið 69. gr. eru tekjutengdar og þykir eðlilegt að allar tekjur manna hafi áhrif við ákvörðun þeirra bóta. Með þessari grein frv. er ákveðið að breytingin nái til allra sem starfa á vegum Stjórnarráðs ekki einungis á vegum utanrrn.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að taka inn í 3. tölul. 31. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, orðin „ábyrgðir" og „lánveitingar" og víkka ákvæðið þannig út frá því sem gilt hefur fram til þessa, en í ákvæðinu eins og það er í dag er aðeins talað um viðskiptaskuldir. Orðið lánveitingar er einnig tekið upp í 2. mgr. 5. tölul. 74. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt. Einnig er gerð tillaga um þá efnisbreytingu á lokamálsl. þess ákvæðis, að „aðrar lánveitingar sem beint tengjast atvinnurekstrinum" falla einnig þarna undir.

Þeir stafliðir sem bætast við hljóða svo:

Samkvæmt b-lið á brtt. við 3. lið orðast 3. tölul. svo:

„Tap á útistandandi viðskiptakröfum, ábyrgðum og lánveitingum sem beint tengjast atvinnurekstrinum á því tekjuári sem eignir þessar sannanlega eru tapaðar.

Útistandandi viðskiptakröfur og lánveitingar, sbr. 1. mgr. í árslok, sbr. 2. mgr. 5. tölul. 74. gr., er heimilt að færa niður um allt að 5% og telja þá fjárhæð til frádráttar skattskyldum tekjum."

D-liðurinn er um að við 4. tölul. bætist ný málsgrein er orðast svo:

„Sannanlega tapað hlutafé sem verðbréfasjóðir, skv. lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði, og fjárfestingarfélög skv. 29. gr. laga nr. 9/1994 hafa fjárfest í á því tekjuári er hlutafé tapast."

Í fjórða lagi er kveðið á um að tekinn sé af allur vafi um að skattrannsóknarstjóra ríkisins beri í hvívetna að gæta ákvæða laga um meðferð opinberra mála í samskiptum sínum við þá aðila sem til rannsóknar eru, en þeirri reglu hefur verið fylgt í starfi hans hingað til.

Í fimmta lagi er lagt til að loðdýrabændum sem fengið hafa niðurfærslu skulda hjá Stofnlánadeild landbúnaðarins skv. lögum nr. 108/1992 og ríkisábyrgðasjóði verði heimiluð sérstök fyrning eigna sem tengjast loðdýrabúskap. Ákvæði þetta er sett inn vegna þeirrar tekjufærslu er til varð hjá umræddum aðilum við niðurfærslu skulda og geta þeir þannig fyrnt eignir að því marki að gjöld vegi upp tekjur.

Í sjötta lagi er lagt til að 16. gr. falli brott. Sú grein var ekki lögð til sem efnisbreyting á lögunum heldur sett fram til að einfalda framkvæmd skattheimtu á fólksflutningafyrirtækjum sem njóta niðurgreiðslna opinberra aðila. Lagt er til að horfið verði frá þessari grein vegna ótta um að það kunni að verða túlkað íþyngjandi fyrir ýmsar opinberar stofnanir.

Í sjöunda lagi er gert ráð fyrir þeirri breytingu á 18. gr. að flutningur á ökutækjum með ferjum, sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga, verði færður niður í lægra skattþrepið eins og gildir um farþegana. Slíkt mun einfalda mjög alla skráningu og uppgjör. Þá er lögð til sú breyting á 30. gr. að hægt verði, með skriflegum samningi, að fela öðrum aðila að sjá um framtal, skil og uppgjör virðisaukaskatts. Í ljós hefur komið að verulegum erfiðleikum er bundið að fylgja hefðbundnum reglum vegna sérstakra viðskiptahátta og uppgjörsaðferða varðandi sölu flugfarseðla. Einföldun ákvæðisins felst í því að heimila flugfélagi að skila skattinum þó svo að sala fari fram í gegnum ferðaskrifstofur enda séu öll viðskipti tryggilega skráð í sölukerfi sem skattyfirvöld samþykkja.

Í áttunda lagi er lagt til að 37. gr. verði felld brott, þannig að sömu reglur gildi sem hingað til um frádráttarbærni tryggingagjalds.

Í níunda lagi leggur 1. minni hlutinn til að hætt verði við fyrirhugaða tolla á jurtaolíur, þar sem reikna má með að slík tollahækkun hafi óheppileg áhrif á samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda.

Í tíunda lagi er lagt til að málningarvörur, einangrunarplast og þakpappi verði flutt úr 10% vörugjaldi í gjaldflokk 6% vörugjaldi í gjaldflokki A. Til að vega upp tekjutap ríkissjóðs vegna þessarar breytingar er lagt til að vörugjald af þeim vörum sem eftir standa í gjaldflokki B, þ.e. ýmsum byggingarvörum og snyrtivörum, hækki í 11% í stað 10%.

Með þessu ákvæði er verið að koma til móts við og lækka vörugjald á þeim síðustu einingum innlendrar iðnaðarframleiðslu sem hefur haft íþyngjandi vörugjald á sinni framleiðslu.

Í ellefta lagi er lagt til að lagfærð verði upptalning tollnúmera í gjaldflokki D í viðauka I við lög um vörugjald.

Loks leggur 1. minni hlutinn til að við frv. bætist tveir nýir kaflar sem eiga rót sína að rekja til afnáms aðstöðugjalds sem tekjustofn fyrir sveitarfélög. Annars vegar kafli um breytingar á tekjugreinum laga nr. 114/1990, um Útflutningsráð Íslands. Í stað aðstöðugjalds, sem var stofn til tekna til Útflutningsráðs er

gerð tillaga um að tekið verði upp svokallað markaðsgjald sem lagt verði á veltu fyrirtækja. Sett er inn sérstakt ákvæði til að koma í veg fyrir að fyrirtæki velti þessu gjaldi beint út í verðlagið. Hins vegar er um að ræða nýjan kafla um breytingu á lögum nr. 36/1993, um kirkjugarða. Til að mæta tekjutapi kirkjugarða þjóðkirkjunnar vegna afnáms aðstöðugjaldsins er lagt til að kirkjugarðar fái í sinn hlut vissar fjárhæðir af innheimtu framangreinds markaðsgjalds.

Undir nefndarálit þetta rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Sólveig Pétursdóttir og Árni R. Árnason.

[10:44]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram í upphafi ræðu minnar að ég tel nauðsynlegt að forustumenn stjórnarflokkanna séu viðstaddir þessa umræðu. Ég geng út frá því að hæstv. forsrh. verði viðstaddur þessa umræðu að einhverju leyti. Ég geri á engan hátt kröfu til þess að hann sé hér viðstaddur alla umræðuna en ég vildi spyrja það hvort líkur séu til þess að forustumaður Alþfl. verði viðstaddur þessa umræðu þó að ég ætlist ekki til þess að forseti svari því nú. Áður en þessari umræðu verður lokið, þá tel ég nauðsynlegt að eiga orðastað við formann Alþfl.

Hér er um að ræða mjög stórt mál, breytingar á skattalögum sem varða hvern einasta þegn í landinu, hag ríkissjóðs, þjóðarhag. Það er því mikilvægt að vel sé vandað til. Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að það frv. sem hér stendur til að afgreiða sé á engan hátt tilbúið til afgreiðslu og það sé stórkostlegt slys og varði almannahagsmuni og þjóðarhag að þetta frv. verði að lögum. Ég er þeirrar skoðunar að það geti ekki gengið að framkvæma viðamikla skattkerfisbreytingu með þeim hætti að lagasetning sé ljós milli jóla og nýárs eins og líkur eru til ef frv. þetta verður keyrt áfram í gegnum þingið og síðan eigi að byrja að framkvæma málið 1. jan. Það á eftir að setja reglugerðir. Það á eftir að undirbúa það í verslunum og þetta er einfaldlega ekki hægt. Hjá öllum siðuðum þjóðum væri undirbúningstíminn a.m.k. 6 mánuðir frá því að lagasetningin fer fram. Ég er því þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að það eigi að taka hér aðrar ákvarðanir og fara út í nánari athuganir á þessu máli með sama hætti og 1. minni hluti nefndarinnar leggur til í ákvæði til bráðabirgða. Í ljósi þessarar skoðunar hef ég ritað forseta Alþingis svohljóðandi bréf, dags. 17. des. 1993, með leyfi forseta:

„Skv. 3. gr. laga um Ríkisendurskoðun geta forsetar Alþingis að ósk þingmanna krafið ríkisendurskoðanda um skýrslu um einstök mál. Undirritaður alþingismaður óskar eftir að ríkisendurskoðandi gefi skýrslu um skattkerfisbreytingar samkvæmt frv. nr. 251 um breytingar í skattamálum og breytingartillögum við það. Skýrslan fjalli m.a. um áhrif breytinganna á ríkisfjármál, hag almennings og fyrirtækja. Jafnframt verði gerð grein fyrir öryggi skattkerfisbreytinganna, kostnaði við þær og hugsanleg áhrif á skattsvik."

Ég tel það tvímælalaust vera í samræmi við verkefni Ríkisendurskoðunar að framkvæma athugun sem þessa. Ríkisendurskoðun var sett á stofn á sínum tíma til að styrkja löggjafarvaldið gagnvart framkvæmdarvaldinu og stuðla að því Alþingi fengi meira sjálfstæði í sínum málum. Þar hefur á margan hátt tekist vel til og Ríkisendurskoðun hefur með athugunum sínum á útgjaldahlið fjárlaga og úttekt á einstökum stofnunum gert mikið gagn. Ríkisendurskoðun hefur hins vegar ekki með sama hætti litið til tekjuhliðarinnar og breytinga á skattalögum þegar þær standa fyrir dyrum. Ég tel því mikilvægt til þess að leiða í ljós hið rétta í þessu máli að Ríkisendurskoðun framkvæmi þessa athugun og ég tel nauðsynlegt að sú athugun fari fram áður en löggjöfin er sett. Ég geri mér ekki grein fyrir því hvað það mun taka langan tíma og til hvaða bráðabirgðaráðstafana þarf að grípa til þess að bíða eftir þeirri niðurstöðu, en þannig á að undirbúa slíkar breytingar. Ég minni á það að þegar hugað var að slíkri breytingu í Noregi á árinu 1992 var útbúin mikil skýrsla um það mál og eftir þá vinnu voru allir aðilar sammála um að framkvæma breytinguna með allt öðrum hætti. Ríkisstjórn Íslands hefur ekki farið í neina slíka vinnu. Engar athuganir hafa farið fram svo að heitið geti í tilefni þessa máls. Þó ekki hefði annað gert verið en að þýða þessa skýrslu, sem er fróðleg lesning fyrir hvern og einn sem kemur að þessu máli, þá hefði það verið mjög gagnlegt.

Það sem lá til grundvallar þessari ákvörðun var í reynd þetta hérna plagg, upp á eina og hálfa síðu, útbúið af fjmrn. í fljótheitum í tengslum við kjarasamninga. Og textinn er ekki eingöngu stuttur og ófullkominn heldur eru að mínu mati verulegir veikleikar í þeirri röksemdafærslu sem þar er sett fram og ég mun koma nánar að því.

Ég vil þá í framhaldi af þessu víkja að því um hvað þetta mál fjallar í ljósi þeirra tillagna sem 1. minni hluti nefndarinnar leggur fram. (**Gripið fram í:** 2. minni hluti.) 2. minni hluti. Það er ekki von að ég átti mig á því vegna þess að ég hélt, hæstv. forseti, með sjálfum mér að fyrir þessu máli væri meiri hluti á Alþingi en vonandi er svo ekki ef hv. alþingismenn taka réttar ákvarðanir í samræmi við sína samvisku. Get ég þar vitnað til ágæts málflutnings varaformanns hv. efh.- og viðskn. þótt ég sé ekki sammála niðurstöðunni sem hann kemst að í sambandi við hvort styðja beri málið.

Hér er í fyrsta lagi verið að taka ákvörðun um það að breyta virðisaukaskattinum þannig að taka upp tvö skattþrep. Þessa ákvörðun verður að skoða í ljósi þess hvort hagkvæmara sé að halda einu þrepi og lækka virðisaukaskattinn og endurgreiða virðisaukaskatt á matvælum eins og 2. minni hlutinn leggur til. Ég legg áherslu á það að þar er gerð tillaga um endurgreiðslu á virðisaukaskattinum og að farið verði út í svipað kerfi og gildir t.d. að því er varðar mjólkurvörur. Þessar leiðir báðar gera saman gagn í verðlagi, þ.e. lækka verðlagið um 0,9%. Jöfnunaráhrif beggja þessara leiða eru mjög svipuð samkvæmt neyslukönnun. Munurinn er ómarktækur. Hann er samkvæmt neyslukönnuninni nokkur hundruð krónur á fjölskyldu, sérstaklega á það

við um lágtekjufjölskyldurnar.

Það hefur hins vegar verið farið út í það að reikna þetta út frá tekjum sem ég tel ekki rétt í slíkum tilvikum. Ég bendi á það að engum datt í hug í norsku skýrslunni að fara út í slíka útreikninga því að þar er munstrið svo mismunandi, tekjurnar eru svo mismunandi. Sumir eiga eignir, sumir lifa á lánum eins og námsmenn o.s.frv. Niðurstaðan er því mjög sambærileg. En það stendur til að fara hér út í skattkerfisbreytingu þar sem hægt er að ná betri árangri með öðrum hætti án þess að tekjuskiptingin breytist nokkuð að ráði. Það á sem sagt að kosta til 150–200 millj. af hálfu ríkissjóðs til þess að gera þetta og taka þá áhættu að skattsvik muni stóraukast. Það hefur verið áætlað, án þess að það hafi verið áætlað af mér, að það geti numið allt að 500 millj. og það á að taka þá ákvörðun að fyrirtækin þurfi að leggja í hundruð milljóna króna kostnað til þess að fara út í þessa framkvæmd.

Það eru ekki blankir menn sem ætla sér út í svona æfingar á sama tíma og erfiðleikar eru í okkar samfélagi. Það er ekki ríkisstjórn sem vill sýna hagsæld og sparnað í rekstri sem fer út í það. En ríkisstjórnin segir: Við sömdum um þetta í kjarasamningum og við verðum að standa við það.

Hvernig skyldi standa á því að hæstv. ríkisstjórn fór út í það að semja um þessi ósköp? Réði hún engu um gang mála í því sambandi? Er hæstv. ríkisstjórn áhrifalaus í málum sem þessum? Er hæstv. fjmrh. algerlega áhrifalaus í máli sem þessu? Hefur hæstv. fjmrh. ekkert um þetta að segja? Og hvernig ætlar hæstv. fjmrh. að verja þessa aðgerð? Ég tel að fjmrh. sem sér afleiðingar af svona aðgerð á fjármál ríkisins og þjóðarhag, eins og ég veit að hæstv. fjmrh. hlýtur að gera, eigi að segja af sér ef hann vill standa undir sinni ráðherraábyrgð. Enginn hæstv. fjmrh. getur látið hafa sig út í svona hluti gegn betri vitund og sem betur fer hafa fyrirrennarar hans staðist slíkar þolraunir og þess vegna kemur á óvart að hæstv. utanrrh. skuli hafa skipt svo skyndilega um skoðun í málinu og er nauðsynlegt að ræða við hann um málið.

Ef sú leið er valin að byrja á því að lækka skattinn í 23% og halda áfram að endurgreiða virðisaukaskattinn af helstu nauðsynjavörum, þá ná menn sama árangri en það kemur sem nemur 600 millj. kr. betur út fyrir ríkissjóð. Þar af mun útgjaldahlið ríkisins lækka um 300 millj. kr. vegna þess hvað ríkið greiðir mikið af vörum og þjónustu í hæsta þrepi. Það mun líka spara fyrir sveitarfélögin í landinu upphæð sem nemur a.m.k. 100 millj. kr. Það er því alveg sama hvernig litið er á þetta mál að það er algerlega borðleggjandi. En samt ætla menn að eyða í það 200 millj. kr., ráða 26 eða 28 starfsmenn til þess að fara í þetta, vanrækja annað skatteftirlit og taka áhættuna á auknum skattsvikum og segja fyrirtækjunum: Þið verið að gera svo vel að fara í það núna yfir áramótin og nota jólin í að breyta kerfunum hjá ykkur. Það hefur verið skemmtilegur jólaglaðningur fyrir fólkið í verslununum þegar það verður örþreytt að kvöldi Þorláksmessu að byrja á undirbúningnum yfir jólin og gamlársdag og nýársdag því að auðvitað þarf að nota hverja stund ef vel á að takast til. Þetta ætlar ríkisstjórnarmeirihlutinn að gera og segir: Það er ekki okkur að kenna. Það er þeim uppi í Vinnuveitendasambandi að kenna. Það er ASÍ að kenna. Við ráðum engu um þetta.

Það er hægt að gera ýmislegt annað fyrir þessa peninga. Það er hægt að hækka vaxtabætur sem er búið að skerða svo mikið að hjón sem eiga sem samsvarar 8 millj. kr. fá engar vaxtabætur. Þær skerðast um 60% á bilinu 5 til 8 millj., hjá einstaklingi á bilinu 3 millj. til 4,8 millj. kr. Einstaklingur sem á 4,8 millj. fær engar vaxtabætur. Ef þetta bil er hækkað þannig að það sé á bilinu 5 til 10 millj. kr. hjá hjónum og bilinu 3 til 6 millj. kr. hjá einstaklingi, þá kostar það 200 millj. kr. Eru menn á móti því? Ætla menn að standa á móti því hér á Alþingi?

Það er hægt að hækka barnabótaukann hjá lágtekjufólki. Ef barnabótaaukinn er aukinn um 10 þús. á barn, þá kostar það um 350 millj. kr. og það mun eingöngu koma til lágtekjufólks vegna ákvæðanna um það. Ætla menn að vera á móti því? Mér skilst það.

Það er hægt að hætta við áform um sérstakt 0,35% tryggingagjald sem mundi þá gefa svigrúm ef það væri ekki lagt á til þess að hækka laun eða annan kostnað eða afkomu fyrirtækjanna í landinu um 0,35%. Skapa betri rekstrargrundvöll þannig að það hefði örvandi áhrif á atvinnustarfsemina í landinu, framleiðslustarfsemina, útflutningsstarfsemina. Þessi skattur er 560 millj. kr. Eru menn á móti því? Mér skilst að menn séu á móti því.

Það er hægt að hætta við þennan vitlausa skatt á fólksflutningum og á ferðaþjónustu og gistingu, en halda þessari starfsemi áfram í hærra þrepinu í tryggingagjaldi. Það kostar 250 millj. kr. Að vísu er ríkisstjórnin búin að ákveða að endurgreiða hluta af þessari fjárhæð til strætisvagnanna sem mun kosta 70–80 millj. kr. þannig að fjárhæðin er þá komin niður í 180 millj. kr. Eru menn á móti því? Á að fara út í það að fjölga þeim aðilum sem innheimtur er skattur á og taka upp þetta vitlausa og flókna kerfi varðandi ferðaskrifstofurnar sem er algerlega óframkvæmanlegt? Mér skilst það.

Það er hægt að taka fjármagnseignirnar inn í eignarskattsstofn. Það er hægt að gera það núna um áramótin. Mér hefur skilist að ríkisstjórnin hafi ætlað sér að leggja á fjármagnstekjuskatt. Það var strax ákveðið í ritinu Velferð á varanlegum grunni, sem var gefið út í október 1991. Þar var sagt að þetta yrði gert næstu mánuðina og lagt fyrir á næsta þingi og afgreitt á því þingi. Það þing hófst haustið 1991 og lauk vorið 1992. Það bólaði ekkert á neinu frv. um það, hvað þá að það væri afgreitt og það hefur heldur ekki sést síðan. Í fjárlögum þessa árs voru áætlaðar tekjur af slíkum skatti 500–600 millj. kr. ef ég man rétt. Með því að breikka eignarskattsstofninn og reikna með því að aðeins helmingur af þeim eignum sem ekki eru fram taldar komi inn í eignarskattsstofn er hægt að ná þar inn tekjum, 600 millj. kr. eða svipaðri fjárhæð og ríkisstjórnin ætlaði að gera á þessu ári. En það er hægt að gera meira. Það er hægt að afnema ekknaskattinn og það er hægt að hækka skattleysismörkin í eignunum

um 500 þús. hjá einstakling og 1 millj. hjá hjónum. Eru menn á móti því? Mér skilst að menn séu á móti því.

Og þegar þessu öllu er nú lokið, þá hef ég fengið það mat hjá Þjóðhagsstofnun í dag að þá verði eftir 150 millj. kr. til þess að styrkja stöðu ríkissjóðs og eru menn á móti því? Mér skilst að menn séu á móti því.

Og það sem meira er. Verðlagsáhrifin af þessari leið eru nákvæmlega þau sömu að því er varðar virðisaukaskattinn og jöfnunaráhrifin áþekk en til viðbótar mun verðlagið lækka um 0,15% vegna tryggingagjaldsins og vegna fólksflutninga, gistinga og fleira um 0,05%, þ.e. að verðlagið mun ekki lækka um 0,9%, eins og í leið ríkisstjórnarinnar, heldur um 1,1% og þar að auki komi það betur út fyrir ríkissjóð fyrir utan allt sem fer til spillis. Mér skilst að menn séu á móti þessu líka á grundvelli einhverra vitlausra útreikninga sem menn bundu sig í í vor.

Þar að auki hef ég fengið nú eftirfarandi umsögn frá Þjóðhagsstofnun um áhrif þessara tillagna, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun hefur að beiðni formanns efh.- og viðskn. Alþingis metið lauslega áhrif tillagna hans á afkomu ríkissjóðs, verðlag og fleiri hagstærðir. Umræddum tillögum er lýst í töflu sem fylgir hér með og þar kemur einnig fram mat á áhrifum þeirra á afkomu ríkissjóðs. Samtals eru tillögurnar taldar skila ríkissjóði um 150 millj. kr.

Samkvæmt endurskoðaðri tekjuáætlun fjárlaga er gert ráð fyrir því að heildartekjur ríkissjóðs á árinu 1994 verði 104 milljarðar 203 millj. kr. Tillögur formanns efh.- og viðskn. kæmu þannig fram í fjárlögum að tekjuhlið þeirra lækkaði um 150 millj. kr., yrði 104 milljarðar 53 millj. kr., en útgjaldahliðin lækkaði um 300 millj. Þetta stafar af því að lækkun virðisaukaskattsins samkvæmt tillögunum skerti tekjur ríkissjóðs um 2,3 milljarða brúttó en lækkaði útgjöld hans um 300 millj. Ef hætt yrði hins vegar við lækkun virðisaukaskatts á matvæli ykjust tekjur ríkissjóðs um 2,6 milljarða kr. Áhrif þessara breytinga bætir því afkomu ríkissjóðs um 600 millj. kr. Að teknu tilliti til annarra liða tillagnanna er heildarniðurstaðan sú að afkoma ríkissjóðs batnar um 150 millj. kr.“

Þar fyrir utan vil ég taka það fram í þessu sambandi að ríkisstjórnin hefur þegar ákveðið að falla frá virðisaukaskatti á hluta af almenningsvögnunum í landinu á grundvelli mjög vafasamrar lagaheimildar og það mun kosta 70–80 millj. sem hækkar þennan mun þannig að hann er þá orðin 230–240 millj. kr. Ég held síðan áfram að vitna í þessa umsögn, með leyfi forseta:

„Lækkun virðisaukaskatts á matvæli og lækkun virðisaukaskatts úr 24,5 í 23 eru talin skila svipuðum áhrifum á verðlag, lækka framfærsluvísitöluna um nálægt því 0,9%. Við bætist samkvæmt tillögum að hætt er við álagningu sérstaks tryggingargjalds og jafnframt eru fólksflutningar og gisting áfram undanþegin virðisaukaskatti. Þetta leiðir til þess að vísitala framfærslukostnaðar lækkar um fimmtung úr prósenti eða svo.

Umræddar tillögur hafa með ýmsum hætti áhrif á kaupmátt. Þannig hefur minni verðbólga í för með sér aukinn kaupmátt og í sömu átt ganga að sjálfsögðu hækkanir bóta. Á móti vegur hins vegar að skattar á eignir eru hækkaðir. Í tillögunum felast því tilfærslur í skattlagningu á þá leið að kaupmáttur launa og hvers konar bóta eykst nokkuð en ráðstöfunarfé eignamanna minnkar. Þegar á heildina er litið eru hins vegar áhrifin á kaupmátt ráðstöfunartekna ekki veruleg.“

Það er alveg ljóst að þetta minnkar kaupmátt eignamanna eitthvað en bætir kaupmátt þeirra sem lægri tekjur hafa. Eru menn á móti því? (**Gripið fram í:** Kratarnir.) Er Alþfl. á móti því? (**Viðskrh.:** Nei.) Nei, segir hæstv. iðn.- og viðskrh., starfandi utanrrh. Hann segist ekki vera á móti því. Þá held ég að ráðherra iðnaðar og viðskipta ætti að skoða það hvaða áhrif þetta hefur á viðskiptalífið í landinu sem hann ber ábyrgð á og taka á sig rögg og standa undir sinni ábyrgð og reyna að toga formann Alþfl. heim til þess að vita hvort ekki er hægt að koma vitinu fyrir hann. Mér skilst að þeim hafi tekist að koma vitinu fyrir hann í landbúnaðarmálum, þótt ég hafi nú ekki séð það enn þá eða vilji leggja dóm á það. (**Gripið fram í:** Það er ekki alveg víst.) Nei, það er ekki alveg víst.

Það er sagt í þessu máli af hæstv. ráðherrum eins og hæstv. viðskrh. var í reynd að segja núna: Ég er ekki á móti þessu, eins og ég skil hans orð, en ég get bara ekki gert þetta. Ég samdi um annað. Ég samdi af mér. Ég gerði tóma vitleysu. Mér finnst að svona ráðherrar eigi einfaldlega að segja af sér. Hver píndi þessa ráðherra til að gera tóma vitleysu? Ekki nokkur maður. Ef þeir hefðu aðeins sýnt fram á það með rökum og látið athuga málið, þá er enginn vandi að fá fram aðra ákvörðun. Þeir máttu ekki vera að því. Þeir voru að gera eitthvað annað.

Nú segja þeir að ef þeir breyti um skoðun hafi þeir svikið loforð sín. Hvaða loforð voru gefin? Voru ekki gefin loforð um að lækka verðlag? Ég vil taka það fram að auðvitað má nota þá fjármuni sem nemur virðisaukaskattinum til þess að hækka margvíslegar bætur eins og persónuafslátt, hækka skattleysismörk og ná enn meiri árangri í sambandi við tekjujöfnun. En við í 2. minni hluta nefndarinnar vildum líta á það sem staðreynd að það þyrfti að lækka verðlagið um 0,9%. Það er uppfyllt hér. Er það svikið samkvæmt þessu? Nei, það er ekki svikið.

Síðan er ákveðið að hækka bætur til lágtekjufólks og leggja skatta á eignatekjur. Eru það einhver svik? Eru það svik að hækka barnabætur til fjölskyldna með lágtekjur? Eru það svik að hækka vaxtabæturnar? Í reynd má hækka þetta mun meira ef það kostar það til þess að koma í veg fyrir þessa vitleysu. Það eru 150 millj. kr. í afgang og þar að auki fara fleiri hundruð milljóna til spillis. Mér skilst á ráðherrunum að ef þeir koma í veg fyrir það að fleiri hundruð milljónir fari til spillis og hægt verði að hækka bætur til lágtekjufólks, þá verði hér ófriður á vinnumarkaði og verkföll. Það verður skrýtið verkfall þar sem menn ætla að berjast á móti því að verðlagið sé lækkað meira, þar sem menn ætla að berjast á móti því að hægt sé að lækka bætur til lágtekjufólks meira.

Geta hæstv. ráðherrar virkilega ekki komið þessu máli frá sér þannig að það skiljist? Eru hæstv. ráðherrar ekki hæfir til þess að sinna þessum málum og koma þeim þannig fram að verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur skilji eðli þess? Mín niðurstaða er sú að þeir séu ekki hæfir til þess og þess vegna beri þeim að segja af sér. Sérstaklega þeir sem standa þarna í dyragættinni og sem hafa með viðskiptamálin og ríkisfjármálin að gera. (**Viðskrh.:** Annar er farinn.) Má treysta því að hann komi ekki aftur? (**Viðskrh.:** Nei.) Því að ef mætti treysta því, hæstv. ráðherra, þá gæti ég í sjálfu sér lokið máli mínu því þá hefði hæstv. ráðherra tekið rétta ákvörðun.

Sannleikurinn er sá að þessar aðgerðir sem nú er verið að fara út í, og ég legg áherslu á þessi lagasetning núna, miðað við það sem hægt er að gera en bætir ekki hag almennings. Það er búið að bæta hag almennings nú þegar með aukningu og endurgreiðslu virðisaukaskatts og það voru allar lagaheimildir til fyrir því. En þessar viðbætur, miðað við þær tillögur sem við leggjum hér fram, ganga á hag almennings. Þær gera það að verkum að tekjur þjóðarbúsins minnka. Framleiðslan mun dragast saman og útflutningstekjurnar munu dragast saman. Tekjur af ferðaþjónustu munu dragast saman. Innflutningurinn mun aukast því að verðlagið lækkar meira á innfluttu matvælunum en innlendu matvælunum.

Er það það sem Íslendingar þurfa á að halda um þessar mundir? Ég kem ekki auga á það. Þurfum við á því að halda núna að stórveikja skattkerfið og eyða fleiri hundruð milljónum í þessar æfingar þegar okkur sárvantar fé til þess að horfa fram á veg og gera eitthvað til gagns til að efla hér framleiðslu og útflutning. Á sama tíma og okkur vantar fjármagn í markaðsstarf og þróunarstarf og reyna að líta einhverja áratugi fram í tímann á 50 ára afmæli lýðveldisins á næsta ári, þá ætla menn að eyða a.m.k. 1 milljarði ef ekki meiru í þessar æfingar. Væri ekki betra að setjast niður og átta sig á því hvað menn gerðu best til þess að bæta hag þessa samfélags og horfa fram eins og til 2044 og leggja fjármagn í rannsóknir og þróun og styrkja hag atvinnuveganna? Nei, það gengur ekki því að þá mun ekki lengur verða friður, hvorki í ríkisstjórninni né í landinu. Ég hef að vísu ekki orðið var við friðinn í ríkisstjórninni þannig að það gerir kannski minnst til. En ég er viss um að ef hæstv. ráðherrar reyna að breyta þessu máli, þá er það hægt. Það hlýtur að vera hægt að fá aðila til að hlusta á niðurstöður og hreinar tölur í þessu sambandi.

Virðulegur forseti. Ég ætla þá að víkja að einstökum atriðum þessa máls og byrja aðeins á undirbúningnum. Það má e.t.v. segja að undirbúningurinn hafi hafist þegar hæstv. ríkisstjórn var mynduð. Það var gert með miklum „bravör" og menn fóru út í Viðey og sömdu þar um alls konar mál og gáfu síðan út þetta rit sem var loforð til landsmanna um það hvernig þessir herrar ætluðu að stjórna. Það hefur verið í fréttum undanfarna daga mörgum sinnum á dag að sá atburður hafi gerst að sjálfstæðismenn í borgarstjórn hafi ákveðið að standa við kosningaloforð og það hefur þótt svo frétt-næmt að það hefur verið lesið upp í hverjum fréttatíma í nokkra daga. Það þykja svo mikil tíðindi að Sjálfstfl. hafi ákveðið að standa við kosningaloforð að það þykir rétt að lesa það landsmönnum nokkrum sinnum á dag. Að vísu var byrjað á því í fréttunum í morgun að lesa það upp eftir nokkurra daga lestur að nú stæði til að standa við kosningaloforð að það væri ekki rétt vegna þess að það væri svikið. En hér er ekki um það að ræða að tala um kosningaloforð heldur að tala um stefnuskrá ríkisstjórnarinnar og ég held að það sé hollt að fara dálítið ofan í það sem þar er sagt. Þar segir í upphafi, með leyfi hæstv. forseta:

„Innheimta og ráðstöfun skatta þarf að vera hagkvæm og raska sem minnst almennri efnahagsstarfsemi."

Ég er alveg sammála þessu stefnumarki. En hvað er verið að gera hér? Er verið að auka hagkvæmnina í skattkerfinu? Nei, ekki aldeilis. Það á að ráða 28 nýja menn til þess að framkvæma þá athöfn að reyna að koma í mesta lagi 40 millj. kr. frá hátekjufólki yfir til lágtekjufólks. Í það á að nota 26–28 starfsmenn og biðja allar verslanir um að breyta sínum kerfum og þar af leiðandi mun ekki verða mikið ráðið við skattsvik. Þetta er hagkvæmnin í því.

Svo er sagt hér: Og raska sem minnst almennri efnahagsstarfsemi. Ég er líka sammála þessu. En þetta raskar mjög almennri efnahagsstarfsemi. Hvað halda menn að muni t.d. gerast í sambandi við ferðaþjónustuna? Hefur einhver haft fyrir því að láta athuga það? Hefur hæstv. samgrh. skilað einhverjum niðurstöðum um það hvort tekjur af ferðaþjónustu munu halda áfram að aukast á næsta ári? Það er reiknað með að þær aukist á þessu ári á bilinu 15–20%. Það eru einir 2 milljarðar. Það gæti orðið nokkuð dýrt að missa það til baka. Hvað segir fólkið í þessari atvinnugrein þegar það talar við okkur? Það segir: Minnsta verðbreyting getur orðið til þess að gerbreyta þessari mynd út af samkeppnisstöðu landsins. Við hv. alþm. reynum að tala hér um þetta mál við hæstv. samgrh. Það er í mesta lagi að hæstv. samgrh. rjúki upp og reiti hár sitt og fari að tala um eitthvað allt annað ef hann kemur þá í ræðustól. Auðvitað þarf að tala við þann hæstv. ráðherra einn ganginn enn um þetta mál því að auðvitað ætti hann líka að segja af sér. Hæstv. samgrh. sem ætlar að bera ábyrgð á því að setja velferð íslenskrar ferðaþjónustu í hættu samkvæmt ummælum þeirra sem koma til okkar.

Er það ekki að raska almennri efnahagsstarfsemi að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga og innanlandsflug, væntanlega með þeim afleiðingum að stórlega mun draga úr innanlandsflugi? Auðvitað er þar verið að raska almennri efnahagsstarfsemi.

En það á að ganga lengra. Það er búið að ákveða að á fólksflutningar innan bæjar eigi ekki að leggja virðisaukaskatt. Ef menn fara hins vegar milli Keflavíkur og Reykjavíkur, þá eigi menn að borga virðisaukaskatt. Hæstv. fjmrh. upplýsir að ef menn fara í strætó á Egilsstöðum, þá muni menn heldur ekki þurfa að borga virðisaukaskatt. (**Gripið fram í:** Er einhver strætó þar?) Ég hef nú ekki séð hann þar á götum, en

það má vel vera að hæstv. fjmrh. hafi ákveðið að senda þeim einn til þess að menn geti notið þessara fríðinda. Mér skilst að það sé boðskapurinn til Austfirðinga í þessu máli að þeir megi ferðast með strætó innan bæjar í byggðunum þar til þess að nota sér þennan lúxus. Það verður fróðlegt að heyra hvernig Alþfl. ætlar að færa Austfirðingum þann boðskap því að það vill svo merkilega til að flokkurinn hefur þar þingmann nú um stundarsakir.

Ég býst við því að strax í upphafi árs munu Austfirðingar fá upplýsingar um það hvernig þeir geti ferðast með strætó, en það er eitt vandamál í því. Þeir munu ekki geta notið þessara hlunninda nema strætisvagninn verði rekinn með mjög miklu tapi. Það er eina leiðin því að eftir því sem tapið verður meira á strætisvagninum þeim mun meira verður endurgreitt af virðisaukaskattinum því að nú eru menn búnir að finna það út að ef Reykjavíkurborg eða Akureyrarbær borgi halla á strætisvögnum, þá séu viðkomandi sveitarfélög að kaupa þjónustu af strætó.

Það er alveg nýtt fyrir mér að með því borga tap sé verið að kaupa þjónustu. Það væri fróðlegt að heyra skilning hæstv. viðskrh. á því. Ef hann tæki nú upp á því að borga hluta af tapi söluturna í Reykjavík úr ríkissjóði, ef þeir væru reknir með tapi, væri hæstv. viðskrh. þá að kaupa af þeim þjónustu? Ég hef aldrei áttað mig á því að það væri hægt að finna upp svona skilgreiningu. Eða ætlar e.t.v. meiri hlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur, þessi sem fréttin var um að mundi kannski efna eitt kosningaloforð en er nú komið í ljós að þeir munu sennilega svíkja það, að ferðast svona mikið með strætó? Er verið að kaupa þjónustu handa þeim? Ekki skil ég þetta. En ég býst við því að hv. þm. stjórnarflokkanna skilji þetta allt saman og muni upplýsa okkur um þetta fyrir jólahátíðina.

Síðan segir í þessari stefnuyfirlýsingu, og ég er bara búinn með fyrstu setninguna: „Til þess að forðast neikvæð áhrif á atvinnulífið þarf skattkerfið að vera einfalt, skilvirkt og hlutlaust í þeim skilningi að það mismuni ekki framleiðsluþáttum og atvinnugreinum."

Ég er alveg sammála þessu. Ég gæti vel trúað því að hæstv. fyrrv. iðn.- og viðskrh. hefði samið þetta og hæstv. núv. iðn.- og viðskrh. hefði fengið þetta í arf. Stendur til að standa við þetta í þessum skattalögum? Nei, ekki aldeilis. Það á að mismuna atvinnugreinum og það á að mismuna framleiðsluþáttum.

Síðan kemur næsta setning:

„Skattheimtan verður umfram allt að vera hófleg þannig að hún dragi ekki úr framtakssemi og áræði einstaklinga við nýsköpun og atvinnuuppbyggingu."

Allt rétt. Það er mikilvægt að hafa hóflega skattheimtu um þessar mundir þegar við þurfum á nýsköpun og atvinnuuppbyggingu að halda. Er það hófleg skattlagning að hækka tryggingagjald á atvinnuvegina að óþörfu? Er það hófleg skattlagning að halda 24,5% virðisaukaskatti þegar hægt er að lækka hann í 23%? Þessi skattalagabreyting stuðlar ekki að nýsköpun og atvinnuuppbyggingu heldur þvert á móti. Síðan segir:

„Skattstofnar eiga að vera skýrt afmarkaðir og með sem fæstum undanþágum svo að skatthlutfall verði sem lægst og hætta á undanskotum sem minnst."

Allt rétt. Það er bara allt rétt í þessari stefnuyfirlýsingu a.m.k. fram að þessu og ég er sammála öllu. En hvað er verið að gera hérna? Það er verið að taka upp tvö þrep, auka hættu á undanskotum og hætta við að grípa tækifærið til að lækka skatthlutföll. Mér skilst að menn séu á móti því. Og samkvæmt því eru menn á móti öllu sem hefur verið lesið úr þessari stefnuyfirlýsingu fram að þessu.

Síðan segir, með leyfi forseta:

„Vegna aukins frjálsræðis í viðskiptum milli ríkja þarf að huga að samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja og gæta þess að skattkerfið íþyngi þeim ekki umfram það sem gengur og gerist meðal grannþjóðanna."

Þetta er líka allt rétt. Hver er virðisaukaskatturinn í löndunum í kringum okkur? Hann er t.d. 22% í Noregi. Í Svíþjóð er hann 24% en þeir hafa eitt lægra skattþrep sem er 21% og talið hafa verið mistök þar. Virðisaukaskattur er almennt lægri í nágrannalöndunum en hér á Íslandi. Ætli geti ekki verið að við missum dálítið af verslun til útlanda út af því? Ætli geti ekki verið að íslenskar vörur seljist minna út af því? Það er staðreynd að við þurfum á því að halda vegna okkar samkeppnisstöðu að lækka þetta hlutfall og færa það nær því sem gengur og gerist í nágrannalöndunum. Það á ekki að gera það. Þetta er því líka brotið.

Ég held að ég hætti að lesa úr umbótakaflanum í þessu riti, en ég hef verið sammála öllu sem þar stendur fram að þessu en ríkisstjórnin er ekki sammála því. Sá er munurinn.

Síðan segir um einstaka skatta, og þar er komið að brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar í skattamálum þegar hún var mynduð. Þetta brýna verkefni er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eitt brýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar í skattamálum er samræmd skattlagning eigna og eignatekna. Núverandi fyrirkomulag þar sem eignir eru skattlagðar með háum skatthlutföllum, fjölmörgum undanþágum og flóknum álagningarreglum er óviðunandi."

Og síðan segir: „Með auknu frjálsræði í gjaldeyris- og utanríkisviðskiptum er þar að auki orðið nauðsynlegt að samræma skattlagningu eigna- og fjármagnstekna gildandi reglum í öðrum löndum."

Og enn er sagt: „Samræming skatta af eignum og eignatekjum á að tryggja sanngjarna, almenna og hóflega skattheimtu. Henni er bæði ætlað að koma í veg fyrir óviðunandi skattfríðindi og tvísköttun og tryggja einfalda framkvæmd með skilvirkum álagningarreglum. Undirbúa þarf samræmingu á framkvæmd hennar vandlega svo að ekki dragi úr sparnaði. Undirbúningsvinna er þegar hafin í fjmrn." Taktu eftir, hæstv. fjmrh., „þegar hafin í fjmrn."

(**Forseti** (SalÞ): Ávarpa rétt.)

Ég biðst afsökunar, hæstv. forseti. Síðan segir, hæstv. fjmrh.: „Undirbúa þarf samræminguna á framkvæmd þeirra vandlega svo ekki dragi úr sparnaði. Undirbúningsvinna er þegar hafin í fjmrn. og verður frumvarp um málið lagt fram á því þingi sem nú er hafið", þ.e. í október 1991, „og stefnt að afgreiðslu þess."

Þetta var talið langbrýnasta verkefni ríkisstjórnarinnar í skattamálum þegar hún var mynduð. Nú er haustið 1993. Og haustið 1994 er ekki langt undan og lítið hefur gerst. Það hafa að vísu verið skrifaðar skýrslur um málið. Ein hér í mars 1992 og ég átti einhvers staðar aðra fróðlega skýrslu um þetta mál, sem *ég fann ekki í fljótheitum.* Allt er þetta fróðleg lesning og væri mikilvægt fyrir hv. alþm. að kynna sér það vel.

Hvar er framkvæmdin á þessu máli? Það er hægt að koma henni í framkvæmd. Hæstv. fjmrh. hefur verið svo vinsamlegur að rétta mér nýjustu skýrsluna sem er frá 14. okt. 1993 og hún er nokkur að vöxtum þannig að undirbúningsvinnan er hafin. Ég get ekkert annað en viðurkennt það. Hæstv. fjmrh. hefur verið nokkuð duglegur í undirbúningnum í þessu máli. Hann hefur hins vegar ekki verið duglegur í undirbúningnum í sambandi við virðisaukaskattinn því þar hefur ekkert verið undirbúið.

Það sem við í 2. minni hluta efh.- og viðskn. leggjum til er að samræma eignarskattsstofninn þannig að fjármagnseignirnar komi inn í hann. Þetta er sáraeinföld aðgerð. Þessar eignir eru framtalsskyldar. Þær eru hins vegar ekki allar taldar fram vegna þess að almenningur veit að það mun ekki breyta sköttum þeirra þrátt fyrir skylduna. Ég er hins vegar viss um að þegar almenningur veit það, þá mun mikið af þessu verða talið fram. Þetta er hægt að gera með einfaldri lagabreytingu og um leið er hægt að hækka skattfrelsi eignarskattsstofnsins og afnema ekknaskattinn sem er búinn að vera til vandræða í mörg ár.

Ríkisstjórnin er líka á móti því að koma brýnasta viðfangsefni hennar þegar hún var mynduð á nokkurt skrið. Ég er ekki að segja að þar með sé búið að leysa það erfiða viðfangsefni, sem ég viðurkenni, að taka upp réttláta skattlagningu á fjármagnstekjur. En það er þá a.m.k. búið að leggja skatt á þessar eignir með eðlilegum hætti og nota svigrúmið m.a. til þess að hækka bætur til láglaunafólks og afnema hæsta þrepið í eignarskattinum um leið og lækka eignarskatt þeirra sem eiga eingöngu fasteignir og bíla og annað slíkt og án þess að leggja aukinn eignarskatt á þá einstaklinga sem eiga 500 þús. í peningalegum eignum eða 1 millj. hjá hjónum. Allar lægri innstæður almennings kæmu þannig ekki til með að hækka eignarskatt þessa fólks. Mér skilst að ríkisstjórnin sé líka á móti þessu. Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skatthlutfall einstaklinga hefur hækkað verulega frá því að staðgreiðsla tekjuskatts var tekin upp. Enn fremur hefur tekjutenging færst í vöxt sem leiðir til þess að raunverulegur skattur hefur farið hækkandi. Stefna verður að lækkun skatthlutfallsins í kjölfar minni ríkisumsvifa og með endurskoðun sértækra skattafslátta og annarra ívilnana."

Ég er líka sammála þessu. Það hefur farið afar lítið fyrir þessari lækkun skatthlutfallsins. Ég tel það í sjálfu sér eðlilegt vegna ástandsins í þjóðfélaginu. Það hefur hins vegar farið mikið fyrir hækkun skatthlutfallsins sem hefur jafnframt verið nauðsynlegt að nokkru marki en er í engu samræmi við málflutning Sjálfstfl. Það er hins vegar í nokkru samræmi við málflutning stjórnarandstöðuflokkanna fyrir síðustu kosningar. Þeir voru ekki að halda því fram að það væri hægt að stórlækka skatta.

En síðan segir, með leyfi forseta, og við það er staðið því hér segir:

„Tekjuskattshlutfall fyrirtækja þarf að lækka til samræmis við það sem gerist í viðskiptalöndum okkar þar sem það hefur lækkað mikið á undanförnum árum."

Þetta loforð er efnt því að hér er lagt til að tekjuskattur fyrirtækja lækki úr 39% í 33%. Ég er þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að lækka tekjuskatt fyrirtækjanna eitthvað til samræmis við það sem gengur og gerist í öðrum löndum. En það er ekki það eina sem þarf að samræma. Það er að mínu mati miklu mikilvægara að koma í veg fyrir hækkun launatengdu gjaldanna sem leggjast á öll atvinnufyrirtæki án tillits til þess hvort þau eru með hagnaði eða ekki. Það á hins vegar ekki að gera og við í 2. minni hluta leggjum til að dregið sé úr lækkun á tekjuskatti og aukin lækkun á tryggingagjöldum.

Síðan segir eftirfarandi, sem skal verða ein síðasta tilvitnunin í þetta rit, með leyfi hæstv. forseta:

„Skatthlutfall virðisaukaskattsins er hærra hérlendis en í flestum öðrum ríkjum. Skatthlutfallið heftir framtak og dregur úr skattskilum með því að hvetja til skattlausrar vinnu. Hátt skatthlutfall hefur enn fremur kallað á undanþágur. Eins og við mátti búast hefur hver ný undanþága síðan réttlætt enn fleiri undanþágur sem æ erfiðara verður að standa gegn. Á kjörtímabilinu er stefnt að", og hvað kemur svo? „lækkun skatthlutfallsins með því að fækka eða afnema undanþágur. Áður er þó gert ráð fyrir úttekt á virðisaukaskattskerfinu og að gerð verði grein fyrir reynslunni fram að þessu."

Það vill svo til að ég er líka sammála þessu. En hvar er þessi úttekt? Og hvar hefur verið gerð grein fyrir reynslunni fram að þessu af hæstv. ríkisstjórn? Ég hef ekki fundið það. Ég hef hins vegar fundið úttekt frá hæstv. fyrrv. ríkisstjórn, dags. 31. júlí 1989, frá ríkisskattstjóraembættinu. Og ég hef líka fundið úttekt frá fyrrv. ríkisstjórn, dags. 6. nóv. 1990, um þetta viðfangsefni. Þrátt fyrir mikinn áhuga á þessu máli í fyrrv. ríkisstjórn leist mönnum ekki á blikuna eftir að þeir voru búnir að lesa þetta. En löngunin hefur verið til staðar til að gera þetta eftir sem áður vegna þess að menn hafa haldið fljótt á litið að þetta hlyti að vera mjög fínt mál og viljað trúa því innst inni að trúlega væri þetta hægt og þetta væru sennilega einhverjir úrtölumenn sem væru að reyna að draga úr mönnum kjarkinn. En þegar var farið að skoða betur, þá kom skynsemin upp í mönnum og m.a. hæstv. fyrrv. utanrrh., formanni Alþfl., sem hefur mikla reynslu í þessum málum. (**Forsrh.:** Fyrrv. fjmrh.) Fyrrv. fjmrh. er hann. Ég var einum of fljótur á mér.

Hæstv. núv. utanrrh., fyrrv. fjmrh., þurfti að standa af sér mikið áhlaup 1987 og 1988 í þessu máli sem varð til þess að hann taldi að Sjálfstfl. hefði svikið hann og rekið rýtinginn í bakið á sér. En einhvern veginn tókst honum að snúa sér við þótt rýtingurinn væri

komið í bakið að hans eigin sögn og ný ríkisstjórn var mynduð. Þar voru menn líka áhugasamir um að gera þetta en þeir stóðu það af sér. En hæstv. núv. fjmrh. virðist gersamlega hafa lekið niður í þessu máli og látið sér lynda að þetta væri ákveðið á einni nóttu þó búið væri að skrifa í stefnuskrána að það skyldi fara fram úttekt á þessu kerfi og gera grein fyrir reynslunni. Vinnan hefur greinilega öll farið í það að semja bækur um vaxtaskattinn til að halda mönnum við efnið, halda Alþfl. við efnið í því máli, og sýna þeim fram á að það væri verið að vinna í þessu þannig að hæstv. umhvrh. gæti verið rólegur meðan hann hefði eitthvað að lesa um þetta. En þeim datt ekki í hug að gera úttekt í þessu máli. Þar var bara eitt blað upp á eina og hálfa síðu og látið duga.

En hvað með það markmið að lækka skatthlutfallið til þess að reyna að minnka skattsvik? Hvar er það? Þeir eru líka hættir við það. Þeir eru á móti því og ætla að greiða atkvæði á móti því. Ég sé ekki betur en ríkisstjórnin sé fallin frá öllum stefnumálum sínum í skattamálum. Ríkisstjórn sem er fallin frá öllum sínum stefnumálum í skattamálum og hefur fjmrh. sem getur ekki barist fyrir þeim, hvað er hún að gera? Skrifa á jólakort? Ég vil ekki gera lítið úr því. Auðvitað þurfa hæstv. ráðherrar að senda kveðjur eins og annað fólk og ég veit að það er mikið að gera hjá þeim og ég hef fullan skilning á því að þeir noti tímann til þess að senda vinum sínum kveðjur. (**Fjmrh.:** Þessum fáu sem eftir eru.) Já, þessum fáu sem eftir eru. En ég býst við því, hæstv. fjmrh., að vinunum mundi fjölga ef þú viðurkenndir það að þið væruð komnir af leið, stefnan væri týnd og hæstv. fjmrh. segði einfaldlega af sér. Þá hefði hann góðan tíma til að skrifa jólakort.

Ég botna ekkert í svona. Getur það verið að þessi bók sé týnd og ekki eintök af henni í fórum hæstv. ráðherra? Ég sé að umhvrh. nikkar. (**Gripið fram í:** Hún er uppseld.) Hún er uppseld. En var það svo að hæstv. ráðherrar þurftu að kaupa hana? Að vísu hefði hún orðið eitthvað dýrari vegna þess að nú er búið að leggja virðisaukaskatt á allar bókmenntir. Þetta mál er því allt með miklum eindæmum.

Ég hef gert lítillega grein fyrir undirbúningi þessa máls. En það vildi svo til að það var þó skrifuð einhver greinargerð um málið í fjmrn. Það var skýrsla sem ekki mátti sýna. Hún var ekki skýrsla fjmrn. vegna þess að hún passaði ekki inn í rammann. Hún passaði ekki inn í það sem var verið að gera. Hún var ekki hagstæð því sem var verið að gera. Þetta er eins og var í Sovét. Það mátti ekkert skrifa nema það sem var ráðamönnum hagstætt. Í fjmrn. virðist vera ritskoðun og ef sérfræðingarnir skrifa eitthvað sem er ekki hagstætt stefnu ríkisstjórnarinnar eða afglöpum hennar, þá er því stungið undir stól. Ég frétti af þessari skýrslu og þegar ég var búinn að lesa þessa norsku skýrslu sá ég hvers konar afglöp þetta voru vegna þess að norska skýrslan fjallar um nákvæmlega sömu aðstæður og metur málið eingöngu út frá útgjöldunum. Þar er ekki þessi viðmiðun sem send var frá fjmrn. í lok mars á síðasta ári og ég veit að starfsmenn fjmrn. eru ekkert sérstaklega ánægðir með og vita um erfiðleikana í því þó að auðvitað sé alltaf einhver sannleikur í öllum útreikningum. En slíkir útreikningar eru að mínu mati ekki samanburðarhæfir.

Síðan gerðist það að Alþýðusamband Íslands fékk þessa útreikninga, setti þá inn í sitt dæmi og birti m.a. í Vinnunni í nóvember sl. sem ég hef því miður ekki hjá mér. En það dæmi er því miður villandi og beinlínis rangt vegna þess að kjarabótin sem er í því dæmi byggir á því að viðkomandi fjölskylda noti 46% eða milli 40–50% af tekjum sínum til matarkaupa. Það er ekki í samræmi við neina neyslukönnun. Engin neyslukönnun er til sem styður þá niðurstöðu. Þjóðhagsstofnun fer út í það að leggja mat á þetta út frá tekjum, sem ég tel mjög vandasamt að gera. Þar kemur fram að um er að ræða fjölskyldu með tekjur á bilinu 1 til 2 millj., þá vegi matvara 24,9% af tekjum, 2 til 3 millj. 19,6, 3 til 4 millj. 15,8, sem er svipað og í dæmi fjmrn. Ég er því ekkert að halda því fram að dæmi fjmrn. er beinlínis rangt. Það voru ekki mín orð. Ég tel hins vegar að slíkur samanburður sé hæpinn. Þetta er þess vegna sannleikurinn í þessu máli.

Síðan komst ég að því að það mundi vera til skýrsla um málið. Hæstv. fjmrh. sagði að það væri ekki skýrsla fjmrn. og ég mátti ekki nota hana, en hún hafði nú samt komist til einhverra. Mér skilst að jafnvel einhver úr Alþfl. hafi fengið hana og séð ástæðu til að dreifa henni. Þar kemur fram að það sé lítil bót að þessu máli fyrir fjölskyldurnar í landinu. Þar sem talað er um samanburð á tölum er verið að bera saman 23,1% almennan virðisaukaskatt á móti því að hafa tvö þrep 24,5% og 14% og áfram haldið að greiða niður matvæli. En þar segir, með leyfi forseta:

„Tölur þessar sýna að nær enginn munur er á því með tilliti til lægri tekna hvort lækkað er almennt hlutfall virðisaukaskatts eða virðisaukaskattur á matvæli. Mismunandi áhrif á neysluútgjöld eru um og innan við 0,0% sem er varla marktækur munur. Í tveimur tekjuhæstu flokkunum er munurinn nokkru meiri en sinn í hvora áttina.

Við nánari skoðun á gagnagrunninum kom í ljós að kostnaður við eigin ökutæki er nokkuð afbrigðilegur í þessum tekjuhópum í úrtakinu. Sýnir hann að mestu þau sérstöku frávik sem fram komu og er því í aftasta dálki töflunnar sýnd lækkun útgjalda við almenna lækkun virðisaukaskatts að frádreginni lækkun kostnaðar við eigin bifreið af þeim sökum. Sýnir sig þá að nánast enginn munur er á áhrifum af lækkun almenna virðisaukaskattshlutfallsins á neysluútgjöld eftir tekjuhópum og er niðurstaðan í stórum dráttum hin sama og af lækkun virðisaukaskatts á matvælum.

Sé litið svo á að sá munur sem mælist sé raunverulegur er hann svo óverulegur að hann getur hvergi réttlætt það að taka upp tveggja þrepa kerfi. Samkvæmt framangreindum mælingum væri hann um eða innan við 1000 kr. á ári á fjölskyldu í lægri helmingi tekjuskalans. Árleg heildarupphæð þessarar hjá öllum fjölskyldum í lægri helmingi tekjuskalans yrði innan við 40 millj. kr. á ári. Sú fjárhæð er um fjórðungur þess sem það kostar að lágmarki aukalega að reka og hafa

eftirlit með tveggja þrepa kerfi og aðeins brot af því sem fullljóst er að tapast mun vegna aukinna skattundanskota."

Ég tel að það felist mikill sannleikur í þessum orðum en þau pössuðu ekki inn í rammann hjá ríkisstjórninni og þess vegna bar að stinga slíkum skýrslum undir stól og reyna að gæta þess að þær kæmust ekki í hendur Alþingis. En það tókst ekki sem betur fer.

Eitt vil ég nefna til viðbótar í þessu máli og það er ágæt skýrsla sem fjmrn. hefur gefið út um umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim. Sú skýrsla er margan hátt ágæt. Hver er aðalniðurstaðan í þeirri skýrslu? Hún er eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Niðurstaða nefndarinnar er sú að áætlaðar óframtaldar tekjur hafa numið sem samsvarar tæpum 4,25% af landsframleiðslu fyrir árið 1992. Þetta samsvarar því að um 16 milljarðar króna hafi ekki verið gefnir upp til skatts. Sennilegt tap ríkis og sveitarfélaga vegna þessara skattsvika, auk ofáætlaðs innskatts, er um 11 milljarðar króna. Samkvæmt niðurstöðum nefndarinnar er áætlað tekjutap hins opinbera á árinu 1992 svipað og á árinu 1985 á sama verðlagi" — eða um 11 milljarðar kr.

Mér er ljóst að það mun aldrei verða hægt að byggja upp svo gott skattkerfi að hægt sé að koma í veg fyrir öll skattsvik. Það er því miður staðreynd. En okkur ber skylda til að byggja upp skattkerfi sem dregur sem mest úr skattsvikum því þau eru mesta þjóðfélagslega óréttlætið sem viðgengst hér á landi og víða annars staðar. Það er mikið af ágætum tillögum í þessari skýrslu í því sambandi. Þar segir t.d., svo lesnar séu fyrirsagnir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skattalög þarfnast einföldunar." Er verið að gera það? Nei. „Gæta þarf þess að einstakir skattstofnar séu ekki ofnýttir." Er verið að gera það? Nei. „Fækka þarf skatttegundum." Það er í reynd verið að taka upp nýja tegund af skatti og ríkisstjórnin hóf þá iðju sína á síðasta ári með því að taka upp nýtt 14% hlutfall. Það var upphafið að þessu. Það var ríkisstjórnin sem hóf það. Það var ekki verkalýðshreyfing eða vinnuveitendur sem kröfðust þess að tekið yrði upp nýtt 14% stig. Það var ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn sem gerði það. (**Umhvrh.:** Með samþykki Framsfl.) Og auðvitað vissu menn að það mundi leiða til þess að reynt yrði að koma fleiri vörutegundum og þjónustu í það þrep. (**Fjmrh.:** Fyrri ríkisstjórn.) Fyrri ríkisstjórn? (**Fjmrh.:** Það sagði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon um daginn.) Það er rangt. Fyrri ríkisstjórn tók aldrei upp 14% virðisaukaskatt mér vitanlega. (**Fjmrh.:** Endurgreiðslu ...) Það er rétt. Það var ákveðið til þess að þurfa ekki að gera þetta að fara út í það. Og það er einmitt það sem norska skýrslan leggur til. Það er rétt stefna. Ég var sammála þeirri stefnu þá og er það enn.

Hæstv. umhvrh. spurði: Hvað samþykkti Framsfl.? Hann virðist vera meiri áhugamaður um það en reyna að koma í veg fyrir það sem þarna er verið að gera. (**Umhvrh.:** Mér er umhugað um Framsfl.) Já, ég veit það, hæstv. ráðherra. En það er ekki það sem skiptir meginmáli í þessu máli að vera umhugað um flokka. Það sem skiptir máli í þessu máli er að vera umhugað um almenning og hag samfélagsins. Það hefur einstaka sinnum komið fyrir Framsfl. að hans ályktanir hafa ekki alveg verið réttar. Það hefur komið fyrir að við höfum haft rangt fyrir okkur einstaka sinnum. En ég vil taka það fram af þessu tilefni að það sem við í 2. minni hluta erum að leggja til og undir rita fulltrúar Framsfl. og Kvennalistans í nefndinni, m.a. með tilliti til þess að það hefur verið mikið áhugamál beggja þessara flokka að lækka verð matvæla og oft hafa komið slíkar ályktanir frá Kvennalistanum, er að lækka matvælakostnaðinn. Við viljum hins vegar að þeirri vinnu verði haldið áfram og í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að sett verði upp nefnd sem kanni kosti og galla tveggja þrepa virðisaukaskatts og yfirfari reglur um vaxtabætur, persónuafslátt og barnabætur. Jafnframt yrði verkefni nefndarinnar að fara yfir tillögur um skatta á fjármagnstekjur og eignarskatt af fjármagnseignum.

Með þessu erum við að leggja áherslu á það, hæstv. umhvrh., að við viljum ekki alveg útiloka þessa leið, en ég vil taka það fram fyrir mína hönd persónulega að ég vil útiloka hana vegna þess að ég er alveg sannfærður um að hún er röng. Hins vegar er ég þeirrar skoðunar að það sé nauðsynlegt að leggja nokkurt starf í þetta til þess að stjórnmálaflokkarnir og aðilar vinnumarkaðarins fái ráðrúm til að fara betur ofan í þetta. Það er afar auðvelt að álykta sem svo að við það að taka upp tvö þrep muni hagur almennings batna. Það eru mjög margir í samfélaginu sem hafa þá skoðun án þess að hafa fengið rétt grunngögn um málið. Það er kannski von að almenningur í landinu sé þessarar skoðunar þegar í landinu er ríkisstjórn sem breytir virðisaukaskattinum án þess að líta neitt á málin og telur að hægt sé að gera það einn, tveir og þrír. Það er einstaka maður sem heldur að núv. ríkisstjórn hafi einstaka sinnum rétt fyrir sér. Það er nú svo merkilegt. Ég á hins vegar von á því að þeim fari heldur fækkandi. Þó að skoðanakannanir hafi upp á síðkastið heldur farið upp á við, þá held ég að það muni ekki standa lengi. (**Umhvrh.:** Ekki hjá Alþfl.) Ekki hjá Alþfl. Það er eitthvað eftir þar. En þeir munu sennilega ná því upp þegar þeir fara að kynna nýju reglurnar um strætisvagnana og möguleikum byggðanna á Austurlandi að fá slík farartæki. Sérstaklega á Egilsstöðum. Það væri gott að hafa svona strætó á veturna til þess að fara á milli Seyðisfjarðar og Egilsstaða yfir Fjarðarheiði. (**Gripið fram í:** Til Vopnafjarðar.) Já, það er alveg rétt að það þarf rútur á milli staða. En hver á að vera virðisaukaskatturinn á þeim rútum? Mér skilst að hann eigi að vera 14%. En þær rútur verða ekki skilgreindar sem strætó.

Það er með eindæmum hvað hæstv. ríkisstjórn er tilbúin að gera fyrir þennan borgarstjórnarmeirihluta hér. Það er kannski vegna þess að það stóð einhver von til þess að þeir stæðu við eitt kosningaloforð.

En vegna ummæla hæstv. umhvrh. vildi ég segja að málið er með þessum hætti og við þurfum einfaldlega meiri tíma. Af hverju gefum við okkur ekki meiri

tíma? Er það vondur kostur fyrir launþega, atvinnulíf, ríkissjóð og þjóðarhag að fresta þessu máli, setja niður nefnd og samþykkja þær tillögur sem 2. minni hluti nefndarinnar leggur til? Nei, það er ekki vondur kostur. Það er mjög góður kostur. Og það þarf í sjálfu sér ekki neitt að rökstyðja það. En það skiptir engu máli hvað sagt er. Ég er hins vegar sannfærður um að þegar þetta mál hefur verið skoðað og saga þess og tilurð mun dómurinn verða sá að hér hafi átt sér stað gífurleg mistök. — Ég vildi leyfa mér að spyrja hæstv. forseta hvort það muni verða gert nokkurt matarhlé.

(Forseti (VS): Forseti vill upplýsa að það verður gert hér matarhlé milli kl. 1 og 1.30.)

Já. (**Fjmrh.:** Við getum þér borið mat í stólinn líka.) Virðulegur forseti. Ég spurði ekki vegna þess að ég hafi ætlað mér að halda mikið lengur áfram máli mínu. Ég vil þó aðeins víkja sérstaklega að skattlagningu ferðaþjónustunnar við þessa umræðu vegna þess að ég tel það vera svo mikilvægt mál að ég vildi gera því nokkur skil strax við þessa umræðu, en geyma ýmis önnur mál þessu tengd þar til í seinni ræðum mínum síðar í umræðunni.

Margir aðilar hafa haft samband við efh.- og viðskn. út af skattlagningu veitinga- og gistihúsa, hótela, ferðaskrifstofa, innanlandsflugs, hópferða o.s.frv. Þau lagaákvæði sem þar eru tekin til endurskoðunar voru sett fyrir ári síðan en þau voru ekki betur úr garði gerð en svo að nú þarf að lagfæra þau og enn er framkvæmdin í óvissu. T.d. að sundurliða algerlega þjónustu ferðaskrifstofa vegna þess að skatturinn verður þar með mismunandi hlutfalli. Einn skattur á gistingu og morgunmat að vísu. Annar á veitingar nema morgunmat, þ.e. ef morgunmaturinn er innifalinn í gistingunni, þá er það í lægra skattþrepi. Ef menn neyta veitinga í veitingahúsum á jörðu niðri, þá er það með 24,5% virðisaukaskatti. Ef menn keyra upp á fjöll og opna þar einhvern fínan matarbíl með þjónustu og öllu tilheyrandi, þá er það með 14% virðisaukaskatti. Ef menn fara að veiða og kaupa gistinguna með veiðileyfinu, þá verður enginn virðisaukaskattur af því. Þetta verður þokkalegt að framkvæma. (**Gripið fram í:** En í göngunum?) Þá verður væntanlega nestið með lægra þrepinu.

Þetta skapar mjög mikil vandamál og það skapar mikil vandamál hjá ferðaskrifstofunum að sundurliða þessa þjónustu og er nánast ekki hægt. Það er oft og tíðum þannig að ferðir eru seldar með virðisaukaskatti og ekki gott að segja til um hvernig slíkur pakki er samsettur. Auðvitað verður tilhneiging til þess að færa eitthvað af pakkanum í lægra þrepið eða selja þá þjónustu dýrari og hina ódýrari. Það er það sem gerist í öllum venjulegum tilvikum eins og þessum, því miður. Framkvæmdin mun því verða með einhverjum ósköpum. Þetta hafa aðilar lagt áherslu á.

Nú fer þorrinn í garð og að líður brátt að því að almenningur í landinu fer að kaupa sér þorramat. Það eru verslanir hér í bænum sem selja tilbúinn þorramat og munu væntanlega fara að auglýsa hann mjög fljótlega með 14% virðisaukaskatti en veitingahúsin selja líka tilbúinn þorramat, m.a. veitingahús sem sér Alþingi fyrir mat. Þar á virðisaukaskatturinn að vera 24,5%.

Er þetta að tryggja jafna samkeppnisstöðu í atvinnurekstri? Þetta er slíkt óréttlæti að það tekur engu tali. En það eru svona vandamál sem koma upp og eru í reynd óleysanleg.

Ég vil aðeins, hæstv. forseti, vitna hér í greinargerð frá Sambandi veitinga- og gistihúsaeigenda, en þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Sem kunnugt er blómstra viðskiptin í neðanjarðarhagkerfinu og mun vanta um það bil 11 milljarða í ríkiskassann samkvæmt nýrri skýrslu skattsvikanefndar. Talið er víst að veitingarekstur sé þar ofarlega á blaði.“

Þetta segir í umsögn Sambands veitinga- og gistihúsa, að það sé talið víst að veitingarekstur sé þar ofarlega á blaði. Það þarf nokkuð til til þess að samtök atvinnurekenda lýsi því yfir að skattsvik séu mjög algeng í þeim atvinnurekstri. Það er hins vegar afar virðingarverð hreinskilni að koma með slíka yfirlýsingu. Síðan segir:

„Ofangreind tillaga er gífurleg búbót fyrir svarta markaðinn sem ekki greiðir útskatt en situr þó uppi með innskattinn. Ef umrædd hugmynd nær fram að ganga lækkar kostnaður þeirra umtalsvert“, þ.e. þessara á svarta markaðnum, „og samkeppnisstaða þeirra gagnvart veitingahúsum sem skila sköttum og gjöldum verður mun tryggari en áður.“

Niðurstaðan er sú að mati þessara samtaka að þetta muni styrkja sérstaklega skattsvikarana í greininni og verða þeim gífurleg búbót. Mér skilst að það sé svo mikilvægt að styrkja skattsvikarana í þessari grein að það verði að lögfesta þetta fyrir jól og þótt fyrr hefði verið.

Síðan segir áfram í þessari umsögn, með leyfi forseta:

„Flóknari skattareglur, mismunun fyrirtækja sem selja sömu vöruna og hagræðing fyrir svarta markaðinn. Allt stingur þetta átakanlega í stúf við þá stefnu sem við héldum að væri uppi.“

Gæti verið að þessi ágætu samtök hefðu eignast þessa bók og hefðu geymt hana og lesið hana? Það virðist vera að þeir hafi áttað sig á stefnu ríkisstjórnarinnar og gengið út frá því að þessi stefna væri uppi.

„Því vill Samband veitinga- og gistihúsa beina því til efh.- og viðskn. að íhuga málið vel og gæta þess að sambærileg fyrirtæki í landinu sitji við sama borð. Er ekki líka kominn tími til að hlúa að fyrirtækjum sem lifa ofanjarðar í stað þess að gefa þeim enn eitt sparkið?“

Ég ætla ekki að vitna frekar í þessa umsögn en þar er með skilmerkilegum hætti tekið dæmi um áhrif þessarar skattlagningar á samkeppnisstöðu veitingahúsa annars vegar og matvöruverslana hins vegar og ætti þessi tilvitnun að vera nóg í því sambandi.

Þá vildi ég næst víkja aðeins að fólksflutningunum. Það stendur til, eins og ég hef áður getið um, að leggja skatt á fólksflutninga innan lands en ekki á þá sem fara erlendis. Það er ekki hægt vegna þess að þá raskast samkeppnisstaða Íslendinga gagnvart öðrum flugfélögum, en nú á sérstaklega að leggja skatta á þá sem ferð-

ast innan lands en ekki þá sem fara erlendis. Við vorum upplýst um það í efh.- og viðskn. að sama daginn og ákvörðun var tekin um þennan nýja skatt á ferðaþjónustu hefði samgrn. gefið út nýja stefnu sem gengur út á það að hvetja íslenskar fjölskyldur til ferðalaga innan lands og gefinn út vandaður bæklingur í því sambandi. En hvað mun gerast í því? Að sjálfsögðu mun draga úr því að Íslendingar ferðist innan lands og þeir munu auka ferðalög sín erlendis. Það mun líka draga úr því að útlendingar komi hingað. Þeir munu frekar fara þangað sem ódýrara er. Þetta er algerlega í andstöðu við þjóðarhag og á eftir að koma betur í ljós.

Að því er varðar innanlandsflugið og fólksflutningana, þá á það sér langa sögu, endurgreiðsla eða niðurfelling á söluskatti og síðan virðisaukaskatti í þeirri grein. Ég veit ekki betur en þegar virðisaukaskattskerfið var tekið upp á sínum tíma, þá hafi verið um það ágætissamstaða meðal stjórnmálaflokkanna hér í landinu og flokkarnir allir með tölu hafi talið rétt að taka upp það kerfi með ákveðnum undanþágum. Ég man ekki eftir neinum ágreiningi í sambandi við ferðaþjónustu og fólksflutninga. Það var talið eðlilegt að taka þessar greinar ekki inn í kerfið, m.a. vegna þess hvað eftirlit þar er á margan hátt erfitt, hversu margir aðilarnir eru og líka vegna samkeppnisstöðunnar við aðrar þjóðir.

Nú hefur það verið ákveðið að þetta skuli gert, og var reyndar ákveðið fyrir ári síðan, en þá ákveður ríkisstjórnin það að lækka þessa skattlagningu sérstaklega á almenningsvögnum innan bæjar. Nú vil ég taka það fram að ég er sammála þeirri stefnu að ekki sé lagður virðisaukaskattur á þjónustu almenningsvagna. Ég tel mjög mikilvægt að þessi þjónusta sé sem ódýrust vegna þess að það hvetur til slíkra samgangna sem eru þjóðhagslega hagkvæmar. Eftir því sem fleiri nota almenningsvagna þeim mun meiri sparnaður er það fyrir samfélagið. Það er því rétt að hafa þessa þjónustu á lágu verði og sem betur fer er aukning hjá almenningsvögnunum þannig að nú ferðast fleiri og fleiri með þeim. En síðan hefur ríkisstjórnin ákveðið þetta á grundvelli 42. gr. laga um endurgreiðslu virðisaukaskatts, en þar segir, með leyfi forseta:

„Fjmrh. getur ákveðið með reglugerð að endurgreiða ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og sveitarfélögum virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldri vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum."

Þá er nú rétt að líta til þess í þeirri reglugerð sem hefur verið gefin út um þetta mál hvað eru þjónustufyrirtæki en þar segir í 2. gr. eftirfarandi:

„Með þjónustufyrirtæki í þessari grein er átt við fyrirtæki sem rekin eru af sveitarfélögum eða í sameign þeirra, svo sem hitaveitur og rafveitur, svo og ríkisfyrirtæki og fyrirtæki í sameign ríkis og sveitarfélaga. Starfsemi vatnsveitna og hafnarsjóða telst ekki til skattskyldrar starfsemi í þessu sambandi nema að því leyti sem um er að ræða sölu á vörum eða skattskykldri þjónustu í samkeppni við atvinnufyrirtæki."

Hugsunin í þessum ákvæðum sem er staðfest með minnisblaði fjmrn. sem ber yfirskriftina „Styrkir opinberra aðila við skattskyld þjónustufyrirtæki" er sú að það sé jafnræði milli atvinnufyrirtækja á frjálsum markaði og þeirra fyrirtækja sem styrkt eru af ríki og sveitarfélögum. Ég tel það vera eðlilega hugsun. En ég vil endurtaka það að ég efast mjög um lagastoð þessarar ákvörðunar. Ég vil ekki ganga svo langt að segja að það sé beinlínis ólöglegt vegna þess að ég hef ekki fengið lögfræðiálit um það, mun væntanlega fá það, en samkvæmt minni takmörkuðu þekkingu á þessum málum get ég ekki skilið hvernig þetta verður rökstutt. Og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. muni útskýra það fyrir þingheimi. Ég er hins vegar sannfærður um að það er mun réttara og eðlilegra að breyta lögunum ef á að taka þessa ákvörðun og leita skýrrar lagaheimildar.

Ég hef aldrei áttað mig á því fyrr að það væri hægt að líta á greiðslu á halla fyrirtækis sem þjónustu. Og það er ansi langt gengið þegar því er haldið fram að sveitarfélagið sé með því að greiða fyrir þjónustu allra borgaranna. Borgararnir fá ekki virðisaukaskattinn endurgreiddan. Ef einhver kemur til með að greiða 100 kr. fyrir ferð með almenningsvagni, þá getur hann ekki gengið niður í fjmrn. og fengið 14 kr. endurgreiddar, að sjálfsögðu ekki. En mér skilst að sveitarfélögin munu geta gengið niður í fjmrn. og fengið þessar 14 kr. endurgreiddar. Þá verður það þannig að eftir því sem tapið verður meira á þessu, þeim mun meira verður endurgreitt á þeim grundvelli að það sé verið að veita sveitarfélaginu þjónustu. Ég skil það og fellst á að þetta eigi við um ef verið er að borga fyrir flutning skólabarna og fatlaðra. Það er þjónusta sem veitt er og sveitarfélagið hefur tekið að sér. Ég tel að það gildi öðru máli og ég fellst á það að þessi lagagrein veiti slíka heimild, er sammála því. En ég fæ ekki skilið hvernig hægt er að ganga lengra í þeim efnum.

Varðandi gistinguna tel ég mjög skaðlegt svo að ekki sé meira sagt að leggja virðisaukaskatt á gistingu þó að það sé enn skaðlegra að leggja hann á fólksflutningana og ferðaskrifstofurnar bara vegna framkvæmdarinnar. En virðisaukaskatturinn á gistinguna mun að sjálfsögðu draga úr gjaldeyristekjum og það er röng efnahagsleg ákvörðun um þessar mundir þegar við þurfum á því að halda að auka atvinnuna að gera slíkan hlut. Og við bíðum enn eftir því að hæstv. samgrh. flytji okkur upplýsingar um það mál og skýri okkur frá því hvernig hann hefur hugsað sér að taka á málum, m.a. með tilliti til þess hvernig nú horfir í ferðaþjónustu.

Ég vildi áður en ég lýk máli mínu vitna til þess sem tekið er saman í þessari norsku skýrslu um þetta mál en niðurstaðan er í stuttu máli sú að lækkun skatts á nauðsynjavörur sé áhrifalítil aðferð til tekjujöfnunar og aðrar aðferðir séu skilvirkari. Það er meginniðurstaða þessarar skýrslu. Ef menn stefna að því að jafna tekjurnar í landinu, sem ég er sammála, ég er sammála því markmiði, þá verða menn að nota þær aðferðir sem duga til þess en ekki einhverjar hókus pókus aðferðir.

Niðurstaðan er líka sú að frá sjónarmiði tekjujöfnunar séu ekki síðri rök fyrir því að leggja hærri skatt á lúxusvörur en lægri skatt á nauðsynjavörur, þ.e. ef menn vilja ganga þessa leið, þá sé betra að reyna að

finna lúxusvörur og setja þær í enn hærra þrep til þess að jafna tekjurnar vegna þess að efnameira fólkið kaupir þær vörur. Gallinn er hins vegar sá við slíka leit að það er mjög mikið um það að slíkar vörur séu keyptar í öðrum löndum og verslunin fari því út úr landinu og vegna þess hvað Íslendingar lifa orðið í alþjóðlegu umhverfi er mjög erfitt fyrir okkur að vera með allt aðra skattastefnu í slíkum málum en löndin hér í kringum okkur. Það er líka niðurstaða þessarar nefndar að aðildin að Evrópska efnahagssvæðinu og hugsanleg aðild Noregs að EB takmarki á engan hátt möguleika Noregs til þess að reka sjálfstæða skattapólitík. Að vísu geti þátttaka í EB þýtt takmarkanir. T.d. verði Noregur að viðhalda þeim lágmarkshlutföllum sem sett eru þar í skattlagningu og niðurstaðan varð því sú þegar allt var metið, að það séu ekki sterk rök fyrir því að taka upp mishá skatthlutföll. Þetta er á margan hátt mjög merkilegt vegna þess að því hefur verið haldið mjög sterkt fram í umræðunni að Íslendingar þyrftu að elta nágrannaþjóðirnar í þessu sambandi. Sumir hafa haldið því fram að kerfið á Ítalíu sé sérstaklega gott í þessu sambandi. Þar eru ótal flokkar, margir skattflokkar og þetta er allt saman þannig að það er úr miklu að velja á Ítalíu. En það vill nú svo í því landi, Ítalíu, að það gengur illa að innheimta skatta þar og það hefur komið í ljós að Ítalir eru ekkert sérstaklega heiðarlegir í skattamálum. Og það hefur ekki tekist að ráða við það þrátt fyrir nokkuð öflugt eftirlit. Í þessu sambandi er fróðlegt að líta til þess sem við fengum upplýst í sambandi við eftirlit að hér á landi starfar einn starfsmaður á hverja 432 skattaðila. Í Danmörku og Svíþjóð er þetta þannig að það er einn á hverja 250. Í Bretlandi er hlutfallið töluvert lægra eða 1:149 og í Frakklandi 1:173. En ef eingöngu er litið á hlutfallið í Danmörku þá eru 414 aðilar á hvern starfsmann í eftirliti og 517 á hvern starfsmann við framkvæmd. Síðan segir við úttekt á þessu máli:

„Eftirtektarvert er að auk þess sem færri starfsmenn hér á landi sinna skattinum er þessi mismunur hvað mestur er eftirlitið varðar sé t.d. borið saman við Danmörku sem er með eitt skatthlutfall í sínu kerfi. Einnig vekur athygli afgerandi mismunur milli Danmerkur og landa með fjölþrepakerfi."

Það er sem sagt ljóst að það hefur þurft að fjölga svo í skattkerfinu í þessum löndum sem eru með mörg skatthlutföll að það vekur mjög mikla athygli. Bretar hafa nýlega gert úttekt á sínu kerfi og niðurstaðan er sú að það sé mikilvægt að samræma það. Þar er enginn virðisaukaskattur á barnaföt og það hefur verið talið til fyrirmyndar. (**Gripið fram í:** Svo er.) Er það til fyrirmyndar? Það er ekki til fyrirmyndar.

Skýrslan breska kemst að þeirri niðurstöðu að það sé að sjálfsögðu skynsamlegast að hafa fullan skatt á barnafötum og nota sömu fjárhæð til þess að hækka barnabætur því það muni gagna lágtekjufjölskyldunum. Í fljótu bragði er almenningur mjög hrifinn af því að það skuli ekki vera neinn virðisaukaskattur á barnafötum. Það finnst mönnum mjög til fyrirmyndar ef ekki er farið lengra í umræðunni. En þegar menn hugsa aðeins betur, gæti þá ekki verið að lágtekjufólkið eigi erfitt með að kaupa mikið af barnafötum. Gæti ekki verið að lágtekjufólkið þyrfti að sætta sig við ódýrari fatnað fyrir sín börn og sauma meira heima, gera meira við fötin og nýta hlutina betur á meðan þeir sem hæstu tekjurnar hafa kaupa dýrari barnaföt, meira af þeim og eru ekkert að hugsa um þótt komi einn og einn blettur og gat, þeim sé einfaldlega hent. Þetta er niðurstaðan. Og þess vegna þykir það eðlilegt í Bretlandi núna að leggja virðisaukaskatt á barnaföt og hækka barnabætur, sérstaklega til lágtekjufólksins, þannig að lágtekjufólkið geti boðið sínum börnum betra líf og gert meira fyrir þau. Þetta eru nú svo einföld rök að það þarf bara að segja þetta við fólk sem heldur því fram að það sé sérstaklega hagstætt að hafa engan skatt á barnafötum. En það virðist ekki vera til nein þekking í núverandi ríkisstjórn til þess að halda þessu fram og hún virðist ekki hafa neina burði í sér til þess að halda utan um öruggt skattkerfi og ætlar nú að taka upp breytingu sem er ekki undirbúin og mun verða kærkomin fyrir skattsvikarana í landinu. Það er helsta gagnið sem ég sé af þessari breytingu fyrir „atvinnulífið". Það mun auka óréttlætið í þjóðfélaginu og það er skelfileg niðurstaða.

Virðulegur forseti. Ég hef eytt nokkrum tíma í þetta mál sem hér hefur verið tekið á dagskrá og ég á í reynd mikið eftir ósagt. En ég geri mér grein fyrir því að það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að leyfa sér að tala lengi á hv. Alþingi um þetta mál vegna þess að aðrir þurfa að komast að og skal ég nú flýta mér sérstaklega því ég sé að hæstv. umhvrh. vill fá orðið og ég fæ líka tækifæri til þess að koma ýmsu því sem ég hef ekki getað komið að í þessari fyrstu ræðu minni í málinu og ég vil því stytta mál mitt, en leggja áherslu á að þær tillögur sem við flytjum í 2. minni hluta og aðrir nefndarmenn munu gera betur grein fyrir hér í umræðunni eru ábyrgar. Þær eru hagstæðari ríkissjóði, þær eru hagstæðari launafólki og þær eru hagstæðari samfélaginu og þær skjóta ekki mörg göt á skattkerfið sem er mjög mikilvægt, þ.e. ef við ætlum að gera eitthvað með þessa skýrslu hér um umfang skattsvika og tillögur um aðgerðir gegn þeim. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég veit ekki af hverju er verið að vinna þessar skýrslur í fjmrn. Hvaða gagn er í því að skrifa skýrslur ef ekki er reynt að koma niðurstöðum þeirra í framkvæmd? Fyrir hvern er verið að skrifa þetta? Er þetta atvinnubótavinna? Það er líka rétt að þessi nýja skipun mun verða til þess að 26–28 menn munu fá vinnu við að framkvæma þetta nýja kerfi. Ætli þeir væru ekki betur komnir í það að fara beint í að rannsaka skattsvik í kerfinu eins og það er? Þeir fara ekki í það. Nei, þeir fara í það að skoða nýjar skýrslur og skrifa ný eyðublöð og búa til nýja pappíra. Það verður þeirra vinna. Eina gagnið fyrir samfélagið af þeirri iðju er að þessar 28 persónur munu fá atvinnu og þar með munu e.t.v. verða nokkru færri á atvinnuleysisskrá að því leytinu til. Hins vegar mun fjölga á atvinnuleysisskránum vegna annarra áhrifa af þessum vitlausu tillögum sem stendur til að fara að reyna að lögfesta hér.

[12:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir ágæta og efnislega ræðu og mér gefst áreiðanlega síðar í þessum umræðum tækifæri til þess að svara eða ræða þau efnisatriði sem komu fram í hans ræðu. Á þessu stigi málsins kýs ég þó að binda mál mitt við eitt efnisatriði sem hann nefndi, þar sem hann sagði að það yrði mjög erfitt fyrir kaupmenn og verslunarfólk nú um jólin að undirbúa sig undir þá breytingu sem í hönd fer um áramót ef þetta frv. verður að lögum. Í því sambandi held ég að við verðum að hafa það í huga að bæði Kaupmannasamtökin og samtök verslunarmanna stóðu að því samkomulagi sem þetta frv. byggist á. Verslunarmenn í Alþýðusamband Íslands og fulltrúar þeirra, bæði formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur og formaður Landssambands verslunarmanna, hafa ítrekað sagt að þetta sé forsenda kjarasamnings. Hins vegar eru Kaupmannasamtökin í Vinnuveitendasambandinu þannig að það er ekki hægt að saka ríkisstjórnina um það að hún sé að efna til aðgerða sem sérstaklega sé ætlað að spilla fyrir því fólki sem hefur aðild að þessum tvennum samtökum. Þetta vildi ég að kæmi strax fram.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, hlýtur það auðvitað að vekja mikla athygli að stjórnarandstaðan er klofin í þessu máli þannig að hv. þm. sem talaði um mjög margt skynsamlega talaði ekki fyrir hönd Alþb. í hv. nefnd.

[12:53]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt hjá hæstv. fjmrh. að ég tala ekki fyrir hönd Alþb. í skattamálum. Ég veit ekki hvort það hefur einhvern tíma komið fyrir hæstv. fjmrh. að tala fyrir hönd Alþb. í skattamálum. Ég hef í sjálfu sér haldið að það væru engar nýjar fréttir. Ég hef aldrei talað fyrir hönd Alþb. almennt í skattamálum. Það breytir hins vegar ekkert minni skoðun. Ég hef setið í ríkisstjórn með Alþb. Ég man það mjög vel að þeir tóku rökum í þessu máli en það virðist ekki vera með hæstv. fjmrh. Hann tekur ekki rökum í málinu og kemur svo hér og segir: Kaupmannasamtökin og verslunarmenn stóðu að þessu. Ég gerði þetta ekki, segir hann. Þeir gerðu þetta. Hver ber ábyrgð í þessum málum? Á að halda áfram að kenna öðrum um? Erum við með ríkisstjórn í landinu sem ræður engu, getur það verið? Mér heyrðist hæstv. fjmrh. vera að segja það.

Auðvitað er það ríkisstjórnin sem hefur úrslitavald í þessu máli og úrslitaákvörðunarvald en sem betur fer er það sjálft Alþingi sem á að taka lokaákvörðunina og nú reynir á það hvort hér starfar sjálfstætt Alþingi sem tekur skynsamlegar ákvarðanir.

[12:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil í fyrsta lagi segja það að víðast hvar eru tvö þrep í virðisaukaskatti þannig að það er ekki rétt sem maður gæti ætlað eftir að hafa hlustað á hv. þm. að það sé meginreglan.

Í öðru lagi valdi ríkisstjórnin þá leið að reyna að koma á stöðugleika hér og vinnufriði sem við höldum og ég vona að við deilum ekki um það, ég og hv. þm., að það er nauðsynlegt til þess að við getum unnið okkur út úr þeim vandamálum sem við erum stödd í.

Í þriðja lagi vil ég minna á það að í vor man ég ekki betur en forustumaður Framsfl., reyndar ekki sá sem flutti hér tölu, hafi lýst því yfir að hann væri ánægður með það að gerðir voru þessir samningar og ég veit ekki betur en það hafi m.a. verið byggt á því að í samþykktum Framsfl. var á þeim tíma a.m.k. yfirlýsing sem fól í sér að Framsfl. styddi tvö þrep í virðisaukaskatti.

[12:56]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Enn heldur fjmrh. áfram að vitna í aðra. Nú er þetta ekki kaupmönnunum að kenna, nú er það Framsfl. að kenna. Ég vissi ekki að Framsfl. væri svona áhrifamikill í núv. ríkisstjórn. Það er alveg nýtt fyrir mér að hæstv. ráðherra hlusti svona grannt á það sem Framsfl. hefur að segja. Ég man aldrei eftir því að það hafi sérstaklega verið kallað á okkur til að leita ráða í þessu máli eða yfirleitt nokkru máli. Ég man ekki til þess að það hafi verið leitað eftir ráðum frá okkur í sambandi við fiskveiðistefnu og sjávarútvegsmál. Höfum við þá nokkra reynslu í því? Ég man aldrei eftir því að hæstv. fjmrh. hafi sérstaklega kallað á okkur í Framsfl. til að biðja um ráð í þessu máli. En nú kemur hann hér og segir: Þetta er framsóknarmönnum að kenna. Og hver er ástæðan fyrir því að þetta er framsóknarmönnum að kenna? Það er vegna þess að það mun hafa verið ályktað í flokknum um þetta, það er rétt. En það vill nú svo til að við höfum ekki haft aðstöðu til að kafa eins mikið ofan í þetta mál og hæstv. ríkisstjórn. En við höfum verið að gera það síðustu dagana og tína gögnin út úr ríkisstjórninni og hæstv. ráðherrum sem hafa ekkert legið á lausu. Og það er þá sem menn átta sig á því hvað er verið að gera rangan hlut. Og auðvitað verður ríkisstjórnin að standa undir ábyrgð. En hæstv. fjmrh. ætlar að koma hér skipti eftir skipti og segja: Ég er saklaus, þetta er ekki mér að kenna, þetta er hinum að kenna. Þarna eru vondu strákarnir. Við höfum ekkert að gera með svoleiðis fjmrh.

Útbýting þingskjals:

Norðurstofnun á Akureyri, 297. mál, þáltill. HG, þskj. 429.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 12:59]

Útbýting þingskjals:

Meðferð ályktana 113. og 115. löggjafarþings, 299. mál, skýrsla forsrh., þskj. 437.

[13:28]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. sé væntanlegur í salinn innan skamms og hef því mál mitt en ég vonast að sjálfsögðu nú til þess að hæstv. ráðherra verði viðstaddur umræðuna. Einnig vil ég láta það koma fram að ég tel æskilegt að hæstv. forsrh., sem reyndar er hér viðstaddur, sé líka viðstaddur þar sem hér er fluttur bandormur sem fjallar um mörg ráðuneyti. Þá eru einnig sérstaklega tilnefndir af minni hálfu hæstv. samgrh. varðandi skattlagningu ferðaþjónustunnar og hæstv. félmrh. Ég geri ráð fyrir því að ekki þurfi rökstuðnings við, hæstv. forseti, að viðvera fagráðherra er hér sjálfsögð og eðlileg þar sem um er að ræða frv. sem flutt er sem bandormur og fjallar um fjölmörg mismunadi lagaákvæði og það liggur náttúrlega í hlutarins eðli að þegar ríkisstjórn velur þann framsetningarmáta, þá hlýtur hún að gera ráð fyrir því að ráðherrar komi og verði viðstaddir umræðuna eftir því sem einstakir kaflar frv. heyra undir þeirra starfssvið. Ég hef hugsað mér að fjalla sérstaklega um þessa þætti sem ég nefndi hér áðan eða óska viðveru viðkomandi hæstv. ráðherra á einstökum stigum málsins.

(**Forseti** (VS): Má forseti aðeins spyrja hv. þm. Nú er það svo að eins og hv. þm. veit tekur alltaf dálítinn tíma að fá ráðherra á fundinn. Er þetta seinna í ræðunni sem hann óskar eftir þessu?)

Já, ég gæti vel látið mér nægja viðveru hæstv. forsrh. og fjmrh. fyrst um sinn en svona innan hálfrar klukkustundar eða svo væri kannski æskilegt að samgrh. og félmrh. væru hér staddir ef þeir geta því við komið sem ég auðvitað treysti. Ég læt vita af þessu hér í upphafi ræðu minnar, hæstv. forseti, til að greiða fyrir því að menn geti skipulagt tíma sinn því öll erum við upptekin eins og kunnugt er.

Það mætti heilmargt segja, hæstv. forseti, um aðdraganda þessa máls og ekki síður um vinnubrögð og vinnuaðstæður í þinginu þegar það kom svo loks til skoðunar. Málið er auðvitað mjög seint fram komið í ljósi þess hversu stórt og viðamikið það er og í ljósi þess að það hefur nú legið í raun og veru fyrir alllengi að ríkisstjórnin mundi flytja mál af þessu tagi. Ég gef mér að það hafi legið fyrir síðan kjarasamningar voru undirritaðir á sl. vori að ríkisstjórnin a.m.k. hlyti að efna sinn hluta þeirrar samningagerðar með því að leggja fyrir Alþingi frv. um það mál. Ég gef mér að ekki hafi leikið á því neinn vafi á sl. vori þegar hæstv. forsrh. fyrir hönd ríkisstjórnar bauð verkalýðshreyfingunni upp á það sem innlegg í kjarasamninga að gerðar yrðu tilteknar breytingar í ríkisfjármálum og skattkerfi. Ég gef mér að ekki hafi leikið á því neinn vafi þá að á bak við það tilboð hæstv. forsrh. lægi ótvíræður þingmeirihluti því að annað hefði að sjálfsögðu ekki verið við hæfi, enda hefur annað ekki komið í ljós en að ótvíræður meiri hluti stjórnarflokkanna styðji þessar skattkerfisbreytingar, a.m.k. þann hluta þeirra sem lúta beint að efnd loforða ríkisstjórnarinnar gagnvart kjarasamningum.

Hér er auðvitað heilmargt fleira á ferðinni og inn í þetta hefur talsvert blandast gildistaka skattkerfisbreytinga sem að hluta til eru þegar afgreiddar en eiga að ganga í gildi nú um áramót og þar sem hér eru opnuð sömu lög, lög um tekjuskatt og lög um virðisaukaskatt, þá er auðvitað fullkomlega eðlilegt að þær skattkerfisbreytingar sem nú eiga að koma til framkvæmda um áramótin, hvort sem þær hafa þegar verið lögfestar eða eru í þessu frv., séu til umræðu og allur pakkinn eins og hann snýr að okkur og varðar breytingar um nk. áramót sé ræddur. Ég mun þess vegna eyða nokkrum hluta ræðu minnar í að fjalla um skattkerfisbreytingarnar um áramótin í heild og taka þá fyrir einnig upptöku virðisaukaskatts á ferðaþjónustu og skerðingu vaxtabóta en hvort tveggja var eins og kunnugt er lögfest á síðasta þingi. En gildistakan er nú um áramótin og því er eðlilegt að það sé rætt nú ásamt með þeim breytingum sem hér er verið að lögfesta.

Ég hef áður, hæstv. forseti, við 1. umr. málsins gagnrýnt það hvernig hæstv. ríkisstjórn ber málið fram og ég vísa til þeirrar gagnrýni og hef ekki um það öllu fleiri orð. Hér er á ferðinni, það er rétt að menn átti sig á því, bandormur þar sem vafið er saman breytingum á allmörgum mismunandi lagaákvæðum. Þetta eru lög um tekjuskatt og eignarskatt, þetta eru lög um virðisaukaskatt, lög um tryggingagjald, lög um bifreiðagjald, lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti og fleira, þetta eru tollalög og þetta eru lög um vörugjald. Hæstv. ríkisstjórn hefur í raun enga skýringu gefið á því að hún kýs að leggja málin fram með þessum hætti og það verður að teljast harla óvenjulegt til að mynda að taka tollalög og vörugjaldslög með í frv. um breytingar á tekju- og eignarskatti, svo að dæmi sé tekið, en ég hygg að þetta sé í fyrsta skipti sem ríkisstjórn leggur sínar skattatillögur fyrir þingið í þessu formi nema þegar um bráðabirgðalög eða einhverjar afbrigðilegar aðstæður er að ræða. Þannig var það t.d. þegar miklar skattkerfisbreytingar voru samferða í gegnum þingið árið 1987, þá voru þær að sjálfsögðu fluttar í sjálfstæðum frumvörpum. Mér er það vel minnisstætt að þá voru bæði söluskattsbreytingar og ný endurskoðuð tollalög á ferð í gegnum þingið en það var flutt í sjálfstæðum frumvörpum en ekki bandormi eins og þessum.

Ég hef, hæstv. forseti, reynt að taka lítillega saman, og það kemur fram í nefndaráliti 3. minni hluta efh.- og viðskn. sem ég mæli hér fyrir, annál þessarar ríkisstjórnar í skattamálum eða annál má segja skattkerfisbreytinga og kostnaðarhækkana hæstv. ríkisstjórnar. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að halda þessari sagnfræði til haga. Þetta er orðinn býsna atyglisverður listi og hefst strax við afgreiðslu fyrstu fjárlaga ríkisstjórnar í desembermánuði 1991, en stjórnin tók við völdum eins og kunnugt er 1. maí á því ári. Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar frá 30. apríl 1991 segir m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta: „að stjórnin ætli að bæta lífskjör m.a. með aðgerðum í skatta- og félagsmálum sem koma hinum tekjulægstu og barnafjölskyldum að gagni."

Staðreyndin er sú þegar grannt er skoðað, hæstv.

forseti, að ekkert er fjær sanni en þetta loforð. Efndir hæstv. ríkisstjórnar voru frá upphafi þveröfugar við þetta og nægir þar að minna á að fyrsta stóra breytingin sem ríkisstjórnin bar fram á tryggingakerfinu og bótakerfinu var 600 millj. kr. lækkun barnabóta og var loforðið þó ekki eldra en þetta að koma barnafjölskyldunum í landinu sérstaklega að liði með breytingum í skattamálum. (**Forsrh.:** Þeim tekjulægri.) Og þeim tekjulægri, ég skal endurtaka þetta fyrir hæstv. forsrh., það er greinilega ekki vanþörf á, því það var talað bæði um barnafjölskyldurnar og hina tekjulægri. (**Forsrh.:** Allar barnabætur voru stílaðar á hina tekjulægri.) Það er að vísu rétt, hæstv. forsrh., skerðingin var á hinum tekjutengda hluta barnabótanna, þ.e. barnabótaaukanum. Og að því leyti til náði þetta ekki til þeirra allra tekjulægstu. En það er auðvitað verið að þyngja skattbyrði barnafólks borið saman við aðrar fjölskyldur þar sem börn eru ekki meðtalin, það er auðvitað alveg ljóst. Og ef ríkisstjórnin telur sig hafa fundið það út að það væri réttara að hækka skattana á þeim fjölskyldum sem hefðu börn á framfæri sínu frekar en almennt gagnvart t.d. öllum, þá hefði ég haldið að hún hefi átt að færa einhver rök fyrir því og í öllu falli er alveg ljóst að þetta var upphafið að efndum hæstv. ríkisstjórn gagnvart þessum loforðum.

Þessi annáll inniheldur margt fleira. Hér er farið yfir það að sjómannafrádrátturinn var skertur, endurgreiðsla tannlæknakostnaðar barnafjölskyldna, aftur án tillits til þess hvernig þær standa að vígi, var skert. Öll gjaldtakan sem ríkisstjórnin hefur tekið upp í heilbrigðiskerfinu, komugjöld á heilsugæslustöðvar, gjöld vegna þjónustu sérfræðinga, þátttaka sjúklinga í lyfjakostnaði, þetta eru mestallt saman flöt gjöld. Skólagjöldin eru flöt gjöld án tillits til tekna þeirra fjölskyldna sem eru að senda börn í skóla. Upptaka vaxta á námslán er flöt aðgerð. Þannig er það auðvitað, hæstv. forseti, að þessi annáll segir í raun og veru allt sem segja þarf um framgöngu hæstv. ríkisstjórnar. Og það er auðvitað miklu betra að menn ræðist einfaldlega við á grundvelli staðreynda og ég bið þá hæstv. fjmrh., jólakortaskrifanda, að gera það heldur að vefengja eitthvað í þessum annál sem þarna er fram sett ef hann telur sig hafa stöðu til þess heldur en við séum að eyða í þetta allt of löngum ræðutíma. Þetta er sett fram gagngert til þess að menn hafi yfirlit yfir það hvað ríkisstjórnin hefur gert og ég hef a.m.k. enn sem komið er ekki heyrt einu einasta atriði af þessu mótmælt.

Það er rakið hér hvernig þessar bætur hafa verið lækkaðar og ýmiss konar kostnaður hækkaður í heilbrigðiskerfinu, í skólakerfinu, hvernig námslánakerfið hefur verið útleikið, hvernig tekjuskattur einstaklinga hefur verið hækkaður, hvernig persónufrádrátturinn hefur verið skertur og það er auðvitað afar ískyggilegt umhugsunarefni að mínu mati fyrir okkur Íslendinga hvernig þróun skattleysismarkanna hefur verið á undanförnum árum. Ég er ekki viss um að allir hv. alþingismenn átti sig á því að framreiknuð skattfrelsismörkin frá þeim tíma þegar staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp eru 75 þús. kr. á mánuði en skattfrelsismörkin verða samkvæmt skattastefnu ríkisstjórnarinnar á árinu 1994 rétt liðlega 57 þús. kr. Þarna munar orðið 18 þús. kr. á mánuði. Það er búið að taka þennan tekjuhóp sem hefur laun á bilinu 57.060 kr. á mánuði og upp í 75 þús. kr. inn í tekjuskatt í tíð þessarar ríkisstjórnar eða öllu heldur frá því að staðgreiðslan var tekin upp því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar á um helminginn af þessu bili, þ.e. ætli skattfrelsismörkin framreiknuð séu ekki nálægt 63 þús. kr. þegar stjórnarskipti urðu á fyrri hluta árs 1991. Og það er auðvitað alveg ljóst að það ætti að vera öllum sem bera ábyrgð á þessari þróun frá því að staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp, og þar með taldir erum við alþýðubandalagsmenn að hluta til, mikið umhugsunarefni sem þarna hefur gerst. Þetta er auðvitað alveg gífurlega alvarleg þróun sem þarna er að eiga sér stað að skattfrelsismörkin hafa færst niður í þessar hreinu nauðþurftatekjur ef er þá hægt að tala um það að 57 þús. kr. á mánuði séu það. Þessar tekjur til að mynda liggja langt undir fátæktarmarkaviðmiðun Bandaríkjastjórnar svo að dæmi sé tekið. Við Íslendingar hljótum að velta því alvarlega fyrir okkur hvort staðan er virkilega orðin slík í okkar þjóðfélagi að við þurfum að fara að leggja á fullan tekjuskatt þegar laun manna eru komin yfir 57 þús. kr. á mánuði. En svona er þetta nú samt.

Þá er líka nefnd hér í þessum annál sú mikla tilfærsla skattbyrði sem orðið hefur í tíð ríkisstjórnarinnar og öllum er kunn en hún hefur fyrst og fremst farið fram í gegnum það að aðstöðugjald hefur verið fellt niður á einu bretti af fyrirtækjunum í landinu. Það er stærð sem er um 4 milljarðar kr. að núvirði og hún hefur farið fram í gegnum það að tekjuskattur fyrirtækja hefur verið verulega lækkaður og á að lækka enn á næsta ári. Hún hefur auðvitað líka farið fram í gegnum það að ýmis kostnaðarþátttaka hefur færst yfir á einstaklingana sem áður var ýmist borguð úr sameiginlegum sjóðum eða fjármögnuð með einhverjum öðrum hætti. Ég held því þess vegna fram í þessu nefndaráliti að þessi tilfærsla skattbyrði sé af stærðargráðunni 5–6 milljarðar kr., 5–6 þús. millj. kr. sem færðar hafa verið yfir á almenning í formi aukinnar skattbyrði í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Hæstv. fjmrh. hélt hér mjög athyglisverða en stutta ræðu fyrir nokkru síðan í andsvari ef ég man rétt við ræðu þess sem hér talar og erindi hans í ræðustólinn var það að miklast af því að hann hefði í höndum útreikninga sem sýndu að núv. ríkisstjórn hefði ekki hækkað skatta nema um 1 milljarð eða 1.200 millj. kr. en hins vegar hefði fyrri ríkisstjórn hækkað þá um 10 milljarða. Í grófum dráttum var þetta svona, ekki satt hæstv. fjmrh.? (**Fjmrh.:** 10,6.) Jæja, 10,6, það er nú ekki allur munur á. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara í pex við hæstv. fjmrh. um þetta en ég ætla að segja hitt, hæstv. fjmrh. veit þó um þetta og hann er væntanlega ekki að gagnrýna fyrri ríkisstjórn fyrir að hækka skatta úr því að hann heldur þeim sköttum öllum saman og bætir við þá. Og ég er ansi hræddur um að hæstv. fjmrh. sé kominn nálægt því að skjóta sjálfan sig í lappirnar þegar hann fer að nota svona útreikninga í rök-

ræðum á þinginu hafandi setið sem fjmrh. hátt í þrjú ár og ekki hróflað við einum einasta skatti sem lagður var á af fyrri ríkisstjórn, heldur bætt við og svo kemur hann hér stoltur og segir: Ofan á þessar miklu skattahækkanir fyrri ríkisstjórnar hef ég bætt 1.200 millj. Svona er nú röksemdafærsla stundum tvíbent, hæstv. fjmrh., þegar betur er að gáð og hlaupið stundum neðarlega þegar skotið ríður af, rétt við tærnar á manni ef það lendir ekki í þeim. Því auðvitað er hæstv. fjmrh. með þessum orðum að viðurkenna það að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur gert meira heldur en að svíkja kosningaloforðin um að hækka ekki skatta. Hún hefur hækkað þá og ekki fellt niður einn einasta skatt sem fyrri ríkisstjórn lagði á eða fyrri ríkisstjórnir yfir höfuð. Og meira að segja hinn frægi skattur um skrifstofu- og verslunarhúsnæði er hér enn og nú á að velta því yfir á sveitarfélögin að leggja hann á.

Mér er þetta, hæstv. forseti, nokkuð mikið umhugsunarefni og ég vildi þess vegna gera það að umtalsefni hér í inngangi ræðu minnar. Ég held að þessi þróun sem hér er að verða í skattamálum sé ískyggileg. Við erum að ganga hér alveg óhóflega langt í því að auka álögur á almennt launafólk og fólk með lágmarkstekjur í raun og veru. Við skulum athuga það að við erum farin að skattleggja tekjur sem liggja rétt við mörkin á tekjutryggingunni, þ.e., rétt við þau mörk sem félagsmálastofnanir og ráðuneyti meta sem alveg lífsnauðsynlega framfærsluþörf einstaklinganna, en það eru tölur í kringum þessar 50 þús. kr. og síðan tökum við til við að leggja fulla skatta á mánaðarlaun sem komin eru í 57 þús. Þetta er auðvitað stóralvarlegt mál og ekki bara það heldur er búið að velta yfir á þetta sama fólk með hækkun persónuskattanna stórkostlegum byrðum eða sköttum á bilinu 5–6 milljörðum kr. Því er ómótmælt að aðstöðugjaldið og lækkun tekjuskatts fyrirtækja og annað sem þarna bætist við er af þessari stærðargráðu. Þannig að þegar við skoðum þetta í samhengi, annars vegar þessa stórauknu skattbyrði og hins vegar lækkun skattfrelsismarkanna, þá er þetta auðvitað ískyggilegt svo að ekki sé meira sagt, ískyggilegt.

Þá er rétt að minna menn á það hvernig skattprósentan sjálf hefur þróast en hún verður nú sú hæsta í sögunni á einstaklingana því að það á að hækka hana nú á tveimur árum, árinu 1993 og 1994, um samtals 2,05 prósentustig. (**Gripið fram í:** Það er allt of lítið.) Hún verður 41,90% hjá þeim sveitarfélögum sem kjósa að nýta sér til fulls möguleikana á álagningu útsvars ef frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga nær hér afgreiðslu. (**Umhvrh.:** Viljið þið ekki hækka skatta?) Hæstv. umhvrh. ætti kannski að koma hérna á eftir og halda ræður um það hversu hreykinn Alþfl. sé af því að hafa komið skattfrelsismörkunum niður í 57 þús. kr. á mánuði og hækkað skattbyrði almenns launafólks um 5–6 milljarða kr. Og það væri fróðlegt að heyra útgáfu hæstv. umhvrh. á þeirri jafnaðarstefnu sem í því felst að létta t.d. aðstöðugjaldi og tekjuskatti af Eimskipafélagi Íslands hf. og velta því yfir á fólk með 57 þús. kr. í laun á mánuði. Er það jafnaðarmennskan sem hæstv. umhvrh. er hreykinn af?

Auðvitað verða menn að horfa á það að sú aðgerð að fella niður aðstöðugjaldið flatt án nokkurs tillits til afkomu fyrirtækjanna kemur þannig niður á þau fyrirtæki sem höfðu hér almennilega afkomu og voru að borga og svo að fella niður tekjuskattinn, þau njóta þess að fullu. Og þetta er auðvitað að mínu mati mikil rausn við þó þann hluta atvinnulífsins á Íslandi sem stendur sæmilega að gera hvort tveggja samtímis að fella niður af þeim aðstöðugjaldið og lækka á þeim tekjuskattinn og við skulum vera á hraðri leið niður með tekjuskattsprósentu fyrirtækja á sama tíma og við erum að færa upp hjá launafólki sem ekki hefur þó merkilegri afkomu en 57 þús. kr. í laun á mánuði, það er mér mjög mikið umhugsunarefni, mjög mikið umhugsunarefni. Þeir sem helst hafa greitt tekjuskatt á undanförnum árum í hópi fyrirtækja eru nokkur vel stæð þjónustufyrirtæki, fjármálafyrirtæki og aðrar slíkar stofnanir ef betur er að gáð, fyrirtæki eins og sparisjóðirnir í landinu sem merkilegt nokk hafa verið drjúgir í skattgreiðslum úr þeirri grein vegna þess að ríkisbankarnir hafa verið þar undanskildir. Og með mikilli virðingu og væntumþykju fyrir sparisjóðunum, þá segi ég það samt að það væri miklu réttlátara að láta sparisjóðina borga aðeins meiri tekjuskatt en láglaunafólkið minna. Það er þannig því að nánast hver einasti sparisjóður í landinu hefur búið við ágætis afkomu, er með eiginfjármörk langt yfir viðmiðunarmörkum. (**Forsrh.:** Og hafa verið með góða afkomu af þessum ástæðum.) Ætli það hafi nú verið aðalástæðan, hæstv. forsrh.? Ég veit ekki betur en sparisjóðirnir hafi verið á svipuðu róli með vexti og aðrar fjármálastofnanir og auðvitað er það rétt að góð afkoma þeirra getur á vissan hátt haft þar áhrif en sérstaklega þegar ríkisstjórnin er hætt að halda uppi vöxtunum eins og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar gerði í yfir tveggja ára skeið, en eins og kunnugt er þá hækkaði hún vextina með handafli í maímánuði 1991. (**Gripið fram í:** Og lækkaði þá með handafli.) Og lækkaði þá aftur með handafli að vísu já, vel að merkja, þegar henni hafði snúist hugur og það er auðvitað fagnaðarefni því batnandi mönnum er best að lifa.

Hæstv. forseti. Þetta almennt um tilfærsluna hér í skattkerfinu og þróun þessara mála og ég segi það alveg eins og er að mér er það mikið umhugsunarefni að ekki skuli takast að kveikja meiri umræðu um þessa hluti. Það stendur allt þjóðfélagið á öndinni út af umræðum um matarskatt og ég kem dálítið að því síðar. Og vissulega er það stórt mál en ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst menn vera að taka hlutina úr samhengi að halda umræðunni eingöngu um þá hluti en horfa ekki á þá stórfelldu breytingu sem er að gerast í skattlagningunni almennt í landinu. Það verður að taka skattkerfið allt til endurskoðunar og þessi tilfærsla skattbyrðinnar yfir á lágtekjufólkið er óþolandi við þær aðstæður sem við búum nú við. Menn eru gersamlega að gefast upp við það að reyna að hafa hér einhverja réttláta og sanngjarna dreifingu á skattbyrðunum í gegnum tekjuöflunar- eða skattlagningarhliðina.

Þá vil ég, hæstv. forseti, koma hér að meginafstöðu

Alþb. til meginatriða þess frv. sem hér er á ferðinni og þeirra skattkerfisbreytinga sem eru að gerast um áramótin og koma þá að því sem ég held að sé vænlegast að byrja á, sem er afstaða okkar til þeirrar breytingar að lækka virðisaukaskatt á matvælum og setja þær vörur í lægra skattþrep en eins og e.t.v. einhverjir hafa tekið eftir þá er það afstaða Alþb. að styðja þá ráðstöfun, þ.e. að styðja þá grundvallarkerfisbreytingu að hér verði fest í sessi varanlega lægri skattlagning á matvælum með lægra skattþrepi. Það hefur lengi verið afstaða Alþb. að það sé rétt að beita lægri eða þá engri skattlagningu ef kostur væri á því á matvæli og ýmsar aðrar brýnar lífsnauðsynjar. Við höfum með öðrum orðum, hæstv. forseti, haft það viðhorf að það væri nauðsynlegt að einnig í gegnum neysluhliðina væri tekjunum jafnað og vissum sviðum eða vissum vörutegundum væri hlíft við þessari skattlagningu. Við höfum gjarnan tíundað þar matvælin og e.t.v. fleiri brýnar lífsnauðsynjar. Menn hafa nefnt barnaföt í því sambandi. Við höfum nefnt menninguna og barist fyrir því að menningin væri ekki skattlögð og við höfum nefnt hluti eins og t.d. almenningssamgöngur. Þetta byggist á þeirri afstöðu okkar að það sé nauðsynlegt til aðstöðujöfnunar í þjóðfélaginu að beita þessum tækjum eða vel að merkja ásamt með öðrum sem hafa áhrif á aðstöðu fólks í þessu sambandi. Ég tel að menn geri þau mistök í þessari umræðu hér í stórum stíl að ræða þessa breytingu einangrað eins og það sé engin önnur skattlagning í landinu en virðisaukaskatturinn. Það sé bara einangrað skattkerfi sem snúist um skattlagningu á vörur og þjónustu en það er ekki svo. Það er út í loftið að ræða álagningu virðisaukaskatts og tekjuáhrif þess á hina einstöku hópa í þjóðfélaginu úr samhengi við skattkerfið að öðru leyti. Það verður að sjálfsögðu að ræða þetta í samhengi því að öðruvísi fá menn ekki heildarmyndina. Og ég tel að þeir sem núna leggjast gegn þessari breytingu og það með miklum þrótti sumir hverjir geri í sínum málflutningi alvarleg mistök í því að ræða þessa breytingu einangrað í tíma og rúmi eins og það sé ekkert annað sem skiptir máli nánast í skattlagningu hér á Íslandi heldur en spurningin um það hvernig virðisaukaskattur verður framkvæmdur hér næsta 1½ árið en það er auðvitað ekki svo. Álagning skattanna í heild sinni, það er afkoma heimilanna í heild sem skiptir þarna máli en ekki einhverjar einangraðar breytur í þessu dæmi eins og álagning virðisaukaskattsins sem slíks er.

Ég vil rifja það upp, hæstv. forseti, að með þessari afstöðu er Alþb. í raun algerlega sjálfu sér samkvæmt og trútt þeirri stefnu sem við höfum barist fyrir í þessum málum um langt árabil. Og það er auðvitað þannig að þegar sagan er skoðuð þá hefur það verið Alþb. sem hefur staðið vörð um þessa hluti, þ.e. barist gegn skattlagningu á brýnustu lífsnauðsynjarnar, á menninguna og á samgöngurnar og aðra slíka þætti. Og þeir sem ekki trúa þessu geta flett spjöldum sögunnar, rifjað það upp að það var 1978 þegar Alþb. kom í ríkisstjórn sem söluskatti var létt af matvælunum, hann var felldur niður með sérstakri ákvörðun þeirrar ríkisstjórnar sumarið 1978. Það var Alþb. sem hafði forustu fyrir baráttunni gegn matarskattinum á Alþingi 1987, átti að vísu ýmsa góða vopnabræður í þeim slag sem er vissulega rétt að minna á. Það var Alþb. sem hafði forustu um það í ríkisstjórn á árunum 1988–1991 að auka á nýjan leik niðurgreiðslur á stóran hluta matvælanna þannig að það jafngilti öðru og lægra skattþrepi. Þannig er það, hæstv. forseti, að þegar yfir þetta er farið þá er það Alþb. sem hefur verið sjálfu sér samkvæmt og í hverju einasta tilviki, þegar það hefur haft aðstöðu til í ríkisstjórn, framkvæmt það sem það hefur barist fyrir í þessum efnum. Þessu geta menn ekki neitað eða ég bið menn þá a.m.k. um einhverja aðra útgáfu af sögunni en þá sem ég hef undir höndum ef þeir ætla að gera það.

Þess vegna er það auðvitað í fullkomnu samræmi við okkar stefnu og okkar áherslur í þessum málum að við öxlum núna þá ábyrgð að styðja þessa kerfisbreytingu þó að margt megi um það segja hvernig hana ber að. En við skiptum ekki um skoðun á svona grundvallaratriðum bara út frá því einu að það er óvinsæl og vitlaus ríkisstjórn sem ber frv. fram. Það gerum við ekki þó að það sé auðvitað auðvelt og létt verk að finna marga vankanta á þessu máli, bæði eins og að því er staðið, það hefur verið undirbúið og vantreysta fullkomlega framkvæmdinni í þeim höndum sem hún er í í dag.

Nú er það svo, hæstv. forseti, af því að menn hafa mikið rætt um það hvaða leiðir væru vænlegastar til þess að ná þessum sömu verðlækkunaráhrifum eða kostnaðaráhrifum t.d. gagnvart tekjulægstu hópunum. Og satt best að segja hefur staðið hér alveg gífurleg reikningslota og mikið töflu- og pappírsflóð og skýrslur alveg utan endis bæði innlendar og útlendar hafa verið hér á ferðinni og finnst samt sumum ekki nálægt því nóg því ýmsir telja það helstan löst í málinu að það vanti meira af skýrslum og meira af útreikningum. Ég er reyndar ekki í þeim hópi þó ég sé svo sem allaf tilbúinn til að skoða gagnlegar og nýjar upplýsingar vegna þess að ég held að þegar til kastanna kemur þá snúist þetta um meira en útreikninga. Og menn geta gersamlega týnt sér í þeim skógi að reyna að reikna út einhverjar meðalfjölskyldur fram og til baka og velta þar fyrir sér einhverjum mun upp á 1 eða 0,5% hér eða þar. Ég held að það sé einfaldlega þannig eð menn hljóti að þurfa að byggja upp skattkerfið á grundvelli einhverra meginsjónarmiða um það hvernig það eigi að vera, hverjir eigi að bera byrðarnar, hvaða hlutum sé rétt að hlífa við skattlagningunni. Og ég segi alveg eins og er, það þarf eitthvað meira til en eina töflu ofan úr fjmrn. eða eina norska skýrslu til þess að sannfæra mig um að það sé ekki góð pólitík að brýnustu lífsnauðsynjar heimilanna séu ódýrari en þær hafa verið, séu á lægra verði. Um það snýst málið. Það er verið að breyta álagningu neysluskatta á Íslandi þannig og við skulum vona varanlega og það er það sem við ætlum okkur a.m.k. að standa vörð um að brýnustu lífsnauðsynjar hvers heimilis, matvælin, verði skattlögð minna en verið hefur. (Gripið fram í.) Það er nú það sem málið snýst samt um, hv. þm., þegar til kastanna kemur. (**KÁ:** Það vantar nauðsynlegustu matvælin, það hefur

enginn talað um að breyta því.) Við skulum koma aðeins að því. Nú heyri ég að ýmsir verða órólegir því það er greinilegt að þessi hlið málsins er viðkvæm og það er skiljanlegt, við skulum koma að því.

Það er rétt að að hafa verið í boði hér gylliboð, meira að segja frá Alþfl. sem allt í einu gerðist mikill væntumþykjuaðili íslensks landbúnaðar og hæstv. iðnrh. af öllum mönnum fór að hafa áhyggjur af stöðu innlendrar framleiðslu. Það væri mikið betra að greiða niður innlendu búvörurnar. Þetta gæti kallað á aukinn innflutning, sagði hæstv. iðnrh. sem kom svo hér og fagnaði hinum merku tímamótum með GATT. En hvernig er það nú þegar betur er að gáð? Hvað er það sem veldur að menn gína ekki, a.m.k. ekki sumir hverjir, við svona tilboðum og hoppa á þau? Það er reynslan. Það er því miður þannig að ljós reynslunnar er afar upplýsandi í þessum efnum. **(Umhvrh.:** Og skín skært í Alþfl.) Það er nefnilega þannig. Þegar menn tóku upp matarskattinn á sínum tíma, 1987, hvað sögðu menn þá? Þetta er bara til einföldunar. Það er miklu betra að hafa söluskatt á öllu og svo endurgreiðum við hann á matvörunni. Menn stóðu hérna í ræðustólnum alveg heilagir í framan og sóru og sárt við lögðu að það væri sko ekki ætlunin að þetta yrði til að íþyngja fjölskyldunum því þetta yrði endurgreitt með auknum niðurgreiðslum. Og hver varð reynslan? Þær dóu út, þær dóu að mestu leyti út, þær auknu niðurgreiðslur á 1½ ári og það var hlutverk nýrrar ríkisstjórnar sem tók við völdum haustið 1988 að hækka þær á nýjan leik. Og þannig hefur það jafnan verið.

Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur matarskatturinn lækkað úr 14–16% á ýmsar framleiðslugreinar búvara og farið næstum því upp í fullan skatt. Þetta á t.d. við um egg, kjúklinga, svínakjöt o.fl. vegna þess að menn ósköp einfaldlega lækka þessar niðurgreiðslur jafnt og þétt, nota tækifærið. Og þess vegna snýst þetta mál auðvitað ekki bara um tímabundna ráðstöfun tiltekinna fjármuna á gildistíma einna kjarasamninga. Auðvitað er það þannig og það viðurkenna allir að það er hægt að ná beinni tekjujöfnunaráhrifum gagnvart afmörkuðum hópum með því að senda þeim ávísanir úr ríkissjóði. Ef það yrði t.d. samkomulag um það hér á þingi að koma sérstaklega til aðstoðar ungu fólki, segjum öllum sem væru undir 25 ára aldri, þá er auðvitað beinasta aðferðin til þess að senda þeim bara ávísun úr ríkissjóði. Það er 100% beitt tekjujöfnunaraðferð gagnvart ungu fólki. Það er ekki deila um það, auðvitað ekki. Og þannig má endalaust segja að það séu alltaf til beinni aðferðir heldur en þær að afla tekna með almennum aðgerðum og eyða þeim með almennum aðgerðum. En hvernig yrði skattkerfið og hvernig yrði framkvæmd þessara mála ef við ætluðum að leysa öll þessi vandamál þannig? Það yrði dálítið snúið held ég þannig að auðvitað þurfum við að hafa hér eftir sem áður almennar reglur gildandi í skattkerfinu. Við ætlum að hafa almennan tekjuskatt, við ætlum að hafa virðisaukaskatt en við ætlum líka að hafa bætur. Við ætlum líka að hafa barnabætur. Við ætlum líka að hafa vaxtaafslætti, er það ekki, vegna þess að við teljum að það þurfi að reyna að mæta stöðu sérstakra hópa með þeim hætti. Þess vegna þýðir ekki að ræða þetta einangrað. Við verðum að skoða útkomuna úr þessu í heild. Og ég er sannfærður um það að þegar til lengri tíma er litið og í gegnum hinar breytilegu aðstæður mun það koma stærri láglaunafjölskyldunum mest til góða að matvælin séu ódýrari. Það hlýtur að vera þannig. Mér er alveg sama hversu margar og stórar tölvur eru látnar reikna þindarlaust. Það liggur í hlutarins eðli að eftir því sem fjölskyldurnar eru stærri, fleiri munnar þurfa mat miðað við tekjur tveggja fyrirvinna, þá mun það þýða að matvælaliðurinn þyngist í útgjöldum þeirrar fjölskyldu og töflurnar sýna það auðvitað líka. Og það má nota þessar töflur til margra hluta eins og við höfum fengið að heyra nú þegar og það má fara út í mikinn samanburð og mikla útreikninga sem er kannski ekki sérlega líflegt umfjöllunarefni, alla vega ekki í ræðum. Það þyrfti þá að hafa helst til þess myndvarpa og slíkar græjur þannig að það sé auðvelt að fylgjast með.

Ég ætla að leyfa mér að taka hér nokkrar tölur upp úr einni af þessum töflum sem innlegg í þessa miklu umræðu um það hverjum það komi til góða að lækka matarskattinn því að ég held að ákveðnar tölur í þessu tali þrátt fyrir allt ákaflega skýru máli. Í neyslukönnun sem framkvæmd var á vegum Hagstofunnar og þeirra aðila á árinu 1990 og eru nýjustu upplýsingar, sem við Íslendingar höfum, um það hvernig neyslan dreifist á almenning og á einstaka tekjuhópa þá kemur það fram að matvælaliðurinn, þ.e. matvörurnar, eru í útgjöldum fjölskyldanna að meðaltali tæp 20%, 19,5% en dreifingin er hins vegar þannig að af útgjöldum hjóna með eitt barn eru 17,7% matvara. Þegar börnin eru orðin tvö er þessi tala 18,5%. Þegar börnin eru þrjú eru hún 19,8% og þegar börnin eru fjögur er hún 24,7% á meðan einhleypingur eyðir 16%. Þetta er það mikill munur að það er ekki hægt að strika yfir hann eins og hann sé ekki til. Hann er þarna. **(JGS:** Barnabæturnar?) Ja, kemur nú ekki hér hv. framsíkallandi Jóhannes Geir og segir: Barnabæturnar?

(Forseti (VS): Jóhannes Geir Sigurgeirsson.)

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, hv. 6. þm. Norðurl. e., veri hann blessaður. **(JGS:** Sæll.) **(Gripið fram í:** Komdu sæll.) Það er alveg hárrétt hjá þér. Menn eru auðvitað með aðgerðir af því tagi eins og barnabætur til að reyna að koma til móts við þessar fjölskyldur, en er ekki alveg jafnréttmætt að skoða það að koma líka til móts við þær með lægri skattlagningu á mat? Ég segi jú vegna þess að það liggja hérna fyrir óhrekjandi staðreyndir um það að þeim mun stærri sem fjölskyldurnar eru þeim mun hærra hlutfall útgjaldanna fer í matvæli. Því getið þið ekki neitað, hv. framsóknarmenn né aðrir. Það er hér. Og það þarf auðvitað ekki mikla speki til að átta sig á þessu, er það? **(JGS:** Þingmaðurinn vildi ekki nota skýrslur áðan.)

Í öðru lagi segi ég, hæstv. forseti. Það sem menn eiga að skoða í þessu sambandi er — ég var nú að ræða það, hv. þm., hvernig menn fara með skýrslur og einmitt að benda á að það er hægt að nota þær í ýmsar áttir. Eða er þetta viðkvæmt fyrir hv. þm. Jóhann-

es Geir Sigurgeirsson að ég sé svolítið að fara öðruvísi í töflurnar en hv. 1. þm. Austurl.? Það er kannski bannað að lesa upp úr gögnunum nema í gegnum gleraugu hv. 1. þm. Austurl. eða er það þannig kannski? Það hafi ekkert átt að fjalla um það að stóru barnafjölskyldurnar eyði meiru í mat heldur en hinar. Það passar ekki alveg inn í formúluna, ég veit það.

Nei, við skulum líka hafa það í huga þó að það sé miklu erfiðara og þess vegna nefndi ég fyrst þetta hlutfall útgjaldanna í matvæli miðað við fjölskyldustærð vegna þess að það er einföld breyta, það er mjög einfalt að mæla þetta og það kemur skýr mynd út úr þessu, mjög skýr mynd. Sex manna fjölskylda eyðir 10% meira í mat heldur en einhleypur aðili sem heldur heimili, það er þannig. En við skulum líka reyna að átta okkur á því hvort þarna er á ferðinni einhver fylgni í sambandi við tekjur. Það er vandasamt og menn deila þá um það, hvort rétt sé að taka hlutfall útgjalda heimilanna eftir því hvort tekjurnar eru ein, tvær, þrjár, fjórar milljónir o.s.frv. eða hvort það eigi að taka hlutfallið af tekjum. Og það er vissulega rétt sem mikið hefur verið rætt um á undanförnum dögum að lengi vel er það svo að fjölskyldurnar eyða svipuðu hlutfalli hvað útgjöld snertir í mat þó að tekjurnar aukist úr einni upp í kannski fjórar millj. og það er ekki fyrr en kemur upp fyrir það sem fer að verða verulegur munur á. Í sjálfu sér finnst mér það ekki skrýtið vegna þess að það er ósköp einfaldlega þannig að eftir því sem kaupmátturinn vex þá veita menn sér meira af öllu. Það er greinilega þannig á bilinu frá fyrstu milljóninni og upp í fjórar. Svo fer að koma fram mjög skarpur munur ef tekjurnar vaxa yfir það því að því eru eðlilega takmörk sett hvað menn geta étið mikið, ekki satt, og þá fer eyðslan að fara í annað. En þegar þetta er skoðað frá tekjuhliðinni kemur mjög sláandi munur. Að tekjulágu fjölskyldurnar eyða mikið hærra hlutfalli í mat heldur en hinar tekjuhærri mælt í hlutfalli af tekjum. Þá koma menn og segja: Það er ekkert að marka af því að sumir lifa á lánum og aðrir hafa fjármagnstekjur o.s.frv. Ég segi: Það er víst að marka. Það er líka eðlilegt að líta á þann mælikvarða með þeim fyrirvörum að sjálfsögðu sem þar er rétt að hafa. Og það er nú einu sinni þannig, ekki satt, að matvaran er vonandi það sem fólk neitar sér síðast um. Við ætlum líka að stuðla að því að það sé þannig að fólk þurfi ekki að neita sér um mat, frekar eitthvað annað. Það gerum við m.a. með því að hafa matvöruna ódýrari.

Hæstv. forseti. Ég vitna bara í þessar töflur, fer ekki að lesa yfir mönnum tölur um þetta, en það er auðvitað alveg sláandi þegar skoðuð er taflan frá Þjóðhagsstofnun þar sem reiknaðar hafa verið út annars vegar brtt. 2. minni hluta og hins vegar óbreytt skattkerfi, að fjölskylda sem er með tekjur á bilinu 1–2 millj. eyðir 24,9% af þeim tekjum að meðaltali í mat en fjölskylda sem er með tekjur á bilinu 3–4 millj. eyðir 15,8% af þeim tekjum eða um 8 prósentustigum minna með þessum fyrirvörum sem ég hef hér gert grein fyrir og vissulega er sjálfsagt að hafa.

Hæstv. forseti. Ég held svo og það ætlaði ég að nefna hér í viðbót í sambandi við þessa umræðu að kaupmáttarstig þjóðfélagsins skiptir líka miklu máli í þessari umræðu vegna þess sem ég sagði áðan að vonandi er það þannig eða það ætti a.m.k. að vera þannig að enginn þurfi að neita sér um það að borða nógan, hollan og góðan mat. En það getur farið talsvert eftir kaupmáttarstiginu í landinu hvort það er hægt. Og ef kaupmáttarstigið fellur, hvar reyna þá fjölskyldurnar að spara og draga úr útgjöldunum? Við skulum vona að þær geri að ekki í matvælunum. Það á að vera okkur keppikefli að reyna að stuðla að því að svo sé ekki og það segi ég: Aftur gerum við það m.a. með því að hafa þá matvöru ódýrari.

Nú stendur einmitt þannig á á Íslandi, því miður, að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur verið að falla mikið og reyndar um nokkurt árabil eða allt frá árinu 1987 þegar hann var hæstur og að mínu mati fór í óraunhæfar hæðir á því ári. Reynslan hefur sýnt það og það verður auðvitað að þora að segja hlutina eins og þeir eru. Ég tel að kaupmáttartoppurinn 1987 hafi verið óraunhæfur. Þá fór kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann í 138 miðað við 1980 sem 100. Í tíð fyrri ríkisstjórnar eða á árunum 1989–1991 var þessi kaupmáttur nokkuð stöðugur, í kringum 120 miðað við 1980 og miðað við þessi 138 árið 1987. Síðan fellur kaupmátturinn í 112 samkvæmt þjóðhagsáætlun eins og hún var lögð fram 4. október. Endurskoðuð spá mundi þá vera 113 og við getum gert þá breytingu hér því því er spáð að fall kaupmáttar ráðstöfunartekna verði 1% minna en áður og síðan fellur hann samkvæmt þjóðhagsspánni í 108 á árinu 1994, í 109,2 ef ég man rétt samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá. Með öðrum orðum, kaupmáttur ráðstöfunarteknanna er að falla á tveimur árum um 8–9% hið minnsta. Það er mikil breyting. Það er mjög mikil breyting. Það nálgast það að tíunda hver króna sé horfin úr buddunni þinni áður en þú ferð út í búð. (***Gripið fram í:*** Áður en þú borgar skatt.) áður en þú borgar skatt. Og hvað er það þá sem menn verða að gera ef menn ætla að láta enda ná saman? Menn verða að spara í einhverjum útgjöldum. Og það mun auðvelda fjölskyldunum í landinu á tímum fallandi kaupmáttar að borða áfram nógan, hollan og góðan mat ef hann verður ódýrari á sama tíma og næstum því tíunda hver króna er horfin úr buddunni þeirra. Það liggur í hlutarins eðli, það hlýtur að vera þannig. Og þá mun það koma mönnum til góða að það sé öll matvara, ekki bara sú innlenda, með fullri virðingu og mikilli samstöðu með innlendri framleiðslu, sem ég vona að ég verði seint sakaður um að svíkjast frá, þá er það auðvitað samt þannig að við vitum að um helmingur af matvælaútgjöldum íslensku fjölskyldnanna er innflutt matvara og stór hluti af henni er nauðsynlegur vegna þess að á Íslandi er ekki ræktað korn og hér eru ekki framleiddar margar þær vörur, ávextir, grænmeti og margt fleira sem eru lífsnauðsynlegur og bráðnauðsynlegur hluti af hollum og góðum mat. Og það er staðreynd, sem við Íslendingar stöndum frammi fyrir, að við erum ekki sjálfbjarga nema svona nokkurn veginn að hálfu hvað þetta varðar. Þess vegna þýðir ekki að stilla málunum þannig upp að það eigi að draga matvælin algerlega í dilka eftir því hvort það er inn-

lend eða erlend framleiðsla því hvort tveggja er bráðnauðsynlegt, það er ljóst.

Ég vil segja líka við þá sem fara mikið til Noregs, þ.e. í óeiginlegri merkingu og sækja sér þangað skýrslur og lesa upp úr þeim: Munið eftir því að kaupmáttarstigið er annað í Noregi en á Íslandi og við skulum vara okkur á þessum samanburði, ekki síst þegar hann er orðinn nokkurra ára gamall. Neyslukönnunin sem við erum hér að byggja allt okkar mat á er frá 1990. Þá var kaupmáttur ráðstöfunartekna um 10% hærri á mann en hann verður á næsta ári og bara það eitt hlýtur auðvitað að segja okkur að við þurfum að setja fyrirvara á þennan samanburð. Og ég er sannfærður um að það væri þá algert fráhvarf frá því sem hingað til hefur gerst á sambærilegum tímum að matvælaliðurinn hefur hækkað, hann hefur þyngst að hlutfalli í útgjöldum heimilanna í ljósi þess að kaupmáttur þeirra hefur fallið. Það hlýtur að vera þannig. Og þar með er sú aðgerð sem við erum að tala um mikilvægari en ella.

Nú er það svo að eitt af því sem menn hafa mikið talað um í þessu sambandi og notað sem rök gegn þessari skattkerfisbreytingu er að menn tala ýmist í prósentum eða krónutölum. Það er nú svo. Það er mikil list og lengi búin að vera list að rífast um það hvort það eigi að ræða um hlutina og setja þá fram í prósentum eða krónutölum, t.d. í kjarasamningum. Sumir hafa þá sannfæringu að það eigi alltaf að semja um krónutöluhækkanir, aðrir að það eigi alltaf að semja um prósentuhækkanir. Og ég eyddi einu sinni heilli kosningabaráttu í það að hlusta á tvo menn rífast um þetta tvennt, hv. fyrrv. alþm. Stefán Valgeirsson og Helga nokkurn Guðmundsson. Þeir ræddu þetta í sex vikur því kosningabaráttan stóð í sex vikur og þeir voru jafnósammála þegar henni lauk eins og þeir voru þegar hún byrjaði, hvort ætti að semja um kaup í prósentum eða krónutölu. Menn hafa nokkuð mikið iðkað þessa íþrótt hér og benda m.a. á töflur sem sýni það að ávinningur fjölskyldnanna í krónum talið sé svipaður og jafnvel ívið meiri hjá hátekjufjölskyldunum af því að lækka matarskattinn eða taka upp annað skattþrep í mat. Hér eru t.d. upplýsingar bæði frá hagdeild Alþýðusambands Íslands og frá fjmrn. sem sýna að útgjöldin fyrir fjölskyldurnar í krónum talið lækka svona nálægt 3.000 kr. og skiptir þá ekki miklu máli hvort tekjur fjölskyldnanna eru ein millj., tvær millj., þrjár millj. og fjórar millj. Reyndar er ívið meiri krónutölulækkun hjá ákveðnu hærra tekjubili. En þá spyr ég ykkur að því: Hvort er þrjúþúsundkallinn meira virði fyrir fjölskyldu með eina millj. á ári eða fjórar? Hvort er hann meira virði? Erum við ekki nokkurn veginn sammála um að það sé talsvert mikils virði að geta lækkað útgjöldin hjá þessari fjölskyldu um svona upphæð þó við notum krónutölurnar? Þó við notum krónutölurnar sem sumir vilja eingöngu nota, þá segi ég það, hvað með það þó að þetta lækki líka hjá fjölskyldu með 4 millj. um 3 þús. kr. Er það einhver glæpur í sjálfu sér? Og ef menn hafa sérstakar áhyggjur af því þá skal ég benda mönnum á handhæga aðferð til þess að lagfæra það. Við tökum það þá til baka með öðrum aðgerðum frá fjölskyldunum með hæstu tekjurnar. Það er til einföld og afar markviss aðgerð til þess og það er að hækka skattinn á þeim sem hafa hæstar tekjur og ná þessu þannig til baka. Það er það sem brtt. 3. minni hluta ganga út á þannig að ég hef ekki séð það sem sérstakt vandamál í umræðunni sem er þó upp undir helftin af röksemdafærslu þeirra sem leggjast gegn þessari breytingu að hún skili vissum ávinningum til þeirra sem hærri hafa tekjurnar. Ég hef bara ekki séð það sem stórkostlegt vandamál. Í fyrsta lagi vegna þess að ég spyr mig að því: Er það endilega svo að því sé illa komið þar, t.d. hjá þessum fjölskyldum með meðaltekjur sem eru þó þrátt fyrir allt á bilinu 2–3 millj.? Er því endilega illa komið hjá því fólki sem er gjarnan ungt fólk með börn sem vinnur mikið og aflar tekna til að reyna að standa undir húsnæði o.s.frv.? Og ef menn hafa miklar áhyggjur af því þá er mjög einföld aðferð til að ná því til baka eins og ég segi.

Menn hafa, hæstv. forseti, fjallað dálítið um þessa breytingu, lækkun virðisaukaskatts á matvæli eins og hún eigi sér nánast enga formælendur og ég hef stundum upplifað það undanfarna daga, ég og hv. þm. Ingi Björn Albertsson, að við værum nánast einir að róa á þetta borð. Fjölmiðlar ganga svo langt að segja: Stjórnarflokkarnir eru á móti þessu en þeir munu samþykkja það. (**Umhvrh.:** Rétt.) Og svo eru fjölmiðlarnir uppfullir af ... (**ÓÞÞ:** Rétt, segir umhvrh.) Svo segir hinn samviskusami hæstv. umhvrh.: Rétt. (**Umhvrh.:** Ég er ekki joð.) Nei. Þetta er þá sem sagt þannig, að hæstv. umhvrh. er á móti þessu en ætlar samt að greiða þessu atkvæði. (**ÓRG:** Fjmrh. líka.) Ég óska þeim hjartanlega til hamingju sem hafa þó þá einurð til að bera að játa á sig þetta samviskubrot. (**Gripið fram í:** Hvað með stjórnarskrána?) Við skulum nú hlífa mönnum við því að ræða hana hér á þessum degi, held ég.

Það er ekki svo að þessi breyting eigi sér enga formælendur þegar betur er að gáð og ég verð að segja alveg eins og er að mig undrar það hvernig til að mynda fjölmiðlaumfjöllun hefur verið um þetta mál undanfarna daga. Það hafa ekki komist að nein önnur sjónarmið en þau að þetta væri allt af hinu illa. Þetta væri dýrt, vitlaust, hættulegt, mundi auka skattsvik, kæmi engum að gagni nema helst þeim sem best hefðu það í þjóðfélaginu. Og þetta er furðuleg uppsetning á málum, furðuleg uppsetning. Ég geri þá kröfu að menn hlusti a.m.k. jafn vel eftir rökum þeirra sem mæla með þessari breytingu og hinna. Og hvers eiga til að mynda samtök eins og Alþýðusamband Íslands og að nokkru leyti Vinnuveitendasambandið, Stéttarsamband bænda, Neytendasamtökin, íslensk verslun og stjórnmálaflokkur eins og Alþb. að gjalda að þeirra málflutningur sé ekki tekinn gildur í þessu eins og annarra? Við skulum ræða þetta með rökum og gagnrökum og mér þykja það nokkur tíðindi ef það skiptir engu máli í þessu sambandi að heildarsamtök eins og Alþýðusambandið, Neytendasamtökin, Stéttarsamband bænda og íslensk verslun og býsna fjölskrúðug flóra, má nefna fleiri til, styðja þessa breytingu. Þau gera það. Og ég bið hæstv. forsrh. að vera ekki alveg svona órólegan, hann á sér stuðningsmenn í því að gera þetta. Ég held að þetta sé ekki svona voðalegt eins og hér hefur ver-

ið talað um. Ég held að samviska manna, jafnvel þó að þeir séu kratar, þurfi ekki að meiðast svona hryllilega. Þetta er ekki óhæfuverk sem hér á að fara að gera að lækka matarskattinn. Það er ekki eitthvert myrkraverk. Það er ekki myrkraverk nema síður sé.

Ég ætla að taka að mér þetta líknandi hlutverk, hæstv. forseti, að reyna nú að draga aðeins úr sárindunum hjá þessum mönnum sem ætla að greiða þessu atkvæði vegna þess að ég hef góða samvisku gagnvart því og vegna þess að ég tel mig geta lagt þeim lið í því að rökstyðja að þetta sé þrátt fyrir allt nokkuð skynsamleg og vænleg ráðstöfun.

Ég segi það líka, hæstv. forseti, að mig hefur undrað nokkuð til að mynda framganga Framsfl. í þessu máli, ég held að ég verði að segja það alveg eins og er. Það er langbest að vera hreinskilinn í því. Hv. 1. þm. Austurl. tók það fram að hann talaði ekki fyrir Alþb. í skattamálum og það er rétt. Ég tala að sjálfsögðu ekki fyrir Framsfl. en ég hlýt að leyfa mér að hafa skoðanir á afstöðu Framsfl. og ég er undrandi á henni. Ég verð að segja það, ég er nokkuð undrandi á henni. Mér finnast það til að mynda sögulega nokkuð merkileg tímamót að Framsfl. skuli vera þarna algerlega á öndverðum meiði við Stéttarsamband bænda. Og hvers vegna er það? Jú, það er vegna þess að Stéttarsamband bænda tekur afstöðu til þessara hluta út frá langtímasjónarmiðum. Það kemur fram í þeirra samþykkt. (**Gripið fram í:** Er Framsfl. á móti bændum?) Stjórnarsamþykkt stjórnarfundar Stéttarsambands bænda frá 15. desember. (Gripið fram í.) Þar kemur það fram, hæstv. forseti, að Stéttarsamband bænda mælir með því nú sem fyrr að virðisaukaskattur sé lagður á í tveimur þrepum og matvæli höfð í því lægra. Og þeir færa fram í aðalatriðum tvær veigamiklar röksemdir fyrir þessu. Sú fyrri er, og það hafa reyndar fleiri gert, að það sé í samræmi við þá skattastefnu sem sé að festast í sessi í umheiminum. Það er nokkuð skemmtilegt svona sögulega séð að það skuli vera Stéttarsamband bænda sem minnir hv. Alþingi á það í samþykkt sinni að með þessu séum við að stíga skref í átt til aðlögunar að því sem sé að gerast t.d. í öðrum Evrópuríkjum, í útlöndum, og það eru þá bændurnir af öllum mönnum sem eru svona alþjóðlega sinnaðir að þeir minna á þetta í sinni samþykkt. Þeir benda réttilega á það að það sé í samræmi við skattastefnu flestra Evrópuþjóða, bæði þeirra sem eru innan Evrópubandalagsins og eins bandalagsþjóðanna í EFTA að matvæli séu annaðhvort með, og nú bið ég menn að hlusta, annaðhvort með lágum virðisaukaskatti eða engum, þ.e. svona 4–7% eða núll. En síðan séu aðrar vörutegundir í hærra þrepi. Svo kemur sú röksemdin hjá bændaforustunni, sem ég hygg nú að hafi vegið þyngra, að sú aðferð að niðurgreiða matvæli sem svarar lægra skattþrepi, sem tekin var upp við álagningu söluskatts á matvæli og síðar virðisaukaskatts, hefur ekki haldið nema að hluta til. Sérstakar niðurgreiðslur sem áttu að koma í stað lægra skattþreps höfðu tilhneigingu til að lækka smám saman þannig að raungildi virðisaukaskattsálagningar jókst að sama skapi. Þetta er auðvitað alveg morgunljóst og rétt. Og það er að mínu mati ekki síst og kannski sérstaklega út frá þessari stöðu málsins, lærdómi bændasamtakanna, sem þeir styðja þessa breytingu. Þeir binda auðvitað vonir við það að með því að taka upp formlega lægra skattþrep á matvælin, þá verði það varanleg aðgerð í skattamálum á Íslandi og ég vænti þess að það megi treysta á stuðning bændasamtakanna og annarra fjöldasamtaka sem þessa afstöðu hafa á komandi árum til þess að verja þetta fyrirkomulag og þar með verði það við lýði og mönnum til hagsbóta inn í framtíðina en þetta snúist ekki um tímabundna ráðstöfun tiltekinna fjármuna í 15 mánuði. Og í raun og veru stendur valið þarna. Hvort láta menn ráða meira um afstöðu sína tæknileg og reikningsleg rök sem er hægt að reiða fram í endalausum bunkum um það hvernig hægt sé að ráðstafa tilteknum fjármunum, 2,6 milljörðum, með bótum hér og hækkun þar í 15 mánuði eða hitt hvort menn eru að taka hér afstöðu til grundvallaratriða í uppbyggingu skattakerfisins á varanlegum forsendum. Það tel ég mig vera að gera og minn flokkur og það leyfi ég mér að segja að liggi að baki röksemdafærslu Stéttarsambands bænda.

Já, hæstv. forseti. Ég sagði það að mér kæmi afstaða Framsfl. nokkuð á óvart, þó að ég hafi ekki gert mikið af því að fara með samþykktir þeirra framsóknarmanna hér í ræðustólinn þá held ég nú á einu slíku eintaki, og það er ósköp einfaldlega af þeirri ástæðu að ég hafði undir höndum tiltölulega glænýja landsfundarsamþykkt Framsfl. og ég var svo barnalegur að ég tek mikið mark á slíkum plöggum. Þannig er ég uppalinn í mínum flokki að okkur þykja landsfundasamþykktir afar merkileg plögg eins og kunnugt er og við þingmenn flokksins, sem starfa innan kjörtímabila milli landsfunda, teljum okkur ekki hafa umboð til þess að hverfa frá grundvallarsamþykktum flokksins um stefnumarkandi mál. En það er samt þannig að hér stendur í ályktun um ríkisfjármál frá 22. flokksþingi Framsfl., haldið í Reykjavík 27.–30. nóv. 1992, einn af stjörnumerktum liðum á miðri blaðsíðunni:

„Tekinn verði upp tveggja þrepa virðisaukaskattur í því skyni að fækka undanþágum. Helstu nauðsynjavörur heimilanna (matvörur) verði í lægra skattþrepi.“ — Ég endurtek, hæstv. forseti: „Helstu nauðsynjavörur heimilanna (matvörur) verði í lægra skattþrepi.“

Og ég vænti þess að hæstv. forseti geti staðfest að það er rétt lesið því að nú þykist ég vita að hæstv. forseta sé málið kunnugt.

(Forseti (VS): Forseti telur það ekki í sínum verkahring.)

Nei, það er út af fyrir sig rétt. En ég verð að segja alveg eins og er að það kom mér þess vegna nokkuð spánskt fyrir sjónir þau tíðindi að Framsfl. hefði gert meira en að falla frá þessari stefnu, hann hefði gersamlega kúvent og mælir nú af miklum þrótti gegn þessari breytingu. Það er ekki svo að hann svona hafi tapað trúnni á hana og hafi ákveðið að sitja hjá. Nei, það er ekki svo. Hér er gengið fram af miklum þrótti í því að finna þessari breytingu allt til foráttu. (Gripið fram í.) Það er að vísu rétt að ágætur nafni minn, hv. þm. Steingrímur Hermannsson, er fjarri góðu

gamni eins og einhver mundi segja. Brunamálastjóri sagði einu sinni þegar kviknaði í og hann var spurður hvernig hefði gengið. „Ja, ég var nú fjarri góðu gamni." En mér hefur líka orðið hugsað til þessa ágæta nafna míns á undanförnum dögum. Hvernig líður honum heima við sjónvarpið? E.t.v. er hann að fylgjast með þessari umræðu. (**JGS:** Við erum í beinu sambandi við hann alla daga.) Ég ætla svo ekkert að segja um það, það er auðvitað ekki mitt vandamál hvernig innan búðar stendur í Framsfl. En auðvitað spyr maður sig að því að hér eru að verða veruleg tíðindi í stjórnmálum. Það er alveg ómögulegt að neita því. Það eru heilmikil tíðindi þegar flokkur kúvendir um afstöðu með þessum hætti og hverfur frá landsfundarsamþykkt, telur sig ekki lengur bundinn af henni og tekur upp alveg þveröfuga stefnu. Mér finnast þetta mikil tímamót og það má segja sama um fleira í þessu máli. Það er auðvitað sögulega séð afar merkilegt að Framsfl. skuli nú standa hér í þeim sporum að tala fyrir þeirri stefnu sem Alþfl. hefur barist fyrir undanfarin ár, en Alþfl. ætlar að samþykkja það sem Framsfl. vildi taka upp á landsfundi fyrir ári síðan. Svona hafa nú hlutverkaskiptin orðið. Þetta er nokkuð merkilegt svo að ekki sé meira sagt. Og auðvitað eru stjórnmál stjórnmál og allt það en mér finnst nú alveg ómögulegt annað en fara pínulítið sögulega yfir þetta í ljósi þess hversu þetta er áhugavert í raun og veru. (**HG:** En hvar er Kvennalistinn?) Og það er ekki eins og hér eigi í hlut, hæstv. forseti, eitthvert smámál. Það er ekki eins og hér eigi í hlut eitthvert minni háttar dægurmál sem menn geti haft gaman af og hlegið að þessum kúvendingum. Nei, það er nú ekki. Þetta er hvorki meira né minna mál en það að það sprengdi heila ríkisstjórn í loft upp á Íslandi fyrir nokkrum árum, afstaða flokka til álagningar matarskatts, sprengdi ríkisstjórn í tætlur haustið 1988. (**JGS:** Þessi springur ekki nema svona ...) Þá var Alþfl. þannig sinnaður í þessu máli að hann taldi rýtingsstungur Þorsteins Pálssonar, hæstv. þáv. forsrh., í bak sér vegna þess að þáv. forsrh. bauð fram lækkun á matarskatti í einhverjum pakka slíkar og þvílíkar, hann væri orðinn svo lekur að aftanverðu, Alþfl., af þessum götum að hann gæti ekki haldið lengur áfram í stjórnarsamstarfinu. (Gripið fram í.) Það er greinilegt að það er orðinn þykkari skrápurinn á Alþfl. nema það sé hitt að blóðið sé hætt að renna í honum og þess vegna geri ekki mikið til þó á honum séu göt. Ekki veit ég um það, hæstv. forseti, en þetta er a.m.k. ekki þannig að hér sé á ferðinni eitthvert minni háttar dægurmál og það sé ekki svo sem eins og einnar messu virði að fara pínulítið yfir þessa hluti.

Ég ætla svo að lokum, áður en ég hverf frá þessu með virðisaukaskattinn, hæstv. forseti, örlítið að nefna það að framkvæmdahlið þessa máls hefur að sjálfsögðu einnig verið nokkuð til umræðu og menn hafa fundið því og réttilega að mínu mati margt til foráttu að þessi breyting hefur verið illa undirbúin með hangandi hendi. Það hefur verið alveg morgunljóst eins og fyrrv. flugmálastjóri sagði stundum að menn hafa verið með hangandi hendi við þennan undirbúning. Og það er alveg furðulegt að upplifa að það skuli vera að koma jól og jafnmikið að því er virðist eftir óunnið í ljósi þess að ríkisstjórnin í krafti meiri hluta síns hér á Alþingi eða hvað lofaði því í maí í vor að þetta yrði gert. Menn hafa þess vegna haft rúmlega hálft ár til þess að undirbúa breytinguna og ég vænti þess að fjmrn. lesi blöðin og hafi frétt af því að það eigi að leggja á tveggja þrepa virðisaukaskatt um áramótin, það hafi ekki komið þeim á óvart einhvern tíma í nóvember.

Kaupmannasamtökin a.m.k. virðast til að mynda ekki hafa verið þátttakendur í miklum undirbúningi því þar finna menn þessu mjög til foráttu. Þess vegna er það svo að ég hef í mínum brtt. lagt það til og ég kem því hér að í leiðinni að það verði framkvæmt þannig og þá auðvitað helst með samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins sem ég hef ástæðu til að ætla að væru fáanlegir til að ræða slíkar breytingar ef það væri gert af heilindum við þá, að því verði frestað um eitt uppgjörstímabil virðisaukaskatts að láta breytinguna taka gildi og það verði 1. mars í staðinn fyrir áramót. Það mun að vísu kosta visst óhagræði í versluninni, væntanlega kosta vörutalningar og fleira, en á móti kemur að menn fá tvo mánuði til að undirbúa breytinguna og það eru líka viss rök fyrir því að það sé ekki endilega heppilegast að þetta gerist um áramót vegna þess að þá eru aðrir hlutir sem valda miklu annríki í versluninni eins og kunnugt er. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að það sé kostur sem eigi að athuga vandlega og hefði auðvitað þurft að vera búið að gera með viðræðum við þessa aðila, Kaupmannasamtökin, aðila vinnumarkaðarins og aðra slíka, hvort þetta væri vænlegur kostur.

Síðan að lokum þetta um eitt eða fleiri skattþrep í virðisaukaskatti. Í furðulegri einföldun þessarar umræðu hafa menn stundum talað eins og hér eigi og nú að fara að taka upp annað þrep í virðisaukaksatti. Það er ekki rétt. Það er búið að vera annað þrep í virðisaukaskatti lengi. (**GÁ:** Þetta veit Framsfl.) Og í raun og veru eru þau búin að vera þrjú um skeið, hv. frammíkallandi, Guðni Ágústsson. Það er nefnilega þannig. Og það er dálítið merkilegt að nú tala menn eins og allt muni fara á hvolf við þessa voðalegu breytingu að það verð fleiri en eitt þrep. En það eru búin að vera hérna þrjú þrep, 24,5%, 14% og núll. (**GÁ:** Ekki hjá kaupmönnum.) Og þetta er búið að vera víða í blönduðum rekstri, hv. þm. og það er hægt að setja upp öll þau dæmi sem hv. 1. þm. Austurl. kom með áðan þar sem skatturinn verður í mismunandi stigum og ég tek undir það að t.d. í ferðaþjónustunni er mörg skrautleg útkoman í þessu en þetta hefur verið fyrir hendi í stórum stíl. (**GÁ:** Hvað skilaði það miklu ...?) Ég held að hv. frammíkallandi, formaður bankaráðs Búnaðarbankans, sem á yfir höfði sér mikið meiðyrðamál, ætti nú að gæta sín í orðavali þegar hann kallar fram í og vera ekki að tala svona ábyrgðarlaust um þjófnað og annað því um líkt. Það getur haft alvarlegar afleiðingar eins og hv. þm. er kunnugt, ekki satt? (**Gripið fram í:** Það er þinghelgi hér.) Að vísu er hér þinghelgi og það er nokkur vörn í því. (**IBA:** Hvað er þingmaðurinn að tala um?) Ég var nú bara að svara

frammíkalli. Til hvers er verið að kalla fram í? Er það ekki til þess að menn fái svör eða hvað? Eða er það bara til þess að nota minn ræðutíma? Þá er nú ræðumaður ekki eins hress. Ég hef gaman af vel heppnuðum frammíköllum og bregst gjarnan við þeim en ef menn þola ekki svörin þá ættu þeir bara að hætta þessu. (Gripið fram í.) Þá ættu menn að hætta þeirri iðju að vera að kalla fram í ef þeir þola ekki að þeim sé svarað.

(**Forseti** (VS): Forseti óskar eftir því að hv. 4. þm. Norðurl. e. fái að hafa orðið.)

Já, hv. 4. þm. Norðurl. e. óskar eftir því einnig. En menn eiga almennt ekki að henda stærri spjótum frá sér en þeir geta tekið við, hv. þm. Guðni Ágústsson. Þetta er nú þannig. Hv. þm. kemur hér vonandi á mælendaskrá og ræðir við landsfundarfulltrúa Framsfl. um stefnubreytinguna sem tekin hefur verið (**Gripið fram í:** Og bændasamtökin.) og bændasamtökin.

Hæstv. forseti. Ég held að ég fari þá ekki að eyða öllu meiri tíma í þetta. Ég mun svo þegar ég mæli fyrir brtt. í lokin gera nánari grein fyrir því hvernig okkar útfærsla á þessum skattkerfisbreytingum af þessu lægra skattþrepi á matvæli meðtöldu, kemur út fyrir hina einstöku tekjuhópa og tel mig geta sýnt fram á að í því samhengi sem hún er hér sett, hefur hún í för með sér mjög æskileg og markviss tekjujöfnunaráhrif.

Ég ætla þá að ræða lítillega um stöðu ferðaþjónustunnar en eins og kunnugt er á að fara að taka hér upp virðisaukaskatt á ferðaþjónustu nú um áramótin. Það eru auðvitað satt best að segja harla dapurleg tíðindi í ljósi mikilvægis þeirrar greinar og í ljósi þess að menn hafa nú á undanförnum árum talað mikið um það að í ferðaþjónustunni væri einn vænlegasti vaxtarbroddur okkar Íslendinga í atvinnumálum. Samkvæmt upplýsingum frá Ferðamálaráði er staða greinarinnar þannig á þessu ári eða þessu hausti og það er byggt á upplýsingum frá gjaldeyriseftirliti Seðlabankans að gjaldeyristekjur af erlendum ferðamönnum fyrstu 9 mánuði þessa árs voru alls 11.943 millj. kr., tæpir 12 milljarðar kr. á fyrstu 9 mánuðum ársins. Þetta er um 18% aukning í íslenskum krónum miðað við sama tímabil í fyrra, en þá urðu tekjurnar rúmir 10 milljarðar. Þegar þetta er svo mælt sem raunaukning í erlendum gjaldeyri, með öðrum orðum áhrif innlendra gengisfellinga dregin frá, þá kemur í ljós að raunaukningin er í erlendum gjaldeyri 9,8%, rétt tæp 10% og munar um minni búhnykk af grein sem nú þegar er að verða líklega annar eða þriðji stærsti gjaldeyrisútvegur þjóðarinnar.

Erlendum ferðamönnum fjölgaði á þessu tímabili um 7% þannig að raunaukning gjaldeyristekna með hverjum ferðamanni er til viðbótar um 3%, þ.e. til viðbótar auknum fjölda gefur hver og einn meira af sér í tekjum. Þetta eru vissulega jákvæð og gleðileg tíðindi en þau byggjast á því að mikið starf hefur verið unnið undanfarin ár, miklar fjárfestingar í raun og veru lagðar í það að ná þessum árangri, kynna Ísland, byggja það upp sem ferðamannaland og það sem ekki síst er ánægjulegt, hæstv. forseti, að þessi aukning hefur að verulegu leyti skilað sér utan háannatímans. Loksins eftir langa bið virðist það vera að skila nokkrum árangri að ná að dreifa ferðaþjónustunni betur á árið en áður hefur verið þannig að allt er þetta nú heldur jákvætt þangað til kemur að því að nú á að leggja 14% skatt á stóra hluta þeirrar starfsemi sem tengist komu erlendra ferðamanna og gjaldeyrisöflun í þessari atvinnugrein. Sem sagt, á gistingu, á þjónustu ferðaskrifstofa og á alla flutninga innan lands. Og það eru auðvitað hin válegustu tíðindi svo að ekki sé meira sagt fyrir þessa grein sem er í beinni samkeppni, harðari samkeppni við erlendan markað en nokkur önnur vegna þess að hún snýst um það að ná erlendum ferðamönnum hingað til Íslands í staðinn fyrir að þeir séu heima hjá sér eða fari eitthvað annað. Það er ekki til beinni samkeppni en það eða hvað? Í raun og veru er þetta þannig að þetta er harðari samkeppni í eðli sínu í þessari grein heldur en kannski nokkurs staðar annars staðar fyrirfinnst. Og það er líka viðurkennt og vitað að viðkvæmasti þátturinn í samkeppnisstöðu íslenskrar ferðaþjónustu er verðlagið. Hann er kostnaðurinn hér innan lands og hann er ekki síst eða hefur verið matvælakostnaðurinn þannig að þessar nýju álögur á greinina þó að á móti komi nokkur búbót af öðrum skattkerfisbreytingum sem ferðaþjónustan nýtur vissulega en eins og aðrar atvinnugreinar eins og niðurfelling aðstöðugjalds, þannig að ég tel það ekki rétt að merkja það sérstaklega ferðaþjónustunni og útreikningum gagnvart henni. Þetta er almenn aðgerð sem nýtist öllum og þess vegna eiga menn að horfa fram hjá því og skoða það sem snýr að skattlagningu á ferðaþjónustuna sérstaklega. Það er breytingin. Og hún er auðvitað öll til íþyngingar nema það sem í raun má viðurkenna að lækkun tryggingagjaldsins á ferðaþjónustu er vissulega henni til góða en það er bara ósköp einfaldlega löngu, löngu tímabær leiðrétting vegna þess að ferðaþjónustan er útflutningsatvinnuvegur og átti auðvitað fyrir löngu að vera komin í hóp slíkra greina eins og sjávarútvegs sem bera lægra tryggingagjald.

Það er ekki nokkur vafi á því að þetta mun skapa íslenskum ferðaskrifstofum mikla erfiðleika og íslensku ferðaþjónustunni í heild. Málið hefur á sér margar hliðar og ein er sú — og kemur nú hæstv. samgrh. skælbrosandi yfir þessum tíðindum (**Samgrh.:** Ég er svo glaður að sjá þig.) Já, þakka þér fyrir vinur, sömuleiðis. Við bíðum samt með að segja gleðileg jól, það er ekki alveg tímabært. Málið er auðvitað það að þetta hefur líka ýmis innbyrðis áhrif í ferðaþjónustunni sem ég er ekki viss um að menn hafi áttað sig á. Upptaka virðisaukaskatts á gistingu og á fargjöld innan lands á sama tíma og flugferðir til útlanda eru án virðisaukaskatts og meira að segja flugferðir innan lands í tengslum við millilandaflug eru án virðisaukaskatts, hvaða áhrif hefur það? Jú, það er auðvitað alveg morgunljóst. Það ósköp einfaldlega styrkir stórlega samkeppnisstöðu erlendrar ferðaþjónustu gagnvart íslenskri. Með öðrum orðum, það verður hagkvæmara hlutfallslega fyrir menn að eyða sínum frí um erlendis, fara í innkaupaferðir til útlanda o.s.frv. heldur en ferðast um eigið land. Ég held að höggið af

þessum breytingum verði verst fyrir innlendu ferðaþjónustuna. Þetta mun verulega torvelda mönnum þá uppbyggingu sem menn hafa sett í gang að við Íslendingar eigum að reyna eins og kostur er að hvetja til ferðalaga um eigið land og njóta þess í okkar leyfum o.s.frv. Er það ekki svo að hæstv. samgrh. sé með eitthvert átak í gangi með Ferðamálaráði og Olíufélaginu og Olíufélagið sem þurfti auðvitað að fá sér eitthvert vinsælt viðfangsefni til að styrkja rétt eins og Olís landgræðsluna og Shell skógræktina og er allt gott um það að segja. Það datt niður á þetta ágæta ráð að fara í samstarf með Ferðamálaráði og samgrn. um að styrkja innlenda ferðaþjónustu eða hvetja til ferðalaga um eigið land. Það er heldur nöturlegt, hæstv. samgrh., að einmitt á því ári skuli skella fullur virðisaukaskattur á þessa innlendu grein. Hefur hæstv. ráðherra velt því fyrir sér hvort hann muni nú tomma mikið með peningana frá ESSO í að hamla gegn afleiðingunum af upptöku virðisaukaskattsins?

Staðreyndin er hins vegar sú, hæstv. forseti, að langalvarlegasta hlið þessa máls snýr að almenningssamgöngum okkar Íslendinga sjálfra og það er auðvitað að mínu mati alveg fáránleg og fáheyrð tíðindi eins og það er nú verkefnið við íslenskar aðstæður að halda hér uppi almenningssamgöngum og sæmilega þróuðu samgöngukerfi sem stenst samanburð í þeim efnum að gera þetta að skattstofni, t.d. innanlandsflugið. Ég held að menn geti varla orðið öllu óheppnari í vali sínu á einum skattstofni heldur en þar er að eiga sér stað.

Ég ætla fyrst, hæstv. forseti, að fjalla lítillega um almenningssamgöngurnar á höfuðborgarsvæðinu sem eiga að fá á sig „vask" eins og aðrar almenningssamgöngur þó að það séu að vísu nokkur tíðindi, sem fróðlegt væri að fá hæstv. fjmrh. til að tjá sig um, að ríkisstjórnin sé að hluta til fallin frá því að láta þennan skatt bitna hér á rekstri almenningsvagna á vegum sveitarfélaga. Það má auðvitað segja með öllum sömu þungu rökunum og mörgum í viðbót að skattlagning á strætó hér á höfuðborgarsvæðinu er auðvitað alveg fráleit aðgerð, gersamlega fráleit aðgerð. Þetta er í fyrsta lagi rekstur sem sveitarfélögin þurfa að borga tugi og hundruð milljóna með og er það tekjustofn í sjálfu sér, þjónusta sem haldið er uppi og kostar stórkostlegar meðgjafir? Hvaða speki er það? Eða ferjurekstur á vegum Vegagerðarinnar sem ríkið þarf að styrkja í stórum stíl? Hvaða speki er það að ríkið sé að skattleggja sjálft sig í slíkum tilvikum? Og ekki þjónar það neinum samræmingar- eða einföldunarrökum að skattleggja strætó. Ég sé þau ekki í fljótu bragði, ekki á sama tíma og leigubílar aka á götunum án þess að á þeim sé virðisaukaskattur þannig að ef maður ætlaði nota einhver samkeppnis- eða samanburðarrök mundi maður segja hið gagnstæða.

Það liggja fyrir útreikningar um það og ég veit að hæstv. samgrh. er kunnugt að rekstur skipulagðra almenningssamgangna í helstu þéttbýlissvæðum landsins og þá einkum og sér í lagi hér á suðvesturhorninu er talin þjóðhagslega hagkvæmur svo nemur um hálfum milljarði kr., þ.e., ef menn ræku ekki þetta kerfi og ef almenningur notaði sér það ekki í stórum stíl og allar þær samgöngur færu fram með einkabílum (**Samgrh.:** Eða reiðhjólum?) ja, eða reiðhjólum sem gengur kannski í Kína en verr hér í snjóþyngslunum, hæstv. ráðherra, ekki nema menn geti komið með góða veðrið frá Kína með sér, þá væri það náttúrlega reynandi. En svona er þetta nú samt og þetta liggur í hlutarins eðli vegna þess að almenningssamgöngurnar eru miklu hagkvæmari. Það fara fleiri í hverjum bíl, það eyðist minni orka. Þetta veldur minna álagi á gatnakerfið. Það þarf ekki að tvöfalda akreinar o.s.frv. með sama hætti og þetta er frá umhverfissjónarmiði séð mjög jákvætt. Það fylgir því minni mengun að menn ferðist saman fleiri í færri og stærri bílum. Færri mótorar eru í gangi í góðum veðrum og stillum þannig að mengunin verður minni og síðast en ekki síst er þetta gott frá umferðarlegu sjónarmiði séð og umferðarslysum. Það er alveg borðleggjandi að umferðaröryggi er meira eftir því sem einkabílisminn er minni og fleiri ferðast með almenningsfararætkjum.

Síðast en ekki síst megum við ekki gleyma því að þetta er mikið réttlætismál hér í samfélaginu að þeir sem ekki hafa aðstöðu til eða geta rekið einkabíla geti komist leiðar sinnar þannig að allt ber þetta að sama brunni. Þetta er fáheyrð ráðstöfun að taka upp svona skattlagningu á almenningssamgöngur eins og rekstur almenningsvagna hér á höfuðborgarsvæðnu er. Hún er efnahagslega óskynsamleg og hún er óréttlát. Ég er alveg viss um það að borgin er ekki búin að bíta úr nálinni með það ef menn neyðast til að hækka fargjöldin með strætó og Almenningsvögnum verulega og það veldur síðan aftur hruni í notkun þessara farartækja. Borgin er ekki búin að bíta úr nálinni með þann kostnað sem af því leiðir. Þá standa menn væntanlega frammi fyrir því annaðhvort að borga enn þá meira með þjónustunni sem færri nýta sér eða skerða hana. Og ef menn skerða hana þá er það vítahringur því þá koma fleiri bílar og meiri gatnagerðarframkvæmdir o.s.frv. þannig að það er alveg sama hvar borið er niður. Allar úttektir á svona málum, bæði hér á Íslandi og hinum Norðurlöndunum og annars staðar sýna það sama, góðar, vel uppbyggðar og ódýrar almenningssamgöngur eru eitt það þjóðhagslega hagkvæmasta sem til er. Og Hagfræðistofnun Háskólans eða hvaða batterí það var mat það hér á sinni tíð að það væri svona um hálfur milljarður þjóðhagslegur sparnaður af rekstri þessara farartækja.

Nú er það að vísu svo að hæstv. ríkisstjórn ku hafa fallið frá því að leggja þennan skatt á almenningsvagnana að hluta til, þ.e. í staðinn fyrir að skattleggja bæði fargjaldatekjurnar og framlög sveitarfélaganna, þá hafi menn nú hugsað sér að endurgreiða „vaskinn" af þeim hlutanum sem kemur frá sveitarfélögum. (**Samgrh.:** Ha?) Við skulum fara bara yfir þetta, hæstv. samgrh., til að glöggva okkur á þessu og átta okkur á þessu. Ef við segjum að þetta sé þannig að tekjur t.d. Almenningsvagna hf. komi að hálfu frá farmiðasölu og hálfu í formi framlaga frá sveitarfélögunum inn í rekstrurinn. (**Samgrh.:** Það er ekki heimild í lögum til þess að skattleggja ...) Það er nú aldeilis heimild til þess, hæstv. forseti, því að fjmrn. vísar til þess að þar sem

um skattskyldan aðila sé að ræða, virðisaukaskattskyldan aðila eins og sveitarfélögin, þá gildi sú almenna skattlagningarregla að það beri að skattleggja allt verðmæti þjónustunnar, ekki bara það (**Samgrh.:** Ekki ríkisstyrki eða bæjarstyrki.)

(**Forseti** (VS): Hæstv. samgrh. getur fengið orðið hér á eftir.)

Já. Ef hér eru að koma nýjar upplýsingar enn inn í málið frá hæstv. ríkisstjórn þá fagna ég því auðvitað og bið hæstv. samgrh. endilega að koma hér í ræðustólinn á eftir og upplýsa okkur um þetta. En afstaða fjmrn. og sérfræðinganna þar hefur verið einföld. Þeir segja: Þegar um virðisaukaskattsskylda starfsemi er að ræða á að skattleggja allt verðmæti þjónustunnar. Ef fargjaldasalan stendur ekki undir henni og hluti af kostnaðinum kemur annars staðar frá eða tekjunum þá ber líka að skattleggja það. Og þess vegna datt þessum snillingum það að sjálfsögðu í hug að það mundi þá koma fullur 14% virðisaukaskattur á farseðlana og á framlag sveitarfélaganna til vagnanna eða ríkisins til ferjanna. Og kemur nú hér hæstv. fjmrh. og þá getum við farið í gegnum þetta. Það verður a.m.k. að vera ljóst að efh.- og viðskn. hefur verið kynnt málið á þessum forsendum. Meiningin var sem sagt sú að láta fullan skatt leggjast á hvort tveggja, fargjaldatekjurnar og öll framlög sveitarfélaganna.

Síðan komu þær upplýsingar í fyrrakvöld inn í efh.- og viðskn. eða voru öllu heldur dregnar þar út úr mönnum með töngum að nú væri breyting á því að ríkisstjórnin væri fallin frá því að láta sveitarfélögin eða farþegana bera skattinn á hallaframlögin og það yrði endurgreitt. Það var alveg ljóst að sérfræðingar fjmrn. sögðu: Skatturinn verður lagður á en hann verður síðan endurgreiddur, og vitnuðu í því sambandi í 42. gr. virðisaukaskattslaganna og þar stendur:

„Fjármálaráðherra getur ákveðið með reglugerð að endurgreiða ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum og sveitarfélögu virðisaukaskatt sem þau hafa greitt vegna kaupa á skattskyldi vöru eða þjónustu af atvinnufyrirtækjum."

Og nú vil ég sömuleiðis spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig stendur þetta mál? Er þetta svona að það á að leggja skatt á hvort tveggja, heildarverðmætið, fargjaldatekjurnar, en jafnframt hallaframlögin eða framlagið og síðan er meiningin að beita heimild 3. mgr. 42. gr. laganna um virðisaukaskatt til að endurgreiða sveitarfélögum þann hluta sem lagður var á hallaframlögin. Þannig hef ég skilið málið í efh.- og viðskn. og mér finnst mjög mikilvægt að við fáum upplýsingar um hvort það sé rétt. Ef svo er þá er það tvennt sem ég vil svo spyrja hæstv. ráðherra um í viðbót og það er í fyrra laginu: Er þá öruggt að orðalag 42. gr. sé fullnægjandi til þess að unnt sé að endurgreiða þennan kostnað í öllum tilvikum? Svo að ég skýri hvað ég á við þá er það þannig að rekstur vagnanna er í mismunandi formi hjá hinum einstöku aðilum. Þannig eru Strætisvagnar Reykjavíkur orðnir hlutafélag, eru hf., eru eins og hvert annað fyrirtæki sem þá borgin kaupir þessa þjónustu af með samningi. Svipað má segja um Almenningsvagna hf. sem eru einhvers konar samlag eða hvað það nú er og sveitarfélögin borga inn í þann rekstur með tilteknum framlögum, en svo er t.d. þriðja tilvikið sem eru Strætisvagnar Akureyrar. Það er hreint bæjarfyrirtæki, þ.e. það er ekki fyrirtæki og þá spyr ég að því: Getur það talist atvinnufyrirtæki í skilningi 42. gr. og getur átt við sú regla að þar sé um að ræða einhver viðskipti bæjarins við óskyldan aðila? Ég sé ekki í fljótu bragði að svo sé og þess vegna hef ég beðið um að fá alveg skýr svör við því: Er þá öruggt mál að rekstur almenningsvagna alls staðar í landinu, án tillits til þess hvaða form er á honum, muni njóta sömu stöðu í þessum efnum? Það er algerlega nauðsynlegt að við vitum það fyrir víst. Og ég vil taka það fram að lokum að ég fagna því að sjálfsögðu ef ríkisstjórnin er þó að bakka með þetta að einhverju leyti. Þetta mun væntanlega valda því að hækkunarþörf almenningsvagnanna hér á höfuðborgarsvæðinu verður um helmingi minni en ella hefði orðið vegna þess einfaldlega að það lætur nærri að fargjaldatekjurnar séu ekki nema helmingurinn af framlögunum. (**Fjmrh.:** Það er engin hækkunarþörf.) Það verður auðvitað hækkunarþörf, hæstv. ráðherra, vegna þess t.d. að Strætisvagnar Reykjavíkur eru með líklega um 60% af tekjum sínum af fargjöldum. Hækkunarþörfin verður minni hjá Almenningsvögnum sem borga fyrir 55% inn í reksturinn. (**Fjmrh.:** Innskatturinn er 24,5% ...) Ja, það er búið að reikna þetta dæmi, hæstv. fjmrh. Það er búið að reikna þessa innskatts- og útskattsjöfnu og það voru lagðar fyrir okkur upplýsingar um að þetta sé svona, að virðisaukaskattsskyldur hluti í aðföngum þessa rekstrar er lítill og þess vegna verður dæmið ekki hagstæðara en raun ber vitni. En það skýrist nú allt á sínum tíma. En auðvitað er það þannig að hæstv. fjmrh. ætti að vera raunsær og átta sig á því að þessi skattlagning á almenningssamgöngurnar í landinu er hin mesta ófæra, þjónar engum tilgangi, er ekki bót í skattalegu tilliti á nokkurn hátt, er ekki sanngjörn gagnvart samkeppnisstöðu vegna þess að eftir eru leigubílar án virðisaukaskatts og það sem er þó verst að öllu og ég kem nú að er auðvitað það ef hæstv. ríkisstjórn er virkilega svo heillum horfin að hún ætli sér að halda skattlagningunni til streitu að fullu á aðrar almenningssamgöngur en hér á suðvesturhorninu eða ég kalla það því að rekstur strætisvagna er varla til í neinum umtalsverðum mæli nema hér. Hér þjónar almenningsvagnakerfið á þessu svæði að mörgu leyti svipuðu hlutverki og rútur og áætlunarflug gerir úti á landi vegna þess að einn stór notendahópur áætlunarflugsins á landsbyggðinni eru þeir sem ekki eiga bíl af skiljanlegum og augljósum ástæðum og komast þess vegna ekki ferða sinna á landi og fara með flugi.

Það er svo makalaust, hæstv. forseti, ef þetta á að verða svona, og ég spyr nú um það, hæstv. forseti, er ekki mögulegt að samgrh. geti verið hérna með okkur smástund af því að það var nú beðið sérstaklega um að hann væri hérna við umræðuna? (Gripið fram í.) Mér þykir lakara að þurfa að ræða þetta algerlega að honum fjarstöddum vegna þess að ég trúi því ekki að Halldór Blöndal, hæstv. samgrh., þm. Norðurl. e., ætli að leggjast svo lágt að standa að því að leggja penn-

an skatt á innanlandsflugið, ég trúi því ekki. Ég bara get ekki trúað því að ég eigi eftir að standa hér og horfa upp á það að hann greiði þessu atkvæði.

Hvað er að gerast? Ef samgrh., þingmaður úr landsbyggðarkjördæmi, horfir upp á að það verði lagður hérna 14% skattur á fargjöld í innanlandsflugi á sama tíma og millilandafluginu er hlíft og á sama tíma og ríkisstjórnin hverfur frá því að skattleggja almenningssamgöngurnar á höfuðborgarsvæðinu þá er það vel. En að láta það halda sér á landsbyggðinni er svo ofboðslegt að maður veit ekki hvaða orð maður á eiginlega að hafa um það. Það bitnar auðvitað afar ósanngjarnt á þeim sem fyrir hafa erfiðastar aðstæður til samskipta í þjóðfélaginu. Hverjir eru það sem þurfa að borga mest fyrir það t.d. að að sækja þjónustu til opinberra stofnana hér á suðvesturhorninu? Hverjir eru það sem þurfa að fara dýpst ofan í pyngjuna sína til að leita sér kannski lækninga eða fara til sérfræðings hér á suðvesturhorninu? Það eru íbúar afskekktustu byggðarlaganna sem lengst liggja frá suðvesturhorninu. Er þetta virkilega skattstofn, hæstv. fjmrh.? Eða íbúarnir í Grímsey sem eru háðari flugi heldur en nokkurt annað byggðarlag í landinu, kannski að undanskildum Árneshreppi yfir vetrartímann. Eru þeir skattstofn? Er það jafnræðisregla í skattalegu tilliti að taka 1.600 kr. af hverjum Grímseying sem þarf að fara til lækninga inn á Akureyri? (Gripið fram í.) Hæstv. fjmrh., vertu nú ekki að reyna að snúa út úr. Hlustaðu nú einu sinni á það sem við þig er sagt. Ég veit að vísu að hæstv. ráðherra er borinn og barnfæddur Reykvíkingur, en einhverjar taugar hefur hann þó norður í Húnavatnssýslu, vestur á firði og víðar, ef ég man rétt.

(Forseti (VS): Hv. þm. er minntur á að ávarpa rétt.)

Ég er alltaf að reyna, hæstv. forseti, að ávarpa ykkur öll hæstvirt og eins virðulega og ég mögulega get. Þetta bara vefst stundum fyrir manni í hita leiksins, eins og þar stendur.

En þetta er náttúrlega þannig, hæstv. forseti, og ég segi það alveg satt og í fullri einlægni að ég trúi þessu ekki. Ég trúi því ekki að mönnum detti þetta í hug. Og ég spyr, hvar er þetta lið á landsbyggðinni? Menn eru að hafa áhyggjur af því að það verði gerð kjördæmabreyting og landsbyggðin muni fara illa út úr því að þingmönnum landsbyggðarinnar fækki og þeir verði minna en helmingur. Ég sé ekki til hvers það er að eiga hérna meira en helminginn á þingi þegar kemur svona 100% hreint og klárt réttlætismál af hálfu landsbyggðarinnar og atkvæðavélarnar stjórnarliðsins ætla allar upp með hendurnar. Þá er mér sama þó að Reykjavík ætti hérna 60 þingmenn og notaði þá til þess að samþykkja virðisaukaskatt á landsbyggðina frekar en notast við þingmenn utan af landi til að gera það. Það er að vísu rétt að forusta núv. ríkisstjórnar er nánast öll úr Reykjavík. Formaður og varaformaður Sjálfstfl., formaður þingflokks Sjálfstfl., formaður Alþfl. og svo má lengi telja. Allt er þetta lið héðan.

(Forseti (VS): Forseti telur óviðeigandi að tala um lið í þessu sambandi.)

Já, allir eru þessir hæstvirtu og háttvirtu þingmenn héðan. En það virðist ekki breyta miklu þó að hlutfallin eigi að heita svona, að hv. þingmenn landsbyggðarinnar séu hér í meiri hluta, ef svo er talað, og þó að hæstv. samgrh. sé af landsbyggðinni og eigi að þekkja þar sæmilega til aðstæðna, þá virðist hann ætla að láta hafa sig í þetta.

Ég lét reikna út fyrir mig, hæstv. forseti, hvernig fargjöldin verða eftir þessa breytingu miðað við þá hækkunarþörf sem flugfélögin hafa reiknað út úr sínum rekstri og er ómótmælt og ég verð að segja alveg eins og er að jafnvel ég varð undrandi þegar ég sá hvernig þetta verður. Ég þóttist að vísu hafa sjálfur, bara með einfaldri álagningu í fyrravor eða fyrravetur, þegar þetta var til afgreiðslu, reiknað það út að einhver fargjöld í innanlandsflugi hlytu að lenda upp fyrir 20 þús. kr. við álagningu virðisaukaskatts, en þau gera gott betur. Það er t.d. þannig að það verður 1.230 kr. hækkun á fargjaldi til Akureyrar fram og til baka á venjulegu fargjaldi og, hæstv. samgrh., það geta ekki allir ferðast á apex. Ég geri a.m.k. ekki ráð fyrir að hæstv. samgrh. hafi farið mikið á apex-fargjöldum milli staða. Fargjaldið til Egilsstaða hækkar um 1.644 kr., fer í 18.414 kr. fram og til baka og munar orðið um minna. Þetta er lengsta beina flugleiðin án millilendingar innan lands. Og Grímseyingar sem ætla til Reykjavíkur, við skulum segja að leita sér lækninga — nú eiga Grímseyingar ekki mikið af bílum af vissum ástæðum og eiga ekki annan kost fyrir utan skipsferðir sem eru einu sinni eða tvisvar í viku, en að taka flug. (**Samgrh.:** Það er verið að laga göturnar í Grímsey.) Þar eru að vísu batnandi götur, en það liggur engin gata þar að Landspítalanum, hæstv. ráðherra. Grímseyingar þurfa að borga 18.282 kr. eftir þetta til að komast til Reykjavíkur. Það er 1.632 kr. skattur á hvert fargjald fram og til baka sem þarna kemur á. Er þetta skynsamlegur skattstofn?

Við skulum hugsa okkur að það gerðist nú einhvern tíma að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson þyrfti að fara frá Reykjavík austur á Breiðdalsvík, að hann þyrfti að sinna þar t.d. embættisskyldum um helgi eða enn betra að hann væri í einkaerindum og ætlaði að borga fargjaldið sjálfur. Hvernig lítur dæmið þá út? Það hækkar um 1.966 kr., tæpar 2 þús. kr. og fer í, flug frá Reykjavík um Egilsstaði til Breiðdalsvíkur, 21.956 kr., tæpar 22 þús. kr. Og ég segi alveg eins og er, ofan á svona fargjöld, eins og þau eru fyrir, á ekki að leggja skatta. Þau eru meira en nógu dýr fyrir. Þegar svo er komið að það kostar orðið meira fyrir einstakling að komast milli tveggja staða með þessum hætti hér innan lands heldur en margra daga lystireisur í útlöndum, þá er orðið eitthvað að. Ef Reykvíkingur fer í helgarferð til Dyflinnar eða eitthvað því um líkt og getur ekið á sínum einkabíl suður í Keflavík og eytt í það 200–300 kr. í bensín, þá standa honum til boða alls konar tilboð alveg niður í 15, 17, 18 þús. kr., að frílista sig í 4 daga þess vegna í erlendum stórborgum. Þó við förum í 20 eða 22 þús. eða 25 þús., hvað það nú er. En ótrúlega lágar tölur hefur maður séð í þessu alveg nýlega.

Auðvitað er það ekkert skrýtið þó innanlandsflug á Íslandi sé dýrt. Þetta er stórt land, fámenn þjóð, erfið-

ar aðstæður og það kostar mikið að byggja hér upp nútímalegar samgöngur. Það er reyndar mín skoðun, eftir að hafa kynnst þeim málum nokkuð, að það sé í raun og veru kraftaverk hversu þróaðar innanlandssamgöngur við Íslendingar búum við og ekki síst í flugi og nokkurn veginn án ríkisstyrkja. Ástæðan er tvíþætt að mínu mati: Hún er annars vegar dugnaður og hæfni þeirra sem hafa staðið í þessum rekstri og spjarað sig ótrúlega vel við erfiðar aðstæður og hins vegar sú að landsmenn borga mjög mikið fyrir þessa þjónustu. Fargjöldin eru dýr. Þetta kostar á við það að fljúga þvert yfir meginlönd sums staðar erlendis og það er svo sem ekkert mjög skrýtið. En ef við berum okkur t.d. saman við Noreg og Norður-Noreg og Mið-Noreg og norðurkollusvæðið sem stundum er kallað, flugsamgöngur þvert á Norðurlöndin, Noreg, Svíþjóð, Finnland, þá er þeim haldið uppi með miklum ríkisstyrkjum og þykir ekki tiltökumál og fyrir því eru ærin rök, segja frændur vorir að halda uppi þessum samgöngum. Það er réttlætismál gagnvart því fólki sem þarna býr, það er öryggisatriði o.s.frv. og allt á þetta við hér og jafnvel með tvöföldum þunga.

Flugið gegnir alveg gífurlega þýðingarmiklu öryggishlutverki. Það er nánast óaðskiljanlegur hluti af okkar heilsugæslu og okkar heilbrigðismálum, eins og sést m.a. á því að skýrsluhöfundar á vegum heilbrrn. telja samgöngurnar og þá ekki síst flugið svo gott að það sé meira og minna hægt að leggja niður öll sjúkrahús á landsbyggðinni. En til þess þurfa menn að hafa þetta flug og það er ekkert sjálfgefið. Sérstaklega er það ekki sjálfgefið að landsbyggðarflugfélögin, svæðisflugfélögin, hafi yfirleitt tilverugrundvöll ef af þessari skattlagningu verður og ekkert verður gert af hálfu stjórnvalda til að mæta þeirra stöðu. Það er ekki sjálfgefið. Þau eiga öll við mjög erfiðan rekstur að stríða og staðreyndin er sú að þau þeirra sem ekki hafa tapað fé í stórum stíl á undanförnum árum hafa þá fyrst og fremst getað borið þennan rekstur uppi með tekjum sem aflað er annars staðar frá, þ.e. með leiguverkefnum erlendis. Þannig er það nú. Og það er auðvitað alveg borðleggjandi að svona áfall getur orðið verulegt högg á þessa þjónustu, leitt til þess að áætlunarflug á fjölmarga staði fellur niður og það fólk sem þar býr verður þá af þessum samgöngum og býr við skert öryggi í heilbrigðismálum o.s.frv.

Þetta er, hæstv. forseti, með öllu óþolandi, að menn skulu ætla að fara svona að ráði sínu hér á þinginu. Það verður sögulegt nafnakall, leyfi ég mér að segja, þegar þeir stjórnarliðar, landsbyggðarþingmenn ríkisstjórnarinnar, styðja þennan skatt í verki ef til þess kemur hér á Alþingi.

Ég vil auðvitað beina máli mínu til fleiri en þeirra. (Gripið fram í.) Já, en þeir fá tækifæri til þess, hv. þm., að tjá hug sinn þegar bornar verða fram tillögur um að fella þennan skatt niður.

Ég vil auðvitað beina máli mínu til allra þingmanna hvar sem þeir búa. Og þó hv. þm. Eggert Haukdal, sem hér gengur í salinn, sé af Suðurlandi og það sé ekki mikið flug þar í sjálfu sér, ekki innan fjórðungs alla vega nema þá til Vestmannaeyja — ég beini máli mínu ekkert síður til hans eða rétt hugsandi manna hér á höfuðborgarsvæðinu. Finnst mönnum virkilega einhver hemja að gera þetta? Ég trúi því illa.

Ég bendi á að þetta kemur auðvitað þvert á þá viðleitni sem verið hefur í gangi, að landsbyggðin geti orðið, ef svo má segja, fullgildari þátttakandi t.d. í uppbyggingu ferðaþjónustunnar. Landsbyggðin er mjög háð fluginu um að fóðra til sín ferðamenn og uppbygging eins og í Hornafirði, Þingeyjarsýslum og víðar er auðvitað algerlega háð því að byggðarlögin séu í góðu sambandi og það sé sæmilega viðráðanlegt að ferja ferðamennina til innan svæða og oft með flugi eða þá áætlunarbílum sem hér á að leggja á skatt.

Hæstv. forseti. Ég vil trúa því í lengstu lög að menn nái saman á þinginu um að falla frá þessum áformum. Það er ekki nokkur vandi að mínu mati að finna tekjuöflun, ef málið snýst eingöngu um það, sem kemur í staðinn fyrir þessa skattlagningu á almenningssamgöngurnar og þá fellur hún niður og öllum til góða, jafnt hér á höfuðborgarsvæðinu sem úti á landi. En að skilja þetta mál eftir svona, að bakka þessu að verulegu leyti hér á samgöngunum á höfuðborgarsvæðinu, sem er gott, en skilja það eftir á landsbyggðarsamgöngunum er ekki hægt. Það er bara ekki hægt og getur ekki verið að slíkt eigi eftir að gerast hér.

Ég hafði, hæstv. forseti, ætlað að nefna líka skerðingu vaxtabótanna og var búinn að biðja um að hæstv. félmrh. yrði einhvers staðar nálægur, ef kostur væri. Ég veit ekki hvort ég fer að lengja tímann með því að gera mikla rellu út af því eða bíða eftir því. Ég hef svo sem áður rætt við hæstv. félmrh. um það mál. Það er eins og kunnugt er þannig að nú er að koma til framkvæmda, ef ekki verður breyting á, sú skerðing vaxtabóta sem ríkisstjórnin ákvað í fyrra upp á 400 millj. kr. sem er mikil skerðing eða væntanlega milli fjórðungur og fimmtungur af greiddum vaxtabótum. Ef ég man rétt er sú stærð einhvers staðar á bilinu 2–3 milljarðar og það er alveg óskaplega dapurlegt að hæstv. ríkisstjórn skuli ætla að halda þessum áformum til streitu. Nú liggja fyrir ýmsar upplýsingar til viðbótar um að þessi hópur, húsbyggjendurnir, er síst aflögufær.

Hér er svo á ferðinni í frv. tilraun til þess að lagfæra ofurlítið þessa skerðingu eða breyta því hvernig hún kemur niður við einstaka hópa. Ég verð að segja að eftir að hafa skoðað þá útfærslu lítillega, eða ekki mjög vel alla vega sökum tímaleysis, þá tel ég að ég gæti út af fyrir sig sagt að það sé illskárri útfærsla heldur en sú sem fyrir er, sem er tiltölulega flöt, en ég tel þó að það sé nauðsynlegt að skoða það mál miklu betur. Og þar sem breytingarnar eiga ekki að koma til framkvæmda fyrr en 1995, þá hefði ég talið að æskilegast væri að því yrði frestað að lögfesta þessa breytingu. Vaxtaskerðingin yrði felld niður, vaxtabótakerfið gilti óbreytt á næsta ári og við tækjum okkur tíma í að skoða það hvernig má e.t.v. lagfæra þetta og hugsanlega skerpa tekjutengingu, t.d. í vaxtabótakerfinu, þannig að einhver sparnaður náist þar. Ég ætla út af fyrir sig ekkert að útiloka að um eitthvað slíkt gæti orðið samkomulag, en ég bendi þó á að það er afar viðkvæmt að hreyfa við þessu vegna þess að fólki hef-

ur verið lofað þessum bótum. Menn hafa keypt sér íbúð eða byggt sín hús í trausti þess að ríkisvaldið mundi ekki koma í bakið á þeim og kippa til baka þeim stuðningi sem lögfestur hefur verið í skattamálum gagnvart húsbyggjendum. (**Gripið fram í:** Menn fá lánað út á ...) Menn fá lánað út á vaxtabæturnar vegna þess að þær koma inn í greiðslumat Húsnæðisstofnunar og hæstv. félmrh. hefur ekki gert svo lítið með greiðslumatið sitt á undanförnum árum, hvílík framför væri nú að verða í húsnæðismálum að nú færu allir í gegnum þetta fína greiðslumat og fengju svo ekki lán nema að því marki sem þeir væru borgunarmenn fyrir. Inn í það mat hafa sem sagt vaxtabæturnar komið.

Nú hefur hvort tveggja gerst, að kaupmátturinn hefur fallið, launin hafa lækkað og svo er ríkið að skerða vaxtabæturnar. Og það hlýtur auðvitað að gefa auga leið hvernig þetta tvennt endar, með miklum greiðsluerfiðleikum, a.m.k. þeirra hópa sem tóku lán að fullu miðað við sitt greiðsluþol. En það gera auðvitað því miður langflestir, eins og við vitum. Svo er búið að hækka vextina og breyta þarna ýmsu öðru sem kunnugt er og allt ber það að sama brunni að það eru að verða fáar fjaðrir eftir á hæstv. félmrh. þegar farið er yfir þetta. Hæstv. ráðherranum sem stóð hér fyrir nokkrum árum síðan og sagði við okkur, alheilagur í framan: Það verða aldrei nein afföll á húsbréfum, þetta er þannig kerfi, svo fínt kerfi frá hinum Norðurlöndunum. Ríkistryggð bréf, verðtryggð með 6% vöxtum, það eru aldrei nein afföll á þeim. Hvað gerðist? Afföllin fóru upp í 24%. Þegar verst lét vantaði fjórðu hverja krónu þegar menn fóru með bréfin sín og seldu þau. En menn skulduðu það eftir sem áður. Ætli þessu fólki þyki nú ekki að það sé nógu grátt leikið fyrir þó að það komi svo ekki að því að ríkisstjórnin læðist aftan að því og skerði vaxtabætur.

Ég verð að segja alveg eins og er að mér þætti mjög blóðugt ef ég hefði verið að kaupa mér íbúð fyrir tveimur árum síðan, ég hefði tekið húsbréfalán upp á 4 millj., en ég hefði bara fengið þrjár. Ég skuldaði hins vegar 4, en ég fékk aldrei nema 3 millj. — ef svo hefði verið. Ég þekki mörg dæmi um svona. Ég þekki bónda norður í landi, í Skagafirði, sem byggði hús fyrir tveimur eða þremur árum síðan og hann kunni ekki mikið á þetta kerfi. Hann fór að afla sér upplýsinga um þetta og honum var sagt að þetta væri nú fínt. Nú færi hann í greiðslumat og hvað hefurðu mikinn fullvirðisrétt, góði, hvað er mikið innlagt hjá þér og hvað hefurðu miklar tekjur og þetta var allt saman reiknað út. Vaxtabæturnar hennar Jóhönnu teknar inn í þetta og svo kom salomonsdómurinn. Þú mátt skulda 4,2 millj. Bóndanum sýndist að hann gæti komið upp húskofa með þessari aðstoð, 4,2 millj. húsbréf, en hann fékk 3 þegar afföllin, lántökugjöldin, kostnaðurinn og allt dótið hafði verið dregið frá. Hann hafði 3 millj. með sér heim í vasanum til að kaupa timbur, sement o.s.frv., en hann skuldar 4,2. Hann er með 6% vexti af þessum húsbréfum og nú ætlar hæstv. ríkisstjórn að lækka vaxtabæturnar til hans og kippa þannig m.a. undan honum grundvellinum og greiðslumatinu sem hann gekk í gegnum, vegna þess að það gerði ráð fyrir þessum vaxtabótum óskertum, enda lágu fyrir alveg skýlaus loforð stjórnvalda um að þær yrðu ekki skertar. Og það er hægt að fara hér í þingtíðindin ef menn trúa því ekki, að hæstv. núv. félmrh., hæstv. ráðherra Jóhanna Sigurðardóttir, marglofaði því hér að það yrði ekki hróflað við vaxtabótunum, ekki síst í tengslum við ákvarðanir um að hækka vexti þegar ríkisstjórnin var að því hér á árunum.

Þetta er auðvitað mikil óhæfa, hæstv. forseti, og það er ömurlegt til þess að vita að þetta sama fórnarlamb, húsbyggjandinn, er búinn að verða fyrir sams konar hlutum í raun og veru trekk í trekk á undanförnum árum.

Það er búið að tala mikið um misgengið, ekki satt, og það er auðvitað margt af því rétt sem sagt hefur verið um það óréttlæti sem í því fólst þegar skuldsett fólk með vísitölubundin lán varð svo fyrir því að launavísitölunni var kippt úr sambandi en lánskjaravísitölunni ekki. Það skapaðist í mikilli verðbólgu á þeim tíma, 1983, 1984, 1985, hrikalegt misgengi milli fjárskuldbindinga fólksins annars vegar og launanna hins vegar. Þetta er hinn svonefndi misgengishópur eða misgengiskynslóð. (**Gripið fram í:** Var það ekki Framsókn sem stjórnaði?) Mig minnir að Framsfl. hafi verið í stjórn, jú, það er rétt og átt kannski félmrh. þá. Nú er í raun og veru verið að búa til nýja misgengiskynslóð. Þetta er ekkert skárri framkoma af hálfu stjórnvalda, ekki nokkurn skapaðan hlut og í raun og veru verri að sumu leyti.

Mönnum gefst kostur á því, hæstv. forseti, að tjá hug sinn í atkvæðagreiðslum um þetta mál þegar frv. kemur hér til afgreiðslu því að við leggjum til að það verði horfið frá þessu ráði og ekki skertar vaxtabæturnar með þeim hætti sem ríkisstjórnin leggur til.

Hæstv. forseti. Ég vil svo að lokum nefna þær brtt. sem ég hef flutt og koma fram á bls. 4 í mínu nefndaráliti. Ég hef eins og kunnugt er gert grein fyrir því að við styðjum upptöku lægra skattþreps á matvæli, en við teljum skynsamlegt að gera frekari lagfæringar og viðbótarbreytingar á skattakerfinu til þess að ná fram betri tekjujöfnun og ná fram auknum kaupmætti þeirra sem lakast standa að vígi í þessu sambandi og það gerum við m.a. með því að leggja til nokkra hækkun á persónufrádrætti eða um 400 kr. á mánuði. Það þýða 4.800 kr. á ári og persónufrádrátturinn verður þá 287.064 kr. miðað við skattvísitölu gildandi tekjuskattslaga sem þýðir að raungildi nálægt 292 þús. kr. á næsta ári. Þetta gerir ekki betur en koma skattleysismörkunum rétt yfir 58 þús. kr. og auðvitað kinokar maður sér við að sýna slíkar tillögur, en þetta er þó þúsund krónum meira en ríkisstjórnin ætlar að hafa það á næsta ári og það munar um þessar krónur fyrir þá sem í hlut eiga. Við leggjum til að þetta verði að hluta til fjármagnað með því að tekjuskattur fyrirtækja haldist óbreyttur á árinu 1994. Ég hef þegar farið yfir það að ég tel að það sé ekki mjög skynsamleg ráðstöfun að lækka tekjuskatt þeirra fyrirtækja sem hafa það góða afkomu að þau hagnist einmitt við núverandi aðstæður og velta þeirri skattbyrði yfir á láglaunafólk. Það er ekki nein hemja.

Við leggjum til að fallið verði frá því — eða ég legg til í mínum brtt. fyrir hönd Alþb. að fallið verði frá því að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga innan lands og þjónustu ferðaskrifstofa. Þessi breyting kostar ríkissjóð um 250 millj. kr. og við munum styðja þá brtt. að virðisaukaskatturinn verði felldur af ferðaþjónustunni í heild, en flytjum til vara þessa tillögu sem snýr að fólksflutningunum einum.

Við leggjum jafnframt til að horfið verði að nýju frá því að leggja virðisaukaskatt á íslenskar bækur, bókaskatturinn verði felldur niður, og við munum halda áfram að berjast fyrir því að menningunni verði hlíft með þessari skattlagningu. Þessi breyting mun kosta ríkissjóð eitthvað um 300 millj.

Ég hef þegar gert grein fyrir því að við leggjum til nokkra frestun á gildistöku upptöku lægra skattþreps í virðisaukaskatti á mat eða eitt uppgjörstímabil þannig að gildistakan verði 1. mars en ekki 1. jan. Þessi frestun mun spara ríkissjóði útgjöld upp á um 500 millj., en á móti koma auknar niðurgreiðslur sem mundu haldast það tímabil sem hér um ræðir.

Loks er lagt til í brtt. okkar alþýðubandalagsmanna að hátekjuskattþrepið sem er í sérstökum lögum þar um, tímabundið hátekjuskattþrep, verði 8% á næsta ári í staðinn fyrir 5%. Með því má afla ríkissjóði 250–300 millj. kr. Í þessum tillögum felst tekjuöflun upp á 1–1,1 milljarð og útgjöld upp á um 1.300 millj. Þann mun sem þarna er má auðveldlega brúa og það má til að mynda vísa í eitthvað batnandi afkomu ríkissjóðs vegna eilítið bjartsýnni þjóðhagsforsenda heldur en gengið var út frá þegar fjárlagafrv. var lagt fram og þessar tillögur unnar.

Við erum svo, hæstv. forseti, þeirrar skoðunar að gagnger endurskoðun á skattkerfinu sé nauðsynleg og óhjákvæmileg. Ég hef fengið frá Þjóðhagsstofnun lauslega útreikninga á tekjujöfnunaráhrifum þessara breytinga sem ég hef lagt til. Að vísu vantar þar mat á tekjujöfnunaráhrifum pakkans í heild sinni, en það er þó upplýst að breytingarnar á persónufrádrættinum eða hækkun hans hefur þau áhrif að skattbyrði lágmarksteknanna eða skattleysi þeirra sem eru við skattleysismörkin, með 60 þús. á mánuði, þetta mundi þýða auknar ráðstöfunartekjur slíkra hópa upp á tæpt 1%. Ráðstöfunartekjur þeirra sem væru með um 150 þús. kr. á mánuði mundu aukast um 0,4% og þegar tekjur fara fram úr 213.500 kr. á mánuði þá hverfur þessi bati, þá hefur hækkun hátekjuskattsins étið upp hækkun persónufrádráttarins. Sem sagt, skurðpunkturinn er þar við liðlega 200 þús. kr. mánaðartekjur og við þá dreifingu er ég alls ekki ósáttur. Ég held að það sé í raun og veru auðvelt að rökstyðja það að með þessum brtt. fæst prýðilegur tekjujöfnunarsvipur á þessar breytingar í heild sinni. Aðferðin er í raun og veru ósköp einföld. Lækkun matarskatts og hækkun persónufrádráttar bætir kjör þeirra sem eru allt frá lágmarkslaunum og allra þeirra sem þurfa að lifa í þjóðfélaginu, liggur mér við að segja, og upp að rúmlega 200 þús. kr., en þeirra sem hafa tekjur þar fyrir ofan þá færir hækkun hátekjuskattsins þann bata til baka. Með öðrum orðum, út úr þessari uppstillingu koma mjög skörp tekjujöfnunaráhrif þegar saman leggjast tekjujöfnunaráhrif af lægri matarskatti og hærri persónufrádrætti og aftur á móti hátekjuskatti. Þannig að það er ekki vandamál, hæstv. forseti, í mínum huga, að vilji menn hafa tekjujöfnunaráhrif skattkerfisins í heild eða þessa pakka sem nú er til umræðu hér á Alþingi einhver önnur en þau eru, þá eru auðvitað til handhæg tæki til að ná þeim árangri fram.

Ég held svo, hæstv. forseti, að ég fari að setja hér amen á eftir efninu. Það er alveg ljóst í mínum huga að það er mikil þörf orðin á því að framkvæma mjög gagngera endurskoðun á íslenska skattkerfinu. Ég held að fyrsta skrefið í þeirri endurskoðun eigi að vera viðamikil upplýsingasöfnun um dreifingu neyslunnar, um tekjudreifinguna, um afkomu fjölskyldnanna í landinu í raun og veru í smáu sem stóru. Það er ekki nógu gott að við skulum byggja þær upplýsingar sem við höfum í þessum efnum á þriggja ára gamalli neyslukönnun, neyslu sem fór fram við talsvert annað kaupmáttarstig og talsvert aðrar aðstæður, m.a. var þá atvinnuleysið ekki komið til sögunnar með sama hætti og nú er, heldur en nú á sér stað. Og við þurfum að leggja til grundvallar rækilegri endurskoðun á skattkerfinu, slíkar upplýsingar. Það þarf að safna sambærilegra upplýsinga um fyrirtækin og það á að endurskoða skattbyrðishlutföll milli einstaklinga og fyrirtækja og atvinnulífs. Og það á að sjálfsögðu að leggja skatt á fjármagnstekjur og láta þá sem hærri hafa tekjurnar borga meira en þeir gera í dag. Íslenski skattstiginn er allt of flatur og það er auðvitað óheyrilegt að skattbyrðin skuli hafa þyngst með þeim hætti sem ég hef gert grein fyrir hjá fólki sem er með tekjur á bilinu frá 57 þús. og upp í 75 þús. kr. á mánuði, en það er sá hópur sem hefur færst upp fyrir skattleysismörkin síðan staðgreiðslukerfi skatta var tekið upp. Framreiknuð skattfrelsismörkin frá þeim tíma eru 75 þús. á mánuði en samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar verða þau 57.064 kr. á næsta ári. Það gengur ekki.

Við alþýðubandalagsmenn leggjum þess vegna til að í slíka gagngera endurskoðun verði farið. Hún verður væntanlega ekki framkvæmd fyrr en ný ríkisstjórn hefur tekið við völdum á Íslandi. Það er auðvitað alveg ljóst að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur beðið algert skipbrot. Efnahags- og ríkisfjármálastefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar er hrunin. Ríkisstjórnin sem ætlaði að skila hallalausum fjárlögum á þessu ári og afgangi á hinu næsta, sýnir nú meiri halla í fjárlagafrv. heldur en nokkurn tíma fyrr hefur verið gert á Íslandi eða 10 milljarða strax við framlagningu frv. Þetta er uppgjöf, þetta er hrun.

Það sem er langverst í þessu sambandi er það að að svo miklu leyti sem ríkisstjórnin hefur ekki ýtt vandanum á undan sér, þá hefur hún gert eitt og aðeins eitt. Hún hefur fært skattbyrðina yfir á einstaklinga. Það er í raun og veru eina stóra breytingin sem átt hefur sér stað í skattamálum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Að öðru leyti hefur hún ýtt vandanum á undan sér, eins og kunnugt er. Og ég verð að segja alveg eins og er að það kemur mér og hefur komið á óvart, eins og ég sagði fyrr í ræðu minni, að þeir hlutir sem þarna hafa

verið að gerast skuli ekki hafa vakið meiri athygli og meiri viðbrögð úti í þjóðfélaginu. Þessi skattlagning er auðvitað alveg óheyrileg. Á sama tíma og við stöndum frammi fyrir því að algeng húsaleiga er 35–40 þús. kr. á mánuði, að matvælaútgjöld fjölskyldna eru 40–50 þús. kr. á mánuði, þá leggjum við fullan skatt á laun yfir 57 þús. kr., jafnvel þó þar sé um að ræða einu fyrirvinnu fjölskyldu. Þetta gengur auðvitað ekki, þegar vísitölufjölskylda í einu landi þarf orðið til viðurkenndrar framfærslu langt á annað hundrað þús. kr. En það er samt lagður fullur skattur á laun af þessu tagi.

Ég vona, hæstv. forseti, að það sé enn tóm til þess að skoða vissa hluti hér í sambandi við afgreislu þessa máls. Fyrir mér er þar nú einna efst á blaði þessi fáránlega og fráleita skattlagning á samgöngurnar sem ég hef gert talsvert að umtalsefni og ég fyrir mitt leyti vil láta það koma fram að ég er reiðubúinn til þess að stuðla að því að um afmarkaða þætti málsins geti orðið samkomulag ef þess er nokkur kostur. Ég tel það skyldu mína þegar ég stend frammi fyrir ákvörðun af þessu tagi, sem ég veit og þekki af reynslu að getur haft mikil og alvarleg áhrif fyrir fjölmenna hópa úti í þjóðfélaginu, hvað sem það svo þýðir að öðru leyti og hvaða svipur sem er á því pólitískt að fara kannski að taka hér þátt í einhverju samsulli með hæstv. ríkisstjórn, jafnógeðfellda hluti og hún hefur í farteskinu að ýmsu leyti, þá get ég ekki samvisku minnar vegna annað en sagt það hér að ég er tilbúinn til að leggja mikið á mig ef hægt er að koma vitinu fyrir menn, þó það væri ekki nema í þessu eina atriði og láta nú ekki þá óhæfu ske hér rétt fyrir jólin eða jólahátíðina að þessi skattlagning gangi í gegn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fjórir þingmenn hafa óskað eftir að veita andsvar og verður forseti þá að stytta tímann í eina mínútu í hvert sinn.

[15:33]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. notaði mest af sínu púðri í umræður um Framsfl. og stefnu hans í virðisaukaskattsmálum. (**Gripið fram í:** Það eru líka mestu ...) Ég kem að hinum pólitísku tíðindum. Sá sem hér stendur hefur alla tíð barist fyrir því að innlend matvæli séu ódýrari og lægra skattlögð heldur en innflutt. Það gerði ég haustið 1989. Ég beygði mig fyrir þeim rökum að það væri illtæknilega framkvæmanlegt og samþykkti þá leið sem formaður og varaformaður Alþb. lögðu til að endurgreiða þetta niður í lægra þrep.

Ég vil einnig, virðulegi forseti, leyfa mér að lesa hér upp úr umsögn Þjóðhagsstofnunar um tillögu 2. minni hluta. Þar segir svo, með leyfi forseta: „Umræddar tillögur hafa með ýmsum hætti áhrif á kaupmátt. Þannig hefur minni verðbólga í för með sér aukinn kaupmátt og í sömu átt ganga að sjálfsögðu hækkanir bóta. Á móti vegur hins vegar að skattar á eignir eru hækkaðir. Í tillögunum felast því tilfærslur í skattlagningu á þá leið að kaupmáttur launa og hvers konar bóta eykst nokkuð en ráðstöfunartekjur eignamanna minnka."

Þetta eru þær tillögur sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hamast á móti.

[15:35]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. hafi farið öfugu megin fram úr. Í fyrsta lagi eyddi ég ekki miklum tíma í Framsfl. og stefnu hans. Ég fór hins vegar dálítið yfir þau sögulegu tíðindi sem hér væru að verða, nefndi Framsfl., Alþfl. og ýmislegt fleira í því sambandi og lái mér hver sem vill. Staðreyndin er ósköp einfaldlega sú að Alþb. og Framsfl. hafa hér orðið viðskila, hafa mismunandi afstöðu til þessa máls, og þá er auðvitað ekkert annað en taka því eins og það er og ræða það. Ég sé ekki að það sé neitt öðruvísi þótt það geríst endrum og sinnum að stjórnarandstöðuflokkar verði ósammála heldur en iðulega er að stjórn og stjórnarandstaða deilir.

Hitt er alrangt hjá hv. þm. að ég hafi eytt tíma í það að tala gegn tillögum 2. minni hluta. Ég held að ég hafi þvert á móti tekið það fram á nokkrum stöðum og það kemur fram í nefndarálitinu að við styðjum ýmsar þeirra. Ég er alveg hjartanlega sammála því og tilbúinn til að segja það að þær tillögur sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur unnið og 2. minni hluti leggur fram, eru miklu betri útfærsla á þessum málum heldur en sú sem stjórnin ætlar að gera. (**FI:** Þið bjargið þessu í gegn.) Hv. þm., ég legg bara til aðra hluti og þeir eru líka góðir og betri að mínu mati og geta menn ekki rætt hlutina á þeim forsendum?

[15:36]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er ekki viðkvæmt hjá framsóknarmönnum. Við erum vissir um að við stöndum hér með gott mál í höndunum. Við erum með heildstæðar tillögur sem miða að því að ná sama árangri í tekjujöfnun, betri árangri hvað snertir verðlagsþróun og mun betri árangri hvað snertir stöðu ríkissjóðs og þær eru heildstæðar og menn velja ekkert út úr og ákveða: Við ætlum að styðja þetta en ekki hitt.

Hin pólitísku tíðindi hér í dag eru væntanlega þau og kannski hin sögulegu tíðindi, svo maður taki sér nú í munn frasa sem er mjög vinsæll hjá formanni Alþb., hin pólitísku tíðindi eru þau að það stefnir allt í það að allt heila „skattabix" ríkisstjórnarinnar fari í gegn hér fyrir jól fyrir tilverknað Alþb.

[15:37]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. hafi ekki athugað orð sín nógu vel þegar hann segir að það gangi ekki að styðja sumar af tillögum 2. minni hluta og aðrar ekki. Ég nefni t.d. tillögur sem lúta að vaxtabótunum. Það er algerlega sjálfstætt mál. Ég sá ekki ástæðu til þess að fara að flytja sambærilegar brtt. þar, svo að dæmi sé tekið.

Varðandi það að þó að Alþb. sé trútt sinni stefnu í skattamálum í grundvallaratriðum, þar með séum við að verða einhverjir sérstakir verkamenn ríkisstjórnarinnar, þá eru það ekki frambærileg rök, hv. þm. Eða

eru sinnaskipti Framsfl. ekki af efnislegum ástæðum? Eru þau bara til þess að vera á móti ríkisstjórninni? Vonandi er hv. þm. ekki að játa það upp á sig.

[15:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vekur áreiðanlega mesta athygli í umræðunum hér í dag, þessar deilur Alþb. og Framsfl. Ég ætla að leiða þær hjá mér að sinni, en það eru staðhæfingar sem komu fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns sem reka mig hingað í stólinn. Í fyrsta lagi virðist hv. þm. vera nokkuð viðkvæmur fyrir samanburði á skattahækkunum þessarar ríkisstjórnar og þeirrar fyrri og hann sagði, að sú ríkisstjórn sem nú situr hefði ekki lækkað skatta. Ég vil minna hann á að jöfnunargjaldið sem var hækkað í tíð fyrri ríkisstjórnar var aflagt nú og ég vil einnig minna á að það er verið að lækka skatt stórkostlega núna og gjaldeyrisskatturinn var lækkaður á sínum tíma.

Loks sagði hv. þm. að kaupmáttur ráðstöfunartekna hefði lækkað jafnmikið 1988–1991 og 1991–1994 og það er alveg hárrétt. Það er sama lækkun ráðstöfunartekna sem á sér stað þessi ár, en munurinn er sá að kaupmáttur þjóðarteknanna lækkaði um 2,5% á mann 1988–1991, en um 10% 1991–1994. Með öðrum orðum, kaupmáttur ráðstöfunartekna hefur nú á tíma þessarar ríkisstjórnar lækkað jafnmikið og kaupmáttur þjóðartekna á mann, en hjá fyrri ríkisstjórn lækkaði kaupmáttur ráðstöfunartekna fjórum sinnum meira en kaupmáttur þjóðartekna á mann. Þetta eru staðreyndir sem ég vildi koma til skila, en það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að hið háa kaupmáttarstig 1987 á auðvitað þátt í þessu. En það þarf að halda öllum tölum til haga til þess að samanburður komist réttur út úr þessari mynd.

[15:40]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé í sjálfu sér ekki ágreiningur milli okkar fjmrh. um meðferð þessara talna, enda getur það varla verið. Það eina sem skiptir máli þegar menn fara yfir þessi bil er hvar menn velja upphafspunkt og lokapunkt. Og það er náttúrlega hefðbundin íþrótt þegar stjórnarskipti eru, hvorri stjórninni hvort ár tilheyrir. Það skiptir máli í þessum samanburði hvort árið 1988 eða 1989 er valið sem upphafspunktur fyrir fyrri ríkisstjórn, hvort árið 1991 tilheyrir fyrri eða núv. ríkisstjórn o.s.frv. En þessar tölur standa svona. Ég deili heldur ekki um það við fjmrh. að kaupmáttarfallið núna er nær því að falla saman við samdrátt þjóðartekna heldur en það gerði á þessu tímabili, en ef við tækjum svo aftur lengra tímabil inn í og toppana fyrir tíð fyrri ríkisstjórnar, þ.e. á árunum 1987 og 1988, þá verður samanburðurinn aftur öðruvísi.

Um skattahækkanirnar, þá er það ekkert viðkvæmt mál. Ég er bara þakklátur hæstv. fjmrh. fyrir að viðurkenna það að hann viðheldur og bætir ofan á hæsta skattstig í sögunni.

[15:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar hv. þm. segir að við viðhöldum sköttunum og bætum við, þá er það svo að fyrri ríkisstjórn hækkaði skatta, þegar það tekur heilt ár, um 10,6 milljarða eða þar um bil á meðan sú ríkisstjórn sem nú situr hækkar skatta á jafnlöngu tímabili um einn milljarð. En það eru ekki bara skattarnir sem segja söguna. Við skulum líta á útgjöldin.

Hjá fyrri ríkisstjórn fór skattahækkunin í ný útgjöld. Hjá þessari ríkisstjórn hefur verið reynt að draga úr útgjöldunum því að allir vita að útgjaldatilefnin eru alls staðar í hinum opinbera rekstri. Okkur hefur tekist það mjög vel þegar tekið er tillit til þess að veltusamdrátturinn er svo mikill og það lýsir sér kannski best með því að ef við hefðum haft árferðið 1991 núna, þá mundu tekjurnar skila í ríkissjóð líklega um 7 milljörðum meira heldur en gert er ráð fyrir að komi nú. Í þessu liggur munurinn, því að allir vita að útgjöldin og hallinn er það sem máli skiptir, því að halli á ríkissjóði í dag myndar að sjálfsögu skuldir sem þarf að greiða með sköttum á morgun.

[15:43]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ekkert svigrúm til að fara út í ráðstöfun ríkisútgjalda og viðamikla umræðu um þetta. Hitt er auðvitað ljóst, og hæstv. fjmrh. veit það, að hér er að nokkru leyti skollaleikur á ferðinni vegna þess að hæstv. ríkisstjórn hefur dulbúið talsvert af sköttum í formi hækkunar á ýmiss konar gjöldum sem ekki eru flokkuð sem skattar í þessum skilningi. Og það er auðvitað ekki fyrr en þau kurl eru komin til grafar sem við fáum endanlegan og raunhæfan samanburð á þessu öllu saman. Samt er það svo að gagnrýni mín á hæstv. ríkisstjórn hefur ekki verið í raun hækkun skattanna heldur tilfærsla skattbyrðinnar, eins og ég vænti að hæstv. fjmrh. geti staðfest. Ég hef fyrst og fremst fjallað um og verið mikið umhugsunarefni þessi gífurlega tilfærsla skattbyrði yfir á almenning og ég viðurkenni að það eru ekki þær aðstæður í ríkisfjármálum á Íslandi að við getum talað af einhverju raunsæi um lækkun skatta. Auðvitað ekki. Það er ekki málið, heldur hitt hverjir bera skattana og hvernig byrðunum er dreift.

[15:44]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að deila efnislega í þessu andsvari við hv. 4. þm. Norðurl. e. Ég vildi hins vegar fullvissa hann um það vegna ummæla hans um formann Framsfl. sem nú er fjarverandi, en fylgist með þessari umræðu heima og hefur hlýtt á hans mál, að það er alger samstaða um þetta mál í þingflokki Framsfl., framsóknarmanna og formaður flokksins er líka sammála þessu. Mér finnst að hv. þm. eigi ekki að vera með einhverjar getsakir með þeim hætti sem hann gerði hér áðan. Ég vil benda á að þessi tillaga gerir ráð fyrir því að lögfesta með varanlegum hætti endur-

greiðslu á virðisaukaskatti á brýnustu matvæli. Síðan vil ég benda á að það er gert ráð fyrir aukningu bóta sem kemur láglaunafjölskyldum, barnmörgum fjölskyldum, sérstaklega til hagsbóta og jafnframt vil ég benda á að það verður tekinn upp skattur af fjármagni sem hefur lengi verið baráttumál Framsfl. Með þessum hætti sjáum við möguleika á að koma þessu á framfæri og í framkvæmd ef við fáum einhverju um það ráðið.

[15:45]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir þessar upplýsingar og í raun og veru var það nú svo að ég dró í sjálfu sér ekki í efa að um þetta mál væri samstaða í Framsfl. Ég fékk hér frammíkall þar sem nafn formanns Framsfl. bar á góma og ég játaði því þá eða viðurkenndi að mér hefði oft orðið hugsað til hans undanfarna daga. Annað var það nú ekki sem hann dróst inn í þessa umræðu.

Og svo efnislega um brtt. 2. minni hluta, þá hef ég þegar sagt að á þeim er á mjög margan hátt geðþekkur svipur. Að sjálfsögðu er það svo að með þeim ráðstöfunum sem þar eru lagðar til til hliðar við niðurgreiðslur á matvælum eins og hækkun barnabóta og öðru slíku, þá ná menn fram ágætis tekjujöfnunaráranangri. Ég viðurkenni það. Ég tel að hvorar tillögurnar sem heldur eru, 2. minni hluta og 3. minni hluta, hafi á sér mjög gott tekjujöfnunarsnið. Þær nálgast málið hins vegar að einu leyti frá mismunandi sjónarhóli og það er þetta, að í mínum tillögum er gert ráð fyrir að lækkun matvælanna verði í gegnum lægra skattþrep, en í tillögum hv. þm. og 2. minni hluta er gert ráð fyrir að það verði með niðurgreiðslum.

[15:47]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hefur hv. þm. Steingrímur Sigfússon flutt einhverja mestu lönguvitleysu í skattamálum án raunhæfra tillagna um nokkurn hlut. En hér hefur ríkisstjórnin eignast nýjan talsmann, það er það sem stendur upp úr eftir þessa ræðu, við að koma á vitlausasta skattkerfi í víðri veröld. Það sem þó hlægir mig mest er að skattsvikararnir eiga orðið nýjan bandamann í Alþb. sem heitir Steingrímur Sigfússon. Þeir hafa í dag 10 milljarða í neðanjarðarhagkerfinu og það er fullyrt að með þeirri breytingu sem ríkisstjórnin leggur til, þá muni þessir milljarðar aukast í viðbót. Ekki græða barnafjölskyldurnar á því að opna þessar leiðir frekar.

Hitt mun svo verða þakkað þessum hv. þm. af fólkinu sem ferðast með fluginu á Norðurl. e. og er í ferðaþjónustunni, að hann hefur hjálpað ríkisstjórninni og mun hjálpa henni hér fyrir jólin að koma virðisaukanum á þær greinar.

[15:48]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef skilningur framsóknarmanna á skattamálum er sambærilegur og þessa hv. þm. sem hér talaði, á minni ræðu, ef hann telur til að mynda að í henni hafi falist stuðningur við upptöku virðisaukaskatts á flugfargjöld, þá verður ekki mikið í þessu vandamáli gert. Þá er þetta bara svona. Þá er skilningur hv. þm. á hlutunum með þessum hætti og við því verður ekki gert. En að koma hér upp og gera mig að sérstökum talsmanni þess og ábyrgðarmanni þess að leggja virðisaukaskatt á innanlandsflugjöld, sem ég eyddi hér löngum tíma í að tala gegn, ég hélt af talsverðum þunga, það er harla sérkennilegt. Ef það er vitlausasta skattkerfi í heimi að hafa tvö þrep í virðisaukaskatti og lægra þrep fyrir matvæli, hvað var þá Framsfl. að samþykkja á landsfundi sínum fyrir ári síðan?

[15:49]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sá að brosið var gleitt á hæstv. fjmrh. hér undir ræðu hv. þm., því hann gerir sér auðvitað grein fyrir því að nú er þunginn að fara af honum og ríkisstjórnin kemur sínum málum fram. Framsfl. telur heppilegt við núverandi aðstæður, eftir að hafa farið mjög gaumgæfilega yfir þetta mál, að viðhalda því kerfi, um endurgreiðslu frá ríkinu, til að halda niðri verðinu á nauðsynjum heimilanna og það muni enn fremur gagnast íslenskum landbúnaði og afurðum framleiddum í þessu landi. Hin leiðin muni aftur á móti lækka meira innflutta vöru þannig að það kerfi sem við styðjum hér og höfum gaumgæft og skoðað, er íslensku barnafólki og heimilunum í landinu miklu hagfelldara þegar til framtíðarinnar er horft. Þetta vil ég að komi hér fram.

[15:50]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ósköp einfaldlega ekki sammála hv. þm. og hv. þm. verður að þola að uppi eru mismunandi skoðanir í þessum efnum. Stéttarsamband bænda er t.d. ekki sammála hv. þm. Það færir sannfærandi rök fyrir því að það sé varanlegra og traustara í sessi og heppilegra til lengri tíma litið að framkvæma þessa lækkun á matvælaverðinu með öðru skattþrepi og væntanlega verða þeir ekki sakaðir um að vera óhollir íslenskum bændum og íslenskri framleiðslu eða hvað? Þannig að hv. þm. verður bara að taka því eins og það er, að hann verður að fara um undirlendi Suðurlands og boða sína stefnu, m.a. í andstöðu við Stéttarsamband bænda.

Svo vil ég vekja athygli hv. þm. á því að hin hliðin á því að leggjast algerlega gegn upptöku virðisaukaskatts núna er væntanlega sú að Framsfl. ætlar að nota tækifærið ef hann kemst í stjórn og hækka skattinn aftur á matvöruinni, fella lægra skattþrep á virðisaukaskatt niður. Ég óska hv. þm. hjartanlega til hamingju með að eiga væntanlega í vændum framboð á Suðurlandi og samræður við sunnlenska bændur undir þessum formerkjum.

[15:51]

Frsm. 4. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort það boðar eitthvað, en hv. þm. Halldór Ásgrímsson talaði hér fyrst-

ur og talaði þá fram að matarhléi. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði næstur og talaði þá fram að kaffi. Er þá ætlast til þess af mér að ég tali fram að kvöldmatarhléi?

Forseti (SalÞ): Forseti ætlast ekki til þess.)

Nei, ég skal verða við þeim óskum forseta, enda stóð það ekki til.

Ég vil aðeins segja út af orðaskaki hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og fjmrh. vegna skattamála, að ég get auðvitað tekið undir með hv. þm. Ég er ekkert feiminn við að viðurkenna það að álögur á fólk hafa verið stórlega auknar. Hvort sem menn nota orðið skattur eða nota orðið gjöld þá er það sem kemur úr pyngju fólksins í landinu mælikvarðinn á það hvað álögurnar hafa þyngst mikið. Þannig að ég tek alveg undir það að skattþol hins almenna borgara er spennt í botn og það fyrir löngu síðan, enda sjáum við fréttir sem birtast í sjónvarpinu á þessum dögum. Til að mynda berast myndir frá mæðrastyrksnefnd þar sem ásóknin hefur aldrei verið meiri heldur en einmitt þessa dagana. Einhverjar skýringar eru á því. Það er vegna þess að staða fólks er miklu verri heldur en hún hefur verið um árabil. Það er einhver skýring á því sem fram kom á fundi þingmanna Reykjavíkur með borgarstjórn að það er hvorki meira né minna en 8% af íbúum Reykjavíkur sem þurfa að leita á náðir félagsmálastofnunar. Það segir okkur auðvitað sína sögu. Og það segir líka sína sögu, að skuldir heimilanna eru orðnar 120% af ráðstöfunartekjum. Þær eru komnir yfir 200 milljarða. Þetta hlýtur að segja okkur það að skattþolið er spennt til hins ýtrasta og fólk þolir ekki meira. Þær tilfærslur sem verið hafa frá fyrirtækjum yfir á einstaklinga eru löngu komnar í botn.

Það sem alvarlegra er er að nú er verið að snúa til baka. Nú er verið að færa aftur yfir á fyrirtækin. Það er gert í formi tryggingagjalds sem er núna hækkað og það er gert í formi hins nýja veltuskatts sem heitir markaðsgjald og ég vil kalla upphafið að nýju aðstöðugjaldi. Þannig að menn eru að fara til baka. Það er búið að velta yfir á einstaklingana, nú snúum við ofan af og förum til baka yfir á fyrirtækin. Þetta er sniðug brella, en hún er ekki skynsamleg.

Lokaorð hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar hér áðan voru þau að hann væri reiðubúinn til að beita sér fyrir því, á hvern þann hátt sem hægt væri, að hverfa frá því að leggja skatt á ferðaþjónustu og samgöngur. Undir það tek ég með hv. þm. og það var aðalástæðan fyrir því að ég gat ekki orðið samferða meiri hluta efh.- og viðskn., eins og fram kemur í áliti mínu.

Ég vil aðeins rifja upp að við 1. umr. sagði hv. formaður nefndarinnar að það mætti engu breyta í þessu máli, þetta væri allt niðurnjörvað og það yrði svona til málamynda til umræðu í hv. nefnd í 2–3 daga, ef ég man orðrétt hvernig hann tók til máls. Ég held að hugur hafi ekki alveg fylgt máli þarna því það bandalag sem formaður nefndarinnar og varaformaðurinn gerðu um þann sérstaka þátt frv. að breyta matarskattinum svokallaða var með eindæmum. Ég hef ekki upplifað annað eins síðan ég kom hér inn á þing 1987 og hef þó setið í þessari nefnd allan tímann. Ég hef aldrei upplifað annað eins bandalag og það má segja að öll umfjöllun í nefndinni hafi nánast verið um þennan eina þátt og hvernig væri hægt að vinda ofan af því, með ráðum og dáðum, þannig að menn voru jafnvel kallaðir inn aftur á síðustu stundu til þess að skoða brtt. frá minni hlutanum. Ég minnist þess aldrei að það hafi skeð, bara aldrei.

Ég hef heldur ekki setið undir þeim stóryrðum sem hafa verið inni í nefndinni um afstöðu þeirra sem höfðu aðra skoðun á málinu heldur en þessara tveggja. Það voru engin smáyrði, það voru gífuryrði. Það voru gífuryrði um hversu vitlaust þetta allt væri. Og hvernig gagnálykta menn þá út frá slíkum málflutningi? Jú, auðvitað í þá veru að skoðun hinna sé einskis virði, hún sé bara vitlaus. Ég er oft á öndverðum meiði við félaga mína og aðra, en ég virði þeirra skoðanir og ég nota ekki gífuryrði um þær. En ég get verið fastur fyrir á mínum skoðunum og það er akkúrat það sem er í þessu máli. Þetta er mál sem ég hef barist gegn allt frá því að ég kom hér inn og matarskatturinn svokallaði var settur á undir því nafni í það minnsta, og þar áttum við samleið, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Og við leyfðum okkur að láta fólk skilja það að við dinglum ekki eins og flagg eftir vindi eða eitthvað slíkt, eftir því hvernig vindar blása í þjóðfélaginu. Við segjum ekki eitt í dag og annað á morgun eins og Framsfl. gerir nú. Við leyfum okkur að halda okkar skoðunum, vera trúir okkar stefnu og um það á ekkert að hafa nein gífuryrði. Það er bara okkar skoðun og það er það sem við teljum rétt. En hvort Framsfl. berst gegn því að matarverð verði lækkað í landinu er hans mál og ef hann vill fara með það inn í sína kosningabaráttu að matarreikningur heimilanna í landinu megi ekki lækka, heldur komi með sína tillögu um eitt þrep, sem mun ekki valda þeirri lækkun sem tvö þrepin munu hafa, þá er það auðvitað hans mál. Og það eru gleðitíðindi fyrir sjálfstæðismenn því að við höfum orðið varir við það svolítið að undanförnu að Framsfl. hafi verið að auka fylgi sitt þó að það hafi aðeins dalað að undanförnu. En guð hjálpi þeim ef þeir ætla með þessa stefnu inn í kosningabaráttuna fyrir utan trúverðugleikann með sína samþykkt, sem ég mun vitna hér aðeins í á eftir.

Þessi vinnubrögð í nefndinni fannst mér svolítið sérstök. Ég hef alltaf álitið að menn væru að kalla eftir umsögnum, hvort sem þær eru skriflegar eða munnlegar, til þess að víkka sjóndeildarhringinn. Menn færu ekki með því hugarfari í nefnd að það mætti engu breyta. Ég hef alltaf litið þannig á að þetta væri til þess að víkka sjóndeildarhringinn og eftir að umsagnaraðilar hafa skilað sínum umsögnum, munnlegum eða skriflegum, þá mundu menn leggja mat á málið, þegar þeir eru búnir að sjá það frá öllum hliðum. Það virðist því miður ekki vera svo.

Það hefur ítrekað komið fram í nefndinni að ASÍ og VSÍ séu búin að ákveða þetta mál og ríkisstjórn að sjálfsögðu. Ég hef aldrei afhent ASÍ eða VSÍ mitt atkvæði hér á þingi, aldrei og mun aldrei gera. Ef kjarasamningarnir hefðu hins vegar verið bornir undir þingflokk áður en þeir voru samþykktir, þá hefði maður að

sjálfsögðu verið bundinn af því. En úr því að það var ekki gert, þá er engan veginn hægt, alla vega vil ég ekki framselja atkvæði mitt í hendur þessara manna.

Nú er komið svo langt að í annarri hv. nefnd, sem ég á sæti í, er vitnað til þess að meira að segja biskup sé búinn að samþykkja eitthvað. Maður spyr sig bara: Hvert er löggjafarvaldið að fara? Er það að yfirgefa þennan sal? Er það alfarið að fara yfir til ASÍ og VSÍ, biskups eða bara KSÍ? Hvar endar löggjafarvaldið? Ég mótmæli svona afstöðu manna sem fram hefur komið og afsali á sínu atkvæði og láta það koma fram við gesti inni í hv. nefnd að þeir hafi bara engin tök á málinu, þetta sé bara farsi sem þurfi að klára. Mér finnst þetta ekki boðleg vinnubrögð. Mér þykir vænt um sjálfstæði mitt sem þingmanns og mitt atkvæði og ég vil ráðstafa því eftir minni samvisku en ekki eftir samvisku einhverra annarra aðila, ASÍ, VSÍ, biskups eða hvað sem það er.

Virðulegi forseti. Ég skilaði hér stuttu áliti. Áður en ég kem að því vil ég aðeins líta á nefndarálit 3. minni hluta vegna þess að ég tek undir það sem þar kemur fram í upphafi og vil fá að lesa fyrstu línurnar, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn vill í upphafi átelja þau vinnubrögð sem núv. ríkisstjórn hefur nánast gert að reglu og felast í því að leggja flest mál fyrir þingið í formi bandorma þar sem ægir saman ákvæðum úr mörgum mismunandi lögum. Þetta frv. er þar engin undantekning því að þar er vafið saman í einn gorm ákvæðum til breytinga á eftirtöldum lögum:" Síðan kemur hér upptalning á einum sjö lögum sýnist mér og síðan segir í áframhaldi, með leyfi forseta:

„Engin haldbær skýring hefur verið gefin á þessum vinnubrögðum og má því ljóst vera að ef slíkur sóðaskapur við framlagningu mála líðst óátalinn og festist í sessi þegar ekkert sérstakt kallar á að menn stytti sér leið er illa farið."

Ég hlýt að taka undir þetta. Þetta hlýtur að koma niður á vinnubrögðum nefnda. Það getur ekki gert annað. Ég tel að þegar svona er gert og mál eru lögð með þessum hætti fyrir, þá skeður nákvæmlega það sem skeði inni í hv. efh.- og viðskn. Það skeður að umræðan „sentralíserast" á eitthvert eitt tiltekið mál. Það er hættan við það að leggja frumvörp fram í bandormi. Það kemur niður á vinnubrögðum og það þýðir að vinnubrögðin verða verri fyrir bragðið. Hefur nú sumum þótt þau ekki alveg nógu góð þó að þetta komi ekki til viðbótar. Ég tek því undir þá gagnrýni að menn eiga að hverfa frá þessari stefnu. Menn eiga yfir höfuð að leggja metnað sinn í það að nefndastarf og löggjafarstarfið í heild sinni sé unnið með sem bestum hætti.

Það nefndarálit sem ég stend að og er frá 4. minni hluta efh.- og viðskn. er stutt og það segir kannski töluvert um hug minni hlutans. Ég ætla því í ljósi þess að menn gefa sér góðan tíma að fá að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Einn helsti vaxtarbroddur íslensks atvinnulífs síðustu árin hefur verið í ferðaþjónustu og hafa, að minnsta kosti hingað til, verið bundnar miklar vonir við hana. Gjaldeyristekjur sem þessi atvinnuvegur skilaði til þjóðarbúsins á síðasta ári jókst um 2,500 millj. kr. Áætluð neysla erlendra ferðamanna innan lands árið 1992 var metin á 7,4 milljarða kr. og fer upp í 8,3 milljarða kr. á þessu ári. Tekjur ríkisins af ferðaþjónustu eru því á bilinu 1–2 milljarðar kr. á ári. Það er álit 4. minni hluta að í þessari atvinnugrein liggi gífurlegir vaxtarmöguleikar sem ekki megi kasta fyrir róða. Í þeirri stöðu, sem atvinnulífið er í, er það auðvitað hreint glapræði að ráðast til atlögu við greinina. Miklu nær væri að vernda hana og styrkja. Ekki veitir af í þeirri hörðu samkeppni sem þessi iðnaður á í við erlenda samkeppnisaðila. Sú hækkun, sem fyrirhuguð skattlagning mun leiða af sér, mun trúlega draga úr komum erlendra ferðamanna til landsins og því draga úr gjaldeyristekjum, auka atvinnuleysið og setja rekstrargrundvöll aðila í greininni í verulega hættu. Það er því skoðun 4. minni hluta að þessi skattlagning muni snúast upp í andhverfu sína og leiða til stjórtjóns fyrir þjóðarbúið en ekki til tekjuauka. Með hliðsjón af þessu telur 4. minni hluti ekki stætt á öðru en leggja til að þessi þáttur frv. verði felldur. 4. minni hluti mun hins vegar ekki flytja neinar breytingartillögur við frv. en styður fram komnar breytingartillögur við þennan þátt þess.

Virðisaukaskattur á innanlandsflug er vanhugsuð aðgerð og hefur sá skattur með réttu verið kallaður landsbyggðarskattur, enda liggur það í augum uppi að hann leggst þyngst á þá sem lengst búa frá höfuðborginni. Auk þess er þarna um að ræða stóraukna skattlagningu á íþróttahreyfinguna í landinu þar sem fáir nota innanlandsflugið meira en íþrótta- og ungmennahreyfingin. Þá mun þessi skattur tvímælalaust veikja stöðu innlendrar ferðaþjónustu og virka sem hvati til utanlandsferða. Það hefur verið upplýst á fundum nefndarinnar að líkleg afleiðing skattlagningarinnar er niðurfelling flugs til ákveðinna staða, t.d. Sauðárkróks, þannig að ljóst er að ekki einungis mun þjónustan hækka stórlega heldur verður hún stórlega skert.

Fjórði minni hluti leggst gegn breytingartillögu 1. minni hluta um upptöku markaðsgjalds. Tekjur af því gjaldi eiga að renna til Útflutningsráðs. 4. minni hluti telur að aðilar að Útflutningsráði eigi að bera þann kostnað en ekki aðrar óskyldar atvinnugreinar. Markaðsgjaldið er veltuskattur sem leggst á allar atvinnugreinar í landinu. Því vaknar spurning um hvort aðstöðugjaldið sé að ganga aftur.

Fjórði minni hluti styður upptöku tveggja þrepa virðisaukaskatts á matvæli enda hefur hann frá upphafi barist gegn matarskattinum. Sá frestur, til áramóta, sem gefinn er til að aðlaga sig hinu nýja kerfi, er á hinn bóginn allt of stuttur og styður 4. minni hluti því breytingartillögu 3. minni hluta um frestun á upptöku þessa nýja þreps um tvo mánuði þótt æskilegra væri að lengri frestur væri gefinn. Að lokum skal bent á að allur undirbúningur varðandi upptöku þessa skatts hefur verið í molum hjá ríkisstjórn, fjmrn. og skattyfirvöldum. 4. minni hluti lýsir fullri ábyrgð á því hvernig til tekst með framkvæmdina á hendur þessum aðilum."

Virðulegi forseti. Þetta var það álit sem 4. minni hluti leggur fram. Ég vil aðeins fá að tæpa á nokkrum atriðum, þ.e. ferðaþjónustuþættinum, matarskattinum svokallaða, 19. gr. frv., bifreiðagjöldum og markaðsgjaldi.

Eins og kom fram í nefndaráliti 4. minni hluta og allir vita auðvitað er einn helsti vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi í dag í ferðaþjónustunni. Það er því hlálegt og reyndar grátlegt ef menn ætla að fara að stuðla að því að kippa rekstrargrundvellinum undan þessari grein. Við munum með skattlagningu stefna þeirri uppbyggingu, sem staðið hefur verið í nú um nokkurn tíma og er að skila ríkulega til þjóðarbúsins, í hættu. Við erum allt of háð því að tekjur þjóðarinnar koma úr einni körfu. Við erum með nánast öll eggin í einni körfu. Sú karfa geymir sjávarútveginn okkar.

Hér í nótt vorum við að samþykkja mótmæli við opnun kjarnorkuverksmiðju. Hvað mundi nú gerast ef þar yrði slys og mikið magn slíkra efna rynni út í sjó og bærist á miðin okkar? Það sem mundi gerast væri það að íslenskt þjóðfélag mundi leggjast gersamlega í rúst því að margfeldisáhrifin af slíku væru ekki bara í sjónum heldur næðu inn á matvælaframleiðsluna í landi líka. Að vera með öll eggin í eini körfu er auðvitað ekki viðunandi ástand. Við erum búin að vera í þessari stöðu alla tíð, en við höfum verið meðvituð líka alla tíð. Nú erum við með tækifæri í atvinnugrein sem skapar miklar tekjur, geysilegar gjaldeyristekjur og fer vaxandi ár frá ári þó að um mjög harða samkeppni sé að ræða. Þá ætlum við að fara að leggja það til að skattleggja þjónustuna og gera henni erfiðara fyrir og taka þá áhættu að hún missi fótanna.

Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þeim sem að slíkri skattlagningu standa. Ég tel að hún sé röng og ég tel að hún muni snúast upp í andhverfu sína. Það verður tekjutap en ekki tekjuaukning af slíkri skattlagningu.

Hins vegar má gagnrýna það hvernig menn ætla að fara að því að framkvæma þetta. Inni í ferðaþjónustunni eiga að vera þrjú þrep og þau flækjast hvert fyrir öðru og framkvæmdin er mjög óljós. Nefndinni hefur verið bent á fáránleika þessa kerfis ef það verður tekið upp. Það hefur verið bent á að það er mismunandi hvort það er virðisaukaskattur á t.d. hestaleigu. Ef 3–4 menn fara í útreiðartúr saman á leiguhesti, þá borga þeir ekki vask en ef þeir bæta einum manni við sem er leiðsögumaður, þá er kominn vaskur á það. Það er mismunandi skattlagning á því eftir því hvort bátur er 6 metrar eða meira eða undir 6 metrum. Það er mismunandi skattur eftir því hvort menn kaupa sér veiðileyfi, gistingu og fæði eða hvort menn kaupa sér gistingu, veiðileyfi og fæði. Þarna er auðvitað fáránleikinn í sjálfu sér. Hann birtist í þessu. Ég er hræddur um það að með slíkri skattlagningu muni draga úr komu erlendra ferðamanna hingað. Ég er nokkuð viss um það vegna þess að þessi samkeppnisheimur er mjög harður og ég tel að það sé alveg á mörkunum hvort menn koma hingað eða ekki. Þessi hækkun þó að hún sé ekki mjög mikil í prósentum talið getur riðið baggamuninn. Og það er áhætta sem við eigum ekki að taka. Það er búið að leiða hv. nefnd það fyrir sjónir að þetta er óskynsamleg ráðstöfun. Þá kem ég aftur að því sem ég sagði áðan, að eftir að hafa hlustað á aðila og fengið rök í málum, þá eiga menn að meta þau. Og mitt mat eftir það, og var reyndar áður en ég styrktist í minni trú og skoðun, er það að þetta er rangt.

Afleiðingarnar geta auðvitað líka orðið þær að atvinnuleysi eykst því að störf tengd ferðaþjónustunni verða þá í hættu. Ég hefði talið að staða atvinnumála hér á landi væri ekki það beysin að menn ættu að taka slíka áhættu.

Virðisaukaskattur á innanlandsflug hefur verið hér nokkuð til umræðu. Ég vil ekki vera að endurtaka of mikið það sem menn eru að segja. Ég lít á þetta eins og aðrir sem landsbyggðarskatt og auðvitað er það það. Auðvitað er það fyrst og fremst landsbyggðin sem notar flugið. Hér hefur Grímsey verið nefnd. Það má líka nefna Vestmannaeyjar. Þessi skattur ætti kannski ekki að heita landsbyggðarskattur. Hann ætti að heita Vestmannaeyjaskattur. Það væri ágætt að heyra hér í fulltrúum Suðurlands og ég tala nú ekki um hvernig þingmaðir Vestmanneyinga lítur á það. Ég segi fullum fetum: Þetta er alveg sérstakur skattur á Vestmanneyinga og Grímseyinga. Þeir einir hafa enga völ. Þeir keyra ekki. Göngin út í Vestmannaeyjar eru ekki komin enn þó þó að tillaga hafi verið lögð fram um slíkt.

Ég veit hvernig íþróttahreyfingin er stödd. Ég veit hvernig íþróttafélögin úti í Vestmannaeyjum eru stödd. Ég veit að þetta verður mjög þung byrði á þau og sá skattur sem leggst á hreyfinguna í heild er sennilega meiri en það framlag sem kemur úr ríkissjóði til íþróttahreyfingarinnar þannig að framlagi frá ríkissjóði er bara þurrkað upp með einni ákvörðun. Svo koma menn iðulega á tyllidögum opnandi íþróttahús eða íþróttamót eða takandi á móti hetjum frá útlöndum og blása sig út hvað þeir eru velviljaðir í garð íþróttanna. Stundum eiga þeir pening ef unnin hafa verið einhver afrek. Það kannast allir við það þegar hlaupið er út á flugvöll til að taka á móti einhverju afreksfólki. Þá er allt í einu til peningur í vasanum. Ég segi það að hugur manna er ekki hreinn. Menn eru ekki að koma fram eins og þeir eru klæddir, ekki í garð íþróttanna. Það er alveg á hreinu. En þegar árangur næst, þá vilja menn eiga öll bein í öllum mönnum og eigna sér alla hluti. En svo geta þeir komið og lagt sérstakan skatt á íþróttahreyfinguna. Og það sem meira er. Hér er meira að segja í umræðunni að það eigi að koma fram tillaga um að auka framlagið til stjórnmálaflokkanna á sama tíma og mörgum góðum málum er vísað frá. Framlagið sem talað er um til stjórnmálaflokkanna er hærra en sértekjurnar vegna áfengissjúkra. Það er hærra en sjúkragjaldið. Það er greinilega ekki sama hver er eða hvað er.

Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvernig framkvæmdin á virðisaukaskatt á flug á að vera. Ef aðili kaupir miða erlendis, þá er hann virðisaukaskattslaus ef hann flýgur til Íslands og eina ferð innan lands. Hann má sem sagt kaupa sér miða segjum Lúxemborg–Keflavík, Keflavík–Akureyri og til baka á 24 tímum. Hver á að skila þessum vsk. inn? Er það er-

lenda ferðaskrifstofan sem selur miðana úti í Lúxemborg? Telja menn að það sé hvati að hafa þessa 24 tíma þarna á? Ef menn vilja nú ferðast aðeins meira um landið, taka 2–3 daga, þá birtist þeim allt annað kerfi. Þá er allt í einu kominn virðisaukaskattur á. Ef menn ætla að halda við svona ákvæði, þá á auðvitað allur pakkinn sem seldur er erlendis að vera án virðisauka. Hann á ekki að vera letjandi á ferðamenn til landsins. Hann á að vera hvetjandi ef eitthvað er.

Menn hafa það auðvitað fyrir sér hvað flug hækkar. Ég held að ég hafi séð það í Vikublaðinu í dag, eða hvenær sem það kom út, að með virðisaukaskatti hækkar flug til Egilsstaða upp í 18.400 kr. Það hefur kannski verið komið inn á þetta hér í dag. Ég hef kannski ekki hlustað það grannt eftir því. En ég held að menn viti alveg hvað kostar t.d. að fljúga til Dublin, Newcastle, London, Amsterdam, Glasgow þegar sértilboðin eru í gangi. Það rétt losar 20 þús. kr. með þremur nóttum og morgunverði á ágætum hótelum. Og hvað halda menn nú, sérstaklega fyrir Reykvíking, sem ætlar að meta það hvað hann ætlar að gera ef hann vill fá smátilbreytingu með sínum maka t.d. og vill bregða sér frá í þrjá daga. Hann lítur á verðskrána og segir: 18.400 kr. til Egilsstaða, 21–23 þús. kr. til London og innifalið hótel og morgunmatur í þrjá daga. Hvert halda menn að þessi aðili fari? Hann fer að sjálfsögðu erlendis vegna þess að það er mikið ódýrara og það er meiri tilbreyting og það eru meiri möguleikar til verslunar og það mun ég koma inn á hér á eftir seinna. Þessi skattlagning mun því verða til þess að auka utanferðir. Ferðir til Egilsstaða, Akureyrar og annað slíkt detta hreinlega niður.

Í Tímanum í dag er viðtal við ferðamálastjóra um virðisaukaskatt á ferðaþjónustu. Ég ætla að glugga í þá grein. Þar segir, með leyfi forseta:

„Innheimta virðisaukaskatts sem leggst á ferðaþjónustu um áramótin gengur tæplega upp að mati Magnúsar Oddssonar ferðamálastjóra. Hann segir að innheimta skattsins verði mjög flókin og bjóði upp á margar leiðir til undanskota. Magnús segir að verið sé að mismuna greinum og tekur sem dæmi að maður sem tekur sér far með rútu komi til með að greiða 14% skatt. Fari hann sömu leið með bílaleigubíl borgar hann 24,5% skatt, en fari hann þessa leið með leigubíl borgi hann engan skatt.

Magnús Oddsson ferðamálastjóri segir að helsta röksemdin gegn skattinum sé sú áhætta að aukin skatthemta dragi úr vexti greinarinnar. Hann segir að auk þess hafi forsvarsmenn Ferðamálaráðs áhyggjur af framkvæmdinni sem þeim virðist að geti ekki gengið upp. „Ferðaþjónustan lendir eftir áramót í þremur skattþrepum, 0%, 14% og 24,5%. 14% skattur er lagður á línuna, en þeir þættir sem áður báru skatt verða áfram með 24,5% álagi. Að lokum eru ýmsar undantekningar frá skattinum og þeir þættir bera því 0% skatt."

Magnús segir að þessi mismunandi skattþrep kalli á mikið eftirlit skattyfirvalda og auk þess hafi Ferðamálaráð áhyggjur af því hvernig rekstrarskilyrði þjónustuaðila skekkist eftir því í hvaða skattþrepi þjónusta þeirra lendi."

En af hverju ætti skattheimtan ekki að ganga upp? Magnús tekur nokkur dæmi um framkvæmdina. Síðan fer hann hér yfir dæmið með bílaþáttinn. Að því loknu segir:

„Í innanlandsflugi er þetta enn flóknara því að þar leggst enginn vaskur á flugfar þeirra sem eru að fljúga beint til eða frá útlöndum en á annað innanlandsflug leggst 14% skattur. 24,5% vaskur leggst á mat á veitingahúsum, en eftir áramót verður hann 14% af sama mat í verslunum. Á gistingu verður lagður 14% vaskur en þar eru orlofshús undanþegin og eins gisting í veiðihúsum. Þá er litið svo á að verið sé að kaupa veiðileyfi með gistingu innifalinni og veiðileyfin eru undanþegin skatti. Leiga á búfénaði er undanþegin skatti þannig að ef ég leigi mér hest í tvo tíma borga ég engan vask en ef bóndinn fer með mér borga ég 14% vask fyrir skoðunarferð og svona má lengi telja.

Magnús segist óttast að menn muni leita ýmissa leiða til að losna við eða lækka skattinn. „Það kæmi mér ekki á óvart þótt hægt yrði að kaupa veiðileyfi með gistingu víða um land næsta sumar. Eins má gera því skóna að fáar hestaleigur bjóði þjónustu sína næsta sumar, en víða verði hægt að leigja hesta. Mér dettur líka í hug hvort bændasamtökin geti ekki gert Hótel Sögu að orlofsheimili bænda" segir Magnús Oddsson ferðamálastjóri."

Þarna fer Magnús reyndar yfir nokkur af þeim dæmum sem ég hef áður minnst á, en niðurstaðan af þessari upplesningu er fyrst og fremst sú hversu fáránleg þessi skattlagning er og hversu fáránlegt kerfið á að verða.

Á fund nefndarinnar kom aðili frá Félagi raftækjasala. Hann var að tala þar máli síns félags að sjálfsögðu og var að benda á gjöld sem lögð voru á saumavélar fyrir allnokkru síðan og áttu að vera til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð. Niðurstaðan varð þveröfug og því tek ég þetta dæmi hér að ég tel að nákvæmlega það sama muni gerast í ferðaþjónustunni að niðurstaðan verði öfug. Árið 1986 hafði ríkissjóður tekjur af þessum innflutningi upp á 22 millj. Árið 1990 voru tekjurnar komnar niður í 10 millj. Þetta dæmi sýnir alveg í hnotskurn hvernig vopnin geta snúist í höndum okkar. Það fylgir texti og nánari rökstuðningur fyrir þessu hér sem ég ætla að geyma mér til seinni umræðna. Mér skilst að ég eigi möguleika á að tala tvisvar í viðbót.

Ég minntist aðeins á áðan hvaða afleiðingar virðisaukaskatturinn á innanlandsflug hefur á íþróttahreyfinguna. Ég vil ítreka það að hér er um stórhættulega stefnu að ræða vegna þess að hún mun fyrst og fremst bitna á yngra íþróttafólki hvort sem það eru einstaklingsíþróttir eða félög eða flokkaíþróttir. Það mun fyrst og fremst bitna á því og það mun þá bitna á því uppeldisstarfi sem íþróttirnar eru. Það mun vega að rótum íþróttahreyfingarinnar úti um allt land því að það eru ekki nema sárafá félög sem virkilega standa undir sjálfum sér í dag. Íþróttahreyfingin öll á í miklum fjárhagsörðugleikum og má síst af öllu við þessu. Og af því að fulltrúi Kvennalistans gengur nú hér fram hjá, þá er það mat íþróttahreyfingarinnar að þetta muni hafa mjög alvarleg áhrif á íþróttir kvenna. Því miður er það

mat þeirra, að það muni bitna fyrr á þeim en á karlmönnunum. (**Gripið fram í:** Ekki að spyrja.) Ekki að spyrja.

Í 1. umr. benti ég á þegar við vorum að ræða virðisaukaskattinn að það væri hægt að gera út á virðisaukaskatt og fyrir því væru óyggjandi dæmi að menn í verslun mynduðu minni útskatt en innskatt og fengju *því endurgreiðslur úr ríkissjóði þegar þeir ættu í raun* og veru að greiða virðisaukaskatt. Ég ætla ekki að fara aftur með það dæmi sem ég var með þá. Ef einhverjir hafa áhuga á geta þeir flett upp á því, en ég hef ekki orðið var við mikinn áhuga. Ég hef minnst á þetta í *efh.- og viðskn.* bæði á *sl. ári* og *einnig núna* við fjmrn. og þar nánast hrista menn hausinn. Menn gera sér grein fyrir þessu en vilja ekki taka á því. Það er auðvitað fáránlegt að svo komi menn og noti sýknt og heilagt það að skattsvik séu upp um alla veggi í þjóðfélaginu. Og síðan þegar þeim er bent á ákveðna glufu í kerfinu sem á að vera hægt að loka, þá hrista menn hausinn, sennilega af því að hún hefur ekki milljarðatöluna fyrir aftan sig. Ég tel þetta ekki stórt mál peningalega en þetta er gat og gat sem er nýtt.

Skattsvikaumræðan öll er náttúrlega með eindæmum því að hún virðist öll snúast um það að skattsvik á Íslandi sem eiga að vera eitthvað um 11 milljarðar ef ég man þetta rétt, séu fyrst og fremst og nánast aðallega í þjónustu, iðnaði og verslun og þessar atvinnugreinar eru stimplaðar. Fólk er matað á því að þarna séu ekkert annað en skattsvikarar. Af hverju líta menn ekki á landbúnaðinn t.d.? Halda menn að þar séu ekki stunduð skattsvik? Halda menn að þar sé ekki selt fram hjá, hvort sem það er sauðfé, nautakjöt, hvítt kjöt, grænmeti, hrossaútflutningur eða blómarækt? Ég er alveg klár á því að þeir eru engu betri. En hér inni má ekki tala um landbúnað á þessum nótum. Það má ekki gera það. Ég held að það væri nær að skipuð væri sérstök nefnd sem hefði það verkefni að skoða skattsvik og undanskot í landbúnaði og í sjávarútvegi. Þessar tvær greinar eru ekki betri en hinar og sennilega verri eitthvað er. Hver hefur ekki fengið upphringingu á dyrabjölluna hjá sér og verið boðinn fiskur, rækjur, hörpudiskur, harðfiskur og meira að segja ferskur fiskur? Hafa menn fengið nótu fyrir þessu með virðisaukaskatti á? Nei. Ég held því að menn ættu aðeins að taka umræðuna út á víðara svið og hætta þessari stimplun á þrjár tilteknar greinar.

Ég viðurkenni að það eru skattsvik víða í þjóðfélaginu og sennilega mest hjá einstaklingum. En þau eru vegna þess að fólk kemst nánast ekki af öðruvísi. Skattboginn er svo þaninn að fólk verður að gera það gegn betri vitund ef það á að framfleyta sér og það er kannski íhugunarefni. Er ekki nær að reyna að lækka eitthvað af þessum sköttum og auka eyðsluna og ná sköttunum í gegnum eyðsluna? Hvaða frumkvæði halda menn að komi frá fólki þegar ekkert fjármagn er til? Hvaða svigrúm hafa heimilin í landinu? Þau hafa ekkert svigrúm. Frumkvæðið getur aldrei orðið. Menn labba ekki niður í bankastofnun og fá veð í skuldunum sínum. Ég bið því menn að hugsa þetta aðeins betur. Af hverju eru skattsvik þjóðaríþrótt á Íslandi? Það er af því að kerfið ýtir fólki út í það. Hinir raunverulegu skattsvikarar verða alltaf til. En hinn almenni þegn þessa lands á hinum almennu launum getur ekki framfleytt sér á þeim og það er hinn kaldi veruleiki. Og svo eru menn sýknt og heilagt að auka álögurnar. Þeir eru að auka þrýstinginn á það að menn stundi skattsvikin. Það er afleiðing þjónustugjalda og hvað þetta allt heitir sem verið er að leggja á fólk. Það er afleiðingin.

Varðandi virðisaukaskatt í tveim þrepum, þá sagði ég áðan að ég styð það að upptöku hans sé frestað vegna þess að ég geri mér alveg grein fyrir því að á örfáum dögum er gersamlega vonlaust fyrir fyrirtækin í landinu að söðla um. Það er gersamlega vonlaust. En ég geri mér líka grein fyrir því að þessi tillaga verður ekki samþykkt og skatturinn tekur gildi um áramót. Og þá lýsi ég fullri ábyrgð á ríkisstjórn, á fjmrn., á skattyfirvöld fyrir algeran sofandaháttt. Þetta er búið að liggja fyrir síðan í vor og því var frestað til 1. sept. og svo aftur til áramóta. Og allir þessir þrír aðilar sváfu allan tímann af því að þeir vildu þetta ekki í raun og veru og þeir vilja þetta ekki enn. Sofandaháttturinn mun því bitna á þeim aðilum sem síðan eiga að fara að vinna eftir þessu. Og það er algerlega á ábyrgð þessara aðila hvernig til tekst. (**Gripið fram í:** Og verður dýrt.) Og verður dýrt þar fyrir utan.

Hvernig hugsar t.d. ráðuneytið sér það að kaupmaðurinn á horninu vinni eftir þessu? Hvernig á hann að reikna út þessi tvö þrep þegar það kemur að gamla kassanum og það er stimplað inn? Þessi var með 24,5%, þessi með 14% og þriðji kannski með 0%? Hvernig á hann að flokka þetta upp hjá sér? Hvaða kerfi bjóða ráðuneytið eða skattyfirvöld upp á? Þau bjóða ekki upp á neitt. Þetta er flókið úrlausnar, ég veit það, og það hefði ekki veitt af því að menn færu að vinna vinnuna sína. Eru menn kannski að hugsa um að virðisaukaskattur verði greiddur af innkaupum? Ég veit það ekki. Ég hef ekki heyrt orð um útfærsluna á þessu. En í mínum huga kemur það vart til greina og sérstaklega ekki í matvöru sem nú til dags er dagsett með síðasta söludegi þannig að það er ekki endilega víst að varan seljist, það verði að henda henni og þá er fólk auðvitað ekki að borga af henni virðisaukaskatt fyrir fram. Hvernig á að útfæra þetta? Nú vantar hæstv. fjmrh. til að útskýra það. Hann er kannski einhvers staðar fyrir framan skerm og heyrir. Það er í sjálfu sér allt í lagi. Ég hef nóg tækifæri til að spyrja að því í tveim seinni ræðunum.

Ég vil einnig spyrja: Er tollakerfið tilbúið? Ég geri mér alveg grein fyrir því að við innflutning geta verið vörur sem bera öll þessi þrjú skattstig. Við heyrðum ekkert í tollstjóraembættinu um hvernig ætti að framkvæma þetta. Ég þykist alveg vita að það verði að breyta tollskýrslum. Ætli það sé búið að því? Ég þykist líka vita að það þurfi að forrita kerfið í tollinum upp á nýtt. Ætli það sé búið að því? Ég er alveg klár á því að það er ekki búið vegna þess að fjmrn. upplýsti á fundi hjá okkur að þeir gætu ekkert gert fyrr en lögin væru samþykkt, jafnfáránleg og slík yfirlýsing er. Það er búið að liggja fyrir síðan í vor að það eigi að

taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti og fjmrn. segist ekkert geta gert fyrr en lögin eru samþykkt. Þvílík vinnubrögð. Og maður hlýtur að spyrja sig: Hvar er valdið? Er það embættismannanna? Ég skil ekki svona. Síðan ætla menn að koma og segja: Við dembum þessu á eftir nokkra daga. Ég fullyrði að það fer allt í kaos hjá þeim aðilum sem eiga að starfa eftir þessu. Og auðvitað eiga þeir að fá lengri frest. En á móti er það auðvitað gott á þessa aðila sem eru búnir að sofa allan tímann að þetta fari í kaos en það bitnar á þeim sem það ætti ekki að bitna á, því miður. Þess vegna styð ég að þessu sé frestað.

Hitt er svo annað mál sem kom hér fram hjá hv. formanni efh.- og viðskn. vegna þess að hann gagnrýndi mig við 1. umr. fyrir það að ég væri með einhverjar árásir á kerfiskarla sem var reyndar misskilningur af hans hálfu. Núna kemur hann með bullandi árásir á kerfiskarlana. Hann fullyrðir það að það sé ekki hægt að koma þessu kerfi á svo að gott sé. Undanskotsleiðirnar verði slíkar og skattsvikin verði slík að kerfið nái ekki utan um þetta. Þetta finnst mér gagnrýni á kerfiskarlana. Auðvitað getum við komið hér upp slíku kerfi alveg eins og aðrar þjóðir. Virðisaukaskattur er í ýmsum þrepum í ýmsum löndum, allt frá tveim upp í held ég sex eða sjö. Ég skal ekkert segja hvernig til tekst, sérstaklega þar sem eru fleiri en tvö. En ég tel að það sé ekkert mál að starfa hér eftir tveimur þrepum. Það verða fæðingarhríðir og það verða erfiðleikar. En þegar þeir eru afstaðnir, þá tel ég þetta hið besta mál og ég tel að þetta sé geysilegt hagsmunamál heimilanna vegna þess að þegar þetta kerfi hefur „stabiliserað" sig og fest sig í sessi, þá byrjum við að vinna að því að færa til fleiri nauðsynjavörur heimilanna. Hér var minnst á barnafatnað. Það verður næsta skref hvenær sem það skref verður stigið að loka þessum hring. Það sem snýr að heimilunum í landinu og helstu nauðsynjavörum fari í neðra þrepið og þá er mér alveg sama þótt efra þrepið verði hækkað á móti. Það er aukaatriði.

Síðan kemur hv. formaður efh.- og viðskn. og segir að Bretar séu búnir að ákveða það að falla frá undanþágu virðisaukaskatts á barnaföt. Þetta er ekki rétt. Það er ekki í þeirra fjárlögum núna fyrir árið 1994. Það hefur ekki einu sinni komist inn í þingið. Það hefur verið rætt í nefnd og mörg mál eru rædd í nefnd án þess að þau séu orðin að veruleika. En Bretar halda enn við þetta. Og af hverju halda menn að Bretar séu að ræða um þetta? Ég held að það sé vegna þess að þá vantar tekjur. Það held ég að sé grunnurinn undir því. Síðan á að setja á svið millifærslukerfi eins og sumir menn vilja gera hér.

Mér þótti leitt að verða var við það að fulltrúar BSRB töldu það til mótraka upptekningu matarskatts að það kæmi barnmörgum fjölskyldum til góða. Mér fannst þetta sorglegt og sagði það reyndar við þá á fundinum. En þeir eru þó sammála Framsfl. Framsfl. vill ekki lækka matarverðið í landinu. Framsfl. er með tillögu um að fara niður í 23%, í eitt þrep. Halda menn að það skili sér út í verðlagið? Og ætla menn að bera það saman við 4, 5 og allt upp í 8% lækkun á ákveðnum vörum? Framsfl. er fyrst og fremst að vernda landbúnaðinn á Íslandi. Það er fyrst og fremst það sem hann er að gera, það yfirdekraða kerfi sem við höfum. Ég styð íslenskan landbúnað en ég styð ekki þá yfirbyggingu og þá sóun á fjármunum sem er þar í kring. Ég tel að þeir fjármunir sem við erum að verja til íslensks landbúnaðar skili sér að mjög takmörkuðu leyti til bændanna í landinu.

Horfi menn hér á Mjólkursamsöluna. Er hún í einhverjum vanda? Milljarða fyrirtæki. Horfi menn á Bændahöllina. Bændastéttin er ekki í neinum vandræðum, en yfirbyggingin er slík, stjórnir, ráð og nefndir að það er með öllu óhæft. Það er þetta sem á að taka á.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að auðvitað fylgir verulegur kostnaður því að fara í tvö þrep. Það kallar á aukinn mannskap og það kallar á hert eftirlit. En hvað með það? (**Gripið fram í:** „So what"?) Já, „so what" á góðri íslensku að norðlenskum sið. Það liggur fyrir hvort eð er. Það lá fyrir að það ætti að auka starfskraftinn í skatteftirlitinu.

Nei, virðulegi forseti. Matarskatturinn hefur verið baráttumál þess sem hér stendur allt frá upphafi og hann mun hvergi hvika í þeirri baráttu. Ég tel að aðalmálið sé að aðgerðin skili sér til þeirra sem minna mega sín. Rök sem koma fram um það að einhverjir tekjuhærri beri eitthvað úr býtum líka á ekkert að bitna á þeim sem minna mega sín. Það eru engin rök fyrir því að hjálpa þeim sem minna mega sín þó að aðrir hafi eilítið upp úr því í leiðinni. Það eru engin rök til að hætta við það. En það er gott að menn geri sér grein fyrir því og geti tekið á því annars staðar eða seinna. ASÍ hafði fullvissu fyrir því frá kaupmönnum að þessi lækkun mundi skila sér út í verðlagið og ég trúi því vel. Ég veit að þegar lækkun er orðin í þessari stærðargráðu, þá kemur hún fram. En þegar menn eru að tala um 1–1,5% sem eru hugsanlega einhverjir aurar í matarverðinu, þá er ég efins um að það skili sér. (**Gripið fram í:** Hvað með virka samkeppni í þessu máli?) Aurasamkeppnin hefur ekkert að segja í þessu máli.

Ég met líka afstöðu VSÍ. VSÍ styður þetta að sjálfsögðu, enda stóðu þeir að þessu. Þeir meta það mikils að það verði tveggja ára friður á vinnumarkaðinum. Ég tek undir það. Á þessum tveimur árum verður þetta kerfi búið að jafna sig og ná sér. Og ég fullyrði það að fólkið í landinu vill þessa aðgerð þrátt fyrir hamaganginn í BHMR, BSRB og fulltrúum Framsfl. En ég skil alveg hvað liggur að baki hjá fulltrúum Framsfl. (**JGS:** Er það ekki fólkið í landinu, BHMR og BSRB?) Það er staðreynd að 30% útgjalda láglaunafólks fer til matarkaupa. Og við viljum taka á þeim þætti. Við viljum auka kaupmáttinn þar.

Svo kemur Framsfl. og krefst þess að það verði gerð einhver sérstök úttekt og þessi hefðbundna nefndarleið valin, þessi klassíska frestunarleið til að koma sér hjá vanda. Ég á mjög erfitt með að skilja afstöðu Framsfl. og ég verð að fá að minna á, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, ályktanir 22. flokksþings Framsfl. Og mig langar að spyrja þá hv. þm. sem eru

hér núna: Greiddu þeir atkvæði með þessari tillögu? Og hvernig í ósköpunum gátu þeir gert það þegar þetta er jafnrosalega vitlaust og þeir segja? Jafnrosalega vitlaust og stórhættulegt og hér vaði allt upp í undanskotum og skattsvikum og ekkert muni skila sér til neytandans. Hvernig gátu þeir stutt þetta? Hvernig gátu þeir gert þetta? (Gripið fram í.) Mér leikur hugur á að vita hvort þeir þingmenn Framsfl. sem hér eru stóðu að þessu og hvort það er þá bara norska skýrslan sem breytti þessu. Ég segi bara, guð hjálpi mér að Framsfl. komst ekki til valda með þessa stefnu sem þeir eru svo gersamlega sannfærðir um að er stórskaðleg. Hugsið ykkur ef þeir hefðu nú komist til valda eftir síðustu kosningar. Þá var þetta þeirra skoðun. Nei, sem betur fer var það nú ekki.

Við fengum töflu frá fjmrn. eftir töluverðan eftirgang eftir því sem mér skilst af formanni nefndarinnar dags. 30. mars 1993. Þar kemur þetta alveg skýrt fram. Það kemur fram að áhrif 14% vasks á ráðstöfunartekjur eru hjá fólki með 120 þús. kr. mánaðarlaun 2,3% sem þýðir 3.000 kr. á mánuði. Ef menn fara upp þennan skala og líta á mann með 300 þús. kr. á mánuði, þá er það 1,7% og 3.700 kr. á mánuði. Ætla menn að halda því fram að manninn með 120 þús. kr. muni ekki meira um þetta en manninum með 300 þús. kr. sem fær 3.700 kr., að þetta vegi ekkert þar inn? (**JGS:** Við náum sömu jöfnun í okkar tillögum.) Tillögur framsóknarmanna eru meðaltalstillögur sem munu ekki skila sér í pyngju neytandans. (**Gripið fram í:** Hvað með barnabótaaukann?) (**JGS:** Þær tölur sem þú varst að lesa upp eru þar líka.) Já, já. Þetta eru þær tölur sem var gengið út frá þegar samningar voru gerðir eftir því sem mér skilst. (**JSG:** Lestu forsendurnar.) Forsendurnar eru hérna klárar.

(**Forseti** (KE): Forseti biður þinmenn að vera ekki með samtöl.)

Það er alveg ljóst, það kemur líka fram hér í tölum frá Þjóðhagsstofnun að matarinnkaup fjölskyldunnar aukast verulega eftir því sem fjölskyldan stækkar og það á auðvitað ekki að þurfa neina skýrslu til að segja manni slíka hluti. (**JGS:** Hárrétt hjá þingmanninum.) Já. En þetta virðist samt þurfa að tyggja inn í menn. Innkaupin vega þannig með einu barni 17,7% og upp í 24,7% með fjórum börnum. Mér finnst þessar tölur lágar og tala þá bara út frá eigin reynslu. Ég mundi kannast betur við tölur nær 50% en ég er líka með kannski aðeins fleiri munna en gengur og gerist þannig að það er nú sennilega skýringin á því.

Virðulegi forseti. Ég ætla að hverfa frá virðisaukaskattinum. (**Gripið fram í:** ... frá Framsfl.?) Nei, nei. Ég hef engar stórar áhyggjur af Framsfl. Hann má sigla sína leið. Ég vil aðeins geta þess varðandi ferðaþjónustuna að það var skoðun fulltrúa Sambands veitingahúsa og gistihúsaeigenda að hótelin gætu ekki, alla vega að svo stöddu, velt þessari hækkun út í verðlagið vegna þess að mikið af þeirra þjónustu er seld fyrir fram, en þau mundu ekki þola þessa hækkun vegna samkeppninnar sérstaklega við Þjóðverja varðandi Norðurlönd. Á sama tíma kom fram hjá þeim að hótelnýting fer minnkandi og er að færast í auknum mæli yfir á hina svokölluðu heimagistingu, sem er einn þátturinn sem mætti kíkja á í skattsvikamálinu öllu. Enda kom það fram hjá þessum aðilum að svört starfsemi væri töluverð innan þeirra raða.

Aðeins varðandi virðisaukaskattinn aftur af því að ég sé hér punkt frá BHMR. Það kom fram hjá þeim að þeirra helsta áhyggjumál virtist vera það m.a. að þessi lækkun á virðisaukaskatti mundi sitja eftir hjá verslununni. ASÍ hefur fullvissað og látið það koma fram hjá nefndinni að Kaupmannasamtökin fullvissi ASÍ um að þessi lækkun muni skila sér, en ég hlýt að spyrja: Halda menn þá að 1,5% lækkun muni skila sér betur út í verðlagið? Ef menn treysta ekki versluninni til að lækka um 4–8%, treysta þeir henni þá fyrir 1–1,5%?

Aðeins út af bifreiðagjöldum, hæstv. forseti. Það er gjald sem fer svolítið fyrir brjóstið á mér vegna þess að ég tel að það mismuni fólki eftir efnahag. Það gerir engan greinarmun á því hversu dýra eign menn eru með í höndunum. Það gerir engan greinarmun á því hversu gamla eign menn eru með í höndunum. Það gerir engan greinarmun á því hvort menn þurfi í raun á slíku tæki að halda eða ekki. Við getum tekið sem dæmi að barnmargar fjölskyldur þurfa stærri bíl sem óneitanlega er þá orðinn þyngri. Við getum tekið bændur sem búa afskekkt eða bara landsbyggðarmenn yfirleitt. Í mörgum tilfellum þurfa þeir að eiga jeppa sem eru þyngri en gengur og gerist. Ég tel að hér eigi að skattleggja eftir verðmæti ekki eftir þyngd. Það kæmi þá réttlátlegar niður. Það er engin sanngirni í því að bóndi uppi í afdölum með gamlan jeppa upp á kannski par hundruð þúsund króna að verðmæti eigi að borga sama skatt af honum og forstjórinn í Reykjavík á 5 millj. kr. bílnum. Og ef menn taka þetta í prósentutölum, þá sjá menn fáránleikann í því. Fyrir utan það að ég tel að þetta sé öryggisstýring í ranga átt. Þetta er hvatning til fólks að reyna að velja sér sem léttustu bílana sem minnsta öryggið er í. Ég ætla engu að síður að láta þetta yfir mig ganga. Ég ætla að greiða þessu atkvæði, en ég vil bara benda á að mér finnst þetta rangt og menn eiga að hugsa þetta mál aftur og koma þá með það vonandi með öðrum hætti hér næsta haust.

Sama vil ég reyndar segja um tryggingagjaldið sem er verið að hækka. Mér finnst þetta vera mismunun. Þetta er mismunun milli atvinnugreina. Ég get alveg sætt mig við tryggingagjald, en mér finnst eðlilegra að allar atvinnugreinar borgi þá það sama en ekki eins og þetta er í dag. Ég vil bnda á að það er alveg sérstakur skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Nú kemur alveg nýr skattur í viðbót sem leggst hvað þyngst á innflutningsverslunina sem er markaðsgjaldið. Og síðan kemur þetta tryggingagjald af fullum þunga einmitt á þessa atvinnugrein. Hérna má draga þetta saman og finna meðalveginn og hafa eitt gjald og allir sitji við sama borð.

Varðandi 16. lið brtt. sem 1. minni hluti efh.- og viðskn. flytur, um breytingu á lögum um Útflutningsráð Íslands, leggst ég gegn. Það er að mínu mati fyrsta skrefið að nýju aðstöðugjaldi eða ígildi þess. Hér er um veltuskatt að ræða sem leggst á öll fyrirtæki í land-

inu en ég hélt að einhver flokkur sem ég kannaðist við væri á móti slíkum sköttum. Mig minnti það alla vega. Gjaldið er 0,015% og heitir markaðsgjald. Upphæðin er ekkert há en það er búið að opna. Fyrsta skrefið er stigið og það er sannfæring mín að ekki muni líða á löngu þar til farið verður fram á hækkanir á þessu gjaldi.

Í b-lið 16. liðar þessarar brtt. er talað um fyrirframgreiðslu á markaðsgjaldi. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um hvernig á að standa að slíkri fyrirframgreiðslu og hvaða mat og hvaða stofn verður lagður þar til grundvallar vegna þess að þessi tillaga hefur ekki verið rædd einu orði inni í efh.- og viðskn. Þetta er ný skattlagning sem kemur á síðustu stigum málsins og ekki orð, engin umfjöllun um skattlagningu á allt atvinnulíf í landinu. Það er bara opnuð heimildin, gerið þið svo vel. En það mátti kalla til séraðila út af matarskattinum og slíkt og teygja það mál alveg fram í rauðan dauðann. En nýr skattur á atvinnulífið í landinu var ekki ræddur einu orði. Þar að auki sé ég ekki betur en hann sé afturvirkur og eigi að gilda fyrir árið 1993.

Markaðsgjaldið á líka að greiðast kirkjugörðunum þannig að útflutningurinn og atvinnulífið í landinu eiga að standa að því að niðurgreiða greftrun og líkbrennslu samkvæmt frv. Mér finnst þetta tóm tjara eins og sagt var hér áður fyrr. Síðan er þetta fest til 1998 og þá eru endurskoðunarákvæði og gert ráð fyrir að það falli niður 1999. Dettur nokkrum einasta manni það í hug að svo verði? Þetta mun vaxa árlega. Þetta er nýr skattur á atvinnulífið og ný tekjulind fyrir ríkissjóð sem mun vaxa og styrkjast með hverju ári.

Mig langar að spyrja vegna þess að ég hélt að ákveðnir háttsettir aðilar hefðu lýst því yfir að Útflutningsráð bæri að leggja niður. Ég taldi mig hafa heyrt það. Hér er Útflutningsráð neglt niður til næstu fimm ára. Ég veit það að margir af stærstu útflutningsaðilum landsins eru ekki í Útflutningsráði. Ég hygg að Davíð Scheving Thorsteinsson njóti ekki styrkja úr Útflutningsráði til að mynda. Ég mundi gjarnan vilja sjá skýrslu yfir það hver hefur verið árangur starfs Útflutningsráðs frá árinu 1986 og hvernig þeir hafa varið því fjármagni sem þeir hafa haft. Ég vil gjarnan leggja mat á það. Ég hef grun um að hann sé ekkert beysinn. Hvaða stefnu hefur Útflutningsráð yfir höfuð? Ég veit ekki betur en útflutningur minnki stöðugt. Það er helst í sjávarútvegi sem hann er að aukast eitthvað. En þrátt fyrir tilvist Útflutningsráðs hef ég ekki orðið var við mikla aukningu. Ég vona að það sé rangt hjá mér, en ég vil gjarnan fá svör við því. En að aðrar greinar eigi að fara að standa undir Útflutningsráði og útflutningnum í landinu, að innflutningsverslunin til að mynda eigi að fara að standa undir því er náttúrlega óhæfa. Þeir aðilar sem kjósa að vera undir Útflutningsráði eiga að borga í þennan sjóð og enginn annar. Og það er kjarni gagnrýni minnar á þessa tillögu.

Ég vildi gjarnan fá að vita hvaða fyrirtæki hafa hlotið stuðning og, eins og ég sagði, hversu háan og til hvers og hver er árangurinn?

Virðulegi forseti. Ég tel að ég hafi lokið við að gera grein fyrir mínu nefndaráliti, en mun gera nánari grein fyrir afstöðu minni síðar í umræðunni.

[17:00]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einhvern veginn fannst mér á ræðu hv. þm. að nú væri svo komið að þingmaðurinn væri nánast á móti öllu, ríkisstjórninni, Framsfl. og almennt bara á móti og reyndar móti því líka sem hann ætlaði að styðja, sem ber kannski nýrra við.

Þingmanninum var tíðrætt um stefnu Framsfl. varðandi virðisaukaskatt á matvæli. Þá vil ég taka það fram að í mínum huga er það markmiðið sem skiptir máli en ekki leiðin. Og markmiðið er að lækka verð á matvælum. Ég barðist fyrir því á haustþinginu 1989 að það yrði lægra virðisaukaskattsþrep á innlend matvæli. Ég beygði mig hins vegar fyrir þeim rökum að það væri tæknilega ekki framkvæmanlegt og það væri betra að endurgreiða vaskinn á ákveðnum vöruflokkum niður í 14%. Ég er sömu skoðunar enn. Ég er þeirrar skoðunar að meðan okkur líðst það, þá eigum við að gera betur við innlenda framleiðslu en innflutta. Og ég bendi á það að í skýrslu frá Þjóðhagsstofnun, sem við eigum að hafa undir höndum öll í efh.- og viðskn., er sagt að þessi aðgerð mundi auka innflutning á matvælum um 1,5 milljarða. Það skiptir ekki miklu og þýðir ekki marga bændur. Það þýðir hins vegar þó nokkuð marga sem fást við að vinna úr þessum vörum og koma þeim á markað.

Ég vil einnig taka fram að ég hef alltaf gefið mér það að hvort sem menn eru að lækka virðisaukaskattinn meira eða minna, þá skili það sér út í verðlagið þannig að ég skil ekki alveg sjónarmið þingmannsins um það að lækkunin úr 24,5% niður í 23% muni í engu skila sér. Ég hef haft þá reynslu að hér sé svo virk samkeppni í innlendri verslun, smásöluverslun með matvæli, að slíkt skili sér. — Nú vil ég spyrja virðulegan forseta hvort mér leyfist að tala hér eins og ég vil eða hvort hann ætli að fara að berja í bjölluna.

(Forseti (KE): Forseti þakkar hv. þm. fyrir ábendinguna.)

[17:03]

Frsm. 4. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekkert á móti öllu. Ég var að lýsa andstöðu minni við tiltekinn þátt. Ég er ekkert á móti ríkisstjórninni en ég leyfi mér að hafa mína skoðun á einstaka málum sem slíkum. Ég styð þessa ríkisstjórn ef þingmaðurinn er í einhverjum vafa um það. En það á ekki að koma neitt á óvart að ég sé á móti Framsfl. Það á ekkert að koma þingmanninum á óvart. Mig minnir að það sé til eitthvað sem heitir stjórn og stjórnarandstaða.

En varðandi lækkunina úr 24,5% niður í 23 annars vegar og svo að fara með matvælin niður í 14%, þá erum við að tala um tvo ólíka hluti vegna þess að Framsfl. er að tala um miklu víðari stofn. Hann er að tala um að leggja þetta á allt. Ég er að tala um matvöruna eina og sér. Ef við ætlum að lækka matvöruna sem þessu nemur eða fara í tvö þrepin niður í 14%, þá

er það marktækur munur að mínu mati. Hins vegar ef menn vilja fara í þessar eilífu niðurfærslur eða endurgreiðslur, eða hvað á að kalla það, þá er það auðvitað hægt. En ég er alveg sammála þingmanninum í því og það er mín meginskoðun að ég vil lækka matarverðið. Ef menn finna betri leiðir, gott og vel. En ég tel að Framsfl. hafi ekki bent á betri leiðir. En ef þær eru til, þá er það allt í lagi.

Og ég vil jafnframt segja það að að sjálfsögðu tel ég að skattkerfi með einu þrepi sé betra. Ég held að því neiti ekki nokkur einasti maður. Ég tek því undir það. En aðalmálið er það að við erum að leita leiða til að lækka matarverðið í landinu, þá er það bæði innflutt og erlend matvara og ég treysti alveg innlendum matvælaframleiðendum til að standa í samkeppni við innfluttar matvörur. Þetta er því engin árás á þá. Við erum eingöngu hér að hugsa um hag neytendanna.

[17:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég biðst afsökunar á því að hafa gert mér einhverjar væntingar um stuðning þingmannsins við Framsfl. Það er alveg rétt hjá honum að hér er bæði stjórn og stjórnarandstaða, en ég verð hins vegar að viðurkenna að ég hef oft og tíðum verið í miklum vafa um hvorum megin hv. þm. stendur í þeirri skiptingu.

Virðulegi forseti. Við erum sammála um að það sem við stefnum að er að ná jöfnun í lífskjörum. Og það sem hefur verið að styrkjast í mínum huga og nánast allt sem við höfum fengið í hendurnar á síðustu dögum bendir til þess að mismunandi stig á virðisaukaskattsprósentu sé ekki markviss aðgerð til tekjujöfnunar. Meira að segja forseti ASÍ, eins og hv. þm. væntanlega man, sagði þetta inni á nefndarfundi hjá okkur í efh.- og viðskn.

Ég vil einnig benda þingmanninum á það þegar hann var að tala um mismunandi þunga framfærslu á matvöru eftir barnafjölda. Hann nefndi að það væri frá tæplega 20% við eitt barn, ef ég man rétt (**IBA:** 17,7.) Já, 17 komma eitthvað upp í 24% með fjórum börnum. Ég bendi á það að í útfærðum tillögum okkar í 2. minni hluta er lagt til að þessum mun sé mætt með barnabótaauka sem þýðir það að sú fjölskyldan sem á fjögur börnin fær samkvæmt okkar tillögum viðbótarráðstöfunartekjur á ári upp á 30 þús., láglaunafjölskyldan, sem er langt umfram þann mun sem er á matarkaupum upp á 19 eða 24% af ráðstöfunartekjum. Við mætum þessu fullkomlega og meira til.

Staðreyndin er einfaldlega sú að þær tillögur sem við 2. minni hluti erum með í höndunum ná miklu lengra og skila miklu betri árangri en þær tillögur sem hv. þm. hefur ákveðið að styðja sína ríkisstjórn með.

[17:08]

Frsm. 4. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því að jöfnuðurinn næst ekki fyllilega. En ég vil ekki að láglaunafólkið í landinu eigi að líða fyrir það þó einhverjir aðrir beri eitthvað aðeins úr býtum líka. Menn verða þá að taka á því sérstaklega. Ef menn vilja koma með hátekjuskatt eða eitthvað þar fram eftir götum til að jafna þennan mun. En við erum að tala um útgjöld heimilanna í landinu fyrst og fremst, þeirra sem minnst mega sín. Það eru þeir aðilar sem við erum að reyna að berjast fyrir. Við erum báðir að því og ég virði alveg skoðanir þingmannsins. Okkur greinir bara á. En takmarkið hjá okkur báðum er það sama. Að lækka þennan útgjaldalið heimilanna.

Útbýting þingskjala:

Málefni barna og ungmenna, 241. mál, svar félmrh., þskj. 413.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, 150. mál, nál. utanrmn., þskj. 438.

[17:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er býsna sérkennilegt að sitja hér undir því að vilja ekki lækka matarverð í landinu. Ég mótmæli þvílíkum fullyrðingum harðlega og mun sýna fram á það í mínu máli hvaða aðrar leiðir eru færar að því marki og hvaða aðgerðir ég tel vera betri við þær aðstæður sem við nú stöndum frammi fyrir til þess að jafna kjörin í landinu.

Mig langar til að byrja á því að minnast á það að í gærkvöldi og nótt voru hér harðar deilur um ákveðið frv. sem nefndarmenn þeirrar nefndar voru ekki sáttir við og gagnrýndu hvernig að afgreiðslu mála var staðið. Ég held að varðandi þetta frv. sem við erum að ræða um skattamálin sé ekki hægt að gagnrýna nefndina fyrir sleifarlag því að það hafa verið haldnir ótal fundir um þetta mál. Hins vegar er allur undirbúningur þess með þeim hætti að ég hef aldrei séð annað eins. Og ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram á ráðuneytið og þá sem eiga að framkvæma þær breytingar sem hér er verið að leggja til fyrir það hvernig að málum er staðið.

Það er alveg makalaust þegar menn semja um það í maímánuði að lækka virðisaukaskatt á matvælum niður í 14% að menn skuli ekki nota tímann til þess að undirbúa þá breytingu, gera úttekt á því hvað hún þýði, hverju þurfi að breyta, hvernig að skuli staðið, undirbúa þær reglugerðir sem þurfa að koma til þar sem menn skilgreina hvað er í hverju skattþrepi o.s.frv. Þetta eru auðvitað alveg makalaus vinnubrögð, en ég hygg að sú skýring sé rétt sem fram kom í máli síðasta ræðumanns að orsökin er einfaldlega sú að menn eru á móti þessu. Menn eru einfaldlega á móti þessu nema ef undan er skilið Alþýðusambandið. Það kom fram í máli fulltrúa Vinnuveitendasambandsins að það mætti svo sem að ýmsu finna en þeir meta dæmið þannig að það sé betra að tryggja hér vinnufrið í næstu 15 mánuði eða svo frekar en að fara út í breytingar á þessum samningum. En ýmis aðildarfélög VSÍ hafa komið með gagnrýni á þessa breytingu og önnur stéttarsamtök en ASÍ gagnrýna þá leið sem verið er að fara. Fyrst og fremst fyrir það í henni felist ekki sú tekjujöfnun sem stefnt var að.

Það er mergurinn málsins að mínum dómi því að það er eitt að ræða það hvort taka eigi upp tveggja þrepa virðisaukaskatt, hvernig að því skuli staðið, hver prósentan eigi að vera o.s.frv. Annað er að koma í framkvæmd þeirri aðgerð sem samið var um í kjarasamningum í vor. Það er annað mál og þarf að skoða í ljósi þeirra aðstæðna sem við búum nú við í þjóðfélaginu og ekki síst þess að ekki er staðið við nema hluta af kjarasamningunum. Það var samið um þessa lækkun á matarskattinum en vegna þess hvað í því felst léleg tekjujöfnun var líka samið um það að komið yrði á fjármagnstekjuskatti og auk þess ýmsum öðrum hliðarráðstöfunum sem færu í vasa hinna betur stöddu en það er ekki gert. Eftir stendur því að matarskatturinn er lækkaður sem auðvitað kemur öllum til góða, það kemur öllum fjölskyldum til góða. En það kemur þeim meira til góða sem hafa meira fé vegna þess að það gefur auga leið að því meiri peningur sem fólk ver til matarkaupa þeim mun meira sparast. Ég mun koma betur inn á það á eftir að ein besta afstaðan sem ég hef heyrt til þessa máls kom fram hjá einstæðri móður sem sagði: Þessi lækkun kemur mér ekkert við vegna þess að ég er búinn að skera mín matarkaup svo mikið niður og þær matarvörur sem ég get leyft mér að kaupa fyrir mig og mitt barn hafa þegar verið lækkaðar í verði. Það sem nú á að fara að lækka, innflutta matvaran fyrst og fremst, er það sem ég get ekki leyft mér að kaupa. Ég set því stórt spurningarmerki við það hvernig þessi lækkun á matarskatti nýtist hinum lægst launuðu.

Þar á ofan í þeirri umræðu sem hefur átt sér stað í dag er alltaf blandað saman þeirri lækkun sem átti sér stað strax í sumar þar sem samið var um auknar endurgreiðslur á landbúnaðarvörum og svo því sem á að fara að gera núna þegar lækka á skatt á innfluttum matvörum niður í 14%. Og ég set líka spurningamerki við þetta: Hvaða neyslustefnu má lesa út úr þessu? Hvaða menneldisstefnu má lesa út úr þessum aðgerðum? Það finnst mér vera mikilvæg spurning í þessu dæmi.

Hins vegar er það óumdeilt hjá öllum þeim sem skila áliti í þessu máli að það eigi að niðurgreiða íslenskar landbúnaðarvörur og helstu nauðsynjavörur heimilanna niður í a.m.k. 14%. Það hefði mátt skoða það dæmi að fella virðisaukaskattinn á þessum matvælum alveg niður. Þeir segja mér í fjmrn. að það mundi kosta milljarð og að grípa þá til annarra hliðarráðstafana. Það er auðvitað mergurinn málsins. Það eru þessar nauðsynjavörur, mjólk, fiskur, sem reyndar munu hækka í verði því miður, kjöt og ýmsar þær vörur sem eru hluti af okkar innlendu framleiðslu sem skipta langsamlega mestu máli í matarkaupum fjölskyldnanna. Ég held því miður að sá misskilningur sé á ferð hjá mörgum, sem eru að ræða þetta mál, að halda að þær vörur muni lækka. Þær munu ekki lækka. Það er búið að lækka þær. Eins og ég nefndi áðan er það tillaga okkar allra að þeim endurgreiðslum á virðisaukaskatti verði haldið áfram og vörurnar verði greiddar niður sem nemur 14% virðisaukaskatti. Það er tillaga okkar þriggja sem myndum 2. minni hluta.

Sú lækkun sem fram mun koma um áramótin er fyrst og fremst á öðrum vörum. Inni í þessu eru nauðsynjavörur eins og brauð og ávextir. En þetta skilar því miður sáralitlu. Þetta skilar láglaunaheimilunum í landinu sáralitlu. Eins og segir í grein sem ASÍ birti í Vinnunni, með leyfi forseta:

„Samkvæmt þessu mun staða lágtekjufjölskyldna batna um 1,7–2,2% um næstu áramót eða um 2.200–2.600 kr."

Það er það sem verið er að leggja til og þetta þýðir 0,8–0,9% lækkun á verðlagi vegna þess að meginhluti þessarar lækkunar er kominn fram. Og við hljótum að spyrja hvað þessi lækkun þýðir gagnvart innlendri framleiðslu og við hljótum að spyrja hvaða neyslustefna felst í þessum aðgerðum.

Ég vil ítreka það hér að það er og hefur verið stefna Kvennalistans að það beri að lækka verð á matvælum. Matvælaverð hér á landi er allt of hátt. Ég minni á það að þingkonur Kvennalistans börðust af mikilli hörku gegn því að matarskatturinn væri lagður á. En það er eitt að setja á skatt og annað að afnema hann og það verður að skoða það hver tilgangurinn er. Hverju á að ná með þessari aðgerð Eins og ég nefndi hér áðan þá næst tilgangurinn, þ.e. að jafna aðstöðu fjölskyldnanna í landinu, ekki. Niðurstöðurnar sem við höfum fengið í okkar hendur í hv. efh.- og viðskn. eru svo misvísandi að við urðum að kalla til Þjóðhagsstofnun til þess að leggja eitthvert mat á þetta. ASÍ segir: Lækkun matarskatts — kjarabót hinna tekjulægstu. Leyniskýrslan úr fjmrn. sem ekki mátti dreifa segir: Lækkun virðisaukaskatts á matvæli skilar sér betur til tekjuhárra en tekjulágra fjölskyldna.

Þetta stangast hvað á annars horn. Ástæðan er sú að að fer mikið eftir því hvernig menn meta og hvernig menn reikna. Auðvitað er það ljóst að þá sem eyða tiltölulega mestum hluta sinna tekna í mat munar um lækkun. En þegar litið er á þetta í krónum eins og ég nefndi áðan, því meiri peningur sem fólk eyðir í mat, því meira sparast auðvitað á þessari lækkun. Niðurstaðan er sú samkvæmt útreikningum fjmrn. að þessir 3 milljarðar, — þetta er kannski hin sorglega staðreynd að þessi tekjujöfnunarleið, að snara rúmlega 3 milljörðum kr. út úr ríkissjóði, 2,6 milljörðum reyndar þegar búið er að draga niðurgreiðslurnar frá, — en ef horft er bara á þessa 3 milljarða þá fara 27% til hinna tekjulægri, 36% til hinna tekjuhærri þegar tekjuskalanum er skipt í tvennt og 21% fer í milliliði. Og samkvæmt þessum útreikningum, sem gerðir eru með því að taka mið af reynslu annarra þjóða, má reikna með að undanskot verði 16% af þessum þremur milljörðum. Og þetta á að vera kjarajöfnunaraðgerð. Meirihlutinn fer í milliliði og hina tekjuhærri. Hinar tekjulægri fjölskyldur fá rúmlega fjórðung af þessari upphæð í sinn hlut.

Þetta vil ég setja í samhengi við þær breytingar sem hér hafa átt sér stað í skattamálum á undanförnum árum sem hafa þýtt að það er búið að flytja stórkostlega skattlagningu af atvinnulífinu yfir á almenning í landinu. Það er búið að flytja stórkostlega mikla skatta. Það er búið að hækka skatt á öllum almenningi, bæði

tekjuskatt og setja á þjónustugjöld, skólagjöld og guð veit hvað og þegar þetta er skoðað í samhengi þá er enn ein tilfærslan hér upp á rúmlega 3 milljarða þar sem meiri hlutinn fer til hinna tekjuhærri. Hvers konar jöfnunaraðgerðir eru þetta? Er ekki hægt að finna betri leiðir til þess að bæta kjörin í landinu? Og þar á ofan vil ég benda á það að ef við viljum setja þessa aðgerð í samhengi við það sem verið er að gera og það sem er hér í þessu skattafrv. Nú bið ég þingmenn að taka vel eftir því hvað verið er að gera í þessu skattafrv. og reyndar öðrum sem eru til umræðu hér á þingi, það er verið að hækka tekjuskatt. Það er hækkun á tekjuskatti á alla línuna í þessu frv.

Það á að hækka útsvar. Ég bið menn að taka eftir því og það er verið að tekjutengja ekkjubætur. Það er verið að leggja sérstaka skatta á áfengissjúklinga og þegar þetta leggst nú allt saman, eflaust gleymi ég einhverjum aðgerðum hérna, ég gleymi nú ekki virðisaukaskattinum á flutninga og ferðaþjónustu sem mun koma fyrst og fremst niður á því fólki sem býr úti á landsbyggðinni, en þegar við leggjum þetta allt saman, hver er þá útkoman fyrir launafólk í landinu, hver er útkoman? Þetta er sáralítil kjarabót sem þessi lækkun á virðisauka skilar og þar á móti er bara tekið úr hinum vasnum. Og það er grundvallarspurning í þessari umræðu hvort skiptir meira máli að hafa meiri peninga á milli handanna og geta þá ráðið því sjálfur í hvað þeim er varið eða það að lækka veðlag með þessum hætti sem skilar sér fyrst og fremst til hinna tekjuhærri þó að ég ítreki það enn einu sinni að auðvitað munar láglaunafólk um hverja einustu krónu. En það er bara verið að taka þessar sömu krónur af þeim með skattahækkunum. Ég hef ekki látið reikna þetta dæmi eða haft tíma til þess að reikna þetta út en mér segir svo hugur um að hér sé útkoman í mínus fyrir láglaunafólk í landinu.

Auk þess er útkoman sú að þetta dæmi sem ríkisstjórnin setur upp kemur út þegar allar þessar aðgerðir eru lagðar saman sem verið er að vinna að hér í fjárlögum, skattalögum og ýmsum öðrum breytingum að niðurstaðan er samkvæmt frv., það kunna að hafa orðið einhverjar tölulegar breytingar þar á, sú að halli ríkissjóðs eykst um 1.230 millj. Það er niðurstaðan úr þessu dæmi. Og ég spyr eins og BSRB-fólkið sem kom á okkar fund: Hvernig mun þetta koma í bakið á okkur? Hvað verður að gera á næstu árum og hvað mun verða gert á næstu árum til þess að mæta þessum halla og þessu tekjutapi? Hvar kemur þetta niður? Og það er mjög vel skiljanlegt að það sé BSRB sem vekur athygli á þessu því að atvinna þeirra félagsmanna er í húfi. Það er atvinna þeirra sem mun verða í húfi með enn meiri niðurskurði í ríkisrekstrinum. Og við verðum horfa á þetta dæmi allt í heild í ljósi stöðu ríkissjóðs og þess hvernig hægt er að bæta kjörin þannig að það komi hinum lægst launuðu til góða. Það má lengi deila um aðferðir í því sambandi og menn hafa gert lítið úr því í umræðunni sem aðrar þjóðir hafa verið að fást við í þessum efnum en reyndin er sú að menn eru víða að skoða sitt skattkerfi. Það eru víðar skattsvik en hér og skattkerfið er víðar dýrt en hér og allar þessar upplýsingar sem við höfum fengið í hendur frá Noregi, Svíþjóð, Englandi og víðar og það sem okkur hefur verið sagt af gangi mála í Evrópubandalaginu þó að það sé svo sem ekki alltaf til fyrirmyndar þá er víðast hvar verið að stefna að því að einfalda skattkerfið og einfalda virðisaukaskattskerfið. Og hvað þýðir það? Það getur þýtt eitt þrep eða tvö þrep. Víðast hvar er stefnt að tveggja þrepa virðisaukaskatti og þá kemur inn í það hvort menn telja núllþrep eða það hvort einhverjar vörur séu undanþegnar virðisaukaskatti, hvort það er talið þrep. En víðast hvar er verið að einfalda þetta kerfi og mergurinn málsins er sá að ef það er vilji til þess eins og t.d. stefna Kvennalistans kveður á um að taka upp tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi þá á bara að gefa sér tíma til þess. Þá er það mál sem kallar á góðan undirbúning, stefnumörkun og að menn geri sér grein fyrir kostum og göllum, orsökum og afleiðingum, en að það sé ekki hlaupið svona til eins og hér er verið að gera án undirbúnings. Og ég segi það enn að við í efh.- og viðskn. höfum ekki fengið neina úttekt á hvað þetta þýðir í heildina litið, hvað þetta kostar eða hver áhrifin verða. Það er engin slík úttekt til.

Hver á stefnan að vera? Hver er stefnan í skattamálum? Hver er stefna þessarar ríkisstjórnar? Er það bara að hlaupa svona til og frá í einhverjum ákvörðunum og láta ASÍ og VSÍ ákveða það hvernig skattamálum skuli háttað hérna? Ég tek undir það með hv. þm. Inga Birni Albertssyni að ég er ekki hér á vegum ASÍ. Ég er ekki hér til þess að greiða atkvæði samkvæmt vilja ASÍ. Það er okkar hlutverk að gæta hér almannahags og taka skynsamlegar ákvarðanir, en það breytir auðvitað ekki því að ríkisstjórnin og þeir sem með þessi mál fara hafa náttúrlega sýnt alveg ótrúlegt kæruleysi í því að undirbúa ekki þessar breytingar. Og stjórnarhættir af þessu tagi eiga náttúrlega ekki að eiga sér stað. En niðurstaðan af því er sú að það verður að fresta þessu því að það verður algert öngþveiti hérna upp úr áramótunum. Og hvað kostar þetta? Hvað má skattheimtan og skattkerfið kosta? Eigum við að vera að eyða milljörðum í það að innheimta skattana eða eigum við ekki allir að spyrja okkur að því hvort það sé hægt að gera það á ódýrari hátt? Eigum við ekki að setjast niður og ákveða hver stefnan á að vera í stað þess að hlaupa svona til?

Það væri full ástæða til þess að fara rækilega ofan í það hvernig þetta mál er til komið og hvaða sýnilegu afleiðingar það mun hafa en eins og ég hef nefnt var samið um það sl. vor að auka endurgreiðslur eða niðurgreiðslur á öllum helstu innlendu matvælum niður í 14% og síðan skyldi virðisaukaskatturinn á öllum matvælum fara í 14% um áramót og ég ítreka það enn og aftur að mér vitanlega er ekki um það deilt að það beri að greiða þessi nauðsynlegustu matvæli niður í jafnvel 14% eða eitthvað minna jafnvel eða meira. Þessi 14% tala er ekkert heilög en þessum breytingum tengjast líka aðrar breytingar sem er að finna hér í þessu frv., það eru breytingar á vörugjöldum, tollum og út úr þeim breytingum les ég ákveðna neyslustefnu sem ég vil kalla sykurstefnuna. Það er erfitt að átta sig á því hvernig verðlagningin á sykri verður og hvað það þýð-

ir þegar hann er kominn í vörur en það var hætt við það að hækka vörugjald á sælgæti og gosdrykkjum til þess að bæta samkeppnisstöðu þessarar innlendu framleiðslu gagnvart innflutningi og þá sérstaklega ávaxtasafa og reyndar kaffi og te. Það er horft á þetta í því samhengi og sælgætið andspænis kexi og öðru slíku. Ég vil leyfa mér að draga það mjög í efa að það sé skynsamleg neyslustefna að hætta niðurgreiðslum á fiski þannig að hann hækki í verði en að halda niðri verði á sælgæti og gosdrykkjum, mér finnst þetta ekki skynsamleg neyslustefna. Mér finnast þetta ekki skynsamlegir hollustuhættir sem hér er verið að ýta undir og spurning hvort ekki hefði þurft að trappa þetta niður með öðrum hætti.

Það er annar þáttur í þessu máli sem vert er að gefa gaum en menn gera reyndar ótrúlega lítið úr hér í umræðunni. Það eru hin skattalegu rök og það eru kannski ekki síst þau sem hefðu kallað á meiri umræðu og meiri athugun á þessu máli. Því er spáð að þessi lækkun á virðisaukaskattinum þýði það að skattsvik eða undanskot muni aukast og eins og ég hef nefnt þá er reiknað með því í skýrslu fjmrn. að þau undanskot geti numið allt að 500 millj. kr. Það er verið að gera kerfið flóknara, það er verið að flækja kerfið og það er verið að gera það dýrara. Ég sló á það í fjárlagafrv. hvað skattkerfið kosti okkur nú þegar. Ef bara eru lagðar saman tölurnar af kostnaðinum við skattstofurnar og skatteftirlitið þá eru þar 1.100 millj. og hér stendur til að auka þann kostnað um einhver hundruð milljóna. Það er mjög óljóst hver sá kostnaður er og þetta þarf allt að meta í samhengi. Þarna er auðvitað spurning um afstöðuna til þess hvort það eigi að taka upp tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi og hafa það við lýði. Og eins og ég hef margoft sagt, það er umræða sem hefði þurft miklu meiri undirbúning.

Enn eitt sem skiptir máli í þessu samhengi er sú spurning hvaða áhrif þessi virðisaukaskattslækkun muni hafa á innlenda framleiðslu. Hvaða áhrif hefur það þegar það gerist? Vonandi skilar þessi lækkun sér þó að ýmsir séu vantrúaðir á það. Hvaða áhrif hefur það þegar þessi innflutta matvara og hráefni lækka í verði? Það gerist ekki með innlendu vöruna, hún stendur í stað og fiskurinn hækkar, hvaða neyslubreytingar kunna að eiga sér þar stað.

Til að vera sanngjörn vil ég minna á að ýmsar unnar kjötvörur munu lækka í verði þannig að þetta er hluti af dæminu sem menn þurfa líka að velta fyrir sér.

Það hefur nokkuð verið komið inn á afstöðu ASÍ til þessa máls en það er eins og afstaða annarra launþegasamtaka skipti engu máli og jafnvel þó að ASÍ bendi á að þetta sé ómarkviss aðgerð þá er eins og það komi ekki til greina að endurskoða það. Í þeirri greinargerð sem Alþýðusambandið sendi hv. efh.- og viðskn. segir, og ég bið þingmenn að taka vel eftir þessu, með leyfi forseta:

„Samninganefnd ASÍ var þegar í vor ljóst að lækkun matarskattsins væri ekki sú markvissasta tekjujöfnunaraðgerð sem hægt væri að grípa til. Hins vegar mætti meta slíka breytingu sem tiltölulega varðanlega aðgerð."

Og þeir hafa lagt mjög mikla áherslu á það í sínum rökstuðningi að þrátt fyrir allt muni þessi breyting verða varanleg. En hvað kemur ASÍ til að halda það að 14% virðisaukaskattur sé einhver varanleg aðgerð? Það á ég erfitt með að skilja því að ég man ekki betur en menn séu nú búnir að vera að sveifla þessum tölum upp og niður í áranna rás og menn þekktu það meðan söluskattskerfið var við lýði að það var ekki aldeilis mikill varanleiki eða stöðugleiki í því kerfi og að láta sér detta það í hug að þessi ákvörðun verði eitthvað varanleg, ég dreg að stórlega í efa miðað við þá efnahagsstefnu sem hér hefur verið við lýði árum saman. Ég leyfi mér að draga það stórlega í efa.

Ég tel mig ekki hafa leyfi til þess að vitna í það sem hæstv. fjmrh. sagði hér á göngunum áðan og reikna með að það hafi verið sagt meira í gríni, menn hafa þegar orðað þetta. Menn hafa þegar orðað það hvort það komi ekki til greina að þessi ákvörðun nái bara til tveggja ára. Það hefur verið orðað í þessari umræðu þannig að ég vil vara menn við því að líta á þessa aðgerð, lækkun matarskatts í 14% sem eitthvað varanlegri eða öruggari aðferð en þá að greiða niður matvæli. Ég á erfitt með að sjá það og þegar menn víla ekki fyrir sér að fara svona undirbúningslaust út í þessar breytingar, hvers vegna ættu þá einhverjar ríkisstjórnir, þessi eða aðrar að hika við að hækka þennan skatt eða lækka þó að þær kalli á breytingar í sjálfu kerfinu? Mér finnst því sú röksemd að þetta sé eitthvað varanlegt ekki vega þungt í þessari umræðu.

En ég vil aðeins vitna í það sem önnur stéttarsamtök segja um þetta mál og vitna þá fyrst í umsögn BHMR. Það var svolítið skondið þegar fulltrúar BHMR komu á fund nefndarinnar og menn voru að lýsa því harmi lostnir að það væri engu hægt að breyta í þessum kjarasamningum. Það þótti BHMR-fólki sérkennilegt sem fékk á sig bráðabirgðalög á sína kjarasamninga hér fyrir nokkrum árum og það er ekki sama hver er. En auðvitað hefði verið hægt að fresta þessum aðgerðum eða grípa til annarra aðgerða þannig að það væri hægt að standa skynsamlega að þessum málum. En BHMR segir í sínu áliti, með leyfi forseta:

„BHMR telur óskynsamlegt að hafa tvö þrep í virðisaukaskattskerfinu. Þessi afstaða byggist í fyrsta lagi á því að til eru mun ódýrari og skilvirkari leiðir fyrir ríkissjóð til að ná fram áformuðum velferðaráhrifum fyrir fjölskyldurnar, t.d. með beinum millifærslum.

Í öðru lagi verða til mörg vandamál við framkvæmd skattkerfisins sem ekki er hægt að líta fram hjá. Má þar nefna vanda seljenda að vita með vissu hvaða skatthlutfalli skuli beita á hvern vöruflokk. Þetta felur í sér mismunun gagnvart minni rekstraraðilum í samkeppni við þá sem hafa yfir að ráða fullkomnara bókhalds- og sjóðskerfi. Þetta felur einnig í sér aukna erfiðleika hjá rekstraraðilum við uppgjör virðisaukaskatts sem getur í raun ýtt undir skattsvik. Dæmi um ákvæði sem virðist örðugt að framkvæma er a-liður 18. gr. frv. sem aðskilur tilreiddan morgunmat frá öðrum tilreiddum mat. Sá einfaldleiki sem tilkoma virðisaukaskatts átti að byggja á hverfur með þessum breytingum. Jafnframt verður eftirlitsþáttur skattyfirvalda

mun erfiðari og möguleikar á vélrænu eftirliti eru nánast úr sögunni."

Möguleikar á vélrænu eftirliti eru nánast úr sögunni, segir hér. Þetta álit er unnið af laganefnd BHMR. Þar eru innan dyra menn sem vinna í skattkerfinu og þekkja þetta vel og nákvæmlega sömu sögu hafa BSRB-fulltrúar sem vinna á skattstofum landsins að segja. Þeir hafa ákaflega litla trú á þessum breytingum eða að þessar breytingar séu skynsamlegar. Á ekki að hlusta á það fólk? Skiptir engu hvað það fólk segir sem vinnur við þetta kerfi? Skiptir það engu máli?

BSRB sendi bréf til efh.- og viðskn. þar sem segir, með leyfi forseta:

„BSRB telur að lækkun virðisaukaskatts á matvælum sé kostnaðarsöm og ómarkviss aðgerð og leiði ekki til tekjujöfnunar."

Síðar segir í þessu bréfi:

„Ljóst er að flestar aðrar skattbreytingar sem gert er ráð fyrir í frv. eru til þess að standa straum af tekjutapi vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum og fela í sér auknar álögur á almenning. Þessu hefur BSRB margoft mótmælt."

Þetta segir BSRB um skattinn og sendir með grein eftir Rannveigu Sigurðardóttur, hagfræðing BSRB, sem hún skrifaði sl. vor þegar þessar hugmyndir voru efst á baugi þar sem hún sýnir fram á það hvernig þessar breytingar koma tölulega við almenning þar sem meira kemur í hlut þeirra sem hærri hafa tekjurnar. Það er niðurstaða hagfræðings BSRB að hinir tekjuhærri fái fleiri krónur í sinn hlut, þeir geta sparað meira, þeir geta lagt fyrir á meðan hinir tekjulægri fá færri krónur í sinn hlut.

Það sem menn eru auðvitað að spyrja um í þessu dæmi er það: Eru ekki til betri aðferðir? Eru ekki til betri aðferðir til að jafna kjörin? Þetta er veigamikil spurning og ég skal alveg viðurkenna það hér úr þessum ræðustól að þegar þessir samningar voru gerðir þá hugsaði ég: Mikið var að ASÍ samdi um eitthvað af viti. Meðal annars vegna þess að mín stjórnmálasamtök hafa eins og ég nefndi áðan barist hart gegn matarskatti og verið þeirrar skoðunar og eru þeirrar skoðunar að það beri að lækka verð á matvælum. En þegar maður fer að kynna sér þetta mál og skoða það hvernig að verki er staðið þá er það einfaldlega þannig — eða mín skoðun er sú — að við í stjórnarandstöðunni getum ekki tekið ábyrgð á þessu. Það er ekki hægt að taka ábyrgð á því að þannig sé staðið að verki. Auk þess sem sú kjarajöfnun sem átti að nást næst ekki enda ekki staðið við nema hluta af samningnum. Það er ekki staðið við nema hluta af þeim samningum sem gerðir voru við ASÍ. Ríkisstjórnin hefur enn einu sinni, enn einu sinni gefist upp á því að koma á fjármagnstekjuskatti. Enn einu sinni. Það er svo merkilegt að það virðist vera algerlega óframkvæmanlegt. Menn geta tekjutengt hér út og suður hjá ekkjum og barnafólki og gamalmennum, það vefst ekki fyrir ríkisstjórninni, en þegar kemur að fjármagnstekjuskatti er það algjörlega óframkvæmanlegt verk. (**ÓÞÞ:** Tölvurnar brenna yfir.) Já, það er svo einmitt, útreikningarnir eru svo svakalegir að tölvunetin springa. Þetta er auðvitað algjörlega óþolandi.

Þess vegna var það sem við, 2. minni hluti í efh.- og viðskn., settumst niður til að setja upp aðra leið, reyna að setja upp aðra leið í þessu dæmi. Hún er kannski ekki sú fullkomnasta í heimi en hún kemur betur út fyrir ríkissjóð og hún kemur betur út fyrir launafólk ekki síst vegna þess að við gerum ráð fyrir verulegri hækkun á barnabótaauka sem mundi skila þeim fjölskyldum sem fá barnabótaauka 10.000 kr. á mánuði til viðbótar meðan þessi lækkun á virðisaukaskatti á matvælum, sem hér er verið að tala um, skilar fjölskyldunum rúmlega 2.000 kr., ja, 2.200 kr. Og ætla menn að segja að það séu ekki betri leiðir færar til að jafna kjörin í landinu? Ég hafna því algerlega.

Ég hef eytt hér miklum tíma í að ræða um virðisaukaskatt á matvæli enda er hann kannski eitt stærsta málið í þessu frv. En eins og síðasti ræðumaður nefndi, hv. þm. Ingi Björn Albertsson, þá eru í þessu frv. mörg önnur mál og ég get tekið undir það að þau hafa um margt fallið í skuggann af þessu virðisaukaskattsmáli. Ég ætla aðeins að tæpa hér á nokkrum atriðum.

Er þá fyrst að nefna það sem ég hef reyndar nefnt áður sem er það að þetta frv. felur í sér hækkun á tekjuskatti á alla línuna. Tekjuskattur er hækkaður um 0,35% á alla línuna og það á aðskila 685 millj. kr. í ríkissjóð. Það gefur auga leið að einhvern veginn þarf ríkissjóður að ná inn tekjum á móti þessum 3 milljörðum sem er tekjutap ríkissjóðs af því að lækka virðisaukaskattinn. En þessi aðgerð er jafnóréttlát fyrir því. Auðvitað þarf að ná inn tekjum en ég mótmæli því enn og aftur að tekjuskattur sé hækkaður svona á alla línuna eins og gert hefur verið ítrekað. Hér hefði auðvitað átt að leggja skatta á hina efnameiri. Ná alla vega þessari lækkun á virðisaukaskattinum sem fer í ríkari mæli til hinna efnahærri, ná því inn aftur með tekjuskatti. Það hefði þá verið einhver örlítil jöfnun í því.

Síðan er það atriði sem snýr að vaxtabótunum þar sem í frv. er fyrst og fremst verið að útfæra það sem samþykkt var í umræðunni sem átti sér stað fyrir ári um aðgerðir í skattamálum og þessi aðgerð á að spara 400 millj. kr. Ég vil minna á það að þessi niðurskurður á vaxtabótunum er auðvitað liður í samfelldum sparnaðar og niðurskurðaráformum ríkisstjórnarinnar. Menn eru misjafnlega sáttir við þessar breytingar. Þær koma fremur við hina tekjuhærri og eignameiri sem betur fer en þá sem verr standa að vígi. En það er alveg ótækt að það sé stöðugt verið að krukka vaxtabótakerfið með þessum hætti sem verið er að gera. Og ég minni enn og aftur á að stuðningur Kvennalistans við húsbréfakerfið byggðist m.a. á því að það yrði ekki byrjað að krukka í vaxtabótakerfið. Það fengi að vera í friði burt séð frá nauðsynlegum leiðréttingum á göllum sem kæmu fram. En það er ár eftir ár búið að krukka í þetta. Ég minni líka á að á næstu árum koma út á húsnæðismarkaðinn hópar, t.d. þeir sem nú eru í námi, og þurfa að standa undir miklum og dýrum námslánum og þungum endurgreiðslum og sá hópur þarf að afla sér mikilla tekna til að geta komið sér þaki yfir höfuðið. Hann fær ekki miklar vaxtabætur er ég hrædd um samkvæmt þessum breytingum.

Þá ætla ég að víkja að öðru virðisaukaskattsmáli sem er virðisaukaskatturinn á ferðaþjónustu og flutninga. Ég minni á það að fyrir ári síðan börðumst við mjög hart gegn því að þessi skattur yrði samþykktur. Við erum í rauninni að tala hér um ársgamla samþykkt en nú á að fara að framkvæma hana. Og það er svo ótrúlegt að þó menn hafi hrokkið illilega við þegar þetta mál var til umræðu fyrir ári síðan að þá er eins og sú umræða hafi legið í láginni en núna þegar er að koma að framkvæmdinni þá loksins taka menn við sér og hafa enn á ný hafið baráttu fyrir því að þessi skattur verði felldur niður. Það er merkilegt að velta því fyrir sér í þessu samhengi að fyrir allmörgum árum, ég man nú ekki hvenær það var, þá tóku Svíar upp á því að skattleggja ferðaþjónustu í Svíþjóð, setja hana undir virðisaukaskattkerfið og það varð hrun í sænskum ferðamannaiðnaði. Það varð algert hrun og Svíar urðu að grípa til þess ráðs að lækka þennan skatt, þeir gerðu það í þrepum. Þeir urðu að leggja út í gríðarlega kostnaðarsama herferð til að kynna Svíþjóð að nýju, reyna að vinna ferðamannamarkaðinn upp aftur vegna þessara hrapallegu mistaka sem þarna voru gerð. Þetta voru hrapalleg mistök. Og allir þeir aðilar úr ferðaþjónustunni sem hafa komið á okkar fund á undanförnum dögum og vikum segja: Verðlag í ferðaþjónustu á Íslandi er í hámarki. Það er í algeru hámarki og hinir erlendu aðilar sem verið er að vinna með og eru að senda ferðamannahópa hingað segja: Þið megið ekki hækka verðið. Þið verðið að reyna að ná verðinu niður. Þið verðið að reyna að lækka verðið. Annars bara verðleggið þið ykkur út af markaðnum eins og Svíarnir gerðu. En það virðist vera alveg sama hvað sagt er og á hvað er bent, það er eins með þetta og lækkun á virðisaukaskatti á matvælum sem flestir stjórnarliðar eru gagnrýnir út í að þessu má ekki breyta, það má ekki breyta þessu, bara ekki.

Þjóðhagsstofnun lagði mat á það í fyrra hvað áhrif þessi virðisaukaskattshækkun mundi hafa og hún mat það þannig að störfum mundi fækka um allt að 100. Hún mat það þannig að það yrði samdráttur í greininni og greinin yrði að taka á sig allnokkurn kostnað vegna þessarar vinnu sem þarf að leggja í vegna virðisaukaskattsins og þetta mundi þýða hækkun á verði. Síðan birtist í þessu frv. útfærsla á þessum tillögum sem er vægast sagt kostuleg þegar farið er að skoða hvað þetta þýðir. Eins og framkvæmdastjóri Ferðamálaráðs rakti fyrir okkur og reyndar fleiri þá skiptir það öllu máli hvort maður byrjar á því að leigja sér veiðistöng. Veiðistöng með gistingu ber ekki virðisaukaskatt en gisting sem felur í sér veiðileyfi er með 14% virðisaukaskatti. Ef menn ætla á stangveiðar þá skiptir öllu máli hvort báturinn er undir eða yfir sex metrum. Ef hann er undir sex metrum þá ber ferðin 14% virðisaukaskatt ef báturinn er yfir sex metra á lengd þá þarf ekki að borga virðisaukaskatt. Og eins og framkvæmdastjórinn sagði í þessari heimsókn til okkar í hv. efh.- og viðskn. þá er með þessum ákvörðunum og þessum útfærslum sem hér eru á ferð verið að raska samkeppnisstöðu fyrirtækjanna. Vegna þess að þeir sem eiga þess kost geta auðvitað farið að leika sér með svona atriði. Eins og hv. formaður efh.- og viðskn. komst að orði, koma menn bara fyrir veiðistöng í hverju hótelherbergi og leigja út veiðistöng með gistingu. Svona vitleysa á ekki að eiga sér stað.

En mergurinn málsins er sá, frú forseti, að ferðaþjónustan er nánast eini vaxtarbroddurinn í okkar atvinnulífi. Í Ferðamálaráði telja menn að verðlag sé komið eins hátt og mögulegt er. Þessi upptaka virðisaukaskatts mun kalla á verðhækkanir og þar af leiðandi má búast við því því miður að þessi skattur muni reynast þessari atvinnugrein afdrifaríkur. Hann muni hafa afdrifarík áhrif á stöðu greinarinnar. Og það hefur verið vöxtur í ferðaþjónustunni. Hún skilaði yfir 12 milljörðum kr. í gjaldeyristekjur á þessu ári, það sem af er þessu ári eru gjaldeyristekjur um 12 milljarðar kr. og það hlýtur öllum að vera ljóst að við megum ekki við neinu tekjutapi, við megum ekki við því að missa gjaldeyristekjur. Það er algerlega útilokað.

Frú forseti. Nú stendur þannig á að það hefur verið boðaður fundur í hv. efh.- og viðskn. vegna þess að okkur er að sjálfsögðu mjög í mun að ljúka þeim málum sem vísað hefur verið til nefndarinnar og ég verð að óska þess að fá að fresta ræðu minni.

(**Forseti** (KE)**:** Það er rétt að nú hefur verið boðaður fundur í efh.- og viðskn. þannig að ef þingmaðurinn á mikið eftir af ræðu sinni og er staddur þar að hann getur frestað ræðunni þá væri það ágætt. En ef ræðumaður á örstutt eftir þá væri auðvitað sjálfsagt að leyfa ræðumanni að ljúka máli sínu.)

Ég lít svo á að það sé nú nokkuð eftir. Ég á eftir að ræða fleiri atriði í þessu frv. og síðan ætla ég að koma nokkuð inn á þjóðhagshorfur og reyndar að skýra betur þær tillögur sem 2. minni hluti efh.- og viðskn. leggur til í málinu, þannig að ég vil óska þess að fá að fresta ræðu minni.

(**Forseti** (KE)**:** Það er þá rétt að þingmaðurinn fresti ræðu sinni þangað til síðar.)

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 17:59]

Iðnlánasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 277. mál (gjaldstofn). — Þskj. 352, nál. 431.

[18:04]

Frsm. iðnn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 76/1987, um Iðnlánasjóð, með síðari breytingum, og frv. til laga um iðnaðarmálagjald.

Nefndarálit iðnn. er svohljóðandi:

„Nefndin hefur fjallað um málin og með vísan til 1. mgr. 30 gr. þingskapa skilar hún einu áliti um þau bæði. Frumvörpin eru flutt vegna þess að aðstöðugjald, sem hefur verið notað sem gjaldstofn bæði iðnlánasjóðsgjalds og iðnaðarmálagjalds, hefur verið fellt niður. Með frumvarpinu er gjöldunum markaður nýr gjaldstofn.

Nefndin fékk á sinn fund til viðræðna um málið Finn Sveinbjörnsson, skrifstofustjóra í iðnaðarráðuneytinu, Pál Ásgrímsson, lögfræðing í sama ráðuneyti, og Svein Hannesson, framkvæmdastjóra Samtaka iðnaðarins. Þá barst nefndinni afrit af bréfi Samtaka íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja þar sem lýst er stuðningi við frumvarpið.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins en þeir nefndarmenn, sem rita undir álitið með fyrirvara, áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum er fram kunna að koma.

Þeir sem skrifa undir nál. eru: Svavar Gestsson form., með fyrirvara., Pálmi Jónsson, Tómas Ingi Olrich, Sigríður A. Þórðardóttir, Guðjón Guðmundsson, Valgerður Gunnarsdóttir, Kristín Einarsdóttir með fyrirvara, Elín R. Líndal með fyrirvara og Finnur Ingólfsson með fyrirvara.

Rétt er að geta þess þegar mælt er fyrir þessu nál. að það kom fram á fundi nefndarinnar með fulltrúum ráðuneytisins að breytingar á gjaldstofninum eiga ekki að hækka né heldur að lækka þetta gjald. Ef um slíkar breytingar yrði að ræða þegar málið kæmi til framkvæmda er gert ráð fyrir því að gripið verði til sérstakra ráðstafana af því tilefni.

[18:07]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli hv. þm. Tómasar Inga Olrichs þá skrifum við nokkur undir þetta nál. með fyrirvara. Fyrirvari minn við þetta mál var fyrst og fremst vegna þess að í 1. gr. frv. um iðnaðarmálagjald er gert ráð fyrir því að í ríkissjóð skuli renna 0,5% af innheimtu iðnaðarmálagjalds samkvæmt 1. mgr. vegna kostnaðar ríkissjóðs við innheimtu þessa. Þarna er um nýmæli að ræða þannig séð að ríkissjóður ætlar að taka þóknun fyrir innheimtuna. Það er í raun og veru fordæmi fyrir slíku, það mun vera gert varðandi innheimtuna á útsvari fyrir sveitarfélögin, þannig að þarna er kannski ekki um algjört nýmæli, en a.m.k. er þetta nýmæli hvað þetta snertir.

Bæði þessi frumvörp, um Iðnlánasjóð og eins um iðnaðarmálagjald, komu mjög seint fram á þinginu og það er hart að þurfa núna á síðustu klukkustundum þingsins að ganga frá þessum málum í fljótheitum því auðvitað væri gott í þessu sambandi að taka upp umræðu þessu tengda um stöðu iðnaðarins.

Hæstv. iðnrh. skýrði það við 1. umr. málsins að ástæðan fyrir því hversu seint þessi mál væru fram komin væri sú að það hefði átt að leggja fram heildstætt frv. um framtíðarhlutverk Iðnlánasjóð, það sem menn höfðu áður, í frv. sem hér hefur sést, kallað íslenska fjárfestingarbankann. Ástæðan fyrir því að nú er verið að gera þetta er sú að það er ekki samstaða um það í ríkisstjórninni frekar en margt annað að leggja þetta frv. fram, þannig að þá er hlaupið til á síðustu dögum og þess krafist að þetta verði afgreitt af hálfu þingsins. En það sem þarna er í raun og veru verið að gera, að leggja á þetta gjald sem áður var hluti af aðstöðugjaldinu þegar það er fallið í burtu, þá má segja að það hefðu ekki orðið tekjur fyrir samtök iðnaðarins. En eins og ég sagði í upphafi, minn fyrirvari við málið snýr fyrst og fremst að þessari þóknun sem ríkissjóður ætlar sér fyrir að innheimta gjaldið.

[18:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Iðnn. fjallaði um þetta mál, eins og fram kom í máli hv. 5. þm. Norðurl. e., á tveimur fundum og ræddi þá við fulltrúa ráðuneytisins og samtaka iðnaðarins. Það voru ágætar umræður. Þar kom fram að heildarálagning þessara gjalda, sem hér er verið að tala um að samþykkja, nemur á ársgrundvelli líðlega 240 millj. kr. sem er auðvitað talsvert há upphæð og að nokkru leyti er hér um að ræða, má segja, eins konar félagsgjöld samtaka iðnaðarins. Fyrir allmörgum árum, tíu árum eða svo, þá kom það til tals að samtök iðnverkafólks fengju hluta í þessu iðnaðarmálagjaldi. Af því varð þá ekki og síðan hefur sú umræða að mestu leyti fallið niður enda þótt auðvitað séu full rök fyrir því að halda henni uppi í sjálfu sér. En það verður að segja að það er nokkuð sérkennilegt að á sama tíma og ýmsir aðilar í þjóðfélaginu gagnrýna harðlega skylduaðild að verkalýðsfélögum skuli vera flutt frumvörp sem gera ráð fyrir að það sé um að ræða skylduaðild að atvinnurekendafélögum og félagsgjöldin séu innheimt með lagaákvæðum. Það er afar sérkennilegt mál en þannig liggur þetta.

Ég tók um það ákvörðun fyrir mitt leyti að styðja þessi frumvörp. Ég tel að þau feli ekki í sér neina efnisbreytingu frá því sem verið hefur að öðru leyti en því sem fram kom í máli hv. 11. þm. Reykv., að það er gert ráð fyrir því að 0,5% af þessu gjaldi renni til ríkissjóðs sem eins konar innheimtulaun. Fulltrúi samtaka iðnaðarins sem kom á fund iðnn. í gærkvöldi gagnrýndi þetta ekki, sagði að samtök iðnaðarins mundu láta þetta yfir sig ganga, en benti á að atvinnurekendur í landinu væri að innheimta ýmislegt fyrir ríkið, gjöld af ýmsu tagi, skatta af ýmsu tagi og sagði sem svo: Fyrst að ríkið fer þessa leið, að því er varðar þau gjöld sem við fáum, þá munum við náttúrlega ræða það við ríkisstjórnina fljótlega að við fáum innheimtulaun fyrir þá peninga sem við erum að rukka inn fyrir ríkið — og horfði heldur bjartsýnn til framtíðarinnar með hliðsjón af því að atvinnurekendur í landinu eru auðvitað að rukka heilmikið inn fyrir ríkið, eins og menn þekkja.

En allt um það, þá er fyrirvari minn sama eðlis og sá sem hv. 11. þm. Reykv. gerði grein fyrir. Að öðru leyti mun ég styðja þessi frumvörp.

[18:13]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég skrifaði einnig undir nál. iðnn. með fyrirvara að því er varðar það mál sem nú er á dagskrá og næsta mál, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um Iðnlánasjóð og um iðnaðarmálagjald. Ég þarf ekki að bæta miklu við það sem hefur verið sagt á undan því mínir fyrirvarar varða svipuð atriði. Með þessum frumvörpum er ekki verið að gera efnisbreytingar á lögunum heldur fyrst og fremst verið að breyta skilgreiningu á þeim gjaldstofni sem þarna er um að ræða, þar sem ekki er lengur tekið aðstöðugjald af fyrirtækjum.

Ég set ákveðinn fyrirvara við þetta gjald sem ríkissjóður tekur fyrir að innheimta iðnlánasjóðsgjald og iðnaðarmálagjald, þó ég sé ekki þar með að segja að það geti ekki komið til greina að tekið sé gjald í ríkissjóð fyrir slíka innheimtu. Við verðum samt að gera okkur grein fyrir því að fyrirtæki innheimta fyrir ríkissjóð í stórum stíl og var einmitt bent á það af hálfu fulltrúa samtaka iðnaðarins sem komu á fund nefndarinnar, að það væri ósamræmi í því að ríkissjóður gæti tekið gjald fyrir innheimtu, en það gilti ekki það sama um aðra.

Mér þykir einnig nokkuð sérkennilegt að hér skuli vera lagt fram af hálfu ríkisstjórnarinnar frv. sem lögbjóða aðild að atvinnurekendasamtökum, eins og hér er um að ræða, og vek athygli á því að samtök launafólks fá ekki neinn hluta af þessu gjaldi sem er þó verulegt, eins og fram kemur í fskj. með þessu frv. frá fjmrn. Þannig að ég mun styðja þetta frv., eins og fram kemur í nál., þó ég hafi þar ýmsar efasemdir og fyrirvara á um að þetta fyrirkomulag sé rétt. En það vannst ekki tími til þess að fara sérstaklega ofan í þetta mál svo ég ákvað að ekki væri ástæða til þess að tefja það að málið næði fram að ganga.

[18:15]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að gefnu tilefni og vegna þess að við erum farnir að ræða um þau mál er tengjast iðnaðinum og hér eru inni fulltrúar okkar í iðnn., þá er okkur öllum ljóst hver staða þessarar atvinnugreinar er í dag. Hún er miður góð, svo ekki sé fastara að orði kveðið og stefnan fram undan er vægast sagt óljós og sýnist að það halli mjög undan fæti fyrir þessari atvinnugrein.

Ég fór stuttlega yfir það í gær í umræðu um atvinnumál á Akureyri hvernig komið væri fyrir þessari atvinnugrein og sá mikli samdráttur sem þar hefur orðið og raunverulega verkefnaflutningur sem átt hefur sér stað frá okkur, héðan frá Íslandi til annarra landa, og mér sýnist að þróunin muni vera vaxandi í þessa átt. Nú síðustu daga og reyndar meira en síðustu dagana, síðustu árin má segja, höfum við mátt horfa upp á eina atvinnugreinina enn í iðnaðinum, skipaiðnaðinn, berjast fyrir tilveru sinni hér á landi og mér finnst fyrir heldur daufum undirtektum. Þar á meðal verð ég að segja að afstaða hér á Alþingi til þessa máls hefur valdið mér miklum vonbrigðum, að Alþingi skuli ekki manna sig upp í það að taka fastara á þeim málum.

Ég hreyfði þeirri hugmynd í gær og vildi heyra í nefndarmönnum iðnn. um það hvort ekki gæti orðið sátt um það á Alþingi að iðnn. tæki það upp hjá sér að smíða tillögur sem stæðust og Alþingi gæti sætt sig við að lagðar yrðu hér fram til lausnar á þeim mikla vanda sem skipaiðnaðurinn á við að etja.

Ég hef hlustað hér undanfarin ár á ræður manna frá því að þessi ríkisstjórn kom til valda, um stöðu þessara atvinnugreina og það hefur aldrei nokkur maður komið svo upp í þennan stól til þess að tjá sig um þau mál heldur en hann hafi lýst fullum stuðningi við það að reynt yrði að leita allra leiða til þess að tryggja að þessi atvinnugrein gæti starfað áfram. Og svo vill til að á nýafstöðnum landsfundi Sjálfstfl. var samþykkt að leggja bæri höfuðáherslu á jöfnun á starfsskilyrðum á milli innlendra og erlendra atvinnugreina. Þar var alveg skýrt talað, skilaboð landsfundarfulltrúa til þingmanna Sjálfstfl. Og ég trúi ekki öðru en að þeir muni þess vegna skipa sér í röð með okkur sem hér erum tilbúnir til þess að reyna að vinna að þessum málum. Mér finnst það sem sé skynsamlegt að iðnn., vegna þess hversu ríkisstjórnin er verklítil í þessu máli, reyni að koma sér saman um tillögu til lausnar á þessu máli og þannig verði reynt að höggva á þennan hnút, því málið þolir enga bið.

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að orðlengja um þetta, en það væri þarft að taka upp almenna umræðu um stöðu íslensks iðnaðar. Ég veit að nú á þessari stundu og á þeim skamma tíma sem eftir lifir þings er sjálfsagt ekki skynsamlegt að gera það, en ég vænti þess þá að fljótlega eftir að við hittumst á nýju ári verði hægt að taka upp umræðu, ekki neina hálftíma umræðu, heldur umræðu þar sem tími væri nægur til þess að þingmenn gætu skipst á skoðunum um það hvernig við getum varist þeim miklu áföllum sem blasa við íslenskum iðnaði í dag. Eins og ástandið er þá er það óásættanlegt fyrir okkur þingmenn að horfa upp á það hvernig fjarar undan þessari atvinnugrein.

En ég endurtek ósk mína til hv. þm. sem sæti eiga í iðnn. að það væri fróðlegt, af því við eigum góða stund og tíma, að heyra í mönnum um það hvort þeir geta ekki fallist á að setja vinnu í þetta mál og koma sér niður á tillögur sem mættu verða til lausnar á þessum mikla vanda.

[18:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. 4. þm. Norðurl. v., sérstaklega um málefni skipasmíðaiðnaðarins. Það er ekki mjög langt síðan við ræddum það dálítið og segja má að það sé í grófum dráttum tvennt sem Alþingi með beinum hætti getur gert að því er varðar skipasmíðaiðnaðinn. Það er annars vegar breyting á lögum sem tryggja að unnt sé að grípa til jöfnunaraðgerða og breyting á lögum til þess að tryggja forgang íslensks skipasmíðaiðnaðar að meiri háttar viðgerðum á fiskiskipaflota okkar t.d., en í öðru lagi getur Alþingi auðvitað, að því er varðar skipasmíðaiðnaðinn, beitt sér fyrir víðtækum skuldbreytingaraðgerðum og endurfjármögnunaraðgerðum sem hljóta þá að koma öllum þeim fyrirtækjum sem í hlut eiga að nokkru leyti til góða þó ekki verði öllum bjargað, eins og það er stundum kallað. Ég tel að það sé nauðsynlegt í þessu sambandi að í aðgerðum af þessu tagi sé fyrirtækjum ekki stórlega mismunað, með öðrum orðum.

Iðnn. hefur sent hæstv. iðnrh. bréf um þetta mál og sett fram þau sjónarmið sem fram komu í könnun nefndarinnar á málinu. Nefndin mun heimsækja sérstaklega skipasmíðaiðnaðinn á Akureyri í janúarmánuði og að því loknu geri ég ráð fyrir því að nefndarmenn muni ráða ráðum sínum, hvort sem það gerist með þeim hætti að það verði birt heildartillögugerð á vegum nefndarinnar, sem ég tel vel koma til greina,

eða með þeim hætti að nefndin taki þátt í því, ásamt ríkisstjórninni, að tilkynna og grípa til aðgerða. Það er rétt að það hefur ríkt nokkur lognmolla í þessu, en ég tel þó að efnistök á þessu máli séu að mörgu leyti betri núna í tíð hæstv. iðnrh., Sighvats Björgvinssonar, heldur en þau voru áður og ég tel að af hálfu ráðherrans hafi komið fram fullur vilji til þess að vinna með þinginu að lausn þessa máls.

[18:23]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir góðar undirtektir og ég veit að hugur fylgir máli og trúi því að hann hugleiði þetta mál. Þetta er ekkert í sjálfu sér einfalt, mér er það ljóst, í þetta þarf að leggja mikla vinnu og það þarf að ná um þetta víðtækri samstöðu. Ég tek líka undir þá möguleika sem hann gat um og mér er það einnig ljóst og ég veit að það er hv. þm. einnig, að auðvitað þarf að gera ákveðnar skipulagsbreytingar innan greinarinnar sjálfrar til þess að bæta samkeppnisstöðuna. Það held ég að sé öllum ljóst og ég er viss um að það er þeim einnig ljóst sem í þessari atvinnugrein starfa.

En ég endurtek að ég vil brýna iðnn. til þess að halda vöku sinni. Auðvitað veit ég að nefndin hefur verið að skrifa bréf, ég hef haft fréttir af því, til ráðherra. Við höfum líka vitneskju um það að fyrir örfáum dögum síðan var hér fjölmennur fundur úti á Austurvelli þar sem hæstv. forsrh. voru afhentar tillögur til lausnar þessa máls. Við vitum líka að það var haldinn fjölmennur fundur starfsmanna Slippstöðvarinnar á Akureyri og þeir fjölmenntu á fund bæjarstjórnar Akureyrar. Síðan fjallaði bæjarstjórnin um þessi mál og eftir því sem ég hef skilið fréttir þá munu tillögur frá þeim bæjarstjórnarfundi hafa borist ríkisstjórninni. En það er alltaf sama sagan þaðan að málið er tekið fyrir á ríkisstjórnarfundi og málinu er síðan frestað. Þannig hefur þetta gengið undanfarin ár, því miður. Það er eins og ríkisstjórnin skilji það ekki að klukkan er að verða hálftólf í þessu máli. Hún er að verða það. (Forseti hringir.) Það eru 1.500 störf sem hafa glatast á skömmum tíma.

Ég sé og heyri að hæstv. forseti hefur tekið við sér þegar ég nefndi klukkuna og hún tifar auðvitað, en það á líka við um iðnaðinn, klukkan gengur á hann líka.

[18:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 4. þm. Norðurl. v. fyrir hans orð í þessu máli bæði nú og fyrr. Hann hefur sýnt það í málflutningi sínum hér að hann er skeleggur talsmaður þess að á því verði tekið að rétta við skipasmíðaiðnaðinn í landinu. Það er alveg rétt hjá honum að það eru allra síðustu forvöð í raun og veru að taka á þessum málum. Við höfðum það mjög sterkt á tilfinningunni þegar við í nefndinni fórum og skoðuðum skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts núna fyrir nokkrum dögum, að þarna værum við kannski að sjá síðasta skipið sem verið væri að smíða á Íslandi, svo illa er greinin í alvöru komin.

Einn vandi endurfjármögnunar skipasmíðaiðnaðarins er fólginn í því að það er í raun og veru ekki til, að mínu mati, nein stofnun eða neinn farvegur fyrir endurfjármögnun af þessu tagi, eins og okkar stjórnkerfi er háttað. Þess vegna er það mjög flókið að koma við endurfjármögnun. Þetta er t.d. ekki eingöngu byggðamál, svo ég nefni dæmi, heldur er þetta mikið víðtækara mál og það er ofan á allt annað flókið að finna það út hvernig best er að koma þessari endurfjármögnun fyrir. Það er í öðru lagi alveg hárrétt hjá hv. þm. að það þarf að eiga sér stað skipulagsbreyting í greininni sjálfri. Ég er þeirrar skoðunar að þar þurfi menn að læra að vinna saman og menn þurfi í raun og veru að læra að skipta með sér verkum í stórauknum mæli. Ég held og er reyndar alveg viss um það, miðað við markaðsaðstæður hér á Íslandi, að þá á þessi grein verulega framtíð fyrir sér. Og ef rétt er á málum haldið þá getur auðvitað farið svo að sú lægð sem hefur gengið yfir skipasmíðaiðnaðinn, að ég segi ekki kreppa, verði til þess að menn læri ýmislegt og að upp úr þessari lægð eða kreppu spretti öflugri skipasmíðaiðnaður en við höfum nokkurn tímann átt í þessu landi.

[18:28]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að taka til máls í sambandi við það frv. sem hér er til umræðu. En vegna þeirrar umræðu sem hefur farið hér fram á undan milli hv. þm., um stöðu skipasmíðaiðnaðarins, þá langar mig samt til að koma ákveðnum atriðum að. Mig langar til að spyrja hv. formann iðnn. hvort í bréfi frá nefndinni hafi eitthvað verið talað um að reyna að koma í veg fyrir að verkefni sem nú eru til staðar í skipasmíðaiðnaði eða eru að verða til staðar verði látin fara úr landi eins og önnur. Mér er kunnugt um að það er í undirbúningi núna og er komið að framkvæmdastigi, að breyta verulega a.m.k. fjórum af stóru skipunum sem gerð eru út á loðnuveiðar hér og fleira. Þar eru á ferðinni lengingar á þremur skipum og stórkostlegar endurbætur á því fjórða. Þarna er á ferðinni verkefni upp á einhver hundruð millj. kr. sem mundi skipta töluverðu máli fyrir skipasmíðaiðnaðinn sem nú berst í bökkum. Það væri líka sálrænt mjög slæmt ef menn stæðu frammi fyrir því að þessi verkefni þyrftu að fara í burtu líka.

Hæstv. forsrh. sagði hér í umræðum um þessi mál fyrir tveim dögum síðan eða svo, að hann teldi að það væri hægt og það ætti að koma á jöfnunargjöldum á skipasmíðar og ég fagna því. Ég flutti þáltill. í fyrra um það efni og henni var vísað til ríkisstjórnarinnar á sl. vori og þessi mál hafa verið til umræðu, eins og hér hefur komið fram, ár eftir ár og það gengur ekki neitt. En vonandi verður einhver bragarbót á hlutunum núna. Það hryggði mig svolítið að mér fannst hæstv. forsrh. í þeirri umræðu láta það koma nokkuð skýrt fram að hann teldi að jöfnunargjöldin væru flókin og erfitt að leggja á í sambandi við endurbætur og þjónustu við skip. Hann taldi sem sagt að það væru nýsmíðarnar sem þar væru fyrst og fremst í sigtinu.

Ég tel að það eigi að koma á einhvers konar hömlum gagnvart endurbótum líka. Við vitum ósköp vel að

flestar af þessum endurbótum hafa farið fram í Póllandi og ég tel að það eigi bara hreinlega að setja jöfnunargjald á Pólverja. Við vitum ósköp vel að það er ekkert vandamál tæknilega séð, við getum bara ákveðið að setja einhverja prósentu ofan á það sem gert er í Póllandi. Hún þarf kannski ekkert að vera svo óskaplega há til þess að jafna þetta töluvert.

En það er annað sem ég tel að sé full ástæða til að gera í því sambandi og það er að koma á reglum um útboð, þannig að Pólverjarnir þurfi að mæta hér uppi á Íslandi og bjóða eðlilega í hlutina. **(Gripið fram í:** Þær eru til.) Þær reglur hafa ekki verið framkvæmdar. Og ég veit að menn hafa skrifað hér upp á „pro forma-samninga" um það að endurbæta þessi skip. Gott dæmi um það hvernig svoleiðis samningar eru að þegar Ísleifur Vestmannaeyja var lengdur þarna síðast þá ráku menn upp óskaplega stór augu, Pólverjar gætu bara gert þetta fyrir ekki neitt, 8 millj. kr. Þegar hann sigldi til landsins þá kostaði lengingin 25 millj. kr. Þannig að svona eru þessi mál og dæmin eru næstum því jafnmörg og verkefnin. Það stenst aldrei það sem verið er að segja.

Ég held að ef menn kæmu á mjög skilvirkum útboðum og það væri einhver aðili sem ætti að sjá um þau og hann ætti líka að sjá um að fara yfir útboð eftir að verkið hefur verið unnið og það lægi ævinlega fyrir hvernig þessir hlutir hafa gerst í raunveruleikanum og menn gætu bara hreinlega flett því upp, það væri aðhald. Það er líka aðhald fyrir þá sem eru hér á heimaslóðum að fást við þetta og væri gott fyrir útgerðina í landinu að geta skoðað hvernig þessi mál hafa gengið fyrir sig. Ég hvet nefndina til þess að reyna með einhverjum ráðum að finna leið t.d. til að ræða við Fiskveiðasjóð og hugsanlega aðra aðila sem fjármagna þessa hluti, um það að ekki verði haldið áfram að moka peningum í verkefni af þessu tagi til að keyra atvinnuna úr landinu eins og gert er.

Tíminn er löngu liðinn, það er nú sannleikurinn í málinu. Það er ekki þannig að klukkan sé hálftólf. Tíminn er liðinn, við erum komnir fram af brúninni með þessi fyrirtæki, þau eru gjaldþrota í raunveruleikanum. Það er spurningin um að byrja upp á nýtt og með hvaða hætti það verður gert.

Ég tel að það sé full ástæða til að skoða málin út frá því sjónarmiði að stjórnvöld bera alveg sérstaka ábyrgð á því hvernig komið er, því menn hafa fram að þessu trúað að það væri óhætt að vera með iðnað sem tengdist okkar aðalatvinnuvegi, þ.e. þjónustu við útgerðina í landinu. Það hlyti að vera þannig að Íslendingar ætluðu sér að smíða og gera við skip. Þess vegna hafa menn haldið áfram í þessu vonleysi þessi ár. Ég segi það alveg eins og er að ef það er bara þannig að menn ætli sér ekki stærri hlut heldur en þann í íslenskum skipasmíðaiðnaði, eins og verið hefur, þá held ég að það verði ekki mjög bjart yfir atvinnulífinu á Íslandi í samkeppninni í öðrum iðnaði.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt að ef við Íslendingar, í þessari samkeppni sem verið er að bjóða okkur upp á að taka þátt í í framtíðinni, ætlum ekki að breyta um stefnu þá verður hér gífurlegt atvinnuleysi. Það kom fram í skýrslunni sem iðnrn. dreifði eða lét gera í vor um vanda skipasmíðaiðnaðarins, að Íslendingar eru aftast á merinni með stuðning við almennan iðnað. Löndin sem eru með okkur t.d. í EFTA styrkja sinn almenna iðnað með beinum framlögum og alls konar hjálp til að standa sig í samkeppninni. Það er t.d. þannig að Norðmenn borga eitthvað í kringum, ef ég man rétt, 120 þús. kr. á hvert einasta starf sem unnið er í almennum iðnaði og Danir 80 þús. kr. En hvað borga Íslendingar? Þeir borga 8 þús. kr. Og halda menn að almennur iðnaður á Íslandi standi sig í samkeppninni þegar svona er? Við verðum að horfast í augu við það að ef við getum ekki skapað almennum iðnaði sams konar samkeppnisaðstöðu eins og er í samkeppnislöndunum í kringum okkur þá verðum við undir og þá drepst þetta allt saman niður. Og hvað er það sem við getum framleitt ódýrara á Íslandi í iðnaði heldur en finnst einhvers staðar í kringum okkur? Það er ekki margt og það verður náttúrlega ekki neitt ef við styðjum okkar iðnað miklu minna heldur en allir aðrir. Því miður er ekki mjög bjart yfir þessu.

En það er ýmislegt hægt að gera og ég er sannfærður um að ef t.d. pólsku skipasmíðastöðvarnar þurfa að bjóða í þetta á eðlilegan hátt hérna heima, ef þær fá á sig, þó það sé ekki nema lágt, við skulum segja 15–20% jöfnunargjald og ef síðan verður fylgst nákvæmlega með því og þetta verður gert að alvöru útboðsmarkaði þá er ég ekki hræddur um að íslenskar skipasmíðastöðvar geti ekki staðið sig í viðgerðarverkefnum gagnvart Pólverjum. Síðan finnst mér náttúrlega eðlilegur hlutur að við tökum upp sama hátt og Norðmenn og aðrir í kringum okkur, að við séum ekki að láta opinbera sjóði eins og Fiskveiðasjóð fjármagna verkefni sem sótt eru til útlanda. Þá skuli menn bara gera það með öðrum hætti. Ef menn nota ekki öll ráð sem fyrir hendi eru til að skapa störf á Íslandi þá er atvinnuleysi fram undan.

[18:38]

Frsm. iðnn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Hér hafa eins og undanfarna daga spunnist nokkrar umræður um stöðu iðnaðarins sem er eðlilegt. Það kom hér fram áðan að stefnan hefði verið óljós og það hallaði undan fæti. Það er svo að það hefur verið stöðnun í iðnaði í okkar heimshluta í nokkurn tíma og við höfum fundið nokkuð fyrir því. Ástæðurnar fyrir þessari stöðnun eru margvíslegar en að ýmsu leyti eru þær sameiginlegar í öllum þessum löndum. Þær stafa af því að iðnfyrirtækjum á Vesturlöndum hafa verið búin skilyrði sem ekki hafa reynst vera á mjög traustum forsendum eða traustum fótum. Þegar svo er komið að ekki er lengur hægt að halda þá leið að láta fyrirtækin þróast í hálfgerðum gerviheimi þá kemur bakslag og þetta bakslag er búið að hitta mörg lönd í Vestur-Evrópu nú upp á síðkastið. A u k þess vefast inn í þessa erfiðleika iðnaðarins á Vesturlöndum ýmiss konar atriði önnur sem eru býsna flókin. Það er hrun Austur-Evrópumarkaðarins sem hefur t.d. grafið undan iðnaði í Finnlandi og hefur orðið mjög verulegt bakslag í efnahagslífinu þar af þeim sökum. Það er hins vegar athyglisvert með Finnland, svo

við tökum Finna sem dæmi, að þeir hafa brugðist við þessum erfiðleikum sínum með því að stórauka framlög til rannsókna- og þróunarstarfsemi sem tengist atvinnulífinu. Það er svo að fyrir ekki nema tveimur til þremur áratugum voru Finnar að langmestu leyti háðir trjá- og pappírsiðnaði. Það var þeirra höfuðiðngrein. Þar hefur orðið gífurlegur samdráttur og fækkun á mannafla. Þeir hafa hins vegar bætt stöðu sína efnahagslega mjög verulega með því að ýta markvisst undir rannsókna- og þróunarstarf á afar mörgum sviðum. Þeir hafa þannig komist inn á markaðinn í hátækniframleiðslu eins og t.d. í símtækjum og tölvubúnaði. Þetta hefur að vísu alls ekki bjargað þeim frá miklu atvinnuleysi, því það er nú með því hæsta í Evrópu hjá Finnum. En það hefur bjargað miklu. Eftir því sem samkeppnin við láglaunasvæðin verður harðari þá verður áherslan á rannsókna- og þróunarstörf sem tengjast atvinnulífinu brýnni nauðsyn fyrir þau þjóðfélög sem hafa komið sér upp mjög háum lífsgæðum, lifa nokkuð hátt, veita mikla þjónustu og eru dýr í rekstri, þá eiga þau meiri möguleika til að halda velli ef þau koma sér upp hágæðavöru, eftirsóttri hágæðavöru, sem byggir tilveru sína og framleiðslu á mikilli þekkingu og mikilli þróunarvinnu.

Við Íslendingar höfum nokkuð lengi lagt minna til þróunarstarfs og rannsókna heldur en aðrar þjóðir. Það er einkum og sér í lagi áberandi í fyrirtækjunum. Þau hafa lagt minna fé í *þróunar- og rannsóknastarfsemi* heldur en fyrirtæki í t.d. OECD-þjóðunum. Þar er verulegur munur á. Það eru örfá fyrirtæki sem hafa lagt mikið fé í rannsókna- og þróunarstarf hér á Íslandi og þau hafa undantekningalítið uppskorið eins og þau hafa sáð.

Ég sætti mig ekki við að það sé sagt hér að stefna þessarar ríkisstjórnar í þessum málefnum sé óljós. Það er ósanngjarnt að segja það. Vil ég í því sambandi sérstaklega geta þess að ríkisstjórnin hefur tekið þessi rannsókna- og þróunarmál fastari tökum en áður hefur verið gert. Fjármagn til þeirra mála hefur verið aukið hlutfallslega mjög mikið þó ég viðurkenni mjög fúslega að það vantar mikið á að við verjum til þessa málaflokks því sem við þyrftum að verja. En fjárframlögin hafa nú verið hækkuð úr 100 millj. kr. rétt ríflega upp í 150 millj. kr. og það er enn meiri aukning fyrirsjáanleg. Nú er ég sem sagt að tala um frjálst fé til rannsóknastarfsemi, ég er ekki að tala um þau útgjöld sem ríkissjóður hefur af rekstri rannsóknastofnana sem tengjast atvinnulífinu með ýmsum hætti. Þetta held ég að sé rétt að viðurkenna. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að viðurkenna þetta ekki, sem er mjög verðug aukning við erfiðar aðstæður. Því hér hafa verið erfiðar aðstæður í efnahagslífinu og hagur ríkissjóðs hefur verið erfiður, eins og allir vita.

Ég get hins vegar tekið undir þau orð sem hér hafa komið fram að í málefnum iðnaðarins — og þá erum við ekki að tala um málefni rannsóknasjóðanna sem heyra undir menntmrh. En í málefnum iðnaðarins þá hefur að mínu mati ekki verið mikill kraftur. Ég held að það sé óhætt að orða það svo. Og sá hægagangur í málefnum iðnaðarins er ekki tilkominn með þessari ríkisstjórn. Það var nákvæmlega sami hægagangurinn í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar. Munurinn var líka sá að þá var inni í mörgum fyrirtækjum, jafnvel fyrirtækjum sem ríkissjóður átti aðild að, þó nokkurt andvaraleysi og þar var ráðist í fjárfestingar sem ekki var grundvöllur fyrir. Þar voru jafnvel smíðaðir dýrir gripir sem ekki voru seldir og söfnuðu upp skuldum eins og allir þekkja.

Ég verð að segja eins og er að þegar ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við völdum breyttist ekki mikið innan iðnrn., eins og allir vita, en þar hefur hins vegar orðið breyting með nýjum iðnrh., sem jafnframt gegnir embætti viðskrh. Hæstv. iðnrh. hefur tekið til hendinni í ráðuneytinu. Það sést bæði í vaxtamálum og mér finnst það einnig sjást í iðnaðarmálum. Það er eitthvað að gerast innan iðnrn. og það er m.a. atriði sem rétt er að taka tillit til að málefni skipasmíðaiðnaðarins eru þar núna í mjög rækilegri athugun.

Þess vegna finnst mér að þó það hafi verið hægagangur á þessu ráðuneyti nokkuð lengi undanfarið, þá sé þar kominn nýr ökumaður sem sé líklegri til að auka hraðann talsvert. Ég er sammála því að það er full ástæða til þess og að við erum komnir nokkuð á hættulega braut í þessum efnum.

Ég get tekið undir það sem kom fram áðan hjá hv. 9. þm. Reykv. að samstarf milli skipasmíðafyrirtækja er mjög hugsanleg lausn, ekki síst í ljósi þess að þessi *iðngrein á í samkeppni við niðurgreidd skip*. Ég ætla ekki að fara út í það nánar, ég hef lýst því áður í þingræðu með hve margvíslegum hætti þessar niðurgreiðslur leita inn í skipasmíðaiðnaðinn og gera okkur erfiðara fyrir í þessari samkeppni. Það eru ekki bara hinir beinu styrkir, það eru ýmiss konar óbeinir styrkir líka sem grafa undan eðlilegri samkeppni á þessu sviði.

Þetta getur þýtt það fyrir okkur að íslenskur skipasmíðaiðnaður eigi í raun og veru ekki möguleika í samkeppni nema hann komi út á við fram sem einn aðili, t.d. í tilboðum í erlend verkefni. Það sé verkaskipting í þessum efnum og iðnaðurinn komi fram sem einn aðili. Ég hygg að ég fari ekki rangt með að það sé einmitt verið að skoða þennan möguleika í iðnrn. núna.

Hér áðan ræddi hv. 3. þm. Vesturl. um verkefnin og spurði hvort innan iðnn. hefði verið rætt um það að reyna að koma í veg fyrir að verkefni flyttust úr landi. Á þeim fundi sem iðnn. hélt sérstaklega um málefni skipasmíðaiðnaðarins kom tvennt fram sem ég held að sé ástæða til að taka fram hér í þessu sambandi. Í fyrsta lagi hefur verið gerð könnun á verkefnastöðunni fyrir skipasmíðaiðnaðinn á vegum Málms, ef ég man rétt. Sú könnun leiddi í ljós að verkefnastaðan er verri og erfiðari um þessar mundir heldur en nokkru sinni fyrr. Það helst að sjálfsögðu í hendur við gang mála í sjávarútveginum því mér hefur verið sagt og ég hef raunar fundið það, *þann tíma sem ég sat í stjórn Slippstöðvarinnar á Akureyri*, en þá fann maður mjög glöggt í iðnaðinum að strax og fréttir bárust um niðurskurð, væntanlegan niðurskurð, þá missti útgerðin kjarkinn að því er varðaði öll meiri háttar verkefni. Hinu er ekki að neita að það kom líka fram á þessum fundi iðnn. að sjávarútvegurinn skipuleggur sig ekki langt fram í tím-

ann og verkefni verða stundum til, mjög stór verkefni, með afar stuttum aðdraganda. Fjárfestingin í sjávarútveginum er býsna lítið skipulögð og ég gæti best trúað því að það eigi rætur að rekja til þess hve örlög útgerðarinnar hafa lengi verið háð miklum dyntum náttúrunnar og aflabragðanna. Þannig að ef menn líta yfir síðustu 15 árin í skipasmíðaiðnaðinum þá hefur verið þar alveg ótrúleg sveifla í verkefnum. Þessi mikla sveifla hefur raunar leitt til þess að verkefni hafa leitað úr landi, jafnvel á velmektartímum skipasmíðaiðnaðarins.

Ég vil einnig taka fram að á þeim tíma þegar skipasmíðaiðnaðurinn var að byggja sig upp þá ríktu hér nokkuð óeðlilegar aðstæður eins og allir þeir virðulegu þingmenn sem hér sitja vita betur en flestir aðrir. Það kostaði lítið fjármagnið í uppbygginguna. Þar af leiðandi var mikil tilhneiging í þessum iðnaði til þess að byggja yfir sig, yfirbyggja jafnvel stofnanir sínar og það leiddi líka til yfirbyggingar í stjórnun þessara fyrirtækja. Það leiddi líka til þess að í skipasmíðaiðnaðinum vöndu menn sig fljótlega á mjög vönduð vinnubrögð. Það hafa ekki víða í heiminum verið smíðuð eins vönduð skip og á Íslandi síðustu 15 ár og skipasmiðir hafa sagt mér að þegar markaðurinn fór að spillast og menn voru ekki reiðubúnir að greiða lengur sama verð fyrir skipin þá hafi íslenskir skipasmiðir haldið sínum vönduðu vinnubrögðum kannski lengur en markaðurinn gaf efni til og hafi þar af leiðandi farið verr út úr útboðum vegna þess að þeir hafi ekki lagað sig að þessum breyttu aðstæðum útgerðarinnar. Þeir héldu sig fast við sín gæðamál, sinn gæðastaðal og hlutu fyrir það skrokkskjóðu þegar þeir neyddust til að bjóða mjög lágt í verkefni.

Skipasmíðaiðnaðinn hefur skort eins og atvinnulífið á Íslandi almennt og eins og þjóðfélagið í heild, aðlögunarhæfni á þessum samdráttartímum og er það ein af ástæðunum fyrir því hvernig er komið fyrir honum.

Ég held að ég láti þessu spjalli um stöðu iðnaðarins almennt lokið. Ég held að það sé gagnlegt að taka þessi mál til umfjöllunar. Ég vil endurtaka að ég hef það á tilfinningunni að nú sé unnið að málefnum iðnaðarins af meiri krafti heldur en áður var og ég ætlast til mikils af núverandi iðnrh. og ætlast til þess að þess sjái merki að þar er kominn nýr maður í starfið.

[18:53]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir ágætt mál að mörgu leyti, þó ég sé honum ekki fyllilega sammála. Það er rétt að stefnan er óljós í iðnaðarmálum og hér sárvantar iðnaðarstefnu og almenna atvinnumálastefnu. Hana vantar. Ég hef flutt um þetta tillögur og þær ná bara ekki eyrum þingmanna, því miður er það svo. En þetta er það sem sárlega vantar til þess að vinna eftir.

Hann minntist einnig á að skipulagning í sjávarútveginum væri sveiflukennd. Það er rétt. Sjávarútvegurinn hefur hins vegar náð alveg ótrúlegum árangri í að endurskipuleggja sig og aðlaga sig þeim breyttu háttum sem eru í dag. Hann hefur reynt að verða við áköllum ríkisstjórnarinnar um að hagræða og skipuleggja og ná niður kostnaði. En hann getur ekki gengið lengra. Vegna hvers? Vegna þess að hann vantar stefnuna, hann vantar að vita hver verða starfsskilyrðin sem greinin þarf og má vænta að þurfa að búa við. Hann vantar þessa stefnu frá núv. ríkisstjórn og við hljótum að þurfa að kalla eftir henni hér.

Þingmaðurinn minntist einnig á afkomuna og fór að horfa til fortíðar og það háir sjálfstæðismönnum mjög mikið, að horfa of mikið á það sem liðið er. Þeir eyða of löngum tíma í það og of litlum tíma í að reyna að horfa til framtíðar.

Ég vil segja hv. þm. það að þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar lét af völdum þá hafði afkoma í iðnaði ekki verið jafngóð í fjöldamörg ár, eins og hún var þegar sú ríkisstjórn lét af völdum. Hins vegar, eins og ég gat um áðan, þá hefur snarlega versnað og það veit hv. þm., svo hriktir í stoðum iðnaðarins í hans heimabæ, Akureyri, sem svo sannarlega má muna sinn fífil fegri í iðnaðarmálum. Það alvarlega sem hefur verið að gerast er að það vantar stefnu í þessi mál og það tek ég undir með hv. þm.

[18:55]

Frsm. iðnn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hugsanlegt að sá sem hér talar og hv. 4. þm. Norðurl. v. hafi eitthvað mismunandi hugmyndir um það sem við getum kallað stefnu í atvinnumálum almennt og iðnaðarmálum. Ef það er ekki almenn stefna sem er jákvæð og góð fyrir iðnaðinn í landinu, að vera komin með einhverja minnstu verðbólgu sem um getur, þar sem lágt raungengi er nú orðið mjög hagstætt fyrir iðnaðinn og fer lækkandi, stöðugleiki á vinnumarkaði er tryggður og lækkun vaxta hefur gengið mjög vel, þá vil ég spyrja hv. þm. til baka: Metur hann þá miklu breytingu sem hefur orðið á þessum málum frá því fyrir örfáum árum, ekki sem vott um stefnu þar sem þetta er allt undirstaða atvinnulífsins og iðnaðarins?

Það er hins vegar svo að þessar almennu aðstæður eru ekki nægilegar, hv. þm., fyrir skipasmíðaiðnaðinn vegna þess að aðstæður hans eru sérstakar og um það held ég að við deilum ekki. Aðstæður skipasmíðaiðnaðarins eru alveg sérstakar og þess vegna er nauðsynlegt að taka á málefnum hans með öðrum hætti heldur en atvinnulífsins almennt.

Hér kom hv. þm. Stefán Guðmundsson að því að Sjálfstfl. væri haldinn nokkurri fortíðarhyggju. Ég held að það sé býsna gagnlegt fyrir þingmenn og þá ekki síst fyrir þingmenn Framsfl. að skoða fortíðina svolítið. Vegna þess að ef menn lesa í fortíðina, hv. þm., og læra af henni, þá endurtaka menn ekki alltaf sömu vitleysurnar. Ég hygg að það hafi verið kannski hluti af þeim vanda framsóknaráratugarins, eins og þeir nefndu sjálfir svo, þó Sjálfstfl. hafi að vissu leyti tekið mikinn þátt í því, að þeir lærðu ekki af fortíðinni og endurtóku sömu villurnar. (Forseti hringir.) Ég get komið hér upp aftur og rætt örstutt um afkomuna í þessum atvinnugreinum, iðnaðargreinunum á Akureyri við stjórnarskiptin. Það geri ég með hinni mestu ánægju.

[18:58]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Ég tek undir það sem hv. þm. sagði um verðbólgu og raungengisstefnu, vaxtalækkun og stöðugleika. Allt er þetta mjög gott og nauðsynlegt og undirstaðan að því að atvinnulíf geti gengið. Undir það tek ég. En hver bjó þá undirstöðu til? Var það sú ríkisstjórn sem hv. þm. styður? Nei, ekki aldeilis. Hv. þm. var ekki kominn inn í þingsalina þá. Það var ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar sem lagði grunninn að því að þetta gæti gerst með þjóðarsáttarsamningunum í fullri sátt við verkalýðshreyfinguna á Íslandi. Þar var grunnurinn lagður að því að þetta mætti takast. Það er kjarni málsins.

En, virðulegi forseti, hér í andsvörum getum við ekki skipst nógu mikið á skoðunum, en það hefur hins vegar sýnt sig, þessi umræða sem hér fer fram, að það er þarft að taka upp umræðu um iðnaðarmál og stöðu þeirrar atvinnugreinar í dag.

[18:59]

Frsm. iðnn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að það er ekki mikið svigrúm til að ræða þessi mál í andsvörum og svörum við þeim. Ég vil hins vegar láta koma skýrt fram af því að hann talaði um að staðan í iðnaðarmálum hefði verið svo afskaplega góð þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar skildi við. Ég varð ekki var við það við stjórnarskiptin að iðnaðurinn á Akureyri stæði vel. Skinnaiðnaðurinn stóð þar uppi með drápsskuldir og hafði ekkert borð fyrir báru strax og líran lækkaði pínulítið. Sá iðnaður hafði ekkert borð fyrir báru. Það hafði verið hlaðið á hann gífurlegum skuldum, 700 millj. (**StG:** Lestu bara hvað .... segir.) Hvar var skinnaiðnaðurinn staddur á þessum tíma? Hann var að þrotum kominn, hv. þm. Og hvar var skipasmíðaiðnaðurinn á Akureyri staddur vorið 1991? (Gripið fram í.) Nei, hann var þannig, skipasmíðaiðnaðurinn, að hann var kominn á hausinn. Bókhaldslega séð var hann kominn á hausinn (**StG:** Það veit ég alveg eins og stjórnarmaðurinn.) og hafði ekki mikið verið að gert í þeim efnum innan þess fyrirtækis þau ár sem þar voru á undan. Ég frábið mér því í fullri hreinskilni að fara að lýsa atvinnuástandinu á Akureyri við stjórnarskiptin sem einhverju sérstaklega glæsilegu. Það var bara hörmung. (**Gripið fram í:** Landið er nú meira en Akureyri.) Af því að hann vitnaði sérstaklega í Akureyri, sjálfur þingmaðurinn, og bað mig að taka tillit til þess hvernig atvinnuástandið hefði verið við stjórnarskiptin þá tek ég hann á orðinu og vitna í Akureyri. Iðnaðurinn á Akureyri bjó ekki við önnur kjör heldur en iðnaðurinn almennt á landinu vegna þess að hann hafði sömu einkenni. Það var búið að sópa ýmsum vandamálum undir teppið og þau voru að koma í ljós. Hlaðin skuldum höfðu þessi fyrirtæki verið að vinna á röngum forsendum lengi. Ég er ekki að kenna Framsfl. um þetta, það má hv. þm. ekki skilja á mér, því það áttu margir sök á þessu og meðal annars við. (Gripið fram í.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Iðnaðarmálagjald, 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (heildarlög). — Þskj. 353, nál. 431.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Frv. landbn., 292. mál (verðmiðlun mjólkurafurða). — Þskj. 384.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:03]

Útbýting þingskjals:

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, 300. mál, þáltill. ÁJ o.fl., þskj. 439.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Frv. landbn., 292. mál (verðmiðlun mjólkurafurða). — Þskj. 384.

[21:14]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EKG, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JHelg, MF, MB, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 440).

Iðnlánasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 277. mál (gjaldstofn). — Þskj. 352, nál. 431.

[21:16]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr., 1.–3. mgr., samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EKG, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JHelg, MF, MB, VE) fjarstaddir.

1. gr., 4. mgr., samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (AÓB, EL, FI, GÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EKG, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JHelg, MF, MB, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[21:18]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Stjórnarandstöðufulltrúarnir í hv. iðnn. styðja þetta frv. og einnig næsta mál á dagskrá að öðru leyti en því að við gerum athugasemd við þá málsgrein sem hér er verið að greiða atkvæði um. En hún kveður á um að ríkissjóður leggi á sérstakt innheimtugjald upp á 0,5% af iðnlánasjóðsgjaldi og iðnaðarmálagjaldi. Við teljum þetta óeðlilegt fyrirkomulag. Við hefðum kosið að hafa það öðruvísi og munum þess vegna sitja hjá við afgreiðslu málsins, bæði í þessu máli og því næsta, hæstv. forseti.

1. gr., 5.–6. mgr., samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EKG, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JHelg, MF, MB, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JHelg, MF, MB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JHelg, MF, MB, VE) fjarstaddir.

Iðnaðarmálagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 278. mál (heildarlög). — Þskj. 353, nál. 431.

[21:21]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr., 1.–3. mgr., samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JHelg, MF, MB, VE) fjarstaddir.

1. gr., 4. mgr., samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IP, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (AÓB, EL, FI, GÁ, HG, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, MF, MB, VE) fjarstaddir.

1. gr., 5. mgr., samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, MF, MB, PJ, VE) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, MF, MB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, MF, MB, VE) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 2., 3. og 7.–12. mál.

Fundi slitið kl. 21:25.

---

66. FUNDUR

föstudaginn 17. des.,
að loknum 65. fundi.

Dagskrá:

1. Iðnlánasjóður, stjfrv., 277. mál, þskj. 352. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Iðnaðarmálagjald, stjfrv., 278. mál, þskj. 353. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412. — Frh. 2. umr.
4. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408. — Frh. 2. umr.
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 298. mál, þskj. 430. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
6. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — 2. umr.
7. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106, nál. 387 og 428. — 2. umr.
8. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 414. — 1. umr.
9. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403 og 418. — Frh. 2. umr.
10. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284, nál. 402 og 417, brtt. 404. — 2. umr.
11. Lánsfjárlög 1994, stjfrv., 75. mál, þskj. 78, nál. 381 og 392, brtt. 382. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þannig háttar til með 1. og 2. dagskrármál þessa fundar að of skammt er liðið frá 2. umr. og 5. dagskrármálið að of skammt er liðið frá útbýtingu og verður nú afbrigða leitað um að þessi þrjú dagskrármál, þ.e. 1., 2. og 5., megi koma á dagskrá og til umræðu.

[21:25]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EKJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JGS, MF, MB, VE) fjarstaddir.

Iðnaðarmálagjald, 3. umr.

Stjfrv., 278. mál (heildarlög). — Þskj. 353.

Enginn tók til máls.

[21:27]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, MF, MB, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 441).

Iðnlánasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 277. mál (gjaldstofn). — Þskj. 352.

Enginn tók til máls.

[21:27]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁRÁ, ÁJ, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, MF, MB, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 442).

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 298. mál (innflutningur landbúnaðarvara og verðmiðlunargjöld). — Þskj. 430.

[21:28]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Eins og áður hefur komið fram þá hefur það legið fyrir að óhjákvæmilegt væri að breyta búvörulögunum til samræmis við þá milliríkjasamninga sem við Íslendingar höfum nú staðið að, m.a. vegna hins Evrópska efnahagssvæðis og raunar við fleiri þjóðir. Eins og segir í athugasemdum við lagafrv. er það lagt fram í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert og varða m.a. verslun með landbúnaðarafurðir. Þar eð ekki liggur endanlega fyrir hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að geta uppfyllt þær skuldbindingar sem felast í væntanlegum GATT-samningi var ákveðið að frekari endurskoðun á innflutningsákvæðum búvörulaganna eigi sér stað á árinu 1994 með hliðsjón af þeim samningi.

Í 1. gr. frv. segir að landbrh. veiti heimild til innflutnings í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Það er óhjákvæmilegt að slík heimild komi inn í lögin þar sem búvörulögin eru afdráttarlaus um það að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurninni. Orðalag 1. mgr. vísar sérstaklega til þess, eins og þingmenn geta áttað sig á, að óhjákvæmilegt er að veita landbrh. heimild til leyfisveitingar af þeim sökum.

Þá er kveðið á um að ráðherra skuli við innflutning landbúnaðarvara vera heimilt að leggja á þann innflutning verðjöfnunargjöld sem nauðsynleg eru til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara og skuli ráðherra ákveða með reglugerð á hvaða landbúnaðarvörur, þar með taldar unnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni og sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, skuli leggja verðjöfnunargjöld við innflutning.

Það er ljóst samkvæmt þessum orðum lagatextans að hér er bæði fjallað um unnar og óunnar innfluttar búvörur. Það er skýrt tekið fram í greinargerð og er þessi texti alveg afdráttarlaus í þeim efnum.

Ef við veltum fyrir okkur samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þá er þar verið að tala um smjörlíki með 10–15% mjólkurfitu m.a. svo og jógúrt og raunar allar unnar búvörur sem fluttar eru til landsins og falla undir búvörulögin.

Í þessari málsgrein er jafnframt kveðið á um að ráðherra skuli ákveða upphæð gjaldanna. Það er skilgreint að þau skuli miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra eins og samningurinn segir til um og skuli ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna, einn skipaðan án tilnefningar, annan tilnefndan af fjmrh. og hinn þriðja tilnefndan af viðskrh. Þessi nefnd er að sjálfsögðu vinnunefnd. Hún er skipuð til að tryggja góð vinnubrögð og til að tryggja það að gott samstarf verði milli þessara ráðuneyta um framkvæmd samninganna og framkvæmd laganna og er ekki einsdæmi. Það er t.d. svo í 42. gr. búvörulaganna samkvæmt Lagasafni, ég man nú ekki hvort númerið hefur breyst síðan þetta lagasafn frá 1990 kom upp, það er eins og mig rámi í það, en þar er fjallað um innflutning á grænmeti. Þar er einnig kosið að fulltrúar viðskrn. komi að ákvörðunum um heimildir til innflutnings með fulltrúum framleiðenda og oddamanni sem skipaður er af landbrh. Samstarf á milli viðskrn. og landbrn. er því síður en svo nýtt í þessum efnum og hefur raunar einnig tíðkast t.d. í sambandi við niðurgreiðslur á meðan þær voru við lýði.

Þar sem þessi framkvæmd reynir mjög á það að eftirlit með innflutningi og framkvæmd laganna sé með góðum hætti er jafnframt talið nauðsynlegt að fjmrh. eigi sinn fulltrúa í þessari nefnd. Á hinn bóginn er afdráttarlaust að forræðið er í höndum landbrh. sem er auðvitað kjarni málsins og í samræmi við það sem talað var um þegar þessi mál voru hér til umfjöllunar á síðasta vetri og kom m.a. skýrt fram í málflutningi og nefndarálitum bæði utanrmn. og landbn. Ég hygg því að þessi lagagrein, eins og hún er hér orðuð, eigi að tryggja það að hægt sé að framkvæma samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og aðra hliðstæða samninga í fullkomnu öryggi og gagnkvæmum trúnaði milli aðila sem er auðvitað mjög þýðingarmikið þegar við erum að takast á við verkefni eins og þetta sem raunar markar þáttaskil í verslunarsögu okkar Íslendinga.

Það má vera að hv. þm. kunni að gagnrýna að frv. skuli ekki taka á þeim atriðum sem lúta að væntanlegum GATT-samningi. Skýringin er auðvitað sú að þeir samningar í einstökum atriðum liggja ekki endanlega fyrir enda þurfa þeir meiri undirbúning en svo að unnt hafi verið að setja saman fullnægjandi lagagreinar um þau efni nú fyrir jólin. Ég hygg að örugg framkvæmd þeirra samninga jafnviðurhlutamiklir og þeir eru fyrir íslenskt atvinnulíf þurfi nánari skoðunar við.

Þá er gefin heimild til að endurgreiða verðjöfnunargjöld við útflutning á vörum sem innihalda landbúnaðarhráefni. Ráðherra ákveður með reglugerð þær vörur sem verðjöfnun tekur til og hver endurgreiðslan skuli vera. Útfærsla á þessari grein liggur ekki fyrir en það verður þegar í stað hafist handa um að vinna að henni. Það er nauðsynlegt að þetta frv. fái afgreiðslu nú fyrir jól til að hægt sé að vinda sér í það að tryggja góðan undirbúning að gildistöku samninganna og tryggja það að framkvæmd þeirra fari vel fram og sé í samræmi við þær gagnkvæmu skyldur sem við Íslendingar höfum gert með þeim fríverslunarsamningum sem við höfum nú staðið að.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn. Ég vil þakka formanni landbn. og raunar nefndinni allri fyrir að hafa komið saman í kvöldmatarhléi til að fara yfir frv. og kynna sér ein-

stök efnisatriði þess til að þau geti legið ljós fyrir við 1. umr. málsins. En ég ítreka, eins og ég sagði áðan, að í einstökum atriðum er orðalagið skýrt. Það kveður á um þau atriði sem þaulrædd voru hér á sl. vetri og eiga að tryggja traust á þeirri framkvæmd sem fríverslunarsamningarnir fela í sér.

[21:38]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég held að það hljóti að hafa verið nokkuð þung spor fyrir hæstv. landbrh. að koma hér upp og mæla fyrir þessu frv. sem nú hefur verið lagt fram, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Því ég býst við að okkur sé öllum ljóst að þær reglur sem í framtíðinni verða um innflutning matvæla munu marka þá landbúnaðarstefnu sem ríkisstjórn fylgir hverju sinni. Þegar búið er að afnema allar magntakmarkanir á innflutningi og eingöngu jöfnunargjöld ráða því hver samkeppnisstaða innlends landbúnaðar verður, þá ræður það hvernig þessum jöfnunargjöldum verður breytt auðvitað úrslitum um hvaða skilyrði íslenskur landbúnaður býr við á innlendum markaði.

Við minnumst þess öll frá sl. vori þegar hart var tekist á um frv. sem opnaði leið til innflutnings en þetta frv. er með allmikið öðrum hætti, eins og ég mun hér reyna að gera grein fyrir. Í frv. í vor var það alveg ótvírætt á valdi hæstv. landbrh. að taka ákvarðanir í þessum málum og það vald var ekki á neinn hátt af honum tekið. En eftir að búið er að segja það í fyrstu málsgreinum 1. gr. þessa frv. að landbrh. hafi þessar heimildir þá kemur dálítið babb í bátinn eins og kemur glöggt fram í greinargerð frv. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann skal þó við ákvörðun gjaldanna hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna skipaða fulltrúum fjmrh., landbrh. og viðskrh. Þá er ákvæði um að ráðherra skuli bera ágreiningsefni upp í ríkisstjórninni áður en ákvörðun er tekin um upphæð gjaldanna."

Það er rétt hjá hæstv. landbrh. að það er ekkert einsdæmi að skipaðar séu vinnunefndir milli ráðherra. En ég veit ekki til þess að vinnunefndum sé fengin sú heimild að taka vald af ráðherra eins og þessari nefnd er gert. Því það segir svo í niðurlagi 1. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda."

Ef einn af þessum þremur fulltrúum í nefndinni vill ekki samþykkja það sem fulltrúi landbrh., e.t.v. með stuðningi annars í nefndinni, vill leggja til þá dugar að einn sé á móti þá má hæstv. landbrh. ekki gefa út þessar reglur. Þrautagangan er ekki á enda þó búið sé að leggja það fyrir þessa nefnd sem hefur þetta vald því þá skal hæstv. landbrh. bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda. Þá er komið að öðrum þröskuldi í heimildum hæstv. landbrh., þ.e. hvernig fjalla á um málið í hæstv. ríkisstjórn. Er það svo að þetta orðalag „að bera undir ríkisstjórn" þýði aðeins að hann tilkynni ríkisstjórn ákvörðun sína? Reyndar er ekki sagt að það sé hæstv. ráðherra sem tekur ákvörðun því það stendur í niðurlagi greinarinnar „áður en ákvörðun er tekin". Þar er því eitt spurningarmerkið enn.

Ég býst við að öllum sé ljóst hvernig á því stendur að þetta er svona sett upp. Það kemur mjög skýrt fram í grein sem hæstv. utanrrh. skrifaði í Morgunblaðið 15. þessa mánaðar þar sem hann segir í niðurlagi greinarinnar, með leyfi forseta:

„Fyrsta skrefið er því frjáls samkeppni á grundvelli gæða eingöngu. Ég sé því hins vegar ekkert til fyrirstöðu og raunar æskilegt að íslenskri framleiðslu sé veitt aðhald með heilbrigðri verðsamkeppni með því að ákvarða almenna tolla fyrir neðan tollígildismörk tilboðsins. GATT-samkomulagið skyldar engan til að leggja á hámarkstolla. Í fyrri GATT-viðræðum höfum við skuldbundið okkur til að virða hámarkstolla sem í vissum tilfellum voru 90% en rauntollar voru síðan engir. Hægt ætti að vera að finna milliveg sem veiti íslenskum landbúnaði visst forskot án þess þó að einangra hann alveg."

Ég held að hér dyljist engum hvað hæstv. utanrrh. er að fara. Það á að lækka þessa verðjöfnunartolla frá því sem heimildir veita. Það er í samræmi við það sem hæstv. utanrrh. hefur oft lýst yfir áður, að hann ætli sér að ná því fram með erlendum viðskiptasamningum sem hann hefur ekki náð að koma fram á Alþingi.

Mér sýnist því ósköp augljóst eftir því sem hægt er að lesa úr þessari grein að framvindan verður sú að málin fara til þessarar þriggja ráðuneyta nefndar. Þar verður um þau þrefað og ef fulltrúi annaðhvort viðskrh. eða fjmrh. vill ekki fallast á tillögur landbrh. þá verður hann að beygja sig fyrir því að málið fari til ríkisstjórnarinnar og í núv. hæstv. ríkisstjórn hefur utanrrh. aðstöðu til að fjalla um málið. Ég veit ekki hversu mikið neitunarvald hann hefur þar. Það kemur ekki fram í þessari lokasetningu hvort landbrh. er eitthvað rétthærri við umfjöllun málsins í ríkisstjórninni en hver annar ráðherra.

Ég tel því mjög nauðsynlegt að það komi alveg skýrt fram hvernig þessum málum er varið og hver hugsunin er. Ef ríkisstjórn hefur ekkert stöðvunarvald á ákvörðunum hæstv. landbrh. af hverju er þá verið að vísa málinu til ríkisstjórnar?

Ég sat í ríkisstjórn í rúmlega eitt ár með hæstv. núv. utanrrh. og ég kynntist því töluvert vel að yfirleitt var tekist á um öll landbúnaðarmál við hann. Ég minnist þess að eftir u.þ.b. eitt ár þá skrifaði Dagblaðið forustugrein sem bar fyrirsögnina Níu–núll og átti þar við að hann taldi að hæstv. þáv. fjmrh., núv. utanrrh., hefði þurft að gefa eftir níu sinnum í landbúnaðarmálunum og því væri hans staða núll. (**Gripið fram í:** Fyrir hverjum gafst hann upp?) Fyrir þeim sem hér stendur eftir því sem Dagblaðið sagði. En því miður fannst mér ekki árangurinn alltaf vera þessi og það var vissulega þreytandi í því að standa.

Ég vænti þess að hæstv. viðskrh. útskýri einnig hvernig hann skilur þessa grein því að ég heyrði einhvern áæning af því í viðtölum við hann í fjölmiðlum í gær og þá fannst mér vera nokkuð annar tónn í hans yfirlýsingum en kom fram nú hjá hæstv. landbrh.

En það er að sjálfsögðu margt fleira sem benda má á í sambandi við þetta frv. T.d. er ekkert í þessu frv. sem um var fjallað í brtt. hv. landbn. við frv. landbrh. um þetta efni á sl. vori en þar náðu verðjöfnunarheimildirnar einnig til fleiri vörutegunda, t.d. smjörlíkis. Í 1. mgr. er vísað í ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga án þess að það sé neitt frekar skilgreint hvernig þar eigi að standa. Þegar við höfum það í huga að hæstv. landbrh. sagði í umræðu hinn 1. nóv. sl. þegar rætt var um árangur viðræðna við EB, m.a. þetta, með leyfi hæstv. forseta:

„Ísland hefur gert þá kröfu að við útreikning á verðjöfnun mjólkurafurða skuli miða við niðurgreitt eða óniðurgreitt verð á mjólkurfitu og mjólkurpróteini eftir því sem við á hverju sinni. Þetta hefur enn ekki fengist viðurkennt en á hinn bóginn hefur Evrópubandalagið viðurkennt það að heimilt verði að nota tvenns konar verð á smjöri sem gefur vísbendingu um það að þarna muni nást lausn. Þetta hefur grundvallarþýðingu fyrir íslenska hagsmuni."

Ég vil spyrja hæstv. landbrh.: Er þetta enn þá óljóst og hvernig verður þessu háttað? Á að samþykkja opnar heimildir án þess að vita nokkuð hvernig þessum málum verður hagað og hvenær er þess að vænta að það skýrist eitthvað?

Þannig er það að sjálfsögðu margt sem vaknar við umræðu um þessi mál. Ég skal ekki eyða öllu lengri tíma í þetta en ítreka það að samkvæmt mínum skilningi er það víðs fjarri að orðalag 1. gr. þessa frv. sé skýrt. Ef það er alveg ótvírætt að hæstv. landbrh. hafi þetta forræði án þess að hans vald sé skert þá skil ég ekki af hverju er verið með síðari hluta greinarinnar að leggja þessa auðmýkjandi þrautagöngu fyrir hann, fyrst að verða að lúta í lægra haldi ef einn af þremur nefndarmönnum gerir ágreining við hans vilja um framkvæmdina og svo að þrefa aftur um málið í hæstv. ríkisstjórn.

[21:53]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefði verið freistandi að fara út í langar umræður og rifja upp atburði sumarsins í þessum landbúnaðarmálum, kalkúnalappir, skinkur og ýmislegt sem kom mjög við sögu en ég ætla að hlífa þingheimi við því. En það er staðreynd að það frv. sem hér er komið til umræðu boðar nokkur tíðindi í landbúnaðarmálum því að nú er sú stund runnin upp að breyta þarf lögum og opna fyrir innflutning erlendra landbúnaðarvara vegna EES-samningsins fyrst og fremst en það má ljóst vera að það er eftir að breyta ýmsum lagagreinum þegar og ef GATT-samningurinn verður að veruleika sem virðist vera nokkurn veginn kominn í höfn.

Ég hlýt auðvitað að minnast á það í upphafi máls míns að þegar þetta mál var til umræðu hér í þingi í vor þá skilaði ég séráliti ásamt Ragnari Arnalds og það var fyrst og fremst vegna þess ...

(**Forseti** (VS): Háttvirtum þingmanni.)

Hv. þm. Ragnari Arnalds, það er greinilegt að það er smápreyta farin að sýna sig þegar „etíketturnar" fara að víkja (**Gripið fram í:** Og virðingin.) og virðingin, já. Ég bið forseta afsökunar og ítreka það að ég flutti sérstakt nefndarálit, var í minni hluta nefndar ásamt hv. þm. Ragnari Arnalds og það réðist auðvitað fyrst og fremst af því að hér er um EES-frv. að ræða auk þess sem ég hef svona ákveðnar spurningar og fyrirvara varðandi hinn stjórnskipulega þátt þessa máls. — Forseti mér þykir vera mikill órói hér.

(**Forseti** (VS): Já, forseta þykir vera ótrúlega mikill órói hérna í þingsalnum, ef hv. þm. vildu vera svo vænir að hafa svolítið hljótt um sig.)

Frá því í vor hefur mikið vatn runnið til sjávar og okkur má það öllum ljóst vera að EES-samningurinn er að verða að veruleika og þar af leiðandi er það kannski ekki sá þáttur málsins sem skiptir meginmáli heldur það hvernig staðið er að málum. Ég er eins og þingmenn kannski vita fulltrúi í hv. efh.- og viðskn. og þar stóð ég m.a. að því í fyrra að samþykkja breytingar á tollalögum og ýmsum lögum sem kveða á um verðjöfnunargjöld og breytingar varðandi innflutning og ég velti því fyrir mér gagnvart hinum stjórnskipulega þætti þessa máls hvar eðlilegt sé að ákvörðun af því tagi sem hér er kveðið á um, þ.e. að ákveða innflutning og verðjöfnunargjöld, hvar það vald eigi að vera. Er sérstaða landbúnaðarins það mikil og sterk að það réttlæti það að málum sé háttað þar á allt annan hátt en gerist um aðrar atvinnugreinar? Eða er það rökrétt að við flytjum allt vald í ákvörðunum um t.d. innflutning á fiski? Tökum sem dæmi danska síld, á það að vera á valdi sjútvrh.? Á iðnrh. að fara með allar ákvarðanir sem varða innflutning á iðnaðarvörum o.s.frv.? Ég skil vissulega það sjónarmið og kannski ekki síst í ljósi þeirrar stöðu sem við stöndum frammi fyrir varðandi mjög svo breyttar aðstæður landbúnaðarins að mönnum finnist að þar þurfi að standa sérstaklega að verki. En ég er fyrst og fremst að velta þessum þáttum fyrir mér, mér finnst þetta ekkert sjálfgefið. Og ég skil vel þau sjónarmið fjmrn. að þeir telji að þessar ákvarðanir eigi að vera þar eins og aðrar ákvarðanir sem lúta að slíkum ákvörðunum um tolla, vörugjöld og annað slíkt.

En það sem vekur mestu og stærstu spurninguna varðandi þetta frv. er hvað það stjórnskipulag sem hér er verið að koma á þýðir, eins og hv. síðasti ræðumaður, hv. þm. Jón Helgason, rakti hér. Hvað þýðir þetta „hírarkí" sem hér er verið að búa til? Fyrst segir hér, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara veitir landbrh. heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum ..." Og síðan segir:

„Ráðherra ákveður með reglugerð á hvaða landbúnaðarvörur, þar með taldar unnar vörur ..." o.s.frv. Í þriðja lagi segir, með leyfi forseta: „Ráðherra ákveður upphæð gjaldanna." Annars vegar er tekið þarna nokkuð sterklega til orða varðandi vald ráðherrans, en síðan kemur þessi nefnd. „Sér til ráðuneytis skal ráðherra skipa nefnd þriggja manna, einn án tilnefningar, annan tilnefndan af fjmrh. og hinn þriðja tilnefndan af viðskrh." Og í lok þessarar greinar segir, með leyfi forseta: „Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda."

Maður auðvitað spyr sig: Hvað þýðir þetta? Ráðherra tekur ákvörðun eða hann hyggst taka ákvörðun en hann þarf að bera það undir nefndina. Náist ekki samkomulag í nefndinni þarf að fara með málið inn í ríkisstjórn og hvað gerist í ríkisstjórninni? (Gripið fram í.) Já. Og hvað þýðir þetta? Og það er nokkuð fróðlegt að lesa hér grein sem birtist í Morgunblaðinu í dag þar sem rætt er við alla helstu aðila þessa máls og það er kannski einna fróðlegast að lesa það sem hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson lætur hafa þar eftir sér. Hann segir, með leyfi forseta:

„En það vald hans," — þ.e. til að ákveða þessi mál — „er takmarkað með tvennum hætti. Í fyrsta lagi skal hann hafa sér til samráðs nefnd fulltrúa þeirra ráðuneyta sem gæta annars vegar hagsmuna ríkissjóðs, fjmrn. og hins vegar fulltrúa viðskrn. sem gætir hagsmuna neytenda." Sem sagt, vald hans er takmarkað, segir hæstv. utanrrh. Og síðan segir hann, með leyfi forseta: „Hér [er] um ásættanlegt fyrirkomulag að ræða að mínu mati, a.m.k. fyrst um sinn." Og síðar í þessari grein segir hæstv. utanrrh.: „Aðalatriði málsins er náttúrlega þetta: GATT-samkomulagið er bylting í heimsviðskiptum. Af GATT-samkomulaginu leiðir að rauði þráðurinn í allri löggjöf um landbúnaðarmál, þ.e. um bann og leyfisveitingavald, er orðið úrelt og óvirkt og heyrir sögunni til." Og síðan segir: „Við hefðum ekki getað fallist á alræðisvald landbrh. í þeim efnum, enda er það forræði takmarkað." Þ.e. hæstv. utanrrh. lítur þannig á að með því samkomulagi sem hér er komið með þessu frv., þá sé vald og forræði hæstv. landbrh. takmarkað. (**Gripið fram í:** Hver segir þetta?) Hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson í Morgunblaðinu í dag. Og það kemur auðvitað vel fram í þessari grein að bæði hæstv. fjmrh. og hæstv. utanrrh. líta svo á að með þessu sé verið, sem er auðvitað raunin, *að opna fyrir innflutning á landbúnaðarvörum og eins* og segir í þessari grein og haft er eftir hæstv. fjmrh., er aðalatriðið að greiða fyrir opnari viðskiptum, það er tilgangurinn. Ég er bara að vitna í þetta til þess að mönnum sé það alveg ljóst út á hvað þetta gengur.

Það hefur legið í augum uppi um nokkurt skeið að þetta er fram undan. Hér er bæði um að ræða afleiðingu af EES-samningnum og því að GATT-samningurinn hefur nú náðst. Þetta hefur legið í augum uppi að þyrfti að breyta lögunum og hefur reyndar dregist mjög að ganga frá þessu máli. Að mínum dómi hefur það verið öllum til tjóns að ekki lægi ljóst fyrir hvaða reglur giltu í þessu og menn væru að fara hér í stríð við ráðuneytin og flytjandi inn vörur af ýmsu tagi og láta þær svo eyðileggjast hér á hafnarbakkanum o.s.frv. eða senda þær til Færeyja eða til hvaða ráða sem menn nú hafa gripið. Það besta er að það sé einfaldlega á hreinu hvaða reglur og lög gilda í þessum efnum og menn standi við gerða samninga hversu góðir eða vondir sem þeir svo eru. En aðalatriðið er að þetta ákvæði, þetta skipulag þarf að skýra. Það þarf að vera alveg ljóst hvað þessi lög þýða og við höfum ákveðið í hv. landbn. að kalla á okkar fund ýmsa lagaspekinga til þess að *fá á því skýringar hvað þetta þýðir í raun og veru.*

Það er svo sem ekki mikið meira um þetta að segja, hæstv. forseti. Við munum kanna þetta mál en eins og *þetta mál horfir við mér á þessari stundu áður en það* er orðið skýrt hvað þetta þýðir þá sé ég ekki að ég geti samþykkt þetta mál.

[22:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég heyri að formaður Alþb. muldrar að Framsókn sé búin að tala nóg í dag en við erum kannski einhverjir fleiri á mælendaskrá en hv. þm. Jón Helgason.

Virðulegur forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um það frv. sem hér liggur frammi. Það hefur orðið ansi mikill dráttur á því að þetta frv. kæmi fram nú í vetur og það er svona í átt við annað hjá núv. hæstv. ríkisstjórn hvað það varðar sem snýr að vinnubrögðum á löggjafarsamkomunni að það er verið að leggja þetta mál sem var það stóra hitamál sem varð þess *valdandi* að hæstv. *forsrh.* varð að slíta þingi á afar sögulegan hátt í vor sem leið og hélt ríkisstjórninni meira og minna titrandi í allt sumar. Það mál er lagt fram á næstsíðasta degi samkvæmt starfsáætlun okkar á þessu haustþingi og á að keyra í gegn á sólarhring eða svo. Þetta eru náttúrlega algerlega vonlaus vinnubrögð, ekki síst þar sem hér er um að ræða breytingu á búvörulögunum sem lýtur að helsta stýritæki íslensks landbúnaðar á næstu árum. Og að mínu mati er það nauðsynlegt og hefði verið algerlega nauðsynlegt fyrir Alþingi eða landbn. að geta fengið einhvern tíma til þess að vinna að málinu.

Ég segi fyrir mig að mér finnst nánast útilokað að afgreiða þetta mál sem hæstv. landbrh. sagði áðan að sneri eingöngu að EES. Við erum að fara í aðra vinnutörn þegar kæmi að GATT. Í mínum huga er afar erfitt að afgreiða þetta meðan svo háttar til að þær reglur sem á að beita við töku jöfnunargjalda gagnvart EES eru ekki tilbúnar. Það liggur ekki ljóst fyrir enn þá með hvaða hætti verðjöfnunargjöld verða reiknuð út við innflutning á mjólkurvörum. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, út frá því sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan að það lægi á að afgreiða þetta nú fyrir áramót til að menn gætu hafið undirbúningsvinnuna en að mínu mati verður ósköp lítið úr undirbúningsvinnunni meðan menn vita ekki á hvaða grundvelli menn eru að vinna. Og við hljótum í landbn. að gera kröfu til þess áður en málið er afgreitt að okkur verði skýrt frá því í hvaða stöðu þessi vinna er. En það eru engar líkur á að því verði lokið fyrir áramót. EES-samningurinn eða þessi landbúnaðarkafli hvað þetta snertir tekur ekki gildi fyrr en 1. maí og að mínu mati hefði verið miklu farsælla að við hefðum nú tekið í þetta nokkra daga, seinni hlutann í janúar þegar þing kemur saman og legðum í þetta mál þá vinnu sem það á skilið. Ég vil nú leyfa mér að segja það hér að ég er ekkert viss um það þó að við afgreiðum þetta hér á morgun að það verði búið að vinna óskaplega mikla undirbúningsvinnu um 20. jan. þannig að Alþingi gæti leyft sér þann munað að taka þó ekki væri nema svona 2–3 daga í að vinna þetta mál en því sé ekki ruslað hér í gegn á annasamasta sólarhring þingsins á árinu þannig

að ég varpa þessu fram til hæstv. landbrh., virðulegi forseti, hvort ekki sé hægt að standa þannig að málum. Ef ríkisstjórnin er samstiga í þessu máli þá er hægur vandi fyrir hana að gefa um það yfirlýsingu hvernig hún mundi túlka kröfur sem upp kynnu að koma fram að þeim tíma gagnvart innflutningi því að eins og ég sagði þá liggur það alveg ljóst fyrir að landbúnaðarþáttur EES tekur ekki gildi fyrr en 1. maí í fyrsta lagi. Ég vildi því, virðulegi forseti, að menn skoðuðu þennan möguleika og við gæfum okkur þann lágmarkstíma og þá lágmarksvirðingu sem mér finnst að við ættum að sýna þessu máli.

Síðasti dagur á vorþinginu núna var mér á margan hátt minnisverður og ekki síst fyrir þann þátt sem þetta mál átti þá í þeim degi þar sem það mátti ekki koma til atkvæða því að það var vitað að fyrir því var bullandi meiri hluti á þinginu, en það var jafnframt vitað að væntanlega yrðu það stjórnarslit ef svo færi og ósköp hefði það nú verið mikið betra fyrir hið íslenska þjóðfélag að þannig hefði farið. En ég minni á að þá tók meiri hluti landbn. sem var skipaður af fulltrúum Sjálfstfl. og Framsfl. málið úr höndum ríkisstjórnarinnar (**Gripið fram í:** Og Alþfl.) og Alþfl., með leyfi forseta, ég biðst forláts á því að hafa gleymt Alþfl. því það var reyndar fulltrúi Alþfl. í landbn. sem stóð að þessu en það lá ljóst fyrir að Alþfl. stóð ekki að málinu allur. Þetta var sá meiri hluti sem lagði fram þessar brtt. og það var reyndar komið svo undir kvöld þessa dags að hinir stjórnarandstöðuflokkarnir voru orðnir fýsandi þess og mæltu mjög með því að frv. yrði samþykkt þannig að þar lá alveg ljóst fyrir að fyrir málinu var meiri hluti.

Það frv. sem lagt er fram núna er að nokkru breytt frá því máli sem þar lá fyrir og sú breyting sem þar er stærst eru þessir yfirfrakkar sem búið er að setja á landbrh. í málinu og hefur ekki í að minnsta fyrir mér a.m.k. verið útskýrt hvernig eiga að ganga fram. Hæstv. ráðherra sagði áðan að landbn. hefði hafið efnislega umfjöllun um málið núna í kvöldmatnum. Það er reyndar ekki rétt nema að parti. Fundurinn var boðaður okkur þannig að það ætti ekki að verða efnisleg umfjöllun, sem ekki varð, og það var fyrst og fremst verið að ræða um málsmeðferðina (**EgJ:** Þeir mættu ekki, fulltrúar bændasamtakanna). Það var fyrst og fremst verið að ræða um málsmeðferðina og það var ekkert rætt annað þar.

Eitt af því sem ég tel afar mikilvægt að liggi fyrir áður en þetta mál er afgreitt er lögfræðileg úttekt hinna mætustu og lögfróðustu manna á því hvað þessi 1. gr. í raun þýðir og það er hægt að lesa út úr henni ýmislegt. Ég get ekki lesið annað út úr henni en að það sé í raun þessi þriggja manna nefnd sem ákveði hvaða gjöld verði lögð á, en landbrh. hafi síðan heimild til að skjóta málinu til ríkisstjórnar ef honum líkar ekki. En hér segir, með leyfi forseta:

„Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðast við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta, þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda."

Ég skil þetta þannig að nái nefndin samkomulagi þá hafi ráðherra ekkert með það að gera þar sem fulltrúar Sjálfstfl. hafa sagt að þetta geri ekkert til og skipti engu máli því að valdsvið ráðherra sé svo skýrt afmarkað í stjórnskipunarlögunum, hér er ekki fjölskipað vald, að það fari ekkert á milli mála að það sé ráðherra einn sem leggur þetta á og ræður gjaldinu. Ef það er svo, þá er þessi seinni hluti í málsgreininni um nefndina og ríkisstjórnarmeðferðina algerlega óþarfur og þjónar engum öðrum tilgangi en að þvæla málið og gera það að verkum að málið verður í opinni umræðu lengur og menn geta fengið tækifæri til þess að upphefja álíka hamagang og hefur verið núna að undanförnu ef hafa komið upp tilefni til innflutnings sem búvörulögin hafa enn sem komið er bannað. Það getur vel verið að þetta sé einmitt tilgangurinn hjá þeim sem hafa samið um að hafa þessi ákvæði þarna inni. Ég mun því beita mér fyrir því að það verði gerð við þetta brtt. og þessum seinni hluta breytt og það sem þarna er óþarft, að mati þeirra manna sem segja að landbrh. fari alfarið með þetta, verði tekið út úr greininni. Og ef það er svo eins og menn segja að landbrh. hafi þetta allt í hendi sér þá hljóta menn að vera sammála því að það er algerlega óþarfi að festa í lög málsmeðferð á málinu og ég vil varpa því fram og svari þá sá sem þekkir hversu algengt það sé að slík málsmeðferð alveg til úrskurðar ríkisstjórnar sé fest í lög. Mér finnst eðlilegt að það sem lýtur að stjórnskipuninni sé í stjórnskipunarlögum en þetta er því miður orðið allt of algengt að menn eru að binda inn í lagatexta um fagleg atriði einhverjar málamiðlanir sem menn ná sín á milli í stjórnarsamstarfi. Frægasta dæmið er kannski í skattamálum sem gert var á síðasta ári eða árinu þar áður þegar settur var inn í lagatexta hluti af stjórnarsáttmálanum um það hvernig ætti eftir tvö ár að fara með skattlagningu á arði hlutafjár. Það var held ég á þeim tíma einsdæmi en menn eru að halda áfram með þetta að setja eitthvert samkomulag sem næst innan stjórnarflokka í lagatexta í faglögum. Það held ég að séu ekki góð vinnubrögð.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki halda mjög mikið lengri ræðu um þetta. Ég vil þó ítreka það sem ég sagði í umræðu um GATT-málið um daginn að það hvernig þeir alþjóðlegu samningar, þegar við tökum á þeim, koma við íslenskan landbúnað og íslenskt atvinnulíf er innanríkismál fyrst og fremst, ekki utanríkismál. Og framkvæmdin byggist á þeim lagagrunni sem við setjum henni og þess vegna ítreka ég það sem ég sagði í upphafi minnar ræðu að það er afar mikilvægt að það sé vandað til þeirrar lagasetningar og Alþingi gefi sér lágmarkstíma.

Ég var nú svo hógvær áðan að ég nefndi ekki meira en 2–3 daga þannig að við þyrftum ekki að vera að afgreiða þetta á einum sólarhring og það meira að segja mesta annasólarhring á árinu þannig að við gætum nú fengið almennilega úr því skorið hvað þetta

þýðir, hvort þetta er hreppsnefndaleiðin að ráðherra verði að fara með málið alla leið upp í ríkisstjórn og bera það þar upp og *lúta meiri hluta* atkvæðagreiðslu eins og oddviti í hreppsnefnd eða hvort þarna er eingöngu verið að lögbinda eitthvert samkomulag stjórnarflokkanna sem maður veit þá ekkert hvað stendur á bak við.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda lengri ræðu við 1. umr. en ég ítreka að það er mikil nauðsyn á því að þetta mál fái efnislega og góða umfjöllun á hinu háa Alþingi.

[22:22]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það er með nokkrum ólíkindum að þetta mikilvæga mál skuli vera að koma til 1. umr. daginn áður eða kvöldið áður en þing á að fara í jólaleyfi og þingstörfum að ljúka á þessu ári og að menn skuli ætla sér að afgreiða þetta mál í gegnum þrjár umræður á einum sólarhring eftir að hafa glímt við málið á sl. vori í mjög hörðum sviptingum sem næstum höfðu kostað ríkisstjórnina lífið. Það hefur verið sagt að í þeim miklu sviptingum sem átt hafa sér stað milli hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. um þetta mál þá hafi landbrh. unnið merkan sigur gagnvart hæstv. utanrrh. Ekki ætla ég að dæma um það á þessu stigi máls en því miður segi ég nú þá er það ekki eins ljóst og af er látið í fjölmiðlum.

Samkvæmt kerfi og samkvæmt XI. kafla núverandi búvörulaga er það hæstv. landbrh. sem veitir leyfi til innflutnings. Hann fer með innflutningsmálin og það er auðvitað sjálfsagður hlutur að landbrh. fari með þau mál áfram og auðvitað er það hálfu mikilvægara að svo verði eftir að búið er að gera svonefnt GATT-samkomulag og EES-samning og þar með stórauka líkurnar á verulegum innflutningi landbúnaðarvara. Skárra væri það nú að landbrh. fengi ekki úrslitavald á þessu sviði og að það væri farið að afhenda það vald þeim sem ekki fara með þennan málaflokk, það væri auðvitað alveg fráleitt.

Við verðum líka að hafa það í huga að í þeim GATT-samningum sem gerðir hafa verið slökuðu Íslendingar verulega miklu meira út en t.d. Norðmenn eða Finnar. Jöfnunarígildin gagnvart innfluttu kindakjöti eru miklu lægri hjá okkur en hjá þessum þjóðum og það er enginn vafi á því að landbúnaðurinn mun eiga mjög undir högg að sækja á komandi árum vegna þessara samninga. Ég tel þess vegna sjálfsagðan hlut að landbrh. fari með þessi mál en ég er hins vegar ekki mjög sáttur við að það sé eitthvað mjög óljóst hvað gerist ef ágreiningur verði um þessi mál, því að eins og hér hefur verið rifjað upp, þá segir í niðurlagsorðum 1. gr. frv., með leyfi forseta:

„Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda."

Það er auðvitað harla óljóst hvað í þessum orðum felst. Ég er ekki viss um að í íslenskri löggjöf finnist nein sambærileg ákvæði af þessu tagi um það að ráðherra sem fer með vald á ákveðnum málaflokki skuli bera mál sitt undir ríkisstjórnina áður en ákvörðun er tekin. Hvað felur þetta í sér? Það að bera málið undir ríkisstjórnina? Er það bara einfaldlega að hann eigi að kynna málið *í ríkisstjórninni* áður en hann tekur ákvörðun eða er það háð samþykki meiri hluta ráðherranna? Og hvað gerist ef ágreiningur er uppi? Auðvitað má hugsanlega skilja þetta orðalag þannig að ráðherrann eigi eingöngu að gera þetta, hann eigi eingöngu að kynna málið í ríkisstjórninni, gefa ráðherrum kost á að segja álit sitt á því. Eftir að hafa hlustað á hvað þeir hafi til málanna að leggja taki hann ákvörðun og hans skyldum sé þá fullnægt þegar hann hefur gert grein fyrir málinu innan ríkisstjórnarinnar. Þetta er alveg hugsanlegur skilningur á málavöxtum og þá út frá því sjónarmiði að ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald og það eru einstakir ráðherrar sem taka ákvörðun en ekki ríkisstjórnin í heild þótt auðvitað kunni mörg mál að vera þannig vaxin að ef ráðherra tekur ranga ákvörðun sem aðrir ráðherrar eru ekki sammála um þá neyðist ríkisstjórnin til að segja af sér vegna þess að það sé ekki meiri hluti fyrir henni á Alþingi eða innan stjórnarflokkanna. En það er önnur saga.

Spurningin um það hver tekur hina endanlegu ákvörðun er afgerandi spurning og þessi túlkunarmáti, þ.e. að segja að landbrh. hafi úrslitavaldið eftir að hafa borið málið undir ríkisstjórnina er út af fyrir sig ekkert fráleitur skilningur. Ég mundi helst hallast að því að málið væri þannig vaxið. En þá væri betra að orða þetta á annað veg á skýran hátt. Og ég vek á því athygli að það má skilja þetta á hinn veginn, að ríkisstjórnin eigi að ákveða þetta í sameiningu. Það væri að vísu mjög óvenjulegt en þess eru dæmi.

Ég minnist þess einu sinni þegar ég sat í ríkisstjórn að viðkomandi forsrh. lagði ákveðið deiluefni undir ráðherrana alla og hafði þar atkvæðagreiðslu og lét meiri hlutann ráða. Meiri hluti var fyrir að byggja þá ákveðnu byggingu sem þá var deilt um. Ég get upplýst hvaða mál þetta var. Það var spurningin um það hvort ætti að reisa hús yfir Framkvæmdastofnun ríkisins — eða líklega var það Byggðastofnun. Það er nú orðið nokkuð langt síðan og maður er farinn að ryðga í þessu, það eru líklega ein 15 ár síðan. Það fór fram atkvæðagreiðsla og meiri hlutinn var á því að það ætti að byggja þetta hús. Minni hlutinn, og það munaði nú bara einu atkvæði, var á móti því og forsrh. úrskurðaði að það væri þá samþykkt. Þetta er auðvitað hugsanlegur afgreiðslumáti. Það er auðvitað hugsanlegur möguleiki að ríkisstjórnin hafi hugsað sér að afgreiða málið svona. En ef það er á þennan veg væri gott að fá það upplýst, þá eigum við hér á Alþingi kröfu til þess að fá það á hreint hvort ríkisstjórnin hefur hugsað sér að afgreiða málið á þennan veg. (**EgJ:** Það eru nú fleiri en ein ríkisstjórn í landinu.) (**Gripið fram í:** Ekki núna.) Ja, það er bara ein ríkisstjórn í landinu sem stendur og þykir mörgum að það sé alveg nóg og sú ríkisstjórn ber fram þetta frv. og það verður að fást á hreint hvernig núv. ríkisstjórn hugsar málið.

Þriðji túlkunarmöguleikinn er auðvitað sá að þegar ágreiningur verður *milli ráðherra* þá sé það forsrh. sem skeri úr. Ég hygg að það sé einhvers staðar í lög-

um ákvæði um að þannig skuli farið að ef ágreiningur verður milli ráðherra. Og það er aðeins möguleiki að þegar ríkisstjórnin gekk frá þessu frv. hafi hún hugsað málið á þennan veg. Ég er ekki að segja þetta vegna þess að ég sé að flækja málið eða gera mönnum upp eitthvað það sem þeir ætluðu sér ekki, heldur er ég ósköp einfaldlega að fara fram á það að hæstv. landbrh. geri fullkomlega grein fyrir því hér hver ætlunin er, hver hugsunin er, það verðum við að fá að vita.

Eins vil ég gjarnan fá að vita hvort það kerfi sem er í núverandi búvörulögum, þ.e. 52. gr. og 53. gr., muni gilda áfram en í þeim greinum segir að áður en leyfi til innflutnings sé veitt skuli ráðherra leita álits nefndar sem sé skipuð tveimur fulltrúum framleiðenda tilnefndum af samtökum þeirra og tveimur fulltrúum innflytjenda sem viðskrh. tilnefnir og oddamanni tilnefndum af landbrh. Þetta er kerfi sem hefur lengi verið í gildi og það er ekki hægt að sjá það af frv. að þetta kerfi sé fellt niður.

Auðvitað hefði verið eðlilegast að þegar nýtt kerfi er tekið upp þá sé þessum greinum breytt og það sé komið upp einu samræmdu kerfi. Ég tek eftir því að þegar frv. var lagt fram í fyrra þá var það breyting við 55. gr. en nú kemur nýtt frv. og þá er það á töluvert annan veg. Nú heitir það 72. gr. laganna orðist svo. Það vill nú svo illa til að það er engin 72. gr. til í þessu frv. svo að einhvern veginn verður að lesa í málið og virðist hafa verið nokkur fljótaskrift á samningu frv. því það er hér sagt að 72. gr. skuli hljóða svo og 73. gr. skuli hljóða svo en hvorug þessara greina eru til í núverandi lögum. Væntanlega á að skilja þetta svo að það verði til tvær nýjar greinar og þær virðast ekki snerta neitt við 52. og 53. gr. nema hvað þær segja: Þrátt fyrir ákvæði laganna skal þetta vera svona. Og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst að lagasetningin sjálf ekki mjög til fyrirmyndar að ekki skuli reynt að koma þessum innflutningsmálum öllum í heild sinni inn í ákveðnar lagagreinar og búa til heildstæðan kafla um innflutningsmálin á einu bretti.

Ég tek líka eftir því að í tillögu landbn. sem var borin fram hér á sl. vori var gert ráð fyrir því að innflutningur vörulíkis yrði háður samþykki landbrh. en það er ekki samkvæmt þessu frv.

Að öðru leyti ætla ég ekki að fjalla frekar um þetta mál að sinni. Mér sýnist á öllu að það hafi orðið til í nokkrum flýti og má það furðulegt teljast miðað við það hvað langur tími er liðinn frá því að þessi mál voru seinast til umræðu í þinginu. Það er meira en hálft ár liðið síðan. Og maður skyldi halda að menn hefðu haft góðan tíma til að semja vandað frv. um þetta mál en eitthvað hefur tíminn farið forgörðum og minna orðið úr því. Í öllu falli er það svo að áreiðanlega fleiri en ég eiga mjög erfitt með að skilja hvað raunverulega felst í þessu frv., hvar ákvörðunarvaldið liggur. Það má vel vera að það verði upplýst hér í þessari umræðu að það sé landbrh. sem hafi þetta vald raunverulega og endanlega og þá er eins gott að fá það alveg skýrt og ákveðið og á hreint en það má líka vel vera að málið verði túlkað á einhvern allt annan veg og þá er ekki verra að fá það á hreint.

[22:37]

Elín R. Líndal:

Virðulegi forseti. Hér er nú fram komið frv. sem beðið hefur verið eftir, misjafnar væntingar manna um innihaldið og er vafalítið. Sú sem hér stendur var framan af lestri frv. harla sátt. En það var frá mér tekið þegar lengra var komið í lestrinum. Ég ætla að fara hér nokkrum orðum um stöðu bænda í dag.

Þeir sem eiga lífsafkomu sína undir framleiðslu og sölu landbúnaðarvara standa vissulega á krossgötum nú þegar á að fara að flytja inn landbúnaðarvörur í stórum stíl. Ákveðið var að falla frá magntakmörkunum í GATT-samkomulaginu á innflutningi landbúnaðarvara eða búvara sem lúta að framleiðslustýringu og fara að flytja inn að lágmarki 3–5%. Aðild að GATT-samningunum er vissulega nauðsynleg fyrir okkur Íslendinga sem heild. En vel að merkja ber hæstv. ráðherra að sýna þann dug að standa að aðgerðum til að milda áhrifin. GATT-samkomulagið hefur gífurleg áhrif á lífsafkomu bænda. Margir þeirra eru komnir á ystu nöf. Staðan er þannig hjá mörgum bændum eftir stöðugan samdrátt í framleiðslu að þeir hafa gengið á eigur sínar og eignir og safnað skuldum. En það gengur ekki nema skamman tíma. Gjaldþrot blasir við allt of mörgum. Og hvernig búum við að þeim sem hafa fengið allan þennan samdrátt yfir sig, t.d. í sambandi við atvinnuleysistryggingar og tryggingamál?

Það kom út reglugerð um atvinnuleysisbætur fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga. Ég get ekki séð að það hafi nokkur vandi verið leystur fyrir bændur í þeirri reglugerð nema örfáa og ég ætla að lesa hér nokkrar greinar, með leyfi forseta.

„Sjálfstætt starfandi telst vera atvinnulaus þegar hann uppfyllir öll eftirfarandi skilyrði:

1. Er hættur rekstri, sbr. 4.–6. gr.
2. Hefur ekki tekjur eða tekjuígildi af rekstri.
3. Hefur ekki hafið störf sem launamaður.
4. Er sannanlega í atvinnuleit og getur tekið tilboðum um vinnu.
5. Hefur tilkynnt lok rekstursins til opinberra aðila, sbr. 4. gr.
6. Árstímabundin starfsemi eða tímabundið hlé vegna verkefnaskorts eða af öðrum ástæðum veitir sjálfstætt starfandi ekki rétt til atvinnuleysisbóta."

Þannig er búið að þessu að bændur þurfa að vera alveg steinhættir búskap til að ná fullum rétti og skilgreiningin á því hvenær menn eru hættir, það væri fróðlegt að fá svona smáskilgreiningu á því. Þurfa menn helst að vera fluttir líka? Það er kannski hægt að fá tekjur annað slagið með einhverjum smáhlunnindum eða nokkrum hrossum. Hvenær eru menn hættir störfum? Hvenær í ósköpunum haldið þið að það sé komið að því að þeir hafi rétt til atvinnuleysisbóta? Það væri fróðlegt að komast að því. Ég viðurkenni vel að þetta er snúið mál af því að það er nú þannig að með því að hafa nokkrar skepnur, þá er það ekki þannig að þú getir starfað hluta af árinu. Þetta eru lifandi skepnur en ekki dauðir hlutir. (Gripið fram í.) Hæstv. umhvrh. hefur mikinn áhuga á framsóknar-

mönnum í dag en hann verður að hafa það fyrir sig. (**Umhvrh.:** Mér þótti þetta rétt lýsing á þeim.)

Hvernig halda hv. þm. að framtíðarsýn bænda sé í dag, t.d. sauðfjárbónda sem horfir yfir fjárhúsin sín hálftóm eftir stöðugan samdrátt og niðurskurð á framleiðslurétti og atvinnuástandið í þéttbýlisstöðunum í kring? Það er ekkert til að létta lund eða ná í viðbótarkrónur til framfæris. Og það er nú svo skrýtið að það voru til bændur sem trúðu því fram undir þetta að innflutningur í stórum stíl kæmi ekki til. Þeir trúðu vafalaust á sína ágætu sjálfstæðismenn til að verja sig á einhvern hátt fyrir því. Það er einfalt mál að því meira sem flutt er inn af búvöru því færri hafa vinnu af því að framleiða hana hér á landi. Því vil ég brýna hæstv. landbrh. í því að halda vöku sinni. Það er vá fyrir dyrum hjá þúsundum Íslendinga sem er verið að taka lífsafkomuna frá.

Stærsta málið úr því sem komið er fyrir bændastéttina er hvernig á málum verður haldið. Verðjöfnunargjaldið er það blaktandi hálmstrá sem eftir er eftir sigurgöngu krata í herferð þeirra gegn bændastéttinni.

[22:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er búið að fara allítarlega yfir þetta mál þannig að ég þarf ekki miklu við það að bæta. Þó vil ég koma hér að nokkrum atriðum.

Það sem vekur athygli mína þegar ég lít á þetta frv. sem búið er iðulega í haust að spyrja eftir hvenær mundi koma fram, þá tek ég eftir því, hæstv. landbrh., að þetta frv. eitt fárra er dagsett og það er dagsett 8. sept. Og hvers vegna er það dagsett 8. sept.? Og hvers vegna er verið að draga þingið, þjóðþingið sem á að taka þessa ákvörðun á asnaeyrunum fram að jólum, eins og hér hefur komið fram, daginn áður en þingið átti að fara heim í jólaleyfi koma menn með írafári og málið liggur tilbúið. Þetta vildi ég minnast á.

Við stöndum auðvitað frammi fyrir þessum kalda veruleika að sumarið hefur leitt það af sér að Íslendingar, íslenska ríkisstjórnin, hefur fallið frá öllum þeim fyrirvörum sem við bjuggumst við að mundu halda í þessu máli og ná fram. Allir magntollar í GATT-viðræðum voru felldir út og sérstaða Íslands í engu viðurkennd þannig að það horfir nú erfiðlega fyrir íslenskum landbúnaði því að staðreyndin er sú að þeir sem trúa á jöfnunartollana verða að skilja það lögmál sem ég vakti athygli á í umræðunni um daginn að tollarnir munu verða eins og þumalskrúfa sem á þessari 6 ára vegferð lækkar um 36% eða 400% tollur sem á að leggja á í upphafi fer niður 256% á þessari vegferð og síðan tekur við næsta tímabil og ný lota. Mér þætti nú vænt um ef hæstv. viðskrh. og væntanlegur formaður Alþfl. (**Gripið fram í:** Ha?) eða starfandi hæstv. utanrrh. um þessar mundir gæti verið hér við þessa umræðu því að ég þarf að spyrja hann spurninga. (Gripið fram í.) Ég sé að jafnaðarmannaliðið í Alþfl. ókyrrðist allhastarlega undir þessari missögn minni um að hæstv. ráðherra Sighvatur Björgvinsson væri væntanlegur formaður Alþfl. (**Gripið fram í:** Þetta kom sérstaklega illa við umhvrh.) Ég sá að það kom sérlega illa við hæstv. umhvrh. en bróðir hæstv. heilbrrh., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, kipptist ónotalega við þannig að þarna er nú einhver glíma um formannssæti á milli kannski þriggja eða fjögurra manna. (**Gripið fram í:** Það er víðar en í Framsfl.)

Ég er hér að ræða um frv. og vil þá halda því áfram. Staðreyndin er sú, hæstv. landbrh., að við þurfum að skoða þetta frv. verulega vel. Ég í sjálfu sér efast ekkert um góðan vilja hæstv. landbrh. í þessu máli og enn síður um ágætan vilja formanns landbn., hv. þm. Egils Jónssonar, og ég minnist þess drengskapar sem hann sýndi á síðasta vetri þegar við endurskoðuðum málið eins og það lá þá fyrir og náðum sögulegu samkomulagi í landbn. með þá meira að segja alþýðuflokksmanninum, hæstv. núv. umhvrh., Össuri Skarphéðinssyni, sem hopaði hvergi þá. En nú hafa þau tíðindi gerst að þetta frv., hæstv. landbrh., er dálítið götótt. Ég sé t.d. hér að DV segir: „Halldór sigraði krata á pólitísku rothöggi." En ég er sannfærður um að þegar ég les frv. þá munu skrattar hans rísa jafnharðan upp og sækja að honum aftan frá því að þegar maður kemur neðarlega í frv., þar sem maður er kominn að því að allt sé í plati, þá er allt í einu ráðherranefnd eða nefnd sem ráðherrar tilnefna komin með ráðherravald. Þetta hefur verið minnst hér á þannig að það er auðvitað nýlundan í þessu máli að þriggja manna nefnd getur í hvert sinn stöðvað hæstv. landbrh. í málinu.

Nú vil ég prufa lítils háttar orðalagsbreytingu við hæstv. ráðherra. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. sérstaklega hvort hann sætti sig við að síðasti málsl. 1. gr. væri svohljóðandi:

Náist ekki samkomulag í nefndinni skal landbrh. bera málið undir ríkisstjórn áður en hann tekur ákvarðanir.

Þá lægi það skýrt fyrir ef textinn væri með þessum hætti að það er hæstv. landbrh. sem tekur endanlega ákvörðun.

Auðvitað uggir mig sú gleði sem ég sé í DV í dag að einkennir hæstv. viðskrh. en þar segir hann á þá leið að frv. sé frábrugðið tillögum landbn. í vor. Ekki væri nú talað um vörulíki og ef ekki væri samkomulag þriggja ráðuneyta um jöfnunargjöldið yrði málinu vísað til ríkisstjórnarinnar. Þarna finnst mér ríkja sú skoðun hæstv. viðskrh. að hann telji sig hafa sérstakt vald á málinu sem ráðherra í ríkisstjórninni.

Þetta er það sem ég óttast mest í þessu máli, en ég segi, eins og ljóst varð í fyrravetur, að við þurfum kannski ekkert að óttast. Landbn. hefur fyrr sýnt að hún hefur kjark til að endurskoða frv., gera þau skýr og afdráttarlaus og ég vænti þess að við gefum okkur þann tíma sem þarf til þess að gera þetta mál afdráttarlaust. Það hlýtur að vera óþolandi fyrir íslenskan landbúnað sem stendur nú frammi fyrir þeim tímamótum að innflutningur verður heimill og tollaígildin munu lækka hratt og þolir ekki átök í svona máli. Það verða að vera skýrar reglur um hver fari með þetta vald og hvernig með það sé farið. Þá má ekki vera eilífur opinber slagur á milli manna í ríkisstjórn og einhverrar embættismannaskipaðrar nefndar af hálfuráð-

herra. Ég veit að hæstv. landbrh. tekur undir með mér hvað þetta varðar.

Það hefur komið glöggt fram hér að menn telja að þetta standi ekki stjórnskipunarlög og tek ég undir þá skoðun.

Hér er auðvitað hægt að fara í langar umræður, en ég kýs það ekki við þessar aðstæður. Ég held að það sé miklu mikilvægara að koma málinu til nefndar og að landbn. geti farið yfir það og séð hvort megi þarna hagræða orðum, skjóta inn setningum og ná því að þetta mál verði afdráttarlaust. Mig langar ekki til þess að það fari svo að þetta mál fari opið út úr þinginu, löggjöfin verði opin og verði átakalöggjöf sem margir þurfa að komast að sem margt stenst stjórnskipunina. Það gæti orðið til þess að fyrir hv. þm. Agli Jónssyni, sem ég veit að ann íslenskum landbúnaði, færi eins og síðasta Oddaverjanum að hann mundi syngja í þeirri sorgargöngu:

Mínar eru sorgirnar
þungar sem blý.

Þess vegna legg ég á það áherslu að við náum enn á ný pólitískri breidd og samstöðu um að gera þetta mál afdráttarlaust og til þess treysti ég landbn. eins og hún er skipuð um þessar mundir þrátt fyrir eitthvert samkomulag sem handsalað hefur verið milli ráðherra, Ég veit þeir átta sig á því, ekki síst landbrh., að þarna þurfi að eiga sér stað orðalagsbreyting.

[22:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þetta mál við þessa umræðu. Hv. 3. þm. Norðurl. v. sem sæti á í landbn. fyrir Alþb. hefur þegar talað og gert grein fyrir okkar viðhorfi. Ég vil fyrst og fremst undirstrika það að af minni hálfu ber ekki að fjalla um þessi mál með þeim hætti að einhver grundvallarbreyting sé að verða á verkaskiptingu í Stjórnarráðinu með tilkomu þessa frv. Ég minni á að samkvæmt búvörulögum hefur landbrn. farið með forræði hvað varðar ákvarðanir um innflutning búvara, alls þess sem telst búvara í skilningi búvörulaga, og að mínu mati er það sjálfgefið mál að svoleiðis á það að vera áfram. Með breyttum tíma og breyttum aðstæðum þegar svo er komið sem við væntanlega stöndum frammi fyrir að ákvarðanir um innflutning búvara byggja á öðrum grunni en fyrr, þ.e. ekki teknar einfaldar ákvarðanir um innflutning eða ekki innflutning, þá er það að mínu mati eðlilegt framhald af þeirri verkaskiptingu í Stjórnarráðinu að þau stjórntæki sem að þeim innflutningi snúa, og í þessu tilviki verða það jöfnunargjöldin, séu þá áfram í höndum sama stjórnvalds og verið hefur, þess sem fer með landbúnaðarmál.

Hitt er auðvitað ljóst að með því færist þetta verkefni að nokkru leyti yfir á efnissvið sem er á verkefni annarra ráðuneyta. Það er út af fyrir sig ljóst að tollamál heyra undir ráðuneyti og innflutningsverslun undir viðskrn. sem slík. Þess vegna má segja að það sé kannski ekki óeðlilegt að upp komi ákveðin grundvallarumræða um það hvernig þessum málum eigi þá að haga.

Ég ætla ekki að draga það í efa að hið formlega forræði þessa máls verði með þessari framsetningu í höndum landbrh. Ég ætla að leyfa mér að vona að sú túlkun þessara laga standist að hið formlega forræði sé í höndum landbrh. (**Gripið fram í:** Hvar stendur það?) Það tel ég að standi, hv. þm., í 1. mgr. 1. gr. og reyndar í fyrri hluta 3. mgr. þar sem talað er ótvírætt um hlutverk landbrh. í þessu sambandi. Hitt er alveg ljóst að sú leið sem landbrh. er með þessu frv. þvingaður til að fara áður en hann getur tekið sínar ákvarðanir er meira en lítið krókótt ef svo ber undir. Það er líka ljóst að í síðari hluta 1. gr. frv. er orðalagið gert óljósara en það ætti að mínu mati að vera til þess að varðveita út í gegnum textann það forræði, formlegt og efnislegt, sem ég vil að landbrh. hafi í þessu máli. Þess vegna eru mér það vonbrigði ef það er hin efnislega niðurstaða í samkomulagi ríkisstjórnarinnar að landbrh. skuli hafa ótvírætt forræði að menn hafi þá ekki náð saman um að orða lagatextann skýrar. En eins og ég segi ætla ég ekki að draga hitt í efa fyrr en annað kemur í ljós.

Það er rétt að minna á það og hefur reyndar þegar verið gert hér að þetta frv. á sér nokkuð skondna sögu svo að ekki sé meira sagt. Því það lá við stjórnarslitum hér að sögn á sl. vori vegna þess að annar stjórnarflokkurinn gat með engu móti unað þeirri niðurstöðu sem þá var í sjónmáli. Og einhver sögulegustu þingslit sem orðið hafa í þessari stofnun voru bein afleiðing af því þar sem hæstv. forsrh. nánast tók orðið af forseta þingsins, rauk í stólinn og sleit þinginu umbúðalaust. Menn komu ekki einu sinni við hefðbundnum þakkarrollum og góðum óskum hver í annars garð því að hæstv. forsrh. lá svo mikið á að bjarga ríkisstjórninni þegar hann rauk til og sleit þinginu. Í því ljósi er það nokkuð sérkennilegt að þetta frv. skuli birtast og vera til 1. umr. í dag en það mun enn vera 17. des., ef ég veit rétt, hæstv. forseti, og í raun enn furðulegra að pappírinn skuli ekki vera ítarlegri og meiri að vöxtum en þetta. Það þykir mér benda til þess að þetta mál hafi í raun og veru verið í algerri pattstöðu í ríkisstjórninni þangað til fyrir aðeins fáeinum sólarhringum og menn hafi síðan á handahlaupum bjargað þessari örk inn í þingið eftir að loksins náðist niðurstaða í málinu. Og þá bara er það þannig. Út af fyrir sig er ekki mikið um það að segja því ég gef mér það að ef efnislegt samkomulag og niðurstaða hefði legið fyrir fyrr þá hefði málið komið hér inn í miklu ítarlegri búningi og betur útfært. Svo er ekki og þá er bara að taka því og vonandi er þá hægt að bæta úr því sem á vantar á síðari stigum.

Auðvitað er það þannig, hæstv. forseti, að eigi að ræða þessi mál af einhverju samhengi, þá er óhjákvæmilegt að gera það í tengslum við það breytta landslag sem landbúnaður á Íslandi á nú að fara að starfa í, þ.e. gerbreyttar aðstæður hvað varðar væntanlega samkeppni við innfluttar búvörur. Og þá verð ég að segja alveg eins og er að auðvitað er það manni mikið umhugsunarefni hvernig þeir hlutir hafa þróast. Má þar nefna niðurstöðuna af GATT-samningunum, sem ég tel að þegar frá líði verði miklu afdrifaríkari niðurstaða fyrir íslenskan landbúnað en nokkurn tíma samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði. Það sýnist

mér alveg ljóst vegna þess að samkvæmt GATT-reglum opnast fyrir nánast allar búvörur inn í landið sem ekki er hægt að stoppa vegna sjúkdómavarna.

Sömuleiðis eru áhyggjuefni þau svið sem snúa að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og t.d. opna fyrir nánast óheftan innflutning á grænmeti til landsins á miklu lægra verði en íslensk framleiðsla getur a.m.k. við núverandi aðstæður keppt við. Má þar nefna til að mynda kartöflur og fleira grænmeti. Það er mat margra að til að mynda sú grein muni eiga næsta erfitt uppdráttar eftir að þessi breytta skipan kemur.

Ég held að það sé í sjálfu sér miklu meira áhyggjuefni hver grundvöllur okkar er gagnvart þessum nýju tímum en sú forræðisdeila eða heimilisfestisdeila sem staðið hefur um þetta mál gefandi sér að menn verði almennt á einhverjum vitrænum nótum í landbúnaðarstefnu á Íslandi á næstu árum, þau mál lendi ekki undir hælinn á krötum eða eitthvað þaðan af verra, og menn verði hér standandi í lappirnar á komandi árum til þess að verja íslenska framleiðslu hvort heldur það er landbúnaðarframleiðsla eða önnur íslensk framleiðsla.

Ég hef satt best að segja miklu meiri áhyggjur af því að vígstaðan gagnvart hinum breyttu tímum og væntanlegri samkeppni unninna búvara vegna GATT-samninga og að nokkru leyti EES-samninga sé veik. Þar tel ég því miður að hlutur hæstv. landbrh. hafi verið sýnu lakari en hann er væntanlega og vonandi að verða í þessu máli. Það byggi ég einfaldlega á því að ég tel að upphafsstaða okkar gagnvart jöfnunargildum í GATT-samningunum hafi verið veikt í samningum hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. Við hefðum þurft að byrja þar í hærri og sterkari upphafsstöðu til að geta síðan uppfyllt að okkar leyti þá lækkun sem þar er boðuð. Og auðvitað er það svo að menn höfðu í því sambandi lengi bundið vonir við að við gætum varið hér magntakmarkanir á a.m.k. hinum hefðbundnu búvörum en síðan voru þær varnir gefnar eftir á lokasprettinum. Þá standa eftir tollígildin ein og þar hafði verið samið, því miður, milli hæstv. landbrh. og utanrrh. um tilslökun frá þeim ýtrustu kröfum sem ég tel að við Íslendingar hefðum haft stöðu til að gera ef við hefðum staðið jafnfast í ístaðinu og til að mynda þjóðir eins og Finnar og Norðmenn.

Þess vegna er það sýnu meira áhyggjuefni að mínu mati hvernig á þessum málum verður haldið og þetta þróast en hitt. Ef sú túlkun mín er rétt á þessu frv., sem ég vil halda í, að a.m.k. hið formlega forræði málsins sé hjá hæstv. landbrh., þá lít ég svo á málin.

Hitt tek ég undir sem hér hefur komið fram hjá mörgum, t.d. hv. 2. þm. Suðurl. og hv. 3. þm. Norðurl. v., að það er auðvitað með öllu óþolandi að þessu máli verði lokað í nokkurri minnstu óvissu um hina efnislegu niðurstöðu. Þannig eiga menn ekki að ganga frá ágreiningsmálum um mikilvæg mál að þeir dulbúi ágreininginn í formi óvissu inn í framtíðina. Það gengur ekki í svona máli. Það er öllum fyrir bestu að fá um það hreina niðurstöðu hvernig þetta liggur bæði formlega og efnislega. Og ef eitthvað slíkt er hér á ferðinni í þessum skrautblómum í síðari hluta 1. gr. hvað texta snertir, þá þarf það ósköp einfaldlega að upplýsast við umræðuna, í vinnu landbn. og áður en málið fær afgreiðslu. Ég vænti þess að hæstv. landbrh. sé tilbúinn til að ganga í lið með okkur hvað það snertir að eyða allri óvissu.

Ég tek undir það og vona að hv. landbn. geti þrátt fyrir aðstæður gefið sér tíma til að kalla til sín löglærða menn og fara yfir það með bestu fáanlegum sérfræðingum hvort þessi skipan sem hér er sett upp standist stjórnsýslulega séð og lendi ekki á einhverju gráu svæði eða einhverri óvissu á grundvelli verkaskiptingar Stjórnarráðsins o.s.frv. Ástæðan fyrir því að ég tel þetta mikilvægt, ekki síður vegna textans, og getur mönnum sýnst sitt hvað um hann, er þessi sama gamla góða að hæstv. utanrrh. er kominn á fulla ferð með að reyna að barna hlutina og túlka þá hvar sem hann er nú staddir um þessar mundir, blessaður. Einhverjir sögðu að hann væri á Interrail ferðalagi um Evrópu sem Alþfl. hefði keypt undir hann til að hann gæti verið fjarstaddur afgreiðslu málsins á lokasprettinum. Nú skal ég ekki segja um það. Aðrir hafa e.t.v. traustari upplýsingar um það hvar hæstv. utanrrh. er.

En þetta gengur náttúrlega ekki að hæstv. utanrrh. sé með tilburði uppi strax til þess að reyna að túlka málið í þá veru að hvað? — að forræði landbrh. sé takmarkað, sé skert. Er þar á ferðinni eitthvað annað en stendur í textanum? Við verðum að fá upplýsingar um það ef svo er. Er e.t.v. til eitthvert baksamkomulag eða hvað er hér á ferðinni?

Þessa hluti verður að taka algerlega upp á yfirborðið. Þó svo ég sé fylgjandi því og jákvæður gagnvart því að þetta mál fái afgreiðslu ef það er í reynd það sem sagt hefur verið, frv. sem festir alveg í sessi forræði landbrh. í þessu máli, þá er ég að hinu leytinu ekki tilbúinn til þess að taka þátt í því að hylma yfir einhvern ágreining ef verið er að dulbúa hann í óljósum textum og skilja eftir svigrúm til handa hæstv. utanrrh. að barna það svo út og suður um leið og bleki er þornað á pappírunum. Við höfum ekki góða reynslu af því að treysta orðum hæstv. utanrrh. þegar samkomulag, skrifað eða óskrifað, á í hlut. Eða muna menn samninga hans og samkomulag út og suður við samningamenn Evrópubandalagsins sem aldrei stóð svo steinn yfir steini gagnvart? Hvernig var með langhalann? Samkomulagið um langhalann sem var kynnt íslenskum útgerðarmönnum og breyttist svo í karfa á einni nóttu? Þannig gerninga skulum við ekki láta lögfestast hér í neinni mynd heldur hafa textana alveg skýra. Það lá fyrir á sl. vori alveg ótvírætt, því var ekki á móti mælt, að það er hreinn og klár þingmeirihluti fyrir því að lögfesta ótvírætt forræði landbrn. og þá skulum við gera það. Þá skulum við gera það og láta það standa í textanum sem við meinum og viljum og ekkert annað.

[23:08]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst víkja að því að það er alveg tvímælalaust að forræðið er hjá landbrh. samkvæmt þessu frv. Eins og ég gat um áðan er það nauðsynlegt og er raunar í samræmi við það sem ég hef

alltaf sagt um þessi mál að það sé nauðsynlegt að fullur trúnaður sé á milli þeirra sem koma að innflutningsmálum og neytendamálum í sambandi við innflutning á landbúnaðarvörum. Með sama hætti og forræðið liggur hjá landbrh. er eðlilegt að tryggja nauðsynlegt samráð á milli þeirra ráðuneyta sem komu að málinu. Það er annars vegar viðskrn. og það er nú einu sinni svo að í framleiðsluráðslögunum er kveðið skýrt á um það í sambandi við innflutning á grænmeti að viðskrh. skuli skipa tvo menn án tilnefningar en landbrh. skipi oddamann. Ég veit ekki betur en það samstarf hafi farið mjög vel úr hendi.

Það er líka nauðsynlegt að gott samráð sé við tollayfirvöld í sambandi við þessi innflutningsmál og útflutningsmál þegar að þeim kemur. Það má auðvitað lengi deila um hvort eðlilegt eða nauðsynlegt sé að kveðið sé svo skýrt á um slíkt samráð eins og gert er í þessu frv. Það varð niðurstaðan í ríkisstjórninni að gera það. Á hinn bóginn er fullur skilningur á því og þarf ekki að spyrja mig að því né aðra að ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald heldur er það ákvörðun landbrh. sem gildir í þessum efnum.

Ég vil líka að það komi alveg skýrt fram að ákvörðun um t.d. hvernig haldið skuli á jöfnunargjöldum í tengslum við alþjóðasamninga hlýtur að vera mál sem er lagt fyrir ríkisstjórn hverju sinni. Við leggjum ótal mál sem hafa minni þýðingu fyrir ríkisstjórnir. Samkvæmt þessu frv. er ekki lagaskylda að gera það heldur er það ekki annað en vinnubrögð sem tíðkast yfirleitt í ríkisstjórnum. Mér finnst því að sú tortryggni sem reynt er að vekja í sambandi við þessi ákvæði séu af pólitískum toga en ekki efnislegum.

Það kom fram sú fyrirspurn frá hv. 18. þm. Reykv., Kristínu Ástgeirsdóttur, hvar eðlilegt væri að forræði lægi í sambandi við jöfnunargjöld á landbúnaðarvörum. Það liggur hjá landúnaðarráðherra í Noregi og Svíþjóð og eftir þeim upplýsingum sem ég hef liggur nú frv. fyrir finnska þinginu um að það forræði verði fært til landbúnaðarráðuneytis. Þó flókið sé að gera sér grein fyrir því kannski hvernig mál liggja hjá Efnahagsbandalagi, þá hygg ég að það muni vera á sömu lund.

Hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, rifjaði upp frá umræðu 1. nóv. sl. þau ummæli mín að Ísland hefði gert þá kröfu að við útreikning á verðjöfnun mjólkurafurða skuli miðað við niðurgreitt eða óniðurgeitt verð á mjólkurfitu og mjólkurpróteini eftir því sem við ætti hverju sinni. Samkvæmt upplýsingum Guðmundar Sigþórssonar, þá telur hann að við munum ná þessu fram, en þetta mál er ekki afgreitt. Það er í samræmi við þá verklagsreglu sem er í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið en formlega hefur ekki verið frá því gengið.

Það hefur verið mjög áberandi í þeim umræðum sem hér hafa farið fram að GATT hefur verið dregið inn í þær. Það kemur alveg skýrt fram í greinargerð með frv. og líka í framsöguræðu minni að þessu frv. er ekki ætlað að taka til þeirra samninga heldur verður unnið að samningu nýs lagafrv. með fyllri ákvæðum og heimildum jafnóðum og það skýrist hvernig GATT-samningarnir munu verða í einstökum atriðum. Auðvitað hlýtur slíkt frv. að verða afgreitt samtímis GATT-samningunum á Alþingi. Ég hygg því að það sé algerlega ótímabært að gera þá samninga að sérstöku umtalsefni og skal ég ekki gera það.

Ég vil aðeins segja að ég hygg að það sé misskilningur að við höfum gefið eftir í sambandi við tollígildin meira en Norðmenn eins og hér kom fram. Við höfum fylgt Norðmönnum í sambandi við okkar kröfugerð og mér er ekki kunnugt um að þar halli á okkur Íslendinga.

Ég held að það sé líka óhjákvæmilegt að víkja aftur að vinnunefndinni þegar talað er um atkvæðagreiðslu í þeirri embættismannanefnd. Það er enginn að tala um atkvæðagreiðslu embættismanna í mismunandi ráðuneytum þegar talað er um efnislega útfærslu á grundvallaratriðum eins og þeim hvernig við Íslendingar viljum standa að álagningu jöfnunargjalda sem raunar er skýrt kveðið á um í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði hvernig skuli vera. Þar er ákveðin aðferðin og hvernig að þeim skuli staðið. Það er því alger misskilningur að ætla að um það verði atkvæðagreiðsla. En það er ekki einungis nauðsynlegt að frá jöfnunargjöldum sé tryggilega gengið heldur verður framkvæmdin líka að vera í réttu horfi. Það er þess vegna líka nauðsynlegt að gott samkomulag sé milli landbrn. og tollyfirvalda um þá þætti.

Eins og segir hér verða álitamál, ef ekki næst samkomulag, borin uppi í ríkisstjórn af landbrh. áður en hann tekur ákvörðun um hvernig verðjöfnunargjöldin verða lögð á. Hans er hin stjórnskipulega ábyrgð. Ákvörðunarvaldið er hans og það er ekki hægt að taka það af honum.

Ég tel fullkomlega eðlilegt að landbn. fari rækilega í texta frv. og geri sér glögga grein fyrir þeirri merkingu sem hann ber. Ég tel raunar að formaður landbn. hafi gengið mjög vasklega fram í því sambandi við þau frumvörp sem fyrir landbn. hafa verið lögð að athuga rækilega efnisinnihald þeirra og orðalag. Það þarf ekki að taka það fram að hugur hans stendur til hins sama í þessu máli. Það er í samræmi við þau vinnubrögð sem hér eiga að tíðkast og var raunar grunnhugsunin þegar samþykkt var að breyta Alþingi í eina málstofu. Þá var grunnhugsunin sú að með þeim hætti gæfist betri tími og betra svigrúm til þess að athuga þau mál sem yrðu lögð fyrir þingið. Það er alveg laukrétt sem þingmenn hafa sagt að þetta frv. kemur seint fram. Ég hefði auðvitað kosið að það hefði verið hægt að leggja frv. fyrr fram, en efnisatriði þess eru þingmönnum þaulkunn. Af þeirri ástæðu eru þeir því vel færir um að dæma um þau efnisatriði sem við erum hér að fjalla um og hafa mjög ákveðnar skoðanir á því hvernig þeir vilja standa að málinu.

Ég sé ekki ástæðu, hæstv. forseti, til að hafa um þetta fleiri orð, en ítreka þakkir mínar til landbn. fyrir að hafa komið saman og gert sér grein fyrir því hvernig hún vilji standa að vinnubrögðum og málsmeðferð í nefndinni sem er auðvitað fyrsta skrefið til þess að vel sé unnið að athugun frv.

[23:19]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagði það að ég teldi eðlilegt að það væru samstarfsnefndir á milli ráðuneyta, en þessi hefur þá óvanalegu náttúru að hún tekur fram fyrir hendur á ráðherra þannig að hann má ekki beita sínu valdi, sem hæstv. landbrh. segir samt að sé ótvírætt, nema það verði samkomulag í nefndinni.

En ég fagna því ef það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að þarna hafi landbrn. forræði og þá skil ég ekki af hverju á ekki að segja það alveg afdráttarlaust í lögunum. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh., hann var hér rétt áðan í gættinni, og biðja hann að svara því hvort hann skilji það sama, að forræði landbrh. á þessum málum sé algert og þær vífilengjur sem hér eru séu aðeins formsatriði en þær tel ég til niðurlægingar fyrir landbrh.

[23:20]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek því með karlmennsku eða reyni það þó það sé til niðurlægingar fyrir mig ef vel er unnið að undirbúningi þess að verðjöfnunargjöld séu á lögð. Ég held að áhyggjur hv. þm. séu alveg óþarfar. Auðvitað verður slík ákvörðun ekki tekin á síðustu stundu og fullt svigrúm til þess að landbrh. geti ákveðið verðjöfnunargjöld í tíma þó um það sé haft eðlilegt, pólitískt samráð.

[23:21]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. viðskrh. mun hafa verið horfinn úr gættinni þegar ég bar fram spurningu mína svo ég vil bera hana fram aftur og óska eftir því að hann komi og lýsi því yfir að hann hafi nákvæmlega sama skilning á algeru forræði landbrh. á þessum málum eins og kom fram í ræðu hæstv. landbrh. Ég held að það muni auðvelda landbn. mjög að vinna að málinu ef sú afdráttarlausa yfirlýsing liggur fyrir í þessari umræðu.

[23:22]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er tvennt sem ég vil nefna. Í fyrsta lagi sagði hæstv. ráðherra að tortryggni manna á umfjöllun málsins, sem mælt er fyrir um í þessari lagagrein, hvernig leggja eigi málið fyrir ríkisstjórn m.a., væri af pólitískum toga en ekki efnislegum. Það er að nokkru leyti rétt einfaldlega vegna þess að það er mín skoðun að ástæðan fyrir því að þetta er komið hér inn sé einmitt af pólitískum toga en ekki efnislegum.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann telur það í ætt við vandaða umfjöllun þingnefndar á máli sem þessu ef hún á, eins og menn eru búnir að leggja plan um framhaldið, að láta sér nægja að hittast í hádeginu í morgun á eins klukkutíma fundi meðan umræða er væntanlega í gangi í þinginu að öðru leyti.

[23:23]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um síðari spurninguna vil ég aðeins segja að það eru glöggir menn í landbn. og hafa mjög trausta forustu þannig að ég treysti þeim til þess að vinna mikið verk á stuttum tíma.

[23:23]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það að landbn. er undir traustri forustu og formaður hennar leggur metnað sinn í það að vinna vel. Athugasemd hæstv. ráðherra um að þarna væru glöggir menn og þeim nægði klukkutími á mesta annadegi þingsins til þess að afgreiða þetta er nokkuð í ætt við virðingu núv. hæstv. ríkisstjórnar fyrir Alþingi og störfum þess og talandi dæmi um það. Ráðherrarnir telja að þeir geti hvenær sem er komið með hvaða mál sem er og rúllað því í gegnum Alþingi. Það er eins og um leið og menn koma í ráðherrastól gleymi þeir því sem kannski hefur hrotið af munni þeirra sömu manna þegar þeir voru hér sem almennir þingmenn. Ég er hræddur um að það hefði verið lamið fast og oft í borðin á Alþingi og farnar upp margar ferðir um þingsköp ef svona hefði verið unnið meðan hæstv. ráðherra var óbreyttur þingmaður.

[23:24]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af því sem hv. þm. sagði vil ég aðeins rifja upp þau fleygu ummæli að veröldin lítur öðruvísi út af tröppum Landsbankans en Alþingis.

[23:25]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir í þessari umræðu leggja áherslu á það að við getum ekki farið svo héðan og landbn. gengið til starfa sinna öðruvísi en allri óvissu í þessu máli sé eytt um það sem skiptir meginmáli, þ.e. hvar forræði þessara mála liggur. Hv. þm. Guðni Ágústsson bar fram þá ósk að hæstv. viðskrh. kæmi hér upp og gæfi skýlausa yfirlýsingu um hvort það væri ekki rétt skilið og menn mættu treysta orðum hæstv. landbrh. um það að forræði þessa máls væri án nokkurs vafa í höndum landbrh. Svo geta nefndarmenn landbn. mín vegna hælt sjálfum sér og nefndinni allri fyrir vel unnin störf og landbrh. en landbúnaður og bændur sjálfir eru örugglega á annarri skoðun. Þeir geta ekki hælt þessum störfum.

[23:26]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð. Það er alveg ljóst og liggur fyrir því dómur að hæstv. landbrh. fer með forræði innflutningsmála landbúnaðarafurða. Um það er ekki deilt. Í frv. segir svo orðrétt:

„Nú heimilar ráðherra innflutning landbúnaðarvara og er honum þá heimilt að leggja á þann innflutning verðjöfnunargjöld til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, í samræmi við 3. mgr."

Ég sé ekki annað en þessi setning sé mjög ljós og ótvíræð. Í 3. mgr. er síðan lýst hvernig með skuli fara. Þar er gert ráð fyrir því, sem er ekkert óeðlilegt, að hæstv. landbrh. beri sig saman við nefnd sem skipuð er auk fulltrúa hans fulltrúa fjmrh. sem fer með tolla- og

skattamál og fulltrúa viðskrh. Og það er alveg ljóst, eins og stendur í textanum, að náist ekki samkomulag í þeirri nefnd, þá ber ráðherra málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðunin er tekin. Hæstv. landbrh. hefur sagt sína skoðun á þessu forræðismáli og ég hef ekkert við það að athuga.

Útbýting þingskjals:
Preststsetur, 244. mál, brtt. dómsmrh., þskj. 443.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EL, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SP, StG, SvG, VG, VS, ÞorstP.
28 þm. (ÁRÁ, DO, EKG, EKJ, GE, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Preststsetur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 244. mál. — Þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403, 418 og 443.

[23:30]

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 443. — Afbrigði samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, FrS, GHH, GB, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StG, SJS, SvG, VG, VS, ÞorstP.
26 þm. (ÁRÁ, EH, EKG, EKJ, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

[23:32]

Ólafur Ragnar Grímsson (frh.)**:**
Virðulegi forseti. Í umræðunni seint í gærkvöldi og sl. nótt gerðum við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og ég athugasemdir við 4. gr. frv. sérstaklega og í ljósi umsagnar fjmrn. sem fylgdi með frv. sem sérstakt fskj. Athugasemdir mínar gengu út á það að í samræmi við þær reglur sem menn hefðu virt hér á undanförnum árum og þær skoðanir sem væru bæði réttar og eðlilegar varðandi meðferð ríkiseigna, væri ekki rétt að veita heimild til sölu preststsetra og réttinda sem þeim tengjast nema Alþingi veitti sérstakt samþykki fyrir því. Ég óskaði eftir því að fá að gera hlé á ræðu minni og umræðunni yrði frestað svo að tími gæfist til þess að ræða við hæstv. ráðherra um stöðu málsins og nauðsynlegar breytingar á frv.

Nú hefur það gerst síðan þetta var að hæstv. kirkjumálaráðherra hefur hér lagt fram brtt. á þskj. 443 þar sem skýrt er tekið fram að ekki sé heimilt að selja preststsetur eða réttindi sem þeim tengjast nema með samþykki Alþingis. Þetta er alveg skýrt og ótvírætt og í samræmi við þær venjur sem hér hafa verið. Ég fagna því að þessi brtt. er fram komin. Ég tel þess vegna ekki þörf á því að segja neitt meira um málið vegna þess að brtt. talar alveg skýru máli og ég tel að það sýni bæði vit og vilja að taka tillit til þeirra athugasemda sem fram komu í nótt og flytja þá brtt. sem hér hefur verið flutt. Í sjálfu sér sé ég þess vegna ekki þörf á því að halda áfram minni ræðu um málið og er reiðubúinn að ganga til afgreiðslu á frv. í ljósi þeirrar brtt. sem fram hefur komið.

[23:34]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):
Frú forseti. Eins og fram hefur komið í þessari umræðu þá gerir þetta frv. ráð fyrir umfangsmiklum breytingum á ýmsum stjórnsýsluverkefnum kirkjunnar. Það er verið að stíga mjög stór skref í þá veru að auka fjárhagslegt sjálfstæði kikjunnar og um leið ábyrgð hennar í þeim efnum.

Í umræðunni sl. nótt kom upp margs konar misskilningur um nánast flestar efnisgreinar þessa frv. Í umræðum sem fram hafa farið milli manna eftir að umræðunni var frestað hér í þingsalnum hygg ég að flest þau atriði sem þar komu til álita hafi skýrst og leiðrést. Að því er varðar eignamál kirkjunnar þá var það ekki markmið með þessu frv. að mæla fyrir um niðurstöðu í þeim efnum, en eins og kunnugt er eru starfandi nefndir, annars vegar á vegum kirkjumálaráðuneytisins og hins vegar á vegum þjóðkirkjunnar, sem fjalla um niðurstöðu kirkjueignanefndar og er ætlað að koma með tillögur um það hvernig skipa eigi þeim málum til frambúðar á grundvelli þess álits sem fyrir liggur frá kirkjueignanefnd.

Hér var því ekki ætlunin að koma með niðurstöðu í þessu efni. Því var í upphaflegu frv. gert ráð fyrir því að um sölu á þeim eignum, sem verið er að færa yfirráð yfir til kirkjunnar sjálfrar frá stjórnvöldum, yrði að leita samþykkis beggja aðila, bæði kirkjunnar og stjórnvalda.

Ég hef hér á sérstöku þingskjali flutt brtt. sem gerir ráð fyrir því að til þurfi að koma samþykki Alþingis þegar þau preststsetur eru seld sem kirkjan tekur við við gildistöku þessara laga. Með þessu vænti ég þess að sæmileg samstaða geti tekist um afgreiðslu málsins. Ég lít svo á að hér sé ekki verið að hrófla við í neinum grundvallaratriðum frá upphaflegri gerð frv. Þar var gert ráð fyrir því að til þyrfti að koma samþykki bæði kirkjuyfirvalda og stjórnvalda og það dregur að mínu mati ekki neitt úr skilvirkni þeirra breytinga sem við erum að tala um þó að samþykki Alþingis þurfi einnig að koma til af hálfu stjórnvaldanna. Fyrir því er þessi tillaga flutt og ég fagna því ef hún getur greitt fyrir framgangi þessara mála sem vissulega marka stór þáttaskil í samskiptum ríkis og kirkju og er stórt skref fram á við í þeirri viðleitni að auka sjálfstæði og ábyrgð kirkjunnar.

Ég vil svo að lokum færa þeim hv. þm. þakkir sem efnislega hafa stutt þær skipulagsbreytingar sem hér er verið að koma af stað og þakka hv. allshn. fyrir skjót

en um leið vönduð vinnubrögð og sérstaklega formanni hv. nefndar fyrir röggsama forustu við umfjöllun og afgreiðslu málsins í nefndinni.

[23:39]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á að fagna því að hæstv. dómsmrh. hefur flutt hér brtt. sem er efnislega sú sama og var aðalatriði þess máls sem ég flutti ræðu um í gær. Ég tel eftir atvikum rétt undir þeim kringumstæðum að draga þá mína brtt. til baka. Það er samkomulag okkar flm., hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björsson, að við drögum hana þá til baka. Ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. ætli þingnefndum rýmri tíma næst þegar hann þarf að koma málum í gegnum nefndina þannig að við þurfum ekki, minni hlutinn, að gera grein fyrir jafnslæmum vinnubrögðum og við þurftum að gera í þessu máli, vegna þess að okkur var ekki ætlaður sá tími sem við þurftum að fá.

Ég mun sitja hjá við afgreiðslu málsins þó ég viti að ef vel tekst til með þessi atriði þá eru þau á þann veg sem ég tel æskilegt, en vinnubrögðin eru á þann veg að ég treysti mér ekki til að bera ábyrgð á því.

[23:40]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst nokkuð sérkennilegt að hæstv. dómsmrh. skyldi kjósa að koma hér og flytja ræðu um það að ekkert hefði í raun og veru breyst. Við sem hefðum verið að tala um málið í gærkvöldi og sl. nótt hefðum verið haldnir einhverjum misskilningi og nú hefði sá misskilningur verið leiðréttur. Ég ætla ekki að svara þessu, en mér finnst þetta ekki stórmannlegt hjá hæstv. dómsmrh.

Það sem hefur gerst er að hann sjálfur hefur talið nauðsynlegt að flytja brtt. við sitt eigið frv. þar sem sá skilningur sem kemur fram í fskj. fjmrn. er gerður alveg ótvíræður. Það var það sem við óskuðum eftir í gær og það hefur nú verið gert. Það liggur þess vegna alveg ljóst fyrir, verði þessi brtt. samþykkt, að fyrri skipan helst, það þarf samþykki Alþigis við hverja sölu eða hverja þá breytingu á eignum prestssetra eða réttindum þeirra. Það er kjarni málsins.

[23:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er auðvitað óþarfi að karpa um þetta. Það liggur fyrir að í frv. var gert ráð fyrir því að það þyrfti að koma til samþykki stjórnvalda. Annars vegar heimild í lögum til þess að selja prestssetrin, sem var almenn heimild, og síðan heimild ráðherra til þess að samþykkja hverja einstaka ráðstöfun. Sú breyting sem hér er nú gerð er að auk hinnar almennu heimildar til kirkjustjórnarinnar að hafa forræði í málinu, þá þarf nú samþykki bæði Alþingis og ráðherra til hverrar einstakrar ráðstöfunar á þessum eignum. Í því felst vissulega breyting, en engin grundvallarbreyting frá því sem áður var og engin afstöðubreyting að því er varðar það álitaefni hverjum kirkjueignirnar tilheyra. Hér er því ekki verið að kveða upp neinn dóm eða endanlega afstöðu í því efni, hvorki með upphaflega frv. né heldur þeirri breytingu sem hér er lögð til. Til þess álitaefnis munu menn taka afstöðu þegar viðræðunefndir ríkis og kirkju hafa lokið sínum störfum og fyrr ekki.

[23:44]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg greinilegt að þessi brtt. er viðkvæmara mál fyrir hæstv. dómsmrh. heldur en maður hélt og endurspeglar náttúrlega það sem hefur gerst hér í baksölum þingsins frá því að við fluttum ræður okkar sl. nótt, að það kom í ljós að hæstv. ráðherra hafði bara ekki stuðning fyrir frv. í óbreyttri mynd. Það er hinn pólitíski veruleiki. Ég ætlaði ekkert að fara að greina frá því hér í ræðustólnum heldur ætlaði eingöngu að flytja mína stuttu ræðu hér áðan og þakka fyrir þessa brtt. En þessir orðaleikir ráðherrans knýja menn auðvitað til þess að segja það sem hér var að gerast á þessum sólarhring. Það kom ljós þegar menn fóru að skoða þetta að menn vildu ekki hafa þetta óbreytt. Með öðrum orðum, menn vildu hafa þá skipan sem hefur verið fram að þessu að það þurfi samþykki Alþingis fyrir hverri einstakri aðgerð, en frv. ráðherrans fól í sér að afnema þá skipan að það þyrfti samþykki Alþingis. Það var kjarnapunkturinn sem við töluðum um í nótt, kjarnapunkturinn sem var í álitsgerð fjmrn. og við fögnum því að sú brtt. hefur verið flutt. Það er aðalatriði málsins og ég ætla í sjálfu sér ekkert að elta ólar hér við einhverjar sögutúlkanir ráðherrans eða annarra í þeim efnum. Hún talar alveg skýru máli sú brtt. sem hefur verið flutt.

[23:45]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vakti nokkra athygli við 1. umr. þessa máls að ég bað um orðið og setti þá á nokkra ræðu um þetta efni, nákvæmlega það efni sem hér er verið að ræða um. Þá ræddi ég það fyrst og fremst á þeim forsendum að það væri um að ræða stefnubreytingu og því var ekki hafnað. Það sem ég tel að hafi hins vegar gerst núna og ég fagna og ég tel skynsamlegt, er það að Alþingi ákveður að blanda sér ekki í þá vinnu sem nú er í gangi á vegum kirkjueignanefndar. Ég tel með öðrum orðum að nefndin sé algerlega óbundin í þeim efnum, að hvaða niðurstöðu hún kemst í þessu sambandi, og þar til hún kemst að niðurstöðu og hefur lagt hana fyrir Alþingi, þá gildir sú skipan þessara mála sem verið hefur, án þess út af fyrir sig að menn séu að taka afstöðu til þess hvort hún eigi að gilda um aldur og ævi. Það kemur málinu ekki við. Aðalatriðið er að menn eru að lenda þessu með miklu skynsamlegri hætti heldur en horfur voru á og ég vil segja það fyrir mitt leyti, m.a. með hliðsjón af orðum hv. 2. þm. Vestf., að ég treysti mér vel til að styðja frv. um prestssetur eins og það lítur út núna. Ég segi hins vegar ekki það sama um frv. um kirkjumálasjóð. Ég treysti mér ómögulega til þess að greiða því atkvæði eins og það lítur út enn þá.

[23:47]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. 9. þm. Reykv. að það kom fram við 1. umr. málsins að þetta frv. markar þáttaskil að því leyti að það er verið að stíga mjög

stórt skref, stærsta skref sem stigið hefur verið til þess að færa stjórnsýsluverkefni frá ríkinu yfir til kirkjunnar og auka þannig fjárhagslegt sjálfstæði hennar og ábyrgð.

Ég fagna því hversu almennur stuðningur er við þessa stefnubreytingu, þó ég geri mér grein fyrir því að ýmsir hv. þm. vilji draga lappirnar í því efni. En um brtt. sem hér hefur verið flutt af minni hálfu er það að segja að hún breytir í engu þessu grundvallarskrefi sem verið er að stíga og þeirri miklu breytingu sem hér á sér stað. Því eins og áður hefur komið fram var ráð fyrir því gert í upphaflega frv. að til þyrfti að koma bæði samþykki kirkjuyfirvalda og stjórnvalda. Tveggja aðila á vegum kirkjustjórnarinnar, en eins aðila á vegum stjórnvalda. Með þessari breytingu er gert ráð fyrir því að það þurfi samþykki tveggja aðila af hálfu stjórnvalda einnig, þ.e. bæði löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins og ég fagna því að um þetta getur orðið góð sátt. Frá mínum bæjardyrum séð breytir þetta í engu þeirri skilvirkni um framkvæmd þeirrar grundvallarbreytingar sem frv. mælir fyrir um og ég þakka að öðru leyti góðan stuðning við þessa breytingu eins og fram kom í ræðu hv. þm.

[23:49]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst satt að segja nauðsynlegt að hnykkja aðeins á því að þegar málið var upphaflega lagt hér fyrir, þá var það lagt hér fyrir sem hluti af þeirri almennu stefnubreytingu sem nú er verið að framkvæma á grundvelli umræðna á síðasta kirkjuþingi, að kirkjan fái í vaxandi mæli sjálfstæði yfir sínum málum. Og þar var m.a. gert ráð fyrir því að ganga svo langt að prestssetrasjóður, kirkjuþing og dómsmrh. gætu án atbeina Alþingis ráðstafað eigum þessara aðila. Það er það sem menn voru að mótmæla og það er þar sem ég tel að menn hafi dregið í land, ef samþykkt verður sú brtt. sem hæstv. kirkjumálaráðherra hefur hér flutt til málamiðlunar og ég tel að það sé skynsamlegt af honum (**ÓÞÞ:** Og útlit er fyrir að verði samþykkt.) að hafa gert það. — Og útlit er fyrir að verði samþykkt, þar mælir hv. 2. Vestf., sem á sannarlega heiðurinn af því að hafa haldið mönnum vakandi í þessu máli á undanförnum sólarhringum.

[23:51]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera athugasemdir við þá brtt. sem hæstv. dóms- og kirkjumrh. hefur mælt hér fyrir, en mun að sjálfsögðu styðja hana. Nefndarmenn í allshn. hafa einnig komið að þessu máli og skoðað það.

En vegna þeirra umræðna sem átt hafa sér stað um þetta mál á hinu háa Alþingi, um þessi tvö mál sem hafa verið til umræðu, og þá einkum í gær og þau orð sem féllu áðan um að málin hafi ekki fengið nægilega skoðun og umfjöllun, vil ég taka fram að 10. des. var málið sent til umsagnar og hafði þá komið inn í allshn. 8. des., tveimur dögum áður. Þá voru málin send út til umsagnar og jafnframt var hringt í alla aðila sem málið var sent til. Málin voru rædd á þremur fundum, mánudaginn 13. des. og tvisvar miðvikudaginn 15. des. og þann dag var málið tekið út úr nefndinni. Umræður um þessi mál hafa tekið alls 7 klukkustundir og 39 mínútur hér á hinu háa Alþingi, þar af 2 klukkustundir og 39 mínútur við 1. umr. og 5 klukkustundir við 2. umr. Ég held að þetta þyki allgóður ræðutími.

Í allshn. var óskað eftir alls 25 umsögnum. Þar af bárust svör frá 16 aðilum sem langflestir voru mjög jákvæðir í garð þessara mála. Auk þess var leitað eftir umsögnum frá 9 aðilum sem ekki skiluðu áliti, m.a. vegna þess að þeir töldu ekki ástæðu til þess.

Á fund nefndarinnar komu Þorsteinn Geirsson, ráðuneytisstjóri í dómsmrn., Guðmundur Þ. Guðmundsson, deildarstjóri þar, Geir Waage, formaður Prestafélags Íslands, Þorbjörn Hlynur Árnason biskupsritari og Allan V. Magnússon héraðsdómari var kallaður sérstaklega fyrir allshn. til þess að fara yfir lögfræðileg atriði þessa máls og reyndar komu fleiri lögfræðingar að slíkum umræðum og voru ekki gerðar athugasemdir. Hér vita líka allir hvaða stöðu stjórnarandstaðan hefur núna rétt fyrir þinghlé þar sem þarf að afgreiða mörg mikilvæg mál á þinginu, m.a. fjárlög. Mér hafa þótt ýmsar ræður sem hér hafa verið fluttar afar sérstakar, en ég vona að þessi brtt. sem mælt hefur verið fyrir greiði fyrir framgangi þessara mála.

[23:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að nauðsynlegt sé að þingheimur geri sér ljóst að sú brtt. sem hér hefur verið flutt og á bersýnilega þó nokkurn stuðning, er efnisleg brtt. og efnisleg lending í málinu og hún er væntanlega flutt og verður vonandi samþykkt vegna þess að á bak við það eru efnisleg rök, en ekki þau að stjórnarandstaðan hafi á einhvern hátt verið að misnota aðstöðu sína hér í lok þingsins. Ég vísa þeim ummælum hv. formanns allshn. algerlega á bug, að stjórnarandstaðan sé á nokkurn hátt að misnota aðstöðu sína hér í lok þingsins. Ég satt að segja kann ekki við málflutning af þessu tagi og ef það er svo, þá verður meiri hlutinn að gagnrýna sjálfan sig fyrir það að láta stjórnarandstöðuna komast upp með það að knýja fram hluti sem eru kannski vitlausir, vegna þess að tíminn er naumur. Það gengur auðvitað ekki fyrir stjórnarliðið að setja málin upp með þessum hætti. Það er algerlega útilokað, hæstv. forseti, og ég mótmæli því harðlega.

Hins vegar vil ég segja, að mér sýnist á öllu og hefur sýnst í þessu máli, eins og oft áður, að allshn. vinni vel og miðað við allar aðstæður hafi hún komist yfir ótrúlega mikil og nákvæm fundahöld í þessu máli. Hún verður þó að viðurkenna, eins og aðrir þingmenn, að það var ekki fyrr en tekið var á málum með sérstökum hætti í gærdag að þingheimur áttaði sig á því hvað hér var á ferðinni og þess vegna er niðurstaðan með þeim hætti sem hún birtist okkur í þessari ágætu málamiðlunarbrtt. hæstv. kirkjumrh.

[23:56]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nauðsynlegt að það sé upplýst að það er venja þegar mál eru send út til umsagnar að

ætla þeim sem fá málin nokkurn tíma til að fara yfir þau. Algengt er þrjár vikur til mánuður, stundum skemmra ef þannig stendur á. Með leyfi hæstv. forseta, vil ég lesa upp svar Ríkisendurskoðunar sem er stofnun sem undir Alþingi heyrir og við hv. þm. leitum gjarnan til. Ég les aðeins hið efnislega svar:

„Í ljósi hins skamma tíma sem veittur er í þessu sambandi treystir Ríkisendurskoðun sér ekki til þess að fjalla efnislega um mál þessi á nokkurn hátt. Á hinn bóginn gerir hún að tillögu sinni að 2. mgr. 9. gr. frv. til laga um preststsetur hljóði svo.“ Þar er lögð til smábrtt. Það var ekki farið eftir því. (**Gripið fram í:** Jú, brtt. sem ...) Jú, það var farið eftir því. En kjarni málsins er þessi. Hún fær tillögurnar þann 9. des. Svarið berst — hér stendur reyndar berst 14. des., en það er dagsett 13. des. Nefndadeild þingsins skráir svarið inn til sín 14. des., en það er dags. 13. des. hjá Ríkisendurskoðun. Það er náttúrlega ekki boðlegt að ætla stofnun eins og þessari svo stuttan tíma að hún treysti sér ekki til að svara. Það eru vinnubrögð sem eru hreint út sagt ekki boðleg og menn verða að skilja það. Það er ekki boðlegt að standa þannig að málum.

[23:58]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Þær miklu umræður sem verið hafa á hinu háa Alþingi undanfarna klukkutíma um kirkjuna hljóta að bera þess vitni að hv. alþm. hafi mikinn áhuga á málefnum kirkjunnar og vonandi vitnar hann líka um umhyggju í garð þjóðkirkjunnar á Íslandi.

Þau tvö mál sem hér eru til umræðu, frv. til laga um kirkjumálasjóð og frv. til laga um preststsetur, marka að mínu mati tímamót í samskiptum ríkis og kirkju. Og mig langar til þess að þakka sérstaklega hæstv. kirkjumrh. framgöngu hans í undirbúningi málsins þar sem sannarlega hefur verið vel að verki staðið.

Þetta mál hefur fengið rækilega meðferð, a.m.k. á tveimur kirkjuþingum og það hefur verið til umræðu innan kirkjunnar og utan og verið skoðað gaumgæfilega. En það kemur ekki á óvart að þegar samskipti ríkis og kirkju koma til umræðu á Alþingi, að um þau efni verði miklar umræður nú eins og alltaf áður. Sagan vitnar um það að hér er um mjög viðkvæmt mál að ræða sem margir vilja hafa skoðun á. Og þær umræður sem hér hafa orðið á Alþingi nú vitna um slíkt.

Síðustu ár hefur verið vilji til þess að efla sjálfstæði og sjálfsforræði kirkjunnar í sínum málum og ég hef skilið það svo að þessi vilji í garð kirkjunnar eða í garð samskipta ríkis og kirkju væri til staðar innan allra stjórnmálaflokka. Það er rétt að fara ekki of hratt. Það er skynsamlegt að taka þessi skref af öruggi og festu og fara sér ekki hratt.

Mitt mat er að þessi tvö frumvörp marki tiltekna stefnu og marki um leið leiðina, vegvísir, og þannig hefur málið verið undirbúið og kynnt af hæstv. kirkjumrh. og það gefur vonandi vísbendingu um framhaldið. Það kemur því satt að segja nokkuð á óvart að nú skuli þess krafist af nokkrum hv. þm. að eiga enn ítök um ráðin innan kirkjunnar og hika við að veita henni það sjálfsforræði sem þessi frumvörp bera með sér og fara fram á. Sagan vitnar einmitt um slíkt í samskiptum ríkis og kirkju, ekki aðeins á þessari öld heldur jafnan í gegnum aldirnar. Þess vegna er þessi niðurstaða engin tilviljun í sjálfu sér. En ég trúi því samt að það sé ekki um stefnumótun að ræða hér á þessu kvöldi heldur fyrst og fremst samkomulag til bráðabirgða til að leysa úr tilteknum hnút sem hér er til staðar.

Þess vegna vildi ég að það kæmi greinilega fram í þingtíðindum, og ég undirstrika það, að þó að ég greiði þessari tillögu atkvæði mitt þá geri ég það ekki með því að greiða slíkri stefnumótun atkvæði mitt, heldur að það komi skýrt fram að hér sé fyrst og fremst um skipan mála að ræða til bráðabirgða og, eins og greinilega hefur komið fram í máli flestra hv. þm. sem um þessa tillögu hafa fjallað núna, að þetta skuli gilda á meðan kirkjueignanefnd er að störfum og hefur ekki lokið skýrslu sinni. Eða réttara sagt, meðan eignaskipti milli ríkis og kirkju hafa ekki farið fram. Og sannarlega ber að taka tillit til þeirra raka. Eigi að síður var þannig frá málinu gengið í 4. gr. í frv. til laga um preststsetur, að að sölu preststsetra skyldu koma kirkjuþing og dóms- og kirkjumrh. og þá má líta þannig á að framkvæmdarvaldið komi þar að nokkru leyti fram fyrir hönd Alþingis vegna þess að hæstv. kirkjumrh. ber ábyrgð á gerðum sínum gagnvart þinginu.

Virðulegi forseti. Um þetta mætti hafa langt og mikið mál. Þannig hefur það jafnan verið þegar svo ríkir hagsmunir eru til umræðu á Alþingi að þá viljum við hafa um það langt og mikið mál. Ég mun styðja þessa brtt. í ljósi þeirra aðstæðna sem hér ríkja, bæði í þinginu og almennt um stöðu málsins, til þess að það nái í heild sinni að öðru leyti fram vegna þess að ég tel að hér sé um svo merk mál að ræða, sem marka tímamót, sannarlega kaflaskipti í samskiptum ríkis og kirkju, þó þarna hafi í nokkuð ríkum mæli verið sveigt af leið í gamla farið sem við erum lengi búin að bíða eftir og berjast fyrir að komast upp úr. En svo verður að vera enn um stund.

[00:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég undirstrika það aðalatriði sem ég lagði áherslu á hér fyrr í kvöld. Hér er fyrst og fremst um að ræða ákvörðun sem tekin er með hliðsjón af því að Alþingi vilji ekki á þessu stigi blanda sér í vinnu kirkjueignanefndar. Þetta hef ég margsagt. Þess vegna er það ósanngjarnt af hv. þm., sem jafnframt er einn af starfsmönnum þjóðkirkjunnar, að gefa það í skyn að með þessari tillögu og afgreiðslu hennar sé Alþingi í raun og veru að reyna að sölsa undir sig vald sem hæstv. kirkjumrh. hafði lagt til að það gæfi frá sér. Ég held að menn verði að gæta þess hvernig þeir túlka hlutina. Ég vil enn fremur segja að ég er sammála því að það eigi að stuðla að sem allra mestu sjálfstæði kirkjunnar. Um grundvallaratriði þess máls hefur hins vegar engin umræða farið fram hér, hvorki af hálfu ríkisstjórnarinnar né einstakra þingmanna. Og ég segi að lokum að ég tel eðlilegt, í tilefni af þessu máli, að það fari fram rækileg úttekt á þessum sam-

skiptum, t.d. í samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Þar held ég að menn eigi að temja sér að ræða alvarlega hluti í stað þess að blaða í pappírum.

[00:07]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna ræðu hv. þm., þá tel ég ekki að það sé nóg að fram fari vönduð málsmeðferð og mikil umræða úti í bæ um þau frumvörp sem hér eru lögð fram. Alþingi væri ekki starfi sínu vaxið ef það fjallaði ekki ítarlega og vel sjálft um málin sem koma til kasta þess. Og ég vil taka það sérstaklega fram að sú umræða sem hér hefur farið fram, bæði innan allshn. undir erfiðum kringumstæðum og eins hér í þinginu, hefur borið árangur. Hér hefur verið breytt atriði sem við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson lögðum m.a. áherslu á og því getum við dregið okkar tillögu til baka í þeim efnum. En ég ítreka það, ásamt fleirum, að enn er ekki lokið því verki sem er verið að vinna og ég tel heppilegt að sé verið að vinna, um aukið sjálfstæði kirkjunnar sem ég er í grundvallaratriðum sammála.

[00:08]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. vildi ég benda hv. þm. á að þessi frumvörp bera með sér að það er verið að auka valddreifingu og það er verið að leggja það til að kirkjan fái meira sjálfsforræði og vald til þess að fara með sín mál sem Alþingi hefur sannarlega haft mikil afskipti af áður. Ég vil einnig taka það skýrt fram að ef hv. þm. þykir áhætta fólgin í því að Alþingi afsali sér þessu valdi á meðan nefndin er að störfum, þá er ástæða til þess að spyrja hvort hv. þm. sé búin að gera það upp við sig hvort það beri þá almennt að efla sjálfsforræði kirkjunnar og sjálfstæði eða jafnvel að ganga götuna til baka.

[00:10]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessu hafði ég nú þegar svarað, hinu síðasta, að ég tel að það eigi að fara í þá átt að auka sjálfsforræði kirkjunnar. Ég tel hins vegar að ekki sé hægt að fara of hratt með öðrum fætinum og of hægt með hinum eða á eðlilegum gönguhraða því það hlýtur að koma einhver skekkja þá inn. Ég held að þetta verði einfaldlega að takast skref fyrir skref. Ég styð þá grundvallarhugsun sem er í þeim breytingum sem hér er verið að gera og ég gerði það einnig í nefndarstarfinu, og ég legg áherslu á að þetta verður að gera yfirvegað og við vorum einfaldlega að fara fram úr okkur ef við hefðum farið hraðar en þetta. Því tel ég að hér í umræðu hafi tekist mjög skynsamleg sátt, hvað svo sem framtíðin ber í skauti sér.

[00:11]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sannarlega athyglisvert þegar hv. þm. og fulltrúi Kvennalistans kemur hér fram og ver alveg í nýjum búningi íhaldsstefnu, frá því að berjast fyrir valddreifingu og þetta eru sannarlega tíðindi. Þegar fulltrúi Kvennalistans sem boðar það, a.m.k. fyrir kosningar, að valddreifing sé það sem þær telji að gilda eigi og að höfða til grasrótarinnar. Síðan þegar hæstv. ríkisstjórn boðar það hér og reynir að koma því fram að efla grasrótina og valddreifinguna, þá skipta hv. þingmenn um hlutverk.

[00:12]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Íslenska þjóðkirkjan er bæði sjálfstæð og frjáls. Andinn er frjáls og það er boðun kirkjunnar sem skiptir höfuðmáli. Biskupar hennar í gegnum söguna hafa verið þekktir út frá tveimur pólum. Annars vegar vegna boðunar hennar og hins vegar vegna efnishyggju sinnar.

Það verður að sjálfsögðu hver að meta fyrir sig í hvorum flokknum hann vill standa. Ég tel þess vegna að þeir hafi misskilið þau átök sem hér urðu, þau átök voru milli framkvæmdarvaldsins og löggjafarvaldsins. Það er spurningin um þrískiptingu valdsins. Það er ekki spurning um frelsi kirkjunnar. Andinn er frjáls og boðuðin er frjáls. Þess vegna er íslenska þjóðkirkjan frjáls.

[00:13]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér hefði þessari umræðu að öllu jöfnu átt að vera að ljúka og það í nokkurri sátt og fullkomnu samkomulagi milli allra. En þar sem hv. 5. þm. Austurl. kaus að hleypa hér umræðunni upp, þá er það að sjálfsögðu á hans ábyrgð að hér verður ekki hjá því komist að halda svolítið áfram. Hv. þm. kaus að vega ómaklega að okkur í allshn. sem höfum verið að vinna við mjög erfið skilyrði að þessu mikilvæga máli, reynt að gera það eftir bestu samvisku og bestu vitund og þetta starf verðskuldar ekki að vera hleypt upp vegna einhvers æsings algerlega á seinustu stundu. Mér fannst þetta ómakleg umræða sem fór hér fram áðan og á algerlega röngum forsendum og bera vott um þekkingarleysi hv. þm. á vinnslu þessa máls.

Hv. þm. veit það sjálfsagt jafn vel og ég að hér er verið að stíga ákveðin skref í átt til aukins sjálfstæðis kirkjunnar og um það var fjallað mjög ítarlega og mjög vel innan allshn. Það voru skoðanaskipti sem þar fóru fram sem sýndu fram á að málið var ekki þannig statt að það væri hægt að ganga lengra heldur en gert er nú með þeim breytingum sem hæstv. kirkjumrh. hefur lagt til að verði á þessu máli. Það gætti ákveðins misræmis milli þeirra væntinga sem ákveðnir aðilar, sem komu á fund nefndarinnar, höfðu um breytingar sem málið hefði í för með sér og þeirra skilaboða sem við fengum frá ríkisvaldinu. Og fyrr en úr þeirri deilu er leyst, þá munum við ekki geta farið lengra. Þetta þarf allt að hafa sinn tíma.

Það sem er að gerast hér er það að engu að síður töldum við sem störfuðum að málinu innan allshn., flest hver, ekki bara ég sem fulltrúi Kvennalistans heldur flestir innan allshn., ástæðu og af hinu góða að auka valddreifingu. Og ég verð nú að segja það að ég held að við höfum verið tiltölulega einlægari í því heldur en margir stuðningsmenn hæstv. ríkisstjórnar sem hefur ekki staðið sig sem skyldi í slíkum málum. En okkur sem komum að slíkum málum eru skorður settar, bæði með tímaleysi og eins með fullbúið sam-

komulag meira og minna utan úr bæ. Okkur eru skorður settar ef engu má breyta, jafnvel þótt augljóst sé að ekki ber saman hvernig túlkunin er af hálfu ríkisvaldsins annars vegar og prestastéttarinnar hins vegar.

Ég held að það sé full ástæða til þess, eftir að hv. síðasti ræðumaður talaði hér, að taka málið upp enn á nýjan leik þar sem greinilegt er að hér er verið að reyna á síðustu stundu að breyta málinu og gefa í skyn nýja túlkun á samkomulagi sem varð og er í takt við þær breytingar sem við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vildum að gerðar yrðu á málinu á meðan það er í þeirri stöðu sem það er í nú. Það er verið að reyna að túlka það þannig að þetta samkomulag sé í rauninni ekki til staðar og það sé verið að segja allt annað heldur en klárlega ætti að vera hægt að lesa úr þessu.

Mér þykir afskaplega leitt að umræðan skuli hafa farið aftur í þennan farveg þegar flestir töldu að það væri kominn sameiginlegur skilningur og mér sýnist að á vegum stjórnarliða hafi ekki verið gengið frá málinu með þeim hætti sem æskilegt væri og öllum verið gerð nákvæmlega grein fyrir upp á hvað þetta samkomulag bauð. Þetta er náttúrlega gersamlega óviðunandi þar sem sú umræða sem verið hefur hér hefur sýnt það mjög glöggt að það þurfti að höggva á þennan hnút, fólk þurfti að vera reiðubúið til þess að viðurkenna að við vorum ekki komin lengra í þessari umræðu, hvað svo sem við kjósum að gera í framhaldi. Því ég held að það sé býsna góð sátt um það, alla vega meðal þeirra sem hafa unnið að þessu máli og talað í þessu máli og unnið að málinu í nefnd, að það beri að gera hvern aðila fyrir sig í samfélaginu, kirkju sem aðra, sem sjálfstæðastan í sínum málum og ábyrgastan fyrir sínum málum. Okkur kann að greina á um það hvernig það verður best gert, en engu að síður held ég að á meðan, jafnvel innan sömu hópa, og þá er ég að tala um t.d. hópa eins og prestastéttina, að menn eru ekki tilbúnir að sjá sama skilning á því hversu langt eigi að fara og hversu langt sé farið nú þegar, þá sé ekki hollt að halda áfram með málið. Ég held að það sé líka orðið fyllilega tímabært að taka fyrir þá grundvallarumræðu sem er samskipti ríkis og kirkju, og þá meina ég þjóðkirkjunnar, og síðan stöðu annarra trúarhópa hér á landi og er það raunar annað af því sem ég gerði hér að umtalsefni í örstuttri ræðu minni fyrr í þessari 2. umr.

Ég verð að segja það alveg eins og er að eftir að hafa hlustað hér á umræðu og tekið þátt í störfum allshn. um þetta mál þá sýnist mér að það sé orðið mjög brýnt að vinna að þessu máli. En það gerum við ekki undir formerkjum þess að gera skipan á prestssetrum og við gerum það ekki undir þeim formerkjum að við séum að vinna að stofnun kirkjumálasjóðs. Við einfaldlega þurfum að taka þá umræðu á réttum tíma og ekki í einhverjum æsingi eða taugatitringi einstakra aðila.

Það eru ekki vönduð vinnubrögð að vera að hleypa málum upp sem samkomulag er orðið um og það er ekki maklegt að vera, án þess að hafa nokkuð kynnt sér vinnu að málum, að vega að ákveðnum einstaklingum sem unnið hafa að þessum málum. Það er ekki sæmandi nokkrum manni, ekki einu sinni prestum.

[00:21]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson fyrir þessa ágætu ræðu. Satt er það að þetta mál var unnið við mjög erfiðar aðstæður og ég kom inn á það í minni fyrstu ræðu að það væru þannig aðstæður hér í þinginu núna að það þyrfti að ná samkomulagi og hér hefði orðið niðurstaða. En ég vildi leggja áherslu á það að sú niðurstaða markaði ekki stefnubreytingu og vildi að það kæmi fram í þingtíðindum.

Almennt um afstöðu Kvennalistans til þessa máls, þá kom greinilega fram hjá hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson áhersla á að það væri stefna samtakanna að stuðla að því að kirkjan nyti sjálfsforræðis og aukins sjálfstæðis. Það hefur án efa komið fram hér í umræðunni áður, en það var rækilega staðfest núna og örugglega verið stefna Kvennalistans allt fram að þessu. Þannig að ef ég hef sagt orð um hið gagnstæða, þá hefur það sannarlega komið í ljós núna að þetta er málstaður Kvennalistans og vil ég fagna því og biðst afsökunar á orðum mínum ef þau hafa fallið á röngum málstað.

[00:23]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. hefði getað sparað sér túlkun ef hann hefði hlustað ögn betur fyrr í umræðunni því að allt hefur þetta komið fram hér áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kirkjumálasjóður, 2. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 284, nál. 402 og 417, brtt. 404.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 103. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 106, nál. 387 og 428.

[00:24]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti á þskj. 387 fyrir hönd 1. minni hluta allshn. og við leggjum til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Nefndarálitið er um frv. til laga um breytingu á ýmsum lögum sem varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl.

vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

Nefndin fjallaði um málið á 116. og 117. löggjafarþingi og fékk á fund sinn fjölmarga aðila og nefndinni bárust einnig umsagnir frá mjög mörgum aðilum. Að öðru leyti, um innihald þessa nefndarálits, vísa ég til þingskjalsins, en undir nefndarálitið rita Sólveig Pétursdóttir, Gísli S. Einarsson, Björn Bjarnason og Eyjólfur Konráð Jónsson, með fyrirvara.

Með þessu frv., virðulegi forseti, eru lagðar til breytingar á ýmsum lögum á sviði dóms- og kirkjumála landsins til að laga þau að þörfum vegna aðildar Íslands að EES. Eins og kemur fram í almennum athugasemdum við frv. má rekja flestar breytingarnar sem eru lagðar þar til til fjögurra atriða sem tengjast EES.

Í fyrsta lagi er talsverður hluti þessara breytinga lagður til vegna reglna EES um réttindi manna sem eru þegnar einhvers samningsríkisins til fjárfestinga, atvinnustarfsemi, ferða og dvalar í öðrum samningsríkjum.

Í öðru lagi eiga nokkur ákvæði frv. rætur að rekja til reglna á EES um viðurkenningu samningsríkjanna á sérfræðimenntun og starfsþjálfun sem hefur verið fengin í einhverju ríkjanna. Í frv. koma áhrif þessara reglna aðallega fram í tillögum um breytingar á lögum þar sem embættispróf frá Háskóla Íslands hefur verið áskilið fyrir starfsréttindum. Breytingarnar miða að því að sambærileg próf frá öðrum löndum geti verið metin jafngild, en það ætti þá undir stjórnvöld sem veita viðkomandi starfsréttindi, að leggja mat á hvort menntun og þekking þess sem hefur erlent lagapróf verði talið samsvara því sem fengist með íslensku lagaprófi.

Í þriðja lagi tengjast nokkur ákvæði frv. reglum um EES sem varða leyfisbundna þjónustustarfsemi og ráðgera að leyfishafar í einu samningsríki geti starfað í öðrum. Þessar reglur varða nánar tiltekið málflytjendur, fasteignasala, skipasala og niðurjöfnunarmenn sjótjóna.

Í fjórða lagi eru loks lagðar til breytingar á gildandi lögum sem tengjast svokölluðum EES-samningi eða samningi EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þessi fjögur meginatriði skýra meira eða minna flest ákvæði frv. Mér þykir þó rétt að víkja hér í stuttu máli að hverjum kafla þess og þá einkum með hliðsjón af þessum meginatriðum.

Í I. kafla frv., þar sem lagðar eru til breytingar á reglum um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóna, er tekið mið af þremur af áðurnefndum fjórum meginatriðum að baki frv. Með reglum I. kafla er þannig lagt til að eldri reglur sem setja íslenskt ríkisfang eða lögheimili um tiltekinn tíma að skilyrði fyrir þessum starfsréttindum breytist þannig að lögheimili hér nægi eitt út af fyrir sig. Það er í annan stað ráðgert að skilyrði um íslenskt embættispróf í lögum verði fellt niður sem afdráttarlaust skilyrði. Loks er lagt til að maður sem hefur fengið löggildingu til þessara starfa í öðru ríki EES geti fengið sams konar löggildingu hér á landi með tiltölulega greiðum hætti.

Í II. kafla frv. er ráðgerð ein breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, sem felst í fyrirmælum um refsinæmi þess að maður gefur rangan framburð fyrir EFTA-dómstólnum, en þessi breyting er afleiðing af ákvæðum áðurnefnds EES-samnings.

Í III. kafla eru tillögur um breytingar á lögum um málflytjendur frá 1942 sem eru gerðar til að laga lögin að reglum EES að þrennu leyti. Í fyrsta lagi er lagt til að það skilyrði fyrir að hljóta málflutningsleyfi hér á landi, að viðkomandi njóti íslensks ríkisborgararéttar eða hafi átt hér lögheimili tiltekinn tíma, verði fellt niður.

Í öðru lagi felst í reglum III. kafla að skilyrði um íslenskt lagapróf verði breytt með sama hætti og áður var lýst þannig að sambærilegt erlent háskólapróf geti komið að sama haldi.

Loks er lagt til í þriðja lagi að menn sem hafa fengið málflutningsleyfi í öðru EES-ríki geti notað það leyfi með takmörkuðum hætti til að flytja mál fyrir íslenskum dómstólum að fullnægðu því skilyrði að maður með íslenskt málflutningsleyfi starfi með honum að því en að auki er ráðgert að dómsmrh. geti sett almennar reglur um heimildir til að veita mönnum íslenskt málflutningsleyfi ef þeir hafa fengið sams konar leyfi erlendis.

Í IV. kafla frv. eru lagðar til lítils háttar breytingar á lögum um prentrétt, nr. 57/1956, en með þeim er stefnt að afnámi skilyrða um að útgefandi og ritstjóri blaðs eða tímarits svo og sá sem annast dreifingu rits hér á landi þurfi að vera íslenskur ríkisborgari eða hafa átt lögheimili hér um einhvern lágmarkstíma. Þess í stað er miðað við að viðkomandi þurfi að eiga lögheimili hér þegar hann fæst við þessi störf og á það sama einnig við um félag sem hefði með höndum dreifingu ritaðs máls hér á landi.

Með V. kafla frv. er gert ráð fyrir ýmsum breytingum á lögum um eftirlit með útlendingum en þær eru að verulegu leyti afleiðingar af EES-reglum um frjálsa fólksflutninga. Reglurnar um frjálsa fólksflutninga fela m.a. í sér að aðildarríki að EES verða að tryggja útlendingum frá öðrum samningsríkjum rétt til að kæra ákvarðanir stjórnvalda varðandi m.a. dvalarleyfi og brottvísun úr landi til æðra stjórnvalds. Eftir núverandi reglum laga nr. 45/1965 er slíkur réttur ekki fyrir hendi. Með frv. er ráðgert að tryggja þennan kærurétt með því að ýmsar ákvarðanir sem hafa verið í höndum dómsmrh. til þessa eiga að færast undir útlendingaeftirlitið en ákvarðanir eða úrskurðir þess geta síðan sætt kæru til ráðuneytis eftir reglum 16. gr. frv. Þetta er að mínu mati tímabær réttarbót án tillits til lagabreytinga vegna aðildar að EES enda hefur íslensk löggjöf við núverandi mynd ekki fullnægt kröfum samkvæmt 7. viðauka við Mannréttindasáttamála Evrópu sem Íslendingar hafa fullgilt og áskilur einmitt kærurétt af þessum toga.

Í VI. kafla frv. er síðan að finna tillögur um breytingar á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966.

Eins og kemur fram í athugasemdum við frv. leiðir það af þriðja hluta EES-samningsins og viðaukum 5,

8 og 12 að veita verður ríkisborgurum annarra samningsríkja sama rétt til fasteignakaupa hér á landi og íslenskum ríkisborgurum að því leyti sem það er nauðsynlegt til að þeir fyrrnefndu geti nýtt sér þau réttindi sem samningurinn veitir þeim til frjálsra fólksflutninga, staðfestu og þjónustustarfsemi.

Ákvæði VI. kafla frv. eiga að tryggja þennan rétt þegna annarra EES-ríkja.

Um reglur þessara kafla tel ég ástæðu til að minnast sérstaklega á fimm atriði.

Í fyrsta lagi verður að undirstrika að EES-samningurinn á ekki að veita almenna heimild til fjárfestinga í fasteignum hér á landi heldur þarf að heimila þegnum EES-ríkja fjárfestingar hér á landi sem eru nauðsynlegar til að nýta réttindi sín til frjálsra fólksflutninga, staðfestu og þjónustustarfsemi. Reglur VI. kafla frv. ganga heldur ekki lengra en að mæta þessum þörfum.

Í öðru lagi tel ég ástæðu til að geta þess að til að geta nýtt sér þessi réttindi verður maður frá öðru EES-ríki að geta keypt húsnæði hér á landi til íbúðar og fyrir atvinnurekstur sinn. Rétturinn til að öðlast eignarréttindi yfir slíkar fasteignir getur ekki verið bundinn skilyrðum um búsetu hér á landi vegna EES-samningsins en hins vegar má halda utan við þetta þeim eignum sem eru ekki nauðsynlegar til að nýta réttindi samkvæmt samningnum. Má þannig t.d. ákveða með nánari reglum að búseta hér á landi yrði skilyrði fyrir slíkum kaupum á sumarbústað en í 22. gr. frv. er ráðgert að ráðherra setji frekari reglur um það til hvers konar fasteigna þessi réttur íbúa EES taki.

Í þriðja lagi er þarft að minnast þess að þau lög sem ákvæðum VI. kafla frv. er ætlað að breyta eru aðeins almenn lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna og hafa þau því ekki áhrif t.d. á jarðalög og ábúðarlög sem ganga framar lögum nr. 19/1966 varðandi þær fasteignir sem þær taka til. Í jarðalögum og ábúðarlögum er að finna ýmis skilyrði varðandi búsetu og afskipti þess opinbera að eigendaskiptum að eignum og munu slíkar sérreglur standast ákvæði EES-samningsins að því leyti sem þeim er ekki beitt til mismununar íslenskra ríkisborgara og þegna annarra EES-ríkja.

Í fjórða lagi vil ég minnast þess að í 23. gr. frv. er ráðgert að gætt verði að því að reglum um þessi réttindi vegna samningsins um EES sé ekki misbeitt við þinglýsingu á skjölum varðandi eignarréttindi yfir fasteignum. Er þá miðað við að synja verði þinglýsingu þar til sýnt er fram á að skilyrði séu fyrir að viðkomandi megi kaupa eignina á þessum grundvelli.

Loks má nefna í fimmta lagi að jafnframt breytingum á ákvæðum nr. 19/1966 vegna EES-samningsins eru nokkrar breytingar lagðar til á 1. gr. laganna til samræmingar og gleggri framsetningar.

Í frv. er ekki gert ráð fyrir efnisbreytingum að þessu leyti heldur er verið að einfalda framsetningu reglnanna.

Með VII. kafla frv. eru síðan gerðar tillögur um breytingar á reglum laga nr. 34/1986 varðandi heimildir til að starfa sem fasteigna- eða skipasali. Er nánar tiltekið ráðgert að fella niður skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt til að geta fengið slíkt starfsleyfi hér á landi auk þess að miðað er að því að þeir sem hafa fengið sams konar leyfi í öðru ríki á EES-svæðinu geti leitað eftir leyfi hér á landi án þess að þurfa að þreyta prófraun til fullnaðar til að öðlast réttindin samkvæmt almennum reglum um hana.

Í VIII. kafla er síðan lagt til að breyting verði á reglum laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði varðandi skilyrði til að hljóta embætti héraðsdómara þannig að erlent háskólapróf í lögum geti komið í stað íslensks embættisprófs ef það verður metið sambærilegt því íslenska og viðkomandi telst að auki hafa næga þekkingu á íslenskum lögum til að geta gegnt slíku embætti. Er þá gengið út frá því að það kæmi í hlut prófnefndar sem lætur uppi umsögn um umsækjendur um héraðsdómaraembætti, skv. 5. gr. laganna, að meta hvort erlent háskólapróf verði talið sambærilegt því íslenska og umsækjandi hafi sýnt fram á næga þekkingu á íslenskum lögum.

Loks er í IX. kafla frv. lagt til að lítils háttar breyting verði gerð á ákvæðum laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, til að fullnægja þörfum samkvæmt stofnsamþykkt EFTA-dómstólsins þar sem er ráðgert að hann geti leitað eftir því að dómstólar í EFTA-ríkjunum taki við munnlegum skýrslum vitna og sérfræðinga í tengslum við rekstur máls fyrir honum. Skv. 28. gr. frv. yrði þetta gert eftir almennum reglum laganna um skýrslutöku af vitnum.

Virðulegi forseti. Fyrsti minni hluti allshn. leggur til að frv. þetta verði samþykkt óbreytt.

[00:37]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hluta hv. allshn. um frv. til laga um breytingar á ýmsum lögum er varða réttarfar, atvinnuréttindi og fleira vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið.

„Frumvarpið hefur verið til umfjöllunar á tveimur þingum og fengið allítarlega athugun í allsherjarnefnd.

Í frumvarpinu ægir saman ýmsum breytingum sem talið er nauðsynlegt að gera á lögum er varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. 2. minni hlutinn gagnrýnir harðlega slíkan sóðaskap í lagasetningu. Óhjákvæmilegt er því að fjalla um frumvarpið lið fyrir lið þar sem engan heildarsvip er að finna á því.“ — Og þar af leiðandi er ekki hægt að taka efnislega afstöðu nema til einstakra efnisatriða.

„Í 1., 8., 9. og 24. gr. frumvarpsins eru ákvæði er varða þau skilyrði sem sett eru fyrir atvinnuréttindum fjögurra starfsstétta: Niðurjöfnunarmanna sjótjóna, útgefenda og ritstjóra blaða og tímarita og fasteigna- og skipasala. Í umfjöllun um málið í nefndinni komu fram ábendingar um að vafi gæti leikið á því hvort ákvæði þessara greina um lögheimili standist ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið um frjálsan flutning þjónustu. Samkvæmt þessum greinum er lögheimili á Íslandi gert að skilyrði fyrir þeim starfsréttindum sem um getur í greinunum. Þeim vafa, sem upp kom, tókst ekki að eyða í umræðu innan nefndarinnar. Fram

kom hjá fulltrúa utanríkisráðuneytisins, sem kom á fund nefndarinnar, að ekki mætti gera kröfu um lögheimili í einu landi EES-svæðisins umfram annað nema styðja það haldgóðum rökum. Að mati 2. minni hluta tókst ekki að taka af öll tvímæli um að einstök ákvæði fyrrnefndra greina frumvarpsins stæðust slíka skoðun. Engum er greiði gerður með því að setja ákvæði í lög sem ekkert hald er í.

2. minni hluti vekur athygli á að í umsögn ASÍ þótti of skammt gengið í þá átt að skilyrða atvinnuréttindi samkvæmt frumvarpinu. Því þótti 2. minni hlutanum rétt að fá í nefndinni upplýsingar um viðhorf ASÍ til þess ef ákvæðum um lögheimili yrði sleppt úr 1., 8., 9. og 24. gr. frumvarpsins. Fram kom hjá fulltrúa ASÍ að það þætti mjög varasöm breyting á ákvæðum um atvinnuréttindi.

2. minni hluti tekur ekki afstöðu til þess hvort og í hvaða tilvikum sé æskilegt að lögheimili á Íslandi sé skilyrði fyrir starfsréttindum hér á landi. 2. minni hluti telur að menn megi ekki blekkja sjálfa sig með því að setja í lög skilyrði sem ekki standast.

Í V. kafla frumvarpsins eru lagðar til nokkrar breytingar á lögum um eftirlit með útlendingum, nr. 45. 12. maí 1965. Í 16. gr. er það nýmæli að útlendingar geta samkvæmt greininni kært til dómsmálaráðherra:

1) Ákvörðun um að synja honum um dvalarleyfi.
2) Ákvörðun um brottfall eða afturköllun dvalarleyfis.
3) Ákvörðun eða úrskurður um að vísa honum úr landi.
4) Úrskurð skv. 4. mgr. 10. gr. laganna um þau tilvik þegar útlendingur sækir um pólitískt hæli hér á landi.

Varðandi þetta mál er rétt að geta þess að nefndinni barst erindi frá Amnesty International um málefni pólitískra flóttamanna. Þar var bent á að nauðsynlegt væri að gæta þess við lagasetningu að ný lög eða lagabreytingar væru í fullkomnu samræmi við alþjóðlega viðurkenndar meginreglur um meðferð pólitískra flóttamanna. Nokkrar umræður urðu um þessi mál í nefndinni og var það niðurstaða hennar að ákvæði V. kafla væru í samræmi við þessar óskir að svo miklu leyti sem þau taka á þessum málum.

Í 20.–23. gr. frumvarpsins eru ákvæði sem veita ríkisborgurum innan Evrópska efnahagssvæðisins sama rétt og íslenskum ríkisborgurum að því leyti sem það er nauðsynlegt til að nýta þau réttindi sem samningurinn veitir til frjálsra fólksflutninga, staðfestu og þjónustustarfsemi. Jafnframt þeirri miklu opnun er haldið skilyrðislausri heimild ráðherra til að víkja frá skilyrðum 1. mgr. 1. gr. laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966. Er full ástæða til að fella hana niður eða þrengja mjög, m.a. með tilliti til ákvæða 68. gr. stjórnarskrárinnar." — 2. minni hlutinn mun því greiða atkvæði gegn þessari heimild.

„Í athugasemdum með frumvarpinu er sagt að ráðherra setji nánari reglur um til hvaða fasteigna réttur íbúa Evrópska efnahagssvæðisins nái, en engar tillögur um það liggja fyrir og því er ekki ljóst hvaða hindranir verða af þeim. Það sést a.m.k. af frumvarpi sem landbúnaðarráðherra hefur lagt fram, en ekki mælt fyrir, um að ekki sé heimilt að mismuna íbúum Evrópska efnahagssvæðisins og íslenskum ríkisborgurum við kaup á jörðum eins og áður hafði verið gefið í skyn.

Ljóst er að í ýmsum greinum þessa frumvarps er farið út á ystu nöf lagasetningar, í fyrsta lagi með því að leggja til að sett verði lög sem álitamál er hvort standist og í öðru lagi eru dómsmálaráðherra í einstökum greinum gefnar allt of rúmar heimildir til að setja nánari ákvæði í reglugerð. Lagasetning af því tagi er ekkert annað en framsal löggjafarvaldsins til framkvæmdarvaldsins og mótmælir 2. minni hluti slíkri lagasetningu."

Undir álit 2. minni hluta allshn. rita auk mín, Jón Helgason, Ólafur Þ. Þórðarson og Kristinn H. Gunnarsson.

Varðandi III. kafla frv., 4.–7. gr., vil ég taka það fram að það gegnir nokkuð sérstöku máli varðandi réttindi málflytjenda hér á landi en aðra þá sem fjallað er um í þessu frv. og þarf að krukka í starfsréttindi fyrir. En það sem sérstaklega er sérstætt varðandi þeirra starfsréttindi er það að a.m.k. eins og sakir standa þá munu þeir ekki geta unnið sitt verk hér á landi nema hafa haldgóða þekkingu á íslenskum lögum þar sem það er jú eðli málsins samkvæmt það sem starf málflytjenda snýst um, þ.e. að þekkja út í ystu æsar lög þess lands sem þeir vinna sitt verk í. Þar af leiðandi má ætla það að a.m.k. meðan við höfum ekki tekið meiri skammt af EES-rétti inn í okkar lög þá muni alla vega enn um sinn ekki vera skynsamlegt né líklegt að aðrir en þeir sem þekkja íslensk lög út í ystu æsar vinni slík störf hér á landi. Þetta finnst mér nauðsynlegt að taka fram vegna þess að við í 2. minni hluta allshn. tókum ekki sérstaklega á því í okkar nál.

Varðandi afstöðu okkar til einstakra greina er vegna gerðar þessa frv. ekki hægt að segja neitt ákveðið um það. Við tókum það efnislega fyrir sem okkur þótti sérlega ábótavant varðandi frv. en vissulega hefði verið efni til þess að fara út í töluvert lengri umræðu um einstakar greinar þessa frv. en hluti af þeirri umræðu hefur þegar farið fram í almennri grundvallarumræðu um Evrópska efnahagssvæðið og mörgum af veigamestu atriðum þessa máls þegar verið til skila haldið.

Ég vil því í ljósi þess láta þetta duga að sinni og benda á það að með því að samþykkja á Alþingi samninginn um Evrópska efnahagssvæðið var að sjálfsögðu tekin hin afdrifaríkasta ákvörðun um þetta mál. Við erum síðan að súpa seyðið af því með því að vera að taka í lög ýmis ákvæði sem mismunandi mikil hrifning er á hér og það kemur auðvitað fyrst og fremst fram í afstöðu okkar til einstakra mála er varða þetta samkomulag sem við höfum undirgengist, eða réttara sagt meiri hluti Alþingis hefur undirgengist fyrir hönd þjóðarinnar sem aldrei var spurð.

[00:49]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þau frv. sem hér eru til umræðu bera mikinn keim af þeirri staðreynd ...

(**Forseti** (VS)**:** Það er reyndar bara eitt á dagskrá.) ...að hæstv. ríkisstjórn er þess ekki of vel meðvitað hvað það er sem hún þarf að setja í lög. Þess vegna úir og grúir af texta á þann veg að „ráðherra er heimilt" og

„ráðherra setur". Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, grípa hér niður í 5. gr.: „Dómsmrh. getur sett nánari reglur um slík störf erlendra málflytjenda hér á landi."

Í lok 6. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Dómsmrh. getur sett reglur um veitingu leyfis til málflutnings á grundvelli hliðstæðra réttinda í öðru ríki." — Hann verður fyrst að lesa kverið og svo að afgreiða þetta.

Og í lok 7. gr. stendur:

„Dómsmrh. getur sett reglur um veitingu leyfis til málflutnings á grundvelli hliðstæðra réttinda í öðru ríki." — Þetta er sem sagt haft á tveimur stöðum. Svo mikil nauðsyn er talin á að hafa þetta í textanum.

Það er nú svo að þetta frv. fjallar um breytingu á hvorki meira né minna en eftirtöldum lögum, með leyfi hæstv. forseta:

Lög um löggilta niðurjöfnunarmenn sjótjóns, nr. 74/1938.

Almenn hegningarlög, nr. 19/1940.

Lög um málflytjendur, nr. 61/1942.

Lög um prentrétt, nr. 57/1956.

Lög um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965.

Lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966.

Lög um fasteigna- og skipasölu, nr. 34/1986.

Lög um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989.

Lög um meðferð einkamála, nr. 91/1991. Lagasetning sem þessi er ákaflega leiðinleg hvað það snertir að það eru ekki brtt. við einstök lög sem færast inn í viðkomandi lagabálk heldur er hér um svokallaðan bandorm að ræða í lagasetningu.

Ég ætla ekki að bera það á þá sem eru stuðningsmenn hins Evrópska efnahagssvæðis að sá lagatexti sem hér er sé í ósamræmi við það sem Íslendingar hafa skrifað undir. Hins vegar fer það ekki milli mála að hann er rúmur. Hann er mjög rúmur fyrir framkvæmdarvaldið. Sum atriði sem voru í lögum áður og áttu við í þrengri ramma flytjast áfram til hins víða ramma sem nú er settur utan um athafnasvæðið, þ.e. eins og allir vita mestöll Vestur-Evrópa. Ég vil nefna sem dæmi um lagasetningu sem ég tel að sé svo rúm að venjulega á okkar dögum dettur engum í hug að setja slíkan texta á blað. Hún átti kannski við þegar ráðherrar höfðu öll völd og þingræðið var mjög veikt. En, með leyfi forseta, í frv. er lögð til svohljóðandi breyting á lögum um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19 6. apríl 1966:

„2. mgr. 1. gr. laganna verður svohljóðandi:

Ráðherra veitir leyfi til að víkja frá skilyrðum 1. mgr.:

1. Samkvæmt umsókn frá þeim sem hefur rétt til að stunda atvinnurekstur hér á landi og vill öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni eða til að halda þar heimili.

2. Ef annars þykir ástæða til."

Satt best að segja sé ég ekki tilganginn með fyrri skilyrðunum. Hér væri alveg nóg að stæði: Ráðherra veitir leyfi til að víkja frá skilyrðum 1. mgr. ef ástæða þykir til. Það er engin takmörkun. Lagasetning sem þessi færir okkur nær þeim veruleika sem við blasir að tilskipunarvald, reglugerðafargan og skrifræði sem fer svo ört vaxandi í Evrópu stendur hagvexti álfunnar fyrir þrifum og skapar þar kyrrstöðu á meðan hagvöxtur er víða annars staðar í heiminum.

Ég get ekki látið hjá líða að fara örfáum orðum um vinsælasta slagorðið sem notað var þegar menn voru að berjast fyrir hinu Evrópska efnahagssvæði. Það var nokkurs konar Jónaslagorð og hljóðaði svo, með leyfi forseta. „Stórkostleg sóknarfæri fyrir íslenskt atvinnulíf." Það sem hefur vakið undrun mína er að Þjóðhagsstofnun skuli ekki spá stórkostlegum hagvexti á næsta ári í samræmi við þessi stórkostlegu sóknarfæri sem boðuð voru. Vissulega hafa Íslendingar verið í nokkurri sókn til athafna utan Íslands. En hvert hefur hún beinst? Jú, við höfum veiðar í Smugunni og nú er svo komið að ráðherrar una því bara nokkuð vel, smuguveiðunum. Ekki var það nú beinlínis í samræmi við þessi stórkostlegu nýju sóknarfæri sem talað var um. Við erum þátttakendur í lakkrísframleiðslu í Kína og gengur bara vel að sagt er. Og það merkilega var að dökkblár ráðherra hélt til Kína til að fylgja því sóknarfæri eftir. Ekki er það nú innan EES-svæðisins. En við höfum eitt sóknarfæri innan EES. Það var keypt heilt skipafélag í Þýskalandi, 60% í skipafélaginu, ef ég man rétt. Það er bara eina sóknarfærið sem hefur ekki gengið nógu vel af þessum erlendu sóknarfærum sem Ísland hefur verið að tileinka sér. Það heppnaðist sóknarfærið í Kína, það heppnaðist sóknarfærið í Smuguna en sóknarfærið inn til Þýskalands það heppnaðist bara alls ekki. Merkilegt nokk. Og það sækir að mér sú hugsun: Hvers vegna þegja þessir stórsnillingar sem töluðu um sóknarfærin inn á EES-svæðið yfir því hvar ætti að taka land? Mér er ljóst að í heimsstyrjöldinni síðari var það haft sem hernaðarleyndarmál fram á seinasta dag hvar menn ætluðu að taka land á meginlandinu þegar árásin hófst frá Bretlandi yfir Ermarsund. En ég skil ekki hvers vegna þeir sem voru svona vissir um þessi stórkostlegu sóknarfæri eru ekki búnir að benda mönnum á það hvar skynsamlegt sé að hefja sóknina. Hver er skýringin? Hvers vegna er Þjóðhagsstofnun ekki sagt frá þessu svo hún geti boðað vorið í íslensku efnahagslífi? Hver er skýringin? Hvers vegna þarf það að vera færeyska leiðin inn í Smuguna sem bjargar í stöðunni fyrst þessi stórkostlegu sóknarfæri á þurru landi voru til staðar? Er nú ekki von til að ráðherrar Íslands fylgi eftir sóknarfærunum inn í Evrópu alveg eins og ráðherrar Íslands fylgdu eftir sóknarfærinu inn í Kína á eftir lakkrísnum eins og frægt er? Auðvitað er eðlilegt að taka þessa umræðu síðar, herra forseti, auðvitað er eðlilegt að taka hana upp síðar. En mér finnst nú rétt að koma henni á framfæri hér og nú til þess að íslenskir ráðherrar standi ekki eins og glópar þegar eftir því verður leitað: Hvar eru þessi stórkostlegu sóknarfæri? Hver ætlar að vera hershöfðinginn? Hvenær hefst landgangan og hvenær sér íslenska þjóðin þetta stórkostlega vor í efnahagsmálunum sem hlýst af því að menn hafa ákveðið að gerast aðilar að EES?

Það nær ekki nokkurri átt að ráðherrar láti það

ganga fyrir að fara til Kína á eftir lakkrís þegar aðrir eins möguleikar eru á meginlandi Evrópu. Þeir meira að segja geta orðið til þess að villa öðrum sýn. Því eins og allir vita elta menn forustusauðina þegar þeir eru farnir af stað. Hefði ekki verið réttara að þeir tækju land í Evrópu og sýndu þjóðinni fram á að nú væru gróðamöguleikar hjá Íslendingum? Nú gæti Þjóðhagsstofnun lofað því að hagvöxturinn ykist og allt væri í lagi? Nei, það var hafin landganga á einum stað í Þýskalandi. Með myndarlegum hætti. Það var keyptur meiri hluti í þýsku fyrirtæki en það er eina sóknarfærið sem ekki hefur skilað árangri.

[01:02]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra umræðna sem hér hafa átt sér stað langar mig að koma með nokkrar athugasemdir einnig með hliðsjón af því sem var rætt sérstaklega í allshn. er frv. þetta var þar til meðferðar. Það var einnig til meðferðar á síðasta þingi eins og kunnugt er.

Ef litið er á nál. frá 2. minni hluta allshn. þá segir m.a. í upphafi:

„Í frv. ægir saman ýmsum breytingum sem talið er nauðsynlegt að gera á lögum er varða réttarfar, atvinnuréttindi o.fl. vegna aðildar að samningi um Evrópska efnahagssvæðið. 2. minni hlutinn gagnrýnir harðlega slíkan sóðaskap í lagasetningu."

Varðandi þetta atriði vil ég benda á að það voru fjölmargar umsagnir sem bárust út af þessu máli, m.a. frá Dómarafélaginu, Lögmannafélaginu og réttarfarsnefnd, sem allir lögðu blessun sína yfir frv. og þar að auki var bent á að þrír menn úr réttarfarsnefnd hefðu komið að samningu þess. Það er því ekki við hæstv. ríkisstjórn að sakast varðandi þetta mál hvernig það er fram sett og hlýtur það að standast alla lögfræði. Sömu athugasemdir má í sjálfu sér hafa varðandi þá setningu um „að engum sé greiði gerður með því að setja ákvæði í lög sem ekkert hald sé í".

Enn fremur þykir mér rétt að minnast á það atriði er hér er vakin athygli á að þá hafi komið bréf frá Amnesty International um málefni pólitískra flóttamanna og sendi nefndin sérstakt svarbréf til Amnesty International og benti á það að þessi mál yrði sannarlega að skoða en ríkisstjórnin væri einmitt að beita sér fyrir sérstakri skoðun á því og hefði skipað nefnd í því sambandi.

Þá er einnig tekið fram í lok þessa nál., með leyfi virðulegs forseta: „Lagasetning af því tagi er ekkert annað en framsal löggjafarvaldsins til framkvæmdarvaldsins og mótmælir 2. minni hlutinn slíkri lagasetningu."

Þá er rétt að benda á að það var fenginn sérstakur stjórnskipunarsérfræðingur inn í nefndina til að ræða þetta atriði. Að öðru leyti get ég tekið undir að það form á lagasetningu eins og þetta sem er nefnt bandormur sé ekki heppilegt.

Fram komu hugmyndir um að vegna ákvæða EES-samningsins yrði að breyta nokkrum ákvæðum frv. sem innihalda skilyrði um lögheimili eða heimilisfesti til að mega stunda ákveðna starfsemi hér á landi þannig að bætt yrði við þær ákvæðum um að íbúar eða ópersónulegir aðilar innan Evrópska efnahagssvæðisins yrðu undanþegnir þessum skilyrðum. Þessi mál voru rædd ítarlega og komu gestir sérstaklega á fund nefndarinnar, þeir Markús Sigurbjörnsson, lagaprófessor við Háskóla Íslands, og Pétur Thorsteinsson, lögfræðingur frá utanrrn. Var það mat þeirra að það væri í lagi með þessi ákvæði í frv. og ekki þyrftu að koma til breytingar. Varðandi mat Alþýðusambands Íslands þá kom Lára V. Júlíusdóttir á fund nefndarinnar og skýrði frá því að ASÍ teldi að lögheimilisáskilnaður væri í fullu samræmi við EES-samninginn. Kvað hún málið hafa verið rætt innan verkalýðshreyfingarinnar í sambandi við forgangsréttarákvæði í kjarasamningum hér á landi. Niðurstaða þeirrar umræðu hefði verið að óheimilt væri að gera kröfu um ríkisfang en hins vegar væri lögheimilisskilyrðið í lagi.

Varðandi 2. tölul. 20. gr. frv. kom fram sú gagnrýni að ákvæðið fæli í sér of víðtækt framsal valds til ráðherra. Þarna væri um að ræða brot á jafnræðisreglum stjórnsýslunnar þar sem sá ráðherra sem færi með valdið á hverjum tíma gæti beitt þessari heimild að geðþótta.

Eins og ég minntist á hér áðan þá kom Eiríkur Tómasson hæstaréttarlögmaður og stjórnskipunarsérfræðingur til viðtals við nefndina og taldi að frv. almennt stæðist stjórnskipulega séð og ekki væri um að ræða óeðlilegt framsal valds til ráðherra.

Varðandi 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1966, um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, verður ekki breytt með frv. frá því sem nú er í lögunum. Þar er fjallað í fjórum töluliðum um þau almennu skilyrði sem menn eða lögaðilar þurfa að uppfylla til að geta öðlast eignarrétt eða afnotarétt yfir fasteignum. Í annarri málsgrein segir síðan að þátt fyrir ákvæði 1.–4. tölul. sé ráðherra heimilt að veita leyfi, ef ástæða þykir til. Í frv. er því um að ræða sömu heimild og er í gildandi lögum og kom fram hjá Ólafi W. Stefánssyni, skrifstofustjóra í dómsmrn., að slík heimild ráðherra hefði verið í lögum um eignar- og afnotarétt fasteigna frá upphafi enda þótt klausan „ef ástæða þykir til" hafi komið inn í lögin með breytingum á þeim árið 1991.

Markús Sigurbjörnsson lagaprófessor benti á að 1. tölul. 20 gr. fæli í sér skyldu ráðherra en 2. tölul. fæli hins vegar í sér mat ráðherra þegar um væri að ræða að víkja frá skilyrðum sem 1. mgr. 1. gr. laganna setur gagnvart þeim sem vilja öðlast eignar- eða afnotarétt fasteigna. Rökstyðja mætti að slík heimild þurfi að vera fyrir hendi þar sem ekki sé hægt að sjá öll tilvik þar fyrir sem eðlilegt væri að ráðherra veitti leyfi til eignar- eða afnotaréttar fasteigna án þess að uppfyllt væri lögbundið skilyrði. Þetta hefur ávallt verið svona í lögunum og ekki valdið vandkvæðum í framkvæmd.

Að lokum, virðulegur forseti, þá ítreka ég fyrir hönd 1. minni hluta allshn. það nál. er hér var mælt fyrir áðan og að þetta frv. sé samþykkt óbreytt.

[01:08]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þegar rammi þessara laga er víkkað-

ur jafnmikið og hann er víkkaður nú er það náttúrlega spurning hvort slík heimildagrein eins og gerð var hér að umtalsefni, „ef annars þykir nauðsyn til" á nokkurn rétt á sér. Auðvitað er endalaust hægt að rökstyðja að framkvæmdarvaldið vilji hafa svo rúmar heimildir að það geti dansað fram og til baka. Það þarf að sjálfsögðu að vera heimild til að erlent sendiráð megi fá hér fasteignir. Og það er hægt að fara yfir það undir hvaða kringumstæðum þessi heimild þurfti að vera. Það er ákaflega auðvelt að fara yfir það allan tímann. Sannleikurinn er aftur á móti sá að þeir sem sitja að samningu þessa frv. meta það svo að þeir treysti sér ekki til að setja í lagatexta það sem þeir telja að ráðherrann eigi að hafa heimildir til. Þeir vilja hafa þetta galopið. Þetta var gamla stefnan í lagasetningu frá konungsins tíð því kóngarnir vildu helst minnst með þingin hafa. Þeir vildu stjórna með tilskipunum. Þeir vildu hafa heimildir og þannig hefur þetta löngum verið.

Ég út af fyrir sig vakti fyrst og fremst athygli á því hvað þessi lagasetning er opin. Ég hef aldrei efað það eitt augnablik að lögfræðingar gætu ekki rökstutt það hvers vegna þeir vildu hafa þetta svona opið fyrir ráðherra. Það er allt annað mál. En þetta, ásamt mörgu öðru, segir okkur þá einföldu sögu að jafnvel þeir sem nú stjórna og telja sig hafa lesið þessi EES-ákvæði treysta sér ekki til þess að aga sitt mál þannig að hugsunin komi fram um það hvað þeir þurfa að hafa í lögunum. Þeir vilja hafa rýmið hér um bil ótakmarkað.

[01:11]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfáar athugasemdir varðandi ræðu hv. 6. þm. Reykv. sem ég tel ástæðu til að koma á framfæri. Varðandi þau ummæli í nál. 2. minni hluta allshn. að hér sé um sóðaskap í lagasetningu að ræða, þar á ég sérstaklega við bandormagerð, þá ítreka ég það. Þá gildir að sjálfsögðu einu hver ber ábyrgð á slíkri samsetningu og þeim mun sorglegra ef mætari aðilar koma að málinu. Vissulega er þetta glíma sem við stöndum frammi fyrir á hverju einasta ári á Alþingi og er afskaplega vont til þess að vita að ekki hafi verið séð við því enn. En á meðan slíkir bandormar eru á ferðinni er hætt við að það verði ákveðin grautargerð sem við erum að fást við, bæði þeir sem sjá um að semja lagatextann og þeir sem sjá um að fjalla um málið í umræðu á Alþingi og í nefnd.

Varðandi gagnrýni á að sett séu í lög ákvæði sem ekki er hald í þá vil ég taka það sérstaklega fram að þar er ég að vísa til þess efa, sem ekki var eytt innan nefndarinnar, að hald væri í ákvæðum um lögheimili. Er þá ekki tekin afstaða til þess hvort slík ákvæði séu jákvæð eða neikvæð, það getur oltið á því um hvaða starfsemi er að ræða, heldur er sérstaklega verið að benda á það að verið er að gefa fólki fölsk skilaboð ef þessi ákvæði munu ekki halda. Það er það sem mér þykir mjög ámælisvert.

Ég tek það fram að þessi umræða hefur verið viðloðandi í nefndinni allt frá því að málið var til umfjöllunar á síðasta reglulega þingi. Ýmsir sem komu á fund nefndarinnar höfðu ákveðnar efasemdir um þetta. Vil ég þá sérstaklega vísa í störf nefndarinnar í fyrra en þessar efasemdir komu m.a. fram í umræðum við Stefán Má Stefánsson er kom á fund til nefndarinnar. Og aðrir urðu til þess að ræða þetta þó við höfum í nefndinni ekki séð ástæðu til þess að taka af skarið í þessu máli, hvorki 1. né 2. minni hluti, vegna þess að þetta er nokkuð sem mun reyna á sem túlkunaratriði. En það er bagalegt að ekki skuli fást úr því skorið í nefndarstarfi svo sannfærandi sé hvort hér sé í öllum tilvikum um haldgóð ákvæði að ræða.

Ég vil vekja athygli á því að ef ég ætti að tíunda þetta í smáatriðum þá gegnir ekki alveg sama máli um allar þær greinar sem ég rakti hér vegna þess að þarna er um mismunandi eðli starfs að ræða og mismunandi eftir því hvernig í raun þarf að vera hægt að koma að málum. Til dæmis þykir það einna líklegast að þessi ákvæði um lögheimili haldi ef um er að ræða ritstjóra eða útgefendur blaða og tímarita. Er það þá rökstutt með því að það verði að vera hægt að ganga að þeim eða þeir þurfa að hafa ábyrgð ef til lögsóknar kæmi vegna meiðyrða. Um önnur störf var einfaldlega efi skilinn eftir og það finnst mér gagnrýni vert.

Varðandi almennt opnar heimildir til ráðherra þá er það mjög hvimleitt og vaxandi þrýstingur ef eitthvað er í lagasetningu af hálfu ráðuneyta og ráðherra að opna heimildir framkvæmdarvaldsins. Það er vissulega á kostnað löggjafarvaldsins og skapar ekki réttaröryggi í landinu að hafa slíkar opnar heimildir. Varðandi þær tilteknu heimildir sem ég ræddi um í frv. þá varð vissulega mikil umræða um hvort þær ættu rétt á sér í þeim tilvikum sem þar eru. Ég tek undir orð hv. síðasta ræðumanns sem sagði að hafi verið ástæða til þess að takmarka heimildir dómsmrh. í eldri lögum þá sé enn meiri ástæða til þess núna þar sem nú er verið að setja miklu fleira undir þau sömu lög sem fyrir voru.

Almennt á því þessi gagnrýni við að mati 2. minni hluta og ekki síður í þessu tilviki. Ég held að ég hafi skýrt þau atriði sem mér fannst sérstaklega ástæða til í annarri ræðu minni og að öðru leyti mun afstaða okkar minnihlutafólks koma fram í atkvæðagreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (afnám aðstöðugjalds, útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408.

[01:17]

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Hv. 2. þm. Vesturl. hefur gert grein fyrir áliti minni hluta félmn. í þessu máli en þar sem framvinda þessa máls hefur verið allmerkileg síðan það kom fyrir félmn. vil ég fara nokkrum orðum um þetta mál til viðbótar því sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vesturl.

Þetta mál er dæmigert fyrir vinnubrögðin á Alþingi

undanfarnar vikur. Það er í rauninni ekki við þingmenn að sakast í þessu efni. Þetta frv. er viðamikið, tekur á viðkvæmum þætti skattamála og var seint komið fram þrátt fyrir að nál. sem það byggir á væri komið fram miklu fyrr. Það varð til þess að félmn. var í afar þröngri stöðu til að vinna að þessu máli. Það var reynt að fara yfir það eftir föngum í nefndinni og ég held að það megi segja það með fullum rétti að við stjórnarandstæðingar töfðum ekki fyrir þessu máli. (**RG:** Það er rétt, Jón.) Það er rétt, segir hv. formaður félmn. Hins vegar var gripið inn í þetta mál með nokkuð einkennilegum hætti af hæstv. ríkisstjórn og mun ég koma nánar að því máli síðar.

Tekjustofnar sveitarfélaga eru viðamikill málaflokkur og viðkvæmur og hefur löngum verið til meðferðar hjá löggjafarvaldinu og framkvæmdarvaldinu og samtökum sveitarfélaga og sveitarstjórnarmönnum. Núverandi tekjustofnalög eru frá árinu 1989 en þá var samþykkt löggjöf á Alþingi um tekjustofna sveitarfélaga sem mörkuðu nokkur tímamót og bættu mjög fjárhagsstöðu sveitarfélaganna í landinu. Ég held að það blandist engum hugur um að með þeim lögum sem sett voru í tíð fyrrverandi ríkisstjórnar var staða þeirra styrkt mjög.

Hins vegar tókst ekki þá að breyta aðstöðugjaldinu en í því var nokkuð innbyggt óréttlæti þar sem tekjur sveitarfélaga af aðstöðugjaldinu voru afar misjafnar. Ekki síst átti það við í Reykjavík þar sem það var t.d. þannig árið 1991 að aðstöðugjaldið var 27.500 kr. á íbúa í Reykjavík en 18.551 á Akureyri sem er þjónustukjarni og höfuðborg Norðurlands og veitir að mörgu leyti svipaða þjónustu og í Reykjavík þó í smærri stíl sé auðvitað. Það þarf ekki að rekja það að í skjóli þessara tekna var bruðlað mikið í Reykjavíkurborg og sú saga hefur verið rakin margoft hér þannig að ég þarf ekki að endurtaka hana.

En þar kom að aðstöðugjaldið var fellt niður og það var m.a. til þess að tryggja samkeppnisstöðu atvinnuveganna og samræma skattlagningu því sem gerist í nágrannalöndunum. Aðstöðugjaldið hafði ýmsa galla og auðvitað kosti líka en það var samkomulag um að fella það niður og taka upp bráðabirgðafyrirkomulag í staðinn sem átti að gilda í eitt ár. Það bráðabirgðafyrirkomulag var þannig að sveitarfélögin fengu aukinn hluta í staðgreiðslunni og þeim var bætt aðstöðugjaldið frá ríkinu miðað við 80% innheimtu. Það er kannski nokkur tilviljun að þetta innheimtuhlutfall var miðað við innheimtuhlutfallið í Reykjavík. Það er það viðmið sem a.m.k. stærri stjórnarflokkurinn í þessu stjórnarsamstarfi hefur. Það er litið yfir í ráðhúsið eins og ég kem nánar að.

Það var allmikil óánægja ýmissa sveitarfélaga sem höfðu hærra innheimtuhlutfall en 80% með þetta fyrirkomulag. M.a. voru ýmis stærri sveitarfélög með allt upp í 97% innheimtu.

En nú er þetta frv. komið og það kveður á um það að hækka útsvarið upp í 9,2% og taka upp fasteignaskatt í tveimur þrepum og það hærra á verslunar- og skrifstofuhúsnæði. Það að taka upp fasteignaskatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði er auðvitað til að losa ríkissjóð við að leggja þennan skatt á. Þessi skattur á verslunar- og skrifstofuhúsnæði hefur verið mikið vandræðabarn sérstaklega hjá Sjálfstfl. í gegnum tíðina og hefur komið árvisst inn á þessum tíma og er nú falinn inni í þessu tekjustofnafrumvarpi sveitarfélaga.

Það er því miður svo að hv. 5. þm. Norðurl. v. er erlendis en allir muna það þegar formaður Verslunarráðs skrifaði hv. 5. þm. Norðurl. v. og öðrum þingmönnum og skoraði á sjálfan sig að samþykkja ekki þennan skatt. En nú á að skjóta þessu yfir á sveitarfélögin. Auðvitað flækir það málið að vera að blanda þessari skattheimtu saman. Hér er um kerfisbreytingu að ræða hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Hér er verið að færa aðstöðugjald af fyrirtækjum yfir á einstaklinga og með því er hluti af skattheimtunni færður á fyrirtækin. Með því að flytja skatt á verslunar- og skrifstofuhúsnæði yfir á sveitarfélögin er verið að opna fyrir hærri fasteignaskatta á fyrirtækin og verið að opna fyrir það að þessi skattheimta verði hækkuð í 1,25% eftir eitt ár. Það er orðað þannig að það eigi að laga þessa skattheimtu að fasteignagjöldum í sveitarfélögum. Það þýðir auðvitað ekkert annað en það að þessi gjöld verða 1,25% eftir ár. Þetta er í brtt. meiri hlutans í ákvæði til bráðabirgða, c-lið, þar sem stendur svo, með leyfi forseta:

„Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félmrn. og Samband ísl. sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga."

Hér er verið að taka upp það sem á að vera frambúðarfyrirkomulag fyrir fyrirkomulag sem átti að gilda til bráðabirgða í eitt ár. Það er dálítið einkennilegt að það skuli verið að skjóta slíkum bráðabirgðaráðstöfunum þarna inn.

En það er fleira einkennilegt í máli þessu. Samskipti ríkis og sveitarfélaga hafa verið upp og ofan í gegnum tíðina. Samband ísl. sveitarfélaga hefur reynt að koma þeim samskiptum á eðlilegan grundvöll og fyrir rúmlega ári gerði Samband ísl. sveitarfélaga samning við ríkið um ýmis fjármálaleg samskipti ríkis og sveitarfélaga eftir að allmikið hafði gengið á á undan, svo ekki sé meira sagt, í þeim samskiptum. En það þótti ástæða til að gera annan samning núna í ár til þess að reyna að ganga frá þessum viðskiptum til frambúðar og þann 10. des. sl. undirrita hæstv. fjmrh., hæstv. félmrh. og formaður og framkvæmdastjóri Sambands ísl. sveitarfélaga samning sem snerta fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga á árinu 1994.

Það er í fyrsta lagi fé til Atvinnuleysistryggingasjóðs og eflingar atvinnulífs á vegum sveitarfélaga. Í öðru lagi reglur Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í þriðja lagi réttur starfsmanna sveitarfélaga til atvinnuleysisbóta þar sem m.a. er gert ráð fyrir að fulltrúar sveitarfélaga og starfsmanna þeirra taki sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Í fjórða lagi um endurgreiðslur virðisaukaskatts þar sem m.a. er ákveði um að virðisaukaskattur á akstri fatlaðra og skólaakstri á vegum sveitarfélaga verði endurgreiddur. Mér er kunn-

ugt um að þarna kom til umræðu endurgreiðsla á virðisaukaskatti af almenningsvögnum í sveitarfélögum en það var ekki frá því gengið í þessum samningi. Í fimmta lagi um Innheimtustofnun sveitarfélaga. Innheimtustofnunin hefur séð um greiðslu barnsmeðlaga og er nýbúið að afgreiða þangað aukafjárveitingu upp á 250 millj. sem ætlunin er að komi ekki til greiðslu á næsta ári. Og í sjötta lagi er grein um fjárhagsleg samskipti. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðrar breytingar en að ofan greinir stendur ekki til að gera á verkaskiptingu og fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga í tengslum við fjárlagagerð fyrir árið 1994."

Svo mörg voru þau orð. En það líða ekki nema fjórir dagar þangað til bregður svo við að við fáum í félmn. bréf sem var undirritað hvorki meira né minna en af þremur ráðherrum, hæstv. forsrh., hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. og þar segir, með leyfi forseta:

„Forsætisráðherra, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra leggja til við hv. félmn. Alþingis að heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar í tekjustofnalögum þeirra verði bundin við 8,4% lágmark. Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessa málsmeðferð fyrir sitt leyti og hjálagt fylgir afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga sem gerir ekki athugasemd við þessa málsmeðferð."

Einnig kom í ljós um svipað leyti að það hafði verið ákveðið að endurgreiða virðisaukaskatt af almenningsvögnum upp á 70–80 millj. kr. Hvað hefur gerst á þessum dögum þegar var búið að undirskrifa það mjög virðulega að ekki stæði til að gera neinar breytingar á verkaskiptingu og fjárhagslegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga fleiri en um ræðir í þessari yfirlýsingu. Jú, það gerðist að kippt var í spottann hjá Reykjavíkurborg. Ég minnist þess að hæstv. forsrh. þegar hann var í sínu fyrra starfi sem borgarstjóri kallaði stundum þingmenn Sjálfstfl. á teppið úti í Pósthússtræti. Ég hygg að núv. borgarstjóri hafi lært af honum þá list og hóað í sína menn og útkoman úr því varð að ríkisstjórnin, þessi frjálshyggjustjórn sem telur frelsi og sjálfstæði stofnana og fyrirtækja vera númer eitt, leggur til að lögbinda skattheimtu á sveitarfélögin og banna þeim sveitarfélögum að slá af útsvarinu sem þykjast hafa efni á því.

Þetta er nokkur miðstýring og ekki beinlínis í anda frelsisins. En ég hygg að ástæðan sé sú að ríkisstjórn vill taka þann kaleik af borgarstjórn Reykjavíkur að hækka útsvarið. Og það er náttúrlega mjög þægilegt fyrir borgarstjórnina í Reykjavík fyrir kosningarnar að segja að það hafi verið samþykkt lög á Alþingi um að þeir yrðu að hækka útsvarið. Þar með er náttúrlega tryggt að enginn getur verið neðan 8,4%. Það skyldi nú ekki vera að þetta væri sú prósenta sem Reykjavíkurborg hyggst leggja á. Ég er hins vegar svartsýnn að þeir komist af með þetta því bruðlið hefur verið svo mikið á undanförnum árum og fjárhagsstaða borgarinnar farið svo versnandi að ég hygg að það muni vera hæpið.

En þetta er náttúrlega alveg makalaus framvinda og ekki hæstv. ríkisstjórn til sóma að standa svona að málum.

Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., sem hér eru viðstödd umræðuna, hvort þessi lýsing mín sé ekki nokkurn veginn sannleikanum samkvæmt, hvort þetta sé ekki ástæðan fyrir þeim vendingum sem voru á þessum fjórum dögum frá því að samningurinn góði var gerður og þangað til bréf kemur frá þremur hæstv. ráðherrum um ekki svo litla breytingu, um hreinlega að lögbinda lágmarksútsvar og greiða 80 millj. í endurgreiðslu af virðisaukaskatt hjá strætisvögnum.

Það er margt óljóst varðandi þetta frv. og hefði áreiðanlega verið réttasta málsmeðferðin í þessu að láta það fyrirkomulag sem var í ár gilda eitt ár í viðbót þó að það væri gallað og gefa sér tíma til þess að fara betur yfir málið. Það er allsendis óvíst með hvaða hætti Jöfnunarsjóður sveitarfélaga kemur inn í þessa mynd þegar búið verður að endurskoða reglugerð um hann eftir áramótin. Það hefur beðið vegna þess að það var beðið eftir úrslitum úr kosningum um sameiningu sveitarfélaga. Endanleg niðurstaða liggur ekki fyrir í því fyrr en á næsta ári. Til nefndarinnar kom 10. des. minnisblað frá Húnboga Þorsteinssyni í félmrn. um þessi mál. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Á sl. ári vann nefnd að endurskoðun á ákvæðum reglugerðar sjóðsins um tekjujöfnunar- og þjónustuframlög. Þetta verkefni var vel á veg komið þegar ákvörðun var tekin um niðurfellingu aðstöðugjaldsins. Þótti þá rétt að gera hlé á þessari vinnu þar til fyrir lægi með tekjustofna í stað aðstöðugjaldsins og einnig þar til fyrir lægi hversu miklar breytingar verða á sveitarfélagaskipaninni í tengslum við átakið í sameiningu sveitarfélaga. Stefnt er að því að halda endurskoðun reglugerðarinnar áfram nú eftir áramótin."

Þetta mál er náttúrlega fullkomlega óljóst og í óvissu hverjar lyktir verða og hvernig sveitarfélögin standa að vígi eftir þessa breytingu.

Hér stendur í umsögn sem barst þann 6. des. frá borgarstjóranum í Reykjavík, sem er tekið æðimikið mark á í herbúðum hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. umhvrh. sem er ekkert ókunnugur í herbúðum Reykjavíkurborgar. (**SvG:** Hann var þá fyrir Alþb.) Það er rétt. (**SvG:** Það hefur breyst.) Það hefur breyst. Hann hefur ummyndast. (**Umhvrh.:** Og umhverfst.) Og umhverfst, hæstv. umhvrh. En hér stendur í þessari umsögn, með leyfi forseta:

„Það er ekki góð stjórnsýsla að breyta í sífellu jafnviðkvæmum og flóknum málum sem skattamál eru. Eðlilegt hefði verið að fá lengri reynslu af tekjustofnalögunum áður en farið var að umbylta þeim. Þetta var að vissu leyti viðurkennt með þeim breytingum sem gerðar voru á tekjustofnalögunum með lögum nr. 113/1992. Þar var kveðið á um að sveitarfélögin fengju á árinu 1993 greiðslur úr ríkissjóði vegna tekjumissisins sem þau urðu fyrir á því ári þegar fallið var frá innheimtu aðstöðugjalds.

Nú eru uppi ráðagerðir um stórfelldan verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga og tímasett að grunnskólinn verði alfarið verkefni sveitarfélaganna frá 1. ágúst 1995. Þetta hlýtur að kalla á mikla uppstokkun á tekjustofnum sveitarfélaga og tilfærslu skatta til

þeirra frá ríkinu. Því er skynsamlegt að láta aðgerðir í skattamálum bíða en halda a.m.k. á næsta ári óbreyttu fyrirkomulagi frá því sem í gildi hefur verið í ár."

Og nú er þetta frv. komið til 2. umr. en vegna þess hve þessi mál eru öll óljós, þá treystir minni hluti félmn. sér ekki til þess að standa að því þó að við viðurkennum auðvitað að þessum málum þarf að koma í horf til frambúðar. Það er bara lífsins ómögulegt að standa að þessu eins og þetta er vegna þess m.a. og ekki síst að vegna Jöfnunarsjóðsins er alls óvíst hvernig þetta kemur út fyrir sveitarfélögin.

Svo er líka annað mál gagnrýnisvert í þessu. Það er að við þessa kerfisbreytingu, sem hefði verið langeinfaldast að gera upp tekjuinnheimtuna á sléttu, þá er lætt inn a.m.k. 400 millj. kr. skattheimtu fyrir ríkissjóð. Það er alls staðar verið að fela skattheimtuna vegna þess að stjórnarflokkarnir og þá sérstaklega Sjálfstfl. og sjálfstæðismenn kosta kapps um að fela alla skattheimtu sem þeir mögulega geta. Um leið og skattinum um verslunar- og skrifstofuhúsnæði var skotið yfir á sveitarfélögin var laumað þarna inn nokkur hundruð millj. kr. skattheimtu fyrir ríkið.

Þetta er afar gagnrýnisvert. Ef það var ákvörðun um að afla þessara tekna átti að gera það á eðlilegan hátt með þá því skattafrv. sem er til umræðu á Alþingi þessa dagana **(Fjmrh.:** Þetta er einhver misskilningur.) og ganga hreint til verks í því. Þetta er morgunljóst, eins og sagt er. **(Fjmrh.:** Hvaða skattheimta er þetta?) Ef hæstv. fjmrh. efast gæti hann kannski gluggað í umsögn ASÍ. Hann tekur töluvert mark á Alþýðusambandi Íslands. Þar er greint frá þessu. **(Fjmrh.:** Þetta er allt annað mál.) Ef hann efast, þá er einnig greint frá þessum málum í umsögn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um málið. Hér er því ekki um nein vafaatriði að ræða varðandi þetta mál.

Ég mun ekki hafa öllu fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni. Hér er eitt dæmið um lagasetningu sem unnin er af miklum flýti á hv. Alþingi. Það væri sæmra að vanda sig meira og gefa sér aðeins meiri tíma. Ég held að það gildi um fleira en þetta frv. sem er til umræðu. Ég held að það sé oft mikil árátta að breyta lögum og stundum breytinganna vegna. Það gildir að vísu ekki um þetta. Ég studdi breytingu á aðstöðugjaldinu á sínum tíma, og taldi það rétt skref en ég tel að það verði að vanda vel það fyrirkomulag sem á að gilda til frambúðar í staðinn. En ýmsir þættir þessara mála, t.d. skatturinn á verslunar- og skrifstofuhúsnæði, eiga aðeins að gilda til eins árs.

[01:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt mál sem ég vil gera athugasemd við í ræðu hv. þm. Það er þegar hann segir að það sé verið að lauma inn 400 millj. kr. skattheimtu vegna þeirra breytinga sem hafa orðið á tekjustofnum sveitarfélaga annars vegar og skattheimtu ríkisins hins vegar. Þetta er auðvitað alrangt. Hér er verið að rugla saman því máli þegar áformum ríkisstjórnarinnar um launaskatt upp á hálft prósent var breytt í 0,35% tekjuskatt annars vegar og bifreiðagjöld hins vegar. Það mál er sett fram til mótvægis við lækkun á virðisaukaskatti enda eru skattar stórkostlega að lækka ef skattafrv. ríkisstjórnarinnar nær fram.

Sannleikurinn er sá að þetta frv. sem hér er til umræðu byggir á samningi milli ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífsins og ríkið hagnast ekkert á þeim samningi, ekki sveitarfélögin í heild né heldur atvinnulífið. Það sem hins vegar gerist er það að á milli sveitarfélaganna verður nokkur munur því öllum er ljóst að það er ekki hægt fyrir sveitarfélögin að fá nákvæmlega sömu tekjur út úr því þegar tekjurnar flytjast frá aðstöðugjaldi yfir í útsvar.

Þetta sem ég hef hér lýst kemur mjög rækilega fram í bréfi sem ég skrifaði hv. félmn. Þar er sýnt fram á að ríkið er ekki að hagnast nema í hæsta lagi um 50 millj. á þessari breytingu sem hér er verið að gera og er það innan allra skekkjumarka.

Ég bið þess vegna hv. þm. að sýna a.m.k. þá sanngirni í málflutningi að rugla ekki saman tveimur allsóskyldum efnum. Annars vegar lækkun á virðisaukaskatti og þeim tekjum sem ríkissjóður er að ná fram þess vegna, sem hvergi nærri duga, og svo þeim breytingum sem gerðar eru á tekjustofnalögum og skattalögum vegna samninga við sveitarfélögin.

[01:52]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Í umsögn Alþýðusambands Íslands um þetta mál stendur, með leyfi forseta:

„Til þess að bæta sveitarfélögum tekjutap sitt vegna afnáms aðstöðugjaldsins um síðustu áramót hyggst ríkisstjórnin færa 1,5% af tekjuskattsprósentu yfir til sveitarfélaganna með því að hækka hámarksálagningu útsvars úr 7,5 í 9,2%. Það skýtur nokkuð skökku við að útsvarsheimildin skuli hækkuð um 1,7% en tekjuskattur aðeins lækkaður um 1,5%, sérstaklega ef þess er gætt að ekki stendur til að breyta lögum um úthlutun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samkvæmt þeim reglum sem nú gilda verða sveitarfélög að fullnýta tekjustofna sína til að geta fengið úthlutun úr Jöfnunarsjóðnum og því eru stjórnvöld að setja verulegan þrýsting á sveitarfélögin að hækka útsvar sitt um 1,7% og auka þannig skattbyrðina um 0,2% eða 400 millj. kr.!"

Hæstv. fjmrh. heldur því fram að þessi skattlagning sé 55 millj. kr. en miðað við 9,2% álagningu þá er ljóst að þessi skattbyrði er a.m.k. 400 millj. kr.

[01:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú furðulegt að þurfa að standa hérna í kennslustund þegar þingmenn fara aftur og aftur með rangt mál. Jafnan sem gerð var í sumar á milli þessara þriggja aðila byggðist á því að tekjuskattur yrði færður niður um 1,5% og útsvarið hækkaði um 1,5%. Ef sveitarfélögin ætla öll að næla sér í 1,7% þá munu sveitarfélögin hvorki meira né minna en græða a.m.k. 320 millj. á meðan ríkið fer nokkurn veginn slétt út úr þessu.

Ég ætla að fara með þessar tölur: 1,5% lækkun tekjuskattshlutfalls einstaklinga, þ.e. 3,4 milljarðar kr., niðurfelling á skrifstofu- og verslunarhúsnæði 470 millj. kr., aukin hlutdeild sveitarfélaga í tekjuskatti felld niður, það eru tæpir 4 milljarðar kr., 500 millj. dragast frá vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á móti afnámi landsútsvars, aukin skil ÁTVR í ríkissjóð eru 325 millj. kr. í plús og hækkun bensíngjalds 140 millj. í plús. Ríkið getur grætt í hæsta máta 55 millj. kr. samkvæmt þessu. Sveitarfélögin missa tæpa 4 milljarða, niðurfelling landsútsvars 120 millj. kr., hlutur Jöfnunarsjóðs mínus 500 millj., 1,5% í útsvari 3,4 milljarðar. Síðan er um að ræða hækkun á fasteignasköttum, sérstakt álag á verslunar- og skrifstofuhúsnæði og framlag ríkisins til Jöfnunarsjóðs. Þau tapa 80 millj. kr. þegar þau hækka um 1,5% en hver tíund úr prósenti er u.þ.b. 200 millj. kr.

Ég harma það að einstaka sveitarstjórnir og Alþýðusambandið hafa verið að rugla saman málum því það er eins og sagt er deginum ljósara að ríkið hefur í einu og öllu farið að því samkomulagi sem gert var í sumar. Menn verða að horfa til allt annarra hluta þegar rætt er um hækkun á tekjuskatti um 0,35% eins og ég hef sagt áður.

[01:57]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er greinilegt að þessi talnaleikur kemur frekar illa við hæstv. fjmrh. En sýnt hefur verið fram á það með rökum að þarna er um 400 millj. kr. skattheimtu að ræða vegna þess að útsvarsheimild er hækkuð um 1,7% en tekjuskattur aðeins lækkaður um 1,5%. Ráðherrann blandar þarna saman ýmsum aðgerðum í ríkisfjármálum öðrum svo sem að fella niður landsútsvarið og auka framlag til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í staðinn.

[01:59]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Nú er auðvitað rétti tíminn, virðulegur forseti, til að hefja nokkuð ítarleg skoðanaskipti um þetta mál um tekjustofna sveitarfélaga og sérstök ástæða til að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það sem hann telur vera kennslustundir fyrir stjórnarandstöðuna. En mér sýndist hann nú fara með mjög skarðan hlut frá viðskiptum sínum við hv. 2. þm. Austurl. og hef ég sjaldan séð aðra eins útreið hér á næturfundum, það verð ég að segja, og hef ég þó setið hér býsna lengi. Ég sé að hæstv. umhvrh. kannast við það. Það er auðvitað dapurlegt miðað við öll þau gögn og alla þá sérfræðinga sem hæstv. fjmrh. hefur á sínum snærum hvernig hann lætur óbreytta hv. þm. úr félmn. vinda sig í málum af því tagi sem hér eru uppi þannig að ekki stendur steinn yfir steini.

Virðulegur forseti. Það sem ég hafði hugsað mér að nefna aðallega í þessari umræðu var tvennt. Það er annars vegar staða Reykjavíkur sérstaklega í þessu dæmi og hins vegar skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Að því er Reykjavík varðar þá snýr dæmið þannig að okkur þingmönnum Reykvíkinga að borgarstjórn Reykjavíkur og borgarstjórinn í Reykjavík skrifuðu félmn. Alþingis bréf, sem er dags. 6. des. 1993. Þar er farið fram á að ríkisstjórnin hætti við þær breytingar sem menn eru hér að tala um. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Þær breytingar, sem frv. gerir ráð fyrir að verði lögfestar, munu staðfesta og auka yfirfærslu á skattbyrði félaga og fyrirtækja á einstaklinga. [...] Með setningu þeirra laga og ákvæðum frv. nú er slitið að mestu á skattaleg tengsl sveitarfélaga við atvinnurekstur og þar með á nauðsynlegan og eðlilegan hvata fyrir sveitarfélögin að búa atvinnurekstri aðstöðu og laða hann til sín."

Síðan segir hér enn, með leyfi forseta:

„Lög um tekjustofna sveitarfélaga, sem tóku gildi í ársbyrjun 1990, hafa orðið til verulegra hagsbóta fyrir sveitarfélögin á landsbyggðinni. Ákvæði laganna um framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og um hækkun fasteignaskatts vegna viðmiðunar við matsverð eigna í Reykjavík hafa fært þeim umtalsverðar tekjur. Úr upplýsingum í Árbók sveitarfélaga 1993 má lesa að miðað við vísitölu framfærslukostnaðar hafa skatttekjur Reykjavíkur lækkað á gildistíma laganna að raungildi um 7% á sama tíma og skatttekjur kaupstaða utan höfuðborgarsvæðisins hafa hækkað um 4,6%."

Ég vek athygli á þessum tölum úr bréfi borgarstjóra Reykjavíkur sem mér finnst satt að segja nokkuð merkilegar. Því er haldið fram að rauntekjur Reykvíkinga af sköttum hafi lækkað um 7% frá árinu 1990 þegar lögin um tekjustofna sveitarfélaga tóku gildi til ársins 1993 en skatttekjur kaupstaða utan höfuðborgarsvæðisins hafi hins vegar hækkað á sama tíma um 4,6%. „Skatttekjur annarra sveitarfélaga á landsbyggðinni hafa einnig aukist", segir hér.

Að lokum segir í bréfinu, með leyfi forseta:

„Nú eru uppi ráðagerðir um stórfelldan verkefnaflutning frá ríki til sveitarfélaga og tímasett að grunnskólinn verði alfarið verkefni sveitarfélaganna frá 1. ágúst 1995. Þetta hlýtur aftur að kalla á mikla uppstokkun á tekjustofnum sveitarfélaga og tilfærslu skatta til þeirra frá ríkinu. Því er skynsamlegt að láta aðgerðir í skattamálum bíða en halda a.m.k. á næsta ári óbreyttu fyrirkomulagi frá því sem í gildi hefur verið í ár."

Þannig lýkur þessu bréfi. Mér þætti auðvitað vænt um ef hæstv. fjmrh. gæfi sér tíma frá kennslustörfum til að hlýða á það sem hér er verið að segja. Nema hann sé að meðtaka kennslu frá hv. 2. þm. Austurl. sem mér heyrist nú ekki veita af, að hv. þm. Jón Kristjánsson kenni fjmrh. eitthvað pínulítið í þessu máli.

En niðurstaða Reykjavíkurborgar er sú að hér sé um að ræða þannig lagaðar breytingar að þessu máli eigi öllu saman að fresta. Og þannig háttar til með þetta mál að það er alveg rétt sem hv. 2. þm. Austurl. sagði áðan að Reykvíkingar höfðu verulega miklar tekjur af aðstöðugjöldum umfram aðra íbúa í landinu. Þegar menn töluðu því annars vegar um 27.500 kr. í Reykjavík töluðu menn um 18.550 kr. á mann á Akureyri á sama tíma. Og í skjóli þessara gríðarlegu tekna af aðstöðugjöldum hafði Reykjavík ákveðið forskot. Hún notaði þessa fjármuni því miður mjög illa. Þeir voru notaðir til að byggja Perlu og ráðhús en þetta var ekki

notað til félagslegrar uppbyggingar hjá borginni. Auðvitað sáu menn ofsjónum yfir þessum miklu tekjum Reykvíkinga og sveitarfélagsins Reykjavík. Það var oft talað mikið um þetta m.a. úr þessum ræðustól af mönnum úr öllum flokkum og það var allt eðlilegt með það.

Síðan gerist það á árinu 1992 þegar menn horfa fram á verulegan vanda hjá atvinnuvegunum í landinu að farið er að ræða um hvernig best sé að koma til móts við þennan vanda atvinnuveganna. Niðurstaðan varð sú að það upphófst, mér liggur við að segja, kór manna úr öllum flokkum, m.a. mínum flokki, um að það sé skynsamlegt og nauðsynlegt að leggja niður þetta aðstöðugjald. (**Umhvrh.:** Hverjir úr þínum flokki?) Allir í raun og veru. Það má segja að það hafi verið stefna míns flokks eins og hygg ég annarra flokka. (**Gripið fram í:** Var hann ekki í flokknum þá?) Nei, það var einmitt eftir að hann fór úr flokknum. En „hann", bara fyrir þingtíðindin, er hæstv. umhvrh. Niðurstaðan varð því sú eftir að þessi kór hafði upphafist að menn felldu niður aðstöðugjöldin án þess að vita neitt hvað ætti að koma í staðinn. Hvað kom í staðinn? Jú, skattur á fólkið í landinu, á einstaklingana með tilteknum hætti eins og menn þekkja.

Nú er fyrirliggjandi eftir nokkurt nefndarstarf ákvörðun um að halda þessari skattlagningu á einstaklingana áfram. Og það er ekki hægt að neita því að gert er ráð fyrir stórfelldri hækkun skatta af tekjum einstaklinga frá því sem var þegar aðstöðugjaldskerfið var í gildi. Og ég segi fyrir mitt leyti að ég held að þessi ákvörðun um að fella niður aðstöðugjaldið með þessum hætti hafi verið stórkostlega hæpin. Af því að menn ákváðu ekki um leið hvaða gjöld önnur ætti að taka til að vega upp niðurfellingu aðstöðugjaldsins.

Út af fyrir sig kom þetta út með býsna skynsamlegum hætti víða, t.d. yfirleitt á landsbyggðinni. En þegar aftur á móti kemur að Reykjavík er alveg ljóst að hér er um afar ranglátan tilflutning á peningum að ræða. Flutningur skatta ... (Forseti hringir.)

Niðurstaðan er sú að það er verið að færa til skatta af fyrirtækjum í Reykjavík aðallega, gífurlega fjármuni, og þetta lendir allt á einstaklingunum, á launamönnunum, í þessu byggðarlagi. Ég er sannfærður um að þó menn geti hafa fundið ýmsar félagslegar, pólitískar og atvinnulegar ástæður fyrir niðurfellingu aðstöðugjaldsins annars staðar þá sneri þetta allt öðruvísi í Reykjavík. Staðreyndin er sú að hér voru menn oft að fella niður aðstöðugjöld t.d. af ýmsum verslunar- og þjónustufyrirtækjum sem eiga auðvitað að borga eitthvað til samfélagsins. Það er alveg rétt sem hæstv. forsrh. sagði oft á meðan hann var borgarstjóri og jafnvel eftir það að það er nauðsynlegt að halda einhverjum þannig löguðum tengslum á milli sveitarfélags og atvinnulífs eins og þarna var um að ræða. Það sjónarmið er reyndar ítrekað í því bréfi sem borgarstjórn Reykjavíkur skrifaði félmn. Alþingis þann 6. des. sl.

Ég held þess vegna að það sé alveg augljóst mál að hérna hafi ekki að öllu leyti verið stigið heilladrjúgt spor. Hér hafi menn verið að lækka skatta af fyrirtækjum að ófyrirsynju og flytja það yfir á launamenn í landinu. Og ég held að það hafi verið mistök að ganga fram í því með þeim hætti sem gert var án þess að tryggja um leið aðild fyrirtækjanna að samneyslunni með einhverjum öðrum hætti. Ég endurtek það að í rauninni kemur þetta langverst við Reykvíkinga.

Þegar þessir hlutir fara að þróast þá ákveða menn að í framhaldinu skuli í staðinn fyrir aðstöðugjaldið koma stórfelld hækkun á útsvari. Og þá er komið við hjartað í íhaldinu í Reykjavík vegna þess að það er það sem alltaf hefur verið sagt einkennismerki íhaldsins hér í Reykjavík að útsvörin hafi ekki breyst svo lengi sem elstu menn muna og a.m.k. jafnlengi og núv. hæstv. forsrh. var í borgarstjórn Reykjavíkur. Hann er búinn að hæla sér af því hundrað og fimmtíu sinnum. En viti menn. Nú hefur hann tekið ákvörðun um að láta sveitarfélögin og þar á meðal sérstaklega Reykjavík og sérstaklega láglaunafólkið í Reykjavík þola það að útsvarið muni hækka hér á kosningaárinu 1994 mjög verulega. Það eina sem eftir stendur af fyrirheitum Sjálfstfl. t.d. fyrir kosningarnar 1986, sem þáv. borgarstjóri hældi sér mjög af, er þess vegna hrunið af því að núna á að hækka útsvarið stórkostlega í þessu sveitarfélagi. Þetta er auðvitað með þeim hætti að það er ástæða til að mótmæla því mjög harðlega.

Síðan gerist svo hitt að borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík er í vissum vandræðum með málið. Þá gerist það að hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. bregðast við og leyfa hæstv. félmrh. að vera með og skrifa þetta ótrúlega bréf þar sem hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh., formaður og varaformaður Sjálfstfl., segja að þeir ákveði að útsvarið megi alls ekki vera lægra en 8,4%. Það er bannað. Undir lás og slá. Það er ótrúlegt. Þetta eru frelsisleiðtogarnir miklu. Hvað ætli þeir hafi oft talað um frelsi sveitarfélaganna, þessir menn? Nú er allt í einu búið að taka um það miðstýrða ákvörðun í sovéskum fornum stíl að útsvarið megi undir engum kringumstæðum fara niður fyrir 8,4% (**Fjmrh.:** Er ekki ræðumaður ánægður með það?) og stendur í þessu bréfi ...Er hæstv. fjmrh. búinn að biðja um orðið, hæstv. forseti, ef ég má spyrja?

(**Forseti** (VS)**:** Ekki hefur hann nú gert það enn.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir upplýsingarnar. Þessi frammíköll ráðherrans eru svolítið þreytandi. Hann er mjög ókyrr. En í bréfi ráðherranna, sem ég ætla að lesa í heild, með leyfi forseta, stendur:

„14. desember 1993.

Forsætisráðherra, félagsmálaráðherra og fjármálaráðherra leggja til við hv. félmn. Alþingis að heimild sveitarfélaga til útsvarsálagningar í tekjustofnalögum þeirra verði bundin við 8,4% lágmark. Ríkisstjórnin hefur samþykkt þessa málsmeðferð fyrir sitt leyti. Hjálagt fylgir afstaða Sambands ísl. sveitarfélaga sem gerir ekki athugasemd við þessa málsmeðferð."

Undir þetta rita þessir þrír hæstv. ráðherrar.

Málið liggur því þannig að borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík getur sagt: Við getum ómögulega hækkað þetta upp í minna en 8,4% af því að það er bannað að hafa þetta 8,3% og enn þá meira bannað að hafa það 8,2%. Borgarstjórn Reykjavíkur getur því sagt: Við erum lögbrjótar ef við hækkum þetta ekki upp í a.m.k. 8,4%. Það er niðurstaðan.

Hér er því uppi alveg ótrúlegur pólitískur hráskinnaleikur sem dugir þó ekki til að breiða yfir þá mikilvægu efnislegu staðreynd málsins að það er verið að taka ákvörðun um stórfellda hækkun á útsvari af Reykvíkingum á sama tíma og atvinnufyrirtæki í Reykjavík, sem auðvitað eiga að geta borgað eitthvað og eiga að borga eitthvað, sleppa við að borga hér verulega skatta. Þetta er það fyrsta.

Hitt málið, hæstv. forseti, sem ég ætlaði að vekja athygli á er þessi ótrúlega lending í sambandi við skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Það var 1978 á því sæla sumri að ákveðið var að fella niður söluskatt á mat. Það var gert með bráðabirgðalögum 1. sept. 1978. Í þeim bráðabirgðalögum var líka ákvæði um að það skyldi leggja sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þessi skattur var lagður á tímabundið og ég man alveg af hverju það var. Mér leist strax mjög vel á þennan skatt og fannst þetta sniðugur skattur. Krötunum leist illa á þennan skatt og vildu ekki leggja hann á nema í stuttan tíma í einu. Alþfl. var alveg á móti því að leggja skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði á nema í eitt ár í senn. Síðan hefur þessi skattur verið framlengdur ár eftir ár og það hefur farið tiltölulega lítill tími í það í þessari virðulegu stofnun að ræða málin nema þegar Sjálfstfl. hefur verið í stjórnarandstöðu. Þá hafa verið haldnar alveg svakalega langar ræður um þessi mál og methafi í þeim efnum er hv. 2. þm. Reykv., hæstv. fjmrh. Það var búið að sverja það mikið ekki alls fyrir löngu, fyrir tveimur árum eða svo, að hann yrði aldrei lagður á nema eitt ár í viðbót og strikaður út úr sögunni vonandi hið allra fyrsta. En hvað gerist þá? (Gripið fram í.) Góður skattur? (**Forsrh.:** Nú er maður spenntur.) Það er nefnilega það. Nú er maður spenntur. Ég er eiginlega alveg viss um það að hæstv. forsrh. hefur hugsað sem svo og hæstv. fjmrh.: Hvað á að gera við þennan skatt? Sjálfstfl. er búinn að lofa því að leggja þennan skatt af en við höfum ekki efni á því að sleppa honum. Hvað eigum við að gera? Það er verið að taka aðstöðugjaldið af fyrirtækjum þannig að það er sjálfsagt að láta þau borga einhvern skatt áfram. Hvað eigum við að gera? Og þá var það örugglega alveg eins með hæstv. forsrh. og nú að hann hefur beðið spenntur og fylgst með glaðhlakkalegum svipnum á fjmrh. sínum þegar hann kom með þessi tíðindi: Látum sveitarfélögin hirða hann. (**Fjmrh.:** Hver fann upp þennan skatt?) Það hugsa ég að hafi verið Alþb. Ég óska því hæstv. fjmrh. til hamingju með það að hafa haldið svona vel til haga þessu stefnumáli Alþb. Mér þykir vænt um það. Það má segja að það sé Sjálfstfl. til sóma um þessar mundir þegar fátt er orðið eftir af rósum í hnappagötum hans að hann skuli framfylgja stefnumálum Alþb. með þessum hætti.

Nú er Sjálfstfl. að lækka virðisaukaskatt á mat þannig að það má segja að Sjálfstfl. sé alveg á handahlaupum að framkvæma stefnu Alþb. og auðvitað þykir okkur vænt um það. (**Umhvrh.:** Er nokkur þörf fyrir Alþb.?) Við hljótum að fara að velta fyrir okkur sömu vandamálum og Kvennalistinn að þegar menn eru að ná markmiðum sínum hér og þar sem óðast þá hljóta menn að velta því fyrir sér hvort nokkur ástæða er til þess að menn haldi áfram uppteknum hætti. Þó eru nokkur mál eftir á vegum Alþb. sem Sjálfstfl. á eftir að taka upp en honum er velkomið að taka. Velkomið. Og það er skörulega að verki staðið í sambandi við skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Hvað er gert? Rúllað til sveitarfélaganna. (**Forsrh.:** Er þetta ekki bundið útvötnunarleiðinni?) Útflutningsleiðinni? (**Forsrh.:** Já.) Sagði hæstv. forsrh. útvötnunarleiðinni? (**Forsrh.:** Já.) Það er leið sem Sjálfstfl. er alveg einn um. Ég er alveg sammála því að það er full ástæða til að útvatna sumt sem Sjálfstfl. er með en hæstv. forsrh. átti bersýnilega við útflutningsleið og á þá við að nú sé ríkið að flytja skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði út til sveitarfélaganna. Hef ég satt að segja aldrei séð málið í þeim vinkli að það sé kannski fyrsta skrefið í þá átt að framkvæma útflutningsleið Alþb. að flytja skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði út til sveitarfélaganna. (**Gripið fram í:** Svo úr landi næst.) Hver veit um það. Hér er því bent á afar athyglisverða leið í þessu efni af hæstv. forsrh. eins og hans er von og vísa.

Sveitarfélögin eiga að hirða þennan skatt. Borgarstjórnaríhaldið í Reykjavík fær þennan skatt sendan svo að segja gratís frá ríkisstjórninni og situr uppi með hann. Þannig að tvennt gerist í senn: Í fyrsta lagi lætur forusta Sjálfstfl. borgarstjórn Reykjavíkur hækka útsvarið mjög verulega á láglaunafólki, einstaklingum og launamönnum hér. Í öðru lagi er borgarstjórn Reykjavíkur látin hirða í sinn kassa skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Innilegar heillaóskir hæstv. ráðherrar og leiðtogar Sjálfstfl. Ótrúleg frammistaða miðað við allar aðstæður.

Ég tel óhjákvæmilegt að mótmæla almennt þeim vinnubrögðum sem höfð eru uppi gagnvart Reykjavík í þessari málsmeðferð af hálfu þeirra þingmanna Sjálfstfl. sem þessu máli ráða. Ég tel mér skylt að koma þessum athugasemdum á framfæri sem þingmaður Reykvíkinga og ég vil að lokum leyfa mér að beina einni fyrirspurn til hæstv. félmrh. sem er flm. málsins. Það er þessi spurning: Hvaða rök eru fyrir því að sveitarfélag megi ekki leggja á útsvar undir 8,4% og hvaða refsingar mundu liggja við því ef sveitarfélag legði á 8,3% útsvar en ekki 8,4%?

Mér þætti vænt um ef hæstv. ráðherra sæi sér kleift að svara þessum einföldu spurningum.

[02:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að dvelja við þá jöfnu sem við ræddum áðan um, ég og hv. þm. Jón Kristjánsson. Ég held að hann hafi sannfærst þegar hann las sér betur til um málið. Ég vil eingöngu minnast á þennan skatt sem verður til þess að sá söknuður ríkir í brjósti hv. þm. Svavars Gestssonar sem hann lýsti í sinni ræðu að nú skuli skattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði hverfa. En ég vil jafnframt minna á það, virðulegi forseti, að þær tekjur sem sveitarfélögin öll til samans fá af þessum skatti eru 335 millj. og þessi skattur er lagður á atvinnustarfsemina. En skyldi

nú atvinnustarfsemin þola þennan skatt? Það væri gaman að spyrja að því þegar við berum tekjurnar af þessum skatti saman við þær tekjur sem sveitarfélögin höfðu áður af aðstöðugjaldinu sem voru 4 milljarðar. Með öðrum orðum erum við að bera saman tölur sem annars vegar eru 4 milljarðar, 4.000 millj., og hins vegar 335 millj., sem er sá hluti verslunar- og skrifstofuskattsins sem fer yfir til sveitarfélaganna. Þetta er ⅛ til ⅙ hluti og ég tel að fyrirtækin séu mjög vel í stakk búin til þess að greiða ⅙ af því sem þau áður greiddu í aðstöðugjöld nú í þessu formi til viðkomandi sveitarfélaga og tel að það sé hollt að mynda slíkt samband á milli sveitarfélaganna annars vegar og fyrirtækjanna hins vegar.

[02:22]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Virðulegi forseti. Ég hafði ekki áttað mig á þessum vinkli á málinu að frv. um að flytja skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði væri flutt af heilbrigðisástæðum fyrir atvinnurekstrinn í landinu. Ég var ekki að gagnrýna það að fyrirtæki væru látin borga þennan skatt, það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra. Ég var hins vegar að gagnrýna að það hefði verið gengið of langt í því að fella niður ýmis gjöld af atvinnurekstrinum og flytja þau yfir á einstaklingana og það kæmi langþyngst við í Reykjavík. Það var þetta sem ég var að gagnrýna en ekki hitt að ég teldi að fyrirtækjunum væri vorkunn að greiða þennan tæplega ⅒ líklega af aðstöðugjaldinu í formi skatts á skrifstofu- og verslunarhúsnæði. Þeim er engin vorkunn að gera það. En hitt er sniðugt að kalla þetta hollustugjald eins og hæstv. fjmrh. gerði áðan.

[02:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta orð „sniðugt" eigi að vera hól um fjmrh. En nú ætla ég að taka annað mál fyrir sem hv. þm. nefndi í sinni ræðu. Það var að verið væri að flytja mikið af skattheimtu af fyrirtækjunum yfir á einstaklinga. Það er vissulega rétt. En nú skulum við kanna það hvernig kaupmáttur ráðstöfunartekna breytist á milli áranna 1993 og 1994 verði fyrirliggjandi frv. samþykkt.

Það kemur nefnilega í ljós að kaupmáttur ráðstöfunartekna vegna skattbreytinganna breytist þannig að hann eykst um 0,5%. Með öðrum orðum leiðir skattalækkun ríkisstjórnarinnar núna til þess að kaupmáttur einstaklinganna, en hv. þm. segist bera hag þeirra mjög fyrir brjósti, batnar um hvorki meira né minna en 0,5%. Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram en hv. þm. skýldi sér á bak við þetta þegar hann gafst upp á rökum sínum varðandi sína eigin uppfinningu, skrifstofu- og verslunarskattinn.

[02:24]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Er það ekki þannig að verið sé að flytja þá fjármuni sem áður voru teknir í aðstöðugjald yfir í útsvar? Er það ekki þannig? Þar með er auðvitað verið að hækka útsvar á einstaklingum í landinu frá því sem ella hefði verið. Það er alveg ljóst. Hæstv. fjmrh. er því að beita sér fyrir því að fella niður þessa skatta á fyrirtæki með tilteknum hætti og hækka skatta, útsvör, á einstaklingunum, þvert á það sem Sjálfstfl. lofaði fyrir síðustu og næstsíðustu og kosningarnar þar áður.

Hér er því er enn eitt fyrirheitið svikið af hæstv. forustu Sjálfstfl.

[02:25]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði um rökin fyrir því að kveðið væri á um lágmarksútsvar. Hann nefndi einnig að með því væri verið að skerða sjálfsforræði sveitarfélaga. Það er ekki verið að skerða það meira en svo að Samband ísl. sveitarfélaga leggst ekki gegn þeirri hugmynd um að það verði kveðið á um lágmarksútsvar. Það færir rök fyrir því og ég get tekið undir þau. Þar kemur fram að veigamestu rökin fyrir því að lögbinda lágmarksútsvar eru þau að mismunur á útsvarsálagningu sveitarfélaganna verði minni og útsvarsgreiðslur íbúa landsins verði jafnari.

[02:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur enginn íslenskur stjórnmálamaður talað oftar um frelsi og sjálfstæði sveitarfélaganna en hæstv. núv. félmrh. Niðurstaðan er sú að sveitarfélögin eru svipt þessu frelsi með því að það er sagt sem svo: Sveitarfélögin mega alls ekki leggja á lægra útsvar en 8,4%. Það að Samband ísl. sveitarfélaga skuli hafa skrifað upp á þessi ósköp er í raun og veru engin frétt vegna þess að Samband ísl. sveitarfélaga er bersýnilega upp við vegg í þessu máli og á fárra eða engra kosta völ. Augljóst er því að með þessu ákvæði og með því að skrifa upp á bréfið með forustu Sjálfstfl. er Alþfl. að taka á sig ábyrgð á þeirri stórfelldu hækkun á útsvari sem Reykvíkingar munu verða að þola á næsta ári.

[02:27]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að Reykjavík er nefnd sérstaklega. Ef Reykjavíkurborg telur sig ekki þurfa á því að halda að hækka útsvar þetta mikið upp í 8,4%, og búið er að setja ákvæði um lágmarksútsvar þá er auðvitað Reykjavíkurborg, eins og reyndar öðrum sveitarfélögum, í lófa lagið að lækka aðra skatta sem þeir leggja á eins og fasteignaskatta eða vatnsskatt, hitaveitugjald eða fleiri skatta. Það getur því verið í hlut Reykjavíkur að lækka skattana annars staðar ef það þarf ekki á þessum fjármunum að halda.

[02:28]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel þessi svör engin svör. Hinn pólitíski kjarni málsins er sá, sem Alþfl. getur ekki skotið sér undan, að Alþfl. mun bera ásamt Sjálfstfl. ábyrgð á þeirri útsvarshækkun sem Reykvíkingar munu fá í hausinn á næsta ári eins og aðrir landsmenn. Það er mjög athyglisvert fyrir Reykvíkinga að velta því fyrir sér.

Og að lokum þetta, hæstv. félmrh. Hitaveitugjöld eru ekki skattar. Hitaveitugjöld er greiðsla fyrir þjónustu, hæstv. ráðherra.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3., 6., 8. og 11. mál.

Fundi slitið kl. 02:29.

---

67. FUNDUR

laugardaginn 18. des.,
kl. 9 árdegis.

Dagskrá:

1. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412. — Frh. 2. umr.
2. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403, 418 og 443. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284, nál. 402 og 417, brtt. 404. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106, nál. 387 og 428. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill., 150. mál, þskj. 167, nál. 438. — Síðari umr.
7. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 414. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.

Skattamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412.

[09:01]

Kristín Ástgeirsdóttir (frh.):

Virðulegi forseti. Það gerist margt á sólarhringum eins og þessum. (**Gripið fram í:** Ekki nógu margt.) Það er rétt hjá hv. frammíkallanda að það hefði fleira mátt gerast í ríkisfjármálunum, fyrst og fremst góð tíðindi náttúrlega sem við vildum fá að heyra, og fáum væntanlega aðeins að heyra af hér á eftir.

Ég vil í upphafi nefna að mér þykir málflutningur í þessu máli vera allsérstakur og málum vera þannig uppstillt eins og við séum að taka einhverja grundvallarafstöðu til þess hvort það eigi að koma á tveggja þrepa virðisaukaskattskerfi eða ekki. Ég lít ekki svo á að ég sé að taka hér einhverja framtíðarákvörðun um það hvort slíku kerfi verði komið á heldur fyrst og fremst það að við erum hér að fjalla um ákveðna aðgerð út frá kjarasamningum sem gerðir voru sl. vor. Það er fyrst og fremst í ljósi þess sem ég hef tekið mína afstöðu og tel að hér sé um að ræða breytingar sem eru mjög illa undirbúnar og hefðu þurft miklu lengri undirbúning og rannsókn þannig að menn gerðu sér grein fyrir afleiðingum þess sem verið er að gera auk þess sem ég er algerlega sannfærð um að hér er fyrst og fremst verið að flytja peninga til hinna efnameiri í þjóðfélaginu þó sú lækkun sem vonandi verður á matvælum, innfluttum matvælum fyrst og fremst, muni auðvitað skila sér til allra. En þó vil ég líka ítreka það sjónarmið að ég er ekkert sannfærð um að það eigi að lækka virðisaukaskatt á öllum matvælum. Ég tel að það sé hægt að beita skattlagningu til neyslustýringar og ég verð að segja það alveg eins og er að ég sé enga sérstaka ástæðu til þess að vera að lækka virðisaukaskatt sérstaklega á alls konar innfluttum pakkamat sem er mjög vaxandi í verslunum m.a. hér á höfuðborgarsvæðinu. Ég sé enga sérstaka hollustustefnu í því og teldi frekar að það ætti að reyna að snúa dæminu við og þróa neyslu landsmanna í átt til meiri hollustu og skattlagning er eitt af því sem hægt er að beita í þeim efnum. Þannig að ég mótmæli því að hér sé verið að taka einhverja endanlega ákvörðun um tveggja þrepa virðisaukaskatt og ég vitna í það sem segir í nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., með leyfi foreta:

„Það hefur um árabil verið skoðun undirritaðra nefndarmanna og stjórnmálasamtaka, sem þeir eru fulltrúar fyrir, að það beri að lækka verð á matvælum, einkum þeim sem vega þyngst í matarkaupum fjölskyldnanna í landinu. Breytingar á sköttum, svo og endurgreiðslum, koma auðvitað sterklega til greina þegar leitað er leiða til lækkunar matarverðs. Ríkisstjórnin hefur hins vegar staðið þannig að verki við undirbúning og afgreiðslu þess máls sem hér er til umræðu að ógjörningur er að styðja það."

Þetta er mergurinn málsins. Það er staðið þannig að verki hér að það er ekki hægt annað en að láta ríkisstjórnina bera ábyrgð á þessu máli.

Ég vil líka rifja það upp sem ég sagði í gær að það er verið að færa peninga úr einum vasa í annan og að gefa með annarri hendinni og taka með hinni. Í mínum huga er það alls ekki ljóst hvað kemur út úr því dæmi og sannast að segja efast ég um að sú lækkun sem verður á matvælum vegi upp á móti þeirri hækkun sem verður á tekjuskatti, útsvari og öðru því sem mun bitna á landsmönnum á næstu vikum og mánuðum.

Ég hafði hugsað mér að eyða töluverðum tíma af minni ræðu í ferðaþjónustuna og flutninga. En sem betur fer hafa þau tíðindi gerst að ríkisstjórnin hefur nú séð að sér og ætlar að draga til baka það atriði að leggja virðisaukaskatt á flutninga og hluta af ferðaþjónustunni og ég fagna því vissulega. Við munum væntanlega ræða það mál betur hér á eftir. Mér þykir vera órói hér í salnum, virðulegur forseti.

(**Forseti** (PJ)**:** Hafið hljótt á fundinum.)

Ég held að það sé ekki ástæða til að fara ítarlegar út í aðra þætti þessa frv., þ.e. breytingar á tollalögum og vörugjöldum. Þar er um allnokkrar breytingar að ræða og það er mjög ánægjulegt að það náðist samkomulag um að lækka vörugjöld á málningu þannig að samkeppnisstaða þeirrar vörutegundar batnar á markaðnum og er þá komið meira samræmi varðandi innlenda framleiðslu á byggingarvörum.

Ég ætla þá aðeins að víkja að þeim tillögum sem 2. minni hluti leggur til til breytinga á þessu frv. hér, þ.e. sú leið sem við hefðum viljað fara til að bæta og jafna kjörin í landinu. Það er auðvitað fyrst að nefna það sem er lykilatriði í þessu máli sem er að endurgreiðslum á virðisaukaskatti á öllum mikilvægustu matvælunum verði haldið áfram þannig að verði þeirra verði haldið sem næst því að þau beri 14% virðisaukaskatt. Inn í þetta tökum við m.a. fisk, sem er auðvitað mjög mikilvæg neysluvara, en mun hækka í verði nái þessar tillögur fram að ganga. Síðan leggjum við til að virðisaukaskatturinn lækki úr 24,5% í 23%. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar skilar þessi lækkun á virðisaukaskatti, sem nær auðvitað til allra þeirra þátta sem eru virðisaukaskattskyldir, álíka lækkun á verðlagi og í rauninni álíka kjarabótum. Mjög svipuðum kjarabótum og hin leiðin. Það má nefna að það er annar þáttur en matvæli sem vegur mjög þungt í kostnaði heimilanna og það er það sem snýr að húsnæði, húshitun o.fl. sem ríkisstjórnin lagði á virðisaukaskatt á þessu ári, reyndar 14% virðisaukaskatt og muni ekki lækka með þessari aðgerð, en menn gleyma því alltaf að það eru aðrir þættir sem vega mjög þungt í kostnaði heimilanna. Föt og barnaföt og ýmislegt sem að því snýr mundi lækka. En með lækkun af þessu tagi yrði komist hjá þessari miklu röskun í skattkerfinu sem fram undan er og hefði þurft miklu, miklu meiri og betri undirbúning eins og ég hef margoft nefnt.

Til þess að jafna kjörin þá leggjum við til 350 millj. kr. til viðbótar í barnabótaauka sem kæmi þá auðvitað barnafjölskyldum helst til góða. Við leggjum til að það verði hægt á ferðinni til að lækka tekjuskatt félaga og það er í rauninni furðulegt hve langt ríkisstjórnin gengur í því að lækka skatta á atvinnulífinu miðað við það ástand sem við búum við og hún gerir það auðvitað á alla línuna eins og alltaf þegar hún grípur til aðgerða þá er ekki verið að meta hverjir standa vel og hverjir illa heldur er alltaf lækkað á alla línuna og Eimskip og „kolkrabbinn" fær bara að græða í friði.

En til að létta nú örlítið á hinu þrautpínda atvinnulífi þá leggjum við reyndar til að það verði hætt við að hækka tryggingagjaldið og það snýr að því að þetta er launatengt gjald og á að skila ríkissjóði 560 millj. kr. en ef þetta gjald verður hækkað þá mun það skila sér út í verðlagið með einum eða öðrum hætti. Þarna er einmitt komið enn eitt dæmið af því, sem ég nefndi hér áðan, þar sem er verið að taka með annarri hendinni og gefa með hinni.

Síðan er kannski ekki síst að nefna það atriði sem ég vona nú að þingheimur muni samþykkja síðar í dag eða í nótt eða á mánudag eða hvenær sem kemur að atkvæðagreiðslu og það er það að atriði að breikka eignarskattsstofninn þannig að hann nái til fjármagnseigna. Jafnframt leggjum við til að hinn umdeildi ekknaskattur verði lagður niður. Gefst nú Sjálfstæðisflokknum loksins tækifæri til að leggja þennan skatt niður. Held ég að frú Þuríður Pálsdóttir verði glöð þegar hún fréttir þetta. En þessi tekjuöflun gefur eitthvað á bilinu 600–800 millj. kr. í auknar tekjur. Við töldum að þessi breikkun á eignarskattstofni mundi skila um 800 millj. en Þjóðhagsstofnun metur það þannig að þetta séu um 600 millj. kr. og ætti nú hæstv. fjmrh. að hlusta vel á þessa tillögu og hafa í huga gagnvart hinum svelta ríkissjóði.

Síðast en ekki síst leggjum við til það sem við teljum vera mjög skynsamlegt í þessu máli að sett verði nefnd á laggir til að skoða kosti þess og galla að festa hér í sessi tveggja þrepa virðisaukaskatt auk þess sem menn skoði aðrar leiðir í skattamálum sem megi verða til að jafna kjörin.

Þetta eru helstu atriðin í þeirri leið sem við hefðum viljað fara við þessar aðstæður og tengist því að menn eru í rauninni sammála um það að lækkun á virðisaukaskatti á matvælum sé ákaflega ómarkviss leið til tekjujöfnunar og þarf ekki að ítreka það hér enn einu sinni.

Að lokum, virðulegur forseti, ætla ég rétt að nefna það að þrátt fyrir ýmis slæm tíðindi og vanhugsaðar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur gripið til þá hafa okkur nú borist þau tíðindi á allra síðustu dögum að þjóðarbúið standi heldur skár en menn höfðu reiknað með. Þar koma til auknar veiðar og meiri útflutningur. Þetta þýðir að það dregur heldur úr ríkissjóðshallanum og það verður að segjast að þetta eru gleðileg tíðindi í þeim samdrætti sem við höfum átt við að búa. En það breytir ekki því að Þjóðhagsstofnun lítur þannig á að það ár sem nú fer í hönd verði það erfiðasta. Fram undan sé erfiðasta árið en síðan muni aftur fara að birta til. Nú er auðvitað ómögulegt að segja hvort þessi spá rætist. Það veltur auðvitað mikið á því hvað gerist út í hinum stóra heimi en við skulum reyna að vera bjartsýn og vona að það rætist úr. En hitt er annað mál að á meðan ríkisstjórnin stjórnar með þeim hætti sem hér hefur tíðkast og heldur áfram að auka hallann á ríkissjóði og gefst upp við allar óvinsælar aðgerðir af því að það eru að koma kosningar þá er kannski ekki á góðu von. En það er auðvitað staðreynd og við verðum öll að horfast í augu við það að með því að ríkissjóður safnar jafnmiklum skuldum og raun ber vitni þá erum við að skapa hér mikinn vanda sem þjóðin mun þurfa að glíma við á komandi árum. Sá samdráttur sem við höfum verið að ganga í gegnum hefur þýtt kjara-

skerðingu og hann mun þýða kjaraskerðingu, hjá því er ekki hægt að komast. Og málið er auðvitað það að jafna þeirri kjaraskerðingu á þann hátt að þeir taki meira á sig sem betur hafa og við hlífum þeim sem verst standa. Því miður gerist það ekki í þessu skattafrv. hér. Það er enn einu sinni verið að fara í vasa þeirra sem verr standa eða það er alla vega sú útkoma sem ég fæ út úr þessu dæmi vegna þess m.a. að það var ekki gripið til þeirra aðgerða sem áttu að fylgja þessari lækkun á matarskatti sem kemur sem sagt öllum til góða en skilar þeim fleiri krónum sem hafa meiri neyslu. Mín niðurstaða af þessu öllu saman er sú að ég treysti mér ekki til að styðja þessa breytingu á virðisaukaskatti þó ég sé fylgjandi ýmsum öðrum atriðum í frv. En það eru líka önnur mál sem erfitt er að styðja eins og hækkun á tekjuskatti.

Ég vil að lokum taka undir það sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson sagði að í öllu þessu mikla fári í kringum virðisaukaskattinn hefur kannski ekki gefist nægilegur tími til að kanna ýmis önnur mál eins og hið nýja markaðsgjald. En í ljósi þeirra staðreynda að það er verið að leggja álögur á allan almenning í landinu þá held ég að við verðum nú að dreifa álögum á atvinnulífið líka.

[09:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að óska eftir því við hv. efh.- og viðskn. að gerðar verði breytingar á því frv. sem hér er til umræðu á milli 2. og 3. umr. Þær breytingar sem um er að ræða eru þær að fólksflutningar og ferðaskrifstofuþjónusta færist undan skattskyldu en jafnframt verði tryggingagjald á þessum greinum fært aftur til þess horfs sem það er nú í eða úr 2,5% í 6%.

Það er ósk mín, virðulegur forseti, að brtt. þessar verði teknar til umræðu í nefndinni á sérstökum fundi sem yrði þá væntanlega boðaður á milli 2. og 3. umr. Það er jafnframt ósk mín að brtt. hv. minni hluta sem lúta að þessum atriðum sérstaklega verði kallaðar aftur til að hægt verði að skoða þær ásamt þessum á milli 2. og 3. umr. málsins.

[09:19]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er að sjálfsögðu jákvætt að ríkisstjórnin og meiri hlutinn hefur tekið þessa ákvörðun en í reynd var búið að taka hana þegar það var ákveðið að endurgreiða virðisaukaskatt af almenningsvögnum eins og hér á höfuðborgarsvæðinu. Það gat náttúrlega ekki gengið að mismuna aðilum með þeim hætti eins og til stóð.

Ég vil taka það fram að ég tel að þessi ákvörðun sé á engan hátt fullnægjandi í þessu máli. Ég ítreka fyrirvara mína í sambandi við virðisaukaskatt og hversu hættulegt það er að Alþingi taki nú þær ákvarðanir sem standa fyrir dyrum og bið menn að hlusta á allar þær aðvaranir sem koma frá fjölmörgum aðilum í landinu, ekki síst fagfólki sem telur að hér sé verið að stórskemma mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkisins.

Ég vil jafnframt taka það fram að áfram er haldið á þeirri braut að leggja virðisaukaskatt á mikilvægan þátt ferðaþjónustunnar innan lands, þ.e. gistingin, skattur sem mun koma á á næsta ári án þess að það hafi á nokkurn hátt verið gert ráð fyrir því í verðlagi sem ákveðið er á síðasta ári. Það er ekki hægt að hækka verð á gistingu um þessar mundir því ef það er gert þá mun Ísland eyðileggja sína samkeppnisstöðu á erlendum markaði. Ég vil biðja hæstv. fjmrh. að taka tillit til þessa og hugsa um það vegna þess að ef samkeppnisstaðan er eyðilögð þá munu Íslendingar verða af verulegum gjaldeyristekjum.

[09:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir góðar undirtektir við hluta af málflutningi mínum hér áðan en jafnframt harma að hann skuli telja að þetta sé ekki nægilegt til að góður friður náist um málið. Ég vil taka fram að það er ólíku saman að jafna annars vegar rekstrarstyrkjum sveitarfélaga til almenningssamgangna innan héraða og hins vegar flugi innan lands en þessum rökum var sífelldlega beitt hér í umræðunum. Í umræðum um þessi mál kom margoft fram að mjög margir þingmenn töldu að hér væri um sérstakan landsbyggðarskatt að ræða. Það hefur verið farið ofan í þetta mál og til þess að það velkist nú enginn í vafa um það þá mun ríkisstjórnin að sjálfsögðu ekki leggja á skatta sem almennt er talið af þingmönnum vera sérstakir landsbyggðarskattar. Það stóð ekki til.

Í öðru lagi vil ég frá því segja að það er ekkert óeðlilegt við það þótt gistingin verði undir virðisaukaskatt seld vegna þess að veitingarekstur inn er það nú þegar og oftast fer saman gisting og veitingahúsarekstur eins og ég veit að hv. þm. þekkir. Fyrir ári síðan voru þessar breytingar gerðar. Það hefur enginn þær afsakanir að geta ekki undirbúið sig undir breytingar sem munu verða um næstu áramót. Hér er verið að breyta lögum sem í raun og veru tóku gildi fyrir u.þ.b. ári.

Það má vel vera að eitthvað sé hæft í þeim rökum sem hafa komið fram hjá hv. þm. varðandi þá kerfisbreytingu sem fyrst og fremst hefur verið til umræðu hér við þessa umræðu en ég vil taka það fram að ástæðan fyrir því að verið er að breyta skattalögum hér nú til þess að lækka skatta fyrir þá sem þurfa talsvert á mat að halda í sínum búskap og það eru nú mjög margir, ástæðan er sú að ríkisstjórnin vill stuðla að stöðugleika og vinnufriði í landinu og telur að það markmið sé ákaflega mikilvægt. (Forseti hringir.) Ég vænti þess, virðulegur forseti, að þingmenn hafi skilning á slíku í þessum málum.

[09:24]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að sjálfsögðu rétt að efh.- og viðskn. taki þetta mál fyrir og fari ofan í það. Ég vil jafnframt benda hæstv. fjmrh. á þá staðreynd að það hefur verið fjárfest mjög mikið í gistihúsum hér á landi á undanförnum árum. Þessir aðilar hafa borgað virðisaukaskatt af þessu gistirými. Þetta skiptir að sjálfsögðu mjög miklu máli vegna þess að við ákvörðun-

ina mun koma veruleg mismunun. Það er mikið af gistirými ónýtt, sem ekki er not fyrir í landinu, og það er mikið á að sækja í sambandi við það að fá fleiri ferðamenn til landsins.

Það hefur á engan hátt verið gerð tilraun til að reyna að taka tillit til þessarar staðreyndar. Hæstv. samgrh. hefur annað slagið rætt þetta mál m.a. við mig og ég vænti þess að í störfum nefndarinnar sé fjmrn. tilbúið til að veita upplýsingar um þennan þátt málsins. Ég ætla ekki hér í þessu andsvari að fara að ræða við hæstv. fjmrh. um kerfisbreytinguna almennt en ég veit það að hæstv. fjmrh. gerir sér það ljóst að hér er um stórslys að ræða.

[09:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að ætla að boða fund í nefndinni og jafnframt fyrir framlag hans til slysavarna hér í þessum umræðum en sjálfsagt eru einhverjir því miður sem taka ekkert tillit til óska hans í þeim efnum.

Varðandi virðisaukaskattinn á gistirýminu skal það tekið fram að fyrir ári síðan voru þessi lög sett. Þá þegar gátu gistihúsin látið skrá sig sem þýðir það að sú fjárfesting, sem hefur átt sér stað í greininni, kemur að sjálfsögðu til frádráttar. Það vandamál sem hv. þm. er hins vegar að nefna hefur verið þrautkannað í fjmrn. Það verður að fara eins með þetta mál núna og þegar virðisaukaskatturinn var tekinn upp almennt. En það vandamál er auðvitað þekkt að ýmis stofnkostnaður, sem efnt hefur verið til, hefur fallið til áður en virðisaukaskatturinn tók gildi og þess vegna kemur stofnkostnaðurinn, þ.e. skatturinn á stofnkostnað, ekki til frádráttar útskattinum. Það er sjálfsagt í dag á fundi nefndarinnar að fara yfir þetta mál en ég bendi á að við stöndum frammi fyrir nákvæmlega sömu vandamálum í þessari grein þegar virðisaukaskatturinn er settur á eins og í öllum greinum fyrir örfáum árum þegar þetta sama gerðist í öðrum greinum. Og það hefur kannski verið tekið meira tillit til þess í þessu máli heldur en í öllum öðrum vegna þess að fyrirtækin höfðu heimild til að skrá sig með árs fyrirvara þannig að hægt væri að taka tillit til stofnkostnaðarins allt þetta ár. Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram í umræðunni. En ég skil hv. þm. þannig að hann muni vilja greiða fyrir þessu máli með því að halda fund í nefndinni strax að þessum umræðum loknum en þessar umræður hafa staðið nú þegar alllengi eins og ég veit að hv. þm. geta tekið undir með mér.

[09:28]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst í sambandi við að þessar umræður hafi staðið alllengi. Það er verið að ræða hérna átta lagafrv. í einum bandormi og ég kalla það ekki lengi þó hér hafi staðið framsöguræður fyrir fjórum minnihlutaálitum nefndarinnar í nokkra klukkutíma. Ég fagna því að sjálfsögðu að hæstv. fjmrh. opnar á það að lagfæra þetta mál og við hljótum að taka því tilboði hans að halda þegar fund í efh.- og viðskn. og fara yfir það. Ég bauð reyndar upp á það í minni ræðu og nefndi þá sérstaklega þessa þætti sem hér hefur verið opnað á að gangi til baka. Hitt er svo annað mál að auðvitað hefðum við viljað sjá þar að betur væri tekið til hendinni og menn viðurkenndu það sem hreinlegast væri að þessi skattlagning á ferðaþjónustuna sem heild er mjög misráðin. En við hljótum að viðurkenna að þetta er í rétta átt að fella þó út það sem að mínu mati var allra óréttlátasti hluti hennar sem var sú skattlagning sem átti að standa eftir á öðrum almenningssamgöngum en þeim sem eru hér á höfuðborgarsvæðinu fyrst og fremst með því að ríkisstjórnin hafði þegar ákveðið endurgreiðslu á þeim. En ég tel að þetta þurfi sem sagt að skoða út frá innbyrðisstöðu einstakra greina ferðaþjónustunnar því þá er auðvitað orðið ljóst að það vakna spurningar um samræmingu í þeim efnum. Það er sjálfsagt mál að taka brtt. til baka nú við 2. umr. og eðlilegt að þær komi síðan fram eftir að ljóst er hver verður endanleg gerð málsins.

Varðandi það sem hér varð tilefni orðaskipta um endurgreiðslu uppsafnaðs virðisaukaskatts þá minni ég hæstv. fjmrh. á að það er nærtækt að vísa til endurgreiðslna á uppsöfnuðum söluskatti sem var tíðkað í stórum stíl á umliðnum árum til samanburðar gagnvart t.d. stöðu gistingarinnar núna. (Forseti hringir.) Og í raun réttlætismál að hún fái þann hluta að einhverju bættan þó það kunni að vera talsvert flókið útfærsluatriði að ganga frá slíkum reglum.

[09:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. hér áðan að honum finnst þessi umræða hafa staðið óþarflega lengi. Ég held ekki að það sé vegna þess að það eru svo margir tímar, ég held að það sé fyrst og fremst vegna þess að það hefur sviðið undan þessari umræðu. Og að hæstv. fjmrh. er það fyllilega ljóst að ríkisstjórnin er hér ekki á réttri leið. Það er ekki stórmannlegt af hæstv. ríkisstjórn að skjóta sér á bak við samninga aðila vinnumarkaðarins. Ef það er svo að það er hægt að ná þeim markmiðum sem stefnt var að í kjarasamningunum á betri hátt og hagkvæmari en var á servéttunni sem var rennt yfir borðið þegar þessi lína var lögð þá eiga menn að sjálfsögðu að hafa kjark til að skoða þá leið og hrinda henni í framkvæmd. Ég er ekki búinn að sjá það að kjarasamningum hefði verið sagt upp út á hreint tæknilegt atriði.

Virðulegur forseti. Ég minni á að það er ljóst að aðgerðir ríkisstjórnarinnar núna eru illa undirbúnar og illframkvæmanlegar með svo skömmum fyrirvara eins og gert er ráð fyrir. Ég minni einnig á að 2. minni hluti efh.- og viðskn. setur fram heildstæðar tillögur sem felast í eftirfarandi atriðum, með leyfi forseta:

1. Þeim endurgreiðslum á virðisaukaskatti sem verið hafa seinni hluta þessa árs á innlend matvæli verði haldið áfram.

2. Almenna virðisaukaskattprósentan verði lækkuð úr 24 í 23%. Þessi aðgerð, með því að viðhalda endurgreiðslum, skilar launafólki sömu niðurstöðu hvað varðar tekjujöfnun og lægra vaskþrep á matvæli.

3. Til frekari tekjujöfnunar fyrir þá lægstlaunuðu

verði varið 200 millj. kr. í vaxtabætur og 350 millj. í barnabótaauka.

4. Tekjuskattur félaga verði hækkaður úr því sem áætlað er nú 33% í 35% sem gefur ríkissjóði 150 millj. kr. í auknar tekjur.

5. Hætt verður við að hækka tryggingagjald á atvinnulífi upp á 0,35% sem hefði kostað atvinnulífið 560 millj. og að sjálfsögðu hefði farið að verulegu leyti beint út í verðlagið.

6. Hætt verður við að taka upp virðisaukaskatt á ferðaþjónustu en hún greiði áfram sama tryggingagjald og aðrar greinar. Þetta kostar ríkissjóð 250 millj. kr. Þetta er þó það atriði sem ríkisstjórnin er að fallast á að taka upp.

7. Engar breytingar verða á vörugjaldi sem bætir stöðu ríkissjóðs um 165 millj. kr.

8. Til þess að ná dæminu saman verður fjármagnseign gerð eignarskattskyld eins og aðrar eignir en um leið verða skattleysismörk eignarskatts lækkuð um sem svarar einni millj. kr. af hjónum og hærra þrep afnumið en þar er um að ræða hinn illræmda og margumrædda ekknaskatt. Þessar aðgerðir í heild gefa ríkissjóði um 600 millj. kr. í auknar tekjur.

9. Í ákvæði til bráðabirgða er lagt til að skipuð verði nefnd þingflokka á Alþingi, aðila vinnumarkaðarins og fjármálaráðherra. Hún á að kanna kosti og galla tveggja þrepa virðisaukaskatts og aðrar aðgerðir í skattamálum sem geta orðið til tekjujöfnunar.

Virðulegur forseti. Samandregið þýða þessar tillögur eftirfarandi: Þær þjóna betur því markmiði að jafna tekjur en þær hroðvirknislegu aðgerðir sem ríkisstjórnin boðar auk þess sem þær styrkja stöðu innlendrar matvöru gagnvart innflutningi. Verðlagsáhrifin eru meiri, verðlag lækkar um 1,1% á móti 0,9 samkvæmt því sem ríkisstjórnin leggur til. Hætt verður við afar umdeilda skattlagningu á samgöngur og ferðaþjónustu. Staða ríkissjóðs batnar að mati Þjóðhagsstofnunar. Í því mati er þó ekki tekið tilliti til aukins kostnaðar við skattheimtu og aukin undanskot ef tillögur ríkisstjórnarinnar ná fram að ganga. Auk þess fellur verulegur kostnaður á atvinnulífið við framkvæmd tveggja þrepa virðisaukaskatts.

Flm. eru ekki að loka á að seinna og með betri undirbúningi verði tekin upp tvö þrep í virðisaukaskatti en benda á að allar upplýsingar sem komið hafa fram á síðustu dögum benda til að slík aðferð hafi nánast engin áhrif til tekjujöfnunar umfram endurgreiðslur af hluta vasksins á innlend matvæli sem nú eru í gildi.

Þetta er nú að mínu mati kjarni málsins. Og ég held reyndar að það sé nokkuð langt síðan að stjórnarandstöðuflokkur hefur komið fram með eins heildstæðan pakka í fjármálum ríkisins til að takast á við það sem er fram undan.

Ég vil einnig benda á það sem kemur fram í áliti Þjóðhagsstofnunar um þessar tillögur. En þar segir, með leyfi forseta:

„Umræddar tillögur hafa með ýmsum hætti áhrif á kaupmátt. Þannig hefur minni verðbólga í för með sér aukinn kaupmátt, í sömu átt ganga að sjálfsögðu hækkanir bóta. Á móti vegur hins vegar að skattar á eignir eru hækkaðir. Í tillögunum felast því tilfærslur á skattlagningu á þá leið að kaupmáttur launa og hvers kyns bóta eykst nokkuð en ráðstöfunarfé eignamanna minnkar. Þegar á heildina er litið eru hins vegar áhrif á kaupmátt ráðstöfunartekna ekki veruleg. Ég vil sérstaklega ítreka það sem hér kemur fram að í tillögunum felast tilfærslur á skattlagningu á þá leið að kaupmáttur launa og hvers kyns bóta eykst nokkuð en ráðstöfunarfé eignamanna minnkar.

Virðulegur forseti. Nú veit ég ekki hvort hæstv. fjmrh. heyrir orð mín og ég hefði viljað, hæstv. forseti, hafa einhverja hugmynd um það hvort hæstv. fjmrh. er hér einhvers staðar eða ...

(**Forseti** (PJ)**:** Hæstv. fjmrh. er hér í dyrunum.)

Virðulegur forseti. Ég var búinn að heyra að hæstv. fjmrh. væri orðinn þreyttur á þessari umræðu sem hann kallar nú reyndar tilraunir til slysavarna og viðurkennir þá væntanlega að hér sé ríkisstjórnin ekki á alveg réttri braut. Hæstv. ráðherra sagði reyndar í nótt að það að halda áfram að gefa sveitarfélögunum kost á að leggja áfram skatta á skrifstofu- og verslunarhúsnæði væri heilbrigðismál þannig að honum er þessi þáttur, slysavarnir og heilbrigðismál, greinilega hugleikinn núna. En þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra að einu sem tengist þessum skattabreytingum en ég hafði ekki almennilega gert mér grein fyrir fyrr en í nótt einfaldlega vegna mikilla starfa í efh.- og viðskn. þá hafa menn nú ekki alveg áttað sig á hvað væri að gerast annars staðar í þinginu. En hér er allt í einu komin upp tillaga þar sem er komið fram að því er mér skilst að frumkvæði ríkisstjórnarinnar sem bannar aðilum að lækka skatta. Þar sem er þetta furðulega gólf á útsvarið. Að sveitarfélög megi ekki lækka skatt, megi ekki leggja á lægra útsvar en 8,4%. Eina skýringin sem ráðherrar gátu gefið hér á göngum var sú að þetta væri til þess að forða því að Akurnesingar flyttust unnvörpum upp í Skilmannahrepp en þar ku útsvar hafa verið milli 2 og 3% á síðustu árum.

En nú ætlar ríkisstjórnin að hafa forgöngu um það að þau sveitarfélög sem geta lagt á lægra útsvar en annars staðar séu lögþvinguð til þess að leggja á 8,4% útsvar. Hæstv. félmrh. kom hér í nótt og sagði: Þetta er allt í lagi, sveitarfélögin geta þá lækkað önnur gjöld eins og vatnsskattinn og gatnagerðargjöldin og ýmislegt annað. En í ýmsum dreifbýlisbyggðarlögum þar sem er engin vatnsveita og lítið um gatnagerð en menn hafa séð ástæðu til þess að vera ekkert að leggja mjög há útsvör á þar grípa menn ekki til þessarar ráðgerðar. Þannig að ég vil biðja hæstv. ráðherra, af því að þetta tengist þessum ríkisfjármálum í heild, að gefa mér haldbæra skýringu á því hvernig í ósköpunum stendur á því að Sjálfstfl., sem lofaði því fyrir síðustu kosningar að lækka skatta, ætlar nú að banna sveitarfélögunum með lögum að lækka skatta. Ef einhver hefði sagt þetta innan Sjálfstfl. fyrir síðustu kosningar að það ætti að banna Reykjavíkurborg og öðrum sveitarfélögum með lögum að lækka útsvar ef það væri tækifæri og aðstaða til þess, ef einhver sjálfstæðismaður hefði sagt þetta fyrir síðustu kosningar, ég veit ekki hvað hefði verið haldið um hann. Eða hvað segir hv.

þm. Eyjólfur Konráð Jónsson um það? (**EKJ:** Ekki neitt.) Hefði ekkert verið sagt um það? (Gripið fram í.) Ég er ansi hræddur um að viðkomandi maður hefði bara verið útskúfaður úr samfélagi sjálfstæðismanna. En þetta er nú svona og ekki dettur mér í hug að ýja að því að þetta sé vegna þess að Reykjavíkurborg sem árum saman gumaði að því að leggja á lægra útsvar en aðrir vilji að Alþingi tryggi það með lögum að þá geti önnur sveitarfélög, kannski hér í nágrenninu, ekki sýnt fram á lægra útsvar en borgin og þá afhjúpist það að lágt útsvar í Reykjavíkurborg byggðist á því að borgin skattlegði atvinnulífið umfram öll önnur sveitarfélög með aðstöðugjaldi. Þetta finnst mér nokkuð mikilvægt atriði í þessu.

Mönnum hefur í þessari umræðu verið nokkuð tíðrætt um afstöðu Framsfl. og það svona gekk um gangana í gær að ef Alþb. tæki viðbótarumræðu í skattamálunum þá væri það til þess að taka eins og tveggja tíma syrpu á Framsfl. En ég vil taka það fram að þegar ég stóð í verulegri baráttu á haustþingi 1989 fyrir lægri skattlagingu á matvælum þá beindist mín umræða alla tíð að því að það yrði sett lægra þrep á innlend matvæli en aðrar vörur. Ég beygði mig fyrir þeim rökum að það væri ekki tæknilega framkvæmanlegt, það yrðu þá að vera öll matvæli. Ég beygði mig þá fyrir þeim rökum að það væri e.t.v. skynsamlegra að gera það þannig að endurgreiða virðisaukaskattinn af þessum þætti. Það er einmitt eitt meginatriðið í tillögum okkar 2. minni hluta að viðhalda víðtækum endurgreiðslum á innlend matvæli. Ég vil benda á í þessu sambandi að ef tillögur ríkisstjórnarinnar gengju fram um áramótin þá mundi verðlag á mikilvægum málaflokkum eins og öllu kjöti, mjólk, rjóma, osti og eggjum ekki breytast neitt. En verð á innfluttum vörum mundi lækka um allt að 8,4%.

Ég bendi einnig á að fyrir nokkrum vikum þegar mjólkurframleiðendur og mjólkuriðnaðurinn í landinu gerði óhjákvæmilegar breytingar á markaðsaðstæðum á mjólkurverði þá fór af stað mikil alda sem sagði að þarna væri gengið á móti manneldissjónarmiði. Ef einhver aðili í þjóðfélaginu á í aðgerðum sínum að stuðla að því sem menn telja vera manneldisstefnu á hverjum tíma, sem byggist að vísu alltaf á mati sem kann að vera umdeilanlegt, þá er það ríkisvaldið með sínum aðgerðum. En það sem mundi gerast hvað þetta snertir með þeim breytingum sem ríkisstjórnin vill gera er það að hollustuvörur, sem menn töluðu um við þessa verðbreytingu um daginn, eins og magrari mjólkurvörur standa í stað en smjör, smjörlíki og matarolía lækka um 8,4%. Hollustudrykkur sem mönnum var tíðrætt um í þeirri breytingu, sem er undanrennan, mundi standa í stað í verði en gosdrykkir, sykurdrykkir, lækka um 5%. Það er enginn vafi á því og það staðfestir m.a. úttekt sem hefur fengist frá Þjóðhagsstofnun að þetta mundi auka hlutdeild innfluttra matvæla á kostnað þeirrar innlendu. Þetta getur ekki fallið saman við í það minnsta útflutningsleiðir.

Ég vil einnig benda á það hér og það er kannski ein af þeim stóru uppgötvunum sem hafa runnið upp fyrir mér í þessu máli og það er ósköp einfaldur sannleikur. Það er það hvað meðaltöl geta verið hættuleg, sérstaklega þar sem dreifingin er mikil sem gerir það að verkum að neysluskattur eins og virðisaukaskatturinn er á margan hátt afar slæmur til þess að jafna kjör, einfaldlega vegna þess að menn sjá svo lítið fyrir um áhrifin því neysla fjölskyldnanna í landinu er nánast eins misjöfn og þær eru margar. Það sjáum við þegar við fáum að kíkja aðeins á þær tölur sem liggja á bak við þær neyslukannanir sem hafa verið gerðar, að dreifingin er svo geigvænleg, er svo gífurleg að meðaltalið segir afar lítið.

Virðulegi forseti. Ég ætla leyfa mér að minna á það að í tillögum okkar leggjum við til að tekinn sé upp eignarskattur á fjármagnseign. Það er einfaldasta og skilvirkasta leiðin til þess að byrja skattlagningu á fjármagnseign. Það er vægast sagt furðulegt að það skuli ekki vera tekið undir þessa leið af hæstv. núv. ríkisstjórn.

En í vinnu efh.- og viðskn. hefur ýmislegt komið fram varðandi þær leiðir sem hér er verið að reyna og það lítur út fyrir að menn hafi strax í vor nánast málað sig út í horn því það eru afskaplega fáir aðilar sem sjá orðið tekjujöfnunina í virðisaukaskattinum. Ég bendi á það að þegar forseti ASÍ kemur á fund efh.- og viðskn. segir hann, og ég á það skrifað upp eftir honum orðrétt, og ég ætla að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Breyting á virðisaukaskatti er e.t.v. ekki sú leið sem væri best til tekjujöfnunar." — En svo bætti forsetinn við: „En almenningsálitið er með því að afnema matarskattinn."

Þetta segir mér að þarna eru menn farnir að vinna, ekki á faglegum grunni heldur á pólitískum. Ég vil hins vegar ekki áfellast forustu ASÍ fyrir það hvernig þetta mál er komið. Það er ekki stórmannlegt af hæstv. fjmrh. og núv. ríkisstjórn að gera það og segja: Þetta er nú bölvað klúður en við ráðum ekkert við þetta, það eru Benedikt Davíðsson og Þórarinn V. Þórarinsson sem bera á þessu alla ábyrgð. Það eru ekki þeir aðilar, hæstv. fjmrh., sem axla ábyrgðina á skattlagningu og ríkisfjármálum hér á landi. Það er Alþingi og ríkisstjórn. Það getur enginn aðili tekið þá ábyrgð af Alþingi og ríkisstjórn.

Það kom einnig fram í umræðum í efh.- og viðskn. að stóru launþegasamtökin, BSRB og BHMR, eru algjörlega andvíg þeim leiðum sem hér er verið að fara og báðu okkur lengstra orða að taka ekki mark á þeim mönnum sem töluðu um þessa aðgerð undir nafni þjóðarsáttar því þeir sögðu einfaldlega: Þetta er engin þjóðarsátt, það er engin sátt við okkur um þessi mál. En þeir sögðu annað, þeir sögðust finna fyrir því að vegna þess að þeir hefðu gert ákveðin mistök í sinni kjarabaráttu á síðasta vetri þá væru aðrir aðilar, vinnumarkaðarins og ríkisstjórnin, sem gengju á lagið og nytu þess að rúlla yfir þessi samtök og þeirra vilja. Það er heldur ekki stórmannlegt. En það er því miður staðreynd að vegna þessara mistaka, sem þessir aðilar viðurkenndu að þeir hefðu gert, þá neyttu aðrir aðilar aflsmunar og rúlluðu yfir þeirra sjónarmið án þess að taka tillit til nokkurs hlutar. Þetta eru þó stórir hópar sem

eiga það allir sameiginlegt að vera í vinnu hjá hæstv. fjmrh. og maður skyldi kannski ætla að hæstv. ráðherra ætti aðeins að hlusta eftir þeim sjónarmiðum sem koma frá þeim stóra hópi fólks sem er í vinnu hjá ríkinu. Það var afar athyglisvert að hlusta á formann BSRB sem sagði m.a. að hann væri ekkert viss um að það ætti að skila þessu öllu út aftur sem menn væru að tala um. Það væri e.t.v. alveg eins gott að eiga það inni til að bæta stöðu ríkissjóðs.

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra kom hér upp áðan og gaf yfirlýsingar um það að ríkisstjórnin væri tilbúin að falla frá afar hæpinni skattlagningu á innanlandssamgöngur. Það var í raun sjálfgefið því ríkisstjórnin var búin að ákveða að endurgreiða vaskinn af almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu og það lá alveg ljóst fyrir að ef átti að viðhalda þessari skattlagningu á innanlandssamgöngurnar þá gerðist annað af tvennu að þessar samgöngur hefðu á viðkvæmustu leiðunum lagst af eða ríkið hefði þurft að fara að grípa til endurgreiðslna og styrkja þar einnig. Að mínu mati var þetta því aldrei framkvæmanlegt. En ég ítreka það sem hér hefur komið fram áður að við eigum að halda áfram baráttunni hvað þetta snertir og vinna að því að ekki verði tekinn upp virðisaukaskattur á gistinguna. Við búum þannig að ferðamannaiðnaðinum, þeim vaxtarbroddi sem við höfum, að hann eigi kost á að þróast og dafna. Ég er sannfærður um það, virðulegi forseti, að hæstv. fjmrh. mundi þá komast að því sér til ánægju ef svo færi að hann yrði það einhvern tíma lengur að sú aðgerð mundi skila sér betur í ríkissjóð, með meiri veltu og meiri umsvifum í kringum ferðamannaiðnaðinn og eyðslu ferðamanna hér á landi sem mundi skila sér með auknum tekjum í ríkissjóð. En hæstv. ríkisstjórn kýs að berja höfðinu við steininn. Hún horfir fram hjá öllum vísbendingum sem ganga í þá átt að þetta sé ekki skynsamleg aðgerð.

Virðulegur forseti. Það er nú svo að þeir sem standa með mér að 2. minni hluta efh.- og viðskn., hv. 1. þm. Austurl. og hv. 18. þm. Reykv., hafa gert mjög vel grein fyrir okkar áliti þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að halda langa ræðu. Mér finnst eðlilegra að það komist fleiri aðilar að. Ef menn eru farnir að tala um að hætta hér fyrir jól þá er ekki ástæða til þess að setja hér á mjög langar ræður en ég vil samt að lokum ítreka þá spurningu sem ég lagði fyrir hæstv. fjmrh. áðan hvernig í ósköpunum mönnum datt það í hug í tengslum við þessa skattalagaumræðu að banna sveitarfélögum að lækka sitt útsvar. Þetta er svo furðuleg aðgerð, furðuleg ráðstöfun af hálfu ríkisvaldsins, enda hef ég ekki séð nein rök færð fyrir þessu en ég vil gefa hæstv. ráðherra tækifæri til þess að rökstyðja og reyna að skýra út fyrir mér hvernig í ósköpunum stendur á þessu. Ég geri enga athugasemd við það þó að ráðherra mundi beita andsvaraforminu til þess.

[09:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi fsp. hv. þm. vil ég einungis vísa til svars félmrh. sem kom fram í umræðum um tekjustofnafrumvarpið þar sem þetta atriði er til meðferðar og benda á að það sé eðlilegt að nokkuð samræmi sé á milli sveitarfélaga um ákvörðun útsvarsprósentunnar.

Hv. þm. gerði nokkuð mikið úr því að ríkisstjórnin hlustaði ekki á starfsmenn ríkisins í sambandi við viðhorf til tveggja þrepa virðisaukaskatts. Það er rétt að BSRB og samtök opinberra starfsmanna stóðu ekki að samkomulaginu í vor og hafa haft aðra afstöðu til málsins. Ég skal taka undir það að það hefði verið miklu þægilegra fyrir okkur ef samflot hefði verið í kjarasamningunum, en svo var ekki, og það var ákvörðun BSRB og Kennarasambandsins að bíða til haustsins. En á móti mætti spyrja hv. þm. hvernig á því stendur að þingmenn Framsfl. hlusta ekki á Stéttarsamband bænda, því stjórn Stéttarsambandsins samþykkti sérstaklega að mæla með því að álagning virðisaukaskatts væri í tveimur þrepum og matvæli höfð í því lægra, eins og hv. þm. veit.

Ég vil loks segja frá því þegar þær umræður fara hér fram um að það sé eðlilegt að við föllum frá breytingum á lögum vegna virðisaukaskatts á fólksflutninga og ferðaskrifstofur, að þá verður það um breytingu á lögum að ræða vegna þess að það er þegar í lögum að þessi skattur skuli upp tekinn og í raun er það svo að ríkisstjórnin stefnir að stórkostlegum skattalækkunum. Þannig að verði þetta mál tafið eða náist ekki fram að ganga fyrir jól þá verður um stórfelldar skattahækkanir að ræða að sjálfu sér.

[10:02]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ríkisstjórnin stefnir að stórfelldum skattalækkunum en bannar sveitarfélögunum að lækka skatta. Ég spyr aftur hæstv. fjmrh., virðulegur forseti, hvaðan í ósköpunum kom þetta inn í þingið, milli umræðna, að banna sveitarfélögunum að lækka útsvar? Hvaða hagsmunaaðilar voru það sem þrýstu á þetta? Ég tek fram að félmrh. vék sér undan að svara þessu í nótt. Hún svaraði engu til um nema því að eðlilegt væri að það væri samræmi milli skattlagningar sveitarfélaga. Það er bara ekkert gefið að það sé eðlilegt. Það er verið að ganga freklega á sjálfstæði og rétt sveitarfélaganna og við hljótum að krefjast þess að fá skýringu á því af hverju í ósköpunum þetta er gert.

Í öðru lagi varðandi afstöðu Stéttarsambands bænda. Þó hæstv. ráðherra lesi allar flokkssamþykktir Framsfl. þá mun hann hvergi nokkurs staðar finna þar nokkuð sem segir að Framsfl. sé skylt að hafa sömu afstöðu til allra mála og Stéttarsamband bænda.

Ég er þeirrar skoðunar í þessu máli, virðulegi forseti, að meðan okkur er stætt á því vegna þeirra skuldbindinga sem við höfum gert annars staðar, þá eigum við að haga skattlagningu þannig að hún ívilni innlendri framleiðslu og það er mín stefna og skoðun í þessu máli.

[10:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athyglivert að hlusta á fulltrúa Framsfl. ræða um tvö skattþrep í virðisaukaskatti, annars vegar með tilliti til þess hver er afstaða

bænda og hins vegar með tilliti til þess hver er hin opinbera stefna Framsfl. í málinu, eins og komið hefur fram í þessum umræðum.

Hv. þm. spurðist síðan fyrir um það hvaða hagsmunaaðilar hefðu ráðið því að þrír ráðherrar beittu sér fyrir breytingu á tekjustofnalögunum, sem reyndar er ekki til umræðu. Því er auðvitað auðsvarað og það veit hv. þm. Það barst bréf frá hagsmunasamtökum sem heita Samband íslenskra sveitarfélaga og í því bréfi er farið fram á að samræmi sé gert nokkurn veginn með þeim hætti sem um getur í viðkomandi bréfi frá þremur ráðherrum til hv. félmn.

[10:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi afstöðu Framsfl. til skattlagningar á matvæli þá byggjum við þar fyrst og fremst á heilbrigðri skynsemi og því sem skynsamlegt er að gera við þær aðstæður sem við búum við núna og þar held ég reyndar að hæstv. fjmrh. sé okkur framsóknarmönnum algjörlega sammála. Við lokum ekkert á það að sú staða komi upp að það sé best að framkvæma þessa aðgerð, þ.e. lægra verð á matvælum, með því að hafa tvö þrep á virðisaukaskattinum. En við segjum hins vegar að þessi framkvæmd er afar illa undirbúin núna þannig að hún er nánast óframkvæmanleg. Við segjum einnig að við viljum skoða þann möguleika í botn á hvern hátt við getum hyglað innlendri framleiðslu á kostnað þeirrar innfluttu. Það tel ég, eins og aðstæður eru núna, að sé betur gert með endurgreiðsluleiðinni ef hún er rækilega tryggð í lögum.

Hæstv. fjmrh. sagði að það hefði verið Samband ísl. sveitarfélaga sem kom og fór fram á það að ekki mætti lækka útsvar. Ég vissi reyndar af því að hér var framkvæmdastjóri þeirra samtaka með formanninum, sem er einn af borgarfulltrúum Reykjavíkurborgar. Ég held reyndar, hæstv. ráðherra, að það liggi alveg ljóst fyrir, þó að ráðherrarnir þori ekki að segja það hér úr ræðustól, að ástæðan fyrir þessu sé afar einföld. Hún er sú að Reykjavíkurborg má ekki til þess vita á kosningaári að það komi upp að nágrannasveitarfélag og önnur sveitarfélög lengra í burtu geti lagt á lægra útsvar en Reykjavíkurborg og það afhjúpist þar með að góð fjárhagsstaða Reykjavíkurborgar á umliðnum árum byggðist ekki á góðum rekstri heldur því að Reykjavíkurborg hafði í gegnum aðstöðugjaldið tækifæri til þess að skattleggja atvinnulífið umfram nokkurt annað sveitarfélag.

[10:08]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða geysilega stórt mál, breytingar á átta lögum og ég verð að lýsa því yfir að ég lít ekki svo á að þetta mál sé búið að taka langan tíma, síður en svo. Það hefur hins vegar gerst nokkuð mikið á meðan málið hefur verið í umræðu, fallið hefur verið frá því að hluta að leggja virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna, þ.e. það sem hér hefur áður komið fram, á innanlandsflugið, samgöngumálin sjálf og jafnframt á þjónustu ferðaskrifstofa. Það er hins vegar stórt mál enn þá eftir í ferðaþjónustunni og það er gistingin, eins og einnig hefur komið fram í morgun. Ég vil taka undir það að ég tel að hér sé verið að fremja mikil afglöp ef haldið verður fast við það sem ríkisstjórnin ákvað fyrir tæpu ári síðan, að setja skatt á ferðaþjónustu, og þetta stendur þá enn eftir, eftir þær ákvarðanir sem hér hafa verið teknar.

Það getur orðið mjög erfitt fyrir bændur sem hafa verið að breyta sínum búskaparháttum með því að fara út í aðrar atvinnugreinar eins og bændagistingu, til þess að reyna að halda búsetu á jörðum sínum og þar að auki eru hótelin þar sem gisting er auðvitað stór hluti af þeirra tekjum. Þau eru mörg hver skuldum vafin og hafa á undanförnum árum tæpast getað staðið undir rekstri án þess að um mikinn halla væri að ræða. Ég hygg að fari svo að ekki takist að breyta þessu ákvæði líka, með því að reyna að leiða mönnum þetta fyrir sjónir, þá horfum við upp á það á næstu mánuðum og e.t.v. ekki fyrr en eftir næsta reikningsár, að þeir sem stjórna hér hótelrekstri og gistiheimilum verði gjaldþrota. Það er auðvitað nokkuð sem á endanum lendir á okkur sjálfum, sem lendir á ríkissjóði og öllum borgurum þessa lands, að standa undir því ef mörg hótel verða gjaldþrota. Það er alla vega verið að gera þeim hér mjög erfitt fyrir með reksturinn og verður ekki til þess að bæta stöðu þeirra.

Það er líka vert að geta þess, af því að við erum að ræða um ferðaþjónustuna, að þá hefur það komið fram að ferðaþjónustan almennt er sú atvinnugrein sem hefur verið í mestum vexti þegar aðrar undirstöðuatvinnugreinar okkar hafa verið á fallanda fæti, liggur mér við að segja, þ.e. með kvóta í landbúnaði og sjávarútvegi hefur orðið mikill samdráttur þar. En ferðaþjónustan hefur verið vaxandi og mun skila að álitið er um tveimur milljörðum í auknar tekjur á yfirstandandi ári.

Það hefur líka oft komið hér fram og rétt að minna á það líka, að ferðaþjónustan hefur gefið það út í sínum áætlunum fyrir næstu sjö ár að hún muni geta tekið við fjórða hverjum nýjum einstaklingi sem kemur fram á vinnumarkaðinn til aldamóta. Mér finnst nokkurs um vert að vera meðvitaður um það að hér er þó atvinnugrein sem er í vexti, sem við horfum fram á að geti tekið við nýjum einstaklingum á vinnumarkaði og sem geti skilað þjóðarbúinu auknum tekjum ef vel er að málum staðið.

Það er þá líka rétt að minna á þær nýjustu fréttir sem nú hafa komið um ástandið í atvinnumálum. Í gærkvöldi voru birtar nýjustu fréttir um það og þær staðfesta að atvinnuleysið fer vaxandi og það er ekki bara tímabundið eftir árstíðum. Það er oft sem atvinnuleysi hefur aukist sérstaklega í desember og hugsanlega í janúar. Nú byrjar þetta atvinnuleysi þegar í nóvember og hefur komið í ljós að í nóvember eru skráðir atvinnuleysisdagar sem svara til 4,7% atvinnuleysis og það hefur aldrei mælst meira í þeim mánuði. Það hefur einnig nær tvöfaldast á sumum svæðum á landinu og ég held ég hafi heyrt það rétt í gær að það væri á Norðurl. v. sem atvinnuleysi á milli mánaðanna október og nóvember hefði nær tvöfaldast, þ.e. vaxið um 90%.

Það er auðvitað mjög alvarlegt umhugsunarefni að atvinnulausum hafi fjölgað um 40% á einu ári. Það er sú staða sem við stöndum frammi fyrir nú þegar er miður desember og við vitum að janúar og febrúar eru oft erfiðir mánuðir í atvinnulegu tilliti og þeir munu verða margfalt erfiðari nú heldur en nokkru sinni áður. Og á sama tíma finnst mér það skjóta mjög skökku við hjá ábyrgum stjórnvöldum gagnvart þeim atvinnurekstri sem skilar milljörðum í auknar tekjur, sem getur tekið við þó nokkru af nýju vinnuafli á markaðinum, að vera að skattleggja þá atvinnugrein alveg sérstaklega.

Ég ætla ekki að rekja hér hvert einstakt mál enda hefur það verið gert mjög vel, sérstaklega af nefndarmönnum í efh.- og viðskn. Ég vil bara nota þetta tækifæri til að þakka nefndarmönnum í efh.- og viðskn. fyrir mikla vinnu við þetta frv. og kannski ekki hvað síst að hér skuli vera komin fram fjögur nál. sem sýnir það best hversu mikla vinnu og mikla umhugsun nefndarmenn hafa lagt í að skoða þessi mál. Það verður ekki sagt að þeir hafi ekki gert það mjög vel og rækilega þrátt fyrir það að málið sé seint fram komið, eins og við höfum gagnrýnt áður, — maður er sífellt að endurtaka það sem maður hefur sagt áður. Það er auðvitað alveg óviðunandi að breytingar í skattamálum skuli koma svona seint fram og eiga að taka gildi eftir nokkra daga. Mér liggur við að segja að það sé algjörlega óviðunandi og ætti ekki að tíðkast hjá siðuðum þjóðum að fara þannig að. Þeir sem þurfa að búa við þessi skattalög sem við hér á Alþingi erum að setja hafa engan tíma til að búa sig undir þetta og það er þá kannski ekki óeðlilegt að eitthvað geti farið úr böndunum.

Við verðum sem sagt ár eftir ár vitni að slíkum vinnubrögðum og ég verð nú að segja hæstv. ríkisstjórn það til hróss eða afsaka hana kannski öllu heldur, þó það sé ekki í mínum verkahring, að það er víst ekki bundið við þessa einu ríkisstjórn, aðrar ríkisstjórnir á undan hafa víst hagað sér með svipuðum hætti. Ég legg bara áherslu á það að ég tel að þetta séu vinnubrögð sem ekki eigi að viðgangast hér, hver sem í hlut á.

Síðan kemur það líka, sem kemur einmitt fram í því þegar við erum að ræða þessa skattalagabreytingar, að með þeim fylgir að framlengt er ákveðið löggjafarvald til ráðherra, sem eiga svo eftir að gefa út reglugerðir samkvæmt þessum lögum. Það hefur einnig oft gerst og er heldur ekki bundið við þessa ríkisstjórn, að ráðherrar fari frjálslega með þetta reglugerðarvald og jafnvel að í reglugerðum komi fram ákvarðanir um framkvæmd laga sem ekki voru ræddar í tengslum við lagasetninguna sjálfa. Það er e.t.v. nærtækast að vísa í lög um Lánasjóð ísl. námsmanna sem samþykkt voru fyrir tveimur árum síðan, þar sem reglugerðum hefur verið breytt árlega þrátt fyrir að engar breytingar hafi verið gerðar á lögunum. Þá hefur það framkvæmdarvald sem þar á í hlut tekið sér það vald að gera ýmsar breytingar á útfærslu þeirra laga án þess að það komi til kasta Alþingis að fjalla um það. Það væri því einnig til bóta í vinnubrögðum hér á Alþingi að reglugerðir væru kynntar um leið og lög eru samþykkt eða lögum er breytt, þannig að hv. alþm. fái að sjá hvernig framkvæmdarvaldið hyggst útfæra þau lög sem þar er verið að samþykkja.

Hér á Alþingi og raunar úti í þjóðfélaginu eru uppi margar skoðanir um það hvort lækka eigi virðisaukaskatt á matvælum og hvort yfirleitt eigi að taka upp tvö skattþrep í virðisaukaskatti. Það kristallast síðan í afgreiðslu nefndarmanna í hv. efh.- og viðskn. Þar hafa menn legið yfir þessum tölum og reiknað og reiknað fram og til baka, tekið á því hverju þetta skili láglaunafólkinu, hvernig þetta skili sér í verðlagi og hvernig framkvæma eigi skatteftirlitið. Þetta eru í raun nokkrir aðskildir þættir.

Ef ég tek það fyrst að hér er um það ræða að lögbinda þessa aðgerð í tengslum við kjarasamninga sem gerðir voru í maí í vor þá hefur það verið viðtekin venja að hér á Alþingi hefur verið staðfest það samkomulag sem náðst hefur með kjarasamningum og ríkisstjórn á hverjum tíma hefur lofað að beita sér fyrir til að þeir kjarasamningar næðust. Hins vegar er mjög óeðlilegt að nokkur ríkisstjórn geti lofað því að breyta skattalögum án þess að Alþingi sé kallað saman, án þess að nokkur umfjöllun fari fram um málið og það þegar störfum Alþingis hefur verið breytt í þá veru að það starfar nú allt árið og hægt að kalla það saman með stuttum fyrirvara. Það hefur hins vegar gefist nægur tími til þess hvað ríkisstjórnina varðar ef hún gefur sér að þetta sé orðið að lögum um leið og hún lofar því í kjarasamningum að koma þessu máli frá sér. Henni hefur gefist nægur tími til þess. Þessir kjarasamningar voru gerðir í lok apríl og byrjun maí í vor.

Hæstv. ríkisstjórn hefur gefist nægur tími til að leggja þetta mál fram á Alþingi, vinna það og undirbúa framkvæmdina með reglugerðum. Þar hafa ráðherrar hins vegar ekki unnið heimavinnuna í þessu máli frekar en mörgum öðrum og nú á haustdögum upphófst ágreiningur milli stjórnarflokkanna um einmitt það hvort lækka ætti virðisaukaskatt á matvæli, hvort taka ætti upp tvö þrep, hvort það skilaði því sem til væri ætlast í kjarasamningum, að bæta kjör láglaunafólksins.

Hæstv. viðskrh. lætur ekki einu sinni svo lítið að heiðra okkur með nærveru sinni. Það gerir hins vegar hæstv. fjmrh. og verður að telja honum til hróss hversu iðinn hann er að sitja og hlusta á þau mál sem snerta hans málaflokk. En ég tel að þetta mál snerti ekki síður hæstv. viðskrh. og óska eftir því að hann verði hér viðstaddur. Mér skilst að eftir þær yfirlýsingar sem hann og fleiri alþýðuflokksmenn gáfu á haustdögum ætli þeir að éta það allt ofan í sig í væntanlegri atkvæðagreiðslu og greiða atkvæði með lækkun virðisaukaskattsins þrátt fyrir að þeir hafi haft hátt um hversu vitlaus og ómögulegur hann væri.

Mín skoðun er að hvað það varðar að jafna kjör launafólks er ég ekki viss um að akkúrat þessi aðgerð sé best til þess. Ýmsar aðrar aðgerðir hefðu verið fullt eins góðar og sumar betri, t.d. að niðurgreiða nauðsynlegustu vörur. En að lækka virðisaukaskatt á matvæli er stór áfangi í að lækka þann kostnaðarlið heim-

ilanna. Það er í dag einn stærsti póstur láglaunafólks að kaupa í matinn ásamt húsnæðiskostnaði. Það kemur öllum heimilum til góða og ekki síst láglaunafólkinu. Og líka barnmörgum fjölskyldum sem greiða stærstan hluta tekna sinna í mat.

Þegar tekinn var upp söluskattur á matvæli börðust kvennalistakonur hatrammlega á móti því. Við höfum alltaf haldið því fram að matarskattinn ætti að afnema með öllu. Matarskatturinn svonefndi hélst síðan þegar upp var tekinn virðisaukaskattur í stað söluskatts. Menn muna það e.t.v. ekki en virðisaukaskatturinn átti að vera svo miklu betri og réttlátari skattur, betra að hafa eftirlit með innheimtunni, engar undanþágur áttu að vera, eitt skattþrep átti að vera o.s.frv. Ég man mjög vel eftir ummælum og öllu því sem hæstv. formaður Alþfl. og núv. utanrrh. hélt fram um það mál en þá var hann fjmrh.

En lögin um virðisaukaskattinn héldu ekki lengi frekar en önnur skattalög hér á landi. Strax var tekið til við að gera undanþágur og endurgeiða síðan huta af virðisaukanum í vöruverði samanber nokkrar landbúnaðarvörur. Um síðustu áramót var svo tekinn upp 14% virðisaukaskattur á húshitun. Því gleyma menn stundum í þessari umræðu að 14% virðisaukaskattur er kominn á. Hann var tekinn upp um síðustu áramót á húshitun. Hann var tekinn upp 1. júlí sl. á bækur, blöð og afnotagjöld útvarps og sjónvarps.

Hvað varðar húshitun, sem nú er komin u.þ.b. ársreynsla á var líka tekin sú ákvörðun að endurgreiða hluta af virðisaukaskatti til orkufyrirtækjanna til að jafna út þennan kostnað þannig að að hver notandi greiddi sömu krónutölu um allt land í þessum hækkunum. Þetta var auðvitað ákveðin jöfnunaraðgerð og mátti fagna í sjálfu sér. En hvernig skyldi þetta vera útfært? Það er útfært á þann hátt að það er, eins og ég sagði, endurgreitt að hluta til orkufyrirtækjanna en sú prósenta sem greidd er til baka aftur af þessum 14% virðisaukaskatti er hvergi sú sama á öllu landinu. Hún er 5,32% hjá Orkubúi Vestfjarða og hún er bæði hærri og lægri hjá hinum ýmsu hitaveitum úti um allt land. Þar er því ansi skrautleg flóra á ferðinni.

Eins og ég sagði áðan var þann 1. júlí lagður m.a. 14% virðisaukaskattur á bækur, blöð og tímarit. Bókaverslanir hafa núna í sex mánuði þurft að vera með í sölu vörur sem eru í fyrsta lagi virðisaukaskattsfrjálsar t.d. orðabækur, vörur með 14% virðisaukaskatti og aðrar með 24,5% virðisaukaskatti. Það hefur mjög lítið heyrst talað um að þetta væri erfitt og óframkvæmanlegt og kallaði á skattsvik o.s.frv. Starfsfólk í bókabúð sem ég hafði samband við fyrir nokkrum dögum taldi þetta ekki mjög mikið mál. En nú fer allt kerfið í gang og nú á þetta allt í einu að vera liggur við óframkvæmanlegt ef um matvöru er að ræða.

Ég spurði að gamni mínu að því í gærkvöldi í einni matvöruverslun hvort þar væru ekki farið að undirbúa 14% virðisaukaskattinn. Nei, það var ekki byrjað vegna þess að engar reglugerðir eru komnar fram um hvernig á að útfæra hann, hvaða vörutegundir nákvæmlega er hér um að ræða o.s.frv. En eigandinn svaraði ósköp rólega: „Þetta kemur náttúrlega og þá byrjum við að vinna í þessu á milli jóla og nýárs þegar traffíkin er búin.“ Það geta vissulega orðið byrjunarörðugleikar. Þeir verða alltaf þegar verið er að breyta ekki hvað síst jafnstóru máli og virðisaukaskattinum. Og núna stendur fyrst og fremst á skattayfirvöldum að útbúa lista yfir þetta. En ég tel að það sé vel hægt.

Í þriðja lagi er svo eftirlitið með framkvæmdinni. Það þarf að breyta eyðublöðum og það kostar sitt en mér þætti líka gaman að fá að vita hvað allur sparnaðurinn í heilbrigðiskerfinu í formi breyttra regla og breyttra reikningsforma kostar hinn almenna borgara og hefur kostað ríkissjóð. Höfum við nokkurs staðar séð það? Höfum við nokkurs staðar séð í fjárlögum eða í útfærslu hvað allar þær breytingar í heilbrigðiskerfinu sem hafa átt sér stað á síðustu tveimur árum hafa kostað? Það er búið að gefa út ótal eyðublöð þar. Það er búið að gefa út vottorð og ég veit ekki hvað og hvað. Það átti að gefa út heilsukort sem reyndar er hætt við núna. Kostnaðurinn við það átti að verða 30–40 millj. kr. Hvað hefur kostað að gefa út alla upplýsingabæklingana frá Tryggingastofnun ríkisins um breytta bótatilhögun og hver er kostnaðurinn við upplýsingabækling LÍN um breytt lög og breyttar reglur sem breytt er árlega? Stjórnvöld eru sí og æ að breyta lögum og reglum. Og allar þessar breytingar kalla á kostnaðarauka. Þess vegna segi ég það að kostnaður við breytingar á virðisaukaskattsprósentunni er sennilega ekki meiri en margt annað sem búið er að gera algerlega út í loftið.

Hvað þá fullyrðingu varðar að eftirlitið verði mun erfiðara þegar tvö skattþrep eru þá kallar það á eitthvað meiri vinnu sérstaklega í fyrstu. En hafa menn ekki verið að tala um meira og hertara eftirlit í skattamálum áður en þessi breyting kom til? Og er ekki full þörf á því að það eftirlit sé virkara? Það þarf líka að skoða hvort það hefur orðið til lækkunar á vöruverði að nú þurfa fyrirtækin ekki að greiða aðstöðugjald. Það er búið að létta því af þeim. Ég hef ekki orðið vör við það enn þá að það hafi komið fram í vöruverðinu. Það er full ástæða til að fara að fylgja því eftir. Þau ættu að geta lækkað álagningarprósentuna sem þessu nemur.

Ég tel það ekki óyfirstíganlegt að fylgja því eftirliti eftir sem leiðir af lækkun virðisaukaskatts og tveimur þrepum. Við horfum upp á það í löndunum í kringum okkur að það eru víðast hvar tvö skattþrep í virðisaukaskatti þar sem matvara og nauðsynjavörur eru í lægra þrepi. Hins vegar, og á það vil ég leggja sérstaka áherslu, hefði ég gjarnan viljað sjá það verða að veruleika að matarskatturinn væri algjörlega afnuminn. Þess vegna lít ég á þessa lækkun sem nú er verið að gera á nauðsynjavörum niður í 14% sem áfanga að því marki.

Það hefði verið mun skynsamlegra að lækka ákveðnar vörutegundir í núll-skatt en að taka upp tvö þrep. En það er ekki verið að byrja á þessum tveimur þrepum núna. Það er ár síðan það var gert. Og það var ríkisstjórnin sem reið á vaðið með þær breytingar. Hún hefur sennilega ekki hugsað dæmið til enda þar sem hefur líka komið í ljós í sambandi við að leggja 14% virðisaukaskatt á ferðaþjónustu þar sem nú hefur ver-

ið bakkað með það enda útfærslan á því mjög miklum erfiðleikum háð. Ég ætla ekki að lengja mál mitt með að fara út í það. Það hafa nógu margir gert á undan mér. Ég ræddi raunar mjög um þann skatt við 2. umr. um fjárlög og hvernig hann gæti komið út mismunandi hjá hinum ýmsu fyrirtækjum í ferðaþjónustu. Það mál hefur verið kynnt rækilega fyrir þingmönnum.

Hvað varðar tillögur 2. minni hluta um frv. til laga um breytingar í skattamálum þá tel ég margt ágætt í þeim. Ég vil nefna það að koma á fjármagnseignaskatti sem einu sinni enn hefur reynst óframkvæmanlegt að því er ríkisstjórnin hæstv. tilkynnir. Það er mikil lifandis skelfing hvað það er erfitt mál að koma á fjármagnstekjuskatti á Íslandi. Það virðist vera svo margfalt erfiðara en í öllum öðrum löndum sem maður hefur spurnir af.

Í nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. benda þeir á að leggja á fjármagnseignaskatt, sem er raunar ekki vaxtaskattur sem einnig hefur verið rætt um og ríkisstjórnin hefur lofað að koma á en fjármagnseignaskattur er líka spor í þá átt að eignir hér á landi séu skattlagðar á eðlilegan hátt. Þær séu skattlagðar sambærilega og ekki aðeins fasteignir heldur séu fjármagnseignir einnig skattlagðar. Tillögurnar ganga út á að barnabætur séu hækkaðar og dregið úr skerðingu vaxtabóta. Hins vegar finnst mér sú hugmynd þeirra að lækka virðisaukaskattinn um 1,5% sé of lítil breyting. Ég held að það muni mjög lítið um það í innkaupum nauðsynjavara. Og eins og ég sagði áðan hef ég heldur séð að útfærð væri hugmyndin um að virðisaukaskattur væri algjörlega felldur niður á ákveðnum tegundum matvöru.

Það er endalaust hægt að velta fyrir sér ýmsum útfærslum á þessum hugmyndum um lækkun virðisaukaskatts. Efh.- og viðskn. hefur gert það rækilega og skilar hér fjórum útfærslum og nál. með því. Ég ætla ekki að bæta frekar við það úr þessum ræðustól eða lengja umræður um það mál. Ég vil að það komi skýrt fram að lækkun virðisaukaskatts á matvæli sé áfangi að því markmiði að fella hann algerlega niður, ekki aðeins að lækka hann niður í 14% heldur fella algerlega niður matarskattinn. Það má hins vegar gagnrýna það hvernig þetta mál hefur komið hér inn í þingið. Ég geri mér fullkomlega ljóst að það eru ýmsir annmarkar á þeirri framkvæmd, eins og ég hef lýst, en þeir eru ekki óyfirstíganlegir og best væri að sem fyrst yrði ákveðið að lækka matarskattinn í núll-skatt. Þá komast menn fram hjá þeim erfiðleikum sem hér er verið að tala um.

Ég ætla að nefna að lokum, virðulegur forseti, vaxtabæturnar sem á að fara að skerða umtalsvert. Til þess að vera ekki sífellt að finna upp hjólið að nýju þá ætla ég að vitna í umsögn um frv. þar sem tekið er sérstaklega á þessari breytingu um vaxtabætur í áliti frá ASÍ, sem dagsett er 7. des. Útreikningur vaxtabóta er flókið dæmi og menn hafa kannski ekki mjög mikið verið að reyna að setja sig inn í það mál en í áliti ASÍ segir, með leyfi forseta:

„Verulegar breytingar eru fyrirhugaðar á útreikningi vaxtabóta í þessu lagafrv. Hér er um grundvallarbreytingar á kerfinu að ræða sem margar hverjar eru duldar í tæknilegri útfærslu kerfisins án þess að um þær sé fjallað í athugasemdum með frv. Vegna umfangs breytinganna er afar erfitt að átta sig á endanlegum áhrifum þess. Í fyrsta lagi verður að líta til þess kerfis sem fyrir er og hvaða áhrif þessar breytingar hafa á kjör fólks. Í öðru lagi verður að líta á þessa nýju tilhögun án tillits til þess fortíðarvanda sem er í kerfinu."

Í lagafrv. er gert ráð fyrir að gjaldfallnir vextir og gjaldfallnar verðbætur á afborgun og vexti ásamt afföllum og lántökukostnaði myndi stofn til útreiknings vaxtabóta. Hins vegar er hér í þessum breytingum verið að þrengja þetta þannig að nú munu dráttarvextir og vanskilakostnaður ekki lengur mynda stofn til útreiknings vaxtabóta. Þeir sem standa frammi fyrir því að geta ekki greitt sínar áföllnu afborganir og safna þar af leiðandi upp dráttarvöxtum og ýmsum vanskilakostnaði fá það á engan hátt metið þegar útreikningur vaxtabóta fer fram. Sem dæmi er tekið að raunverulegir vextir lántakanda séu 7%, vegna þess að nú á útreikningur vaxtabóta að miðast við 7% af uppreiknuðum skuldum sem er einnig nokkur breyting frá því sem áður hefur verið. Ef þetta gengur eftir mun hámarkið leiða til þess að gjaldfallnar verðbætur vegna þessarar afborgunar koma ekki til með að mynda stofn til greiðslu vaxtabóta. Þetta er líka grundvallarbreyting frá fyrra kerfi.

Raunverulegir vextir eru hins vegar oft hærri en sem nemur þessum 7% og gildir það sjálfsagt fyrir stóran hóp fólks, ekki síst þann hóp sem hefur tekið lán í húsbréfakerfinu. Sá hópur hefur e.t.v. ekki fengið greiddar út nema, eins og hér var rakið í gær held ég, 3 millj. kr. af 4 millj. kr. láni því afföll hafa verið það mikil. Fólk hefur þurft eftir sem áður að standa skil á afborgunum og vöxtum af 4 millj. kr. Þar verða því allir vextir ef allt er reiknað með, lántökukostnaður, afföll og þess háttar, að sjálfsögðu miklu meira en 7% af uppreiknuðum skuldum. Það er líklega a.m.k. 15–20%. Í þessu felst sú grundvallarbreyting að nú er miðað við þessar uppreiknuðu skuldir og ekki notað nema 7% af þeim til útreiknings vaxtabóta.

Það er einnig verið að kynna hér þá breytingu að ákvæði verði um að hætta að viðurkenna gjaldfallnar verðbætur vegna afborgunar. Nú vitum við það að á undanförnum árum höfum við búið við verðtryggingu. Við höfum búið við þannig verðtryggingu að vextir hafa ekki sagt alla stöðuna heldur eru raunvextir það sem upp kemur þegar búið er að skoða bæði vexti og verðtryggingu. Ef ekki á lengur að viðurkenna verðtryggingu eða verðbæturnar sem hluta af vöxtum þá er illa komið fyrir mörgum þeim sem eru með verðtryggð lán þar sem verðbæturnar eru stór hluti af vöxtunum.

Þar er enn einu sinni verið að raska því sem fólk hefur reiknað með þegar það gerir sínar framtíðaráætlanir. Það reiknar með því að það geti átt von á ákveðnum vaxtabótum út á þau lán sem það er að taka til að standa undir því að kaupa húsnæði. Þegar fólk gerir sínar áætlanir, ekki hvað síst við húsnæðiskaup, þá reynir allt venjulegt fólk að gera áætlanir um hvernig

það ætli að standa við afborganir og vexti og það reiknar með því sem í gildi er þegar það er að taka sínar ákvarðanir. Það skoðar þau lög og reglur sem í gildi eru og reiknar með þeim. Það er líka vert að leggja áherslu á að bankar, sparisjóðir og aðrar lánastofnanir taka líka mið af þessu og veita fólki lán samkvæmt því sem þá er í gildi. Svo breyta stjórnvöld ári seinna öllum forsendum sem notaðar voru við að kaupa það húsnæði sem um ræðir. Það getur meira að segja verið svo að lánastofnanir, Húsnæðisstofnun og bankarnir, hafi í greiðslumati tekið mið af því hvernig ástandið var þegar viðkomandi umsækjandi var að sækja um lánið og jafnvel beinlínis hvatt til lántöku á þeim forsendum sem þá giltu.

Það er alveg ljóst að þetta nýja fyrirkomulag sem hér er verið að kynna á greiðslu vaxtabóta mun valda mestri skerðingu á lægstu lánunum en því sem næst engri skerðingu á mjög háum lánum. Nú veit ég að þeir sem eru að kaupa litlar íbúðir hafa lágar tekjur. Þeir geta að sjálfsögðu ekki tekið mjög há lán, þ.e. þeir taka kannski 3 millj. kr. lán, en þeir sem hafa góðar tekjur geta fengið greiðslumat upp á 6 millj. kr. lán. En þeir sem taka minnstu lánin verða fyrir mestri skerðingu en þeir sem eru með hæstu lánin fá minnsta skerðingu. Þetta ákveðna atriði er því ekki til þess að bæta hag hinna lægst launuðu.

Virðulegi forseti. Ég hef í máli mínu um skattalagafrumvarpið ákveðið að taka ekki fyrir nema þessi tvö atriði sérstaklega, virðisaukaskattinn og vaxtabæturnar. Ég tel að í umræðum hafi menn, sérstaklega þeir sem höfðu framsögu fyrir nál., kynnt mjög vel hinar ýmsu greinar og hinar ýmsu skoðanir á þessum málum.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er mjög ánægður með það að ég skuli ekki ætla að taka meira fyrir. Ég vil að lokum beina þeirri spurningu til hans hvort ríkisstjórnin sé ekki að hugsa um að skoða það betur hvort ekki ætti að fella algjörlega út virðisaukaskatt á ferðaþjónustu. Á þessa atvinnugrein sem er í örum vexti, skilar vaxandi tekjum inn í þjóðarbúið, sem munu nálgast a.m.k. 2 milljarða í auknum tekjum á yfirstandandi ári, og mun taka í vaxandi mæli við nýjum einstaklingum á vinnumarkaðinum. Hvað annað þurfum við? Eða er það ekki eitt af því nauðsynlegasta sem við þurfum að hugsa um á næstu mánuðum og árum þó vonandi batni atvinnuástandið síðar? Það væru mikil mistök hjá hæstv. ríkisstjórn að halda fast við þennan skatt og skattleggja sérstaklega þá atvinnugrein sem er í stakk búin til að taka á þeim vandamálum sem við erum að fást við.

[10:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú ræða sem hér var flutt var ákaflega athyglisverð því hv. ræðumaður rifjaði það upp að Kvennalistinn hefði verið á móti svokölluðum matarskatti. Þetta er þeim mun athyglisverðara sem Kvennalistinn og Framsfl. styðja það ekki opinberlega nú að matarskatturinn svokallaði sé lækkaður. Það var einnig athyglivert sem kom fram hjá hv. þm. að í raun og veru skipti ekki máli þótt reglugerðir séu ekki tilbúnar um þessar mundir því við þekkjum það annars staðar úr verslunarrekstri að það er hægt að búa við tvö skattþrep.

Loks vil ég, eftir að hafa vakið athygli á því að Kvennalistinn virðist vera klofinn í þessu máli, segja frá því að það var samdóma álit aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar að aðstöðugjaldið hefði skilað sér í betri afkomu útflutningsfyrirtækjanna annars vegar og í vöruverði hins vegar. Það var mælt og allir aðilar voru sammála um að það hefði skilað sér sem svaraði til 1,5% í vöruverði. Það var mjög vel viðunandi og nokkurn veginn sama talan og búist hafði verið við.

Þetta vildi ég láta koma fram þegar hv. þm. efaðist um það að áhrif af afnámi aðstöðugjaldsins hefði skilað sér.

Varðandi gistinguna vil ég segja það að lokum að ekki má gleyma því að nú um stundir er raungengi íslensku krónunnar með þeim hætti að ferðaþjónustan, sem er auðvitað samkeppnisiðnaður, ef svo má að orði komast eða útflutningsgrein öllu fremur, býr núna við almenn mjög góð skilyrði miðað við það sem oftast hefur gerst í þeirri grein. (Forseti hringir.) Þar að auki, virðulegi forseti, og það eru mín lokaorð, vil ég minna á að oftast er með gistinguni seldur matur og matur hefur verið virðisaukaskattsskyldur allan tímann.

[10:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að upplýsa það að lækkun á aðstöðugjaldi sé komin til skila út í verðlagið. Ég veit raunar að það liggur inni fsp. frá hv. þm. Margréti Frímannsdóttur um að kannað verði hvaða áhrif það hafi haft og kannski er það svar komið. Ég hef ekki séð það en það er ekki með öllu marktækt þar sem miklar annir hafa verið í þinginu og það getur hafa borist á borð okkar þingmanna án þess að ég hafi veitt því athygli.

Hvað varðar það að Kvennalistinn sé ekki með sömu skoðun á þessu máli þá vil ég minna á að í þjóðfélaginu eru margar skoðanir um þetta mál. Ég hygg að það séu margar skoðanir um þetta innan allra flokka. Það má kannski minna á það hversu m.a. Sjálfstfl. hefur margar skoðanir í mörgum málaflokkum og þarf ég ekki að rekja það. Það nægir að nefna t.d. sjávarútvegsmálin. Mér hefur sýnst að þar geti þeir ekki talað einum rómi.

Við kvennalistakonur búum heldur ekki við neitt formannsægivald þannig að við höfum nokkuð frjálsar hendur um hvort við styðjum einhver einstök mál sérstaklega. Það breytir því samt ekki að það er skoðun Kvennalistans og hefur alltaf verið að afnema eigi matarskattinn. Um það eru allar kvennalistakonur sammála. Nánari útfærsla á því getur síðan verið deiluefni og hvernig menn halda að það skili sér best. Eins og ég gat um áðan þá eru mjög margar skoðanir á þessu máli innan allra flokka, innan allra hagsmunasamtaka og alls staðar í þjóðfélaginu.

[10:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal taka undir það með hv. þm. það eru mismunandi skoðanir á mismunandi málum innan flestra flokkanna. Mér þykir þetta samt athygli vert í þessu máli því það kemur í ljós að hluti Kvennalistans treystir sér til að standa við fyrri samþykktir flokksins en ef skilja má orð varaformanns Framsfl. virðist vera fullur stuðningur meira að segja hjá formanninum. Það var stærsta fréttin í þinginu í gær að formaður flokksins, Steingrímur Hermannsson, styddi flokkinn líka í þessu máli og hefði þá allur þingflokkurinn horfið frá stefnu Framsfl. í virðisaukaskattsmálinu.

Ég má ekki misnota aðstöðu mína hér hvað þetta snertir í andsvari við allt annan ræðumann en ég vil láta það koma fram að svar hefur borist við fsp. Margrétar Frímannsdóttur. Hún getur upplýst hvað er í því svari en þar er þessum spurningum svarað m.a. Þar kemur einnig fram að breytingar á skattheimtunni núna um áramótin, ef frumvörp ná fram sem ríkisstjórnin ætlar, verða á þann veg að kaupmáttur ráðstöfunartekna mun aukast um u.þ.b. 0,5%.

[10:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætt til þess að vita að afnám aðstöðugjaldsins hafi skilað sér í verðlagi. Mun ekki af veita því þó að lítils háttar breyting yrði á kaupmætti ráðstöfunartekna vil ég einnig minna á það að kaupmátturinn hefur hrapað alveg geysilega síðustu ár. Hann hefur hrapað um 20% á einum þremur til fjórum árum eða frá árinu 1989. Þð er alveg geysileg afturför í þjóðfélaginu hversu kaupmátturinn hefur hrapað. Ég hygg að þó umdeilanlegt sé hvort lækkun virðisaukaskatts á matvæli skili akkúrat því sem ASÍ ætlaðist til þá held ég að hún komi öllum til góða. Lækkunin kemur öllum heimilum til góða, hún kemur atvinnulausum til góða, hún kemur eldri borgurum til góða og ég hygg að það muni vel vera hægt að útfæra þessa breytingu hjá okkur á Íslandi eins og í öðrum löndum.

[10:54]

Jón Helgason:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. vék að því síðast í andsvari við hv. þm. Kvennalistans, hv. 6. þm. Vestf., að Framsfl. fylgdi ekki stefnu sinni í söluskattsmálinu og væri í andstöðu við Stéttarsamband bænda. Ég vil í því sambandi leggja áherslu á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi þegar farið var að skoða þetta frv. og þennan málatilbúnað hæstv. ríkisstjórnar, m.a. í nefndastarfi á Alþingi, kom í ljós að undirbúningurinn var svo slæmur að þar má segja að sé algjört öngþveiti eins og hefur komið fram í málflutningi þeirra sem um þetta hafa rætt á undan mér. Það væri því algjört ábyrgðarleysi hversu mikinn áhuga og mikið kapp sem Framsfl. legði á að koma þessari skipan á að fara af stað með það við slíkar kringumstæður. En það virðist ekki vera að það skipti hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórn og fylgismenn hennar á Alþingi nokkurn skapaðan hlut þó að þessi staðreynd blasi við öllum og fulltrúar þeirra viðurkenna það alveg opinskátt að þannig sé málinu varið.

Af þeim sökum er með brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., sem Framsfl. og fulltrúi Kvennalistans standa að, gert ráð fyrir því að þessu máli sé frestað með bráðabirgðaákvæði og tóm gefist til að skoða þetta betur og undirbúa það þannig að eitthvert vit sé í framkvæmdinni.

Í þriðja lagi, og það vil ég leggja mikla áherslu á, er í 10. liður brtt., sem er brtt. við 28. gr. frv., lögbundið lægra skattþrep á öllum íslenskum matvælum, en hins vegar haft það form á að þar sé um endurgreiðslu að ræða. Það er kerfi sem er nú til og því tiltölulega auðvelt að koma því á og meira að segja samræma það þannig að það verði betra en það er nú með því að lögbinda það og samræma. Þannig er samkvæmt tillögu 2. minni hluta efh.- og viðskn., tillögur framsóknarmanna og fulltrúa Kvennalista, verið að lögfesta tveggja þrepa virðisaukaskatt með endurgreiðslu þar sem öll íslensk matvæli eru í lægra skattþrepi sem er 14%.

Það hefur komið fram, m.a. frá Stéttarsambandi bænda, fulltrúum ASÍ og fleiri, að ekki sé gott að hafa þetta svona því þarna sé ekki um varanlega skipun að ræða. En ég minnist þess að fyrir u.þ.b. þremur árum var ég staddur í Norræna húsinu á samkomu bókaútgefenda. Þar voru bókaútgefendur að fagna því að virðisaukaskattur yrði ekki lengur á bókum. Þar voru fulltrúar allra stjórnmálaflokkar að taka við sérstakri viðurkenningu frá bókaútgefendum fyrir það að þessi skipan yrði til frambúðar og varanleg. Mig minnir helst að það hafi verið þáv. þingflokksformaður Sjálfstfl., Ólafur G. Einarsson, þó skal ég ekki fullyrða það hvort það var einhver annar, sem veitti viðurkenningu þessari móttöku fyrir hönd Sjálfstfl. En hvað gerist? Við vitum það öll að nú er aftur kominn virðisaukaskattur á bækur. Var það varanleg aðgerð, afnám virðisaukaskatts á bókum þó með lögum væri gerð? Ég get ekki séð það. Það er því miður svo að öllu er hægt að breyta með lögum og reynslan sýnir að hlutunum er breytt fljótt með lögum og þar er því miður fátt heilagt, þó að menn lofi einhverju. Því er það mikil blekking að halda því fram að þarna sé varanleg trygging þó með þessari skipan sé.

Ég sagði að hér væri verið að lögbinda tveggja þrepa virðisaukaskatt þar sem íslensk matvæli væru í reynd með 14% skatt. En mér fundust athyglisverð orð hv. 18. þm. Reykv. áðan þar sem hún lét í ljós þá skoðun sína að hún sæi ekki rök fyrir því eða vildi endilega styðja að innfluttur pakkamatur væri með 14% virðisaukaskatti en ekki 23% eins og 2. minni hluti leggur til að verði. Í því sambandi datt mér í hug sjónvarpsviðtal sem ég fékk skrifað út og þýtt eða umræðuþáttur úr sænska sjónvarpinu frá 5. október sl. Vegna þess að nú er líka til meðferðar á Alþingi frv. sem afnemur magntakmarkanir á innfluttum búvörum, þannig að þær eiga að verða frjálsar vegna EES-samnings og GATT, langar mig að rifja upp eða rekja fáein atriði úr þessu sjónvarpsviðtali um þann mat sem

hér er í boði. Í inngangi stjórnanda þessa sænska sjónvarpsþáttar segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það gerist bráðlega, eftir tvo eða þrjá mánuði, að EES-samningurinn gengur í gildi. EES, þessi skrýtna skammstöfun sem fundin var upp til að rugla almenning í ríminu, er stærsti alþjóðasamningur sem Svíþjóð hefur nokkru sinni gerst aðili að. Hann er að sögn að ⅓ ígildi aðildar að Evrópubandalaginu. Þessu var rennt í gegnum þingið án umtalsverðrar umræðu og ekki hvað síst án þjóðaratkvæðagreiðslu. Það þýðir að fjöldinn allur af lögum og reglum Evrópubandalagsins verða allt í einu sænsk lög, umræðulaust, án þess að margir þeirra sem málið snertir viti hvað það í raun og veru fjallar um. Í kvöld ætlum við aðeins að líta nánar á það sem við látum upp í okkur, þ.e. mat og drykk."

Og síðar segir þulurinn, með leyfi hæstv. forseta:

„EES-samningurinn sem brátt tekur gildi tekur eiginlega ekki til landbúnaðarmála, matvæla eða fiskveiða, en hann hefur þrátt fyrir það fjölmargar breytingar í för með sér. Ef við höldum okkur við það sem við látum upp í okkur, þá verður að merkja ýmislegt upp á nýtt. Sultan verður að innihalda a.m.k. 45% sætu sem ekki tíðkast hér í Svíþjóð. Við getum kannski vanið okkur við þetta svo það er ekki alvarlegt. Hins vegar eru margir Svíar haldnir ofnæmi af einhverju tagi og þeim fer fjölgandi. Það sem þeir óttast mest eru svokallaðar samsettar vörur. Hér er ein slík, jógúrt með ávöxtum eða sultu. Samkvæmt sænskum reglum verður að geta innihalds þess sem bætt er í dósina, fyrir utan jógúrtina, ef það er yfir 5% að magni. Hvað er t.d. í sultunni? Samkvæmt reglum EES getur 25%, fjórðungur af innihaldi dósarinnar, verið eitthvað sem ekki þarf að geta um í innihaldslýsingu. Ofnæmissjúklingar eru dauðhræddir. Þeir verða að vera á varðbergi. EES-samningurinn gengur bráðlega í gildi."

Og áfram heldur, með leyfi hæstv. forseta, með mynd frá eldhúsi:

„Þeir sem eru hér í eldhúsinu eru með ofnæmi. Fyrir þá getur maturinn verið lífshættulegur, þ.e. ef þeim verða á mistök og þeir fá í sig eitthvað sem þeir þola ekki. Við vildum bjóða þeim upp á matvæli eins og þau koma til með að verða eftir að EES-samningurinn tekur gildi. Þá þarf ekki að geta á umbúðum alls þess sem er í matnum. Við tókum okkur því penna í hönd og merktum við það sem verður ósýnilegt, t.d. í kartöflusalati. Svo buðum við einum ofæmissjúklinganna að bragða á því. En hann svarar: Nei takk, ég sleppi því. Og hvers vegna? Ég verð veik, ég fæ mígreni, nefnið stíflast, fæ nefrennsli og magaverk. Ég vil ekki fá það heldur sleppi ég að borða. En hvernig er hægt að vita hvað er í dósinni? Jú, sjúklingurinn verður að prófa sig áfram og sjá hvort hann veikist. Hann verður að veikjast til þess að sjá hvað hann þolir, hann hefur ekki aðra möguleika."

Og kvenþulurinn segir að sjúklingunum finnist bæði stjórmálamenn og matvælastofnunin sænska hafa brugðist þeim í samningum við Evrópubandalagið því að ekki er tekið tillit til þeirrar lífshættu sem ofnæmissjúklingar eru stöðugt í.

Ég vil því spyrja: Er það andstætt hagsmunum íslenskra neytenda að það sé hærri virðisaukaskattur á vöru sem þannig er lýst? Ég get ekki skilið það. Og enn þá síður skil ég að það sé andstætt hagsmunum íslenskra bænda að það sé hærri virðisaukaskattur á slíkri vöru.

Síðar í þessu viðtali fer stjórnandinn og fleiri með honum í ferðalag til nokkurra Evrópubandalagslanda og sem formála að því segir þulurinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Það mætti halda að best væri að halda sig við hreinar náttúruafurðir, t.d. hreint kjöt án aukefna, en þar eru einnig mörg vandamál á ferðinni. Við höfum ekki flutt inn kjöt frá Evrópubandalaginu vegna sjúkdóma í dýrum þar og þá að sjálfsögðu einnig í kjöti þeirra. Þetta á við um salmonellu, sérstaklega í grísum og kjúklingum, og gin- og klaufaveiki í nautgripum. EB á hins vegar heilmikið kjötfjall þannig að þeir gátu ekki beðið þangað til EES-samningurinn tekur gildi. En eins og skepnuhaldi er háttað í Evrópu, koma ný og óvænt vandamál í ljós. Það er ætlunin að flutningur verði frjáls og óhindraður á öllum vörum, einnig á matvælum og þeir sem til þekkja vita hvaða dýr það eru sem geta lent síðar á diskum neytenda."

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það sem við finnum eru kýr og grísir á lyfjum. Gyltan er föst, hún er keðjuð við gólfið. Hún getur ekki gengið um og skoðað afkvæmin. Hún getur ekki rótað með trýninu, það vilja svín. Það er þeim eðlislægt og þeim líður illa geti þau það ekki. Svínin fá ekki að haga sér eins og þeim er tamt. Þau verða stressuð og hafa enga ónæmisvörn. Ef gyltan hefur enga ónæmisvörn er hana ekki að finna í mjólkinni sem grísinn fær og því verður hér að gefa fúkkalyf."

Og vegna þessarar meðferðar er grísunum lýst þannig, að lungun eyðileggist eftir 5–6 mánuði við slíka meðferð. Þá eru lungu gríssins sundurtærð og þá verður að nota fúkkalyf.

Og áfram segir þulurinn: „Nýir og einkennilegir sjúkdómar koma einnig stöðugt fram. Á þessum bæ hafa grísirnir fengið nýjan dularfullan sjúkdóm sem kallaður er blá eyru. Þetta gerist þrátt fyrir mikla notkun fúkkalyfja eða vegna hennar. Bakteríurnar verða þolnar, það verður að nota æ stærri skammta eða aðrar tegundir fúkkalyfja og bráðum verða ekki fleiri tegundir til að grípa til og ekki er hægt að pumpa grísina fulla með fúkkalyfjum eins og blöðru. Ef við getum ekki stoppað þetta tímanlega held ég að það endi með því að mannkynið missi úr höndum sér mikilvægustu lyfjategundina, fúkkalyfin. Með þeim höfum við læknað þá smitsjúkdóma sem menn dóu úr á unga aldri hér áður fyrr. Það voru fúkkalyfin sem björguðu okkur. Nú erum við á góðri leið með að eyðileggja þessi lyf til þess að fá ódýrt svínakjöt."

Er það andstætt hagsmunum íslenskra neytenda að það sé eitthvað hærri virðisaukaskattur á vöru sem þannig er lýst og er það andstætt hagsmunum íslenskra bænda að skatturinn sé hærri? Ég á erfitt með að finna rök fyrir því.

En áfram heldur lýsingin á þessari vöru sem nú er

verið að opna fyrir hér með afnámi magntakmarkana og lýst undrun yfir því að Framsfl. vilji ekki á stundinni setja lægri virðisaukaskatt á þessar vörur. Áfram segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi skrýtna kýr er oft meðhöndluð eins og vaxtaræktarmaður. Hún er á lyfjum, vaxtarhormónum. Og alveg eins og hjá vaxtaræktarmönnum og íþróttafólki er það ólöglegt en mjög arðbært og hættulegt. Það má segja sem svo að íþróttamaður geti kennt sér sjálfum um ef hann dælir í sig efnum til þess að verða fljótari og sterkari en veikist af því. En þegar hormónum er dælt í dýrin bitnar það á okkur, saklausum kjötætum og það er verra. Bóndinn hér segir að sjálfsögðu að hann gefi dýrunum enga hormóna, það segja þeir allir. En merkilegt nokk er nákvæmlega vitað hvernig það er gert. Ungnaut þyngist um kíló eða svo á dag við eðlilegar aðstæður. Fái það hins vegar sprautu öðru hvoru eða því sé blandað í fóðrið, hormónunum, þá þyngist það um 2,5 kg á dag og svo étur það minna. Tvöfaldur gróði fyrir bóndann, að sjálfsögðu freistandi." Í þessu sænska sjónvarpsviðtali er síðan sýnt naut sem er sagt að henti óvanalega vel til hormónameðferðar. En svo orðrétt, með leyfi hæstv. forseta:

„Ástæðan getur einnig verið að Belgía er í miðri Evrópu og öll landamæri eru nú opin." — Eins og við erum að opna hér á Íslandi. „Miðstöð hormónamafíunnar er alla vega í Belgíu." Og Belgíumaður segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef unnið í þessu í 5 ár og niðurstaðan er að um 80% af kjötframleiðslu okkar er hormónakjöt. Að baki stendur lítil hormónamafía, hámark 40 manns. Hún stjórnar þessum geira sem veltir um 5 milljörðum belgískra franka á ári."

Síðan segir þulurinn, með leyfi hæstv. forseta, að Evrópubandalagið banni algerlega notkun allra hormóna og stera. Bann sem hefur greinilega lítið að segja. En það er hættulegt að afhjúpa leyndarmálin eins og einn maður gerði. Það er þingmaður á Evrópuþinginu. Þegar hann heldur fréttamannafund vega nýrrar bókar sem hann gaf út, þá eru þar ekki bara fréttamenn og stjórnmálamenn. Þar eru einnig vopnaðir lögreglumenn og í hverju horni er maður sem ekki fylgist með því sem sagt er, heldur fylgist vel með því sem gerist í salnum. Kjötmálin eru orðin svona hættuleg í Evrópu. Það er ekki að furða að menn séu á varðbergi.

Hér býr einn af þeim dýralæknum sem fylgist með því hvort kjöt sé hormónaalið. Mafían sprengdi bílinn hans. Þarna er annar dýralæknir. Það var skotið á hann. Þetta líkist allt meira venjulegu stríði eiturlyfjasala. Hér var bíl ekið í fyrrinótt eftir götunni. Gluggi opnaðist og fyrsta skotið fór í gegnum rúðuna beint inn í stofu. Næsta skotið fór í hurðina og þarna býr einn af dýralæknum sem lögreglan notaði til að kanna hvort hormónar væru notaðir. Það átti að hræða hann til að þegja.

Síðan er það rakið að dýralæknarnir verða fyrir þrýstingi vegna þess að þeir eiga að vera þarna á verði, en því miður virðist mafían vera sterkari en lögreglan. Dýralæknirinn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er ekki hægt að láta lögregluna gæta allra eftirlitsmanna allan sólarhringinn. Það er ómögulegt að vernda þá og það væri óbærilegt líf."

Ég les þetta til að undirstrika að ég tel ekki vera óeðlilegt eða verið að gera rangt þó að við viljum hafa lægri virðisaukaskatt á íslenskum matvælum heldur en matvælum sem þannig eru framleidd. Og áfram heldur þulurinn í sænska sjónvarpinu lýsingu sinni:

„Mafíuna er aðallega að finna í vesturhluta Belgíu, í Flandri. Þar eru leyniverksmiðjur og þar er hægt að sjá venjulega bændur lifa óvenjugóðu lífi. Þar búa þrír bræður og þeir búa í höllum. Einn er sérstaklega nefndur, traustvekjandi maður sem meira að segja veitir sjónvarpsviðtöl þar sem hann vísar á bug öllu því sem um hann er sagt. Það sem um hann er sagt er að hann er eða var guðfaðirinn í mafíunni. Þessi mafía hefur sambönd um alla Evrópu og græðir milljarða. Hún er í tengslum við belgíska stjórnmálamenn og verður sífellt öflugri."

Síðan er farið að kjötborði og skoðað kjöt og þá segir áfram, með leyfi forseta: „Þetta kjöt er sennilega hormónaalið. Vöðvaþræðirnir eru grófir og sjást greinilega og vatn kemur út úr þeim. Það er bannað að nota hormóna og það eru til lög um það en það eru engin lög sem banna sölu á kjötinu."

Síðan fara fréttamennirnir í rannsóknastofu og þar lýsa þeir því sem þar fer fram og þeim er sagt á þennan hátt, með leyfi hæstv. forseta:

„Í rannsóknastofunni sýnir prófessorinn okkur nokkra stungustaði sem hann hefur geymt. Í einum þeirra situr meira að segja brotin nál eftir. Samþjöppunin á hættulegum efnum á stungustaðnum veldur örugglega vanlíðan allt frá skjálfta, augnverkja, hjartsláttar til mun hörmulegri afleiðinga og krabbamein hefur þar verið nefnt. Í Belgíu leita menn nú að einföldum aðgerðum til að koma upp um hormónanotkun. Mafían er hins vegar duglegri en vísindamennirnir og hún hefur mörghundruð mismunandi efni að velja á milli. Þeir eru að sögn a.m.k. ári á undan eftirlitsmönnum í þróuninni. Áhrifin ráðast sem sagt af því hvaða efni maður fær í sig og hversu oft. Hormónaframleiðsla mannslíkamans verður fyrir óbætanlegum skemmdum ef hann fær utanaðkomandi hormón of lengi, það er vitað. Nú er sagt alveg opinskátt að eftir nokkur ár getum við átt von á óvæntum hrolli og einkennilegum áhrifum á heilar þjóðir. Konur gætu t.d. orðið karlmannlegar, karlar misst skeggvöxt og rödd þeirra hækkað. Enn er þetta frekar óljóst, en bara hugsunin hræðir.

Þegar þessar staðreyndir blasa við verður kjötið í kjötborðinu ekki eins girnilegt. Það er og mun hættulegra þótt það sé selt fyrir opnum tjöldum eins og við sjáum. Þetta á við um alla Evrópu.

Frjálsir vöruflutningar.

Að lokum, sem er alvarlegt fyrir okkur, segir frá því að ef svona kjöt er flutt inn til Svíþjóðar og þá einnig hingað og það unnið má setja á merkimiðana á þeirri vöru að það sé innlent. Þá verður ekki hægt að greina í sundur hvaðan varan kemur. Þetta er m.a. staðfest af viðtali í lok þessa sænska þáttar við landbúnaðarráðherrann þar sem við hann er sagt, með leyfi hæstv. forseta:

„Þú veist að þetta kjöt er flutt inn frá Evrópubandalaginu, það hakkað, saltað og unnið hér, þá er það selt hér sem sænskt kjöt." Og áfram: „En það er verra að þegar EES-samningurinn tekur gildi þá þurfum við ekki einu sinni að geta upprunalands, ekki einu sinni að það sé unnið í Svíþjóð."

Ég hef hér rakið þetta sænska sjónvarpsviðtal vegna þess að þær staðreyndir sem þarna koma fram finnast mér ákaflega athyglisverðar og nauðsynlegt fyrir menn að gera sér grein fyrir þessum staðreyndum því við Íslendingar erum nú að lenda í þessari sömu aðstöðu. Og ég vil enn einu sinni segja það að ég tel að það sé ekki andstætt hagsmunum íslenskra neytenda þó það sé hærri virðisaukaskattur á slíkri vöru en heilnæmum íslenskum landbúnaðarafurðum. Og ég tel enn þá síður að það sé andstætt hagsmunum íslenskra bænda.

Þá vil ég víkja að hinu atriðinu sem ég ætlaði að ræða hér en það er skatturinn á ferðaþjónustu. Það eru alveg ótrúleg vinnubrögð hjá hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkum hennar hvernig hún ætlað sér að ganga þar áfram af mikilli hörku. Ég vil segja að þar er á ferðinni hrein hryðjuverkastarfsemi gagnvart þessum atvinnuvegi sem flestir hafa hingað til sagt að væri vaxtarbroddur um þessar mundir í íslensku atvinnulífi.

Hæstv. fjmrh. sagði að vísu áðan að þetta ætti ekki að vera vandamál fyrir ferðaþjónustuna, þetta hefði verið samþykkt fyrir ári síðan og því gæti hún bara verið búin að undirbúa sig og hækka. En veit ekki hæstv. fjmrh. að málið er ekki svona einfalt? Við höfum ekki trygga komu erlendra ferðamanna til Íslands. Koma þeirra byggist á því hvað við höfum að bjóða. Við höfum vissulega margt gott að bjóða, íslenska náttúru og heilnæman mat. En þegar ferðamenn ákveða hvert þeir fara þá er það samt sem áður verðið sem hefur gífurleg áhrif. Það fundu Svíar, svo ég vitni aftur til Svíþjóðar, þegar þeir fyrir fáum árum lögðu skatt á ferðaþjónustuna. Þá hrapaði á einu ári koma erlendra ferðamanna til Svíþjóðar. Ég hygg að það hafi verið upp undir 30%. Þeir lærðu af reynslunni og lækkuðu skattana. En af hverju eigum við ekki að læra líka af reynslu þeirra og leggja skattana alls ekki á? Það er ekki í einu búið að bæta fyrir skaðann ef hann er unninn. Það hlýtur að vera ömurlegt fyrir hæstv. samgrh. sem er að láta sína menn vinna mjög athyglisverða áætlun um ferðalag fjölskyldunnar um Ísland á næsta ári að standa síðan í því að leggja hvern skattinn eftir annan á ferðaþjónustuna á sama tíma og vafalaust er réttilega sagt að slíkur skattur getur ekki náð til ferðalaga út úr landi og jafnvel ekki ferðalaga um Ísland ef fyrirheitna landið er utan landsteinanna.

Það hefur því miður verið svo á þessu ári sem nú er að líða að þrátt fyrir að talað sé um að ferðamönnum hafi fjölgað þá hefur nýting á flestum hótelum landsins verið lakari á þessu ári en áður. Það virðist sýna það að ferðamenn dvelja hér skemmri tíma og eyða minnu hver einstaklingur. Svo það er vissulega alvarlegt ef nú á að fara að leggja nýjar byrðar á mörgum sviðum á þessa atvinnugrein.

Ég vil því vona að öllum þeim mörgu sem hafa bent hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmönnum hennar á þessa staðreynd takist áður en þetta mál er afgreitt hér frá Alþingi að sannfæra þá um í hvaða ógöngur þarna er verið að fara og afnema líka skattinn á gistinguna til viðbótar því sem hæstv. fjmrh. var nú að gefa fyrirheit um. Sú yfirlýsing hæstv. fjmrh. sýnir sem betur fer hversu gagnlegar málefnalegar umræður eru og að ekki er öllum alls varnað að taka mark á þeim. Við vitum að við þær aðstæður sem við búum nú við, þetta gífurlega atvinnuleysi, þá hefur auðvitað hver einasti erlendi ferðamaður sem bætist í hóp þeirra sem kemur til landsins margfalda þýðingu því það skapar vinnu. Og meiri atvinna er auðvitað það sem þjóðinni er allra brýnast um þessar mundir.

Að vísu hefur hæstv. forsrh. talað mjög um það síðustu daga og vikur að nú sé allt að batna, nú sé þetta allt í sómanum, ríkisstjórnin stjórni svo vel. En því miður tala staðreyndirnar allt öðru máli. Og í frétt í Morgunblaðinu í morgun segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þrjú þúsund sjötíu og níu atvinnulausir í borginni, rúmlega 1.000 fleiri en í fyrra. Samtals 3.079 manns voru skráðir atvinnulausir á ráðningarstofu Reykjavíkurborgar 15. des. sl. Telst það um 4,5% atvinnuleysi. Á sama tíma í fyrra voru samtals 2.000 manns á skrá."

Áfram segir, með leyfi hæstv. forseta: „... formaður atvinnumálanefndar Reykjavíkur sagði þessar tölur ekki koma sér á óvart og taldi hún að atvinnuástandið gæti orðið erfitt, jafnvel allt fram í mars eða apríl á næsta ári. Fyrirtæki hafa verið að leggja upp laupana og það er samdráttur í verslun eins og sjá má af því hvernig atvinnuleysið kemur niður á starfsstéttunum. Af fjölgun upp á 1.079 milli ára eru 704 verslunar- og verkamenn," þ.e. þeir sem lægst hafa launin.

Hver einasti ferðamaður sem kæmi til landsins, dveldi hér á hótelum, mundi draga eitthvað úr þessu atvinnuleysi. Það eru allar aðstæður fyrir hendi, enginn aukakostnaður, allt saman ávinningur. Og að vera því að leggja slíkan stein í götu þessa atvinnuvegar eins og hæstv. ríkisstjórn og stuðningslið hennar eru hér að gera, er óskiljanlegt því það er alveg öruggt miðað við það hvað lítil fjölgun ferðamanna gæti aukið tekjurnar að hér er beinlínis um skaða fyrir ríkissjóð að ræða. Það er ekki aðeins að við missum gjaldeyristekjur sem auka veltu í þjóðfélaginu heldur verður ríkissjóður líka að greiða atvinnuleysisbætur til þeirra sem ekki fá atvinnu. Það hefur verið rakið hér í umræðu áður að þau útgjöld fyrir ríkissjóð á starfstíma þessarar hæstv. ríkisstjórnar eru að nálgast 20 milljarða. Þannig að vandinn sem við erum að tala um í fjárlagagerð virðist því miður vera sá að stærsti einstaki þátturinn sé afleiðing atvinnuleysisins.

[11:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er sjaldgæft að heilum sjónvarpsþætti úr sænska sjónvarpinu sé lýst úr ræðustól eins og gert var hér áðan af hv. ræðumanni. Það var helst að heyra á honum að það ætti að skattleggja allar erlendar og innfluttar vörur vegna þess að það væri hætta á hormónum og salmonellusýkingum í erlend-

um varningi. Ég held að það sé ekki hægt að rugla þessu tvennu saman, annars vegar virðisaukaskatti og hins vegar vörnum gegn sjúkdómum og hormónum og vísa því á bug.

Ég býst við að hv. þm. líði dálítið illa. Það liggur hér fyrir og ég hef í höndum yfirlýsingu annars vegar stjórnarfundar Stéttarsambands bænda og hins vegar Framsfl., sem er núverandi stefna flokksins, og báðir þessir aðilar hafa lýst yfir stuðningi við tveggja þrepa virðisaukaskatt. Framsfl. segir nú að það sé nauðsynlegt að hafa eitt þrep, annað sé slys, en hv. þm. heldur því fram í sinni ræðu að í raun vilji Framsfl. tvö þrep, það sé einungis verið að leggja til frestun og að endurgreiðslurnar séu í raun tvö þrep. Hann lagði mikla áherslu á það í sinni ræðu sem lýsti því hvernig honum líður þegar hann hefur verið pyntaður til að fylgja varaformanni flokksins. Ég tek það fram að stjórnarfundur Stéttarsambands bænda varar einmitt við þessum endurgreiðslum og tekur það skýrt fram í sinni yfirlýsingu.

Loks um skattana í Svíþjóð. Þar er ólíku saman að jafna. Þeir lækkuðu skattinn úr 25% niður í 12% eða þar um bil og skatturinn á íslensku gistinguna mun ekki vera sambærilegur vegna þess að gengið hefur breyst, aðstöðugjald hefur verið þurrkað út, tryggingagjald verið lækkað og áhrifin eru margfalt minni en áhrifin í Svíþjóð þrátt fyrir þá lækkun sem þar hefur átt sér stað. Þetta veit hv. þm. auðvitað.

[11:38]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég sagði að ég teldi að það væri ekki óhagkvæmt fyrir íslenska neytendur eða íslenska bændur að það væri lægri virðisaukaskattur á íslenskum matvælum sem við vitum að eru holl og heilnæm heldur en þeim sem því miður munu verða á boðstólum hér á næstunni erlendis frá og eru eins og ég lýsti hér áðan. Ég tel að þessar staðreyndir eigi vissulega erindi til Íslendinga alveg eins og Svía þar sem aðstaða okkar er nú sú sama.

Ég get fullyrt og huggað hæstv. fjmrh. með því að mér líður vel með að styðja þetta sem ég var að rökstyðja hér og benda á með rökum að væri að mínu mati skynsamlegara. Ég benti á það einmitt í sambandi við bókaskattinn að reynslan sýndi að þó að einhver vara sé færð niður um þrep eins og hér á að gera eða virðisaukaskattur jafnvel afnuminn þá er það ekki varanleg aðgerð. Það hefur ekki reynst það eins og ég nefndi dæmið um með bókaskattinn sem núv. hæstv. ríkisstjórn tók upp aftur. Því miður er það tálvon að halda að slíkt sé. Ég hef ekki tíma til að endurtaka þau rök sem ég færði fyrir minni afstöðu en hún er af fullri sannfæringu fyrir hagsmuni íslenskra neytenda og íslenskra bænda.

[11:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að aðgerðir eru aldrei algjörlega varanlegar. Hv. þm. staðfesti það tel ég í sinni ræðu sinni nú hversu illa honum líður í þessari klemmu sem hann hefur verið settur í og ég taldi ástæðu til að vekja athygli á þeim erfiðleikum sem koma upp þegar menn þurfa að fara gegn stefnu síns eigin flokks og gegn stefnu þeirra samtaka sem þeir eru þátttakendur í.

En hv. þm. reynir að skjóta sér á bak við það að erlendar matvörur séu svo óhollar, þær séu fullar af hormónum og fullar af salmonellum. Þess vegna eigi að skattleggja þær öðru vísi. Þá spyr ég hann: Ef það kæmi nú upp salmonella t.d. á íslensku kjúklingabúi eða salmonella í svínabúi á Íslandi á þá ekki slíkur matur að bera allt annan og hærri virðisaukaskatt? Það er auðvitað það sem hv. þm. er að segja og væri fróðlegt að heyra hvað formaður Búnaðarfélagsins segir um það.

[11:42]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að hæstv. fjmrh. vissi hvað væri gert hér á Íslandi ef vart verður við eitthvað slíkt. Þá er sala stöðvuð og vandinn er upprættur. En ég get endurtekið það að það er af sannfæringu sem ég tala fyrir þessu máli hér og styð það sem Framsfl. leggur áherslu á að nú sé gert. En hitt vitum við og er viðurkennt, m.a. af hv. 5. þm. Norðurl. v., talsmanni Sjálfstfl. og stjórnarinnar í efh.- og viðskn., hann viðurkennir það að stefna ríkisstjórnarinnar sé vitlaus. Það eru staðreyndir sem allir hafa heyrt. Og þá skil ég mætavel að hæstv. fjmrh. líður ekki vel um þessar mundir að vera að fara út í það fen sem hann er að leggja í núna.

Umræðu frestað.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, síðari umr.

Stjtill., 150. mál. — Þskj. 167, nál. 438.

[11:44]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Herra forseti. Ég mæli fyrir áliti utanrmn. um till. til þál. um fullgildingu breytingar á Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins. Nefndin hefur fjallað um tillöguna og mælir með samþykkt hennar. Nefndin sendi tillöguna til umsagnar umhvn. sem skilaði ítarlegu áliti og er þar mælt með samþykkt hennar. Umsögn umhvn. er birt sem fylgiskjal með áliti utanrmn.

Allir nefndarmenn utanrmn. mæla með því að þessi tillaga verði samþykkt.

[11:45]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sú breyting sem hér er verið að gera á Montreal-bókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins er í rétta átt og umhvn. sem fór yfir málið taldi að það væri eðlilegt að samþykkja þessa bókun og þessa till. til þál. sem hér liggur fyrir. Það er ánægjulegt til þess að vita hver þróun er á alþjóðavettvangi í sambandi við þá vá sem stafar af rýrnun ósonlagsins en þó er ljóst að þjóðir heims verða þar að

herða róðurinn mjög verulega frá því sem þær tímasetningar gera ráð fyrir sem eru í núverandi samningsákvæðum. Ósonlagið er að rýrna verulega. Upplýsingar sem fram koma um það efni eru nokkuð ótvíræðar og sjaldan sem ósonlagið hefur verið jafnveikt, einkum yfir heimsskautasvæðum eins og á yfirstandandi ári. Það er því ljóst og vonandi að það verði sett og sameinast um harðari ákvæði varðandi þessi mál heldur en nú er verið að samþykkja og nú hafa verið samþykkt enda er hreyfing í þá átt hjá öðrum þjóðum. En jafnvel þótt tækist að stöðva notkun ósoneyðandi efna nú þegar þá hefur safnast fyrir í neðri lögum andrúmsloftsins það mikið af ósoneyðandi efnum að það mun hafa áhrif til veikingar á ósonlagið í háloftunum um langan tíma enn.

Það er ánægjulegt að Íslendingar slógust í hóp þeirra ríkja sem vildu herða ákvæði varðandi notkun ósoneyðandi efna umfram það sem skyldur buðu samkvæmt alþjóðasamningum. Sá sem hér talar ýtti mjög á það efni með fyrirspurnum til fyrrv. hæstv. utanrrh. sem tók á þeim málum gagnvart ríkisstjórn og er von til að það verði unnið að þessum málum m.a. með nýrri reglugerð þannig að unnt verði í reynd að standa við þær skuldbidingar sem menn eru að setja sér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 1. umr.

Stjfrv., 295. mál (öldrunarskrár). — Þskj. 414.

[11:49]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra sem er 295. mál á þskj. 414. Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að setja á laggirnar sérstakt öldrunarmálaráð sem mun fara með yfirstjórn öldrunarmála í Reykjavík í umboði borgarráðs og borgarstjórnar. Öldrunarmálaráðið mun ekki verða undirnefnd félagsmálaráðs eins og gert er ráð fyrir í lögum um málefni aldraðra heldur mun ráðið heyra beint undir borgarráð og borgarstjórn.

Þessi málefni, öldrunarmálin, eru sívaxandi málaflokkur í Reykjavík og í fleiri sveitarfélögum og hefur borgarstjórn þótt rétt að setja sérstaka nefnd yfir þennan málaflokk. Þar sem ákvæði 5. gr. núgildandi laga um málefni aldraðra veita sveitarfélögum ekki það svigrúm sem nauðsynlegt er til að skipa þessum málum svo sem þeim þykir hentugt með hliðsjón af umfangi þessa málaflokks er frv. þetta flutt.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að að lokinni þessari umræðu verið málinu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[11:50]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er flutt sem stjfrv. lætur ekki mikið yfir sér en það er nokkuð sérkennilegt mál. Þannig er að samkvæmt lögunum um málefni aldraðra er gert ráð fyrir því að öldrunarþjónusta sveitarfélaga sé tengd almennri félagsþjónustu sveitarfélaganna og hefur verið gengið út frá því hér á undanförnum árum og það hefur verið byggt upp í Reykjavík þrátt fyrir allt tiltölulega mjög gott þjónustunet við aldraða. Það er að vísu ljóst að það vantar um 150 hjúkrunarrými í Reykjavík fyrir gamalt fólk en þjónustukerfi við aldraða í Reykjavík er að mörgu leyti mjög gott, bæði að því er varðar heimlishjálp, að því er varðar heimsendingar á mat, að því er varðar hjúkrun o.fl. og o.fl., þá hygg ég að megi segja að þjónustukerfið við það gamla fólk sem komið er inn í þjónustukerfi á annað borð sé tiltölulega mjög gott. Þetta þjónustukerfi hefur verið byggt upp af Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar undir stjórn félagsmálaráðs Reykjavíkur og það hefur verið ætlunin og m.a. lögð á það mikil áhersla af öldrunarlæknum eins og Þór Halldórssyni að þjónustusvæði öldrunarmála verði þau sömu og hinnar almennu félagsmálaþjónustu og heilsugæslusvæðin líka þannig að þetta allt fari saman með skipulegum hætti svo það sé sem best nýting á starfsliði og fjármunum í þágu hinna öldruðu.

Svo gerist það að innan borgarstjórnarflokks Sjálfstfl. kemur upp tiltekinn vandi þar sem vissir aðilar telja óhjákvæmilegt fyrir sig og prófkjörsstöðu sína að koma upp sérstakri nefnd til að fara með málefni aldraðra í Reykjavík í raun og veru fram hjá þessu kerfi og fram hjá því góða starfsliði sem skipulagt hefur málin á vegum Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar. Og þess vegna er ákveðið að þessi þjónusta í Reykjavík eigi að vera öðruvísi en alls staðar annars staðar, hún eigi að vera undir öldrunarráði. Fulltrúar minnihlutaflokkanna í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar snerust gegn þessari skipan, þeir töldu þetta óþarfa. Og hið sama er að segja í raun og veru um fjölmarga, faglega forustumenn Reykjavíkurborgar á þessu sviði en það var auðvitað ekki hlustað á það fólk þegar hinir pólitísku hagsmunir Sjálfstfl. innan húss voru annars vegar. Þess vegna varð niðurstaðan sú að þetta öldrunarráð varð til. Ég segi fyrir mitt leyti, ég tel enga þörf á því og í raun og veru gæti það orðið til þess að spilla fyrir þjónustu við aldraða í Reykjavík vegna þess að hún yrði á tekin til hliðar við félagsmálaþjónustuna almennt.

Hv. heilbr.- og trn. fær auðvitað þetta mál til meðferðar og ég vil hvetja hana til þess að kalla til það fólk sem hefur með að gera þjónustu við aldraða í Reykjavík vegna þess að þetta snýr eingöngu að Reykjavík. En á þeim grundvelli að ég vil að sveitarfélögin ráði svona málum sjálf og líka Reykjavík mun ég ekki snúast gegn þessu frv. Ég mun sitja hjá þegar það kemur til atkvæða en ekki snúast gegn því. Ég tel það vitlaust en ég mun sitja hjá um málið af því að ég tel að Reykjavík eigi að hafa möguleika til að gera þetta þó að vitlaust sé.

Ég er sem sagt ósammála þeirri forræðishyggju sem birtist í afstöðu núv. ríkisstjórnar til sveitarfélaganna þar sem það er eins og kunnugt er bannað að lækka útsvör. Það hefur ekki komið fram við hvaða refsing-

um menn mega búast í sveitarstjórnum á Íslandi ef menn lækka útsvörin niður í 8,3%. En það er yfirvofandi stórfelld refsing fyrir það eins og kunnugt er vegna þess að hæstv. félmrh. hefur í samvinnu við fjmrh. og forsrh. ákveðið að enginn megi leggja á lægra útsvar en 8,4%. Menn eru beinlínis kúgaðir til þess að leggja á 8,4% útsvar hvort sem þeim líkar betur eða verr. Þessi ótrúlega tillaga félmrh. lýsir náttúrlega ekki mikilli virðingu fyrir sveitarfélögunum að ekki sé fastar að orði kveðið og hefur aldrei áður verið sett inn í tekjustofnalög ákvæði af þessu tagi sem tekur fram fyrir hendurnar á sveitarfélögunum með þessum hætti sem hér er ætlunin að gera í frv. til tejustofnalaga. Ég er andvígur slíkri forræðishyggju gagnvart sveitarfélögum og af þeim ástæðum mun ég, þar sem borgarstjórn Reykjavíkur hefur með lögformlegum hætti og eðlilegum óskað eftir þessari breytingu á lögum um málefni aldraðra, sitja hjá um það mál þegar þar að kemur sem þingmaður Reykjavíkur. En ég veit að þetta er ekki til bóta fyrir aldraða hér í borginni. Ég er sannfærður um það. En þann slag verður að heyja í ráðhúsinu hérna handan við Vonarstrætið og í kosningunum næsta vor en ekki í þessum sal.

[11:56]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra ber fremur brátt að svo að ekki sé meira sagt og vekur ýmsar spurningar þar af leiðandi. Þetta var lagt fram fyrir tveimur dögum síðan þannig að ég áttaði mig ekki almennilega á hvers vegna og það væri gott að fá það útskýrt hjá hæstv. heilbrrh. sem nú situr, fyrrv. heilbrrh., hvað það er nákvæmlega sem liggur svona mikið á að breyta. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því í fljótu bragði. Ég þykist nú þekkja nokkuð vel til þessa málaflokks en geri mér samt sem áður ekki grein fyrir því hvað það er sem gerir það að verkum að það liggur svona mikið á. (**SvG:** Páll Gíslason er að fara í prófkjör.) Þetta er nú söguskýring frá hv. þm. Svavari Gestssyni, Alþb., og hann gerir grein fyrir því þá, sitjandi hæstv. heilbrrh., ef það er rétt sem fram kom hjá hv. þm. Ég endurtek það ekki úr þessum stóli en þetta er spurningin. Mér finnst mikilvægt að það sé heildarskipulag í öldrunarmálum og það sé skilvirkt, það sé eitt allsherjarskipulag á þessum málum. T.d. að heimahjúkrun og heimilishjálp séu undir sama hatti þannig að það yrði öldruðum til bóta. Hvaða breyting hér er lögð til bóta geri ég mér alls ekki grein fyrir og ég bið áður en ég held lengri ræðu um þetta mál, hvað er það nákvæmlega sem veldur því að það er beðið um að þetta mál sé afgreitt hér á síðasta degi þinghalds fyrir jól, einmitt núna þegar fólk er á kafi í öðrum störfum. Hvað er það sem gerir það að verkum að hæstv. ríkisstjórn vill fá þetta í gegn í einum grænum? Það er spurningin.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill greina frá því að ætlunin er nú senn að slíta þessum fundi og hefja fund að nýju kl. 1. Jafnframt hefur verið ákveðið að atkvæðagreiðsla fari fram kl. 1.30, en forseti mun freista þess hvort unnt er að ljúka þessari umræðu. Einn hv. þm. er á mælendaskrá og tekur nú til máls.

[11:59]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hérna liggur fyrir er eins og kom fram í máli hv. 9. þm. Reykv. flutt að ósk borgarstjórnar Reykjavíkur og kemur núna inn í þingið alveg á síðustu dögum fyrir jól. Málið hefur örlítið verið kynnt óformlega fyrir heilbr.- og trn. Það var gert fyrir fáum dögum. Menn tóku þokkalega í þetta þar en þegar betur er að gáð og málið er skoðað örlítið dýpra þá finnst mér ýmsar spurningar vakna sem vert er að fá svar við áður en menn ganga út í slíkar grundvallarbreytingar í einu sveitarfélagi, grundvallarbreytingar frá því sem viðgengst í öðrum sveitarfélögum.

Að mörgu leyti er mjög vel að öldrunarþjónustunni búið í Reykjavík, þ.e. að öllum þeim þáttum öldrunarþjónustunnar öðrum en snýr að hjúkrunarheimilunum. Í þeim málaflokki einangruðum er í raun og veru algert neyðarástand. Það eru á bilinu 150–180 manns sem bíða eftir því að komast inn og bráð nauðsyn er til að koma inn á hjúkrunarheimilin því að í mörgum heimahúsum er mjög slæmt ástand í þessum efnum.

Það hefur verið gagnrýnt af mörgum á undanförnum árum að það hafi verið óskynsamlegt þegar síðasta verkaskipting ríkis og sveitarfélaga fór fram að skera í sundur heimaþjónustuna, þ.e. að heimilishjálpin sé í höndum sveitarfélaganna en heimahjúkrunin í höndum ríkisins. Þarna þurfi að koma á auknu samstarfi og ég tek undir það, sérstaklega held ég að þetta eigi við hér í höfuðborginni.

Þetta frv. gengur einmitt í þá átt að höggva þetta enn frekar í sundur heldur en slá þessum hlutum saman eða auka samstarfið þannig að ég vil m.a. skoða þetta mál út frá því sjónarhorni. Hitt er svo aftur annað mál að frá árinu 1987 varð alger stefnubreyting í heilbrigðismálum í höfuðborginni. Meðan borgarstjórnarmeirihlutinn átti að taka þátt í greiðslu hluta af rekstrarkostnaði heilsugæslunnar í sveitarfélaginu var hann á móti uppbyggingu heilsugæslustöðva og lagði áherslu á að sjálfstætt starfandi heimilislæknar sinntu þessari þjónustu. Heimahjúkrun á þeim tíma var að mínu viti alveg í molum. Með þeirri stefnubreytingu, þegar mótuð var sú stefna að byggja upp heilsugæslustöðvar í hverfum borgarinnar þegar ríkið tók yfir allan reksturskostnaðinn en borgin eða sveitarfélögin greiddu aðeins 15%, varð algjör breyting. Það er búið að byggja hér gríðarlega upp. Það er verið að taka hverja heilsugæslustöðina á fætur annarri í notkun og hefur verið gert á undanförnum árum. Það merkilegasta er að starfsfólkið hafði áhyggjur af því um áramótin 1989 og 1990 þegar verkaskiptingin fór fram, að nú væri verið að flytja þessa þjónustu alla yfir til ríkisins. Í framhaldi af því vissi þetta fólk, sem hafði starfað á vegum borgarinnar, mjög lítið um hver framtíðin væri, það væri verið að skerða kjör og þar fram eftir götunum, en í dag fagnar þetta fólk að stórum hluta til þessari breytingu og vill alls ekki snúa til baka. Af hverju skyldi ég segja þetta? Jú, vegna þess að á nýafstöðnum fundi Landssambands heilsugæslu-

stöðva kom fram hjá hjúkrunarforstjórum, sem áður störfuðu undir hæl borgarinnar og starfa núna hjá ríkinu, að þeir vara mjög við að stíga þetta skref til baka.

Á undanförnum tveimur árum, og það vil ég þakka núv. hæstv. iðn.- og viðskrh. sem þá var heilbrrh., var frá 1991 framfylgt þeirri stefnu er mótuð hafði verið í tíð Guðmundar Bjarnasonar í heilbrrn. Heilsugæslustöðvar hafa verið opnaðar á mörgum stöðum í borginni. Um leið hafa verið settir verulegir fjármunir, og það vil ég einnig þakka hæstv. núv. iðn.- og viðskrh., til þess að sinna heimahjúkruninni í borginni á vegum Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur. Það hefur ekkert verið hlutverk borgarstjórnar Reykjavíkur síðan 1990 að skipta sér af þessum málum og því hefur tekist vel til. Borgarstjórnarmeirihluti íhaldsins í Reykjavík hefur aldrei haft áhuga fyrir þessum málum í raun. Það er bara staðreynd. Hins vegar eru viss hættumerki nú á lofti. Það er niðurskurður í heimahjúkruninni í fjárlagafrv. fyrir árið 1994 þannig að það er búist við að ekki verði hægt að sinna heimahjúkrun í Reykjavík af eins miklum myndarbrag árið 1994 eins og hefur verið gert á undanförnum fjórum árum. Það sem er alvarlegast er að það er engin leiðrétting komin enn á rekstrargrundvelli sjúkrahúsanna í Reykjavík. Það skortir 730 millj. kr. á sjúkrahúsin þrjú í höfuðborginni til að hægt sé að halda uppi sambærilegri þjónustu og á árinu 1993 — 730 millj. kr. Ef ekki koma leiðréttingar á þessum hlutum við 3. umr. fjárlaga blasir við algjört neyðarástand vegna þess að það er líka gert ráð fyrir því að skera niður í heimahjúkruninni á Heilsuverndarstöðinni og á heilsugæslustöðvunum.

Þetta mun leiða til þess að um mitt ár 1994 myndast neyðarástand. Og af því að hæstv. iðn.- og viðskrh., núv. fyrrv. heilbrrh., er enn í ríkisstjórninni þá fyndist mér út af hans verkum á undanförnum árum að hann ætti að skoða þennan þátt mjög gaumgæfilega þó það séu ekki nema fáir klukkutímar í það að endanlega verði gengið frá fjárlagafrv. hér.

En ég legg áherslu á það, virðulegi forseti, að þetta mál verði ekki afgreitt hér með einhverri fljótaskrift á síðustu klukkustundum þingsins fyrir jól, einfaldlega vegna þess að það þarf að kalla marga aðila til til að ræða málin og það liggur ekkert á öldrunarnefnd eins og hér er gert ráð fyrir, það liggur ekkert á að skipa hana fyrr en að afloknum næstu sveitarstjórnarkosningum og þær eru í lok maí. Hvað fara menn að hlaupa og skipa einhverja öldrunarnefnd í janúar sem verður leyst frá störfum þegar íhaldið tapar borginni í vor? Til hvers? Engin ástæða til þess. Menn bíða með þetta núna fram á vorþingið.

[12:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan beina spurningum til starfandi heilbrrh. ef hann er einhvers staðar nálægt og heyrir í mér. Í fyrsta lagi vil ég taka undir þær spurningar sem hafa komið fram um af hverju þessi áhersla sé lögð á það að þetta frv. verði samþykkt fyrir áramót með tilliti til þess, eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, að sveitarstjórnarkosningar eru eftir örfáa mánuði og þá verða skipaðar nýjar öldrunarnefndir eða öldrunarmálaráð ef frv. hlýtur samþykki fyrir vorið. Ég tel að það þurfi að kalla til ýmsa þá aðila sem hafa starfað að málefnum aldraðra, ekki eingöngu í Reykjavík heldur fulltrúar sveitarstjórna annars staðar á landinu vegna þess að þetta frv. felur í sér heimild til allra sveitarfélaga, líka þeirra smæstu, að skipa öldrunarmálaráð. Öldrunarmálaráð sem þá þarf ekki lengur að hafa nokkurt samstarf við heilsugæslustöðvar á viðkomandi þjónustusvæði heilsugæslustöðva. Þegar lög um málefni aldraðra voru samþykkt var lögð mikil áhersla á samstarf heilsugæslunnar og þeirra sem sæju um þjónustu aldraðra og að þjónustusvæðin væru þau sömu. Ef þetta frv. verður samþykkt þá verður sú breyting á að ekki þarf lengur að taka tillit til þess vilja sem fram kemur hjá fulltrúum heilsugæslustöðva á viðkomandi svæði hvað varðar þjónustu við aldraða, hvorki heimilishjálp né heimilishjúkrun því sveitarstjórnin eða öldrunarmálaráðið mun þá ákveða með hvaða hætti skuli staðið að þessum verkefnum. Mér finnst þetta ekki rétt og e.t.v. er þetta fyrirkomulag sem hentar í stórum byggðarlögum eins og í Reykjavík, það get ég ekki dæmt um, en ég sé það fyrir mér að litlar sveitarstjórnir úti á landi sem þurfa að sækja þjónustu fyrir aldraða til heilsugæslustöðva um langan veg og eru með fulltrúa frá þessum heilsugæslustöðvum í öldrunarmálanefndum, sem hafa eftirlit með framkvæmd öldrunarmála í viðkomandi sveitarfélagi, munu jafnvel sjá sér leik á borði að stofna slíkt öldrunarmálaráð vegna þess að þá eru þær ekki lengur tilbúnar til þess að hafa tvo fulltrúa frá viðkomandi stjórn heilsugæslustöðvar. Þannig að þetta frv. felur í sér miklu meiri breytingar en maður gerði sér grein fyrir við fyrstu yfirsýn og ég tel að við þurfum að taka nokkuð góðan tíma í að skoða þetta og kalla til viðtals ýmsa þá aðila sem að öldrunarþjónustunni koma. Ég ítreka það enn og aftur að ég sé ekki ástæðu til þess að breyta þessum lögum ef það yrði samþykkt hér fyrr en bara rétt undir vorið því breytingin tekur þá gildi eftir næstu sveitarstjórnarkosningar sem hlýtur að vera það sem menn eru að horfa á því varla á að fara að stofna slíkt öldrunarmálaráð til starfa í örfáa mánuði. Þess vegna legg ég til, virðulegi forseti, að hv. heilbr.- og trn. taki sér góðan tíma í að skoða þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Kirkjumálasjóður, 245. mál, þskj. 449.

Prestssetur, 244. mál, þskj. 448.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, 263. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 445; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 446.

Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, 284. mál, nál. sjútvn., þskj. 444.

Út af dagskrá voru tekin 2.–5. mál.

Fundi slitið kl. 12:11.

68. FUNDUR

laugardaginn 18. des.,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, stjfrv., 284. mál, þskj. 361, nál. 444. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
2. Prestssetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403, 418 og 443. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 284, nál. 402 og 417, brtt. 404. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106, nál. 387 og 428. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, stjtill., 150. mál, þskj. 167, nál. 438. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
7. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 414. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412. — Frh. 2. umr.

Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 284. mál. — Þskj. 361, nál. 444.

[13:04]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu nál. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, HÁ, HBl, IP, JÁ, JE, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, SalÞ, SAÞ, StG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

28 þm. (ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, ISG, JóhS, JGS, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

[13:05]

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Sjútvn. hélt fund í morgun um afgreiðslu á þessu frv. um ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins til að vega á móti skerðingu þorskveiðiheimilda. Samkvæmt frv. er lagt til að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði úthlutað endurgjaldslaust til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestri skerðingu á því aflamagni sem þeim er úthlutað á milli ára. Samkvæmt þessari heimild sjóðsins er ljóst að þær nægja til að bæta þeim skipum sem orðið hafa fyrir meiri skerðingu á milli fiskveiðiáranna en nemur 9,8% þegar í þorskígildum er talið. Eftir að úthlutun hefur farið fram mun ekkert skip hafa orðið fyrir meiri skerðingu en þessari. Hér er um að ræða rúmlega 780 fiskiskip sem mundu fá úthlutað viðbótaraflamarki ef frv. þetta nær fram að ganga sem ég vona. Eins og allir vita eru aflaheimildir Hagræðingarsjóðs í þessum fisktegundum, þorski, ýsu, ufsa, karfa, grálúðu og skarkola. Það er gert ráð fyrir því að úthlutun fari þannig fram að hverju skipi verði úthlutað viðbótaraflamarki sem nemur þessari skerðingu umfram þau 9,8% í þorskígildum þannig að hlutfallsleg skipting milli tegunda sýni samsetningu tegundanna sem Hagræðingarsjóði var úthlutað.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri. Nefndin var sammála um að mæla með samþykkt frv. þó að skammur tími væri til afgreiðslu og vil ég leyfa mér að þakka samnefndarmönnum fyrir góða samvinnu við afgreiðslu þessa máls.

Tveir nefndarmenn voru fjarverandi afgreiðslu málsins en þeir eru Vilhjálmur Egilsson og Steingrímur J. Sigfússon. Anna Ólafsdóttir Björnsson, fulltrúi Samtaka um kvennalista, sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi og er samþykk þessu áliti.

Undir álitið rita auk mín Gunnlaugur Stefánsson, Stefán Guðmundsson, Árni R. Árnason, Jóhann Ársælsson, Guðmundur Hallvarðsson og Ólafur Þ. Þórðarson sem mætti í forföllum Halldórs Ásgrímssonar.

[13:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég skrifa undir nál. og mun styðja þetta frv. og tel ástæðu til þess að greiða fyrir því í gegnum þingið en það verður ekki hjá því komist að minnast aðeins á þá hörmungarsögu sem þetta mál hefur í fortíðinni. Hér hafa menn staðið í því að fá þessa gerð í langan tíma bæði fyrir síðasta ár og núna. Það er ekki séð fyrir endann á því enn þá, það er ekki búið að koma þessu í endanlegan farveg og ekki sjáanlegt að það sé samstaða um að klára þessi sjávarútvegsmál hér í þinginu þannig að menn vita auðvitað ekki hvernig þessu lyktar fyrir þarnæsta tímabil.

Ég vil láta koma fram og rifja upp að þó svo ég styðji frv. tel ég að það hafi verið mikið slys að menn jöfnuðu ekki meira út því áfalli sem nú er að ríða yfir landsbyggðina vegna þorskskerðingarinnar. Það var hægt að gera það og var einfalt og auðvelt en menn kusu að gera það ekki. Ef aflaheimildum hefði verið úthlutað með það fyrir augum að jafna þessa skerðingu út þá hefðum við setið uppi með eitthvað í kringum 3% skerðingu á allan flotann. En menn völdu þá leiðina að verja eignakerfi á aflaheimildunum og mátu það meira en reyna að koma í veg fyrir þennan skell. Það er mikið áfall fyrir þær byggðir, sem byggja mest á þorskveiðunum, að það skyldi ekki takast að jafna þessu meira út en gert hefur verið.

Það er mikill munur á að verða fyrir 10% skerðingu ár eftir ár eins og nú liggur fyrir eða ef það hefði tekist að koma henni niður í 3% eins og hefði verið hægt að gera.

Þegar þetta mál kom til 1. umr. urðu töluverðar umræður um stöðu sjávarútvegsmálanna og það að sjó-

mannaverkfall er yfirvofandi. Ég ætla ekki að setja á ræður um þau málefni núna vegna þess að það liggur fyrir nú að það verður fundur með forráðamönnum sjómanna og sjútvn. þingsins í dag og það var það sem ég og fleiri vorum að fara fram á í þeim umræðum að það kæmist á eitthvert samband og það yrði hægt að leita leiða til þess að þingið legði sitt af mörkum til að liðka fyrir því að þessi vinnudeila leystist.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég mun styðja þetta frv. og stjórnarandstaðan hefur sýnt ábyrgð og ekki verið með neitt málþóf og verður ekki svo ég viti til. Þrátt fyrir að hún hafi lagt þessar tillögur ítrekað fram og verið rekin til baka með þær af meiri hlutanum þá munu menn styðja eftir því sem ég best veit niðurstöðuna eins og hún liggur nú fyrir.

[Fundarhlé. — 13:14]

[13:29]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (EH, FrS, GE, GB, GÁS, GHelg, ISG, JóhS, JónK, JVK, MF, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (EH, FrS, GE, GB, GÁS, GHelg, ISG, JóhS, JónK, JVK, MF, StB, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (EH, FrS, GE, GB, GÁS, GHelg, ISG, JóhS, JónK, JVK, MF, StB, VE) fjarstaddir.

Prestssetur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 244. mál. — Þskj. 283, nál. 402 og 417, brtt. 403, 418 og 443.

[13:31]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (GE, GB, GÁS, GHelg, ISG, JónK, JVK, MF, StB, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (KHG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (GE, GB, GÁS, GHelg, ISG, JGS, JónK, JVK, MF, StB, VE) fjarstaddir.

Brtt. 418 kölluð aftur.

Brtt. 443 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, JVK, StB, VE) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (EgJ, GE, GÁS, GHelg, ISG, IP, JVK, RA, RG, SJS, VE) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (GÁ, HG, JÁ, KHG, MF, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (FrS, GE, GÁS, GHelg, ISG, VE) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ,

HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JHelg, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (AÓB, GB, GÁ, HG, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
6 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, JónK, VE) fjarstaddir.

7.–8. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.
7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HBl, ISG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 403 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, VE) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, RG, VE) fjarstaddir.

10. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (AÓB, GB, GÁ, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
5 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, VE) fjarstaddir.

11. gr. og ákv. til brb. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (FrS, GE, GÁS, GHelg, ISG, JÁ, ÓRG, RG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, VE) fjarstaddir.

Kirkjumálasjóður, frh. 2. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 284, nál. 402 og 417, brtt. 404.

[13:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (GE, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JónK, KHG, MF, SvG, VE) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (EH, GE, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JÁ, MF, SvG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 404 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (EH, FI, GE, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, MF, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JGS,

JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (GE, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JÁ, MF, SvG, VE) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 33:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ.

22 þm. (AÓB, EL, FI, GB, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GE, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:41]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í þessari grein er kveðið á um að skerða tekjur kirkjugarða varanlega um rúmlega 20%. Í umsögnum sem allshn. bárust er sterklega varað við þessari skerðingu, sérstaklega vegna kirkjugarða fámennra safnaða, enda voru með lögum um kirkjugarða frá sl. vori lögð á þá aukin útgjöld. Það sama kemur fram í bókun sem síðasta kirkjuþing lét fylgja með afgreiðslu þessara frv. og í niðurlagi þeirrar bókunar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Kirkjuþing treystir hinu háa Alþingi til að athuga þessa þætti gaumgæfilega er það fær þegar mál til meðferðar."

Þar sem frv. kom svo seint til allshn. hafði hún ekki tíma til að verða við þessari beiðni kirkjuþings og mun ég því sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þessa grein.

7. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (GÁ, HG, KÁ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, GÁ, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, GE, GÁS, GHelg, HÁ, HG, ISG, JE, MB, ÓÞÞ, SP, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Í þessu ákvæði til bráðabirgða eru ákvæði um að selja tvær eignir ríkissjóðs, ákvæði um fjölskylduþjónustu þjóðkirkjunnar og starfsemi hennar, ákvæði um söngmálastjóra þjóðkirkjunnar og um Tónskóla þjóðkirkjunnar og að hann geti útskrifað tónlistarkennara og organista. Ég tel að hér sé um að ræða ótrúlegt lagafúsk og ég vil vekja athygli á því og mun sitja hjá við atkvæðagreiðslu þessa eða þá sem hér fer fram núna og ég reyndar skora á hæstv. dómsmrh. að beita sér fyrir því að þetta bráðabirgðaákvæði verði endurskoðað í heild hið allra fyrsta.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., frh. 2. umr.

Stjfrv., 103. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 106, nál. 387 og 428.

[13:45]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 33:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

nei: HG, JÁ, KHG, RA, SJS, SvG.

17 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, GÁ, IBA, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, StG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:46]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þessi bálkur sem hér er til atkvæða kominn er enn einn subbuskapurinn af hálfu þeirra sem standa að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Hér úir og grúir af óvissuatriðum um grundvallarmál eins og fram kemur í áliti minni hluta allshn. og um viss atriði er vafi að þau fái staðist íslenska stjórnarskrá. Með vísan til þessa greiði ég atkvæði gegn 1. gr. frv. og mér sýnist að það eigi við um þær

flestar nema þá helst ákvæði um útlendingaeftirlit sem séu tiltölulega meinlaus.

2. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, HG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JE, JGS, MF, ÓÞÞ, StG, VE) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 31:11 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, RA, SJS, SvG.

12 þm. (EH, EL, FI, GB, GÁ, IBA, IP, JHelg, JónK, ÓRG, StG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, JGS, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 31:6 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: HG, JÁ, KHG, RA, SJS, SvG.

18 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, GÁ, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

5.–7. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, GÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

8.–9. gr. samþ. með 32:5 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: HG, JÁ, KHG, SJS, SvG.

18 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, GÁ, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓRG, RA, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IP, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (EH, FI, GB, IBA, JÁ, JGS, JónK, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, ÓÞÞ, StG, VE) fjarstaddir.

12. gr. samþ. með 33:4 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JVK, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: HG, JÁ, RA, SJS.

18 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, GÁ, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

13.–19. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (EH, EL, FI, GB, GÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

20. gr., 1. tölul., samþ. með 31:3 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: HG, RA, SJS.

20 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EH, GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

20. gr., 2. tölul., samþ. með 31:23 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS.

2 þm. (EH, IBA) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:55]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Í 1. tölul. þessarar greinar er kveðið á um skyldu leyfisveitinga í samræmi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Með því er verið að auka mjög réttindi útlendinga til kaupa hér fasteignir og leyfi til að stunda atvinnurekstur. Hins vegar er í 68. gr. stjórnarskrárinnar ákvæði sem takmarka mjög framsal slíkra leyfisveitinga frá Alþingi og því tel ég ekki rétt að hafa þetta svo opna heimild eins og hér er gert ráð fyrir í 2. tölul. og greiði því atkvæði á móti því.

21.–26. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, JE, ÓÞÞ, SighB, VE) fjarstaddir.

27. gr. samþ. með 31:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

nei: HG, JÁ, KHG, KE, RA, SJS, SvG.

18 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, MF, ÓRG, StG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

28. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, EH, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (EH, HG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, IBA, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Tekjustofnar sveitarfélaga, frh. 2. umr.

Stjfrv., 233. mál (afnám aðstöðugjalds, útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 261, nál. 389 og 407, brtt. 390 og 408.

[13:59]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 408 kölluð aftur til 3. umr.

1. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EgJ, GE, GÁS, GHelg, ISG, JE, MF, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:00]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til afgreiðslu hefur ekki fengið þá umfjöllun sem nauðsynleg er um jafnviðkvæmt og flókið mál og skattamálin óneitanlega eru. Það er ekki góð stjórnsýsla að ganga frá jafnviðamiklu máli án þess að heildstæð skoðun fari fram á því hvernig bæta megi sveitarfélögum tekjumissi vegna afnáms aðstöðugjalds. Reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga liggur til að mynda ekki fyrir.

Furðulegar breytingartillögur hafa komið fram við frv. frá nokkrum hæstv. ráðherrum alveg á síðustu dögum. Frv. felur í sér hærri skattheimtu á einstaklinga og fyrirtæki og ríkissjóður er að næla sér í 400 millj. með millifærslum þrátt fyrir yfirlýsingar um annað.

Virðulegi forseti. Minni hlutinn í félmn. greiðir þessu máli ekki atkvæði sitt.

2.–5. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JE, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég bað um að fá að gera grein fyrir atkvæði mínu vegna þess að ég er út af fyrir sig sammála því sem fram kom hjá hv. talsmanni minni hluta félmn. að öðru leyti en því að ég mun fyrir mitt leyti greiða atkvæði gegn þeirri tillögu sem hér liggur fyrir við 6. gr. um lágmarksútsvar þannig að sveitarfélögin megi ekki leggja á lægra útsvar en 8,4% sem

byggist á makalausri yfirlýsingu þriggja ráðherra, forsrh., fjmrh. og félmrh., frá því hér á dögunum. Auðvitað þarf Alþingi að fella það ákvæði, en ég mun sitja hjá við þessa tillögu.

Brtt. 390,1 samþ. með 32:25 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: VG, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, SalÞ.

nei: JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, EL, RA, StG, JE, SJS, SvG, VS, AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS.

6 þm. (ÓÞÞ, VE, GE, GÁS, GHelg, ISG) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:04]

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Það ákvæði sem hér er til atkvæða felur í sér tilskipun frá ríkisstjórninni að lögbinda sveitarfélögin til að leggja á lágmarksútsvar og skylda þau þar með til meiri skattheimtu en sum þeirra hafa þörf fyrir. Ég tel að þörfin fyrir þessa aðgerð sé alls órökustudd og segi því nei.

[14:05]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um tillögu sem kemur fram að fyrirmælum þriggja hæstv. ráðherra sem allir eiga það sameiginlegt að vera þingmenn Reykjavíkur. Í þessari tilskipun felst að fyrst að fjárhag Reykjavíkurborgar er svo komið að hún neyðist til að hækka útsvar sitt svo mikið sem fyrirsjáanlegt er, þá skuli öllum öðrum sveitarfélögum gert skylt að hafa eigi lægra en 8,4% útsvar, svo ekki beri jafnmikið á þessari hækkunarþörf Reykjavíkurborgar.

Í þessu felst líka tímamótasamkomulag milli Sjálfstfl. og Alþfl. í borgarstjórninni í Reykjavík um skattastefnu sem hefði einhvern tímann þótt tíðindum sæta fyrr á þessu kjörtímabili.

Ég vil, virðulegur forseti, vegna þess að ég er þeirrar skoðunar að það eigi hér eftir sem hingað til að treysta sveitarstjórnarmönnum til þess að ákvarða þennan skatt að lágmarki til, segja nei.

[14:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þessi tillaga þjónar þeim tilgangi fyrst og fremst að bjarga andliti íhaldsins í Reykjavík og því segi ég nei.

[14:07]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er furðulegt að félmrh. sem segist vilja efla sjálfstæði sveitarfélaga skuli nú beita sér fyrir því að Alþingi ætli að banna sveitarfélögum að vera með lægri skatta en hér er kveðið á um. Það er auðvitað í hrópandi mótsögn við allar yfirlýsingarnar um sjálfstæði sveitarfélaga. Hver er skýringin? Skýringin er áróðursþörf Sjálfstfl. í borgarstjórn Reykjavíkur til að geta sagt í kosningabaráttunni að þrátt fyrir það að Sjálfstfl. hækki útsvarið þá sé hann í lágmarkinu. Þetta er ómerkileg þjónkun við áróðursþörf Sjálfstfl. í næstu borgarstjórnarkosningum í Reykjavík og það verður fróðlegt að sjá hvernig hæstv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson, greiðir atkvæði um þessa tillögu (**Umhvrh.:** Hann er hættur í borgarstjórn.) sem segist vera hættur í borgarstjórn en er greinilega kominn í áróðursdeild Sjálfstfl. vegna næstu borgarstjórnarkosninga. Ég segi nei.

[14:09]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Með þeirri tillögu sem hér er lögð fyrir eru Alþfl. og Sjálfstfl. í sameiningu að fyrirskipa Reykjavík og öðrum sveitarfélögum að hafa útsvör ekki lægri en 8,4%. Ég er andvígur þessari forræðishyggju og er þess vegna á móti tillögunni. Hún hefur það í för með sér að skattahækkanir á einstaklinga verða í raun einna mestar í Reykjavík vegna þeirra breytinga sem hér eru að ganga yfir. Hér er verið að leggja á einstaklingana skatta sem fyrirtækin í þessu byggðarlagi hefðu átt að geta borið vegna þess að mörg hver eru sem betur fer þannig á sig komin. Ég mótmæli því að Alþfl. og Sjálfstfl. gangi fram í skattamálum Reykvíkinga með þessum hætti. Ég segi nei og lýsi því jafnframt yfir, hæstv. forseti, að þetta er örugglega ekki síðasta umræðan um þetta mál þó að Alþfl. kysi það gjarnan.

[14:12]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er eiginlega með ólíkindum hvað stuðningsmenn einnar stjórnar geta látið leiða sig langt. Í hvaða tilgangi? Í þeim tilgangi að létta borgarfulltrúum Sjálfstfl. í Reykjavík störfin í vetur. Það er verið að taka frá þeim þann kaleik að ákveða sjálfir að hækka gjöldin eins og þörf er á fyrir Reykjavíkurborg. Það er ekkert annað sem verið er að gera og létta þeim kannski að einhverju leyti baráttuna fyrir kosningarnar í vor. Hvers vegna eru stjórnarliðar að taka þátt í þessum leik og gera um leið hluti sem hafa áhrif? Hvaða þýðingu hefur það t.d. að fyrirskipa sveitarstjórn Skilmannahrepps að hækka útsvarið úr 3% í 8,4%? Að nærri þrefalda það sem kemur inn í sveitarsjóð á þeim stað. Það er enginn greiði við Akranes. Það vita allir að þessum peningum verður skilað með einhverjum hætti til baka til fólksins. Þetta er bara hreint og klárt rugl (Forseti hringir.) sem stjórnarliðar eru að taka að sér (**Forseti:** Tíminn er búinn.) fyrir meiri hlutann í Reykjavík. (**Forseti:** Hvað segir þingmaðurinn?) Ég segi nei.

[14:14]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég gekk eftir því við ráðherra í morgun hvaða ástæða lægi að baki því að setja gólf á útsvar. Það voru engin svör. Einu svörin sem fengust á hliðargöngum voru þau að þetta væri gert fyrir Akranes svo Akurnesingar mundu ekki flýja í Skilmannahreppinn. En hæstv. félmrh. sagði einnig í umræðunni í nótt að ef sveitarfélögin vildu lækka gjöld þá gætu þau farið aðrar leiðir. Þau gætu lækkað gatnagerðargjöld eða vatnsskatta. En ég veit ekki hvernig á að fara

að þessu í þeim sveitarfélögum þar sem hvorki er rekin vatnsveita né stunduð umtalsverð gatnagerð.

Virðulegi forseti. Ég held að það sem liggur að baki þessu sé alveg ljóst. Þetta er eingöngu gert til þjónkunar við íhaldið í Reykjavík (Forseti hringir.) til þess að dylja það að eftir að Reykjavíkurborg hætti að leggja óheyrilega skatta á atvinnulífið þá verður að hækka þar útsvar verulega. (**Forseti:** Hvað segir þingmaðurinn?) Þingmaðurinn segir nei að sjálfsögðu.

6. gr., svo breytt, samþ. með 31:15 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GÁ, HG, JÁ, JE, JGS, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.
8 þm. (EL, GB, IBA, IP, JHelg, JónK, StG, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EKJ, GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JVK, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:16]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég mun greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Ég tel ekki fært a.m.k. fyrir þingmenn Reykvíkinga að taka þátt í þeirri endileysu sem hér er í gangi. Auðvitað ætti það heldur ekki að vera fært fyrir þingmenn stjórnarflokkanna t.d. af landsbyggðinni, en ég sé að það snjóar upp grænum lit á þessa hlemmi frá stjórnarþingmönnum utan af landi sem eru að lappa upp á borgarstjórnaríhaldið með þessum hætti. Ég segi nei, hæstv. forseti.

7.–9. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 390,2 samþ. með 32:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: IBA.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Brtt. 390,3 samþ. með 32:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: IBA.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 32:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: IBA.
22 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HG, IP, JÁ, JE, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JGS, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

11. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (MB) greiddi ekki atkv.
7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég styð eindregið að málið fari til 3. umr. vegna þess að í því eru tvö ákvæði sem eru mjög söguleg og merkileg. Í fyrsta lagi er meiningin að lögleiða lágmarksútsvar í landinu. Í öðru lagi eru í frv. núna ákvæði, sem stjórnarliðið var að enda við að samþykkja, um að gera skattinn á skrifstofu- og verslunarhúsnæði varanlegan. Hann er ekki lengur tímabundinn heldur varanlegur skattur sveitarfélaganna. Ég óska hæstv. fjmrh. og öðrum leiðtogum Sjálfstfl. hjart-

anlega til hamingju með þennan áfanga í lífi þeirra.

[14:22]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Með þessu frv. liggur fyrir að höfuðborgin leggur mjög mikið af mörkum í sameiginlega sjóði landsmanna með því að útsvarsreglum er breytt. Ekki síður vil ég að það atriði komi fram að með því að hafa lágmarksútsvar auðveldar það að beita Jöfnunarsjóði eins og á að gera gagnvart sveitarfélögunum í landinu.

Montreal-bókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, frh. síðari umr.

Stjtill., 150. mál. — Þskj. 167, nál. 438.

[14:23]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

10 þm. (EgJ, GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, RA, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

8 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgreidd sem ályktun Alþingis (þskj. 451).

Málefni aldraða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 295. mál (öldrunarskrár). — Þskj. 414.

[14:25]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 14:26.

---

69. FUNDUR

laugardaginn 18. des.,
að loknum 68. fundi.

Dagskrá:

1. Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, stjfrv., 284. mál, þskj. 361. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Preststsetur, stjfrv., 244. mál, þskj. 448. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

3. Kirkjumálasjóður, stjfrv., 245. mál, þskj. 449. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., stjfrv., 103. mál, þskj. 106. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 450. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1993, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

7. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 27. gr. laga nr. 43 11. maí 1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

8. Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 27. gr. laga nr. 43 11. maí 1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

9. Kosning eins manns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Geirs Gunnarssonar fyrrv. alþm. frá 1. janúar til 31. október 1994 skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

10. Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá 15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

11. Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnor-

ræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

12. Kosning þriggja manna í stjórn endurbótasjóðs menningarstofnana að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 7. gr. laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, til fjögurra ára frá 1. janúar 1994 til 1. janúar 1998.

13. Kosning tveggja manna og tveggja varamanna í stjórn Hollustuverndar ríkisins til fjögurra ára, frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 14. gr. laga nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

14. Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára, frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1997, skv. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

15. Kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1995, til tveggja ára, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974 um breytingar á henni.

16. Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 19. desember 1993 til jafnlengdar 1997, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. september 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361/1977.

17. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 316, nál. 445 og 447, brtt. 446. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

18. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt þeirri dagskrá sem nú er útbýtt þarf að leita afbrigða um að 1.–5. dagskrármál ásamt 17. dagskrármáli megi koma til umræðu. Of skammt er liðið frá 2. umr. 1. til og með 5. máls og frá útbýtingu nál. um 17. dagskrármálið. Verður nú þeirra afbrigða leitað.

[14:27]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

10 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JVK, ÓÞÞ, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Ráðstöfun aflaheimilda Hagræðingarsjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 284. mál. — Þskj. 361.

Enginn tók til máls.

[14:28]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

10 þm. (EKG, GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, ÓÞÞ, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 452).

Prestssetur, 3. umr.

Stjfrv., 244. mál. — Þskj. 448.

Enginn tók til máls.

[14:29]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

10 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, JGS, KHG, ÓÞÞ, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 453).

Kirkjumálasjóður, 3. umr.

Stjfrv., 245. mál. — Þskj. 449.

Enginn tók til máls.

[14:30]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JE, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

11 þm. (GE, GÁS, GHelg, HÁ, ISG, JGS, KHG, ÓÞÞ, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 454).

Réttarfar, atvinnuréttindi o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 103. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 106.

Enginn tók til máls.

[14:31]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, SJS, VS) greiddi ekki atkv.

11 þm. (GE, GÁS, GHelg, ISG, JGS, KHG, ÓÞÞ, StG, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 455).

Kosning þriggja yfirskoðunarmanna ríkisreikninga 1993, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 43. gr. stjórnarskrárinnar.

[14:32]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosnir væru án atkvæðagreiðslu:

Pálmi Jónsson alþingismaður (A),
Svavar Gestsson alþingismaður (B),
Sveinn G. Hálfdánarson innheimtustjóri (A).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Landsbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 27. gr. laga nr. 43 11. maí 1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

[14:33]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri (A),
Steingrímur Hermannsson alþingismaður (B),
Anna Margrét Guðmundsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Hallsteinn Friðþjófsson bæjarfulltrúi (A),
Lúðvík Jósepsson, fyrrv. ráðherra, (B).

Varamenn:
Fannar Jónsson viðskiptafræðingur (A),
Sigrún Magnúsdóttir borgarfulltrúi (B),
Brynjar Sigtryggsson framkvæmdastjóri (A),
Kristín Björnsdóttir bæjarfulltrúi (A),
Helgi Seljan, fyrrv. alþingismaður, (B).

Kosning fimm manna og jafnmargra varamanna í bankaráð Búnaðarbanka Íslands, allra til fjögurra ára, frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 27. gr. laga nr. 43 11. maí 1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

[14:35]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Pálmi Jónsson alþingismaður (A),
Guðni Ágústsson alþingismaður (B),
Árni M. Mathiesen alþingismaður (A),
Haukur Helgason skólastjóri (A),
Geir Gunnarsson, fyrrv. alþingismaður, (B).

Varamenn:
Þórir Lárusson rafverktaki (A),
Gunnar Sæmundsson bóndi, Hrútatungu (B),
Þórunn Guðmundsdóttir hæstaréttarlögmaður (A),
Stefán Gunnarsson byggingameistari (A),
Anna Kristín Gunnarsdóttir, Sauðárkróki (B).

Kosning eins manns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Geirs Gunnarssonar, fyrrv. alþm., frá 1. janúar til 31. október 1994 skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

[14:37]

Fram kom einn listi með einu nafni og þar sem ekki voru fleiri tilnefndir en kjósa skyldi lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Gunnar R. Magnússon endurskoðandi, Kópavogi.

Kosning sjö fulltrúa og jafnmargra varafulltrúa úr hópi þingmanna í Norðurlandaráð, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. þingsályktun frá

15. desember 1961, um kjör fulltrúa í Norðurlandaráð, sbr. þingsályktun frá 3. desember 1969 og þingsályktun frá 17. nóvember 1983, um fullgildingu samkomulags um breytingu á samstarfssamningi Norðurlanda. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

[14:38]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Geir H. Haarde (A),
Halldór Ásgrímsson (B),
Rannveig Guðmundsdóttir (A),
Hjörleifur Guttormsson (B),
Árni M. Mathiesen (A),
Sigríður A. Þórðardóttir (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Varamenn:
Sturla Böðvarsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Svavar Gestsson (B),
Árni Johnsen (A),
Ingi Björn Albertsson (A),
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir (B).

Kosning eins fulltrúa hvers þingflokks og jafnmargra varafulltrúa úr hópi alþingismanna í Vestnorræna þingmannaráðið, skv. ályktun Alþingis 19. desember 1985. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi.

[14:39]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Árni Johnsen (A),
Jón Helgason (B),
Petrína Baldursdóttir (A),
Steingrímur J. Sigfússon (B),
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir (B).

Varamenn:
Guðmundur Hallvarðsson (A),
Valgerður Sverrisdóttir (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Margrét Frímannsdóttir (B),
Anna Ólafsdóttir Björnsson (B).

Kosning þriggja manna í stjórn endurbótasjóðs menningarstofnana að viðhafðri hlutfallskosningu skv. 7. gr. laga nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, til fjörgurra ára frá 1. janúar 1994 til 1. janúar 1998.

[14:40]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sigríður A. Þórðardóttir alþingismaður (A),
Jón Helgason alþingismaður (B),
Ragnheiður Björk Guðmundsdóttir forstöðumaður (A).

Kosning tveggja manna og tveggja varamanna í stjórn Hollustuverndar ríkisins til fjögurra ára, frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1997, að viðhafðri hlutfallskosningu, skv. 14. gr. laga nr. 81 3. ágúst 1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

[14:42]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Sigurður Óskarsson framkvæmdastjóri (A),
Brynjólfur Sveinbergsson mjólkurbússtjóri (B).

Varamenn:
Halla Halldórsdóttir ljósmóðir (A),
Skúli Sigurgrímsson Kópavogi (B).

Kosning sjö manna og jafnmargra varamanna í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára, frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1997, skv. 2. gr. útvarpslaga, nr. 68 27. júní 1985.

[14:43]

Fram komu tveir listar sem á voru jafnmörg nöfn og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn.
Kjartan Gunnarsson framkvæmdastjóri (A),
Ingvar Gíslason, fyrrv. ráðherra, (B),
Bessí Jóhannsdóttir sagnfræðingur (A),
Einar Karl Haraldsson framkvæmdastjóri (B),
Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson lögfræðingur (A),
Árni Gunnarsson, fyrrv. alþingismaður, (A),
Brynhildur Flóvenz lögfræðingur (B).

Varamenn:
Guðrún Víkingsdóttir hjúkrunarfræðingur (A),
Sigrún Sturludóttir skrifstofumaður (B),
Andri Þór Guðmundsson markaðsstjóri (A),
María Jóhanna Lárusdóttir framkvæmdastjóri (B),
Jóhanna María Einarsdóttir sagnfræðingur (A),
Þráinn Hallgrímsson skrifstofustjóri (A),
Ævar Kjartansson dagskrárstjóri (B).

Kosning þriggja manna í verðlaunanefnd Gjafar Jóns Sigurðssonar frá 1. janúar 1994 til 31. desember 1995, til tveggja ára, skv. ályktun Alþingis 24. ágúst 1881, um reglur um Gjöf Jóns Sigurðssonar, sbr. ályktanir Alþingis 6. maí 1911 og 29. apríl 1974 um breytingar á henni.

[14:45]

Við kosningu komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Sigurður Líndal prófessor (A),
Guðrún Ólafsdóttir dósent (B),
Valgerður Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari (A).

Kosning þriggja manna og jafnmargra varamanna í stjórn Þjóðhátíðarsjóðs, til fjögurra ára, frá 19. desember 1993 til jafnlengdar 1997, skv. 6. gr. skipulagsskrár sjóðsins frá 30. september 1977, sbr. ályktun Alþingis frá 4. maí 1977 og B-deild Stjórnartíðinda nr. 361/1977.

[14:46]

Við kosningu komu fram tveir listar með jafnmörgum nöfnum samtals og menn skyldi kjósa. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosin væru án atkvæðagreiðslu:

Aðalmenn:
Björg Einarsdóttir rithöfundur (A),
Björn Teitsson skólameistari (B),
Ásgerður Bjarnadóttir bankastarfsmaður (A).

Varamenn:
Gísli Jónsson menntaskólakennari (A),
Gunnlaugur Haraldsson (B),
Rannveig Edda Hálfdánardóttir ritari (A).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, 2. umr.

Stjfrv., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 316, nál. 445 og 447, brtt. 446.

[14:50]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég fann ekki nál. minni hluta efh.- og viðskn. á borðinu hér í hliðarherbergi og vil spyrja hvort málið verði tekið fyrir án þess?

(**Forseti** (SalÞ): Þetta þingskjal er rétt ókomið. Reyndar er verið að útbýta því í þessu.)

[14:51]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 445 um frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994 frá meiri hluta efn.- og viðskn.

Nefndin vísaði einstökum ákvæðum frv. til félmn., heilbr.- og trn., landbn. og menntmn. Það kom því í hlut fagnefnda þessara fyrst og fremst að fjalla efnislega um þau ákvæði sem þeim tilheyrðu. Efh.- og viðskn. fór jafnframt yfir málið og á fund nefndarinnar komu Björn Matthíasson frá fjmrn., Guðmundur Lúther Hafsteinsson og Magnús Skúlason frá húsafriðunarsjóði, Heimir Steinsson útvarpsstjóri og Hörður Vilhjálmsson, fjármálastjóri Ríkisútvarpsins, Dögg Pálsdóttir frá heilbr.- og trmrn., Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og Þórður Skúlason frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Sigurgeir Þorgeirsson frá landbrn., og Júlíus Vífill Ingvarsson formaður og Gunnar Gunnarsson, varaformaður Félags búvélainnflytjenda. Meiri hluti nefndarinnar hefur tekið upp í sínar brtt. þær tillögur sem heilbr.- og trn. sem og landbn. lögðu til að gerðar yrðu í umsögn sinni.

Meiri hlutinn leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

Lagt er til að 7. gr. falli brott, en sú grein fól í sér álagningu sérstaks búvélagjalds. Þá er jafnframt lagt til að 10. gr. verði felld brott þar sem í nýsamþykktum lögum um félagslega aðstoð er veitt lagaheimild til að tengja greiðslu ekkjulífeyris við tekjur.

Lagt er til að því markmiði, sem átti að ná með 16. gr. frv., verði frekar náð með nokkrum lagfæringum á 5. mgr. 24. gr. laga nr. 93/1993, um atvinnuleysistryggingar. Þannig verði tryggt að ekki komi til misnotkun á þessu ákvæði.

5. mgr. 24. gr. laganna verði svohljóðandi:

Nú ber nauðsyn til að skerða dagvinnutíma starfsmanna vegna samdráttar í starfsemi fyrirtækis og skal þá greiða starfsmönnum þann hluta þeirra atvinnuleysisbóta sem þeir eiga rétt á sem svarar til skerðingar dagvinnutímans, enda taki ráðstafanir þessar almennt til starfsmanna fyrirtækisins eða starfsmanna í einstökum greinum starfsemi þess ef um fleiri en eina er að ræða. Fyrirsjáanlega skerðingu vinnutíma skal atvinnurekandi tilkynna fyrir fram til stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs og gera ítarlega grein fyrir ástæðum til samdráttar. Tilkynningu skal fylgja skrá um það starfsfólk sem ráðgert er að skerðingin taki til ásamt upplýsingum um dagvinnustundafjölda einstakra starfsmanna hjá fyrirtækinu á síðustu 12 mánuðum áður en til skerðingar kemur, svo og upplýsingum um stéttarfélög viðkomandi. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs staðreynir skrána svo og síðari upplýsingar um það fólk sem skerðingin tekur til og sendir til úthlutunarnefndar atvinnuleysisbóta fyrir þau félög sem starfs-

menn eru félagar í sem síðan úrskurða um bótarétt. Stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs er heimilt að synja um greiðslu atvinnuleysisbóta samkvæmt þessari málsgrein ef hún telur að fyrirtæki hafi ekki tilgreint nægilegar ástæður til samdráttar. Ekki verða greiddar bætur samkvæmt þessari grein lengur en 30 bótadaga fyrir hvern starfsmann á almanaksári. Komi til uppsagna starfsmanna falla greiðslur niður og eiga þeir ekki bótarétt að nýju fyrr en að loknum uppsagnarfresti.

Þá er lögð til sú breyting á 11. gr. að þátttaka hins sjúkratryggða í kostnaði sé afmörkuð við dvöl á sérhæfðum meðferðarstofnunum. Með þessu er reynt að gera ákvæðið skýrara hvað það varðar að bráðameðferð drykkjusjúklinga, t.d. á geðdeild Landspítala, falli ekki þar undir.

Þá er lögð til sú breyting á 20. gr., í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Sambands íslenskra sveitarfélaga, að það fái einn fastan mann í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1994.

Í 5. lið brtt. er tilgreind 20. gr., að við efnismálsgrein a-liðar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Þrátt fyrir ákvæði 37. gr. skal stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs heimilt á árinu 1994 að gera tillögur um ráðstöfun á þessu fjármagni sem sveitarfélögin greiða til sjóðsins, auk allt að 600 millj. kr. af öðru ráðstöfunarfé sjóðsins á árinu 1994, til að styrkja sérstök verkefni á vegum sveitarfélaga til eflingar atvinnulífi, enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað. Úthlutun styrkja skal vera í samræmi við reglur sem ráðherra setur að fenginni umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Tillögur sjóðstjórnar um styrkveitingu skulu staðfestar af ráðherra.

Loks er lagt til að innheimtuhlutfall af búvörum til Bjargráðasjóðs lækki um helming á árinu 1994, eða úr 0,6% í 0,3%.

Undir nál. þetta rita Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Sólveig Pétursdóttir, Ingi Björn Albertsson, með fyrirvara, og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Útbýting þingskjals:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 263. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 447.

[14:57]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér er til umfjöllunar núna frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur, frsm. meiri hluta efh.- og viðskn., þá var þetta mál sent til umsagnar í nefndum þingsins þar á meðal til hv. heilbr.- og trn. Nú háttar svo til að kl. 15 í dag er boðaður fundur í hv. heilbr.- og trn. og það er mjög erfitt fyrir okkur sem ætlum að taka þátt í þessari umræðu hér á eftir að sitja samtímis á fundi í heilbr.- og trn. og líka að hlusta á þá umræðu sem fer fram nú hjá frsm. hv. efh.- og viðskn. Þess vegna fyndist mér, virðulegur forseti, eðlilegt að gert yrði hlé á þessum fundi á meðan menn héldu fund í heilbr.- og trn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta var nú ekki kunnugt um þennan nefndarfund í heilbr.- og trn. og er heldur ekki kunnugt um hversu lengi er gert ráð fyrir að sá fundur standi og þarf því aðeins að kynna sér það áður en ákvörðun er tekin um framhaldið eða hvort hægt er að komast að einhverju samkomulagi um þetta atriði.

[14:59]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var búið að boða þennan fund í heilbr.- og trn. en formaður hv. nefndar er bundinn á öðrum fundi. Fundurinn getur þess vegna ekki hafist eftir því sem ég veit best alveg næstu mínúturnar. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er tilbúinn til að hlusta á framsögumann minni hlutans flytja sitt mál en það er útilokað að hefja umræðurnar að mínu viti fyrr en annaðhvort verði fundi í heilbr.- og trn. frestað eða þessari umræðu frestað. Það er ekki hægt fyrir þá þingmenn sem ætla að taka þátt í umræðunni hér á eftir að vera bundnir á fundi í nefnd.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun athuga þetta mál en þá mun þessi umræða hefjast núna. Nei, segir hv. 18. þm. Reykv. og ætlar að gera athugasemd við fundarstjórn forseta.

[15:00]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég teldi eðlilegt að við fengjum niðurstöðu í það hvenær þessi nefndarfundur á að hefjast því ég er að fara að gera grein fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. sem ég byggi á þeim bréfum sem nefndinni bárust frá m.a. minni hluta menntmn., heilbr.- og trn. og félmn. og ég þarf nokkurn tíma í að gera þetta. Mér þætti því verra ef nefndarmenn geta ekki verið viðstaddir mína ræðu og teldi því rétt að við fengjum niðurstöðu í það hvenær nefndarfundur á að hefjast.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það liggur fyrir að fundi í heilbr.- og trn. hefur verið frestað til kl. 4. Þá væntir forseti þess að hægt sé að hefja þessa umræðu. Það stendur til að halda nú fund með formönnum þingflokka og þá væntanlega skýrast málin.

[15:01]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég þakka forseta fyrir þessi svör sem hann hefur gefið en það er auðvitað öllum ljóst að við erum í miklu tímahraki að ræða mjög stór og viðamikil mál. Og þetta frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994 er eitt þeirra. Það lætur kannski lítið yfir sér við fyrstu sýn en í því er að finna allmörg mikilvæg atriði sem vert er að ræða og skoða nánar. Engin ástæða er til að afgreiða þetta mál í einhverju hasti.

Ég mun byrja á því að gera grein fyrir nál. minni

hluta efh.- og viðskn. en undir það álit skrifa ásamt mér hv. þm. Halldór Ásgrímsson, Steingrímur J. Sigfússon og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Nál. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Nefndin fjallaði um frv. á tveimur fundum og er sú meðferð málsins mjög í anda þeirra vinnubragða sem einkennt hafa ríkisfjármálin á þessu þingi. Mál koma allt of seint fram og tíminn sem gefst til að vinna þau er allt of naumur. Það kom t.d. í ljós í meðförum nefndarinnar á málinu að veruleg ástæða hefði verið til að athuga betur hvaða afleiðingar hin svokölluðu þrátt-fyrir-ákvæði hafa haft fyrir þær stofnanir og sjóði sem hafa orðið að þola skerðingu lögbundinna framlaga árum saman. Til slíkrar könnunar gafst enginn tími.

Frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum er óvenjulítið að þessu sinni og ræðst það af því að ýmist náðist ekki samkomulag í ríkisstjórnarflokkunum eða ákveðið var að taka út úr frv. illa undirbúin niðurskurðaráform sem mætt höfðu mikilli andstöðu í þjóðfélaginu. Frv. felur þó í sér nokkur mjög alvarleg áform og framlengingu á fyrri ákvörðunum sem stjórnarandstaðan mótmælir nú sem fyrr. Það er lýsandi fyrir stefnu ríkisstjórnarinnar að þeir sem þurfa að þola niðurskurð og gjaldtöku eru grunnskólabörn, námsmenn í framhaldsskólum, ekkjur og áfengissjúklingar, auk menningarstarfsemi af ýmsu tagi sem ekki fær sín lögbundnu framlög.

Grunnskólinn.

Þriðja árið í röð er frestað framkvæmd nokkurra ákvæða grunnskólalaga sem samþykkt voru af öllum þingflokkum vorið 1991. Menntmrh. lýsti því yfir haustið 1991 að um tímabundna aðgerð væri að ræða. Hætt er við að sú aðgerð verði varanleg haldi svo fram sem horfir. Í stað þess að fækka börnum í bekkjum, eins og stefnt er að í grunnskólalögunum, er heimilt að fjölga börnum í bekkjum, kennslustundum er ekki fjölgað svo sem ráð var fyrir gert og sveitarfélögum er ekki gert skylt að koma á máltíðum í skólum. Á árinu 1994 er þessi niðurskurður 160 millj. kr. og á skólaárinu 1994–1995 verður hann um 350 millj. kr. Það er ljóst að þessi síendurtekni niðurskurður hefur haft alvarlegar afleiðingar sem m.a. lýsa sér í verulegri launalækkun kennara, atvinnuleysi í þeirra röðum, allt of stórum bekkjum og niðurskurði í kennslu sem skólakerfið mátti þó síst við. Niðurstaða nýlegrar könnunar á læsi íslenskra barna sýnir að þörf er á sókn í skólakerfinu í stað samdráttar. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem borist hafa frá menntmrn. var heimildin til að fjölga í bekkjum notuð 34 sinnum skólaárið 1992–1993 og 16 sinnum til viðbótar skólaárið 1993–1994. Hér er um aðgerðir að ræða sem bitna á börnum landsins, framtíð þeirra og þjóðarinnar, aðgerðir sem stjórnarandstaða hefur mótmælt harðlega og mótmælir enn.

Skólagjöld.

Í frv. er lögð til upptaka skólagjalda í fjórum skólum. Þar er um að ræða búnaðarskólana, Garðyrkjuskóla ríkisins og Tækniskóla Íslands. Skólagjöldum hefur þegar verið komið á í öllum öðrum framhaldsskólum og skólum á háskólastigi. Í þessum fjórum skólum er bæði um að ræða grunndeildir og deildir á háskólastigi og því verður um mjög mismunandi gjöld að ræða. Stjórnarandstaðan hefur verið þeirrar skoðunar að með skólagjöldum sé verið að brjóta þá grundvallarreglu að ríkið bjóði öllum þegnum landsins upp á menntun sem greidd er úr sameiginlegum sjóðum. Stjórnarandstaðan er andvíg þjónustugjöldum af þessu tagi og mun því greiða atkvæði gegn þessum ákvæðum. Það er hins vegar lýsandi fyrir vinnubrögð ríkisstjórnarinnar að ár eftir ár hefur í fjárlögum verið gert ráð fyrir „sértekjum" Tækniskólans upp á 7 millj. kr. þótt lagaheimildir hafi skort til innheimtu sértekna. Sú breyting, sem hér er lögð til á lögum um Tækniskóla Íslands, felur það í sér að numin verður úr gildi sú skylda ríkisins að greiða rekstur skólans. Minni hluti menntmn. bendir á það í bréfi sínu til efh.- og viðskn. að þessi breyting feli í sér heimild til að taka Tækniskólann út af fjárlögum.

Atvinnuleysistryggingar og ekknabætur.

Sú grein frv. sem fól í sér heimild til að tekjutengja ekknabætur verður felld niður, samkvæmt tillögum meiri hlutans, þar sem slíka heimild er þegar að finna í nýsettum lögum um félagslega aðstoð. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem fram komu í efh.- og viðskn., verður tekjutengingin með sama hætti og gildir um ellilífeyri. Það er álit minni hlutans að þetta mál hefði þurft mun nánari skoðunar við, þannig að ljóst væri hvernig staða þessa hóps er og hvernig þessi skerðing kemur við hann. Minni hluti heilbr.- og trn. hafnar þessari tekjutengingu enda hafi engin rök komið fram sem styðji þá skoðun að þessi sparnaður sé skynsamlegur.

Nokkrar breytingar eru gerðar á lögum um atvinnuleysistryggingar, m.a. til að koma í veg fyrir misnotkun. Sumar þessar breytinga orka tvímælis, svo sem það að taka út úr lögunum með öllu rétt til að greiða atvinnuleysisbætur á móti samdrætti í vinnu. Nú er til athugunar að lagfæra þetta. Einnig er ljóst að ráðherra er að taka til sín stóraukið vald frá Atvinnuleysistryggingasjóði og úthlutunarnefndum. Á fundi efh.- og viðskn. um málið kom fram að Samband íslenskra sveitarfélaga er ekki alls kostar ánægt með það ákvæði sem lögbindur 600 millj. kr. framlag sveitarfélaganna til atvinnumála og telur að breytingartillaga meiri hluta heilbr.- og trn. feli í sér óeðlilegar kröfur til sveitarfélaganna. Verði því ekki breytt kallar það á mótmæli og versnandi samskipti sveitarfélaganna og ríkisstjórnarinnar og er þó ekki á bætandi. Þetta mál hefði þurft meiri og betri umfjöllun í nefndinni.

Sjúklingaskattur.

Í 11. gr. frv. og þeirri breytingartillögu, sem meiri hlutinn leggur til, er gert ráð fyrir að þeir sjúklingar, sem þurfa á áfengismeðferð að halda, greiði hluta af þeim kostnaði sem meðferðinni fylgir. Þar með er verið að innleiða þá reglu að sjúklingar, sem lagðir verða inn á stofnun til meðferðar, greiði fyrir hana. Þótt um sérhæfða meðferð sé að ræða er ljóst að sá hópur, sem ákvæðið nær til, er oftast illa á sig kominn andlega og líkamlega og ólíklegt að slíkir sjúklingar geti greitt fyrir sjúkrahúsvistun. Þessi gjaldtaka á að skila um 25

millj. kr. samkvæmt frv. en hætt er við að sumir þeirra sem þurfa á meðferð að halda geti ekki greitt gjöldin og leiti sér því ekki lækninga. Það verður þjóðfélaginu dýrt þegar til lengdar er litið. Minni hlutinn mótmælir þessari stefnu og mun greiða atkvæði gegn þessu ákvæði.

Þrátt-fyrir-ákvæðin.

Í þrátt-fyrir-ákvæðum frv. er að finna skerðingar á lögbundnum framlögum sem endurteknar hafa verið ár eftir ár. Það er skoðun minni hlutans að lagasetning af þessu tagi sé afar slæm og að miklu eðlilegra væri að endurskoða þau lög sem hér um ræðir sé það vilji Alþingis að skerða fjárframlög með þessum hætti.

Minni hlutinn vill benda sérstaklega á eftirfarandi atriði.

Í fyrsta lagi eru tekjur Ríkisútvarpsins teknar í ríkissjóð. Staða Ríkisútvarpsins er með þeim hætti að mikil þörf er á viðhaldi og endurbótum, einkum á dreifikerfinu sem á að þjóna landinu og miðunum. Með því að taka þessar tekjur traustataki er verið að koma í veg fyrir bætta þjónustu við landsmenn og verið að leggja stein í götu þessarar mikilvægu menningarstofnunar og öryggistækis.

Í öðru lagi vill minni hlutinn benda á skert framlög til húsfriðunar, en húsafriðunarsjóðs bíða mörg brýn verkefni. Húsafriðunarsjóður skapar vinnu og þau hús sem hann styrkir viðgerðir á vekja áhuga ferðamanna, auk þess sem verið er að bjarga menningarverðmætum. Það er því mikilvægt að hann njóti stuðnings og má benda á það hlutverk sem hann getur gegnt í atvinnusköpun á erfiðum tímum.

Í þriðja lagi eru framlög til Ferðamálasjóðs skert þegar brýnna er en nokkru sinni að vinna að uppbyggingu í ferðaþjónustu. Þess í stað er sjóðurinn skorinn niður og skattar lagðir á hluta ferðaþjónustu sem er einn fárra vaxtarbrodda í íslensku atvinnulífi.

Í fjórða lagi ber að nefna þá undarlegu stefnu sem beitt er gagnvart Vegagerðinni. Annars vegar er samið við verkalýðshreyfinguna um aukin framlög til verklegra framkvæmda, þar með talið vegagerðar sem fjármagnaðar eru með stórfelldum lántökum, hins vegar eru svo lögbundin framlög til stofnunarinnar hirt í ríkissjóð. Þetta eru furðuleg vinnubrögð sem vekja enn spurningar um það hvernig framkvæmdarvaldið umgengst landslög.

Í fimmta lagi ber svo að nefna þá merkilegu stefnumörkun sem felst í því ákvæði að ríkissjóður taki ekki þátt í að greiða kostnað við leit að áður óþekktum tófugrenjum.

Niðurstaða.

Það er niðurstaða minni hlutans að þau niðurskurðaráform, sem gert er ráð fyrir í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1994, séu þess efnis að ekki sé hægt að fallast á þau þar sem þau fela í sér aukinn sjúklingaskatt, vanefndir á framkvæmd grunnskólalaganna, skólagjöld og lækkun ekkjulífeyris."

Undir þetta nál. rita, eins og ég nefndi áður, sú sem hér stendur ásamt þeim Halldóri Ásgrímssyni, Steingrími J. Sigfússyni og Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til þess að ítreka það sem nefnt er í nál. um vinnubrögð og tengist umræðum hér í dag og undanfarna daga um hvernig staðið er að þessum mikilvæga málaflokki sem ríkisfjármálin eru. Það er alveg ólíðandi að gerðar skuli vera breytingar á jafnmikilvægum málaflokkum og t.d. atvinnuleysistryggingum á harðahlaupum og að varla gefist tími til þess að kanna hvað liggur að baki.

Ef ég kem að einstökum málaflokkum þá er ekki ástæða til að vera með miklar málalengingar um þau efni. Ég sé að hæstv. menntmrh. situr hér og á líklega von á nokkrum umræðum um grunnskólann, en ég er að hugsa um að hlífa honum við því að þessu sinni að mestu leyti. (**ÓE:** Þetta er líka orðið nóg.) Nei, það er aldrei nóg talað um skólamálin, nóg, því að þau eru, eins og ég hef oft nefnt, spennandi málaflokkur og mjög mikilvægur, en það breytir því ekki að vissulega er ástæða til þess að gera úttekt á því hvað þessi niðurskurður til skólakerfisins hefur haft í för með sér, hvaða áhrif hann hefur haft á skólakerfið og kannski ekki síst það sem í skólafræðum er kallað „skólaandi", andinn í skólanum, í skólastofunni. Mér þótti það nokkuð merkilegt að við í minni hluta menntmn. reyndum aðeins að afla okkur upplýsinga um afleiðingar þessa niðurskurðar umfram það sem kom fram í upplýsingum menntmrn. Í viðtölum við skólamenn kom fram að það hefur orðið mikill niðurskurður á kennslu og að í sumum grunnskólum, ekki síst á Reykjavíkursvæðinu, er verið að reyna að leysa þau mál með því að koma ýmsum öðrum verkefnum yfir á kennara. Það tekst ekki með kennslu að fylla upp í stöðuráðningar og þá er verið að fara þess á leit við kennara að þeir taki að sér önnur verk. Mér skilst að það séu uppi deilur um greiðslu vegna þessara verka sem ekki teljast til kennslu heldur annarra starfa, svo sem gæslu á skólavöllum og fleira í þeim dúr.

Það er því alveg ljóst að þessi niðurskurður hefur náð til kennaranna og þeirra launakjara sem máttu ekki við niðurskurði. Yfirvinna hefur dregist mikið saman. Það er einmitt mjög mikilvægt að velta fyrir sér þeirri spurningu hvaða áhrif svona niðurskurður hefur á vinnuandann. Ég get rifjað það upp að ég varð sem framhaldsskólakennari vitni að þeim verkföllum sem BHMR lagði út í með stuttu millibili þar sem menn annars vegar upplifðu það að þær launabætur sem náðust voru teknar til baka á örskömmum tíma og hins vegar að þáverandi ríkisstjórn setti bráðabirgðalög á gerða kjarasamninga. Sú reynsla hafði alveg gríðarleg áhrif á vinnuandann. Það er einmitt það sem skiptir svo miklu máli þegar verið er að taka stjórnvaldsákvarðanir að menn geri sér grein fyrir afleiðingunum. Það er ekki bara um að ræða afleiðingar fyrir börnin, sem skiptir þó að mínum dómi mestu máli að það er verið að skerða möguleika barna til menntunar og draga úr kennslu sem skólakerfið má þó síst við, heldur hefur það líka áhrif ef andinn í hópi kennara er slæmur.

Ég ætla enn að ítreka það sem hér hefur margoft verið tíundað um þessi skólagjöld. Þessi þjónustugjalda- og gjaldtökustefna er vond stefna og við munum greiða atkvæði gegn þessu nú sem fyrr.

Það átti sér stað nokkuð merkileg þróun varðandi 7.

gr. frv. Það kom í ljós að landbn. var öll sammála um að það væri óeðlilegt og vont að leggja sérstakt gjald á landbúnaðinn við þær aðstæður sem við búum við. Það er greinilegt að meiri hlutinn á Alþingi ætlar að verða við þessari ósk og það er lagt til að þessi grein falli niður þrátt fyrir að landbrn. hafi sent fulltrúa á okkar fund til þess að biðja um miskunn því það þarf að ná þessum peningum inn á annan hátt. En mér fannst þetta mikilvægur sigur í þessu máli því það snertir líka þann anda sem ríkir í landbúnaðinum þar sem menn búa við samfelldan niðurskurð og samdrátt, auk þess sem menn sjá fram undan miklar breytingar á stöðu landbúnaðarins með auknum innflutningi. Það er því ekki á bætandi að vera að leggja nýja skatta á bændur. Auk þess voru uppi spurningar um hvort þessar tekjur mundu yfir höfuð skila sér.

Við gerum ekki sérstakar athugasemdir við þær breytingar sem hér er verið að leggja til um orlofið. Þar er um ákveðnar breytingar að ræða sem tryggja það að starfsmenn fái greitt orlof sem þeir eiga inni hjá fyrirtækjum sem verða gjaldþrota. Það er þó sú spurning uppi hver á að bera það tap sem þarna verður. Hér er verið að leggja það á önnur fyrirtæki að greiða í sjóði sem síðan er tekið út til að borga fyrir þá sem hafa orðið gjaldþrota.

Sama gildir um þær breytingar sem lagðar eru til á lögum um málefni fatlaðra. Við gerum þar ekki athugasemdir. Menn eru sammála um það og Samtök fatlaðra gera ekki athugasemd við það að peningar séu teknir úr Framkvæmdasjóði fatlaðra til reksturs. Við sjáum því ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við það.

Ég ætla aðeins að nefna þær breytingar sem verið er að gera á lögum um almannatryggingar þar sem líka er tillaga meiri hlutans að fella niður 10. gr. frv. vegna þess að það er litið svo á að búið sé að fá heimild fyrir tekjutengingu ekknabóta í nýsamþykktum lögum um félagslega aðstoð, eins og kom reyndar fram áðan í nál.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu í hv. efh.- og viðskn. þá reiknar ráðuneytið með því að hér verði um u.þ.b. 50 millj. kr. skerðingu að ræða. Mér þykir það býsna há upphæð miðað við að það á að fara eftir sömu reglum og gilda um skerðingu ellilífeyris. *Mér finnst þetta í rauninni ótrúlega há upphæð en* það er sama sagan með þetta og ýmislegt annað. Það gafst enginn tími til þess að fara nánar ofan í þetta. En minni hluti heilbr.- og trn., þar sem stjórnarandstaðan öll á sína fulltrúa, hafnar þessu alfarið og bendir á að hér sé verið að krukka í bæturnar án þess að menn hafi velt fyrir sér röksemdum hvers vegna, hvernig og hver sé staða þessa hóps. Engin úttekt liggur fyrir í þessu efni frekar en öðru.

Varðandi atvinnuleysistryggingarnar eru þar vissulega atriði sem þarfnast nánari skoðunar. Það kom fram hjá *fulltrúa heilbrrn. sem kom á fund nefndarinnar* að stjórn sjóðsins og ráðuneytið eru vissulega tilbúin til að skoða allar ábendingar. Okkur finnst að verið sé að veita ansi mikið vald til ráðherrans. Við verðum vör við það í hverju frv. á fætur öðru að það er sífellt verið að veita ráðherrum meira og meira vald til ákvarðana og til setningar reglugerða. Þetta er stefna sem hið háa Alþingi þarf að vera vakandi yfir og þarf í rauninni að stöðva. Það er undarlegt hversu mikið ósamræmi er í þessum málum. Þegar við í efh.- og viðskn. vorum að fara í gegnum EES-frumvörp í fyrra þá hreinsuðum við miskunnarlaust út ákvæði af þessu tagi þar sem var verið að flytja endalaust vald til ráðherra til reglugerðarsetningar en í öðrum nefndum eru afgreidd frv. sem eru nánast ekkert annað en heimildir til ráðherra til að setja reglugerðir. Það þarf að vera eitthvert samræmi í þessari reglugerðarheimildarstefnu.

En varðandi þessar breytingar á atvinnuleysistryggingunum þá hefur aðallega verið vakin athygli á 16. gr. frv. þar sem verið er að fella niður 5. mgr. 24. gr. Það var haft samband við nefndina af Slippstöðinni á Akureyri sem benti á að ekki er allt sem sýnist í þessum efnum. Þetta ákvæði felur í sér, eins og segir í grg. frv. á bls. 8, með leyfi forseta:

„Ákvæði þetta geymir heimild til þess að greiða atvinnuleysisbætur í hlutfalli við skertan dagvinnutíma ef skerðingin stafar af samdrætti í starfsemi fyrirtækis. Í ljós hefur komið veruleg misnotkun þessa ákvæðis og er fyrir þær sakir lagt til að ákvæðið falli brott."

Þannig var þetta upphaflega en sannleikurinn var sá að fyrirtæki eins og Slippstöðin á Akureyri hefur stýrt sinni starfsemi í tengslum við þetta ákvæði, dregið saman vinnu og í rauninni sent sitt fólk út í atvinnuleysið og sett það á bætur um tíma í þeim tilgangi að þurfa ekki að segja upp fólki. Þarna þarf að vega það og meta hvað er rétt að gera í þessum efnum. En meiri hlutinn leggur til brtt. í þessu efni þar sem reynt er að koma til móts við þetta þannig að stjórn sjóðsins vegi og meti hvernig er verið að fara með atvinnuleysisbæturnar. Ég held að þetta sé að mörgu leyti nokkuð skynsamleg stefna sem Slippstöðin á Akureyri hefur fylgt og þó að dæmi séu um misnotkun þá verða menn að passa sig á að vera ekki of fljótir til að fella niður svona ákvæði.

Ég ætla ekki að gleyma hinu mikilvæga máli sem felst í 11. gr. og er atriði sem við í minni hlutanum viljum fá út úr þessu frv. Það er sá sjúklingaskattur sem meiningin er að leggja á áfengissjúklinga.

Meiri hlutinn leggur til breytingu á þessu ákvæði þar sem er verið að þrengja nokkuð ákvæðið frá því sem það var í frv. Það breytir ekki því að hér er verið að opna fyrir það að sjúklingar greiði fyrir meðferð og þetta er stefnubreyting. Þetta er algjör stefnubreyting í heilbrigðismálum og þessu erum við einfaldlega á móti. Það er ekkert sem réttlætir það að taka slík gjöld af áfengissjúklingum frekar en öðrum. Sú hin stóra spurning, sem kom fram í nál., er hvort þeir séu yfir höfuð færir um að greiða þau gjöld. Ég minni enn á þær greinar sem læknar hafa verið að skrifa í dagblöðin að undanförnu. Nú síðast Tómas Helgason yfirlæknir á *Landspítalanum* þar sem hann einmitt bendir á það atriði að þeir sjúklingar sem eru að stríða við áfengissýki eru oft þannig á sig komnir og þeirra aðstæður slíkar að það er afar hæpið að þeir geti skaffað ríkinu 25 millj. eins og ætlunin er að gera með þessum ákvæðum.

Virðulegi forseti. Ég ætla rétt í lokin að ítreka nokkur atriði varðandi þrátt-fyrir-ákvæðin og greina frá því sérstaklega fyrst hæstv. menntmrh. situr hér enn að við í efh.- og viðskn. kölluðum á okkar fund fulltrúa Ríkisútvarpsins og húsafriðunarsjóðs vegna þess að okkur fannst ástæða til að líta sérstaklega á þær skerðingar sem þessir tveir aðilar verða fyrir og reyna að átta okkur á því hvað þetta þýðir. Þessar heimsóknir leiddu það einmitt í ljós að ástæða hefði verið til að fara miklu nákvæmar ofan í þessi skerðingarákvæði sem hér eru á ferð. Hér er bara verið að endurtaka ár eftir ár einhverjar ákvarðanir um skerðingu á lögbundnum framlögum en það þýðir að það er bara verið að safna upp vanda í þessum stofnunum. Það var afar athyglisvert að heyra í fulltrúum Ríkisútvarpsins sem standa frammi fyrir miklum vanda vegna viðhalds og nýframkvæmda í dreifingarkerfi Ríkisútvarpsins sem þurfa að eiga sér stað en stofnunin fær ekki peninga til.

Það væri fróðlegt í þessu sambandi að spyrja hæstv. menntmrh. hvað hann hyggst gera í þessum málum. Nú veit ég að það er verið að endurskoða útvarpslögin. Eru menn að hugsa þar um breytta tekjustofna Ríkisútvarpsins? Á að leggja þennan framkvæmdasjóð niður eða hvernig er fyrirhugað að haga þessum málum? Ég held að við séum öll sammála um það, þó að innan Sjálfstfl. séu hópar sem vilja leggja Rás 2 niður eða selja hana í frjálshyggjustíl, að Ríkisútvarpið er gríðarlega mikilvæg menningarstofnun og einnig það að Ríkisútvarpið gegnir miklu öryggishlutverki á okkar landi. Þarf ekki að minna menn á það hvernig Ríkisútvarpið hefur þjónað því hlutverki t.d. þegar óveður hafa geisað og allt orðið rafmagnslaust eða ég minnist bara gossins í Vestmannaeyjum 1973 og þegar þurft hefur að koma mikilvægum fréttum til þjóðarinnar. Þetta er gríðarlega mikilvæg stofnun og það verður að sjá til þess að hún búi við góð starfsskilyrði.

Sama gildir um húsafriðunarsjóð og ég vil vekja sérstaka athygli hæstv. menntmrh. á því sem fulltrúar sjóðsins sögðu um möguleika hans til þess að skapa atvinnu víða um land. Það er mikið vandaverk að halda við gömlum húsum og það kallar á sérþekkingu en þarna er oft um mikið nostur að ræða og það þarf töluvert mikið vinnuafl og þetta er tilvalið, ég tala nú ekki um ef atvinnuleysi er í röðum iðnnema sem læra húsasmíði og slíkt þá er tilvalið að verja peningum til þessa málaflokks. Þetta getur verið eitt af þessum átaksverkefnum sem verið er að vinna að og skila sér eins og þeir nefndu í auknum ferðamannastraumi, fegurra umhverfi og því að það er verið að varðveita menningarverðmæti. Fulltrúar sjóðsins nefndu alveg sérstaklega þá byltingu sem varð á Hofsósi og við hv. þm. Kristín Einarsdóttir urðum einmitt vitni að þegar við fórum þangað í heimsókn. Þar var gert við gamalt pakkhús, mjög sögulegt hús, eitt af elstu húsum á landinu og það þýddi það að allt í einu hófst ferðamannastraumur til þessa litla bæjar þar sem varla nokkur hræða hafði litið við. Allt í einu var eitthvað merkilegt að skoða þarna og þetta eina hús hefur einfaldlega gerbreytt aðstæðum í þessum litla bæ. Þannig gæti þetta orðið víðar, hæstv. menntmrh., og því vil ég sérstaklega ítreka þetta og benda á að þarna eru möguleikar til atvinnusköpunar.

Við höfum rætt mikið um ferðamálin hér í dag og ég ætla ekki að bæta miklu við það. Ég vil mótmæla enn þessari skattlagningu sem enn er eftir á ferðaþjónustuna og mun valda óbætanlegu tjóni. Það er auðvitað óþolandi að Ferðamálasjóður, sem ætlað er það hlutverk að styðja við bak ferðaþjónustunnar, skuli vera svona skertur ár eftir ár. Menn eiga að veita pening til vaxtarbroddanna þannig að blóðið streymi þar sem vöxturinn er.

Við nefndum í nefndarálitinu þessi furðulegu vinnubrögð í kringum Vegagerðina. Þetta er svona bókhaldsskollaleikur sem allt er fullt af í þessum fjármálum ríkisins og þá síðast þessi furðulega 37. gr. sem væri nú gaman að ræða við hæstv. umhvrh., um greiðsluna fyrir hin áður óþekktu tófugreni og greinilega er mikið baráttumál í hans ráðuneyti að þurfa ekki að vera að borga fyrir leitarflokka sem fara um heiðar í grenjaleit.

Ég get rifjað það upp að ég er mikill vinur og aðdáandi íslenska refsins og þykir fremur leitt að menn skuli vera að eltast við hann. Menn hafa ofsótt hann öldum saman og er mál að linni þeim ofsóknum. (**Gripið fram í:** Við skulum leita að þekktum grenjum.) Já, það má leita að þekktum grenjum, það er ljóst, og verður borgað fyrir það. Það er ekki hægt að skilja þessa lagagrein öðruvísi.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir áliti minni hluta efh.- og viðskn. sem ég byggi fyrst og fremst á álitum minni hluta þeirra nefnda sem fengu frv. til meðferðar og af þeirri yfirferð má ljóst vera að við höfum mjög margt við þetta frv. að athuga og teljum rétt að ríkisstjórnin beri ábyrgð á því sem hér er verið að gera en munum þó greiða atkvæði gegn ýmsum greinum þessa frv. sem við teljum vera mjög til tjóns.

[15:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hefði viljað fara fram á það við hæstv. forseta að hún kannaði hvort hæstv. heilbrrh. eða staðgengill hans er í húsinu. Sömuleiðis hefði ég gjarnan viljað fá að spyrja hæstv. umhvrh. einnar spurningar við tækifæri.

(Forseti (VS): Þannig háttar til að hæstv. heilbrrh. mun vera veikur í dag, en hæstv. umhvrh. er í þinghúsinu ef hv. þm. sættir sig við það svona fyrst um sinn.)

Já, ég sætti mig prýðilega við það, hæstv. forseti, og þakka fyrir þessi skjótu viðbrögð en mér þætti betra ef hæstv. ég held iðnrh. og viðskrh. sem gegnir fyrir heilbr.- og trmrh. gæti hugsað sér að vera hér viðstaddur umræðuna. Er það ekki rétt að hann gegni fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh.? Ef hægt væri að koma því áleiðis þá þætti mér vænt um það.

Varðandi frv. í heild þá ætla ég út af fyrir sig ekki að segja margt. Ég ætla að víkja hér örfáum orðum að þeim þáttum sem snúa aðallega að heilbr.- og trmrn. Við höfum á síðustu dögum tekið hér lotur í sambandi við menntmrn. sérstaklega, þ.e. niðurskurðinn í skól-

um, grunnskólum og skólagjöld Tækniskólans og í sjálfu sér er ekki ástæða til þess að fara sérstaklega yfir það í löngu og ítarlegu máli auk þess sem talsmaður minni hlutans, hv. 18. þm. Reykv., hefur gert mjög skýra og góða grein fyrir málinu í heild og þar á meðal því sem lýtur að menntamálum sérstaklega.

Ég vildi kannski aðeins áður en lengra er haldið vekja athygli þingsins á þeirri brtt. sem meiri hlutinn gerir en í nál. á þskj. 445 segir um hana: „Þá er jafnframt lagt til að 10. gr. verði felld brott þar sem í nýsamþykktum lögum um félagslega aðstoð er veitt lagaheimild til að tengja greiðslu ekkjulífeyris við tekjur."

Mér þætti fróðlegt að vita, hæstv. forseti, hvernig eiginlega þetta ákvæði komst inn í þennan bandorm. Er það ekki rétt hjá mér að þetta sé frv. um félagslega aðstoð sem hefur verið lengi hér inni í þinginu eða hvað? (**Gripið fram í:** Frá því í haust.) Frá því snemma í haust. Og það er flutt af hæstv. heilbrrh. er það ekki? Frv. er búið að liggja hérna frá því í haust og svo er fjallað um þennan bandorm í ríkisstjórninni á fundi eftir fund og niðurstaðan er svo sú að flytja þar sérstakt ákvæði í þessum bandormi um ekkjulífeyri að það eigi að skerða hann og það er talað um það, sagði hv. 18. þm. Reykv. hérna áðan, að þetta ætti að skila 50 millj. kr. þó að ég satt að segja botni ekkert í því hvernig það má vera en mér skilst að það sé svo eða er sagt að það sé þannig.

Þá kemur það allt í einu á daginn núna við meðferð málsins hér í nefnd, í hv. efh.- og viðskn. og kannski heilbr.- og trn., ég skal ekki um það segja, að þetta sé í raun og veru óþarfi hér af því að þetta sé í lögum sem verið sé að samþykkja um félagslega aðstoð. Mér sýnist að þetta bendi til þess að ríkisstjórnin viti ekkert hvað hún er að flytja hérna og það er spurning hvort það væri ástæða til þess fyrir menn að fara yfir málið aðeins víðar, hvort það eru fleiri svona ákvæði hérna inni, sem eru kannski komin inn í einhver önnur frumvörp. Ég satt að segja man ekki eftir því að hafa lent í því hér áður að menn séu að flytja sömu efnisatriðin í tveimur stjfrv. sem eru væntanlega lesin af heilbrrn. eða a.m.k. hæstv. heilbr.- og trmrh. þannig að ég hlýt að vekja athygli á þessu fúski í vinnubrögðum sem kemur fram í því að það er verið að flytja tillögu í frv. um félagslega aðstoð og svo er hún endurflutt í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum og hefur sjálfsagt hæstv. heilbrrh. hugsað að sjaldan verði góð vísa of oft kveðin en Alþingi er þeirrar skoðunar, eins og kunnugt er, að það þurfi aðeins einu sinni að samþykkja hvert lagaákvæði á sama þinginu. En þannig háttar til af því að hæstv. iðnrh. og viðskrh. er kominn hér sem gegnir fyrir heilbr.- og trmrh., gerði það hér áðan ... (Gripið fram í.) Þá verðum við bara að fella umræðuna niður, hæstv. forseti. Ef það er ekki hægt að svara um þessi atriði af hálfu ríkisstjórnarinnar þá verður bara að fella þessa umræðu niður. Það er útilokað að taka þetta mál hér í gegnum þingið án þess að heilbr.- og trmrh. standi fyrir sínu máli. Þegar heilbr.- og trmrh. getur ekki komið betur frá sér málum heldur en gert er í þessum textum, það verður einhver að svara fyrir það. Það er svoleiðis alveg með ólíkindum að ráðuneytið flytur hér í haust tillögu um frv. um félagslega aðstoð, flytur svo aftur sams konar ákvæði inn í frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum sem er svo dregið til baka af því að það er óþarfi.

Ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég tel reyndar, úr því að hæstv. fyrrv. heilbrrh. er hérna, þá ætla ég að leyfa mér að vekja athygli hans á einu atriði meðan hann stöðvast hér inni. Það er það að í ákvæðum frv. um atvinnuleysistryggingar er gert ráð fyrir því að ráðherra geti einn lagt niður úthlutunarnefndir. Nú háttar svo til að atvinnuleysistryggingarnar eiga að fara til félmrh. um áramótin. Þess vegna gæti ég út af fyrir sig alveg sætt mig við það ef hæstv. félmrh. gæti mætt hér á fundinn til þess að standa fyrir málinu ef þess er kostur og þætti vænt um ef hæstv. forseti léti kanna það.

(**Forseti** (VS): Forseti mun gera ráðstafanir.)

Ég ætla þá ekki að taka tíma hæstv. iðnrh. og viðskrh. lengur heldur víkja þá máli mínu núna að hæstv. umhvrh. sem er svo vinsamlegur að koma hér í salinn áður en ég ræði Atvinnuleysistryggingasjóð við hæstv. félmrh.

Í 37. gr. þessa frv. er ákvæði sem snertir umhvrn. Þar segir svo í síðasta málslið, með leyfi forseta: „Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram."

Nú brestur mig skilning á þessu máli. Sjálfur hef ég aldrei legið á greni en það kann að vera að hæstv. umhvrh. hafi einhvern tíma gengið til grenja í Grímsstaðamúlanum þegar hann var í sveit á Mýrum á yngri árum, ekki skal ég um það segja. En hitt veit ég að þetta er algerlega óskiljanlegur texti. (Gripið fram í.) Það er nákvæmlega það. „Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum", þ.e. ríkissjóður tekur þátt í kostnaði við leit að þekktum grenjum. Ég skil þetta svo. Er það réttur skilningur, hæstv. ráðherra? Út af fyrir sig má hugsa sér að kosta athugun á þekktum grenjum. T.d. er það svo að í Grímsstaðamúla ofan Mýra, sem hæstv. umhvrh. þekkir, eru nokkur greni, hafa verið um áratugi og kannski aldir og það er svo að segja hægt að ganga að þeim. (**Umhvrh.:** Árþúsundir.) Og kannski árþúsundir, ég þekki ekki svo langt aftur í tímann. Hæstv. umhvrh. kann þessa sögu örugglega sem gróinn Mýramaður.

Þá kemur hinn vandinn. Nú gæti ég allt í einu viljað leita að óþekktu greni, þ.e. leita að greni sem ekki hefði áður fundist. Og vegna þess að það væri dýrbítur sem lægi í fé niðri á Mýrum ofan úr Grímsstaðamúla en hann væri ekki í þekktu greni, þá mundi ég vilja leita að óþekktu greni. Fer ég þá, hæstv. umhvrh., til veiðistjóra og segi: Ég vil fá styrk til að leita að óþekktu greni? (Gripið fram í.) Ég vil biðja hæstv. umhvrh. að skýra nákvæmlega hvað þetta þýðir. Þurfa menn að leita eftir sérstakri heimild til þess að leita að óþekktu greni? Verða kannski gefin út eyðublöð í umhvrn. fyrir leit að óþekktum grenjum, sérstök eyðublöð sem umhvrh. fellst á? Ég held að að sé nauðsynlegt, hæstv. forseti, á milli 2. og 3. umr. að skýra þetta orðalag því að það er svo vitlaust að það er ekki hægt

að nota það til neins annars en að hafa gaman af því og það er út af fyrir sig þakkarvert að það skuli vera flutt frv. sem er fyndið í tveimur línum og má heita út af fyrir sig gott miðað við þessa ríkisstjórn að það komi eitthvað frá henni sem er fyndið af og til en það er sárasjaldgæft. Yfirleitt er það grátlegt eða grátbroslegt í besta falli.

Þá kem ég að Atvinnuleysistryggingasjóði og sný máli mínu að hæstv. félmrh. Í 17. gr. frv. er gert ráð fyrir því að ráðherra geti með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda. Úthlutunarnefndirnar eru allt of margar. Það er alger samstaða um það. Það vita allir. En finnst mönnum nú eðlilegt að láta ráðherra hafa reglugerðarvald til þess að leggja í raun og veru niður allt úthlutunarkerfi atvinnuleysistrygginga? Ég spyr hæstv. félmrh. í fullri vinsemd hvort henni finnist það eðlilegt að félmrh. hafi vald til þess að hrinda um koll öllu þessu úthlutunarkerfi.

Það hefur verið sagt að verkalýðshreyfingin sé treg til þess að fallast á endurskipulagningu úthlutunarkerfisins. Það kann út af fyrir sig vel að vera rétt og getur vel verið að menn séu þar úr hófi íhaldssamir. En það breytir ekki því að hér er um að ræða kerfi sem er kjarasamningur frá 1955 og það gengur ekki að setja inn í blóra við verkalýðshreyfinguna ákvæði af þessu tagi sem hrinda úthlutunarkerfi verkalýðshreyfingarinnar eins og það leggur sig. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. félmrh.: Er ekki hugsanlegt að ná samkomulagi um að við þessa grein bætist orðin „að fengnu samþykki stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs" þannig að setningin orðist svo, með leyfi forseta: „Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda að fengnu samþykki stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs." Ég tel að það væri eðlilegt að halda svona á málum, m.a. með hliðsjón af því að mér er kunnugt um að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs var ekki spurð um eitt eða neitt áður en þetta frv. var lagt fram. Ég hafði samband við einn stjórnarmann í Atvinnuleysistryggingasjóði einn daginn sem þetta frv. var lagt fram hér í þinginu. Hann hafði aldrei séð frv. eða drög að því og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur að því er ég best veit ekki fengið tækifæri til þess að fjalla um málið. Og ég harma það að svo er að hlutunum staðið. En ég teldi að það mundi vera mjög til bóta ef í 17. gr. yrði sett inn það ákvæði að þarna þyrfti að fá samþykki stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs líka og mér finnst út af fyrir sig eðlilegt að ráðherrann og stjórnin hafi með þetta mál að gera í sameiningu.

Annað atriði sem ég ætla að gagnrýna sérstaklega varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð er í brtt. meiri hlutans sem birtist á þskj. 446. Þar segir, virðulegi forseti: „Á árinu 1994 skal einn fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga taka sæti í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs."

Getur þetta verið rétt? Hafa aðilar að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs samþykkt það að taka inn fulltrúa frá Sambandi ísl. sveitarfélaga? Hefur hæstv. ráðherra rætt þessi mál eitthvað við þá aðila sem eiga menn í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs, Alþýðusamband Íslands og slíka aðila? Ég sé hér í gögnum frá minni hluta efh.- og viðskn. að Alþýðusamband Íslands virðist una breytingunum á Atvinnuleysistryggingasjóði sem hér eru lagðar til. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að þar leggist heldur lítið fyrir Alþýðusambandið en látum það vera. En þá bæti ég við: Hefur Alþýðusambandið samþykkt það að taka inn í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs mann frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, aukamann inn í þessa stjórn? Vegna þess að sú breytingartillaga er til orðin eftir að Alþýðusamband Íslands var kallað til viðræðna við hv. efh.- og viðskn. þannig að ég fullyrði að Alþýðusamband Íslands getur tæplega hafa fjallað um þetta mál á sínum fundi eða á sínum vettvangi. Þess vegna er það önnur spurning til hæstv. félmrh.: Hefur þessi breyting verið borin undir eignaraðila Atvinnuleysistryggingasjóðs sem eru verkalýðshreyfingin í landinu og atvinnurekendur?

Ég bendi á, virðulegur forseti, að í þessum ákvæðum, 12.–19. gr. frv., er í raun og veru engin breyting á forsendum fjárlaga. Þess vegna eru engin rök fyrir því að afgreiða þessi ákvæði núna, það eru engin rök, engin fjárlagarök fyrir því. Engin. Það má halda því fram að það séu rök fyrir því að afgreiða 20. gr. en 12.–19. gr., það er alger óþarfi. Og ég spyr þá hæstv. félmrh. að lokum: Væri hún til í það að taka umræðu bak jólum um 12.–19. gr. þannig að þessu máli verði frestað fyrir utan 20. gr. sem er sú eina sem hangir á fjárlögunum sem slíkum? Það er mín þriðja spurning til hæstv. félmrh. sem mér þætti vænt um að hún svaraði.

Loks varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð. Lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð var breytt á síðasta þingi. Það átti að vera til bóta fyrir einyrkja og slíka aðila og hefur sjálfsagt verið það. Menn hafa verið að gefa út reglugerðir um atvinnuleysistryggingar og verið að framkvæma þessi nýju lög. Þá skiptir það engum togum að það er ýtt út úr Atvinnuleysistryggingasjóði aðilum sem hafa átt þar rétt á bótum á undanförnum árum aftur og aftur og aftur. Ég nefni tvo hópa. Annars vegar er um að ræða vörubílstjóra sem er geysistór hópur manna, ekki síst hér á Reykjavíkursvæðinu. Þessi hópur hefur oft verið atvinnulaus langtímum saman yfir veturinn en hefur haft vinnu yfir sumarið og þeir hafa lagt bílnum að vetrinum til að þurfa ekki að borga af honum skatta. En hvað gerist nú? Hjá Atvinnuleysistryggingasjóði er sagt við þessa atvinnulausu vörubifreiðastjóra: Þið fáið ekki atvinnuleysisbætur nema þið seljið vörubílinn. Þannig að þess er í raun og veru krafist að til þess að þeir fái atvinnuleysisbætur losi þeir sig við atvinnutækið sem þeir kunna að vinna með. Ég vil spyrja hæstv. félmrh., sem fer með þessi mál frá næstu áramótum, hvort hún telji það eðlilegt að heimta það af þessum vörubílstjórum að þeir selji vörubílana til að þeir geti fengið atvinnuleysisbætur. Þannig hefur verið þrengt að þessu fólki frá því sem það var áður því þessir vörubílstjórar t.d. hér á þessu svæði sem ég þekki til hafa fengið bætur þang-

að til núna, þá er þeim hent út úr kerfinu. Er þetta í samræmi við vilja ríkisstjórnarinnar ef hún hefur einhvern vilja í þessu máli? Hún hlýtur að hafa það. Það er a.m.k. meiningin að hún hafi það.

Hinn hópurinn sem hefur verið hent út eru trillusjómenn. Þeir hafa auðvitað lent þannig í því að þeir geta ekki aflað sér lífsviðurværis á sjó og þá hafa þeir nælt sér í atvinnuleysisbætur stundum þarna á milli. Nú er sagt við trillusjómenn: Þið fáið engar atvinnuleysisbætur nema þið seljið trilluna. Þið seljið atvinnutækið þá getið þið fengið atvinnuleysisbætur. Þetta er auðvitað ómögulegt, hæstv. ráðherra, þetta er svo vitlaust eins og allir sjá. Þannig að ég vil biðja hæstv. félmrh. að taka á þessu máli varðandi þá hópa sem ég hef nefnt sem eru atvinnubílstjórarnir, vörubílstjórarnir annars vegar og trillusjómennirnir hins vegar og það getur vel verið að það séu fleiri sem þarna eiga hlut að máli. Ég fullyrði reyndar, hæstv. forseti, að þetta er ekki í samræmi við anda laganna. Þetta er í ósamræmi við anda laganna. Þessi reglugerð stenst ekki í raun og veru ef menn skoða hana vel vegna þess að þegar við vorum að breyta atvinnuleysistryggingasjóðslögunum hér á síðasta þingi þá var tilgangurinn sá að koma til móts m.a. við einyrkjaatvinnurekendur. Þannig að hér er verið að þrengja lögin og framkvæmd þeirra langt umfram þann anda sem var á bak við samþykkt laganna á sínum tíma.

Þriðja atriðið sem ég ætlaði svo að nefna hér, þá hef ég farið hér yfir atvinnuleysistryggingarnar, það er 11. gr. þessa frv. Það er 11. gr. þessa frv. og er breyting á almannatryggingalögum og þar stendur, með leyfi forseta:

„Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar." Nú sé ég að meiri hlutinn er búinn að breyta þessu og í nál. á þskj. 445 stendur eftirfarandi:

„Þá er lögð til sú breyting á 11. gr. að þátttaka hins sjúkratryggða í kostnaði sé afmörkuð við dvöl á sérhæfðum meðferðarstofnunum. Með þessu er reynt að gera ákvæðið skýrara hvað það varðar að bráðameðferð drykkjusjúklinga, t.d. á geðdeild Landspítala, falli ekki þar undir."

Þá vil ég í fyrsta lagi segja að þetta er úr af fyrir sig framför. Ég hafði að vísu ekki haft hugmyndaflug til þess að láta mér detta í hug að þetta áfengismeðferðargjald yrði tekið vegna bráðameðferðar drykkjusjúklinga, t.d. á geðdeild Landspítala eða á Vogi hjá SÁÁ. Hins vegar verð ég að segja að orðalagsbreytingin sem tillaga er gerð um af hálfu nefndarinnar dugir mér ekki. Því hér stendur, með leyfi forseta:

„Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalar á sérhæfðum meðferðarstofnunum."

Nú verð ég að viðurkenna það, hæstv. forseti, að ég er kannski dálítið farinn að ryðga í því hvað eru kallaðar nákvæmlega sérhæfðar meðferðarstofnanir og veit að hér er á eftir mér á mælendaskrá maður eins og hv. 11. þm. Reykv. sem kann þetta sjálfsagt betur en ég í seinni tíð. **(Gripið fram í:** Hefur hann meiri reynslu?) Hv. þm. hefur starfað í heilbrrn. þannig að hann þekkir þar nokkuð til. Ég verð hins vegar að segja alveg eins og er, virðulegur forseti, að ég tel að við séum hér á nokkuð hættulegri braut. Ég tel að það sé verið að opna fyrir sjúklingaskatta. Það sé hér á ferðinni stórkostlega alvarlegt prinsippmál þar sem menn verði því aðeins teknir inn á meðferðarstofnanir að þeir hafi efni á að borga. Það gengur ekki það stríðir gegn öllum félagslegum sjónarmiðum, öllum sjónarmiðum jafnaðarstefnunnar. Það stríðir líka gegn heilbrigðissjónarmiðum. Þess vegna skora ég á ríkisstjórnina og þá sem að henni standa hér að beita sér fyrir því að 11. gr. í bandorminum, um innheimtu á þessu sérstaka áfengismeðferðargjaldi, verði felld út.

Mér hefur borist til eyrna, hæstv. forseti, að það standi til af hv. fjárln. að leggja til einhverjar breytingar á framlögum til SÁÁ, m.a. með hliðsjón af þeirri brtt. sem hér er uppi. Það þekki ég ekki í smáatriðum en mér hefur borist það til eyrna. Ég teldi að það kæmi til greina að leysa þetta mál frá sjónarmiði ríkissjóðs þannig núna að SÁÁ fengi a.m.k. hluta af þeirri upphæð sem hér er á ferðinni, alla vega það sem gert er ráð fyrir við 3. umr. fjárlaga og e.t.v. eitthvað meira til, en að Ríkisspítalarnir verði látnir bera þennan vanda án þess að það séu gerðar sérstakar ráðstafanir til að hækka framlög til þeirra og greinin þannig felld niður, greinin þannig gerð óþörf. Ég sé að hér er í salnum hv. 3. þm. Vestf., sem er í fjárln., og kannski fleiri fjárlaganefndarmenn og hv. 1. þm. Norðurl. e., að ég vil benda á þennan möguleika. Að greinin sé sem sagt einfaldlega gerð óþörf með því að veita einhverja fjármuni á móti niðurfellingu þessa gjalds til SÁÁ en láta Ríkisspítalana bera þann hluta gjaldsins sem átti að ganga til þeirra.

Þannig tel ég að það væri mjög mikið unnið, bæði almennt séð og einnig að því er varðar hin almennu sjónarmið í heilbrigðismálum, en líka með hliðsjón af því að það þrengist nú mjög um þann tíma sem við höfum í þessari stofnun til að ljúka meðferð mála fyrir jól og ég er sannfærður um að sú niðurstaða að fella út 11. gr. frv. mundi greiða fyrir eðlilegri lendingu mála hér í þinginu núna á næstu klukkutímum og sólarhringum.

Ég hef hér, virðulegur forseti, lagt fyrir hæstv. umhvrh. og hæstv. félmrh. nokkrar spurningar og ítreka jafnframt áskorun mína um það að 11. gr. um áfengismeðferðargjaldið verði tekin út. Burt með hana.

[16:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ástæða þess að ég kýs nú að veita andsvar við ræðu flokksbróður míns og fóstra, hv. þm. Svavars Gestssonar, er sú að ég vil í fyrsta lagi þakka honum fyrir að taka upp mál vörubílstjóra hér og annarra einyrkja í starfi sem hann gerði og taka eindregið undir óskir hans til hæstv. félmrh. um að ráðherra svari spurningum og skýri það mál. Og ég vil nú ganga lengra og skora á hæstv. félmrh. að hæstv. ráðherra fullvissi okkur um að þetta mál verði leyst vegna þess að það er fráleitt eins og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur haldið á því. Bílstjórar hafa til að

mynda verið félagar í ASÍ, verið launþegar, skilgreindir sem slíkir um árabil og hafa notið atvinnuleysisbóta. Og það getur ekki verið á valdsviði stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að reka heila stétt úr Alþýðusambandi Íslands og skilgreina hana upp á nýtt. Ég tel einfaldlega að það sé fráleitt að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs geti tekið sér slíkt vald, auk þess sem framkvæmdalega gengur þetta ekki upp, hvorki gagnvart bílstjórum, trillusjómönnum né öðrum. Og ég skora á hæstv. ráðherra að fullvissa okkur um það hér að þessu verði kippt í liðinn.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti metur það svo að þetta hafi nú ekki verið andsvar. (**SJS:** Jú, jú, jú.) Þá veitir andsvar hæstv. félmrh. Forseti hefur breytt tímamörkum þar sem þetta andsvar tók ekki langan tíma og nú verða það tvær mínútur.

[16:03]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var beint til mín fjórum spurningum af hv. þm. Svarvari Gestssyni. Fyrst varðandi úthlutunarnefndirnar og um að það verði bætt inn ákvæðum um að samráð eða samþykki Atvinnuleysistryggingasjóðs þurfi til til að sameina nefndirnar. Ég tel það nú liggja í hlutarins eðli að slíkt samráð verði haft en ef það næst samstaða um það á milli 2. og 3. umr. að skoða það mál sérstaklega þá mun ekki standa á mér í því máli ef menn geta náð saman um einhvern texta í því skyni.

Varðandi það að bæta inn fulltrúa frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í stjórn sjóðsins tímabundið eða í eitt ár þá þykir mér það ekki óeðlilegt vegna þess að þarna er ákveðið fjármagn sem sveitarfélögin eru að setja inn í sjóðinn. Það er ljóst að umfang þess mun aukast verulega á næsta ári því um er að ræða að settar verði 1.200 millj. kr. í þessu skyni þannig að mér þykir ekki óeðlilegt að það sé með þessum hætti.

Um það hvort þessi breyting hafi verið borin undir ASÍ þá er mér ekki kunnugt hvort svo er eða ekki. En ég ítreka það sem fram kom reyndar í máli þingmannsins að ASÍ unir þeim breytingum sem hér eru lagðar fram. Því vil ég svara til varðandi það að fresta breytingunum sem hér eru lagðar til nema 20. gr. að það ætti reyndar að vera hæstv. heilbrrh. að svara því þar sem þessi málaflokkur er enn í hans umsjá. En ég sé ekkert sérstakt tilefni til þess.

Varðandi málefni vörubílstjóra þá tel ég fulla ástæðu til að skoða þeirra mál og hef reyndar gert það í ráðuneytinu vegna þess að fulltrúar vörubílsjóra hafa komið á minn fund og þetta mál er í athugun í ráðuneytinu og ég tel full efni til að skoða sérstaklega þeirra mál.

[16:05]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það afar mikilvægt sem hæstv. félmrh. sagði hér um úthlutunarnefndirnar þó ég sé ekki sáttur við hennar svör eða undirtektir að öðru leyti og einnig mikilvægt og jákvætt það sem hún sagði um stöðu vörubílstjóra og ég bæti trillumönnunum við því þeir eru í sömu stöðu. Það verður auðvitað að taka á þessu máli. Hér er um bersýnilegt ranglæti að ræða og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin.

[16:06]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon færði kollega sínum hv. þm. Svavari Gestssyni miklar þakkir fyrir að taka upp málstað vörubílstjóra. Ég vil sömuleiðis færa honum miklar þakkir fyrir að taka hér málstað tófunnar. Ég veit að hv. þm. er áhugamaður um varg og hefur gert sitt til að útrýma vargi á þeim slóðum sem honum hefur þótt of mikið af honum vera.

Hann gerir hér athugasemdir við orðalag í 37. gr., þar sem talað er um að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum. Ég fellst á þessa málfarslegu athugasemd sem hann hefur gert. Ástæðan fyrir því að hún er inni er einfaldlega sú að hinn árvakri þingmaður var þrátt fyrir allt ekki nógu árvökull á síðasta þingi þegar nákvæmlega sama orðalag var inni. Að vísu þá í lánsfjárlögum í þrátt-fyrir-ákvæðum þar. Það er nú kannski skýringin fyrir því og kannski ættu menn að breyta þessu og segja fremur eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon stakk upp á í samtölum áðan „nýjum og óþekktum tófugrenjum". Að öðru leyti er rétt að það komi hér fram að þær breytingar sem hafa verið gerðar á undanförnum árum miða að tvennu. Í fyrsta lagi að koma í veg fyrir þá sjálftöku sem segja má að hafi nánast verið orðin hefð í þessum veiðum og hins vegar að tryggja hag minnstu sveitarfélaganna sem gjarnan hafa haft mestan kostnaðinn einmitt af þessari iðju. Það er þess vegna sem talað er um m.a., virðulegur forseti, með góðu leyfi: „Ríkissjóður endurgreiðir ekki á árinu 1994 kostnað við refa- og minkaveiðar í sveitarfélögum þar sem íbúar eru fleiri en 2.000". Það er af þessum sökum. Að öðru leyti tek ég undir ábendingarnar og vænti þess að þingmaðurinn haldi áfram að sýna skolla svona góðan og farsælan áhuga.

[16:07]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin og einnig játa ég þá sök á mig að það hefur örugglega farið fram hjá mér á síðasta þingi ein og ein setning og ég geri ráð fyrir að það geti verið þannig með fleiri en það er engu að síður skylda okkar auðvitað að lesa hvert einasta þingskjal í þaula. Og ég játa að ég sá þetta ekki í fyrra. Ég bendi hins vegar á að til lausnar því máli og yfirleitt umgengninni við þessa skepnu, elsta landnemann, þá væri viðeigandi að hæstv. umhvrh. hefði framvegis samráð við forseta Tófuvinafélagsins áður en frv. af þessu tagi eru flutt í þessari virðulegu stofnun.

[16:08]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er óvanalegt að hv. þm. Svavar Gestsson komi svo fullur iðrunar hér í ræðu-

stól. En ég vil lýsa því yfir að ég mun ekki hafa uppi nein eftirmál sökum þess að honum láðist að lesa þetta frv. í fyrra. Ég vænti þess auðvitað að hann vinni af meiri kostgæfni í framtíðinni.

Varðandi ábendingar hans um nánara samstarf við formann Tófuvinafélagsins þá er það nú svo að það hefur verið haft samráð við hann að vísu ekki um þessa grein. Það er rétt að það komi hér fram að formaður Tófuvinafélagsins hafði einmitt samband við umhvrh. í því skyni að falast eftir ákveðnum líkamshluta ísbjarnar sem felldur var fyrir norðan Ísland.

[16:09]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin og vil auðvitað gagnrýna hann fyrir að flytja frv. með þessum hætti að hann hafi greinilega ekki lesið þau sem skyldi. Hvet hann enn til þess að hafa gott samráð við forseta Tófuvinafélagsins í framtíðinni og þakka honum sérstaklega fyrir að hafa ekki nefnt þann líkamshluta sem hann nefndi ekki hér áðan, hæstv. forseti.

[16:10]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði aðeins að víkja orðum mínum að hæstv. umhvrh. í lok máls míns vegna þess máls sem var til umræðu milli síðustu ræðumanna en erindi mitt hingað er fyrst og fremst að fjalla nokkuð um þann hluta þessa frv. sem snertir landbúnaðarmál. Ég gerði það við 1. umr. málsins og sé að sem betur fer hafa þau atriði sum tekið breytingum, þ.e. að í brtt. frá meiri hluta efh.- og viðskn. kemur fram að þar hefur verið tekið tillit til ábendingar landbn. um að fella niður 7. gr. þessa frv. Það er byggt á því sem segir um það í áliti frá landbn. til efh.- og viðskn. og er birt hér með nál. frá meiri hluta efh.- og viðskn. Og þar sem ég held að það hafi ekki komið skýrt fram í þessari umræðu þá ætla ég að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa þennan hluta:

„Nefndin [þ.e. landbn.] leitaði álits Lárusar Ögmundssonar, lögfræðings Ríkisendurskoðunar, á því hvort gjaldtaka sú á allar seldar búvélar, sem lögð er til í 7. gr. frv., væri í raun þjónustugjald eða skattur til ríkissjóðs. Í frv. er ekki að finna neina skírskotun til þess að Rannsóknastofnun landbúnaðarins muni veita þeim sem kann að flytja inn, framleiða eða selja búvélar tiltekna þjónustu vegna hverrar gjaldskyldrar vélar. Þar með liggur fyrir að ofangreint gjald uppfyllir ekki þau skilyrði að geta talist opinbert þjónustugjald heldur skattur sem á sér margar hliðstæður. Þetta er í samræmi við álit lögfræðings Ríkisendurskoðunar.

Þá vill nefndin enn fremur geta þess að búvélasalar greiða gjald til Rannsóknastofnunar landbúnaðarins vegna prófana á tækjum þeirra sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins er í sjálfsvald sett að ákveða. Samkvæmt framansögðu eru þær forsendur gjaldtökunnar sem byggt er á í 7. gr. ekki fyrir hendi og getur landbn. þar af leiðandi ekki mælt með því að ákvæðið verði lögfest."

Þessi umsögn landbn. er athyglisverð vegna þess að hér kemur fram að í þessu frv. frá ríkisstjórninni, sem hæstv. forsrh. mælti fyrir, er gert ráð fyrir gjaldtöku sem byggist á fölskum forsendum eins og fram kemur skýrt í þessari umsögn landbn. Það minnir okkur á hversu mikilvægt það er að þau frumvörp sem fyrir þingið eru lögð séu skoðuð í smáatriðum þannig að ekkert fari fram hjá hv. alþm. þar sem hér hefur frv. verið lagt fram með þessum hætti og reyndar var efni þess, eins og ég benti á í 1. umr. þessa máls, lagt fram í sérstöku frv. á síðasta þingi og kom óbreytt nú inn í þetta frv. í þessum bandormi. En það kemur fram í áliti landbn. að til hennar hafi fyrst og fremst verið vikið 5.–7. gr. En í þessu frv. eru nokkur atriði sem snerta landbúnaðinn og vildi ég koma með ábendingar um þau atriði til hv. formanns landbn. sem var hér rétt áðan, ef hann væri nærstaddur.

(Forseti (VS): Hann kemur vonandi. Það sást aðeins í hann.)

Já, það er í mörg horn að líta nú á þessum klukkutímum.

Ég þakka hv. formanni landbn. fyrir að koma hér. Ég var að vekja athygli á því að það hefði borið góðan árangur að mínu mati að senda eitt þeirra atriða sem ég nefndi áðan til landbn. og því vildi ég víkja aðeins að nokkrum öðrum atriðum sem landbn. virðist ekki hafa verið falið að fjalla um í þessu frv. Og þá er á sama átt og hér var rætt um áðan atvinnuleysistryggingar gagnvart vörubílstjórum og ég vil taka undir sem þarfa ábendingu og benda hv. landbn. á að það væri að mínu mati full ástæða fyrir nefndina að fjalla um það og taka til athugunar í starfi sínu eftir áramótin hvernig hin nýja reglugerð um atvinnuleysistryggingar komi til með að nýtast bændum. Þetta er geysimikið hagsmunamál og ég held að það sé mjög mikilvægt að landbn. Alþingis fylgist með því hvernig þau lög sem samþykkt voru á síðasta þingi gagnast landbn.

Síðan eru í II. kafla frv. nokkur atriði þar sem vikið er að landbúnaðinum. Það er sérstaklega 25., 26. og 27. gr. Mér sýnist að 25. og 27. gr. séu samhljóða greinum sem voru í lánsfjárlögum á síðasta ári eða fyrir þetta ár, en hins vegar segir í 26. gr. að framlag ríkissjóðs til launa og aksturs héraðsráðunauta skuli eigi vera hærra en 37,5 millj. kr. á árinu 1994 sem er lækkun úr 40,1 millj. á yfirstandandi ári. Ég teldi að það væri æskilegt að landbn. mundi líta á þetta atriði milli 2. og 3. umr.

Þá ætla ég að lokum þrátt fyrir það að hæstv. umhvrh. — hann var hér rétt áðan, ætli hann sé fjarri ... ?.

(Forseti (VS): Forseti mun kalla hann til fundar.)

Í 37. gr. er fjallað um eyðingu refa og minka. Þessi málaflokkur heyrir undir umhvn. en þrátt fyrir það fékk umhvn. ekki þessa grein senda frá efh.- og viðskn. til umfjöllunar vegna þessa frv. og ég mun ekki út af fyrir sig gera athugasemdir við það en það gæti verið ástæða til að nefndin kynnti sér þetta mál þá í upphafi næsta árs og þess vegna langaði mig að spyrja hæstv. umhvrh. að því hvort hann viti að það hafi verið notuð sú heimild sem var í mjög líkri grein í lánsfjárlögum sem ég heyrði að hann er kunnugur, þ.e. þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Umhverfisráðherra er heimilt að fengnum tillögum veiðistjóra að ákveða að ríkissjóður taki ekki þátt í kostnaði við minkaveiðar, grenjaleit og grenjavinnslu á tilteknum svæðum. Umhvrn. skal auglýsa fyrir 1. maí til hvaða landsvæða ákvörðunin tekur."

Mig langaði að spyrja sem sagt að hve miklu leyti þessi heimild hafi verið notuð. Þetta er aðeins breytt nú í 37. gr. þessa frv. þar sem segir að það skuli auglýsa fyrir 1. maí 1994. Í yfirstandandi heimild var ekkert ártal, aðeins sagt fyrir 1. maí. Því vil ég spyrja hvort nú eigi að auglýsa þetta í eitt skipti fyrir öll og eftir það muni heimildin ekki verða fyrir hendi eða hvort þetta sé vegna þess að þetta ákvæði gildi aðeins fyrir þetta ár.

Ég skal svo ekki hafa fleiri orð um þetta frv. að þessu sinni.

[16:23]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jón Helgason hefur beint til mín spurningu um hvort mér sé kunnugt um að nýtt hafi verið heimild sem gefin var í lánsfjárlögum sem samþykkt var á síðasta ári um að heimilt sé að fella niður grenja- og minkaleitir á svæðum. Ég svara alveg hreinskilnislega: Ég er ekki viss um það. Ég get gengið úr skugga um það. Ég held að þessi heimild hafi ekki verið notuð en mér er einfaldlega ekki alveg kunnugt um það.

Hina spurninguna skildi ég svo hvort það væri fyrirhugað í eitt skipti fyrir öll, þar með um alla framtíð, að taka þarna ákvörðun en það er ekki svo.

[16:24]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir svörin og ég skil mætavel þar sem hann var ekki kominn í umhvrn. þegar þessi ákvæði sem nú eru í gildi hefðu átt að vera notuð en ég mun þá óska eftir því þar sem ég sé að hér er hv. formaður umhvn. þá mundum við taka þetta atriði e.t.v. til skoðunar á nýju ári.

[16:25]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar í 2. umr. um ráðstafanir í ríkisfjármálum hefur nú farið í gegnum hendurnar á hv. efh.- og viðskn. og eins og fram hefur komið í ræðum fyrri ræðumanna í þessum stóli í dag þá fór þetta frv. til umsagnar hv. heilbr.- og trn.

Hv. heilbr.- og trn. sendi frá sér bréf til formanns efh.- og viðskn. þar sem hún lét í ljós álit sitt á einstökum þáttum frv. og ætla ég örlítið hér á eftir að gera grein fyrir því. Það er ljóst að brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. flytur hér, þar sem gert er ráð fyrir að 10. gr. frv. falli brott, tengdist tekjutengingu ekkjulífeyris og í nál. meiri hlutans er þetta rökstutt með því að með nýsamþykktum lögum um félagslega aðstoð hafi fengist heimildir til tekjutengingar. Þetta er alveg hárrétt og er að nokkru leyti alvarlegt, enda gerði stjórnarandstaðan miklar athugasemdir við þetta atriði og flutti brtt. í þinginu einmitt við þetta atriði, að fá inn í lög um félagslega aðstoð svo víðtæka heimild til tekjutengingar eins og þar fékkst. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í 2. málsl. 2. mgr. 1. gr. nýsamþykktra laga. Þar segir: „Þar er heimilt að tengja greiðslu bótanna við tekjur." Með þessu fæst mjög víðtæk heimild til tekjutengingar á öllum bótaflokkum er fram koma í nýsamþykktum lögum um félagslega aðstoð.

Hvað þýðir þetta í raun og veru? Þetta þýðir það að með reglugerð hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. fengið heimildir til þess að tekjutengja alla bótaflokka nýsamþykktra laga um félagslega aðstoð er áður voru inni í almannatryggingalögunum.

Nú var það svo að meðan þessir bótaflokkar voru inni í almannatryggingalöggjöfinni, þá var það alveg klárt hver var skerðingarprósentan sem bæturnar áttu að skerðast gagnvart tekjunum. Með þessu ákvæði, eins og það er núna komið inn, er það ekki tekið fram hver skerðingarprósentan má vera. Þess vegna má alveg hugsa sér að hægt verði að setja reglugerð á grundvelli þessara laga um að fyrir hverja einustu krónu, sem viðkomandi einstaklingur ynni sér inn og hefur bótarétt, mundu bæturnar skerðast samsvarandi. Ég trúi því auðvitað ekki að það verði niðurstaðan vegna þess að yfirleitt var það svo meðan þessir bótaflokkar voru inni í almannatryggingalöggjöfinni, að þeir skertust yfirleitt um 40% þegar tekjur voru komnar umfram ákveðið hámark. En ég tek undir það með hv. 9. þm. Reykv. sem talaði hér fyrr í umræðunni að þetta er auðvitað lýsandi um vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og þeirra ráðgjafa er hún hefur í þessu máli. Og hér kemur í þingsalinn hv. 5. þm. Austurl., formaður hv. heilbr.- og trn., við ræddum mjög oft í þeirri ágætu nefnd að þessar víðtæku heimildir væru að mörgu leyti stórhættulegar. — En vinnubrögðin segja auðvitað sína sögu því að í upphafi þings er þetta frv. um félagslega aðstoð, sem nú er orðið að lögum, lagt fyrir með þessu heimildarákvæði og síðan í bandorminum sem kemur inn í þingið svona rétt fyrir jólin og er verið að samþykkja með hraði í gegnum þingið. Þar er þetta ákvæði einnig inni og síðan kemst nefnd að því að þetta sé óþarft vegna þess að nú sé nýbúið að setja lög í þinginu sem heimili þetta. (**GunnS:** Þetta er gott.) Nei, það er ekki gott, hv. formaður heilbr.- og trn., af þeirri ástæðu, sem ég var að lýsa áður en hv. þm. gekk í salinn, að eins og lagagreinin er orðuð og stjórnarandstaðan gerði ítrekaðar athugasemdir við í nefndinni eru skerðingarákvæðin mjög rúm og í raun og veru, ef menn vildu, væri hægt að skerða þarna krónu á móti krónu. En nú hefur þetta verið tekið út úr því frv. sem hér er til umfjöllunar.

Í 11. gr. þessa frv. er verið að opna fyrir almenna gjaldtökuheimild á sjúklinga sem leggjast inn á sjúkrastofnanir jafnvel þótt tilgreint sé eins og núna er í brtt. frá hv. efh.- og viðskn. að þessi þáttur eigi eingöngu við um sérhæfðar meðferðarstofnanir. Staðreyndin er bara sú að það er útilokað að gera greinarmun á því hvað er sérhæfð meðferðarstofnun og hvað er almenn sjúkrastofnun því að á öllum sjúkrahúsum er um sérhæfðar meðferðardeildir að ræða. Á þessi gjaldtaka þá ekki að gilda um það? Ef svo er ekki, þá er með þessu frv. verið að gera upp á milli þeirra stofnana sem nú

sjá um áfengismeðferðina í landinu, Ríkisspítalana og SÁÁ, vegna þess að segja má að Ríkisspítalarnir sem stofnun eru ekki sérhæfð áfengismeðferðarstofnun að öðru leyti en því að geðdeild þeirrar stofnunar er sérhæfð í áfengismeðferð. Því spyr ég — en nú er því *miður enginn hér sem getur svarað fyrir ríkisstjórnina* í þessum efnum þó svo ég treysti reyndar hv. formanni heilbr.- og trn. best í þeim efnum og ætla því að spyrja þann ágæta þingmann, hv. þm. Gunnlaug Stefánsson: Er það svo að þetta eigi einvörðungu að gilda um SÁÁ en ekki Ríkisspítalana?

Ef þetta á að gilda um Ríkisspítalana og SÁÁ, þá er náttúrlega sá texti sem er í frv. og brtt. algerlega merkingarlaus vegna þess að þá er bara að stíga næsta skref, þ.e. að skilgreina endurhæfingardeild Ríkisspítalanna sem sérhæfða meðferðarstofnun og láta þá sem þar eru greiða fyrir þjónustuna sem þar er veitt. Þegar að þessu kemur, hv. formaður, þá fer það svo að hver deildin á fætur annarri lendir í því að af þeim sjúklingum sem þar eru verður tekið gjald. Þá er komið að þessu sem var sigur Alþfl. á síðasta flokksþingi eða sigur félagshyggjuarmsins í Alþfl. á síðasta flokksþingi. **(Umhvrh.:** Það er bara Gunnlaugur.) Er það bara Gunnlaugur einn, hæstv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson? Er það svo að hv. 5. þm. Austurl. sé orðinn eini þingmaður í Alþfl. sem er í félagshyggjuarminum? **(Umhvrh.:** Hann er í dyggri forustu.)

(Forseti (VS)**:** Hæstv. umhvrh. er beðinn að setja sig fremur á mælendaskrá.)

En þetta var talið eitt af því stærsta sem hefði komið fram á flokksþingi Alþfl. fyrir tæpum tveimur árum síðan (**Gripið fram í:** ...fékk svo góðan félagsskap fyrir austan.) að það hefði verið ákveðið að ekki kæmi til greina að leggja skatt á þá sjúklinga er legðust inn á sjúkrahús. En hér er verið að stíga fyrsta skrefið í þá átt. Og öll félög, öll læknafélögin og sérgreinafélögin á því sviði, vara við því að þetta skref sé stigið.

Ég hef látið gera útreikninga á því hvað þetta muni þýða fyrir fólk. Það er bara staðreynd og það kom mjög skýrt fram í máli þeirra sérfræðinga sem komu í heimsókn í hv. heilbr.- og trn. að þeir töldu að það væri útilokað að skilgreina nákvæmlega t.d. það fólk sem kemur inn á geðdeild Ríkisspítalanna hvort sjúkdómurinn stafar af því að viðkomandi er sjúkur sem alkóhólisti eða haldinn jafnvel einhverjum öðrum sjúkdómi, hvort sem það eru andlegir eða líkamlegir kvillar. Þá er spurningin bara í hvaða rúmi viðkomandi lendir, hvort gjaldmælir verður við það rúm eða ekki. Það verður því algerlega í hendi þess sem er á vakt hverju sinni að skilgreina hvar viðkomandi einstaklingur lendir.

Sé það hins vegar svo að þessi gjaldtaka eigi einvörðungu að snúa að SÁÁ mun þetta þýða í stórum dráttum, svo ég styðjist bara við þær forsendur sem sérfræðingar gáfu okkur upp í hv. heilbr.- og trn. að reynsla þeirra af innheimtu göngudeildargjalda á geðdeild Ríkisspítalanna fyrir áfengissjúka er sú að innheimtuhlutfallið er ekki hærra en 30% af greiðslunum. Þetta þýðir að ef leggja á 25 millj. kr. á SÁÁ á næsta ári en þar eru 2.600 innlagnir og aðeins þriðjungur sjúklinganna greiðir gjaldið, þurfa þeir að greiða 30 þús. kr. fyrir innlögnina. (**Gripið fram í:** Til að ná hvaða upphæð?) Til þess að SÁÁ geti staðið undir því að reka stofnanirnar með því að áætla þeim 25 millj. kr. í sértekjur. Þeir einstaklingar sem geta greitt gjaldið og hægt er að ná í segir reynslan okkur að þurfi að greiða 30 þús kr.

Finnst hæstv. umhvrh. og hv. þm. Alþfl. — Jafnaðarmannaflokks Íslands það ekki býsna hátt innlagnargjald á sjúkrahús? Ekki síst í ljósi þess ef menn hafa það í huga að þetta var það stóra sem félagshyggjuarmur flokksins náði fram á flokksþinginu að kæmi alls ekki til greina. Svo þegar foringi þess hóps er mættur og tekinn við sem hæstv. heilbr.- og trmrh., þá er þetta hans fyrsta verk í þeim fjárlögum er hæstv. ráðherra leggur fyrir Alþingi.

Í 12.–20. gr. frv. er fjallað um Atvinnuleysistryggingasjóð. Hv. þm. Svavar Gestsson fór rækilega í þau vandamál er snúa að þeim aðilum er nú hafa rétt á bótum frá sjóðnum í dag. Á fund hv. heilbr.- og trn. komu fulltrúar frá ASÍ og fulltrúar frá VSÍ. Fyrir fundinn hafði þessum samtökum verið sent frv. eins og það lá þá fyrir. Það var lítið að græða á umræðunni er þar fór fram vegna þess að flest svörin voru á einn veg: Um þetta hefur allt saman verið samið. Það eru engar athugasemdir við þetta. Við erum búnir að lofa ríkisstjórninni því að þetta megi vera með þessum hætti.

Það er nefnilega nákvæmlega sama staða og er uppi hérna núna. Það er ekki hægt að gera neinar breytingar á skattamálum. Það er verið að fara út í óskynsamlegar aðgerðir í þeim efnum en af því að ASÍ-forustan segir: Við viljum hafa þetta með þessum hætti, þá þorir ríkisstjórnin ekki. Þetta er því orðin ótrúlega samtrygging þarna á milli. Annars vegar segir ríkisstjórnin: Við viljum hafa þetta svona og ASÍ segir: Það er gott. Við skulum hafa þetta með þessum hætti. Síðan koma þeir frá ASÍ og segja: Við viljum hafa þetta svona. Þá segja þeir í ríkisstjórninni: Já. Þetta er fínt. Við verðum að hafa þetta svona.

En á hverjum skyldi þetta allt saman bitna? Jú. Á þeim sem Alþýðusamband Íslands á að vera að berjst fyrir, fólkinu sem býr við lægstu launin og erfiðustu aðstæðurnar. En í samtryggingaráformum Alþýðusambandsins við ríkisstjórnina þá er þetta látið bitna á þessum hópi.

Í brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. er gert ráð fyrir því að á næsta ári, árinu 1994, muni einn fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga sitja í stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þegar frv. lá fyrir hv. heilbr.- og trn. var ekkert um þessa tillögu vitað. Aftur á móti lagði sá fulltrúi sem mættur var frá Vinnuveitendasambandi Íslands þunga áherslu á það að eðlilegt væri, þar sem vinnuveitendur væru nú að fara að greiða enn stærri hluta af framlagi til Atvinnuleysistryggingasjóðs en áður, fengju þeir einn fulltrúa til viðbótar í stjórn sjóðsins. Þessum skilaboðum kom minni hluti heilbr.- og trn. til skila til hv. efh.- og viðskn. Við því hefur ekki verið orðið samkvæmt því sem fram kemur í tillögu til breytinga á frv. frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Fulltrúar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs mættu til fundar við hv. heilbr.- og trn. Í máli þeirra kom fram að hvað eftir annað á undanförnum árum síðan þessi ríkisstjórn tók við hafa fjárveitingar sjóðsins í flestum tilfellum ekki dugað fyrir þeim útgjöldum sem gert er ráð fyrir að sjóðurinn greiði. Það er ríkisábyrgð á sjóðnum. Aukafjárveitingar hafa verið tryggðar í fjáraukalögum en yfirleitt ekki nóg til þess að standa undir útgjöldunum. Það hefur því gengið verulega á eignir sjóðsins síðan árið 1991.

Það sem mér fannst þó alvarlegast var að þessir ágætu fulltrúar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, sem þarna mættu, gátu ekki upplýst hvernig áætlað væri að staða sjóðsins yrði á árinu 1994 ef gengið væri út frá þeirri spá sem Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér um 5% atvinnuleysi. Einstakir nefndarmenn gengu eftir því á milli funda í heilbr.- og trn. að upplýsingar fengjust um stöðu sjóðsins. Það var ekki hægt. Það er þess vegna óvíst og algerlega útilokað að svara því hver staða Atvinnuleysistryggingasjóðs muni verða miðað við þær fjárveitingar sem sjóðurinn hefur og samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir til fjárlaga og miðað við spá Þjóðhagsstofnunar um 5% atvinnuleysi á árinu 1994. Það verður miklu meira og er raunverulega bara spá um 5% atvinnuleysi að meðaltali allt árið sem verða mun meira en sú spá gerir ráð fyrir vegna þess að staðreyndin er sú að það er á bilinu 6–7% í dag.

Í 13.–19. gr. frv. eru gerðar ýmsar breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Ýmist eru þær breytingar til hækkunar eða lækkunar. Það er erfitt að gera sér nákvæmlega grein fyrir því hvor vogarskálin er þyngri í þeim efnum.

Aftur á móti er tilgangur þeirra sem hafa lagt frv. fyrir að spara fjármuni með 16. gr. þar sem talið er að um misnotkun á bótagreiðslum sjóðsins sé að ræða. Eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði í framsöguræðu sinni með áliti minni hluta efh.- og viðskn. hafa fulltrúar einstakra fyrirtækja haft samband við nefndina og varað við þeim breytingum sem þar er lagðar til. Einstök fyrirtæki hafa nýtt sér þann möguleika sem lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð gefa með því að fá greiddar atvinnuleysisbætur einn og einn dag í viku eða mánuði fyrir það fólk sem er í vinnu hjá fyrirtækjunum. Gott dæmi um þetta er Slippstöðin á Akureyri. Þar hefur verið komið í veg fyrir það með slíkum aðgerðum að kannski 15–20 mönnum hafi verið sagt upp. Þess í stað ef um verkefnaskort hefur verið að ræða hafa starfsmenn fyrirtækisins, mismunandi margir þó, komist tímabundið á atvinnuleysisbætur en aftur í vinnu hjá fyrirtækinu þegar verkefni hafa aukist. Það er mat stjórnenda sjóðsins, heilbrrn. og ég býst við ríkisstjórnarinnar í heild, að þetta ákvæði hafi verið misnotað. A.m.k. er í það vitnað þegar fjallað er um 16. gr. frv. því þar segir, með leyfi forseta: „Í ljós hefur komið veruleg misnotkun þessa ákvæðis og er fyrir þær sakir lagt til að ákvæðið falli brott."

Það væri fróðlegt að fá svör við því en þau fást sjálfsagt ekki við þessa umræðu þar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. er ekki til svara um hvaða fyrirtæki þetta séu sem þannig hafi misnotað þá aðstöðu sem þeim hefur verið sköpuð af hálfu stjórnar sjóðsins og hvaða refsing liggi við því ef upp kemst að um slíka misnotkun hafi verið að ræða.

Hv. 9. þm. Reykv. Svavar Gestsson kom inn á að það væru einkum tvær stéttir í þessu þjóðfélagi sem ekki fengju bætur frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Á síðasta þingi var gerð veruleg breyting á Atvinnuleysistryggingasjóði sem miðaði í þá átt að frá 1. okt. í ár hefðu sjálfstæðir atvinnurekendur möguleika á bótum frá Atvinnuleysistryggingasjóði. Það var alveg klárt í umræðunni í þinginu og í umræðunni í hv. heilbr.- og trn. og eftir því var sérstaklega gengið hvaða áhrif þessi breyting hefði fyrir vörubílstjóra og trillusjómenn. Því var svarað til af þeim fulltrúum er mættu fyrir hönd stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs á þeim tíma að það stæði ekki til að gera neinar breytingar á stöðu vörubílstjóra. En vörubílstjórarnir hafa í gegnum árin fengið atvinnuleysisbætur á þeim tíma er ekkert hefur verið að gera fyrir atvinnutækin.

Nú standa þeir hins vegar frammi fyrir því að í bréfi frá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eru settar svo þröngar skorður fyrir því hvaða skilyrði þeir þurfa að uppfylla til þess að geta fengið atvinnuleysisbætur að það blasir ekkert annað við þessum mönnum en að þurfa að selja atvinnutækið.

Gagnvart trillusjómönnunum er þetta miklu alvarlegra einfaldlega vegna þess að viðkomandi sjómaður má ekki hafa farið á sjó nema í sárafáa daga, hvort það var vikutími eða svo, á fiskveiðiárinu og þegar hann hefði lagt trillunni og fengið atvinnuleysisbætur, þá gæti hann ekki aftur farið á sjó á því fiskveiðiári nema endurgreiða bæturnar. Það sjá allir að þegar slíkar reglur eru settar, þá er ekki framkvæmanlegt fyrir menn að stunda neina atvinnustarfsemi við slíkar kringumstæður vegna þess að það er verið að ýta mönnum út í það að losa sig við atvinnutækið í þessu tilfelli.

Þarna þarf því að gera verulega bót á. Og ég fagna yfirlýsingu um þetta efni frá hæstv. félmrh. en frá og með næstu áramótum mun Atvinnuleysistryggingasjóður heyra undir félmrn. þannig að hæstv. félmrh. er í góðri aðstöðu til þess að gera þarna breytingar á. Trillusjómenn höfðu enga möguleika fyrir þessa breytingu að fá atvinnuleysisbætur, en í raun og veru er verið að skerða aðstæður vörubílstjóranna mjög mikið frá því sem áður var.

Í 20. gr. frv. er fjallað áfram um Atvinnuleysistryggingasjóð og það samkomulag sem gert hefur verið milli ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga um að á árinu 1994 skuli sveitarfélögin enn auka framlag sitt til Atvinnuleysistryggingasjóðs úr 500 millj. kr. í 600 millj. kr. Samkomulag er orðið um þetta milli ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Af þeim 500 millj. sem sveitarfélögin greiddu í sjóðinn af framfærslustyrk sveitarfélaganna til ríkissjóðs, sem þetta er í raun og veru og var 0,5 milljarðar á þessu ári, hafa á þessu ári ekki enn verið greiddar út nema 300 millj. Eftir munu því standa í ríkissjóði um áramótin 200 millj. kr. sem er raunverulega beinn framfærslustyrkur sveitarfélaganna við ríkissjóð.

Þrátt fyrir þetta á enn að auka greiðslurnar frá sveitarfélögunum til ríkisins á þessu ári.

Í sjálfu sér getur það verið skynsamlegt og væri gott ef það fyrirkomulag gengi upp að til að losna við að greiða fólki atvinnuleysisbætur væri komið af stað einhverjum átaksverkefnum sem sneru að nýsköpun í atvinnulífinu, tryggðu störf til framtíðar þannig að um varanlega atvinnu fyrir viðkomandi yrði að ræða. En þegar maður lítur yfir þau átaksverkefni sem styrkt hafa verið af hálfu Atvinnuleysistryggingasjóðs á árinu 1993, þá er maður ekki alveg sannfærður um að þarna sé um skynsamlega ráðstöfun að ræða. A.m.k hefði ekki þurft að hafa alla þessa miðstýringu og þennan kostnaðarsama tilflutning á peningum frá sveitarfélögunum yfir til ríkisins sem síðan eru aftur sendir frá ríkinu til sveitarfélaganna til þess að standa undir þessum merkilegu verkefnum eða hitt þó heldur á mörgum stöðum sem þarna er um að ræða.

Á fundi okkar þingmanna Reykjavíkur og borgarstjórnar Reykjavíkur var lagður fyrir okkur listi yfir þau átaksverkefni sem styrkt höfðu verið í Reykjavík. Þegar maður lítur yfir hann er ekki að finna að mínu viti neitt það átaksverkefni sem mun skila störfum þegar til framtíðar er litið eða tryggja einhver störf í framtíðinni. Síður en svo. Öll þessi verkefni hefði einfaldlega mátt styrkja beint úr borgarsjóði Reykjavíkur. Til hvers er verið að taka 200 millj. kr. úr borgarsjóði og setja í Atvinnuleysistryggingasjóð, senda síðan 50 millj. kr. af því aftur út úr Atvinnuleysistryggingasjóði til borgarstjórnar og segja við borgarstjórn: Svona getið þið ráðstafað þessu. Þarna er um ekkert annað en bullandi miðstýringu að ræða og verið að flytja til fjármuni algerlega að ástæðulausu að öðru leyti en því að Reykjavíkurborg er skattlögð beint um 150 millj. kr. vegna þess að Reykjavíkurborg mun ekki fá nema um 50 millj. kr. til að standa undir þessum átaksverkefnum en þurfti að borga 200 millj. í sjóðinn. Þegar maður lítur yfir þessi verk, þá hefði verið miklu betra að borga beint úr borgarsjóði Reykjavíkur til þessara átaksverkefna heldur en gera þetta með þessum hætti. Skal ég hér minnast á nokkur.

Nýlistasafnið. Styrkur upp á 14.976 kr. Hreingerningar í skólum 835.709 kr. Skólabókasöfn 207.487 kr. Nýlistasafnið 54.912 kr. Breiðholtskirkja 232.077 kr. Gangstéttarfláar 520.345 kr. Hreingerningar í skólum aftur 631.006 kr.

Þegar menn líta yfir þennan lista, sem ég tók nokkur dæmi af, þá hljóta þeir að sjá að mikið af þessum verkum var bara einfaldlega borgarinnar að sjá um eins og hreingerningar í skólum. Að vera að taka fyrst peninga út úr borgarsjóði, senda þá upp í Atvinnuleysistryggingasjóð, senda síðan umsókn frá borginni aftur til Atvinnuleysistryggingasjóðs til að fá þessa peninga aftur til baka. Þetta er náttúrlega alveg ótrúlegt rugl en er reyndar algerlega lýsandi fyrir vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar.

Tilgangurinn með þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994 er fyrst og fremst sá að tryggja grundvöllinn í fjárlagafrv., tryggja að grundvöllurinn í frv. til fjárlaga, sem verður væntanlega samþykkt hér á hinu háa Alþingi á næstu klukkustundum eða næstu dögum a.m.k., stæðist.

Ég hef örlítið fjallað um þá þætti er snúa að Atvinnuleysistryggingasjóðnum og áfengismeðferðinni. Samkvæmt fjárlagafrv. er gert ráð fyrir að spara á bilinu 120–200 millj. kr. í atvinnuleysistryggingunum. Ef menn líta á umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. segir þar, með leyfi forseta:

„Með ákvæðum 13.–19. gr. [þ.e. um Atvinnuleysistryggingasjóð] eru gerðar nokkrar breytingar á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð. Samanlagt hafa þær ekki áhrif á heildarútgjöld sjóðsins þar sem áhrif til hækkunar og lækkunar standast á. Til hækkunar útgjalda eru ákvæði 15. gr. um skerðingu atvinnuleysisbóta vegna tekna af elli- og örorkulífeyrisbótum. Til lækkunar eru ákvæði 13. gr. um að heimilt sé að lækka atvinnuleysisbætur um tekjur einstaklings þrátt fyrir að þær séu undir hámarksbótum og ákvæði í 16. gr. Í 14. gr. er aðeins um áréttingu á gildandi reglum að ræða og í 17. og 18. gr. er ráðherra veitt heimild til að sameina úthlutunarnefndir og til að ákveða þóknun til stéttarfélaga vegna úthlutunar atvinuleysisbóta. Loks er í 19. gr. felld niður heimild sjóðsins til tiltekinna lánveitinga sem mun bæta stöðu sjóðsins."

Með öðrum orðum er ekkert í þessum lagabreytingum öllum saman, sem hér er verið að gera um Atvinnuleysistryggingasjóð, sem gera ráð fyrir að einhverjar krónur eigi að sparast. Það var þess vegna alveg óþarfi að flytja þetta mál, a.m.k. til að tryggja það að fjárlögin stæðust.

Í öðru lagi er þetta frv. einnig flutt í þeim tilgangi, það snýr að 11. gr. frv., að tryggja að hægt væri að koma á gjaldtöku við áfengissjúklinga og þannig átti að spara tæpar 20 millj. kr. umfram það sem áður var búið að leggja á viðkomandi stofnanir. Niðurstaðan er sú að þeir sérfræðingar sem eiga að sjá um innheimtuna treysta sér ekki til þess. Þar mun því heldur ekkert sparast. Umræðan um þetta mál, bæði hér fyrr í þinginu, undirbúningur ráðuneytisins og vinnubrögðin af því öllu saman eru því algerlega til einskis.

[16:59]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er árviss viðburður að hér verði harðar og oft á tíðum mjög málefnalegar deilur um þau efnisatriði sem er að finna í frv. ríkisstjórnar hverju sinni um ráðstafanir í ríkisfjármálum. Það er kannski í þessu frv. sem hvað mest af gáleysislegum tillögum slæðast inn, a.m.k. af þeirri fimm skipta reynslu sem ég hef. Því miður er sömu sögu að segja að þessu sinni. Í fyrsta lagi vil ég gera það að umtalsefni að enn er verið að staðfesta og því miður að festa ákveðið í sessi skerðingar til grunnskóla. Í öðru lagi, og kannski það sem hefur helst vakið athygli og gagnrýni að undanförnu, er verið er að fara út á mjög háskalega braut varðandi skilgreiningu á áfengissýki og áfengissjúklingum. Hér virðist ákveðinn tvískinnungur vera í gangi og sjúklingar flokkaðir annaðhvort í 1. og 2. flokks sjúklinga eða sjúklinga og hálfgerða sjúklinga.

Nú er það grundvöllur þess mikla árangurs sem við Íslendingar höfum náð í áfengismeðferð að við höfum skilgreint áfengissýki sem sjúkdóm rétt eins og hvern annan sjúkdóm og hagað meðferð í takt við það. Þetta hefur verið mjög mikilvægt og því er afskaplega sorglegt, svo ekki sé meira sagt, að sjá það í þessum bandormi að það er í rauninni verið að sverfa að þessari skilgreiningu með því að opna fyrir sjúklingaskatt á þennan hóp án þess að vilja gangast við því að hér er ekki um neitt annað en sjúklingaskatt að ræða. Í þessum bandormi felast þau makalausu ákvæði að það eigi að fara að heimta gjald af sjúklingum í meðferð sem eru að ná heilsu og finna bót meina sinna. Ég held að enginn sé í nokkrum vafa um að sjúkdóma þarf að meðhöndla ef það á að vera nokkur von til þess að lækna þá.

Eins og gengur og gerist eru sjúkdómar af mörgu tagi. Meðferð sumra þeirra heppnast kannski í fyrsta sinn. Í öðrum tilvikum gerir hún það ekki en það er ekki þar með sagt að sjúklingum sé ætlað það að hætta í meðferð þó að það geti tekið tíma og jafnvel endurtekin skipti að hafa þessa meðferð. Ég held að það væri talið ámælisvert ef fólk sem e.t.v. væri haldið öndunarsjúkdómum eða magasjúkdómum fengi meðferð e.t.v. í eitt skipti og ef það gengi ekki nógu vel, þá þætti ekki taka því að endurtaka meðferðina aftur og aftur. Nákvæmlega þessi viðhorf heyrir maður varðandi áfengissjúklinga, að það þýði ekkert að halda áfram meðferð á þeim ef hún virkar ekki í fyrsta eða annað skipti. Þetta eru auðvitað ranghugmyndir og afskaplega skaðlegar og leiðinlegar og ég óttast að þetta sé það sem endurómar í þessu frv.

Að vissu leyti má segja að það sé að renna upp ákveðið ljós í vinnslu þessa máls innan nefndar þar sem þegar hefur verið stigið það sjálfsagða skref að rukka a.m.k. ekki sjúklinga þegar þeir koma inn í bráðameðferð. Þá á ég við fyrstu stig áfengismeðferðar hvort sem er á geðdeild eða annars staðar. Það væri orðið afskaplega skrýtið siðferði í meðhöndlun sjúkdóma ef það væri farið út á þessa braut. Því miður hafa verið í fjölmiðlum, t.d. í Bretlandi að undanförnu, hryggileg dæmi um það að dauðveikir sjúklingar hafa fyrst verið spurðir hvort þeir gætu borgað áður en þeir fá pláss á sjúkrahúsum. Það má að vísu alltaf um það deila hvað nákvæmlega veldur því að óhöpp verða, en ef marka má a.m.k. tvö tilvik sem ég hef fylgst vel með í blöðum frá Bretlandi núna að undanförnu, þá eru leidd að því býsna sterk rök að sá hugsunarháttur að rukka sjúklinga fyrst áður en þeim er hleypt að hafi haft afskaplega alvarlegar afleiðingar. Í öðru tilvikinu sem ég er að vitna til var um að ræða barn í norðurhéruðum Bretlands sem var að fara á sjúkrahús.

Það var mikill velkingur með hvort það væri öruggt að þessir reikningar yrðu greiddir. Og það henti, sem ég held að fólk ætti að hugsa sig um aðeins áður en það færi inn á sömu línu, að þetta barn dó. Þetta var innan við 5 ára gamalt barn.

Ég held að flestum sé ljóst að áfengissýki getur í alvarlegustu tilvikum verið banvæn og því miður þekkjum við allt of mörg hryggileg dæmi um slíkt. Auðvitað er þar um flókið samspil aðstæðna og sjúkdómsins sjálfs að ræða, en engu að síður finnst mér afskaplega sorglegt ef við erum að hvika að nokkru leyti frá tveimur grundvallarmarkmiðum. Annars vegar því að skilgreina áfengissýki sem sjúkdóm og í öðru lagi að tryggja öllum sjúklingum þessa lands ókeypis meðferð eftir þeim skilgreiningum sem best er á þeirri meðferð hverju sinni.

Mig langar að vitna í grein eftir Tómas Helgson sem birtist í Morgunblaðinu laugardaginn 4. des. sl. en þar er þessa brýningu að finna, með leyfi hæstv. forseta:

„Vonandi koma þingmenn í veg fyrir þá mismunun sem felst í því að alkóhólistar þurfi að greiða fyrir meðferð sjúkdómsins eða eiga það á hættu að skaðinn verði óbætanlegur ef þeir geta ekki borgað."

Þessa brýningu fáum við alþingismenn hjá prófessor í geðlæknisfræði við Háskóla Íslands og forstöðulækni geðdeildar Landspítalans. Ég held að við ættum að hugsa okkar gang með þessa áskorun og fjöldamargar aðrar sem við höfum fengið í hendurnar. Við höfum í rauninni í hendi okkar að standa áfram skaplega að þessum málum. Ég bendi á það að tilkostnaður ef við gerum það ekki mun á endanum verða margfaldur á við þann tilkostnað sem við munum nú hafa af ef við fellum niður áform um að heimta gjöld af áfengissjúklingum.

Það hefur líka verið bent á það á vegum SÁÁ að það sé alveg ljóst að alls ekki allir sjúklingar séu borgunarmenn fyrir þessum gjöldum sem fyrirhugað er að koma á. Þá er um tvennt að ræða: Annars vegar að flokka menn eftir því hvort þeir geta greitt eða ekki og hleypa aðeins þeim að sem geta greitt eða að velta kostnaðinum fyrir meðferðina á þeim sem ekki geta greitt yfir á hina. Þá fara allar meðaltalstölur út í veður og vind. Við getum kannski séð einhverjar meðaltalstölur um það að þetta eigi ekki að vera svo ýkjahá upphæð á hvern sjúkling fyrir sig. En ef við gefum okkur það að ef til vill þriðji hluti þessara sjúklinga sé gersamlega ófær um að greiða fyrir sína meðferð, og það er raunhæf tala eftir því sem þeir segja sem gerst þekkja og hafa starfað mest við áfengismeðferð, þá erum við í rauninni að velta þeim kostnaði yfir á hina sjúklingana. Því að því miður er svo komið að þegar hefur verið skorið niður og sparað eftir því sem mögulegt er. Þetta er ekki fyrsta árið sem vegið er sérstaklega að áfengismeðferð. Það hefur í rauninni verið kannski einum of mikil bjartsýni ríkjandi hjá ráðamönnum sem hafa haldið að þessi frjálsu félagasamtök eins og SÁÁ muni bara bjarga sér. Vissulega reyna þau það og vissulega gera þau það. En það er ekki hægt endalaust og það þurfti því engan að undra þegar gripið var til þessa óyndisúrræðis að loka meðferðarstofnuninni Vík nú í sumar. En það þóttust ýmsir verða afskaplega undrandi að það skyldi allt í einu þurfa að gera þetta. Þetta var búið að liggja fyrir alveg frá því að niðurskurðurinn var tilkynntur á síðasta ári.

Ég vara þess vegna við allri tilhneigingu í þessa átt

einfaldlega á þeim forsendum að þetta er ekkert nema sjúklingaskattur og það hefur ekki náðst samstaða um það hér á landi, sem betur fer, að fara þær leiðir í heilbrigðismálum að skattleggja sjúklinga og ég vona að það verði ekki. En í kjölfarið á svona ákvörðunum læðist að manni sá grunur að það sé meiningin að taka einhvern annan hóp næst. Og hvenær eru sjúkdómar nógu merkilegir til að það sé hægt að meðhöndla þá frítt?

Ég held að hér sé um slíka grundvallarhagsmuni allra hér á landi að ræða að við förum ekki að lauma einhverju svona löguðu bakdyramegin undir því yfirskini og kannski að spila á það að þarna sé í rauninni bara um sanngjarnt uppihald að ræða þegar menn séu í einhverri skemmtidvöl úti á landi eins og maður heyrir stundum. Því það er verið að spila á fordóma fólks með þessu ef það er verið að lauma þessum sérstaka sjúklingaskatti í gegn eiginlega með því fororði að þetta séu eiginlega ekki almennilegir sjúklingar af því að hluti af meðferðinni er það að reyna að byggja sjálfa sig upp og rækta sig upp og mennirnir geta kannski verið eitthvað hressilegir á svipinn og eiga þeir að gjalda þess? Sjúkdómur þeirra er jafnalvarlegur og hann er ekki bara alvarlegur fyrir sjúklingana heldur er hann alvarlegur fyrir aðstandendur. Þetta eru þekktar stærðir. Ég hélt ekki að við værum að hoppa til baka í einhverja 15 eða 20 ára gamla umræðu. Ég bara trúi því ekki að fólk standi einlæglega að þessum tillögum úr hópi stjórnarliða.

Ég treysti því að við nánari skoðun og með því að athuga þær ábendingar sem fram hafa komið þá séu menn reiðubúnir til að líta á þetta mál sérstaklega, viðurkenna að þarna sé í rauninni verið að fara út fyrir þau mörk sem siðferði okkar býður okkur upp á að sé í lagi. Ég held að það fyrsta skref sem stigið hefur verið í brtt. meiri hlutans sé vísbending um að e.t.v. séu menn að vitkast. Og það er vel ef svo er.

Þegar langir ormar og misskrýtilegir eru skoðaðir þá kemur auðvitað margt kúnstugt í ljós. Ég minni á þá umræðu sem var hér áðan um að vörubifreiðastjórar og trillukarlar hefðu hreinlega gleymst eða ekki komið á alveg réttum stað inn í kerfið. Svona uppgötvanir er sífellt verið að gera þegar staðið er að lagasetningum með þeim hætti sem hér er þar sem unnið er að margvíslegum tillögum og kannski með klukkutíma millibili eru menn að sjá nýjar og nýjar hugmyndir. Þær eru misvel ígrundaðar. Þetta hljómar svolítið eins og gamlar sögur um það þegar átti að skrifa einn flugvöll hér og annan þar. Það er afskaplega dapurlegt að verða vitni að því að á þinginu situr maður uppi með stjórnarmeirihluta sem ekkert lærir ár eftir ár. Þetta gildir ekki bara um þann stjórnarmeirihluta sem nú er heldur einnig fyrri ríkisstjórnir að meira eða minna leyti.

Spurningin er hvort það form að hræra saman margs konar ráðstöfunum í ríkisfjármálum kalli ekki þar að auki á aukna hættu í lagasetningu vegna þess að menn eru sífellt að þjóta á milli málaflokka. Að vísu ætla ég að lýsa velþóknun minni á þeim vinnubrögðum sem nú er farið að viðhafa samkvæmt nýjum þingsköpum, þ.e. að vísa málaflokkum á verksviði annarra nefnda til þeirra og fá þaðan umsagnir. Þetta tel ég til bóta og ég held að þær litlu endurbætur sem hafa orðið á þessu frv. sem hér er til umfjöllunar hafi einmitt orðið með þessum bættu vinnubrögðum. En eftir sem áður situr efh.- og viðskn., sem alls góðs er makleg, uppi með þá ábyrgð að þurfa að velja og hafna, fella saman og púsla saman og sitja síðan uppi með embættismenn í ráðuneytum og ríkisstjórnir með mismikinn skilning á málaflokkunum og kannski misýtna ráðherra líka og þurfa að reyna að ná saman heildardæmi. Það er enginn öfundsverður af það standa í slíkum störfum enda höfum við orðið vitni að því hér að menn gerast nú sífellt grárri í vöngum og guggnari í tali. Er það ekki skrýtið miðað við þær aðstæður sem þeim eru búnar.

Um þetta er í sjálfu sér talað á hverju ári en það er öllu verra þegar það kemur í ljós að mörg þeirra mistaka sem ég tel að hafi verið gerð í svona bandormagerð á undanförnum árum eru síðan staðfest ár eftir ár. Kannski eru menn búnir að gefa það upp á bátinn vegna þess að það gekk ekki í seinustu umferð t.d. að glíma við það að ná skerðingum á grunnskólanum út úr frv. En kannski er þetta líka staða sem embættisvaldið gefur sér og framkvæmdarvaldið hefur til að halda inni svona vitleysum, sem í rauninni er ekki hægt að verja, og það er að vinna þetta sífellt í tímapressu þó að þessar endurtekningar t.d. hefðu getað legið fyrir snemma hausts þar sem þar er hreinlega verið að framlengja óbreytt, vont ástand.

Þetta heitir að því sé frestað að gera nauðsynlegar úrbætur í skólamálum. En á meðan sitjum við uppi með skólakerfi sem hefur brugðist og við erum að fá vísbendingar alls staðar að. Við erum að fá vísbendingar um hvaða afleiðingar það hefur að bjóða ekki enn upp á fullnægjandi skólakerfi og þá er ég að tala um fullnægjandi miðað við lágmarkskröfur. Við súpum seyðið af því og við sjáum að við, sem teljum okkur nú bókaþjóð mikla og til fyrirmyndar í hvívetna, erum að glutra niður jafnvel grundvallaratriðum í þekkingu barna okkar. Við höfum ekki tekist á við nýja tíma. Við höfum ekki getað búið börnum okkar það að vera nógu vel að sér í t.d. að ráða og lesa í töfluefni og annað slíkt og við erum í rauninni alltaf að þrengja að því sem ætti að tilheyra nútímanum, þrengja að því að hægt sé að hafa ákveðinn sveigjanleika, svigrúm og í rauninni viðbót í skólakerfið þar sem samfélag okkar verður sífellt flóknara. Við getum ekki ætlast til þess ef þjóðfélagið er á fleygiferð að skólakerfið geti staðið í stað hvort sem litið er á tíma eða annan aðbúnað. Þrátt fyrir að starfsfólk skóla, kennarar og aðrir sem þar koma að málum, séu með alveg gífurlegri þrautseigju að glíma við ótrúlegustu vandamál þá eru mörk á því hvað hægt er að gera.

Fjölgun í bekkjardeildum og niðurskurður á tímum og það að vera yfir höfuð ekki komin lengra í því að hafa svigrúm fyrir smærri hópa ...

(**Forseti (PJ):** Forseti vill spyrja hv. ræðumann hvort hann sé í þann veginn að ljúka ræðu sinni. Ef svo er þá munum við ljúka umræðunni.)

Er forseti að tala um einhverjar þrjár mínútur eða tíu mínútur eða hvað? Ég á eftir tvö efnisatriði fyrir

utan skólamálin sem ég ætlaði að koma aðeins nánar að. Ég ætti kannski að gera hlé á ræðu minni ef það er annað mál sem þarf að koma að.

(**Forseti** (PJ)**:** Já, kannski að hv. ræðumaður geri þá hlé á ræðu sinni.)

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1994, 1. mál, brtt. SAÞ o.fl., þskj. 419; frhnál. meiri hluta fjárln., þskj. 456; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 457; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 458; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 459; brtt. meiri hluta fjárln., þskj. 460; brtt. fjárln., þskj. 461.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 17:22.

---

70. FUNDUR

laugardaginn 18. des.,
að loknum 69. fundi.

Dagskrá:

1. Fjárlög 1994, stjfrv., 1. mál, þskj. 355, frhnál. 456 og 462, brtt. 419, 457, 458, 459, 460 og 461. — Frh. 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 316, nál. 445 og 447, brtt. 446. — Frh. 2. umr.

3. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412. — Frh. 2. umr. 4. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 450. — 3. umr.

5. Lánsfjárlög 1994, stjfrv., 75. mál, þskj. 78, nál. 381 og 392, brtt. 382. — 2. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Svo hagar til að leita þarf afbrigða svo að 1. dagskrármálið megi koma á dagskrá og verður þeirra afbrigða nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HBl, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SvG, VG, VS, ÖS.

29 þm. (ÁRÁ, DO, FI, GE, GuðjG, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, JGS, JVK, KÁ, KE, MB, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fjárlög 1994, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 355, frhnál. 456 og 462, brtt. 419, 457, 458, 459, 460 og 461.

[17:26]

Guðmundur Bjarnason *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs undir þeim lið í þingsköpum sem er að finna í 2. mgr. 55. gr. þar sem heimilt er að gera stutta athugasemd við fundarstjórn. Erindi mitt er að spyrja forseta hverju það sæti að fjárlög skuli tekin nú á dagskrá þegar tvö önnur mál eru í umræðu nú þegar. Mér skilst að hugmyndir séu uppi um að reyna að haga svo fundum hér eitthvað fram eftir kvöldi og jafnvel fram á nótt að láta á það reyna hvort hægt sé að klára þau mál sem hér eru til umræðu. Ég velti því fyrir mér af hverju er þá ekki haldið áfram með þau mál sem þegar eru fyrir á dagskránni, þar sem stendur framhald annarrar umræðu bæði um 2. og 3. dagskrármálið, um ráðstafanir í ríkisfjármálum og skattamál, og þau mál kláruð og láta þannig á reyna eða koma í ljós hvernig fram gengur með þingstörfin.

Ef það er ásetningur forseta að halda við það að fjárlög komi nú á dagskrá er þá meiningin að fresta þeirri umræðu einhvern tímann síðar í kvöld eða nótt eða á að halda henni áfram þangað til yfir lýkur, þangað til sú umræða er búin?

Mér finnst þetta dálítið undarleg meðferð á þingmálunum og spyr hæstv. forseta um þessa tilhögun af því að ég sé ekki fyrir því rökin. Nema e.t.v. þau að það sé meiningin að hleypa framsögumönnum meiri hluta í þessum málum, sem eru öll stór og meiningin að afgreiða, að með sinn málflutning og svo sé hægt að sjá til hvað líður málflutningi stjórnarandstöðunnar og stjórnarliðar geti þá eftir atvikum verið heima í kvöld og nótt í rólegheitunum þangað til kemur að atkvæðagreiðslu einhvern tímann í fyrramálið.

Það er þetta sem ég vil fá að vita, virðulegur forseti. Hver er meiningin? Af hverju er ekki haldið áfram með umræðuna á þeim tveimur málum sem eru númer 2 og 3 á dagskránni? Af hverju eru fjárlögin tekin fyrir og hvort meiningin er sú að fresta þeirri umræðu einhvern tímann þegar líður á kvöldið eða nóttina ef það á að halda fundum áfram svo sem virðist nú vera?

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill greina frá því að það er í fyrsta lagi altítt, eins og hv. þm. er kunnugt, að málum sé skotið aftur fyrir í miðri umræðu og önnur tekin fram fyrir svo sem hér er gert á nýjum fundi. Formenn þingflokka og forseti hafa leitast við að ná samkomulagi um störf þingsins á þessu síðdegi og e.t.v. fram eftir nóttu ef það mætti takast að ljúka þingi í kvöld eða

nótt. Ætlunin er að taka nú umræðu um fjárlög og ljúka þeirri umræðu og ekki að haga því á þann máta eins og hv. þm. gerði hér hálfvegis skóna að nú skyldu einvörðungu tala framsögumenn eða ræðumenn stjórnarflokka og þeir síðan sitja heima á meðan aðrir töluðu. Slíkt er auðvitað alveg út í bláinn og forseti mun hlutast til um að málum verði ekki hagað þannig hér á hinu háa Alþingi.

[17:30]

Guðmundur Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessi svör. Þau eru skýr og greinargóð og vissulega er það rétt hjá hæstv. forseta að oft hefur verið hagað svo málum að það er breytt röð og ekki farið eftir númeraröðinni á dagskránni. En ef meiningin er að ljúka störfum nú í kvöld eða nótt þá finnst mér ekki vera nein rök fyrir því að vera að hringla svona aftur og fram með mál sem eru í umræðunni heldur bara taka þau fyrir hvert af öðru ef þetta eru mál sem á að afgreiða nú fyrir hléið.

Það var þess vegna sem ég kvaddi mér hljóðs, hæstv. forseti, en ég heyri skýringar forseta og út af fyrir sig fagna því að hann hefur lýst því yfir að það sé þá meiningin að taka þessa fjárlagaumræðu fyrir næst og klára hana þannig að hún sé þá alla vega frá og við getum þá að því loknu séð hvernig mál standa og hvort mögulegt er að halda áfram með afgreiðslu hinna málanna sem ég hefði þó talið rétt að taka fyrir fyrst og láta á reyna og ljúka þeirri umræðu og afgreiðslu.

[17:31]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. meiri hluta fjárln. um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994.

Fjárln. hefur nú lokið störfum fyrir 3. umr. fjárlaga fyrir 1994. Nokkrar tillögur voru dregnar til baka við 2. umr. og var fjallað um þær að nýju ásamt hefðbundnum verkefnum sem lúta að 3. umr. Vissulega hefur mikið vinnuálag fylgt störfum nefndarinnar og vil ég endurtaka þakkir mínar frá því við 2. umr. til samnefndarmanna og starfsfólks og allra þeirra aðila annarra sem hafa lagt sig fram um að greiða götu nefndarinnar. Ég vil sérstaklega geta þess að mikil vinna er fólgin í að ganga frá ýmsum afgreiðslum, skýringum og undirbúningi að prentun þingskjala og fleiru.

Samkvæmt venju mættu fulltrúar Þjóðhagsstofnunar til viðræðna við nefndina fyrir 3. umr. og gerðu grein fyrir efnahagshorfum. Þar kom fram að allt lítur út fyrir að þróun efnahagsmála á þessu ári og horfur fyrir næsta ár séu talsvert hagstæðari en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun sem lögð var fyrir hið háa Alþingi í október sl. Undangengin tvö ár hefur álit Þjóðhagsstofnunar gengið í þveröfuga átt við það sem nú er við 3. umr., þ.e. búist hefur verið við lakari horfum í efnahagsmálum en áætlanir gerðu ráð fyrir tveimur mánuðum fyrr.

Framvindan á því ári sem nú er liðið virðist ætla að verða nokkru hagstæðari en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun frá því í október. Þannig er talið að útflutningur vöru og þjónustu verði talsvert meiri en áætlað var, eða aukist um 3,7% að magni til miðað við 2% í þjóðhagsáætlun. Að baki þessu liggur fyrst og fremst aukinn afli og einkum utan fiskveiðilögsögunnar. Því verður landsframleiðslan meiri og viðskiptajöfnuðurinn hagstæðari en gert hafði verið ráð fyrir. Landsframleiðslan mun því aukast um 1% á árinu en ekki 0,5%. Þjóðartekjurnar dragast saman um 1,3% samanborið við 1,9% í fyrri áætlun. Þjóðarútgjöld eru talin verða óbreytt frá fyrri áætlun.

Útlit er fyrir að viðskiptahallinn verði um 3 milljarðar sem svarar til 0,8% af landsframleiðslu. Fyrri áætlun gerði hins vegar ráð fyrir 5,5 milljarða kr. halla. Verðbólga milli áranna 1992 og 1993 verður óbreytt eða um 4% eins og fyrri þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er talinn dragast saman um 5% í stað 6% áður.

Þjóðhagsstofnun spáir að landsframleiðsla verði 2% minni á komandi ári en því sem er að líða. Þetta er 0,6% minni samdráttur en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Þjóðartekjur dragast saman í takt við landsframleiðslu. Reiknað er með að samdráttur þjóðarútgjalda verði um 1% minni en í þjóðhagsáætlun eða um 1,6%. Hallinn á viðskiptum við útlönd er talinn verða nokkru meiri en á þessu ári, eða um 1% af landsframleiðslu sem er þó talsvert minna en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir.

Vegna minnkandi eftirspurnar og umsvifa í þjóðarbúskapnum er talið að atvinnuleysi aukist nokkuð á milli ára og verði 5% á næsta ári sem er þó minna en fyrri áætlanir gerðu ráð fyrir. Verðbólga virðist hins vegar vera á undanhaldi og spáir Þjóðhagsstofnun 2,5% verðbólgu á árinu 1994 sem yrði minnsta verðbólga sem um getur hér á landi í þrjá áratugi og minni en í flestum helstu viðskiptalöndum okkar. Áætlað var í þjóðhagsáætlun að kaupmáttur ráðstöfunartekna drægist saman um 4%. Ný spá gerir hins vegar ráð fyrir 3,2% samdrætti.

Í frumvarpi til fjárlaga var reiknað með að tekjur ríkissjóðs yrðu tæplega 103,5 milljarðar kr. á árinu 1994. Frá því að sú áætlun var gerð eru þjóðhagshorfur fyrir komandi ár heldur betri að mati Þjóðhagsstofnunar eins og fyrr hefur komið fram sem gæti skilað ríkissjóði um 300 millj. kr. í viðbótartekjur. Hér gætir áhrifa minni samdráttar þjóðarútgjalda en í fyrri áætlun en á móti vega minni verðlagsbreytingar. Jafnframt bendir allt til þess að tekjurnar á yfirstandandi ári verði meiri en áður var talið sem meðal annars birtist í betri innheimtu á sköttum fyrirtækja. Þessarar þróunar gætir einnig í minna mæli þó — á næsta ári.

Á móti vegur tvennt. Annars vegar veruleg lækkun bensínverðs á erlendum mörkuðum að undanförnu. Þetta hefur umtalsverð áhrif á vörugjaldstekjur ríkissjóðs af bensíni en þær nema nú 90% af innflutningsverðmæti og hækka væntanlega í 97% í byrjun næsta árs. Lækkun frá fjárlagafrv. nemur um 300 millj. kr. Hins vegar hafa orðið nokkrar breytingar á áformum stjórnvalda í skattamálum í tengslum við endurskoðun kjarasamninga í nóvember sl. Þar er þó fyrst og

fremst um að ræða tilfærslu milli tekjustofna. Þannig var horfið frá áformum um álagningu sérstaks 0,5% tryggingagjalds á einstaklinga. Í stað þess er tekjuskattur einstaklinga hækkaður um 0,35% og bifreiðagjald um þriðjung. Jafnframt eru vörugjöld á nokkrum vöruflokkum lækkuð til að koma í veg fyrir að samkeppnisstaða raskist vegna lækkunar virðisaukaskatts á matvælum.

Þá hafa orðið nokkrar breytingar í meðförum Alþingis sem lækka tekjurnar um 120 millj. kr. Meginbreytingin er að fallið hefur verið frá álagningu 14% virðisaukaskatts á fólksflutninga sem átti að koma til framkvæmda um næstu áramót. Enn fremur verður gjald af kjarnfóðri lækkað á næsta ári sem skerðir tekjurnar um 40 millj. kr.

Þegar allt er lagt saman verða heildartekjur ríkissjóðs 675 millj. kr. meiri á árinu 1994 en gert var ráð fyrir í frv., eða liðlega 104,1 milljarður kr.

Í ræðu minni við 2. umr. benti ég á að unnið hefði verið að sparnaði í ríkisrekstri og náðst hefði að mestu leyti að stöðva sjálfvirka útgjaldaþróun sem viðgekkst allt of lengi. Í þeirri ræðu vitnaði ég til skýrslu yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikninginn 1992 þar sem bent er á mikilvægi þess að fyrir hendi séu aðferðir til að meta árangur ríkisstofnana. Það er brýnt verkefni að finna aðferðir til þeirra verka.

Það er ljóst að tími ákvarðana um flatan niðurskurð er liðinn. Það er jafnaugljóst að það er útilokað að halda áfram á þeirri braut að efna til nýrra viðfangsefna án annars tveggja, að hækka skatta eða leggja niður einhverja þá starfsemi sem fyrir er. Það eru mikil verkefni hvað þetta varðar sem bíða okkar stjórnmálamanna og raunar þjóðarinnar allrar. Þau eru vafalítið lítt til vinsælda fallin en undan þeim verður engan veginn vikist ef halda á þeim stöðugleika sem um þessar mundir ríkir í íslensku efnahagslífi. Stöðugleika sem er forsenda nýsköpunar í samfélagi okkar.

Þessum hugleiðingum mínum tengist að sjálfsögðu annað tröllaukið verkefni. Það er að vinna að áætlun um lækkun halla ríkissjóðs. Þrálátum hallarekstri hins opinbera fylgir skuldasöfnun. Skuldir hins opinbera hafa vaxið hröðum skrefum hin síðustu ár, eða úr 30% af landsframleiðslu framan af níunda áratugnum í meira en 50% árið 1993. Ekki þarf síst að draga úr þeim hluta hallans sem á rætur í langtímaskuldbindingum og lögbundnum útgjöldum. Því er nauðsynlegt að gera trúverðuga og rækilega undirbúna áætlun í átt að jöfnuði í ríkisfjármálum sem er forsenda frekari vaxtalækkana og að svigrúm gefist til vaxtar atvinnuveganna. Það svigrúm er takmarkað ef lánsfjárþörf opinberra aðila gleypir allan nýjan sparnað þjóðarinnar. Ég tel mjög nauðsynlegt að gera áætlun til fjögurra til fimm ára í þessu skyni, þ.e. að lækka og eyða ríkissjóðshalla.

Þrátt fyrir að tími hins flata niðurskurðar sé liðinn að mínu mati verðum við alltaf að vera á varðbergi og leita leiða til hagræðingar í rekstri hins opinbera, t.d. með sameiningu og samstarfi fyrirtækja í eigu hins opinbera sem og annars staðar. Í því sambandi bendi ég á nauðsyn þess að íhuga af kostgæfni flutning Vitastofnunar til Landhelgisgæslu og sömuleiðis sameiningu Vegagerðar ríkisins og Hafnamálastofnunar en verkefni þessara tveggja stóru stofnana ríkisins eru með mjög líkum hætti og álít ég að ná mætti verulegum sparnaði og hagræðingu með slíkri sameiningu.

Virðulegi forseti. Fjárln. barst erindi frá Öskjuhlíðarskóla vegna sumardvalar fyrir nemendur skólans. Um framkvæmd þessara mála er óvissa milli ráðuneyta menntamála og félagsmála. Fjárln. leggur áherslu á að lausn finnist á þessu máli hið fyrsta þannig að sumardvöl fatlaðra barna úr Öskjuhlíðarskóla verði tryggð næsta sumar.

Málefni lítilla hitaveitna þar sem hár stofnkostnaður hefur leitt til hárra heimtaugagjalda og notendagjalda komu til umræðu milli 2. og 3. umr. Margar þessara veitna eiga í erfiðleikum með greiðslu afborgana af teknum lánum. Vikið er að málefnum veitnanna í breytingartillögum meiri hluta fjárln. við 6. gr. frv. Það er nauðsynlegt að fram komi í tengslum við þau mál að Ríkisendurskoðun lagði mat á málefni veitnanna að tilhlutan fjárln. 1992. Það mat verður að hafa til hliðsjónar við lausnir þessara mála.

Erfið fjárhagsstaða fjögurra sjúkrahúsa, þ.e. Garðvangs, St. Fransiskusspítala í Stykkishólmi, Sjúkrahússins á Akranesi og Sjúkrahússins í Neskaupstað komu sérstaklega til umræðna í fjárln. milli 2. og 3. umr. Vegna þeirra mála ritaði hæstv. heilbrrh. nefndinni bréf þar sem segir að heilbr.- og trmrn. hafi haft mál þessara fyrrnefndu stofnana til skoðunar og muni á næsta ári leita niðurstöðu þeirra mála.

Við 2. umr. fjárlaga gaf hæstv. heilbrrh. út sérstaka yfirlýsingu vegna hjúkrunarheimilisins á Fáskrúðsfirði þar sem segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til að taka af öll tvímæli og ná sátt um þau markmið vil ég lýsa því yfir að ég mun beita mér fyrir því strax á næsta ári að gera samning við heimamenn um verkið og einnig beita mér fyrir því í samráði við hv. fjárln. að tryggja nauðsynlegt fjármagn til þess að framkvæmdir geti hafist á árinu 1995."

Fjárln. ræddi þessi mál sérstaklega milli umræðna og telur í ljósi þessarar yfirlýsingar hæstv. heilbrrh. það í valdi heimamanna hvenær framkvæmdir hefjast þegar samningur liggur fyrir.

Við 2. umr. var samþykkt tillaga við fjárlagaliðinn Sjúkrahús og læknisbústaðir um nýjan lið sem fær heitið Viðhald starfsmannaíbúða, óskipt. Framlag er 20 millj. kr. en sértekjur hækka um sömu upphæð og nettóáhrif því engin. Um næstu áramót verður því sú breyting að leigutekjur allra starfsmannaíbúða renna í sameiginlegan sjóð, sem standa mun undir rekstri og viðhaldi allra starfsmannaíbúða. Meiri hluti fjárln. lítur svo á að þrátt fyrir það geti heilbrrn. heimilað einstökum sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum að sjá um viðhald.

Við meðferð frv. í fjárln. kom fram erindi frá Ferðamálasamtökum Íslands þess efnis að 5 millj. kr. af fjárveitingu til Ferðamálaráðs yrðu færðar á sérlið í nafni samtakanna. Ekki er orðið við erindinu en það er skoðun fjárln. að 5 millj. af framlaginu skuli koma í hlut samtakanna.

Við afgreiðslu fjárlaga 1993 vék þáverandi formaður fjárln. að nauðsyn þess að lækka kostnað við akstur opinberra starfsmanna og jafnframt rekstur og viðhald bifreiða. Beindi hann þeim tilmælum til fjmrn. að taka á þessu máli við framkvæmd fjárlaga 1993. Í byrjun þessa árs fól ríkisstjórnin fjmrn. í samráði við ráðuneytisstjóra í Stjórnarráðinu og bílanefnd ríkisins að gera tillögur um lækkun bifreiðakostnaðar ríkisins í því skyni að ná fram heildarlækkun miðað við 5–10% miðað við árið 1991. Árangur þess starfs hefur ekki orðið sá sem vænst var enda skorti heimild til að lækka fjárveitingar einstakra stofnana í þessu skyni.

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning 1992 eru ítrekaðar fyrri áskoranir um að fram fari heildarúttekt á hvers konar aukagreiðslum og fríðindum sem ýmsir ríkisstarfsmenn njóta. Að mati þeirra er löngu tímabært að samræma laun og starfskjör ríkisstarfsmanna og girða fyrir handahófskenndar ákvarðanir í launa- og kjaramálum sem oftar en ekki hefur haft óþolandi mismunun í för með sér. Í ljósi þessa leggur meiri hluti fjárln. fram tillögu um heimild til fjmrh. að endurskoða reglur um aksturskostnað ríkisins, auglýsingar og greiðslur til starfsmanna fyrir yfirvinnu, ferðakostnað og nefndar- og stjórnarlaun. Þetta verði gert með því að fjmrh. er heimilt að lækka laun og önnur gjöld stofnana ríkisins í A- og B-hluta fjárlaga 1994 um allt að 0,5% hjá hverri stofnun, þó að hámarki 50 millj. kr. samtals.

Tillögur meiri hluta er varða útgjöld A-hluta ríkissjóðs leiða til lækkunar útgjalda að fjárhæð 243,9 millj. kr.

Ég mun þá taka til við að gera grein fyrir einstökum breytingartillögum.

Á liðnum 201, Alþingi, er lagt til að sérfræðileg aðstoð við þingflokka hækki um 10,8 millj. kr.

Á liðnum 01-190, Ýmis verkefni, er gerð tillaga um að framlag til forsrn. hækki um 70 millj. kr. vegna lýðveldishátíðarinnar á næsta ári. Fyrirhugað er að minnast þessara tímamóta í sögu þjóðarinnar á Þingvöllum hinn 17. júní á næsta ári og stafar kostnaður að langmestu leyti af þeim hátíðahöldum.

Á lið 01-901, Húsameistari ríkisins. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um lækkun framlags til húsameistara um 5 millj. kr. Við 2. umr. var samþykkt 9 millj. kr. fjárveiting til Hallgrímskirkju til að greiða upp skuld við embætti Húsameistara ríkisins. Sú uppgreiðsla á að auðvelda embættinu að mæta lækkun á framlaginu.

Við lið 902, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum. Lagt er til að við fjárlagalið þjóðgarðsins á Þingvöllum bætist nýr liður sem er Aðalskipulag og að framlag verði 5 millj. kr. Vegna mikillar umferðar um Þingvallarsvæðið þykir nauðsynlegt að gera göngubrú yfir Öxará fyrir gesti þjóðgarðsins. Þetta er mikilvægur liður í því að beina umferð gangandi gesta frá þeim svæðum þar sem gróður er viðkvæmur.

Vík ég þá að menntmrn. Liður 201, Háskóli Íslands. Framlag til Háskóla Íslands breytist nokkuð. Fyrst er þar að telja hækkun framlags vegna Vinnumatssjóðs. Gengið hefur verið frá kjarasamningi ríkisins við Félag háskólakennara. Í samningnum er gert ráð fyrir að framlag ríkisins til Vinnumatssjóðs kennara við Háskóla Íslands hækki um 15 millj. kr. frá því sem áætlað er í fjárlagafrv.

Framlag til sérstofnana og verkefna Háskóla Íslands lækkar um 57,8 millj. kr. vegna tilflutnings Verkfræðistofnunar Háskóla Íslands á sér fjárlagalið. Áætlun stofnunarinnar um sértekjur nema 52 millj. kr. og lækka því sértekjur háskólans um sömu fjárhæð. Rannsóknastarfsemi á vegum Háskóla Íslands hefur verið komið á allvíða um land með góðum árangri og nú síðast hafa Vestmannaeyjabær og Háskóli Íslands gert með sér samning á sviði rannsókna og þróunar. Einnig er fyrirhugað að útibú Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins og Hafrannsóknarstofnunar í Vestmannaeyjum reki sameiginlega aðstöðu með Háskóla Íslands. Tillaga fjárln. um framlag er annars vegar ætlað til að kosta stöðu starfsmanns sem annast á daglegan rekstur í Vestmannaeyjum og hafa verkefnisumsjón í einstökum verkefnum. Launagjöld vegna hans verða 1,8 millj. kr. Hins vegar eru ætlaðar 12 millj. kr. til kaupa og umbóta á húsnæði í Vestmannaeyjum.

Liður 209, Verkfræðistofnun Háskóla Íslands. Lagt er til að fjárveiting til Verkfræðistofnunar Háskólans verði færð á sér fjárlagalið en það er í samræmi við nýja reglugerð um stofnunina sem mælir fyrir um að hún hafi sjálfstæðan fjárhag. Framlag að frádregnum sértekjum er 5,8 millj. kr. og er sú fjárhæð flutt af fjárlagalið Háskóla Íslands.

Liður 318, Almennir framhaldsskólar, viðhald og stofnkostnaður. Gerð er tillaga um breytingu á sundurliðun fjárveitingar til byggingarframkvæmda sem hefur ekki áhrif til hækkunar eða lækkunar á fjárveitingu. Þar er um að ræða að fjárveiting til Verkmenntaskólans og Menntaskólans á Akureyri er sett á sameiginlegan lið.

Liður 523, Fósturskóli Íslands. Varðandi Fósturskóla Íslands þá er lögð til 500 þúsund kr. hækkun vegna breyttrar húsaleigu.

Liður 872, Lánasjóður íslenskra námsmanna. Forráðamenn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hafa lagt fram endurskoðaða áætlun fyrir starfsemi sjóðsins á árinu 1993. Þar kemur fram að veitt lán til námsmanna eru um 350 millj. kr. lægri á yfirstandandi ári en áætlað er að verði á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. Því er lagt til að áætlun um veitt lán til námsmanna verði lækkuð um 130 millj. kr. og að framlag til sjóðsins í A-hluta lækki um 70 millj. kr. Nánari skýringar á breytingum í B-hluta vegna þessa er að finna í nefndaráliti meiri hluta fjárln.

Liður 902, Þjóðminjasafn Íslands. Gerð er tillaga um að framlag til verndunar gamalla húsa hækki um 10 millj. kr. og er þessi hækkun einkum ætluð til að ljúka endurbótum á Húsinu á Eyrarbakka í samræmi við samning þar um.

Liður 903, Þjóðskjalasafn Íslands. Lagt er til að veittar verði 20 millj. kr. til viðgerða á húsnæði Þjóðskjalasafns. Nú eru liðin sjö ár frá því að Þjóðskjalasafn flutti starfsemi sína að hluta að Laugavegi 162 og

eru húsakynni safnsins þar nú fullnýtt en ekki hefur verið gengið frá geymslum safnsins né búnaði í þær. Framlagið er einkum ætlað til viðhalds utan húss og að koma í veg fyrir varanlegar skemmdir og dýrar viðgerðir síðar. Auk þess verði lögð áhersla á að tryggja örugga geymslu þeirra gagna sem þar eru varðveitt.

Samkvæmt lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal fram til aldamóta lagður á sérstakur eignarskattur sem á að standa straum af kostnaði við endurbætur á húsakosti menningarstofnana og stuðla að verndun gamalla bygginga í eigu ríkisins. Umrætt framlag til Þjóðskjalasafns verður fjármagnað af tekjum af skatti þessum en áætlað er að þær verði 20 millj. kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. Þessi breyting verður áréttuð í væntanlegum lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1994. Framlag til Þjóðarbókhlöðu verður óbreytt frá því sem lagt er til í fjárlagafrv.

Liður 972, Íslenski dansflokkurinn og Listdansskólinn. Í nýsamþykktum fjáraukalögum fyrir árið 1993 er framlag til Íslenska dansflokksins og Listdansskólans hækkað, enda hefur komið í ljós að framlag í fjárlögum ársins er vanáætlað miðað við þá starfsemi sem haldið er uppi. Hækkunin sem meiri hluti fjárln. leggur til, samtals 5,5 millj. kr., á að gera dansflokknum og Listdansskólanum kleift að halda sig innan ramma fjárlaga næsta árs.

Liður 981, Kvikmyndasjóður. Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til Kvikmyndasjóðsins lækki um 10 millj. kr. Þessi breyting verður áréttuð í væntanlegum lögum um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1994.

Liður 982, Listir, framlög. Lagt er til að Listahátíð í Reykjavík verði færð á sérlið og að framlag verði 15 millj. kr. vegna Listahátíðar 1994. Á móti lækkar framlag til óskipts liðar listamála um 5 millj. kr. Fjárveiting til Listahátíðar hefur á undanförnum árum ætíð reynst of lág. Í gildi hefur verið samningur um að ríkissjóður og Reykjavíkurborg greiði framlag og hugsanlegan halla vegna Listahátíðarinnar til helminga. Því hefur komið til breytinga í fjáraukalögum þegar kostnaður vegna hátíðarinnar hefur farið fram úr áætlunum fjárlaga. Ófært er að hafa fyrirkomulag af þessu tagi þar sem kostnaðaraðhaldi er ábótavant og framlag á fjárlögum hefur lítið að segja. Því er hér lögð til hækkun á framlagi sem er nær raunverulegum kostnaði og verður fylgst grannt með því að kostnaði verði haldið innan þess ramma sem fjárlög setja.

Liður 983, Ýmis fræðistörf. Kostnaður við samningu fransk-íslenskrar orðabókar hefur reynst meiri en áætlað var og í fjáraukalögum fyrir árið 1993 var framlag vegna orðabókarinnar hækkað. Hér er lögð til 4 millj. kr. hækkun fyrir næsta ár til samræmis við áætlaðan kostnað við samningu þessa rits.

Vík ég þá að utanrrn. Liður 101, Aðalskrifstofa. Lagt er til að veitt verði 3,5 millj. kr. fjárveiting vegna kostnaðar við þátttöku í ráðgjafanefnd innan vébanda EFTA sem skipuð hefur verið aðilum launþega og atvinnurekenda. Nefnd þessari er ætlað að vera EFTA-ráðinu til ráðgjafar og dreifa upplýsingum um starfsemi EFTA til hagsmunaaðila. Af hálfu hvers aðildarríkis EFTA eru tilnefndir fimm fulltrúar og hafa undanfarin ár setið fundi nefndarinnar starfsmenn Alþýðusambands Íslands, Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Vinnuveitendasambands Íslands og Félags íslenskra iðnrekenda. Fjárveitingu vegna þessa hefur verið fundinn staður á fjárlagalið aðalskrifstofu utanrrn.

Einnig er lögð til 4,9 millj. kr. hækkun til aðalskrifstofunnar þar sem búferlaflutningar manna í utanríkisþjónustunni munu verða meiri á næsta ári en gert hafði verið ráð fyrir við gerð fjárlagafrv. Á móti þeirri hækkun er lögð til samsvarandi lækkun fjárveitinga til viðskiptaskrifstofu utanrrn. og til tækja-og búnaðarkaupa.

Liður 201, Sýslumaðurinn á Keflavíkurflugvelli. Til að koma til móts við hækkunartillögur á fjárlagaliðum utanrrn. leggur ráðuneytið til að framlag til sýslumannsins á Keflavíkurflugvelli lækki um 5 millj. kr. Af þeirri fjárhæð færast 2,5 millj. kr. á lið tollgæslu og 2,5 millj. kr. á lið ríkislögreglu á Keflavíkurflugvelli. Að auki leggur meiri hluti fjárln. til 2,5 millj. kr. lækkun til tollgæslu þannig að framlag á liðnum lækkar alls um 7,5 millj. kr.

Liður 308, Sendiráð Íslands í Washington og liður 320, Sendiráð, almennt. Fjárveiting til sendiráðs Íslands í Washington hækkar um 3,5 millj. kr. en í ráði er að selja núverandi skrifstofuhúsnæði sendiráðsins á næsta ári og flytja í leiguhúsnæði og er hér gert ráð fyrir húsaleigu af þeim sökum. Einnig er lögð til hækkun tækjabúnaðarfjárveitinga sendiráða almennt og verður hún þá 10,3 millj. kr.

Liður 391, Þróunarmál og alþjóðleg hjálparstarfsemi. Ríkisstjórnin hefur samþykkt að taka þátt í stuðningi Norðurlandanna við Palestínumenn á hernumdum svæðum Ísraela sem kemur til í framhaldi af friðarsamningum milli Palestínu og Ísraels. Stuðningur Íslands nemur alls 1,3 millj. Bandaríkjadala og verður greiddur á næstu þremur árum. Á árinu 1994 er gert ráð fyrir að komi til greiðslu 0,5 millj. dala eða sem svarar um 36 milljónir íslenskra króna.

Vík ég þá að landbrn. Liður 811, Búnaðarfélag Íslands. Breytingar á fjárlagalið Búnaðarfélags Íslands eru með tvennum hætti. Annars vegar er framlag til Búnaðarfélagsins lækkað um 3,8 millj. kr. og framlag til uppbóta á lífeyri hjá Búnaðarfélaginu hækkað um sömu fjárhæð. Samkomulag sem gert var um lífeyrisskuldbindingar héraðsbúnaðarsambanda fær ekki rúmast innan óbreyttra framlaga. Því er lögð til hækkun að fjárhæð 2,6 millj. kr. Þessar fjárhæðir, alls 6,4 millj. kr., svara til greiðslu á uppbótum á lífeyri fyrrum starfsmanna þessara samtaka sem eru aðilar að Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins. Fjárln. hefur lagt til hækkanir á framlögum til þessara aðila vegna lífeyrisskuldbindinga í fjárlögum og fjáraukalögum á undanförnum árum og telur rétt að sérmerkja þennan lið.

Liður 891, Sérstakar greiðslur í landbúnaði. Þetta er nýr fjárlagaliður og á hann er fært eitt viðfangsefni sem er ætlað til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri að fjárhæð 14 millj. kr.

Er þá komið að dóms- og kirkjumálaráðuneyti. Lið-

ir 214–215 og, Héraðsdómar Norðurlands. Fallið er frá áformum um að sameina héraðsdóma Noðurlands eystra og vestra. Því hækkar framlag til Héraðsdóms Norðurlands vestra um 6,9 millj. kr. en framlag til Héraðsdóms Norðurlands eystra lækkar um 4 millj. kr.

Sýslumanns- og lögregluembætti. Er þá komið að breytingartillögum á fjárveitingum til sýslumanns- og lögregluembætta. Svo sem kunnugt er var lagt til í fjárlagafrv. að sýslumannsembættunum yrði fækkað um níu með sameiningum svo og að löggæsla á höfuðborgarsvæðinu yrði sameinuð í eitt embætti. Ekki hefur náðst samstaða um þessar breytingar og því er lagt til að draga þessa tillögu til baka en mæta þeim kostnaðarauka sem af þessu leiddi með öðrum sparnaði í fjárveitingum til dómsmálaráðuneytis. Í því skyni er í fyrsta lagi lagt til að lækka rekstrarútgjöld fjögurra sýslumanns- og lögregluembætta um 24 millj. kr., þar af um 17 millj. kr. hjá embættunum í Kópavogi og Hafnarfirði. Í öðru lagi er lagt til að rekstrarútgjöld Umferðarráðs og tveggja annarra stofnana ráðuneytisins verði lækkuð um 12 millj. kr. Loks er stofnkostnaðarframlag til byggingar Hæstaréttarhúss lækkað um 20 millj. kr. og framlag til viðhalds bygginga stofnana dómsmálaráðuneytis um 17 millj. kr.

Liður 490, Ýmis rekstrarkostnaður sýslumannsembætta. Í fjárlagafrv. 1994 er gert ráð fyrir rúmlega 80 millj. kr. til að standa straum af kostnaði sýslumannsembætta vegna framkvæmda á lögum um aukatekjur ríkissjóðs eða sama fjárhæð og er í fjárlögum 1993. Í ljós hefur komið að á yfirstandandi ári mun þessi kostnaður verða 20–25 millj. kr. lægri. Því er lagt til að fjárveitingin verði lækkuð um 20 millj. kr.

Liðir 511–590, Fangelsi. Þar er lagt til að rekstrarframlag til fangelsa hækki um samtals 15,3 millj. kr. vegna þess að gerður hefur verið kjarasamningur við fangaverði um tilfærslur milli launaflokka. Loks hækka Sértekjur á Litla-Hrauni um 3 millj. kr. og Viðhald fangelsisbygginga lækkar um 3,5 millj. kr.

Kirkjumál. Fjárveitingar á sviði kirkjumála samtals að fjárhæð 78,9 millj. kr. falla niður sem kemur til af því að gert er ráð fyrir að í frumvörpum til laga um prestssetursssjóð og kirkjumálasjóð, sem nú eru til umfjöllunar hér í þinginu, sé gert ráð fyrir að ákveðnir fjárlagaliðir falli brott af fjárlögum og verði framvegis kostaðir af kirkjuyfirvöldum. Þessir fjárlagaliðir eru taldir upp í töflu í greinargerð með fjárlagafrv. á bls. 324.

Þá er lagt til að fjárveiting á fjárlagalið 06-701, Biskup Íslands, hækki um 3 millj. kr. og verði 42,2 millj. kr. Þessi fjárveiting er ætluð til að ráða prest sem sinni sjúklingum erlendis. Íslensk heilbrigðisyfirvöld gerðu á sínum tíma samning við sjúkrahús í Gautaborg um tiltekin læknisverk. Þar þurfa margir íslenskir sjúklingar að leita sér lækninga og dveljast oft langdvölum. Því þykir nauðsynlegt nú að ráða prest til starfa í Gautaborg. Gert er ráð fyrir að ef til þess komi að samningum við sjúkrahús í Gautaborg kunni að vera sagt upp og samið við sjúkrahús annars staðar, þá flytjist verkefni prestsembættisins til í samræmi við það.

Að lokum hækkar framlag til prestakalla og prófastdæma um 30 millj. kr. vegna nýlegs úrskurðar kjaranefndar um laun presta.

Þá er komið að félmrn. Liður 272, Byggingarsjóður verkamanna. Varðandi Byggingarsjóð verkamanna er einungis verið að leggja til hækkun til samræmis við áætlaða breytingu á lánskjaravísitölu milli áranna 1993 og 1994. Hækkun vegna þessa er 17 millj. kr.

Liður 722, Sólheimar í Grímsnesi. Framlag til vistheimilisins að Sólheimum Grímsnesi hækkar um 2 millj. kr.

Liður 801, Jöfnunarsjóður sveitarfélaga. Í ljósi endurskoðunar á tekjuáætlun ríkissjóðs fyrir árið 1994 reiknast framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 1.855 millj. kr. að meðtöldum 500 millj. kr. sem kemur í stað landsútsvars sem fyrirhugað er að leggja niður með niðurfellingu aðstöðugjalds. Hækkun frá áætlun í fjárlagafrv. er 11 millj. kr. og er hér lagt til að framlag til Jöfnunarsjóðsins hækki um þá fjárhæð.

Liður 981, Vinnumál. Lagt er til að framlag til atvinnumála kvenna hækki um 5 millj. kr. þar sem framlagið er ekki lengur einskorðað við atvinnumál kvenna á landsbyggðinni.

Heilbrigðisráðuneyti. Liður 204, Lífeyristryggingar. Áætlun lífeyristrygginga hækkar um 200 millj. kr. vegna þess að fallið hefur verið frá fjármagnsteknaeða eignatengingu lífeyrisgreiðslna. Þá hækka útgjöld um 25 millj. kr. vegna þess að ekki verður eins mikill sparnaður af tekjutengingu ekkjulífeyris og áætlað var. Á móti eru útgjöld lækkuð um sömu fjárhæð vegna betra eftirlits og upplýsinga í kjölfar breytinga á tölvukerfi Tryggingastofnunar ríkisins.

Liður 206, Sjúkratryggingar. Útgjöld sjúkratrygginga lækka samtals um 310 millj. kr. Breytingar á einstökum þáttum sjúkratrygginga eru af ýmsum toga.

Í fyrsta lagi verða útgjöld sjúkratrygginga verulega lægri á þessu ári en áætlað hafði verið í fjárlögum. Góð staða á sjúkratryggingum í ár rekur sig yfir til áætlana fyrir árið 1994 sem í fjárlagafrv. voru að mestu byggðar á útgjöldum ársins 1992. Lætur nærri að endurskoðuð áætlun fyrir sjúkratryggingar sé um 400 millj. kr. lægri en áætlun í fjárlagafrv. Helstu frávikin til lækkunar frá áætlun eru vegna hjálpartækja, útgjalda vegna 39. gr. almannatryggingalaga, tannlæknakostnaðar, erlends sjúkrakostnaðar og ferðakostnaðar.

Í annan stað er fallið frá innheimtu heilsukortagjalds sem átti að skila 400 millj. kr. tekjum til sjúkratrygginga.

Í þriðja lagi er áformað að lækka lyfjaútgjöld um 100 millj. kr. umfram það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrumvarpi. Ráðgert er að ná þeim sparnaði með sértækum aðgerðum til lækkunar á kostnaði vegna magasárslyfja. Samanburður við nágrannaríkin á kostnaði og notkun lyfjanna bendir til að verulegum sparnaði megi ná á þessu sviði.

Í fjórða lagi er áformað að lækka lækniskostnað sjúkratrygginga um 100 millj. kr. Þar af eru 70 millj. kr. vegna sérfræðinga og verður leitað leiða til að lækka taxta og semja um aukinn afslátt hjá þeim læknum sem mestar tekjur hafa hjá Tryggingastofnun rík-

isins. Þá er áformað að lækka greiðslur Tryggingastofnunar til heilsugæslulækna um 30 millj. kr. Niðurstöður í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar gefa til kynna að hér sé um eðlileg áform að ræða.

Í fimmta lagi er áformað að draga úr útgjöldum vegna hjálpartækja um 50 millj. kr. með útboðum og hagstæðari innkaupum með magnafsláttum.

Í sjötta lagi eru áform um að draga úr kostnaði vegna sjúkradagpeninga með hertu eftirliti og erlendum sjúkrakostnaði, samtals um 30 millj. kr. Með nýjum tækjakosti stóru sjúkrahúsanna færist stöðugt í vöxt að flóknar læknisaðgerðir, sem til þessa hafa verið framkvæmdar erlendis, séu gerðar hér á landi. Um er að ræða aðgerðir vegna nýrnasteina, valbrár, glasafrjóvgunar auk hjartaaðgerða.

Loks er áformað að 30 millj. kr. af ráðstöfunarfé Framkvæmdasjóðs aldraðra, sem í frv. var ætlað til fjárfestingar, verði notaðar til að mæta kostnaði af daggjaldastofnunum. Samtals er framangreindum áformum ætlað að lækka útgjöld sjúkratrygginga um 310 millj. kr. eins og áður sagði.

Liður 330, Manneldisráð. Þetta er nýr fjárlagaliður og kemur í stað liðarins Neyslu- og manneldismál, manneldisráð sem færður var undir fjárlagaliðinn Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Sá liður fellur brott og fjárveitingin flyst á þennan nýja fjárlagalið.

Liður 358, Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Framlag til viðhalds er hækkað um 5 millj. kr. vegna Kristnesspítala. Í ársbyrjun 1993 tók fjórðungssjúkrahúsið yfir rekstur spítalans af Ríkisspítölum án þess að fjárveiting til viðhalds bygginga hans fylgdi með. Það er hér með leiðrétt.

Liður 370, Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi. Í greinargerð með fjárlagafrv. fyrir árið 1994 segir varðandi sjúkrahús með fjölþætta starfsemi: „Hér eru taldar 67 millj. kr. vegna bráðavakta á sjúkrahúsum í Reykjavík og 74 millj. kr. sem fjárlaganefnd mun ráðstafa í samræmi við ákvæði fjárlaga yfirstandandi árs."

Að ósk heilbrrh. er textinn leiðréttur og hljómar á þá leið: „Hér er talin 141 millj. kr. til að mæta kostnaði við bráðavaktir á sjúkrahúsum í Reykjavík, kostnaðarauka samfara kjarasamningum og til að stuðla að frekari verkaskiptingu sjúkrahúsanna í Reykjavík en heilbr.- og trmrh. mun ákveða skiptingu þessa fjár í samráði við fjárln".

Liður 371, Ríkisspítalar. Tillögur til breytinga eru af þrennum toga. Í fyrsta lagi er framlag til Ríkisspítala hækkað um 15 millj. kr. vegna reksturs Gunnarsholts. Áformað er að á fyrstu mánuðum næsta árs verði Gunnarsholti breytt í sjálfseignarstofnun sem verður vistheimili og vinnustaður fyrir heimilislausa. Stofnunin verður þannig jöfnum höndum félagslegt úrræði og heilbrigðisstofnun og munu félagsmála- og heilbrigðisyfirvöld koma að stjórnun hennar. Í öðru lagi er framlag til viðhalds Ríkisspítala lækkað um 5 millj. kr. og fært til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri vegna Kristness eins og nefnt var hér að framan. Loks er framlag til stofnkostnaðar á Landspítalalóð lækkað um 30 millj. kr. Þá vil ég geta þess að áformaður 20 millj. kr. sparnaður í áfengisskor Ríkisspítalanna verði á Landspítala en ekki í afeitrun og meðferðinni sem fer fram á Vífilsstöðum.

Liður 385, Framkvæmdasjóður aldraðra. Um Framkvæmdasjóð aldraðra var að hluta fjallað að ofan en lagt er til að fjárveiting til rekstrarverkefna verði hækkuð um 30 millj. kr. en á móti lækki stofnkostnaðarframlög um sömu fjárhæð. Áformað er að þessar 30 millj. kr. renni til daggjaldastofnana undir sjúkratryggingum eins og þegar hefur komið fram.

Liður 399, Heilbrigðismál, ýmis starfsemi. Þá er gerð tillaga um 5 millj. kr. framlag til þróun myndsendisbúnaðar vegna röntgenmynda. Kemur það í stað framlags til erfðafræðirannsókna sem nú er lokið.

Liður 420, Samtök áhugamanna um áfengisvandamálið. Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til rekstrar sjúkrastofnana SÁA verði hækkað um 13 millj. kr.

Liður 421, Víðines. Framlag til Víðiness er lækkað um 15 millj. kr. vegna samnings sem gerður hefur verið milli heilbrrn. og Bláa bandsins um reksturinn.

Liður 510, Heilsuverndarstöð í Reykjavík. Áformað er að lækka framlög til Heilsuverndarstöðvarinnar í Reykjavík um 15 millj. kr. Er það byggt á því að heilsugæslustöðvum í Reykjavík hefur fjölgað og þjónusta aukist sem gerir mögulegt að færa þjónustu frá Heilsuverndarstöð Reykjavíkur til heilsugæslustöðva. Þar er um að ræða ungbarnaeftirlit og mæðravernd, enda er gert ráð fyrir að sú þjónusta sé hverfabundin.

Kemur þá að fjmrn. Liður 481, Útgjöld samkvæmt heimildarákvæðum. Lækkun útgjalda samkvæmt heimildarákvæðum er tvíþætt. Annars vegar er framlag lækkað um 55 millj. kr. Hins vegar er um að ræða sértekjur að fjárhæð 50 millj. kr. Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um nýja 6. greinar heimild sem heimilar fjmrh. að endurskoða reglur um aksturskostnað ríkisins, auglýsingar og greiðslur til starfsmanna fyrir yfirvinnu, ferðakostnað og nefndar- og stjórnarlaun. Þetta verði gert með því að fjmrh. er heimilt að lækka laun og önnur gjöld stofnana um allt að 0,5%, þó að hámarki 50 millj. kr. samtals. Við það er miðað að þær fjárheimildir sem teknar eru af stofnunum verði færðar sem sértekjur á fjárlagalið.

Við afgreiðslu fjárlaga 1993 vék þáverandi formaður fjárln. að nauðsyn þess að lækka kostnað við akstur opinberra starfsmanna og jafnframt rekstur og viðhald bifreiða. Beindi hann þeim tilmælum til fjmrn. að taka á þessu máli við framkvæmd fjárlaga 1993. Í byrjun þessa árs fól ríkisstjórnin fjmrn., í samráði við ráðuneytisstjóra í Stjórnarráðinu og bílanefnd ríkisins, að gera tillögur um lækkun bifreiðakostnaðar ríkisins í því skyni að ná fram heildarlækkun um 5–10% miðað við árið 1991. Árangur þessa starfs hefur ekki verið sá sem ætlast var til enda skort heimild til að lækka fjárveitingar einstakra stofnana í þessu skyni. Í ljósi þessa leggur meiri hluti fjárln. til framangreinda tillögu um heimild til fjmrh. Gert er ráð fyrir að framkvæmd heimildarinnar verði með þeim hætti að þær fjárheimildir sem teknar eru af einstökum stofnunum flytjast yfir á þennan fjárlagalið þar til að markmiði heimildarinnar er náð. Því eru sértekjur hækkaðar um 50 millj.

kr. undir þessum lið.

Liður 801, Ýmis lán ríkissjóðs, vextir. Við gerð fjárlagafrv. 1994 var tekin sú ákvörðun að áætla vaxtastig skammtímalána ríkissjóðs að meðaltali 1% lægra en vextir á ríkisvíxlum voru í september sl. Þetta var gert í ljósi þess stöðugleika sem ríkir í efnahagslífinu og þeirrar staðreyndar að vextir voru á mikilli niðurleið. Samtals voru vaxtagjöldin lækkuð um 260 millj. kr. frá áætlun og ákveðin 11,7 milljarðar króna í fjárlagafrv. Í ljósi núverandi aðstæðna á lánamarkaði er talið óhætt að lækka vaxtagreiðslur ríkissjóðs enn frekar eða um 250 millj. kr. og er það lagt til.

Liður 981, Ýmsar fasteignir ríkissjóðs. Framlag til framkvæmda við Listaskóla er lækkað um 5 millj. kr. og verður 10 millj.

Liður 989, Launa- og verðlagsmál. Lagt er til að launabætur hækki um 5 millj. kr. þar sem fjárhæðin sem er á þeim lið í fjárlagafrv. er vanáætluð.

Liður 999, Ýmislegt. Styrkir til útgáfumála samkvæmt tillögum stjórnskipaðrar nefndar hækkar um 18 millj. kr. og verður 98 millj. kr

Er þá komið að samgönguráðuneyti. Liður 190, Ýmis verkefni. Tekinn er inn fjárveiting að fjárhæð 10 millj. kr. til að koma á fót sjálfvirku tilkynningarkerfi fyrir skip. Samkvæmt stofnkostnaðaráætlun er stofnkostnaður við landfjarskiptakerfið 125,7 millj. kr. sem greiðist á næstu fjórum árum. Þar af er lagt til að 40 millj. kr. verði greiddar með framlögum á fjárlögum næstu fjögurra ára eða 10 millj. kr. á ári.

Hlutverk sjálfvirka tilkynningarkerfisins er að auka öryggi sjómanna með því að veita upplýsingar um ferðir allra skipa sem búin eru viðeigandi tækjum. Kerfið gegnir þessu hlutverki með sjálfvirkum boðsendingum milli skips og lands sem flytja gögn um auðkenni skips og staðsetningu, auk upplýsinga um ástand öryggiskerfa um borð.

Liður 211, Vegagerð ríkisins. Hér er um að ræða leiðréttingu á liðnum Þéttbýlisvegir frá 2. umr.

Iðnrn. Liður 399, Ýmis orkumál. Gerð er tillaga um 50 millj. kr. hækkun á niðurgreiðslum á rafhitun og nemur hún þá 397 millj. kr. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir jöfnun húshitunarkostnaðar á svonefndum köldum svæðum og er tillagan gerð til að ná frekari áföngum að þeim markmiðum.

Umhverfisráðuneyti. Liður 310, Landmælingar Íslands. Framlag til Landmælinga Íslands hækkar um 6 millj. kr. vegna verkefna við kortagerð. Kort þessi eru unnin í samvinnu við erlenda aðila.

Liður 401, Náttúrufræðistofnun Íslands. Hér er einungis verið að leggja til breytta framsetningu á fjárlagalið í samræmi við lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur. Er þetta gert að beiðni umhvrn. en hefur ekki áhrif á framlag til Náttúrufræðistofnunar.

Áformað er að hækka tryggingagjald atvinnurekenda um 0,35% um næstu áramót. Í fjárlagafrv. var kostnaður ríkisins vegna gjaldsins ekki færður á gjaldahlið. Áætlað er að þessi breyting hækki útgjöld í A-hluta um 110 millj. kr.

Við verðlagsuppfærslu fjárlagafrv. 1994 var gjaldategundin Önnur gjöld hækkuð um 3% í samræmi við spá Þjóðhagsstofnunar um hækkun framfærsluvísitölu milli áranna 1993 og 1994. Í endurskoðaðri áætlun Þjóðhagsstofnunar um efnahagshorfur á árinu 1994 er hækkun framfærsluvísitölu talin verða einungis 2,5% milli ára. Því er lagt til að þessi gjaldategund verði lækkuð um 0,5%. Þessi breyting tekur þó ekki til liða sem eru tengdir gengi en framlag til þeirra taka verðlagsuppfærslu á öðrum forsendum. Lækkunin er talin hafa í för með sér um 70 millj. kr. lægri rekstrarútgjöld.

Áætlanir fyrirtækja, stofnana og sjóða í B-hluta fjárlaga hafa verið endurmetnar frá því að fjárlagafrv. var lagt fram í október. Gerð er tillaga um að einungis 4 af 52 áætlunum taki breytingum og er það til marks um að aukinn stöðugleiki í verðlags- og launamálum stuðlar að traustari fjárlagagerð. Engar gjaldskrárhækkanir eru áformaðar umfram það sem fram kemur í fjárlagafrv. Í nefndaráliti meiri hluta fjárln. er að finna skýringar á þeim breytingum sem gerðar eru og skal það ekki endurtekið hér.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að gera grein fyrir tillögum meiri hluta fjárln. Það má öllum ljóst vera að ábyrgð á meginstefnumiðum í frv. hvílir að sjálfsögðu á stjórnarþingmönnum. Um leið og ég ítreka þakkir til samnefndarmanna minna vil ég ljúka máli mínu með því að leggja til að tillögur meiri hluta fjárln. verði samþykktar og fjárlagafrv. fyrir árið 1994 verði samþykkt sem lög frá Alþingi með þessum breytingum.

Ég hef lokið máli mínu, virðulegi forseti.

Útbýting þingskjala:

Fjárlög 1994, 1. mál, frhnál. minni hluta fjárln., þskj. 462; brtt. GB og JónK, þskj. 463.

[18:16]

Frsm. minni hluta fjárln. (Margrét Frímannsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frhnál. á þskj. 462 um frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 frá minni hluta fjárln.

Ég vil í upphafi máls míns þakka starfsfólki fjárln. fyrir gott samstarf í gegnum alla vinnu fjárln., einnig þeim fulltrúum fjmrn. og Ríkisendurskoðunar sem unnið hafa með og fyrir nefndina í heild sinni og einstaka nefndarmenn.

Fjárln. hefur haft frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 til meðferðar eftir 2. umr. Farið hefur fram hefðbundin athugun á tekjuhlið, B-hluta stofnunum og 6. gr. frv. Þá hafa verið afgreiddar tillögur sem meiri hluti fjárln. lét bíða 3. umr.

Nefndin hafði alls ekki þann tíma sem til hefði þurft til þess að fara rækilega yfir tekjugrein frv. Frv. til breytinga á skattalögum til samræmis við tekjugrein fjárlagafrv. komu seint fram. Síðustu afgreiðslur ríkisstjórnar í þessum málum bárust nefndinni aðeins stuttu fyrir lokaafgreiðslu hennar á fjárlagafrv.

Samkvæmt 25. gr. þingskapa vísaði fjárln. tekjugreininni til umsagnar hjá efh.- og viðskn. Í umsögn-

um 1. og 2. minni hluta nefndarinnar kemur fram hörð gagnrýni á þann skamma tíma sem nefndin hafði til að fjalla um tekjuhliðina og hversu seint og illa upplýsingar bárust frá ríkisstjórninni. Minni hluti fjárln. tekur undir þessi orð 1. og 2. minni hluta efh.- og viðskn.

Í frv. er gert ráð fyrir verulegum breytingum á skattkerfinu. Að mati minni hlutans gafst fjárln. ekki tími til að fara yfir þær breytingar með þeim hætti sem nauðsynlegt er vegna þess að ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar eða úttekt á áhrifum þessara breytinga.

Veigamesta breytingin er sú ákvörðun ríkisstjórnar að lækka virðisaukaskatt á matvælum í 14%. Verði þessi breyting samþykkt við afgreiðslu fjárlaga telur minni hluti fjárln. að verulega þurfi að auka allt eftirlit með framkvæmd virðisaukaskattslaganna ef breytingin á að ná því markmiði sem til er ætlast, þ.e. lækkað verð á matvöru. Minni hlutinn átelur hversu illa hefur verið unnið að undirbúningi að þessum skattkerfisbreytingum af hálfu ríkisstjórnarinnar og dregur stórlega í efa að hægt sé að framkvæma þær 1. janúar verði þær samþykktar við afgreiðslu fjárlagafrv. Lækkun matarskatts felur samkvæmt upplýsingum fjmrn. í sér tekjutap ríkissjóðs upp á 2,6 milljarða kr. Til þess að mæta þessu tekjutapi var m.a. gert ráð fyrir að komið yrði á fjármagnstekjuskatti auk annarra aðgerða. Ríkisstjórnin hikstaði hins vegar enn einu sinni á þeirri framkvæmd. Minni hluti fjárln. dregur í efa að þær aðgerðir sem ríkisstjórnin boðar nú til að mæta tekjutapi til ríkissjóðs vegna áformaðrar lækkunar á virðisaukaskatti á matvælum skili þeim tekjum sem til er ætlast.

Önnur veigamikil breyting á skattkerfinu er sú að nú á að festa í sessi skattlagningu á einstaklinga í stað aðstöðugjaldsins sem fellt var niður á fyrirtækjum um áramótin 1992/1993. Við niðurfellingu aðstöðugjaldsins var tekjuskattur einstaklinga hækkaður um 1,5%. Skattahækkun þessi átti að vera tímabundið til að mæta tekjutapi sveitarfélaga vegna aðstöðugjaldsins. Nú er gert ráð fyrir að færa 1,5% úr tekjuskatti yfir í útsvör sveitarfélaganna og bæta þar 0,2% við þannig að hámarksútsvarsálagning fer úr 7,5% í 9,2%. Tekjuskattinn á síðan að hækka um 0,35%. Samanlögð skattprósenta einstaklinga á næsta ári getur því orðið allt að 41,9% en var 39,85%. En ríkisstjórnin ætlar ekki aðeins að ákveða hámarksútsvarsprósentu fyrir sveitarfélögin, heldur setur skilyrði um lágmarksálagningu. Sjálfsákvörðunarréttur sveitarfélaga er þannig stórlega skertur frá því sem nú er.

Í upphaflegum tillögum ríkisstjórnarinnar var gert ráð fyrir að um áramót yrði 14% virðisaukaskattur lagður á ferðaþjónustu, þar með talið almenningssamgöngur. Þegar þetta er skrifað nokkrum tímum fyrir áætlaða afgreiðslu frv. til fjárlaga er áformað að draga þessa skattlagningu jafnvel til baka að hluta, þ.e. allt nema skattlagningu á gistingu. Minni hluti fjárln. fagnar þeirri breytingu en telur að fella hefði átt niður alla skattlagningu á ferðaþjónustuna.

Reiknað er með að gjaldeyristekjur af ferðaþjónustu hafi aukist um 2.500 millj. kr. á síðasta ári og beinar tekjur ríkissjóðs um a.m.k. 500 millj. kr. ferðaþjónustan er vaxandi atvinnugrein og það er engin skynsemi að draga úr vaxtarmöguleikum greinarinnar með stóraukinni skattlagningu í því atvinnuástandi sem nú ríkir.

Við 1. og 2. umr. fjárl. bentu fulltrúar minni hluta fjárln. á þær stórfelldu skattahækkanir sem orðið hafa í tíð þessarar ríkisstjórnar og þær stóru hallatölur sem eru í ríkisbúskapnum ár hvert. Í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 segir á bls. 245:

„Lykilatriði í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar er að fylgt verði trúverðugri stefnu í ríkisfjármálum þar sem markvisst verði dregið úr halla ríkissjóðs á næstu árum án þess að hækka skatta."

Niðurstaðan er hins vegar sú að aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru í litlu samræmi við yfirlýsingar eða loforð. Barnabætur hafa verið lækkaðar. Ýmiss konar þjónustugjöld hafa einnig verið hækkuð verulega og aukið útgjöld heimilanna frá því sem áður var, tekjuskattar verða hækkaðir og skattar færðir af fyrirtækjum á einstaklinga. Persónuafsláttur skertur og bifreiðagjöld hækkuð.

Nú boða tillögur ríkisstjórnarinnar að tekjuskattur einstaklinga hækki um 0,35% sem þýðir 600 millj. kr. skattahækkun. Bifreiðagjald hækkar um 35% eða 450 millj. kr. og ef sveitarfélögin nýta sér hámarksálagningu útsvars, þá þýðir það 200 millj. kr. viðbótarskattlagningu á almenning í landinu. Ofan á þetta er síðan bætt auknum þjónustugjöldum, aukinni þátttöku í lyfjakostnaði og hækkun á öðrum sértekjum stofnana ríkisins.

Þá hafa orðið verulegar breytingar á ýmsum liðum í staðgreiðslunni, flestar til skattahækkunar. Ef persónuafsláttur ársins 1988 er framreiknaður miðað við fast verðlag hefði hann átt að nema 299.441 kr. árið 1993 en nam 286.935 kr. Skattleysismörk ættu að vera 850.685 kr. en eru 689.724 kr. og lækkuðu frá árinu 1992 um 32 þús. kr.

Húsnæðisbætur ættu að nema 74.128 kr. á árinu 1993, en námu 62.619 kr. Ef aðeins er tekin breytingin frá árinu 1990 þá ætti persónuafsláttur að vera 297.366 kr. en er 286.935 kr. Vaxtabætur ættu að vera 212.880 kr. en eru 203.310 kr. Húsnæðisbætur ættu að vera 65.332 kr. en eru 62.619 kr. og skattleysismörk ættu að vera 747.339 kr. en eru 689.724 kr.

Ofan á allt þetta er ríkissjóður rekinn með gífurlegum halla og stefnir nú í stærri hallatölur en nokkurn tíma hafa sést.

Þjóðhagsstofnun hefur nýlega kynnt nýjar horfur í þjóðarbúskapnum. Þar er um að ræða örlítið betri útkomu á þessu ári en spáð hafði verið. Útflutningtekjur munu aukast um 3,7% í stað 2%. Viðskiptahalli verður nokkru minni en áætlað var eða um 3 milljarðar kr. í stað 5,5 milljarða kr. Þetta breytir þó litlu um stöðuna í heild sinni. Horfur á næsta ári breytast lítið þrátt fyrir bata þessa árs. Áfram er gert ráð fyrir að hreinar erlendar skuldir verði um 60% af landsframleiðslu á næsta ári eða um 175% af útflutningstekjum. Þar er því ekki um bata að ræða. Hagvöxtur hefur aukist en erfitt verður að viðhalda þeirri aukningu ef hlut-

fall fjárfestingar af landsframleiðslu hækkar ekki verulega. Hlutfallið er nú í sögulegu lágmarki 15,5%. Til þess að ná meðaltali OECD-landanna þyrfti heildarfjárfesting að aukast um rúm 5% eða 20 milljarða króna umfram það sem nú er.

Með áliti þessu eru birtar töflur úr sérprenti ríkisskattstjóra.

Við atkvæðagreiðslu við 2. umr. um fjárlagafrv. dró meiri hlutinn til baka tillögur sínar um 180 millj. kr. lækkun útgjalda til sjúkratrygginga. Nú hefur komið í ljós við undirbúning 3. umr. að þetta var gert vegna þess að skáka þurfti til fjárveitingum innan heilbrrn. þar sem fallið hafði verið frá innheimtu gjalds af svokölluðum heilsukortum upp á 400 millj. kr. Breytingar þær sem nú eru boðaðar á útgjöldum sjúkratrygginganna eru ekki trúverðugar þegar litið er á málið í heild. Minni hluti fjárln. hefur farið yfir þessar breytingar og munu aðrir fulltrúar minni hlutans gera grein fyrir þessum tillögum hér á eftir. Og tillögurnar eru, virðulegi forseti, alveg með endemum vitlausar svo að ekki verði meira sagt.

Við 2. umr. um fjárlagafrv. kom einnig fram að umfjöllun um stóru sjúkrahúsin þrjú í Reykjavík, Ríkisspítala, Borgarspítala og St. Jósefsspítalann á Landakoti, biðu til 3. umr. Var það álit okkar sem skipuðum minni hlutann að sú frestun væri til þess að geta fjallað ítarlega um málefni þessara stofnana og hvernig tekið skyldi á þeim rekstrarvanda sem vissulega blasir þar við. Nú er hins vegar ljóst að sú umfjöllun hefur ekki verið ítarleg, a.m.k ekki með þátttöku minni hlutans. Hins vegar hefur verið tilkynnt í fjárln. sú ákvörðun ríkisstjórnar og meiri hluta nefndarinnar að engar lagfæringar yrðu gerðar á þeim tillögum sem er að finna í fjárlagafrv. Þó er í tillögum meiri hlutans í nokkrum tilvikum dregið úr fjárveitingu til Ríkisspítala. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að lækka fjárveitingar til mannvirkjagerðar á Landspítalalóð, svokallaðrar K-byggingar, um 30 millj. kr. Í öðru lagi er gert ráð fyrir að lækka viðhaldslið sjúkrahússins sem verður þó að teljast í algjöru lágmarki um 5 millj. kr. og í þriðja lagi er gert ráð fyrir að fyrirhugaður sparnaður í rekstri áfengisdeildar sjúkrahússins og hækkunar sértekna vegna meðferðargjalda á áfengisdeildum, en sá sparnaður átti að nema um 20 millj. kr., verði nú fluttur til annarra rekstrarþátta sjúkrahússins. Ekki er þó séð á tillögum meiri hlutans hvernig taka eigi á þeim þætti sem varðar sértekjumálið. Á að innheimta sértekjur vegna annarra rekstrarþátta á spítalanum og fella þá niður innheimtu meðferðargjaldsins eða hvaða aðrar hugmyndir er verið að leggja hér til?

Forsvarsmenn allra þessara þriggja stóru spítala sem komið hafa til viðtals við fjárln. hafa dregið mjög í efa að skipulagsbreytingar þær sem reynt hefur verið að knýja fram á undanförnum missirum hafi leitt til raunverulegs sparnaðar í rekstri stofnananna.

Ljóst er að umrót hefur fylgt þessum breytingum og í skýrslu sem Ríkisendurskoðun tók saman að beiðni fyrrv. hæstv. heilbrrh. kemur fram að heildarsparnaður hafi numið um 500 millj. kr. á árinu 1992. Meginhlutinn af þeim sparnaði virðist þó hafa náðst í rekstri Ríkisspítalanna en þar voru þó ekki gerðar neinar grundvallarskipulagsbreytingar varðandi verkefnatilfærslu eða sameiningu stofnana. Þær tilfærslur áttu sér fyrst og fremst stað á verkefnum milli Landakots og Borgarspítalans og þar er ekki að sjá að sparnaður hafi orðið umtalsverður.

Í nýútkominni skýrslu landlæknis um afköst, kostnað og biðlista í heilbrigðisþjónustunni kemur fram það álit hans að þessar svokölluðu hagræðingar og rekstrarbreytingar kunni að hafa leitt til meiri breytinga á rekstri sjúkrahúsanna en mönnum hafi í upphafi verið ljóst. Nú séu að koma betur í ljós áhrifin sem af þessu hljótast þegar til lengri tíma er litið. Þar er m.a. bent á að biðlistar virðast frekar hafa lengst frá árinu 1991, mikið álag og vinnuhraði sé á sjúkrahúsunum og hafi aukist mjög á undanförnum missirum. Megi jafnvel rekja til þess nokkur slysatilvik, beint eða óbeint. Landlæknir varar við áframhaldandi róttækum breytingum á starfsemi Landakotsspítala og telur að vel hafi gefist að reka hann sem sjúkrahús fyrir göngu- og dagdeildaraðgerðir sem hægt sé að gera á sjúklingum sem teknir eru inn á stofuna af biðlista þar sem sjúkrahúsið er ekki lengur bráðavaktasjúkrahús. Það mundi geta skapað mikil vandræði og erfiðleika á öðrum sjúkrahúsum ef þessari þjónustu á Landakoti yrði hætt eða dregið úr henni.

Í upplýsingum frá fulltrúum St. Jósefsspítala á Landakoti kemur fram að útgjöld hafi lækkað um 340 millj. kr. milli áranna 1991 og 1993. Munar þar mestu um að Landakot var lagt niður sem bráðaþjónustusjúkrahús og verkefni flutt að mestu til Borgarspítalans. Með þeim verkefnaflutningi voru fjárveitingar til Borgarspítala hækkaðar um rúmar 200 millj. kr. Nú er komið í ljós að fjárvöntun á Landakotsspítala fyrir árið 1992 var um 100 millj. kr. sem búið er að bæta með fjáraukalögum á þessu ári og verður þá ekki sýnt að sparnaðurinn af þessum tilfærslum hafi orðið nokkur. Þar að auki má svo nefna það að í upplýsingum frá Borgarspítalanum blasir við að rekstrarhalli í ár muni verða um 120 millj. kr. Hér sýnist því að í raun hafi orðið um útgjaldaauka að ræða en ekki sparnað.

Og enn er höggvið að rekstri St. Jósefsspítalans á Landakoti. Nú er gert ráð fyrir að lækka fjárveitingar til hans um 150 millj. kr. á næsta ári. Verulegur hluti þeirrar upphæðar mun vera vegna hugmynda um að flytja þjónustu barnadeildarinnar á Borgarspítala eða Landspítala. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um það hvort sjúkrahúsin muni taka við þjónustunni og engar fjárveitingar eru veittar til þeirra sjúkrahúsa til þess að taka við verkefnum ef þeim er ætlað að veita þessa þjónustu. Forsvarsmenn Landakots hafa ekki heldur fengið neinar upplýsingar eða hugmyndir um það frá heilbrrn. eða hæstv. heilbrrh. hvernig á að reka sjúkrahúsið áfram miðað við svo mikið skert fjárframlög. Í upplýsingum frá fulltrúum Borgarspítalans kemur fram að í viðbót við áðurnefndan rekstrarhalla, sem blasir við á þessu ári að upphæð 120 millj. kr., sé fjárvöntun í fjárlagafrv. fyrir næsta ár a.m.k. 180 millj. kr. þó aðeins sé gert ráð fyrir að halda óbreyttum rekstri. Það er því ljóst að fjárvöntun til þessarar stofnunar

miðað við óbreytt rekstrarumfang er um 300 millj. kr. á þessum tveimur árum.

Í ítarlegri greinargerð sem fulltrúar Ríkisspítala lögðu fyrir fjárln. kemur fram að lækkaðar fjárveitingar og niðurskurður á fjárlögum 1991–1992 til þessara sjúkrahúsa muni nema um 500 millj. kr. Er það í samræmi við upplýsingar sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Eigi að halda óbreyttum rekstri á Ríkisspítölum á næsta ári telja forsvarsmenn stofnunarinnar að vanti u.þ.b. 320 millj. til að halda óbreyttu rekstrarumfangi. Stjórnendur Ríkisspítalanna telja lágmark að þeim verði gert kleift að halda uppi sambærilegri starfsemi á árinu 1994 og á yfirstandandi ári. Stjórnendur telja að með samstilltu átaki starfsfólks hafði náðst sá árangur að halda starfsemi Ríkisspítalanna innan ramma fjárlaga sl. tvö ár. Það hafi verið gert með mikilli hagræðingu og nokkrum samdrætti í þjónustu, þ.e. lokunum deilda og með því að fresta verkefnum og kaupum á nauðsynlegum tækjabúnaði. Þess var því vænst að Ríkisspítalar fengju að njóta þessa árangurs sem þegar hefur náðst þannig að ekki sannaðist sú skoðun, sem víða hefur heyrst, að ekki borgi sig að spara í rekstri ríkisstofnana því það leiði aðeins til þess að krafist verði enn meiri sparnaðar.

Í tillögum stjórnenda sjúkrahússins var auk þess beðið um nokkur nýmæli, m.a. var talið nauðsynlegt að fjölga sérfræðingum kvennadeildar og var vísað í því sambandi til skrifa landlæknis þess efnis að vegna fárra lækna á kvennadeild sé öryggi sængurkvenna oft á tíðum ábótavant.

Þá er einnig lögð mikil áhersla á það af hálfu Ríkisspítalanna að fá viðbótarfjárveitingu til að efla og styrkja vísinda- og rannsóknastarfsemi stofnunarinnar. Var það talið í samræmi við þá vísindastefnu sem ríkisstjórnin hefur boðað. Þetta var talið nauðsynlegt til að tryggja stöðu Landspítalans sem háskólasjúkrahúss þannig að hann standi jafn vel að vígi og sambærilegar erlendar stofnanir. Undir þetta sjónarmið vill minni hluti fjárln. taka.

Enn er haldið við þá ákvörðun sem fram kemur í fjárlagafrv. að innheimta sérstök meðferðargjöld af sjúklingum vegna áfengismeðferðar á sjúkrastofnunum. Þó er Ríkisspítölum gefið val í þessum efnum. Er þessi gjaldtaka lögð til þrátt fyrir ítrekuð og ákveðin mótmæli Geðlæknafélags Íslands og Geðverndarfélagsins. Í áskorunum þessara aðila til alþingismanna kemur m.a. fram að talið er að farið sé inn á mjög varhugaverða braut sem leitt geti til þess að sjúklingar leiti ekki meðferðar fyrr en þeir eru komnir með alvarlega fylgikvilla. Bent er á að flestir áfengissjúklingar séu haldnir öðrum geðsjúkdómum og/eða líkamlegum sjúkdómum þegar þeir leita meðferðar á sjúkrahúsum og meðferðarstofnunum og verður áfengismeðferðin þá ekki aðskilin frá annarri læknismeðferð. Innheimta meðferðargjalda er talin sýna skilningsleysi á eðli sjúkleika þeirra sem til geðdeilda leita og er þessari aðför að grundvallaratriðum velferðarkerfisins, þ.e. jafnrétti sjúklinga til að fá bestu fáanlega meðferð án tillits til kynferðis, aldurs, efnahags eða sjúkdóms, mótmælt harðlega.

Við 2. umr. um fjárlagafrv. kom fram hjá menntmrh. sú fullyrðing að engin ríkisstjórn hefði gert meira á sviði vísinda og rannsókna en sú sem nú situr. Samkvæmt upplýsingum sem fjárln. hafa borist frá Rannsóknaráði ríkisins er þetta alröng fullyrðing eins og sjá má á meðfylgjandi fylgiskjölum. Þar kemur fram að allar stofnanir sem fást við vísinda- og rannsóknastörf á vegum opinberra aðila hafa fengið minni fjárveitingar seinustu ár samanborið við árin 1987–1991 og umsvif þessara stofnana hafa þar með dregist saman. Samanburður við fjárveitingar fyrir árið 1993 er ekki marktækur því að þar er gert ráð fyrir 300 millj. kr. fjárveitingu sem skilyrt var og bundin við 20% af söluandvirði ríkisstofnana ef einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar næðu fram að ganga. Nú er sýnt að svo verður ekki og áætluð sala upp á 1.500 millj. kr. verður aðeins um 100 millj. kr. þannig að fjárveiting ætti samkvæmt því að vera 20 millj. í stað 300 millj. Að vísu var í fjáraukalögum samþykkt að veita 45 millj. kr. til Rannsóknasjóðs til að bæta upp nokkuð af því sem vilyrði hafði verið gefið fyrir, en langt er frá að staðið sé við það sem lofað var eins og hæstv. menntmrh. fullyrti þó í ræðu við 2. umr. um fjárlög. Það dugar því skammt þó ríkisstjórnin láti semja vísindastefnu og gefi yfirlýsingar henni tengdar, ef fjárveitingar fylgja ekki með þessum fögru fyrirheitum.

Nefndin tók sérstaklega til umræðu málefni Lánasjóðs íslenskra námsmanna og lagði framkvæmdastjóri sjóðsins fram gögn um rekstur hans á yfirstandandi ári og þróun lánveitinga og námsmannafjölda á síðustu árum.

Meiri hluti fjárln. leggur til að framlag til lánasjóðsins verði skorið niður um 70 millj. og veitt lán lækki úr 3.000 millj. kr. í 2.870 millj.

Ný lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna voru sett 15. maí 1992 og vöruðu námsmenn þá sérstaklega við afleiðingum 6. gr. laga um eftirágreiðslur lána og einnig of háu endurgreiðsluhlutfalli sem er allt að 7% heildartekna.

Það hefur komið á daginn að á árinu 1992 og 1993 hefur lánþegum fækkað mjög og voru 4.001 á síðasta ári og 4.101 á yfirstandandi ári. Skólaárið 1991/1992 voru lánþegar 5.725.

Að mati námsmanna hafa afleiðingar nýrra úthlutunarreglna m.a. verið þær að fjölmargir námsmenn hafa hætt námi vegna þess að þeir treysta sér ekki til að taka lán banka og sparisjóða sem bjóðast með mjög háum vöxtum.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum stunda nú færri konur nám en fyrir breytingar á reglum lánasjóðsins og einstæðum mæðrum og námsmönnum með börn á framfæri hefur fækkað. Minni hluti fjárln. varar við því að jafnrétti og möguleikar allra til náms sé skert með breyttu námslánakerfi.

Hjá Atvinnuleysistryggingasjóði er gert ráð fyrir 5–5,5% atvinnuleysi. Atvinnuleysi hefur vaxið hröðum skrefum í nóvember og það sem af er desember. Á afmörkuðum svæðum hefur það allt að tvöfaldast milli mánaða og allt bendir til að það haldi áfram að aukast. Heildarfjárveiting til Atvinnuleysistryggingasjóðs á ár-

inu 1994 er áætluð 2.950 millj. kr. Heildarútgjöld sjóðsins eru áætluð 4 milljarðar, 4.000. millj. Sjóðnum er ætlað að afla tekna með sölu á skuldabréfum sjóðsins fyrir 200 millj. og framlag sveitarfélaga til atvinnuskapandi verkefna hefur verið ákveðið 600 millj. Á yfirstandandi ári lögðu sveitarfélögin fram 500 millj. og átti að vera þeim til atvinnuskapandi verkefna. Ekki er útlit fyrir að til þeirra verkefna verði veitt meira en 300 millj. kr. í ár og því mun þetta fé ekki nýtast allt til þess sem til var ætlast. Lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð var breytt á síðasta þingi á þann veg að m.a. sjálfstæðir atvinnurekendur ættu rétt á bótum ef þeir hætta rekstri að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Í ár hafa borist 100–200 umsóknir vegna þessa en aðeins 25 uppfylla tilskilin skilyrði.

Fulltrúar Ríkisútvarpsins komu á fund fjárln. og gerðu grein fyrir heldur slökum fjárhag Ríkisútvarpsins og kemur þar ýmislegt til. T.d. er reiknað með að sala auglýsingatíma dragist saman á næsta ári um 8%.

Minni hlutinn telur að mikil nauðsyn sé að styrkja teknahlið Ríkisútvarpsins, en þess sér engan stað í tillögum meiri hluta fjárln. Ekki hefur verið tekin nein ákvörðun um að reisa nýtt langbylgjumastur þrátt fyrir það að mikil nauðsyn sé á slíkum búnaði til þess að sendingar útvarpsins heyrist um allt land og einnig á miðunum kringum landið. Hugmyndir eru á sveimi um að nýta Lóranstöðina á Rifi, en það er allt í lausu lofti enn sem komið er. Lóranstöðin gegnir lykilhlutverki í öryggismálum á hafinu og staðsetningu skipa og ekki sjáanlegt að aðrir leysi það hlutverk í hennar stað í allra næstu framtíð.

Fjárveitingar til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum hafa á undanförnum 14 árum lækkað úr 194,7 millj. kr. á verðlagi í október 1993 í um 15 millj. kr. á yfirstandandi ári. Að mati Rafmagnsveitna ríkisins er fjárþörfin á ári hverju um 200 millj. kr. og þarf á næstu fimm árum að verja um 900 millj. til þessa verkefnis að mati Rariks til þess að dreifikerfin geti talist rekstrarhæf.

Ástandið í þessum málum er með þeim hætti að Rafmagnsveitur ríkisins hafa séð sig tilneyddar til að leggja verulegt fé úr rekstri til þessara verkefna eða um 75 millj. kr. árlega. Á næsta ári er áætlað að verja 85 millj. kr. til þessara verkefna af hálfu Rafmagnsveitnanna. Margoft hefur verið á það bent hve brýn þörf væri á auknu framlagi úr ríkissjóði til að fjármagna framkvæmdir við dreifikerfi í sveitum, en jafnan verið talað fyrir daufum eyrum. Rafmagnsveitum ríkisins er samt ætlað að greiða 50 millj. kr. arð til ríkisins á næsta ári.

Póstur og sími standa árlega í miklum fjárfestingum vegna ljósleiðaralagningar um landið og einnig yfir Atlantshafið, en það er gert í samstarfi við erlend símafyrirtæki. Til þess verkefnis fara á næsta ári um 600 millj. kr. Þá er mikil uppbygging í stafræna símakerfinu og einnig í farsímakerfinu. Íslendingar hafa fjárfest meira í farsíma á skömmum tíma en flestar aðrar þjóðir. Óhætt er að segja að Póstur og sími sé vel rekið opinbert fyrirtæki og afsannar algerlega kenninguna um að fyrirtæki þurfi að vera rekin í hlutafélagsformi eða einkarekin til þess að skila arði. Póstur og sími hefur í mörg ár greitt hundruð milljóna í ríkissjóð og svo er einnig áætlað á næsta ári eða 850 millj. kr.

Þá fjallaði fjárln. um 6. gr. fjárlaga og minni hlutinn telur að það verði að fara með gát í að opna heimildarákvæði á 6. gr. til úthlutunar fjármuna og telur að ef of langt er gengið í þeim efnum sé sú regla brotin að Alþingi hafi fjárveitingavaldið. Tvö ný ákvæði í 6. gr. eru nú dæmi um þetta. Gert er ráð fyrir að fjármálaráðherra sé heimilt að fengnum tillögum samgönguráðherra að lækka heildargjöld stofnana samgönguráðuneytisins í A- og B-hluta fjárlaga 1994 um allt að 0,4% hjá hverri stofnun að hámarki og afla með því 40 millj. kr. til þess að leggja í sjóð til sérstaks markaðsátaks erlendis til þess að lengja ferðamannatíma á Íslandi, eins og það er orðað í tillögu meiri hluta fjárln. Flugleiðir leggi síðan 50 millj. á móti og frá Framleiðnisjóði landbúnaðarins komi 10 millj.

Minni hlutinn telur málefnið þarft og leggst ekki efnislega á móti stofnun sjóðsins. Hins vegar er með öllu óeðlilegt að veita ráðherrum heimildir í 6. gr. fjárlaga til þess að skerða rekstrar- og stofnkostnaðarfjárveitingar eins ráðuneytis sem Alþingi hefur nýlega ákveðið. Rétt er að Alþingi ákveði hvernig þessara 40 millj. verði aflað og hvar niðurskurður á að lenda ef þeirra er aflað með þeim hætti.

Sama er að segja um ákvæði að greiða í samráði við landbúnaðarráðherra sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993. Minni hlutinn telur að leysa verði vandamál þessara bænda en ákveða eigi til þess fjármuni á fjárlögum og setja ákveðnar reglur með tilliti til þess en ekki leysa þau mál með opinni heimildargrein til handa landbúnaðarráðherra.

Það færist stöðugt í vöxt að ráðherrar sem eru fulltrúar framkvæmdarvaldsins vilja seilast inn á svið löggjafarvaldsins í úthlutun fjármuna, en það teljum við í minni hluta fjárln. ekki góða stjórnsýslu.

Að lokum, virðulegi forseti, vísa fulltrúar minni hlutans til álita 1. og 2. minni hluta efh.- og viðskn. um tekjuhlið fjárlaga fyrir árið 1994. Álit þessi eru fylgiskjöl með framhaldsnefndaráliti meiri hluta fjárln.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum sem fram kunna að koma.

Ég vil svo að lokum ítreka þakkir okkar í minni hluta fjárln. til allra þeirra sem unnu fyrir og með nefndinni.

[18:43]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Fjárlagafrv. hæstv. ríkisstjórnar er komið til 3. umr. í hv. Alþingi eftir að fjárln. hefur fjallað um frv. og ýmsar tillögur sem fyrir lágu, bæði óafgreiddar við 2. umr. og þær sem borist hafa nefndinni á milli umræðna. Um þessar tillögur allar hefur nefndin fjallað á fundum sínum frá því að 2. umr. fór fram í hv. Alþingi. Verð ég því miður að endurtaka það sem ég lét koma fram við 2. umr., er rætt var um störf nefndarinnar, að lítið breyttust vinnubrögðin við

þessa yfirferð. Kannski var ekki von á því að þessu sinni að miklar breytingar yrðu á vinnutilhögun eða hvernig nefndin tæki á málum og hvert væri hlutverk fulltrúa stjórnarandstöðunnar í þeirri vinnu. En ég ítreka þær óskir mínar að á þessu verði breyting og það álit að ég tel til mikilla hagsbóta fyrir störf Alþingis að annars konar samstarf væri viðhaft í nefndinni milli meiri hluta og minni hluta en gert hefur verið á þessu hausti.

Ég held að það sé til framdráttar vinnu Alþingis almennt að við fetum okkur meira inn á þá braut sem ég álít að hafi verið mörkuð með breytingum á þingsköpum Alþingis fyrir tveimur árum og síðan aftur á sl. hausti og það hafi verið hugsunin á bak við þær breytingar að gera þingið allt ábyrgara í störfum sínum og, eins og ég hef reyndar áður sagt úr þessum ræðustóli, sjálfstæðara gagnvart framkvæmdarvaldinu og hæstv. ríkisstjórn.

Um þetta ætla ég ekki að hafa mikið fleiri orð, hæstv. forseti, en ég vildi aðeins ítreka þetta og undirstrika þessa skoðun mína og jafnframt láta í ljós óánægju okkar fulltrúa minni hlutans í fjárln. um það hvernig þessum vinnubrögðum hefur verið háttað.

Það verður að taka það fram, eins og komið hefur fram hjá hv. þm. sem hafa talað á undan, að auðvitað hefur tímaleysi nokkuð háð störfum í nefndinni því það hefur staðið á ýmiss konar ákvörðunum frá hæstv. ríkisstjórn. Varðar það einkum ákvarðanir sem snúa að tekjuhlið frv. Það er reyndar ekki nýtt. Það er saga sem endurtekur sig á hverjum vetri að þegar kemur að lokaafgreiðslu fjárlaganna láta ákvarðanir um skattamál og ákvarðanir um hvernig staðið skuli að einstökum þáttum tekjugreinar frv. á sér standa. Það vefst fyrir þessari hæstv. ríkisstjórn eins og reyndar sumum öðrum áður að koma þessu saman.

Það er því mjög brýnt að breyta einnig vinnubrögðum hvað þetta varðar. Á það við bæði störf í nefndinni sjálfri, þ.e. að nefndinni gefist tími og rúm til þess að fara fyrr að huga að þessum þáttum frv., og svo það að hæstv. ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar snúi sér fyrr að því að taka ákvarðanir um hvernig eigi að standa að tekjuhliðinni og ákvarða tekjuöflun og skattalagabreytingar.

Eins og vinnunni hefur verið háttað á undanförnum dögum er vissulega hætta, hætta segi ég, á óvandaðri vinnubrögðum. Það er hætta á því að mistök geti átt sér stað þegar unnið er nánast nótt og dag og á það auðvitað bæði við um hv. þm. og svo einnig það ágæta starfslið sem leggur sig allt fram um það að vinna með nefndinni við að koma þessum tölum öllum saman á skjöl á réttan hátt þannig að ekkert beri á milli og allt megi vel fram ganga. Eins og þetta hefur verið undanfarna daga hafa þingfundir staðið fram á nætur og hafi ekki verið þingfundir þá hafa verið nefndarfundir á kvöldin. Þingmenn hafa því haft mikið að gera og þurft að vera bundnir meira og minna í umræðum í þingsalnum í stað þess að geta setið yfir einstökum málum, t.d. það að sitja óslitið við í þessari vinnu sem fyrir fjárln. liggur á hverju hausti. En þetta á líka við um, eins og ég nefndi, það ágæta fólk sem einnig hefur verið að vinna með þingmönnunum undanfarin kvöld og langt fram á nætur og ég hygg að á þessum síðasta sólarhring hafi mátt segja að einhver hópur fólks hafi vakað allan sólarhringinn við að klára þetta starf fyrir 3. umr.

Þetta eru auðvitað ekki góð vinnubrögð og ekki til eftirbreytni. Reyndar skil ég ekki heldur að þessu sinni hvað í raun ýtti svo mikið á að hafa þennan háttinn á varðandi vinnuna. Ég tel að það hefði vel verið hægt að gefa sér þessa helgi sem nú fer í hönd til þess að ganga frá þessu með skikkanlegum vinnubrögðum og tryggja það að allt gengi vel fram í nefndarstörfunum og vera þá jafnframt sannfærður um að allar tölur væru réttar og öllu væri til skila haldið.

Nú ætla ég að vona að enginn taki orð mín svo að ég sé að fullyrða að eitthvað bjáti á í þessu og tölur séu ekki réttar eða allar brtt. hafi ekki komið fram. Ég vona að þetta sé allt saman pottþétt, eins og ég heyri að hv. formaður nefndarinnar segir úr hliðarsal. Ég tek undir það með honum, en ég hefði talið að það hefði verið öruggara að fara yfir þetta í meiri ró og með meiri gætni og taka síðan þessa lokaumræðu um fjárlög fyrir næsta ár, t.d. á mánudag eða eftir þessa í hönd farandi helgi.

Fjárln. hefur að undanförnu rætt við fulltrúa Þjóðhagsstofnunar sem hafa gefið nefndinni, eins og reyndar þjóðinni allri, upplýsingar um að nokkuð hafi rofað til í framvindu efnahagsmála á síðustu vikum og mánuðum. Er það auðvitað ánægjulegt að sjá að nú skuli vera hægt að vænta þess að þjóðartekjur vaxi nokkuð á þessum vikum og jafnframt að hagur ríkissjóðs vænkist þá sem hlutfall af þeirri auknu veltu í þjóðfélaginu. Það er líka nokkuð athyglisvert og gaman að draga það fram að þessi bætti þjóðarhagur, ef það má orða það svo, er eingöngu tengdur fiskveiðum og sjósókn. Það er sjávarútvegurinn nú eins og svo oft áður sem hjálpar til. Þangað sækjum við okkar megintekjur og þess vegna munar auðvitað mikið um það þegar einhverjir ánægjulegir atburðir gerast á því sviði. Viðbótin sem við erum að fá inn í þjóðfélagið er vegna margumræddra Smuguveiða, vegna veiða á svokölluðum Flæmska hatti og vegna þess sem við höfum stundum kallað Rússaþorsk. Hefur sá ágæti fiskur þó ekki alltaf verið hátt skrifaður hjá ýmsum þegar fjallað hefur verið um þau skip sem hafa komið til löndunar á þeim fiski og ýmsir verið uppi með — ég þori kannski ekki að segja lítilsvirðingu, en mér finnst oft að það hafi verið talað um það eins og það væri ekki mikils virði að fá þennan viðbótarafla af rússneskum togurum inn í okkar fiskvinnslustöðvar. En þegar upp er staðið og Þjóðhagsstofnun hefur sest yfir tölurnar þá kemur í ljós að þetta hefur haft umtalsverð áhrif á okkar þjóðarhag. Þessu ber að fagna.

Þetta segi ég til að draga það sérstaklega fram að það er enn sjávarútvegurinn sem er okkar langsamlega mikilvægasti atvinnuvegur og þarf ekki miklar breytingar á því sviði til þess að það hafi fljótt afgerandi áhrif í þjóðfélaginu.

Enn höfum við lítið haft upp úr því sem við höfum stundum kallað sókn á ný markaðssvæði, t.d. á

margumræddum Evrópumarkaði í tengslum við samninga við Evrópubandalagið en vonandi á það eftir að sanna sig að það verði einnig þjóðinni til tekjuauka þegar til lengri tíma er litið. Þó má minna á og undirstrika það að ýmsir hafa haft uppi efasemdir um og fyrirvara um þær hliðarverkanir sem þeir samningar kunna að hafa á okkar íslenska þjóðfélag.

Við höfum einnig fengið til fundar í fjárln. fulltrúa frá hagdeild fjmrn. sem fjallar mest um tekjuáætlanir og skattamál í því ágæta ráðuneyti. Hafa fulltrúar þeirrar deildar gert nefndarmönnum grein fyrir því hvert stefni varðandi tekjuhliðina. Því miður, má kannski bæta við, er það svo að þó að nokkuð hafi ræst úr með efnahagsmál síðustu vikur þess árs sem nú er að líða eru ekki miklar væntingar byggðar inn í frv. eða þjóðhagsspána um að þetta hafi afgerandi áhrif á næsta ári, þannig að við búum við það enn að horfast í augu við samdrátt í efnahagslífinu á ýmsum sviðum og það að ekki er útlit fyrir að tekjur ríkisins vaxi mikið.

Þessi umræða um tekjuáætlun ríkissjóðs var hins vegar mjög seint á ferðinni í fjárln. af þeim ástæðum sem ég rakti í upphafi máls míns vegna þess að allar umræður um tekjuhlið frv. voru svo mikilli óvissu háðar og breytingar var verið að gera á ýmsum þáttum alveg fram á síðasta dag. Um þetta hefur verið mikil umræða í hv. þingi undanfarna daga í tengslum við umræður um skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar og ég ætla því ekki, hæstv. forseti, að eyða löngum tíma í að fjalla um þau mál. Það hafa aðrir gert sem hafa unnið þau mál betur og fylgst nánar með breytingum eða hreyfingum þar frá degi til dags. Á ég þar við hv. þm. sem starfa í efh.- og viðskn. en þar er fjallað um skattamálin og reyndar einnig um tekjuhlið fjárlagafrv. svo sem lög um þingsköp Alþingis kveða á um.

Mig langar þó að mæla fyrir brtt. sem við flytjum, auk mín hv. þm. Jón Kristjánsson, og tengist brtt. sem fulltrúar Framsfl. og Kvennalista í efh.- og viðskn. fluttu varðandi skattafrv. hæstv. ríkisstjórnar. Við höfum talið rétt að fylgja því eftir við umræður og umfjöllun þingsins á fjárlagafrv. að gera grein fyrir því hvaða áhrif þessar skattalagabreytingar hefðu á tekjuhlið fjárlagafrv. ef þær yrðu samþykktar. Eins og hér hefur komið fram áður hefur umræðu um þetta skattalagafrv. verið frestað þannig að ekki er enn séð hver endanlega framvinda mála verður á því sviði. Hefði það mál verið útrætt og afgreitt þá hefðum við vitað um afdrif þeirra brtt. og þá hefði vissulega getað farið svo að þessar brtt. hefðu verið óþarfar eða ekki átt sér neina stoð. En þar sem fyrir þinginu liggja brtt. á skattalögunum frá, eins og ég hef nefnt áður, nokkrum hv. þm. þá höfum við fulltrúar Framsfl. í fjárln. talið rétt að fylgja þeim eftir með brtt. við tekjugrein frv.

Mig langar nú, hæstv. forseti, að gera nokkuð grein fyrir þeim brtt. sem fluttar eru á þskj. 463.

Þar er í fyrsta lagi breyting á eignarskatti einstaklinga og gert ráð fyrir því að hann hækki um 750 millj. kr., úr 1.545 millj. í 2.295 millj. Hér er um það að ræða að eignarskattstofn einstaklinga verði breikkaður sem mundi leiða til þess að tekjur ríkissjóðs mundu hækka um 750 millj. kr. Við gerum ráð fyrir því, eins og segir í áliti sem þeir hv. þm. sem flytja brtt. við skattalögin hafa sent fjárln., með leyfi hæstv. forseta:

„Á undanförnum árum hefur verið mikið umræða um að taka upp fjármagnstekjuskatt. Ríkisstjórnin hefur lofað aðgerðum á hverju ári en ekkert orðið úr því. Einfaldasta leiðin til að hefja skattlagningu fjármagns er að taka fjármagnseignir inn í eignarskattsstofn, eins og víðast er gert. Fyrsti minni hluti [efh.- og viðskn.] gefur sér þá forsendu að helmingur þeirra fjármagnseigna sem ekki eru taldar fram í dag komi inn í eignarskattsstofn. Lagt er til að skattfrjáls eignarskattsstofn verði hækkaður um 500 þús. kr. hjá einstaklingum og 1 millj. kr. hjá hjónum. Jafnframt er lagt til að sérstakur eignarskattur, eða svokallaður „ekknaskattur" verði felldur niður."

Þessar breytingar munu skila ríkissjóði upphæðum eins og ég hef áður getið um.

Ég vil aðeins ítreka það, virðulegur forseti, að gert er ráð fyrir því á móti breikkun skattstofnsins, að taka inn í hann eignir sem ekki hafa áður verið taldar til eignarskattsstofnsins, að hækka hinn skattfrjálsa eignarskattsstofn um 500 þús. hjá einstaklingum og 1 millj. hjá hjónum.

Þetta vil ég undirstrika að auk þess, eins og ég gat um áðan, er líka gert ráð fyrir því að sérstakur eignarskattur, sem stundum hefur verið nefndur ekknaskattur, er felldur niður. Er það einmitt 2. liður brtt. okkar á þskj. 463. Þar er gert ráð fyrir því að þessi skattur falli brott og er þar um að ræða 150 millj. kr.

Þriðji liður brtt. er við tekjuskatt einstaklinga. Gert er ráð fyrir því að hann lækki um 550 millj. kr., úr 14.500 millj. í 13.950 millj. Hér er lagt til að tekjuskattur einstaklinga lækki um þessa áðurgreindu upphæð. Annars vegar er um að ræða að vaxtabæturnar hækki um 200 millj. kr. og hins vegar að barnabótaaukinn hækki um 350 millj. kr.

Hér er lagt til að verulega sé komið til móts við þá einstaklinga sem verst eru settir, barnafjölskyldur og þá sem þurfa að greiða háan vaxtakostnað. Telja flm. að með þessu móti sé betur komið til móts við þá sem þurfa á aðstoð að halda en með þeim hugmyndum sem mest hafa verið í umræðunni að undanförnu að koma upp lægra skattþrepi í virðisaukaskattinum. Kem ég aðeins nánar að því á eftir.

Í fjórðu brtt. er gert ráð fyrir því að tekjuskattur félaga hækki um 150 millj. kr., úr 2.460 millj. í 2.610 millj. kr. Þar er tillagan sú að hætt verði við þau áform, sem eru í fjárlagafrv., að lækka tekjuskatt félaganna í 33%, og verði álagningin miðuð við 35%. Þetta mundi auka tekjur ríkissjóðs um 150 millj.

Fimmta brtt. er við liðinn Vörugjald þar sem gert er ráð fyrir að vörugjald gefi 160 millj. kr. tekjuauka, eða hækki úr 3.350 millj. í 3.510 millj. Hér er lagt til að hætt verði við lækkun vörugjalds á nokkrar tegundir sem tengd var lækkun virðisaukaskattsins á matvæli. Ef ég man rétt þá mun þar hafa verið sælgæti, gosdrykkir og eitthvað slíkt, en hér er gert ráð fyrir því að hætta við þessa tilfærslu.

Í sjöttu brtt. er fjallað um virðisaukaskattinn. Þar er gert ráð fyrir því að tekjur ríkissjóðs aukist um 600

millj. kr., eða úr 37.950 millj. í 38.550 millj. Hér er gert ráð fyrir því að hætt verði við að leggja virðisaukaskatt á fólksflutninga og gistingu sem kosti ríkissjóð 500 millj. Á móti kemur aukin velta miðað við nýja þjóðhagsspá sem talin er skila um 600 millj. kr. og bætt innheimta sem á að skila um 500 millj. Fyrir þessu hefur verið gerð ágæt grein í umræðum um skattalagafrv. og eyði ég því ekki tíma í það, virðulegur forseti, að rekja þetta nánar nú.

Sjöunda brtt. gerir síðan ráð fyrir því að tekjur minnki af tryggingagjaldinu um 310 millj. kr., eða lækki úr 10.850 millj. í 10.540 millj. kr. Hérna er lagt til að tryggingagjaldið lækki nettó um 310 millj. Annars vegar er lagt til að hætt verði við áform um sérstakt 0,35% tryggingagjald, sem þýðir um 560 millj. kr. minni tekjur, og að tryggingagjald vegna fólksflutninga og gistingar verði fært í það form sem er í dag, sem þýðir um 250 millj. kr. hærri tekjur. Nettóáhrifin á fólksflutninga og ferðaþjónustu eru því um 250 millj. kr. greininni í hag samkvæmt þessu.

Þegar þessar sjö fyrstu tillögur eru lagðar saman, virðulegur forseti, er um það að ræða að auka tekjur ríkissjóðs um 1 milljarð 660 millj., en þeir liðir sem frá dragast vegna lækkunar eru hins vegar upp á 1 milljarð og 10 millj. þannig að nettótekjuauki fyrir ríkissjóð væri 650 millj. kr. Það er skoðun okkar að með þessum tillögum, eins og ítarlega hefur verið rakið í þingi við umræður við annað mál, muni leiða til skilvirkara skattkerfis og nýtast betur þeim einstaklingum sem verið er að reyna að koma til móts við með breytingum á skattkerfinu. Það muni koma þeim meira til góða og auk þess muni ríkissjóður einnig fá umtalsverðan hag út úr þessum breytingum.

Við leggjum því til í áttundu brtt. að áætlanir hæstv. ríkisstjórnar um sölu eigna verði teknar til endurskoðunar og í staðinn fyrir 500 millj. komi 300 millj., eða áætlaðar tekjur af þessum lið lækki um 200 millj. kr. Þetta gerum við þar sem við höfum margsinnis haldið því fram að áform hæstv. ríkisstjórnar um einkavæðinguna séu ekki á rökum reistar. Þar fari menn offari og ekki sé líklegt að það takist að selja eignir fyrir hálfan milljarð eins og fjárlagafrv. gerir ráð fyrir. Þar byggjum við m.a. á reynslu frá síðasta ári þar sem ekki náðist markmið fjárlaganna. Ég hygg að ekki hafi náðst nema u.þ.b. helmingurinn sem áætlað var, líklega verið hugsað að afla tekna fyrir milljarð en ekki náðist nema u.þ.b. hálfur milljarður.

Eins og allir vita er langur vegur frá því að markmiðin í ár náist. Í fjárlögum ársins 1993 er gert ráð fyrir því að selja eignir fyrir 1,5 milljarða kr. en útlit er fyrir að ekki náist að selja eignir nema fyrir u.þ.b. kannski 100 millj. þannig að við teljum að 500 millj. sé ofáætlað og leggjum til að það verði lækkað nokkuð og gerum þó ráð fyrir því að ríkissjóður hagnist þrátt fyrir allt á þessum brtt. okkar um nær hálfan milljarð kr. eða 450 millj.

Virðulegur forseti. Ég hef nú reynt að gera nokkuð ítarlega grein fyrir þessum brtt. sem við hv. þm. Jón Kristjánsson, sem báðir eigum sæti í fjárln., leggjum til. Við lýsum ánægju okkar með að ríkisstjórnin hefur hopað ögn í hugmyndum sínum um álagningu virðisaukaskatts á ferðaþjónustuna þó svo við teljum að þar sé ekki enn nóg að gert því eðlilegt hefði verið að fella einnig niður þau áform sem uppi eru um að leggja virðisaukaskatt á gistingu. Ferðaþjónustan er vissulega sú atvinnugreinin sem við höfum bundið miklar vonir við að undanförnu. Þar hefur átt sér stað mikil uppbygging og við væntum þess að á næstu árum muni ferðaþjónustan skila umtalsverðum tekjum í þjóðarbúið og á meðan verið er að byggja þessa þjónustu upp hlýtur það að vera með ólíkindum að íþyngja nýrri atvinnugrein sem er í svo örri uppbyggingu með nýjum skattálögum og þess vegna leggjum við til að horfið verði frá því.

Þá mundi ég kannski, virðulegur forseti, víkja nokkuð að gjaldahliðinni. Hv. 4. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir, sem mælti fyrir nál. minni hluta fjárln., hefur vissulega gert ítarlega grein fyrir bæði tekjuhliðinni, þjóðhagshorfunum og nokkrum þáttum á gjaldahlið sem við teljum ástæðu til þess að fjalla um í okkar nál. og benda á í ræðum okkar í þinginu. Ég vildi þó ítreka og undirstrika frekar nokkur atriði.

Mun ég fyrst snúa mér að því að ræða nokkuð um heilbrigðismálin vegna þess að þar sýnist mér að forsendurnar sem fjárlagafrv. gengur út frá, nú þegar komið er að lokaafgreiðslu þess og við erum að ræða það við 3. umr., séu allar á mjög veikum grunni reistar. Nú vil ég ítreka og undirstrika það, sem ég hef út af fyrir sig oft sagt áður, að ég tel að í svo útgjaldasömum málaflokki sem heilbrigðis- og tryggingamálin eru þurfi að gæta ýtrasta aðhalds og það þurfi að leita allra leiða til að vel sé farið með þá miklu fjármuni og þess gætt að þeir skili því til þegnanna sem ætlað er, bæði í bótum svo sem tryggingakerfið gerir ráð fyrir og í þjónustu eins og heilbrigðisstofnununum er ætlað að gera. En ég hef haft uppi vissar efasemdir um að hugmyndir hæstv. ríkisstjórnar og þá einkum hæstv. heilbrrh., þess sem nú situr og þess sem sat næst á undan honum, hafi ekki verið vel grundaðar og ekki líklegar til að leiða til þess sparnaðar og hagræðingar sem nauðsynleg er á þessu sviði. Um það höfum við oft fjallað áður, hæstv. forseti, og mætti reyndar tala um það langt mál en ég ætla ekki að rifja upp söguna mikið heldur snúa mér að því fyrst og fremst að ræða um þær hugmyndir sem núna eru uppi í fjárlagafrv. og tengjast þeim brtt. sem meiri hluti fjárln. hefur lagt til við 3. og lokaumræðu um fjárlagafrv. fyrir árið 1994.

Eins og fram kom hjá hv. framsögumanni minni hluta nefndarinnar áðan voru dregnar til baka tillögur meiri hluta nefndarinnar við 2. umr. um að skera niður tæpar 200 millj. kr. til sjúkratrygginga. Okkur virðist við umræður í nefndinni þessa dagana og við athugun á þeim tillögum sem fyrir okkur hafa verið lagðar að þar sé ýmislegt athugavert og það sem brtt. nú byggja á sé ekki mjög traustur grunnur.

Ég spurði að því við 2. umr. hvernig hæstv. ráðherrar, hæstv. heilbrrh. og hæstv. fjmrh., hugsuðu sér að mæta hallanum af heilsukortunum svokölluðu sem áttu að gefa ríkissjóði 400 millj. kr. en hefur nú verið

horfið frá. Ég fékk ekki ítarleg svör við því þá en nú hafa hins vegar komið svör í þremur erindum sem fjárln. hefur borist á undanförnum dögum. Langar mig til að gera þeim erindum nokkur skil. Fyrst ætla ég þó að rifja upp þær hugmyndir sem voru settar fram strax við framlagningu fjárlagafrv. þegar það var lagt hér fyrir þingið á haustmánuðum.

Þá var gert ráð fyrir að spara í sjúkratryggingum 730 millj. kr. Þar munaði vissulega mest um fyrirhugaða sölu heilsukorta svokallaðra. Auk þess var gert ráð fyrir að endurskoða greiðslufyrirkomulag til lækna og átti það að lækka útgjöldin um 30 millj. kr. Þá átti í þriðja lagi að endurskoða greiðslu fyrir röntgenmyndatöku og rannsóknir og lækka útgjöldin um 120 millj. kr. við það. Í fjórða lagi átti að endurskoða fyrirkomulag lyfjaverðlagningar sem átti að leiða til 150 millj. kr. sparnaðar. Loks átti að bjóða út tannlækningar og spara með því 30 millj. kr. Þetta munu hafa verið þær tannlækningar sem tryggingakerfið greiðir fyrir aldraða og öryrkja.

Þegar ljóst var að ekki yrði af útgáfu heilsukortanna kom fyrsta bréfið til fjárln. Er það bréf dags. 2. des. og gerir ráð fyrir því í nokkrum liðum hvernig mæta megi þessari fjárvöntun. Þá ber svo við að menn komast að þeirri niðurstöðu að nokkurt svigrúm sé í sjúkratryggingakerfinu sem muni geta mætt u.þ.b. þessari sömu upphæð. Virtist það eins og vekja nokkra athygli sumra hv. ágætra viðmælenda nefndarinnar að svo undarlega skyldi vilja til að mögulegur sparnaður skyldi vera nánast alveg sá sami og heilsukortin áttu að gefa af sér þegar farið var að skoða málin — mikil tilviljun það!

Þessu átti að ná, virðulegur forseti, ef ég má rekja upp úr þessu bréfi, í fyrsta lagi með því að lækka útgjöld vegna hjálpartækja um 100 millj. kr.

Í bréfinu segir, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur að á grundvelli þríþættra aðgerða verði hægt að lækka kostnað vegna hjálpartækja um 100 millj. kr. en aðgerðirnar eru þessar:

1. Á grundvelli upplýsinga um verð í nágrannalöndunum verði leitað magnafsláttar frá framleiðendum hjálpartækja.

2. Hjálpartækin verði boðin út.

3. Í ríkari mæli verði stuðst við upphaflega kostnaðaráætlun seljanda þegar til greiðslu kemur."

Í öðru lagi er í þessu bréfi gert ráð fyrir því að lækka kostnað vegna utanferða. Það er kallaður „erlendur sjúkrakostnaður" og þar á að spara 60 millj. kr. Það á að gera í fyrsta lagi með því eins og segir, með leyfi forseta:

„1. Utanferðum vegna valbráraðgerða verði að mestu hætt.

2. Utanferðum vegna nýrnasteinaaðgerða verði hætt.

3. Utanferðum vegna glasafrjóvgunar verði að mestu hætt.

4. Utanferðum vegna hjartaaðgerða verði fækkað verulega."

Ekki er nú út af fyrir sig sundurliðað hvernig þessir fjórir liðir eigi að spara 60 millj. en gott ef það tekst. Ekki ætla ég að gera lítið úr því.

Í þriðja lagi átti síðan tannlæknakostnaður að gefa í viðbót upp í þessa fjárvöntun 100 millj. kr. Það átti að lækka tannlæknakostnaðinn með eftirfarandi aðgerðum:

„1. Eftirlit verði hert með endurgreiðslu ferðakostnaðar vegna tannviðgerða.

2. Eftirlit verði hert með greiðslu vegna tannviðgerða þannig að einungis verði greitt fyrir meiri háttar meðfædda galla.

3. Reglur um endurnýjun tanngóma verði hertar verulega."

Þessir þrír liðir eiga að spara ríkissjóði 100 millj. kr.

Ég verð að segja það strax, virðulegur forseti, að ég hef efasemdir um að þetta gangi upp. Auðvitað hef ég það ekki fyrir framan mig hvað ferðakostnaður vegna tannviðgerða er hár en skil ekki að með því einu að herða eftirlit með þessari endurgreiðslu sé hægt að spara umtalsverðar upphæðir. Í öðru lagi skil ég ekki næsta lið sem gerir ráð fyrir að með því að herða eftirlit með greiðslum vegna tannviðgerða þannig að einungis verði greitt fyrir meiri háttar meðfædda galla. Hvernig á þetta yfirleitt að hljóma saman? Kannski er hér átt við tannréttingar. En almennt held ég að menn kalli tannviðgerðir eitthvað annað en það sem tilheyrir meiri háttar meðfæddum göllum. A.m.k. er þá hér verið að fara algerlega yfir á nýja braut og væri fróðlegt og hefði náttúrlega verið nauðsynlegt, virðulegur forseti, að geta spurt hæstv. heilbr.- og trmrh. út í þetta mál. En mér skilst að hann sé því miður forfallaður í dag og ekki von á upplýsingum að þessu sinni. En ég óttast að þær upplýsingar sem við fáum þegar upp verður staðið verði þær að það hafi ekki tekist að ná fram þessum áætlaða sparnaði.

Þriðja liðnum ætla ég ekki að gleyma en hann er dálítið sérstakur líka. Ég veit ekki hversu mikill kostnaður hvílir á sjúkratryggingum vegna þess sem þar er nefnt, en þar hlýtur að eiga að spara umtalsverðar fjárhæðir, en það var að herða verulega reglur um endurnýjun tanngóma. Á þessum þremur þáttum á að spara 100 millj. kr.

Síðan eru hér nefndir tveir litlir liðir. Sjúkradagpeningagreiðslur á að lækka um 20 millj. með því að herða eftirlit, eins og segir reyndar um flesta þessa liði, með greiðslum sjúkradagpeninga til einstaklinga sem dvelja til lengri tíma á stofnunum. Sjúkraþjálfun á einnig að lækka með því að endurskoða reglur um greiðslu kostnaðar vegna sjúkraþjálfunar um aðrar 20 millj.

Til þess að ná upp í 400 millj. kr. áætlaða sparnaðinn er loks gert ráð fyrir því að spara í lyfjakostnaði í viðbót við það sem gert var ráð fyrir í fjárlagafrv. sjálfu. Þar voru nefndar 150 millj. kr. en á nú að endurskoða, eins og segir, með leyfi forseta, í þessu bréfi: „Gengið verði enn lengra en forsendur fjárlagafrv. gera ráð fyrir í sparnaði lyfjakostnaðar þannig að til viðbótar fyrri áformum náist 100 millj. kr. sparnaður, m.a. með sértækum aðgerðum til lækkunar á kostnaði vegna magasárslyfja." Ég endurtek af því að þetta mun endurtekið síðar hér í ræðu minni, virðuleg-

ur forseti, „sértækar aðgerðir til lækkunar kostnaðar vegna magasárslyfja upp á 100 millj. kr.“

Þetta bréf var dags. 2. des. og átti að spara sjúkratryggingunum 400 millj. kr. á móti því sem gert hafði verið ráð fyrir að innheimta með álagningu svokallaðra heilsukorta.

En fjórum dögum seinna berst hv. nefnd nýtt bréf frá heilbr.- og trmrn. það er dags. 6. des. þar er verið að leita leiða til að mæta þeim 180 millj. kr. sem reyndar voru lagðar fram sem sparnaðartillögur við 2. umr. en dregnar til baka til 3. umr. og eru nú endurfluttar eins og fram kom í framsöguræðu hv. formanns nefndarinnar áðan.

Þá ber svo við að í þessu bréfi segir, með leyfi forseta, og er þá verið að fjalla um sjúkratryggingar.

„Ráðuneytið hefur endurskoðað áætlanir sínar um sjúkratryggingar fyrir árið 1994. Svo virðist sem ýmsar þær sparnaðaraðgerðir sem gripið var til á síðasta ári hafi skilað meiri árangri en tekið var tillit til í forsendum áætlunarinnar fyrir árið 1994.“

Því ber vissulega að fagna ef þær aðgerðir sem gripið var til hafa náð meiri árangri en áður hafði verið gert ráð fyrir, þ.e. meiri en gert hafði verið ráð fyrir þegar fjárlagafrv. var samið í sumar og lagt fram í haust og meiri árangri en gert hafði verið ráð fyrir þegar verið var að leita sparnaðarleiða til að mæta 400 millj. kr. nokkrum dögum áður. Þá hefur þetta allt í einu komið í ljós, milli 2. og 6. des. Er þess þó ekki að neinu getið í því fjáraukalagafrv. sem við erum rétt búinn að fjalla um. Þar var a.m.k. ekki sýnt fram á viðbótarsparnað í sjúkratryggingunum en ánægjulegt væri ef sú yrði niðurstaðan þegar upp er staðið og við sjáum endanlegar tölur um útgjöld almannatryggingakerfisins okkar við áramót.

En hvernig á að ná þessum 180 millj. kr. sem á að spara til viðbótar, virðulegur forseti. Þar segir, ef ég má enn vitna í þetta nýja bréf, með leyfi:

„Ráðuneytið gerir ráð fyrir að heildaráætlunartala sjúkratrygginga lækki um 180 millj., úr 9.540 millj. í 9.360 millj. kr. Í þessari endurskoðuðu áætlunartölu er ekki gert ráð fyrir tekjum af heilsukortum en gert er ráð fyrir að önnur áform frv. til sparnaðar haldist, þ.e. áform um 150 millj. kr. lækkun lyfjakostnaðar, 120 millj. kr. lækkun röntgenrannsóknakostnaðar, 30 millj. kr. lækkun lækniskostnaðar og 30 millj. kr. lækkun tannlæknakostnaðar. Þessu til viðbótar komi ný sparnaðaráform sem áætlað er að skili 180 millj. kr. sparnaði en viðbótaraðgerðirnar eru þessar.“

Ég vil benda hv. þm. á að þessi upptalning er úr fjárlagafrv. sem lagt var fram í haust og inn í það hafa þessar tölur verið reiknaðar einhvern tímann í sumar. En einhvern veginn virðist eins og það hafi gleymst að í millitíðinni var búið að leggja til sparnaðartillögur upp á 400 millj. kr. sem áttu að nást með ýmsu móti. Og nú á að ná 180 millj. kr. sparnaði í viðbót. Hverjar eru þær tillögur, virðulegur forseti, sem koma fram í þessu ágæta bréfi? Þær eru nákvæmlega þær sömu og ég er búinn að lesa upp úr bréfinu frá 2. des. Nákvæmlega þær sömu nánast orðréttar.

Það er auðvitað ágætt ef mönnum hefur tekist á þessum fjórum dögum að átta sig á því að af þessum liðum, sem ég hef verið að tíunda hér á undan, sé ekki bara hægt að spara 400 millj. kr. heldur 200 millj. kr. til viðbótar. En hér segir, með leyfi forseta, tölurnar eru að vísu aðeins breyttar en textinn nánast sá sami:

„Hjálpartæki. Útgjöld vegna hjálpartækja verði lækkuð um 50 millj. kr. frá því sem fram kemur í töflu yfir sjúkratryggingar. Ráðuneytið telur að á grundvelli þríþættra aðgerða verði hægt að lækka kostnað vegna hjálpartækja um 50 millj. kr. en aðgerðirnar eru þessar:

1. Á grundvelli upplýsinga um verð í nágrannalöndunum verði leitað magnafsláttar frá framleiðendum hjálpartækja.

2. Hjálpartækin verði boðin út.

3. Í ríkari mæli verði stuðst við upphaflega kostnaðaráætlun seljanda þegar til greiðslu kemur.“

Nákvæmlega það sama og var í bréfinu fjórum dögum áður og átti þá að gefa af sér 100 millj. Hér er gert ráð fyrir að með þessum sömu aðferðum sé nú hægt að bæta við 50 millj. kr.

En það á líka að grípa til fleiri aðgerða, virðulegur forseti. Það á að lækka erlendan sjúkrakostnað. Og það á að gera með því að fækka utanferðum vegna hjartaaðgerða og spara um 15 millj. kr. Í 400 millj. kr. sparnaðinum var gert ráð fyrir þessu sama. Ekki veit ég nú hversu margar utanferðir til hjartaaðgerða hafa verið farnar á þessu ári, ég hef það því miður ekki. En hér sýnist mér að gert sé ráð fyrir sparnaði við þessar utanferðir um líklega a.m.k. aðrar 15 í fyrri tölunni þannig að hér séu 30 millj. kr. eða kannski meira, því að það var ekki ítarleg sundurliðun í fyrra bréfinu á erlendum sjúkrakostnaði sem átti að lækka um 60 millj. kr.

Síðan er gert ráð fyrir að lækka sjúkradagpeningagreiðslur, virðulegur forseti. Og hvernig ætti nú að gera það? Þar kemur nefnilega aftur nákvæmlega sami texti og var í fyrra bréfinu sem ég las áðan. Og til frekari áréttingar vil ég leyfa mér að lesa aftur, með leyfi forseta, úr hinu nýja bréfi sem er frá 6. des.:

„Skerpt verði á eftirliti með greiðslum sjúkradagpeninga til einstaklinga sem dvelja um lengri tíma á stofnunum. Í slíkum tilvikum verði einungis greiddir vasapeningar. Stefnt er að því að hert eftirlit skili 15 millj. kr.“

Í fyrra bréfinu átti þetta herta eftirlit að skila 20 millj. kr.

Loks er gert ráð fyrir að spara enn í viðbót 100 millj. kr. í lyfjum. Hvernig á að gera það, virðulegur forseti? Það á að gera með sértækum aðgerðum til lækkunar á kostnaði vegna magasárslyfja. Það hefur verið mikill kostnaður við þessi magasárslyf. 100 millj. átti að taka 2. des. og aðrar 100 millj. kr. 6. des.

Nú, ekki er allt upptalið, virðulegur forseti, því að 16. des. berst fjárln. enn bréf, nú frá fjmrn. Þar er komið í ljós að horfið sé frá að eignatekjutengja lífeyrisgreiðslur almannatryggingakerfisins þannig að hækka þarf útgjöld til lífeyristrygginga um 200 millj. kr. og reynt er að ná þessum 200 millj. kr. innan heilbrigðisþjónustunnar. Helmingnum af í sjúkratrygging-

unum og hinum helmingnum á ýmsum öðrum smærri liðum sem ég ætla ekki að eyða tíma í að telja upp en 100 millj. kr. á að ná í sjúkratryggingum með því að lækka greiðslur til lækna í tengslum við nýja samninga Læknafélags Reykjavíkur og Tryggingastofnunarinnar, annars vegar um 70 millj. kr., sem eru trúlega greiðslur til sérfræðinga, og síðan um 30 millj. kr. í samningum við heilsugæslulækna.

Ég vil ítreka það aftur, virðulegi forseti, eins og ég sagði áður en ég hóf að rekja sögu þessara mála að ég fagna því sannarlega ef hægt er ná svo mikilli hagræðingu eða sparnaði og ef það er raunin þegar upp er staðið að þetta ár sem nú er að líða komi út með miklum sparnaði umfram það sem fjárlög ársins í ár gerðu ráð fyrir. Þá er ekki nema gott eitt um það að segja ef hægt er að lækka kjarasamninga við einhverjar stéttir sem menn telja að hafi verið ofhaldnar, trúlega er það það sem menn eru hér að gera ráð fyrir.

Ef þessar tölur eru teknar saman, virðulegur forseti, og einstakir liðir sem hér hafa verið nefndir þá á að lækka kostnað við hjálpartæki um 150 millj. samtals, 100 millj. vegna heilsukortanna sem töpuðust og 50 millj. vegna 180 millj. kr. áætlaða sparnaðarins.

Greiðslur til lækna á að lækka um 250 millj. kr., það eru 30 millj. í frv., það eru 120 millj. vegna röntgen- og rannsóknaþjónustunnar sem er kannski ekki eingöngu til lækna. Það geta auðvitað líka verið greiðslur til sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana sem eru innifaldar í þeim lið og svo með 100 millj. kr. sparnaði vegna nýrra samninga. Og lyfin eiga enn að taka á sig stærstu upphæðina, upp á 350 millj. kr., það er í endurskoðun á verðlagningu, 150 millj., það er til þess að mæta niðurskurðinum vegna heilsukortanna, 100 millj., og það á einkum að nást af magasárslyfjum og svo aftur 100 millj. af þessum 180 millj. á sama hátt.

Greiðslur til tannlækna eiga að lækka um 130 millj. samtals, 30 millj. sem á að ná með því að bjóða út þjónustu þeirra við gamla fólkið eða aldraða og öryrkja og 100 millj. sem á að ná með því að lækka ferðakostnaðinn, tannviðgerðirnar og þessa endurnýjun tanngóma, þetta þrennt á að spara 100 millj.

Síðan voru aðrir smærri liðir eins og erlendi sjúkrakostnaðurinn upp á 75 millj., sjúkradagpeningarnir upp á 35 millj. og sjúkraþjálfunin upp á 20 millj. Samtals eru þetta 1.010 millj. kr.

Þegar frv. var lagt fram í haust þá var gert ráð fyrir því að sparnaður með breytingum með því að draga úr greiðslum fyrir hina ýmsu þætti væri 330 millj. kr., þegar heilsukortin eru talin frá, 330 millj. kr., þannig að viðbótarsparnaður, sem nú er ráðgerður og hefur verið að mótast í heilbrrn. þessa haustmánuði, er 700 millj. kr. til viðbótar.

Enn ítreka ég það, hæstv. forseti, að það er ánægjulegt ef þetta tekst án þess að það dragi verulega úr þeirri þjónustu sem við viljum sannarlega að heilbrigðiskerfið okkar veiti þeim sem á því þurfa að halda. Ef þetta er hægt að gera með því að hér hafi verið illa farið með fé og í sumum tilfellum kannski bruðlað með fé, þá ber að fagna því. En ég verð að segja það eins og er að ég mér finnst þessar tillögur, eins og þær eru lagðar fram, og það sem er á bak við þær eins og fram hefur komið í þessum tveimur bréfum sérstaklega sem ég hef borið saman, virðulegi forseti, og eytt nokkrum tíma í að ræða, ekki mjög traustvekjandi og ég óttast það og tel að þetta raunar undirstriki enn betur en nokkru sinni fyrr það álit sem við stjórnarandstæðingar höfum oft haldið fram að hinir ýmsu þættir þessa fjárlagafrv. séu því miður ekki á nógu traustum grunni reistir.

Hv. 4. þm. Suðurl. fór ítarlega yfir stöðu mála hjá stóru sjúkrahúsunum í Reykjavík og ætla ég því ekki að eyða löngum tíma, virðulegur forseti, í að fjalla mikið meira um það en langar þó aðeins til að geta þess að ég tel að þar hefði mátt lagfæra nokkra þætti án þess að verja í það mjög stórum upphæðum sem hefði verið afar mikils virði, afar þýðingarmikið. Mig langar t.d. að nefna úr erindi frá stjórnarnefnd Ríkisspítalanna beiðni þeirra um að fjölga sérfræðingum kvennadeildar um tvo. Þetta vil ég taka fram sérstaklega vegna þess að landlæknir hefur m.a. í sínu erindi til nefndarinnar einnig lagt áherslu á þennan þátt eða þetta atriði og talið að það væri nauðsynlegt til þess að öryggis sængurkvenna á kvennadeild sé gætt að fullu eða svo sem kostur er. Kostnaður við þetta er af stjórnarnefndinni áætlaður 8 millj. kr. og hefði kannski mátt komast af með helminginn af því og ráða þá ekki nema annan þennan sérfræðing sem hér var beðið um.

Hinn þátturinn sem mig langar sérstaklega að nefna úr þessu erindi, sem er ítarlegt og tekur á ýmsum þáttum, varðar hugmyndir stjórnarnefndarinnar um að efla eða styrkja vísindastarfsemi á vegum Landspítalans og undirstrika á þann hátt eða með því móti mikilvægi Landspítalans sem háskólasjúkrahúss og undirstrika líka með því móti mikilvægi þess að við reynum að stefna fram á við í þessum mikilvæga málaflokki. Þó að á bjáti eða erfiðlega gangi í okkar efnahagsmálum um sinn. Við megum ekki missa sjónar á því sem er okkur mikils virði og mikilvægt og stefnir til framtíðar. Við höfum einnig oft og tíðum horft til heilbrigðisþjónustunnar sem eins af þeim þáttum sem getur verið vaxtarbroddur í okkar atvinnulífi, hugsanlega aukið gjaldeyristekjur okkar ef vel er á málum haldið en það gerist auðvitað ekki ef stöðugt er skorið niður og stöðugt dregið úr þessari starfsemi í stað þess að reyna að treysta hana og styrkja og efla hana til þess að geta orðið þáttur í okkar gjaldeyrisöflun.

Þetta vildi ég nefna einnig, virðulegur forseti. Umsóknin til þess að framfylgja þessari stefnu hljóðaði upp á 9,4 millj. en auðvitað hefði líka verið hægt að mæta þar í einhverju óskum með lægri upphæð en sótt var um.

Borgarspítalinn lagði einnig fram ítarlegt erindi fyrir fjárln. og rakti þar ýmsa þætti sem talið var nauðsynlegt að skoða ef spítalinn ætti ekki að fara yfir á næsta ár með verulegan skuldahalla eða rekstrarhalla sem þeir áætla að kunni að verða um 120 millj. kr. og áætla reyndar að til þess eins að halda óbreyttri starfsemi á næsta ári þurfi sjúkrahúsið á um 180 millj. kr. að halda í viðbót við þær upphæðir sem eru í fjárlagafrv. og ég segi aftur að þó ekki hefði verið hægt að

verða við því öllu saman þá eru hér nokkrir liðir sem ég hefði talið nauðsynlegt og eðlilegt að líta á og álít að nauðsynlegt hefði verið að skoða og lagfæra. Þar er t.d. greint frá því ítarlega að það séu ekki líkur á því að sjúkrahúsið nái þeim sértekjum sem því eru áætlaðar. Hvaða tilgangur er í því að áætla sjúkrahúsinu að innheimta miklu meiri sértekjur en nokkur von er til þess að það nái?

Við sáum og höfðum fyrir okkur dæmi um þetta eða hliðstætt atriði varðandi sértekjuáætlun Ríkisspítalanna á þessu ári sem nú er að líða þar sem þeim var áætlað að innheimta miklu meiri sértekjur en mögulegt var. (Gripið fram í.) Út af þessu innskoti eða inngripi hv. þm. Egils Jónssonar sem gekk hér hjá ræðustólnum þá vil ég segja það við þann ágæta þingmann að ég tel að ég hafi hér í ræðu minni, sem að vísu er orðin líklega um klukkutíma löng eða svo, farið yfir liðina sem ég vildi nefna og árétta mjög málefnalega og rakið þá lið fyrir lið mjög greinilega án þess að eyða nokkrum tíma, varla nokkurri mínútu í það sem mætti kalla málþóf eða endurtekning. Ég hef verið að fara yfir þau atriði sem ég vildi leggja sérstaka áherslu á, hv. þm. og virðulegur forseti, og er nú senn að ljúka máli mínu því ég er senn að verða búinn að rekja þá þætti sem ég vildi undirstrika. En ég leyfi mér að andmæla alveg ákveðið þessari fullyrðingu hv. þm. Egils Jónssonar að hér sé uppi eitthvert málþóf enda hef ég ekki lagt það í vana minn að stunda það í þessum ræðustóli.

Ég var að tala um málefni Borgarspítalans og ætla aðeins að hverfa að því aftur þar sem ég var truflaður af hv. þm. og hafi einhver leitt til málþófs þá var það auðvitað þetta frammíkall hans en það getur varla talist málþóf þó maður svari með einni eða tveimur setningum, svona óverðskulduðu frammíkalli. Ég var að tala um að það væru ekki líkur á því að Borgarspítalinn næði að innheimta þær sértekjur sem honum eru áætlaðar í fjárlagafrv. og undirstrika að ég tel að það sé óskynsamlegt að leggja til í fjárlagafrv. eða fjárlögum að stofnanir innheimti miklu meiri sértekjur heldur en þær telja mögulegt öðruvísi en gera þá grein fyrir því hvað vakir fyrir þeim sem tillögurnar leggja fram, þ.e. hæstv. heilbrrh. í þessu tilviki og hæstv. ríkisstjórn, og gera þá stofnununum grein fyrir því með hvaða hætti þær eigi að afla þessara viðbótarsértekna.

Ég hef a.m.k. ekki orðið var við það í störfum fjárln. á þessu hausti að það hafi verið ítarlega farið ofan í þetta mál eða yfir þessar óskir sjúkrahúsanna en undirstrika að auðvitað getur það hafa verið gert og vonandi hefur það verið gert í störfum meiri hluta nefndarinnar en það hefur ekki verið gert á sameiginlegum fundum nefndarmanna allra.

Þá er aðeins ónefnt þriðja sjúkrahúsið af þessum sem oft eru kölluð stóru sjúkrahúsin í Reykjavík, þ.e. St. Jósefsspítalinn á Landakoti og þarf varla að fara mörgum orðum um það, virðulegur forseti, hversu illa er farið með það sjúkrahús í fjárlagatillögunum vegna þess að þar er gert ráð fyrir gríðarlegum niðurskurði sem mun auðvitað gjörbreyta rekstri þeirrar stofnunar ef ekki hreinlega, eins og stjórnendur sjúkrahússins sögðu á fundi fjárln. þegar þeir komu þar og gerðu grein fyrir sínu erindi, rústa starfsemi spítalans svo notuð séu þeirra eigin orð. Þar á að skera niður um 150 millj. kr. Gert er að vísu ráð fyrir að flytja til verkefni frá því sjúkrahúsi en ekki hefur enn þá verið lögð fram tillaga um það hvert eigi að flytja þau verkefni og hvaða fjármunir eigi að standa undir þeim kostnaði sem af því kann að leiða annars staðar og engar upplýsingar veittar stjórnendum sjúkrahússins, a.m.k. hafði það ekki verið gert þegar þeir gengu á fund fjárln., þá höfðu engar viðræður farið fram af hálfu ráðuneytisins við forsvarsmenn stofnunarinnar og engar hugmyndir eða tillögur verið sendar þeim um það hvernig að þessu ætti að standa.

Síðan langar mig, virðulegur forseti, að minna aðeins á erindi þau sem landlæknir lagði fyrir nefndina og þó auðvitað væri ekki hægt að verða við þeim öllum frekar en öðrum erindum sem ekki er hægt að sinna að fullu þá fagna ég því að meiri hluti nefndarinnar hefur lagt það til að færðir verði til fjármunir eða hliðrað verði til á einstaka fjárlagaliðum þannig að hægt sé að sinna tveimur af þeim erindum sem landlæknir lagði kannski hvað mesta áherslu á í sínu erindi, þ.e. svokallaðri fjargreiningu með símsendingu röntgenmynda og slysavörnum eða með því að leggja nokkra fjármuni til slysavarna og rannsókna á því sviði.

Þá langar mig einnig, svo hv. meiri hluti fjárln. njóti a.m.k. sannmælis um þá þætti sem ég get verið ánægður með í þeirra starfi, til að þakka þeim fyrir brtt. sem lagðar hafa verið fram við 6. gr. fjárlagafrv. Önnur þeirra varðar mál sem ég hef nokkuð barist fyrir á undanförnum árum og það er að fá fjármuni til þess að aðstoða nokkrar smærri hitaveitur sem eiga í fjárhagserfiðleikum eða hafa orðið að leggja svo há gjöld á notendur sína í heimtaugargjaldi og gjaldskrá að varla er hægt að bera þær saman við hitunarkostnað hjá hliðstæðum veitum annars staðar. Auk þess sem ég tel að með því að fá í þetta fjármuni væri gætt jafnræðis milli hitaveitna sem áður hafa fengið aðstoð á fjárlögum eða fjáraukalögum og hafa verið í svipaðri stöðu eins og þær sem hér er verið að tala um. Hv. formaður fjárln. gerði ítarlega grein fyrir þessu í framsöguræðu sinni og þarf ég því ekki að orðlengja um það mál frekar en þó ekki sé sett hér inn ákveðin fjárupphæð þá er þó komin heimild fyrir fjmrh. í samráði við iðnrh. og með samþykki fjárln. að koma til aðstoðar.

Í öðru lagi tel ég að hér hafi einnig náðst fram mikilvægt mál þar sem í síðustu brtt. við 6. gr. er gert ráð fyrir því að fjmrh. hafi heimild til þess að leggja fjármuni í svokallaðan vinnumatssjóð Háskólans á Akureyri. Fyrir þessu hafa starfsmenn við Háskólann á Akureyri barist á undanförnum árum og reynt að leita réttar síns í samræmi við það sem gerst hefur hjá Háskóla Íslands. Vissulega er þetta hluti af kjarasamningi og hefur þegar verið undirritaður kjarasamningur við starfsmenn Háskólans á Akureyri þar sem rætt er um vinnumatskerfi en það hins vegar ekki komist endanlega á og ég vona að þessi heimild verði til þess að ýta á þá vinnu og að það verði áður en langt líður sam-

þykktar reglur um vinnumatskerfi við Háskólann á Akureyri þannig að þeir sem þar starfa sitji við sama borð og starfsfélagar þeirra hjá Háskóla Íslands.

Þetta vildi ég hafa nefnt hér, virðulegur forseti, og tel mikilvægt að hafa fengið þessar heimildir inn í brtt. og gef mér það þá að sjálfsögðu að þær verði samþykktar við atkvæðagreiðslu að lokinni þessari umræðu.

Nú hef ég, virðulegur forseti, farið yfir þau atriði sem ég hafði mestan áhuga á að undirstrika og ræða sérstaklega eða ræða nánar við þessa 3. umr. um fjárlagafrv. fyrir næsta ár en ítreka þó og undirstrika í lokin að það er auðvitað ótal margt fleira sem hefði verið ástæða til að draga fram og benda á í þessari umræðu til þess að sýna fram á hversu ég tel og við minnihlutamenn teljum að þetta fjárlagafrv. sé á veikum grunni reist. Við ræddum það nokkuð við fjárlagagerð fyrir ári síðan hvernig við litum á fjárlagafrv. sem þá var til meðhöndlunar og höfðum efasemdir um að þær tölur sem þar voru settar fram og sá fjárlagahalli sem þar var að lokum samþykktur mundi standast. Og hvað hefur gerst? Þá sögu þarf ekki að rekja, hún er kunn öllum hv. þm. og reyndar þjóðinni allri og verður auðvitað ekki sagt um það nema eitt að hún ber þess glöggt vitni að efnahagsstefna hæstv. ríkisstjórnar hefur beðið skipbrot og ég óttast það mjög, virðulegur forseti, að svo verði einnig með það fjárlagafrv. sem við erum nú að ræða við lokaumræðu, að það muni einnig eiga eftir að koma í ljós að þar séu ekki öll kurl komin til grafar.

Útbýting þingskjala:

Lánsfjárlög 1994, 75. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 464.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, 263. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 465.

[19:50]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 419 við frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 frá menntmn. Menntmn. hefur fjallað um úthlutun heiðurslauna listamanna fyrir næsta ár. Af þeim 18 sem hlutu heiðurslaun á þessu ári eru tveir látnir. Að þeim frátöldum leggur nefndin til að sömu listamenn og hljóta heiðurslaun í ár njóti þeirra á árinu 1994. Þeir eru: Atli Heimir Sveinsson, Árni Kristjánsson, Guðbjörg Þorbjarnardóttir, Halldór Laxness, Hannes Pétursson, Indriði G. Þorsteinsson, Jakobína Sigurðardóttir, Jón Nordal, Jón úr Vör, Jórunn Viðar, Kristján Davíðsson, María Markan, Matthías Jóhannessen, Sigfús Halldórsson, Stefán Íslandi og Thor Vilhjálmsson.

Jafnframt gerir nefndin tillögu um að hver heiðurslaun hækki úr 850 þús. kr. í 875 þús. kr. Menntmn. stendur einróma að þessari tillögu.

[Fundarhlé. — 19:52]

[20:57]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Fjárln. hefur lokið störfum fyrir 3. umr. um fjárlög ársins 1994. Nefndarálit meiri hluta fjárln. liggur fyrir og þær breytingartillögur sem gerðar eru við frv. eins og það var afgreitt við 2. umr. Gerð hefur verið grein fyrir tillögum nefndarinnar og þeim helstu forsendum sem varða tekjugrein frv.

Við þessa umræðu eru fluttar tillögur við 4. gr. A-hluta ríkissjóðs til lækkunar að upphæð 243,9 millj. kr. Áætlaður halli ríkissjóðs er því 9 milljarðar 651 millj. kr. sem er lækkun um 170 millj. frá halla í frv. til fjárlaga.

Þær heildarbreytingar sem tillögur meiri hluta fjárln. fela í sér eru í fyrsta lagi hækkun á rekstrarútgjöldum um 407 millj., í öðru lagi lækkun á rekstrartilfærslum um 7 millj., í þriðja lagi lækkun á vaxtagreiðslum um 250 millj., í fjórða lagi hækkun á stofnkostnaði og viðhaldi um 338 millj. Útgjöldin hækka því alls um 502 millj. kr.

Breytingar á 3. gr. frv. eftir afgreiðslu þingsins fela í sér hækkun á tekjum um 675 millj. kr.

Helstu breytingar á tekjum eru 300 millj. kr. hækkun vegna breyttra þjóðhagsforsenda, 190 millj. kr. lækkun vegna breytinga í skattamálum og 565 millj. kr. hækkun vegna annarra breytinga, svo sem aukinnar fjáröflunar til vegagerðar. Að vísu eru minni tekjur vegna lækkunar á bensíni á heimsmarkaði sem hefur umtalsverð áhrif á vörugjaldatekjur ríkissjóðs af bensíni.

Á milli 2. og 3. umr. hefur fjárln. fengið til fundar forstjóra Þjóðhagsstofnunar þar sem hann gerði grein fyrir þróun helstu þjóðhagsstærða 1993 og horfur 1994. Horfur samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsáætlun eða drögum að henni gefa ákveðna vísbendingu um að við erum á réttri leið og árangur erfiðra aðgerða er farinn að skila sér. Til þess að draga athyglina frá þeim staðreyndum virðist stjórnarandstaðan hafa valið þann kostinn að þyrla upp pólitísku moldviðri kringum þær breytingar á skattalögum sem voru þegar afgreiddar og eiga að taka gildi um næstu áramót en hafa verið hér nokkuð til umfjöllunar í þinginu síðustu daga. Samkvæmt drögum að endurskoðaðri þjóðhagsáætlun er gert ráð fyrir að í ár aukist útflutningur vöru og þjónustu um 3,7% að magni samanborið við 2% í þjóðhagsáætlun. Viðskiptahallinn verði í ár 3 milljarðar í stað 5 milljarða svo sem þjóðhagsáætlun gerði ráð fyrir á þessu ári.

Þjóðhagsstofnun metur horfur vegna næsta árs, ársins 1994, þannig að landsframleiðslan verði 2% minni á næsta ári en á þessu. Það þýðir 0,6% minni samdráttur en gert var ráð fyrir í þjóðhagsáætlun. Þá er spáð meiri kaupmætti ráðstöfunartekna og minna atvinnuleysi en spáð var í þjóðhagsáætlun fyrir næsta ár.

Spáð er að verðbólga milli áranna 1993 og 1994 verði 2,5% sem er minna en í flestum aðildarríkjum OECD og minna en áður hefur mælst á Íslandi í næstum 30 ár. Öll eru þessi tákn jákvæð en vissulega ber að hafa í huga að sem fyrr er óvissa með afla og vegna minni veiðiheimilda og hinn mikli samdráttur í þorskveiðum á þessu fiskveiðiári mun hafa alvarleg áhrif á afkomu í þeim byggðum sem byggja mest á þorskveiðum. Þetta ber að hafa í huga þegar spár eru metnar og hin stóru meðaltöl eru sett fram.

Þegar fjárlögin eru metin er eðlilegt að horfa mjög til þess hver hallinn er á ríkissjóði. Fjárln. hefur það erfiða hlutverk að fara yfir frv. og meta hvort með einhverjum hætti megi draga úr útgjöldum og minnka hallann. Eftir ítarlega skoðun liggja fyrir niðurstöður. Halla ársins sem hér er lagt upp með verður að skoða í því ljósi að með samkomulagi á vinnumarkaði fylgja skuldbindingar ríkissjóðs um að tefla fram fjármunum til opinberra framkvæmda svo að dregið verði úr atvinnuleysi sem mest má verða án þess að það herði að atvinnulífinu með auknum álögum. Sá gullni meðalvegur er vandrataður. Spá Þjóðhagsstofnunar sýnir því að við erum á réttri leið þegar spáð er minnkandi atvinnuleysi á næsta ári.

Við 2. umr. gerði ég að umtalsefni nokkrar þær breytingartillögur sem fluttar voru. Þar á meðal þær sem kallaðar voru aftur til 3. umr. og eru endurfluttar nú. Mun ég því ekki tefja tímann með því að fjalla nánar um þær en ég gerði við 2. umr. Ég vil nefna eftirfarandi breytingartillögur sem nú eru fluttar og gera örstutta grein fyrir nokkrum þeirra.

Gerð er tillaga um að biskupsembættið fái heimild til þess að ráða í stöðu prests er sinni sjúklingum sem þurfa að gangast undir aðgerðir á erlendum sjúkrahúsum. Talin er mikil þörf fyrir þessa stöðu, einkum vegna fjölda sjúklinga sem gangast undir aðgerðir, m.a. í Gautaborg, en fjárln. gerir ráð fyrir því að þessi staða sé ekki bundin sérstakri borg erlendis heldur sé það á valdi biskupsembættisins að staðsetja starfsvettvang þess prests í samráði við heilbrigðisyfirvöld.

Í fjárlagafrv. var gert ráð fyrir verulegri lækkun til SÁÁ auk þess sem þeim var ætlað að innheimta sértekjur í meira mæli en áður hefur tíðkast. Eftir ítarlega skoðun komst meiri hluti fjárln. að þeirri niðurstöðu að ekki væri forsvaranlegt að draga svo mjög úr rekstri sem frv. gerði ráð fyrir. Því er lögð til hækkun um 13 millj. kr. Eftir sem áður er SÁÁ gert að innheimta sértekjur svo sem heilbrrh. hefur lagt til. Hefur komið fram hjá forsvarsmönnum SÁÁ að þeir hafa þegar hafið undirbúning þess að innheimta þessar aukatekjur. Er þess að vænta að með þeirri tillögu sem meiri hluti fjárln. hefur hér lagt fram um hækkun á framlagi til SÁÁ sé þessari starfsemi sköpuð bærileg eða viðunandi skilyrði til þess að reka þá mikilvægu starfsemi sem fer fram á vegum SÁÁ. En að sjálfsögðu verður að gera kröfu til þess að rekstur sé í föstum skorðum og alls sparnaðar gætt.

Til þess að tryggja og treysta til frambúðar þá mikilvægu starfsemi sem fer fram á Staðarfelli á vegum SÁÁ gerir meiri hluti fjárln. tillögu um að í 6. gr. verði eftirfarandi heimild: Að fjmrh. verði heimilt „að semja við Samtök áhugafólks um áfengisvandamálið um yfirtöku og afnot eigna ríkissjóðs að Staðarfelli í Fellsstrandarhreppi, að höfðu samráði við menntmrh. og fjárln."

Á þessu ári hefur farið fram undirbúningur af hálfu menntmrh. við að koma á nýjum samningi við SÁÁ um yfirtöku og afnot af húseignum Staðarfellsskóla. Ég hef haft nokkur afskipti af þessu máli fyrir hönd menntmrh. og hefur komið fram í viðtölum við forsvarsmenn SÁÁ að þeir telji eðlilegt að gerður sé samningur þar sem tryggð séu yfirráð samtakanna yfir húsakosti á Staðarfelli og jafnframt ákveðið með hvaða hætti þeir taki við og beri ábyrgð á þessum eignum. Hins vegar er nauðsynlegt að í slíkum samningi liggi fyrir með hvaða hætti eignunum verði komið fyrir ef breytingar verða á starfsemi þeirra þannig að heimaaðilar eigi möguleika á að hafa þar nokkur áhrif á svo og að sjálfsögðu menntmrh. fyrir hönd ríkisins sem er eigandi að öllum mannvirkjum.

Í nokkur ár hefur verið unnið að gerð sjálfvirks kerfis fyrir tilkynningarskyldu skipa. Samgrn. hefur nú tekið við framkvæmd þessara mála og unnið að því að koma þeim í eðlilegan farveg og er gert ráð fyrir því að Póstur og sími komi þar að. Þetta merkilega mál hefur gegnum tíðina verið sérstakt áhugaefni fjárln., fyrrum fjárveitinganefndar, og er þess að vænta að þessi fjárveiting geti flýtt framkvæmd verksins svo að auka megi öryggi íslenskra sjómanna en hv. fjárln. gerir tillögur um 10 millj. kr. framlag til þessa viðfangsefnis.

Málefni loðdýraræktar hefur verið til umfjöllunar og er gerð tillaga um að 14 millj. kr. gangi til niðurgreiðslu á loðdýrafóðri. Með því er reynt að styðja við þessa grein sem hefur átt í miklum erfiðleikum á undanförnum árum.

Gerð er tillaga um tveggja millj. kr. hækkun á rekstrarframlagi til Sólheima í Grímsnesi. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 1993 vék formaður fjárln. að fjárveitingu til Sólheima í Grímsnesi þar sem greint var frá því að fyrirhugað væri að gera sérstakan þjónustusamning við vistheimilið á þessu ári og enn fremur um þær breytingar sem fyrirhugaðar voru á rekstrarfyrirkomulagi heimilisins á árinu 1993. Í ræðu formanns fjárln. kom m.a. fram eftirfarandi:

„Í samráði við félmrh. mun fjárln. taka málefni Sólheima til skoðunar þegar fyrir liggur endanleg gerð þjónustusamnings á milli stjórnvalda og Sólheima í byrjun næsta árs og meta þá hver fjárþörf heimilisins þyrfti að vera á árinu."

Á þessu ári hefur af hálfu félmrn. verið unnið að gerð þjónustusamnings við stjórnendur Sólheima sem ætlað var að tæki til þessa árs og næsta árs. Ekki hafa náðst samningar á milli félmrn. og forsvarsmanna Sólheima. Við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 1993 var fjallað um málefni Sólheima og varð þá niðurstaðan sú að fjárveiting þessa árs skyldi standa óbreytt þrátt fyrir það að ekki hefðu náðst samningar. Það eru mikil vonbrigði að ekki skuli hafa náðst samningar á milli fulltrúa Sólheima og félmrn. Ekki skal neinn dómur á það lagður hér hverju það sætir en stofnun eins og Sólheimar og sú mikilvæga starfsemi sem þar fer fram getur að sjálfsögðu ekki búið við slíka óvissu. Gera verður kröfu til þess að aðilar leiti allra leiða til þess að ná samningum svo að óvissu um starfsemi Sólheima linni. Það verður að teljast eðlilegt að fjárln. fylgist áfram með framvindu þessara mála og félmrh. beiti áhrifum sínum til þess að lausn finnist og gerður verði þjónustusamningur við Sólheima í eðlilegu samræmi við þá starfsemi sem þar fer fram og að sjálf-

sögðu með sama hætti og gera þarf við aðrar sambærilegar stofnanir.

Rekstur stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík hefur verið til meðferðar í fjárln. og hafa stjórnendur sjúkrahúsanna gert nefndinni ítarlega og glögga grein fyrir aðstöðu og þeim vanda sem blasir við með þrengri fjárráðum þjóðarinnar sem hlýtur að endurspeglast gagnvart stærstu útgjaldaþáttum, svo sem sjúkrastofnunum, ekki síður en hinum smærri útgjaldaliðum á vegum ríkisins. Mikill niðurskurður á rekstrarframlagi Landakots, svo sem er í fjárlagafrv., hefur valdið miklum áhyggjum og hefur meiri hluti fjárln. m.a. komið á framfæri athugasemdum við heilbrrh. og ríkisstjórnina vegna þessa máls. Vegna þess vil ég taka fram að ég tel að hraða eigi sameiningu Borgarspítalans og Landakots. Á meðan verður að nýta óskipta liði sjúkrahúsa með fjölþætta starfsemi og liðinn Rekstrarhagræðingu til þess að tryggja að ekki verði kollsteypa í rekstri Landakots. Með sameiningu þessara sjúkrahúsa og með gleggri og betri verkaskiptingu stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík hlýtur að geta náðst fram hagræðing og sparnaður þannig að ekki þurfi að koma til aukinna fjárframlaga til viðbótar við það sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Heilbrrh. þarf hins vegar tóm til þess að vinna að lausn þessa mikilvæga máls en að sjálfsögðu er ekki óeðlilegt að það taki nokkurn tíma að ná fram svo mikilvægum breytingum sem eru bæði flóknar og vandasamar og ég treysti hæstv. heilbrrh. vel til þess að ná fram ásættanlegri og skynsamlegri niðurstöðu í þessu máli. Þess er vænst að fjárln. fái tækifæri til þess að fylgjast með framvindu þessa máls sem skiptir svo miklu um hagræðingu og sparnað í sjúkrahúsarekstrinum. Það skiptir trúlega mun meira máli en hvort sjúkrahúsin úti á landi hafa einum starfsmanninum fleiri eða færri þó auðvitað þurfi að líta á hvert einasta viðfangsefni, hvar megi ná árangri í sparnaði og hagræðingu.

Í breytingartillögum meiri hluta fjárln. er gerð tillaga um að sýslumannsembættin verði rekin með svipuðu sniði og verið hefur. Fallið var frá þeirri tillögu sem sett var fram í frv. til fjárlaga. Hæstv. dóms- og kirkjumálaráðherra hefur skipað nefnd sem ætlað er að gera tillögur um aukin verkefni embættanna. Á meðan á því starfi stendur er fallið frá þeim róttæku breytingum sem tillögur fjárlagafrv. gerðu ráð fyrir. Þess er þó að vænta að jafnhliða starfi nefndarinnar verði áfram unnið að skynsamlegri endurskipulagningu sýslumannsembættanna svo að ná megi fram hagræðingu og sparnaði og til þess að koma í veg fyrir að óskynsamleg umdæmaskipun torveldi löggæslu og þjónustu við íbúana. Eðlilegt er að þær breytingar sem kunna að verða gerðar tengist sameiningu sveitarfélaganna.

Meiri hluti fjárln. gerir tillögu um að hækka framlag til niðurgreiðslu á rafhitun um 50 millj. kr. Sá liður var í frv. 347 millj. og hækkar því í 397 millj. kr. Þessi hækkun er í samræmi við þá stefnu stjórnarflokkanna að draga úr þeim mikla mun sem er í húshitunarkostnaði eftir orkuveitusvæðum. Jafnhliða þessari fjárveitingu verður að gera kröfu til þess að orkufyrirtækin endurskipuleggi rekstur sinn svo að ná megi aukinni hagkvæmni. Þá liggur fyrir að ganga þarf til samninga við nokkrar hitaveitur, stórar og smáar, og leita leiða svo að þær megi verða hagkvæmari og geti lækkað orkuverð til notenda.

Fjárln. hefur eins og áður komist að því hve erfitt er að ná fram lækkun útgjalda. Úr öllum áttum berast óskir um aukin útgjöld í rekstri og tillögur um byggingar. Kaup á tækjum og ekki síst fjárveitingar í hugbúnaði fyrir öll þau fjölmörgu tölvukerfi sem í gangi eru á vegum hins opinbera. Ég minnist þess ekki að nokkur einasti forstöðumaður stofnana af öllum þeim fjölmörgu sem gengið hafa á fund fjárln. hafi borið nefndinni erindi um lækkun útgjalda eða tillögur um samdrátt í rekstri vegna þess að verkefnin hafi dregist saman eða þeim hafi lokið. Þessi staðreynd ætti að vera nokkurt umhugsunarefni um það á hvaða leið við erum í opinberum rekstri og í hvaða vanda Alþingi og ríkisstjórn er þegar þjóðartekjur dragast saman og nauðsynlegt verður að hemja eða draga úr ríkisútgjöldunum.

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að þær tillögur sem hér eru lagðar fyrir þingið af meiri hluta fjárln. fái greiða og góða afgreiðslu og verði að lögum og forstöðumönnum hinna fjölmörgu mjög mikilvægu stofnana ríkisins takist á næsta ári að fylgja fjárlögum og þeim takist með hinu ágæta starfsfólki sinna stofnana að vinna vel að því að framfylgja rekstri þeirra stofnana sem þeim er trúað fyrir.

Ég vil að lokum þakka starfsfólki fjárln. og ráðuneyta og meðnefndarmönnum mínum í fjárln. fyrir ánægjulegt samstarf við þá miklu vinnu sem fjárln. öll hefur lagt í að fara yfir fjárlagafrv. og þær fjölmörgu tillögur sem fyrir nefndina hafa verið lagðar. Eins og vænta má er ekki hægt að verða við öllum óskum, það verður að velja og hafna og það er á ábyrgð meiri hluta fjárln. að leggja fram tillögur í samræmi við stefnu stjórnarflokkanna en að sjálfsögðu með eðlilegu samráði og í samvinnu við stjórnarandstöðuna. Ég vænti þess að umræðu um fjárlagafrv. megi ljúka sem fyrst og þingmenn geti tekið til á sínum borðum og gengið til jólahátíðar áður en langt um líður.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 298. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 466; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 467.

[21:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þá erum við komin að því að ræða við 3. umr. um fjárlög og það hefur verið rakið allvel í þeim þremur umræðum sem við höfum haft um þessi fjárlög hvernig þau eru tilkomin og hvernig ástandið verður á fjárlögum næsta árs að óbreyttu. Það er útlit fyrir mikinn halla þar og þrátt fyrir það að útlit sé fyrir betra ástand á næsta ári í þjóðarbúskapnum í heild þá er ekki hægt að sjá að það muni skila sér í fjárlögunum, því er nú verr og miður.

Mér finnst samt rétt að vekja sérstaklega athygli á einu í sambandi við teknahliðina af því að það er

teknahliðin sem við erum að ræða hér, teknahlið, B-hluta fjárlaga og 6. gr. Að mestu leyti er umræðunni um gjaldahlið fjárlaga lokið við 2. umr. en í frv. hér eftir 2. umr. kemur það fram að í teknahlið fjárlaga er virðisaukaskattur 37 milljarðar 950 millj. kr. Með þeim breytingum sem nú er verið að leggja til kemur raunar í ljós að virðisaukaskatturinn verður heldur meiri og það finnst mér skjóta nokkuð skökku við þar sem hér hefur einmitt verið rætt um það að lækka virðisaukaskattinn og það mundi hafa þau áhrif að það mundi innheimtast miklu minna af honum á næsta ári þannig að hann yrði minna vægi í tekjuöflun ríkissjóðs en samkvæmt áætlunum á hann að gefa 38 milljarða og 815 millj. kr., þ.e. um það bil einum milljarði meira en gert var ráð fyrir við fyrri umræðu.

Það eru, e.t.v. bara þessar betri forsendur í þjóðarbúskapnum sem valda því að nú virðist vera hægt að innheimta aðeins meira og að tekjuhlið fjárlaga líti svona heldur skár út.

Frsm. minni hluta fjárln. lýsti því mjög vel í sinni framsöguræðu þegar hún gerði grein fyrir nefndaráliti minni hlutans hvernig staðan er í ríkisbúskapnum. Það er 10 milljarða halli. Hann hefur ekki minnkað í meðförum fjárln., síður en svo, og við stöndum frammi fyrir því að hann er orðinn í kringum 30 milljarðar á tveimur árum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þetta höfum við svo sem rakið hér margoft og þarf ekki að margendurtaka það, en það sem ég að öðru leyti vildi nefna eru nokkrir liðir, þ.e. að í brtt. meiri hlutans er gert ráð fyrir auknu framlagi í það sem merkt er atvinnumál kvenna. Það er í yfirstandandi fjárlögum 15 millj. kr. en verða 20 millj. á næsta ári samkvæmt fjárlagafrv. og þetta var liður sem hét Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni. Þessum texta hefur verið breytt í Atvinnumál kvenna þannig að hann nái þá yfir konur á öllu landinu en því miður tókst ekki í meðförum fjárln. að hækka þennan lið um nema 5 millj. kr. og verður það að teljast allt of lág upphæð þegar mið er tekið af því að atvinnuleysi kvenna er tvöfalt hærra en karla og það er margfalt hærra hér á Reykjavíkur- og höfuðborgarsvæðinu en á landsbyggðinni og er það þó nóg þar. Ég vil því gagnrýna það að ekki skuli hafa fengist meiri fjármunir til atvinnumála kvenna heldur en þetta því að vissulega hefði verið full þörf á því a.m.k. að tvöfalda þennan lið.

Þá vil ég einnig gagnrýna það að ekki hefur fengist fullkomin niðurstaða á framlagi til vistheimilisins að Sólheimum. Þar hefur ekki enn tekist að gera þann samning sem lofað hefur verið í heilt ár og kom fram í umræðu um fjárlög á síðasta ári þar sem þáv. formaður fjárln. taldi að nú yrði gerður samningur til lengri tíma og komið á föstum skorðum á þeim fjárveitingum sem vistheimilið mundi fá. Það hefur ekki enn gerst. Því hefur verið vísað til fjárln. en hv. fjárln. hefur ekki enn náð að koma því í verk að gera þann samning. Þess gjalda nú vistmenn að Sólheimum að ekki er búið að ganga frá þessu nægilega tryggilega.

Eitt verð ég þó að hrósa meiri hlutanum í fjárln. fyrir, að loksins sé fyrir einhvern vott af því að farið sé eftir stefnu ríkisstjórnarinnar í niðurgreiðslu á húshitun þar sem nú hefur allt í einu verið hækkaður sá liður sem heitir niðurgreiðsla á rafhitun um 50 millj. kr. og er það þó alla vega vottur í þá átt að halda áfram niðurgreiðslu á húshitun eins og lofað hafði verið í upphafi en hefur ekki verið staðið við í tæp tvö ár. Ríkisstjórnin reið á vaðið nokkuð myndarlega með þetta 1. júní 1991 og síðan ekki söguna meir fyrr en það sést núna vottur af þessu, eins og ég sagði, í væntanlegum fjárlögum.

Ég ætla ekki að taka frekar brtt. meiri hlutans. Ég áskil mér að sjálfsögðu rétt þó að ég standi ekki að þeim tillögum til að greiða atkvæði með þeim þar sem mér þykir það eðlilegt og ég get stutt þær sumar hverjar, aðrar alls ekki og get þá gert grein fyrir því í atkvæðagreiðslu.

Þá er þess að geta að við umfjöllun um B-hluta fjárlaga kom í ljós það sem menn svo sem höfðu vitað áður í sambandi við Ríkisútvarpið að það er í raun og veru mjög fjársvelt stofnun, þ.e. þeir hafa ekki getað fengið hækkuð afnotagjöld á síðasta ári og þeir hafa ekki neina von um að þau verði hækkuð á næsta ári. Það kemur alla vega ekkert fram í fjárlögum eða fjárlagafrv. að það sé neitt fyrirhugað og þeir horfa fram á erfiðleika í sínum rekstri ef ekki verður úr bætt.

Þá má einnig geta þess sem kemur fram í áliti okkar í minni hluta fjárln. að hjá Ríkisútvarpinu eru árlega felld niður afnotagjöld hjá almannatryggingaþegum og það mun jafngilda á næsta ári 190 millj. kr. tekjutapi fyrir Ríkisútvarpið og að þeir hafa verið með beiðni um að þetta mál væri skoðað og a.m.k. komið til móts við þetta með helmingagreiðslum frá almannatryggingakerfinu en þeir hafa eftir sem áður alltaf orðið að taka þetta tekjutap á sig.

Rafmagnsveitur ríkisins standa í miklum framkvæmdum til þess að reyna að styrkja rafdreifikerfi í sveitum og þrátt fyrir það að framlög ríkisins hafi á undanförnum 14 árum lækkað úr tæpum 195 millj. á föstu verðlagi í um 15 millj. Það hefur margoft verið gagnrýnt hér úr þessum ræðustól á síðustu tveimur þingum að ekki er nógu vel að þessum málum staðið og hefur það oft sýnt sig í óveðrum sem ganga yfir landið að rafdreifikerfi í sveitum er á fallanda fæti, þarfnast mikils viðhalds og samkvæmt því sem Rafmagnsveitur ríkisins sögðu okkur í fjárln. þarf á næstu 5 árum að verja 900 millj. kr. til þess að dreifikerfin geti talist rekstrarhæf.

Rafmagnsveiturnar hafa þess vegna séð sig tilneyddar til þess að leggja verulegt fé úr rekstri í þessi verkefni á hverju ári eða í kringum 75 millj. á ári. Á næsta ári áætla þær 85 millj. í þessi verkefni en ríkisvaldið kemur að engu leyti til móts við þetta. Það eru aðeins 15 millj. kr. ætlaðar í þetta verkefni af hálfu ríkissjóðs og Rafmagnsveitunum jafnframt gert að greiða 50 millj. kr. arð til ríkisins á næsta ári svo að þarna skýtur aldeilis skökku við.

Ég ætla aðeins að gera hér líka grein fyrir Pósti og síma. Það er í raun og veru mikil gróska í þeirra starfi. Þeir standa í miklum fjárfestingum vegna ljósleiðara og eru nú að sjá fram á lok þess verkefnis og mér finnst ástæða til að vekja athygli á því að þeir skila árlega

hundruðum millj. í arð í ríkissjóð og er ætlað að skila á næsta ári 850 millj. kr. og það er þrátt fyrir það að hér sé ekki um einkafyrirtæki að ræða og heldur ekki um hlutafélag að ræða, heldur er hér opinbert fyrirtæki. Póstur og sími er opinbert fyrirtæki, vel rekið og afsannar algerlega kenninguna um það að fyrirtækin þurfi að vera rekin í hlutafélagaformi eða einkarekin til þess að skila arði. Póstur og sími hefur þar af leiðandi staðið sig mjög vel.

Í 6. gr. fjárlaga eru ýmsar heimildargreinar eins og venja hefur verið í fjárlögum árlega og ég geri ekki sérstakar athugasemdir við það annað en að það er mjög einkennilegt það heimildarákvæði sem nú er frá samgrn. þar sem það tekur á og breytir öllum liðum í sínum stofnunum sem nýlega var búið að fara yfir í fjárln. og ræða um og setja niður. Síðan kemur 6. gr. heimild þar sem flatur niðurskurður er áætlaður á öllum liðum samgrn. til þess að afla 40 millj. kr. sem ráðherra ætlar að ráðstafa til sérstaks markaðsátaks. Þó að markmiðið sé gott tel ég þetta ekki rétta aðferð til þess.

Að öðru leyti tel ég að vel sé búið að gera grein fyrir afstöðu minni hlutans í fjárln. og ætla ekki að lengja mál mitt frekar.

[21:31]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. e. hefur farið ítarlega í ýmis atriði framhaldsnefndarálits minni hluta fjárln. við 3. umr. fjárlaga. Ég þarf ekki að endurtaka margt um þau vinnubrögð sem verið hafa. Þau voru til umræðu við 2. umr. málsins en við 3. umr. var að heföbundnum hætti rætt um tekjuhlið, B-hluta stofnanir og 6. gr. (**EgJ:** Og málþóf enn.) Varðandi útgjaldahliðina er það ljóst samkvæmt þeim ákvörðunum sem fjárln. hefur tekið að verið er að viða í nokkur myndarleg fjáraukalög að ári eða auknum hallarekstri sérstaklega með ákvörðunum í heilbrigðiskerfinu varðandi Ríkisspítalana og varðandi sjúkratryggingar eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. rakti mjög ítarlega í sinni ræðu.

Tekjuhlið fjárlaga er einn aðalþátturinn við 3. umr. málsins og að venju var hún send til umsagnar efh.- og viðskn. og fylgir álit hennar með áliti meiri hlutans samkvæmt þingsköpum. Tekjuhliðin hvílir á grunni m.a. þess skattafrv. sem verið hefur til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. Hv. varaformaður fjárln., 1. þm. Vesturl., orðaði það svo áðan að stjórnarandstaðan hafi þyrlað upp pólitísku moldviðri varðandi tekjuhliðina. Þar á hann vafalaust við þær brtt. sem hafa verið kynntar af 1. minni hluta efh.- og viðskn. og fjalla m.a. um eitt þrep í virðisaukaskatti og auknar barnabætur og vaxtabætur, tekjuskatt félaga, tryggingagjald, virðisauka á ferðaþjónustu og fólksflutninga, eignarskatt og vörugjald.

Það hefur verið reiknað út af Þjóðhagsstofnun að þessi pakki, ef samþykktur yrði, mundi styrkja stöðu ríkissjóðs verulega. Ég held að það hafi verið það sem við fjárlaganefndarmenn, hvort sem það var meiri eða minni hluti, urðum varir við í okkar starfi að ekki veitti af. Ýmsum úti í þjóðfélaginu finnst það ekki skynsamlegt sem ríkisstjórnin er að gera um þessar mundir. Ég er með í höndunum eintak af Morgunblaðinu sunnudaginn 19. des. Það er nýkomið úr pressunni og var að koma inn um dyrnar áðan. Um þá tillögu sem ríkisstjórnin er að keyra í gegnum þingið á lokadögunum segir í fyrirsögn í leiðara: „Hvers konar stjórnarhættir eru þetta?" — Það er ekki stjórnarandstaðan sem setur svona fyrirsagnir heldur er þetta Morgunblaðið sem hefur talist vera hlynnt þessari ríkisstjórn. Þar segir, með leyfi forseta:

„Það er alveg ljóst að innan stjórnarflokkanna er engin raunveruleg samstaða um að fara þessa vitlausu leið. Í samtali við Morgunblaðið fyrir nokkrum dögum sagði Vilhjálmur Egilsson, varaformaður efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, að hann teldi aðrar leiðir betri en væri bundinn af samþykkt ríkisstjórnarinnar. Í grein í Morgunblaðinu í gær sagði Sighvatur Björgvinsson, viðskipta- og iðnaðarráðherra, m.a.: „Nær væri að allir tækju höndum saman um frekari vaxtalækkanir en að krefjast lækkunar virðisaukaskatts á matvæli sem bæði skilar lægri fjárhæð í vasa lágtekjufólks en lækkun vaxta auk þess sem tveggja þrepa virðisaukaskattur er nánast ávísun á aukin skattsvik."

Þótt hér hafi einungis verið vitnað til eins þingmanns Sjálfstæðisflokks og eins ráðherra Alþýðuflokks er alveg ljóst að innan stjórnarflokkanna er víðtæk andstaða við þessa leið. Samt verður hún farin. Þótt öll efnislög rök hnígi í aðra átt skal hún farin. — Síðan segir: „Hvers konar stjórnarhættir eru þetta?"

Það er svo sannarlega að Morgunblaðið tekur undir það sem hv. 1. þm. Vesturl. kallar pólitískt moldviðri vegna tekjuhliðar fjárlaga.

Það kemur fram í áliti 1. minni hluta efh.- og viðskn. að með þessum ráðstöfunum sé hægt að styrkja stöðu ríkissjóðs um allt að 1 milljarði kr. og hefði svo sannarlega ekki veitt af því þessi fjárlög eru afgreidd með um 10 milljarða kr. halla. Ég vil enn minna á það að fjárlög fyrir ári voru afgreidd með 6,2 milljarða kr. halla og enda í 14 milljörðum a.m.k.

Í orðum mínum við þessa umræðu vil ég koma örlítið að Lánasjóði ísl. námsmanna. Fjárveitingar til hans eru lækkaðar. Það hefur gjarnan verið látið í veðri vaka að það sé vegna þess að allt sé í fína lagi varðandi úthlutanir námslána og þennan rekstur allan. Hv. stjórnarliðar hafa viljað nokkuð loka augunum fyrir afleiðingum þess lánakerfis sem tekið var upp. Ég vil láta nægja að rekja nokkur raunhæf dæmi um afleiðingar nýrra laga og reglna um Lánasjóð ísl. námsmanna.

Fyrsta dæmið er af einstæðri móður með eitt barn á framfæri sem hafði gengið vel í námi. Hún tók þá ákvörðun strax haustið 1992 að hætta námi þar sem hún treysti sér ekki til að framfleyta sér og barni sínu á bankalánum þangað til LÍN afgreiddi námslánið eftir áramót. Þetta eru raunveruleg dæmi. Einstæð móðir með eitt barn á framfæri hættir námi á miðju haustmissiri 1992 þar sem fyrirsjáanlegt var að hún mundi ekki uppfylla fáránlegar kröfur Lánasjóðs ísl. námsmanna um einingaskil til að hljóta fullt lán. 75% lán hefði engan veginn dugað henni fyrir framfærslu fjöl-

skyldunnar. Námsframvinda hennar var fullnægjandi að mati Háskóla Íslands. Þetta er raunverulegt dæmi.

Sambýlisfólk, sem bæði voru í námi skólaárið 1991–1992 og með eitt barn á framfæri, treysti sér ekki til að taka bankalán fyrir framfærslu fjölskyldunnar skólaárið 1992 og 1993 og hætti stúlkan því námi þar sem ljóst var að tekjur manns hennar yrðu meiri en hennar að námi loknu.

Einstæð móðir hættir námi að loknu haustmissiri 1992 þar sem barnið veiktist á próftíma sem gerði það að verkum að hún varð að sleppa tveimur prófum og fékk því einungis afgreitt 75% námslán frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Hún var því stórskuldug við bankann og fór að vinna fyrir þeim skuldum. (**ÓÞÞ:** Þetta er réttlæti vorra tíma.) Þannig mætti lengi rekja. Þannig væri hægt að rekja miklu fleiri dæmi sem liggja fyrir um þetta mál.

Það er kannski einmitt fyrir þetta sem lánþegar eru færri og lánasjóðurinn hefur þurft minni fjármuni til sinna útgjalda. Ég held að þó að það sé í sjálfu sér jákvætt að spara þá er ekki alveg sama hvernig maður sparar og hvar er sparað og það verður að huga að afleiðingunum.

Til fjárln. komu forráðamenn svokallaðra B-hluta stofnana. M.a. komu á fund nefndarinnar forsvarsmenn Atvinnuleysistryggingasjóðs sem er að verða einn af stærstu sjóðum í landinu. Hann veltir milljörðum króna. Þar kom fram að reglum um sjóðinn hefur verið breytt m.a. þannig að sjálfstæðir atvinnurekendur eiga rétt á bótum úr sjóðnum að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Einnig kom fram að í ár eru komnar 100–200 umsóknir um atvinnuleysisbætur úr sjóðnum en aðeins 25 af þessum uppfylla tilskilin skilyrði.

Minni hluti fjárln. er þeirrar skoðunar að þessi skilyrði þurfi endurskoðunar við. Það er alveg ljóst að ýmsar starfsstéttir, sem hafa rekið sjálfstæðan rekstur, búa við tímabundið atvinnuleysi og eiga ekki auðvelt með að losa sig við sín atvinnutæki og hætta, t.d. vörubílstjórar, smábátamenn sem eru atvinnulausir stóran hluta ársins, eða t.d. bændur en í sveitum er og hefur verið um langt árabil mikið dulið atvinnuleysi. Þessar reglur þurfa endurskoðunar við. Ég vil undirstrika við þessa umræðu að það er full þörf á þeirri endurskoðun.

Það hefur komið fram varðandi Ríkisútvarpið að þar dragast tekjur saman vegna samdráttar í þjóðfélaginu og vegna þess að auglýsingar eru kannski það fyrsta sem mörg fyrirtæki spara í sínum rekstri. Auglýsingatekjur hafa því farið minnkandi. Auðvitað má ekki sofna á verðinum með það að veikja Ríkisútvarpið um of vegna þessa tekjumissis því m.a. dreifingarkerfi þess er mikið öryggistæki sem þjóðin má ekki vera án. Það má ekki sofna á verðinum í þeim efnum. M.a. á eftir að taka veigamiklar ákvarðanir varðandi uppbyggingu langbylgjunnar varðandi Ríkisútvarpið.

Ef ég vík aðeins aftur að Atvinnuleysistryggingasjóði þá kom það í ljós í viðtölum við forráðamenn sjóðsins að allar ákvarðanir varðandi sjóðinn eru unnar án samráðs við stjórn hans og eru það náttúrlega alleinkennileg vinnubrögð.

Það hefur verið rakið með Rafmagnsveitur ríkisins að fjármagn til uppbyggingar raforkukerfis í sveitum hefur verið af mjög skornum skammti undanfarin ár og er náttúrlega dæmi um yfirvofandi hættuástand ef það kerfi er látið grotna niður.

Þess má geta að forráðamenn ríkisstofnana komu á fund fjárlaganefndar, t.d. forstjóri Áfengisverslunar ríkisins sem skýrði nefndinni frá minnkandi sölu á ýmsum áfengistegundum. Það má e.t.v. rekja til þess að mikið hefur verið um að gert sé upptækt ólöglegt brugg hérlendis. Það væri full þörf á því að fara yfir þær reglur og refsiákvæði sem gilda í þessu sambandi.

Eitt af því sem nefndin fór yfir fyrir 3. umr. var 6. gr. fjárlaga og vil ég gera hana örlítið að umtalsefni. Á 6. gr. eru alls konar heimildir til ráðherra að gera ýmsar ráðstafanir sem kosta peninga og er ákveðin sérstök upphæð til þessara þarfa. Þetta eru einkum heimildir til þess að kaupa eða selja ríkiseignir. Sú ásókn færist í vöxt hjá ráðherrum að ná sér í rúmar opnar heimildir á þessari 6. gr. Dæmi um slíkar heimildir er að finna sem meiri hluti fjárln. lét yfir sig ganga að setja inn á 6. gr.

Annað tilefnið var að stofna sjóð til markaðsátaks í ferðamálum sem er ágætis verkefni og minni hluti fjárln. tekur undir að full þörf er á að gera átak í þeim efnum. En aðferðin til að ná þessum 40 millj. sem ríkið ætlaði að leggja í sjóðinn voru dálítið einkennilegar, svo ekki sé meira sagt. Rétt eftir að fjárln. var búin að sitja við að útdeila fjármagni og skipta til vega- og hafnamála þá vildi fjmrh. í samráði við samgrh. fá heimild til að skera þessar stofnanir niður flatt upp á 40 millj. og fékk þá heimild hjá meiri hluta fjárln. Það má því búast við að það verði farið að kroppa einhvers staðar í þessar fjárveitingar. Þarna er e.t.v. ekki um miklar upphæðir að ræða miðað við þær fjárveitingar sem eru til Vegagerðarinnar og Vita- og hafnamálastofnunar og fleiri stofnana sem undir samgrn. heyra. En þetta eru auðvitað alveg óhæf vinnubrögð og fjárln. átti að taka á sig ef það átti að skera niður fyrir þessum upphæðum að gera það þannig að það lægi á ljósu hvar ætti að taka þetta og nefndin ákveði það. En það færist því miður allt of mikið í vöxt að ráðherrar eru að ná sér í einhverjar upphæðir til þess að úthluta með litlu samráði við fjárln. svo ekki sé meira sagt, samanber þennan margumtalaða milljarð sem átti að úthluta til atvinnuaukningar fyrr í sumar.

Hin heimildin var um ágætismál líka og þarft sem minni hluti fjárln. er alveg sammála að þurfi að gera. Þ.e að greiða þeim sem urðu harðast úti í vondu árferði, sérstaklega á norður- og norðausturlandi og jafnvel víðar, í sumar bætur m.a. vegna þess að fóðurframleiðsla brást á stórum svæðum. Þetta var ótilgreind heimild og ekki tilgreind upphæð í þessu sambandi eða reglur til að úthluta fénu. Auðvitað á fjárln. að fara yfir slíkt og fá þær reglur á borðið til sín, tiltaka upphæð í þessu sambandi og fá um það áætlun og fjalla um þessi mál.

Ég vil gera þetta að umræðuefni af sérstöku tilefni. Alls ekki fyrir það að minni hluti fjárln. sé að leggjast á móti þessum verkefnum, síður en svo. Þau eru

þörf. En þetta eru vinnubrögð sem mega ekki vaxa stig af stigi. Þingið má ekki alltaf sleppa meira og meira af sínu fjárveitingavaldi og lagasetningarvaldi frá sér. Það er mikil ásókn í þetta vald. Framkvæmdarvaldið á Íslandi er sterkt. Þeir hæstv. ráðherrar sem fara með völd hverju sinni, hverjir sem það eru, eru ýtnir menn og vilja ganga inn á verksvið þingsins í mörgum tilfellum. Og mér finnst satt að segja að hv. fjárln. sé ekki nógu vel á verði í þessu og vil þess vegna hafa þessi varnaðarorð.

Þjóðhagsstofnun kom að venju á fund fjárln. til að fjalla um tekjuhliðina og kom með þær góðu fréttir að það er heldur rýmra en reiknað var með þó langt sé frá því að það sé einhver bein leið fram undan. Ég viðurkenni að það eru ýmsar blikur á lofti en eigi að síður hefur landsframleiðslan verið meiri seinni hluta ársins vegna þess m.a. að sótt hefur verið á ný mið og loðnuafli verið góður.

En það er alveg ljóst að þetta fjárlagafrv. er afgreitt í nokkurri óvissu. Það er óvissa um tekjuhliðina og það hafa verið valdar slæmar leiðir til að tryggja hana. Besta leiðin í skattamálum hefur ekki verið valin. Það hefur verið sýnt fram á við umræður um skattamál í Alþingi. Það kveður svo rammt að því hvað vitlaus leið hefur verið valin að Morgunblaðið getur ekki orða bundist einmitt í dag. Þegar verið er að afgreiða og ræða um fjárlög vill Morgunblaðið koma þeim boðskap á framfæri að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir séu að velja vitlausa leið þrátt fyrir að flestir séu á móti henni og spyr eðlilega hvað sé að gerast í þjóðfélaginu og hvers konar stjórnarhættir þetta séu.

Því miður eru veikleikar í útgjaldahliðinni á frv. Ég er sannfærður um það nú eins og áður að við munum standa frammi fyrir myndarlegu fjáraukalagafrv. seinni hluta ársins.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseta þykir rétt að tilkynna að ekki er gert ráð fyrir atkvæðagreiðslu í kvöld. Ætlunin er að ljúka 3. umr., þeirri umræðu sem nú stendur, um fjárlög. Enn fremur 2. umr. um 3. dagskrármálið, um skattamál, og 2. dagskrármál, um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

[21:58]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég hef áhuga á að segja hér nokkur orð um Lánasjóð íslenskra námsmanna og hef áhuga á því að hæstv. menntmrh. heyri mál mitt. Nú veit ég að hann er í húsinu og geri í sjálfu sér ekki kröfu til að hann komi í þingsalinn ef hann telur ekki ástæðu til þess sjálfur.

Nú er óneitanlega komin nokkur reynsla á þau lög sem sett voru 1992 um Lánasjóð ísl. námsmanna og voru allumdeild hér á hv. Alþingi. Það er því ekki óeðlilegt að maður líti á þá reynslu og reyni að átta sig á hvort þarna hafi verið staðið rétt að verki eða ekki. Ég er reyndar sannfærð um það nú, eins og ég var þá, að þessi lagasetning væri mjög af hinu slæma fyrir námsmenn og í raun fyrir þjóðina sem slíka þar sem með þessum lögum væri hættan sú að þeir sem eiga ekki ríka að geti ekki farið í nám.

Til okkar í hv. menntmn. hafa komið forsvarsmenn frá lánasjóðnum og gumað mjög af því hvað þeir séu búnir að spara mikla peninga fyrir sjóðinn. Því er ekki að neita að útlán eru minni og þeir færri sem nýta sér þessa þjónustu. En ég lít svo á að það séu ekki endilega meðmæli með sjóðnum því hann eigi fyrst og fremst að vera til að þjóna námsmönnum og gera þeim kleift að stunda sitt nám og lánin eigi að vera framfærslulán. Í gögnum sem við fengum frá formanni lánasjóðsins kemur fram að þeir meta það svo að að óbreyttum úthlutunarreglum á árinu 1991 hefði fjárþörfin til námsaðstoðar verið u.þ.b. 4 milljarðar og 800 millj. kr. en verði 2 milljarðar og 660 millj. kr. Þeir telja sig þess vegna spara 2 milljarða með þessum nýju lögum.

Þeir segja einnig að þessar nýju úthlutunarreglur sem settar voru á grundvelli nýrra laga hafi bætt mjög árangur námsmanna. Formaður sjóðstjórnar leyfði sér að halda því fram að niðurstaðan væri sú að full námsframvinda hafi hækkað úr 30% skólaárið 1991–1992 í 64% á síðasta skólaári. Það eru algjörlega óásættanleg vinnubrögð að setja fram þessar tölur þar sem það sem lagt er til grundvallar er á þann veg að það er ekki samanburðarhæft. Námsmenn hafa í blaðagreinum komið fram með rök sem sýna fram á að þarna hafi formaðurinn farið með rangt mál. Það er ýmislegt sem má benda á í því sambandi og vil ég í örstuttu máli lesa nokkur af þeim atriðum sem námsmenn hafa bent á, með leyfi forseta.

Í fyrsta lagi voru margir meistara- og doktorsnemar skráðir með 75% námsframvindu skólaárið 1991–1992 en á síðasta ári voru þeir skráðir með 100% námsframvindu þrátt fyrir að námsframvinda þeirra hafi ekki breyst milli ára. Í öðru lagi var námsframvinda laga- og læknanema við Háskóla Íslands skráð sem fullnægjandi í tölunum á síðasta skólaári en var áður ekki tekin með. Í þriðja lagi var árangur í haustprófum við Háskóla Íslands vegna skólaársins 1991–1992 í mörgum tilfellum ekki skráður hjá LÍN. Þar af leiðandi voru margir með of lágt skráða námsframvindu skólaárið 1991–1992. Í fjórða lagi má segja að formaðurinn, Gunnar Birgisson, hafi ekki mikla hugmynd um námsframvindu þeirra námsmanna sem taka ekki lengur námslán. Því þessar nýju reglur hafa leitt það af sér að námsmenn taka ekki námslán í sama mæli og áður var. Það er kannski ekki mikið því formaðurinn hefur sjálfur sagt að þeir sem taki námslán muni aldrei geta komið sér upp þaki yfir höfuðið. Eða svo ég endurtaki þetta alveg orðrétt, með leyfi forseta: „Fólk sem fer í langt nám á námslánum mun verða í vaxtafjötrum allt sitt líf og aldrei lifa mannsæmandi lífi.“ Það eru því kannski ekki mikil meðmæli með því að námsmenn taki lán í þessum lánasjóði.

Formaður og framkvæmdastjóri lánasjóðsins færðu okkur þær upplýsingar líka að námsmönnum í íslenskum skólum á háskólastigi hafi fjölgað. Það telja þeir náttúrlega mjög góð rök með því að þessi lög séu af hinu góða þegar fólki fjölgar í námi í íslenskum háskólum og færri taka lán. En staðreyndin er sú að í

þeirra upplýsingum komu ekki fram neinar tölur um það hversu mikil fækkunin hefði orðið á meðal námsmanna erlendis. En þar hefur námsmönnum fækkað um 600 eftir því sem ég kemst næst. Það er fyrst og fremst fyrir það að lánin eru á þeim afarkjörum að fólk verður að reyna eins og það getur að vinna með náminu eða búa heima hjá foreldrum sínum og það gefur auga leið að það geta námsmenn ekki gert sem fara í nám erlendis.

Enn fremur kemur það fram í þeim upplýsingum sem ég hef undir höndum að sú grein laganna sem var hvað mest gagnrýnd hér við lagasetninguna vorið 1992, þ.e. 6. gr., sem kveður á um eftirágreiðslur lána, að lán séu aldrei greidd út fyrr en námsmaður hefur sýnt fram á námsárangur sparar sjóðnum enga peninga en veldur hins vegar námsmönnum miklum erfiðleikum.

Þá var talað um að það væri fyrst og fremst vegna umframgreiðslnanna sem þyrfti að koma þessum ákvæðum inn í lög. Það væru 50 millj. kr. á ársgrundvelli sem væru umframgreiddar til námsmanna vegna þess að þeir vanáætluðu tekjur sínar. Það kom jafnframt fram þegar unnið var að þessari lagasetningu að 90% af þessum 50 millj. á ári sé endurgreitt á sama ári en það var eins og þær staðreyndir næðu aldrei eyrum hv. stjórnarsinna og hæstv. menntmrh. Það nýja kerfi sem tekið hefur verið upp með eftirágreiðslunum og býður upp á það að námsmenn þurfa að taka lán á almennum markaði þar til þeir fá lán úr lánasjóðnum geri það að verkum að á milli 30 og 40 millj. koma að auki í lánveitingar vegna þessara fyrirframlántöku, þ.e. vegna lána sjóðsins út af vöxtum. Ef námsmenn sem nýta sér þjónustu sjóðsins hefðu orðið álíka margir áfram þá hefði þetta verið samsvarandi upphæð enda hefur komið fram hjá ýmsum stjórnarsinnum á hv. Alþingi að þeir geri sér ósköp vel grein fyrir því að 6. gr. spari enga peninga.

Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi hér fram vegna þess að ég hef alltaf borið þá von í brjósti að það yrði hægt að taka upp þessi lög þegar reynslan væri farin að sýna hvað þau leiða af sér og breyta þó ekki væri nema þessari 6. gr. og þá endurgreiðslugreininni sem er á þann veg að námsmenn þurfa að greiða allt að 7% af launum þegar þeir hafa lokið sínu námi. Má jafnvel segja að það geti orðið 10% af ráðstöfunartekjum sem námsmenn þurfa að greiða í lánasjóðinn í formi afborgana eftir að þeir hafa lokið námi og eru komnir út í atvinnulífið.

Ef hæstv. menntmrh. hefði verið hér hefði verið freistandi að spyrja hann að því hvenær hann hyggist skipa þá nefnd sem hann hefur lofað námsmönnum að skipa sem eigi að fara yfir reynsluna og líta á þá þætti sem eru námsmönnum hvað erfiðastir. Ég vænti þess að það sé með það í huga að það megi hugsanlega ná fram breytingum. Ég veit að hæstv. menntmrh. hefur lofað þessu og mér dettur ekki í hug að hann muni svíkja það heldur sé það frekar spurning hvenær af þessu verði.

Það mætti nefna fleira, hæstv. forseti. Það heyrist t.d. æðioft að námslánakerfið hér sé það besta á Norðurlöndum. Ég minnist þess einhvern tímann að hafa heyrt hæstv. menntmrh. láta þau orð falla. Nú er svona samanburður alltaf mjög erfiður því það er svo margt sem getur spilað þar inn í. En ég hef séð úttekt í norsku dagblaði sem ber saman námslánakerfin á Norðurlöndunum og segir að íslenska námslánakerfið sé næstlakast en það danska best. Svoleiðis að það er ekki einróma álit að Íslendingar geri best við námsmenn.

Ég vil svo að síðustu segja að það er kannski spurning um hugarfar þegar menn ræða um Lánasjóð ísl. námsmanna og hvernig hann eigi að vera. Hvort þar eigi kapítalismi að ráða ríkjum eða fyrst og fremst það að líta á sjóðinn sem þjónustuþátt fyrir námsmenn sem eigi að gera þeim kleift að stunda nám, hvort heldur þeir eru af ríkum komnir eða ekki, sem sagt með jafnréttishugsjónina að leiðarljósi. En það álít ég að hafi ekki verið haft að leiðarljósi við þá lagasetningu sem ég hef gert að umtalsefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412.

[22:13]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vil hefja mál mitt á því að segja að nú er komið að því að styttist að þingið lýkur sínum störfum fyrir jól. Auðvitað spyr einhver hluti þjóðarinnar um hvaða málefni þingið hafi verið að takast á síðustu daga og nætur. Menn trúa því kannski að hér séu gagnlitlar umræður um einskis nýta hluti. Við framsóknarmenn höfum í þessum umræðum lagt þunga áherslu á baráttu gegn því skattkerfi sem ríkisstjórnin er nú að reyna að koma hér á og teljum að mjög vel athuguðu máli að menn séu að fara rangar leiðir. Við höfum náð verulegum árangri í að afstýra vitlausum atriðum sem hér átti að koma á.

Ég vil minna á að nú liggur það fyrir að þessi barátta hefur skilað því að við höfum unnið fullnaðarsigur í að koma í veg fyrir snarvitlaus áform hvað skattlagningu virðisauka á flug og flutninga varðar. Nú hefur ríkisstjórnin fallið frá því að bera þetta mál hér fram. Þar höfum við því unnið sigur. Þetta var sérstakur skattur á flug fólksins í dreifbýlinu. Þetta var sérstakur skattur á ferðaþjónustuna sem er einn mesti framtíðaratvinnuvegur Íslendinga og skilar þegar orðið 12–13% af gjaldeyristekjum. Ég er sannfærður um að ef við hefðum setið rólegir undir þessum áformum þá hefði þessi nýja atvinnugrein Íslendinga verið slegin því rothöggi að hún hefði átt mjög erfitt um vik næstu árin. Fyrir utan hitt að menn verða að gera sér grein fyrir því að þessi skattaáform voru sérstakur landsbyggðarskattur.

Ég tek dæmi úr mínu kjördæmi. Hvers vegna skyldi fólki mismunað svo að þeir sem búa í Vestmannaeyj-

um ættu að borga sérstaklega fram yfir aðra í ríkissjóð fyrir það að þurfa að nota flug og ferðalög og flutninga með Herjólfi? Auðvitað sjá allir réttlátir menn að þetta kerfi gat ekki gengið upp. Hér var verið að sértaka lítinn hóp þjóðarinnar til þess að leggja á hann sérstaklega þungar byrðar sem ekki gengu upp.

Nú skulum við átta okkur á því að þegar langt er liðið á laugardagskvöld ber svo við eins og jafnan áður að Morgunblaðið, stærsta og útbreiddasta blað þessa lands, er borið inn á hvert einasta heimili liggur við á landinu því þó menn séu kannski ekki áskrifendur dagsdaglega þá kaupa flestir helgarblaðið. Nú vil ég benda þingheimi á það að Morgunblaðið er ekki sérstaklega í þeim leiðara sem það skrifar fyrir sunnudaginn, daginn á morgun, að skamma stjórnarandstöðuna. Morgunblaðið hefur hingað til verið talið málgagn Davíðs Oddssonar og ríkisstjórnar hans. Hvað heitir leiðari dagsins á morgun? Leiðari dagsins á morgun heitir: „Hvers konar stjórnarhættir eru þetta?" Ekki er þetta sérstakur skammarleiðari um stjórnarandstöðuna á Alþingi. Nei, þetta er sérstakur skammarleiðari um ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Málflutningur framsóknarmanna síðustu daga hefur skilað því að menn eru að átta sig á því að þær skattkerfisbreytingar sem ríkisstjórnin, aðilar vinnumarkaðarins og meiri hlutinn á Alþingi hefur áformað að koma fram ganga ekki upp. Það eru ekki skattalög sem verða láglaunamanninum eða verst settu fjölskyldunum að gagni.

Við skulum líta á þennan leiðara sem segir svo skýrt: „Hvers konar stjórnarhættir eru þetta?" Hvaða skilaboð er ritstjóri Morgunblaðsins að senda kjósendum Sjálfstfl. og Íslendingum um þá ríkisstjórn sem hér stjórnar? Þar segir um áform ríkisstjórnarinnar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Til viðbótar þessum röksemdum" — þar er verið að fjalla um tvö þrep í virðisaukaskattinum — „hafa tveir fulltrúar kaupmanna tekið höndum saman um að leiða bæði verkalýðsforustu, ráðherrum og þingmönnum fyrir sjónir að lækkun matarskattsins mundi leiða til stórfelldra skattsvika og valda því að þeir kaupmenn sem telji rétt fram eiga erfiðara um vik í samkeppni við aðra." — Segir í leiðara Morgunblaðsins.

Ég hygg að Íslendingar séu almennt sammála um það að eitt mesta þjóðarböl Íslendinga um þessar mundir er að tvær þjóðir ríkja hér í dag, sín við hvorar aðstæður. Það er talið að 10–15 milljarðar séu nú í undirheimum og komi hvergi fram til skatts. Þetta veldur miklum mun og Morgunblaðið sér það auðvitað að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er með sínum áformum að hvetja nýja skæruliða á vettvang til þess að rústa heiðarlega menn sem gjalda keisaranum það sem keisarans er. Gjalda skatt af hverri krónu sinni til ríkissjóðs og njóta með réttlátum hætti þeirrar þjónustu sem ríkið býr þegnunum. En hinn hópurinn er því miður æðistór sem nýtur þjónustunnar en geldur ekki keisaranum það sem keisarans er. Það er þessi hópur sem nú stendur til að stækka.

Við skulum halda áfram með þessi leiðaraskrif Morgunblaðsins. Þar segir:

„Það er alveg ljóst að innan stjórnarflokkanna er engin raunveruleg samstaða um að fara þessa vitlausu leið." — Morgunblaðið segir: „þessa vitlausu leið".

„Í samtali við Morgunblaðið fyrir nokkrum dögum sagði Vilhjálmur Egilsson, varaformaður efh.- og viðskn. Alþingis, að hann teldi aðrar leiðir betri en væri bundinn af samþykkt ríkisstjórnarinnar." Allt í einu sjáum við það að sterkur ungur þingmaður telur sig ekki lengur skyldugan til þess að fylgja sinni sannfæringu eins og svo skýrt er kveðið á um að hver þingmaður skuli gera. Nei, hann skal lúta einhverri samþykkt sem gerð hefur verið á milli stjórnarflokkanna. Auðvitað má spyrja sig hvers vegna það gerist að Sjálfstfl. og Alþfl., sem alla tíð hefur verið andvígur þessari leið, eru allt í einu orðnir sérstakir bandamenn skattsvikaranna. Þeir kjósa að fara þá leið sem færustu, við skulum segja reiknimeistarar og mestu kunnáttumenn í skattamálum Íslendinga telja að ekki muni skila þeim markmiðum sem ætlað er heldur auka enn á skattsvikin.

Síðar segir: „Í grein í Morgunblaðinu í gær sagði Sighvatur Björgvinsson, viðskipta- og iðnaðarráðherra, m.a.: „Nær væri að allir tækju höndum saman um frekari vaxtalækkanir en að krefjast lækkunar virðisaukaskatts á matvæli sem bæði skilar lægri fjárhæð í vasa lágtekjufólks og lækkun vaxta auk þess sem tveggja þrepa virðisaukaskattur er nánast ávísun á aukin skattsvik.""

Ég mun koma nánar í ræðu minni að skattastefnu Alþfl. sem um tíma var mjög vel upp byggð til að snúast gegn skattsvikum. Þar fór auðvitað fyrir liði á sínum tíma Vilmundur heitinn Gylfason og fleiri ungir menn. Því spyr maður nú: Hvar er hinn gamli Alþfl.? Hvar er hinn réttláti Alþfl.? Er honum orðið sama um öll prinsipp og stefnuatriði? Lætur hann sér bara líka það að fá bitlinga og störf? Að geta hvatt sem flesta af þessum fáu flokksmönnum sínum sem eftir eru til að taka að sér trúnaðarstöður með háum launum í hinum ýmsu stofnunum ríkisvaldsins á Íslandi og erlendis líka, í Brussel og víðar? Gamall og réttlátur flokkur eins og hann var hefur fórnað samvisku sinni fyrir lítið.

Síðan segir Morgunblaðið: „Þótt hér hafi einungis verið vitnað til eins þingmanns Sjálfstæðisflokksins og eins ráðherra Alþýðuflokks er alveg ljóst að innan stjórnarflokkanna er víðtæk andstaða við þessa leið. Samt verður hún farin þótt öll efnisleg rök hnígi í aðra átt." — Skal hún farin. Hvers konar stjórnarhættir eru þetta? spyr Morgunblaðið. Ég hygg að Morgunblaðið sé þeirrar skoðunar að framsóknarmenn hafi ekki erfiðað hér til einskis fyrir þjóð sína að vekja hana til umhugsunar um að sú skattaleið sem nú er áformuð er auðvitað ófær.

Nú vil ég, hv. þm., fara aðeins yfir að það ríkir einn vilji í þinginu um það að matvara skuli vera í lægra skattþrepi. Allur þingheimur mun vera sammála um það að matvaran skuli vera í sama skattþrepi. Því lægra, 14,5%. Hún er það í dag og Framsfl. er á þeirri skoðun að svo eigi að vera áfram. Því er það rangt sem DV segir í dag: „Heiftarlegar deilur um lækkun matarskatts." Það eru engar deilur um lækkun matarskatts.

Það eru deilur um með hvaða aðferð þessum peningum ríkisins skuli komið í vasa láglaunafólksins á Íslandi. Við höfum farið vel yfir það að við teljum að aðrar leiðir, sem ég kem nánar að á eftir, séu miklu líklegri til þess að skila launafólkinu á Íslandi því sem það þarf á að halda.

Framsfl. hefur í þessum umræðum ákveðið að ganga ekki í bandalag með skattsvikurunum sem eru taldir hafa 10–15 milljarða utan við kerfið í dag og enginn virðist ráða við. En það er kannski söguleg niðurstaða að auk Sjálfstfl. og Alþfl. ætli Alþb. að ganga í bandalag með skattsvikurunum og standa að því að þessi ranga leið verði farin.

Þetta er staðreynd málsins hvað það varðar og ég vil ítreka örlítið hvert við framsóknarmenn viljum fara í þessu máli. Það hefur um árabil, eins og ég sagði áðan, verið okkar skoðun framsóknarmanna, að það beri að lækka verð á matvælum, einkum þeim sem vega þyngst í matarkaupunum. Við teljum að kjarasamningarnir sem fólu í sér auknar niðurgreiðslur á landbúnaðarvörum sl. vor þannig að þær bera nú 14% virðisaukaskatt eigi að vera með þeim hætti áfram og að það hafi verið rétt ákvörðun á síðasta vori að samið var um að lækka virðisaukaskatt af öðrum matvælum niður í 14% frá og með næstu áramótum.

Eins og ég hef sagt höfum við eftir að hafa farið yfir málið, hlustað á rök færustu manna í fjmrn., látið skoða málið á hinum ýmsu stofnunum, komist að þeirri niðurstöðu að lækkun á virðisaukaskatti, sem ætlað er að taki gildi um næstu áramót, skili ótrúlega litlu í krónum talið og jafni kjörin lítið. Í þeim gögnum sem framsóknarmenn hafa undir höndum úr fjmrn. kemur fram að þegar á heildina er litið fer meiri hlutinn af þeirri upphæð sem þessi lækkun skilar til þeirra fjölskyldna sem meiri tekjur hafa. Við skulum hugsa okkur að sú aðgerð að hafa tvö þrep í virðisaukaskattinum í verslununum er þannig að hálaunamennirnir njóta hennar miklu fremur en láglaunamennirnir. Þess vegna viljum við fara endurgreiðsluleiðina, að matvaran verði áfram niðurgreidd á heildsölustiginu og þeim peningum sem sparast verði með ýmsum hætti komið til fjölskyldnanna í landinu sem hafa lágu tekjurnar og eiga mörg börn.

Auk þess felst í okkar tillögum að við sjáum verulegan árangur í samkeppnisstöðu Íslands og mikla kjarabót fyrir alþýðu að geta, ef farið væri eftir tillögum framsóknarmanna, lækkað virðisaukaskattshlutfallið úr 24,5% niður í 23%. Þar erum við á réttri leið. Ég hygg að flestir geri sér grein fyrir því að Íslendingar verða með einhverjum hætti að þrepa sig niður hvað þetta varðar. Flestar þjóðir eru á bilinu 18 til 21–22%, þannig að það er mikilvægt að við náum þarna réttri lendingu og sjáum að þessi hái skattur taki að lækka. Með okkar tillögum mundi sá árangur nást.

Við höfum bent á að það er ekki bara verið að setja á þessi tvö þrep, það kostar ríkissjóð mikið og það kostar atvinnulífið einnig mikið, fleiri hundruð millj. til þess að snúa nýju kerfi í gang. Og ég hygg að flestir séu sammála um það, jafnvel þó þeir elski verslunina ekki mikið, að ekkert er mikilvægara en að efla verslunina á Íslandi til hagsbóta fyrir neytandann og gera hana samkeppnishæfari við erlenda verslun.

Við teljum að virðisaukaskatturinn sé áhrifalítil leið til tekjujöfnunar. Persónuafsláttur, skatthlutfall, vaxtabætur og barnabætur eru auðveldasta leiðin til að færa fjármuni frá þeim sem betur mega sín til þeirra sem lægri tekjur hafa. Ég sagði persónuafsláttur, skatthlutfall, vaxtabætur og barnabætur. Við vitum að því miður hefur ríkisstjórnin farið mjög rangar leiðir og það er kannski hollt að fletta hér upp í hlutlausum aðila og spyrja: Hvað var þessi ríkisstjórn að gera fyrir ári síðan? Dagblaðið sagði frá jólasköttum ríkisstjórnarinnar í fyrra og ég veit að Dagblaðið eftir helgi á eftir að segja frá jólasköttum þessarar ríkisstjórnar og þeirri röngu leið sem hún er að fara núna. Í fyrra gáfu þessir herrar í ríkisstjórninni þjóðinni að gjöf aukningu á beinum sköttum upp á 3,1 milljarð, virðisaukaskatt upp á 1,8 milljarða, bensíngjöld upp á 350 millj., vaxtaskatt upp á 500 millj., meðlagshækkun upp á 715 millj., hækkun tannlækna-, lyfja- og læknakostnaðar upp á 600 millj. og barnaskatta upp á 500 millj. Þetta var gjöfin í fyrra — jú, þetta er Vikublaðið, þetta er málgagn Alþb. og þá verður það varla jafnmarktækt, ég verð að játa það, (**Gripið fram í:** Þið eruð nú samherjar í skattamálum.) þó það hafi auðvitað gerst að þessir flokkar eigi leið saman í skattamálum.

Hins vegar er það kannski athyglisvert hvernig Alþb. hefur gengið til liðs við ríkisstjórnina í þessum áformum. Það kann að vera að afsögn þeirra sé fólgin í því að þeir hafi ekki þrek til þess að koma vitinu fyrir Alþýðusambandið. Þeir eru alla vega mjög hræddir við Stéttarsamband bænda og það verði Framsfl. erfitt. En við framsóknarmenn erum á þeirri skoðun að þegar við einu sinni sem oft áður höfum eignast öfluga sannfæringu, þá fylgjum við henni eftir. Við óttumst ekki Stéttasambandið eða bændasamtökin í þessu efni. (Gripið fram í.) Við óttumst heldur ekki ályktun flokksþingsins því ég hygg að flokksmenn okkar séu sammála því, þegar þeir sjá rökin, að það hafi verið rétt af þingflokknum að hinkra við, biðja um að þessi mál verði könnuð. Og ég óttast ekki þá niðurstöðu — annað en framsóknarmenn fallist á þau meginrök.

Þeirra rök eru þau sömu og okkar. Þeir telja að matvælin og mikilvægustu nauðsynjar heimilanna eigi að vera í lægra skattþrepinu eins og þau eru í dag, eins og allur þingheimur er sammála um að þau verði, en þeir vilja ekki gerast bandamenn skattsvikaranna eins og ég hef svo rækilega farið hér yfir. Almenningur vill ekki fórna 3, 4, 5 milljörðum enn í undirheima þess óviðráðanlega skattkerfis sem við höfum búið við. Og það liggur fyrir, hv. þm., að allir sérfræðingar segja að það verði mjög erfitt að ráða við virðisaukaskattskerfið verði þessi beyting gerð. Þannig að við erum sannfærðir um að við getum með málefnalegum hætti lagt þessa niðurstöðu þingflokksins fyrir okkar fólk og rætt hana í hinu mesta bróðerni, enda hef ég farið yfir það hér að meira að segja Morgunblaðið hefur gerst bandamaður Framsfl. í þessu máli. Á sunnudeginum, á morgun, á helgum degi, skrifar Morgunblaðið þennan mikla leiðara sinn þar sem það stendur með tillögum Framsfl.

og spyr að því sem hv. þm. eru kannski sammála um, hvers konar stjórnarhættir eru það? (**ÓÞÞ:** Eru ekki bara komnir skæruliðar inn á blaðið?) Enga trú hef ég á því að Morgunblaðið sé í hers höndum. Ég hef lengi haft tröllatrú á að Morgunblaðið þyrði að rísa gegn þessari ranglátu ríkisstjórn. Nú sé ég að það er að gerast. (**Gripið fram í:** Segir ekki Morgunblaðið að ræðumaður sé vondur formanni sínum?) Morgunblaðið hefur ekkert sagt um það.

Hins vegar minntist ég hér á Alþb. og það á bágt um þessar mundir, verulega bágt. Hugsið ykkur, þegar hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson var staddur í Rússlandi á dögunum verður hann var við það að gömlu félagar Alþb. eru á nýjan leik að ná uppreisn æru, þeir eru að taka völdin af frjálshyggjunni sem þar hefur ríkt. Hvaða skilaboð sendi Ólafur Ragnar Grímsson heim? Hann sendi þau skilaboð heim í hraðfaxi: Látið ekki varnarliðið fara. Mér varð nú hugsað um viðsnúið Alþb. í miklum vandræðum. Ég hafði séð þessar hetjur sem hnarreistar gengu suður til Keflavíkur á slitnum skóm, árum og áratugum saman og sungu: Herinn burt! Ísland úr NATO! Hvernig fara þeir nú að? Nú verða þessar hnarreistu hetjur líklega að byrja í Keflavík og ganga til Reykjavíkur og syngja hástöfum: Látið ekki herinn fara! Það er ekki undarlegt þó að þessi flokkur hafi átt bágt hér í þessari umræðu sem svo hræddur er um þessar mundir að sínir gömlu samherjar í Rússlandi séu að ná á ný völdum. (**Gripið fram í:** Þetta eru hálfgerðir framsóknarmenn, auðvitað.)

Ágætu þingmenn og hæstv. forseti. Það sem er nú kannski alvarlegasta staðan við þá fjárlagagerð sem við stöndum frammi fyrir er að hæstv. fjmrh. situr hér og brosir. Hann hefur setið hér (**Gripið fram í:** Hvar situr hann?) (**Gripið fram í:** Þú hefur meint að hann sefur.) eða sefur og brosir sæll yfir því að hann er að vinna þá sigra að einhverjar spár hafi ekki gengið upp. Hann segir: Ég er ánægður með 10 milljarða halla á ríkissjóði. Þeir spáðu 20. En þessi hæstv. fjmrh. hefur unnið þannig að þjóðinni verður með svona áframhaldi stefnt í gjaldþrot á nokkrum árum. Íslendingum er hættulegust núna stefnan og stjórnleysið í ríkisfjármálum.

Nú skyldi einhver trúa því að blessuð ríkisstjórnin hafi lent í því hér í þinginu að það væri bara stjórnarandstaðan sem dræpi fyrir henni öll áform um sparnað, um niðurskurð. Þetta er ekki rétt. Staðreyndin er sú að vinna ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna á þessu sumri var svo illa unnin að allar sparnaðartillögurnar sem þeir lögðu fram urðu sjálfdauðar í þeirra eigin flokkum. Það er hreinlega svo að það er oft og tíðum, frá því að þessi ríkisstjórn komst til valda, eins og tölvuvírus hafi komist í ráðuneytin og samið að gamni sínu einhverjar tillögur eða að Haukur Hauksson ekki-fréttamaður hafi gengið í lið með þeim, því þetta hafa þeir allt orðið að éta ofan í sig.

Ég minni á þann ógurlega sparnað sem átti að vera að því að leggja niður og hagræða í sýslumannsembættum. Hvar dóu þessi áform? Í þingflokkum stjórnarflokkanna. Hvar dóu áformin um að leggja Gunnarsholt niður? Í þingflokkum stjórnarflokkanna. Hvar dóu áformin um að loka dagvistun fyrir börn á Ríkisspítulunum o.s.frv. o.s.frv.? Allt hefur þetta verið sannfæring þingmanna í þeirra eigin flokkum — svo að ég tali nú ekki um hreppstjórana frá árinu áður. Þannig að ríkisstjórnin ber auðvitað alla ábyrgð á því að hún hefur komin með óraunhæfar tillögur að hausti og þær hafa orðið sjálfdauðar í þeirra eigin herbúðum.

Þess vegna höfum við framsóknarmenn kannski vonað að við næðum þeim árangari hér með málefnalegri umræðu að augu fleiri og fleiri opnuðust fyrir því að það væri best að ljúka þingstörfum, fresta fjárlagagerðinni og nota janúarmánuð til þess að vinna fjárlög sem skiluðu bæði réttlátara þjóðfélagi á eftir og næðu fram sparnaði. En það er nú oft svo að stjórnarflokkar bíta sig saman í vitlausar tillögur.

Mig langar að minnast örlítið á vaxtabætur og fleira. (**Gripið fram í:** Á Framsfl. einhverja húsnæðisstefnu?) Framsfl. hefur mótið mjög ítarlega stefnu til flestra atriða í þessu þjóðfélagi. (**ÓÞÞ:** Sjálfseignarstefnu í húsnæðismálum.) Þar hefur ríkt sjálfseignarstefna, við höfum talið það mikilvægt og að hér væri réttlát stefna sem gæfi fólki færi á að eignast hóflega stórar íbúðir og ráða við það sem það réðist í. Ég ætla að minnast hér á tillögur framsóknarmanna áfram sem snúa að þessum atriðum.

Í þessum tillögum okkar er gert ráð fyrir því að hækka barnabótaauka um 10 þúsund kr. með hverju barni. Barnabótaaukinn skerðist síðan hjá þeim sem hærri tekjur hafa og eiga miklar eignir. Við erum nefnilega sannfærðir um að það þurfi að vera skattastefna sem sé það réttlát að þeir sem mest eiga og mestar hafa tekjurnar greiði sanngjarna þóknun, þó við leggjum auðvitað í þessari baráttu, eins og ég hef sagt, aðaláherslu á að gefa ekki skattsvikurunum ný færi á þessari þjóð.

Barnabótaaukinn skerðist síðan hjá þeim sem hærri tekjur hafa og eiga miklar eignir. Barnabótaaukinn mun því fyrst og fremst ganga til að bæta hag barnafólks með lægri tekjur og er útgjaldaaukinn um það bil 325 millj. Samkvæmt núgildandi reglum byrja vaxtabætur að skerðast við 3 millj. kr. eign hjá einstaklingi og 5 millj. kr. eign hjá hjónum og falla niður þegar eignir eru annars vegar komnar í 4,8 millj. kr. hjá einstaklingi og 8 millj. kr. hjá hjónum. Þessi aukna skerðing mun sérstaklega koma illa við fólk í aldurshópnum 35–45 ára sem varð fyrir barðinu á verðtryggingunni á sínum tíma. Við framsóknarmenn höfum nefnilega miklar áhyggjur af stórum hópi þessa fólks, á aldrinum 30–50 ára, það sé alltaf verið að níðast á þessum sama hópi. Og það er auðvitað umhugsunarefni. Það var annar aldurshópur sem byggði og lánin brunnu upp hjá hér áður. Þessi hópur hefur eignast fjármuni meðan hinn hópurinn hefur verið að sligast undan skuldum sínum og verðtryggðum lánum o.s.frv.

En við gerum líka ráð fyrir því í þessum tillögum að allt fjármagn, hvort sem það er í bréfum eða peningum, komi inn eins og aðrar eignartekjur til skattlagningar. Við viljum þó og gerum ráð fyrir því í okkar tillögum að hægt verði að hækka skattleysismörkin

eða breikka eignarskattsstofninn þannig að hálf millj. í slíkum eignum hjá einstaklingi eða heil milljón hjá hjónum verði ekki til reiknuð skatts, en það sem fram yfir það er verði reiknað eins og hverjar aðrar eignir í þessu landi. Það hlýtur að vera sanngjörn niðurstaða að þessar eignir, alveg eins og húsið eða steinsteypueignirnar eða hvað sem er, komi til skattlagningar.

Það er kannski vert í þessu efni að víkja örfáum orðum að skattastefnu Alþfl. sem núna virðist genginn fyrir björg, hafa selt sannfæringu sína, prinsipp sín og fyrri ályktanir með þeim hætti að hann myndar hér bandalag með Sjálfstfl. um það að opna nýjar leiðir til skattsvika á Íslandi. Ég vil hugsa til Alþfl. þegar hann var að koma upp ungur og ferskur á 9. áratugnum. Hver var þá stefna Alþfl.? Hún var þessi, með leyfi hæstv. forseta:

Að létta skattbyrði launþega. — Hefur skattbyrði launþega lést á tímabili Alþfl. sl. tvö og hálft ár? Ég spyr.

Hann hafði það líka að öðru prinsippatriði að uppræta skattsvik forréttindahópa. Ég spyr hv. þm.: Hefur Alþfl. beitt sér sérstaklega fyrir því að uppræta skattsvik forréttindahópa?

Ég minnist þess að formaður Alþfl., hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson, taldi á fingrum sér að virðisaukaskatturinn og staðgreiðslan mundu koma í veg fyrir skattsvikin. Nú liggur það fyrir að talið er að minnst 10 milljarðar séu í undirheimum fjármálakerfisins sem ekki komi til skattlagningar. Alþfl. er ekki með neinar tillögur í þinginu til að berjast gegn þessu. Sjálfstfl. getur það ekki af prinsippástæðum því þessir aðilar borga sennilega stórfúlgur í flokkssjóði Sjálfstfl. til að halda gömlu vélinni gangandi til sóknar gegn kjörum alþýðunnar á Íslandi.

Í þriðja lagi hafði Alþfl. það líka að markmiði að lækka verðlag með lækkun söluskatts og fleiri aðgerðum. Virðisaukaskatturinn hefur í tíð Alþfl. orðið sá hæsti í veröldinni. Núna 24,5%. Og þegar við framsóknarmenn leggjum fram skynsamlegar tillögur, alhliða í skattamálum og gerum tillögu um að það sé hægt að lækka virðisaukaskattinn niður í 23% þá kemur ekki einn einasti krati í ræðustól Alþingis og tekur undir slíkt.

Í fjórða lagi hefur Alþfl. sagt að hann vilji lækka skuldabyrði húsbyggjenda og þá sérstaklega yngri kynslóðarinnar. Ég hygg að þjóðinni sé það ljóst að Alþfl. hefur í þessum efnum brugðist.

Í tíð núv. ríkisstjórnar hefur myndast nýr misgengishópur. Fyrsta verk þessarar ríkisstjórnar var vaxtahækkun til fjármagnseigenda sem gerð var með handafli vegna þess að þeir hétu að standa með þessum hópi í kosningabaráttunni síðustu. Þeir hækkuðu grunnvextina um 2,5% sem gerði það að verkum að afföll af húsbréfum jukust stórlega. Afföll urðu það mögnuð á árinu 1991 að 1 millj. af hverjum 4 sem húsbyggjandinn eða húskaupandinn hér í borginni eða um allt land átti að fá til þess að kaupa eða byggja húsið sitt varð aldrei hans. Hún fór í afföllin, hún féll peningaeigendunum í hendur.

Ég hef margspurt félmrh. og aðra ráðherra hvort þeir hafi einhver áform um að koma til móts við þennan hóp sem svo illa varð úti í þessum ráðstöfunum vegna þessara aðgerða ríkisstjórnarinnar.

Ég veit ekki, hv. þm., hvað ég á að vera að elta svo sem ólar hér við Alþfl. því mér sýnist að hann stefni að því fyrst og fremst að jarða sjálfan sig. Því hver getur kosið og stutt flokk til áhrifa sem í engu fylgir sínum prinsippum, horfinn frá öllum jöfnuði og lætur það vera sitt aðalmarkmið að koma fólki sínu á stallinn, í góð embætti.

Sjálfsagt fer það svo að þessari fjárlagagerð lýkur hér þar sem fjmrh. brosir og segir: Hallinn verður bara 10 milljarðar, þeir höfðu spáð 20 — og þykist sæll. En þetta þýðir það að svo mörg önnur mikilvæg markmið eru í stórkostlegri hættu og íslensku atvinnulífi og launafólki er ekki meiri hætta búin af neinu en því að svo illa sé haldið á ríkisfjármálunum að öllum öðrum málefnum þjóðfélagsins sé stefnt í verulega hættu. Það vantar ekki að fjmrh. er hressilegur þegar hann stendur á erlendri grund og ég hygg reyndar að þessi lina fjárlagagerð hans hér eigi eftir að valda meiri vandræðum en við gerum okkur grein fyrir.

Eitt höfuðvandamálið á tímabili þessarar ríkisstjórnar hefur verið atvinnuleysið. Í fyrsta sinn á lýðveldistímanum glímum við Íslendingar við gífurlegt atvinnuleysi þar sem 4–5% þjóðarinnar fá ekki atvinnu. Þetta eru afleiðingar af stefnu ríkisstjórnarinnar og stefnuleysi á mörgum sviðum. Þetta hefur valdið því að tekjur ríkissjóðs hafa einnig minnkað verulega. Þess vegna óttast ég það kannski að þessi lini hæstv. fjmrh. verði valdur að því að vextirnir springa í andlitið á ríkisstjórninni á nýjan leik, eftirspurnin eftir fjármagninu er mikil. Lífeyrissjóðirnir og stóreignamennirnir á fjármagni þekkja þessa stöðu og vita að þeir þurfa ekki að þrýsta mikið á til þess að vera komnir á nýjan leik á sömu kjör og ríkisstjórnin setti þá á á sínum fyrstu mánuðum.

Hæstv. fjmrh. talaði fyrir stuttu á fjármálaráðstefnu EFTA- og EB-ríkjanna úti í Brussel og þar sagði hann, með leyfi hæstv. forseta, þegar hann var að hrósa sér af ríkisstjórninni:

„Þrátt fyrir þennan árangur stendur ríkisstjórnin enn frammi fyrir því að feta einstigið milli þess annars vegar að draga varanlega úr ríkisútgjöldum og minnka þar með hallann á ríkissjóði og hins vegar nauðsyn þess að auka hagvöxt og atvinnu nú þegar.

Ég er viss um að flest ykkar kannast við það ástand sem ég var að lýsa, [segir hann] hinir hagrænu og félagslegu þættir eru svipaðir í öllum löndunum. Af því leiðir að aðgerðir til úrlausnar hljóta að verða um margt líkar. Í þessu samhengi tel ég miklu máli skipta að stefnan í ríkisfjármálum sé trúverðug þar sem hún hefur áhrif á atvinnulífið, stuðlar að lækkun vaxta og leggur þannig grunn að auknum hagvexti og minna atvinnuleysi í framtíðinni. Að mínu mati er þessi stefna árangursríkust gegn atvinnuleysi þegar til lengri tíma er litið. Mikilvægustu skilaboð þessa fundar eiga að vera að halli á ríkissjóði í dag valdi atvinnuleysi á morgun.“ Þegar hæstv. fjmrh. er kominn á erlenda grund gerir hann sér grein fyrir því að hann situr á

þeirri tímasprengju og stjórnar fjármálum Íslendinga með þeim hætti að það eru miklar líkur á því að hér eigi enn eftir að auka á þá hörmung að atvinnuleysið vaxi. En hér heima lætur hann sér nægja að sumarið sé notað svo illa að engar raunverulegar tillögur verða til í þessum efnum. Þetta er sorgleg staða og þessi hæstv. fjmrh. ætti við þessar aðstæður að hafa vit á því að segja af sér.

Ég hef ekki hugsað mér að halda hér öllu lengri ræðu en ég vil að lokum leggja á það áherslu að Morgunblaðið hefur gerst bandamaður Framsfl. í því að berjast við ríkisstjórnina. Morgunblaðið spyr stærstu spurningar af mestu hreinskilni sem ég hef séð í Morgunblaðinu um langan tíma: Hvers konar stjórnarhættir eru þetta? Þar eru þeir að ræða um að ríkisstjórnin sé að fara rangar leiðir.

En ég vil leggja áherslu á það að lokum að það er einn hugur í þinginu um það að öll matvæli og nauðsynjar heimilanna á Íslandi eigi að vera í lægra skattþrepi. Deilan stendur aðeins um eftir hvaða leiðum á að ná þessum árangri. Við teljum að við náum því best með því að greiða inn á heildsölustigið niðurgreiðslur sem þessu nemur og koma peningum að auki í gegnum barnabótaauka, vaxtabætur og fleira til láglaunafólksins og barnafjölskyldnanna. Þetta leggjum við aðaláherslu á og auðvitað væntum við þess að sem flestir Íslendingar setjist niður á heimilum sínum, á vinnustöðum, hafi samband við stjórnmálamennina, lesi forustugrein Morgunblaðsins og gangi í lið með Framsfl. því leið okkar er leið til þess að koma til móts við barnmargar fjölskyldur og láglaunafólkið á Íslandi.

[23:04]

Frsm. 4. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson fór aðeins yfir stefnufestu Framsfl. í virðisaukaskattsmálum. Mig langar að spyrja hann í ljósi þess að það er rétt ár síðan flokkurinn mótaði þá stefnu að hafa tvö þrep í virðisaukaskatti, hvort þessi stefna sem flokkurinn boðar nú muni duga eitthvað lengur. Ef svo er þá langar mig líka að vita hvort Framsfl. er tilbúinn að lofa því hér og nú að komist hann til valda eftir næstu kosningar þá muni hann afnema þetta vitlausa kerfi sem hann talar nú gegn og fara í aðeins eitt þrep og þar af leiðandi verði þetta á kosningaskrá flokksins í næstu kosningum.

[23:05]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að stefnufesta Framsfl. sé augljós í þessu. Á síðasta miðstjórnarfundi ræddum við þetta nokkuð við flokksmenn og erum tilbúnir að fylgja því enn betur eftir. Það er ekkert að því í mikilvægum málum sem snerta ríkisfjármál, sem snerta láglaunafólkið á Íslandi, að hafa vit til þess að þora að endurskoða afstöðu sína. Það á að vera eitt aðalatriði stjórnmálamannsins að þora að horfast í augu við það sem hann sjálfur hefur sagt, vera vitrari á morgun en hann var í gær. Því miður hefur íslenska þjóðin allt of oft búið við það að menn festa sig niður á vitlausar ákvarðanir og hér er það að gerast að Sjálfstfl. og Alþfl. viðurkenna gegn vilja sínum að þeim er nauðgað til þess að taka þá afstöðu að gefa skattsvikurunum ný færi á íslenskri þjóð sem er óþolandi fyrir framtíðina.

[23:06]

Frsm. 4. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingi Björn Albertsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég spurði mjög einfaldrar spurningar. Ég spurði einfaldlega hvort þessi stefna flokksins mundi gilda í næstu kosningum eða hvort það á virkilega að vera svo, eins og hv. þm. var að segja hér, að þeir mundu endurskoða afstöðu sína og það verði kannski komin önnur stefna eftir nokkrar vikur. Mig fýsir að vita og ég er alveg klár á því að þjóðina fýsir að vita hvort flokkurinn ætlar að halda við þessa stefnu. Hann getur varla viðhaldið þessu snarvitlausa kerfi, eins og hann kallar það, sem er verið að setja á hér nú. Þannig að það er mjög æskilegt að það komi alveg skýrt fram og ég trúi því ekki að framsóknarmenn séu eitthvað feimnir við að viðurkenna það, að komist þeir til valda þá muni þeir hverfa aftur til eins stigs, eins þreps í virðisaukaskattkerfinu. Ég tel að það eigi alveg skilyrðislaust að segja þjóðinni frá því að þetta verði stefnumál flokksins í næstu kosningum og þá viti fólk að hverju það gengur.

[23:07]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sannfærður um, hv. þm., að við framsóknarmann munum ná samstöðu um þetta mál með þessum hætti og málið nái þeim hljómgrunni innan Framsfl. að það muni vera í stefnuskrá hans. Enda liggur það fyrir að það er einn vilji í þinginu, okkar vilji, vilji stjórnarflokkanna, um að matvaran verði í lægra þrepi eins og hún er, eins og hún verður, allar mikilvægustu nauðsynjar heimilanna. (Gripið fram í.) Steingrímur Hermannsson hefur verið kjarkmaður, hv. þm., í stjórnmálum. Hann sendi frá sér viðtal í DV í dag og segir þar af fullum kjarki, með leyfi forseta:

„Við framsóknarmenn erum ekki þeir þöngulhausar að við viljum ekki skoða leiðir sem skattrannsóknarstjóri og fleiri hafa bent á að séu skynsamlegri, meira að segja embættismenn fjmrn. Við höfum aldrei lagst gegn því að því sama væri náð með því að greiða niður þessar nauðsynjar á heildsölustiginu eins og gert var. Við teljum að miðað við það sem verið er að gera núna væri það skynsamlegri leið."

Þannig að í þingflokki Framsfl. er einn hugur og ég er sannfærður um að þetta er það vel skoðað, með færum tæknimönnum á sviði skattamála, að flokksmenn munu sjá að aðrar leiðir eru óskynsamlegri og skapa verulega hættu hvað undanskot og fleira varðar.

[23:10]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég harma að það skuli vera ásetningur stjórnarflokkanna að keyra það áfram á Alþingi því augljóst er að slík ákvörðun er óskynsamleg.

Við framsóknarmenn höfum undanfarnar vikur og alveg síðan okkar miðstjórnarfundur var haldinn í haust reynt að halda því fram, eftir því sem við höfum getað, að hér ætti að snúa af leið. Það hefur hins vegar tekið okkur langan tíma að fá öll nauðsynleg gögn í þessu máli og þau hafa ekki verið auðfengin og margt af því sem sagt hefur verið hefur beinlínis verið villandi. Fólk hefur ekki verið upplýst um þetta mál og það er eðlilegt að menn trúi því við fyrstu sýn að það hljóti að vera betra fyrir almenning að hafa 14% virðisaukaskatt á öllum matvælum. En þegar betur er að gáð kemur í ljós að neyslukannanir sýna að matvælin eru álíka stór þáttur í útgjöldum fjölskyldnanna, jafnvel þótt tekjur séu misjafnar. Það á þó ekki við um hæstu tekjuhópana. Þessar staðreyndir tala sínu máli og það er niðurstaða allra sem hafa farið ofan í þetta mál, bæði hér á landi og erlendis að undanförnu, að það sé mun betri leið að beita öðrum tækjum til tekjujöfnunar í samfélaginu og hjá öðrum þjóðfélögum eins og Norðmönnum, Svíum, Bretum og mörgum fleirum.

Við erum ekki einir um það að setja fram þessa gagnrýni og ég vil í þessu sambandi koma með enn ein varnaðarorðin. Þann 15. desember 1993 sendi Félag löggiltra endurskoðenda frá sér umsögn um þetta mál. Það er sú stétt í okkar þjóðfélagi sem vinnur mest að skattamálum og í daglegum störfum sínum eru allir þeir aðilar í margvíslegum verkefnum sem snerta framkvæmd skattamála. Hjá þeim starfar nefnd í skattamálum þar sem eru mjög hæfir menn með langa reynslu og góða þekkingu. Þessi nefnd segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nefndir telur að í frv. felist svo víðtækar og tæknilega flóknar breytingar á lögum um virðisaukaskatt að það sé vart forsvaranlegt að ætlast til þess að þær komi til framkvæmda nokkrum dögum eftir að frv. verður hugsanlega að lögum. Með þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir væri stigið stórt skref gegn upphaflegum markmiðum skattsins og kostum hans, svo sem hlutleysi hans og öryggi, skref sem erfitt verður að stíga til baka. Framkvæmd kerfisins verður mun erfiðari, hlutleysi skattsins raskast, eftirlit verður flóknara og kostnaðarsamara og meiri óvissa verður um mörkin milli skattskyldu og skattleysis í nokkrum tilvikum. Er hér að nokkru horfið aftur til galla eldra söluskattskerfisins um leið og þessu mikilvægasta tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs er unnið óbætanlegt tjón."

Þetta eru stór orð, að halda því fram að það standi til að vinna óbætanlegt tjón á tekjuöflunarkerfi ríkissjóðs. Fagmenn sem hafa lært það í sínu námi að þeir verði að leggja hvað mesta áherslu á hlutleysi og vera varkárir í yfirlýsingum nota ekki mjög oft orðið óbætanlegt tjón. Þetta staðfestir að mínu mati að sú gagnrýni sem við höfum haft í frammi að undanförnu er réttmæt.

Ég vildi aðeins að lokum taka það fram að við væntum þess að ríkisstjórnin íhugi þetta mál betur, horfi til baka og horfi sérstaklega fram og hugsi um að hvað svo sem líður því hvað menn vilja gera, þá verður erfitt að stíga skrefið til baka. Ég er hins vegar viss um að það verður reynt að gera það og ég er viss um að við framsóknarmenn viljum standa að því. En það verður líka kostnaðarsamt að stíga skrefið til baka. Og þegar sú ákvörðun verður tekin að stíga skrefið til baka, þá verða menn að meta þann kostnað á móti öllu því tapi sem hefur orðið vegna kerfisins og því tapi sem mun verða til lengri framtíðar. Því þessi ákvörðun er ekki aðeins ákvörðun um kostnað hjá ríkinu upp á 150–200 millj. a.m.k. á ári hverju á næstunni og hundruð milljóna hjá atvinnurekstrinum. Þetta er ákvörðun um að innheimtan muni versna og um það eru allir sammála, ekki aðeins á næsta ári heldur á komandi árum. Þannig að þetta tjón getur orðið að milljörðum áður en upp er staðið. Og þeir aðilar sem hafa gengið hvað lengst fram í því að ásaka okkur framsóknarmenn fyrir aðild að svokölluðu sjóðasukki, eins og það hefur verið orðað svo smekklega af hæstv. forsrh., ættu að líta í eigin barm, því að sú gagnrýni hefur verið óréttmæt.

Ég vænti þess að þetta mál verði enn til skoðunar milli 2. og 3. umr. Við teljum að það sé skynsamlegt að nokkurt ráðrúm gefist til þess. Því þó að hér sé umræða í þinginu um að leiðrétta nokkra verstu ágallana af því sem verið er að tala um, þá vil ég taka fram að það eru aðeins smámunir á við allt það sem hér er í húfi. Ég vænti þess að Ríkisendurskoðun sem er tæki Alþingis til þess að viðhalda sjálfstæði Alþingis, til þess að fara ofan í þau mál sem eru teknar ákvarðanir um, ekki síst til þess að slík mistök verði ekki gerð aftur, muni komast að skjótri niðurstöðu. Auðvitað ætti að bíða með þessa lagasetningu þar til þeim athugun væri lokið. En hér eiga ekki að eiga sér stað sjálfstæð og fagleg vinnubrögð. Hér á að vaða áfram út í myrkrið og slökkva ljósin.

Ég vona hins vegar að þetta verði tekið til athugunar milli umræðna. Öll rök hníga í þá átt og við sem flytjum breytingartillögur í 2. minni hluta efh.- og viðskn. munum draga þessar breytingartillögur til baka til 3. umr. þannig að ráðrúm gefist til þess að fara betur yfir málið. Ef ekki næst neitt samkomulag á því stigi, þá munum við að sjálfsögðu ganga til atkvæða um þær breytingartillögur. Það verður atkvæðagreiðsla sem þjóðin mun fylgjast með, það vitum við. Ég held að það muni koma í ljós að þær tillögur eru þær skynsamlegustu í stöðunni og það væru mikil mistök ef menn kæmust að raun um það eftir nokkra mánuði því þá er skaðinn skeður og þá verður erfitt að ganga til baka eins og nefnd löggiltra endurskoðenda kemst að niðurstöðu um.

Útbýting þingskjals:

Tekjustofnar sveitarfélaga, 233. mál, brtt. meiri hluta félmn., þskj. 468.

[23:21]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Framsóknarmenn hafa verið stuðningsmenn þess að tvö þrep væru í virðisaukaskatti, matur og menning væri í lægra þrepi og önnur vara í efra þrepi. Þegar virðisaukaskattskerfið var tekið upp féllumst við á þá málamiðlun að innlend matvælu yrðu sett í neðra þrepið með þeim hætti að þau yrðu niður-

greidd og í reynd væri þar um 14% virðisaukaskatt að ræða. Þetta var gert þá til samkomulags þeirra stjórnarflokka, stutt sérfræðingaliði sem hélt því fram að virðisaukaskattskerfið væri sjálfstætt skattkerfi. Annaðhvort hefðu menn virðisaukaskatt eða menn hefðu hann ekki sem kerfi.

Við höfum misháan tekjuskatt til tekjujöfnunar og við trúðum því að það væri mjög mikill munur á neyslumynstri manna hvað matvæli snerti eftir því hvort þeir væru láglaunamenn eða hvort þeir væru með tiltölulega há laun. Það verður að segjast eins og er að það kom mér mjög á óvart að sjá sett upp dæmi þess efnis að samkvæmt neyslukönnunum væri munurinn á þessu sá, væri horft á allan þorra manna, ekki þá alhæstu toppa í launum, að lægsti hópurinn væri með um 20% af sínum ráðstöfunartekjum, útgjöldum sem færu í matvæli, en sá hæsti um 24%. Ég þurfti að láta segja mér það tvisvar að þetta væri rétt. En þetta eru þær niðurstöður sem blasa við. Mér er sagt og það þori ég ekki að fullyrða, því það hef ég ekki skjalfest, að hjá ASÍ hafi menn notast við það að hjá lágtekjumönnum hér færu upp í 46% í matarinnkaup.

Það er mikil nauðsyn að fá úr því skorið með neyslukönnunum, hvor aðferðin, hvor niðurstaðan er rétt því að þar skilur í sjálfu sér algerlega á milli. Ef það er rétt að 46% hjá stórum hópum heimila í landinu fari í matvælakaupin, þá er hægt að segja að virðisaukaskatturinn með tveimur stigum sé til tekjujöfnunar. Sé það aftur á móti svo að skekkjan sé aðeins á milli 20 og 24%, þá er miklu ódýrara að nota þá aðferð að hafa eitt virðisaukaskattsþrep og endurgreiða, því það er vitað að það kostar stórfé í auknu eftirliti að fylgja því eftir að hafa tvö þrep í virðisaukaskatti. Hversu mikið þarf að setja í slíka aðgerð og slíkt eftirlit ætla ég ekkert að fullyrða um. En við viljum ekki leggja á skatta, allir, trúi ég, sem eru þannig að það þarf að kosta mjög stóru til að fylgjast með þeim. Við viljum helst að það sé hægt með tiltölulega skilvirku eftirliti að standa sómasamlega að þeim hlutum.

Nú er það á allra vitorði að matarskattur sem slíkur er hreint ekki vinsælt fyrirbrigði. Það má því hverjum heilvita manni vera ljóst að Framsfl. lætur sig ekki dreyma um neinar vinsældir út á það tiltæki að taka nú ákvörðun í þá átt að leggja til að það verði hætt við að færa erlend matvæli niður í 14%. Við erum ekki trúaðir á að það sé hægt hókus, pókus að segja: Þetta er vinsælt mál, þetta slær í gegn. Ég hef ekki trú á því. En í hvaða stöðu erum við? Við erum í þeirri stöðu að hæstv. fjmrh. er búinn á tveimur árum að skapa halla á ríkissjóði upp á 20 milljarða. Hæstv. fjmrh. er á þessu ári með fjárlagafrv. sem gerir ráð fyrir 10 milljarða halla. Það væri bjartsýni að gera ráð fyrir því að hæstv. fjmrh. slyppi með minna en 40–50 milljarða halla á sínum stjórnarferli með sömu stefnu. Það er nú einu sinni svo að við framsóknarmenn erum ekki meiri kjarkmenn en það að þetta gerir okkur hreinlega hrædda. Þetta er slík ævintýrasigling að ég held að það sé betra að fara á bíl bremsulaust niður Kambana en að sitja við það farartæki þar sem svona er farið að.

Það er ekkert nýtt að sitt sýnist hverjum í þessum sal og sérhver aðili notist við þá vitsmuni sem honum eru gefnir til að taka sínar ákvarðanir. Hæstv. fjmrh. var settur í þennan stól út á þá vitsmuni sem hans flokksbræður töldu að hann hefði. Svo var gert samkomulag. Samkomulag við ASÍ og VSÍ — um hvað? Um að hæstv. fjmrh. megi ekki nota sína vitsmuni í skattamálum. Þeim skuli stungið undir stól og vitsmunir hvers dregnir upp í staðinn? Forseta ASÍ og vitsmunir framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins, Þórarins V. Þórarinssonar. Það er nú svo. Í hvaða kokteilhlutföllum? spyrja menn e.t.v. Ég veit ekki hvort það eru helmingaskipti, helmingurinn frá Benedikt og helmingurinn frá Þórarni. Við höfum engar upplýsingar um það, almennir þingmenn. Það getur verið að þetta sé meira að segja 99% frá öðrum. Þá væri niðurstaðan sú að hæstv. fjmrh. sem í upphafi fór af stað í þeirri trú að hann mætti notast við eigin vitsmuni situr uppi með það að í skattamálum á hann að notast við vitsmuni Benedikts Davíðssonar. Eða öfugt, að í skattamálum eigi hann að notast við vitsmuni Þórarins V. Þórarinssonar. Hvernig er þá farið fyrir öðrum?

Hæstv. viðskrh. og iðnrh. skrifar grein í Morgunblaðið. Hann kveinkar sér. Hann situr uppi með nákvæmlega sömu örlög. Í skattamálum á hann að notast við vitsmuni Benedikts Davíðssonar og Þórarins V. Þórarinssonar. Og svo kemur sá sem yfirleitt verður aldrei hræddur og ávallt glaður, formaður Verslunarráðsins, hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson. Hann situr í nákvæmlega sömu súpunni. Honum er meinað að notast við eigin vitsmuni í skattamálum. Hann á að notast við vitsmuni Benedikts Davíðssonar og Þórarins V. Þórarinssonar. Og okkur er sagt þótt þögnin ríki, fleiri hafa ekki skriftað opinberlega, að það sé bara heill hópur manna í þeirri stöðu að þó að stjórnarskráin gefi þeim rétt til að fara eftir eigin sannfæringu, að þeir séu ekki bundnir af neinu öðru en eigin sannfæringu, þá sé búið að gera þá að taglhnýtingum eins og farið var með þarfanaut á milli bæja í gamla daga. Þeirra örlög eru bara þau að notast líka við vitsmuni þessara manna í skattamálum. Og nú spyrja menn e.t.v.: Hvernig stendur á þessu?

Þá komum við að því að 1938 voru sett lög um stéttarfélög og vinnudeilur og ég er búinn að lesa þessi lög lið fyrir lið. Þessi lög fjalla um kaup og kjör á almennum vinnumarkaði. Þau fjalla um það að það sé heimilt að hafa verkalýðsfélög í landinu sem geri kröfur á hendur atvinnurekendum, semji fyrir hönd launafólks um ákveðna samninga. En félagsdómur hefur dæmt að það sé ólöglegt athæfi, gersamlega ólöglegt athæfi að gera kröfur undir þeim kringumstæðum á einhverja aðra en viðsemjendur, í þessu tilfelli Vinnuveitendasamband Íslands. Þá finna þessir háu herrar það upp að það sé settur nýr liður í samningagerð. Hann er kallaður á fínu máli „forsenda fyrir samningum". Og forsenda fyrir samningum á að vera það að ríkið geri þetta, ríkið geri hitt. Það er forsenda fyrir samningum. Og niðurstaðan er sú að Alþingi Íslendinga, þeir 63 þingmenn sem hér eru og bera alla ábyrgð á skattamálum þjóðarinnar sitja uppi með það að aðilar úti í bæ sem enginn hefur kosið til að semja

skattalög fyrir þessa þjóð, enginn dregur til ábyrgðar fyrir skattalög þessarar þjóðar, enginn skammar fyrir halla á ríkisfjármálum, þessir aðilar setja kosti og þeir þurfa ekki að vaka hér í kvöld til þess að ræða þessi mál. Það er náðugt að hafa þá stöðu. Er þá ekki ábyrgð þessara manna stór? Því miður, hún er engin. Ábyrgð þessara manna er engin. Það lögsækir þá enginn fyrir þetta. Sagan mun dæma þá menn eina í þessum efnum sem bera ábyrgð á því að ríkisskuldir Íslands stefna í þá stöðu að velferðarkerfið íslenska hrynur vegna þess að afborgunarbyrði ríkisins og vaxtabyrði ríkisins verður slík að skattheimtan getur aldrei risið bæði undir vaxta- og afborgunarbyrðinni og velferðinni. Verða þá þessir menn úti í bæ ekki sóttir til saka og spurt: Berið þið ábyrgð? Þið gerðuð þetta. Nei, þá fletta menn upp stjórnarskránni, stjórnsýslulögum og þeirri staðreynd að það eru aðeins þeir sem hér sitja sem bera ábyrgðina.

Það var einu sinni fjmrh. sem sagði úr þessum stól: „Ríkissjóður á fáa vini." Ég held að það hafi verið satt. Ríkissjóður á fáa vini. Engu að síður hafði sá fjmrh. þrek til að fylgja því eftir að hallalaus fjárlög væru í þessu landi af því að hann ætlaði að skila starfinu í hendurnar á næsta manni þannig að hann þyrfti ekki að skammast sín fyrir það. En í dag stjórna þessu landi menn sem segja úr þessum stól með kokhreysti, vitna í Jón forna og benda á fagrar ljóðlínur í hans texta:

Að halda sitt strik, vera í hættunni stór,
að horfa ekki um öxl, það er mátinn.

En hvernig skyldi þá sigling Alþfl. vera í skattamálum Íslands? Halda þeir sitt strik, mennirnir sem játa í Morgunblaðinu að þeir séu ekki frjálsir menn þegar þeir greiði atkvæði hér, þeir láti menn úti í bæ stjórna höndum sínum til þess að gera allt annað en þeir vildu sjálfir. Eru það mennirnir sem halda sitt strik? Eru það mennirnir sem eru stórir í hættunni? Nei, það eru litlir menn á spjöldum sögunnar. Ég held að Alþfl. þyrfti að rifja upp gömlu hugsjónirnar og fara að meta það hvort ráðherrastólar eru eilíflega svo mikils virði að það sé hægt að fórna öllum prinsippum til að sitja í þeim.

Ég viðurkenni það að þessi þrýstingur er gersamlega óþolandi, þrýstingur frá mönnum utan úr bæ á það hvernig eigi að skipa sköttum þannig að hægt sé að standa eðlilega að því að hafa jafnvægi í tekjum og útgjöldum ríkisins, þessi þrýstingur er gersamlega óþolandi. Það getur vel verið að almennir alþingismenn neyðist til þess að taka upp slaginn fyrir félagafrelsi og því að skylduaðild verði afnumin í verkalýðsfélögunum ef forustumenn verkalýðshreyfingarinnar misnota vald sitt á þennan hátt. Það getur líka verið að það þurfi að kenna forustumönnum vinnuveitenda þá staðreynd að það er engin lausn í vinnudeilum að segja: Við getum ekki borgað þessa hluti. Ríkið á að borga þá. Það verður að vera skilningur á því að hér hefur hver við sitt vandamál að glíma.

Framsfl. lætur sig ekki dreyma um neinar vinsældir af þeim tillögum sem hann hefur lagt fram á þessu þingi um skattamál. Við höfum vissulega þá sögu eins og komið hefur fram hjá hv. þm. Inga Birni Albertssyni að við höfum trúað því að það væri skynsamlegt til tekjujöfnunar í landinu að hafa tvö þrep. En þegar okkur er bent á þá staðreynd að samkvæmt neyslukönnunum er þetta rangt, sú leið er skynsamlegri að endurgreiða fé til barnmargra fjölskyldna og þeirra sem minna mega sín frekar en rjúfa það kerfi með tveimur þrepum og nota niðurgreiðslur á innlend matvæli til þess að halda þeim áfram í 14%, þá hljótum við að verða sem einstaklingar, sem þingmenn og flokkur að gera það upp við okkur. Við höfðum ekki nægileg gögn í höndunum til þess að standa að því að halda því fram að það væri örugglega betra að hafa þrepin tvö. Í það minnsta er lágmarkskrafa hjá okkur í dag að fara fram á það að neyslukönnun fari fram til að fá úr því skorið. Eru það 46% af útgjöldum heimilanna sem fara í matarkaupin? Eru það 20% eða 24% eins og okkur hefur skilist að væri hið rétta?

Sumir trúa því að það sé svo gaman að sitja á Alþingi að menn geri það af gamni sínu að ætla að tala laugardagskvöld í staðinn fyrir að vera komnir heim. Menn halda að á bak við slíkt sé e.t.v. sú hugsun að menn af einhverri sérstakri ástæðu líti svo á að þetta sé það skemmtilegasta sem þeir geta aðhafst. Svo er ekki. En alvara þess máls að láta sér detta það í hug að hafa fyrst rekið ríkissjóð með 20 milljarða halla á tveimur árum, leggja nú fram frv. um 10 milljarða halla og gá ekki að sér í þeim efnum, að vera búnir að brjóta niður tekjustofnakerfi ríkisins að því leyti að virðisaukaskatturinn verður miklu kostnaðarsamari í eftirliti ef þessi breyting fer fram heldur en með því móti að hafa hann í einu þrepi.

Við framsóknarmenn og sá sem hér stendur barðist fyrir því að sjóðvélar yrðu teknar upp alls staðar þar sem virðisaukaskatturinn átti að innheimtast í verslunum og hjá fyrirtækjum. Hvers vegna? Vegna þess að þær eru innra eftirlit, sams konar eftirlit og eigandinn notar til að fylgjast með sínu starfsfólki. Það mundi kosta strikamerkingar á alla vöru sem færi í gegnum þessa kassa ef eitthvert öryggi ætti að vera í því að hafa tvö þrep í verslununum. Ég ætla ekki að bera það á neinn að þeir séu sakamenn í þeim efnum að þeir séu að stunda skattvik eða slíka hluti. Sérhver er saklaus nema annað sé sannað. Það er meginregla í öllu slíku. En vel að merkja, við skulum gera okkur grein fyrir því að virðisaukaskatturinn er það mikil skattheimta, yfir 24%, að ef einn fær að stinga þessum peningum að verulegum hluta í sinn vasa undir því yfirskini að hann sé að selja varning á 14%-skalanum en hinn lendir í að greiða þá erum við að skapa þann samkeppnisójöfnuð að það er tímaspursmál hvenær sá heiðarlegi lendir undir eða neyðist til að taka upp sömu hætti. Það er nefnilega skylda þingmanna að standa þannig að málum að sá sem stendur rétt að sínum málum og er heiðurlegur sé ekki fyrir fram dæmdur til að tapa í samkeppninni. Og ég trúi því að jafnt kaupmenn sem aðrir séu þeirrar gerðar að þeir vilji réttlæti og þannig leikreglur að þær stuðli að réttlæti.

Auðvitað er það svo að sitt sýnist hverjum eins og ég sagði hér áðan. Vandinn í þessu máli er aftur á móti sá að hver aðilinn eftir annan hefur lýst því yfir að

hann gengi ekki frjáls að þeim kosningum sem fara fram um skattamál. Hann væri undir þeim þrýstingi eða þeim samningum eða hvað sem menn vilja kalla það, frá aðilum úti í bæ sem vissulega bera mikla ábyrgð á sínu sviði en bera enga ábyrgð á skattamálum þjóðarinnar, bera enga ábyrgð á hallanum sem hér hefur verið, að þessir menn eigi að ráða.

Ég man eftir því einu sinni og nú ætla ég að bæta því við, þetta er ekki í fyrsta skipti sem svona þrýstingur hefur verið. Ég hef setið sem stuðningsmaður ríkisstjórnar og stundum verið arfavitlaus yfir þeim árangri sem menn hafa náð í þessum þrýstingi. Einu sinni var það baráttumál ASÍ og VSÍ að lækka tolla á bílum mjög mikið. Þeir lækkuðu ekki skattheimtuna í landinu nokkurn skapaðan hlut. Hún var sama prósenta af þjóðartekjum. Almenningur var látinn borga sömu heildargjöldin. En þeir lækkuðu skattana af bílunum. Svo var farið af stað og sett kílógjald á bíla. Og *ég ætla að fullyrða það úr þessum stól að kílógjaldið* á bíla er hæsti eignarskattsstofn, hæsti eignarskatturinn sem greiddur er í þessu landi, hæsti eignarskattur. Hann er það óréttlátur að maður sem á bíl sem er kannski 30 eða 40 þús. kr. virði þarf að borga himinhátt hlutfall af þessu verðmæti í skatt til ríkisins vegna þess að menn töldu það ekki rétt einhverra hluta vegna, e.t.v. menn sem vildu kaupa sér nýja bíla úr röðum samningamannanna að sá sem keypti dýra bílinn borgaði þetta. Byrðin var færð til í þjóðfélaginu yfir á þá sem minna mega sín. Það er söguleg staðreynd. Það er það sem stendur eftir.

Herra forseti. Mér er ljóst að það hefur verið mikið álag á þinginu í þessari viku og mikið álag á forseta. Þess vegna stytti ég mál mitt. En það er hægt að taka hér umræðuna í beinu framhaldi af þessu lið fyrir lið og rekja dæmi um mistökin í skattheimtunni á Íslandi vegna þess að þeir sem ábyrgðina bera hafa látið draga það vald úr höndum sér og gleymt því að þeir einir bera ábyrgðina. Það þýðir ekkert að segja: Hinir sögðu mér að gera þetta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, frh. 2. umr.

Stjfrv., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 316, nál. 445 og 447, brtt. 446.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 23:50.

---

71. FUNDUR

mánudaginn 20. des.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 316, nál. 445 og 447, brtt. 446. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Tekjustofnar sveitarfélaga, stjfrv., 233. mál, þskj. 450, brtt. 468. — 3. umr.
4. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — 2. umr.
5. Lánsfjárlög 1994, stjfrv., 75. mál, þskj. 78, nál. 381 og 392, brtt. 382 og 464. — 2. umr.
6. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 298. mál, þskj. 430, nál. 466, brtt. 467. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.

Skattamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 251. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 290, nál. 405, 409, 411 og 427, brtt. 406, 410 og 412.

[10:34]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 412 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 406,1 (ný 1. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (JVK, KE, MB) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AÓB, EH, GunnS, HÁ, JE, ÓÞÞ) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL*, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB*, GHall, GÁS, GÁ*, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP*, JÁ, JóhS, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (FI, HÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AÓB, EH, GunnS, JE, ÓÞÞ) fjarstaddir.
[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu ekki að greiða atkvæði.]

Brtt. 406,2 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AÓB, EH, GÁ, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,3.a kölluð aftur.

Brtt. 406,3.b samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AÓB, EH, GHelg, GunnS, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.
5 þm. (AÓB, EH, GunnS, JE, ÓÞÞ) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.
4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,1 kölluð aftur til 3. umr.

7. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
26 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,2 kölluð aftur til 3. umr.

8. gr. samþ. með 32:3 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: ISG, JVK, KE.
22 þm. (EL, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AÓB, EH, EgJ, FI, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,3 felld með 33:25 atkv. og sögðu
já: EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (MB) greiddi ekki atkv.
4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:42]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. 2. minni hluti efh.- og viðskn. telur að sú endurskoðun sem hefur átt sér stað á vaxtabótakerfinu sé ófullnægjandi. Það hefur ekki verið tekið tillit til þeirra breytinga sem orðið hafa. Ég minni í því sambandi á Búseta og þeirra staðreynda að hér á sl. ári var flutt frv. af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar í því máli en ekkert tillit hefur verið tekið til þess.

Við teljum nauðsynlegt að þetta mál hljóti frekari endurskoðun. Hér er gert ráð fyrir því að 9. gr. taki ekki gildi fyrr en 1. jan. 1995. Auk þess eru þessar

breytingar með þeim hætti og einnig þær breytingar sem nú koma til framkvæmda að það þyngir greiðslubyrði ákveðinna aldurshópa í þjóðfélaginu mjög mikið, sérstaklega aldurshópsins á bilinu 35 til 45 ára. Við leggjum því til að þessi grein falli niður og frekari vinna verði lögð í þetta mál.

[10:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Alþb. hefur barist mjög hart gegn skerðingu vaxtabótanna. Sú breyting var lögfest á síðasta þingi. Hér er meiri hlutinn að reyna að lagfæra það mál með því að dreifa byrðunum af skerðingunni öðruvísi á þá hópa sem vaxtabætur fá. Það er afstaða okkar að það væri æskilegt að fá meiri tíma til að skoða þessa breytingu. En fyrst og fremst vil ég við þessa atkvæðagreiðslu ítreka og undirstrika andstöðu okkar við þessa skerðingu sem er fráleit og hreinustu svik við það fólk sem hefur tekist á herðar skuldbindingar vegna húsnæðismála á undanförnum árum.

Við munum því greiða atkvæði með því að þessari breytingu og vaxtabótaákvæðunum verði frestað þannig að tími gefist til að skoða þær betur en sitja hjá við kaflann komi hann engu að síður til atkvæða.

9. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AÓB, EH, GunnS, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,4 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 406,4 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AÓB, EH, GunnS, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (AÓB, EH, EgJ, GunnS, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,5 (ný 11. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,5 kölluð aftur til 3. umr.

12. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (IP, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,6 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 406,6 (ný grein, verður 13. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

13. gr. (verður 14. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,7 (ný grein, verður 15. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (JE, JónK) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,7–8 kallaðar aftur til 3. umr.

14. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 32:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, RA, StG, SJS, SvG, VS.

3 þm. (GHelg, IBA, ÓRG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:51]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Samkvæmt þessari grein frv. er gert ráð fyrir því að hótel og gistiherbergi séu virðisaukaskattskyld. Jafnframt er gert ráð fyrir því eins og frv. er nú úr garði gert að fólksflutningar innan lands séu virðisaukaskattskyldir. En það mál mun verða tekið til sérstakrar umfjöllunar milli 2. og 3. umr. Þar sem þessi grein gerir ráð fyrir virðisaukaskattskyldu þessara atvinnugreina þá mun ég greiða atkvæði á móti þessari grein.

15. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,8 (16. gr. falli brott) samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

17. gr. (verður 18. gr.) samþ. með 33:23 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS.

3 þm. (IBA, JVK, KE) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:54]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Samkvæmt a-lið 17. gr. frv. er gert ráð fyrir því að virðisaukaskattur sé áfram lagður á flugfargjöld innan lands og á fólksflutninga en það mál verður tekið til sérstakrar skoðunar milli 2. og 3. umr.

Að því er varðar b-liðinn þá er að sjálfsögðu mikilvægt að taka það skýrt fram að slíkar greiðslur séu ekki virðisaukaskattskyldar og því get ég stutt b-liðinn. En fram til þessa hefur heldur ekki verið talið að slíkar greiðslur séu virðisaukaskattskyldar. Ég mun því greiða atkvæði á móti a-lið en styðja b-lið.

[10:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil einungis taka það fram að það er ekki hægt að taka aftur til 3. umr. grein sem er í frv. Hins vegar eins og öllum er ljóst sem hér eru inni og komið hefur fram áður þá kann þetta frv., m.a. vegna yfirlýsingar sem ég gaf á laugardaginn, að breytast á milli 2. og 3. umr. Þess vegna greiði ég þessari grein atkvæði.

Brtt. 410,9 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 406,9 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MB, StG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:57]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þetta ákvæði kemur jafnframt til með að breytast vegna þeirrar yfirlýsingar sem ríkisstjórnin hefur gefið í sambandi við þetta mál, þ.e. skattlagningu fólksflutninga og mun ég sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

18. gr., inngangsmálsliður og a-liður (verður 19. gr., inngangsmálsliður og b-liður) samþ. með 31:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS.

2 þm. (IBA, MB) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ, SalÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. A-liðurinn fjallar um skattlagningu, upptöku virðisaukaskatts á svokallaða milligöngu um ferðaþjónustu og átti að verða eða á að vera skattlagning á virðisaukann sem myndast í starfsemi ferðaskrifstofa og sölu á ferðum, ferðaheildsölu og pakkasölu og öðru slíku. Nú er í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar væntanlega ætlunin að skoða þetta milli 2. og 3. umr. og verður þessu þá vonandi breytt. En það er ljóst að þetta er sá angi þessara framkvæmda sem hvað torveldastur hefði nú orðið og þess vegna er það fagnaðarefni bæði vegna greinarinnar og eins hins að framkvæmdin hefði að líkindum orðið hreinasti óskapnaður. En þar sem efnisafstaða okkar er sú að vera á móti þessari skattlagningu þá greiðum við atkvæði gegn greininni við þessa umræðu.

18. gr. b-liður (verður 19. gr. c-liður) samþ. með 46:12 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, VG, JVK, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, SalÞ.

nei: VS, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JónK, EL, StG, JE.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.

4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:02]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Við þingmenn Framsfl. erum andvígir því að taka þá ákvörðun nú að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti um þessi áramót. Við leggjum það til að allt þetta mál verði sett í nefnd sem kosin verði til að taka allt málið upp. Við teljum að sá undirbúningur sem farið hefur fram sé allsendis ófullnægjandi, það muni verða mikið öngþveiti eftir áramótin í þessum málum þar sem verslanir muni ekki hafa ráðrúm til að framkvæma breytinguna með sómasamlegum hætti. Jafnframt teljum við að ríkisstjórnin hafi staðið þannig að málinu að framkvæmdin muni fara úr skorðum.

Við erum því andvígir þessari breytingu en viljum taka þátt í því að skoða málið betur með öðrum flokkum og aðilum vinnumarkaðarins samkvæmt ákvæði til bráðabirgða eins og kemur fram í brtt. okkar.

[11:04]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Deila má um það hvort þetta sé sú kjarabót sem að var stefnt og samningar milli launþegasamtaka, vinnuveitenda og ríkisvaldsins kváðu á um. Ég veit að framkvæmdin getur kallað á vissa erfiðleika en ég tel þó að þetta sé áfangi í þá átt að fella niður matarskattinn alveg sem ég tel vera grundvallaratriði og þess vegna segi ég já.

[11:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mikil þörf á að bæta kjör láglaunafólks og að jafna kjörin í landinu. En með þeirri aðgerð sem hér er verið að greiða atkvæði um og kemur í kjölfar kjarasamninga frá sl. vori er verið að færa mun meira fjármagn til hinna tekjuhærri í þjóðfélaginu. Þeirra sem hafa meira á milli handanna og neyta meira. Auk þess felst í þessari aðgerð manneldisstefna sem ég get ekki fellt mig við. Ríkisstjórnin hefur staðið þannig að þessu máli að það er hneyksli. Ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og hún verður að taka afleiðingum af þessari aðgerð. Ég greiði ekki atkvæði.

[11:06]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hefur verið og er stefna Alþb. að rétt sé að hlífa brýnustu lífsnauðsynjum heimilanna, menningu og almenningssamgöngum og slíkum liðum við skattlagningu af þessu tagi. Við styðjum því þessa kerfisbreytingu eins og við höfum gert jafnan þó svo að ábyrgðin af framkvæmdinni nú sé að sjálfsögðu á hendi hæstv. ríkisstjórnar. Ég er sannfærður um það að til lengri tíma litið og að breyttu breytanda ásamt með skynsamlegum tekjujafnandi ráðstöfunum í skattkerfinu þá verður það hinum stærri og tekjulægri fjölskyldum til hagsbóta að hafa sem lægsta og helst enga skattlagningu á brýnustu lífsnauðsynjum. Ég segi því já með góðri samvisku, hæstv. forseti.

18. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (AÓB, EH, GunnS, IBA, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,10 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.

5 þm. (AÓB, EH, GunnS, IP, ÓÞÞ) fjarstaddir.

19. gr. (verður 20. gr.), svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB,

SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.
4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

20.–23. gr. (verða 21.–24. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ, VE) fjarstaddir.

24. gr. (verður 25. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (AÓB, EH, EgJ, GunnS, JHelg, ÓÞÞ) fjarstaddir.

25.–27. gr. (verða 26.–28. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AÓB, EH, GHelg, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,10 kölluð aftur til 3. umr.

28. gr. (verður 29. gr.) samþ. með 33:12 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, JVK, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, StG, VS.
14 þm. (GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:12]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Sú brtt. sem við höfum dregið til baka fjallar um það að lögfest verði að endurgreiða hluta af virðisaukaskatti af brýnustu nauðsynjavörum heimilanna. Tillöguna munum við síðan bera fram aftur við 3. umr. Greinin eins og hún er nú orðuð er með þeim hætti að þar kemur vel fram hvers konar gallar verða á þessu kerfi. Þar er gert ráð fyrir því að Íslendingar muni t.d. kaupa þorramat á veitingahúsum með 24,5% virðisaukaskatti á þorranum, en 14% virðisaukaskatti í verslunum. Ef menn neyta matar síns til fjalla og fá þar dýrindis veitingar bornar fram af þjónum út úr bílum verður það með 14% virðisaukaskatti en ef það er gert á jörðu niðri í veitingahúsum er það með 24,5% virðisaukaskatti. Þetta sýnir best hvernig framkvæmdin á þessu kerfi kemur til með að verða. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessari grein.

29. gr. (verður 30. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
27 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (AÓB, EH, EKG, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,11 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
5 þm. (AÓB, EH, GunnS, JE, ÓÞÞ) fjarstaddir.

30. gr. (verður 31. gr.), svo breytt, samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AÓB, EH, EKG, EKJ, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

31. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (AÓB, EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,11 kölluð aftur til 3. umr.

32. gr., ákv. til brb. I (verður 33. gr., ákv. til brb. I) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, GunnS, MF, ÓÞÞ) fjarstaddir.

32. gr., ákv. til brb. II (verður 33. gr., ákv. til brb. II) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, JVK, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, GunnS, MF, ÓÞÞ) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:20]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða II er fjmrh. heimilt að endurgreiða hluta virðisaukaskatts af neyslufiski. Komið hefur í ljós að fiskur mun hækka í verði við þær breytingar sem nú standa fyrir dyrum. Fjmrh. hefur heimild til þess að koma í veg fyrir þá hækkun fyrst í stað en síðan mun hækkunin koma til framkvæmda.

Ég er í sjálfu sér ekki á móti því að fjmrh. hafi áfram þessa heimild. Ríkisstjórnin ber ábyrgð á þessum breytingum og þar á meðal á þeirri hækkun sem mun verða á fiski. Ég mun því ekki greiða atkvæði.

Brtt. 410,12 kölluð aftur til 3. umr.

33. gr. (verður 34. gr.) samþ. með 38:12 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JGS, JHelg, JónK, StG, VS.

9 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, GunnS, MF, ÓÞÞ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:23]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að það komi best í ljós þegar þessi atkvæðagreiðsla fer fram hversu flókin hún er og í reynd erfitt að fylgjast alveg með. Hér er verið að leggja það til að hækka tryggingagjald um 0,35% sem mun gefa ríkissjóði 560 millj. Hér er verið að leggja álögur á atvinnureksturinn sem eru að okkar dómi óþarfar. Það má gera með öðrum hætti. Þetta mun draga úr möguleikum atvinnulífsins til að bæta kjör launþega og það mun jafnframt draga úr framleiðslustarfsemi og útflutningsstarfsemi í landinu. Við erum því andvíg þessum hækkunaráformum og ég mun greiða atkvæði á móti þessari grein.

[11:23]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég hef nýlega tekið þátt í því að greiða atkvæði með því að hluti af vörum, þ.e. matvörur, fari í 14% virðisaukaskatt þá tel ég eðlilegt að bæta það upp á einhvern hátt. Mér hefur alltaf fundist eðlilegra að meira af sameiginlegum gjöldum okkar kæmi frá atvinnurekstrinum en að sífellt væri bætt gjöldum á einstaklinga. Ég segi því já.

Brtt. 410,13 kölluð aftur til 3. umr.

34.–36. gr. (verða 35.–37. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, JóhS, KE, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (EH, GunnS, MF, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,12 (37. gr. falli brott) samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (EH, GunnS, MF, ÓÞÞ) fjarstaddir.

38. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

4 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ, SvG) fjarstaddir.

39. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ,

JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

40. gr. samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

41.–42. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, IBA, ISG, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EH, GE, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

43.–44. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JVK, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE*, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
4 þm. (EH, GHelg, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 406,13 (ný 45. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ, KE, StG) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

46. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
27 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 410,14 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 406,14 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:30]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Þær flóknu breytingar sem framkvæma á samkvæmt þessu á vörugjöldum eru fyrst og fremst vegna þess að hér er verið að lækka gjald af sykri þannig að sælgæti og gosdrykkir lækki nokkuð í verði til samræmis við aðrar matvörur. Þessar breytingar eru tengdar því tveggja þrepa kerfi sem stendur til að taka upp og þess vegna höfum við flutt brtt., sem við höfum nú dregið til baka, um að allur þessi kafli falli brott enda yrði hann þá óþarfur, en ég mun ekki greiða atkvæði við þessar breytingar að svo komnu máli.

47. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
27 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

48. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,15 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ,

KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

49. gr., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, EL, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
5 þm. (EH, FI, GunnS, MB, ÓÞÞ) fjarstaddir.

50. gr. samþ. með 34:2 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, JVK.
24 þm. (EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Brtt. 406,16 (nýr kafli, verður VIII. kafli, 51.–53. gr.) samþ. með 32:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: IBA.
27 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:35]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða breytingar á lögum um Útflutningsráð Íslands með síðari breytingum. Sannleikurinn er sá að efh.- og viðskn. hafði hreinlega ekki ráðrúm né tíma til að fara vel yfir þessi ákvæði. Það hefur verið mikið að starfa á undanförnum vikum og þess vegna hefur ekki gefist tími til að ræða við aðila þessa máls um þær breytingar sem hér koma fram. Ég er ekki með því að segja að hagsmunaaðilar séu á móti þessari breytingu. Ég hygg að þeir séu flestir með henni, en ég tel að það hefði þurft lengri tíma til þess að fara yfir þetta mál og mun því ekki greiða atkvæði.

[11:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er í raun og veru verið að taka aftur upp aðstöðugjald, þ.e. hér á að koma á í litlum mæli gjaldtöku sem byggir á veltu svipað og aðstöðugjaldið gerði. Ég tek ekki afstöðu til þess hvort menn vilja fara að búa til nýtt aðstöðugjald með þessu og greiði því ekki atkvæði.

Brtt. 406,17 (nýr kafli, verður IX. kafli, 54.–56. gr.) samþ. með 32:3 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
nei: IBA, KHG, RA.
25 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
3 þm. (EH, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:37]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það má segja það sama um kaflann um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, sem hér er verið að greiða atkvæði um, að það hefur ekki gefist ráðrúm til þess að ræða við aðila um þetta mál. Þar af leiðandi mun ég ekki greiða atkvæði um þennan kafla.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (EH, GHelg, GunnS, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Lánsfjárlög 1994, 2. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 78, nál. 381 og 392, brtt. 382 og 464.

[11:40]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 382 og 464 við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1994 frá meiri hluta efh.- og viðskn. Brtt. á þskj. 382 eru við 5. gr. en hún er um að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lántökur eftirtalinna aðila á árinu 1994. Í frv. eru tveir liðir og brtt. fjalla um að við bætist:

Þriðji liður: Bæjarveitur Vestmanneyja, allt að 35,3 millj. kr. til skuldbreytingar eldri lánum.

Fjórði liður: Minjavernd, allt að 25 millj. kr. til skuldbreytingar eldri lánum.

Á eftir 10. gr. komi ný grein er orðist svo:

„Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að

gefa út og selja, innan heimilda lánsfjárlaga hvers árs, einn eða fleiri flokka alþjóðabréfa ríkissjóðs er hljóði upp á greiðslu í erlendri mynt. Þrátt fyrir ákvæði 39. gr. laga nr. 13/1979, um stjórn efnahagsmála o.fl., er fjármálaráðherra heimilt að gefa þessi bréf út í formi handhafabréfa, enda skal sala til innlendra aðila fara fram með milligöngu aðila sem hafa leyfi viðskiptaráðherra til verðbréfamiðlunar og þau varðveitt á sérstökum nafnskráðum reikningum viðskiptamanns, sbr. 16. gr. laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti."

Brtt. á þskj. 464 eru eftirfarandi:

1. Við 1. gr. Í stað „27.950" komi: 27.750.

Lántökuheimild fjmrh. er hér lækkuð um 200 millj. kr. Er þetta í samræmi við niðurstöður fjárlaga, þ.e. að bæði halli ríkissjóðs og endurlán ríkissjóðs eru minni en gert var ráð fyrir í upprunalegu frv.

2. Við 3. gr. Í stað „6.300" og „3.700" komi: 6.240 og 3.640.

Hér er lántaka Lánasjóðs ísl. námsmanna lækkuð um 60 millj. kr. og einnig samtala greinarinnar. Er þetta í samræmi við nýjustu áætlanir LÍN um fjárþörf á næsta ári.

3. Við 4. gr. Í stað „130" í 9. tölul. komi: 150.

Hér er lántökuheimild Ferðamálasjóðs hækkuð um 20 millj. kr. Er þetta í samræmi við áform um aukin umsvif sjóðsins á næsta ári.

4. Við 5. gr. a. Fyrsti töluliður orðist svo: „Póst- og símamálastofnun, allt að 215 millj. kr. til þátttöku í lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið.

Hér er lántökuheimild Pósts og síma vegna lagningu ljósleiðara yfir Norður-Atlantshafið hækkuð um 20 millj. kr. og er þetta vegna breytts gengis dollars og annarra fjármagnsliða.

b. Á eftir 1. tölul. komi nýr töluliður er orðist svo: „Póst- og símamálastofnun, allt að 70 millj. kr. vegna Loran-C staðsetningarkerfis."

Hér er Pósti og síma veitt heimild til 70 millj. kr. lántöku til yfirtöku á Loran-C staðsetningarkerfinu. Bandaríska strandgæslan hafði áður annast þennan rekstur.

Útbýting þingskjala:

Skattamál, 251. mál, þskj. 469.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 233. mál, þskj. 450.

[11:45]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það er skemmst frá því að segja að minni hluti efh.- og viðskn. getur ekki mælt með því að frv. til lánsfjárlaga verði afgreitt nú við þær aðstæður sem ríkja. Til þess er allt of mikil óvissa enn ríkjandi um ríkisfjármaladæmið á næsta ári. Veigamikil tekjuöflunarfrumvörp hafa ekki hlotið afgreiðslu og enn er meira að segja óljóst um á hvaða formi þau verða endanlega til afgreiðslu.

Það er nærtækt að vitna í sambærilegar aðstæður í þinghaldinu á sl. vetri. Þá vildi meiri hlutinn knýja á um afgreiðslu lánsfjárlaga fyrir jólahlé. Minni hlutinn varaði þá sterklega við því og það kemur fram í nál. minni hluta efh.- og viðskn., líklega frá 21. des. 1992, að við teljum á engan hátt tímabært að afgreiða lánsfjárlagafrv. enda sé það jafnan svo að lánsfjárlög séu það síðasta og eigi eðlilega að vera það síðasta sem afgreitt er af stóru tekjuöflunar- og ríkisfjármálafrumvörpunum, þ.e. fjárlagafrv. sjálfu, álagningu skatta og tekjuöflunarfrumvarpa almennt. Að lokum sé svo dæminu lokað með lánsfjárlagafrv. og ramma utan um útgjöld og lántökur ríkisins á komandi ári.

Það fór svoleiðis í fyrra að lánsfjárlagafrv. stöðvaðist í þinginu og hlaut ekki afgreiðslu fyrr en í janúar og í framhaldsnefndaráliti, dagsettu 12. jan. 1993, er dregin athygli að því sem skeð hafði í millitíðinni og jafnframt varað við því að ríkisstjórninni hafi mistekist með öllu að ná tökum á efnahagsmálum og ríkisfjármálum. Það er fullyrt að greinilega stefni í meiri halla ríkissjóðs en gefið sé í skyn í fjárlagafrv. og mikil óvissa sé um ýmsa þætti efnahagsmála, vaxtamála og fleira.

Reynslan hefur svo sannarlega sannað þessa gagnrýni og nægir í því sambandi að vitna til þess að eitt af verkefnum efh.- og viðskn. á þessum vetri var einmitt að afgreiða frv. til laga um breytingu á lánsfjárlögum fyrir yfirstandandi ár þar sem lántökuheimildir ríkissjóðs voru auknar um u.þ.b. 5 milljarða kr.

Því miður er það svo, hæstv. forseti, að ákaflega margt er keimlíkt með aðstæðum þessa máls nú og var á síðasta vetri. Þess vegna væri að okkar dómi hyggilegast, og það leggjum við til, að fresta afgreiðslu lánsfjárlaganna, ljúka afgreiðslu tekjuöflunarfrumvarpa og skattamála, afgreiða fjárlög og láta svo ráðast með endanlega afgreiðslu lánsfjárlaga, hvort hún nær fram að ganga á þessu ári eða í upphafi hins næsta. Í raun og veru skiptir það sáralitlu máli og enn minnu nú en oft áður, að segja má, sökum þess að sú breyting hefur átt sér stað á uppsetningu að eingöngu eru lántökuákvæðin sjálf í frv. Svonefndur „þrátt-fyrir"-kafli eða skerðingarkafli er kominn yfir í annað frv. Þar með er ljóst að þetta frv. er eingöngu um lántökurammann sjálfan. Það væru þá einu rökin sem fyrir því væru að þetta þyrfti að ná fram að ganga fyrir áramót að einhver einstakur aðili sem hér á lántökuheimildir í vændum þyrfti að nýta þær strax á fyrstu dögum ársins.

Nú vona ég að svo sé ekki komið hjá hæstv. fjmrh. að kassinn sé svo grenjandi tómur um áramótin að hann þurfi nauðsynlega að slá stór lán strax í byrjun næsta árs og ég vænti þess að svo sé ekki með aðra. Að vísu heyrist mér hæstv. fjmrh. bera sig aumlega hér til hliðar við mig og má kannski ráða af því að ástandið sé einmitt svona, að það sé mikil þörf fyrir það hjá ríkissjóði að fá þessar lántökuheimildir strax á nýársdag til að hefja erlendar lántökur. En það er auðvitað öllum kunnugt sem einhverja reynslu hafa af þessum störfum að það hefur iðulega gerst og reyndar sennilega oftar en hitt að lánsfjárlög hafa verið afgreidd í byrjun nýs árs.

Við teljum sem sagt að það sé óþarfi að rökstyðja það frekar, það liggi alveg fyrir bæði í ljósi stöðu mála hér á þingi og í ljósi reynslunnar að hyggilegt sé að bíða með lánsfjárlögin nema menn hafi svona gaman

af því að taka þau upp trekk í trekk á hverju ári.

Við hljótum þess vegna jafnframt að vísa allri ábyrgð af afgreiðslu málsins nú við þessar aðstæður á hendur hæstv. ríkisstjórn. Um lántökurnar að öðru leyti hef ég ekki miklu við það að bæta. Ég vísa til þeirrar umræðu sem hér varð við 1. umr. málsins. Þá var farið nokkuð yfir aðstæður varðandi skuldir ríkissjóðs og erlendar lántökur. Við ræddum þá stöðu sem greinilega er upp komin, að ríkissjóður sjálfur leitar í vaxandi mæli á erlendan lánamarkað. Þó svo að menn berji sér á brjóst hér gagnvart því að heildarlántökurnar séu ekki að aukast þá er greinanlegt og mjög merkjanlegt fráhvarf frá þeirri stefnu að keppa að sem mestri fjármögnun hallans hér innan lands og því er ekki á móti mælt að þarna eru hlutföllin nokkuð að breytast til hins verra að mínu mati.

Í þessu sambandi er einnig óhjákvæmilegt að nefna þá ákvörðun hæstv. ríkisstjórnar að nota það sem stjórntæki eða hótun í sambandi við vexti, að hverfa í auknum mæli á erlendan lánamarkað með lántökur. Það á ekki bara við um ríkissjóð að manni skilst heldur einnig jafnvel byggingarsjóðina, lántökur Húsnæðisstofnunar. Reynslan sýnir af útboðum Húsnæðisstofnunar að það virðist ætla að ganga treglega að fá þar fjármögnun á þeim kjörum sem menn hafa sett sér, þ.e. undir 5%. Við þessu verður auðvitað að gjalda varhug, líka vegna þess að hér eru lántökuheimildirnar í fyrsta sinn settar þannig upp að það er enginn greinarmunur gerður á innlendum og erlendum lántökum. Áður hefur þetta verið svo, eins og kunnugt er, að erlendar lántökuheimildir hafa verið skilgreindar sérstaklega og þeim sett þak þannig að þær gætu eingöngu orðið tilteknar að upphæð eða hlutfalli. Nú er þessu breytt og sagt í takt við tíðarandann að nú geri menn ekki lengur í raun neinn greinarmun á uppruna fjármagnsins, hvort hann er innlendur eða erlendur, enda sé orðið fullt frelsi í fjármagnshreyfingum. Þetta hljómar allt óskaplega fallega og lítur vel út á pappírum, en að hinu skulu menn gæta að að lokum skiptir það miklu máli, þegar kemur að skuldadögunum, hvort greiðslurnar renna út úr landinu eða í umferð hér innan lands. Þess vegna hlýtur innlend fjármögnun að vera keppikefli í sjálfu sér og má aldrei hvika frá því að reyna að halda uppi sem allra mestri innlendri fjármögnun, hvort sem í hlut á ríkissjóður eða stórir lántakendur hér innan lands, meira og minna undir stýringu hins opinbera eins og byggingarsjóðirnir eða fjárfestingarlánasjóðir eða aðrir slíkir. Um hitt, eins og ég segi, vísa ég að öðru leyti til umræðna sem hér hafa þegar farið fram um vaxtastigið og aðgerðirnar á því sviði og þessi lánahlutföll. Vissulega hafa menn skilning á því að það er mikilvæg aðgerð í sjálfu sér að reyna að ná niður vöxtunum, að ná þeim niður hér eitthvað í áttina við það sem nemur vaxtalækkuninni erlendis. Því miður sitjum við áfram uppi með þá stöðu að munurinn á raunvaxtastiginu á Íslandi og í helstu viðskiptalöndum er enn a.m.k. jafnmikill og hann hefur verið, vegna þess að það sem gerst hefur hér á síðustu tveimur mánuðum eða svo er í raun og veru í besta falli það að halda nokkurn veginn í horfinu gagnvart vaxtalækkunum erlendis þannig að munurinn aukist ekki enn Íslandi í óhag. Munurinn á raunvaxtastiginu er gjarnan á bilinu 2–4% hér á Íslandi og í ýmsum nálægum löndum og nægir í því sambandi að nefna þessi ávöxtunarkjör á ríkispappírum sem mest hafa nú verið til umræðu. Hér hafa menn sett sér það mark að ná þeim niður fyrir 5% en þau eru víða erlendis á bilinu 2,5–4 eða 4,5%.

Ég vil lítillega gera að umtalsefni ein tvö til þrjú efnisatriði sérstaklega, hæstv. forseti, og byrja þá á Lánasjóði íslenskra námsmanna. Eins og sést á brtt. á þskj. 464 er enn verið að lækka heimild til lántöku á vegum Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þar er byggt á nýrri áætlun frá sjóðnum um að lántökuþörf sjóðsins muni enn lækka frá því sem talið var og nema nú einungis 3.640 millj. Og þó menn telji þetta e.t.v. ekki stóra breytingu frá forsendum frv. né því sem áætlað var á yfirstandandi ári, þá er þó alveg ljóst að þarna stefnir hraðbyr niður á við með lántökur eða útlán lánasjóðsins og afleiðingin er einfaldlega sú, eins og fram kemur í greinargerð stjórnar lánasjóðsins, að nemendum fækkar þetta ört í námi. Nú væri gaman að hafa hér hæstv. umhvrh. sem sór þess dýran eið að hann mundi beita sér fyrir því að útlánareglum lánasjóðsins yrði breytt og skólagjöld tekin af og hvað það nú var, ef í ljós kæmi óhagstæð þróun hvað varðaði t.d. fjölda fólks í námi. Nú get ég upplýst hæstv. slaufuklæddan umhvrh. um það að enn hefur sigið á ógæfuhliðina í þessum efnum, því samkvæmt nýrri áætlun frá stjórn lánasjóðsins þá mun þörf sjóðsins fyrir lántökur enn minnka á milli ára og um 60 millj. kr. nú frá því sem síðasta áætlun gerði ráð fyrir. Það er gefin ein og einföld skýring á þessu, hæstv. umhvrh., fækkun nemenda er jafnvel enn meiri en stjórn lánasjóðsins hafði áður gert ráð fyrir. Með öðrum orðum, það hríðfækkar í langskólanámi á Íslandi á þessum dimmu dögum þegar atvinnuleysi er vaxandi og allt hvað er og þróunin hefði auðvitað, ef allt væri með felldu átt að vera hin gagnstæða. (**Fjmrh.:** Líka vaxtalækkunin.) Ég hef ekki trú á því, hæstv. fjmrh., að vaxtalækkun á almennum markaði hafi þarna einhver umtalsverð áhrif. Auðvitað vitum við að eitt snjallræðið hjá hæstv. ríkisstjórn, að hefja eftirágreiðslu námslána, leiddi til þess að vaxtakostnaður kom inn í útlánaþörf lánasjóðsins gegnum það líka að lána nemendunum fyrir fjármagnskostnaðinum sem þeir höfðu af skammtímalántökum vegna eftirágreiddra námslána og það segir náttúrlega sitt um þá dellu, þá fjarstæðu sem það er. En ég held að hér eigi fyrst og fremst í hlut þær breytingar á útlánareglunum og það að námslánin og námið hefur almennt verið gert óhagstæðara og erfiðara fyrir námsmenn, með upptöku vaxta á námslán, með hertum útlánareglum, með stórhertum reglum um framvindu náms sem er í mörgum tilvikum alveg óraunhæf t.d. fyrir einstæða foreldra eða fólk með erfiðar aðstæður. Það er ekki minnsta tillit tekið til slíks varðandi t.d. námsframvinduna, sem er ómanneskjulegt með öllu. Þegar svo skólagjöld og fleiri hlutir bætast þarna ofan á þá er afleiðingin þessi, menn geta þráttað lengur og skemur um það hver ástæðan sé, en afleiðingin er stór-

fækkun í langskólanámi og það hlýtur að vera okkur mikið áhyggjuefni, a.m.k. þeim sem halda ræður um að framtíðin felist í menntun og rannsóknum o.s.frv. Það er ekki að sjá að menn hafi á því mikinn skilning á Íslandi eða miklar áhyggjur að hér stórfækkar í námi við þessar aðstæður.

Í öðru lagi vil ég nefna aftur byggingarsjóðina. Við vekjum á því athygli í okkar nál., minni hlutinn, að það er auðvitað veruleg óvissa ríkjandi gagnvart því á næsta ári og ég vil sérstaklega undirstrika að það er svo margt sem er að gerast í senn sem veldur þarna mikilli óvissu. Í fyrsta lagi verður á næsta ári í fyrsta skipti um langt árabil engum samningum til að dreifa milli Húsnæðisstofnunar, byggingarsjóðanna og lífeyrissjóðanna, alls engum, um fjármögnun, en á því hefur Húsnæðisstofnun byggt í veigamiklum mæli á undanförnum árum og sum árin nánast algerlega tryggt fjármögnun sína með samningum við lífeyrissjóðina. Þannig að sú fjármögnun hefur verið tryggð fyrir fram og á föstum kjörum. Nú er það beinlínis stefnuatriði, að manni skilst, hjá hæstv. ríkisstjórn, að segja síðustu samningunum af þessu tagi upp og gott ef ekki er búið að því þannig að það sé nú allt endanlega laust, sem þýðir auðvitað að þarna er fjármögnunarþörf upp á tugi milljarða kr., endurfjármögnunarþörf og frumfjármögnun húsnæðisbréfanna eða vegna nýrrar útgáfu húsbréfa á komandi ári. Húsnæðisstofnun verður að sækja sér alla þessa fjármögnun, eins og hún leggur sig, á markaði og sæta þeim lánskjörum sem þar bjóðast. Og ekki bara það heldur skal hún á innlenda markaðnum ekki taka tilboðum sem nema meira en 5% raunávöxtun. Það hlýtur að liggja í hlutarins eðli að þetta veldur mikilli óvissu um fjármögnun sjóðanna á næsta ári. Það vantaði verulega upp á að Húsnæðisstofnun næði því fjármagni á þessu ári sem hún hafði ætlað sér og ég hlýt að leyfa mér að hafa mikinn fyrirvara á því að þetta gangi allt saman áfallalaust fyrir sig á næsta ári eins og í pottinn er búið.

Að lokum vil ég nefna einn einstakan lántakanda sem hér er að fá heimildir, hæstv. forseti, og það er Landsvirkjun. Reyndar gerði ég það einnig við 1. umr. málsins og ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta. Okkur í nefndinni hafa ekki borist neinar nýjar upplýsingar frá Landsvirkjun þannig að ég geri ráð fyrir að þar sé óbreytt staða, sem sagt sú að fyrirtækið þarf að taka að láni á næsta ári rétt tæpa 6 milljarða kr., 5.900 millj. kr., til að standa undir afborgunum af 6.100 millj. kr. sem það á að greiða á árinu. Með öðrum orðum, út úr þessum mikla rekstri fyrirtækisins koma aðeins 200 millj. kr. til að borga niður skuldir. Það er auðvitað mikið umhugsunarefni að mínu mati svo ekki sé meira sagt að af 6.100 millj. kr. afborgunum fyrirtækisins skuli einungis 200 millj. kr. koma frá rekstri, afgangurinn er sleginn í nýjum lánum. Þannig að í raun og veru spólar fyrirtækið nokkurn veginn í sama farinu gagnvart skuldum sínum. Þetta er, ef ég man rétt, annað árið í röð sem tiltölulega mjög lítið kemur frá rekstri upp í afskriftir. Þó ber þess að geta að á síðasta ári munu þarna einhverjar eftirstöðvar af framkvæmdum hafa haft áhrif á jöfnuna. Þannig að væntanlega hefur eitthvað meira skilað sér sem framlegð út úr rekstri fyrirtækisins.

Þetta, hæstv. forseti, ætla ég að láta duga um einstök efnisatriði hér. Auðvitað mætti margt fleira tiltaka. Það væri til að mynda ekki vanþörf á að ræða dálítið um lántökur Byggðastofnunar og Atvinnutryggingarsjóðs og það dæmi allt saman. En við eigum það nú væntanlega eftir hér í þinginu þegar kemur að frv. um þróunarsjóð, skuldaskilasjóðinn mikla sem ríkisstjórnin ætlar að stofna, stærsta sjóð Íslandssögunnar, þar sem á að slengja saman í einn efnahagsreikning sjóðum upp á eitthvað á talsvert annan tug milljarða kr. Þá verður örugglega fróðleg og skemmtileg umræða um það hérna einhvern tímann síðar á vetrinum.

Minni hlutinn ítrekar sem sagt gagnrýni sína á þau vinnubrögð sem ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn hefur ástundað nú eins og á fyrri þingum. Því miður er þetta meira og minna í upplausn og handaskolum og þess vegna væri langskynsamlegast að fresta afgreiðslu lánsfjárlaganna og taka þau til vandlegrar skoðunar hér í janúarmánuði þegar væntanlega hefðu þá verið afgreidd öll meiri háttar efnahagsfrumvörp og tekjumál ríkisins.

[12:04]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi þessarar umræðu geta þess að hér eru mörg umfangsmikil mál til umræðu þar sem atkvæðagreiðslur eru nokkuð flóknar og ég held að það eigi eftir að koma í ljós í dag að það hefði, að mínu mati, ekki verið tæknilega hægt með neinum frambærilegum hætti að ljúka svo umfangsmiklum málum á einni nóttu.

Ég vil t.d. geta þess að þær brtt. sem hér hafa verið bornar fram af hv. meiri hluta efh.- og viðskn. og snerta lánsfjárlögin, eru brtt. sem voru að koma inn til efh.- og viðskn. á laugardag. Ég hef ekkert á móti þeim brtt. sem þar koma fram, en hitt er svo annað mál að efh.- og viðskn. hafði afar lítið ráðrúm til að fara ofan í þau mál. Þetta eru ekki vönduð vinnubrögð og það hljóta að vera einhver takmörk fyrir því hvað hægt er að útbúa brtt. seint. Því eftir því sem undirbúningur er minni og það er gert seinna, þeim mun meiri hætta er á mistökum eða þá að aðilar geri sér ekki nægilega vel grein fyrir því hvað þar er verið að gera.

Ég vildi aðeins vekja athygli á því að þær brtt. sem hér eru fluttar varða lánsfjárþörf ríkissjóðs, þ.e. að í 1. gr. frv. er lagt til að fjmrh., fyrir hönd ríkissjóðs, sé heimilt að taka að láni allt að 27 milljarða 950 millj. kr., en brtt. fjallar um að breyta þessari tölu í 27 milljarða 750 millj. kr.

Ég vil geta þess í þessu sambandi að þær brtt. sem 2. minni hluti efh.- og viðskn. flytur í skattamálum hafa að sjálfsögðu áhrif á þessa lánsfjárþörf. Samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir því að þær brtt. geri það að verkum að það styrki stöðu ríkissjóðs um 150 millj. kr. Þá er ekki tekið tillit til þess að það hefur verið áætlað að kostnaður vegna skattkerfisbreytinganna gæti orðið á bilinu 150–200 millj. Einhvers staðar hefur talan 160 millj. verið nefnd í því sambandi. Það er því ljóst að sá mikli

kostnaður sem fylgir þessu máli af hálfu ríkisins mun koma fram sem vaxandi útgjöld, þ.e. ef ríkisstjórnin gerir ekki þær nauðsynlegu ráðstafanir sem þarf að grípa til í sambandi við það mál. Þá er líka ljóst að þær brtt. sem meiri hluti efh.- og viðskn. hefur nú þegar ákveðið að flytja eða ríkisstjórnin ætlar sér að styðja, eins og t.d. því að falla frá skattheimtu á fólksflutninga, það mun verða til þess að tekjur samkvæmt fyrri forsendum meiri hlutans munu lækka. Þessar fjárhæðir nema trúlega um 150 millj. kr. sem er ekki nauðsynlegt ef tillögur 2. minni hluta efh.- og viðskn. hefðu verið samþykktar þar sem gert er ráð fyrir þeim lækkunum í þeim tillögum.

Það er jafnframt ljóst að innheimta virðisaukaskatts mun versna við þessar breytingar. Það er mjög erfitt að gera sér grein fyrir því hvaða fjárhæðir á þar að miða við. Upphæðin 500 millj. hefur oft verið nefnd í þessu sambandi og hygg ég að það sé ekki vanáætlað. Bæði þarf að líta til þess að hér verður mun flóknara kerfi sem kemst í framkvæmd, sem þarf meira eftirlit og ég óttast að eftirlitið verði ekki styrkt eins og þörf er á. Þar að auki væri að sjálfsögðu hægt að beita þeim mannafla sem stendur til að ráða til starfa í sambandi við þetta mál í aðra þætti skattkerfisins í þeim tilgangi að reyna að minnka þau miklu skattsvik sem eru áætluð hér í landinu og koma skýrt fram í þeirri skýrslu sem hæstv. fjmrh. hefur dreift til alþingismanna og unnin er af nefnd á hans vegum. Þar er gert ráð fyrir því að skattsvik kosti ríkissjóð 11 milljarða kr. og ljóst að þar er mikið verkefni sem þarf að ráðast í og ljóst að hér er mesta misrétti í skattamálum sem viðgengst í landinu. Við höfum því áætlað að þessar tillögur muni hafa þau heildaráhrif að styrkja stöðu ríkissjóðs um 1.000 millj. Við höfum hins vegar ekki flutt brtt. um lækkaða lánsfjárþörf í samræmi við þessa niðurstöðu af þeirri einföldu ástæðu að við teljum að ýmsir liðir fjárlagafrv. séu vanáætlaðir og það muni koma í ljós að útgjöld verði meiri en fjárlögin gera ráð fyrir. Við óttumst því að ríkisstjórnin muni þurfa að koma til Alþingis á nýjan leik til þess að leita eftir nýjum lánsfjárheimildum og teljum að það muni ekki af veita að áætla þessa óvissu upp á einn milljarð og því miður óttumst við að óvissan sé allmiklu meiri. Allt þetta mun koma í ljós síðar og því töldum við ekki rétt að flytja brtt. við 1. gr. frv. en vildum aðeins leggja á það áherslu hversu nauðsynlegt það er að styrkja stöðu ríkissjóðs, sérstaklega þegar litið er til þeirra langtímaáhrifa sem það hefur á vaxtamál. Við erum ekki enn farin að sjá miklar lækkanir á vöxtum til fyrirtækja. Vextir hafa lækkað nokkuð á ríkisskuldabréfum og öðrum skyldum verðbréfum, en vaxtalækkunin hefur aðeins komið að litlu leyti fram gagnvart atvinnulífi og þeim lánum sem almenningur tekur í bönkum. Um stundarsakir hefur tekist að lækka þessa vexti með því að veita meira fé út í hagkerfið, en þegar frá líður munu áhrif þeirra aðgerða minnka og þá mun koma í ljós hversu mikilvægt það er að styrkja stöðu ríkissjóðs til þess að fylgja þeim árangri eftir. Ef það er ekki gert mun allt fara í sama horf á nýjan leik.

Ég vildi í þessu sambandi jafnframt geta þess að í fjárlagafrv. er gert ráð fyrir því að eignir verði seldar fyrir 500 millj. kr. Þessi liður hefur ekki verið skýrður með fullnægjandi hætti frekar en á síðasta ári, þegar sú forsenda kom fram í fjárlagafrv. að það ætti að selja eignir fyrir 1.500 millj. kr. Það er líka veruleg óvissa um það hvaða eignir eru hér á ferðinni og hvernig það á að færast í ríkisreikninginn. Það hefur t.d. komið fram að það standi til að selja Síldarverksmiðjur ríkisins og mun sú sala vera í undirbúningi, en þess ber að geta að því fyrirtæki hefur þegar verið breytt í hlutafélag og til stendur að selja þær eignir sem ríkið á í þessu nýja hlutafélagi.

Það þarf að fara betur ofan í það hvernig þessar sölur eru færðar því í sumum tilvikum er alls ekki um tekjur að ræða. Við erum því þeirrar skoðunar að þessi liður sé ofáætlaður miðað við það útlit sem nú er. Hann var ofáætlaður í fyrra því þá var áætlað að salan yrði um 1.500 millj., en nú er búið að selja eignir fyrir eitthvað liðlega 100 millj. kr. Eitthvað mun koma þar meira inn, en það eru engar forsendur fyrir því á þessu stigi máls að áætla sölu upp á 500 millj.

Við erum í sjálfu sér ekki á móti því að eignir ríkisins verði seldar að nokkru marki. Ég er t.d. ekki andvígur því að ríkissjóður dragi sig út úr atvinnurekstri í sjávarútvegi. Ég tel og hef alltaf talið að það sé heppilegra að einkaaðilar og samtök þeirra annist þann rekstur. Við höfum hins vegar lýst andstöðu við það að selja ríkisbankana við þær aðstæður sem nú eru og fögnum því að horfið hefur verið frá því að selja Búnaðarbankann ódýrt eins og hæstv. fjmrh. ætlaði sér á síðasta ári og var með yfirlýsingar um og hefur nú komið í ljós að allt þetta var heldur ofmetið.

Virðulegur forseti. Þetta vildi ég láta koma fram við þessa umræðu lánsfjárlaga. Ég tek undir það sem hv. frsm. Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e., sagði hér fyrir hönd minni hluta efh.- og viðskn., að það hefði verið eðlilegra að fresta þessu máli fram yfir áramót, sérstaklega ef það er ætlunin að reyna að ljúka þingstörfum sem allra fyrst. En ríkisstjórnin hefur ákveðið að þetta mál verði að hljóta hér afgreiðslu, en það má ljóst vera að málefni eins og lánsfjárlög hljóta að taka einhvern tíma af vinnu þingsins ef á að ljúka málinu.

[12:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mikið af pappírum sem dengist yfir okkur alþingismenn þessa dagana og getur stundum verið erfitt að finna út úr því hvað á við í hverju máli. Ég ætla aðeins að fjalla hér um lánsfjárlögin eins og þau liggja nú fyrir þegar hafin er 2. umr. um málið og það skýrist auðvitað með hverri klukkustundinni sem líður hvernig staðan er í ríkisfjármálunum.

Rétt í þessu var verið að ganga frá frv. um skattalög eftir 2. umr., sem felur reyndar í sér að tekjur ríkisins minnka og hallinn eykst á ríkissjóði. En ég vil minna hæstv. fjmrh. á að enn er tækifæri til að styðja tekjuöflunartillögur sem munu verða lagðar fram við 3. umr. Þannig að það má enn laga hallann. Og ég minni á það að ríkisstjórnin stóð ekki við þann hluta kjara-

samninganna sem áttu að verða til kjarajöfnunar, þ.e. fjármagnstekjuskattinn og ýmsar aðrar leiðir sem átti að fara til tekjuöflunar og niðurstaðan er auðvitað sú að hallinn á ríkissjóði eykst. Hins vegar hafa verið teikn á lofti um það að staðan sé heldur skárri en menn höfðu reiknað með. Þjóðhagshorfur hafa heldur batnað þó að, eins og kom fram í máli Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, það ár sem fram undan er verði væntanlega það erfiðasta í þessum efnahagssamdrætti sem við höfum verið að glíma við nú um nokkurra ára skeið. En ég vil setja allan fyrirvara við þær fullyrðingar að hagvöxtur muni fara að aukast aftur eftir tvö ár og ég hef það aðallega fyrir mér í því að samkvæmt því sem ég hef verið að lesa um efnahagsmál úti í Evrópu og heyrt hjá Evrópuráðinu, þá eru menn ekki mjög bjartsýnir á hagvöxt þar. Þvert á móti fer atvinnuleysi stöðugt vaxandi og innri markaður Evrópubandalagsins hefur hreint ekki skilað þeim hagvexti sem menn ætluðust til, enda er ljóst að þar eru aðrir kraftar á ferð. Það er samdráttur í heiminum. Atvinnulífið er að ganga í gegnum miklar tæknibreytingar. Austurlönd eru að sækja mjög inn á markaðina. Og það sem vakti mikla athygli mína þegar ég var í Bandaríkjunum nýverið að nánast alls staðar þar sem maður kom og það gilti ekki síst um fataverslanir, var að það sem þar var á boðstólum var nánast allt framleitt í Asíu, Kína, Hong Kong og Kóreu. Bandaríkjamenn hafa verið að flytja mikla vinnu út úr landinu.

Hið sama gildir um Evrópu. Menn eru að reyna að ná niður vöruverði með því að flytja framleiðsluna þangað sem vinnuaflið er ódýrara, en það hefur auðvitað í för með sér atvinnuleysi og samdrátt. Þannig að þessi heimsviðskipti hanga auðvitað saman og ég vara við því að menn fari að ímynda sér að það sé einhver mikil birta fram undan og það veltur ekki síst á því að við vitum auðvitað ekki hvernig afli mun þróast eða hvort og hvernig verður hægt að halda áfram þeim úthafsveiðum sem vissulega hafa fært okkur björg í bú á þessu ári. Þannig að það er ýmislegt óljóst varðandi framtíðina og menn ættu auðvitað að fara varlega í það að búast við einhverju góðæri.

Þær tölur sem við erum að fást við hér, í frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1994, sýna ljóslega hversu gífurlega háar fjárhæðir það eru sem verið er að taka að láni eða ábyrgjast og spegla auðvitað ástand ríkissjóðs og þann mikla halla sem búist er við á næsta ári og mun að öllum líkindum verða heldur meiri en þessir 10 milljarðar sem talan stendur í núna. Og ég verð að segja það hér að þó að margt megi bæta og auðvitað má laga þessa stöðu mjög mikið, er það orðið ógnvænlegt þegar þriðja hver króna sem við öflum í gjaldeyristekjum fer í það að borga skuldir. Þetta er orðin mjög alvarleg staða og hún fer því miður versnandi. Þó að menn segi að það hafi hægt á skuldasöfnuninni, þá er hún samt alveg gífurleg og við þetta munum við verða að kljást á næstu árum. Og þegar skuldirnar eru svona miklar, þá bitnar það auðvitað á velferðarkerfinu og það bitnar á þeirri uppbyggingu sem við vildum svo gjarnan sjá hér í okkar þjóðfélagi. En spurningin er auðvitað: Hvernig á að taka á þessu?

Mín skoðun er sú að ríkisstjórnin hafi farið þar mjög illa að ráði sínu. Hún hefur létt sköttum af atvinnulífinu á alla línuna, hvort sem fyrirtækin hafi staðið vel eða illa og velt byrðunum yfir á herðar alls almennings. Hún hefur aukið mjög skattheimtu, hún hefur aukið skattheimtu á allan almenning. Hæstv. fjmrh. neitar því statt og stöðugt að hann hafi þyngt skattbyrðina, en hann hefur vissulega þyngt skattbyrðina á almenningi meðan létt hefur verið af fyrirtækjunum. Og þegar skattbyrðin þyngist með þessum hætti á öllu launafólki veldur það auðvitað auknum samdrætti.

En hið alvarlega í þessu máli er annars vegar að ekki skuli hafa verið farið í vasana hjá þeim sem hafa fjármagn, til fjármagnseigenda og til hálaunahópanna í samfélaginu og hins vegar sú hlið sem snýr að útgjöldum ríkisins. Þar hafa vinnubrögðin náttúrlega verið með þvílíkum ólíkindum að það er hörmungarsaga sem við þurfum ekki að rifja upp hér. Ég er alveg sannfærð um og vildi gjarnan fá tækifæri til að ræða það betur við hæstv. fjmrh., að ef menn ætla að ná tökum á útgjöldum ríkisins og draga úr þeim þar sem það er hægt og þarf að gera, þá þarf að fara út í kerfisbreytingar. Það er ekki hægt öðruvísi en með kerfisbreytingu og mjög breyttum áherslum. En ég fæ ekki séð að þessi ríkisstjórn hafi gert neitt slíkt. Hún hefur verið að reyna að losa sig við einstaka fyrirtæki sem ríkið hefur verið eigandi að eða átt hlut í, svona með mismunandi árangri, en einhver tilraun til kerfisbreytinga hefur ekki litið dagsins ljós.

Það er auðvitað verkefni framtíðarinar að fara út í þær kerfisbreytingar svo hægt sé að draga úr útgjöldum ríkissjóðs og að breyta áherslum þannig að við leggjum t.d. aukna áherslu á menntamál sem síðan munu skila sér í aukinni nýsköpun og tilraunum og vísindastarfsemi og jafnframt að gera heilbrigðiskerfið þannig úr garði að það sinni forvörnum í miklu ríkara mæli en nú er gert og veiti öllum landsmönnum nauðsynlega þjónustu. Útgjöld til menntamála hafa staðið nokkuð í stað sem hlutföll af ríkisútgjöldum, en það er vissulega mikil þensla í heilbrigðis- og tryggingakerfinu og það vill nú þannig til að ástand eins og það sem við höfum búið við, t.d. undanfarin tvö ár, ýtir mjög undir aukinn kostnað í heilbrigðis- og tryggingakerfinu. Slæm líðan þjóðarinnar, bæði líkamleg og andleg, leiðir af sér meiri kostnað í heilbrigðiskerfinu. Ég er alveg sannfærð um að til þess að koma einhverjum böndum á ríkisútgjöldin þá verða miklar kerfisbreytingar að eiga sér stað.

Milli 1. og 2. umr. hefur orðið örlítil lækkun á lánsfjárþörf ríkissjóðs. Það er ekki mikið, enda hafa nýir liðir komið þarna inn í. En talan stendur núna, samkvæmt brtt., í 27 milljörðum 750 millj. kr. og þetta er auðvitað gríðarlega há tala. Það sem vekur nú kannski einna mesta athygli er lækkun til Lánasjóðs íslenskra námsmanna og jafnframt liggur hér fyrir þinginu brtt. frá meiri hluta fjárln. um lækkun á framlagi ríkisins til Lánasjóðs íslenskra námsmanna. Þetta eru afar athyglisverðar upplýsingar sem auðvitað spegla það að lánþegum hefur fækkað verulega. Lánþegum Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur fækkað verulega.

Við fengum nýlega sendan bækling frá Sambandi íslenskra námsmanna erlendis sem m.a. sýnir að námsmönnum í námi erlendis hefur fækkað. Þannig að ein af afleiðingunum þeirra breytinga sem gerðar voru á lögunum vorið 1992 er sú að námsmenn hætta við að fara í nám til útlanda. Þetta er ekki mikil fækkun vegna þess að auðvitað reyna þeir að klára sitt nám sem komnir eru út, en það er fækkun samt og það er mikil fækkun á lánþegum hér innan lands. Konur eru allverulegur hluti þess hóps. En það er afar merkilegt og forvitnilegt að fá að vita hvernig þeir námsmenn sem ekki taka lán, sem ýmist treysta sér ekki til að taka lán eða sýna svo mikla fyrirhyggju að hugsa sem svo að þeir geti engan veginn staðið undir þessu í framtíðinni, hvernig fjármagna þeir sitt nám? Það er hlutur sem mér leikur mikill hugur á að vita. En í lánsfjárlögunum kemur þessi samdráttur fram og eflaust, eins og við sögðum hér í umræðunum, mátti ýmsu breyta í lögunum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, en ég óttast að ein af afleiðingunum sé sú að fjöldi nemenda verði að freista þess að vinna með námi sínu og verði þar af leiðandi lengur að ljúka því. Það hefur auðvitað í för með sér aukinn kostnað fyrir skólana, sérstaklega á háskólastigi þar sem um er að ræða námskeið sem menn verða þá að fresta milli ára.

Það kom fram á fundi í efh.- og viðskn. að ekki er allt sem sýnist hjá Byggðastofnun og þar eru ýmsar tilfærslur og það tengist auðvitað því máli hvert hlutverk Byggðastofnunar á að verða í framtíðinni. Það hafa ekki enn þá litið dagsins ljós neinar tillögur um breytingar á hlutverki stofnunarinnar. En það hlýtur að liggja í augum uppi að með tilkomu þróunarsjóðs sjávarútvegsins, ef hann verður samþykktur, að þá mun það auðvitað hafa áhrif á starfsemi Byggðastofnunar. Og ég vildi nú beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Hvar er sú vinna á vegi stödd eða hvaða hugmyndir hefur ríkisstjórnin um hlutverk Byggðastofnunar? Ég hef áður beint þessari spurningu til forsrh. en það hefur verið lítið um svör. (**Fjmrh.:** Endurtaka.) Hvaða hugmyndir eru uppi um framtíð Byggðastofnunar í ljósi þess að þróunarsjóður sjávarútvegsins og þær breytingar sem þar er verið að gera, mun hafa nokkur áhrif á starfsemi Byggðastofnunar þar sem reiknað er með því að sá sjóður sem þar er (**Fjmrh.:** Atvinnutryggingarsjóður.) já, einmitt, að hann færist yfir til þróunarsjóðsins. Spurningin er: Hvað þýðir þetta? Er t.d. að renna upp sú stund að það sé hægt að leggja Byggðastofnun niður? Hvað hugsa menn sér? Það er ekki bara hægt að taka verkefni af stofnun, skera niður fjárveitingar og svo eru þeir hringlandi nokkrir inni í þessu stóra og fína húsi, sem utanrrn. hefur reyndar mikinn áhuga á að fá. Hvað ætla menn að gera í þessum málum? Mér finnst að þetta sé málefni þingsins, að skilgreina hvað eigi að gera í þessum málum og reyndar löngu mál til komið að menn setjist svolítið yfir byggðaþróun og byggðastefnu í ljósi þeirra skýrslna sem lagðar hafa verið fram og að við ræðum þau mál í þaula hér á hinu háa Alþingi.

Ég ætla aðeins að nefna Landsvirkjun. Ég nefndi það í 1. umr. að hér er verið að ábyrgjast miklar lántökur Landsvirkjunar og öll þessi lán fara í að endurgreiða eldri lán. Það er auðvitað ljóst að það hefur orðið mikill samdráttur í starfsemi Landsvirkjunar í kjölfar þess hve illa hefur gengið að selja orku svo sem áætlað var til ýmiss orkufreks iðnaðar. Ég aflaði mér upplýsinga um stöðuna hjá Landsvirkjun og skuldastaða þessarar stofnunar er vægast sagt ógnvekjandi. Landsvirkjun skuldar alveg gríðarlegar upphæðir og spurningin er hvort þarna sé ein af þessum tímasprengjum efnahagslífsins á ferðinni sem muni lenda fyrr eða síðar á ríkissjóði ef ekki gerist eitthvað í atvinnumálum. Þarna hafa átt sér stað um árabil alveg gífurlegar lántökur. Ef ég man rétt eru heildarskuldir Landsvirkjunar 55 milljarðar. Ég held að ég muni það rétt, ég er nú ekki með þessar tölur hérna með mér. En þetta er auðvitað alveg gríðarlega mikið.

Varðandi byggingarsjóðina þá er verið að hækka hér örlítið framlag í Byggingarsjóð verkamanna. Það koma nú ekki fram skýringar (**Fjmrh.:** Verðlagsbreytingar.) já, verðlagsbreytingar. Þar kom skýringin hjá hæstv. fjmrh. Þarna er um verðlagsbreytingar að ræða. Mér skilst að samkvæmt þessu frv. þá takist Byggingarsjóði verkamanna að halda nokkurn veginn í horfinu. Það verði lánað til álíka margra íbúða og áður. En það þarf vissulega að taka til hendi í byggingarsjóðunum og það gildir eiginlega það sama með Húsnæðisstofnun og Byggðastofnun. Ég held að þar sé á ferðinni ein af þeim stofnunum sem þurfi svolítið að skoða og skilgreina upp á nýtt og spyrja um hlutverk ríkisins. Mér skilst að það séu uppi áform um að taka húsbréfadeildina út úr stofnuninni og koma henni til bankanna. Ég var fylgjandi því á sínum tíma þegar við vorum að vinna í húsbréfakerfinu. Ég get nú ekki séð endilega ástæðuna fyrir því að þessi starfsemi sé inni í Húsnæðisstofnun og mér finnst að Húsnæðisstofnun eigi fyrst og fremst að sinna hinu félagslega húsnæðiskerfi. Ég held að menn eigi að athuga þessi mál svolítið nánar.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna aðeins Ferðamálasjóð og í rauninni þessa furðulegu pólitík sem er í gildi hjá ríkinu og snertir fleiri en Ferðamálasjóð. Þetta gildir um Vegagerðina líka, þar sem menn eru annars vegar að skera niður lögbundin framlög til þessara sjóða og stofnana. Skera niður lögbundin framlög með annarri hendinni en eru svo að veita heimildir til lántöku með hinni. Það er spurning hvort þetta sé pólitík sem borgar sig þegar til lengri tíma er litið. Ég held að þetta sé afar óskynsamlegt og menn séu að reyna að fresta einhverjum fjárframlögum sem er náttúrlega skammtímasjónarmið. En þetta kostar auðvitað stórfé til lengri tíma litið, með vaxtagreiðslum og öðru slíku.

Það komu hér inn í nokkrar brtt. sem eiga sér allar eðlilegar skýringar og ég ætla ekki að gera neinar sérstakar athugasemdir við. En svona að lokum, virðulegi forseti, vil ég aftur nefna það að í þessu frv. koma fram afar merkilegar upplýsingar um lántökur og skuldastöðu og hvernig lántökur skiptast á milli hinna ýmsu aðila, ríkisins, sveitarfélaga, fyrirtækja og heimila. Og það kemur auðvitað hér í ljós, sem við vitum, að lántökur fyrirtækja hafa dregist mjög mikið saman.

Jafnframt kom það fram á fundi efh.- og viðskn. þegar Þórður Friðjónsson, forstjóri Þjóðhagsstofnunar, fór yfir stöðu mála, að það hefur dregið alveg gífurlega úr fjárfestingum fyrirtækja. Það segir reyndar í fjárlagafrv. að fjárfestingar fyrirtækja séu í sögulegu lágmarki. Þetta sýnir okkur að það er nánast ekkert nýtt að gerast. Fyrirtækin eru ekki að fjárfesta til framtíðar sem auðvitað ræðst af þeirra slæmu stöðu. Mjög mörg fyrirtæki hafa verið að reyna að bæta sína skuldastöðu og hagræða innan dyra, en nýsköpunin er afar lítil og það segir okkur að það mun taka mörg ár að koma henni í gang. Bara þessi staðreynd, hvað fjárfestingar eru litlar í atvinnulífinu, vísar okkur fram á veginn hvað það varðar að það verði hér áframhaldandi stöðnun í atvinnulífinu og atvinnuleysi. Auðvitað vildi maður helst sjá vöxt í atvinnusköpun hjá fyrirtækjunum í stað ríkisins.

Það eru líka mjög athyglisverðar þær upplýsingar sem koma fram í frv. varðandi skuldir heimilanna, sem við ræddum reyndar hér á þingi að ég held síðustu viku. Þar er aftur um ógnvænlegar tölur að ræða og væri mjög fróðlegt að fá skýringar á því hvað er hér á ferð. Er þetta vegna húsnæðiskaupa, sem reyndar hefur nú dregið mikið úr eða er þetta fyrst og fremst til að fjármagna eldri lán eða jafnvel bara rekstur heimilanna? Það hefur orðið mikill samdráttur í kaupmætti og hvernig hefur fólk brugðist við þessu? Ég vil minna á þá tillögu sem hv. þm. Stefán Guðmundsson setti fram í umræðunni um skuldastöðu heimilanna, að ríkisstjórnin taki sig nú til og kanni hvað liggur þarna að baki. Ég held að það sé mjög mikilvægt að vita hvað veldur því að heimilin í landinu eru að auka skuldir sínar með þessum hætti meðan — reyndar á nú ríkisstjórnin metið í þessu eða ríkið, ríkið á metið í þessu — meðan sveitarfélögin hafa dregið mjög mikið úr lántökum.

Ég vil þá segja það að lokum, virðulegur forseti, að það er auðvitað ríkisstjórnarinnar að bera ábyrgð á sinni stefnu. Mér hefur fundist á því sem við höfum upplifað hér á undanförnum vikum að hún hafi gefist upp á nánast öllum sínum áformum og hún hefur farið þá leið að auka hallann á ríkissjóði, sem er náttúrlega heldur slæm pólitík. Ég skýri þetta þannig að það eru kosningar í nánd og Sjálfstfl. er hræddur um sinn hag, ekki síst hér í Reykjavík. Þess vegna eru menn að forðast óvinsælar aðgerðir og að reyna að gefa ríkisstjórninni mildari svip en þann að hún sveifli niðurskurðarhnífunum í kringum sig ótt og títt með heldur óskipulegum hætti.

En niðurstaðan er þessi: Hér er um býsna háar tölur að ræða. Hallinn á ríkissjóði er orðinn ógnvekjandi og á þessu verður ríkisstjórnin auðvitað að bera ábyrgð. En ég held að hún ætti nú að snúa við blaðinu og reyna að fara út í einhverja raunverulegar skipulagsbreytingar til að ná tökum á þessum miklu útgjöldum því þetta mun koma niður á okkur öllum í framtíðinni.

[12:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég skal ekki tefja mjög lengi þessar umræður og rétt aðeins að skjóta inn örfáum orðum í tilefni umræðna sem hér hafa orðið. Ég vil í fyrsta lagi leggja mikla áherslu á að þetta frv. fáist afgreitt núna, sem allra fyrst. Að öðrum kosti þurfum við á sérstökum heimildum að halda, því innlenda fjáröflunin þarf að byrja strax eftir áramótin. Ríkissjóður er með mikið af útistandandi skammtímalánum og þetta þarf að endurnýja og það þarf að gerast strax eftir áramót eða áður en þing kemur saman. Þess vegna tel ég hreinlegast að þetta frv. verði afgreitt.

Í öðru lagi vil ég segja frá því að það er rétt sem á hefur verið bent að það er ekki gerður munur á innlendri og erlendri lántöku í þessu frv. Ég hef reyndar gert ítarlega grein fyrir því hvers vegna það er, þegar frv. var til 1. umr. Ég vil þó til viðbótar við það sem þá var sagt segja frá því að innlendur sparnaður hefur nokkuð aukist og í raun hefur viðskiptahallinn dregist það mikið saman að jafnvel má gera ráð fyrir að hann verði enginn á yfirstandandi ári. Enginn viðskiptahalli, sem þýðir í raun að Íslendingar sem heild, íslenska þjóðin, þjóðarbúið, er að greiða niður erlendar skuldir sínar. Það er hins vegar rétt sem á hefur verið bent að það gildir ekki sama máli með ríkið sjálft. Ríkið er að auka skuldir sínar, ekki síst erlendar skuldir, en aðrir aðilar eru hins vegar að greiða það mikið til baka að það gerir meira en að mæta nýrri lánsfjárþörf ríkisins erlendis.

Þá vil ég segja að það kann auðvitað að gerast að ríkisstjórnin þurfi að leita aftur til þingsins á næsta ári með lánsfjáraukalögum. Það hefur gerst á hverju ári og auðvitað eru þessar tölur sem eru í fjárlögum og lánsfjárlögum ekki alnákvæmar, því hver einasta hreyfing í þjóðfélaginu, þ.e. í efnahagslífinu, hefur áhrif á tölur fjárlaganna, t.d. tekjutölur fjárlaganna, og lánsfjárlögin eða lánsfjárheimild ríkisstjórnarinnar í lánsfjárlögum er fyrst og fremst munurinn eða hallinn, auk sérstakrar lántöku. Þannig að það er augljóst að þessar tölur hljóta að færast til, enda held ég að það hafi ávallt gerst frá upphafi vega. Ég held að það hafi aldrei gerst frá upphafi að fjárlagatölur eða lánsfjárlagatölur hafi staðist upp á krónu, enda væri eitthvað að ef það gerðist.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson ræddi um sölu ríkisfyrirtækja. Ég endurtek það sem reyndar kom fram í hans ræðu að það stendur til að selja SR-mjöl. Einnig Lyfjaverslun ríkisins. Og aðeins þessi tvö fyrirtæki, þótt ekki séu fleiri nefnd, sala þeirra ætti að gefa tekjur sem eru meiri heldur en þær tekjur sem gert er ráð fyrir í frv. vegna sölu ríkisfyrirtækja. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að það er ekki alveg ljóst hvernig sölutekjurnar færast í bókhaldi ríkisins, hvort þær koma fram teknamegin eða hvort þær eru færðar beint á höfuðstól, sem svo er kallað. Það fer eftir því hvort um hlutafé er að ræða eða ekki og er mál sem nú er til skoðunar hjá svokallaðri ríkisreikningsnefnd.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir ræddi hér um nokkur almenn atriði sem ég ætla um sum hver að ræða frekar. Hv. þm. sagði að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við fjármagnstekjuskattinn sem aðilum vinnumarkaðarins hefði verið gefið loforð um. Ég vil einungis

segja að því tilefni að ég taldi að yfirlýsing ríkisstjórnarinnar hefði verið gefin í þessu máli til þess að binda stuðning aðila vinnumarkaðarins við málið en ekki til þess að lofa því að það væri hluti af aðgerðunum. Þetta vil ég að komi skýrt frá minni hálfu. Ég hef ávallt skilið þetta með þessum hætti, því hefur ekki verið mótmælt á sameiginlegum fundum en ég veit hins vegar að sumir úr hópi verkalýðsforustunnar hafa talið að ríkisstjórnin væri skuldbundin til þess að fylgja þessu fram.

Ég ætla ekki að ræða um þær aðferðir sem eru til skoðunar í þessum efnum, einungis endurtaka það sem sagt hefur verið að málið er áfram til skoðunar.

Hv. þm. ræddi síðan, sem eðlilegt er og menn ættu kannski að ræða meira í þingsölum, um hagvöxt á Íslandi í evrópsku samhengi. Þannig er að sá sem hér stendur hefur haft tækifæri til þess tvisvar á þessu ári að hitta fjármálaráðherra EFTA-landanna og EB-landanna og búast má við öðrum slíkum fundum og fleiri á næstunni í tengslum við Evrópska efnahagssvæðið. Þessir fundir hafa fyrst og fremst snúist um hagvöxt, um atvinnuleysi og umræður hafa byggst verulega upp á síðkastið á hvítbók Delors, eða hvítbók Evrópubandalagsins, auk skýrslu sem EFTA hefur gefið út um sama mál. Séu íslensku efnahagsmálin borin saman við þau í okkar nágranna- og viðskiptalöndum, kemur í ljós að Íslendingar standa sig tiltölulega vel. Við höfum að vísu átt við meiri erfiðleika að etja, einkum vegna fiskveiðanna, en þegar litið er á tölur um atvinnuleysi og tölur í ríkisfjármálum þá kemur í ljós að Íslendingar geta sæmilega við unað í samanburði við þessar þjóðir. Það þýðir hins vegar ekki að það gangi til frambúðar að reka íslenskan ríkissjóð með halla því fyrr eða síðar kemur að því að greiða þarf þær skuldir sem ríkissjóður skuldar.

Hv. þm. minntist á það að ríkisstjórnin hefði létt sköttum af atvinnulífinu og fært þá yfir á almenning í landinu sem er rétt. En því er til að svara að með þessu viljum við hvetja fyrirtæki til nýfjárfestinga en hv. þm. benti einmitt á það í sinni ræðu jafnframt hversu nauðsynlegt það væri og þá verður maður að skoða málið í einu lagi og viðurkenna að eitt af því sem hefur áhrif á fyrirtækin til þess að þau fjárfesti er einmitt tekjuskattur fyrirtækjanna og ég vænti þess að það hafi þýðingu hér á landi eins og annars staðar.

Ég ætla ekki hér og nú, virðulegi forseti, að flytja langt mál um áherslubreytingar í ríkisfjármálum en mér þótti afar athyglivert sem hv. þm. sagði og það er ekki langt frá þeirri hugsun sem kemur fram alþjóðlega, sérstaklega hjá Evrópubúum, að það eigi að leggja nýjar áherslur í ríkisfjármálunum einmitt með því að færa opinberar greiðslur úr heilbrigðismálum — ég endurtek — úr heilbirgðismálum, úr tryggingamálum, yfir í menntamál og rannsóknamál. Það þýðir á mæltu máli að ætlast sé til að neytendur taki meiri þátt í greiðslum í heilbrigðis- og tryggingakerfinu annars vegar og, sem við skulum tala hreint út um hérna, að það séu gerðar þær breytingar á atvinnuleysistryggingabótum og öðrum slíkum bótum sem hvetja fólk til aukinnar vinnuþátttöku fremur en að stunda svarta vinnustarfsemi sem öllum er ljóst að gerist í stórum stíl. Ég er ekki með þessum orðum að lýsa yfir einhverjum stefnubreytingum hér en ég vek athygli á þessu sem kom fram hjá hv. þm. því umræða um hinar breiðu línur þarf auðvitað að fara fram hjá okkur og það mun gerast á næstunni.

Vegna fyrirspurnar hv. þm. um Byggðastofnun skal þess getið að Atvinnutryggingasjóður er hættur útlánum þannig að hann hefur ekkert með starfsemi Byggðastofnunar að gera í því viðfangi. Hins vegar skuldar þessi sjóður mjög mikla fjármuni umfram eignir, líklega á þriðja milljarð núna. Hugmyndin í þróunarsjóðnum er að skipta þessum skuldum umfram eignir milli ríkissjóðs og hins nýja þróunarsjóðs og láta síðan greiðslur sem koma af afla, sem koma af svokölluðu krónugjaldi, ganga til þróunarsjóðsins og standa skil á þessum skuldum sem þarna er um að ræða auk annarra viðfangsefna sjóðsins.

Í sambandi við byggingarsjóðina þá var hugmyndin í upphafi hjá þessari ríkisstjórn að stöðva skuldasöfnun sjóðanna þannig að þeir töpuðu ekki meira af eigin fé. Það hefur tekist og öll framlög til Byggingarsjóðs verkamanna miðast við það. Ég er sammála hv. þm. um húsbréfin og að því er unnið að hverfa frá ríkisábyrgðinni eða a.m.k. til að byrja með að láta ríkisábyrgðargjald koma í staðinn þannig að það sé hægt að færa þessa starfsemi frá ríkinu og yfir til annarra aðila, t.d. banka.

Það er hárrétt hjá hv. þm. að hér er verið að lækka skatta á lokadögum þingsins. Við gerum það m.a. vegna þess að við vitum að Íslendingar eru að sigla inn í eitt erfiðasta ár í sögu íslenska lýðveldisins. Ég bendi á í þessu sambandi að kaupmáttur ráðstöfunartekna dróst saman á árunum 1988 til 1990 um 10%. Þá drógust þjóðartekjur saman á því tímabili um 2,5%. Á árunum 1991, 1992 og 1993 hafa þjóðartekjur dregist saman um 10% en okkur hefur tekist að halda kaupmætti ráðstöfunartekna og samdrættinum nákvæmlega jafnmiklum en ekki fjórfalt meira eins og gerðist á árunum þar á undan. Vegna fullrar sanngirni skal það þó tekið fram að það er auðvitað ekki sama hvert upphafsárið er því öllum er ljóst að árið 1987 var það ár sem kaupmáttur ráðstöfunartekna hér á landi fór langt umfram það sem eðlilegt var, m.a. vegna þess að ég held að almennt sé álitið að gengið hafi verið rangt skráð á þeim tíma en það hefur breyst mjög á síðustu missirum.

[12:57]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það atriði að létta sköttum af fyrirtækjum þá er auðvitað spurningin sú hvort það hafi verið nauðsynlegt og eðlilegt að létta sköttum af öllum fyrirtækjum, algjörlega óháð því hvernig staða þeirra var. Ríkisstjórnin iðkar þessa stefnu að lækka skattana á alla línuna eða leggja skatta á alla línuna, allan almenning í landinu, en ég get ekki séð að það hafi verið sérstök ástæða til að lækka skatta hjá Eimskipafélaginu og öðrum fyrirtækjum sem skila miklum gróða.

Varðandi það að stefnubreyting eigi sér stað úti í

Evrópu gagnvart almannatryggingum og slíkum greiðslum þá er mér fullkunnugt um það og er það mikil frjálshyggja í bland sem breytir samt ekki því að auðvitað þurfa kerfi af þessu tagi alltaf að vera til endurskoðunar þannig að menn skilgreini og kanni hverjum þau þjóna og hvort þau þjóna þeim sem mest þurfa á að halda. Þetta er svo stór umræða að það er ekki hægt að fara út í hana hér og spurning hvort menn halda sig við þá stefnu sem mörkuð var eftir síðari heimsstyrjöldina, Beveridge-stefnan sem hér hefur verið stuðst við, eða hvort menn vilja fara aðrar leiðir í þeim efnum.

Varðandi Atvinnutryggingarsjóðinn hjá Byggðastofnun þá var það sem ég var að vekja athygli á að það eru breytingar að eiga sér stað í starfsemi Byggðastofnunar án þess að menn hafi sest eitthvað yfir það hvað menn ætla sér með þá stofnun. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég held að það sé full þörf á því að skoða hlutverk Byggðastofnunar í ljósi þessara breytinga og kanna hvort við viljum hugsanlega skilgreina hlutverk hennar og verkefni upp á nýtt.

[13:00]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég gat því miður ekki verið inni í salnum þegar hæstv. ráðherra talaði, það var vegna annarra starfa í þinginu. Hann sagði, ef ég hef tekið rétt eftir, að sala eigna væri jafnvel lægri fjárhæð en kæmi út úr Síldarverksmiðjum ríkisins og Lyfjaverslun ríkisins. Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að það hafa ekki enn þá verið samþykkt lög um að selja Lyfjaverslun ríkisins. Má vera að það skipti litlu máli í þessu sambandi en forsendan hlýtur að vera sú að Alþingi samþykki þá sölu. Að því er varðar SR-mjöl þá hef ég litið svo á að salan á SR-mjöli, ef viðunandi tilboð fæst og fyrirtækið verður selt, sem ekki er vitað á þessari stundu, muni ekki koma við þennan lið fjárlaganna heldur eingöngu við eignarbreytingar ríkisins. Ég tel því að hæstv. fjmrh. hafi í reynd staðfest að það liggur ekki nægilega mikið á bak við þessa áætlun, 500 millj., þannig að hún fái staðist og þess vegna höfum við í minni hlutanum lagt það til að hún verði lækkuð í 300 millj. Ef hæstv. fjmrh. vill endilega hafa rangar forsendur inni í fjárlögunum eins og oft hefur verið áður, eins og var á síðasta ári, þá verður hæstv. ráðherra að bera ábyrgð á því en við teljum hins vegar nauðsynlegt að lækka þennan lið.

[13:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt að þessi liður hlýtur að vera óviss. Við gerum þó ráð fyrir því að hann sé vísari en oftast áður, hann hefur verið lækkaður verulega og við sjáum að það geta átt sér stað sölur ef Alþingi samþykkir og meiri hlutinn á Alþingi hefur leyft framlagningu og lýst yfir stuðningi við frv. eins og t.d. lyfjaverslunarfrumvarpið. Hitt er einnig rétt hjá hv. þm. að það kann að vera að eftir að SR-mjöl er orðið að hlutafélagi að söluandvirðið fari beint á ímyndaðan höfuðstól vegna eignabreytinga en frá því hefur ekki endanlega verið gengið. Það mál er til skoðunar og ég get ekki fullyrt það hér en það má vera og sé svo þá er auðvitað ekki hægt að færa söluandvirði af SR-mjöli inn á tekjur á næsta ári heldur fer það beint yfir á efnahagsreikninginn ef svo má að orði komast.

[13:03]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að því er varðar SR-mjöl þá er það ekkert sem þarf að taka tíma í að ganga frá sérstaklega, hæstv. fjmrh. Þetta er fyrst og fremst spurningin um reikningsskilaaðferðir og þó að hæstv. ríkisstjórn geti ákveðið ýmislegt með ýmsum hætti og haft undirbúning heldur lítinn þá er það ekki að mínu mati á færi hæstv. ríkisstjórnar að breyta reikningsskilaaðferðum í sambandi við fjárlagafrv. eftir því sem henta þykir hverju sinni. Hæstv. fjmrh. gefur það fyllilega í skyn að það kunni að vera nauðsynlegt að breyta reikningsskilaaðferðum til þess að hafa upp í þessa áætlun. Ég ætla að vona að ríkisstjórnin hyggist ekki breyta reikningsskilaaðferðum til að reyna að fá fjárlagafrv. til að passa þannig að hér er engu frá að ganga. Ríkisstjórnin verður að fylgja settum aðferðum í þessu skyni og getur ekkert verið að breyta þeim út og suður.

[13:05]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var alls ekki hugmynd mín að gefa það í skyn að ekki væri farið að hinum bestu reikningsskilavenjum. Það eina sem ég sagði er að þessi mál hafa verið til umræðu í ríkisreikningsnefnd. Það hefur á undanförnum árum verið talsvert mikið fjallað um þessi mál, um það hvernig setja eigi upp fjárlög, fjárlög eftir að aukafjárlög hafa verið samþykkt og síðan ríkisreikning. Við vitum báðir og kannski hv. þm. enn betur en ég að reikningur ríkisins líkist ekki alveg í öllum atriðum reikningum fyrirtækja. Við höfum t.d. ekki fært upp eignir ríkisins allar með sama hætti og ég hygg að fyrirtæki mundu gera það en skuldbindingar hafa hins vegar verið færðar upp eins og fyrirtæki gera á höfuðstól á efnahagsreikningi.

Það eina sem ég sagði er að það þarf auðvitað að skoða hvernig færslan verður en í því fólst ekki að ríkisstjórnin ætlaði sér að breyta reglunum til þess að söluandvirði SR-mjöls færðust inn sem tekjur á næsta ári og að þær breytingar miðuðust eingöngu við slíkt. Það var alls ekki hugmyndin. Þótt valdamikil sé ríkisstjórnin þá verður hún að fara að reglum og lögum eins og aðrir í landinu.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 13:07]

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla og sala á búvörum, 298. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 470.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 298. mál (innflutningur landbúnaðarvara og verðmiðlunargjöld). — Þskj. 474, nál. 466 og 470, brtt. 467.

[14:07]

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til afgreiðslu, frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, mun að sjálfsögðu breyta umhverfi í íslenskum landbúnaði meira en þekkst hefur um langa tíð. Í stað þess að landbúnaðurinn hefur notið magntakmarkana á innflutningi landbúnaðarvara þá tekur hann samkvæmt þessu frv. nú mið af alþjóðlegum viðskiptaháttum sem Íslendingar eru þátttakendur í. Það er ekki nema eðlilegur hlutur við slíkar aðstæður að nákvæmlega þurfi að hyggja að málum enda er sú reyndin meðal annarra þjóða að á þeim breytingatímum sem landbúnaður þeirra landa gengur í gegnum hefur landbrn. verið falið forræði þeirra mála. Svo er hér einnig gert og er það reyndar mikilvægasta niðurstaða þessarar löggjafar að kveða á með skýrum hætti um forræðisrétt þessara mála.

Frv. kveður á um það í 1. mgr. 1. gr. að landbrh. hafi heimildir til að víkja frá ákvæðum búvörulaganna að því er varðar magntakmarkanir á innflutningi og raunar ber honum að taka tillit til þeirra alþjóðlegu samninga í þessum efnum sem við Íslendingar erum aðilar að. Það má þannig segja að í stað inn fyrir 52. og 53. gr. sem hafa verið ákvarðandi um viðskipti með landbúnaðarvörur séum við núna bundin af þessum alþjóðlegu samningum eins og við höfum fallist á þá og með þeim fyrirvörum sem við höfum þar um gert. Þetta er grundvallaratriði í þessari löggjöf.

Með sama hætti er skýrt kveðið á um það að landbrh. fari með framkvæmd verðjöfnunargjalda og ákvörðun um upphæð þeirra. Þetta er annað mikilvægt atriði í þessari grein í framhaldi af forræðisréttinum. Það hefur verið á það minnst að úr þessum forræðisrétti væri dregið með því að lögbundið er að sérstök nefnd skipuð af ráðuneytum, sem fara með viðskiptamál, fjármál og landbúnaðarmál, fjalli um þessi efni og þá með tilliti til þess að gefa umsögn um hver séu efri mörk álagningar gjaldanna hverju sinni. Nefndin leitaði sérstaklega eftir áliti hjá Sigurði Líndal lagaprófessor um þetta efni og þar kom skýrlega fram af hans hendi að með þessu er á engan hátt skertur forræðisréttur landbrh. yfir málinu þó að þarna séu lögbundin samráð og reyndar benti hann okkur nefndarmönnum á að hliðstæður eru fyrir hendi í lögum þótt þeirra sé ekki víða getið. Ég tel í rauninni að þetta samráð sé mjög af hinu góða. Í þessum efnum á auðvitað ekkert að fela og þýðingarmikið að þessi mál séu unnin og ákvarðanir teknar fyrir opnum tjöldum og með trúverðugum hætti þannig.

Það ber hins vegar að geta þess að auðvitað væri það góð vinnuregla hér í þinginu, og það hafði ég reyndar sett fram í upphafi þessa kjörtímabils sem ósk um vinnulag landbn. Alþingis, að reglugerðir eða drög að reglugerðum lægju fyrir þegar mál eru reifuð á Alþingi. Þetta á ekki síst við þegar um er að ræða heimildalöggjöf eins og þá sem hér um ræðir sem veitir landbrh. mikið vald og felur í sér miklar breytingar.

Landbn. Alþingis hefur haft það fyrir sína starfsvenju, bæði á sl. ári og þessu ári, að setja sig inn í þá alþjóðlegu samninga sem hér hefur verið fjallað um. Hér á ég reyndar við EES og síðar GATT og ég held að það starf nefndarinnar hafi skilað góðum árangri. Mér finnst sjálfgefið í framhaldi af þessum vinnubrögðum að landbn. fylgist vel með framvindu þessara mála og ég mun leita eftir því að svo verði gert í samskiptum milli landbrn. og landbn. með hliðstæðu verklagi og viðgengist hefur í okkar starfi, bæði á þessum vetri og eins fyrir ári síðan. Ég tel að það sé grundvallaratriði að löggafinn geti þannig fylgst með því hvernig þær heimildir sem hann gefur gangi fram og séu samrýmanlegar þeim skoðunum sem hér gilda.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að skýra þessi mál frekar. Nefndin varð ekki sammála í afstöðu sinni eins og kemur fram á því að hér liggja fyrir tvö nefndarálit, meiri hluta og minni hluta. Auk mín undirrita meirihlutaálitið Rannveig Guðmundsdóttir, Árni M. Mathiesen, Einar K. Guðfinnsson og Eggert Haukdal, sem undirritar það með fyrirvara sem hann að sjálfsögðu gerir hér grein fyrir.

Í nefndinni fór fram ítarleg og málefnaleg umræða um þetta mál eins og jafnan áður og þar var leitað eftir skoðunum, eins og fram kemur í nál., fulltrúa bændasamtakanna og landbrn. en auk þess var sérstaklega leitað eftir áliti Sigurðar Líndals prófessors, sem ég hef hér áður vitnað til, og eins Sveins Snorrasonar hrl. Báðir þessir fróðu menn tóku svo saman greinargerðir um það sem var um fjallað á fundi landbn. til þess að skoðanir þeirra gætu legið skýrar fyrir og eru þau gögn að sjálfsögðu varðveitt í málsskjölum landbn. um þetta mál.

Ég vil svo að lokum fagna því hvernig minni hluti nefndarinnar hefur hagað sinni afgreiðslu á þessu máli. Þar er enn einu sinni staðfest að það sem skiptir máli um framgang þessa máls og þróun þessara mála í framtíðinni er mikil og breið samstaða hér í þinginu og það eru frekar að þessu sinni og reyndar einvörðungu formsatriði sem skilja hér leiðir landbúnaðarnefndarmanna. Mér finnst mikilvægt að það komi hér skýrt fram hvað minni hlutinn sýnir hér mikla ábyrgð í afgreiðslu sinni og það þakka ég alveg sérstaklega.

Ég lýk svo máli mínu, virðulegi forseti, og geri tillögu um það að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað áfram til 3. umr.

[14:20]

Frsm. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti minni hluta landbn. en auk mín skrifa undir það Ragnar Arnalds, Kristín Ástgeirsdóttir og Guðni Ágústsson. Í nefndarálitinu segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið á þremur fundum. Á fund nefndarinnar komu frá landbrn. Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmaður landbrh., og Guðmundur Sigþórsson skrifstofustjóri, frá Stéttarsambandi bænda Há-

kon Sigurgrímsson framkvæmdastjóri, frá Framleiðsluráði landbúnaðarins Gísli Karlsson framkvæmdastjóri, frá Búnaðarfélagi Íslands Jónas Jónsson búnaðarmálastjóri, Sigurður Líndal prófessor og Sveinn Snorrason hrl.

Fram kom hjá fulltrúum bændasamtakanna að ekkert samráð hefði verið haft við þá áður en málið var lagt fram á þessu stigi þannig að samtök þeirra hafa ekki haft tækifæri til að fjalla um málið. Þeir bentu á að í frv., eins og það liggur fyrir nú, væru engin ákvæði um samráð við bændasamtökin eins og gert var ráð fyrir í breytingartillögu meiri hluta landbn. við búvörulögin í vor, en það frv. strandaði á ósamkomulagi í stjórnarflokkunum.

Í máli Sveins Snorrasonar og Guðmundar Sigþórssonar kom fram að heimildir landbrh. til töku verðjöfnunargjalda, hvað varðar innflutning samkvæmt milliríkjasamningum sem Ísland hefur gert, nái til þeirra vöruflokka sem getið er í tollnúmeraskrá þessara samninga. Hvað varðar bókanir við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sem varða landbúnaðarmál, er um að ræða tollkafla 1–24, að undanskildum fiski og fiskafurðum. Í þessu sambandi vill minni hlutinn ítreka að við framsögu ráðherra og í starfi nefndarinnar kom skýrt fram að þær breytingar, sem hér er verið að framkvæma, snúa einvörðungu að skuldbindingum sem leiða af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en ekki GATT-samkomulaginu.

Í frv. er gert ráð fyrir því að gjöldin verði lögð á samkvæmt tillögu þriggja manna nefndar, skipaðri fulltrúum landbúnaðar-, viðskipta- og fjármálaráðuneytisins. Nái nefndin ekki samkomulagi skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórnina áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda.

Í máli Sigurðar Líndals kom fram að ákvæði í sérlögum um meðferð máls í ríkisstjórn, á þann hátt sem hér er lagt til, væri afar sérstakt og ætti sér vart hliðstæðu í íslenskri löggjöf.

Minni hlutinn mun styðja þann hluta 1. gr. frv. sem lýtur að forræði landbrh. varðandi innflutning og töku verðjöfnunargjalda en lýsir andstöðu sinni við þann þátt greinarinnar sem snýr að málsmeðferð ef ekki næst samkomulag í þriggja manna nefndinni."

Virðulegi forseti. Þetta mál ber að með nokkuð sérstökum hætti. Þetta mál var svo heitt á vordögum að við lá stjórnarslitum og það varð að slíta Alþingi í flýti til þess að koma í veg fyrir það að sá meiri hluti sem þá hafði myndast að baki tillögum meiri hluta landbn. kæmi hér fram og málið var sjóðheitt áfram fram eftir öllu sumri. Ég vek athygli á því að í þeim brtt. sem lágu fyrir þinginu í vor var sérstaklega tekið fram að hafa skyldi samráð við samtök bænda um meðferð málsins. Þegar málið er lagt fyrir núna að tilhlutan ríkisstjórnarinnar og eftir samkomulag þar á milli þá er ekkert lengur inni í frv. um samráð við Framleiðsluráð eða bændasamtök. Það þótti hins vegar ástæða til þess í frumvarpi ríkisstjórnarinnar að lögfesta, setja inn í lagatextann hvernig ætti að fara með málið í stjórnkerfinu að öðru leyti. Það er lögfest sú nefnd sem á að fjalla um það og það er sett inn í lagatextann sem er afar sérstakt að málinu eigi að vísa til ríkisstjórnar ef þriggja manna nefndin nær ekki saman.

Hér er verið að setja inn í lög eitthvert samkomulag stjórnarflokkanna án þess að við vitum nokkuð hvað stendur á bak við það samkomulag að öðru leyti og ég hlýt að vekja athygli á því að hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar og formaður nefndi engu orði í sinni framsögu um samráð við samtök bænda. Og það hlýtur að vera eftir því tekið ef ekkert kemur hér frekar frá meiri hlutanum um það og ef meiri hlutinn tekur ekki af skarið um það hér í umræðunum að það skuli haft um þetta mál samráð við samtök bænda þá mun minni hluti nefndarinnar flytja brtt. í þá veru fyrir 3. umr.

Til viðbótar varðandi þetta hefur það verið sagt að í 52. og 53. gr. frv. sé tekið á þessum þætti, þ.e. samráðinu. En að mati minni hlutans eru þessar greinar sem hér er verið að samþykkja algerlega sjálfstæðar og taka enga hliðsjón af 52. og 53. gr. þannig að það sem þar er rætt um samráð á eingöngu við um þær greinar en þær greinar fjalla eins og kunnugt er um innflutning á búvörum ef innlend framleiðsla annar ekki eftirspurn og þær greinar standa sjálfstæðar eftir þrátt fyrir þessa breytingu. Ef meiri hlutinn hefur annan skilning á þessu þá tel ég það afar brýnt að það komi fram hér við umræðuna.

Þá vil ég koma að því að í máli Sveins Snorrasonar hrl. og Guðmundar Sigþórssonar skrifstofustjóra kom það skýrt fram að þær heimildir sem landbrh. hefði til að beita jöfnunargjöldum samkvæmt þeim milliríkjasamningum hlytu að felast innan þess ramma sem samningarnir gefa. Þetta þýðir gagnvart EES að það eru tollflokkar 1–24 að fiski og vörum unnum úr fiski undanskildum. Það er túlkun Sveins Snorrasonar að þetta þýði það að landbrh. hafi heimild til þess að beita verðjöfnunargjöldum á vörulíki, svo sem smjörlíki, og í þeirri álitsgerð sem Sveinn hefur sent okkur og af orðum hans í nefndinni er enginn vafi á þessu. En ég hlýt að vekja athygli á því einnig að frsm. meiri hlutans nefndi þetta ekki í sinni framsögu.

Þá hljótum við í minni hlutanum að benda á það sem kom fram í framsögu ráðherra og kom einnig fram í nefndarstarfinu að þessi lagabreyting snýr eingöngu að viðaukum eða bókunum við EES-samninginn sem varða landbúnað. Þessi breyting snýr ekki að GATT. Og ef menn lesa lagatextann þá sjá menn að þessi breyting er ekki nægjanleg til þess að taka á því hvernig við getum beitt tollígildum við GATT-samninginn, einfaldlega vegna þess að hér segir að ekki sé hægt að beita hærri jöfnunargjöldum en sem sem nemur mismuni á innlendu og erlendu hráefnisverði. Tollígildi GATT-samkomulagsins eru ekki bundin slíkum skilyrðum. Þar er um að ræða ákveðna prósentutölu og ef ætti að fara að vinna eftir þessum texta með GATT-samninginn þá væri ekki heimilt að leggja á hærri jöfnunargjöld heldur en sem nemur þessum mismun á innlenda og erlenda þætti hráefnisverðsins. Það liggur því alveg ljóst fyrir að gagnvart GATT verður að fara í frekari lagavinnu. Þetta segi ég m.a. vegna þess að sá misskilningur hefur verið nokkuð útbreiddur og m.a. komið fram í fjölmiðlum að þessi laga-

breyting snúi að GATT-samningnum einnig. Í þessu sambandi vil ég taka það skýrt fram að með þessari breytingu sem slíkri er ekki verið að heimila innflutning búvara. Þessi lagabreyting lýtur eingöngu að því hvað snertir heimildir landbrh. til þess að leggja jöfnunargjöld á.

Í frv. er einnig gert ráð fyrir því að sett sé á fót þriggja manna nefnd, einn fulltrúi án tilnefningar sem við hljótum að líta þannig á að sé fulltrúi landbrn. og einn fulltrúi frá viðskrn. og einn frá fjmrn. Þessi nefnd á í raun að yfirfara allar reglur um töku jöfnunargjaldanna og það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo að hún eigi að ákveða upphæð gjaldanna því að síðan segir að nái nefndin ekki samkomulagi þá eigi að vísa málinu til ríkisstjórnar. Við þessa málsmeðferð gerum við miklar athugasemdir. Við gerum engar athugasemdir við að það sé starfandi samráðsnefnd ráðuneyta til þess að fjalla um málið. En við hljótum að lýsa furðu okkar á því ákvæði að síðan eigi að setja inn í lagatextann hvernig eigi að fara með málið í ríkisstjórn og við getum engan veginn sætt okkur við þá meðferð.

Virðulegur forseti. Ég held að ég sé nánast búinn að fara yfir þau efnisatriði sem er mikilvægt að komi fram með framsögu minni hluta nefndarinnar. Ég hlýt hins vegar að ítreka það sem ég sagði áðan að í þessari breytingu felast í sjálfu sér ekki heimildir til innflutnings. Þessi breyting lýtur eingöngu að því að það verði landbrh. sem hafi forræði varðandi innflutninginn og það kom skýrt fram hjá Sigurði Líndal lagaprófessor að lagasetning sem þessi, sem meiri hlutinn er að leggja til, gæti í engum tilfellum tekið þá heimild af ráðherra og þess vegna er þessi lögfesting á meðferð ríkisstjórnar algerlega óþörf því að samkvæmt bæði stjórnarskrá og stjórnarráðslögum ber ríkisstjórn að hafa samráð um meiri háttar mál og það á ekki að þurfa að setja slíkt inn í lög. Það er hætt við því að löggjöfin yrði allskrautleg og það þyrfti víða að skjóta inn slíkum breytingum ef ætti að lögfesta það í öllum málaflokkum að ráðherrarnir töluðu saman á ríkisstjórnarfundum. Það er náttúrlega alveg út í hött að það skuli vera á þennan hátt lögfest eitthvert samkomulag sem stjórnarflokkarnir hafa gert sín á milli og það er ekki hægt að taka þátt í slíkri lagagerð.

En ég vil einnig, virðulegi forseti, ítreka það sem hefur komið hér áður fram í mínu máli um þá millirríkjasamninga sem við erum að gera núna og gera það að verkum að allt starfsumhverfi landbúnaðarins breytist. Að mínu mati er fyrst og fremst um að ræða innanríkismál en ekki utanríkismál því að það hvernig þetta kemur við okkar atvinnulíf ræðst innan lands en ekki í útlöndum. Það ræðst af því hvernig menn vilja og á hvern hátt menn eru tilbúnir að beita þeim heimildum sem við höfum til þess. Og ég vil taka það fram í þessu sambandi varðandi þá lagabreytingu, sem við erum að gera hér og þær lagabreytingar sem þarf að gera vegna GATT á þessu ári, að þar er í raun og veru um að ræða aðalstýritæki landbúnaðarframleiðslunnar hér á landi á næstu árum og þess vegna mikilvægt að það sé fagráðuneytið sem hafi þar umsjón. Það er einnig mikilvægt, og ég ítreka það enn, það er einnig mikilvægt að um alla þá umfjöllun sé náið samráð við hagsmunasamtökin og bændasamtökin í landinu. Þetta er þeim mun mikilvægara þar sem það liggur alveg ljóst fyrir að bændasamtökin hafa á síðustu árum farið í mikla vinnu til þess að aðlaga sig breyttum aðstæðum og eru í sjálfu sér tilbúin til þess að takast á við þá vinnu í framtíðinni en þau hljóta, eins og þau hafa gert fyllilega ljóst, að fara fram á það að stjórnvöld vinni með þeim í þeirri vinnu.

[14:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það mál sem hér er til umræðu sé með þeim allra sérstæðustu sem hafa sést á borðum þingmanna á undanförnum árum. Mér er sagt að það hafi gerst fyrir nokkrum árum að einn þingmaður brá sér í ræðustól og las upp frv. frá orði til orðs fyrir þingheimi og það vakti svo mikinn hlátur að málið datt bara niður samstundis.

Nú vill svo til að hér er mikið alvörumál á ferð og ekki neina fyndni í því að finna en hins vegar afar sérkennileg ákvæði. Og það ræðst af því að hér er um að ræða samkomulag milli ríkisstjórnarflokkanna — og nú verð ég að segja, virðulegi forseti, að ég fagna því sérstaklega að hæstv. utanrrh. skuli vera mættur til leiks og hefði fyrr mátt vera því að það er eitt meginatriðið varðandi þetta frv. að þingheimi takist að skilja það og fá að vita það hver skilningur hæstv. utanrrh. er á þessu ákvæði sem ég mun gera hér sérstaklega að umræðuefni.

Nú vil ég ítreka það sem ég sagði við 1. umr. að ég hef ákveðnar efasemdir varðandi hinn stjórnskipulega þátt þessa máls og ég tek það ekkert sem gefið að það eigi að vera á forræði landbrh. að ákveða innflutning, vörugjöld og annað slíkt, en það er alveg ljóst að um það er mjög breið samstaða að þannig skuli það vera. Menn vísa til þess að þetta fyrirkomulag sé viðhaft á Norðurlöndunum og vegna þess hve þetta mál ber brátt að hér á þingi, þá gefst einfaldlega ekki tími til þess að kanna hér aðrar leiðir eða bera þetta saman við það fyrirkomulag sem tíðkast í öðrum ráðuneytum en það er auðvitað meginreglan að þessi atriði, þ.e. tollar og vörugjöld, heyra undir fjmrn. Ég þykist vita það að fjmrn. sé ekkert alveg sátt við það hvernig hér er á málum haldið en mér er það líka mjög vel ljóst að íslenskur landbúnaður er uggandi um sinn hag vegna þeirrar auknu samkeppni sem fram undan er og það skiptir auðvitað miklu máli að þar sé eðlilega og vel að málum staðið. Ég hef efasemdir um þetta fyrirkomulag en mun að sinni ekki gera ágreining út af því og áskil mér rétt til þess að skoða þessi mál nánar síðar í ljósi þess hvernig takast mun um framkvæmdina.

Það sem eru stærstu spurningarnar varðandi þetta samkomulag — ég get ekki kallað þetta annað en samkomulag því að hér mátti ekki orði hagga, það mátti ekki breyta einu orði því að það gæti raskað þeim skilningi sem hæstv. ráðherrar leggja í málið. Það mátti ekki breyta hér einu orði. En það sem fulltrúar landbúnaðarins settu einkum fyrir sig og mér finnst mjög skiljanlegt af þeirra hálfu er það að út úr þessari grein

eru tekin ákvæði um samráð við fulltrúa landbúnaðarins. Þar með er ekki sagt að landbúnaður sem slíkur eigi að ráða hverju fram vindur heldur fyrst og fremst það að þeir viti rétt eins og ríkisstjórnin, það er það sem felst í þessu frv. að ríkisstjórnin vill fá að vita hvaða ráðabrugg landbrh. er með. Það er lögfest hér að ráðherra ber skylda til þess að fara með málið inn í ríkisstjórn. Og á sama hátt má segja að það hefði verið mjög eðlilegt að það væri tryggt að þeir sem eiga hagsmuna að gæta gætu fylgst með því sem verið er að gera þó að það sé ekki þar með sagt að þeir ráði neinu um þær aðgerðir sem gripið er til. En þetta samráð er sem sagt tekið út úr þessari grein og í stað þess er sett upp þessi yfirbygging eða kerfi í kringum landbrh., leiðin sem hann þarf að fara til ákvarðana, þ.e. hann hefur sér til ráðuneytis þessa nefnd og ég skil það þannig að hann verði að fara með málin inn í nefndina. Verði ágreiningur í nefndinni fer málið til ríkisstjórnarinnar. Auðvitað getur farið svo að það verði alltaf samkomulag í þessari nefnd. En það er þó miklu líklegra að það eigi eftir að koma upp ýmis deilumál varðandi framkvæmd búvörulaganna og það þarf ekki annað en að einn af fulltrúunum í nefndinni geri ágreining þá fer málið til ríkisstjórnarinnar.

Síðan er það lögfest hér að náist ekki samkomulag í nefndinni skuli ráðherrann bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda. Samkvæmt því sem fram kom í máli Sigurðar Líndals prófessors þá er hér um mjög óvenjulegt ákvæði að ræða í lagasetningu af þessu tagi og þýðir auðvitað það að með þessari lagasetningu er verið að skilgreina þessi mál, þ.e. ákvarðanir um innflutning og verðjöfnunargjöld, það er verið að skilgreina það sem mjög mikilvægt málefni vegna þess að samkvæmt stjórnarskránni og lögum um Stjórnarráð Íslands ber að taka mikilvæg mál eða bera mikilvæg mál upp í ríkisstjórninni. Hér er sem sagt verið að lögfesta það að þessi málaflokkur sé mjög mikilvægt mál sem beri að taka inn í ríkisstjórnina sé einhver ágreiningur í nefndinni. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi. Það er verið að skylda landbrh. til þess að bera málið undir ríkisstjórnina þannig að hún geti fylgst með hans gerðum. En það breytir ekki því að hann hefur endanlegt ákvörðunarvald.

En það er einkum og sér í lagi þessi setning sem ég mundi vilja spyrja hæstv. utanrrh., formann Alþfl. sem hefur staðið í miklu stríði við landbrh. um þessi mál, ég vil spyrja um hans skilning á þessari setningu. Hvernig skilur hann þetta? (**Utanrrh.:** Hvaða setningu er átt við?) Síðustu setninguna í 1. gr. frv. Ég hlýt að kalla hér eftir skilningi hæstv. utanrrh. á þessari setningu því að samkvæmt íslenskri stjórnskipun er hún óþörf, hún er algerlega óþörf. Ráðherra getur tekið hvaða mál sem er inn á ríkisstjórnarfund en hér er einfaldlega verið að skylda hann til þess. Það er verið að skylda ráðherra til að fara með þennan málaflokk inn í ríkisstjórnina ef ágreiningur verður í nefndinni og það er auðvitað partur af samkomulaginu að hæstv. landbrh. fari með málið inn í ríkisstjórnina.

Formaður landbn., hv. þm. Egill Jónsson, sagði hér áðan að það hefði farið ítarleg umræða fram um þetta mál í landbn. Ég er ekki sammála formanni mínum um það því að í rauninni er vel unnið að þessu máli og fengnir góðir og gegnir menn til þess að segja sitt álit á þessu. En ég hefði t.d. viljað fá meiri tíma til að skoða hinn stjórnskipunarlega þátt og setja þetta í samhengi við GATT-samninginn og skoða þá hvaða lagabreytingar verða að eiga sér stað varðandi þau mál til þess að maður hafi einfaldlega yfirsýn yfir það hvað hér er verið að gera. En mér er ljóst eins og fleirum að hér er um að ræða mál sem þarf að komast í höfn. Og eins og ég sagði hérna við 1. umr. þá hefur það verið öllum til tjóns að það skuli ekki vera búið að afgreiða þessi mál fyrir löngu og að menn skyldu ekki fara í það að ganga frá málunum og breyta lögunum í samræmi við þá samninga sem gerðir hafa verið og menn minnast þess eflaust að það var á sínum tíma samið um það að ákveðinn hluti EES-samningsins gengi í gildi á undan öðru og það varðaði m.a. landbúnaðarmálin.

Hv. formaður landbn. nefndi það líka í sinni ræðu að það væru bara formsatriði sem skilja hér á milli. Í mínum huga er þetta meira en formsatriði. Þetta er auðvitað hápólitískt mál sem hér er á ferð. Þetta er hápólitískt samkomulag sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa náð hér sín á milli sem lýsir sér í því að það er fyrst og fremst verið að skylda landbrh. til þess að fara með málin inn í ríkisstjórn.

Eins og fram kom hér í ræðu frsm. minni hlutans þá er ýmislegt sem skiptir máli í þessu og ekki síst hvort vilji er til þess af hálfu meiri hluta Alþingis og hvort það fást til þess tilskilin leyfi frá ríkisstjórnarflokkunum að koma inn í frv. ákvæðum um samráð. Það skiptir miklu máli að það sé kveðið á um samráð við hagsmunaaðila í þessu máli. Við munum láta á þetta reyna milli 2. og 3. umr. en fari svo að það fáist ekki samþykkt þá held ég að það sé rétt að láta ríkisstjórnarflokkana bera ábyrgð á sínu samkomulagi.

[14:46]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst sérkennilegt að heyra þannig tekið til orða að hér sé eitthvað undravert að lögfest sé samkomulag eða málamiðlun milli manna. Yfirleitt byggist lagasetning á samkomulagi eða málamiðlun þannig að það er ekkert sérstakt við það að menn lögfesti samkomulag sitt. Það er þvert á móti reglan og lög eru yfirleitt byggð á samkomulagi sem betur fer.

Varðandi málsmeðferðina í þessu tilviki finnst mér það einnig mjög einkennilegt að menn skuli gera athugasemdir við að það sé sett í lögin hvernig með þessi mál skuli farið og ég skil ekki þá gagnrýni. Þetta eru alls ekki nýmæli. Ríkisstjórnir hafa getað komið sér saman um það án þess að það stæði í lögum að með mál skuli farið með ákveðnum hætti og þau skuli borin upp í ríkisstjórninni ef ekki er samkomulag um það í nefndum sem fjalla um mál á vegum ríkisstjórnarinnar. Hér er þetta sett í lögin sem ég tel mjög skynsamlegt og alþingismenn ættu frekar að fagna heldur en gagnrýna.

Ég get nefnt eina nefnd sem starfaði á vegum ríkisins og ríkisstjórnarinnar á sínum tíma þegar menn

höfðu trú á því að verðlagshöft leystu allan vanda. Það var svokölluð gjaldskrárnefnd opinberra stofnana sem starfaði á vegum ýmissa ráðuneyta og voru síðan mál hennar ef það var ekki samkomulag í henni borin upp í ríkisstjórninni. Það er alls ekkert nýmæli að svona sé að málum staðið og það er hins vegar mjög skynsamlegt og fagnaðarefni að um þetta skuli vera sett ákvæði í lög þannig að alþingismenn geti tekið afstöðu til málsins.

[14:48]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég komst ekki þannig að orði að hér væri um nýmæli að ræða heldur kom það fram í máli Sigurðar Líndals prófessors að þetta væri mjög sjaldgæft og undantekning enda kveði bæði stjórnarskráin og lögin um Stjórnarráð Íslands á um að mikilvæg mál skuli bera upp í ríkisstjórn þannig að þetta ákvæði hér er óþarft, samkvæmt því er það óþarft ef ráðherrann lítur þannig á að málið sé það mikilvægt. Hins vegar er hér verið að lögfesta það að ráðherranum sé skylt að fara með þessi mál inn í ríkisstjórn og út úr því lesum við auðvitað ákvæðin, pólitísk skilaboð vegna forsögu málsins. Það er alveg augljóst mál. Þetta eru ákvæðin skilaboð sem í þessu felast og spurningin er auðvitað sú hver sé skilningur manna á þessari síðustu setningu. Það er alveg ljóst að ráðherrann hefur hið endanlega orð, um það er ekki deilt. En hver er ástæðan fyrir því að menn vilja taka þessi mál inn í ríkisstjórnina. Að mínum dómi er hér ekki um svo stórvægilegt mál að ræða að þess þurfi.

[14:49]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Á fundi hv. landbn. voru mættir nokkrir fulltrúar landbúnaðarins, þar á meðal framkvæmdastjóri Stéttarsambands bænda og framkvæmdastjóri Framleiðsluráðs landbúnaðarins og og búnaðarmálastjóri. Það kom fram í máli þessara manna að nákvæmlega ekkert samráð hefði verið haft við þá og þeirra samtök áður en þetta mál var fest á blað og að öðru leyti undirbúið. Þau samtök sem ég nú nefndi fengu ekkert tækifæri til að hafa áhrif á orðalag og efni þessa frv. og þessir aðilar höfðu ekki fengið frv. í hendur fyrr en fáum klukkutímum áður en fundurinn var haldinn.

Það þurfti því ekkert að koma á óvart í hinni ágætu hv. landbn. að fulltrúar þessara samtaka áttuðu sig ekki alveg til fulls á efni frv. Þeir höfðu t.d. ekki áttað sig á því, og sennilega fæstir þingmenn, að frv. þessu væri alls ekki ætlað að ná til GATT-samningsins. Ég held að langflestir hv. alþm. hafi staðið í þeirri meiningu þegar þetta mál var flutt að það væri flutt í tengslum við og í framhaldi af gerðum svonefnds GATT-samnings enda er vísað í fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að í upphafsorðum frv. En það mun ekki vera. Þá verður auðvitað ljóst að hér er um hina mestu lagaflækju að ræða.

Við erum í fyrsta lagi með lögin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem fjallað er í 52. og 53. gr. um innflutning á landbúnaðarvörum. Þær greinar breytast ekkert við samþykkt þessa frv. Aftur á móti koma hér tvær nýjar frumvarpsgreinar. Ég vek á því athygli að það er að vísu sagt að 72. gr. og 73. gr. eigi að orðast svo en þær eru ekki til í lögunum. Þess vegna ætti að orða þetta á allt annan veg, þ.e. vekja athygli á því að hér sé um nýjar greinar að ræða eins og ævinlega er gert þegar um það er að ræða. Þarna koma þá tvær nýjar greinar og þær fjalla líka um þessi innflutningsmál á sinn hátt. Það verður þá alltaf að lesa þetta saman til þess að menn skilji hver sé kjarni málsins.

Síðan mun vera von á þriðja frv. sem snertir GATT og innflutningsmál sem tengjast GATT-samningnum og þá fer þetta að verða ansi mikil frumskógur þegar allt kemur saman og þarf að lesast saman í eina heild. Ég held að það sé ekki hægt að hrósa þessum vinnubrögðum og ég tel æskilegra að framsetning hefði verið öll með miklu skýrari hætti.

Þetta leiðir hugann að því sem hér hefur verið nefnt, þ.e. hvernig samráði við hagsmunasamtök verður háttað í framtíðinni. Í 52. og 53. gr. laganna eru talsvert ítarleg ákvæði um samráð við hagsmunasamtök, en aftur á móti vekur það athygli að í frv. sem hér um ræðir eru engin ákvæði um samráð. Það er erfitt að skilja alveg til fulls hvað verður um þetta samráð þegar 1. gr. er lesin. Ég teldi afar æskilegt að hér væru gefnar yfirlýsingar um hvernig þessu samráði verður háttað þannig að allur þingheimur megi fá hreinar og klárar yfirlýsingar um það bæði af hálfu hæstv. landbrh. og af hálfu formanns nefndarinnar. Ég ætla ekki að gera þeim það upp að þeir hyggist samþykkja þetta frv. á þann veg að ekki verði um neitt samráð að ræða. Ég trúi ekki öðru en því verði áfram haldið en ég held að fleiri en ég bíði eftir því að slíkar yfirlýsingar verði gefnar.

Síðan vík ég að síðara meginefnisatriði frv. Ég lít svo á að fyrra meginefnisatriði frv. felist í 1., 2. og hálfri 3. mgr. en seinna efnisatriðið byrjar svo á orðunum „Sér til ráðuneytis skal ráðherra skipa nefnd þriggja manna“ o.s.frv. Ég vek athygli á því í framhjáhlaupi að góður frumvarpssmiður hefði að sjálfsögðu haft nýja málsgrein þar sem þetta nýja efnisatriði hefst og jafnvel hefði ekki verið óeðlilegt að hér hefði verið um sérstaka grein að ræða. En því er ekki að heilsa og því verður maður að taka afstöðu til málsgreinarinnar með því að skipta henni í tvennt. Eins og fram hefur komið nú þegar er það afstaða okkar í stjórnarandstöðunni að óhjákvæmilegt sé að greiða fyrst atkvæði um fyrri hluta greinarinnar og fyrri hluta 3. mgr. og þá munum við styðja þann efnispunkt sem þar er, en síðan yrðu greidd sérstaklega atkvæði um síðari hluta málsgreinarinnar. Þar hlýtur afstaðan að verða nokkur önnur.

Þar er annars vegar á það minnst að ráðherra hafi sér til ráðuneytis þriggja manna nefnd, nefndin sé skipuð af þremur ráðherrum og afli upplýsinga og standi fyrir nauðsynlegu samráði o.s.frv. Þetta er út af fyrir sig ákvæði sem kannski er ekki ástæða til að hafa neitt á móti vegna þess að í góðri ríkisstjórn hlýtur það að vera góðs viti að samráð sé haft um alla skapaða hluti og menn ræði saman um hvernig best sé að haga mál-

um. Það er vinnuregla sem tíðkast í öllum ríkisstjórnum í stórum stíl að skipa vinnuhópa og engin ástæða til að setja slíka vinnureglu í lög, en kannski má segja að það mæli ekkert endilega á móti því en það er sjaldnast gert og er kannski meira fallið til að vekja tortryggni en hitt að skýra mál því að þess þarf að sjálfsögðu ekki með að ákveða slíkt með lögum. Það er tæpast slíkt ástand ríkjandi í nokkurri ríkisstjórn, jafnvel ekki þeirri furðulegu hæstv. ríkisstjórn sem nú situr, að ekki sé hægt að koma sér saman um eina einfalda nefndaskipan án þess að allt Alþingi standi þar á bak við og hafi leyft mönnum náðarsamlegast að skipa slíka nefnd.

En seinasti liðurinn er aftur á móti öllu lakari, þ.e. þegar ákveðið er að náist ekki samkomulag í þessari margfrægu nefnd þá skuli málið borið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalds. En þetta er kannski ekki endilega svo afleitt í sjálfu sér vegna þess að oft mundi það vera þannig að ef eitthvert ágreiningsmál fyrirfyndist milli ráðherra, þá væri það borið upp í ríkisstjórn og kynnt ráðherrum þar áður en viðkomandi ráðherrar tækju ákvörðun. En þetta er fyrst og fremst eftirtektarverð og gagnrýnisverð setning vegna þess hversu óvenjuleg hún er og vegna þess hversu mikla tortryggni hún hlýtur að vekja vegna þess einfaldlega að það er alltaf verið að þessu. Það er alltaf verið að bera mál undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin. Og hvers vegna þarf að binda það í lög? Hefur þessi lagasetning eitthvert gildi í sjálfu sér umfram þær venjulegu starfsaðferðir sem tíðkast?

Það þarf ekki að spyrja um lagalegu hlið málsins vegna þess að hún er nokkuð ljós og það var staðfest af þeim sérfræðingum sem við ræddum við í nefndinni að ekki væri hægt að skilja þetta nema á einn veg, þ.e. að landbrh. hefði endanlegt úrskurðarvald og jafnvel þótt upp kæmi ágreiningur í ríkisstjórn um þetta mál, þá gæti ekkert hindrað hann í því að taka sína ákvörðun. En hvers vegna þá að vera að setja þetta í lög? Það er það sem vekur umtal, tortryggni og miklar umræður.

Ég tel eðlilegra að þetta falli niður. Ekki vegna þess að þetta hafi neina efnislega þýðingu til eða frá. Ég held að þetta sé merkingarlaust ákvæði í sjálfu sér, heldur tel ég það lýti á lögunum að hafa svona vitlaust ákvæði innan þeirra. Af þeirri ástæðu tel ég eðlilegast að ákvæðið verði fellt niður.

Ég vil svo að endingu ítreka að það var skoðun Sigurðar Líndals, prófessors við Háskóla Íslands, að ákvæði þetta væri afar sérstakt og hann myndi ekki eftir að það ætti sér neina hliðstæður í íslenskri löggjöf. Þessi ummæli Sigurðar segja kannski meira en margt annað um þann vandræðagang sem virðist vera að baki setningu þessara laga.

[15:01]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði ekki að fjalla um þetta mál efnislega en mig langaði að bera fram eina spurningu til virðulegrar nefndar. Hún snýr að því hvernig málsmeðferð er hagað. Þ.e. mér finnst vanta í þetta einhvers konar tímamörk. Í svona málum er oft um afar viðkvæma vöru að ræða sem þolir ekki langa bið og getur því skemmst en eins og frv. er sett fram er þetta nánast galopið og menn geta því gefið sér þann tíma sem þeim sýnist í að fjalla um málið. Þetta finnst mér óeðlilegt í ljósi þess um hvers lags vöru er verið að ræða hér. Ég vil því spyrjast fyrir um hvort nefndin fjallaði um þær hugmyndir að hafa í frv. að innan einhverra tímamarka bæri að ná niðurstöðu í málinu eða ekki.

[15:02]

Frsm. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil nota andsvaraformið til að skýra frá mínu sjónarmiði hvað þetta snertir. Hér er um EES-samninginn að ræða og fáa vöruflokka til þess að gera. Það er hluti af sýrðum mjólkurvörum, smjörlíki með 10–15% smjörinnihaldi, ef ég man rétt, og aðrar vörur úr landbúnaðarhráefni sem heimilt er að leggja verðgjöfnunargjöld á. Ég lít þannig á að þarna verði um ákvörðun að ræða sem stendur til lengri tíma og ekkert um það að ræða að verið sé að fjalla um þetta mál í hvert skipti ef kemur sending á hafnarbakkann. Það er verið að ræða um hvaða reglur gilda um jöfnunargjöld og síðan fer framkvæmdin á því fram alveg eins og að taka á hverjum öðrum vörugjöldum við innflutning.

Útbýting þingskjals:

Tekjustofnar sveitarfélaga, 233. mál, brtt. meiri hluta félmn., þskj. 471.

[15:04]

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég hlýt að endurtaka þakklæti mitt fyrir þá umræðu sem hér hefur farið fram. Mér finnst hún vera afskaplega mikilvæg. Það fer náttúrlega ekki fram hjá neinum hv. þm., jafnskýrt og samnefndarmenn mínir hafa talað, að ágreiningurinn stendur ekki um efnislegan þátt þessa frv. Þetta tel ég afar mikilvægt og er reyndar þakklátur fyrir það vegna þess að það styrkir þessa afgreiðslu hvað mikið fylgi er á bak við hana hér á Alþingi. Þetta er náttúrlega grundvallaratriði.

Svo ég ljúki nú við að svara því sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson spurðist fyrir um, þá tekur, eins og kunnugt er, EES-samningurinn gildi nú um áramótin Landbúnaðurinn hefur hins vegar aðlögunartíma til þess að ganga frá sínum málum að ég hef fengið upplýst frá hæstv. utanrrh., líklega fram á vor. Það eru þau tímamörk sem um er að ræða og eftir það eiga þessi mál að ganga fram án þess að um sérstakar leyfisveitingar verði að ræða. EES-samningurinn er býsna skýr að þessu leyti og tiltölulega auðvelt að framkvæma hann að því er ég fæ best séð.

Það er reyndar ekki til þess að vera að gera mál út af en það kom fram í máli þess virðulega þingmanns, Kristínar Ástgeirsdóttur, að engu hefði mátt breyta í nefndinni. Náttúrlega gat hver og einn nefndarmaður borið fram þær brtt. sem honum sýndust. Það hefur enginn formaður neina stöðu til þess að taka þann þinglega rétt af samnefndarmönnum sínum þannig að

þó að vilji hefði verið fyrir því hjá formanninum, þá hefði það einfaldlega ekki náð fram að ganga.

Ég sagði hins vegar frá því að ég legði til að frv. yrði samþykkt óbreytt. Ég sagði reyndar líka frá því að þegar ég hafði farið yfir þetta frv. þá hefði ég sagt við hæstv. viðskrh. að ég mundi ekki leggja til breytingar í nefndinni. Ég get ekki séð hvaða bann felst í því. Það hefði hins vegar ekki verið trúverðug framkoma af minni hálfu að birtast svo í þessum ræðustól og lýsa tillögum jafnvel þó að í þeim fælist ekki mikið efni. Það var ekkert kallað eftir þessari afstöðu og ekkert samið um þessa afstöðu og mér var ekki uppálögð af neinum manni þessi afstaða. Þetta voru einfaldlega orð sem ég lét falla og vildi standa við.

Af því að það er verið að kalla hér eftir yfirlýsingum manna um stjórnskipulega stöðu þessa máls vildi ég líka mega minna á orð hæstv. viðskrh. við 1. umr. málsins þar sem hann tók af allan vafa um það hver væri hans skilningur á því hver hefði forræði þessa máls. Það væri landbrh. Menn hafa þá orðið stjórnskipunarlögin, Stjórnarráðið, álitsgerð Sigurðar Líndals *prófessors, sem er afar skýr í þessum efnum, yfirlýsingu* viðskrh. og formanns landbrh. Ég vek athygli á því að báðir þessir menn eiga ættir úr sömu sveit svoleiðis að það hlýtur að vera nokkuð marktækt sem þeir segja. Það hlýtur að vera nokkuð marktækt það sem þeir segja. (**Gripið fram í:** Ekkert sem skiptir máli.) Þetta skiptir afar miklu máli. Ég held því að það þurfi ekki að tala mikið um þetta enda hefur ekki verið borin nein brigð á þetta í umræðunni. Ég vek hins vegar athygli á því sem ég sagði í fyrri ræðu minni að ég tel að í þessu samráði felist styrkur og ég hygg að menn eigi eftir að sjá að þetta ákvæði verði látið standa þó að aðrir flokkar myndi ríkisstjórn en þeir sem þar eru nú við völd.

Hér hefur mikið verið gert úr því að ekki sé kveðið á um samráð við bændasamtökin. Það er til þess vitnað að í þeirri umfjöllun sem átti sér stað á sl. vori hafi svo verið gert. Í þeirri umfjöllun var í rauninni gengið út frá því að efni 52. og 53. gr. yrðu ekki áfram í lögunum. Þess vegna var m.a. í áliti landbn. og tillögum fjallað ítarlega um þessi efni. Nú standa báðar þessar greinar óbreyttar frá því sem þær eru í lögum og reyndar víðar kveðið á um samráð á milli stjórnvalda og bændasamtaka í búvörulögunum en bara á þessum stað. Samráðin standa í 52. gr. sem er í IX. kafla laganna þar sem fjallað er um vinnslu og sölu á búvörum. Með leyfi forseta er texti fyrri mgr. 52. gr. þannig:

„Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins."

Það er ekki hreyft við þessu ákvæði. Það stendur algerlega óhaggað enn þá. Það er svo aftur augljóst mál að síðari mgr. 52. gr. víkur fyrir 1. mgr. frv. þegar að lögum verður eins og það er nú. Síðari mgr. 52. gr. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni."

Þessi málsgrein víkur auðvitað eftir þessa lagabreytingu fyrir því sem við erum nú að lögfesta og kveðið er á um í alþjóðlegum samningum sem við erum aðilar að.

Samráðið stendur algerlega óhaggað að þessu leyti og er alger óþarfi að gera mál út úr því. Ég legg áherslu á að það styrkir þessa niðurstöðu að það hefur fallið um það dómur að þessi grein hafi fullkomlegan lagalegan grundvöll sem menn vefengdu reynar í fyrri umræðunni og víkur að efni til, eins og ég hef lýst, einungis fyrir þeim ákvörðunum sem teknar verða og lögfestar núna og hvergi er í þeim texta haggað við samráðinu einu einasta orði. Það er því náttúrlega alveg skýrt að bæði á þessum stað í lögunum og reyndar víðar þar sem kveðið er á um samráð, þetta er ekki eini staðurinn, stendur það óhaggað frá því sem verið hefur.

Ég treysti mér að fullyrða að það mundi algerlega einu um það gilda hver færi með málefni landbúnaðarins í ríkisstjórn þegar teknar verða allþýðingarmiklar ákvarðanir og fram undan eru að þar verði vissulega kallað eftir sjónarmiðum sem víðast að og þá náttúrlega alveg sérstaklega frá þeim samtökum sem hér eiga hlut að máli. Og ég verð að segja það eins og er að þessi gagnrýni snertir mig ekki með neitt sérstaklega sannfærandi hætti því að það er væntanlega öllum ljóst að grundvöllurinn í þessu frv. er að gera þessar breytingar sem trúverðugastar fyrir íslenskum bændum og íslenskum landbúnaði. Menn gera sér nefnilega alveg fulla grein fyrir því (**Gripið fram í:** Málþóf?) — það er ekki nema eðlilegt að það fari í taugarnar á Framsfl. þegar talað er um svona trúverðugt frv. sem ríkisstjórnin ber fram. (**Gripið fram í:** Menn eiga bágt með að trúa því.) Já, það er hárrétt. Kannski kom þarna mikilvægasta skýringin. Ég er nefnilega sannfærður um það að ef menn hefðu verið búnir að átta sig á textanum, fá fær lögfræðilegu skýringar og álit sem nú liggja fyrir, þá hefðu menn ekki hengt sig í þær skýringar og mótbárur sem liggja fyrir núna. Ég held að ekki sé nein ástæða till þess að reyna að gera menn eða flokka tortryggilega í þessum efnum. Ég vitna til þess sem ég sagði áður um yfirlýsingu hæstv. viðskrh. við þessa umræðu.

Þá á ég einungis eftir að fjalla um eitt efnisatriði sem hv. þm. Jóhannes Geir bar inn í umræðuna.

(**Forseti** (VS): Afsakið ræðumaður, það er Jóhannes Geir Sigurgeirsson.)

Það ætti neinum að blandast hugur um. Ég er ekki að gera neinar tillögur um að breyta föðurnafninu.

(**Forseti** (VS): Forseti verður að gefa ákveðna skýringu á. Það stendur í þingskapalögum að hv. þm. skulu nefndir fullu nafni ef þeir á annað borð eru nefndir nafni.)

Já, það er vissara, virðulegi forseti, svo ekki verði ruglingur í kirkjubókum. Ég áttaði mig ekki á því.

En út frá þessu vildi ég einungis segja, og það kom líka fram hjá hv. þm. Ragnari Arnalds, að nýtt frv. þyrfti að leggja fram vegna væntanlegs GATT-samkomulags. Tíminn og reynslan munu leiða það í ljós. Ég held að það sé augljóst mál að þegar þau mál liggja

fyrir, þá þurfi að fara yfir búvörulögin. Það hlýtur að þurfa í framtíðinni þegar menn verða búnir að ná vopnum sínum og fullum sönsum í öllum þessum málum og geta farið að taka þessi mál með nokkuð raunverulegum hætti. Þá finnst mér afar líklegt að þessa löggjöf þurfi að endurskoða í heild sinni og semja hana að þeim breyttu háttum sem fram undan eru í þessum málum. Það verður því reyndar bara að koma í ljós hvernig þessi löggjöf reynist við framkvæmd GATT-samninganna og þá verður auðvitað að gera þær breytingar sem nauðsynlegar eru til þess að þau mál geti gengið fram með eðlilegum hætti.

Ég minni svo á það sem ég sagði í upphafi að m.a. vegna þess hvað þessi mál færa landbúnaðinn til mikilla breytingatíma og breyttra aðstæðna, þá tel ég sjálfgefið að landbn. Alþingis fylgist sem allra best með framvindu þessara mála eins og hún hefur reyndar gert í þeirri umræðu sem hefur farið fram á þinginu við undirbúning þessara samninga svo að Alþingi sjálft án tillits til þess hverjir skipi þar meiri hluta og minni hluta, við getum sagt að fyrir því samráði sé vel séð með því að lögbinda samráðsnefnd eins og frv. gerir ráð fyrir, stjórn og stjórnarandstaða, hver sem hún kann að vera á hverjum tíma, geti fylgst með framvindu þessa máls jafnvíðtækar breytingar og í því felast fyrir landbúnaðinn í þessu landi og reyndar fyrir alla íslensku þjóðina.

[15:23]

Frsm. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að fagna þeirri yfirlýsingu formanns nefndarinnar að hann telji að það beri að hafa samráð við bændasamtökin á grundvelli 52. gr. Það er þó alla vega ljóst að það er vilji meiri hluta nefndarinnar að svo verði gert. Ég er hins vegar ekki sammála því að 52. gr. taki yfir þetta samráð einfaldlega vegna þess að í upphafi 1. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessra veitir landbrh. heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að."

Það kemur hérna fram að þrátt fyrir aðrar greinar sem banna slíkan innflutning nema með ákveðnum skilyrðum, nema með því samráði sem þar er rætt um, þá geti landbrh. heimilað innflutning. Það er því mín túlkun að 52. gr. nái alls ekki yfir þessar greinar hér og hefði verið æskilegt að slíkt ákvæði væri í frv. En ég segi hins vegar að mér finnst það þó miklu betra að hér sé kominn fram sá vilji meiri hluta nefndarinnar að þetta samráð sé við haft.

En fyrst menn voru tilbúnir til þess að lögfesta í þessari grein á svo nákvæman hátt hvernig ætti að fara með málið á framkvæmdastiginu, allt upp í það að menn ættu að tala saman í ríkisstjórn ef ekki næðist samstaða, þá hefði ekki verið ofrausn að skjóta inn í lagatextann eins og einni setningu um að einnig yrði haft samráð við bændasamtökin í landinu.

[15:24]

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samráð milli ráðuneyta að framgangi þessara mála var ekki fyrir hendi í lögunum eins og þau eru að óbreyttu. Samráðið við bændasamtökin er í lögunum og þess vegna ber ekki að leggja þetta hvort tveggja að jöfnu. Lögin eru, eins og ég hef áður sagt, skýr að þessu leyti. Fyrri mgr. 52. gr. er hverjum læsum manni fullkomlega skiljanleg og ég hef ekkert við fyrri orð mín að bæta í þessum efnum.

[15:25]

Frsm. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg rétt. Fyrri mgr. 52. gr. er hverjum manni skiljanleg, en það er líka jafnskiljanlegt að 1. gr. frv., sem við erum að fjalla um hér, segir að þrátt fyrir 52. gr. leyfi landbrh. heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við ákvæði í fríverslunarsamningum o.s.frv. Ég held því að út af fyrir sig þurfum við ekki að deila um þetta. Hitt finnst mér mikilvægara að hér sé kominn fram sá vilji meiri hlutans að þetta samráð sé haft þó svo að að mínu mati vaði meiri hlutinn þar í villu varðandi lagatúlkun.

[15:26]

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í 1. mgr. 1. gr., sem ég geri ráð fyrir að hv. síðasti ræðumaður hafi vitnað til, er hvergi minnst á það að 52. gr. sé numin úr gildi. Það er einungis sagt þar að landbrh. hafi heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Það er hvergi minnst á 52. gr. frekar en aðrar greinar í búvörulögunum. Þess vegna standa önnur ákvæði þessarar greinar eins og annarra greina í frv. að sjálfsögðu óhögguð.

[15:27]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þetta sama atriði. Það er kannski ekki ástæða til þess að vera að þrasa mikið um þetta, en það er mikilvægt að það sé ljóst hvaða skilningur liggur hér að baki. Ég mundi leggja til að við köllum saman fund í landbn. milli 2. og 3. umr. og fengjum lögskýringu á þessu. Eins og ég skil þetta, þá er sett þessi almenna regla í 52. gr. Síðan er hún dregin til baka þegar um er að ræða innfluning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Þá ber ráðherra að veita þær heimildir, hvort sem innlend framleiðsla fullnægir neysluþörf eða ekki. Þannig skil ég þetta. Og ég get ekki séð að 1. gr. feli í sér neitt samráð. En við getum haldið lengi áfram að þrasa um þetta og mér finnst að við ættum að fá á þessu lögskýringu.

[15:29]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Á fundi í landbn. sem haldinn var laugardaginn 18. des. sl. voru kallaðir til sérfræðingar til að túlka ákvæði frv. um forræðisrétt landbrh. yfir

innflutningi erlendra búvara og álagningu verðjöfnunargjalda. Skýrt var tekið fram af Sigurði Líndal prófessor að landbrh. hafi fullt yfirráð þessara mála þrátt fyrir ákvæði laganna um eftirlitsnefnd kratanna og um að málið komi að síðustu fyrir ríkisstjórn ef ágreiningur er. Hann hafi úrslitavald um þær ákvarðanir sem teknar eru um verðjöfnunargjöld samkvæmt heimildum laganna og það sé hans að ákveða niðurstöður sé uppi ágreiningur. Hins vegar vekur prófessorinn athygli á því að í sjálfu sér sé ákvæðið óþarft og jafnvel óeðlilegt þó svo að það sé ekki í ósamræmi við stjórnarskrárákvæði eða stjórnskipunarvenjur.

Sé þessari niðurstöðu ekki mótmælt er það ásættanlegt í sjálfu sér ef það þjónar einhverjum tilgangi að lögfesta þessi ákvæði þó svo að það sé ankannalegt að vera að setja í lög ónauðsynleg og jafnvel óeðlileg ákvæði samkvæmt skoðun lagaprófessorsins. Það má enn fremur benda á að með þessu ákvæði er ráðherrum í ríkisstjórn Íslands ekki lengur í sjálfsvald sett hvort þeir fjalla um verðjöfnunargjald í landbúnaði á ríkisstjórnarfundum heldur er þeim skylt að taka þá umræðu upp hversu merkilegt eða ómerkilegt málið kann að vera geri einhver eftirlitsmannanna ágreining. Ég lýsi yfir furðu minni yfir þessu ákvæði um eftirlitsnefnd og málið þurfi að síðustu að koma aftur fyrir ríkisstjórnina þar sem í upphafi 1. gr. er kveðið skýrt á um forræði landbrh. Það á að duga.

Þá kemur að öðru atriði sem ekki er veigaminna í þessari lagasetningu sem er hversu víðtæk ákvæði 1. gr. eru sem varða heimild landbrh. til að setja á jöfnunargjöld. Í þeim umræðum sem um það hafa farið fram hefur það verið markmið vissra aðila. Ég veit ekki hvort við eigum að hafa við það spurningarmerki hverjir þeir eru. Það er verið að koma á allan hátt í veg fyrir að unnt sé að verja landbúnaðinn gegn innflutningi niðurgreiddra landbúnaðarafurða á heimsmarkaðsverði og koma honum þar með á kné.

Vafalaust verður áfram leitað leiða að gera skuldbindandi samninga um tollfrjálsan innflutning landbúnaðarafurða til landsins svo sem verið hefur til þessa. Má þar nefna innflutning blóma og grænmetis í skuldbindandi samningi við Evrópubandalagið sem þegar er farinn að skaða íslenska grænmetisframleiðendur sem ætluðu að efla íslenska framleiðslu með raflýsingu yfir háskammdegið. Það er vissulega skammdegi yfir þeirri framleiðslu í dag vegna þessara samninga utanrrh. á meðan hrópað er stöðugt af sumum: Íslenskt, já takk. Það er ekki allt að fullu meint.

Til að skýra heimild landbrh. til að leggja á verðjöfnunargjald samkvæmt 1. gr. lagafrv. fékk landbn. Svein Snorrason hrl. Hans niðurstaða er sú að verði lagafrv. þetta að lögum heimili það landbrh. að leggja jöfnunargjöld á allar landbúnaðarvörur sem innfluttar kunna að verða með heimild í ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að án undantekninga. Það á við unnar sem óunnar landbúnaðarvörur hvort sem um er að ræða í líkjaformi, svo sem smjörlíki, ostlíki eða aðrar sem falla í tollflokka í köflum 1–24 í tollskrá að undanteknum fiski og fiskafurðum. Ber að fagna þessu því að ekki hefur vantað á að reynt hefur verið að eyðileggja vinnu íslenskra iðnaðarmanna með því að vera stöðugt að reyna að flytja inn smjörlíki.

Vegna þessa ágreinings sem búinn er að vera um þetta mál allt frá því að það var tekið á dagskrá á hv. Alþingi á sl. vori er það ákaflega þýðingarmikið að þessi lögfræðiálit skulu hafa verið fengin. Á það vil ég leggja áherslu. En þó svo að þessi niðurstaða færi forræði þessara mála innan lands til landbrh. á ótvíræðan hátt eftir þeim skilningi lögfróðra manna um efnisinnihald frv. sem á undan er rakið, má ekki gleyma því á hvern hátt hæstv. utanrrh. hefur unnið að þessu máli. Eigum við eftir að standa frammi fyrir því að hann sé búinn að semja um víðtækar opnanir á innflutningi landbúnaðarvara í fríðindasamningum við önnur ríki eins og hefur gerst íterkað í EES-samningunum. Má þar rifja upp samningslipurð hæstv. utanrrh. við EB þegar hann var búinn að opna fyrir innflutning á fimmta hluta af neyslu mjólkur og mjólkurvara í landinu sem hæstv. landbrh. þurfti að beita sér fyrir að draga til baka.

Einnig má minna á þá ákvörðun utanrrh. að semja um tollfrjálsan innflutning blóma og garðávaxta og láta þá samninga taka gildi löngu fyrr en séð var hvort af EES-samningi yrði eða ekki. Þótt frv., ef að lögum verður, haldi vel á þessum málum á innlendum vettvangi tryggir það ekki að komið verði í veg fyrir innflutningsáráttu utanrrh. hvort sem er á kalkúnalöppum eða í samningsgerð við önnur ríki. Það má því segja að í þeim sigri sem felst í umræddu frv. gegn innflutningsáráttunni felist eins konar varnarsigur gegn ósigrinum, öllum ósigrunum í þessum málum þar á undan sem við verðum að horfast í augu við í dag sem gerðan hlut. En þrátt fyrir samþykkt frv. verður því miður ekki komist hjá því að hæstv. utanrrh. haldi áfram að vega í sama knérunn en gott væri að hann lærði af því sem þegar er orðið.

Það er ógæfa íslenskrar þjóðar hversu vel honum hefur tekist að leika lausum hala í tveimur ríkisstjórnum og ekki er sjáanlegt að við losnum við hann í bráð.

[15:37]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst taka fram að það er öldungis réttur skilningur sem komið hefur fram hjá formanni landbn. að 1. mgr. þessa frv. er alveg skýr og afdráttarlaus um það að samkvæmt búvörulögunum er óheimilt að flytja inn landbúnaðarvörur ef nóg er til af þeim í landinu og er óþarfi að snúa út úr því. Ég hygg að það hafi raunar komið skýrt fram einnig í störfum nefndarinnar án þess að ég hafi spurt nákvæmlega um það.

Ég vil í annan stað segja að ég vil láta í ljós undrun mína á ummælum hv. 6. þm. Suðurl. Ég vil að það komi alveg skýrt fram að þó svo að í sumum atriðum hafi verið deildar meiningar milli mín og hæstv. utanrrh. um einstök atriði í sambandi við þá samningsgerð sem var lögð fyrir, bæði í sambandi við Evrópska efnahagssvæðið og eins í sambandi við GATT, þá var fullkomin samstaða milli okkar um túlkun og framkvæmd

þeirra samþykkta sem ríkisstjórnin hafði gert og það á einnig við um GATT-samningana þannig að mér finnst algerlega ástæðulaust að vera að gefa eitthvað annað í skyn í þeim efnum. Ég vil líka minna á að eftir að þessi ríkisstjórn var mynduð var tekið upp samstarf á milli landbrn. og utanrrn. um það að landbrn. fengi að fylgjast nákvæmlega með þeim atburðum og þeim samningum sem við vorum aðilar að á erlendum vettvangi. Við höfum fengið upplýsingar til landbrn. um þau efni og það er líka alveg ljóst að fulltrúar Íslands erlendis stóðu fast á sjónarmiðum Íslands fram á síðustu stund í sambandi við GATT-samningana. Við Íslendingar erum á hinn bóginn ekki það sterkir að við getum vænst þess þegar allar aðrar þjóðir veraldar hafa komist að niðurstöðu að einmitt við getum knúið fram sérstöðu okkur til handa sem aðrar meiri og stærri þjóðir hafa gefist upp við að ná. Ég vil að þetta nái fram.

[15:39]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru alveg nýjar upplýsingar sem hæstv. landbrh. er hér að flytja okkur um þetta góða samstarf, góða samstarf utanrrh. og landbrh. að samningum um EES og GATT. Þetta er mjög fróðlegt og sannarlega vildi ég að rétt væri. En því er bara því miður ekki að heilsa og þetta veit bæði þing og þjóð. Það vita allir að utanrrh. vann með þeim hætti að hafa takmarkað samráð við fulltrúa landbrn. um þessi mál. Þegar komu ákveðin plögg að utan þá stóð landbrn. frammi fyrir að það var búið og gert að gera þar ákveðna hluti sem höfðu verið unnir án alls samráðs. Þetta vita allir og um það þarf ekki að hafa fleiri orð.

[15:41]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það kom fram í máli hv. formanns landbn. að hér væri verið að fjalla um mikilvægt og afdrifaríkt mál. En mér virðist samt að í störfum landbn. að þessu frv. hafi ekki verið fjallað mikið um það hver áhrifin yrðu fyrir íslenskan landbúnað af þessu og það var ekki heldur í framsöguræðu hæstv. landbrh. þannig að það væri hægt að vita hver væri stefna hæstv. landbrh. í málefnum landbúnaðarins nú og hvernig landbúnaðurinn ætti að snúast við þessum gjörbreyttu aðstæðum.

Þetta frv. tekur á einu atriði málsins og eftir því hefur verið beðið lengi. Þegar hæstv. landbrh. hefur verið spurður um það á Alþingi þá hefur komi fram að málið sé í meðferð hjá ríkisstjórninni. Ég held að þá hafi enginn getað skilið það að þar væri allt í sátt og samlyndi milli hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. Því get ég tekið undir það sem hv. 6. þm. Suðurl. sagði hér áðan að það eru ný tíðindi fyrir hv. alþm.

En þó að við fjöllum ekki hér um landbúnaðarstefnuna á breiðum grundvelli þá eru samt spurningar sem beint eru tengdar þessu frv. sem fjallar um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það eru atriði sem oft er búið að spyrja um í umræðum á Alþingi hvernig standi á samningagerðinni vegna útreikninga á hráefni í sambandi við álagningu gjalda. Hæstv. landbrh. hefur sagt að hann voni það besta en önnur svör hafa ekki komið. Ég vil spyrja hv. formann landbn. að því hver svör fengust í landbn. nú við þessu atriði, þ.e. á hvaða grundvelli á að byggja við þær leyfisveitingar sem frv. kveður á um?

Ég held að það sé ákaflega mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því hvernig staðan verður þar og ég vildi spyrja hv. formann landbn. að því hvort niðurstaða í þeim samningum sem enn eru óljósir geti ekki haft nein áhrif á lagasetningu hér hjá okkur. Verðum við aðgerlega að taka við því eins og hv. 6. þm. Suðurl. sagði áðan eða getum við á einhvern hátt haggað löggjöf okkar í samræmi við þá niðurstöðu sem ég hef bent á að hæstv. landbrh. sagði í umræðu á Alþingi fyrr á þessu þingi að hefði grundvallarþýðingu í þessu máli?

En í sambandi við stöðu landbúnaðarins almennt, þá lýsti hv. 6. þm. Suðurl. því m.a. hvernig íslensk garðyrkja væri nú á vegi stödd þar sem þegar væru farin að koma fram áhrifin af samningnum um „cohesions-listann" og það grúfði sannarlega skammdegi yfir þeim atvinnuvegi. Hæstv. landbrh. vék ekkert að þeim orðum hv. 6. þm. Suðurl. nema lýsti sig andvígan, að mér skildist, öllu sem hann sagði. Vissulega væri ástæða til þess nú við afgreiðslu þessa frv. að hæstv. ráðherra segði okkur eitthvað frá því hvernig hann mæti stöðu íslenskrar garðyrkju og hvort einhver von væri um að það skammdegi sem nú grúfir yfir henni færi að hverfa.

Þá vil ég að lokum víkja svo að síðustu setningunni í 3. mgr. 1. gr. þessa frv. þar sem fjallað er um málskotið til ríkisstjórnar. Ég gagnrýndi þá setningu við 1. umr. málsins og það hefur nú verið staðfest að við meðferð málsins í landbn. að hér sé um óeðlilegt og ónauðsynlegt ákvæði að ræða. En vissulega er gott að heyra það að vegna stjórnskipunar okkar taki þetta ákvæði ekki vald af hæstv. landbrh. Hins vegar er það ljóst að þessi setning er komin inn eftir samninga og togstreitu milli hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. Það held ég að fari ekki fram hjá neinum þrátt fyrir ummæli hæstv. landbrh. hér áðan. Auðvitað er það rétt sem hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, sagði hér áðan að ráðherrar geta komið sér saman um að bera svona málefni upp í ríkisstjórn. En þessi setning staðfestir það að innan ríkisstjórnarinnar er svo mikil tortryggni að þeir telja ekki nægja þann möguleika og þá heimild sem þeir hefðu til þess að gera með sér óformlegt samkomulag um að landbrh. hagaði þannig störfum. Slíkt samkomulag virðist ekki nægja nema það sé kveðið á um það í lögum að ríkisstjórnin fái málið örugglega til meðferðar. Mér finnst nú að þessi setning stuðli ekki að því að gera þessa mikilvægu breytingu að öðru leyti trúverðuga. Mér finnst hún vera tortryggileg. Væri það ekki nægjanlegt að hæstv. ráðherrar, landbrh. og utanrrh., gerðu með sér skriflegan samning? Þeir gætu gert hann hér við ráðherraborðið og í votta viðurvist alþingismanna að þannig ætli þeir að haga málum en setja ekki svona hortitti inn í lög og gera þar með minna úr landbúnaðinum sem atvinnuvegi en öðrum atvinnugreinum. Ég vil því eindregið

leggja áherslu á að þessi setning falli niður svo að frv. verði trúverðugt og skýrt.

[15:51]

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég má til að minna hv. 2. þm. Suðurl. á það að utanrrn. á ekki fulltrúa í þessari samráðsnefnd. Það eru þau ráðuneyti sem fjalla um viðskiptamál og fjármál en ekki utanríkismál svo að menn mega ekki vera allt of glámskyggnir og sjá vofur í öllum hornum án tilefnis.

Út frá því sem þessi sami hv. þm. spurðist fyrir um og saknaði í ræðu sinni að ég skyldi ekki fjalla um áhrifin frá þessari samningsgerð og þessari löggjöf, þá minni ég á að sú umræða hefur farið fram á Alþingi. Það hefur verið fjallað um EES og það hefur verið fjallað um GATT og það er á þeim vettvangi sem hafa komið fram skýringar um áhrif þessara samninga. Ég minni enn einu sinni á þátt landbn. Alþingis í þeirri umræðu þannig að ég held að það sé ekki mikið upp á þá virðulegu nefnd að klaga.

Ég vil svo að lokum aðeins geta þess að á þessu hausti og á þessum vetri hefur landbn. fjallað ítarlega um málefni landbúnaðarins og stöðu hans, ekki sérstaklega með tilliti til GATT og EES. Það er hárrétt að þar eru fyrir hendi þröngir kostir en enn þá er þó ekki um að kenna þessum alþjóðlegu samningum. Ég sé það fyrir mér að í þeim felist jafnvel leiðir til þess að ná fram nokkrum sóknarfærum í þessari atvinnugrein.

[15:53]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. svör hans en ég veit að sjálfsögðu að í eftirlitsnefndinni á utanrrn. ekki fulltrúa. Þess vegna þarf málefnið að koma fyrir ríkisstjórn til þess að hæstv. utanrrh. geti fjallað um málið. Það er það sem ég held að sé augljóst öllum.

Það er rétt að landbn. hefur fjallað um ýmsar hliðar landbúnaðarstefnunnar þó að hún hafi ekki verið rædd hér í sambandi við þetta frv. en ég saknaði þó sérstaklega hjá hæstv. landbrh. að hann gerði það ekki. Og því miður er það ekki rétt að áhrif af EES-samningnum eða samningi tengdum honum séu ekki farinn að hafa áhrif. Garðyrkjubændur sumir hverjir skáru niður allt í sínum gróðurhúsum nú í síðasta mánuði vegna innflutningsins á grænmetinu og ætla að reyna að fara af stað aftur í febrúar í þeirri von að þá verði verðið eitthvað farið að hækka á innflutningnum. En því miður eru það dapurlegar horfur hjá þeim og það mundi hv. þm. heyra ef hann ræddi við þá.

[15:55]

Frsm. meiri hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er fullkunnugt um það að ýmsar greinar landbúnaðarins, m.a. garðyrkjan, á í miklum vanda og ég þarf ekki að hefja neina nýja umræðu um þau efni við garðyrkjumenn. Þau liggja þegar ljós fyrir og eru a.m.k. mér fullkomlega skiljanleg.

En af því að hv. 2. þm. Suðurl. hélt áfram að ræða um nefndarskipunina þá vil ég vekja sérstaka athygli á því að því aðeins kemur ríkisstjórnin í heild að þessu máli á grundvelli þeirra lagaákvæða sem hér um gilda að ekki verði samkomulag í samráðsnefndinni þannig að það er ekki þar með sagt að það sé verið að gera hér sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja hæstv. utanrrh. aðgang að málinu.

En það sem er eftirtektarvert við þessa umræðu og þessa tortryggni er að það er eins og menn telji ekki sjálfsagðan hlut að þessi mál séu rædd fyrir opnum tjöldum, að það þurfi að fela eitthvað í þessari umræðu. Skoðanir utanrrh. eða einhverra annarra aðila. Auðvitað verða menn að vinna þessi mál með trúverðugum hætti þannig að almenningur í landinu hafi traust á þeim ákvörðunum sem verða teknar í þessum efnum. Mér er alveg óskiljanleg öll þessi tortryggni og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að hún spilli fyrir trúverðugum málstað í þessum efnum.

[15:57]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það er sjálfsagður hlutur að hafa þetta fyrir opnum tjöldum af hverju þarf þá að hafa alveg einstaka lagasetningu í sambandi við þetta? Það er það sem hlýtur að vekja tortryggni. En það er rétt að utanrrn. á ekki fulltrúa í nefndinni. En hv. þm. fjallaði oft um utanrrh. og utanrrn. í ræðu sinni hér áðan og við vitum að það er ekki langur vegur milli hæstv. utanrrh. og viðskrh. þannig að það er auðvitað augljóst að það er auðvelt að koma málinu til ríkisstjórnarinnar af þeim sökum.

Mér er kunnugt um það að hv. þm. hefur kynnt sér vel málefni einstakra búgreina en hv. þm. sagði að EES-samningarnir væru ekki farnir að hafa áhrif og það var það sem ég var að benda á að því miður eru þeir farnir að hafa dapurleg áhrif. Ég hitti einn garðyrkjumann fyrir örfáum dögum sem hafði skorið allt niður í sínum húsum af þeim sökum.

[15:59]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að lýsa mikilli ánægju minni með það samkomulag milli stjórnarflokkanna sem býr að baki þessu litla frv. og jafnframt er að gefnu tilefni sjálfsagt að verða við því að skýra örlítið nánar meginatriðin í þessu samkomulagi. Þau lúta að þrennu:

1. Taka af tvímæli um heimildir stjórnvalda til þess að efna milliríkjasamninga sem Ísland hefur skuldbundið sig að.

2. Að setja á laggirnar starfshóp skipaðan fulltrúum fimm ráðuneyta til þess að ljúka endurskoðun á innflutningslöggjöfinni með það að markmiði að hún samræmist GATT-skuldbindingum okkar.

3. Að afla ótvíræðrar heimildar til álagningar verðjöfnunargjalda þegar það á við og kveða á um fyrirkomulag og vistun þeirra.

Þetta eru þau þrjú meginatriði sem hið pólitíska samkomulag snerist um.

Fyrsta atriðið, að taka af tvímæli um að íslensk stjórnvöld geti efnt skuldbindingar milliríkjasamninga, snýst um eftirtalda samninga: Í fyrsta lagi tvíhliða

samning við Evrópubandalagið um sérstakt fyrirkomulag í landbúnaði. Sá samningur kveður á um tímabundinn tollfrjálsan innflutning á fáeinum tegundum af blómum og grænmeti. Í annan stað er hér um að ræða bókun 3 svokallaða við EES-samninginn. EES-samningurinn fjallar ekki um landbúnaðarmál sem kunnugt er. Bókun 3 fjallar um takmarkað vörusvið fáeinna, unninna landbúnaðarafurða og um þann innflutning þegar bókun 3 hefur tekið gildi síðar á þessu ári gildir það að þá gilda reglur samningsins um álagningu verðjöfnunargjalda sem er einfalt reikningsdæmi. Það er heimild til þess að vega upp mun á innflutningsverði, þ.e. skilgreindu heimsmarkaðsverði og innlendu heildsöluverði, þannig að verðjöfnunargjaldaákvörðunin er einfalt reikningsdæmi, bæði að því er varðar vörusvið og upphæð gjaldanna og skiptir því ekki miklu máli hvað er vistað. Í þriðja lagi höfum við gert tvíhliða samninga við allmörg önnur ríki, Mið- og Austur-Evrópuríki og fleiri ríki, þar sem kveðið er á um heimildir til innflutnings á landbúnaðarvörum en þær eru í öllum tilvikum vörur sem ekki eru framleiddar hér á landi og gefa því ekki tilefni til verðjöfnunar. Það er fagnaðarefni að þessi deilumál eru leyst og sú hætta er úr sögunni að við getum ekki efnt þessa samninga.

Mál nr. tvö varðar endurskoðun á innflutningslöggjöfinni. Ríkisstjórnin hafði fyrr á þessu hausti skipað nefnd fjögurra ráðuneyta sem fór yfir innflutningslöggjöfina og hefur skilað áfangaskýrslu. Þar eru taldir upp þeir lagabálkar og bent á þau lagaákvæði sem þarfnast endurskoðunar til þess að staðið verði við GATT-skuldbindingar. Þetta er auðvitað stærsta málið vegna þess að það er þetta sem skiptir sköpum og veldur tímamótum og er í beinu framhaldi af því samkomulagi sem tekist hefur um GATT-aðild Íslands. Aðalatriðið er það að framvegis mun landbúnaðarstefnan ekki byggjast á banni heldur heimild til frjálsra viðskipta samkvæmt nánari samkeppnisreglum sem gilda á vegum GATT.

Samkomulagið felst í því að þessi nefnd mun ljúka störfum og hún verður undir forsæti fulltrúa forsrh. Æskilegt væri að þessu verki væri lokið þegar við þurfum að gera grein fyrir því innan GATT með hvaða hætti við stöndum við þær skuldingar þótt GATT-samningurinn sjálfur taki ekki gildi fyrr en um áramótin 1994/1995.

Þriðja atriðið varðar verðjöfnunargjöld. Þar þurfti að taka ákvarðanir um að það væru ótvíræðar lagaheimildir um það að leggja á verðjöfnunargjöld og einnig fyrirkomulag og vistun. Það segir sig sjálft að verðjöfnunargjöld eru lögð á vörur í innflutningi ef um er að ræða innlenda framleiðslu sömu vara. Ef um er að ræða innflutning á vörum sem ekki eru framleiddar innan lands, er ekkert upp að jafna.

Að því er varðar EES-samninginn, þá er það svo samkvæmt bókun 3, að þarna er um að ræða takmarkað vörusvið unninna afurða og þá ber í því tilviki að leggja á verðjöfnunargjöld. Í þessu frv. er kveðið upp úr um það að forræðið yfir því skuli vera vistað hjá landbrn. Jafnframt skal hann hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja ráðuneyta sem koma að málinu, fjmrn. fyrir hönd ríkissjóðs og viðskrn. vegna almennra neytendasjónarmiða. Þetta ákvæði sem spurt er um, náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda, er einungis til staðfestingar þeim sameiginlega pólitíska ásetningi stjórnarflokkanna að mál skuli leyst, ef þess er kostur, með samkomulagi. Ég tek það fram að ég tel litlar líkur á því að það sé nokkurt tilefni til deilu um álagningu verðjöfnunargjalda að því er varðar EES-samninginn vegna þess að vörusviðið er skilgreint og reikningsdæmið liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Liggur það fyrir?) Reikningsdæmið liggur fyrir að því er það varðar að það eru almennar skýrar reglur í EES-samningnum sjálfum hvernig skuli leggja á verðjöfnunargjöld. Það á að brúa bilið milli skilgreinds heimsmarkaðsverðs og innlends heildsöluverðs, það eru verðjöfnunargjöldin, einungis í þeim tilvikum þegar um er að ræða innflutning á unninni vöru sem er í samkeppni við innlenda framleiðslu.

Þar með höfum við leyst þau útistandandi deilumál sem oft hafa orðið að ágreiningsefni í íslenskum stjórnmálum á undanförnum árum og ég lýsi því yfir fyrir mína hönd og míns flokks að það er okkur mikið ánægjuefni. Menn mega ekki rugla þessu saman við GATT-tilboðið um tollígildi. Það var einfaldlega reikningsdæmi líka sem fólst í því að þegar í upphafi skal innlendur landbúnaður hafa óbreytta samkeppnisstöðu þannig að tollígildin voru reiknuð sem munurinn milli heimsmarkaðsverðs og innlends heildsöluverðs. Þess skal hins vegar getið að tollígildi eru heimildarákvæði, þannig að það er hverju landi í sjálfsvald sett hvort þeim er beitt að fullu eða ekki og fer það að sjálfsögðu eftir því hvaða stefnu stjórnvöld móta að því er varðar verðmyndun.

Mér er tjáð að hér hafi orðið allmiklar umræður undanförnum dögum um verðlagsáhrif lækkunar virðisaukaskatts á matvæli. Sú tillaga er væntanlega fram komin af þeirri ósk að menn vilja hafa áhrif á verðlag landbúnaðarvara eða matvæla til lækkunar og það geta stjórnvöld samkvæmt þessu haft. Oft hefur verið um það talað og menn verið sammála um það að nauðsynlegt væri að reyna að færa verðlag lífsnauðsynja og matvæla hér á landi niður á við til samræmis við það sem tíðkast með öðrum löndum.

Loks er þess að geta að um það er pólitískt samkomulag í ríkisstjórninni að því er varðar GATT-málið og markaðsaðgang og þá veruflokka sem fluttir hafa verið inn hingað til á viðmiðunarárunum, tollfrjáls og hindrunarlaust, þá verður tollígildum ekki beitt á þann innflutning.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta séu aðalatriði þessa máls. Ég tek undir bæði með hv. formanni landbn. og hæstv. landbrh. að að baki þessum hugmyndum er pólitískt samkomulag. Ég endurtek að mér er það mikið ánægjuefni og ég lít svo á að með því sé að baki í reynd ágreiningsmál sem oft hefur dregið menn mjög í dilka. Með öðrum orðum, við höfum stigið skref fram á við til að aðlaga innflutningslöggjöfina og þar með

talið landbúnaðarlöggjöfina að nútímaviðskiptaháttum og ætti það að vera öllum hv. þingmönnum fagnaðarefni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þrír hv. þingmenn hafa óskað eftir að veita andsvar og því mun forseti skipta tímanum sem leyfður er milli þeirra þannig að það verða tvær mínútur í fyrra sinn en hálf mínúta í það síðara.

[16:09]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. utanrrh. lýsti yfir ánægju sinni yfir því að hér væri leyst deilumál. Í þessu frv. er sagt að forræði hæstv. landbrh. sé ótvírætt á þessu málefni. Hvað er það þá sem um var deilt í þessu sambandi sem hæstv. utanrrh. hefur fengið fram og gerir að hann er ánægður með það, úr því að niðurstaðan er algert forræði hæstv. landbrh. og eftir því segir hæstv. utanrrh. að hann hafi látið algerlega undan? En reyndar sagði hæstv. landbrh. hér áðan að það hefði alltaf verið gott samkomulag á milli þeirra þó að hann gæti fyrir örfáum dögum ekki svarað því hvar forræðið mundi liggja í framtíðinni um þessi mál. Þannig að ég get ekki séð eða skilið samhengi í þessum málflutningi og hlýt því að taka undir með Morgunblaðinu í setningunni sem segir: Hvers konar stjórnarhættir eru þetta?

[16:11]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sem hér talaði áðan er annálaður friðsemdarmaður og þess vegna er mér það nokkurt undrunarefni ef honum er það óánægjuefni að samkomulag og sátt ríki í málinu. Það er ekki aðalatriði varðandi verðjöfnunargjöld hvar þau eru vistuð og það er ekki forræðisdeila við mig sem utanrrh. eða við utanrrn. um það. Hafi menn deilt um það hvar ber að vista þau þá er sú deila milli fjmrn. og landbrn. Rökin í málinu eru þau að verðjöfnunargjöld eru hluti af tollamálum og þess vegna má færa fyrir því veigamikil rök að þau eigi að vista í fjmrn. Fyrir því eru hins vegar sérstök rök þegar um er að ræða innflutning á vörum sem eru í samkeppni við framleiðslustýrðar vörur innan lands, þá hafi þær áhrif á framkvæmd landbúnaðarstefnunnar og megi því vista í landbrn. og líka með þeirri hliðstæðu að svo er gert, t.d. í Evrópubandalaginu, sem sumir taka sér mjög til fyrirmyndar, og í einum þremur ríkjum Norðurlanda. Þetta er algert aukaatriði málsins, sér í lagi þegar um er að ræða verðjöfnunargjöld sem taka til tiltekins afmarkaðs vörusviðs og þar sem ekki er ágreiningur um það hver verðjöfnunargjöldin eiga að vera vegna þess að þau eru einfalt reikningsdæmi. Þetta þarf því ekki að valda neinum ágreiningi.

[16:12]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á erfitt með að skilja þetta svar hæstv. utanrrh. Ég spurði einfaldrar spurningar. Hvað var það sem hæstv. utanrrh. fékk fram í þessum samningi? Og ég get ekki séð að það sé neinn friðarspillir þó ég spyrji að því og reyni að fá skýrt svar. En eins og allir vita, var reyndar friðurinn ekki meiri en svo á sl. hausti að hæstv. fjmrh. þurfti að senda út löggæslulið sitt til þess að afnema gerðir hæstv. utanrrh.

[16:13]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. spyr: Hvað fékkst fram í þessu samkomulagi sem formaður Alþfl. er sérstaklega ánægður með? Það hélt ég að lægi í augum uppi. Í fyrsta lagi það að eftirleiðis er engin hindrun fyrir því að við getum efnt þá milliríkjasamninga sem ég hef áður talið upp og við höfum skuldbundið okkur að. Í annan stað er samkomulag um að endurskoða innflutningslöggjöfina til samræmis við GATT. Og í þriðja lagi var enginn ágreiningur um verðjöfnunargjöld vegna þess að í EES-samningnum er gert ráð fyrir því að þau verði lögð á þegar um er að ræða takmarkað vörusvið og reikningsdæmið liggur fyrir þannig að það er ekki ástæða til neins ágreinings þegar þetta hefur náðst fram.

[16:14]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það eru að koma jól og þess vegna kannski ekki við hæfi að þingið sé neitt að stríða hæstv. utanrrh. á því að taka hann upp í sinni eigin uppgjöf, sérstaklega þegar ráðherrann hefur haft þá karlmennsku til þess að koma hér og lýsa yfir ánægju með sína eigin uppgjöf, því að auðvitað er það öllum ljóst að í ljósi yfirlýsinga hæstv. utanrrh. í sumar er þetta frv. alger innsiglun á uppgjöf utanrrh. í þessari deilu. Það sem hann tínir hér til sem einhvern árangur er að skipuð var vinnunefnd innan ríkisstjórnarinnar til að undirbúa að leggja GATT-samkomulagið fyrir þingið. Það eru bara venjuleg vinnubrögð í ríkisstjórn. Að það sé árangur að það hafi átt að standa við alþjóðasamninga. Hefur einhver haldið því fram að það ætti ekki að standa við þá? Ekki nokkur maður. Og halda því svo fram í þriðja lagi að það sé árangur að það séu lögð á jöfnunargjöld, það hefur ekki nokkur maður verið á móti því að það verði lögð á jöfnunargjöld. Það hefur enginn maður verið á móti þessum þremur atriðum sem ráðherrann er að nefna hér; að ríkisstjórn myndi vinnuhóp um GATT, sjálfsagt mál, standa við alþjóðasamninga, sjálfsagt mál, leggja á jöfnunargjöld, sjálfsagt mál. Þetta hefur aldrei verið ágreiningsatriði, hæstv. utanrrh. Ágreiningsatriðið var bara eitt. Hvar forræðið í því að leggja á jöfnunargjöldin lægju í Stjórnarráði Íslands samkvæmt stjórnskipuninni. Og í þessu frv. er tekið af skarið algerlega með það að forræðið liggur hjá hæstv. landbrh. Hæstv. utanrrh. má svo leika sér að því að nota orðið vistun hér til þess að milda sína eigin uppgjöf. En staðreyndin er auðvitað sú að meðan hann gisti þá í Slóveníu gafst Alþfl. upp í þessum málum.

[16:16]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef áður lýst ánægju minni

með það pólitíska samkomulag sem tekist hefur milli stjórnarflokkanna. Nú gefst mér sérstakt tilefni til að lýsa ánægju minni enn frekar yfir því samkomulagi sem tekist hefur þá a.m.k. við þann hluta stjórnarandstöðunnar sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson á annað borð talar fyrir því að hann er ákaflega ánægður með þetta samkomulag líka. Og þá bíð ég bara eftir því að fulltrúar Kvennalistans og Framsfl. komi hér upp og lýsi jafnframt ánægju sinni. Þá getum við kallað þetta virkilega þjóðarsátt.

[16:17]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ágætis ábending hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það sé bara við hæfi að segja hér gleðileg jól við hæstv. utanrrh. vegna þess að það hefur aldrei verið neinn ágreiningur milli okkar í stjórnarandstöðunni og þeirra í ríkisstjórnarliðinu sem vildu að forræðið væri hjá landbrh., aldrei nokkur ágreiningur, þannig að tíðindin um gestalistann í þessu jólaboði eru ekki að við séum í því jólaboði, þingmenn Alþb. Tíðindin um gestalistann eru að hæstv. utanrrh. skuli vera þar og Alþfl.

[16:17]

Frsm. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það veitti nú eiginlega ekki af því að taka hæstv. utanrrh. í eilitla sögukennslustund. Það er að heyra á orðum hans að hann sé búinn að gleyma þeim hamagangi sem var í kringum þetta mál þegar það var til umræðu á vorþinginu, hvernig þingi var slitið. Þá var það Alþfl. sem var einn orðinn andvígur því að forræði þessara mála, töku jöfnunargjalda, væri hjá landbrh. og það væri nánast pínleg staða þegar hún var komin upp á miðju sumri og hausti að framkvæmdir samninga strönduðu á þessari andstöðu Alþfl. á síðasta vori.

Virðulegi forseti. Það kom hér fram miklu meira um það samkomulag sem býr að baki þessa frv. heldur en var gert áður í þessari umræðu. Það kom fram að þetta frv. næði einungis til EES og annarra skyldra mála. Og varðandi það þá hefur landbrh. forræði varðandi töku jöfnunargjalda. En ég vil spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann túlki þetta samkomulag þannig að landbrh. hafi einnig forræði varðandi töku jöfnunargjalda vegna GATT þegar kemur að vinnu varðandi það. Ég geri þetta að gefnu tilefni vegna þess að hæstv. ráðherra sagði að það væru hámarkstollar og við værum ekki skyldugir til að beita þeim. Ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé hans skoðun að beita þeim takmörkunum á þann hátt að það krefjist meiri framleiðniaukningar en þeirrar sem landbúnaðurinn er í dag búinn að semja um upp á um það bil 20% á örfáum árum með tilheyrandi verðlækkun.

[16:20]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það enn að gefnu tilefni að það hefur aldrei verið deiluefni af hálfu okkar alþýðuflokksmanna hvort verðjöfnunargjaldaákvörðunin væri að okkar kröfu hjá utanrrn. eða viðskrn. Forræðisdeilan var þess vegna milli fjmrn. og landbrn. (**ÓRG:** Þú vildir að hún væri í fjmrn.) Ég er búinn að fjalla um það og það eru út af fyrir sig veigamikil rök fyrir því að vista þau í fjmrn. en skiptir þó minna máli þegar um er að ræða verðjöfnunargjöld, sem hv. þm. greinilega skilur ekki hvað eru, vegna þess að þau eru á takmörkuðu vörusviði og það er ekkert ágreiningsefni um það hvernig eigi að reikna verðjöfnunargjöld. Þau eru t.d. ekki lögð á þegar um er að ræða innflutning á vöru sem ekki er framleidd hér á landi og eins og þarna segir í texta frv. varða þau hráefnisþáttinn að því er varðar unnar vörur.

En að því er varðar spurningu hv. þm. um GATT — hefur hv. þm. áhuga á að heyra svarið? (**JGS:** Já, já.) Þá erum við að tala um allt aðra hluti. Þá erum við að tala um tollígildi sem eru eins og ég sagði heimildarákvæði. Og það segir sig nánast sjálft að þegar að því kemur að beita þeim þá er það pólitískt stefnumál sem hlýtur að koma til kasta allra í viðkomandi ríkisstjórn.

[16:21]

Frsm. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var svolítið merkilegt, fyrri hluti svarsins, um töku verðjöfnunargjaldanna vegna þess frv. sem við erum með núna, að það sé ekkert ágreiningsmál, það liggi allt á borðinu. En samt þarf að setja í lög ákvæði um þriggja manna nefnd til að fjalla um það og ákvæði um það, ef nefndin er ekki sammála, þá á að setja það í lög að ríkisstjórnin tali um þetta, um mál sem samkvæmt því sem ráðherrann segir liggur alveg ljóst fyrir og þarf ekki einu sinni að hugsa um. Og þetta á að setja í lög og Alþingi Íslendinga á að standa í því hér í jólaönnunum að lögfesta hlut sem skiptir engu máli að mati ráðherrans. En samt sagði hann líka að um þetta hefði náðst víðtæk pólitísk samstaða, um þessa deilu, þannig að ...(Gripið fram í.), já, ég segi nú eins og aðrir, gleðileg jól.

En að lokum var gott að kom hér fram og varð að koma fram að það er skoðun hæstv. utanrrh. að það sé ekkert samkomulag um forræði, töku jöfnunartolla samkvæmt GATT þegar þar að kemur, það sé pólitískt úrlausnarefni. Þá fer að verða lítið eftir af því forræði sem hæstv. landbrh. hefur fengið núna ef það er ekkert annað heldur en setja stimpil sinn á hlut sem lá fyrir og enginn ágreiningur var um áður.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lánsfjárlög 1994, frh. 2. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 78, nál. 381 og 392, brtt. 382 og 464.

[16:24]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér eru komin til 2. umr. lánsfjárlög fyrir árið 1994. Ég vil aðeins gera það hér að umræðuefni í örstuttu máli að þetta frv. kemur hér til

2. umr. með nokkuð óvenjulegum hætti, þ.e. að eftir 1. umr. er þessu frv. beint til fjárln. Fjárln. er samkvæmt þingsköpum skyld að vísa því til efh.- og viðskn. og að sjálfsögðu er síðan ætlast til þess að efh.- og viðskn. skili því aftur til fjárln. sem taki þá álit efh.- og viðskn. með sinni afgreiðslu. Það hefur hins vegar ekki gerst í þessu tilfelli. Við vísuðum málinu úr hv. fjárln. til efh.- og viðskn. en hún afgreiðir málið frá sér núna þann 14. og 15. des. Þar eru nefndarálitin dagsett og hún sendi það ekki inn til fjárln. Við þetta vil ég gera alveg sérstaka athugasemd, virðulegi forseti, þar sem í 25. gr. þingskapalaga segir, með leyfi forseta:

„Til efnahags- og viðskiptanefndar vísar fjárlaganefnd frumvarpi til lánsfjárlaga og tekjugrein fjárlagafrumvarps. Nefndirnar skila fjárlaganefnd áliti og tillögum svo tímanlega fyrir 2. umr. fjárlaga sem fjárlaganefnd ákveður. Efnahags- og viðskiptanefnd skal gera grein fyrir áhrifum skattalagabreytinga á tekjur ríkissjóðs fyrir 3. umr. Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárlaganefndar eða meiri hluta hennar.“ Og ég vil leggja áherslu á þetta. „Álit og tillögur nefndanna skal prenta sem fylgiskjöl með nefndaráliti fjárlaganefndar.“

Í þessu tilfelli hefur fjárlaganefnd ekki fengið þetta álit inn og þar af leiðandi ekki fjallað um það þar sem ekki hefur unnist tími til þess núna síðustu 2–3 daga að kalla saman fund. En ég tel að hér hafi verið nokkuð óeðlilega að málum staðið og tel fulla þörf á því að taka þetta mál upp aftur eftir áramót þegar þing kemur saman að nýju og fyrirhugað er að fara í frekari skoðanir á þingskapalögum. Ég tel að það þurfi að taka á þessu máli og eins og ég hef áður lýst, þá finnst mér mjög eðlilegt að fjárlaganefnd ein fjalli um þetta mál sem svo mjög er tengt fjárlagafrv. að öðru leyti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Ráðgjafarhópar um þyrlukaup, 261. mál, svar dómsmrh., þskj. 472.

Tekjustofnar sveitarfélaga, 3. umr.

Stjfrv., 233. mál (afnám aðstöðugjalds, útsvar, fasteignaskattur o.fl.). — Þskj. 450, brtt. 468 og 471.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GHelg, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EL, FI, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JE, JHelg, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SigG, StG, SJS, SvG, VE, ÖS) fjarstaddir.

[16:30]

Frsm. meiri hluta félmn. Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 471 við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, með síðari breytingum, frá meiri hluta félmn.

„*Við 10. gr. Ákvæði til bráðabirgða II orðist svo:*

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. 26. gr. skulu sveitarstjórnir hafa frest til 15. janúar 1994 til að ákveða hvaða hundraðshluti verði lagður á tekjur manna á því ári.

Tilkynning til fjármálaráðuneytisins, sbr. 2. mgr. 26. gr., skal hafa borist eigi síðar en 20. janúar 1994. Berist tilkynning sveitarstjórnar ekki innan þess frests skal miða við ákvörðun ársins 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal útsvarið að lágmarki vera 8,4%.

Innheimtuhlutfall útsvars í janúarmánuði 1994 skal miða við ákvarðað útsvar sveitarstjórna á árinu 1993 að viðbættu 1,5% en þó skal það að lágmarki vera 8,4%.“

Virðulegi forseti. Þar sem frv. náði ekki fram að ganga í sl. viku er ljóst að útilokað er að ætla sveitarstjórnum að taka nú fyrir jól ákvarðanir um útsvarsprósentu á næsta ári. Hér er því lagt til að sveitarstjórnir fái frest til 15. jan. nk. til að samþykkja útsvarsprósentu fyrir árið 1994, en frestur sveitarstjórna til að ganga frá fjárhagsáætlunum sínum er til 31. jan. Þessi tími ætti því að nægja til að ákveða útsvarsprósentuna fyrir 15. jan.

Þessi frestur á samþykkt frv. leiðir einnig af sér að gera verður bráðabirgðaráðstafanir vegna innheimtuhlutfalls útsvars í staðgreiðslu í janúar 1994. Hér er lagt til að það verði miðað við útsvarsprósentu í hverju sveitarfélagi 1993 að viðbættu 1,5%, en þó skal það að lágmarki vera 8,4%. Innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslumánuðunum febrúar til desember 1994 yrði hins vegar byggt á ákvörðunum þeim sem sveitarstjórnirnar taka fyrir 15. jan.

Virðulegi forseti. Önnur tillaga sem hér lá fyrir um hluta þessa máls er þar með dregin til baka.

[16:33]

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Sú brtt. sem hér um ræðir er vegna þess hve þetta frv. er seint á ferðinni og hve seint það er afgreitt frá hv. Alþingi. Það er vissulega þörf á því að veita þann frest sem hér um ræðir, en þessu tengist einnig sú furðulega ákvörðun sem kom inn við undirbúning að 2. umr. málsins, að setja ákveðið gólf í útsvarið og hefur verið rakið við 2. umr. að það var til þess að þóknast m.a. Reykjavíkurborg. Við framsóknarmenn munum ekki leggjast gegn þessu ákvæði, en við viljum ekki bera neina ábyrgð á þessu máli og munum væntanlega sitja hjá við þessa brtt.

[16:34]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. sem hér er kynnt er í sjálfu sér málinu heldur til bóta og því engin ástæða til að leggjast gegn henni út frá efni frv. að öðru leyti. Hins vegar undirstrikar hún hvílíkt lagafúsk er hér á ferðinni, bæði hvað varðar undirbúning málsins og

meðferð þess í þingnefnd. Það er satt að segja sárgrætilegt að fylgjast með því og horfa upp á það — þó að ég hafi verið fjarverandi fáeina daga í síðustu viku þá sá ég samt nógu mikið til að geta um það dæmt — hversu illa er að málum staðið, bæði undirbúningi þeirra og vinnubrögðum hér í hv. Alþingi. Og ég er viss um að þeir sem á sínum tíma stóðu að því að breyta skipulagi Alþingis í þá veru sem nú er, hafa ekki gert sér í hugarlund að vinnubrögð þingnefnda yrðu með slíkum endemum sem raun ber vitni.

Ég get nefnt fáein dæmi máli mínu til staðfestingar, þó ég hafi fallist á að fara ekki í öll atriði frv. eins og þarft væri, sökum þess að menn munu vera komnir í þær hugleiðingar að ljúka þinghaldi fyrr en seinna.

Ég vil t.d. benda þingheimi á ákvæði til bráðabirgða I, niðurlagsákvæði þess, en þar segir, með leyfi forseta:

„Bráðabirgðaákvæði þetta gildir þar til félagsmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa unnið að nánari útfærslu málsins með það að markmiði að þessi sérstaki viðbótarskattur á skrifstofu- og verslunarhúsnæði falli að núverandi fyrirkomulagi við álagningu fasteignaskatts sveitarfélaga.“

Ég spyr: Hvað þýðir þetta? Er einhver sem getur útskýrt það fyrir okkur, sem eigum að greiða atkvæði um þetta í endanlegri mynd síðar í dag, hvað þetta þýðir? Hvenær lýkur þessu ákvæði til bráðabirgða? Er það þegar fulltrúar ráðuneytisins og Sambands ísl. sveitarfélaga gefa út fréttatilkynningu um að þeir hafi unnið að nánari útfærslu málsins? Hvað felst í því?

Ég verð að segja, virðulegi forseti, að lagatexti af þessu „kaliberi“ er fúsk. Hann er ekki samboðinn þinginu. Það veit enginn hvað hann þýðir og það verður ekki nokkur leið að uppfylla það sem maður þó telur að sé innihald þessa ákvæðis. Þannig að auðvitað mun verða komið með breytingu á þessu á næsta ári til þess að fella þetta ákvæði út og setja annað skaplegra í staðinn. Þetta er nú dæmi sem er full ástæða til að halda til haga og kalla eftir skýringum á, ef t.d. virðulegur formaður nefndarinnar hefði skýringar á hvað þetta þýddi.

Þá vil ég víkja aðeins að ákvæðinu um lágmarksútsvar sem m.a. er að finna í þessari nýju brtt. og í texta frv. eins og það lítur út núna. Fyrsta spurningin er: Hvers vegna er verið að leggja til að hafa eitthvert lágmarksútsvar? Hver biður um það?

Í Dagblaðinu í síðustu viku, fimmtudaginn 16. des., segir formaður nefndarinnar, hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir, að það væri að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga sem það ákvæði væri sett inn í frv. að hafa lágmark á útsvarsprósentu. Það er borið til baka í sama viðtali af framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga. Og ég hlýt að spyrja formann nefndarinnar: Hver óskaði eftir því að þetta væri flutt? Var það eins og kemur fram í viðtalinu við formann nefndarinnar, að Samband ísl. sveitarfélaga hafi sérstaklega óskað eftir því að það yrði sett ákvæði um lágmarksútsvar? Við verðum að fá skýr svör við þeirri spurningu, einkum í ljósi þeirra fullyrðinga sem komið hafa fram í blaðaviðtali.

Í framhaldi af því fór ég aðeins að líta á hvernig hefði verið á síðasta ári með ákvörðun útsvarsprósentu eftir sveitarfélögum til þess að kanna hvaða ástæða gæti verið fyrir því að koma með slíkt ákvæði og hve mörg sveitarfélög, af 197 á landinu öllu, höfðu haft útsvarsprósentuna lægri en hámarkið 7,5%. Það kom í ljós við athugun málsins að af 197 sveitarfélögum voru aðeins 26 sem höfðu lægra útsvar en hámarkið. Dregur það auðvitað úr öllum rökstuðningi fyrir því að það þurfi að setja ákvæði um lágmark, eins og þó er reynt að rökstyðja málið með í greinargerð með tillögunni frá meiri hluta nefndarinnar, að það þurfi að hafa minni mismun á útsvarsálagningu eftir sveitarfélögum.

Ef við skoðum þetta aðeins nánar í ljósi þessa ákvæðis frv., að ef sveitarfélög gera ekki sérstaka tilkynningu eða samþykkt um útsvarsálagningu næsta árs, eftir gildistöku laganna, þá mun útsvarsálagningin á næsta ári verða álagning síðasta árs að viðbættu 1,5%. Ég fór að athuga hversu mörg sveitarfélög, af þessum 26, höfðu það lágt útsvar að það, að viðbættum 1,5%, væri lægra en gólfið í frv. Lægra en 8,4%, sem er verið að leggja til að verði lögfest í frv. Hvað haldið þið að það séu mörg af þessum 26 sveitarfélögum sem hefðu verið með lægra útsvar að óbreyttri ákvörðun? Þau eru bara tvö. Það er Skilmannahreppur og Eyjahreppur. Bæði sveitarfélögin í Vesturlandskjördæmi. Það eru einu sveitarfélögin af þessum 197, sem hefðu verið með lægra útsvar — já, ég verð nú að bæta við. Þetta voru þau tvö sem voru lægst, en þau voru fleiri sem hefðu verið með lægra en 8,4. — Já, nú skulum við fara yfir þau.

Ef við hefðum tekið álagningu síðasta árs og bætt við hana 1,5%, hvað hefðu þá verið mörg sem hefðu verið með lægra en 8,4%, af því að það er sett sem gólf? — Ég var með aðra hluti sem ég var að skoða og er óskylt því sem ég var að nefna. — Það er Reykjavík, sem hefði verið með 8,2%, Kópavogur sem hefði verið með 8,2% og það eru Vestmannaeyjar sem hefðu verið með 8,2%. Það eru þrír kaupstaðir af 31, sem hefðu verið með lægra útsvar en 8,4%. (**Gripið fram í:** Hverjir eru í meiri hluta í þessum kjördæmum?) Nú skulum við skoða það. Hvernig er pólitísk stjórn í þessum þremur kaupstöðum? Það vill svo til að það er Sjálfstfl. sem er með hreinan meiri hluta í Reykjavík, hann er með hreinan meiri hluta í Vestmannaeyjum og hann er í meiri hluta í Kópavogi. Þannig að í öllum þessum þremur sveitarfélögum er það Sjálfstfl. sem er í reynd að biðja flokksbræður sína á þingi að setja í lög ákvæði um lágmarksútsvar svo þeir þurfi ekki sjálfir að greiða um það atkvæði í sínum sveitarfélögum. Það er ástæðan.

Fyrir utan þessa þrjá kaupstaði eru ekki nema 12 sveitarfélög sem hefðu verið fyrir neðan 8,4%, þannig að þau eru samtals 15 sem hefðu verið með útsvarsálagningu innan við 8,4%. Það er ekki hátt hlutfall af 196 eða 197 sveitarfélögum eins og þau voru miðað við síðustu áramót. Og rökin sem notuð eru til stuðnings því að setja ákvæðið um lágmark halda ekki þegar að er gáð og það er kjarni málsins. Samræmingarþörfin er ekki fyrir hendi í þeim mæli sem látið er að

liggja í nefndaráliti meiri hluta félmn. við 2. umr. málsins. Það er annað sem hangir á spýtunni og hefur verið rækilega komið til skila.

En það sem mér finnst merkilegt við þetta ákvæði, burt séð frá því að menn skuli vera að hlífa tilteknum stjórnmálaflokki öðrum fremur, er að menn eru að ganga þvert á markaða stefnu varðandi sveitarfélög, hvort heldur við ræðum um ríkisstjórnina eða Samband ísl. sveitarfélaga. Báðir þessir aðilar hafa markað sér stefnu gagnvart sveitarfélögunum á þann veg að það eigi að auka sjálfstæði sveitarfélaga. Þau eigi að hafa sem mest svigrúm til að taka sínar ákvarðanir. Og menn hafa líka sagt: Þeim er betur treystandi en ríkisvaldinu til að vinna að þeim verkefnum sem sveitarfélögunum eru falin af því að þau þekkja málið betur. En menn ganga gegn báðum þessum markmiðum með ákvæðum frv., því þar er ríkisvaldið og stjórnarflokkarnir að setja í lög ákveðin fyrirmæli til sveitarstjórnarmanna sem miða að því að það sé sem minnstur munur á milli ákvarðana þeirra eftir sveitarfélögum. Það er verið að ganga í þá átt að sveitarfélög verði sem mest „homogen", eins og stundum er kallað. Einsleit. Og það er undir forustu Alþfl. og Sjálfstfl. að menn taka þá stefnu að reyna að þurrka út allan mun á sveitarfélögum. Það virðist vera eitur í blóði þessara flokka að það sé einhver munur eftir sveitarfélögum, t.d. ákvarðanir um það hvernig menn nýta tekjustofna og það er dálítið merkilegt. Það er dálítið merkilegt í ljósi þeirra yfirlýsinga sem þessir flokkar hafa verið með um sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaga og þeirra markmiða sem þeir hafa sett sér m.a. í síðasta mánuði um sameiningu sveitarfélaga. Það stóð nú ekki upp á menn að koma með stórar yfirlýsingar um sjálfstæði sveitarfélaga. En hér er verið að ganga alveg í öfuga átt og þeir eiga nú ýmis verkin fyrir höndum, þingmenn Sjálfstfl., sem eru að styðja þessa stefnubreytingu í ljósi þeirrar ályktunar sem þeir samþykktu í október sl. um sveitarstjórnarmál. Og það væri fróðlegt að þeir útskýrðu fyrir okkur eða a.m.k. fyrir kjósendum sínum þá stefnubreytingu sem felst í því sem þeir eru að gera núna frá því sem þeir samþykktu í október. Og ég ætla að hlífa þeim hv. þm. við því að lesa upp úr þessari ályktun um sveitarstjórnarmál frá landsfundi Sjálfstfl. í október sl.

Þá vil ég nefna enn eitt atriði sem mér finnst kannski vera kjarninn í þessu frv. Það er þessi ruglandi sem er á ferðinni. Stefnuleysið sem er alls ráðandi. Þar sem menn virðast hoppa frá einni ákvörðun til annarrar án þess að hafa einhver grundvallarmarkmið til að styðjast við. Þar á ég við að menn eru með þessu frv. að koma með tillögu um nýja tekjustofna í staðinn fyrir aðstöðugjald. Menn leggja af stað upp í þessa vegferð með því að segja: Við skulum taka af aðstöðugjaldið og koma okkur síðan saman um einhverja nýja tekjustofna í staðinn fyrir það. Þá verðum við að spyrja okkur: Hvers vegna vildu menn leggja af aðstöðugjaldið? Hver var tilgangurinn með því?

Ef maður skoðar rökstuðninginn fyrir því, sem menn fluttu á síðasta ári, að afnema aðstöðugjaldið, þá var hann sá, sá veigamesti, að gera íslenskt atvinnulíf samkeppnishæfara við erlent með því að afnema veltuskatt sem hlóðst upp eftir atvinnugreinum. Það var rökstuðningurinn. Að gera íslenskt atvinnulíf samkeppnisfært samanborið við erlent atvinnulíf og samkeppnisaðila. En hvað eru menn að gera hér með samþykkt frv. þessa dagana? Menn eru að taka upp aðstöðugjaldið aftur. Í síðustu viku voru samþykkt tvö gjöld sem eru veltuskattar, iðnlánasjóðsgjald og iðnaðarmálagjald. Í morgun var eitt gjaldið enn, markaðsgjald, sem er líka veltuskattur og fyrir var fjórða gjaldið, tryggingagjald, sem er líka veltuskattur, þó ekki af allri veltu heldur einungis af launaveltu. En við erum að búa til nýja veltuskatta hvern ofan á annan og erum þar með að gera það sem við ætluðum að komast út úr. Menn ætluðu að gera íslenskt atvinnulíf samkeppnishæfara við erlent og afnema aðstöðugjaldið í þeim tilgangi, en eru svo að taka það upp undir öðrum nöfnum. Og auðvitað eru menn þá, samkvæmt eigin kenningu, að gera íslenskt atvinnulíf síður samkeppnisfært við erlent, sem er bagalegt, ekki síst í ljósi þeirra samninga sem hafa verið gerðir og staðfestir og eiga að taka gildi um næstkomandi mánaðamót. Þannig að það er ruglandi í öllu þessu ferli. Það er stefnuleysi, sem er hálfu verra en stefnan þó stefnan geti stundum verið vitlaus og dreg ég ekki úr því að mér finnst ekki alltaf góður svipur á stefnunni hjá hæstv. ríkisstjórn þar sem maður getur áttað sig á því hver hún er. (**Gripið fram í:** Manstu eftir að svo hafi verið í einhverju máli?) Það var framan af, á fyrsta ári stjórnarinnar. Þá kom nú fyrir að það voru svona pólitísk skýr markmið eins og t.d. það að afnema halla ríkissjóðs, svo ég nefni eitt.

Þá vil ég nefna eitt dæmi enn um það sem ég er ekki sáttur við í þessu máli. Það er að hæstv. ríkisstjórn skuli nota tækifærið þegar á að færa tekjur frá ríki til sveitarfélaga í gegnum útsvar, sem er auðvitað einfaldur tæknilegur flutningur á peningum á milli aðila, að taka þá viðbótarskattheimtu í leiðinni bæði hjá sveitarfélögum og líka hjá ríki. Ríkið skilar ekki öllu því sem það tók sér á þessu ári til bráðabirgða þegar er verið að ganga frá því endanlega yfir til sveitarfélaga. Ríkið tekur til sín nokkur hundruð milljónir í leiðinni og menn láta sveitarfélögin fá meira en þeim bar eða þeim var ætlað í upphafi með því að láta hækkunina á útsvarsprósentunni vera 1,7% í staðinn fyrir 1,5%. Þannig að báðir aðilar málsins, ríkið og sveitarfélögin, eru að hækka skattana á sína þegna undir því yfirskyni að það sé verið að að færa til tekjur á milli aðila. Þessi aðgerð eyðileggur trú manna á því að í framtíðinni verði hægt að fjármagna breytingar á verkefnum milli ríkis og sveitarfélag með breytingu á skiptingu tekjuskatts og útsvars. Fólk mun ekki trúa því að ríkisstjórnin eða ríkissjóður muni ekki í leiðinni nota þá breytingu sem tilefni til að næla sér í aukatekjur og leggja þá að sama skapi þyngri skattbyrði á almenning. Og þetta held ég að sé kannski það versta við þetta mál, að ríkið og sveitarfélögin eru að taka sér aukatekjur undir þessu yfirskyni.

Að lokum, virðulegi forseti, er rétt að vekja athygli á einni breytingu sem er líka í þessu, sem ég hef ekki heyrt menn nefna en það er að menn eru að færa tekj-

ur til á milli sveitarfélaga. Menn eru með þessu kerfi, sem ég gat um áðan að hefði það að markmiði að gera sveitarfélög „homogen", gera þau öll eins, þá eru menn að færa tekjur á milli sveitarfélaga. Og menn eru einkum að færa tekjur frá fámennum sveitarfélögum sem eru vel rekin, skulda lítið, yfir til fjölmennari sveitarfélaga sem eru dýrari í rekstri og skulda mikið. Þetta hafa menn því miður ekki rannsakað til neinnar hlítar, en það er augljóst af þeim gögnum sem fyrir liggja að þetta er tilheigingin sem menn hafa. Það er þetta sem er verið er að gera. Það er verið að færa tekjur á milli sveitarfélaga nokkurn veginn eftir stærð.

Mér þykir miður að Samband íslenskra sveitarfélaga skuli vera svona mikill gerandi í þessu máli vegna þess að það hefur ekki í þessu máli komið fram sem hagsmunaaðili allra sveitarfélaga. Það hefur birst í þessu máli sem þröngt samband tiltölulega fárra stórra sveitarfélaga og á því er að verða ákveðin eðlisbreyting undir forustu borgarfulltrúa Sjálfstfl. í Reykv. Og það er ekki að ófyrirsynju að upp eru komnar raddir víða um land að það sé orðið tímabært fyrir fámenn sveitarfélög að huga að því hvort ekki sé rétt að finna sér annan vettvang til að gæta sinna hagsmuna. Samband íslenskra sveitarfélaga má mjög gæta að því og vara sig á þeirri siglingu sem það hefur verið á undanfarin tvö ár, því ef svo fer fram sem horfir þá verður því ekki treyst til að vera landssamband sveitarfélaga. Það getur verið hagsmunaaðili fyrir hin stóru og sterku sveitarfélög, en ekki fyrir hin fámennari og dreifðari sveitarfélög um landið og það er breyting sem væri skaði ef af yrði. En því aðeins getur Samband íslenskra sveitarfélaga afstýrt því að svona muni fara að það láti af því að vera þjónn þessarar ríkisstjórnar eins og það hefur svo mjög verið síðustu tvö árin og hefur gengið miklu lengra en nokkru sinni fyrr í því að vera hagsmunaaðili fyrir ríkisstjórnarflokka heldur en sveitarfélög.

[16:59]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. bar fram spurningu til mín sem mér er skylt að svara. Hún var um það hver hefði beðið um ákvörðun um lágmarksútsvar, vegna fréttar sem kom þar sem vísað var í formann nefndarinnar, um að það hefði verið Samband íslenskra sveitarfélaga. Hann spurði hvort Samband íslenskra sveitarfélaga hefði beðið um að lágmarksútsvar yrði fest. Svar við því er nei.

Spurning blaðamanns til mín hér fyrir utan dyr var ekki um það hver bað um að hafa lágmark á útsvarið. Spurning blaðamanns til mín var: Hver eru rökin fyrir því að vera með lágmarksútsvar? Ég svaraði honum á þá lund sem fram kom í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem fylgt hefði erindinu og sagði hver sú umsögn hefði verið.

Ég gerði athugasemd við þessa frétt við blaðamanninn og mér finnst mjög gott að fá tækifæri til að leiðrétta hana hér. Það er ljóst að hún er byggð á misskilningi af því að þegar ég vísaði í umsögnina þá taldi hann að það hefði þá líka verið þeirra erindi.

Það er því mjög gott að leiðrétta það hér og það hafði ekki hvarflað að mér að halda þessu fram því það var fullkomlega opinbert hverjir báðu um að þetta svokallaða gólf væri sett í frv. Það barst til nefndarinnar bréf þriggja ráðherra og því var dreift til nefndarmanna svo það hefði verið fullkomlega órökrétt af mér og kjánalegt að ætla að halda því fram að einhvers staðar annars staðar frá hefði þetta erindi borist. Þannig að mér er ljúft að leiðrétta þetta hér.

[17:01]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka formanni nefndarinnar fyrir svörin. Þau voru skýr og reyndar í takt við það sem ég átti von á að væri sannleikurinn í málinu. En eftir stendur að það voru þá þrír ráðherrar, þrír þingmenn Reykv., þar af einn þingmaður Alþfl., sem óskuðu eftir því við félmn. að það yrði sett lágmarksútsvar svo að borgarstjórnin í Reykjavík þyrfti ekki sjálf að hækka útsvarið til samræmis við það sem þarf vegna fjárhagsstöðu borgarinnar eins og hún er núna.

[17:01]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Formaður félmn. hefur kynnt hér brtt. sem meiri hluti nefndarinnar flytur við frv. til laga um tekjustofna sveitarfélaga og gerir ráð fyrir ákveðinni breytingu á ákvæði til bráðabirgða, þ.e. um það hvernig skuli lagt á útsvar á næsta ári. Ég sé eins og aðrir sem hér hafa talað að þetta er óhjákvæmilegt ákvæði sem þarf að koma inn í lögin með einum eða öðrum hætti. Við kvennalistaþingkonur erum því ekki á móti því eins og það kemur þarna fyrir. Hins vegar munum við ekki greiða þessu atkvæði okkar og ekki standa að þessu og við stöndum ekki að þessari tillögu vegna þess m.a. að þarna er inni ákvæði um lágmarksútsvar, að það skuli vera 8,4%, eins og þrír ráðherrar lögðu til að kæmi inn í þetta frv. hér á allra síðustu dögum þess í nefnd eða reyndar á síðasta degi þegar verið var að vinna með þetta inni í nefnd. Og við teljum að það sé stjórnarflokkanna og ríkisstjórnarinnar að bera ábyrgð á þessu, auk þess sem þarna er bara þetta skattamix sem búið er að vera inni í þinginu bæði í frv. til laga í skattamálum og þessu, sem ríkisstjórnin verður auðvitað að bera ábyrgð á. Þetta er vafasöm grautargerð sem hér er á ferðinni og mér sýnist að menn hafi orðið litla yfirsýn eða heildarsýn í þessum málum og auðvitað algerlega óviðunandi að verið sé að fúska svona með málin hér á allar síðustu dögum þingsins, skattamál ekki síst.

Hér hefur aðeins spunnist umræða um það hvernig þetta ákvæði sé tilkomið, um 8,4% lágmarksútsvar. Það er auðvitað opinbert leyndarmál að þó svo að þessir þrír ráðherrar hafi sent tilmæli um þetta inn í félmn. þingsins þá er það samkvæmt beiðni og ósk frá Reykjavíkurborg. Það er opinbert leyndarmál sem allir vita og það þarf ekkert að fara í neinn feluleik með það eða fara í kringum þá hluti eins og köttur í kringum heitan graut. Þetta er auðvitað gert til að losa sveitarfélögin, ekki síst Reykjavíkurborg og ýmis önnur sveitarfélög reyndar líka, við ákveðin pólitísk óþæg-

indi. Og það er auðvitað dálítið mikill tvískinnungur í því hjá sveitarfélögunum, það verður að segjast eins og er, að annan daginn skuli þau koma og biðja um þetta, hinn daginn koma þau svo eins og Reykjavíkurborg og biðja um að hér sé gerð breyting með mikilli hraðferð í þinginu á lögum um málefni aldraða og þá er vitnað til sjálfstæðis sveitarfélaganna. Það sé svo mikilvægt að sveitarfélögin hafi sjálfstæði um það hvernig þau hagi þessum málum hjá sér. Þá er á ferðinni mál sem þau meta sem svo að sé til pólitískra vinsælda fallið. Þá er veifað þessu flaggi, að sjálfstæði sveitarfélaga sé í húfi og við þingmenn eigum bara helst að blessa það einn, tveir og þrír. En svo er farið í felur með það og beðið um að sett sé á ákveðið lágmarksútsvar til að firra þau pólitískum óþægindum í óvinsælu máli. Þessi vinnubrögð eru auðvitað alveg óþolandi og ég vil segja það við sveitarstjórnarmenn, ekki síst hér í Reykjavík eins og annars staðar, að menn verða auðvitað að borða bæði súru og sætu berin ef þeir eru að tala um sjálfstæði sveitarfélaga.

En við munum sem sagt sitja hjá við þessa tillögu.

[17:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 468 kölluð aftur.

Brtt. 471 samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, GB, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, FI, FrS, GÁ, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EKG, FI, FrS, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, RA, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:09]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því við þessa atkvæðagreiðslu að hér er tvennt á ferðinni sem verður að flokkast undir sögulegan viðburð. Annað er það að það er verið að taka inn í tekjustofnalögin ákvæði um skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði og ekki aðeins til eins árs heldur með varanlegum hætti. Í öðru lagi er verið að setja hér ákvæði í lög um lágmarksútsvar. Þannig að sveitarfélög sem ákveða eða vilja leggja á lægra útsvar en 8,4% mega það ekki að viðlagðri refsingu sem liggur að vísu ekki enn þá fyrir. Hér er með öðrum orðum um algjörlega einstakan viðburð að ræða, virðulegi forseti, eins og hér hefur skýrt komið fram í umræðunni. Ég greiði því ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 473).

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 298. mál (innflutningur landbúnaðarvara og verðmiðlunargjöld). — Þskj. 430, nál. 466 og 470, brtt. 467.

[17:10]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 467,1 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, EKG, FrS, GunnS, HG, JE, KE, MF, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., inngangsmgr., 1.–2. efnismgr. og 1.–3. málsl. 3. efnismgr., svo breytt, samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., 4.–5. málsl. 3. efnismgr., samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., 6. málsl. 3. efnismgr., samþ. með 32:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 467,2 samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, EKG, GunnS, HG, JE, KÁ, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (EKG, GHelg, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Lánsfjárlög 1994, frh. 2. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 78, nál. 381 og 392, brtt. 382 og 464.

[17:15]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 464,1 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GÁ, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, EKG, GÁ, GunnS, HG, JE, KE, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 464,2 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 464,3 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, LMR, MB, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
11 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JHelg, KÁ, MF, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, JVK, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 464,4 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ, MF) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, JGS, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 382,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ, MF) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EKG, GunnS, HBl, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EKG, GunnS, HBl, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

6.–10. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (EKG, FrS, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 382,2 (ný grein, verður 11. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

11.–12. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
24 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (EH, EKG, GunnS, HG, JE, KE, ÓE, StB, ÖS) fjarstaddir.

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, frh. 2. umr.

Stjfrv., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 316, nál. 445 og 447, brtt. 446.

[17:22]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

8 þm. (EKG, GunnS, HG, IBA, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:23]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þessu frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum fyrir árið 1994 er stefna ríkisstjórnarinnar lifandi komin en hún bitnar ekki síst á grunnskólabörnum, nemendum í framhaldsskólum, ekkjum, áfengissjúklingum og menningarstarfsemi. Þetta er stórbrotin ríkisstjórn sem stendur þannig að málum. Þessi stefna mun bitna á okkur í framtíðinni og verða samfélaginu dýr, því segi ég nei.

2. gr. samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

8 þm. (EKG, GunnS, HG, IBA, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 31:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

7 þm. (EKG, GunnS, IBA, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:25]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef lagst gegn svokölluðum skólagjöldum í þeim skólum þar sem ég tel eðlilegt að skilgreina nám sem almennt nám. Þar á ég við nám í grunn- og framhaldsskólum, svo sem mennta- og fjölbrautaskólum. Ég hef lagst gegn því að slíkar greiðslur vegna skólagöngu séu færðar á fjárlög ríkisins. Ég hef hins vegar brugðist öðruvísi við lánshæfu framhaldsnámi og tel að þar gildi e.t.v. önnur sjónarmið. Nám í þeim skólum sem hér um ræðir og koma til afgreiðslu á eftir er lánshæft í Lánasjóði ísl. námsmanna og hef ég fengið upplýsingar þar um hjá LÍN.

Hér er um það að ræða að setja sams konar ákvæði og er í lögum um sambærilega skóla. Ég hef afgreitt þetta mál úr efh.- og viðskn. án fyrirvara og mun því greiða atkvæði hér samkvæmt því.

[17:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að þessi grein fjalli um skólagjöld. Hún fjallar um það að fella niður ákvæði um ríkisframlag úr lögum um Tækniskóla Íslands. Hún fjallar ekki um skólagjöld eins og hv. þm. virtist telja áðan. (**RG:** Það er næsta grein.) Það er rétt hjá hv. þm., það er að vísu næsta grein. Ég tel af þessum ástæðum alveg óhjákvæmilegt að mótmæla því að þessi ákvæði í lögum um Tækniskólann séu felld niður vegna þess að þar með er fræðilega mögulegt að fjármagna Tækniskólann að fullu með skólagjöldum. Þess vegna mun ég greiða atkvæði gegn þessari tillögu.

4. gr. samþ. með 32:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

6 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 31:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

7 þm. (EH, EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 32:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

6 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,1 (7. gr. falli brott) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS,

JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (EKG, GHall, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JVK, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. (verður 8. gr.) samþ. með 31:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP.

nei: HG, KHG, SvG.

21 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, VS) greiddi ekki atkv.

8 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, ÓÞÞ, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,2 (10. gr. falli brott) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

[17:31]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Brtt. við 11. gr. er dregin til baka og þess vænst að það komi ný tillaga varðandi 11. gr. milli 2. og 3. umr. Mér fannst mikilvægt að það kæmi fram hér.

Brtt. 446,3 kölluð aftur.

11. gr. (verður 9. gr.) samþ. með 31:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

1 þm. (IBA) greiddi ekki atkv.

6 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

12. gr. (verður 10. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, JóhS, JVK, KÁ, LMR, MB, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

19 þm. (EL, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, PJ, RA, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. (verður 11. gr.) samþ. með 33:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

14 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GHelg, HÁ, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KÁ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GunnS, JE, JGS, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

14.–15. gr. (verða 12.–13. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (GB, GÁ, GHelg, JHelg, JónK) greiddu ekki atkv.

7 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,4 (ný 16. gr., verður 14. gr.) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (EKG, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Við gerðum við það athugasemdir við 1. umr. þessa máls að samkvæmt frv. á að fella með öllu út heimild 5. mgr. 24. gr. laganna um að heimilt sé að greiða atvinnuleysisbætur að hluta á móti samdrætti sem verður hjá fyrirtækjum við tilteknar að-

stæður. Meiri hlutinn hefur að nokkru fallist á okkar athugasemdir með flutningi á þessari brtt. og þar sem það er tvímælalaust til bóta að halda inni þessum ákvæðum þó að takmörkuð séu borið saman við hitt að fella liðinn út, þá mun ég styðja brtt. í trausti þess að í framkvæmdinni verði reynt að koma til móts við þær aðstæður sem þarna falla undir og greiða þessar bætur hér eftir sem hingað til. Auðvitað höfum við ekki á móti því að reynt sé að fyrirbyggja að þetta ákvæði sé misnotað, en það var helsta röksemd meiri hlutans fyrir því að leggja til í frv. að fella það niður. Ég greiði þessu því atkvæði þar sem það er til bóta á frv.

17. gr. (verður 15. gr.) samþ. með 43:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, LMR, MB, PJ, PBald, RG, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG, JÁ, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

6 þm. (AÓB, GÁ, GHelg, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:36]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er gert ráð fyrir því að ráðherra sá sem með málaflokkinn fer geti í raun og veru fellt niður það kerfi úthlutunarnefnda sem verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur hafa komið sér upp á undanförnum áratugum. Það kerfi þarf vissulega að einfalda, en það er óeðlileg valdbeiting að ráðherra einn geti gengið yfir stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í þessari grein og í og veru einnig í 18. gr. sem kemur til atkvæða á eftir. Ég mun því með hliðsjón af því og því sem kom fram í umræðum um málið greiða atkvæði gegn þessum greinum báðum.

18. gr. (verður 16. gr.) samþ. með 38:11 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

9 þm. (AÓB, FI, GÁ, HÁ, ISG, IP, JVK, MB, StG) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

19. gr. (verður 17. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, JGS, JVK, KÁ, LMR, MB, PJ, PBald, RG, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (AÓB, EL, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GB, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,5 samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, Salþ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: GHelg, KHG.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:39]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þarna er að koma inn breyting á ákvæði til bráðabirgða sem að mörgu leyti er óhjákvæmilegt og þarf að gera til þess að heimildirnar séu til staðar á árinu 1994 til þess að úthluta úr Atvinnuleysistryggingasjóði til ráðstöfunar í sveitarfélögunum. Þar að auki má segja að þarna sé gerð ákveðin bragarbót hvað það snertir að það á að koma mótframlag frá ríkinu í atvinnusköpun í sveitarfélögum sem er allt að 600 millj. Ég get hins vegar ekki stutt þessa tillögu eins og hún liggur hér fyrir, bæði vegna þess að það er sagt „allt að 600 millj. kr." sem getur auðvitað verið hvað sem er þar fyrir neðan, og að auki get ég ekki fellt mig við að inni í þessari tillögu skuli standa þau orð „enda verði dregið samsvarandi úr greiðslum atvinnuleysisbóta á viðkomandi stað" því ég held að með þessari takmörkun sé ekki hægt að leysa mál skólafólksins sem er atvinnulaust. Ég mun því sitja hjá við þessa tillögu.

[17:40]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér er í þriðja sinn verið að gera tillögu um að lögfesta ákvæði um að láta sveitarfélög borga hluta af kostnaði ríkissjóðs sem upphaflega var gert með svonefndum lögregluskatti. Á þessu ári voru það 500 millj. sem sveitarfélög voru látin leggja inn í Atvinnuleysistryggingasjóð og fengu ekki úr honum til baka nema 300 millj. Ríkissjóður tók því í leiðinni 200 millj. kr. Þetta er ekki verkefni sveitarfélaga og ég tel einsýnt að standa gegn því að festa þetta ákvæði í sessi eins og óhjákvæmilega mun verða ef þetta gerist ár frá ári og greiði því atkvæði gegn þessu ákvæði.

[17:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég tel rétt sömuleiðis að vekja athygli á því að þrátt fyrir að svo sé látið líta út sem hér sé á ferðinni samkomulag milli Sambands íslenskra sveitarfélaga og ríkisvaldsins, þá er hér á ferðinni enn eina ferðina hin þvingaða skattlagning sem þröngvað var upp á sveitarfélögin í landinu á fyrsta ári þessarar

ríkisstjórnar þegar þau voru einhliða skikkuð til að greiða 600 millj. Þá datt hæstv. ríkisstjórn það snjallræði í hug að merkja þau útgjöld kostnaði við löggæslu í landinu. Á næsta árinu var settur á þetta merkimiðinn „vegna Atvinnuleysistryggingasjóðs" og nú er þetta merkt sérstökum atvinnuaðgerðum í sveitarfélögum. Eftir stendur að þessi þvingaða skattlagning á sveitarfélögin er að festast í sessi. Auk þess eru þau ákvæði sem hér eru lögð til, hvort sem heldur er í frv. eða í brtt., alls ekki frambærileg og ég get ekki stutt þau eins og þau koma hér fyrir.

20. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 33:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: KHG, SvG.

21 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, VS) greiddi ekki atkv.

7 þm. (GunnS, HG, JE, KE, ÓE, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

21. gr. (verður 19. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GHelg, GunnS, JE, KE, ÓE, ÓÞÞ, RA, ÖS) fjarstaddir.

22.–23. gr. (verða 20.–21. gr.) samþ. með 33:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, GHelg, ISG, JVK, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS.

14 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JGS, JHelg, JónK, KHG, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GunnS, JÁ, JE, KE, ÓE, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

24.–29. gr. (verða 22.–27. gr.) samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 446,6 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JHelg, JónK, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

17 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (EH, GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

30. gr. (verður 28. gr.), svo breytt, samþ. með 42:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, LMR, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

nei: JVK.

14 þm. (AÓB, GB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SvG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JE, KE, ÓE, SJS, ÖS) fjarstaddir.

31.–33. gr. (verða 29.–31. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

34. gr. (verður 32. gr.) samþ. með 33:13 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

12 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

35. gr. (verður 33. gr.) samþ. með 32:14 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, RA, SJS, SvG.

12 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

36.–37. gr., að síðasta málslið 37. gr. (verða 34.–35. gr., að síðasta málslið 35. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

26 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (GunnS, JE, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Síðasti málsliður 37. gr. (verður síðasti málsliður 35. gr.) samþ. með 31:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, IBA, JÁ, JóhS, VG, LMR, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

nei: SJS, SvG, GÁ, KHG, MB, ÓÞÞ, EL, RA, StG.

17 þm. (VS, AÓB, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, MF, ÓRG, PJ) greiddu ekki atkv.

6 þm. (JE, ÖS, GunnS, HBl, KE, ÓE) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:50]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og þingheimur veit þá hefur þessi grein verið talsvert mikið rædd en ég tel engu að síður rétt að nota aðstöðu mína hér til að lesa upp málsliðinn þannig að ljóst sé um hvað málið fjallar. En hann hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að áður óþekktum tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram.“ — Eru þetta ekki nægileg rök til þess að segja nei, hæstv. forseti? Ég segi nei.

[17:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það virðast vera nokkrar tilfinningar í þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar að það þurfi að bæta skipan mála í sambandi við leit og eyðingu á fjallaref. Mér sýnist að þetta ákvæði sé alls ekki svo fráleitt sem halda mætti af neikvæðri afstöðu ýmissa til málsins vegna þess að það er ekki ástæða til þess endilega að ganga mjög hart fram í þessu efni og erfiðleikar geta verið á því líka að sannreyna að það sé í raun verið að efna til eyðingar. Með tilliti til þessa ætla ég ekki að greiða atkvæði um þetta mál. Ég vil ekki ganga lengra með tilliti til flokksbræðra minna sem hafa beitt sér mjög í málinu þó mér væri skapi næst að segja já.

[17:55]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hygg að við konur á þinginu tökum ekki þátt í svona strákaleik og þess vegna greiði ég ekki atkvæði.

[17:55]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Samkvæmt mínum málsskilningi þarf ekki að leita hins þekkta. Það þarf aðeins að leita hins óþekkta. Niðurstaðan er sú að ef þetta er samþykkt óbreytt á að veita styrk til að leita hins þekkta en ekki hins óþekkta. Ég sé ekki neina vitræna skýringu á því hvers vegna stjórnarsinnar standa svo fastir á svo vitlausu orðalagi þrátt fyrir það að þeir hafi ákveðna stefnu í þessu máli. Ég segi nei.

38. gr. (verður 36. gr.) samþ. með 32:5 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: HG, MF, ÓRG, RA, SJS.

19 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KÁ, MB, ÓÞÞ, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (GunnS, JÁ, JE, KHG, KE, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (GÁ, GunnS, JÁ, JE, KE, ÓE, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 18:00.

---

72. FUNDUR

mánudaginn 20. des.,
að loknum 71. fundi.

Dagskrá:

1. Lánsfjárlög 1994, stjfrv., 75. mál, þskj. 475. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 298. mál, þskj. 474. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, stjfrv., 263. mál, þskj. 476, brtt. 465. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Skattamál, stjfrv., 251. mál, þskj. 469, brtt. 410,1–2 og 4–14, og 412. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með þau fjögur dagskrármál sem hér liggja fyrir að of skammt er liðið frá 2. umr. þeirra allra og verður því að leita afbrigða um að þau megi koma á dagskrá og til umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (AÓB, GÁ, GunnS, HÁ, JÁ, JE, JHelg, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Lánsfjárlög 1994, 3. umr.

Stjfrv., 75. mál. — Þskj. 475.

Enginn tók til máls.

[18:01]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JÁ, JE, KE, MF, ÓE, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 477).

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 298. mál (innflutningur landbúnaðarvara og verðmiðlunargjöld). — Þskj. 474.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til að það mun vanta þingskjöl, brtt. í næstu málum sem eru á dagskrá og því er ekki hægt að komast hjá því að gera hlé á fundinum í 15 mínútur.

[Fundarhlé. — 18:04]

[18:22]

Halldór Ásgrímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir því að ég bið um orðið er sú að ég taldi alls ekki nægilegt að fresta fundi í 15 mínútur eins og nú hefur komið í ljós og ég veit að forseti ætlar sér að fresta lengur. Ég tel hins vegar ekki hægt að fullyrða um það hvenær efh.- og viðskn. verður búin að ljúka störfum. Það hefur enn ekki verið hægt að boða fund í nefndinni og nefndin á eftir að skila framhaldsnefndaráliti. Þessu verður að sjálfsögðu hraðað eftir því sem nokkur kostur er. En hvort þessi nál. verða tilbúin klukkan átta er ekki hægt að fullyrða á þessari stundu.

Ég vil jafnframt geta þess að atkvæðagreiðsluskjal varðandi fjárlögin er, eftir því sem ég best veit, ekki tilbúið enn þá og þingflokkar þurfa einhvern tíma til þess að fara yfir það atkvæðagreiðsluskjal.

Ég tel, hæstv. forseti, að það hafi komið í ljós m.a. af þessum ástæðum að það var algjörlega ómögulegt að ljúka öllum þessum málum aðfaranótt sunnudags. Það lá líka fyrir þá að það þurfti að halda nefndarfundi í efh.- og viðskn. og skila framhaldsnefndaráliti svo eitthvað sé nefnt.

Þetta vildi ég að kæmi fram, hæstv. forseti, m.a. vegna þeirrar umræðu sem hefur átt sér stað.

[18:24]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla því að það hefði ekki verið hægt að ljúka þessum fundum á aðfaranótt sunnudags vegna þess að ég hygg að þá hefðu málin að mörgu leyti gengið hraðar fyrir sig en hefur verið í dag. Allt hefur verið í heldur rólegu tempói. Hins vegar þarf alltaf að skoða viss tæknileg atriði. Við stöndum frammi fyrir því nú um hádegi að við hættum klukkan átta á laugardagskvöld að skoða þau tæknilegu atriði sem þá þurfti að vinna. Ég er því enn á þeirri skoðun að við hefðum getað lokið þessu aðfaranótt sunnudags ef við hefðum haldið áfram þá um kvöldið.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvað það hefur mikið upp á sig að fara út í umræður um það nú hvað hefði verið hægt og hvað ekki á laugardagskvöld og laugardagsnótt. Ég hygg að það sé út af fyrir sig ljóst að þegar staðar er numið og komið aftur til leiks á nýjan leik þá tekur vissan tíma að koma hlutunum í gang og þeir ganga kannski rólegar fyrir sig fyrstu klukkutím-

ana eins og raun hefur orðið á í dag. Ég vil einnig taka undir það að efh.- og viðskn. þarf að hittast eins og einu sinni til að útkljá væntanlega ein tvö atriði sem þar eru ófrágengin. Ég vænti þess ekki að það vefjist fyrir þeirri vösku sveit að gera það fljótt og skipulega og það sem þá er aðallega eftir eru tæknilegar afgreiðslur hér og atkvæðagreiðslur.

[18:25]

Ingibjörg Pálmadóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ljóst að þó svo að það hefði verið hægt að ljúka þingstörfum aðfaranótt sunnudags þá hefði klukkan verið orðin æðimargt og það var þá fjórða nóttin í röð sem þingmenn hefðu vakað. Ég spyr hv. þingheim: Eru það rétt vinnubrögð að vaka í fjóra sólarhringa og taka þá ákvarðanir um mjög alvarleg og mikil mál sem snerta þjóðina alla? Ég segi nei við því.

[18:26]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það verður erfitt að sanna það úr þessu hver hefur rétt fyrir sér í þessu máli en ég vil minna á að það var ekki hætt fundi á laugardagskvöldið þegar ljóst var að framsóknarmenn vildu ekki taka þátt í því samkomulagi sem þá lá fyrir heldur voru menn að mala hér fram í miðnættið þannig að næturfundi var bætt við. Ég tel að aðalatriðið sé það að reyna að ganga frá þeim efnum sem eftir eru og ég treysti forseta til þess að sjá til þess að það gangi sem greiðast fyrir sig. Mér sýnist að það sé komin einhver efahyggja hjá þeim sem ekki vildu standa að afgreiðslu aðfaranótt sunnudagsins á að það hafi verið rétt skref. Það er eiginlega niðurstaðan í þessari umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill að sjálfsögðu sjá til þess að nefndir sem þurfa að vinna fái til þess tíma. Það hefur verið óskað eftir því að efh.- og viðskn. fái tíma til að ljúka því sem hún þarf að ljúka. Það hefur komið fram hjá formanni nefndarinnar að hann getur ekki á þessari stundu lofað því hvenær því starfi verður lokið, jafnvel ekki að því verði lokið klukkan átta. Þess vegna sýnist forseta skynsamlegast núna að gera hlé til klukkan átta í þeirri von að þá verði nefndin búin að ljúka sínum störfum og það verði hægt að hefjast handa á ný. Komi í ljós að svo verði ekki þá verður að taka afstöðu til þess þegar þar að kemur. Þess vegna verður þessum fundi frestað til klukkan átta.

[Fundarhlé. — 18:28]

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 298. mál, þskj. 474.
Lánsfjárlög, 75. mál, þskj. 475.
Ráðstafanir í ríkisfjármálum, 263. mál, þskj. 476.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að beiðni efh.- og viðskn. verður þessum fundi nú frestað enn um sinn. Fundinum er frestað til kl. 9.

[Fundarhlé. — 20:00]

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, 3. umr.

Stjfrv., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 476, brtt. 465.

[21:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir brtt. 465 við frv. til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum á árinu 1994 frá meiri hluta efh.- og viðskn.

Fyrsta tillaga er við 9. gr. frv. eins og það er eftir 2. umr. en það er við fyrrverandi 11. gr. frv. Greinin er um heimild til að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar. Tillagan á þskj. 465 er um að greinin falli brott.

Í öðru lagi er brtt. við 24. gr. Í stað „37,5" komi 40,1. Hér er um að ræða skerðingu á framlagi ríkissjóðs til héraðsráðunauta. Framlagið er lækkað um 2,6 millj. kr. Ástæða þess er að héraðsbúnaðarsambönd fengu sérstakt viðbótarframlag vegna lífeyrisskuldbindinga héraðsráðunauta. Áður átti að fjármagna þær með skerðingu á þessum lið.

Í 3. lagi. Við II. kafla bætist tvær nýjar greinar er orðist svo:

„a. (36. gr.) Þrátt fyrir ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 83/1989, um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, skal á árinu 1994 heimilt að ráðstafa allt að 20 millj. kr. af sérstökum eignarskatti samkvæmt lögunum til framkvæmda við Þjóðskjalasafn."

Hér er framlag til Þjóðarbókhlöðu og annarra menningarbygginga, skv. lögum nr. 83/1989, skert um 20 millj. kr. og fé það veitt til Þjóðskjalasafns. Áætlað var að hinn sérstaki þjóðarbókhlöðuskattur gæfi 340 millj. kr. í frv. Samkvæmt endurskoðaðri áætlun á hann að gefa 360 millj. kr. og er viðbótinni varið til Þjóðskjalasafnsins.

„b. (37. gr.) Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 5. gr. laga 94/1984, um kvikmyndamál, skal framlag ríkissjóðs til Kvikmyndasjóðs eigi nema hærri fjárhæð en 99,4 millj. kr. á árinu 1994."

Samkvæmt sparnaðartillögum fjárln. var framlag til Kvikmyndasjóðs skorið niður um 10 millj. kr. og verður 99,4 millj. og er þetta í samræmi við það.

[21:05]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég get ekki látið hjá líða að lýsa óánægju minni með þessa tillögu sem var seinast gerð grein fyrir, þ.e. lækkunin til Kvikmyndasjóðs. Ég verð að nota þetta tækifæri til að vekja athygli þingheims á því að í annað sinn í þessari sömu fjárlagaafgeiðslu er verið að skera niður fjárveitingar til Kvikmyndasjóðs. Fyrst var það gert með því að samkvæmt fjárlagafrv. á ríkið ekki að taka neinn þátt í kostnaði við Kvikmyndasafnið. Sá kostnaður hefur numið um 9 millj. kr. á undanförnum árum og nú að taka allt fé sem þarf til Kvikmyndasafnsins af fé Kvikmyndasjóðs. Þetta kemur til viðbótar þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið síðustu tvö árin þar sem ákveðið var t.d. að lögbundið framlag ríkisins til Evrópska kvikmyndasjóðsins og framlag ríkisins til Norræna kvikmyndasjóðs-

ins skyldu bæði tekin úr Kvikmyndasjóði. Hér bætist við þriðji niðurskurðurinn, þ.e. lækka á framlagið um 10 millj. Samtals verður því þarna um að ræða heildarniðurskurð á framlögum til Kvikmyndasjóðs upp á um 22 millj. kr. Það eru um 20% af lögbundnum framlögum til Kvikmyndasjóðs.

Ég hélt að flestir hefðu gert sér grein fyrir því að starfsemi Kvikmyndasjóðs og íslensk kvikmyndagerð er einn merkasti vaxtarbroddurinn í íslenskri menningu í dag og væri frekar ástæða til að bæta þar við en að rífa niður. Ég hélt líka að menn hefðu gert sér grein fyrir að íslensk kvikmyndagerð er ekki bara menningarfyrirbrigði sem ber að styðja til eflingar íslenskri menningu heldur er hún líka betur til þess fallin en flest annað að vekja athygli á landi og þjóð og íslenskar kvikmyndir hafa mjög orðið til þess að auka ferðamannastraum til landsins. Ég sé að í tillögum meiri hlutans er gert ráð fyrir að verja 40 millj. kr. til landkynningar. Þetta er í 6. gr. fjárlaga. Ég er alveg sannfærður um að með því að spara svo verulega við Kvikmyndasjóð sem raun ber vitni er einmitt verið að vinna heilmikið skemmdarverk í landkynningu og að þær 40 millj. sem áætlað er að nýta til landkynningar og til að auka ferðamannastraum munu nýtast verr en það sem hér er skorið af Kvikmyndasjóði. Þetta mál hefur því margar hliðar. Bæði menningarlega hlið og fjárhagslega hlið auk þess sem framleiðsla kvikmynda skapar verulegan tekjustraum til landsins í gegnum styrki og framlög frá erlendum kvikmyndasjóðum og erlendum meðframleiðendum.

Þetta mál hefur margar hliðar og það er enginn vafi á því að íslenskt þjóðarbú er að tapa margfaldri þeirri upphæð sem hér er verið að skera niður í framlögum til Kvikmyndasjóðs. Ég mótmæli mjög eindregið þessari grófu árás á íslenska kvikmyndagerð sem birtist í þessum seinustu tillögum. Þær koma mér mjög á óvart. Ég hafði ekki heyrt þeirra getið fyrr. Ég hélt að menn mundu láta sér nægja að skera niður um 9 millj. með því að Kvikmyndasjóður verði að taka að sér þetta olnbogabarn, Kvikmyndasafnið. En ég sé að það á að ganga miklu lengra og hér er um mjög hastarlegan og grófan niðurskurð að ræða.

Ég mótmæli þessu mjög eindregið og mælist að sjálfsögðu fastlega til þess að ríkisstjórnin endurskoði þessa ákvörðun sína. Ef ekki nú við fjárlagaafgreiðsluna þá á nýju ári.

Útbýting þingskjala:

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, 263. mál, brtt. SJS og VE, þskj. 480.

Skattamál, 251. mál, frhnál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 479.

[21:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Vegna 1. tölul. í brtt. á þskj. 465 vil ég gefa yfirlýsingu. Ef þessi brtt. verður samþykkt er ljóst að nokkuð mun vanta á að hægt verði að innheimta áformaðar sértekjur samkvæmt fjárlögum sem væntanlega verða samþykkt síðar í kvöld. Ríkisstjórnin mun þess vegna beita sér fyrir því að afla heimilda á næsta ári í fjáraukalögum þar sem það þarf og að því marki sem talið er þurfa til að koma til móts við þá fjárvöntun sem verður í fjárlögum verði þessi tölulið-ur samþykktur.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi hér fram. Reyndar er hægt og kannski eðlilegt að segja jafnframt frá því að ef samþykkt verður tillaga, sem mér skilst að komi frá meiri hluta nefndarinnar ef ekki nefndinni allri, í öðru máli sem verður til umræðu síðar, þ.e. máli sem fjallar um breytingar á ýmsum skattalögum, um endurgreiðslur að hluta til gistihúsa vegna fjárfestingarkostnaðar á sl. 3 árum þá mun einnig vanta annaðhvort á tekju- eða gjaldahlið fjárlaga fjármuni sem nema þessum endurgreiðslum.

Með sama hætti tel ég eðlilegt þar sem 3. umr. fjárlaga er lokið og ekki hægt að koma því við að breyta áætlunartölum fjárlaga að ríkisstjórnin segi frá því hér og nú að hún sé tilbúin til að beita sér fyrir breytingum á fjárframlögum eða breytingum á tekjuhlið á næsta ári með þeim tækjum sem viðeigandi er. Sýnist mér þá eðlilegast að það gerist með því að fjárhæðir komi fram á fjáraukalagafrv. sem væntanlega verður lagt fram næsta haust. Mun þá þingið geta tekið afstöðu til þess á þeim tíma.

Það skal tekið fram varðandi gistihúsin að útgreiðsla þessara endurgreiðslna getur beðið þar til þing hefur samþykkt slíkt en vænta má að meiri erfiðleikar verði hjá þeim sem taka sjúklinga til áfengismeðferðar, einkum þeim aðilum sem starfa ekki á vegum ríkisins eða Ríkisspítala.

[21:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að taka undir orð hv. 3. þm. Norðurl. v. varðandi Kvikmyndasjóð þar sem greinilega er um að ræða heildarniðurskurð á þeim framlögum sem eru lögbundin til Kvikmyndasjóðs upp á u.þ.b. 20 millj. kr. sýnist mér að meðtöldum þeim kostnaði sem sjóðurinn á að bera vegna rekstrar Kvikmyndasafnsins. Ég vil leggja á það áherslu, eins og hann, að fari svo að þessi tillaga sem hér liggur fyrir og hv. 4. þm. Reykn. mælti fyrir áðan verði samþykkt þá hljóta menn að beita sér fyrir því að þeir fjármunir sem vantar í Kvikmyndasjóð upp á a.m.k. 10 millj. kr. fáist á næsta ári með fjáraukalögum eða með öðrum sérstökum hætti sem viðunandi er fyrir Kvikmyndasjóð.

Ég held að það sé sérstaklega nauðsynlegt að ítreka þetta einmitt nú á því ári þegar Ísland verður aðili að hinu Evrópska efnahagssvæði og þátttaka í alþjóðlegu samstarfi af margvíslegu tagi mun fara vaxandi. Þá er það kannski nauðsynlegra en nokkru sinni fyrir að eiga öfluga kvikmyndastarfsemi, bæði frá menningarlegu sjónarmiði og einnig fjárhagslegu sjónarmiði eins og hv. 3. þm. Norðurl. v. benti á í sínu innleggi áðan.

Í öðru lagi vil ég, virðulegi forseti, víkja að 17. gr. frv. um ráðstafanir í ríkisfjármálum eins og það lá fyrir í upphafi. Þar var gert ráð fyrir að ráðherra gæti með reglugerð ákveðið að sameina úthlutunarnefndir tveggja eða fleiri félaga eða félagasambanda. Ég tel að hér sé mjög gróflega vegið að sjálfstæði Atvinnuleysistrygg-

ingasjóðs, stjórn hans og verkalýðsfélaganna. Þetta er mál sem við, þingmenn stjórnarandstöðunnar, greiddum atkvæði á móti við 2. umr. Ég átti einnig viðræður um þetta mál við hæstv. félmrh. og hæstv. félmrh. skýrði mér frá því að hún myndi framkvæma þessa grein þannig að hún hefði samráð við stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs. Nú hafði hæstv. félmrh. hugsað sér að gefa þessa yfirlýsingu við 3. umr., þ.e. núna. Hæstv. ráðherra er hins vegar fjarverandi en ég er viss um að ég hef þetta rétt eftir henni. Auðvitað getur hún komið mótmælum á framfæri á öðrum vettvangi ef ég skýri ekki rétt frá því sem hún sagði við mig um þetta mál. En frá og með næstu áramótum mun félmrh. yfirtaka stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs úr hendi heilbr.- og trmrh.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, vil ég þakka fyrir þá till. sem hv. efh.- og viðskn. flytur varðandi 9. gr. frv. eins og það lítur út núna. Þar er gert ráð fyrir því að fella niður grein sem í upphafi var 11. gr. frv. og hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Þó er heimilt að ákveða í reglugerð að sjúkratryggður taki þátt í kostnaði vegna dvalarinnar."

Hér er með öðrum orðum gert ráð fyrir því að fella þessa tillögu niður og ég tel að það sé mikilvægur áfangi að það skuli hafa tekist samstaða um að ekki verði innheimt á ýmsum stofnunum, m.a. stofnunum SÁÁ og stöfnunum ríkisins, svokallað áfengismeðferðargjald frá og með næstu áramótum. Ég þakka fyrir þessa niðurstöðu vegna þess að ég tel að hún sýni vilja til samstöðu um eitt af mikilvægustu grundvallaratriðum laga um almannatryggingar eins og þau voru samþykkt 1971 og reyndar í upphafi 1946.

Ég tel að ef þessi grein hefði farið óbreytt í gegn hefði það orðið stórkostlegt slys sem menn hafa bersýnilega sameinast um að koma í veg fyrir.

Ég vil einnig taka það fram að ég tel að yfirlýsing hæstv. fjmrh. varðandi þetta mál og afleiðingar þessarar samþykktar sé mikilvæg og þar sé yfirlýsing sem við hljótum að taka á á næsta ári með þeim hætti sem hann benti á í sinni ræðu.

Útbýting þingskjala:

Skattamál, 251. mál, frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 481; frhnál. 3. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 482; brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 483.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 480 var of seint fram komin. — Afbrigði samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (DO, EH, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JGS, JVK, LMR, ÓE, PJ, RG, SighB, VG, ÖS) fjarstaddir.

[21:24]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi fagna því samkomulagi sem tókst í efh.- og viðskn. um breytingar á frv. Þó svo brtt. varðandi 9. gr. sé prentuð á þskj. meiri hlutans er það ljóst að öll nefndin styður þá tillögu að núverandi 9. gr. frv., eins og það liggur fyrir á þskj. eftir 2. umr., falli brott. Af tæknilegum ástæðum og til að flýta fyrir var ákveðið að prenta þá breytingu á tillögu sem meiri hlutinn hafði þegar lagt fram.

Í öðru lagi er rétt að minna á að við atkvæðagreiðslu eftir 2. umr. var felld út sú grein frv. sem varðaði tekjutengingu ekknabóta. Þegar þessir tveir liðir frv. eru fallnir út eru báðir þættirnir sem vörðuðu breytingar á lögum um almannatryggingar fallnir á brott. Það er tvímælalaust til mikilla bóta hvað upphaflega gerð frv. snertir. Þessum framförum sem málið hefur tekið vil ég stórlega fagna.

Þá vil ég svo að lokum, hæstv. forseti, mæla fyrir brtt. sem við flytjum, ég og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, og dreift hefur verið á þskj. 480 og varðar lið sem hér hefur verið nokkuð til umræðu. Það er breyting við núverandi 35. gr. frv. eins og það liggur fyrir eftir 2. umr. Við leggjum til að í síðasta málslið falli niður orðin „áður óþekktum" og svo bætist við greinina: en hann [þ.e. veiðistjóri í þessu samhengi] getur þó undanþegið einstök leitarverkefni slíku fyrir fram samhengi. Málsliðurinn mundi þá hljóða svo þannig breyttur, hæstv. forseti:

„Ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaði við leit að tófugrenjum nema veiðistjóri samþykki leitina fyrir fram, en hann getur þó undanþegið einstök leitarverkefni slíku fyrir fram samþykki."

Þetta á sér þau rök, hæstv. forseti, að það hefur verið nokkuð um það rætt hvort yfirleitt væri mikil ástæða til að leita að tófugrenjum nema þau væru óþekkt. Jafnframt er mat manna að ekki sé líklegt né mikil hætta á því að veiðistjóri muni heimila leit í stórum stíl að grenjum nema þau séu óþekkt því að veiðistjóri hefur góða yfirsýn yfir þessi mál. Þá hefur enn fremur komið fram sú ábending að í reynd sé það rökleysa að tala um að grenin séu óþekkt með öllu því að aldrei geti farið svo að a.m.k. refurinn þekki ekki til grenjanna. Það standist því ekki í raun að þau séu með öllu óþekkt ef þau séu til. (**ÓÞÞ:** Er seinni hlutinn eingöngu fyrir refinn?)

Þess vegna er það, hæstv. forseti, að mati okkar flm. rétt að leggja til þessar lagfæringar. Við teljum að veiðistjóri hafi þó, samanber þá tillögu sem við leggjum til að bætist við greinina, möguleika á því að undanþiggja leit á einstökum svæðum fyrir fram samþykki. Hann geti því geti hagað framkvæmdinni að því leyti til eftir því sem handhægast þykir. En það er alveg ljóst að af okkar hálfu er ekki verið að leggja til efnisbreytingu á ákvæðinu heldur að reyna að skýra það og færa það á betra orðalag. Og enn fremur alveg skýrt, til þess að allir séu nú róaðir niður sem hafa áhyggjur af þeim þætti málsins, að það er ekki hætta á því að þetta leiði til útgjaldaauka fyrir ríkissjóð nema síður sé. Ef eitthvað er, þá bindur þetta enn betur þá

stöðu sem veiðistjóri hefur til að halda utan um þessi mál. Ætti þá öllum að vera rótt sem áhyggjur hafa haft af þessu máli, bæði þungar og stórar og hafa aðallega snúst um tvennt. Annars vegar málfarið á ákvæðinu og hins vegar hagsmuni ríkissjóðs. **(MB:** Hefur refurinn áhyggjur af þessum breytingum?) Það er svo út af fyrir sig spurning um það, sem hv. 1. þm. Vestf. vekur máls á í frammíkalli, hvort refurinn hafi ástæðu til að hafa áhyggjur af þessum breytingum. Við teljum að svo sé ekki sérstaklega. Hann megi sæmilega við una eins og aðrir þessari sanngjörnu málamiðlun sem við leggjum til.

[21:30]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Ég gerðist meðflm. að þessari tillögu hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar. Ég tel nauðsynlegt að ekki leiki neinn vafi á því að það þarf að veiða hér refi og tel að með þessari breytingu verði refirnir örugglega skornir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattamál, 3. umr.

Stjfrv., 251. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 469, frhnál. 479, 481 og 482, brtt. 410,1–2 og 4–14, 412 og 483.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 483 var of seint fram komin. — Afbrigði samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁMM, EH, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, HBl, JE, JGS, ÓE, PJ, StB, VG, ÖS) fjarstaddir.

[21:32]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn. um breytingar í skattamálum. Nál. er lagt fram á þskj. 481 og brtt. á þskj. 483. Ég mun kynna þessar brtt. sem eru í nokkrum liðum.

Í fyrsta lagi er gerð breyting við 4. gr. frv. sem fjallar um frádráttarbærni einstakra gjafa sem fyrirtæki láta af höndum renna til kirkjufélaga, viðurkenndrar líknarstarfsemi, menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa og ýmissa þess háttar verkefna.

Á þessu ákvæði laganna hafa verið gerðar vissar breytingar. Í fyrsta lagi hefur verið tekið á því að aðstöðugjaldsstofninn, sem áður var hafður til viðmiðunar vegna 0,5% þaks, er ekki til staðar. Því hefur þurft að breyta um stofn og stofninn er þá í grundvallaratriðum tekjur viðkomandi fyrirtækis og ekkert undan skilið. Í frv. eins og það var lagt fram var gert ráð fyrir að tilteknar tekjur væru undanskildar en því var breytt í meðförum nefndarinnar og eru nú heildartekjur hafðar til grundvallar sem stofn.

Í öðru lagi er bætt inn því ákvæði að framlög til stjórnmálaflokka geti fallið þarna undir. Um þetta er það að segja að það fyrirkomulag hefur tíðkast hér um áratuga skeið að fyrirtæki hafa dregið frá tekjum við uppgjör skatts framlög sín til stjórnmálaflokka í hvaða formi sem þau hafa verið. Oft hefur þetta verið í formi auglýsinga í flokksblöðum, happdrættismiðakaup og ýmis annar stuðningur sem stjórnmálaflokkar hafa fengið frá fyrirtækjum. Að undanförnu hafa skattyfirvöld verið að breyta meðferð þessara mála og verið að strika þessa kostnaðarliði út hjá fyrirtækjum jafnvel mörg ár aftur í tímann. Fyrirtæki hafa stundað þetta í góðri trú og þetta hefur þess vegna skapað viss vandamál. Í rauninni er þessi breyting fyrst og fremst til þess fallin að staðfesta þá framkvæmd sem verið hefur í þessu máli.

Samhliða þessari breytingu hefur náðst samkomulag um útgjaldaþátt fjárlaganna þar sem sérfræðileg aðstoð við þingflokka er hækkuð. Auk þess er framlag til útgáfumála hækkað og kaup á blöðum útvíkkuð í heimildargrein. Enn fremur er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar nefnd til þess að fjalla um starfsemi stjórnmálaflokkanna.

Þessar breytingar hafa verið nokkuð umdeildar en staðreyndin er sú sem við verðum öll að horfast í augu við að framkvæmdin á lýðræðinu kostar peninga og ég tel það hættulegt lýðræðinu að búa þannig að stjórnmálaflokkunum að þeir séu í fjárhagslegri spennitreyju. Ég tel að það geri ekkert annað en auka völd hagsmunasamtaka og fjölmiðla á kostnað stjórnmálaflokkanna. Ég tel að ef stjórnmálaflokkarnir geta ekki staðið uppréttir fjárhagslega, þá hafi það ekki góðar afleiðingar fyrir lýðræðið og breyti valdahlutföllum í þjóðfélaginu stjórnmálaflokkunum og almennri stjórnmálastarfsemi mjög í óhag og ég held að það sé ekki heppilegt fyrir lýðræðisþróun í landinu. Ég vildi láta þetta koma sérstaklega fram um þennan lið brtt.

Í öðru lagi er verið að taka inn ákvæði þar sem Búseti er tekinn undir vaxtabótakerfið þannig að vaxtaútgjöld vegna eignarhluta fólks í Búsetaíbúðum fellur undir vaxtabótakerfið.

Í þriðja lagi er verið að breyta ákvæðum laga sem voru samþykkt fyrir jólin í fyrra og fella niður virðisaukaskatt á fólksflutningum. Liður í því er einnig að fella niður virðisaukaskatt af flutningi á ökutækjum með ferjum sem eru í beinum tengslum við fólksflutninga og það talið til fólksflutninga samkvæmt þessum staflið. Í sambandi við þetta er rétt að taka fram að áform hafa verið uppi um að leggja 14% virðisaukaskatt á umferð í Hvalfjarðargöngum ef þau verða að veruleika. Þessi breyting mun ekki hagga þeim áformum og mun þess vegna koma til endurskoðunar þegar þar að kemur. Enn fremur er þjónusta ferðaskrifstofa undanþegin virðisaukaskatti.

Í fjórða lið er verið að gera breytingar sem falla að niðurfellingu virðisaukaskatts á flutningana.

Í fimmta lagi eru gerðar breytingar á 14. gr. laganna. Þetta er jafnframt liður í því að flytja flutningastarfsemina úr 14% skatti í það að vera undanþegin.

Í sjötta lagi er komið inn með nýmæli sem felst í því að virðisaukaskattur vegna fjárfestinga í hótelum og gistihúsum árin 1990–1992 getur verið tilefni til leiðréttingar á innskatti. Er þetta gert til þess að koma til móts við að þessar fjárfestingar voru á árunum 1990–1992 skattlagðar mjög mikið.

Í sjöunda lagi er verið að breyta tryggingagjaldi þannig að fullt tryggingagjald leggist á þær greinar sem verið er að fella virðisaukaskattinn niður af.

Í áttunda lagi eru tæknilegar breytingar á tollskrárnúmerum þannig að steinull flyst úr gjaldflokki B í gjaldflokk A. Þetta er ákveðin tegund af steinull sem þarna er um að ræða og síðan eru tæknilegar breytingar vegna uppsetningar á 6% þrepinu sem er nýtt.

Virðulegi forseti. Þetta eru þær brtt. sem meiri hlutinn hefur orðið ásáttur um að leggja fyrir.

[21:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil gjarnan staðfesta það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. orðaði að ríkisstjórnin mun skipa nefnd með aðild þeirra stjórnmálaflokka og samtaka er sæti eiga á Alþingi og kjósa að taka þátt í slíku starfi til að fjalla um og undirbúa frv. til laga um fjárhagslegan stuðning við stjórnmálaflokka og þá þætti sem slíkum stuðningi tengjast.

[21:41]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi víkja í stuttu máli að því atriði sem hér hefur verið til umfjöllunar, þ.e. hvort beri að taka eða hvort skuli taka inn í skattalög það atriði að framlög til stjórnmálaflokka séu frádráttarbær.

Eins og fram kemur í frhnál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. styðjum við Finnur Ingólfsson þessa brtt. og tekið er fram í nál. að við munum gera grein fyrir afstöðu í framsögu við umræður. Kristín Ástgeirsdóttir styður ekki þá tillögu að framlög til stjórnmálaflokka verði frádráttarbær til skatts og mun gera nánari grein fyrir afstöðu sinni við umræður um málið.

Mér hefur fundist að undanförnu að þetta mál væri túlkað með þeim hætti að hér væri verið að taka ákvörðun um það að framlög til stjórnmálaflokka væru skilyrðislaust frádráttarbær. Það er ekki rétt vegna þess að hér er verið að taka af vafa og taka ákvörðun um það að slík framlög séu frádráttarbær innan tiltekinna marka. Það eru takmarkanir við 0,5% af tekjum til menningarmála, vísindalegrar rannsóknastarfsemi, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga og stjórnmálaflokkunum er bætt þar við.

Í umsögn, sem hefur borist frá Félagi löggiltra endurskoðenda, segir m.a. um þetta mál, með leyfi forseta, en nefnd á þeirra vegum fjallaði um ýmis mál er tengjast skattalögum:

„Nefndin vill vekja athygli á því að nokkur óvissa ríkir um heimild atvinnurekstrarins til að draga frá tekjum framlög til stjórnmálaflokka og málgagna þeirra, hvort sem er í beinum fjárframlögum eða í formi auglýsinga. Æskilegt er að taka af tvímæli í þessu efni. Ef vilji er til að heimila slíkan frádrátt gætu ákvæði um hann átt heima undir framangreindum tölulið með þeim takmarkandi hætti sem þar er gert ráð fyrir. Ef slík framlög eru hins vegar ekki frádráttarbær væri eðlilegast að taka það fram í 52. gr. laganna."

Það er um það að ræða að mati þessara aðila sem þekkja mjög vel framkvæmd mála sem þessara að annaðhvort sé að heimila þennan frádrátt í 31. gr. eða taka skýrt fram í 52. gr. að slík framlög séu ekki frádráttarbær. Þau séu ekki frádráttarbær með sama hætti og t.d. fjársektir og önnur viðurlög sem eru lögð á menn til að koma í veg fyrir ýmsa óeðlilega starfsemi í landinu. Það er sem sagt álit þeirra að þennan vafa þurfi að skilgreina þannig að við stjórnmálamenn stöndum í reynd frammi fyrir því að mínu mati að taka þetta mál inn í 31. gr. og taka af vafa með jákvæðum hætti eða taka af vafa með neikvæðum hætti og taka það skýrt fram að þessi framlög séu alls ekki frádráttarbær.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé fráleitt að líta þannig á að framlög til stjórnmálastarfsemi í landinu eigi aldrei að vera frádráttarbær og beri að flokka slík framlög með kostnaði eins og fjársektum og öðrum slíkum kostnaði. Ég tel eðlilegt að slíkur kostnaður sé skilgeindur með sama hætti og framlög til íþróttastarfsemi, menningarmála, líknarstarfsemi, kirkjufélaga og ýmissa annarra góðra mála. Ef á að fara að flokka stjórnmálastarfsemina í landinu sem einhverja óæðri starfsemi þá er illa komið fyrir lýðræðinu. Og auðvitað hljótum við sem berum skyldur í þessu sambandi hér á Alþingi að taka af öll tvímæli í þessu máli.

Ég vil hins vegar taka það skýrt fram að ég tel nauðsynlegt að fara ofan í þessi mál og fagna yfirlýsingu forsrh. og vænti þess að starf þeirrar nefndar hefjist sem fyrst og hún skili áliti á næstu mánuðum.

Ég vil nefna í þessu sambandi að það hefur verið rætt, m.a. af fræðimönnum í samfélaginu, að það sé þá nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir verði framtalsskyldir. Það er að mínu mati nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir séu bókhaldsskyldir og þeir eru það að mínu mati. En ef stjórnmálaflokkarnir eiga að vera framtalsskyldir þá hlýtur það að vera í þeim tilgangi að þeir greiði tekjuskatt og eignarskatt. Það er til lítils að aðilar séu framtalsskyldir nema þeir eigi þá að greiða skatta af tekjuafgangi sínum og eignum. Og væntanlega stendur þá til að gera aðra félagastarfsemi skattskylda í þessu samhengi.

Því miður hefur verið fjallað um þessi mál af ýmsum með þeim hætti að þar hlýtur að vera ókunnugleiki og misskilningur á ferðinni og ber að harma það. Hitt er svo annað mál að fyrir marga stjórnmálaflokkana mun það ekki skipta mjög miklu máli þó að þeir þurfi að borga skatta af eignum sínum og tekjum því ég býst við að flestir þeirra séu þannig staddir að ríkið muni hafa lítið upp úr krafsinu því að eðli þessarar starfsemi er með þeim hætti að flokkarnir ráðstafa þeim tekjum sem þeir fá inn til sinnar starfsemi og a.m.k. þar sem ég þekki til hefur verið afar lítið um afgang svo ekki sé nú meira sagt og verð ég að segja að því

miður hefur staðan verið þannig að undanförnu. (**Gripið fram í:** Er þarna uppsafnað tap á móti skattinum?) Já, það má vera, hv. þm., að það sé eitthvert uppsafnað tap og gæti verið að eitthvað slíkt væri til, því miður, hjá öðrum stjórnmálaflokkum án þess að nokkur nöfn séu nefnd í því sambandi og hygg ég að hv. þm. sé ekki ókunnugur slíku ástandi og verð ég að segja því miður.

Virðulegur forseti. Ég vil þá aðeins víkja að því frhnál. sem 2. minni hluti hefur skilað í sambandi við þetta mál. Það kom fram við 2. umr. að við kölluðum til baka flestar brtt. á þskj. 410 til 3. umr. Það var gert til þess að ríkisstjórnin fengi enn eitt tækifærið til að endurskoða afstöðu sína og ég vil sérstaklega fagna því og þakka fyrir það að hæstv. utanrrh. er nú við þessar umræður og tel nauðsynlegt að hann skýri afstöðu sína í þessu máli. Það er því miður svo að nánast engin rök komu fram um það að mínu mati sem styrktu þá skoðun ríkisstjórnarinnar að það bæri að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti og ef hæstv. utanrrh. gæti hlýtt á mál mitt, þá vildi ég gjarnan spyrja hann um þetta mál, þ.e. tvö þrep í virðisaukaskatti. Ég var að segja það, hæstv. utanrrh., að ég tel að engin efnisleg rök hafi komið fram sem mæla með því að það verði tekin upp tvö þrep í virðisaukaskatti. Það eru ekki tekjujöfnunarrök, það eru á engan hátt framkvæmdaleg rök því að það er ljóst, að þetta mun auka skattsvik og hafa í för með sér stórkostlegan kostnað, bæði fyrir ríkissjóð og aðila vinnumarkaðarins. Og ég vil í þessu sambandi spyrja hæstv. utanrrh. sem kom að því að semja stefnuskrá þessarar ríkisstjórnar en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Skatthlutfall virðisaukaskattsins er hærra hérlendis en í flestum öðrum ríkjum. Skatthlutfallið heftir framtak og dregur úr skattskilum með því að hvetja til skattlausrar vinnu. Skatthlutfall hefur enn fremur kallað á undanþágur. Eins og við mátti búast hefur hver ný undanþága síðan réttlætt enn fleiri undanþágur sem æ erfiðara verður að standa gegn. Á kjörtímabilinu er stefnt að lækkun skatthlutfallsins með því að fækka eða afnema undanþágur. Áður er þó gert ráð fyrir úttekt á virðisaukaskattskerfinu og gerð verði grein fyrir reynslunni fram að þessu."

Nú liggur það fyrir, hæstv. utanrrh., að það hefur engin slík úttekt farið fram. Hún hefur a.m.k. ekki verið birt almenningi og það hefur engin frambærileg skýring komið fram í þessum málflutningi önnur en sú að það hafi verið gerður samningur við aðila vinnumarkaðarins í þessu máli. Ég spyr: Hvers vegna í ósköpunum bauð ríkisstjórnin að fara leið sem hún mátti vita að væri ekki almenningi til heilla?

Hér hefur komið fram í umræðunni frá hæstv. ráðherrum að vitnað væri til samþykkta Framsfl. á flokksþingi 1992. Það hafa verið færð sem rök í umræðunni. Það hefur ekki verið mikið um það, hæstv. utanrrh., að núv. ríkisstjórn hafi tekið mikið tillit til stefnu Framsfl. í málum. Það er alveg nýtt fyrir mér. Getur það verið að það hafi verið ástæðan? Ég vil minna á það að Framsfl. hélt nýlega miðstjórnarfund og þar var ekki ályktað á þá leið að það bæri að taka upp tvö þrep í virðisaukaskatti. Við höfum komist að þeirri niðurstöðu að þetta væri rangt. Menn héldu um tíma að þetta væri framkvæmanlegt en ég man eftir því meðan ég var í ríkisstjórn með hæstv. utanrrh. að þá vorum við ávallt sammála um að þetta ætti ekki að gera og það tókst alltaf að koma í veg fyrir það að skattkerfið væri eyðilagt með þessum hætti. Við hljótum að spyrja hæstv. utanrrh. hvers vegna í ósköpunum þetta getur gerst. Ég man ekki betur en hæstv. utanrrh. hafi á sínum tíma, þegar þáv. forsrh. Þorsteinn Pálsson kom með svipaða tillögu, lýst því þá þannig að hún væri sem rýtingsstunga í bak sér sem eru stór orð. Núv. hæstv. utanrrh. er fyrrv. hæstv. fjmrh. og þekkir því þessi mál öðrum fremur og ég er alveg sannfærður um það að ef núv. ríkisstjórn hefði staðið sig í upplýsingamiðlun um þetta mál og látið kanna það með einhverjum almennilegum hætti þá hefði þetta ekki þurft að gerast. Í stað þess lyppaðist ríkisstjórnin niður, lét ekkert skoða og sigldi út í myrkið og slökkti öll ljós. Ég er mjög undrandi á því að slíkt og annað eins skuli hafa hent hæstv. utanrrh. (**Gripið fram í:** Hissa á því?) Já, ég er mjög hissa á því vegna þess að ég hef átt það mörg samtöl við hæstv. utanrrh. um þetta mál að það vekur undrun mína að þetta skuli hafa komið fyrir hann.

Ég ætla að öðru leyti ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Ég hef gert það áður og ég tel í sjálfu sér óþarfa að fara fleiri orðum um það. Mér finnst niðurstaðan vera svo augljós að það sé engin skynsemi í öðru en að taka aðra afstöðu en þarna er lagt til. Það er betra fyrir láglaunafólk, það er betra fyrir framleiðslustarfsemina, það er betra fyrir ríkissjóð, það er betra fyrir verðlagið í landinu þannig að öll rök hníga í þá átt. En samt ætla menn að gera þetta af því bara. Af því að þetta er svona og það þýðir að sjálfsögðu ekki að vitna til samþykkta Framsfl. í þessu máli því að Framsfl. er ekki í núv. ríkisstjórn. Og það var ekki hann sem bauð þetta fram til aðila vinnumarkaðarins.

Ég vildi aðeins að lokum lýsa því yfir að ég fagna því að ríkisstjórnin hefur ákveðið að falla frá virðisaukaskatti af fólksflutningum og þjónustu ferðaskrifstofa. Ég tel það vera til bóta en minni á að 2. minni hluti efh.- og viðskn. lagði það til að virðisaukaskattur á gistingu væri jafnframt felldur niður. Ég tel jafnframt vera til bóta að opna fyrir heimild til að endurgreiða uppsafnaðan virðisaukaskatt af fjárfestingu fyrri tíma í ferðaþjónustu og tel það sjálfsagt réttlætismál og það muni mýkja þá breytingu sem hér á sér stað.

Ég vildi aðeins segja í sambandi við brtt. meiri hlutans að öðru leyti að þar er gert ráð fyrir því að inn séu tekin nú á síðustu stundu ákvæði er varða svokallaðan búseturétt sem þó skuli ekki taka gildi fyrr en í ársbyrjun 1995. Við í minni hlutanum höfum lagt til að 9. gr. frv. verði felld niður og haldið áfram að endurskoða hana þar með talin ákvæðin um búseturéttinn. Ég vildi spyrja eftir því hvort hæstv. félmrh. sé í húsinu því ég hygg að breytingartillögur varðandi þetta mál hafi fyrst og fremst komið frá hæstv. félmrh.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Félmrh. er í húsinu og verður gert viðvart.)

Hér er gert ráð fyrir því að taka þetta mál inn með þessum hætti sem er ekkert nema gott um. Ég vil jafnframt geta þess að Alþýðusamband Íslands hefur í dag sent fulltrúum í efh.- og viðskn. bréf þar sem óskað er eftir endurskoðun á vaxtabótum með tilteknum hætti og tel ég nauðsynlegt að fá ráðrúm til að fara ofan í þá beiðni en það verður aðeins gert með því að fresta þessu máli í heild sinni.

Sú tillaga sem hér er mun þar að auki ekki koma að neinu gagni og það er e.t.v. það versta. Það er gert ráð fyrir því að þeir sem eiga Búsetaíbúðir geti fengið sem vaxtabætur vexti af skuldum sem þeir stofna til vegna framlags síns í íbúðina, þ.e. á bilinu 20–30%. Ef þetta er t.d. íbúð sem kostar 10 millj. og lánið er 2 millj. þá er um að ræða vexti að hámarki 7% sem eru 140 þús. kr. Nú er skerðingarákvæði laganna með þeim hætti að ef viðkomandi aðili hefur 2 millj. kr. í tekjur þá skerðast þessi 140 þús. um 6% af tekjum eða um 120 þús. kr. þannig að þetta mun eingöngu koma að gagni hjá aðilum sem hafa mjög lágar tekjur og hafa ekki möguleika til að greiða af svo dýrum íbúðum í þessu tilviki. Þannig að þótt reiknað sé út af fjmrn. að þessi brtt. kosti 15 millj. þá tel ég að hún kosti nánast ekki neitt vegna þess að hún muni ekki koma að neinu gagni. Hún mundi sennilega kosta 15 millj. ef þetta kæmi allt til frádráttar en skerðingarákvæðið vegna tekna mun taka það allt til baka. Og það virðist vera að hæstv. félmrh. hafi ekki gert ráð fyrir því. Þetta er náttúrlega með eindæmum hvernig farið er með þessi vaxtabótamál. Það er verið að breyta þessu út og suður með tillögum frá hæstv. félmrh. og það er enginn sem kemur auga á það að brtt. verði til gagns. Ég spyr nú: Hvers konar stjórnarhættir eru þetta eiginlega í vaxtabótamálum? Væri nú ekki nær, hæstv. félmrh., að fresta öllu þessu máli í stað þess að vera að lögfesta frá og með 1. jan. 1995 eitthvað sem enginn botnar í? Og þá er nú nær að taka frv. hæstv. umhvrh. sem hann flutti hér á síðasta þingi sem þingmaður um þetta mál og lögfesta það vegna þess að það er ljóst samkvæmt því frv. að öll vaxtagjöld vegna Búsetaíbúðanna verða þá frádráttarbær. En að vera að koma með svona einhverjar málamyndatillögur til þess að bæta eitthvað, ég veit ekki hvað, gefa vonir til fólks sem er í miklum vanda og koma með lausnir sem munu ekki koma neinum að gagni, hverjum er það til góðs? Þessi tillaga var kynnt í efh.- og viðskn. nú á fundi fyrir stuttu síðan og ég sé ekki betur en þarna hljóti að vera um einhver mistök að ræða. Ég er ekki að ætla það að hæstv. félmrh. vilji gera neitt annað en gott í þessum málum og koma þessum aðilum til aðstoðar. Ég er viss um að það er tilgangurinn. En tillögurnar munu ekki verða til þess og þess vegna held ég að það sé miklu betra að geyma málið og bíða betri tíma og taka þá jafnframt fyrir þær tillögur sem hafa komið frá Alþýðusambandi Íslands í sambandi við þetta mál.

Virðulegur forseti. Ég vitna að öðru leyti til framsöguræðu minnar við 2. umr. þar sem ég gerði grein fyrir breytingahugmyndum 2. minni hluta. Ég sé ekki ástæðu til þess að orðlengja um þetta mál en vænti þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn taki rökum í þessu máli, beygi sig fyrir staðreyndum og breyti þeirri stefnu sem stendur til að koma í framkvæmd með nokkurra daga fyrirvara, ekki síst vegna þess að ríkisstjórnarmeirihlutinn veit að það er óframkvæmanlegt að gera svona hluti með nokkurra daga fyrirvara svo að nokkurt vit sé í. Það mun koma í ljós á fyrstu dögum ársins og ég segi fyrir mig að ég mundi ekki þurfa að bera ábyrgð á því, sérstaklega ef það væri algerlega andstætt samviskunni eins og mér heyrist að flestir telji sem ætla að fylgja þessum óskapnaði.

Útbýting þingskjals:

Skattamál, 251. mál, brtt. KE o.fl., þskj. 484.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Breytingartillaga á þskj. 484 er of seint fram komin og verður því að leita afbrigða um að hún megi koma til umræðu og afgreiðslu.

[22:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JE, JóhS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁJ, EL, FI, FrS, GuðjG, GunnS, HBl, IP, JGS, JVK, LMR, MB, ÓE, PJ, RA, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

[22:08]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frhnál. 3. minni hluta efh.- og viðskn. Um afstöðu okkar til málsins í heild vísast til ítarlegs nefndarálits á þskj. 411 og sömuleiðis brtt. sem fluttar eru og endurfluttar verða eða endurvaktar verða við 3. umr. að svo miklu leyti sem þær eru ekki þegar sjálfafgreiddar eða verða sjálfafgreiddar með því samkomulagi sem orðið hefur í málinu.

Það hefur orðið sú ánægjulega breyting á milli 2. og 3. umr. að tekist hefur um það samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og stjórnarandstöðunnar að gera tilteknar breytingar á málinu og því fögnum við. Þetta snýr fyrst og fremst að því að fella niður áður áformaða upptöku virðisaukaskatts á almenningssamgöngur og þjónustu ferðaskrifstofa. Við hljótum hins vegar að harma það að skrefið var ekki stigið til fulls eins og ég hygg að ærin rök hafi verið til og virðisaukaskattur tekinn af allri ferðaþjónustunni. Það hefur rækilega komið fram í þessari umræðu að þar er á ferðinni sú grein sem menn binda miklar vonir við hvað varðar störf og gjaldeyristekjur í landinu á komandi árum og einmitt yfirstandandi ár er okkur ánægjuleg sönnun þess hvaða möguleikar búa í þessari atvinnugrein en talið er að gjaldeyristekjur munu aukast milli ára um 2.500 millj. af greininni, þar af að raungildi um um það bil helming af þeirri upphæð þrátt fyrir gengisbreytingar og ætla má að beinar tekjur ríkissjóðs af

þessum vexti greinarinnar, af þessum viðgangi í ferðaþjónustunni, séu nálægt 500 millj. kr. Það er þess vegna augljóst mál að þeir hagsmunir sem ríkið á í því að greinin fái að dafna og vaxa með sama hætti á næstu árum og hún hefur gert er miklum mun meiri en þeir sem felast í skattlagningu af þessu tagi. Þvert á móti er veruleg ástæða til að ætla að upptaka skattlagningarinnar og þar með lakari starfsskilyrði ferðaþjónustunnar muni í heild sinni skila sér í minni tekjum en ekki meiri til ríkissjóðs þegar dæmið verður gert upp.

Það er alveg ljóst að þessar breytingar eru þó til mikilla bóta og sérstaklega eins og áður sagði fögnum við því að almenningssamgöngurnar eru þarna teknar sem heild en ekki eins og áður var áformað fyrir 2. umr. *einungis skattinum létt af að hluta til hér á* almenningssamgöngum á vegum sveitarfélaga.

Eins og komið hefur fram þá styður Alþb. upptöku lægra skattþreps á matvöru. Það er í samræmi við þá stefnu sem við höfum haft að það beri að hafa lægri skatta eða enga á *brýnustu lífsnauðsynjar eins og* matvæli, á svið eins og menninguna og almenningssamgöngur. Við teljum að til lengri tíma litið sé það almenningi tvímælalaust til hagsbóta að haga tekjuöfluninni þannig að þessum mikilvægu sviðum sé hlíft við *skattlagningu*.

Um brtt. þær sem liggja nú fyrir af hálfu meiri hlutans er því fljótsvarað að við getum stutt þær nánast allar. Ég vil þó hafa þann fyrirvara á um brtt. varðandi húsnæðissamvinnufélögin eða hlutaeignaríbúðir, sem fjallað er um í 2. tölul. brtt. á þskj. 483, að það er afar óljóst að hve miklu liði ef nokkru þessi breyting kemur þeim sem í hlut eiga og ástæða er til að ætla eins og hv. síðasti ræðumaður gerði að umtalsefni að það geti orðið næsta lítil búbót að því fyrir þá sem eiga í hlut. Ég tel þó að í þessari brtt. felist viss viðurkenning á því að réttur þeirra sem þarna eiga í hlut og hafa verið algerlega útundan, sé viðurkenndur hversu haldgóð sem þessi breyting svo er. Ég leyfi mér því að vona að komi það í ljós að með þessari útfærslu náist ekki sá árangur sem ætlað var til að létta greiðslubyrði þeirra sem búa í húsnæðissamvinnufélögum þá verði það lagfært. Og það er auðvitað alveg ljóst að til þess að dæminu sé lokað þarf að taka saman áhrifin af því annars vegar að þeir sem eru í búseturéttaríbúðum njóti vaxtabóta á búseturéttarhlutnum og hins vegar húsaleigubætur sem taka til leigukostnaðarins eða útgjaldanna að öðru leyti. Þegar það tvennt hefur verið skoðað í samhengi þá ætti ekki að vera vandkvæðum bundið að finna út sambærilegan stuðning við þennan hóp, þ.e. þá sem eiga hluta af sínu húsnæði sjálfir og borga af þeirri fjárfestingu, en greiða að öðru leyti leigu en það er í raun tilfelli með þá sem búa í búseturéttaríbúðum. Því leyfi ég mér að vísa til þess að þessi atriði verði skoðuð í samhengi en hæstv. ríkisstjórn hefur eins og kunnugt er boðað framlagningu frv. um húsaleigubætur á Alþingi eftir áramótin.

Að lokum vil ég, hæstv. forseti, gera að umtalsefni það samkomulag fjögurra flokka sem gerð hefur verið grein fyrir og kemur fram í brtt. meiri hlutans í 1. tölul. og lýtur að því að taka af vafa um það að framlög til stjórnmálaflokka séu frádráttarbær með þeim takmörkunum sem greinir í 4. gr. þeirra laga. 3. minni hluti styður þetta samkomulag og við gerum það ekki síst í trausti þess að það nefndarstarf, sem hæstv. forsrh. hefur gefið yfirlýsingu um, leiði til samkomulags um skynsamlegar reglur á þessu sviði sem að okkar mati er löngu tímabært að setja.

Ég held að ég hafi ekki um þetta fleiri orð, hæstv. forseti. Það er að mínu mati heppilegast að þessi nefndarskipan komist á hið fyrsta og ekki ástæða til þess að menn gangi bundnir af yfirlýsingum hér á þessari stundu til þeirrar endurskoðunar eða þess starfs sem þar bíður.

Ég vil svo að lokum, hæstv. forseti, segja að við fögnum þeim breytingum til bóta sem orðið hafa á þessu frv. og getum í heildina sæmilega við málið unað eins og það er nú orðið, ekki síst í ljósi þess að með lögfestingu lægra skattþreps á matvæli kemst gamalt og nýtt baráttumál Alþb. í höfn.

[22:16]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að fara nokkrum orðum um skattafrv. ríkisstjórnarinnar eins og það er nú orðið eftir 2. umr. og jafnframt að gera grein fyrir afstöðu *minni og Kvennalistans til ákveðinna* brtt. sem eru hér á ferð í upphafi 3. umr.

Það er vert að velta því fyrir sér eins og oft áður hvernig vinnubrögðum er háttað á Alþingi. Hér erum við enn eitt kvöldið að ræða þessi alvarlegu og mikilvægu *fjármál ríkisins og maður hefur það oft á tilfinningunni* að maður viti varla hvað er verið að gera. Og það gildir um sumar þær breytingartillögur sem hér eru lagðar fram. Það er í raun og veru afar slæmt að standa frammi fyrir því að það sé verið að leggja til breytingar og það gefst *ekki tími til* þess að kanna hvað þær fela í sér. Það gildir bæði um þá breytingu sem ...

(**Forseti** (SalÞ): Það er svolítill óróa í salnum.)

Já, það er rétt hjá forseta, það er mikill óróa hér í salnum og hefur verið í kvöld og skýrist af ákveðnu *máli sem hér er í farvatninu og hefur valdið miklum* æsingi meðal þingmanna Reykjavíkur og mun væntanlega skýrast hér seinna í kvöld. En ég var þar komin ræðu minni að ég ætlaði að nefna þá brtt. sem hér er og snertir málefni Búseta. En sannleikurinn er sá að Búseti hefur sótt það mjög fast að fá inn þá breytingu sem hér er á ferð og snertir vaxtabætur en því miður hafði nefndin engan tíma til þess að kanna hvað þetta þýðir í raun og veru fyrir þá einstaklinga sem eru félagar í Búseta eða samtökin í heild. Það ber auðvitað alltaf að harma það þegar verið er að koma inn svona breytingum og maður hefur sterklega á tilfinningunni að það viti í rauninni enginn raunverulega hvað er verið að gera. Ég held að við getum mikið lært af þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið við lýði undanfarna daga.

Fyrsta brtt. sem hér er lögð fram af hálfu meiri hlutans snertir það atriði að framlög til stjórnmálaflokkanna verði frádráttarbær til skatts, þ.e. fyrirtæki sem veita stjórnmálaflokkum stuðning geti dregið þau fram-

lög frá skatti. Við kvennalistakonur teljum eðlilegt að fyrst séu settar reglur um starfsemi stjórnmálaflokka, þær skyldur sem þeir hafa gagnvart sínum umbjóðendum og löggjafanum, bókhaldsskyldu og annað slíkt áður en farið er að taka ákvarðanir um framlög af þessu tagi, að framlög af þessu tagi séu undanþegin skatti, okkur finnst það eðlilegra að sá framgangsmáti eigi sér stað. En okkur er það ljóst að lýðræðið kostar peninga og það er bæði nauðsynlegt og eðlilegt að stjórnmálaflokkar og samtök njóti stuðnings af hálfu opinberra aðila til þess einmitt að tryggja lýðræðið í landinu og lýðræðislega umræðu. Og ég veit það t.d. að á Norðurlöndum eru veittir miklu meiri styrkir en hér. M.a. var mér sagt að í Noregi þurfi menn engu að kosta til framboða, það er allt borgað af ríkinu. Það þætti nú Sjálfstfl. líklega góður stuðningur sem ver miklum kostnaði í prófkjör. En mergurinn málsins er sá að við gátum ekki sætt okkur við þessi vinnubrögð sem hér eru viðhöfð og hefðum talið eðlilegra að sú nefnd, sem verið er að leggja til að kanni þetta mál og semji reglur, eða komi sér saman um reglur að hún hefði fyrst skilað af sér áður en farið er að breyta lögum eins og þessum.

Ég minntist aðeins á þá tillögu sem hér er og 2. liður þessara brtt. sem snerta málefni Búseta og það er svo sem ekki mikið um það að segja. En það tengist einmitt þeirri brtt. sem 2. minni hluti hv. efh.- og viðskn. hv. leggur til um að það hefði í raun og veru átt að fresta öllum þessum vaxtabótaútfærslum og skoða málið betur í samhengi. Þá hefði Búseti komið þar inn í. Vandinn snýst um að það er búið að gera samkomulag um húsaleigubætur eftir því sem okkur skilst af fréttum þó allt sé óljóst um útfærsluna í þeim efnum og þeir sem búa í búseturéttaríbúðum eru í nokkuð sérkennilegri stöðu, þeir eiga hluta af þessum íbúðum, þeir kaupa sér búseturétt. En þær íbúðir sem byggðar hafa verið á vegum Búseta hafa ýmist fengið lán í félagslegri kaupleigu eða almennri kaupleigu þannig að þarna er svona blandað kerfi á ferð og erfitt að gera sér grein fyrir hvorum megin fólk lendir. Í mínum huga er þetta mjög óljóst og hefði þurft að skoða miklu betur. Ég er nú fremur hlynnt þessum samtökum og hefði talið það mikinn kost að hér væru fleiri valkostir í húsnæðismálum og síst af öllu vildi ég að við í einhverri fjóðtfærni værum að skaða þessa starfsemi. En við hljótum að treysta því að þeir viti hvað þeir eru að gera því að Búseti hefur sjálfur þrýst mjög á að þessar breytingar nái fram að ganga.

Ég vil fagna því hér eins og aðrir að ríkisstjórnin sá að sér og ákvað að fella niður eða hætta við þær hugmyndir að leggja virðisaukaskatt á flutninga og ýmsa þjónustu sem tengist flutningum. Ég er alveg sannfærð um að þarna er ríkisstjórnin að stíga rétt skref og hefði auðvitað átt að ganga lengra og hætta við öll áform sem snerta ferðaþjónustu í landinu. Ég þarf svo sem ekki að rifja það upp hér að Svíar gerðu gríðarleg mistök í þessum efnum fyrir allnokkrum árum og það tók þá mörg ár að vinna upp þann skaða sem sænsk ferðaþjónusta varð fyrir þegar hún var skattlögð á einu bretti. Það tók þá mörg ár að vinna það upp. Menn verða einfaldlega að hugsa svona mál til enda en hér er gistingin að nokkru skilin eftir og tengist auðvitað veitingastarfsemi og það verður nú býsna flókið mál við að fást.

Við höfum í þessari umræðu rætt mikið um virðisaukaskattinn á matvæli og er svo sem óþarfi að vera að endurtaka það sem þar var sagt. Ég er enn þá jafnsannfærð um það og ég hef verið að það sé ekki verið að fara bestu leiðina til kjarajöfnunar í þessum tillögum sem hér hafa verið samþykktar þó það sé fyrst og fremst verið að færa fjármagn til þeirra sem betur standa og að aðrar leiðir hefðu verið betri til að jafna kjörin í landinu. Má þar margt nefna í því sambandi. Þó að vissulega sé það ávinningur allra að matvæli lækki þá var það tilgangur þessara kjarasamninga að bæta kjör hinna lægst launuðu en það er verið að bæta kjör allra og meira fer til þeirra sem meira hafa og meira eyða í matvæli. Þannig að ég er mjög ósátt við þessa leið sem hér er verið að fara og ég vil bara ítreka það.

Hér á eftir munum við taka afstöðu til ýmissa brtt. sem dregnar voru aftur til 3. umr. Það er kannski ekki mikið um þær að segja en ég vil þó minna stjórnarmeirihlutann á að þeim gefst enn þá tækifæri til að styðja hér tillögur til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð í stað þess að skilja hann eftir í sárum með mikinn halla. Það er auðvitað ekki hægt að afsaka það á nokkurn hátt að ríkisstjórnin skuli hafa gefist upp við fjármagnstekjuskatt ár eftir ár. En í kvöld gefst tækifæri til að bæta úr því. Nú skora ég á stjórnarmeirihlutann að nýta sér það gullna tækifæri til að rétta örlítið hallann á ríkissjóði. Þetta eru nú ekki nema um það bil 600 millj. sem nást með þessu að mati Þjóðhagsstofnunar. En jafnframt þeirri tillögu þá gefst Sjálfstfl. líka gullið tækifæri á því að fella niður hinn margumræddu ekknaskatt sem Þuríður Pálsdóttir sjálfstæðiskona og varaþingmaður hefur barist ötullega gegn og verður fróðlegt að sjá hvernig sjálfstæðismenn reynast henni hér í kvöld þegar sú tillaga verður borin upp að fella niður þennan skatt.

En virðulegi forseti, þrátt fyrir að vinnubrögð í þessu máli hafi nú verið heldur hraðsoðin þá höfum við þó séð dæmi um að lýðræðið virkar í þessum efnum. Aðilar koma á fund efh.- og viðskn. og skýra sín sjónarmið og senda frá sér ýmis gögn. Og sem betur fer þá sjá menn að sér þegar menn falla frá alls konar vitlausum hugmyndum. Það hefur gerst í þessu frv. og því ber vissulega að fagna þó að ég hefði óskað þess að lengra hefði verið gengið. Ég bið þingmenn að gleyma því ekki að í þessu frv. er verið að leggja auknar álögur á almenning í landinu. Það var samþykkt í dag hækkun á tekjuskatti. Og í þessu frv. er ýmislegt annað sem veldur því að við kvennalistakonur getum ekki stutt þetta frv.

[22:28]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil einungis nota þetta tækifæri til að leiðrétta það sem mér fannst vera smá misskilningur hjá hv. 18. þm. Reykv. Hún komst þannig

að orði, ef ég fer rétt með, að fyrst þyrfti að setja lög um bókhald stjórnmálaflokka o.s.frv. áður en framlög væru gerð frádráttarbær til skatts. Misskilningurinn felst í því að þessi framlög hafa verið frádráttarbær til skatts í framkvæmdinni áratugum saman og það er einungis núna í fyrrasumar að skattstjórar taka sér það fyrir hendur að strika þetta út sem kostnaðarliði og neita að viðurkenna þetta sem kostnað hjá fyrirtækjum. Með þessari breytingu sem hér er lögð til er einungis verið að staðfesta þá framkvæmd sem verið hefur á skattalögunum en ég get alveg tekið undir það með henni að það er eðlilegt að setja lög eða fjalla um starfsemi stjórnmálaflokkanna með þeim hætti að það náist um það samkomulag hvaða lagarammi á að gilda um þau mál. Þetta er ekkert einfalt mál, fyrst og fremst vegna þess að stjórnmálaflokkar starfa ekki í einni einingu, þetta eru mörg og aðskilin flokksfélög út um allt land. Það er líka spurning hvernig eigi að fara með kostnað vegna stjórnmálastarfsemi sem felst í því að einstakir menn vilja komast á framboðslista hvort sem það eru prófkjör eða annar kostnaður og margt í kringum þetta mál sem þarf að skoða. Það hefur náðst samkomulag um að það verði sett á laggirnar nefnd til að fjalla um þetta mál. Ég treysti því að það muni allir standa heiðarlega að því starfi í þessari nefnd og hún muni skila áliti sínu sem muni síðan koma hér inn í hið háa Alþingi þegar það liggur fyrir.

[22:30]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. beindi til mín þeirri spurningu: Hvers vegna leggur ríkisstjórnin fram tillögu um að hverfa frá markaðri stefnu um virðisaukaskatt í einu þrepi?

Ég vil ekki láta hjá líða að svara honum hreinskilnislega. Ég vil taka það fram strax í upphafi að ég virði það við hv. þm. Halldór Ásgrímsson að hann hefur beitt sér fyrir því í sínum flokki að fá fram stefnubreytingu í Framsfl. í skynsemisátt og ég óska honum til hamingju með það. Það gefur mér vonir til að segja að þótt orrusta hafi tapast í stríðinu fyrir því að viðhalda traustum, auðframkvæmanlegum tekjustofnum velferðarríkisins á Íslandi, þótt orrusta hafi tapast sé það stríð ekki tapað heldur megi enn vinnast.

Ég sagði að ég mæti það við hv. þm. að hann hefði komið fram stefnubreytingu í þessu máli hjá Framsfl. Ég byggi það á því að á sínum tíma fékk ég sent með áritun frá sendanda þennan bækling sem ég hér held á sem heitir Átak til endurreisnar. Framsóknarflokkurinn, tillögur í efnahags- og atvinnumálum. Dags. í mars 1993.

En þar segir um fyrstu aðgerðir þeirra framsóknarmanna sem þeir leggja til til tekjujöfnunar í 4. tölul., með leyfi forseta:

„Tekinn verði upp tveggja þrepa virðisaukaskattur. Helstu nauðsynjavörur heimilanna (matvörur) verði í lægra skattþrepi."

Nú lái mér hver sem vill að ég stóð í þeirri trú að hér væri stefnuplagg Framsfl. sem boðaði þá stefnubreytingu sem hér er lýst frá því sem var í reynd þegar við störfuðum saman í ríkisstjórn að skattkerfisbyltingunni 1987–1988. Það er hverju orði sannara sem hv. þm. sagði að á þeim tíma snerum við bökum saman í erfiðri pólitískri baráttu fyrir því að koma á fyrst undanþágulitlu söluskattskerfi og síðan eins þreps virðisaukaskattskerfi og höfum vafalaust báðir skilið það á þann veg að hér væri um að ræða veigamesta skattstofn velferðarríkisins sem þyrfti að framkvæmast með þessum hætti og væri skilvirkastur með þessum hætti. Um þetta erum við báðir sammála vænti ég. Þess vegna er sú spurning afar eðlileg sem hv. þm. ber fram, þessi: Hvernig stendur þá á því, úr því að við erum sammála um hin efnislegu rök og úr því að vitna má til stefnuyfirlýsingar núv. ríkisstjórnar um að rétt stefna sé að fækka undanþágum og breikka skattstofninn, að þetta er engu að síður niðurstaðan? Og svarið við því er mjög einfalt. Það hefur verið beygt af leið. Ástæðan er sú að forustumenn verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi gerðu það að úrslitakröfum við gerð kjarasamninga að þessi leið yrði farin. Jafnvel þegar reynt var að bjarga stöðu mála með því að bjóða annan kost á sl. hausti þá var því ítrekað hafnað af hálfu forustumanna verkalýðshreyfingarinnar. Þannig að svarið við spurningu hv. þm. er þetta:

Í ljósi þess að annars vegar var um það að ræða að ná þjóðarsamstöðu í þessu þjóðfélagi um að innsigla þann árangur stöðugleika og lágrar verðbólgu og lækkandi vaxta, þann árangur sem náðst hefur. Annars vegar var um það að ræða að varðveita þennan árangur eða taka þá áhættu að efnt yrði til ófriðar á vinnumarkaðnum, kjarasamningum sagt upp í nafni þessarar kröfu og þar með stefnt í tvísýnu öllum þeim árangri sem mestu máli skiptir fyrir almenning í landinu, fyrir heimilin í landinu, fyrir atvinnuöryggið í landinu, stöðugleika, lága verðbólgu og lækkun fjármagnskostnaðar. Þegar menn standa frammi fyrir slíkum kostum þá verður stundum að gera annað og meira en gott þykir.

Ég gæti því svarað hv. þm. með spurningu. Spurningin er þessi: Treystir hv. þm. sér til þess að ná því fram, sem mér tókst ekki og samherjum mínum, að koma vitinu fyrir verkalýðsforustuna þannig að hún fallist á skynsamlegri leiðir í þessu efni, án þess að hóta griðrofum á vinnumarkaði og ófriði á vinnumarkaði til að knýja fram þessa leið? Ef hv. þm., sem er formaður efh.- og viðskn. og hefur vafalaust kallað fyrir sig flesta aðila sem koma að framkvæmd þessa máls, hefði við það komist að þeirri niðurstöðu að unnt væri að ná þessari samstöðu um málið þá hefði hann vissulega unnið þarft verk. Ef svar hans við þessari spurningu er hins vegar það þrátt fyrir öll rök málsins að þetta gæti hann ekki tryggt þá stendur hann í sömu sporum og ríkisstjórnin, stjórnarflokkarnir, nefnilega að verða að velja á milli vondra kosta. Annars vegar að innsigla stöðugleikann, atvinnuöryggið og árangurinn með kjarasamningum til langs tíma ellegar að taka afleiðingunum af því að þetta fari allt saman forgörðum.

Ég hef heyrt að í umfjöllun hér á hinu háa Alþingi og sérstaklega í efh.- og viðskn. hafi enginn aðili sem kallaður var til nefndarinnar og beðinn að taka afstöðu til þessa máls stutt þessa leið utan þá forseti Alþýðu-

sambandsins og hagfræðingur Alþýðusambandsins. Allir aðrir hafi varað við henni.

Nú vil ég taka það fram að þetta mál er ekki nýtt. Þetta mál var ekki að gerast í gær og þetta mál er ekki þannig vaxið að engin könnun liggi fyrir um hvaða leiðir væru hentugastar til að ná markmiðinu um tekjujöfnun fyrir hina lægst launuðu í þjóðfélaginu. Þetta mál er þvert á móti þaulkannað. Það liggja fyrir niðurstöður athugana, ekki bara í fjmrn. Íslendinga heldur í fjármálaráðuneytum allra helstu grannlanda okkar, frá Noregi frá Svíþjóð frá Finnlandi, frá Bretlandi frá sl. áratug og niðurstöðurnar hafa alltaf verið hinar sömu. Um þetta þarf ég ekki að hafa mörg orð því um þetta erum við hv. þm. sem mig spurði vafalaust sammála. Niðurstöðurnar eru í stórum dráttum þær að skattalækkun í krónum talin sem er af þessari leið er mest til þeirra sem eru með mesta neyslu og hæstar tekjur.

Í annan stað að aðrar leiðir að sama marki til tekjujöfnunar eru beinskeittari, áhrifameiri, og markvissari og ódýrari út frá sjónarmiðum ríkissjóðs.

Í þriðja lagi að lækkun á hinu almenna skatthlutfalli í virðisaukaskatti gefur svipaða niðurstöðu án þess að boðið sé heim hættu á skattundandrætti í stórum stíl.

Í fjórða lagi að áhrifameiri tekjujöfnunaraðgerðir felast í því að beita tekjuskattskerfinu eins og ríkisstjórnin reyndar bauð forustu Alþýðusambandsins upp á á sl. hausti eða með beinum greiðslum til barnafjölskyldna og tekjulágra. Staðreyndin er sú þrátt fyrir öll þessi rök að ítrekað hefur því verið hafnað og því til svarað af hálfu forustumanna Alþýðusambandsins að verði þessi leið farin, hin skynsamari leið, sem tryggir betur hagsmuni hinna lægst launuðu og er ódýrari frá sjónarmiði ríkissjóðs og er mun skynsamlegri út frá sjónarmiði þeirra sem vilja viðhalda traustum tekjustofnum sem fjárhagsgrundvelli velferðarkerfisins, þrátt fyrir öll þessi rök, þrátt fyrir ítrekuð tilboð um að fara aðrar leiðir, þ.e. að beita sér þá frekar fyrir lækkun tekjuskatts og hækkun skattfrelsismarka og eingreiðslum til hinna lægst launuðu. Þrátt fyrir öll þessi boð var þessum boðum ítrekað hafnað. Þannig að menn stóðu frammi fyrir því: Vilja menn þá halda þessum tillögum, sem hinar skynsamlegri eru, til streitu og taka áhættuna af því að kjarasamningum verði sagt upp, vinnufriður rofinn og efnt til þess konar átaks í þjóðfélaginu að þeim árangri sem náðst hefur í tæpri vörn þessa þjóðfélags á erfiðum tímum verði spillt?

Og hvað er ég að tala um? Ég er að tala um að það liggur fyrir á næsta ári að verðbólga á Íslandi verður sennilega lægri en víðast hvar annars staðar í Evrópu. Í annan stað að gengisskráning krónunnar er nú með þeim hætti að samkeppnisskilyrði íslenskra atvinnuvega hafa ekki verið betri á undanförnum áratugum vegna þess að raungengi er lægra, hvort heldur er metið á mælikvarða launa eða verðlags. Ég er í þriðja lagi að tala um það að atvinnuöryggi hefur verið styrkt á Íslandi með því að færa til skattbyrði frá fyrirtækjum yfir í neyslu og það hefur borið þann árangur þrátt fyrir allt að baráttan við að hamla gegn atvinnuleysi á Íslandi hefur skilað betri árangri en víðast hvar í grannlöndum okkar. Ég er í fjórða lagi að tala um þann stöðugleika sem leitt hefur til þeirrar niðurstöðu að vextir hafa loksins lækkað. Allt þetta sameiginlega skapar forsendur fyrir enn frekari vaxtalækkun á næsta ári.

Þetta er umtalsverður árangur. Staðreyndirnar tala sínu máli. En ég hef af því áhyggjur og hafði af því áhyggjur, að ef ekki væri unnt að innsigla þennan árangur með kjarasamningum til lengri tíma þá værum við í raun og veru að tefla þessu öllu í tvísýnu. Ég vildi ekki bera ábyrgð á því. Og ég þykist vita að ef hv. 1. þm. Austurl. stæði í þeim sömu sporum, þá mundi hann hugsa sig um tvisvar áður en hann héldi hinum skynsamlegri tillögum til streitu ef þær kynnu að kosta þessa áhættu.

Þetta eru ástæðurnar, þetta eru skýringarnar og menn verða að taka þær eins og þær eru.

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika það að ég hef í engu skipt um skoðun frá því að við sameiginlega beittum okkur fyrir því að endurreisa tekjustofnakerfi velferðarkerfisins á Íslandi á árunum 1987 og 1988. Ég tel þetta miður, ég tel þetta vera tapaða orustu, ég tel að ríkisstjórninni hafi verið þarna stillt upp frammi fyrir vondum kostum af hálfu forustumanna verkalýðshreyfingarinnar. Ég ætla ekki að vera með neinar ásakanir í þeirra garð, þeir hafa birt sín rök og menn hafa getað kynnt sér þau. Ég met þau rök haldlítil vegna þess að ég tel það sannað mál að ef leið B hefði verið farin, þ.e. sú leið sem í því fólst að lækka fremur tekjuskatt og hækka skattleysismörk og skila launagreiðslum í launaumslag launþega, beingreiðslum, — ég tel að sú leið hafi ótvírætt skilað betri árangri, skilið meira eftir í vasa launþega. Fyrir utan það grundvallarsjónarmið að með þessari leið hefði ekki verið boðið upp á það að leiða menn í freistni, til enn frekari undandráttar í virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

Ég endurtek hins vegar að ég lít á þetta sem tapaða orustu, en ég lít jafnframt svo á að stefnubreyting Framsfl. styrki mig í þeirri trú að við getum aftur náð vopnum okkar, að stríðið sé ekki tapað þótt orusta hafi tapast.

[22:44]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er engin leið að svara hæstv. utanrrh. í andsvari og mun ég því svara honum betur síðar. En ég tel það vera mjög slæmt af honum að reyna nú að koma ábyrgð á aðra í þessu máli. Hann reynir í fyrsta lagi að koma ábyrgð á Framsfl. sem ályktaði um þetta mál, að það yrði tekinn upp tveggja þrepa virðisaukaskattur þar sem helstu nauðsynjavörur heimilanna verði í lægra skattþrepi. Þessum árangri er hægt að ná, hæstv. utanrrh., án þess að taka upp nýtt þrep í virðisaukaskatti, þ.e. sömu leið og farin var 1988. Þannig að það er ekkert hald í því að vitna hér í stefnumál Framsfl. Hvernig stóð á því að ríkisstjórnin lét stilla sér upp í þessu máli þegar augljóst var, eins og utanrrh. hefur tekið fram, að önnur leið var hagstæðari? Af hverju getur ríkisstjórnin ekki tekið þá

áhættu að gera þetta samkvæmt skynsamlegri leið þegar liggur ljóst fyrir að það tryggir meiri kaupmátt láglaunafólks? Hver ætlar að fara í verkfall út af því?

[22:45]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hafi hv. þm. skilið orð mín á þann veg að ég væri að varpa ábyrgð af mér, Alþfl. eða ríkisstjórninni yfir á aðra þá er það misskilningur. Ég fór viðurkenningarorðum um þá stefnubreytingu af hálfu Framsfl. sem fram er komin og vek athygli á því að það var ekki verið tala um endurgreiðslukerfi í þessari ályktun, hún var alveg skýr. Tekinn verði upp tveggja þrepa virðisaukaskattur. En látum það liggja á milli hluta. Ég hef sagt: Það er virðingarvert að Framsfl. hefur fallið frá þessu og tekið upp skynsamlegri stefnu.

Í annan stað. Það er staðreynd að þrátt fyrir úrslitakröfu verkalýðshreyfingarinnar um að fara þessa leið þá reyndi ríkisstjórnin á sl. hausti einróma að fá því hnikað til, að fá verkalýðsforustuna til að fallast á skynsamlegri leið og þá voru fram reiddar ítarlegar greinargerðir sem ég hef ekki tíma til að gera grein fyrir. Eftir stendur sú niðurstaða að því var hafnað. Þeir verða að bera ábyrgð á því, við berum sameiginlega ábyrgð á því, stjórnarflokkarnir og forustumenn ríkisstjórnarinnar, að fara þessa leið. Ég ætla ekkert að skorast undan því. En það breytir ekki því að skýringin er sú að við áttum aðeins þeirra kosta völ að taka annars vegar áhættuna af því að fórna mikilsverðasta árangrinum fyrir heimilin, atvinnulífið og atvinnuöryggið í landinu eða halda til streitu þessum tillögum.

[22:47]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að það sé á engan hátt hægt að koma pólitískri ábyrgð á þessu máli á verkalýðshreyfinguna. Pólitíska ábyrgðin er hjá ríkisstjórninni og meiri hlutanum á Alþingi. Það er Alþingi sem þarf að taka þessa ákvörðun. En því miður hafa ýmsir útreikningar í þessu máli ekki verið mjög haldgóðir. Ég nefni sem dæmi útreikninga sem eru hér í ritinu Vinnunni á bls. 6, um lækkun matarskatts sem kjarabót til hinna tekjulægstu, þeir útreikningar standast ekki.

Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh.: Voru dæmin svona hjá ríkisstjórninni? Á hverju byggði ríkisstjórnin sína ákvörðun? Hvaða upplýsingar fóru til verkalýðsforustunnar um það hverju þetta skilaði? Því það er ekki aðferðin sem skiptir máli, það hlýtur að vera árangurinn og það er hægt að ná meiri árangri með öðrum aðferðum. En mér sýnist að ríkisstjórnin hafi alls ekki komið slíku á framfæri við verkalýðshreyfinguna.

[22:48]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem hv. þm. segir, það verður engri ábyrgð af niðurstöðu Alþingis varpað á herðar annarra. Það eina sem hægt er að gera er að skýra hverra kosta var völ og síðan verður hver og einn alþingismaður að gera það upp við sig hvort hann treystir sér til að taka áhættuna af þeim kosti sem gæti leitt til verkfalla og kollsteypu.

Hv. þm. spurði: Hvaða gögn voru lögð fyrir þá aðila í forustu verkalýðshreyfingarinnar sem um þetta mál fjölluðu? Ég skal telja upp nokkur. Niðurstöður af skýrslu um þetta mál frá Svíþjóð 1983, sem heitir því merkilega nafni „Skal matmomsen släppas?" Skýrsla frá Svíþjóð 1989 „Reformerad mervärdiskatt med mera" Tvær skýrslur um úttektir á vegum breska fjármálaráðuneytisins um þetta mál frá 1985 og 1992. Norsk skýrsla frá árinu 1993. Fyrir utan niðurstöður athugana á grundvelli neyslukönnunar Hagstofu Íslands. Fyrir utan allar þær upplýsingar aðrar sem fluttar voru munnlega á grundvelli upplýsinga sem legið hafa fyrir í fjmrn. frá því að þetta mál kom fyrst til rannsókna þar snemma á síðasta áratug.

[22:50]

Frsm. 3. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ekki skrýtið að hin sögulegu hlutverkaskipti Framsfl. og Alþfl. í þessu máli verði tilefni orðaskipta. Framsfl. sem hefur tvö skattþrep í virðisaukaskatti í sinni síðustu landsfundarsamþykkt ólmast nú gegn því hér, en Alþfl. sem barist hefur fyrir einu þrepi gerir hvað? Stendur að tilboði af hálfu ríkisstjórnar inn í kjaraviðræður um það mál, flytur stjfrv. um það mál og greiðir því frv. atkvæði sitt. Auðvitað eru tilraunir ráðherra Alþfl. og forustumanna til að þvo hendur sínar í þessu máli einhver allra ömurlegasti kattarþvottur og dugar þó varla það orð, nær er að tala um hræsni, sem maður hefur séð í seinni tíma stjórnmálasögunni. Nægir til að mynda að vitna í ummæli hæstv. viðskrh. í Morgunblaðinu þar sem hann segir að þessi breyting sé ávísun á skattsvik. Og svo koma ráðherrar Alþfl. og ætla að varpa af sér allri ábyrgð og greiða atkvæði — með hverju? Því sem þeir telja vera ávísun á skattsvik og vitlausa aðferð í skattamálum. Hvert er slíkur flokkur kominn?

[22:51]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru fróðleg orðaskipti hér milli Framsfl. og Alþfl. um stefnu flokkanna í málefnum virðisaukaskatts. En það er ekki svo að Alþfl. hafi alla tíð talað um að það eigi að vera eitt skattþrep í virðisaukaskatti. Ég minni á að eftir flokksstjórnarfund á síðasta ári, í október 1992, birtist á forsíðu Alþýðublaðsins viðtal við formann Alþfl. og frásögn af þessum flokksstjórnarfundi og þar segir, með leyfi forseta:

„Fækka ber undanþágum og lækka álagningarprósentu í virðisaukaskatti, segir m.a. í ályktun sem samþykkt var á flokksstjórnarfundi Alþfl. sem haldinn var á laugardag. Jón Baldvin Hannibalsson formaður flokksins segir að með þessu sé verið að ítreka vilja flokksins til að skattstofninn verði breikkaður, tekin upp tvö þrep í virðisaukaskattinum og hann jafnframt lækkaður."

Síðan er lýst yfir sérstökum fögnuði yfir þessari stefnu í leiðara blaðsins þennan sama dag, 6. okt. 1992, fyrir 14 mánuðum.

[22:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki hafa langt mál um þessar breytingar í skattamálum, einungis drepa á tvö efnisatriði sem hér liggja fyrir í brtt. á þskj. 483.

Það fyrra er breyting á 4. gr. frv. sem bætir við og gerir ótvírætt að gjafir og framlög til stjórnmálaflokka að ákveðnu hámarki séu frádráttarbær sem kostnaður á rekstri fyrirtækja.

Ég vil segja um þessa breytingu að það er auðvitað rétt sem fram hefur komið hjá frsm. meiri hluta efh.- og viðskn., að menn hafa túlkað lög fram til þessa með þeim hætti að þetta væri heimilt og vissulega voru ákvarðanir skattstjóra frá því í fyrra, ef ég man rétt, umdeilanlegar út frá þeirri lagatúlkun og eðlilegt að menn veltu því fyrir sér hvort ekki væri nauðsynlegt, til að taka af allan vafa, að flytja um það sérstaka lagabreytingartillögu.

Ég vil segja um það mál að ég tel að það eigi að vera í lögum um tekju- og eignarskatt skýr ákvæði um meðferð þessara mála gagnvart stjórnmálaflokkum þannig að ekki leiki neinn vafi á því hvernig eigi að fara með, hvorki hjá þeim sem af hendi lætur né hjá þeim sem við tekur. Ég get því stutt þessa tillögu, þó að því tilskildu að sú nefnd sem á að undirbúa lagafrv., eins og frá var greint af hæstv. forsrh., taki til athugunar með hvaða hætti stjórnmálaflokkar eigi að ganga frá og haga sínu bókhaldi og framtalsskilum. Ég tel að þegar viðurkennt er að menn afhendi verðmæti frá atvinnufyrirtækjum til stjórnmálaflokka þá verði skattayfirvöld að hafa ótvíræðan og greiðan aðgang að þeim sem við tekur til að geta gengið úr skugga um að ekki sé neitt óhreint mél í pokahorninu.

Ég er á þeirri skoðun að stjórnmálaflokkar og félög, sem og önnur samtök sem þarna eru tilgreind, eigi að skila framtali til skattyfirvalda, eigi að vera framtalsskyld.

Og ég vildi láta það koma fram af minni hálfu að ég tel að sú nefnd sem á að undirbúa löggjöf um þetta málefni eigi að leggja þetta til og í trausti þess að menn komist að þessari niðurstöðu ætla ég að styðja þessa tillögu.

Hitt atriðið sem ég vil víkja örfáum orðum að eru þær breytingar sem lagðar eru til í annarri tillögu á þskj. 483, sem varða kaup á eignarhluta í íbúð samkvæmt 92. gr. laga nr. 86/1988. Ég vil almennt segja um þær breytingar sem þarna eru lagðar til að ég tel mjög varasamt að lögfesta breytingar sem eru komnar fram með svo skömmum fyrirvara sem þessar tillögur eru. Þær hafa ekki sést hér á borðum fyrr en í kvöld og eru það viðamiklar að ég tel fráleitt að nokkur þingmaður geti skoðað þær til sæmilegrar hlítar á þessari kvöldstund, þannig að sómasamlegt sé, til þess að greiða götu þessa máls á svo knöppum tíma. Ég hef reynt að gera mér grein fyrir málinu á þessum skamma tíma sem liðinn er síðan tillagan var lögð fram, en að sjálfsögðu hef ég ekki getað náð yfir það allt og verð að hafa ákveðinn fyrirvara á því sem ég kann að segja um það mál núna. En almennt sýnast mér vera ákveðin atriði sem menn þurfa a.m.k. að skoða.

Ég vil í fyrsta lagi nefna að þeir sem kaupa sér eignarhluta í íbúðum, hvort heldur það er í almennum kaupleiguíbúðum eða félagslegum kaupleiguíbúðum, eru skilgreindir sem leigjendur samkvæmt lögum. Þess vegna ná breytingar á vöxtum ekki yfir þá aðila, en eins og þingmönnum er kunnugt eru vextir t.d. í félagslega íbúðarlánakerfinu endurskoðaðir eftir sex ára eignarhald á íbúð og við það geta vextir hækkað úr 2,4% upp í 4,9%. Þetta á við þá sem eru skilgreindir sem kaupendur að íbúð, en séu þeir aftur innan Búseta þá eru þeir skilgreindir sem leigjendur og eru því varðir gagnvart hugsanlegri vaxtahækkun af þessu tagi.

Ég tel líka að það fari ekki vel saman að sami aðili eða einstaklingur sé skilgreindur bæði sem eigandi og leigjandi í sömu húsnæðislöggjöf, sem óhjákvæmilega hlýtur að vera ef þetta nær fram að ganga. Hann er skilgreindur sem leigjandi af viðkomandi samtökum sem eiga íbúðina, greiðir af henni leigu, en verður svo skilgreindur sem eigandi hvað varðar eignarhlutinn sem getur verið 10% eða 30% eftir atvikum. Þar með er sami framteljandi orðinn bæði eigandi og leigjandi í skattalegum skilningi.

Það vakna líka spurningar um það hvað beri að gera þegar eigandi að íbúð, eins og t.d. almennri eða félagslegri kaupleiguíbúð, leigir íbúðina. Löggjöfin er þannig að sá sem á kost á íbúðinni getur valið um þrennt. Hann getur valið um að kaupa íbúðina, hann getur valið um að leigja hana eða í þriðja lagi að leigja hana með því að kaupa sér eignarhlut. Við skulum gefa okkur sem dæmi að hann ákveði að leigja íbúðina. Þá er húsaleigan ákvörðuð þannig að þeim sem á íbúðina, framkvæmdaaðilanum, er heimilt að reikna vexti af sínu framlagi, sem annars hefði verið eignarhlutur leigjandans, inn í húsaleiguna og láta leigjandann greiða þann hlut. Þá er komin upp mismunandi staða eftir því hvort eigandinn er einstaklingur eða t.d. félag. Ég geri ekki ráð fyrir að þetta lagaákvæði sé þannig fram sett að ætlast sé til þess að t.d. byggingarfélag fái endurgreidda þessa vexti. Ég tel því að það sé nauðsynlegt að skoða þessi mál miklu betur en gefist hefur kostur á á þessum skamma tíma og líka í ljósi þess að menn ætla að leggja hér fram löggjöf um húsaleigubætur, en það kallar enn frekar á að menn fari yfir löggjöfina, bæði yfir húsnæðislöggjöfina sjálfa og skattalöggjöfina hvað varðar eigendur íbúðarhúsnæðis annars vegar og leigjendur húsnæðis hins vegar. Samþykkt þessarar tillögu gerir ekkert annað en að flækja þessi mál enn meira en orðið er og er þó grauturinn æðimikill fyrir. Ég tel að ef þingið slysaðist til að samþykkja þessa tillögu þá væru menn einfaldlega að gera sér erfiðar fyrir í endurskoðun málsins á komandi ári. Ég vara við því og ráðlegg mönnum að fresta afgreiðslu málsins eða draga þessa tillögu til baka. Ég tel það skynsamlegra út frá framhaldi málsins og það þjónar betur hagsmunum þeirra sem tillagan er ætluð.

[23:02]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara örstutt vegna þess að hv. þm. sem talaði hér á undan fjallaði um nefnd sem á að fjalla um stjórnmálaflokkana. Mér virtist nú að flest það sem hann fjallaði um í sinni ræðu hlyti að koma til skoðunar í því nefndarstarfi og flest af því sem hann sagði, ef ekki allt, er í rauninni eðlilegt innlegg inn í það starf. Ég lít svo á að stjórnmálaflokkar hafi í raun verið bókhaldsskyldir. Og ég lít svo á að þeim sé skylt að gefa skattyfirvöldum allar þær upplýsingar sem þau fara fram á, t.d. hvort framlög sem eru framtalin hjá fyrirtækjum hafi runnið til viðkomandi stjórnmálaflokks og verið til viðkomandi stjórnmálastarfsemi og að stjórnmálaflokkar hafi þurft að gefa út launamiða á þá starfsmenn sem hafi verið launaðir á þeirra vegum þannig að það væri allt saman fram talið og til skila haldið. Hins vegar þarf að sjálfsögðu að setja um þetta ákveðinn lagaramma og ég hygg að allir sem að þessu standa séu tilbúnir til að vinna að því máli.

[23:03]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég mæli fyrir brtt. á þskj. 484 við brtt. á þskj. 483, um skattamál, en það er þingflokkur Kvennalistans sem flytur þessa brtt.

Í fyrsta lagi er lagt til að á eftir orðinu menningarmál í brtt. komi þróunarhjálp, þ.e. að framlög til þróunarhjálpar séu einnig frádráttarbær á sama hátt og framlög til annarra þátta sem um getur í brtt.

Á 113. löggjafarþingi fluttu þingkonur Kvennalistans sem þá voru í neðri deild frv. til laga um að framlög til þróunarmála væru frádráttarbær frá skatti og er það á þskj. 783 frá því þingi. Það frv. náði ekki fram að ganga og þess vegna er þessi tillaga flutt hér. Vegna þess að verið er að flytja brtt. við þessa grein, þá þykir rétt að bætta þessu orði þarna inn.

Að vísu var sú brtt. gerð þannig í það skipti að þetta væri heimilt bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, ekki eingöngu fyrirtæki eins og hér er gert ráð fyrir. En þar sem mjög lítill tími vannst til að vinna þetta mál hér, þar sem tillögurnar komu fram mjög seint, þá treystum við okkur ekki til þess að fara að undirbúa víðtækari brtt. en á þessu eina ákvæði.

Mig langar til að lesa örstutt úr greinargerðinni með þessu frv. á sínum tíma, með leyfi forseta:

„Markmiðið er að hvetja fólk og fyrirtæki til að leggja sitt af mörkum til þróunarhjálpar. Ráðherra ákveður síðan með reglugerð hvaða hjálparstofnanir falla undir þessar lagagreinar. Gengið er út frá að það verði fyrst og fremst viðurkenndar alþjóðlegar hjálparstofnanir, svo sem Þróunarsamvinnustofnun Íslands, Rauði krossinn, Hjálparstofnun kirkjunnar, UNIFEM o.fl. Flutningskonur frumvarpsins telja að samþykkt þess yrði almenningi hvatning til aukinnar liðveislu við fólk í þróunarlöndum."

Þetta stóð í þessu frv. sem Málmfríður Sigurðardóttir var 1. flm. að.

Ég þarf varla að gera frekari grein fyrir þessu ákvæði svo sjálfsagt sem ég tel að það sé að meiri hluti Alþingis geti fallist á þessa brtt.

Í öðru lagi leggjum við til að orðið stjórnmálaflokkar falli brott úr brtt. á þskj. 483. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur þegar gert grein fyrir afstöðu okkar kvennalistakvenna í sinni ræðu og eins og fram kemur í nál. 2. minni hluta þá styður hún ekki þetta ákvæði inni í brtt. og þess vegna er þessi tillaga okkar eðlilegt framhald af því.

Hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, sagði áðan í umræðunni að aðeins sé verið að staðfesta framkvæmd. Þetta þótti mér mjög merkileg yfirlýsing. Mér þótti mjög merkilegt að það hafi í raun verið framkvæmt með þeim hætti að framlög til stjórnmálaflokka hafi verið frádráttarbær frá skatti. Til hvers er þá verið að hafa þetta ákvæði í lögum yfirleitt, í 31. gr.? Til hvers er verið að hafa ákvæði í lögum þar sem sérstaklega er tekið fram að einstaka gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa, viðurkenndrar líknarstarfsemi og kirkjufélaga séu frádráttarbærar ef það er síðan meiningin að það skipti engu máli og að framlög til stjórnmálaflokka geti verið frádráttarbær? Þetta þykir mér mjög einkennileg yfirlýsing frá hv. 5. þm. Norðurl. v., sem jafnframt er framkvæmdastjóri Verslunarráðs, að það skipti í raun engu máli hvað stendur í lögunum. Til hvers var Alþingi að samþykkja að það ættu bara að vera einstakar gjafir til ákveðinna mála, ef það hefur síðan verið frjálst að draga framlög til stjórnmálaflokka og þá væntanlega til hvers sem er frá skatti? Mér þótti mjög sérkennilegt að hann skyldi segja það hér fyrr í umræðunni og reyndar endurtók hv. 5. þm. Vestf. þessi ummæli 5. þm. Norðurl. v. Ég átti mjög erfitt með að skilja að þetta sé í raun engin breyting frá því sem hafi verið í framkvæmd. Það getur ekki verið að það hafi verið talið eðlilegt að framlög til stjórnmálaflokka séu frádráttarbær með sama hætti og til menningarmála og líknarmála.

Eins og þingmönnum er væntanlega kunnugt hafa kvennalistakonur einnig lagt fram tillögu til þál. hér á þessu þingi. Hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, er 1. flm. og hefur reyndar ekki gefist tækifæri til að mæla fyrir þessari tillögu, en hún er á þskj. 163 um fjárframlög til stjórnmálaflokka. Þar er gert ráð fyrir að skipuð verði nefnd til þess að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka. Nú hefur hæstv. forsrh. lýst því yfir að slíka nefnd eigi að skipa og hún eigi að koma með tillögur í þessa veru, vænti ég, eins og við kvennalistakonur höfðum gert ráð fyrir. Það er auðvitað til mikilla bóta og ef þessi tillaga verður samþykkt koma væntanlega niðurstöður þessarar nefndar hér inn á borð sem fyrst. En ég tel að þarna sé algerlega byrjað á öfugum enda. Fyrst á að ákveða hvernig þessum málum eigi að koma fyrir og svo hugsanlega að breyta lögum síðar.

Ég ætla mér, frú forseti, ekki að ræða þessi mál hér frekar þar sem langt er liðið á kvöld og mikið verk enn eftir. En ég vænti þess að þingmenn sjái að það er rétt að styðja þessa brtt. sem kvennalistakonur leggja hér fram og byrja nú á réttum enda. Fyrst að setja á stofn

þessa nefnd og síðan að koma með brtt. í þingið eftir því sem nefndin þá hugsanlega ákveður, ef niðurstaða hennar er að það þurfi að breyta lögum.

[23:11]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi skilið nákvæmlega hvert hv. þm. Kristín Einarsdóttir var að fara. En ég get upplýst hana um það að tildrög þess að tekið var inn í skattalög á sínum tíma einstakar gjafir til menningarmála, vísindalegra rannsóknastarfa o.s.frv, voru einmitt þau að þessar gjafir eða styrkir höfðu verið frádráttarbærir. Það hafði verið framkvæmd skattalaga og þetta hafði verið talið til kostnaðar í þeim skilningi. En síðan hófu skattstjórar að gera athugasemdir við þessa liði og hv. þm. á þeim tíma þótti ófært að fyrirtækin gætu ekki dregið slíka liði frá skatti. Þannig að það er hin sögulega skýring á því af hverju þessir liðir eru inni. Meiningin var sú að gera þessa frádráttarliði það víðtæka að þeir mundu ná utan um þessa starfsemi.

Síðan hafa framlögin til stjórnmálaflokkanna verið í framkvæmdinni frádráttarbær. En núna fara skattyfirvöld allt í einu að fetta fingur út í þau og þá verður að taka af öll tvímæli um það hver sé hin rétta löggjöf í þeim efnum. Ég vil t.d. nefna það að mér finnst t.d. ótækt að skattyfirvöld fari að fetta fingur út í það hvað fyrirtæki sem auglýsa í Veru, sem er tímarit sem hv. þm. þekkir ágætlega, séu að greiða fyrir slíka auglýsingu og séu með einhverjar skoðanir á því hvað slík auglýsing hafi mikið markaðsgildi, en það eru ótal dæmi um slík afskipti af hálfu skattstjóra.

[23:13]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki viss um að ég hafi skilið hv. þm. Ég er ekki viss um að ég hafi skilið hvert hann var að fara. Hann byrjaði á því að tala um einhverjar sögulegar skýringar og vitnar þá væntanlega til þess að þetta hafi ekki verið frádráttarbært frá skatti. Ég get líka sagt honum að það var nú einu sinni þannig að einstaklingar máttu draga frá skatti þegar þeir gáfu til líknarmála, menningarmála og vísindalegrar rannsóknastarfsemi og þess háttar. En ég vissi ekki að stjórnmálaflokkar féllu undir neitt af því sem stendur hér í lögunum. Ekki er þetta menningarmál og ekki vísindaleg rannsóknastarfsemi og ekki viðurkennd líknarstarfsemi og ekki kirkjufélög. Ekkert af þessu eru stjórnmálaflokkar. Ef hv. þm. er að leggja það til hér við Alþingi að þetta ákvæði í skattalögum falli undir það þegar birtar eru auglýsingar í tímaritum þá þótti mér það merkilegt. Ef sú breytingartillaga sem hann er að leggja til næði ekki fram að ganga gætu þá fyrirtækin ekki auglýst lengur í Morgunblaðinu eða DV eða hvað er hann að tala um? Af hverju tekur hann Veru sérstaklega út? Það er auðvitað af og frá. (Gripið fram í.) Þannig að ég held að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sé þarna algerlega á villigötum ef hann er að leggja þessa brtt. til vegna þess að fyrirtækjum sé bannað að auglýsa í dagblöðum og tímaritum. Það getur ekki verið að það sé það sem hann á við.

[23:15]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. Kristín Einarsdóttir hefði nú fylgst aðeins með því sem hefur verið að gerast í sambandi við þessi mál nú í sumar þá hefði hún væntanlega tekið eftir því að skattyfirvöld eða skattstjórar hafa einmitt verið að fetta fingur út í það hvað væri borgað mikið fyrir einstakar auglýsingar í tímaritum sem hafa verið gefin út á vegum stjórnmálaflokka. Hvað væri greitt mikið fyrir einstakar styrktarlínur. Og það hafa verið sett á þetta óformleg verðlagshöft. Nú tók ég dæmi af Veru sem var einungis tímarit sem ég vissi að hv. þm. þekkir ákaflega vel. En sem önnur dæmi má nefna það að skattstjórar hafa verið að strika út áskriftir að Tímanum og Þjóðviljanum.

[23:16]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skal alveg viðurkenna það að ég hef ekki nákvæmt yfirlit yfir það hvað skattyfirvöld hafa verið að fetta fingur út í hjá einstaka fyrirtækjum. En hitt veit ég að það hefur verið fundið að því þegar verið er að leggja fram fjárframlög til stjórnmálaflokka og síðan er bara til kvittun eða nóta fyrir auglýsingu þó að auglýsing hafi aldrei birst. Þetta veit ég að skattyfirvöld hafa verið að fetta fingur út í, enda eru þarna bara tilbúnir styrkir og slíkir styrkir eru auðvitað ekkert annað en fals. Annaðhvort á að birta auglýsingar, ef keyptar eru auglýsingar og er ekkert nema eðlilegt, þá sjá allir hvað þar er á ferðinni. En þegar verið er að heimila auglýsingar eins og hefur verið gert án þess að þær séu raunverulega birtar, það er mjög algengt og það veit ég að skattyfirvöld hafa fett fingur út í og mér finnst eðlilegt að þau geri það.

[23:18]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. utanrrh. er kominn heim og það minnir okkur á að stutt er til jóla. (**Gripið fram í:** Hefur þú einhverja tryggingu fyrir að hann ætli að vera heima á jólunum?) En það er umhugsunarefni að þrátt fyrir mikið upplýsingaflæði úti í heimi þá grípur hann til varnar og vitnar í fyrstu vörn sögunnar, sem hljóðaði eitthvað á þessa leið: Konan sem þú gafst mér — í þessu tilfelli var það Alþýðusamband Íslands — sagði mér eða neyddi mig til. Og það sem merkilegra var, hann lýsti því yfir að í þessu máli hefði vitið ekki verið til staðar. Hann fór fram á það eða spurði hv. 1. þm. Austurl. hvort hann treysti sér til að koma fyrir þá vitinu.

Nú er það svo að sé þetta rétt hjá hæstv. utanrrh. að það þurfi að koma vitinu fyrir ASÍ í þessum efnum, sem hefur ekki löggjafarvald, ræður ekki skattalögum, setur landinu ekki lög, þá hljóta menn að spyrja hversu miklu brýnni nauðsyn er þá ekki að koma vitinu fyrir þá ríkisstjórn sem ber ábyrgð á málunum og er að setja þessi lög, sem einir fjórir aðilar hafa á stuttum tíma lýst yfir að ætti að setja þrátt fyrir að þeir hafi allir undirstrikað að þeir notuðust ekki við sitt vit í þeirri ákvarðanatöku. Sá fyrsti sem reið á vaðið með þessa

yfirlýsingu var hæstv. fjmrh. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson veifaði þessu einnig, að vísu á miklu skrautlegri og myndríkari hátt. Eitthvað á þá leið: Ef það væri hljómplata með tíu góðum lögum og einu slæmu, *mundir þú ekki kaupa hljómplötuna?* spurði þessi mikli sérfræðingur efnahagsmála Íslands. Fréttamaðurinn spurði ekki frekar.

Hæstv. viðskrh. þessarar þjóðar skrifaði grein í Morgunblaðið þar sem hann þvær hendur sínar eins og Pílatus forðum af þessu verki. Og hæstv. utanrrh. kemur erlendis frá og stígur brúnn og sannlegur í stólinn og gerir grein fyrir því að Alþýðusamband Íslands hafi haft ríkisstjórnina í herkví og þeir hafi orðið að samþykkja þessa hluti.

Þetta leiðir hugann að því að Alþfl. gaf út stefnu flokksins í skattamálum. Tillaga til þingsályktunar um stighækkandi eignarskatt til tveggja ára, með leyfi hæstv. forseta. Þykkt plagg eins og allir sjá. *Hér er látið að því liggja að það sé hægt að afnema tekjuskattinn og taka upp eignarskatt í staðinn.* Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Hverjir hræddu Alþfl. frá því að framkvæma þetta? — Hvar er hæstv. utanrrh.? Er hann horfinn úr salnum? Nú á ég allt undir náð og miskunn hæstv. forseta, hvort hæstv. forseta tekst að tæla hæstv. utanrrh. í salinn eða leitist eftir því í nafni embættis síns að hæstv. utanrrh. komi í salinn.

(**Forseti** (VS): Forseti hefur þegar gripið til aðgerða og óskað eftir því að hæstv. utanrrh. komi í salinn.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir að hafa fært þetta yfir á málfar sem hæfir hershöfðinga ef því er að skipta.

Ég tel að Alþfl. íslenski, sem er sérfyrirbrigði í jafnaðarmannaflokkum heimsins, skuldi þjóðinni skýringar á því hvers vegna þetta merkilega plagg er látið gleymt og grafið. Hann skuldi þjóðinni skýringar á því hvort þetta plagg sem var samið og boðað um land allt af hæstv. utanrrh. sem boðskapur Alþfl., stefnumörkun hans þegar hann kæmist til valda. 1. flm. er hæstv. Jón Baldvin Hannibalsson, 2. flm. er hæstv. núv. félmrh. *Ef einhverjir skyldu halda að hér væru tómir flóttamenn flutningsmenn, þá er það misskilningur.* Þetta eru þeir sem stóðu eftir sem fara í broddi fylkingar. Og svo ég þreyti forseta ekki með því að fara yfir efnislega, lið fyrir lið, þá vil ég geta þess að þetta er skilmerkilega samið. Hér merkt 8.9 (**ÓRG:** Hvað stóð á miðanum til Jóns, hvernig ...) Ég þakka nú gott tilboð. Þetta er ekki nándar nærri eins hættulegt eins og það sem hæstv. utanrrh. Jón Baldvin fékk frá ASÍ. Hér stendur, með leyfi hæstv. forseta, að stefna Alþfl. í skattamálunum er í örfáum orðum þessi: „Að létta skattbyrði launþega."

Það hafa aldrei verið hærri skattar lagðir á launþega í þessu landi en nú. Segjum að við tökum trúanlega skýringuna með virðisaukaskattinn. Hæstv. utanrrh. er ekki eini maðurinn sem hefur tapað vitinu af hræðslu. Þetta hefur hent áður, menn hafa orðið það alvarlega hræddir. Það hefur hent áður. Edison vildi prófa það forðum, sem ungur maður, hvort það væri hægt að gera svertingja svo hræddan að hann yrði hvítur. Það hafa verið gerðar ýmsar tilraunir í þessum efnum. En hver er skýringin á því (**Gripið fram í:** Að Jón er enn þá hvítur?) að aðalatriði þessa máls, með að létta skattbyrði launþeganna, hefur verið fleygt í ruslakörfuna? Ég verð nú bara að segja eins og er ... *Ég skil það vel að mönnum finnist þetta skrýtið.* — Hæstv. utanrrh. er horfinn úr salnum, nýkominn til landsins. Hæstv. forseti er þegar búinn að grípa til aðgerða til að ná honum inn í salinn. Og hv. þm. Björn Bjarnason tárast af hlátri og það hef ég aldrei séð hann gera áður.

En hvað um það. Ég tel að það séu fyrst og fremst kjósendur Alþfl. sem þurfa að fá svar við þessu og það svar þarf hæstv. utanrrh. að gefa þeim. Hann treystir sér greinilega ekki til að gefa það svar í kvöld. Hann treystir sér ekki til þess. En þetta plagg er slík pólitísk sprengja, ef farið er yfir það lið fyrir lið, að annaðhvort eru allar hugsjónir Alþfl. í skattamálum farnar vegna þess að einhver hefur hrætt þá eða þá að það er rangt sem ráðherrann sagði að þeir hefðu verið neyddir til að breyta um stefnu. Það er e.t.v. svo að hæstv. utanrrh. er búinn að gleyma öllum hugsjónum sem voru til staðar þegar hann flutti þetta máli inni á Alþingi Íslendinga, endanlega búinn að gleyma því að jafnaðarmannaflokkur þarf að hafa aðra stefnu í skattamálum en þá sem samrýmist stefnu hægri sinnaðasta flokksins í landinu á hverjum tíma. Það gengur ekki upp og það gengur ekki upp í neinu landi nema á Íslandi sá fáránleiki, að jafnaðarmannaflokkur landsins og hægri sinnaðasti flokkur landsins fari í eina sæng í skattamálum þannig að maður sér ekki á milli hvor er ánægðari með þá skattastefnu sem framkvæmd er.

[23:29]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls gerði ég grein fyrir afstöðu okkar kvennalistakvenna til skattlagningar matvæla, en sú skattlagning er ekki svo ýkja gömul. Ég tók jafnframt fram að skoða yrði gaumgæfilega hvaða aðgerðir væru helst til þess fallnar að *koma launafólki til góða nú þegar tekjuskerðing launafólks* er orðin slík að mjög alvarlegt má teljast og sést það best á því hversu margir úr hópi láglaunafólks hafa þurft að leita á náðir hjálparstofnana núna fyrir jólin.

Allmiklar upplýsingar liggja fyrir, en því miður eru þær afskaplega misvísandi og ég ætla ekki að efast um að það leikur vafi á að margar leiðir er hægt að fara til að bæta stöðu láglaunafólks eins og umræðurnar hér hafa sýnt. Það er mín niðurstaða að styðja eindregið lækkun virðisaukaskatts á matvælum. Ég lít á það sem skref í áttina að því að fella skattinn alveg niður en það er eitt brýnasta hagsmunamál launafólks, ekki síst láglaunafólks, sem eyðir a.m.k. ¼ hluta tekna sinna að meðaltali í matvæli, sem merkir það að þeir verst settu eyða stærri hluta tekna sinna í mat og þær tekjur eru ekki ríflegar.

Nokkuð hefur verið deilt um það hvort lækkun virðisaukaskatts muni skila sér til þeirra sem helst þurfa á að halda. Það sem mér finnst sitja þarna eftir er fyrst og fremst það að barnmargar láglaunafjölskyldur eru sá hópur sem líklegast er að njóti góðs af þessu burt séð

frá öllum krónutöluútreikningum. Því miður hafa þessar tölur ekki verið samkeyrðar þrátt fyrir að einhver okkar hafi sóst eftir þeim upplýsingum. En ég læt fólki hér eftir að draga sínar ályktanir því það er ljóst að í þeim töflum frá Þjóðhagsstofnun sem koma fram í nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. kemur fram að tekjulægsti hópurinn sem er tilgreindur þar eyðir fjórðungi tekna sinna í matvörur á meðan sá tekjuhæsti sem þar er tilgreindur eyðir um 15% af sínum tekjum, 15,8% svo ég sé nú nákvæm, en það eru 24,9% sem tekjulægsti hópurinn eyðir. Aftur á móti kemur einnig fram að hjón með börn yngri en 16 ára, með fjögur börn og fleiri, eyða að meðaltali 24,7% í matvæli miðað við neyslu. Þarna er um að ræða allar fjölskyldur með fjögur börn, ekki bara þær tekjulágu. Þannig að ef þessar tölur væru reiknaðar saman þá geri ég ráð fyrir því að þar fengjum við barnmargar tekjulágar fjölskyldur sem eyddu verulegum hluta tekna sinna, ég vil segja svívirðilega miklum hluta tekna sinna, til þessara nauðþurfta sem er að brauðfæða fjölskylduna. Þetta finnst mér vega afskaplega þungt og mér þykir mjög miður að við höfum ekki haft þessar tölur undir höndum, þar sem tekinn er sérstaklega sá hópur sem hefur lágar tekjur og mörg börn á framfæri. En þessar tölur hafa ekki legið fyrir þrátt fyrir fyrirspurnir um þær og þetta hefur ekki verið tekið sérstaklega fyrir í þessari umræðu.

Mér finnst nauðsynlegt að líta á þetta þar sem á sama tíma eru aðrar góðar hugmyndir uppi um að hækka m.a. barnabótaauka til þessa hóps. Það eru mjög góðar hugmyndir. En ef það á að fara út í einhvern samanburð þá verður sá samanburður að vera á réttum nótum þannig að það sé verið að líta á sama hópinn, þá sem þurfa á því að halda, vegna fjölda barna og lágra tekna, að fá verulega kjarabót. Meðaltalstölur sem við höfum séð í þessum umræðum, að láglaunafólk muni fá að meðaltali eitthvað um 3.000 kr. viðbótarráðstöfunartekjur á mánuði með þeim aðgerðum sem hér hafa verið samþykktar í 2. umr., segja ekki nema hálfa söguna því það vantar þarna inn í að afmarka barnafjölskyldurnar sérstaklega og þá sérstaklega barnafjölskyldurnar sem hafa mörg börn á framfæri og litlar tekjur til að mæta útgjöldum sínum.

Það sem er kannski nöturlegast í allri þessari umræðu er að við erum að tala um, hvaða leið sem farin yrði, aðgerðir sem duga ekki til þess að hleypa þessum stóra hópi sem nú er að leita neyðarhjálpar upp á það stig að geta framfleytt sér og sínum svo sæmd sé að, án þess að vera með neina ofrausn. Þetta finnst mér einfaldlega staða sem við eigum ekki að sætta okkur við í þessu samfélagi sem við búum í.

Það hefur líka svolítið verið rætt hvort hér sé um að ræða skattlagningu á réttum matvælum og ég tek undir gagnrýni þeirra sem benda á að hér er verið að lækka virðisaukaskatt af munaðarvöru sem telst til matvæla. Það tel ég að sé óþarfi og ég held að það hafi ekki verið nauðsynlegt. Það er miður að hluti af þessu tekjutapi ríkissjóðs skuli fara í slíkt vegna þess að þetta er einfaldlega ekki forgangsefni. En þetta lýsir sama hugsunarhætti og því að sjá allt því til foráttu að skattleggja sérstaklega lúxusvarning af öllu tagi. Þetta er gjarnan gert í skjóli þess að kerfisbreytingar séu svo erfiðar. Ég held að ég láti mér nægja að vísa til ræðu hv. 6. þm. Vestf. um það að menn mikla dálítið fyrir sér kerfisbreytingar, en hún flutti sína ræðu við 2. umr. þessa máls.

Sem betur fer hefur barátta okkar stjórnarandstæðinga fyrir því að reyna að ná út hluta af því versta sem fólst í þessu frv. borið nokkurn árangur og vísa ég þá sérstaklega á þann árangur sem hefur náðst vegna fólksflutninga og ferðaþjónustu, að þeim hluta sem þar á við. Þarna hefði að sjálfsögðu verið betra að ná meiri árangri, en við erum allavega að horfa fram á það að staðan er betri en hún hefði verið ef frv. stjórnarsinna hefði verið samþykkt óbreytt.

Ég held að ég lengi þessa umræðu ekki mikið meira með athugasemdum að þessu sinni og vísa til þess sem hv. 15. þm. Reykv. sagði um brtt. okkar kvennalistakvenna, þótt full ástæða væri til að fara nánar út í þau mál.

Ég vil að lokum geta þess varðandi þá brtt. að ég held að við göngum afskaplega skammt í átt til þess að veita þá þróunarhjálp sem okkur væri sæmandi sem þjóð. Þar af leiðandi sé það meira en sjálfsagt að reyna a.m.k. að koma til móts við þau fyrirtæki sem kjósa að verja sínum fjármunum til þróunarhjálpar, því þar er mikið verk að vinna og við þurfum bæði að vera tilbúin til þess að líta alvarlega á stöðu þeirra sem verst eru settir í okkar þjóðfélagi og þeirri veröld sem við lifum í.

[23:39]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er spurning hvort hægt væri, hæstv. forseti, að fá að ná eyrum hæstv. utanrrh. sem í raun og hóf þessa umræðu veru með þeim hætti sem hún hefur staðið nú um nokkurt skeið, þannig að það sé hægt að fara aðeins yfir málin með honum með hliðsjón af því að fáir menn eiga sér í rauninni skrautlegri sögu í matarskattsmálum en einmitt hæstv. utanrrh. En áður en ég kem að því sérstaklega og meðan það er kannað, sem ég vænti að forseti geri, hvort kostur er að fá ráðherrann hingað, þá ætla ég að víkja að nokkrum atriðum sem hér hafa komið fram hjá öðrum aðilum.

Hæstv. forseti. Um árabil, mér liggur við að segja um áratuga skeið, hefur það verið þannig að þegar kjarasamningar hafa verið gerðir sem hafa náð til flestallra aðila á hinum almenna vinnumarkaði, ASÍ og VSÍ, hefur það aftur og aftur gerst að þar hafa fengist pólitískar niðurstöður sem Alþingi hefur síðan tekið til meðferðar. Og það hefur verið reglan að langflestir stjórnmálaflokkar hafa, jafnvel þó þeir hafi viljað gagnrýna einstök atriði í því sem fram hefur komið, tekið við þessum niðurstöðum. Ég hygg að það sé á engan flokk hallað þó það sé fullyrt að enginn flokkur hafi gengið framar í kröfum að því er þessa hluti varðar en Framsfl. Framsfl. hefur gert kröfur til þess að Alþingi og ríkisstjórn á hverjum tíma tæki jafnan við því sem kæmi frá svokölluðum aðilum vinnumarkaðarins í öllum meginatriðum.

Það sem mér er efst í huga í þessu efni eru samningarnir 1986 þegar Framsfl. fór með stjórnarforustu og stýrði samsteypustjórn með Sjálfstfl. Þá voru gerðir samningar sem m.a. breyttu mjög verulega húsnæðiskerfinu sem reyndist mjög erfitt að standa við. Um þetta leyti voru einnig gerðir samningar sem höfðu það í för með sér að bifreiðar lækkuðu stórkostlega í verði. Og það var talin kjarabót fyrir hina almennu launamenn í landinu. Þá var flokkur á Alþingi Íslendinga sem hét Bandalag jafnaðarmanna og hreyfði athugasemdum við þessari kjarasamninganiðurstöðu en þorði þó ekki að lokum að greiða atkvæði gegn niðurstöðunni eins og hún lá fyrir í frumvarpsformi hér. Þorði ekki, segi ég, hæstv. forseti, fyrst og fremst vegna þess að þáv. ráðherrar Framsfl. og Sjálfstfl. höfðu hamast á þingmönnum þessa flokks fyrir ábyrgðarleysi að því er þessa hluti varðar.

Ég lít ekki þannig á, hæstv. forseti, að það eigi að taka öllu sem svokallaðir aðilar vinnumarkaðarins samþykkja eins og endanlegum sannleika og að hlýða því. Það er ekki svo. Og ég get viðurkennt að það hefur oft komið fyrir í þeim ríkisstjórnum sem ég hef átt þátt í að mér hefur nánast að segja blöskrað það sem komið hefur út úr þessum samningum. Engu að síður þegar um heildarsvip mála hefur verið að ræða hafa menn kosið að fallast á þessa hluti í öllum meginatriðum. Og hvers vegna segi ég þetta, hæstv. forseti? Ég segi það vegna þess að fyrr í kvöld lét varaformaður Framsfl. falla orð sem ég tel algerlega ný af hálfu framsóknarmanna á Alþingi, a.m.k. þann tíma sem ég hef hér setið. Orðin voru þessi: Hver ætlar svo í verkfall út af því? Með öðrum orðum var spurt eða sagt nánast með þessari spurningu að ríkisstjórnin hefði átt að taka þá áhættu að menn hefðu jafnvel lagt til verkfalls fremur en að fallast á þá niðurstöðu sem kom út úr kjarasamningunum sem var þó ekki fundin upp af verkalýðshreyfingunni heldur birtist í tilboði sem ríkisstjórnin sjálf gerði aðilum vinnumarkaðarins. Og hefði það þá ekki verið sérkennilegt eftir að verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur höfðu fallist á þetta tilboð ríkisstjórnarinnar að menn hefðu þá sagt sem svo við þessa aðila vinnumarkaðarins: Látið þið þetta eiga sig. Förum aðra leið. Og hver ætli svo sem fari í verkfall út af því?

Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti. Ég hef séð miklar breytingar á mönnum og flokkum og stjórnmálasamtökum í þessum sal þann tíma sem ég hef setið hér. Ég hygg að þær myndbreytingar sem mér birtast á þessu kvöldi í forustu Framsfl. séu algerlega með ólíkindum. Og ég segi: Framsóknarforustan hefði aldrei sagt þetta nema af því að hún er í stjórnarandstöðu. Hún hefði aldrei sagt þetta við verkalýðshreyfinguna eða atvinnurekendur ef hún hefði verið í stjórn af því að þá heldur framsóknarforustan ræðurnar um hina ábyrgu stjórnmálaleiðtoga.

Með þessu, hæstv. forseti, er ég ekki að segja að menn eigi að taka hverju sem kemur út úr kjarasamningum. Ég er að segja: Mig undrar að heyra hjá varaformanni Framsfl. setningu af þessu tagi: „Hver ætlar í verkfall út af því?" Sérstaklega þegar það líka lá fyrir, hæstv. forseti, og hefur legið fyrir um margra mánaða skeið að verkalýðshreyfingin hefur talið sig bundna af þeirri niðurstöðu sem þarna var um að ræða. Hvað svo sem efni málsins leið, sem ég ætla að koma að aðeins á eftir, þá töldu menn sig bundna og þess vegna hlutu menn að fylgja hlutunum eftir með þeim hætti sem gert var.

Út af fyrir sig er það líka athyglisvert að þetta skuli gerast með þeim hætti sem við sjáum hér í salnum í kvöld. Ég tala ekki um á laugardagskvöldið þegar þess er gætt að valdamesta stofnunin í Framsfl. hefur gert samþykkt um allt annað á sínu síðasta flokksþingi. Það er býsna athyglisvert, hæstv. forseti. Ég vænti þess að allmargir alþingismenn hafi lesið eða muni lesa síðasta bindið af ævisögu Jónasar Jónssonar frá Hriflu. Þar segir glöggt frá glímu hans við flokksþing Framsfl. um árabil og með hvaða hætti hann vildi að hlutirnir gengju þar fyrir sig. Þá var uppi sú lína í Framsfl. og reyndar í fleiri flokkum að flokksþingin ættu að geta bundið þingmenn. Á þeim tíma töldu ýmsir af forustumönnum þess flokks og reyndar annarra líka að það væri fráleitt en aðrir töldu það rétt.

Auðvitað stenst það ekki að flokksþing bindi þingmenn á höndum og fótum. Það er rétt sem hv. 1. þm. Austurl. hefur hér sagt aftur og aftur. Auðvitað er það ekki svo. En það kemur engu að síður á óvart að hlutirnir gerist með þeim hætti sem þeir hafa birst okkur hér.

Nú eru þeir sem tala fyrir þessari stefnu hér einir á báti. Vissulega er hér um að ræða má segja flokkslega stefnu Alþb. og ég skil það vel að það sé erfitt fyrir ríkisstjórnina, Alþfl. og Sjálfstfl., að tala fyrir stefnu Alþb. Það hefur vafist fyrir þeim og þeim er auðvitað nokkur vorkunn í þeim efnum. Það hefur líka oft verið hálfvesældarlegur málflutningur til réttlætingar á þessum niðurstöðum enda má segja að þeir séu ekki í mikilli æfingu að tala fyrir stefnu Alþb. En gott og vel, þakka ber þá tilraun sem uppi hefur verið höfð í þeim efnum.

Alþýðusamband Íslands hefur stutt þessa stefnu og þessar kröfur og Vinnuveitendasamband Íslands. Það hafa fleiri aðilar gert eins og Stéttarsamband bænda t.d. Og það er skrýtið að í umræðum hér í kvöld er talað um það eins og einhverjir örfáir aðilar úti í þjóðfélaginu standi að þessu í kringum hina helgu verkalýðsforustu þegar þess er gætt að á bak við þetta eru flokkssamþykktir fleiri en eins stjórnmálaflokks og fleiri en tveggja. Það eru samþykktir alþýðusambandsþinga, verkalýðssambandaþinga hvarvetna og það eru samþykktir frá stjórn Stéttarsambands bænda af stjórnarfundi sem var haldinn 15. des. 1993. Það eru samþykktir frá fleiri aðilum sem eru á bak við þessa *stefnumótun og þeim mun sérkennilegra er það að* menn skuli telja að það sé hægt að henda henni út í hafsauga og hafa hana að engu.

Vitaskuld er það svo að það er að mörgu leyti eðlilegt miðað við allar aðstæður að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skuli hafa haft uppi aðrar áherslur en Alþýðusambandið í þessum málum. Rökin fyrir því eru alveg augljós, þ.e. fyrst og fremst þau, hæstv. forseti,

að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur talið að ASÍ hafi iðulega tekið fram fyrir hendurnar á opinberum starfsmönnum að því er varðar einstakar samningsniðurstöður. Það hafi m.a. haft það í för með sér að þrengt hefur að því sem ella hefði verið hjá opinberum starfsmönnum og kennurum. Það er veruleiki sem við sem höfum komið nálægt þessum málum á undanförnum árum og áratugum þekkjum. En það breytir ekki því að við hljótum að horfa á málin eins og þau eru.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. birtir á þskj. 411 mjög ítarlegt nál. um þessi mál þar sem kemur fram hvaða áhrif lækkun matarskattsins hefur á kjör fjölskyldnanna í landinu. Hver er niðurstaðan? Hún er sú að það muni langmest um þessa lækkun hjá stórum fjölskyldum og barnafjölskyldum. Þeim mun meira eftir því sem fjölskyldurnar eru stærri og börnin eru fleiri. Það liggur alveg fyrir. Þetta eru útreikningar Þjóðhagsstofnunar. Þetta eru ekki útreikningar Alþýðusambandsins. Þetta eru ekki tölur upp úr Vinnunni eins og var vitnað í hér áðan. Þetta eru útreikningar frá Þjóðhagsstofnun. Það er því alveg skýrt að þegar kemur að hinum stóru fjölskyldum, barnafjölskyldum, sem eyða langmestum hluta tekna sinna í mat þá liggur það þannig að hér er um tekjujöfnunaraðgerð að ræða. En um það hafa út af fyrir sig verið deilur.

Árið 1978 þegar Alþb. knúði það fram að söluskattur var felldur niður af matvælum var á það deilt. Árið 1987–1988 þegar Alþfl. knúði fram söluskatt á mat, matarskattinn fræga, var um það deilt. Haustið 1988 þegar formaður Sjálfstfl. lét sér detta það í hug að lækka skatt á matvælum var það kallað rýtingsstunga og lagði að velli heila ríkisstjórn. Nú er greinilegt að það svíður enn eftir matarskattsumræðuna 1987–1988. Það er það sem liggur hér fyrir, hæstv. forseti. Það er sérkennilegt að horfa upp á það hverjir virðast vera efnislega séð bandamenn á þessu kvöldi.

Niðurstaða kjarasamninganna liggur hér fyrir. Um það eru ekki neinar deilur. Og ég fullyrði að Framsfl. hefði samþykkt þessa niðurstöðu ef hann hefði verið í stjórn. Ég fullyrði að Framsfl. hefur ekki breyst svo mikið þrátt fyrir það sem sagt hefur verið hér í kvöld að hann hefði snúið af þeim vegi. En ég spyr hv. 1. þm. Austurl. og hæstv. utanrrh.: Munu þeir, fengju þeir til þess afl, beita sér fyrir því að loknum næstu kosningum að leggja matarskatt á á Íslandi að nýju?

[23:53]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 9. þm. Reykv. gleymir því að það er hægt að ná fram lækkun á matarverði með endurgreiðslum. Það er hægt að gera það með öðrum hætti.

Ég sagði hér áðan: „Hver færi í verkfall út af því?" Það er alveg rétt. Ég tel ekki stætt á því að efna til vinnudeilna í landinu út af aðferðum til að ná kjarabótum. Það hlýtur að vera árangurinn sem skiptir þar meginmáli. Og ríkisstjórn sem getur ekki komið slíku á framfæri og sannfært aðila vinnumarkaðarins um það er óhæf til að stjórna í þessu landi. Ef það þarf að taka upp aðferð sem eykur skattsvik, jafnar ekki kjörin, leggur mikinn kostnað á ríkissjóð og leggur mikinn kostnað á atvinnureksturinn í landinu, þá segi ég: Það á ekki að beita þeirri aðferð.

Hver er tilgangurinn með því að gera þetta með þeim hætti að það kosti e.t.v. samfélagið á næsta ári, eins og hefur verið sýnt fram á, 1 milljarð? Fyrir hvern? Er það gert fyrir aðila vinnumarkaðarins ef það gagnast skattsvikurunum? Er það gert fyrir aðila vinnumarkaðarins ef það leggur aukalegan kostnað á atvinnureksturinn? Er það gert fyrir aðila vinnumarkaðarins ef það bætir ekki kjör láglaunafólks?

Og ég vil taka það fram út af því sem hv. þm. sagði að besta leiðin til að bæta kjör láglaunafólks með mörg börn er að hækka barnabótaaukann. Það er eina kjarajöfnunarleiðin fyrir það fólk.

[23:55]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvort sem okkur líkar betur eða verr þá er það þannig að núv. ríkisstjórn láðist ekki að sannfæra aðila vinnumarkaðarins heldur lá málið einfaldlega þannig að það var ríkisstjórnin sem bauð aðilum vinnumarkaðarins þessa aðferð. Átti ríkisstjórnin síðan að hætta við það tilboð sem hún hafði lagt fyrir þessa aðila þegar samningarnir höfðu verið samþykktir á þessum grundvelli í öllum stéttarfélögum í landinu? Það er óraunsætt að búa um sig í bókhaldsheimi af þessu tagi.

[23:56]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki ástæða til að gera lítið úr bókhaldi því bókhald eru staðreyndir og menn eiga að beygja sig fyrir staðreyndum. Hæstv. utanrrh. hefur sagt í þessari umræðu að aðilar vinnumarkaðarins hafi stillt ríkisstjórninni upp við vegg. (**Utanrrh.:** Rétt.) Hann sagði það. Hann sagði: „Við bárum ekki ábyrgð á þessu. Við buðum þetta ekki. Við vorum þvingaðir", sagði hann. Ég leyfi mér að efast um að þetta sé rétt. (**ÓRG:** Það var forsrh. sem bauð það.) Ég er að vitna til þess sem utanrrh. sagði hér. Ég er ekki vitni að því hvernig þetta gerðist. Auðvitað ber ríkisstjórnin ábyrgð á þessu. Ég hef ekki ásakað verkalýðshreyfinguna í þessari umræðu í þessu máli. Ég hef ásakað ríkisstjórnina. Og það er ríkisstjórnin sem ber pólitíska ábyrgð. Ef ríkisstjórnin getur ekki komið fram leið sem tekur tillit til hags almennings og þjóðarhags þá á hún að segja af sér. Ríkisstjórn á ekki að fara út í að lögfesta leið sem hún er sannfærð um að sé röng. Utanrrh. sem ætlar sér að gera það, eins og mér skilst á hæstv. utanrrh., á að sjálfsögðu að segja af sér frekar en gera þessi mistök.

[23:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hv. 1. þm. Austurl. að það á að taka tillit til staðreynda og ekki gera lítið úr staðreyndum. Og staðreyndirnar eru þessar: Þessi niðurstaða í skattamálum að því er varðar matarskatt var niðurstaða kjarasamninga. Það er sú stað-

reynd sem menn stóðu frammi fyrir. Hún er þannig til komin að ríkisstjórnin bauð þessa niðurstöðu. Og hæstv. forsrh. var að enda við að tilkynna það í sjónvarpinu áðan að þetta væri í rauninni skásta niðurstaðan miðað við allar aðstæður. Ég skil það hins vegar mjög vel að það sé erfitt fyrir Alþfl. að tala fyrir þessari stefnu Alþb. sem er þvert á matarskattsstefnu alþýðuflokksforustunnar.

[23:58]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð út af ræðu hæstv. utanrrh. Það voru mikil tíðindi fyrir mig þegar hæstv. utanrrh. lýsti því hér yfir að honum og hans ríkisstjórn hefði bókstaflega verið stillt upp í þessu máli. Ég hef ekki haft þær upplýsingar fram að þessu að málin hafi gerst með þeim hætti. Ég hafði talið að ríkisstjórnin hefði boðið þennan kost. Og ég hef fengið upplýst að ríkisstjórnin bauð þetta fram á grundvelli skjals sem var gert í fjmrn. 30. mars og er upp á eina og hálfa blaðsíðu. Það eru einu útreikningarnir sem ég hef fengið að sjá yfir þetta mál á þessum tíma og er að sjálfsögðu mjög athyglisvert að engin önnur athugun skuli fara fram á málinu. Engin önnur gögn liggja fyrir um málið frá þessum tíma og engin skjöl eru send aðilum vinnumarkaðarins til þess að reyna að sannfæra þá um að aðrir kostir séu betri. Það er því mikil ráðgáta hvernig mönnum hefur verið stillt upp við vegg. Hvar eru skjölin um það?

Hæstv. utanrrh. sagði að það yrði að gera fleira en gott þykir. Ég geri mér grein fyrir því að hann og fleiri hafa oft þurft að gera fleira en gott þykir. En er það ekki einum of langt gengið, hæstv. utanrrh. í þeim efnum að vaða svona út í hlutina vitandi það að hér er verið að fara út á hættulega braut? Það verður að sjálfsögðu að gera meiri kröfur til aðila sem hafa stjórnað fjmrn. eins og hæstv. utanrrh. hefur gert. Ég veit það að hv. 8. þm. Reykn. lét gera allmargar skýrslur um þetta mál í sinni tíð. Mig minnir að það séu til einar tvær skýrslur um þetta mál frá hans tíð. Tvær ágætar skýrslur sem ég hef endurlesið, bæði frá 1989 og 1990. Og báðar hafa sömu niðurstöðu. Það er engin slík skýrsla til frá núv. hæstv. ríkisstjórn. Það var gerð ein skýrsla seinna í sumar sem var stungið undir stól og fjmrn. segir: Þetta er ekki okkar skýrsla. Annað er ekki til um þetta mál. Að þessu er því staðið með þeim hætti að ekki er frambærilegt. Og það er ekki frambærilegt hér fyrir hæstv. ráðherra að reyna svo að koma ábyrgðinni á aðra, hvorki á aðila vinnumarkaðarins og allra síst Framsfl. því að ég veit að hv. 9. þm. Reykv. er það ljóst, enda sagði hann það í sinni ræðu, að Framsfl. er ekki í ríkisstjórn.

Hins vegar er rétt að flokkurinn hefur ályktað um þessi mál og í ályktuninni stendur það sem hann vitnaði í:

„Tekinn verði upp tveggja þrepa virðisaukaskattur. Helstu nauðsynjavörur heimilanna verði í lægra skattþrepi."

Nú leggjum við það til í okkar tillögum að virðisaukaskatturinn verði endurgreiddur og síðan verði skipuð nefnd flokkanna og aðila vinnumarkaðarins til þess að fara ofan í þetta mál. Í þeirri tillögu útilokum við ekki að að því loknu verði tekið upp tveggja þrepa hlutfall í virðisaukaskatti. Ég er hins vegar sannfærður um að það er rangt. En er nú ekki rétt í ljósi aðstæðna að gefa sér aðeins betri tíma í málið? Hverju er hætt með því að bíða með þetta í eitt ár? Það er engu hætt að því leytinu til. Hins vegar verður komið í veg fyrir stórkostlegt slys í íslenskum skattamálum og það er það alvarlega. Og það er rétt að leggja á það áherslu að núv. ríkisstjórn og stjórnarmeirihlutinn ber ábyrgð á því slysi. Það er hann sem ætlar að greiða atkvæði á Alþingi. Það er ekki Vinnuveitendasambandið. Það er ekki verkalýðshreyfingin. Það er ríkisstjórnin og hennar meiri hluti sem ætlar að gera það og það er hennar að sannfæra aðila um að hún sé að gera rétt en ekki skjóta sér á bak við aðra.

Hv. 9. þm. Reykv. ræddi nokkuð um Framsfl. og taldi sig þekkja þar marga hluti. Hann vissi alveg hvernig þetta mundi nú vera ef Framsfl. væri í ríkisstjórn. Ég vil í fyrsta lagi segja það að meðan Framsfl. sat í ríkisstjórn á árunum 1983–1991 komu oft upp umræður um það að fara út í tveggja þrepa virðisaukaskatt. Það var ekki gert. Það eru þau ár sem ég þekki best til ríkisstjórnarþátttöku Framsfl. Það kom upp á árinu 1987 mjög hatrömm atlaga að þáv. ríkisstjórn, ekki síst atlaga að hæstv. núv. utanrrh., sem m.a Alþb. stóð fyrir. Alþb. kom inn í ríkisstjórn 1988 og sat í ríkisstjórn til 1991. Það kom upp á þeim tíma en þrátt fyrir flokkssamþykktir Alþb., sem ég ætla ekki að fara að vitna neitt sérstaklega hér í en hv. 9. þm. Reykv. hefur sagt frá, var það ekki ákveðið.

Ég tel að aðilar vinnumarkaðarins eigi ekki að ráða því að það sé tekin bersýnilega óskynsamleg ákvörðun. Ég tel ekkert vit í því. Geta menn verið bundnir af því hér á Alþingi? Hv. þm. ræddi um það að menn væru ekki bundnir af samþykktum flokksþinga. Ég tel að menn eigi að sjálfsögðu að leitast við að uppfylla slíkar samþykktir í öllum meginatriðum og þannig vinnum við í Framsfl. Ef við hins vegar sjáum aðra leið til að ná sama markmiði, þá teljum við okkur hafa fulla heimild til þess. Við þurfum hins vegar að verja þá ákvörðun gagnvart okkar flokksþingi og útskýra það gagnvart okkar flokksfélögum. Er ekki það sama með ríkisstjórn og stjórnarmeirihluta á hverjum tíma? Þarf hann ekki að haga sér með svipuðum hætti? Ef það væri samþykkt af einhverjum aðilum að það væri rétt að hæstv. utanrrh. færi sér að voða, væri hann þá bundinn af því? Ég tel að hæstv. utanrrh. sé að taka hér slíka pólitíska áhættu varðandi sína pólitísku framtíð og pólitíska framtíð Alþfl. í þessu máli að það getur bara ekki verið að hann sé bundinn af því. (Gripið fram í.) Ég hafði ekkert sérstaklega hugsað mér að reyna að bjarga Alþfl. í þessu máli, hv. þm. Ég hafði hins vegar hugsað mér að reyna að koma því til leiðar að það kæmi alveg í ljós hvað menn eru að gera.

Við erum hér með skýrslu frá embættismönnum sem hafa farið ofan í skattsvikamál. Hver er niðurstaða þeirra? Er hún ekki ljós? Er það ekki alveg ljóst sem þar er verið að segja? Er það ekki líka ljóst að Al-

þingi leggur mikla áherslu á að uppræta skattsvik í landinu? Og er það ekki ljóst að það er mesta þjóðfélagsmeinsemdin og óréttlætið í okkar þjóðfélagi? Á þá Alþingi að samþykkja lög sem greiða fyrir því að það muni aukast?

Ef hæstv. utanrrh. telur sig bundinn af því að greiða fyrir því að skattsvik geti aukist, þá veit ég ekki hvar við erum eiginlega komnir. Það verður því að taka undir með leiðarahöfundi Morgunblaðsins sem sagði: „Hvers konar stjórnarhættir eru þetta eiginlega?"

[00:10]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að blanda mér í þessa furðulegu umræðu Framsfl. og Alþfl. hér í kvöld. En satt að segja er málflutningur þeirra hæstv. utanrrh. og hv. 1. þm. Austurl. með slíkum hætti að það er mjög erfitt að sitja í salnum og segja ekki nokkur orð þótt senn sé kominn nýr dagur og þinginu ætlað að ljúka störfum.

Ég veit satt að segja ekki í hvaða heimi þessir tveir ágætu menn, sem ég hef starfað mikið með og með góðum árangri, eru eiginlega í þessari umræðu. Það væri þess vegna vissulega tilefni til að rekja nokkuð ítarlega margt í kvöld en ég ætla þó ekki að gera það heldur bara drepa á fáein atriði.

Hv. 1. þm. Austurl. hefur vitnað í ýmsar greinargerðir sem hafa verið til frá minni tíð í fjmrn. og það er alveg rétt hjá honum. Þessar greinargerðir voru allar til þegar Framsfl. mótaði sína flokksstefnu í mars á þessu ári að taka upp tveggja þrepa virðisaukaskatt. Það hefur engin greinargerð komið fram í dagsljósið sem máli skiptir eftir að Framsfl. samþykkti þá stefnu. Vissi Framsfl. þá ekki hvað hann var að gera í mars á þessu ári eða hvað? Framsfl. hafði öll þau gögn frá embætti ríkisskattstjóra og embættismönnum fjmrn. sem hann þurfti á að halda í þessu máli frá tíð okkar í síðustu ríkisstjórn.

Staðreyndin er hins vegar sú að það er margt í þessum gögnum embættismanna ríkisskattstjóra og embættismanna fjmrn. sem segir bara mjög takmarkaða sögu í þessum málum. Þess vegna ég féllst aldrei á röksemdir ríkisskattstjóra eða ýmissa ágætra embættismanna í fjmrn. í þessu máli meðan ég var fjmrh. Ég tel að stjórnmálamenn sem vísa bara í embættismenn og segja: Þeir segja þetta, þess vegna skipti ég um skoðun, séu að bregðast hlutverki sínu. Stjórnmálamenn sem eru bara orðnir tæki fyrir embættismenn gegna ekki hlutverki sínu.

Staðreyndin er nefnilega sú að hættan á skattsvikum í virðisaukaskattskerfinu liggur ekki í tveggja þrepa virðisaukaskatti. Það er rangt. Það er í grundvallaratriðum rangt að stærsta hættan á skattsvikum liggi þar. Stærsta hættan á skattsvikum í virðisaukaskatti liggur í nótulausum viðskiptum. Hún liggur í kössum þar sem ekki er stimplað inn eða sem ekki eru til á viðskiptastað eða þar sem skúffan er alltaf opin. Stærsta hættan í virðisaukaskattskerfinu liggur í þessu neðanjarðarhagkerfi sem tveggja þrepa virðisaukaskattur á matvælum kemur aldrei inn á vegna þess að matvælaverslunin í landinu fer fram í skipulagðri verslunarstarfsemi, aðallega í stórum fyrirtækjum sem hafa 80–90% af versluninni með matvæli í landinu. Og það eru fyrirtæki sem yfirleitt telja fram með svo öruggum hætti að ekki aðeins allt bókhald þeirra heldur viðskipti hvers einasta viðskiptamanns eru tölvuvædd.

Og að fyrrv. ráðherra og núv. hæstv. utanrrh. komi hér í ræðustólinn og tali eins og vandamálin í virðisaukaskattinum liggi í tveggja þrepa skatti er þess vegna eins og menn hafi bara ekki fylgst með, hvorki þegar hæstv. utanrrh. var fjmrh. né heldur síðar. Ef menn vildu í raun berjast gegn skattsvikum í virðisaukaskatti, þá ættu þeir að taka upp baráttu gegn þessu, en það er ekki ein einasta tillaga um það.

Þannig væri hægt að fara mörgum orðum um það að öll þessi kenning um að það liggi einhver stórfelld skattsvikahætta í tveggja þrepa virðisaukaskatti er einfaldlega röng. Ég hef sjálfsagt ásamt örfáum mönnum hér í þessum sal þurft að eyða mestum tíma allra í að hlusta á og fara í gegnum umræður um akkúrat þetta atriði. Það var þess vegna þó að ég væri ötull baráttumaður fyrir öruggu skattkerfi á Íslandi að ég sannfærðist aldrei um að röksemdin fyrir öryggi virðisaukaskattskerfisins væri svo sterk að hún ætti að upphefja pólitíska réttlætið í því að hafa lægri skattprósentu á matvælum.

Annað atriði sem hvorugur þessara ágætu manna hefur minnst á í þessum umræðum, og hafa þeir þó báðir verið ötulir talsmenn alþjóðlegrar samræmingar á íslenska hagkerfinu, er sú staðreynd að í velflestum viðskiptalöndum okkar í Evrópu er margþrepa virðisaukaskattur og lægra þrep á matvælum. Í hverju á aðlögun íslenska efnahagskerfisins að efnahagskerfinu í Evrópu að felast? Hún á ekki bara að felast í einhverjum reglum sem settar eru af Evrópubandalaginu. Ef hún er marktæk, þá verður hún einnig að felast í samræmdri skattastefnu. Þetta veit hæstv. utanrrh. og þetta veit einnig hv. 1. þm. Austurl. Það gengur ekki upp að ætla sér að aðlaga efnahagslífið í gegnum EES en gera það ekki í gegnum skattkerfið, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, hæstv. utanrrh. Það er þess vegna sem við hér á Íslandi, vegna þeirrar aðlögunar, verðum að taka upp skattlagningu fjármagnstekna og verðum einnig að hafa svipað virðisaukaskattskerfi á Íslandi eins og Evrópuþjóðirnar hafa. Og hvað eru Evrópuþjóðirnar að ákveða? Jú, þær eru einmitt að ákveða að hafa lægra skattþrep á matvælum. Það er það sem Evrópuþjóðirnar eru að ákveða. Ég sé að hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hristir höfuðið. Það er nefnilega dálítið merkilegt að sá hluti Framsfl. sem studdi EES-samninginn skuli vera baráttumenn fyrir því að vilja ekki aðlaga íslenska virðisaukaskattskerfið að því sem er að gerast hjá löndunum í Vestur-Evrópu þar sem Danmörk, sem maður vitnar nú aðallega í, er undantekningin og hún er einmitt í þeim vanda hvernig Danmörk ætlar að laga sig að því virðisaukaskattskerfi sem hin ríkin í Evrópubandalaginu eru að þróa hjá sér.

Það er þess vegna hægt, virðulegi forseti, að fara hér ítarlega út í það að sýna fram á með a.m.k. jafngildum rökum og þessir tveir ágætu þingmenn, hæstv.

ráðherra og hv. 1. þm. Austurl. hafa gert, að sýna fram á að það er enginn algildur sannleikur um það að hér verði einhver héraðsbrestur í skattkerfinu þó tekinn verði upp tveggja þrepa skattur á matvælum í virðisaukakerfinu. Það er bara einfaldlega villukenning.

Ég ætlast hins vegar ekki til þess að hæstv. utanrrh. trúi mér í kvöld í þessum efnum vegna þess að hann er satt að segja búinn að syngja þennan söng alveg síðan 1987 og kannski fyrr. Ég fer ekkert fram á það að hann trúi mér frekar í kvöld heldur en hann trúði mér þegar við vorum saman í ríkisstjórn. **(Utanrrh.:** Enda gerir hann það ekki.) Við höfum einfaldlega alltaf verið ósammála um þetta atriði. En það mun koma í ljós, hæstv. utanrrh. og hv. 1. þm. Austurl., að það verður enginn héraðsbrestur í virðisaukskattskerfinu þó hér verði tekið upp tveggja þrepa kerfi í matvælum 1. janúar og jafnvel þótt fjmrn. og ríkisskattstjóri hafi lítið gert til að undirbúa það.

Það er satt að segja aðalásökunarefnið á embætti ríkisskattstjóra að þegar það er búin að vera yfirlýst stefna hæstv. ríkisstjórnar síðan í vor að taka upp tveggja þrepa kerfið í virðisaukaskatti þá skuli embætti ríkisskattstjóra ekki vera með kerfið fulltilbúið nú. Það mætti hafa stór orð um slíka embættismenn sem ekki vinna heimavinnuna sína hvað það snertir. Ég vona að hæstv. fjmrh. tali aðeins við þá út af því ef það er virkilega staðreyndin að embætti ríkisskattstjóra sé ekki tilbúið.

Það er svo einnig mjög ómerkilegt af hæstv. utanrrh. að koma hér í kvöld og segja það að verkalýðshreyfingin hafi stillt ríkisstjórninni upp við vegg. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Af hverju er hann að ráðast svona á sessunaut sinn, hæstv. forsrh.? Er hann búinn að gleyma öllum yfirlýsingum hæstv. forsrh. frá því í vor og frá því í haust um það hvernig hæstv. forsrh. tók sér það sérstaklega fyrir hendur að beita sér fyrir þessari tillögugerð til þess að ná kjarasamningum? Ef einhver einn maður á hlut að því að þetta gerðist þá er það hæstv. forsrh. Ég tel að hann hafi sýnt stjórnvisku í þeim efnum. Ég tel það satt að segja vera eitt af hans stærri verkum í embætti að hann hafði vit og yfirsýn til þess að stýra málunum í þessa höfn þrátt fyrir andstöðu Alþfl. Mótmælti Alþfl. þá, hæstv. utanrrh.? Nei. Alþfl. mótmælti ekki þá. Og hvílíkur ódrengskapur að koma hér nú og koma sökinni yfir á aðra þegar hæstv. utanrrh. kom sjálfur á vettvang og hreyfði engum andmælum sl. vor, hreyfði engum andmælum í sumar, engum andmælum í haust fyrr en kom að endurnýjun samninganna. Satt að segja er þessi málflutningur hæstv. utanrrh. í kvöld algerlega með eindæmum. Og það á kannski ekki að taka hann neitt alvarlega frekar en þá ræðu sem hann flutti við stefnuræðu forsrh. í upphafi þings.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að verja lengri tíma til þess að láta í ljósi skoðanir mínar um þetta atriði. Ég tel þess ekki þurfa. Það hefur verið stefna Alþb. í mörg ár að það væri eðlilegt að hér væri lægra skattþrep á matvælum og ég heyrði engin þau rök þann tíma sem ég sat í fjmrn. sem sannfærðu mig um að það væri óæskilegt út frá öryggisþáttum skattkerfisins. Félagar mínir sem sátu með mér í þeirri ríkisstjórn vita að ég flutti ávallt tillöguna um tveggja þrepa virðisaukaskatt meðan ég sat sem fjmrh. og tókst að lokum að ná þeirri málamiðlun að tekið var upp endurgreiðslukerfi sem hefur verið við lýði síðan á ákveðnum þáttum innlendra matvæla og skilað góðum árangri.

Að vísu spáðu ýmsir þingmenn Sjálfstfl. því þá, og er nú leitt að hv. 1. þm. Austurl. er farinn úr salnum, að það yrði ekki hægt að framkvæma það kerfi. Þær hrakspár reyndust hins vegar rangar. Það er eiginlega dálítið fyndið að ég skuli þurfa að standa hér í kvöld í eiginlega nákvæmlega sömu sporum gagnvart hv. 1. þm. Austurl. og hrakspám hans eins og hrakspám Sjálfstfl. varðandi þessa framkvæmd fyrir nokkrum árum síðan.

Ekkert af þessu varð hins vegar til þess að ég bað hér um orðið heldur voru það ummæli sem hv. 1. þm. Austurl. *lét frá sér fara og hefur ítrekað síðan.* Mér finnst þau satt að segja svo alvarleg að ég bara trúi því ekki að þau séu stefnuafstaða Framsfl. Það eru þau ummæli að ríkisstjórnin eigi að taka þá áhættu að kjarasamningunum verði sagt upp ef tillaga Framsfl. verður samþykkt. Það eru ekki léttvæg orð. Og það að stjórnmálaflokkur með jafnmikinn þingstyrk og Framsfl. hefur og verið hefur í forustu ríkisstjórnar með góðum árangri skuli boða þá stefnu að þingið eigi að mynda meiri hluta gegn meginforsendu kjarasamninganna og það sé allt í lagi að taka þá áhættu að þeim verði sagt upp. Ríkisstjórnin er síðan eggjuð til þess ekki bara einu sinni heldur aftur í þessu ræðustól að taka þá áhættu. Og svo er bara spurt af stærilæti: Hver haldið þið að fari í verkfall út af því? Fyrst þegar þetta var sagt hér í kvöld hélt ég að þetta hefðu verið mistök. En svo voru þessi ummæli endurtekin og áréttuð. *Er það virkilega þannig að það sé orðið stefnuatriði hjá* Framsfl. að ögra verkalýðshreyfingunni, Alþýðusambandinu, gagnvart meginforsendu kjarasamninga og þingið slíti hana í sundur og þar með vinnufriðinn í landinu, þar með óvissuna í efnahagsmálum, þar með ný óvissa í vaxtamálum, þar með ný óvissa í gengismálum o.s.frv.?

Hv. 1. þm. Austurl. veit það jafn vel og ég hvaða áhrif það hefur á efnahagslífið ef kjarasamningum er svipt í sundur. Og hvernig á verkalýðshreyfingin að ganga á ný til kjarasamninga ef hún á það á hættu að á kannski miðju samningstímabilinu verði meginforsendu samninganna svipt í burtu með þessum hætti? Ef eitthvað eflir ófrið við verkalýðshreyfingu, þá er það akkúrat slík aðgerð og það mun taka langan tíma fyrir þau sár að gróa.

Ég veit það að forseti Alþýðusambandsins gekk í október á fund forustumanna allra stjórnarandstöðuflokkanna, mín, formanns Framsfl., Steingríms Hermannssonar og ég held Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur fyrir Kvennalistann. Þó er ég ekki alveg viss um hver var fulltrúi Kvennalistans, en ég veit að hann átti fundi með Steingrími Hermannssyni, formanni Framsfl. eins og hann átti fund með mér til þess að kanna hug flokka okkar gagnvart framlengingu kjarasamning-

anna. Ég vil spyrja að því hér: Tjáði formaður Framsfl. forseta Alþýðusambandsins þá í októbermánuði að það mundi verða afstaða Framsfl. að það ætti að svipta þessari meginforsendu kjarasamninganna í burtu? Ef hann hefur ekki gert það, sem ég held að hann hafi ekki gert, þá verður þessi stefnubreyting Framsfl. enn sérkennilegri.

Hv. þm. sagði svo í sinni seinni ræðu að ríkisstjórn sem gæti ekki sannfært aðila vinnumarkaðarins um það að breyta þessari forsendu kjarasamninganna sé óhæf til að stjórna. En hvað þá um Framsfl. og hvað þá um forustuna í efh.- og viðskn. sem búin er að leggja mikla vinnu í þetta? Haldið þið að verkalýðshreyfingin hafi ekki hlustað á það? Hefur ekki verið kallað á forseta Alþýðusambandsins? Hefur ekki verið reynt að sannfæra verkalýðshreyfinguna eða á bara ekkert að hlusta á það hvað hún hefur að segja? Ég verð að segja alveg eins og er að ég er undrandi á þessum málflutningi. Látum vera þó að menn hafi þá stefnu að hér eigi ekki að vera tveggja þrepa virðisaukaskattur. Látum það vera þó að menn hverfi frá samþykkt síns flokksþings og taki upp nýja stefnu. En að boða til viðbótar þá kenningu að hér eigi menn að beita sér fyrir því að svipta í burtu meginforsendu kjarasamninganna og taka svo bara áhættu af því hvort verkfallsátök hefjist í landinu í kjölfarið er satt að segja svo óábyrgur málflutningur að ég trúi því ekki að það sé orðin raunveruleg stefna Framsfl. að stjórna með þeim hætti.

[00:29]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Hv. þm. nefndi það að ég bæri sjálfsagt meginábyrgð á því í hvaða farveg kjarasamningarnir fóru að atbeina ríkisins. Það má vera satt en stjórnarflokkarnir báru auðvitað á því ábyrgð báðir. En ég vil líka nefna það vegna þeirra orða sem hafa fallið í umræðum að þegar þessi ákvörðun var tekin og þegar þetta var fram boðið af hálfu ríkisvaldsins, þá heyrðist hvergi frá neinum stjórnmálaflokki aðvörunarorð um að þarna væri ríkisvaldið eða verkalýðshreyfingin á villigötum. Og það var ekkert laumuspil sem þar fór fram. Þetta var í hinni opinberu umræðu þar sem rætt var um tilboð varðandi virðisaukaskattinn. Og auðvitað hefðu öllum ábyrgum stjórnmálaflokkum sem svo hart hafa talað nú og séð þennan mikla vanda fyrir sér þá, grundvallarbreytingu, stórháskalega breytingu, borið við þær aðstæður að vara ríkisstjórnina, verkalýðshreyfinguna og atvinnurekendur við að stíga slíkt skref. Engin slík aðvörun átti sér stað þá og ég þykist muna það sérstaklega að að samningsgerðinni lokinni hafði formaður Framsfl. fagnað því sérstaklega að virðisaukaskatturinn hafði verið lækkaður með þessum hætti í samræmi við stefnu Framsfl.

Ég spyr: Hverjir skyldu nú vera ábyrgari hér, ríkisstjórnin eða Framsfl. sérstaklega? Ég vek sérstaka athygli á þessu vegna þess að hv. þm. sagði réttilega að ég bæri á þessu mikla ábyrgð en ég vildi undirstrika að ábyrgðin er víðtækari.

[00:30]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf í sjálfu sér ekki að svara þessu andsvari. Ég er alveg sammála öllu því sem þar kom fram. Hafi það verið slík afglöp sem hér hefur verið lýst í kvöld af hæstv. utanrrh. og hv. 1. þm. Austurl., aðalforingja Framsfl. nú um þessar mundir á Alþingi, að ákveða lægri skattprósentu á virðisaukaskatti bar mönnum að segja það strax í vor, segja það í sumar og segja það í haust, en ekki þá fyrst að nefna það í nóvember. Þetta var ekki nefnt fyrr en í nóvember hvorki af hæstv. utanrrh. né forustu Framsfl. Og það vita menn auðvitað sem þekkja til í íslensku þjóðlífi að með slíkum aðferðum að hvetja nú til þess að þessari meginforsendu kjarasamninganna verði svipt í sundur er ekki hægt að stjórna landinu. Það er nú bara svona einfalt. Með slíkum aðferðum er ekki hægt að stjórna landinu.

Alþb. fagnar því að Framsfl. ákvað í mars að breyta sinni fyrri stefnu. Það var mér fagnaðarefni þegar ég frétti það af flokksþingi Framsfl. að í bókinni sem birtist í mars þó að flokksþingið hefði verið haldið fyrr er Framsfl. nú orðinn okkur alþýðubandalagsmönnum sammála. En ég harma það hins vegar að þessi mikla stefnubreyting Framsfl. skyldi ekki endast árið.

[00:32]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. stóðst ekki mátið og vildi miðla okkur af þriggja ára reynslu sinni í fjmrn. og sagði efnislega tvennt: Í fyrsta lagi að hann hefði aldrei sannfærst af rökum sem fram hefðu verið borin af sérfræðingum um það að tveggja eða margþrepa kerfi byði upp á undandrátt eða skattsvik. Það má vel vera að svo sé. Engu að síður er það staðreynd að niðurstöður rannsókna sem framkvæmdar hafa verið í fjármálaráðuneytum hér á landi og annars staðar sl. rúman áratug ber allar að sama brunni. Færasti sérfræðingur fjmrn. íslenska metur það svo að það sem eftir situr hjá framleiðendum, aðallega erlendum, og milliliðum við þessa tilteknu breytingu geti numið allt að, á mjög íhaldssamri áætlun, 625 millj. kr. Nauðsynlegur kostnaður við aukið eftirlit kerfisins nemi um 200 millj. kr. og áætluð undanskot, sem hann áætlar í ljósi reynslu innan lands og erlendis en á mjög „konservatívum" forsendum, 500 millj. kr., þ.e. 1.325 millj. kr. skili sér ekki. Þetta til viðbótar því að hin tekjulægri hefðu framteljenda ber minna úr býtum en tekjuhærri hefðu mun meira.

Annað atriði sem hv. þm. nefndi var að það væri óhjákvæmilegt vegna alþjóðlegrar samræmingar að taka upp margþrepa kerfi vegna þess að Evrópubandalagið, snyrtileg rök frá hv. þm., væri að taka það upp. Svarið við því er mjög einfalt. Evrópubandalagið mótaði sér þá stefnu árið 1985 að svo skyldi vera en hefur ekkert gengið allan þann tíma síðan 1985. Seinasta skýrslan um þetta mál sem var skýrsla á vegum á vegum Norska verkamannaflokksins 1993 segir orðrétt:

„Hvorki aðild að EES né tillitið til EB gefur neins

staðar tilefni til að taka upp mishá skatthlutföll." Svo mikið um þessi tvö meginatriði.

Að lokum, virðulegi forseti. Þeir alþýðubandalagsmenn gagnrýna hv. þm. Halldór Ásgrímsson fyrir það að hafa notað setninguna: „Hver ætli svo sem fari í verkfall?" Það verð ég hins vegar að taka undir vegna þess að ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin ber sameiginlega ábyrgð á þessum tillögum, svo gallaðar sem þær eru, er sú að við vildum ekki fórna þeim mikla árangri sem náðst hefur ef það leiddi til ófriðar á vinnumarkaðinum.

[00:35]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Gallinn við allar þessar erlendu skýrslur sem menn eru að vitna til varðandi virðisaukaskattinn og lægra þrep á matvæli er að verslunarmunstrið í þeim löndum er allt annað en hér á Íslandi. Þess vegna er í raun og veru mjög hæpið að draga einhverja ályktun af þeim veruleika sem þar er.

Í öðru lagi er mjög hæpið að vitna nú í nokkurra ára gamlar skýrslur í þessum efnum vegna þess að sú nýjung er nú til reiðu í flestum stórverslunum á höfuðborgarsvæðinu og er að breiðast núna út til allra stærri verslana sem versla með matvæli að um leið og menn greiða fyrir vöruna, þá er hægt að stimpla virðisaukaskattinn sérstaklega með einfaldri breytingu á forritinu á þann miða sem viðskiptavinurinn fær þar sem hvert einasta atriði er skráð sem hann hefur keypt. Meira að segja er hægt með einfaldri breytingu á forritinu sem tekur fáeinar mínútur að láta merkja sér við þær vörur sem eru í lægra þrepi og sér við hinar sem eru í hærra þrepi. Tæknibyltingin í matvöruversluninni eyðileggur því meginhlutann af þeim röksemdum sem færðar hafa verið fram af þessum svokölluðu sérfræðingum í þessum efnum.

Auðvitað er það þannig að ríkisskattstjóraembættið vill hafa eins þrepa kerfið. Það segir sig sjálft. Það er einfaldara fyrir þá. Og auðvitað er það þannig að sumir embættismenn í fjmrn., sem sumir voru ráðnir þangað af fyrirrennara mínum í embætti og höfðu alist upp við þennan boðskap á lærimeistarans hné í rúmt ár áður en ég komu í ráðuneytið, voru ekki alveg tilbúnir að halda öðru fram þegar ég var kominn í ráðuneytið. Þetta eru því bara engin sérstök vísindi sem sannindi sem hér er verið að vitna til. Þegar það er svo vegið og metið á móti markmiðinu að skapa pólitíska samstöðu og kannski vinnufrið í landinu vegna lægri skattheimtu á matvælum, þá eru engar þær kerfisröksemdir til sem gera það að verkum að menn eigi að taka áhættu af ófriði á vinnumarkaði fyrir kerfisrökin frá embætti ríkisskattstjóra.

[00:37]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er einkum tvennt sem situr eftir eftir þessa umræðu hér í kvöld. Það er hin nýja stefna Framsfl. sem kemur fyrst fram í því að flokkurinn vill skapa hér meiri háttar óróa á vinnumarkaðinum og vill í raun og veru segja upp kjarasamningnum með afleiðingum sem enginn gæti séð fyrir. Hinn þátturinn er að Framsfl. boðar það í næstu kosningum væntanlega að þeir vilji hækka matarverðið á 50% af matarkörfu helstu nauðsynjavara heimilanna. Framsfl. vill endurgreiða matarskatt á innlend matvæli, en ætlar að hækka verðið upp aftur á erlendu og innfluttu matvörunum. Þær eru 50% af matarkörfu heimilanna. Það er því athyglisverður boðskapur sem flokkurinn er að boða hér í kvöld. Þessi boðskapur er aumkunarverður í ljósi þeirra ályktana sem gerðar voru á síðasta flokksþingi og flokkurinn er nú á harðahlaupum undan og alveg óljóst hvort sú stefna heldur meira en árið frekar en hin.

Ég tók þátt í fyrri umræðu og skýrði mína afstöðu nokkuð að ég hygg til matarskattsins og frv. í heild. Ég get ekki tekið undir þá stefnu sem framsóknarmenn eru að boða og þá tillögu sem þeir leggja fram og hef fært fyrir því rök. Menn beita gjarnan fyrir sig að í tveggja þrepa kerfinu, sem nú er verið að taka upp, muni undanskotsleiðum fjölga og skattsvik aukast. Nefnd er talan 1 milljarður án rökstuðnings. Það er talað um að eftirlit verði erfiðara. Það þurfi að fjölga mannskap og það verði mikill kostnaðarauki við þetta og þar fram eftir götum en allt órökstutt.

Með þessum rökum skil ég ekki hvernig flokkur eins og Framsfl. og reyndar aðrar flokkar geta þá stutt þá tillögu sem er 1. brtt. meiri hluta efh.- og viðskn. sem er við það að gera gjafir og framlög til stjórnmálaflokka frádráttarbær frá skatti. Ég sé ekki betur en að nákvæmlega sömu rök eigi þarna við, nákvæmlega sömu rök. Ég tel að undanskotsleiðum muni fjölga við þetta. Ég tel að það sé veruleg hætta á skattsvikum við þetta. Ég held þá að eftirlit hljóti að þurfa að aukast. Ég held að kostnaður hljóti þá að vaxa í sama hlutfalli þannig að ef menn eru að beita þessum rökum á einu sviði, þá hljóti þeir að beita þeim á öðrum sviðum líka.

Það kemur fram að skatturinn viðurkenni þetta ekki nú en hafi gert það til fjölda ára. Það má spyrja hvort þetta sé ekki akkúrat viðleitni skattayfirvalda til þess að loka undanskotsleiðum og koma þá fjórflokkarnir hér með sína samtryggingu og vilja rjúfa þetta. Þeir segja: Við skulum fækka undanskotsleiðum, koma í veg fyrir skattsvik. Á hinn bóginn þegar þetta snýr að þeim sjálfum koma þeir og segja: Nú skulum við opna bara af því að það hentar okkur sem stjórnmálaflokkum. Mér finnst þetta tvöfeldni í málflutningi og það er ekki hægt að sætta sig við það.

Forsrh. hefur sagt hér í kvöld að hann muni skipa nefnd til að kanna starf stjórnmálaflokkanna og það er vel. En þar til sú nefnd hefur skilað störfum á ekki að samþykkja slíka brtt. Það liggur ekkert á. Sú nefnd hlýtur að vera búin að skila störfum fyrir næsta þing og þá má taka slíkt mál upp og ég vona að það verði niðurstaða þessarar nefndar að í fyrsta lagi verði bókhaldið opið. Ég tel að flokkarnir séu bókhaldsskyldir í dag en það á að opna það bókhald. Helst vildi ég sjá menn fara dálítið lengra og hafa flokkana framtalsskylda. Þá væri hægt að fara slíka leið. Það mundi auka tiltrú og traust fólksins á flokkunum. En að vera með þetta pukur og þessar hættur og möguleika á skattsvikum og undanskotum eins og þetta býður upp á, það er ekki hægt að samþykkja slíkt, það er tvö-

feldni í málflutningi. Þeir sem gagnrýna tvö virðisaukaskattsþrep á þessum forsendum geta ekki samþykkt þessa brtt.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem nú er að ganga í salinn, sagði að það væri hættulegt lýðræðinu ef flokkarnir hefðu ekki fjármagnið. Þeir væru í fjárhagslegri spennitreyju. Það má vel vera rétt. En þá skulum við líka gera þetta svona. Við skulum opna bókhaldið og gera þá framtalsskylda og þá geta þeir fengið þennan lið samþykktan, alla vega af mér.

Hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði að það væri þak, að þetta væri innan tiltekinna marka. Þetta er auðvitað ekki innan neinn marka. Það er 0,5% af tekjum fyrirtækjanna en hver er búinn að segja okkur hvað er þakið á tekjunum? Það getur verið fyrirtæki með eina millj., það getur verið fyrirtæki með milljarð þannig að það er langur vegur þarna á milli og það er ekki hægt að segja að það sé til neitt þak í raun og veru. Ég tel því að menn ættu aðeins að hugsa þetta mál betur, sérstaklega í ljósi þeirra yfirlýsinga sem kom frá forsrh. að þetta verði skoðað og liggi væntanlega fyrir næsta þingi. Ég sé því ekki séð að það liggi svo lífið á.

Ég skrifaði undir frhnál. meiri hluta efh.- og viðskn. með þessum fyrirvara. Það kemur fram í nál. að ég standi við það álit sem ég setti hér fram sem 4. minni hluti við skattamálin með þeim fyrirvara að ég styddi ekki þessa 1. brtt. á þskj. 483.

Ég vil, virðulegi forseti, fá að vitna í grein sem birtist í Dagblaðinu laugardaginn 18. des. eftir Gunnar H. Kristinsson dósent í stjórnmálafræði þar sem verið er að fjalla einmitt um frádráttarbærni styrkja og gjafa til skatts til stjórnmálaflokkanna en þar segir í fyrirsögn, með leyfi forseta: „Þeir hljóta þá að verða framtalsskyldir. Annað býður upp á spillingu, segir Gunnar H. Kristinsson." Og í greininni segir, ef ég glugga aðeins í hana:

„Ef þeir ætla að gera framlög til stjórnmálaflokkanna frádráttarbær til skatts verða stjórnmálaflokkarnir að opna bókhald sitt um leið og vera framtalsskyldir sem þeir eru ekki í dag. Að öðrum kosti býður þetta upp á spillingu. Þarna væri opnuð óendanleg glufa fyrir menn verði bókhald flokkanna ekki opnað. Hver sem er gæti sagst hafa gefið svo og svo mikið til flokkanna. Þá verður líka að vera hægt að sannreyna það í framtali stjórnmálaflokkanna," sagði Gunnar Helgi Kristinsson, dósent í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Og aðeins síðar í greininni, með leyfi forseta:

„Hann sagði að í öllum löndum hér í kringum okkur væri bókhald stjórnmálaflokka opið og eftirlit með því." Og aðeins síðar: „Það er líka sett þak á þá upphæð sem fyrirtæki og einstaklingar mega gefa til stjórnmálaflokka og stjórnmálamanna." Ég tel að það væri rétt að sú nefnd sem hæstv. forsrh. mun skipa hefði nú samband við þennan ágæta dósent í stjórnmálafræðum.

Virðulegi forseti. Á sama tíma og hér er hafnað mörgum góðum breytingartillögum um litlar upphæðir, fólki gert að herða sultarólarnar, þá á einmitt að slaka á beltinu hjá stjórnmálaflokkunum. Undir þessum kringumstæðum finnst mér rangt að samþykkja slíka breytingartillögu.

[00:46]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er furðulegur málflutningur sem á sér hér stað þegar hv. þm. leyfir sér að segja að tillögur Framsfl. snúi að því að hækka matarverð um 50%. Þvílíkur útúrsnúningur. Það er öllum ljóst sem hafa fylgst með umræðum frá Alþingi að hér er einn vilji í þinginu fyrir því að matvæli og mikilvægustu nauðsynjar heimilanna verði í lægra skattþrepi. Hér er einungis deilt um aðferðir og við framsóknarmenn teljum hiklaust að miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir þá beri að fresta þessu máli. Lífið liggur ekki á, sagði hv. þm. og ég tel svo ekki vera, þannig að það væri fróðlegt að fara enn ítarlegar yfir þetta mál og gera það jafnframt með verkalýðshreyfingunni að aðilum vinnumarkaðarins. Framsfl. er ekki það ábyrgðarlaus að hann ætli hér eins og Alþb. að ganga í bandalag með skattsvikurunum og fylgja Sjálfstfl. í þeim efnum.

[00:48]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn kemur það fram hjá Framsfl. að þeir vilja fresta og þar með setja kjarasamninga í uppnám og óróa á vinnumarkaðinn. Það er mjög athyglisverð yfirlýsing af hálfu framsóknarmanna.

En ég held að hv. þm. sé ekki alveg klár á þeirri tillögu sem Framsfl. er að leggja fram í matarskattsumræðunni. Hann er að leggja fram eitt þrep í virðisaukaskatti þar sem endurgreiðslur verða á innlendar matvörur. Gerir þingmaðurinn sér ekki grein fyrir því að í helstu nauðsynjavörum fjölskyldnanna, í matvörunum, er 50% innflutt vara? Það er sá þáttur sem ég var að tala um, það er sá þáttur sem Framsfl. vill hækka. Það liggur alveg fyrir. En endurgreiðslukerfið og það allt er auðvitað þekkt innan þeirra raða.

Ég vil biðja virðulega þingmenn Framsfl. að fara nú að færa einhver rök fyrir þessari skattsvikaumræðu allri. Þeir fela sig á bak við hana sí og æ. Hvar eru skattsvikin? Í hvaða greinum eru þau? Hvernig skiptist það? Við höfum heyrt þjónustu, verslun, iðnað. En hafa menn hér talað um landbúnað? Hafa menn talað um hinar mismunandi greinar landbúnaðarins? Ætli þær séu alsaklausar? Hafa menn talað um sjávarútveginn? Ætli hann sé alsaklaus? Ég er ansi hræddur um að þetta sé víða.

En að koma hér upp í svona umræðu og slá um sig með einhverjum tölum sem engin rök eru færð fyrir, engin, og notaður heill milljarður, þá verða menn, það er réttmæt krafa, að rökstyðja mál sitt.

[00:49]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir í þeim hugmyndum sem framsóknarmenn hafa sett fram að við leggjum til að virðisaukaskattur verði lækkaður í 23%. Kemur það ekki íslenskum barnmörgum fjölskyldum að gagni? Við leggjum til að barnabótaauki verði aukinn stórlega. Kemur það ekki íslenskum barnmörgum fjölskyldum að miklu gagni? Þannig að okkar tillögur eru

mjög ítarlegar hvað þetta varðar og við gerum okkur grein fyrir því að þessi skattkerfisbreyting er ekki framkvæmanleg núna um áramótin og þess vegna eiga menn að setjast yfir málið og fara yfir það.

Þessi hv. þm., Ingi Björn Albertsson, kemur af fjöllum og segist ekki vita um nein skattsvik. Þó liggja fyrir upplýsingar um að það er talið að í neðanjarðarhagkerfinu séu í dag 10–15 milljarðar sem ekki komi fram og þetta er náttúrlega það atriði sem skapar hér stríð í þessu þjóðfélagi og er óásættanlegt. Og þetta er það atriði sem íslensk verkalýðshreyfing hlýtur að verða að fara að berjast gegn því að þessar tvær þjóðir geta ekki haft frið í litlu landi. Það er of þekkt í íbúðahverfunum hverjir það eru sem njóta þjónustu ríkisins en gjalda ekki keisaranum það sem keisarans er.

[00:51]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var að mínu viti flótti frá matarskattsumræðunum. Við vorum hér að tala um hvernig Framsfl. hygðist ná matarskattinum niður og það liggur fyrir að hann ætlar að hækka helminginn af matarkörfu heimilanna. Hann ætlar að greiða niður innlenda þáttinn en hann ætlar að hækka upp innflutta þáttinn. Þetta hefur ekki verið hrakið. Þetta hrakti þingmaðurinn ekki. Og svo er það algerlega út í hött að segja það að ég viti ekki af skattsvikum í landinu. Ég var að benda á það að umræðan hefur kristallast í kringum þjónustu, verslun og iðnað. En þingmenn Framsfl. og jafnvel fleiri flokka vilja ekki tala um allt sviðið vegna þess að skattsvikin eru alls staðar, í öllum greinum, landbúnaði líka og öllum greinum landbúnaðarins og sjávarútveginum. Og ég fór yfir það í minni ræðu við 1. umr. og nefndi fjölmörg dæmi um það. Það er út um allt. En að slá fram tölum eins og einum milljarði í þessari umræðu án þess að rökstyðja það á einn eða annan hátt en að fela sig sí og æ á bak við einhverja skattsvikaskýrslu sem eru bara gefnar forsendur. Það eru engar staðreyndir. Það eru engin sérstök vísindi þar á bak við. Það er ekki merkilegur málflutningur þannig að ég lýsi enn eftir rökstuðningi framsóknarmanna við þeim fullyrðum sem þeir setja fram. Hvar sjá þeir þennan milljarð? Hann er ekki til. En vantraust á allt og alla er til staðar.

[00:53]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einungis út af þeim kafla ræðu hv. þm. Inga Björns Albertssonar þar sem hann fjallaði um frádrátt vegna framlaga til stjórnmálaflokka þá veit hann fullvel að stjórnmálaflokkar eru í dag bókhaldsskyldir. Þeir eru í dag framtalsskyldir af öllu því sem snertir skatta. Þeir eru skyldugir til þess að telja fram laun sinna starfsmanna, gefa út á þá launamiða. Þeir eru líka skyldugir til þess að greiða fasteignagjöld af því húsnæði sem þeir nota. Þeir eru hins vegar ekki tekjuskattsskyldir, þeir borga ekki tekjuskatt og þeir borga ekki eignarskatt. Allt þetta liggur fyrir í lögunum eins og er í dag.

Það sem hefur gerst og ég veit að hv. þm. getur tekið undir með mér er að það er afar óheppilegt þegar menn hafa framkvæmt skattalögin með ákveðnum hætti áratugum saman, þá kemur skattstjóri eða skattstjórar og fara allt í einu að snúa við þeirri framkvæmd og láta menn greiða stórar fjárhæðir langt aftur í tímann vegna hluta sem þeir töldu sig gera í góðri trú. Stjórnmálaflokkar hafa verið skyldugir til þess að opna sitt bókhald fyrir skattyfirvöldum að því leyti að svara öllum spurningum sem þau hafa beint til þeirra vegna t.d. hvert fjárframlög hafa runnið og ég er alveg sannfærður um það að það nefndastarf sem mun fara hér í gang, mun setja um þetta skýran og afmarkaðan lagaramma sem mun nýtast vel fyrir allt stjórnmálastarf í landinu og gera þetta allt saman betur úr garði heldur en er. En á meðan er alveg ótækt að það skuli vera komið svo í bakið á þeim sem hafa lagt fé af mörkum til stjórnmálaflokka sem raun ber vitni.

[00:55]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var ágætt að heyra. Ég vil benda hv. þm. á að ég hef ekki orðið var við áhuga hans fyrir því að berjast gegn því að skattyfirvöld séu að gera nákvæmlega það sama við íþróttahreyfinguna í dag. Ég hef ekki orðið var við neina sérstaka umhyggju fyrir þeim. Ég tel ekki að bókhald flokkanna sé opið. Ég legg þá einhverja aðra merkingu í orðið opið ef menn telja að að sé opið í dag af því að skatturinn getur sent eftir einhverjum tilteknum upplýsingum. Ég tel að það sem kom fram í grein hjá Gunnari Helga Kristinssyni séu viðvörunarorð sem okkur beri að hlusta á. Ég bind miklar vonir við þá nefnd sem forsrh. skipaði og ég tel ekki að hann sé að skipa hana að óþörfu ef þetta allt liggur fyrir. Mér þykir það með hreinum ólíkindum ef svo er.

[00:56]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bókhald stjórnmálaflokka er opið að því leyti til að það er alveg jafnopið og bókhald allra annarra félaga sem starfa á almennum grundvelli. Ég veit ekki betur en að þau flokksfélög sem starfa í landinu haldi aðalfundi og þau komi þar fram með sína reikninga og geri grein fyrir þeim fyrir sínum félögum og að tala um það að bókhaldið sé harðlæst og lokað er bara tóm vitleysa.

[00:59]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 484.a felld með 39:14 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IP, JE, JóhS, JHelg, LMR, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (IBA) greiddi ekki atkv.

9 þm. (GHall, GunnS, JGS, JónK, MF, MB, ÓE, PJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[00:59]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það samkomulag sem varð um þessa grein í efh.- og viðskn. milli fjögurra flokka fjallar ekki um það að orðið „þróunarhjálp" komi þarna inn. Ég vil hins vegar taka það fram að samkvæmt núgildandi skattalögum er þróunarhjálp með margvíslegum hætti frádráttarbær í formi líknarmála í því formi að íslensk fyrirtæki komi að þróunarmálum í öðrum löndum. Ég tel því að það séu nægilega góðar heimildir til þess að þróunarhjálp geti verið frádráttarbær í atvinnurekstrinum og mér er ekki kunnugt um að það hafi orðið nein sérstök vandræði af því. En þótt við þingmenn Framsfl. greiðum atkvæði á móti þessari tillögu viljum við leggja áherslu á það að við erum á engan hátt andvígir því að atvinnureksturinn í landinu stuðli að þróunarhjálp.

Brtt. 484.b felld með 45:6 atkv. og sögðu

já: AÓB, IBA, ISG, JVK, KÁ, KE.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (IP*) greiddi ekki atkv.

11 þm. (EH, GHall, GunnS, JGS, JónK, MF, MB, ÓE, PJ, RA, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Brtt. 483,1 samþ. með 49:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, ISG, KÁ, KE.

10 þm. (GunnS, IBA, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, PJ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:02]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Það er kannski tímanna tákn og til marks um sérhyggju flokkanna að hér skyldu þrír stjórnmálaflokkar standa að því að fella það að það kæmi inn að framlög til þróunarhjálpar væru frádráttarbær frá skatti rétt eins og framlög til stjórnmálaflokka sem hér er verið að gera tillögu um að tekin séu inn í þetta ákvæði. Ég vil benda á það að með þessu ákvæði eins og það liggur hér fyrir er ekki aðeins verið að bæta stjórnmálaflokkunum inn í þessa upptalningu heldur er jafnframt verið að breikka þann stofn sem miðað er við þegar talað er um 0,5% af tekjum. Það hefur verið tekið út úr þessu takmarkandi ákvæði sem er í frv. sem hér liggur fyrir, þannig að það er bæði verið að taka inn stjórnmálaflokkana og breikka stofninn. Ég held að þetta ákvæði auki hættuna á hagsmunatengslum flokkanna við fyrirtækin og ég mun því greiða atkvæði gegn þessu.

Brtt. 412,1 felld með 31:11 atkv. og sögðu

já: AÓB, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

11 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GHelg, GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, PJ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,1–2 felldar með 32:15 atkv. og sögðu

já: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JE, JHelg, KÁ, KE, ÓÞÞ, StG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

7 þm. (GHelg, JÁ, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GunnS, HG, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 483,2 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP.

11 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,4–7 felldar með 32:13 atkv. og sögðu

já: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, JE, JHelg, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

10 þm. (GHelg, HG, IP, JÁ, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 412,2 felld með 41:11 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JE, JóhS, JHelg, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.
10 þm. (EgJ, GB, GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,8.a kölluð aftur.
Brtt. 412,3 kölluð aftur.

Brtt. 483,3, fyrri stafliður, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,8.b felld með 31:24 atkv. og sögðu
já: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,8.c kölluð aftur.

Brtt. 483,3, síðari stafliður, samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 412,4.a kölluð aftur.

Brtt. 412,4.b felld með 32:12 atkv. og sögðu
já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
11 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu: [01:10]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Á síðasta ári var samþykkt á Alþingi að taka upp virðisaukaskatt af bókum. Framsfl. var andvígur þeirri breytingu en þessi breyting hefur nú þegar komið til framkvæmda. Í þeim tillögum sem hafa verið útbúnar af 2. minni hluta nefndarinnar var ekki gert ráð fyrir því að þessi skattur lækkaði, heldur var lögð áhersla á aðrar ráðstafanir eins og barnabætur, vaxtabætur og margt fleira. Í ljósi þessa tökum við ekki þátt í atkvæðagreiðslu um þessa tillögu. Við munum sitja hjá.

Brtt. 483,4 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,9 felld með 32:12 atkv. og sögðu
já: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
11 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 483,5.a samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (GE, GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 483,5.b samþ. með 43:11 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, KHG, KE, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP.
nei: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, ÓÞÞ, StG, VS.
1 þm. (KÁ) greiddi ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 412,5 kölluð aftur.

Brtt. 410,10 felld með 32:13 atkv. og sögðu
já: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, IP, JE, JHelg, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
10 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JÁ, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 412,6 felld með 31:12 atkv. og sögðu
já: AÓB, GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
12 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,11 felld með 32:12 atkv. og sögðu
já: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
11 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 412,7 kölluð aftur.

Brtt. 483,6 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,12 felld með 35:11 atkv. og sögðu
já: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JHelg, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS.
nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, JóhS, KE, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
9 þm. (GHelg, HG, JÁ, JE, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 483,7, inngangsmálsliður og fyrri stafliður, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 483,7, síðari stafliður, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, KHG, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP.
15 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JE, JHelg, KÁ, KE, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 410,13–14 felld með 34:12 atkv. og sögðu
já: EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS.
nei: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, ISG, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
9 þm. (GHelg, HG, JÁ, KHG, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 483,8 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 412,8 felld með 32:12 atkv. og sögðu
já: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

11 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (EH, GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. *gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:*
[01:20]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegi forseti. Það er margt í þessu frv. sem við þingmenn Framsfl. getum stutt og það er annað sem við erum mjög andvígir. Sú afstaða hefur komið skýrt fram í þessari atkvæðagreiðslu. Við lýsum allri ábyrgð á þessu máli á hendur ríkisstjórninni og munum sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 485).

Ráðstafanir í ríkisfjármálum 1994, frh. 3. umr.

Stjfrv., 263. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 476, brtt. 465 og 480.
[01:21]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 480.a samþ. með 22:21 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, EgJ, GB, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, TIO, VE.
nei: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FrS, GHH, GE, GÁS, HBl, JóhS, LMR, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, ÞorstP.
12 þm. (EKG, EL, FI, GuðjG, GHall, GÁ, HÁ, HG, RG, SAÞ, VG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 480.b felld með 27:17 atkv. og sögðu
já: AÓB, EKG, GB, GHelg, ISG, IP, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SAÞ, SJS, SvG, VE.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VG, ÞorstP.
11 þm. (EL, FI, GÁ, HÁ, HG, JÁ, JE, RG, StG, TIO, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,1 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (EH, FrS, GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,2 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JHelg, KHG, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (AÓB, ISG, KÁ, KE, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,3.a samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, JE, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
20 þm. (AÓB, EL, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 465,3.b samþ. með 33:13 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG*, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KÁ, KE, ÓRG, RA, SJS, SvG, VS.
9 þm. (EL, FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JE, JHelg, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
8 þm. (GunnS, JGS, JónK, JVK, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 486).

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 298. mál (innflutningur landbúnaðarvara og verðmiðlunargjöld). — Þskj. 474.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[01:32]

Guðni Ágústsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn höfum við 2. umr. lýst okkur fylgjandi meginatriðum þessa frv., þ.e. að landbrh. á hverjum tíma fari með forræði og veiti heimildir til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við fríverslunar- og milliríkjasamninga og skuli ákveða upphæð verðjöfnunargjalda. Hins vegar lýsum við andstöðu við embættismannanefnd með valdi sem er til þess að þessi mál verði í áframhaldandi stríðsástandi öllum aðilum til skaða, ekki síst íslenskri landbúnaðarframleiðslu, en vegir ríkisstjórnarinnar eru órannsakanlegir. Við munum ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu, við munum sitja hjá.

Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JHelg, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JGS, JónK, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 487).

Fundi slitið kl. 01:34.

---

73. FUNDUR

mánudaginn 21. des.,
að loknum 72. fundi, kl. 1.44 árdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Fjárlög 1994, stjfrv., 1. mál, þskj. 355, nál. 456 og 462, brtt. 419, 457, 458, 459, 460, 461 og 463. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Frestun á fundum Alþingis, þáltill., 301. mál, þskj. 478. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.

Minning Steingríms Aðalsteinssonar.

[01:44]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Mitt í önnum Alþingis í dag bárust þær fregnir að Steingrímur Aðalsteinsson, fyrrverandi alþingismaður og forseti efri deildar Alþingis, hefði andast í morgun, mánudaginn 20. des., á nítugasta og fyrsta aldursári. Ég vil á þessum síðasta fundi Alþingis fyrir jólahlé minnast hans nokkrum orðum.

Steingrímur Aðalsteinsson var fæddur 13. jan. 1903 á Mýrarlóni í Glæsibæjarhreppi. Foreldrar hans voru hjónin Aðalsteinn húsmaður þar, síðar daglaunamaður í Glerárþorpi Hallgrímsson bónda í Myrkárdal í Skriðuhreppi Manassessonar og Kristbjörg Þorsteinsdóttir bónda á Mýrarlóni Þorsteinssonar. Hann var á barnsaldri þegar hann missti föður sinn og þurfti ungur að fara að vinna fyrir sér, var vinnumaður á Gilsá og Æsustöðum í Eyjafirði fram undir tvítugt. Gagnfræðaprófi lauk hann á Akureyri vorið 1924. Hann átti heimili á Lyngholti í Glerárþorpi og var daglaunamaður þar 1922–1932, átti síðar heimili á Akureyri og var bæjarfulltrúi þar frá 1934 þar til hann fluttist alfarinn til Reykjavíkur upp úr 1950 þar sem hann bjó síðan. Við alþingiskosningarnar í júlí 1942 var hann í kjöri á Akureyri fyrir Sameiningarflokk alþýðu — Sósíalistaflokkinn og hlaut kosningu sem landskjörinn alþingismaður. Hélt hann því þingsæti til 1953, en þá var hann fluttur burt frá Akureyri. Á haustþinginu 1942 var hann kjörinn forseti efri deildar og hélt því starfi fram á árið 1946. Hann sat á 13 þingum alls. Eftir flutninginn til Reykjavíkur stundaði hann leigubílaakstur árum saman og var fulltrúi á skrifstofu verðlagsstjóra 1957–1965.

Steingrímur Aðalsteinsson hafði mikil afskipti af verkalýðsmálum á starfsævi sinni. Hann varð formaður Verkalýðsfélagsins í Glerárþorpi rúmlega tvítugur, árið sem hann fluttist til Akureyrar var hann kjörinn formaður Verkamannafélags Akureyrarkaupstaðar og í Reykjavík starfaði hann í samtökum leigubílstjóra, Hreyfli. Á árunum nyrðra reyndi mikið á forustu hans í verkalýðsmálum. Það voru tímar harðra vinnudeilna, kreppu og atvinnuleysis. Hann brást ekki trausti stéttarbræðra sinna, vann stefnufastur og heils hugar að þeim fjölþættu verkefnum sem á honum hvíldu á þeim vettvangi.

Við verkalýðsmál tvinnuðust afskipti Steingríms Aðalsteinssonar af stjórnmálum. Hann átti af hálfu flokks síns sæti í bæjarstjórn og á Alþingi. Hér átti hann sæti rúman áratug, hvarf héðan fyrir fjörutíu árum. Hann flutti mál sitt hér sem endranær með festu og gjörhygli og átti hylli flokksbræðra í heimabæ sínum meðan hann bjó nyrðra. Í forsæti á Alþingi fékk hann orð fyrir röggsama og trausta fundarstjórn, réttsýni og sanngirni.

Ég vil biðja hv. alþm. að minnast Steingríms Aðalsteinssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Útbýting þingskjals:
Frestun á fundum Alþingis, þáltill. forsrh., 301. mál, þskj. 478.

Fjárlög 1994, frh. 3. umr.

Stjfrv., 1. mál. — Þskj. 355, frhnál. 456 og 462, brtt. 419, 457, 458, 459, 460, 461 og 463.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[01:49]

Guðmundur Bjarnason *(um atkvæðagreiðslu)*:
Hæstv. forseti. Á þskj. 463 höfum við hv. þm. Jón Kristjánsson flutt nokkrar brtt. við tekjugrein fjárlagafrv., 3. gr. þess, sem m.a. byggja á þeim tillögum sem 2. minni hluti efh.- og viðskn. hafði flutt við breytingar á skattalögum sem hér hafa verið til umræðu og afgreiðslu næst á undan.

Við teljum að þær tillögur sem hér eru fluttar hefðu mætt betur þörfum þeirra sem verst eru settir í þjóðfélaginu, betur en þær tillögur sem ríkisstjórnin bar fram og við teljum líka að þær hefðu jafnað betur kjörin í landinu. Við teljum einnig að þessar tillögur hefðu nokkuð, hefðu þær gengið fram, lagað stöðu ríkissjóðs og dregið úr halla hans um nær hálfan milljarð kr. Þessu til stuðnings vil ég leyfa mér að vitna til skjals frá Þjóðhagsstofnun, sem dags. er 17. des. sl., þar sem lagt er mat á þessar tillögur og þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Umræddar tillögur hafa með ýmsum hætti áhrif á kaupmátt. Þannig hefur minni verðbólga í för með sér aukinn kaupmátt og í sömu átt ganga að sjálfsögðu hækkanir bóta. Á móti vegur hins vegar að skattar á eignir eru hækkaðir. Í tillögunum felast því tilfærslur á skattlagningu á þá leið að kaupmáttur launa og hvers konar bóta eykst nokkuð en ráðstöfunarfé eignamanna minnkar."

Nú hefur, virðulegur forseti, meiri hluti Alþingis fellt þessar brtt. frá 2. minni hluta efh.- og viðskn. sem ég gat um áðan og því teljum við ekki tilgang í því að fram fari atkvæðagreiðsla um þær tillögur sem hér eru fluttar á þskj. 463 og drögum þær því til baka.

[01:51]

Brtt. 463 kölluð aftur.

Brtt. 459 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,2–5.a–b samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (GunnS, JÁ, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,5.c samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, IBA, JóhS, JHelg, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, VG, VE, ÞorstP.

16 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KÁ, SJS, TIO, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:54]

Guðmundur Bjarnason:
Virðulegur forseti. Það er auðvitað þýðingarmikið ef hægt er að verja viðbótarfjármunum til þróunar- og rannsóknastarfa, ekki síst á sviði sjávarútvegs. Ég hef hins vegar tvær athugasemdir að gera við þessa tillögu sem hér er flutt. Í fyrsta lagi vil ég minna á það að Alþingi samþykki 20. maí 1992 þáltill. og gerði að ályktun sinni að efla skyldi Akureyri og Eyjafjarðarsvæði sem miðstöð fræðslu og rannsókna á sviði sjávarútvegs. Þess vegna tel ég að það hefði átt að hafa forgang og sitja fyrir ef nú eru til fjármunir til þess að ráðast í verkefni á þessu sviði. Í öðru lagi þrátt fyrir það og þótt hér sé um gott verkefni að ræða, þá tel ég það með ólíkindum ef þarf að byrja á því að hefja starfsemi með því að kaupa undir hana húsnæði fyrir 20 millj. kr. sem ríkið þarf að leggja í 12 millj. og tel einnig að það hefði mátt fara af stað með þetta verkefni fyrir minni fjármuni. Ég mun því sitja hjá við þessa atkvæðagreisðlu.

[01:55]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mál sem gengur þvert á yfirlýsta stefnu Alþingis í uppbyggingu sjávarútvegsrannsókna og mun ég því sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[01:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil sömuleiðis taka undir það að hér er nokkuð sérkennilega að verki staðið að manni sýnist. Ári eftir að Alþingi hefur samþykkt sérstaka þingsályktun um að efla beri sérstaklega nám í sjávarútvegsfræðum við Háskólann á Akureyri og byggja upp stofnanir á sviði rannsókna og fræða á því sviði til að byggja þar öfluga miðstöð rannsókna og fræðslu í sjávarútvegi, þá er — og það nokkuð svo rausnarlega — lagt nýtt fjármagn í verkefni af þessu tagi sem ugglaust er góðra gjalda vert, en þess sér hins vegar lítinn stað að hæstv. ríkisstjórn taki mark á þessum vilja Alþingis að beina kröftunum að uppbyggingu á Akureyri í samræmi við ályktunina sem hér hefur verið nefnd.

Ég vil að sjálfsögðu ekki leggja stein í götu þessa verkefnis, þarft sem það má vera, en í ljósi þess hvernig aðstæður allar eru í þessu máli þá kýs ég að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

Brtt. 457,5.d–457,8 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,9 samþ. með 32:23 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[01:58]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Við framsóknarmenn gerum okkur grein fyrir því að vegna þeirra fáránlegu laga sem gilda um lánasjóðinn, þá er ekki þörf fyrir meira fjármagn fyrir sjóðinn heldur en hér er gerð tillaga um, en það verður hins vegar að breyta þeim lögum. Það er okkar skoðun að tilgangur með sjóði sem þessum sé að veita námsmönnum framfærslulán og gera þeim kleift að stunda sitt nám nám án tillits til efnahags. Hæstv. ríkisstjórn er á villigötum með Lánasjóð ísl. námsmanna. Ég mun því segja nei við þessari niðurskurðartillögu.

[01:59]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er mín skoðun og okkar alþýðubandalagsmanna að að sé þörf fyrir þessa fjármuni í Lánasjóði ísl. námsmanna. Við teljum að reglur þær sem framkvæmdar eru nú samkvæmt lögunum séu of þröngt túlkaðar. Ef þær væru túlkaðar með eðlilegum hætti, þá kæmi það í ljós að það væri þörf fyrir þessa fjármuni og reyndar meira til. Þess vegna erum við andvíg þeim niðurskurði sem hér er gerð tillaga um og við segjum nei.

Brtt. 457,10–12 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (EgJ, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,13 samþ. með 32:17 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

4 þm. (EL, GB, HÁ, JHelg) greiddu ekki atkv.

10 þm. (FI, GÁ, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 419 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (EH, EL, FI, GuðjG, GunnS, HG, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,14.a samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁJ, EgJ, FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,14.b samþ. með 41:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL,

EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JónK, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG.

2 þm. (JHelg, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,15 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (AÓB) greiddi ekki atkv.

9 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,16–19 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,20 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,21–24 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (AÓB, ISG, KÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,25 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (EKJ, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:05]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Tvær næstu tillögur hér á undan, nr. 23 og 24, svo og nokkrar sem koma hér á eftir, fjalla um það að falla frá hugmyndum sem áður voru boðaðar um það að breyta verulega hvað varðaði skipun sýslumannsembætta í landinu, svo og héraðsdómstóla á Norðurlandi. Þessar tillögur sem hér eru lagðar fram og við framsóknarmenn munum styðja hafa vissulega í för með sér nokkurn útgjaldaauka. Til að mæta þeim útgjaldaauka er lagt til að dregið verði úr fjárveitingum til nokkurra stofnkostnaðarliða og viðhaldsliða innan dómsmrn. og ég legg til að við framsóknarmenn munum einnig samþykkja þá liði.

Brtt. 457,26–28 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IP, JóhS, JHelg, JónK, KHG, LMR, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JVK, KÁ, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁJ, GunnS, IBA, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, PBald, RA, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,29 samþ. með 32:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: ÓRG, RA, SvG.

17 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (GHelg, GunnS, JÁ, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,30 samþ. með 43:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

nei: GHelg.

11 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,31–62 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (AÓB, ISG, JÁ, JVK, KÁ, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,63 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:08]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að minna á tillögu sem Kvennalistinn flutti við 2. umr. um fjárlögin sem fól í sér að þessi liður sem áður hét Atvinnumál kvenna á landsbyggðinni héti reyndar Atvinnumál kvenna, en í staðinn fyrir 15 millj. kæmu 75 millj., þ.e. að 60 millj. kr. framlag sem var á þessu ári varið sérstaklega í atvinnuátak fyrir konur héldist áfram til viðbótar við þær 15 millj. sem voru í frv. Hér hefur verið gerð örlítil bragarbót, þ.e. liðurinn hækkar úr 15 millj. í 20 millj. en samtímis er búið að breyta því þannig að þetta eru ekki aðeins atvinnumál kvenna á landsbyggðinni heldur atvinnumál kvenna almennt. Við teljum að þó að þarna sé ákveðin bót gerð þá sé þetta ekki nándar nærri nóg miðað við það að þetta eigi að vera fyrir konur á landinu öllu. En við treystum okkur auðvitað ekki til að greiða atkvæði gegn þessu og segjum því já við þessari brtt.

Brtt. 457,64 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:10]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Á síðustu klukkustundum sem fjárln. var að ganga frá tillögum sínum fyrir 3. umr. við fjárlagafrv. komu fram þær skoðanir eða hugmyndir frá heilbrrn. að lífeyristryggingar væru vanáætlaðar um 200 millj. kr. Verður það að teljast nokkuð seint komið fram að svo mikil fjárvöntun skuli allt í einu koma í ljós við þennan mikilvæga málaflokk. Til þess að bjarga í horn hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. lagt fram nokkrar tillögur um að mæta þessum útgjaldaauka með því að skera niður í sjúkratryggingunum. Ég fór nokkuð yfir það í ræðu minni hér í fyrradag, virðulegur forseti, hvaða skoðanir ég hefði á þeim tillögum. Ég tel að þær séu ómarkvissar og ekki líklegar til þess að ná árangri. Það er hins vegar gott ef það verður. Ég hef ekki á móti sparnaði, en ég hef mínar efasemdir um að þetta muni ná fram að ganga. Ég mun því sitja hjá við þessar tvær tillögur, 64 og 65.

Brtt. 457,65 samþ. með 32:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG.

15 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KÁ, ÓÞÞ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,66–67 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (KÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GunnS, JE, JGS, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,68.a samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:13]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Vegna verkefna og fjármála stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík vil ég lýsa yfir eftirfarandi: Af óskiptum 304 millj. kr. til reksturs og framkvæmda á liðnum 08-370, Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi, verður einkanlega dreift á Ríkisspítala, Borgarspítala

og Landakot. Verður það gert í samráði við fjárln. í ljósi þeirra tillagna sem fram munu koma fljótlega um verkaskiptingu þessara sjúkrahúsa, sérstaklega þá varðandi rekstur barnadeildar Landakots, tímasetningar væntanlegs flutnings hennar og framtíðarfyrirkomulag þeirra mála. Horft verður jöfnum höndum til umfangs verkefna spítalanna þriggja og fjárhagsstöðu þeirra við skiptingu þessa fjármagns.

[02:13]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni sameiningu Landakotsspítala og Borgarspítala. Samningar milli þessarar stofnana eru nú langt komnir. Með tilliti til þess hefði ég talið betra að skipta niðurskurði á framlögum til sjúkrahúsa í Reykjavík og safnliðnum Sjúkrahús með fjölþætta starfsemi á þann hátt að sameiningin gæti farið fram á jafnræðisgrundvelli. En með hliðsjón af framsöguræðum formanns og varaformanns fjárln. og enn fremur yfirlýsingum heilbrrh. þá greiði ég tillögunni atkvæði og enn fremur í trausti þess að af sameiningu geti orðið og leiðrétting gerð þannig að niðurskurður komi aðeins hlutfallslega niður á Landakotsspítala eða sameinaðri starfsemi Landakots og Borgarspítala.

Brtt. 457,68.b samþ. með 34:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: GHelg, HG, JÁ, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG.

11 þm. (AÓB, EL, GB, GÁ, ISG, IP, JónK, JVK, KÁ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (GunnS, HÁ, JE, JGS, JHelg, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,68.c samþ. með 32:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

9 þm. (FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,69–72 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

11 þm. (GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,73 samþ. með 32:23 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:18]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Vegna þessarar brtt. vil ég lýsa yfir eftirfarandi: Ég vil taka fram að ekki mun koma til samdráttar í þjónustu vegna ungbarnaeftirlits og mæðraverndar né heldur heimahjúkrunar. Er þess freistað í tillögu þessari að spara í kostnaði við yfirstjórn þessarar stofnunar. Mun ríkisstjórnin tryggja að ofangreint gangi eftir. Ef þörf verður á verður úr því bætt við framlagningu og afgreiðslu fjáraukalaga á næsta ári.

[02:18]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Í þessu ákvæði er gert ráð fyrir því að framlag til Heilsuverndarstöðvar í Reykjavík lækki um 15 millj. kr. og eins og fram kom hér við 3. umr. fjárlaga er fyrst og fremst um það að ræða að ná þessu af ungbarnaeftirliti og mæðravernd. Nú hefur ráðherra hins vegar flutt hér þá yfirlýsingu að það verði hægt að reka áfram óbreytt ungbarnaeftirlit, mæðravernd og heimahjúkrun í Heilsuverndarstöð Reykjavíkur þannig að þessi niðurskurður verði ekki látinn koma niður þar heldur á yfirstjórninni ef þess er einhver kostur. Náist þessi niðurskurður þar ekki, þá verði þetta bætt á fjáraukalögum. Þannig skildi ég orð ráðherra. Ég tel að þau séu mjög mikilvægt innlegg í þessa umræðu og vil þakka fyrir þau. Engu að síður verð ég, og við munum gera það kvennalistakonur, að greiða atkvæði gegn þessum lið eins og þarna er inni vegna þess að við teljum algjörlega óraunhæft að það sé hægt að ná 15 millj. kr. niðurskurði á Heilsuverndarstöð Reykjavíkur og í rauninni hefði því liðurinn átt að falla burt. En ég tel mjög mikilvæga þessa yfirlýsingu ráðherra.

[02:20]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Vegna starfa erlendis átti ég ekki kost á því að taka þátt í afgreiðslu fjárlagafrv. til 3. umr. þó að ég eigi sæti í hv. fjárln. Ég kom til landsins í gær og hafði ekki veitt athygli þessari tillögu sem hér er til umræðu og ég vil sérstaklega leyfa mér að þakka hv. 11. þm. Reykv. Finni Ingólfssyni sem vakti athygli okkar allra á þessu máli. Fyrir það á hann heiður skilið. Ég efast um að ég hefði sjálf tekið eftir þessu fyrr en nú við afgreiðslu.

Ég hlýt hins vegar að furða mig á þessum vinnubrögðum því að hér er ég með í höndunum afrit af

ræðu hv. formanns fjárln. sem tekur það skýrt fram að þarna sé um að ræða ungbarnaeftirlit og mæðravernd sem skuli taka 15 millj. af. Og ég vil lýsa því yfir að ef eitthvað er í lagi í Reykjavíkurborg þá er það einmitt ungbarnaeftirlitið og mæðraverndin. En ég verð auðvitað eins og aðrir að treysta því að hæstv. ráðherra hafi séð fáránleikann í þessari skerðingu. Ég treysti því að hann standi við sín orð og mun því að sjálfsögðu sitja hjá við þessa afgreiðslu í trausti þess að úr verði bætt.

[02:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir þá yfirlýsingu sem fram kom frá honum í þessu máli. Ég tel hana mjög mikilvæga og ég lýsi því yfir sem þingmaður Reykvíkinga að ég mun aðstoða hann ef hann þarf að reyna að taka þetta mál inn á fjáraukalög á næsta ári, en vonandi tekst með öðrum hætti að leysa það. Ég mun hins vegar greiða atkvæði gegn tillögunni eins og hún liggur hér fyrir vegna þess að ég tel að hún feli í sér atlögu að einum besta þættinum í heilbrigðiskerfi Reykvíkinga.

[02:22]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég lít svo á að á þessari stundu sé aðeins hægt að gera grein fyrir atkvæði sínu varðandi það mál sem er á dagskrá en fráleitur hlutur að ráðherrar séu að semja uppkast að nýjum fjáraukalögum. Það er nú einu sinni svo að ég veit ekki til að hæstv. forseti hafi tekið það á dagskrá. En mín afstaða í þessu máli er að ég segi nei.

[02:23]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og hv. 9. þm. Reykv. þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hafa dregið þessa tillögu til baka að nokkru leyti með þeirri yfirlýsingu sem hann gaf hér við þessa atkvæðagreiðslu. Vinnubrögðin þarf hins vegar að fordæma af þeirri ástæðu að þarna er gengið til verks milli 2. og 3. umr. án þess að ráðgast neitt við stjórnendur Heilsuverndarstöðvarinnar, án þess að tala við neitt af starfsfólki þeirrar stofnunar. Í morgun sat starfsfólk þessarar stofnunar á fundi og var að skipuleggja ungbarnaeftirlit og mæðraskoðun fyrir árið 1994 í trausti þess að þarna væru tryggðar fjárveitingar. Svo sést þetta hér nú á þessu kvöldi.

Ég tek undir að það mun að mörgu leyti vera hægt að flytja mæðraverndina og ungbarnaeftirlitið frá Heilsuverndarstöðinni og yfir á heilsugæslustöðvarnar, en til þess að það sé hægt er forsenda fyrir því að fjármunir fylgi með sem ekki átti að vera í þessu tilfelli. Þrátt fyrir þessa yfirlýsingu vil ég greiða atkvæði gegn þessari tillögu.

Brtt. 457,74 samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,75 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, IP, JóhS, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,76 samþ. með 33:18 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, FI, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG.

4 þm. (JVK, ÓÞÞ, VG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,77–78 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JónK, KHG, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (AÓB, GuðjG, HÁ, ISG, JHelg, JVK, KÁ, ÓÞÞ, StG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 461 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,79 samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,80 samþ. með 30:19 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.
nei: EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS.

4 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EgJ, GE, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,81–83 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (GHelg, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,84–85 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 460 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 458,1–11 (undirliður 3.78) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (AÓB, GHelg, ISG, KÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (GunnS, IBA, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 458,11 (undirliður 3.79) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:32]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Með tilvísun til umræðu í hv. fjárln. vegna þessa liðar vil ég gefa eftirfarandi skýringu. Með þessari tillögu er ekki gert ráð fyrir því að ríkissjóður afsali sér eignum á Staðarfelli, heldur yfirtaki SÁÁ umsjón alla og rekstur skólahúsanna á Staðarfelli um leið og þeir fá heimild til þess að nýta eignir í samræmi við samning sem gera þarf. Þá er gert ráð fyrir því að semja við SÁÁ um að afmarka landnotkun vegna þeirrar starfsemi sem á vegum SÁÁ fer fram á Staðarfelli eða sem fyrirhuguð verður þar.

Þetta vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi fram við þessa umræðu sem og að undirbúningur við samninga verði í samráði við heimamenn, þ.e. Staðarfellsnefnd.

Brtt. 458,11 (undirliður 3.80) – 13 (undirliður 5.12) samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (AÓB, GHelg, ISG, KÁ, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EH, FI, GunnS, HG, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 458,13 (undirliður 5.13) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP.

15 þm. (AÓB, EL, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JHelg, JónK, JVK, KÁ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

8 þm. (GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:35]

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Þingmenn Framsfl. eru samþykkir því efnislega að þörf sé á þeim bótagreiðslum sem heimildin gerir ráð fyrir. Hins vegar er hér að málum staðið með þeim hætti að engar reglur liggja fyrir um úthlutanir á þessu fé né um þá upphæð sem verja á í þessu skyni. Eðlileg málsmeðferð hefði verið sú að veita fjármuni til Bjargráðasjóðs í þessu skyni. Þingmenn Framsfl. geta ekki fallist á þessi vinnubrögð né samþykkt greinina fyrr en úthlutunarreglur og upphæð bóta liggur fyrir og því greiðum við ekki atkvæði.

[02:36]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Við alþýðubandalagsmenn erum því samþykkir að greiddar séu sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993, eins og segir hér í lið 5.13, en okkur finnst orðalagið á liðnum nokkuð ófullkomið að ekki sé meira sagt. Okkur finnst að það hefði þurft að liggja fyrir hvernig þessu fé verður úthlutað og að um það hefðu verið settar reglur. En í trausti þess að hér verði ekki um það að ræða að ráðuneytið fari að úthluta þessu fé heldur verði það óháður aðili á vegum bændasamtakanna og vegna þess að í eðli sínu er þetta gott mál, þá segjum við já.

[02:37]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar rétt lýst. Hún vill valsa með almannafé og velja sjálf þá útvöldu. Þessi grein mun snúa að bændum á Norður- og Austurlandi þó það sé ekki nefnt í textanum. Enn eiga bændur sinn Bjargráðasjóð sem styðst við almennar reglur. Óþolandi er að Alþingi skuli leggja blessun sína yfir að ráðherrum sé falið að fara með fjármuni og útdeila almannafé eftir eigin duttlungum.

Hæstv. forseti. Verða það kalin tún eða flokksskírteini að Sjálfstfl. sem ráða niðurstöðunni?

[02:38]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef svipaðar athugasemdir fram að færa og aðrir sem hafa gert grein fyrir atkvæði sínu. Ég tel að hér sé mjög einkennilega að málum staðið þrátt fyrir það að ég geti vel unnt bændum þess að fá bætur fyrir þetta harðæri sem þeir urðu fyrir sl. vor, en við vorum að greiða atkvæði um það um ráðstafanir í ríkisfjármálum rétt áðan að skerða Bjargráðasjóð og ég tel að það væri miklu eðlilegra að Bjargráðasjóður sæi um þessa hlið mála.

Brtt. 458,13 (undirliður 5.14) samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (AÓB, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (FI, GunnS, HÁ, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 458,13 (undirliðir 5.15–5.16) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HBl, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (AÓB, GÁ, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (FI, GunnS, HÁ, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 458,13 (undirliður 5.17) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, EL, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

10 þm. (EH, FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[02:40]

Jón Kristjánsson:

Frú forseti. Þingmenn Framsfl. eru efnislega sammála þessari tillögu, að gera þarf markaðsátak í ferðamálum. Hins vegar er sú aðferð til fjáröflunar í þessu skyni sem hér er lögð til fráleit. Hér er ráðherra veitt heimild til að skera niður fjárveitingar sem Alþingi hefur nýlega samþykkt með afgreiðslu fjárlaga. Eðlileg málsmeðferð hefði verið að fjárln. gerði ákveðnar tillögur um hvernig þessa fjár væri aflað og gengi frá því endanlega. Við munum því ekki greiða atkvæði um þessa tillögu á forsendum þessara vinnubragða.

[02:41]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar fjárln. hafði lokið við að afgreiða samgrn. og skipta þar niður liðum, þá var komið að síðasta degi afgreiðslu í fjárln. með þessa tillögu sem hér er í lið 5.17. Og þó að ég sé ekki andvíg því að til markaðsátaks sé efnt til þess að lengja ferðamannatímann á Íslandi þá tel ég að þetta hefði átt að vera hlutverk Ferðamálaráðs og það hefði á átt að láta vera að skerða jafnframt í þessum fjárlögum framlög til Ferðamálaráðs. Ég greiði því ekki atkvæði með þessum lið.

[02:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er satt best að segja einhver allra furðulegasta tillaga sem ég hef lengi séð á prenti. Hér er nýbúið að afgreiða skerðingar á lögbundnum tekjustofnum Ferðamálaráðs sem sinnir því verkefni að skipuleggja og annast í samstarfi við aðra eftir atvikum markaðsátak í þágu íslenskrar ferðaþjónustu er-

lendis og að sjálfsögðu hefði aukning á fjárframlögum til slíkra verkefna, sem eru góðra gjalda verð og þörf, átt að færast þar. Hér á hins vegar að beita þeirri afar sérkennilegu aðferð að skerða flatt allar stofnanir samgrn. til að fjármagna þetta verkefni hversu óskyld sem verkefni þeirra og rekstur kunna að vera uppbyggingu á sviði ferðaþjónustu. Ég held að þarna hljóti að vera hægt að fara einhverjar skynsamlegri leiðir og treysti mér ekki til þess að samþykkja a.m.k fyrri hluta þessa furðulega ákvæðis.

Brtt. 458,13 (undirliðir 5.18–5.19) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

9 þm. (FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 457,86 samþ. með 32:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: GHelg.

21 þm. (AÓB, EL, GB, GÁ, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

9 þm. (FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, EL, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GunnS, JE, JGS, KE, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 488).

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Þáltill. forsrh., 301. mál. — Þskj. 478.

[02:46]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 20. desember 1993 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 24. janúar 1994."

Tillaga þessi skýrir sig sjálf.

[02:46]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar gerð var sú breyting á skipan Alþingis að þing starfaði allt árið, þá var það ætlunin og yfirlýst af öllum hlutaðeigandi aðilum að með því ætti að draga úr setningu bráðabirgðalaga. Nú hefur hæstv. ríkisstjórn kosið að flytja hér till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis skv. 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Við vitum öll í þessum sal að yfirvofandi er vinnustöðvun sjómanna og mikil óvissa ríkir í málefnum sjávarútvegsins. Þess vegna er ljóst að áramótin og fyrstu vikur janúarmánaðar geta verið tími mikilla erfiðleika og hugsanlega ákvarðana sem löggjafinn þarf að taka. Ég beini því þeirri fyrirspurn til hæstv. forsrh. hvort hann sé reiðubúinn að gefa þá yfirlýsingu að telji ríkisstjórnin nauðsynlegt að setja lög á því tímabili sem kveðið er á um í þessari tillögu verði þing kvatt saman svo að hægt verði að fjalla um lagasetninguna með eðlilegum hætti. Þar með væri ríkisstjórnin að gera alveg skýrt að hún ætlaði ekki að beita bráðabirgðalagavaldinu á þessum frestunartíma. Ég held að mikilvægt sé að slík yfirlýsing hæstv. forsrh. liggi fyrir svo að við getum tekið afstöðu til þeirrar tillögu sem hér er flutt og óska ég eindregið eftir því að hann láti þinginu í té yfirlýsingu þessa efnis.

[02:48]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hér liggur fyrir till. til þál. um að fresta fundum Alþingis. Ég hef lýst því yfir hér áður að ég tel alls ekki nauðsynlegt að það þurfi með þessum hætti að fresta fundum Alþingis. Ég tel að forseti Alþingis geti frestað Alþingi fram í janúar eins og hér er gert ráð fyrir án þess að til þess þurfi að koma sérstök þál. Hvort sem þessi ályktun verður samþykkt eða ekki, þá tel ég alls ekki að ríkisstjórnin hafi nokkra heimild til setningar bráðabirgðalaga. Auðvitað á að kalla Alþingi saman ef þörf krefur eins og kemur fram í tillgr. sjálfri. Það stendur að það verði kallað saman ef nauðsyn krefur fyrir 24. janúar 1994 þannig að ég tel að tillaga eins og þessi þurfi alls ekki að koma fram hér á Alþingi þó að fundum Alþingis sé frestað um nokkrar vikur.

[02:50]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég er dálítið undrandi á þeirri afstöðu sem kom fram hjá hv. þm. vegna þess að þetta mál hefur áður verið rætt hér á hv. Alþingi. Hinn 14. jan. 1993 ræddi hv. 9. þm. Reykv. þetta mál og sagði m.a., með leyfi forseta: „Ég ætla hins vegar ekki að tefla fram neinum fullyrðingum af þessu tilefni en skora á hæstv. forsrh. að kanna þetta mál sérstaklega."

Ég fyrir mitt leyti svaraði því til að þetta fyndist mér eðlileg beiðni og að þessi athugun færi fram. Þessi athugun fór síðan fram, bæði af hálfu ráðuneytisins og af hálfu lagadeildar Háskóla Íslands eða stjórnskipunarprófessorsins við háskólann og sú álitsgerð var send

forsætisnefnd þingsins 6. maí 1993. Það er algerlega ótvírætt og hefur ekki breyst að það er ekki hægt að íslenskri stjórnskipun að fresta þinginu með öðrum hætti en þessum. Forseti þingsins getur að vísu gert stutt hlé með samþykki þingmanna, til að mynda um páska, fyrir því er hefð, en það er ekki hægt að fresta fundum með öðrum hætti en þessum. Þetta hefur verið athugað og álitsgerðin var send þinginu 6. maí og ég gerði ekki ráð fyrir því að þess vegna yrðu deilur um þetta atriði sérstaklega.

Vegna hins atriðisins sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi þá get ég aðeins sagt það eitt og það stendur ekki til og engin ráðagerð er uppi um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að beita bráðabirgðalöggjafarvaldi vegna þeirrar deilu sem hv. þm. nefndi eða annarra. Ég geri því ekki skóna á þessu stigi máls, vona svo sannarlega að ekki þurfi til þess að koma að löggjafarvaldinu yfirleitt verði beitt í þessari vinnudeilu. Menn hljóta að þurfa að forðast það eins og heitan eldinn. Það eru engar slíkar ráðagerðir uppi, en aðra yfirlýsingu get ég ekki gefið því að ég tel að bráðabirgðalöggjafarvaldhafinn geti ekki afsalað sér með þessum hætti heimild af þessu tagi. En það eru engar slíkar ráðagerðir uppi.

[02:52]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með svar hæstv. forsrh. Mín spurning var skýr. Hún var á þá leið hvort hæstv. forsrh. væri reiðbúinn að gefa þá yfirlýsingu hér að teldi ríkisstjórnin nauðsynlegt að setja lög á þessum frestunartíma þá mundi hún kalla þingið saman. Ég var ekki að spyrja að því hvort ríkisstjórnin hefði nú uppi einhverjar ráðagerðir um að setja bráðabirgðalög. Ég taldi óþarfa að spyrja að því. Það er þess vegna miður að forsrh. skyldi ekki treysta sér að gefa þá yfirlýsingu hér að hann mundi kalla þingið saman ef ríkisstjórnin teldi nauðsynlegt að setja lög. Þar með liggur það nokkuð ljóst fyrir að bráðabirgðalagasetningin vofir nú yfir á þingfrestunartímanum af hálfu hæstv. forsrh. Ef hæstv. forsrh. gefur ekki skýrari svör hér þá sé ég ekki hvernig við fyrir okkar leyti a.m.k. getum stutt þá tillögu sem hann hefur lagt fyrir þingið. Ég teldi æskilegra að ríkisstjórnin ætti þá samvinnu við þingið að skilja hér áður en við göngum til jólahátíða á þann veg að við vissum öll hvað til stæði en með yfirlýsingunni hefur hæstv. forsrh. skapað óvissu og það tel ég miður. Ég skora því enn á hæstv. forsrh. að gefa skýra yfirlýsingu um það að ríkisstjórnin muni kalla þingið saman ef hún telur tilefni til lagasetningar á þessum frestunartíma. Ef slík yfirlýsing kemur ekki þá treystum við okkur ekki til að greiða þessari tillögu atkvæði.

[02:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst fráleitt af hv. þm. að segja að bráðabirgðalög vofi yfir þó að þessi yfirlýsing sé gefin með þeim hætti sem ég gaf. Hv. þm. virðist telja það fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt og jafnvel sjálfsögðustu leiðina að það verði gripið til lagasetningar gagnvart þessari kjaradeilu.

Ég verð nú að segja að hv. þm. er ekki að styrkja stöðu a.m.k. annars deiluaðilans í þessu máli með því að halda slíku fram. Mér finnst alls ekki viðeigandi að segja að þó að ég geti ekki afsalað því valdi sem stjórnarskráin kveður á um með þessum hætti þá vofi yfir lagasetning vegna þessarar deilu. Auðvitað hljótum við að gera ráð fyrir því að viðsemjendur í þessari deilu eins og öðrum leysi slíka vinnudeilu. Mér fannst ályktun hv. þm. allt of langt fram gengin.

[02:55]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er greinilegt að yfirvofandi sjómannaverkfall og hinar hörðu deilur sjómanna eru viðkvæmt mál fyrir hæstv. forsrh. og ég skil það ósköp vel. Ég var hins vegar ekki að fara í efnisumræður um það mál. Ég var einfaldlega að biðja hæstv. forsrh. að gera alveg skýrt að þegar þingið situr nú allt árið og þorri þingmanna, ef ekki allir þingmenn, er á landinu í þessu þinghléi, að mestu leyti ef ekki öllu, þá væri ekki mikil fyrirhöfn að kalla þingið saman jafnvel með dags fyrirvara ef ríkisstjórnin teldi nauðsynlegt að grípa til lagasetningar. Það er athyglisvert að hæstv. forsrh. skuli ekki vera reiðubúinn til að gefa slíka yfirlýsingu hér. Ég man ekki hvort hann gaf slíka yfirlýsingu í fyrra, ég ætla ekki að fullyrða það í þessum ræðustól nú, en ég teldi það vera til mikilla bóta fyrir störf þingsins um samskipti þings og ríkisstjórnar að það lægi ljóst fyrir að það væri ætlun hæstv. forsrh. og ríkisstjórnar að draga úr bráðabirgðalagavaldinu.

Við beindum ýmsir þeirri skoðun til hæstv. forsrh. á sínum tíma að hann hefði átt að kalla þingið saman í stað þess að setja bráðabirgðalög um Kjaradóm á sínum tíma. Hæstv. forsrh. hafnaði því þá. Hann hefur síðan lýst því yfir að hann teldi þá höfnun sína hafa verið ranga. Ég met það að hann skuli hafa séð það síðar meir að það var rangt hjá honum að hafna þeirri ósk. Ég segi við hann líka hér: Það er nauðsynlegt að gefa skýra yfirlýsingu um það að bráðabirgðalög verði ekki gefin út og þingið verði kallað saman og það eru sams konar mistök hjá hæstv. forsrh. að neita því nú eins og hann neitaði að kalla þingið saman á sínum tíma og sá svo síðar að var röng ákvörðun.

[02:57]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst að það sé illt að þingið fari heim án þess að fyrir liggi hvort ríkisstjórnin hyggst beita þessu bráðabirgðalagavopni sínu. Ég held að það væri betra fyrir bæði þjóðina og þá aðila sem eiga hlut að þessari deilu sem er að verða að verkfalli eftir nokkra daga, ef að líkum lætur, að vita hvort það standi virkilega til að nota bráðabirgðalagaheimildina. Ég sé nú ekki að Alþingi Íslendinga ætti ekki að vera fært að svara og að forsrh. ríkisstjórnarinnar ætti ekki að geta komið því hér til skila að þingið sé ekkert of gott til að koma saman ef taka á afstöðu til svo alvarlegs máls sem hér er á ferðinni. Og með hvorum deiluaðilanum eru menn að taka afstöðu með því að þegja þunnu hljóði um það hvort nota eigi þessa heimild? Ég

held að það hljóti að vera augljóst öllum þingmönnum. Það er auðvitað verið að taka afstöðu gegn sjómönnum með því að vilja ekki gefa yfirlýsingu um það að þingið verði kallað saman því að verði þetta verkfall bannað með lögum, þá verður það ekki tekið til baka um leið og þing kemur saman. Það liggur í augum uppi. Með slíku lagaboði væri verið að eyðileggja kjarabaráttu sjómanna. Það veit auðvitað enginn nú hvort reyna muni á þetta. Það kann vel að vera að félagsdómur komist að þeirri niðurstöðu að verkfallið verði ólöglegt og þá liggur það fyrir að nýtt verkfall yrði þá ekki boðað fyrr en í lok janúar. En þetta tvennt, að hæstv. forsrh. treystir sér ekki til að hreinsa loftið og segja hreint út að það eigi ekki að nota bráðabirgðalagavaldið og það að gert er ráð fyrir lengra frí Alþingis heldur en hafði verið á dagskránni, fær mig til að óttast að menn ætli sér að nota þetta vald.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EL, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (FI, GHelg, GunnS, JE, JGS, MF, MB, ÓE, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 489).

Jólakveðjur.

[03:01]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá er komið að lokum síðasta fundar Alþingis fyrir jólahlé. Svo sem venja er til hafa verið hér miklar annir síðustu daga, en nú er lokið afgreiðslu þeirra mála sem nauðsynlegt var talið að lægju fyrir við áramót, þ.e. afgreiðslu fjárlaga, lánsfjárlaga, umfangsmikilla breytinga í skattamálum og breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga auk að sjálfsögðu annarra mála sem miklu varða. Ég vil við þetta tækifæri láta í ljós ánægju mína með þingstörfin þessa haustönn Alþingis. Þau hafa gengið vel og má eflaust þakka það fremur öðru breytingum á þingsköpum sem gerðar voru við upphaf þings í haust. Ég vona að framhald verði á þeirri endurskoðun þingskapanna og starfshátta Alþingis, þar á meðal samvinnu stjórnarflokka og stjórnarandstöðuflokka um þingstörfin sem þá var boðuð.

Hér hafa verið miklar annir síðustu daga og bregður ekki venju í því efni. Það verður auðvitað aldrei hjá því komist að taka duglegan lokasprett við afgreiðslu viðamikilla mála undir jól. Við þekkjum þetta frá öðrum sviðum þjóðfélagsins, t.d. kjarasamningum, að menn leggja talsvert á sig til að ljúka för þegar sést til lands. Ég verð þó að segja að það er nauðsynlegt að bæta hér úr og freista þess að jafna álagið meira við þingstörfin. Ég er sannfærð um að þar má ná árangri ef þingflokkar og ríkisstjórn leggjast á eitt.

Jólahátíðin er í nánd. Sú hátíð sem mest og best bindur fjölskyldurnar saman. Því miður held ég að þáttur alþingismanna í undirbúningi jólanna á heimilum sínum sé ekki mikill en þannig þarf það ekki að vera og þannig á það ekki að vera. Því heiti ég á liðsinni þingmanna til þess að gera hér nokkra bót á í framtíðinni.

Ég færi þingmönnum öllum svo og starfsfólki Alþingis bestu óskir um friðsæla jólahátíð og bið fyrir kveðjur til fjölskyldna þeirra. Þeim sem eiga um langan veg heim að fara óska ég góðrar heimferðar og heimkomu og ég bið þess að við megum öll hittast heil á nýju ári.

[03:03]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar þingmanna þakka ég hlý orð og góðar óskir í okkar garð. Ég vil þakka virðulegum forseta fyrir góða og réttláta stjórn þessa haustþings sem nú er á enda runnið.

Ég vil einnig þakka fyrir hönd þingmanna skrifstofustjóra Alþingis og öllu starfsfólki þingsins fyrir einstaka þolinmæði og mikið og gott vinnuframlag en hér vinnur starfsfólk oft undir miklu álagi.

Fyrir hönd þingmanna óska ég virðulegum forseta og fjölskyldu hennar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Jafnframt óska ég starfsfólki Alþingis gleðilegrar jólahátíðar um leið og við þökkum gott samstarf.

Ég vil biðja hv. þm. að rísa úr sætum og undirstrika þakklæti okkar. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég þakka hv. 2. þm. Vesturl. fyrir hlý orð í minn garð og fjölskyldu minnar og endurtek óskir mínar til hv. þm. um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Þingfrestun.

[03:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Frú forseti. Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 117. löggjafarþings, frá 20. desember 1993, eða síðar ef nauðsyn krefur, til 24. janúar 1994.

Gjört í Reykjavík, 20. desember 1993.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 117. löggjafarþings, er frestað.

Ég leyfi mér að óska hv. alþm. og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsæls nýs árs.

3179, 3180, 3182, 3205, 3211, 3212, 3247, 3260, 3264, 3266, 3267, 3268, 3288, 3295, 3296, 3297, 3453, 3460, 3463, 3467, 3474, 3504, 3508, 3536, 3543.

Tómas Ingi Olrich 2716, 2717, 2953, 3132, 3140, 3144, 3145, 3535.

Valgerður Sverrisdóttir 3361, 3535.

Vilhjálmur Egilsson 3477, 3488, 3497, 3499, 3500, 3521, 3522.

Leiðréttingar.

Í 5. hefti, dálki 960, í ræðu félagsmálaráðherra er misritun í 9. línu. Í stað Alþfl., Sjálfstfl. og Framsfl. standi: Alþfl., Alþb. og Framsfl.

Í 10. hefti, dálki 2639, í 9. línu að neðan. Í stað Sólborg standi: Kópavogshæli.

74. FUNDUR

mánudaginn 24. jan.,
kl. 3.00 síðdegis.

Dagskrá:
Rannsókn kjörbréfs.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.

Framhaldsfundir Alþingis.

[15:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Handhafar valds forseta Íslands hafa gefið út svohljóðandi bréf:

„Handhafar valds forseta Íslands, skv. 8. gr. stjórnarskrárinnar, forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar, gjöra kunnugt:

Vér höfum ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda mánudaginn 24. janúar 1994, kl. 15.00.

Gjört í Reykjavík, 24. janúar 1994.
Davíð Oddsson, Salome Þorkelsdóttir,
Hrafn Bragason.

Davíð Oddsson.

Bréf handhafa valds forseta Íslands um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismönnum, svo og starfsmönnum Alþingis, óska ég gleðilegs árs og þakka hið liða. Býð ég menn velkomna til þingstarfa og læt í ljós þá ósk og von að störf okkar megi vera landi og lýð til blessunar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tekur undir góðar óskir hæstv. forsrh. og óskar hv. þingmönnum og starfsmönnum Alþingis gleðilegs árs og býður þá velkomna til starfa.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að hér mun fara fram utandagskrárumræða að lokinni afgreiðslu eina dagskrármálsins. Það eru tvær utandagskrárumræður sem eru báðar skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, annars vegar að beiðni hv. 2. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, um samkeppnisstöðu innlendrar garðyrkju og síðari utandagskrárumræðan að beiðni hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, um forræði á innflutningi búvara.

Athugasemdir um störf þingsins.

Setning bráðabirgðalaga og ummæli forseta.

[15:05]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fyrir jólin sótti hv. 8. þm. Reykn. það fast að fá svör við því hjá hæstv. forsrh. hvort hann hygðist nota bráðabirgðalagavaldið í jólahléinu. Forsrh. vék sér undan að svara þessu beint, fór á flótta, en engu að síður það fimlega að flestir trúðu að ekki væri verið að lengja þinghléið með það fyrir augum að tryggja að það gæfist rými til þess að beita bráðabirgðalagavaldinu.

Hæstv. forseti þingsins lét aftur á móti að því liggja að það skipti litlu máli hvort lög væru sett með þeim hætti að bráðabirgðalögum væri beitt eða þing væri kallað saman. Hæstv. forseti þingsins skuldar alþingismönnum skýringar á þeim orðum. Við búum við það ofríki framkvæmdarvaldsins að það ræður hvort Alþingi er sent heim eða haft að störfum, en við ætlumst til þess að forseti þingsins verji þingið, líti á það sem nauðsyn að þingið ákveði hvað sé gert að lögum í þessu landi áður en lögin verða til. En hér er látið að því liggja, með yfirlýsingum forseta þingsins, að það gildi nánast einu hvort bráðabirgðalagavaldinu sé beitt og svo séu þingmenn kallaðir saman. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og tel þau vítaverð.

[15:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að um það var spurt við þingfrestun skömmu fyrir jól hvort þá væru uppi ráðagerðir um að beita bráðabirgðalagavaldi vegna fyrirsjáanlegs, a.m.k. hugsanlegs skulum við segja, verkfalls sjómanna. Því var lýst yfir af minni hálfu að engar slíkar ráðagerðir væru uppi, en jafnframt var því auðvitað hafnað að gefa einhverjar fortakslausar yfirlýsingar um að engin sú neyð gæti upp komið að bráðabirgðalagavaldinu væri ekki beitt. Það er enginn vafi á því að sú lögformlega heimild er í góðu gildi, segjum að hún sé í frekara gildi eftir athugun Alþingis fyrir örfáum árum síðar heldur en á undan. Meginbreytingin er sú núna og það er til bóta, að bráðabirgðalög verður að leggja fram þegar í stað og afgreiða innan sex vikna. Slíkur frestur var ekki fyrir hendi áður, þannig að það er búið að tryggja atbeina Alþingis að málunum mjög snemma. Áður gátu mál

farið þannig að bráðabirgðalög væru að dankast mánuðum saman í þinginu. Reyndar eru til dæmi um það að bráðabirgðalög hafi verið sett hér í tíð sumra formanna þingflokka, til að mynda, sem náðu yfir atburði sem áttu að gerast þremur mánuðum síðar, þegar þingið væri komið saman. Það létu menn sig nú hafa að gera í jólahléi, eins og menn muna kannski ef þeir rifja það upp í huga sér.

Ég vek líka athygli á því að framkvæmdarvaldið rekur þingið ekki heim. Þingfrestunin er byggð á samþykki þingsins sjálfs og þar er tekið til þess tíma sem þingið má lengst vera fjarverandi.

[15:08]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að ég beitti mér fyrir því á síðustu klukkustund þinghaldsins fyrir jól að spyrja hæstv. forsrh. að því hvort hann væri reiðubúinn að gefa þá yfirlýsingu að ef þyrfti að grípa til lagasetningarvaldsins þá yrði þingið kallað saman. Hæstv. forsrh. neitaði að gefa þá yfirlýsingu. Það leiddi síðan til þess að þingflokkur Alþb. greiddi ekki atkvæði með frestunartillögu sem ríkisstjórnin flutti hér. Það gerðu hins vegar, að ég held, allir aðrir flokkar á þinginu. Það er auðvitað mikilvægt að hafa það í huga þegar farið er yfir þessa sögu að Alþb. var eini flokkurinn sem ekki treysti sér til að greiða atkvæði með þingfrestuninni, fyrst forsrh. var að vísa til þeirrar samþykktar þingsins hér áðan, en aðrir flokkar gerðu það allir.

Ég vil taka undir yfirlýsingu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, að yfirlýsingar hæstv. forseta um að það skipti engu hvort bráðabirgðalög væru sett eða þingið kallað saman eru, svo vægt sé til orða tekið, furðulegar. Auðvitað á forseti þingsins að gæta þess að þegar breyting hefur verið gerð varðandi setutíma Alþingis þá sé fylgt þeirri reglu að kalla þingið saman.

Nú hefur það gerst til viðbótar að einn af þm. Sjálfstfl., Einar K. Guðfinnsson, hefur lýst því yfir að hann sé andvígur setningu bráðabirgðalaga og hann hefur jafnframt lýst því yfir að það hafi ekki verið kannað í þingflokki Sjálfstfl. hvort stuðningur væri við þessi bráðabirgðalög. Engin annar þingmaður Sjálfstfl. hefur talið ástæðu til þess að bera ummæli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar til baka. Það er þess vegna algjörlega óljóst, í ljósi ummæla eins þingmanns Sjálfstfl., hvort meiri hluti er á bak við þessi bráðabirgðalög. Þess vegna beini ég því til hæstv. forseta að hann taki þau þegar í stað til umræðu hér á Alþingi, en í dagskrá þingsins fyrir þessa viku og næstu viku er ekki gert ráð fyrir því að bráðabirgðalögin komi til umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti láta þess getið og taka það skýrt fram að það voru ekki orð forseta sem hér voru höfð eftir honum heldur blaðsins.

[15:11]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það liggur ljóst fyrir að forsrh. getur sent þingið heim, þingrofsrétturinn er ótvíræður. En varðandi það hvort eðlilegt geti verið að taka ákvörðun um það að lengja jólafrí þingmanna eins og gert var, flytja slíka brtt. vitandi að verkfallið vofði yfir, hlýtur það ekki að segja manni að hæstv. forsrh. var það ljóst að það var ekki siðferðilega hægt að beita bráðabirgðalögum ef þingið átti að koma saman jafnsnemma og ráðgert var í upphafi? Voru það þess vegna ekki klókindi hrein og klár að lengja hléið til þess að hægt væri að réttlæta það að hægt væri að beita bráðabirgðalögum?

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. þeirrar spurningar: Var haft samband við stjórnarþingmenn og það tryggt að meiri hluti væri fyrir því innan ríkisstjórnarinnar að styðja þetta frv.? Það er alvarlegt mál ef menn eru farnir að líta svo á að það sé allt í lagi að demba á bráðabirgðalögum eftir geðþótta.

Ég hygg að það sé líka hollt fyrir hæstv. forsrh. að lesa ræðu hv. 1. þm. Reykn. um þessi mál á sínum tíma og rifja upp hvað þá var sagt. Ef til vill vill hv. 1. þm. Reykn. endurtaka sínar yfirlýsingar þegar þessi mál voru til umræðu og talað var um að verið væri að þrengja réttinn til útgáfu bráðabirgðalaga.

Þetta er ekki svo einfalt að það sé bara hægt að snúa sé við og horfa til fortíðarinnar og segja: Þetta var gert, hitt var gert. Við erum að tala um atburð sem átti sér stað núna. Hann er á dagskrá og annað ekki.

[15:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Meginmarkmið með breytingum sem gerðar voru varðandi bráðabirgðalagaþáttinn var það að fækka þeim tilvikum að bráðabirgðalög væru gefin út. Ég treysti mér algjörlega og auðveldlega til þess að gera samanburð á því hversu oft núv. ríkisstjórn miðað við sambærilegan starfstíma hefur sett bráðabirgðalög og gert var áður en þessi breyting varð. Ég tel nefnilega markmið þingsins um að fækka bráðabirgðalögum hafi náð fram að ganga. Menn hafa orðið miklu varkárari í þeim efnum heldur en áður og þingið þannig náð þeim markmiðum sem það ætlaði sér. En um leið ákvað þingið með pósitífum hætti að það vildi alls ekki að þessi réttur forsetans og ríkisstjórnar á hverjum tíma yrði numinn á brott. Það var ítrekað og ákveðið við athugun á greininni að hann skyldi standa með þeim breytingum sem ég áðan nefndi um það hvenær þingið skyldi ræða lögin.

Það er enginn vafi á því í mínum huga að þessi breyting hefur orðið til þess að bráðabirgðalögum hefur fækkað og það er æskilegt og gott. Það vakti ekkert fyrir mér sérstakt á þessum dögum fyrir þingslit annað en að vænta þess og vonast til þess og trúa því að samningsaðilar sjálfir í þessari viðkvæmu deilu mundu leysa sín mál. Það er það sem við viljum öll að gerist. Ég treysti því, vonaðist til þess og vænti þess og hafði engar ráðagerðir í huga á þessu augnabliki varðandi það mál.

[15:15]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að framganga

hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. í þessari deilu var eingöngu látalæti vegna þess að Kristján Ragnarsson var ekki til viðræðu um neitt allan tímann af því að hann treysti því að ríkisstjórnin mundi setja bráðabirgðalög um verkfallið. Það hefur komið í ljós að Kristján Ragnarsson gat alveg treyst því. Hann hafði stuðning forsrh. og sjútvrh. til þess að halda þannig á málum að hann þurfti ekki að semja við sjómenn um eitt eða neitt. Þess vegna er það alveg óskiljanlegt að hæstv. forsrh. skuli vera svona hræddur við að koma með þetta frv. inn í þingi og taka það til umræðu. Ég átti satt að segja von á því að hæstv. forsrh. mundi vera nú þegar búinn að setja fram þá ósk við forsætisnefnd að þessi bráðabirgðalög yrðu eitt af fyrstu málum þessarar viku. En nú er búið að birta þingflokkum dagskrá vikunnar og þar er hvergi minnst á bráðabirgðalögin.

Hæstv. forsrh. verður að horfast í augu við þá staðreynd að einn þingmaður stjórnarflokkanna sem hefur tjáð sig um bráðabirgðalögin með skýrum hætti. Það er hv. þm. Einar K. Guðfinnsson. Hvað hefur hann sagt, hæstv. forsrh.? Hann sagði að það hefði verið rangt að kalla þingið ekki saman. Hann sagði að það hefði verið rangt að setja bráðabirgðalög og hann sagðist ekki styðja þau. Sá eini af þingmönnum stjórnarliðsins sem hefur dirfst að tala um málið hefur þannig sagt alveg skýrt að hann sé ósammála hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Ég get ekkert um það dæmt.) Hæstv. forsrh. getur þá sjálfur komið upp í ræðustólinn og tínt upp þá þingmenn sína sem hafa opinberlega treyst sér til þess að styðja forsrh. í þessu máli.

Þess vegna ítreka ég fyrirspurn mína sem hæstv. forsrh. svaraði ekki áðan: Er hann reiðubúinn að beita sér fyrir því að þessi bráðabirgðalög komi strax til umræðu? Hvers vegna dregur hann það að taka þau fyrir í þinginu? Nú segir hæstv. forsrh. úr sæti sínu að hann hafi þegar talað tvisvar. Það vissi hann áðan þegar hann svaraði ekki minni fyrirspurn og þess vegna vakir sú spurning alveg skýrt: Hvers vegna er ríkisstjórnin að bíða með að taka bráðabirgðalögin fyrir í þinginu?

[15:18]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er rangt sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði hér eftir mér úr blaðaviðtali í Tímanum. Það sem ég sagði í blaðaviðtali í Tímanum var ósköp einfaldlega að ég teldi að það hefði verið eðlilegast að kalla saman þingið til þess að fjalla um þessa lagasetningu ef til hennar þyrfti að grípa. Það felur hins vegar ekki í sér að ég hefði verið á móti þeirri efnislegu ákvörðun að það þyrfti að setja lög á þessa deilu. Hér var eingöngu um að ræða afstöðu mína til þeirrar aðferðar, til þess forms við lagasetninguna sem verið er að ræða um.

Að öðru leyti tel ég ástæðulaust að ræða þetta mál efnislega fyrr en að því kemur að það verður sett á dagskrá. Við erum að ræða þessi mál undir dagskrárliðnum „Um störf þingsins" sem er afar knappt form. Það eru tvær mínútur fyrir hvern þingmann til að tala tvisvar sinnum. Þess vegna er óeðlilegt að ræða þessi mál efnislega vegna þess að þetta eru í raun og veru býsna flókin mál sem þarf að ræða nokkuð ítarlega til þess að eitthvert vit sé í þeirri umræðu.

En ég ítreka að það sem ég sagði í þessu blaðaviðtali í einni setningu var það að ég hefði talið eðlilegast að kalla saman þingið til þess að taka afstöðu til lagasetningarinnar án þess að ég hefði tækifæri til þess í viðtalinu að færa að því frekari efnislegri rök en það mun ég að sjálfsögðu gera þegar málið kemur til efnislegrar umræðu í þinginu alveg eins og vera ber.

[15:20]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Vegna ummæla hv. 8. þm. Reykn. skal það tekið fram að frv. til staðfestingar á bráðabirgðalögunum verður lagt fram á þinginu í dag eins og eðlilegt er. Það er ekkert að vanbúnaði að taka það síðan til umræðu í samræmi við ákvæði þingskapa þar að lútandi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Tími sá sem leyfður er samkvæmt þingsköpum til þessarar umræðu sem hér hefur farið fram er liðinn. Það er því ekki hægt að gefa fleirum tækifæri til að tala að þessu sinni um störf þingsins. (**ÓÞÞ:** Það fær ekki staðist.) Þessi umræða má standa í 20 mín. (**ÓÞÞ:** Það fær ekki staðist að tíminn sé liðinn. Það má leggja það saman hvað menn hafa talað. Umræðan á að standa í 20 mín. Þetta er bara vitleysa.)

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 21. jan. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með tilvísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Framsfl. í Norðurlandskjördæmi eystra, Guðmundur Stefánsson framkvæmdastjóri, Akureyri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e."

Guðmundur Stefánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist bréf, dags. 18. jan. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþingmaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi taki 2. varaþingmaður, Anna Kristín Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi, Sauðárkróki, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v."

Þá er hér bréf, dags. 18. jan. 1994:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Ragnars Arnalds á Alþingi næstu tvær vikur sem 1. varaþingmaður Alþb. í Norðurlandskjördæmi vestra.

Virðingarfyllst, Sigurður Hlöðvesson."

Anna Kristín Gunnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Rannsókn kjörbréfs.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur bréf, dags. 18. jan. 1994.

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að þar sem 1. varaþingmaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi eystra getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti sitt á Alþingi taki 2. varaþingmaður, Pálmi Ólason skólastjóri, Ytri Brekkum, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti, með ósk um að fram fari á Alþingi rannsókn á kjörbréfi varaþingmannsins.

Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e."

Borist hefur bréf, dags. 18. jan. 1994:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Sigbjörns Gunnarssonar á Alþingi næstu tvær vikur sem 1. varaþingmaður Alþfl. í Norðurlandskjördæmi eystra.

Sigurður E. Arnórsson,
1. varaþm. Alþfl. í Norðurl. e."

Kjörbréf Pálma Ólasonar hefur ekki verið rannsakað og þarf því kjörbréfanefnd að koma saman til fundar og rannsaka kjörbréf hans. Verður nú gert fimm mínútna hlé á þessum fundi á meðan.

[Fundarhlé. — 15:25]

[15:34]

Form. kjörbréfanefndar (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Kjörbréfanefnd hefur fengið kjörbréf Pálma Ólasonar skólastjóra til afgreiðslu. Því fylgdi bréf frá 1. varamanni Alþfl. í Norðurlandskjördæmi eystra um að hann gæti ekki tekið sæti Sigbjörns Gunnarssonar næstu tvær vikur vegna anna. Er kjörbréf Pálma Ólasonar skólastjóra gefið út af landskjörstjórn 21. jan. 1994 sem 2. varaþingmaður Alþfl., Jafnaðarmannaflokks Íslands í Norðurlandskjördæmis eystra.

Kjörbréfanefnd sér ekkert athugavert við þetta kjörbréf og leggur einróma til að það verði samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Kjörbréf Pálma Ólasonar samþ. án atkvgr.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Pálmi Ólason hefur ekki áður tekið sæti á Alþingi. Honum ber því að undirrita drengskaparheit að stjórnarskránni.

Pálmi Ólason, 7. þm. Norðurl. v., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Pálmi Ólason hefur undirritað drengskaparheit um að halda stjórnarskrána. Hann er boðinn velkomin til starfa á Alþingi.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Sambandi félaga sumarhúsaeigenda á Íslandi um skaðabótalög.

Ályktun Alþýðusambands Íslands um setningu bráðabirgðalaga í kjaradeilu sjómanna.

Umræður utan dagskrár.

Samkeppnisstaða innlendrar garðyrkju.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hefur verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða. Fyrst fer fram utandagskrárumræða að beiðni hv. 2. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, um samkeppnisstöðu innlendrar garðyrkju. Sú umræða fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. er hálftíma umræða.

[15:39]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Um áramótin gekk í gildi samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið ásamt fylgisamningum hans. Reyndar átti samningurinn um árstíðabundinn tollfrjálsan innflutning á sumum tegundum blóma og grænmetis að taka gildi snemma á síðasta ári samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Sá samningur var gerður á milli einstakra EFTA-landa og Evrópubandalagsins. Milli annarra EFTA-landa en Íslands var samið um gagnkvæma rýmkun innflutningsheimilda þannig að hinar þjóðirnar fengu einnig betri kjör á útflutningi landbúnaðarafurða til Evrópubandalagsins. Þessu var þveröfugt varið hvað Ísland varðar því ekki var farið fram á neitt slíkt fyrir íslenskar útflutningsvörur. Íslendingar létu því allt fyrir ekki neitt.

Hæstv. utanrrh. sagði að við ættum að kaupa meira af framleiðslu fátækra þjóða í Suður-Evrópu en nú hefur komið fram í fréttum að innflutningurinn að undanförnu sem byggður er á þessum samningi kemur bæði frá Afríku og Ameríku svo sá málflutningur átti ekki við rök að styðjast.

Þó skammt sé um liðið er þegar ljóst að þessi samningur er mikið áfall fyrir íslenska garðyrkju. Á síðustu árum hafa garðyrkjumenn lagt í mikinn kostnað við búnað til að geta einnig haldið uppi framleiðslu grænmetis og blóma í skammdeginu. Er það framleiðendum mikilvægt að geta þannig tryggt framboð allt árið. En fyrst og fremst er það ómetanlegt fyrir neytendur

að innlend matvæli geti fullnægt sem stærstum hluta af matvælaþörfinni. Við fáum sífellt meiri viðurkenningu erlendra sérfræðinga á einstökum aðstæðum á Íslandi til framleiðslu heilnæmra matvæla sem verða í vaxandi mæli talin mikil forréttindi að eiga kost á að fá. Til þess að íslenskir garðyrkjumenn geti haldið áfram að vinna þetta þjóðnytjastarf þarf ríkisvaldið að veita þeim sanngjarnan rekstrargrundvöll.

Landbrn. hefur að undanförnu látið gera úttekt á samkeppnisstöðu garðyrkjunnar og gefið út um það skýrslur. Þar kemur fram að tollar, orkuverð og fleira, sem ríkisvaldið ákveður, er hér mjög óhagstætt. Á sama tíma og vatnið rennur ónotað fram hjá orkuverum Landsvirkjunar eru samningar um raforkusölu til garðyrkjubænda þannig að rafmagn til lýsingar er rofið til þeirra meiri hluta sólarhringsins vegna þess að annars margfaldast orkuverð sem þó er fyrir miklu hærra en í nágrannalöndum okkar. Sem dæmi um tollamismunun má nefna að nellikkugræðlingar sem garðyrkjubændur eru nú að flytja inn til ræktunar eru á sama verði og innfluttar nellikkur sem seldar eru beint til neytenda.

Það er augljóst að það er útilokað fyrir íslenska garðyrkju að búa við slíka samkeppnisstöðu. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. hvort ríkisstjórnin ætli ekki tafarlaust að laga aðstæður garðyrkjunnar þannig að hún njóti sanngirni þegar ríkisstjórnin hefur opnað fyrir ótakmarkaðan tollfrjálsan innflutning ýmissa tegunda frá öllum heimshornum u.þ.b. hálft árið.

Geri ríkisstjórnin ekki nauðsynlegar ráðstafanir mun það kippa rekstrargrundvelli undan mörgum garðyrkjustöðvum sem hafa búið sig til að fullnægja innlendri eftirspurn við þau skilyrði sem ríkisvaldið hefur skapað fram að þessu. Ef svo færi mundi það ekki aðeins gera garðyrkjubændur atvinnulausa, því að í annað hús er ekki að venda við ríkjandi stjórnarfar, heldur yrðu eignir þeirra verðlausar.

Það er ótrúlegt ef ríkisstjórnin telur siðferðilega réttlætanlegt að gera samning sem hún telur til mikils ávinnings fyrir þjóðarbúið að gera það svo gróflega á kostnað einstaklinga innan einnar atvinnugreinar að þeir verði bæði eigna- og atvinnulausir. Ég vil að minnsta kosti ekki trúa því að það sé vilji meiri hluta alþingismanna.

Að lokum vil ég geta þess að í 112. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið segir: „Ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðhagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum sem líklegt er að verði viðvarandi getur samningsaðili einhliða gripið til viðeigandi ráðstafana.“ Gildir þetta einnig um hin tvíhliða samning við Evrópubandalagið og hefur landbrh. hæstv. haft í huga að nota sér slíkar heimildir?

[15:45]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst minna hv. þm. á að þegar þessi ríkisstjórn var mynduð 30. apríl 1991 hafði verið gengið frá „cohesion-listanum“ algjörlega milli Íslands og Evrópubandalagsins og það með þeim hætti að garðyrkjubændur komu hvergi að því máli. Það tókst hins vegar að lagfæra samningsdrögin eins og þau lágu fyrir. Eins og ég hef áður skýrt frá nutum við þar mjög vináttu Kiechle, þáv. landbúnaðarráðherra Þýskalands, sem þá, eins og stundum endranær, hefur sýnt í raun hversu mikill Íslandsvinur hann er. Það stendur því síst á hv. þm., sem bar ábyrgð á landbúnaðarstefnu síðustu ríkisstjórnar, að vera með svigurmæli í sambandi við þau mál.

Auðvitað hefði verið æskilegra ef landbrn. hefði fylgst með samningaviðræðunum um Evrópska efnahagssvæðið, sem ekki var gert, frá því í febrúarmánuði eða í janúarmánuði 1991 eins og ég hef áður rakið hér í þessum stól og má kannski segja að væri ástæða til að minna á oftar. Ég vil líka taka ... (Gripið fram í.) Hvað segir hæstv. fyrrv. landbrh.? (**SJS:** Enda hefur þú ekkert annað að segja um þessi mál.) Góð vísa verður sjaldan of oft kveðin, stendur einhvers staðar.

Annað sem ég vil víkja að er að ég er fullkomlega sammála hv. þm. um að nauðsynlegt sé að fella í lög ákvæði um endurgreiðslu á tollum og gjöldum sem falla á rekstrarvörur og aðföng til garðyrkjubænda. Þetta mál tók ég upp við fjmrn. á sl. ári Fundur um þau efni var í nóvembermánuði þar sem farið var mjög rækilega yfir þessi atriði af Indriða Þorlákssyni frá fjmrh. og Eiríki Einarssyni hagfræðingi frá landbrn. En því miður gerðist ekkert í málinu fyrr en á þessu ári.

Ég hef hins vegar tekið málið upp á nýjan leik og nú er góður skriður á því. Það er talið heppilegra, ég hygg bæði fyrir ríkissjóð og bændur að tollar og álögur á aðföngum og rekstrarvörum verði endurgreidd en ekki felld niður með lögum. Þessi atriði eru til skoðunar. Ég á von á því að frv. þessa efnis verði lagt fyrir Alþingi mjög fljótlega. Ég geri mér vonir um að það geti orðið ekki síðar en í næstu viku. Þetta mál er því á fleygiferð en ég tek undir með hv. þm. að ég hefði gjarnan viljað að þegar væri búið að festa í lög ákvæði þessa efnis. Undir þetta falla græðlingar, almennar vörur eins og perur, lampar og fleira.

Um raforkumálin er það að segja að ég tók það mál upp á árinu 1991 bæði við Landsvirkjun og þáv. iðnrh. Ég hef tekið málið upp nokkrum sinnum síðan og síðast 23. des. sl. skrifaði ég iðnrh. minnisblað um þessi efni. Ég talaði við stjórnarformann Landsvirkjunar og aðstoðarforstjóra þar sem ég óskaði eftir að verð á raforku á roftímabili yrði endurskoðað og hvernig með öðrum hætti væri unnt að draga úr kostnaði við raforku.

Rökin fyrir því eru þau að á undanförnum árum hafa framleiðendur blóma og grænmetis aukið mjög raflýsingu í gróðurhúsum til að lengja ræktunartímann. Þær vörur sem þannig eru framleiddar eru í beinni samkeppni við þær vörur sem nú eru fluttar inn tollfrjálsar í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Það er rétt sem hv. þm. sagði að ylræktin nýtur opinberra styrkja í Hollandi m.a. gagnstætt því sem er hér á landi og þess vegna með öllu óþolandi í fyrsta lagi að aðföng skuli vera tolluð og eins er nauðsynlegt að við reynum að lækka kostnaðinn við ylræktina.

Garðyrkjubændur hafa nýlega gert samninga um rafmagnskaup, annars vegar við RARIK um kaup á víkjandi orku og hins vegar við Landsvirkjun um afslætti til samlaga sem garðyrkjubændur mynduðu með sér vegna kaupa á umframrafmagni. Heildarraforkukaup vegna lýsingar garðyrkjubænda eru nú um 20 millj. kr. Framleiðendur sem gert hafa samning um víkjandi orku geta keypt sig frá rofunum og er raforkuverðið þá þrefalt hærra.

Ég vil að lokum geta þess, hæstv. forseti, að afllgjöld hafa verið felld niður af rafmagni til garðyrkjubænda í Hverageröi að frumkvæði rafveitunnar þar og munar mikið um það.

[15:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Áhrifa EES-samningsins er farið að gæta hjá garðyrkjubændum. Nú er leyfður innflutningur á ákveðnum tegundum blóma og grænmetis sem hefur í för með sér að sala á þeim blómum sem þeir framleiða á þessum árstíma minnkar verulega eða hættir alveg. Fer það þó nokkuð eftir því hve buddan er harður húsbóndi hjá kaupendum og það er hún eflaust hjá mörgum í dag, ekki síst með vaxandi atvinnuleysi.

Sama gildir um það grænmeti sem má flytja inn. Vissulega er það ódýrara en innlend framleiðsla, en hvenær fáum við að sjá það í versluninni hvernig framleiðsluferlið er á viðkomandi vörum? Hvernig er sú jörð sem ræktunin fer fram á og hvaða efni eru notuð við framleiðsluna? Hvaða efni eru notuð til að halda vörunni ferskri í flutningi á milli landa?

Mér eru minnisstæð kalkúnalærin sem ég sá þegar Bónus reyndi þann innflutning. Það var hægt að geyma þau í stofuhita að ég held í a.m.k. fjóra mánuði. Við erum að fá hér í verslanir spænska tómata núna. Garðyrkjubændur, sem hafa kynnt sér þessi mál erlendis, segja mér að þeir séu úðaðir með efni sem ekki sé einu sinni notað til að verja blóm hér á landi og það reyndar má ekki samkvæmt þeirri eiturefnalöggjöf sem hér gildir. Ég tel tímabært að stjórnvöld taki á því máli hvernig þau ætla að bæta samkeppnisstöðu garðyrkjubænda. Eða á kannski að fara eins með þá og skipasmíðaiðnaðinn? Þegar allt er komið í óefni þá vakna menn loksins upp og telja að nú þurfi að gera eitthvað en þá er það bara of seint.

Það eru mörg verkefni fram undan til að bæta stöðu garðyrkjunnar. Það er raforkuverðið eins og hæstv. ráðherra nefndi hér áðan, það er annar rekstrarkostnaður og það er eftirlit með því hvað verið er að flytja inn og hvaðan það er. Hver er hollusta þeirra vara sem okkur er boðið að kaupa? Hvenær ætla menn að setja sér markmið yfirleitt með íslenskan landbúnað? Það væri gott að ráðherra gæti gefið svör við því hvernig hann ætlar að styðja við íslenskan garðyrkjuiðnað.

[15:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Ég þakka hv. málshefjanda fyrir að hreyfa þessu máli hér. Það vill svo til að þjóðin hefur verið að fá nýjar tölur um atvinnuleysi síðustu daga og það er enginn vafi á því að ein ástæða þess mikla atvinnuleysis sem nú herjar er sú að við höfum verið að missa heilar atvinnugreinar út úr landinu á undanförnum árum og sumar eru að berjast fyrir lífi sínu í andarslitrunum einmitt þessa mánuðina eins og skipasmíðaiðnaðurinn. Hér er í reynd um hliðstætt dæmi að tefla. Ég held að það sé því miður enginn vafi á því að innlend garðyrkja berst nú fyrir lífi sínu og hún er að gera það við þær aðstæður sem eru bersýnilega henni ósanngjarnar og óhagstæðar.

Það er enginn vafi á því að niðurstaða samninganna um Evrópska efnahagssvæðið og tvíhliða samningur milli Íslands og Evrópubandalagsins um landbúnaðarmál er þessari grein mjög óhagstæð. Hún er í raun fórnarlamb þessara samninga í mjög grófum mæli. Það vill nú svo til að þessi grein hefur verið að byggjast talsvert upp á undanförnum árum. Okkur Íslendinga hefur dreymt um það drauma, jafnvel að geta gert þetta að útflutningsgrein í framtíðinni. Menn hafa lagt hér í fjárfestingar, aukið lýsingu og súrefnisgjöf í gróðurhúsum og það hefur skilað þeim árangri að það hefur hillt undir það að við Íslendingar gætum verið sjálfum okkur nógir um þessa framleiðslu jafnvel allt árið innan skamms í stórum stíl. Nú sé ég ekki annað en menn geti ekki bara afskrifað drauma um þetta sem stóriðju til útflutnings heldur jafnvel kastað rekunum á þessa grein í landinu ef svo heldur sem horfir.

Þetta gerist þannig að greinin fær engan aðlögunartíma, hún fær engan stuðning og á hún þó nú í höggi við niðurgreiddan innflutning. Og það er auðvitað stór hætta á því að með þessu hrynji greinin.

Hæstv. landbrh. verður að átta sig á því að það er árið 1994 og það er garðyrkjan sem er að berjast fyrir lífi sínu í dag sem spyr um úrræði hæstv. ríkisstjórnar. Sagnfræði hæstv. ráðherra er létt í mal þeirrar greinar sem nú berst fyrir lífi sínu. Ég skora á hæstv. ríkisstjórn að gera það sem hún getur til að jafna samkeppnisstöðu þessarar greinar og grípa til ráðstafana þannig að hún verði ekki undir í þessari óhagstæðu samkeppni.

[15:55]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. mun varla líta á það sem skyldu sína að þurfa að samþykkja allar gerðir og standa ábyrgur fyrir öllum fullyrðingum hæstv. utanrrh. á erlendri grund. Ég hygg að hann meti það svo að sá hæstv. utanrrh. sem þetta land hefur beri ábyrgð á sínum orðum þar og gerðum. Við sem studdum fyrrv. ríkisstjórn vissum vissulega að það væri verið að vinna að samningum en við áskildum okkur rétt til þess að samþykkja eða fella þá samninga. Og þeir sem vildu að þeir samningar yrðu felldir bera ekki ábyrgð á verkum Jóns Baldvins úti í Evrópu. Það liggur alveg ljóst fyrir. Sú málsvörn er út í hött að halda því fram.

Hin mikla alvara þessa máls er aftur á móti sú að það er eins og Jón Hreggviðsson sagði forðum: „Sá er eldurinn heitastur sem á eigin skinni brennur.“ Og þeir gróðurhúsabændur þessa lands sem nú horfa fram á að það verður verðhrun á eignum þeirra vegna þess að gróðurhús fara á útsölu að öllu óbreyttu, þeir spyrja sig náttúrlega að því: Hver er hin samfélagslega ábyrgð?

Húseigendafélag Reykjavíkur hélt fund hér í Reykjavík í desembermánuði undir yfirskriftinni: Er verðhrun fram undan? Og það var greinilegt að ef svo hefði verið þá fóru þeir ekki í neinar grafgötur með það hverjir bæru ábyrgðina og þá fyrst var hreyft við vaxtamálunum í þessu landi.

Núna blasir það aftur á móti við að röðin er komin að gróðurhúsabændum. Spurningin er: Hvað ætla menn að gera?

[15:58]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. Jóni Helgasyni fyrir að hefja máls á þessu mikilvægu máli sem hlýtur að snerta okkur öll meira og minna í því atvinnuástandi sem ríkir í dag þegar hvert starf er dýrmætt. Við þingmenn Sunnlendinga verðum vör við það nánast í hverjum mánuði hver staða garðyrkjunnar er. Það er fjöldi garðyrkjubænda á Suðurlandi og við sjáum það hvernig staða þeirra hefur farið niður á við undanfarið ár og við tilkomu EES kvíða menn því að uppboðum á gróðrarstöðvum fjölgi verulega.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherra að fljótlega munum við sjá frv. um endurgreiðslu á tollum og vörugjöldum af aðföngum fyrir garðyrkjuna. Það er frv. sem búið er að bíða lengi eftir og langt síðan yfirlýsingar þess efnis að þarna væri aðeins um lítið lagfæringaratriði að ræða lágu fyrir eftir þeim upplýsingum sem við höfum frá garðyrkjubændum. En ég vil einnig minna á það hér að samkeppni við garðyrkjubændur kemur ekki bara erlendis frá. Það liggur fyrir erindi hjá Samkeppnisstofnun, eftir því sem ég best veit óafgreitt, þar sem garðplöntuframleiðendur leituðu til Samkeppnisstofnunar vegna samkeppni frá ríkisreknum eða ríkisstyrktum fyrirtækjum. Og það er mál sem verður ekkert síður að horfa á hvort það er rétt í þeirri stöðu, sem garðyrkjubændur eru í í dag, að ríkið sé í beinni samkeppni um plöntuframleiðslu og sölu við þessa garðyrkjubændur sem standa mjög höllum fæti í dag. Og ég vil bara minna á það að samkeppnin kemur ekki aðeins erlendis frá. Við verðum líka að halda vöku okkar hvaða við getum gert hér heima til þess að styrkja stöðu þessarar greinar.

[16:00]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans og fyrir þær yfirlýsingar að hann væri að reyna að gera eitthvað til þess að mæta þarna óskum garðyrkjubænda og skyldu ríkisvaldsins að jafna þessa stöðu.

En bæði vegna þess hversu hægt hefur gengið og líka af reynslu á öðrum sviðum þá óttast ég að þetta muni hrökkva skammt til að skapa viðunandi rekstrargrundvöll en það á eftir að koma í ljós. Vonandi nær það sem lengst. En hæstv. landbrh. svaraði því ekki hvort það væri hugsanlegt að ákvæði í EES-samningnum um öryggisráðstafanir gætu náð til þessa tvíhliða samnings þannig að það væri þá hægt að grípa til annarra ráðstafana ef þær sem hann nær fram í sambandi við tolla hrökkva hvergi nærri til.

Eins og ég benti á áður er hér um að ræða hættu ekki aðeins af atvinnuleysi fyrir stóran hluta garðyrkjubænda heldur líka eignaupptöku þar sem eignir þeirra verða verðlausar. Og ég hygg að þeir sem studdu þennan samning við atkvæðagreiðslu hér á Alþingi hefðu ekki gert það ef þeim hefði verið það nokkurn veginn ljóst að það mundi leiða til þess að hann svipti þá öllum eignum sínum. Ég tel því að þarna sé um mikla siðferðislega skuldbindingu Alþingis og ríkisstjórnar að ræða að láta ekki svo fara. En hér er ekki aðeins um að ræða einkamál garðyrkjubænda því að segja má að þetta sé prófsteinninn á það sem fram undan er. Um næstu áramót er gert ráð fyrir að nýgerður GATT-samningur gangi í gildi. Allir eru sammála um að við verðum að gerast aðilar að honum. Hins vegar var honum lokið þannig að í honum eru ákvæði um verslun með búvörur sem mun hafa mjög alvarlegar afleiðingar fyrir flestar búgreinar ef ríkisvaldið heldur illa á málum við framkvæmd hans. Komi ríkisstjórnin ekki rækilega á móti kröfum garðyrkjubænda þá er það illur fyrirboði um framhaldið.

[16:03]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram fyrst að þeir rekstrarerfiðleikar sem garðyrkjan stendur nú frammi fyrir er ekki nýir af nálinni. Þetta er arfur frá fyrri tíma eða uppsafnaður vandi í mörgum tilvikum og ekki hægt að tala um hann með þeim hætti enda eru samningarnir um hið Evrópska efnahagssvæði nýgengnir í gildi og ekki hægt að rekja til þeirra þann uppsafnaða vanda sem það er, kemur m.a. inn á sjóðakerfi landbúnaðarins, lánamál, lánakerfi hans og fleiri þætti.

Ég tek undir með hv. 4. þm. Suðurl., Margréti Frímannsdóttur, að auðvitað skiptir það miklu máli að hinn frjálsi rekstur standi ekki í samkeppni við ríkisstyrktan rekstur og kemur mér það út af fyrir sig ekki á óvart að þessi þingmaður Alþb. skuli öðrum fremur í þeim hópi vera sammála okkur sjálfstæðismönnum um þau efni. En þá er á hitt að líta að það fyrirtæki sem kannski munar mestu um og veldur vissulega erfiðleikum í þessu efni er fyrirtækið Barri sem byggt var upp að verulegu leyti með opinberu fé og má vera að reynslan verði sú að það forskot sem það fyrirtæki hefur þannig notið muni nýtast því vel í sambandi við þau útboð á trjáplöntum sem nú eru í gangi. Ég skal ekki um það segja. En á þessu ári verða boðnar út 800 þús. trjáplöntur sem er nýmæli. Síðan verða boðnar út eins og þetta dæmi er nú sett upp 400 þús. plöntur á ári sem á að þýða að 1.200 þús. trjáplöntur séu á hverju ári í ræktun hjá einkaaðilum fyrir skógræktina í heild sinni.

Ég vil sem sagt taka undir það að nauðsynlegt er að styrkja rekstrargrundvöll garðyrkjunnar hér gagnvart ríkisreknum fyrirtækjum um leið og ég legg áherslu á að það er mjög brýnt að ljúka þeirri endurskoðun á rekstrarumhverfi garðyrkjunnar sem nú fer fram og beinist annars vegar að því að fella niður óeðlileg innflutningsgjöld á garðyrkjuna vegna hinnar hörðu samkeppni sem hún á við erlenda aðila og hins vegar að

reyna að lækka ýmsa kostnaðarliði innlenda eins og orkuna og í þriðja og síðasta lagi að reyna að greiða fyrir almennri hagræðingu innan garðyrkjunnar og þróun í þeim efnum og ég er ekki í vafa um að þegar því verki er lokið þurfum við ekki að óttast um framtíð hennar.

Útbýting þingskjals:

Stöðvun verkfalls fiskimanna, 302. mál, stjfrv., þskj. 490.

Umræður utan dagskrár.

Forræði á innflutningi búvara.

[16:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Tilefni þessarar umræðu er að fá úr því skorið hvað fólst í samkomulagi stjórnarflokkanna frá því fyrir áramót um forræði varðandi innflutning á búvörum. Það var látið að því liggja að um það væri samkomulag að þetta forræði væri hjá landbrh. Það kom síðar í ljós þegar utanrrh. tók til máls í umræðum um búvörulagabreytingarnar fyrir jólin að samkomulagið, sem lagabreytingin byggðist á, tók aðeins til þeirra takmörkuðu innflutningsheimilda sem eru vegna EES og tvíhliða samninga sem EFTA hefur gert við einstök ríki. Utanrrh. sagði að hvernig tollafgildum vegna GATT yrði beitt væri óleyst pólitískt úrlausnarefni sem biði seinni tíma enda kom í ljós að þegar hæstaréttardómurinn í skinkumálinu féll að innbyrðis deilur í ríkisstjórninni blossuðu upp á nýjan leik.

Nú dettur mér ekki í hug að það sé deila um dóm Hæstaréttar. Hitt er jafnljóst að hann skapar á nýjan leik réttaróvissu í málinu. Ég hlýt því að leita eftir því á hvern hátt ríkisstjórnin ætlar að eyða þeirri réttaróvissu. Við höfum af því fregnir að nú sé verið að vinna að lagabreytingum í þá átt án þess að landbrn. komi þar að. Ég hef reyndar fengið það staðfest ofan úr landbrn. að svo sé.

Í þessu sambandi vil ég benda á að það kom fram á fundi landbn. nú í morgun með lögfræðingunum Sveini Snorrasyni og Tryggva Gunnarssyni að ef Alþingi hefði samþykkt að afgreiða búvörulagabreytingu eins og meiri hluti landbn. lagði til sl. vor og meiri hluti var fyrir á Alþingi hefðu ekki þurft að koma til þessar síendurteknu uppákomur varðandi innflutning búvara sem síðan hafa dunið yfir. Þetta staðfestir að mínu mati það að sá vandræðagangur sem verið hefur í þessu máli stafar ekki af vanhæfni Alþingis til þess að taka á því eins og sumir hafa viljað vera láta. Vilji Alþingis hefur legið fyrir. Málið er það að hér er um að ræða pólitískt úrlausnarefni sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir eru ófærir um að leysa. Það endurspeglast í því að öll lagasetning í málinu er fálmkennd og markast í raun af því samkomulagi eða e.t.v. væri réttara að segja ósamkomulagi sem er á milli stjórnarflokkanna um þetta mál á hverjum tíma. Það er verið að lögfesta pólitískar málamiðlanir.

Virðulegi forseti. Ég hef oft lýst því yfir hér á Alþingi að það hvernig þeir samningar sem við höfum gert koma við landbúnaðinn sé frekar innanríkismál en utanríkismál, það hvernig þeir koma við atvinnuveginn ráðist af pólitískum vilja til þess að beita þeim heimildum til verndar sem við höfum. Í þessu sambandi vil ég nefna að hagsmunasamtök bænda hafa alltaf sagt að við hljótum að vera aðilar að GATT og að bændur landsins hafa á síðustu árum samið um verulegar verðlækkanir á afurðum sínum, m.a. til þess að vera betur í stakk búnir til þess að takast á við breyttar aðstæður.

Nú liggur það fyrir að GATT-samkomulagið tekur gildi um næstu áramót. Það verður því að mínu mati að liggja fyrir áður en þessu þingi lýkur hvernig ríkisstjórnin ætlar að beita þeim heimildum til að leggja á tollígildi sem í samkomulaginu felast þannig að hægt sé að gera nauðsynlegar lagabreytingar þar að lútandi áður en þing fer heim í vor. Það er algjörlega óviðunandi að bíða með það þangað til á haustþingi, ég tala ekki um ef það á að afgreiða það á tveim síðustu dögum fyrir jól eins og raunin varð á síðasta ári.

Ef ríkisstjórnin getur ekki tekið á þessum málum á næstunni er það enn eitt dæmið um að hún er algjörlega vanhæf að taka á mikilvægum pólitískum úrlausnarefnum. Ég vil í þessu sambandi ítreka það að hvernig til tekst um lagasetningu vegna GATT-samninganna ræður algjörlega starfsskilyrðum íslensks landbúnaðar á næstu árum.

Virðulegi forseti. Ég vil leggja fram þrjár spurningar til hæstv. forsrh.:

1. Hvað fólst í samkomulagi stjórnarflokkanna frá því fyrir áramót um forræði varðandi innflutning á búvörum? Var gengið út frá því þar að landbrh. færi með forræði varðandi innflutning vegna GATT-samkomulagsins?

2. Hvernig hyggst ríkisstjórnin eyða þeirri réttaróvissu sem uppi er eftir hæstaréttardóminn í skinkumálinu?

3. Hvernig hyggst ríkisstjórnin nota heimildir til að beita tollígildum vegna GATT-samningsins og ætlar ríkisstjórnin að beita sér fyrir að nauðsynlegar lagabreytingar verði gerðar á þessu þingi til þess að hægt sé að beita þeim heimildum sem þar eru til gjaldtöku?

[16:12]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins í upphafi nefna það vegna þess sem hv. þm. nefndi og hefur komið fram hjá öðrum hv. alþm. fyrr að líkur standa fremur til þess eftir þeim upplýsingum sem ég hef að GATT taki ekki gildi um næstu áramót heldur fremur um mitt ár 1995 og auðvitað á þingið eftir að samþykkja fyrir sitt leyti ályktun um aðild okkar að GATT-samningunum. Þó vilji standi til þess, eins og ég hef heyrt hjá hv. þm., að gera það þá vantar þá afgreiðslu og heimild þingsins. Þetta vildi ég aðeins nefna fyrst vegna þess að þetta hefur aðeins verið rætt í þessari umræðu og reyndar hinni fyrri.

Menn gætu ætlað það vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur víða í þjóðfélaginu að það væri meiri hátt-

ar ágreiningur um það á þinginu með hvaða hætti ætti að haga innflutningi á landbúnaðarvörum. Ég held að þessi ágreiningur í ýmsum fjölmiðlum sé mjög orðum aukinn, það sé almenn sátt um að það eigi að auka frelsi á innflutningi á landbúnaðarvörum í samræmi við þá samninga sem við höfum gert, EES-samningana og síðan GATT-samninga, en menn eigi líka að halda sig við aðra þá niðurstöðu sem þingið nánast samhljóða hefur komist að. EES-samningurinn tekur ekki til landbúnaðarmála nema að litlu leyti, alls ekki til að mynda til kjötvara, og GATT-samningurinn hefur ekki tekið gildi. Þingviljinn hefur að mínu viti komið mjög glöggt og skýrt fram um að það stendur ekki til að leyfa hömlulausan innflutning á landbúnaðarvörum, sá innflutningur skal leyfður í samræmi við þá alþjóðasamninga sem við höfum gert eða munum taka þátt í.

Dómur meiri hluta Hæstaréttar, sem reyndar var sá minnsti mögulegi meirihluti sem myndast getur í Hæstarétti, hefur nokkuð breytt stöðunni, ekki þó þannig að þingviljinn hafi breyst og ég hygg að enginn vilji fara að setja lög til þess að breyta dómum Hæstaréttar. En á hinn bóginn segir þessi dómur okkur það að færa má rök fyrir því að sú staðfesting þingviljans sem við töldum okkur vera að staðfesta í haust liggi hugsanlega ekki nógu skýrt fyrir og ummæli hafa fallið bæði af hálfu áfrýjanda þess máls sem dæmt var í Hæstarétti og af hálfu annarra aðila sem gefa til kynna að efasemdir séu uppi um þessa stöðu og þingviljann og því er að mínu mati og að mati ríkisstjórnarinnar nauðsynlegt að taka af allan vafa í þeim efnum og hnykkja á þessum þáttum. Það breytir ekki þessum vilja stjórnarflokkanna eða þingsins, vil ég segja, að viljinn stendur til þess að rýmka heimildir til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við þá samninga sem við gerum. Þess vegna mun ríkisstjórnin leggja fram hér í þinginu á morgun frv. að lögum, brtt. við tiltekna grein búvörulaganna, til þess að taka af allan vafa og eyða þeirri réttaróvissu sem þarna hefur skapast og ég vænti þess að gott samkomulag geti orðið um afgreiðslu þess máls í þinginu. Ég tel nauðsynlegt að það fái auðvitað góða skoðun en um leið gangi hratt fram til þess að eyða allri þeirri óvissu sem uppi hefur verið þannig að menn fari ekki til að mynda að efna til innflutnings án þess að efnisskilyrði séu í raun til þess, þannig að það sé æskilegt að frv. af því tagi megi fá hraða meðferð hér í þinginu en þó auðvitað vandaða.

Varðandi samkomulag um forræði á innflutningi búvöru þá liggur fyrir í lögum nú þegar hvar það forræði liggur. Það sem hins vegar mun breytast varðandi GATT er það að menn eru ekki lengur að fjalla um bannreglur í þeim mæli sem nú gerist heldur verður samkeppnisstöðu landbúnaðarins gætt með verðjöfnunarþáttum. Sú breyting breytir ekki forræði málsins. Það forræði er eftir sem áður hjá landbrn.

Vegna þess sem ég áður nefndi um GATT þá bendir flest til þess að samningarnir komi ekki til framkvæmda fyrr en um mitt ár 1995 og þingið þarf að staðfesta heimild fyrir sitt leyti til þess að Ísland sé aðili að þeim samningum. Jafnframt hefur ríkisstjórnin ákveðið að skipa nefnd tilnefnda úr fimm ráðuneytum til að laga okkar löggjöf að þeim veruleika sem GATT skapar í framtíðinni. Um þetta er góð sátt í ríkisstjórn og ég vænti þess að um þetta verði líka góð sátt í þinginu.

[16:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé löngu fullreynt að hvort sem við ræðum það lengur eða skemur þá fáum við ekki botn í landbúnaðarstefnu þessarar ríkisstjórnar. Hitt er nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að skýra þannig að ekki verði um það deilt hver er vilji Alþingis, hvaða lög Alþingi vill að gildi um þessi efni í landinu. Nú liggur fyrir sú niðurstaða Hæstaréttar að búvörulögin feli ekki í sér sem slík sjálfstæða og almenna heimild til þess að banna eða takmarka innflutning. Sú niðurstaða kann að koma ýmsum á óvart en hún gildir og þar með verður Alþingi að svara því: Er það sú skipan mála sem það vill hafa eða einhver önnur?

Það verður ekki horft fram hjá því að þetta mál er nú þegar orðið mikill álitshnekkir fyrir stjórnsýsluna á Íslandi. Dómar ganga þannig að í undirrétti er utanrrh. dæmdur brotlegur og hans embættisgjörðir ómerktar en í Hæstarétti eru það landbrh. og fjmrh. Þetta ástand er óþolandi fyrir stjórnsýsluna í landinu og það kemur því miður líka við löggjafann.

Alþingi verður nú að taka af allan vafa í þessu efni. Eftir það sem á undan er gengið er ekki nokkur leið að una því að minnsti vafi geti leikið á um réttarstöðuna í málinu. Það verður að afmarka það skýrt og afdráttarlaust í lögum hvar þetta vald liggur, hvert það er og hvernig það er afmarkað og virðing Alþingis að mínu mati er í húfi. Það er ekki hægt að una því áfram að hingað inn á þingið komi frv. sem feli í sér pólitísk hrossakaup dulbúin í óljósu orðalagi, en það er í raun og veru ógæfa þessa máls að pólitísk hrossakaup hafa verið dulbúin í óljósu orðalagi sem síðan hafa verið túlkuð og dæmd á víxl úti í þjóðfélaginu. Við getum ekki búið við það ástand lengur. Þess vegna tel ég að það stæði Alþingi sjálfu næst að leysa þetta mál og landbn. og efh.- og viðskn. þingsins ættu að hafa forustu um það og senda hins vegar til föðurhúsanna frumvörp sem samin eru af þremur ráðuneytum úti í bæ að manni skilst, (Forseti hringir.) öðrum en landbrn. sem eru auðvitað sérkennileg vinnubrögð í þessu sambandi, hæstv. forseti. En ég endurtek það að þessari óvissu verður að linna.

[16:20]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Sl. vor var lagt fram á þingi frv. til laga um breytingar á búvörulögum. Hefði það frv. verið samþykkt þá mundi að öllum líkindum hafa verið komið í veg fyrir það fjaðrafok sem nú hefur orðið síðustu daga í kjölfar dóms Hæstaréttar í þessu skinkumáli Hagkaupa. Ég er reyndar sannfærð um að þetta verður ekki eina mál þessarar tegundar. Það er augljóst öllum að ríkisstjórnin hefur sífellt verið að klóra í bakkann í þessum búvörumálum. Engin samstaða hefur verið um að taka á málinu og ljúka því. —

Vegna hvers? Vegna þess að innan ríkisstjórnar eru menn ekki sammála um það hvort gefa eigi innflutning búvara frjálsan og það eru í báðum stjórnarflokkunum skiptar skoðanir á því.

Með lagabreytingunni í desember sl. var ákveðið að landbrh. hefði á sinni könnu að leggja á verðjöfnunargjöld á landbúnaðarvörur sem fluttar væru inn. En hvað eru landbúnaðarvörur? Er skilgreiningin á hreinu? Það held ég nefnilega ekki. Það getur orkað tvímælis hvenær vara er landbúnaðarvara. T.d. skilgreina ýmsar EB þjóðir sjávarútveg og vörur framleiddar úr sjávarfangi sem landbúnaðarvörur.

Formaður landbn. telur að hér sé um lagatæknilegt mál að ræða samkvæmt skilgreiningu hans í hádegisútvarpi. Það er greinilegt að pólitískur ágreiningur er orðinn að lagatæknilegu vandamáli. Það eru líka hreint furðuleg vinnubrögð að nú skuli mörg ráðuneyti, að mér skilst, vera að vinna að því að búa til frumvarp sem á að taka á þessum innflutningsmálum. Svo kemur hv. formaður landbn. í hádegisfréttunum og segir að það sé guði fyrir það þakkandi að það hafi ekki verið haft neitt samráð við hann. Og fyrir nokkrum dögum lýsti hæstv. forsrh. því að frv. hafi verið lætt í gegnum þingið eins og þingmenn væru meðvitundarlausir. Ég tel virðingu Alþingis stórlega misboðið með svona vinnubrögðum og það er ekki von að fólk hafi tiltrú á löggjafarsamkomunni við þessar aðstæður.

[16:23]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Eins og eðlilegt er hefur í þessari umræðu verið drepið nokkuð á dóm Hæstaréttar þar sem staðfest var að Hagkaup hefði verið í fullum rétti með innflutning á margfrægri landbúnaðarafurð. Það er þess vegna vert að rifja það upp að á sínum tíma þá féllu þung orð í garð hæstv. utanrrh. vegna afstöðu hans í málinu. Hann var sakaður um pólitískar geðþóttaákvarðanir og það var staðhæft að hann hefði hunsað landslög. Nú liggur það hins vegar fyrir skýrt og skorinort með dómi Hæstaréttar að túlkun utanrrh. var rétt og um leið, virðulegi forseti, hljóta öll stóryrði í hans garð að falla dauð og ómerk.

Nú er það svo að með samkomulagi um GATT þá hefur tekist pólitísk sátt þar sem aðalatriðið er að framvegis mun landbúnaðarstefnan ekki byggjast á bönnum heldur heimild til frjálsra viðskipta sem helgast af þeim samkeppnisreglum sem gilda á vegum GATT. Eðlilega er spurt um fyrirkomulag og forræði. Síðasta haust skipaði ríkisstjórnin nefnd fjögurra ráðuneyta sem var falið það verk að fara yfir innflutningslöggjöfina með tilliti til skuldbindinga okkar við GATT. Eins og hæstv. forsrh. gat um áðan þá er samkomulag um að þessi nefnd starfi áfram undir forustu forsrn. og þess er að vænta að úr hennar starfi komi tillögur um tilhögun og framkvæmd. Það er hins vegar rétt að minna á að í desember sl. tókst samkomulag um breytingar á búvörulögunum þar sem mælt var fyrir um hvernig ætti að haga innflutningi og verðjöfnun á búvörum sem féllu undir tvíhliða samning við EB sem fylgdi EES og aðra milliríkjasamninga. Þar var landbrh. falið forræðið með þeirri meðferð sem lýst er í 3. mgr. 72. gr. sem bætt var inn í lögin. Þótt sú grein hafi að sönnu ekki átt við GATT þá tel ég að í þeirri málsmeðferð felist fordæmi sem verði væntanlega fylgt.

Virðulegi forseti. Frá því að deilur stóðu um landbúnaðarmál í lok sumars þá hefur tekist sátt um GATT. Landslagið er breytt. Með hliðsjón af þessu taldi Alþfl. rétt að styðja að fram að gildistöku þess samnings þá yrði innflutningur á búvörum ekki hömlulaus. (Forseti hringir.) Nú hefur komið fram með dómi Hæstaréttar að lagastoðin að baki reglugerðum sem áttu að takmarka innflutninginn stenst ekki. En orð skulu standa og þrátt fyrir dóminn þá stöndum við að hinu fyrra samkomulagi og þar með að því frv. sem hæstv. forsrh. hefur boðað að verði lagt fram á næstu dögum.

[16:25]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Nú liggur það fyrir að málamiðlun gengur ekki upp í lagasetningu. Skýrleikabrestur er aftur og aftur í störfum löggjafans sem veldur svo aftur réttaróvissu. Meiri hlutinn á Alþingi býr nú við það ástand að annar fóturinn undir ríkisstjórninni er visnaður fótur Alþfl. sem engu eirir til að koma höggi á íslenskan landbúnað nema guð láti gott á vita þau sinnaskipti sem hér gerðust undir ræðu hæstv. umhvrh. áðan.

Það frv. sem hefði eytt réttaróvissu strandaði í þinginu í fyrravor. Moðsuðan sem komst í gegnum þingið fyrir jól er dæmi um hvernig landbrh. hélt að hann eyddi réttaróvissu með því að fara eins og köttur í kringum heitan graut Alþfl. Ríkisstjórnin býr við alvarlegt vandamál. Það heitir Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh.

Búvörulagafrv. sem samþykkt var fyrir jól var að fullu smíðað 8. sept. eins og hér stendur. Það kom ekki til umræðu í þinginu fyrr en eftir miðjan desember vegna þess að þá sá stjórnarmeirihlutinn ástæðu til þess þar sem var smuga vegna þess að hæstv. utanrrh. var staddur erlendis. Hér var allt að fara á taugum af því að menn urðu að koma að þessu máli áfram áður en sá maður kæmi heim. (**Gripið fram í:** Bull og vitleysa.)

Hæstv. forseti. Heiður þingsins er nú í veði. Hæstv. forseti ber þar ábyrgð vegna þess að forsetinn styður þessa ríkisstjórn og blessar og sættir sig við að ríkisstjórnin ryðji vanhugsuðum málum á engum tíma í gegnum þingið. Hæstv. landbrh. fer með málefni landbúnaðarins. Undan því getur hann ekki vikist. Ætlar hann í einhverjum friði við kratana að valda því að þúsundir Íslendinga tapa atvinnu sinni? Hæstv. landbrh. verður að gera sér grein fyrir því að hann getur ekki staðið í eilífum feluleik við Alþfl. Lögin um innflutning verða hér sem annars staðar að vera skýr og afdráttarlaus. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti. Við þolum alls ekki að yfirfullur erlendur markaður flæði inn í landið. Því verður það að gerast og þar verður forseti þingsins að koma til starfa að hér verði sett markvissari löggjöf í þessum efnum en allt sem hefur gerst í þessu máli er á ábyrgð forsetans og ríkisstjórnarflokkanna.

[16:28]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að þetta mál sé tekið upp strax á fyrsta degi eftir að þing kemur saman að nýju. Það má raunar segja að þetta sé líka fyrsta málið sem ég lagði fyrir ríkisstjórn eftir að dómur Hæstaréttar féll. Það hefur stundum verið fundið að því við mig síðan sá dómur féll að ég hafi verið að gera lítið úr dómnum sem er kannski ekki alveg rétt. Ég hef á hinn bóginn bent á að ekkert er einsýnt í þessum heimi og ekkert óskeikult. En dómi ber að hlýða. Það er einmitt af þeim sökum sem þessi umræða var tekin upp, það er af þeim sökum sem ríkisstjórnin ákvað það á föstudegi í síðustu viku að lagt yrði fram frv. sem tryggði það réttarástand sem Alþingi samþykkti með lögunum 21. des. sl. Um það er enginn ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar, um það er full samstaða innan ríkisstjórnarinnar og ég vil raunar sérstaklega, bæði í því samhengi og öðru þakka hæstv. umhvrh. fyrir þá góðu samvinnu sem ég hef átt við hann í landbúnaðarmálum og er einmitt til þess fallin að reyna að draga úr þeirri tortryggni sem er milli manna í þjóðfélaginu og sem er milli stjórnmálamanna og stjórnmálaflokka því það er augljóst að á þeirri braut sem við erum nú að ganga til meira frjálsræðis í viðskiptum með landbúnaðarmál, bæði þjóða og landa á milli og eins hér innan lands, ríður á því að það sé traust á milli manna, ríður á því að orð standi, ríður á því að réttarfarið sé öruggt og þau lög sem um þessi mál fjalli ekki umdeild. Til þess að draga úr þeirri réttaróvissu sem nú er verður frv. um þessi efni lagt fram fyrir Alþingi á morgun og ég segi af því tilefni eins og ég raunar lýk oftast ræðu minni þegar ég mæli fyrir frumvörpum sem ég flyt hér að ég treysti því að landbn. muni vinna vel að athugun þess frv. og ekki ana þar né flana að neinu.

[16:30]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er vert að vekja athygli á því að tilefni þeirrar réttaróvissa sem hefur verið rædd og fékkst fram með dómi Hæstaréttar eru ekki lagabreytingar í tíð núv. ríkisstjórnar. Þær eru miklu eldri og af því að menn eru að tala um að langan tíma hafi tekið að koma málum landbúnaðarins að þessu leyti fram í tíð þessarar ríkisstjórnar þá vildi svo til að ég átti sæti í nefnd sem vann að þessari endurskoðun þegar Jón Helgason var landbrh. og það tók þá nefnd tuttugu mánuði að koma fram frv. um breytingar á búvörulögunum. Reyndar var það endurskoðun á því frv. Hafi einhverju þá sérstaklega orðið áfátt þá var það þeirri endurskoðun og þeim stjórnarflokkum, Framsfl. og Sjálfstfl. sem létu þessa grein vera að mestu leyti óbreytta frá því sem var þegar lögin voru upphaflega sett. Það er alveg óþarfi að vera að blása þessar aðstæður sem nú eru uppi sem sérstakt mál núv. ríkisstjórnar.

Það er svo annað mál að auðvitað þarf að fjalla nú um málið í því ljósi sem fyrir liggur. Ég sé ekki að það skipti neinu verulegu máli hvernig það berst inn í þingið heldur hitt hvernig til tekst með að vinna því framgang í þinginu og ná fram í þeirri umræðu trúverðugri niðurstöðu. Ég treysti því og raunar veit að landbn. Alþingis mun ekki láta sitt eftir liggja í þeim efnum.

[16:33]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég vil varpa fram þeirri spurningu: Hvenær lýkur þeim „farsa" sem hæstv. utanrrh. hefur staðið fyrir gegn íslenskum landbúnaði sem hófst í tíð fyrrv. ríkisstjórnar og stendur að fullu enn? Lýkur honum með samþykkt þess frv. sem nú er boðað til breytinga á búvörulögum?

Við vitum að lengi er búið að togast á um orðalag á hv. Alþingi og í þessu stjórnarsamstarfi. Þetta átti að leysa vorið 1993, þetta átti að leysast fyrir jólin og nú að loknum hæstaréttardómi í janúar á enn að prufa nýjan texta. Hver er virðing Alþingis hjá þjóðinni að svo skuli ganga?

Allt stafar þetta af baráttu hæstv. utanrrh. gegn íslenskum landbúnaði, gegn íslenskri atvinnu. Hann hefur unnið óheilt í samningunum við EES. Þá ekki síst í garðyrkjunni eins og rakið var hér áðan. Þar væri hægt að bæta aðeins um vegna skaða ráðherrans með því að lækka raforkukostnað til garðyrkjunnar. Spyrja má: Hvernig getur einn ráðherra, sem ég hélt að hefði nóg að gera, verið stöðugt mánuðum saman að „dúlla" við skinku og kalkúnalappir?

Virðulegi forseti. Tekst loksins með þeim texta sem fram kemur í fyrirhuguðu frv. sem senn liggur fyrir að laga þessi mál? Eða verður innflutningsárátta hæstv. „kalkúnalappamálaráðherra" sigurvegari áfram?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég vil biðja hv. þm. að gæta orða sinna.

[16:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig rétt hjá hæstv. umhvrh. eins og hann sagði hér áðan að í reynd snýr dómur Hæstaréttar við öllum þeim ummælum sem áður höfðu fallið og beinst að hæstv. utanrrh., til að mynda eftir að dómur undirréttar féll. Hæstv. umhvrh. var þar með undir rós að segja að einkunnagjöfin um geðþóttaákvarðanir, um að hunsa landslög o.s.frv., ætti nú við um þá landbrh. og fjmrh. Þetta er afleiðing af því, hæstv. umhvrh., þegar ráðherrarnir beita lögreglunni hverjir á aðra. Hæstiréttur, á hvorn veginn sem hann hefði dæmt í málinu, hefði gefið einhverjum ráðherra í ríkisstjórn Íslands þessa einkunn. Því miður lá nú málið einfaldlega þannig. Ef hlutföllin hefðu orðið öfugt, fjórir hefðu skrifað undir sem varð álit minni hluta og þrír undir hitt, þá hefði það verið hæstv. utanrrh. sem sat í súpunni.

Í öðru lagi held ég að það sé alveg nauðsynlegt að menn átti sig á því að þetta mál snýst um meira en það að ákveða hver hafi forræði þessara innflutningsmála búvaranna að svo miklu leyti sem þær snúa að tilteknum alþjóðasamningum, GATT og EES. Það verður að komast á hreint hvar hið almenna forræði málaflokksins liggur vegna þess að innflutningsmál geta verið fleira en GATT og EES. Þeirri óvissu verður að eyða

í heild sinni. Þess vegna munu menn ekki komast upp með það hér ef einhver manndómur er eftir í mönnum á Alþingi að læða í gegn einhverri moðsuðu sem á að leysa vandann fyrst og fremst með því að vísa til GATT og EES. Það mun ekki duga. Vonandi bera menn enn þá virðingu fyrir sjálfum sér og starfi sínu hér að þeir komi þessu máli nú á hreint og láti það vera alveg morgunljóst samkvæmt alveg óumdeilanlegum lagatexta hver fer með hvaða vald í þessum efnum.

Það má svo spyrja að lokum hvar forræði liggi orðið yfirleitt í þessum málum. Ef það er rétt að frv. til laga um breytingu á búvörulögum hafi verið í smíðum í forsrn. og ráðgjafarnir hafi verið úr utanrrn. og viðskrn., hvar er þá orðið forræði í landbúnaðarmálum?

[16:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að það lægi alveg fyrir hver væri vilji Alþingis í þessu máli. Það er einmitt kjarni málsins, virðulegur forseti, það liggur alveg fyrir. Það lá fyrir sl. vor að það var meiri hluti til að ganga þannig frá þessum málum hér á Alþingi að þessum efa væri eytt. En hvers vegna var það ekki gert? Það var vegna þess að hæstv. forsrh. sleit þinginu í hvínandi hvelli vegna þess að hann sá það fyrir að ríkisstjórnin mundi springa ef vilji Alþingis næði fram að ganga. Þannig að það er ekki við Alþingi að sakast eins og ég sagði hér í minni fyrri ræðu. Málið er það að ríkisstjórninni hefur algjörlega mistekist að skapa þá sátt innan sinna raða sem nauðsynleg er til að það sé hægt að koma lagabreytingum fram. Það þýðir ekki lengur fyrir hæstv. ráðherra Sjálfstfl. að skammast stöðugt út í krata út af því máli. Hér er um að ræða stjórnarstefnu sem báðir flokkarnir bera jafna ábyrgð á.

Virðulegur forseti. Það hlýtur að vera nokkurt umhugsunarefni hvernig við vinnum úr þessu máli á næstunni. Það hlýtur einnig að vera umhugsunarefni þegar menn hafa verið að ræða, m.a. hæstv. landbrh., um forræði landbrh. varðandi innflutning. Nú er það orðið ljóst að þá vinnu við lagasetningu um landbúnaðinn varðandi GATT-samningana á ekki að vinna í landbrn., það á að gera væntanlega eins og er unnið við þá breytingu sem hér á að leggja fram á morgun, í forsrn. og ráðgjafarnir verða úr viðskrn. og fjmrn. Sem sagt, það er búið að taka málið úr höndum landbrh., sem gumaði af því um áramótin að vera búinn að fá forræðið. (**Landbrh.:** Þetta er ekki rétt.) Það er búið að taka málið úr höndum landbrh. og setja það í yfirnefnd ráðherra skipað fulltrúum fjögurra annarra ráðuneyta.

[16:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Tillaga sú sem lögð verður fram á morgun var unnin að frumkvæði forsrh. í samvinnu við landbrh. Síðan var tillagan send öðrum ráðherrum til athugunar.

Vegna þess sem menn hafa sagt hér um þetta mál og óskýr vinnubrögð á þinginu, ef menn hafa lesið dóm Hæstaréttar, þá er það svo eins og hér hefur komið fram rétt áðan að dómur Hæstaréttar tekur til 41. gr. laga 46/1985. Það er sá málatilbúnaður sem er ekki nógu skýr. Meiri hluti Hæstiréttar kýs að túlka það svo að hin ljósu ákvæði laganna sjálfra, lagatextans, víki til hliðar vegna skýringar í greinargerð. Um þetta var héraðsdómur þriggja dómenda ósammála Hæstarétti og þrír af sjö hæstaréttardómurum þannig að hér er bersýnilega um mikið lögfræðilegt vafaatriði að ræða. Þó auðvitað, eins og sagt hefur verið, gildir meirihlutadómur Hæstaréttar. En það er þetta atriði sérstaklega og síðan hitt að meiri hluti Hæstaréttar virðist telja að 1992 hafi hér orðið breyting þrátt fyrir að í því tilvikinu séu öll lögskýringargögnin, ræða þáv. viðskrh., samhljóða álit efh.- og viðskn. og framsaga formanns þeirrar nefndar, gengur ekki í þá veru. Þá eru lögskýringargögnin ekki látin gilda heldur lagatextinn. Þarna eru sem sagt notaðar tvær aðferðir sem ganga hvor á móti annarri. En þetta þýðir það með öðrum orðum að þegar við fórum heim í vor þá var í sjálfu sér ekki nein óvissa að okkar áliti í þessu máli. Við höfðum ekki talið, neitt okkar hygg ég vera, að það hefði orðið nein breyting á árinu 1992 í innflutningsmálum. Enginn okkar taldi það vera. (Gripið fram í.) Enginn taldi það vera. Það kann að vera mat dómsins en það er ekki mitt mat í sjálfu sér. Það er niðurstaða dómsins má segja.

En meginmálið er að það frv. sem lagt verður fram á morgun af hæstv. landbrh. er að mínu viti algjörlega ótvírætt og full samstaða er um það mál í þinginu. Ég vil líka taka það fram að dómur Hæstaréttar hefur ekkert með innflutning á kalkúnalöppum í Keflavík að gera. Fjallar ekkert um það mál og snertir það ekki.

Fundi slitið kl. 16:43.

---

75. FUNDUR

mánudaginn 24. jan.,
að loknum 74. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Skuldbreytingar sjávarútvegsfyrirtækja, fsp., 289. mál, þskj. 368.

Til fjármálaráðherra:

2. Fob-tollun, fsp., 256. mál, þskj. 301.

Til félagsmálaráðherra:

3. Færsla grunnskólans til sveitarfélaganna, fsp., 257. mál, þskj. 302.

Til dómsmálaráðherra:

4. Kaup á björgunarþyrlu, fsp., 267. mál, þskj. 322.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundarstjórn forseta og stuðningur við setningu bráðabirgðalaga.

[16:45]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs um stjórn þingsins vegna þess að á fyrri fundi bað ég um orðið í umræðu um störf þingsins en fékk ekki. En í þingsköpum segir svo: „Umræður um athugasemdir mega ekki standa lengur en í 20 mínútur", hæstv. forseti. Ég hef fengið tímamælingar af ræðum manna í þessum dagskrárlið. Þar kemur ljóslega fram að sá tími sem veittur var var rétt tæpar 13 mínútur til umræðunnar. Samtals fóru því í þessa umræðu rétt um 15 mínútur. Mér var hins vegar meinað um orðið þegar ég kvaddi mér hljóðs og finnst mér það nokkuð hart að verið hjá forseta vegna þess að ef ég veit rétt þá mun ég hafa verið síðastur á mælendaskrá.

Ég harma þetta, virðulegur forseti. En ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér þá hljóðs var sú — og ég kem því hér á framfæri við hæstv. ráðherra ég sé að hæstv. sjútvrh. er ekki hér inni en hæstv. forsrh. situr hér — að ráðherra skuldar þinginu skýringu á því sem hv. þm. fóru fram á og báðu um svör við fyrr í dag: Hafa ráðherrar ríkisstjórnarinnar gengið úr skugga um það við þingmenn Alþfl. og við þingmenn Sjálfstfl. að stuðningur þeirra lægi fyrir við setningu bráðabirgðalaganna? Ég trúi ekki öðru en annar hvor þessara hæstv. ráðherra, forsrh. eða sjútvrh., vilji koma hér í þennan ræðustól og segja þingmönnum frá því hvort leitað hafi verið eftir því við þingmenn þessara stjórnarflokka. Nú hefur verið lagt fram frv. til laga um stöðvun á verkfalli fiskimanna, og vegna þess að hér er á dagskrá þingsins á morgun frv. til laga um stjórnun fiskveiða og vegna þeirra orða sem hér hafa fallið frá hæstv. ráðherra þá hníga öll rök að því að það sé eðlilegra að þetta mál verði tekið fyrir í upphafi fundar á morgun, staðfesting á bráðabirgðalögum ríkisstjórnarinnar, fremur en um stjórnun fiskveiða þó vissulega sé það nauðsynlegt.

[16:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson): :

Hæstv. forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar þá segi ég eingöngu þetta: Ríkisstjórin hafði rökstudda ástæðu til að ætla að meiri hluti væri fyrir samþykki bráðabirgðalaganna hér á þinginu. Engar aðrar efniskröfur eru gerðar til ríkisstjórnar þegar hún setur með atbeina forseta Íslands bráðabirgðalög en að hún hafi rökstudda vitneskju um að ástæða sé til að ætla að slík bráðabirgðalög standist.

Bráðabirgðalögin ber að ræða og afgreiða innan sex vikna. Það er sú regla sem um það gildir og auðvitað verður eftir henni farið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna orða hv. 4. þm. Norðurl. v. um tímamælingu forseta í umræðunum á fyrri fundi þá verður forseti að segja að ef þessar upplýsingar, sem forseti reyndar dregur ekkert í efa, eru réttar þá harmar forseti að hafa orðið á þau mistök að hafa lokað fyrir umræður hv. þm. um störf þingsins þegar fimm mínútur voru eftir af leyfilegum tíma. Forseti taldi að liðnar væru 20 mínútur en fékk síðan þær upplýsingar eftir á að það hefðu verið um 19 mínútur þannig að það hefur þá verið 1 mínúta eftir sem forseti hefði gefið hv. 4. þm. Norðurl. v. tækifæri til að taka til máls. En þetta gerðist með þessum hætti og séu tímamælingar hv. þm. réttar þá harmar forseti það og biður hv. þm. velvirðingar á því að þessi mistök hafa orðið. En þau eru ekki að yfirlögðu ráði forseta heldur af mistökum gerð. Vænti forseti að þetta mál sé útrætt.

[16:49]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég met það við hæstv. forseta að sú yfirlýsing skyldi hér gefin að hér hefði verið um mistök að ræða.

En það sem ég vildi fyrst og fremst vekja athygli á er að það ætti ekkert að vera að vanbúnaði að fara í umræðu um bráðabirgðalögin. Hin loðna yfirlýsing hæstv. forsrh. að þeir hefðu haft rökstudda vissu fyrir því að meiri hluti væri fyrir lögunum í þingliði ríkisstjórnarinnar leiðir hugann að því að nokkuð sérstæðar aðferðir hljóta að vera hafðar uppi til að komast að vilja þingmanna nema þá nokkrir séu skildir út undan og ekki taldir viðræðuhæfir þegar þarf að kanna það hvernig þeirra viðhorf séu.

Ég verð að segja eins og er að það væri forvitnilegt að fá upp það njósnakerfi sem hæstv. forsrh. notar í þessu sambandi því það virðist ekki vera að það sé hringt beint á menn heldur fari athuganir fram og svo komi rökstudd niðurstaða. Satt best að segja efa ég ekki og hef aldrei efað vald hæstv. forsrh. og ríkisstjórnar til að setja bráðabirgðalög. Ég efa ekki valdið. En ég tel vinnubrögðin gersamlega óhæf eins og að þessu hefur verið staðið og þá er það lágmark gagnvart Alþingi Íslendinga að málið verði þá þegar í stað tekið til umræðu, jafnskjótt og hægt er.

[16:52]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að mér finnst það vægt til orða tekið að það sé óljós fréttaflutningur frá hæstv. forsrh. þegar hann segir okkur að hann hafi haft rökstudda ástæðu til þess að ætla að meiri hluti hafi verið fyrir þessari gerð ríkisstjórnarinnar. Ég hef heyrt það af vörum manna sem styðja þessa ríkisstjórn þannig að ég leyfi mér að áætla að annað sé en get ekki staðfest það hér. Þess vegna hélt ég að ég fengi gleggri og afdráttarlausari yfirlýsingar frá hæstv. forsrh.

En, virðulegur forseti, ég kem einnig upp til þess að ítreka álit hæstv. forseta þingsins á því máli sem ég hreyfði hér einnig hvort hæstv. forseti vildi ekki beita áhrifum sínum til þess og teldi eðlilegt að á morgun yrði fremur tekin á dagskrá umræða um frv. um stöðvun á verkfalli fiskimanna en stjórnun fiskveiða þó að vísu sé nauðsynlegt að fara að ræða um stjórnun fiskveiða. Svo lengi hefur ríkisstjórnin dvalið yfir því máli að vissulega þarf að fara að ræða það en ég tel engu að síður nauðsynlegra og eðlilegra að staðfesting á bráða-

birgðalögunum, frv. sem hér liggur fyrir, verði það sem hafi forgang í dagskránni á morgun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt þingsköpum þurfa að líða tveir sólarhringar frá því að frv. er útbýtt og þar til það verður tekið á dagskrá. Að öðru leyti þarf að leita afbrigða um að svo megi verða. Það þýðir að samkvæmt því getur þetta mál komið á dagskrá á miðvikudag. Þegar forsætisnefnd fjallaði um drög að dagskrá fyrir þessa viku var gert ráð fyrir frv. um stjórn fiskveiða á morgun. Nú hefur forseti heyrt athugasemdir við þetta og mun skoða það mál áður en frekari ákvörðun verður tekin.

[16:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er æðioft sem afbrigði hafa verið veitt í þinginu fyrir því að taka mál á dagskrá og stundum eru slík afbrigði veitt í röðum þegar liggur á að koma málum í gegnum þingið. Ég tel alveg einsýnt að það þurfi að ræða frv. til laga um stöðvun verkfalls fiskimanna áður en frv. til laga um stjórn fiskveiða verður rætt af þeirri einföldu ástæðu að sú umræða mun ekki fara fram á eðlilegan hátt ef hún á að fara fram á morgun áður en þessi umræða verður tekin. Umræðan um stjórn fiskveiða á morgun mun þá snúast um það frv. sem hefur verið dreift í dag. Ég held að í því frv. séu ýmsir hlutir sem eiga að koma til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða líka til viðbótar þeim ákvæðum sem ríkisstjórnin hefur áður lagt fyrir þingið til breytinga á lögunum um stjórn fiskveiða. Auk þess held ég að það þýði ekkert að hefja hér umræður um sjávarútvegsmál fyrr en umræðu um bráðabirgðalögin er lokið. Ég held að allir sjái að slík umræða muni ekki ganga. Menn munu auðvitað fara að tala um frv. sem hér liggur fyrir. Þess vegna óska ég eindregið eftir því að hæstv. forseti taki þessar beiðnir þingmanna til greina og það verði gerð breyting á dagskrá þingsins á morgun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar lýst afstöðu sinni í þessu máli að hún muni skoða þetta mál betur að gefnum þeim athugasemdum sem hér hafa komið fram.

[16:57]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég taldi að ég hefði gert það skiljanlegt fyrir stuttu síðan að ég kvaddi mér hljóðs. Það sem gerði það að verkum var síðasta yfirlýsing hæstv. forseta þingsins. Það var eins og það væri allt í einu orðið heilagt atriði og kæmi vart til greina að biðja um afbrigði í þinginu.

Hversu oft hyggur hæstv. forseti að forseti hafi beðið um afbrigði í þinginu t.d. í desembermánuði? Við vorum að ræða hér búvörulagafrv. sem skaut allt í einu upp kollinum þegar komið var að þinglokum. Það var sjálfsagður hlutur að taka það með afbrigðum og svo var með ótal mörg önnur atriði. Á bak við það getur því hæstv. forseti ekki skotið sér. Afbrigði hafa miskunnarlaust verið notuð hér. En það kann að vera að samviska forsetans sé að vakna, að þinginu ber að stjórna af meiri gætni og láta ekki hæstv. forsrh. stjórna því með höfuðhneigingu og tilskipunum. Þingið er sjálfstæð stofnun, æðsta stofnun Íslendinga og veltur á miklu að þar sé vel á málum haldið.

Hvað varðar bráðabirgðalögin á verkfall sjómanna, þá er það auðvitað ljóst að þar misnotaði hæstv. forsrh. og ríkisstjórnin vald sitt til þess að setja bráðabirgðalög og vanvirti þingið. Ég hygg að þjóðin sé jafnkunnug því og hv. alþingismenn að Alþingi Íslendinga er hægt að kalla saman með einnar nætur fyrirvara. Sem betur fer er samgöngum þannig háttað á Íslandi. Það var því engin afsökun. Því er nú svo komið að hæstv. forsrh. liggur fastlega undir grun um það að hann hafi seinkað þinghaldinu hvað jólaleyfi varðar með það í huga að setja bráðabirgðalög á íslenska sjómenn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti frábiður sér aðdróttanir hv. þm. í garð forseta og forsrh. Þær eiga ekki við nein rök að styðjast. Forseti vill upplýsa þingmanninn um að forseti hefur nú þegar lýst því yfir að hún muni taka til skoðunar þær athugasemdir sem hafa komið varðandi dagskrána á fundinum á morgun. Það gerist ekki héðan úr forsetastóli.

[17:00]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég mun af drenglyndi og hreinskilni treysta mér til þess að ræða störf þingsins. Þar þarf engin viðkvæmni að koma til. Við gerum okkur grein fyrir því þegar við komum saman eftir jólafrí að ýmislegt hefur gerst í lagasetningunni og að þingið hefur verið misvirt og því verður ekki neitað að ummæli hæstv. forseta við einn fjölmiðilinn um bráðabirgðalögin á íslenska sjómenn voru vanvirðing við Alþingi Íslendinga. Þó ég ræði hér af fullri hreinskilni í mínum ræðutíma hef ég ekki verið með neinar aðdróttanir í garð hæstv. forseta. Ég hef í höndunum það viðtal sem einn fjölmiðill átti við forsetann. Hins vegar sagði ég réttilega og ég veit að hæstv. forsrh. er maður til að svara fyrir sig að auðvitað lægi hann undir þeim grun að hann hefði seinkað þinghaldinu til þess að það gæfist kostur að setja bráðabirgðalög á íslenska sjómenn og koma þeim á ný út á haf.

Skuldbreytingar sjávarútvegsfyrirtækja.

Fsp. JÁ, 289. mál. — Þskj. 368.

[17:01]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. á þskj. 368 til hæstv. forsrh. um skuldbreytingar sjávarútvegsfyrirtækja. Fyrirspurnin er í tveimur liðum og hljóðar svo:

„1. Hve mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa fengið skuldbreytingar á lánum sínum í kjölfar yfirlýsingar

ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að mæta aflasamdrætti frá 27. júní í sumar og hver er heildarupphæð þeirrar fyrirgreiðslu?

2. Hve margir smábátaeigendur hafa sótt um slíkar skuldbreytingar, hve margir hafa fengið úrlausn sinna mála og hver er heildarupphæð þeirrar fyrirgreiðslu?"

Ástæðan fyrir þessari fsp. er sú að hæstv. ríkisstjórn gaf út yfirlýsingu 27. júní 1993. Í þeirri yfirlýsingu, sem var um aðgerðir til að mæta aflasamdrætti, kom fram að það ætti að gera ýmsar ráðstafanir til að rétta hlut sjávarútvegsfyrirtækja sem færu illa út úr aflaskerðingu. Þar er í einum liðnum talað um afborganir af lánum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar til sjávarútvegsfyrirtækja. Með leyfi forseta stendur hér: „... árin 1994 og 1995 verði færðar aftur fyrir aðrar afborganir og lánstími lánanna lengdur um fjögur ár. Ríkisstjórnin mun beina þeim tilmælum til Fiskveiðasjóðs að hluti afborgana verði færður til á hliðstæðan hátt. Þá verði skuldbreyting lána hjá Byggðastofnun og Ríkisábyrgðasjóði einnig athuguð í þessu samhengi."

Það sem hefur vakið athygli mína er að það er ekki að sjá að um neinar ráðstafanir sé að ræða sem koma til móts við þarfir smábátaeigenda sem margir hafa orðið fyrir miklum búsifjum vegna aflaskerðingar. Þá er ég fyrst og fremst að tala um þá sem eru með sína báta á aflamarki og reyndar hina líka sem eru með krókaleyfin en þeir eru á öðrum kjörum en hinir gagnvart fiskveiðunum. En gagnvart lánafyrirgreiðslu og öðru slíku eru þessir smáútgerðarmenn í miklu erfiðari aðstöðu en stærri útgerðin í landinu. Þeim var á sínum tíma nánast sparkað út úr Fiskveiðasjóði og hafa ekki haft þar neina fyrirgreiðslu sem orð er á gerandi. Það verður þess vegna fróðlegt að sjá svör hæstv. forsrh. um það hve margir af þeim hafa fengið fyrirgreiðslu.

Ég ætlaði að segja það til viðbótar að margir smábátaeigendur hafa látið það koma fram að þeir telja sína aðstöðu gersamlega óviðunandi. Þeir hafa orðið að hlíta kjörum í bönkum og hjá fjármögnunarleigum og öðrum slíkum fyrirtækjum vegna þess hvernig þeirra aðstaða er. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra til viðbótar hvort ekki hafi komið til neinnar umræðu um að koma með einhverju móti til móts við þessa útgerðarmenn í landinu þegar hæstv. ríkisstjórn var að fjalla um þessa hluti í sambandi við kjarasamningana á sínum tíma.

[17:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur borið fram fyrirspurn um skuldbreytingar sjávarútvegsfyrirtækja svohljóðandi:

„1. Hve mörg sjávarútvegsfyrirtæki hafa fengið skuldbreytingar á lánum sínum í kjölfar yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að mæta aflasamdrætti frá 27. júní í sumar og hver er heildarupphæð þeirrar fyrirgreiðslu?

2. Hve margir smábátaeigendur hafa sótt um slíkar skuldbreytingar, hve margir hafa fengið úrlausn sinna mála og hver er heildarupphæð þeirrar fyrirgreiðslu?"

Lánum Atvinnutryggingarsjóðs var skuldbreytt í byrjun árs 1992 þannig að afborgarnir áranna 1992 og 1993 voru færðar aftur fyrir aðrar greiðslur á lánum og þau lengd um fjögur ár. Sl. sumar ákvað ríkisstjórnin að skuldbreyta lánum Atvinnutryggingarsjóðs aftur með sama hætti þannig að afborganir áranna 1994 og 1995 færast einnig aftur fyrir aðrar greiðslur af lánum og þau lengd um fjögur ár. Verið er að ljúka framkvæmd skuldbreytingarinnar.

Samkvæmt upplýsingum Byggðastofnunar verður afborgunum að fjárhæð um 500 millj. kr. á hvoru ári skuldbreytt eða samtals um 1 milljarði kr., 1.000 millj., hjá tæplega 100 aðilum. Á tímabilinu frá 1. júlí 1993 til 31. des. 1993 hefur Byggðastofnun gengið frá um það bil einum tug nýrra lána til fjárhagslegrar endurskipulagningar í sjávarútvegi og nemur heildarfjárhæð þeirra um 100 millj. kr. Endurlán vaxta og afborgana til 21 fyrirtækis nema á sama tíma um 82 millj. kr. Tekið skal fram að þegar vinnu við skuldbreytingu í Atvinnutryggingarsjóði lýkur er ætlun Byggðastofnunar að gera átak í skuldbreytingum sjávarútvegsfyrirtækja. Háum lánum til smábáta hefur verið skuldbreytt og er heildarfjárhæð þeirra ekki há. Ég hef hana hér ekki sundurgreinda. Byggðastofnun mun þó kanna möguleika á skuldbreytingum lána til smábáta þegar ráðist verður í það skuldbreytingaátak í sjávarútvegi sem fram undan er.

[17:07]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin. Þau bera það glöggt með sér að þegar hæstv. ríkisstjórn var að fjalla um þau vandamál sem fylgja aflasamdrættinum og koma ekki hvað síst niður á þeim hópi útgerðarmanna sem ég var að nefna, þ.e. þeirra sem eru að gera út báta undir 10 tonnum, þá var ekki verið að taka á vanda þeirra með neinu móti heldur einungis stærri útgerðarinnar í landinu. Það dregur athyglina að því að ævinlega þegar verið er að fást við vanda sjávarútvegsins á Íslandi ráða fyrst og fremst þröngir hagsmunahópar stærstu útgerðarinnar í landinu ferðinni. Og ekki einu sinni allir útgerðarmenn sem eiga aðild að LÍÚ hafa hagsmunagæslu með sama hætti. Það vitum við. Við höfum séð það í gegnum tíðina hvernig að þessum málum er staðið.

Það er alveg hróplegt að þannig skuli vera komið fyrir atvinnugrein sem gefur verulega af sér í þjóðartekjum og skapar mikla atvinnu og það á tímum atvinnuleysis að ekkert skuli vera gert til þess að koma til móts við þessa aðila. Ég tel þetta sérstaklega ámælisvert og vil meina það að þarna þurfi að snúa við blaðinu og leggja meiri áherslu á það að styðja við bakið á smærri útgerðarmönnum og gera þá jafnsetta hinum. Það er ekki verið að fara fram á neitt annað en það. Þar hefur vantað mikið á. Ég vek athygli á því að hæstv. forsrh. sagði það áðan að hann hefði ekki samandregna tölu um hvað hefur verið gert fyrir smábátaeigendur. Til hvers bendir það? Það bendir bara til þess að nákvæmlega ekkert hafi verið gert fyrir þá í þessu

efni í framhaldi af yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.

Fob-tollun.

Fsp. IBA, 256. mál. — Þskj. 301.

[17:11]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 301 leyfi ég mér að leggja fram fsp. til hæstv. fjmrh. um svokallaða fob-tollun. Það er kannski rétt að útskýra fyrst hvað fob-tollun þýðir. Þetta er það orðalag sem innflytjendur nota um tollun sem ætti að vera þannig að aðeins varan er tolluð en ekki eins og er í dag, að inn í tollverð sé tekinn flutningskostnaður, pökkun, trygging og þar fram eftir götum. Til að þetta orðalag misskiljist ekki þá er þetta hugmyndin á bak við þetta orðatiltæki, að varan ein sé tolluð en ekki aðrir þættir sem á leggjast, þ.e. flutningur, trygging og annað slíkt.

Ég hef leyft mér að spyrja hér, ef slík tollun yrði tekin upp, hversu mikið tekjutap ríkisins yrði við slíkt og í öðru lagi hvort til greina kæmi að taka upp slíka tollun. Við höfum verið að leita leiða til þess að lækka vöruverð í landinu og ég tel að hér sé fær leið ef vilji er til staðar. Ég tel ekki síður að menn eigi að horfa út frá því hvort skattlagning sé yfir höfuð réttlætanleg eða réttlát eða ekki. Það tel ég ekki vera. Ég tel eðlilegt að vara sé tolluð og beri gjöld, en að flutningur, trygging, pökkun og erlendur flutningskostnaður sé ekki tekinn inn í vöruna. Jafnvel þó að vara sé tollfrjáls, þá leggst virðisaukaskattur á hana til að mynda. Þess vegna hef ég leyft mér að bera þessa fsp. fram. Í fyrsta lagi hvort það komi til greina að taka upp slíka tollun yfir höfuð og ef svo er, hvert tekjutap ríkissjóðs yrði við slíkt.

[17:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Eins og hv. fyrirspyrjandi gat um er munurinn á þessum hugtökum sá að fob þýðir free on board, cif þýðir cost, insurance, freight, þ.e. kostnaður, tryggingar og fragt er inni í cif-verði. Það er munur á þessum hugtökum sem eru úr ensku.

Samkvæmt verslunarskýrslum fyrir árið 1992 voru fluttar til landsins vörur fyrir tæplega 97 milljarða kr. að cif-verðmæti. Fob-verð þessara vara voru rúmlega 88 milljarðar kr. Samkvæmt þessu tölum er mismunur á fob-verði og cif-verði um að bil 10%. Þessi munur er nokkuð mismunandi eftir vöruflokkum og eftir því frá hvaða löndum flutt er inn. Mismunur á cif-verði og fob-verði innflutnings eftir svæðum er þessi:

EFTA 8%, en frá EFTA-löndunum eru rúmir 24 milljarðar fluttir inn, frá EB eru rúmir 47 milljarðar fluttir inn, þar munar 10%. Önnur Evrópulönd, þar munar 9%, Bandaríkjunum 13%, Japan 10% og önnur lönd 13%. Eins og sést er minnsti munurinn í EFTA-löndunum, mestur er munurinn þegar svokölluð önnur lönd utan Evrópu, Bandaríkin og Japan, koma til sögunnar.

Eins og þessar tölur bera með sér er stærsti hluti innflutningsins frá löndum sem eru aðilar að EES-samningnum, en engir tollar eru lagðir á vörur þaðan að frátöldum matvörum. Enn fremur eru stórir vöruflokkar frá öðrum löndum, svo sem ökutæki, eldsneyti og fjárfestingarvörur, án tolla. Tolltekjur fást því ekki nema af litlum hluta innflutnings.

Samkvæmt fjárlögum fyrir 1994 eru beinar tolltekjur áætlaðar 1.200 millj. kr og tekjur af öðrum gjöldum sem lögð eru á sama stofn og tollur, svo sem fóðurgjald, kartöflugjöld og jöfnunartollar, eru áætlaðar um 175 millj. kr. Sú breyting að leggja toll á fob-verð í stað cif-verðs mundi þannig leiða til um 130–140 millj. kr. tekjutaps fyrir ríkissjóð ef ekki yrðu samtímis gerðar breytingar á tolltöxtum.

Ekki þarf að reikna með að breyting á fob-verði hefði áhrif á aðrar tekjur. Vörugjöld eru lögð á heildsöluverð vöru sem eðli máls samkvæmt felur í sér flutningskostnað og annan mun á fob- og cif-verði. Með því að leggja vörugjaldið á fob-verð innflutnings væri innlendri framleiðslu mismunað gagnvart innflutningi, sem ekki getur talist æskilegt.

Í GATT-samningnum, þar sem er að finna mikilvægustu skuldbindingar Íslands um tollverð og tollverðsákvörðun, er samningsríkjunum í sjálfsvald sett hvort þau nota cif eða fob sem tollverðsviðmiðun. Ísland, ásamt öðrum Evrópuríkjum, miðar við cif-verð vöru en Bandaríkin og ýmsar aðrar þjóðir við fob-verð. Þótt færa megi haldbær rök fyrir hvoru kerfinu fyrir sig þá tel ég, a.m.k. á þessari stundu, óráðlegt að breyta núverandi tollverði yfir í fob-viðmiðun.

Þegar cif-verð var tekið upp hér á landi með lögum um tollskrá nr. 62/1939, voru lagaákvæði um þetta efni sniðin eftir fyrirmynd frá hinum Norðurlöndunum, einkum Danmörku og Noregi. Í áliti milliþinganefndar sem fjallaði um frumvarp laganna er það talið til mikilla bóta að falla frá fob-verðsviðmiðun og taka upp cif-verðsviðmiðun. Með því taldi nefndin að íslensk löggjöf yrði í meira samræmi við löggjöf nágrannaþjóðanna, auk þess sem eðlilegt þótti að miða tollverð við raunverulegt verð vörunnar þegar hún er tollafgreidd, fremur en að tína af henni flutningsgjöld og vátryggingarkostnað sem bæst hefur við verð vörunnar á leið til landsins. Þessi rök eiga reyndar enn við og við þau má bæta því sem síðar hefur gerst. Í fyrsta lagi að breytingar á tollverði kalla á umfangsmiklar og kostnaðarsamar breytingar á tölvukerfi. Í öðru lagi að allar skuldbindingar sem Ísland hefur gengist undir í milliríkjasamningum miða við það að tollur sé reiknaður af cif-verði vara. Í þriðja lagi mundu breytingarnar hafa veruleg áhrif á álagningu vörugjalds til hins verra og eru þó vandamálin ærin fyrir. Vörugjaldi er almennt ætlað að leggjast á heildsöluverð vöru. Ef tollverðinu yrði breytt í fob-verð mundi það enn frekar auka á núverandi erfiðleika við að finna sambærilegan álagningargrunn fyrir innflutta og innlenda vöru.

Það sem skiptir mestu máli er að sjálfsögðu, virðulegi forseti, að menn velji aðra stefnuna og innan GATT hefur alveg verið fallið frá því að reyna að samræma þetta á milli þjóða. Við förum hér eftir því sem gert er í okkar nágranna- og helstu viðskiptalöndum og

teljum að það sé ekki rétt að tollar geti breytt verðhlutföllum þannig að þeim sé ívilnað sem flytja inn með dýrum og dýrari hætti. Það ætti að leiða til óhagkvæmni. Þegar á heildina er litið, virðulegi forseti, tel ég að óráðlegt sé að breyta þessari viðmiðun.

[17:18]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans svör. Þau voru afar skýr og mikil og reyndar það mikil að maður þyrfti helst að fá ræðuna útskrifaða til að stúdera hana betur. Ég er ráðherranum alveg sammála í því að það á að tolla raunverulegt verð vörunnar og það er einmitt það sem ég er að tala um. Það á að tolla vöruna sem slíka en ekki aðra þætti, enda spila aðrir þættir mjög mismunandi inn í vöruna eftir því hvaðan hún kemur. Frakt frá Evrópu er mikið ódýrari heldur en frakt frá Bandaríkjunum eða frakt frá Japan, en hún vegur engu að síður inn í vöruverðið sem slíkt þegar það er komið í gegnum tollafgreiðslu hér. Þannig að það er akkúrat þetta sem við erum að tala um. Það á að taka vöruna sem slíka og það á að tolla hana, en ekki aðra utanaðkomandi þætti. Það er í rauninni alveg sama hvaða þættir það eru, þeir eru allir tollaðir. Þeir koma allir inn í tollverðsgengið þó að það sé 0% tollur á vörunni. Tollverðsgengið er síðan notað til þess m.a. þegar enginn tollur er, 0% tollur, að finna virðisaukaskattinn. Þannig að þessir þættir virka inn í verðið jafnvel þó að það sé 0% tollur.

Varðandi það að dýrt væri að breyta tölvukerfinu, þá er ég ekki alveg sammála því. Auðvitað getur vel verið að það sé dýrt, en við erum að gera það þessa dagana og erum alltaf af og til að breyta tölvukerfinu út af ýmsum gjöldum sem við erum að leggja á í innflutningnum og ýmsum breytingum. Það er kannski skemmst að minnast matarskattsins síðasta, þar sem þurfti að gera miklar breytingar á tölvukerfunum.

Auðvitað er eðlilegt að þetta sé misjafnt eftir löndum, hvort það er EFTA eða USA, því frá USA, Japan og þeim svæðum erum við með hina svokölluðu ytri tolla. Þannig að það er mjög skiljanlegt. En það er líka önnur barátta sem við höfum verið að ræða töluvert í efh.- og viðskn. Það er hvort ekki eigi að fella niður ytri tollana og samræma tollalöggjöfina yfir höfuð, yfir línuna.

Niðurstaða ráðherrans er sú að það komi ekki til greina að taka upp þessa tollun. Ég er honum ósammála. Ég tel að þetta sé réttlætismál bæði fyrir neytendur og eins fyrir innflytjendur, að slík tollun yrði tekin upp og gef þá lítið fyrir það hvað önnur Norðurlönd gera.

[17:21]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég get alveg fallist á það með hv. fyrirspyrjanda að það er auðvelt að rökstyðja út af fyrir sig með sínum hætti að hér skulu teknir upp fob-tollar. Ég tel það hins vegar óráðlegt og hef rökstutt það í minni fyrri ræðu sem ég mun auðvitað afhenda hv. þm.

Aðalreglan var sú að cif var samþykkt á sínum tíma og ein af röksemdunum var sú að það leiddi til hagkvæmni í innflutningi. Það yrði þá frekar valin sú vara sem framleidd væri nær og jafnframt stuðlaði þetta að hagkvæmni í innflutningi þannig að varan væri fremur flutt með skipum en t.d. flugvélum sem er miklu dýrara af því að sá kostnaður fer inn í grundvallarverðið. En það eru auðvitað líka til rök sem horfa akkúrat öfugt við þessu og hv. þm. gerði ágætlega grein fyrir því.

Til viðbótar vil ég nefna að með breytingum á innlendri löggjöf væri verið að minnka svigrúm okkar til álagningar tolla enn frekar en þegar hefur verið gert í milliríkjasamningum. Það hefur t.d. verið samið um tiltekið þak á tolla með GATT-bindingum. Þetta þak mundi sjálfkrafa lækka af tollverðsgrunninum ef tollverðsgrunninum yrði breytt. Þetta þýðir í raun að ekki væri hægt að mæta tekjutapi sem af breytingunum mundi leiða með því að hækka tollprósentuna af því að hún er miðuð við cif-tolla en ekki fob-tolla og við höfum gengist undir þessar skuldbindingar.

Sömu vandræði koma upp af því að við höfum breytt okkar kerfi að verulegu leyti úr tollum yfir í vörugjöld, við mundum lenda í nokkrum vandræðum ef við ætluðum að gera breytingar núna.

Virðulegi forseti. Þetta eru meginástæðurnar fyrir minni afstöðu til málsins. En ég tek skýrt fram að sú skoðun að færa sig yfir í fob-tolla á sér auðvitað marga formælendur og það eru ýmis rök sem liggja til þess, en það kostar að mínu mati of mikið rask og of miklar breytingar á því sem fyrirkomulagi sem nú er við lýði, ekki einungis hér á landi heldur alls staðar í Evrópu.

Færsla grunnskólans til sveitarfélaganna.

Fsp. REl, 257. mál. — Þskj. 302.

[17:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ragnar Elbergsson lagði fram fyrirspurn sem ekki gafst tími til að fjalla um áður en þing fór í jólafrí. Hún er á þskj. 302 og er til hæstv. félmrh., um færslu grunnskóla til sveitarfélaganna. Fyrirspurnin er í tveimur liðum.

„1. Telur ráðherra það enn raunhæft að sveitarfélögin geti yfirtekið allan rekstur grunnskólans 1. ágúst 1995?

2. Hvaða áhrif hefur niðurstaðan í kosningum um sameiningu sveitarfélaga 20. nóvember sl. á þennan tilflutning að mati ráðherrans og ríkisstjórnar?"

Ástæðan fyrir þeirri fyrirspurn sem er hér lögð fram er sú að yfirtaka sveitarfélaganna á öllum rekstri grunnskólans er stór og viðamikil framkvæmd. Þetta er eina verkefnið sem sveitarfélögin eiga að yfirtaka sem búið er að dagsetja. Undirbúningur er skammt á veg kominn og þess vegna er eðlilegt að því sé velt fyrir sér hvort ekki sé rétt að fara hægar í þessa framkvæmd. Hvort sem við erum hlynnt eða andvíg því að grunnskólinn færist yfir til sveitarfélaganna hljóta allir að vera sammála því að ef af þessu verður þá verði

undirbúningsvinnan að vera vandlega unnin. Það er áhyggjuefni margra sem að þessu máli vinna að tíminn sem gefinn er, þ.e. til 1. ágúst 1995, sé of naumur til að þessi verkaskipting geti gengið eftir á eðlilegan hátt.

Kosningarnar 20. nóvember sl. benda til þess að í sameiningarmálum eigi eftir að vinna mikið starf og þrátt fyrir yfirlýsingar um að færsla grunnskólans sé óháð sameiningu sveitarfélaganna, hlýtur að verða tekið tillit til þess í undirbúningsvinnunni hversu burðug sveitarfélögin eru til þess að taka við verkefninu. Þessari fyrirspurn er beint til félmrh. í ljósi þess að hann er yfirmaður sveitarstjórnarmála og getur sem slíkur gripið inn í málin og frestað framkvæmdinni ef þurfa þykir.

[17:26]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er mat ríkisstjórnarinnar að niðurstaða kosninganna breyti ekki þeirri stefnumörkun ríkisstjórnarinnar að rekstur grunnskólans flytjist alfarið til sveitarfélaganna 1. ágúst 1995. Þetta byggist á því að rekstur grunnskólans er þegar að mestu í höndum sveitarfélaganna að öðru leyti en því að ríkið greiðir laun kennara. Vegna fámennis margra sveitarfélaga hefur sá háttur lengi verið hafður á að þau standa mörg saman að rekstri grunnskóla. Þannig er þetta í dreifbýlinu um allt land og á þessu yrði engin breyting þó að rekstur grunnskólans flyttist alfarið til sveitarfélaga. Að sjálfsögðu yrði slíkur rekstur einfaldari ef þau sveitarfélög sem standa saman að rekstri hvers skóla sameinuðust og þannig hygg ég að þróunin verði þótt það taki lengri tíma heldur en margir vonuðust eftir.

Meginvandamálið við flutning grunnskólans til sveitarfélaganna er hvernig á að gera þeim fjárhagslega kleift að standa undir rekstri skólanna. Mitt mat er að þetta þurfi að gerast með tvennum hætti, annars vegar með flutningi almenns tekjustofns til sveitarfélaganna og hins vegar með jöfnunarframlögum til þeirra. Kostnaður sveitarfélaganna af rekstri grunnskólans er nú mjög mismuandi. Þættir sem þar hafa áhrif eru m.a. stærð skóla, hvort hann er í dreifbýli eða þéttbýli, landfræðilegar aðstæður og fleira.

Við breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í ársbyrjun 1990 tóku sveitarfélögin að sér verulega aukinn hlut í rekstri grunnskólanna. Mismunandi kostnaður þeirra vegna þessa hefur verið jafnaður með sérstökum framlögum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Það fyrirkomulag hefur reynst vel og ég hygg að eðlilegt sé að fara svipaða leið þegar jafna þarf mismunandi útgjöld sveitarfélaga þegar þau taka að sér greiðslu á launum kennara við skólann.

Nefnd á vegum menntmrn., skipuð fulltrúum þeirra aðila sem málið varðar sérstaklega, vinnur nú að því að undirbúa tillögur um hvernig sveitarfélögin eigi að standa undir rekstri grunnskólans, en mikil áhersla er lögð á góða samvinnu við þá aðila sem málið varðar. Samkvæmt upplýsingum menntmrh. er tillögu nefndarinnar að vænta á næstu vikum og það er unnið að samningu frumvarps um það efni. Kynning á því mun fara fram á næstunni hjá aðilum sem málið varðar sérstaklega, svo sem samtökum kennara og skólastjóra og samtökum fámennra skóla.

[17:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mundi gjarnan vilja beina þeirri spurningu til hæstv. félmrh., sem var að svara fyrirspurn hvernig yrði staðið að flutningi alls reksturs grunnskóla til sveitarfélaganna: Hvað verður með fræðsluskrifstofur? Hvernig verða þær reknar og er farið að ræða það hvernig það kemur til sveitarfélaganna? Og hvað með lífeyrisréttindi kennara? Það er líka stórt mál sem ég heyrði ekki að hæstv. ráðherra nefndi neitt. En ég tel bæði þessi mál, fræðsluskrifstofurnar og lífeyrisréttindi kennara, vera eitt af stærstu málunum í því að flytja grunnskólann til sveitarfélaga. Ekki bara að flytja launagreiðslurnar, það er kannski ekki mesta málið hvort þær fara í gegnum tölvu frá Ríkisbókhaldi eða hvort þær fara í gegnum tölvu frá sveitarfélögunum.

[17:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er mín skoðun að þarna þurfi að vanda sig mikið því það eru á ferðinni æðimismunandi sveitarfélög sem eiga að fara að taka við þessu verkefni. Ég sé nú ekki alveg fyrir mér hvernig á að leysa málin að sumu leyti. Annars vegar er verið að hvetja sveitarfélögin til sameiningar. Hins vegar er verið að gefa út loðnar yfirlýsingar um það að ekki eigi að gera upp á milli barnanna sem eiga að sækja skólana á þessum svæðum. Er það þá þannig að þau sveitarfélög sem ekki munu sameinast og verða áfram smá, eigi að fá það mikla jöfnun úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eða með öðrum aðferðum að engu máli skipti um rekstur skólanna? Eða verður það þannig að það myndast tvenns konar sveitarfélög í þessu landi? Og það er það sem ég óttast að muni gerast með stefnu ríkisstjórnarinnar, að það verði til tvenns konar sveitarfélög. Við sjáum það fyrir okkur að nú þegar er búið að ákveða að hér eigi að vera í gangi einhvers konar tilraunasveitarfélög sem taka að sér meiri verkefni en önnur. Það eigi jafnvel að fjölga þessum tilraunasveitarfélögum. Yfirlýsingar hafa heyrst um það. Síðan kemur inn þetta vandamál, að menn þurfa að taka afstöðu til þess t.d. hvort menn sameinast öðrum sveitarfélögum um rekstur skóla, ef sveitarfélögin á svæðinu hafa ekki verið sameinuð. Og er það þá endilega víst að stærri aðilarnir séu tilbúnir að mynda félag með þessum litlu aðilum til þess að greiða niður þann kostnað sem hlýtur að verða vegna reksturs skólanna og þjónustustarfseminnar sem m.a. var minnst á hér áðan á þessum svæðum? Ég held að þar geti myndast verulegt vandamál sem þarf að taka á og þessi mál þarf auðvitað að ræða hér í þinginu og koma með þau skýr og klár þannig að alþingismenn geti tekið afstöðu til þeirra.

[17:32]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ljóst, eins og hér hefur komið fram, að þegar grunnskólinn verður alfar-

ið færður yfir til sveitarfélaganna eru ýmis álitamál sem þarf að skoða sérstaklega og nokkur þeirra hafa verið nefnd hér. Eðli málsins samkvæmt, varðandi þær fyrirspurnir sem lúta að fræðsluskrifstofunni, lífeyrisréttindum kennara o.s.frv., væri eðlilegra að beina þeim til þess ráðherra sem fer með þennan málaflokk, þ.e. menntmrh. Út af fyrir sig hefði verið eðlilegra að beina þessari fyrirspurn beint til hans. En ég tel alveg víst að báðir þessir þættir sem eru mikilvægir, fræðsluskrifstofunar og starfskjör kennara, þar á meðal lífeyrisréttindi, verði auðvitað sérstaklega skoðaðir. Samkvæmt því sem fram hefur komið hjá menntmrh. þá virðist málið vera nokkuð langt komið, ef vænta má tillagna um það á næstu vikum.

Varðandi minni sveitarfélögin og hvort það verði til tvenns konar sveitarfélög við færslu grunnskólans alfarið til sveitarfélaganna, þá tel ég svo ekki vera. Það er nú svo, eins og þingmenn vita, að þetta verkefni, málefni grunnskólans, er nú að mestu í höndum sveitarfélaganna, nema laun kennaranna, og þau standa saman í mörgum tilvikum að rekstri grunnskólanna. Og ég hygg að þá þætti sem kalla fram breytingar vegna mismunandi kostnaðar á rekstri grunnskólans, sem hafa áhrif eins og stærð sveitarfélagsins eða stærð skólans réttara sagt og hvar hann er staðsettur, hvort það er í dreifbýli eða þéttbýli, það sé mjög auðveldlega hægt að bæta þann mismun sem þar verður á í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Út af dagskrá var tekið 4. mál.

Fundi slitið kl. 17:34.

---

76. FUNDUR

þriðjudaginn 25. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Stöðvun verkfalls fiskimanna, stjfrv., 302. mál, þskj. 490. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 21. jan. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi taki 2. varaþingmaður, Sigurður Rúnar Friðjónsson mjólkurbústjóri, Búðardal, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl."

Þá er hér annað bréf, dags. 21. jan. 1994:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Sturlu Böðvarssonar á Alþingi næstu tvær vikur sem 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Vesturlandskjördæmi.

Virðingarfyllst, Elínbjörg Magnúsdóttir."

Kjörbréf Sigurðar Rúnars Friðjónssonar hefur verið rannsakað og samþykkt, Hann hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Sigurður Rúnar Friðjónsson, 1. þm. Vesturl., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sigurður Rúnar Friðjónsson hefur nú undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðin velkominn til starfa á Alþingi.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysisbætur smábátaeigenda, 313. mál, fsp. HG, þskj. 504.

Bætur til bænda vegna harðinda, 308. mál, fsp. JGS, þskj. 499.

Jöfnun á rekstraraðstöðu mjólkursamlaga, 314. mál, fsp. HG, þskj. 505.

Olíugjald í stað þungaskatts á dísilbíla, 307. mál, fsp. JGS, þskj. 498.

Réttindi Íslendinga í Bandaríkjunum, 306. mál, fsp. JGS, þskj. 497.

Réttur vörubílstjóra til atvinnuleysisbóta, 312. mál, fsp. SvG, þskj. 503.

Skráning notaðra skipa, 309. mál, fsp. JGS, þskj. 500.

Skyldur samkvæmt félagsmálasáttmála Evrópu, 311. mál, fsp. BBj, þskj. 502.

Staðsetning björgunarþyrlu, 304. mál, þáltill. JónK o.fl., þskj. 495.

Starfsmannaíbúðir sjúkrahúsa, 310. mál, fsp. JGS, þskj. 501.

Stjórnarskipunarlög, 303. mál, frv. KE o.fl., þskj. 494.

Tengsl aðila við björgunaraðgerðir hérlendis, 315. mál, fsp. HG, þskj. 506.

Útvarpslög, 305. mál, frv. IBA o.fl., þskj. 496.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, 1. umr.

Stjfrv., 302. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 490.

Of skammt liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ÁRÁ, ÁJ, EH, EKG, GHH, GuðjG, GuðmS, GunnS, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PÓ, PBald, RG, SalÞ, SF, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

31 þm. (ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, PP, PJ, SighB, SAÞ, VE) fjarstaddur.

[13:41]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um stöðvun verkfalls fiskimanna. Ríkisstjórninni þótti bera brýna nauðsyn til 14. jan. sl. að setja bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls sjómanna. Efni laganna felur það í sér að vinnustöðvanir, hvort heldur verkbönn eða verkföll, sem ná til þeirra sem lögin taka til eru óheimilar á gildistíma laganna og allir síðast gildandi kjarasamningar þeirra félaga sem lögin taka til eru framlengdir til 15. júní 1994 nema aðilar semji um annað. Lögin gera þannig ráð fyrir því ef aðilar ná samkomulagi um aðra skipan kjaramálanna sé þeim frjálst að gera þá samninga hvenær sem er á gildistíma laganna.

Meginatriðið er þó 1. gr. frv. sem mælir fyrir um skipan þriggja manna nefndar sem á að gera tillögur um það hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Gert er ráð fyrir því gert að nefndin hafi skilað tillögum fyrir 1. febr. 1994.

Það er ljóst að eitt meginágreiningsefni sjómanna annars vegar og atvinnurekenda hins vegar í þeirri kjaradeilu sem staðið hefur og kom fram í verkfalli sjómanna í byrjun þessa árs laut að því hvernig sala aflaheimilda hefur haft áhrif á fiskverð og skiptakjör sjómanna og enn fremur framkvæmd á bókun í kjarasamningi um það að óheimilt sé að draga af skiptahlut sjómanna vegna viðskipta með aflaheimldir. Sú yfirlýsing sem gerð var með kjarasamningum aðila 26. apríl 1992 hljóðar svo:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað. Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samninga áhafna og einstakra útgerðar við fiskkaupendur um fiskverð."

Hér kemur mjög skýrt fram að það er bindandi kjarasamningur aðila að óheimilt er að draga útlagðan kostnað vegna kaupa eða leigu á aflaheimildum frá áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað. Öll tilvik af því tagi eru því greinilega óheimil í andstöðu við gerða kjarasamninga og um það hygg ég að sé ekki almennur ágreiningur. Hins vegar hafa komið fram skiptar skoðanir um síðari hluta þessarar yfirlýsingar. Atvinnurekendur hafa haldið því fram að hún útilokaði ekki að menn framseldu aflaheimildir og létu aðra veiða þær fyrir sig að öllu leyti eða einhverjum hluta. Hvað sem líður túlkun á þessu ákvæði er það ljóst að sjómannasamtökin hafa talið óásættanlegt að slík viðskipti hefðu áhrif á fiskverð sem er grundvöllur skiptakjara sjómanna og útvegsmanna. Í raun má segja að sá ágreiningur hafi verið uppistaðan í kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Jafnframt settu sjómannasamtökin fram sérkröfur varðandi sérsamninga um ýmsar veiðar og tefldu þeim fram í þessum samningum. Þegar samkomulag hafði ekki náðst um áramót kom boðað verkfall til framkvæmda.

Eins og menn rekur minni til töldu atvinnurekendur að kröfur sjómanna væru þess eðlis að þær fælu í sér óskir um breytingar á gildandi löggjöf og væru því fyrst og fremst þrýstingur á stjórnvöld sem ekki væri í samræmi við gildandi lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Þessu höfnuðu sjómenn algerlega og félagsdómur féllst í einu og öllu á sjónarmið sjómanna að þessu leyti og hafnaði því því sjónarmiði atvinnurekenda að sjómenn hefðu með kröfugerð sinni og verkfallsboðun verið að þrýsta á stjórnvöld um breytingar á gildandi lögum. Niðurstaða félagsdóms í þessu efni var býsna skýr.

Það er ljóst að þetta viðfangsefni hefur legið fyrir um alllangan tíma og sl. vor átti ég viðræður við fulltrúa bæði sjómanna og útvegsmanna um þessi efni. Þá þegar komu fram hugmyndir um hvort það gæti orðið til lausnar í þessum vanda að lögfesta með einum eða öðrum hætti ákvæði kjarasamninganna sem ég hef hér vitnað til.

Þegar verkfallið hafði staðið í nokkurn tíma kom fram ósk um það að sjómenn fengju fund með forsrh. Þar var farið yfir þessi efni og ítrekuð sú afstaða ríkisstjórnarinnar, sem legið hefur fyrir, að hún væri tilbúin til þess að veita stoð í lögum því ákvæði í samningum aðila að þátttaka sjómanna í kaupum á aflaheimildum væri óheimil. Endurnýjuð yfirlýsing af þessu tagi dugði ekki til að færa aðila nær hvor öðrum við samningaborðið. Skömmu síðar fóru fram mjög ítarlegar viðræður í sjútvn. á milli aðila þar sem reynt var að finna nýjan flöt til viðræðna. Í þeim samtölum komu einkum til álita leiðir sem byggðu á því að aðilar kæmu sér upp einhvers konar samstarfsnefnd eða úrskurðarnefnd til þess að taka á ágreiningsefnum og komið yrði upp skipulagðri skráningu og birtingu upplýsinga um fiskverð frá einum tíma til annars. Það voru vonir manna sem þátt tóku í þessum samtölum að með þeim hefði skapast grundvöllur til áframhaldandi viðræðna. Þar komu upp sjónarmið af hálfu sjómanna um viðmiðunarverð en af hálfu útvegsmanna var því jafn-

an hafnað að draga fiskverðsákvarðanir inn í þessar umræður.

Í þessum samtölum mátti einnig ætla að útvegsmenn væru reiðubúnir til þess að ganga í alvöru til viðræðna um sérkjarasamninga. Því miður tókst ekki að leiða deiluna til lykta á þeim viðræðugrundvelli sem menn töldu sig hafa fundið í þessum samtölum. Það var svo enn á ný reynt af hálfu ríkisstjórnarinnar, fyrir milligöngu tveggja ráðuneytisstjóra, að kanna til þrautar 13. jan. sl. hvort unnt væri að finna samkomulagsflöt á þeim grundvelli sem áður hafði verið rætt um. En það má segja að þau atriði sem einkanlega var fjallað um og ekki hafði náðst samstaða um var hlutverk formanns eða oddamanns slíkrar nefndar, hvort annar aðili ætti að hafa einhliða rétt til að kæra ágreining til bindandi gerðardóms og enn fremur hvort styðjast ætti við fast meðaltalsverð til viðmiðunar í úrlausn slíkra ágreiningsefna. Ég hygg að þessi þrjú atriði hafi fyrst og fremst verið þau sem menn höfðu ekki náð saman um á þessu stigi málsins. Þessi úrslitatilraun bar ekki árangur. Það lá fyrir í yfirlýsingu ríkissáttasemjara að hann teldi útilokað að í bráð mætti ná sáttum í deilunni í frjálsum samningum aðila. Það var ljóst að deilan hafði mjög víðtæk almenn efnahagsleg og þjóðfélagsleg áhrif og áframhald verkfallsins gæti leitt til víðtækrar atvinnustöðvunar í landinu. En einkanlega með tilliti til þess að ekki var fyrirsjáanlegt að mati þeirra sem helst höfðu komið að sáttaumleitunum að í bráð væri unnt með frjálsum samningum að ráða deiluna til lykta þótti ríkisstjórninni nauðsynlegt og bera brýna nauðsyn til að binda endi á vinnustöðvunina og það var gert með þeim bráðabirgðalögum sem hér liggja fyrir og óskað er eftir staðfestingu Alþingis á.

Vitaskuld er neyðarkostur að grípa til bráðabirgðalagasetningar og íhlutunar í kjarasamninga með þeim hætti. Á margt er að líta í því efni. Hér er auðvitað um að ræða mjög mikilvægan rétt samningsaðila á vinnumarkaði, að knýja fram kröfur sínar með vinnustöðvun. Á hitt er að líta að það er aldrei hægt að horfa fram hjá því að deilur sem þessar geta haft miklu mun víðtækari efnahagsleg áhrif en lýtur að deiluaðilum einum og það á auðvitað ekki síst við þegar sjávarútvegur landsmanna stöðvast, sem stendur undir 80% af gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Í annan stað þurfa menn að horfa á að það er ekki gert nema í ýtrustu neyð að taka þá ábyrgð, sem á samningsaðilum hvílir, frá þeim með lagasetningu.

Í þriðja lagi er alveg ljóst að lagasetning getur aðeins stöðvað eða komið í veg fyrir afleiðingar vinnustöðvana, en hún leysir ekki samskiptavanda þeirra sem í hlut eiga á hverjum tíma. Því er ekki gripið til slíkra aðgerða nema mjög mikilvægir hagsmunir séu í húfi og það var samdóma álit ríkisstjórnarinnar að þeir hagsmunir væru svo ríkir í þessu efni að ekki yrði undan því vikist að grípa inn í deiluna með lagasetningu af þessu tagi.

Lagasetningin felur ekki í sér efnislega niðurstöðu í þeim deilum sem stóðu milli útgerðarmanna og sjómanna. Að því er meginátakaefnið varðar gera lögin ráð fyrir því að sérstakri nefnd sé falið að gera tillögur til úrlausnar í því efni. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að farsælast væri að aðilar gætu sjálfir fundið lausn og mitt mat er að sá rammi sem lá til grundvallar viðræðunum á lokastigi með samstarfsnefnd eða úrskurðarnefnd og hugsanlega með kærurétti til gerðardóms, væri sá farvegur sem best væri að fella þessi mál í og líklegastur til þess að leiða ágreiningsefnin til lykta. Það er hins vegar mjög vandasamt verk að lögfesta slíkan farveg vegna þess að hann byggir í raun á samstarfi aðila og það er ekki einfalt að lögfesta samstarf eða skipa mönnum til samstarfs með lögum. Eigi að síður er ég þeirrar skoðunar að sá farvegur sem þarna var verið að ræða sé heppilegasti grundvöllur til lausnar á þeim flókna vanda sem er til staðar.

Sú nefnd sem fékk það verkefni að skila tillögum um frambúðarlausn á þessum vanda var skipuð þremur ráðuneytisstjórum. Hefur nefndin þegar skilað tillögum af sinni hálfu og þær verið sendar til umsagnar hagsmunaaðila þessarar kjaradeilu svo og sjútvn. Alþingis. Eins og kunnugt er leggur nefndin til að komið verði á fót sérstökum markaði þar sem mönnum verður gert skylt að fara með allt framsal á aflaheimildum í gegn. Markmiðið er að fullnægja því ákvæði laganna að koma í veg fyrir að framsal á aflaheimildum hafi með óeðlilegum hætti áhrif á kjör sjómanna og að slíta í sundur tengsl á milli framsals á aflaheimildum og viðskipta með kaup á fiski.

Enn hafa bara borist formleg svör frá tveimur aðilum, útvegsmönnum og samtökum fiskvinnslustöðva, en við væntum svara alveg næstu daga frá öðrum hagsmunaaðilum í þessari deilu um þetta efni, en höfum heyrt af hálfu sjómanna að þeir telji lausn á þessum grundvelli ekki fullnægjandi. Endanleg afstaða af hálfu ríkisstjórnarinnar verður fyrst tekin þegar formleg svör hafa borist frá deiluaðilum.

Það er alveg ljóst að hvað eftir annað hefur komið upp í þessum viðræðum, bæði á milli samningsaðila og eins í þeim samtölum sem þeir hafa átt við stjórnvöld, að verðmyndun á sjávarfangi skiptir hér mjög miklu máli og hvað eftir annað hefur verið bent á það af hálfu sjómanna að þeir telji lágmarksviðmiðunarverð nauðsynlegan grundvöll til úrlausnar á þeim deiluefnum sem hér eru fyrir hendi.

Þá erum við í raun komnir að öðru atriði en beinlínis þeim ákvæðum sem lúta að framsali aflaheimilda. Það er tiltölulega skammt síðan löggjöf um verðmyndun á sjávarfangi var breytt og ákveðið að hverfa frá lágmarksverðsákvörðunum í verðlagsráði til frjálsrar verðmyndunar. En eins og menn muna var það mjög þung krafa sjómannasamtakanna að hverfa frá verðmyndun á fiski í verðlagsráði. Fyrir rúmum tveimur árum átti ég mörg samtöl við forustumenn fiskvinnslustöðvanna, sem voru mjög andvígir þeirri breytingu, til þess að þrýsta á þá að láta undan kröfum sjómanna í þessu efni og að lokum tókst samkomulag um þau atriði með því að veita eins árs aðlögunartíma að því að kröfur sjómanna um þetta efni næðu fram að ganga. Á þeirri skipan hefur verið byggt þó hún sé að sjálfsögðu ekki gallalaus, sem sést m.a. á því að mjög stór hluti okkar fiskiskipastóls er í eigu fiskvinnslustöðva.

Eigi að síður var þetta mjög þung krafa, að þessi skipan mála yrði tekin upp, og hún hefur vitaskuld haft mjög víðtæk áhrif á þróun mála í íslenskum sjávarútvegi.

Það er deginum ljósara að það viðfangsefni sem hér blasir við er margslungið og engan veginn einfalt úrlausnar. Það verður ekki afgreitt með einföldum slagorðum, það verður ekki afgreitt út í hafsauga með því að segja að fulltrúar sjómanna sem að þessum umræðum koma séu uppi í skýjunum og ekki viðræðuhæfir og það verður heldur ekki afgreitt með fullyrðingum um að öll sú þróun sem átt hefur sér stað í þessu efni lýsi einvörðungu vondum atvinnurekendum sem ætli að níðast á íslenskum sjómönnum.

Því miður tel ég að það hafi átt sér stað atriði varðandi viðskipti með aflaheimildir og þátttöku sjómanna í þessum efnum sem brjóta í bága við gerða kjarasamninga og þá um leið lög í landinu. En vissulega er það svo að á bak við allar þessar breytingar er mikill skipulagsvandi í íslenskum sjávarútvegi sem er þörf fyrirtækja víða til aðlögunar að nýjum aðstæðum. Við búum ekki lengur við það kerfi að fiskverð sé ákveðið með miðstýrðum hætti og feli í sér að á þriggja mánaða fresti taki menn ákvörðun um fiskverð á einum stað, um verðjöfnun á öðrum stað og um gengi á þeim þriðja. Þetta er kerfi sem við höfum sagt skilið við og það hefur kallað á aðlögun sjávarútvegsfyrirtækja að nýjum aðstæðum. Víða er það svo að sjávarútvegsfyrirtæki sem hafa verið skuldum vafin hafa í aðlögun að þessum vanda selt frá sér fiskiskip að einhverjum hluta eða miklum hluta en haldið eftir aflaheimildum til þess að tryggja áfram vinnslu í viðkomandi byggðarlagi.

Ég hygg að allir hv. alþm. hafi skilning á því að í byggðarlögum, ekki síst þar sem atvinna þorra fólks er háð afkomu eins eða tiltölulega fárra aðila, sé mikils um vert að fyrirtækin reyni að tryggja áframhaldandi atvinnu heima fyrir. Það þarf ekki að þýða að um sé að ræða óeðlilega viðleitni til þess að hafa hlut af sjómönnum. Á hinn bóginn verða menn auðvitað að skilja að sjómenn eru í erfiðri aðstöðu og það er ekki vandalaust fyrir þá að horfa upp á það að fiskverð sé jafnmismunandi og það er í landinu, m.a. eftir því hver aðstaða fyrirtækjanna er frá einni byggð til annarrar. Þess vegna er það mín skoðun að menn verði að gera sér grein fyrir því flókna og erfiða baksviði sem liggur til grundvallar þessari deilu og að einföld slagorð leysa engan vanda í þessu efni. Auðvitað væri mikilvægast að reyna að leiða aðila sjálfa til sátta um úrlausn á þessum viðfangsefnum því við getum ekki horft fram hjá því að hér er um vanda að ræða og við þurfum að finna á honum lausn.

Ég vona að það starf sem aðilar hófu sjálfir í viðræðum sín á milli, þó það hafi ekki borið ávöxt, og það framlag sem ráðuneytisstjóranefndin hefur átt með þeim hugmyndum sem hún hefur lagt fram, þó þær hafi mætt mikilli andstöðu, varpi skýrara ljósi en áður á þann vanda sem við er að etja og að við berum gæfu til að finna ásættanlega lausn sem sættir sjómenn við sinn hlut og tryggir eðlilegt svigrúm fiskvinnslufyrirtækjanna til þess að takast á við þann mikla vanda sem þau standa frammi fyrir. En það breytir ekki þeirri niðurstöðu að það var mat ríkisstjórnarinnar að óhjákvæmilegt væri að binda endi á þá vinnustöðvun sem hafin var vegna þess að menn sáu ekki fram á að í bráð yrði hún leyst við samningaborðið. Því voru þessi bráðabirgðalög sett og hér óskað eftir staðfestingu Alþingis á þeim.

(**Forseti** (SalÞ): Á ekki að vísa til nefndar?)

Frú forseti. Það er rétt athugasemd að á miklu veltur að málið fá vandaða meðferð og því rétt að leggja til að því sé ekki aðeins vísað til 2. umr. heldur líka hv. sjútvn.

[14:08]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég átel harðlega þá ákvörðun ríkisstjórnarinnar að setja bráðabirgðalög á vinnudeilu sjómanna og útvegsmanna 14. jan. sl. Öll rök hnigu í þá átt að kalla ætti Alþingi saman til fundar enda hefði það átt að koma til starfa samkvæmt starfsáætlun þingsins þann 17. jan. Það lá fyrir að stjórnarandstaðan var tilbúin að mæta til þings og reyndar hafði hún lýst því yfir að hún teldi það eðlilegan framgangsmáta eins og málin stóðu þá. Ég trúi því að Alþingi hefði sýnt þá ábyrgð að afgreiða þetta mál á eðlilegan og lýðræðislegan hátt á ekki allt of löngum tíma. Setning bráðabirgðalaga er neyðarúrræði og á ekki að grípa til nema öll önnur sund séu lokuð. Breytt þingsköp voru m.a. sögð eiga að draga úr þeirri viðleitni sitjandi ríkisstjórnar að grípa sífellt til bráðabirgðalagasetningar fremur en að Alþingi sjálft fjalli um slík mál. Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að grípa til þessara gerræðislegu vinnubragða með bráðabirgðalagasetningu vekur upp þá spurningu hvort ekki eigi að takmarka enn frekar rétt stjórnvalda til slíkrar lagasetningar.

Það er umhugsunarefni hvernig komið er fyrir þessari þjóð þegar réttur manna til að verja kjör sín með frjálsum samningum er svo freklega brotin með beinum aðgerðum ríkisvaldsins. Það eru ekki aðeins uppsagnir og atvinnuleysi sem ógna launþegum sem vilja verja kjör sín heldur fer nú sífellt stærri hluti umsaminna launa þessara aðila til að verja það velferðarþjóðfélag sem hér hefur verið byggt upp. Er nema von að þjóðin spyrji: Hvers konar þjóðfélag er þetta eiginlega sem hér er búið að búa til?

Í 1. gr. frv. sem hér er til umfjöllunar um stöðvun á verkfalli sjómanna segir svo:

„Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febr. 1994."

Hér er sem sagt lagt til að umrædd ráðuneytisstjóranefnd eða þríhöfða nefnd, eins og sumir hafa kallað hana, komi með tillögur sem taki á því máli er vinnustöðvunin byggðist á. Það er meint misbeiting á kjarasamningaákvæði í tengslum við viðskipti með veiðiheimildir, þ.e. þátttaka sjómanna í kaupum á veiðiheimildum.

Eftir að hafa farið yfir þær hugmyndir nefndarinnar sem kynntar hafa verið sjútvn. sé ég ekki þá lausn sem menn höfðu bundið vonir við að fælust í starfi þessarar umræddu nefndar.

Nefndin gerir að aðalmáli að koma upp svokölluðum skipulögðum uppboðsmarkaði. Þar segir svo m.a., með leyfi hæstv. forseta, um breytingar:

„Samkvæmt gildandi lögum um stjórn fiskveiða þarf umsögn sveitarstjórnar og sjómannafélags að liggja fyrir áður en Fiskistofa tekur ákvörðun um flutning aflamarks milli skipa ef skipin eru gerð út frá sitt hvorri verstöð. Verði tekin upp skipulögð viðskipti með aflamark eins og lýst var hér að framan [og nefndin leggur til] verður þetta ákvæði þýðingarlaust þar sem er ekki hægt að tryggja fyrir fram hver verður kaupandi aflamarksins. Því er lagt til að sú breyting verði gerð á gildandi lögum að umsagnarréttur sveitarstjórnar og sjómannafélags verði felldur niður".

Áfram segir í þessu áliti: „Fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um breytingar á gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Í þessu frv. eru það einkum þrjú atriði sem taka þarf sérstaklega til athugunar.

Í fyrsta lagi ákvæði um að fiskvinnslustöðvar geti flutt til sín aflahlutdeild." — Í því frv. sem liggur á borðum okkar þingmanna eiga fiskvinnslustöðvarnar að fá rétt á aflahlutdeild. — „Þær geta á hinn bóginn ekki nýtt sér aflamark sitt á annan hátt en með tilfærslu á einhver fiskiskip, væntanlega í þeim tilgangi að fá samsvarandi afla til vinnslu. Þar sem fiskvinnslustöðvarnar þurfa því að selja aflamarkið á kvótaþingi geta þær ekki tryggt sér aflann. Þar með er ljóst að upphaflegt markmið með þessari tillögu næst ekki og því kemur til álita að fella þetta ákvæði niður."

Ákvæði sem tvíhöfða nefndin var að leggja til í frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, leggur nú þríhöfða nefndin, skipuð af sama ráðherra, til að verði fellt brott. Áður en Alþingi gefst einu sinni ráðrúm til að ræða þetta frumvarpsform sem hér liggur á borðunum eru komnar upp hugmyndir um að fella það út. Áfram segir í áliti þessarar nefndar:

„Í öðru lagi að óheimilt sé að flytja aflamark til fiskiskips ef flutningurinn leiðir til þess að aflaheimildir verði bersýnilega umfram veiðigetu. Með opinberum uppboðsmarkaði er komið að mestu leyti í veg fyrir spákaupmennsku með aflamark og því sýnist þetta ákvæði óþarft."

Að lokum er náttúrlega komið á blað að fyrir allar þessar tilfærslur eigi nú að skattleggja greinina og greinin eigi að þurfa að borga fyrir hverja einustu aflatilfærslu sem á að fara fram. Það var svo sem auðvitað að frjálshyggjuliðið gleymdi ekki að koma því einnig að að skattleggja þessa grein til viðbótar við fyrri áform.

Allar þessar hugmyndir verða að sjálfsögðu ræddar þegar umræða um frv. um stjórn fiskveiða fer fram. Það er engin spurning. Því miður hefur það dregist allt of lengi að hér færi fram umræða um þau frv. sem liggja fyrir á borðum okkar þingmanna um stjórn fiskveiða. Og kannski, ef menn hefðu haft manndóm í sér í ríkisstjórninni að berja það lið saman sem þar situr til að ná samstöðu um flutning á því máli, hefði trúlega mátt sníða af þá annmarka sem hér hafa verið nefndir og kannski bæta svo um að það hefði verið hægt að komast hjá því verkfalli sem við erum hér að tala um. En því miður, eins og í svo mörgum öðrum málum, var ósamkomulagið í þessari ríkisstjórn slíkt að menn náðu ekki saman og okkur hefur þess vegna ekki enn þá tekist að ræða þetta mikilsverða mál.

Ég get sagt það hér að ég er langt frá því að vera sammála niðurstöðum þessarar ráðuneytisstjóranefndar og sætti mig ekki við þær hugmyndir eins og þær liggja fyrir. En ég vil þó leggja áherslu á að viðskipti eða framsal á kvóta má ekki hindra hagræðingu og skipulagsbreytingu í greininni sem nauðsynlega þarf að ná fram. Ekki síst með tilliti til þess hversu skelfilega lítill sá afli er sem úr hafinu má draga er okkur nauðsynlegra en nokkru sinni fyrr að bæta þar um og auka skipulag og hagkvæmni veiðanna til að ná sem mestri arðsemi út úr því takmarkaða magni sem úr hafinu má draga. Þess vegna megum við gá að okkur, við verðum ekki aðeins að þreyja þorrann, við verðum einnig að duga góuna líka til að þola þessi miklu áföll sem yfir þessa grein hafa gengið, í þeirri trú að fiskifræðingar hafi vit á því hvað þeir hafa verið að gera þegar þeir hafa lagt svo miklar skerðingar til og við trúum á bjartari tíma.

En þrátt fyrir þetta hefur sjávarútvegurinn vissulega reynt að bregðast við kröfum stjórnvalda um aukna hagræðingu í rekstri. Og ég fullyrði að engin grein hefur hagrætt jafnmikið í rekstri sínum eins og sjávarútvegurinn og enginn náð slíkum árangri og sjávarútvegurinn í þessum efnum þrátt fyrir þau erfiðu ytri skilyrði sem við þekkjum öll að þessi grein má búa við. Aðalástæðan og kjarni þessarar deilu sjómanna var að koma fram vörnum fyrir því að sjómenn væru ekki beittir þvingunum til að taka þátt í kvótakaupum. Það var kjarni þessarar deilu.

Í lokaorðum tillögu ráðuneytisstjóranefndarinnar er aðeins í þremur línum vikið að grundvallaratriði þessa verkfalls sjómanna. En þar segir:

„Skipulagður tilboðsmarkaður fyrir aflamark kemur hins vegar ekki í veg fyrir að kaupandi fái fjármuni frá þriðja aðila til að kaupa aflamark á kvótaþingi."

Síðan segir: „Sé vilji til að ríkisvaldið beiti sér í þeim þætti málsins kæmi til greina að festa í lög ákvæði gildandi kjarasamninga um að óheimilt sé að láta sjómenn taka þátt í kostnaði við kaup á aflamarki."

Af því sem hér er sagt og vegna þeirrar yfirlýsingar sem samþykkt var af Sjómannasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands þann 26. apríl 1992, þar sem segir, með leyfi virðulegur forseti — þetta er yfirlýsing undirrituð af fulltrúum frá Sjómannasambandi Íslands og fulltrúum Vinnuveitendasambands Íslands:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað. Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðar-

manna sín á milli með aflaheimildir, né samninga áhafna einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Virðulegi forseti. Það er því ástæða til að spyrja ríkisstjórnina: Er ríkisstjórnin tilbúin til að flytja um það frumvarp, sem staðfestir þá yfirlýsingu sem hér var lesin og er undirrituð af fulltrúum Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands? Slík lagasetning ætti að setja niður þær deildur sem sjómenn hafa átt í og hefði átt að koma fram löngu fyrr í stað hinna gerræðislegu vinnubragða ríkisstjórnarinnar, með setningu bráðabirgðalaga á sjómenn.

Ég endurtek, virðulegi forseti, spurningu mína til ríkisstjórnar og þá fyrst og fremst hæstv. sjútvrh., sem situr hér einn ráðherra á meðan við ræðum þetta viðkvæma deilumál. Það er eftirtektarvert að aðeins einn ráðherra núv. ríkisstjórnar gefur sér tíma til að sitja hér og vera þátttakandi í og fylgjast með umræðu um þessi mál. Það sýnir áhugann eða tillitsleysi ríkisstjórnarinnar við þá aðila sem í þessum deilum hafa átt. En ég endurtek spurningu mína til hæstv. sjútvrh.: Er ríkisstjórnin tilbúin til að flytja slíkt frumvarp ef það mætti verða til þess að leysa þessa deilu? Það er kjarni þessa máls.

[14:23]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 4. þm. Norðurl. v. er rétt að ítreka að það hefur margsinnis komið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún væri tilbúin til þess að festa efnisákvæði bókunarinnar í lög. Fram til þessa hefur málið hins vegar ekki verið þannig vaxið, að okkar mati, að það dygði til þess að leysa deiluna. En það hefur verið ljóst mánuðum saman að ríkisstjórnin væri reiðubúin til að beita sér fyrir slíkri lögfestingu.

[14:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. fór yfir þá deilu sem hefur staðið að undanförnu á milli LÍÚ og sjómanna, sem hefur snúist um ýmis mál, en aðalágreiningsmálið hefur reyndar verið þátttaka sjómanna í kvótakaupum sem fer fram með ýmsum hætti. Hæstv. ráðherra hélt sig við það í ræðu sinni að tala um þennan stutta tíma sem deilan sjálf stóð yfir, en lét ekki koma neitt fram um það hverjar skoðanir hans eru á forleik málsins, sem er auðvitað sá að ríkisstjórnin var búin að klúðra þessu máli fyrir löngu síðan og hefur ekki viljað horfast í augu við það að hún hefur ekki fundið lausnir á þessum málum.

Ég mun í ræðu minni reyna að koma því til skila hvernig þetta mál hefur borið að og hver aðalástæðan er fyrir því að svo alvarlega fór, að verkfall á fiskiskipaflotanum varð staðreynd. Það má auðvitað rekja upphaf málsins til þeirrar yfirlýsingar sem sjómannasamtökin gáfu út eftir að tvíhöfða nefndin svokallaða skilaði sinni skýrslu. Tvíhöfða nefndin var skipuð af ríkisstjórninni til þess að útfæra sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar. Tvíhöfða nefndin átti að hafa í farteskinu stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sem fólst í hvítu bókinni sem gefin var út. Í þeirri hvítu bók er sagt, sem aðalatriði vegna mótunar fiskveiðistefnu, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin hyggst móta sjávarútvegsstefnu er nær jafnt til veiða, vinnslu og markaðsmála, hamlar gegn ofveiði, treystir byggð, stuðlar að hagræðingu og tryggir stjórnskipulega stöðu sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða." Ég endurtek: „...tryggir stjórnskipulega stöðu sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða".

Um hvað voru sjómenn að slást í þessu verkfalli? Þeir voru að slást um afleiðingar þess að það er í gildi þannig kerfi hér við stjórn fiskveiðanna að útgerðarmönnum í landinu er afhent ígildi eignarréttar á þessari auðlind. Nýlegur hæstaréttardómur hefur staðfest að það eigi að fara með þessar eignir nákvæmlega eins og aðrar eignir, skattleggja þær og afskrifa. En ríkisstjórnin hafði sem sagt sagt í upphafi: Við ætlum að breyta þessu, við ætlum að tryggja að þjóðin eigi þessa auðlind áfram með breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Tvíhöfða nefndin fór yfir málið og komst að annarri niðurstöðu, að þetta væri ekki skynsamlegt og það ætti ekki að gera þetta. Hennar tillaga var: Að festa í sessi aflamarkskerfið nánast óbreytt. Og ríkisstjórnin skrifaði upp á það.

Þegar tvíhöfða skýrslan var lögð fram var loksins öðrum aðilum en þeim sem ríkisstjórnin hafði valið til starfa, boðið upp á það að fá að taka þátt í að móta sjávarútvegsstefnuna. Þar á meðal sjómönnum. En sjómenn gerðu sér auðvitað grein fyrir því að það var búið að marka stefnuna og það þýddi ekkert að tala við ríkisstjórnina um þetta mál eins og þá horfði. Þeir gáfu út sameiginlega yfirlýsingu, þegar þarna var komið, um að þeir mundu ekki taka þátt í því samráði sem þarna var verið að bjóða upp á. Ég ætla að lesa þessa yfirlýsingu, þó hún hafi oft verið lesin áður, vegna þess að ég held að það sé rétt að menn rifji upp með hvaða hætti þetta mál hófst. Þessi yfirlýsing var gefin í fyrravetur eftir að tvíhöfða nefnd hafði lagt fram sína skýrslu og sjómönnum hafði verið gefinn kostur á að taka þátt í þessari mótun stefnunnar:

„Framangreind hagsmunasamtök sjómanna lýsa yfir fullri andstöðu við framsal á veiðiheimildum, þ.e. sölu á óveiddum fiski innan gildandi kerfis um stjórn fiskveiða. Reynsla síðustu ára hefur leitt til aukinnar andstöðu sjómannasamtakanna gagnvart óheftu framsali veiðiheimilda og nú er svo komið að mælirinn er fullur. Sjómannasamtökin telja að nú sé komið að vendipunkti í þessu máli. Frjálst framsal veiðiheimilda hefur skapað fleiri vandamál en það hefur leyst. Kjarasamningum fiskimanna, sem byggðir eru í höfuðatriðum á hlutaskiptum, er ógnað vegna þess að fiskimenn eru látnir nauðugir taka þátt í kaupum á óveiddum fiski. Óheft framsal veiðiheimilda hefur búið til nýja stétt sjómanna og útgerðarmanna sem eru ofurseldir kjörum leiguliðans þar sem þeim er skammtaður aðgangur að fiskimiðunum af þeim sem veiðiréttinn hafa. Þessari óheillaþróun verður ekki snúið við nema með algjörri höfnun á sölu á óveiddum fiski." Og lokasetningin er: „Sjómannasamtökin telja það ekki þjóna til-

gangi að fjalla um aðra þætti í tillögum þeirrar nefndar sem fjallað hefur um mótun sjávarútvegsstefnu nema fyrir liggi að öll viðskipti með veiðiheimildir verði bönnuð."

Þannig var afstaða sjómanna orðuð í þessari yfirlýsingu sem raunverulega var upphafið að því sem síðar gerðist. Og allir sem hugsa um þessi mál og hafa gert, gerðu sér grein fyrir því að það mundi stefna í átök á milli sjómanna og útgerðarmanna vegna þessara mála. Það er þess vegna ekki hægt að láta ríkisstjórnina og sjútvrh. sérstaklega sem hefur borið ábyrgð á þessum málum komast hjá því við umræður um verkfall sjómanna að ræða um ábyrgð ríkisstjórnarinnar á þessu máli því þar liggur öll ábyrgðin. Menn vissu um þetta vandamál og ef það yrði ekki leyst þá yrðu átök í þjóðfélaginu. Menn vita að þessi átök munu halda áfram svo lengi sem ekki verður tekið á málinu og þeim aðferðum sem menn hafa við að stjórna umgangi um auðlindina komið í eðlilegt horf.

Það eru fleiri en sjómenn sem eiga hlut að máli. Aðrir aðilar munu rísa upp gegn því óréttlæti sem þetta kerfi hefur fært þjóðinni. Rétt til þess að láta rödd aðila hljóma sem hefur beitt sér í þessum málum fram að þessu, ætla ég að lesa upp úr forustugrein Morgunblaðsins sem var skrifuð af þessu tilefni þann 15. jan. sl. Í síðari hluta þeirrar forustugreinar stendur, með leyfi forseta:

„Áhyggjur ríkisstjórnarinnar af verkfalli sjómanna eru skiljanlegar. Grundvallaratvinnuvegur þjóðarinnar hefur verið lamaður í hálfan mánuð. En það er líka nauðsynlegt að ráðherrar og þingmenn átti sig á því að tilfinningar vegna framferðis nokkurs hóps útgerðarmanna rista djúpt meðal sjómanna og margra fleiri. Þetta á í vaxandi mæli við um afstöðu, ekki eingöngu sjómanna heldur þjóðarinnar allrar til kvótakerfis í heild. Barátta sjómanna gegn kvótabraskinu snýst um réttlæti. Er nauðsynlegt fyrir sjómenn að fara í verkfall til þess að ríkisstjórn og Alþingi sjái ástæðu til að tryggja framgang réttlætis í þessu máli?

Stjórnmálamenn hljóta í störfum sínum að taka mið af þeim straumum og því andrúmi sem er til staðar í samfélaginu hverju sinni. Þeir stjórnmálamenn sem átta sig ekki á þeim vatnaskilum sem urðu í kvótamálinu á þróttmiklum fundi sjómanna í fyrradag eru dæmdir til að taka rangar ákvarðanir. Með vissum hætti má segja að á fundi sjómanna hafi þjóðin talað og þá er tímabært að ráðamenn hlusti.

Það mun ekki duga að setja bráðabirgðalög á almenning í þessu landi þegar hann rís upp gegn óréttlátu kerfi sem skipta mun þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar þegar fram líða stundir. Þess vegna m.a. hefði átt að kalla Alþingi saman til fundar til að bregðast við þeim vandamálum sem þetta ólánskerfi hefur kallað yfir þjóðina og nú á eftir að gera í auknum mæli í framtíðinni. Bráðabirgðalögin leysa engan vanda. Þau veita einungis flóafrið áður en ný deila rís vegna fiskveiðistjórnunarkerfis sem mun valda illdeilum svo lengi sem framsal kvóta er leyft lögum samkvæmt, þótt ólög séu og í andstöðu við stjórnarskrá lýðveldisins."

Þarna talaði Morgunblaðið. Hefur áður komið fram afstaða á þeim bæ og verður þó að segja um þann fjölmiðil að hann er sá eini af fjölmiðlum landsins sem hefur sinnt því að láta fara fram umræðu og stuðlað að umræðu um þetta stóra hagsmunamál alls landsins. Ég hygg að þarna hafi verið talað fyrir munn miklu fleiri en ríkisstjórnin virðist gera sér grein fyrir að eru á öndverðum meiði við hana í þessum málum. Ég hugsa að það hafi komið ýmsum á óvart að samstaða sjómanna skyldi vera eins og hún var. Í þinginu töluðu menn um það að sjómenn væru sundraður hópur og að þetta verkfall hefði verið kallað fram með einhverjum fámennisaðferðum og engin samstaða væri á bak við verkfall sjómanna. Þetta sýndi sig vera rangt. Ég hygg að það muni líka koma að því að alþingismenn muni átta sig á því að miklu stærri hópur þjóðarinnar en sjómenn vill fá breytingar á þessu kvótakerfi. Því miður virðast alþingismenn lifa í afmörkuðum heimi og hafa ekki gert sér grein fyrir því að það er mikil andstaða við þær aðferðir sem hafa verið skapaðar með lögum um stjórn fiskveiða.

Ríkisstjórnin hagaði sér þannig í þessu máli að það má nánast segja að hún hafi lýst yfir stríði á hendur sjómönnum eftir að fyrir lá að verkfall yrði um áramótin. Eða hvernig mátti skilja það að ríkisstjórnin ákvað loksins að leggja fram sjávarútvegsfrumvarp í þinginu einmitt örfáum dögum áður en að verkfalli sjómanna skyldi koma? Það vissu allir hvað sjómenn voru að berjast við og hverju þeir vildu fá breytt. Þá kemur ríkisstjórn landsins og leggur fram frumvörp um óbreytta sjávarútvegsstefnu þar sem ekki er tekið á aðalvandamálinu sem sjómenn voru að berjast gegn. Ef einhver hefði tekið mark á þessari ríkisstjórn, og einhver hefur kannski gert það, þá var ekki hægt að túlka það með öðrum hætti en þeim að ríkisstjórnin væri að segja þá skoðun sína skýrt og skorinort: Svona skal þetta vera og við munum brjóta sjómenn niður í verkfalli.

Framhaldið virtist líka bera með sér að þannig ætti að standa að málum því rétt fyrir jólin var ákveðið að lengja jólafrí þingmanna um heila viku. Það var auðvitað um það spurt í þinginu í hvaða tilgangi þetta væri gert. Engar skýringar komu á því. En skyldi ekki einhver hafa látið detta sér í hug að það hafi verið gert til þess að það yrði svigrúm til þess að setja bráðabirgðalög um verkfall sjómanna? Ég held að margir hafi látið sér detta það í hug vegna þess að ríkisstjórnin mundi með þeim aðferðum fá lengri tíma til þess að fjalla um þessi mál heldur en annars. Ýmsir geta látið sér detta í hug að Alþingi hefði ekki getað leyst þetta mál. Ég held að það hefði verið hægt að leysa þetta á Alþingi og ég er sannfærður um að það hefði verið möguleiki á því að semja við sjómenn um að fresta verkfalli ef það hefði legið fyrir að menn ætluðu í alvöru að fást við þessi mál á Alþingi.

Ég tel að það sé mikill ábyrgðarhluti að ríkisstjórnin skyldi fara svona að í þessu máli og það sem útskýri þá afstöðu geti ekki verið nema eitt. Það er að hún hafi ætlað að láta reyna á samstöðu sjómanna, hvort hún kæmist upp með stefnu sína sem búið var að marka í umfjöllun tvíhöfða nefndar og hafði verið lögð

fram í þinginu. Hún ætlaði að láta reyna á það hvort hægt væri að koma þessu fram og brjóta sjómenn niður í verkfallinu.

Þá er það spurningin hvort hugmyndir ráðuneytisstjóranefndarinnar, sem sett var á fót og virtist vera aðalhugmynd ríkisstjórnarinnar að lausn málsins, geti leyst þau mál sem sjómenn voru að takast á við LÍÚ um. Ég held að þessi svokallaði kvótamarkaður geti breytt þessum viðskiptum verulega. Þau munu fara öðruvísi fram en það er ýmislegt sem bendir til þess að það verði ekki hægt að synda fram hjá möguleikum til þess að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum þó svona markaður verði til.

Ég ætla ekki að nota minn tíma í þessari ræðu til þess að fara út í það að fjalla um hvaða möguleika ég sé í þessu núna en þeir eru áreiðanlega fleiri en ég hef komið auga á en ég sé það að hægt er að komast fram hjá þessu með ýmsum hætti. Hins vegar mun þetta hamla að einhverju leyti þeim viðskiptum sem hafa farið fram með það að augnamiði að taka kaup á aflaheimildum inn í fiskverðið og ná þannig inn í skiptakjör sjómanna.

Ég get ekki annað í þessari ræðu minni en nefnt þá afstöðu LÍÚ sem kom fram í þessu verkfalli. Ég tel að hún hafi verið gjörsamlega forkastanleg. Ég er ekki að segja það vegna þess að ég telji að allt hafi verið rangt sem LÍÚ hélt fram um þessi mál. En hvernig í ósköpunum er hægt að bjóða upp á tvíbenta afstöðu hjá forustu LÍÚ? Hún viðurkennir annars vegar í samningaviðræðunum að það eigi ekki að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum ef útgerðarmenn hafa keypt kvóta og býður sjómannasamtökunum upp á samstarf um að koma í veg fyrir að þannig sé farið aftan að þeim eða þeir látnir taka nauðugir þátt í kvótakaupunum en hins vegar neitar forustan að taka þátt í umræðum um að reyna að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kostnaði vegna kvótakaupa, t.d. þegar fram fara viðskipti milli sjávarútvegsfyrirtækja sem annars vegar eru bæði í útgerð og fiskvinnslu og hins vegar bara í útgerð. Hvers konar afstaða er þetta? Þetta er afstaða sem þýðir að ef þetta fyrirkomulag verður áfram eins og það hefur verið, og það virðist LÍÚ hafa viljað og lýsti nánast yfir í þessum samningum, er verið að útiloka venjulega útgerðarmenn sem ekki taka þátt í fiskvinnslu frá samkeppninni um veiðiheimildirnar því auðvitað eiga þeir ekki sama möguleika til þess að komast yfir veiðiheimildir og hinir sem geta látið kostnað vegna veiðiheimildanna koma fram í samningum um fiskverð.

En það er svo sem ekki í fyrsta málinu sem forusta LÍÚ virðist taka afstöðu með þessum hópi útgerðar- og fiskvinnslumanna sem er stærri en hinn. En forusta LÍÚ hefur a.m.k. í orði haldið því fram að hún væri að berjast fyrir útgerðarmenn í landinu en ekki fyrir fiskvinnsluna. En í þessu máli er það greinilegt að útgerð sem líka rekur fiskvinnslu réði þar ferðinni.

Ég fagna því að hæstv. sjútvrh. sagði það áðan að hann væri tilbúinn að setja lög sem fælu í sér þá hugsun sem var í yfirlýsingu LÍÚ og sjómannasamtakanna um kvótakaup vegna þess að mér finnst í því falin stefnubreyting. Ég hef aldrei fyrr heyrt hæstv. sjútvrh. taka skýrt til orða með þessum hætti. Þvert á móti hafa forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar talað þannig í ræðustóli að það hefði mátt skilja það þannig að viðskipti, t.d. tonn á móti tonni eða einhver slík viðskipti þar sem sjómenn eru látnir taka þátt í kvótakaupum, væru ekkert óeðlileg. Aðalhugsuðurinn á bak við sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar, hv. 5. þm. Norðurl. v., hefur margoft í þessum ræðustóli og enn þá oftar í blaðagreinum lýst því yfir að þessi verslunarmáti sem sjómenn voru að berjast gegn væri fyrst og fremst hagræðing og menn ættu að halda áfram. Þetta væri það sem gæti bjargað útgerðinni og fiskvinnslunni í landinu.

Virðulegi forseti. Ég lýsi mig algjörlega andvígan þessum bráðabirgðalögum sem sett voru af ríkisstjórninni og ég lýsi ábyrgð á hendur ríkisstjórnarinnar vegna þessa máls. Það er hún sem ber ábyrgð á því að þetta verkfall varð.

[14:44]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að ríkisstjórnin hafi gert alvarleg mistök með setningu þessara bráðabirgðalaga. Í fyrsta lagi er almennt óþarft að setja bráðabirgðalög eins og þinghaldi er nú háttað. Ég minni á frv. okkar kvennalistakvenna um bann við setningu bráðabirgðalaga en það er endurflutt nú af því tilefni sem hér hefur gefist. Þar er einfaldlega gert ráð fyrir því að heimild til setningar bráðabirgðalaga verði afnumin. Í greinargerð með því frv. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar ákvæðið um útgáfu bráðabirgðalaga var sett inn í stjórnarskrá voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi frábrugðnar því sem nú er. Alþingi kom saman til fundar annað hvert ár, í upphafi aðeins að sumri til. Samgöngur voru með allt öðrum hætti og alþingismenn höfðu þingmennsku ekki að aðalstarfi. Það þótti þá nauðsynlegt, þótt umdeilt væri, að setja eins konar neyðarréttarákvæði í stjórnarskrána þannig að konungur og ríkisstjórn gætu gripið til bráðabirgðalaga ef mikið lægi við. Orðin „þegar brýna nauðsyn ber til" eru sett til áréttingar því að ekki megi fara frjálslega með þessa heimild. Reynslan hefur sýnt að túlkun þessara orða hefur verið mjög frjálsleg. Virðist í mörgum tilvikum sem nauðsyn fyrir útgáfu bráðabirgðalaga hafi ekki verið brýn. Fjöldi bráðabirgðalaga hérlendis verður að teljast óeðlilegur, en frá stofnun lýðveldisins hafa verið gefin út um 260 bráðabirgðalög."

Svo segir í greinargerð með þessu frv., með leyfi forseta. Ég vona að þetta veki þingmenn til umhugsunar um það hversu fjarri við erum komin almennilegu þingræði því nú situr þingið allt árið og það er ekki nokkurt mál, og hefur komið fram í máli margra, að kalla saman þing og það hefði verið hægt í þessu tilviki.

Ég vil líka minna á það að ríkisstjórn Íslands, bæði sú sem nú situr og þær sem á undan hafa verið á ferðinni, hefur margsinnis verið áminnt um að grípa ekki inn í kjarasamninga og vinnudeilur með setningu bráðabirgðalaga eða laga yfirleitt. Þetta er ekki af einhverri smámunasemi heldur hefur bæði Alþjóðavinnu-

málastofnunin og sérfræðinganefndir er fara yfir það hvernig félagsmálasáttmála Evrópu er framfylgt ítrekað gert slíkar athugasemdir. Það er alveg með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli telja sig yfir það hafna að taka slíkum ábendingum og taka þær alvarlega og hætta þessum sóðaskap og þessari valdníðslu því hér er ekkert annað á ferðinni. Þegar þar að auki bætist við að þinghlé um jólin var bæði óvenju- og óþarflega langt, þá finnst mér í rauninni að þetta mál sé slíkt klúður að ríkisstjórninni væri best að hætta einfaldlega þessari vitleysu og viðurkenna sín mistök. Því það er það sem þeir sem eru hugrakkir og einhvers nýtir gera ef þeir gera mistök. Hér hafa orðið mistök og það þarf ekki að rökstyðja það neitt frekar.

Ég bendi á að verkalýðshreyfingin hefur mótmælt setningu bráðabirgðalaga og telur hana bæði óþolandi og gerræðislega. Þar eru á ferðinni bæði ASÍ og VMSÍ svo ég taki bara af handahófi það sem ég hef heyrt en ég hygg að ég muni það rétt að fleiri samtök hafa talið ástæðu til að kvarta sérstaklega.

Þetta finnst mér í rauninni alveg nóg en þar fyrir utan þá get ég ekki stillt mig um að minna á það að okkur kvennalistakonum og öðrum sem fordæma þessa gjörð hefur borist óvæntur liðsauki. Hefur greinilega vakið athygli fleiri en mín sá leiðari Morgunblaðsins 15. jan. sem hér hefur þegar verið vitnað til en önnur orð vöktu frekar athygli mína en þau sem hér hafa þegar verið tilgreind. Mig langar að grípa niður í þeim klausum þar sem fjallað er um setningu bráðabirgðalaga. Með leyfi forseta stendur þar:

„Ríkisstjórnin stóð frammi fyrir ákvörðun um það að gefa út bráðabirgðalög eða kalla Alþingi saman. Niðurstaða hennar var bráðabirgðalög. Það er mati Morgunblaðsins röng niðurstaða. Bráðabirgðalagaútgáfa er útelt fyrirbæri og löngu tímabært að afnema allar heimildir ríkisstjórna til slíkrar löggjafar. Aðstæður eru allt aðrar en áður var. Það er ekkert vandamál að kalla Alþingi saman með skömmum fyrirvara. Þingmenn hefðu auðveldlega getað komið sér til starfa á mánudagsmorgun."

Ég veit að við í stjórnarandstöðu erum orðin langþreytt á að ekki er hlustað á okkar mál en það ber nýrra við ef Morgunblaðið nær ekki eyrum einhverra stjórnarsinna þótt það sé kannski eitthvað óþægilegt sem birtist á síðum þess blaðs.

Efnislega eru þessi bráðabirgðalög líka ónýt í því hlutverki sem þau eru. Í fyrsta lagi get ég ekki annað en fordæmt það orðalag í bráðabirgðalögunum þar sem gefið er í skyn að til sé eitthvað eðlilegt við það að sjómenn taki þátt í kvótakaupum. Í 1. gr. er orðalag á þann veg að þar er talað um það að þríhöfða nefndin, sem hefur þegar lokið störfum, eigi að gera tillögur um hvernig koma eigi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör. Þetta gefur auðvitað í skyn að eitthvað sé til sem heitir eðlileg áhrif og mér finnst þetta alveg fáránlegt orðalag og ekki gera þessari þríhöfða nefnd neitt léttara fyrir enda hefur komið í ljós að nánast allir, sem hafa verið spurðir álits á þeim tillögum sem hér eru á ferðinni, hafa verið samdóma um það að tillögur þessarar nefndar séu því miður ekki nýtilegar. Og ef af handahófi er gripið ofan í blaðaumræður um þetta þá kemur m.a. fram að Óskar Vigfússon, formaður Sjómannasambands Íslands, telur þessar tillögur ekki leysa neinn vanda, a.m.k. ekki einar og sér og það þurfi að koma eitthvað meira til og það sé ekki þarna. Kristján Ragnarsson hjá LÍÚ segir að útgerðarmenn séu alfarið á móti tillögum nefndarinnar og vonar að þær séu andvana fæddar. Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka fiskvinnslustöðva, hefur m.a. sagt að með tillögu um kvótaþing sé verið að gera það ómögulegt sem sé heimilt samkvæmt yfirlýsingum í kjarasamningum en ekki tekið sérstaklega á því sem þar er óheimilt, þ.e. beinni þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Þetta eru auðvitað bara í hnotskurn þær viðtökur sem búast má við að tillögur þríhöfða nefndarinnar fái og það verður ekki nokkur sátt um þessar tillögur. Ég held að menn verji tíma sínum betur en vera að lappa upp á eða reyna að koma fram tillögum sem augljóslega njóta ekki stuðnings neins. Jafnvel þótt menn séu ósammála um ýmislegt annað þá geta þeir verið sammála um að þeim lítist ekki á þessar tillögur. Og ég held að menn verði einfaldlega að fara að leita annarra og betri leiða.

Í rauninni skil ég ekki þær hugmyndir að vera ekki tilbúinn að taka á því bara hreinlega að þátttaka sjómanna í kvótakaupum sé ólögleg og óheimil, ég skil ekki hvað menn eru að víkja sér undan því að taka á því máli. Það eru til tillögur og þær raunar allmargar. Við höfum alla vega einhver okkar hér á borðunum sameiginlegar tillögur sjómannasamtakanna um breytingu á kvótalögum og með leyfi forseta held ég að það væri rétt að tíunda þær.

1. Heimild til að framselja leigukvóta verði afnumin nema þegar um er að ræða jöfn skipti á kvóta milli skipa.

2. Heimild til framsals á varanlegum kvóta verði takmörkuð þannig að endurframsal geti fyrst átt sér stað að 5 árum liðnum frá upphaflegu framsali.

3. Sérstakt ákvæði til að tryggja að leyfilegur heildarkvóti veiðist innan fiskveiðiársins. Til greina koma tvær leiðir: Að kvóta sé skilað inn til endurúthlutunar eða frjáls sókn verði leyfð í þeim fisktegundum sem útlit er fyrir að ekki veiðist upp í leyfilegan heildarkvóta.

Hér eru þó „konkret" tillögur sem mætti alveg fara að eiga við. Ég vil einnig benda á að sú leið að skoða 72. gr. laganna er vel fær, nú vantar mig nákvæmt nafn á lögunum en þetta er í sjómannalögum, þar sem beinlínis er mögulegt að bæta inn í greinina varðandi ágreining út af starfsskyldum eða réttarstöðu sjómanna möguleika á því að það sé settur ákveðinn gerðardómur ef annar eða báðir málsaðilar óska þess. En í núgildandi lögum er bara gert ráð fyrir því að ef báðir eða allir málsaðilar óska þess að slíkur gerðardómur verði settur á laggirnar þá sé svo gert en það má svo sem alveg eins útvíkka það þannig að annar aðili geti krafist þessa og þá er í rauninni kominn sá vettvangur sem vantar. Og við vitum öll að þetta hefur verið í umræðu. Þessa leið má að sjálfsögðu ræða og ég skil ekki vandræðaganginn í kringum þetta allt saman. Það

gerir ekkert til þó að það geti verið einhver ágreiningur um þetta. Það sem mér finnst alveg óþolandi er að annar aðilinn sem tekur þátt í þessum vinnudeilum skuli í rauninni geta treyst á það að bráðabirgðalög verði sett og þurfi ekki að reyna samningaleiðina til þrautar. Ég held að reynslan hafi sýnt okkur undanfarin ár að þessar ásakanir eða þessi túlkun sjómanna er bara alveg hárrétt. Samningsaðilar, vinnuveitendur, hafa ekki þurft að reyna til þrautar samningaleiðina vegna þess að þeir geta alltaf hlaupið í fangið á ríkisstjórninni og sagt: Viltu gera svo vel og bjarga mér? Og hún gerir það með bráðabirgðalögum og þeir vinna sér þannig frest sem út af fyrir sig er ágætt, að samningsfrestur sé til, en það á bara að afla hans með öðrum hætti með því að menn geri einhvers konar bráðabirgðasamkomulag á meðan þeir vinna sér tíma og geta tekið almennilega á málum. Og ég held að maður þurfi ekki að taka neina afstöðu í vinnudeilu þó að maður bendi á þetta.

Hitt er annað mál að mér finnst að sjómenn séu órétti beittir með því að þeim sé gert, hvort sem það er af fáum aðilum eða fleiri, að taka þátt í kvótakaupum. og það eru margir búnir að viðurkenna að þetta sé hrein hneisa.

Ég vil benda á að þessi leið um lausn ágreiningsefna að setja ákveðinn gerðardóm á laggirnar er einnig til í siglingalögum og þar er í 232. gr. komið á gerðardómi með dálítið öðrum hætti en í 72. gr. sjómannalaganna, en þar er gert ráð fyrir því að gerðardómur skeri úr um ágreiningsmál. Ég bendi bara á að ég held að það ætti að vera hægt að ná meiri frið um þessar leiðir en þær leiðir sem þríhöfði nú leggur til.

Ég vil, virðulegi forseti, ekki hafa mikið fleiri orð um þetta. Ég bendi á það að öll undanbrögð við að afnema þá lögleysu sem þátttaka sjómanna í kvótakaupum er eru hreinlega óþolandi og ég tel að hér sé um undanbrögð að ræða og mér finnst ríkisstjórnin ekki eiga að taka þátt í slíkum undanbrögðum. Og ég hef ekki fengið skýringu á því, hvorki hér né í þeirri umræðu sem hefur verið hér, ekki bara núna í janúar meðan á vinnustöðvuninni stóð heldur miklu, miklu lengur, ég hef ekki fengið neinn rökstuðning fyrir því hvers vegna það er ekki bara hægt að taka af skarið. Það getur vel verið að seinna í umræðunni komi það, það væri þó mikill léttir ef einhvern tíma væri hægt að afhjúpa hvað er svona óskaplega viðkvæmt og hræðilegt við að ganga bara hreint til verks og gera hlutina eins og þarf að gera.

Það virðist vera samdóma álit flestra að uppboðsmarkaður á kvóta muni ekki leysa málið og það hefur komið fram hjá flestum þeim sem hafa verið spurðir álits eins og ég rakti hér á undan. Það er því réttara að ganga bara hreint til verks.

Ég ítreka líka þá stefnu Kvennalistans að það væri auðvitað langheillavænlegast að taka upp byggðakvóta og ef einhvern tíma verður af þeirri umræðu sem á að verða um frv. til laga um stjórn fiskveiða þá get ég tíundað það mun betur heldur en hér er ástæða til og tilefni til. En ég bendi þó á að þar með væri það ófremdarástand sem er að skapast, bæði í þessum málum og hefur komið fram í fleiru varðandi kaup og sölu á kvóta, úr sögunni vegna þess einfaldlega að þá væri úthlutun kvóta með öðrum hætti, bundin við byggðarlög þar sem atvinnuhagsmunir mundu væntanlega vera í fyrirrúmi. Þá yrðu ekki þessi vandræði sem til eru komin vegna verslunar á þessari sameign þjóðarinnar og einkaeign ákveðinna aðila á þessari sameign þjóðarinnar og þeim brögðum sem beitt er til að útvega sér hlutdeild í þessari sameign þjóðarinnar. Nú vildi ég gjarnan vera að skrifa en ekki tala því að gæsalappir eiga raunar að fylgja þessum orðum „sameign þjóðarinnar" núna, vegna þess að mér finnst að 1. gr. laga um stjórn fiskveiða hafi verið forsmáð með þeirri framkvæmd sem við höfum séð á þessum ágætu ákvæðum laga, þ.e. að þjóðin eigi þessa eign okkar saman. Og ég sé ekki aðra betri leið og ég hef ekki fengið tillögu um aðra betri leið en þá að færa byggðarlögunum þessa sameign okkar til ráðstöfunar þannig að við losnum við þennan vandræðagang og þær krísur sem upp hafa komið vegna þeirrar staðreyndar að hér er orðið um söluvarning að ræða og ekkert annað.

Ég minni líka á þær snörpu umræður sem urðu um eignarhald á kvóta vegna dóms um að kvóti væri skattskyldur og afskrifanlegur en þar kom það auðvitað glöggt fram að hártogarnir og vandræðagangur í kringum það að viðurkenna að ákveðnum aðilum hafi verið færð þessi sameign til eignar, alla vega um stundarsakir, er auðvitað algerlega ólíðandi. Ég sé því ekki annað skynsamlegra fyrir hæstv. ríkisstjórn heldur en viðurkenna sín mistök, bæði efnislega og framkvæmdalega við setningu þessara bráðabirgðalaga vegna þess að hún á ekkert með það að gera að vera að stjórna þessu landi ef hún er ekki betur starfi sínu vaxin.

[15:02]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. um staðfestingu bráðabirgðalaga um stöðvun verkfalls fiskimanna í nokkrum aðildarfélögum sjómanna. Ég vil lýsa þeirri afstöðu minni að í grundvallaratriðum er ég mótfallin því að kjaradeilur í landinu séu leystar með bráðabirgðalögum. Þetta átti kannski við einhvern tíma þegar samgöngur voru erfiðar og það var meira mál að kalla Alþingi saman. Stjórnvöld hafa alltaf gert of mikið af því að leysa tilteknar kjaradeilur með setningu bráðabirgðalaga og það tel ég vera hættulega þróun.

Þeir aðilar sem eiga í kjaradeilum eiga auðvitað að leysa sín mál við samningaborðið. Í þessari tilteknu deilu sem hér er til umfjöllunar sökuðu báðir aðilar hvor annan um að bíða eftir lausn deilunnar með setningu bráðabirgðalaga frá stjórnvöldum. Ég legg ekki dóm á það hér hvort eitthvert sannleiksgildi er í því en það gefur auga leið að sú tilhugsun getur spillt fyrir eðlilegri úrlausn mála. Ég tel að miðað við þá stöðu sem upp var komin í þessari deilu hafi það verið neyðarúrræði fyrir ríkisstjórnina að setja þessi bráðabirgðalög. Það var engin lausn á deilunni í sjónmáli og málið var komið í það mikinn hnút og langur tími hefði getað liðið þar til lausn væri fundin. Með tilliti til þess tel ég að setning bráðabirgðalaganna hafi verið nauð-

synleg. Þjóðarbúið hefði ekki þolað að verkfallið stæði öllu lengur. Þjóðarhagsmunir voru þarna að mínu mati settir í öndvegi.

Alþingi Íslendinga ber mikla ábyrgð á því hvernig þessi mál hafa þróast á sl. árum. Þetta verða þingmenn að horfast í augu við. Þeir bera ábyrgð á því kerfi sem hér er við stjórn fiskveiða. Þeir bera ábyrgð á því að sala aflaheimilda hefur þróast í þá átt að sjómenn hafa verið látnir taka þátt í þeim, m.a. með ákvæði í lögunum um algerlega frjálst framsal aflakvóta. Það verður að koma í veg fyrir sjómenn séu látnir taka á einhvern hátt þátt í kvótakaupum.

Þær tillögur sem liggja nú fyrir varðandi kvótaþing eru ákveðin lausn en það er ekki endanleg lausn að mínu mati. Alþingi verður í þeirri vinnu sem er fram undan í umræðum um stjórn fiskveiða að taka það til vandlegrar athugunar hvernig á að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum. Lög um stjórn fiskveiða verða að fara að komast í fastar skorður. (**Gripið fram í:** Ég er sammála því.)

Margir sem um þessi mál fjalla telja að það vanti einmitt stöðugleika í lög um stjórn fiskveiða sem að mörgu leyti er eðlilegt. Öll kerfi þurfa ákveðinn aðlögunartíma og með tilliti til þess að við setningu laga koma oft einhverjir vankantar í ljós eins og hefur gerst í fiskveiðikerfinu, t.d. með viðskipti aflaheimilda og fleira, þarf að sníða vankanta af kerfinu. Þetta þarf að hafa í huga við umræðu um stjórn fiskveiða og leita leiða til að setja lög að fenginni reynslu sem dugað geta og allir hagsmunaaðilar verða tiltölulega sáttir við.

Virðulegur forseti. Að lokum vil ég aðeins benda á það að í bráðabirgðalögunum, sem gefin hafa verið út, stendur 1. gr., með leyfi forseta:

„Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum."

Ég get ekki skilið þetta. Geta viðskipti með aflaheimildir haft eðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna? (**Gripið fram í:** Nei.) Ég kem því ekki alveg heim og saman og ég vildi bara benda á að mér finnst þetta dálítið skrýtið. (**Gripið fram í:** Þetta er bara kolvitlaust.)

[15:07]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Í raun erum við að ræða um tvö efnisatriði þegar við tökum til meðferðar frv. til laga um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða. Í raun erum við í fyrsta lagi að tala um spurninguna um það hvort yfir höfuð var hægt að leysa deilu sjómanna og útvegsmanna með frjálsum og eðlilegum hætti eins og menn hefðu að ég hygg flestir viljað og hins vegar þá spurningu hvort eðlilegt hefði verið að kalla saman þingið til þess að fjalla um málið í því augnamiði hugsanlega að setja lög á deiluna til þess að ljúka henni með einhverjum hætti.

Í raun og veru vil ég leggja áherslu á það að hér er um að ræða tvö aðskilin mál, annars vegar spurninguna um málsmeðferðina sjálfa, spurninguna um það hvort Alþingi hefði átt að koma saman til þess að ræða þessi mál og komast að niðurstöðu, hugsanlega með lagasetningu og hins vegar hitt efnisatriði málsins, spurninguna um það að setja lög um deiluna.

Ég hef leyft mér að gagnrýna annað atriði þessa máls, þ.e. málsmeðferðina sjálfa, og ég hef komist svo að orði að ég hefði talið það eðlilegra að kalla saman Alþingi til að fjalla um þetta mál. Það felur í sjálfu sér ekki í sér að ég hafi fyrir fram hafnað því að það kynni að þurfa að grípa til þess að ljúka þessari deilu með lagasetningu. Ég er hins vegar að leggja á það áherslu og þar er útgangspunkturinn annar að þetta mál hefði átt að leysa með því að kalla saman þingið vegna þess að til þess voru allar forsendur að mínu mati.

Ég er að vísu ósammála þeim sem þannig tala að það eigi aldrei undir nokkrum kringumstæðum að setja bráðabirgðalög. Ég skal fjalla um það síðar. Ég tel að þær aðstæður geti verið uppi í okkar þjóðfélagi að það sé ekki tóm til annars og ekki aðstæður til annars en að setja bráðabirgðalög og þá þurfum við að hafa heimildir til þess. En í þessu tilviki sýnist mér einsýnt að það hefði vel mátt koma þeim málum þannig fyrir núna að Alþingi væri kallað saman, frv. til laga lagt fram eins og þetta sem hér er verið að fjalla um og þingið tæki þá efnislega afstöðu til þess.

Ég ætla ekki að gera lítið úr þeirri alvöru sem þessi kjaradeila var. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál fyrir okkar þjóðfélag þegar grundvallaratvinnuvegurinn stöðvast vegna vinnudeilna og vinnudeilur í sjálfu sér eru allar mjög alvarlegar og alvarlegs eðlis og ber að taka með þeim hætti. Hins vegar er óhjákvæmilegt að benda á það í þessu sambandi að aðstæður núna eru nokkuð öðruvísi en þær hafa oft verið í sjómannadeilum. Fyrir það fyrsta er það ljóst að kvótarnir, sem útgerðin í landinu hefur til ráðstöfunar, eru naumari núna en þeir hafa nokkurn tíma verið áður og það blasir t.d. við í heilum landshlutum að margar útgerðir, togarar jafnt sem bátar, eru orðnar eða verða uppiskroppa með þorskkvóta sinn. Þó eru eftir aflasælustu þorskmánuðirnar fram undan á fiskveiðiárinu fyrir togaraflotann. (**ÓÞÞ:** Er ekki allt í lagi að hafa bara fé?) Þess vegna var það svo að ég taldi að þetta væri önnur ástæðan fyrir því að hægt væri og það væri tóm til þess að ræða þetta mál nokkuð ítarlegar en gert var með því að leggja fram bráðabirgðalögin, ákveða bráðabirgðalögin eins og gert var nú fyrir rúmri viku síðan.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að þetta mál snýr ekki bara að bolfiskveiðunum eða þorskveiðunum. Loðnuflotinn var að búa sig til veiða en aðstæður voru líka þannig þar að ég tel að það hefði ekki skipt sköpum um niðurstöðu málsins þó að Alþingi hefði tekið sér nokkurn tíma til að fjalla um þetta mál. Þetta er í raun og veru spurningin um málsmeðferðina, spurningin um það hvort það átti að setja bráðabirgðalög eða hvort Alþingi hefði átt að koma saman. Þetta er með öðrum orðum aðeins annar hluti þessa máls.

Hinn hlutinn lýtur að efnisatriðunum sjálfum, spurningunum um það hvort búið var að reyna samnings-

leiðina til þrautar, hvort hægt hefði verið að leysa þetta mál með samningum eða hvort það hefði verið nauðsynlegt að lokum að grípa til lagasetningar og ljúka málinu þannig. Nú er það svo að ég hygg að það hafi orðið hlutskipti flestra ef ekki allra stjórnmálaflokka í landinu að standa að lagasetningu á vinnudeilur með einum eða öðrum hætti. Það er eingöngu Kvennalistinn sem ekki hefur verið í ríkisstjórn og sem ekki hefur staðið frammi fyrir þeim bitra veruleika þannig að ég hygg nú að það sé verið að kasta steinum úr glerhúsi þegar menn tala sem svo að það komi aldrei, aldrei til greina að setja lög á kjaradeilur einfaldlega vegna þess eins og ég segi að allir stjórnmálaflokkarnir að undanskildum Kvennalistanum hafa staðið að slíkri lagasetningu með einum eða öðrum hætti. Það sem þá blasir við er þessi spurning: Sýnist mönnum að hægt hafi verið að leysa þessa deilu með frjálsum samningum án þess að löggjafinn hefði haft afskipti af henni?

Nú er það auðvitað svo fyrir okkur sem stóðum utan við þetta að það var kannski nokkuð erfitt á sínum tíma að meta þetta að öðru leyti en því að við gátum reynt að rýna og átta okkur á afstöðu manna í gegnum fjölmiðlana og það verður auðvitað að segjast eins og er að þau viðbrögð gáfu ekki mjög til kynna að hægt væri að leysa þessi mál í frjálsum samningum. Og ég tel að atburðarásin síðan, viðbrögðin við hugmyndum þriggja manna nefndar ráðuneytisstjóranna hafi líka undirstrikað það að því miður voru þessi mál komin í þær ógöngur að það var borin von til þess að hægt hefði verið að leysa þetta með eðlilegum hætti í samningunum án atbeina löggjafans. Þess vegna er það mín niðurstaða að þrátt fyrir að ég hafi gagnrýnt málsmeðferðina sjálfa þá hafi verið efnisleg rök til þess að setja lög til þess að stöðva þessa vinnudeilu meðan menn voru að finna bærilega og ásættanlega lausn á málinu sjálfu til þess að tryggja það að atvinnulífið gæti gengið sinn vanagang og ekki yrði af þeir meiri skaði en orðinn var. Með öðrum orðum, svo að ég dragi það saman og það sé alveg ljóst, að um leið og ég gagnrýni málsmeðferðina þá tel ég að efnislega hefði ekki verið hjá því komist að lokum að ljúka þessu máli með lagasetningu í þeim anda sem frv. þetta til laga sem við erum að ræða um gerir í raun og veru ráð fyrir. Þetta er að vísu að sjálfsögðu neyðarúrræði en alvara málsins er líka öllum ljós.

Ég vildi aðeins nefna það aftur að ég sagði það í máli mínu áðan að ég teldi ekki að það ætti að afnema algerlega allar heimildir til útgáfu bráðabirgðalaga. Ég veit að þetta er að vísu sjónarmið Morgunblaðsins eins og hér hefur verið rakið en ég tel hins vegar að það geti komið upp ýmis tilvik, séu fyrir hendi tilvik, sem geri það að verkum að til þess kunni að verða gripið að setja bráðabirgðalög. Sú umræða sem hins vegar hefur farið fram um þessi mál hefur öll hnigið í þá átt að stjórnmálamenn hafa talið eðlilegt að þrengja þessa kosti, þrengja þessa möguleika til setningar bráðabirgðalaga og það er enginn vafi á því að sú umræða ein og sér hefur gert það að verkum að menn grípa miklu síður til bráðabirgðalagasetningar nú en gert var hér á árum áður og það er vissulega vel. Þess vegna vil ég að það liggi ljóst fyrir hver afstaða mín er að þessu leytinu.

Ég vil líka mótmæla því mjög harðlega sem hér hefur verið sagt af ýmsum ræðumönnum fyrr í dag að það hafi legið að baki því, þegar þingið fór heim skömmu fyrir jól, einhver ásetningur um að setja lög á sjómannadeiluna. Það finnst mér afar sérkennileg fullyrðing í ljósi þess að það voru gerðar mjög miklar tilraunir til þess að ná sáttum í þessari alvarlegu og erfiðu deilu. Ég minni ekki síst á hlut hæstv. sjútvrh. í þessu máli sem hvað eftir annað hafði atbeina að því og frumkvæði að því að kalla deiluaðila saman til þess að reyna að finna lausn á málinu. (**JÁ:** Af hverju lengdu þeir jólafríið?) Það hefur ekkert með þetta mál að gera. Málið er ósköp einfaldlega það að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. sjútvrh. alveg sérstaklega reyndu allt sem í þeirra valdi stóð til þess að leiða saman deiluaðila, kalla þá saman til þess að finna lausn á þessu máli. Og þess vegna finnst mér afar ómaklegt að gera því skóna að annað hafi staðið til.

Ég vil sérstaklega, virðulegi forseti, vekja athygli á því að eftir að það lá fyrir að hæstv. ríkisstjórn hafði ákveðið að setja þessi bráðabirgðalög þá var auðvitað eins og lög gera ráð fyrir kallað eftir viðbrögðum ýmissa aðila, aðila vinnumarkaðarins, fulltrúa stjórnmálaflokkanna o.s.frv. við setningu bráðabirgðalaganna og þessi viðbrögð komu fram í fjölmiðlum. Og ég tel sérstaka ástæðu til þess að vekja m.a. athygli á viðbrögðum hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. hæstv. sjútvrh., Halldórs Ásgrímssonar, sem eins og allir vita er nú orðinn sérstakur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar í þessum málum. (**JÁ:** Hvar er ráðgjafinn núna? Hvar er ráðgjafinn?) Í viðtali við ríkissjónvarpið segir hv. þm. m.a.:

„Með því að setja þessi bráðabirgðalög er verið að fresta átakspunktinum sem er að sjálfsögðu slæmt. Það sem gerist þó," og hér er ástæða til að vekja athygli á, „það sem gerist þó er að menn búa til vettvang til að tala saman þannig að miðað við allan aðdraganda var trúlega ekkert annað að gera en setja lög. Ég hefði nú talið réttara að kalla þingið saman og að minnsta kosti kalla út sjávarútvegsnefnd þingsins." Síðan segir þulur: „Er það rétt að þú metir það svo í þessari stöðu eins og orðið var að bráðabirgaðlögin hafi verið réttlætanleg?" Svar hv. 1. þm. Austurl. er: „Ja, eins og staðan var orðin var held ég að nauðsynlegt að fara í löggjöf vegna þess að aðilar voru hættir að tala saman og það er ekkert traust á milli manna að því er virtist. Það er engin leið að leysa deilur nema skapa traust á milli aðila."

Þetta er viðhorf hv. þingmanns. Ég hlýt að túlka þetta viðhorf þannig að það hafi verið sjónarmið hv. 1. þm. Austurl., varaformanns Framsfl., sem í raun og veru var þó líka bergmálað í skoðun formanns Framsfl. í viðtali við Morgunblaðið að þrátt fyrir að hv. þm. hafi talið eðlilegra að kalla saman þingið, þá hefðu þeir látið það duga að kalla saman sjútvn., þá hefði það samt sem áður verið hans skoðun að lagasetning í sjálfu sér hafi verið nauðsynleg eins og í pottinn var búið. Þetta tel ég ástæðu til þess að ítreka.

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða fyrir mig til þess að fara ítarlegar ofan í þetta mál núna. Ég ætla að geyma mér að fjalla um efnisatriði fiskveiðistjórnunar sem menn hafa verið aðeins að tæpa hér á. Ég vil einungis ítreka það að þó að ég hafi gagnrýnt þá málsmeðferð sem hæstv. ríkisstjórn hafði við lausn þessarar alvarlegu vinnudeilu þá tel ég að úr því sem komið var hafi ekki verið færi á öðru en gripið yrði til lagasetningar til þess að leysa málið, höggva á hnútinn skulum við kannski frekar segja, en það hefði verið eðlilegast að það hefði verið gert með þeim hætti sem ég hef þegar lýst.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram vegna frammíkalls sem hér átti sér stað að það var forsætisnefnd sem ákvað að lengja jólaleyfi þingmanna um eina viku.

[15:22]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú ekki stjórnmálafræðingur þannig að mér er ekki ljóst sumt af því sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Vestf. þegar hann varði til skiptist ríkisstjórnina og Halldór Ásgrímsson og hélt svo uppi stöðugri gagnrýni þess á milli á þessa sömu aðila. En ég tel að það sé þó nokkuð ofsagt þegar fullyrt er að Halldór Ásgrímsson sé orðinn aðalráðgjafi ríkisstjórnarinnar í þessu máli eða hönnuður bráðabirgðalaga almennt fyrir ríkisstjórnina. Ég vildi nú gjarnan fá að sjá launagreiðslur úr sjútvrn. fyrir næsta ár (**Gripið fram í:** Forsrn.) til að átta mig á því hvað er borgað fyrir svona sérfræðiþjónustu því að auðvitað hlýtur það að vera greitt bæði úr sjútvrn. og forsrn.

En hitt þykir mér þó enn þá merkilegra ef það er komið svo að menn segi að forustumenn atvinnurekenda og sjómanna séu það óábyrgir að þegar þeir fari í verkföll þá standi það yfir höfuð ekki til að ræðast neitt við meir. Þeir bara séu hvor á sínum stað og viðræður fari engar fram. Það þurfi nánast að draga menn til þess að fara að tala saman. Ég lít svo á að þetta séu ábyrgir aðilar.

En hitt vakti undrun mína fyrir jól að framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands, Þórarinn V. Þórarinsson, taldi það sitt aðalhlutverk að ausa úr skálum reiði sinnar í gegnum fjölmiðla alls konar aðdróttunum að sjómönnum. Og hver var tilgangurinn? Var það tilgangurinn að fá samúð þjóðarinnar og fá þannig þjóðina til að trúa því að sjómenn væru slíkir vandræðagripir að það væri vonlaust við þá að semja? Sá maður var ekki að leita sátta. Sá maður var að skapa grundvöll fyrir það að fá lagasetningu. Það liggur alveg ljóst fyrir.

[15:25]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég treysti mér ekki til þess að upplýsa hvort hér hafi verið um launuð ráðgjafarstörf að ræða hjá hv. 1. þm. Austurl. en hafði nú raunar ekki reiknað með því. En varðandi deiluna sjálfa þá voru mál einfaldlega komin svo eins og við vitum að það virtist ekki vera sáttaflötur í þessu máli. Svo mikið bar þar á milli. Ég ætla ekki að fara að setja mig hér í eitthvert sérstakt dómarasæti um hvað hafi valdið því en þetta var einfaldlega staða málsins og ég held að það hafi verið rétt metið hjá hv. 1. þm. Austurl., sem hér hefur verið nefndur ráðgjafi í þessum efnum, að það hafi ekki verið hægt að leysa þessa deilu með eðlilegum hætti, því miður.

[15:25]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að það verði enginn ágreiningur um það að sumar deilur þarf að leysa með lögum. En ég efa það að Þórarinn V. Þórarinsson hefði verið jafn yfirlýsingaglaður (**Gripið fram í:** Kjaftfor.) og reynt að auka þann eld sem hér geisaði jafnmikið og hann reyndi ef hann hefði ekki vitað það fyrir fram að forsrh. þjóðarinnar var reiðubúinn að beita sér fyrir því að setja bráðabirgðalög á sjómenn. Hefði hann talað eins og hann talaði hefði hann litið svo á að forsrh. væri vinveittur sjómönnum í þessu verkfalli? Ég efa það. Þetta er kjarni málsins og það þýðir ekki að standa þannig að málum ef menn vilja leysa vinnudeilur með eðlilegum hætti að þeir sem eiga að vinna að lausn þeirra telji að vettvangurinn sé að koma sem oftast fram í sjónvarpi með svívirðingar á hendur þeim sem þeir eru að reyna að semja við.

[15:27]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sá sem hér stendur hefur þó nokkra reynslu af því að taka þátt í kjarasamningum og eitt af því fyrsta sem ég lærði í slíkum eldskírnum var einfaldlega það sem hv. 2. þm. Vestf. var að nefna hér, að reyna að forðast yfirlýsingar í fjölmiðlum vegna þess að slíkar yfirlýsingar hafa eingöngu það upp á sig að menn festast í farinu og eiga mjög erfitt með að komast út úr spólfarinu að því loknu. Og þess vegna var það sá háttur sem menn höfðu a.m.k. ævinlega vestur á fjörðum þegar við stóðum þar í kjarasamningum, viðkvæmum kjarsamningum, að reyna að forðast fjölmiðlana eins og menn lifandi gátu því reynsla okkar var ævinlega sú sama að þegar menn höfðu komust í færi við míkrófóna útvarpsins og sjónvarpsvélarnar þá var eins og allt væri komið í mikið óefni. Þess vegna get ég vel tekið undir það með hv. 2. þm. Vestf. að óheppilegar yfirlýsingar hafa örugglega orðið til þess að gera þessar kjarasamningaviðræður miklu erfiðari en ella. En ég get hins vegar ekki fallist á það með honum að það hafi verið ásetningur hæstv. ríkisstjórnar að ljúka þessari kjaradeilu með lagasetningu og ég minni á það sem ég nefndi hér í ræðu minni áðan að hvað eftir annað hafði ríkisstjórnin atbeina og forustu um það á síðari stigum málsins að reyna að leysa deiluna með því að stefna aðilum saman, með því að greiða fyrir því að menn gætu komist að viðræðuborðinu og í þeim efnum er auðvitað hlutur hæstv. sjútvrh. mestur.

[15:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo að þessi umræða er að þróast inn á nokkuð sérkennilegar brautir. Hér koma stjórnarliðar, tveir þeir síðasttöldu hv. ræðumenn, og tala eiginlega í hring, byrja á því að lýsa sig andvíga

beitingu bráðabirgðalaga en lýsa því svo yfir í lokin að þeir styðji þau. Og hv. síðasti ræðumaður Einar K. Guðfinnsson hafði þá málsvörn helsta að vísa í málflutning hv. 1. þm. Austurl., fyrrv. sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar sem hann titlaði úr þessum virðulega ræðustóli hvorki meira né minna en sem sérstakan ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum. (**Gripið fram í:** Hann er það.) Og er þar með sú nafngift komin inn í þingtíðindin og fer ekki þaðan. (**Gripið fram í:** Staðfest af ráðherranum.) Staðfest af ráðherra og hér kinka menn kolli unnvörpum úti í salnum þannig að þetta er alveg geirneglt. (**Sjútvrh.:** Deilan stendur um launamál.) Deilan stendur um launamál, já. En svo gerist það hins vegar að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kemur hér og reynir að þvo þennan virðingartitil af samþingmanni sínum Halldóri Ásgrímssyni og reyndar hafði hv. þm. Stefán Guðmundsson komið hér og lýst sig algerlega andvígan setningu bráðabirgðalaga.

(**Forseti** (VS)**:** Hv. þm. er í andsvari við síðasta ræðumann.)

Já, það er alveg ljóst, hæstv. forseti, ég er það. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson vildi a.m.k. gera þá athugasemd við mál hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar, að hafi um einhverja ráðgjöf verið að ræða af hálfu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar hafi hún verið ókeypis. Þannig að sennilega verðum við að draga þann lærdóm af þessum orðaskiptum að hv. þm. Halldór Ásgrímsson sé hægri hönd og sérstakur ráðgjafi ríkisstjórnarinnar, en hann vinni kauplaust.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram að þegar forseti sagði síðasti ræðumaður þá var það hv. 3. þm. Vestf. sem forseti átti við.

[15:31]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Ég er í miklum vanda vegna þessa máls þar sem það var auðvitað öllum ljóst sem hlýddu á mál hv. 4. þm. Norðurl. e. að hann var í bullandi andsvari við hv. 2. þm. Vestf. Þannig að ég get í raun og veru ekki borið hönd fyrir höfuð honum þó ég vildi það náttúrlega helst af öllu, enda er hv. 2. þm. Vestf. afar vopnfimur og getur tekið hér til máls raunar síðar. Og þó ég vilji hlut hv. 2. þm. Vestf. alltaf sem mestan þá treysti ég mér því miður ekki til þess í þessu andsvari sérstaklega, að bera hönd fyrir höfuð honum.

[15:32]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér í deilur um hverjir séu ráðgjafar forsrh. í þessu máli. Ég bendi hins vegar á það, varðandi launakjör fyrir svona ráðgjöf, að allir þeir ráðgjafar sem eitthvað mark er á takandi, taka ekki laun fyrir sína ráðgjöf, ef það leysir eitthvað úr þessu.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill vekja athygli á óróa í þingsalnum.)

Virðulegur forseti. Ég vonast til þess að hér komist kyrrð á í salnum. En það er alveg ljóst að fundur hv. 1. þm. Austurl. og forsrh. hefur vakið athygli margra og reyndar finnst manni óróa enn fleiri, hvernig sem á því stendur.

Virðulegi forseti. Það sem við erum að fjalla hér um eru bráðabirgðalög sem hæstv. ríkisstjórn setti í þinghléinu. Að mínu mati er afar sorglegt að við þurfum að standa í þessum sporum nú. Ég tók það þannig þegar gengið var til breytinga á lögum um þingsköp Alþingis fyrir um fjórum árum síðan, að það væri raunverulegur vilji Alþingis að draga mjög úr því að bráðabirgðaákvæðum væri beitt. Og ég er þeirrar skoðunar að það hafi engum af þeim sem voru að vinna að þessari löggjöf þá dottið í hug að menn færu að grípa til bráðabirgðalaga undir þeim kringumstæðum sem hér voru núna, þar sem ekki voru nema nokkrir dagar í að þing kæmi saman og það hefði verið hægt að kalla Alþingi saman með nokkurra klukkutíma fyrirvara. Ég minni á í þessu sambandi að í umræðum í haust sagði hæstv. forsrh. að eftir á að hyggja hefðu það verið mistök að kalla ekki þing saman sumarið 1992 þegar lögin voru sett á Kjaradóm. Það er stundum gott að vera vitur eftir á, en það er slæmt ef menn eru jafnfljótir að gleyma.

Mér er ómögulegt að skilja, ef ríkisstjórnin mat það þannig að það þyrfti að setja lög í þessu tilfelli, af hverju var ekki hægt að kalla Alþingi saman. Ég vil reyndar setja þetta í samhengi við þá umræðu sem varð í haust um breytt vinnubrögð Alþingis og þá nýju verkaskiptingu sem þá var komið á varðandi forustu í nefndum, m.a., að mínu mati, til þess að gera stjórnarandstöðuna ábyrgari í störfum þingsins, kalla hana til meiri ábyrgðar. Og ég er alveg sannfærður um að það hefði verið hægt að ná samkomulagi um það að afgreiða þetta mál á skömmum tíma ef ríkisstjórnin taldi að hún hefði fyrir því þingmeirihluta. En það er nú annar kapítuli í þessu, að það hefur margsinnis komið fram að ríkisstjórnin hafði ekki fyrir því að kanna hvort hún hefði þingmeirihluta fyrir málinu.

Mín fyrstu viðbrögð við þessari frétt voru reiði og mér fannst á þeirri stundu, mér er kannski að einhverju leyti runnin reiðin núna, að stjórnarandstaðan hefði átt að íhuga mjög rækilega hvort hún ætti ekki að draga til baka þátttöku sína í nefndarformennsku í þinginu ef ríkisstjórnin ætlaði að koma til móts við Alþingi á þann hátt sem hún hefur sýnt með setningu þessara bráðabirgðalaga. Þetta sýnir í mínum huga að hjá ríkisstjórninni hefur ekkert breyst. Viðhorf ríkisstjórnarinnar til Alþingis er nákvæmlega það sama og það var fyrir það samkomulag sem hér varð í haust. Stjórnarandstaðan hefur hins vegar, að mínu mati, og það held ég að nánast hver sem er geti vottað, staðið sína plikt hvað þetta snertir. Það er ríkisstjórnin sem bregst og það er ekki eingöngu í þessu tilfelli.

Menn tala um að það hefði ekki verið hægt að kalla þingið saman því þá hefðu staðið umræður um málið dögum saman. Ég hef reyndar sagt að ég teldi að það hefði átt að vera hægt að semja um það. En þá spyr ég á móti: Hvað ef þessi deila hefði komið upp og þingið hefði setið? Átti þá að senda þingið heim til þess að hægt væri að afgreiða málið með þeim hraða sem ríkisstjórnin taldi að þyrfti til þess? Ég vil, virðulegi for-

seti, varpa þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort það sé hans skoðun að ef þingið hefði setið þegar þessi deila fór í þennan hnút þá hefði átt að senda þingið heim til að ríkisstjórnin hefði frjálsar hendur til lagasetningar. Það er ekki svo mikill munur á þessu. Þó einhverjum finnist að ég sé með útúrsnúninga í máli mínu þá er ekki svo mikill munur á þessu, því þarna var þingið eingöngu sent heim í þessu tilfelli yfir blájólin. Ég vil varpa þessari spurningu til hæstv. ráðherra.

Annað atriði sem ég vildi koma inn á er hvers vegna málið var komið í þennan hnút milli sjómanna og útgerðarmanna. Það er mín skoðun að aðalástæðan fyrir því sé einföld. Hún er sú að það var engin pólitísk samstaða innan stjórnarflokkanna og hefur ekki verið á þessu kjörtímabili, til þess að taka á málefnum sjávarútvegsins. Þar hefur allt verið látið reka á reiðanum og loksins þegar ríkisstjórnin kom að þessu máli eftir áramótin fór það svo að hvert það orð sem gekk af munni ráðherranna, og það á kannski sérstaklega við um hæstv. forsrh., varð til þess að hleypa málinu í harðari hnút.

Ef menn ætla að beita bráðabirgðalögum og ef menn ætla að beita bráðabirgðalögum á deilu sem þessa, þá byrja menn ekki á því að hóta því eins og hæstv. forsrh. gerði með tveggja daga fyrirvara. Menn reyna eftir föngum að leysa deiluna af heilindum og ef það gengur ekki þá setja menn bráðabirgðalög þegjandi og hljóðalaust. Ekki með því að hóta því með tveggja daga fyrirvara. Þegar sú hótun lá í loftinu þá var alveg ljóst að það yrði ekki samið.

Ég ætla ekki að taka sterka efnislega afstöðu til þess hvort það hefði á endanum þurft að leysa þessa deilu með lögum. En ég vil þó benda á eitt í þessu sambandi, að ég held að það hvað stjórnvöldum, og ég er kannski ekki endilega að tala um þessa ríkisstjórn, er orðin laus höndin á lagasetningarpennanum þegar vinnudeilur eru annars vegar, sé beinlínis farið að hafa áhrif á kjaradeilur. Aðilar að deilunum séu beinlínis farnir að spila á það að það geri ekki svo mikið til þó þeir gefi glannalegar yfirlýsingar og hleypi kannski málinu í einhvern hnút því það verði alltaf komið og málið leyst með lögum.

Ég geri mér grein fyrir því að það er margt öðruvísi í okkar þjóðfélagi í dag heldur en var í árdaga kjarabaráttu á Íslandi og beiting verkfallsvopnsins er miklu flóknari í dag heldur en þá var. En eftir stendur samt að þetta er réttur stéttarfélaga og það ber að virða hann nema mjög mikið liggi við. En ég mun koma aftur að því sem ég nefndi áðan, að það sem að mínu mati gerði það að verkum öðru fremur að það fór í þennan harða hnút milli útgerðarinnar og milli sjómanna var það að ríkisstjórnin hafði ekki pólitískt þrek, náði ekki pólitískri samstöðu, til þess að taka á augljósum annmörkum þess stjórnkerfis sem við búum við. Þó ég sé þeirrar skoðunar að við munum ekki hverfa í grundvallaratriðum frá því að vera með kvótakerfi við stjórnun fiskveiða þá er það jafnljóst að reynslan hefur kennt okkur að þar eru ákveðnir þættir sem verður að taka á. Það verður m.a. að setja ákveðnari reglur um viðskipti með aflaheimildir. Um það hafði ríkisstjórnin enga forustu, þetta mál er búið að vera heitt deilumál innan stjórnarflokkanna allt kjörtímabilið og ég geri í sjálfu sér ekkert með það þó að okkur hafi verið sagt fyrir áramótin að þar væri komið eitthvert samkomulag.

Mér hefur sýnst og það hefur m.a. verið staðfest í viðvarandi deilu innan ríkisstjórnarinnar um landbúnaðarmál, að samkomulag sem þessir stjórnarflokkar segjast hafa náð í viðkvæmum deilumálum heldur ekkert. Það er ekki þornað á því blekið þegar ráðherrarnir eru farnir að grafa undan samkomulaginu hver í sínu lagi, hver á sínum vettvangi, hver hjá sínum flokki. Þannig að ég geri ekki nokkurn skapaðan hlut með slíkt plagg fyrr en ég er búinn að sjá það í þessu máli að hæstv. sjútvrh. komi því í gegnum þingið. Það er nú orðið svo að núv. hæstv. ríkisstjórn er orðin sérfræðingur í því að lögfesta pólitískar málamiðlanir milli flokkanna. Kannski var frægasta dæmið um það í skattamálum fyrir rúmu ári síðan þegar lögfestur var kafli upp úr hvítu bókinni um meðferð og skattlagingu hlutafjár og sett í lög fyrir jólin 1992 hvernig skyldi með fara á árinu 1995 og seinna. Þetta er því miður að verða þannig, eftir að þessi ríkisstjórn hefur setið að völdum, að lagasafnið er að verða fullt af svona atriðum þar sem stjórnarflokkarnir eru að lögfesta samkomulag sem í sumum tilfellum á ekki að taka gildi fyrr en eftir einhver ár. Það voru reyndar fleiri slík dæmi fyrir jólin í fyrra, ef ég man rétt, varðandi skattlagningu og sumt sem átti ekki að taka gildi fyrr en á næsta kjörtímabili, en vonandi sitjum við ekki uppi með ríkisstjórnina sem hér situr þá.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta núna. Ég vildi fyrst og fremst koma á framfæri þessu tvennu. Annars vegar að að mínu mati er það algjörlega óásættanlegt að sett séu bráðabirgðalög við þær aðstæður sem nú eru. Það á að kalla þing saman, það á að draga Alþingi til ábyrgðar við lagasetningu. Það er svolítið sérstakt að bráðabirgðaákvæðið er kannski öðru fremur inni vegna þess að það var svo erfitt, það tók svo langan tíma að ná Alþingi saman hér áður fyrr. Nú er þessu algjörlega snúið við. Það er hægt að kalla Alþingi saman á deginum, en nú bera menn því fyrir sig að það taki þá svo langan tíma að afgreiða málið í þinginu. Ég vil í þessu tilfelli, virðulegur forseti, varpa þeirri spurningu fram til hæstv. sjútvrh.: Hefur hæstv. ríkisstjórn þá reynslu af yfirstandandi þingi að hér hafi ekki verið hægt að koma málum fram vegna þess að stjórnarandstaðan hafi þvælst fyrir þeim með málalengingum? Ég vil biðja hæstv. ráðherra að líta yfir störf þingsins frá því í haust og hæstv. ráðherra hugleiði hvort það sé svo. Mitt svar er ósköp einfalt: Það er ekki svo.

Það sem hefur tafið hér mál, m.a. alla afgreiðslu í kringum fjárlög í vetur, er ekki málæði stjórnarandstöðunnar, það er einfaldlega það að hæstv. ríkisstjórn hefur ekki komið málum fram. Hæstv. ríkisstjórn var að koma með öll stóru málin, önnur en fjárlagafrv., á síðustu dögum og vikum þingsins fyrir jól, m.a. sjávarútvegsmálin sem að sjálfsögðu var ekki hægt að af-

greiða með öllu öðru sem þurfti að afgreiða á tveimur, þremur dögum fyrir jól.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það hefur verið farið rækilega yfir það af fyrri ræðumönnum að auðvitað skorti allar forsendur fyrir setningu bráðabirgðalaga þegar til þeirrar aðgerðar var gripið 14. jan. sl. En ég veit ekki í sjálfu sér hversu mikið það hefur upp á sig að ræða það hér. Þetta er í þriðja sinn sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar grípur til setningar bráðabirgðalaga. Í öll skiptin var með öllu tilefnislaust og ástæðulaust að beita því valdi. Hæstv. forsrh. hefur nú þegar viðurkennt að í eitt skipti a.m.k. hafi það verið hrein og klár mistök og eftir á að hyggja hafi það ekki verið réttlætanlegt þegar sett voru lög á Kjaradóm á miðju sumri, þegar samgöngur eru hvað greiðastar um landið, og í raun höfðu þau lög ekki áhrif fyrr en að mánuði liðnum því það var settur á dómur sem ekki átti að skila niðurstöðu fyrr en eftir mánuð.

Það virðist bara liggja fyrir og ekki þurfa í sjálfu sér að fjölyrða mikið um það, að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur ákveðið að hverfa í gamla farið hvað setningu bráðabirgðalaga snertir, beita því valdi að geðþótta og jafnvel af hinu minnsta tilefni. Jafnvel, að því er virðist, fyrst og fremst til þess að spara sér ákveðin pólitísk óþægindi, eins og t.d. á bersýnilega við þegar bráðabirgðalög voru sett vorið 1993. Þá var þing sent heim. Það lá fyrir að afla þyrfti heimilda í lögum til að uppfylla þá kjarasamninga sem voru í burðarliðnum. Engu að síður ákvað ríkisstjórnin að senda þingið heim og beita þá þess í stað bráðabirgðalagavaldinu.

Í öðru lagi verður að rifja það upp hér að setning bráðabirgðalaga nú í lokin á þessari deilu er náttúrlega óvenjuröturleg niðurstaða þegar það er haft í huga að það er búið að liggja fyrir í meira en hálft ár að í þessa deilu stefndi. Í raun og veru lá alveg ljóst fyrir í hvað stefndi þegar tvíhöfða nefnd hafði skilað niðurstöðu og stjórnarflokkarnir að því er virtist ákveðið að gera hana að sinni og yfirlýsingar sjómannasamtakanna komu í kjölfarið um að þessari niðurstöðu gætu þeir ekki unað, fundahöld hófust o.s.frv. Og það sem ég hef verið mest hissa á allan þennan tíma er það að menn skuli hafa látið hálft ár líða án þess í raun og veru leggja neitt af mörkum til þess að reyna að leysa þessa deilu. Ég spyr mig að því: Var það vegna þess að einhver ákveðin öfl vildu ekki leysa hana? Þau vildu ekki gera málamiðlun um þetta atriði? Var það vegna þess að menn bundust strax á miðju síðasta ári samtökum um að það skyldu vera sjómenn sem brotnir yrðu á bak aftur í þessu máli af því að það væri trúaratriði og kennisetning, undirstaða þessa helga kerfis við stjórn fiskveiða að þetta brask með veiðiheimildirnar þyrfti að fara fram? Ég verð að segja alveg eins og er að þegar maður fer svo yfir gang mála, þá lyktar hann allur af því að frá upphafi hafi aldrei staðið annað til en að verja kerfið óbreytt og brjóta alla andstöðu á bak aftur, þess vegna með gerræðislegum bráðabirgðalögum ef á þyrfti að halda.

Skoðum aðeins hvernig tíminn var notaður síðustu vikurnar áður en allsherjarverkfall á íslenska fiskiskipaflotanum skellur á. Ætti það þó að vera mönnum nægjanlegt tilefni til að hífa sig upp á afturendanum og reyna að gera eitthvað. En var það? Ekki aldeilis. Hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir að hann blandaði sér ekki í málið meðan það væri hjá sáttasemjara. Og hvernig notaði LÍÚ, eigendur útgerðarinnar í landinu, tímann? Þeir fóru í fáránlega málshöfðun fyrir félagsdómi og eyddu í það hálfum mánuði sem auðvitað setti deiluna í enn harðari hnút og fyrir séð og ljóst mátti vera að þeir mundu tapa. Þannig notuðu þeir tímann síðasta hálfa mánuðinn þangað til einn eða tveir sólarhringar voru í verkfall. Bendir það til þess að það hafi verið mikill vilji til að nýta tímann og reyna að leysa málið? Ég segi nei. Þessi aðdragandi málsins allur lyktar af því að menn vildu ekki leysa það með þeim augljósa hætti sem þurfti að gera, þ.e. grípa inn í þessar afleiðingar af núverandi fyrirkomulagi stjórnar fiskveiða.

Sjútvn. var bersýnilega haldið utan við málið. Hún þurfti sjálf að hafa frumkvæði að því að kalla deiluaðilana fyrir sig í desember til þess að kanna hvernig ástatt væri og lá það þó alveg ljóst fyrir að það voru áhrif laganna um stjórn fiskveiða á kjör sjómanna sem voru erfiðasti þröskuldurinn í deilunni. Menn voru síðan með heilagleikatal af því tagi að ekki mætti grípa inn í kjaradeilu. Hún væri milli deiluaðila og eftir að sáttasemjari hefði tekið málið að sér væri það ekki inni í myndinni að stjórnvöld blönduðu sér í það, sagði hæstv. sjútvrh. og fór svo til Færeyja. Eins og það hafi aldrei skeð á Íslandi að ríkisstjórn og Alþingi hafi komið nálægt kjaradeilu sem hafi verið til meðferðar hjá sáttasemjara. Það er eins og mig minni að flestar þjóðarsáttirnar undanfarin ár hafi einmitt gerst þannig að í lok deilunnar hafi ríkisstjórn og Alþingi komið að því með einum og öðrum hætti og lofað tilteknu framlagi til að leysa málið.

En það mátti ekki núna. Hvers vegna? spyr ég. Ég tel að allur aðdragandi málsins og málsaðstæðurnar bendi til þess að einhver öfl sem hér höfðu mikil áhrif hefðu ætlað sér að láta þetta enda nákvæmlega svona og brjóta andstöðu sjómanna við þetta á bak aftur með lögum ef á þyrfti að halda til þess að geta síðan haldið áfram að reka kerfið óbreytt.

Ég held, hæstv. forsrh., að ég hirði ekki um það að fara frekar yfir það hversu fráleit þessi málsmeðferð er og í hvaða far þetta er komið á nýjan leik með bráðabirgðalögin eftir umræður á þingi í tengslum við setningu nýrra þingskapalaga um það eitt hvort afnema ætti með öllu þennan rétt eða hafa eftir eitthvert ákvæði sem kæmi aldrei til greina að nota nema náttúruhamfarir eða einhver slík ósköp gengju yfir og setja yrði neyðarlög eða taka stofnanir eignarnámi eða gera annað því um líkt á stundinni. M.a. voru hæstv. ráðherrar í núverandi ríkisstjórn einmitt talsmenn þess að í sjálfu sér ætti ekkert slíkt ákvæði að vera heldur ætti að fella þennan rétt burtu með öllu og fór þar fyrir hæstv. menntmrh. sem þá var formaður þingflokks Sjálfstfl. Út af fyrir sig liggur þetta fyrir. Menn eru

sem sagt ómerkir þessara orða sinna og það verður að hafa það.

Svo vil ég víkja að bráðabirgðalögunum sjálfum, hæstv. forseti. Það kemur mér þar á ofan á óvart að frv. sjálft sem hér er til staðfestingar bráðabirgðalögunum skuli vera jafnómerkilegur og gallaður pappír og það í raun og veru er. Því er ekki fyrir að fara að hæstv. ríkisstjórn reyni þá með einhverjum sanngjörnum hætti að setja lögin þannig að þau standi einhvers staðar miðsvæðis milli deiluaðilanna. Ó nei, ekki aldeilis. Í raun eru lögin einhliða á annan deiluaðilann, þ.e. sjómenn. Það er alveg morgunljóst. Allar aðgerðir þeirra eru bannaðar og þeir eru sendir á sjó undir nótt. Meira að segja tekið þannig til orða í 1. gr. laganna að það er bersýnilega óhagstætt sjómönnum miðað við þeirra kröfur. En þar stendur, með leyfi forseta, að nefndin, þriggja manna nefndin, snillinganefndin ráðuneytisstjóranna, þríhöfðarnir nýju, skuli gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi, — innan gæsalappa minna, hæstv. forseti, „óeðlileg áhrif á skiptakjör" og undirbúa o.s.frv. Með öðrum orðum festir lagasetningin sjálf í sessi þann skilning að til sé eitthvað sem heita eðlileg áhrif kvótaviðskiptanna á kjör sjómenn. Þeir eigi með öðrum orðum eftir atvikum að taka þátt í þeim innan einhverra tiltekinna marka sem einhverjir ætla svo að taka að sér að skilgreina sem eðlileg. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi. Það getur held ég enginn gert nema ef vera skyldi meiri hluti Hæstaréttar sem hefur eins og kunnugt er lag á því að lesa með sérkennilegum hætti út úr orðanna hljóðan.

Ég held að þarna sé ósköp einfaldlega á ferðinni að ríkisstjórnin gengur algerlega í lið með LÍÚ að brjóta þetta á bak aftur og gerir það þannig að meira að segja sjálf bráðabirgðalagasetningin, sem ætti þó a.m.k. að vera hlutlaus, er það ekki.

Svo vil ég spyrja, hæstv. forseti, hæstv. sjútvrh. um annað atriði sem er að það er ekkert sólarlagsákvæði í gildistíma þessara laga. Vill hæstv. sjútvrh. endilega reisa sér þann bautastein að hafa þetta frv. um aldur og ævi í lagasafni? Hvers vegna eru ekki lögin látin falla úr gildi sem slík um leið og kjarasamningarnir losna samkvæmt ákvæðum 2. gr.? Ég vona að þetta sé ósköp einfaldlega handvömm og til marks um hroðvirknisleg vinnubrögð en ekkert annað vegna þess. Menn hljóta að spyrja hvort til að mynda ákvæði 3. gr. gildi áfram eftir 15. júní úr því að ekkert sólarlagsákvæði er í lögunum, en í 3. gr. eru vinnustöðvanir, verkföll og verkbönn bönnuð o.s.frv.

Ég bið um skýringar á þessu og verð svo að lokum að láta það koma fram, hæstv. forseti, að ég tel rökstuðninginn með bráðabirgðalögunum ákaflega ræfilslegan og ekki boðlegt að senda forseta Íslands til undirritunar bráðabirgðalög með svona hrákalegum hætti og lélegum rökstuðningi. Það er til stórkostlegrar skammar en afleiðing af því e.t.v. að ríkisstjórnin var að sjóða þetta saman undir nótt á föstudegi vegna þess að það lá svo mikið við að drífa sjómenn á sjó um nóttina þannig að þeir gætu ekki einu sinni fundað með morgni laugardagsins 15. um sín mál heldur væri stór hluti þeirra þegar kominn út á sjó. Og af því að svo vill til að hæstv. sjútvrh. er jafnframt dómsmrh., þá vil ég spyrja hann hvort það sé venjubundið að opna til að mynda lögskráningu með þeim hætti sem gert var að kvöldi föstudagsins, daginn sem lögin voru sett. Það verkar þannig á mann að menn hafi verið grunsamlega vel undirbúnir að rjúka á sjó þegar því er svo haldið fram í hinu orðinu að það hafi aldrei staðið til að setja bráðabirgðalög og hafi enginn haft neina tryggingu um það fyrir fram.

Hvers vegna var flotinn búinn að taka olíu dagana á undan? Hvers vegna voru menn með veiðarfærin klár og tilbúnir að leggja úr höfn og voru jafnvel farnir að lögskrá áhafnirnar áður en bráðabirgðalögin tóku gildi, hæstv. sjútvrh.? Liggur eitthvað á bak við þennan framgangsmáta að kvöldi 14. jan.?

Svo er það, hæstv. forseti, þannig að það úrræði sem hæstv. ríkisstjórn setti inn í bráðabirgðalögin að setja þriggja manna nefnd sérfræðinga, sem að því er virðist komst aldrei til þess að hugsa um neitt annað í þessu máli en þennan kvótamarkað sem búið var að skjóta á loft í umræðunni, er svo mislukkað framtak sem nokkuð getur verið því að blekið er varla þornað á þessum tillögum áður en nánast allir sem einhverra hagsmuna eiga að gæta í því sambandi eru búnir að afneita þeim. Fiskvinnslan er algerlega andvíg þeim. Útgerðarmenn eru algerlega andvígir þeim og sjómenn koma og segja: Þetta er engin lausn á okkar vanda. Og fyrir hvern er þá verið að gera þessar tillögur? Er það bara af því að ráðgjafi ríkisstjórnarinnar, hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, kom þessari hugmynd á framfæri í blaðagrein nokkrum dögum áður? Er veldi þessa ólaunaða ráðgjafa ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum þvílíkt að þó að allir samanlagðir hagsmunaaðilarnir afneiti þessu skal þetta samt á pappír af því að hann kom þessari hugmynd í loftið? Það er von að spurt sé.

Þar með sýnist mér, hæstv. forseti, alveg ljóst að sú yfirlýsing sem hæstv. forsrh. var að reyna að gefa í tengslum við setningu bráðabirgðalaganna og átti að heita einhver dúsa upp í sjómenn að í þetta yrði sett nefnd þriggja ráðuneytisstjóra, virðulegir og fjölfróðir sem þeir mega nú vera, og síðan yrði flutt hér frv. í byrjun febrúar til að taka á þessum viðskiptum með veiðiheimildir er algerlega upp í loft. Það liggur ekkert annað fyrir en þessar tillögur þremenninganna sem einskorða sig við það eitt að skoða hugmyndir um kvótamarkað, tillögur sem allir hafa raunar þegar hafnað.

Ég gat heldur ekki heyrt á fundi sjútvn. Alþingis í gær þar sem þetta væri til umræðu að þetta vekti almenna hrifningu þar. Það er að vísu rétt að taka fram að einungis tveir stjórnarliðar voru á fundinum og lengi vel reyndar aðeins einn, formaður nefndarinnar, en hjá þeim sem tjáðu sig og voru til staðar fór lítið fyrir hrifningunni á þessum tillögum.

Ég held að þetta mál sé þess vegna í hinu mesta óefni og langeðlilegast að fella þessi bráðabirgðalög og gera það strax þannig að málið sé þá aftur opið á nýjan leik. Ég tel að það hafi legið alveg fyrir strax frá

því að Alþingi var sent heim að það vantaði samningsviljann a.m.k. öðrum megin frá. Öll framganga viðsemjenda sjómanna og ríkisstjórnarinnar lyktar af því að það hafi aldrei staðið til að láta þessa deilu leysast á grundvelli einhverra málamiðlana þessara ólíku sjónarmiða sem röskuðu í verulegum mæli grundvelli kvótakerfisins. Og forsvarsmaður útgerðarinnar í landinu missti það reyndar út úr sér í fjölmiðlum að það stæði ekki til að rústa kvótakerfinu í þessum samningum. Það væri ekki á dagskrá að láta það gerast og talaði þar sá sem valdið hafði en hann er eins og kunnugt er og hefur lengi verið einn mesti valdamaður í sjávarútvegi á Íslandi fyrir utan e.t.v. nýju stjörnuna, hinn ólaunaða ráðgjafa hæstv. ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum og varasjútvrh., sem hljóp í skarðið þegar hæstv. núv. var í Færeyjum eins og kunnugt er.

Þetta eru, hæstv. forseti, allt hin sérkennilegustu mál svo ekki verði meira sagt. Ég veit eiginlega ekki hvað til ráða er eins og meðferðin á málefnum sjávarútvegsins hefur í reynd þróast í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það er allt með miklum ólíkindum svo ekki sé meira sagt hvernig þeir hlutir hafa gengið fyrir sig allt frá því að núv. hæstv. sjútvrh. tók við og átti að ljúka lögboðinni endurskoðun laga um sjávarútvegsmál fyrir árslok 1992. Nú er árið 1994 runnið upp og enn eru þessi mál í fullkominni upplausn og í raun og veru meiri upplausn en nokkru sinni fyrr. Stjórnarliðar ganga hver á fætur öðrum fram fyrir skjöldu og lýsa því að þeir hafi alla fyrirvara á þeim frumvörpum sem hér hafa verið lögð fram af hálfu ríkisstjórnar. Þeir hafa þvegið hendur sínar af þessum bráðabirgðalögum, að vísu farið yfirleitt í hringi og sagt í lokin að þeir hafi samt verið píndir til að samþykkja þetta og ætla að gera það. Í reynd hafa þessi mál þróast með alveg ævintýralegum hætti. Eru vinnubrögðin sem ástunduð eru í þessu efni þannig að þau séu mönnum ekkert umhugsunarefni? Eða kveikir það t.d. ekki á neinun á Alþingi þegar það er upplýst að bráðabirgðalög séu sett af ríkisstjórn án þess að halda fundi í þingflokkunum, án þess að ganga úr skugga um hvort fyrir þeim bráðabirgðalögum sé meiri hluti á Alþingi? Er það ekkert tiltökumál lengur að fara þannig með þetta vald? Það er ekki svo að hæstv. forsrh. né hæstv. sjútvrh. hafi þegið vald sitt frá guði. Sú kenning er liðin í stjórnmálasögu heimsins. Hún var uppi á síðustu öld. Þá voru til konungar og einvaldar sem trúðu því að þeir hefðu fengið vald sitt frá guði. Ég hélt að þetta væri liðin tíð og komið á spjöld mannkynssögunnar en það mætti ætla að svo væri ekki og núv. ríkisstjórn teldi að hún hefði a.m.k. fengið löggjafarvaldið frá guði en ekki frá meiri hluta Alþingis. Þannig ber þetta nú að.

Hvernig er það fyrir hv. stjórnarliða, óbreytta þingmenn í stjórnarliðinu, að sitja uppi með bráðabirgðalagasetningu af þessu tagi? Eru þeir allir sáttir við það að bera á þessu ábyrgð þegar svona er að málunum staðið? Hvað með samviskuákvæði stjórnarskrárinnar? Væri ekki vissara að gá að því fyrir fram, rétt fyrir siðasakir a.m.k., hvort svona meðferð á löggjafarvaldinu mæddi mjög samvisku þeirra þingmanna sem síðan eiga að bera ábyrgð á afgreiðslu laganna á þingi. Nema ríkisstjórnin leggi þann skilning í þetta að henni sé heimilt að setja bráðabirgðalög upp á von og óvon og það ráðist svo bara hvort þau séu samþykkt eða felld. Þá er það að vísu alveg nýr kafli í þingræðissögunni og verður auðvitað fróðlegt að vita hvort stjórnarþingmenn nota sér það frelsi. Og hvers vegna er hv. þm. Einar Guðfinnsson að láta handjárna sig úr því að ekki var leitað stuðnings fyrir fram við lögin áður en þau voru sett í því tilviki?

Nei, hæstv. forseti. Um þetta mætti margt segja. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta heldur ömurlegur kafli á allan hátt í okkar löggjafarsögu og líka hvað varðar meðferð á málefnum sjávarútvegsins. Og veitti þó ekki af eins og árar í þeirri grein og allar aðstæður eru að reynt væri að standa sæmilega að málum sem sjávarútveginn snerta á hinu háa Alþingi en svo er auðvitað ekki. Þeir hlutir eru allir í hinni mestu upplausn eins og ég þykist hafa sýnt fram á.

Hæstv. forseti. Ég hef vonandi talað alveg skýrt. Ég er algerlega andvígur þessu frv. og legg til að það verði fellt. Ég legg til að það verði afgreitt fljótt og vel og fellt þannig að málið komist aftur á þann grundvöll sem það auðvitað á að vera að menn geti sest niður til viðræðna um þessi mál og reynt að leysa þau með eðlilegum hætti. Ég er sannfærður um það að ef menn hefðu vitað það fyrir fram að þeir yrðu að leysa þetta annars stæði verkfall þess vegna lon og don þá hefðu málin þróast öðruvísi. Ég held að lyktir þessa máls hafi ráðist hér á Alþingi í desember þegar hæstv. forsrh. neitaði að gefa tryggingu fyrir því að ekki yrðu sett bráðabirgðalög í jólahlénu. Sú yfirlýsing sem ekki var gefin öllu heldur fór ekki fram hjá sjómönnum. Þeir gengu til þessarar deilu með hana á bakinu og því fór sem fór.

Útbýting þingskjals:

Tjón vegna gjaldþrota, 24. mál, svar fjmrh., þskj. 493.

[16:08]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér erum við að ræða um frv. sem komið er fram vegna bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar. Ég tel rétt að fara aðeins yfir það hvernig þetta mál bar að.

Föstudaginn 14. jan. hélt hæstv. ríkisstjórn fund um morguninn og ræddi þessi mál og þá hefur örugglega verið tekin sú ákvörðun þó að hún ekki kæmi fram þá eftir fundinn að vinna að því að setja bráðabirgðalög á þessa kjaradeilu því að eftir því sem okkur var kunnugt, voru ráðuneytismenn sendir í þá vinnu strax eftir fyrri fundinn sem haldinn var þann dag, fyrri fund ríkisstjórnarinnar, að undirbúa þessi bráðabirgðalög. Það kvisaðist frá fjölmiðlum eða annars staðar frá að þetta væri í aðsigi og þar sem stjórnarandstaðan hafði lýst því yfir í blaðaviðtali daginn áður að það væri nauðsynlegt að kalla Alþingi saman, og raunar höfðu allir tekið undir það og kom hér fram að undir það taka stjórnarflokkarnir, alla vega einhverjir þingmenn þeirra, þá ákváðum við í stjórnarandstöðunni að fara þess formlega á leit við ríkisstjórnina að Alþingi yrði kall-

að saman og sendum bréf þess efnis til ríkisstjórnarinnar eða til hæstv. forsrh. Þar lýstum við því að við höfnuðum því alveg að sett væru bráðabirgðalög en færum fram á það að Alþingi yrði kallað saman og værum reiðubúin til að ræða setningu laga ef það mætti verða til að liðka fyrir lausn deilunnar og einnig að við værum reiðubúin að hraða afgreiðslu slíkra mála á Alþingi. Við töldum að sjálfsögðu, öll stjórnarandstaðan eða þeir sem ég hafði samband við, að með þessu værum við að tryggja það að ríkisstjórnin mundi hætta við það að setja bráðabirgðalög og kalla Alþingi saman sem ekki var neitt mál eins og margoft hefur komið fram í máli manna hér.

En það var aðeins rúmum þrem klukkutímum seinna að okkur barst bréf í hendur frá Davíð Oddssyni, hæstv. forsrh. Ég hef í hyggju að lesa það bréf hér, með leyfi forseta, en það var svohljóðandi, stílað til stjórnarandstöðuflokka á Alþingi, c/o Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, og dagsett 14. jan.:

„Ríkisstjórnin hefur móttekið bréf yðar dagsett í dag. Ákveðið hefur verið að stöðva þegar í stað verkfall sem staðið hefur í hálfan mánuð. Engar samkomulagshorfur eru í augsýn. Binda verður enda á hina miklu óvissu sem ríkt hefur í íslenskum sjávarútvegi. Undirbúnar verða tillögur sem lagðar verða fram á Alþingi og eiga að miða að því að koma í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir innan árs hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör. Þess er vænst að málefnaleg afgreiðsla geti orðið á þessu mikilvæga máli í þinginu, en vissulega má gera ráð fyrir að slíkar tillögur þurfi vandlega athugun og umræður í þinginu."

Og undir bréfið ritar Davíð Oddsson.

Vissulega erum við í stjórnarandstöðunni að sumu leyti ánægð með það að fá skriflegt svar við okkar málaleitun en það hefði gjarnan mátt vera orðað á annan hátt.

Í Kvennalistanum hittumst við morguninn eftir og mótmæltum harðlega ákvörðun ríkisstjórnarinnar um að setja bráðabirgðalög til að stöðva verkfall sjómanna og teljum með því að ríkisstjórnin sé enn einu sinni að grípa inn í kjaradeilu á þennan hátt og svo sem ekki eina ríkisstjórnin sem það hefur gert. Þannig sýnir ríkisstjórnin launafólki í landinu að hún virðir verkfallsrétt þess einskis. Við nefnum það jafnframt í okkar yfirlýsingu að þarna sé ekki tekið tillit til óska sjómanna í þeim efnum að styrkja réttarstöðu þeirra með lagabreytingum eða skýrari lagasetningu því að þó að lofað hafi verið að setja á fót þessa þriggja manna nefnd, þá tel ég að ekki hafi falist í því nein lausn sem raunar hefur svo komið á daginn með þeim tillögum sem nefndin er í þann mund að senda frá sér.

Fulltrúi Kvennalistans sem talaði hérna áðan, hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, hefur lýst því hvaða tillögur við höfum endurflutt í formi frv. um það að fella niður þessa grein í stjórnarskránni sem gefur heimild til bráðabirgðalaga. Það hefur einnig komið hér fram í máli manna og ég er ekkert að endurtaka að í raun og veru sé þetta ákvæði orðið algerlega óþarft. Við höfum áður lagt fram þetta frv., það eru þrjú ár síðan og höfum ævinlega haldið því fram að þetta sé óþarft og það verður þeim mun óþarfara sem lengri tími líður.

En til hvers hefði þá Alþingi átt að koma saman þar sem nú hefur komið fram í máli sumra hér að ekki hafi verið annað til ráða en að setja lög á þetta verkfall? Það hefði verið hægt að ræða þær hugmyndir sem sjómenn höfðu uppi um það hvernig hægt væri að taka á þessu stærsta deilumáli sem var orsök verkfallsins, þ.e. þeirri aðferð útvegsmanna að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Það hefði mátt gera með því að setja ákvæði inn í fiskveiðilöggjöfina. Í 15. gr. laga nr. 3/1988, fiskveiðilaganna, er til ákvæði um samráðsnefnd þar sem segir, með leyfi forseta:

„Sérstök samráðsnefnd, skipuð einum fulltrúa tilnefndum sameiginlega af samtökum sjómanna og einum tilnefndum af samtökum útvegsmanna, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar, skal fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi" — og það er talið upp hér — „veiðileyfi, aflamark og sóknarmark samkvæmt lögum þessum og reglugerð settri samkvæmt þeim og gera tillögur til ráðherra um úrlausn þeirra."

Þarna hefði hugsanlega verið hægt að bæta inn ákvæði sem tæki á því ef menn misnotuðu þessi veiðileyfi sín eða það aflamark sem þeim hefur verið úthlutað og ég er ekki frá því að þar væri möguleiki á að koma því inn. Einnig er í 72. gr. sjómannalaga talað um lausn ágreiningsefna, og þar segir um ágreining út af starfsskyldum eða réttarstöðu sjómanna, með leyfi forseta:

„Samgönguráðherra er heimilt að koma á fót föstum gerðardómi er skipaður sé einum eða fleiri óvilhöllum mönnum sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining sem rís af starfi skipverja ef báðir (eða allir) málsaðilar óska þess og verður þá úrskurður gerðardómsins um efnisatriði máls bindandi fyrir báða aðila eftir sömu reglum og almennt gilda um gerðardóma."

Þarna væri hægt að bæta inn líka að ef annar eða báðir aðilar óska þess, þ.e. það sé hægt að setja á fót gerðardóm sem sé skipaður einum eða fleiri óvilhöllum mönnum sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útvegsmanna eins og þarna stendur og það væri hægt að vísa þessu til gerðardóms ef annar eða báðir en ekki aðeins ef báðir aðilar vísa því þangað, en auðvitað vilja útvegsmenn ekki vísa þessu til gerðardóms því að þeir telja sig alltaf vera í fullum rétti þó að þeir séu að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. En það er eins og hæstv. ríkisstjórn sé ekki tilbúin að skoða þau mál þar sem tekið er á réttindum sjómanna, ef útvegsmenn eru ekki sammála því sem þar kemur fram þó að það sé greinilega réttlætismál að þetta sé einhvers staðar skýrt tekið fram í lögum.

Samkvæmt því sem þetta frv. sem við erum hér að ræða segir átti að skipa þriggja manna nefnd ráðuneytismanna til þess að gera tillögur um hvernig mætti koma í veg fyrir óeðlilega verslun með aflaheimild sem hefði óeðlileg áhrif á skiptakjör. Þessi nefnd hefur eins og ég sagði áðan lagt það til að komið verði á fót einhvers konar kaupþingi eða verðbréfaþingi sem versli

með kvótann, selji og kaupi, og raunar í einhverjum feluleik því að enginn má vita um annars nafn, það á að vera allt á huldu um það. Ég verð nú að segja að mér finnst þessi hugmynd sem hefur komið fram og er lýst í Morgunblaðinu á sl. laugardag þar sem segir, með leyfi forseta:

„Heimilt verður að færa aflamark á milli skipa í eigu sama aðila, en öll viðskipti með aflamark á milli útgerða önnur en jöfn skipti verða að fara um opinn tilboðsmarkað, kvótaþing, ef tillögur þær sem svonefnd þríhöfða nefnd hefur sent frá sér verða að veruleika. Sú krafa verður gerð til kvótaþings að kaupendur og seljendur viti ekki hverjir af öðrum svo að þeir geti ekki sammælst um undirboð." Svo segir hér síðar í greininni: „Viðskiptin eiga síðan að vera með líkum hætti og á verðbréfaþingi þannig að sá sem býður hæsta verðið fær fyrstur kvótann og þannig koll af kolli ..."

Ég tel að ef fara ætti að setja kvótann á uppboðsmarkað, á kvótaþing, þá þurfi ekki að vera að setja upp eina stofnunina í viðbót. Það er til verðbréfaþing sem þá gæti líklega verslað með þessar aflaheimildir. Ég verð að segja að mér finnst nægilegt komið af þeim stofnunum sem búið er að setja á fót í kringum þennan atvinnurekstur og nægir þar að nefna Fiskistofu þar sem kostnaður og mannahald varð margfalt meiri heldur en gert hafði verið ráð fyrir í fyrstu og í öðru lagi er hægt að nefna Fjarskiptaeftirlit ríkisins sem einnig hefur með að gera eftirlit í sambandi við sjávarútveg. Þar margfaldaðist, ég veit ekki hvort fimmfaldaðist eða sexfaldaðist sá mannafli sem þar var settur til vinnu í staðinn fyrir það sem hafði verið áður þegar þessi vinna var unnin hjá Pósti og síma. Þannig hefur verið haldið áfram að búa til sífellt meira og meira og stærra og stærra kerfi í kringum allt þetta kvótabrask og sjávarútveginn í heild. Ég held að það mætti alveg fara að draga úr því.

Ég ætla ekki að lengja það mjög að fara yfir þetta frv. Það er örstutt og þarf ekki að ræða það. Við kvennalistakonur erum ósammála því, og mér heyrist margir vera það hér inni, að þessi bráðabirgðalög hafi verið sett. Ég tel að þau séu mistök og þau leysi ekki þann vanda sem þau áttu að leysa í fyrsta lagi vegna þess að það á yfirleitt ekki að vera að setja bráðabirgðalög. Það er engin þörf á því við þær aðstæður sem við búum við. Í öðru lagi er ekki réttlætanlegt að grípa sífellt inn í kjarasamninga með þessum hætti. Það á ekki að leysa kjaradeilur á þennan hátt og það leysir engan vanda í þessu tilviki. Það frestar honum aðeins um einhverjar vikur.

Hugmyndin um kvótaþing og sölu á kvóta eins og verðbréf, eins og ég gat hér um áðan, tel ég vera algjörlega dauðadæmt fyrirtæki og leysi ekki þann vanda sem sjómenn eru að berjast við, síður en svo.

Ég hef lýst því hér nokkuð hvaða hugmyndir gætu verið uppi um það að leysa það mál sem er orsök þeirrar kjaradeilu sem hér var „leyst" með bráðabirgðalögum, að það eru ýmsar leiðir til sem ríkisstjórnin og Alþingi hefði getað rætt hér, gripið til til þess að stuðla að lausn deilunnar. Það hefur margoft verið gert eins og menn hafa rakið hér á undan mér. Alþingi hefur orðið að koma inn í með ýmsum hætti til þess að ljúka gerð kjaradeilna úti í þjóðfélaginu, m.a. í sambandi við þá þjóðarsátt sem hér hefur stundum verið vitnað til og nærtækt dæmi eru síðustu aðgerðir Alþingis rétt fyrir jól þegar var verið að ræða um lækkun virðisaukaskatts á matvæli sem var liður í loforði í kjarasamningum þannig að það er ýmislegt hægt að gera. En ég lýsi því yfir að ég er algjörlega andvíg þessu frv. og algjörlega andvíg því að setja bráðabirgðalögin. Og ég skora á ríkisstjórnina að finna einhverja betri lausn heldur en virðist vera fyrirhuguð í framhaldinu með þessu kvótaþingi.

[16:25]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 6. þm. Vestf. fullyrti hér í ræðu sinni að kostnaður við Fiskistofu hefði farið margfalt fram úr því sem ráðgert var og að auki hefði starfsmannafjöldi margfaldast við þau störf sem þar eru unnin við þá skipulagsbreytingu. Ég hef heyrt hv. þm. bera þessar fullyrðingar á borð áður í ræðum hér á hinu háa Alþingi, en með því að hv. þm. er nú kunnur fyrir mjög málefnalegar umræður, þá þykir mér nauðsynlegt að grípa hér inn í og leiðrétta þennan misskilning því að ég þykist vita að hv. þm. vilji ekki endurtaka þessar fullyrðingar sem ekki eru á rökum reistar.

Sannleikurinn er sá að kostnaður við þau störf sem Fiskistofa vinnur hefur ekki aukist við skipulagsbreytinguna og starfsmönnum hefur fækkað en ekki fjölgað. Mig minnir að þeim hafi fækkað um tíu. Ég þori ekki að fara með þá tölu nákvæmlega sem er um það bil það sem starfsmannafækkunin hefur orðið. Það var ekki markmið með þessum breytingum að draga úr kostnaði eða fækka starfsmönnum, heldur fyrst og fremst að koma við mjög nauðsynlegum skipulagsbreytingum og betri stjórnsýsluháttum varðandi þessi viðfangsefni. En það er mjög mikilvægt að öllum hv. þm. sé það ljóst að hér hefur starfsmönnum fækkað og kostnaður hefur ekki aukist og ég þykist vita að hv. þm. vilji hafa það sem sannara reynist, enda kunnur af málefnalegri umfjöllun um þau mál sem hún fjallar um.

[16:27]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að mér hafi orðið á mismæli í því að ég hafi sagt að kostnaður Fiskistofu sé farinn úr böndunum. Hitt er aftur annað mál að við að taka upp það fyrirtæki sem nefnist Fiskistofa, þá fór upprunalegur kostnaður mjög úr böndum frá því sem ákveðið hafði verið í fjárlögum þess árs þegar Fiskistofa var sett á fót.

Hins vegar er það sem ég átti við, og hefur e.t.v. ekki komið nógu skýrt fram, það að kostnaður sjávarútvegsins hefur aukist mjög mikið. Kostnaður sjávarútvegsfyrirtækja hefur aukist með tilkomu Fiskistofu og með tilkomu allra þeirra vottorða sem sjávarútvegurinn þarf að fá m.a. frá Fiskistofu og fleiri fyrirtækjum eins og ég einnig nefndi hér áðan með Fjarskiptaeftirlit ríkisins. Það er hægt að nefna það að hjá

smæstu bátum kostaði t.d. leyfi fyrir skoðun hjá Pósti og síma í kringum 2.000 kr. fyrir ári síðan en sama vottorð kostar í dag 6.500 kr. þannig að kostnaður sjávarútvegsins hefur aukist mjög mikið við þær breytingar sem gerðar hafa verið.

[16:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er á misskilningi byggt að kostnaður sjávarútvegsins hafi aukist vegna stofnunar Fiskistofu, enda má það ljóst vera að það getur ekki orðið vegna þess að kostnaður af því eftirlitsstarfi og stjórnsýslustarfi sem þar fer fram er ekki meiri en áður var.

Hitt er svo annað mál sem ég hygg að hv. þm. sé að vísa til að við höfum verið að auka gæðakröfurnar sem gerðar eru í íslenskum sjávarútvegi. Við höfum verið að mæta nýjum kröfum á helstu markaðssvæðum okkar, bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu, með því að taka upp innra eftirlit í fiskvinnslufyrirtækjunum og það kallar á aukinn kostnað. Við höfum sett okkur það markmið að halda áfram að vera í fararbroddi í gæðamálum, að íslenskur fiskur sé ávallt betri að gæðum en annar fiskur. Það er fyrst og fremst trygging fyrir því að við getum selt fisk á hærra verði. Aðrar þjóðir hafa verið að draga á okkur í þessu efni og bæta sína meðferð. Á helstu viðskiptasvæðunum hafa verið settar nýjar kröfur um innra eftirlitskerfi í fyrirtækjum og við höfum sett okkur það markmið að vera ekki eftirbátar annarra heldur í forustu um að koma þessum nýju gæðakerfum á í okkar sjávarútvegi. Það kostar vitaskuld fjármuni og ég hygg að hv. þm. sé að vísa til þess. Hins vegar held ég að það sé afar mikilvægt fyrir sjávarútveginn að vera í þessari forustu og leggja í nokkurn kostnað við það að halda gæðalegri forustu við framleiðslu sjávarafurða. Og ég býst við að við séum sammála um það, ég og hv. 6. þm. Vestf.

[16:31]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við getum verið sammála um það við hæstv. sjútvrh. að við viljum hafa gæðakröfur í lagi, það er engin spurning. En ég held því enn fram að kostnaður sjávarútvegsins hafi aukist, bæði með tilkomu Fiskistofu, með tilkomu Fjarskiptaeftirlits ríkisins, með tilkomu skoðunarstofa og fleira sem var sett á fót. Þrátt fyrir skoðunarstofur, sem settar voru á fót líka, þarf líka að vera til Ríkismat sjávarafurða í raun og veru vegna þess að margar þær þjóðir sem við verslum við með okkar fisk gera kröfu um að það sé opinbert vottorð líka þannig að það er ekki nægilegt að hafa vottorð frá skoðunarstofu. Það þarf líka að vera vottorð frá opinberu eftirliti og hvort það er nú frá Fiskistofu eða einhverju öðru, það skal ég ekki segja um á þessari stundu. Ég man nú ekki hvort Ríkismatið var sameinað í Fiskistofu en það minnir mig reyndar að hafi verið og ég held því enn fram að með öllum þeim breytingum sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera í þessa veru, m.a. með Fiskistofu og öllu öðru sem ég hef hér nefnt, þá hefur kostnaður sjávarútvegsins aukist mjög mikið.

[16:32]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég fer ekki dult með þá skoðun mína að sú ákvörðun hæstv. ríkisstjórnarinnar að setja bráðabirgðalög er ákvörðun sem verður að skoða sem aðför að sjómönnum. Ástæðan er sú að þeir eru látnir standa í þeirri blekkingu að þeir hafi frelsi til þess að fara í verkfall. Það tekur þó nokkurn tíma að undirbúa það verkfall, það kostar fjármuni, það er byrjuð að hlaðast upp sú spenna að þeir séu að ná einhverjum tökum á sínum viðsemjanda þegar allur sá kostnaður og öll sú fyrirhöfn sem þeir eru búnir að leggja á sig er brotin á bak aftur og verkfallinu frestað því að þetta frv. er frv. um að fresta verkfallinu þangað til í fyrsta lagi til 5. júní 1994.

Hinn fáránleiki þessa frv., og mætti hæstv. sjútvrh. gjarnan hugleiða hann, er fyrsta greinin. 1. gr. í þessu frv. er sá fáránleiki að ég er mjög hissa á löglærðum ráðherra að hann skuli nokkurn tíma setja nafn sitt undir. Þar er hæstv. sjútvrh. að setja bráðabirgðalög á sjálfan sig. Og ég spyr: Var vonlaust að ná samkomulagi við hæstv. sjútvrh. um að gera með góðu það sem hann skal nú gera samkvæmt lagaboði? Var gersamlega vonlaust að hæstv. sjútvrh. treysti sér til að skipa nefnd, fela henni verkefni nema lög yrðu sett, undirrituð af forseta Íslands þar sem honum væri skipað að vinna þetta verk. — Ég sé að hæstv. forseti þingsins situr hugsi við að lesa þetta plagg. Það er nefnilega alvarlegt mál að ef slík kergja er hlaupin í hæstv. sjútvrh. að hann treysti sér ekki til að vinna jafnauðvelt verk af fúsum og frjálsum vilja, hvort honum beri þá ekki að segja af sér. Að taka jólaleyfi þingmanna til þess að setja bráðabirgðalög á sjálfan sig, er alveg fádæmt, fátítt að mönnum skuli yfir höfuð detta það í hug. En auðvitað er hæstv. sjútvrh. eini maðurinn sem er dómbær á þá hluti hvort brýn nauðsyn hafi borið til að gera þetta eða ekki. Svo fáránleg er 1. gr. Þetta blasir við.

Varðandi hinar greinarnar allar er það tvennt sem verður að taka afstöðu til. Í fyrsta lagi: Þurfti að setja bráðabirgðalög eða var hægt að kalla þingið saman? Og í annan stað: Er eðlilegt að ein stétt manna skuli búa við það að það sé nokkuð öruggt að á hana séu sett lög, í þessu tilfelli sjómenn?

Mér er ljóst að í vinnumálalöggjöf Bandaríkjanna er það ákvæði inni að forsetinn getur tekið ákvörðun um að fresta verkföllum. Það ákvæði er almenns eðlis og nær til allra. Ég tel að það væri ekkert óeðlilegt að menn tækju umræðu um það hér hvort þingheimur er reiðubúinn að breyta vinnulöggjöfinni á þann veg að slíkt ákvæði sé inni. En það verður þá að ná yfir alla. Það þýðir ekkert að halda því fram að sjómenn eigi að standa verr að vígi en aðrir í kjarabaráttu hvað þetta varðar. Það þverbrýtur réttlætisvitund hvers einasta manns að horfa á þær leikreglur að fyrst hæli framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands sér af því að nú sé komið slíkt atvinnuleysi í landinu að það þori enginn í verkfall. Það fer auðvitað enginn í verkfall. Gladbeittur veifar hann þessu framan í þjóðina en kemur svo bljúgur þegar búið er að setja bráðabirgða-

lög. Leikreglurnar þurfa að liggja fyrir áður en til átakanna er komið. Það eru hin heiðarlegu vinnubrögð.

Það sem vekur verulega umhugsun er: Var vonlaust að kalla þingið saman? Var óeðlilegt að kalla þingið saman? Ég held að það sé fullkomlega tímabært undir þessum kringumstæðum að kynna sér það hvað formaður þingflokks sjálfstæðismanna á sínum tíma, hæstv. menntmrh. þessa lands í dag, Ólafur G. Einarsson, sagði um þessi mál. Hann segir svo í ræðu sem hann flutti á Alþingi Íslendinga 16. október 1990, með leyfi hæstv. forseta:

„Herra forseti. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem til umræðu kemur hér á hv. Alþingi hugmynd um annaðhvort að þrengja réttinn til útgáfu bráðabirgðalaga eða fella hann alfarið niður, eins og raunar kom fram í máli hv. flm. þessa frv. og kemur einnig fram í greinargerð með frv. Ég minni á það sem einnig er tæpt á hér í greinargerð og í ræðu hv. flm. að á 111. og 112. þingi var lagt fram frv. til stjórnskipunarlaga þar sem 1. flm. var hv. þm. Páll Pétursson. Þar kom til nokkurrar umræðu vorið 1989, en ekki á þinginu í fyrra vegna þess hversu seint það var lagt fram. Í því frv. var lagt til að 28. gr. stjórnarskrárinnar yrði þrengd mjög, hins vegar var ekki lagt til að hún yrði felld brott eins og hér er gert.

Ég vil aðeins í þessu samhengi rifja upp það sem ég sagði í umræðum hér í hv. neðri deild þann 26. apríl 1989. Um frumvarpsgreinina sem varðar 28. gr. lét ég orð falla á þessa leið: „Frv. gerir ráð fyrir að verulega sé þrengdur réttur ríkisstjórna til slíkra athafna, eins og hv. 1. flm. rakti hér áðan. Allt er þetta til bóta en ég vil hins vegar stíga skrefið til fulls og afnema algerlega heimildina til að gefa út bráðabirgðalög.““

Þetta var yfirlýsing núv. menntmrh. Ég spyr: Hvers virði eru yfirlýsingar manna eins og hæstv. menntmrh. þegar hann, þátttakandi í ríkisstjórn, brýtur svo gegn sínum eigin vilja og eigin skoðunum í þessu máli? Ég tel slíkar yfirlýsingar einskis virði.

Það er rétt að menn skoði það að á sínum tíma þegar þessi ákvæði voru inni voru samgöngur erfiðar og það gat verið erfitt að kalla þingmenn saman. Það geta líka brostið á þær aðstæður hvort heldur er með ófriði eða með náttúruhamförum eða einhverju slíku að það sé fullkomlega réttlætanlegt að ríkisstjórn gefi út bráðabirgðalög 1, 2, 3, strax vegna brýnnar nauðsynjar. En að taka fyrst ákvörun um það að seinka komutíma þingsins til starfa eins og gert var í atkvæðagreiðslu á Alþingi Íslendinga fyrir jólin, vera þá með loðin svör um það hvort bráðabirgðalögum yrði breytt eða ekki og notfæra svo þessa seinkun til þess að réttlæta það að setja bráðabirgðalög eftir áramót, það eru vinnubrögð sem ekki er hægt að líða og íslensk sjómannastétt á það ekki inni að Alþingi Íslendinga eða ríkisstjórn hegði sér á þennan hátt.

Það er talað um að það hefði verið vonlaust að fá menn til að ná sáttum í þessari deilu. Ég tel að þar sé stórum orðum aukið. Ég vil trúa því að forustumenn sjómanna og forustumenn atvinnurekenda hefðu náð sáttum hefðu þeir vitað að deilan leystist ekki nema þeir næðu samkomulagi. En ég get út af fyrir sig tekið undir það sjónarmið að stundum verður kostnaður af slíkum sáttum of mikill, þ.e. það verði að höggva á hnútinn með lagasetningu. En áður en til slíks kemur verða menn að gera sér grein fyrir því að hér liggja óafgreidd frumvörp um þessi mál, um sjávarútvegsstefnuna og Alþingi var ekkert að vanbúnaði að vinna hér hratt og vel og klára lagasetningu ef lagasetning hefði leitt til sátta.

Það frv. sem hér er lagt fram er ekki frv. til sátta. Það frv. sem hér er lagt fram er frv. um frestun og þá væri miklu heiðarlegra að leggja til breytingar á vinnumálalöggjöfinni sem heild og setja þar inn almenn ákvæði. Það voru samþykkt stjórnsýslulög á seinasta þingi þar sem segir að þau skulu taka gildi núna 1. jan. Og hvaða regla er það sem sett er þar inn sem meginregla í stjórnsýslu á Íslandi? Það er jafnræðisreglan. Það er jafnræði þegnanna. Og hvernig fær það staðist gagnvart jafnræðisreglunni að sumir eigi að búa við það að hnútasvipa lagasetningar sé notuð til að brjóta niður verkföll eftir að verkfallið er komið í þá stöðu að það er farið að pressa verulega á þann aðila sem það var ætlað að pressa á til þess að ná honum til að semja? Þá er þessu beitt. Þetta kallar á það ef jafnræðisreglan er virt að menn mega þá ekki láta verkfall standa meira en hálfan mánuð eftirleiðis. Annars eru þeir vísvitandi að brjóta jafnræðisregluna. Þá eru þeir að halda því fram að það sé ekki hægt að láta verkfall hjá sjómönnum standa meir en í hálfan mánuð en það sé allt í lagi að láta verkfall hjá öðrum standa lengri tíma. Menn verða nefnilega að fara að gá að sér ef þeir meina eitthvað með þeirri lagasetningu sem sett var með stjórnsýslulögunum. Ég held þess vegna að menn séu komnir í þær ógöngur að annaðhvort hlýtur Alþingi Íslendinga að setjast niður við það verkefni að taka ákvörðun um það hvort vinnumálalöggjöfin sem slík sé á þann veg að henni verði að breyta, setja þar inn almenn ákvæði eða menn verða að hætta þeim leik að gera aðför að vissum stéttum öðrum fremur þegar til verkfalla kemur.

Auðvitað er það svo að það er athyglisvert að hér hafa tveir ungir þingmenn komið í ræðustól. Annar, hv. 3. þm. Vestf., telur að hv. 1. þm. Austurl. hafi sagt að það væri e.t.v. ekkert annað að gera en að setja lög, þá sé það ekki svo mikil breyting að það hafi verið bráðabirgðalög, þar með sé hann búinn að fá syndakvittun fyrir því að geta staðið að þessu verki. Þetta minnir á ljóðlínurnar fornu:

Annar eins maður og Oliver Lodge
fer aldrei með neina lygi.

Það verður ekki skilið á annan veg en þann að hv. 3. þm. Vestf. líti á það sem sjálfgefinn hlut að ef Halldór Ásgrímsson gefur grænt ljós á lagasetningu að þar með sé það gulltryggt að þannig beri að standa að verki. Þetta er út af fyrir sig mikil trú, svo mikil að ég hef ekki rekist á aðra trú meiri á einstökum þingmanni og ég vil ekki verða til þess að skerða þá trú sem birtist í þessum viðhorfum.

Hinn þingmaðurinn sem var frá Suðurnesjum og flutti hér ágæta ræðu einnig, (**Gripið fram í:** Petrína.) Petrína, ég sé ekki númerið á þingmanninum hér, vakti

athygli á því að það væri andstætt hennar hugmyndum að setja lög á vinnudeilur og ástæðan væri sú að ef það væri gert, þá væri verið að kalla fram ábyrgðarleysi í samskiptum Alþýðusambandsins og atvinnurekenda, kjarni málsins, og það er rétt. Það verða allt aðrir foringjar sem veljast til forustu hjá þessum samtökum ef hugsunin er sú hjá íslenskri þjóð að það eigi að vera hanaat í sjónvarpi sem standi dálítinn tíma áður en vinnudeilur verða leystar með lögum eða ef menn ætla að velja fulltrúa sem hafa það verkefni að setjast við samningaborðið og komast að niðurstöðu. Það er athyglisvert að ein elsta stofnun þessarar jarðar, kaþólska kirkjan, hefur ákveðnar leikreglur um það hvernig eigi að velja páfa. Það eru engin fyrirmæli um það að menn eigi að mæta fyrir framan sjónvarpið eða í útvarpsstöðvum og deila þar um það hart hver eigi að verða næsti páfi. Nei, þeir eru einfaldlega lokaðir inni og þeim skipað að komast að niðurstöðu og bannað að hleypa þeim út fyrr en reykurinn stígur upp frá fundastaðnum þar sem boðað er að niðurstaða sé fengin. Og það er mikið umhugsunarefni hvort sáttasemjarinn sem Íslendingar höfðu, Torfi Hjartarson, hafi ekki verið miklu kaþólskari í sinni afstöðu í þessum málum heldur en menn eru almennt í dag. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Það er rétt, heyrist hér utan úr salnum. Hann fór fram á það við menn að þeir gerðu sér grein fyrir ábyrgð sinni, settust niður og kláruðu sitt verk og hann lét þá oft vaka, stundum meir en mönnum þótti skynsamlegt en krafan var skilyrðislaust: Það er á ykkar herðum, herrar mínir, að leysa þetta. Það ætlar enginn að taka þann bikar frá ykkur og þið skuluð klára verkið. Ég held þess vegna að sú lagasetning sem nú var farið út í að setja með þessum hætti hvetji til ábyrgari afstöðu bæði hjá atvinnurekendum og launþegum þessa lands. Hin ábyrga afstaða þarf aftur að komast í öndvegi og ég er andvígur þeim bráðabirgðalögum sem hér hafa verið sett á dagskrá og eru til umræðu.

[16:52]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa margir komið inn á þá lagasetningu sem nú er til umræðu á Alþingi og ekki að ósekju, einkum og sér í lagi vegna þess að eins og fram hefur komið hefur það oftar en ekki verið sjómannastéttin sem hefur orðið að gjalda þess að margar ríkisstjórnir umliðinna ára hafa leyst kjaradeilur sjómanna með lögum. En það verður að segjast eins og er að umræðan á meðan á þessari kjaradeilu stóð var allsérkennileg og einkum þá og sér í lagi þegar litið er til þeirra sem atvinnurekendamegin standa.

Eftir mikinn fund sjómanna ekki fyrir löngu kom formaður LÍÚ fram fyrir alþjóð í fjölmiðlum og gat þess að útvegsmenn hefðu misst sjónar af forustumönnum sjómanna eftir þann fund og það væri m.a. ein réttlætingin á því að setja þau bráðabirgðalög sem hér eru til umfjöllunar. En hann hefði kannski átt að segja söguna alla því að sannleikurinn var sá að fulltrúar sjómanna höfðu þá þegar eftir þennan fund með sjómönnum óskað eftir fundi hjá sáttasemjara til þess að halda áfram umræðum um tilraun til lausnar þeirrar deilu sem þá stóð yfir.

Í þessu frv. til laga segir hér í 1. gr. að nefndin skuli gera tillögu um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti við aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og það eigi að undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Í yfirlýsingu sem bæði útgerðarmenn og sjómenn hafa undirritað og er dags. 24. apríl 1992 segir svo m.a., með leyfi forseta:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð sjómanna er reiknað."

Hér hefði verið ágætisefni í það lagafrv. sem hér er til umræðu ef menn hefðu grannt skoðað þó svo í sjálfu sér lögin sem slík séu af hinu illa en hinu verð ég þó að skjóta hér inn í og vekur þó nokkra undrun að ýmsir ræðumenn, sem hér hafa talað, hafa getið þess að það hefði verið eðlilegt og rétt að kalla saman Alþingi til þess að afgreiða þetta mál með skjótum hætti þannig að það virðist vera þverpólitísk, ég segi ekki samstaða en alla vega skoðun á þessu máli sem gengur út á lagasetninguna og vekur það nokkra undrun mína.

Í hvítbók ríkisstjórnarinnar eru margar ágætar yfirlýsingar um markmið og leiðir og hafa margar þegar verið stignar og aðrar í vinnslu og hér í þessari ágætu hvítbók á bls. 32 segir um verðmyndun sjávarfangs sem ég vildi gjarnan vitna til, með leyfi forseta. Það segir m.a.:

„Lokamarkið er að leggja niður Verðlagsráð sjávarútvegsins þannig að allt sjávarfang verði verðlagt með sölu á opinberu uppboði eða með samningum milli aðila. Jafnframt verður stuðlað að því að viðskiptahættir þróist þannig að það leiði til bættrar aflameðferðar og aukinnar sérhæfingar í fiskvinnslu. Fyrsta skrefið í þessa átt verður stigið nú í haust," er sagt í starfsáætlun þessarar ríkisstjórnar, „með því að flytja frv. er heimilar Verðlagsráði sjávarútvegsins að ákveða frjálst fiskverð með meirihlutaákvörðun en að loknum eins árs aðlögunartíma verður frjálst fiskverð meginregla. Með þessari nýju skipan mun þýðing fiskmarkaða aukast en stefnt er að því að sem stærstur hluti fiskafla af Íslandsmiðum sé unninn á Íslandi."

Hér er komið inn á hluta þeirrar deilu sem í umræðunni var fyrr í þessum mánuði og er vissulega efni fyrir ríkisstjórnina að ganga fljótt fram í þessu máli og efla fiskmarkaðina og þá um leið að markaðstengja fiskverðið en það var ein önnur megindeila milli útgerðarmanna og sjómanna þannig að það er af allnokkru að taka fyrir ríkisstjórnina til þess að búa um betur og afgreiða þessi lög frá Alþingi með þeim hætti sem ég hef hér vitnað til. Í fyrsta lagi varðandi yfirlýsingu sem báðir deiluaðilar hafa undirritað og síðast en ekki síst hvítbókina Velferð á varanlegum grunni hvar um er getið að stefnt skuli að því að markaðsverð og fiskmarkaðir muni vaxa og dafna og það er í átt til lausnar þeirrar deilu sem um hefur verið rætt.

Í þeim óeðlilega málflutningi sem kom fram af hálfu útgerðarmanna og ég gat um áðan var sífellt staglast á því af hálfu leiðandi manns Vinnuveitendasambandsins og útgerðarmanna að fiskverðið væri ekk-

ert á þeirra könnu og það væri ekki mál sem þeir gætu nokkurn hlut rætt um og töldu m.a. að málflutningur sjómanna væri með þeim hætti að hann væri illleysanlegur og það væri komin upp á borðið krafa sem ekki væri þeim með neinum hætti leysanleg. En á sama tíma mátti samt sem áður heyra æ ofan í æ í leiðandi manni fiskvinnslunnar sem hafði eitt og annað til málanna að leggja enda þó að hann væri ekki formlegur aðili að deilunni, hvorki hvað varðaði kjarasamninga né hvað þá heldur með tilliti til orða framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins eða formanns LÍÚ.

Það sem síðan hefur komið hér fram og er rétt að grundvallaratriði þessarar kjaradeilu var það að sjómenn tækju ekki þátt í kvótakaupum og það er með ólíkindum að leiðandi maður LÍÚ skuli síðan koma fram hvað eftir annað fram fyrir fjölmiðla og segja að hann kannist ekki við nein kvótakaup og alls ekki það að sjómenn taki þátt í að greiða fyrir sem þó alþjóð veit og veit þá líklega betur en hann.

Varðandi þessa kjaradeilu yfir höfuð verð ég að segja það hér úr þessum stóli að það hryggir mig að endalok hennar skyldu verða með þessum hætti sem hér ber raun vitni um, einkum og sér í lagi það að grípa hafi þurft til þessara laga vegna deilu sjómanna. Það er nú svo að þá tveir aðilar deila er eðlilegt að þeir leysi deiluna því að eins og margoft hefur komið fram er engin lausn í þessari deilu þegar þessi lög eru sett á eins og raun ber vitni um. Það er hins vegar umhugsunarefni fyrir ríkisstjórnina hvort hún taki nú á yfirlýsingu beggja þessara aðila svo og þeirri tengingu fiskmarkaða sem hún sjálf stefnir að í stefnu og starfsáætlun sem hún hefur gefið út þannig að þeir sem deilt hafa megi sæmilega vel við una.

Að lokum þetta: Ígrip ríkisstjórnar inn í þessa deilu með þessum hætti eru ekki eðlileg og ekki ásættanleg. Þess vegna er það eðlilegt að þeir sem í kjaradeilu standa leysi sín mál sjálfir vegna þess að hvað svo sem verður um þessa lagasetningu þá er hún aðeins frestun á þeim vanda sem enn stendur út undan.

[17:03]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson lýsti undrun sinni yfir því að þingmenn hefðu lýst sig reiðubúna til að afgreiða þetta mál með skjótum hætti hér á Alþingi. Ef hv. þm. á við þau orð sem ég lét falla um þetta atriði, þá vil ég að gefnu tilefni rifja þau upp, en ég sagði:

„Öll rök hnigu í þá átt að kalla ætti Alþingi saman til fundar, enda hefði það átt að vera komið til starfa samkvæmt starfsáætlun þingsins þann 17. janúar. Það lá fyrir að stjórnarandstaðan var tilbúin að mæta til þings og reyndar lýsti því yfir að hún teldi það eðlilegan framgangsmáta eins og málin stóðu þá. Ég trúi því að Alþingi hefði sýnt þá ábyrgð að afgreiða þetta mál á eðlilegan og lýðræðislegan hátt á ekki löngum tíma. Setning bráðabirgðalaganna er neyðarúrræði. Það á ekki að grípa þeirra til nema þegar öll sund virðast lokuð."

Þetta voru mín orð. Það hvarflar ekki að mér annað heldur en þingið hefði tekið sér þann tíma sem það eðlilega hefði þurft til að fjalla um þetta mál og eðlilega hefði það átt að fara til sjútvn. og síðan hér til umræðu í þinginu. En þá hefði reynt á þingmenn stjórnarliðanna sem eru að gefa yfirlýsingar úti í bæ, í bak og fyrir um afstöðu sína til þessara mála. Þá hefði líka reynt á þá í atkvæðagreiðslu, að greiða þá atkvæði eins og þeir eru að gefa yfirlýsingar um úti í bæ. Það er kjarni málsins og orðið tímabært að þeir sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn sem sí og æ eru að lýsa yfir andstöðu sinni við stefnu og gerðir þessarar ríkisstjórnar en þegar þeir hafa réttinn til þess að nota atkvæðisréttinn og beita honum hér, geri það þá í samræmi við þann málflutning sem þeir hafa þegar þeir tala til umbjóðenda sinna úti í bæ.

[17:05]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi hefði mér þótt tiltækilegt af þér að benda hv. þm. sem hér talaði síðast á að sá sem stendur nú í ræðustól heitir Guðmundur Hallvarðsson en ekki Guðmundur H. Garðarsson en það er þó ekki leiðum að líkjast.

Í annan stað kannast ég ekki við það að hafa verið að gefa yfirlýsingar úti í bæ um það hvar ég stæði varðandi þessi lög og það sem síðasti ræðumaður sagði á ekki neitt við það sem ég hef látið hafa eftir mér úti í bæ varðandi þetta mál. Ég hef mína ákveðnu skoðun á þessu máli og hún mun koma fram þegar atkvæðagreiðslan fer fram. En mér fannst ég ekki hafa mjög rangt eftir það sem síðasti ræðumaður sagði áðan. Það mátti skilja á orðum hans að þegar þing kæmi saman og fjallað hefði verið um þetta mál í sjútvn. þá hefði hann tekið afstöðu sem hefði verið ábyrg. Jafnvel mátti skilja hann sem svo að hann væri sammála þessum lögum.

[17:06]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bið þingmanninn afsökunar á því ef ég hef ekki nefnt hann réttu nafni en mér er það ljóst ...(Gripið fram í.) Hvað segir þingmaðurinn? (**Gripið fram í:** Hann heitir bara Guðmundur.) Guðmundur Hallvarðsson, mér er það ljóst að hann heitir það. (**Gripið fram í:** Hann er Hallvarðsson.)

(**Forseti** (GunnS): Ég vil biðja hv. þm. að veita ræðumanni gott hljóð.)

Ég vil að það komi hér skýrt fram, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að ég er andvígur þessum lögum. Ég hef ekki staðið hér að lagasetningu og ekki staðið að því að setja lög á íslenska sjómenn og ég mun aldrei gera það. Því get ég lýst yfir hér úr þessum stól. Ég hef ekki gert það og mun ekki gera það.

[17:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta hafa verið fróðlegar umræður hér í dag og nauðsynlegar því að það er sjaldan nauðsynlegra en þegar teknar hafa verið afdrifaríkar ákvarðanir að ræða málin á eftir. Ég tel að þessi umræða hafi leitt það í ljós að ríkisstjórnin hefur flanað að þessu máli. Hún lét það dragast í eindaga að taka á vandamálum sem menn vissu að myndu stefna samskiptum

sjómanna og útgerðarmanna í óefni og því fór sem fór. Umræðan hér í dag hefur sýnt það að það er einmitt þetta sem gerðist. Sumir hv. þingmenn sem hafa verið að tala hér hafa talað næstum því eins og ágreiningur sjómanna og útgerðarmanna hafi sprottið upp úr jörðinni en aðrir hafa bent á að þessi deila á sér lengri aðdraganda en hún hafi bara skollið á um áramótin. Og auðvitað hafa bráðabirgðalögin ekki leyst neitt mál annað heldur en verða til þess að landfestar hafa verið leystar á þessum skipum og þess vegna þurfa menn að fara að vinna þá vinnu sem svikist var um að vinna áður.

Verkfall sjómanna var krafa um stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar. Það er ekkert vafamál. Ríkisstjórnin var búin að leggja frv. fram í þinginu mótuð af tvíhöfða nefnd þar sem núgildandi fyrirkomulag í stjórn fiskveiða átti að festast í sessi með þeim annmörkum sem sjómenn voru að berjast gegn og hún ítrekaði nánast sinn skilning á málinu með því að láta þessi frumvörp inn í þingið þegar deilan var bókstaflega skollin á.

En þurfti þá að setja þessi bráðabirgðalög og var þá einhver möguleiki til þess að leysa þessi mál? Ég held að svarið við þeirri spurningu sé nei. Ég held að það hefði verið hægt að leysa þessi mál. Ég held að ef sjútvn. þingsins hefði fengið tækifæri, sem hún hefur aldrei fengið, til að fjalla um þessi ágreiningsatriði og *með viðræðum við sjómenn og ef menn hefðu síðan í* framhaldi af því getað gefið yfirlýsingar um á hvaða grundvelli ætti að vinna að breytingum á lögum í þinginu, þá hefði verið hægt að fá sjómenn til að fresta verkfallinu. Þetta var bara einfaldlega ekki fyrir hendi. Þrátt fyrir að spurt væri ítrekað eftir þessum málum í þinginu fyrir jól og farið fram á að eitthvað yrði gert til að afstýra þessu verkfalli var ekkert gert. Menn biðu eftir verkfallinu. Þeir ætluðu að láta málið annaðhvort leysast í verkfallinu eða setja bráðabirgðalög. Afstöðu þingmanna, sem koma upp í ræðustól og segja: Það var ekkert annað að gera, menn gátu ekki náð samkomulagi, það var allt orðið of seint, þjóðarbúið í miklum vanda og engar líkur á því að menn næðu saman, má líkja við það að að lokum verður rétt ákvörðun að skjóta hest sem hefur verið sveltur svo lengi að hann getur ekki lifað lengur. Það er rétt ákvörðun en það firrir ekki þann sem svelti hann ábyrgðinni á því hvernig hann fór með skepnuna.

En þannig var það að að lokum eru margir, jafnvel flestir stjórnarsinnar á því að þetta hafi verið rétt ákvörðun vegna þess að málin voru ekki tekin til meðferðar á réttum tíma.

Mér hefur heyrst á ræðum hv. þm. í dag að þeir séu yfirleitt ekki mjög hrifnir af þessum hugmyndum um kvótamarkaðinn. Ef hann verður að veruleika er hann staðfesting á því að það eigi að setja auðlind þjóðarinnar á uppboð. Menn hljóta að taka afstöðu til hans út frá því. Ég geri mér grein fyrir því að t.d. alþýðuflokksmenn, sem hafa haldið því fram að það ætti að selja veiðiheimildirnar á einhvers konar markaði og *innheimta þannig auðlindaskatt í ríkissjóð*, urðu mjög kátir og ef ekki á að segja himinlifandi þegar hv. 1. þm. Austurl. ýtti á flot björgunarbátnum fyrir ríkisstjórnina og stakk upp á því að menn færu að skoða þá hugmynd að setja upp þennan kvótamarkað. Ríkisstjórnin hljóp á þessa lausn eins og skot mjög ánægð með það að hafa fengið þetta tækifæri. Það er eftir að sjá hvernig hv. 1. þm. Austurl. losar Framsfl. úr þessari klemmu sem hann er búinn að setja hann í með því að taka ábyrgð á því lausnarorði sem ríkisstjórnin hafði þegar hún ákvað að höggva á hnútinn í kjaradeilu sjómanna. Skyldi ekki verða svolítið erfitt fyrir hv. þm. Halldór Ásgrímsson að greiða atkvæði gegn þessu hugarfóstri sem hann setti á blað í Tímanum fyrir nokkrum dögum?

Ég er á þeirri skoðun að miðað við óbreytt kvótakerfi þá geti þessi svokallaði kvótamarkaður eða kvótaþing kannski orðið til þess að ástandið verði skárra. Menn geta auðvitað velt því fyrir sér hvort það eigi að taka þátt í að lappa upp á þetta kerfi sem er í gildi og hefur fjölmörg vandamál sem ekki verða leyst þó að með einhverju móti takist kannski að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum. Ég *bendi á að fjölmargir aðrir aðilar hafa orðið fyrir barð*inu á þessu kerfi. Það eru ekki bara sjómenn. Heilu byggðarlögin hafa orðið fyrir miklum skellum vegna þess hvernig þetta kerfi virkar og heilu landshlutarnir. Heilu landshlutarnir t.d. eru orðnir þannig settir gagnvart kvóta að þar er miklu meira fiskað en kvótinn segir til um og það eru einhverjir eigendur kvóta allt annars staðar af landinu sem láta veiða þennan fisk fyrir sig og flytja hann til vinnslu um þvert og endilangt landið. Þannig hefur þetta kerfi virkað.

Svo ég taki dæmi af Vesturlandi þá var þar búið að setja á takmarkanir á veiðum fyrir daga kvótakerfisins. Þá voru menn að setja þar friðanir bæði í Faxaflóa og á Breiðafirði. Þegar kvótakerfið var síðan sett á höfðu menn starfað undir þessum friðunum og fengu kvóta samkvæmt þeirri reynslu sem þeir höfðu. Hvernig er þetta í dag? Nú eru þessar friðanir að skila sér. Nú veiðist í Faxaflóa og á Breiðafirði miklu meira en kvótinn segir til um. Ekki fá byggðarlögin þar að njóta þess með neinu móti heldur eiga einhverjir aðrir einhvers staðar annars staðar á landinu þessar veiðiheimildir og láta flytja fiskinn í burtu. Það er þannig að einungis 45% af þeim fiski sem kemur að landi á þessu landsvæði er unninn heima. Tæp 42% er flutt í burtu. Það er verið að vinna nálægt 25% af því sem unnið var á þessu landsvæði 1985. Það hefur því komið illa við atvinnulífið þar og það er fráleitt að halda að það geti orðið friður um kerfi til að stjórna fiskveiðum í landinu sem mismunar fólki og byggðarlögum með þessum hætti. Þar eiga ekki bara sjómenn hlut að máli.

Nei, hæstv. ríkisstjórn hefur klúðrað þessum málum á alla enda og kanta. Hún hefur ekki látið fara fram neinar viðræður eða samráð, hvorki við sjómenn né fólkið í þessum byggðarlögum. Það starf er allt eftir. Sjútvn. Alþingis hlýtur að þurfa að taka þessi mál öll til mjög gaumgæfilegrar skoðunar og þá verður að líta á fleira en það sem menn rifust um í þessari kjaradeilu sem leyst var með bráðabirgðalögum.

[17:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hélt því fram að verkfall sjómanna hefði verið krafa um stefnubreytingu í fiskveiðistjórnunarmálum. Ég skildi hann svo að það hefðu verið mistök ríkisstjórnarinnar að átta sig ekki á því í lok sl. árs. En það voru einmitt atvinnurekendur sem í þessari deilu héldu þeirri skoðun fram undir lok sl. árs að kröfur sjómanna væru ólögmætar vegna þess að þær fælu í sér kröfu um að breyta gildandi löggjöf og það stangaðist á við ákvæði laganna um stéttarfélög og vinnudeilur. Þessu andmæltu sjómenn mjög eindregið. Atvinnurekendur létu sér ekki segjast og fóru með það mál fyrir félagsdóm til þess að fá úr því skorið hvor aðilinn hefði rétt fyrir sér. Félagsdómur dæmdi sjómönnum í vil og sýknaði þá af þeirri ákæru atvinnurekenda að kröfur þeirra væri krafa um grundvallarstefnubreytingu á löggjöf og beindust gegn stjórnvöldum.

Nú kemur hv. 3. þm. Vesturl. og tekur undir þessi sjónarmið atvinnurekenda sem félagsdómur er búinn að hnekkja. Ég hlýt því að spyrja hv. þm. um það hvort það hafi verið mistök af hans hálfu að leggja málið upp með þessum hætti eða hvort það var ásetningur af hans hálfu að stilla sér á þann veg upp með sjónarmiðum atvinnurekenda sem ég hélt að væri út úr heiminum vegna þess að félagsdómur er búinn að dæma um þessa fullyrðingu. (**ÓRG:** Þú viðurkenndir sjónarmið atvinnurekenda með því að setja upp þessa þriggja manna nefnd.)

[17:19]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þessi ræða hæstv. sjútvrh. lýsi því vel hvers konar vandamál er við að stríða í sjávarútvegsmálum. Maðurinn kemur upp í ræðustólinn eins og hann hafi ekki vitað hvað var að gerast í þessari deild og fer að tyggja upp einhverja hluti í sambandi við það hvernig félagsdómur kvað upp úrskurð sinn. Auðvitað veit hann betur. Hann veit um hvað deilan snýst í dag og hvað hún snerist um þá. Það hefur ekki neina þýðingu að vera með einhvern orðhengilshátt um þessa hluti. Deilan hefur snúist um stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli og hún gerir það enn. Hún snýst um það að ríkisstjórnin vildi hafa áfram í gildi þetta kerfi um stjórn fiskveiðanna og þau ákvæði sem hafa valdið því að það hefur verið hægt að fara aftan að sjómönnum í sambandi við kjör þeirra.

Ef hæstv. sjútvrh. er ekki enn þá kominn úr þessum buxunum þá getur kannski orðið erfitt að leysa málið ef hann ætlar að halda sig við þau sjónarmið sem hann hefur hér verið að boða. Ég held að það væri miklu nær að menn slíðruðu vopnin og færu af þessari braut sem ríkisstjórnin hefur verið á og að hún loksins núna hunskaðist til þess að reyna að hafa samráð við alla aðila um að leysa þessi mál. Það er affarasælla en að halda fram einhverju tali um það að hér sé á ferðinni einhver grundvallarágreiningur á milli t.d. mín og sjómanna, sem er alls ekki.

[17:21]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt ekki að það væri ágreiningur á milli hv. 3. þm. Vesturl. og sjómanna í þessu máli. Þess vegna kom mér það á óvart að hann skyldi leggja svona mikla áherslu á það sjónarmið sem atvinnurekendur tefldu fram í desembermánuði sl. að kröfur sjómanna væru um grundvallarbreytingar á lögum sem a.m.k. óheimilt er að knýja fram með verkfalli. Sjómenn sýndu fram á það með rökstuðningi fyrir félagsdómi að þessar fullyrðingar stóðust ekki. Þetta kom mér einkanlega á óvart af því að ég veit að hv. 3. þm. Vesturl. vill standa með sjómönnum í þessu máli. Þá kom mér það sannarlega á óvart að hann skyldi með þessum hætti taka svo sterklega undir þessi sjónarmið sem atvinnurekendur tefldu fram á sínum tíma en ég hélt að það hefði verið úr sögunni og hef ekki heyrt atvinnurekendur tala um eftir að félagsdómur féll. Ég tek eindregið undir þau sjónarmið hv. þm. og ég lagði mikla áherslu á í minni upphafsræðu hér að það sem máli skiptir vitaskuld í þessu er að menn horfi á málið í víðu samhengi og geri sér grein fyrir eðli þess og reyni að finna á því lausn. Ég er sannfærður um að það er vilji allra aðila að ná henni en viðfangsefnið er ekkert einfalt. Ég hlaut að vekja á því athygli hvernig hv. þm. lagði upp málstað sem atvinnurekendur hafa ekki haldið á lofti síðan félagsdómur féll og geri ráð fyrir því að þetta hafi verið mistök af hálfu hv. þm.

[17:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég lít ekki á það sem mistök af minni hálfu að tala eins og mér býr í brjósti í þessum ræðustól. Mér er alveg sama hvort að menn hafi komist að einhverri annarri niðurstöðu úti í bæ um það hvernig þessi mál snúa. En hvernig stendur á því að hæstv. sjútvrh. hefur staðið að setningu bráðabirgðalaga sem ganga út á það að stofna einhvers konar nefnd ráðuneytisstjóra úti í bæ sem síðan kemur með tillögur um nokkrar breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða til þess að leysa þessa vinnudeilu? A.m.k. er það yfirlýst markmið ríkisstjórnarinnar að leysa vinnudeiluna með því að breyta lögunum um stjórn fiskveiða. Hafa menn þá ekki komist að þeirri niðurstöðu, sem ég var að tala um áðan, að vitanlega var þetta krafa um stefnubreytingu, krafa um að ríkisstjórnin beitti sér fyrir breytingum á lögunum um stjórn fiskveiða og breytti fyrirætlunum sínum um lagasetningu í þessu efni sem hér liggur fyrir þinginu? Þetta er allt saman hér skjalfest. Og um hvað eru menn þá að deila?

[17:24]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér er búið að ræða þetta mál mikið í dag og mig langaði að koma að örfáum atriðum sem varða þessa deilu. Það er enginn vafi í mínum huga að hún þróaðist á hinn versta veg og atburðarásin varð einkennileg. Ég geri mér grein fyrir því að deilan var ekki alltaf ljós og margir þættir komu þar

inn í sem erfiðir voru. Hitt er enginn vafi að mestur þröskuldur í vegi þess að íslenskir sjómenn næðu saman við útvegsmenn um þetta mál eru þrír aðalleikarar í þessu leikriti ríkisstjórnarinnar. Þar eru Þórarinn V. Þórarinsson fremstur, Kristján Ragnarsson kannski feti framar og Davíð Oddsson þriðji stórleikarinn í þessari seríu. Menn sáu það allan desember að það var verið að draga deiluaðila á asnaeyrunum vegna þess að menn ætluðu að setja lög á íslenska sjómenn. Menn ætluðu ekki að leysa þessa deilu með öðrum hætti. Og kannski svo þaulhugsað að menn vildu gera það með bráðabirgðalögum meðan Alþingi Íslendinga væri enn í jólafríi.

Þetta eru stór orð en sá sem les þessa sögu desembermánaðar og fyrstu daga janúarmánaðar hlýtur að komast að þessari niðurstöðu. Það er nefnilega engin tilviljun að verða með þessa ríkisstjórn. Hún er eins og íhaldsstjórnir um allan heim. Hún hefur atvinnuleysið til að verja sig. Atvinnuleysið er sú svipa sem fastast hvín á hrygg verkamannsins. Við skulum gera okkur grein fyrir því að aðstæður íslenskra sjómanna eru ekkert glæsilegar um þessar mundir. Þegar pláss losnar á bát sækja tugir manna um starfið. Það er öðruvísi en áður var þegar kannski einn, tveir eða þrír voru að sækja um því atvinnuleysi var svo til óþekkt í landinu.

En þið sjáið það að frá því að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við þá hefur hún með lagasetningu truflað kjarasamninga og eðlilegan framgang kjaramála á Íslandi hvað eftir annað. Hún setti lög á Kjaradóm, eitt af hennar fyrstu verkum, þar sem mjög var níðst á prestum landins svo einhver stétt sé nefnd. (**Gripið fram í:** Og alþingismönnum.) Og alþingismönnum, er hér gripið fram í sem vissulega er rétt. Þar voru þeir einnig. Síðan má minna á Herjólfsdeilu sem var að vísu illleysanleg deila og hafði staðið um mjög langan tíma, hafði staðið fast að tveimur mánuðum og það var Alþingi Íslendinga sem það gerði. Síðan kemur þessi deila til og þá eru það bráðabirgðalög.

Ég skipti þessu máli nákvæmlega í tvennt. Það er í fyrsta lagi það ábyrgðarleysi sem ríkisstjórnin sýndi gagnvart sjómönnum og virðingarleysi að hvað eftir annað var af ákveðnum aðilum gefið undir fótinn með að deilan væri illleysanleg og einhverjar aðrar leiðir kæmu til greina. Ég er ekki að væna hæstv. sjútvrh. um það. Það eina sem kannski má segja um hann í þessari deilu er að það var eins og hann væri fjarri mikið af tímanum. Hann kom ekki mikið að málinu og tjáði sig þá hann gerði það af skynsemi, að mínu mati, en ég sá ekki að hann leggði svo sem mikið í púkkið til þess að lyktir næðust. Þar er því kannski hans hlutur.

En svo er hin hliðin og það er bráðabirgðalagasetningin. Hún er nefnilega ekkert grín. Hún er háalvarlegt mál í lýðræðisríki þegar þing er starfandi. Og þó að mönnum þyki auðveldara að vera lausir við þessa alþingismenn sem eru kjörnir hér til setu og hér komi menn sem hafa talið sig baráttumenn íslenskra sjómanna eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og segir: Guð hjálpi ykkur. — Eitthvað á þá leið. Haldið þið að þetta hafi verið rætt í einhverja tvo daga? Ef menn halda að löggjafarsamkoma sé einhver grínstofnun sem eigi að vera heima þegar heit mál eru? Það er kannski á slíkum dögum sem þjóðin krefst þess og hlustar á Alþingi og spyr eftir ábyrgð manna. Ég er ekkert viss um þó einhver lagasetning hefði komið til greina í þessu máli að það hafði getað verið öðruvísi en svo að menn hefðu sett hér lög til þess að koma í veg fyrir ákveðna þætti sem íslenskir sjómenn hafa sakað útgerðarmenn um að brjóta á sér. Þannig að það hafa ekki verið lög um að banna verkfall sjómanna fram á mitt sumar, fram á 15. júní, löngu eftir að allar sveitarstjórnarkosningar eru búnar og vonandi löngu eftir að þessi ríkisstjórn er fallin og farin frá. Það er mín heitasta ósk, hv. þm. Egill Jónsson. (Gripið fram í.) Síðan hefur það gerst sem maður sér að eru enn ein klókindin. Ég varð þess var að hópur manna sagði: Ja, í Framsfl. sko, mikilsmetinn er Halldór okkar Ásgrímsson, sögðu framsóknarmenn um allt land. Hann er kallaður til þess að ræða við Davíð Oddsson forsrh. Þetta var feikileg upplyfting fyrir framsóknarmenn að þeir héldu. (**ÓRG:** Það var nú annað sem þeir voru að tala um líka.) Þeir hafa sjálfsagt rætt margt á sínum fundum en þetta héldu menn að væri einhver upplyfting en vöruðu sig ekki á því ... (**ÓRG:** Það kom ekki ...) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GunnS)**:** Ég verð að biðja hv. þm. að gefa ræðumanni hljóð.)

Menn deildu um hver ástæðan væri. Einn sagði: Diplómatískur er hæstv. forsrh. Davíð Oddsson orðinn. Hann er farinn að tala við alla aðila í þjóðfélaginu og stjórnarandstöðuna líka og slær sér upp. (**ÓRG:** Ekki stjórnarandstöðuna, bara Halldór.) Já, bara Halldór fyrir hönd stjórnarandstöðunnar af því að hann stendur feti framar í hugum landsmanna heldur en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem væntanlegur leiðtogi þessarar þjóðar. (**ÓRG:** Væntanlegur leiðtogi?) Halldór Ásgrímsson. Hver efast um það? (**ÓRG:** Væntanlegur leiðtogi?) Ég sagði sem væntanlegur leiðtogi. (**ÓRG:** Það er þetta væntanlegur sem við gerum athugasemd við.) Hans tími kemur. — Enn aðrir sögðu sem svo: Þarna er Davíð rétt lýst. Aldrei getur hann séð hæstv. sjútvrh. Þorstein Pálsson í friði. Alltaf þarf hann að lítillækka hann. Og svo reiður varð náttúrlega hv. þm. Matthías Bjarnason að hann sagði: Af hverju kallar hann mig ekki, ég er fyrrverandi sjútvrh.

En þessu trúðu menn. Ég sá strax hvað þarna var á seyði og hef sagt það á mörgum fundum. Það var tvennt sem vakti fyrir hæstv. forsrh. Það vakti fyrir honum í pólitískum klókindum, af því að hann var staðráðinn í að setja bráðabirgðalög, að nokkrum klukkustundum áður skyldi hann eiga viðræður við Halldór Ásgrímsson og það hefur komið fram í umræðum ungu drengjanna í Sjálfstfl. að það hefði eiginlega verið Halldór Ásgrímsson sem setti þessi bráðabirgðalög. (**ÓRG:** Hann blessaði þau.) Það veit enginn um hvað þeim fór á milli, hv. þm., en þetta hefur komið fram í umræðunum hjá hóp af ungum þingmönnum að Halldór eiginlega bæri þarna þyngsta ábyrgð og sé meira að segja alveg sérstakur ráðgjafi um þessar mundir í sjávarútvegsmálum. Hann standi

eiginlega fremri hæstv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni, standi nær Davíð Oddssyni, svo maður veltir því eiginlega fyrir sér hvort maður fái ekki þær skelfilegu fréttir að morgni að Halldór sé orðinn sjútvrh. og Þorsteinn Pálsson hafi verið sendur í frí. (Gripið fram í.) Ekki vil ég vita af honum inni í þessari vandræða ríkisstjórn sem nú starfar.

En síðan er það annað. Auðvitað vita menn að í þessari umræðu hefur kvótakerfið mjög komið til tals og skyldi ekki hæstv. forsrh. hafa þótt mikilvægt að áminna Halldór Ásgrímsson í því efni og segja að hann beri ábyrgð á þessu öllu þó að við gerum okkur grein fyrir því sem höfum fylgst með kvótakerfinu að hæstv. núv. sjútvrh. á stærstan þátt í mörgum þeim vandamálum sem hafa sprottið út af því vegna þess að hann hefur ekki leitt deiluaðila saman til þess að leysa þau ágreiningsefni, þau vandamál sem fram koma, því það er ekkert eilíft undir sólinni og hvert það kerfi sem menn taka upp þarf á eilífum breytingum að halda með hverju missiri sem líður.

Ég fordæmi þessa bráðabirgðalagasetningu. Í fyrsta lagi var hún náttúrlega ótímabær, menn höfðu nógan tíma. Það var vitlaust veður á þessum tíma og skipin lágu í höfn, útgerðirnar hefðu þolað eina viku í viðbót og ekkert gerst, fiskurinn hefði kannski stækkað aðeins í sjónum. Menn segja að það hafi verið nauðsynlegt út af loðnu o.s.frv. En það er ekki hægt að verja þessa gjörð ríkisstjórnarinnar af svo mörgum ástæðum, þannig að ég vil nota þetta tækifæri og fordæma fullkomlega þessa lagasetningu og þarf kannski ekki að hafa mína ræðu öllu lengri um þetta mál en ég held að verkalýðshreyfingin á Íslandi, hvort sem það eru sjómenn eða aðrir, verði að vakna til vitundar um það við hvers lags ofríki hin íslenska þjóð býr um þessar mundir þar sem allur réttur manna skal brotinn og keyrður niður. Það er því líkast að við búum í einræðisríki þannig að verkalýðshreyfingin þarf á öllu sínu að halda til þess að ná saman um sín mál.

Það hafa ýmsir tekið undir þann málflutning sem ég hef viðhaft. Ég hygg að Guðjón A. Kristjánsson væri sá maður sem fyrstur kæmi inn á Alþingi fyrir Sjálfstfl. ef þeir forfölluðust Matthías Bjarnason eða Einar K. Guðfinnsson. Hann hefur haft stór orð um það hvernig gripið var inn í þessa deilu og sér það kannski í gegnum sín gleraugu með einhverjum svipuðum augum að hann gat aldrei sest að samningaborði við sína viðsemjendur vegna þess að mynd forsrh. var alltaf á veggnum á bak við Kristján Ragnarsson og Þórarinn V. Þórarinsson með lagasetningarvopnið á bak við sig.

Þannig að ég ætla að hlífa ykkur við öllu því sem hefur verið sagt og skrifað af hinum ýmsu aðilum sem nálægt þessari deilu komu.

En auðvitað er það margt sem maður undrast í bráðabirgðalagasetningunni hjá ríkisstjórninni. Ég hef vakið athygli á 15. júní, að allt skyldi bannað til 15. júní, og síðan er það auðvitað eins og hér hefur komið fram í 1. gr. þar sem með lögum er sjútvrh. skipað að setja nefnd. Þannig að allir hlutir varðandi þessa deilu eru einkennilegir, en í guðs bænum þvoið ekki hendur ykkar með því að reyna að kenna öðrum um. Það eru þeir sem sitja á Alþingi í dag fyrir Sjálfstfl. og Alþfl. sem bera ábyrgð á þessari bráðabirgðalagasetningu. (**StG:** Samþykktu þingflokkar Sjálfstfl. og Alþfl. það ekki?) Það er nú ein spurning sem auðvitað vakir fyrir og við höfum heyrt það hér að ýmsir hv. þm. Sjálfstfl. hafa talað og það hefur verið engin leið að skilja hver þeirra afstaða væri. Ég minni hér á hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, ég minni á hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, ég get talið þá fleiri. (**EgJ:** En formaður Framsfl.?) (**ÓÞÞ:** Hvað með Egil Jónsson?) (**Gripið fram í:** Já, já. Hvað með Egil? Hver er afstaðan?) Það hefur enginn hugmynd um afstöðu hv. þm. Egils Jónssonar.

(**Forseti** (GunnS)**:** Ég bið hv. þm. að stunda frið í þingsalnum.)

Og ekki þætti mér ótrúlegt að með einhverjum orðum mundi hv. þm. Egill Jónsson fordæma þessar aðgerðir á fjörðum austur. (**Gripið fram í:** Var hann spurður?) En hitt er kannski atriði sem menn hafa of lítið rætt hér. Hvar er þessi alþýðuflokkur verkalýðsins? (**StG:** Það er rétt. Hvar er hann?) Hvar eru menn-irnir sem hér hafa þanið sig úr þessum ræðustól og fordæmt af slíkri heift alla lagasetningu í gegnum tíðina á verkföll og launakjör? (**EgJ:** En formaður Framsfl?) (**ÓRG:** Það er allt í lagi með hann.) (**EgJ:** En varaformaður?) (**ÓRG:** Varaformaður Framsfl.? Það er annar maður.) Varaformaður Framsfl., hv. þm., mun vera með leyfi í þinginu í dag og það lá fyrir í gær. En ég spyr eftir þessum alþýðuflokksmönnum og kannski væri full ástæða til þess að flytja allar þær réttlætisræður sem Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Baldvin Hannibalsson og fleiri og fleiri úr þeim flokki, ég tala ekki um úr verkalýðsarminum, hafa kyrjað yfir þessum þingsal. En það kann að vera að sá flokkur sé nú svo dauður úr öllum æðum og hugsi um það eitt að koma öllum sínum mönnum fyrir við feit embætti og stöður, að menn séu að tína út síðustu mennina þessa dagana. (**Gripið fram í:** Þeir eru fæstir hér. Þú átt ekki að tala svona um menn sem ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér.) Hér er fullt af krötum í salnum þannig að þeir bera hönd fyrir höfuð sér. Hér er hæstv. forseti í forsetastól sem getur fengið skipti. Hér sé ég krata á einhverjum bekkjum.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa ræðu mína en lýsi því yfir að þetta er eitthvert mesta níðhögg sem gerst hefur í kjaradeilu. Ég hygg að hæstv. sjútvrh. sé það vel kunnugt að á ýmsum stöðum var þessi deila að leysast og átti kannski aðeins nokkrar klukkustundir í að samningar tækjust á milli einstakra félaga sem hefði síðan orðið leiðandi lausn í þessu máli. En hin var niðurstaðan að þessi ríkisstjórn kaus að láta íslenskan verkalýð vita af því hverjir héldu á svipunni og hverjir mundu taka á íslenskum verkalýð ef til átaka kæmi á vinnumarkaði.

[17:44]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á gamlársdag flutti hæstv. forsrh. ávarp til þjóðarinnar. Í því ávarpi sagði hæstv. forsrh. að sú ríkisstjórn sem nú situr hefði tryggt vinnufrið á árinu 1994. Forsrh. sagði alveg skýrt í hátíðar-

ávarpi sínu til þjóðarinnar að eitt helsta afrek ríkisstjórnarinnar, eiginleiki hennar sem sýndi styrk hennar og getu, væri sá að hún hefði tryggt vinnufrið á árinu 1994, nú væri að ganga í garð nýtt ár þar sem friður yrði á vinnumarkaði.

Ásamt þeirri ræðu sem forsrh. flytur 17. júní er ávarpið á gamlársdag mikilvægasti texti sem forsrh. flytur þjóðinni. (**ÓÞÞ:** Loforð um bráðabirgðalög.) Auðvitað vissi hæstv. forsrh. það að innan fáeinna klukkustunda mundi hefjast sjómannaverkfall. Auðvitað vissi hæstv. forsrh. það að fiskiskipaflotinn yrði nánast allur, nema í einum landshluta, bundinn við bryggju. Auðvitað vissi hæstv. forsrh. að einhver mikilvægasta stétt þessa þjóðfélags væri að hefja harða kjarabaráttu, kjarabaráttu og verkfall sem ekki aðeins mundi lama flotann heldur lama fiskvinnsluna alla nánast nema í einum landshluta og hafa víðtæk áhrif um þjóðfélagið allt. Engu að síður sagði hæstv. forsrh.: Þessi ríkisstjórn hefur tryggt vinnufrið árið 1994. Hvað merktu þessi orð? Þau merktu fyrirheit til útgerðarmanna, til LÍÚ, til Kristjáns Ragnarssonar, um að það yrðu sett bráðabirgðalög á þessa deilu. Því forsrh. sem lýsir því yfir í stefnuræðu sinni á gamlársdag að hann muni tryggja vinnufrið á árinu 1994 var þá í því ávarpi að tilkynna bráðabirgðalögin og það var eingöngu eftir fyrir útgerðarmenn í landinu að bíða bara þær tvær vikur sem þurfti eða svo þar til hægt væri að setja lögin.

Þess vegna var öll framganga hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. þar á eftir skrípaleikur, ekkert annað en skrípaleikur og látalæti.

Ætlar einhver að koma upp í þennan ræðustól og lýsa því yfir að yfirlýsingin um vinnufrið á árinu 1994 hjá hæstv. forsrh. í hátíðarávarpinu á gamlársdag sé markleysa? Auðvitað ekki. Auðvitað vissi Kristján Ragnarsson og stjórn LÍÚ að þessi yfirlýsing þýddi að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson gat ekki látið það gerast að orð hans yrðu markleysa. Þess vegna voru sett bráðabirgðalög sem ekki voru þess eðlis að það væri skapaður tími fyrir viðræðuaðilana til að leysa málin sjálfur eins og hæstv. forsrh. sagði þá fyrstu dagana í janúarmánuði og hæstv. sjútvrh. er enn að segja í dag því þá hefði verið nægilegt að setja bráðabirgðalögin og binda verkfallið eingöngu með eins til tveggja mánaða fresti, en það er ekki gert. Verkfallið er blásið af langt fram eftir öllu þessu ári. (**Gripið fram í:** Og fram yfir kosningar.) Og fram yfir kosningar til sveitarstjórna og fram yfir þann tíma að flestar útgerðir í landinu eru búnar með sinn kvóta.

Það liggur þess vegna alveg klárt fyrir að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson tilkynnti bráðabirgðalögin á gamlársdag. Og svo er hæstv. sjútvrh. í einhverjum látbragðsleik og orðræðu um það að einstakir þingmenn eigi að átta sig á því að hitt og þetta og annað sé óeðlilegur málflutningur í þessari deilu. Maðurinn sem tók þátt í því með LÍÚ að sviðsetja atburðarás til þess að hægt væri að setja bráðabirgðalögin og ónýta allan málatilbúnað sjómanna. Það er satt að segja merki um það hve lítilsigld forusta Sjálfstfl. í sjómannasamtökunum er að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson skuli ekki hér í dag hella sér yfir forsrh. (**GHall:** Hann þarf þá að vera viðstaddur.) Nei, hann þarf ekki að vera viðstaddur vegna þess að það er fyllilega leyfilegt hér í ræðustól á Alþingi að tala við ráðherra þó þeir séu ekki viðstaddir. En ef það er afsökun hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar fyrir því að hann hellir sér ekki yfir forsrh. í dag sú ein að hann sé ekki viðstaddur þá er sjálfsagt að bíða með þessa umræðu þar til forsrh. kemur aftur svo hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson geti þá sýnt að það sé í honum einhver manndómur, að hann meini eitthvað með því að vera í forustu fyrir sjómenn í Reykjavík. En hann sé ekki líka þátttakandi í þessu spilverki með sjómannastéttina á Íslandi. (**GHall:** Mikill manndómur leynist í þér, herra minn.) Mikill manndómur leynist hér segir hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og hefur þetta að háði og spotti. Hlustaði hann ekki á hátíðarávarp forsrh.? Vissi hann ekki hvað yfirlýsingin þýddi um vinnufrið á árinu 1994? Það er þess vegna alveg skýrt og getur ekki verið skýrar að það var hér vinnubandalag formanns Sjálfstfl. og sjútvrh. og forustu LÍÚ um að eyða þessu verkfalli með bráðabirgðalögum og það eina sem þurfti var að forusta LÍÚ segði í hvert sinn sem sjómenn komu með einhverja ósk. Nei. Önnur ósk. Nei. Þriðja ósk. Nei. Og sviðsetningin að kalla forustumenn sjómanna í forsrn., í sjútvrn., koma eins og hæstv. sjútvrh. fyrir framan fjölmiðlana og segja: Ja, nú hefur náðst samkomulag um að segja nú ekki neitt um það sem hér hefur farið fram, allt saman sviðsetning. Enda er það auðvitað þannig þegar menn heyra lýsingu á ferlinu að það var alveg sama hvað forustumenn sjómanna komu með, forusta LÍÚ sagði annaðhvort nei eða hún beinlínis stóð upp og sagði: Ég er hætt þessum viðræðum.

Þingflokkur Alþb. fékk formann Sjómannasambandsins og formann Farmanna- og fiskimannasambandsins, sem reyndar er varaþingmaður Sjálfstfl., til viðræðna núna fyrir nokkrum dögum síðan um þessa atburðarás. Og við fengum nákvæma lýsingu á því hjá Óskari Vigfússyni, formanni Sjómannasambands Íslands, og formanni Farmanna- og fiskimannasambandsins hvernig þetta gekk fyrir sig, dag fyrir dag, lið fyrir lið, umræðukafla fyrir umræðukafla. Niðurstaðan er alveg augljós. Þess vegna er það alveg rétt sem hv. þm. Guðni Ágústsson sagði hér áðan, alveg hárrétt, að þetta væri eitthvert mesta níðhögg sem gerst hefði í kjaradeilu. Það er alveg rétt. En þá vil ég segja við þennan hv. þm., ég skil ekki yfirlýsingu Halldórs Ásgrímssonar daginn eftir að bráðabirgðalögin voru sett. Vegna þess að hv. þm. Halldór Ásgrímsson sagði í viðtali við Ríkisútvarpið 16. jan., með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og staðan var orðin held ég að nauðsynlegt hafi verið að fara í löggjöf vegna þess að aðilar voru hættir að tala saman og það var ekkert traust á milli manna að því er virtist. Það er engin leið að leysa deilur nema skapa traust á milli aðila."

Og hann sagði meira í þessu viðtali: „Með því að setja þessi bráðabirgðalög er verið að fresta átakspunktinum sem er að sjálfsögðu slæmt. Það sem ger-

ist þó er að menn búa til vettvang til að tala saman. Þannig að miðað við allan aðdraganda þá var ekki annað að gera trúlega en að setja lög."

Varaformaður Framsfl., hv. 1. þm. Austfl., Halldór Ásgrímsson, segir það hér að það hafi ekki verið annað að gera en að setja þessi lög. (**ÓÞÞ:** Og hvað skilur þingmaðurinn ekki?) Það sem ég skil ekki, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, er hvernig það geti gerst að varaformaður Framsfl. lýsi þessari skoðun þegar formaður Framsfl. hafði daginn áður fordæmt bráðabirgðalögin mjög harkalega. (**JGS:** Svona gerist aldrei í Alþb.) Hv. þm. Jóhannes Geir kaus að blanda sér í þessa umræðu. Honum er frjálst að gera það með ræðu hér á eftir ef hann vill skýra út þessa yfirlýsingu Halldórs Ásgrímssonar þá væri ég þakklátur fyrir það. Hann hefur tekið að sér að skýra ýmislegt annað sem Halldór Ásgrímsson hefur flutt hér inn á Alþingi þannig að það væri ágætt ef hann gerði það einnig í þessu máli.

En ég var spurður að því af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni hvað það væri sem ég skildi ekki en það sem ég skil ekki er: Miðað við yfirlýsingu Framsfl., miðað við þau orð sem þingmenn Framsfl. hafa að mínum dómi réttilega látið falla í umræðunum, nú síðast hv. þm. Guðni Ágústsson, um þessi lög þá skil ég ekki hvernig varaformaður Framsfl. nánast blessar bráðabirgðalögin í þessari yfirlýsingu sem hann gaf 16. jan. Það er ekki hægt að skilja þessa yfirlýsingu á annan veg en þann þegar hann sagði orðrétt: „Miðað við allan aðdragandann þá var ekkert annað að gera trúlega en að setja lög." Síðan kemur hann með afsökun um það að aðilar hafi verið hættir að tala saman o.s.frv. Af hverju voru aðilar hættir að tala saman? Vegna þess að forsrh. Davíð Oddsson var á gamlárskvöld búinn að tryggja LÍÚ að það yrðu sett bráðabirgðalög. Og eina skynsamlega skýringin á framgöngu LÍÚ í málinu allan tímann er að þeir voru með þá tryggingu bak við sig. Vonandi voru það mistök hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að setja þetta fram. Ég ætla ekki að leggja meira út af því. Ég vil frekar hafa það þannig að sú afstaða sem hér hefur verið lýst í umræðunni sé afstaða Framsfl. Þá erum við sammála í því hér að fordæma eins og hv. þm. Guðni Ágústsson gerði réttilega að mínum dómi þessi bráðabirgðalög sem níðhögg því auðvitað er það níðhögg að forsrh. og sjútvrh. taki þátt í þessu spilverki með LÍÚ og taki verkfallsréttinn af sjómönnum með þessum hætti sem hér hefur gerst.

Síðan kaus hæstv. sjútvrh. að koma inn í umræðuna og fara að snúa út úr orðum hv. þm. Jóhanns Ársælssonar með því að velta upp hvað sjómenn hefðu sagt í tengslum við félagsdóminn og segja við hv. þm. að vegna þess að hann hélt því fram að þessi deila tengdist lögunum um stjórn fiskveiða þá væri hann að taka upp eitthvert mál sem fulltrúar sjómanna hefðu horfið frá og þetta væri allt saman mjög slæmt. Hvað gerir sú nefnd sem skipuð er skv. 1. gr. þessara bráðabirgðalaga? Hvað stendur í þeirri skýrslu sem dreift er með haus sjútvrn. með undirskrift Þorsteins Pálssonar hæstv. ráðherra sjálfs? Þar er það útskýrt mjög rækilega að kjarninn í þessari deilu felist í ákvæðunum um stjórn fiskveiða. Meira að segja hæstv. sjútvrh. hefur undirstrikað málið sérstaklega með því að leggja þessa skýrslu fyrir sjútvn.

Ég þarf í sjálfu sér ekki að endursegja þetta álit en á bls. 4 í því er það skýrt tekið fram að það þurfi að breyta lögunum um stjórn fiskveiða til að leysa úr hnútnum. Hvað hefur hæstv. forsrh. sagt og hvað sagði hæstv. sjútvrh. einnig hér í dag? Hann segir að í bráðabirgðalögunum sé ekki tekin efnisafstaða til deilunnar. En efnisþátturinn komi frá nefndinni. Hver er sá efnisþáttur? Það eru lögin um stjórn fiskveiða, ekkert annað. Það er ekkert annað í þessu áliti heldur en tillögur um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Hver er ástæðan? (**StG:** Jú, jú. Líka þessi sem liggja á borðunum frá ...) Já, ég kem að því. Ég átti nú reyndar við þau bæði, frv. um stjórn fiskveiða. Og hver er ástæðan fyrir því að þessi umræða er hér í dag, hæstv. sjútvrh.? Hún er sú að það vita það allir að það varð að ræða þessi bráðabirgðalög og tillögur þessarar nefndar áður en umræðan um frv. um stjórn fiskveiða hæfist í þinginu. Þannig að þetta er fullkominn stráksskapur og ómerkilegheit í hæstv. ráðherra að koma upp í andsvari eins og hann gerði áðan og flytja það mál sem við hlustuðum öll á. Það vekur satt að segja undrun manns hvað eftir annað að hæstv. sjútvrh., hvort sem hann birtist hér í því hlutverki eða hæstv. dómsmrh., skuli detta í þetta aftur og aftur að beita aðferðum af þessu tagi.

En hvað ætlar hæstv. ráðherra að gera? Ætlar hann að lögfesta þetta sem er í þessari skýrslu? Vill hann svara því hér í dag? LÍÚ hefur þegar mótmælt þessu. Mér skilst að stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins hafi líka mótmælt þessu. Kannski mótmælir Sjómannasamband Íslands því líka. Hvað ætlar ráðherrann að gera þá? Þá liggur ljóst fyrir samkvæmt hans eigin yfirlýsingum að efnisþáttur deilunnar er óleystur. En ríkisstjórnin tók að sér með bráðabirgðalögunum að leysa efnisþátt deilunnar. Það var nefnilega kjarninn í bráðabirgðalögunum að ríkisstjórnin tók að sér að leysa efnisþátt deilunnar. Um það er 1. gr. þessara bráðabirgðalaga. Og það er þess vegna ekki hægt að afgreiða bráðabirgðalögin fyrr en ríkisstjórnin er komin með efnisþátt deilunnar hvað lausn snertir. Þess vegna er það skiljanlegt að forustumenn samtaka sjómanna skuli hafa sagt, m.a. á þeim viðræðufundi sem við áttum með þeim, að fyrst ríkisstjórnin tók að sér með bráðabirgðalögunum að leysa efnisþátt deilunnar þá sé best að hún og Alþingi fái alla þættina í kjaramálum sjómanna. Því kjarninn í þessum bráðabirgðalögum er nefnilega ekki sá að fresta verkfalli, það er misskilningur. Það er ekki kjarninn í þessum bráðabirgðalögum. Það var að vísu afleiðing bráðabirgðalaganna að sjómennirnir sigldu. Kjarninn í bráðabirgðalögunum er að segja: Alþingi og ríkisstjórn ætla að leysa efnisþátt deilunnar. Að því leyti eru þessi bráðabirgðalög allt öðruvísi en ýmis bráðabirgðalög sem hér hafa verið sett á kjaradeilur. Við settum t.d. bráðabirgðalög á kjaradeilu um Herjólf, Vestmannaeyjaferjuna. Þar var efnisþættinum komið fyrir með þeim hætti að það var settur upp sérstakur gerðardóm-

ur til að fjalla um efnisþátt deilunnar. Það er ekki gert í þessum lögum. Sá sem á að fjalla um efnisþátt deilunnar eru þeir sem sitja í þessum sal eða meiri hluti inn á Alþingi og ríkisstjórnin sjálf. Það er kaflinn sem hæstv. sjútvrh. ætti frekar að taka fyrir heldur en að vera hér með skæting út í einstaka þingmenn. Að lýsa því í fullri alvöru hvar lausnin er á þessum efnisþætti deilunnar og deilunni allri. Því það er gerð þessa frv. og kjarni þess. Þess vegna getur þingið ekki afgreitt þetta bráðabirgðalagafrv. fyrr en efnisinnihaldið í 1. gr. liggur fyrir. Nema það sé ekki að marka neitt sem ráðherrarnir segja í þeim efnum. Munurinn er hins vegar sá að hér er ekki bara um yfirlýsingar að ræða heldur 1. gr. bráðabirgðalaganna. Með því að samþykkja það skuldbatt Alþfl., skuldbatt ríkisstjórnin og skuldbatt Sjálfstfl. sig til að leysa það sem útgerðarmenn og sjómenn gátu ekki leyst við viðræðuborðið. Hæstv. sjútvrh., við bíðum eftir lýsingu á þeirri lausn.

[18:04]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Umræður um þetta frv. sem hér liggur fyrir um stöðvun verkfalls fiskimanna hafa einkum verið tvíþættar. Í fyrsta lagi um að nota þá aðferð að gefa út bráðabirgðalög við þær aðstæður sem ríktu og svo í öðru lagi um efni laganna.

Mér fannst þegar Alþingi var frestað fyrir jólin og ákveðið að það kæmi ekki saman fyrr en í síðasta lagi 24. jan. þá væri það ákaflega ótrúlegt að í þessu hléi yrði farið að gefa út bráðabirgðalög í deilu sjómanna þrátt fyrir að forsrh. færðist undan að gefa yfirlýsingu um það. Það hefur verið bent á það hér að til þess að kalla saman Alþingi þarf ekki nema nokkurra klukkutíma fyrirvara og því er það auðvelt. Það lágu fyrir yfirlýsingar eða krafa frá þingflokkum stjórnarandstöðunnar um að Alþingi kæmi saman og jafnframt lá í loftinu að það tæki ekki langan tíma að afgreiða mál ef ríkisstjórn vildi leggja það fyrir þingið. Það hafa komið fram yfirlýsingar um það síðar.

Hv. 16. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, lét í ljós undrun sína á því að stjórnarandstaðan skyldi lýsa því yfir að ef ríkisstjórnin hefði tekið ákvörðun um að leggja slíkt frv. fyrir Alþingi þá hefði náðst samstaða um að afgreiða það á skömmum tíma og það tákni því stuðning við efnisþætti frv. að gefa slíka yfirlýsingu. Ég held að okkur sé öllum ljóst að um leið og ríkisstjórn hefur tekið ákvörðun um að leggja slíkt frv. fyrir Alþingi þá er þar með útilokað að deiluaðilar nái neinu samkomulagi. Sá tími sem líður eftir að slík ákvörðun hefur verið tekin og opinberuð fer því til einskis þannig að það er ekki eftir neinu að bíða með að málið verði afgreitt og væntanlega samþykkt. En ef ekki er meiri hluti fyrir því á Alþingi þá fáist úr því skorið með því að það komi þá í ljós í atkvæðagreiðslu.

Eitt af því sem hefur verið gagnrýnt við þessa málsmeðferð hæstv. ríkisstjórnar er að það virðist nokkurn veginn augljóst, og hefur komið fram af yfirlýsingum einstakra stjórnarþingmanna, að það hafi ekki verið leitað eftir því við alla þingmenn stjórnarandstöðunnar hvort þeir muni styðja þetta frv. Mér fannst athyglisvert að það sem skýrast var í máli hv. 16. þm. Reykv. hér áðan var að þetta inngrip sem gert væri með þessari lagasetningu væri ekki eðlilegt og ekki ásættanlegt. Að vísu vildi hann ekki segja hvernig hann mundi greiða atkvæði við afgreiðslu málsins en þessi orð hans segja samt nokkuð mikið.

Það er ekki aðeins að það sé ljóst að samningar muni ekki nást milli deiluaðila þegar ríkisstjórnin hefur opinberað að hún ætli að leggja fram frv. sem bannar vinnudeiluna, það nægir að sjálfsögðu ef ráðherrar, ég tala nú ekki um ef hæstv. forsrh. gefur yfirlýsingar sem hægt er að skilja á þann veg að bráðabirgðalögum eða lagasetningu verði beitt.

Hv. 8. þm. Reykn. var það glöggskyggn á ræðu hæstv. forsrh. um áramótin, að hann taldi að þar hefði komið fram alveg ótvíræð yfirlýsing um að lagasetningu yrði beitt. Ég verð að viðurkenna að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því. Hins vegar var í orðum hæstv. forsrh. síðar augljóst að að því stefndi, þegar hann fór að tala um að lagasetning kæmi vel til greina. Þannig að ég held að það sé varla hægt að lýsa betur aðdragandanum að þessari stöðu heldur en hv. 8. þm. Reykn. gerði og þá um leið hvað felst í orðum hv. 1. þm. Austurl., Halldórs Ásgrímssonar, þegar hann segir: „Eins og staðan var orðin þá tel ég nauðsynlegt að fara í lagasetningu.“ Þegar það lá orðið fyrir, vegna orða hæstv. forsrh., að deilunni yrði lokið með löggjöf og þá voru samningsaðilar hættir að talast við. Við þær aðstæður var auðvitað ekki eftir neinu að bíða. En eftir sem áður er það vitanlega ámælisvert að það skyldi ekki vera gert á þann hátt að kalla Alþingi saman.

Síðan er það efnishliðin. Ég verð að viðurkenna að mér finnst ákaflega furðulegt að það skuli þurfa að setja bráðabirgðalög til að lögbinda 1. gr. þessa frv. Ég vil lesa hana þó það hafi kannski verið gert hér áður í umræðunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd þriggja manna. Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febrúar 1994.“

Hver bannar hæstv. sjútvrh. að skipa þriggja manna nefnd til þess að gera einhverjar tillögur sem á að skila fyrir ákveðinn tíma? Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. geti fundið einhverja þrjá menn sem hann geti falið að gera tillögur fyrir 1. febrúar án þess að það sé sett í lög. Þannig að ef þetta er aðalatriði frv., sem felst nú gjarnan í 1. gr., þá er ég hættur að skilja þörfina fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. Og ef efni þessarar greinar, þ.e. þessi nefndarskipun, hefði nægt til þess að leysa deiluna, þá er það sem sagt enn þá meiri spurning í mínum huga, af hverju þurfti bráðabirgðalög? En það sem kannski fyrst og fremst vaknar í huga manns er spurningin: Af hverju var hæstv. sjútvrh. ekki búinn að setja þessa nefnd á fót fyrir löngu síðan til þess að málið þyrfti ekki að fara í þennan hnút?

Vegna þessa dráttar er skiljanleg sú harða gagnrýni sem kom fram í máli hv. 16. þm. Reykv. hér áðan á hæstv. sjútvrh. Hann kom með hvítbók ríkisstjórnar-

innar og las upp úr henni stefnu og markmið í sjávarútvegsmálum. Hv. þm. sagði að það væri ástæða fyrir ríkisstjórnina að fara nú að framkvæma þegar liðið væri hátt á þriðja ár frá því að þessi orð voru sett á blað. Enn fremur sagði hv. þm. að það væru næg verkefni fyrir ríkisstjórnina að taka til hendinni. Af hverju flutti hv. 16. þm. Reykv. ekki fyrr þessa ræðu sína hér til þess að benda hæstv. ríkisstjórn á að hún þyrfti að taka til hendinni til þess að málin færu ekki í þennan hnút?

Það er því miður sannleikur í þessu máli, sem ég held að hafi komið skýrt fram í þessum umræðum, að það er aðgerðaleysi hæstv. ríkisstjórnar sem hefur komið málinu í þennan hnút. Allt frá því að núv. hæstv. ríkisstjórn var mynduð hafa ekki átt sér stað viðræður milli hæstv. ríkisstjórnar og hagsmunaaðila. Það hefur oft komið hér fram áður í umræðum að í staðinn fyrir að leita eftir samráði bæði við hagsmunaaðilana og stjórnarandstöðu, þá var skipuð tvíhöfða nefndin fræga sem lokaði sig af og formennirnir fóru að kynna sér málið. Annar þeirra, Þröstur Ólafsson, hefur lýst þeirri vinnu sinni, sem ég held að hafi tekið upp undir tvö ár, eitthvað á þá leið, að hann hafi farið í þessa nefnd og tekið að sér annað höfuðið í henni til þess að ganga af kvótakerfinu dauðu. En svo hafi hann farið að læra og læra og læra og út úr þeim lærdómi öllum kom að það ætti að halda því áfram.

Það er dýrt spaug fyrir íslenskan sjávarútveg að eyða þannig tímanum í námskeið fyrir aðila sem virðast ekki hafa vitað um hvað þeir voru að tala um áður en þeir tóku til þessara starfa. (**ÓÞÞ:** Þröstur hefur nú gott af að læra svolítið.) Það getur vel verið. En eins og ég segi, það er dýrt spaug fyrir sjávarútveg og fyrir íslensku þjóðina þegar það endar síðan með þeim ósköpum sem gerðust svo nú í haust, þegar þolinmæðin er þrotin hjá hagsmunaaðilum og þeir sjá að ekkert kemur bitastætt út úr hlutunum.

Hins vegar fannst mér það ákaflega athyglisvert að heyra það á útgerðarstöðum að vilji til samkomulags í þessu máli milli útgerðar og sjómanna víða væri mikill. Það hefði ekki borið svo mikið á milli víða til þess að samkomulag tækist. Og að því leyti eða með það í huga, þá er þessi gjörningur líka vafasamur sem við erum hér að fjalla um. En málsmeðferð öll virðist mér harla vafasöm og ekki traustvekjandi og ekki unnt að lýsa yfir stuðningi við.

[18:20]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns vildi ég ítreka það sem ég sagði áðan, að það er og var nokkurt efni til til þess að skerpa á því sem deilt var mest um. Það er í fyrsta lagi yfirlýsing frá því 26. apríl 1992, hvar útgerðarmenn og fulltrúar sjómanna höfðu undirritað yfirlýsingu þess efnis að: „Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað".

Það kemur mér ákaflega spánskt fyrir sjónir ef það er rétt sem síðasti ræðumaður var að segja hér áðan, að fulltrúar útgerðarmanna vítt og breitt um landið hafi verið tilbúnir til þess að semja við sjómenn. Það var allt annað að heyra á þeirra talsmanni, Kristjáni Ragnarssyni. Það var aldeilis ekkert samningshljóð í honum. Og jafnvel þó að þessi yfirlýsing sé til eins og hún stendur hér skrifuð, þá er samt sem áður ekki farið eftir henni. Og þá vaknar sú spurning hvort ekki væri þá eðlilegt að lögbinda þessa yfirlýsingu, þó að ég, og ég ítreka það, sé á móti þessari lagasetningu.

Hitt málið sem ég var að tala um hér áðan er í hvítbók ríkisstjórnarinnar. Þar hefur nokkuð miðað áleiðis, einkum í sambandi við Verðlagsráð sjávarútvegsins sem hefur verið mörgum ríkisstjórnum hinn mesti þröskuldur og venjulega staðið í mikilli deilu milli sjómanna og útgerðarmanna þegar Verðlagsráð hefur ákveðið verðlagningu á sjávarafurðum í byrjun janúar hér á árum áður. Sem betur fer hefur það verið aflagt, en það sem hins vegar vantar á eru fiskmarkaðirnir og samtenging þeirra og viðmiðunarverð. Og á mörgum stöðum úti á landi hefur kaupfélagsstjórinn og aðrir því um líkir verið að borga sjómönnum langt undir eðlilegu verði og það er það sem þarf að taka á. (**Gripið fram í:** Kaupfélagsstjórar?) (**Gripið fram í:** Úr eigin vasa?) (**ÓÞÞ:** Er Kristján Ragnarsson orðinn varðhundur fyrir þá?)

[18:22]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir orð hans hér áðan því hann sagði að 24. apríl 1992 hefðu útgerðarmenn og sjómenn birt sameiginlega yfirlýsingu sem var samkomulagsgrundvöllur. En af hverju var þá ekki gengið þannig frá málum að þetta héldi betur? Er þetta ekki nokkuð hörð ásökun á hæstv. sjútvrh., að eftir hér um bil tvö ár skuli þetta samt enn þá svífa í lausu lofti, þrátt fyrir þessa yfirlýsingu? Hefði ekki þurft að ganga þannig frá því þá í lagasetningu að ekki færi þar neitt á milli mála? Ég held að þetta undirstriki enn þá það sem ég sagði um það að ræða hv. 16. þm. Reykv. var mjög hörð árás á hæstv. sjútvrh. Hv. þm. minntist hér á fiskmarkaðina. Hann veit það sjálfsagt mætavel að þeir voru settir á stofn í tíð hæstv. fyrrv. sjútvrh., Halldórs Ásgrímssonar. En það er kannski alveg rétt hjá hv. þm. að þróun þeirra hafi síðan staðnað síðustu þrjú árin.

[18:24]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þótti eiginlega ómaklega vegið að Þresti Ólafssyni varðandi það atriði, að þegar almennt er mælt með því að menn fari í endurmenntun á ýmsum sviðum, þá sjái menn eftir því að hann eyði tveimur árum ævi sinnar í að kynna sér sjávarútveg sem þjóðin lifir nú á. Ég hef trú á því að hann hefði gott af því að vera í endurmenntun næstu 20 árin og mundi ekki sjá eftir því að hann fengi opinberan stuðning til þess að vera á námskeiðum alveg samfellt. Þessu vildi ég koma á framfæri.

En varðandi það sem hér kom fram og getur nú varla talist andsvar við hv. þm. Jón Helgason, að Kristján Ragnarsson sé orðinn lífvörður fyrir kaupfélagsstjóra úti á landi. Það vil ég fá útskýrt miklu nánar. Ég

hef ekki frétt af því að hann sé orðinn forstjóri fyrir Sambandið, en það má vel vera að það sé búið að ganga frá þessu í hvítbókinni og hafi verið gert núna um áramótin.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill minna hv. þm. á að það er aðeins hægt að veita andsvar við ræðu þingmanna, en ekki andsvar við andsvari.

[18:26]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það mál ýmissa sem hér hafa talað, að við stöndum frammi fyrir erfiðum hlut og hugsanlega erfiðri gjörð. Hins vegar liggur málið fyrir með öðruvísi hætti heldur en sumir hafa viljað vera láta. Í nærri því eitt ár hafa verið lausir samningar sjómanna án þess að viðræður hafi átt sér stað fyrr en á allra síðustu vikum. Þegar ríkisstjórnin greip til þess ráðs að setja bráðabirgðalög á verkfall sjómanna hafði það staðið í tvær vikur og það hafði ekki dugað til að ná þeim árangri sem verkfalli er venjulega til ætlað, að fá menn að samningaborði til viðræðna um ágreiningsefnin. Ég get ekki tekið undir þær hugmyndir að verkfall sé til þess eins að vera í verkfalli. Það hlýtur að vera tæki til að ná einhverju fram varðandi kjör.

Endurteknar tilraunir bæði fyrir milligöngu ríkissáttasemjara og a.m.k. þrisvar sinnum fyrir milligöngu sjútvrh., til að fá menn aftur saman að samningaborði til að ræða tillögur sem þeir voru ekki menn til að leggja fram sjálfir og vildu engar leggja fram sjálfir, allar þessar tilraunir runnu út í sandinn vegna óbilgirni þeirra. (**Gripið fram í:** Hverra?) Samningamannanna. Það liggur fyrir. (**Gripið fram í:** Hvorra?) Það má vera af beggja hálfu, hv. þm. Það liggur fyrir, við getum rakið það í fjölmiðlum, hvort heldur er pressunni eða ljósvakamiðlunum, að fulltrúar beggja aðilanna hafa látið ganga á milli brigslyrði og stóryrði hvað eftir annað. Og hverri einustu tilraun til að ná þeim að samningaborði lauk með því að fulltrúi einhvers þeirra rauk á dyr í fússi og neitaði að ræða frekar fyrirliggjandi tillögur (**Gripið fram í:** Missa af bráðabirgðalögunum.) hvaðan sem þær komu. Hv. þm., þess verður að geta að þessi viðbrögð voru af hálfu allra deiluaðila á einhverjum tíma. Þannig að það verður ekki rakið af þessum viðbrögðum þeirra allra að einhver einn þeirra en ekki hinir hafi talið sig hafa þessa fullvissu. Ef segja má það um viðbrögð einhvers þeirra, þá á það örugglega við um fleiri og örugglega við um einhverja beggja megin borðsins.

Þessi deila var óvenjuleg á þeim tíma sem við höfum lifað að undanförnu, því við hljótum að meta það við aðra aðila á vinnumarkaði að þeir hafa verið sáttfúsir og sýnt samstarfsvilja sjálfir til að leysa úr deiluefnum eða ágreiningsefnum. En ekki þessir sem fengist hafa við deiluefni sjómanna og útgerðarmanna. Deilan er því óvenjuleg að því leyti hversu hatrömm hún hefur orðið og hversu lítinn vilja þessir aðilar hafa sýnt á sama tíma og aðrir aðilar á vinnumarkaði hafa sýnt bæði langlundargeð og samstarfsvilja. Ég segi fyrir mitt leyti að það hefur komið mér á óvart allt sl. ár, allt frá því að samningar sjómanna urðu lausir. Deiluefnin sem mest hafa verið uppi og helst hefur verið haldið fram af talsmönnum sjómanna er það sem þeir kalla kvótabrask. Enn fremur kvótakaup með þátttöku sjómanna, nokkuð sem ekki hefur þekkst hér fyrr en á síðustu árum, eru óheimil samkvæmt kjarasamningum sem báðir aðilar hafa undirritað eða sérstakri yfirlýsingu þeirra beggja um það og er óþekkt í öðrum atvinnugreinum, gersamlega óþekkt.

Í þriðja lagi er eitt helsta deiluefnið verð afla í beinum viðskiptum og þar kemur sérstaklega til sögunnar allt það sem við tölum um í einu orði sem leigu, kvótaleigu. Stundum segja menn: tonn gegn tonni eða hvers konar öðrum leigukjörum. Hver leigukjörin eru skiptir ekki máli. Það er nánast alls ráðandi að eigandi kvótans ráði fiskverðinu. Við þurfum ekkert að fara í grafgötur um það, hv. þm., að þetta hefur átt sér stað. Lénsherrar fiskimiðanna hafa leiguliðana „by the balls", svo maður segi þetta hreint út, hafa þá í pungtaki. Ég hygg að það sé oft óþægilegt, hvort sem það er líkamlega eða með öðrum hætti. Önnur deiluefni hafa ekki verið jafnáberandi en eru vissulega verð þess að þeir hefðu sjálfir tekist á um þau, svo sem kjör sjómanna á sérveiðum og á veiðum með nýjum aðferðum sem skotið hafa upp kollinum.

Svo virðist sem forustumenn sjómanna hafi ekkert eða lítið gert til þess að gera upp á milli mikilvægis krafnanna. Forustumenn útgerðar hafa hins vegar þrátt fyrir úrskurð félagsdóms vegna kæru þeirra um hugsanlegt óréttmæti krafnanna eða óréttmæti verkfallsins — þrátt fyrir þann úrskurð að hvort tveggja sé réttmætt hafa talsmenn útgerðarmanna haldið áfram að bera fyrir sig þær ástæður fyrir því að vilja ekki viðræður. Forustumenn sjómanna hafa sakað útgerðarmenn um kvótabrask, um að neyða sjómenn til þátttöku í kvótakaupum og kvótaleigu og að greiða undirverð í beinum aflaviðskiptum. Forustumenn útgerðarmanna hafa haldið fram hinu gagnstæða og því að sjómenn eigi í kjaradeilum við stjórnvöld en ekki við útgerðarmenn. Það hafa talsmenn og forustumenn útgerðarmanna hvað eftir annað látið okkur heyra og raunar löngu fyrir umrædda áramótaræðu forrsh.

Útgerðarmenn hafa einnig haldið því fram að viðmiðun fiskverðs í beinum viðskiptum við verð á fiskmörkuðum eða uppboðsmörkuðum standist ekki ákvæði um frjálst fiskverð og standist heldur ekki eitthvað sem þeir kalla meginreglur um frelsi í verðmyndun.

Þá liggur hitt fyrir, virðulegi forseti, að þann tíma sem samningar hafa verið lausir hefur sjútvrh. oft og einatt lýst sig reiðubúinn til að beita sér fyrir löggjöf sem tryggir hlut sjómanna fyrir kvótakaupum, enda höfðu báðir aðilar áður samið svo um. Þeir samningar dugðu hins vegar ekki til. Það er a.m.k. mál sjómanna.

Hinn 14. jan. sl. stóðu mál þannig að deiluaðilar ræddust ekki við, þrátt fyrir ítrekaða milligöngu og sáttatillögu ríkissáttasemjara og ráðherrans í málinu. Hverri tilraun af annarri lauk með því, sem ég áður

sagði, að menn hlupu á dyr í fússi, neitandi frekari viðræðum, neitandi að ræða tillögurnar sem á borðum voru. Tveggja vikna verkfall sýndist engu vera að ná fram. Ég get ekki fallist á að það sé tilgangur verkfalls að vera í verkfalli. Hann hlýtur að vera sá að fá deiluaðila til viðræðna um ágreiningsefnin. Og ef deilan er kjaradeila, þá til viðræðna um kjarasamninga.

Fram undan var loðnuvertíð sem einskis bíður þegar hún gefst. Forsrh. sagði um þetta leyti að svo löng stöðvun fiskiskipaflotans væri óbærileg fyrir þjóðarbúið. En deilan var í hnút og á hann varð að höggva til að leysa flotann úr kví. Ekki var fleiri góðra kosta völ. Þeir sem reyndir höfðu verið (**Gripið fram í:** Hvað með Alþingi?) höfðu ekki reynst duga til neins. Ég vil biðja hv. þm. að bíða þar til að honum kemur á dagskránni. En nú er svo að sjá og heyra af umræðum hér í hv. Alþingi að þeir þingmenn sem sagt var við fjölmiðla að ríkisstjórnin hefði haft samráð við um setningu bráðabirgðalaga, séu a.m.k. ekki þátttakendur í þessari umræðu. Mér fyrir mitt leyti þykir miður að stjórn sem ég styð hafi valið þessa leið meðan önnur úrræði stóðu til boða, að mér forspurðum. Það þarf ekki að skipta máli hver afstaða mín hefði orðið við spurningunni. Auðvitað bar ríkisstjórn samt sem áður að taka sína afstöðu. En ég hlýt að viðurkenna að ég fellst á það mat að horft hafi til neyðarástands. Einnig að ljóst var að verkfallið sem slíkt ætlaði ekki að ná tilætluðum árangri.

Ég hlýt einnig að viðurkenna, virðulegi forseti, að hefði sú leið verið valin að beita ekki bráðabirgðalögum á vinnustöðvunina og leysa þannig flotann úr höfn, þá þykir mér líklegt að við þingmenn værum enn í svipuðum sporum og við erum nú. Við værum enn að deila um hvort stöðva skyldi verkfallið og leysa flotann. Við værum enn að ræða hugmyndir til lausnar deilunni sem deiluaðilar sjálfir, rétt eins og stendur í dag, þættust ekki geta fallist á og teldu ekki viðunandi niðurstöðu. Flotinn væri enn bundinn í höfn 10 dögum síðar. Ég er ekki viss um að við þættumst þá sáttir á að það væru snöfurmannleg viðbrögð þegar horfði til neyðarástands. Ég er hræddur um að við gætum þá sjálfir horft í gaupnir okkar og séð silfur hafsins renna okkur úr greipum.

Deiluefnið er enn óleyst og með gerðum sínum hefur ríkisstjórnin vísað því til okkar þingmanna og á því verðum við að taka. Sú nefnd sem stofnað var til hefur þegar gert grein fyrir tillögum sínum við sjútvn. og sú helsta er um að stofna kvótakaupabanka þar sem viðskipti með aflaheimildir fari fram að hluta til uppi á borðinu, en að hluta til án þess að seljandi og kaupandi eigist við beint.

Það álit hagsmunaaðila, deiluaðila, liggur fyrir, að þessar hugmyndir muni ekki duga til. Og ég er þess sannfærður, virðulegi forseti, að lengra þarf að ganga ef við eigum að ganga til móts við umkvartanir, ágreiningsefni sjómanna um kvótabrask og um að sjómenn séu knúnir til að kaupa kvóta ásamt útgerðarfyrirtækjum. Ég tel því líklegt að við verðum að bregða á það ráð, virðulegi forseti, að banna með lögum þátttöku sjómanna í kvótakaupum ef útgerðir standa ekki við samningsyfirlýsingar þar um. Ég tel líka líklegt að við verðum að banna sölu á kvóta til útgerða sem hafa innan fárra mánaða þar áður selt frá sér kvóta af sömu tegund.

Ég tel einnig koma til mála, virðulegi forseti, að fella algerlega niður heimildir til að flytja kvóta til næstu ára. Ég tel líka koma til álita, virðulegi forseti, að þingið ákveði að miða skuli verð í beinum viðskiptum við gangandi verð á fiskmörkuðum. Og ég vil taka fram í því samhengi að það liggur fyrir að vegur fiskmarkaða hefur farið vaxandi frá því að þeir voru settir á fót og miklu fremur nú en nokkru sinni fyrr þegar við höfum rætt þeirra mál, eru þeir vísir til þess að geta verið raunverulegur markaður þar sem skapast og myndast verð af sjálfstæðum ákvörðunum kaupenda og seljenda en ekki lénsherra.

En talandi um lénsherra, virðulegi forseti. Ég ólst upp við þann skilning á sögunni að tími lénsherra og leiguliða væri liðinn undir lok, en því miður hefur sjávarútvegur á Íslandi endurvakið hann í því sem við köllum kvótaleigur. Og það hlýt ég að viðurkenna að mér sýnist alls ekki falla að úthlutun aflaheimilda eða fiskveiðiréttinda endurgjaldslaust samkvæmt veiðireynslu, að geta síðan leigt hann frá sér en nýta hann ekki. Nýta hann ekki, en leigja hann frá sér ár eftir ár gegn fjárgreiðslum til að fjármagna einhverja aðra starfsemi. Í því samhengi, virðulegi forseti, legg ég að jöfnu fiskveiðar utan landhelgi og hvaða aðra starfsemi sem vera kynni. Ég segi þá skoðun mína að ég lít ekki á aflaheimildir landsmanna sem einhvern verðbréfasjóð sem við getum lánað úr eða tekið úr eftir þörfum. Það er samansafn atvinnuréttinda. Geti menn eða vilji ekki nýta þessi réttindi verða þeir annaðhvort að selja þau að fullnustu eða glata þeim. Það stenst ekki að með slík réttindi sé farið eins og einhver verðbréf sem megi innheimta, selja og kaupa á víxl, án þess að nokkur geti orðið fyrir skaða.

Ég vil ekki sjá íslenska sjómannastétt í framtíðinni nær alla í hópi leiguliða á Íslandi, sem braust undan oki lénsherra og leiguliða fyrir rúmum 100 árum loksins, með þeim seinni evrópskra þjóða. Ég tel í raun og veru að ef við berum gæfu til að breyta þessu, að halda áfram fullum rétti til endanlegs afsals, endarlegrar sölu eða kaupa á kvóta, en banna leigu, þ.e. banna það að selja og eiga áfram, þá verðum við á réttri leið og þá verður verulega komið til móts við hugmyndir sjómanna. En ég tel víst að til þess þurfi ekki samninga heldur lög.

[18:41]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Áður en ég kem að því efnisatriði sem leiddi til þess að ég bað um andsvar finnst mér rétt að vekja athygli á því að tvennt hefur mjög merkilegt komið fram í ræðu hv. þm. Árna R. Árnasonar. Fyrra atriðið eru þær tillögur sem hann lýsti hér til breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða, til þess að koma til móts við kröfur sjómanna. Þessar tillögur eru mjög svipaðar, sumar a.m.k., þeim hugmyndum og tillögum sem við höfum verið að kynna af hálfu Alþb. og sem fulltrúar sjómannasamtakanna kynntu á fundi

hjá okkur og ég er alveg sammála því sem kemur fram hjá hv. þm. Árna R. Árnasyni að þessar breytingar eru í grundvallaratriðum skynsamlegar. Vandinn er hins vegar sá, hv. þm., að hér á Alþingi hefur verið meiri hluti Framsfl. og Sjálfstfl. sem hafa staðið gegn því að þessar breytingar yrðu lögleiddar. Það er þetta bandalag Framsfl. og Sjálfstfl. með núverandi fiskveiðistjórnarstefnu sem kemur í veg fyrir að þetta sé hægt. (Gripið fram í.) Ja, ég get alveg farið út í umræðu við hv. þm. Jóhannes Geir um það og get rakið fyrir honum langar viðræður mínar í tíð síðustu ríkisstjórnar við þáv. sjútvrh. og þá málamiðlun sem þá náðist, en ég ætla ekki að eyða andsvaratíma mínum hér til þess. Þetta er bara staðreynd sem við vitum öll hér í þingsalnum.

Í öðru lagi er það auðvitað mjög mikilvæg yfirlýsing að hér hefur komið fram að hv. þm. var ekki spurður um stuðning við bráðabirgðalögin og ég held að þar með hafi það komið í ljós að allir þeir þingmenn Sjálfstfl. sem talað hafa í þessum umræðum hafa lýst því yfir að þeir hafi ekki verið spurðir. (**Gripið fram í:** Enda allir að styðja.) Látum það nú vera. En það er auðvitað mjög merkileg aðferð hjá núv. hæstv. forsrh. að setja bráðabirgðalög með þessum hætti.

En að lokum, virðulegi forseti, (Forseti hringir.) og ég bið forláts að ég þarf fáeinar sekúndur í viðbót, þá var tilefni míns andsvars það að vekja athygli hv. þm. á því að Landssamband ísl. útgerðarmanna fór í mál við sjómannasamtökin til að fá verkfallið dæmt ólöglegt. Og þegar hv. þm. er að draga ályktun um hvers vegna málin voru í strandi, þá verður hann auðvitað að víkja að þeim þætti. Dómur í því máli féll rétt fyrir gamlársdag og á gamlársdag lýsti forsrh. því yfir að hann mundi tryggja vinnufrið.

[18:44]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Reykn. var boðaður í ræðustól allsnemma í dag. Hann var ekki til staðar. Hv. 5. þm. Reykn. mætir svo hér og lætur að því liggja að mikið vanti á að menn átti sig á eðli þeirrar deilu sem staðið hafi og vekur það spurningu um hvort hv. 5. þm. Reykn. hafi hlýtt á mál manna hér í dag. Það efa ég stórlega.

Hv. þm. flutti aftur á móti ræðu sem ég get mjög vel skilið að einhverjir hafi viljað að hann flytti ekki. Og það vekur þá spurningu hvernig ræðu hann hefði flutt hefði hann flutt hana á þeim tíma sem hann var boðaður í fyrra skiptið í ræðustól. Því það höfum við séð sem höfum hér setið að hv. þm. var, eftir að hann kom í þingsalinn, að búa sig undir að flytja hér ræðu. Allt leiðir þetta hugann að því hvort innan Sjálfstfl. fari nú fram athugun á því hvort þingmenn geti ekki fallist á það að styðja bráðabirgðalögin, jafnvel þó þeir hafi ekki verið virtir þess frekar en sandkornin, að vera spurðir álits hvort þeir styddu eða styddu ekki. Það hefur náttúrlega hent hæstv. forsrh. að gleyma því, eins og stundum gerist, að þingmenn hafa löggjafarvaldið þegar þingið situr. E.t.v. hefur hæstv. forsrh. ekki hugsað til þess að sá tími kæmi þegar hann rauk í bráðabirgðalagasetninguna.

En undarlegt skap má það nú vera að flytja þá ræðu sem hér var flutt, en ætla samt að styðja bráðabirgðalögin.

[18:47]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var býsna merkileg ræða sem hér var flutt og að mörgu leyti hefði verið betra að hún hefði verið flutt fyrr í dag, þannig að fleiri hefðu getað hlýtt á. Það vakti athygli mína, eins og að vísu hefur komið fram hjá fleirum, sú yfirlýsing sem þingmaðurinn gaf, að hann hefði ekki verið spurður áður en ákveðið var að gefa út þessi bráðabirgðalög. Og þá fer ég að efast um hvort það sé virkilega mögulegt að ríkisstjórnin hafi ekki gengið úr skugga um hvort það væri þingmeirihluti fyrir setningu þessara laga. Ég hef spurt hæstv. ráðherra tvisvar sinnum um hvort svo væri, en ekki fengið svör við. Það væri fróðlegt að gera fyrirspurnina einu sinni enn.

Hv. þm. vék einnig að því og sagði að það hefði verið ágreiningur um þetta í tvö ár. Þetta er auðvitað mikill áfellisdómur, þessi orð, á ríkisstjórnina, um aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar og er ekkert annað. Þingmaðurinn sagði líka að það væru engar tillögur sem komið hefðu fram frá sjómönnum, en byrjar svo að lesa upp hverjar tillögurnar voru sem ágreiningurinn var um og gerði það í ákveðnum töluliðum. Þannig að ég fæ ekki almennilega botn í það mál. En ég vil leggja áherslu á eitt sem hv. þm. sagði í hálfgerðum lítilsvirðindi tón, þegar hann talar um lénsherrana á hafinu. Aðrir kalla þá sægreifa. Það hefðu einhvern tíma þótt tíðindi, að þingmaður Suðurnesja talaði í þessari tóntegund til útgerðarmanna á Íslandi. Að þetta séu einhverjir sægreifar eða lénsherrar sem stunda sjómennsku á íslenskum fiskimiðum eða reka útgerð. Þetta er tóntegund sem ég kann ekki við að sé notuð hér og það er illa komið fyrir okkur þingmönnum þegar við þurfum að taka okkur þessi orð í munn. Og ég spyr: Hverjir eru það sem hafa búið til leikreglurnar fyrir útgerðarmenn og íslenska sjómenn til að starfa eftir? Erum það ekki við sem sitjum hér og störfum á Alþingi sem búum til leikreglurnar? Og hverjar eru breytingnar á þessum leikreglum í því frv. sem liggur á borði okkar þm., sem hv. þm. Árni Árnason hefur samþykkt að leggja hér fram í nýju frv.? Hverjar eru breytingartillögurnar?

[18:50]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur þróast á þann veg að allir þeir þingmenn Sjálfstfl. sem talað hafa í umræðunni hafa lýst því yfir með einum eða öðrum hætti að þeir hafi ekki verið spurðir um setningu þessara bráðabirgðalaga. Það er þess vegna alveg óhjákvæmilegt að áður en þessari umræðu lýkur, komi forsrh. eða starfandi forsrh. hér til fundarins og upplýsi þingið um það með hvaða hætti ríkisstjórnin gekk frá bráðabirgðalagasetningunni. Ég óska einnig eftir því að sá ráðherra sem talar fyrir hönd Alþfl. um þessar mundir komi einnig til umræðunnar og lýsi því yfir hvernig gengið var frá málinu fyrir hönd Alþfl.

Það er löng hefð fyrir því hér á Alþingi, hæstv. for-

seti, að við 1. umr. um bráðabirgðalög sé knúið á um svör við því frá forustumönnum stjórnarflokkanna eða hæstv. forsrh. alveg skýrt með hvaða hætti var gengið frá því að bráðabirgðalögin hefðu þingmeirihluta og hver varð niðurstaða þeirrar könnunar. Það væri hættulegt fordæmi svo ekki sé meira sagt ef þingið ætlaði að láta eins og ekkert hefði gerst þegar þær upplýsingar koma fram í umræðu um bráðabirgðalög sem hér hafa komið fram og ekki er knúið á við 1. umr. málsins hvað er hér eiginlega á seyði. Ef þingið ætlar að festa í sessi fordæmi sem felur það í sér að forsrh. og forustumenn stjórnarflokka þurfi ekki á neinn hátt að hafa samráð við þingmenn sína til þess að kanna afstöðu til bráðabirgðalaga áður en þau eru sett. Ég veit ég þarf ekki að útskýra það fyrir hv. þm. eða hæstv. forseta hvað slíkt fordæmi felur í sér. Þvert á móti eru mörg fordæmi fyrir því að menn hafa gengið hér mjög hart fram til þess að knýja á um það og minni ég t.d. á umræðulotur sem hér voru af hálfu Sjálfstfl. gagnvart páv. forsrh. Steingrími Hermannssyni og páv. forsrh. Gunnari Thoroddsen og væri hægt að lesa ítarlegar yfirlýsingar frá forustumönnum Sjálfstfl. um þau efni. Þess vegna, virðulegi forseti, fer ég fram á það að annaðhvort verði þessari umræðu ekki lokið eða henni frestað með þeim hætti að hægt sé að kalla hér til fundarins þá ráðherra sem svarað geta þessum spurningum. Hugsanlegt að hæstv. forsrh. sé ekki á landinu en þá verði starfandi forsrh. og ráðherraoddviti Alþfl. kallaðir til fundarins.

[18:53]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Sú fyrirspurn sem hv. 8. þm. Reykn. bar hér fram á í eðli sínu ekkert skylt við fundarstjórn forseta. En mér þykir eigi að síður rétt að gera grein fyrir stöðu málsins fyrst að var spurt.

Það er svo að bæði ég og hæstv. forsrh. höfðum samband á þeim degi sem ákvörðun var tekin um setningu bráðabirgðalaganna við formann þingflokks Sjálfstfl. og formann sjútvn. þingsins. Í stjórnarskránni er ekkert ákvæði um að það sé skilyrði fyrir setningu bráðabirgðalaga að fyrir fram hafi verið tryggður þingmeirihluti. Ríkisstjórn setur hins vegar ekki bráðabirgðalög nema hún telji sig hafa ástæðu til að ætla að hún hafi meiri hluta á bak við sig í þinginu. Og við þær aðstæður sem voru þann dag sem bráðabirgðalögin voru sett hafði ríkisstjórnin ástæðu til að ætla að hún hefði þingmeirihluta á bak við sig til setningar bráðabirgðalaganna og hæstv. forsrh. mun hafa greint forseta Íslands frá því að ríkisstjórnin hefði ástæðu til að ætla að ríkisstjórnin hefði meiri hluta fyrir lögunum. Þetta er venju samkvæmt og í fullu samræmi við ákvæði stjórnarskrárinnar og frv. síðan lagt fram til staðfestingar með venjulegum hætti. Hér er ekki á nokkurn hátt sveigt frá því sem oft hefur gerst við setningu bráðabirgðalaga og á engan hátt vikið frá þeim skilyrðum sem stjórnarskráin gerir ráð fyrir við setningu laga af þessu tagi.

[18:55]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þessar skýringar og upplýsingar frá hæstv. sjútvrh. gera bráðnauðsynlegt að áður en umræðan getur haldið áfram verði auk starfandi forsrh. og ráðherraoddvita Alþfl., hv. 1. þm. Vestf. Matthías Bjarnason, formaður sjútvn. og formaður þingflokks Sjálfstfl., Geir Haarde, kallaðir til fundarins.

Hæstv. sjútvrh. var að segja það hér áðan að forsrh. hefði eingöngu talað við tvo þingmenn Sjálfstfl. áður en þessi bráðabirgðalög voru sett. Tvo þingmenn Sjálfstfl. Og á grundvelli samtalanna við þessa tvo þingmenn hefði Davíð Oddsson, hæstv. forsrh., fullvissað forseta lýðveldisins um það að meiri hluti væri fyrir bráðabirgðalögunum. Þetta er nú engin smáyfirlýsing, virðulegi forseti.

Hvað sagði hv. þm. Matthías Bjarnason við forsrh. í þessu samtali? Kannaði hann stuðning annarra þingmanna Sjálfstfl. eða þeirra þingmanna sem voru í sjútvn.? Sjálfsagt ekki vegna þess að hér hefur komið í ljós í dag að þeir fulltrúar Sjálfstfl. í sjútvn. sem talað hafa í umræðunum hafa allir lýst því yfir að þeir hafi ekki verið spurðir. Við hverja talaði formaður þingflokks Sjálfstfl., Geir Haarde? Hvaðan fékk hæstv. forsrh. Davíð Oddsson þær upplýsingar sem gerðu honum kleift að segja við forseta lýðveldisins: Ég hef ástæðu til að halda að ég hafi meiri hluta fyrir þessum bráðabirgðalögum? Sjútvrh. upplýsti það hér og nú að það hefði forsrh. sagt. Forsrh. skaut sér þess vegna ekki á bak við þá kenningu að hann þyrfti ekki að hafa neina vitneskju um bráðabirgðalagastuðninginn á þinginu heldur þvert á móti sagði við forseta lýðveldisins að hann hefði þann stuðning. Og svo segir hæstv. sjútvrh. hér: Það var byggt bara á samtölum við tvo þingmenn Sjálfstfl. (Forseti hringir.) En ekkert hefur verið upplýst um aðferðirnar í Alþfl. þannig að það eina sem hefur komið fram hér í þessari umræðu er að það var talað við tvo þingmenn fyrir utan ríkisstjórnina. (Forseti hringir.) Þess vegna segi ég við virðulegan forseta: Ég fer fram á það að þessari umræðu verði frestað þar til starfandi forsrh., 1. þm. Vestf., hv. þm. Geir Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl., allir þeir sem hafa hér verið tilgreindir af hæstv. sjútvrh. sem aðilar að yfirlýsingunni gagnvart forseta lýðveldisins, koma hér til umræðunnar.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill vekja athygli á að það er hægt að biðja um orðið nú um fundarstjórn forseta. Hér er til umræðu frv. til laga, og hefur verið til umræðu í allan dag og lítur forseti svo á að ekkert sé því til fyrirstöðu að halda umræðu áfram um málið.

[18:59]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir þá kröfu hv. 8. þm. Reykn. að nú verði þessari umræðu frestað þannig að hægt verði að ganga úr skugga um það á hvern hátt ríkisstjórnin taldi sig hafa ástæðu til að ætla að það væri þingmeirihluti fyrir þessari lagasetningu. Hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan að þetta stæðist allt saman

stjórnarskrána. Það má vel vera, en ég stend nú í þeirri trú að hér sé verið að brjóta í blað hvað snertir vinnubrögð við setningu bráðabirgðalaga og það sé ekki einungis svo að núv. hæstv. ríkisstjórn telji sig ekkert þurfa að breyta þar um þrátt fyrir breytingar á þingsköpum, heldur virðist hún telja að hún geti farið frjálslegar með bráðabirgðalagaákvæðið heldur en var hefð fyrir áður en þó átti að þrengja þetta ákvæði. Ég vil því fara fram á það og taka undir það að umræðunni verði frestað þannig að hægt verði að ræða þetta við þá aðila sem hv. 8. þm. Reykn. nefndi hér áðan. Mér sýnist að hér séu mál svo komin að það sé komin röðin að mér í þingflokksstjórn Framsfl. að standa vaktina og tel mig þess vegna geta borið fram þessa ósk fyrir hönd þingflokks Framsfl.

[19:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vil ítreka þá skoðun mína að sú umræða sem hér fer fram á ekkert skylt við fundarstjórn og hefði þess vegna verið fullkomlega óeðlilegt að leyfa hana í upphafi á þeirri forsendu. En ég vil endurtaka það að ríkisstjórn sem gefur út bráðabirgðalög þarf ekki samkvæmt skilyrðum stjórnarskrárinnar að ganga fyrir fram úr skugga um að hún hafi þingmeirihluta. Hún setur hins vegar ekki bráðabirgðalögin nema hún hafi ástæðu til að ætla að sá þingmeirihluti sé fyrir hendi. Ég hygg að hæstv. forsrh. hafi í einu og öllu farið að réttum lögum í þessu efni og þess vegna algjörlega ástæðulaust að gera þær athugasemdir sem hv. 8. þm. Reykn. hefur gert hér af þessu tilefni og því fer víðs fjarri að hér sé með einhverjum hætti brotið í blað í þessu efni. Það kann að vera að einstakir þingflokkar hafi haft mismunandi hátt á þegar bráðabirgðalagasetningu hefur borið að.

Varðandi þá ósk sem hér hefur verið borin fram af tveimur hv. þm., 8. þm. Reykn. og 6. þm. Norðurl. e., um að fresta fundinum, þá sé ég ekki nokkra ástæðu til þess. Hér eru hv. þm. á mælendaskrá og ekkert hefur verið gefið til kynna um það að þessari umræðu sé að ljúka. Ég tel fyllilega eðlilegt að henni sé haldið áfram með venjulegum hætti og engin ástæða af því tilefni sem hér hefur verið gefið að fresta umræðum. Ég tel þvert á móti ástæðu til þess að halda þeim áfram og leyfa þeim hv. þm. sem kvatt hafa sér hljóðs að tala og koma sínum sjónarmiðum á framfæri í þessari umræðu eins og þingsköp gera ráð fyrir og engin ástæða til þess að tefja það að þeir fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

[19:03]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Af stól forseta hafa þingmenn heyrt þá setningu að það sé skylda samkvæmt þingsköpum að taka þátt í atkvæðagreiðslu. Þannig hefur þingmönnum verið haldið við aga og þeir minntir á sínar skyldur. Nú vil ég biðja hæstv. forseta að fletta upp þingsköpunum og finna 53. gr. Og nú geri ég þá kröfu til forseta að hann velji ekki textann úr þingsköpunum hverju sinni, hvað hentar forseta, heldur hitt að forseti geri sér grein fyrir því að hann á að fara eftir þingsköpunum öllum. Og, með leyfi hæstv. forseta, stendur þar:

„Skylt er þingmönnum að sækja alla fundi nema nauðsyn banni. Forföll skal tilkynna forseta svo fljótt sem unnt er og metur hann nauðsynina."

Hér þarf að lesa upp þann lista hverjir hafa forföll, hverjir hafa leyfi. Hinum á að halda til agans og láta þá mæta strax í sína stóla eða slíta fundi. Forseti verður að gera sér grein fyrir sinni ábyrgð í þessu. Það dugar enginn leikaraskapur að velja úr textanum eftir fyrirmælum ráðherra, hvað eigi að gilda í þingsköpum hverju sinni. Ég vænti þess að það liggi ljóst fyrir það sem forseti þingsins hefur sagt um lestrarkunnáttu þingmanna.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að hann les ekki upp úr þingsköpunum eftir leiðbeiningu ráðherra heldur eftir því sem hann telur við eiga hverju sinni. (**ÓÞÞ:** Ég sagði að hann ætti ekki heldur að gera það. Ég tók það skýrt fram.) Það lá í orðum þingmannsins að forseti læsi upp úr þingsköpum eftir því sem ráðherrar segðu en það er svo sannarlega ekki. Í 55. gr. þingskapa segir um fundarstjórn forseta að þá er heimilt að gera athugasemd við fundarstjórn forseta í þrjár mínútur í senn, en enginn má tala oftar en tvisvar. Vegna þess að hv. 8. þm. Reykn. hafði beðið um orðið aftur að því er ég taldi um fundarstjórn forseta, en hann var búinn að tala tvisvar, var ekki hægt að veita honum orðið. (**ÓRG:** Það er hægt að gera matarhlé og kalla þá þá menn til fundar sem beðið er um.)

[19:06]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég kann að meta það við hæstv. forseta að það liggur fyrir að ekki stendur til að fara eftir fyrirmælum ráðherra, enda ekki krafa af minni hendi að það verði gert. En ég vil undirstrika það að hér stendur á bls. 23 í þingsköpunum um fundarsköp: „Skylda til að sækja þingfundi." Og annað tveggja hlýtur að gerast að forseti standi við það að fylgja þessum þingsköpum eftir þegar þingmenn óska eftir því og kalli þá hér til fundar sem ekki hafa fjarvistarleyfi eða þá að þingmenn hljóta að líta á það sem dauð og ómerk ummæli þegar þeir eru minntir á skylduna um að greiða atkvæði. Það nær ekki nokkurri átt að hæstv. forseti þingsins líti svo á að hann geti valið úr textanum hvað eigi að vera í gildi á hverjum tíma. Þess vegna er krafan einföld: Annaðhvort ber að slíta þingfundinum nú eða kalla þá menn til í salinn sem óskað hefur verið eftir og eiga skyldum að gegna samkvæmt þingsköpunum að sitja í sínum stólum. Þeim leikaraskap verður að ljúka að ráðherrarnir geti gefið yfirlýsingu um það að það eigi bara einn og einn að sitja í stólnum þennan eða hinn daginn, hinir megi vera í frí. Þeir eru hér á launum til þess að sinna þessum störfum og eru ekki of góðir til að lúta 53. gr. þingskapanna eins og aðrir. Og það er krafa okkar til forseta að hann beiti aga sínum að framfylgja því að þetta sé virt og að menn undanbragðalaust þurfi að lúta aga forseta, ekki bara varðandi atkvæðagreiðslurnar held-

ur einnig varðandi þetta atriði í þingsköpunum.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að enn eru tveir hv. þm. á mælendaskrá um dagskrármálið og hafði forseti hugsað sér að gera hlé á umræðum þangað til kl. hálfníu en vill ljúka þessari umræðu fyrst.

[19:08]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að forseti verði að gera sér það ljóst að hér hafa komið upp óvenjulegar aðstæður sem gera þá kröfu skýra að hér verður að kalla ýmsa menn til þessa fundar. Það hefur komið fram, sem kannski ýmsa grunaði, að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hafði ekki samband við þingmenn síns flokks áður en bráðabirgðalögin voru sett. Það kann líka að leika sá grunur á að svo sé ástatt með Alþfl. og það segir okkur kannski þau tíðindi sem löggjafarvaldið og forseti þingsins verður að gera sér grein fyrir að bráðabirgðalögin eiga ekki meirihlutafylgi á Alþingi Íslendinga. Þess vegna hlýtur það að vera alveg skýrt, hæstv. forseti, að þessi umræða getur ekki haldið áfram nema ýmsir þeir aðilar sem um þetta mál fjölluðu og það þekkja, komi hér til fundarins. Það hlýtur því að vera réttmæt krafa stjórnarandstöðunnar að þessum fundi verði nú þegar frestað.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Eins og forseti hafði tekið fram, þá var ætlunin að gera matarhlé til kl. hálfníu en hv. 5. þm. Austurl. kveður sér hljóðs um fundarstjórn forseta.

[19:11]

Gunnlaugur Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel það afar eðlilegt að núna sé gefið matarhlé til þess að menn geti nærst og haldið svo umræðum áfram um það mikilvæga mál sem er á dagskrá í kvöld. Ef ákvörðun hæstv. forseta um matarhlé tengist á einhvern hátt þeim umræðum sem hafa átt sér stað núna vegna þess hvernig staðið hafi verið að útgáfu bráðabirgðalaganna þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að hæstv. ráðherrar Alþfl. höfðu samband við alla aðra þingmenn flokksins og lögðu málið fyrir þá. Einnig má geta þess hér að það var haft alveg ágætt samráð við fulltrúa flokksins í hv. sjútvn., mig sjálfan, um undirbúning málsins. Ég spurði sérstaklega eftir því hvort ekki yrði örugglega haft samband við aðra þingmenn flokksins áður en bráðabirgðalögin yrðu gefin út. Mér var tjáð að svo mundi verða gert. Svo best sem ég veit var þetta samband mjög eðlilegt og að því staðið með þeim hætti eins og jafnan er gert í Alþfl. við útgáfu bráðabirgðalaga. Þetta vildi ég að lægi ljóst fyrir.

[19:13]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þetta síðasta fasta skot hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar á samstarfsflokkinn, Sjálfstfl., þar sem hann lýsti því yfir að að sjálfsögðu væri haft samstarf við alla þingmenn í Alþfl. gerir það enn brýnna að kalla til þá þingmenn Sjálfstfl. sem hér hafa verið nefndir.

Virðulegi forseti. Ég kvaddi mér ekki hljóðs um stjórn forseta núna út af þessu atriði. Ég velti því fyrir mér hvort það hafi orðið mistök hjá starfsmönnum þingsins í dag. Mér þykir það að vísu afar ólíklegt því að starfsmenn þingsins þekki ég að afar vönduðum vinnubrögðum, en það lítur út fyrir að frv., sem þrír ráðherrar ríkisstjórnarinnar boðuðu að yrði lagt fram á Alþingi í dag um breytingar á búvörulögum, hafi einhvers staðar glatast. Ég hef verið að leita að því á borði mínu og hef reyndar verið að spyrja aðra þingmenn eftir því en frv. er hvergi. Þótt ég viti að oft sé unnið lengi í ráðuneytunum, þá reikna ég með að þar sé vinnudeginum lokið og vil því biðja virðulegan forseta að ganga úr skugga um hvort það geti verið svo að þetta frv. liggi hér einhvers staðar og hafi gleymst að dreifa því. Því ekki dettur mér það í hug eftir að ekki færri en þrír ráðherrar ríkisstjórnarinnar lýstu því yfir hér í gær að um þetta mál væri alger samstaða og búið að kynna frv. í þingflokkum stjórnarflokkanna og það ætti að dreifa því í dag að eitthvað hafi komið upp á á stjórnarheimilinu sem gerir það að verkum að frv. sé ekki komið fram. (Gripið fram í.) Eða prentsmiðja hafi bilað. — Nei, ég hef ekki trú á því. Ég verð því að biðja virðulegan forseta að kanna þetta og það liggi þá alveg ljóst fyrir þegar fundur byrjar aftur í kvöld hvar frv. hefur týnst.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Það er sjálfsagt að athuga það sem þingmaðurinn talaði um, en ég þori nærri að fullyrða að það er ekki um mistök af hálfu starfsmanna þingsins að ræða án þess að forseti hafi kannað það sérstaklega.

[Fundarhlé. — 19:16]

[20:32]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar komu fram rétt fyrir kvöldmatinn að hæstv. forsrh. hefði eingöngu haft samband við tvo þingmenn Sjálfstfl. áður en þessi bráðabirgðalög voru tekin til afgreiðslu og sett. Þessir þingmenn voru hv. 1. þm. Vestf., formaður sjútvn., og formaður þingflokks Sjálfstfl., Geir Haarde. Í umræðunum hefur komið fram að allir þeir þingmenn Sjálfstfl. sem hafa talað hafa lýst því yfir að ekki hafi verið haft samband við þá þegar lögin voru sett. Þess vegna var sú ósk sett fram fyrir kvöldmat, bæði af fulltrúum Alþb. og Framsfl., að til þess að þessi umræða gæti haldið áfram þá mættu til fundarins í fyrsta lagi forsrh. eða starfandi forsrh. og í öðru lagi þeir þingmenn tveir sem tilgreint hefur verið að séu þeir sem forsrh. leitaði til úr þingflokki Sjálfstfl., 1. þm. Vestf., formaður sjútvn., Matthías Bjarnason, og Geir Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl. Jafnframt hefur hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson lýst því yfir að ráðherrar Alþb. hafi haft þann hátt á að hafa rætt við alla þingmenn Alþfl. áður en gengið var til forseta. Hæstv. sjútvrh. lýsir því síðan yfir að forsrh. hafi tilkynnt forseta lýðveldisins að hann teldi að það væri þingmeirihluti á bak við þessi bráðabirgðalög.

Nú veit ég að ég þarf ekki að minna hæstv. forseta á það að þegar bráðabirgðalög hafa komið til umræðu áður og það hefur verið óvíst með hvaða hætti forsrh. stóð að setningu laganna, hvað hann sagði við forseta lýðveldisins og hvort það reyndist rétt, þá hefur ávallt verið orðið við þeirri ósk að áður en umræðan héldi áfram kæmi forsrh. eða starfandi forsrh. *til þingfundar* og greindi þinginu frá því hvað fór á milli forsrh. og forseta lýðveldisins og hvaða rök forsrh. hafði fyrir því að meiri hluti væri á bak við bráðabirgðalögin.

Þess vegna ítreka ég, virðulegi forseti, þá ósk sem við settum fram, fulltrúar Alþb. og Framsfl. og ég reikna með að sé einnig studd af fulltrúum Kvennalista þó að það hafi ekki komið fram fyrir kvöldmat, að til þess að þessi umræða haldi áfram þá mæti þessir þrír fulltrúar Sjálfstfl. til fundar og greini þinginu frá því sem hér hefur verið rætt. Ég veit að ég þarf ekki að nefna þá aftur. Enginn þeirra er í þingsalnum nú, virðulegi forseti, þannig að ég ítreka ósk okkar um það að til þess að umræðan geti haldið áfram verði þessir þrír þingmenn og ráðherrar kvaddir til fundar.

[20:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Hv. 8. þm. Reykn. hefur nú í tvígang undir dagskrárliðnum fundarstjórn forseta farið rangt með ummæli þau sem ég viðhafði fyrr á þessum fundi. Ekki veit ég hvort það er óafvitandi eða vísvitandi gert en nauðsynlegt að leiðrétta það.

Ég sagði að það hefði verið mat ríkisstjórnarinnar að hún hefði ástæðu til að ætla að þingmeirihluti væri að baki bráðabirgðalögunum og að hæstv. forsrh. hafi lýst því yfir að hann hefði haft ástæðu til að ætla að þingmeirihluti væri að baki bráðabirgðalögunum. Ég vona að hv. þm. snúi ekki út úr þessum ummælum í þriðja sinn eða rangfæri þau því að það er nauðsynlegt að fara rétt með þegar vitnað er í ummæli manna um jafnviðkvæm mál og þetta.

Ég vil ítreka það enn og aftur að það er ekki stjórnarskrárskilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga að gengið sé úr skugga um það fyrir fram að þingmeirihluti sé fyrir hendi. Ríkisstjórn metur það upp á eigin spýtur og ég hygg að allur gangur hafi verið á því frá einum tíma til annars hvort stjórnarflokkar á hverjum tíma hafi rætt við alla þingmenn eða ekki. Það er reyndar aukaatriði málsins. Hitt er aðalatriðið að þetta er ekki skilyrði og líka nauðsynlegt að minna á að þetta er engin ný uppgötvun allt í einu í miðri umræðunni. Það var greint frá því þegar kvöldið sem bráðabirgðalögin voru sett að ekki hefði verið talað við alla þingmenn Sjálfstfl. Hér er því ekki um nein ný sannindi að ræða sem ástæða er til að gera meira veður út af en menn höfðu tilefni til strax í upphafi umræðunnar.

[20:34]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg sjálfsagt að staðfesta það að þau ummæli sem hér voru höfð voru á þann veg sem hæstv. sjútvrh. fór með, að forsrh. hefði tjáð forseta lýðveldisins að hann hefði ástæðu til að ætla að það væri meiri hluti á bak við frv. Það er alveg rétt. Hafi ég orðað þetta eitthvað öðruvísi, þá er það ekki vegna þess að ég vildi breyta merkingunni. Mér er þetta alveg fullkomlega ljóst. Það var þess vegna sem ég óskaði eftir því að þeir tveir þingmenn sem talað var við úr Sjálfstfl. kæmu til fundarins. Því það er staðfest hér og hefur ekki verið dregið til baka að forsrh. talaði *bara við tvo þingmenn úr Sjálfstfl., hv. þm.* Geir Haarde og hv. þm. Matthías Bjarnason. **(GHH:** Hver segir þetta?) Nú hváir hv. þm. Geir Haarde þegar ég segi þetta og er þá rétt að hann fái að heyra það að hæstv. sjútvrh. lýsti því yfir aðspurður fyrir kvöldmat að forsrh. hefði eingöngu rætt við tvo þingmenn úr Sjálfstfl. Ef hv. þm. Geir Haarde er fyrst að heyra það nú í salnum ...(**GHH:** Hvað með það?) Hvað með það? Ja, það er von að málið sé orðið flókið þegar hv. þm. Geir Haarde segir: Hvað með það? (**ÓÞÞ:** Var ekki talað við hann einu sinni?) Vegna þess að málið snýst um það á grundvelli hvaða upplýsinga lýsti hæstv. forsrh. því yfir við forseta lýðveldisins að hann hefði ástæðu til að ætla að frv. hefði meiri hluta. Nú er það komið í ljós að allir þeir þingmenn Sjálfstfl. sem talað hafa við umræðuna hafa lýst því yfir alveg skýrt að ekki var talað við þá. Það hefur enginn þingmaður Sjálfstfl. talað í umræðunni og lýst því yfir að við hann hafi verið talað um þessi bráðabirgðalög.

Þess vegna er ósköp eðlilegt að menn spyrji bæði úr sæti sínu og úr ræðustól: Hvað var um hina 26 sem ekki hafa verið tilgreindir í umræðunni? (**GHH:** Við erum 26 í allt.) 24, fyrirgefðu, hv. þm., 24. Já, og dugir samt.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefur lýst því yfir að talað hafi verið við alla þingmenn Alþfl. hvern og einn og ráðherrar Alþfl. hafi gert það. Þess vegna óska ég eftir því að hv. þm. Geir Haarde upplýsi það hér við hvaða þingmenn Sjálfstfl. hann talaði svo að það komi alveg skýrt fram hvort farið var með sannleikann af hálfu forsrh. í samtali við forseta lýðveldisins. Og áður en þessi umræða getur haldið áfram þá verði þetta mál hreinsað í umræðunni.

[20:37]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það væri vissulega munur ef hér væri verið að ræða um fundarstjórn forseta. Það er að sjálfsögðu ekki. Og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talar úr glerhúsi þegar hann gagnrýnir setningu bráðabirgðalaga eins og að þeim var oft staðið þegar hann sat í ríkisstjórn. Ég held ég þurfi ekki að fara frekar út í slíkan samanburð eða þá sálma.

Staðreynd málsins er sú að það er ekki stjórnarskrárbundin skylda að hafa samband við alla þingmenn í stjórnarmeirihluta og hv. þm. þarf ekki annað en fletta upp í fræðiritum til þess að kynna sér þá staðreynd. Hitt er annað mál að í tengslum við þetta mál hafði forsrh. samband við mig sem formann þingflokksins og tjáði mér hvað stæði fyrir dyrum. Ég innti hann ekkert eftir því hverja fleiri hann hefði talað við og mér er ekki kunnugt um hvað fór á milli hans og forseta lýðveldisins. Það eru einkasamtöl þeirra í milli og væntanlega trúnaðarmál. En ég taldi mig geta fullyrt við forsrh. það sem ég leyfi mér að fullyrða hér og

nú að það var þingmeirihluti á bak við þetta og það mun koma í ljós að það er þingmeirihluti á bak við þessi bráðabirgðalög.

Ég læt mér í léttu rúmi liggja glósur hv. þm. í garð þingmanna Sjálfstfl. út af þessu máli. Hann varðar ekkert um við hverja ég tala í þeim hópi, hvenær ég geri það og um það. Það varðar hv. þm. ekkert um. **(ÓRG:** Mig varðar um hvort það hefur verið skrökvað að forseta lýðeldisins.) Það hefur ekki verið skrökvað að forseta lýðveldisins. Það er af og frá að halda því fram að forsrh. hafi gert sig sekan um skrökva að forseta lýðveldisins og það mun bara koma í ljós í atkvæðagreiðslu um þetta mál þegar þar að kemur að það er rétt, sem ég fullyrði, að það er þingmeirihluti á bak við þetta frv.

[20:39]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði einmitt að víkja sérstaklega orðum mínum að forseta í framhaldi af ummælum sem hún lét falla í þinghléinu um að það mætti kannski einu gilda hvort lög væru afgreidd á Alþingi eða sett sem bráðabirgðalög og haft var eftir henni í dagblaðinu Tímanum, en hæstv. forseti hefur síðan borið af sér að mér skilst af forsetastóli núna síðustu daga. Þetta sýnir í hve vandasamri stöðu hæstv. forseti er í. En í erfiðari stöðu er þó forseti Íslands andspænis þeim tíðindum sem hér hafa verið sögð.

Það liggur fyrir og fyrir því er áratuga reynsla að haldnir hafa verið formlegir eða óformlegir fundir í þingflokkum stjórnarflokka þegar bráðabirgðalög hafa verið afgreidd. Í þessu sambandi og máli mínu til stuðnings bendi ég á ótal þingræður formanns Sjálfstfl. á árinu 1982, Geirs Hallgrímssonar, þar sem hann gagnrýndi mjög harðlega þáv. ríkisstjórn fyrir það að hennar þingmeirihluti í tilteknu máli væri e.t.v. tæpur. Það lá alveg fyrir að sú stjórn hafði meiri hluta en hún hafði kannað það til þrautar. Núverandi stjórn umgengst Alþingi, lagasetningarvaldið og forseta Íslands með þvílíku virðingarleysi að engin dæmi eru um slíkt og leyfir sér að setja bráðabirgðalög, að nota bráðabirgðalöggjafann, án þess að það liggi fyrir hver er afstaðan á Alþingi Íslendinga hjá stjórnarflokkunum.

Það er algerlega dæmalaust að Alþingi sé sýnd slík lítilsvirðing og algerlega dæmalaust að þingmenn stjórnarflokka hafi látið bjóða sér aðra eins lítilsvirðingu og mér finnst að þingmenn Sjálfstfl. hafi gert í þessu máli ef það er rétt hjá hv. þm. Geir Haarde, sem ég dreg í efa, að þeir muni þrátt fyrir þessar trakteringar skila sér eins og sauðfé í dilk þegar loksins verða greidd atkvæði um þetta mál í þessari virðulegu stofnun. Lítið leggst þá fyrir suma kappana sem oft eru orðstórir úr þessum ræðustól, að ég tali nú ekki um þegar þeir komast í tæri við fjölmiðla utan við fundartíma Alþingis Íslendinga.

Það er greinilegt að þegar hæstv. forsrh. kynnti málið fyrir forseta Íslands þá vissi forsrh. ekki hvort það væri þingmeirihluti. Hæstv. forsrh. sagði forseta Íslands ekki satt. Það er sú alvarlega staðreynd sem liggur hér fyrir og hefur verið afhjúpuð með eftirminnilegum hætti. Það er greinilegt að ráðherra Sjálfstfl. og þingflokksforusta hafi ekki unnið verk sín með þeim hætti sem eðlilegt er að krefjast og ég skora á þá að fletta upp í ummælum forustumanna Sjálfstfl. frá árinu 1982 til að gera sér grein fyrir því hvaða stefnu menn höfðu þar áður en hin nýja valdafreka forusta Sjálfstfl. kom til valda á síðustu missirum.

[20:43]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Hér hafa tveir hv. þm. borið þá alvarlegu ásökun fram að forseta Íslands hafi verið sagt ósatt. Það er auðvitað fullkomlega órökstutt og fram borið á ósmekklegan hátt. **(ÓRG:** Ræða Geirs Haarde staðfestir það.) Það er ein aðferð til þess að skera úr í þessu máli og það er að ganga til atkvæða um þetta frv. Það stendur ekkert á ríkisstjórninni að hraða meðferð málsins svo sem nokkur kostur er og af hennar hálfu er ekkert því til fyrirstöðu að málið fái svo skjóta meðferð að menn geti tekið afstöðu til málsins á morgun og þá kemur þetta í ljós. Af ríkisstjórnarinnar hálfu er ekkert því til fyrirstöðu að leiða þetta í ljós þegar í stað með skjótum vinnubrögðum af þessum hætti og þá fá menn að sjá hvað er satt og rétt í þessu máli og þurfa ekki að vera með meira orðaskak um þetta efni. (Gripið fram í.) Ég vænti þess að hv. þm. sem hér hafa borið fram þessar þungu ásakanir setji sig ekki upp á móti því að vilji þingsins komi þegar í stað í ljós í þessu efni.

[20:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég skal ekki tefja umræðu mikið. Það hefur oftsinnis gerst að sett hafi verið bráðabirgðalög án þess að talað hafi verið við þann meiri hluta sem stendur að baki ríkisstjórninni enda ber ekki skylda til þess. Ég man eftir því að í tíð ríkisstjórnar sem þeir hv. þm. sem síðast hafa talað af hálfu stjórnarandstöðunnar studdu var meira að segja reynt að fela einn af þingmönnum hennar úti í Lúxemborg til þess að ekki næðist til hans. **(Gripið fram í:** Fela hann?) Fela hv. þm. Guðmund J. Guðmundsson. (Gripið fram í.) Jafnvel var hægt að fela hann í dvergríkinu Lúxemborg. Ég skil frammíköll hv. frammíkallenda með þeim hætti að þeir vilji síður að það sé verið að rifja þetta upp. **(ÓRG:** Jú, jú, alveg sjálfsagt.) En ég ætla að rifja annað upp. Það er að nákvæmlega sama umræða og sú sem nú fer fram fór fram líka þegar sett voru bráðabirgðalög 1992 vegna Kjaradóms. Þá sögðu hv. þm. Stefán Guðmundsson og síðan hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson nákvæmlega sömu setningarnar og nú er verið að fara með. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði þá, með leyfi forseta:„ ...eða hvort er verið að ræða bráðabirgðalög sem hafa verið sett með þeim hætti að forseta lýðveldisins hafi ekki verið greint frá því hvort þingflokkar stjórnarflokkanna stæðu á bak við þessi bráðabirgðalög." — Síðu eftir síðu eftir síðu, dálk eftir dálk eftir dálk er síðan fjallað um þessi mál. Það kemur mjög skýrt fram og vitnað í heimildir, það er vitnað í Ólaf Jóhannesson, fyrrv. forsrh., formann Framsfl. og prófessor. Það er vitnað til Gunnars

Thoroddsens og það er vitnað í fræðimenn og sagt nákvæmlega það sama og búið er að segja í ræðu eftir ræðu af hálfu stjórnarandstæðinga. Hér er verið að leika nákvæmlega sama leikinn til að geta vikið frá efnisatriðum málsins. Það er aftur og aftur búið að svara þessari fyrirspurn. Það er gert í hvert einasta skipti sem sett eru bráðabirgðalög og það gerist ekki oft nú á tímum. Og það eru fluttar nákvæmlega sömu ræðurnar.

Maður spyr, virðulegur forseti, og þetta hefur með stjórn þingsins að gera: Er eðlilegt að þingmenn geti í hvert einasta skipti sem upp koma bráðabirgðalög og staðfesting á bráðabirgðalögum flutt sömu ræðurnar og fengið sömu svörin og sömu niðurstöðuna og látið sér ekki segjast þrátt fyrir að allt sem máli skiptir varðandi bráðabirgðalöggjafarréttinn liggi fyrir í einu og öllu. Í öll skiptin hefur það jafnframt gerst að komið hefur skýrt í ljós hver var vilji þingsins um þessi mál.

Ég er með þrjú hefti af Alþingistíðindum. Í öllum þessum heftum er verið að ræða nákvæmlega sama málið. Hvenær fá þessir menn nóg?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir. Það mun hann fá að gera strax. Væntir forseti þess að það komi skýrt fram að hann þurfi að bera af sér sakir vegna þess að hv. 8. þm. Reykn. hefur nú þegar talað tvisvar um þau atriði sem hér er verið að ræða.

[20:48]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. kaus að nota liðinn „fundarstjórn forseta" til að koma upp í ræðustólinn með þrjú hefti af Alþingistíðindum og fara að flytja ásakanir á mig í tilefni af ræðum mínum um allt annað mál á þingi 1992. Hann færði síðan með þeim hætti rök fyrir þeirri skoðun sinni að þær spurningar og óskir sem ég hefði borið fram væru fullkomlega ástæðulausar og í raun og veru valdi hann þeim hin háðulegustu orð.

Ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að eftir að umræðan um bráðabirgðalögin um Kjaradóm hafði farið fram á Alþingi þar sem hæstv. forsrh. vann með nákvæmlega sama hætti, að því er virðist, og í þessu máli að kanna ekki vilja þingmanna Sjálfstfl. þótt það lægi fyrir að það hefðu ráðherrar Alþfl. gert, þá lýsti hæstv. forsrh. því yfir opinberlega að það hefði verið rangt hjá sér að kalla þingið ekki saman. Hann sæi það nú að það hefðu verið mistök að setja bráðabirgðalög. Þar með hefur hæstv. forsrh. viðurkennt það að málflutningur okkar, sem hæstv. fjmrh. var hér að vitna til, var réttur. Þess vegna er þetta dæmi hjá hæstv. fjmrh. og ásakanir í minn garð afar óheppilegar vegna þess að þetta er akkúrat það tilvik þar sem hæstv. forsrh. hefur lýst yfir opinberlega mistökum sínum og viðurkennt þau. Og ég hef í ræðustól hælt honum fyrir það að hafa viðurkennt að honum hafi orðið á mistök að setja bráðabirgðalögin um Kjaradóm. Hann hefði átt að kalla þingið saman.

Þess vegna var þetta dæmi hæstv. fjmrh. afar óheppilegt og ásakanir hans í minn garð fullkomlega út í hött vegna þess að málflutningur okkar einmitt í því máli hefur sannast. Það er þess vegna, hæstv. fjmrh., sem við erum að segja hér og nú að hæstv. forsrh. á ekki að endurtaka sömu mistökin. Sú kenning formanns þingflokks Sjálfstfl. og hæstv. fjmrh. að forsrh. geti bara talað við tvo þingmenn og sagt forseta lýðveldisins engu að síður að hann hafi ástæðu til að ætla að það sé meiri hluti og svo sé þinginu bara stillt upp eftir á er slík stjórnarfarskenning að hún er stórhættuleg. Menn geta sett bráðabirgðalög t.d. í apríl. Ætli þessu þingi ljúki ekki snemma í apríl og komi ekki aftur saman fyrr en í október. Að beita bráðabirgðalagavaldinu þá með þeim hætti sem hér er lýst og talið fullkomlega eðlilegt er slík stjórnarfarsleg hætta að ég trúi því ekki að forustumenn Sjálfstfl. ætli að verja það sem eðlileg vinnubrögð.

(**Forseti** (SalÞ): Má ég biðja hv. þm. að bera af sér sakir.)

Virðulegi forseti. Nú hef ég borið af mér þær sakir sem hæstv. fjmrh. bar hér á mig og minnt hann á þá viðurkenningu sem fólst í yfirlýsingu hæstv. forsrh. um bráðabirgðalögin um Kjaradóm.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 4. þm. Norðurl. v. óskar að bera af sér sakir og væntir forseti þess að menn haldi sig þá við þann þátt samkvæmt þingsköpum að þeir séu í raun að koma í stólinn til þess að bera af sér sakir.

[20:52]

Stefán Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég er vissulega kominn til þess. Ég vil aðeins svara hæstv. fjmrh. og sitjandi forsrh. því að það er rétt að ég hef fyrr gert athugasemdir þegar svo hefur borið við sem nú. Ég gerði það í gær. Þá spurði ég hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. ekki einu sinni heldur tvisvar að því hvort það hefði verið gengið úr skugga um það að þingmeirihluti væri fyrir setningu bráðabirgðalaga. Hæstv. forsrh. svaraði því til að hann hefði rökstuddan grun um að ætla að svo væri. Ég held ég fari nokkurn veginn orðrétt með það sem hann sagði.

Ég verð að segja það, virðulegur fjmrh., að þegar svo ber undir að ríkisstjórnir sjá ástæðu til að grípa til þess óyndisúrræðis að setja bráðabirgðalög eins og nú var gert, þeirra gerræðisvinnubragða, þá finnst mér það ekki til of mikils mælst að ríkisstjórn sé búin að athuga það og geri forseta lýðveldisins grein fyrir því áður en hann skrifar upp á slíkt hvort þingmeirihluti sé fyrir þeirri gerð sem farið er fram á við forsetann að skrifa undir. Mér finnst það lágmark háttvísi hverrar ríkisstjórnar sem er að ganga frá slíku gagnvart forseta lýðveldisins. Það er svo allt annað mál hver niðurstaða atkvæðagreiðslunnar verður endanlega eftir að búið er að meðhöndla þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl.

(**Forseti** (SalÞ): Ég vil biðja hv. þm. að halda sig við að bera af sér sakir.)

Ég er að ljúka máli mínu. Hitt er aðalmálið hvort þingmeirihluti er fyrir málinu þegar forseti lýðveldisins er beðinn að skrifa undir. Það er kjarni málsins.

Auðvitað verða þeir þingmenn Sjálfstfl. knésettir í þessu máli sem hafa verið með eitthvern uppsteyt. Það er engin spurning.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. fjmrh. óskar að bera af sér sakir og nú ítrekar forseti einu sinni enn að hv. þm. og hæstv. ráðherra haldi sig við það ákvæði þingskapa að bera af sér sakir en fari ekki út fyrir rammann þegar menn kveðja sér hljóðs undir þeim lið þingskapalaga.

[20:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal reyna það. Hv. 8. þm. Reykn. bar þær sakir á mig að ég hefði farið hinum háðulegustu orðum um afstöðu hans fyrir tveimur árum og um það sem hann gerði fyrir einu ári síðan. Ég gerði ekkert annað en að rifja upp afstöðu hans þá, rifja upp hans eigin orð og las hans eigin orð og benti á að þau hefði verið mjög svipuð, ef ekki nákvæmlega þau sömu, hjá þessum tveimur hv. þm. sem hér báru af sér sakir og þeir hefðu fengið mjög skýr svör þá. (**ÓRG:** Enda viðurkenndi forsrh. mistökin.) Ég neita því, virðulegi forseti, að það sé komið upp og sagt að ég hafi farið hinum háðulegustu orðum um þá og bera á mig þær sakir þegar ég les upp sem þeir sjálfir sögðu fyrir einu eða tveimur árum síðan. Það er þá eitthvað nýtt ef það eru kallaðar sakir að segja sannleikann sem þeir sjálfir hafa sagt um sig og aðra. (**ÓRG:** Þú minnist ekkert á forsrh.)

[20:56]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. og starfandi forsrh. lét svo um mælt hér áðan að það væri viðtekin venja, ef ég hef skilið hann rétt, að setja bráðabirgðalög án þess að ræða við þingmenn viðkomandi stjórnarflokka. Ég vil láta það koma fram úr þessum ræðustól að ég kannast ekki við þessa starfsvenju. Mér finnst það náttúrlega alveg forkastanlegt með svo viðkvæmt mál sem hér er um að ræða, og í rauninni er sama um hvaða mál væri að ræða, að hunsa þingflokka sína í því máli. Það segir náttúrlega meira en mörg orð um starfshætti þessarar ríkisstjórnar. Ég skil náttúrlega ekkert í því langlundargeði hjá þingmönnum Sjálfstfl. að láta umgangast sig svona af sínum stjórnarherrum og ráðherrum.

Ég vil láta það koma fram að ég kannast bara alls ekki við þessa starfsvenju frá þeim árum sem ég hef átt sæti á hv. Alþingi.

[20:57]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er óþarfi að vera að endurtaka það sem þegar er komið fram. Forsrh. hafði að sjálfsögðu samráð við mig sem formann þingflokksins til þess að leita álits míns á því hvort ég teldi að það væri stuðningur við þetta mál. Ég taldi að svo væri og sagði honum það. Ég get ekki farið með hans samtöl við aðra hvorki forseta Íslands né aðra þingmenn og það er auðvitað fráleitt að halda því fram og það hafi komið fram í minni ræðu að það hafi verið skrökvað að forseta Íslands. Það er slíkur útúrsnúningur að það er jafnvel hv. 8. þm. Reykn., Ólafi Ragnari Grímssyni, til minnkunnar að halda slíku fram. (**ÓRG:** Við hvaða þingmenn Sjálfstfl. talaði hv. þm.?) Það kemur hv. þm. ekki við eins og ég hef þegar sagt. (**ÓRG:** Hann talaði ekki við neinn. Það er alveg ljóst.) Það kemur hv. þm. ekki við. Ég tjáði honum það í minni síðustu ræðu og þingheimi að samtöl mín við þingmenn Sjálfstfl. sem eru tíð og mörg og um ýmsa hluti koma þessum þingmanni ekki við (**ÓRG:** Ég var bara að spyrja um tölu.) og ég mun ekki greina honum frá því hvorki nú né síðar við hverja ég tala og um hvað í þingflokki sjálfstæðismanna. Það kemur þér ekki við, hv. þm. Ég leyfi mér að taka þannig til orða.

Ég vil síðan út af því sem þingmaðurinn sagði um bráðabirgðalögin frá sumrinu 1992 eingöngu segja það að hann snýr líka út úr ummælum forsrh. varðandi það efni (**ÓRG:** Við skulum bara ná í hann.) vegna þess að ummæli forsrh. — ef maður gæti nú fengið frið hér, forseti, til að ljúka máli sínu — voru um hina pólitísku hlið þess máls. (**ÓRG:** Hver segir það?) Það hefðu verið pólitísk mistök hjá honum að beita sér fyrir setningu bráðabirgðalaga en ekki að það hafi verið formlega rangt eins og hv. þm. er að halda fram og snúa út úr að sjálfsögðu gegn betri vitund. Auðvitað lék enginn vafi á því þá frekar en nú að ríkisstjórnin hafði vald til þess að setja bráðabirgðalög eins og hún gerði og Alþingi síðan staðfesti. (**ÓRG:** Í hverju voru þá pólitísku mistökin fólgin?) Það var ekki um það atriði sem forsrh. var að tala.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti biður hv. 8. þm. Reykn. að leyfa hv. 8. þm. Reykv. að ljúka máli sínu og vera ekki með frammíköll.) (**ÓRG:** Hann er með efnisatriði.)

Það kemur úr hörðustu átt þegar menn eru að tala um að það sé talað um efnisatriði undir liðnum „fundarstjórn forseta“ því enginn gengur eins langt í því og hv. þm. (**ÓRG:** Það er bara rangt.) Það er ekki rangt eins og Ólafur Þ. Þórðarson staðfestir með hlátri sínum úr salnum. (**ÓÞÞ:** Nú verð ég að bera af mér sakir.) Vertu velkominn.

Þetta er auðvitað kjarni málsins, virðulegi forseti, og hefur ekkert með að gera þá deilu um formsatriði sem hér fer fram og þá deilu hvort rétt sé að málum staðið við útgáfu bráðabirgðalaga. Forsrh. lýsti því yfir eftir á að hann teldi að það hefði verið pólitískt rangt, röng ákvörðun að setja bráðabirgðalög. En það hefur ekkert með það að gera að það hafi ekki verið fullkomlega eðlilega að þeim málum staðið út frá hinni formlegu og lagalegu hlið málsins.

Menn geta auðvitað haft mismunandi skoðanir á því hvort bráðabirgðalög séu sínu eðlilegur hlutur. Um það hefur verið margdeilt. En þau eru staðreynd. Það er ekki hægt að tala um þau sem gerræði eins og fram kom í ræðu eins þingmanns áðan. Þau eru staðreynd í okkar stjórnkerfi og það hefur ekki verið farið á svig við þær reglur sem um þau gilda í þessu tilfelli.

[21:01]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Við höfum verið að ræða bráða-

birgðalagasetningu í allan dag og það hefur komið fram í þeim umræðum að þingmenn Sjálfstfl. hafa hver á eftir öðrum lýst því yfir að ekki hafi verið haft samráð við þá um þessi lög. Það liggur einnig í augum uppi og það vita allir hv. þm. að samkvæmt stjórnarskránni er hægt að setja bráðabirgðalög án þess að fyrir liggi samþykki þeirra þingmanna sem styðja stjórn hverju sinni a.m.k., svo fyrir liggi þá þingmeirihluti. Hins vegar hefur því jafnframt verið lýst í þessum umræðum að við alla aðra þingmenn annarra flokka hafi alltaf verið haft samráð þegar slíkt stóð til. Sú sem hér stendur getur að vísu ekki lýst því þar sem okkar flokkur hefur aldrei átt aðild að ríkisstjórn en ég er ekki í vafa um að sú vinnuaðferð yrði viðhöfð innan okkar raða ef til kæmi. En ég verð að lýsa því yfir að mér finnst það algjörlega siðlaust að standa þannig að málum þrátt fyrir að ekki sé um það deilt að hægt sé að gera slíka hluti samkvæmt stjórnarskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 2. þm. Vestf. óskar að bera af sér sakir.

[21:02]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þó að hv. þm. Geir H. Haarde hafi einhverjar leiðir til þess að finna út hver sé afstaða þingmanna Sjálfstfl. án þess að tala við þá og ég met þá hæfileika mjög mikils, þá gengur það ekki upp að hann geti séð það á látbragði mínu hvaða þingmaður ég tel að gangi lengst í því að fara út fyrir efnið í ræðustóli hér og tala um efnisleg atriði. Hitt er svo grundvallaratriði líka að þegar hæstv. forsrh., þessa stundina Friðrik Sophusson, lýsir því yfir að það hafi komið í ljós að bráðabirgðalög hafi verið staðfest af þinginu eins og ríkisstjórnin lagði þau fram, þá man ég ekki betur en það hafi verið gerðar miklar breytingar áður en þau mál voru afgreidd. Þannig að ég tel að það hafi verið ósannað hver meiri hlutinn var.

Kjarni málsins er nefnilega sá að forsrh. er ekkert skyldugur, eins og hér hefur komið fram, að afla upplýsinga um það hver sé afstaða þingmannanna. En forseti landsins hefur litið á það sem skyldu sína lengi að spyrja forsrh. að því hver afstaða þingheimsins sé, hvort meiri hluti sé til staðar eða ekki.

(**Forseti** (SalÞ): Er hv. þm. að bera af sér sakir?)

Og nú er ég að bera af mér sakirnar, ef ég mætti reyna ögn á þolinmæði forseta. Þess vegna er það kjarni málsins að við unum því illa ef slík spurning forseta til forsrh. er ekki grundvölluð af forsrh. í svari hans á meiri upplýsingum en okkur virðist að hann hafi um þetta mál, þá finnst okkur að hann hafi ekki skýrt forseta lýðveldisins heiðarlega frá. Og við biðjumst undan því að liggja undir þeim sökum, þeim áburði, að það sé óeðlilegt að við áteljum það hér í ræðustól að þessi vinnubrögð séu ekki í samræmi við hefðir og það þykir okkur mjög miður að sé upplýst hér í kvöld. Vinnubrögðin eru ekki í samræmi við hefðir. Hitt er rétt að samkvæmt skilgreiningu prófessoranna stenst það að setja bráðabirgðalög, jafnvel þó að þau væru felld í þinginu.

[21:05]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. sagði áðan að þau ummæli sem fram höfðu komið að meiri hluti fyrir þessum bráðabirgðalögum hefði e.t.v. verið valtur, væru órökstudd. Þessu ætla ég að vísa á bug. Rökin komu fram í ræðu hæstv. sjútvrh. sem upplýsti að aðeins var haft samband við tvo þingmenn Sjálfstfl., þ.e. hv. þm. Geir Haarde og hv. þm. Matthías Bjarnason. Þannig að rökin liggja fyrir fyrir þeim málflutningi sem ýmsir stjórnarandstæðingar hafa haft uppi í kvöld.

Mér fannst einnig athyglisvert með hliðsjón af ummælum hv. 8. þm. Reykv. að öðru leyti, að hann sagði: Forsrh. hafði að sjálfsögðu samráð við mig sem formann þingflokks Sjálfstfl. Ég spyr: Hvaða rök eru fyrir því að hafa samráð við þennan þingmann en ekki alla hina? Atkvæði hans er jafnþungt eða jafnlétt þegar kemur til uppgjörs í stjórnarliðinu. Og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég tel að í þessu máli séu í raun og veru tveir mjög alvarlegir þættir. Sá fyrsti er framkoman við forseta Íslands. Það er mjög alvarlegt mál. Það er grafalvarlegt mál. En hitt er líka alvarlegt að samkvæmt þessum vinnubrögðum, með þessum vinnubrögðum, er þingmönnum Sjálfstfl. sérstaklega stillt upp við vegg og samviskuákvæði stjórnarskrárinnar er þannig í raun að engu gert eða teflt á tæpasta vað með þetta ákvæði. Ég tel þess vegna að hérna hafi menn ekki staðið rétt að málum, fúskað með hluti sem sýnast einfaldir en eru mikilvæg grundvallaratriði þegar upp er staðið. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það sé rangt hjá hæstv. sjútvrh. að það sé einhver aðferð í málinu að knýja hér fram atkvæði og þar með fái menn svör við því hvort menn gerðu rétt eða rangt í upphafi. Það segir ekki neitt af því að þingmenn Sjálfstfl. sem styðja stjórnina munu telja sig nauðbeygða til að tryggja að lögin fari í gegn einmitt núna, m.a. til þess að hylja þau mistök sem hæstv. forsrh. hefur bersýnilega gert sig sekan um í þessu máli. Þannig að hér er auðvitað teflt á svo tæpt vað með samviskuákvæði stjórnarskrárinnar að því er varðar þingmennina, að ég man fá dæmi slíks að það sé í raun og veru sagt við þingmenn: Þið verðið að samþykkja þennan hlut, það er í raun og veru alveg sama hvað ykkur sjálfum finnst. Og það er makalaust að hæstv. sjútvrh. og fyrrv. formaður Sjálfstfl. skuli storka sínum samþingsmönnum með þeim hætti sem hann gerði hér áðan og gera lítið úr þeim í leiðinni.

[21:09]

Guðmundur Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þó að hér séu til umræðu þau bráðabirgðalög sem sett voru þann 14. jan. sl. þá hafa þessar umræður í rauninni deilst í tvo hluta. Annars vegar er setning bráðabirgðalaganna efnislega og um réttmæti þeirrar lagasetningar eru vissulega skiptar skoðanir. Hins vegar er rætt um og einkum hér að undanförnu, síðustu klukkutímana, hvernig að þessu var staðið. Mér virðist eins og ýmsir þingmenn Sjálfstfl. og ráðherrar skilji ekki þann mun sem þarna er á umræðunni og virðast ekki geta viðurkennt að það er venja og hefð, að þegar bráðabirgðalög eru sett er leitað eftir því

hvort ekki sé örugglega meiri hluti fyrir þeirri lagasetningu. Þetta hefur greinilega ekki verið gert núna og það er það sem verið er að ræða núna. Núna er ekki verið að ræða um lögin sem slík, heldur hvort rétt hafi verið staðið að þessum málum. Þess vegna finnst mér að það sé ekki í rauninni það sem Geir Haarde, virðulegur þm. Reykv., var að svara hér áðan. Það er ekki verið að spyrja um hvað reynist hér að leikslokum, hvort þessi lög verða samþykkt, heldur hvort að setningu þeirra hafi verið staðið með þeim hætti sem venja og hefð er fyrir. Og það er athyglisvert, í þessum umræðum sem hér hafa verið í kvöld, að það er mikill munur á því hvernig þessir tveir stjórnarflokkar hafa staðið að málinu. Annars vegar Alþfl. þar sem rætt var við alla þingmenn áður en til lagasetningarinnar kom, en hins vegar Sjálfstfl. þar sem a.m.k. var ekki rætt við fleiri en tvo þingmenn og þá hugsanlega einhverja af ráðherrum flokksins. Ekki veit ég það og það hefur í rauninni ekki komið fram í þessum umræðum í kvöld. Hér er greinilega mismunur í vinnubrögðum og hugsanlega eru þá einhver ný vinnubrögð sem hér eru höfð uppi og það er þá spurning: Er það Alþfl. sem er að brydda upp á nýjum vinnubrögðum með því að tala við sína þigmenn áður en til setningar bráðabirgðalaganna kemur eða er það Sjálfstfl. sem er að brydda upp á nýjum vinnubrögðum með því að tala bara við örfáa útvalda? Það væri auðvitað gaman, vegna þess að ég veit þetta ekki sakir ásku minnar og reynsluleysis, að það yrði upplýst hér hver er að feta nýja stigu, því annar flokkurinn er að gera það. Þetta rekst hvað á annars horn, þannig að þeir eru ekki samstiga í málinu. Þannig að annar flokkurinn er tvímælalaust að brydda upp á einhverjum nýjungum hér og ég hefði mjög gaman af því ef t.d. hæstv. fjmrh., sem er náttúrlega farinn núna, enda búinn að staldra allnokkuð við, hefði getað svarað þessu. En hér er þó alla vega formaður þingflokks sjálfstæðismanna og hann mundi kannski geta upplýst mig um þetta.

[21:13]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Það er sannarlega alvörumál þegar ríkisstjórn ákveður að gefa út bráðabirgðalög og það er ekki síður alvarlegt þegar þau bráðabirgðalög fjalla um það að stöðva verkfall. Það hefur enginn efast um það í þessum umræðum í dag að ríkisstjórnin hafi haft til þess formlegan og lagalegan rétt að gefa út bráðabirgðalög hvað varðaði þá deilu sem við blasti.

Ég vík mér ekki undan því að hafa tekið þátt í undirbúningi málsins og ég staðfesti hér að ég stend að útgáfu þessara bráðabirgðalaga og átti ákveðinn þátt í undirbúningi málsins meðan það var á því stigi. Það hefur komið fram í umræðunum og verið lögð á það áhersla og eins og alþjóð veit, að þetta mál var komið í hnút á sínum tíma. Ríkisstjórnin hafði ítrekað reynt að miðla málum, reynt að kalla samningaaðila saman til lausnar og sátta og augljóst var af yfirlýsingum samningsaðila að málið var komið í mjög alvarlegan hnút hálfum mánuði eftir að verkfall hófst.

Það sjónarmið hefur komið hér fram, sérstaklega frá hv. þingmönnum Framsfl., að það hefði átt að gefa þessari deilu lengri tíma þannig að samningsaðilar mættu freista þess að ná samkomulagi án afskipta löggjafans. Hv. þingmenn Framsfl. hafa talað hér í dag, margir hverjir, eins og nú væri verið að gefa út bráðabirgðalög í fyrsta sinn og þó ekki sé nefnt að verið sé jafnvel að gefa út bráðabirgðalög í fyrsta sinn til þess að stöðva verkföll. Ég hélt, og sérstaklega með tilliti til orða hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, sem hefur vitnað hér mjög til fortíðarinnar og viljað vekja okkur hv. þm. til vitundar um það að hugsa til fortíðarinnar þegar staða þessa máls er sérstaklega skoðuð núna, af því að við séum að fást hér við fortíðarvanda sem hæstv. ríkisstjórn hefir látið undir höfuð leggjast að takast á við, þá hélt ég að minni hans væri betra en svo að geta ekki rifjað það sjálfur upp að hann, hv. þm., hefur staðið í þeim sömu sporum og ég nú, að mæla með samþykkt bráðabirgðalaga og það meira að segja á verkfall.

Árið 1986, 9. maí, voru gefin út bráðabirgðalög um stöðvun verkfalls félagsmanna í Skipstjórnarfélagi Íslands, svo og félagsmanna í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem vinna á farskipum. Þetta verkfall hafði staðið 29. og 30. apríl, 5., 6. og 7. maí, samkvæmt því er forseta Íslands var gert kunnugt. Þingið lauk störfum 23. apríl og ég finn það ekki í þingtíðindum næsta haust eða í umræðum um þetta mál, 3. nóv. 1986, (**Gripið fram í:** 1986.) bráðabirgðalögin eru þá gefin út 9. maí, að hv. þm. Stefán Guðmundsson né aðrir hv. þm. Framsfl. hafi yfir höfuð kvartað um það að þingið skyldi ekki kallað saman til þess að standa að útgáfu þessara laga. Og ég sé heldur ekki að hv. þm. hafi kvartað yfir seinagangi málsins haustið 1986 vegna þess að það verður fyrst að lögum með atkvæðagreiðslu 15. des. það ár eða rúmu hálfu ári eftir að bráðabirgðalögin eru gefin út. Að láta reka sig heim 23. apríl og standa svo að bráðabirgðalögum til að stöðva verkfall sem þá hafði löngu verið boðað 9. maí og spyrja ekki um það hvort hv. þm. hefðu þann 9. maí 1986 verið spurðir um það hvort þeir væru hlynntir útgáfu þessara bráðabirgðalaga eður ei. (**SvG:** Hver var afstaða ...) Það kom heldur ekki í ljós hver afstaða þeirra var endanlega fyrr en í atkvæðagreiðslu 15. des. sama ár.

Ég rifja þetta upp í ljósi allra þeirra umræðna sem hér hafa orðið í dag þegar sömu þingmenn mæltu slíkri útgáfu bót 1986, vörðu slíka útgáfu og létu þetta allt yfir sig ganga. Það kann vel að vera að það hafi orðið einhver siðvæðing í Framsfl. síðan 1986 og það hafi kannski orðið einhver hugarfarsbreyting árið 1991, frá því að hverfa úr ríkisstjórn yfir til þess að hverfa til stjórnarandstöðu. (**Gripið fram í:** ...stjórnarskránni breytt.) Eða er þetta einhvers konar skrípaleikur allt saman? Að það séu bara tvær ræður í gangi hér í þinginu, tvær útgáfur af ræðum? Er það til þess að auka virðingu Alþingis og álit almennings á okkur hv. þm. að standa þannig að málum? Er það trúverðugt? Telja hv. þm. Framsfl. í ljósi sögunnar og reynslunnar að það sé mark takandi yfir höfuð á svona sinnaskiptum, skyndilegum sinnaskiptum? Hvað þá þegar menn keppast um að ræða fortíðina? Ég hélt nefnilega að það

væri grundvöllur okkar starfa að sýna ákveðna samkvæmni hvort sem við stæðum að ríkisstjórn eður ei.

Þetta var mér mjög erfið ákvörðun, mjög erfið ákvörðun, að standa að og styðja útgáfu bráðabirgðalaganna og án þess að þing yrði kallað saman. Ég mat það svo að málin væru komin í slík óefni. Atvinnulífið væri allt að stöðvast og það tæki sinn tíma líka að kalla saman þingið. Ég reyndi að meta þetta út frá öllum hliðum málsins og taldi að þessi útgáfa þyldi enga bið eins og málin stóðu. Og nú er málið þó komið á nokkrum dögum til umræðu á hinu háa Alþingi, ekki nokkrum mánuðum eins og hv. þm. Framsfl. hafa haft reynslu af. Sannarlega er það þó fagnaðarefni og bót í máli hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að það hafa orðið endurbætur á allri löggjöf er lítur að útgáfu bráðabirgðalaga og er það vel.

Það má líka minna hv. þm. Svavar Gestsson á það að árið 1990 þá stóð hann fjórum sinnum að því að gefa út bráðabirgðalög. (**SvG:** Með krötunum.) Já, já, með krötunum. Hann stóð fjórum sinnum að því að setja bráðabirgðalög árið 1990, 13. janúar. Hvar var þingið þá? 29. júní, 17. júlí og 3. ágúst. Það er ekkert nýtt fyrir hv. þm. Svavari Gestssyni að standa að útgáfu bráðabirgðalaga og meira að segja í jólaleyfi þingmanna og það þýðir ekkert fyrir hann að kalla hér fram í eða halda langar ræður um að hann þekki ekki slíkt. (**SvG:** Vill presturinn trufla jólaleyfi þingmanna?) Það hefur komið hér fram í allmörgum ræðum í dag að það hefði einmitt verið rétt að trufla jólaleyfi þingmanna til að takast á við þetta mál og hefði ég ekki talið það út af fyrir sig mikla truflun. En ég vil rifja það upp fyrir hv. þm. Svavari Gestssyni ef hann veit ekki um það að árið 1990 þá stóð hann fjórum sinnum að því að gefa út bráðabirgðalög og þótti kannski ekki mikið. Sem betur fer þá hefur það þó verið stjórnvaldsstefna hin síðari ár að reyna að forðast það eins og frekast má að gefa út bráðabirgðalög og að þau væru ekki gefin út nema brýna nauðsyn bæri til. Hv. þm. Svavar Gestsson veit vel um það. Alla vega man ég það vel árið 1978 og 1979 að þá fannst okkur þetta vera gengið út í slíkar öfgar að það þyrfti að fara að stemma stigu við. Við áttum gott samstarf við ríkisstjórn á þeim árum og töldum við þó sjálfir að það væri kannski dálítið langt gengið í þeim efnum þegar verið var að stjórna landinu nánast með tilskipunum frá einum mánuði til annars, með bráðabirgðalögum, þegar þing sat ekki. Kannski krafðist efnahagsástandið þess á þeim tíma. Þá voru aðrir tímar í efnahagsmálum en nú eru og mikil óðaverðbólga og þurfti oft að grípa inn í með ráðstöfunum í efnahagsmálum og ríkisfjármálum.

Ég vil undirstrika það hér að það er e.t.v. munur á því hvort gefin eru út bráðabirgðalög almennt sem fjalla um félags- og efnahagsmálin eða bráðabirgðalög sem lúta að því að stöðva verkfall. Það er alvarlegt mál. Það er mjög alvarlegt mál vegna þess að þar erum við að snerta við grundvallarmannréttindum í landinu, hvorki meira né minna. Ég geri mér fulla grein fyrir því. Það snertir líka við grundvelli samvisku okkar eins og hefur komið fram í umræðum í þinginu og þarf nokkurt þrek til að greina þar í milli. Ég tel samt að þarna hafi borið brýna nauðsyn til vegna þjóðarhags.

Virðulegur forseti. Kjarni málsins nú er sá hvernig megi takast á við þau vandamál sem sjómennirnir standa frammi fyrir og var rótin að deilum þeirra við útgerðarmenn að finna leið til að forða þeim frá því að verða neyddir til að taka þátt í hinu svokallaða kvótabraski. Það er málið, það er krafan sem stendur núna upp á þingið. Það hefur komið fram að það hefur ekki haldið þó að sjómenn og útgerðarmenn hafi samið um það í samningum með skýrt orðaðri yfirlýsingu að sjómenn skyldu ekki taka þátt í kaupum á aflaheimildum, þá hafi slíkt ekki haldið. Því hefur einnig verið haldið fram að þó að það yrði bundið í lög þá mundi það ekki halda heldur að festa í lög ákvæði gildandi kjarasamninga um að óheimilt sé að láta sjómenn taka þátt í kostnaði við kaup aflamarks. Það hefur verið efast um að það mundi halda frekar. Hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði að þetta væri áfellisdómur yfir ríkisstjórninni hvernig komið væri fyrir sjómönnum andspænis kvótakerfinu. Honum hefur ekki komið til hugar að þetta kynni að vera líka áfellisdómur yfir sjávarútvegsstefnu Framsfl. Ég held að hann neiti því ekki að Framsfl. hafi átt fulla aðild að því að þróa og setja upp hið svokallaða kvótakerfi og sumir vilja ganga svo langt að segja að þetta sé einkahugmynd Framsfl. sem hann hafi laðað Alþb. og m.a. Alþfl. til fylgis við á sínum tíma og Sjálfstfl. líka náttúrlega á árum áður. En haft forustu fyrir þessari stefnumótun sl. áratug og fyrst og síðast ber ábyrgð á þessu kerfi. Ég er ekki að segja að þeir hv. þm. í Framsfl., sem báru þetta mál fyrst og fremst fyrir brjósti, ætluðu svo að þetta mundi koma í bakið á sjómönnum og setja á þá slíka fjötra og ástandið ber vitni um núna. Það er ég ekki að segja. Ég tek ekki svo djúpt í árinni með sleggjudómum og yfirlýsingum eins og hv. þm. Guðni Ágústsson leyfði sér hér í umræðunum að segja að ríkisstjórnin notaði atvinnuleysið sem svipu á fólk. Ég trúi því ekki að hv. þm. Guðni Ágústsson meini þetta, ég geri það ekki. Ég tek ekki mark á þessum orðum hans að geta ásakað nokkurn mann um það að nota atvinnuleysi sem svipu á fólk frekar en að ég ætli Framsfl. það að nota kvótakerfi sem svipu á sjómenn þegar það var sett á stofn á sínum tíma. Það geri ég ekki, slíkt væri ósanngjarnt. En undan því verður ekki hlaupist og það getur enginn stjórnmálaflokkur hlaupið undan því sem hefur átt aðild að ríkisstjórn á undanförnum árum að bera ábyrgð á þessu kerfi sem er að fjötra sjómenn og soga upp úr launaumslögum sjómanna stóran hluta af launum þeirra. Þar berum við öll ábyrgð. Það þýðir ekkert að koma hér upp í ræðustól og vísa til fortíðar og segja að núv. ríkisstjórn beri alla ábyrgðina, það er tómt mál. Við þurfum að horfa fram á veginn og það saman. Það er verkefni þingsins núna. Það hefur komið fram minnisblað frá þessari svokölluðu þríhöfða nefnd sem hefur verið lagt fyrir sjútvn. þingsins og er það vel að þannig skuli staðið strax að samráði við þingið og ber að þakka það að hæstv. sjútvrh. skuli strax og fyrstu drög þessarar nefndar samkvæmt bráðabirgðalögunum koma fram að það skuli tekið til umræðu í hv. sjútvn., slíkt ber að þakka. Það verður að

segja eins og er að þessi hugmynd um tilboðsmarkað fyrir aflamark leysir á engan hátt sjómenn að fullu undan þeirri kvöð að taka þátt í kvótabraski ef útgerðarmenn standa þannig að málum og er auðvitað ekki full lausn á þessu máli. Ég sé heldur ekki þótt aðstæður sköpuðust til fiskverðshækkunar að það mundi leysa þennan vanda að fullu um að sjómenn yrðu ekki áfram neyddir til að taka þátt í hinu svokallaða kvótabraski. Þannig að hér þarf að koma annað og meira til.

Virðulegur forseti. Það er kjarni málsins að það skapist aðstæður hér í þinginu til að takast á við það úrlausnarefni að forða sjómönnum með öllum ráðum frá því að þurfa að borga fyrir rekstur kvótakerfisins, að borga fyrir kerfi sem í sjálfu sér hefur birst í þessu tilfelli ranglátt og er að taka frá sjómönnum launin þeirra að stórum hluta. Hvernig getum við brugðist við þessum vanda? Það gilda lög um fiskveiðistjórnunina og kvótabraskið fer fram í skjóli þessara laga og það er alveg ljóst að sjómönnum verður ekki forðað frá þessum fjötrum öðruvísi en að lögum verði breytt. Það er alveg ljóst að það verður að gera.

Ég trúi því að það skapist aðstæður í nánu samráði við hagsmunaaðila, sjómenn og útvegsmenn, til að ná fram árangri og niðurstöðu sem tryggi réttarstöðu sjómanna og hag útgerðarinnar í landinu.

[21:33]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins víkja að orðum hv. 5. þm. Austurl. þar sem hann vék að afstöðu okkar framsóknarmanna til setningar bráðabirgðalaga. Ég ætlast til að hv. þm. sé það ljóst að þingsköpum var breytt í maí 1991 og þá urðu miklar breytingar á. Og ég hélt að hv. þm., þar sem það vill svo til að hann er einnig starfandi varaforseti þingsins, gerði sér grein fyrir því í hverju þessi breyting fólst m.a. Að halda því fram hér að það hafi verið einhverjum vandkvæðum bundið að kalla Alþingi saman þegar bráðabirgðalögin veru sett er náttúrlega hrein blekking og það veit þingmaðurinn.

En mig langar til að spyrja hv. þm. hvort ég hafi heyrt rétt að þingmaðurinn, hv. 5. þm. Austurl., hafi unnið að gerð þessa frv. Hvort hv. þm. hafi unnið að gerð þessa frv. þar sem í því fólst að setja bráðabirgðalög á austfirska sjómenn. Heyrði ég það rétt að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, þingmaður Austurl., hafi unnið að gerð þessa frv. sem felur það í sér að setja lög á austfirska sjómenn?

[21:35]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort það komi hv. þm. Stefáni Guðmundssyni svo mjög á óvart að þau lýðræðislegu vinnubrögð skuli gilda í Alþfl., hann kannski þekkir ekki slík vinnubrögð í Framsfl., að þegar um svo stórt og brýnt mál er að ræða og það að setja bráðabirgðalög til að stöðva verkfall sjómanna að um slíkt eigi sér stað náið samráð í þingflokki flokksins. (**StG:** Ekki við sjálfstæðismenn.) Að halda því fram að það sé ekki talað við fulltrúa flokksins í hv. sjútvn. og hann hafður með í ráðum um slíkan málatilbúnað. Ég veit ekki hvaða vinnubrögð gilda í Framsfl. í þessu efni. En það virðist koma hv. þm. Stefáni Guðmundssyni á óvart að ráðherrar skuli hafa samráð við þingmenn sína og einkum þá sem eru sérstaklega kallaðir til starfa á ákveðnu málasviði þegar um svo brýnt mál er að ræða, útgáfu bráðabirgðalaga til að stöðva verkfall sjómanna. Ég hleyp ekki undan þeirri ábyrgð, ég axla hana. Til þess hef ég verið kjörinn af austfirskum sjómönnum.

[21:36]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Já, það var gott að fá þetta skýrt fram. Ég efaðist satt að segja um þetta þar sem hæstv. forsrh. sá ekki ástæðu til að ræða við þingmenn síns eigin flokks og þeir voru ekki tilbúnir að fara í smiðju með honum til þess að búa til þessa lagagerð. Þeir voru ekki tilbúnir til þess. Hér hefur það komið fram. En hér gengur vaskur maður fram úr þingliði Alþfl. sem lýsir því yfir að hann hafi tekið þetta verk að sér með mestu vinsemd.

[21:37]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er gott að samstarf eigi sér stað í fullri vinsemd og það er gott að það skuli skapast aðstæður til þess að takast á við hin erfiðustu mál í vinsemd vegna þess að þegar starfað er saman í vinsemd þá eru meiri líkur á að niðurstaða verði ásættanleg.

En þetta virðist allt saman koma hv. þm. Stefáni Guðmundssyni mjög á óvart. Í raun og veru er hann ekki að upplýsa um annað en að þegar hans flokkur sat í ríkisstjórn þá hafi þau vinnubrögð verið tíðkuð að þar hafi raunverulega starfað tveir flokkar, annars vegar ráðherraflokkurinn og hins vegar hinir almennu þingmenn. Og þetta vekur aftur upp spurninguna um það hvort það var yfir höfuð haft samband við almenna þingmenn hv. þm. Framsfl. 8. eða 9. maí árið 1986 þegar þá voru gefin út bráðabirgðalög. Þeirri spurningu hefur ekki verið svarað. (**StG:** Henni hefur ...) Ekki að öðru leyti en því að hér hefur hv. þm. Stefán Guðmundsson lýst yfir undrun sinni, lýst yfir undrun sinni yfir því að það voru höfð samráð innan Alþfl. um undirbúning þessa máls. (**StG:** Þannig að þú vannst ...) Hér virðast einhverjir falskir tónar hljóma samanborið við þá umræðu sem fór fram áðan þegar hv. þm. Stefáni Guðmundssyni kemur það á óvart að það skuli eiga sér stað samráð í Alþfl. þegar um svo mikið verkefni er að ræða að gefa út bráðabirgðalög. (**StG:** Þingmaðurinn sagðist hafa unnið að lagasmíðinni.) Og það er gott til þess að vita að um leið og lögum var breytt árið 1991 að þá skyldi einnig á sama tíma fara fram mjög mikilvæg pólitísk hugarfarsbreyting, afstöðubreyting í Framsfl. í afstöðu til bráðabirgðalaga.

[21:39]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. reynir að friða samvisku sína með því að fara nokkuð aftur í tímann til að leita að setningu bráðabirgðalaga. Það hefur reyndar komið fram hér að stjórnarskránni hefur verið breytt í millitíðinni. Ég vil ráðleggja hv. 5. þm.

Austurl., sem meðlimi í forsætisnefnd Alþingis, að verja tíma sínum frekar í að verja heiður þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu heldur en að vera að beina spjótum sínum að okkur framsóknarmönnum vegna þess að ég lýsti því yfir hér áðan að ég kannast ekki við þau vinnubrögð að ekki hafi verið höfð samráð við þingmenn Framsfl. þegar bráðabirgðalög hafa verið sett. En hins vegar eru aðstæður allar breyttar þannig að það er alger óþarfi að standa að málum eins og nú hefur verið gert. Það er hægt að kalla saman þingið með dags fyrirvara. Sú er breytingin. Og meðlimur í forsætisnefnd, eins og hv. 5. þm. Austurl. er, ætti að verja þingið að þessu leyti gagnvart ríkisstjórninni sem sækir á með vinnubrögðum sem hafa afhjúpast hér í kvöld með lítilsvirðingu við þingmenn a.m.k. annars stjórnarflokksins.

[21:41]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að upplýsa hv. þm. Jón Kristjánsson um það aftur að 23. apríl árið 1986 lá fyrir full vitneskja um það að 29. og 30. apríl, 5., 6. og 7. maí yrði sjómannaverkfall í landinu. Hann stóð samt að því, ásamt öðrum hv. þm. Framsfl. sem studdu þáverandi ríkisstjórn, að senda þingið heim, jafnvel vitandi um það, eins og raunin varð, að verkfallið yrði stöðvað með bráðabirgðalögum. Vegna þess að það verkfall var þó öðruvísi en það sem við stóðum frammi fyrir núna, að það var ekki einu sinni samfellt. 29. og 30. apríl, 5., 6. og 7. maí, röð af skyndiverkföllum. Og samkvæmt því sem hér stendur var ekki verkfall í gangi 9. maí þegar bráðabirgðalögin voru gefin út. Þannig að ef hv. þm. hefur verið þeirrar skoðunar 1986 ásamt öðrum hv. þm. Framsfl., að það bæri brýna nauðsyn til þess að fjalla um jafnbrýn mál í þinginu ef aðstæður frekast leyfðu, þá var aldeilis ástæða til þess þá. En að senda þingið heim á meðan svo váleg tíðindi biðu að verkfall var að ganga í garð, það er alvarlegt.

[21:43]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl. fer ekki að mínum ráðum heldur notar tíma sinn hér í andsvari til að hafa uppi getsakir um það að fyrir um áratug eða svo höfum við þingmenn Framsfl. vitað um það þegar þingið var sent heim, að það ætti að setja bráðabirgðalög. Þetta er náttúrlega algerlega út í bláinn og sýnir bara að hv. 5. þm. Austurl. tekur ekki góðum ráðum og vill ekki svara því sem ég beini til hans í mestu vinsemd, að nota tíma sinn hér til að verja þingið fyrir ríkisstjórninni og heiður þess.

[21:45]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst til að taka að það er rétt að Framsfl. hefur komið að þeirri lagasetningu að setja lög um stjórnun fiskveiða. Við höfum aldrei haft meiri hluta á Alþingi Íslendinga og ávallt orðið að njóta aðstoðar annarra ef við höfum þurft að koma lögum í gegnum þingið. Þessi lög hafa verið mikið gagnrýnd og það eitt að núverandi ríkisstjórn er búin að sitja í tvö ár og Alþfl. hefur boðað breytingar á þessum lögum, þá finnst okkur dálítið skrýtið að það skuli vera sett bráðabirgðalög til þess að framlengja stefnu Halldórs Ásgrímssonar. Að svo brýnt sé að framlengja þá stefnu. Það vekur undrun. Við skiljum ekki að hin brýna nauðsyn hafi þá verið til staðar, ef þetta hefur allt verið vitlaust, eins og talað hefur verið um. En það er aldrei í þeirri stefnu samþykkt að kvótabrask skyldi tekið upp í þeirri mynd sem hefur viðgengið að undanförnu.

En það alvarlegasta í þessum samanburði sem hér hefur verið gerður og það sem ég hreinlega skil ekki, er hvers vegna hv. 5. þm. Austurl. fer til 1986 og ræðir um bráðabirgðalagaútgáfu. Nú er það svo að ég tel mig vera sjálfum mér samkvæmur í dag þó að ég keyri á hægri kanti í umferðinni, en skal játa það að fyrst eftir að ég tók próf keyrði ég alltaf á vinstri kanti. Og þetta er náttúrlega gífurleg breyting. En hver skyldi ástæðan vera? Ég er einfaldlega að fara eftir þeim lögum sem eru í gildi núna, sem eru öðruvísi en voru í gildi þegar ég tók prófið. Og ég vona að hæstv. forseti geri sér grein fyrir því að það voru sett ný ákvæði í stjórnarskrá Íslands 31. maí 1991 og eftir þeim ber að starfa í dag en ekki því sem gilti 1986.

[21:47]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var afar merkileg yfirlýsing sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson gaf hér núna um það að útgáfa þessara bráðabirgðalaga væri í raun framlenging á stefnu Halldórs Ásgrímssonar. Þessi yfirlýsing hefði mátt koma fyrr í þessum umræðum vegna þess að þá hefði hún sparað mörgum hv. þm. Framsfl. löng ræðuhöld hér. Ég er hættur að skilja nokkurn skapaðan hlut í hver afstaða þeirra er yfir höfuð til mála, vegna þess að hv. þm. Framsfl. hafa gengið hér lengst fram í því að gagnrýna útgáfu bráðabirgðalaganna. En nú er því lýst yfir af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að þetta hafi verið svo brýnt mál af því að það væri verið að framlengja stefnu Halldórs Ásgrímssonar, stefnu Framsfl. í fiskveiðimálum undanfarin ár.

Um hitt varðandi útgáfu bráðabirgðalaganna, þá er það rétt að það hefur verið gerð breyting á stjórnarskránni. En stjórnarskráin hamlaði ekki áður þinginu til þess að koma saman þótt um sumar væri og heldur ekki að koma saman í jólaleyfi. Ég rakti það áðan að árið 1990 gaf þáv. ríkisstjórn út bráðabirgðalög í janúarmánuði, meðan þing var í jólaleyfi. Oft kom upp sú spurning hvort ætti að kalla þingið saman, þannig að sú spurning er ekki að koma upp fyrst núna. Hún er gömul og það vita hv. þm. Framsfl. sem þó hafa tekið hugarfarsbreytingu með stjórnarskrárbreytingu og er það vel.

[21:49]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Með leyfi hæstv. forseta vil ég lesa upp 35. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hún er nú, ef hugsanlegt væri að hv. 5. þm. Austurl. gerði sér grein fyrir því um hvað er verið að ræða. Því hann hefur lýst því yfir að hann skilji bara málið alls ekki:

„Reglulegt Alþingi skal koma saman ár hvert hinn fyrsta dag októbermánaðar eða næsta virkan dag ef

helgidagur er og stendur til jafnlengdar næsta árs hafi kjörtímabil alþingismanna ekki áður runnið út eða þing verið rofið. Samkomudegi reglulegs Alþingis má breyta með lögum."

Það var stigið það skref að Alþingi ætti að starfa allt árið og svo halda menn að engu hafi verið breytt þegar valdhafarnir telja að nauðsyn beri til að koma í veg fyrir að þetta ákvæði gildi. Mig undrar að menn skuli leyfa sér þann málflutning að láta eins og stjórnarskráin sé sú sama í dag og hún var 1986.

Hitt atriðið mun ég ræða í mínum ræðutíma hér á eftir.

[21:51]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er fullkunnugt um að stjórnarskrá hefur verið breytt hvað þetta áhrærir, að þingið starfar núna allt árið. En ég veit að hv. þm. Ólafi Þórðarsyni er líka fullkunnugt um það að stjórnarskráin leyfði fyrir að þing yrði kallað saman þó það væri ekki að störfum, ef til þess væri pólitískur vilji. Og ég trúi því að hv. þm. Ólafur Þórðarson sé mér sammála um þetta, enda leikur enginn vafi á því, það skorti bara hinn pólitíska vilja. Það er mergurinn málsins og um það hef ég verið að fjalla. Það er kannski hægt að hlaupa frá kjarna málsins til formsatriða þegar illa stendur á og það gerist nú.

[21:52]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég undirstrikaði í minni ræðu áðan að Halldór Ásgrímsson bæri vissulega ábyrgð á þeirri sjávarútvegsstefnu sem er í landinu. Það fer ekkert á milli mála. Það vakti vissulega athygli þegar hæstv. forsrh. kallaði á hann á sinn fund. En hvað er það sem er sérstætt? Sjómenn og útgerðarmenn höfðu náð samkomulagi um það, undirritaða yfirlýsingu, að sjómenn ættu ekki að taka þátt í kvótakaupum. Það hafði aldrei tíðkast þann tíma sem Halldór Ásgrímsson var sjútvrh. Það hafði aldrei tíðkast þann tíma. Það eru nýjar leikreglur sem hafa átt sér stað á seinustu tveimur árum að ég segi, óheiðarlegir menn innan útgerðarmanna, (**GunnS:** Hefur lögum og reglum verið breytt?) Nú bið ég hv. 5. þm. Austurl. að hlusta mjög vel því það er grundvallaratriði fyrir skilningnum — að óheiðarlegir útgerðarmenn hafa áttað sig á því að það er hægt að selja kvóta frá bátnum sínum og leika svo þann leik, vegna þeirrar kreppu sem orðin er í landinu, að neyða sjómenn til þess að taka þátt í að kaupa kvóta á skipið á ný og þetta er framkvæmt með því að fiskverðið er í reynd lækkað. Ég hef séð svona uppgjör. Og kratarnir sem hrópuðu um allt í seinustu kosningum að það ætti að breyta sjávarútvegsstefnunni, eru í dag að vinna gegn því sem verkfallið stefndi að. Það var að þvinga útgerðarmenn til þess að samþykkja að það sem þeir hefðu undirritað yrði gert að lögum. Og nú er hv. 5. þm. Austurl. farinn úr salnum þannig að það getur enginn vonast til þess að hann hafi skilning á málinu með svo gloppóttri hlustun. Það gengur bara ekki upp.

Og hvað er verið að gera? Hér er verið að halda því fram að lagasetningin eins og Halldór Ásgrímsson hafði hana sé vitlaus. Hún sé að fara ofan í pyngju sjómanna. En í sama texta er því haldið fram að það hafi borið brýna nauðsyn til að láta þetta gilda til 15. júní. Það er ekkert samræmi í þessum málflutningi. Þeir eru búnir að fá tvö ár til að hugsa, tvö ár. Hvernig væri að vera skákmaður og þurfa að tefla eftir klukku og vera ekki búinn að hreyfa einn einasta mann á tveimur árum? (**StG:** Hvað væri það kallað?) Ég er hræddur um að það þætti skrýtið. Staðan er nefnilega sú að klukkan hefur gengið á hæstv. ríkisstjórn í þessu máli. Í heilt ár biðu sjómenn með aðgerðir, að fara í verkfall. Í heilt ár. Er það skortur á sáttfýsi að bíða í heilt ár án þess að fara í verkfall? Er það ekki eitt af því sem við teljum til fyrirmyndar í afstöðu stéttarfélags, ef það rýkur ekki strax í verkfall og samningar eru lausir? Vissulega. Það er eitt af því sem við stjórnarþingmenn fyrri tíma mátum mjög mikils, ef vopnagleðin, að fara í verkfall, var ekki það mikil að menn biðu og reyndu að ná samningum í heilt ár.

Svo brestur verkfallið á og hvað eru þeir að fara fram á? Þeir eru að fara fram á það að LÍÚ haldi ekki hlífiskildi yfir hinum óheiðarlegu í stéttinni. Það var það sem einn af varaþm. Sjálfstfl. sagði í útvarpið um þessi mál. En hvað gerðu þeir? Þeir héldu hlífiskildi yfir liðinu sem hafði skrifað undir það, undir yfirlýsinguna um að sjómenn ættu ekki að taka þátt í kvótakaupunum. Þeir vildu ekki fá þann lagatexta. Þeir stóðu gegn því. Þess vegna er það ekki inni í bráðabirgðalögunum í dag. Vegna þess að þeir vilja rjúfa þau orð og það er aum staða að standa að slíku. Það eru fleiri, fleiri útgerðarmenn búnir að segja við mig: Þetta kvótabrask verður að stoppa. Vegna þess að þeir sjá það auðvitað að ef sumir útgerðarmenn komast upp með það að lækka laun sjómanna um 20–30% á sínum skipum á sama tíma og hinir borga rétt laun, þá hljóta það að verða þessir óheiðarlegu sem eignast flotann um síðir vegna þess að efnahagsafkoman hjá þeim verður það miklu betri. Þetta er ekki flóknara mál en það og ég trúi ekki öðru en að hv. 5. þm. Austurl. geri sér grein fyrir því.

Hitt verð ég aftur á móti að segja, að ég er þakklátur fyrir þær upplýsingar sem hv. 5. þm. Austurl. hefur veitt um vinnubrögð innan Alþfl. Það er til hreinnar fyrirmyndar að þingmenn hafi fengið að koma að þeirri vinnu að semja bráðabirgðalögin. Og ég vil staðfesta það að innan Framsfl. var ávallt haft samband við þingmenn áður en bráðabirgðalög voru sett, en það er líka rétt að það var ekki haft samráð við þingmenn um samningu þeirra oft og tíðum. Þau voru samin og svo var spurt á þingflokksfundi: Treystið þið ykkur til að samþykkja þetta eða ekki? Það er nefnilega svo að það er kannski stundum nógu erfitt í samsteypustjórnum að ná samkomulagi um textann, þó að hver og einn þingmaður geti ekki fengið að valsa mjög mikið með hann heldur verði að svara þeirri spurningu: Ætlar hann að styðja þetta eða ekki?

En með þessu er hv. 5. þm. Austurl. raunverulega að senda skeytin inn í Sjálfstfl. vegna þess að það er upplýst að þar gilti það lýðræði ekki að menn væru spurðir. Það voru tveir menn spurðir. En hver var ástæðan? Hver var ástæðan fyrir því að hæstv. forsrh.

og hv. þm. Geir Haarde komu sér saman um þau vinnubrögð að það borgaði sig ekki að spyrja þingflokkinn í þessu máli. Það yrði að stilla þeim upp við vegg, vegna þess að þeir vissu að ef þeir hefðu farið með frv. inn í þingflokk Sjálfstfl. og látið greiða atkvæði um það, þá hefði vissulega mikill meiri hluti Sjálfstfl. stutt frv., en það var vitað að innan flokksins voru þeir menn sem ekki hefðu greitt atkvæði með því. Fleiri en einn og fleiri en tveir. Og það var betra að þeirra mati að segja við forsetann: Við höfum rökstuddan grun fyrir því að meiri hluti sé fyrir þessu, heldur en að standa frammi fyrri því að það væri andstaða það margra innan Sjálfstfl. að þeir yrðu að segja: Í dag er staðan sú að svona margir þingmenn eru á móti. Þeir treystu því aftur á móti að flokkskerfið dygði til þess að stilla þessum mönnum upp við vegg frá þeim degi sem bráðabirgðalögin voru sett og til þess dags sem atkvæðagreiðslan færi fram, að þeir teldu að þrátt fyrir allt væri skynsamlegra að lúta flokksaga í málinu heldur en að fella ríkisstjórnina. Þetta segir okkur, hv. 5. þm. Austurl., allt um stöðu Sjálfstfl. í sjávarútvegsmálum.

Það er nú einu sinni svo að það verður aldrei sett stefna um stjórnun fiskveiða svo öllum líki. Hún verður aldrei sett. Og það er kannski hægara um að tala en í að komast að ætla að standa þannig að skömmtun á aðganginum að hafinu að menn verði sáttir. Alvaran blasir við, það er ofveiði.

(Forseti (GunnS)**:** Nú er tími hv. þm. úti og bið ég hann um að ljúka nú þegar máli sínu.)

Það er ljúft að verða við því, hæstv. forseti, því nú heyri ég að ekki skortir á skilninginn hjá hv. 5. þm. Austurl. Hann hefur hlotið þá fræðslu sem nauðsynleg er í þessum efnum.

[22:03]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þau bráðabirgðalög sem hér eru til umræðu eru um margt mjög sérkennileg og í raun og veru er ekki nokkur leið fyrir stjórnarsinna að skýla sér á bak við það að bráðabirgðalög hafi áður verið sett. Framsóknarmenn, alþýðubandalagsmenn og fleiri hafi áður staðið að setningu bráðabirgðalaga og þess vegna séu þessi bráðabirgðalög sem nú er verið að ræða um engin tíðindi. Það er rangt. Þessi bráðabirgðalög sem sett voru á dögunum og hér eru til umræðu eru mikil tíðindi. Þau eru mikil tíðindi í margvíslegum skilningi sem ég ætla aðeins að fara yfir, hæstv. forseti, ef það mætti verða til þess að koma því hér á blöð þingtíðinda, þó ekki væri meira, að ég tel að hér séum við í raun og veru að fjalla um mjög mikilvæg grundvallaratriði.

Í fyrsta lagi vil ég segja: Bráðabirgðalögin stöðvuðu deilu sem til var komin vegna kjaramála sjómanna, en líka vegna kvótabrasksins. Og það er ekki nokkur leið að neita því, hver svo sem niðurstaða félagsdóms varð sem hæstv. sjútvrh. vitnaði til fyrr í dag, að kvótabraskið, skerðingin á aflahlut sjómanna við kaup á kvóta, var ein meginundirstaðan að þeirri ókyrrð sem fór af stað og var í gangi í sjómannasamtökunum. Og þegar um þetta margumtalaða kvótabrask er að ræða þá held ég að nauðsynlegt sé að menn geri sér grein fyrir því að þar er vegið að grundvelli launakerfis sjómannastéttarinnar í fyrsta lagi. Þar er vegið að ævagömlu launakerfi sem við höfum í raun og veru verið stolt af hér á landi, en þar er líka vegið að launasamningum í heild, vegið að kjarasamningum í heild.

Það þóttu mikil tíðindi fyrir 90 árum eða svo þegar sett voru lög um greiðslu verkkaups í peningum og það var tekin um það ákvörðun að það mætti ekki greiða verkkaup öðruvísi en í peningum. Nú hafa verið teknir upp þeir ósiðir að kaup manna, peningalegar útborgarnir til manna frá því sem ella hefðu verið, eru skertar af því að þeir eru látnir taka þátt í stofn- og rekstrarkostnaði viðkomandi fyrirtækja. Þetta er svipað, hæstv. forseti, og það væri t.d. lagt á þingmenn að þeir borguðu, við skulum segja, rekstur hljóðversins hér uppi af launum sínum. Þetta er svipað og það væri t.d. lagt á fréttamenn sjónvarpsstöðvanna, ef þeir yrðu að borga filmur af launum sínum. Hér er með öðrum orðum verið að breyta launakerfinu í landinu í grundvallaratriðum og það er því engin furða þó að sjómenn rísi upp af alveg óvenjulegri hörku.

Fáeinum sólarhringum áður en þessi endemis lög voru sett átti ég þess kost að sækja fund sem sjómannasamtökin efndu til í Austurbæjarbíói eða Borgarbíói hér við Snorrabraut í Reykjavík. Það er einhver allra eftirminnilegasti og sterkasti fundur sem ég hef á ævi minni komið á. Og ég tók eftir því að forustumenn sjómanna, eins og t.d. hv. 16. þm. Reykv., mátu þennan fund mikils. Þeir töldu að þessi fundur styrkti baráttu og vígstöðu sjómanna. Þeir gerðu sér grein fyrir því, forustumenn sjómanna sem ég talaði við í lok þessa fundar, að það yrði að mörgu leyti erfitt að halda á málum eftir þennan sterka baráttufund. En þeim var ljóst að þeir höfðu þá miklar skyldur vegna þess að þarna voru menn ekki aðeins að mótmæla og gera kröfur um breytingu á kaupinu sem slíku. Menn voru þarna að verja grundvallarréttindi íslenskra sjómanna. Menn voru að verja grundvallarréttindi í kjaramálum sem sjómenn á Íslandi hafa haft um áratuga skeið. Og ég segi, hæstv. forseti, ef stjórnvöld komast upp með það ásamt útgerðinni að brjóta þessi réttindi niður, að brjóta þennan grundvöll niður, þá er mjög illa farið. En það er það sem gæti verið að gerast ef menn með atkvæði sínu staðfesta þessi bráðabirgðalög hér á Alþingi. Þess vegna er ég sammála því sem fram kom í ræðum alþýðubandalagsmanna í dag, að þessi bráðabirgðalög á þess vegna að fella. Það á að fella þessi bráðabirgðalög og hefja síðan viðræður á ný, þannig að allir aðilar komi með frjálsum hætti að samningaborði.

Þetta var fyrsta grundvallaratriðið. Þarna er verið að takast á um grundvöllinn í launakjörum sjómannastéttarinnar og í raun og veru í launakjörum landverkafólks og þeirra sem vinna í landi yfirleitt líka. Ríkisstjórnin vissi það, eins og hv. 2. þm. Vestf. sagði hér áðan, í langan tíma, ár eða hvað, að það gæti komið til átaka af þessu tagi. Þess vegna er niðurstaðan, bráðabirgðalögin, auðvitað fyrst og fremst til merkis um það að ríkisstjórnin sjálf gafst upp við að sinna því verk-

efni sem hún átti að sinna. Þessi bráðabirgðalög eru sett með ótrúlegum hætti eins og fram hefur komið. Það er ekki talað við nema tvo þingmenn Sjálfstfl. Þannig að þegar málið er lagt fyrir forseta Íslands liggur ekkert fyrir um það að meiri hluti sé fyrir málinu hér á Alþingi Íslendinga. Og það er auðvitað ábyrgðarhlutur, að ekki sé meira sagt, að ganga þannig að verkum þegar verið er að kynna forseta Íslands mikilvægar pólitískar niðurstöður.

En það er fleira við setningu þessara laga sem er alveg ótrúlegt. Það eru t.d. lögin sjálf. Hér stendur í bráðabirgðalögum að sjútvrh. eigi að skipa nefnd. Er sjútvrh. orðinn svona valdalítill og máttlaus að það þurfi að setja í bráðabirgðalög að hann megi skipa nefnd? Er hæstv. sjútvrh. orðinn svo máttlaus að í bráðabirgðalögum verði að segja:

„Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum."

Er hann svo máttlaus að hann geti ekki sagt nefnd fyrir verkum þannig að hún skili áliti fyrir 1. febr.? Þarf bráðabirgðalög? Það er orðið hart í ári í Stjórnarráði Íslands, hæstv. forseti, ef það er þannig að það þurfi bráðabirgðalög á bak við einföld ráðherrabréf um skipanir nefnda og að nefndir eigi að skila af sér. Þegar auk þess eiga hlut að máli virðulegir ráðuneytisstjórar sem eiga auðvitað ekki að gera neitt annað en að gegna ráðherrunum sínum. Þannig að það er í raun inni alveg ótrúlegt með hvaða handarbakavinnubrögðum er staðið að setningu og samningu laganna.

Ég bendi t.d. á 3. gr. frv., 3. gr. bráðabirgðalaganna þar sem segir:

„Vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til, svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimilar."

Hve lengi? Það stendur ekki í greininni. Það stendur ekkert um það í lögunum og enginn veit sem les þennan texta annað en að það geti verið að þetta bann um verkföll, verkbönn og annað skylt þessu gildi um aldur og ævi. Auðvitað hefði átt að standa hér, og það er það sem menn meina með þessum texta, „til 15. júní 1994". Ég geri ráð fyrir að það sé það sem menn eiga við. Eða hvað eiga menn við? Og að menn skuli kasta svo höndunum til þess að skrifa niður lög og það bráðabirgðalög, að menn geti verið í vafa um það kannski langtímum saman í stórum stíl hvað þau í raun og veru þýða. Og ég held að það sé nauðsynlegt af þessu tilefni, hæstv. forseti, að spyrja hæstv. sjútvrh. um þetta. Til hvers er verið að setja nefndarskipun í bráðabirgðalög og hversu lengi gildir það bann sem kveðið er á um í 3. gr. frv.?

En það er fleira, hæstv. forseti, í sambandi við þessi lög sem ég tel ástæðu til að gera að umtalsefni. Ótrúleg vinnubrögð, sem vekja upp grunsemdir um að það hafi verið ótrúlega og óeðlilega stutt á milli sjútvrh. og dómsmrh. þegar lögin voru sett. Hvernig stendur á því, hæstv. dómsmrh., að lögskráningarskrifstofur voru opnaðar og látnar vinna í yfirtíð mörgum klukkustundum áður en bráðabirgðalögin voru gefin út? Hvernig stendur á því að bráðabirgðalögin voru tilkynnt og gefin út milli kl. 10 og 11, en lögskráningum snjóaði inn á faxi til sjómannasamtakanna frá því kl. 7 um kvöldið. Lét hæstv. sjútvrh. hæstv. dómsmrh. vita um að það yrðu e.t.v. sett bráðabirgðalög eftir nokkra klukkutíma og voru menn ræstir út á sýslumannsembættunum til að vera tilbúnir með lögskráninguna ef bráðabirgðalögin yrðu sett?

Þessar upplýsingar sem ég fer hér með, hæstv. forseti, hef ég m.a. frá forustumönnum sjómannasamtakanna. Þeir hafa tjáð mér að svona sé að hlutunum staðið. Og ég hlýt að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort þetta sé rétt. Hvort hann hafi sem slíkur látið opna lögskráningarstofurnar í trausti þess að sjútvrh. tækist að láta ríkisstjórnina samþykkja bráðabirgðalög eftir nokkra klukkutíma? Sé þetta rétt, þá er þetta auðvitað ekkert annað, hæstv. forseti, en misbeiting á valdi og til þess fallið að brjóta niður þá samstöðu sem var í sjómannasamtökunum. Eða hvernig áttu þau að bregðast við þegar þessar lögskráningartilkynningar fóru að koma inn á faxtæki sjómannasamtakanna? Hvernig áttu þau að bregðast við þegar einn maðurinn af öðrum hringdi og spurði: Hvað er um að vera, hvað á ég að gera? Forustumenn sjómannasamtakanna vissu ekki neitt og það var nota bene, hæstv. forseti, aldrei talað við þá þá klukkutíma sem menn voru að skrifa niður bráðabirgðalögin. Það var ekki haft svo mikið, hæstv. forseti, að hringja í þá, ræða við þá eða kalla þá til fundar í Stjórnarráðinu þar sem var verið að taka af þeim þennan rétt, sem þó er, hvað sem öðru líður, algengt að gert sé og ég hygg regla þegar menn eru á annað borð að fjalla um mikilvæg réttindi eins og þau sem hér eru á ferðinni. Þannig að hér er auðvitað svo ofboðslegur dónaskapur í gangi í garð sjómannasamtakanna að það er engu lagi líkt.

Og það er beinlínis hlálegt þegar hv. 5. þm. Austurl. fer að bera saman t.d. bráðabirgðalög sem sett voru, að mig minnir, árið 1986, um lausn á tiltekinni deilu um lífeyrisréttindi félaga í Skipstjórafélagi Íslands og leggur það að jöfnu við þetta mál sem snertir í raun og veru alla stétt fiskimanna í landinu. Það sýnir auðvitað ekkert annað en að Alþfl. er í þessu máli eins og öllum öðrum á villigötum.

Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að það sé alveg óhjákvæmilegt og væri eðlilegt í framhaldi af þessari umræðu og þeim upplýsingum og uppljóstrunum sem fram hafa komið hér að þessari umræðu verði frestað. Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég teldi að það væri mjög eðlilegur hlutur að þessum umræðum yrði frestað þannig að hæstv. forsrh. og fleiri aðilar að þessu máli komi hér til fundar. Það er auðvitað stór spurning, hæstv. forseti, hvort það er ekki rétt líka að hv. þingnefnd setji í gang sérstaka rannsókn á vinnubrögðum sjútvrh. og dómsmrh. við aðdraganda þessa máls. Þegar valdi dómsmrh. er misbeitt í þágu sjútvrh. svo að hægt sé að brjóta sjómannasamtökin niður.

Getur það verið að einhverjir af leiðtogum sjómannasamtakanna ætli eftir það sem á undan er gengið að segja já við Sjálfstfl. yfirleitt? Ætla þeir að sætta

sig við flokk sem ber ábyrgð á vinnubrögðum af þessu tagi? Þá leggst lítið, verð ég að segja, hæstv. forseti, fyrir Íslands Hrafnistumenn.

Varðandi þá umræðu sem fram hefur farið hér, hæstv. forseti, um bráðabirgðalög og setningu bráðabirgðalaga, þá ætla ég út af fyrir sig ekki að svara þeim árásum sem fram komu hjá hv. 5. þm. Austurl. vegna þess að mér fannst þær satt að segja ómerkilegar og á heldur lágu plani. Staðreyndin er auðvitað sú eins og hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, gat um hér fyrr í kvöld, að lögum var breytt árið 1991. Stjórnarskránni var breytt 1991. Vald ríkisstjórna til að setja bráðabirgðalög var þrengt 1991 og möguleikar Alþingis til þess að taka á málum með stuttum fyrirvara voru bættir mjög verulega með því að Alþingi situr núna allt árið. Þess vegna er það alveg ljóst að löggjafinn og stjórnarskrárgjafinn ætlaðist til þess 1991 að bráðabirgðalagavaldinu yrði minna beitt eftir en áður. Það er alveg ljóst. Og ég hygg að um það séu menn út af fyrir sig sammála, að þarna hafi orðið breyting. En það er greinilega ágreiningur uppi um það enn þá hversu langt eða skammt á að ganga í þessu efni varðandi notkun bráðabirgðalöggjafans.

Vorið 1991, þegar stjórnarskránni var breytt, ræddum við um það í okkar þingflokki alþýðubandalagsmenn, hvort það kæmi til greina að afnema eða takmarka mjög verulega þetta bráðabirgðalagavald, jafnvel meira en gert er í stjórnarskránni og þingsköpum eins og þau líta út núna. Við vorum yfirleitt þeirrar skoðunar að það kæmi til greina að ganga lengra. Við sættumst hins vegar á þetta til samkomulags og út af fyrir sig held ég að sá texti sem hér liggur fyrir sé eftir atvikum alveg brúklegur í lögum og stjórnarskrá. Ég vil hins vegar segja fyrir sjálfan mig, með hliðsjón af reynslunni: Ég tel að sjónarmið Kvennalistans í þessu máli og það frv. sem þær hafa hér lagt fram sé fullgilt og í rauninni hafi núv. ríkisstjórn fjölgað stuðningsmönnum frv. Kvennalistans mjög verulega. Ég tel að það eigi að athuga það í fullri alvöru hvort flokkarnir á Alþingi geta ekki sameinast um að styðja það frv. kannski eilítið breytt frá því sem það er nú, en í grófum dráttum, þannig að svigrúm bráðabirgðalöggjafans verði takmarkað mjög verulega frá því sem það er í dag.

Það er greinilegt að mönnum er ekki treystandi til að fara með þetta vald og menn fúska þegar kemur að því að beita því eins og kom fram í sambandi við Sjálfstfl. fyrr í kvöld. Þess vegna tel ég ástæðu til þess að velta því mjög alvarlega fyrir sér að allir flokkar í þinginu sameinist um að þrengja að bráðabirgðalöggjafanum og gangi mjög verulega til móts við það frv. frá Kvennalistanum sem hér liggur fyrir, ef menn hreinlega samþykkja það ekki alveg eins og það hefur verið flutt á þessu þingi og líka fyrir þremur árum.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið mínum ræðutíma. Ég hef beint nokkrum spurningum til hæstv. sjútvrh. sem ég vænti að hann svari. Ég hef gagnrýnt það hvernig staðið var að aðdraganda málsins. Ég hef farið nokkrum orðum um kvótabraskið og sýnt fram á að þar er um að ræða grundvallaratriði varðandi launakerfi landsmanna og það er hættulegt að láta það ganga áfram. Ég hef gagnrýnt setningu laganna sem slíkra og segi: Hún er á skjön við gildandi stjórnarskrár- og þingskapaákvæði og ég hef lagt á það áherslu að í ljósi reynslunnar af núv. ríkisstjórn hljóti menn að velta því fyrir sér að þrengja enn, og það mjög verulega, svigrúm bráðabirgðalöggjafans.

[22:22]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson vakti athygli á því að það væri nauðsynlegt að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson gæti talað í þessari umræðu. Nú er það þannig að þótt fjmrh. sé starfandi forsrh. er það ljóst að í þessu máli á hann engan hlut. Hæstv. fjmrh. var ekki á landinu. Hann var í fríi þegar þessi bráðabirgðalög voru sett og það er þess vegna algerlega hæstv. forsrh. sem hefur átt hér hlut að máli.

Í öðru lagi vek ég athygli á því að þegar hæstv. forsrh. fjallaði um bráðabirgðalögin á fyrsta degi þingsins þá lýsti hann því yfir að núv. ríkisstjórn hefði fylgt anda þeirra breytinga sem gerðar voru á stjórnarskránni og vikið hefur verið að í umræðunum. Nú er það hins vegar komið fram að Sjálfstfl. hefur beitt aðferð sem enginn annar þingflokkur hefur beitt við setningu bráðabirgðalaga.

(**Forseti** (GunnS): Forseti verður að trufla ræðu hv. 8. þm. Reykn. og benda honum á að samkvæmt þingsköpum hefur hann heimild til að tala í þrjár mínútur um fundarstjórn. Forseti metur það svo að hingað til hafi ræðan ekki fjallað um fundarstjórn heldur aðra hluti og bið ég hv. 8. þm. Reykn. um að koma sér að efni málsins strax.)

Hefði hæstv. forseti ekki eytt tíma þingsins með því að rísa á fætur og trufla ræðu mína þá væri ég búinn að því. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að rökstyðja ósk mína um fundarstjórn forseta. Ég vænti þess varla að hæstv. forseti vilji fá órökstuddar óskir frá þingmönnum um breytta fundarstjórn. Þess vegna er nauðsynlegt að við getum rökstutt mál okkar á þeim stutta tíma og mjög óheppilegt forseti sé að grípa inn í þann tíma og trufla hann.

Rökstuðningur minn vék að því, virðulegi forseti, að fara fram á að forseti ákveði á næstunni að þessari umræðu verði frestað þannig að hægt verði að ræða við hæstv. forsrh. Davíð Oddsson um þau mál sem hér hafa komið upp. Það er í raun og veru ekki hægt að ljúka 1. umr. um þessi bráðabirgðalög að hæstv. forsrh. fjarstöddum.

Ég vona að forsetinn skilji mikilvægi málsins. Við erum hér að ræða um fordæmi varðandi setningu bráðabirgðalaga. Við eigum ýmsir hér bara einn ræðurétt eftir. Það á t.d. við um mig. Ég ætlaði að fjalla í ræðu minni nánast eingöngu um framgöngu hæstv. forsrh. í þessu máli. Ég veit að aðrir þingmenn hafa áhuga á að tala um það og við höfum ekki áhuga á að gera það að hæstv. forsrh. fjarstöddum. Hv. sjútvn., ef ég má ljúka máli mínu, virðulegi forseti, getur unnið að málinu engu að síður. Ég geri enga athugasemd við það. En ég fer fram á það í framhaldi af ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar og með tilliti til þeirra röksemda

sem ég hef sett fram að hæstv. forseti hugleiði það á næstunni að fresta umræðunni þar til hæstv. forsrh. getur komið til hennar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti hefur heyrt og meðtekið ósk hv. 8. þm. Reykn. Forseti telur að það séu engin efnisleg rök til þess að fresta þessari umræðu. Hún hefur staðið yfir í allan dag frá kl. 13.30 og er eina mál á dagskrá. Hæstv. forsrh. er erlendis og því telur forseti eðlilegt með tilliti til þingskapa og allra starfshátta og venju í þinginu að við leggjum áherslu á að ljúka þessari umræðu í kvöld og ekki seinna en í nótt.

[22:27]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er orðið dálítið vandlifað satt að segja í þessari virðulegu stofnun. Þannig háttar til að umræða hefur farið fram um þetta mál alllengi. Hins vegar hafa komið fram margvíslegar upplýsingar í síðari hluta umræðunnar sem kalla á það að farið sé kannski aðeins ítarlegar yfir málið en ella hefði verið. M.a. þarf að ræða sérstaklega vinnubrögð Sjálfstfl. og einnig að því er varðar vinnubrögðin sjálf við aðdraganda málsins sem ég m.a. gerði að umtalsefni. Ég tel alveg óhjákvæmilegt að ræða við forsrh. líka þar sem hér er um að ræða mál sem snertir dóms- og sjútvrh. og þó að hann sé viðstaddur, þá vil ég að hæstv. forsrh. sé viðstaddur umræðu um það hvort það sé eðlilegt að sjútvrh. beiti dómsmrh. fyrir sig með þeim hætti sem ég rakti í ræðu minni fyrr.

Síðan gerist það að hv. 5. þm. Austurl. hefur upp mikla ræðu í kvöld og veður hér í hvern þingmanninn á fætur öðrum og alveg sérstaklega í þingmenn Framsfl., hjólar í þingmenn Framsfl. hvern á fætur öðrum og þeir svara fyrir sig hér einir þrír í andsvörum. Um það leyti sem ég og hv. 2. þm. Vestf. komumst síðan í ræðustól þá er hv. 5. þm. Austurl. orðinn hæstv. forseti. Nú gæti það út af fyrir sig verið að fullkomnum mönnum tækist að taka slíkum hamskiptum að maður sem kemur heitur úr umræðu gerist allt í einu hlutlaus og yfirvegaður forseti. Það er ekki í þessu tilviki. Það er greinilegt að hv. 5. þm. Austurl. situr núna í forsetastólnum takandi í rauninni þátt og afstöðu í þeirri umræðu sem hér fer fram og þess vegna er honum tæplega treystandi til að kveða upp þann forsetaúrskurð sem þarf að kveða upp í þessu máli. Því fer ég fram á það við hv. 5. þm. Austurl. að hann taki vel þeirri ósk sem hér hefur verið borin fram og hann bregði sér í hlutverk forseta Alþingis og skilji að hér er um skynsamlega ósk að ræða miðað við framvindu þingmálsins og þingmála yfirleitt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. sjútvrh. óskar að bera af sér sakir.

[22:30]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur undir dagskrárliðnum „fundarstjórn forseta“ séð ástæðu til þess að bera á mig sem dómsmrh. þær sakir að ég hafi með einhverjum óeðlilegum hætti fyrirskipað þeim sem annast lögskráningu sjómanna að opna fyrir slíka skráningu áður en bráðabirgðalögin voru gefin út. Í fyrri ræðu sinni í kvöld bar hann fram fyrirspurn um þetta atriði sem sýnir að hann hafi ekki annað fyrir sér en einhverjar sögur um þetta efni og spurði hvort rétt væri. En í ræðu um fundarstjórn forseta ber hann fram þá fullyrðingu að ég hafi notað ráðherravald mitt í þessu efni.

Ég vil taka það fram af þessu tilefni að þessi ásökun er með öllu tilhæfulaus. Engar slíkar óskir að tilskipanir voru gefnar út af hálfu dómsmrn. og færi betur að hv. þm. drægi fullyrðingu sína til baka. Það væri meiri sómi fyrir hann að gera slíkt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 2. þm. Austurl. (**SvG:** Bera af mér sakir. Það verður forseti að leyfa.) hefur óskað eftir að ræða hér fundarstjórn. Hef ég skilið það svo rétt? (**JónK:** Já.) Hann bað á undan um orðið og tekur til máls, hv. 2. þm. Austurl. (**ÓRG:** Ég vil vekja athygli forseta á að það er allt annar úrskurður en aðalforseti þingsins kvað upp í dag. Það er vont að á sama sólarhring komi gagnstæðir úrskurðir úr forsetastóli.) Ég vek athygli hv. þingmanna á 55. gr. þingskapa. Ég stjórna samkvæmt henni. Hv. þm. 2. þm. Austurl. hefur óskað eftir að ræða um fundarstjórn forseta. Það er einnig heimild í 55. gr. til þess að bera af sér sakir en hv. þm. óskaði á undan hv. 9. þm. Reykv. um að ræða fundarstjórn og lít ég svo á að hér eigi að fara eftir slíkri röð enda er slíkt upp talið með þeim hætti í þingsköpum. (**ÓRG:** Er þá verið að segja að Salome Þorkelsdóttir hafi ...?) Hv. 2. þm. Austurl. tekur til máls og ég óska eftir því að hv. þingmenn geri athugasemdir við fundarstjórn úr ræðustól.

[22:33]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér hefði verið ljúft að doka svo hægt væri að ljúka því að bera af sér sakir, en erindi mitt í umræður um fundarstjórn er að taka undir þá beiðni sem hér hefur komið fram að þessum umræðum verði frestað. Ég ber fram þá ósk vegna þess að hér hafa komið fram upplýsingar um meðferð þessa máls sem nauðsynlegt er að ræða við hæstv. forsrh. þegar hann mætir til þings. Ég vil því eindregið mælast til þess að sú beiðni að fresta þessari umræðu verði tekin til meðferðar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[22:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ber af mér þær sakir að ég hafi farið rangt með þær upplýsingar sem ég hafði um lögskráningu í kringum bráðabirgðalögin og hafði frá ýmsum forustumönnum sjómannasamtakanna. Ég mun gera ráðstafanir til þess að þau mál verði könnuð til hlítar. Og ég fullyrði að þar kastar hæstv. dómsmrh. steini úr glerhúsi sjútvrh. vegna þess að þessar upplýsingar hef ég frá fleiri en einum manni og ég trúi því

ekki að þeir séu að segja ósatt í þessu sambandi.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):
Hæstv. sjútvrh. óskar að bera af sér sakir.

[22:35]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):
Herra forseti. Hv. 9. þm. Reykv. hefur í annað skiptið haldið því fram að ég hafi gefið fyrirmæli um það að opna lögskráningarskrifstofur áður en bráðabirgðalögin voru gefin út. Ég vek enn á því athygli að þegar hann vakti máls á þessu í fyrsta sinn, þá gerði hann það í spurnarformi og innti eftir því hvort ég hefði gefið slíkt fyrirmæli en breytti svo áherslum sínum í síðari ræðu og fullyrti að ég hefði gefið slík fyrirmæli. Það eru þær ásakanir sem ég er að bera af mér og er að upplýsa hér að hvorki ég né nokkur starfsmaður dómsmrn. gaf slíkar fyrirskipanir. Og eftir að ég hef upplýst þetta hér kemur hv. þm. á nýjan leik og endurtekur ásakanir sínar og dylgjur í minn garð í þessu efni. Það tel ég hv. þm. ekki samboðið.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):
Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[22:36]

Svavar Gestsson:
Ég ber af mér þær sakir, hæstv. forseti, að hæstv. sjútvrh. hefur borið það á mig að fara hér rangt með upplýsingar. Það er alveg augljóst mál samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, m.a. frá fjölda forustumanna sjómanna, að í aðdraganda setningar bráðabirgðalaganna var um að ræða lögskráningu á fjölda skipa. Og hverju sætir það ef ekki leyfi frá dómsmrn. að menn hlaupi til og opni lögskráningarstofur í yfirtíð fjórum klukkustundum áður en tilkynnt er að bráðabirgðalögin hafi verið sett? Ég mundi ekki sinna skyldu minni sem alþingismaður ef ég bæri þessar umkvartanir ekki fram með skýrum og afdráttarlausum hætti hér og þrisvar sinnum ef þörf krefur og þrisvar sinnum enn ef það er nauðsynlegt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):
Í tilefni af þeim óskum sem hér hafa verið ítrekaðar og forseti reynt að svara strax og þær komu fram um það að fundi verði frestað, þá vill forseti vekja athygli á því að það var gott samkomulag um að þessi umræða færi fram í dag og henni skyldi lokið á einum degi eða í einni lotu. Og það má einnig vekja athygli á því að þetta er ekki síðasta umræða málsins sem núna fer fram. Það eru eftir 2. og 3. umr. í málinu og það var einnig ljóst í gær að hæstv. forsrh. yrði fjarverandi erlendis í dag og næstu daga. Forseti sér því ekki nein rök er hníga til þess að fresta málinu vegna þess og vill því biðja hv. þm. um að virða þennan úrskurð forseta þannig að við getum haldið áfram að ræða dagskrármálið.

[22:39]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:
Virðulegi forseti. Bráðabirgðalög eru ekki venjulegt þingmál. Bráðabirgðalög eru einstök. Þau byggjast á því að ríkisstjórn taki sér vald að setja lög án atbeina Alþingis.

Nú hefur það komið fram í seinni hluta þessarar umræðuna, virðulegi forseti, að eingöngu var talað við tvo þingmenn Sjálfstfl. áður en bráðabirgðalögin voru sett. Hér hafa í umræðunni fulltrúar þriggja annarra þingflokka, þar á meðal núv. hæstv. forseti, Gunnlaugur Stefánsson, fyrir hönd Alþfl. og þingmenn Framsfl. og Alþb. lýst því yfir að ávallt hafi þeirri reglu verið fylgt og hefðin sé slík að leita til allra þingmanna viðkomandi flokka þegar bráðabirgðalög eru sett ef þeir á annað borð finnast. Sjálfstfl. hins vegar hefur fylgt allt annarri reglu. Það er ekki einu sinni gerð tilraun til að leita til þingmanna allra heldur eingöngu tveggja.

Hér var breytt stjórnarskrá fyrir fáeinum árum síðan og það er hægt að sjá í þingskjölum að andi þeirra breytinga tengdist mjög setningu bráðabirgðalaga. Samband forsrh. og forseta lýðveldisins er einstakt. Forsrh. er eini maðurinn sem ber ábyrgð gagnvart forseta lýðveldisins beint.

Vegna alls þessa máls, virðulegi forseti, er auðvitað alveg ljóst að þessi umræða sem hér fer fram núna er sérstök í öllu eðli sínu. Við erum hér að ræða með hvaða hætti fordæmi eru sköpuð eftir breytingar á stjórnarskránni með setningu bráðabirgðalaga. Það er ekki venjulegt þingmál, virðulegi forseti. Í ljósi þess hve málið er alvarlegt þá höfum við fulltrúar þriggja þingflokka ákveðið að bera fram við forseta þá ósk frá þingflokki Alþb., þingflokki Framsfl. og þingflokki Kvennalistans að umræðu verði frestað og hún ekki hafin að nýju fyrr en hæstv. forsrh. getur milliliðalaust gert þinginu grein fyrir þessari atburðarás. Ég ítreka þess vegna við hæstv. forseta þá beiðni sem hér er sett fram formlega frá þremur þingflokkum um að umræðunni sé frestað þar til hæstv. forsrh. getur verið viðstaddur.

[22:42]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:
Virðulegi forseti. Hér höfum við rætt lengi dags um þetta frv. og aðallega um bráðabirgðalagaréttinn. Til andsvara fyrir hönd ríkisstjórnarinnar sem setur þau bráðabirgðalög sem liggja fyrir hefur í raun og veru aðeins verið einn ráðherra, hæstv. sjútvrh. Það liggur þó fyrir að frumkvæði að þessari lagasetningu hefur verið hjá hæstv. forsrh. Hann hefur ekki verið viðstaddur í dag til að taka þátt í umræðunni og ekki getað svarað því sem til hans hefur verið beint.

Það er líka rétt að leggja áherslu á að í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins sunnudaginn 16. jan. var vitnað í ummæli hæstv. núv. sjútvrh. sem hann lét falla árið 1990. Ég hygg að hann hafi ekki mikið skipt um skoðun en þar segir hann þegar verið er að ræða um setningu bráðabirgðalaga á BHMR, með leyfi forseta:

„Öll þessi atburðarás hefur leitt til þess að mjög margir telja að ríkisstjórnin hafi vegið svo nærri undirstöðum stjórnskipunar að brýna nauðsyn beri til að afnema rétt til útgáfu bráðabirgðalaga." Þetta segir Þorsteinn Pálsson, þáv. formaður Sjálfstfl.

„Ég er þeirrar skoðunar að þetta beri að gera enda

vandséð þau tilvik í nútímaþjóðfélagi að ekki megi kalla löggjafarsamkomuna til fundar þegar mikið ber við."

Nú hefur það fallið í hlut þessa sama manns að verja þessa bráðabirgðalagasetningu. Í ljósi þess hvernig umræður hafa farið fram í dag vil ég óska eftir því við hæstv. forseta að þessari umræðu verði frestað þar til fleiri ráðherrar og þá sérstaklega hæstv. forsrh. geta tekið þátt í því að verja þessa lagasetningu ríkisstjórnarinnar sem við höfum haft til umræðu og það komi ekki einungis í hlut hæstv. sjútvrh. að svara fyrir þetta.

[22:45]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í fyrsta lagi vil ég vekja á því athygli vegna þeirrar óskar sem hér hefur verið sett fram að það er ekki nýtt að upplýst hafi verið í umræðum um bráðabirgðalög að fyrir fram hafi ekki verið leitað til einstakra þingmanna í þingflokki sjálfstæðismanna. Það hefur þvert á móti verið upplýst við þessar umræður að áður þegar bráðabirgðalög hafa komið til umræðu hafi þetta verið upplýst. Það eru því engin rök í þessu máli að hér sé eitthvað nýtt á ferðinni.

Í annan stað hefur verið á það bent að engin stjórnarskrárskilyrði eru fyrir því að leita slíks álits og þess vegna eru það heldur ekki gild rök fyrir ósk um frestun.

Í þriðja lagi vil ég benda á að umræðan fer fram í dag að sérstakri ósk stjórnarandstöðunnar og hv. 8. þm. Reykn. sem óskuðu eftir því að hún færi fram í dag og ég hygg að þá hafi flestum verið ljóst að hæstv. forsrh. var á förum til útlanda.

Í fjórða lagi vil ég minna á að hv. þm. Alþb. greiddu atkvæði með því í upphafi umræðunnar að undanþága væri veitt frá ákvæðum þingskapa þannig að hægt væri að taka málið á dagskrá í dag og þá var öllum ljóst að hæstv. forsrh. var farinn úr landi. Eigi að síður töldu menn rétt í upphafi þingfundar í dag að taka málið á dagskrá og greiddu því sérstaklega atkvæði.

Og loks vil ég vekja á því athygli, herra forseti, að þetta mál er á stjórnskipulegri ábyrgð sjútvrh. Það er hann sem undirritar lögin með forseta Íslands og ber á þeim stjórnskipulega ábyrgð og svarar fyrir þau í þinginu, með hvaða hætti þau voru sett, um efnisatriði þeirra og önnur atriði sem lögin varða. Þá er það stjórnskipuleg ábyrgð sjútvrh. og hann er hér viðstaddur til þess að svara fyrir þau atriði. (Gripið fram í.) Af öllu þessu má ljóst vera, herra forseti, að hér hafa engin gild rök verið færð fram fyrir því að fresta þessari umræðu. (**ÓRG:** Ef þetta var á stjórnskipulegri ábyrgð sjútvrh. af hverju ræddi hann þá ekki við forseta lýðveldisins?)

Forseti (Gunnlagur Stefánsson):

Ég verð að upplýsa hv. 9. þm. Reykv. um það að hann hefur nú þegar talað tvisvar sinnum um fundarstjórn og hann hefur tvisvar sinnum fengið að bera af sér sakir. Skv. 55. gr. þingskapa má enginn þó tala lengur en þrjár mínútur í senn og ekki oftar en tvisvar um hvert atriði, þ.e. um fundarstjórn forseta og til þess að bera af sér sakir. Það gildir einnig hvað varðar athugasemd um atkvæðagreiðslu en hér fer ekki fram nein atkvæðagreiðsla. Forseti verður því að tilkynna hv. þm. að hann hefur þegar lokið ræðufjölda og ræðutíma sínum við þessa umræðu um fundarstjórn og að bera af sér sakir.

[22:49]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil hér með ítreka þá beiðni sem ég flutti úr ræðustól áðan að þessari umræðu verði frestað. Ég sé ekki að það séu rök og kemur mjög á óvart ef samið er um það á öðrum degi þegar þingið kemur saman eftir jólafrí að ljúka ákveðnu máli á einni vöku. Það er gert þegar þingi er að ljúka, ekki þegar það er að hefjast. Þetta kemur mér því afar spánskt fyrir sjónir þó ég hafi ekki tekið þátt í umræðum um dagskrá vikunnar.

Ég vil líka benda á það að hér er ekki um það að ræða að þessi bráðabirgðalög falli úr gildi því ríkisstjórnin var svo forsjál að þau ná alla leið til 15. júní. Án þess að ég sé að mæla með því að það sé dregið á langinn að þingvilji komi í ljós í þessum lögum þá rekur enga nauðsyn til að klára þetta núna. Ég skil því ekki af hverju ekki er hægt að verða við þessari beiðni þannig að það sé hægt að ræða við hæstv. forsrh. og hann geti þá borið af sér, ef kalla má það, sakir sem hafa verið fram færðar í þessari umræðu. Ég held að það hljóti að vera hæstv. forsrh. kærkomið að geta tekið þátt í umræðunni um þau atriði sem hér hafa komið fram.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill ítrekað og aftur segja það sem hann hefur sagt áður að það sé ekki ástæða til að fresta þessum umræðum og óskar eftir því að hv. alþm. lúti þingsköpum og stjórn forseta á fundinum þó að sú stjórn þóknist ekki öllum skoðunum hv. þm. en þeir lúti þó fundarstjórn þannig að fundurinn geti haldið eðlilega áfram með það dagskrármál sem hér liggur fyrir.

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[22:52]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. hélt því fram áðan að það væri mótsögn í þeim óskum sem við höfum nú sett fram og þeirri ósk sem var sett fram í gær að fram færi umræða um þessi bráðabirgðalög áður en umræðan um frv. um stjórn fiskveiða hæfist í þinginu. Það er engin mótsögn í því. Það er fullkomlega sambærilegt. Það sem hefur hins vegar gerst í dag og er alveg ljóst að hæstv. sjútvrh., fyrrv. forsrh., gerir sér fullkomlega grein fyrir alvöru þess máls, það sýndi athugasemd hans hér áðan, er að það hefur verið staðfest í umræðunum, hæstv. forseti, að hæstv. forsrh. ræddi eingöngu við tvo þingmenn Sjálfstfl. áður en bráðabirgðalögin voru sett.

Hæstv. forseti verður auðvitað að gera sér grein fyrir því að ef þingið meðhöndlar það eins og venjuleg

mál í þinginu þá er verið að skapa þannig fordæmi með bráðabirgðalagasetningu sem er stórhættulegt stjórnskipun lýðveldisins. Forsetanum er ætlað að tryggja forræði þingræðisins í landinu. Forsetinn er ekki hér eins og einhver verkstjóri í færibandaverksmiðju þar sem hlutirnir eiga að ganga bara eftir einhverju færibandi. Við erum í stofnun þar sem grundvallarreglur lýðræðislegrar stjórnskipunar...

(**Forseti** (GunnS)**:** Ég verð að biðja hv. þm. um að halda sig við efni málsins sem er að bera af sér sakir.)

Hæstv. forseti getur alveg haldið þessu áfram. Ég vil bara vekja athygli hans á því að það er samvinna þingmanna og forseta sem ræður því hver blærinn er í þinginu. Þrír þingflokkar hafa óskað eftir því að umræðu sé frestað. Ég bið hæstv. forseta að nefna mér eitt fordæmi um það að þegar slík ósk hefur komið fram frá þremur þingflokkum á fyrsta umræðudegi máls sé hún ekki tekin til greina. Ég bið hæstv. forseta að nefna mér slíkt fordæmi. Þetta er fyrsti umræðudagur málsins. Þrír þingflokkar hafa sett fram þessa ósk hér og nú. Ég bið forseta að athuga alvarlega hvaða afleiðingar ákvörðun hans hefur ef þeirri ósk er neitað. Þess vegna fer ég fram á það að hæstv. forseti verði við þessari ósk sem nú hefur verið ítrekuð af þingmönnum Kvennalista, Framsfl. og Alþb. í nafni þessara þingflokka. Ef hann ætlar ekki að verða við því þá óska ég eftir að gert verði 10–15 mínútna hlé þannig að við getum fengið að ræða við forsetann um alvöru málsins án þeirra hindrana sem felast í þingsköpunum um fundarstjórn forseta og að bera af sér sakir.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill svo sannarlega eiga gott samstarf og náið samstarf við hv. þm. um stjórn þingsins en forseti verður að benda á að slíkt samstarf verður jafnan að vera gagnkvæmt. Forseti verður af þessu tilefni að vekja athygli hv. þm. á þingsköpum um stjórnunarábyrgð forsetans á þinginu samkvæmt ákvæðum þingskapa. Þess vegna óskar forseti eftir því að þingmenn taki tillit til stjórnunar forseta og einnig að þeir í ræðum sínum um að bera af sér sakir og fundarstjórn haldi sig við efni þeirra ákvæða þingskapa.

[22:56]

Stefán Guðmundsson *(um fundarstjórn)***:**

Virðulegi forseti. Vegna þess sem kom fram áðan í máli hæstv. sjútvrh. vil ég að það komi fram vegna þess að ég veit að hann vill hafa það er sannara reynist að í gær þegar ég talaði undir liðnum „um stjórn þingsins" fór ég fram á það við virðulegan forseta að dagskránni, sem fyrirhuguð var og búið að kynna, yrði breytt á þann veg að í staðinn fyrir að hér yrði rætt um frv. um stjórnun fiskveiða yrði tekið til við að ræða það frv. sem við höfum verið að fjalla um í dag, um bráðabirgðalög vegna vinnudeilu sjómanna. Það var ekki hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem kom með þá ósk, nema hann hafi tekið undir það með mér, en það var ég sem fór fram á að þetta yrði gert. Ég vil að það komi fram vegna þess að hæstv. sjútvrh. sagði annað áðan. [Fundarhlé. — 22:58]

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti biðst velvirðingar á því að fundarhlé varð lengra en áætlað hafði verið. Það er niðurstaða forseta að halda þessum umræðum áfram. (**SvG:** Um fundarstjórn forseta.) Ég verð að upplýsa hv. 9. þm. Reykv. að hann hefur þegar talað fjórum sinnum um fundarstjórn forseta. (**ÓRG:** Það er svo langt liðið síðan.) Það er ekki langt liðið síðan vegna þess að hv. þm. hefur þegar talað fjórum sinnum um fundarstjórn í þessari lotu. (Gripið fram í.) Fyrirgefið, tvisvar um fundarstjórn og tvisvar borið af sér sakir. Hv. 2. þm. Austurl. hefur óskað eftir tala um fundarstjórn. Hv. 2. þm. Austurl. hefur þegar talað tvisvar sinnum um fundarstjórn. (**JónK:** Ég óska eftir að sjá mælendaskrá.) (**ÓRG:** Um fundarstjórn forseta.) Hv. 8. Reykn. hefur einnig talað tvisvar sinnum um fundarstjórn forseta. Hann hefur því talað tvisvar sinnum og hefur því lokið lotu sinni. Til máls tekur hv. 8. þm. Reykn. um dagskrármálið.

[23:29]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér er að eiga sér stað slík valdníðsla af hálfu forsetans að hún er einstök. Við erum á öðrum degi þingsins. Það er búið að fara fram á það að þessari umræðu verði frestað svo hæstv. forsrh. geti svarað grundvallarspurningum um meðferð bráðabirgðalagavaldsins. Starfandi forsrh. er ekki heldur til staðar til að svara þeim efnisatriðum sem ég ætlaði að bera fram í framhaldi af umræðum hans fyrr í kvöld. Þá sagði starfandi forsrh., sem kom til umræðunnar, að hann mundi tjá sig efnislega um málið í umræðunni. Hefur hann gert það, virðulegi forseti? Nei. Það hefur hann ekki gert. Starfandi forsrh. er farinn úr húsinu. Það hefur því ekki einu sinni verið orðið við þeim óskum okkar að starfandi forsrh. tjái sig um málið þó að hann hafi sagst ætla að gera það.

Virðulegur forseti verður að gera sér grein fyrir því að hér eru að gerast hlutir um meðferð bráðabirgðalagavaldsins í landinu sem snerta grundvallarreglur þingræðisins á Íslandi og það er ekki hægt að fara með það eins og venjuleg þingmál og níðast þannig á mönnum í þinginu að það sé ekki orðið við ósk þriggja þingflokka um að fresta málinu. Hvað er að gerast?

Það hefur verið upplýst að forsrh. hefur eingöngu talað við tvo þingmenn Sjálfstfl. um stuðning þeirra við frv. þegar bráðabirgðalögin voru sett. Hvaða fordæmi felst í því, virðulegi forseti? Það felst í því það fordæmi ef það festist í sessi að forsrh. getur látið ríkisstjórn sína setja bráðabirgðalög t.d. í maí skömmu eftir að þingið fer heim. Hann þarf ekki að ganga úr skugga um hvort það sé meiri hluti á þingi fyrir frv. Efnisatriði frv. geta fallið úr gildi í september/október án þess að þau komi nokkurn tíma til afgreiðslu í þinginu. Og með því að láta vinnubrögð af þessu tagi viðgangast er verið að skapa í fyrsta sinn þá venju á Íslandi að hægt sé að setja bráðabirgðalög án þess að gera minnstu tilraun til að kanna hvort meiri hluti þingsins stendur á bak við þau og þar með opnað á það að ríkisstjórn misnoti bráðabirgðalagavaldið á þann hátt sem getur verið stórhættulegt fyrir þingræðið í land-

inu. Síðan ætli forseti að beita sér fyrir því á öðrum degi þings þegar enginn sérstakur þrýstingur er á vinnu þingsins að neita formlegri ósk frá þremur þingflokkum um að bíða með umræðuna þar til forsrh. getur komið og tekið þátt í henni um þessi grundvallaratriði. Hvað á að halda áfram lengi á þessari braut, virðulegi forseti?

Við höfum boðið það fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna að þegar forsrh. kemur aftur sé hægt að ljúka umræðunni á einum degi og jafnvel skemmri tíma. Það er enginn að tala um það að tefja málið. Við höfum boðið það að sjútvn. geti hafið vinnu um málið þannig að við erum ekki að koma í veg fyrir það að nefnd geti unnið að málinu. Við viljum einfaldlega fá forsrh. Íslands til umræðu um beitingu bráðabirgðalagavaldsins og það fordæmi sem hér er verið að skapa á grundvelli stjórnarskrárbreytingarinnar sem gerð var fyrir nokkrum árum. Og þá er forsetavaldi beitt til að meina okkur það án nokkurra röksemda. Ég held að það sé réttast ef hæstv. forseti ætlar að ganga fram með þessum hætti að við þingmenn stjórnarandstöðunnar göngum út úr þinghúsinu. Ég ætla a.m.k. ekki að taka þátt í því að valdinu í þinginu sé misbeitt með þessum hætti. Ég tel þetta vera slíka framgöngu við þingið um mál af þessu tagi að það sé ekki hægt að líða það.

Ég segi enn og aftur við hæstv. forseta: Ég bið um fordæmi fyrir því að ósk þriggja þingflokka á fyrsta degi umræðu á öðrum degi þings um að fresta máli sé neitað. Það er ekkert slíkt fordæmi.

Ég ætla ekki að halda áfram ræðu minni hér, virðulegi forseti. Forsrh. er ekki í salnum. Starfandi forsrh. er ekki í salnum og forseti er að misbeita valdi sínu til þess að koma í veg fyrir að hér verði grundvallarumræða um bráðabirgðalagavaldið og forsrh. þurfi að svara fyrir sig. Ég mun ganga út úr þinghúsinu einfaldlega vegna þess að ég tel þessa valdníðslu vera með þeim hætti að hún sé ekki samboðin þinginu. Og forseti þingsins verður þá að taka afleiðingum af því hvað hann er að gera.

Ég mun bíða nokkrar mínútur eftir því hvort forseti endurskoðar afstöðu sína. Ef hann gerir það ekki og ætlar að halda áfram þeirri valdníðslu sem hér fer fram, þá mun ég ganga út úr þinghúsinu. Og ég tel að við þingmenn stjórnarandstöðunnar hljótum að bregðast við með þeim hætti því ef við látum bjóða okkur þetta er hægt að bjóða okkur hvað sem er þegar sjálfsagðri ósk okkar um svör forsrh. um beitingu bráðabirgðalagavaldsins er neitað með þessum hætti án þess að nokkur efnisröksemd komi fram af hálfu forseta þingsins og þegar verið er að skapa það fordæmi að ósk þriggja þingflokka er neitað þegar engin tímapressa er á málinu og boðið upp á það að vinnan geti haldið áfram í nefnd sé engu að síður sagt nei við ósk þriggja þingflokka.

Ég segi því í síðasta sinn við virðulegan forseta: Ég bið forseta að endurskoða hug sinn á næstu mínútum því að afleiðingarnar geta ella verið mjög alvarlegar fyrir afstöðu okkar til vinnu í þinginu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Í tilefni af spurningu hv. 8. þm. Reykn. vill forseti minna hann á að forseti gerði fundahlé þar sem forseti átti viðræður við fulltrúa allra þingflokka. Hv. þm. var þar á meðal og við reyndum að finna lausn á þessu máli og niðurstaðan varð sú að það varð ekki samkomulag um að ljúka málinu öðruvísi en á þeirri kröfu er hv. 8. þm. Reykn. hefur hér lýst. Samvinna verður jafnan að vera gagnkvæm og á það hef ég lagt áherslu en einnig verður gagnkvæmnin að koma fram í því að hv. þm. verða að lúta fundarstjórn forseta og úrskurði hans um fundarstjórn og hann stendur í þessu máli og verður ekki aftur tekinn.

[23:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög leitt til þess að vita að hæstv. forseti skuli ekki hafa getað orðið við þessari beiðni. Forseti rökstyður það með því að það séu ekki nein efnisatriði til þess að verða við þessu. Ég vil minna á að það hefur komið fyrir áður að beðið hefur verið um að ákveðnir aðilar væru viðstaddir umræðu og í flestum tilfellum ef ekki öllum hefur verið orðið við því að fresta þeirri umræðu þar til viðkomandi gæti verið við.

Það breytir ekki því þó að þetta mál sé á forræði hæstv. sjútvrh. að beðið er um að hæstv. forsrh. geti líka verið til viðtals og svarað fyrir ýmsar spurningar sem hafa vaknað í umræðunni og er mjög leitt til þess að vita að ekki skuli hafa verið orðið við þessari beiðni okkar. Það er ekkert um það að ræða að vissulega liggur úrskurðarvaldið hjá hæstv. forseta og undir það verðum við að beygja okkur en ég tel að forseti sé ekki að úrskurða réttlátlega í þessu máli.

[23:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram í dag um þessi bráðabirgðalög hafa varpað ljósi á ýmsa þætti í þeim vanda sem menn standa frammi fyrir að því er varðar þá deilu sem stóð á milli útgerðarmanna og sjómanna. Eðlilega hefur verið vikið að setningu bráðabirgðalaganna og notkun slíkrar heimildar. Ég er þeirrar skoðunar að ærin ástæða sé til að fara sparlega með það vald og tel að með gildum rökum megi sýna fram á að það hefur verið gert í tíð núv. ríkisstjórnar. Ég tel hins vegar að þær aðstæður hafi verið fyrir hendi sem gerðu það að verkum að óhjákvæmilegt var að grípa til bráðabirgðalagasetningar af þessu tilefni og ætla ekki að fara frekari orðum um það en vísa að öðru leyti til framsöguræðu með frv.

Á hinn bóginn er athygli vert þó margir þingmenn hafi gert athugasemdir við setningu bráðabirgðalaga að því fer fjarri að allir hafi verið þeirrar skoðunar sem hér hafa talað að ónauðsynlegt hafi verið að grípa inn í deiluna með lagasetningu. Þvert á móti hefur komið fram af hálfu margra hv. þm. að deilan hefði verið í þeirri stöðu að hjá því hafi ekki verið komist. Lögin eru tiltölulega einföld í sniðum og hér hefur ekki verið vikið að mörgum efnisatriðum laganna en ég tel nauðsynlegt að svara sérstaklega spurningu sem tveir

hv. þm. hafa borið fram varðandi 3. gr. bráðbirgðalaganna. Að því hefur verið spurt hvort hún feli í sér ótímabundna stöðvun á verkföllum. Því er til að svara að í 3. gr. er skýrt tekið fram að vinnustöðvanir þær sem lög þessi taka til svo og verkbönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða eru óheimilar. Í 2. gr. frv. er kjaramálum skipað á þann veg að samningar þeirra félaga sem í hlut eiga eru framlengdir til 15. júní. Í 3. gr. er því beinlínis vitnað til þess að fram til þess dags eru vinnustöðvanir óheimilar en að sjálfsögðu heimilar þegar komið er fram yfir 15. júní. Þetta er venjubundið orðalag við lagasetningu af þessu tagi og er skýrt í öllum atriðum. Ég taldi rétt, herra forseti, að víkja sérstaklega að þessu atriði vegna þess að um það hafði verið spurt í umræðunni.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess, herra forseti, að hafa fleiri orð um þetta efni að sinni en geri ráð fyrir því að *málið fái ítarlega meðferð í hv. sjútvn. og komi síðan* til frekari umfjöllunar við 2. og 3. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:43.

---

77. FUNDUR

miðvikudaginn 26. jan.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stöðvun verkfalls fiskimanna, stjfrv., 302. mál, þskj. 490. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — 2. umr.
3. Hvalveiðar, þáltill., 114. mál, þskj. 119. — Fyrri umr.
4. Skjaldarmerki lýðveldisins, þáltill., 117. mál, þskj. 122. — *Fyrri umr.*

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Meðferð Rannsóknarlögreglu ríkisins á málum er varða kynferðisbrot, 224. mál, svar dómsmrh., þskj. 491.

Meðferð ríkissaksóknara á málum er varða kynferðisbrot, 225. mál, svar dómsmrh., þskj. 492.

Skólaskip, 316. mál, fsp. SvG, þskj. 507.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun Félags járniðnaðarmanna um aðgerðir vegna stöðu skipaiðnaðarins.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Áður en gengið verður til dagskrár vill forseti skýra frá því að honum hefur borist ósk um að gert verði hlé á þessum fundi til kl. 2 að ósk fulltrúa stjórnarandstöðunnar vegna þingflokksfunda. Forseti verður við þeirri beiðni og gerir hlé á þessum fundi til kl. 2.
[Fundarhlé. — 13:32]

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þessum fundi er enn frestað um hálfa klukkustund eða til klukkan hálfþrjú. [Fundarhlé. — 14:00]

Athugasemdir um störf þingsins.

Bráðabirgðalög á verkfall fiskimanna, framlagning frumvarps um breytingu á búvörulögum o.fl.
[14:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við umræður í gær um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar á verkfall sjómanna kom það í ljós að ekki hafði verið kannað áður en lögin voru sett hvort þingmeirihluti væri fyrir málinu og átti það sérstaklega við um þingmenn Sjálfstfl., sem ekki var haft samband við samkvæmt þeim upplýsingum sem fram komu hjá hæstv. sjútvrh.

Þrátt fyrir að ekki séu skilyrði fyrir því við setningu bráðabirgðalaga að áður sé kannaður þingmeirihluti, þá er mjög eðlilegt að það sé gert og raunar móðgun við þingræðið ef svo er ekki. Eftir þær upplýsingar var um það beðið af hálfu stjórnarandstöðuflokka að umræðunni yrði frestað þar til forsrh. gæti verið viðstaddur, en hann er erlendis. Jafnframt var það áréttað að ekkert væri því til fyrirstöðu að vinna að málinu í nefnd þó að 1. umr. væri ekki lokið. Þrátt fyrir ítrekaða beiðni okkar þingmanna stjórnarandstöðunnar um að 1. umr. um málið yrði frestað vildi forseti þingsins ekki verða við því og úrskurðaði að ljúka skyldi umræðunni í nótt, rétt fyrir miðnætti. Þetta tel ég óviðunandi þar sem hér var aðeins um sjálfsagða beiðni að ræða. Það lá ekkert á að ljúka þessari umræðu.

Í annan stað er rétt að upplýsa að í gær var fundur í landbn. þar sem farið var yfir nýlegan hæstaréttar-

dóm um innflutning landbúnaðarvara og í framhaldi af því lögð fram drög að frv., sem unnið hefur verið að í fjórum ráðuneytum, um breytingu á búvörulögum. Ekki voru gerðar athugasemdir við það af hálfu nefndarmanna þar sem fyrir lá að frv. yrði lagt fram í gær. Það gerðist hins vegar ekki en fundur hafði verið boðaður í landbn. á hádegi í dag til að halda umræðunni áfram. Við þessar aðstæður töldum við nefndarmenn í minni hluta landbn. að það væri ekki grundvöllur fyrir því að taka málið fyrir, þar sem ekkert frv. væri komið fram og óskuðum eftir að fundi nefndarinnar væri frestað. Því hafnaði formaður landbn.

Hér tel ég gengið mjög á réttindi þingmanna og bókstaflega verið að valtra yfir okkur og mótmæli því harðlega slíkum vinnubrögðum sem hér hafa verið viðhöfð.

[14:30]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Við umræður í gærkvöldi um bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar kom upp sú staða að ljóst varð að ríkisstjórnin hafði sett þessi bráðabirgðalög án þess að hafa samband við þingmenn annars stjórnarflokksins, utan einn eða tvo. Í sjónvarpsviðtali við hæstv. forsrh. kvöldið sem bráðabirgðalögin voru sett lét hann svo ummælt að það hefði verið haft samband við allflesta þingmenn.

Það kom auðvitað engum í hug að stjórnarliðar hefðu ekki haft samband við a.m.k. meiri hluta þingsins áður en þessi löggjöf var sett, þó að enginn efist um að ríkisstjórnin hefur lögformlegan rétt til að setja bráðabirgðalögin. Spurningin er um vinnubrögð og umgengni við þingið og umgengni við forseta Íslands. Það var farið fram á frest á umræðunni til að ræða þessi mál við hæstv. forsrh. þegar hann kemur heim, en því var hafnað þrátt fyrir að nú sé aðeins annar dagurinn sem þingið starfar eftir áramót og þetta 1. umr. um málið. Og það rekur engin nauður til að ljúka þessari umræðu, jafnvel þó málið fari til nefndar til vinnslu þar. Þetta eru óhæf vinnubrögð og alveg óhæf umgengni við þingmenn sem ég vil fyrir hönd okkar framsóknarmanna mótmæla mjög harðlega. Og það er auðvitað ekki hægt að greiða atkvæði með því að vísa málinu milli umræðna eins og í pottinn er búið, þó það færi til nefndar.

[14:32]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er mjög alvarlegt mál hvernig hefur verið staðið að stjórn þingsins í sambandi við þessi bráðabirgðalög. Í gærkvöldi var fundi lokið um þetta mál í algjöru ósætti við þingmenn stjórnarandstöðunnar sem voru hér við umræðuna. Forsrh. var ekki við þessa umræðu og ekki staðgengill hans heldur. Það var ákvörðun forseta á sínum tíma að hafa þessa umræðu. Beiðni stjórnarandstöðunnar gekk út á það að umræðan færi fram á undan umræðunni um sjávarútvegsmál, en það var engin krafa um að hún færi fram í gær. Ég tel að það hefði verið affararsælla að menn hefðu gefið sér betri tíma og séð til þess að hér væru þeir viðstaddir umræðuna sem áttu að svara fyrir gerðir ríkisstjórnarinnar í þessu máli, sem eru út af fyrir sig alveg forkastanlegar.

Það hefur komið fram við umræðuna að ekki hefur verið gengið úr skugga um að það væri fullur stuðningur við þessi bráðabirgðalög í röðum stjórnarsinna og þar hafa sjálfstæðismenn komið með yfirlýsingar hver á fætur öðrum. Þó þeir muni kannski styðja þessi bráðabirgðalög hafa þeir ekki verið spurðir um og ekki lofað þeim stuðningi áður en þau voru sett. Þannig er auðvitað gjörsamlega óviðundandi að stjórnvöld í þessu landi hagi sér. Forsrh. gaf þetta í raun og veru til kynna í sjónvarpsviðtali eftir að bráðabirgðalögin voru sett því hann tók þannig til orða, það var mjög tvírætt orðalag sem hann viðhafði um það samband sem hefði verið haft við sjálfstæðismenn í þingflokki hans um þessi mál. Og ég verð að segja eins og er að ég botna nú ekki í þessum óskaplega asa sem er allt í einu á þessu máli. Svo gerist það í morgun á fundi sjútvn. að hv. 1. þm. Vestf., sem þar er formaður, ætlaði að taka þetta mál og afgreiða það þar, þ.e. þann hluta þess sem þurfti að afgreiða í sambandi við viðtöl við fulltrúa sjómanna sem þarna voru staddir. Ég held að það væri gott að það kæmu á því skýringar hvers vegna í ósköpunum mönnum liggur svona á að klára þetta mál.

[14:34]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp til að ítreka spurningu sem ég bar fram í gærkvöldi um það hvað líði framlagningu frv. frá ríkisstjórninni um breytingu á búvörulögum. Bæði hæstv. landbrh. og hæstv. forsrh. lýstu því yfir í utandagskrárumræðu á mánudaginn að frv. yrði lagt fram daginn eftir, þ.e. í gær. Það bólar ekkert á frv. og mér sýnist að öll þessi málsmeðferð staðfesti það sem ég sagði í utandagskrárumræðunni á mánudaginn, að málið er það að hér er um að ræða pólitískt úrlausnarefni sem ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir ráða ekki við að leysa. Það endurspeglast í þeim fálmkenndu vinnubrögðum sem eru við alla lagasetningu sem víkur að málinu. Það er í raun alltaf verið að lögfesta pólitískar málamiðlanir, en nú eru þessi frumvarpsdrög alveg týnd og við vitum ekkert. Það er farið að vinna að þessu í landbn. sem við stjórnarandstaðan neitum að sjálfsögðu. Og við vitum ekkert hvar málið er statt. Málið er það að stjórnarsinnarnir, ráðherrarnir, segja eitt hér í ræðustól á Alþingi og fara svo á ríkisstjórnarfundi og framkvæma annað. Ráðherrar ríkisstjórnarinnar sögðu hér á mánudaginn að þeir væru tilbúnir til að vinna eftir þeirri línu að virða það innflutningsbann sem verið hefði. Við ættum að vinna að því að innflutningurinn færi eftir þeim leiðum sem þeir milliríkjasamningar sem við erum aðilar að leyfa. Um þetta hygg ég að sé alger sátt hér á þinginu. Og það er sáraeinfalt að ganga þannig frá því í lögum að hægt sé að vinna á þessum nótum. Málið er bara það að ríkisstjórnin virðist ekki koma sér saman um þetta frekar en nokkuð annað. Og ég ítreka það sem ég sagði hér í upphafi máls míns, að það voru yfirlýsingar tveggja ráðherra um að það væri sátt um þetta mál í ríkisstjórninni og frv. kæmi fram í gær. Það bólar ekki á frv. enn í upphafi fundar í dag og ég hlýt

að spyrja starfandi forsrh.:

(**Forseti** (GunnS): Ég verð að benda hv. þm. á að ræðutíma hans er lokið.)

Hvað líður þessu máli?

[14:38]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er náttúrlega ljóst mál hvað bráðabirgðalögin varðar að hér er komin upp ný staða. Það hefur kannski þvælst fyrir fótum hæstv. sjútvrh. stundum að hann kann það eitt að segja sannleikann þegar mikið liggur við. Og hann skýrði þinginu frá því í gær, sem grunur var um, að það hefði aðeins verið talað við tvo þingmenn Sjálfstfl. Þannig að nú liggur fyrir að Davíð Oddsson hefur sagt ósatt og sáum við það í sjónvarpi að þegar fréttamaður gekk á hann þá dró hann í land með það að rætt hefði verið við alla þingmenn Sjálfstfl. og bakkaði frá þeirri umræðu. En nú hefur það verið staðfest að forseti Íslands hefur kannski skrifað undir þessi bráðabirgðalög með það að leiðarljósi að það væri algjör samstaða í stjórnarflokkunum um að svo væri.

Hvað landbúnaðarmálin varðar er þar nú enn þá komin upp sú einkennilegasta staða sem gerst hefur hér *í þinginu. Einhvern tímann var talað um að málum* væri lætt í gegn um þingið, en við sáum hér á þriðjudagsmorgun í landbn. drög að væntanlegu frv. Nú hefur þessu blessaða frv. verið stolið. Það finnst hvergi. Það var ekki í jeppum ráðuneytismannanna sem komu í morgun, það var ekki í jeppa aðstoðarmanns landbrh. í sjónvarpsþættinum í gærkvöldi, það er ekki í jeppa hv. þm. Egils á Seljavöllum. Þannig að þetta er stóra spurning dagsins: Hver stal frumvarpinu? En hitt liggur fyrir, og hefur nú verið staðfest í landbn., að enn þá er þetta mál komið í mjög mikinn hnút, nákvæmlega sama hnút og í vor. Það er að stranda í stjórnarflokkunum. Málið, sem búið er fara fram á og átti að greiða úr réttaróvissu, það er að setja allt í hnút. (Forseti hringir.) Það er sama moðsuðan og fór hér í gegnum þingið fyrir jólin. (Forseti hringir.) Þannig að við hljótum að spyrja eftir því, hæstv. forseti, þegar ýmislegt er sagt í þessum sal...

(**Foreti** (GunnS): Forseti vill minna hv. þm. á að ræðutíma hans er lokið.)

...já, en þá nema eyru hæstv. forseta þau ummæli og við biðjum sem þingmenn Alþingis að forseti hjálpi okkur til að menn standi þá við þau orð og skýri rétt frá.

[14:41]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er með ólíkindum hvað menn geta haldið áfram að teygja lopann hér um þessi bráðabirgðalög og tilurð þeirra. Um það var ítarlega rætt í gærkvöldi. Það er með öllu tilhæfulaust sem hv. síðasti ræðumaður, Guðni Ágústsson, hélt fram, að það væri sannað eða leitt í ljós að forsrh. hefði skrökvað að forseta Íslands. Þetta er algjörlega tilhæfulaus áburður og auðvitað gjörsamlega ósannur. Ég veit ekki hvað þeim fór í milli, forseta Íslands og forsrh., en ég tel mig geta fullyrt að þar var engu skrökvað. Og ef hv. þm. getur fært sönnur á annað þá skora ég á hann að koma hér upp og gera það. Ef hann hefur staðfestingu á því að það hafi verið skrökvað að forseta Íslands þá á hann að koma hér upp og færa sönnur á það. (**Gripið fram í:** Það var staðfest hér í gær.) Það hefur ekkert verið staðfest í því efni. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Mér er ekki kunnugt um hvað þessu fólki fór í milli og ég efast um að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi neinar sérstakar upplýsingar um það. (**ÓRG:** Sjútvrh.) Þetta eru getsakir og þetta eru ósannindi af ykkar hálfu. (**ÓRG:** Sjútvrh. sagði það.) Þetta eru ósannindi af ykkar hálfu, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson. Hitt er rétt að það var ekki haft samband við alla þingmenn Sjálfstf. Það hefur komið fram ...(**ÓRG:** Hvaða tvo?) Þeir voru reyndar ekki tveir, *þeir voru fleiri. Það kemur ekki málinu við* (**ÓRG:** Hvað margir?) vegna þess að það er engin skylda, eins og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson útskýrði mjög skilmerkilega hér í gærkvöldi, að hafa samband við alla þingmenn stjórnarliðsins. (**Gripið fram í:** Það er hefð fyrir því.) Það hefur hins vegar oft verið gert og ef einstakir þingmenn Sjálfstfl. eru óánægðir með það þá er það auðvitað innra mál í okkar flokki. Það var talað við formann þingflokksins. Ég tók á því *ábyrgð fyrir mína hönd gagnvart þingflokknum* og það er auðvitað okkar mál, í okkar þingflokki, hvernig við tökum á slíku. En það kemur ekkert því við hvort eðlilega eða formlega rétt var staðið að framlagningu og tilurð þessara bráðabirgðalaga. Þetta er algerlega nauðsynlegt að komi hér fram vegna þeirra getsaka og þess ósæmilega áburðar sem borinn hefur verið á forsrh. landsins í þessu máli.

(**Forseti** (GunnS): Forseti verður að biðja um að hv. þm. ástundi frið hér í fundarsal.)

[14:43]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Vegna ummæla Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, 6. þm. Norðurl. e., út af frv. til búvörulaga vil ég taka fram að það er verið að vinna að þessu máli á milli flokkanna og verið að reyna að ná fram frv. sem verði efnislega nákvæmt. Það liggur alveg fyrir og er yfirlýst stefna ríkisstjórnarinnar, var samþykkt á ríkisstjórnarfundi, að með þessu frv. og lagasetningu yrði gengið út frá því að viðhalda því ástandi sem að mínum skilningi á lögum er í landinu, að sú lagasetning sem Alþingi samþykkti 21. des. standi varðandi búvöruliðinn.

Ég veit að um þetta eru skiptar skoðanir. Ég veit hvaða skoðun ég hef á þeirri samþykkt Alþingis. Ég tel að beri að skilja hana eftir orðanna hljóðan. Þó það sé ekki beinlínis tekið fram í lögunum sjálfum þá er það nú ein grundvallarreglan í lögskýringum að það beri að skýra lög samkvæmt orðanna hljóðan. Og það er mín skoðun að sú breyting á lögunum fylli upp í það gat sem meiri hluti Hæstaréttar sagði í sínum úrskurði að væri á búvörulögum varðandi bann við innflutningi.

Ég tel á hinn bóginn að það sé nauðsynlegt að leysa úr þeirri réttaróvissu sem hæstaréttardómurinn skapaði og af þeim sökum hef ég lagt áherslu á að þetta frv. verði lagt fram. Ég sagði það á fundi ríkisstjórnarinnar á föstudaginn var að það yrði að gerast strax

eftir helgi og ég vil vonast til þess að það geti orðið í dag eða á morgun.

[14:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að endurtaka það sem sagt hefur verið hér, annars vegar af hæstv. landbrh., einungis að staðfesta það sem hann hefur sagt. Í umræðum á mánudaginn sagði hæstv. forsrh. að það hefði staðið til að leggja frv. fram í gær. Það tókst ekki vegna þess að tími vannst ekki til þess að fara ofan í örfá tæknileg atriði. Hæstv. umhvrh. sagði að það yrði lagt fram á næstu dögum og ég vil einungis staðfesta það sem kom fram hjá hæstv. landbrh. En ég fagna því að öðru leyti að menn skuli hafa áhuga á því að fá fram það mál því ég held líka eins og aðrir að það sé brýnt.

Í öðru lagi vil ég taka mjög sterklega undir það sem hv. 8. þm. Reykv., formaður þingflokks sjálfstæðismanna, sagði áðan og ég held að skipti afar miklu máli fyrir okkur öll sem erum í þessum þingsal og störfum hér nú, það er að hætta þessari leikfimi um það að einhverjir þingmenn, forsrh. eða aðrir ráðherrar, séu að ljúga að forseta Íslands. Það er fyrir neðan virðingu okkar allra að tala með þessum hætti þegar við vitum hvernig formið er á bráðabirgðalögum. Í bráðabirgðalögum á hverjum tíma segir að viðkomandi ráðherra hafi tjáð forseta Íslands. Það er engin skylda að segja forsetanum frá þessu, það er ekki heldur skylda forsetans að spyrja að því og auðvitað hefur nú sem endranær enginn logið að forseta Íslands.

Ég ætla að rifja það upp að 1982, þegar páv. ríkisstjórn sat, lá það fyrir þegar bráðabirgðalög voru gefin út að tveir menn höfðu yfirgefið stjórnina í þeim skilningi að þeir ætluðu ekki að styðja viðkomandi bráðabirgðalög. Stjórnin hafði misst meiri hluta sinn á þingi. Það breytti í engu því að bráðabirgðalöggjafarvaldið var hjá ríkisstjórn páv. forsrh., Gunnars Thoroddsens, og hún hafði engin lög brotið. Og að halda því fram núna að það sé verið að ljúga að hinum og þessum er fyrir neðan virðingu okkar alþingismanna. Ég hvet til þess að sérstaklega siðvæðingarpostular í pólitík, sem eru nýhreinsaðir af landsfundi sínum fyrir jólin, hætti því að gera öðrum þingmönnum það upp að þeir ljúgi að forseta lýðveldisins.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þá hafa umræður um störf þingsins staðið í 20 mínútur. Samkvæmt 50. gr. þingskapa mega þær ekki standa lengur og er hér með lokið.

Hv. 8. þm. Reykn. óskar eftir að bera af sér sakir.

[14:49]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. og hv. þm. Geir Haarde, sem báðir beittu sér fyrir því í gær að umræður gætu ekki haldið áfram með eðlilegum hætti um bráðabirgðalögin, þannig að hæstv. forsrh. væri viðstaddur og gæti sjálfur talað milliliðalaust í þessu máli, kusu í vörn sinni fyrir óverjanlegan málstað að fara að bera ásakanir á mig og nokkra aðra þingmenn sem hér voru í gærkvöldi. Það var m.a. borið á mig að ég hefði farið með rangt mál. Það er staðreynd, sem þessir tveir talsmenn Sjálfstfl. hér í dag geta ekki breytt, að hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, lýsti því alveg skýrt í þingsalnum í gær og um það vitna þingtíðindi að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, hefði fullvissað forseta lýðveldisins um það að hann hefði ástæðu til að ætla að það væri meiri hluti fyrir bráðabirgðalögunum. (**Landbrh.:** Þetta er nú að bera á sakir frekar en að bera af sér sakir.) Hæstv. landbrh. hefur nú um nóg að hugsa, um frv. sem er ekki enn þá komið fram og ætti ekki að vera að blanda sér inn í þetta mál sem hann veit ekkert um. — Síðan hefði það komið fram að hæstv. forsrh. hefði talað við tvo þingmenn Sjálfstfl. Jafnframt var það upplýst hér af hálfu Alþfl., og það var talað við alla þingmenn Alþfl., og af hálfu Framsfl. og Alþb., að sú hefð hefur verið ríkjandi við setningu bráðabirgðalaga, að gengið er úr skugga um það með viðtölum við alla þingmenn sem næst í hvort þeir styðja bráðabirgðalögin eða ekki. Þess vegna er auðvitað alveg nauðsynlegt að fá hæstv. forsrh. hér til umræðunnar beint, því það þarf ekki að útskýra það fyrir þingheimi hvers konar hættur felast í bráðabirgðalagavaldinu sem farið er að beita á þann hátt að forsrh. talar eingöngu við tvo af í kringum 20 þingmönnum Sjálfstfl. sem sitja fyrir utan ríkisstjórnina og ekki hefur verið upplýst að hefur verið talað við. Menn geta rétt gert sér í hugarlund hvernig hægt er að beita bráðabirgðalagavaldi t.d. í maí, með því að tala bara við tvo þingmenn úr stærsta stjórnarflokknum og láta síðan lögin renna efnislega út í september Þess vegna er hér auðvitað af hálfu Davíðs Oddssonar verið að fara inn á nýjar brautir sem eru ótrúlegar og hann á í raun og veru aðeins tvo kosti í þessu máli, hæstv. forsrh. Annaðhvort að sanna það hér í þingsalnum að hann hafi talað við nægilega marga þingmenn stjórnarliðsins til þess að vita það að meiri hluti var fyrir bráðabirgðalögunum eða biðja þingið afsökunar á þessum vinnubrögðum. Hann hefur áður lýst því yfir að honum hafi orðið á mistök við setningu bráðabirgðalaga og hann ætti í þessu máli líka að lýsa því.

Og fyrr en hæstv. forsrh. hefur tækifæri til þess að standa hér sjálfur fyrir sínu máli, sem við vildum að hann fengi en hv. þm. Geir Haarde vildi ekki, að hæstv. forsrh. fengi að standa hér fyrir sínu máli strax og þetta mál var við 1. umr., þá ættu þessir ráðherrar og þingmenn Sjálfstfl. ekki að vera að bera á okkur að við förum með rangt mál.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill í tilefni af þessari ræðu minna hv. þm. á það að skv. 55. gr. er hv. þm. heimilt að biðja um orðið til þess að bera af sér sakir eða um fundarstjórn forseta eða um atkvæðagreiðslu. Forseti óskar eftir því að hv. þm. haldi sig við efni þingskapagreinarinnar og ef þeir óska eftir að bera af sér sakir þá geri þeir það. Forseti gat ekki heyrt að hv. 8. þm. Reykn. væri að bera af sér sakir heldur ræða allt önnur málefni. Þess vegna óskar forseti eftir því að hv. þm. haldi sig við þingsköp.

Hv. 5. þm. Suðurl. óskar eftir að bera af sér sakir.

[14:53]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Geir Haarde viðhafði þau ummæli að ég hefði aðeins verið hér með getsakir og ósannindi. Þetta eru ásakanir sem ekki eru réttar. Ég sagði það eitt að ég horfði á hæstv. forsrh., ég var staddur vestur á Patreksfirði þá, eftir þriggja eða fjögurra tíma fund þar sem bráðabirgðalög voru sett og hann var í viðtali við fréttamenn og sagði að það væri búið að tryggja meiri hluta á bak við bráðabirgðalögin og gaf til kynna að haft hefði verið samband símleiðis við alla þingmenn Sjálfstfl. sem náðst hefði í. *Þetta viðtal geta fjölmiðlarnir spilað fyrir hv. þm. og munu áreiðanlega gera.*

Ég velti hins vegar þeirri spurningu fyrir mér, af því að ég veit að þinghaldið er breytt og það var verið að setja bráðabirgðalög við mjög óvenjulegar aðstæður, að forseti Íslands hlyti að hafa viljað hafa það tryggt að það væri þingmeirihluti á bak við þessa bráðabirgðalagasetningu. En ég skal viðurkenna að ég hef ekki hugmynd um hvað fór á milli forseta Íslands og hæstv. forsrh. *á þeim tveggja manna fundum. En það eru orð* hæstv. sjútvrh., sem er heiðarlegur og sannsögull stjórnmálamaður, sem upplýsir það óvænt hér í gær að það hafi verið haft samband við tvo þingmenn, sem kom síðan í ljós í umræðunum í gær að virtust ekki hafa meira umboð en svo að hér töluðu nokkrir af þingmönnum Sjálfstfl. og gáfu það eindregið til kynna að þeir væru í vafa um hvort þeir mundu greiða bráðabirgðalögunum atkvæði sitt.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar eftir að bera af sér sakir öðru sinni.

[14:55]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Sá forseti sem nú situr á forsetastól kaus að nota vald sitt til þess að kveða upp dóm um það hvort ég hefði verið að bera af mér sakir í ræðu minni áðan. Ég vil segja við fornvin minn, sem nú situr á forsetastól: Nóg fannst mér gjörðin í gærkvöldi, að nota forsetavaldið til að neita ósk frá þremur þingflokkum um að fresta umræðu, sem ég veit ekki til að áður hafi verið gert í þinginu, þó ekki sé verið að ganga þá götu sem forseti er byrjaður á í dag. Það var borið á mig af hæstv. fjmrh. að ég hefði farið með ósatt mál og hv. þm. Geir Haarde tók undir það. Ef það eru ekki sakir þá veit ég ekki hvað eru sakir, hæstv. forseti. Ég rakti það síðan hér, með lýsingu á ummælum í gær, að ég fór ekki með rangt mál. Hæstv. forseti getur haft sínar einkaskoðanir á því, en að úrskurða hér á forsetastól að þar með hafi ég ekki verið að bera af mér sakir eru orð sem ég held að við ættum að gleyma, virðulegi forseti. (**Gripið fram í:** Maður fer nú að biðja um Salome.) (**Gripið fram í:** Hvar er hún?)

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. fjmrh. óskar eftir að bera af sér sakir.

[14:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég skal ræða eingöngu um þær sakir sem hér eru bornar á mig. Þær eru að ég hafi sagt að hv. þm. hafi logið eða sagt ósatt. Það sem ég sagði úr ræðustól var það að hv. þm. og reyndar ekki hann heldur líka aðrir, það hefur komið fram í umræðunni, að það hefði verið sagt að forseta Íslands, forseta lýðveldisins, hefði verið sagt ósatt. Því hefur verið haldið fram og ég vona að hv. þm. staðfesti að því hafi verið haldið fram. Ég taldi mig ekki vera að segja neitt *annað heldur en komið hefur fram hjá hv. þm.* Það kalla ég ekki að ljúga upp á neinn, að segja þetta sem þeir höfðu áður sagt. En síðan bætti hv. þm. um betur og sagði að ég og hæstv. sjútvrh. hefðum beitt okkur gegn því að málin hefðu náð fram að ganga í gærkvöldi. Ég vil aðeins, vegna þess að ég hef heyrt þetta líka í fjölmiðlum einhvers staðar frá, láta það koma fram að þetta er rangt. Klukkan hálfníu var ég mættur í gærkvöldi sem staðgengill forsrh. Þegar klukkan var langt gengin tólf var gert hlé hér á fundi. Það var hringt í mig þá og ég var beðinn um að koma hingað sem staðgengill forsrh. að ósk hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar. Ég kom hérna og þegar ég kom í húsið var mér tilkynnt að hv. þm. hefði gengið af fundi og væri farinn heim. Þetta vil ég að komi hér fram af því að því var haldið fram að ég hefði ekki komið aftur og ég hefði beitt mér gegn því að málið hefði fengið framgang.

Loks vil ég segja það að það var stjórnarandstaðan, ef ég veit rétt, kannski ekki í heilu lagi heldur einstakir þingmenn sem óskuðu sérstaklega eftir því að umræðan um bráðabirgðalögin færi fram í gær en yrði ekki frestað þar til (Gripið fram í.)...

(**Forseti** (GunnS)**:** Forseti verður að grípa fram í ræðu hæstv. fjmrh. og minna hann á það að hann er að tala undir 55. gr. þingskapa, um að bera af sér sakir, og minna hann á að halda sig við þær sakir sem á hann hafa verið bornar.)

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda máli mínu lengur áfram. Ég hef komið þeim atriðum til skila og tel að það sem hefur komið fram í þessum umræðum í dag sé alveg nægilegt og ég hvet hv. þm. til þess að hægt verði nú að hefja efnislegar umræður um þau mál sem eru á dagskrá þessa fundar.

[14:59]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)***:**

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hljóðs undir þessum lið einfaldlega vegna þess að í síðustu ræðu sinni hér sagði hæstv. fjmrh. að við hefðum beðið um þá stjórn á fundum þingsins að það yrði rætt í gær um bráðabirgðalögin. Að stjórnarandstaðan hefði borið fram þá kröfu og bón. Þetta er ekki rétt. Við fórum fram á það margir hér í þinginu að þetta mál yrði rætt á undan frv. til laga um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Það var engin krafa um það að umræðurnar færu fram

í gær. Ef forseti hefði kosið að haga því þannig þá hefðu þær umræður getað farið fram síðar. Og ég held að það sé mjög nauðsynlegt að það komist skýrt til skila að það var ekki vegna kröfu stjórnarandstöðunnar að umræðurnar fóru fram og voru settar á þennan tíma, þ.e. í gær og það þyrfti þess vegna til þess afbrigði. Hins vegar féllumst við á það vegna þess að það var komið til móts við okkur í því að ræða það mál á undan breytingalögunum um stjórn fiskveiða.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 302. mál. — Þskj. 490.

[15:01]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 22 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: PJ, PBald, SalÞ, PÓ, SighB, SP, TIO, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, IBA, GunnS.

19 þm. (MF, ÓRG, ÓÞÞ, AKG, StG, SJS, SvG, AÓB, FI, GuðmS, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK) greiddu ekki atkv.

22 þm. (KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, RG, SAÞ, JE, SF, VS, VE, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, HÁ, HG, JóhS, JBH, KHG) fjarstaddir.

6 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:04]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um að vísa málinu til 2. umr. þannig að hér er ekki um efnislega afstöðu til frv. sjálfs sem slíks og því segi ég já.

[15:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar málsmeðferðar sem hér hefur verið, þ.e. að það var ekki orðið við beiðni stjórnarandstöðunnar um það að þessari umræðu yrði frestað í gærkvöldi og það væri hægt að hafa orðastað við forsrh. og eftir atvikum fleiri sjálfstæðismenn sérstaklega um það með hvaða hætti þessir hlutir hefðu borið að og til þess að þessi umræða hefði getað gengið til enda eins og hún hefði þurft að gera og eins og umræðurnar í dag hafa sýnt að hún hefði þurft að gera, þá vil ég til að mótmæla þessari málsmeðferð taka þann kost að greiða ekki atkvæði, sem er út af fyrir sig mjög óvenjulegt og yfirleitt ætti maður ekki að þurfa að bregðast við með þeim hætti þegar verið er að greiða atkvæði um það að vísa máli til 2. umr. eins og hér er verið að gera.

[15:08]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér er að gerast sá einstaki atburður að bráðabirgðalög, sem upplýst hefur verið að hafa verið sett með afar vafasömum og óvenjulegum hætti, eiga núna að fara til nefndar að lokinni 1. umr. og neitað hefur verið ósk frá þremur þingflokkum um að 1. umr. verði haldið áfram til að hægt sé að ræða við forsrh. beint og milliliðalaust um aðferð hans við setningu þessara bráðabirgðalaga. Þetta er auðvitað fullkomið gerræði af hálfu stjórnar þingsins og því ber að mótmæla mjög harðlega. Það er líka mjög athyglisvert að Sjálfstfl. á fjóra þingmenn í sjútvn., þeir hafa allir verið hér á þingfundum í dag. Þrír þeirra, Matthías Bjarnason, Vilhjálmur Egilsson og Árni R. Árnason hafa hins vegar kosið að vera fyrir utan þingsalinn í þessari atkvæðagreiðslu og sá eini sem er eftir, Guðmundur Hallvarðsson, lýsir því yfir að þar sem ekki sé um efnisatkvæðagreiðslu um málið þá sé hann að vísu sammála því að 2. umr. fari fram.

Þessi staðreynd sýnir náttúrlega til viðbótar við framgöngu forsrh. og það gerræði sem forseti þingsins beitt hér í nótt hvernig þetta bráðabirgðamál er statt. Ég sit því hjá og greiði því ekki atkvæði að vísa þessu máli til 2. umr.

[15:10]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Við 1. umr. málsins í gær var óskað eftir því að umræðunni yrði frestað þar til forsrh. gæti verið viðstaddur og gefið skýringu á þeim ummælum sínum að hann hefði rökstudda ástæðu til að ætla að þingmeirihluti væri fyrir setningu bráðabirgðalaganna. Hins vegar kom það í ljós í umræðunum að aðeins hafði verið talað við tvo þingmenn Sjálfstfl. utan ráðherra flokksins. Með þessum vinnubrögðum er brotin sú hefð sem myndast hefur við setningu bráðabirgðalaga að ætíð sé gengið úr skugga um að öruggur þingmeirihluti sé fyrir setningu slíkra laga. Vegna þessa sitjum við þingmenn Framsfl. hjá við afgreiðslu málsins.

[15:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þegar lögum um þingsköp Alþingis var breytt og það skipulag tekið upp að Alþingi starfaði í einni málstofu þá var fyrst á eftir þá breytingu talsvert rætt um það að nauðsynlegt væri af þeim sökum að umferðum frv. hefði þá fækkað úr sex í þrjár hér í þinginu að tryggja það með ýmsum hætti, bæði með lögum og hefðum og starfsvenjum að málum væri ekki hraðað þannig í gegnum umræður og á milli umræðna að öruggt væri að nægjanlegur tími gæfist til að skoða þau. Það er af þeim sökum einnig margfalt alvarlegra en ella þegar forseti fer með vald sitt með þeim hætti sem gerðist í gærkvöldi. Það var gengið út frá því að í kjölfar þessarar breytingar yrði meiri sanngirni sýnd gagnvart réttmætum óskum um það að umræðum yrði frestað og mál skoðuð eða þau send til nefndar, t.d. milli 2. og 3. umr. ef um slíkt væri að ræða. Ég tel að framkoma forseta í gærkvöldi sé algert stílbrot í þessum efnum auk þess sem málsmeðferðin er að öllu leyti mjög óeðlileg af hálfu meiri hlutans á þinginu. Ég vil því nota þetta tækifæri og mótmæla þessum framgangi og þessu sérstaka ofbeldi sem forseti sýndi við fundarstjórnina með því að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu. Ég greiði ekki atkvæði.

[15:13]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að óeðlilegt hafi verið að ljúka umræðunni í gær með þeim hætti sem gert var.

Í fyrsta lagi vegna þess að ég sýndi fram á í umræðunni í gær að lögskráning á skip hófst á vegum opinberra aðila nokkrum klukkutímum áður en bráðabirgðalögin voru sett. Þar með voru lögskráningarstofur þátttakendur í því að reyna að brjóta verkfallið niður því að verkfallið var löglegt. Þetta var lögbrot undir skjóli yfirvalda. Þetta vildi hæstv. dómsmrh. ekki ræða í gærkvöld.

Í öðru lagi tel ég að umræðan hefði þurft að vera lengri vegna þess að það bendir allt til þess eftir upplýsingar frá hæstv. sjútvrh. að hæstv. forsrh. hafi veitt forseta Íslands ófullnægjandi upplýsingar um stöðu mála í þingliði stjórnarinnar þegar bráðabirgðalögin voru sett.

Í þriðja lagi vil ég, með því að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu, mótmæla einstökum vinnubrögðum forseta þess sem nú situr, gerræðislegum og ólýðræðislegum vinnubrögðum og fullyrði að í langan tíma hefur stjórnarandstöðu ekki verið sýndur annar eins dónaskapur ...

(**Forseti** (GunnS): Forseti verður að minna hv. þm. á að ræðutíma hans er lokið.)

...og hæstv. núv. forseti sýndi stjórnarandstöðunni í gærkvöldi.

[15:17]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Það er mjög til fyrirmyndar að sá forseti sem nú situr í stólnum hefur lesið þingsköpin og vitnar í þau. Fyrirspurn mín til forseta er hvort jafnræðis sé gætti með virðingu gagnvart greinum en 53. gr. kemur á undan þeirri 55. og hvort hæstv. forseti hafi gætt jafnræðis í virðingu sinni fyrir þessum tveimur greinum miðað við þá atkvæðatölu sem hér kom út áðan.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill segja aftur frá því að atkvæðagreiðslan fór þannig að já sögðu 22, 19 greiddu ekki atkvæði og fjarstaddir voru 22. Samþykkt er að vísa málinu til 2. umr. og ef engin hreyfir andmælum verði 1. dagskrármálinu vísað til sjútvn. (**SJS:** Það þarf að greiða atkvæði um það.) Það er óskað eftir að fram fari atkvæðagreiðsla um að vísa 1. dagskrármálinu, stöðvun verkfalls fiskimanna, til sjútvn. Við því verður orðið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til sjútvn. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ÁRÁ, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GHall, GuðmS, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PÓ, SalÞ, SighB, SP, StG, SJS, SvG, TIO, ÞorstP.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GuðjG, HÁ, HG, JE, JóhS, JBH, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RG, SAÞ, SF, VS, VE, ÖS) fjarstaddir.

Alþt. 1993. B. (117. löggjafarþing).

Um fundarstjórn.

Lögskráning sjómanna.

[15:20]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í gærkvöld lögðum við þingmenn stjórnarandstöðunnar og þingflokkar stjórnarandstæðinga mikla áherslu á það að umræðunni um bráðabirgðarlögin yrði haldið áfram. Á mínum þingferli man ég aldrei eftir því að stjórnarandstöðuþingflokkum hafi verið neitað um framhald fundar og framhald umræðu með þeim hætti sem gerðist í gærkvöld nema auðvitað við lok þingsins eða rétt fyrir hátíðar. En í upphafi þings á fyrsta eða öðrum umræðudegi mála hygg ég að þess séu engin dæmi. Ég tel því að það að kalla þetta gerræði sé síst of í lagt miðað við þá reynslu sem við höfum af störfum Alþingis á undanförnum árum.

Hitt er þó kannski sýnu verra að í umræðunni í gærkvöld bar hæstv. sjútvrh. í þrígang lygar og ósannindi á þann sem hér stendur. Hann hélt því fram að þær upplýsingar sem ég hefði um lögskráningu sjómanna í aðdraganda setningar bráðabirgðalaganna væru ósannar.

Nú vill svo til að strax og þessari umræðu lauk í gærkvöld þá hafði ég samband við forustumenn Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, formann reyndar, formann Sjómannasambands Íslands og formann Sjómannafélagsins í Vestmannaeyjum. Og samkvæmt upplýsingum sem ég fékk í hendurnar skriflega frá þessum aðilum í morgun þá kemur það fram að lögskráning í Vestmannaeyjum ...

(**Forseti:** Forseti verður að trufla mál hv. þm. og biðja hann um að koma að efni málsins sem fjallar um fundarstjórn forseta.)

Já, nákvæmlega. Ég finn að því, hæstv. forseti, að forsetinn skuli ekki hafa lagst á sveif með lýðræðinu til að halda þeim umræðum áfram sem ég er hér að hefja á ný vegna þess áburðar sem á mig hefur verið borinn. Ég tel að forseti eigi ekki aðeins að vera forseti meiri hlutans og ríkisstjórnarinnar heldur okkar líka.

Ég er hér með í höndum, hæstv. forseti, upplýsingar frá lögskráningunni í Vestmannaeyjum, sem kom á faxi frá Sjómannafélaginu Jötni til verkfallsnefndar sjómannasamtakanna kl. 17.00, um lögskráningu á tiltekið skip mörgum klukkustundum áður en bráðabirgðalögin voru sett. Og ég er hér, hæstv. forseti, með upplýsingar um lögskráningu á Ófeig VE 324 sem kom líka á faxi frá Sjómannafélaginu Jötni í Vestmannaeyjum kl. 18.00 til verkfallsnefndar sjómannasamtakanna eða mörgum klukkustundum áður en bráðabirgðalögin voru sett.

Ég tel, hæstv. forseti, að þessar upplýsingar hafi verið rök fyrir því að halda málinu áfram því að þarna er í skjóli dómsmrn. eða embættismanna þess eða lögskráningarskrifstofanna verið að framkvæma verkfallsbrot. Það er verið að brjóta á bak aftur áður en bráðabirgðalögin eru sett löglegt verkfall. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og ég skora á hæstv. dómsmrh. að svara nú fyrir sig og biðja þann þingmann sem hér stendur afsökunar á lygabrigslunum sem hann flutti úr þessum ræðustól í gærkvöldi.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti verður að biðja hv. þm. að virða ræðutíma og einnig það efni sem þeir óska eftir að ræða um samkvæmt þingsköpum.

Hæstv. sjútvrh. óskar að bera af sér sakir.

[15:24]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Í umræðunum hér í gær beindi hv. 9. þm. Reykv. þeirri fyrirspurn til mín hvort ég hefði beitt mér fyrir því eða gefið fyrirmæli um að lögskráningarskrifstofur yrðu opnaðar áður en lögin um stöðvun verkfallsins voru gefin út. Síðar í umræðunni bar hann á mig þá ásökun að ég hefði gefið þau fyrirmæli út. Ég kom hér upp og fullyrti eins og satt er og rétt að ég gaf engin slík fyrirmæli. Þrátt fyrir þá yfirlýsingu mína sem er sönn og rétt, (**SvG:** Hver gaf fyrirmælin?) þá kom hv. þm. hér aftur og aftur og bar hinar sömu ásakanir, hinar sömu dylgjur á mig og leyfði sér í lokin að koma upp og segja hversu oft sem sannleikurinn væri sagður í málinu þá skyldi hann halda áfram með róg og lygar í þessu máli. Þetta voru ummæli hv. 9. þm. Reykv. hér í gær.

Ég hef aldrei í þessum umræðum fjallað um það hvort þessar lögskráningarskrifstofur voru opnaðar. Fyrirspurnin sem var borin fram laut að því hvort ég hefði gefið slík fyrirmæli og ásökunin sem síðan var borin fram áður en ég fékk tækifæri til að svara fyrirspurninni var sú að ég hefði gefið fyrirmælin. Og eftir að ég hafði upplýst að svo var ekki þá var ásökunin borin fram aftur og aftur og því haldið fram að það yrði gert hversu oft sem sannleikurinn yrði sagður í málinu. Þetta er nú staðreynd málsins og ég ítreka enn og aftur að það er ekki hv. 9. þm. Reykv. til sóma að bera málflutning af þessu tagi á borð hér og ég minni svo á að (**SvG:** Hver gaf fyrirmælin?) það var ekkert því til fyrirstöðu að halda umræðunni áfram í gærkvöldi um efnisatriði málsins. Ég minni á að það voru hv. þm. stjórnarandstöðunnar sem staddir voru hér í húsinu sem tóku ákvörðun um að ganga út af fundi áður en umræðunni lauk. Það voru þeir sem tóku þá ákvörðun með mjög sérstæðum hætti að ganga út af fundinum áður en umræðunni lauk og þeir geta ekki mikið kvartað yfir því að aðrir hafi komið í veg fyrir að umræðan héldi áfram eins og hv. þm. gerði í ræðu sinni.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir samkvæmt 55. gr. þingskapa.

[15:27]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað þekkt vandamál hér á Alþingi að þegar menn eru í kastþröng, þegar menn eiga vondan málstað að verja þá grípa þeir til stóryrða og fúkyrða. Hins vegar hygg ég, hæstv. forseti, að það sé sjaldgæft að ráðherrar ráðist að einstökum þingmönnum með orðbragði af því tagi sem hæstv. sjútvrh. gerði áðan. Það er honum ekki til sóma en hann er reiður og sár. Það er auðvitað fyrir neðan allar hellur, hæstv. forseti, ef ætlunin er að skiptast á skoðunum um alvarleg mál að maður eigi von á því að fá ekki rök og ekki gagnrök heldur öskur þar sem ræður þingmanna eru kallaðar rógur og lygi án frekari útskýringa þegar það liggur fyrir að lögskráning á skipin hófst mörgum klukkustundum áður en bráðabirgðalögin voru sett. Lögskráning á skipin hófst með öðrum orðum, meðan verkfallið stóð yfir, í Vestmannaeyjum samkvæmt þessu skjali hér á tvö skip, og reyndar víðar. Hæstv. dómsmrh. hefur eins og kunnugt er ágætt samband við hæstv. sjútvrh. og spurningarnar sem vakna eru vitaskuld þær í fyrsta lagi: Gaf hæstv. dómsmrh. þessi fyrirmæli? Hann segir nei. Gáfu embættismenn hans í ráðuneytinu þessi fyrirmæli? Hann segir nei. Hver gaf fyrirmælin? Hver gaf fyrirmælin til lögskráningarstofanna um að hefja lögskráningu í yfirtíð utan venjulegs skrifstofutíma fram eftir öllu kvöldi það kvöld sem einmitt átti að setja bráðabirgðalögin? (**ÓÞÞ:** Hver borgar laun fyrir það?) Hver tekur ákvörðun um þær greiðslur? Þegar málið liggur líka þannig að það liggur svo mikið á að ganga frá lögskráningunni að þeir sem kvitta fyrir lögskráningar þessar á tvö skip eru ekki sjómennirnir sjálfir heldur eiginkonur þeirra og makar. Hér er því bersýnilega um að ræða skipulega athöfn til þess að brjóta niður hugsanlega mótstöðu sjómannasamtakanna. Sjútvrh. sem er svo blindur á sjómannasamtökin að kalla það róg og lygi þegar skjölin eru framreidd með þessum hætti ætti að helga sig aðallega störfum í hinu ráðuneytinu sem fæst við annað en sjóinn og sjómenn. Sjútvrh. sem ræðst á sjómenn með þessum hætti ætti að reyna að tala frekar við annað fólk í landinu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. sjútvrh. óskar að bera af sér sakir.

[15:31]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég held að hv. 9. þm. Reykv. ætti að líta svolítið í eigin barm þegar hann talar um þingmenn sem beita röddinni. Ég ítreka það enn og aftur og það kemur mjög skýrt fram í máli hv. þm. að nú ber hann á nýjan leik fram í fyrirspurnarformi hvort ég hafi gefið þessi fyrirmæli. Áður var hann ítrekað búinn að bera þær ásakanir á mig að ég hafi gefið fyrirmælin. Og það er það sem ég tel vera ámælisvert og það er um þá athöfn hv. þm. sem ég var að fjalla um og ég var að gagnrýna. (**SvG:** Ráðherrann ber ábyrgðina.) Það er alkunna að í orðræðum þegar menn komast í blindgötu í efnislegri umræðu eða með rök fyrir sínu máli að menn reyna að snúa upp á sig með því að bera sakir á aðra og reyna að koma þeim í þá stöðu að þeir þurfi að sanna sakleysi sitt. Hv. þm. hefur sýnt fimi sína í þeirri tegund ræðulistar.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Hv. 9. þm. Reykv. óskar að bera af sér sakir.

[15:32]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál snýst ekki um það að einstakir þingmenn sýni fimi sína í málflutningi til eða

frá. Það snýst um þá alvarlegu staðreynd að opinberar skrifstofur, lögskráningarskrifstofurnar, í landinu voru notaðar í skjóli yfirvalda til að brjóta niður verkfall sjómannasamtakanna. Það snýst um það. Það er alvarleg staðreynd. Og ég skora á hæstv. sjútvrh. að reyna að koma sér í aðrar stellingar áður en mikið lengra er haldið með þetta mál. Vegna þess að það er augljóst mál að sjómannasamtökin geta ekki treyst ráðherra sem misbýður trúnaði þeirra og réttum leikreglum í vinnudeilum með þeim hætti sem hæstv. sjútvrh. hefur gert. Þessi dónaskapur, þessi framkoma við sjómannasamtökin er með eindæmum, hæstv. forseti.

[15:34]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vakti athygli á 53. gr. þingskapanna í gær við þann forseta sem þá sat. Ég spurði núv. hæstv. forseta að því hvort jafnræði væri milli greina í þingsköpunum. Ég tel að ef forseti telur sér ekki skylt að virða eina grein þingskapanna sé þingmönnum ekki skylt að virða næstu grein þingskapanna. Og það verður þá að reyna á það hvort svo sé komið málum að forsetinn einn hafi rétt til að brjóta þingsköpin.

Ég gerði mjög alvarlega athugasemd fyrir kvöldmat í gærkvöldi. Það er kvartað yfir því að þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi yfirgefið fund eftir að hafa setið hér lengur en nokkrir aðrir. Að sjálfsögðu yfirgáfu ekki aðrir þetta hús en þeir sem voru í því. Og það gengur ekki að halda hér kvöldfundi upp á það að þá séu stjórnarandstæðingar einir skyldugir að vera í húsinu. 53. gr. þingskapanna er jafnmikil alvara, hæstv. forseti, og hinar greinarnar. Og telji forseti sér ekki skylt að virða þá grein þá þarf hann ekki að láta sér detta í hug að ummæli og bjölluhljómur fyrir hinum greinunum verði virtur frekar.

Hins vegar blasir það við að hæstv. fjmrh. skuldar þjóðinni í dag skýringar á því hver gaf fyrirmælin um að heimila lögskráningu á sjómenn meðan verkfall stóð. Það mál er alvarlegra en svo að það sé hægt að láta þær upplýsingar liggja. Ekki skjóta byssurnar sjálfar nema skipað sé. Því trúum við ekki. Við munum óska eftir að fá svör við því þó síðar verði.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Vegna fyrirspurnar hv. þm. vill forseti taka fram að sá forseti sem hér situr og aðrir sem gegna forsetastörfum hafa reynt að stjórna fundum á grundvelli þingskapa og góðrar fundarreglu og gæta þar samkvæmni í öllum háttum.

Hv. þm. á við þá setningu í 53. gr. er hljóðar svo: „Skylt er þingmönnum að sækja alla þingfundi nema nauðsyn banni." — Ég lít svo á að forsetar hafi lagt allt sem í þeirra valdi stendur af mörkum til þess að þessari grein megi framfylgja og muni gera það hér eftir sem hingað til eins og við að fylgja öðrum greinum þingskapanna og gæta fyllsta samræmis.

[15:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna þeirra upplýsinga sem hér hafa komið fram fara fram á það við forseta að hann gangist fyrir því að athuga hvort ekki er unnt að fá þessi mál tekin upp á þinginu í formi utandagskrárumræðu með einhverjum öðrum hætti þannig að svigrúm gefist til að ræða þetta mál efnislega og ítarlega.

Hér eru auðvitað grafalvarlegar upplýsingar á ferð og hæstv. sjútvrh. hefur engar skýringar gefið aðrar en þær að neita því að hann hafi gefið fyrirmæli um þetta verkfallsbrot og hreyta svo fúkyrðum í þá þingmenn sem dregið hafa upplýsingar um þetta fram í dagsljósið. Við þetta er ekki hægt að una. Ég held að það sé algerlega óhjákvæmilegt að hér gefist tími fyrir umræður um þetta mál ekki seinna en á morgun og hæstv. sjútvrh. komist ekki upp með annað en að leggja spilin á borðið úr því hann fæst ekki til að gefa um þetta neinar upplýsingar hér og nú. Það er ljóst að þessi starfsemi er á ábyrgð hæstv. ráðherra sem dómsmrh. og það hlýtur að skipta máli hvort það var a.m.k. með vitund hans sem þessi verkfallsbrot fóru fram. Það er munur á því annars vegar að gefa bein fyrirmæli um að lögskráningarskrifstofur skuli vera opnaðar utan venjulegs vinnutíma og hinu að vita af því að slíkt sé gert. Ég vænti þess að það sé fremur óvenjulegt að slíkt sé gert og þess vegna spurning hvort slík ákvörðun væri tekin nema þá a.m.k. að höfðu samráði við ráðuneytið eða yfirvöld þessara mála. Ef hæstv. sjútvrh. treystir sér ekki til að standa sig betur í að veita upplýsingar um þetta mál en hann hefur hingað til gert þá er algerlega óhjákvæmilegt að taka það upp og að fram fari opinber rannsókn á því hvað hefur skeð. Það vill svo til að strax í umræðunni í gærdag þá vakti ég athygli á þessu máli og lagði spurningar fyrir ráðherrann þannig að honum hefði átt að vera í lófa lagið að afla upplýsinga um það frá sínu ráðuneyti hvernig þetta væri í pottinn búið. En frammistaða hans er, eins og raun ber vitni, að svara illu einu. Það er fyrst og fremst til marks um vondan málstað vænti ég og þá þarf það að koma allt saman í ljós hvernig í pottinn er búið.

Mín ósk, hæstv. forseti, og athugasemd um stjórn fundarins er því sú að ég held að það væri okkur fyrir bestu ef við gætum náð samkomulagi um það hvernig með þetta mál verður farið á næstunni. Ég sé ekki annað eins og það stendur nú en óhjákvæmilegt sé að fá tíma til frekari umræðna um það.

[15:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna þess sem fram kom í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. vil ég minna hann á að hv. 9. þm. Reykv., sem er forustumaður í hans flokki, hefur borið á mig hér þær sakir í þinginu, ekki einu sinni ekki tvisvar heldur mörgum sinnum, að ég hafi gefið fyrirmæli um að lögskráningin væri opnuð áður en bráðabirgðalögin voru gefin út. Ekki einasta að ég hafi haft vitund um að það færi fram heldur að ég hafi beinlínis gefið um það fyrirskipanir. Þessar sakir hafa verið bornar á mig af forustumanni Alþb. (**GHelg:** Það leiðir af sjálfu sér.) Það er ekkert smáræði. (**GHelg:** Ráðherrann er ábyrgur.) Það er ekkert smáræði að bera slíkar sakir fram.

En hafi þessi lögskráning farið fram eins og hv. þm. vitnar til með lestri úr lögskráningarskjölum þá er meira en sjálfsagt að afla allra upplýsinga um það hver hafi óskað eftir að lögskráningarskrifstofan yrði opnuð og hver hafi tekið um það ákvarðanir. Það er að sjálfsögðu rétt að afla þeirra upplýsinga og gefa þær.

Ég vil upplýsa það að mér er ekki kunnugt um að sjómannasamtökin hafi kvartað við dómsmrn. Það kann þó að vera en mér er ekki kunnugt um að svo hafi verið. En það er meira en sjálfsagt að veita þær upplýsingar, bæði þeim alþingismönnum sem um það spyrja og eins sjómannasamtökunum. Það dregur ekki úr hinu með hvaða hætti hv. 9. þm. Reykv. hefur borið fram sínar ásakanir. Og ég þykist vita að þær séu ekki bornar fram með þeim hætti að það sé gert í umboði eða þökk þeirra sjómanna sem hlut eiga að máli en það er sjálfgefið að veita þær upplýsingar sem að er spurt. En orðræður hv. 9. þm. Reykv. hafa ekki lotið í þá veru heldur að bera fram órökstuddar ásakanir.

[15:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegur forseti. Ég vil endilega taka undir orð hv. 4. þm. Norðurl. e. áðan og m.a. í framhaldi af yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. núna áðan að það fari fram umræða um þessi mál utan dagskrár hið allra fyrsta. M.a. til þess að hægt verði að brjóta þau mál til mergjar sem hæstv. sjútvrh. fullyrti að væru af minni hálfu ekki aðeins lygi heldur líka rógur um hans embættisathafnir. Hæstv. ráðherra hefur kosið að biðja mig ekki afsökunar á þessum ummælum sem ég þó geri enn kröfu um að hann geri. Hann væri maður að meiri fyrir vikið. En ég hvet hæstv. forseta til að halda þannig á málum að það verði tími í dagskrá þingsins hið fyrsta til að fara mjög nákvæmlega yfir þessi lögskráningarmál. Hver ber ábyrgð í einstökum atriðum og getur það verið að byssurnar skjóti sjálfar?

Svo vil ég segja það við hæstv. forseta að ég þakka honum fyrir hvernig hann hefur stýrt þessari umræðu núna. Það hefur ekki verið einfalt. Ég bendi honum og öðrum á það til umhugsunar hvort ekki er nauðsynlegt að búa til einn farveg enn til þess að menn geti fyrirvaralítið skipst á skoðunum um brýn mál án þess að menn séu ævinlega á jaðrinum í þeim þingskapaákvæðum sem menn eru að fjalla um.

Um fundarstjórn.

Starfshættir nefnda, vinnubrögð í landbúnaðarnefnd.

[15:45]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil óska eftir því að hv. þm. Egill Jónsson sé kallaður í salinn. Ég óskaði eftir því að hann yrði hér í salnum. Hann vissi að ég ætlaði að biðja um orðið. Hann gekk út fyrir fáeinum mínútum og ég óska eftir að hann sé einnig kallaður hér í salinn.

Samkvæmt 18. gr. þingskapa þá er forseta ætlað að skipuleggja starfshætti nefnda í samráði við nefndaformenn og gera áætlun um afgreiðslu mála. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. forseta að því hvort honum finnist eðlilegt að formaður landbn. ákvað í dag að taka fyrir frv. sem ekki hefur verið lagt fram þótt nefndarmenn mótmæltu því að tekið væri fyrir í nefndinni frv. sem ekki hefði verið lagt fram og sem landbrh. upplýsir hér og nú að sé ekki til? Hæstv. landbrh. hefur upplýst það hér í dag að ríkisstjórnarflokkarnir hafi vegna ágreinings ekki lokið umfjöllun sinni um það landbúnaðarfrv. sem tíðrætt hefur verið um hér síðustu daga. Engu að síður þótt frv. hafi ekki verið lagt fram og landbrh. upplýsi að það sé ekki til ákveður formaður landbn., Egill Jónsson, gegn mótmælum stjórnarandstöðuflokkanna að taka málið fyrir.

Með skýrum hætti, virðulegur forseti, eru þingmál tekin fyrir í þinginu og það fer fram atkvæðagreiðsla um að vísa málum til nefndar. Hér er um að ræða mál sem hefur ekki einu sinni verið lagt fram, er ekki til prentað í endanlegri gerð og hefur ekki komið inn í þingið. Því er mótmælt að formaður landbn. taki málið fyrir í nefndinni en engu að síður tekur hann það fyrir. Ég vil þess vegna spyrja virðulegan forseta hvort þessi framganga formanns landbn. sé ekki ótvírætt brot á þingsköpum og hvort forseta beri ekki skylda til skv. 18. gr. þingskapanna að ávíta formann landbn., Egil Jónsson, fyrir að taka fyrir þingmál, sem ekki er til, gegn mótmælum nefndarmanna.

Hvert eru menn eiginlega komnir í störfum þingsins þegar farið er að setja bráðabirgðalög án þess að kanna hvort þau hafi stuðning, neitað er að fresta umræðu þegar þrír þingflokkar biðja um það og tekin er fyrir í landbn. frv. sem ekki er til þótt nefndarmenn mótmæli því að það sé tekið fyrir? Ætlar virðulegur forseti að láta það viðgangast að formenn í nefndum þingsins gegn mótmælum taki fyrir frv. sem ekki eru til hvað þá heldur að þau hafi verið lögð fram í þinginu?

Ég óska eftir úrskurði forseta á forsetastól hvort formanni landbn. hafi verið heimilt að taka fyrir frv. í nefndinni sem ekki er til. Þetta er þannig mál að það veður að liggja fyrir alveg skýr úrskurður forsetans um það hvort svona vinnubrögð séu í lagi eða ekki. Ef þau eru í lagi þá geta formenn í þingnefndum farið að taka fyrir hin og þessi mál sem eru í vinnslu í ríkisstjórninni eða eru jafnvel varla til og allt í lagi með það. En ef forseti hins vegar telur, sem ég tel einsýnt, að þetta hafi verið brot á þingsköpum þá ber að ávíta formann landbn., Egil Jónsson, fyrir þessi vinnubrögð.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Vegna fyrirspurnar hv. 8. þm. Reykn. um það hvort heimilt sé að taka upp önnur mál í hv. þingnefndum en þingið hefur vísað til þeirra þá vil ég vekja athygli hv. þm. á 26. gr. þingskapa. Þar segir:

„Heimilt er nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um slík mál getur nefnd gefið þinginu skýrslu, sbr. 31. gr.“ — Og þar er síðan nánar gerð grein fyrir því í hverju það ákvæði er fólgið. Það má því ljóst vera af þessari grein

að hv. þingnefnd er heimilt að taka fyrir önnur þau mál en þingið hefur vísað beint til hennar.

[15:50]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Á föstudaginn í síðust viku tók ég þá ákvörðun að landbn. myndi hefja störf þegar á mánudagsmorgun með því að fjalla um þá stöðu sem komin er upp að því er varðar innflutning á landbúnaðarvörum með dómi Hæstaréttar. Eftir því var þá leitað af formanni þingflokks Alþfl. að þessum fundi yrði frestað með því að fulltrúi Alþfl., varaformaður í landbn., var ekki á landinu. Ég bauðst til þess að fresta þessum fundi þar til klukkan 11 þann dag og þegar það dugði ekki ákvað ég að halda fundinn eftir sem áður þrátt fyrir þessa ósk. Eins var með fund sem haldinn var á venjulegum fundartíma í gærmorgun. Þar hafði Alþfl. ekki aðstöðu til þess að senda fulltrúa og hélt ég fundinn eftir sem áður. Það gegnir því alveg sama með þá ósk sem mér barst í morgun. M.a. með tilliti til þess að ég hafði hafnað sams konar tilmælum þá sá ég enga ástæðu til þess að hafna ekki þessum tilmælum.

Ég vil vekja athygli á því að landbn. hefur haldið fjölmarga fundi, kannski alveg eins marga fundi, út af málum sem hún hefur tekið upp af eigin ákvörðun og þá náttúrlega fyrst og fremst vegna ákvörðunar formanns nefndarinnar, þó ekki hafi legið fyrir frumvörp. Á fundinum í morgun var fyrst og fremst verið að upplýsa þetta mál og sérstaklega rætt um tvær greinar í búvörulögunum, 52. gr. og 72. gr. með tilliti til hæstaréttardómsins. Það var ekki fjallað um neitt frv. í morgun af þessu tilefni.

Landbn. braut því engar venjur frá sínum fyrri störfum í morgun nema síður væri. Það var haldinn mjög góður og gagnlegur fundur. Ég reyndar sagði það við formann þingflokks Alþfl. að ég skyldi sjá til þess að Alþfl. fengi þær upplýsingar sem kæmu fram á þessum tveimur fundum sem ég hef tilgreint. (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég á bara eina setningu eftir. Það sama gildir gagnvart þeim nefndarmönnum sem gátu ekki mætt á fund í morgun, að ég mun að sjálfsögðu sjá til þess að þeir geti fengið þær upplýsingar sem þar komu fram.

[15:54]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að forseti fái frekari upplýsingar um þessa óvenjulegu málsmeðferð sem hér er á ferðinni því hún er í öllu falli, besta falli liggur mér við að segja, óvenjuleg og á grundvelli þess ákvæði sem hér var vísað til um forustu hæstv. forseta varðandi starf nefnda þá held ég að það sé óhjákvæmilegt að gefa fyllri upplýsingar um hvernig þetta hefur gengið til fyrir sig.

Í grófum dráttum er það þannig að á reglulegum fundi landbn. í gær var dreift drögum að frv. og ég hygg að allir nefndarmenn hafi verið í þeirri trú að þetta væri það frv. sem lagt yrði fram á þingi síðar sama dag og af þeim sökum væri ekki óeðlilegt að hafa það til hliðsjónar umræðunni sem fram fór um málið. Það var í því ljósi sem menn á fundi landbn. í gær gerðu ekki athugasemdir við að boðaður yrði fundur í hádeginu í dag enda gengu menn út frá því að frv. yrði fram komið og því hefði verið dreift á þinginu í gærdag. Svo gerast þau tíðindi að ekkert frv. birtist. Það er ekki til eða því hefur verið stolið eins og kunnugt er nema ef vera skyldi ætlunin að lauma því svo leynilega í gegnum þingið að það verði allan tímann ósýnilegt. Það væri eftir öðru. Síðan berast af því fréttir í fjölmiðlum að það sé meira en bara að frv. hafi ekki komið fram. Um það sé enn þá efnislegur ágreiningur í ríkisstjórn. Þetta er svo staðfest af landbrh. fyrr á þessum fundi þar sem hann talar í véfréttastíl um það að hann vonist til þess að samkomulag náist um málið á næstu dögum og frv. komist fram.

Það voru þess vegna að mati okkar minni hlutans í landbn. strax í gærkvöldi og ekki síður í morgun brostnar forsendur fyrir því að halda þennan fund og fulltrúar stjórnarandstöðunnar töluðu saman um það og komu þeim skilaboðum til formanns. Ég hlýt þess vegna að harma það að formaður skyldi ekki taka viturlegri kostinn og fresta fundinum. Ég leyfi mér að halda því fram að þetta hafi ekki verið góður og gagnlegur fundur þegar vantaði a.m.k. helming nefndarmanna. Ég tel það mikinn galla á fundi í öllu falli. E.t.v. er formaður mér ekki sammála um það. E.t.v. vill hann hafa fundi þannig að þar mæli allir einum rómi og séu helst allir úr sama flokki en ég er honum í öllu falli ekki sammála. Til þess að fundir nefnda Alþingis séu góðir og gagnlegir tel ég að fulltrúar allra þingflokka þurfi að vera viðstaddir.

Ég sé í sjálfu sér, hæstv. forseti, ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en ég held að mönnum hljóti að vera ljóst að allar undanþágur og frávik frá venjubundinni málsmeðferð hljóta að kalla á það að um slíkt sé samkomulag og það ríki góður andi samvinnu og samkomulags í störfum þingsins en það hefur ekki verið síðasta sólahring. 27. gr. þingskapanna um nefndarstarfið hefst á þessum orðum, með leyfi forseta:

„Þegar máli hefur verið vísað til nefndar til athugunar tekur hún ákvörðun um málsmeðferð“ o.s.frv. Máli sem ekki er til er í öllu falli ekki búið að vísa til þingnefndar og þaðan af síður tilefni til þess að nefndin hittist og fari að ræða um málsmeðferðina og sérstaklega ekki ef um þingstörfin er bullandi ósamkomulag eins og nú er.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Það er fyrirhugað að ljúka þessum fundi klukkan fjögur. Nú er klukkan fjögur. Enn óska tveir hv. þm. eftir að ræða fundarstjórn forseta. Áður en þeir taka til máls vil ég vekja athygli hv. þm. á því að það er ekki ætlast til þess samkvæmt þingsköpum að fjallað sé um störf þingsins þegar óskað er eftir að ræða fundarstjórn forseta. Í 50. gr. er fjallað um hvernig heimilt er að ræða störf þingsins og það gerðum við í upphafi fundar samkvæmt þingsköpum. Því óska ég eftir því að hv. þm. virði þingsköpin og ræði um fundarstjórn forseta ef þeir óska eftir að taka til máls á grundvelli þess ákvæðis.

Hv. 3. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[15:59]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Fyrir það fyrsta voru sex þingmenn mættir á fundi landbn. í morgun. Út af því sem hér hefur sérstaklega komið fram dreifði ég þessu frv., fékk leyfi til að útbýta því í nefndinni vegna þess að ég hafði verið spurður á mánudagsfundinum hvort eitthvert slíkt frv. væri á ferð. Ég gat þess alveg sérstaklega að það væri ekki búið að ganga frá frv. Það ætti eftir að fara nánar yfir tollskrána og meta það hvort þar yrðu breytingar á. Ég tók það alveg sérstaklega fram.

Ég vil enn fremur geta þess að á þriðjudagsfundinum, fundinum í gær, var gengið frá dagskrá. Þá var ákveðið hvað ætti að fara fram á fundinum í dag og þeirri dagskrá fylgt. Hún var ákveðin af landbn. á fundi í gær og henni fylgt í dag. Um fundarboðunina var því samkomulag í gær og samkomulag um dagskrá fundarins eins og hann fór fram í dag. Þetta er alveg nauðsynlegt að komi fram í þessari umræðu.

[16:01]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Þessi umræða fór fram undir þeim lið. Ég vil koma inn í þessa umræðu vegna þess að ég einn úr stjórnarandstöðuliðinu sat þennan fund landbn. í hádeginu. Það gerði ég vegna þess að við höfðum hist mánudag og þriðjudag og rætt um vinnubrögð og vorum í trausti þess að það sem haft var á orði í þessum þingsal, bæði af hálfu formanns landbn. og hæstv. landbrh., um að frv. um búvörulögin mundi koma inn í þingið. Hins vegar kom það ekki í gær og ekki í morgun. Ég bað hv. þm. Egil Jónsson um að fresta fundinum. Hann gat ekki orðið við því sem hann hefur rakið hér. Ég kvaðst þá skyldi vera sá drengur að standa við það sem ég hafði sagt deginum áður, sækja þennan fund og sitja hann (**EgJ:** Og óskað eftir.) og ræða við þann embættismann sem þarna mætti og gerði það en flutti jafnframt þau skilaboð að stjórnarandstaðan gæti ekki tekið þátt í nefndarstarfi þar sem frv. virtist nú gufað upp.

Þess vegna er staðan sú, hæstv. forseti, að þinghaldið er komið á nákvæmlega sama punkt og gerðist í fyrravor. Ríkisstjórnarflokkarnir ráða ekki við að eyða réttaróvissunni um innflutning á landbúnaðarvörum. Þeir ná ekki saman um málið. Hæstv. landbrh. sér að þau drög að frv. sem nú eru komin fram eyða ekki réttaróvissunni. Það er búið að fara með þetta frv. í gegnum þingflokkana. Það er jafnónýtt og lögin sem samþykkt voru fyrir jól þannig að stjórnarflokkarnir eru hér í verulegum vanda. En við hljótum sem þingmenn, stjórnarandstaðan og vonandi fleiri, að vilja leggja fram frv. og reyna að eyða þessari réttaróvissu. Ég hygg að allir í þessu þjóðfélagi séu sammála um það að að þessi lög þurfa að vera skýr og afdráttarlaus svo þjóðin viti hver er vilji þingsins. Hér hefur það margoft komið fram að vilji þingsins er einn í þessum efnum eða meiri hlutinn er sammála um að þessari réttaróvissu verði að eyða og við getum ekki liðið það á Alþingi Íslendinga að einn hæstv. ráðherra sem heitir Jón Baldvin Hannibalsson ...

(**Forseti** (GunnS)**:** Ég vek athygli hv. þm. á því að ræðutíma hans er lokið og bið hann að ljúka máli sínu.)

Hann getur ekki, hæstv. forseti, þessi eini hæstv. ráðherra haldið 62 alþingismönnum í heljargreipum og viðhaldið þeirri réttaróvissu sem þetta mál er statt í um þessar mundir. Því verður að linna og þess vegna verðum við (Forseti hringir.) að taka til okkar ráða.

[16:05]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Forseti vitnaði áðan til 26. gr. þingskapa þar sem segir að heimilt sé nefnd að eigin frumkvæði að fjalla um önnur mál en þau sem þingið vísar til hennar. Um þetta hefur einnig talað hv. þm. Egill Jónsson. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hvort nefnd sem tekur fyrir mál og ákveður það að eigin frumkvæði þurfi ekki að vera sammála um það hvort ekki þurfi að fara fram atkvæðagreiðsla um það í nefndinni og hvort heimilt sé að taka fyrir mál í nefnd sem ⅓ hluti þingmanna í nefndinni hefur óskað eftir að væri frestað.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill aftur vekja athygli á 26. gr. þingskapa sem hann hefur áður vitnað til vegna fyrirspurnar þar að lútandi og einnig benda á að þar hlýtur að gilda sú almenna regla um meiri hluta hv. þm. að baki þess að mál sé tekið upp í nefndinni og hvernig um það er fjallað.

[16:07]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vil ég segja það við virðulegan forseta að þegar óskað er eftir úrskurði forseta þá er ekki endilega nauðsynlegt fyrir forseta að hugsa sig ekki um. Þegar ég var að biðja forseta um úrskurð í því flókna máli sem hér hefur verið til umræðu þá hefði hann getað tekið sér frest og kynnt sér málið og komið svo næsta dag og kveðið upp úrskurð. Það hefur oft gerst áður. Það er satt að segja ekki mjög gáfulegt hjá forseta að sitja á forsetastól, vita lítið um málið sem verið er að fjalla um, vera svo í hvíslingum við einhvern embættismann þingsins og rjúka upp og kveða upp úrskurð.

Þess vegna vil ég beina því til forseta að hann gaumgæfi vinnubrögð sín. Því það er alveg ljóst að sú grein sem hann á við og hefur vitnað til, 26. gr., er ekki það sem verið er að tala um. Í þingsköpunum er gerður alveg skýr greinarmunur á því hvað er mál og hvað er frv. 26. gr. fjallar vissulega um það að þingnefnd geti tekið upp mál en það vita það allir í þessum sal að landbn. hefur verið að fjalla um tiltekið frv. sem lýst var yfir að yrði lagt fram í gær eða í dag. Forseti verður auðvitað að gera greinarmun á því hvort nefndin er að fjalla um frv. eða um almennt mál sem hún síðan gefur þinginu skýrslu um.

Þess vegna vil ég biðja virðulegan forseta að taka úrskurð sinn til endurskoðunar og gera hann nákvæmari því það var alls ekki umfjöllunin um mál sem ég var að tala um. Það er t.d. alveg óljóst, virðulegi for-

seti, eftir þessa umræðu hér og eftir svör formanns landbn. hvort landbn. er almennt að fjalla um innflutning á búvörum, m.a. í ljósi hæstaréttardómsins, spjalla um það fram og aftur, og allt í lagi með það eða hvort landbn. er að fjalla um frv. um þetta efni.

Það hefur verið upplýst hér að í gær hafi hún verið að fjalla um frv. Það hefur alls ekki komið fram með skýrum hætti hvort hún var að því í dag eða ekki. (**JVK:** Eða hvort hún á að búa til frv.) Eða hvort hún ætlar að búa sér til frv. Það vita allir að það mál er sérstaklega mikilvægt vegna þess að í því máli gengur klukkan. Verslunaraðilar hér hafa ákveðið að flytja inn búvöru og hún er á leið til landsins. Því hefur verið lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að málið sé brýnt og þurfi að taka fyrir. Hún hefur ekki getað leyst málið og lagt hér fram frv. þrátt fyrir yfirlýsingar og hv. formaður landbn., Egill Jónsson, hefur ekki getað svarað því í dag: Er hann að búa landbn. undir það að flytja frv. um málið eða ekki? Ætlar landbn. ekki að fjalla um neitt frv. fyrr en það er komið frá ríkisstjórninni?

Þetta eru auðvitað algjörlega (Forseti hringir.) skýr atriði og leiða til þess, virðulegi forseti, að ég beini því til forseta að næst þegar hann þarf að úrskurða í flóknum málum þá taki hann sér umhugsunarfrest. Ég held að við munum allir hafa fullan skilning á því að virðulegur forseti þarf stundum að hugsa.

Út af dagskrá voru tekin 2.–4. mál.

Fundi slitið kl. 16:11

---

78. FUNDUR

fimmtudaginn 27. jan.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300. — 1. umr.
2. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — 2. umr.
3. Hvalveiðar, þáltill., 114. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.
4. Skjaldarmerki lýðveldisins, þáltill., 117. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, 322. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 513.

Flutningur verkefna Vitastofnunar Íslands, 323. mál, frv. GHall og EKJ, þskj. 514.

Framleiðsla og sala á á búvörum, 324. mál, frv. JGS og GÁ, þskj. 515.

Heimildarmyndir, 318. mál, fsp. VS, þskj. 509.

Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, 321. mál, þáltill. TIO o.fl., þskj. 512.

Rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði, 320. mál, þáltill. TIO o.fl., þskj. 511.

Skólanefndir, 317. mál, fsp. VS, þskj. 508.

Ættleiðing barna, 319. mál, fsp. TIO, þskj. 510.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða um atvinnuleysið og aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn því. Málshefjandi er hv. 8. þm. Reykn. Umræðan fer fram skv. 2. mgr. 50. gr. þingskapa, þó þannig að umræðan mun standa í um þrjár klukkustundir eða þar til kl. 13.30. Samkvæmt því hefur hver þingflokkur til umráða um 35 mínútur. Um þetta fyrirkomulag umræðunnar er samkomulag milli þingflokka.

Athugasemdir um störf þingsins.

Samkomulag um lengd utandagskrárumræðu.

[10:34]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum hlustað á það að hæstv. forseti er að tilkynna að hér fari fram utandagskrárumræða og það hafi orðið samkomulag um það milli þingflokka að hún standi í allt að þrjár klukkustundir. Ég vil spyrja hæstv. forseta að því hverjir sömdu um það að ræðutími þingflokka skyldi vera — líklega 35 mínútur. Ég kannast ekkert við að Kvennalistinn hafi verið hafður með í ráðum um það og ég hélt þó að það væri venja þegar um takmarkaðan ræðutíma þingmanna er að ræða í utandagskrárumræðu að haft væri samráð við alla formenn þingflokka. Það hefur ekki verið gert að þessu sinni og því vil ég spyrja hæstv. forseta: Hverjir sömdu um það fyrir þingflokk Kvennalistans að takmarka þessa umræðu? Ég lít svo á að við séum algerlega óbundnar af þessu samkomulagi og þar af leiðandi megi hver þingmaður Kvenna-

listans tala í 15 mínútur tvisvar.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill greina frá því að borist hefur til hans frá forseta þingsins þetta samkomulag sem forseti þingsins hefur gert við formenn þingflokka eftir því sem sá forseti sem hér stendur veit best. Hafi þar orðið á einhver mistök varðandi formann þingflokks Samtaka um kvennalista ber auðvitað að biðjast velvirðingar á því en forseti sá sem hér stendur hefur eigi haft neinar spurnir af því fyrr. Annað getur forseti ekki upplýst um þetta mál.

[10:36]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir sérstakri óánægju minni með þessa ráðstöfun eins og hún liggur hér fyrir. Ég kannast ekki við það að formenn þingflokka hafi gert þetta samkomulag við forseta. Þegar ég fór úr þinghúsinu um hálfsjöleytið í gær, þá vissi ég ekki annað en þessi umræða ætti að vera ótakmörkuð. Ég frétti það síðan í morgun að það hefði orðið niðurstaða að menn hefðu fallist á það í samtölum við forseta, sem ég tók ekki þátt í en ég er núna starfandi formaður þingflokksins, að þetta yrði þriggja tíma umræða. Ég lýsi yfir sérstakri óánægju minni með það.

Mér er kunnugt um að fjöldi þingmanna hefur áhuga á að taka þátt í þessari umræðu í dag og ég tel að það þurfi að leita leiða til þess að gefa mönnum tækifæri til að taka þátt í þessari umræðu. Hér eru mikil alvörumál á ferðum og við hljótum að fá að hlusta á talsmenn stjórnarflokkanna útskýra það fyrir okkur og þjóðinni með hvaða hætti verði brugðist við því mikla atvinnuleysi sem er á ferðinni og hvernig ný atvinnutækifæri sem EES-samningurinn og aðrar ráðstafanir ríkisstjórnar í atvinnumálum muni koma okkur til góða í framtíðinni. Við þurfum að taka okkur langan tíma til þessarar umræðu og þrír klukkutímar eru ekkert nálægt því nóg auk þess sem það er mjög erfitt að sætta sig við það að hvað eftir annað þegar stór mál eru tekin fyrir í þinginu sé almennum þingmönnum ekki gefið tækifæri til að taka til máls.

Ég fer fram á það við forseta að menn leiti leiða til þess að ná samkomulagi um það að umræðan haldi áfram. Ég nefni þann möguleika að menn haldi sig við það að takmarka ræðutímann en menn geti síðan ótakmarkað komið hér og tekið til máls.

[10:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson talaði við mig í gær og ræddi við mig um möguleika þess að hægt væri að ræða í dag um atvinnuleysismál og á milli okkar fóru þau orð að hugsanlega gætu tveir klukkutímar dugað. Skömmu síðar talaði ég við forseta þingsins sem sagði mér að fulltrúi Kvennalistans hefði rætt um það við forseta að um væri að ræða hálftíma umræðu. Í viðtölum mínum, sem er kannski óþarfi að vera að rekja hér, við hv. formann Alþb. nefndi ég það til sögunnar að forsrh. væri ekki á landinu og kannski eðlilegra að bíða með umræðuna þar til hann kæmi en vegna eindreginna óska var á það fallist að hafa umræðuna í dag. Eftir viðræður á milli mín, forseta þingsins, formanns Alþb. og varaformanns þingflokks framsóknarmanna varð niðurstaðan sú að umræðan tæki þann tíma að hún hæfist í upphafi þingfundar og stæði til kl. 13.30, m.a. vegna þess að ég á ekki kost á því að vera hér miklu lengur í dag sökum þess að ég þarf að hverfa af landi brott. Þetta hélt ég að hefði verið gott samkomulag um og tók að mér að tala við fulltrúa Alþfl. sem var gert. Hafi hins vegar ekki verið talað við fulltrúa Kvennalistans ber að sjálfsögðu að biðjast afsökunar á því því að það eru hrein mistök sem hafa byggst á því að það hlyti að koma út á eitt ef umræðan væri þrír tímar en ekki hálftími. En hafi það misfarist vil ég fyrir hönd þeirra sem tóku þátt í þessum viðræðum hreinlega biðjast afsökunar á því og tel að þetta séu mistök sem ég vona að okkur verði fyrirgefið.

Þetta vildi ég láta koma fram og að frá mínum sjónarhóli er ekkert því til fyrirstöðu að fresta umræðunni til mánudagsins. En ef hún fer fram í dag tel ég að hún verði að vera takmörkuð með þessum hætti auk þess sem þess ber að geta að það er auðvitað hægt að taka málið upp með öðrum hætti hvenær sem er þegar þingmönnum þóknast.

[10:41]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. hefur lýst hér í grófum dráttum þeirri atburðarás sem varð í gær og hans frásögn er í alla staði rétt. Ég vil bæta við hana því að ég sagði við hæstv. forseta Salome Þorkelsdóttur að á undanförnum missirum hefðu komið fram óánægjuraddir ef umræða um mikilvæg mál væri takmörkuð eins og á að gera hér í dag því að margir þingmenn hefðu þá og að öllum líkindum nú einnig verið óánægðir með það að af þeim væri tekinn rétturinn til þess að taka þátt í slíkri umræðu. Ósk mín var upphaflega um ótakmarkaðan umræðutíma fyrir þessa mikilvægu umræðu sem ég held að allir geri sér grein fyrir að er einhver sú mikilvægasta sem við þurfum að taka þátt í á þinginu. Mér var síðan skýrt frá utanferð hæstv. forsrh. Afstaða mín var sú að ég óskaði að tala við forsrh. hver svo sem það svo væri á hvaða stundu sem væri og mundi ekki gera neina athugasemd við það hver gegndi því embætti vegna þess að ég er að tala um stefnu ríkisstjórnarinnar og ég reikna ekki með að hún sé önnur eftir því hver talar fyrir henni. Þess vegna skiptir það út af fyrir sig ekki höfuðmáli hvort það er Davíð Oddsson eða núv. starfandi forsrh., Friðrik Sophusson, eða sá sem tekur við af honum síðar í dag, hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson.

En ég teldi nú skynsamlegt að forseti leitaði eftir viðræðum meðan við hefjum umræðuna við fulltrúa þingflokkana um að taka upp aðra skipan þannig að menn geti verið sæmilega sáttir við þessa umræðu. Ég mun ekki fyrir mitt leyti gera neina athugasemd við það þó að hæstv. fjmrh. þurfi að víkja frá umræðunni þó ég skilji mjög vel að hann kjósi að vera í henni til loka.

[10:43]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér fer fram um stjórn þingsins hlýtur hvað tímalengd snertir að grundvallast á 72. gr. þingskapanna, en þar segir svo, með leyfi forseta, hvað þetta áhrærir:

„Enn fremur skal forseti hafa samráð við formenn þingflokkka um fyrirkomulag umræðna um mikilvæg mál ef ætla má að umræður verði miklar.

Forseti getur þá, með samþykki allra þingflokka, ákveðið að ræðutími skuli vera annar en ákveðinn er í 44., 48. og 50. gr. og hve lengi umræðan má standa."

Það liggur þess vegna ljóst fyrir að einn þingflokkur hefur algert neitunarvald í þessum efnum og þarf ekki að ræða það frekar. Vilji þingheimur ekki una því, þá hefur hann ekkert við að styðjast nema 90. gr.

Ég vek athygli á þessu vegna þess að þó að völd hæstv. forsrh. séu mikil, þá er ekki gert ráð fyrir því að hann stjórni líka þinghaldinu. Það er skýrt í 72. gr. að það er verkefni sem falið er forseta þingsins.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram vegna orða hv. 2. þm. Vestf. að hér er rétt vitnað í 72. gr. þingskapalaga. Með tilliti til þess að hér kunna að hafa orðið á mistök telur forseti rétt eftir að umræðan er hafin að fulltrúar þingflokka hittist ásamt forseta þingsins, sem kemur væntanlega fljótlega hingað til hússins, og leitist við að ná samkomulagi um þetta mál og láta þá linna hið fyrsta þessum umræðum að sinni um stjórn þingsins þannig að hægt sé að taka til við umræðuna. Vænti ég að fulltrúar þingflokka geti fallist á að sú skipan sé viðhöfð.

[10:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Til að rekja þessa sögu nákvæmlega, þá er það alveg rétt sem hér kom fram hjá hæstv. fjmrh. að ég spurðist fyrir um það í gær hvort ég gæti fengið utandagskrárumræðu um atvinnuleysið þegar forsrh. væri kominn heim. Mér var kunnugt um það að hann kæmi ekki fyrr en eftir helgi. Ég sagði að það gæti í því tilfelli allt eins verið um að ræða hálftíma umræðu þar sem ég hygðist bera fram beinar spurningar, sem forsrh. gæti fengið áður en umræðan færi fram, og jafnframt bera fram skriflega fyrirspurn í allmörgum liðum um það til hvaða ráðstafana ríkisstjórnin hygðist grípa nú þegar. Atvinnuleysið er skollið á. Það vex frá mánuði til mánaðar og ég vil fá bein svör við spurningum um það hvað ríkisstjórnin ætlar að gera.

Það er allt í lagi að tala um þetta hér í dag í þrjá til fjóra tíma en það er ekki víst að við fáum neinar tillögur. Það er ekki víst að við fáum neinar nákvæmar ráðstafanir á því hvað á að gera. Það er það sem ég vil fá og með því að leggja fram skriflega fyrirspurn, þá verður það ekki til umræðu í þinginu en ég vil fá utandagskrárumræðu um það og skrifleg fyrirspurn kæmi í framhaldi af því.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti mælist til þess að formenn þingflokka eða fulltrúar þingflokka komi saman á fund eftir að umræðan er hafin ásamt forseta þingsins til þess að freista þess að þeim ágreiningi sem hér hefur komið upp verði eytt og niðurstaða fengin.

Þá hefst utandagskrárumræða sem lýst hefur verið og til máls tekur málshefjandi, hv. 8. þm. Reykn.

Umræður utan dagskrár.

Atvinnuleysið og aðgerðir ríkisstjórnarinnar gegn því.

[10:47]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Um langa tíð hefur verið samstaða um það með okkur Íslendingum að hafa hér á landi siðað samfélag. Siðað samfélag felst í því að sérhver einstaklingur eigi í senn rétt og möguleika til að vinna og þannig tryggja sjálfum sér og fjölskyldu sinni framfæri, hamingju í heimilislífi og öryggi. Það sem er að gerast í okkar litla samfélagi nú er að þetta grundvallareinkenni siðaðs samfélags er að bresta. Um þessar mundir búa þúsundir fjölskyldna á Íslandi við atvinnuleysi og örvæntingu. Það sem verra er, það er engin von til að úr rætist. Í hverri viku bætast hundruð í þennan hóp. Á hverri klukkustund bætast 15 nýjar fjölskyldur við flokk atvinnulausra á Íslandi, 15 heimili á hverri klukkustund verða að horfast í augu við það að þau hafa verið skilin frá hinu siðaða samfélagi þar sem atvinna veitir öryggi og tryggir afkomu.

Fyrir rúmu ári síðan sagði forsrh. Davíð Oddsson og félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir þegar atvinnuleysið jókst að innan tíðar með vormánuðum yrði það úr sögunni.

Í áramótaávarpi sínu til þjóðarinnar boðaði forsrh. Davíð Oddsson að harla gott ástand ríkti í íslensku þjóðfélagi, nánast einstakur árangur efnahagsstefnu þessarar ríkisstjórnar. Hann málaði með gylltum pensli lýsingu á íslensku þjóðfélagi en í dag í kuldanum og frostinu, rokinu og garranum koma þúsundir atvinnuleysingja á Austurvöll til að spyrja ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, spyrja Alþfl. og spyrja Sjálfstfl.: Hvað á að gera? Kjörorð þess fundar er: Við viljum vinnu. Á sama degi og þær þúsundir, sem atvinnuleysið hefur slitið frá hinu siðaða samfélagi á Íslandi, koma á Austurvöll dvelur forsrh. Davíð Oddsson í kyrrlátu, afslöppuðu umhverfi samkvæmt lýsingu Morgunblaðsins í dag í svissnesku fjallaþorpi með helstu auðkýfingum veraldarinnar þar sem yfir 100 einkaþotur bíða á flugvöllum. Og árgjaldið til að taka þátt í þessum lúxusfundi í Sviss er 1 millj. kr. Afslappað og rólegt umhverfi, segir Morgunblaðið í dag sem lýsingu á þeim fundi þar sem forsrh. Íslands situr innan um þá sem borgað hafa eina milljón í aðgangseyri að fundinum og einkaþoturnar, ekki taldar í stykkjum heldur í hundruðum bíða eftir ráðstefnugestum. En á Austurvöll koma hinir atvinnulausu og spyrja: Hvað á að gera?

Í desember voru yfir 8 þús. Íslendingar atvinnulausir. Það voru rúm 6% af mannaflanum. Fjölgunin frá mánuðinum á undan hafði verið um 30%. Á hverri viku bætast 50 nýjar fjölskyldur á atvinnuleysisskrá Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. 25% félagsmanna í Múrarafélaginu eru án atvinnu. 40 fjölskyldur bætast á degi hverjum í hóp hinna atvinnulausu. Og er það ekki hróplegt fyrir félmrh. Alþfl., sem á sunnudaginn ætlar á hátíðarfundi að opna ár fjölskyldunnar, að á þessu ári fjölskyldunnar verði 15–25% félagsmanna fjölmargra samtaka launafólks án vinnu og samkvæmt upplýsingum forustumanna félaganna er það mestallt fjölskyldufólk? Einkennið á íslenska samfélaginu í upphafi árs fjölskyldunnar er fleiri fjölskyldur atvinnulausar á Íslandi en nokkru sinni fyrr í áratugi. Er það þá ekki stílbrot að félmrh. Alþfl. skuli ætla að opna ár fjölskyldunnar með sérstakri hátíðarsamkomu?

Bak við þessar tölur er mannlegur harmleikur. Bak við þessar tölur er gjaldþrot, örvænting, ótti og upplausn. Ætlar ríkisstjórnin virkilega að sitja aðgerðarlaus hjá þegar verið er að slíta í sundur það einkenni hins siðaða samfélags okkar Íslendinga sem við höfum talið til grundvallaratriða? Ég hef þess vegna hér í dag beðið um umræðu til að spyrja ríkisstjórn Íslands hvað hún ætli að gera. Og það er spurt að því í dag vegna þess að í boðskap forsrh. til þessa hefur hann ekkert haft fram að færa annað en lýsa því að allt væri harla gott sem ríkisstjórnin hefði gert og orsökin að atvinnuleysinu lægi í þorskinum einum. Ef ekki væri brestur í þorskstofni þá væri hér ekkert atvinnuleysi. Forsrh. hefur lýst því yfir að í raun fallist honum hendur, ríkisstjórnin hafi gert allt í fjárlögum, gengisbreytingu og vaxtamálum sem henni sé fært að gera og það eina sem eftir sé sé að ná þorskstofninum upp á ný.

En eru þessar skýringar hæstv. forsrh. haldbærar? Er það rétt hjá fulltrúum ríkisstjórnarinnar að Ísland skeri sig úr hvað lítið atvinnuleysi snerti, það sem einkenni íslenska hagkerfið sé að hér sé náð betri árangri en annars staðar og eina ástæðan sem reidd er fram til þeirra þúsunda sem koma á Austurvöll í dag sé þorskurinn? Nei, hvorugt af þessu er rétt.

Nýlega hafa birst tölur sem sýna það með skýrum hætti að árið 1993 var annað besta aflaárið síðan veiðar hófust. 29. desember kemur það fram í sjávarútvegsblaði Morgunblaðsins að það ár sem ný er liðið er metár hvað afla snertir. Það er aðeins hægt að finna eitt annað ár með minni afla. Og ef litið er yfir veiðarnar þá blasir það við að í fjölmörgum fiskstofnum var um að ræða algert met. Aldrei hefur veiðst meira af karfa en á sl. ári. Aldrei hefur veiðst meiri loðna en á sl. ári og rækjuaflinn skaraði einnig fram úr. Það er því alveg ljóst að þótt þorskafli hafi eitthvað minnkað, eru heildarveiðar Íslendinga á árinu 1993 meiri en nokkru sinni fyrr ef frá er skilið eitt ár. Og það er reyndar athyglisvert, hæstv. ráðherra, að 15. des. birtast þær niðurstöður að þorskaflinn á sl. hausti, haustinu 1993, er rúmum 7 þús. tonnum meiri en á sama tíma 1992, þannig að sú staðreynd blasir við að á þessum haust- og vetrarmánuðum sem nú eru liðnir er um 7 þús. tonna meiri afli en á árinu 1992. Skýringuna á vaxandi atvinnuleysi í nóvember og desember er því ekki að finna í minnkandi þorskafla frá árinu á undan og er þó aflinn í Smugunni ekki talinn með í þeim tölum. Og tvö öflugustu sölusamtök í sjávarútvegi á Íslandi hafa nú nýlega birt niðurstöðutölur um það að þau hafa um þessar mundir verið að stórauka útflutning sinn og verðmæti. Íslenskar sjávarafurðir og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, tvö öflugustu sölusamtök Íslendinga, fagna metári í sölu afla á erlendum mörkuðum á því ári sem nú er nýliðið. Aukningin hjá Íslenskum sjávarafurðum var um 9% að verðmæti útflutningsafurða á liðnu ári og fram kemur í upplýsingum þeim sem fyrirtækið hefur sent frá sér að verðmæti frystra afurða jókst um 7% frá árinu á undan og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna jók útflutning sinn á liðnu ári um 2 milljarða miðað við árið 1992 og tekjur Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, verðmætið í útflutningi sjávarafurða hefur aldrei verið meiri í íslenskum krónum talið en á liðnu ári. Þess vegna er skýring hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar að afsaka núverandi atvinnuleysi með bresti í afla og verðmætum sjávarafurða röng, hún er einfaldlega fölsk. Hún stenst ekki staðreyndir vegna þess að árið 1993 var annað mesta aflaárið í sögu Íslendinga. Þorskaflinn undanfarna mánuði er 7 þús. tonnum meiri en í fyrra og tvö öflugustu sölusamtökin á Íslandi, Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskar sjávarafurðir, hafa fengið mun meira verðmæti á undanförnum missirum út úr útflutningi sínum en árið á undan. Skýringin, afsökunin liggur ekki heldur í því að ríkisstjórnin geti fagnað einhverjum sérstökum árangri í alþjóðlegum samanburði. Atvinnuleysið á Íslandi er helmingi meira en t.d. í Japan. Atvinnuleysið á Íslandi er álíka og í Noregi. Atvinnuleysið á Íslandi er aðeins minna en í Bandaríkjunum. Það er þess vegna rangt hjá hæstv. ráðherrum að þeir geti bent til landa, hvort sem það er nágrannaland okkar Noregur eða tvö öflugustu hagkerfin í heiminum, Bandaríkin eða Japan, og sagt: Vegna þess að það er atvinnuleysi út um alla veröld hlýtur að vera atvinnuleysi hér þó hér sé það minna.

Það sem hins vegar sker sig úr þegar litið er á alþjóðlegan samanburð er að hagvöxturinn á Íslandi er minni. Ísland sker sig nefnilega úr í alþjóðlegum samanburði í einu tilliti, þ.e. hagvöxturinn. Og hver er skýringin? Skýringin felst í efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar. Það var tekin hér upp fyrir rúmum tveimur árum síðan efnahagsstefna sem fól í sér allt önnur vinnubrögð, allt aðrar áherslur í hagstjórn en áður.

Það hefur verið sagt að markmiðið hafi verið að ná verðbólguni niður. Þá gleymist það að í tíð síðustu ríkisstjórnar hafði tekist að ná verðbólgunni niður án þess að atvinnuleysið héldi innreið sína. Í tíð síðustu ríkisstjórnar var nefnilega sýnt og sannað að það er hægt að hafa bæði litla verðbólgu og forðast atvinnuleysi. Alveg á sama hátt og síðasta ríkisstjórn sýndi það að verðbólgan á Íslandi var ekki náttúrulögmál, að okkur tókst með réttri efnahagsstefnu að ná verðbólgunni úr 30% niður í lága eins stafs tölu. Á sama hátt segi ég hér í dag og staðreyndirnar sanna það mál að það er ekki heldur náttúrulögmál að lítil verðbólga birtist í at-

vinnuleysi, vaxandi atvinnuleysi, miklu atvinnuleysi. Það er efnahagsstefna atvinnuleysisins sem leiðir til þess. Og þær tölur komu skýrt fram á Stöð 2 í gær þegar rakið var með nákvæmum hætti hvernig atvinnuleysið hefur aukist frá árinu 1991 til ársins 1992 og síðan frá 1992–1993. Það hefur þrefaldast á valdatíma ríkisstjórnarinnar án þess að nokkur teljandi breyting hafi orðið á verðbólgunni. Það er mjög svipuð verðbólga um þessar mundir og hún var á þeim missirum þegar ríkisstjórnin var að taka við. Munurinn er í raun og veru hverfandi lítll. En hinn stóri munur birtist í atvinnuleysistölunum. Þar hefur um þreföldun verið að ræða.

Alþb. hefur varað við því í langan tíma að þessi efnahagsstefna samdráttar, frjálshyggju, sú efnahagsstefna sem fylgt var í Bandaríkjunum af Reagan og Bush, fylgt í Bretlandi af Thatcher og Major, fylgt var í Kanada í stjórn Íhaldsflokksins en hafnað hefur nú verið í kosningum bæði í Bandaríkjunum og Kanada, þessi efnahagsstefna er að leiða fram hér á Íslandi nákvæmlega sama atvinnuleysið, sama brestinn í hinu siðaða samfélagi okkar Íslendinga eins og hún gerði í þeim löndum þar sem þessi stefna hefur verið reynd.

Við alþýðubandalagsmenn lögðum fram haustið 1992 ítarlegar tillögur um breytta efnahagsstefnu. Við gengum á fund ríkisstjórnarinnar og buðum þeim samvinnu allra flokka í landinu um breytta stjórnarstefnu. Ríkisstjórnin taldi sig þá hafa öll ráð í sinni hendi. Hún hafnaði þeirri samvinnu. Í dag koma þúsundirnar á Austurvöll til að mótmæla afleiðingunum af efnahagsstefnu ríkisstjórnarinnar.

Undanfarna mánuði hefur Alþb. síðan kynnt ítarlega útfærslu á okkar tillögugerð, tillögugerð sem við höfum gefið vinnuheitið Útflutningsleiðin vegna þess að hún felur í sér annað forrit, aðrar áherslur í hagstjórn á Íslandi heldur en ríkisstjórnin hefur fylgt. Við rekjum þar með ítarlegum hætti hvernig með nýjum áherslum í fjárfestingu, í skattamálum, í stjórn peningamála, varðandi rannsóknir og fjölmarga aðra þætti hagstjórnarinnar á Íslandi sé hægt að snúa þessari þróun við, ekki með því að bíða eftir einhverri stórlausn eins og álveri og þessi ríkisstjórn gerði á sínu fyrsta ári, heldur með því að láta hundruð og jafnvel nokkrar þúsundir smárra og meðalstórra fyrirtækja fá möguleika til þess að skapa nýja atvinnu, svara samdrættinum með sókn til útflutnings. Og það er athyglisvert að fyrir fáeinum vikum síðan birti einn af þekktustu athafnamönnum á Íslandi, sá sem hlaut að mig minnir árið 1992 verðlaun sem athafnamaður ársins, ítarlega lýsingu á því hvernig fyrirtæki hans, prentsmiðjan Oddi, hefði snúið við samdrættinum sér í hag. Fyrirsögnin í viðskiptablaði Morgunblaðsins var á þessa leið: „Höfum náð að vega upp samdrátt með útflutningi."

Í þessu viðtali við athafnamann ársins, Þorgeir Baldursson í Odda, birtist í reynd kjarninn í þeirri efnahagsstefnu sem við alþýðubandalagsmenn höfðum lagt fram með ítarlegum hætti og erum nú að vinna að með því að bjóða fjölmörgum aðilum til slíks samstarfs.

Ég sagði í upphafi, virðulegi forseti, að siðað samfélag hefði um áratugi verið markmið okkar Íslendinga. Við hefðum deilt hér um leiðir. Þjóðin hefur skipst í flokka eftir stefnum en við höfum væntanlega öll verið sammála um það að markmið okkar væri siðað samfélag þar sem allar fjölskyldur í landinu gætu búði við það öryggi sem atvinnutekjur af traustri vinnu skapa. Nú er stefna þessarar ríkisstjórnar að slíta það öryggi í sundur. Ef ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, Alþfl. og Sjálfstfl., getur ekki á næstu vikum lagt fram ítarlega og sannfærandi lýsingu á því til hvaða aðgerða hún ætlar að grípa til að snúa þjóðinni frá braut vaxandi atvinnuleysis, þá á hún að rjúfa þing og boða til kosninga. Íslenska þjóðin hefur ekki efni á því að hafa á hverri klukkustund 15 nýjar fjölskyldur ganga í sveit atvinnuleysingjanna. Íslenska þjóðin hefur ekki efni á því að harmleikur, vonbrigði og sársauki haldi innreið sína i brjóstum hinna atvinnulausu. Sú ríkisstjórn sem ekki ræður við þann vanda á að viðurkenna það.

Þess vegna lýk ég máli mínu, virðulegi forseti, um leið og ég ber fram þá spurningu til ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar: Hver eru ykkar úrræði? Hvað á að gera? Að ítreka þá tillögu að ef ríkisstjórnin á allra næstu vikum leggur ekki fram sannfærandi tillögugerð um nýsköpun í íslenskum efnahagsmálum þá á hún tafarlaust að rjúfa þing og boða til kosninga og gefa þjóðinni kost á því að velja nýja ríkisstjórn.

[11:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Aðgerðir gegn atvinnuleysi eru að sjálfsögðu forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Reyndar er sömu sögu að segja í flestum ef ekki öllum löndunum í kringum okkur. Verulegt atvinnuleysi verður ekki þolað hér á landi til frambúðar, eyðileggingarmáttur þess er mikill og við sjáum félagslegar og sálfræðilegar afleiðingar allt of víða í þjóðfélaginu. Íslenska þjóðin er starfsöm og hefur byggt afkomu sína á mikilli vinnu. Okkur þykir öllum sárt að sjá heilbrigt fólk með vinnufúsar hendur standandi í biðröð til að bíða eftir atvinnuleysisbótum. Það er því fullkomlega eðlilegt og um leið æskilegt að umræða um þetta mál og þennan mikla vanda sem að okkur steðjar fari fram hér í dag.

Benda má á fjölmargar samverkandi orsakir atvinnuleysis hér á landi. Ég hygg að flestir séu sammála um að ytri áföll, einkum minni þorskafli og lægra verð á afurðum okkar, bæði fiski og áli, eigi stærstan þátt í samdrættinum sem leitt hefur til atvinnuleysis. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sem hóf þessa umræðu gaf í skyn að það væri rangt sem sagt hefur verið að verðlag okkar á afurðum erlendis hefði lækkað eins og sagt hefur verið æðioft. Ég kynnti mér það alveg sérstaklega og ef við lítum á verðlag á sjávarafurðum eins og það er mælt í janúar 1991 og síðan aftur í desember á sl. ári, 1993, þá hefur verðfall orðið á milli 24–25%, hvorki meira né minna, mælt í SDR. Við skulum átta okkur á því að það er ekki hægt að bera saman íslenskar krónur á öllum tímabilum en þetta er betri mælikvarði og þetta er vísitala sem reiknuð er út hér á landi og ég hef hingað til ekki heyrt menn efast um það að þetta séu ekki réttar tölur. Við

skulum þess vegna ekki gera minna úr þeim vanda sem þessi þjóð á við að glíma en efni standa til.

Í öðru lagi vil ég minna á að langvarandi stöðug efnahagslægð í okkar heimshluta hefur haft lamandi áhrif á útflutningsgreinar Íslendinga ásamt minnkandi kaupmætti í Austur-Evrópu í kjölfar gjaldþrots kommúnismans. Þessu til viðbótar má nefna fjárfestingarmistök á umliðnum árum og offjárfestingu sem fjármögnuð var með erlendu fé og byggðist kannski fremur á bjartsýni en raunsæi. Sem dæmi um þetta má nefna að ríkissjóður afskrifaði 8–10 milljarða á árunum 1990–1993 af töpuðum fjárfestingarkröfum og meira er í vændum á þessu ári og sjálfsagt á næstu árum, m.a. í sjóðakerfinu. Mikil erlend skuldasöfnun þjóðarinnar þegar góðæri ríkti hefur auðvitað orðið til þess að nú, þegar saman dregur, þarf að greiða niður þessar skuldir. Það er athyglisvert að afborganir og vextir af erlendum lánum sem greiða þarf á yfirstandandi ári eru 51 milljarður kr. eða um það bil helmingurinn af íslensku fjárlögunum þegar litið er á þjóðarbúið í heild. Þetta eru vaxtagreiðslur, greiðslur afborgana af lánum sem tekin voru þegar góðæri ríkti á Íslandi og þrengir auðvitað kosti okkar nú þegar verr árar.

Ríkisstjórnin hefur á undanförnum tveimur árum þurft að fást við gífurlega efnahagserfiðleika og atvinnuleysi í miklu stærri stíl en Íslendingar hafa átt að venjast. Sjálfsagt má deila um árangurinn en full ástæða er til að rifja upp að í skýrslu Alþýðusambands Íslands í nóvember 1992 fyrir um það bil 15 mánuðum síðan var talið að atvinnuleysi hér á landi gæti farið í 20–25% ef ekkert yrði að gert. Markmið ríkisstjórnarinnar er og hefur verið að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi með víðtækri samstöðu og samstarfi, einkum við aðila vinnumarkaðarins. Þetta hefur verið varnarbarátta og sem betur fer hefur nokkur árangur náðst við erfiðar aðstæður.

Hv. þm. spurði um aðgerðir. Skipta má aðgerðum ríkisstjórnarinnar gegn atvinnuleysinu í þrennt. Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að bæta stöðu atvinnulífsins. Með stöðugu verðlagi, auknu frelsi í viðskiptum milli landa, lækkun skatta á atvinnurekstur, lækkun vaxta og hagstæðu raungengi hefur samkeppnisstaðan verið styrkt og rekstrarskilyrðin bætt. Í öðru lagi hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðað að því að stuðla að friði á vinnumarkaði og hófsömum kjarasamningi. Þannig hefur tekist í góðu samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins að draga úr kaupmáttarskerðingu þeirra sem lakast eru settir með sérstökum aðgerðum í ríkisfjármálum. Lækkun skatta á matvæli nýtist t.d. þeim sem eru með tekjur undir skattleysismörkum og lækkandi vextir koma skuldugum fjölskyldum til góða.

Í þriðja lagi hefur ríkisstjórnin dregið úr atvinnuleysi með beinum aðgerðum. Rekstrartilfærslur og rekstrarútgjöld ríkisins hafa verið lækkuð til að mæta auknum útgjöldum til sérstakra atvinnuskapandi verkefna. Samið hefur verið við sveitarfélögin um framlög til atvinnumyndandi verkefna einnig og það er gert í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð. Opinbert fé hefur verið lagt til fiskeldis og loðdýraræktar í því skyni að þessar atvinnugreinar geti vaxið aftur um leið og skilyrði batna á erlendum mörkuðum.

Vandamál skipasmíðaiðnaðarins hefur verið til meðferðar í ríkisstjórn. Samþykkt hefur verið að leggja fram fjármagn til að styrkja stöðu íslenskra skipasmiðja vegna niðurgreiðslna af hálfu t.d. Norðmanna og unnið er að tillögum um það hvernig við getum beitt undirboðs- og jöfnunartollum til þess að ná fram þeim árangri að styrkja stöðu íslenska skipasmíðaiðnaðarins.

Þá hefur ríkisstjórnin í samstarfi við Háskóla Íslands lagt fé til rannsóknastyrkja fyrir námsmenn sem ekki hafa átt kost á sumarvinnu og stuðlað hefur verið að útflutningi verkefna, m.a. í tengslum við alþjóðlegar aðgerðir. Ég minni á í því sambandi það sem er að gerast fyrir botni Miðjarðarhafs, það sem er að gerast í Eystrasaltsríkjunum og ríkisstjórnin hefur fylgst með og styrkt aðgerðir einstaklinga og fyrirtækja sem hafa verið að leita að verkefnum erlendis til að styrkja atvinnustöðuna hér heima.

Það má auðvitað spyrja að því hvernig þessar aðgerðir og fleiri sem mætti nefna til hafa skilað sér í baráttunni gegn auknu atvinnuleysi. Ég minnti áðan á það að fyrir 15 mánðum sagði ASÍ: „Atvinnuleysi hér á landi verður 20–25%“ — það var í nóvember 1992 — „ef ekkert verður að gert.“ En við getum einnig borið okkur saman við aðrar þjóðir.

Í Evrópubandalaginu er spáð að atvinnuleysi vaxi á yfirstandandi ári og verði yfir 12%. Í Svíþjóð var atvinnuleysi árið 1990 áþekkt atvinnuleysinu hér eða um 1,5%. Samkvæmt spá stjórnvalda þar verður atvinnuleysi um það bil 8,5% á yfirstandandi ári og ef við teljum með það fólk sem er á námskeiðum, einfaldlega vegna þess að það fær ekki vinnu, þá er líklegt að atvinnuleysi megi teljast um 12%.

Í Finnlandi var atvinnuleysið lítið meira en hér á landi fyrir örfáum árum. Það var 3,4% 1990. Þar er ástandið einna verst og talið er að atvinnuleysi þar á yfirstandandi ári verði tæplega 20%, ég endurtek, tæplega 20% og jafnvel í Noregi þar sem hagvöxtur hefur verið tiltölulega stöðugur, þeir hafa lifað m.a. á olíu og ég hygg að olían í norsku efnahagslífi sé svipuð að stærð og þorskurinn í því íslenska, þrátt fyrir þetta allt saman hefur atvinnuleysið í Noregi vaxið og er spáð að það verði um 6% á yfirstandandi ári. Og stundum heyrist Sviss vera nefnt sem dýrðin og Eden í þessu sambandi. Og það er rétt að atvinnuleysi í Sviss árið 1990 var miklu minna en hér á landi eða 0,6% en í ár verður það 5,5% og er þó Sviss það land þar sem atvinnuleysi er einna minnst í heiminum. Þetta segi ég nú vegna þess að þegar þessi samanburður er tíundaður þá kemur í ljós að þrátt fyrir allt hefur okkur tekist í okkar varnarbaráttu að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi því að í þessum löndum sem ég nefndi til sögunnar, sérstaklega á Norðurlöndum, þar hafa ríkisstjórnir og aðrir þurft að fást við sams konar efnahagsvandamál og hér á landi. (**SvG:** Sagðirðu að ríkisstjórninni hefði tekist að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi?) Já, verulegt vaxandi atvinnuleysi. Ég hef

sagt það, (**SvG:** Það er vaxandi.), ég sagði vaxandi og ég skal skýra það. Það skýrist af því að spár lágu fyrir frá Alþýðusambandinu og spár hafa legið fyrir erlendis og menn hafa sýnt hvernig atvinnuleysið hefur vaxið alþjóðlega, en það hefur vaxið minna hér vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar og vona ég þá að þetta skiljist.

Atvinnuleysisvandinn er alþjóðlegur og hefur nú um skeið herjað einmitt á velferðarríkin á Norðurlöndum með óvægnari hætti en áður. Í norrænu fjármálaráðherranefndinni hefur atvinnuleysisvandinn verið ofarlega á dagskrá. Sömuleiðis hefur málið verið tekið upp innan EFTA á vegum fjármálaráðherranna og á sameiginlegum vettvangi EFTA og EB, ekki síst í kjölfar hvítrar skýrslu Delors og skýrslu sem EFTA-ríkin skrifuðu um þetta mál. Atvinnumálin, hagvaxtarmálin og atvinnuleysismálin hafa verið til sérstakrar meðferðar í OECD. Þar hafa sérfræðingar brotið þetta mál til mergjar og skýrsludrög hafa verið kynnt ríkisstjórnum þessara landa. Ég ætla að sjálfsögðu ekki hér að ræða efnisatriði þessara skýrslna, sem hafa komið upp í samstarfi fjármálaráðherranna en í fjmrn. höfum við kappkostað að fylgjast með þessum málum. Við höfum sótt suma þessa fundi og átt samstarf við aðila vinnumarkaðarins, sérstaklega ASÍ, VSÍ og nú upp á síðkastið BSRB um þessi mál.

Það má kannski segja að í þessum skýrslum komi fram þegar atvinnuleysið er greint og á því getum við lært að atvinnuleysisvandinn sé þrenns konar.

1. Hann er af tæknilegum ástæðum, þ.e. atvinnuleysi verður til vegna tækniframfara.

2. Um kerfisbundið atvinnuleysi er að ræða, þ.e. atvinnuleysið hefur haldið áfram að vera til þrátt fyrir hagvöxt, þrátt fyrir að sveiflan niður á við hafi hætt og efnahagslíf hafi orðið skárra í löndunum. Þetta hafa menn kallað kerfisbundið atvinnuleysi og felst m.a. í því að talið er að vinnumarkaðurinn sé gallaður, enda skulum við taka eftir að atvinnuleysi er ekki einungis af efnahagslegum toga. Atvinnuleysisvandinn er líka af kerfislægum toga, getur verið vegna þess að við stöndum ekki rétt að kjarasamningum. Um þetta hafa verið skrifaðar lærðar ritgerðir. Í því samband má minna á ritgerð eða ræðu Þorvaldar Gylfasonar prófessors, sem hann flutti á norrænum vettvangi, en talsvert hefur einmitt verið staðnæmst við þetta atriði upp á síðkastið, sérstaklega þegar rætt er um atvinnuleysisvandann í Evrópu og hann borinn saman við atvinnuleysisvandann í Japan og Bandaríkjunum en þar hefur verið staðið að málum með sitt hvorum hættinum.

3. Síðan er um sveiflubundinn vanda að ræða þegar samdráttur verður og fólk missir vinnu sína af þeim ástæðum.

Ég nefni þetta hérna vegna þess að ég er sannfærður um að í framtíðinni verði litið á þennan vanda meira í alþjóðlegu samhengi heldur en gert hefur verið hingað til og við munum sjá að það er nauðsynlegt að leysa atvinnuleysisvandann á alþjóðlegum grunni en ekki einungis með heimaaðgerðum. Þetta er mönnum að verða miklu ljósara en áður og dæmi um það eru einmitt umræður um skipasmíðaiðnaðinn þar sem þjóðir eru sífellt að reyna að jafna aðgerðir á milli í stað þess að taka sig saman um það að hafa skilyrðin til atvinnurekstrar með sama hætti í löndunum. Á þetta vil ég leggja sérstaka áherslu hér.

Á síðasta ári var atvinnuleysi hér 4,3% sem var heldur minna heldur en spáð hafði verið þegar kom fram á árið. Á yfirstandandi ári er gert ráð fyrir 5% atvinnuleysi. Í desember á sl. ári var skráð atvinnuleysi 6,3%, hafði verið 4,7% í nóvember. Í janúar 1994 má búast við að atvinnuleysi verði 7–8%, kannski nær 8%. Þetta mikla atvinnuleysi nú í desember og janúar er árstíðabundið atvinnuleysi sem stafar af lokun fiskvinnslustöðva á landsbyggðinni. Atvinnuleysi meðal kvenna á landsbyggðinni er næstum 10% í desember, 14% á Austurlandi og þetta atvinnuleysi meðal kvenna gæti enn aukist í þessum mánuði sem nú er að líða.

Þetta mikla atvinnuleysi nú í desember og janúar má að hluta til rekja til sjómannaverkfallsins sem hefur verið leyst. Það leiddi til uppsagna fjölda fiskvinnslufólks. Hins vegar má gera ráð fyrir að atvinnulausum fækki í lok janúar og á næstu mánuðum eftir því sem sjávarútvegurinn fer meira í gang og átaksverkefni sveitarfélaganna hefjast. En það er ljóst að átaksverkefni sveitarfélaganna í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð munu hefjast fyrr á þessu ári en á síðasta ári. Þetta eru upplýsingar sem ég hef m.a. frá Þjóðhagsstofnun en hún kannar nú atvinnuástandið og mun gefa út nýja spá í næsta mánuði og það er alls óvíst að um breytingar á spánni verði að ræða en spáin fyrir árið í ár er 5% eins og ég sagði áðan. Aðalatriðið er að flestir eru sammála um að botninum í efnahagslægðinni verði náð á þessu ári og hagvöxtur verði á því næsta. Þetta helgast ekki síst af því að ekki er gert ráð fyrir því að skera þurfi niður aflakvóta á næsta fiskveiðiári umfram það sem gert hefur verið. Einnig er búist við að fyrirtæki hér á landi geti ein sér eða í samvinnu við önnur, með samstarfi sín á milli, aukið útflutningsverðmæti sjávarafurða og annarra afurða vegna tollabreytinga á Evrópska efnahagssvæðinu.

Hv. þm. tók inn í ræðu sína og hneykslaðist á því að forsrh. væri á fundi úti í Sviss og nefndi einnig til sögunnar að hann væri hissa á því og hneykslaðist á því að félmrh. ætlaði að tala um fjölskyldumál nú þegar atvinnuleysisvandinn er eins og hann er hér á landi. Ég vil einungis segja það að forsrh. er á fundi með m.a. fjölda þjóðarleiðtoga sem fjalla m.a. um það mál sem við erum að tala um hér í dag. Það er afar mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að við lifum ekki einir í þessu heimi. Atvinnuleysisvandinn er ekki séríslenskur vandi og við höfum mikið gagn af því að ræða við forustumenn annarra þjóða. Þetta vil ég að komi hér mjög skýrt fram í þessari umræðu.

Atvinnuleysið er heldur ekki einungis vandamál stjórnvalda, ekki einungis vandamál ríkisstjórnarinnar eins og helst var að skilja á hv. þm. Þetta er vandamál þjóðarinnar allrar og þess vegna hefur ríkisstjórnin kappkostað í sínu starfi og með sínum aðgerðum að eiga sem allra best samstarf við sem flesta aðila, ekki síst aðila vinnumarkaðarins. Þetta er það sem skiptir máli í þessu sambandi og ég vona að ég hafi með þess-

ari ræðu minni lýst aðgerðum ríkisstjórnarinnar og lagt áherslu á það að við leysum ekki þennan vanda með upphrópunum eða ásökunum hverjir á aðra. Við leysum þennan vanda með samstilltu átaki þjóðarinnar og sem betur fer getum við sagt nú að við sjáum fram á betri tíð.

[11:28]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það hafa orðið ótrúleg umskipti í íslensku samfélagi á síðustu tveimur og hálfu ári. Í raun eru þessi umskipti alger. Heilu kynslóðirnar eru nú í fyrsta skipti að upplifa það að þurfa að búa við atvinnuleysi. Þetta eru þær kynslóðir sem hafa á síðustu tveimur áratugum, sem menn hafa viljað kalla framsóknaráratugina, búið við það að geta treyst því að það væri full atvinna í landinu og hafa getað gengið að atvinnu þegar þær kæmu út á vinnumarkaðinn. Þetta eru kynslóðirnar sem hafa geta búið við öryggi í menntamálum, hafa getað búið við öryggi í heilbrigðismálum. Það hefur ekki verið spurt hvort menn ættu peninga áður en þeir leituðu sér læknishjálpar. Það eru þessar kynslóðir sem hafa lifað í raun allar björtustu hliðar á íslensku samfélagi, hafa vitað að það væri gott að búa á Íslandi og hvergi betra. En í dag eftir tveggja og hálfs árs setu þessarar íhaldsstjórnar, samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl., er þetta fólk nú að upplifa það að hafa ekki atvinnu, það er að upplifa óvissuna, það er að upplifa óttann og það er að upplifa örbirgðina sem af atvinnuleysinu leiðir.

En þetta er líka skulduga kynslóðin, kynslóðin sem er krafin þess að greiða námslánin sín að fullu, kynslóðin sem er krafin þess að greiða húsnæðislánin sín að fullu, kynslóðin sem þarf að greiða hærri skatta en nokkur önnur kynslóð sem hefur komið hér á undan, kynslóð sem hefur upplifað meiri álögur bæði í heilbrigðismálum og menntamálum en nokkur önnur kynslóð. Þetta fólk spyr auðvitað nú: Hvar eru skattalækkanirnar sem Sjálfstfl. lofaði fyrir síðustu kosningar? Hvar er 35% skattþrepið í tekjuskattinum sem Sjálfstfl. lofaði þjóðinni á landsfundi sínum 1991? Hann lofaði að lækka skattana um 9.150 millj. En skattprósentan á einstaklingana er komin upp í 42%. Hvar eru 80 þús. kr. skattleysismörkin sem Alþfl. lofaði fólkinu fyrir kosningarnar 1991? Þau eru komin niður í 57 þús. kr. Og það er nefnilega þannig komið fyrir mörgum fjölskyldum í landinu sem bæði hafa þurft að þola kjaraskerðingu og ekki síst þeir sem enga atvinnu hafa að það er núna til fólk sem á ekki fyrir skólavörunum fyrir börnin sín, það á ekki fyrir fötum á börnin í skólann og það eru margir því miður sem ekki eiga einu sinni fyrir mat.

Hæstv. fjmrh. kom hér eins og vænta mátti í ræðustólinn og lýsti því yfir að þetta væru auðvitað allt saman þessar erfiðu ytri aðstæður sem menn þyrftu að búa við. Ég ætla ekki að gera lítið úr því að það hefur bjátað hér á í ytri aðstæðum hjá okkur á síðustu árum. En það er of mikið gert úr því að rekja allan vandann til ytri aðstæðna.

Staðreyndin er sú að ef menn líta á og bera saman þau ár sem ytri aðstæður hafa verið erfiðar, bæði árin 1983 og 1988 og horfa einvörðungu á ytri aðstæðurnar, þá er staðreyndin sú að aflinn er meiri á þessu ári en bæði 1983 og 1988. Verðið á erlendum mörkuðum, hæstv. fjmrh., er 20% hærra í dag en það var 1983. Verðbólgan var 130% 1983 en hún er 0% í dag og það var ekki þessi ríkisstjórn sem náði verðbólgunni niður, það var fyrri ríkisstjórn í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins.

Árið 1983 var því spáð að það yrðu 5.000 manns atvinnulausir ef ekkert yrði gert í upphafi árs 1984. Sú ríkisstjórn sem þá var starfandi undir forustu Framsfl. greip til aðgerða til þess að tryggja að ekki skyldi hér ríða yfir landið holskefla atvinnuleysis. Það skiptir nefnilega máli, hæstv. fjmrh., hverjir það eru sem stjórna þessu landi á hverjum tíma. Vandinn sem við búum við núna er heimatilbúinn. Og við þurfum ekki að fara lengra aftur heldur en til miðs árs 1991 þegar vextirnir voru hækkaðir, niðurskurður átti sér stað í opinberri þjónustu sem leiddi til samdráttar, skattar á einstaklinga voru hækkaðir, álögur opinberra gjalda á einstaklingana voru hækkaðar, álögur á atvinnulífið þá voru auknar þó að það hafi verið gerðar leiðréttingar nú sem leiddu til taprekstur sem atvinnulífið hefði ekki náð sér út úr. Af þessu komu gjaldþrotin og í kjölfar gjaldþrotanna kom atvinnuleysið. Þær aðgerðir sem ríkisstjórnin greip til um mitt ár 1991 voru skemmdarverk í hagstjórn og það eru þau skemmdarverk sem menn því miður búa enn við í dag.

En afleiðingarnar af verkum ríkisstjórnarinnar eru þær að fjárfestingin er lítil. Það eru engin ný atvinnutækifæri sem skapast. Það eru minni skatttekjur, það er aukinn fjárlagahalli, það eru hærri vextir, það eru hærri skattar, það eru lakari lífskjör sem aftur leiða til minni skatttekna. Þannig hefur ríkisstjórnin í raun og veru búið til vítahring, vítahring sem hún er ekki fær um að koma þjóðinni út úr, en þennan vítahring þarf að rjúfa.

Við framsóknarmenn höfum kynnt tillögur sem við köllum „Átak til endurreisnar", tillögur í efnahags- og atvinnumálum. Þær tillögur gera ráð fyrir því að menn geti rofið þennan vítahring og komist út úr honum. En það mun taka tíma því að þau skemmdarverk sem við höfum nú þurft að þola í efnahagsstjórn munu taka langan tíma að bæta fyrir. Við segjum því hiklaust: Þessi ríkisstjórn verður að fara frá. Ríkisstjórn sem ekki hefur manndóm í sér til þess að tryggja fulla atvinnu fyrir fólkið í landinu, tryggja þau grundvallarréttindi sem einstaklingurinn á að búa við, sem er að hafa fulla atvinnu, það er ríkisstjórn sem verður að fara frá.

[11:37]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þó að atvinnuleysi hér sé með því minnsta samanborið við þau lönd sem við berum okkur saman við þá er það allt of mikið og afleiðingarnar mjög alvarlegar, bæði félagslegar og fjárhagslegar, sérstaklega fyrir þær fjölskyldur sem lenda í langtímaatvinnuleysi. Ríkisstjórnin hefur brugðist við vandamálum vaxandi atvinnuleysis með ýmsum hætti.

1. Megináherslan hefur verið á beinar atvinnuskap-

andi aðgerðir með verulegum fjármunum frá ríkissjóði til að flýta verkefnum á vegum ríkis og sveitarfélaga sem ætlað var að ráðast í síðar.

2. Með því að leggja áherslu á virkar vinnumarkaðsaðgerðir til að hagnýta þann óvirka stuðning sem liggur í dagpeningagreiðslum Atvinnuleysistryggingasjóðs.

3. Með því að endurskoða það öryggis- og þjónustunet sem atvinnulaust fólk þarf að reiða sig á.

4. Með því að efla starfsmenntun og önnur námskeið sem stuðla að aukinni hæfni og aðlögun vinnuaflsins til að takast á við breyttar aðstæður.

5. Síðast en ekki síst með því að bæta verulega stöðu fyrirtækja og heimila með efnahagsaðgerðum sem leitt hafa til verulegrar vaxtalækkunar og nánast engrar verðbólgu.

Í ljósi vaxandi atvinnuleysis hefur ríkisvaldið líka breytt ýmsum áherslum í atvinnumálum. Vaxandi atvinnuleysi hefur þannig gert það að verkum að ríkisstjórnin hefur hafið virkari stuðningsaðgerðir við vinnumarkaðinn en nokkru sinni fyrr. Þannig hafa um þrír milljarðar kr. verið lagðir fram af hálfu ríkisins til atvinnuskapandi verkefna umfram það sem gert var ráð fyrir í því fjárlagafrv. fyrir árið 1993 sem lagt var fyrir Alþingi haustið 1992. Þá lögðu sveitarfélögin fram 500 millj. til atvinnuskapandi verkefna á sl. ári í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð. Á þessu ári verður varið 1.200 millj. kr. af hálfu ríkis og sveitarfélaga til virkra vinnumarkaðsaðgerða. Nú er unnið að reglugerð sem gefin verður út næstu daga sem stuðla mun að enn virkari vinnumarkaðsaðgerðum. M.a. er þar lögð áhersla á að styrkja sérstök verkefni sem einkum eru ætluð námsmönnum sem lokið hafa námi og komast ekki á vinnumarkaðinn vegna atvinnuástandsins. Einnig að heimilt verði að styrkja atvinnuleysi einstaklinga til að hleypa af stokkunum eigin viðskiptahugmynd með þeim hætti að þeir haldi atvinnuleysisbótum í ákveðinn tíma meðan verið er að láta á það reyna að hugmyndin sé framkvæmanleg.

Með nýlegum breytingum á lögum um Atvinnuleysistryggingasjóð hefur atvinnuleysistryggingakerfið líka verið gert sveigjanlegra og víðtækara. Sérstakt átak var gert í atvinnumálum kvenna á þessu ári þar sem gerðar eru tilraunir með ýmsar vinnumarkaðsaðgerðir. En umfram þær 15 millj. sem veittar eru til atvinnusköpunar fyrir konur árlega var veitt sérstakt 60 millj. kr. framlag til atvinnusköpunar fyrir konur um allt land vegna meira atvinnuleysis meðal kvenna en karla.

Ég tel að þær 60 millj. sem sérstaklega var veitt til atvinnumála kvenna á sl. ári hafi reynst svo vel að ríkisstjórnin hljóti að skoða það sérstaklega í þessu atvinnuleysi sem nú er að áframhald verði á þessu átaki. Fjármagni var þar einkum varið til nýsköpunar, frumþróunar og markaðssetningar og nýttist fjármagnið m.a. til handiðnaðar ýmiss konar þar sem unnið var úr íslensku hráefni. Einnig var fjármagn veitt til aðhlynningarstarfa, námsaðstoðar og svokallaðra vinnuskipta þar sem fólk er í hlutavinnu á móti námi og heldur engu að síður sínum launum og rýmir þannig fyrir einstaklingum á atvinnuleysisskrá.

Þær vinnumarkaðsaðgerðir sem hafa verið notaðar í öðrum löndum hafa einnig verið til skoðunar í ráðuneytinu með tilliti til þess hvort þær geti komið að gagni hér á landi. Flestar þessar aðgerðir eiga það sameiginlegt að vera mjög kostnaðarsamar og byggjast oft á því að verulegt atvinnuleysi hafi skotið rótum sem ekki verður leyst með atvinnuskapandi aðgerðum. Ég tel að margar þeirra eigi erindi nú þegar sem tilraunaverkefni á vegum ríkis og sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta á t.d. við um aðgerðir sem stuðla að hreyfanleika vinnuafls innan lands, aðgerðir sem hvetja menn til sjálfstæðrar atvinnusköpunar, námsatvinna, deildar stöður og vinnuskipti sem ég nefndi hér áðan.

Ég vil einnig nefna að á lokastigi er endurskoðun á lögum um vinnumiðlun sem eiga að fela í sér öflugra vinnumiðlunarkerfi með sérhæfðri ráðgjafarþjónustu. Enn fremur er í undirbúningi átak í atvinnumálum fatlaðra en tillögur þar að lútandi verða tilbúnar vonandi á næstu vikum.

Ég vil einnig nefna að mikil þörf er fyrir starfsmenntun og hefur verið brugðist við því á ýmsan hátt en ætla má að 10 þús. manns hafi notið góðs af lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu sem Alþingi samþykkti fyrir tæpum tveimur árum síðan.

Ég vil fara nokkrum orðum um atvinnuleysistölurnar nú og hvaða ályktanir megi af þeim draga. Atvinnulausum fjölgar í heild að meðaltali um 33% frá nóvember til desember en hefur fjölgað um 32% frá nóvember í fyrra. Undanfarin 10 ár hefur atvinnuleysi aukist um rúmlega 45% að meðaltali frá nóvember til desember. Um 9.700 manns eru skráðir atvinnulausir í lok ársins. Þessi fjöldi atvinnulausra er auðvitað óviðunandi þótt vonir standi til að þetta mikla atvinnuleysi verði ekki viðvarandi.

Atvinnuleysi hefur aukist mikið frá því í október alls staðar á landinu. Skýringar á þessum breytingum eru í fyrsta lagi slæm aflabrögð í nóvember og mikil stöðvun fiskvinnslu og veiða seinni hluta desembermánaðar. Aðrar árstíðasveiflur í atvinnurekstri á þessum tíma vega einnig þungt auk þess sem verulega dró úr átaksverkefnum þegar líða tók á árið.

Þær atvinnuleysistölur sem við erum að sjá núna í lok desember og væntanlega í janúar eru miklar sveiflutölur þar sem sveiflan skýrist af miklum árstíðasveiflum í íslensku atvinnulífi og verkfalli sjómanna sem getur gert um 5.000–6.000 manns í fiskvinnslu atvinnulausa um skamman tíma. Hins vegar er ljóst að vaxandi samdráttur er á mörgum sviðum atvinnulífsins sem að verulegu leyti orsakast af slæmum ytri aðstæðum eins og verðfalli á útflutningsframleiðslu og samdrætti í þorskveiðum. Þannig hefur fækkað um 6.800 ársverk hjá fyrirtækjum síðan 1988, mest í iðnaði eða um 4.200 ársverk, þar af um 1.800 í fiskiðnaði. Þá hefur fækkað um 1.400 ársverk í verslun, veitinga- og hótelrekstri.

Í byggingarstarfsemi, sem mikið hefur verið í umræðunni, hefur hins vegar fækkað um 40 ársverk á þessu tímabili og án þess að lítið sé gert úr þeim vanda

sem þar er, þá er ljóst að árstíðasveiflur í byggingariðnaði eru miklar.

Í landbúnaði hefur fækkað á þessu tímabili um 570 ársverk, um 450 í peningastofnunum, um 315 í samgöngum og fjarskiptastarfsemi. Einungis hefur orðið aukning í ýmissi þjónustustarfsemi um samtals 200 ársverk, í fiskveiðum um 90 ársverk sem skýrist af aukinni vinnslu úti á sjó og fjölgun smábáta. Á móti þessari miklu fækkun ársverka hjá fyrirtækjum vegur aukning um 2.100 ársverk hjá hinu opinbera og um 650 í annarri starfsemi sem þýðir þegar á heildina er litið að fækkað hefur um 4.000 ársverk frá 1988–1993. Að einhverju leyti er hér um hagræðingu að ræða en ekki samdrátt þó ljóst sé að við höfum farið í gegnum mjög erfitt samdráttarskeið.

Það sem einkum hefur breyst er að atvinnuleysið er orðið almennara og takmarkast ekki lengur við árstíðabundnar sveiflur í sjávarútvegi eða aðra tímabundna erfiðleika í þeirri grein. Þannig hefur atvinnuleysið í þéttbýli hér á höfuðborgarsvæðinu og við Eyjafjörðinn minnkað miklu minna en víðast hvar annars staðar í þeim atvinnubata sem varð fram til ágúst. Ástæða þess er að lítið hefur dregið úr samdrætti sem orðið hefur í iðnaði og verslun undanfarin ár í kjölfar aflasamdráttar og lækkunar á heimsmarkaðsverði helstu útflutningsgreina.

Atvinnuástandið hefur nú versnað eins og atvinnuleysistölur bera með sér og munu tölur janúarmánaðar vafalaust verða um 7–8% en væntanlega mun úr atvinnuleysinu draga strax í lok þessa mánaðar. Áhrif átaksverkefna sveitarfélaga og aukinna opinberra framkvæmda fer aftur að gæta á næstunni. Þjóðhagsstofnun spáir nú að atvinnuleysi verði 5–5,5% á þessu ári þannig að atvinnuleysi fer vart undir þau mörk fyrr en í sumar. Þetta þýðir að talsvert atvinnuleysi verður viðvarandi næstu mánuði. Áhersla hins opinbera þarf að vera margþætt til þess að takast á við atvinnuleysið.

1. Að bæta skilyrði hins almenna vinnumarkaðar og stuðla að þróun og nýsköpunar í atvinnulífinu.

2. Að leggja áherslu á virkari atvinnuskapandi vinnumarkaðsaðgerðir hjá ríki og sveitarfélögum og aðgerðir sem einnig hvetja einkafyrirtæki til að ráða atvinnulaust fólk.

3. Að auka aðgerðir sem styrkja félagslegar og menntunarlegar þarfir vinnuafls og vinnumarkaðar.

4. Að sérstökum vinnumarkaðsaðgerðum verði beitt sem tryggi úrræði fyrir fólk sem búið hefur við langtímaatvinnuleysi.

Það er þýðingarmikið að veita aukið fjármagn í alla þessa þætti því þeir eru innbyrðis háðir og styðja hver annan. Stuðla þarf að því að fjármagn Atvinnuleysistryggingasjóðs nýtist sem best í virkar vinnumarkaðsaðgerðir og sem minnst í óvirkar bótagreiðslur. Viðhalda þarf hæfni og starfsorku þess vinnuafls sem um lengri eða skemmri tíma þarf að búa við atvinnuleysi.

Þó að atvinnulausir séu eðlilega ósáttir við þær tekjur sem atvinnuleysisbótakerfið tryggir þeim og sérstaklega að þær séu í engu samræmi við fyrri tekjur áður en þeir verða atvinnulausir eins og viðgengst t.d. á Norðurlöndum þá hefur núv. kerfi það fram yfir atvinnuleysistryggingakerfi flestra annarra landa að þar eru engin tímatakmörk önnur en 70 ára aldur hve lengi fólk getur verið á atvinnuleysisbótum. Að þessu leyti eru langtímaatvinnulausir betur tryggðir en víða annars staðar. Menn eru engan veginn sammála um hvort ofangreind atriði séu kostir kerfisins eða gallar. Með auknu atvinnuleysi hefur bótatíminn víðast hvar verið styttur og önnur framfærsluaðstoð komið í staðinn. Spurningin er um hvort þörf sé á sérstöku launatengdu tryggingakerfi eins og lífeyrissjóði sem gæti bætt upp það tekjutap sem þeir verða fyrir þegar þeir eru atvinnulausir. Þessi umræða kann að verða almennari ef atvinnuleysi vex enn frekar og verður viðvarandi.

Annað vandamál í núverandi kerfi er sá hópur fólks sem er að koma inn á vinnumarkaðinn og hefur enga möguleika, hvorki á vinnu né atvinnuleysisbótum. Um getur verið að ræða fólk sem er að koma úr námi, fæðingarorlofi, veikindum, fangelsum eða einhverju ólaunuðu starfi eins og að vera heimavinnandi. Það er ljóst að nauðsynlegt er að fylgjast grannt með vandamálum þessara hópa og tímabært að athuga rækilega hvernig við er hægt að bregðast gagnvart þessum hópum.

Rétt er að nefna í þessu sambandi að í undirbúningi eru breytingar á lögum um vinnumiðlun sem eiga að auka þjónustu við þessa hópa sem aðra atvinnuleitendur, ekki síst langtímaatvinnulausa.

Tvímælalaust er það svo að atvinnuástandið er verst hjá ófaglærðu fólki sem stjórnvöld verða að huga sérstaklega að hvernig við skuli bruðgist. Í nóvember sl. var ófaglært starfsfólk meira en þriðjungur atvinnulausra og hefur þeim vafalaust fjölgað verulega í desember og janúar. Þetta er hátt hlutfall þegar til þess er litið að 17% þeirra sem eru vinnandi er ófaglært fólk. Á eftir ófaglærðu fólki sem er yfir þriðjungur atvinnulausra kemur síðan verslunarfólk sem var tæp 12% atvinnulausra í nóvember sl.

Aukningin hefur einnig orðið nokkur í langtímaatvinnuleysi en þeim sem hafa verið atvinnulausir í 52 vikur eða lengur hefur fjölgað úr 318 frá nóvember 1992 í 479 í nóvember 1993. Flestir atvinnulausra eða um 2.500 manns í nóvember sl. hafa verið atvinnulausir í 4–12 vikur og tæplega 1.300 í 13–25 vikur. Þegar litið er á aldursskiptingu atvinnuleysis er stærsti hópurinn á aldrinum 20–29 ára eða um 2.100 manns í nóvember sl. og síðan 30–39 ára eða um 1.500 manns þannig að ljóst er að atvinnuleysið hittir helst fyrir ófaglært fólk og unga fólkið. Til allra þessara staðreynda þarf að líta þegar hugað er að úrlausnum fyrir þá hópa sem við atvinnuleysi búa.

Það er einnig ljóst að atvinnuleysi fylgir gífurlegur vandi fólks að standa við fjárhagsskuldbindingar, m.a. vegna húsnæðislána. Í október sl. gaf ég því út reglugerð sem heimilaði skuldbreytingar á lánum vegna atvinnuleysis eða langvarandi veikinda. Einnig var gert samkomulag við lánastofnanir um samstarf á þessu sviði. Húsnæðisstofnun hafa borist 280 umsóknir um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika, um 32% þeirra eru vegna atvinnuleysis og 35% vegna verulega minnkandi tekna.

Ég vil einnig nefna að heimild í lögum um Hús-

næðisstofnun hefur verið beitt sem felur í sér að fresta greiðslum hjá lántakendum Byggingarsjóðs verkamanna ef greiðslubyrði lána fer yfir tiltekið hlutfall af tekjum greiðenda. Þessari heimild hefur verið beitt með þeim hætti að vanskil, afborganir og vextir næstu eins til tveggja ára eru ekki innheimt á því tímabili. Slík ákvæði eru ekki fyrir hendi hjá Byggingarsjóði ríkisins og húsbréfadeild. Ég tel brýnt að þeirra heimilda verði aflað og mun því beita mér fyrir því þannig að þeir sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi eða mikinn tekjumissi og eru þar af leiðandi í miklum vanskilum í almenna lánakerfinu standi þessi úrlausn einnig til boða.

Ég tel einnig að huga þurfi sérstaklega að lögum um greiðslujöfnun. Ákvæði eru þannig nú að mismunur launa og lánskjara eru sett á sérstakan biðreikning. Ég hef óskað eftir því við Húsnæðisstofnun ríkisins að sérstaklega verði skoðað að útvíkka lögin um greiðslujöfnun þannig að ekki verði aðeins litið til launa og lánskjara og mismunar á því heldur taki lögin meira mið af því hvernig launin hafi dregist saman og við ákveðna viðmiðun í samdrætti launa megi flytja hluta skuldarinnar á biðreikning eða greiðslujöfnunarreikning sem greiðist í lok lánstímans. Þetta er vandmeðfarið en ég tel nauðsynlegt að skoða hvort ekki megi beita slíku úrræði.

Að lokum vil ég nefna að ég tel brýnt að hraða hér í gegnum þingið frv. sem nú liggur fyrir Alþingi um að greiða m.a. út skyldusparnað til þeirra sem búa við atvinnuleysi. Mjög er spurt um afgreiðslu þessa máls af atvinnulausum sem eiga inni skyldusparnað og vænti ég góðrar samstöðu um að hraða því máli gegnum þingið.

[11:51]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Atvinnuleysi sem blasir nú við hverjum manni hverfur ekki nema gripið verði til raunverulegra virkra aðgerða. Ríkisstjórnin virðist ekki fær um það með strútshætti sínum að stinga sífellt höfðinu í sandinn. Hún hefur ekki burði til þess að takast á við þetta vandamál og fyrir það geldur öll þjóðin.

Áhrif atvinnuleysisins segja til sín á margvíslegan hátt. Félagsleg vandamál aukast og krafturinn í samfélaginu minnkar. Atvinnuleysið var 6,3% í desember og það var þriðjungs aukning frá árinu áður, en þá hafði aftur orðið svipuð aukning frá árinu þar á undan. Auk þess er talsvert dulið atvinnuleysi og það er ekki síst meðal kvenna. Skráð atvinnuleysi meðal kvenna er jafnframt hærra en meðal karla. Á fjórum svæðum á landinu er það yfir 10%, það er á Suðurnesjum, Norðurlandi vestra, Norðurlandi eystra og á Austurlandi en alls var atvinnuleysi kvenna í desembermánuði 7,7% á móti þeim 5,3% atvinnuleysis karla. Þetta eru geigvænlegar tölur og það sem ég óttast mest er það að menn séu að byrja að venjast þessu og sætta sig við það. Það finnst mér ekki að samfélag okkar hafi efni á. Við höfum búið á margan hátt við sveigjanlegan vinnumarkað og sterkt atvinnulíf hér á Íslandi og þær raddir sem nú heyrast um það að til sé eitthvert eðlilegt atvinnuleysi, hvort sem menn kalla það kerfislægt eða eitthvað annað, það eru raddir sem mér finnst að verði að hljóðna.

Því miður hefur ríkisstjórnin hvorki vilja né getu til að glíma við þetta erfiða verkefni. Hún býr þegnum sínum aðeins lamandi umhverfi fyrir nýsköpun. Þessu verður að breyta. Hver eru t.d. viðbrögðin við því átaki sem leiddi af sér fjöldann allan af ferskum og lofandi hugmyndum, átaksins sem var gert þegar heilum 60 millj. kr. var varið til sérstaks atvinnuátaks kvenna? Reyndin varð sú að vísa varð frá fjölmörgum fýsilegum hugmyndum, bæði frá fyrirtækjum, sveitarfélögum og einstaklingum. Þetta er auðvitað engin hemja, enda segir svo í greinargerð með nokkrum trega frá þessum starfshópi sem sá um útdeilingu fjármagnsins. Starfshópnum var mikill vandi á höndum við að velja á milli hinna fjölmörgu umsókna sem bárust frá einkaaðilum. Hafandi að leiðarljósi þær vinnureglur sem starfshópurinn setti sér, þá var það að tillögu hópsins að styrkja einkaaðila að upphæð 33,6 millj. og þetta fjármagn varð það einasta sem var til ráðstöfunar. Á sama tíma var meintur milljarður í umferð, milljarður sem að vísu var fyrst og fremst tilfærsla á verkefnum og það virtist ekki vera hægt að ná neinu fjármagni þaðan yfir í þetta verkefni þar sem virkilega voru hugmyndir sem þessum hópi þótti afskaplega hart að þurfa að vísa frá.

Hæstv. félmrh. lýsti þeirri skoðun sinni í ræðu hér áðan að ríkisstjórnin hljóti að verja meiru til atvinnumála kvenna í framtíðinni og mikið vona ég að hún hafi rétt fyrir sér vegna þess að ég held að það verði öllu samfélaginu til framdráttar. Hins vegar hlýt ég að spyrja: Af hverju fékk þessi málaflokkur ekki meira af þessum milljarði sem ríkisstjórnin vill meina að hún hafi lagt til atvinnusköpunar? Um það er að vísu deilt en eitthvað hlyti að hafa verið hægt að fá hafi virkilega hugur fylgt máli hjá ríkisstjórninni sem þóttist vilja gera eitthvað í atvinnumálum kvenna. Ég er svo sannarlega ekki að lasta það sem vel var gert, en hins vegar finnst mér afskaplega sárt að það skuli vera í svona smáum stíl og ég held að við munum öll gjalda þess að ekki var betur gert.

Sem betur fer er það að mestu liðin tíð að menn tali í lítilsvirðingartóni um hinar smærri lausnir. Við horfum fram á það núna að þeir sem áður höfðu trú á álver, ofurvirkjanir og aðrar ónýtar allsherjarlausnir hafa nú komið auga á gildi hinna smærri lausna þar sem byggt er á hugviti og handverki, námi, nýsköpun, frumkvæði og ferskri hugsun. Það er að sjálfsögðu vel. En það er samt sem áður mjög sérkennilegt og mjög sorglegt að horfa upp á það að þegar eitthvað er farið að ganga vel eins og í ferðaþjónustu og tengdum greinum, t.d. minjagripagerð og fleiru, þá á að fara að sverfa að þessari atvinnugrein. Stjórnarandstöðunni tókst naumlega að afstýra því rétt fyrir jólin að sá atvinnuvegur, ferðaþjónustan, sem lofar bestu og skilar nú um það bil 10% af gjaldeyristekjum okkar, yrði skattlagður jafnvel til dauða. En þessar athafnir lofa sannarlega ekki góðu.

Það vantar líka athafnir en ekki bara orð, ráðstefnur og skýrslur, við höfum nóg af slíku. Við höfum

haldið nógu marga fundi. Við höfum séð nógu mikið af ljómandi góðum skýrslum um það hvernig og hvað eigi að gera en það vantar athafnir og þrátt fyrir ræður hæstv. ráðherra hér á undan þá sé ég ekki að það hilli undir að það verði neinar umbætur sem orð er á gerandi. Við höfum frá iðnrn. alveg ljómandi skýrslu sem heitir „Stuðningur stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi." Ég lýsi eftir aðgerðum. Við höfum líka frá félmrn. alveg ljómandi skýrslu um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis. Þar er sannarlega tæpt á ýmsum mætum hugmyndum til þess að sporna við þessu atvinnuleysi. En ég lýsi eftir aðgerðum. Það sem hér hefur verið lýst að gera eigi er einfaldlega ekki nóg og það sem eftir stendur er að það eru veigamiklar gloppur sem við getum ekki sætt okkur við að sjá í þessum tillögum. Það vantar athafnir eins og t.d. aðgang að áhættufjármagni þannig að við leggjum niður þann ömurlega löst að fólk þurfi að leggja heimili sitt og fjölskyldu sinnar undir, ef ekki heimili ættingja sinna, í hvert sinn sem reyna á að byggja upp nýtt fyrirtæki, nýjar hugmyndir. Sumir virðast geta sótt í sjóði en þorri fólks getur það ekki og fær ekki þá fyrirgreiðslu sem æskilegt er og gæti orðið til þess að atvinnulíf okkar yrði fjölbreyttara nema leggja að veði íbúðarhúsnæði sitt. Því segi ég: Núverandi sjóða- og lánastefna er lamandi og ekki hvetjandi. Það er bara beðið um fasteignaveð. Það er ekki beðið um frumlegar eða framkvæmanlegar hugmyndir og góðar áætlanir byggðar á þekkingu eða jafnvel byggðar á einhverri áhættu sem þá mætti deila á milli fleiri aðila ef menn eru reiðubúnir til að taka áhættu því að það mun að sjálfsögðu ekkert gerast ef það er aldrei tekin nein áhætta í atvinnulífi. Það sem skiptir hins vegar mestu máli er að þessari áhættu sé dreift með einhverjum skynsamlegum hætti og að það sé gerð sú krafa að menn komi með góða útfærslu á því hvernig þeir ætla að gera hlutina, fái til þess hjálp ef þess gerist þörf en ekki bara að þeir komi með lauslega hugmynd og fasteign. Við höfum þegar sopið seyðið af þessari stefnu og hún hefur ekki skilað okkur þeirri fjölbreytni í atvinnulífi sem við þurfum.

Okkur vantar líka athafnir eins og þær að bregðast skjótt við sveiflum í atvinnulífi, ekki með þeim máttlausa milljarði sem skilaði okkur í sumar litlu nema flýtingu á einstaka framkvæmdum, kannski skárri vegum eitthvað fyrr en ella og einhver hús sem nauðsynlega þurftu á endurbótum að halda fengu svo sannarlega endurbætur. En þessar aðgerðir út af fyrir sig sögðu okkur kannski ekki eins mikið eins og við höfðum óskað. Ég segi t.d.: Hvers vegna eru biðlistarnir á endurhæfingarsjúkrahúsunum ekki styttir í snatri? Okkur skortir ekki hæfan mannskap. Ekki skortir okkur búnað. Ekki skortir okkur sjúklinga því að þar bíða margra ára listar sárþjáðs fólks. Það er ekki þetta sem skortir, heldur skortir það að vera reiðubúinn að leggja til ákveðið fjármagn, en kannski er það stefna ríkisstjórnarinnar að halda mönnum frekar vinnulausum og verklausum á listum öryrkja frekar en að bjóða upp á þá endurhæfingu og þær aðgerðir sem vissulega er þörf á til þess að fela enn frekar atvinnuleysið. Ég ætla stjórnvöldum hvorki svona frumlega hugsun né það að vera svona illkvittin en óneitanlega er þetta mjög einkennileg stefna.

Varðandi ræðu hæstv. fjmrh. þá held ég að það sé óhjákvæmilegt að minna á að það gengur ekki að skella skuldinni á einhverjar kerfisbundnar skekkjur í anda málflutnings þess manns sem hann vitnaði í. Ég óttast það að ef menn eru ekki reiðubúnir til að horfast í augu við hinn raunverulega vanda heldur leita sífellt að skekkjum hjá öðrum, hvort sem það er hlutlaust kerfi eða eitthvað annað, þá séu þeir ekki tilbúnir að gera neitt sem snýr að þessari þróun. Gagnrýni á þessum kerfisbundnu skekkjum er þegar komin fram. Ég heyri að bæði verkalýðsfélög og vinnuveitendur eru sammála um að þetta séu alls ekki heilagar hugmyndir og síður en svo líklegar til þess að vera raunverulegar þannig að ég bendi á það að þarna er ekki um einhvern stórasannleik að ræða. Þarna er um ábendingu að ræða sem sjálfsagt er að taka alvarlega en það má ekki nota hana til að fela sig á bak við og það er það sem ég óttast að sé sífellt verið að gera.

Ég verð að benda á einstakar tillögur sem við kvennalistakonur og fleiri höfum lagt fram sem gætu orðið til þess að sporna við atvinnuleysi en ég vil gera skýran greinarmun á þeim aðgerðum sem eru til þess að grípa inn í sveiflukennt atvinnuleysi sem alltaf skýtur upp kollinum, m.a. þegar harðnar í ári tímabundið, en við eigum ekki að sætta okkur við það og við eigum ekki að þurfa að sitja uppi með þann hala lengi áfram. Ég bendi t.d. á þá hugmynd og þáltill. okkar kvennalistakvenna um styttingu vinnutíma. Þetta er leið sem margir telja að sé fær til þess að minnka atvinnuleysið þó það væru ekki nema einhver störf sem sköpuðust með því að vinnutíminn væri styttur án kjaraskerðingar, þá held ég samt sem áður að það sé tilraunarinnar virði og þar að auki hefur þessi langi vinnudagur lengi verið ljóður á ráði okkar Íslendinga.

Ég bendi á að atvinnuátak það sem gert hefur verið víða um land, ekki síst meðal kvenna, hefur skilað miklu og þess vegna þarf að leggja meira fjármagn til. Ég vil líka benda á athyglisverðar tillögur Jóns Erlendssonar um það að atvinnuleysisbætur verði nýttar á virkan hátt þannig að fólk nýti sér þann tíma sem það er atvinnulaust til þess að byggja upp hugmyndir og hæfni í atvinnu framtíðarinnar og ég ítreka það enn og aftur að það er nauðsynlegt að áhættufjármagn fáist til nýsköpunar. Fyrr erum við í rauninni að gera mjög miklar vitleysur.

Ég bendi á einstakar tilraunir eins og lúðueldi við Eyjafjörð þar sem ekki var haldið áfram fyrr en tryggt var fjármagn. Þetta tók bæði tíma og óþarfa fyrirhöfn. Það leiddi í ljós að þessar leiðir vantar en menn í það skipti náðu að skrapa saman þannig að hægt var að halda áfram frá hugmyndastigi yfir á tilraunaeldisstig og þessar tilraunir lofa góðu. Þetta þarf að gera. Vonandi þurfum við ekki að láta reyna mikið á kosti atvinnuleysistryggingakerfisins sem hæstv. félmrh. benti okkur á, þ.e. að atvinnulausir eiga rétt á bótum endalaust.

[12:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er kalt í Reykjavík í dag. Það er kalt á Austurvelli fyrirsjáanlega í dag hjá þeim þúsundum sem þar ætla að fjalla um atvinnuleysisvandann. Það er kalt þrátt fyrir loforðin sem formaður Alþfl. gaf í útvarpsumræðum fyrir fáeinum missirum um 7 milljarða kr. í nýjar tekjur þjóðarbúsins vegna EES, um fleiri þúsund atvinnutækifæri sem formaður Alþfl. lofaði þjóðinni og atvinnulausum Íslendingum í fyrra. Það er kalt og fólkið blæs í gaupnir sér og það sér ekki fram úr þessu nema með þeim eina hætti sem er í raun og veru hægt að grípa til núna, og hver er hann? Hann er sá að ríkisstjórn Íslands segi af sér. Þannig liggur málið. Það er það sem gæti yljað fólki í dag, að sjá von í því hrikalega atvinnuleysi sem nú er uppi og Alþfl. — Jafnaðarmannaflokkur Íslands, ber höfuðábyrgð á af því að hann hefur staðið fyrir því að innleiða hér harðara markaðsþjóðfélag en við höfum nokkru sinni áður haft, þar sem vinnuaflinu, fólkinu sjálfu er kastað þegar markaðnum þóknast ekki að kaupa það á því verði sem hentar í hinu alþjóðlega samkeppnisumhverfi þess.

Þetta er staðan, virðulegi forseti og hún birtist ekki aðeins í tölum, köldum tölum sem ráðherrarnir lesa hér upp eins og vélmenni úr ræðustól Alþingis. Hún birtist líka í tölum eins og þeim sem ég fékk í morgun frá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar þar sem staðan er þannig að það hefur verið veitt á síðasta ári aðstoð frá Félagsmálastofnun upp á 435 millj. kr. sem er 50% hærri upphæð en í hittiðfyrra, 50%. Hún birtist í tölum eins og þeim að í þessum mánuði er gert ráð fyrir að tvisvar sinnum fleiri einstaklingar fái aðstoð frá Félagsmálastofnun Reykjavíkur en í janúar í fyrra og í hittiðfyrra. Og svo kemur hér fjmrh. sem er 2. þm. Reykv. og segir orðrétt og ég hváði þegar hann sagði það: „Ríkisstjórninni hefur tekist að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi."

Staðreyndin er sú að atvinnuleysi í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur þrefaldast. Þannig hefur henni tekist að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi. Þetta ætti hæstv. fjmrh. að reyna að segja við fólkið í kuldanum á Austurvelli í dag. Okkur hefur tekist að koma í veg fyrir vaxandi atvinnuleysi. Og vélmennisræðan sem félmrh. flutti hér áðan um hinn mikla árangur ríkisstjórnarinnar, það ætti líka að reyna að flytja hana í kuldanum úti á Austurvelli í dag. Ja svei! Og í einu stærsta byggðarlagi landsins, Akureyri, sem iðnn. Alþingis heimsótti í síðustu viku, er staðan þannig að það er verið að tala um að atvinnulausir geti í þessum mánuði farið í allt að 900–1.000 manns. Félagsmenn í Iðju á Akureyri sem voru fyrir nokkrum árum um 900 eru nú um 400 talsins. Skipasmíðaiðnaðurinn á Akureyri sem áður hafði í vinnu mörg hundruð manns er nú með um 150 manns í einu fyrirtæki þar sem búist er við að geti orðið gjaldþrot og algjör stöðvun alveg næstu daga. Af hverju? Af því að ríkisstjórnin hefur ekki fengist til þess að grípa til aðgerða sem hefðu dugað til þess að halda skipasmíðaiðnaðinum áfram. Ég skora á fleiri þingmenn en þá sem eru í iðnn. að fara og kynna sér atvinnuleysisstefnuna í framkvæmd einmitt á Akureyri. Þar sést hún glöggt. Hver hefur stefnan verið? Hvað hefur þetta lið verið að gera annað en að flytja vélmennisræður hér frá Alþingi, annað en að lengja niðurlægingarbiðraðirnar atvinnulausra, annað en að breyta þjónustukerfi við atvinnulausa í niðurlægingarvélar eins og þegar þau breyttu lögunum um Atvinnuleysistryggingasjóð í fyrra þannig að núna geta vörubílstjórar sem verða atvinnulausir ekki fengið atvinnuleysisbætur, nema með hverju? Með því að selja vörubílana. Og núna geta trillusjómenn ekki lengur fengið atvinnuleysisbætur, nema með hverju? Nema með því að selja trillurnar. Þannig að þegar á að fara að bæta atvinnuleysisþjónustukerfið sem slíkt þá er því breytt í niðurlægingarmaskínur. Það er því sama hvort litið er á atvinnuþáttinn í þessu eða þjónustuþáttinn, ríkisstjórnin þarf að fara. Hún þarf að fara. Hún gerir ekkert og það litla sem hún gerir er yfirleitt til bölvunar.

Hvað kostar þetta í mannlegri þjáningu? Í félagslegum og sálrænum vandamálum af margvíslegum toga? Um það veit út af fyrir sig enginn. En ríkisstjórnin hefur reiknað út hvað þetta kostar í peningum. Það liggur fyrir í skýrslu um atvinnuleysisvandamálið sem hér var dreift fyrir jólin. Samkvæmt henni er það svo að á þessu ári mun þjóðarbúið að öllum líkindum tapa 9–10 þús. millj. kr. á atvinnuleysinu — 9–10 milljörðum kr. á atvinnuleysinu. Þar af opinberir aðilar, ríki og sveitarfélög um 6 milljörðum kr.

Af hverju er ekkert gert? Af því að það má ekki gera neinn sem truflar hin göfugu, heilögu, hin helgu vé markaðarins. Þó viðurkenna þeir sjálfir í opinberri skýrslu eins og skýrslunni um skipasmíðaiðnaðinn sem birtist á dögunum að t.d. með því að leggja ríkisstuðning upp á 50–100 millj. kr. í skipasmíðaiðnaðinn þá megi auka tekjur ríkis og sveitarfélaga og þjóðarbúsins um margfalda þá tölu, mörg hundruð milljónir króna.

Staðreyndin er auðvitað sú að ríkisstjórnin, og það kom mjög skýrt fram í ræðu hæstv. fjmrh. áðan, vill bregðast við vandanum í efnahags- og atvinnumálum núna eins og um góðæri væri að ræða. Það á að beita sömu markaðsaðferðunum og taldar eru gilda í góðæri. Nú er ekki góðæri, nú eru erfiðir hlutir í gangi og þess vegna þarf að grípa til óvenjulegra ráðstafana. Þeirra að flytja til fjármuni, það þarf að beita aðferðum róttækrar jafnaðarstefnu í landinu og það þarf að beita útflutningsleið en hafna innflutningsleið. Hafna þeirri leið sem byggist á því að brjóta niður útflutningsatvinnuvegina og flytja allt inn í staðinn, bæði vöru og þjónustu þangað til þjóðin hefur ekkert að gera. Og hvað segir svo fjmrh., virðulegi forseti? Hvert er hans svar? Við verðum að leysa málin á alþjóðlegum grunni.

Þeir eru orðnir svo alþjóðlegir þessir snillingar að þeir vilja fara að flytja út verksvit sitt við að stjórna þjóðum. Guð hjálpi öðrum þjóðum.

Hæstv. fjmrh. hafði ekkert að segja. Hann skilaði auðu á öllum sviðum, sagði ekki neitt nema þetta að hann vildi að við leystum málið á alþjóðlegum grunni. Þangað er forsrh. núna farinn, hann er víst að leysa málið á alþjóðlegum grunni, í hlýjum notalegum söl-

unum niðri í Sviss. Það er best að fjmrh. fari líka og svo utanrrh. á eftir og geta þar lesið ræðurnar sínar fínu um fjölgun atvinnutækifæranna, milljarðana sem fylgja EES og alla möguleikana sem þeir voru að útmála í fyrra og mættu í leiðinni skammast sín fyrir að hafa reynt að ljúga að fólki — með leyfi hæstv. forseta.

[12:16]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Atvinnuleysi er mikill bölvaldur í íslensku samfélagi í dag og atvinnusköpun hlýtur að vera meginviðfangsefni allra í íslensku þjóðfélagi, jafnt stjórnvalda sem samtaka launþega og vinnuveitenda. Þetta er verkefni þjóðarinnar allrar og atvinnuleysi er meginbölvaldur í íslensku samfélagi í dag. Þetta vita allir. Um þetta eru allir sammála. Það þarf ekki að halda hér utandagskrárumræðu til að vekja athygli á þessu því þetta er öllum ljóst. Það sem skiptir hins vegar meginmáli er það hvernig brugðist verður við þessum vanda. Hvernig verður brugðist við vandanum? Verður brugðist við vandanum með atvinnusköpun í anda fortíðarinnar?

Hv. þm. Svavar Gestsson gat hér um Akureyrardvöl iðnn. Hann sleppti því hins vegar að geta þess að í fyrirtækjum sem hafa lengi glímt við mikinn vanda, ég nefni sérstaklega skinnaiðnaðinn og ullariðnaðinn, þar er frekar bjartsýni heldur en áður hefur verið og það er m.a. vegna þess að þar hefur verið komið til móts við þarfir fyrirtækja til að laga sig að nýjum aðstæðum sem höfðu komið fram fyrir löngu með tilstilli Atvinnuleysistryggingasjóðs og framlaga frá opinberum aðilum.

Það er verið að skoða fyrir norðan málefni Slippstöðvarinnar. Það er búið að gera eina tilraun til þess að koma því fyrirtæki á réttan kjöl sem var gjörsamlega í þrotum þegar þessi ríkisstjórn tók við. Og það er verið að gera nýja tilraun til þess núna með nýjum iðnrh. að taka á vandamálum skipasmíðaiðnaðarins. Þessu sleppti hv. þm. en ég ætla hins vegar að geta þess sérstaklega að á fundi iðnn. með verkalýðsfélögunum á Akureyri þá gaf að líta hvernig menn vilja taka á þessum atvinnuleysisvanda. Í máli hv. þm. Páls Péturssonar á fundi með atvinnulausum á Akureyri þá gat hann þess að hann væri farinn að velta því fyrir sér að það væri full ástæða til þess að örva atvinnulíf með hærri verðbólgu.

Og ég heyrði ekki betur en í máli hv. þm. Finns Ingólfssonar áðan þá hafi einmitt komið fram saknaðartónn frá framsóknaráratugnum, eins og hann kallaði það svo, þegar atvinnulíf var sterkt. Og hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson gat þess líka sérstaklega að atvinnulífið áður fyrr hefði verið sterkt atvinnulíf. Við skulum skoða þetta dálítið nánar.

Eigum við að skapa atvinnu hér á landi í anda fortíðarinnar? Að sjálfsögðu hefur verkalýðshreyfingin ekki mælt með því. Hún hefur mælt með því að það verði barist fyrir stöðugleika, það verði barist fyrir atvinnusköpun á grundvelli stöðugleika. Ég nefni sérstaklega Guðmund Gylfa Guðmundsson, hagfræðing ASÍ, sem hefur varað við þessum hugmyndum sem Páll Pétursson orðaði á fundinum á Akureyri. Auðvitað er hægt að skapa atvinnu með óðaverðbólgu þegar fyrirtækin og einstaklingarnir keppast við að fjárfesta vegna þess að krónurnar brenna á verðbólgubálinu og vöruverð þýtur upp á við með miklu meiri hraða en peningarnir í launaumslögunum. Þetta er hægt og þetta var gert í stórum stíl.

Þessar aðstæður sem ég lýsti hér voru aðstæður fortíðarinnar, þær skapa ekki traustan grundvöll undir atvinnustarfsemi, það er öðru nær. Þær skapa einmitt grundvöll fyrir því að atvinnustarfsemin verði byggð upp með þeim hætti að atvinnuleysi komi í ljós síðar meir og þær skapa í raun og veru þær aðstæður að það er innbyggt atvinnuleysi í kerfinu sem menn fela á meðan svo er haldið áfram.

Það er ekki á slíkum tímum og var ekki fjárfest í rannsóknum og þróunarstarfsemi, það var fjárfest í tækjum og steinsteypu. Er þetta sá draumur sem menn vilja horfa til baka til? Já, mér heyrist það vera, að þetta sé draumurinn sem menn vilja endurvekja á Alþingi nú þegar fólk býr við raunverulegar afleiðingar af þessu ástandi. Og þegar blásið er til fundar um atvinnumál og atvinnuleysi, þá vilja menn hverfa til baka til þessara tíma. Er það skynsamlegt? Er þetta það sem koma skal?

Það er að sjálfsögðu líka hægt að halda uppi háu atvinnustigi með því að eyða umfram það sem aflað er, með því að slá lán endalaust erlendis, með því að stofna til viðskiptahalla stöðugt hreint sem stóð nú reyndar í 20 ár. Auðvitað hefur sá viðskiptahalli staðið undir einhverri þenslu og atvinnu sem á því byggir. Er þetta það sem koma skal? Auðvitað er það ekki það sem koma skal.

Hér minntist hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson á það að atvinnuleysi væri helmingi meira á Íslandi en í Japan í dag. Er atvinnuleysið í Japan 2,5%? Er það 2%, hv. þm.? Nei, það er löngu viðurkennt að þetta atvinnuleysi er miklu meira. Af ábyrgum aðilum er talað um að það sé innbyggt atvinnuleysi í Japan sem nemi 5–6%, sumir tala um 7% (**ÓRG:** Lestu bara sjálfur...) og hvers vegna er það? Þessar upplýsingar hafa komið fram, hv. þm., og ég trúi ekki öðru en þú þekkir þær. Hvernig stendur á þessum upplýsingum? Jú, þær eru að það er fjöldi fyrirtækja, stórfyrirtækja, í Japan sem hefur fjölda manns á skrá sem ekkert gerir. Það hefur verið pólitík fyrirtækjanna að segja ekki upp fólki þó ekkert væri fyrir það að gera. Er það þetta sem við erum að biðja um? Nei, auðvitað ekki. Við viljum ekki fá hér atvinnuleysi sem er hulið. Við viljum fá raunhæfar ráðstafanir. Við ætlum sem sagt ekki að halda áfram á þessari braut.

Það hefur verið stefna þessarar ríkisstjórnar að hverfa frá þessari tegund af atvinnustefnu og fyrir það hefur hún verið harðlega gagnrýnd af stjórnarandstöðunni. Það er í raun og veru eitt af meginverkefnum þessarar þjóðar að hverfa frá skammtímalausnum í þessum efnum og reyna að horfast í augu við vandann. Við stöndum ekki vel að vígi nú til að glíma við þessi verkefni en við gerum það samt.

Við lifum nú á tímum lækkandi verðlags á afurð-

um okkar og ég er undrandi á því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson skuli hafa haldið því fram hér áðan að afurðir okkar hafi hækkað í verði þegar það er staðreynd að afli okkar lækkaði í verði að meðaltali um 10% í erlendum gjaldeyri. (**ÓRG:** Tekjur fyrirtækjanna hafa aukist. Lestu bara ... skýrslu.) Afli okkar lækkaði um 10% á sl. ári í erlendum gjaldeyri og það er það sem skiptir máli en ekki íslensku krónurnar. (**ÓRG:** Það eru heildartekjurnar sem skipta máli.) Þetta tek ég fram vegna þess að það er fáránlegt að halda því fram að þessi meginstaðreynd hafi ekki áhrif á atvinnustigið hér. Hún hefur þeim mun meiri áhrif en áður að við höfum verið að laga okkur að raunveruleikanum á öllum öðrum sviðum. Þannig að þessir erfiðleikar koma að fullu niður á atvinnustigi okkar.

Þetta vil ég taka fram hér að mér finnst ankannalegt og sérkennilegt að efna til umræðu um atvinnumál á Íslandi án þess að taka tillit til þess að atvinnulífið á Íslandi hefur á mörgum árum orðið að horfast í augu við sérstök vandamál sem eiga rætur að rekja á þremur meginsviðum. Í fyrsta lagi hefur orðið mikill aflasamdráttur og verðfall á löngum tíma. Það hafa orðið mikil umskipti í okkar viðskiptaumhverfi. Ég nefni sérstaklega þá umbyltingu sem hefur orðið í Austur-Evrópu. Þar höfum við glatað mjög sterkum mörkuðum sem áður voru og við vorum innstilltir á, höfðum vanið okkur á. Auk þess hefur komið gífurlegt framboð af þessum láglaunasvæðum á vöruteg undum sem má flokka undir undirboð á mörkuðum í Vestur-Evrópu og þetta könnumst við öll við. En sennilega eru alvarlegustu mistökin sem orðið hafa á Íslandi og bitna nú harðlega á atvinnulífinu óstjórn í efnahagsmálum sem hefur leitt til rangra fjárfestinga og til þess að atvinnustig hefur litið út fyrir að vera miklu betra heldur en það var. En hér var innbyggt atvinnuleysi sem átti eftir að koma í ljós og hefur verið leitt í ljós núna og menn horfast nú í augu við.

Ég held að það sé rétt að leggja áherslu á það að það er þetta sem menn verða að takast á við, við þetta verða menn að glíma. Og hvernig er hægt að glíma við það? Það er hægt með því að takast raunverulega á við vandann, með því að fjárfesta í því sem skiptir máli, sem eru rannsóknir og þróunarstarf, með því að fjárfesta í mannaflanum sem þarf að laga sig að síbreyttum aðstæðum. Og það er verið að gera þetta. Það er búið að auka hér rannsóknafé um 90% á tveimur árum. Það er verið að laða fyrirtækin til þess að taka aukinn þátt í rannsóknastarfsemi sem þau hafa ekki gert sem skyldi á undanförnum árum. Það er verið að laga þessa atvinnuþróun að því með því m.a. að styrkja tæknimenn inn í fyrirtæki til þess að örva rannsóknastarfið. Þetta er allt saman gert, þetta skilar ekki árangri strax. Það þýðir ekki að horfa framan í þjóðina og segja að þetta skili árangri strax, enda segi ég það ekki. En það mun skila árangri þegar til lengri tíma er litið.

[12:25]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við alþingismenn og þjóðin öll krefjumst þess að ríkisstjórnin geri grein fyrri atvinnu- og launastefnu sinni og þeim áformum sem koma mega í veg fyrir það launamisrétti sem nú er og það skelfilega atvinnuleysi sem hér virðist vera orðið viðvarandi og aldrei hefur mælst meira nema ef vera kynni á árunum fyrir 1970 þegar sömu flokkar fóru með völd í landinu.

Hverju hafa áform þessara áróðurspésa ríkisstjórnarinnar, sem gefinn var út fyrir réttu ári síðan með yfirskriftinni „Aðgerðir gegn atvinnuleysi", skilað launafólki í dag? Það munu launþegar sjálfir segja ríkisstjórninni hérna fyrir utan Alþingishúsið síðdegis í dag. Er það kannski rétt, sem ráðherrar hafa gjarnan gripið til í vörn sinni fyrir getuleysi sínu við að skapa atvinnulífinu ásættanleg starfsskilyrði og launþegum viðunandi laun og atvinnustig, að viðskilnaður ríkisstjórnar Steingríms Hermannsonar hafi verið svo slæmur að þar liggi öll sökin? Hvað segir Alþýðublaðið um það? „Hagstæðara ár en flesta grunaði var árið þegar sú ríkisstjórn fór frá völdum," segir Alþýðublaðið. Þjóðhagsstofnun kveður líka upp dóm um viðskilnað ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og þar segir að afkoma atvinnuveganna, einkum sjávarútvegs og iðnaðar, hafi þá verið með því besta sem verið hafði í áratugi. Það er álit Þjóðhagsstofnunar sjálfrar. Það sannaðist svo ótvírætt við stjórnarskiptin að skjótt skipast veður í lofti. Allt það mikla starf sem unnið hafði verið til endurskipulagningar í atvinnulífinu og auknum atvinnutækifærum launafólks var brotið niður á fyrstu starfsdögum núverandi ríkisstjórnar.

Morgunblaðið skýrir frá ummælum Þorsteins Pálssonar sjútvrh. þar sem hann lýsir ástandinu í sjávarútvegsmálunum þannig að 59% þeirra séu á beinni gjaldþrotabraut. Þetta segir sjútvrh. sjálfur. Það er dómurinn á stefnu ríkisstjórnarinnar. Hvað segir Landssamband ísl. útvegsmanna á sínum ársfundi um stefnu núv. ríkisstjórnar í undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, sjávarúteginum? „Hrun í sjávarútvegi á næsta ári ef óbreyttri stefnu núverandi ríkisstjórnar verður haldið áfram."

Á þeim tæpu þremur árum sem núv. ríkisstjórn hefur setið við völd hafa tapast hvorki meira né minna en um 1.300 til 1.500 störf í íslenskum iðnaði. Og íslenskur landbúnaður og störf honum tengd eru á hraðri niðurleið. Stefnuleysi í sjávarútvegi hefur orðið til þess að vinnsla afurðanna flyst í vaxandi mæli út á sjó þannig að verðmæti í landi nýtast ekki og fiskverkafólk verður atvinnulaust. Með stefnu sinni hefur ríkisstjórnin fundið upp eilífðarvél á gjaldþrotabraut sinni.

Með ríkisstjórn Davíðs Oddssonar urðu mikil þáttaskil í íslensku þjóðlífi. Það komu ekki aðeins nýir ráðherrar með nýjar hugsjónir og stefnumið. Það komu einnig nýir ráðgjafar sem töldu það ásættanlegt markmið að atvinnuleysi á Íslandi gæti verið sem næst því sem það er í Evrópu en þar er það á bilinu 10 til 20%. Glæsileg lífssýn ungra manna eða hitt þó heldur. Ráðgjafarnir leggja nú til að farið verði að þjálfa og undirbúa fólk að búa við atvinnuleysi á Íslandi. Vitringar og ráðgjafar ríkisstjórnarinnar spá í sínar kristalkúlur og dr. Þorvaldur Gylfason segir að sjávarútvegurinn skipti okkur sífellt minna máli eins og hér kemur fram. Það mun hafa verið fyrir um það bil fimm árum sem

þessi spekingur spáði en reyndin er nú samt sú að þrátt fyrir svo bágborin rekstrarskilyrði sem greinin má starfa við skilar útvegurinn hvorki meira né minna en um 75–80% á skiptaborð þjóðarinnar. Er nema von að illa fari þegar vegurinn er varðaður slíkum villuljósum?

En á þá íslensk þjóð fáa möguleika. Nei. Hér eru margvíslegir möguleikar til að hrinda atvinnuleysinu frá dyrum launafólks. Forseti Landssambands iðnaðarmanna sagði á iðnþingi að fluttar væru inn iðnaðarvörur sem hægt væri að framleiða hér á landi fyrir hvorki meira né minna en um 20 milljarða kr. á ári hverju. Ekki væri óraunhæft markmið, sagði forseti Landssambands iðnaðarmanna, að færa það mikinn hluta þessarar framleiðslu inn í landið að skapa mætti hvorki meira né minna en um 4–5 þús. ný atvinnutækifæri í iðnaði. (**Gripið fram í:** Þeir vilja það ekki.)

Allir sem láta sig atvinnumál einhverju skipta vita að milljarðatugir eru í nýjum möguleikum í sjávarútvegi og þúsundir nýrra atvinnutækifæra. Hér vantar markvissa atvinnustefnu. Ísland býr yfir þeim auðæfum að hér á hvorki að þurfa að vera atvinnuleysi né fátækt eins og því miður virðist nú vera. Misskiptingin í landinu er orðin óskapleg. Atvinnuleysið er notað af ríkisstjórninni sem hagstjórnartæki, fjármagn og völd eru skipulega flutt á fárra hendur og þaðan er deilt og drottnað. Samráð og samvinna eru þessari ríkisstjórn framandi hugtök. Því er nú svo illa komið fyrir íslenskri þjóð.

[12:32]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. krafðist þess að ríkisstjórnin gerði við þessar umræður grein fyrir atvinnustefnu sinni. Það er sjálfsagt að verða við því. Tímans vegna verðum við þó að takmarka okkar mál og ég læt mér nægja að nefna og draga fram í dagsljósið tíu meginatriði sem varða þessa atvinnustefnu.

Í fyrsta lagi er það að tryggja íslensku atvinnulífi stöðugleika og lægri verðbólgu heldur en víðast hvar í viðskiptalöndum okkar.

Í öðru lagi er það að tryggja kjarasamninga til tveggja ára og frið á vinnumarkaði sem ekki hefði tekist án atbeina ríkisstjórnarinnar.

Í þriðja lagi er það að skapa íslenskum útflutnings- og samkeppnisatvinnuvegum hagstæðari samkeppnisstöðu heldur en verið hefur í a.m.k. fjóra áratugi.

Í fjórða lagi er það að hafa skapað íslensku atvinnulífi gerbreytt skattaumhverfi þannig að skattlagning íslenskra atvinnufyrirtækja er nú einhver hin hagstæðasta ef við berum saman við aðrar samkeppnisþjóðir.

Í fimmta lagi nefni ég sérstakar aðgerðir í sjávarútvegi til að tryggja rekstrarstöðu hans.

Í sjötta lagi nefni ég til samræmdar aðgerðir þessarar ríkisstjórnar til þess að ná fram lækkun vaxta, bæði raunvaxta og nafnvaxta á traustum forsendum.

Í sjöunda lagi nefni ég til nýja milliríkjasamninga sem opna íslenskum útflutningsatvinnuvegum ný tækifæri. Tækifæri til að efna til nýrrar sóknar á erlendum mörkuðum og eins til nýrrar vöruþróunar og aukinnar framleiðni innan lands og reyndar atvinnuskapandi aðgerða.

Í áttunda lagi nefni ég sérstaklega aðgerðir sem eiga að stuðla að nýsköpun, vöruþróun og atvinnusköpun í atvinnulífinu.

Í níunda lagi nefni ég sérstakar aðgerðir til þess að greiða götu útflutningsfyrirtækja á erlendum mörkuðum.

Í tíunda lagi nefni ég sérstakar aðgerðir innan ramma fjárlaga sem lúta að framlögum á síðustu tveimur árum á bilinu 3 til 4 millj. kr. í samstarfi við sveitarfélögin til atvinnuskapandi aðgerða.

Þessi tíu atriði nefni ég sem meginatriði þeirrar atvinnustefnu sem þessi ríkisstjórn hefur fylgt. (**SvG:** Hvað eru margir atvinnulausir?) Að því er varðar sérstakar aðgerðir til þess að létta undir með og greiða götu þeirra sem fyrir barði atvinnuleysisins hafa orðið vísa ég til þeirra upplýsinga sem fram komu í máli félmrh. og þá sérstaklega sérstakar aðgerðir til skuldbreytinga og greiðsluaðstoðar þeirra sem eiga í greiðsluerfiðleikum, ekki síst húsbyggjenda og fleiri slíkar aðgerðir. (**ÓRG:** Hefur þá stefnan mistekist með núverandi atvinnuleysi eða var það ...?)

Ég hef nefnt hér til sögunnar tíu meginatriði þeirrar atvinnustefnu sem núv. ríkisstjórn fylgir og þá er ástæða til að spyrja: Hefur stjórnarandstaðan fram að færa í grundvallaratriðum mikla gagnrýni á þá stefnu sem hér er lýst? Hefur stjórnarandstaðan lýst einhverri annarri atvinnustefnu? (**ÓRG:** Svarið er já. Heil bók verið gerð um hana.) Já, það væri hægt að víkja að bókinni, útflutningsleiðinni frægu. (**ÓRG:** Já, já.) Ég ætla nú að takmarka það. (**ÓRG:** Nei, þú ættir ekki að gera það.) (Forseti hringir.) En ég ætla að fara nokkrum orðum um hvert og eitt þessara atriða sem ég hef nefnt til sögunnar.

Það er rétt sem fram hefur komið að í tíð síðustu ríkisstjórnar tókst að draga úr verðbólgu sem hafði verið hér landlæg og til mikils skaða fyrir íslenskt atvinnulíf. Það er alveg fyrirsjáanlegt að verðbólga á næsta ári verður lægri en víðast hvar annars staðar í viðskiptalöndum okkar. Þetta þýðir einfaldlega að með þeim hætti er íslenskum atvinnufyrirtækjum í skjóli kjarasamninga til tveggja ára við skilyrði lágrar verðbólgu líka sköpuð tækifæri til þess að taka skynsamlegar ákvarðanir til að treysta því að atvinnurekstur þeirra býr við stöðug ytri skilyrði. Það vita allir sem nálægt atvinnurekstri hafa komið að þetta er eitt mikilvægasta skilyrðið sem unnt er að fullnægja að því er varðar atvinnustefnu.

Að því er varðar kjarasamninga, annað meginatriðið, er alveg ljóst að þessir kjarasamningar hefðu ekki náðst nema fyrir atbeina ríkisstjórnarinnar og varðar það bæði aðgerðir í skattamálum og bein framlög til atvinnuskapandi aðgerða í samvinnu við sveitarfélögin.

Þriðja atriðið er hagstæðari samkeppnisstaða en sl. fjóra áratugi. Þrátt fyrir mikla erfiðleika í sjávarútvegi bæði varðandi niðurskurð aflaheimilda, sérstaklega í þorskveiðum, og hríðfallandi afurðaverðs á erlendum mörkuðum sem leiddi til þess að ríkisstjórnin varð að

fella gengið í tvígang, haustið 1992 og síðan um mitt ár 1993, var það hins vegar gert með þeim hætti að stöðugleikanum var ekki raskað og kjarasamningum var ekki kollvarpað. Þetta þýddi með öðrum orðum að verðhækkanir í kjölfar gengisbreytingarinnar, sem gerbreytti rekstrarstöðu útflutningsgreina og ekki síst sjávarútvegsins, urðu mjög skammvinnar. Raungengi íslenska gjaldmiðilsins er þess vegna hagstæðara nú bæði fyrir íslenska útflytjendur og samkeppnisiðnað á innlendum markaði heldur en hefur verið í 40 ár. Samkeppnisstaða Íslendinga á erlendum jafnt sem innlendum markaði hefur vegna hagstæðara raungengis ekki verið betra í annan tíma.

Ég nefndi til sögunnar í fjórða lagi gerbreytt skattaumhverfi. Skattlagning íslenskra atvinnufyrirtækja hefur um áratuga skeið verið frábrugðin skattlagningu atvinnufyrirtækja í grannlöndum þannig að erlendir aðilar hafa yfirleitt ekki fengist til að leggja fram fé til eflingar íslensku atvinnulífi nema með sérstökum skilyrðum um undanþágur og forréttindi að því er varðaði skattamál. Skattaumhverfi íslenskra fyrirtækja er nú fyllilega sambærilegt við skattaumhverfi atvinnulífsins í nálægum löndum enda hefur sú breyting orðið á að erlendir aðilar sem rætt er við að leggja fram fé til íslensks atvinnulífs gera ekki lengur sérkröfur í skattamálum. Þeir eru reiðubúnir að sætta sig við íslensk skattalög eins og þau nú eru. Hér á ég bæði við niðurfellingu aðstöðugjaldsins, lækkun tryggingagjalda og almenna lækkun á tekjuskatti fyrirtækja.

Að því er varðar sérstakar aðgerðir í sjávarútvegi þá er það rétt að sú leið hefur ekki verið farin að afla erlendra lána til að halda fyrirtækjum á floti til skamms tíma. Hins vegar hefur verið gripið til aðgerða eins og þeirra að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins var lagður niður og greiddur út til eigenda og frá og með 1. jan. sl. hefur útflutningur á öllum fiski nema grálleppuhrognum verið gefinn frjáls, þar á meðal útflutningur á saltfiski. Nýir söluaðilar hafa verið að hasla sér völl erlendis og gengið vel. Þess er skemmst að minnast að það þótti tíðindum sæta í upphafi árs að fyrirtæki eins og Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum lýsti því yfir að hún hefði ætlað að hætta framleiðslu á saltfiskflökum til að koma á markað á Spáni og Portúgal ef ekki hefðu komið til þær tollalækkanir sem urðu í upphafi árs sem afleiðing af EES-samningunum. En framkvæmdastjórinn lýsti því yfir að hann gerði sér raunsæjar vonir um það að geta tífaldað þessa framleiðslu einfaldlega vegna þeirrar tollaniðurfellingar sem varð í upphafi árs.

Ríkisstjórnin undirbýr nú ný lög um þróunarsjóð sjávarútvegsins til að greiða fyrir hagræðingu í íslenskum sjávarútvegi og fiskvinnslu og til að auðvelda sjávarútveginum að laga sig að gerbreyttu starfsumhverfi.

Ég nefndi til sögunnar vaxtalækkun. Þegar ríkisstjórninni hafði tekist að draga úr viðskiptahalla úr 18 milljörðum í lok síðasta kjörtímabils niður í um 3 milljarða væntanlega á þessu ári, lækka útgjöld hins opinbera um a.m.k. 8,5 milljarða, festa í sessi stöðugleika í verðlagsmálum og á vinnumarkaði og hafði beitt aðgerðum til þess að bregðast við þeim vanda í kjölfar hruns fiskstofna, þá setti ríkisstjórnin fram samræmda áætlun um lækkun vaxta. Þennan árangur notaði ríkisstjórnin til þess að bregðast við á innlendum lánamarkaði í því skyni að ná fram lækkun vaxta og tókst með því að lækka vaxtastigið í landinu mjög verulega. Þetta er aðgerð sem Íslendingar hafa beðið um lengi. Hún bætir stöðu heimilanna í landinu um a.m.k. 2–5 milljarða kr. á ársgrundvelli, hún færir atvinnufyrirtækjum í landinu 2,5–3 milljarða í kjarabætur á sérhverju 12 mánaða kjaratímabili. Þetta er mikilvægasta aðgerðin sem gerð hefur verið til að breyta til bóta starfsumhverfi fyrirtækja og efnahagsumhverfi íslenskra heimila.

Sjöunda atriðið sem ég nefni er ný tækifæri á erlendum mörkuðum í kjölfar EES-samningsins. Um það er auðvitað hægt að fjalla í löngu máli. Ég læt mér nægja að vísa til þess sem ég sagði, einfalt dæmi af Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum vegna þess að það dæmi er algilt. Með þessum samningi er sjávarútvegurinn á Íslandi í fyrsta skipti settur jafnfætis keppinautum sínum og öðrum iðnaðarframleiðendum á því markaðssvæði sem tekur við meira en ¾ af öllum okkar afurðum. Fjöldi íslenskra fyrirtækja er búinn að vinna að því lengi vegna þess dráttar sem varð á gildistöku samningsins að nýta sér þessi tækifæri. Og það eru hin réttu viðbrögð við því þegar við stöndum frammi fyrir minni afla að gera úr honum meiri verðmæti. Þetta er ekki bara spurningin um aukna sókn á erlendum mörkuðum heldur einnig vöruþróun innan lands sem mun alveg ótvírætt þýða fleiri störf og atvinnutækifæri innan lands.

Það er svo athyglisvert að þeir sem beita sér fyrir þessari umræðu voru flestir hverjir í hópi þeirra sem greiddu atkvæði á Alþingi Íslendinga gegn þessum samningi, gegn þessum nýju atvinnutækifærum eða sættu sig við það hlutskipti að sitja hjá.

Að því er varðar áttunda atriðið, atvinnuþróun og nýsköpun, þá vil ég nefna eftirfarandi: Iðntæknistofnun, m.a. í samstarfi við Iðnlánasjóð, hefur á síðustu árum aukið þjónustu við frumkvöðla í atvinnulífi og við nýsköpun innan fyrirtækja. Dæmi um það eru verkefni eins og Vöruþróun 1992 og á næsta ári Vöruþróun 1994 þar sem einstaklingar og fyrirtæki með góðar hugmyndir fá verulega aðstoð við þróun og markaðssetningu. Fleiri slíkar áætlanir eru þegar bæði í undirbúningi og í framkvæmd. Það hefur verið lögð aukin áhersla á samstarf rannsóknastofnana atvinnuveganna og eru nýjustu dæmin um það samstarf á sviði matvælarannsókna og þróun tæknibúnaðar fyrir sjávarútveg. Ríkisstjórnin hefur samþykkt nýja stefnu í vísindamálum sem á að gera opinber framlög skilvirkari fyrir atvinnulífið og þannig mætti lengi telja. Þess er síðan að geta að íslenskir vísindamenn og stofnanir eiga nú kost á þátttöku í fjölda rannsókna- og þróunarverkefna í kjölfar EES-samningsins sem vafalaust verður þeim lyftistöng.

Fram kom í máli eins hv. þm. að bein framlög til aukinna rannsókna og nýsköpunar hafi verið því sem næst tvöfölduð. Þannig mætti lengi telja.

Loks er að geta þess að ríkisstjórnin hefur með beinum framlögum í samstarfi við sveitarfélögin lagt fram fé til atvinnuskapandi aðgerða sem alveg ótvírætt skilaði umtalsverðum árangri á síðasta ári. Félmrh. vék síðan að því að að svo miklu leyti sem þessar aðgerðir hafa þrátt fyrir allt ekki dugað hér frekar en annars staðar til þess að koma á fullri atvinnu þá hefur ríkisstjórnin beitt sér fyrir öðrum aðgerðum og hefur enn aðrar í undirbúningi til að létta undir með þeim sem hafa orðið fyrir barðinu á því þungbæra hlutskipti að missa vinnuna.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna því ef Alþingi Íslendinga efnir til umræðu um atvinnustefnu, um atvinnumál og um aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi og bæta kjör þeirra sem tímabundið eiga við atvinnuleysi að stríða. Ég viðurkenni það að ég á hins vegar nokkuð bágt með að skilja hugarfar þeirra manna sem telja að þetta mál sé sérstakt tilefni til þess að hreykja sjálfum sér, slá sig til riddara eða gefa á þessu máli þær einfeldningslegu skýringar að hér sé einungis um það að ræða að í ríkisstjórn Íslands sitji illgjarnir menn sem beinlínis stefni að því að koma á atvinnuleysi eða viðhalda því. Ég fæ ekki séð að nokkur sé að bættari, hvorki þeir menn sem þessum málflutningi beita né heldur það fólk sem hefur orðið fyrir barðinu á atvinnuleysinu. Satt að segja hélt ég við værum öll sammála um það að atvinnuleysið væri þess konar mannfélagslegt böl að við værum öll sammála um að það væri alvarlegra en svo að það ætti að vera bitbein í pólitískum skotgrafahernaði af þessu tagi.

Ég ber ekki mikla virðingu fyrir því þegar menn reyna að segja að það séu engar raunverulegar ástæður fyrir því að atvinnuleysið hefur reynst vera svona illviðráðanlegt vandamál. Þegar menn t.d. segja að ástæðunnar sé alls ekkert að leita í sjávarútveginum vegna þess að afli hafi reynst vera meiri en spáð var í upphafi.

Má ég fara örfáum orðum um það hverjar eru orsakir þess að kreppir svona að í okkar þjóðfélagi. Ég held að einfaldast sé að gera sér grein fyrir því með þessum hætti: Ef við við berum saman vöxt þjóðarframleiðslu á Íslandi á árinu 1988 til þess sem spáð er á árinu 1994 og gerum samanburð á því ár frá ári við aukningu þjóðarframleiðslu í helstu viðskiptalöndum OECD er niðurstaðan sú að Íslendingar hafa verið að dragast aftur úr. Við höfum verið að fara í gegnum samfellt hnignunar- og samdráttarskeið. Þessi samanburður leiðir það í ljós að ef við hefðum haft sama hagvöxt, sömu aukningu þjóðarframleiðslu, og þessi viðskiptalönd okkar þá væri þjóðarframleiðsla okkar núna 250 milljörðum meiri en hún er í dag. (Forseti hringir.) Við þetta bætist síðan að við þurfum á næsta ári að borga yfir 50 milljarða kr. í fjárhirslur útlendinga vegna erlendra lána sem tekin voru í góðærinu. Þetta eru ástæðurnar fyrir því að það kreppir að í íslensku atvinnulífi. Fyrir utan það að (Forseti hringir.) það er sérstakt vandamál við að fást í sjávarútveginum. Menn eiga ekki að gera lítið úr þessu, menn eiga ekki að láta eins og þessi vandmál séu ekki fyrir hendi, menn eru ekkert að bættari með því að hreykja sér á kostnað þess fólks sem í þessum vandamálum lendir og (Forseti hringir.) ég vek athygli á því að (**SvG:** Hver er að því? Hver er að hreykja sér á kostnað atvinnulausra?) stjórnarandstaðan sem hér hefur talað hefur verið afar lítt málefnaleg og hefur ekki nefnt nein þau úrræði sem máli skipta um það hvernig hún hefði haldið á málum öðruvísi. (**ÓRG:** Bölvað rugl er þetta.)

[12:49]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir að þessi umræða skuli fara fram í dag. Auðvitað hefði Alþingi átt að sjá sóma sinn í því að taka atvinnumálin og atvinnustefnu ríkisstjórnarinnar og ástandið almennt á vinnumarkaðinum til gagngerðrar umræðu á þingi og, eins og ég segi, þó fyrr hefði verið. En um leið og ég fagna þessari umræðu hlýt ég að lýsa því yfir að mér finnst það þyngra en tárum taki að hún skuli þurfa að fara fram í skugga þess að í dag verður á Austurvelli útifundur vegna ástandsins í atvinnumálum. Ég held að það sé tiltölulega nýtt í sögu Alþingis að það skuli þurfa verkalýðshreyfinguna til að skipuleggja sérstakar aðgerðir og sérstaka fundi til þess að mótmæla stöðunni í atvinnumálum. En svona er nú fyrir okkur komið og auðvitað stendur það upp á þessa ríkisstjórn sem nú situr og hefur tekið að sér að halda um stjórnartaumana öðrum fremur að benda á leiðir til úrbóta í þessum málum.

Hér hafa verið nefndar tölur um atvinnuleysi og ef ég man þær rétt þá mun atvinnuleysi núna vera um 6,3% og því spáð að það fari jafnvel upp í 7–8% í janúar. Í hópi atvinnulausra eru konur enn sem fyrr fjölmennari en karlar. Fjmrh. nefndi m.a. að atvinnuleysi meðal kvenna á landsbyggðinni væri 10%. Þetta eru gífurlega háar tölur. Við erum komin upp á þennan evrópska skala, sem við svo lengi höfum reynt að forðast, í atvinnuleysistölum. Það bitnar öðrum fremur á konum og reyndar, eins og hér hefur líka komið fram, á ungu fólki. Síðustu tölur sem ég sá um atvinnuleysi hjá hópnum 16–20 ára voru 16%. 16% atvinnuleysi hjá hópi fólks á aldrinum 16–20 ára. Þetta atvinnuleysi leggst mjög þungt á þennan hóp vegna þess að stór hluti hópsins á engan rétt á atvinnuleysisbótum og stendur því á berum bökkum annaðhvort undir náð fjölskyldu kominn eða þarf að leita á náðir sveitarfélaga.

Hér kom fram í máli málshefjanda að 15 nýjar fjölskyldur bætast við í hóp þeirra sem verða atvinnuleysinu að bráð á hverri klukkustund. 10–11.000 manns eru án atvinnu á Íslandi í dag. Þetta eru gífurlega háar tölur sem eru algjörlega óþolandi fyrir íslenskt samfélag að búa við. En tölurnar eru eitt og örlög þess fólks sem býr við atvinnuleysi er allt annað. Ég vil leyfa mér að fullyrða það að atvinnuleysi á Íslandi sé mun erfiðara að þola en á Norðurlöndunum. Bæði vegna þess að vinnumórall á Íslandi hefur verið mjög strangur og harður og hér hefur yfirleitt verið skortur á vinnandi höndum en ekki offramboð. Þetta er því algjörlega nýtt í okkar sögu. Það er engin hefð fyrir þessu. Við þurfum að fara aftur til áranna í kringum 1968 til þess að

kynnast viðlíka — ekki einu sinni viðlíka atvinnuleysi og rauninni miklu aftar eða á fjórða áratuginn til þess að slíkar tölur sjáist sem við sjáum í dag. Þannig að hefðin er ekki fyrir þessu og því er þetta miklu meiri höfnun sem fólk upplifir sem verður atvinnuleysinu að bráð. Þar að auki búum við við það kerfi í atvinnuleysistryggingum að fólk sem missir vinnu missir miklu meira í tekjum en almennt gerist í löndunum í kringum okkur. Þar heldur fólk yfirleitt ákveðnu hlutfalli af tekjum sínum en hérna sitja allir við sama borð, þ.e. fá sömu upphæð út úr atvinnuleysistryggingum og má kannski segja að í því felist ákveðið jafnræði og það sé eðlilegt út frá sjónarmiðum tryggingakerfisins að þannig sé um hnútana búið. Hins vegar þýðir það þá að tekjumissir ákveðins hóps fólks verður mjög tilfinnanlegur og tilvera fólks breytist gjörsamlega. Auðvitað hefur þetta fólk skipulagt alla sína fjárfestingu hvort sem það er í íbúðarhúsnæði, í bílum, í menntun eða öðru slíku út frá tilteknum tekjum og þegar sá grunnur brestur þá missir fólk nánast allt úr höndum sér.

Við sjáum að tekjumissir fólks verður mjög mikill í ákveðnum hópum en við sjáum það líka að fátækt eykst mjög mikið í íslensku samfélagi. Kennarar tala um það að þeir séu farnir að sjá það aftur að illa hirt og vannærð börn komi í skólana. Nokkuð sem sást ekki hér um langt árabil. Þetta er að koma aftur inn í skólana. Það hefur líka verið sagt mikið frá því í fréttum að undanförnu að innbrot hafi aukist verulega, innbrot í íbúðarhúsnæði og innbrot í bíla og við upplifum það þingmenn að við þurfum að passa sérstaklega hlutina okkar því hér er gengið inn daglega og gerðar tilraunir til þess að ræna peningaveskjum frá þingmönnum. Auðvitað er þetta vegna þess að það þrengir verulega að. Þetta er nýtt fyrirbæri í íslensku samfélagi sem við erum að sjá hérna.

Um leið og þrengist að í íslensku samfélagi þá er staðan verst hjá þeim sem verst eru settir og ég held ég hafi séð það í blöðunum í gær t.d. að það gekk mjög illa hjá Hjálparstofnun kirkjunnar að safna, mun verr en yfirleitt hefur gengið áður og það er bara vegna þess að það eru miklu færri sem eru aflögufærir. Ég held að það sé hlutur sem við verðum að hafa í huga og það er örvænting þess fólks sem missir allt út úr höndunum á sér. Auðvitað geta sumir borið fátækt með reisn. Við höfum mörg dæmi um það að fólk geti borið fátækt með reisn og komist sæmilega í gegnum hana, en fátækt er í eðli sínu ljót og hún verður aldrei öðruvísi. Hún skapar mörg fórnarlömb sem þarf að sinna annars staðar og hefur ómæld útgjöld í för með sér.

Þeir sem ekki geta leitað á náðir atvinnuleysistrygginga leita jú á náðir sveitarfélaga og fá þar fjárhagsaðstoð, a.m.k. í stærstu sveitarfélögunum. Baggi þeirra hefur aukist verulega að undanförnu. Ég hef nefnt það áður og get gert það aftur að t.d. hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar þurfti að verja á sl. ári 300 millj. kr. í fjárhagsaðstoð og leita sérstaklega eftir aukafjárveitingu upp á 100 millj. kr. vegna aukins fjölda skjólstæðinga hjá Félagsmálastofnun. Þetta á auðvitað ekki bara við í Reykjavík. Þetta á t.d. við í öllum nágrannasveitarfélögunum sem hafa þurft að auka verulega framlög sín til fjárhagsaðstoðar og sú spurning vaknar auðvitað hvernig þessi sveitarfélög eigi að fara að ef svona heldur fram sem horfir. Útsvarstekjur þeirra hafa minnkað verulega en á sama tíma eykst byrðin vegna aukins atvinnuleysis. Hvernig geta þessi sveitarfélög síðan bætt sér þetta upp? Þau hafa ekki sömu meðöl til þess og ríkisvaldið hefur og ekki sömu tök á því og ríkisvaldið hefur.

En hvað er svo gert í þessum málum? Hvaða atvinnustefna er mörkuð? Hvaða atvinnustefnu hefur verið lýst í þessari umræðu? Hver er árangurinn af þeirri umræðu sem fer fram í dag? Hvað ætla menn að gera? Ég hlýt að spyrja að því vegna þess að mér hafa fundist svörin afskaplega rýr. Ég átti reyndar von á þeim flestum. Hæstv. utanrrh. las upp í tíu liðum hver væri atvinnustefna ríkisstjórnarinnar og hann hefði svo sem getað sparað sér ómakið vegna þess að við höfum heyrt alla þessa frasa margsinnis áður. Þeir heyrðust reyndar líka hjá hæstv. fjmrh. í svarræðu hans áðan. Það eru alltaf þessir sömu frasar. Það er frasinn um stöðugleika, um lækkun vaxta, um bætta samkeppnisstöðu fyrirtækjanna, um það að skapa skilyrði fyrir fyrirtækin á markaðnum og um það að láta markaðinn vinna. Þetta er atvinnustefnan í hnotskurn sem þessi ríkisstjórn hefur og sem lýst var í 10 liðum af hæstv. utanrrh. Ég þarf ekki að fara í gegnum þá aftur.

Það er ekki atvinnustefna sem þarna var lýst. Það er verið að lýsa því hvernig stjórnvöld ætla að láta íslenskt samfélag laga sig að alþjóðlegu viðskiptaumhverfi. Það fólst ekkert annað í þessu. Þetta var ekki atvinnustefna og við hljótum að lýsa eftir henni hér. Hver er atvinnustefnan? Hvernig ætla íslensk stjórnvöld að taka á þeim málum sem við blasa á íslenskum vinnumarkaði? Hvernig ætla þau að vinna þannig að störf skapist? Ég held að menn hljóti að átta sig á því og viðurkenna það í hjarta sínu þó þeir segi það kannski ekki hér að það þarf öflugri og sértækari aðgerðir í atvinnumálum en stjórnvöld hafa gripið til hingað til. Ríkisvaldið verður að beita sér af miklu meiri krafti í atvinnumálum. Það hefur öll tækin til þess að beita sér í atvinnumálum. Eitt af því sem nefna má í því sambandi er t.d. áhættufjármagn, að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að áhættufjármagn í fyrirtæki aukist verulega. Þá er ég að tala um áhættufjármagn sem byggir þá á því að hugmyndir sem fólk hefur séu metnar og ekki alltaf leitað eftir veðum í einhverjum meira og minna verðlausum fasteignum. Því við höfum séð það á undanförnum árum að það er lítil tryggging í þessum fasteignum þegar til á að taka og afskriftir bankanna og fjárfestingarlánasjóðanna sýna það kannski hvað best. Það sem menn verða að fara að gera er að skapa forsendur fyrir áhættufjármagni og meta þau verkefni sem fjármagnið er látið í en ekki einungis veðin sem í boði eru.

Það þarf líka að styrkja verulega og styðja við bakið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum og það þarf að gerast með raunhæfum aðgerðum. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að nefna þetta eina ferðina

enn af því að það höfum við auðvitað gert hér mörg hver oft og tíðum en staðreyndin er sú að nýleg úttekt sem gerð var innan OECD-landanna sýnir að meðalfjöldi starfsmanna og fyrirtækja fer lækkandi í veröldinni. Gróskan hefur verið í litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Þannig má nefna að á 9. áratugnum í Bandaríkjunum urðu fjórum sinnum fleiri ný atvinnutækifæri til hjá fyrirtækjum með færri en 100 starfsmenn en hjá 500 stærstu fyrirtækjunum.

Kannanir hafa jafnframt leitt í ljós, og það hlýtur að vera mikilvægt fyrir okkur Íslendinga, að 85% þessara starfa sem ég var að tala um urðu til hjá fyrirtækjum með færri en 20 starfsmenn. Ísland er samfélag smáfyrirtækjanna og við eigum að læra af þessu og við eigum að styrkja og styðja við bakið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum, t.d. líka með því að aðstoða þau við að koma upp fyrirtækjanetum.

Þetta kunna að vera sértækar aðgerðir í anda fortíðar eins og hv. þm. Tómas Ingi Olrich minntist á áðan. Það skiptir ekki öllu máli, ég er sannfærð um þessar sértæku aðgerðir sem ég er m.a. að nefna hér eru nauðsynlegar. Menn hafa talað um kerfislægan vanda, að hluti af þessu atvinnuleysi sé kerfislægt og menn tíðka það gjarnan að tala um kerfislægan vanda. Það kann vel að vera að hluti af atvinnuleysinu sé kerfislægur en það þýðir þá ekki heldur að koma með kerfislausnir á þeim vanda. Það þarf þá að koma með nýjar hugmyndir og nýja hugsun inn í málin og ekki gamaldags kerfishugsun.

Hér var minnst á skýrslu sem iðnrm. hefur látið taka saman um nýsköpun í atvinnumálum og stuðning ríkisvaldsins við það. Það vekur athygli að 11 karlmenn standa að því að semja þessa skýrslu eða komu að því með einum eða öðrum hætti, 11 karlmenn og ekki ein einasta kona. Þetta er ekki boðlegt ef menn ætla að fara að taka á atvinnumálum. Þegar atvinnuleysi meðal kvenna er t.d. mun meira en meðal karla þá er ekki boðlegt að aðeins karlmenn komi að því að taka á þeim málum. Ég fullyrði að þar er ekki, hjá stórum hluta þeirra a.m.k. og ég ætla alls ekki að alhæfa neitt um það, að finna þær nýju hugmyndir og þá nýju hugsun sem þarf til þess að takast á við þann kerfislæga vanda sem hér er á ferðinni.

Hér hefur verið talað um að mikið sé rætt um atvinnuleysi. Það er mikið skrifað. Það liggja þverhandarþykkar skýrslur úti um alla Evrópu um atvinnuleysið og vandann í atvinnumálum. Það eru haldnar ráðstefnur og fundir daglega um þessi mál. Ég er sjálf nýkomin af einni slíkri á vegum EES þar sem var verið að tala um atvinnuleysi. Því miður verður það að segjast að menn tala nánast allir um það sama. Það skiptir ekki mál hvort það eru kratar eða íhaldsmenn eða „líberalar" eða hvað þeir eru, þeir tala allir um það sama. Þeir búa til einhvern tíu liða lista eins og hæstv. utanrrh. var með hér áðan. Það eru allir með þennan sama lista (**Gripið fram í:** Og bara tala.) og þessar sömu lausnir og bara tala. Það er auðvitað það sem maður er orðinn dálítið þreyttur á og maður hlýtur að spyrja sig hvort menn séu ekki á algjörum villigötum. Eru menn ekki á algjörum villigötum með þennan lista sinn?

Hv. 9. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, sagði það hér að það þyrfti nýtt forrit í hagstjórnina og ég er alveg sammála honum um það. Það þarf nýtt forrit í hagstjórnina. Hins vegar veit ég ekkert um það hvort hv. þm. hefur það endilega upp á vasann. Ég er ekki endilega sannfærð um það.

Á þessum EES-fundi sem ég var á var einmitt verið að tala um þennan tíu liða lista. Þar kom einn Íri og sagði: Takið bara Írland. Þetta er allt svona á Írlandi. Við erum með litla verðbólgu, við erum með lægri vexti en víðast hvar annars staðar, það hefur verið fjárfest mikið í menntun og starfsmenntun fólks á Írlandi, framleiðni hefur aukist og við höfum verið að auka útflutning okkar. Allt þetta hefur verið að gerast en við erum með 20% atvinnuleysi og það væri 30% ef það hefði ekki flust svona margt fólk frá Írlandi. Eru menn ekki á villigötum? Eru menn ekki að hugsa bara vitlausar hugsanir þessa dagana í Evrópu og líka þeir menn sem sitja hér við stjórnvölinn?

Því miður virðist öll þessi umræða um atvinnuleysið og stöðuna í atvinnumálum opinbera svo skelfilega getuleysi hins vestræna hagkerfis til þess að taka á þessum málum og ráðleysi stjórnmálamanna. Ég ætla svo sem ekkert að undirskilja sjálfa mig frá því en stjórnmálamenn eru ráðlausir í þessum málum og það er það sem er hættulegt því það getur verið hættulegt lýðræðinu og það er alveg nauðsynlegt að menn fari að hugsa nýjar hugsanir í þessum málum og afleggi þröngsýnina og afleggi kreddur markaðshugsunarinnar sem hér tröllríður öllu.

[13:04]

Guðmundur Stefánsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki að heyra á þeim ræðum sem hér hafa verið fluttar að breytingar séu að verða á atvinnustefnu stjórnarinnar. Það kom ekkert nýtt fram eða annað það sem gefur fyrirheit um nýja tíma, hvorki í ræðum hæstv. fjmrh. né hæstv. félmrh. Varðandi þá ræðu sem hæstv. utanrrh. flutti áðan þá undrar mig að ég gat ekki betur heyrt á máli ráðherrans en að hann vildi helst ekki að þessi mál væru rædd. Hann taldi engan tilgang með því og hann gerði stjórnarandstöðunni upp að hún hefði einhverjar annarlegar hugsanir í garð ráðherra stjórnarinnar í atvinnumálum. Það væri auðvitað ekki gott ef svo væri en ég heyrði ekki betur en hæstv. ráðherra gerði stjórnarandstöðunni upp annarlegar hvatir, svo ekki sé meira sagt, með þessum umræðum sem þó eru bæði tímabærar og nauðsynlegar.

Því verður því miður ekki á móti mælt að atvinnuleysið hér á landi hefur vaxið óhugnanlega undanfarin missiri og því miður virðist ekkert lát á þeirri þróun, hvað þá að úr atvinnuleysinu dragi. Um síðustu áramót var atvinnuleysi á landinu öllu skráð um 6,3% en það er vitað að atvinnuleysisskráningin segir ekki alla söguna. Atvinnuleysið er í raun meira.

Í Norðurlandskjördæmi eystra var atvinnuleysi 9,7%. Á Akureyri, þar sem ég bý, var atvinnuleysið um síðustu mánaðamót 14%. Það hefur minnkað núna niður í 10%. Þegar þessi orð eru töluð er 10% at-

vinnuleysi á Akureyri. Þetta er í einu orði sagt óhugnanlegt.

Hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, talaði áðan um heimsókn sína til Akureyrar þar sem hægt væri að fá eins konar sýnikennslu í því hvernig atvinnustefna ríkisstjórnarinnar getur leikið einstaka staði. Má það vel vera að svo sé. Ég vil hins vegar taka það fram að á Akureyri eru mýmargir möguleikar og margt hægt að gera og vissulega hefur margt verið gert þar þó þar hafi verið við mikla erfileika að stríða undanfarin ár. En ég tók líka eftir því að hv. þm. Tómas Ingi Olrich átaldi Svavar Gestsson fyrir að hafa sleppt ýmsu því sem gert hefur verið í atvinnumálum á Akureyri. Hann nefndi m.a. endurreisn Slippstöðvarinnar Odda en hann sleppti ýmsu líka. Það verður að taka það fram þegar það er sagt að þegar rekstur Slippstöðvarinnar Odda var endurreistur fyrir u.þ.b. rétt rúmu ári var það gert þrátt fyrir áhugaleysi og aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar og átti þó ríkið ½ í fyrirtækinu. (**Fjmrh.:** Þetta er ekki rétt.) Ríkið ákvað að koma hvergi nærri í þeim málum og kannski er það einmitt þess vegna ... (**Fjmrh:** Þetta er alrangt.) Hæstv. ráðherra, það mun koma að þér og þá getur þú svarað þessu. Ég ætla að nota minn tíma til að flytja mitt mál og svo tekur þú til máls síðar.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki ávarpa í annarri persónu hér.)

Ég bið forláts á því.

Ríkisstjórnin segir ástæður atvinnuleysisins stafa af *ytri ástæðum og samdrætti í sjávarafla*. Það *er mikil* einföldun vegna þess að landsframleiðsla hefur aukist og verðmæti sjávarafla hefur orðið miklu hagstæðara en gert var ráð fyrir og haldið hefur verið fram allt fram undir þetta.

Ég vil ekki gera lítið úr þeim erfiðleikum sem við er að etja í efnahagsmálum þjóðarinnar og vissulega er vandi ríkisstjórnarinnar mikill. Hún er hins vegar ekki eina ríkisstjórnin sem hefur átt við erfiðleika að glíma og hefur auk þess væntanlega verið mynduð til þess að taka á þeim vandamálum sem við er að glíma og upp koma. Það var engan bilbug að finna á forsrh. þegar ríkisstjórnin tók við völdum á vordögum 1991. Ekki var á honum að heyra að hann teldi erfiðleika fyrri ríkisstjórnarinnar mikla né merkilega og hann einbeitti sér að því um margra mánaða skeið sem hann kallaði fortíðarvanda og skipaði meira að segja sérstaka nefnd til að fjalla um þennan meinta fortíðarvanda. Ég vona að næsta ríkisstjórn sem tekur við af þessari láti sér ekki eins annt um vanda núv. ríkisstjórnar því þá mun engin nefnd duga. Ég sé ekki betur en það muni þurfa sérstakt ráðuneyti, ráðuneyti fortíðarvandans, ef svo fer fram sem horfir. Það ráðuneyti mun því miður hafa ærin verkefni.

En hvað hefur þá þessi ríkisstjórn gert til að taka á atvinnuleysisvandanum? Ríkisstjórnin hóf feril sinn með því að hækka vexti þannig að hvorki atvinnulíf né einstaklingar fengu undir þeim ósköpum risið. Hún fjallaði þannig um efnahags- og atvinnumál að halda mátti að hér væri allt í kaldakoli. Hún fylgdi harðsvíraðri gjaldþrotastefnu sem hefur þegar skaðað íslenska þjóðfélagið alvarlega en engu skilað. Og hún dró tennurnar úr þeim opinberu stofnunum sem helst hafa unnið að uppbyggingu atvinnulífsins á landsbyggðinni og vanvirti störf þess fólks sem þar starfar. Ríkisstjórnin segir að það sé ekki hlutverk stjórnvalda að taka þátt í atvinnurekstri, en þetta mál er bara ekki svo einfalt þó svo ríkisstjórnin segi það. Sveitarstjórnir verða að taka þátt í atvinnurekstri vegna þess að þó ríkisstjórnin geti horft upp á það að byggðarlög veslist upp, þá munu sveitarstjórnirnar ekki gera það. Þær munu gera allt sem þær geta til þess að halda uppi atvinnulífi á stöðunum og þær hafa gert það, m.a. á Akureyri þrátt fyrir að svo mikið atvinnuleysi ríki þar. Afleiðingar þessarar stjórnarstefnu eru óóryggi og vonleysi. Hjól atvinnulífsins hafa hægt á sér og það þarf enginn að vera hissa þó árangurinn sé ekki burðugri en reyndin er á.

Það verður þó að viðurkenna að ríkisstjórnin hefur að nokkru snúið frá villu síns vegar. Þegar ljóst var að vaxtaokrið var einfaldlega að keyra þjóðina niður lækkaði ríkisstjórnin vextina með handafli, þó að það væri bannorð í upphafi stjórnarsamstarfsins. Þegar ríkisstjórnin sá að skapast hafði algerlega óviðunandi ástand í atvinnumálum tók hún á sig rögg og viðurkenndi að gera yrði ráðstafanir til að skipasmíðaiðnaður á Íslandi byggi við svipaðar aðstæður og skipasmíðaiðnaður í nágrannalöndunum. Vonandi tekur ríkisstjórnin aftur á sig rögg og grípur til ráðstafana til að rétta skipasmíðaiðnaðinn við, en eigi það að bera árangur *þolir það enga bið*.

Fleiri dæmi væri hægt að tína til, en það er hart að búa við að það skyldi taka tvö ár fyrir ríkisstjórnina að komast að því að ýmis þau ráð, sem hún gagnrýndi fyrri ríkisstjórn fyrir að beita, voru þegar allt kom til alls þrautalending hennar sjálfrar, ekki síst vegna þess að svo löngum tíma var eytt í skoðun á fortíðarvandanum.

Það eru enn blikur á lofti. Enn berjast sterk öfl í ríkisstjórninni fyrir óheftum innflutningi búvara og segja að með því einu verði hagur neytenda helst bættur. Ekki veit ég við hvaða neytendur ríkisstjórnin talar, en það er öruggt að það eru ekki þeir neytendur sem misst hafa atvinnu sína nú þegar vegna samdráttar í búvöruframleiðslunni og það eru örugglega ekki heldur þeir neytendur sem munu missa atvinnu sína ef þessi öfl ná sínu fram. Þessi þjóð mun aldrei geta lifað af innflutningi einum saman, jafnvel þó hann fáist á undirboðsspottprísum fyrst um sinn. Óheftur innflutningur búvara er stórhættulegur þjóðinni og er ekki hagsmunamál neytenda þegar málið er skoðað, ekki síst eins og nú stendur á, stórfellt atvinnuleysi og vaxandi, því miður.

Þegar menn standa frammi fyrir þeim vanda sem nú er orðinn, vefst fyrir ýmsum hvað beri að gera. Nú verður að styrkja þá atvinnuvegi sem þjóðin býr við því það er mun ódýrara og auðveldara að verja það sem fyrir er en að byggja upp nýtt. Jafnframt verður að rétta við nýjar atvinnugreinar sem hafa átt erfitt uppdráttar, svo sem fiskeldi og loðdýrarækt. Það þýðir ekkert að horfa stöðugt til baka og láta töp og erfiðleika fortíðarinnar blinda sér veginn til framtíðarinn-

ar. Þeim hagnaði sem sjóðir atvinnulífsins hafa dregið sér frá atvinnuvegunum, sem hafa í raun ekki getað staðið undir þeim lánskjörum sem þeim hafa verið boðin, þeim fjármunum má verja til rannsókna- og þróunarstarfs og síðan nýsköpunar og uppbyggingar á grundvelli þeirra starfa.

Ég hef hins vegar enga trú á því að þessi ríkisstjórn, sem ekki getur einu sinni tekið grundvallarafstöðu í stefnumótun aðalatvinnuvega þjóðarinnar, ég hef enga trú á því að henni takist að koma atvinnumálum þjóðarinnar í þann farveg sem viðunandi er. Hún tók við góðu búi frá fyrri ríkisstjórn, en valdi þann kost að benda á ímyndaða sökudólga í vandamálum sem ekki voru til. Hún lokaði sjálfa sig inni í blindgötu sjálfsvorkunnar og aðgerðarleysis. Þessi ríkisstjórn er ríkisstjórn brostinna vona og glataðra tækifæri og það besta sem hún getur gert í atvinnumálum íslenskrar þjóðar er að fara frá og koma aldrei aftur.

[13:15]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Þegar efnt var til þessarar umræðu hélt ég að það væri verið að fjalla um mál sem allir þingmenn létu sér við koma og undirbjó mig því til þess að flytja hér mál og tillögur sem gætu lotið að því að skapa atvinnu á Íslandi. Ég vil fyrir hönd þeirra atvinnulausu standa hér og segja: Vér mótmælum allir að þingheimur skuli ekki sýna þessu máli meiri virðingu heldur en hann gerir. Ég ætla ekki að flytja mína ræðu. Ég geymi það til betri tíma.

[13:18]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Við Íslendingar stöndum frammi fyrir miklu meira atvinnuleysi en nokkur okkar hefði trúað fyrir þrem árum síðan. Við stöndum á rústum gjaldþrota fyrirtækja og við stöndum frammi fyrir gjaldþrota heimilum. Við stöndum frammi fyrir hræðilegum mannlegum harmleik sem af atvinnuleysinu stafar, sorg, reiði, fjárhagserfiðleikum, fátækt og veikindum, bæði andlegum og líkamlegum. Við horfumst í augu við veröld sem við viljum ekki og þetta horfumst við í augu við á ári fjölskyldunnar.

Ástæðurnar fyrir því hvernig komið er eru margar. Ástæðurnar eru samdráttur til lands og til sjávar, en ástæðurnar eru líka heimatilbúnar að stórum hluta til. Rekstrargrundvöllur flestra fyrirtækja er bágur. Vextir hafa sligað allt of skuldug fyrirtæki. Og þó svo vextir fari nokkuð lækkandi núna þá kemur það of seint vegna þess að það er erfitt að bólusetja sjúkling sem þegar er dauðvona og mörg þessi fyrirtæki sem allt of skuldsett eru koma sér ekki upp úr skuldasúpunni þótt vextir lækki í dag.

Hvernig stendur á þessu? Sem betur fer eru ekki öll fyrirtæki alveg í rúst. Nokkur þjónustufyrirtæki standa sem betur fer sæmilega, en flestir undirstöðuatvinnuvegirnir standa hörmulega. Það þurfa allir sitt. Ríkið þarf sitt, sveitarfélögin þurfa sitt, orkufyrirtækin þurfa sitt og bankarnir þurfa sitt. Og allar þessar afskriftir sem bankarnir þurfa að standa frammi fyrir þýða að sjálfsögðu áframhaldandi háa vexti. Á þessu er ekki nokkurt lát.

Ég sagði hér áðan að sem betur fer væru nokkur fyrirtæki sem standa vel. Það eru olíufélögin, það eru tryggingafélögin og það eru flutningafyrirtæki. Ég segi sem betur fer. Það verður því miður ekki lengi vegna þess að hver dregur annars taum. Það er undirstaðan sem verður að ganga. Alveg sama hvað menn tala hér fagurlega um rannsóknir og vísindi. Þau munu að sjálfsögðu hjálpa okkur, en við munum bara ekki lifa svo lengi sem fjárhagslega sjálfstæð þjóð að við getum beðið eftir því. Hlutirnir eru svo alvarlegir. Og hvernig hefur hæstv. ríkisstjórn brugðist við þessum mikla vanda? Hún hefur brugðist við þessum vanda með aukinni samkeppni. Samkeppni er lausnarorðið, samkeppni á öllum sviðum þjóðfélagsins. Við erum 250 þúsund manns á Íslandi. Hvernig getum við staðið í samkeppni við aðrar þjóðir? Við skulum líta á það.

Við erum í samkeppni um skipasmíðaiðnaðinn. Norðmenn greiða niður 13%. Niðurgreiðsla til skipasmíðaiðnaðarins í Noregi er 13%. Við erum í samkeppni við það. Á Íslandi má ekki tala um niðurgreiðslur. Við skulum taka áfram dæmi. Það er verið að bjarga skipasmíðaiðnaðinum í dag. Með hverju? Ekki með niðurgreiðslum heldur með jöfnunargjöldum. Mun það bjarga þeim iðnaði? Nei, það mun ekki bjarga þeim iðnaði heldur vegna þess að lánafyrirgreiðslan er allt önnur í þessum löndum heldur en á Íslandi. Og munu þessar 70 milljónir bjarga skipasmíðaiðnaðinum sem skuldar nærri 2 milljarða? Menn eru að tala um 70 millj. til skipasmíðaiðnaðarins. Það eru sértæku aðgerðirnar fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Það er eins og ¼ úr lítilli heilsugæslustöð. Þetta er ekki einu sinni hlægilegt, þetta er sorglegt.

Ég er áfram að tala um samkeppnina. Við heyrum það æ oftar að það sé nauðsynlegt fyrir bændur á Íslandi að fá meiri samkeppni. Landbúnaður á Íslandi muni aldrei lifa nema með aukinni samkeppni. En frammi fyrir hverju standa bændur í dag? 40–50% samdrætti og aukinni samkeppni á öllum sviðum innflutnings. En þeir þurfa samt meiri samkeppni. Það verður þannig að það verða örfáir bændur í þessu landi ef við trúum svo staðfastlega á samkeppni innflutnings, vegna þess að ef við tökum t.d. landbúnaðinn sérstaklega, þá gefur hvert eitt starf í landbúnaði 2–3 störf í þjónustu. Þessu munum við tapa. Og á hverju ætla allir að lifa allt í kringum landið, í öllum bæjum og þorpum sem lifa á þessari þjónustu við landbúnaðinn? Mér er spurn. Það er alltaf verið að tala um neytendur. Auðvitað erum við öll neytendur í þessu landi, en allir neytendur þurfa líka að hafa atvinnu.

Nú gætu margir haldið að ég sé á móti eðlilegri samkeppni. Það er ég alls ekki. En það þarf að vera rekstrargrundvöllur á sama hátt og annars staðar til að við getum tekið þátt í þessari samkeppni. Hann er ekki til staðar.

Ef ég tek bara vextina einu sinni enn. Eru nafnvextir í Danmörku ekki rúmlega 7% en á Íslandi 11,5%? Við erum ekki samkeppnisfær. Og ég held áfram að tala um samkeppni. Hvernig má það vera að Ríkiskaup telji sér hag í því að kaupa erlendis það sem

kaupa má á Íslandi á sama tíma og sagt var frá því í sjónvarpinu í gær að 25% múrara á Íslandi væru atvinnulausir og allt að því 20% trésmiða á Reykjavíkursvæðinu? Samt sem áður telur Ríkiskaup hagkvæmt fyrir íslensku þjóðina að kaupa þetta erlendis frá og við séum ekki samkeppnisfær hvað gæði varðar á þessu sviði. Og svo segjum við: „Við skulum velja íslenskt." Við verðum að meina það sem við segjum og við verðum að hafa kjark til þess að vernda það sem við höfum. Við höfum ekki efni á öðru.

Mér finnst oft skorta mikið á það þegar verið er að tala um atvinnufyrirtæki á Íslandi, að talað sé um það af mikilli skynsemi. Mér finnst að það gleymist oft þegar verið er að tala um fyrirtæki og það sé allt í lagi að þau fari í gjaldþrot, að það er fólk sem vinnur hjá þessum fyrirtækjum. Mér finnst að það gleymist hvað hvert gjaldþrot kostar mikið, ekki bara eigendur fyrirtækjanna heldur þá sem vinna hjá fyrirtækjunum og þá sem eiga fé hjá fyrirtækjunum. Og ég trúi því ekki að það sé rétt, eins og umræðan gengur út frá, að landbúnaðarstéttin sé samansafn af einhverjum mafíósum og þeir sem vinna við sjávarútveginn séu samansafn af einhverjum sjóræningjum. Við þurfum að koma þessari umræðu á eitthvert hærra plan. En fyrst og fremst held ég að það þurfi meiri samvinnu innan greinanna sjálfra. Ég ýti ekki öllum þessum vanda yfir á ríkisstjórnina. Ég tel að það sé mikilvægt að innan landbúnaðarins sé meiri samvinna en er í dag og ég tel að það sama gildi um sjávarútveginn.

En ég verð að segja að það er ekki mikið sem vekur bjartsýni eftir þessar umræður hér í dag. Það er ekki mikið, nánast ekki neitt. Utanrrh. fór með EES-ræðuna sína sem við kunnum öll býsna vel, um hina miklu, auknu möguleika Íslendinga á Evrópumarkaði. Ég ætla ekki að gera lítið úr því, en ég bara minni á það einu sinni enn að til að geta tekið þátt í þessari samkeppni þá þurfum við að vera samkeppnisfærir.

Við Íslendingar eigum marga möguleika, við eigum þúsund möguleika og ég vona að við berum gæfu til að standa saman til að nálgast þessa möguleika því við getum það. Því miður hættum við þessari umræðu í dag án þess að lausnir séu uppi á borðinu. En ég vona að það líði ekki margar vikur með sömu gjaldþrotahrinu og við horfum á og við fáum að sjá bjartari daga með hækkandi sól.

[13:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki hugsað mér að rekja hér frekar tölur heldur en gert hefur verið. Það er alveg ljóst öllum hugsandi mönnum sem horfa á þessi mál út fyrir veggi þessa húss að þörfin er orðin brýn á aðgerðum. Núv. ríkisstjórn hélt þegar hún komst til valda að hún þyrfti ekkert að gera til að sporna við atvinnuleysinu. Markaðurinn átti að leysa það eins og allt annað. Frjálshyggja, markaðshyggja, það er grundvallaratriði og trúarbrögð hjá hæstv. ríkisstjórn.

Hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að það væri hægt að flokka atvinnuleysið. Það væri tæknilegt vandamál, það væri kerfisbundið vandamál og sveiflubundið vandamál. Dugar það fyrir fólkið sem er atvinnulaust að fá fram einhverjar skilgreiningar? Nei, það sem dugar eru aðgerðir, ekki þetta eilífðar tal um að búa í haginn fyrir atvinnulífið. Það hefur engu skilað í aukinni atvinnu. Jukust eitthvað störfin við það að fella niður aðstöðugjaldið? Nei, það var bara fært yfir á skattgreiðendur sem þurftu þá að bera enn þá stærri hluta af rekstri hins opinbera en áður var. Hefur það skilað einhverju að lækka tekjuskatt fyrirtækja? Vissulega ekki vegna þess að það kemur þeim fyrirtækjum sem illa standa og fólk þarf að reiða sig á að engu gagni. Þau greiða hvort eð er engan tekjuskatt. Og hafa fyrirtæki eins og Eimskip sem gengur vel fjölgað fólki vegna þess? Alls ekki. Þau keppast bara við að skrá skip sín undir þægindafána og þurfa ekki einu sinni að ráða Íslendinga til vinnu. Og hvað sagði svo ráðherrann um aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Hann sagði m.a. að átaksverkefni sveitarfélaga færi í gang fyrr en áður. Það er út af fyrir sig ágætt. En hvenær kemur að átaksverkefnum ríkisstjórnarinnar? Hver eru þau? Er það aðeins vegagerð? þó hún sé svo sem góðra gjalda verð. Hvenær verður notað þjármagn sem lofað var í fyrra að færi til hinna ýmsu verkefna ríkisins, t.d. til viðhalds bygginga, landgræðslu, nýsköpunar, rannsókna eða eitthvað annað?

Ríkissjóður á nú samkvæmt greiðsluuppgjöri sem nýlega hefur komið fram að standa betur að vígi en fjárlög og fjáraukalög frá því í haust gerðu ráð fyrir. Og hvers vegna er það? Vegna þess að milljarðurinn sem átti að fara til atvinnuskapandi framkvæmda er enn þá óhreyfður. Hann er bara geymdur í ríkissjóði fram yfir áramót. Við getum líka sýnt betri stöðu í buddunni okkar ef við geymum það að fara til læknis, við verðum samt að gera það einhvern tímann. En við eigum kannski þá peninga í buddunni um mánaðamótin af því að við geymdum það í þessum mánuði. Ríkissjóður getur líka sýnt betri greiðslustöðu, betra sjóðsuppgjör, af því að hann notar ekki þá peninga sem hann hafði lofað til atvinnuskapandi framkvæmda fyrr en kannski ári seinna eða kannski aldrei.

Ég held að það verði að setja fjármuni í atvinnulífið. Ríkið verður að gera það rétt eins og sveitarfélögin. Við getum litið á tölurnar sem atvinnuleysið kostar, 7–8 milljarða á ári. Nýlega höfðum við þingmenn hér á borðum okkar tölur um hvað gjaldþrot fyrirtækja kosta ríkissjóð. Það eru líka nokkrir tugir milljarða ef við tökum þó ekki væri nema valdatímabil þessarar ríkisstjórnar. Ég vil fá það fram hér á Alþingi, þó það verði kannski ekki í þessum umræðum, þá vil ég fá það fram frá hæstv. forsrh. og ríkisstjórninni hverjar eru tillögur ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Verður viðhaldsverkefnum hraðað? Verður lagt fram áhættufé til stofnunar atvinnurekstrar? Verður hætt við einkavæðingu, t.d. Lyfjaverslunar ríkisins þar sem eru 60 ársverk? Og með einkavæðingu og sölu verður örugglega stefnt að fækkun starfsmanna því það er jú liður í hagræðingunni. Heldur ríkisstjórnin virkilega að atvinnuleysi minnki með tilkomu þeirra alþjóðasamninga sem við erum að gera? Hefur atvinnuleysi minnkað í Evrópu með tilkomu innri markaðarins? Nei, það heldur áfram að vaxa. Hv. 10. þm. Reykv. rakti hér

áðan þá stöðu sem er á Írlandi. Stöðugleiki, lág verðbólga, búið í haginn fyrir atvinnuvegina o.s.frv., en atvinnuleysið vex samt og það mundi vera enn þá meira ef fullt af fólki hefði ekki flutt í burtu. Það er líklega svipað og þegar við Vestfirðingar ræðum stöðu atvinnulífsins á Vestfjörðum. Það er stöðugt vitnað til þess að þar sé það lægst á landinu, minnsta atvinnuleysi á landinu, besta atvinnan á Vestfjörðum segja menn. En hvers vegna? Vegna þess að þar hefur fækkunin orðið langmest í öllum landshlutum. Í öllum kjördæmum hefur fólksfækkun orðið langmest á Vestfjörðum. Og þess vegna er auðvitað minnst atvinnuleysi þar þó það verði sennilega ekki til frambúðar, því miður, vegna þess að þar horfa menn nú fram á hrun, algert hrun, á næstu mánuðum vegna þess að kvótinn er búinn og það er ekki að neinu öðru að hverfa því að fiskveiðar og fiskvinnsla eru okkar stóriðja.

Konur hafa raunar verið að reyna að bregðast við. Stofna fyrirtæki, iðnfyrirtæki. En það sem vantar fyrir áhugasamt fólk sem vill reyna að bjarga sér er fjármagn, líka aðgangur að áhættufjármagni. Við kvennalistakonur lögðum fram hér fyrir tveimur árum tillögu um að stofna lánatryggingasjóð kvenna. Þeirri tillögu var hafnað og vísað á ráðherra bankamála að skoða það mál. Þar hefðu konur haft greiðari aðgang að lánsfjármagni en nú er, ef það hefði orðið að veruleika. Og ég vil bara spyrja: Eru mörg fyrirtæki kvenna í landinu sem hafa orðið gjaldþrota? Reyndar ekki. Ég hygg að það megi telja þau á fingrum annarrar handar. (**Gripið fram í:** Karlarnir eru nú giftir.) Konur fara yfirleitt betur með fjármagn en karlar sem sýnir það oft að það eru konurnar sem halda um budduna á heimilunum, virðulegi þingmaður. Það er þess vegna enn þá meiri ástæða til að styðja þær konur sem vilja reyna fyrir sér með atvinnurekstur. En hvað skyldi ríkisstjórnin hafa gert til þess? Hún lagði 60 millj. kr. á sl. ári í atvinnuátak fyrir konur af 1.000 millj. kr. og kannski er ekki enn búið að nota þær frekar en annað af þessum milljarði. Það er ekki nóg að gert og það verður að koma með aðgerðir í þessum málum.

[13:36]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Með þessum umræðum var ríkisstjórn Íslands gefið tækifæri til að svara því fólki, sem innan tíðar kemur á Austurvöll, hvað ríkisstjórnin ætlar að gera. Hæstv. fjmrh. hefur talað hér, hæstv. utanrrh. hefur talað hér, hæstv. félamrh. hefur talað hér. En því miður er það þannig að fólkið sem innan tíðar kemur hér á Austurvöll hefur engin svör fengið.

Hæstv. utanrrh. varði allri sinni ræðu við að telja upp tíu atriði sem ríkisstjórnin hefði framkvæmt á valdaferli sínum. Hann sagði orðrétt að „atvinnustefna ríkisstjórnarinnar fælist í þessum tíu atriðum". Hver er árangurinn? Árangurinn er þreföldun atvinnuleysis frá því að ríkisstjórnin tók við. Árangurinn er sá einstæði fundur, neyðarfundur launafólks í Reykjavík, sem verður á Austurvelli innan tíðar. Og hafði utanrrh. eitthvað að segja um hvað ætti að gera nú í vetur? Nei, hann nefndi ekki eitt einasta atriði. Og hvað sagði hæstv. félmrh.? Hæstv. félmrh. gerði ekki annað í dag, í sinni vélrænu ræðu, en að rekja hitt og þetta sem voru eins konar fínpússningaraðgerðir á atvinnuleysinu. Fínpússningaraðgerðir á atvinnuleysinu. Er það virkilega þannig að hæstv. félmrh., ráðherra Alþfl., sjái það eina fram undan að fínpússa atvinnuleysið?

Hæstv. utanrrh. var auðvitað enn að tala um EES. Hæstv. utanrrh. er að halda til Asíu. Ég óska honum góðrar ferðar. Það sýnir heimssýn þessa utanrrh. að eftir rúm fimm ár í embætti er hann nú að fara sína fyrstu ferð til Asíu, en hefur árlega farið yfir tíu, jafnvel tuttugu ferðir til Evrópu. Hæstv. utanrrh. ætti að átta sig á því að skýringin á því að fyrirtækið Íslenskar sjávarafurðir, önnur öflugustu sölusamtök Íslendinga, jók tekjur sínar á sl. ári, fólst í því að markaðshlutdeild Íslenskra sjávarafurða í Asíu og í Bandaríkjunum óx, en markaðshlutdeildin í Evrópu minnkaði. Það er nefnilega ein skýringin á því hvers vegna atvinnuleysið hefur aukist að þessi ríkisstjórn hefur horft á hið hnignandi markaðssvæði Evrópu sem sína framtíðarsýn. Hún hefur aðhafst það eitt að tengja íslenska hagkerfið við hið hnignandi markaðssvæði heimsins, Evrópu, í stað þess að horfa sókndjörfum huga til þeirra heimssvæða þar sem hagvöxturinn og sóknin í hagkerfinu er mest. Það sýnir fátt betur atvinnustefnu Jóns Baldvins Hannibalssonar að fyrst nú, eftir fimm ára feril í embætti, ætlar hann að halda til Asíu.

Það eru ekki illgjarnir menn sem hér hafa talað, hæstv. utanrrh. Menn hafa talað hér ekki vegna þess að þeir séu vondir menn heldur vegna þess að þið eru með vonda stefnu. Það er það sem hefur brugðist, það sem þið eigið að játa sem ykkar ósigur.

Svo var spurt að því: Hvar eru okkar tillögur, okkar sem hér höfum talað? Ég nefndi það hér, taldi óþarfa að rekja það, að Alþb. hefur lagt hér fram heila bók, yfir 100 bls., með mörg hundruð tillöguliðum og ítarlegri greiningu á því hvers vegna núv. efnahagsstefna sé röng og hvernig hið nýja forrit efnahagslífsins á Íslandi eigi að líta út. Þegar ég var að kynna það hér á sl. ári hvernig margar af meginhugmyndum þessarar leiðar tengjast þeirri breytingu sem varð í hagstjórn í Bandríkjunum á síðasta ári með tilkomu nýs forseta, eftir stjórnartíð Reagans og Bush, þá hæddist hæstv. forsrh. að mér. En hvað hefur gerst í Bandaríkjunum? Þó að þar séu enn þá miklir erfiðleikar þá hefur þróuninni verið snúið við. Þá er núna sókn í efnahagslífinu. Þá eru öll helstu einkenni hagkerfisins með öðrum formerkjum vegna þess að stefnunni var breytt. Og það er einmitt það sem er kjarninn í þessari umræðu hér í dag, að án þess að breyta um stefnu verður ekki hægt að snúa þessu við. Ef ekki kemur hér ný ríkisstjórn, með nýja stefnu og nýtt forrit í efnahagsmálum á Íslandi þá verða atvinnulausir Íslendingar því miður að koma áfram á Austurvöll. Koma áfram á Austurvöll til að mótmæla, til að krefjast stefnubreytingar. Þess vegna segi ég við þá ráðherra sem hér hafa talað í dag og engan nýjan boðskap flutt: Þið eigið að sýna manndóm og viðurkenna að þetta hefur ekki tekist, efna til kosninga og láta þjóðina, sem er hæstiréttur okkar, dæma. Alþb. er reiðubúið að leggja sína

stefnu í þann dóm. Við erum reiðubúin til að biðja um umboð til að innleiða hér nýtt forrit í hagstjórn á Íslandi. Og við segjum við ríkisstjórnina: Rjúfið þingið, efnið til kosninga, látið ekki bara fundinn á Austurvelli í dag vera tákn um það sem þjóðin er að segja, leyfið þið þjóðinni í kjörkassanum að ákveða hvaða stefna eigi að ríkja á Íslandi.

[13:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þessar umræður utan dagskrár sem hafa átt sér stað í dag hafa að mörgu leyti verið athyglisverðar og ágætar. Ég mun samt fyrst og fremst beina sjónum mínum að atriðum sem ég tel að þurfi leiðréttingar við. Ég vil fyrst harma það að hv. varaþm., Guðmundur Stefánsson, þingmaður Norðurl. e., hélt því fram þegar hann gagnrýndi hv. þm. Tómas Inga Olrich, að hann hefði gleymt að segja frá því að þessi ríkisstjórn hefði ekkert gert fyrri slippstöðina Odda. Það er nú einu sinni þannig að þessi ríkisstjórn gerði það sem sú fyrri gerði ekki og það var að láta nýtt fjármagn í Slippstöðina, 35 millj. kr. og beita sér fyrir sameiningu fyrirtækjanna. Þetta var gert í tíð þessarar ríkisstjórnar til að styrkja stöðu Slippstöðvarinnar og var harla gagnrýnt af öðrum skipasmíðastöðvum. Þetta vil ég að komi sérstaklega fram því að þarna fór hv. þm. ranglega með hlutina og það harma ég að sjálfsögðu.

Hv. 10. þm. Reykv. flutti hér ræðu, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, nýkomin af fundi um atvinnumál og atvinnuleysismál, og sagði að menn töluðu mikið og lýsti því sem kom fram í minni ræðu, að þar hefði einungis verið minnst á sömu frasana. Sömu frasana! Við skulum skoða þetta örlítið betur. Er það frasi að segja frá því að hér ríki nú stöðugt verðlag sem tryggir kaupmátt og styrkir samkeppnisstöðu fyrirtækjanna íslensku? Er það frasi að skýra frá því að ríkisstjórnin hafi stutt frelsi í viðskiptum og þá einkum viðskipti við aðrar þjóðir? Er það frasi að lækka skatta á fyrirtækjum til að styrkja stöðu þeirra? Það hefur verið gert. Er það frasi þegar sagt er frá því að raungengi íslenskra fyrirtækja sé mjög hagstætt um þessar mundir? Er það frasi þegar sagt er frá því að vextir hafi verið lækkaðir? Er það frasi þegar því er lýst að nokkrir milljarðar hafi gengið til að styrkja atvinnulífið á Íslandi? Þar á meðal með atvinnuskapandi aðgerðum eins og lýst var í ræðu hæstv. utanrrh.

Allt eru þetta aðgerðir til þess að styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna, samkeppnisstöðu atvinnulífsins, til að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi. Og þingmaðurinn kemur í ræðustól og hefur ekkert annað til málanna að leggja en að segja að þetta séu frasar. Við heimtum að sjálfsögðu betri skýringar á stefnu Kvennalistans heldur en þessa yfirlýsingu.

Það sem kom fram í þessum umræðum hér í dag og þá einkum hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich, var hvernig sýnt var fram á hvernig gamlar syndir, og ég er ekki að nefna neinn sérstakan stjórnmálaflokk í því sambandi, hvernig gamlar syndir hlaðast upp þegar við reynum að fela dulið, innbyggt atvinnuleysi. Það gerðist með því að við tókum erlend lán á erlend lán ofan og nú er komið að skuldadögunum þegar illa árar. Það hefur komið fram í þessum umræðum að við þurfum í ár að greiða hvorki meira né minna en 51 milljarð í afborganir og vexti, 51 milljarð, m.a. vegna lána sem hafa verið notuð til hluta í atvinnulífinu, til að halda úti atvinnu, til fjárfestinga sem hafa mistekist og við höfum verið að afskrifa 8–10 milljarða núna á þremur árum og verðum að halda því áfram.

Þetta er það sem stendur upp úr þessari umræðu í dag. Þetta er það sem skýrir m.a. og hefur skýrt best hvers vegna við stöndum í þessum vandræðum í dag. Það kom skýrt fram hjá hv. þm. Það hefur hins vegar ekkert komið frá stjórnarandstöðunni. Það eina sem hefur verið sagt hér er að formaður Alþb. hefur lýst því að hann hafi skrifað bók upp á 100 bls. og ég efast ekki um að það skaffar nokkrum prenturum vinnu að koma þeirri bók út, ég skal ekki mótmæla því. Sú bók lýsir fyrst og fremst bandarískri reynslu. Hann hefur gengið í smiðju til höfunda sem ég þekki suma hverja eins og Lester Thurow sem hafa skrifað ágætar bækur, ég skal ekki mótmæla því. Hann hefur lýst stefnu Clintons Bandaríkjaforseta. En Clinton Bandaríkjaforseti, eins og fleiri stjórnmálamenn í Bandaríkjunum, hefur m.a. haldið úti þeirri stefnu að það eigi ekki að fara evrópsku leiðina. Það eigi að vera meiri sveigjanleiki, meiri launamunur, það eigi að byggja á skammtímavinnu fyrir fólk og það eigi jafnvel að vera hálfsdagsvinna o.s.frv. Er það þetta sem hv. þm. vill sjá?

Í þessum umræðum, virðulegur forseti, hefur komið fram að við höfum skýrt orsakirnar. Við höfum lýst aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Við höfum sýnt hvernig okkur hefur tekist að koma í veg fyrir aukið atvinnuleysi með okkar aðgerðum. Við höfum borið okkur saman við álit Alþýðusambandsins í nóvember 1992 þegar spáð var 20% atvinnuleysi. Við höfum sýnt fram á það hvernig atvinnuleysið í nágrannalöndunum hefur vaxið miklu hraðar en hér. Það hefur líka komið fram í þessum umræðum að þótt atvinnuleysi sé allt of mikið í þessum mánuði og þeim síðasta þá er von á betri tíð af því að sjómannaverkfallinu er lokið og nú má búast við að atvinnuskapandi aðgerðirnar skili sér. Botninum verður væntanlega náð í ár. Hagvöxtur verður á næsta ári og það er mikilvægt að haldið verði áfram. Íslenska þjóðin þolir að sjálfsögðu ekki og um það erum við öll sammála sem betur fer í dag — íslenska þjóðin þolir það ekki til lengdar að atvinnuleysið setjist hér að til framtíðar. Þetta er lítið þjóðfélag, viðkvæmt þjóðfélag, þetta er eins og lítil fjölskylda.

Það mál sem við höfum rætt í dag er mjög mikilvægt. Það er ekki bara mikilvægt fyrir ríkisstjórnina, það er mikilvægt fyrir alla stjórnmálamenn, það er mikilvægt fyrir alla þjóðina og það er mikilvægast af öllu að við höldum áfram að leysa þetta mál með víðtæku samkomulagi stjórnvalda og þeirra sem að málinu hafa komið að undanförnu, sem eru verkalýðssamtökin annars vegar og atvinnurekendur hins vegar. Þannig höfum við staðið að verki og þannig mun ríkisstjórnin áfram standa að þessu verki.

[13:50]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eftir þá umræðu sem hér hefur farið fram um atvinnuleysisvandann, sem verður haldið áfram að ræða úti í þjóðfélaginu, þá er óhjákvæmilegt að spurt sé: Hvenær kemur til umræðu sú skýrsla sem liggur fyrir um afleiðingarnar af atvinnuleysi á íslenskt þjóðfélag, bæði frá félagslegu og efnahagslegu sjónarmiði séð? Sú skýrsla hefur legið fyrir frá því í desembermánuði. Hún var saman tekin á grundvelli þáltill. sem var samþykkt í fyrravor að frumkvæði okkar alþýðubandalagsmanna, sem höfum haldið vakandi umræðu um þessi mál oft í þessari stofnun. Og ég tel að það sé kominn tími til að þessi skýrsla verði tekin hér til umræðu og spyr hæstv. forseta: Hvenær kemur þessi skýrsla til umræðu? Ég tel að það sé brýnt að það gerist strax eftir komandi helgi. Er þess kostur, hæstv. forseti?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun taka þetta til athugunar og sjá hvenær hægt verður að koma þessari skýrslu á dagskrá sem allra fyrst.

Lyfjalög, 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300.

[13:51]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til lyfjalaga.

Þann 18. ágúst 1991 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh. Sighvatur Björgvinsson nefnd undir formennsku Brynjólfs Sigurðssonar prófessors til að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu með tilliti til stefnu ríkisstjórnarinnar um aukið frelsi og aukna samkeppni í lyfjasölu með það að markmiði að lækka tilkostnað og álagningu á lyfjum og um leið bæta þjónustu á því sviði. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir:

„Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur ákveðið að skipa nefnd sem fær það verkefni að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu, sérstaklega með það í huga að meira frjálsræði en nú ríkir í þessum málaflokki geti leitt til meiri hagkvæmni og betri þjónustu á þessu sviði þannig að dregið verði úr álagningarþörf án þess að slakað verði á öryggiskröfum með tilliti til búnaðar, vöruframboðs og faglegs eftirlits. Nefndinni er falið að gera tillögur að breyttu fyrirkomulagi lyfjadreifingar, -skráningar og heildsölu með þeim hætti sem athuganir hennar leiða í ljós að þurfi svo að framangreindum markmiðum verði náð." Nefndin skilaði áliti sínu í byrjun apríl 1992.

Í niðurstöðum nefndarálitsins segir m.a. eftirfarandi:

„Sýnt er fram á að nauðsynlegt sé að taka upp hlutfallsgreiðslur fyrir lyf ef ná eigi fram samkeppni á smásölustigi. Vegna ákvæða um stjörnumerkt lyf og lyf í B-flokki og reyndar einnig vegna reglna um greiðslur elli- og örorkulífeyrisþega fyrir lyf þá verður árangur af hlutfallsgreiðslum takmarkaður nema breytingar verði gerðar á greiðslufyrirkomulagi fyrir ofangreinda lyfjaflokka. Þá er vert að vekja athygli á að af og til koma mjög dýr lyf á markað. Framleiðendur þeirra hafa að jafnaði einkaleyfi til framleiðslu á þeim til nokkurra ára. Þessi lyf geta verið svo dýr að útgjöld sjúkratrygginga vegna eins slíks lyfs geta hæglega numið tugum og jafnvel hundruðum milljóna króna. Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til þess að þessi dýru lyf séu ekki notuð í stað ódýrari lyfja ef hjá því verður komist út frá læknisfræðilegu sjónarmiði. Almannatryggingakerfið er á föstum fjárlögum. Gera verður ráð fyrir að staðið skuli við fjárlög. Þegar óvænt útgjöld koma til eins og vegna nýrra dýrra lyfja þarf að vera hægt að beita sveigjanleika annaðhvort með auknum fjárveitingum eða að nefnd skipuð fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, lyfjanefndar, landlæknis og ráðuneytis gæti ákveðið aðra tilhögun á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga en almennar reglur leyfa."

Í nefndarálitinu segir enn fremur: „Vilji stjórnvöld koma á frelsi í lyfjadreifingunni telur nefndin ráðlegast að fyrst verði komið á hlutfallsgreiðslum fyrir lyf. Fyrst þegar breyttu endurgreiðslukerfi hefur verið komið á er tímabært að rýmka reglur um lyfsöluleyfi þannig að frelsi til að stofna apótek aukist. Meðan verið er að komast að því hvort samkeppni muni eiga sér stað getur verið ráðlegt að hafa hámarksverð á lyfjum þannig að fyrirtækin hafi tækifæri til að keppa innan þess ramma sem hámarksverðið veitir.

Verði sú raunin á að samkeppnin verði næg til að halda niðri lyfjaverðinu opnast möguleikar til að létta opinberum afskiptum af smásöluverði lyfja, hvort sem það væri gert með því að afnema hámarksverðið eða með því að heimila lyfsölum að ákveða afgreiðslugjald upp á eigin spýtur fyrir hverja lyfjaávísun.

Leita þarf leiða til að örva samkeppni í innflutningi og heildsölu lyfja. Í því sambandi þyrfti m.a. að kanna kosti og galla samhliða innflutnings (parallel import) og meta hugsanlegan ávinning sem slíkt fyrirkomulag gæti haft í för með sér.

Ætla verður að auknu frelsi í lyfjasölu fylgi fjölgun útsölustaða og þar með greiðari aðgangur að lyfjum sem að öðru jöfnu leiðir til hærri heildarkostnaðar. Á móti kemur aukin kostnaðarvitund þeirra sem nota lyf ef hlutfallsgreiðslur verða teknar upp auk þess sem vænta má aukinnar samkeppni. Í því sambandi er samanburður við lyfjaverð á erlendum mörkuðum mikilvægur. Ef endurgreiðslur sjúkratrygginga verða miðaðar við verð lyfja á erlendum mörkuðum mun það hvetja lyfjaheildsala til að komast að hagstæðara verði en sem nemur viðmiðunarverðinu. Einnig munu sérstakar ráðstafanir vegna nýrra dýrra lyfja geta dregið úr lyfjakostnaði.

Lyfjakostnaður ræðst mjög af ávísanavenjum lækna. Af hálfu heilbrigðisyfirvalda hefur til skamms tíma lítið verið gert að því að fræða lækna um ný lyf. Fræðsla á því sviði hefur nær alfarið verið í höndum lyfjaframleiðenda og umboðsmanna þeirra. Eðlilegt er að sú

fræðsla sé gerð í eiginhagsmunaskyni og beri keim af einhliða áróðri. Nauðsynlegt er að koma á mótvægi við slíka upplýsingagjöf og er eðlilegt að það starf fari fram á vegum heilbrigðisyfirvalda. Breyttar reglur um endurgreiðslur sjúkratrygginga auka þörf lækna fyrir upplýsingar um lyf þar sem hlutfallsgreiðslur munu leiða til að hagsmunir sjúklinga og sjúkratrygginga fara saman þegar læknir tekur ákvörðun um lyfjagjöf."

Þetta sagði m.a. í niðurstöðum nefndarálits frá því í apríl 1992. Frá þeim þeim tíma hafa ákveðin markviss skref verið tekin í þá veru sem lýsti í nefndaráliti. M.a. hefur aukin hlutdeild sjúklinga og lyfjanotenda verið tekin upp og vissulega vakið með köflum deilur. Á hinn bóginn held ég að ekki verði um það deilt, að kostnaðarvitund og þar með virkt eftirlit kaupenda þessarar þjónustu hefur verið miklum mun meira en áður var.

Innan Efnahagsbandalags Evrópu hafa skilmálar og reglur um viðurkenningu lyfja fyrir fólk og dýr verið samræmdar í síauknum mæli og stefnt er að einum sameiginlegum lyfjamarkaði í Evrópu. Samræmdar aðgerðir EB og EFTA miða m.a. að því að samkeppni aukist og upplýsingar um markaðinn verði aðgengilegri á sameiginlega markaðnum á sviði verðlagningar og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði. Stefnt er að því að ákvæði í lögum aðildarlanda hins sameiginlega evrópska markaðar, sem koma í veg fyrir samkeppni í verði og þjónustu, verði afnumin.

Við samningu lagafrv. hefur verið tekið mið af þeim tilskipunum um lyfjamál sem samþykktar hafa verið innan Efnahagsbandalagsins og gilda munu innan Evrópska efnahagssvæðisins. Búast má við að fleiri tilskipanir varðandi lyfjamál verði samþykktar innan EB sem nú þegar eru í formi tillagna, tilmæla og orðsendinga frá ráði EB. Gert er ráð fyrir að þau ákvæði tilskipana EB um lyfjamál sem ekki felast í frv. verði felldar inn í reglugerðir sem settar verða í kjölfar samþykktar þessarar.

Framangreint nefndarálit, sem ég fór nokkrum orðum um, auk fyrirsjáanlegrar þróunar Evrópumarkaðar styður þá stefnu ríkisstjórnarinnar að stuðla verði að lækkun dreifingarkostnaðar á lyfjum með því að koma á samkeppni á öllum stigum.

Lagafrv. þetta, sem samið hefur verið í heilbr.- og trmrn., hefur verið sent til umsagnar á ýmsum stigum við samningu þess, m.a. Læknafélagi Íslands, Apótekarafélagi Íslands, Lyfjafræðingafélagi Íslands, Stéttarfélagi ísl. lyfjafræðinga, Félagi ísl. stórkaupmanna, lyfjanefnd og Lyfjaeftirliti ríkisins. Þessir aðilar og ýmsir aðrir hafa gefið álit sitt og hefur þess verið freistað eftir föngum að taka tillit til athugasemda sem fram hafa komið.

Eins og kunnugt er náðist ekki að ljúka umfjöllun um frv. til lyfjalaga, sem lagt var fram á Alþingi 19. apríl 1993, fyrir þinglok sl. vor og þetta frv. sem ég hér mæli fyrir byggir á. Heilbrn. Alþingis sendi það frv. ýmsum aðilum til umsagnar og bárust margar og sumar allviðamiklar athugasemdir til baka. Af þeim má ráða að skiptar skoðanir voru um einstök atriði, en einnig komu fram góðar ábendingar um það sem betur mátti fara.

Í sumar fól ég eftirfarandi aðilum að endurskoða fyrra frv. og gera tillögur til breytinga: Einari Magnússyni, deildarstjóra í heilbrrn., Geir Haarde alþm., Guðjóni Magnússyni, skrifstofustjóra í heilbrrn., Sigbirni Gunnarssyni alþm. og Sólveigu Guðmundsdóttur, deildarstjóra í heilbrrn., var falið að fara yfir þær athugasemdir sem bárust heilbrn. Alþingis og fara í ýmsar hugsanlegar breytingar og lagfæringar á hinu fyrra frv., aðallega þó til að tryggja betur lyfjadreifingu í dreifbýli, sem var eitt þeirra atriða sem hæst bar hér í umræðu á þinginu á síðasta ári.

Endurskoðað frv. gerir ráð fyrir sömu grundvallarbreytingu frá gildandi lögum og fyrra frv., en eins og ég gat um er þó tekið tillit til ábendinga, sérstaklega varðandi lyfjaverslun í dreifbýli. Helstu breytingar frá gildandi lögum felast í eftirtöldum atriðum:

1. Í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins er skilið á milli skráningar lyfja annars vegar og markaðsleyfa þeirra hins vegar. Nýjar reglur um skráningu og markaðsleyfi hafa m.a. í för með sér að um samhliða innflutning lyfja munu gilda sömu reglur og nú eru innan Efnahagsbandalagsins. Hér er um að ræða lyf sem þegar eru skráð og þekkt hér á landi en kunna að vera framleidd á öðrum stað en tilgreint er í skráningargögnum og fyrir annan markað. Með þessari heimild er hugsanlegt að auka samkeppni í innflutningi og lækka þar með lyfjaverð. Svo að dæmi sé tekið eru í flestum tilfellum nákvæmlega sömu lyfin á markaði í Danmörku og Svíþjóð, en munur á verði einstakra lyfja getur numið tugum prósenta. Með því að heimila samhliða innflutning væri t.d. hægt að kaupa lyfin frá Svíþjóð, þar sem þau eru almennt mun ódýrari en í Danmörku. Að sjálfsögðu verður að gæta að öryggi lyfjanna, en væntanlega þyrfti ekki að hafa miklar áhyggjur af því atriði í þessu einstaka dæmi, þar sem löndin eru Danmörk og Svíþjóð, þar sem sömu öryggiskröfur eru gerðar til lyfja í báðum löndum. Reglugerð þarf hins vegar að setja um samhliða innflutning í samræmi við þær reglur sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu til að tryggja að ekki komi fölsuð lyf inn á markað eftir þessari leið.

2. Aukið frelsi til að setja á stofn lyfjabúðir. Gert er ráð fyrir að ekki þurfi lengur forsetaleyfi til lyfjasölu og að reglur um stofnun apóteka verði rýmkaðar. Handhafar lyfsöluleyfa munu fá eins árs aðlögunartíma til að aðlagast breyttum aðstæðum. Eftir þann tíma er heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra skylt að veita hverjum þeim umsækjanda sem uppfyllir skilyrði frumvarpsins lyfsöluleyfi. Endurskoðað frumvarp gerir ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að takmarka fjölda lyfjabúða í þeim heilsugæsluumdæmum þar sem fjöldi íbúa er undir 5.000 á grundvelli rökstuddra athugasemda frá stjórnum heilsugæslustöðva viðkomandi umdæmis. Einnig gerir endurskoðað frumvarp ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að fela stjórn heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúða í þeim heilsugæsluumdæmum sem enginn lyfjafræðingur fæst til að sinna en þörf fyrir lyfjabúð er talin ótvíræð. Er með þeim hætti komið til móts við ábendingar frá dreifbýlinu.

3. Aukið frelsi í verðlagningu lyfja. Verðlagning lausasölulyfja verður gefin fjáls en hámarksverð sett á lyfseðilsskyld lyf og dýralyf. Dregið verður að öðru leyti úr opinberum afskiptum af lyfjaverði og lyfjaverðlagsnefnd verður lögð niður.

4. Breytingar verða á reglum um auglýsingar lyfja. Heimilt verður að auglýsa lausasölulyf í samræmi við reglur sem gilda munu á Evrópska efnahagssvæðinu en reglur um auglýsingar annarra lyfja eru hertar. Lyfjabúðir fá heimild til að auglýsa verð og þjónustu.

5. Sjúkrahússapótek getur annast afgreiðslu lyfja til sjúklinga sem útskrifast og göngudeildarsjúklinga og verða reikningslega aðskilin frá öðrum rekstri sjúkrahússins.

6. Lyfjagreiðslunefnd verður skipuð og fær hún það verkefni að ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum, dýralyfjum og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

7. Í frv. er gert ráð fyrir að allir dýralæknar fái heimild til að kaupa lyf í heildsölu til að nota í sjúkravitjunum, en ekki einungis héraðsdýralæknar og apótek eins og nú er. Gert er ráð fyrir að þeir hafi síðan heimild til að selja dýralyf á allt að hámarksútsöluverði sem ákveðið er af lyfjagreiðslunefnd.

Frumvarp þetta fellir saman í ein lög lyfjalög nr. 108/1984, með síðari breytingum, og lög um lyfjadreifingu, nr. 76/1982, með síðari breytingum, og gerir ráð fyrir að heiti þeirra verði lyfjalög. Auk þeirra nýmæla, sem frumvarpið hefur að geyma, eru lagðar til nokkrar breytingar og lagfæringar á gildandi lögum í ljósi reynslu af framkvæmd þeirra og í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins. Þannig er fækkað allverulega þeim ákvæðum laganna sem mæla fyrir um setningu reglugerða en þess í stað sett almenn heimild til að setja í reglugerðir nánari ákvæði um framkvæmd þeirra.

Virðulegi forseti. Ég hef hér drepið á nokkur helstu atriði frv. til lyfjalaga sem að sönnu er um margt viðamikið og lýtur að fjölmörgum þáttum heilbrigðiskerfisins. Ég bind við það vonir að frv. þetta leiði í fyrsta lagi til umtalsverðrar lækkunar álagningar lyfja og þar með lækkunar útsöluverðs. Það gerist m.a. fyrir tilverknað hins hliðstæða innflutnings, parallel import, sem gerir það að verkum að samheitalyf geta verið flutt til landsins af fleiri en einum og fleiri en tveimur aðilum frá fleiri en einu og fleiri en tveimur löndum þannig að samkeppni kemst á strax á innflutningsstiginu. Með þessu er verið að brjóta upp og leggja af það einkasölukerfi sem gilt hefur á þessu sviði um langt árabil og hefur auðvitað leitt til þess að verðlagningu og álagningu lyfja hefur verið haldið uppi, enda kerfið út af fyrir sig ekki borið í sér neinn hvata til annars. Í annan stað bind ég við það vonir að í viðskiptum innflytjenda, heildsala og smásala verði virk samkeppni sem leiði enn fremur til lækkaðs verðs.

Eins og ég gat um í ræðu minni hér er við það miðað að á lyf sem gerð er krafa um að læknar ávísi er sett hámarksverð. Þar með er tryggð samræmd verðlagning á landinu öllu. Veit ég vel að ýmsir aðilar sem hafa innflutning og sölu lyfja með höndum hafa af því áhyggjur að á hinum ýmsu kaup- og sölustigum lyfja, heildsölu og smásölu, geti þetta þýtt að það halli á einn aðila framar öðrum. Með öðrum orðum að heildsalinn kunni að bera skarðan hlut frá borði en smásalinn ekki, ellegar öfugt. Ég vænti þess hins vegar, þegar jafnvægi kemst á, eins og í öðrum viðskiptum með matvöru og aðra vöruflokka, þá komist þarna jafnvægi á fyrir tilverknað þeirrar samkeppni sem lagt er upp með.

Ég vek auðvitað sérstaklega athygli á því, virðulegi forseti, að þrátt fyrir mjög verulegan árangur til lækkunar lyfjakostnaðar á mann hér á landi á allra síðustu missirum sem auðvitað, eins og ég gat um, hefur að hluta til orðið vegna stærri hlutdeildar notenda í verði lyfja, þá hefur allt að einu heildarkostnaður við lyf, hvort heldur um er að ræða beingreiðslur notenda ellegar niðurgreiðslur hins opinbera, Tryggingastofnunar ríkisins, leitt til þess að lyfjakostnaður á mann hér á landi hefur farið lækkandi ár frá ári. Það er þvert á þá þróun sem verið hefur á öðrum Norðurlöndum, en betur má ef duga skal og ljóst er að lyfjakostnaður á mann hér á landi samanborið við það lægsta sem gerist hjá öðrum Norðurlöndum hefur verið allt að tvöfaldur.

Á hinn bóginn liggur það einnig fyrir að lyfjanotkun hér á landi er með því lægsta sem gerist í þessum samanburðarlöndum okkar. Með öðrum orðum að við Íslendingar gegnum heilt notum ekki lyf í óhófi þó að auðvitað séu á því undantekningar eins og öllu öðru. Það sem auðvitað vekur hins vegar mestu athyglina er sú misvísun sem felst í þeirri staðreynd að annars vegar er um að ræða hæstu útgjöld á mann á öllum Norðurlöndum en með lægstu heildarnotkun lyfja sem segir okkur það að lyfjadreifingarkerfið og það verðmyndunarkerfi sem hér hefur viðgengist um langt árabil er úr sér gengið og dugar ekki. Með öðrum orðum eru lyf einfaldlega of dýr hér á landi og brýn nauðsyn á því að bregðast þar við.

Ég vil hins vegar undirstrika, virðulegi forseti, að þess er vitaskuld gætt í því frv. sem ég hef hér farið orðum um að ekki verði slakað á því öryggi sem er nauðsynlegt þegar rætt er um og höndlaður er varningur á borð við lyf. Um leið er hins vegar farið inn á þá braut að bæta enn frekar þá þjónustu sem svo nauðsynleg er á þessum vettvangi og færa hana nær fólkinu. Vænti ég þess að sú verði niðurstaðan þegar frv. verður afgreitt frá hinu háa Alþingi og verður að lögum.

Ég hef hér í örfáum orðum, virðulegi forseti, rakið helstu breytingar sem frv. til lyfjalaga hefur í för með sér. Ég vil vekja á því athygli sérstaklega líka og árétta það að við meðferð þessa máls hefur verið litið til þeirra ábendinga og þeirrar gagnrýni sem kom fram við hið fyrra frv. um sama efni, sérstaklega er lýtur að þjónustu á þessu sviði úti á landsbyggðinni. Þar er áhyggjuefnið kannski af tvennum toga fyrst og síðast. Í fyrsta lagi að aukið frelsi til samkeppni geti á sumum stöðum leitt til þess að markaðurinn hrynji. Í sveitarfélagi eða héraði þar sem apótekari er fyrir og hefur kannski ekki úr allt of miklu að moða; að þá birt-

ist annar og fari í samkeppni sem leiðir til hruns beggja þessara aðila eða hvort þeir væru fleiri. Til að girða fyrir hættu af þessum toga er það áskilið í frv. að í þeim héruðum sem telja 5 þús. eða færri íbúa verði stjórnum viðkomandi heilsugæslustöðva heimilt að setja saman rökstudda greinargerð um það hvort æskilegt sé að fjölga útsölustöðum og ef ekki þá hvers vegna. Þarna er ákveðinn þröskuldur settur við óheftri og óbeislaðri þróun á þessum vettvangi til að girða fyrir þá hættu sem ég rakti áðan.

Hitt aðaláhyggjuefnið hefur verið það að svo kunni að fara að apótekarar og lyfjafræðingar sem haldið hafa úti þjónustu víða úti á landsbyggðinni hópist hingað á höfuðborgarsvæðið og fara í þá samkeppni sem hér hefur verið og mun væntanlega verða í auknum mæli og skilja eftir sín gömlu svæði meira og minna þjónustulaus. Til að tryggja það að ævinlega verði til staðar lágmarksþjónusta í hverju þessara umdæma er hér heimilað með skýrum hætti að viðkomandi heilsugæslustöðvar geti haft með höndum þessa nauðsynlegu þjónustu heima í héraði.

Jafnframt er af tekið mjög umdeilt ráðslag í þessum efnum, nefnilega það fyrirkomulag sem menn hafa orðið að grípa til sem er umsýsla lækna með ávísun og sölu lyfja. Það gefur auðvitað auga leið að hagsmunir hljóta að rekast á við þær aðstæður með einum eða öðrum hætti þegar sami aðili hefur með að gera að ávísa á lyf og um leið að selja þau sömu lyf. Á því máli er tekið eins og ég gat um, virðulegi forseti, í þessu frv. og tekin af öll tvímæli um hvernig með skuli fara ef hin hefðbundna og venjubundna meginleið sem hér um getur, þ.e. stofnun lyfjabúðar eða apóteks, nær því fram að ganga af einhverjum orsökum þá hefur heilsugæslustöðin og opinberir aðilar þessa þjónustu með höndum.

Virðulegi forseti. Ég hygg að ekki sé ástæða til þess í inngangi að fara nánar ofan í saumana á frv. Ég vænti þess að hér geti átt sér stað ítarleg og efnisleg umræða um frv. í heild og einstök atriði þess og enn fremur að ítarleg skoðun fari fram í hv. heilbr.- og trn. en það er einmitt tillaga mín að frv. verði vísað til hennar að aflokinni 1. umr. og til 2. umr.

[14:16]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér er kunnugt um það að samkvæmt samkomulagi við formenn þingflokka mun ekki ætlunin að ræða þetta frv. hér heldur einungis að ráðherra mæli fyrir því og síðan tökum við umræðu um frv. síðar. Ég vil því ekki láta hjá líða vegna þessarar ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. að koma því á framfæri áður en lengra er haldið hvað þetta frv. er í rauninni sérkennilega útbúið. Í frv. eru heilbrigðissjónarmiðin víkjandi en fyrst og fremst samkeppnissjónarmið ríkjandi, sjónarmið um það hvernig hinn frjálsi markaður eigi að vinna, þröng fjárhagsleg sjónarmið séð frá sjónarhóli ríkisins. Ég vil bara vekja athygli á því að í markmiðsgrein frv. segir og er það náttúrlega lýsandi fyrir frv. í heild sinni:

„Markmið laga þessara er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð á nauðsynlegum lyfjum með sem hagkvæmastri dreifingu þeirra á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við þær reglur sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði." Þ.e. höfuðmarkmiðið er að tryggja nægilegt framboð með sem hagkvæmastri dreifingu á grundvelli samkeppni. Síðan segir í þessari markmiðsgrein: „Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað."

Það ætti auðvitað að vera höfuðmarkmið allra lyfjalaga að tryggja gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, draga úr óhóflegri notkun og tryggja kostnað. Það ætti að vera höfuðmarkmið. Það fer eftir öðru að í greinargerð með frv. er eiginlega engin tilraun gerð til faglegrar úttektar í lyfjamálunum heldur bara einblínt á þröng fjárhagsleg sjónarmið. Þegar ráðherra talar hér um matvæli þá finnst mér ekki hægt að tala um matvæli og lyf í sama orðinu. Við viljum hafa frjálsa samkeppni í matvæladreifingu og sölu á matvöru, m.a. vegna þess að það getur aukið veltu og það er það sem það gengur út á. Við viljum hins vegar ekki auka veltu í lyfjum. Við viljum helst draga úr notkun á lyfjum og það á auðvitað að vera meginmarkmið en ekki samkeppnin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt að forseti upplýsi það að gefnu tilefni að það var gert samkomulag um það hér milli formanna þingflokka og forseta að hæstv. ráðherra flytti framsögu í þessu dagskrármáli í dag og síðan yrði umræðunni frestað þar til eftir helgina. Það sama gildir um annað dagskrármálið, að aðeins verða fluttar framsöguræður 1. og 2. minni hluta í því máli í dag en að öðru leyti verður umræðu frestað.

[14:19]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa vonbrigðum mínum með það að þetta mál skuli ekki koma til umræðu. Mér var fullkomlega ókunnugt um að ekki ætti að ræða þetta mál í dag. Það hefur enginn upplýst mig um það og ég vil reyndar mótmæla þessum hætti á meðferð mála að ráðherrar komi og lesi yfir fólki einhverja embættismannaræðu um frumvörp en síðan fari umræða fram mörgum dögum seinna. Ég vænti þess þá, virðulegur forseti, að hæstv. heilbr.- og trmrh. verði viðstaddur þá umræðu þegar hún kemur á dagskrá. Því það er auðvitað á engan hátt boðlegt að ráðherra hristi af sér hér ræðu og síðan tali þingmenn hver við annan um frv. Ég harma þetta því mjög. Ég tók þátt í þessari umræðu í fyrra og ætlaði svo sannarlega að gera það hér í dag. Ég vildi þá mælast til þess, frú forseti, að ég verði sett á mælendaskrá hér og nú þegar umræðan fer fram og jafnframt að hæstv. heilbrrh. verði viðstaddur þá umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. þm. er á mælendaskrá þegar umræðan heldur áfram og að sjálfsögðu verður séð til þess að þetta mál komi ekki á dagskrá nema hæstv. ráðherra sé við.

[14:20]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka af öll tvímæli í þessa veru og segja það skýrt að það var ekki að minni beiðni að þessi háttur var á hafður og kann ég út af fyrir sig ekki um það að segja hvaðan sú beiðni kom þó að mig renni í grun að sú utandagskrárumræða sem fram fór í morgun að frumkvæði hv. þm., formanns Alþb., hafi kannski verið meginástæða þessa.

Ég tek undir með henni um að auðvitað væri langeðlilegast að umræða af þessu tagi gæti verið heildstæð og ég fullvissa hana um, eins og ég raunar gat um í mínum inngangi, að ég hef ætlað mér að vera viðstaddur þessa umræðu og taka í henni þátt og bað reyndar um að hún gæti orðið tiltölulega ítarleg og efnisleg þannig að hv. Alþingi gæti komist að sem bestri niðurstöðu um frv. sem hér er til umræðu. Ég vil að það kæmi mjög skýrt fram að það er ekki að undirlagi mínu sem þessi háttur er á hafður, langt í frá.

[14:22]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það var samkomulag á fundi með hæstv. forseta og formönnum þingflokka um þessa málsmeðferð. Ég hafði samband við fulltrúa okkar í heilbr.- og trn. en kallaði ekki saman þingflokksfund og hafði ekki samband við nema þá sem urðu á vegi mínum og hér með biðst ég afsökunar á því að hafa ekki reynt að ná í alla þingmenn flokksins til þess að kynna fyrir þeim þetta samkomulag. Mér þótti þetta skynsamlegt og okkur fannst það skynsamlegt að hafa þessa málsmeðferð. Við vissum það vegna þess hve stuttur tími er fram undan hér í dag fyrir þingfund að það yrði ekki hægt að klára umræðuna um lyfjalögin. Hún yrði of löng til þess. Við töldum að það væri gott að menn gætu hlýtt á ræðu hæstv. ráðherra og haft hana til umhugsunar og síðan yrði fundinn góður tími til þess að taka þessa umræðu og klára hana. Ég tel enn að það hafi verið skynsamleg niðurstaða og vonast til þess að menn muni sætta sig við þessa málsmeðferð.

Umræðu frestað.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 2. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422.

[14:24]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir hönd 1. minni hluta allshn. fyrir nál. á þskj. 385 um frv. til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið ásamt brtt. á þskj. 386 en það er aðeins formbreyting sem ekki þarfnast nánari skýringar við.

Nefndin hafði mál þetta til umfjöllunar á tveimur þingum, bæði 116. og 117., og fékk upplýsingar víða að eins og fram kemur í nefndarálitinu. Með frv. er stefnt að því að fullnægja skuldbindingum íslenska ríkisins samkvæmt 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls svokallaðs EES-samnings. Þar kemur nánar tiltekið fram að ef álitaefni rísa við rekstur máls fyrir dómstóli í EFTA-ríki um skýringu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þá eigi slíkur dómstóll að geta leitað eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins um skýringaratriðið áður en málinu verður ráðið til lykta.

Umrædd 34. gr. EES-samningsins heimilar hverju aðildarríki að EES um sig að ákveða nánar hvaða dómstólar geta farið þessa leið með þeim eina áskilnaði að aðgangur til þessa þurfi að vera fyrir hendi fyrir dómstóla sem kveða upp úrlausnir sem ekki verður skotið til æðri dómstóla. Í frv. er farin sú leið að fullnægja þessu samningsákvæði með því að ráðgera heimild til að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins handa þeim tveimur íslensku dómstólum sem kveða upp óáfrýjanlega dóma, Hæstarétti og félagsdómi. Að auki er lagt til með frv. að aðrir dómstólar geti farið sömu leið því að með 1. gr. er ráðgert að héraðsdómstólarnir, sem er kveðið á um í I. kafla laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði, nr. 92/1989, geti leitað eftir ráðgefandi áliti af þessum toga.

Með þessum síðastnefnda hætti er e.t.v. gengið lengra í frv. við að veita heimildir til að krefjast álits EFTA-dómstólsins en áðurnefnd 34. gr. EES-samningsins krefur. Ég get hins vegar samsinnt þeim rökum fyrir þessu sem fram koma í athugasemdum við frv., að það sé heppilegra að álits sem þessa verði aflað strax við rekstur máls á fyrsta dómsstigi ef þess gerist þörf á annað borð. Með þeirri tilhögun vinnst í senn að mál verði dæmt á sama grundvelli fyrir báðum dómstigum, bæði fyrir héraðsdómi og Hæstarétti, sem er í samræmi við almennar réttarfarsreglur og að ekki sé hætta á að málsaðili áfrýi máli til Hæstaréttar gagngert til þess að geta krafist að álits EFTA-dómstólsins verði aflað, en sú staða gæti einmitt komið upp ef ekki væri hægt að fá slíkt álit við rekstur máls í héraði. Það hlýtur að teljast heppilegri leið að álit EFTA-dómstólsins liggi sem fyrst fyrir enda gæti það í mörgum tilfellum stuðlað að því að mál sættust þegar álitið lægi fyrir eða eftir atvikum komið í veg fyrir að máli verði áfrýjað. Í slíkum tilfellum mundi það flýta meðferð máls að fá álitið meðan málið er rekið fyrir héraðsdómi en slíkt er til þess fallið að veita réttaröryggi.

Að öðru leyti tel ég tilefni til að vekja sérstaka athygli á eftirfarandi atriðum varðandi þetta frv.:

1. Hafa verður það hugfast að frv. felur eingöngu í sér heimild handa íslenskum dómstólum til að leita eftir áliti EFTA-dómstólsins en þetta yrði þeim aldrei skylt. Það er þannig lagt algerlega í vald innlendra dómstóla að ákveða hvort þeir nýta sér þennan kost undir rekstri dómstóls.

2. Ástæða er til að gefa því gætur að í 1. gr. frv. kemur skýrlega fram að álit EFTA-dómstólsins yrði aðeins ráðgefandi um skýringu á vafaatriðum EES-samningsins. Ráðgefandi álit bindur því ekki ís-

lenska dómstóla við úrlausn málsins heldur er þess eingöngu aflað til leiðsagnar ef dómstóllinn getur samsinnt skýringu EFTA-dómstólsins. Markmiðið með þessu er að sjálfsögðu að leitast við að tryggja samræmda skýringu EES-samningsins fyrir dómstólum aðildarríkjanna og þess væri eflaust að vænta að íslenskum dómstólum þætti vert að taka mið af áliti EFTA-dómstólsins ef á þetta reyndi. Einfaldlega gæti reynt á svo sérhæfð og afmörkuð atriði samningsins í dómsmáli að erfitt væri fyrir innlendan dómstól að leita áreiðanlegrar vitneskju um hvernig einstaka samningsákvæði hafa verið skýrð eða beitt í framkvæmd eftir öðrum leiðum. Þessi leið yrði því til augljóss hagræðis undir slíkum kringumstæðum.

3. Ekki síst verður að taka það sérstaklega fram að ákvæði frv. gera eingöngu ráð fyrir því að álits EFTA-dómstólsins yrði aflað varðandi skýringu EES-samningsins. Til EFTA-dómstólsins verður því ekki leitað um álit á einu eða neinu öðru, hvorki um efni innanríkisréttar í öðrum samningsríkjum né sönnunaratriði í málið. Það er enn fjær lagi að ræða um að hér sé verið að veita heimildir til að leita álits EFTA-dómstólsins á íslenskum réttarreglum. Heimildin er einfaldlega bundin við atriði varðandi skýringu EES-samningsins. Fyrir vikið er þess varla að vænta að þessi staða geti komið upp í neinum teljandi mæli við rekstur dómsmála hér á landi. Það má því helst lýsa inntaki þessa frv. á þann hátt að þar sé verið að veita íslenskum dómstólum heimild til að afla sér svara um sérhæfð skýringaratriði þessa milliríkjasamnings sem er örugglega mjög fágætt að geti reynt á við rekstur dómsmáls. Auk þess er frv. flutt til að efna um leið skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt áðurnefndri 34. gr. EES-samningsins.

[14:31]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hluta allshn. um frv. til laga um álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er það flutt vegna ákvæða 34. gr. samnings milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. Þar er kveðið á um lögsögu EFTA-dómstólsins til þess að gefa ráðgefandi álit um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Alþingi samþykkti þann samning um leið og það samþykkti samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Þar með samþykkti Alþingi skuldbindingu um að gera þá breytingu á íslenskum lögum að opna heimild til að leita til dómstóls erlendis um forskrift að íslenskum dómum.

Því er þetta frv. flutt til að festa í lög heimild til handa íslenskum dómstólum til að leita með framangreindum hætti ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins í tengslum við rekstur dómsmála hér á landi.

Ég hafði hugsað mér að bera fram spurningar til hæstv. dómsmrh. í sambandi við þetta frv. og vildi því spyrjast fyrir um það hvort hann verður ekki viðstaddur þessa umræðu.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. dómsmrh. er í húsinu og honum verður gert viðvart.)

Takk fyrir. Þetta frv. er eitt af mörgum sem lögð hafa verið fyrir Alþingi og ýmist samþykkt eða bíða afgreiðslu til að samræma íslensk lög lögum og reglugerðum Evrópubandalagsins eins og þau voru hinn 1. júlí 1992.

Hins vegar hefur komið fram bæði í fréttum frá hinum Norðurlöndunum og eins nú nýlega í viðtölum við íslenska þingmenn sem eru í EFTA-nefndinni að síðan 1. júlí 1992 og fram að síðustu áramótum hafa verið gerðar 400 lagabreytingar hjá Evrópubandalaginu sem meiri hluti Alþingis hefur skuldbundið okkur til að taka til greina og hlíta með lagabreytingum þó að EFTA-þjóðirnar hafi engin áhrif getað haft á gerð þeirra. Ég ætlaði að spyrja ráðherra því um stöðu þeirra mála í dómsmrn. og vildi óska eftir að hann gæti komið.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til að gera hæstv. ráðherra viðvart svo forseti væntir þess að hann komi hér í salinn á hverri stundu. Hann er að koma, er forseta sagt.)

Ég mun þá doka örlítið við. Hæstv. ráðherra er hér kominn inn fyrir dyrnar þó ekki sé hann í sæti sínu. Mig langaði að bera fram þá spurningu til hæstv. ráðherrra: Hversu mörg þeirra 400 mála, sem Evrópubandalagið hefur samþykkt síðan 1. júlí 1992 og fram að síðustu áramótum snerta dómsmrn., hvernig undirbúningi þeirra verður hagað og hvenær þau verða lögð hér fram á Alþingi ef eitthvert þeirra krefst lagabreytinga á íslenskum lögum? Það kom fram nú síðast í viðtölum við þingmenn sem voru á þingmannafundi EFTA að þarna er um að ræða alls 400 lagabreytingar sem hafa verið gerðar á þessum tíma. Því er spurt: Hvað mikið af þeim snertir dómsmrn. og hvernig verður hagað meðferð þeirra?

Síðan vil ég þá enn fremur spyrja hæstv. dómsmrh. hvernig verður hagað því að dómsmrn. fylgist með lagaundirbúningi nýrrar lagasetningar hjá Evrópubandalaginu sem við jafnframt eigum þá að gera að okkar lögum og hvernig haft verður samband við Alþingi eða allshn. meðan á vinnslu þeirra stendur. Hvort Alþingi og allshn. fyrir þess hönd fái ekki að fylgjast með undirbúningi þessarar lagasetningar þannig að Alþingi geti þá haft þau áhrif á undirbúninginn sem gefið var fyrirheit um að EFTA-þjóðirnar ættu að fá tækifæri til.

Samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls á sú skylda aðeins við dómstóla eða rétti þar sem úrlausn þeirra getur ekki sætt málskoti samkvæmt landslögum. Skylda slíkra heimilda nær því ekki til héraðsdómstóla. Í þessu frv. er hins vegar kveðið á um að sú heimild skuli einnig ná til héraðsdómstólanna og hlýtur sú ákvörðun að orka tvímælis af ýmsum ástæðum. Hún gerir að engu þá fullyrðingu í 34. gr. samningsins þar sem segir að það sé á valdi dómstóls eða réttar að taka ákvörðun um það hvort álits skuli leitað. Hafi annar hvor málsaðili óskað eftir því við héraðsdómara að hann fái álit EFTA-dómstólsins en héraðsdómari kveðið upp þann úrskurð að hafna því getur málsaðilinn skotið þeim úrskurði til Hæstaréttar. Hæsti-

réttur hefur þá heimild til að skylda héraðsdómara samkvæmt íslensku réttarfari að leita úrskurðarins þó héraðsdómari hafi talið sig hafa næga dómgreind til að kveða upp dóminn án þess að fá leiðbeiningar um það frá EFTA-dómstólnum.

Þá er það ljóst að sætti báðir málsaðilar sig við dóm undirréttar án þess að dómari hafi valið þann kost að fá erlenda forskrift að honum svo að honum verður ekki áfrýjað, þá mun aldrei koma til þess að leitað verði álits EFTA-dómstólsins og það sparar þjóðfélaginu ærna fjármuni og einnig tíma í sambandi við málsmeðferðina. En okkur finnst vissulega vera ærið nægur sá tími sem það tekur oft að fá fullnustu eða lokadóm í mál.

Það kom fram í máli Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara, sem nú hefur verið skipaður fyrsti fulltrúi Íslands í EFTA-dómstólnum, að tímafrestir eru engir í ákvæðum um dómstólinn og ekki heldur í starfsreglum hans svo að engu er hægt að svara um það hversu langan tíma tæki frá því að málum er vísað til EFTA-dómstólsins þangað til hann kveður upp álit sitt. En Þór sagði að gerð hefðu verið drög að þessum starfsreglum fyrir dómstólinn og þau send viðkomandi ríkjum til umsagnar. Þá var borin fram í nefndinni ósk um að nefndin fengi starfsreglurnar til skoðunar, sérstaklega til þess að reyna að gera sér grein fyrir kostnaðarhliðinni sem ekkert er minnst á í þessu frv.

Þarna var aðeins um að ræða drög að starfsreglum sem komnar voru eins og kemur fram í nefndarálitinu, en ég vil geta þess að það hefur láðst að setja það í yfirskrift yfir þeim fylgiskjölum sem fylgja með nefndarálitinu. En í þessum fylgiskjölum sem fylgja nefndarálitinu eru teknar þrjár greinar úr starfsreglunum en því miður eru þær á ensku því að ekki var talið fært að veita tíma til þess að fá þær þýddar því að hér er um mikið rit að ræða. Þetta eru starfsreglurnar eða drög að þeim sem við fengum í hendur eftir að við höfðum óskað eftir því. Og mér finnst það slæmt að svo hart skuli hafa verið rekið á eftir hv. formanni allshn. sem yfirleitt leggur sig fram um að koma til móts við óskir nefndarmanna að ekki skyldi vera unnt að fá þýðingu á þessum reglum því að hér er að sjálfsögðu um mjög mikilvægt gagn að ræða. Þetta eru starfsreglur fyrir dómstóllinn sem kveða á um fjölmörg atriði í sambandi við starfsemi hans og hljóta að hafa áhrif á það viðhorf hvernig við viljum ganga frá þessu frv. og gera að lögum. En það er áreiðanlega ekki stór hluti þingmanna sem getur á örstuttum tíma gert sér nákvæmlega grein fyrir flóknu lagamáli í svona stóru riti á ensku þannig að þeim séu ljós öll atriði málsins. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvort hann telji það ekki nauðsynlegt að allshn. fái í hendur svo mikilvæg gögn eins og þetta á íslensku til þess að fjalla um við meðferð mála þannig að þessi saga endurtaki sig ekki aftur. Eða er þetta aðeins upphafið að því að hv. þingmenn verði í meira og minna mæli að styðjast við erlend gögn þegar kemur að því að framfylgja EFTA-reglunum? Það er þá til viðbótar þeirri spurningu um vinnubrögð og vinnuaðstöðu sem ég bar fram áðan.

Hér kom fram í framsöguræðu hv. frsm. 1. minni hluta allshn. að dómur eða álit þetta sem væri leitað eftir væri aðeins ráðgefandi en ekki bindandi. En þetta stangast á við það sem segir í greinargerð með 1. gr. frv. um raunveruleikann í þessu máli, en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Álitið á aðeins að vera ráðgefandi eins og segir í 1. mgr. 1. gr. og bindur það því ekki héraðsdómara við úrlausn máls þótt vissulega verði að telja að eftir því yrði að öðru jöfnu farið að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu."

Því kemur í huga annað, enda er þá spurningin: Hvert er gagnið að mati þeirra sem styðja það að fá slíkt álit á lægra dómstigi, ef ekkert tillit á að taka til þess og kveða upp andstæðan dóm? Ég get a.m.k. ekki séð að að sé heppilegt að fá slíkt álit sem fyrst ef það skiptir nokkru máli hvort það kemur fyrr eða síðar. En eins og þarna kemur fram í greinargerð frv. þá verður þetta álit að mati hæstv. dómsmrh. í frv. hans hin endanlega niðurstaða sem kveðin verður upp í EFTA-dómstólnum. Af þeim sökum hljóta málsaðilar að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að rökstyðja mál sitt frammi fyrir hinum fjarlæga dómstóli áður en dómur þar verður upp kveðinn þar sem dómarar í þeim dómstóli þekkja lítt til aðstæðna hér á landi nema sá eini sem skipaður er af Íslendingum sjálfum.

Það er líka gert ráð fyrir í 27. gr. þeirra starfsreglna sem ég ræddi um áður, og það er ein greinin sem tekin er upp sem fylgiskjal með nefndarálitinu, að málsaðilar mæti fyrir réttinum og flytji sitt mál. Það er enn fremur fjallað um það í 97. gr. starfsreglnanna. Í þessum starfsreglum eru líka nefndir þeir fjölmörgu aðilar innan EFTA og Evrópubandalagsins sem eiga að fylgjast með og geta haft áhrif á meðferð máls fyrir dómstólum. Það þarf að tilkynna öllum þessum aðilum að þetta mál liggi fyrir svo að þeir eigi kost á að skoða það og setja fram athugasemdir. Það er því erfitt að gera sér grein fyrir hversu mikinn tíma og hversu mikið umstang þetta kann að hafa í för með sér.

Í 72. gr. þessara reglna eru svo nokkur ákvæði um gjafsókn, en það virðist nú lítt hægt að treysta á hversu þau verða haldgóð. Það var því skiljanlegt þegar við spurðum Þór Vilhjálmsson og fleiri í nefndinni um hugsanlegan kostnað vegna álitsbeiðni, hvort sá kostnaður mundi nema tugum eða hundruðum þúsunda kr. eða jafnvel meira, að þá fengum við engin svör. Útlagður kostnaður vegna álitsbeiðni væri í raun hluti af málskostnaði í aðalmálinu fyrir hinum íslenska dómstóli og um þann kostnað og greiðslu á honum verður því dæmt í málinu. Yrði sá sem tapaði málinu dæmdur til að greiða þeim sem ynni allan slíkan málskostnað auk eigin kostnaðar þá gæti þar orðið um ómælda upphæð að ræða.

Eins og á þessu sést hafa ýmis ákvæði í starfsreglunum áhrif á þann kostnað sem á Íslendingum mun lenda í framtíðinni vegna forsjár hins erlenda eða fjarlæga dómstóls. — Er hæstv. dómsmrh. horfinn aftur á braut?

(**Forseti** (SalÞ): Það er verið að gera hæstv. ráð-

herra viðvart.)

Já, ég ætlaði að bera fram eina spurningu enn og það getur vel verið að þær verði fleiri. En ég ætlaði að spyrja hæstv. dómsmrh. hvort hæstv. dómsmrh. finnist ekki ástæða til þess að alþingismenn fái nánari upplýsingar um það hversu mikill þessi kostnaður gæti orðið og það væri ákaflega æskilegt ef fyrir 3. umr. málsins gæti allshn. fengið einhverja vitneskju um það frá dómsmrn. hvernig það mæti það hve kostnaðarauki gæti orðið mikill. Og ég vil síðan sérstaklega spyrja hæstv. dómsmrh. að því hvort hann telji það sanngjarnt að málsaðili sem á enga sök á því að hinn fjarlægi dómstóll verði látinn fjalla um málið eigi þrátt fyrir það að greiða ómældar fjárhæðir fyrir það að annaðhvort dómarinn telji sig sjálfur ekki færan um að kveða upp dóminn án forskriftar eða Hæstiréttur treysti ekki héraðsdómara til þess að fjalla um málið.

Annar minni hluti telur að það sé fráleitt að fari nú svo að dómari fallist á eða verði knúinn til að leita hins erlenda álits frá hinum fjarlæga dómstóli þá eigi þessi kostnaður að bitna á aðila sem á enga sök á því að til þessa kostnaðar var stofnað. Því leggur 2. minni hluti til að sá kostnaðarauki sem af þessu stafar verði greiddur af ríkissjóði nema að því einu undanskildu að ef annar hvor málsaðilinn hefur óskað eftir því sjálfur þá beri hann að sjálfsögðu ábyrgð á kostnaði sínum. Og 2. minni hluti ber fram brtt. um það á sérstöku þingskjali, þskj. 422.

Á því þskj. er einnig brtt. við 1. gr. um það að heimildin til þessa málskots nái eingöngu til Hæstaréttar en niður falli þar sem við erum ekki skuldbundin til samkvæmt samningnum að það nái til héraðsdómstólanna. Ég tel að hér sé um grundvallaratriði að ræða hvort við Íslendingar ætlum að ganga lengra í utanstefnum en við höfum skuldbundið okkur til eða munum skuldbinda okkur til samkvæmt þeim millirríkjasamningum sem við gerum eða hvort við viljum treysta á okkur sjálfa og hafa frjálsar hendur í öllum þeim málum sem við höfum ekki afsalað okkur rétti til að ráða. Ég tel að reynsla síðustu vikna hafi gert þetta atriði ennþá brýnna vegna þess að það kom í ljós strax þegar EES-samningurinn var að ganga í gildi að þá komu fram aðilar sem virtust telja það þjóna sínum hagsmunum að geta leitað til hins fjarlæga valds til þess að fá hag sinn bættan. Það virðist því miður alltaf vera einhverjir til sem reyna að nýta sér slíka smugu í von um ávinning á kostnað náungans og samfélagsins.

Hæstv. forsrh. ásakaði nýlega hv. alþm. um að stjfrv. hefði verið lætt í gegnum Alþingi og það orðið að lögum án þess að þeim hefði verið ljóst hvað í því fólst. Slíkar ásakanir hljóta að hvetja alla hv. alþm. til að gera sér sem best grein fyrir öllum atriðum sem fjallað er um í þingmálum og hvaða áhrif lögleiðing þeirra muni hafa í för með sér. Enn þá brýnna er að gera það þegar um svo afdrifaríkt ákvæði er að ræða eins og felst í þessu frv. Ég vil því hvetja alla hv. alþm. sem hafa hugsað sér að greiða þessu frv. atkvæði óbreyttu, samþykkja það þannig, að svara afdráttarlaust þeirri spurningu af hverju þeir vilji ganga lengra en við höfum skuldbundið okkur til að sækja fyrirmæli frá fjarlægum löndum um úrskurði dómstóla þar sem þekking og skilningur á aðstæðum okkar og högum hlýtur að vera takmarkaður. Væri það ekki eðlilegra ef dómari hefði ekki að eigin mati nægа þekkingu á því sem um er fjallað að hann færi sjálfur og kynnti sér þær reglur sem verið er að fjalla um frekar en að skjóta málinu til fjarlægra dómstóla. Og þegar hann hafi aflað sér slíkrar þekkingar þá kveði hann upp sinn sjálfstæða dóm.

Ég held að það hafi komið í ljós að það eru sífellt fleiri og fleiri að gera sér grein fyrir því að ýmis atriði í efnahagsstefnu Evrópubandalagsins, sem byggist á harðvítugri samkeppnis- og framleiðnikröfu, hafa margar hættur í för með sér. Ég ætla ekki að fara frekar út í það hér en það minnir okkur á að fara ekki í blindni eftir því sem þar er sagt og ákveðið heldur reyna í sem ríkustum mæli að treysta á okkar eigin dómgreind.

Þá vil ég minnast á síðustu brtt. sem 2. minni hluti leggur til og það er ákvæði um að þessi heimild nái til félagsdóms falli brott. Það er upplýst að félagsdómur í Danmörku þarf ekki að hlíta neinni slíkri forskrift og enn þá er óljóst hvernig frá þessu verður gengið á hinum Norðurlöndunum. Ég vil í því sambandi aðeins geta hér umsagnar sem barst nýlega frá Vinnuveitendasambandi Íslands og fjallar um þetta atriði en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fallast má á það sjónarmið að vegna samræmis sé eðlilegt að félagsdómur hafi sömu heimildir og héraðsdómur að þessu leyti. Gæta þarf þó hins sérstaka eðlis félagsdóms að geta tekið mjög hratt á málum þannig að hægt sé að fá endanlegan dóm á örfáum dögum. Því verður að ganga út frá að umræddri heimild verði ekki beitt í þeim málum þar sem miklu skiptir að fá hraða dómsúrlausn."

Okkur er sjálfsagt öllum kunnugt um það að yfirleitt er knúið mjög fast á að fá skjóta úrlausn frá félagsdómi en á meðan við höfum ekki hugmynd um hvernig mál munu ganga fyrir sig hjá þessum nýja dómstóli, hversu langan tíma það tekur, þá held ég að það sé ákaflega óskynsamlegt að binda sig því að hægt sé að tefja mál um ófyrirsjáanlegan tíma fyrir félagsdómi hér með því að krefjast þess að álits sé leitað og dómurinn telji sig þurfa að fallast á það. Því leggjum við til að þetta ákvæði verði fellt brott úr frv. Komi það í ljós síðar að við séum búin að skuldbinda okkur óhjákvæmilega til þess að gera þetta, þá yrði að sjálfsögðu að taka það til endurskoðunar, en mér finnst að á sumum sviðum í sambandi við lagabreytingar göngum við lengra heldur en flestallar aðrar þjóðir í að flýta okkur að lögleiða þessi ákvæði, bæði með hraða og jafnvel eðlislega líka, og það sé ekki ástæða til á þessari stundu a.m.k. og vonandi aldrei að binda félagsdóm þessum kvöðum.

Hæstv. forseti. Ég mun ekki fjalla meira um þetta núna. Það hefur komið fram að það hefur verið samið um að umræðu verði nú frestað en ég vil vonast til þess að þegar umræða heldur áfram þá muni hæstv. dómsmrh. svara þeim spurningum sem ég hef borið fram og ég veit eða tel líklegt að æskilegra sé fyrir

hann að afla sér nánari upplýsinga um þær á meðan og geri því ekki kröfu til að fá svar við þeim nú.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Bygging framhaldsskóla í Borgarholti, 327. mál, fsp. ISG, þskj. 518.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 15:06.

79. FUNDUR

mánudaginn 31. jan.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til forsætisráðherra:

1. Áhrif af niðurfellingu aðstöðugjalds, fsp., 258. mál, þskj. 304.
2. Seta embættismanna í sveitarstjórnum, fsp., 262. mál, þskj. 315.

Til iðnaðarráðherra:

3. Viðhald húsa í einkaeign, fsp., 249. mál, þskj. 288.
4. Útflutningur á íslensku vatni, fsp., 274. mál, þskj. 347.

Til dómsmálaráðherra:

5. Ráðgjöf um sambúðarslit, hjónaskilnað og forsjá barna, fsp., 264. mál, þskj. 317.
6. Tengsl aðila við björgunaraðgerðir hérlendis, fsp., 315. mál, þskj. 506.

Til fjármálaráðherra:

7. Olíugjald í stað þungaskatts á dísilbíla, fsp., 307. mál, þskj. 498.

Til heilbrigðisráðherra:

8. Starfsmannaíbúðir sjúkrahúsa, fsp., 310. mál, þskj. 501.

Til félagsmálaráðherra:

9. Réttur vörubílstjóra til atvinnuleysisbóta, fsp., 312. mál, þskj. 503.
10. Atvinnuleysisbætur smábátaeigenda, fsp., 313. mál, þskj. 504.

Til landbúnaðarráðherra:

11. Jöfnun á rekstraraðstöðu mjólkursamlaga, fsp., 314. mál, þskj. 505.

Fjarvistarleyfi:

Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjals:

Efling laxeldis, 325. mál, þáltill. GuðmS o.fl., þskj. 516.

Athugasemdir um störf þingsins.

Umræða um skýrslu Byggðastofnunar.

[15:05]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Eins og forseta og þingmönnum er sjálfsagt kunnugt var á dagskrá þingsins í nóvembermánuði á sl. hausti gert ráð fyrir umræðu um skýrslu Byggðastofnunar eða umræðu um byggðamál en ekki varð af vegna veikinda hæstv. forsrh. ef ég man rétt. Nú hefur þessi umræða ekki verið sett á dagskrá á starfsáætlun þingsins svo mér sé kunnugt. Mér þykir það bagalegt og hef áður gengið eftir því í desembermánuði sl. Ég minni á að umræða um þessi mál fór heldur ekki fram á þinginu á undan þessu. Það eru því komin rúmlega tvö ár síðan rætt hefur verið um þessi mál.

Ég vil því spyrja hæstv. forseta tveggja spurninga. Sú fyrri er hvort það verði rætt á þessu þingi um skýrslu Byggðastofnunar fyrir árin 1991 og 1992.

Í öðru lagi: Hvenær myndi sú umræða fara fram ef hún á að verða?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Vegna fsp. hv. 5. þm. Vestf. vill forseti upplýsa að það hafði verið áætlað að skýrsla Byggðastofnunar kæmi á dagskrá þingsins í fyrstu viku eftir að þing kom saman eftir jólahlé en af sérstökum ástæðum var það ekki hægt. Það er stefnt að því að skýrslan verði tekin til umræðu og afgreiðslu svo fljótt sem verða má. Það er ekki hægt að dagsetja það á þessari stundu en það verður væntanlega innan ekki langs tíma.

Athugasemdir um störf þingsins.

Stjórnarfrumvarp um landbúnaðarmál.

[15:07]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég hef í höndum drög að yfirliti þingfunda vikunnar. Það vekur athygli mína að á þessu yfirliti er ekki gert ráð fyrir umræðum um stjfrv. um landbúnaðarmál. Það er að vísu ekki komið fram þrátt fyrir að því hafi verið lýst yfir áður að það mundi koma fram í síðustu viku svo það er kannski eðlilegt að það sé ekki tilgreint á dagskránni. En ég vil inna eftir því hvort þetta frv. sé ekki væntanlegt og verði ekki áreiðanlega rætt í þessari viku. Landbúnaðarmálin eru öll í uppnámi eins og stendur eftir dóm Hæstaréttar og er mjög brýnt að taka af öll tvímæli. Ef þetta væntanlega stjfrv. er ekki alveg í burðarliðnum eða kemur ekki til umræðu nú í vikunni þá vil ég fara fram á að þingmannafrv. sama eða svipaðs efnis sem lagt var fram í síðustu viku verði tekið til umræðu í þessari viku.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt sem hv. 1. þm. Norðurl. v. benti á að það er ekki hægt að sýna á dagskrá, jafnvel ekki vikuskipulagi, mál sem ekki hefur enn komið til þingsins. Þannig háttar til um þetta frv., sem hv. þm. nefndi en

forseti telur sig vita að von sé á því mjög fljótlega. Forseti getur ekki dagsett það. Undir eins og það gerist þá verður málið væntanlega tekið á dagskrá eins og þingsköp gera ráð fyrir. Eins og hv. þm. veit þarf tvo sólarhringa áður en slík mál koma á dagskrá.

[15:09]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka þessi svör og áhuga forseta á að drífa málið til umræðu. Ég teldi enga goðgá að taka þetta mál fyrir með afbrigðum þannig að við þyrftum ekki að bíða lengi eftir að það kæmi til umræðu.

Hins vegar er það þetta með tímasetningar. Hvað er bráðlega? Það er orðið nokkuð afstætt. Ég minni á yfirlýsingar um kaup á björgunarþyrlu í því sambandi. Þetta „bráðlega" getur því verið mjög langur tími. Ég tel að við höfum ekki efni á að bíða lengi. Ef ríkisstjórnin hefur ekki burði til að drífa þetta mál frá sér og fyrir þingið þá verður þingið að taka málið í sínar hendur og afgreiða með skjótum hætti það frv. sem hér liggur fyrir. Það vil ég eindregið fara fram á að gerist í þessari viku.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti væntir þess að „bráðlega" þýði í þessu tilfelli mjög fljótlega.

Áhrif af niðurfellingu aðstöðugjalds.

Fsp. RG, 258. mál. — Þskj. 304.

[15:11]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Þegar skattabreytingar fyrirtækja hófust fyrir rúmu ári, m.a. með afnámi aðstöðugjaldsins, var markmiðið fyrst og fremst að bæta hag fyrirtækja og gera þau betur samkeppnishæf m.a. með tilliti til hins nýja viðskiptaumhverfis sem er og hefur verið að opnast í Evrópu. Hins vegar var á það bent og lögð á það áhersla að afnám aðstöðugjalds, sem var veltuskattur, mundi jafnframt þýða lækkað vöruverð og aðgerðin sem slík mundi því skila sér til neytenda í lækkuðu vöruverði og þar með bæta hag heimilanna í landinu. Ég reyndi að afla mér upplýsinga um þetta efni á síðustu vikunum fyrir jól en fékk ekki óyggjandi svör þar sem ég leitaði fyrir mér og því ber ég fyrirspurnina fram.

Það virtist hægt að leiða líkum að svari en gengisbreytingin á síðasta ári flækti myndina þar sem talið er að hún hafi ekki öll verið tekin inn í kostnað eða vöruverð. Einnig er erfitt að átta sig á hvað skrifa má á aukna samkeppni og hagstæð innkaup þegar vöruverð er skoðað.

Fyrirspurn mín og svar við henni átti erindi í umræðuna sem fram fór fyrir jól en þá náðist ekki að fá hana á dagskrá. Mér finnst mikilvægt að fá af því glögga mynd að hvaða marki það skilaði sér til neytenda að um það bil 5 milljörðum var létt af atvinnulífinu í formi aðstöðugjalda þar með talið af versluninni. Þess vegna vona ég að sá dráttur sem orðið hefur á að fyrirspurnin kæmist á dagskrá og yrði rædd hér hafi gert það mögulegt að kanna málið betur en ella. Fyrirspurnin er þessi:

„Hefur verið gerð athugun á því hvort niðurfelling aðstöðugjalds hafi skilað sér í bættum hag neytenda, svo sem í lækkuðu vöruverði?"

[15:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Efnahagsaðgerðirnar í nóvember á sl. ári bættu stöðu fyrirtækja, sérstaklega útflutningsfyrirtækja, með minni sköttum og lækkun gengis en lögðu um leið, eins og vitað er, þyngri byrðar á heimilin. Hins vegar mátti búast við að heimilin nytu góðs af afnámi aðstöðugjalds með lægra vöruverði auk þess sem bætt fjárhagsstaða fyrirtækja kæmi heimilum til góða með ýmsum hætti.

Lítill vafi leikur á að afnám aðstöðugjaldsins hefur leitt til minni hækkunar á vísitölu framfærslukostnaðar en ella hefði orðið. Það er þó enginn hægðarleikur að aðgreina afnám aðstöðugjalds frá öðrum þáttum er ráða verðmyndun á markaði. Seljendur taka tillit til samspils fjölmargra þátta þegar þeir ákveða verð á vöru og þjónustu en vægi hvers þáttar liggur ekki fyrir. Með því að bera saman verðbólguspár sem gerðar voru í kjölfar efnahagsaðgerðanna og raunverulega þróun framfærsluvísitölunnar má þó fá vísbendingar um áhrif afnáms aðstöðugjalds á verðlag.

Í verðbólguspám var gert ráð fyrir að afnám aðstöðugjalds lækkaði framfærsluvísitöluna um 1–1,5%. Spá Þjóðhagsstofnunar um verðbólgu eftir efnahagsaðgerðir í nóvember gekk nokkurn veginn eftir. Það má því draga þá ályktun að öðru óbreyttu að afnám aðstöðugjalds hafi leitt til 1–1,5% lægra verðlags. Það þýðir að afnám aðstöðugjalds hefur bætt stöðu heimilanna um tæpa 3 milljarða kr., en aðstöðugjöld námu tæpum 5 milljörðum kr. á síðasta ári.

Aðstöðugjaldið lagðist af meiri þunga á innlenda framleiðslu en innflutta þar sem gjaldið var lagt á öll framleiðslustig án tillits til uppsafnaðra áhrifa á fyrri stigum. Því hlóðust meiri gjöld á vöruna eftir því sem framleiðslustig voru fleiri. Afnám aðstöðugjalds bætti því samkeppnisstöðu innlendrar framleiðslu gagnvart innfluttri. Að mati Þjóðhagsstofnunar námu uppsöfnunaráhrif aðstöðugjaldsins um 2,5% af smásöluverði að meðaltali. Gjaldið lagðist síðan beint á heimilin með hærra vöruverði. Ekki var þó talið að afnám aðstöðugjalds mundi leiða til samsvarandi lækkunar verðlags.

Búast má við að fyrirtæki hafi brugðist við breytingunni á ólíkan hátt. Væntanlega hafa mörg fyrirtæki notað svigrúmið sem afnám aðstöðugjaldsins gaf til að halda vöruverði óbreyttu þrátt fyrir hækkanir á erlendum aðföngum og því hafi verðbólguáhrifin af gengisfellingunni verið minni en ella. Ekki er líklegt að afnámið hafi leitt til beinna verðlækkana nema þá því aðeins í þeim greinum þar sem samkeppni er hvað hörðust. Einnig má gera ráð fyrir að fyrirtæki í fákeppnisgreinum hafi notað niðurfellinguna til að bæta fjárhagsstöðuna sem og fyrirtæki í greinum þar sem afkoman er hvað lökust.

Vísitala framfærslukostnaðar hækkaði um 3,2% frá

því í janúar 1993 til jafnlengdar í ár. Vísitalan lækkaði um 0,4% í janúar vegna niðurfellingar virðisaukaskatts af matvælum. Frá desember 1992 til jafnlengdar á síðasta ári hækkaði framfærsluvísitalan um 4,7%. Landbúnaðarvörur lækkuðu á þessu tímabili um 1% en aðrar innlendar neysluvörur hækkuðu um 6,9%. Húsnæðisliður framfærsluvísitölunnar lækkaði um 0,3% vegna lækkunar á fjármagnskostnaði en þjónustuliðir vísitölunnar hækkuðu um 4,6%. Innfluttar vörur hækkuðu um 7,5% á þessu tímabili og koma þar fram áhrif gengisfellingar í nóvember og júní á sl. ári.

Margt bendir til að afnám aðstöðugjaldsins hafi haft nokkuð meiri áhrif á innlenda framleiðslu en innflutta og þannig bætt samkeppnisstöðu hennar. Almennt má því segja að fyrirtæki hafi stillt verðhækkunum mjög í hóf og nýtt sér það svigrúm sem afnám aðstöðugjaldsins gaf.

[15:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það mátti ráða af orðum hæstv. forsrh. að menn hafi ekki haft ítarlega athugun að baki þegar þetta svar var samið. Ég hjó þó eftir því að það kom fram í máli fyrirspyrjanda að hann taldi að létt hefði verið sköttum af atvinnulífinu upp á 5 milljarða kr. sem væntanlega er byggt á því að álagt aðstöðugjald nemi þeirri upphæð. Það er út af fyrir sig misskilningur að halda því fram að hér sé verið að létta sköttum af atvinnulífinu því það eru neytendur sem borguðu aðstöðugjaldið og aðrir ekki.

En í svari hæstv. forsrh. kom fram að ábati neytendanna næmi 1–1,5% af vísitölu og kæmi fram í lægra verðlag og í krónutölu þýddi það um 3 milljarða kr. Það þýðir að það er verið að leggja aukna skattbyrði á neytendur sem nemur mismuninum eða 2 milljörðum kr.

[15:18]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég verð nú að draga í efa sumar þær staðhæfingar sem komu fram í svari hæstv. forsrh. Ég tel að vöruverð hafi ekki lækkað af þessum sökum. Mér finnst það hafa hækkað nóg. Hefur hagur sveitarfélaga ekki beðið hnekki? Jú, a.m.k. sumra þar sem innheimta var í lagi. Flutningur þessara miklu byrða af fyrirtækjunum til heimilanna orkar að mínum dómi tvímælis.

Ég studdi á sínum tíma afnám aðstöðugjalds en ég er farinn að efast um að við höfum haft rétt fyrir okkur. Ég er farinn að efast um að það hafi verið stigið rétt spor þegar aðstöðugjaldið var afnumið. Vegna þess að neytendur hafa ekki notið góðs af því. Hugsanlega hafa einhver af fyrirtækjunum notið góðs af því og bætt sinn hag en það sést þó ekki á atvinnustiginu, að það hafi batnað til muna.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það svar sem ég hef fengið frá forsrh. Ég geri mér fulla grein fyrir því að það var ekki við því að búast að öll upphæðin sem aðstöðugjöldin námu skilaði sér í lækkuðum útgjöldum heimilanna.

Það er afar mikilvægt að geta fylgst með hreyfingu verðlags og áhrifum af aðgerðum ríkisvaldsins. Mér finnst mikilvægt að það hefur komið hér fram að þessar líkur séu á að verðlag hafi af völdum þessa lækkað um 1–1,5% og að það þýði bættan hag heimilanna upp á 3 milljarða.

Ég vona að það reynist svo en hef nokkrar áhyggjur af því miðað við reynslu mína frá því í haust hvað erfitt er að fá hröð og óyggjandi svör um hreyfingu verðlags.

[15:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er enginn vafi á því að lækkun aðstöðugjaldsins hefur skilað sér í lækkun verðlags. Það fer ekki á milli mála. Það var þess vegna sem áhrif hinar fyrri gengisbreytingarinnar á haustdögum urðu miklu minni en menn höfðu óttast. Verðlagshækkun vegna gengisbreytingarinnar innan lands varð miklu minni vegna þess að aðstöðugjaldslækkunin skilaði sér betur en menn hugðu. Þetta var einnig mat verkalýðshreyfingarinnar.

Þegar menn segja að ef maður tekur tæpa 3 milljarða annars vegar og tæpa 5 milljarða hins vegar af aðstöðugjöldum og það hafi ekki allt skilað sér til neytenda þá stóð aldrei til að þetta væri bara tilfærsla af þessu tagi. Það var alltaf sagt að það væri verið að létta sköttum af fyrirtækjum og auka hlut almennings hvað þetta snertir. Til að mynda lækkun aðstöðugjalda sjávarútvegsfyrirtækja, eins og hv. þm. Vestfirðinga sem áðan talaði ætti að vita, skilar sér auðvitað ekki í lækkun til neytenda en bætir væntanlega stöðu þessara fyrirtækja og það er afskaplega mikilvægt upp á atvinnuástandið í landinu og sama er um fleiri slík fyrirtæki að segja. Þessar athugasemdir voru því að sumu leyti að mínu mati nokkuð á misskilningi byggðar.

Seta embættismanna í sveitarstjórnum.

Fsp. KHG, 262. mál. — Þskj. 315.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það hefur sem betur fær st í aukana að menn hugi að því að ekki sé um hagsmunaárekstra að ræða í stjórnsýslunni og embættismannakerfinu og sem dæmi um það eru nýsett stjórnsýslulög. Í framhaldi af því hef ég velt fyrir mér stöðu embættismanna ríkisins gagnvart sveitarfélögum en eins og þingheimi er vafalaust kunnugt um er bæði ríkisvaldið og sveitarstjórnirnar saman hluti af framkvæmdarvaldinu. Oft er það svo að embættismenn ríkisvaldsins, sumir hverjir a.m.k., fara með málefni og eru yfirmenn sveitarstjórnarstigsins í þeim skilningi sem kveður á um í lögum hverju sinni. Má þar nefna t.d. lög um vernd barna og ungmenna og barnalög og sveitarstjórnarlög, svo ég nefni þrenn lög af handahófi þar sem m.a. er kveðið á um hlutverk sýslumanna gagnvart sveitarstjórnum.

Ég vil því til þess að vekja upp frekari umræðu um

hugsanlega stöðu embættismanna ríkisvaldsins gagnvart sveitarstjórnum varpa fram fsp. sem er á þskj. 315 í 1. tölulið:

Hvaða reglur gilda um setu embættismanna, svo sem sýslumanna og starfsmanna ráðuneyta, í sveitarstjórnum eða nefndum á þeirra vegum?

Ég vil geta þess varðandi sýslumenn, svo þeir séu nefndir, að í áranna rás hefur skapast sú venja hægt og sígandi sýnist mér að sýslumenn hafi ekki afskipti af sveitarstjórnarmálum. Ég minni m.a. á það að þegar núv. sýslumaður Ísfirðinga var skipaður þá sagði hann af sér öllum trúnaðarstörfum fyrir Ísafjarðarkaupstað en hann var þá forseti bæjarstjórnar og enn fremur formaður Fjórðungssambands Vestfirðinga. Það var því hans mat að starfsins vegna væri eðlilegt að hafa það með þessum hætti.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh.:

Hvaða áhrif munu ný stjórnsýslulög hafa á þátttöku embættismanna í sveitarstjórnum og nefndum á þeirra vegum þegar þau lög öðluðust gildi um síðustu áramót og telur ráðherra rétt að setja sérstakar reglur þar um vegna lagasetningarinnar?

[15:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Vestf. hefur borið fram fsp. sem hann gerði grein fyrir í tveimur liðum. Fyrri liðurinn er svohljóðandi:

„Hvaða reglur gilda um setu embættismanna, svo sem sýslumanna og starfsmanna ráðuneyta, í sveitarstjórnum eða nefndum á þeirra vegum?"

Samkvæmt 20. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986, eru allir þeir kjörgengir í sveitarstjórn í sveitarfélagi þar sem þeir eiga lögheimili og ná þar 18 ára aldri ásamt því að fullnægja nokkrum öðrum almennum skilyrðum. Samkvæmt sömu lagagrein er þeim sem kjörgengir eru skylt að taka sæti í sveitarstjórn séu þeir til þess kjörnir.

Af þessum reglum leiðir að embættismenn ríkis, þar með talið sýslumenn og starfsmenn ráðuneyta, svo og starfsmenn sveitarfélaga, eiga rétt til þess og er meira að segja í vissum tilvikum skylt að taka sæti í sveitarstjórn. Sama á við um nefndir á vegum sveitarstjórnar að öðru leyti en því að í 59. gr. sveitarstjórnarlaga er svo fyrir mælt að forstöðumenn og aðrir stjórnendur fyrirtækja og stofnana sveitarfélaga séu ekki kjörgengir í stjórnir þeirra stofnana er þeir starfa hjá.

Ég lít þannig á að með þessum orðum sé svarað hinum fyrri lið fyrirspurnarinnar.

Síðari liður í fsp. hv. þm. er svohljóðandi:

„Hvaða áhrif munu ný stjórnsýslulög hafa á þátttöku embættismanna í sveitarstjórnum og nefndum á þeirra vegum þegar þau lög öðlast gildi um nk. áramót og telur ráðherra rétt að setja sérstakar reglur þar um vegna lagasetningarinnar?"

Hin nýju stjórnsýslulög hafa ekki að geyma neinar reglur um svonefnt almennt hæfi manna til setu í sveitarstjórn eða nefndum á þeirra vegum, þ.e. hvaða skilyrðum menn þurfi að fullnægja til þess að taka þar sæti. Samkvæmt 2. gr. stjórnsýslulaganna gilda ákvæði þeirra ekki heldur við svonefnt sérstakt hæfi sveitarstjórnarmanna eða starfsmanna sveitarfélaga, þ.e. hvenær þeir skuli víkja sæti við meðferð einstakra mála í sveitarstjórnum eða nefndum á þeirra vegum. Um það atriði gilda eftir sem áður ákvæði 45. gr. sveitarstjórnarlaga þar sem segir að sveitarstjórnarmanni ber að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo og sérstaklega að almennt megi ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af.

Ástæðan fyrir því að ekki þótti rétt að láta hin ítarlegu ákvæði stjórnsýslulaganna um sérstakt hæfi taka til sveitarstjórnarmanna og starfsmanna sveitarfélaga er sú hve fámenn sveitarfélögin eru en sú staðreynd gerir það aftur erfitt eðli málsins samkvæmt að gera strangar kröfur í þessu efni.

Álitamál er að sjálfsögðu hvaða reglur skuli gilda um kjörgengi í sveitarstjórnum og nefndir á þeirra vegum. Alþingi hefur sett þær reglur í sveitarstjórnarlögum og sem fyrr segir hrófla hin nýju stjórnsýslulög ekki við þeim reglum. Af þeim sökum er ekkert tilefni til þess að setja sérstakar reglur um þetta efni nú þegar stjórnsýslulög hafa tekið gildi.

Á hinn bóginn er það svo, vegna þess að tiltekinn sýslumaður var nefndur, að það er litið svo á að hafi einstaklingar gegnt skyldustörfum sínum í sveitarstjórnum einhvern tíma þá sé þeim heimilt án þess að þeir séu að brjóta þá skyldureglu að taka sæti í sveitarstjórn að biðjast undan því að taka kjöri til slíkra starfa ef þeim hentar. Ég tel að það fari ekki illa á því til að mynda að sýslumenn með þann starfa sem þeir hafa hafi þá reglu sem þarna var nefnd en þeim er það ekki skylt. Þeim er meira að segja rétt að taka slíku kjöri ef þeir óska eftir því sjálfir en það er örugglega til bóta að sýslumenn hafi þá þætti í huga hvort það geti valdið tortryggni í garð þeirra starfa en þeim er það ekki skylt að lögum.

[15:29]

Fyrirspyrjandi (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans. Þau voru greinargóð hvað varðar ákvæði laga í þessu efni. Það sem ég vil líka minna á og kom reyndar fram í lokaorðum í svari hæstv. forsrh. er að menn verða að hafa ákveðna þætti í huga og meta sem geta valdið því að um verulega hagsmunaárekstra sé að ræða. Sýslumenn eru samkvæmt sveitarstjórnarlögum t.d. umboðsmenn ríkisvaldsins heima í héraði og fulltrúar félmrn. í þeim málum sem það ráðuneyti kýs að fela sýslumönnum það hlutverk. Það fer ekki vel saman og er augljóst hverjum sem skoðar að t.d. í slíku tilviki gæti sýslumaður sem sæti í sveitarstjórn lent í afar erfiðri aðstöðu og satt að segja verulegum hagsmunaárekstrum.

Þetta er mönnum nokkuð ljóst hygg ég og hefur komið fram í þeirri þróun að sýslumenn hafa verið að draga sig úr þátttöku í sveitarstjórnarmálum í gegnum árin. Nú er aðeins eitt dæmi um sýslumann sem situr í sveitarstjórn. Það segir okkur að almennt álit þeirra sem að þessum málum koma er að ekki fari vel saman að gegna þessum tveimur störfum.

Það er víðar sem aðstæður eru þannig að það er

ákaflega vandmeðfarið ef ekki útilokað að opinberir embættismenn taki sæti í sveitarstjórn jafnvel þótt lög banni það ekki. Ég nefni sem dæmi ráðuneytisstjóra og aðra slíka háttsetta menn sem lögum samkvæmt eru fulltrúar ríkisvaldsins gagnvart sveitarfélögunum þar sem það á í hlut.

En fleira er ekki að segja um þetta af minni hálfu, virðulegur forseti. Ég þakka svörin.

[15:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir flest þau meginsjónarmið sem fram koma í máli hv. þm. í hans síðari ræðu. Ég hygg líka að við þessir tveir bæjarfulltrúar sem jafnframt erum þingmenn getum verið ásáttir um að ekki sé rétt að setja of þröngar skorður í þessum efnum.

Viðhald húsa í einkaeign.

Fsp. TIO, 249. mál. — Þskj. 288.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Það hefur orðið talsvert mikill samdráttur í byggingariðnaði sem hefur þegar leitt til vaxandi atvinnuleysis. Hugsanlegt er að þessi samdráttur í byggingariðnaði sé varanlegur og ýmis atriði benda til þess að svo geti verið. Það eru ekki vísbendingar um mikinn hagvöxt á næsta leiti. Efnahagsstöðnunin í Evrópu hefur ýtt undir breytta hegðan neytenda sem lýsir sér í því að mun meiri varfærni kemur fram í fjárfestingum en áður var. Það má gera ráð fyrir því að svipað gerist hér á landi eftir fimm ára efnahagsstöðnun og efnahagssamdrátt.

Mikil byggingarstarfsemi á undanförnum tveimur áratugum, sem ýtt var undir með mikilli spennu á vinnumarkaði og losaralegri efnahagsstjórn, getur leitt til þess að hér verði minni eftirspurn eftir nýbyggingum á næstunni. Þá er einnig rétt að geta þess að lág verðbólga, aðhald í efnahagsstjórn og skuldsetning fyrirtækja og heimila hefur dregið úr áhuga á fjárfestingum og mun hugsanlega halda áfram að gera það. Ég vil í þessu sambandi, virðulegi forseti, geta þess að í síðasta fréttabréfi um verðbréfaviðskipti kemur fram að í atvinnuvegunum er fjárfesting orðin miklu minni en munar eðlilegum afskriftum til viðhalds fjármuna í atvinnulífinu. Það má gera ráð fyrir því að ástandið sé ekki alveg eins alvarlegt í sambandi við íbúðarhúsnæði en engu að síður bendir margt til þess að þar sé ekki heldur stundað eðlilegt viðhald.

Áhersla liðinna áratuga á nýbyggingar hefur beint sjónum byggingariðnaðarins frá viðhaldi. Með hækkandi meðalaldri fasteigna fara viðhaldsverkefni hins vegar hratt vaxandi og eru að öllum líkindum stórlega vanrækt. Í þessu tilfelli má vitna í skýrslu sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands lét gera um viðhorf til viðhalds og nýbygginga í íbúðarhúsnæði. Þar var rætt við verkfræðinga, arkitekta, iðnaðarmenn og verktaka um skoðanir þeirra á viðhaldi húsa. Það sem vekur athygli þar er m.a. að allir þessir hópar halda því fram að viðhaldsþörf á íbúðarhúsnæði sé mjög mikil og verulega vanrækt. Einnig kemur fram í þessari skýrslu að bæði vinnulag við framkvæmdir og efnisval sé ekki sem skyldi.

Stærsti hluti þjóðarauðsins er bundinn í fasteignum. Því hlýtur það að vera afar alvarlegt mál ef það kemur í ljós að viðhald fasteigna er vanrækt á sama tíma og í byggingariðnaðinum er mjög vaxandi atvinnuleysi. Af þessum sökum er rétt að varpa ljósi á þetta mál eftir því sem föng eru og þess vegna hef ég beint eftirfarandi fsp. til hæstv. iðnrh.:

„1. Hvert er verðmæti húsa í einkaeign talið vera?

2. Hver er eðlilegur árlegur viðhaldskostnaður þessa húsnæðis talinn vera, annars vegar innan húss og hins vegar utan húss?

3. Hve mikill hluti verkefna byggingariðnaðarins telst vera viðhaldsverkefni, annars vegar húsnæðis í opinberri eigu og hins vegar í einkaeign?

4. Hver var fjárfesting í nýbyggingum á síðasta ári borin saman við meðaltal áranna 1980–1990?"

[15:35]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta fsp. hv. þm. hljóðar svo:

„1. Hvert er verðmæti húsa í einkaeign talið vera?"

Samkvæmt upplýsingum Fasteignamats ríkisins frá árinu 1993 er matsverð eftir fasteignaflokkum þannig:

Íbúðarhús og bílskúrar: 537 milljarðar 610 millj. 801 þús. kr. Verslunar- og skrifstofuhúsnæði: 51 milljarður 849 millj. 830 þús. kr. Iðnaðarhús: 51 milljarður 795 millj. 73 þús. kr. Vörugeymslur: 13 milljarðar 795 millj. 792 þús. kr. Sérhæfðar byggingar: 104 milljarðar 248 millj. 229 þús. kr. Íbúðarhús á jörðum: 13 milljarðar 793 millj. 432 þús. kr. Eða samtals verðmæti húsa í einkaeign: 773 milljarðar 93 millj. 157 þús. kr.

Þá eru undanskildir sumarbústaðir og útihús á jörðum.

Eignarhald á byggingunum er ekki sundurliðað í upplýsingunum en slíkar upplýsingar mætti fá fram með aukinni úrvinnslu.

Í öðru lagi spyr hv. þm.: „Hver er eðlilegur árlegur viðhaldskostnaður þessa húsnæðis talinn vera, annars vegar innan húss og hins vegar utan húss?"

Viðhaldskostnaður bygginga er mjög breytilegur og fer vaxandi með auknum aldri bygginga. Að því kemur að framkvæma þarf umfangsmiklar aðgerðir sem eru tiltölulega dýrar og árlegur viðhaldskostnaður fellur á ný einhvern tímann þar á eftir. Viðhaldskostnaður er iðulega reiknaður sem hlutfall af nýbyggingarkostnaði húsa. Hvert prósentustig í viðhaldskostnaði gefur því miðað við framangreindar upplýsingar um 7,7 milljarða á ári í kostnað við byggingarviðhald. Það er ekki vitað hver árlegur viðhaldskostnaður er hérlendis en slíkar upplýsingar eru þekktar erlendis frá og tæpast ástæða til að ætla að viðhald hérlendis sé verulega frábrugðið. Til viðmiðunar við erlendar stærðir má áætla að árlegur kostnaður við viðhald bygginga nemi um 1,5–2% af heildarkostnaði. Þar sem íslenskar bygg-

ingar eru fremur nýjar getur því þessi hlutfallstala fyrir Ísland verið lægri en er í löndunum í kringum okkur.

Lausleg athugun bendir til að viðhald utan húss annars vegar og innan húss hins vegar sé álíka að umfangi.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Hve mikill hluti verkefna byggingariðnaðarins telst vera viðhaldsverkefni, annars vegar húsnæðis í opinberri eigu og hins vegar í einkaeign?"

Upplýsingar um skiptingu verkefna á milli nýbygginga og viðhalds liggja ekki enn fyrir en Meistara- og verktakasamband byggingarmanna hyggst safna upplýsingum varðandi þetta meðal meðlima sinna upp úr áramótum.

Í fjórða lagi er spurt: „Hver var fjárfesting í nýbyggingum á síðasta ári borin saman við meðaltal áranna 1980–1990?"

Þjóðhagsstofnun hefur birt gögn um fjárfestingar í byggingum og mannvirkjum á verðlagi hvers árs. Ég er út af fyrir sig með þær skriflegar en þar er um að ræða tölur á verðlagi hvers árs þannig að þær segja kannski ekki mikla sögu. En ef menn miða við fjármunamyndun í byggingum og mannvirkjum og ganga út frá magnvísitölunni 100 árið 1980 þá má segja að fyrir ofan töluna 100 hefur fjármunamyndunin verið 1982 102,6, 1987 102,9, 1988 103,9 og 1989 103,1. En hin síðari ár hefur þessi vísitala farið stöðugt lækkandi. Þannig var hún 1992 87,7 miðað við 100 stig árið 1980. 1993 spá 86,7 og áætlun fyrir 1994 84,1.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að þylja allar þessar tölur en vildi gjarnan koma þessum upplýsingum eigi að síður á framfæri til hv. þm. og mun því afhenda honum þær eins og þær eru uppfærðar í því svari sem ráðuneytið hefur látið mig fá.

[15:39]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa borið þessa fsp. fram. Í upplýsingum sem fram komu frá hæstv. iðnrh. voru fjölmargar tölur og atriði sem ómögulegt var að henda reiður á í þeim upplestri sem hér fór fram. Því vil ég fara fram á það við hæstv. ráðherra að þessu svari verði dreift til þingmanna ásamt öðrum þeim tölum sem hæstv. ráðherra sleppti að lesa vegna tímaskorts.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir greinargóð svör og tel að beiðni hv. formanns iðnn. sé eðlileg. Það er eflaust hægt að ráða ýmislegt út úr þessum tölum sem gæti komið að gagni. Ég vil hins vegar taka fram að mér sýnast þessar upplýsingar benda eindregið til þess að þarna sé um mjög viðamikið verkefni að ræða. Og ef þær upplýsingar eru réttar sem ég gat um hér áðan og tók upp úr könnun á viðhorfi þeirra stétta sem fást við þessi verkefni, að þar væri um verulega vanrækslu að ræða, þá hefði ég mikinn áhuga á að það yrði skoðað með hvaða hætti væri hægt að örva þessa starfsemi, hugsanlega með breytingum á skattalögum. Svo virðist sem endurgreiðsla virðisaukaskatts af viðhaldsframkvæmdum hafi ekki orðið sá hvati sem vænst var til þess að þessar framkvæmdir færu fram fyrir opnum tjöldum. Ég held að það sé því ástæða til þess að skoða rækilega hvort ekki er hægt að örva byggingariðnaðinn til þess að taka á þessu mikla vandamáli sem viðhaldsverkefnið er, sem eflaust skiptir tugum milljarða að stærð og leita þar með leiða til þess að bæta stöðuna í verkefnum byggingariðnaðarins.

[15:42]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að verða við tilmælum hv. formanns iðnn. um að láta dreifa þessum upplýsingum til alþingismanna og ég mun gera ráðstafanir til þess að það verði gert.

Í öðru lagi vil ég taka fram að það er ekki bara viðhald húsa í einkaeign sem þyrfti að vinna miklum mun meir og betur heldur en gert er hér á landi. Það á ekki síður við um húsnæði í opinberri eigu.

Þegar ég var í heilbrrn. lét ég gera könnun á því hvað þyrfti að gera eingöngu til þess að forða því húsnæði frá skemmdum sem var í umsjá heilbrrn. Það var gerð áætlun um hvaða fjármuni þyrfti, ekki í nauðsynlegt viðhald heldur til þess að vinna viðhald til að forða frá frekari skemmdum. Það var reiknað með að til þess þyrfti að vinna verk upp á 540 millj. kr. Þannig að þarna eru mikil verk ónunnin sem stendur upp á okkur, bæði opinbera aðila og einkaaðila, að finna fjármuni fyrir.

Útflutningur á íslensku vatni.

Fsp. GHall, 274. mál. — Þskj. 347.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt fyrirspurn fyrir iðnrh. varðandi útflutning á íslensku vatni í neytendaumbúðum. Eins og flestum er kunnugt hafa margir aðilar litið til þessa máls í mikilli von um að talsverður útflutningur gæti hafist af hálfu Íslendinga, sem þegar er reyndar hafinn. En það verður að segjast eins og er að mér finnst að þeim starfskröftum sem eru í þessari útflutningsgrein sé heldur dreift miðað við umfang mála og þá möguleika sem þessi útflutningur gæti haft í för með sér. Fyrirspurnirnar eru eftirfarandi:

„1. Hve mörg fyrirtæki hafa verið stofnuð hér á landi á sl. tíu árum með það að markmiði að flytja út íslenskt drykkjarvatn?

2. Þurfa þeir aðilar, sem ætla að hefja útflutning á neysluvatni, að sækja um framkvæmdar- og/eða starfsleyfi?

3. Ef svo er, hversu margir aðilar hafa sótt um slíkt leyfi?

4. Hefur ráðuneytið eða annar aðili unnið að markaðskönnun varðandi frekari möguleika á útflutningi íslensks drykkjarvatns?"

[15:45]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Fyrsta spurningin lýtur að því hversu mörg fyrirtæki hafa verið stofnuð hér á landi á sl. 10 árum með það að markmiði að flytja út íslenskt drykkjarvatn. Við þessari spurningu er ekki einhlítt svar þar sem vitað er um fjölda aðila sem áhuga hafa haft á vatnsflutningi, en ekki er vitað hversu margir hafa stofnað fyrirtæki í þeim tilgangi.

Frá því að hlutafélagaskráin var tölvuvædd árið 1987 virðast hins vegar átta hlutafélög hafa verið skrásett sem höfðu vatnsútflutning að markmiði. Af þessum átta hlutafélögum var eitt sem eingöngu hafði útflutning á bragðbættu vatni að markmiði. Þrjú fyrirtæki hafa flutt út átappað vatn á undanförnum árum, þ.e. fyrirtækin Agva, Þórsbrunnur og Íslenskt bergvatn. Mest af útfluttu vatni frá þessum fyrirtækjum hefur farið á Bandaríkjamarkað. Hollustuvernd hefur veitt þessum fyrirtækjum þjónustu á sviði rannsókna og ráðgjafar. Rannsóknastofa Hollustuverndar hefur séð um reglulegar örverumælingar á framleiðslunni í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda í Bandaríkjunum og hefur rannsóknastofan hlotið viðurkenningu frá heilbrigðisyfirvöldum þar í landi til slíkra mælinga. Eitt þessara fyrirtækja hefur nú hætt starfsemi en það fyrirtæki flutti einvörðungu út kolsýrt vatn. Af fréttum í fjölmiðlum á undanförnum árum er ljóst að ýmsir aðilar hafa haft áhuga á vatnsútflutningi án þess að úr framkvæmdum hafi orðið.

Til þessa hefur blávatn og kolsýrt vatn í litlum mæli eingöngu eða nær eingöngu verið flutt út til Bandaríkjanna. Tvö fyrirtæki eru starfandi á þeim markaði eins og fram kom. Eigi er kunnugt um fleiri en þau þrjú fyrirtæki sem upphaflega hófu tilraunir með vatnsútflutning á Bandaríkjamarkað, sem hafið hafa útflutning á vatni og gengið í gegnum þann hreinsunareld sem nauðsynlegur er áður en innflutningsleyfi fæst í viðkomandi ríki.

Önnur spurning: Þurfa þeir aðilar sem ætla að hefja útflutning á neysluvatni að sækja um framkvæmdareða starfsleyfi? Til þessa hefur ekkert slíkt leyfi þurft frá íslenskum yfirvöldum, en á því verður breyting þegar núgildandi reglur um neysluvatn verða samræmdar EB-tilskipununum en að því er unnið hjá Hollustuvernd ríkisins. Svo framarlega sem fyrirtæki framleiða matvæli, þar á meðal drykkjarvatn, sem seld eru á Íslandi, er þeim skylt að sækja um starfsleyfi til heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Með nýjum matvælalögum mun það sama gilda þótt framleiðsla sé eingöngu vegna útflutnings.

Mismunandi reglur gilda um innflutning á drykkjarvatni. Hjá Evrópubandalaginu eru nú í gildi tvær tilskipanir, önnur um neysluvatn almennt en hin um lindarvatn. Átappað drykkjarvatn sem framleitt er í samræmi við fyrri reglugerðina þarf að uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til neysluhæfs kranavatns í löndum Evrópubandalagsins. Hægt er að nota vatn beint úr dreifikerfum vatnsveitna til átöppunar svo framarlega að þau uppfylli fyrrnefndar kröfur.

Kröfur Evrópubandalagsins um átappað lindarvatn eru mjög strangar. Þetta varðar fyrst og fremst kröfur um staðsetningu og ástand vatnsbóla og um stöðugleika á efna-, eðlis- og örverufræðilegu ástandi vatns. Gerð er krafa um að öll samsetning vatnsins eftir átöppun sé nákvæmlega sú sama og í vatnsbólinu. Aðeins er leyft að bæta koltvísýringi í vatnið og er það þá merkt í samræmi við það. Áður en Evrópubandalagið samþykkir innflutning á átöppuðu lindarvatni þurfa að liggja fyrir um það bil tveggja ára rannsóknir um stöðugleika á efna- og örverufræðilegu ástandi vatnsbólsins. Lögð er áhersla á að átöppunarverksmiðja sé sem næst vatnsbólinu og að sérstök leiðsla liggi frá vatnsbóli til átöppunarverksmiðju. Þá er gerð krafa um að heilbrigðisyfirvöld í viðkomandi útflutningslöndum ábyrgist að öllum skilyrðum sé fullnægt.

Hollustuvernd ríkisins vinnur nú að gerð reglugerða um neysluvatn þar sem gildandi reglur verða samræmdar EB-tilskipunum. Reglur sem gilda í Bandaríkjunum um átappað vatn geta verið mismunandi eftir ríkjum. Strangar kröfur gilda um efna-, eðlis- og örverufræðilegt ástand drykkjarvatns. Í byrjun þarf að leggja fram rannsóknaniðurstöðu sem sýnir fram á að vatnið í vatnsbólunum uppfylli ofangreindar kröfur. Þetta virðist nægja í flestum tilvikum og er ekki gerð sérstök krafa um langtímarannsóknir á vatnsbólum til útflutnings á Bandaríkjamarkað. Leggja þarf hins vegar reglulega fram rannsóknaniðurstöður frá rannsóknaraðila sem viðurkenndur er af heilbrigðisyfirvöldum í Bandaríkjunum sem sýna á að framleiðslan uppfylli allar nauðsynlegar kröfur.

Allt ókoltvísýrt vatn sem flutt er út frá Íslandi til Bandaríkjanna í dag er meðhöndlað með ósoni sem drepur allar örverur í vatninu og eykur geymsluþol. Þetta er heimilt að gera vegna útflutnings til Bandaríkjanna en verður ekki heimilt að gera vegna útflutnings til Evrópubandalagsins. Þetta er gert þrátt fyrir að örverur í íslensku vatni séu langt innan þeirra hámarksgilda sem sett hafa verið í Bandaríkjunum um örverur í átöppuðu vatni.

Þriðja spurning: Hversu margir aðilar hafa sótt um slíkt leyfi? Eins og kemur fram í svari við fyrri spurningu er ekki um neinar leyfisveitingar að ræða.

Fjórða spurning: Hefur ráðuneytið eða annar aðili unnið að markaðskönnun varðandi frekari möguleika á útflutningi íslensks drykkjarvatns? Iðnrn. hefur látið vinna eina könnun á markaði fyrir vatn í neytendaumbúðum og tekið þátt í annarri könnun ásamt Útflutningsráði og Byggðastofnun. Skýrslur þessar veita áhugaaðilum vissar upplýsingar um markaðsmál eins og þau voru á sínum tíma auk þess sem nokkur könnun var gerð á ýmsum möguleikum með vatnsvinnslustöðum á landinu, en lengra ná þær ekki. Ekki er vitað um markaðskannanir einstakra áhugaaðila um vatnsútflutning, enda eru þær trúnaðarmál hjá hverjum og einum. Iðnrn., Byggðastofnun og Iðnþróunarsjóður hafa veitt nokkra styrki til aðila sem hafa haft uppi áform um vatnsútflutning.

[15:50]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé út af fyrir sig

gott að þessu máli sé hreyft hér. Það er einfaldlega þannig að útflutningur á vatni hefur verið meira í orði heldur en á borði á síðustu árum og staðreynd málsins er sú að það hefur engum aðila tekist enn að brjótast í gegnum það flókna ferli sem er frá framleiðslu og til árangursríkrar markaðssetningar. Það eru ein tvö, þrjú fyrirtæki sem vinna að þessu enn þá og þess vegna er að mínu mati mjög nauðsynlegt að menn reyni að stuðla að því að þeir aðilar sem eru í þessu í dag geti látið á það reyna til fullnustu hvort þeir ná árangri áður en lengra er haldið hvað þetta snertir.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir hans svör. Það er svo að oftar en ekki hefur það verið rætt manna á meðal hversu framarlega við hlytum að vera í framleiðslu íslensks drykkjarvatns og hafa menn jafnvel verið svo stórtækir eða talað um að það væri rétt að flytja út íslenskt vatn í tankskipum og fleira í þeim dúr.

Markaðssetningin, eins og síðasti ræðumaður kom inn á, er vissulega stórmál. Þegar ég fór í verslun hér í borg og keypti eina vatnsflösku sem er íslensk, 33 cl, og kostaði 85 kr., sem ekki er í sjálfu sér í frásögur færandi, en þó pakkað inn í plast, og keypti svo aðra sem er innflutt frá Frakklandi og kostaði rúmar 100 kr., glerflaska, þá hljóta menn að sjá í hvaða vanda við erum staddir í sambandi við markaðssetningu hér á þessari ágætu afurð okkar Íslendinga, þessu holla og góða vatni. (**Gripið fram í:** Hvort er betra?) Hvort er betra, er kallað hér fram. Ég verð nú að segja að það íslenska er betra. Hins vegar skal ég bjóða þingmanninum hér afsíðis á eftir og skenkja honum í glas og við skulum báðir smakka og vega og meta. (**Gripið fram í:** Þurfum við ekki regnhlíf?) En þetta er vissulega stórmál sem er allrar athygli vert og vissulega er nauðsynlegt, eins og kom fram hjá ráðherra áðan, að það þarf auðvitað að setja hér upp nánara og strangara eftirlit þannig að ekkert fari úrskeiðis, því að sagt er að það skipti nokkur hundruð millj. í íslenskum krónum talið sá möguleiki sem Íslendingar eiga í vændum ef vel er staðið að útflutningi á vatni til Bandaríkjanna. Það er sagt að á næstu fjórum árum muni stóraukast sala á vatni þar og vissulega eiga Íslendingar þá mikla möguleika sem ég vona að við berum gæfa til að standa þannig að, bæði að markaðsmálum og útflutningi, að sómi sé að.

[15:54]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það sem hefur komið fram hjá báðum þeim þingmönnum sem hér hafa tjáð sig. Það er ekki nóg að eiga góða vöru, menn verða líka að kunna að selja hana. E.t.v. er markaðssetning á íslenskri framleiðslu það sem einna helst skortir á til þess að við getum náð árangri á erlendum mörkuðum.

Í þessu tilviki liggur fyrir að við erum með mjög góða afurð sem er íslenskt vatn, bæði kolsýrt og ókolsýrt. En Íslendingar virðast vera mjög seinir að átta sig á því hve markaðssetningin er þýðingarmikil. Ég er enginn sérfræðingur í markaðssetningu en ég sá nú ekki betur þegar ég fór að kanna þessi vatnsútflutningsmál í Bandaríkjunum en að sá aðili sem flutti út vatn þangað, á þennan stóra markað, og ætlaði sér ekki um of, heldur einbeitti sér að tiltölulega afmörkuðum hluta markaðarins, væri sá aðili sem hefði náð bestum árangri. Þeir sem ætla að gleypa allt tunglið í einum munnbita og ætla að fara með íslenskt vörumerki út á hinn stóra, bandaríska markað án þess að beina sér að nokkrum tilteknum hópi kaupenda eða einhverjum ákveðnum þætti í markaðnum eða einhverjum ákveðnum aðilum í hópi kaupenda, virðast springa á limminu. Þetta á við um miklu fleira heldur en vatnsútflutning. Það er ekki nóg að eiga góða afurð sem við teljum að eigi að vera seljanleg, við verðum líka að kunna að selja hana og gera okkur grein fyrir því að þar erum við í harðri samkeppni og þar kostar söluátak mikla fjármuni.

Ráðgjöf um sambúðarslit, hjónaskilnað og forsjá barna.

Fsp. AÓB, 264. mál. — Þskj. 317.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Með samþykkt nýrra barnalaga, laga nr. 20/1992, var tekin upp sú nýbreytni að gefa foreldrum kost á að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað eða sambúðarslit. Við kvennalistakonur vöruðum við því að ef þetta skref yrði stigið að svo stöddu þá væri ljóst að það væri alls ekki hægt að bjóða upp á þá ráðgjöf sem nauðsynleg væri. Sameiginleg forsjá er því aðeins góður kostur að tryggt sé að foreldrar geri sér fulla grein fyrir því hvers hún krefst af þeim í samstarfi og samstillingu.

Í skýringum við frv. og í umræðum um málið í nefnd var m.a. vísað til góðrar reynslu nágrannaþjóðanna af sameiginlegri forsjá. Eitthvað er það nú málum blandið því nýlega kom út í Danmörku athyglisverð skýrsla eftir Morten Nissen sálfræðing, sem rannsakað hefur skilnaðar- og forsjármál í Danmörku sl. 10 ár. Skýrslan heitir Sameiginleg forsjá — tálmynd eða lausn. Þar greinir hann frá reynslu Dana af sameiginlegri forsjá, en þeir hafa reynsluna síðan 1986 til að byggja á.

Dönsku lögin eru að mestu leyti hliðstæð íslensku lögunum og eiga að tryggja að ekki sé samið um sameiginlega forsjá nema því aðeins að báðir foreldrar séu sáttir við það. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin þrátt fyrir skýr lagaákvæði. Morten segir í skýrslu sinni m.a., með leyfi hæstv. forseta, og í lauslegri þýðingu minni:

„Sífellt fleiri foreldrar taka nú ákvörðun um sameiginlega forsjá. Hluti þessara foreldra er augljóslega betur að sér um það hvað í henni felst en gekk og gerðist fyrst eftir samþykkt laganna. Í þessum tilvikum er sameiginleg forsjá stundum notuð sem mótleik-

ur þess foreldris sem ella hefði ekki fengið sameiginlega forsjá eða að foreldrar velja sameiginlega forsjá sem skásta kostinn í forsjármálum."

Þegar ég tala um skásta vil ég fá að taka það fram að á dönsku stendur: Den mindst onde, sem sagt, það sem síst er slæmur kostur.

Mér er kunnugt um a.m.k. tvö dæmi og hef spurnir af fleirum þar sem talsvert hefur verið lagt að foreldrum að velja sameiginlega forsjá við sambúðarslit. Í báðum tilvikum var um að ræða foreldra í Reykjavík. Ég tók mig til er ég heyrði af þessu og grennslaðist fyrir um það hvort í dómsmrn. væru einhverjar leiðbeiningar sendar út í þessa veru, en svo var ekki. Nú nýverið heyrði ég einnig um dæmi af foreldrum sem eru búsett hvort í sínum landshluta og að þeim hefði verið úrskurðuð sameiginleg forsjá yfir barni. Þetta þykir mér nokkuð á skjön við þá stefnu sem til stóð að marka þegar tekin var upp sameiginleg forsjá og því beini ég eftirfarandi fsp. til dómsmrh. á þskj. 317:

„1. Hvernig er staðið að ráðgjöf um sambúðarslit, skilnað og forsjá barna?

2. Hvaða menntun hafa þeir sem sjá um þá ráðgjöf hjá fimm stærstu sýslumannsembættum landsins?"

[15:59]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við fyrri lið fyrirspurnarinnar er það að segja að í 67. gr. barnalaganna er kveðið á um skyldur sýslumanna til að leiðbeina aðilum um ágreiningsmál, um réttindi þeirra og skyldur er mál varða og í 33. gr. sömu laga segir að sýslumaður skuli leiðbeina aðilum um réttaráhrif samnings um forsjá barns. Í hjúskaparlögum segir einnig að sýslumaður skuli leiðbeina aðilum um réttindi þeirra og skyldur er mál samkvæmt þeim lögum varðar. Þessi ákvæði skylda sýslumenn til þess að leiðbeina aðilum máls fyrst og fremst varðandi lagaatriði, en fela ekki í sér skyldu til þess að veita aðilum félagslega ráðgjöf varðandi þau mál er fyrirspurnin hljóðar um. Þá hvílir að sjálfsögðu á sýslumönnum almenn leiðbeiningarskylda samkvæmt stjórnsýslulögum.

Um félagslega ráðgjöf í málum þeim sem um er spurt er hins vegar fjallað í lögum sem heyra undir önnur ráðuneyti, þ.e. í lögum um Félagsþjónustu sveitarfélaga. Í 16. gr. þeirra laga segir að félagsmálanefndir skuli leitast við að bjóða upp á félagslega ráðgjöf og í 17. gr. að félagsleg ráðgjöf taki m.a. til ráðgjafar á sviði skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála. Þar segir í lögum um heilbrigðisþjónustu að á heilsugæslustöð eða í tengslum við hana skuli veita þjónustu eftir því sem við eigi, m.a. félagsráðgjöf, þar með talda fjölskyldu- og foreldraráðgjöf.

Í sambandi við fjölskylduráðgjöf er einnig vert að minna á fjölskylduþjónustu kirkjunnar sem veitir ráðgjöf um þau mál sem um er spurt, en þar starfar prestur með sérmenntun á sviði fjölskylduráðgjafar, sálfræðingur og félagsráðgjafi. Að því er varðar menntun þeirra sem um þessi mál fjalla hjá stærstu sýslumannsembættunum er það að segja að í samræmi við lögin sem kveða á um lagalegar leiðbeiningar, er í öllum tilvikum um að ræða lögfræðinga.

[16:02]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar lagaákvæðin um sameiginlega forsjá voru tekin upp, þá greiddum við atkvæði gegn þeirri tillögu nokkrir þingmenn, m.a. þingmenn Kvennalista og auk þess nokkrir aðrir, bæði úr stjórn og stjórnarandstöðu. M.a. minnist ég þess, að hæstv. fjmrh. greiddi atkvæði gegn þeirri tillögu og reyndar fleiri.

Ástæðan var fyrst og fremst sú að við töldum að hér væri um að ræða faglegt mál sem ætti ekki að skipta mönnum í flokka og það væri varasamt að taka upp sameiginlega forsjá án þess að henni fylgdi mjög veruleg félagsleg fjölskylduaðstoð. Það kemur fram í svari hæstv. dómsmrh. að þessi aðstoð hefur ekki verið veitt og svar dómsmrh. er auðvitað staðfesting þess að það er óhjákvæmilegt að til verði stofnun eða skrifstofa í tengslum við félmrn. sem tryggi það að þeir einstaklingar sem hér um ræðir geti leitað sér faglegrar félagslegrar ráðgjafar. Lögfræðileg þjónusta í þessum efnum dugir því miður ekki.

[16:03]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Af svari hæstv. dómsmrh. má því miður ráða það að gagnrýni og áhyggjur okkar kvennalistakvenna reyndust á rökum reistar. Það er í rauninni ekki um neina sómasamlega eða réttlætanlega ráðgjöf að ræða aðra en sjálfsagða lagalega ráðgjöf sem mér finnst að þurfi ekki að deila um að er lágmark, að þau atriði séu kynnt.

Við lögðum það til, til þess að reyna að ná sátt um málið, að þessum ákvæðum frv., sem nú er orðið að lögum, yrði frestað á meðan þessum málum yrði komið í sæmilegt horf. Því það er alveg ljóst og raunar kjarni þeirrar skýrslu sem ég vitnaði hér til, frá Morten Nissen sálfræðingi í Danmörku, að því aðeins er sameiginleg forsjá góður kostur fyrir foreldra að þeir séu fyllilega meðvitaðir um það hvað er á ferðinni og fái ábyrga ráðgjöf bæði félags- og sálfræðinga um það hvaða skyldur er verið að takast á herðar með þessu fyrirkomulagi, vegna þess að þarna er um að ræða mjög flókin samskipti og flóknari samskipti heldur en ef öðru hvoru foreldrinu er úrskurðuð forsjá og gerður umgengnisréttarsamningur. Þetta er öllum ljóst og um það var í rauninni ekki deilt.

Ein höfuðröksemd fyrir því að taka upp þennan hátt hér á Íslandi var einmitt sú að þetta hafði reynst vel í nágrannalöndum okkar. Nú er komin rökstudd gagnrýni fram um þetta fyrirkomulag þar og hafa þeir þó miklu meiri ráðgjöf, frændur okkar Danir, heldur en við getum nokkurn tíma boðið upp á. Því hlýt ég að beina þeirri ábendingu til hæstv. dómsmrh. að taka þessi mál aftur til athugunar.

[16:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram hefur komið þá er það lögum samkvæmt hlutverk sýslumannanna að veita leiðbeiningar og ráðgjöf að því er lagaleg atriði þess-

ara mála varðar. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að félagsmálanefndir sveitarfélaga standi fyrir félagslegri ráðgjöf um aðra þætti þessara mála.

Nú dreg ég ekki úr því sem hér hefur komið fram, að í ýmsum tilvikum er vafalaust þörf á fyllri ráðgjöf til foreldra en þeirri einni sem kemur fram í lagalegum leiðbeiningum. En þetta nýmæli sem tekið var upp með barnalögunum hefur, að ég hygg, gefist vel. Það er auðvitað ekki komin á það nein fullnaðarreynsla og öllu máli skiptir vitaskuld að foreldrarnir geri sér grein fyrir því hvaða skyldur og ábyrgð felast í þessu hlutverki, enda er það ekki gert nema með samkomulagi þeirra beggja.

[16:07]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vona að því verði ekki mótmælt þó að ég geri athugasemd sem svolítið kann að vera til hliðar við það efni sem hér er til umræðu, en að mínu viti hefur mjög mistekist að framkvæma barnalögin eins og þau eru og ekki síst það sem varðar umgengnisrétt við börn. Það linnir ekki klögumálum manna yfir því að samningar um umgengnisrétt séu ekki haldnir þó að skýrt hafi verið kveðið svo á um í samningum milli hjóna sem skilja. Ég vil því leyfa mér að spyrja hæstv. dómsmrh.: Hvers vegna helst foreldri það uppi að hafna umgengni þó að um annað hafi verið samið? Eru ekki einhver ráð til þess að fólk standi ekki ráðalaust gagnvart slíku?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. dómsmrh. hefur nú þegar talað tvisvar og er ekki hægt að veita honum tækifæri til að svara. Þetta er fyrirspurnatími og hv. þingmaður verður því að nota aðrar leiðir til að fá svar við spurningu sinni.

Tengsl aðila við björgunaraðgerðir hérlendis.

Fsp. HG, 315. mál. — Þskj. 506.

[16:09]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fram fsp. á þskj. 506 til hæstv. dómsmrh. um tengsl aðila við björgunaraðgerðir hérlendis. Fsp. er svohljóðandi:

„1. Hvernig er háttað sambandi við björgunarsveitir og aðra neyðarþjónustu úti um land þegar leitað er aðstoðar björgunarsveitar herliðsins á Keflavíkurflugvelli?

2. Hvernig er gert ráð fyrir að boðleiðir séu milli aðila þegar skipsstrand ber að höndum og leitað er til björgunarsveitar herliðsins á Keflavíkurflugvelli eins og gerðist við strand Goðans í Vöðlavík?

3. Telur ráðherra ekki eðlilegt að reglum um Almannavarnir ríkisins verði breytt þannig að kerfi þeirra komi inn í mál sem þessi á einhverju stigi?"

Tilefni þessarar fsp. eru skipsströnd í Vöðlavík og alveg sérstaklega hið síðara fyrr í þessum mánuði þegar björgunarskipið Goðinn strandaði og með aðstoð þyrlu frá herliðinu á Keflavíkurflugvelli tókst að bjarga sex skipverjum úr sjávarháska af sjö sem um borð voru. Þetta björgunarafrek vakti mikla athygli sem eðlilegt var en hitt vakti einnig athygli að það tengslaleysi sem var á milli aðila við þetta skipsstrand og þessar björgunaraðgerðir tengist ekki einvörðungu sambandi við þyrlu herliðsins heldur raunar einnig fleiri þættir sem ég ætla þó ekki að gera hér að umtalsefni. Það má segja að í ljós hafi komið alveg ótrúlegur skortur á upplýsingum þeirra manna sem voru um borð í þyrlunni sem bjargaði skipverjunum, upplýsingavöntun um aðstæður á landi og vöntun á möguleikum til þess að hafa fjarskiptasamband við þá sem að björgunaraðgerðum unnu í landi.

Svo dæmi sé tekið höfðu björgunarmenn í þyrlunni ekki annað kort meðferðis heldur en vegakort. Þeir vissu í rauninni ekki hvaða leið væri vænlegust til þess að komast til Héraðs, en þangað ætluðu þeir á flugvöll, vegna þess að þeir höfðu engar upplýsingar um flugvöll í Norðfirði.

Þetta er aðeins dæmi af fjölmörgu sem nefna mætti úr hrakningum sem þarna urðu eftir að björgun hafði farið fram. Það er alveg ljóst að hér er auðvitað eitthvað meira en lítið bogið við málin. Þess vegna hef ég borið fram þessar fsp. við hæstv. dómsmrh. Þó ástæða væri til er ekki tími til að rekja mörg fleiri sláandi dæmi um alveg ótrúlega vöntun á samræmingu sem ekki einskorðast við björgunarsveit frá Keflavíkurflugvelli, heldur einnig í raun í sambandi við samskipti fleiri innlendra aðila sem að málinu koma.

[16:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt að taka fram að þegar óskað er eftir aðstoð björgunarsveitar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli þá gerist það fyrir milligöngu Landhelgisgæslunnar og ég held að það tryggi öruggari samskipti á milli og komi í veg fyrir misskilning sem upp getur komið ef boðleiðir í því efni eru flóknari eða fara um fleiri hendur.

Hvað varðar þær almennu reglur sem farið er eftir í þessum tilvikum þá segir í þeim að Landhelgisgæsla Íslands og Slysvarnafélag Íslands reki hvort fyrir sig sjóbjörgunarstöð. Þau fara með stjórn leitar- og björgunaraðgerða, hvort á sínu svæði, samkvæmt nánari ákvæðum. Umráðasvæði stjórnstöðvanna afmarkast þannig að stjórnstöð Slysavarnafélagsins annast aðgerðastjórn meðfram strönd landsins og á svæðum næst henni, en stjórnstöð Landhelgisgæslunnar annast aðgerðastjórn á hafinu þar fyrir utan.

Þegar stjórnstöð Landhelgisgæslunnar eða Slysavarnafélagsins berst neyðartilkynning skal hún tafarlaust hefja aðgerðir á sínu umráðasvæði eftir því sem við á og gera hinni viðvart. Hvor stjórnstöð um sig skal jafnan láta hina fylgjast grannt með öllum aðgerðum sem hún stjórnar. Jafnframt skal tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra um atvik.

Í þessu sambandi er svo rétt að hafa í huga, eins og reyndar kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda, að samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá Landhelg-

isgæslunni þá mun tíðnisvið senditækja björgunarþyrlna varnarliðsins vera með þeim hætti að þyrlurnar eiga í erfiðleikum með að ná fjarskiptasambandi við björgunarsveitir á landi, en geta náð sambandi við þau skip sem í hlut eiga. Því hafa tíðast farið fram skilaboð þarna á milli fyrir milligöngu Landhelgisgæslunnar samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið.

Yfirstjórn leitar og björgunar hefur ákveðið að taka þetta mál til sérstakrar athugunar því augljóst má vera að gera þarf ráðstafanir til þess að bæta úr í þessu efni þannig að fjarskipti geti farið milliliðalaust á milli björgunarþyrlna varnarliðsins og þeirra björgunarsveita sem í hlut eiga.

Mér er ekki kunnugt um að nokkuð hafi komið fram í því máli sem hér er sérstaklega gert að umtalsefni sem leiði til þess að gera þurfi breytingar á kerfi Almannavarna. Ég minni á að forstjóri Landhelgisgæslunnar er jafnframt formaður almannavarnaráðs og það kom ekki til álita, samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef, að kalla Almannavarnir til í þessu tilviki eða hefja framkvæmd samkvæmt þeirra kerfi.

[16:16]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst þetta mál allt hið athyglisverðasta og þakka fyrirspyrjanda fyrir að hafa hreyft málinu hér. Það hlýtur að segja sig sjálft að það er umhugsunarefni hvernig á því standi að jafnöflugt björgunartæki eins og það sem notað var í þessu tilfelli sem hér er getið skyldi eingöngu hafa haft vegakort um borð til þess að rata eftir meðfram strönd landsins og hvað ekki síst að ekki væri vissa fyrir flugvellinum á Norðfirði hjá þeim sem stjórnuðu þyrlunni er mál út af fyrir sig. Allt er þetta hið sérkennilegasta mál sem vissulega kallar á að grannt sé skoðað.

Varðandi tíðni fjarskiptatækja í björgunarþyrlum varnarliðsins, að þau séu einnig til um borð í skipum en tíðni þeirra nái ekki til talstöðva björgunarsveita, er náttúrlega einn kafli út af fyrir sig sem þarf að skoða. Það má segja að fljótt á litið sé björgunarþyrlan ekki sú hin sama ef litið er til þess að eðlileg kort eru ekki til staðar og vona ég að dómsmrh. vinni skjótan bug að breytingu þar á svo að betra samstarf megi verða milli björgunarsveita og þessara merku björgunarsveita á Keflavíkurflugvelli.

[16:18]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin við fsp. en ýmislegt þyrfti að benda á fleira en fram er komið. Ráðherrann vitnaði til reglna um skipulag og yfirstjórn leitar og björgunar frá 16. maí 1990. Ég vil spyrja í því sambandi hvort farið hafi verið eftir þessum reglum eins og þær koma hér fyrir í þessu tilviki, hvort ráðherra getur upplýst það.

Varðandi yfirstjórnina sem þá hefur verið í höndum Landhelgisgæslunnar í þessu tilviki, stjórnstöð hennar, og einnig hvort samdar hafi verið nánari reglur sem þessar reglur gera ráð fyrir að samdar verði, sem og hvort endurskoðun hafi farið fram á þessum reglum, en gert er ráð fyrir því að hún fari fram fyrir 1. júní 1993. Það væri gott ef hæstv. ráðherra upplýsti það hvort þetta hafi gerst.

Spurningin um Almannavarnir sem ég lagði fram er til komin vegna þeirra miklu tengslaleysa sem fram komu við aðgerðirnar sem þarna voru nauðsynlegar og reynt var að framkvæma. Almannavarnir voru ekki virkar eins og ráðherra gat um, en hefði svo verið með einfaldri tilkynningu um að þær kæmu inn í málið þá hefði það gerst sjálfkrafa að sjúkrahúsi svæðisins hefði verið gert viðvart. Það var ekki gert. Það hafði ekki hugmynd um það fyrr en þyrlunar voru lentar í miðbæ Neskaupstaðar að strand hefði orðið fyrir mörgum klukkustundum, sem fjölmargir vissu um af tilviljun eða vegna þess að haft hafði verið samband við þá. Þá hefði sjálfkrafa verið opnað fyrir flugturninn í Norðfirði í næsta nágrenni og í Breiðdal svo dæmi séu tekin. Þess vegna bið ég hæstv. ráðherra að yfirfara hvort ekki sé æskilegt að taka það mál einnig til athugunar að þarna verði með einhverjum hætti opnað fyrir boðleiðir á milli vegna þess að almannavarnakerfið er þróað kerfi og vel í stakk búið til þess að koma boðum innan svæðis á framfæri.

[16:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að almannavarnarkerfið er býsna vel þróað og gott kerfi eftir því sem við þekkjum best. Sem betur fer hefur ekki mikið á það reynt. Í þessu tilviki mun það alls ekki hafa verið ætlun flugmanna þyrlunnar að lenda í Neskaupstað heldur ætluðu þeir að fljúga til Egilsstaða. Vegna veðurs komust þeir ekki þangað og vissu harla lítið um hvar þeir voru staddir þegar þeir lentu í Neskaupstað en ætlunin var að lenda á Egilsstöðum eins og fram hefur komið.

Ég get ekki svarað því hvort hér var í einu og öllu farið eftir þeim reglum sem settar hafa verið í þessu efni. Ég geri ráð fyrir því að þeir aðilar sem þarna eiga hlut að máli virði reglurnar og fari eftir þeim og ljóst að yfirstjórn leitar og björgunar, sem gert er ráð fyrir að komi til starfa undir ákveðnum kringumstæðum þegar leit og björgun á sér stað, mun fara yfir ákveðna þætti og sérstaklega þá þætti sem lúta að skiptum við björgunarþyrlur varnarliðsins og björgunarsveitir á landi.

Það hefur í auknum mæli farið fram samstarf og samvinna milli Landhelgisgæslunnar og björgunarsveita varnarliðsins og nokkuð tíðar æfingar eiga sér stað þar á milli en ugglaust er það svo að enn má bæta skipulag og upplýsingamiðlun í þessu efni. Af hálfu ráðuneytisins voru þær reglur sem hér um ræðir skoðaðar á nýjan leik og í sjálfu sér eru þær þess eðlis að þær þurfa jafnan að vera í skoðun. Ekki þótti ástæða á þeim tíma til frekari breytinga þar á en að mínu mati er mjög mikilvægt að þessir aðilar og dómsmrn. séu mjög vakandi um það hvernig framkvæmd þessara reglna reynist og séu þá tilbúnir til þess á hverjum tíma að koma við betra skipulagi og betri reglum ef nauðsyn þykir krefja.

Olíugjald í stað þungaskatts á dísilbíla.

Fsp. JGS, 307. mál. — Þskj. 498.

[16:24]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fram fsp. á þskj. 498 til fjmrh. um olíugjald í stað þungaskatts á dísilbíla. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að taka upp olíugjald í stað þungaskatts eða vegagjalds á dísilbíla? Ef svo er, hvenær áætlar hann þá að breytingin eigi sér stað? Hvernig telur ráðherra að innheimta hafi gengið í núverandi kerfi?"

Virðulegur forseti. Ég hef í umræðum um skattamál bæði fyrir áramótin síðustu og næstliðin á undan spurt hæstv. fjmrh. hvort ekki sé á döfinni að taka upp olíugjald í stað þungaskatts á dísilbíla. Svarið hefur alltaf verið það sama, að málið sé í skoðun og verði tekið fyrir þegar um hægist hjá skattadeildinni í ráðuneytinu. Nú er Ísland orðið eina landið í Vestur-Evrópu sem enn er með þetta fyrirkomulag og m.a. er svo komið að mikil þróun sem á sér stað í þróun dísilvéla á smærri bíla nær ekki til okkar meðan þær reglur eru í gildi sem hér eru.

En það er kannski ekki aðalatriðið í þessu. Aðalatriðið er að þetta er farið að bitna mjög illa á flutningastarfsemi í landinu, þ.e. það er farið að bitna mjög illa á þeim sem standa skil á sínum sköttum. Það er vitað að það eru veruleg undanskot í gangi hvað þetta snertir og meira að segja hægt að tiltaka dæmi þar sem hægt er að benda á að menn séu beinlínis að bjóða niður verkefni og það meira að segja hjá ríkinu á þeim forsendum að menn skili ekki þeim þungaskatti sem þeim sé ætlað. Þetta er líka farið að koma niður á hópferðaakstri.

Ég tel því afar brýnt að gengið sé í þetta mál og því komið í það horf sem viðgengst hjá öllum okkar nágrannalöndum. Það er miklu réttlátari og skilvirkari skattheimta. Hún er greidd um leið og olían er keypt á viðkomandi farartæki og olíueyðslan er í réttu hlutfalli við þunga þess ökutækis sem notað er og þunga þess hlass sem það dregur. Mér finnst því allt mæla með þessu.

Að lokum vil ég ítreka þá spurningu til hæstv. fjmrh. hvernig hann telji að hafi tekist til við innheimtu á þessu gjaldi á umliðnum árum.

[16:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Á árinu 1993 var skipaður starfshópur til að kanna hvort æskilegt væri að leggja niður innheimtu þungaskatts samkvæmt vegamælum en taka í stað þess upp fastagjald af dísilbifreiðum, mishátt eftir þyngd, og að auki gjald á hvern lítra af olíu. Starfshópurinn hefur í samstarfi við olíufélögin gert úttekt á kostum og göllum þess að taka upp olíugjald. Hefur m.a. verið lagt mat á kostnað við að lita olíu í tengslum við upptöku á olíugjaldi. Þá hefur jafnframt verið skoðuð sú leið að taka upp olíugjald án þess að til litunar komi en sú leið var t.d. valin í Danmörku. Auk þess hefur verið kannað hvort rétt sé að byggja á núverandi kerfi en gera jafnframt á því lagfæringar. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili tillögum sínum í febrúar og mun ég í framhaldi af því leggja fram tillögur um framtíðarfyrirkomulag þessara mála.

Ef ákveðið verður að taka upp olíugjald án litunar gæti það orðið um áramótin 1994–1995. Ef hins vegar verður ákveðið að taka upp olíugjald og lita þá olíu sem er gjaldfrjáls verður að gefa olíufélögunum nokkurn aðlögunartíma þannig að sú breyting gæti í fyrsta lagi komið til framkvæmda um áramótin 1995–1996 ef ákvörðun um litun liggur fyrir fljótlega.

Ég legg áherslu á að það skiptir máli hvor leiðin er valin.

Núverandi kerfi, þ.e. þungaskattur, hefur kosti og galla. Kostir þess eru að það gerir kleift að miða skattlagninguna við notkun á vegum sem er í samræmi við mörkun þessa tekjustofnar til vegagerðar. Innheimta skattsins eftir að álagning hefur farið fram hefur einnig gengið nokkuð vel vegna þess að bifreiðar fá ekki skoðun og heimilt er að taka skráningarnúmer af bifreiðum ef skatturinn er ekki greiddur. Sem svar við fsp. hv. þm. má því segja að út af fyrir sig gangi innheimtan vel.

Ég vil þó taka fram að þess eru dæmi eins og víðar í atvinnurekstri að þeir sem hafa misst bíl eða jafnvel ekki greitt hafi síðan stofnað nýtt fyrirtæki, hafið aftur atvinnurekstur og notað gamla bíla. Það eru því sömu gallar á þessu fyrirkomulagi og almennt þegar reynt er að taka aðila, sérstaklega aðra en lögaðila, fyrirtæki, út úr rekstri. Það er einnig ljóst og almennt viðurkennt að þetta kerfi hefur annmarka, svo ég komi nú að göllunum. Þeir eru að það hefur gerst, og eru þekkt dæmi um það, að svindlað sé á kerfinu. Þetta kerfi býður t.d. upp á það að undið sé ofan af mælum, ekið á stærri dekkjum en mælarnir gera ráð fyrir o.s.frv., sem leiðir til þess að reynt er að komast hjá skattlagningu sem viðkomandi aðilar eiga að standa skil á.

Þetta leiðir til þess að það verður óþolandi mismunur á samkeppnisaðstöðu þeim í hag sem sniðganga skattlagningu með ólögmætum hætti. Þetta ásamt öðru hefur leitt til þess að mótuð hefur verið sú stefna að hverfa til annars fyrirkomulags eins fljótt og unnt er eins og ég sagði fyrr í mínu svari.

Niðurstaðan er sú að ég tel, eins og ég hef reyndar sagt áður úr þessum ræðustól, eðlilegt að stefna að því að taka upp olíugjald. Að því er unnið og skýrsla ætti að liggja fyrir í næsta mánuði. Á grundvelli þeirrar skýrslu verður hægt að taka endanlega ákvörðun. Það koma tveir kostir til greina, annars vegar lituð olía hins vegar ólituð. Verði hún ólituð koma upp jaðartilvik sem þarf að fást við og þá koma endurgreiðslur til greina. Verði hún lituð þurfa olíufélögin lengri aðdraganda og það er dýrari aðferð. Á meðan þessu vindur fram hefur Vegagerðinni verið falið að líta eftir skattinum og ef hægt er að finna einhverja góða lausn á skattinum eins og hann er innheimtur núna ætla ég ekki að útiloka að það verði ein af ákvörðununum þótt ég telji það harla ólíklegt miðað við þá reynslu sem fengist hefur af þessum málum í okkar nágrannalöndum.

[16:32]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég er einn þeirra sem hafa áhuga á því að gerð verði þessi kerfisbreyting sem hér er verið að ræða um. Ég tel að það geti orðið til mikilla bóta. Ég kem hér í ræðustól vegna þess að hæstv. fjmrh. sagði að hann stefndi að því að breyta þessu eins fljótt og unnt væri en á fundi samgn. í síðustu viku var mættur vegamálastjóri ásamt starfsmönnum sínum. Einn þeirra hefur tekið þátt í þessum starfshópi, sem var hér um rætt áðan, og á þessum fundi var upplýst að það mundi verða tillaga starfshópsins að halda áfram með það kerfi sem hefur verið í gangi næstu tvö til þrjú árin. Þess vegna kem ég í þennan ræðustól að ég lýsi yfir vonbrigðum mínum með þá hugmynd. Ég var að vonast til að menn mundu komast að hinni niðurstöðunni að reyna nýja leið í þessu sem ég tel að sé miklu affarasælli en þá sem við höfum verið með.

[16:34]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég verð eiginlega að lýsa vonbrigðum mínum yfir því hvað þetta mál virðist ætla að þvælast lengi áður en menn fá einhverja lausn. Kannski fer það svo að ekki verði gengið í að leysa þetta mál fyrr en svo verður komið, sem vel getur orðið, að það verði að gera það af tæknilegum ástæðum einfaldlega vegna þess að mælar til þess að mæla kílómetratölu verði ekki lengur fáanlegir eða svo dýrir að þeir verði illkaupandi. En það mun gerast og er bein afleiðing af því ef við förum að vera nánast eina þjóðin sem er með þetta kerfi áfram.

Virðulegur forseti. Ég er viss um að þeim flutningabílstjórum sem nú eiga í harðri samkeppni og eru að slást í undirboðum við óprúttna aðila sem ekki fara að reglum mun finnast langt að bíða til annarra áramóta. Þeim mun finnast það langur tími. Það er lítið farið að skila sér í þeim svokölluðu hertu aðgerðum sem nú eiga að vera í gangi. Þó nánast borðliggjandi sannanir séu fyrirliggjandi virðist málunum ekkert vera fylgt eftir af hálfu ríkisins.

Ég verð því, virðulegi forseti, að lýsa því yfir að ég varð fyrir hálfgerðum vonbrigðum með þau svör sem hér hafa komið fram. Ég hafði vænst miklu afdráttarlausari yfirlýsinga frá ráðherranum um þetta, m.a. með tilliti til þess sem hæstv. ráðherra hefur svarað þegar ég hef spurt hann að þessu tvö sl. ár. Það voru miklu afdráttarlausari svör en þau sem við höfum fengið í dag.

[16:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka fram að stefna mín í þessu máli er sú að það sé æskilegt að breyta til og hverfa til olíugjaldsins. Ég minni á að í því felst stefnubreyting því í tíð síðustu ríkisstjórnar var beinlínis tekin ákvörðun um að gera það ekki heldur halda í það kerfi sem hér er við lýði. Málið var skoðað ítarlega og niðurstaðan var skýr: Höldum í það kerfi sem við höfum. Ég er því að bisa við það að breyta þeirri stefnu þrátt fyrir það að margir, þar á meðal margir í kerfinu, séu andvígir slíkri breytingu.

Í öðru lagi vil ég segja að málið er ekki auðvelt. Það er ekki hlaupið að því að breyta þessu kerfi og fleiri en ein leið til þess. Sú leið sem er einföldust í framkvæmd kann að vera erfiðust í eftirliti. Það er talið að það þurfi upp undir ár, hálft ár það minnsta jafnvel meira, í góðu samstarfi við olíufélögin til þess að koma á því kerfi. Þá er eftir að fást við mjög vandasöm jaðartilvik t.d. í landbúnaði, sjávarútvegi og þar sem olía er notuð til að hita upp húsnæði.

Í þriðja lagi vil ég segja að það er þekkt að vegamálastjóri og Vegagerð ríkisins vilja fremur halda í núverandi kerfi og eftirlitið hefur verið fært yfir til þeirra eins og ég gat um í mínu svari til þess m.a. að kynna sér hvort það sé viðunandi að halda því kerfi áfram sem nú ríkir. Ég hef efasemdir um það og vil breyta því en ég vil hins vegar ekki útiloka það þegar allt er skoðað að sú verði niðurstaðan þótt það stríði gegn minni meginstefnu í málinu sem ég hef oftsinnis kynnt.

Loks vegna aðgerða í skattamálum hefur núv. ríkisstjórn og núv. fjmrh. öðrum ráðherrum fremur beitt sér fyrri hertu skatteftirliti á þessu sviði og jafnframt stórhertri innheimtu. Eftirlitið hefur verið fært yfir til Vegagerðarinnar einmitt til þess að það verði harðara og betur framkvæmt en hingað til og skal þó ekki kastað rýrð á þá menn sem að því verki hafa staðið að undanförnu.

Starfsmannaíbúðir sjúkrahúsa.

Fsp. JGS, 310. mál. — Þskj. 501.

[16:39]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég ber hér fram fsp. á þskj. 501 til heilbrrh. um starfsmannaíbúðir sjúkrahúsa og annarra sjúkrastofnana. Fsp. hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun heilbrigðisráðuneytisins að taka undir ráðuneytið alla umsýslu með starfsmannaíbúðir sem sjúkrahús og aðrar stofnanir hafa til umráða?"

Virðulegur forseti. Samkvæmt reglugerð nr. 480/1992 *ber ríkinu eða fjmrn. að hafa yfirumsjón með* íbúðum í eigu ríkisins. Það er hins vegar tekið þar fram að það sé heimilt að fela heimaaðilum umsjón með eignum þar sem því þykir betur fyrir komið á þann hátt og þannig hefur verið með þessar íbúðir sjúkrastofnana. En á síðasta ári var ákveðið að taka alla umsýslu inn í ráðuneytið og í kringum þetta er komin í gagn mikil pappírsmylla og sér ekki fyrir endann á því máli. Um þessi mál eru einstaklingar farnir að fjalla suður í Reykjavík sem oft og tíðum hafa aldrei komið á viðkomandi staði og hvað þá séð viðkomandi íbúðir. Þetta er á sama tíma og menn eru uppi með hugmyndir um valddreifingu og færa verkefni heim til héraðanna. Þarna er um að ræða aðila sem sjá um þennan rekstur sem er treyst til þess að fara með allt að einum milljarði kr. í rekstrarfé í sínum stofn-

unum en þeim er ekki treyst til þess að hafa forræði yfir nokkrum íbúðum.

Ég vil nefna í þessu sambandi að á ákveðnum stöðum hefur þessi ákvörðun orðið til þess að lækka leigutekjur ríkisins af þeim íbúðum sem viðkomandi stofnanir hafa haft umsýslu með áður. Það getur ekki verið meiningin með þessu að ætla sér að fara að hafa umsjón með viðhaldi á þessum íbúðum á sama tíma og þessar stofnanir hafa í þjónustu sinni viðhaldsmenn sem geta unnið þetta á mjög hagkvæman hátt, það er nánast óskiljanleg ráðstöfun.

Má vera, virðulegur forseti, að einhvers staðar sé pottur brotinn í þessu máli en þá má framkvæmdin ekki vera á þann hátt að það sé verið að refsa þeim sem hafa staðið sig í málinu, það verður þá að taka á þeim tilfellum sem ekki hafa tekist sem skyldi.

[16:43]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson hefur beint til mín svohljóðandi fsp.:

„Hvaða rök liggja að baki þeirri ákvörðun heilbrigðisráðuneytisins að taka undir ráðuneytið alla umsýslu með starfsmannaíbúðir sem sjúkrahús og aðrar sjúkrastofnanir hafa til umráða?"

Á haustþingi 1991 var gerð fsp. um embættisbústaði. Annar liður þeirrar fsp. var svohljóðandi:

„Hvert er starfsheiti þeirra sem hafa afnot af embættisbústöðum og hver er húsaleigan sundurliðuð eftir bústöðum?"

Í þriðja lið þeirrar fsp. var einnig spurt:

„Hvernig er húsaleiga ákvörðuð?"

Við skoðun kom fram að ákvörðun um upphæð leigugjalda var mismunandi þrátt fyrir reglugerð þar um, nr. 334, sem gefin var út í júní 1992. Í ljósi þeirrar niðurstöðu sem áðurnefnd fsp. leiddi í ljós skipaði fjmrh. nefnd og var verkefni hennar eftirfarandi:

1. Endurskoða gildandi reglur um ákvörðun leigugreiðslna fyrir fasteignir og land.

2. Nefndin skal afla upplýsinga um leigugreiðslur ríkisstarfsmanna fyrir afnot af fasteignum í eigu ríkisins og koma á nauðsynlegum breytingum í samræmi við reglur.

Nefndin skilaði af sér í júlí 1992 og segir í niðurstöðu hennar:

Mikilvægasta niðurstaða nefndarinnar er sú að verulega skortir á að gildandi reglum sé framfylgt um leigugreiðslur ríkisstarfsmanna fyrir afnot af íbúðarhúsnæði í eigu ríkisins.

Önnur mikilvæg niðurstaða er að engum skilgreindum reglum er framfylgt við útvegun íbúðarhúsnæðisins.

Nefndin lagði síðan til við fjmrh. að ný reglugerð yrði gefin út í stað reglugerðar nr. 334/1982. Breytingarnar voru einkum þær að í hinni nýju reglugerð, nr. 480/1982, er kveðið á um að allar leigutekjur renni til reksturs og viðhalds þessara eigna. Lítils háttar breyting varð á gildistölu íbúðarsvæða.

Á árinu 1991 voru engin leigugjöld greidd af 21 embættisbústað í eigu stofnana á vegum heilbr.- og trmrn. Í 23 tilfellum var húsaleiga reiknuð samkvæmt reglugerð eða hærri en reglugerð segir fyrir um.

Samkvæmt reikningum stofnana fyrir árið 1991 voru leigutekjur aðeins 10 millj. 753 þús. af u.þ.b. 25 millj. kr. skv. eldri reglugerð, nr. 334/1982.

Samkvæmt upplýsingum fjármálaskrifstofu ráðuneytisins hafa tekur lítið breyst á síðustu tveimur árum.

Megintilgangur ráðuneytanna með breytingu á innheimtu er sá að leigugjöld séu þau sömu að teknu tilliti til búsetu hvar sem er á landinu sem vonast er til að komi í veg fyrir að einstakar stofnanir bjóði starfsfólki önnur kjör en lög og reglur segja fyrir um. Annar megintilgangur er sá að tryggja einhverjar tekjur til viðhalds á þessum eignum en embættisbústaðir hafa ekki haft sérstakan tekjustofn í fjárlögum og bera þessar eignir þess víða glöggt vitni. Embættisbústöðum fjölgaði nokkuð á árinu 1980–1990. Dæmi eru um að stofnanir hafi á fáum árum keypt 6–8 íbúðir án tilskilinna heimilda. Þó hefur ríkissjóður að sjálfsögðu greitt 85% af andvirði þeirra. Þetta var gert af svokölluðum halladaggjöldum sem greidd voru áður en þessar stofnanir voru sett á föst fjárlög.

Heildarfjárveiting til viðhalds heilsugæslustöðva var á síðasta ári 29,5 millj. kr. og til viðhalds sjúkrahúsa annarra en Ríkisspítala voru 27,4 millj. kr. á fjárlögum ársins 1993, þar eru meðtalin 185 einbýlishús, íbúðir og einstaklingsherbergi.

Samkvæmt nákvæmri athugun á síðari hluta ársins 1993 ættu öll leigugjöld í dag að nema u.þ.b. 34 millj. kr. á ári eða 2,9 millj. á mán. Það er ekki tilgangur ráðuneytisins að hafa önnur afskipti af þessum málum en að tryggja að leigutekjur renni í viðhaldssjóð samkvæmt hinni nýju reglugerð og að stuðla að því að viðhald þessara eigna verði viðunandi, koma festu á þessi mál. Samkvæmt reglum sem ráðuneytið gaf út í tengslum við þessa breytingu er sýnt að ekkert breytist nema það að ráðuneytið gerir húsaleigusamninga á sérstakt samningsform sem fjmrn. hefur gefið út og sendir viðkomandi stofnun til undirritunar og að viðkomandi leigjendur eða stofnanir fyrir þeirra hönd senda leigugjöldin mánaðarlega til ríkisféhirðis.

Á hinn bóginn er æskilegt eins og raunar heimild í 3. gr. áðurnefndrar reglugerðar segir til um og þegar þessi mál eru komin í viðunandi horf að stofnanir taki aftur við þessari umsýslan, þó með því skilyrði að farið sé að lögum og reglugerð virt, m.a. að leigutekjur séu nýttar til reksturs og viðhalds eignanna, en ekki til reksturs stofnananna eða til eignakaupa.

Heilbr.- og trmrn. hefur þó valið þá leið að fyrst um sinn verði sá háttur sem hér að framan greinir í höndum ráðuneytisins en umsjónaraðili verði eftir sem áður stjórnir viðkomandi stofnana.

Ég vil hins vegar árétta að ég vænti þess að fyrr en síðar að verði unnt að færa þessa umsýslu heim í hérað á nýjan leik þegar komin er festa á fyrirkomulag þessara mála og skilningur er orðinn almennur að leigutekjur þessar renni til þeirra hluta sem reglugerð segir fyrir um, nefnilega viðhald eignanna sem svo sannarlega er þörf á að bæta.

[16:48]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið þó að ekki væri ég ánægður með það að öllu leyti. Það virðist sem sagt vera meiningin að halda til til streitu að ráðuneytið taki þessi mál öllsömul inn á borð til sín hvernig sem menn hafa staðið að málunum heima fyrir, jafnt hjá þeim sem hafa staðið vel að þessu og hinum. Það á þá að framkvæma þá leikfimisæfingu gagnvart þeim sem hafa staðið vel að þessum málum að setja þessa pappírsmaskínu í gang, flytja þetta allt inn á skrifborð í ráðuneytinu, hafa það einhver ár þar í gangi. Ég vil, virðulegur forseti, leyfa mér að fullyrða að það séu litlar líkur á því að þau mál verði þá í eins góðu horfi þegar þeim verður skilað aftur heim til viðkomandi stofnana eins og þegar þau voru tekin þaðan. Ég skil ekki slíkar leikfimisæfingar. Ég get nefnt Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri sem rekur núna þó nokkuð margar íbúðir við Kristnesspítala og menn þar telja sig hafa gert það af mikilli prýði. Oft þarf að grípa til snöggra aðgerða við að flytja til fólk milli íbúða í hagræðingarskyni og það væri ansi tafsamt ef um það þyrfti allt saman að fara bréfaskipti milli stofnunarinnar og viðkomandi starfsmanns í ráðuneytinu.

Ég nefni sjúkrahúsið á Sauðárkróki sem hefur staðið þannig að þessum málum að það hafa verið meiri tekjur af íbúðunum en nú er samkvæmt reglum ráðuneytisins og þegar ráðuneytið fer að innheimta.

Mér er lífsins ómögulegt að skilja þá stjórnvisku að færa þetta allt saman yfir á skrifborð í ráðuneytinu um eitthvert árabil að því er mér skilst til þess að laga til hjá einhverjum öðrum annars staðar.

[16:50]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þarf út af fyrir sig ekki að árétta það sem ég sagði áðan að hér er um ákveðna neyðarráðstöfun að ræða. Hún helgast fyrst og síðast af þeirri staðreynd að í stað 34 millj. kr. leigutekna sem eiga að renna af þessum embættisbústöðum hafa skilað sér 12 millj. Það gefur auga leið án þess að ég fari að tilgreina einstök héruð í því sambandi að það er þriðjungur sem skilar þessum leigutekjur eins og ráð er fyrir gert.

Það er líka eftirtektarvert og auðvitað brýn nauðsyn á því að það sé fyrirlagt og nokkuð ljóst hver kjör skuli vera gagnvart starfsfólki þessara viðkomandi stofnana. Hér hefur hv. fyrirspyrjandi bent á það að sum sjúkrahús hafi innheimt hærri leigutekjur, haft hærri viðmiðun en reglugerð gerði ráð fyrir og telur óeðlilegt að við því sá amast. Ég er honum ekki sammála, ég held að þarna þurfi að vera nokkuð skýrar línur einmitt þegar fyrir liggur að mörg þessara héraða eru í samkeppni um þær starfsstéttir sem þarna um ræðir. Ég hef ekki heyrt miklar kvartanir yfir því í raun að reglugerðin geri hvorki ráð fyrir of háum gjöldum af þessu né of lágum en þarna hafi menn hitt á hinn gullna meðalveg.

Virðulegi forseti. Ég held með öðrum orðum að það sé mjög brýnt að það séu samræmdar reglur í þessu. Auðvitað er það hins vegar alveg hárrétt hjá hv. fyrirspyrjanda að þegar samræming af þessum toga er gerð, þegar gerð er atlaga í þá veru að koma skikk á þessi mál, þá fylgja stundum með aðilar sem síst skyldi sem hafa haft þessi mál í ágætu lagi.

Þess vegna vil ég árétta það enn og aftur að ég er ekki að horfa til þess að þetta fyrirkomulag, jafnafdráttarlaust og það er nú, standi til einhverra ára heldur hef ég horft á það til einhverra mánaða og þá megi mjög fljótlega vísa þessu heim í hérað á nýjan leik og þá á sem flesta staði en ekki aðeins til fárra útvaldra því fyrst og síðast er markmiðið það að þarna sé full samræming á og í annan stað að unnt verði að nota þessa fjármuni til að halda við þessum húseignum. Það er brýnt því það hefur ekki verið gert fram undir þetta.

Jöfnun á rekstraraðstöðu mjólkursamlaga.

Fsp. HG, 314. mál. — Þskj. 505.

[16:53]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 505 ber ég fram svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh. um jöfnun á rekstraraðstöðu mjólkursamlaga:

„1. Hvað veldur því að ekki hefur þegar verið gefin út reglugerð um jöfnun á rekstraraðstöðu mjólkursamlaga?

2. Hvernig hyggst ráðherra hafa áhrif á að tryggður verði hagur þeirra mjókursamlaga sem starfa á einangruðum svæðum í framtíðinni?"

Tilefni þessarar fsp. er sá mikli dráttur sem orðið hefur á því að ráðherra nýti sér heimildir laga til útgáfu reglugerðar og sá veltingur allur sem orðið hefur varðandi þetta mál sem kemur fram í því að á þinginu haustið 1992 var flutt stjfrv. til breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum þar sem leitað var tiltekinna heimilda og breytinga en síðan var því frv. vísað frá og ekki talin þörf á þeim breytingum af hálfu hæstv. landbn. þar eð heimildir væru í lögum um þau atriði sem þetta varðaði. En það reyndist svo ekki vera og á sl. hausti kom fram af hálfu hæstv. ráðherra stjfrv. inn í þingið, eða það var flutt af landbn. að ósk hæstv. ráðherra, sérstakt frv. til breytingar á 19. gr. laga nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Þar er ráðherra veitt heimild til þess að verja tekjum af verðmiðlunargjaldi m.a. til þriggja tiltekinna þátta. Ég vek sérstaklega athygli á c-lið þessarar tillögu þar sem segir að tekjum af verðmiðlunargjaldi skuli varið til að jafna aðstöðu afurðastöðvanna til að koma framleiðsluvörum sínum á markað. En þar er einnig í fyrri liðum tekið fram að það megi nota til að jafna flutningskostnað frá framleiðendum að afurðastöðvum og til að koma á hentugri verkaskiptingu á milli afurðastöðva.

Hér er sem sagt verið að hverfa frá hinum almenna stuðningi í sambandi við reksturinn og ákveðin þrengd

verulega. Það er mjög tilfinnanlegt að reglugerð skuli ekki vera komin fram um þetta efni og raunar hefur til þessa dags ekki verið nein reglugerð til staðar varðandi liðið verðlagsár og síðasta reglugerðin sem út var gefin kom fram haustið 1992. Þetta er auðvitað embættisfærsla sem kemur sér afar illa. Ég skal ekki hafa harðari orð um það meðan ég veit ekki skýringar hæstv. ráðherra en vona að úr þessu verði greitt hið allra fyrsta.

[16:56]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í frv. sem undirbúið var í landbrn. til breytinga á búvörulögum voru lagðar til breytingar á fyrirkomulagi verðmiðlunar samkvæmt tillögum sjömannanefndar frá í maí 1992 um breytt fyrirkomulag í mjólkurframleiðslu. Gerð var tillaga um breytingu á 19. gr. búvörulaganna, þ.e. lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem fól í sér að unnt væri að takmarka verðmiðlun á mjólk milli mjólkursamlaga.

Tillögurnar fólu í sér að í stað almennrar verðmiðlunar yrði tekið upp svokallað flutningsjöfnunargjald sem yrði 1% af heildarandvirði mjólkurafurða. Gjaldið skyldi ganga til að styrkja flutninga innan svæða og til svæða þar sem nauðsynlegt teldist. Jafnframt skyldi gjaldið ganga til þess að styrkja rekstur einstakra lítilla mjólkurbúa mæltu sérstakar aðstæður með því.

Flutningsjöfnun frá framleiðanda að afurðastöð skyldi aldrei vera meira en nemur áætluðum kostnaði við að flytja neyslumjólk til viðkomandi svæðis. Forsenda framlagsins skyldi vera sú að hagkvæmara væri að styrkja flutning að afurðastöðvum en að flytja vöruna til að þjóna markaðinum.

Hinn 15. des. 1992 var síðan gert samkomulag milli samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og framkvæmdanefndar búvörusamninga þar sem mjólkuriðnaðurinn samþykkir að taka á sig hagræðingarkröfu um 2,62% fyrir árið 1992, 2,5% árið 1993 og 2,5% fyrir árið 1994. Jafnframt er gert samkomulag um að settar verði reglur sem fela í sér að stuðningur sem flutningsjöfnunargjald stendur undir verði aldrei meiri en kostar að flytja mjólk til og frá viðkomandi svæði. Þá er enn fremur samkomulag um að hraða setningu reglna um úreldingu og hagræðingu í mjólkuriðnaði.

Við umfjöllun landbn. um frv. kom fram það álit sérfróðra manna að fyrirhugaðar breytingar á verðmiðlunarfyrirkomulagi mjólkur gætu náð fram að ganga án þess að til lagabreytingar kæmi.

Við undirbúning landbrn. að breytingu á reglugerð um verðmiðlun mjólkur árið 1993 komu hins vegar fram efasemdir lögfræðinga um að fyrirhugaðar breytingar gætu náð fram að ganga innan ramma laganna. Samkomulag hafði orðið milli samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði og framkvæmdanefndar búvörusamninga um hvaða breytingar væru nauðsynlegar á fyrirkomulagi verðmiðlunar mjólkur sem setja skyldi í reglugerð. Lögfræðingar landbrn. og afurðastöðva í mjólkuriðnaði töldu að þessar breytingar á verðmiðlun rúmuðust tæplega innan núverandi löggjafar svo breyting væri nauðsynleg á búvörulögum. Því var frv. þar að lútandi lagt fyrir Alþingi sem mál nr. 292 og varð að lögum í desember sl. Breytingin á lögunum fólst í að afnuminn er sá almenni réttur sem mjólkurbúin eiga í dag til þess að hljóta verðmiðlun. Í stað þess er sá réttur einungis veittur við sérstakar aðstæður. Þar er sérstaklega hugsað fyrir því að afurðastöðvar sem óhjákvæmilegt er að starfrækja af landfræðilegum ástæðum öðlist rekstrartryggingu á líkan hátt og mjólkuriðnaðurinn hefur haft almennt samkvæmt áðurgildandi lögum. Til þessa verkefnis eru áætlaðar á verðlagi í dag til ráðstöfunar um 70 millj. kr. sem er talið nægjanlegt til verkefnisins.

Ég vil taka það fram jafnframt að sú reglugerð sem leitað er eftir var gefin út fyrir helgina, á föstudag. Þar er það ákvæði sem ekki var í fyrri reglugerð að lækka skuli verðmiðlun til hvers mjólkurbús til samræmis við umsamda hagræðingarkröfu samanber það samkomulag milli samtaka afurðastöðva og framkvæmdanefndar búvörusamninga frá 15. des. 1992 sem ég áður gat um og nemur 2,62%. Það var talið vegna þess hversu seint reglugerðin var sett að ekki stæðu efni til þess að ganga lengra til móts við það samkomulag sem gert var um hagræðingu í mjólkuriðnaði og ég hef áður vísað til.

Ég vil líka láta þess getið að nú er í vinnslu, og ég hef raunar orðið fyrir vonbrigðum að því verki skuli ekki lokið, reglugerð sem lýtur að því hvernig staðið skuli að hagræðingu innan mjólkuriðnaðarins. Það liggur nú fyrir skýrsla um eignaraðild mjólkurbúa og ekki efni til annars en að frá því máli verði gengið.

[17:02]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka svör hæstv. ráðherra svo langt sem þau náðu. Eins og fram kom síðast í máli ráðherrans þá var verið að vinna það verk einmitt eftir að þessi fsp. er fram komin að gefa út reglugerð vegna ársins 1993 sem átti auðvitað að liggja fyrir fyrir löngu síðan og heimildir voru til staðar í lögum. En eitthvað bögglaðist þetta fyrir lögfræðingum í ráðuneytinu og skal ég ekki kveða upp dóm varðandi þær efasemdir sem þar var um að ræða, en hér er auðvitað afar slæmt mál á ferðinni þegar slíkur dráttur verður á. Enn er ekki komin fram reglugerð eins og hæstv. ráðherra greindi frá á grundvelli þeirra lagabreytinga sem síðan var framkvæmd og studd af þinginu fyrir jól í sambandi við hagræðingu innan mjólkuriðnaðarins, hvernig að honum skuli staðið. Þetta finnst mér mjög til baga og ég heyrði að hæstv. ráðherra kvartaði undan því að mál skyldu standa þannig og ég skil hæstv. ráðherra þannig að hann hafi fullan vilja á að bæta úr þessu en þarna virðist þurfa að koma eitthvað til og þarna virðist skorta ákvarðanir. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvað er það sem stendur í mönnum í þessu efni? Hvernig stendur á því að þetta er ekki fram komið? Er það hugmyndin að fara lengra en svo í sambandi við nýtingu á því fjármagni sem þarna er til umráða en að verja því til þess að treysta stöðu þeirra stöðva sem af landfræðilegum ástæðum geta ekki staðið undir sínum rekstri nema til komi stuðningur á

grundvelli settra laga? Ég hef þá m.a. í huga mjólkurstöð á Ísafirði, Vopnafirði og í Neskaupstað. Ég vona að hæstv. ráðherra geti skýrt þetta nánar á eftir.

[17:04]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hygg að hv. þm. sé það fullkunnugt að það var samið um ákveðið fyrirkomulag verðmiðlunar í kjölfarið á þeim búvörusamningi sem gerður var í sambandi við mjólkuriðnaðinn og þar er gert ráð fyrir því, eins og ég lýsti áðan, að verðmiðlunin miðaðist við þann kostnað sem það fæli í sér að flytja mjólk til viðkomandi mjólkursamlags þannig að þau einangruðu mjólkurbú sem hann gerði sérstaklega að umræðuefni eða íbúar á þeim svæðum fengju þann kostnað uppi borinn og kæmi þá til lækkunar á rekstrarkostnaði viðkomandi mjólkurbúa vegna þess óhagræðis sem því fylgir að búin séu of lítil.

Ég vil jafnframt taka það fram að mér er ekki kunnugt um að það hafði staðið hagræðingu í mjólkuriðnaði fyrir þrifum þó sú reglugerð sé ekki komin út. Það hafa átt sér stað umræður út af einu mjólkurbúi nú um það að hugsanlegt sé að breyta rekstri þess eða jafnvel sameinast öðru mjólkurbúi og slíkt hið sama hefur gerst fyrir vestan, á Patreksfirði, þannig að sú vinna er í gangi. Ég get á hinn bóginn alveg tekið undir það að æskilegt hefði verið að reglugerð þar að lútandi væri komin út.

Út af dagskrá voru tekin 9. og 10. mál.

Fundi slitið kl. 17:06.

---

80. FUNDUR

þriðjudaginn 1. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — Frh. 2. umr.
2. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300. — Frh. 1. umr.
3. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 272. mál, þskj. 332. — 1. umr.
4. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 290. mál, þskj. 369. — 1. umr.
5. Verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins, þáltill., 259. mál, þskj. 307. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Fákeppni og samkeppnishindranir, 330. mál, fsp. SJS, þskj. 521.

Greiðslur atvinnuleysisbóta til bænda, 329. mál, fsp. JHelg, þskj. 520.

Innflutningur gæludýrafóðurs, 333. mál, fsp. GHall, þskj. 524.

Mengunarvarnarbúnaður í bifreiðar ríkisins, 326. mál, þáltill. GE og PBald, þskj. 517.

Samgöngubætur í uppsveitum Árnessýslu, 334. mál, þáltill. GÁ og EH, þskj. 525.

Sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi, 332. mál, þáltill. HG o.fl., þskj. 523.

Starfsemi Landgræðslu ríkisins, 328. mál, fsp. ÓÞÞ, þskj. 519.

Úttekt á hringamyndun, 331. mál, fsp. SJS, þskj. 522.

Afmæli heimastjórnar og þingræðis.

[13:30]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þess er minnst í dag að 90 ár eru liðin frá því að fyrsti innlendi ráðherrann, Hannes Hafstein, skáld og alþingismaður, tók til starfa. Stjórnarráð Íslands hóf störf þennan dag þegar æðsta handhöfn framkvæmdarvaldsins fluttist frá Kaupmannahöfn til landsins. Þess vegna markar þessi dagur, 1. febr. 1904, einn merkasta áfanga í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga og því vissulega ástæða til að halda minningu þessa atburðar til haga.

En þessi tímamót eru líka merk í sögu Alþingis. Ber þar tvennt til. Annars vegar að Alþingi hóf þá að starfa með innlendum ráðherra og hins vegar það — sem tíðindum sætti — að þingræðisreglan hlaut viðurkenningu sem grundvöllur stjórnskipunarinnar.

Samkvæmt stjórnarskipunarlögunum frá 1903 bar ráðherrann ábyrgð gagnvart Alþingi og starfaði í raun og veru í umboði þess.

Um leið og Stjórnarráði Íslands eru sendar heillaóskir á þessum tímamótum minnumst við alþingismenn þess að þingræði á Íslandi festist í sessi á sama tíma og þess ber einnig að minnast.

Athugasemdir um störf þingsins.

Innflutningur á landbúnaðarvörum.

[13:36]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég sé hér að þeir sitja mér á hægri hönd sem mestu ráða um þessar mundir í landbúnaðarmálum, hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson og hæstv. ráðherra Halldór Blöndal. Því vil ég inna forseta eftir því hvernig horfir með það frv. sem hefur verið boðað af ríkisstjórninni um breytingu varðandi

innflutning á landbúnaðarvörum og eins hitt hvort það hafi verið rætt í forsætisnefnd að flýta því frv. sem ég og hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson höfum lagt fram og að það geti komið til umræðu helst á morgun vegna þeirrar óvissu sem ríkir.

Nú er það ljóst að kalkúnalæri munu vera á leiðinni, réttaróvissan er mikil og deiluefnin næg á milli ráðherranna í ríkisstjórninni til að verða sér til skammar eins og gerðist á liðnu sumri.

Hæstv. forsrh. ber ekki meiri virðingu fyrir þessu en svo að hann hefur látið þau orð falla — segir það að vísu í gríni — að hér sé um hreinan tittlingaskít að ræða. Þó er hér um réttaróvissu að ræða sem veldur öðrum aðalatvinnuvegi Íslendinga, landbúnaðinum og úrvinnslugreinum hans, mikilli óvissu um þessar mundir. Þess vegna ítreka ég spurningu mínar til hæstv. forseta. Hér sitja þeir sem geta skýrt frá hvort stjórnarflokkarnir hafa náð saman um það sem þeim hefur verið falið og hvernig það frv. eigi að líta út sem hér eigi að koma eða hvort það eigi hreint ekki að sjást hér í vetur.

Þingið hlýtur að spyrja eftir þessu því í þessum efnum er einn vilji í þinginu um að réttaróvissunni verði eytt.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og fram kom í gær af hálfu forseta þá er þess að vænta, eins og þá var orðað, alveg á næstunni, að umrætt frv. komi fram. Forsætisnefnd hefur ekki komið saman síðan í gær og þess vegna stendur sá forseti sem nú gegnir störfum í þeirri meiningu að umrætt frv. sé alveg á næstu grösum.

[13:39]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mér er mjög ljúft að svara þessari fyrirspurn. Það liggur fyrir samþykkt í ríkisstjórninni um að það verði lagt fram frv. sem tryggi þá réttarstöðu sem fólst í lagasetningunni frá 21. des. sl. Það er alveg ljóst að lagaákvæði varðandi innflutning og útflutning á búvörum, heimildir til verðjöfnunargjalda o.s.frv., verða að vera skýr og afdráttarlaus. Það er alveg ljóst. Það urðu mér auðvitað vonbrigði að ekki náðist samkomulag um að hægt yrði að leggja fram frv. snemma í síðustu viku en ég vona svo sannarlega að það fari að finnast lausn á þessu máli og heimild gefist til að leggja fram frv. til breytingar á búvörulögum.

[13:40]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. hefur nú staðfest að ekki hefur tekist að ná samkomulagi í ríkisstjórninni um þetta mál. Yfirlýsing hæstv. landbrh. var nákvæmlega eins, og flutt fyrir einni og hálfri viku síðan, að ríkisstjórnin hefði ákveðið að leggja fram frv. en efnisatriðin í frv. liggja ekki fyrir. Það eina sem hæstv. landbrh. gat sagt var að hann vonaðist til að lausn fyndist á málinu. Í síðustu viku heyrðum við hæstv. landbrh. lýsa þeirri von sinni. Þá taldi hann að vonir hans stæðu til þess að slíkt frv. kæmi fram eftir einn eða tvo daga. Í lok síðustu viku var því lýst yfir að vonin stæði til að það kæmi fram í byrjun þessarar viku.

Engin þessara vona hæstv. landbrh. hefur ræst. Ef það breytist ekki þá er alveg ljóst, virðulegi forseti, að það hlýtur að koma að því að þingið taki fyrir það þingmál sem hefur verið lagt fram því það hefur verið lagt fram frv. um þetta efni. Vandamálið er ekki skortur á frv. Það liggur fyrir. Forsætisnefnd hlýtur þess vegna í ljósi yfirlýsingar hæstv. landbrh. áðan að taka það frv. fyrir nema þingið vilji láta réttaróvissuna ríkja áfram. Ríkisstjórnin virðist á fundi sínum í morgun hafa gefist upp við að leysa málið a.m.k. enn sem komið er og þá hlýtur það að koma í hlut þingsins að eyða réttaróvissunni.

[13:42]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það var einu sinni flutt hér ræða af varaþingmanni sem þá var. Hún var afarstutt og hljóðaði þannig, með leyfi forseta:

„Nú skil ég ekki neitt."

Hún var ekki lengri. Hún var flutt eftir að sá sem hana flutti hafði leitað eftir skýringum á ákveðnu máli hjá viðkomandi ráðherra og honum fannst ekki meira til um skýringarnar en þetta.

Ég verð eiginlega að gera þessa ræðu að minni: Nú skil ég ekki neitt. Ég verð að biðja þá hæstv. ráðherra sem eru aðalleikarar í því sjónarspili sem nú fer fram á stjórnarheimilinu að útskýra fyrir mér í hverju það liggur að frv. um mál sem fulltrúar beggja stjórnarflokkanna sögðu fyrir rúmri viku að væri samstaða um innan ríkisstjórnarinnar kemur ekki fram. Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. utanrrh. eftir þessu þar sem hann var ekki við þá umræðu sem fór fram hér í síðustu viku. Þar sagði hæstv. umhvrh., sem þá fór með utanríkismálin, að væntanlega mundi hefðin leiða það af sér að í framtíðinni mundi landbrh. fara með forræðið varðandi þann innflutning sem er vegna GATT-samninganna. Ég vildi spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann staðfesti ekki þessi orð hæstv. umhvrh. frá síðustu viku.

Til viðbótar við allt þetta kemur hæstv. forsrh. og segir að hér sé bara um að ræða tittlingaskít. Það er um það að ræða að við erum að ræða um starfsgrundvöll heillar atvinnugreinar hér á landi í framtíðinni. Því að starfsgrundvöllur landbúnaðarins mun ráðast af því hvernig staðið verður að þeirri löggjöf sem fjallar um innflutningsmálin.

[13:44]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrispurn hv. þm. vil ég segja eftirfarandi:

Texti frv. ásamt með viðaukum um vöruflokka tollskrár er vissulega fyrirliggjandi. Það sem ekki er endanlega útkljáð varðar spurningu um verðjöfnunargjöld. Sá þáttur málsins er tæknilegs eðlis og ég geri ráð fyrir því að þau mál verði leidd til lykta í dag eða á morgun og frv. þar af leiðandi lagt fram. En forsenda þess er sú, eins og fram kom í máli landbrh., að réttarstaðan verði sú hin sama og staða mála sú hin sama

og hún var eftir lagabreytinguna fyrir jólin.

[13:45]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Til þess að koma í veg fyrir misskilning þá vil ég að það komi alveg skýrt fram að eins og lögin voru samþykkt í desembermánuði og samkvæmt úrskurði forsrh. þá er það landbrh. sem fer með innflutningsmál og útflutningsmál landbúnaðarins og verðjöfnunargjöld hans eru í höndum landbrh.

[13:46]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér var áðan vitnað í ræðu varaþingmanns sem hafði sagt: „Nú skil ég ekki neitt". En nú stend ég í þessum ræðustól og skil loksins allt. Nú skil ég að hæstv. landbrh. Halldór Blöndal er í gíslingu Jóns Baldvins Hannibalssonar hæstv. ráðherra í þessum málum og hefur misst öll völd sín varðandi landbúnaðinn, varðandi þessi innflutningsmál, yfir til hæstv. utanrrh. og fjmrh. einnig. Það var svo að hæstv. utanrrh. var í þeim klæðum þegar hann gegnir störfum landbrh. sem hann gerir nú líklega orðið í þessari ríkisstjórn bæði daga og nætur.

En, hæstv. forseti, sem gegnir hér æðsta starfi á þessum degi, ég verð að fara fram á það við hæstv. forseta að það frv. sem liggur fyrir fullbúið og eyðir allri óvissu verði tekið fyrir á þingfundi eigi síðar en á morgun.

Við skulum gera okkur grein fyrir því að íslenska þjóðin er sammála um að þessari réttaróvissu verði eytt. Hér var slíkur þingmeirihluti fyrir því frv. sem nú liggur fyrir síðasta vor að minnst 50 hv. alþm. ætluðu að styðja það þá. En þá tókst þessum nýja hæstv. landbrh., Jóni Baldvin, að verða valdur að því að þing var rofið og menn sendir heim. En óvissan er og hæstv. forseti og Alþingi getur ekki búið við þetta ástand og landbúnaðurinn enn þá síður.

[13:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það með síðasta ræðumanni að það hefur heilmikið skýrst frá því að ég flutti mína ræðu hér áðan. Það hefur nefnilega komið í ljós að málið stendur alveg nákvæmlega eins og það stóð fyrir meint samkomulag um forræði varðandi innflutning í desember. Málið stendur alveg eins. Og ræður þessara tveggja hæstv. ráðherra áðan hafa staðfest að það fólst ekkert í því samkomulagi. Ríkisstjórnin er eftir sem áður jafnófær um að taka á því pólitíska úrlausnarefni sem hér er um að ræða. Eftir ræður þessara hæstv. ráðherra áðan sé ég ekkert sem bendir til þess að það komi frv. frá ríkisstjórninni um þetta mál á næstu dögum. Og það eru ekki beint friðarinnar augnatillit sem ganga á milli þeirra tveggja ráðherra sem sitja á hægri hönd við forsetastól í dag. Ég verð þess vegna, virðulegur forseti, að taka undir það að það er mjög brýnt að Alþingi fái að segja vilja sinn í þessu máli. Það vantar ekki frumvörp til þess. Það liggur frammi frv. til þess að taka á málinu. Það er ljóst að ríkisstjórnin getur það ekki og ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður sagði áðan að núv. landbrh. virðist vera búinn að leggja málið í hendur Alþfl. og sitja og standa eins og hann vill í þessu máli.

[13:50]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. kvaddi sér hér hljóðs til að eyða misskilningi. Það var ekki misskilningur sem hafði komið fram hjá þeim þingmönnum sem hér hafa talað, það var misskilningur hæstv. utanrrh. Ræða hæstv. landbrh. hér áðan var ágæt staðfesting á þeim grundvallarágreiningi sem ríkir innan ríkisstjórnarinnar í þessum málum. Með ræðu hæstv. landbrh. féllu ómerk öll þau orð sem sett hafa verið fram, bæði í síðustu viku, yfir helgina og í byrjun þessarar viku um að málið væri í höfn. Það var greint frá því í fjölmiðlum um helgina að samkomulag hefði náðst. Það var sagt að beðið væri heimkomu forsrh. til að staðfesta samkomulagið. Forsrh. hefur senn verið á landinu í tvo sólarhringa og málið er enn þá greinilega í hnút. Hæstv. landbrh. kemur hér í byrjun hverrar viku og lýsir því yfir að vonir standi til að málið komi fram næstu daga.

Það ber að þakka hæstv. landbrh. fyrir að hafa flutt þá stuttu ræðu sem hann flutti áðan til að staðfesta ágreining sinn við hæstv. utanrrh. Ágreiningurinn snýst greinilega um jöfnunargjöldin. Þar með snýst hann um forræði landbrh. á jöfnunargjöldunum og það svokallaða samkomulag sem þjóðin og þingheimur hefur talið að hafi verið gert innan ríkisstjórnarinnar í málinu. Það hefur þess vegna komið hér alveg skýrt fram í dag að ekkert samkomulag er í ríkisstjórninni um þetta mál og þá er ekkert annað að gera stjórnarfarslega í málinu en að þingið skeri úr og þess vegna er sú beiðni rökrétt sem hér hefur komið fram að það frv. sem liggur fyrir þinginu verði tekið fyrir þegar í stað.

[13:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það virðist alveg ljóst af þessum orðaskiptum hér að þetta mál er í hreinni upplausn. Það hefur nýlega gengið hæstaréttardómur sem hefur breytt viðtekinni lagatúlkun á þann veg að nú sé ekki lengur fyrir hendi í íslenskum lögum sjálfstæð heimild til að takmarka innflutning á búvörum, heimild sem er almenns eðlis eins og menn töldu að væri í búvörulögunum. Ég held þess vegna að í ljósi þeirra orðaskipta sem hér hafa farið fram milli ráðherra, að það hafi ekki á nokkurn hátt skýrst hvenær einhvers væri að vænta ef þá nokkurn tíma frá hálfu hæstv. ríkisstjórnar í formi samkomulags um þessi mál, þá sé ekkert annað um að ræða en Alþingi og viðkomandi nefnd taki málið í sínar hendur því við þetta ástand er ekki hægt að búa. Það eru örugglega öll þjóðin og þingið sammála um. Ég óska því eftir því að landbn. komi þegar í stað til fundar um þetta mál. Það hefur verið þar til umfjöllunar og það liggur í hlutarins eðli að fljótlegast væri að útkljá málið með tillöguflutningi eða frumvarpsflutningi þaðan.

Ég minni enn fremur á það að formaður landbn. lofaði því á sl. vori að ef ekki yrði orðið samkomulag í ríkisstjórn um þetta mál með haustinu mundi hann sjálfur persónulega beita sér fyrir því að málið yrði út-

kljáð sem formaður landbn. Ég lýsi eftir þessum hv. formanni landbn. Hvar er hann nú? Nú er komið nýtt ár. Þessi óvissa hefur staðið mánuðum saman og auðvitað er það svo að ef formaður landbn. tekur ekki á sig rögg í þessu máli þá er hann algerlega ómerkur orða sinna. En ég veit að ég þarf ekki að rifja upp þær heitstrengingar og yfirlýsingar sem formaður landbn. hafði um það á sl. vori að þessi mál væru í traustum höndum og hann mundi sjá til þess að þeim yrði komið í skikk ef ekki yrðu aðrir til þess.

Ég óska sem sagt eftir því að landbn. komi saman. Einnig liggur hér fyrir þingmál eins og kunnugt er og það er ekki hægt að bíða lengur eftir því að ríkisstjórnin togist á um þessi mál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Nú eru þær 20 mínútur mínútur liðnar sem heimila umræðu um störf þingsins í upphafi þingfundar og er því þeirri umræðu lokið.

[13:55]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að hæstv. forseta er vandi á höndum en þegar bein spurning kemur úr ræðustól og bein tilmæli um að taka ákveðið mál fyrir í síðasta lagi fyrir ákveðinn tíma, þá finnst mér eðlilegt að hæstv. forseti svari slíkri spurningu, hann gefi boltann upp hvort það sé hugsanlegt að hægt sé að verða við þeim tilmælum eða hvort forseti telur að svo sé alls ekki því að þetta getur að sjálfsögðu kallað á að það verði óskað eftir fundarhléi til að fá svör við þessu. Hér er ekki um venjulegt mál að ræða heldur þá staðreynd, að máli var ýtt út af dagskránni við þingslit og þingi slitið vegna málsins, hvort það fáist nú tekið fyrir eftir að afleiðingar þess gjörnings liggja fyrir. Staðreyndin er náttúrlega sú að Hæstiréttur hefur ekki skapað réttaróvissu. Hæstiréttur eyddi réttaróvissunni. Það liggur alveg fyrir hvaða lög eru í landinu í dag í þessum efnum. Það er staðreyndin sem liggur fyrir.

Ég óska eftir svari frá hæstv. forseta.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og hv. þm. er eflaust kunnugt um þá er dagskrá næsta fundar ekki samin úr forsetastóli heldur þegar líður á daginn. Forseti heyrði að sjálfsögðu þær óskir sem komu fram frá tveimur hv. þingmönnum varðandi dagskrá næsta fundar og mun hafa þær í huga þegar unnið verður að dagskrá morgundagsins.

[13:57]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Mér er vissulega ljóst að sú meginregla gildir að forseti semur dagskrá þingsins og leggur hana fyrir þingið. Ég vil einnig minna á það að samkvæmt þingsköpum er þingdeild heimilt að gera tillögur um dagskrá næsta fundar og ég vona að hæstv. forseta sé ljós sú alvara þessa máls að það sé ekki verið að kalla fram atkvæðagreiðslur hér í þinginu um dagskrá næsta þingfundar eða næstu þingfunda því að það gæti orðið að venju að það yrði ágreiningur um dagskrána ef ekki er tekið tillit til sanngjarnra óska eins og hér er verið að leita eftir að fá fram með góðu, viðleitni og niðurstöðu í því máli hvenær þetta mál verður tekið fyrir.

[13:58]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég verð í ljósi þeirra umræðna sem hér hafa farið fram fyrir hönd þingflokks framsóknarmanna að krefjast þess að á fundinn á morgun verði tekið til umræðu og til afgreiðslu frv. á þskj. 515, flm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Guðni Ágústsson.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og forseti hafði þegar greint frá er uppkast að dagskrá forseta ekki samið úr forsetastóli en forseti hefur heyrt þessar ábendingar og mun koma þeim til skila.

[13:59]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að í ljósi þeirrar umræðu sem hefur orðið hér sé ástæða til þess að ég fyrir hönd þingflokks Alþb. taki undir þær kröfur sem hv. formaður þingflokks Framsfl. gerði hérna áðan um að þetta mál verði tekið til umræðu í þinginu og það strax á morgun. Ég held að þetta geti ekki gengið lengur.

Við höfum hlustað á hæstv. ráðherra ræða þetta mál í fjölmiðlum. Þeir hafa svarað spurningum hér í þinginu, það hefur ekkert gerst af því sem menn hafa talað um að ætti að gerast og tíminn er auðvitað runninn út. Og hv. Alþingi getur ekki beðið endalaust eftir því að menn nái samkomulagi um það sem hér hefur verið á ferðinni og menn hafa kallað ýmsum óviðulegum nöfnum. Ef þessi ríkisstjórn er ekki fær um að koma sér saman um það sem hæstv. forsrh. kallar titllingaskít þá á hún að fara frá.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300.

[14:01]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það var mælt fyrir þessu frv. til lyfjalaga sl. fimmtudag en engin umræða fór fram um það þá.

Það frv. sem hér er til umræðu er nánast óbreytt frá því sem það var lagt fram á 116. löggjafarþingi, en þá var mikil gagnrýni á það. Það hefur lítið breyst síðan nema það er kominn nýr hæstv. heilbrrh. síðan og ég vona að það verði auðveldara að fá svör við ýmsum þeim spurningum sem brunnu á okkur þingmönnum þá en var þegar hæstv. heilbrrh. Sighvatur Björgvinsson var hér við völd og setti samasemmerki við mjólkursölu og lyfsölu. Og það olli mér dálitlum vonbrigðum þegar hæstv. núv. heilbrrh. byrjaði ræðu sína á fimmtudaginn einmitt með þeim orðum að það væri eðlilegt að svipað frjálsræði ríkti við sölu matvæla og sölu lyfja, en eins og alþjóð veit, þá er sala lyfja allt annað mál en sala annarra efna því að í eðli sínu eru lyf

eitur og það þarf að fara með þau sem slík.

Það kemur strax fram í 1. gr. þessa frv., með leyfi forseta:

„Við verslun með lyf skal það ætíð haft til hliðsjónar að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og starfsmenn við dreifingu skulu vinna með öðrum aðilum að heilbrigðisþjónustunni að opinberum heilbrigðismarkmiðum hverju sinni."

Þarna er talað um að það skuli hafa hliðsjón af heilbrigðismarkmiðum lyfjadreifingar. Mér finnst að þarna sé ekki nógu sterkt til orða tekið. Það á að vera meira en hliðsjón. Það á að vera aðlatriði og það sem mér finnst aðalatriðið er að þetta frv. samrýmist ekki heilbrigðissjónarmiðum. Það samrýmist fyrst og fremst samkeppnissjónarmiðum en ekki heilbrigðissjónarmiðum og það hefur ekki breyst varðandi meðferð þessa frv. frá því að það var lagt fyrir á síðasta þingi. Þetta ætla ég að undirstrika enn og aftur, þetta er aðalatriðið.

Það kemur líka fram í þessu frv. og strax í 1. gr. ýmislegt sem orkar tvímælis að hægt sé að standa við svo ekki sé meira sagt og er satt að segja ekki annað hægt en segja en að það sé oftúlkað sem þar er sagt. Í 1. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Það er jafnframt markmið með lögum þessum að tryggja eftir föngum gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað."

Ef ég byrja hér á fyrstu markmiðunum varðandi gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu, þá er það þannig í dag að við höfum búið við mikið öryggi hvað varðar lyfjaþjónustu á Íslandi. Og við höfum líka búið við það að það er nánast 100% öryggi varðandi lyfsölu á Íslandi. Og það verðum við að segja að það er mikilvægt og það er mikilvægt að halda því. Um leið og við fjölgum sölustöðum, þá verður erfiðara að halda utan um þetta og um leið og lyfsala eða lyfjainnflutningur breytist með nýjum EES-reglum, þá verður líka erfiðara að halda utan um þetta.

Ég held að enginn dragi það í efa að eins og þetta er í dag, þá er öryggið mikið og það er mikilvægt að þar verði ekkert úr dregið. Það kemur einnig fram hér eins og ég sagði áðan, að þetta frv. eigi að draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað. Það er ekkert í þessu frv. sem bendir til þess að það dragi úr óhóflegri notkun lyfja, þvert á móti. Þvert á móti hef ég fært fyrir því rök að þetta er lyfjahvetjandi frv. og með aukinni samkeppni í lyfsölu er verið að hvetja til aukinnar notkunar. Um leið og samkeppnin verður svo mikil að menn verða að fara að auglýsa lausasölulyf, þá er það ekki spurning að notkunin verður meiri. Þannig er það bara almennt í verslunum. Og af hverju ætti þetta að minnka lyfjakostnað? Hvernig mætti það vera að þetta mundi minnka lyfjakostnað? Getur það verið með því að auka fjárfestingu stórkostlega að það geti lækkað kostnaðinn á lyfjunum? Ef svo er þá er einhverju stórkostlega ábótavant við þetta í dag, menn hafi ekki haldið utan um þetta eins og þetta er, ef menn halda það að með aukinni fjárfestingu einni saman geti menn lækkað lyfjaverð. En það er nefnilega það eina sem er í þessu frv. að það er hvatt til aukinnar fjárfestingar.

Er það þannig í dag að Íslendingar éti lyf í óhófi? Hverjar eru staðreyndirnar? Það er nýkomin skýrsla þar að lútandi og menn hafa skoðað hana. Sem betur fer er Ísland næst lægst Norðurlandanna hvað lyfjaneyslu varðar. Norðmenn eru þeir einu sem eru lægri en við. En við skulum þá skoða hverjir eru þeir hæstu. Japanir eru langhæstir. Og hvernig er sölu lyfja háttað í Japan? Þar er algert frelsi. Í Þýskalandi er líka frelsi og þar eru lyf seld í mjög ríkum mæli. Ef við höldum áfram þá er það einnig í Bandaríkjunum en Bandaríkjamenn eru einmitt að hverfa frá þessu frelsi og eru að skoða hvernig Norðurlandaþjóðir hafa haft þessi mál í sínum höndum og eru jafnvel að fara í það horf sem við erum að fara í. En þá erum við aftur á móti að snúa við og gera eins og Bandaríkjamenn og Japanir. Þetta er auðvitað mál sem menn verða að íhuga.

Tökum fleiri þjóðir og skoðum þessa dreifingu, tökum t.d. Portúgala sem eru ósköp svipaðir og við varðandi lyfjaneyslu en lyfjaverð er þar að vísu lægra sem kemur að sjálfsögðu til vegna þess að markaðurinn í Portúgal er miklu stærri heldur en markaðurinn á Íslandi. En Portúgalar eru með alveg sama kerfi og Íslendingar og eru svona algerlega í lágmarki varðandi verð og lyfjaneyslu þannig að ég bið hæstv. heilbrrh. ef hann hefur ekki skoðað það að skoða það gaumgæfilega og bera þetta saman.

Þá er líka rétt að skoða það vegna þess að það kom hérna frammíkall áðan hvort Íslendingar leggi miklu meira á lyf í smásölu en aðrar þjóðir. Það verðum við að skoða. Á Íslandi er þessu svo háttað að ef lyf kostar 100 kr. þá fær apótekið 30 kr., ríkið fær 20 kr. og heildsalinn fær 10 kr. Framleiðandinn fær 40 kr. Ef við tökum Danmörk sem dæmi, þá fær danska ríkið 17 kr., apótekið fær 27,50 kr. og heildsalinn fær 4,10 kr. Framleiðandinn fær aftur á móti 51,40 kr. Þetta eru heimildir frá Farmasía og þessar heimldir eru frá 1992. Það er einmitt gott að taka Danmörk sem dæmi því að Danir höfðu tekið þá ákvörðun að breyta sínu lyfsölukerfi svolítið í átt við það sem hér er boðað í frv. frá hæstv. heilbrrh. en á sínum tíma hætti stjórn Schlüters við það vegna þess að hún sá þá annmarka sem á því væru og núverandi forsætisráðherra Dana hefur ekki tekið þetta frv. aftur upp á þingi þannig að menn annars staðar hafa nú þegar staðar séð gallana á þeim breytingum sem hér eru til umræðu.

Þá hlýtur maður að spyrja og fari frá útlöndum til Íslands: Hvar mun þetta bæta þjónustu ef að lögum verður? Hvar mun þjónustan verða betri? Mun hún t.d. verða betri í Stykkishólmi, Búðardal, Selfossi eða Hvolsvelli? Nei, hún verður ekki meiri eða betri þar nema síður væri. Hún mun verða meiri á Reykjavíkursvæðinu og eins og margoft hefur komið fram mun verða mikil aðsókn og er nú þegar mikil aðsókn hjá ýmsum stórmörkuðum í Reykjavík að fá fleiri lyfjaverslanir sem að sjálfsögðu eru ekki nauðsynlegar.

Þá höldum við áfram: Hvernig verður að manna apótekin úti á landsbyggðinni þegar eitt apótek í Reykjavík er kannski að velta 700 millj. á meðan apó-

tek úti á landi veltir 10–12 millj.? Það er mjög auðskiljanlegt mál og auðsætt að þangað munu menn leita þar sem er meira velta og það er enginn hvati í þessu frv. til þess að menn vinni sig upp eins og er í dag, enginn hvati. Í dag er það þannig að menn eru að vinna sig upp í þessi betri brauð úti á landi. En það er enginn hvati í þessu frv. til þess nema síður væri. Og menn hafa auðvitað horft til þess og séð ofsjónir yfir því að það séu einstaka menn hér á Stór-Reykjavíkursvæðinu sem séu að stórgræða og það er eflaust alveg hárrétt að það eru margir lyfsalar í Reykjavík sem hafa afskaplega góðar tekjur. Og það er hægt að taka á þeim með ýmsu móti án þess að gereyðileggja það kerfi sem við höfum í dag. Að hluta til hefur verið tekið á þeim þar sem þeir greiða til Tryggingastofnunar og það er hægt að taka enn betur á þeim. Ég vil að það komi fram að mér finnst eðlilegt að það fjölgi eitthvað lyfjaverslunum í Reykjavík án þess að það verði algert öngþveiti og hér komi 20–30 nýjar lyfjaverslanir.

Ég sagði áðan, hæstv. forseti, að menn hafi unnið sig upp í að komast í betri brauð og það sé enginn hvati til þess með frv. Ég held að hér muni verða erfðaveldi hvað varðar lyfsölu því að ef einhver kemst í verulega gott brauð hér í Reykjavík verða ættingjarnir náttúrlega að læra lyfjafræði og erfa síðan brauðið. Menn eru ekkert að vinna sig upp í þetta, menn bara erfa brauðið þannig að það eru ekki fagleg sjónarmið sem því ráða í framtíðinni hverjir erfa þessi brauð, heldur verða það bara peningarnir sem ráða. Þetta er málefni sem mér finnst... (**GunnS:** Brauð?) Já, hv. þm. og prestur, þetta eru líka brauð og brauðin eru mismunandi góð hvort sem um prestsembætti eða lyfsölu er að ræða og þess vegna tala ég um brauð. (Gripið fram í.) Ég ætla nú að láta vera áframhaldandi frammíkall, en ég ætla aðeins að halda áfram yfir landsbyggðina, hvernig þetta kemur við landsbyggðina.

Ég er hérna með bréf frá einum apótekara úti á landi hvernig hann sér framtíðina fyrir sér ef þetta frv. verður að lögum. Hann sér hana þannig fyrir sér, með leyfi forseta:

„Lyfjaverð verður hærra á landsbyggðinni og það hæst á minnstu stöðum lengst frá Reykjavík.“ Og er það það sem við viljum?

Það er búið að ákveða að það verði hámarksverð á lyfsölulyfjum en það er ekkert hámarksverð á lausasölulyfjum og menn verða náttúrlega að bæta sér það upp úti á landsbyggðinni með því að hækka lausasölulyfin. Það er ekkert öðruvísi.

Hann segir í öðru lagi, með leyfi forseta:

„Póstsendingar með lyf munu stóraukast, en það getur verið mjög hættulegt.

3. Minnstu apótekin munu hætta og lyfjadreifing verða ríkisrekin og án allrar lyfjafræðiþjónustu. Slíkt þýðir að sjálfsögðu lakari þjónustu og aukna hættu á mistökum.

4. Apótekarar í minnstu apótekunum munu margir flytja strax eftir samþykkt frv. á suðvesturhornið þar sem lyfsöluleyfi þeirra er ekki staðbundið eftir gildistöku frv.

5. Málaferli verða vegna laga um yfirtöku apóteka sem apótekurum var gert skylt að kaupa en eru nú lítils virði.“

Í framhaldi af því langar mig að skýra nánar hvað þarna er átt við. Tökum Siglufjörð sem dæmi. Þar var apótekurum gert að kaupa húsnæði undir lyfjaverslunina og þetta er náttúrlega eitt sem verður afar lítils virði ef þetta frv. verður að lögum.

Að lokum ætla ég að vitna hér í þennan lyfsala úti á landi, þar sem hann segir:

„Lyfjafræðingar hafa þjónað minnstu stöðum úti á landi í þeirri vissu að þeim yrði síðar umbunað þegar stærri apótek losnuðu. Nú er sá hvati ekki lengur fyrir hendi og einnig af þeirri ástæðu verður mjög erfitt að fá lyfjafræðinga út á land.

Sjálfsagt finnst mörgum tímabært að minnka gróða stærstu apótekanna en slík tilraunastarfsemi með svo mikilvægan þátt í heilbrigðisþjónustu hlýtur að teljast vítaverð. Ég skora því á nefndarmenn að hugsa sig vel um og skoða öll gögn í málinu áður en þetta frv. verður samþykkt.“

Þarna er apótekarinn að sjálfsögðu að mælast til þess að heilbr.- og trn. skoði þetta mjög vel og það munum við að sjálfsögðu gera.

Fyrir hverja er þá þessi bætta þjónusta sem þetta frv. boðar? Satt að segja mun það bæta þjónustuna við ofætur á lyfjum. Það er stórt sagt en því miður er það satt. Þetta mun stórbæta þjónustuna við þá. Þeir sem eru sjúkir í lyf munu geta gengið kannski í sömu verslunina, á 3–4 staði og keypt sér lyf. Er það það sem við viljum? Hæstv. fyrrv. heilbrrh. taldi þetta ekki vera mikið mál, þetta væri, svo að ég vitni enn í þennan titlingaskít, sem hér hefur verið til umfjöllunar, hann taldi þetta algeran titlingaskít. En þetta er nefnilega stórmál vegna þess að ýmis lausasölulyf, lyf sem ekki þarf lyfseðil við, eru stórhættuleg lyf. Og menn munu sækjast mjög í þau og þau verða auglýst. Samkvæmt EES-samningnum má auglýsa lausasölulyf og ég er hérna með greinar úr nokkrum blöðum. T.d. er ég hérna með grein úr Politiken og eins frá Extrablaðinu þar sem einmitt er verið að fjalla um þennan vanda. Eftir að Danir fóru að auglýsa þessi lyf, þá er komið fram að það eru nokkur dauðsföll og mörg eitrunartilfelli einmitt af því að menn eru að hakka í sig þessi lyf, panodil, magnyl og koffínátin sem eru sjóveikitöflur, eru að hakka í sig þessi lyf og ýmist kála sér á því eða þá geta skemmt í sér lifrina varanlega. Og menn eru sem sé orðnir mjög uggandi yfir þessu og lyf í Bandaríkjunum sem ekki þarf lyfseðla við eru líka mjög ofnotuð, alls staðar þar sem þetta aukna frelsi er. Þess vegna finnst mér, þar sem við þurfum að taka það inn núna að þessi lausasölulyf séu auglýst, að við eigum ekki að ganga lengra. Mér finnst að við eigum ekki að auka samkeppnina rétt á meðan við erum að sjá hvernig þetta gengur yfir okkur. Segjum svo að ef lyfsali sem er kominn í fjárhagsörðugleika vegna fjárfestinga og kannski lítils markaðar fer að auglýsa lyfin. Svo er komið að því að það fer að renna út hjá honum t.d. panodil. Þá auglýsir hann t.d. svona: Stórútsala á panodil, 1.000 töflur fyrir 100 kr. Þetta getur skeð, þetta skeður á stórútsölum og það er ekkert í

þessu frv. sem lokar fyrir þetta. Það er verið að geropna þetta þannig að heilbrigðismarkmiðin í þessu frv. eru algerlega lögð fyrir róða.

Það eru mjög margar spurningar sem vakna. (Forseti hringir.) Ég trúi ekki að ég sé búin með tímann því ég er ekki farin að spyrja hæstv. ráðherra, en ég er hérna með 10 spurningar til hans. Ég verð að fá að koma aftur en ég verð að spyrja hann alla vega einnar spurningar og það er þessi spurning sem ég er að enda við að ræða um. Hefur ráðherrann ekki áhyggjur af að meira framboð á lyfjum auki neysluna? Hinar spurningarnar verð ég að geyma þangað til í seinni ræðutíma mínum.

[14:22]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég sé það að maður verður að tala dálítið hratt til að komast yfir helstu atriði þessa frv. í fyrri umferð.

Frv. til lyfjalaga sem hér er til 1. umr. er að stærstum hluta samhljóða því frv. sem lagt var fram á síðasta þingi. Mér sýnist eftir að hafa lesið saman þau tvö frv. þá séu þær breytingar sem gerðar hafa verið mjög veigalitlar frá því frv. sem áður var.

Okkur tókst ekki að ljúka umfjöllun um frv. á síðasta þingi en umsagnir bárust til heilbr.- og trn. og þær fólu í sér verulegar athugasemdir, einkum og sér í lagi ákvæði sem lúta að heimildum til þess að reka lyfjaverslanir. Það komi greinilega fram að margir umsagnaraðilar óttuðust að með samþykkt þessa frv. gæti dregið verulega úr þjónustu lyfjaverslana úti á landi en hins vegar hefði frv. í sér hvata til þess að lyfjaverslunum fjölgaði hér á höfuðborgarsvæðinu. Margar fleiri veigamiklar athugasemdir komu fram í umsögnum, athugasemdir sem ekki höfðu verið teknar til greina í því frv. sem hæstv. ráðherra leggur nú fram.

Mér sýnist að í stórum dráttum hafi aðeins verið tekið tillit til ábendinga um orðalagsbreytingar sem ekki breyttu merkingu lagagreinanna. Þá hafa einnig verið gerðar ýmsar breytingar í samræmi við EES.

Hæstv. heilbrrh. fól nefnd að fara yfir þær athugasemdir sem bárust frá þeim aðilum sem fengu frv. til umsagnar á síðasta ári og segir í greinargerðinni með frv. núna að ýmsar breytingar og lagfæringar hafi verið gerðar frá því þá. En eins og ég sagði áðan sýnist mér að ekki hafi verið tekið tillit til þeirra athugasemda sem mestu máli skiptu.

Í frv. eru áfram lagðar til sömu grundvallarbreytingar frá gildandi lyfjalögum og áður var gert en þær eru í fyrsta lagi samræming vegna Evrópska efnahagssvæðisins, frelsi til þess að setja á stofn lyfjabúðir, aukið frelsi í verðlagningu lyfja, verðlagning lausasölulyfja gefin frjáls og heimilt verður að auglýsa lausasölulyf og allir dýralæknar hafa heimild til þess að kaupa lyf í heildsölu til þess að nota í sjúkravitjun og gert er ráð fyrir því að þeir hafi síðan heimild til að selja dýralyf. Breytingarnar eru fleiri en þessar tel ég veigamestar.

Fram til þessa höfum við tekið mið af fyrirkomulagi lyfsölu í nágrannalöndum sem og lyfjaverði þar. Einkum höfum við tekið mið af því sem er að gerast í Danmörku. En þar hafa stjórnvöld einnig á undanförnum árum verið að endurskoða fyrirkomulag á lyfjadreifingu og sölu. Dönsk stjórnvöld settu árið 1989 á fót vinnuhóp með fulltrúum frá samkeppnisráði, sambandi umdæmaráðs sveitarfélaga, samninganefnd sjúkratrygginga, stjórn heilbrigðismála og heilbrrn. Danir ætluðu þessum vinnuhópi að koma með nokkrar mismunandi tillögur á framtíðarskipan lyfjadreifingar. Í tillögunum áttu að koma fram mismikil opinber afskipti af starfseminni.

Í apríl 1991 lagði þessi vinnuhópur fram fimm tillögur um framtíðarskipan lyfjadreifingar. Sú tillaga sem lengst gekk fól í sér fullt frjálsræði þar sem fyrirkomulag sem byggist á veitingu einkaleyfis og kröfum um samræmd útsöluverð lyfja var fellt úr gildi en sú tillaga sem styst gekk var um nánast óbreytt fyrirkomulag lyfjadreifingar og sölu í Danmörku.

Í skýrslu vinnuhópsins var enn fremur fjallað um einkarétt apóteka á sölu lausasölulyfja og lyfja til dýralækninga. Hvort rýmka beri leyfi til að starfrækja sjúkrahúsapótek og rétt sjúkrahúsapóteka til að framleiða og selja lyf. Sem sagt, nánast alveg sömu atriði sem dönsk heilbrigðisyfirvöld eru að velta fyrir sér og þau sem við erum hér að ræða.

Niðurstaða danskra stjórnvalda virðist hins vegar vera allt önnur. Í greinargerð með frv. um lyfjadreifingu sem mér barst frá Danmörku í október sl. segir í greinargerð, með leyfi forseta:

„Það er skilningur ríkisstjórnar [þ.e. þeirrar dönsku] að út frá forsendum samkeppnisréttar sé í sjálfu sér æskilegt að afnema þau miklu afskipti sem nú eru á sviði lyfjadreifingar og koma í stað þess á fyrirkomulagi með frelsi til að setja upp apótek hvar sem er og frjálsri verðlagningu. Ríkisstjórnin vill þó ekki leggja slíkt til. Hún er þeirrar skoðunar að stefna í heilbrigðismálum leyfi af ýmsum mikilvægum ástæðum einungis endurnýjun á sviði lyfjadreifingar. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að tryggja að neytendur eigi sæmilega auðvelt með að kaupa lyf, einnig í dreifbýli. Í tengslum við þetta telur stjórnin að það sé í samræmi við stefnuna í félagsmálum að halda fast við að neytendaverð á lyfi sé það sama alls staðar í landinu eins og reyndin er í öðrum EB-löndum. Með fullu frjálsræðisfyrirkomulagi yrði ekki unnt að taka tillit til þessa.

Sé tekið mið af aðstæðum í löndum með frjálslynda skipan lyfjadreifingar verður að ætla að þá yrði lengra á milli apóteka í dreifbýli en tala apóteka á svæði með mikinn viðskiptagrundvöll hækkaði mjög, þ.e. færri apótek í dreifbýli og fleiri í stærri bæjum. Ríkisstjórnin leggur enn fremur á það áherslu að lyfjadreifing til neytenda fari fram með ábyrgum og öruggum hætti. Þessu takmarki má þó ná að fullu með frjálslyndu fyrirkomulagi séu gerðar kröfur um menntun, innréttingar, öryggi og fleira. Með frjálslyndu fyrirkomulagi yrði hins vegar varla tryggt í sama mæli og við núverandi aðstæður að apótek veiti nauðsynlega ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við sölu lyfja. Ríkisstjórnin telur sér þess vegna ekki fært að eiga þátt í því að gefa sölu á lausasölulyfjum og lyfjum til dýralækninga frjálsa með því að afnema einkasölurétt apó-

teka hvað varðar lyf þessi. Sala laususölulyfja í kjörbúðum og verslunum með almennar vörur yrði trúlega til þess að litið yrði á lausasölulyf sem almenna neysluvöru en ekki sem vöru sérstaks eðlis. Þetta gæti leitt til aukinnar og væntanlega ómarkvissrar neyslu þessara lyfja.

Hvað varðar lyf til dýralækninga þykir ríkisstjórninni ekki henta að koma á fót skipan þar sem fyrir hendi væri hætta á að blandað yrði saman rétti dýralækna til fyrirmæla um lyfjagjöf og efnahagslegum hagsmunum þeirra varðandi fyrirmælin. Við það bætist að falli niður velta á lausasölulyfjum og lyfjum til dýralækninga getur orðið erfiðara að reka apótek sem fyrir eru byggð á litlum veltugrundvelli.

Það má einnig ætla að vegna tekjutapsins sem ekki er hægt að vinna upp að fullu með því að minnka kostnað muni lyfsalar gera kröfu um aukinn ábata af sölu lyfseðilsskyldra lyfja sem ætluð væru mönnum. Þjóðhagslegur kostnaður við lyfjadreifingu skal vera sanngjarn. Reynslan frá Englandi, Þýskalandi og víðar sýnir að aukning sú á heildarveltu apóteka sem er umfram aukningu á kostnaðarhlið er notuð til að setja á stofn ný apótek. Með núverandi fyrirkomulagi á veitingu einkaleyfa og þeirri skipan að ákveða brúttóhagnað apóteka hefur samfélagið áhrif á það hvernig fjármunum er varið í þessum geira, þar með talda möguleika á að afla geiranum fjármuna til verkefna sem skynsamlegt er af heilbrigðisástæðum að apótekin sjái um og sem ekki er hægt að ætlast til að innt séu af hendi ef fyrirkomulag er frjálst. Frv. dönsku ríkisstjórnarinnar um breytingu á lyfjalögum byggist þess vegna á því að halda núverandi fyrirkomulagi sem grundvelli að lyfjadreifingu í framtíðinni. Þó er lagt til að gerðar verði ýmsar breytingar á lyfjadreifingu í átt til einföldunar og endurnýjunar þar sem því verði við komið með hliðsjón af ofangreindum aðalmarkmiðum."

Ég veit ekki um afgreiðslu þessa frv. danskra stjórnvalda en niðurstaða þeirrar vinnu sem þeir eru búnir að vera í síðan 1989 er skýr. Þeir stefna í allt aðra átt en við. Og rökin eru þau sömu og komu fram hér fyrir tæpu ári í umræðum um frv. til lyfjalaga og einnig í fjölmörgum umsögnum sem heilbr.- og trn. fékk um málið. Heilbr.- og trn. mun fá þetta mál aftur til umfjöllunar og senda til umsagnar. Afgreiðslu þessa frv. verður að vanda og taka í það mjög góðan tíma og allan þann tíma sem við teljum að til þurfi, fyrst og fremst þau ákvæði sem lúta að lyfjadreifingu og sölu á landsbyggðinni. Þar er um breytingu að ræða frá því frv. sem lagt var fram á síðasta þingi en ég sé þó ekki að sú breyting sé til bóta.

Í 1. gr. frv. er kveðið á um markmið þessarar lagasetningar, þ.e. að tryggja landsmönnum nægjanlegt framboð af nauðsynlegum lyfjum með sem hagkvæmastri dreifingu þeirra á grundvelli eðlilegrar samkeppni og í samræmi við reglur EES. Það er í raun engin sérstök nauðsyn á því að breyta gildandi lyfjalögum á svo róttækan hátt sem þetta frv. gerir ráð fyrir til að ná þessum markmiðum.

Í fyrsta lagi er samkvæmt núverandi kerfi nægjanlegt framboð af nauðsynlegum lyfjum og dreifingin er tiltölulega hagkvæm.

Í öðru lagi þarf ekki að gera þessar breytingar á fyrirkomulagi lyfjadreifingar og sölu til að fullnægja EES-reglum, samanber ákvæði Dana. Líklega þarf aðeins að breyta ákvörðunum varðandi sölu á bóluefni, ákvæðum varðandi auglýsingar og ákvæðum sem tryggja að góð lyf af ákveðinni tegund séu fyrir á markaðnum, þá sé ekki hægt að neita að taka sams konar lyf til dreifingar. Mér sýnist að þetta séu þær breytingar sem þarf að gera núna til að samræmast EES-samningi.

EES-samningurinn á áreiðanlega eftir að þýða breytingar á öðrum sviðum. En eins og er væri skynsamlegt að leyfa þeim breytingum að koma fram og þróast og taka síðan inn í íslenska löggjöf á eftir. Við erum hér að leggja til breytingar sem ekki eru inni í EES og ekkert er líklegra en á næstu tveimur árum verðum við að gerbreyta lyfjalögum í samræmi við ákvæði EES. M.a. þess vegna er rétt að bíða með róttækar breytingar nú.

Þá segir enn fremur í 1. gr. frv. að markmið laganna sé að draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað. Fullyrðingar um óhóflega notkun lyfja fá ekki staðist og fáránlegt að vera með slíkar fullyrðingar inni í lagatexta. Einnig það að minnka eigi lyfjakostnað. Hvað er hæfilegur lyfjakostnaður? Hvenær má búast við að breyta þurfi þessu orðalagi? Er það þegar heilbrrn. kemst að þeirri niðurstöðu að ekki sé lengur um óhóflega lyfjanotkun að ræða og lengra niður verði ekki komist með lyfjaverð? Væri ekki eðlilegra að í stað þessa fullyrðingaorðalags, að draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað, kæmi að markmiðið væri að sporna gegn óhóflegri lyfjanotkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki, mildara orðalag sem gegnir þó sama hlutverki.

Seinna í 1. gr. frv. er svo upptalning þeirra stofnana og embættismanna sem eiga að vera ráðherra til ráðuneytis og aðstoða við framkvæmd laganna. Frv. gerir ráð fyrir að sett verði á stofn lyfjagreiðslunefnd sem á að hafa eftirlit með lyfjaverði og ákveða hámarksverð lyfja. Þessi nefnd er þó einkennilegt megi virðast ekki í hópi þeirra sem eiga samkvæmt 1. gr. að vera ráðherra til ráðuneytis og aðstoðar.

Í 2. gr. frv. er fjallað um Lyfjaeftirlit ríkisins og hlutverk þess. Lyfjafræðingur skal veita Lyfjaeftirlitinu forstöðu. Í 1. gr. þar sem fjallað er um embætti lyfjamálastjóra sem á að annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytis er ákvæði þess efnis að sá sem gegnir því embætti megi ekki eiga neinna hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja. Engin slík ákvæði eru hins vegar í texta frv. varðandi forstöðumann Lyfjaeftirlits ríkisins sem hlýtur þó að vera nauðsynlegt ekki síður en ákvæðin varðandi lyfjamálastjóraembættið.

Starfsemi Lyfjaeftirlits ríkisins er samkvæmt 3. gr. frv. mjög víðtæk. Það verður t.d. heimilt að fela Lyfjaeftirlitinu eftirlit með fyrirtækjum, stofnunum eða einstaklingum sem selja, flytja inn eða búa um lyf og skyldar vörur. Ekki er nákvæmlega skilgreint hvað átt

er við með orðunum „skyld vara" en líklega er átt við hinar ýmsu náttúruvörutegundir og fyrirtæki sem með þær versla.

Allan kostnað við starfsemi Lyfjaeftirlitsins á að greiða með gjaldi sem lagt er á þau fyrirtæki sem stofnunin hefur eftirlit með. Ekki kemur fram í frv. með hvaða hætti gjald þetta verður lagt á og engin takmörk eru á þessari gjaldtöku. Eðlilegt hefði verið að kveða á um gjaldstofn og hámark eftirlitsgjaldsins.

Í 4. gr. frv. er kveðið á um lyfjanefnd ríkisins, skipan hennar og hlutverk. Ráðherra fer þar alfarið með skipunarvald. Ekki er gert ráð fyrir tilnefningu samtaka félaga eða þeirra sérfróðu aðila sem að lyfjamálum koma. Ráðherrann skipar fyrst sinn formann og í samráði við sinn formann alla aðra nefndarmenn auk fimm varamanna. Þetta finnst mér miðað við það sem á undan er gengið hættulegt ákvæði. Það á alls ekki að veita ráðherra þetta vald. Hann á aðeins að skipa formann nefndarinnar. Hina skipi hann samkvæmt tilnefningu þeirra aðila sem að þessum málum koma með víðtæka sérfræðikunnáttu á sviði læknis- og lyfjafræði.

Í II., III., IV. og V. kafla er fjallað um skilgreiningu lyfja, lyfjaskrár, flokkun lyfja, lyfjaskráningu sérlyfja og ávísun lyfja. Í umsögnum sem bárust heilbr.- og trn. um frv. sem lagt var fram á síðasta þingi komu fram nokkrar athugasemdir við þessa kafla frv. Engu að síður eru þeir hér svo til óbreyttir frá því sem var.

Í VI. kafla frv. er fjallað um auglýsingu og kynningu lyfja. Eins og fram kom í umræðunni fyrir ári síðan og í ræðu hv. síðasta ræðumanns voru verulegar athugasemdir við þessar greinar frv. og þá sérstaklega heimildina til að auglýsa lausasölulyfin og var bent á hættuna sem felst í því að auglýsingar geta orðið til þess að auka neyslu þessara lyfja verulega. Allt það sem sagt var þá, þau varnaðarorð sem þá voru töluð, eru enn í fullu gildi þó að ég reikni með að vegna aðildar okkar að EES sé okkur gert að lögtaka ákvæði varðandi auglýsingar á lyfjum.

Í VII. kafla frv. er fjallað um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi. Þetta er sá kafli sem hvað mestum deilum olli í umfjöllun um frv. á síðasta ári. Sérstaklega deildu menn um hvaða áhrif þessi lagabreyting gæti haft á lyfjadreifingu og sölu í dreifbýli. Ég sé ekki að sú breyting sem hér hefur verið gerð á 20. gr. frv. þar sem búið er að setja inn ákvæði þess efnis að í þeim heilsuumdæmum þar sem fjöldi íbúa er undir 5.000 skuli ráðherra gefa stjórnum heilsugæslustöðva viðkomandi umdæmis 30 daga frest til að koma á framfæri rökstuddum athugasemdum um að nýtt lyfsöluleyfi sé veitt og á grundvelli slíkra athugasemda sé ráðherra síðan heimilt að hafna umsókn um lyfsöluleyfi. Ég sé ekki í þessu frv. neinn rökstuðning fyrir þessari tölu, 5.000 íbúar, og fróðlegt væri að heyra hvernig hún er tilkomin, hvaða rök liggja þarna að baki. Var rætt við stjórnir heilsugæslustöðva á landsbyggðinni eða samtök sveitarstjórnarmanna?

Frv. gerir ráð fyrir að þjónusta við almenning og stofnanir minnki ekki. Augljóst er þó að apótekum í þéttbýli mun fjölga en síður í dreifbýli. Skilyrði þess að öryggi og þjónustu stafi ekki hætta af breytingum er að rekstrargrundvöllur apóteka í dreifbýli sé tryggður að svo miklu leyti sem mögulegt er. Eðlilegt væri að sérstök nefnd fjallaði um hverja umsókn að stofnsetningu apóteks og tæki þar tillit til fjölda íbúa og fjarlægðar milli apóteka. Ég tel óeðlilegt að stjórnir heilsugæslustöðva á staðnum séu með puttana í þessum ákvörðunum. Hugsanlega væri hægt að skipa slíka nefnd fulltrúum Lyfjaeftirlits, lyfjagreiðslunefndar og Tryggingastofnunar.

Í 20. gr. er einnig fjallað um þau skilyrði sem setja á varðandi veitingu lyfsöluleyfa. Þar segir í 2. tölul. að umsækjandi skuli hafa starfað sem lyfjafræðingur í þrjú ár nema sérstök undanþága komi til. Þarna þætti mér eðlilegt að gerðar væru kröfur þess efnis að viðkomandi hefði starfað sem lyfjafræðingur í apóteki í einhvern tíma til þess að öðlast lyfsöluleyfi. Þá þarf lyfjafræðingur ekki samkvæmt 3. tölul. að hafa sjálfur verslunarleyfi heldur getur hann gert samning við annan aðila með verslunarleyfi,. t.d. einhvern verslunareiganda í nágrenninu. Þetta þýðir að geri lyfjafræðingur samning við aðila með verslunarleyfi í stað þess að hafa það sjálfur ber hann einungis faglega ábyrgð á rekstrinum en ekki fjárhagslega. Þetta opnar einnig fyrir möguleika á hringamyndun í rekstri apóteka sem aftur stangast á við 21. gr. frv. þar sem talað er um að koma í veg fyrir einokun og hringamyndun. Hér er opnað algerlega á það að sami aðili með verslunarleyfi geti auðveldlega samið við fleiri en einn aðila um rekstur apóteka.

Við 23. gr. frv. er búið að bæta við ákvæði þess efnis að lyfjabúðir skuli tölvuskrá allar upplýsingar á lyfseðlum í formi sem samþykkt er af landlækni og tölvunefnd. Jafnframt er lyfsölum skylt að veita heilbrigðisyfirvöldum upplýsingar um starfsemi sína. Ekki er skilgreint nánar hvað átt er við með orðinu heilbrigðisyfirvöld en þar mætti nú bæta úr. Ákveðna tölvuskráningu upplýsinga tel ég varasama og ákveðna hættu því fylgjandi að geyma slíkar trúnaðarupplýsingar inni á tölvum í lengri eða skemmri tíma.

Í XIII. kafla frv. er fjallað um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum. Þar segir í 34. gr.:

„Á sjúkrahúsum er heimilt að starfrækja sérstök sjúkrahúsapótek."

Samkvæmt 36. gr. er sjúkrahúsapótekum gefin heimild til að afgreiða öll lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsum og til göngudeildarsjúklinga. Þó má einungis afgreiða lyfseðilsskyld lyf ef lyfseðlarnir eru merktir sjúkrahúsinu og gefnir út af læknum þess.

Hér er um að ræða verulega rýmkun frá núgildandi lögum þar sem aðeins er gert ráð fyrir að sjúkrahúsapótek megi afgreiða sérhæfð sjúkrahúslyf, svokölluð S-merkt lyf, sem apótekum er ekki heimilt að afgreiða. Með þessu ákvæði er því gert ráð fyrir að sjúkrahúsapótek fari í beina samkeppni við almenn apótek. Miðað við þá stefnu sem boðuð er í frv. að aukið frelsi og samkeppni þýði betri þjónustu, lægra lyfjaverð og minna pilluát, þá er einkennilegt að ríkið ætli á sama tíma að taka upp beina samkeppni við einkarekin apótek og má velta því fyrir sér hvort það standist samkeppnislög.

Í 39. gr. frv. segir að verðlagning lyfja sem seld eru án lyfseðils skuli vera frjáls. Þetta gefur tilefni til að óttast að fólk taki frekar þann kostinn að kaupa ódýr verkjalyf án lyfseðils en leita ráða hjá lækni og ekki síst þegar við hugsum til þess hvað heilbrigðisþjónustan er orðin dýr nú á síðustu og verstu tímum. Auk þess sem gera má ráð fyrir að auglýsingar muni beina athygli almennings í auknum mæli að þessum lyfjum.

Í 40. gr. frv. er síðan ákvæði þess efnis að stofna á fimm manna lyfjagreiðslunefnd sem ákveður hámarksverð á lyfsöluskyldum lyfjum og dýralyfjum. Þessa nefnd á hæstv. ráðherra að skipa án tilnefningar. Ég sagði það áðan að í ljósi reynslu væri ekki rétt að fá ráðherra það vald til að velja einn og sér í nefndir sem skipa skal samkvæmt lögum. Það er eins með þessa nefnd fullkomlega óeðlilegt að ráðherra skipi hana án allra tilnefninga. Þarna mætti nefna aðila sem ættu að tilnefna fulltrúa í nefndina, svo sem Tryggingastofnun ríkisins, Stéttafélag ísl. lyfjafræðinga og e.t.v. Neytendasamtökin. Ekki er heldur tilgreint á hvaða forsendum hámarksverð lyfja skal ákveðið. Það hlýtur þó að vera nauðsynlegt að ákveða þær forsendur í lögum, ekki síst ef samþykkt verður að ráðherra skipi nefndina án tilnefningar fagaðila. Og af sömu ástæðum er nauðsynlegt að kveða nánar á um hlutverk lyfjagreiðslunefndar en gert er í frv.

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að stikla á stóru varðandi þær athugasemdir sem ég geri við frv. sem hér er til umræðu en það er vissulega margt fleira sem mætti nefna. Ég vil þó aðeins ítreka þá afstöðu mína að hér eiga menn ekki að flýta sér of mikið. Allt bendir til að á næstu tveimur árum eigi eftir að verða verulegar breytingar varðandi lyfjadreifingu og sölu. Aðild okkar að EES mun að öllum líkindum gera að verkum að við verðum að fylgja þeim breytingum og því tel ég ekki rétt að samþykkja þetta frv. núna.

[14:42]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Frv. nokkurn veginn samhljóða því frv. til lyfjalaga sem hér liggur fyrir var til umfjöllunar í þinginu og í heilbr.- og trn. þingsins sl. vor og var lögð mikil áhersla á það þá að afgreiða það frá þinginu og unnið af miklum ákafa í nefndinni að því. Það verður að segjast eins og er að það tókst blessunarlega að forða afgreiðslu málsins á því þingi. Ég hygg nú að að öllum öðrum ólöstuðum hafi það kannski verið þingflokkur Sjálfstfl. sem kom í veg fyrir að þetta mál færi í gegnum þingið þá þó að það hafi vissulega verið einnig mikil andstaða við frv. í stjórnarandstöðunni eins og reyndar hefur komið fram hér við 1. umr. um þetta frv. Í sumar hefur síðan verið unnið með frv. og á því hafa orðið talsverðar breytingar sem að mínu mati eru flestar til bóta. Þessar breytingar eru reyndar ekki veigamiklar, þetta eru ekki breytingar á meginefni frv. en engu að síður breytingar allnokkrar á einstökum liðum sem eins og ég segi eru flestar til bóta. Meginefnið stendur þó óhaggað og það má kannski segja að það megi lista það upp í fjórum liðum í hverju meginbreytingin í lyfjamálum felst ef þetta frv. nær fram að ganga.

Í fyrsta lagi á að koma á frjálsri samkeppni í lyfjasölu og þá reyndar fyrst og fremst í smásölunni.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir því í þessu frv. að verðlagning á lyfjum verði frjáls, fyrst um sinn eingöngu á lausasölulyfjum en síðar og það kemur fram í greinargerð með frv. einnig á lyfseðilsskyldum lyfjum. Í frv. er hins vegar sett hámarksverð á lyfseðilsskyldu lyfin til að byrja með meðan þessi tilraun um frjálsa verðlagningu er gerð.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því í þessu frv. að heimilt verði að auglýsa lausasölulyf og það er auðvitað alveg nýtt því að hingað til hefur verið bann við auglýsingum á lyfjum.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að heimila samhliða innflutning á lyfjum, þ.e. það sé hægt að flytja inn lyf frá öðrum markaðssvæðum en gert er í dag og þá er hugsanlegt að það verði farið yfir á ódýrari markaðssvæði eins og Portúgal eða Suður-Evrópu og flutt inn lyf þaðan sem eiga í eðli sínu að vera eins og lyf sem fyrir eru á markaðnum. Að hluta til er hér um EES-mál að ræða eins og hér hefur komið fram og á það fyrst og fremst við um að það á að vera heimilt samkvæmt ákvæðum EES að leyfa lausasölulyf og það á að vera heimilt að stunda samhliða innflutning. Þessar tvær breytingar verðum við að gera vegna aðildar okkar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Þessar breytingar eru umtalsverðar. Þetta eru stórar breytingar og mjög vandmeðfarnar.

Við vitum öll hvert er markmið auglýsinga. Þó að þær hafi ákveðið upplýsingagildi og það sé að koma upplýsingum á framfæri við almenning og neytendur, þá er markmið þeirra auðvitað fyrst og síðast það að auka neyslu, að auka eftirspurn eftir einhverri vöru. Og í þessu tilviki er verið að stíla upp á það að heimila auglýsingar til að auka eftirspurn eftir lausasölulyfjum. Þetta er ekki bara spurningin um að koma lausasölulyfjum á framfæri heldur er verið að auglýsa til að auka neysluna.

Samhliða innflutningur getur, ef vel tekst til og það er væntanlega markmiðið með þeirri heimild, haft það í för með sér að verð lækki. Það þarf þó ekkert að gerast að verð á lyfjum sérstaklega lækki við samhliða innflutning vegna þess að kröfur um uppruna lyfjanna, um merkingar, um upplýsingar sem fram koma á lyfjunum verða að vera mjög strangar. Og það er alltaf verið að gera þær kröfur strangari og strangari innan EES þannig að það er talsvert mikið batterí sem þarf í kringum þennan samhliða innflutning og mikið eftirlit. Það þarf t.d. að kanna uppruna lyfjanna og það kostar allt sitt og ég vil segja að þetta er mjög mikilvægt atriði, þessi eftirlitsþáttur, vegna þess að eins og málin standa í Evrópu núna, þá eru 5% lyfja fölsuð og þessi fölsuðu lyf eru stórhættuleg. Þau eru í mörgum tilvikum lífshættuleg. Þess vegna er mikilvægt að hafa eftirlit með upprunanum.

Mér skilst að eins og málum háttar í dag, þá séu svona um það bil 3 þúsund lyfjategundir á markaði og aðeins 50–100 þeirra séu þannig að það borgi sig að fara í samhliða innflutning á þeim, það sé það mikil neysla í þessum lyfjum að það borgi sig að fara í sam-

hliða innflutning. Og auðvitað getur samhliða innflutningur á þessum lyfjum haft í för með sér lækkun á vöruverði. Í Danmörku er samhliða innflutningur hvað öflugastur og það eru um 12% lyfja sem koma þannig inn í landið, þ.e. í samhliða innflutningi, og það þykir óvenju hátt hlutfall. Það má búast við því að það verði lægra hér, enda er það víst að breytast líka í Danmörku vegna þess að kröfur eru svo auknar um eftirlitið á samhliða innflutningi. En þessar breytingar sem eru EES-breytingar, annars vegar um að auglýsa lausasölulyfin og hins vegar að heimila samhliða innflutning, geta verið mjög afdrifaríkar og haft mikil áhrif og til þess að hægt sé að meta þessi áhrif hefðu heilbrigðisyfirvöld átt að láta þar við sitja, gera þessa breytingu á lyfjalögunum vegna þess að samningurinn býður að við eigum að gera það, en láta þar við sitja svo hægt verði að meta áhrifin af þessum gerðum. Hvernig í ósköpunum ætlum við að fara að því að meta áhrifin af þessum breytingum sem fylgja EES, ef við umturnum öllu lyfjakerfinu um leið? Það verður ekki nokkur leið að einangra þessa áhrifaþætti og það mun þýða það að ef þetta fer úr böndunum sem ég óttast, að lyfjakerfið okkar fari úr böndunum með þessum breytingum, þ.e. með frjálsu samkeppninni og frjálsu verðlagningunni, þá mun það þýða það að þeir sem hafa kannski verið hvað andsnúnastir EES munu koma og segja: Þetta er allt vegna aðildar okkar að EES. Allir þessir skafankar sem munu koma fram á lyfjakerfinu verða auðvitað settir á reikning EES og það er ekki nema eðlilegt að menn rökfæri með þeim hætti og alveg við því að búast.

Ég vil vara eindregið við því að þetta sé gert og mér finnst lagasetningin hér og lagafrv. sem hér hafa komið fram bera svolítinn keim af því að hér eins og víða annars staðar sé reynt að gera ýmsar kerfisbreytingar í skjóli EES. Það eru ákveðnir hlutir sem fylgja EES og sem við verðum að ganga í gegnum og svo er skrefið stigið aðeins lengra og gerðar ýmsar kerfisbreytingar sem alls ekki eru nauðsynlegar. Og þetta er t.d. gagnrýni sem kemur sérstaklega frá þingmönnum á EB-þinginu á Svía vegna þess að Svíar eru að sækja um aðild að EB, að sænska ríkisstjórnin sé sýknt og heilagt að gera einhverjar kerfisbreytingar og segja: Við verðum að gera þetta, við verðum að laga okkur að Evrópumarkaðinum og EB, en það sé engin nauðsyn. Þeir gangi miklu lengra, Svíar séu orðnir kaþólskari en páfinn og geri ýmsar mjög vafasamar kerfisbreytingar með tilvísun til aðlögunar að EB og þessu vil ég vara við.

Eins og ég sagði þá er frjáls samkeppni viðamikill þáttur í þessu frv. Það er í heildsölunni með samhliða innflutningi og smásöluna á að gefa frjálsa að vissum skilyrðum uppfylltum. Þarna er á ferðinni sú markaðshugmyndafræði að aukin samkeppni muni leiða til lægra vöruverðs. Það er svo sem reynslan í smásöluversluninni. Við vitum að Hagkaup og Bónus og fleiri stórmarkaðir hafa aukið samkeppnina á markaðnum og leitt til lægra vöruverðs hvort sem það er tímabundið eða varanlegt. En reynsla okkar í smásöluversluninni er líka sú að aukin verðmunur hefur orðið milli höfuðborgar og landsbyggðar í smásölu. Ég held að þetta muni gerast í lyfjunum vegna þess að ákveðið hámarksverð er sett á lyfin núna. Ekki lausasölulyf því þar er þetta algerlega frjálst heldur er sett hámarksverð á lyfseðilsskyld lyf. Ég hygg að það hámarksverð muni gilda á landsbyggðinni. Að litlu apótekin sem hafa ekki þessa stóru markaði muni vera með lyfin á hámarksverði en síðan muni stórmarkaðirnir — við vitum að stórmarkaðirnir, svo sem Bónus og Hagkaup, ætla sér að koma upp lyfjahornum — vegna mikillar veltu og vegna magninnkaupa og ýmissa slíkra hluta geta boðið lægra verð á lyfseðilsskyldum lyfjum. Þá erum við komin með tvö lyfjakerfi í landinu, þ.e. við erum ekki með sama verð á lyfjum fyrir fólk sem býr úti á landsbyggðinni og fólk sem býr í Reykjavík nema fólk taki upp á því að panta öll lyf frá Reykjavík frá þessum stórmarkaðsapótekum. Þá fer nú að detta botninn úr lyfsölunni úti á landi.

Þetta held ég að muni nánast óhjákvæmilega gerast. Það er alls ekki hægt að þola vegna þess að lyfsala er partur af heilbrigðiskerfinu og við eigum öll að sitja við sama borð þegar kemur að heilbrigðiskerfinu og öll að borga sama gjald fyrir þá þjónustu sem þar er veitt, hvort sem við búum í Reykjavík eða úti á landi.

Lægra vöruverð sem leiðir gjarnan af samkeppni byggir ekki síst á aukinni neyslu, þ.e. það er hægt að ná niður vöruverðinu með aukinni samkeppni vegna þess að neyslan eykst. Þannig náum við lægra vöruverði. Þetta mun ekki síst gilda varðandi lyf sem afgreidd eru án lyfseðils, þ.e. lausasölulyf. Um þetta eru allir umsagnaraðilar sammála. Allir sem hafa sent heilbr.- og trn. umsagnir um þetta mál og gerðu það í fyrra eru sammála um það að aukin samkeppni og um leið heimild til að auglýsa lyf muni leiða til aukinnar lyfjanotkunar á lausasölulyfjum

Það þarf ekkert að velta vöngum yfir þessu. Þetta mun gerast. Um leið og það eru komnir fleiri útsölustaðir, aukin samkeppni, auglýsingar og hugsanlega lægra verð mun neyslan aukast. Þetta hefur gerst í löndunum allt í kringum okkur.

Eins og ég sagði áðan á þetta fyrst og fremst við um lausasölulyfin eins og málið stendur í frv. en jafnframt segir í grg. með frv. að hugmyndin sé að færa frelsi í verðlagningu út í lyfseðilsskyldu lyfin síðar meir og þetta sé tilraun sem nú sé verið að gera með lausasölulyfin. Þetta er að mínu mati, eins og ég sagði áðan, algerlega andstætt öllum heilbrigðissjónarmiðum og algerlega fráleitt.

Hér varð talsverð umræða um lyf og matvæli og kannski kastaði ráðherra upp boltanum þegar hann mælti fyrir frv. þegar hann bar saman lyf og matvæli. Lyf eru ekkert venjulegar vörur eins og matvara, ekkert frekar en áfengi og tóbak. Áfengi, tóbak og lyf er í sérflokki hvað vörutegundir varðar og mér finnst frelsishugtök, af því að þau eru svo gjarnan notuð þegar kemur að frelsi markaðarins, eigi ekkert erindi í slíka umræðu. Við hljótum fyrst og fremst að velta því fyrir okkur hvernig við getum tryggt góða heilbrigðisþjónustu sem allir eiga aðild að og hvernig við get-

um dregið úr lyfjanotkun vegna þess að lyf eru eitur eins og hér kom líka fram og við eigum að reyna að takmarka notkun þeirra eins og við mögulega getum. Og frelsishugtakið — þ.e. frelsi manna til að setja upp slíkar verslanir — ég gef mjög lítið fyrir í þessari umfjöllun allri. Því frelsi er ekkert hugtak sem lifir sjálfstæðu lífi heldur verða menn að hugsa: Frelsi til hvers og frelsi frá hverju líka erum við að tala um?

Stéttarfélag lyfjafræðinga sendi umsögn þar sem tekið er á þessu og bent á að heilbrigðisþáttur lyfjadreifingarinnar sé ekki tryggður í þessu frv. Þeir benda á að 12% innlagna á sjúkrahús í Danmörku séu vegna rangrar notkunar lyfja. Það segir okkur að þetta er mjög vandmeðfarið efni sem þarna er um að ræða og það þarf að tryggja mjög vel lyfjafræðilega þjónustu við almenning og það virðist ekki vera nægilega vel byggt inn í lögin. Lyf eru nefnilega ekki venjuleg vara sem hægt er að selja yfir búðarborð. Og ekki bara vegna þess hvaða efni þarna er um að ræða heldur líka vegna þess að lyf eru fyrst og fremst greidd af almannafé. Þau eru að stærstum hluta greidd af almannafé. Þetta er því ekki bara spurning um að neytandi og kaupmaður eigi viðskipti yfir borð því að sameiginlegir sjóðir okkar koma þar mjög sterkt inn í. Það skerðir enn frekar þessa hugmynd um markaðsfrelsið að það skuli vera þarna alls ráðandi.

Að mínu mati leiðir þetta frv., eins og það liggur fyrir, nánast til einskis annars en þess að lyfjaneysla aukist og það muni verða afleiðingin af þessu frv. ef það nær fram að ganga. Og mér finnst reyndar með þetta frv. í heildina tekið að það sé ekki mjög rismikið. Í grg. er t.d. engin fagleg úttekt á lyfjamálunum, á lyfjamarkaðnum, á markaðshlutdeild eða því hvernig lyfjamál standa almennt. Það er engin slík fagleg úttekt á ferðinni. Það eru engar vangaveltur um málið og hugsanlegar afleiðingar af þessu öllu saman. Nálgunin er eingöngu út frá samkeppnissjónarmiðum og fjárhagsleg út frá sjónarhóli ríkissjóðs vegna þess að menn virðast sjá það fyrir sér að verð á lyfjum lækki sem ég er ekkert sannfærð um að gerist nema þessir stóru aðilar nái þessu undir sig fljótlega og geti boðið lægra verð hver svo sem framtíðin verður þegar þeir eru búnir að ryðja öðrum samkeppnisaðilum út af markaðnum. Ég efast hins vegar mjög um að það verði nokkur þjóðhagslegur sparnaður af þessu og eiginlega þvert á móti. Ég held að þetta verði ekki til að bæta heilbrigðisþjónustuna.

Í gær voru talsvert miklar fréttir af lyfjanotkun og mikilli notkun á geðlyfjum sem hér hefur tíðkast að undanförnu. Það sýnir sig að þetta er hlutur sem við verðum með einhverjum ráðum að taka á og ég held að við höfum miklu betri tæki til þess á meðan lyfjamálum er háttað eins og þeim er í dag en ef þetta verður algerlega gefið frjálst eins og lagt er til í frv.

Heilbrigðisyfirvöld hafa verið að státa sig af því að hafa náð 2,5 millj. kr. sparnaði í lyfjaútgjöldum. Vissulega hefur mönnum tekist að ná niður t.d. notkun á fúkkalyfjum og eru núna að reyna að taka á notkun á magalyfjum sem við vitum að er allt of mikil. Það er ekki nema gott um það að segja. En ég held einmitt að þau hafi tækin til þess vegna þess hvernig lyfjadreifingunni er háttað og hvernig þessum málum öllum er háttað í dag. Mér finnst eins og menn séu að láta frá sér ákveðið eftirlit og stjórn með frv. sem hér liggur fyrir.

Við vitum það öll að lyfsalar hafa gjarnan verið mjög hátt skrifaðir þegar kemur að skattamálunum. Þar hafa lyfsalar verið í hópi tekjuhæstu manna hér á landi og við sjáum öll, held ég, ofsjónum yfir þeim miklu tekjum sem margir lyfsalar hafa. Það er engin ástæða til þess að búa þannig um hnútana að örfáir menn geti setið að mjög svo feitum brauðum og kannski malað gull á kostnað almennings því eins og ég segi þá eru það sameiginlegir sjóðir sem fyrst og fremst greiða þetta. Hins vegar held ég ekki að það þurfi að breyta öllu kerfinu þó mönnum ofbjóði þessar tekjur og að það sé hægt að taka á því með öðrum hætti.

Hins vegar eru ákveðnir lyfsalar og lyfjaverslanir sem eru ekki of sælar af sínum hag. Eins og málum er háttað í dag er fimmfaldur munur á veltu stóru og litlu apótekanna. Stóru apótekin hafa talsvert mikinn hagnað en litlu apótekin hafa mörg hver lítinn sem engan hagnað og jafnvel tap. Ef menn vilja taka á lyfjamálunum finnst mér að það eigi að gerast með það fyrst og fremst í huga að bæta heilbrigðisþjónustuna, því lyfsalan er partur af heilbrigðisþjónustunni, og reyna að draga úr kostnaði við lyf. Það held ég að við gerum með því að ná niður neyslu lyfja og þá þurfum við að einbeita okkur ekki síst að læknunum sem ávísa á þessi lyf. Ég held að menn geti gert það innan ramma þess kerfis sem við höfum núna og það sé mjög varhugavert að fara út í þær miklu kerfisbreytingar sem hér eru boðaðar.

[15:00]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Fyrir því frv. til lyfjalaga sem hér er til umræðu var, eins og fram hefur komið hjá öðrum hv. þm. sem hafa talað einnig, mælt á síðasta þingi og það kom til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn. Við 1. umr. málsins á síðasta þingi lýsti ég því yfir að mér fyndist margt vera gott í þessu frv. og af minni hálfu fékk það þar af leiðandi ágætis viðtökur við 1. umr. í þinginu. Þegar hv. heilbr.- og trn. fór að skoða málið ofan í kjölinn, kalla til þá aðila er málið snerti og horfa á hvaða afleiðingar frv. hefði á lyfjadreifinguna í landinu og heilbrigðisþjónustuna almennt þá held ég að allir þeir sem fengu málið til umfjöllunar í nefndinni og komu að málinu þar hafi sannfærst um að ýmislegt þyrfti betur að fara ef þetta frv. ætti að ná þeim markmiðum sem menn settu sér í upphafi. Því hélt ég þegar ákveðið var að málið skyldi ekki afgreitt á síðasta þingi að það færi til umfjöllunar hjá ríkisstjórn og stjórnarflokkum og tæki þeim breytingum er bent var á í þeim umsögnum er bárust.

Staðreyndin er hins vegar sú að frv. er lagt fyrir svo til óbreytt frá því sem var á síðasta þingi og þegar það var til umfjöllunar í nefndinni. Staðreyndin er nefnilega sú að frv. hefur enga hagræðingu í för með sér. Það hefur engan sparnað í för með sér. Það mun aftur á móti auka óhagræðingu að vissu leyti í lyfjadreif-

ingunni. Það getur aukið útgjöld hjá einstaklingum, mun örugglega auka útgjöld hjá ríkinu og því miður mun það almennt ekki draga úr lyfjakostnaði hvorki hjá ríki né einstaklingum.

Hæstv. núv. heilbr.- og trmrh. gagnrýndi mjög forvera sinn í starfi, samflokksmann sinn, hæstv. páv. heilbr.- og trmrh. Sighvat Björgvinsson, hvað eftir annað á meðan hæstv. heilbr.- og trmrh. var bæjarstjóri í Hafnarfirði og lagði þá ríka áherslu á að það mætti ekki ganga svo langt á þau gömlu gildi sem í Alþfl. væru að skattleggja sjúklingana eins og páv. hæstv. heilbrrh. Alþfl. gerði með auknum álögum á sjúklinga. Nú spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh.: Hvað hefur orðið um þessi sjónarmið? Hvar sér þess stað í þessu frv. að það standi til að draga úr þeim álögum er lagðar hafa verið á þá er þurfa á lyfjum að halda?

Í nýlegri norrænni skýrslu sem fjallar um lyfjakostnað kemur í ljós að lyfjakostnaður á Íslandi hefur lækkað á árunum 1989–1991 um 6%. Þessi skýrsla er merkileg að því leyti til að Ísland var eitt Norðurlandanna sem náði þeim tökum á stjórn lyfjamála í sínu landi að kostnaður lækkaði. En á öllum hinum Norðurlöndunum var um kostnaðaraukningu að ræða bæði hjá þeim sem greiða stærstan hluta lyfjanna, þ.e. ríkinu, og einstaklingunum. Það sem gerðist hér var það að á sama tíma og menn voru að lækka heildarlyfjakostnaðinn drógu menn líka úr þeim álögum er áður höfðu verið lagðar á einstaklingana. Kostnaðarþátttaka einstaklinganna var árið 1991 komin niður í 18%. Einstaklingurinn greiddi ekki nema 18% af heildarlyfjakostnaðinum. Í dag eftir allar þær breytingar sem búið að gera er kostnaðarþátttaka einstaklingsins komin upp í 32%. Það hafa verið lagðar á hundruð milljóna króna síðan um mitt ár 1991 á einstaklingana. Sparnaðurinn í lyfjaútgjöldunum er því enginn. Honum hefur verið velt yfir á ríkið frá einstaklingunum eða yfir á einstaklingana frá ríkinu öllu heldur svo ég hafi þetta nákvæmlega rétt. (**ÁMM:** Það er nauðsynlegt.) Það er reyndar alveg nauðsynlegt að hafa þetta rétt. Ég tek undir það með hv. þm. Árna Mathiesen að það er nauðsynlegt að hafa þetta á hreinu. Hins vegar er alveg ljóst að sjúklingarnir eru með þetta á hreinu þótt þetta sé ekki alveg skýrt í okkar huga. Þeir sem þurfa að greiða eru með það á hreinu hvar álögurnar hafa lagst.

En hvernig skyldu menn hafa náð þessum árangri á árunum 1989–1991 án þess að auka álögurnar á sjúklingana? Það er í fyrsta lagi með því að menn hafa lækkað álagninguna í smásölu úr 70% niður í 59%. Menn lækkuðu heildsöluálagninguna úr 15% niður í 13,5%. Í þriðja lagi var stærstu apótekunum gert skylt að veita Tryggingastofnun ríkisins afslátt af þeirri miklu veltu er þau höfðu þannig að það komu peningar frá apótekunum til Tryggingastofnunar ríkisins. Í fjórða lagi var gefinn út svokallaður bestukaupalisti sem var leiðbeinandi fyrir bæði sjúklinga og lækna á þá leið að menn ávísuðu jafnan á ódýrasta lyfið. Ef menn ávísuðu á ódýrasta lyfið þá leiddi það til minni kostnaðarþátttöku einstaklinganna.

Þetta eru þær aðgerðir sem á að grípa til í lyfjamálum ef menn ætla að ná árangri og ná hagræðingu og sparnaði með því sem þeir eru að gera. Það er nefnilega enginn sparnaður af því að velta kostnaðarauka ríkisins yfir á einstaklingana. Aftur á móti hefur forusta Alþfl. í heilbrigðismálum valið þá leið að sleppa því að taka á skipulagsmálum lyfjaverslunarinnar og lyfjadreifingarinnar í landinu og láta bara sjúklingana bera aukin útgjöld. Fyrir utan það hefur framkvæmd lyfjamálanna undir forustu Alþfl. einkennst af flumbrugangi og vanhugsuðum aðgerðum. Síðan 1991 hafa verið gerðar fimm reglugerðarbreytingar er snerta lyfjamálin og staðreyndin er sú að engin einasta af öllum þessum reglugerðarbreytingum hefur í raun og veru *fengið að sanna gildi sitt hvort hún hafi haft þau áhrif* að draga úr kostnaði.

Það eru til fjórar leiðir sem verka saman en geta líka allar staðið sjálfstætt. Þessar fjórar leiðir eru til þess að lækka lyfjakostnaðinn bæði hjá einstaklingunum og ríkinu.

Það er í fyrsta lagi að hafa áhrif á innkaupsverðið. Í öðru lagi að hafa áhrif á lyfjadreifingarkerfið og ávísunarvenjur lækna. Í þriðja lagi að hafa áhrif á álagninguna í heildsölu og smásölu. Í fjórða lagi að ákveða hver kostnaðarþátttaka sjúklinganna í lyfjakostnaðinum á að vera.

Ef maður gengur út frá því að þessar fjórar leiðir séu vænlegar til árangurs í þessum efnum þá spyr maður sig hvað í þessu ágæta frv., sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur lagt fyrir þingið, geri það að verkum að ná þessum árangri. Það er akkúrat ekki neitt nema ef vera kynni að hæstv. ráðherra ætli að skjóta sér undan þeirri ábyrgð að gefa sjálfur út reglugerðina um það hver kostnaðarþátttaka einstaklinganna á að vera og vísa því yfir á lyfjagreiðslunefnd. En útgjaldaaukinn sem fyrirsjáanlegur er á þessu sviði á með þessu að lenda á einstaklingunum.

Nú langar mig hér í fáum orðum að líta örlítið á þessa fjóra þætti og hvernig þeir snerta þetta frv. Lítum fyrst á innkaupsverðið. Þetta frv. fjölgar innflytjendum þannig að það fjölgar innkaupaaðilum í landinu. Af því leiðir í öðru lagi að það er minna magn sem hver aðili flytur inn. Hvaða áhrif hefur þetta? Þetta hefur þau áhrif að þegar innflytjendum fjölgar verður erfiðara að ná samningum á alþjóðlegum mörkuðum um lágt verð vegna þess að magnið er of lítið sem flutt er inn. Í stað þess að fjölga innflytjendunum þá ættu menn að fara þá leið að reyna að kaupa öll þau lyf inn sem ríkið ætlar að taka þátt í að greiða af einum og sama aðilanum undir sérstöku innkaupasambandi. Umboðsmennirnir geta allir starfað eftir sem áður sjálfstætt en með því að tryggingarnar tryggi það að ákveðið magn sé keypt ná menn ákveðnu magni inn í landið og lækka verðið. Þetta frv. gerir hins vegar ráð fyrir þveröfugri leið og staðreyndin er bara sú að sparnaðurinn í lyfjakostnaðinum liggur í innkaupsverðinu að langstærstum hluta til. Mismunurinn á því lyfjaverði sem við erum að greiða á Íslandi og í öðrum löndum liggur ekki að öllu leyti í óhagkvæmri dreifingu heldur fyrst og fremst í því að verðið inn í landið til okkar er hærra en annars staðar. Nú kann það

vel að vera að samhliða innflutningur muni einhver áhrif hafa til lækkunar í þessum efnum, ég ætla ekki að fullyrða að svo verði a.m.k. ekki.

Ég tek undir það sem fram kom í framsögu hæstv. heilbr.- og trmrh. með þessu frv. að fyrirkomulag lyfjadreifingarkerfis sem við búum við í dag er óhagkvæmt. Það er mikilvægt að breyta því og ég er tilbúinn til að styðja breytingar í þá veru.

Samkeppnin er þó ekki aðalatriðið að mínu viti í þeim efnum vegna þess að ég held að með aukinni samkeppni þá geti það að vissu leyti leitt til hærra útsöluverðs. Þannig getur lyfjabúðum fjölgað, kerfið orðið óhagkvæmara og staðreyndin er sú að þar sem frjálsræðið er algjört, eins og í Þýskalandi, það er gott dæmi á Evrópumarkaði þar sem frjálsræðið er algjört, hvergi í heiminum er lyfjaverð sennilega eins hátt eins og í Þýskalandi og það er það kerfi í smásölunni sem við erum að leiða inn í landið með þessu frv. Algjört frjálsræði eins og í Þýskalandi sem hefur leitt til þess að lyfjaverðið þar er það hæsta í Evrópu.

Í öðru lagi erum við að vissu leyti með því hvernig við leyfisbindum þá aðila er geta rekið lyfjaverslanir að bjóða upp á það að læknar geti tekið þátt í starfi þeirra fyrirtækja, geti verið eigendur að þessum fyrirtækjum, en í raun og veru sé það bara lyfsalinn eða lyfjafræðingurinn sem hafi leyfið og sjái um rekstrinn en fjárhagslegir hagsmunir af rekstri fyrirtækisins, lyfjabúðarinnar, liggi að öllu leyti hjá læknastéttinni. Með því eru menn, ef það gengi þannig fyrir sig, að opna fyrir þann möguleika að læknar hafi beinan hag af því að ávísa á ákveðin lyf, að vísa sjúklingunum í ákveðnar lyfjaverslanir. Viljum við byggja þetta fyrirkomulag upp? Nei. En hvar er þetta fyrirkomulag við lýði? Jú, það er í Asíu, það er í Japan, þar sem læknar hafa beina hagsmuni af því og fá prósentur af hverri lyfjaávísun. Eftir því sem lyfið er dýrara því hærri prósentur fá læknarnir. Þannig erum við að opna fyrir þennan möguleika að vissu leyti með þessu frv. hér á landi. Hvað þýðir þetta? Við erum að leiða yfir okkur, ef frv. verður samþykkt, samkeppnina í Evrópu, í Þýskalandi, þar sem lyfjaverð er hæst í Evrópu. Við erum með þessu að leiða yfir okkur japanska kerfið þar sem lyfjaverð í Asíu er hæst. Við erum með öðrum orðum að leiða yfir Ísland tvö óhagkvæmustu kerfin í lyfjadreifingu og lyfsölu sem við finnum í heiminum, annars vegar þýska kerfið og hins vegar japanska kerfið.

Er þetta nú skynsamlegt einmitt á sama tíma og menn eru að tala um að það sé alveg nauðsynlegt að ná tökum á því fyrirkomulagi sem við búum við? En ég tek undir að það er nauðsynlegt.

Í þriðja lagi vil ég benda á það ef menn líta á 39. og 40. gr. þessa frv. þá eru menn beinlínis þar að mismuna fólki eftir því hvar það býr í landinu og aðrir hv. þm. sem hafa talað á undan mér í þessari umræðu hafa einmitt bent á þessa hluti. Í 39. gr. frv. er gert ráð fyrir því að verðlagning lyfja sem eru seld án lyfseðils sé frjáls, þ.e. lausasölulyfin séu í raun og veru frjáls. Í 40. gr. frv. er gert ráð fyrir því að setja hámarksverð á lyfseðilsskyld lyf. Hvar svo sem hámarksverðið verður sett þá er það alveg ljóst að munurinn er svo mikill á veltu og afkomu stóru apótekanna í höfuðborginni og litlu apótekanna úti um land að menn ná aldrei til að jafna á milli með þessum hætti, þó menn setji hámarksverð. Hámarksverð sem ætti að gilda úti á landi má búast við að mundi ekki verða í Reykjavík, eða með öðrum orðum, með lyfseðilsskyldu lyfjunum geta menn fengið þau á ódýrari í Reykjavík en úti á landi. En segjum að allir mundu nýta sér þann möguleika af því að hámarksverðið væri svo lágt í raun og veru að menn ætluðu að alls staðar gilti hámarksverðið þá er alveg ljóst að afkoma litlu apótekanna úti um land er með þeim hætti að það er ekki rekstrargrundvöllur fyrir þeim. Hvaða leið hafa þau þá? Eina leið. Þ.e. að hækka verðið á lyfjunum sem eru án lyfseðils, þ.e. öll lausasölulyfin sem eru ekki háð neinum verðlagsákvæðum og verðlagshöftum munu verða miklu hærri úti um land heldur en í Reykjavík eða á stóru svæðunum til þess að tryggja rekstrarafkomu litlu apótekanna. Í einföldustu mynd sinni er þetta þannig að magnylið yrði margfalt hærra á Höfn í Hornafirði en í Reykjavík. Þetta er í raun og veru það sem kæmi út úr þessu ef þessi leið yrði farin og þetta hefur gengið fram með þessum hætti.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því í 41. gr. frv. að svokölluð lyfjagreiðslunefnd sem skipuð er af ráðherra, ákveði fyrir Tryggingastofnun ríkisins þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúklinga í samræmi við lögum um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni.

Ég vil fullyrða það að með þessu er hæstv. heilbr.- og trmrh. að skjóta sér undan þeirri ábyrgð sem á viðkomandi hæstv. ráðherra hvílir í því að ákveða hver kostnaðarþátttaka sjúklinganna á að vera í lyfjakostnaðinum. Með því að vísa þessu yfir í einhverja lyfjagreiðslunefnd sem er skipuð einhverjum og einhverjum sem einfaldlega segja: Fjárlögin gera ráð fyrir því að það séu ekki meiri peningar til ráðstöfunar í lyf á þessu ári þess vegna verða menn því miður að greiða 50% eða eitthvað í kringum 50% eftir því hvað menn skera mikið niður á hverjum tíma. Eða með öðrum orðum, hæstv. heilbr.- og trmrh., hver svo sem hann er og þetta mun gilda um ef frv. verður lögfest, er í raun og veru að skjóta sér undan því að þora að bera hina pólitísku ábyrgð á því hvað einstaklingurinn á að greiða mikinn hluta af heildarlyfjaverðinu í landinu.

Því miður þá er niðurstaða mín eftir að hafa farið yfir þetta frv. í hv. heilbr.- og trn. sú að í fyrsta lagi eru engar leiðir í þessu frv. til þess að lækka lyfjakostnaðinn í raun. Í öðru lagi mun þetta frv. leiða til þess að lyfjaverð verður mismunandi í landinu. Það verður hærra á Höfn í Hornafirði eða öðrum stöðum úti um land þar sem lítil apótek eru heldur en í Reykjavík. Í þriðja lagi gerir þetta frv. ráð fyrir því að það verði haldið áfram á þeirri braut að láta einstaklinginn taka aukinn þátt í lyfjakostnaðinum í heild sinni. Í fjórða lagi, sem er kannski það alvarlegasta af öllu, þá er verið með þessu frv. að innleiða hér á landi tvö óhagkvæmustu lyfsölu- og lyfjadreifingakerfi í heiminum. Dýrasta kerfi í Asíu sem er í Japan og dýrasta

kerfi í Evrópu sem er í Þýskalandi. Er það það sem menn í raun og veru ætla að ná fram með því frv. sem hér er til umfjöllunar?

[15:20]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þegar mælt var fyrir þessu frv. á síðasta þingi gerði ég grein fyrir andstöðu minni við það og tel ekki ástæðu til að endurtaka þá ræðu. Þingflokkur Alþb. hefur farið vandlega yfir frv. og fulltrúi þess í heilbr.- og trn., hv. 4. þm. Suðurl., hefur gert ítarlega grein fyrir skoðunum okkar á þessu frv.

Það eru þó örfá atriði sem mig langar til að ítreka hér án þess að ég þurfi að lengja mjög þessa umræðu því að þetta frv. snýst um grundvallarbreytingar. Lyfsala er hluti af heilbrigðisþjónustu og má ekki og á ekki að vera annað. Íslendingar geta fagnað þeirri gæfu að þeir eru hraust fólk og langlíft og við teljum okkur eiga góða heilbrigðisþjónustu og lyfjasala hefur verið örugg og áfallalaus enda lyfjaeftirlit hér í landi mjög ábyrgt. Mikið starf var unnið hér fyrir nokkrum árum í skoðun á notkun lyfja í landinu undir forstöðu Almars Grímssonar lyfjafræðings og núverandi lyfsala og við búum enn að því verki. Það hefur verið viðtekin venja hér á landi og viðtekin skoðun að lyf séu ekki markaðsvara heldur hluti af því að hjúkra fólki og lækna. Sú breyting er nú á döfinni að gera lyf að almennri markaðsvöru. Þetta tel ég mjög hættulegt og tvímælalaust til skaða fyrir heilbrigðisþjónustu í landinu.

Það hefur margkomið fram hér hjá ýmsum hv. ræðumönnum að aukin samkeppni er til þess gerð að hvetja til aukinnar notkunar þar sem hver berst um bitann við annan. Víst er að þátttaka okkar í EES mun að mörgu leyti eyðileggja fyrri stefnu fyrir okkur, við erum tilneydd að leyfa auglýsingar á lyfjum sem við höfum hingað til ekki tekið í mál og fundist með öllu óeðlilegar en við því er sjálfsagt ekki að gera. En það er annað sem gerist með inngöngu okkar í EES og það er að alls kyns framleiðsla sem Íslendingar hafa ekki kallað lyf, svo sem alls kyns náttúrumixtúrur af öllu tagi, lyf sem ekki eru gerð af lyfjafræðingum heldur af alls kyns hómópötum, koma nú til sölu sem lyf og ég held að það sé fullkomlega ófyrirséð hvað þetta á eftir að þýða. Slíkar vörur má nú auglýsa sem lyf þó að töluvert skorti á að samkomulag sé um það að þau séu öll til bóta. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra hefur gert sér fulla grein fyrir því hver grundvallarbreyting þetta er á meðferð lyfja í landi hér.

Íslendingar hafa ekki misnotað lyf í miklum mæli, það liggur fyrir í skýrslum. Með þau hefur verið farið af ábyrgð og ég tel alvarlegt mál ef þessu á að fara að breyta. Það hefur þegar komið fram og ég benti einmitt á það í ræðu minni í fyrra að Danir hafa tekið þá ákvörðun að hætta við að breyta lyfjakerfinu hjá sér en Bandaríkjamenn og Japanir, sem hafa búið við þetta fulla frelsi í sölu lyfja, eru aftur á móti að reyna að snúa frá þeirri stefnu. Og það liggur fyrir að í Bandaríkjum Norður-Ameríku er smásala lyfja frjáls en kostnaður hins opinbera þar er orðinn svo óheyrilegur að bandarísk yfirvöld líta til norræna fyrirkomulagsins á lyfsölu til þess að fara eftir. Þannig að við erum dálítið seinheppin að mínu viti að fara að breyta þessu nú. Eins og hv. 10. þm. Reykv. benti á hér áðan tel ég afar óæskilegt að taka við breytingunum sem eru óhjákvæmilegar vegna EES-samningsins og ráðast jafnframt í þessa grundvallarbreytingu á löggjöfinni. Ég held að það hefði verið nær að bíða með hana þangað til sýnilegt væri hvaða áhrif EES hefur á lyfjasölu í landinu.

Ég tók það fram í ræðu minni í fyrra að ég óttaðist að hér gysu upp lyfsölur á öðru hverju horni í þéttbýlinu en í minna mæli á landsbyggðinni. Sannleikurinn er nú sá þó að menn sjái ofsjónum yfir ríkidæmi nokkurra lyfsala að ég er ekki viss um að þeir hafi auðgast svo mjög á lyfjunum. Þessir lyfsalar hafa selt í miklum mæli alls kyns aðrar vörur, snyrtivörur, nærföt, hreinlætisvörur af öllu tagi og slíkar vörur hafa án efa verið meiri gróðavegur í lyfsölunum heldur en sjálf lyfin, sem betur fer liggur mér við að segja.

Eitt er þó einkennilegt í sambandi við lyfsölu í landinu sem lítið hefur komið upp á borðið en það er hvers vegna lyfsalar t.d. úti á landsbyggðinni mega ekki selja dýralyf. Þegar spurst er fyrir um þetta þá er svarið það að sala á dýralyfjum sé eins konar tekjuuppbótt fyrir dýralækna á afskekktum stöðum. Ég hafði ekki gert mér alveg grein fyrir því að málið væri hugsað þannig og tel að það væri nær að tryggja dýralæknum mannsæmandi tekjur án þess að leita þessarar leiðar því vitaskuld gæti það skipt lyfsala úti á landsbyggðinni miklu máli að sinna meira sölu dýralyfja.

Síðan getum við komið að því í hversu miklum mæli verður um samkeppni að ræða. Ég veit ekki til þess að það hafi komið hér fram að t.d. fyrirtæki eins og Pharmaco hefur umboð fyrir 70% innfluttra lyfja. Hver verður þá samkeppni í smásölu á lyfjunum frá Pharmaco? Ég held að hún geti varla orðið mjög mikil. Þannig að allt þetta samkeppnishjal held ég að sé meira en vanhugsað. Það hefur hins vegar komið fram að auðvitað verður samkeppni á lausasölulyfjunum. Þar eru menn alfrjálsir að leggja á eins og þeim sýnist og það munu þeir auðvitað nota því að þeir hafa ekki alveg ráð á öllum lyfjum. Það er þak á lyfseðlalyfjum þannig að það verða lausasölulyfin sem verða samkeppnislyfin og þar með þessi hómópatísku lyf sem við fáum af fullum þrótti inn á markaðinn sem lyf sem þau hafa ekki kallast hingað til. Þannig að ég held að hér sé að mörgu að huga.

Í þessu frv. er heimild til heilsugæslustöðva að stofna til lyfjasölu ef ekki er lyfjafræðingur á staðnum eða lyfsala. Ég veit ekki hvort menn hafa gert sér grein fyrir því að þar með er ríkið komið í samkeppni við einkaframtakið þannig að þetta æpir allt hvað á annað að mínu viti.

Ég ætla ekki að eyða tímanum í að endurtaka það sem hér hefur þegar verið sagt að allar þær nefndir sem nú skal stofna til að stýra þessum málum eru að mínu viti í allt of miklum mæli í valdi hæstv. heilbrrh. Það nær auðvitað engri átt og er ólýðræðislegt með öllu að ráðherra geti skipað heilu nefndirnar sem fagmenn ættu auðvitað að hafa um að segja að því er lýt-

ur að stjórnun líka. Ráðuneytið hefur ekkert það til að bera sem nægir til þess að það geti lagt faglegt mat á það hverjir skuli sitja í slíkri nefnd og ég tel að hv. heilbr.- og trn. sé tilneydd til þess að breyta þessu.

Enn er það atriði sem ég tel vert að minna á og það er það að því fleiri apótek, því fleiri lyfsölur sem settar eru á stofn í landinu, því meiri hætta er á að áhangendur eiturlyfja reyni að verða sér úti um lyf. Það hefur verið töluvert verk að verja lyfsölur fyrir slíku fólki og því fleiri sem apótekin eru því erfiðara verður það að sjálfsögðu. Í landinu eru um 43 apótek og ég hef engan heyrt kvarta yfir því að það væri ekki nóg, svo einfalt er það nú. Mér er ekki kunnugt um að afgreiðsla lyfja hafi nokkurs staðar verið með þeim erfiðleikum að fólk hafi ekki fengið þau lyf sem það þarfnaðist. En að ætla sér að fara að gera lyf að almennri markaðsvöru þar sem menn eiga, að mér skilst, að hlaupa á milli staða og líta ofan í það hvar lyfið sé ódýrast held ég að sé eins og hver annar barnaskapur. Auðvitað fer veikt fólk með sinn lyfseðil í næsta apótek hvort sem hæstv. heilbrrh. vill endilega koma á einhverri samkeppni. Ég hef enga trú á því að fólk sé hlaupandi á milli einhverra apóteka, jafnvel þó þau væru í samliggjandi götum. Venjulega vill fólk fá sín lyf sem fyrst og mun að sjálfsögðu ekki sinna því mjög mikið hvort það er aðeins ódýrara á einum stað en öðrum. Ég held að Íslendingar eigi langt í land með að fara að líta á lyf sem einhverja vöru sem þeir eru að kaupa. Menn kaupa slíkt ekki allajafna nema af brýnni nauðsyn.

Ég held því að það sé mikil vinna fram undan hjá hv. heilbr.- og trn. við að gera frv. þannig úr garði að stjórnvöld missi ekki öll tök á þessum málum.

Í ritgerð eða skýrslu sem unnin var á vegum Háskóla Íslands fyrir viðskipta- og hagfræðideild og Hrannar Erlingsson stjórnaði segir svo í lokaorðum, og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa niðurlag þessarar skýrslu en þar segir Hrannar Erlingsson svo:

„Markmiðið með þessari ritsmíð var að hún yrði innlegg í umræðuna um hvernig fyrirkomulag við viljum hafa á smásölu lyfja hérlendis. Þar sem flestar hugmyndir sem fram hafa komið undanfarið hafa beinst að auknu frjálsræði í lyfsölunni, þá einbeitti ég mér að þeim þáttum, kostum og göllum. Niðurstaðan varð ótvíræð: Aukið frelsi í smásölu lyfja er við núverandi aðstæður afar óæskilegt. Ástæður þess eru fjölmargar en nefna má þætti eins og aukinn kostnað, hættu á aukinni neyslu, mismunun milli landsbyggðarfólks og höfuðborgarbúa og svo mætti lengi telja. Það verður að viðurkennast að sem fylgismanni frjálsrar samkeppni á flestum sviðum þá olli þessi niðurstaða mér talsverðum vonbrigðum. Vonandi er þetta þó undantekningin sem sannar regluna."

Svo segir Hrannar Erlingsson í lokaorðum ritgerðar sinnar. Og ég hygg að hann hafi rekið sig á einmitt þetta atriði að lyf eru engin venjuleg markaðsvara, eiga ekki að vera það og mega ekki vera það. Og það er skylda Alþingis Íslendinga að standa ekki fyrir lagabreytingu sem leysir upp það ágæta kerfi sem við höfum haft bæði í notkun og afgreiðslu lyfja. Það hefur enginn kvartað yfir að þau mál væru ekki í góðu lagi og Íslendingar hafa ekki hingað til hlaupið eftir auglýsingum sem nú munu koma bæði á lyfjum sem eru viðurkennd lyf og þeim lyfjum sem ekki eru viðurkennd af fagfólki og það er skylda okkar að koma í veg fyrir að slíkri óáran verði hleypt lausri.

[15:35]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Íhaldssemin virðist ráða ríkjum í málflutningi hv. stjórnarandstöðu í þingsölum í dag og finnur hún frv. hæstv. heilbrrh. flest til foráttu. Ég verð þó að segja að þetta frv. er jákvætt og spor í rétta átt hvað varðar lyfjaþjónustu hér á landi. Það er auðvitað alveg rétt sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir sagði í sinni ræðu hér rétt á undan mér að lyf eru engin venjuleg markaðsvara, þau eru auðvitað að mestu leyti seld gegn ávísunum lækna. En þegar búið er að skrifa út ávísunina þá eiga þau að geta lotið flestum þeim lögmálum sem markaðsvörur lúta og við eigum að nýta okkur markaðinn og lögmál hans til að ná þessari vöru á sem lægstu verði og fá hana afgreidda á sem hagkvæmastan hátt.

Þó ég telji að þetta frv. sé jákvætt og spor í rétta átt þá tel ég að það sé ekki nægjanlega langt gengið til þess að við getum nýtt okkur jákvæða þætti markaðarins. Til þess eru enn þá of miklar hindranir í þessu frv. og þá á ég sérstaklega við þá kafla sem varða heimild til rekstrar á lyfjabúðum. Ég tel að það sé óskynsamlegt að binda leyfisveitinguna við lyfsala, að þeir einir geti fengið lyfsöluleyfið og að lyfsöluleyfið fylgi lyfsölunum. (**IP:** Bæta hestamönnum kannski við.) Ég tel að það væri skynsamlegt að það væri hverjum og einum heimilt sem uppfyllir svipuð skilyrði og gert er ráð fyrir í frv. þessu um lyfjaheildsölu að stofna og reka lyfsölubúðir og eins og segir um lyfjaheildsölurnar, hafa þá í þjónustu sinni lyfsala og uppfylla önnur þau skilyrði sem þar koma fram. Ef þetta væri eins og ég er að nefna, þá mundi það að sjálfsögðu taka til hestamanna eins og annarra, eins og hv. þm. frú Ingibjörg Pálmadóttir stakk upp á hér í frammíkalli.

Ég held að ef við bindum lyfsöluleyfið við lyfsalann þá sé ákveðin hætta á því að það geti orðið fjölgun á litlum lyfsölum, sérstaklega á þéttbýlissvæðunum, og þar af leiðandi verði ekki til að dreifa þeirri hagkvæmni sem við mundum ná með stærri einingum og þá sérstaklega einingum sem tengdust annarri verslun að einhverju leyti og þar með næðist fram lækkun á föstum kostnaði við rekstur lyfjabúða vegna samrekstrar við hugsanlega aðra verslun. Þetta ætti ekki að þurfa á neinn hátt að rýra það öryggi sem nú er á þjónustu lyfsölubúða, en ætti að þjóna þeim tilgangi að lækka verð á lyfjum.

Ég tel að verð á lyfjum ætti að vera frjálst eins og á öðrum vörum á innlendum markaði en það getur oft verið skynsamlegt að fara varlega þegar gerðar eru stórar og miklar breytingar og sú tillaga sem lögð er fram í þessu frv. um hvernig haga skuli verðlagningu er út frá því sjónarmiði skynsamleg og get ég þá tekið undir hana.

Í umræðum um frv. sama efnis á síðasta þingi gagnrýndi ég það þar sem fjallað er um göngudeildarþjónustu og lyfsölur tengdar sjúkrahúsum og göngudeildum, að þar væri ekki nægjanlega fast að orði kveðið hvað varðar útboð á rekstri þessarar þjónustu. Það ætti ekki einungis að vera heimilt að bjóða rekstur þessarar þjónustu á spítölum út heldur ætti það að vera skylda. Því miður hefur ekki orðið breyting á þessu í þessum kafla eins og ég hafði vonað en hins vegar hefur önnur breyting verið gerð á frv. og er hún um það að rekstur lyfjabúða göngudeilda sjúkrahúsa skuli vera aðskilinn reikningslega frá öðrum rekstri sjúkrahússins og tel ég það vera til mikilla bóta.

Ég hef athugasemdir við nokkur önnur atriði og þá vil ég nefna sérstaklega 11. gr. sem er fyrsta grein V. kafla þar sem lyfjafræðingum er heimilt að afhenda lyf í minnstu pakkningu án lyfseðils í neyðartilfellum. Ég efast um gildi þessarar greinar og efast mjög um það að sú staða eigi yfirleitt að koma upp að sjúklingur nái í lyfjabúð en ekki í lækni. Ég held að þessi grein ýti undir það að fólk reyni að fara fram hjá læknum til þess að nálgast lyfin og það ætti ekki að kveða á um slíkt leyfi í þessum lögum. Ef það er tilfellið að það er auðveldara fyrir sjúklinga að ná til lyfsalanna og í lyfjabúðirnar heldur en að ná til læknanna þá hlýtur lausnarinnar á því vandamáli að vera að leita annars staðar heldur en að veita lyfsölunum leyfi til þess að afhenda lyfin án lyfjaávísunar, þá verðum við að gera róttækar breytingar á skipulagi heilbrigðisþjónustu okkar hér á landi og bið ég hæstv. heilbrrh. og hv. nefnd að skoða þetta í þessu ljósi.

Ég hef skoðað þessa grein út frá þeirri grein lækninga sem ég þekki best sem dýralæknir og ég á afar erfitt með að ímynda mér þau tilfelli þar sem sjúklingur eða eigandi sjúklings væri fær um að notfæra sér þau lyf sem hann gæti fengið hjá lyfjafræðingnum án þess að til kæmu leiðbeiningar dýralæknis. Þá er ég ekki að tala um lyf eins og bóluefni sem er reyndar ekki lyf og ekki notað í neyðartilfellum og bændur eiga að hafa fyrirhyggju um að kaupa áður en þeir þurfa á þeim að halda.

Í þessum kafla er einnig kveðið á um það að landlæknir eigi að hafa eftirlit með lyfjaávísunum lækna og afhendingum lyfjafræðinga á lyfjum í neyðartilfellum. Ef svo ólíklega mundi fara að hæstv. ráðherra og hv. nefnd tæki ekki tillit til ábendinga minna í þessu tilfelli þá held ég að í öllu falli sé landlæknir alls ekki rétti aðilinn til þess að hafa eftirlit með þeim lyfjum sem lyfjafræðingar afhenda til notkunar í tilfellum dýra. Auðvitað ætti yfirdýralæknir að hafa eftirlit með slíkum afgreiðslum lyfjafræðinga.

Það kom fram í ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur einhver reginmisskilningur á því hvernig sölu á dýralyfjum er háttað. Það er öllum lyfjabúðum heimilt að selja dýralyf. Það er hins vegar rétt að héraðsdýralæknar hafa leyfi til þess að selja dýralyf og reka nánast dýraapótek og í mörgum tilfellum er litið á það sem nokkurs konar launauppbót. Ég tel að lyfsala lækna, og þar með talið dýralækna, sé óeðlileg. Fjárhagsleg tengsl lækna við lyfsöluna eru óeðlileg og eiga ekki að eiga sér stað. Það á enginn læknir að vera settur í þá stöðu þegar hann er að ávísa á lyf eða ákveða hversu langur lyfjakúr eigi að vera að hann fari að hugsa til þess hvernig staðan sé á ávísanareikningnum hjá honum og ættum við því að forðast slíkt. Ég tel að þetta frv. leggi ákveðnar línur í þeim málum. Ekki er gert ráð fyrir því hér að dýralæknar reki lyfjaverslanir heima hjá sér en hins vegar er tekið tillit til þess hvernig háttar um landbúnað hér á landi. Hann er dreifður vítt um sveitir og dýralæknar þurfa auðvitað að hafa lyf til þess að nota í sínum vitjunum og til þess að bændur geti notað í eftirmeðferðinni sem þar á eftir fylgir.

Það komu fram ýmis sjónarmið hjá stjórnarandstöðunni og fannst mér þau flest vera á þá leið að það gæti þurft einhverjar breytingar í dreifingu lyfja og sölu á lyfjum en það væru breytingar sem einhverjir aðrir en þeir sem á lyfinu þurfa að halda væru færastir um að ákvarða. Eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir sagði þá gæti vel verið að það þyrfti að fjölga eitthvað apótekum í Reykjavík en það yrði að gerast án þess að það verði kaos. Og hún ætlar auðvitað sjálf að dæma um það hvort um kaos er að ræða þegar apótekunum fer að fjölga.

Ég held að aukið frjálsræði í þessum viðskiptum leiði til þess að sjúklingurinn sem á lyfjunum þarf að halda, sem er þá viðskiptavinur í sama tilfelli, hafi mest um það að segja hvar hann fær bestu þjónustuna, hvar hann fær hagkvæmasta verðið og beinir þá sínum viðskiptum þangað. Það tel ég vera eðlilegu leiðina til þess að ákvarða hversu mörg apótek við þurfum og hvar þau eiga að vera og hvers konar annars konar starfsemi þau gætu tengst.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir las upp úr dönskum þingtíðindum og út af fyrir sig var það mjög athyglisverð lesning og hugsanlega getum við rætt þann lestur nánar á milli umræðna en þrátt fyrir það að lesturinn hafi verið athyglisverður þá hafa Danir auðvitað engan einkarétt á því að hafa rétt fyrir sér í þessu máli frekar en öðrum. Og það eru fleiri en Danir sem hafa verið að endurskoða þessi mál hjá sér að undanförnu, m.a. Svíar sem fram að þessu hafa byggt á svipuðu kerfi og hv. þm. Finnur Ingólfsson talaði hér fyrir og hefur held ég reyndar einhvern tímann flutt þingmál um. Þær upplýsingar sem ég hef bestar um fyrirætlanir Svía á breytingum á þessu kerfi eru að þeir hugsa sér að breyta kerfinu í svipaða átt og hæstv. heilbrrh. er að leggja til að við gerum hér á landi.

Ég hef ákveðnar athugasemdir við þetta frv., ég tel þó að það sé í rétta átt og mun því styðja frv. þrátt fyrir athugasemdirnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þrír hv. þm. hafa beðið um að veita andsvar og verður forseti því að stytta tímann í síðari umferð ef á þarf að halda, þannig að það verða þá tvær mínútur í fyrra sinn en ein mínúta hámark í hið síðara.

[15:49]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Reykn. ásakaði mig um

íhaldssemi. Það er alveg rétt hjá honum að ég er íhaldssöm um það sem í lagi er, því vil ég ekki breyta. Gamlar dyggðir eiga rétt á sér þangað til okkur eru sýndar einhverjar nýjar og betri. Hins vegar virðast þeir sem státa sig af því að vera íhaldssamir einum og ginnkeyptir fyrir nýjungum sem þeir vita ekki mikið um hvernig muni koma til með að arta sig. Þess vegna vil ég taka við þessum ásökunum með hreykni og telja mér það heldur til gagns að ég skuli vera íhaldssöm á það sem hefur verið í lagi í landinu.

Hins vegar veit ég ekki hvar þingmaðurinn fann þann misskilning á sölu dýralyfja í landinu. Eins og hann sagði sjálfur þá eru héraðsdýralæknar með lyfjasölu og taka þar með að sjálfsögðu frá lyfsölum. Eini munurinn á því sem ég sagði og hann sagði var að ég sagði dýralæknar en hann sagði héraðsdýralæknar og það er sjálfsagt nákvæmara og betra hjá honum en eftir stendur að megnið af sölu á dýralyfjum fer fram hjá héraðsdýralæknum. Þannig að ég vil vísa þeim misskilningi heim til föðurhúsanna.

[15:51]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var að leiðrétta hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur var það að hún sagði, ef ég man rétt, að hinum almennu lyfsölubúðum væri ekki heimilt að selja dýralyf. Þeim er það fullkomlega heimilt og hef ég margsinnis ávísað á dýralyf í venjulegri lyfsölubúð. En hins vegar hafa héraðsdýralæknar rétt til þess að selja lyf og það er rétt að þeir selja mest af dýralyfjum í landinu. Ég gerði held ég mjög skýrt grein fyrir því í minni ræðu að ég tel það óeðlilegt.

Nóg um það. Ég er alveg sammála hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að við eigum að vera íhaldssöm á það sem gott er og ég fagna því að við erum sammála um það. Ég á örugglega eftir að minna hana á þetta einhvern tímann. En lyfsölukerfið hjá okkur er bara ekki í lagi. Það er allt of dýrt og þess vegna þurfum við að gera á því breytingar.

[15:52]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort það getur orðið til þess að auka hróður þessa frv. á þinginu að leiftursóknarríkisstjórn Carls Bildt í Svíþjóð hyggist gera svipaðar kerfisbreytingar og hinn kratíski heilbr.- og trmrh. er að leggja til. Það orkar verulega tvímælis.

En ég heyrði á máli hv. þm. að það mátti misskilja orð mín. Ég sagði nefnilega að málið hefði stoppað í þingflokki Sjálfstfl. því þar hefði verið andstaða við frv. rétt eins og hjá mörgum þingmönnum í stjórnarandstöðunni. Ég áttaði mig reyndar aldrei alveg á því á síðasta þingi í hverju sú andstaða fólst hjá Sjálfstfl. Ég hafði þó á tilfinningunni að það væri vegna þess að þeir hefðu ákveðnar áhyggjur af landsbyggðinni og lyfsölu á landsbyggðinni, en ég sé núna að kannski hefur andstaðan bara verið í því fólgin að þeim hefur ekki fundist gengið nógu langt í frjálsræðisátt í þessu frv., þ.e. að nú ætti bara að gefa þetta alveg frjáls og þar með verðlagningu líka á lyfjum. Það er þá mjög fróðlegt fyrir okkur þingmenn að átta okkur á því að það hafa ekki verið áhyggjur af landsbyggðinni sem hafa stoppað málið þar heldur það að frelsið væri ekki nógu mikið.

Ég hélt þetta líka vegna þess að það er búið að setja ákveðnar takmarkanir í frv. núna um að það þurfi að leita sérstakrar umsagnar í heilsugæslustöð í byggðalögum þar sem íbúar eru undir 5.000 í heilsugæsluumdæmi sem út af fyrir sig er kannski ágætt en virkar svolítið sérkennilegt því þá þarf að fá sérstakt leyfi hjá heilsugæslustöðinni á Seltjarnarnesi til að setja þar upp annað lyfjaútibú en menn geta sett upp eins mörg lyfjaútibú eða lyfjaverslanir og þeir vilja í vesturbænum í Reykjavík. Þetta er því svolítið sérkennilegt ákvæði sem hér er komið inn. Það verður að segjast eins og er.

[15:54]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst aðeins eins og hv. þm. Ingibjörg Sólrún sé að sverja af sér íhaldssemina sem ég taldi mig greina hjá stjórnarandstöðunni. En ég held að það sé alveg ljóst að okkur greinir á um það hvað geti orðið þessari ríkisstjórn sem við höfum í dag til hróss. Þó ég telji að það sé henni til hróss að hún sé jafnvel á undan ríkisstjórn Carls Bildt þá er greinilegt að hún telur svo ekki vera.

En hvað varðar þær umræður sem áttu sér stað í þingflokki sjálfstæðismanna á sl. vetri og afstöðu þingmanna flokksins, annarra en mín, þá ætla ég að biðja hv. þm. að sýna örlitla þolinmæði því væntanlega gætu komið frekari upplýsingar um það í ljós þegar líður á umræðuna.

[15:55]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta voru svolítið fróðleg lokaorð þingmannsins um að sýna biðlund og þá fengi ég kannski að heyra einhver önnur sjónarmið en hann hefði túlkað hér. Ég leit nú svo á að þar sem hann talaði fyrstur af hálfu sjálfstæðismanna þá væri hann að túlka sjónarmið þingflokksins en það er greinilegt að við eigum eftir að heyra önnur sjónarmið. Það er þá ljóst í þessu máli eins og svo mörgum öðrum að það eru tveir flokkar í Sjálfstfl.

[15:56]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. 3. þm. Reykn. er merkileg á margan hátt. Lengi lifi samkeppnin. Honum finnst eðlilegt að hjartasjúklingar og sjúklingar almennt, t.d. með lungnabólgu, hlaupi út um allan bæ til að vita hvar þeir fá lægsta lyfjaverð. Það er velferðarkerfið sem hann vill sjá. Finnst honum þá ekki rétt að það sé líka mismunandi verð á læknisþjónustu almennt þannig að sjúklingar hlaupi almennt á milli lækna til að vita hvar þeir geta fengið lægst verð? Hvers konar þjónusta verður það? Það verður að sjálfsögðu mismunandi góð þjónusta. Er það velferðarkerfið og samkeppnin sem hv. þm. vill sjá?

[15:57]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef samkeppnin verður til þess að hjartasjúklingarnir fái lyfin ódýrar en ella þá er sú samkeppni til góðs. Ef samkeppnin hjá læknunum

verður til þess að sú mismunandi þjónusta sem hv. þm. gerir ráð fyrir felist í því að einhverjir læknar veiti betri þjónustu en áður var veitt og verði þannig leiðandi í sinni grein þá er sú samkeppni til góðs.

En mér finnst afar undarlegt að heyra talað um það að sjúklingar þurfi að hlaupa út um borg og bý til þess að finna lægsta verðið því við búum í því sem oft er kallað upplýsingaþjóðfélag og við þurfum ekki að hlaupa út um borg og bý. Við höfum fjölmiðla og við höfum tölvur til þess að gefa okkur þessar upplýsingar.

[15:58]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom oft fram í ræðu þingmannsins á undan að hann hefur ekki mikið farið út fyrir Reykjavíkursvæðið því hann var að tala um fyrirhyggjuna sem fólk ætti að hafa og var þá að tala um 11. gr. frv. þar sem fólk ætti að hafa fyrirhyggju á því ef það fengi einhverja erfiða sjúkdóma allt í einu þá mætti lyfjafræðingurinn ekki láta sjúklinginn hafa lyf í litlum umbúðum og setti svo samasemmerki við júgurbólgu í kúm þar sem bændur ættu að sýna fyrirhyggju og eiga lyf. Þessi ræða þingmannsins sýnir bara að hann horfir bara yfir Reykjavíkursvæðið og ekki lengra heldur en það. Hann veit ekkert hvað er að gerast úti á landi. Það er það alvarlega við alla þessa frjálshyggju að hún er einmitt bara stödd á þessu svæði og ekkert hugsað um landsbyggðina.

[15:59]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi seinasta ræða hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur var út af fyrir sig ekkert annað en fullyrðingar um afstöðu mína, hugmyndir og reynslu og hvar ég hafi verið staddur á landinu en þingmanninum til upplýsingar þá vil ég geta þess að ég hef starfað sem almennur dýralæknir í héruðum í þremur kjördæmum á landinu: Í Reykjaneskjördæmi, Suðurlandskjördæmi og í Austurlandskjördæmi. Auk þess hef ég starfað sem dýralæknir fisksjúkdóma með réttindi og skyldur héraðsdýralæknis, þar með talið lyfsöluleyfi, sem ég hef þó aldrei notað af eðlilegum orsökum, ef hún man eftir hvaða orð ég hafði um lyfsölu lækna í minni fyrstu ræðu. Sem dýralæknir fisksjúkdóma hafði ég með allt landið að gera og hef sennilega ávísað á lyf í fleiri apótekum og víðar um landið en flestir aðrir læknar sem ávísa á lyf hér á landi.

[16:01]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Frv. um þetta efni var lagt fram á síðasta Alþingi en varð þá eigi útrætt. Það frv. sem hér liggur fyrir til nýrra lyfjalaga er að stofni til byggt á frv. sem þá var lagt fram og er í meginatriðum sambærilegt. Þó hafa verið gerðar á frv. nokkrar breytingar. Þær breytingar tel ég yfirleitt vera til bóta og vil þakka hæstv. ráðherra og þeim öðrum sem staðið hafa að þeim breytingum fyrir það að frv. skuli hafa verið breytt í þá átt.

Þrátt fyrir þetta tel ég mér bæði rétt og skylt að greina frá því hér þar sem þetta frv. er flutt sem stjfrv. að um þetta mál hafði ég fyrirvara í mínum þingflokki. Ég mun ekki taka tíma til þess að ræða frv. efnislega en það væri vitaskuld hægt að draga fram ýmis vafaatriði varðandi það kerfi sem frv. byggir á sem leiðir til þess að ég hef ekki sannfærst um að það kerfi muni leiða til heilla.

Ég vil því óska eftir því að hv. heilbr.- og trn. sem fær þetta mál til meðferðar og hæstv. ráðherra taki mál þetta til gaumgæfilegrar athugunar áður en það kemur til 2. umr. og skoði gaumgæfilega þær umsagnir og þau gögn öll sem liggja fyrir í þessu máli sem fela í sér marghátttaðar upplýsingar. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að leitast við að kynna sér reynslu annarra þjóða af lyfsölumálum, t.d. þar sem lyfsala hefur verið frjáls eða sem frjálsust, svo sem er t.d. í Bandaríkjunum og í Evrópu, eins og minnt hefur verið á í þessari umræðu, í Þýskalandi. En í þessum þjóðlöndum hygg ég að lyf hafi verið hvað dýrust miðað við önnur sambærileg lönd.

Ég tel einnig, þó að það hafi verið komið aðeins að því í umræðunni áður, eðlilegt að nefnd sem um málið fjallar kynni sér hvað leiddi til þess að stjórnvöld í Danmörku hurfu frá því að breyta lyfsölumálum þar í landi í þá átt sem gert er ráð fyrir í þessu frv. þrátt fyrir það að slík breyting hafi verið undirbúin í mörg ár. Eftir alla þá umræðu sem þar hafði farið fram og eftir allan þann undirbúning sem þar hafi orðið til breytinga á lyfsölukerfinu í svipaða átt og liggur fyrir í þessu frv. hurfu stjórnvöld þar í landi frá því að taka upp hið nýja kerfi þegar menn höfðu kynnt sér það eftir allan þann tíma.

Ég tel að í þessu séu mjög mörg vafaatriði svo ekki sé meira sagt og ég lít svo til að við getum ekki vegna þeirra orðaskipta sem hér fóru fram fyrir skömmu í umræðunni litið á þessi mál út frá hagsmunum markaðarins, eins og það var þar nefnt, heldur út frá hagsmunum þeirra sem nota lyfin og þeirra sem greiða fyrir lyfin. Það eru vitaskuld sjúklingar og það er hið opinbera í gegnum Tryggingastofnun ríkisins.

Ýmislegt fleira væri hægt að tína til sem ég vildi óska eftir að hv. nefnd tæki til athugunar en við 1. umr. tel ég ekki ástæðu til þess að lengja mál mitt um þetta efni. Ég vil aðeins láta koma fram minn fyrirvara þannig að það komi þá ekki neinum á óvart ef frv. kemur síðar á þinginu til 2. umr.

[16:05]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það hygg ég að öllum sé ljóst sem um þetta mál fjalla á Alþingi og annars staðar að þessi málaflokkur er flókinn og vandmeðfarinn og það eru til fleiri en ein lausn á dreifingarvanda lyfja, ef svo mætti að orði komast, fleiri lausnir en ein á því hvernig hægt er að dreifa lyfjum með skynsamlegum hætti. Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var að gera því skóna í andsvari áðan að um þetta mál væri óeðlilegur ágreiningur í þingflokki sjálfstæðismanna. Hér hafa tveir hv. þm. Sjálfstfl. talað og gert grein fyrir sínum sjónarmiðum með mjög skilmerkilegum hætti og í máli þeirra hefur komið fram blæbrigðamunur. Annar þeirra vill ganga lengra en þetta frv. gerir ráð fyrir í að auka frjálsræði í þessum málaflokki. En sá sem hér talaði

síðast boðar nokkra varúð í þessum efnum eins og ég tel reyndar að sé gert með þessu frv. almennt séð. Það er ekki verið að boða neinar byltingar í þessu frv. Það er verið að marka stefnu í frjálsræðisátt en það er ekki boðuð grundvallarbylting í þessu efni.

Ég skildi hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur svo að hún væri að gera athugasemdir við það að þingmenn Sjálfstfl. hefðu komið á framfæri sínum athugasemdum og fyrirvörum. Hún lýsti því einhvern veginn svo að hún teldi að sá sem hér hefði talað fyrstur væri þar með að tala fyrir flokkinn í þessu efni en það er þannig þegar um er að ræða stjfrv. að þá talar ráðherrann sem mælir fyrir málinu fyrir báða stjórnarflokkana. Það er ekki sérstök ástæða fyrir einstaka þingmenn að taka til máls nema þeir hafi sérstök sjónarmið fram að færa eða athugasemdir eða fyrirvara sem þeir vilja gera grein fyrir þannig að allt er þetta mjög eðlilegt og ekki ástæða til að vera með athugasemdir í þeim dúr sem hv. þm. gerði.

En hins vegar fyrst ég er kominn hér upp vildi ég gjarnan spyrja þennan hv. þm. vegna þess að það mátti skilja hennar ræðu áðan svo að hún vildi ekki gera breytingar á því fyrirkomulagi í smásöludreifingu lyfja sem fyrir hendi er hér á landi. Með öðrum orðum vil ég spyrja hv. þm. að því: Er það svo að fulltrúi Kvennalistans sem talaði við þessa umræðu vilji hafa það fyrirkomulag sem nú er í smásöludreifingu lyfja óbreytt? Vill hv. þm. að það verði áfram þannig hérlendis að menn geti ekki verslað með þessa vöru nema hafa til þess leyfi ráðherra og sérstakt bréf frá forseta Íslands?

Ég tel að slíkt fyrirkomulag sé úrelt en það er einmitt meginbreytingin í þessu frv. að hverfa frá þessari skipan og taka upp rýmri möguleika fyrir lyfjafræðimenntað fólk til þess að stunda þessa verslun. Vitaskuld er það svo að menn verða að gera sér grein fyrir því að lyf eru ekki venjuleg verslunarvara vegna þess að til þess að fjalla um þau og meðhöndla þau þarf ákveðna faglega þekkingu og í sumum tilfellum getur verið um hættulega vöru að ræða. En auðvitað er það jafnframt svo, eins og fram hefur komið í umræðunni, að verslun með lyf er að því leyti til frábrugðin annarri verslun að sá sem greiðir fyrir vöruna er ekki endilega sá sem tekur á móti henni heldur er það þvert á móti þriðji aðili í mörgum tilfellum, þ.e. hið opinbera vald, ríkissjóður, í gegnum Tryggingastofnun ríkisins eins og fram hefur komið. Þetta breytir auðvitað eðli þessara viðskipta en það breytir að mínum dómi ekki því að sú skipan sem hér hefur verið um úthlutun lyfsöluleyfa er úrelt orðin.

Í frv. sem hér er til umræðu er það einkum tvennt sem verið er að leggja til, annars vegar að aðlaga lyfjaverslunina reglum hins Evrópska efnahagssvæðis en hins vegar að gera þessa breytingu í smásölunni. Það er ekki áskilnaður í sambandi við EES að við tökum upp hina síðari breytingu, það er ákvörðun sem Alþingi tekur á sínum eigin forsendum ef sú verður niðurstaðan að þetta frv. nær fram að ganga. Það er ekki áskilnaður um slíkt á hinu Evrópska efnahgssvæði og ég tel reyndar að sá sparnaður sem af þessu mun hljótast fyrir ríkissjóð sé vegna EES-ákvæðanna fyrst og fremst, þ.e. ekki síst möguleikanna sem skapast á samhliða innflutningi lyfja en aftur óvíst hvort ríkið mun spara sér útgjöld vegna breytinga í smásölufyrirkomulaginu.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir taldi það einsýnt að þessi breyting mundi leiða til aukinnar neyslu og sölu á lyfjum og benti á að lyf hefðu sérstöðu eins og áfengi og tóbak og það væri einboðið að lyfjaneysla mundi aukast. Ég tel ekki að það hafi verið sýnt fram á það að það muni endilega gerast. Ég bendi hv. þm. á að undanfarin ár hefur áfengisverslunum, fyrst það dæmi var nefnt, fjölgað verulega á Íslandi en á sama tíma á undanförnum árum hefur áfengisneyslan í landinu farið minnkandi. Þannig að það er ekki endilega svo að þarna sé beint samband á milli heldur þvert á móti er hér dæmi um annað, þ.e. áfengi þar sem reynslan er allt önnur.

Virðulegur forseti. Ég tel að um þessi mál verði menn að tala af ábyrgð og gætni vegna þess að þessi mál eru þess eðlis. Það er auðvitað fullkomlega óeðlilegt eins og sumir hafa gert í umræðunni að tala um nauðsyn þess að gera breytingar á þessu vegna þess að einhverjir örfáir menn hafi hagnast á lyfsölu. Það getur auðvitað ekki verið ástæða fyrir því að eðlilegt sé að gera skipulagsbreytingar eins og þær sem hér er verið að tala um. Þeir lyfsalar sem hafa hagnast hafa gert það, geri ég ráð fyrir, með heiðarlegum og eðlilegum hætti og það er engin ástæða fyrir þingmenn úr ræðustól Alþingis að vera að sjá ofsjónum yfir því.

En ég tel sem sé að þetta gamla fyrirkomulag um úthlutun lyfsöluleyfa sé úrelt orðið og ekki í samræmi við nútímaviðskiptahætti en það breytir auðvitað ekki því að eftir sem áður á að viðhalda faglegu eftirliti með sama hætti og verið hefur og í engu að slaka á þeim kröfum sem gerðar eru í þeim efnum.

Þetta frv. sem nú er lagt fram í annað sinn, nokkuð breytt, fer ákveðna millileið í þessum efnum sem samkomulag hefur náðst um milli stjórnarflokkanna. Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir gerði athugasemdir við það í sínu máli að það hefði ekki verið tekið nægilega mikið tillit til athugasemda sem bárust í umsögnum um frv. á síðasta þingi. Ég var í hópi nokkurra einstaklinga sem tóku að sér að fara yfir þær umsagnir og meta að hve miklu leyti unnt væri að taka tillit til þeirra í því frv. sem nú er lagt fram. Það var mjög margt í þessum umsögnum sem hefur verið tekið tillit til en það er auðvitað ekki hægt að taka tillit til breytingatillagna um grundvallaratriði ef þær ganga beinlínis gegn meginefni og tilgangi frv. Það voru auðvitað í nokkrum tilfellum athugasemdir um að það ætti ekki að stíga það skref að auka frelsi í smásölu með lyf en á það var hins vegar ekki fallist vegna þess að það er stefna þessa frv. að fara inn á þær brautir. Ég tel hins vegar að í frv. sé það gert af mikilli varúð og eitt af því sem var m.a. mikið rætt í mínum þingflokki og var rætt í umræðum um málið á Alþingi í fyrra og hefur vissulega verið áhyggjuefni er spurningin um þjónustuna á landsbyggðinni. Ég geri mér grein fyrir því að þar geta menn vissulega haft áhyggjur af því að

hún kunni að minnka eða að fjölgun apóteka kunni að grafa undan starfsgrundvelli þeirra eða einhverra þeirra sem þar eru fyrir. Þess vegna hafi verið tekin inn í frv. ákvæði til þess að reyna að girða fyrir slíkt. Það má vel vera að þau ákvæði séu ófullkomin, þ.e. í byggðarlagi þar sem eru færri en 5.000 íbúar geti stjórn heilsugæslustöðvar beint því til ráðherra að hann synji um lyfsöluleyfi. Það má vel vera að þessi ákvæði séu ófullkomin en þá er ég alveg sannfærður um það að ef menn hafa betri tillögur í því efni sem þjóna betur þeim tilgangi sem þessum tillögum er ætlað að þjóna, þ.e. að vernda hag landsbyggðarinnar í þessu tilliti, þá mun þeim verða vel tekið. Ég er alveg sannfærður um það að hæstv. heilbrrh. mun taka vel öllum slíkum tillögum og það er þá eitt af því sem hv. þingnefnd mun væntanlega taka til athugunar, það er að skoða aðra möguleika í því efni.

Ég vil taka undir það sem hv. síðasti ræðumaður, 2. þm. Norðurl. v., Pálmi Jónsson, sagði um málsmeðferð í nefndinni, það er auðvitað mjög mikilvægt í svona máli að þingnefndin fari vel í saumana á öllum atriðum og öllum þáttum þessa frv. og hún hefur vissulega unnið sér í haginn vegna þess að í fyrra var unnið mikið starf í þessu og fjölmargar umsagnir komu til nefndarinnar sem síðan hefur verið unnið úr.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé ekki verið að stíga stórt skref inn á veginn til glötunar í þessu máli, ég tel að hér sé verið að fara fetið í frjálsræðisátt í þessu efni og að það sé óeðlileg íhaldssemi hjá fólki sem lýsir sér í þeirri afstöðu að vilja halda núverandi skipan þessara mála algjörlega óbreyttri þannig að ráðherra geti ákveðið það eftir sem áður, hér eftir sem hingað til, hverjir fá leyfi til þess að versla með lyf o.s.frv. eins og við þekkjum núverandi skipulag. Ég tel að þetta sé ekki í takt við kröfur tímans, ég tel að frv. sem við erum að fjalla um sé til bóta í þessu efni. Það kann vel að vera að þetta frv. sé ekki hið fullkomnasta eða eina leiðin sem til greina kemur þótt ég telji það til bóta en geng til þessa máls með opinn huga og er að sjálfsögðu fyrir mitt leyti tilbúinn að skoða alla möguleika og allar hugmyndir og ábendingar sem fram koma í þessu máli. Ef það er svo að á þessu frv. séu einhverjir gallar sem hafa farið fram hjá þeim sem að þessu hafa unnið þá skoða menn það, ef það kemur fram í þeirri vinnu sem fram undan er. Ég hef ekki trú á öðru, eins og ég hef þegar sagt, en að heilbrrh. gangi líka til þessa verks með opinn huga að þessu leyti til og sé tilbúinn að hlusta á allar ábendingar í málinu.

[16:18]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Geir H. Haarde var einn af þeim þingmönnum sem tóku þátt í umræðum milli þinga um að gera ýmsar lagfæringar á þessu frv. sem núna liggur fyrir. Það eru tvær spurningar sem ég vil spyrja hv. þm.

Í fyrsta lagi: Leituðust menn við í þeirri vinnu að einangra þau vandamál er snúa að núverandi fyrirkomulagi, bæði í sölu, innflutningi og dreifingu lyfja í landið? Er það svo að þetta frv. sé niðurstaðan af því sem mönnum sýndist vera vænlegasta leiðin í þessum efnum?

Í öðru lagi: Er það markmið Sjálfstfl., sem stendur að þessu frv. svo til óskiptur að mér sýnist, með frv. að lyfjaverð í landinu í landinu verði alls staðar það sama?

[16:20]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki alveg viss um að ég hafi skilið fyrri spurningu hv. þm. Það verk sem unnið var í sumar var að sjálfsögðu þess eðlis að þar var ekki um að ræða neina nýja stefnumótun í þessu máli, það var verið að fara yfir þær athugasemdir sem borist höfðu við tiltekið þingmál sem hér var lagt fram í fyrra og það var unnið upp úr þeim nýtt efni og brtt. sem voru felldar inn í þetta frv. áður en það var lagt fram á nýjan leik.

Að því er varðar síðari spurningu hv. þm. þá er það svo í þessu frv. að það er gert ráð fyrir því að það sé sama verð eða sama hámarksverð á öllum lyfseðilsskyldum lyfjum en um lausasölulyfin gildir hins vegar að þar verður ekki opinber íhlutun með sama hætti og þar af leiðandi getur það verð verið breytilegt bæði innan Reykjavíkur og milli landshluta. Það er ekki hægt að svara því á neinn annan hátt en að fyrir fram veit maður ekki hvernig sú þróun verður að öðru leyti en því sem menn geta reynt að ráða í af almennum samkeppnislögmálum um það hvernig verðlag þróast á ýmsum vörutegundum. En ég held að það sé ekki hægt að svara þessari spurningu neitt nákvæmar en þetta.

[16:21]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir svörin og ætla kannski að snúa mér aðallega í þessari umræðu að hans seinna svari en það snýr auðvitað að því hvort hægt sé að tryggja sama verð alls staðar í landinu. Ef menn ætla að líta á lyfsöluna og lyfjadreifinguna í landinu sem hluta af heilbrigðisþjónustunni og menn líta á það að heilbrigðisþjónustan eigi að vera á sama verði fyrir alla landsmenn, þá er það alveg klárt af 39. og 40. gr. frv. að það er útilokað að tryggja öllum einstaklingunum í landinu sama verð á lyfjum. Það kann að vera í lausasölunni, erfitt að gera það innan viðkomandi svæða, en aðalverðmunurinn myndast milli svæða vegna þess að það er engin forsenda fyrir rekstri litlu apótekanna víða um land ef menn ganga út frá hámarksálagningunni. Því munu þau apótek þurfa að hækka verðið á lausasölulyfjunum upp úr öllu valdi til þess að hafa rekstrargundvöll fyrir apótekin því það er alveg klárt að það verður hærra verð á magnylpillum, eins og ég tók dæmi um áðan, á Höfn í Hornafirði heldur en í Reykjavík eða á Hellu eða Hvolsvelli heldur en í Reykjavík. Þannig að menn eru með þessu frv. ekki að stefna að því að þessi hluti heilbrigðisþjónustunnar sé á sama verði fyrir alla landsmenn.

[16:23]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. er nú að fullyrða um hluti sem hann veit ekki um frekar en ég hverjir verða

í framtíðinni. Það liggur í hlutarins eðli ef verðlagning á lausasölulyfjum er frjáls þá vitum við ekki nákvæmlega hvert verðið verður á hverjum stað á hverjum tíma. En ber að skilja hv. þm. þannig að hann sé að leggja til að það verði ákveðið sérstakt hámarksverð á lyfjum sem ekki eru lyfseðilsskyld? Ber að skilja hv. þm. þannig að hann vilji taka upp orðalag 40. gr., þar sem talað er um lyfseðilsskyld lyf, í 39. gr. þar sem talað er um önnur lyf, þ.e. þau sem ekki þarf lyfseðil við? Það væri athyglisvert að fá það fram, það getur verið innlegg í starfið í þingnefndinni mundi ég telja.

[16:24]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þingflokksformaður Sjálfstfl. mun eitthvað hafa misskilið orð mín áðan því hann sagði að ég hefði haldið því fram að það væri óeðlilegur ágreiningur í þingflokki Sjálfstfl. um málið. Ég hygg að ég hafi aldrei sagt að ágreiningurinn þar væri nokkuð óeðlilegur, hann er ekki einu sinni óvenjulegur vegna þess að við erum vönust því að hér séu a.m.k. tvær ef ekki þrjár skoðanir uppi í Sjálfstfl. um hvaða mál sem vera skal. Það er sama hvort við erum að tala um landbúnaðarmálin, sjávarútvegsmálin eða heilbrigðismálin eða hvaða mál það eru, utanríkismálin, það eru alltaf tvær skoðanir uppi í Sjálfstfl. um hvert mál. Annars vegar höfum við frjálshyggjufólkið og hins vegar höfum við þá sem vilja ganga fram með meiri varúð. Þetta er gegnumgangandi hér og ég ætla ekki að segja að það sé neitt óeðlilegt við það og það er heldur ekkert óvenjulegt.

Þingflokksformaðurinn spurði hvort ég væri að halda því fram og það væri mín skoðun að það ætti að hafa óbreytt fyrirkomulag í smásöluverslun lyfja. Ég get svarað því játandi að í grófum dráttum tel ég að svo eigi að vera. Ég get hins vegar alveg séð það fyrir mér að það ætti að vera kannski ákveðið markaðssvæði og það er búið að setja 5.000 sem viðmiðun í þetta frv. í ákveðnum tilvikum. Í Reykjavík og á stórum svæðum á þetta að vera algjörlega frjálst. Ég get alveg séð það fyrir mér að það verði einhvers konar markaðssvæði skilgreint vegna þess að ég lít ekki á verslun með lyf, smásölu með lyf, eins og venjulega smásöluverslun vegna þess að þetta er heilbrigðisþjónusta fyrst og fremst og þannig lít ég á málið. Það kann að vera íhaldssöm afstaða en það gerir þá ekkert til, ég hef íhaldssama afstöðu gagnvart áfengi, tóbaki og lyfjum, gagnvart þessum efnum og ég vil vísa þeim rökum á bug sem marklausum að þó að áfengisverslunum hafi fjölgað hafi neyslan ekki aukist. Þetta er rétt, en það eru engin rök í þessu máli vegna þess að það hefur ekki verið gefin frjáls samkeppni með áfengi, það hefur ekki verið gefið frjálst að auglýsa áfengi, það hefur heldur ekki verið gefin frjáls verðlagning á áfengi. Þannig að þetta eru engin rök og ekkert innlegg í þetta mál hér.

[16:26]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta síðasta sem kom fram hjá hv. þm. er hálfsérkennilegt vegna þess að með hverjum nýjum skemmtistað sem opnar eða hverjum nýjum veitingastað sem opnar þá eykst auðvitað samkeppni á sviði vínveitinga en það er ekki aðalatriði þessa máls. Út af því sem hv. þm. sagði um Sjálfstfl. og ágreininginn innan hans þá held ég að hv. þm. sé að kasta grjóti úr glerhúsi. Hún er að tala um 26 manna þingflokk og það er ekki óeðlilegt þó stöku sinnum séu eitthvað skiptar skoðanir í svo stórum hópi. Það sem er hins vegar athyglisvert er það hvernig í fimm manna þingflokki er jafnoft hægt að gera ágreining um mál eins og virðist vera hjá Kvennalistanum, þar sem er ágreiningur um mál af öllu tagi, stór og smá, m.a. eitt af því sem snertir þetta frv. sem hér er verið að tala um, þ.e. hið Evrópska efnahagssvæði. Þannig að ég held að hv. þm. Kvennalistans, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, ætti að spara sér frýjuorðin í garð sjálfstæðismanna vegna ágreinings innan flokksins — já, hún getur hlegið að því. Ég man ekki betur en að hún hafi ein tekið sig út úr í EES-málinu og farið gegn sínum flokkssystrum. Út af fyrir sig var það gott hjá henni í því máli en það sýnir að það er víðar en í Sjálfstfl. þar sem menn geta haft skiptar skoðanir.

En út af þessu með fyrirkomulag í smásölu lyfja þá skildi ég hv. þm. svo að hún vill hafa þetta í aðalatriðum óbreytt en þó mætti taka upp einhver markaðssvæði. Hvað þýðir það með leyfi, hv. þm.? Hvað eru markaðssvæði á þessu sviði? Er það svo að í sérhverri 5.000 manna byggð, fyrst sú tala er nefnd, eigi að hafa eitt apótek og menn megi þá kannski ekkert versla á öðrum markaðssvæðum, eða hvernig vill hún hafa þetta? Mætti ég biðja þingmanninn að útskýra það aðeins betur hvað er markaðssvæði á þessu sviði.

[16:28]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ágæti þingflokksformaður, það ætti vissulega að vera frjálst að versla hvar sem sem menn vilja. Ef þingmaðurinn vill fara út á Seltjarnarnes og versla í apótekinu þar en ekki í vesturbænum þá á það vissulega að vera frjálst. En við erum einu sinni með það þannig í heilbrigðiskerfinu að við skipuleggjum ákveðnar heilsugæslustöðvar. Það er ekki hverjum sem er frjálst að setja niður heilsugæslustöð hvar sem er og fá framlag af opinberu fé til þess. Í lyfjaverslun er 70% af lyfjunum greitt af opinberu fé og ég sé ekkert athugavert við það að við skipuleggjum ákveðinn fjölda lyfjaverslana á landinu og miðum við fjölda íbúa á bak við hverja lyfjaverslun. Þetta er kerfi sem er víða notað og gefst vel. Þess vegna mætti fjölga lyfjaverslunum í Reykjavík og kannski á Stór-Reykjavíkursvæðinu öllu. En mér finnst eðlilegt að hafa ákveðna viðmiðun á bak við það og ég vorkenni í sjálfu sér ekkert lyfjafræðingum þó þeir verði að ganga að slíku kerfi. Þetta verða bara mjög margir að gera, það geta ekki allir læknar fengið vinnu sem þess óska, ekki allir hjúkrunarfræðingar, því skyldu allir lyfsalar vera frjálsir að því að setja upp lyfjaverslun? Ég get ekki séð nein sérstök rök fyrir því.

[16:29]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þá málefnalegu umræðu sem um þetta frv. hefur farið fram í dag, hún hefur um margt verið upplýsandi þótt ég leyni því ekki að í fyrsta lagi undrar mig og í annan stað kom mér eilítið á óvart hversu almennur stuðningur og nánast fölskvalaus stuðningur virðist vera við ástand þessara mála. Það kemur auðvitað á óvart í ljósi þeirra staðreynda sem við blasa í þessum efnum. Í fyrsta lagi þeirrar staðreyndar að íslenskir notendur lyfja eru að greiða í sömum tilfellum tvöfalt miðað við það sem gerist í nálægum löndum. Láta hv. þm. sér það í léttu rúmi liggja að sjúklingar á Íslandi þurfi að greiða fyrir þennan þátt heilbrigðisþjónustu í sumum tilfellum nánast tvöfalt á við það sem annars staðar gerist? Er það þá fyrirkomulag og niðurstaða mála sem ekki einasta hv. þm. sætta sig við heldur lýsa yfir sérstökum stuðningi við og segja í besta lagi? Ég er þessu auðvitað í grundvallaratriðum ósammála.

Ég segi það horfandi á þennan veruleika, horfandi á þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar jafnkostnaðarsaman fyrir einstaklingana sem greiða 30% beint úr eigin vasa og fyrir ríkissjóð, fyrir skattgreiðendur sem greiða hin 70%, að hér er um hlut að ræða sem við hljótum og okkur ber skylda til að takast á við og reyna að leita leiða til að lækka álagningu lyfja, til að lækka kostnað við þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar. En auðvitað að sama skapi að tryggja það og gæta þess að þessum þætti heilbrigðisþjónustunnar sé skapaður rammi öryggis, það sé tryggt aðgengi allra sem á þurfa að halda. Þetta frv. sem hér um ræðir miðar auðvitað að þessum höfuðatriðum, þessum höfuðþáttum sem ég hef hér lýst. Þess vegna árétta ég, virðulegi forseti, að það hefur valdið mér ákveðnum vonbrigðum, satt að segja í annars ágætri og málefnalegri umræðu hér, ég bjóst við því að þótt ýmsir teldu sitthvað í þessu frv. sem mætti betur fara þá heyrðust hér ábendingar um það í hvaða veru við ættum að fikra okkur í þessu sambandi. Því að minni hyggju hljóta hv. þm. að vera sammála þegar þeir skoða fyrirkomulag þessara mála grannt og tala til samvisku sinnar að það skömmtunar- og kvótakerfi, þeir viðskiptahættir sem gilda í þessum efnum, og ég segi viðskiptahættir og segi það af því að ég meina það að það er auðvitað ekkert óeðlilegt við það að í heilbrigðisþjónustunni — að hún fái að njóta heilbrigðra viðskiptahátta og gæða en fyrir sem minnstan pening. Það er ekkert lögmál af því að þjónustan er kennd við heilbrigði þá eigi íslenskir skattgreiðendur, þá eigi sjúklingar að sætta sig við að það skipti ekki máli hvað hún kostar. Það er alger grundvallarmisskilningur. Þannig að það hlýtur að vera skylda okkar sem er trúað fyrir fjármunum skattborgaranna, trúað fyrir því að ala önn fyrir og kappkosta að veita sem besta þjónustu fyrir sem minnsta fjármuni, að leita sífellt leiða til að ná þessum ja, stundum mótlægu sjónarmiðum, en oft sjónarmiðum sem fara saman, þ.e. gæði og lágt verð.

Þess vegna segi ég það og vil undirstrika að það kerfi sköttunar sem hér hefur verið gerð nokkur grein fyrir og byggist á því að ráðherra heilbrigðismála velur úr umsóknum, gjarnan 10–20 apótekara, sem hafa verið mismunandi lengi í biðinni eftir brauðinu eins og það hefur verið orðað hér, hafa dvalið eins og þeir orða það gjarnan sjálfir í „útlegðinni" nægilega lengi til að njóta nú ætlaðrar gósentíðar í henni Reykjavík, er þetta fyrirkomulag sem hv. þm. vilja festa í sessi?

Í minni stuttu tíð í heilbrigðisráðherraembætti hef ég þurft að mæla með til forseta Íslands ef ég man rétt skipan tveggja ef ekki þriggja apótekara. Ég hef tæpast haft tíma til annars í mínu ráðuneyti heldur en að svara síma stuðningsmanna umsækjenda sjálfra. Finnst mönnum þetta vera eðlilegt fyrirkomulag mála? Mér finnst það ekki. Þá tek ég nú kannski einn veigalítinn þátt úr úr.

Ég held og segi það skyldu okkar og ræði þessi mál út frá því að við hljótum að ráðast að því fyrirkomulag þar sem kostnaður frá framleiðenda til notanda hefur í flestum tilfellum tvöfaldast. Ég held að við hljótum að ráðast á kerfi og fyrirkomulag mála þar sem álagning í smásölu er þetta að meðaltali um 60% og þó að sönnu hafi álagning í heildsölu lækkað þá er hún enn þá of há, hún er um 13% ef ég man rétt. Við hljótum líka að fagna því að með tilkomu EES og þess frv. sem hér um ræðir horfum við til þess að í innflutningi verði á verulegar breytingar, verði á hvati til að ná sem hagstæðustum kjörum erlendis fyrir sambærilega vöru með hliðstæðum innflutningi með því sem kallað hefur verið „parallel import". Þess vegna er auðvitað ekkert að því eins og hér hefur verið haldið fram að innflytjendum kunni að fjölga. Við byggjum auðvitað á þessum ströngu reglum og heilbrigðissjónarmiðum varðandi innflutning og meðferð þessa viðkvæma varnings frá framleiðanda til notanda en það er ekkert að því, nákvæmlega ekkert að því að þessum aðilum fjölgi og almennir viðskiptahættir viðgangist þar.

Nú er það þannig auðvitað að það eru örfáir aðilar sem hafa þennan innflutning og þessa heildsölu með höndum. Örfáir aðilar sem eru eðli máls mjög ráðandi á markaðnum. Það gerist vegna þess einfaldlega að þetta er háð einkaleyfum og að framleiðslulandið eða það land sem við kaupum frá er alla jafna eitt og hið sama. Nú verður á þessu breyting. Og ég held að við eigum að nota það lag og þær breytingar sem sannarlega verða hér og hv. þm. hygg ég hafa nú allir viðurkennt að væru óhjákvæmilegar til þess að skoða líka aðra þætti þessa gamla og um margt úrelta kerfis í lyfjadreifingu hér á landi.

Ég vil ekki taka undir það, virðulegi forseti, að á frv. frá síðasta vori og til þessa frv. sem hér er fram lagt endurskoðað hafi ekki verið gerðar neinar breytingar. Þvert á móti hefur hv. þm. Geir Haarde bent réttilega á að það var horft til ábendinga frá hv. þm. og raunar fleirum um tiltekin atriði eins og lyfjaverslunar í dreifbýli. Ég rakti framsögu minni að sérstaklega hafi tveir þættir verið þar skoðaðir. Í fyrsta lagi að tryggja að í samkeppni á smáum svæðum sem hugsanlega mundi leiða til þess að markaðurinn hryndi, þ.e. tveir eða fleiri aðilar færu í hár saman þar sem mark-

aðurinn þyldi það tæpast, væru ákveðnar skorður settar. A.m.k. mundu heimamenn, stjórn viðkomandi heilsugæslustöðva hafa umsagnarrétt þar um og reyna að vega og meta hvernig þróun mála yrði. Í annan stað þar sem lýst var þeim áhyggjum að lyfjafræðingar mundu flykkjast allir hingað á Reykjavíkursvæðið og skilja héruðin sín eftir mannlaus sem ég held að sé alrangt. Ég held það sé alrangt. Staðreyndin er sú að lyfjafræðingum á Íslandi hefur fjölgað allverulega. Það er almennur og mjög mikill áhugi hjá þeim að þeir fái að komast inn í þetta skömmtunarkerfi. Því þetta er um margt ekkert ólíkt því sem þekkist í kvótakerfinu okkar þar sem það er ekkert hægur vandi lengur fyrir aðila sem vilja láta til sín taka með breyttri áherslu, með bættri þjónustu, því hringurinn er lokaður. Það eru aðeins örfáir á ári hverju sem fá til þess tækifæri að bætast við og skapa sér sess á þessu sviði, fá að vinna heilbrigðisþjónustunni vel í lyfjaversluninni. Hvers eiga þeir að gjalda?

Ég trúi því og veit og treysti því að þessir aðilar, margt ungt fólk með mikinn metnað til að standa sig vel, muni sinna þessari þjónustu út um land. En á sama tíma er þó girt fyrir það með ákveðnu öryggisneti að ef það gerist ekki þá er í þessum undantekningartilfellum heimamönnum og stjórnendum viðkomandi heilsugæslustöðva heimilt að hafa þessa þjónustu með höndum. Þannig að vissulega hefur verið horft til þeirra ábendinga sem fram komu í umræðum um þessi mál. Auðvitað mun reynslan verða ólygnust í þessu og hér staðhæfi ég og reyni að binda það við rök um að við náum þeim meginmarkmiðum okkar að halda úti betra aðgengi gagnvart þessari heilbrigðisþjónustu með jafnmiklu öryggi fyrir lægra verð. Sumir vilja halda því fram hér í þessari umræðu að áhrifin verði í einu og öllu þveröfug. Auðvitað mun reynslan ein kenna okkur í því sambandi.

Ég vil hins vegar árétta það og undirstrika enn frekar en hér hefur komið fram að við erum að ræða frelsi í verðlagningu á lausasölulyfjum sem eru á bilinu 10–20% af heildarlyfjanotkun þeirri sem hér um ræðir. Stærri er nú sá þáttur ekki. Hinum þættinum er auðvitað markaður mjög ákveðinn og skilmerkilegur bás vegna þess eins að það er ekki nema að litlu leyti á valdi lyfsalanna sjálfra að ákvarða um notkunina, ákvarða um það hvort hún verði mikil eða lítil, heldur eru það auðvitað trúnaðarmenn okkar í heilbrigðisþjónustunni, læknar, sem hafa þessa ábyrgð með höndum. Og heilbrigðisyfirvöld hafa eins og kunnugt er reynt að auka enn frekar á þessa ábyrgð lækna sem auðvitað hefur alla tíð verið fagleg og miðað að því að þessar lyfjaávísanir bættu líðan sjúklingsins en ekki eingöngu það heldur höfum við gert fjárhagslegar kröfur til þessara sömu lækna þannig að þeir hefðu í huga frá einum tíma til annars hina fjárhagslegu hlið málsins. Þar eru bestukaupalistar eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson kom að réttu lagi inn á og þessar merkingar R- og S-lyf, sérlyf og samheitalyf. Þar hefur mjög verulegum árangri verið náð en betur má ef duga skal. Heilbrigðisyfirvöld og heilbrrn. munu kappkosta það enn frekar á næstu mánuðum að fá lækna til liðs um að lækka lyfjaverð gagnvart stóra greiðandanum, ríkinu, skattborgurunum og hinum sjúklingunum, notendum þessara lyfja. Með öðrum orðum, þar verður ekki slakað á eitt andartak heldur enda er verðmyndunin ekki síst á þeim vettvangi. Þess vegna er rétt að undirstrika það að í þessu frv. er ekki verið að létta á þessum náttúrulegu takmörkunum sem fylgja verðmyndun lyfja, þ.e. þessum lyfseðlum sem læknar taka ákvörðun um, nú eða þeim ramma sem hv. Alþingi setur í fjárlögum. Í þriðja lagi, sem er auðvitað ekki veigalítið, því hámarksverði sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Þannig að það er auðvitað alls ekki rétt að hér sé verið að umbylta kerfinu í einu vetfangi, skapa stórhættu á því að lyfjanotkun aukist stórkostlega, ég held að það sé allsendis óraunhæft og órökrétt að ætla það. Þvert á móti, virðulegi forseti, þá er markmiðið það að ná fram bættu aðgengi, lægra vöruverði og auðvitað betri heilbrigðisþjónustu á þessum vettvangi eins og öðrum því auðvitað miðar okkur þar fram á við þó það kreppi að og ákveðnar breytingar hafi verið óhjákvæmilegar í þeim efnum.

Ég vil árétta það, virðulegur forseti, að vissulega er ég opinn fyrir ábendingum um það sem betur má fara um einstök atriði þessa frv. Það er auðvitað ekki rökhelt frekar en önnur mannanna verk. Ég vænti þess og vona að í hv. heilbr.- og trn. fari fram jákvæð og málefnaleg umræða um einstaka þætti frv. En mikilvægt er engu að síður að minni hyggju að það nái fram að ganga nú á þessu vorþingi.

[16:46]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það deilir enginn um það hér að markmið frv. er ágætt. En við náum ekki markmiði frv. eins og það kemur fyrir af kúnni. Það er alveg ljóst. Mig langar t.d. að spyrja hæstv. ráðherra hvað það sé í þessu frv. sem geti vakið vonir manna um lækkun lyfjakostnaðar. Hvað er það? Það er hvatt til aukins tilkostnaðar í þessu frv. með mikilli fjölgun lyfjabúða. Ég veit að í sambandi við innflutninginn getur verið eitthvað óhagkvæmt en markaðurinn ætti ekki að aukast mjög mikið og við verðum að skoða það að markaðurinn er ekki stór á Íslandi. Og við getum ekki ætlast til að lyfjaverð verði það sama á Íslandi og í löndum milljónaþjóða. Því breytum við ekki með þessu frv. Við verðum að horfast í augu við það. Þannig að mér finnst að verið sé að vekja falskar vonir hjá sjúklingum með þessu frv.

Hæstv. ráðherra talaði um að þetta kvótakerfi væri óþolandi. Ég get vel skilið hann, þetta kvótakerfi er erfitt varðandi þessi lyfsölumál. En vill hæstv. ráðherra heldur fá þetta erfðakerfi? Þetta frv. er þannig lagað svo ég einfaldi málið að væri ég t.d. prestur á Akranesi og dóttir mín eða sonur væri prestur þá gæti hann erft embættið. Það er þannig í þessu frv. að eigi apótekari lyfjafræðing fyrir son eða dóttur þá erfir hann embættið. Er það betra en kvótakerfið? Það er sem sagt ekki það faglega sem fær að ráða í þessu. Hæstv. ráðherra segir að þarna sé verið að bæta aðgengi að lyfjum. Ég spyr hæstv. ráðherra: Fyrir hverja er verið að bæta aðgengið? Fyrir hverja? Það er alveg

ljóst að það er sóst eftir því að það verði margar lyfjaverslanir í stórmörkuðum. En það er ekki verið að bæta aðgengið almennt að lyfjum. Það er rangt.

[16:48]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spyr hvar það sé að finna í þessu frv. hvernig lækka eigi kostnað við lyfin. Mestur partur minnar ræðu fór nú raunar í að gera grein fyrir því. Í fyrsta lagi er það á innflutningsstiginu með hliðstæðum innflutningi. Í annan stað með heilbrigðum viðskiptaháttum milli heildsala og smásala. Í þriðja lagi í samkeppni að hluta til hvað varðar lausasölulyf á smásölustiginu.

Ég lýsti því mjög skilmerkilega áðan að minni hyggju og það er náttúrlega mitt prívat mat að mér finnst álagning vera vel í lögð. Ég horfi líka til þess og sé ekkert að því að menn lækki tilkostnað án þess að slaka neitt á öryggi við stofnun lyfjaverslana. Ég held að það sé mjög gerlegt.

Fyrir hverja er verið að bæta aðgengi lyfja? Það var akkúrat. Fyrir kaupendurna, fyrir sjúklinga, fyrir þá sem á þeim þurfa að halda.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill vekja athygli hv. 2. þm. Vesturl. og 10. þm. Reykv. að nú getur ræðutími verið 2 mínútur bæði í fyrri og seinni umferð vegna þess að það eru einungis tveir hv. þm. sem hafa óskað eftir andsvari.

[16:50]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ofmat á þessu frelsi sem hæstv. ráðherra var að lýsa hérna áðan. Þetta er nefnilega gervifrelsi. Hvað er það t.d. í þessu frv. sem hér liggur fyrir sem getur komið í veg fyrir að Pharmaco taki allan markaðinn? Er það eitthvað sem lokar fyrir það? Það sé ég ekki. Þannig að þetta er nú mikið gervifrelsi.

Það kann vel að vera að álagning lyfja sé vel í lögð. En hvað tryggir að þetta frv. breyti því? Hvað tryggir það í þessu frv. að álagning sé ekki vel í lögð? Það er hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum. Ég veit það. En samt sem áður: Hvað tryggir að ekki sé vel í lagt með álagninguna? Samkeppni. Fyrir hverja er þetta frv.? spurði ég. Og hæstv. ráðherra sagði: Sjúklingana. En það er ekki sama hvar sjúklingarnir búa hvort þeir njóta þessa frv. eður ei ef að lögum verður. Þannig er verið að skapa mjög mikið misræmi milli fólks eftir því hvar það býr á landinu. Þess vegna spurði ég: Fyrir hverja?

[16:52]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kem eiginlega aðallega upp til að spyrja ráðherra ákveðinnar spurningar sem ég gleymdi að spyrja í ræðum mínum áðan. Hún snýr að því hverjir hafi samið þetta frv. Ég rak nefnilega augun í það í athugasemdum við frv. að 18. ágúst 1991 var skipuð nefnd af þáv. heilbr.- og trmrh. Sighvati Björgvinssyni til þess að athuga hugmyndir um breytingu á lyfjadreifingu. Í þeirri nefnd áttu m.a. sæti Brynjólfur Sigurðsson, prófessor í viðskiptafræði, sem var formaður nefndarinnar, og þar átti líka sæti Guðrún S. Eyjólfsdóttir, lyfjafræðingur hjá Lyfjaeftirliti ríkisins og lyfjaeftirlitsnefnd. Það er birt svolítið úr nefndarálitinu með frv. og þar kemur fram að nefndin sér ýmsa annmarka á þessu svokallaða frelsi sem hér er verið að koma á. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ætla verður að auknu frelsi í lyfjasölu fylgi fjölgun útsölustaða og þar með greiðari aðgangur að lyfjum sem að öðru jöfnu leiðir til hærri heildarkostnaðar", segir í áliti frá nefndinni.

Hér er ég með grein eftir Brynjólf Sigurðsson sem heitir „Sérkenni lyfjamarkaðarins". Þar sér hann marga vankanta á þessu svokallaða frelsi sem er verið að koma á. Við fengum umsögn um frv. í vor frá Guðrúnu Eyjólfsdóttur, forstöðumanni Lyfjaeftirlits ríkisins. Hún sér líka marga vankanta á frv. og segir, með leyfi forseta:

„Af frv. að dæma virðist sem eitt meginmarkmið þess sé að auka frelsi lyfjafræðinga til að stofna til reksturs apóteka og því væri eðlilegt að það kæmi fyrst fram í 1. gr. frv. þar sem markmiðin eru talin."

Hún segir með öðrum orðum: Af hverju ekki bara stíga skrefið til fulls og segja: Þetta er markmiðið með frv. Hún varar líka við því að þetta muni ekki lækka kostnað þjóðarinnar vegna lyfja. Það fólk sem sat í þessari nefnd og er sérfræðingar í þessum málum og búið að rannsaka þetta ofan í kjölinn varar við þessu. Ég veit ekki alveg hver hefur samið þetta frv. Af hverju voru ekki notaðir slíkir sérfræðingar m.a. til að semja nýtt frv. til lyfjalaga? Hverjir sömdu frv., virðulegi ráðherra?

[16:54]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Höfundar þessa frv. upphaflega voru starfsmenn heilbrrn. og þeir leituðu í smiðju til þeirra aðila sem hv. þm. Ingibjörg Sólrún nefndi til sögunnar og auðvitað fjölmargra annarra.

Ég vil hins vegar árétta það í þessu sambandi að þessi markaður, heilbrigðismarkaður getum við sagt, sem byggir fyrst og síðast á því að opinberir aðilar eru að kaupa af einkaaðilum tiltekna þjónustu, er ekkert ólíkur öðrum mörkuðum hvað það varðar að þeim sem fyrir eru á honum gengur misjafnlega vel, sumum betur en öðrum, og eru ekki síður nú en oftast áður ófúsir til þess að ljá máls breytingu sem hugsanlega getur breytt þeirra eigin stöðu. Það gildir það sama á þessum vettvangi þjóðmála eins og svo mörgum öðrum.

[16:55]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Af því að þessi umræða hefur snúist svo mikið um kostnað og það er það sem þetta mál snýst um samkvæmt því sem ráðherra segir a.m.k. og markmiðið er að reyna að draga úr kostnaði þjóðarbúsins við lyf almennt, þá segir líka í greinargerðinni frá Lyfjaeftirliti ríkisins, með leyfi forseta:

„Ekki verður séð að aukið frelsi til að opna apótek leiði til lækkunar verðs. Það er nokkuð víst að apótek-

um muni fjölga á þéttbýlli svæðum og þar geti orðið samkeppni um einhvern hluta lyfjasölunnar. Það er þó ekki víst að samkeppni komi fram í lækkun lyfjaverðs. Hún gæti eins orðið um þjónustu. Það er hins vegar ljóst að fjölgun aðila í smásöludreifingunni leiðir til aukinna fjárfestinga og aukins rekstrarkostnaðar vegna lyfjadreifingar í landinu." Þá erum við að tala um heildina alla. Það er ekki nóg að lækka kostnað ríkisins af þessu ef heildarkostnaður þjóðarbúsins lækkar ekki neitt.

[16:56]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst betra að fá að nýta mér þann rétt minn að taka aftur til máls en tala í andsvari.

Það kom fram í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan að hann var mjög hissa yfir því hversu mikinn stuðning núverandi kerfi hefði. Ég get ekki greint það af ræðum manna fyrr í þessari umræðu að menn hafi verið með sérstakar stuðningsyfirlýsingar við gildandi kerfi í lyfsölu og lyfjadreifingu. Síður en svo. Staðreyndin er hins vegar sú, og það tek ég undir með hæstv. ráðherra, að þar má ýmsar breytingar á gera. Ég er sannfærður um að þar er hægt að hagræða mjög og spara. Aftur á móti held ég að þetta frv. eins og það liggur nú fyrir frá ríkisstjórnarflokkunum muni ekki leiða til þess sparnaðar og þeirrar hagræðingar sem menn ætlast til að ná með þeim skipulagsbreytingum sem þar eru boðaðar.

Hæstv. ráðherra kvartaði yfir því að ekki væru neinar tillögur fyrirliggjandi frá einstökum flokkum eða einstökum hv. þm. um það hvað menn vildu gera í þessum efnum. Ég vil benda hæstv. ráðherra á að á 115. og 116. löggjafarþinginu lagði stærstur hluti þingflokks framsóknarmanna fram frv. til laga um lyfjadreifingu og lyfsölu sem var vísað til hv. heilbr.- og trn. en kom þar ekki til vinnslu. Í því frv. eru lagðar til ákveðnar leiðir í lyfsölu og lyfjadreifingu. Það frv. gerir hins vegar ráð fyrir grundvallarefnisbreytingum á innflutningi lyfja til landsins.

Ég er sannfærður um að aðalsparnaði má má í auknu magni, stærri innkaupum til landsin. Þetta frv. sem er til umfjöllunar frá ríkisstjórnarflokkunum gerir hins vegar ráð fyrir, eins og hæstv. heilbrrh. viðurkenndi áðan í umræðunni, fleiri innflytjendum. Fleiri innflytjendur kalla að mínu viti á minni lyfjakaup hverju sinni og minni lyfjakaup þýða að verðið verður hærra. Samkeppnin mun ekki myndast sem hæstv. ráðherra er að boða í innflutningnum, því miður, heldur einfaldlega leiða til þess að verðið verður hærra.

Í frv. okkar framsóknarmanna er einnig gert ráð fyrir ákveðnum breytingum í lyfjadreifingunni. Það er ekki gert ráð fyrir því að leggja niður núverandi lyfsalakerfi. Það er gert ráð fyrir að þeir geti starfað áfram. Það er hins vegar gert ráð fyrir talsverðum breytingum þar á, m.a. til þess að tryggja jafna lyfjadreifingu um allt land sem m.a. annars felst í því að gefa stjórnum heilsugæslustöðva kost á því að sjá um lyfsölu á þeim stöðum þar sem lyfsalar treysta sér ekki til að setja upp eða koma á fót lyfsölustöðum. Kjósi þeir það gæti hugsanlega verið að stjórn heilsugæslustöðvarinnar með sína lyfsölu væri í samkeppni ef verðinu væri haldið niðri. Þar eru því boðaðar breytingar og því óþarfi fyrir hæstv. heilbr.- og trmrh. að vera að kvarta yfir því að ekki liggi fyrir tillögur um það hvaða breytingar menn vilja gera. Við þingmenn Framsfl. erum sannfærðir um að það er hægt að ná hundruð milljóna króna sparnaði bara með þeim breytingum sem þar eru lagðar til.

Fyrir utan það, og það kom ég inn á í minni fyrri ræðu, að í þeirri norrænu skýrslu sem ég hef vitnað í er gert ráð fyrir og gengið út frá því að lyfjakostnaður á Íslandi hafi lækkað um 6% milli áranna 1989 og 1991. Það var ekki af því að það væri verið að gera einhverjar grundvallarbreytingar á lyfsölu- og lyfjadreifingarkerfinu hér heldur þvert á móti. Það var gripið til aðgerða innan núverandi kerfis sem m.a. fólust í því, og það vil ég aftur árétta, að álagning í heildsölu var lækkuð úr 15% í 13,5%. Það er ekkert í núgildandi kerfi sem stendur í vegi fyrir því að menn lækki þá álagningu. Menn þurfa engar breytingar að gera á heildarlöggjöfinni til þess að geta lækkað álagninguna. Það þarf engar grundvallarbreytingar að gera til þess að lækka smásöluálagninguna sem lækkaði á árunum 1989–1991 úr 70% niður í 59%. Það þarf engar breytingar að gera á lyfjalöggjöfinni til þess að láta stóru apótekin sem eru með mestu veltuna greiða ákveðinn hluta af sinni veltu aftur til baka til Tryggingastofnunar ríkisins. Allt þetta ásamt því að það var gefinn út bestukaupalisti. Það var hvati af hálfu opinberra aðila til lækna og sjúklinga að nýta sér þann möguleika sem fólst í því að fá lyfin ódýrari ef jafnan væri ávísað á ódýrasta lyf.

Þetta er allt saman hægt að gera og þetta eru hlutir sem spöruðu hundruð milljóna króna á þeim tíma. Og ef menn halda áfram á þessari braut þá geta menn sparað þar enn til viðbótar.

En ég tek undir með hæstv. ráðherra að það er líka nauðsynlegt að gera breytingar á núverandi kerfi. En fyrst og fremst þurfa þær breytingar að snúa að innflutningnum og álagningunni innan lands vegna þess að verðmismunurinn heima og erlendis liggur fyrst og fremst í því að álagningin er miklu meiri hér en t.d. í Danmörku og að mínu viti a.m.k. er innkaupsverðið hærra hingað en á hinum Norðurlöndunum.

Niðurstaðan af því frv. ríkisstjórnarinnar sem er til umfjöllunar er hins vegar sú, nái það fram að ganga, að það er verið að leiða yfir okkur dýrasta kerfi í Evrópu sem er þýska kerfið. Þar er samkeppnin mjög mikil og þar er eitt hæsta lyfjaverð í allri Evrópu, einmitt á þeim stað þar sem samkeppnin á að vera nógu mikil til að lækka lyfjaverðið. Af hverju hefur lyfjaverð ekki lækkað í Þýskalandi þar sem samkeppnin hefur verið til staðar? Hæst lyfjaverð í Evrópu. Af hverju hefur það ekki lækkað? Þessum spurningum hefði sú ágæta nefnd sem skoðaði málið milli þinga þurft að svara. Af hverju hefur samkeppnin t.d. í Þýskalandi ekki leitt til þess að lyfjaverðið er það lægsta þar í Evrópu heldur það hæsta?

Á hinn bóginn erum við einnig að leiða yfir okkur óhagkvæmasta kerfið í Asíu sem er japanska kerfið.

Við erum með því hvernig við ætlum að leyfa fjölgun lyfjabúða að opna fyrir þann möguleika að gefa læknum kost á því að eiga lyfjaverslanir að öllu leyti en vera með lyfjafræðinga í sinni þjónustu þannig að þeir hafi beinan hag af því að ávísa á dýrustu lyfin og ná sem mestri veltu í apótekinu svo hagnaður þeirra sé sem mestur. Þá erum við komnir með dýrasta kerfi sem þekkt er í Asíu: Það japanska. Ef þetta frv. nær fram að ganga erum að leiða yfir okkur tvö óhagkvæmustu kerfin sitt í hvorri heimsálfunni. Hvers eigum við að gjalda í þeim efnum?

[17:05]

Geir H. Haarde *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki alltaf einhlítt hvenær lyfjaverð er hátt og hvenær það er lágt, þ.e. í hvaða löndum það er hátt og hvaða löndum það er lágt. Það var nefnt sem dæmi fyrr í umræðunni að lyfjaverðið væri mjög lágt í Portúgal og það væri vegna þess, sagði að hv. þm. Framsfl. Ingibjörg Pálmadóttir, að Portúgalar væru svo margir og miklu fleiri en við. Ég hygg nú ekki að það sé ástæðan. Ég held að lyfjafyrirtækin skipti heiminum upp í markaðssvæði og miði fyrst og fremst við kaupgetu á hverjum stað, þ.e. hvað geta þau fengið mest fyrir sín lyf. Þetta eru fyrirtæki sem hámarka sinn hagnað og skipta þar af leiðandi sínum viðskiptum upp eftir markaðssvæðum að því leyti til og selja ekki endilega sömu vöruna á sama verði til allra markaðssvæða. Kannski er það að einhverju leyti skýringin á því, hv. þm. Finnur Ingólfsson, hversu lyfjaverð er hátt í Þýskalandi að þar er mjög mikil kaupgeta.

En ég vil vekja athygli á því að hv. þm. svaraði ekki þeirri spurningu sem ég beindi til hans áðan. Var hann að leggja til í andsvari við mig hér áðan að það yrði sett hámarksverð á lyf sem seld eru án lyfseðils með sama hætti og gert er ráð fyrir í 40. gr. frv. um lyfseðilsskyld lyf? Ég held að það væri ágætt að það kæmi fram ef hv. þm. er að gera slíka tillögu. Það gæti verið framlag í nefndarstarfið eins og ég benti á áðan.

[17:07]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. 8. þm. Reykv., Geir H. Haarde, að auðvitað horfa lyfjaframleiðendurnir á markaðinn í heiminum og velta því fyrir sér hvar er kaupgetan minnst og hvar er hún mest og verðleggja út frá því. Það er einn af þeim þáttum sem hefur áhrif á það af hverju við m.a. þurfum að greiða þetta hátt verð. En það er líka fjöldinn og magnið sem hægt er að senda á markaðinn. Þetta spilar allt saman. Ég tek því undir það með hv. þm. að það er ekkert einhlítt í þessum efnum og þessa hluti þarf auðvitað að skoða.

Varðandi það að ég hafi ekki svarað hv. þm. þeirri spurningu sem hann lagði fyrir mig fyrr í umræðunni hvort ég væri að leggja til að það ætti að setja hámarksálagningu á lausasölulyfin. Ég er ekki að því með þessu, hv. þm. Ég er hins vegar að benda á að það er hægt að fara aðrar leiðir. Í umræðunni áðan var ég að gera það er ég vísaði í frv. okkar framsóknarmanna. Það má hugsa sér að lækka álagninguna mjög. Lækka hana kannski úr 60% niður í 40%. Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir því að það mun setja minnstu apótekin víða úti um land í nokkra erfiðleika. En stóru apótekin með miklu veltuna munu eftir sem áður hafa mjög mikinn hagnað. Þess vegna á að láta þau áfram greiða inn til Tryggingastofnunar ríkisins ákveðið hlutfall af sinni veltu, jafna þannig út aðstöðumuninn og bæta minni apótekunum það upp aftur. Það var einu sinni til í sjávarútveginum apparat sem hét Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins sem jafnaði sveiflur í afkomu sjávarútvegsins. Það mætti hugsanlega vera með lyfjajöfnunarsjóð til þess að jafna á milli apóteka eftir því hve stór þau eru.

[17:09]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tala langt mál. Ég held að flest sé komið fram sem þarf að koma fram við 1. umr. þessa máls. Við munum auðvitað taka þetta fyrir í heilbr.- og trn. Þó vil ég vegna þess að það hefur verið mjög neikvæð umræða um þetta frv. koma að einu jákvæðu atriði í frv. Mér finnst að umræðan þurfi að enda þannig. Það er að sjúklingar sem liggja á sjúkrahúsum geta keypt lyf um leið og þeir útskrifast eða eru göngudeildarsjúklingar. Það tel ég jákvætt og hagræði fyrir sjúklingana af því að ég spurði hæstv. heilbrrh. þráfaldlega eftir því áðan. Ég tel það mikið hagræði fyrir sjúklingana. En það er önnur spurning sem vaknar í leiðinni: Hvernig stenst þetta nýsamþykkt samkeppnislög? Í nýsamþykktum samkeppnislögum má það ekki skarast að ríki og einstaklingar séu í samkeppni. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki skoðað það mjög gaumgæfilega.

Svo er það önnur spurning sem mig langaði að leggja fyrir hæstv. ráðherra. Á ráðstefnu Lyfjafræðingafélagsins fyrir ekki allöngu var Sighvatur Björgvinsson, páv. heilbrrh., spurður að því hvar í heiminum aukið frelsi varðandi lyfjadreifingu og sölu hafi komið neytendum til góða. Og svar hans var neikvætt. Og nú langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi það á takteinum hvort þetta aukna frelsi hafi einhvers staðar komið neytendum til góða.

[17:11]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi hvort sjúkrahúsapótekin og lítilvæg breyting á umfangi þeirra sem er sannarlega til hagræðis, réttur þeirra til að afgreiða lyf sem ávísað hefur verið á sjúklinga sem þaðan er verið að útskrifa kunni að stangast á við samkeppnislög. Ég þori ekki að fullyrða um það hér og nú. Ég mun gæta að því nánar og vænti þess að nefndin muni gera það sama. Ég vil hins vegar undirstrika og árétta að það er tekið á því að þessi rekstur sjúkrahúsapóteka sé aðskilinn frá annarri starfsemi sjúkrahúsanna. Með því er verið að reyna að fyrirbyggja að sá rekstur sé á einn eða annan hátt niðurgreiddur af öðrum rekstrarþáttum sjúkrahússins heldur sé hann afmarkaður, skýr og greinilegur og þar með samanburðarhæfur við aðra

samsvarandi starfsemi úti í samfélaginu.

Hvar í heiminum frelsi hefur leitt til lækkunar lyfja get ég ekki svarað einn, tveir og þrír. Hins vegar segi ég eins og ég stend hér að eðlilegir viðskiptahættir og samkeppnishættir hér á landi munu sannarlega leiða til lækkunar á álagningu lyfja. Ég trúi því að þetta frv., og þess vegna er það lagt fram, muni svo sannarlega leiða til þess að sjúklingar og notendur lyfja muni fá þau fyrir lægra verð án þess að slakað sé eitt andartak á því öryggi sem nauðsynlegt er.

Eitt innskot vegna þess að menn hafa verið að bera saman smásöluverð lyfja og velt því fyrir sér af hverju það sé hærra hér en annars staðar. Það er einmitt, eins og hv. þm. Geir H. Haarde kom inn á, í Suður-Evrópu, í þeim löndum þar sem kaupgeta er hvað minnst, í Portúgal, Spáni, Grikklandi og Ítalíu sem verðlagning lyfja er hvað lægst. Það skyldi þó ekki vera að þær ástæður sem hann nefndi til sögunnar séu kannski þær veigaþyngstu í þessum efnum framar öðru.

[17:14]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin. Ég skildi hann þannig að hann teldi ekki að það mundi skarast neitt varðandi nýju samkeppnislögin þó svo ríkið væri þarna með lyfsölu af því að það væri aðskilið sjúkrahúsrekstri. En ríkið rekur eftir sem áður þessa lyfsölu ef ég skil þetta rétt. En ég geri ekki veður út af því og ég vona að það skarist ekki af því að ég tel þetta vera mikilvægt.

Varðandi seinni spurninguna. Þar sem þetta er algerlega frjálst með lyfjadreifingu og sölu getur ekkert land sem er með slíkt frelsi sýnt fram á að lyfjaverð hafi lækkað. Ef slíkt gerist hér verður það því heimsmet.

[17:15]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé enn og aftur ástæða til að árétta það fyrirkomulag sem við búum við í þessum efnum. Nú greiðir ríkið 70% af kostnaði við lyfjaverð. Hins vegar standa að þessari þjónustu einkaaðilar en samkvæmt ákveðnu tilteknu skömmtunarkerfi sem ríkið hefur með höndum. Það er uppbrot á þessu fastmótaða og niðurnjörvaða kerfi sem verið er að taka. Það er auðvitað ekki hægt að halda því fram með neinum rökum að hér sé verið að koma á fullkomnu frelsi í þessum efnum. Hér er verið að koma ákveðnum nýjum skikk þar sem reynt er að laða fram ákveðna samkeppni sem sannanlega í öllum viðskiptum hefur leitt til lækkunar á verði vöru, hvort heldur það er vara á sviði heilbrigðisþjónustu eða á sviði annarrar þjónustu. Ég veit og það er vafalaust hægt að finna dæmi um það annars staðar í öðrum löndum að uppstokkun og endurbætur á dreifingar- og sölukerfi af þessum toga hafi leitt til minni tilkostnaðar. Ég held að það sé ekki nokkur spurning án þess að ég hafi það handbært á einu augnabliki í þessari umræðu.

Hér hefur verð lyfja með réttu verið ákveðinn rauður þráður í þessum efnum og þar kemur fram auðvitað að Ísland skagar upp úr. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að taka á áhyggjuefni hv. þm. Finns Ingólfssonar um að þess sé ekki að vænta að verð lækki á innflutningsstigi með samhliða innflutningi þar sem þeim aðilum fjölgi sem að slíkum innflutningi standa og þá minnki hugsanlega þær einingar sem inn kunna að koma í einni og sömu sendingunni. Ég held að þetta sé alrangt. Ég held að það sem meira máli skiptir þarna sé það frelsi sem skapast með EES að fá að velja sér það land sem við kaupum af. Það er kannski veigaþyngsti þátturinn á frumverðmyndunarferli við hina endanlegu álagningu á útsöluverði lyfja.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Hafnalög, 193. mál, nál. minni hluti samgn., þskj. 528.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 1. umr.

Stjfrv., 272. mál (skyldusparnaður, lán til lögbýla og varsla sjóða). — Þskj. 332.

[17:18]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Í megindráttum felur frv. í sér þrjár breytingar sem ekki eru efnislega tengdar.

1. Varsla og ávöxtun Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna.

2. Í 3. og 4. gr. frv. er lagt til að heimilt verði að veita lán til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum þegar ábúendur búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.

3. 5. gr. frv. felur í sér nýjar heimildir til útgreiðslu á skyldusparnaðarreikningum.

Mun ég nú gera nánar grein fyrir helstu efnisatriðum frv. en að öðru leyti vísast til ítarlegra athugasemda með því.

Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. og 1. mgr. 48. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins skal Seðlabanki Íslands annast vörslu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Í 1. og 2. gr. frv. er lagt til að húsnæðismálastjórn verði heimilt að taka ákvörðun um að sjóðirnir verði að nokkru leyti eða öllu varðveittir á annan hátt. Þessi breyting er í samræmi við þau viðhorf sem átt hafa vaxandi fylgi að fagna að ekki sé æskilegt að lögbinda nákvæmlega hvar opinberir sjóðir skuli varðveittir og ávaxtaðir heldur skuli um það ríkja visst frelsi þó þannig að öryggi sé ávallt í fyrirrúmi. Í samræmi við þessi viðhorf er stjórnum ýmissa opinberra sjóða falið að taka ákvarðanir um vörslu og ávöxtun fjár og má þar nefna Atvinnuleysistryggingasjóð til samanburðar. Að auki skal á það bent að Ríkisendurskoðun hefur gert athugun á vaxtakjörum sjóðanna hjá Seðlabanka Íslands. Það er niðurstaða Ríkisendurskoðunar að sjóðirnir njóti eftir því sem hægt er að bera það saman svipaðra vaxtakjara hjá bankanum

og þeir mundu njóta hjá öðrum innlánsstofnunum í því formi sem þeir eru varðveittir nú en æskilegt sé að sjóðirnir hafi fleiri valmöguleika varðandi vörslu og ávöxtun en nú er þannig að þeir geti notið bestu kjara sem í boði eru á hverjum tíma.

Samkvæmt 1. og 2. gr. frv. er það forsenda fyrir vörslu annars staðar en í Seðlabankanum að það sé talið auka möguleika sjóðanna á ávöxtun án þess að það hafi í för með sér áhættu fyrir þá. Áskilið er að húsnæðismálastjórn skuli leita samþykkis félmrh. fyrir slíkri ákvörðun. Enn fremur er í greinunum tekið fram að þess skuli gætt að sjóðirnir hafi jafnan nægilega mikið laust fé til að standa við skuldbindingar sínar.

Í 3. gr. frv. er lagt til að stofnaður verði nýr lánaflokkur við Byggingarsjóð verkamanna sem veitir sveitarfélögum lán til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum. Í 4. gr. er kveðið nánar á um lánafyrirkomulagið.

Félagslega íbúðakerfið byggir á því að íbúðir séu innleystar af framkvæmdaraðila og þeim sé úthlutað aftur til kaupenda sem fullnægja þeim skilyrðum sem lög um Húsnæðisstofnun ríkisins kveða á um til að eiga rétt á að festa kaup á félagslegri íbúð. Þetta fyrirkomulag getur átt við um lögbýli þar sem íbúðarhúsnæði á lögbýlum er ekki sjálfstæð eining heldur hluti jarðarinnar og þar sem fáir hafa forsendu til að setjast að á lögbýlum. Þetta hefur hins vegar í för með sér mismunun gagnvart þeim sem búa í sveitum sem gengur gegn markmiði félagslega íbúðakerfisins eins og það er skilgreint í 35. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Einkum er það bagalegt varðandi heilsuspillandi húsnæði sem í ljós hefur komið að leynist í sveitum landsins en með lögum nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir, voru sérstakar lánveitingar til útrýmingar á slíku húsnæði felldar niður. Þetta hefur ekki valdið vandkvæðum í þéttbýli þar sem kostur er á félagslegum íbúðum en í sveitum er ekki um nein úrræði að ræða ef ábúendur fullnægja ekki skilyrðum til að fá lán í gegnum húsbréfakerfið.

Á þetta er bent í skýrslu nefndar sem ég skipaði til að vinna að því að leggja mat á reynsluna af lögum um félagslegar íbúðir en skýrsla um þá úttekt var gefin út í maí á þessu ári. Ákvæði 3. og 4. gr. byggja á tillögum nefndarinnar. Það felst í ákvæðunum að heimilt verði að veita lán til byggingar félagslegra íbúða á lögbýlum til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Vegna sérstöðu lögbýla er lagt til að sveitarfélag sé lántakandi og beri ábyrgð gagnvart Byggingarsjóði verkamanna en það endurláni síðan ábúanda lánið.

Þegar sveitarfélag sækir um lán til Byggingarsjóðs verkamanna verða skv. 1. mgr. 4. gr. frv. að liggja fyrir upplýsingar um að ábúandi búi við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægi almennum skilyrðum 64. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins til kaupa á félagslegri íbúð. Gert er ráð fyrir að sveitarfélagið hafi umsjón með byggingarframkvæmdum og almennar reglur laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um byggingarkostnað, gerð húsnæðis, úttektir og uppgjör við byggingu félagslegra íbúða eigi við.

Í 2. mgr. 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að sveitarfélagið fái í upphafi framkvæmdalán til að standa að framkvæmdum svo sem tíðkast almennt við byggingu félagslegra íbúða. Þegar framkvæmdum er lokið og kostnaður liggur fyrir er gert ráð fyrir að framkvændalánið verði gert upp með 90% láni til sveitarfélagsins með sömu kjörum og gilda um önnur lán til félagslegra eignaríbúða. Eignir og ábyrgðir sveitarfélgsins verði til tryggingar láninu. Sveitarfélagið selji síðan ábúanda jarðarinnar íbúðina og veiti honum lán að sömu fjárhæð og á sömu kjörum og eiga við um lán úr Byggingarsjóði verkamanna til félagslegra eignaríbúða.

Samkvæmt 5. mgr. 4. gr. hafa sveitarfélög hvorki kaupskyldu né forkaupsrétt að íbúðum sem byggðar verða á grundvelli greinarinnar enda eru ekki fyrir hendi forsendur til þess svo sem áður hefur verið vikið að. Ef vanskil verða á láni Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélags eða íbúðum er ráðstafað til kaupenda sem ekki fullnægja skilyrðum laga um Húsnæðisstofnun til kaupa á félagslegri íbúð er Byggingarsjóði verkamanna skv. 4. mgr. 4. gr. frv. heimilt að gjaldfella lán sitt til sveitarfélagsins. Samkvæmt þessu er gert ráð fyrir að þeir sem fullnægja skilyrðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins til kaupa á félagslegri íbúð geti notið betri kjara við kaup á þessum íbúðum en aðrir þar sem lán verði þá ekki gjaldfellt heldur eigi kaupandi þess kost að yfirtaka lán fyrir ábúanda frá sveitarfélagi.

Með lögum nr. 61 frá 19. maí 1990, en það er síðasta efnisatriði þessa frv., voru ákvæði laga um Húsnæðisstofnun ríkisins um skyldusparnað ungs fólks til íbúðabygginga felld úr gildi. Þess í stað kom ákvæði til bráðabirgða sem kvað á um heimildir til að greiða út af skyldusparnaðarreikningnum. Við samningu þess var leitast við að fara milliveg. Niðurstaðan skyldi í senn vera sanngjörn í garð reikningseigenda og taka mið af því útstreymi fjár úr Byggingarsjóði ríkisins er yrði ekki sjóðnum ofviða Samkvæmt a- og b-lið þess skyldu innstæður sem voru 30 þús. kr. eða lægri greiddar eigendum án umsókna innan 6 mánaða frá gildistöku laganna. Eigendur hærri innstæðna skyldu eiga rétt á að fá þær greiddar þegar þeir næðu 26 ára aldri, hefðu byggt eða keypt íbúð til eigin nota eða hefðu barn á framfæri. Sama rétt skyldu 75% öryrkjar hafa og námsmenn sem stundað hafa nám samfellt í 6 mánuði. Námsmenn skyldu einungis eiga rétt á greiðslu út árið 1993.

Samkvæmt c-lið bráðabirgðaákvæðisins eiga allar innstæður sem eftir standa þann 1. jan. árið 2000 að greiðast út. Við framkvæmd þessa ákvæðis hefur komið í ljós að í því er ekki tekið nægjanlegt tillit til versnandi afkomu þjóðarinnar. Fjölmargir reikningseigendur hafa kvartað undan því að ákvæðið sé of þröngt og í því sé ekki tekið tillit til fjárhagsvanda, svo sem vegna atvinnuleysis og langvarandi veikinda. Námsmenn hafa enn fremur kvartað undan því að ákvæðið sé of ósveigjanlegt og komi aftan að námsáætlun þeirra. Þar sem sýnt þykir að framangreindar athugasemdir eigi við rök að styðjast þykir sjálfsagt réttlæt-

ismál að leggja fram tillögu til breytinga á ákvæðinu.

Við samningu ákvæðisins hefur verið tekið mið af því að þær breytingar sem það hefur í för með sér feli ekki í sér verulega mikið aukið vinnuálag fyrir starfsfólk Húsnæðisstofnunar og veðdeildar vegna matskenndra heimilda en eftir gildistöku laga nr. 61/1993 var starfsfólki sem hafði umsjón með skyldusparnaðarreikningum fækkað verulega.

Í samræmi við framansagt felur tillagan í sér nýjar heimildir til útgreiðslu skyldusparnaðar vegna atvinnuleysis og langvarandi veikinda. Jafnframt eru reglur um útgreiðslu til námsfólks rýmkaðar að því leyti að heimildin einskorðast ekki við árið 1993. Það er erfitt að áætla um hve stóran hóp er að ræða sem getur fengið sinn skyldusparnað greiddan út samkvæmt þessu ákvæði ef að lögum verður en Húsnæðisstofnun ríkisins áætlar að um sé að ræða a.m.k. 400 einstaklinga og þá mest atvinnulausa.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að þetta frv. nái fram að ganga þar sem það felur í sér sjálfsagðar og sanngjarnar endurbætur á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins sem hafa, eins og fram kemur í áliti fjmrn., ekki í för með sér umtalsverðan kostnaðarauka. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[17:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því í framsöguræðu hæstv. félmrh. að 1. og 2. gr. eru til þess að húsnæðismálastjórn geti tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt en verið hefur, þ.e. í Seðlabanka Íslands, og það sé talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun. Ég vildi beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort búið sé að skoða það hvar þessi ávöxtun eigi að fara fram. Eitthvað hlýtur að liggja á bak við að þetta er sett fram. Þetta hlýtur að hafa verið skoðað. Er verið að tala um lánastofnanir hér á landi eða er hugsanlega verið að tala um lánastofnanir erlendis? Er kannski hugsanlegt að húsnæðismálastjórn muni leita eftir því að ávaxta þetta fé, sem óneitanlega er mikill hluti af því fjármagni sem er í veltu hér á landi, erlendis?

[17:30]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það hvort hugmyndir séu uppi um það að fara að ávaxta fjármagn Húsnæðisstofnunar erlendis þá er ekkert slíkt á döfinni. Hef ég ekki heyrt neitt um það hjá forráðamönnum Húsnæðisstofnunar að hjá þeim sé neitt slíkt á döfinni. Hér er eingöngu um að ræða að opnað sé fyrir fleiri ávöxtunarmöguleika á fjármagni Húsnæðisstofnunar en nú eru fyrir hendi þannig að hægt sé að ávaxta það með þeim hætti að fleiri ávöxtunarform séu undir en í boði standa hjá Seðlabanka.

[17:30]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessi svör. Mér fannst rétt að fá þetta strax á hreint áður en umræðan um þetta frv. byrjaði að öðru leyti þar sem nýjustu fréttir af fjármögnun lífeyrissjóðanna í landinu sem hafa verið þátttakendur í að fjármagna húsnæðiskerfið benda til að þeir muni fara að ávaxta eitthvað af sínu fjármagni erlendis. En ég þakka hæstv. ráðherra fyrir og er ánægjulegt að heyra að það skuli ekki vera fyrirhugað.

[17:31]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. félmrh. þá er hér um að ræða frv. sem innifelur þrjú atriði sem öll snerta Húsnæðisstofnun ríkisins og rekstur hennar en eru innbyrðis ólík.

Þegar þetta frv. liggur fyrir vakna spurningar um vinnubrögð þingsins og vinnubrögð framkvæmdarvaldsins gagnvart þinginu, hvort það séu rétt vinnubrögð að leggja fram eins og hér er gert, frv. um þrjú atriði sem eru tiltölulega ólík innbyrðis og þarfnast kannski ólíkrar vinnslu. Mér er fullkunnugt um að það er lögð töluverð áhersla á að atriðið varðandi skyldusparnað nái fljótt fram að ganga í hv. Alþingi og ég mun koma aðeins að því síðar. Fyrstu greinar frv. varða mál sem er miklu stærra í sniðum, þ.e. ávöxtun þeirra fjármuna sem eru inni hjá Húsnæðisstofnun.

Ég vil mæla þau varnaðarorð í upphafi hvort það sé ekki ástæða til að endurskoða vinnubrögðin að þessu leyti þannig að frv. sem lagt er fram fjalli um afmörkuð atriði og sé ekki verið að hræra saman annaðhvort í bandormum eða slíku frv. sem hér um ræðir óskyldum atriðum sem þarfnast ólíkrar vinnslu. Ég segi þetta ekki síst í ljósi þess að hæstv. forsrh. hefur haft þau fleygu ummæli hér í fjölmiðlum að annar ráðherra kynni að hafa lætt, eins og sagt er, frv. í gegnum þingið og síðan hefur þetta verið hent á lofti í þjóðfélaginu og talið okkur þingmönnum mjög til lasts. Það hefur verið dregið í efa jafnvel að þingmenn séu læsir. Það hefur verið orðað svo í fjölmiðlum að þeir séu yfirleitt læsir.

Ég held satt að segja að þegar koma á borð okkar þingmanna frumvörp í bunkum um ólík atriði þar sem óskyldum atriðum er slengt saman í eitt þingmál þá aukist hættan á því að þessi þingmál séu ekki nógu vel unnin. Það eru miklu markvissari vinnubrögð að hafa einn afmarkaðan þátt í frv. þó að það kosti fleiri framsöguræður í þinginu, en nóg um það.

Fyrsta atriði þessa frv. fjallar um ávöxtun þess fjármagns sem er varðveitt í Húsnæðisstofnun ríkisins, fjármagn byggingarsjóðanna. Þetta er mjög stórt mál og varðar heimild til þess að varðveita þetta fjármagn á öðrum stöðum en í Seðlabanka Íslands. Þá vakna þær spurningar hvers vegna þessar breytingar eru gerðar. Er knýjandi þörf á þessum breytingum eða hvað liggur hér að baki? Er þetta til að þjóna hinni margumræddu frjálshyggjuáráttu hæstv. ríkisstjórnar eða liggur einhver knýjandi þörf hér að baki? Hvert er verið að stefna með þessu? Það hefur komið fram m.a. hjá hv. 6. þm. Vestf. að það er búið að rýmka mjög reglur í þjóðfélaginu um ávöxtun fjármuna og það er heimilt núna að ávaxta sitt pund erlendis eins og verið hefur í umræðunni.

Í þessu frv. er skrefið ekki stigið nema til hálfs. Það er verið að auka frelsi en þó er ekki verið að auka slíkt frelsi til fulls þar sem hæstv. félmrh. verður hverju sinni að samþykkja ráðstöfun húsnæðismálastjórnar að þessu leyti. Mér er því spurn og ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvers vegna þessi breyting sé í rauninni gerð. Það virðist ekki verið að breyta að fullu í frjálsræðisátt því ákvörðun í þessu máli á í raun að vera undir ráðherra áfram. Er þá ekki einfaldast eða mælir því eitthvað í gegn að hafa þessi ákvæði óbreytt áfram þannig að þessi ávöxtun sé hjá Seðlabanka Íslands? Eða hvaða knýjandi þörf er á því að breyta þessu?

Það kemur reyndar fram í athugasemdum frv. það álit Ríkisendurskoðunar að þessi ávöxtun hafi verið viðunandi til þessa og ekki sé hægt að sjá sjáanlegan mun á ávöxtun Seðlabankans og ávöxtun annarra fjármálastofnana. Ég held því að þegar þetta mál kemur til félmn. sé ástæða til þess að skyggnast í ástæður þessara breytinga og hverju þetta breytir í raun. Og hvort þá sé ástæða til ef verið er að rýmka þessar heimildir að félmrh. sé með stimpilinn á ákvörðunum húsnæðismálastjórnar í þessu efni.

3. gr. frv. fjallar um það að stofna nýjan lánaflokk við Byggingarsjóð verkamanna sem veitir sveitarfélögum lán til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum. Í 4. gr. er kveðið nánar á um lánafyrirkomulag í þessu efni. Ég tel að hér sé um réttlætismál að ræða og styð þessi ákvæði frv. og mun ekki hafa mörg orð um það. Það er ástæða til þess að fara yfir þessi ákvæði í nefnd og það lánafyrirkomulag sem um ræðir. En ég tel að þessi ákvæði séu til bóta og til þess fallin að auka jafnræði í þessum efnum. En þörfin á byggingu þessara íbúða er fyrir hendi.

Þá er komið að 5. gr. frv. sem fjallar um heimildir til að greiða út skyldusparnað til þeirra sem hafa verið atvinnulausir eða hafa átt við langvarandi veikindi að stríða eða eru námsmenn. Greinin felur í sér heimildir til að greiða út skyldusparnað til þessara aðila en í raun er búið að ákveða að leggja skyldusparnaðinn niður með lögum frá 19. maí 1993. Þetta er því ákvæði um að flýta útgreiðslum til þessara aðila. Mér er kunnugt um að það er þrýst á að þessi ákvæði nái fram að ganga og er satt að segja ömurlegt að vita til þess að atvinnuástandið skuli vera orðið þannig á Íslandi að atvinnulaust fólk sér sér ekki aðra möguleika til framfæris en að taka út þær krónur sem það á inni í skyldusparnaðinum sínum. Það segir mikla sögu um hvernig er komið fyrir okkur og það er satt að segja ekki skemmtileg reynsla að standa frammi fyrir atvinnulausu fólki sem er að spyrja um hvenær þetta frv. verði afgreitt svo það geti náð út þeim krónum sem það á inni í skyldusparnaðinum og það er ungt fólk sem hér um ræðir. Og það er ekki um háar upphæðir að ræða. En það er sjálfsagt að greiða fyrir því að þetta ákvæði nái fram að ganga. Það er ekkert um annað að gera, því miður, og ég mun leggja mitt af mörkum til þess að þessi ákvæði nái fram að ganga á ekki löngum tíma hér í Alþingi. Þess vegna tel ég að það hefði átt að flytja þetta ákvæði sér en ekki blanda því saman við önnur atriði og flóknari sem einnig eru í þessu frv.

Það kom fram í umræðum um atvinnumál utan dagskrár sl. fimmtudag hjá hæstv. félmrh. að atvinnuástand í landinu er þannig að atvinnuleysi er útbreiddast meðal ungs fólks á aldrinum 20–30 ára. Það er einmitt þetta fólk sem á inni þennan skyldusparnað og það er satt að segja alveg ömurlegt að þurfa að standa í því að breyta lögum svo að það sé hægt að flýta þessum greiðslum til atvinnulausra. Það hefði svo sannarlega verið skemmtilegra að standa að einhverri löggjöf sem yki atvinnu og framtíðarsýn fyrir það fólk sem hér á hlut að máli.

Ég tel ekki ástæðu til þess að sinni að hafa í rauninni langt mál um þetta frv. Ég er samþykkur ákvæðum þess um félagslegar íbúðir í sveitum. Ég vil stuðla að því að þau ákvæði sem varða skyldusparnaðinn nái fram að ganga og ég vil stuðla að því að þau nái fram að ganga á skömmum tíma. En ég vil að sjálfsögðu kanna þessi mál vel í nefnd, ekki síst ákvæðin sem varða ávöxtun byggingarsjóðanna sem eru stórmál og þurfa auðvitað skoðunar við í hv. félmn. Þar vil ég að þau ákvæði verði grandskoðuð sem og önnur ákvæði frv.

[17:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður minntist orða hæstv. forsrh. um það að hér hefði verið lætt í gegnum þingið frv. fyrir rúmlega ári og velti vöngum í framhaldi af þeim ummælum sem eðlilegt er. Mér verður þetta umhugsunarefni í ljósi þess að við erum hér að ræða þetta mál. Einungis tveir þingmenn hafa tekið til máls, mjög fáir eru viðstaddir umræðuna og enginn ráðherra og nú er meira að segja sjálfur framsögumaður málsins, hæstv. félmrh., horfinn á braut og hlýðir ekki á umræðu a.m.k. þessa stundina.

(**Forseti** (GunnS): Ef forseti má trufla ræðu hv. þm. til þess að skýra það út fyrir hv. þm. og öðrum viðstöddum hv. þm. að hæstv. félmrh. er mjög nálægur og reikna ég með að hann heyri nánast hvert orð. Hann er að sinna áríðandi samtali í 1–2 mínútur og verður í salnum eftir örskamma stund.)

Ég þakka forseta fyrir þessar upplýsingar. Ég sá að vísu hæstv. félmrh. fyrir framan myndavélar áðan og ég er eiginlega mjög efins um að ráðherrann heyri nokkuð það sem ég hef fram að færa í umræðunni meðan svo er ástatt að hún stendur fyrir framan myndavélar og talar upp í míkrafón á annarri hæð í húsinu. Ég spyr því, forseti, hvort það væri ekki bara rétt úr því að annir eru svona miklar hjá hæstv. ráðherra að geyma þessa umræðu um stund þar til hæstv. ráðherra sér sér fært að verða hér viðstaddur.

(**Forseti** (GunnS): Forseti telur nú eðlilegt að halda þessum umræðum áfram. Hæstv. félmrh. verður ekki lengi frá salnum en hlýtur að vera alveg að koma að vörmu spori. Ef hv. þm. vill sérstaklega óska þess að við gerum örstutt hlé í eina til tvær, þrjár mínútur á meðan félmrh. er á leiðinni til okkar þá verður forseti við því.)

Ég þakka forseta boðið. Ég hygg að það mundi greiða fyrir umræðunni að ráðherra gæti heyrt mál mitt samfellt þannig að ég þyrfti ekki að endurtaka hluta af

því eða bera fram fyrirspurnir á nýjan leik. Ég mundi því vilja þiggja þetta boð forseta og gera hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (GunnS): Þá verður fundi fram haldið og hv. 5. þm. Vestf. heldur áfram ræðu sinni.)

Virðulegur forseti. Það er rétt að vinda sér beint að frv. og spurningum sem vaknað hafa við lestur á því. Ég vil fyrst velta upp fyrstu tveimur greinum frv. sem hafa þann tilgang samkvæmt greinargerð og texta greinanna að veita heimild til þess að ávaxta Byggingarsjóð ríkisins og Byggingarsjóð verkamanna, það fé sem í þessum sjóðum kann að vera á hverjum tíma, annars staðar en í Seðlabanka Íslands. Mér finnst þær skýringar sem gefnar eru í frv. um ástæðu þess að þetta er lagt til vera það fátæklegar að ástæða sé til að ganga eftir því og fá frekari skýringar hvers vegna þetta er talið nauðsynlegt. Það segir í greinargerð með þessum greinum til skýringar á þessari tillögu að æskilegt sé að sjóðirnir hafi fleiri valmöguleika varðandi vörslu og ávöxtun en nú er. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra frekari skýringa á þessu, hvaða tilefni það er sem er þess valdandi að þetta er talið nauðsynlegt. Hefur Seðlabankinn verið þannig viðskiptis í þessu máli að það sé mat ráðherra að hann hafi hlunnfarið stofnunina hvað ávöxtun peninganna varðar sem hann geymir fyrir Húsnæðisstofnun?

Almennt vil ég segja um þetta atriði að af eðli máls er það ljóst að byggingarsjóðirnir geta ekki haft mikið fé umleikis til langs tíma. Það er þeirra eðli að lána út peninga en ekki að geyma þá þannig að ef um það er að ræða að þeim safnast sjóðir sem þeir þurfa ekki að lána út á næstu mánuðum eða svo, þá ber þeim einfaldlega að draga úr lántökum. Þá þurfa þeir minna lánsfé en gert hefur verið ráð fyrir ef upp safnast verulegar innstæður þannig að eðli málsins samkvæmt er ekki um að ræða að þarna séu geymdir miklir fjármunir í langan tíma. Bara það atriði gerir strax í mínum huga ákveðið spurningarmerki við þörfina á því að fara út í einhvers konar markaðsvæðingu eða samkeppni milli innlánsstofnana um að ávaxta þetta skammtímafjármagn stofnunarinnar. Sérstaklega finnst mér spurning við þetta atriði þegar ég sé í greinargerðinni að það er talið að féð hafi verið sæmilega ávaxtað hjá Seðlabankanum fram til þessa þannig að það hlýtur að vera einhver ástæða. Hún hefur ekki komið fram og ég tel að hæstv. ráðherra verði að gera þinginu grein fyrir því hver ástæðan er.

Þá vil ég líka minna á að það var gerð breyting á lögunum í fyrra að frumkvæði ráðherra þar sem m.a. var lögð mikil áhersla á það að opna lagaheimild til þess að sameina sjóðina, samanber núverandi 3. gr. laganna. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvort til standi að nýta þá heimild. Ef það er ekki, til hvers var þá verið að sækja þessa heimild ef þarf svo að fá aðra lagaheimild í aðra átt til þess að gæta hagsmuna sjóðsins?

Ég get tekið undir það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Austurl. að það er dálítið skipulagslaust sem lagðar er fyrir þingið lagabreytingar á þessum lagabálki. Það eru tekin ákveðin atriði út úr eins og í fyrra, knúnar fram breytingar á lögunum til að mæta þeim, önnur atriði algerlega skilin eftir og síðan er komið með hluta af þeim á næsta ári og jafnvel lagt til að breyta sömu atriðum núna og menn voru að breyta í fyrra þannig að mér finnst þetta vera dálítið handahófskennt satt að segja og tel að menn hefðu gjarnan mátt vanda sig meira í fyrra, bæði við að semja frv. og við afgreiðslu þess í þinginu.

Ég get ekki látið hjá líða að láta það koma fram sem ég hef svo sem einhvern tíma sagt áður að ég hef verulegar áhyggjur af því hversu mjög hallar á þingið í samskiptum við framkvæmdarvaldið. Mér þykir sem framkvæmdarvaldið hafi um of gengið yfir þingmenn í að knýja í gegnum þingnefndir og umræður mál án þess að þau væru nægjanlega ígrunduð. Að hluta til er þetta frv. lagfæring á frv. í fyrra sem menn hefðu getað sparað sér með því að hugsa málið kannski eilítið betur áður en það var afgreitt.

Þá er annað atriði sem er í 3. gr. frv. Það er að opna nýjan lánaflokk í Byggingarsjóði verkamanna til sveitarfélaga sem síðan eiga að byggja félagslegar eignaríbúðir á lögbýlum. Mér fannst hæstv. ráðherra vera óþarflega hógvær þegar hann lét þess ekki getið að fyrir þinginu liggur frv. sem tekur á þessu efni að hluta til ef ekki að meginhluta til og það frv. var líka lagt fram í fyrra og 1. flm. þess er hv. 4. þm. Suðurl., Margrét Frímannsdóttir. Fyrir utan að ráðherra hefði gjarnan mátt geta þess að þetta frv. væri til og hefði verið hér lagt fram og er þskj. 4, þá fannst mér að ráðherrann hefði gjarnan mátt greina þinginu frá því hver munurinn er á tillögu í stjfrv., 3. gr. og svo aftur því sem er á þskj. 4. Mér sýnist að þessar tvær greinar gætu í sjálfu sér staðið hvor fyrir sig, en ég spyr hæstv. ráðherra: Er það í hans huga þannig hugsað að 3. gr. frv., sem við erum að ræða núna, eigi að koma fyllilega í stað þeirrar tillögu sem er á þskj. 4? Ég held að við verðum að hafa þetta nokkuð ljóst, hvernig ráðherrann hugsar málið, því að auðvitað hjálpar það okkur til við að vinna málið í þingnefnd. En ég verð að segja að eins og ég skil þskj. 4, þá er um að ræða opna heimild til að veita lán til endurbóta og útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði úr Byggingarsjóði ríkisins og sú heimild nýtist hvort heldur er á lögbýlum eða annars staðar. Ég vil því skilja málið þannig — eða það er minn skilningur á því — að þarna sé um tvær tillögur að ræða sem ekki gangi hvor gegn annarri af því að tillaga í 3. gr. frv. félmrh. eigi einungis við um félagslegar íbúðir eða lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna.

Ég held að það sé nauðsynlegt að það sé enginn misskilningur um þetta. Í mínum huga er það þannig að það sé bæði rétt og skylt að hafa heimild úr báðum sjóðum, því að auðvitað getur verið að fólk sem býr á lögbýlum sé yfir tekjumörkum og eignarmörkum og þess háttar hlutum og falli ekki undir félagslega íbúðakerfið og lánveitingar úr Byggingarsjóði verkamanna og þá er auðvitað eðlilegt að hafa einhvern annan farveg. Það getur sótt sér lánveitingu úr Byggingarsjóði ríkisins rétt eins og hver annar sem er yfir mörkunum. Ég vildi nú bara nefna þetta til þess að

það lægi ljóst fyrir hver skilningur væri á þessu. Minn skilningur er þessi, að það sé um tvær ólíkar tillögur að ræða þannig að önnur þurfi ekki að útiloka hina.

Þá spyr ég um 4. gr. sem er frekari útlistun á þessari nýjung sem þarna er lögð til í frv. að opna sérstakan lánaflokk sem á að vera til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum. Þá er fyrsta spurningin sem vaknar, sérstaklega af því að það er tekið fram í greinargerð: Hvar í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins er að finna ákvæði sem gera það að verkum að það er ekki unnt að lána til íbúða á lögbýlum? Ég hef verið að skoða þennan lagabálk og ég finn hvergi í lögunum nein ákvæði um það sem segja að þessi lög um Húsnæðisstofnun ríkisins gildi um Ísland mínus bújarðir. Ég væri þakklátur ráðherranum ef hann gæti bent mér á það lagaákvæði sem takmarkar gildissvið þessara laga ef þarna farið með staðreyndir eftir bestu vitund. Það hljóta að vera til tilvísanir um það hvaða lagaákvæði það eru sem gera þetta að verkum.

Þá kemur næsta spurning: Er það svo að það er einungis heimilt að lána til einnar íbúðar á viðkomandi lögbýli samkvæmt frumvarpstextanum? Við þekkjum dæmi þess að menn geta búið félagsbúi á jörð. Það geta verið tvær, þrjár eða jafnvel fleiri fjölskyldur og þar af leiðandi jafnmargar íbúðir. Er hugmyndin í 4. gr. að takmarka lánamöguleikana einungis við eina íbúð eða fleiri? Er það opið?

Þá spyr ég líka: Er einungis átt við að sá geti fengið lán sem er ábúandi jarðarinnar? En svo má skilja ef maður les greinargerðina neðst á bls. 3, þar sem segir, með leyfi forseta: „...verða samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 4. gr. frv. að liggja fyrir upplýsingar um að ábúandi búi við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægi skilyrðum 64. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins."

Þarna kemur skýrt fram í greinargerðinni að það er einungis átt við ábúanda jarðarinnar og hann verður þá að búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og uppfylla skilyrði 64. gr. En ef við lesum lagatextann í þessari tilvitnuðu 4. gr., þá er ekki hægt að skilja hann svo, en þar segir, með leyfi forseta: „...enda hafi verið sýnt fram á að væntanlegir kaupendur búi við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægi skilyrðum 64. gr. laganna til kaupa á félagslegri eignaríbúð."

Ekkert talað um ábúanda, að það sé skilyrði sem þurfi að uppfylla. Þannig að mér finnst lagatextinn ekki segja það sem greinargerðin segir.

Þá spyr ég líka: Af hverju er talið nauðsynlegt að íbúðirnar séu eingöngu eignaríbúðir? Af hverju er ekki heimilt að hafa þetta leiguíbúðir á jörðinni? Hvað er í veginum fyrir því að um leiguíbúð sé að ræða? (Gripið fram í.) Sveitarfélagsins. Ég sé í fljótu bragði ekki neitt sem mælir gegn því en ég vil þó taka fram að þessi lagatexti og skýringar á honum eru nokkuð flóknar. Ég viðurkenni það fúslega að ég þarf að velta vöngum betur yfir þessum lagatexta en hef þó ekki við yfirlestur á frv. séð neitt sem hindraði það sérstaklega miðað við hvernig þetta er sett upp.

Þá spyr ég líka um 4. gr.: Hvers vegna er það skilyrði sett að lántakandi verði að vera sveitarfélagið? Hvers vegna er það sett sem skilyrði að sveitarfélagið ábyrgist endurgreiðslu lánanna í öllum eignum sínum og ábyrgðum? Þetta eru harðari skilmálar samkvæmt lagatextanum en er í almenna lagatextanum á sveitarfélög sem geta verið framkvæmdaraðilar og eru það yfirleitt á flestu félagslegu íbúðarhúsnæði um land allt. Vitna ég t.d. til 58. gr. laganna um framkvæmdalán og 67. gr. Þar eru t.d. sérstaklega tekið fram að allar eignir sveitarfélaga gangi til tryggingar á endurgreiðslu þessara lána hvort sem um er að ræða framkvæmdalán eða íbúðalán. Mér finnst því vanta skýringar á þessu.

Síðan spyr ég hæstv. félmrh.: Ef ábúandinn eða sá sem á að geta fengið þessi lán á lögbýlinu er yfir tekjumörkum eða eignamörkum eða uppfyllir ekki ákvæði 64. gr., hvaða lánamöguleika á hann frá Húsnæðisstofnun ríkisins? Er hægt að fá húsbréfalán eða er hægt að fá lán úr Byggingarsjóði ríkisins? Og ef það eru ekki möguleikar á lánafyrirgreiðslu úr Byggingarsjóði ríkisins eða húsbréfadeildinni af hverju á einvörðungu að takmarka lánveitingar til lögbýla við þá sem eru undir tilteknum tekjumörkum?

Síðan eru ákveðnir annmarkar á þessu sem ég sé strax og getur komið upp, við skulum svo sem ekki segja að verði en við skulum ekki útiloka það af því að þetta er hugsað þannig að Húsnæðisstofnun ætlar að lána sveitarfélaginu og sveitarfélagið ætlar síðan að endurlána þeim sem býr í íbúðinni og á að kaupa hana, að ef sveitarfélagið stendur ekki við sínar skuldbindingar gagnvart Húsnæðisstofnun eða Byggingarsjóði verkamanna, þ.e. sveitarfélagið borgar ekki af lánunum, þá er stofnuninni heimilt að gjaldfella lánin en þá bitnar málið á kaupandanum sem kannski hefur staðið í fullum skilum gagnvart sveitarfélaginu.

Í 3. mgr. 4. gr. segir að vextir af lánum Byggingarsjóðs verkamanna til sveitarfélaganna eigi að endurskoðast að liðnum 6 árum og breytast til samræmis við vexti á almennum lánum úr Byggingarsjóði ríkisins o.s.frv. Þessir vextir breytast ef sveitarfélagið uppfyllir ekki þá lagaskyldu að sýna fram á að sá sem býr í íbúðinni eigi rétt á að búa við óbreytta vexti. Þegar sveitarfélagið stendur sig ekki í verkinu sem auðvitað getur gerst, þá bitnar það á þeim sem býr í íbúðinni og ræður ekki neinu um það. Það gæti verið að viðkomandi væri þannig tekjulega séð að hann ætti rétt á að vera áfram með 2,4% vexti en sveitarfélagið hafi vanrækt það að senda tilskilin gögn til stofnunarinnar og þá hækka vextir eftir sem áður.

[18:15]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. hefur svarað því sem ég spurði um áðan að ekki væri fyrirhugað að fara með fjármagn byggingarsjóðanna á erlendan markað en enn er þó eftir að fá svör við því hvers vegna verið er að rýmka þetta þar sem ekki er hægt að sjá það í fljótu bragði að þessir sjóðir geti ávaxtast betur í öðrum lánastofnunum en Seðlabanka Íslands. Þar hlýtur öryggi sjóðanna líka að vera hvað mest. Það má því heita nokkuð undarlegt að það sé verið að fara fram á þetta hér með sérstökum lagabreytingum.

Ég vildi annars frekar gera að umtalsefni 3. og 4. gr. um að nú sé hægt að veita félagsleg íbúðalán til lögbýla í gegnum sveitarfélög. Það hefur verið rakið á undan mér sumt af því sem ég hafði tekið eftir af hv. 5. þm. Vestf. en einmitt í ljósi þess sem kom fram í hans máli þá virðist mér að hér sé verið að setja upp millilið sem geti valdið þeim sem situr síðan hugsanlega í þessu húsnæði miklum erfiðleikum og þarna sé verið að breyta tilhögun með félagslegt íbúðarhúsnæði þannig að þetta sé þeim sem býr í húsnæðinu mjög í óhag.

Ég held að það þurfi mjög nákvæmrar skoðunar við hvort það ákvæði sem hér er verið að breyta í sambandi við félagslegar íbúðir sé ásættanlegt. Það er mjög sérkennilegt að sveitarfélagið eigi að bera ábyrgð á þessu með öllum sínum eignum en jafnframt gilda ekki um sveitarfélagið ákvæði þessara laga um kaupskyldu og forkaupsrétt sveitarfélaga á eigninni. En sveitarfélagið á að standa algerlega ábyrgt fyrir lánum til þessara bygginga. Mér finnst þarna stangast á. Ég verð að játa það. Og mér sýnist þessi ákvæði sem hér eru sett upp geti orðið til þess að bæði kaupendur hugsi sig um oftar en tvisvar og einnig hitt að sveitarfélög telji sig naumast geta tekið á sig þessa ábyrgð.

Í athugasemdum við lagafrv. er mikið rætt um að hugsanlegt sé að þetta einnig vegna heilsuspillandi húsnæðis á lögbýlum sem, eins og hér segir, hafi komið í ljós að leynist víða í sveitum landsins. Aftur á móti var *afnumið með lögum frá 1990 um félagslegar íbúðir* að veita sérstök lán til útrýmingar á slíku húsnæði. Og mér sýnist þá frekar eðlilegra að taka aftur upp það ákvæði sem var í lögunum um sérstakar lánveitingar til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði heldur en búa til einn nýjan lánaflokk sem líklega verður að mörgu leyti erfiður í framkvæmd bæði fyrir sveitarfélög og þá sem hugsanlega kaupa.

Þarna er líka verið að breyta því sem er í lögunum í dag að endurskoðun fari fram eftir 3 ár eða 5 ár á fjárhagslegri stöðu þeirra sem kaupa íbúðir í þessu kerfi af Byggingarsjóði verkamanna og hvort þeirra fjárhagsstaða hafi batnað þannig að þeir eigi að taka á sig hærri vexti. Þarna er líka verið að setja upp nokkuð ógreiða leið að því að fylgja þeim ákvæðum eftir ef við skoðum það.

Hins vegar vil ég lýsa því yfir um 5. gr. að ég tel að þar sé verið að bæta fyrir afglöp sem gerð voru við breytingu á ákvæðum um skyldusparnað á síðasta þingi. Ég tel að þar sé verið að fara inn á rétta braut sérstaklega hvað varðar námsmenn. Ég veit t.d. um námsmenn sem eru í þeirri aðstöðu að foreldrar þeirra hafa misst vinnu og geta þar af leiðandi ekki aðstoðað þá við byrjun í námi þar sem lánasjóðurinn kemur ekki inn heldur fyrr en eftir á. Þeim hefur verið gert erfitt fyrir að hefja nám. Þeir hafa ekki aðstoð foreldra og geta ekki notað það fjármagn sem þeir eiga inni í skyldusparnaði vegna þess að það hefur verið þeim lokað. Og námsmönnum finnst auðvitað mjög erfitt að sætta sig við að þeir skuli eiga kannski milljón í skyldusparnaði í Húsnæðisstofnun en geti ekki notað hana til þess að fjárfesta í sínu námi og ná ekki þeim peningum út og bæði námsmenn og foreldrar hafa verið ósáttir við þessa skipan mála. Ég vænti þess að þetta verði þannig til að leiðrétta það a.m.k.

Ég held að þetta frv. þurfi að skoðast vel, sérstaklega ákvæðin um Byggingarsjóð verkamanna sem hér er verið að breyta og ég vænti þess að það verði skoðað vel og vandlega í félmn.

[18:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög athyglisverð umræða sem hér á sér stað og afar umhugsunarvert mál sem er á dagskrá eins og fram hefur komið í máli ræðumanna sem eru við umræðuna.

Ég hef ekki mjög miklu við þetta að bæta en þó vill svo til að ég hef nokkra reynslu af því að vinna í hinu félagslega húsnæðiskerfi. Bæði átti ég sæti í stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík um nokkurra ára skeið og eins vann ég í þeirri nefnd sem endurskoðaði lögin um félagslega húsnæðiskerfið fyrir nokkrum árum síðan. Eins og við mátti búast komu upp ýmis atriði sem þurfti að lagfæra eftir þá breytingu og það hefur verið tekið á því smám saman.

Mér þykir mjög athyglisverð sú tillaga sem fram kemur í frv. um að veita heimild til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði í sveitum landsins þó, eins og fram hefur komið, þurfi að skoða það rækilega hvernig að því verði staðið. En vegna þess sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur, *var staðan sú þegar lögin voru endurskoðuð* síðast að það voru orðin svo örfá dæmi um heilsuspillandi húsnæði, umsóknirnar voru orðnar svo fáar, að það var ekki talin þörf á því að þessi lánaflokkur yrði áfram til staðar. Síðan hefur komið í ljós vegna þess hvernig menn hafa horft á þetta félagslega kerfi sem fyrst og fremst þjónustu við íbúa þéttbýlisins að mönnum hefur hreinlega yfirsést að það þyrfti einhverjar aðgerðir til þess að bæta húsnæði í sveitum. Þar af leiðandi get ég ekki annað en tekið undir þessa tillögu og mér finnst það vera hið besta mál að aðstoða fólk í sveitum landsins til þess að útrýma heilsuspillandi húsnæði enda uppfylli ábúendur eða leiguliðar þau skilyrði sem sett eru í 64. gr. laganna um Húnæðisstofnun ríkisins og ákvæðum ábúðarlaga.

Vegna þeirra spurninga sem hér komu fram áðan í máli hv. þm. Kristins Gunnarssonar þá þarf auðvitað að skoða það í samhengi hvaða lög gilda um ábúendur, um lögbýli og þá sérstöku stöðu sem eigendur jarða eru í. Þetta getur auðvitað rekist á en í 64. gr. laganna um Húsnæðisstofnun ríkisins eru talin upp þau skilyrði sem fólk þarf að uppfylla til þess að eiga rétt á félagslegri íbúð en síðan segir í lögunum: „Heimilt er að víkja frá ákvæðum a-liðar þegar um er að ræða umsækjendur sem búa við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu.“ Það er auðvitað þetta sem verið er að vísa til en það fólk sem hér um ræðir, þarf að uppfylla önnur skilyrði, þ.e. um tekjur. Ef eignin eða hluti eignarinnar telst vera heilsuspillandi húsnæði dugar það til þess að þeir teljast falla undir ákvæði laganna. Eins og ég segi finnst mér þetta vera athyglisvert mál og ég efa ekki að þörfin er einhver.

Eins og flestir þingmenn minnast var hér á árum áður oft mikil umræða um húsnæðismál og það húsnæðiskerfi sem við búum við en af ýmsum ástæðum hefur dregið mjög úr þeirri umræðu og það er umhugsunarvert hvers vegna það er. Höfum við minni áhyggjur af þessum málum eða er ástandið miklu betra en var eða hvað hefur gerst? Mér datt einmitt í hug þegar ég var að hlusta á umræðuna að það veitti auðvitað ekkert af því að við á Alþingi færum yfirferð yfir húsnæðismálin og reyndum svolítið að átta okkur á því hver staðan er núna. Hver hefur þróunin verið á undanförnum árum? Ekki síst þurfum við að fá svör við spurningum eins og þeim hver þörfin er fyrir félagslegt húsnæði í landinu. Og sú efnahagsþróun sem við höfum horft upp á á undanförnum árum segir mér það að sú þörf hlýtur að vera vaxandi. Þá er spurningin sú hvort þau skilyrði sem kveðið er á í núgildandi lögum séu hugsanlega of þröng eða hversu langt það fjármagn sem veitt er til hins félagslega húsnæðiskerfis dugar.

Það vaknar líka sú spurning: Hver hefur þróun nýbygginga verið á undanförnum árum? Ég hef einfaldlega ekki séð neinar tölur yfir þetta. Menn hafa verið að gera úttekt á húsbréfakerfinu aftur og aftur, ekki síst vegna þeirrar umræðu sem hefur orðið um það en umræðan hefur snúist mest um hin efnahagslegu áhrif húsbréfakerfisins, áhrif á vextina og áhrif á lánamarkað og vaxtabótakerfið. Menn hafa kannski síður spurt sig þeirrar spurningar hvort húsbréfakerfið fullnægir þörfinni. Lendir stór hópur á milli þessara tveggja kerfa, húsbréfakerfisins og félagslega húsnæðiskerfisins eða hver er staðan í raun og veru? Ég ætla ekki að fara að krefja hæstv. félmrh. svara við þessum stóru spurningum hér og nú en í rauninni er tímabært að fara að skoða þessi mál í samhengi.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna 1. og 2. gr. frv. þar sem verið er að leita eftir heimild til þess að ávaxta fé húsnæðissjóðanna með öðrum hætti en gert hefur verið. Þetta vakti spurningar í mínum huga því að það kemur mér mjög á óvart ef þessir sjóðir liggja með mikla peninga og eru í vandræðum með að ávaxta þá því að við vorum rétt fyrir jól að afgreiða lánsfjárlög sem kváðu á um lántökur upp á fleiri milljarða fyrir báða þessa sjóði. Þeir eru báðir að nota það fé til að greiða eldri lán og til lánveitinga, Byggingarsjóður ríkisins fyrst og fremst til þess að greiða upp eldri lán en Byggingarsjóður verkamanna að hluta til til að borga sín lán og að hluta til til lánveitinga. Ef innstreymið í sjóðinn er það mikið að þar sé fé til að ávaxta, þá á fyrst og fremst að nota það til að draga úr þessum lántökum. Mér kemur því nokkuð spánskt fyrir sjónir eins og fleiri þingmönnum sem hafa talað í þessari umræðu, hvaða fé þetta er sem á að reyna að ávaxta á þennan hátt.

Að lokum vil ég bara ítreka það sem ég hef sagt að ég er sammála þeirri meginhugsun sem felst í 3. og 4. gr. frv. varðandi lánveitingar til lögbýla, en eins og ég nefndi þá þarf að skoða þessar tillögur í samhengi við þau lög sem gilda um lögbýli, en auðvitað erum við líka í þessu samhengi að horfa á hina erfiðu stöðu landbúnaðarins og þá erfiðleika sem margt bændafólk hefur orðið að ganga í gegnum. Ég vona svo sannarlega að þessi breyting nái fram að ganga og megi verða þeim ábúendum og leiguliðum sem á þurfa að halda til góðs.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna fyrirspurnar vill forseti upplýsa að engin önnur mál verða tekin fyrir á þessum fundi en það mál sem hér er til umræðu.

[18:32]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er nú aðeins til að ljúka því sem ég kom ekki að í fyrri ræðu minni og mig langaði til að benda á. Það er í fyrsta lagi varðandi skyldusparnaðarákvæðið. Það er auðvitað eðlilegt að lögð sé til sú breyting að rýmka um endurgreiðslu á skyldusparnaði í ljósi atvinnuleysis t.d., en í raun hefði það átt að vera mönnum jafnljóst í fyrra eins og nú þannig að mér þykir og ég vil endurtaka það að hér hafi menn ekki vandað sig nægilega við lagasmíðina í fyrra. Það breytir því hins vegar ekki að menn eiga auðvitað að standa að því að breyta lögum nú eins og þörf er á.

En ég vil segja um breytinguna í 5. gr. frv. að þar finnst mér þurfa að rýmka meira heldur en þarna er lagt til því að breytingin í 5. gr. nær ekki til þess að mínu mati þegar svo stendur á að veikindi eða atvinnuleysi foreldra ungmennis sem á skyldusparnaðinn á í hlut. Það er bara átt við ef viðkomandi skyldusparandi, ungmennið verður atvinnulaust eða verður veikt, þá sé heimilt að greiða því út en ekki þegar svo stendur á, eins og því miður eru dæmi um. Ég hef líkt og margir aðrir þingmenn fengið upphringingar núna síðustu daga frá fólki sem er í þessari stöðu og spyr hvaða horfur séu á breytingum til að mæta einmitt nákvæmlega þessu skilyrði þar sem á heimili býr unglingur auk foreldra þar sem báðir eða allir aðilar eru atvinnulausir, svo ég hafi nú eitt „konkret" dæmi. Og veikindi geta verið hjá foreldrum sem gera það að verkum að heimilishaldið verður allt miklu erfiðara vegna minni tekna og ungmenni sem á skyldusparnað getur þurft að búa við afar litla vinnu án þess að vera formlega séð atvinnulaust. Og eins líka, og það finnst mér of stíft, að menn þurfi að hafa 6 mánuði til að sanna það að þeir eigi að fá endurgreiðslurétt því að það segir í textanum að atvinnuleysi skuli hafa varað í a.m.k. 3 mánuði samtals síðustu 6 mánuði þannig að það getur liðið ansi langur tími þar til rétturinn stofnast til að fá endurgreitt. Ég nefni þetta af því að ég tel að við þurfum að huga að því að breyta þessum lagatexta í þá átt að rýmka eilítið þarna um.

Þá vil ég aðeins ræða betur um 4. gr. Hún er dálítið snúin og ég held að menn ættu að velta henni vel fyrir sér. Ég bendi á það sem kemur fram í skýringum að í þeim tilvikum sem landeigandi og ábúandi er ekki sami aðilinn, þá getur komið upp dálítið skondin staða. Þannig er að ef jörðin er ekki nægjanlega hýst þannig að íbúðarhúsnæðið fullnægir ekki þeim kröfum sem menn gera og sá sem er ábúandi vill byggja nýtt íbúðarhúsnæði, þá verður hann fyrst að láta land-

eigandann vita og landeigandi ákveður hvort hann kostar þessa endurbyggingu eða ekki. Og þá spyr ég: Ef landeigandi ákveður að kosta þessa endurbyggingu, á hann þá ekki rétt á því að fá lán, hvort heldur úr Byggingarsjóði ríkisins eða Byggingarsjóði verkamanna til að kosta þá uppbyggingu? Við getum líka breytt dæminu: Hafi verið veitt lán og byggð íbúð fyrir ábúanda sem uppfyllti skilyrði 64. gr. þessi ábúandi hverfur síðan af jörðinni og landeigandi tekur við, hvað gerist þá? Þá samkvæmt frv. þar sem segir í lokamálsgrein 4. gr. er ekki um að ræða forkaupsrétt sveitarfélags þannig að lánið hlýtur að ganga til landeiganda. Nú getur landeigandi verið efnaður maður og uppfyllt á engan hátt ákvæði 64. gr. Hvað gera menn þá? Svona atriði verða menn að hugsa fyrir. Þannig að ég held að menn verði að skoða þetta nokkuð vel og ég held að menn lendi í svona vandræðum vegna þess að við erum með kerfi þar sem hin félagslegu réttindi eru bundin steypunni. Við höfum bundið félagslegu réttindin við íbúðina sjálfa, þ.e. viðkomandi flytur þau ekki með sér heldur verður íbúðin sem slík ákveðin félagsleg íbúð, svo er skipt um fólk í henni og fólki raðað inn í íbúðina eftir því hvað passar. En af því að við erum með þetta kerfi svona, steypufélagsleg réttindi, þá getum við lent í verulegum vandræðum með svona útvíkkun eins og þarna er lagt til af því að hún á auðvitað að byggjast á persónulegum högum. Það er kannski flóknara mál að fara yfir það í heild sinni.

Þá held ég að ég hafi komið þeim atriðum til skila, virðulegi forseti, sem ég ætlaði að nefna varðandi þetta frv., en ég vil þó segja að lokum og minna á að þegar verið var að taka lögin í gegn í fyrra með sérstöku frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, þá óskaði húsnæðismálastjórn eftir tilteknum lagabreytingum í leiðinni úr því að menn væru á annað borð að breyta lögum. Við því var ekki orðið. Hæstv. félmrh. og liðsmenn hans urðu ekki við þeirri ósk að svo stöddu með þeim svörum að það yrði tekið upp sérstaklega á næsta þingi. Og ég spyr fyrst svo var gert og nú er komið sérstakt frv. til að mæta þeim óskum um lagabreytingar: Hvers vegna eru þá ekki þær lagabreytingar sem óskað var eftir við ráðherra að yrðu fluttar? Ég nefni: Hvers vegna er ekki orðið við þeirri ósk húsnæðismálastjórnar að breyta ákvæðum laga um almennar kaupleiguíbúðir þannig að það verði eitt lán upp á 90% af byggingarkostnaði til 43 ára í stað þess að vera með lán upp á 70% og svo annað upp á 20% sem er bara til fimm ára ef um kaup á íbúð er að ræða? Þetta skiptir verulegu máli hvað varðar greiðslubyrði.

Ég get svo sem nefnt fleira sem óskað var eftir að yrði flutt en ráðherra hefur greinilega ekki tekið inn í sitt frv., en ég læt það duga að spyrja að þessari tilteknu ósk.

[18:40]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fara nokkrum orðum um það sem fram hefur komið í þessari umræðu. Fyrst það síðasta sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. þar sem hann nefnir ýmsar aðrar breytingar sem fram hafi komið ósk um frá húsnæðismálastjórn til breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Því er til að svara að það var nefnd sem vann það að skoða félagslega íbúðakerfið og reynsluna af þeim lögum. Hún lagði í það mikla vinnu, heimsótti húsnæðisnefndir vítt og breitt um landið til að fá frá þeim ábendingu. Um það var skilað skýrslu á sl. ári þar sem fram komu ýmsar tillögur um breytingar á félagslega íbúðakerfinu í ljósi reynslunnar. Ég skipaði starfshóp, m.a. með aðild Sambands sveitarfélaga og Húsnæðisstofnunar af því að ýmis ákvæði sem þar voru lögð til sneru mikið að sveitarfélögunum. Þessi nefnd er að störfum. Hún hefur ekki lokið sínu verki, ekki skilað til mín sínum tillögum í frumvarpsformi og þess vegna er það að ég taldi ekki ástæðu til að taka þessa tillögu sem hv. þm. bendir á að húsnæðismálastjórn hefur lagt til fyrr en sú nefnd hefur lokið sinni vinnu. Aftur á móti taldi ég brýnt að taka þarna inn þrjú ákvæði, en þó sérstaklega tvö þeirra. Það er einkum og sér í lagi það sem ég legg áherslu á, það er ákvæðið um að rýmka fyrir útgreiðslu á skyldusparnaði sem ég tel mjög brýnt. Ef félmn. telur sig þurfa einhvern tíma til þess að skoða það ákvæði sem nokkuð hefur verið hér til umræðu um lán til endurbóta eða útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði vegna lögbýla, þá tel ég að það þurfi að taka þetta ákvæði út sérstaklega vegna þess að það er nokkur hópur fólks sem bíður eftir því, eins og fram hefur komið í umræðunni hjá ýmsum sem hér hafa talað, sem bíður eftir því að þetta ákvæði verði að lögum. Við erum að tala um 400 manns a.m.k. og þar af er stærsti hlutinn atvinnulaust ungt fólk. Ég legg því áherslu á það að ef nefndin telur sig þurfa einhvern tíma þá skoði hún það sérstaklega hvort ekki megi hliðra til um að veita því ákvæði sem ég hér nefndi sérstakan hraða hérna í gegnum þingið.

Hitt ákvæðið sem snýr að lögbýlunum er tekið sérstaklega upp. Það var að vísu í tillögum nefndarinnar og það er tekið upp með sama hætti og nefndin lagði til í sinni skýrslu. Það er tekið upp með sama hætti inn í þetta frv. Það var m.a. gert vegna þess að komið hafði fram hér í umræðum að það lægi mjög mikið á því að hraða slíku ákvæði í gegnum þingið. M.a. benti hv. 4. þm. Suðurl. á það og var þá með sérstaklega í huga ákveðið tilvik á Suðurlandi.

Þegar farið var að skoða það vandamál sem er í kringum þessi lögbýli þá var það mat Húsnæðisstofnunar að hér væri um mjög fá tilvik að ræða. Það voru nefnd tvö, þrjú eða fjögur tilvik sem um væri að ræða. En lögfræðingar Húsnæðisstofnunar og félmrn. fóru mjög vel yfir þetta mál og athuguðu hvort það væri ekki með einhverjum hætti hægt á grundvelli núgildandi laga að veita lánafyrirgreiðslu vegna félagslegra íbúða og útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði á lögbýlum, og það var samdóma álit þessara lögfræðinga að það væri ekki hægt og það þyrfti að breyta lögum til þess.

Hér hefur verið spurt um það hvort frv. sem Margrét Frímannsdóttir hefur flutt sé sambærilegt eða hver sé mismunurinn á því og hvort ég telji þá að þetta ákvæði fullnægi því sem fram kemur í frv. hv. þm.

Margrétar Frímannsdóttur. Þau eru ekki sambærileg en ég tel engu að síður að það fullnægi því sem vakti fyrir þingmanninum með flutningi þessa frv.

Ég vil rifja það upp að þetta ákvæði um lán til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði var í lögum um Byggingarsjóð ríkisins. Þegar almenna lánakerfið, 86-kerfið var lagt niður, þá stóðu þarna eftir tilteknir lánaflokkar en það var samdóma álit þeirra sem um þetta mál fjölluðu að það væri nægjanlegt að flytja þetta ákvæði varðandi útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði yfir í félagslega íbúðakerfið. Og við þá athugun sem fram hefur farið á því, hvort það nægi, er það mat þeirra sem um málið fjalla í Húsnæðisstofnun að það nægi vegna þess að þegar sveitarfélög sækja um lán til félagslegra íbúða, þá tilgreina þau aðstæður og ástæður og þá er lögð áhersla á að það sé þá sett í forgang ef um er að ræða lán til félagslegra íbúða sem er lánað til einmitt til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði. Þannig að þessi heimild sem er fyrir hendi varðandi útrýmingu á heilsuspillandi húsnæði er talin nægjanleg í félagslega íbúðakerfinu. Þarna standa eftir ákveðin tilvik og það eru menn að reyna að leysa með því ákvæði sem hér er fyrir hendi. Og ég viðurkenni það alveg fúslega að það er ekki um neitt einfalt mál að ræða.

Menn hafa spurt: Á að setja lög eða ákvæði í kringum örfá tilvik eins og hér er um að ræða? Ég segi já, vegna þess að þetta er vandamál sem þarf að leysa jafnvel þó að málið geti verið flókið. Það er um misjmun að ræða og ítarlegar skýringar fylgja 3. og 4. gr. frv. einmitt við þetta ákvæði til þess að skýra út hvers vegna þarf að fara með þessa lánafyrirgreiðslu með öðrum hætti heldur en önnur félagsleg lán til íbúðarkaupa. Aðstæður á lögbýlum eru allt aðrar heldur en þegar um er að ræða hefðbundna lánafyrirgreiðslu til félagslegra íbúða vegna þess að íbúðarhúsnæðið er ekki sjálfstæð eining heldur hluti jarðarinnar og þá koma til önnur lög sem þarf að hafa hliðsjón af eins og t.d. ákvæði ábúðarlaganna.

Það er einmitt bent á að skoða verði sérstaklega að ábúendur á lögbýlum geta stundum og oft á tíðum verðið leiguliðar og þá gilda um réttarstöðu þeirra gagnvart landeigendunum ákvæði ábúðarlaganna sem nauðsynlegt er að skoða og taka tillit til við ákvörðun um lánveitingar. Þannig þarf einnig að skoða það ef jörð er í erfðaábúð, þá er landeiganda þó ekki skylt að láta jörðinni fylgja önnur hús en þau sem eru á jörðinni, þannig að það er ýmislegt sem þarf að taka tillit til í þessu sambandi. Hér er náttúrlega alveg ljóst að við byggingu á lögbýlum hagar svo til að framkvæmdaraðili er kannski ekki eigandi að byggingarlóðinni.

Ég vænti þess að félmn. fjalli sérstaklega um það og þá þær ábendingar sem hér hafa komið fram sem ég held nú að sumar séu til komnar vegna þess að menn athugi kannski ekki þær hindranir sem eru í öðrum lögum sem ég hef hér nefnt.

Ég vil ítreka það að a.m.k. í einu eða tveimur tilvikum, þau eru ekki mörg, er nokkuð beðið eftir því líka að þetta ákvæði verði að lögum en ég vænti þess þó að ef menn telja þetta eitthvað flókið og telja sig þurfa tíma til að skoða þetta, þá skoði menn ákvæðið varðandi útgreiðsluna á skyldusparnaðinum sérstaklega.

Vegna þess að nokkuð hefur verið rætt um það, og mér finnst ákveðinnar tortryggni gæta í málflutningi sumra ræðumanna varðandi þá heimild sem hér er beðið um sem felur í sér að það megi ávaxta fjármagn sjóðanna með öðrum hætti heldur en eingöngu hjá Seðlabanka, þá vil ég í fyrsta lagi geta þess af því að menn segja að þarna séu til fjármunir til að ávaxta þegar hér er verið að taka lán til þess að halda uppi húsnæðiskerfinu, að þá er það svo að það er ákveðið fjármagn sem myndast reglulega í ákveðinn tíma, að vísu ekki langan, út af fyrir komulagi á inn- og útgreiðslum í húsbréfakerfinu og útdráttarfyrirkomulaginu. Hér getur verið um að ræða í þó nokkurn tíma fjármuni kannski upp á 1–2 milljarða. Þessi breyting er fyrst og fremst lögð til vegna ábendingar Ríkisendurskoðunar sem telur að það sé eðlilegt að byggingarsjóðirnir hafi þann möguleika þegar við erum komin með fjölbreytt sparnaðar- og ávöxtunarform hér í þjóðfélaginu að hann hafi annan möguleika til þess að ávaxta sitt fjármagn heldur en að binda það eingöngu við Seðlabankann. Og Ríkisendurskoðun segir í bréfi til Húsnæðisstofnunar að samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum þá fylgi vaxtakjör á reikningum meðaltali vaxta á almennum sparisjóðsbókum hjá bönkunum. Síðar kemur fram í þessu áliti Ríkisendurskoðunar að ef um er að ræða að innstæður sjóðanna hjá Seðlabankanum séu miklar á ákveðnu tímabili, eins og vissulega getur verið núna, þá megi fullyrða að ávöxtun fjármuna sé ekki í samræmi við þá ávöxtunarmöguleika sem í boði eru annars staðar. Þeir segja hér að ef horft sé til lengri tíma þá vakni sú spurning hvort eðlilegt sé að binda í lög hver annast skuli vörslu á lausafjármunum byggingarsjóðanna. Það er því eingöngu verið að biðja um breytingu á þessu ákvæði, að Húsnæðisstofnun sé ekki alfarið bundin við að ávaxta sitt fjármagn hjá Seðlabankanum heldur hafi aðra kosti ef boðið er upp á betri ávöxtun annars staðar.

Það er hugsanlegt að að hluta til verði þessu beitt gagnvart einhverri ákveðinni upphæð sem Húsnæðisstofnun hefur til ráðstöfunar í einhvern tíma og einhver ákveðinn hluti verði annars staðar. Það er alls ekkert verið að útiloka Seðlabankann með þessu ákvæði heldur að fleiri valkostir séu fyrir hendi.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti til að hafa um þetta fleiri orð. Ég tel mig hafa skýrt það sem hér hefur komið fram og ítreka að ég legg áherslu á að a.m.k. ákvæðinu gagnvart skyldusparnaðinum verði hraðað hér í gegnum þingið.

[18:53]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. félmrh. hefur nú heldur svona bætt í en hitt með þeim upplýsingum sínum að nefnd sem hafi verið skipuð til að fara yfir þessa löggjöf hafi ekki lokið störfum þannig að menn eigi kannski von á að það komi enn eitt frv. Kemur það kannski á næsta þingi eða áður en þessu þingi lýkur?

Þetta er auðvitað ekki hægt, virðulegi forseti, að menn séu með húsnæðislöggjöf undir á hverju einasta

þingi og einhverjar smábreytingar eða stórar eftir atvikum og skilji eftir aðrar breytingar og séu að geyma þær til næsta þings. Auðvitað verða menn einhvern tímann að taka á málunum í heild. Mér finnst satt að segja uggvænlegt að þurfa að horfa fram á að vera með þessa húsnæðislöggjöf á hverju þingi, eitt eða tvö frv. frá hæstv. félmrh., allt eftir því hvernig liggur á ráðherranum gagnvart stofnuninni eða þeim sem frv. beinist gegn. Oft er það nú þannig því miður.

En mig langar til að segja varðandi það sem kom fram hjá ráðherranum að ég tel það alveg sjálfsagt ef málið þarf nokkra skoðun í nefnd að taka ákvæðið um skyldusparnað og flýta því frá nefndinni þó með þeim viðbæti af minni hálfu að ég tel að við þurfum jafnvel að rýmka endurgreiðsluákvæðið. Mér finnst það í raun og veru rökstuðningur fyrir því að kljúfa frv. í sundur í afgreiðslu nefndarinnar að við eigum hugsanlega von á fleiri brtt. frá hæstv. ráðherra eða öðru frv. Það væri bara tímasparnaður og að mörgu leyti betra fyrir þingið að taka það saman. En ég tel að það væri nægjanlegt til að byrja með að afgreiða frv. hv. 4. þm. Suðurl. um lögbýlin. Ég held að það mundi taka á þeim tilvikum sem uppi eru, ég þykist vita það alveg hreint og klárt því það hefur verið athugað, en sú leið sem lögð er til í frv. er svo flókin að menn þurfa dálítinn tíma til að skoða hana.

Ég vildi svo að lokum ítreka tvær spurningar til virðulegs ráðherra: Er það rétt skilið hjá mér að það sé einungis heimilt að lána til einnar íbúðar á viðkomandi í lögbýli? Í öðru lagi: Er ekki heimilt að lána til íbúðarbyggingar á lögbýli úr Byggingarsjóði ríkisins eða húsbréfadeild?

[18:56]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að það er gagnrýnt af síðasta ræðumanni að verið sé að koma inn hér með frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins án þess að tilbúin sé sú heildarendurskoðun sem við höfum gengið í gegnum og frv. þar að lútandi, þá vænti ég þó að hv. þm. geti verið sammála mér að það geta verið þau ákvæði og þær ástæður að það sé knýjandi að koma með málið inn með þessum hætti eins og hér er gert og þá á ég við sérstaklega ákvæðið varðandi skyldusparnaðinn.

Ég á ekkert sérstaklega von á að það sé hægt að afgreiða einhverjar heildarbreytingar varðandi félagslega íbúðakerfið á þessu þingi. Þá er alveg ljóst að ákvæði eins og varðandi skyldusparnaðinn geta ekki beðið fram á næsta haust. Ég geri einnig ráð fyrir því að það sé erfitt að láta ákvæði varðandi lögbýli bíða vegna þess að það eru þarna eitt eða tvö tilvik sem taka þarf sérstaklega á með eins miklu hraði og hægt er.

Varðandi það að samþykkja frv. hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur þá tel ég það afturhvarf til þess sem við vorum að breyta á sínum tíma þar sem við erum raunverulega að fækka og hætta þessum lánafyrirgreiðslum úr Byggingarsjóði ríkisins en hér er lagt til að lánaflokkurinn verði aftur tekinn upp í gegnum Byggingarsjóð ríkisins og ég hef fært rök fyrir því af hverju þessi breyting var gerð. Þannig að ég legg áherslu á það að til þess að koma til móts við það fólk sem þarf á að halda lánum til íbúðarbyggingar og býr á lögbýli verði þessi leið skoðuð sem hér er lögð til.

Varðandi það hvort það sé þá heimild í Byggingarsjóði ríkisins eða almenna lánakerfinu varðandi heilsuspillandi húsnæði þá var gert ráð fyrir að almenna kerfið, húsbréfakerfið, dygði í því sambandi, ekki síst eftir að það kom heimild til endurbótalána.

[18:58]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég harma að ekki sé von á að orðið verði við óskum húsnæðismálastjórnar um flutning á lagabreytingartillögum af hálfu hæstv. félmrh. Það hefur t.d. verið beðið eftir því að lögum yrði breytt hvað varðar almennu kaupleiguíbúðirnar en ákvæðið eins og það er í dag, með tvískiptum lánum þar sem annað lánið er til mjög skamms tíma eða aðeins fimm ára ef íbúð er keypt, hefur verið afar bagalegt. Ég harma það ef hæstv. ráðherra hyggst ekki verða við ósk um það á þessu þingi, sérstaklega í ljósi þess að það var notað sem röksemdafærsla fyrir því á síðasta þingi að taka ekki þessar óskir til umræðu og afgreiðslu að von væri á heildarendurskoðun af hálfu ráðuneytisins.

Ég ítreka að það er að mínu viti nægjanlegt og hefði fyrir löngu verið hægt, ef vilji hefði verið fyrir hendi, að afgreiða það frv. sem liggur fyrir á þskj. 4 og var líka fyrirliggjandi á síðasta þingi. Ég er ekki viss um það hins vegar að sú leið sem lögð er til í frv. hæstv. ráðherra dugi að öllu leyti eins og ætlast er til þó það sé auðvitað meiningin og markmiðið. En það er nú stundum svo að ekki ná menn nú alltaf markmiðum sínum og leiðin er býsna flókin og erfitt að átta sig á henni til hlítar nema með mikilli yfirlegu. En hitt liggur ljóst fyrir að það frv. sem legið hefur hér fyrir frá því á fyrstu dögum þingsins er fullnægjandi, a.m.k. í þeim tilvikum sem vitað er um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1., 4. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 19:00.

---

81. FUNDUR

miðvikudaginn 2. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

2. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 272. mál, þskj. 332. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

4. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 215, nál. 394 og 528, brtt. 395. — 2. umr.

5. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391. — 1. umr.

6. Flutningur verkefna Vitastofnunar Íslands, frv., 323. mál, þskj. 514. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Eyjólfur Konráð Jónsson, 4. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Útbýting þingskjala:

Lagaráð Alþingis, 338. mál, þáltill. PP, þskj. 530.

Markaðsátak í rafmagnssölu, 336. mál, fsp. EKG, þskj. 527.

Rannsóknir og þróun í fiskvinnslu, 335. mál, fsp. AKG, þskj. 526.

Veiðar á ref í friðlandinu á Hornströndum, 337. mál, fsp. RG, þskj. 529.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 2. febr. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Alþfl. í Reykjaneskjördæmi, Jón Gunnarsson oddviti, Vogum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Guðmundur Árni Stefánsson heilbr.- og trmrh."

Kjörbréf Jóns Gunnarssonar hefur verið rannsakað og samþykkt. Hann hefur hins vegar ekki áður tekið sæti á Alþingi og ber því skv. 2. gr. þingskapa að vinna drengskaparheit að stjórnarskránni.

Jón Gunnarsson, 6. þm. Reykn., undirritaði drengskaparheit um að halda stjórnarskrána.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Jón Gunnarsson hefur undirritað drengskaparheit að stjórnarskránni og er boðinn velkominn til starfa á Alþingi.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Framlagning frumvarps um innflutning búvara.

[13:36]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. Spurning mín er þessi: Hvenær er þess að vænta að ríkisstjórnin leggi hér fram á Alþingi frv. sem lokar þeirri smugu sem meiri hluti Hæstaréttar fann á löggjöfinni varðandi innflutning búvara?

Það er gjörsamlega óþolandi ástand sem við búum við. Við erum búin að bíða eftir þessu frv. í tíu daga og það bólar ekki á því enn þá. Landbúnaðurinn er í uppnámi á meðan svo stendur. Yfirlýsingar ráðherra ganga kruss og þvers. Landbrh. fullyrti áður en þing kom saman að það yrði sitt fyrsta verk að leggja þetta frv. fram þegar Alþingi kæmi saman. Það hefur ekki gerst enn og hefur þó málið borið hér á góma á hverjum degi. Spurning mín er þessi: Hvenær mun þetta frv. koma?

[13:38]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna þessarar fyrirspurnar hv. 1. þm. Norðurl. v. vil ég taka fram að slíkt frv. verður vonandi lagt fram í dag, ef það næst fyrir kl. fjögur, ella á morgun.

[13:38]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég bíð þess með mikilli óþreyju að þetta frv. komi fram í dag. Við munum fylgjast grannt með því. Ef frv. verður ekki komið í fyrramálið þá hljótum við að grípa til annarra aðgerða og fá hér afgreitt frv. frá tveimur stjórnarandstöðuþingmönnum sem við vitum að er mikill meiri hluti fyrir í þinginu.

Ég verð að játa það að ég tek með dálitlum fyrirvara fyrirheit og tímasetningar hæstv. forsrh. Hann hefur sagt hér ýmislegt um þyrlukaup, hann hefur reyndar sagt ýmislegt um þetta búvörulagafrv. líka en ég lifi í voninni fram til kl. fjögur a.m.k. að bíða eftir þessu frv.

Vandi skipasmíðaiðnaðarins.

[13:39]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil beina spurningu minni til hæstv. iðnrh. vegna vanda skipasmíðaiðnaðarins.

Nú liggur það fyrir að ríkisstjórnin hafði ákveðið að hjálpa skipasmíðaiðnaðinum að keppa við erlenda aðila með niðurgreiðslum. Það sýndi sig í því fyrsta verkefni sem átti að beita þessari aðferð við að það dugði ekki til. Það hafa ekki borist neinar fréttir af nýjum hugmyndum frá ríkisstjórninni um það hvað eigi að gera.

Það liggur hjá ríkisstjórninni þáltill., sem Alþingi vísaði til hennar, sem ég flutti hér í fyrra, um að taka til skoðunar jöfnunartolla á skipasmíðaverkefni. Ég er sannfærður um að það er eina leiðin til að koma í veg

fyrir það að erlendir aðilar hafi af okkur þessi verkefni að taka upp slíka undirboðs- og jöfnunartolla og ég spyr: Er samkomulag um það í ríkisstjórninni að gera það? Hvenær verða teknar um það ákvarðanir? Hvað líður athugunum á stöðu fyrirtækjanna sem þarna eiga hlut að máli, þ.e. skipasmíðastöðvanna, og hvaða fyrirætlanir eru að líta dagsins ljós og hvenær um það að fara í endurskipulagningu á þeim fyrirtækjum?

[13:41]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin hefur nú þegar tekið margvíslegar ákvarðanir til stuðnings við íslenskan skipasmiðaiðnað.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að setja af stað sameiginlegt þróunarverkefni sjávarútvegs og iðnaðar og hefur þegar verið ráðinn sérstakur verkefnisstjóri til þess verks.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að veita fé til slíkrar þróunarstarfsemi sem er mótframlag á móti framlagi frá iðnaðinum sjálfum, sjávarútvegi og væntanlega þróunarsjóðum Evrópubandalagsins.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita jöfnunaraðgerðum til þess að tryggja samkeppnishæfni íslensks skipasmíðaiðnaðar til meiri háttar viðgerðar- og endurbótaverkefna.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið að bjóða skipasmíðaiðnaðinum aðstoð vegna hagræðingarstarfa.

Ríkisstjórnin hefur sett á fót nefnd í samvinnu við skipasmíðaiðnaðinn og starfsfólk í skipasmíðaiðnaði til þess að greiða fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu skipasmíðaiðnaðarins.

Ríkisstjórnin hefur þegar samþykkt sérstakt fjárframlag til stuðnings við markaðsátak og markaðsöflun.

Ríkisstjórnin er nú að ræða frekari aðgerðir og þær munu verða tilkynntar þegar niðurstaða hefur fengist í þær viðræður.

Ég vil aðeins taka það fram að jöfnunartollar mundu ekki leysa það vandamál sem hv. þm. gerði að umræðuefni sínu hér, vandmálið er undirboð og jöfnunartollar leysa ekki slík vandamál, því miður.

[13:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. fór með þessa þulu um það hvað ríkisstjórnin er búin að ákveða að gera og allt var það gott og blessað en það er tilgangslítið að fara í aðgerðir af slíku tagi ef grundvöllurinn undir þessari starfsemi er ekki fyrir hendi og hann verður ekki fyrir hendi á meðan erlendir aðilar geta komið aftan að þessum fyrirtækjum okkar með þeim hætti sem við höfum séð að undanförnu. Á meðan menn geta ekki komist að þeirri niðurstöðu að það eigi að koma í veg fyrir að hægt sé að bjóða niður verð okkar fyrirtækja með þessum hætti þá mun engin endurreisn verða í skipasmíðaiðnaði og þá er þeim peningum kastað á glæ sem hið opinbera leggur í þennan iðnað. Ég held að það sé engin spurning um það að undirboðs- og jöfnunartollar geta leyst þetta vandamál. Aðalvandamálið, og sem búið er að vera það allan tímann, er að það hefur aldrei verið vilji hjá íslenskum stjórnvöldum til þess að nota undirboðs- og jöfnunartolla. Sá vilji er hreinlega ekki orðinn enn.

[13:43]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta er nú eitthvert mesta öfugmæli sem mælt hefur verið um áhuga eða áhugaleysi stjórnvalda á stuðningi við íslenskan skipasmíðaiðnað sem hv. þm. sagði, að þessi ríkisstjórn hafi engan áhuga á því að takast á við þetta vandamál og reyna að leysa þetta. Núv. ríkisstjórn er eina ríkisstjórnin sem hefur haft áhuga og gert eitthvað í málinu. Aðrar ríkisstjórnir, og m.a. sú sem hv. þm. átti aðild að á sínum tíma, sinntu þessu máli ekki. [Hávær frammíköll og mótmælakliður í þingsal.] (Forseti hringir.) Virðulegi forseti. Væri hægt að hafa hljóð í salnum og einn tali í einu?

(**Forseti** (SalÞ): Það gengur ekki annað en (Gripið fram í.) — forseti óskar þess að þingmenn veiti þeim sem er í ræðustól tækifæri til að koma með sitt mál og biður um að ræðumaður sé ekki truflaður hér.)

Ég þakka virðulegum forseta fyrir þá vernd sem virðulegur forseti veitir ræðumönnum í stólnum fyrir frammíköllum þingmanna. Gott og vel.

Ríkisstjórnin er að fást við þetta vandamál núna. Ríkisstjórnin hefur falið fjmrh., gerði það þann 18. maí sl., að undirbúa aðgerðir til að unnt væri að beita jöfnunartollum. En jöfnunartollar leysa ekki þann vanda sem hér er við að fást, sem eru undirboð. Til þess að unnt verði að beita undirboðstollum þarf að breyta íslenskri löggjöf. Það verður ekki gert á einni nóttu. En eins og ég er að segja þá eru fjórir ráðherrar að skoða það mál, hvað hægt er að gera til að takast á við þessi nýjustu vandamál íslensks skipasmíðaiðnaðar og menn mega treysta því að á því verður fundin lausn.

[13:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætlaði nú ekki að sýna hæstv. ráðherra neina ósanngirni í þessu máli. Ég sagði að það væri gott og blessað það sem þeir hefðu ákveðið að gera. En það hefur engan tilgang ef það vantar undirstöðuna undir þessa atvinnugrein. Og hún er ekki komin nema menn taki á því vandamáli sem þarna er komið. Ég er sannfærður um að það er hér í þinginu fullur vilji til að taka á þessu máli og það mun örugglega verða hægt að koma breytingu á löggjöf í gegnum þingið mjög hratt og það þarf ekki einu sinni að lauma því í gegn, ég er viss um að það er nógur meiri hluti hér í þinginu til að vinna að þessu máli og gera það hratt og samt vel. Ég sagði undirboðs- og jöfnunartollum og það er ástæðulaust að snúa út úr því. Það er hægt að leysa þetta mál með þeim hætti og það á auðvitað að gera það. Og þessi ríkisstjórn á heiður skilið ef hún gerir það, ef hún gengur þessa göngu til enda, en ekki fyrr.

[13:46]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er gott til þess að vita og ákveðinn stuðningur við það þegar ríkisstjórnin hefur

fundið lausnina þá sé hv. þm. reiðubúinn til að greiða fyrir henni. Ég fagna því mjög og treysti því að sjálfsögðu að hann standi við orð sín. En ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu það frumkvæði sem hann væntir að hún hafi í málinu eins og hún hefur haft fram að þessu.

Eftirstöðvar fjár til atvinnuskapandi verkefna.

[13:47]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í desember sl. mældist eitt mesta atvinnuleysi hér á landi, 6,3% eins og kom fram í utandagskrárumræðu fyrir nokkrum dögum. Á sl. ári ákvað ríkisstjórnin að leggja einn milljarð kr. sérstaklega til atvinnuskapandi verkefna. Nú vil ég spyrja hæstv. fjmrh. að því hversu mikið var eftir af þessum milljarði, hversu mikið var ónotað af þessum milljarði um sl. áramót?

[13:48]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Því miður er ekki á þessari stundu nákvæmlega hægt að sundurgreina þessa tölu en síðar í þessum mánuði mun koma yfirlit frá fjmrn. um útgjöld á sl. ári og þá verður hægt að segja nákvæmlega til um það hve miklir fjármunir fóru út fyrir áramót af þessum milljarði. Ég get giskað á að það sem fór út á sl. ári hafi verið um 600–700 millj. kr. en ég get ekki ábyrgst þá tölu. Reyndar skiptir það ekki höfuðmáli varðandi tilganginn með þessum fjárframlögum því að sú yfirlýsing lá fyrir á sl. ári og hefur margoft verið ítrekuð síðan að þessum fjármunum verður varið til þeirra verkefna sem til stóð jafnvel þótt það færist yfir á þetta ár. Það þýðir hins vegar í raun að þeim fjármunum mun verða varið utan við fjárlög ársins 1994 og byggist þá á heimildum til þess að færa á milli ára samkvæmt reglum sem settar hafa verið og ég veit að hv. fjárln. þekkir gjörla.

[13:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ágætt að heyra það að þetta fjármagn verði notað. En ég vil benda á það sem hæstv. ráðherra segir að það hafi ekki verið notaðar nema kannski 600 millj. kr. af þessum milljarði. Milljarðurinn var í raun og veru þannig til kominn að það var ekki nema um helmingurinn af honum sem sértaklega var ætlað sem fjárframlag á síðasta ári. Það hafði verið fært á milli ára. Þannig eru nú aðgerðir ríkisstjórnarinnar, því miður. Það er leitt til þess að vita að ekki skuli hafa verið tekið betur á þessu máli miðað við atvinnuástandið eins og það hefur verið og er.

[13:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í tilefni ummæla hv. þm. vil ég að það komi mjög skýrt fram hér og nú að um ráðstöfun þessa fjár og um það hvernig fara skyldi með það að öðru leyti hefur verið haft fullt samráð við Alþýðusamband Íslands. Það lá fyrir strax á sl. sumri en yfirlýsing var gefin í tengslum við kjarasamninga að það kynni að vera erfitt að koma fjármununum í lóg á fyrra ári vegna þess að þannig stóð á um framkvæmdir. Þetta vil ég að komi sérstaklega fram að hér er ríkisstjórnin ekki að gera neitt annað en það sem samþykkt hefur verið af báðum þeim aðilum sem að þessum málum komu. Það er full samstaða um það til hvaða verkefna þetta fór þó að ákvörðunin sé að sjálfsögðu ríkisstjórnarinnar. Og það verður líka staðið við það að þessir peningar verða notaðir og koma nú að gagni þegar atvinnuleysið hefur vaxið nú í upphafi ársins en kemur til með að dvína á næstu mánuðum.

Hækkun þjónustugjalda í bönkum og lánastofnunum.

[13:51]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum árum hefur orðið mjög ánægjuleg þróun í þeim efnum að vextir hafa farið lækkandi mjög ört, sérstaklega fyrir frumkvæði hæstv. ríkisstjórnar. Því vildi ég leyfa mér að beina spurningu til hæstv. viðskrh.

Það hefur vakið nokkra undrun og spurningar meðal margra að samfara því að bankar og lánastofnanir í landinu hafa lækkað vexti sína hefur því jafnframt verið lýst yfir að bankar og lánastofnanir, einkanlega bankastofnanir, hyggist bæta sér upp tekjumissi af lækkandi vaxtamun með því að auka og hækka þjónustugjöld. Því vil ég spyrja hæstv. viðskrh.: Hver er hans skoðun á þessu máli og hyggst ráðherrann beita sér með einhverjum hætti til þess að koma í veg fyrir það að byrðum af hækkandi þjónustugjöldum verði velt yfir á almenning?

[13:52]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða stefnu sem viðskiptabankar og sparisjóðir höfðu mótað sér nokkru áður en til vaxtalækkananna kom, þ.e. að reyna að færa kostnað við bankastarfsemina í meira mæli frá því að vera tekið og greitt alfarið í vöxtum og yfir í það að greiða hana í meira mæli í formi þjónustugjalda fyrir þá þjónustu sem bankarnir veita. Þetta hafa þeir m.a. verið að gera til þess að reyna að draga úr mjög dýrum viðskiptaháttum eins og ávísanaviðskiptum þar sem það er einkenni á íslenskum peningamarkaði að ávísanaviðskipti eru mjög algeng og ávísanir eru gjarnan skrifaðar upp á mjög lágar fjárhæðir, jafnvel nokkra tugi kr. Hins vegar mun vinna við hverja ávísun kosta bankana um 80 kr., en ef ég man rétt þá greiðir notandi ávísunarinnar ekki nema u.þ.b. 10 kr. fyrir ávísunareyðublaðið. Þannig að það er gömul ákvörðun bankanna að reyna að breyta þessu og debetkortafyrirkomulagið var ein leið til þess. Ég bendi t.d. á að það mun vera nær undantekning að í greiðslukortaviðskiptum sé ekki innheimt neitt þjónustugjald. Það er ekki gert hér á Íslandi en er mjög víða gert þar sem slík viðskipti eru stunduð.

Það er alveg ljóst að sú ákvörðun bankanna að draga mjög úr vaxtamun ýtir á eftir því að þeir framfylgi þessari stefnu sem þeir áður voru búnir að ákveða að reyna fremur að snúa sér að því að viðskiptavinir

greiddu fyrir þá þjónustu sem þeir fá fremur en að láta lántakendur einvörðungu greiða þjónustuna í formi hárra vaxta. Viðskrh. getur að sjálfsögðu ekki haft nein bein afskipti af slíku. Ég hef látið mína skoðun í ljósi við bankana í bréfi varðandi greiðslukortaviðskiptin og varðandi debetkortaviðskiptin sérstaklega. Það er hlutverk Samkeppnisstofnunar að fylgjast með þessum ákvörðunum en ég mun að sjálfsögðu fylgjast með þeim einnig og ef ég tel vera óeðlilega að farið þá mun ég láta mína skoðun í ljósi eins og ég gerði varðandi debetkortaviðskiptin.

[13:55]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað rétt sem hæstv. viðskrh. segir að það er í sjálfu sér ekki ekki óeðlilegt að kostnaðurinn við þjónustu bankakerfisins sé inntur af hendi með þeim hætti sem hæstv. ráðherra rakti hér áðan. Það sem hins vegar vekur spurningar og tortryggni er að það hefur komið í ljós að það er ríkjandi ákveðin fákeppni hér á fjármagnsmarkaðnum. Fjármagnsmarkaðurinn er ekki jafnþróaður og eðlilegt væri og þess vegna er miklu erfiðara að fylgjast með því hvort bankastofnanir í landinu séu að innheimta þjónustugjöld sem óeðlileg gætu talist. Þess vegna hygg ég að það sé mjög mikilvægt að hæstv. viðskrh. láti fylgjast sérstaklega með þessari þróun. Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom í lok máls hans hér áðan sem hneig í þá átt. Það er nefnilega ákaflega lítil breyting fyrir lántakendur í landinu ef mál þróast nú þannig að fjármagnskostnaðurinn lækki á annan veginn með lækkandi vöxtum en hins vegar leggist á hina sömu aðila aukin þjónustugjöld þannig að eftir standi menn í svipuðum sporum og áður.

[13:56]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Þetta er að sjálfsögðu rétt ábending hjá hv. þm. Hins vegar vek ég athygli á því að það var svo mikið dregið úr vaxtamun að bankarnir munu verða af tekjum miðað við vaxtamuninn eins og hann áður var sem nemur tugum milljóna á ári og mér er ekki kunnugt um að það séu uppi ráðagerðir hjá bönkunum um að jafna það með þjónustugjöldum. En það má eins benda á að það er auðvitað ekki heldur eðlilegt að lántakendur, þ.e. þeir sem skulda hjá bönkunum greiði allan kostnað af ávísanaviðskiptum þeirra sem ekkert skulda. Þarna verða menn að fara bil beggja og viðskrn. mun að sjálfsögðu fylgjast með því að bankarnir ætli sér ekki um of í þessu sambandi og mun þar njóta aðstoðar Samkeppnisstofnunar.

Launakjör bankastjóra ríkisbankanna.

[13:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Á haustmánuðum var mikil umræða á hinu háa Alþingi sem úti í þjóðfélaginu um launakjör ýmissa yfirmanna ríkisstofnana og þau fríðindi sem þeir karlar njóta. Komu bankastjórar þar mjög við sögu með sín margföldu ráðherralaun og fjallajeppa. Í kjölfar þeirrar umræðu ákvað hæstv. viðskrh. að gera úttekt á launamálum bankastjóra ríkisbankanna. Um miðjan janúar kynnti hæstv. viðskrh. niðurstöður þeirrar athugunar sem framkvæmd var af Ríkisendurskoðun en hún leiddi m.a. í ljós að bankastjórar ríkisbankanna fá sérstakar greiðslur fyrir hin ýmsu viðvik, m.a. fyrir það að vera í vinnunni og sitja fundi í vinnutímanum sem verður þó að teljast hluti af starfi bankastjóra.

Í kjölfar þessarar athugunar lýsti hæstv. viðskrh. því yfir að hann mundi ræða við formenn bankaráða ríkisbankanna og óska eftir endurskoðun á launakerfi bankastjóra. Jafnframt tók hæstv. viðskrh. undir þá skoðun sem við kvennalistakonur höfum margsinnis látið í ljós, sem sé þá að launakerfi hins opinbera sé handónýtt og þarfnist gagngerrar endurskoðunar.

Nú vil ég spyrja hæstv. viðskrh.: Hver er niðurstaðan af viðræðum hans við formenn bankaráðanna þriggja?

Hvað verður gert til að draga úr eða leggja hreinlega niður það forréttindakerfi sem bankastjórar ríkisbankanna búa við?

Hvernig ætlar hæstv. viðskrh. að beita sér fyrir endurskoðun á launakerfi ríkisins þannig að það feli í sér meiri jöfnuð og réttlæti?

[13:58]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Sumt af því sem hv. þm. gerði að umræðuefni hefði viðskiptaráðherra getað ráðið við ef hv. Alþingi fyrir tveimur árum síðan hefði fallist á þá tillögu þáv. viðskrh. að bankastjórum ríkisbankanna væri ekki heimilt að taka laun fyrir önnur störf en bankastjórastörfin nema með leyfi viðskrh. Alþingi hafnaði þeirri tillögu, felldi þessa tillögu út úr frv. um viðskiptabankana og tók þannig alfarið þá ákvörðun að það skyldu vera bankaráðin án afskipta viðskrh. sem tækju þessar ákvarðanir og bæru ábyrgð á þeim.

Ég hef rætt við formenn bankaráðanna, þ.e. bankaráða ríkisviðskiptabankanna tveggja og Seðlabankans, og óskaði eftir því við þá þar sem þeir veita forstöðu þeim aðilum sem ákveða laun bankastjóranna og bera ábyrgð á þeim launagreiðslum að þeir skoðuðu hvort unnt væri bæði að samræma þessar launagreiðslur og breyta launaákvörðununum ef bankaráðin teldu rétt að gera það. Ég lét í ljós mína skoðun að ég teldi rétt að svo væri. Formenn bankaráðanna tóku að sér það verk að skoða þessi mál. Það var ákveðið að í byrjun febrúarmánaðar, eftir fyrstu viku febrúarmánaðar mundum við ræða saman aftur. Það munum við gera. Ég hef ekki fengið nein skilaboð eða vísbendingar frá formönnum bankaráðanna en vænti þess að fá hana þá, þ.e. hvað þeir telji rétt að gera og hvernig þeir telji rétt að halda á þessu máli. En ákvörðunin er samkvæmt tveggja ára gömlum lögum frá hinu háa Alþingi í höndum bankaráðanna en ekki viðskrh.

[14:00]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég var hér fyrst og fremst að inna hæstv. ráðherra eftir hans ummælum og hvernig hann ætlaði að fylgja þeim eftir. Það er rétt að með þeim lagabreytingum sem hér áttu sér stað var valdið fært til

bankaráðanna og þau eru eins og við vitum kjörin á hinu háa Alþingi þannig að ábyrgð Alþingis er einnig veruleg og það er kannski ekki síst þess vegna sem ég er að vekja hér athygli á þessu máli. Eins og margoft hefur komið fram í máli hæstv. viðskrh. er hans vald takmarkað í þessum efnum. En hann er þó hluti af ríkisstjórninni og hann getur auðvitað eins og við hér á Alþingi beitt sér fyrir lagabreytingum. Hann hefur haft mjög stór orð um þessi mál og hefur lýst því yfir að launakerfi hins opinbera sé orðið handónýtt og því ítreka ég þá spurningu: Hvernig ætlar hann sem ráðherra í hæstv. ríkisstjórn að beita sér fyrir breytingum á launakerfi ríkisins?

[14:02]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Það er e.t.v. auðveldara um að tala en í að komast. En nýlega hafa verið gerðar tvær kannanir á vegum Ríkisendurskoðunar á hvernig þetta launakerfi virkar gagnvart tveimur stéttum. Annars vegar læknum og hins vegar bankastjórum. Þar kom í ljós að grunnlaun viðkomandi starfsstétta eru um eða innan við helmingur af raunverulegum útborguðum launum. Ég þekki það af setu minni sem formaður fjárveitinganefndar á sinni tíð þar sem ég sat með nokkrum hv. þm. að það kom í ljós við yfirheyrslur yfir forstöðumönnum stofnana að það væri mjög algengt í ríkiskerfinu að þannig væri að farið, þ.e. að það væri borguð föst yfirvinna, fastar aukagreiðslur ofan á grunnlaun þannig að grunnlaun segðu aðeins hálfa söguna. Bankastjórar eru því engin undantekning frá reglunni í þessu sambandi. Það er hins vegar að sjálfsögðu ekki viðskiptaráðherra að finna svarið við þessu en svarið hlýtur að vera það að aðilar kjarasamnings komi sér saman um það að raunverulegar launagreiðslur skuli teknar upp á borðið og samið um þær en ekki eitthvað allt annað.

Samkomulag stjórnarflokka um sjávarútvegsmál.

[14:03]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði nú ætlað mér að beina orðum mínum til hæstv. umhvrh. sem var boðað að yrði hér en í hans stað vil ég beina orðum mínum til hæstv. viðskrh.

Eins og kunnugt er var valdinu á vissan hátt skipt í sjávarútvegsmálum í upphafi þessarar ríkisstjórnar og sett svokölluð tvíhöfða nefnd. Á grundvelli þessarar nefndar stóð til að flytja hér frv. á Alþingi á sl. vori en Alþfl. kom í veg fyrir það. Síðan er búið að reyna að ná samkomulagi um þetta mál í ríkisstjórninni og mér skildist að það samkomulag hefði náðst núna skömmu fyrir jól og flokkarnir skuldbundið sig til að flytja það mál hér á Alþingi og afgreiða það fyrir vorið.

Á nýlegum flokksráðsfundi Alþfl. hefur Alþýðublaðið boðað í gær og tilkynnt fyrir hönd Alþfl. að það standi til að fara í stríð út af þessu máli. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh.: Ætla ráðherrar Alþfl. í þessu væntanlega stríði að vinna á grundvelli þess frv. sem þeir hafa staðið að og ég hef skilið svo að þeir séu skuldbundnir til að fylgja hér á Alþingi, en vera má að það sé misskilningur, a.m.k. hefur hæstv. sjútvrh. túlkað það þannig, eða stendur til í þessu væntanlega stríði að fylgja samþykktum flokksstjórnar Alþfl. sem ganga þvert á fyrri samþykktir flokksins í þessu máli?

[14:05]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Til þess að róa hv. þm. og e.t.v. þingheim allan þá vil ég gjarnan lýsa því yfir að sá ráðherra sem hér stendur er ekki á leiðinni í neina styrjöld. Enda kannski ekki manna best búinn til þess.

Það er alveg ljóst að mál eins og það sem hér hefur verið tekið til umræðu, þ.e. frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, er samkomulagsmál. Þar er ekki verið að flytja neina eina flokksstefnu. Þó það sé ekki mitt að tala fyrir munn Sjálfstfl., þá býst ég við því að forustumenn þess flokks mundu nú varla við það kannast að málin eins og þau væru fram borin væru hrein stefna Sjálfstfl., þau eru ekki heldur hrein stefna Alþfl. Þetta er málamiðlun sem hefur verið samið um og ég vænti þess að báðir flokkarnir muni standa við. Hins vegar ætti það ekki að koma neinum á óvart að það hefur verið mikil andstaða í Alþfl. við kvótakerfið. Ég minni bara á að sá sem hér stendur hefur ávallt þegar honum hefur gefist tækifæri til greitt atkvæði gegn því kerfi jafnvel þó að honum hafi verið hótað bæði góðu og illu af þeim sem þá fóru með völdin í sjávarútvegsmálunum. Ég vil aðeins taka það fram að þær hótanir hefur sá sem hér stendur ekki fengið frá núv. samstarfsflokki sínum í ríkisstjórn. En það á ekki að koma neinum manni á óvart að ég sé andvígur kvótakerfinu þó svo ég hafi verið reiðubúinn að ganga til málamiðlana um þá stefnu sem samið hefur verið um hverju sinni.

[14:07]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég verð að játa að mér er nokkuð rórra að vita það að hæstv. viðskrh. er ekki að fara í stríð. En það sem hann sagði hér er þá einfaldlega að að það sé samkomulag um þetta mál í ríkisstjórninni, samkomulag um það milli flokkanna að afgreiða þessi mál með þeim hætti sem þau eru flutt hér á Alþingi. Ég vek á því athygli að stjórnarandstaðan hefur ekki komið að því máli og þá er þessi samþykkt Alþfl., sem hér birtist með stríðsletri, samþykkt sem ekki á að taka neitt mark á því ég veit ekki betur en að allir forustumenn Alþfl. standi að þessari samþykkt sem gengur þvert á það sem þeir hafa samið um í ríkisstjórn. Það hlýtur að þýða á mæltu máli að það á ekki að taka neitt mark á þessu og það á kannski ekki lengur að taka mark á Alþfl. sem eru út af fyrir sig góð tíðindi.

[14:08]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þó svo stjórnarandstaðan hafi ekki staðið að flutningi málsins þá þýðir það ekki að það eigi ekkert mark að taka á stjórnarandstöðunni. Að sjálfsögðu er þetta mál unnið eins og öll önnur mál að

það er samkomulag um það í ríkisstjórn á milli stjórnarflokka hvernig mál skuli lögð fram á Alþingi. Um það er samið. Hins vegar mega menn eiga von á því með þessi mál eins og önnur að þau kunni að taka breytingum í meðförum Alþingis. (Gripið fram í.) En þær breytingar verða að sjálfsögðu ekki afgreiddar og samþykktar nema stjórnarflokkarnir séu sammála um að bera ábyrgð á því hvernig málin verða samþykkt og afgreidd. Hv. þm. gefst kostur á því eins og öðrum stjórnarandstæðingum að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í meðferð málsins og ég þori alls ekkert að lofa því fyrir fram að það verði ekkert mark tekið á tillögum hans eða annarra stjórnarandstæðinga nema síður væri. Að sjálfsögðu verður hlustað á þá og tekið mark á skoðunum þeirra þó svo að nú um stundir víki því þannig við að hv. þm. Halldór Ásgrímsson sitji ekki í sæti sjávarútvegsráðherra.

[14:09]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Málið er óðum að skýrast. Nú er sagt af hálfu hæstv. viðskrh. að það sé ekki samkomulag um málið óbreytt, það kunni að verða á því ýmsar breytingar en um það þurfi að ná samkomulagi milli flokkanna. Ég hélt að flokkarnir hefðu verið að reyna að ná þessu samkomulagi nú í allt sumar og allt haust og þess vegna hefði verið samþykkt að flytja málið hér rétt fyrir jól. Nú er það upplýst að þetta mál kunni að taka breytingum og stjórnarandstaðan hér á Alþingi kunni að geta haft nokkur áhrif á málið sem eru líka góð tíðindi. En ég vek athygli á því að hæstv. viðskrh. dró hér allmikið í land frá sínum fyrri yfirlýsingum því það mátti skilja hann svo að þeir mundu standa við það samkomulag sem gert var fyrir jólin og hæstv. sjútvrh. hefur túlkað þannig að flokkarnir séu skuldbundnir til þess að afgreiða málið með þeim hætti sem þar kemur fram. Nú segir hæstv. viðskrh. að það kunni að taka allmiklum breytingum og þá munu menn væntanlega draga upp þessa samþykkt Alþfl., sem gengur alveg þvert á málið og er í raun og veru allt annað mál en ráðherrarnir hafa samið um.

[14:10]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég hélt að svona langreyndur þingmaður eins og hv. þm. Halldór Ásgrímsson vissi að það er mjög sjaldan lagt fram mál á Alþingi þar sem ekki er gert ráð fyrir að kunni að taka breytingum í meðförum þingsins. Og til þess að ganga úr skugga um það þá vildi ég gjarnan spyrja hv. þm.: Man hann eftir nokkru einasta máli í hans ráðherratíð sem lagt var fram sem stjfrv. á Alþingi án þess að gert væri ráð fyrir því að Alþingi gæti með einhverjum hætti breytt slíku frv.? Hvers konar hugsunarháttur er þetta hjá hv. þm.? Hvert heldur hann að sé hlutverk löggjafarsamkomu ef hann gerir ráð fyrir því að ríkisstjórn leggi fram stjfrv. sem ríkisstjórnin gerir ráð fyrir að Alþingi sé óheimilt að breyta? Ég kannast ekki við mörg slík mál en það væri kannski áhugi á að fá hv. þm. til að upplýsa það hvaða mál flutti hann í sinni ráðherratíð sem var samkomulag um að Alþingi fengi ekki að breyta?

[14:11]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Raunar ætla ég ekki að ræða um fundarstjórn forseta og bendir það til þess að óheppilega er orðað í þingsköpum að ætla að binda athugasemdir við fundarstjórn forseta.

Ég geri hér athugasemd við það að hæstv. utanrrh. er ekki viðstaddur í þessum fyrirspurnatíma og hefur ekki boðað nein forföll. (**ÓÞÞ:** Það er hluti af fundarstjórn forseta.) Ég óskaði eftir því að fá að bera fram fyrirspurn og ætlaði að beina máli mínu til hæstv. utanrrh. en hann er ekki kominn til fundar. Hann er e.t.v. að fara yfir tollnúmer og strika út tollnúmer þessa stundina ef marka má það sem kom fram í fyrirspurnatíma áðan.

Ég vil biðja hæstv. forseta um að áminna hæstv. ráðherra, a.m.k. þá sem það á við, um að sinna skyldum sínum, ekki síst í dagskrártíma sem þeim sem var áðan á dagskránni. En ég ætla ekki að fara að víkja máli til annarra ráðherra sem hefði auðvitað verið hugsanlegt enda fyrirspurnamálið af dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið af þessu tilefni að það lá fyrir að hæstv. utanrrh. yrði ekki við þennan fyrirspurnatíma.

Lyfjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv.
Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvæðagreiðslu.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 272. mál (skyldusparnaður, lán til lögbýla og varsla sjóða). — Þskj. 332.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv.
Frv. vísað til félmn. án atkvæðagreiðslu.

Hafnalög, 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 215, nál. 394 og 528, brtt. 395.

[14:16]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Frv. til hafnalaga var flutt á síðasta Alþingi. Frv. var þá tekið til athugunar í samgn. og fluttar við það allmargar breytingartillögur en frv.

náði þá eigi afgreiðslu og eigi voru heldur greidd atkvæði um þær breytingartillögur sem meiri hluti nefndarinnar hafði flutt.

Frv. var flutt að nýju í byrjun þessa þings og þá hafði því verið breytt með tilliti til þeirra breytingartillagna sem fluttar höfðu verið á sérstöku þingskjali af meiri hluta samgn. í lok síðasta þings. Þær breytingar eru því allar í frv. eins og það hefur verið til meðferðar á þessu þingi.

Samgn. hefur tekið frv. til athugunar að nýju með tilliti til athugasemda sem þegar komu fram við 1. umr. málsins í haust sem og athugasemda sem borist höfðu en fram hafði komið umsögn að nýju um frv. frá hafnarstjórn Reykjavíkurborgar. Á fund nefndarinnar kom Jón Birgir Jónsson, ráðuneytisstjóri í samgrn., og á fund nefndarinnar í morgun eftir að nefndin hafði skilað áliti fyrir 2. umr. komu fulltrúar Hafnasamband sveitarfélaga og ræddu nokkur atriði í sambandi við frv.

Nefndin hefur eigi orðið sammála um afgreiðslu málsins en meiri hluti nefndarinnar, sem er skipaður fulltrúum stjórnarflokkanna, hefur flutt nokkrar breytingartillögur við frv. sem birtast á þskj. 395. Þessar breytingartillögur eru ýmsar hverjar ekki efnismiklar og eru til samræmis við aðrar lagabreytingar sem komið hefur í ljós við nákvæmari skoðun en orðið hafa en sumar þeirra skipta á hinn bóginn máli efnislega varðandi þá lagasetningu sem hér er til meðferðar. Ég tel eðlilegt að ég fjalli um þær breytingartillögur sem meiri hlutinn flytur og í tengslum við þá yfirferð að fjalla nokkuð um þær umræður og þá gagnrýni sem komið hefur fram á frv. í meðförum samgn.

Í fyrsta lagi er brtt. við 8. gr. Hún fjallar um það að fellt verði niður ákvæði um að hlutafélög geti orðið eigendur hafna samkvæmt lögum þessum. Þetta er eitt þeirra atriða sem gagnrýnd hafa verið við meðferð þessa máls. Þessi breytingartillaga er flutt vegna þess að ekki hafa fengist afdráttarlaus svör frá skattyfirvöldum um skattalega meðferð hafna sem væru í eigu hlutafélaga. Þess vegna er brtt. flutt þannig að það sé afdráttarlaust að þessi lög taki ekki til hlutafélagahafna. Nú eru hlutafélagahafnir til en lúta ekki að þessu leyti þessum lögum.

Varðandi 8. gr. að öðru leyti hefur verið í umræðu, t.d. við 1. umr. þessa máls nú og í nefndinni þar sem sumir hv. nefndarmenn minni hlutans hafa gagnrýnt að þar er heimild til þess að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Spurt hefur verið: Að hvaða fyrirtækjum geta hafnir þannig orðið aðilar með hlutafé og hvar eru mörkin? Þessu vil ég svara á þann hátt að það er ástæðulaust að setja slík mörk með upptalningu heldur eru þessi mörk ákaflega þröng. 14. gr. þrengir þessa heimild því að þar segir að tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Tekjum og eignum hafnarsjóðs má því einungis verja til þátttöku í hlutafélögum að það liggi þá fyrir að það sé í þágu hafnarinnar.

Enn fremur kemur fram í áliti hv. minni hluta nefndarinnar að á þennan hátt geti framlög hins opinbera orðið til þess að skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækja í framtíðinni, þ.e. þá á hv. minni hluti væntanlega við það á þskj. 528 að framlög ríkisins til hafnarframkvæmda geti orðið til þess að þær hafnir sem fá slík framlög geti orðið þátttakendur í atvinnufyrirtækjum sem síðan skekki samkeppnisstöðu. Þetta er hæpið vegna þess að í 26. gr. eru ákvæði um greiðsluþátttöku ríkisins í hafnarframkvæmdum, en síðan segir í 27. gr. að slík framlög eru hámarksgreiðslur sem hægt er að skerða. Skerðing á slíkum greiðslum skal miðast við fjárhagslega stöðu hafnarsjóðs og skulu um það settar reglur í reglugerð. Það er túlkun okkar í meiri hluta nefndarinnar að það segi sig sjálft, og mér er kunnugt um að sá er skilningur samgrn., að ef hafnarsjóðir eru það öflugir að þeir geta séð af fjármagni sínu til þátttöku í hlutafélögum þá skerðir það sjálfkrafa framlög ríkisins til slíkra hafna sem settar verða þá nánari reglur um í reglugerð.

Í öðru lagi er fellt niður ákvæði skv. 11. gr. að ákveðinn ráðherra skuli setja reglugerð fyrir hverja höfn eins og segir í frv. En það er sett hér með tilliti til þess að það sé ekki afdráttarlaus skylda ráðherra að setja sérstaka reglugerð fyrir hverja höfn. Það er gert með tilliti til þess að þar sem tvær eða fleiri hafnir mynda hafnasamlög þá getur verið eðlilegt og rétt að setja eina reglugerð fyrir slíkar hafnir. Það er vitaskuld afdráttarlaust sem kom fram ábending um á fundi í morgun að það er ekki við það átt í þessu orðalagi að ráðherra skuli setja eina reglugerð fyrir allar hafnir landsins. Það er fjarstæða og þetta orðalag gefur ekkert tilefni til þess að skilja greinina á þann hátt.

Þá segir í þriðja lagi í brtt. meiri hlutans að fellt verði niður ákvæði úr frv. um að ráðherra skuli setja í reglugerð ákvæði um hafnsögu. Þau ákvæði eru í lögum um leiðsögu skipa og eiga þar heima en ekki í þessum lögum. Þess vegna er ástæðulaust að taka það upp úr gömlu hafnalögunum að slíkt ákvæði sé einnig í þessum lagabálki og því er lagt til að það verði fellt niður.

Í fjórða lagi er í tillögum meiri hlutans lagt til að tekin séu af tvímæli um að hið sérstaka 25% vörugjald skuli lagt á samkvæmt almennri og staðfestri gjaldskrá sem staðfest er af samgrh. þannig að hugsanleg frávik frá þeirri gjaldskrá hafi eigi áhrif á innheimtu þessa gjalds. Um þetta atriði komu fram athugasemdir. Því var mótmælt af einni höfn, þ.e. Reykjavíkurhöfn, að samgrn. hafi lagt þennan skilning í hafnalögin eins og þau eru og ákvæði um vörugjaldið en til þess að taka af öll tvímæli þykir meiri hluta nefndarinnar rétt að þessi ákvæði séu færð í lög.

25% vörugjald, sem hér er ákvæði um, er skattur sem lagður er á starfsemi hafnanna og greiðist af notendum hafna. Það er eðlilegt að þegar slíkur skattur er lagður á skuli gjaldstofninn alls staðar vera hinn sami en það fari eigi eftir fjárhag hafna að hann sé breytilegur þannig að þær hafnir sem hafa öflugan eða góðan fjárhag geti komið sér undan að greiða nema hluta af þessu gjaldi. Því telur meiri hluti nefndarinnar nauðsynlegt að taka af tvímæli um þessi efni.

Þá er í fimmta lagi lagt til að bætt verði við ákvæði sem er í samræmi við 6. gr. laga nr. 112/1993, um

efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, sem eru ný lög sem komu til á þessu þingi, þannig að einstökum hafnarstjórnum verði heimilt að lækka gjöld af sjávarafla. Er þetta nauðsynleg samræming við þau lög. Annað er ekki um það að segja.

Í sjötta lagi er lagt til að ákvæðum um bótagreiðslur verði beitt þannig að bætur verði ákvarðaðar samkvæmt lögum um framkvæmd eignarnáms þar sem samkomulag næst eigi. Þessu eru á annan veg skipað í frv. eins og það liggur fyrir en við nánari athugun er það skoðun meiri hluta nefndarinnar að þessi ákvæði, að fara að í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms, séu skýrari og miklu venjulegri í meðferð bótamála þar sem eigi næst samkomulag sem næst í mjög mörgum tilvikum.

Þess má geta að hjá ýmsum öðrum ríkisstofnunum þar sem slík bótamál koma einstöku sinnum upp er reynsla fyrir því að sú aðferð að fara að í samræmi við ákvæði laga um framkvæmd eignarnáms gangi yfirleitt greitt fyrir sig og eðlilegt að samræmi sé í því á milli hinna einstöku lagabálka sem fjalla um starfsemi hinna ýmsu stofnana ríkisins.

Þá er í sjöunda lagi lagt til að ákvæði 36. gr. og 2. mgr. 39. gr. verði felld brott þar sem þau höfðu þegar verið felld brott úr lögum nr. 69/1984, þ.e. gildandi hafnalögum.

Þetta hafði þegar verið fellt brott úr gildandi hafnalögum og hafði verið tekið upp í þetta frv. en við nánari athugun þykir ekki tilefni til þess að vera að taka þetta að nýju inn í lögin þar sem það er álitið óþarft.

Í áttunda lagi er lagt til að ráðherra verði eigi settur frestur til setningar reglugerðar um framkvæmd laganna og jafnframt að inn verði tekin ákvæði 6. gr. laga nr. 62/1993, um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu, sem samþykkt voru 5. maí 1993.

Ég tel ástæðu til að fara örfáum orðum um þessa brtt. við 40. gr.. Hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra skal setja reglugerð um framkvæmd laga þessara.

Samgönguráðherra er heimilt að setja reglugerðir á sviði hafnamála að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiðir af samningi um Evrópskt efnahagssvæði, sbr. lög nr. 2 13. janúar 1993, um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 66/1993."

Það er öllum hv. alþm. kunnugt að breyting varð á lögunum um Evrópska efnahagssvæðið við það að Sviss hætti við þátttöku í þessum samtökum. Lögunum varð að breyta svo sem hér er vísað til um lögin nr. 66/1993 og á einvörðungu við þá breytingu.

Ég tel að hér sé um fullnægjandi ákvæði að ræða vegna þess að þegar við fjölluðum um lög um breytingu á lagaákvæðum er varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu var hv. samgn., má ég segja, sammála um að setja inn í þau lög takmarkandi ákvæði um heimildir samgrh. til setningar reglugerða sem ég leyfi mér að rifja upp, með leyfi hæstv. forseta, er svohljóðandi:

„Heimildir samgrh. til að setja reglugerðir samkvæmt lögum þessum skulu teknar til endurskoðunar verði verulegar breytingar á gerðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem lög þessi miðast við eða viðbætur við þær."

Í þeirri tilvitnun sem meiri hluti samgn. leggur til að komi inn í hafnalög nú er í fyrsta lagi tekin sú lagagrein bandormslaganna um samgöngumál er lýtur að hafnalögum. Þar er enn fremur vitnað til þessara laga og þar á meðal til þeirra takmarkana sem eru í þessu ákvæði til bráðabirgða sem þýðir það á mæltu máli að samgrh. hefur ekki heimilt til að setja reglugerð við lög um samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og gerðir hans ef þær taka breytingum frá því að Alþingi afgreiddi málið án þess að það komi að nýju til kasta Alþingis.

Ég held að ég megi fullyrða að allir hv. nefndarmenn í samgn. séu sammála um að slíkar takmarkanir þurfi að vera í lögum og ekki sé fært af hálfu Alþingis að veita hæstv. samgrh., hver sem hann er, á komandi árum opna heimild til setningar reglugerða við gerðir samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ef þær taka breytingum sem að einhverju marki eru heldur miðist heimildirnar við samninginn eins og hann var samþykktur á Alþingi á sínum tíma.

Ég vænti þess að þetta sé skýrt og ég lít svo til að með þessari tilvitnun sem hér er tekin upp í brtt. meiri hluta nefndarinnar varðandi hafnalögin sé með fullnægjandi hætti vitnað til þeirra takmarkana sem felast í lögunum sem samþykkt voru 5. maí sl. um breytingu á lagaákvæðum sem varða samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

Í níunda lagi, sem er aðeins eðlilegt formsatriði, segir að með lögum þessum eru felld úr gildi hafnalög nr. 69 28. maí 1984, með síðari breytingum.

Ég vil síðan geta þess að ég hef sem formaður nefndarinnar greint frá því á fundi nefndarinnar í morgun að ég muni taka málið fyrir enn á milli 2. og 3. umr. vegna ábendinga sem komið hafa fram eftir að nefndin skilaði sínum brtt. fyrir 2. umr. Þar er í fyrsta lagi um að ræða tilmæli sem borist hafa um að taka inn heimild í 24. gr. laganna þar sem fjallað er um aðstöðu til tollafgreiðslu ferjuskipa sem hafa fasta áætlun á milli Íslands og annarra landa. Ég tel fullkomlega eðlilegt að líta á það með velvilja að slík heimild sé tekin inn í lögin og mun leggja það til á fundi nefndarinnar.

Enn fremur hefur nú í janúar komið í ljós að vörugjöld leggjast misjafnlega á flutninga með ferjum sem samkvæmt vegáætlun og breytingum á vegáætlum er litið á sem hluta af vegakerfi landsins. Ég tel nauðsynlegt að kanna það til botns milli 2. og 3. umr. hvort nauðsynlegt sé að setja lagaákvæði um þau mál vegna þess að óviðunandi er að þau atriði séu framkvæmd með mismunandi hætti. Sums staðar eru upplýsingar um að vörugjöld séu tekin af flutningi sem fer um borð í ferjur, annars staðar þar sem hann fer um borð í ferju og líka þar sem skipað er á land og í þriðja lagi sé þetta framkvæmt sums staðar þannig að tekin séu vörugjöld af sumum vörum en ekki öðrum.

Hér þarf að gilda ein regla og ef til þess kemur að

það þurfi að taka á því atriði með lagasetningu þá mun ég beita mér fyrir því að lög þessi verði eigi afgreidd fyrr en það liggi alveg ljóst fyrir hvort ástæða þyki til að taka það inn í þessi lög. En ég bendi á varðandi þær ferjur sem lúta yfirstjórn Vegagerðar ríkisins að þær verða væntanlega eins konar hluti af vegakerfi landsins og þarf þá líka að athuga hvort það beri að einhverju leyti að taka slík ákvæði inn í vegalög jafnframt því sem þau kynnu að vera tekin inn í hafnalög.

Ég sé svo ekki ástæðu til þess að fjalla um þetta í lengra máli. Ég legg til, virðulegi forseti, að þær brtt. sem ég hef gert grein fyrir frá meiri hluta samgn. á þskj. 395 verði samþykktar og frv. svo samþykkt við 2. umr. en hef þegar lýst yfir að frv. mun verða tekið enn til athugunar á milli 2. og 3. umr.

[14:43]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ekki alveg ljóst hvort ég hef borið mig rétt að í þessu. Hvort ég átti að koma upp með andsvar eða fremur athugasemd við fundarstjórn.

Ég vil spyrja virðulegan forseta að því hvort það sé virkilega svo að hæstv. samgrh. ætli ekki að vera viðstaddur þessa umræðu. Við í minni hluta samgn., höfum margítrekað og lagt fram fyrirspurnir við meiri hluta samgn. og ekki fengið svör við spurningum sem við eigum allan rétt á að fá. Þess vegna hljótum við að gera þá kröfu að hæstv. samgrh. verði við þessa umræðu þannig að við getum þá beint spurningum til hans og hann geti svaraði því sem ósvarað er í þessu máli.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það sem hv. 4. þm. Norðurl. v. hefur sagt hefði sjálfsagt átt frekar að flokkast undir fundarstjórn forseta en þannig háttar málum að hæstv. samgrh. er í húsinu og ég mun gera ráðstafanir og biðja hann að vera viðstaddan umræðuna.

Útbýting þingskjals:

Aðgerðir til að sporna við vaxandi atvinnuleysi, 339. mál, fsp. JVK, þskj. 531.

[14:44]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta samgn.

Nefndin hefur í umfjöllun sinni um málið skoðað umsagnir hafnar- og sveitarstjórna víðs vegar að af landinu. Einnig lágu fyrir umsagnir frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Hafnasambandi sveitarfélaga og Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða.

Í mörgum af þessum umsögnum komu fram alvarlegar athugasemdir og tillögur um breytingar og ákveðin tilmæli um að fresta málinu svo að betri tími gæfist til að ræða hin ýmsu ágreiningsefni. Mikill ágreiningur er um þá skipan sem gert er ráð fyrir í frv., þ.e. að hafnir geti átt í hlutafélögum og megi taka þátt í öðrum atvinnurekstri þrátt fyrir að þær hafi verið byggðar upp fyrir opinber framlög. Þrátt fyrir að meiri hluti nefndarinnar leggi til að fallið verði frá fyrirmælunum um að eigendur hafna sem njóta styrks frá hinu opinbera geti verið hlutafélög er enn gert ráð fyrir að hafnir geti orðið hluthafar í ýmissi starfsemi sem tengist rekstri þeirra. Þannig geta framlög hins opinbera orðið til að skekkja samkeppnisaðstöðu fyrirtækja í framtíðinni. Þá er mjög mikill ágreiningur um þær breytingar sem gert er ráð fyrir að verði á kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í hafnarmannvirkjum.

Ákvæði um 25% álag á vörugjöld sem renni í Hafnabótasjóð er mótmælt kröftuglega af mörgum aðilum. Þarna er á ferðinni mjög óheppilegur gjaldstofn og dæmi eru um að þetta gjald sé lagt þrisvar sinnum á sömu vöru. Þessu til viðbótar er fjölmörgum atriðum mótmælt í umsögnunum. Þá er ráðherra í 40. gr. falið víðtækt reglugerðarvald og sjálfdæmi gagnvart öllum breytingum sem í framtíðinni kunna að verða á Evrópska efnahagssvæðinu.

Minni hlutinn er sammála mörgu af því sem fram kemur í umsögnum og hefur gert ítrekaðar tilraunir til að fá fram breytingar á ákvæðum frv. Á fundum nefndarinnar hefur komi í ljós að ekki er nægur vilji til staðar hjá meiri hlutanum til að koma til móts við sjónarmið minni hlutans.

Minni hlutinn telur að þetta mál sé ekki nógu vel undirbúið þótt vissulega hefði átt að vera til þess nógur tími þar sem málið var lagt fram á síðasta þingi. Minni hlutinn gerði þá strax miklar athugasemdir við frv.

Meiri hlutinn hefur ekki viljað taka nægilegt tillit til þeirrar gagnrýni sem fram hefur komið og stefnir að því að afgreiða málið með breytingum sem ekki eru nægar að mati minni hlutans.

Minni hlutinn mótmælir þessum fyrirætlunum harðlega. Ágreiningur er um mörg og stór atriði í frv. Telur minni hlutinn að gera þurfi grundvallarbreytingar á því og að ekki þjóni tilgangi að flytja breytingartillögur við frumvarpið og leggur því til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Áður en ég fer að ræða almennt um frv. vil ég segja að ég tel að þetta mál sé ekki nálægt því nógu vel undirbúið og síðustu dagarnir sanna það. Við vorum á fundi þangað til klukkan var langt gengin í eitt í morgun að fara yfir þetta frv. að síðustu og þess vegna eru menn ekki allt of vel undirbúnir undir þessa umræðu. Ég tel að það hefði átt að fresta þessari umræðu. Ég fór fram á það við hv. formann nefndarinnar en hann vildi ekki verða við því að skoða þessi mál betur áður en farið yrði í 2. umr. um frv. Það hefði verið affarasælla að mínu viti. Það mun lengja þessa umræðu í þinginu að það var ekki gert.

Hv. formaður nefndarinnar gerði grein fyrir því að hann ætlaði að beita sér fyrir því að það yrði umræða milli 2. og 3. umr. um málið til að skoða þrjú mál sem hann nefndi. Fyrsta málið var heimild til að setja upp tollafgreiðslu fyrir ferjusiglingar. Það er allt gott um það mál að segja og sjálfsagt að skoða það. Það er nýtt í þessu og er ekki eitt af því sem við erum að gagnrýna að komi inn til viðbótar því það hafa ekki komið upplýsingar um það mál fyrr en þetta.

Hins vegar vil ég leiðrétta það að það hafi fyrst orðið ljóst í janúar að það kæmi fyrir að þetta vörugjaldsálag legðist oftar en einu sinni á vöruna. Það annað af þeim atriðum sem hv. formaður nefndarinnar nefndi áðan að við mundum taka til umræðu. (Gripið fram í.) Þá hef ég misheyrt ef þannig er. En það hefur auðvitað legið fyrir að þessi hætta væri fyrir hendi og komið fram í nefndinni að menn hefðu upplýsingar um að slíkt hafi gerst.

Það hefur hins vegar nýlega komið upp mál vegna ferjusiglinganna einfaldlega vegna þess að þar hafa menn ekki fylgt lögunum eftir fram að þessu. Ferjurnar, t.d. Akraborgin, hafa ekki innheimt vörugjald af þeim farmi sem hefur verið á bílum sem hafa farið með því skipi en nú hefur hafnarstjórnin í Reykjavík skrifað Skalla-Grími sem rekur Akraborgina og gert forráðamönnum hans grein fyrir því að nú verði þetta vörugjald innheimt og vegna þrýstings frá að mér skilst samgrn. muni eiga að fylgja þessu máli eftir núna. Ég býst við því að það verði hvort sem er ekkert um annað að ræða. Lögin segja einfaldlega að það eigi að innheimta þetta gjald og þetta gjald á að innheimta, samkvæmt orðanna hljóðan í þessu frv., bæði við lestun og losun skipa þannig að ef á að fara eftir lagabókstafnum ætti að innheimta vörugjald bæði þegar bílarnir keyra um borð í Akraborgina og þegar þeir keyra í land aftur hinum megin. Eins er það með Baldur og fyrirtæki eins og Herjólf. Það hefur komið í ljós við umfjöllun nefndarinnar að þetta hefur gerst með ýmsum hætti. Hjá Herjólfi t.d. munu menn hafa rækt þetta þannig að þeir hafa talið að það ætti ekki að innheimta vörugjöld af nauðsynjavörum og síðan vissi enginn í nefndinni hvers konar skilgreining það væri, hvað Vestmanneyingar teldu vera nauðsynjavörur eða þeir sem rækju eða réðu ferðinni hjá Herjólfi.

Hjá flóabátnum Baldri hefur verið önnur aðferð. Þar hafa menn notað einhverja ákvarðaða tölu, notað einhvers konar jöfnunartölu í þessu sambandi þannig að þetta er út og suður. Hjá Akraborginni hefur þetta eins og ég sagði áðan ekki verið innheimt þannig að það er auðvitað ófært að svona svona skuli vera staðið að málunum. En við í minni hluta samgn. höfum gagnrýnt álagningu þessa 25% álags á vörugjöld alveg sérstaklega allan tímann alveg frá því að þessar hugmyndir komu fram í upphafi og ég tel að það sé ekki um annað að gera fyrir okkur en að flytja brtt. við 3. umr. ef ekki verður komið til móts við okkur í þessu efni.

Niðurstaðan hjá okkur í minni hlutanum varð sú að leggja til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar einfaldlega vegna þess að við höfum svo margt við það að athuga. Við teljum að það eigi að taka þetta mál og skoða það alveg upp á nýtt. Á fund nefndarinnar núna fyrir hádegið mættu forsvarsmenn Hafnasambands sveitarfélaga og þeir voru með margar athugasemdir við þetta frv. og lögðu í raun og veru til að málið yrði tekið til skoðunar upp á nýtt. Og ég held að það væri affarasælla að menn gerðu það heldur en fara að lögfesta mál sem er það mikill ágreiningur um.

Ég held að það sé rétt að nefna hér til þess að rifja upp að einhverju leyti það sem menn hafa verið að setja út á í sambandi við þetta frv., þá vildi ég nefna úrdráttinn sem var gerður á þeim athugasemdum sem komu til nefndarinnar í fyrra. Það fyrsta er um breytingu á hafnaráði. Það kom fram að tilnefning fulltrúa Hafnasambands ætti að vera árlega og varamenn vantaði, hugsanlega væri valdsvið of mikið.

Um hafnasamlögin komu fram mjög mismunandi skoðanir. Margir töldu hugmyndina jákvæða en aðrir að hún væri of lítið þróuð og ætti e.t.v. að tengja betur við almenna þróunaráætlun fyrir sveitarfélög á stóru svæði. Það sjónarmið kom fram að stofnun hafnasamlaga gæti rúmast innan sveitarstjórnarlaga. Forsenda væri að tengja þau við ákvæði 29. gr. um forgangsröð verkefna, þ.e. breytt vinnubrögð. Þá voru auðvitað athugasemdir við hlutafélög. Meiri hlutinn hefur reyndar fallið frá því að hafnir geti orðið að hlutafélögum en heldur inni ákvæði um það að hafnir geti tekið þátt í starfsemi sem tengist starfsemi hafnarinnar en þau tengsl þurfa samkvæmt skilgreiningunni ekki að vera önnur en að það þurfi að flytja efni eða vörur um hafnasvæðið. Það er ekki merkilegri tenging á þessari skilgreiningu en þetta.

Það lá t.d. fyrir þegar verið var að tala um að hafnir gætu orðið hlutafélög að menn skilgreindu það þannig að síðan gætu þessi hlutafélög um hafnirnar tekið þátt í að reka fiskmarkaði og samkvæmt því hljóta menn að meina það enn að hafnirnar geti átt í fiskmörkuðum eða öðrum rekstri sem tengist ekki meira höfnunum en það að kaupa af höfnunum þjónustu.

Um 25% álagið voru t.d. athugasemdir eins og þær að hafnirnar væru sammála um að mótmæla þessu álagi og í morgun var það ítrekað af forustumönnum Hafnasambandsins að af grundvallarástæðum væru þeir á móti þessu gjaldi. Þeir töldu að það ætti að taka upp aflagjald eða einhvers konar slíkt gjald í staðinn sem rynni þá beint til hafnanna og þær gætu ráðið sjálfar hvernig þær ráðstöfuðu þeim peningum. Þetta er auðvitað skattur og út af fyrir sig ekkert athugavert við það að menn velji einhverja leið til að skattleggja, en ég tel að þessi skattur sé mjög óheppilegur og komi mjög ójafnt niður. Ég tel einnig mjög nauðsynlegt ef menn fallast ekki á að fella hann niður að það verði gerðar þær endurbætur á innheimtunni að það sé ekki lagt nema einu sinni og það sé ekki verið að leggja þetta á starfsemi sem óeðlilegt er að leggja skatt á, t.d. flutningastarfsemi með bílum. Þessar athugasemdir um 25% álagið voru t.d. þær að það ætti ekki að nota tekjustofna hafna til skattlagningar, það ætti ekki að skylda hafnirnar til að innheimta skatta og að álagið væri byggðaskattur og hækkaði vöruverðið. Hann yki á millifærslur og treysti ekki rekstur hafnanna, hann yki á misvægi landflutninga og sjóflutninga. Síðan voru athugasemdir um að breyta þessum mismunandi styrkjum sem eru núna samkvæmt lögum úr ríkissjóði til hafnargerðar og þar var afstaðan auðvitað mismunandi af eðlilegum ástæðum. Þetta kemur misjafnlega niður eftir því hvaða höfn er um að ræða og hvaða starfsemi fer fram í viðkomandi höfnum. Almennt voru

hafnarstjórnir samt á móti því að hafnsögubátar og kranar væru felldir út og bent var á að það ætti að auka styrk til ytri mannvirkja og það væri verið að hvetja til uppbyggingar hafna þar sem aðstæður væru slæmar í stað þess að innrétta hafnir sem væru hagkvæmar til uppbyggingar. Þetta voru ábendingar og t.d. var hvatt til að stefnumörkun um styrki úr ríkissjóði væri markvissari og ætti að tengjast betur ákvæði 29. gr. um að við áætlanagerðina og forgangsröðun framkvæmda skuli leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild. Og það ætti að flokka hafnir og meta frekar þörf á uppbygging í málaflokkum eins og fiskihöfnum, flutningahöfnum og skipaviðgerðum frekar en taka afstöðu til einstakra byggingarhluta hafna. Það eru svona grundvallaratriði sem þessir aðilar hafa verið að benda á að þyrfti að fjalla betur um áður en menn gengju endanlega frá þessum hlutum.

Eins og ég sagði áðan ákváðum við að flytja ekki brtt. núna við 2. umr. málsins, líka vegna þess að okkur var kunnugt um það að hv. formaður ætlaði að kalla nefndina saman á milli umræðna. Við vorum búnir að skoða brtt. þó við værum ekki búnir að taka endanlega ákvörðun um að flytja þær af ýmsu tagi og ég vil vekja athygli á því til þess að hv. þingmenn átti sig á því hvernig þetta mál liggur að frá því að málið var lagt fram til umræðu hér hafa komið fram brtt. frá meiri hlutanum. Meiri hlutinn hefur fallist á að breyta frv. Í fyrra var meiri hlutinn með 16 brtt. og núna er meiri hlutinn búinn að leggja fram 10 brtt. og er að boða fleiri og vonandi mun hann fallast á að þessar tillögur verði enn fleiri en þetta þannig að við sjáum að það er um að ræða a.m.k. hátt í 30 brtt. við frv. frá því að það var lagt fram í upphafi. Samt eru við það svona athugasemdir eins og ég var að fara hér yfir. Ég held að menn verði að gera sér vel grein fyrir því að undirbúningur þessa máls hefur ekki verið nægilega góður og þrátt fyrir það að svona margar brtt. hafi komið fram þá er ástæða til að halda að það þurfi að doka við og gefa sér betri tíma til að vinna þetta mál.

Það hagar þannig til að það mun ekki valda neinum verulegum erfiðleikum einfaldlega vegna þess að þetta breytir ekki fjárhagsáætlunum að neinu marki sem liggja fyrir fyrir þetta ár. Það er t.d. búið að ákveða 25% vörugjaldið fyrir þetta ár með öðrum lögum þannig að sá tekjustofn er ekki í hættu þó að þetta frv. fari ekki í gegn núna. Þó að breyting verði á skiptingunni á prósentunni, þ.e. hve styrkirnir eru háir við einstaka hluta hafnanna, þá held ég að það væri út af fyrir sig ekki nema bara af því góða einfaldlega vegna þess að það er á þessu hinn mesti ruglingur á þessu ári og hefði verið nær að menn hefðu haldið sig við það að úthluta til hafnanna samkvæmt lögunum eins og þau liggja fyrir heldur en vera að gefa mönnum til kynna að þeir fái úthlutanir til hafnabóta samkvæmt einhverju frv. sem ekki er búið að samþykkja í hv. Alþingi.

Ég vil gera þá athugasemd við 2. gr. frv. að ég tel að það sé óeðlilegt úr því að menn eru þarna með ákvæði um það að hæstv. ráðherra eigi að skipa eða megi skipa nýja menn í stjórn, það stendur hér, með leyfi forseta: „Samgönguráðherra skipar hafnaráð sér til ráðuneytis um hafnamál“ o.s.frv. Síðan kemur í síðari hluta greinarinnar: „Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgönguráðherra, og skal einn þeirra vera starfsmaður samgrn. og er hann jafnframt formaður ráðsins og skipaður til fjögurra ára í senn. Tvo fulltrúa samgrh. skal skipa að nýju við ráðherraskipti.

Þóknun til hafnaráðsmanna greiðist úr ríkissjóði.“

Ég tel að það sé óeðlilegt, úr því að ráðherra er á annað borð ætlað að skipta um eða ákveða eftir aðstæðum að hafa áfram þá sem voru fyrir í hafnaráði þegar hann tekur við sínu embætti, að hann hafi ekki áhrif á það hver er formaður ráðsins. Ég tel að úr því að menn eru með þetta ákvæði svona á annað borð þá sé langeðlilegast að ráðherra skipi bara alla sína þrjá í einu og hann hafi þá ráð á þessum þremur mönnum því að ekki síst þarf hann þá að ráða því hver er formaður ráðsins ef á annað borð er verið að gefa honum vald til þess að skipta um þegar hann tekur við starfi í sínu ráðuneyti.

Við 8. gr. frv. hef ég það að athuga þrátt fyrir að búið sé að taka út þarna möguleikann á því að hafnir geti verið hlutafélög sem ég fagna vegna þess að þetta var auðvitað hið fáránlegasta mál eins og það var lagt fyrir og ég ætla ekki að fara að endurtaka umræðurnar um það. Það væri þó ástæða til að rifja það upp fyrir þingmönnum, og kannski gerir það einhver hér á eftir, hvers konar rugl þetta var, sem hér var borið á borð fyrir menn, og hefur auðvitað ekki verið sársaukalaust fyrir þá sem sömdu þetta frv. að þurfa að taka þetta hugarfóstur út úr því, því að lengi var a.m.k. á því hangið og þetta er nú búið að vera eitt af stærri ágreiningsefnunum um þetta mál. En eftir sem áður er í 8. gr. gert ráð fyrir því að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra og ég segi það alveg eins og er að ég tel að Alþingi þurfi að vanda sig betur en þetta. Ég ætla að lesa til samhengis fyrir hv. þm. Það stendur eins og ég sagði áðan í 8. gr.:

„Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra.“ Í 14. gr. stendur líka: „Tekjum og eignum hafnarsjóðs má einungis verja í þágu hafnarinnar. Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða.“

Þetta þýðir með öðrum orðum að fyrirtæki, sem er undanþegið sköttum og skyldum til sveitarsjóða og fyrirtæki sem hefur þau fyrirmæli að tekjum og eignum þess eigi eingöngu að ráðstafa í þágu þess, er síðan í 2. gr. laganna gefið leyfi til þess að taka þátt í rekstri fyrirtækja, vera hluthafi í öðrum fyrirtækjum. Ég segi það alveg eins og er að þetta gengur ekki upp og mér finnst að Alþingi megi ekki setja lög sem eru með þessum hætti ósamkvæm sjálfum sér.

Ég geri ekki ráð fyrir því að það verði fluttar nema fáar brtt. við 3. umr. Við sjáum ekki að það hafi mikinn tilgang. Við munum auðvitað flytja brtt. við þessi aðalatriði sem ég hef verið að nefna. Við höfðum hugsað okkur að flytja breytingartillögur sem miðuðu að því að losa þetta sérstaka vörugjald út úr frv. en það

kann vel að vera að við 3. umr. verðum við að flytja brtt. sem feli í sér breytingar á sjálfu vörugjaldinu ef ekki verður samkomulag um það í nefndinni og það var m.a. það sem við vildum fá að ræða við nefndina áður en málið kæmi til 2. umr., hvort það væri ekki hægt að ná samkomulagi um að gera þessar breytingar. Einmitt þau mál sem hv. formaður var að ræða áðan um vörugjaldið og ferjusiglingarnar, hvort það væri ekki hægt að ná samkomulagi um að það færi þó alla vega inn í frv. þannig að það þyrfti þá ekki að gera brtt. um það efni, en það munum við auðvitað gera ef á þarf að halda.

Síðasta mgr. í 11. gr. frv. er um aðila sem eiga mannvirkin á hafnarsvæði og er svona, með leyfi forseta:

„Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggjur innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi er um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum er fara um bryggjuna nema hafnastjórn samþykki."

Ég vil meina það að þessi satning sé í raun og veru óeðlileg. Það er ekki hægt að setja að mínu viti lög þar sem öðrum aðilanum sem á hlut að máli er gefið algert sjálfdæmi um það sem um er að ræða eins og þarna. Þarna er um að ræða not af bryggjum sem eru *í eigu annarra aðila en hafnarinnar og höfninni er gefið* með þessari lagasetningu algert alræðisvald yfir því hvort hún samþykkir að sá sem á mannvirki fái einhvert endurgjald fyrir notin af þessu mannvirki. Ég tel að þetta sé mjög óeðlilegt og tel að það sé ástæða til þess að flytja við þetta brtt. við 3. umr.

Við 12. gr. munum við að sjálfsögðu flytja brtt. um 25% vörugjaldið ef þannig veltur eins og ég lýsti hér áðan.

Það hlýtur að vera til umhugsunar, finnst mér, fyrir meiri hlutann ef hann ætlar að hafa áfram ákvæðið inni í 8. gr. um það að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtækjum, hvort hann þarf ekki að hugsa sig um og flytja brtt. við 14. gr. um það að tekjum hafnarsjóðs megi einungis verja í þágu hafnarinnar til þess að það verði nú samræmi í löggjöfinni. Ekki hef ég áhuga fyrir að flytja þá brtt. en ég tel að það sé vinsamleg ábending til meiri hlutans að hann reyni að hafa samræmi í því sem hann er að gera og þá eins að hafnarsjóðir verði ekki undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða nema því aðeins að þeir séu þá alerlega frír af annarri starfsemi en þeirri sem fer fram á vegum hafnarinnar sjálfrar.

Síðan ætla ég að fara fáeinum orðum um 26. gr. frv. en hún fjallar um þessa kostnaðarskiptingu í höfnunum, hafnamannvirkjunum. Það er kannski ástæða til þess að vekja athygli þingmanna á samanburðinum sem er á þessari tillögu sem er í frv. og því sem nú er í lögunum en þessi samanburður er á bls. 15 í þessu skjali. Þar kemur fram að það eru verulegar breytingar sem þarna er verið að leggja til að gera. T.d. eru hafnargarðar og öldubrjótar hækkaðir í kostnaðarþátttöku upp í 90% úr 75%. Hafna- og innsiglingagjaldtakan er jöfn og áður, 90%, siglingamerki eru hækkuð upp í 90%. Ekjuskip og ferjur er líka sett á 90%. Bryggjur og viðlegukantar er lækkað úr 75% í 60%. Uppfyllingar og umferðaræðar á hafnarsvæðum voru 75% en eiga að vera 60%. Upptökumannvirki fyrir skip er hækkað úr 40% í 60%. Það kann einhverjum þingmanni að þykja undarlegt í tengslum við þá umræðu sem hefur farið fram núna undanfarið um það að hér séu of margir aðilar að reka skipasmíðastöðvar og þjónustu við flotann, að menn skuli ætla að fara að hækka þetta framlag. Ekki ætla ég svo sem að fara að halda því fram eða taka þátt í þeirri umræðu að það sé of mikið af skipasmíðastöðvum í landinu, ég er á annarri skoðun. Ég tel að það eigi að reka allar þær skipasmíðastöðvar áfram sem eru í landinu og tel að það sé mikið meira en nóg af verkefnum fyrir þær ef þær fá eðlilega þátttöku í því að þjónusta flotann og menn hætti að fara til útlanda til þess að láta smíða og gera við skipin sín.

En ég held að það sé umhugsunarefni hvort við eigum að fara að ákveða það að hækka úr 40% í 60% þátttöku ríkisins í upptökumannvirkjum. Ég tel að það sé kannski ekki alveg í takt við tímann og í sjálfu sér kannski ekki endilega heldur neitt „aktúelt" í dag að gera þessa breytingu þannig að ég get fallist á það sem hefur komið fram hjá þeim sem hafa gagnrýnt þetta yfirleitt að það sé ástæða til þess að doka við og hafa þetta óbreytt þangað til menn eru búnir að fara betur yfir þetta allt saman.

Það sem flestir hafa gagnrýnt mest er t.d. að það er ákveðið að hætta algjörlega að styrkja ákveðna kostnaðarþætti við rekstur hafnanna, það eru t.d. hafnarvogirnar og hafnsögubátarnir og fastir kranar til löndunar. Þetta á allt saman að falla niður.

Síðan eru þrír nýir liðir þarna inni, það er að skipulag hafna og hafnasvæða skuli samkvæmt frv. vera borgað 60% og niðurrif hafnarmannvirkja líka 60%. En ég vek enn og aftur athygli á því að þeir sem hér hafa gefið umsagnir og ættu að vita um þetta gerst, þ.e. sveitarfélögin og Hafnasambandið og þeir aðilar sem hafa sent okkur umsagnir, hafa yfirleitt lagst gegn þessum breytingum og verið með miklar athugasemdir þannig að það þarf auðvitað að skoða alla þessa hluti betur.

Það er eitt sem hv. formaður sagði áðan sem ég þarf að gera athugasemd við, það var að í sambandi við reglugerðirnar. Það er gert ráð fyrir því í frv. að það sé hægt að setja reglugerð um hafnir og á fundinum í morgun kom athugasemd frá þeim sem þar voru mættir til þess að ræða við okkur um þetta. Þeir bentu á að með þessu væri verið að tala um að setja eina reglugerð fyrir allar hafnir í landinu og það var gagnrýnt og talið óeðlilegt og mundi ekki vera hægt vegna mjög mismunandi starfsemi og staðhátta á hverjum stað. Formaður svaraði því og sagði það einmitt hér og það er þess vegna sem ég vek athygli á þessu máli núna í minni ræðu, að formaður sagði þá og sagði aftur núna áðan í ræðu sinni, að það hefði ekki verið hugmyndin að setja eina reglugerð. En það er í bréfi frá ráðuneytinu greinilega hugmyndin að setja eina reglugerð og ég vil, til þess að menn átti sig á því hvað er þar á

ferðinni, lesa athugasemdina sem kom frá samgrn. til samgn. Í henni stendur, með leyfi forseta:

„Nú eru í gildi alls 67 hafnarreglugerðir fyrir hverja einstaka höfn en þeim reglugerðum hefur verið breytt 40 sinnum. Á undanförnum árum hafa komið fram tillögur um að sameina þessar hafnarreglugerðir í eina og hafa sérákvæði í þeirri reglugerð um mörk einstakra hafna og önnur ákvæði um einstakar hafnir ef nauðsyn krefur. Slík sameining horfir mjög til einföldunar fyrir alla aðila. Eins og orðalag 10. gr. er nú í frv. virðist ekki vera heimilt að ganga til slíks verks og er því lagt til að opna fyrir þann möguleika."

Þannig var það skilningur þeirra í ráðuneytinu þegar þeir sömdu uppkastið að breytingunni sem er á undan, þ.e. að 1. málsliður 10. gr. orðist svo, segir þar: „Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum og fengnum tillögum eigenda hafnarreglugerð fyrir hafnir."

Þeir voru sem sagt með þennan skilning á málinu sem gestir okkar á fundinum í morgun höfðu og voru að gagnrýna. Ég tel aftur á móti að það sé ekkert athugavert við það að reyna að setja reglugerð sem geti staðið fyrir sem flestar hafnir og mér finnst að það sé sjálfsagt að hafa það þannig í frv. að það sé hægt en síðan sé það í valdi ráðherra að velja þá aðferð að setja sérstaka reglugerð fyrir einstaka höfn ef hann telur að þannig hátti til að það sé orðið óeðlilegt og of viðamikið að taka inn ákvæði í aðalreglugerðina, sem mundi þá gilda fyrir flestar hafnir, einhver sérákvæði fyrir viðkomandi höfn sem þyrfti á sérstakri meðhöndlun að halda.

Mig langar að spyrja hv. formann nefndarinnar, einfaldlega vegna þess að ég gleymdi því á fundi nefndarinnar í morgun um það sem kemur fram í athugasemdum á bls. 16, í fylgiskjali II frá fjmrn. Þar kemur fram neðst á bls. 16:

„Ákvæðum um starfsemi Hafnabótasjóðs er einnig breytt. Hið sérstaka vörugjaldsálag er lækkað úr 25% í 20% og rennur nú til starfsemi Hafnabótasjóðs sem er ætlað að létta kostnaðarhluta hafnarsjóða og -samlaga, í stað þess að koma til hækkunar á framlagi ríkisins eins og núverandi lög kveða á um."

Mig langar að spyrja hv. formann að því, af því að hæstv. ráðherra er ekki hér í salnum, hvernig á þessu standi. Ég hef staðið í þeirri meiningu að þarna væri verið að tala um 25% álagið sem er inni í frv. og það hefur farið fram hjá mér ef það hefur lækkað niður í 20% en í umfjöllun ráðuneytisins virðist, ef ég er ekki að misskilja málið, vera gert ráð fyrir því að það yrði á þessu veruleg lækkun ef þetta er rétt skilið sem þarna stendur.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að teygja lopann lengur um þetta mál, það kann vel að vera að ég taki til máls aftur. Það er einungis eitt mál til viðbótar sem ég vil ræða hér að lokum og það er að í brtt. meiri hlutans er ákvæði sem varðar möguleikann til að setja reglugerðir og þar ætlar meiri hlutinn að leggja til að ráðherra geti sett reglugerðir vegna breytinga á reglum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ef minni háttar breytingar verði á reglum á hinu Evrópska efnahagssvæði þá geti ráðherra ákveðið að breyta reglugerðum í samræmi við það. Ég vil segja það, þrátt fyrir orð hv. formanns nefndarinnar um það sem hér gerðist á liðnu þingi um þetta efni, að ég man ekki betur en það hafi orðið nokkur breyting á orðalagi á því ákvæði sem sett var inn í sambandi við umfjöllun um lögin um hið Evrópska efnahagssvæði, þ.e. bandorminn um samgöngumál sem var samþykktur á síðasta þingi, frá því sem var rætt í upphafi í nefndinni þegar við í minni hlutanum tókum undir að það væri til bóta að gera þessar breytingar, þá man ég ekki betur en það hafi verið lengra og ítarlegra sem þá var til umræðu heldur en það sem að lokum kom. Ég vil samt ekki gera lítið úr því að hv. formaður leggur það til að hér verði bætt við, en ég tel að það sé miklu skýrara að gera það með svipuðum hætti og gerðist við umfjöllun um almannatryggingalögin um daginn þar sem kom upp ágreiningur á lokastigi meðferðar málsins, einmitt um þetta atriði, reglugerðarvald ráðherra. Þá varð samkomulag í nefndinni um að bæta við 66. gr. laganna um almannatryggingar þessum orðum: „Við greinina bætist „enda eigi ákvæði þeirra stoð í lögum þessum.""

Við munum flytja brtt. við 3. umr. með þessum hætti ef við náum ekki samkomulagi um orðalag á þessum hlutum á milli umræðna.

Ég hef nú talað lengra mál en ég hefði annars gert en ég sagði það í upphafi ræðu minnar að vegna þess að okkur tókst ekki að fá málinu frestað og fá tækifæri til þess að fara yfir það í nefndinni betur en gert var eftir að við lukum við að tala við þá sem kallaðir voru á fund nefndarinnar og eftir að komin voru upp ný mál til umfjöllunar í tengslum við þetta mál, þá hef ég sem sagt talið mig þurfa að koma því á framfæri sem ég hef gert og hefur því miður ekki verið nægilega skipulega fram sett, einfaldlega vegna þess að ég hafði engan tíma til þess að undirbúa mig undir þessa umræðu eftir að fundi lauk í nefndinni í morgun. Ég hafði vonast til þess og talið að það væru nokkur rök til að gera ráð fyrir því að við fengjum betri umfjöllun í nefndinni en komið var vegna þess hvernig málin lágu þá fyrir.

[15:24]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins tvennt sem ég vil nefna af því sem kom fram í máli hv. frsm. minni hlutans. Í fyrsta lagi varðandi hlutafélög eða fyrirtæki sem hafnarsjóðir kunna að vera aðilar að. Það hefur auðvitað margkomið fram að slík fyrirtæki eru skattlögð í samræmi við það sem gerist um önnur slík fyrirtæki þrátt fyrir ákvæði sem eru um skattfrelsi hafnarsjóðanna sjálfra.

Hitt atriðið varðar 9. brtt. um heimildir ráðherra til þess að setja reglugerð. Ég skýrði þetta áðan og tel að þær skýringar hafi verið fullnægjandi og þessi ákvæði séu fullnægjandi til þess að þjóna því sameiginlega sjónarmiði okkar að veita ekki slíkar opnar heimildir til reglugerðar ef EES-samningnum verður breytt. Það segir að vísu í bráðabirgðaákvæðinu, ef um einhverjar verulegar breytingar er að ræða. Það er auðvitað margt að því er snertir samgöngumál í þessum samn-

ingi sem ekki kemur við okkur Íslendinga og þó að reglugerðum væri breytt að því er lúti að slíkum ákvæðum þá tel ég ekki neina ástæðu til þess að það fari fyrir Alþingi ef það kemur ekkert við okkar hagsmuni á einn eða annan máta. En með tilliti til orða hv. þm. þá vil ég gjarnan bjóðast til þess að kalla þessa tillögu til baka til 3. umr. því ég hygg að það sé vilji okkar allra að þarna liggi alveg ljóst fyrir að okkar sameiginlega markmiði sé náð. Ég tel að það væri vel hægt að hugsa sér að það orðalag verði tekið upp sem hv. þm. nefndi, enda væri þá líka tekin upp tilvitnun í lögin um breytingu á lagaákvæði er varðar samgöngumál vegna aðildar að Evrópska efnahagssvæðinu.

[15:26]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því og ég tel að þetta sé mjög vel ásættanlegt það sem hv. formaður nefndarinnar var að tala um áðan og ég býst við að það verði engin fyrirstaða frá hendi minni hlutans í því að koma þessu fyrir með þeim hætti sem hann nefndi.

Um hlutafélögin vil ég segja það að auðvitað efast ég ekkert um að þau verða skattlögð með eðlilegum hætti, það er ekki um það að ræða. Gagnrýni okkar beinist að því að hafnir sem sérstakar stofnanir eru undanþegnar sköttum og skyldum og fá framlög frá ríkinu til framkvæmda, en síðan geti þessi fyrirtæki, þ.e. hafnirnar, í krafti síns styrks og hann getur orðið býsna mikill sem fyrirtækis ef menn fara að beita þeim sem slíkum — mér er kunnugt um það að sumir hafnarsjóðir eru mjög sterkir fjárhagslega og ég tel að það sé ekki eðlilegt að þeir geti með peningum eða styrk sem þeir hafa fengið vegna framlaga ríkisins — í samkeppni milli fyrirtækja með þeim hætti að leggja hlutafé til fyrirtækja sem standa í samkeppni á vinnumarkaðinum. Það er það sem ég er að gagnrýna og ég tel að það sé mjög vandasamt að finna einhverjar millileiðir í þessu sem hægt er að halda utan um.

[15:28]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Þetta mál hefur fengið allítarlega umræðu á hinu háa Alþingi og verið rætt nokkrum sinnum og mér sýnist á þeim brtt. sem hér liggja fyrir og þeim umræðum sem fylgja í kjölfarið að hv. samgn. hafi vandað til umfjöllunar sinnar um málið líka. Það er aðeins um 8. gr. frv. sem ég vildi hafa örstutt mál og kannski frekar spyrjast fyrir um.

Í 8. gr. er m.a. kveðið á um heimild til hæstv. ráðherra um að mynda hafnasamlög nokkurra hafna og um rekstur og þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi. Það er orðalagið sem mig langar til að spyrjast fyrir um hvað táknar. Það segir svo orðrétt, með leyfi forseta, í 8. gr.:

„Ráðherra skal ákveða með reglugerð að höfðu samráði við eigendur viðkomandi hafna að mynduð verði hafnarsamlög um rekstur þeirra þar sem landfræðileg skilyrði eru fyrir hendi."

Það er í raun eitt orð sem stingur í stúf en það er orðið „samráð". Þýðir þetta orð það sama og samþykki? Þær eru ekki ókunnar umræður hér á hinu háa Alþingi hvað þetta hugtak þýðir í raun og veru og hvaða þýðingu það hefur, þess vegna skiptir mjög miklu máli að hér liggi fyrir mjög skýrar yfirlýsingar um hvað hér býr að baki. Táknar samráð t.d. það að það sé nóg að halda einn fund með fulltrúum viðkomandi hafna og síðan sé ráðherra frjálst og heimilt samkvæmt þessum lögum að stofna hafnarsamlög þó svo kunni að vera að ein eða fleiri hafnarstjórnir séu því andvígar? Að hér séum við að veita ráðherra heimild til þess að stofna hafnasamlög gegn vilja viðkomandi hafnarstjórna. Nú veit ég að núverandi hæstv. samgrh. mundi aldrei slíkt gjöra, hann mundi aldrei ganga gegn vilja hafnarstjórna í svo viðkvæmu máli sem þessu. Alla vega þekki ég hæstv. núv. samgrh. af slíku og treysti honum fullkomlega að fara með slíka heimild. En það munu hugsanlega aðrir einstaklingar ganga í sporin hans og fjalla um þessa heimild. Það er aldrei að vita nema þá kunni að verða gripið til annarra ráða og þess vegna er mjög mikilvægt að það liggi fyrir mjög skýr túlkun að baki.

Ef einhver vafi er á þá tel ég afar mikilvægt að hv. samgn. kanni það gaumgæfilega hvort það eigi að skipta um orð og segja samþykki í staðinn fyrir samráð þannig að enginn vafi leiki á hver réttur og heimild hæstv. ráðherra er og hver réttur hafnarstjórnanna er. Þetta er afar viðkvæmt mál og ég trúi því ekki að hið háa Alþingi ætli að gefa ráðherra heimild til þess að sameina hafnir með handafli. Ég treysti mér ekki til þess og ég trúi að það sé ekki viljinn að baki þessa orðalags.

Ég vildi vekja á þessu athygli við 2. umr. málsins. Ég gerði það við 1. umr. þegar þetta mál var fyrst lagt fram á 116. löggjafarþinginu. Þá urðu hér allmiklar og snarpar umræður um málið og kann að vera að þessi athugasemd hafi ekki komist til skila í nefndinni en ég legg afar mikla áherslu á að hér séu mál skýrð mjög gaumgæfilega og við vitum hvað við erum að gera.

[15:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það má segja að það sé gott að þessi fyrirspurn hefur komið fram til að taka af tvímæli um það hvað felist í 8. gr. að þessu leyti. Eins og fram kemur í inngangi greinargerðar segir að nefndin, sú er samdi frv., telji eðlilegt að ríkisvaldið stuðli að sínu leyti að því að hafnasamlög verði mynduð, m.a. með gerð sérstakra framkvæmdaáætlana fyrir hvert einstakt hafnasamlag og betri fyrirgreiðslu varðandi ríkisframlög til framkvæmda en einstakar hafnir innan samlaganna gætu annars vænst. Þarna er almennt verið að tala um þá stefnu að það beri að reyna að stuðla að því að hafnir vinni saman og greiða fyrir slíkri samvinnu þar sem það gerir hvort tveggja í senn að draga úr stofnkostnaði og rekstrarkostnaði hafna eins og skýrt dæmi er um á Eyjafjarðarsvæðinu þar sem fyrsta hafnasamlagið var stofnað.

Í mínum huga er það alveg ljóst að í þessum orðum felst að ekki geti komið til hafnasamlags nema öll þau sveitarfélög og þeir hafnarsjóðir sem að slíku sam-

lagi standa séu því samþykkir. Á hinn bóginn tel ég nauðsynlegt að orðalagið sé ákveðið til að kveða upp úr um það að ráðherra hafi gagnvart Alþingi heimild til að skuldbinda sig í sambandi við stofnun hafnasamlaga með eðlilegum hætti og innan ramma fjárlaga.

[15:35]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari yfirlýsingu hæstv. samgrh. Hún tekur af öll tvímæli um það að hér heitir samráð það sama og samþykki, að hið háa Alþingi veiti hæstv. samgrh. heimild til þess að mynda hafnasamlög en þá verði að liggja óskorað samþykki allra viðkomandi hafnarstjórna fyrir áður en slíkt hafnasamlag er stofnað. Að hugtakið „samráð" þýði samþykki í þessu tilfelli. Og ég þakka aftur hæstv. samgrh. að taka af öll tvímæli um þetta.

Ég get tekið undir orð hans um það að mjög víða geta hafnasamlög komið að góðu gagni en það er mjög mikilvægt að frumkvæðið að slíkum hafnasamlögum eigi sér stað í heimabyggð en miðstjórnarkerfið hér í Reykjavík komi ekki til með að hafa frumkvæði fyrst og fremst og ráða síðan úrslitum jafnvel gegn vilja hafnarstjórnanna um hvort hafnasamlag verði stofnað eður ei. Þetta tel ég afar mikilvægt og þetta er líka viðkvæmt þannig að frumkvæðið liggi í heimabyggð. Þess vegna er svo mikilvægt að þetta liggi núna fyrir að hafnarstjórnirnar allar verða að samþykkja myndun slíks hafnasamfélags.

Útbýting þingskjals:

Þjóðgarðar, fólkvangar og friðlýst svæði, 340. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 532.

[15:37]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Frsm. minni hluta samgn. rakti hér rækilega ýmis atriði sem við í minni hlutanum í samgn. höfum haft við þetta frv. að athuga alveg frá því að það var fyrst lagt fram til skoðunar á þinginu 1991–1992. Þá var það reyndar ekkert rætt en um það hefur verið fjallað frá því á 116. löggjafarþingi.

Við teljum enn að frv. þarfnist miklu betri skoðunar en hefur komið fram. Það var einnig rakið í máli hv. frsm. Jóhanns Ársælssonar að það væru komnar fram allmargar brtt. frá því að frv. fyrst hóf sína göngu hér. Þó að fyrstu 16 brtt. sem komu fram á löggjafarþinginu í fyrra og fylgja sem skýringar með því frv. sem lagt var fram í haust hafi að mörgu leyti verið orðalagsbreytingar þá eru þær líka efnisbreytingar. Þær breytingartillögur sem eru lagðar fram núna eru í raun og veru eingöngu efnisbreytngar. Í því sambandi vil ég minna á að það var mikil áhersla lögð á það við lok þings í fyrravor að þessu frv. yrði lokið og það fengi stimpil á þinginu sem lög frá Alþingi og talið að það væri orðið alveg nægilega gott til að vera samþykkt sem lög frá Alþingi. Síðan hefur komið í ljós í meðförum samgn. frá því í haust að nú eru komnar fram 10 brtt. sem eru efnislegar brtt. og hv. formaður nefndarinnar hefur boðað nokkrar í viðbót. Þetta sýnir í hnotskurn að frv. er alls ekki nógu gott enn til þess að hljóta staðfestingu sem lög frá Alþingi.

Það er búið að vinna eftir þeim lögum sem í gildi eru a.m.k. sl. 10 ár, frá 1984, með nokkrum breytingum síðan. Er raunar sagt í athugasemdum með frv. að ekki sé verið að gera neitt veigamiklar breytingar á lögunum með frv. heldur sé verið að sníða af ýmsa agnúa og breyta kostnaðarþátttöku ríkissjóðs, gefa heimild til þess að hafnir geti verið þátttakendur í hlutafélögum um annan rekstur og verið að festa í sessi 25% vörugjaldið og gefa fyrirheit um hafnasamlög. Þetta eru í raun veigamestu breytingarnar.

Við skulum aðeins skoða þær breytingar sem á að fara að gera. Í fyrsta lagi að stofna hafnasamlög. Það er auðvitað ekki svo stórt mál að það þurfi lagabálk til þess að gera það. Það er hægt að gera, eins og kom fram í máli hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, að það þyrfti fyrst og fremst að vera samkomulag um það heima fyrir að hafnir vildu ganga til stofnunar hafnasamlags og ég hygg að ekki hefði þurft að búa til nýtt frv. þess vegna.

Í öðru lagi er verið að breyta mjög kostnaðarþátttöku ríkissjóðs í byggingu hafnarmannvirkja og ég held að það sé engan veginn til að sníða af agnúa á lögunum eins og þau eru í dag. Samkvæmt þeirri skilgreiningu sem sýnd er á fskj. II með frv. er fyrst og fremst verið að breyta því þannig að það sem kallað er náttúruaðstæður hafi í dag hærri styrkhæfni. Þær hafi 90% framlag frá ríkinu í stað þess að vera hæst með áður 75% styrkhæfni. En það sem þeir kalla rekstraraðstæður, og þar er fyrst og fremst átt við innri hafnirnar, lækkar í flestum tilfellum úr 75% í 60% framlag.

Það hefur komið fram allmikil gagnrýni frá hafnarstjórnum og hafnarnefndum sveitarfélaga einmitt á þessa breytingu. Ef áætlunin hefur verið sú með þessu frv. að stefna að því að ríkið taki eitthvað minni þátt í þessum framkvæmdum í samræmi við það sem núv. ríkisstjórn hefur sett sér að reyna að lækka útgjöld ríkissjóðs, þá sýnist mér að þessar áætlanir gangi þvert á það. Með því að hækka framlög við það sem kallað er hér náttúruaðstæður, þ.e. ytri mannvirki, hafnargarðar, siglingamerki, dýpkanir o.fl., þá er fyrst og fremst verið að — ég vildi segja örva til þess að hafnarstjórnir leiti eftir því að fara í slíkar framkvæmdir sem eru með svo háa styrkhæfni.

Nú held ég að við verðum að viðurkenna það á Íslandi að við séum komin með nokkuð mikið af höfnum. Lega landsins og okkar atvinnuvegir útheimta það auðvitað að við höfum góðar hafnir. En er ástæða til þess með breytingu á stofnframlagi ríkisins að hvetja til þess að farið verði í gerð fleiri hafna og styrkja meira þær framkvæmdir þar sem styrkhæfnin er meiri, t.d. ytri hafnirnar? Það hlýtur að örva að farið sé í óhagkvæmar framkvæmdir sem eru mjög dýrar. Það er oft og tíðum mjög dýrt að vinna ytri hafnarmannvirki. Ég held að þetta markmið náist engan veginn. Og ef við skoðum það út frá stöðu hafnarnefnda og sveitarfélaganna þá finnst mér þetta vera alveg þveröfugt. Vegna þess að oft og tíðum eiga sveitarfélög og hafnarnefndir eftir að vinna ýmislegt sem kemur til með að flokkast undir innri hafnir og eiga þá sam-

kvæmt þessu frv. að taka á sig meira við það og það getur gert þeim mjög erfitt fyrir. Sérstaklega finnst mér einkennilegt að hér skuli vera lækkað framlag til mengunarbúnaðar í höfnum. Styrkhlutfall búnaðar til mengunar og slysavarna er lækkað úr 75% í 60%. Það finnst mér vera mjög sérkennileg aðstaða ekki hvað síst á þessum tímum þegar mengunarslys í sjó hafa heldur aukist en hitt og með því nauðsynlegasta að slíkar varnir séu fyrir hendi í höfnum.

Eins og ég sagði í upphafi þá finnst mér vanta að fara betur í þá vinnu sem ætti að koma fram í nýju frv. til hafnalaga. Það er ekki verið að fara inn á neinar nýjar brautir nema í sambandi við kostnaðarskiptingu og hafnasamlög reyndar líka en ekki verið að fara inn á nýjar brautir og setja upp eitthvert heildarskipulag á höfnum landsins, flokka þær t.d. niður vegna þess að hlutverk þeirra er mjög mismunandi og þær eru mjög mismunandi stórar. Það eru fiskihafnir. Það eru sérstakar vöruhafnir, smábátahafnir og hvað við viljum telja upp. Ég teldi mjög eðlilegt að byrja á því að flokka hafnirnar eitthvað niður með tilliti til þess hvaða hlutverki þær gegna.

Mér finnst einnig hafa vantað í undirbúningsvinnuna við frv. að hafa yfirlit yfir framkvæmdir síðustu ára og með tilliti til þess hverju þær hafa skilað í tekjum til viðkomandi hafnarstjórna og hafnarnefnda. Hverju það hefur skilað til sveitarfélagsins og einnig hvaða áhrif það hefur haft á atvinnumöguleika viðkomandi sveitarfélaga. Mér finnst alveg nauðsynlegt að skoða það líka til þess að vita hvar við stöndum og setja sér síðan eitthvert markmið með heildarskipulag á höfnum og flokka þær niður eftir stærð, notkun og hlutverki.

Það fara miklir fjármunir í hafnir hér á landi eins og ég sagði áðan. Staðhættir okkar, lega landsins og okkar atvinnuvegir hafa útheimt að mikið fjármagni fari af hálfu ríkisins til þessa málaflokks. Það fara í kringum 830 millj. kr., þó að ég sé ekki með fjárlögin hérna hjá mér, í þetta á yfirstandandi ári fyrir utan ýmsar lántökur sem eru til viðbótar. Það er því allmikil fjárhæð sem fer í þetta og alveg nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvernig hún skilar sér best og hvernig hún vinnur að þeirri uppbyggingu sem við viljum að gerð sé.

Ég óttast það t.d. að með því að breyta þessari kostnaðarskiptingu þar sem farið er í hærri styrkveitingu til ytri hafna muni geta kallað á það að enn fleiri óski eftir því að koma upp ytri hafnargörðum. Það eru mjög dýrar framkvæmdir en ef það er styrkt með hærra framlagi en verið hefur mun það frekar kalla á að fara í þær framkvæmdir. Það er einu sinni tilhneiging til þess ef ríkisstyrkurinn er hærri.

Hér hefur mjög verið gagnrýnt þetta 25% viðbótarvörugjald á vörugjald í höfnum og raunar búið að gera mjög vel grein fyrir því hér. Það er rétt að spyrja í framhaldi af því hvort menn hafa gert sér grein fyrir því í sambandi við það 25% vörugjald sem nú á að bætast ofan á gjaldstofn vörugjalda í höfnum hverjir bera skaðann af því ef gjaldið innheimtist ekki. Nú getur verið búið að leggja gjaldið á samkvæmt þeirri umferð sem er um höfnina og þeim flutningum sem þar fara um og gera skil á því til Hafnabótasjóðs. Svo getur komið upp sú staða að það fyrirtæki sem átti að greiða 25% gjaldið geti það ekki eða gjaldið náist ekki af einhverjum ástæðum. Það er þá hægt að velta því fyrir sér hvort Hafnabótasjóður muni endurgreiða þetta gjald. Eða hvernig fer með það?

Það er líka alveg nauðsynlegt að halda því til haga að hér er verið að leggja á byggðaskatt. Hér er verið að leggja á margfeldisskatt. Þegar við vorum að ræða síðustu fjárlög fyrir jólin var nokkuð rætt um landsbyggðarskatt sem verið var að leggja á þá landsmenn sem byggju lengst í burtu frá höfuðborginni og þyrftu að sækja ýmsa þjónustu til höfuðborgarinnar. Það var rætt um þetta í sambandi við að setja virðisaukaskatt á innanlandsfargjöld. Menn sáu það með umræðu og ýmsum athugunum að þetta var mjög svo óréttlátur skattur. Í umræðum var hann felldur niður þannig að það kom ekki til framkvæmda að leggja þennan landsbyggðarskatt á innanlandsflugið.

En mér sýnist að þarna sé einmitt verið að leggja á landsbyggðarskatt. Þarna er verið að leggja skatt á þá flutninga sem landsbyggðin þarf að fá til sín og það eru dæmi um það að þetta 25% gjald getur verið lagt á allt að þrisvar og kannski oftar ef ekki fæst leiðrétting á því að ferjurnar eigi nú að fara að greiða þetta líka bæði við lestun og losun á bílunum. Þetta er svo sannarlega landsbyggðarskattur líka sem ekki hvað síst verður til að hækka vöruverð úti á landi.

Raunar hefur þessi gagnrýni iðulega komið fram frá því að fyrst var byrjað að ræða um þetta 25% vörugjald sem tekjuauka fyrir ríkissjóð eins og það var fyrst. Hér er það raunar orðinn tekjustofn fyrir Hafnabótasjóð.

Ég held að þetta þyrfti að endurskoða upp á nýtt og leggja það niður fyrir sér a.m.k., eins og lögmenn segja stundum, til vara ef haldið verður til streitu þessu 25% vörugjaldi að það sé ekki lagt nema einu sinni á sömu vöruna.

Annað í sambandi við breytta greiðsluþátttöku ríkissjóðs til hafnarmannvirkja. Sérstaklega minni sveitarfélögin hafa gagnrýnt það mjög að nú skuli vera tekin út 40% styrkveiting samkvæmt gildandi lögum til hafnarvoga, hafnsögubáta og fastra krana til löndunar. En þetta er samkvæmt núgildandi lögum 40% styrkhæft en á samkvæmt frv. ekki að vera það lengur.

Þess er vert að minnast í því sambandi að ríkið leggur þær skyldur á hafnir landsins að eiga og reka hafnarvogir. Það er oft á tíðum dýr póstur sérstaklega hjá minni höfnum að hafa þær vogir sem þær reka í sæmilegu ástandi og að sjá til þess að þær svari þeim kröfum sem gerðar eru. Mér finnst það skjóta mjög skökku við þar sem ríkið er að leggja þessar skyldur á hafnir landsins að eiga og reka hafnarvogir að nú skuli eiga að fella algerlega niður þátttöku ríkisins í því að koma því upp. Á þetta hefur verið mjög mikið bent sérstaklega frá minni höfnum í landinu.

Ég hef ekki hugsað mér að lengja þessa umræðu mjög. Ég held að við séum búin að koma á framfæri því sem okkur finnst sérstaklega athugavert við frv. Ég

held að það sé mjög margt enn þá sem þyrfti að skoða. Eins og það að hafnir geti verið þátttakendur í hlutafélögum sem tengjast rekstri þeirra. Það hefur engan veginn fengist skilgreint. Fiskmarkaðir hafa verið nefndir í athugasemdum með frv. og komið fram í umræðum í samgöngunefnd líka. En það hefur í raun og veru ekki verið skilgreint nægilega og það getur verið spurning hvað er átt við. Hvaða fyrirtæki mundu falla undir það? Eru það ekki bara öll fyrirtæki sem að einhverju leyti gætu nýtt sér höfnina á einhvern hátt, eins og olíufélög eða skipafélög? Það getur verið miklu fleira en fiskmarkaðir þó að þeir séu nefndir í athugasemdum. Það er mjög vafasamt að ætla höfnum að fara að taka þátt í hlutafélögum því að hafnirnar eru byggðar upp fyrir opinbert framlag og það hlýtur að koma til þess að það stangist á við samkeppnislög þar sem samkeppnisaðstaða fyrirtækja á að vera sem jöfnust, a.m.k. byggjast á réttlæti. En það getur varla gert það ef hafnir sem eru byggðar fyrir opinber framlög geta síðan verið þátttakendur í hlutafélögum um annan rekstur sem er svo í samkeppni við einhver önnur fyrirtæki.

Mér fannst það athyglisvert að áðan kom einn stjórnarliði og spurði um skýringar á þessu frv. Það bendir enn og aftur til þess að ekki sé búið að vinna frv. nægilega vel. Það hefði, eins og ég sagði í upphafi, þurft rækilegrar endurskoðunar við og raunverulega að semja alveg nýtt frv. sem hefði önnur markmið en þetta. Þess vegna líka leggjum við í minni hluta samgn. til að frv. sé vísað til ríkisstjórnarinnar og það verði endurskoðað. Það liggur ekkert á að samþykkja það nú.

Að síðustu þá vil ég geta um, ég veit ekki hvort ég á að segja fáránleikann í þessu öllu saman, að við afgreiðslu fjárlaga fyrir yfirstandandi ár var skipting fjármuna til hafna miðuð við þetta frv. sem við erum að ræða hér, frv. sem ekki er orðið að lögum. Það er ekki skipt í fjárlögum eftir lögunum eins og þau gilda í dag heldur eftir frv. sem enn þá er verið að smíða.

[15:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að taka það fram í upphafi að ég var eiginlega hissa á því eftir því sem leið á ræðu hv. þm. hversu jákvæð hún var miðað við það sem venjan er til ef ég flyt hér frv. og virtist mér sem það væri kannski einhver stafur nýtilegur í frv. eftir ræðuna.

Mér finnst í fyrsta lagi athyglisvert að þingmaður Vestfirðinga skuli amast við því að ríkisvaldið skuli koma duglega til móts við þær hafnir sem þurfa á ytri hafnarmannvirkjum að halda. Það er svo að ég er hér með skýrslu samgrh. um hafnarframkvæmdir fyrir árið 1992. Þar er talað um að lokið hafi verið við byggingu fyrsta áfanga brimvarnargarðs við Brjót. Verkið var boðið út í árslok 1991 og þá var samið við lægstbjóðanda, Gunnar og Guðmund. Verkið hófst í maí og því lauk í nóvember. Samtals voru fluttir í garðinn 82 þús. rúmmetrar af grjóti og kjarna auk þess var framleitt grjótefni á lager um 43 rúmmetrar. Framkvæmdakostnaður var 96,2 millj. kr.

Ég veit ekki hvort hv. þm. er það kunnugt en skýringin á því hversu rík áhersla hefur verið lögð á hafnarframkvæmdir er einmitt aðstæður eins og í Bolungarvík til þess að koma til móts við þá sjósóknara sem þar eru. Miklir baráttumenn fyrir þessu viðhorfi hér á Alþingi voru menn eins og Sigurður Bjarnason, menn eins og Gísli Jónsson, sem kenndur var við Bíldudal og jafnvel Hannibal. Þannig að þetta er alls ekki nýtt af nálinni heldur hefur þetta verið talið myndarlegt af hálfu alþingismanna að koma til móts við duglega sjósóknara að þessu leyti til að draga úr slysahættu og til að örva byggð út á landi.

Ég vil gera þessa athugasemd við þetta sérstaka gagnrýnisatriði hv. þm. þar sem nýbúið er að halda veglega veislu og fagna því sérstaklega í Bolungarvík að ytri hafnarmannvirkjum þar skuli lokið.

[16:01]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki fannst mér fara mikið fyrir þessu andsvari hjá hæstv. samgrh. að þurfa að fara að minna á hafnargarðinn í Bolungarvík. Ég sagði ekki í minni ræðu að ég væri að telja það eftir sem gert hefði verið eða að það ætti að fara að leggja niður þær hafnir sem hingað til hafa verið úrskurðaðar nauðsynlegar um landið og það á ekki hvað síst við á Vestfjörðum. En ég benti á það að með því að auka styrkhæfni til ytri hafnarmannvirkja væri hætta á því að menn mundu jafnvel fara út í gerð nýrra hafna. Ekki þarf að skilja það svo að ég sé að segja að það þurfi ekki að halda við þeim höfnum sem hingað til hafa sinnt sínu hlutverki og verið nauðsynlegar og ekki síst við aðstæður eins og í Bolungarvík. En hitt er annað mál að það þarf að skoða þessi mál alveg að nýju. Það á ekkert síður við á Vestfjörðum en annars staðar.

[16:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þótt 75% hafi staðið áður í lögum og standi í núgildandi lögum um ytri hafnarmannvirki þá hefur í flestum tilvikum verið svo að Hafnabótasjóður hefur bætt við 15% sem vantar upp á 90% þannig að í raun hefur það í flestum tilvikum verið 90%. Það sem hins vegar vakti athygli mína var afstaða hv. þm. Vestfirðinga að hafa áhyggjur af því að ráðist yrði í ytri hafnarmannvirki á því sama ári og myndarlega hefur verið staðið að slíku verki á Bolungarvík.

Ég vil líka vekja athygli á því að þeir hv. þm. sem hér hafa talað og virðast vera mjög afturhaldssamir í samgöngumálum út frá ræðum þeirra og raunar oft endranær eru á móti öllum breytingum ekki vegna þess að þeir beri það fyrir sig að þær leiði til óhagræðis heldur af öðrum ástæðum. (Gripið fram í.) Ég heyri að þingmaður þeirra á Sauðárkrók er eitthvað órólegur.

Í öðru lagi vekur það athygli mína um þingmann Vestfjarða að hann skuli amast við vörugjaldinu. Á Ísafirði er höfnin mjög illa farin, hefur verið vanrækt. Það er gert ráð fyrir því á árunum 1993–1996 samkvæmt þeirri fjárveitingaþörf sem ég er hér með að til þess verkefnis verði varið 189 millj. kr. Svo er um ýmsar aðrar framkvæmdir úti á landi. Vörugjaldið er ekki sérstakur skattur á landsbyggðarmenn heldur er

hann þess eðlis að það er verið að leggja álögur á þjóðina alla til að byggja upp hafnarmannvirki úti á landi. (**StG:** Þú skilur ekki frv.) Þetta veit Stefán Guðmundsson hv. þm. fullvel og er næsta undarlegt ef hann er að reyna að draga fjöður yfir það. Þegar menn eru að tala í þessum anda þá eru þeir á móti því að teknanna sé aflað en ætla eigi að síður að eyða peningum.

[16:05]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist að hæstv. ráðherra skilji ekki almennilega þetta 25% álag sem við höfum verið að gagnrýna á vörugjöld. Við vorum ekki að tala um hin almennu vörugjöld heldur 25% álagið á vörugjöld sem gert er að tekjustofni fyrir ríkissjóð. Í þessu tilfelli á það að renna til Hafnabótasjóðs. En þetta 25% álag fer ekkert beint til hafnarinnar. Það fer t.d. ekki beint til Ísafjarðarhafnar til framkvæmda þar þó hæstv. ráðherra hafi verið að þylja upp einhverjar framkvæmdir sem þar eiga að fara fram. Það er alger misskilningur. Það fer ekki beint inn til þeirrar hafnar. Þannig að þarna virðist hæstv. ráðherra ekki vita um hvað hann er að tala.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 16:06]

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál. stjfrv., þskj. 533.

Út af dagskrá voru tekin 5. og 6. mál.

Fundi slitið kl. 18:01.

---

82. FUNDUR

fimmtudaginn 3. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1992.
2. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 215, nál. 394 og 528, brtt. 395. — Frh. 2. umr.
3. Framleiðsla og sala búvörum, stjfrv., 341. mál, þskj. 533. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
4. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 324. mál, þskj. 515. — 1. umr.
5. Efling laxeldis, þáltill., 325. mál, þskj. 516. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1992.

[10:33]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd forsætisnefndar fyrir starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992.

Samkvæmt 12. gr. laga nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, ber stofnuninni árlega að semja heildarskýrslu um störf sín á liðnu almanaksári og leggja fyrir Alþingi. Í samræmi við þessa lagaskyldu tók Ríkisendurskoðun saman skýrslu um starfsemi sína á árinu 1992 og birti í maímánuði síðastliðnum. Ég mun hér á eftir gera grein fyrir þessari skýrslu í stórum dráttum.

Eins og nafn skýrslunnar gefur til kynna er tilgangur hennar fyrst og fremst sá að lýsa störfum stofnunarinnar og verkefnum á árinu 1992, svo og starfsmannahaldi og reikningsskilum á því ári. Í starfsskýrslu eins og þessari eru einstök verkefni sem stofnunin tók að sér að vinna ekki tekin fyrir eða brotin til mergjar. Það er gert í sérstökum skýrslum frá stofnuninni sem hver um sig fjalla um afmörkuð verkefni og nægir að vísa til þeirra vilji menn kynna sér þær nánar.

Forsætisnefnd hefur rætt það á fundum sínum hvaða vinnulag skuli viðhafa varðandi hinar ýmsu skýrslur Ríkisendurskoðunar. Þar hefur verið mótuð sú stefna að skýrslum Ríkisendurskoðunar verði eftir eðli máls hverju sinni vísað til þingnefnda þar sem þær verði teknar til athugunar og síðar ræddar hér á hv. Alþingi ef tilefni þykir til. Skýrslur af þessum toga eru t.d. skýrslur um framkvæmd fjárlaga og aðrar þær er lúta að fjármálum ríkisins og vísað er yfirleitt til hv. fjárln. og svo aftur skýrslur um fagleg efni sem vísað er til hinna einstöku fagnefnda Alþingis eftir því sem efni stendur til. Niðurstöður slíkra skýrslna og umræður um þær eiga því eðli málsins samkvæmt tæpast heima undir þessum dagskrárlið sem ætlaður er til þess að ræða starfsskýrslu stofnunarinnar og annað er lýtur að heildarstörfum hennar.

Þann 1. júlí 1992 lét Halldór V. Sigurðsson af starfi ríkisendurskoðanda sem hann hafði þá gegnt um 23 ára skeið. Hann hafði þá verið skipaður í endurskoðunarráð NATO í Brussel. Við starfi hans tók Sigurður Þórðarson og var hann skipaður ríkisendurskoðandi til sex ára, sem er í samræmi við ákvæði laga um skipunartíma ríkisendurskoðanda.

Halldór V. Sigurðsson andaðist þann 27. október sl. Hann átti óskorað traust og virðingu samstarfsmanna sinna og annarra þeirra sem honum kynntust. Öllum ber saman um að störf sín hafi hann unnið af mikilli þekkingu og vandvirkni en jafnframt af þeim myndugleik sem stöðu hans hæfði. Ég leyfi mér að nota þetta tækifæri til að flytja sérstakar þakkir forsætisnefndar og Alþingis fyrir þau störf sem Halldór V. Sig-

urðsson vann á vegum Alþingis sem ríkisendurskoðandi.

Svo sem fram kemur í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar voru störf stofnunarinnar með hefðbundnum hætti á árinu 1992. Auk hinnar almennu fjárlagaendurskoðunar stóð stofnunin fyrir stjórnsýsluathugunum og sinnti ýmiss konar lögbundinni upplýsingaöflun og upplýsingagjöf um fjárhagsmálefni ríkisins. Litlar breytingar urðu á starfsmannahaldi stofnunarinnar á því ári. Í árslok 1992 voru fastráðnir starfsmenn alls 38, þar af voru tveir í hlutastarfi. Stöðuheimildir voru 40 og tvær þeirra voru því ónotaðar.

Svo sem áður hafði tíðkast keypti Ríkisendurskoðun þjónustu af löggiltum endurskoðendum vegna reikningsskila ýmissa ríkisfyrirtækja og stofnana í eigu ríkisins, enda beinlínis gert ráð fyrir því í lögum um stofnunina að störfum sé hagað á þann hátt. Þetta helgast af því að stofnunin býr hvorki yfir mannafla né aðstöðu til að sinna að fullu lögbundnum verkefnum á sviði fjárhagsendurskoðunar. Í árslok 1992 voru í gildi samningar við 25 löggilta endurskoðendur eða endurskoðunarskrifstofur um endurskoðun 88 ríkisfyrirtækja og stofnana. Einkum var hér um að ræða sjúkrastofnanir, svo og fyrirtæki og sjóði í B-hluta ríkisreiknings.

Svo sem fram kemur í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar skiptist starfsemi stofnunarinnar í eftirfarandi meginþætti:

Að annast endurskoðun hjá ríkisstofnunum og ríkisfyrirtækjum.

Að annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Að vera þingnefndum og yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.

Að framkvæma stjórnsýsluendurskoðun hjá ríkisfyrirtækjum.

Endurskoðun ríkisreiknings skal á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

Að reikningsskilin gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við reikningsskilavenjur.

Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli og starfsvenjur.

Samkvæmt 43. gr. stjórnarskrárlaga skipar Alþingi þrjá yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og endurskoðar Ríkisendurskoðun ríkisreikning í nánu samráði við þá.

Í kjölfar framlagningar fjmrh. á ríkisreikningi fyrir hvert fjárhagsár er endurskoðunarskýrsla yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar lögð fram á Alþingi.

Eins og að framan greinir er endurskoðunarskýrslan unnin í nánu samstarfi yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar. Áður en lög um Ríkisendurskoðun tóku gildi voru það eingöngu yfirskoðunarmenn sem létu Alþingi í té álit sitt á ríkisreikningi.

Á árinu 1992 birtist skýrsla um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1990, auk þess sem unnið var að skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 1991, en sú skýrsla birtist í febrúar sl. Endurskoðunarskýrsla vegna ársins 1992 var birt í nóvember sl. og hafði þá í fyrsta sinn um áratuga skeið tekist að birta endurskoðunarskýrslu vegna ríkisreiknings á næsta ári eftir að reikningsári er lokið. Þetta er að mínum dómi markverður áfangi sem mikilvægt er að kosta kapps um að festist í sessi. Í tengslum við endurskoðunarskýrslu ríkisreiknings birtist jafnframt skýrsla yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og hefur stofnunin jafnan lagt fram verulegt starf til aðstoðar yfirskoðunarmönnum svo sem fyrr segir.

Auk þessa birti stofnunin á árinu 1992 eina skýrslu um afkomu ríkissjóðs á árinu 1991 og tvær um framkvæmd fjárlaga á árinu 1992 en eins og kunnugt er ber stofnuninni meðal annars að hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga.

Á sviði stjórnsýsluendurskoðunar lauk stofnunin við tvö verkefni. Annað var um starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs en hitt var um úttekt á bifreiðamálum ríkisins. Jafnframt var á árinu 1992 unnið að stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins og kom sú skýrsla út í janúar 1993.

Á árinu 1992 var endurskoðun ársreikninga EFTA í umsjá Íslands og Finnlands og sá Ríkisendurskoðun um þátt Íslands í því starfi. Þá var og sett á stofn svokallað endurskoðunarráð í tengslum við EES-samninga, sem í eiga sæti einn fulltrúi frá hverju aðildarríkja EFTA. Af hálfu Íslands situr fulltrúi Ríkisendurskoðunar í ráðinu. Til fróðleiks skal þess og getið að frá og með 1. jan. 1993 var fulltrúi Ríkisendurskoðunar skipaður til setu í endurskoðunarráði OECD til næstu fjögurra ára, en ráðið hefur yfirumsjón með ársreikningi skrifstofu OECD í París.

Loks er þess að geta að á árinu 1992 varð stofnunin við mörgum erindum og beiðnum, bæði frá forsætisnefnd, fjárln. og landbn. Alþingis, svo og frá ráðuneytum, um úttekt á einstökum málum.

Ýmis smærri atriði er að finna í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992, sem hér verða eigi upp talin en eru þó þáttur í því starfi sem stofnunin hefur unnið að á því ári.

Ríkisendurskoðun er gert skylt að halda skrá yfir heildartekjur og gjöld sjóða og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, svo og gera athugasemdir við framlagða reikninga þeirra.

Eins og á liðnum árum vann stofnunin í náinni samvinnu við dómsmrn. markvisst að því á árinu 1992 að leggja niður sjóði sem áttu óverulegar eignir, þ.e. 50 þús. kr. eða minna, eða sameina þá öðrum sjóðum. Þannig voru 238 sjóðir lagðir niður á árinu en 17 nýir bættust við. Í árslok 1992 voru á skrá 756 sjóðir og stofnanir sem starfa á grundvelli staðfestrar skipulagsskrár.

Fjárheimildir stofnunarinnar á árinu 1992 námu samtals 158,1 millj. kr. Útgjöld hennar urðu á hinn bóginn einungis 141,2 millj. kr. Reikningar Ríkisendurskoðunar eru endurskoðaðir af Guðmundi Skaftasyni, löggiltum endurskoðanda, en hann var skipaður til starfans af forseta Alþingis á árinu 1989, sbr. 5. gr. laga um stofnunina.

Rekstraryfirlit Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992 er birt í starfsskýrslunni.

Ég hef nú í stuttu máli gert grein fyrir helstu atriðum sem birtast í starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992. Með lögum nr. 12/1986 var stöðu Ríkisendurskoðunar breytt í núverandi horf. Þá var m.a. gerð sú breyting að stofnunin skyldi starfa á vegum Alþingis en áður starfaði hún í nánum tengslum við og undir yfirstjórn fjmrn.

Þrátt fyrir að ekki sé kunnugt um afskipti einstakra fjármálaráðherra á fyrri tíð af starfi ríkisendurskoðanda eða Ríkisendurskoðunar var sjálfstæði hennar ekki tryggt í lögum gagnvart handhöfum framkvæmdarvaldsins. Breytingin með lögunum 1986 var því bæði tímabær og nauðsynleg. Stofnunin starfar nú sem eftirlitsstofnun á vegum Alþingis og sjálfstæði hennar gagnvart handhöfum framkvæmdarvaldsins er tryggt.

Meginhlutverk stofnunarinnar er, eins og fram hefur komið, eftirlit og endurskoðun á meðferð ríkis og ríkisstofnana á opinberu fé. Þetta hlutverk er vandasamt og gífurlega viðamikið og við það verk er grundvallaratriði að eftirlitsaðilinn hafi óskorað sjálfstæði gagnvart þeim sem eftirlitið og endurskoðunin beinist að. Á sama hátt beinist starf Ríkisendurskoðunar að því að fylgjast með því að handhafar framkvæmdarvaldsins fari ekki út fyrir þær heimildir til ráðstöfunar á fjármunum sem Alþingi hefur veitt og gera athugasemdir ef út af er brugðið. Þetta hlutverk er afar mikilvægt til þess að styrkja stöðu löggjafarvaldsins gagnvart framkvæmdarvaldinu og skýrir þetta enn mikilvægi þess að Ríkisendurskoðun starfi á vegum Alþingis en ekki á vegum framkvæmdarvaldsins og undir forsjá tiltekins ráðherra.

Það er afdráttarlaus skoðun mín að störf Ríkisendurskoðunar á undanförnum árum hafi sannað nauðsyn breytinganna sem gerðar voru á lögunum um stofnunina árið 1986. Starfsemin hefur orðið umfangsmeiri en áður vegna aukinna verkefna og niðurstöður í skýrslum stofnunarinnar í mörgum tilvikum markvissari en áður tíðkaðist.

Virðulegi forseti. Ég vil í lok máls míns fyrir hönd forsætisnefndar og væntanlega allra hv. alþm. flytja Ríkisendurskoðun og starfsmönnum hennar þakkir fyrir vel unnin störf á árinu 1992.

[10:46]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sú starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar sem hér er til umræðu er fyrir árið 1992 og er gefin út í maí 1993. Það er að vísu heldur miður að ekki skuli hafa gefist tóm til að ræða þessa skýrslu fyrr en á árinu 1994 en eigi að síður vil ég leggja örfá orð inn í þá umræðu.

Það er óhætt að fullyrða að þau skipti að færa Ríkisendurskoðun undir Alþingi hafa valdið miklum breytingum í meðferð ríkisfjármála og gert þau vinnubrögð nútímalegri. Það væri undarlegt að hugsa til þess nú að Ríkisendurskoðun heyrði undir fjmrn. án þess að það sé nokkuð verið að gera þeim sem þar fara með völd það upp að þeir hafi viljað hafa áhrif á störf stofnunarinnar. En stjórnsýslan og meðferð ríkisfjármála hefur verið færð til betri vegar með þessum hætti heldur en áður var.

Það er engu að síður ástæða til þess þegar starfsskýrsla stofnunarinnar er rædd fyrir árið 1992 að ræða hvað betur megi fara og hvernig megi enn sækja fram til betra eftirlits með meðferð almannafjár.

Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að starfsemin skiptist í þrjá meginþætti: Í fyrsta lagi að kanna hvort fjárhagsráðstafanir ríkisstofnana samrýmast lagaheimildum, viðteknum venjum eða starfsreglum og hvort hagsýni sé gætt í rekstri. Í öðru lagi að láta fara fram stjórnsýsluendurskoðun í ríkisfyrirtækjum. Og í þriðja lagi að gefa greinargerðir um tiltekin mál sem ég mun nánar víkja örlítið að síðar, en sá þáttur í starfi Ríkisendurskoðunar hefur farið vaxandi.

Þá hefur Ríkisendurskoðun aðstoðað þingnefndir og aðstoðað við endurskoðun ríkisreiknings eins og kom fram hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. sem talaði fyrir skýrslunni áðan.

Á undanförnu ári og árum hefur staðið nokkur deila milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar um uppsetningu ríkisreiknings og m.a. hvernig skuli farið með skuldbindingar ríkissjóðs. Afstaða okkar framsóknarmanna til þeirrar deilu hefur verið sú að bíða niðurstöðu ríkisreikningsnefndar sem er að störfum og mun vera komin nálægt því að skila áliti. Við höfum ekki viljað gerast prófdómarar á þessu sviði en við viljum að það ríki á þessu sviði samræmdar og skýrar reglur sem gefa almenningi sem skýrasta mynd af afkomu ríkissjóðs og skuldbindingum hans.

Það sem vekur kannski mest umtal í starfsemi Ríkisendurskoðunar eru skýrslur um einstakar stofnanir og beiðnir Alþingis um greinargerðir um ýmis málefni. Þá eru beiðnir einstakra þingmanna eða þingnefnda en það er kannski sá þáttur sem hefur verið einna minnst mótaður hvernig á að fylgja slíkum greinargerðum og skýrslum eftir þegar þær koma frá stofnuninni. Ég tel að Ríkisendurskoðun hafi sinnt þessu hlutverki sínu vel. Ríkisendurskoðun nýtur trausts þingmanna og þingsins og hefur gefið skýrslur m.a. um mál sem hafa valdið deilum hér í Alþingi og stofnunin nýtur trausts til að gera þær skýrslur og það hefur verið gert af bestu vitund.

Það hefur komið fram varðandi stjórnsýsluendurskoðanir og endurskoðun stofnunarinnar á einstökum ríkisfyrirtækjum að ýmsir hlutir hafa verið lagfærðir með samkomulagi Ríkisendurskoðunar og forráðamanna viðkomandi stofnana án þess að slíkt fari í fjölmiðla eða fari hátt og það er æskilegt að sá trúnaður ríki. Hins vegar er það spurning, m.a. fyrir fjárln. sem hefur beðið Ríkisendurskoðun að gefa álit um afmörkuð mál, með hverjum hætti á að fylgja þeim álitum eftir af hálfu nefndarinnar. Það ber auðvitað að fylgja málum eftir þegar mjög mikil vinna hefur verið lögð í heildaruttektir á stjórnsýslu stofnana sem velta milljörðum króna. Það eru auðvitað dæmi um slíkt í skýrslunni svo vitnað sé til bls. 7 þar sem rætt er um stjórnsýsluendurskoðun á Atvinnuleysistryggingasjóði. Einstök atriði hafa verið færð til betri vegar en þó má ég fullyrða að það þarf að fylgja þeim ábendingum eftir enn betur sem þar eru.

Mér er kunnugt um það og um það hefur verið rætt

í fjárln. að skipta nefndinni í undirhópa sem fjalla um skýrslur Ríkisendurskoðunar, m.a. stjórnsýsluendurskoðun á stofnunum. Það var farin í gang vinna í því á síðasta ári. Menn voru að móta þessi vinnubrögð en því miður hefur ekki nógu mikið verið gert á því sviði. Ég held að það sé ástæða til þess að fjárln. ræði þessi vinnubrögð betur og móti sér enn frekar starfsreglur á þessu sviði. Ég veit að núv. formaður nefndarinnar hefur hug á því að taka upp umræður um vinnubrögð nefndarinnar nú á næstu vikum og þá er þetta það atriði sem þarf að taka til umræðu.

Eitt af því sem mér finnst sjálfsagt að Ríkisendurskoðun gefi umsögn um er sala ríkisfyrirtækja þegar ríkisfyrirtæki eru seld og það er eitt nýlegt dæmi um slík sem er sala Síldarverksmiðja ríkisins þar sem fjárln. bað Ríkisendurskoðun um greinargerð um þetta mál. Sú beiðni liggur inni hjá stofnuninni núna. Það er vafalaust verið að vinna í því máli. Hins vegar vil ég gagnrýna það mjög að gengið sé frá þessari sölu og fyrirtækið afhent kaupendum áður en þessi umsögn kemur sem heil þingnefnd hefur þó beðið Ríkisendurskoðun um greinargerð um. Þetta finnst mér ekki viðunandi vinnubrögð af hálfu framkvæmdarvaldsins og sýna ekki mjög mikla lotningu hvorki fyrir Ríkisendurskoðun né Alþingi að ganga frá þessu máli endanlega þannig að Alþingi og Ríkisendurskoðun standi frammi fyrir gerðum hlut áður en þessi umsögn er komin.

Þetta vil ég að komi fram við þessa umræðu þó að það sé til hliðar við skýrslu stofnunarinnar frá 1992 en það er ástæða til þess að ræða það einmitt við þetta tækifæri hvað betur má fara í þessum efnum. Og það sem betur má fara er að framkvæmdarvaldið verður að virða þessa stofnun. Þó að við höfum tekið þá afstöðu í þeirri deilu sem var á milli fjmrn. og stofnunarinnar að skoða niðurstöður þeirrar nefndar sem er að fjalla um uppsetningu ríkisreiknings og fleiri hluti því tengda, þá er það þó afstaða okkar að það ber að taka tillit til þessarar stofnunar og Alþingis og umgangast þær af fullri virðingu.

[10:58]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er mjög gott mál að fá hér til skoðunar skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992 og alveg nauðsynlegt að þingmenn geri sér grein fyrir því starfi sem Ríkisendurskoðun á að vinna fyrir Alþingi.

Aðalstarf Ríkisendurskoðunar er að fylgjast með rekstri og fjárvörslu ríkisstofnana og vinnan birtist síðan í endurskoðunarskýrslum. Aðallega eru það fylgiskjöl með ríkisreikningi má segja, þ.e. aðalvinnan er fólgin í því að sjálfsögðu að endurskoða ríkisreikning og fylgjast með framkvæmd fjárlaga reglulega á hverju fjárlagaári. Þær skýrslur eru síðar lagðar fyrir Alþingi og fjárln. sem fer yfir það mál. Ég tel fullkomna ástæðu til að lýsa yfir ánægju með starf Ríkisendurskoðunar. Við erum t.d. núna búin að fá í hendur ríkisreikning fyrir árið 1992 og samkvæmt því sem elstu menn segja mér þá er það mjög vel að verki staðið að nú skuli ríkisreikningur jafnvel komast í umræðu, að hann sé lagður fram endurskoðaður á næsta reikningsári eftir að honum lýkur en honum var dreift hér á síðasta ári. Það er sem sagt að komast mjög gott lag á þau mál með framlagningu ríkisreiknings og endurskoðun á honum. Þar að auki vinnur Ríkisendurskoðun eins og kom hér fram í máli framsögumanns að ýmissi annarri úttekt og skýrslugerð fyrir utan það að annast endurskoðun ríkisreiknings og fylgjast með framkvæmd fjárlaga. Þá hefur stjórnsýsluendurskoðun einnig verið nokkuð viðamikil í rekstri Ríkisendurskoðunar og m.a. á þessu ári sem við erum hér að ræða, árið 1992, hafa komið fram skýrslur, það var stjórnsýsluendurskoðun hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og það var einnig skýrsla um skuldbreytingu opinberra gjalda og síðan um bifreiðamál ríkisins. Ég tel ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um þessar skýrslur þar sem í þeim er ýmislegt sem vert er að benda á og enn er það ekki a.m.k. framkvæmt þó að mönnum finnist það liggja ljóst fyrir að þessar skýrslur þurfi að vera ræddar á Alþingi eða vísað til nefnda sem um þær fjalli og síðan komi þær til umræðu hér á Alþingi, þá hefur það ekki verið þannig í reynd að því væri fylgt eftir og ekki nógu mikil festa í því starfi. Það gerist allt of oft að þessar skýrslur liggja uppi í hillu og eru ekki nýttar eins og hægt væri með umræðu og að þeim sé fylgt eftir. Sem dæmi get ég nefnt það að sú sem hér stendur var á síðasta ári í undirnefnd fjárln. sem skipuð var til þess að skoða skýrslur um Póst og síma. Það var skýrsla frá árinu 1989 ásamt undirskýrslum sem höfðu verið unnar af Ríkisendurskoðun. Við fórum þrjú undir forsæti Guðmundar Bjarnasonar í að skoða það á hverju þessi skýrsla hefði sérstaklega tekið, héldum fundi með bæði Ríkisendurskoðun og Pósti og síma, bæði starfsmönnum og yfirmönnum þar og með fjármálaráðuneytismönnum þannig að við reyndum að gera okkur grein fyrir því hverjir hefðu verið helstu ágallar sem bent var á í þeirri skýrslu og úr hverju væri búið að bæta. Það kom í ljós að farið hafði verið eftir þeim ábendingum í verulegum mæli. Þó var enn eftir ýmislegt sem ekki hafði náðst fram og ég ætla ekki að gera þau atriði sérstaklega að umtalsefni þar sem nefndin hefur ekki skilað endanlega af sér enn þá en meiningin var að skoða einnig stöðuna í dag, sérstaklega með það í huga að fara út í einkavæðingu Pósts og síma sem er komið í umræðuna. Og í sambandi við það höfðum við áætlað að halda m.a. fleiri fundi með starfsfólki.

Ég tel að þetta sé í raun og veru eitt af því sem þyrfti að gera í sambandi við skýrslu Ríkisendurskoðunar, þ.e. það væri settur á fót starfshópur þingmanna sem færi yfir þá ágalla, færi yfir skýrsluna, athugaði þær ábendingar sem komið hefðu fram, skoðaði það í kerfinu hvort þeim hefði verið vel tekið og fylgt eftir og hvað væri enn eftir að gera. Með því móti held ég að skýrslur Ríkisendurskoðunar nái tilgangi sínum.

Hér var eins og ég sagði áðan bent á þrjár skýrslur sem hafa verið unnar á árinu 1992 og það er vert að benda á það að t.d. í sambandi við stjórnsýsluendurskoðun hjá Atvinnuleysistryggingasjóði var bent á að tekjustofnar sjóðsins gætu aðeins staðið undir kostn-

aði við um það bil 2% atvinnuleysi. Nú er atvinnuleysið orðið 6,3% þannig að við getum rétt ímyndað okkur að þó að lítils háttar hafi verið lagfærðir tekjustofnar Atvinnuleysistryggingasjóðs, þá stendur hann engan veginn undir því atvinnuleysi sem er í dag.

Það var einnig bent á það í þeirri skýrslu að Atvinnuleysistryggingasjóður ætti frekar að heyra undir félmrn. en undir heilbr.- og trmrn. en sjóðurinn starfar nú í samvinnu við Tryggingastofnun ríkisins. En aftur á móti er eins og allir vita stjórn atvinnumála í höndum félmrn. Þetta hefur ekki gengið eftir og heldur ekki hitt að tryggja tekjur Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Það má líka hugsa sér að hlutverk hans væri endurskoðað miðað við þær breyttu forsendur sem eru í dag með jafnmiklu atvinnuleysi og nú er, hvort hlutverk hans ætti ekki í meira mæli að vera að finna atvinnutækifæri og styrkja þau heldur en að hann sé eingöngu að greiða út atvinnuleysisbætur þó að það verði auðvitað líka að gera. Það hefur að nokkru verið farið inn á það, þ.e. með þessu svokallaða atvinnuátaki sveitarfélaga, en ég tel að það mætti gera í mun meira mæli en gert er.

Það var einnig skýrsla um bifreiðamál ríkisins þar sem það er stór póstur hjá ríkinu, þ.e. bifreiðanotkun og það hefur ekki heldur verið farið mjög vel í þessa skýrslu neins staðar svo ég viti til. Að vísu hefur okkur verið sagt það í fjárln. að nú sé verið að skoða þetta í fjmrn. og vísað til viðkomandi stofnana að endurskoða þau mál eitthvað, en nánar veit ég ekki hvernig það mál stendur. En það er kannski rétt að benda á það að einmitt í þessari skýrslu um bifreiðamál kemur fram að hjá nokkrum stærstu stofnunum ríkisins, þ.e. hjá Pósti og síma, Vegagerðinni og Rafmagnsveitum ríkisins, þá reka þær bílaleigur sjálfar. Þær versla ekki við bílaleigur á almennum markaði og þetta að stofnanirnar reki sjálfar bílaleigur hefur skilað betri árangri að mati Ríkisendurskoðunar. Það virðist vera vel staðið að þessu og eftir því sem manni virðist, ég hef skoðað þetta hjá Pósti og síma, þá skilar það betri árangri að þessi mál séu í höndum stofnananna sjálfra heldur en að versla á frjálsum markaði. Og það stangast sem sagt á við þær hugmyndir sem ríkisstjórnin hefur um það að allt sé best í sem mestu frjálsræði og allt eigi að vera einkarekið og í samkeppni þannig að þarna hefur að mati Ríkisendurskoðunar tekist vel til og þetta skilar sér vel í bættum rekstri og mun ekki vera neitt hagstæðara að gera það með því að versla við almennar bílaleigur. Ríkisendurskoðun tekur það raunar alveg sérstaklega fram að hún telur það ólíklegt að það hljótist hagræði af því að einkavæða bifreiðarekstur ríkisins.

Í sambandi við þá skýrslu sem gerð var um skuldbreytingu opinberra gjalda, þá er svolítið merkilegt og kannski rétt að benda á að það var gerð ákveðin skuldbreyting með umsögn Ríkisendurskoðunar, það var gerð ákveðin skuldbreyting á skuldum við fjmrn. Það var aðallega um skuldbreytingu á þinggjöldum að ræða, einnig launaskatt og það var gengið frá skuldabréfum í sambandi við þetta. Það var gengið frá þessu á árinu 1991 en ári seinna, í júlí 1992, voru 10 af þessu 21 skuldabréfi sem gengið var frá enn í vanskilum. Það virðist því ekki hafa dugað nema fyrir u.þ.b. helming af þeim lánum sem skuldbreytt var og gert ráð fyrir að innheimtist.

Ég vil enn og aftur lýsa yfir ánægju með það samstarf sem ég sem þingmaður hef átt við Ríkisendurskoðun og í fjárln. Ég tel að það aðhald sem Ríkisendurskoðun veitir framkvæmdarvaldinu sé mjög nauðsynlegt.

Í lokin þá gengur Ríkisendurskoðun á undan öðrum ríkisstofnunum með góðu fordæmi í því að vera innan þeirra fjárheimilda sem hún hafði fyrir rekstur fyrir árið 1992. Fjárlögin gerðu ráð fyrir að reksturinn kostaði rúmar 153 millj. kr. en hann kostaði 141 millj. Þar var Ríkisendurskoðun eins og vera ber til fyrirmyndar. En ég þakka fyrir þessa skýrslu og vona að við fáum sem fyrst að sjá starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1993.

[11:12]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er ágætur siður sem tekinn hefur verið upp hér að ræða um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar, fjalla um einstök atriði í starfsemi stofnunarinnar og þann starfsramma sem henni er ætlaður og það sem frá henni kemur í meginefnisflokkum. Síðan er okkur ætlað að fjalla um þau mál sem frá Ríkisendurskoðun koma á öðrum vettvangi. Ýmist um skýrslur í nefndum, um ríkisreikninginn á hverjum tíma og athugasemdir við hann og í tengslum við umræðu um starfsskýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings.

Ég tel því ekki út af fyrir sig ástæðu til þess á þessum vettvangi að fara að ræða almennt um stöðu Ríkisendurskoðunar nema ég vil segja að ég tel að staða Ríkisendurskoðunar hafi verið að styrkjast. Ég tel að hún hafi verið að batna að mörgu leyti en hún er viðkvæm og vandmeðfarin. Í raun og veru er það þannig að þeir sem eru þar í fyrirsvari þurfa að gæta þess mjög vandlega að niðurstöður þeirra séu skoðaðar eins og þær eru, þ.e. sem greining á vanda og ábendingar um úrbætur á hverjum tíma en hvorki dómur um sekt eða sýknu hjá viðkomandi aðilum. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að hafa það í huga vegna þess að bæði hafa fjölmiðlar og eins alþingismenn sjálfir viljað taka skýrslu Ríkisendurskoðunar að þessu leytinu til í pólitískri umræðu óþarflega nákvæmlega að mínu mati þó það megi um leið gagnrýna þingið og þingmenn fyrir að hafa ekki tekið mark á sumu öðru sem frá Ríkisendurskoðun kemur að því er varðar leiðbeiningar um endurbætur á rekstri ríkisstofnana.

Það er býsna mikið áhyggjuefni hvað það gengur oft seint að koma ábendingum Ríkisendurskoðunar í framkvæmd á vegum einstakra ríkisstofnana eða ráðuneyta. Þó er þetta allt í meginatriðum að þokast í réttan farveg. Það tekur að vísu tíma en við skulum gera okkur grein fyrir því að það eru ekki nema örfá ár síðan að menn voru að afgreiða hér t.d. ríkisreikninga mörg ár aftur í tímann. Það eru ekki nema örfá ár síðan að menn fóru að taka hér til meðferðar með eðlilegum hætti, liggur mér við að segja, fjáraukalög jafn-

óðum og útgjöld falla til. Það er örstutt síðan að fjárln. t.d. gerði tillögur til þessarar virðulegu stofnunar um sérstakar nýjar lagareglur um greiðslur úr ríkissjóði sem hefur verið hér til meðferðar í mörg ár og eru líklega enn.

Það er því mjög margt sem hefur verið að þróast og það er eðlilegt að það taki dálítinn tíma. Ég held að menn eigi ekkert að vera ósáttir við það í sjálfu sér ef Alþingi er örugglega á réttri leið. Við erum meira að segja svo illa stödd í þessu þjóðþingi að því er varðar ríkisreikninga að fjmrn. og Ríkisendurskoðun greinir á um grundvallaratriði í uppfærslu ríkisreiknings. Það hefur lengi verið til meðferðar og er svo sérkennilegt að ekki skuli vera hægt að komast að einhverri sameiginlegri niðurstöðu að bestu manna yfirsýn vegna þess að þetta er ekki pólitík heldur fag. Maður skyldi því ætla að menn gætu komist að einhverri sæmilega viðsýnni niðurstöðu án þess að vera að smella sér í skotgrafirnar til að hjóla hver í annan. En af einhverjum ástæðum hefur það verið þannig að mönnum hefur ekki auðnast að lenda þessu máli. Ég hef tekið eftir því að fjmrn. er alltaf að vísa í einhverja ríkisreikningsnefnd sem leysir ekki neitt nema kannski framtíðina en ekki þær fortíðardeilur sem uppi hafa verið.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu sem fram kom hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. varðandi það að forsn. Alþingis hefur beint því til Ríkisendurskoðunar, ef ég skildi hann rétt, að skýrslur hennar eigi að fara til fagnefnda. Þó mönnum kannski finnist þetta ekki vera mikil tíðindi í sjálfu sér þá tel ég þetta faglegan áfanga í vinnu Alþingis Íslendinga. Ég tel það þakkarvert að forsn. skuli hafa tekið þessa ákvörðun.

Ég tel hins vegar rétt eins og í tilefni af orðum hv. 6. þm. Vestf. áðan að benda á að auðvitað getur fjárln. óskað eftir því, eða hvað, að skýrslur eins og þær sem nefndar voru í framsöguræðu hv. 2. þm. Norðurl. v. komi beint til umræðu á Alþingi. Ekki bara í nefndinni heldur á Alþingi. Og ég vil spyrja að því hvort það er ekki skilningur annarra hér sem hafa vélað um þessi mál að fjárln. geti óskað eftir því við forsn. að þessi mál séu tekin beinlínis á dagskrá. Hér standi á dagskránni einn góðan veðurdag: Skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Landgræðslunnar, og þá er það rætt hér. Skýrsla Ríkisendurskoðunar um starfsemi Atvinnuleysistryggingasjóðs, og þá er það rætt hér. Ég held að það gæti verið ágætur siður fyrir utan það að fagnefndir taki málið og fyrir utan það að fjárln. taki málið þá komi málið hérna aðeins til umræðu í þessari stofnun. Til þess m.a. að framkvæmdarvaldið átti sig á því hver eru hin pólitísku atriði sem einstakir þingmenn vilja draga fram úr þessum skýrslum.

Þarna er ég ekki fyrst og fremst að hugsa um rekstrarskýrslurnar. Ég er fyrst og fremst að hugsa um stjórnsýsluathugunina. Vegna þess að um rekstrarskýrslurnar vilja menn rífast með nokkuð hefðbundnum hætti alltaf og kenna einlægt hver öðrum út og suður um alla hluti. En að því er varðar stjórnsýsluskýrslurnar horfir málið allt öðruvísi við. Hv. 6. þm. Vestf. minntist á það áðan að í sambandi við stjórnsýsluendurskoðunina ætti fjárln. e.t.v. að beita sér fyrir því að það yrði skipaður einhver starfshópur til að fara í málið. Ég sé ekki betur en að það sé hreinn óþarfi. Í raun inni getur fjárln. gert það sem henni sýnist í málinu enda sé þá meiri hluti fyrir því þar. Ég þekki ekki innviðina þar í einstökum atriðum. En auðvitað verður að vera einhver meiri hluti fyrir því þar. Þó fyndist mér hæpið af pólitískum meiri hluta fjárln. að neita minni hlutanum segjum um að ræða skýrslu Ríkisendurskoðunar um Landgræðslu ríkisins ef menn vildu það. Ég held að það sé hlutur sem væri a.m.k. mjög erfiður fyrir forsn. að neita. Segjum að minni hluti fjárln. óskaði eftir því að þessar stjórnsýsluskýrslur yrðu ræddar þá held ég að menn mundu fallast á það og það yrði tekið fyrir.

Þetta vildi ég segja, virðulegur forseti, um leið og ég þakka fyrir þessa ágætu skýrslu og tel að við höfum átt í meginatriðum ágætt samstarf við Ríkisendurskoðun. Ég verð þó að segja það að Ríkisendurskoðun þarf aðeins að vanda sig. Það er ekki alveg sama hvernig hún umgengst framkvæmdarvaldið. Ég kann ekki að meta það að Ríkisendurskoðun sé að hjálpa framkvæmdarvaldinu við einstök útfærsluatriði í bráðabirgðalögum t.d. Ég kann ekki að meta það. Ég tel að það sé ekki hlutverk Ríkisendurskoðunar. Ég tel að það sé heldur ekki hlutverk Ríkisendurskoðunar endilega að sitja yfir fjárln. lon og don sem hún gerði hér í fornöld. Ég held hún sé hætt því í seinni tíð, annars veit ég það ekki. Vegna þess að það verða að vera skil þarna á milli. Ríkisendurskoðuna þarf að passa sig á því að láta ekki flækja sig í einstök atriði á vegum framkvæmdarvaldsins af því að hún getur þurft að gagnrýna hlutina á eftir. Þess vegna kunni ég ekkert að meta það fyrr á árum þegar Ríkisendurskoðun fannst mér stundum vera eins og til aðstoðar framkvæmdarvaldinu um einstök atriði. Ég hef ekki smekk fyrir það. Mér finnst að menn séu þar að rugla saman rullum og það sé betra að menn haldi sig innan tiltekinna faglegra marka. Það finnst mér allt vera í rétta átt hjá þessari stofnun vil ég segja um leið og ég þakka fyrir þessa umræðu, virðulegur forseti.

[11:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil eins og aðrir þakka fyrir þessa ágætu skýrslu og starfsemi Ríkisendurskoðunar sem ég tel vera okkur til góðs en þó ekki nýtast eins og hún gæti einfaldlega vegna þess að það hafa ekki verið til neinar fastar reglur um það með hvaða hætti skýrslur Ríkinendurskoðunar skuli meðhöndlaðar. Þær skýrslur sem við höfum fengið hafa ekki veitt það aðhald og ekki orðið til þeirra úrbóta í starfsemi einstakra ríkisstofnana sem efni hafa staðið til vegna þess að við höfum ekki tekið þær fyrir hvorki í þingsölum né í fastanefndum þingsins. Það hefur verið lausleg yfirferð þar sem Ríkisendurskoðun hefur kynnt sínar skýrslur og þar með er málinu lokið. Því er ekki fylgt eftir á þinginu hvort þeim ábendingum sem Ríkisendurskoðun kemur með um starfsemi einstakra stofnana, hvort sem um er að ræða fjárhagsendurskoðun eða stjórnsýsluendurskoðun, hefur verið sinnt hjá viðkomandi stofnun. Ég tel það gera það að verkum að út úr

þessari vinnu Ríkisendurskoðunar kemur ekki það sem til er ætlast, þ.e. það aðhald sem við vildum gjarnan sjá. E.t.v. er það hræðslan í okkur við að ræða þessar skýrslur að hingað til hefur ef það er nefnt af nefnd eða einstökum þingmanni að þörf sé á að biðja um fjárhagslega eða stjórnsýslulega úttekt á einhverri stofnun þá hljóti að liggja að baki veruleg ásökun um slæman rekstur. Þessu viðhorfi þurfum við að breyta. Við þurfum að geta notað starfsemi Ríkisendurskoðunar til að endurskipuleggja rekstur ríkisstofnana sem vissulega er þörf fyrir. Því að breyttir tímar þýða breytt eðli starfsemi stofnana ríkisins eða ættu að gera það en gera það ekki í öllum tilvikum. Okkur er nánast ókleift að nýta starfsemi Ríkisendurskoðunar til þess m.a. að gera tillögur um hvernig skuli breyta eðli starfsemi viðkomandi stofnunarinnar vegna þess að með því að biðja um þessa úttekt er litið á það sem einhvern áfellisdóm, annaðhvort sé fjármálaóreiða eða spilling innan stofnunarinnar og það er slæmt. Við eigum að geta nýtt þetta tæki á allt annan veg.

Það er annað sem ég er óánægð með og vil gjarnan að komi fram í þessari umræðu. Ríkisendurskoðun er stofnun sem heyrir undir starfsemi Alþingis en það er nú engu að síður þannig að hluti þeirra skýrslna eða úttekta sem Ríkisendurskoðun vinnur kemur aldrei fyrir augu þingmanna. Það hefur meira að segja gerst að þó skýrslubeiðni eigi upptök sín í fjárln. höfum við fjárlaganefndarmenn ekki fengið að sjá heildarniðurstöðu úr þeirri úttekt. Ég veit til þess vegna þess að ég fékk núna fyrir stutt síðan senda skýrslu sem Ríkisendurskoðun vann í mars eða apríl á síðasta ári. Það er skýrsla sem þingmenn hafa aldrei fengið í hendur. Aldrei nokkurn tímann. Sem vissulega er þó þörf fyrir okkur að skoða. Þar var málefni sem við hefðum þurft að skoða, sérstaklega kannski fjárln. með tilliti til fjárveitinga.

Skýrslurnar eiga að vera fjárhagsendurskoðun eða stjórnsýsluendurskoðun á stofnunum og ég tel það alveg fráleitt að fjárln. eða fastanefndir þingsins, sem eiga að fjalla um fjárveitingar til einstaka þátta í starfsemi ríkisins, skuli ekki eiga aðgang að öllum þeim upplýsingum sem Ríkisendurskoðun hefur undir höndum. Ég hefði gjarnan viljað sjá þetta breytast.

Það var nefnt áðan að á sínum tíma hefði Ríkisendurskoðun setið yfir fjárln. lon og don, eins og hv. þm. Svavar Gestsson orðaði það. Það var alveg rétt að það var of mikið af því góða. En ýmislegt hefur breyst í starfsemi hv. fjárln. á undanförnum árum og eitt af því er að þar sést nú Ríkisendurskoðun ekki oft og mætti gjarnan koma þar meir. Það er hluti af þeim breytingum sem urðu á vinnubrögðum þeirrar nefndar, sem ég tel ekki vera allar til bóta, á undanförnum árum. Ég tel að afskipti Ríkisendurskoðunar af starfsemi fjárln. og þeim plöggum sem við fáum í hendur þyrftu að vera miklu meiri en þau eru.

Að síðustu vil ég ítreka þá skoðun mína í fyrsta lagi að Alþingi fái allar skýrslur Ríkisendurskoðunar. Það er hægt að meta hverju sinni hvaða skýrsla færi í umfjöllun eða með hvaða hætti sú skýrsla yrði send til nefnda og hvaða nefndir fengju hana til skoðunar og ef það þarf af einhverjum ástæðum að krefjast trúnaðar af þingmönnum varðandi niðurstöðu skýrslunnar þá ætti það að vera eitthvað sem við ættum að lúta. En það er útilokað að við getum nýtt starfsemi þessarar stofnunar til fulls öðruvísi en að við fylgjumst með þeim niðurstöðum sem þaðan berast. Ég tel að þar sem stofnunin heyrir undir þingið þá eigum við fullan rétt á þessum upplýsingum hvort sem beiðnin kemur frá ráðuneyti, Alþingi eða einstaka þingmönnum.

Ég hef ítrekað á síðustu tveimur árum beðið um að það fyrirkomulag sé viðhaft að hver þingflokkur fái í hendur eitt eintak af öllum skýrslum Ríkisendurskoðunar og þær séu til í þingflokksherbergjum en það hefur af einhverjum ástæðum ekki verið hægt að framkvæma. Einstaka þingmenn fá þetta í hendur en þær eru ekki sendar til þingflokka og alls ekki allar skýrslur. Staða Ríkisendurskoðunar mundi styrkjast verulega frá því sem er ef við hefðum þennan háttinn á og staða Alþingis, staða löggjafans gagnvart framkvæmdarvaldinu mundi styrkjast verulega ef við fengjum allar þessar skýrslur og tækjum þær til eðlilegrar umræðu því þetta skiptir afar miklu máli um alla starfsemi ríkisins í framtíðinni.

[11:29]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð til viðbótar því sem hv. 4. þm. Suðurl. hefur hér sagt. Ég tel og það leiðir af sjálfu að vinna fjárln. Alþingis og framkvæmd hennar er undirstaða þess að þetta þjóðfélag sé rekið með sómasamlegum hætti. Ríkisendurskoðun er það afl sem á að sjá um að svo sé. Ég vil taka það strax fram að ég tel að það hafi verið til mikilla bóta, átti enda nokkurn þátt í því, að staða Ríkisendurskoðunar væri aðskilin frá Alþingi í meira mæli en var. En eins og allir vita tók Ríkisendurskoðun töluverðan þátt í því og raunar mikinn að setja saman fjárlög. Ég held að það hafi verið góð stefnubreyting þegar þessir tveir aðilar voru aðskildir.

Ég tel að Ríkisendurskoðun sé prýðilega rekið fyrirtæki og hef ekki mikið við þá vinnu að athuga sem þar fer fram. Það sem ég held að sé miklu meiri vandi Alþingis er að fjárln. er ekki nógu burðug. Þegar Ríkisendurskoðun var fjarlægð, ef svo má segja, frá gerð fjárlaga þá hefði þurft að ráða fólk í staðinn til þess að vinna með fjárln. en svo var ekki gert og einungis einn maður er þar starfandi. Það segir sig auðvitað sjálft að það er algjörlega ófullnægjandi. Störf fjárln. eru losaraleg, við verðum að viðurkenna það, menn hafa annað hugarfar gagnvart gerð fjárlaga á hinu háa Alþingi en ég hef kynnst t.d. í þjóðþingum erlendis. Þar er sá háttur hafður á að til þessarar virðulegustu nefndar hvers þjóðþings eru valdir þjálfaðir og þrautreyndir þingmenn og þar er flokkapólitík ekki eins áberandi og í öðrum störfum þinganna. Menn telja að gerð fjárlaga sé á ábyrgð alls þingsins og þó að vitaskuld skeri meiri hluti úr um stefnumál sem eru af einhverri stærðargráðu þá virðir minni hlutinn það að sjálfsögðu en hann afsalar sér ekki þeim rétti að setja landinu fjárlög. Ég held þess vegna að Ríkisendurskoðun eigi stundum dálítið erfitt gagnvart hv. fjárln. vegna þess að

vinnubrögð okkar eru ekki til fyrirmyndar þar, að mínu mati, vegna þess einfaldlega að okkur vantar þar starfslið. Þingmenn ráða hreinlega ekki við þau hversu vel sem þeir vinna og hversu mikið sem þeir reyna að ná yfir alla þætti samfélagsins. Þarna verður að koma til starfslið og það er á ábyrgð Alþingis sem Ríkisendurskoðun heyrir undir að svo verði gert. Ég held þess vegna að við á hinu háa Alþingi stöndum miklu veikar en Ríkisendurskoðun sem ég held að vinni sitt verk af mestu samviskusemi.

Það er alveg hárrétt sem hv. 4. þm. Suðurl. sagði áðan að þær skýrslur eru gerðar sem ekki koma fyrir augu þingmanna. Það er auðvitað óásættanlegt. Allt sem viðkemur ríkisfjármálum á að vera opið fyrir hverjum þeim sem það vill kynna sér og það er engin afsökun fyrir því að leyna slíkum skýrslum. Það má ekki gerast.

Við höfum orðið vitni að því í hv. fjárln. að ágreiningur er milli Ríkisendurskoðunar og fjmrn. um gerð ríkisreiknings. Við höfum margsinnis klifað á því í ræðustól og í nefndinni að til þess að þingmenn geti fylgst með ríkisfjármálum, sem auðvitað allir þingmenn eiga að gera og ekki einungis þeir sem sitja í hv. fjárln., þá þarf ríkisreikningurinn að vera sambærilegur við fjárlög. Það vantar mikið á að svo sé og um þetta hafa staðið deilur. Ég hef sjálf gagnrýnt harðlega hvernig frá er gengið, annars vegar ríkisreikningi og hins vegar fjárlögunum. Nýlega birtust okkur þær fréttir í fjölmiðlum eftir að við vorum þegar búin að afgreiða ein fjáraukalög að nú sé ríkisbúskapurinn svo miklu betri að það kunni að nema 2 milljörðum. Þetta er alveg fullkomlega fáránlegt og segir okkur hversu nákvæmlega þessi vinna er unnin.

Við höfum fengið þær upplýsingar hvað eftir annað að nefnd hafi verið sett í málið til að reyna að samræma þetta tvennt: Ríkisreikning og fjárlögin. Sú nefnd mun hafa setið á ótal fundum og nýlega var mér svarað því til að þess væri að vænta að hún skilaði af sér áliti. Nú geri ég mér grein fyrir að auðvitað er ekkert óumdeilanlegt í bókhaldi og það vita þeir sem betur eru að sér í því en ég en hitt er annað mál að það er óásættanlegt að við getum ekki verið sæmilega læs á ríkisreikning.

Þessi mál eru öll í skoðun en ég tel um leið og ég þakka hv. 2. þm. Norðurl. v. fyrir sína ræðu og Ríkisendurskoðun fyrir þessa skýrslu að það sem standi upp á hið háa Alþingi sé að búa betur að hv. fjárln. Ég vil endurtaka það að ég hygg að Ríkisendurskoðun eigi stundum dálítið erfitt í samskiptum sínum við nefndina vegna þess einfaldlega að þar eru mál ekki eins og þau ættu að vera. Ég held að það sé afar mikilvægt að þessar tvær stofnanir styrkist hvor um sig og ég held að við þurfum í hv. fjárln. að vinna að því að nefndin geti haft samskipti við Ríkisendurskoðun á meiri jafnréttisgrundvelli en nú er.

Þetta vildi ég segja um leið og ég þakka fyrir þessa umræðu sem ég tel mjög mikilsverða og vænti þess að við eigum áfram gott samstarf við virðulegan ríkisendurskoðanda og embætti hans og reynumst þess verðug að þau samskipti megi vera sem best má verða.

[11:37]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég tel á margan hátt óeðlilegt að ræða um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992 án þess að hæstv. ráðherrar séu viðstaddir því það er hlutverk Ríkisendurskoðunar að veita framkvæmdarvaldinu aðhald og þessi skýrsla er skýrsla Ríkisendurskoðunar til Alþingis um það eftirlitshlutverk sem Ríkisendurskoðun gegnir.

Það er mjög mikilvægt fyrir Alþingi að þessi stofnun sé sem virkust og það gefist tækifæri til þess að ræða við hæstv. ráðherra um samskipti þeirra við Ríkisendurskoðun og það sem miður fer hjá framkvæmdarvaldinu. Það er því miður svo og hefur ávallt verið þannig að ýmislegt má betur fara og verður ávallt svo og þess vegna geri ég athugasemd við það að hæstv. ráðherrar séu ekki viðstaddir, sérstaklega hæstv. fjmrh.

Ég ætla ekki að tala mikið um útgjaldahlið fjárlaganna og þær athugasemdir sem hafa komið frá Ríkisendurskoðun í því sambandi en vildi fyrst og fremst vekja athygli á því að ljós Ríkisendurskoðunar hefur fram til þessa beinst í mjög litlum mæli að tekjuhlið fjárlaga þótt nokkuð hafi verið fjallað um innheimtumál og ýmsar brotalamir sem eru á þeim vettvangi. Ég vænti þess hins vegar að eftir að Ríkisendurskoðun hefur tekið það að sér að fara ofan í þær skattbreytingar sem áttu sér stað á Alþingi fyrir áramótin þá beinist ljósið í ríkara mæli í framtíðinni að þessum hluta mála. Það er staðreynd að skattsvik eru mjög mikil hér á landi og Alþingi hefur ekki og framkvæmdarvaldið enn síður beint athyglinni nægilega að því að minnka þessi skattsvik. Lagagerð miðast ekki við það að skattsvik verði sem minnst og gert lítið úr því að það sé verið að koma skatttæknilegum málum þannig fyrir að það stuðli að sem bestum skilum á sköttum.

Það vakti a.m.k. athygli mína þegar hæstv. forsrh. sagði í viðtali við sjónvarpið á gamlársdag að sá sem hér stendur hafi viljað stofna vinnufriðnum í landinu í hættu af skatttæknilegum ástæðum. Það er sannarlega ekki rétt. Ekki vildi ég stofna vinnufriðnum í hættu en það er því miður allt of algengt að gert er lítið úr því sem kallað er skatttæknilegar ástæður. Það sé eitthvert bókhald, einhver skrifstofumennska sem komi málinu ekki við. Þetta er því miður algengt bæði hjá framkvæmdarvaldinu og jafnvel hjá löggjafarvaldinu líka. Það er ekkert lítið mál hvort löggjöf er með þeim hætti að hún stuðli að skattsvikum og við hljótum að reyna að miða okkar löggjöf sem mest við það að innheimta teknanna sé sem best. Ég er þeirrar skoðunar að starfsemi Ríkisendurskoðunar þurfi að beinast í ríkara mæli að þessu verkefni þótt ég geri á engan hátt lítið úr því sem þeir hafa gert að því er varðar útgjaldahliðina.

Það er svo mikið sem tapast og það er svo mikið sem svikið er undan að ég tel að starfsemi stofnunar þurfi að beinast í enn ríkara mæli að þessu sviði.

Ekki meira um það í þessum fáu orðum sem ég ætlaði að koma á framfæri. Ég vildi þá aðeins víkja að sölu ríkisfyrirtækja.

Ég tel að það hafi verið mikill losarabragur á því hvernig staðið hefur verið að sölu ríkisfyrirtækja hér á undanförnum árum og Alþingi hafi veitt allt of rúmar heimildir til ráðherra í þeim málum. Ég gæti nefnt ýmis dæmi í því sambandi en vildi nefna það að m.a. er nú í efh.- og viðskn. verið að fjalla um sölu á Lyfjaverslun ríkisins. Þannig hefur verið staðið að málum þar að þar er verið að fjárfesta fyrir u.þ.b. 300 millj. kr., þar af 250 millj. í framleiðsludeild fyrirtækisins, en vitað er að aðilar sem hugsanlega vildu kaupa Lyfjaverslun ríkisins hefðu hvað mestan áhuga fyrir því að flytja framleiðslu þessa fyrirtækis yfir í önnur fyrirtæki sem hafa getu til þess. Ég hlýt að spyrja: Hvað gengur framkvæmdarvaldi til sem hagar sér með þessum hætti? Hvernig má það vera að það er annars vegar stefna að selja ríkisfyrirtæki og hins vegar verið að fjárfesta þar fyrir hundruð milljóna króna og þar með komið í veg fyrir að hægt sé að selja það með sem hagkvæmustum hætti?

Nú er ég ekki að mæla með því að þetta fyrirtæki verði selt. Ég hef ýmsar efasemdir um það að eigi að selja það en ég hlýt að gagnrýna að staðið skuli að málum eins og þar er gert. Það sýnir fram á að sala á ríkisfyrirtækjum er ekki með þeim hætti sem eðlilegt er og það er ekki hægt í ljósi reynslunnar að gefa opnar heimildir um sölu þessara eigna. Það er nauðsynlegt að áður en endanleg sala fer fram komi það til umfjöllunar á Alþingi annaðhvort við umræður og afgreiðslu eða a.m.k. í þeim nefndum þingsins sem fjalla um málið.

Þetta kom líka berlega í ljós í sambandi við sölu á Síldarverksmiðjum ríkisins en risið hafa miklar deilur um sölu þess fyrirtækis og enginn vafi á því að þar er verið að selja fyrirtæki á lágu verði. Ég minni á í því sambandi að ríkið hefur nýlega yfirtekið miklar skuldir vegna þess fyrirtækis og eðlilegt hefði verið að bíða með sölu þess og sjá hvort ekki væri mögulegt að ná hærra verði fyrir það fyrirtæki.

Það má vel vera að það sé fyrst og fremst markmið núv. hæstv. ríkisstjórnar að selja þessi fyrirtæki en það skipti litlu máli hvað fáist fyrir þau. Má í því sambandi minna á ummæli hæstv. fjmrh. um að það standi til að selja Búnaðarbankann en það eigi að selja hann ódýrt.

Nú veit ég ekki hvernig það mál stendur en ég vil vekja sérstaka athygli á þeim þætti að það þarf að styrkja eftirlit með sölu ríkisfyrirtækja, annaðhvort með því að gefa þar mun þrengri lagaheimildir, sem ég tel vera best, eða að hæstv. fjárln. fylgist betur með þessum þætti mála. Nú sýnist mér að hv. fjárln. hafi ekki gert það og hafi ekki haft neina möguleika til þess og e.t.v. ekki verið samstaða um það í nefndinni en ég geri athugasemd við þennan þátt mála í framkvæmdum hjá fjmrn. og tel að þetta þurfi að taka til endurskoðunar og það eigi sérstaklega að beina því til Ríkisendurskoðunar.

Það voru þessi tvö atriði, virðulegi forseti, sem ég vildi koma á framfæri, annars vegar tekjuhliðin og eftirlit með henni og hins vegar aukið eftirlit með sölu ríkisfyrirtækja.

[11:47]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992 sem hér er verið að fjalla um kemur það m.a. fram að þessir aðilar eru þeirrar skoðunar að mjög sérkennilega hafi verið staðið að málum að því er varðar Lyfjaverslun ríkisins. Sú afstaða liggur því fyrir og það er alveg greinilegt að Ríkisendurskoðun hefur hvað eftir annað gert athugasemdir við framkvæmd mála af þessum toga. Spurning er hins vegar um það hvort hv. þingnefndir nýta sér þessar athugasemdir Ríkisendurskoðunar eins vel og kostur er í sínum störfum. Því ég hef einhvern veginn grun um það að stundum séu einstakar þingnefndir, jafnvel fagnefndir, að fjalla um mál án þess að mjög nýjar athugasemdir komi þar inn á borð. Það er eitthvað í þinginu, einhver tregða í samskiptum og upplýsingastreymi, ég segi ekki tjáskiptum, en það er eins og það gangi illa að koma hlutum á milli stofnana, nefnda og ráðuneyta í okkar stjórnkerfi. Þessi athugasemd Ríkisendurskoðunar varðandi Lyfjaverslun ríkisins er mjög alvarleg í raun og veru eins og menn geta lesið sem blaða í henni.

Ég bað hins vegar um orðið í andsvari til þess að lýsa þeirri skoðun minni að ég held að eitt brýnasta verkefni Alþingis þyrfti að vera núna að sem fyrst verði sett lög um hvernig staðið er að því að selja ríkisfyrirtæki. Sú tilviljunarkennda starfsemi eða hvernig á þeim málum hefur verið haldið hefur verið til skammar. Það á auðvitað að búa til eðlilegan farveg vegna þess, eins og ég hef oft sagt úr þessum stól og stundum hefur þótt frétt, að auðvitað verður að vera til leið til þess að einkavæða. Það liggur í augum uppi að það þarf að vera samningur um þá leið milli mikilvægustu aðila þjóðfélagsins m.a. fyrir hönd þess fólks sem vinnur hjá ríkisfyrirtækjum.

Útbýting þingskjala:

Flutningastarfsemi á grundvelli EES-samninga, 349. mál, fsp. SF, þskj. 541.

Íslenskt heiti European Union, 346. mál, fsp. HG, þskj. 538.

Styrkur vegna ferða til tannréttinga, 348. mál, fsp. GuðmS, þskj. 540.

Útflutningur á ferskum fiski, 345. mál, fsp. EKG, þskj. 537.

[11:50]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hafa farið fram um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992. Þær umræður hafa verið að mínum dómi efnislegar og hófsamlegar og allt gott um þær að segja í flestum atriðum.

Í máli nokkurra ræðumanna hefur komið fram að það sé tiltölulega ómótað hvernig skuli haldið á skýrslum af hálfu Alþingis sem Ríkisendurskoðun gerir um einstaka þætti í starfsemi ríkisins og ríkisfjármála og hvernig eigi að fylgja þeim málum eftir. Þessi gagnrýni á nokkurn rétt á sér, einkanlega að því er tekur til liðins tíma, en eins og ég greindi frá í minni fram-

söguræðu hefur forsætisnefnd ákveðið að skýrslur Ríkisendurskoðunar skuli sendast til þingnefnda, þær sem snerta beint fjármál ríkisins og falla með þeim hætti undir fjárln., séu sendar þangað þar sem fjallað er um tiltekin fagmálefni eins og nefna má t.d. skýrslu um svokallað Hrafnsmál sem hér var til umræðu á síðasta þingi, fari til fagnefnda eftir efni máls hverju sinni en sú skýrsla fór til menntmn. Eftir að nefnd hefur fjallað um skýrslu á það að vera opið að taka slíkar skýrslur til umræðu hér í þingsal eftir því sem tilefni eða ástæða þykir til.

Ýmsar skýrslur eru vitaskuld þannig að það er ekki sérstök ástæða til að taka þær til almennrar umræðu af hálfu þingsins enda eru skýrslur það margar að það mundi taka ærinn tíma ef að því væri horfið með allar skýrslur. Ég tel að með þessum hætti sé af hálfu forsætisnefndar mótuð stefna um betri meðferð þessara mála heldur en verið hefur og vænti ég þess að með því sé nokkuð svarað þeirri eðlilegu gagnrýni sem hér hefur komið fram á hvernig þessu hefur verið hagað til þessa. Það kom fram hjá hv. 4. þm. Suðurl. að einstakir þingmenn eða þingnefndir veigri sér við að biðja um skýrslu um tiltekna ríkisstofnun eða tiltekinn þátt ríkisstarfseminnar vegna þess að það sé litið svo á að beiðni feli í sér ásökun um fjármálalegt misferli eða eitthvað sé að í rekstri slíkrar stofnunar. Ég held að við eigum ekki að rækta þess háttar hugarfar og ég get getið þess að í starfi okkar yfirskoðunarmanna ríkisreikningsins höfum við tekið upp þá starfshætti sem ekki er endilega skylt samkvæmt því starfi sem okkur er ætlað að taka fyrir tiltekin svið ríkisrekstrarins og kynna okkur þau mál betur en önnur og fara að heimsækja stofnanir. Þetta höfum við gert og ég hef tekið það fram að þær stofnanir séu ekki valdar með það í huga að þar sé einhverja sökudólga að finna eða við teljum að þar sé eitthvað að í rekstri þeirra stofnana sem við heimsækjum heldur er það þáttur í því að við séum færari til þess að fást við okkar starf og auka þekkingu okkar á þeirri starfsemi sem fram fer á þeim sviðum ríkisrekstrarins. Þannig getur verið tilefni til þess að biðja um skýrslu um tiltekna þætti í starfsemi ríkisins þótt í því sé ekki verið að gera því skóna eða láta liggja að því að þar sé eitthvað meiri háttar að. Ég tek því út af fyrir sig undir að það á ekki að vera samhengi á milli beiðni um skýrslu og einhverrar ásökunar í garð þeirra sem athugun beinist að.

Það hefur komið fram að ekki sé nægilega greiður gangur á milli Ríkisendurskoðunar annars vegar og Alþingis hins vegar. Ég tel að hinar venjulegu skýrslur Ríkisendurskoðunar eigi og þær berist yfirleitt Alþingi og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að þingflokkarnir hafi í sínu herbergi eitt eintak af slíkum skýrslum. Ég vek athygli á því að greinargerðir sem unnar eru af Ríkisendurskoðun og jafnvel unnar af verktökum á vegum Ríkisendurskoðunar eru ekki allar sendar út. Sumpart eru það greinargerðir sem við yfirskoðunarmenn biðjum um í starfi okkar. Ég held að við höfum spurt 193 spurninga um hin afbrigðilegustu atriði í ríkisrekstrinum í starfi okkar á síðasta ári og við fáum greinargerðir sem svarar hverri einustu spurningu. Allar slíkar greinargerðir eru í það mörgum og miklum smáatriðum að ég tel að þær eigi ekki erindi til Alþingis og Alþingi verði að treysta því að þeir menn sem Alþingi kýs sem yfirskoðunarmenn, að fela þeim að fara ofan í slík smáatriði. Sömu sögu er í rauninni að segja um starfsmenn Ríkisendurskoðunar að Alþingi verður að treysta þeim til þess að fara ofan í smáatriðin sem ekki rúmast öll í skýrslum sem sendar eru þinginu.

Ég gat þess í minni framsöguræðu að með tilliti til þess að forsætisnefnd hefur ákveðið að einstakar fagskýrslur Ríkisendurskoðunar skuli sendar til þingnefnda og á þeim haldið með þeim hætti sem ég hef lýst þá sé þessi umræða tæpast til þess að fara ofan í slíkar skýrslur heldur voru það tilmæli mín fyrir hönd forsætisnefndar að þessari umræðu yrði haldið nokkurn veginn við það verkefni að ræða þá starfsskýrslu og heildarstarfsemi sem fram fer af hálfu stofnunarinnar og þá einkanlega að því er lýtur að árinu 1992. Ég tel þess vegna að það sé tæpast umræðuefni undir þessum dagskrárlið t.d. að fjalla um einstakar skýrslur sem hér hafa verið nefndar sem á að vera hægt að taka til sérstakrar meðferðar undir öðrum dagskrárlið eða þá sérstökum dagskrárliðum. Ég tel t.d. að þau deilumál sem staðið hafa á milli fjmrn. annars vegar og Ríkisendurskoðunar hins vegar sem ég hef tekið þátt í umræðum um í mörg ár og haldið þar fram tilteknum og afdráttarlausum skoðunum. Ég tel t.d. að þau mál eigi tæpast erindi undir þessum dagskrárlið. Á hinn bóginn er það eðlilegt umræðuefni Alþingis þegar fram verður haldið umræðu um frv. hæstv. ríkisstjórnar um staðfestingu á ríkisreikningnum fyrir árið 1992 og þá kemur til umræðu jafnframt skýrsla yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar varðandi þann ríkisreikning. Undir þann dagskrárlið mundu einnig falla þær athugasemdir sem fram komu hér frá hv. 1. þm. Austurl., t.d. að því er varðar innheimtumál en að innheimtumálum og skattsvikum er verulega vikið í þeirri skýrslu og eðlilegt að þau mál séu tekin til umræðu undir þeim dagskrárlið sem væntanlega verður fram haldið innan skamms.

Sömu sögu er í rauninni að segja um það sem hv. þm. fjallaði um sölu ríkisfyrirtækja og þarf ég ekki að orðlengja það annað en í þeirri skýrslu eru gerðar athugasemdir varðandi meðferð að því er lýtur að því sérstaka fyrirtæki sem hv. þm. nefndi. Ég mun því ekki í umræðum um þessa starfsskýrslu fjalla um slík einstök atriði sem að mínum dómi eiga heima undir öðrum dagskrárliðum. Ég vil hins vegar flytja hv. þm. þakkir fyrir þeirra innlegg í þessa umræðu. Ég er þakklátur fyrir þau viðurkenningarorð sem hafa fallið, t.d. frá hv. 2. þm. Austurl. um starf Ríkisendurskoðunar og mikilvægi þess að það starf sé metið af Alþingi og mikilvægi þess jafnframt að traust ríki á störfum Ríkisendurskoðunar. Ég tel að Ríkisendurskoðun hafi auðnast að halda þannig á málum að það traust sé sterkt, hafi raunar fremur farið vaxandi en hið gagnstæða.

Ég get ekki hér sagt eitt eða neitt um hvernig samskiptum er háttað milli hv. fjárln. og Ríkisendurskoðunar sem hér hefur verið aðeins dregið inn í umræð-

una. Ég læt þess getið að meðan ég sat í þeirri þingnefnd þá lít ég svo á að þau samskipti hafi verið í ágætu lagi og að ekki hafi skort á upplýsingar af hálfu Ríkisendurskoðunar til fjárln. á þeim tíma og að samstarf og stundum samráð er laut að upplýsingaöflun varðandi hin einstöku vandamál sem snertir starf fjárln. hafi þá verið í ágætu lagi. Ég þekki auðvitað ekki hvernig því er háttað nú en ég á ekki von á öðru en ef einhverjir misbrestir séu þar á þá sé það mál sem auðvelt sé að bæta úr.

Að þessum orðum mæltum vil ég einungis þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram og undirstrika að hlutverk Ríkisendurskoðunar er mikilvægt. Hún er afar mikilvæg eftirlitsstofnun sem hefur það hlutverk að styrkja stöðu Alþingis og veita handhöfum framkvæmdarvaldsins aðhald. Um leið hefur hún orðið til þess að á málum er nú haldið betur en áður hefur verið gert að ýmsu leyti. Það verður því seint of mikil áhersla lögð á að hlutverk þessarar stofnunar er okkur ákaflega mikilvægt.

[12:05]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka forsætisnefnd fyrir að taka þá ákvörðun að senda skýrslu Ríkisendurskoðunar til fagnefnda og þar með talið fjárln. þar sem ég á sæti. En ég held að það þurfi bara að gera miklu, miklu meira. Ég held að það þurfi að ákveða með hvaða hætti skýrslurnar eru teknar fyrir í nefndum. Auðvitað má segja að það sé ákvörðun hverrar nefndar að hún ákveði það sjálf með hvaða hætti hún fjallar um skýrsluna en miðað við reynslu okkar úr fjárln. tel ég að það sé nauðsynlegt að hv. forsætisnefnd sendi okkur hreinlega starfslýsingu með hvaða hætti við skulum taka þessar skýrslur fyrir og síðan með hvaða hætti niðurstöður skýrslanna eru meðhöndlaðar og eftirlit fjárln. eða annarra nefnda þingsins með því hvernig viðkomandi stofnun sem er verið að fjalla um fer með niðurstöður skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Ég tel að hver sú beiðni sem berst til Ríkisendurskoðunar um úttekt á fjárhagsmálefnum ríkisins eða einstakra ríkisstofnana og skýrslur sem verða til eða yfirlit sem verða til hjá Ríkisendurskoðun í framhaldi af því eigi að berast fjárln. Og ég tel reyndar að það sé alls ekki hægt að neita hv. þingmönnum um þær upplýsingar sem þeir biðja um og liggja fyrir í gögnum hjá Ríkisendurskoðun og snerta beint fjárhagsmálefni ríkisins eða ríkisstofnana. Um samskipti fjárln. og Ríkisendurskoðunar er það að segja að þau eru í dag allt of lítil. Eins og ég sagði áðan þá er það þannig að Ríkisendurskoðun kemur og fer í stuttu máli yfir sínar skýrslur en önnur eru þau nánast ekki nema einstaka þingmenn hafi sent beiðnir til Ríkisendurskoðunar og fengið mjög góð viðbrögð og það er ekki við Ríkisendurskoðun að sakast.

[12:07]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get sagt frá því að forsætisnefnd hefur ekki tekið neina ákvörðun um það að setja þingnefndum fyrir eða senda þeim starfslýsingu á því hvernig nefndir eigi að vinna að einstökum skýrslum Ríkisendurskoðunar og tel það nú býsna langt gengið ef það væri tekið upp. Á hinn bóginn eru áhyggjur hv. 4. þm. Suðurl. skiljanlegar að því er lýtur að því hvernig eigi að fylgja niðurstöðum í skýrslum Ríkisendurskoðunar eftir þannig að þær nái að virka. Og það er málefni sem forsætisnefnd og t.d. yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun sjálf eru mjög að velta fyrir sér.

Upplýsingar sem beðið er um eiga að berast og ég tek undir það, ef þær spurningar og beiðnir eru með þeim hætti að það sé viðeigandi, að það sé t.d. ekki spurt um einkahagi eða annað slíkt sem ekki eru birtar opinberar skýrslur um.

[12:08]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur greinilega komið fram í þessum umræðum og ekki hvað síst í máli hv. frsm. að sá farvegur sem skýrslur Ríkisendurskoðunar þurfa að hafa í gegnum þingið, gegnum nefndir og inn í þingið þannig að þær ábendingar sem þar koma fram skili sér, er ekki nægilega skilgreindur. Hann hefur ekki verið það og það er auðvitað gott til þess að vita að verið sé að ræða það núna í forsætisnefnd og Ríkisendurskoðun og hjá yfirskoðunarmönnum, en hv. þm. gegnir einnig því embætti. Það er mjög gott til þess að vita að verið sé að reyna að finna einhvern farveg fyrir þetta. Skýrslur um framkvæmd fjárlaga eru auðvitað ræddar í tengslum við ríkisreikning og skýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna um viðkomandi reikning er þar rædd líka og oft og tíðum teknar þá mjög vel í gegn þær ábendingar, en því miður hefur samt oft verið þannig að þegar verið er að ræða hér ríkisreikning, þá eru mjög fáir þingmenn sem hafa sýnt því áhuga og fylgst með og er leitt til þess að vita. En ég held að það þurfi að finna þessu betri farveg og það eru t.d. ýmsar skýrslur frá síðasta ári sem ég veit ekki til að hafi enn þá verið vísað til þingnefnda. Það þarf einnig að ákveða með hvaða hætti þær ljúka sínum störfum um þá skoðun sem þær framkvæma um skýrsluna, hvort þær vísa því þá til umræðu í þinginu sem ég teldi mjög eðlilegt ef þingnefndirnar komast að þeirri niðurstöðu að þetta sé þörf skýrsla sem þurfi að ræða, virkilega þarfar ábendingar til þingmanna, þá komi þessar skýrslur til umræðu, ekki bara í nefndum heldur einnig í þinginu.

[12:11]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að fyrra svar mitt við andsvari hv. 4. þm. Suðurl. hafi í rauninni þegar svarað þeim athugasemdum sem hér komu fram. Ég hef getið þess að gert er ráð fyrir því að eftir athugun þingnefnda geti skýrslur komið til umræðu í þinginu ef sérstök ástæða þykir til.

[12:11]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Pálma Jónssyni fyrir þetta svar. En ég vildi þá nota tækifærið til að benda t.d. á eina skýrslu sem ég held að væri mjög nauðsynlegt að kæmi hér til umræðu og það er skýrslan um Landgræðslu ríkisins.

Útbýting þingskjala:

Sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf, 352. mál, fsp. AKG, þskj. 544.

Styrkir úr Íþróttasjóði, 344. mál, fsp. AKG, þskj. 536.

Tilkynning um dagskrá.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Þar sem ekki er hægt að taka 2. mál á dagskrá vegna fundar í sjútvn. og menn sem þar eru eru á mælendaskrá og geta því ekki tekið þátt í umræðum hér. Gert hafði verið ráð fyrir að 3. dagskrármálið, ef leyft verður, kæmi til umræðu eftir hádegishlé og jafnframt 4. dagskrármálið, en gert er ráð fyrir hádegishléi og að fundurinn hefjist aftur kl. hálftvö. Því verður nú tekið fyrir 5. dagskrármálið.

Efling laxeldis, fyrri umr.

Þáltill. GuðmS o.fl., 325. mál. — Þskj. 516.

[12:13]

Flm. (Guðmundur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. um eflingu laxeldis á þskj. 516. Auk mín eru flutningsmenn Stefán Guðmundsson, Guðni Ágústsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Tillögugreinin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að tryggja stöðu laxeldis og stuðla að eflingu greinarinnar, m.a. með eftirfarandi hætti:

1. Fiskeldi verði tryggt fjármagn til að bæta eldisaðstæður og tryggja betur árangur í eldinu.

2. Fiskeldisstöðvar verði styrktar til kaupa á bóluefni, a.m.k. næstu 2–3 árin.

3. Fiskeldisstöðvum verði heimilað að kaupa ótryggða orku.

4. Tryggt verði að fiskeldisfyrirtæki njóti svipaðra afurðalána og með sambærilegum kjörum og aðrar útflutningsgreinar.

5. Markaðar verði sérstakar leiðir til að auðvelda innflutning erfðaefnis í þeim tilgangi að auka og flýta fyrir kynbótum laxfiska.

6. Mörkuð verði opinber heildarstefna, a.m.k. fram til næstu aldamóta, um málefni fiskeldis.

7. Fjárskuldbindingar vegna stofnkostnaðar hjá þeim fiskeldisstöðvum, sem þegar hafa verið reistar, verði endurskoðaðar og þeim aflétt, a.m.k. tímabundið."

Fiskeldi er atvinnugrein sem ekki hefur allt of góðan orðstír, hvorki hjá almenningi né stjórnvöldum. Þó má merkja að það hefur orðið ákveðin hugarfarsbreyting enda hafa á undanförnum árum orðið miklar framfarir í fiskeldinu og það fiskeldi sem hér var fyrir fjórum til fimm árum er í rauninni að ýmsu leyti afar frábrugðið því fiskeldi sem nú er. Við höfum oft heyrt að möguleikar séu miklir í fiskeldi og það er sama hvort við lítum á heiminn eða aðeins okkar land, möguleikarnir eru vissulega miklir og m.a. er talið að fram til aldamóta muni verða mikil aukning í eldisframleiðslu í heiminum og hún muni jafnvel þrefaldast til fjórfaldast frá því sem nú er ef tekin eru næstu 20–30 ár.

Framleiðsla eldisafurða hér á landi er u.þ.b. 3.000 tonn og framleiðsluverðmæti rétt tæpur milljarður. Það eru að langmestu leyti útflutningstekjur. Í Noregi, þar sem vagga laxeldisins stendur og langmestur hluti framleiðslu eldislax í heiminum fer fram, er framleiðslan um 165–180 þús. tonn á ári. Verðmæti þessar framleiðslu er 50–60 milljarðar ísl. kr. á ári. Ef okkar framleiðsla væri í hlutfalli við framleiðslu Norðmanna, t.d. miðað við höfðatölu, þá værum við að framleiða hér 8–9 þús. tonn af eldisfiski að verðmæti 2,5–3 milljarðar kr. En það eru 3–4% af útflutningsverðmætum sjávarafurða hér á landi. Það er e.t.v. ekki raunhæft að tala um 8–9 þús. tonn en miðað við fulla nýtingu núverandi mannvirkja þá er fyllilega raunhæft að tala um framleiðslu sem næmi um 6 þús. tonnum. Framleiðsluverðmæti þeirrar framleiðslu væri um tæpir 2 milljarðar og það er að langmestu leyti innlendur kostnaður sem er við þá framleiðslu eða um 80–90%. Bein störf við slíka framleiðslu væru um 400, 200 ný störf mundu sem sagt skapast og þá eru ekki talin nein margfeldisáhrif í því og ekki reiknað með að neitt verulegt magn af þessari framleiðsu væri unnið áfram hér á landi.

Það kann vel að vera að þetta sé flokkað sem draumórar en ef betur er að gáð þá er þetta fyllilega raunhæft og má í því sambandi nefna kannski fyrst og fremst tvö atriði. Í fyrsta lagi að það er nauðsynlegt að afföll séu ekki óeðlilega mikil. Þar hefur þegar náðst góður árangur og miklar framfarir og má minna á að framleiðsla afurða, útsett seiði sem er í rauninni eðlilegur mælikvarði á þessa hluti, var árið 1992 nærri 90% meiri en árið 1991. Það liggja ekki fyrir tölur enn þá fyrir árið 1993.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að framleiðsla á einingu eldisrýmis sé sem mest og 1992 voru framleidd hér 27 kg á hvern rúmmetra eldislax en 20 kg á rúmmetra árið áður og þarna hefur árangur batnað um 35%. Þannig er það ljóst að hér eru að eiga sér stað stórstígar framfarir sem vert er að taka eftir og nauðsynlegt að taka með í reikninginn þegar þessi mál eru rædd.

Rannsóknaráð ríkisins, sem er nú kannski sú opinbera stofnun sem mest hefur og best sinnt málefnum fiskeldisins, gaf út í desember sl. svokallaða markáætlun fyrir strandeldi þar sem fram kemur m.a. nákvæm markmiðasetning allt fram til ársins 2000. Niðurstaðan í þeirri skýrslu er m.a. að stefna beri að framleiðslu árið 1994 sem nemi 36 kg á rúmmetra, árið 1996 50 kg á rúmmetra og árið 2000 70 kg á rúmmetra. Nú þegar eru dæmi um að framleidd séu 40–50 kg og dæmi eru um ásetning allt upp að 75 kg, þannig að hér er um að ræða fyllilega raunhæf markmið og þau mumu gjörbreyta öllum forsendum fyrir rekstir fiskeldisstöðva.

Í áðurnefndir markáætlun Rannsóknaráðs eru sett

fram skilyrði sem uppfylla verður áður en hægt er að reikna með að þessi árangur náist. Þessi skilyrði eru einkum:

1. Að rekstrarumhverfi verði viðunandi og sambærilegt því sem er hjá öðrum atvinnugreinum.

2. Að notkun súrefnisíblöndunar í eldisstöðvum verði í góðu lagi.

3. Að eingöngu verði unnið með kynbætta eldisstofna.

4. Að unnið verði að aukinni nýtingu jarðvarma í eldisstöðvum, þ.e. þeim lykilþætti sem í upphafi átti að tryggja okkur forskot í fiskeldi.

Hitt er svo auðvitað ekki síður mikilvægt að hér verði áfram eldisstöðvar starfandi enda er í rauninni beinlínis rangt að þær séu látnar standa auðar og ef svo fer þá er fyrst hægt að tala um að þeir mörgu milljarðar sem oft hefur verið minnst á hafi tapast. Þá fyrst hafa þeir tapast ef þessar mörgu eldisstöðvar verða ónýtar og ekki verður hægt að framleiða í þeim fisk í framtíðinni.

Þótt ánægjulegar framfarir hafi orðið í fiskeldinu er rekstrarstaða flestra fiskeldisstöðva afar erfið og greinin býr hér á landi að ýmsu leyti við aðstæður sem eru með öllu óviðunandi. Ljóst er að margt er unnt að lagfæra strax ef vilji er fyrir hendi og verði það gert erum við Íslendingar að byggja upp atvinnugrein sem mun skipta afkomu þjóðarinnar miklu í framtíðinni.

Hvað viðvíkur tölusettum greinum í þingsályktunartillögunni skal eftirfarandi tekið fram:

1. Nauðsynlegt er að ljúka framkvæmdum í fiskeldisstöðvum þannig að þær geti í senn fullnýtt í rekstri sínum bæði nýjustu þekkingu um eldi og náttúrulegar aðstæður sem þær eiga kost á. Í þessu sambandi hefur einkum verið litið til bættrar vatnsöflunar, aukinnar nýtingar jarðvarma og súrefnisíblöndunar í eldisvatn. Hér á landi er einungis í einni fiskeldisstöð unnt að stjórna eldishita innan kjörhita fyrir eldi á laxi. Í öðrum stöðvum hefur hitastig yfirleitt verið of lágt stærstan hluta ársins og árangurinn því ekki eins góður og hann annars gæti orðið.

Það má benda á í þessu sambandi að það hefur margt áunnist og m.a. hefur Rannsóknaráð ríkisins beitt sér fyrir rannsóknum á þessu sviði. Nú hefur verulegur árangur náðst í endurnýtingu varma úr frárennsli í Miklalaxi hf. og endurnýtingu eldisvatns hjá Sveinseyrarlaxi hf. Ef tekst að auka eldishita um 2–4 gráður er ljóst að auka má framleiðslu um a.m.k. 25% á ári og lækka um leið framleiðslukostnað. Þá hefur verið unnið að athyglisverðum tilraunum með súrefnisíblöndun í Íslandslaxi hf. og víðar og vatnsnotkun minnkuð um 25–30%, *en slíkt skiptir miklu máli fyrir vatnsöflun* fyrirtækjanna og sparar verulega fjármuni vegna minni dælingar.

Ekki er ástæða til að ætla annað en að með áframhaldandi rannsóknum og þróunarstarfi megi enn bæta árangurinn verulega, bæði á þeim sviðum sem hér hafa verið nefnd og á öðrum sviðum. Það er því mikilvægt að nægilegt fé sé veitt til rannsókna en ekki síður að fiskeldisstöðvunum sé jafnóðum gert fjárhagslega kleift að nýta þá þekkingu sem aflað er. Eðlilegt er að litið sé á greinina sem þróunarverkefni enn um sinn og hið opinbera veiti til hennar fé þannig að nauðsynlegar framfarir verði og tryggt sé að uppbygging greinarinnar verði til frambúðar.

Áætlað er að afföll í eldislaxi hafi verið um 10% af ársframleiðslunni árið 1992 en 15% árið 1991. Þessi bætti árangur stafar fyrst og fremst af betri forvörnum og bættri meðhöndlun á sjúkum fiski, en langstærstan hluta affalla má rekja til sjúkdóma. Árið 1992 er talið að afföll vegna slysa eða bilunar í búnaði hafi hvergi numið meira en 5% og að meðaltali um 3%. Miðað við *meðalútflutningsverð á laxi árið 1992 má reikna með* að verðmæti afurða, sem töpuðust vegna sjúkdóma, hafi numið um 57 millj. kr. og eru þá ekki talin önnur áhrif sjúkdóma, svo sem minni vöxtur. Þar sem flestar fiskeldisstöðvar eru í rekstrarörðugleikum er nauðsynlegt að stjórnvöld styrki þær tímabundið í baráttunni við sjúkdóma, en ef stöðvarnar fengju ókeypis bóluefni gæti það leitt til lækkunar framleiðslukostnaðar um a.m.k. 4% að meðaltali.

Lengi hefur verið rætt um að lækka raforkukostnað fiskeldisstöðva án þess að það hafi komið til framkvæmda. Raforkukostnaður í strandeldisstöðvum er talinn um 10–15% af rekstrarkostnaði og því mikilvægt að á þessum málum sé tekið. Fiskeldisstöðvar eru stórir notendur raforku og notkun þeirra er tiltölulega jöfn árið um kring. Þær eru einnig búnar varaaflsstöðvum og því í stakk búnar til að bregðast við ef straumrof verður af einhverjum orsökum. Fiskeldisstöðvar geta því hæglega nýtt sér ótryggða orku, en þær hafa ekki fengið hana þó að eftir hafi verið leitað. Ef fiskeldisstöðvar fengju keypta ótryggða orku gæti það lækkað orkukostnað þeirra um 60–70%, en það svarar til 8–11% lækkunar rekstrarkostnaðar.

Framleiðsluferli í fiskeldi er langt, 2–3 ár. Fjárbinding og þörf fyrir rekstrarfé er því mikil. Eftir mörg erfið ár í rekstri og mikil töp má segja að viðskiptabankarnir hafi lokað á alla rekstrarfyrirgreiðslu, en slíkt jafngildir í raun dauðadómi yfir greininni og háir allri framþróun í henni. Þetta er í raun óskiljanleg ákvörðun og óeðlilegt að bankarnir loki á heila grein því að eðlilegt er að bankarnir meti hvert fyrirtæki fyrir sig. Til að tryggja eldisstöðvunum rekstrarfjármagn hefur Ríkisábyrgðasjóður ábyrgst afurðalán til eldisstöðva en sú fyrirgreiðsla er með öllu óviðunandi og ófullnægjandi eins og hún hefur verið framkvæmd. Til þess að fá þessi afurðalán hafa stöðvarnar þurft að tryggja allan fiskinn og þótt sjálfsábyrgð hafi verið 50% sem að mestu leyti gerir trygginguna marklausa hafa iðgjöld numið 5% af tryggingarverðmæti. Vextir af afurðalánum nema 10–13% og lántökukostnaður um 3%. Stöð, sem á t.d. fisk sem metinn er á 80 millj. kr., verður því að greiða 4 millj. kr. í tryggingar til að fá afurðalán. Ef lánið nemur 20 millj. kr. er kostnaður við tryggingar því 20% af lánsfjárhæðinni auk 13–16% í vexti og kostnað. Heildarkostnaður stöðvarinnar er þannig 33–36% sem enginn löglegur atvinnurekstur í landinu fær staðið undir. Þetta er auðvitað algerlega óviðunandi og getur ekki gengið enda er þarna í rauninni bara verið að gera það sem kallað er að lengja í snörunni,

þetta leysir engann vanda.

Á ráðstefnu sem haldin var um fiskeldi á Akureyri í mars 1993 lýsti landbrh. því yfir að stefnumörkunar í fiskeldi væri að vænta fyrir páska árið 1993 en sú stefnumótun hefur ekki litið dagsins ljós. En það er auðvitað ein forsenda þess að fjármunir og vinna sem lögð eru í fiskeldi nýtist vel og árangur náist að hér sé ákveðin og skýr stefna stjórnvalda í málefnum greinarinnar og ég vænti þess vissulega að ráðherra muni nú taka á sig rögg og koma fram með þá stefnu sem allra fyrst.

Á síðasta þingi flutti ég þáltill. svipaðs efnis sem því miður varð aldrei útrædd. Ég man sérstaklega í þeim umræðum sem þá fóru fram um málið að ég lét þau orð falla að ég treysti hæstv. ríkisstjórn til að taka röggsamlega á málinu. Í þeim umræðum sagði þáv. hv. þm. og núv. hæstv. umhvrh., Össur Skarphéðinsson, að hann treysti ríkisstjórninni alls ekki til að taka á þessu máli jafnvel þó málið væri vissulega brýnt.

Nú hafa mál breyst. Málið er reyndar áfram álíka brýnt ef ekki brýnna en það var og möguleikarnir eru skýrari og betri en þeir voru þá. Það sem hefur breyst er að hv. þm. er orðinn hæstv. ráðherra og situr í ríkisstjórninni. Ég treysti því að hann muni nú beita sér fyrir þessu máli í ríkisstjórninni vegna þess að þetta mál þolir enga bið, það verður að taka á því strax annars verður það of seint.

Ég vísa þessu máli hér með til síðari umræðu og hv. landbn.

Útbýting þingskjala:

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, 350. mál, fsp. AKG, þskj. 542.

Unglingaheimilið í Stóru Gröf, 342. mál, fsp. AKG, þskj. 534.

Þriggja ára áætlun um rekstur sveitarfélaga, 343. mál, fsp. AKG, þskj. 535.

[12:29]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. flm. fyrir að endurflytja hér þessa tillögu. Hún er mjög þörf og ég verð að segja að mér finnst hún vera mjög vel unnin. Það er mjög vel gerð grein fyrir öllum þeim liðum sem hér eru taldir upp sem Alþingi þurfi að álykta og ríkisstjórnin að vinna að.

Ég vil sérstaklega nefna hér tvennt sem við lestur þessarar tillögu höfðaði til mín, þ.e. í 6. liðnum þar sem talað er um að það sé engin heildarstefnumótun til um íslenskt fiskeldi. Við kvennalistakonur höfum ítrekað gagnrýnt það úr þessum ræðustól hversu lítið er gert af því að setja sér heildarstefnumörkun í málum og ekki hvað síst svo stóru máli eins og hér er verið að ræða um. Það er mjög lítið gert af því að setja sér stefnumörkun og vinna síðan eftir þeirri stefnumótun. Það á ekki hvað síst við um fiskeldið því á árum áður var rokið af stað til að bæta úr atvinnuástandi í landbúnaðinum með því að koma sem víðast upp fiskeldi. Vel að merkja þá voru það að miklu leyti ekki ríkisrekin fyrirtæki heldur var þetta einstaklingsframtak sem farið var út í og vissulega mjög virðingarvert þar sem menn reyndu að koma þessu á fót. En ég held, eins og reyndar hefur oft verið rætt, að þar hafi oft verið farið af stað af meira kappi en forsjá og þess gjalda menn nú.

En það er einmitt vegna þess, eins og ég sagði í upphafi, að það vantar stefnumörkun í þessum málum og ekki seinna vænna en sú stefnumörkun fari að koma fram. Það er nauðsynlegt að sú þekking sem hefur áunnist og reynsla glatist ekki heldur nýtist okkur í framtíðinni því ég er alveg sannfærð um að þó svo illa hafi tekist til sem við þekkjum á margan hátt þá er þetta atvinnugrein sem á framtíð fyrir sér. Þá er ég ekki bara að tala um laxeldi heldur fiskeldi almennt. Sú þróun sem er að verða í heiminum mun kalla á það að fiskeldi verði framtíðaratvinnugrein í stórum stíl.

Í öðru lagi vil ég nefna það sem talað er um í þriðja liðnum að það að lækka raforkukostnað fiskeldisstöðva hafi ekki komið til framkvæmda enn að neinu ráði. Raforkukostnaður í fiskeldisstöðvum og strandeldisstöðvum er mjög stór hluti af rekstrarkostnaðinum. Sú sem hér stendur hefur mjög gagnrýnt það hvernig staðið er að raforkusölu í landinu. Fiskeldisstöðvar geta ekki nýtt sér ótrygga orku þó þær hafi verið að leita eftir því og gæti það þó lækkað umtalsvert þeirra rekstrarkostnað sem er mikil þörf á að gera. Og það er alveg merkilegt til þess að vita í raun og veru að enn skuli sú staða vera uppi að við látum þetta rafmagn okkar, þessa vistvænu orku, renna ónýtta án þess að nýta hana til þess sem við gætum gert okkur til hagsbóta.

Þó ekki kæmust í framkvæmd nema þessi tvö atriði af þáltill. þá teldi ég það mjög til bóta. Bæði að sett væri einhver stefnumörkun um þessi mál og menn viðurkenndu að þetta er framtíðaratvinnugrein og einnig að þær stöðvar sem enn eru að vinna að þessum framkvæmdum geti lækkað sinn kostnað, m.a. með lækkun raforkuverðs.

Að öðru leyti þakka ég hv. flm., fyrir tillöguna. Hann hefur gert mjög vel grein fyrir þeim hugmyndum sem hann hefur um það hvernig hægt sé að efla fiskeldi. Ég vona svo sannarlega að tillaga hans fái góðan framgang í gegnum nefndir og í gegnum þingið.

[12:34]

Flm. (Guðmundur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Vestf. fyrir hans jákvæðu orð um þessa tillögu. Í sjálfu sér get ég tekið undir allt það sem hann sagði og ætla ekki að ræða það neitt sérstaklega. En ég vil samt ítreka það sem sagt var hér áðan og hv. þm. kom inn á að fiskeldi á framtíð fyrir sér. Og þó tillagan fjalli eingöngu um laxeldi þá mun hún samt sem áður hafa líka áhrif á annað fiskeldi sem er í landinu. Við höfum nú þegar talsvert bleikjueldi og við erum að vinna að mjög athyglisverðum rannsóknum á lúðueldi norður í Eyjafirði og víðar um land reyndar. Það er unnið að tilraunaeldi á hlýsjávartegundum norður á Sauðárkróki og það eru ákveðin rannsóknaverkefni í gangi með aðrar tegundir suður á Reykjanesi og þannig mætti áfram telja.

Við erum því fyrst og fremst að tala um fiskeldið. Ástæðan fyrir því að þessi þáltill. fjallar eingöngu um laxeldið er fyrst og fremst sú að það fiskeldi sem er í landinu núna er að langmestu leyti laxeldi og það verður einhvers staðar að byrja. Það verður alltaf að byrja. Þrátt fyrir bættan og miklu betri árangur núna í laxeldi en nokkurn tímann hefur verið í landinu og ágætar horfur, eins og fram kemur í skýrslum Rannsóknaráðs ríkisins, þá gæti farið svo ef greininni verður ekki sinnt að hún lognast út af og þá verður heldur ekki byggt á þeirri reynslu því að hún mun á örskömmum tíma hverfa úr landinu. Fiskeldismenn munu snúa sér að öðrum verkefnum og við verðum að byrja upp á nýtt. Það er alveg sama hvort við tölum um lúðueldi eða hlýsjávartegundir eða skeldýr eða hvað við tölum um það verður alltaf að byrja. Ef berjumst því ekki fyrir því að koma þessari grein almennilega á rekspöl þá munum við bara þurfa að greiða byrjunarkostnaðinn aftur seinna. Ég minni á að þegar Norðmenn eru að framleiða eldislax fyrir verðmæti sem nemur 50–60 milljörðum íslenskra króna gerðist það ekki á einni nóttu. Það tók 20 ár að þróa laxeldið í Noregi þangað til að það sprakk út og varð að þeim stóra atvinnuvegi sem það er núna.

Hér á landi erum við reyndar búin að vinna í þessu í 10 ár má segja en sl. tvö ár sérstaklega hefur komið í ljós að þekkingin er til staðar, árangurinn batnar og allar þær rannsóknir og athuganir sem gerðar hafa verið undanfarin ár benda á að það er raunhæft að reikna með að fiskeldi geti orðið arðbær atvinnugrein hér á landi. Annars þakka ég hv. þm. Jónu Valgerði fyrir hennar mál og geri ráð fyrir að við getum barist saman í þessum málum í framtíðinni.

Útbýting þingskjala:

EES-pakki II, 347. mál, fsp. HG, þskj. 539.

Sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf, 351. mál, fsp. AKG, þskj. 543.

Þróun íslensks iðnaðar, 353. mál, fsp. SvG, þskj. 545.

[Fundarhlé. — 12:39]

[13:30]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GuðmS, GÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JG, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, PP, PJ, PÓ, PBald, SalÞ, SF, SP, SJS, TIO, VS, ÖS.

27 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, FrS, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JóhS, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 341. mál (innflutningur búvara, tollskrárviðauki). — Þskj. 533.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, AKG, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GuðmS, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JGS, JG, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, PP, PJ, PÓ, PBald, SalÞ, SF, SP, SJS, TIO, VS, ÖS.

28 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, FrS, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JÁ, JóhS, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SighB, SAÞ, StG, StH, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

[13:36]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Aðdragandi þessa frv. og tilurð þess hefur verið langur og um margt sérkennilegur og einstakur. Ástæðan fyrir því að þetta frv. er flutt er að með dómi Hæstaréttar hinn 20. jan. sl. var kveðið svo á að innflutningur Hagkaups hf. á skinku frá sl. sumri hafi verið heimill þrátt fyrir ákvæði búvörulaga. Þar með var hrundið undirréttardómi frá því í haust. Þessi dómur, eins og margsinnis hefur komið fram, leysti ekki úr þeirri réttaróvissu sem hér hafði verið varðandi búvörulögin. Þvert á móti skapaði dómurinn nýja og kannski enn meiri réttaróvissu í stað þeirrar sem fyrir var eins og ég mun koma nánar að síðar.

Ég tel óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, þar sem ég ber ábyrgð á þessum málaflokki, innflutningi og útflutningi á landbúnaðarvörum, að gera í upphafi máls míns stuttlega grein fyrir þeim rökum sem ég hafði fyrir því að 52. gr. búvörulaganna héldi varðandi innflutningsmálin. Ég veit ekki hvort ég má kannski skjóta því hér inn að það má segja að okkur hafi verið nokkur vandi á höndum þegar við fórum að velta því fyrir okkur hvernig ætti að gera það enn skýrar en gert er í lögunum að það skuli standa sem hér er í lögunum, með leyfi hæstv. forseta:

„Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni.“

Ég hafði orð á því við eitt þjóðkunnugt skáld hvernig mætti orða þessa hugsun skýrari en gert væri í lagatextanum. Hann tók sér einn sólarhring til umhugsunar en sagði mér á eftir að hann fyndi engin orð í íslenskri tungu sem gætu orðað þessa hugsun skýrar. Á þeim tíma datt mér því í hug hvort kannski væri ekki rétt að í stað þess að flytja það frv. sem ég flyt hér þá væri 1. gr. frv. svohljóðandi: Við 52. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi: Þau orð sem standa í 1. og 2. mgr. skulu skilin eins og þau standa. En sú varð ekki niðurstaðan og af þeim sökum er það frv. flutt sem ég geri hér grein fyrir.

Þegar ég fór að velta því fyrir mér hvaða rök ég ætti að færa fyrir því því til skýringar að ég hafði haldið að þessi orð stæðust fyrir dómstólum komst ég að þeirri niðurstöðu að ég gæti ekki flutt þann rökstuðn-

ing betur en með því að flytja hér sératkvæði minni hluta Hæstaréttar sem skýrir í öllum megindráttum hvers vegna ég komst að þeirri niðurstöðu á sl. sumri að innflutningur á skinku Hagkaups hf. væri óheimill. En sératkvæði hæstaréttardómaranna Gunnars M. Magnússonar, Haralds Henryssonar og Péturs Kr. Hafsteins segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þegar áfrýjandi sótti um heimild til innflutnings á soðinni svínaskinku og soðnum hamborgarhrygg 31. ágúst og 2. sept. 1993 voru í gildi lög nr. 88/1992 um innflutning. Samkvæmt 1. gr. þeirra skyldi innflutningur á vöru og þjónustu til landsins vera óheftur nema annað væri sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Með lögum um gjaldeyrismál, nr. 87/1992, sem sett voru samtímis fyrrnefndum lögum, voru numin úr gildi lög nr. 63/1979, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Með reglugerð nr. 415/1992, um innflutning og innflutningsleyfi, féll úr gildi auglýsing nr. 313/1990, um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, sem gefin hafði verið út með stoð í lögum nr. 63/1979, sbr. IV. kafla reglugerðar nr. 312/1990, um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Í þessari auglýsingu og fyrri reglugerðum um sama efni, sem fyrir gildistöku laganna nr. 63/1979 höfðu verið settar á grundvelli laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o.fl., voru ákvæði þess efnis að innflutningur annarra vara en þar voru greindar væri óheftur eða frjáls.

Á þessum tíma voru og í gildi lög nr. 46/1985, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 5/1992 og lög nr. 112/1992. Samkvæmt 55. gr. laganna, upphaflega 41. gr., sbr. nú 52. gr. laga nr. 99/1993 um sama efni, skyldi leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins áður en ákvarðanir væru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara. Jafnframt var sagt að innflutningur landbúnaðarvara skyldi því aðeins leyfður að Framleiðsluráð landbúnaðarins staðfesti að innlend framleiðsla fullnægði ekki neysluþörfinni. Með innflutningslögunum frá 1992 var ekki hróflað við ákvæðum þessara laga. Af hálfu áfrýjanda er því haldið fram að skýring þessarar lagagreinar hljóti að ráðast af greinargerð með henni í frumvarpi að lögunum þannig að merking hennar sé í reynd önnur og mun þrengri en orð hennar segja til um. Á þetta verður ekki fallist. Samkvæmt lögskýringarreglum víkur greinargerðin að því leyti sem hún samrýmist ekki skýru og afdráttarlausu orðalagi lagagreinarinnar og ótvíræðum vilja löggjafans.

Af greinargerð með frv. til laga um innflutning nr. 88/1992 og meðferð þess á Alþingi verður örugglega ráðið að vilji löggjafans hefur ekki staðið til þess, að innflutningur landbúnaðarvara yrði svo að segja óheftur nema af heilbrigðisástæðum. Um það ber ekki síst glöggt vitni framsöguræða viðskiptaráðherra á Alþingi, 10. sept. 1992, sbr. og yfirlýsingu efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, 13. sept. 1993, þar sem fram kemur sá skilningur að með lögum nr. 88/1992 hafi „engar efnislegar breytingar orðið á heimildum til innflutnings á búvörum".

Samkvæmt þessu eru engin efnisrök fyrir því að svo verði litið á að gildi áðurnefnds ákvæðis búvörulaga frá 1985 um atbeina Framleiðsluráðs landbúnaðarins og neysluþörf innan lands hafi á þeim tíma er hér skiptir máli einskorðast við ákvæði laga um skorður við innflutningi af heilbrigðisástæðum."

Ég vil aðeins skjóta því inn hér frá eigin brjósti að ég kom mjög að því á sínum tíma í landbn. að fjalla um búvörulögin þegar þau voru sett á árinu 1985 og ég minnist þess ekki að í eitt einasta skipti hafi sú hugsun komið fram að verið væri að fjalla um innflutning á landbúnaðarvörum af heilbrigðisástæðum.

Dómurinn heldur svo áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Innflutningur landbúnaðarvara sætti því í september 1993 þeim reglum sem fram komu í lögunum enda varð ekki annað ráðið af öðrum lögum eða milliríkjasamningum, sbr. 1. gr. laga nr. 88/1992. Ákvæði samnings um hið Evrópska efnahagssvæði um frjáls viðskipti með vöru og þjónustu sem ekki hafði öðlast gildi á þessum tíma getur ekki skipt máli við þessa lagatúlkun.

Eigi verður talið að Framleiðsluráði landbúnaðarins hafi verið fengið ákvörðunarvald með fyrrgreindri 41. gr. búvörulaga. Því er einungis ætlað að staðfesta á grundvelli tiltækra upplýsinga hvort neysluþörf verði fullnægt með innlendri framleiðslu eða ekki. Ákvörðun um þá skipan hefur löggjafinn tekið. Þeir sem telja ályktanir ráðsins í þessu efni fara í bága við hagsmuni sína geta brugðist við með þeim úrræðum sem almenningi eru tryggð gagnvart stjórnvöldum samkvæmt reglum stjórnsýsluréttar. Verður því ekki fallist á að í þessu lagaákvæði felist óheimilt framsal valds til Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Rétt þykir að hvor aðila beri sinn kostnað málsins fyrir Hæstarétti.

Í málinu voru lagðar fram af hálfu áfrýjanda lögfræðilegar álitsgerðir og blaðaúrklippur með fréttum og greinum þar sem fjallað er um þau álitaefni sem um er deilt. Framlagning slíkra gagna í dómsmáli er andstæð grundvallarreglum réttarfars um málatilbúnað og ber að átelja hana."

Svo mörg voru þau orð. Ég vil bæta því við að með þessum ummælum mínum er ég ekki að draga neitt úr því að okkur Íslendingum ber að hlíta dómi Hæstaréttar og skiptir í því efni ekki máli hvort okkur þykir hann réttlátur eða ranglátur fremur en þeir sem kváðu upp dóminn eða eru ánægðir með niðurstöðu hans geta komist hjá því að viðurkenna að meðal lögmanna og fræðimanna í lögfræði vekur ævinlega athygli þegar fjölskipaður dómur er í Hæstarétti. Það er nánast regla ef veltur á einu atkvæði um niðurstöðuna að slíkur dómur er tekinn til mjög rækilegrar efnislegrar athugunar af fræðimönnum og lögmönnum. Enda má færa fyrir því gild rök að undir slíkum kringumstæðum sé engan veginn einhlítt hver niðurstaðan verði. Það hlýtur að sjálfsögðu að vera nokkur tilviljun þegar svo naumt er á munum um hvað æðsti réttur landsins telur vera hinn eina og sanna sannleik í þessum efnum.

En einmitt út af því að okkur ber að hlíta lögum og taka þau alvarlega hljótum við að velta því fyrir okkur hvaða áhrif þessi dómur hafi á búvörulögin og framkvæmd þeirra.

Nú liggur það algerlega ljóst fyrir að þegar við hinn 21. des. sl. samþykktum lög um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, þegar 72. gr. var bætt inn í búvörulögin, þá ríkti það réttarástand í landinu að undirréttur skipaður þrem dómendum hafði komist að þeirri niðurstöðu að búvörulögin héldu varðandi innflutning. Á þeim grundvelli og á þeim forsendum voru lögin 21. des. samþykkt. Af hálfu dómsmrn. og ég hygg líka í landbn. var reynt að hafa orðalag með þeim hætti að óyggjandi væri hvernig svo sem dómsniðurstaðan yrði í sambandi við Hagkaupsmálið.

Það kom hins vegar í ljós eftir að dómur hafði verið kveðinn upp að lögmenn töluðu þar tveim röddum. Sumir töldu að með þessum dómi væru forsendum lagabreytingarinnar 21. des. sl. hrundið þó svo að dómur Hæstaréttar hafi ekki fjallað um það álitaefni.

Það var af þeim ástæðum sem málið var tekið fyrir í ríkisstjórn þegar daginn eftir. Þar var samþykkt að hér á Alþingi skyldi lagt fram frv. sem fæli það í sér að sama réttarástand skapaðist og lögunum frá 21. des. var ætlað að tryggja. Ég vil raunar taka það fram að ég er þeirrar skoðunar að þau lög standi eins og þau eru en ég tel að þeirri réttaróvissu sem er í landinu verði að eyða. Það gengur ekki að menn séu í vafa um það hvað séu lög í landinu.

Það var af þeim sökum sem við höfðum gert okkur vonir um það í ríkisstjórninni að frágangi slíks frv. yrði unnt að ljúka þá þegar. Það komu upp ákveðin álitamál, m.a. í sambandi við verðjöfnunargjöld, sem óhjákvæmilegt var að leysa innan ríkisstjórnarinnar. Ég vil af því tilefni taka skýrt fram að það er mín skoðun að þá löggjöf sem nú er verið að efna til með þessu frv. verði að vanda sérstaklega. Það er óhjákvæmilegt að landbn. taki þau ákvæði sem við erum að fjalla um til rækilegrar athugunar og fái um það skoðun lögmanna hvort nokkur vafi geti leikið á því að lögin í heild sinni, breytingin sem samþykkt var 21. des. og það frv. sem ég er hér að fjalla um, að allt þetta þrennt sé orðað með þeim hætti að vilji Alþingis komi skýrt fram og ekki verði hægt að draga hann í efa. Það er alveg óhjákvæmilegt. Það er óþolandi fyrir Alþingi að fá lögin öðru sinni í höfuðið vegna þess að ekki hafi verið nægilega vel að þeim staðið. Ég vil að þessi skoðun mín sé alveg afdráttarlaus.

Ég vil líka minna á að þegar ég mælti fyrir frv. í desember þá tók ég það sérstaklega fram einmitt það atriði að það væri mín skoðun að búvörulögin stæðu. Frv. var flutt á þeim forsendum. Það kom líka fram í máli mínu að réttur landbrn. til álagningar verðjöfnunargjalda væri afdráttarlaus sem er nauðsynlegt að fram komi líka vegna þess að frá ummælum mínum var ekki rétt skýrt í nál. minni hluta landbn. sem lagt var fram í sambandi við þau lög.

Eins og hv. þm. sjá af frv. þessu er nú tekinn upp sá háttur að birta sérstakan viðauka um vörur þær sem háðar séu innflutningsleyfi landbrh. Auðvitað má um það deila hvort rétt sé að hafa þann hátt á eða annan. Það er ljóst að með því að hafa þennan hátt á geta engin eftirmál risið. En ég held að það sé líka alveg nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir að með þessu frv. er ekki meiningin að breyta þeirri framkvæmd sem verið hefur á búvörulögunum. Við erum ekki að tala um það, þó hér sé verið að tala um bannlista, að fjölga þeim vörutegundum sem bannað er að flytja til landsins. Slík ályktun af þessu frv. væri útúrsnúningur. Það er heldur ekki verið að tala um það af hálfu landbrn., þó við segjum að við viljum hafa vald á innflutningi landbúnaðarvara, að við séum með þessu frv. og í kjölfar þess að efna til hækkunar á landbúnaðarvörum sem innfluttar eru. Það er ekki. Á hinn bóginn höfum við lagt á það áherslu í landbrn. að við viljum fella niður aðflutningsgjöld, skatta og tolla af vörum sem eru til landbúnaðarframleiðslu hér á landi. Er ég þá sérstaklega að tala um garðyrkjuna í þessu sambandi. Það hefur líka verið efst á blaði hjá mér að fella niður skatta á kjarnfóðri vegna hvíta kjötsins og mun sú framkvæmd ganga í gildi endanlega um næstu áramót en að hálfu leyti á þessu ári. Má segja að barátta mín fyrir því sé þess vegna að skila sér.

Þetta tvennt er sem sagt ljóst: Við erum ekki að fjölga vörum á bannlista. Við erum heldur ekki að gefa eftir. Við erum ekki að efna til hækkunar á landbúnaðarvörum. Það erum við ekki að gera. En með þessu frv. er það líka staðfest að það er vilji ríkisstjórnarinnar að fara gætilega að þeim samningum sem við stöndum nú frammi fyrir í sambandi við frjálsari viðskiptahætti með landbúnaðarvörur. Ég vil í því sambandi leggja sérstaka áherslu á að það er ekki einungis í landbúnaðarvörunum sem við í ríkisstjórninni höfum áhyggjur af niðurgreiðslum erlendis, t.d. á blómum og garðávöxtum, svo er einnig um skipasmíðaiðnaðinn.

Það er óhjákvæmilegt í lokin á þessari ræðu að láta í ljósi von um það að hv. þm. telji að sú niðurstaða sem hér er fengin sé tryggileg og nægileg. Við erum að tala um það að GATT-samningar gangi í gildi um næstu áramót, kannski á miðju næsta ári. Undirbúningur þeirrar löggjafar er auðvitað hafinn. Við erum þess vegna ekki með þessum lögum að skapa ástand sem eigi að vara til langs tíma heldur erum við að tala um skamman tíma. Ég er að tala um að ég telji að þessi lagaákvæði að þeim forsendum gefnum sem ég sagði hér áðan séu fullnægjandi.

Nú er nauðsynlegt að okkur gefist tóm til þess að fara að ræða ýmsa aðra þætti í landbúnaðarmálunum, komast að öðrum hlutum sem varða bændur miklu og eru nauðsynlegir til að við getum réttilega brugðist við þeirri reynslu sem við höfum af búvörusamningunum eins og þeir liggja fyrir, bæði varðandi sauðfé og síðar mjólkurframleiðslu. Og við getum reynt að fara að gera okkur grein fyrir því hvernig við teljum að framhaldið eigi að vera eftir að búvörusamningarnir ganga úr gildi. Það eru slíkar áleitnar spurningar um gildi kvótans, hvort við eigum að breyta forsendum hans, hvort við verðum kannski alveg að fella hann niður á einhverju vissu árabili, og þá er ég að tala um kjöt-

kvótann, og aðlögun landbúnaðarins í heild sinni að þeim breyttu aðstæðum og forsendum sem eru á markaðnum. Þetta eru mikil viðfangsefni og þau kalla á athygli og lausnir.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til landbn. og tekið til 2. umr. eins og ég ítreka það sem ég sagði í upphafi ræðu minnar og þarf raunar ekki að biðja um. Það er nauðsynlegt að þingið gangi úr skugga um að þau lagaákvæði sem hér er efnt til séu fullnægjandi og ekki leiki vafi á hver verði framkvæmd búvörulaganna.

[13:59]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Við höfum hlustað á framsögu hæstv. landbrh. fyrir því frv. sem við höfum beðið eftir í tíu daga. Það vakti athygli að hæstv. ráðherra forðaðist eins og heitan eldinn að ræða um frv. sem slíkt og gaf til kynna að nú yrði landbn. að fara vel ofan í málið. Ég gat ekki skilið ráðherrann öðruvísi en svo að hann mundi ekki gráta það að landbn. kæmist að annarri niðurstöðu en ríkisstjórnin gerði og leggur hér fram í frumvarpsformi.

Landbúnaðurinn er að ganga í gegnum mikið breytingaskeið á þessum árum og hefur sýnt það að hann er tilbúinn til að takast á við það. Hann hefur gert það m.a. með að semja um og framkvæma verulegar verðlækkanir á búvörum. Það kom m.a. fram í ræðu hæstv. forsrh. í svari við fsp. á mánudaginn var að á meðan almennt verðlag var að hækka um sem hann taldi 6–9% þá hafði verðlag á innlendri matvöru lækkað um 1%. Það þýðir á almennu máli að það hefur orðið veruleg lækkun á íslenskum búvörum. Þetta sjá þeir sem ferðast til nálægra landa og bera saman verðlag þar í dag við það sem var fyrir nokkrum árum. Á meðan landbúnaðurinn stendur í þessari baráttu sinni, m.a. til að takast á við breytt starfsskilyrði, þá búum við við það ástand að hér situr ríkisstjórn sem er ófær, ég endurtek, ófær um að taka á þessum málaflokki og aðstoða þessa atvinnugrein við þá aðlögun sína.

Við höfum orðið vitni að því hvað eftir annað í þessu máli að Alþingi hefur staðið frammi fyrir því að binda í lög pólitísk hrossakaup ráðherra Alþfl. og Sjálfstfl. um landbúnaðarmál í lagatexta sem er illskiljanlegur og það er ekki von að dómstólar geti unnið eftir lögum frá Alþingi þegar þannig er unnið. Lögfræðingar sem hafa komið til okkar í landbn. og eru þaulkunnugir þessum málum segja: Það er enginn vandi að búa til skýran lagatexta sem tekur af öll tvímæli ef þeir sem eiga að búa til lagatextann vita hvað á að gera, ef framkvæmdarvaldið veit og getur komið frá sér hvað það ætlast til að Alþingi samþykki. En það hefur ekki gerst í þessu máli heldur var fyrir jólin samþykktur lagatexti sem hver gat túlkað sem hann vildi.

Þetta er öldungis óviðunandi fyrir atvinnugrein sem er að berjast fyrir tilveru sinni í breyttum aðstæðum að búa við ríkisstjórn eins og hér er. Og til þess að kóróna þetta allt saman þá erum við komin með lagafrv. þar sem ekki á að lögfesta málamiðlun heldur á að setja ósamkomulagið í lög. Við eigum að lögfesta ósamkomulag stjórnarflokkanna með þeim viðauka sem hér er lagt til að verði settur við búvörulögin.

Ég vil einnig vekja athygli á því að í grundvallaratriðum með þessari breytingu er ekki verið að færa landbrh. vald, það er verið að taka af honum valdið til að setja reglugerðir varðandi þetta atriði. Menn geta deilt um það hvort allt falli þarna undir þessa upptalningu en í grundvallaratriðum er hluturinn þannig.

Hver fer með tollskrá? Er það landbrh.? Hver getur breytt síðustu tveim númerum í tollskrá? Er það landbrh.? Nei, það er fjmrh.

Í öðru lagi er það svo að varðandi GATT-samninganna þá er búið að setja forræði þess í nefnd fjögurra eða fimm ráðuneyta. Okkur var sagt fyrir jólin að það væri orðið samkomulag um það milli stjórnarflokkanna að það væri landbrh. sem færi með forræði varðandi innflutning búvara.

Hæstv. umhvrh. sagði í umræðunni í síðustu viku að e.t.v. væri að skapast fyrir því hefð, sú venja, að landbrh. færi með þetta forræði og það mundi e.t.v. ganga eftir þegar kæmi að GATT. (**Gripið fram í:** Þú verður nú að fara rétt með.) En hvað kemur svo í ljós þegar við lesum Morgunblaðið í morgun? Þar heldur landbrh. því enn fram að samkvæmt samkomulagi frá því í desember sé forræðið hans varðandi innflutninginn og varðandi jöfnunargjöldin. (**Landbrh.:** Það er úrskurður forsrh.) Það er úrskurður forsrh., grípur hæstv. landbrh. inn í. En hvað skyldi síðan hæstv. viðskrh. segja í sömu frétt? Með leyfi hæstv. forseta, þá segir viðskrh.:

„Þegar GATT-samkomulagið gengur í gildi verður bannað að banna og þá verður ekkert leyfisveitingarvald til lengur. Þá fellur það úr gildi að landbrn. geti leyft eða bannað innflutning. GATT er um það að menn geti lagt á tolla til þess að jafna upp misgengi og samkvæmt tollalögum eru þeir ákvarðaðir í fjmrn." — Hvað segir þetta? Það er og verður ekkert hlé á þessari deilu.

Hæstv. landbrh. fær ekkert hlé til þess að sinna öðrum málefnum landbúnaðarins. Deilan heldur áfram af fullum krafti, það er einfaldlega ekkert samkomulag milli stjórnarflokkanna. Það verður áfram sú staða sem verið hefur það sem af er þessu kjörtímabili að hæstv. landbrh. hefur ekki tekist að ná samstöðu um nokkurt einasta mál innan ríkisstjórnarinnar nema í pólitískum hrossakaupum að undangengnum miklum og löngum deilum. Það er öldungis óviðunandi niðurstaða. (**Gripið fram í:** Það þarf að fá þig í ríkisstjórnina.) Ráðherra sem nær ekki samstöðu um nokkurt einasta mál sem þarf að flytja innan sinnar ríkisstjórnar er ekki til neins. Hann kemur engum málum fram sem horfa til heilla fyrir þá atvinnugrein sem honum hefur verið trúað fyrir.

Hæstv. landbrh. hélt áfram í lok sinnar ræðu hér áðan að tala um það að e.t.v. þyrfti að endurskoða búvörusamninginn. Hæstv. ráðherra er búinn að tala um það í tvö ár. En hvar eru efndirnar? Hvar eru framkvæmdirnar? Hvað er verið að vinna í málinu? Ekki neitt. Það er ekkert verið að vinna í málinu vegna þess að öll orka ríkisstjórnarinnar varðandi landbúnaðarmál hefur farið í innbyrðis deilur.

Virðulegur forseti. Við tveir þingmenn Framsfl., ég ásamt 5. þm. Suðurl., lögðum hér fram frv. í síðustu viku sem við teljum að geti höggvið á þennan hnút. Nú tel ég víst að umræðan um þessi mál muni mjög fara fram undir þessum lið sem hér er nú í gangi og ég reikna því með ef annað kemur ekki fram eða vilji til annars að leggja til þegar að því kemur hér á eftir að frv. okkar verði vísað beint til landbn. og við getum hafið umfjöllun um þessi mál samhliða þar. En þar leggjum við til að farið verði með þessi mál á þann hátt að Alþingi ákvarði hvaða ráðherra hefur forræðið og það fari síðan eftir almennum stjórnskipunarvenjum. Það verði viðkomandi ráðherra sem fari þá með málið en reglugerðirnar séu ekki settar inn í lagatexta eins og verið er að leggja til hér. En hvers vegna er þetta ekki gert? Hvers vegna er ekki farið eftir almennum og venjulegum stjórnskipunarvenjum hvað þetta snertir? Það er vegna þess, eins og ég nefndi áðan, að það er ekki samkomulag um það. Það er ekkert traust og enginn trúnaður milli ráðherra og stjórnarflokka í þessari ríkisstjórn og þá vil ég koma að einu atriði sem kannski hefur farið nokkuð lágt í umræðunni. Það hefur alltaf verið rætt um að deilan stæði á milli Alþfl. og Sjálfstfl., á milli utanrrh. og landbrh. En ætli það sé ekki þannig ef grannt er skoðað að það er ekkert síður fjmrh. sem hefur staðið í vegi fyrir því að um þessi mál gæti orðið samkomulag.

Virðulegur forseti. Hvers vegna leggjum við það til að með þessi mál sé farið á þann hátt að landbrh., hið stjórnskipulega vald landbúnaðarins, fari með forræði innflutnings og álagningu jöfnunargjalda? Hvers vegna lýtur það ekki sömu lögmálum og annar innflutningur? Fyrir því eru tvær ástæður. Sú fyrri er sú að í öllum okkar nágrannalöndum er þessu þannig farið að það er landbrh. sem hefur með þessi mál að gera, einfaldlega vegna þess að viðskipti með landbúnaðarvörur lúta allt öðrum lögmálum heldur en önnur viðskipti í heiminum. En, virðulegur forseti, það er önnur veigamikil ástæða fyrir því að við flm. þess frv. sem hér er á dagskrá á eftir viljum fara þessa leið. Hún er sú að okkur sýnist að það sé ekki góð reynsla af því þar sem viðskipta- og fjmrn. hafa farið með heimildir til ráðstafana til þess að mæta niðurgreiddum innflutningi. Hér á ég við skipasmíðaiðnaðinn. Þar er svo komið að hann er ekki að hrynja, hann er hruninn, þrátt fyrir það að í íslenska Stjórnarráðinu, hjá viðskrn. og hjá fjmrn., hafi allan tímann verið allar þær heimildir sem til þurfti til að stöðva þessa þróun. Hér er um mikla hliðstæðu að ræða, við erum að tala um atvinnugrein þar sem er landbúnaðurinn, þar sem svo háttar til að við erum að keppa við niðurgreidda framleiðslu erlendis frá. Við höfum ekki þá reynslu af viðskipta- og fjármálaráðuneytum á Íslandi að þeim sé treystandi til þess að fara með þennan málaflokk.

Virðulegur forseti. Ég hafði ætlað mér að leggja spurningu fyrir hæstv. utanrrh., ég sá að hann sat hér áðan, málið er honum nokkuð skylt og ég býst við að hann sé hér fyrir framan og heyri mál mitt. En ég ætla að koma aftur að því sem ég nefndi hér áðan og það er hvernig við stöndum að framkvæmd GATT-samkomulagsins. Það er í raun GATT-samkomulagið sem skiptir langsamlega mestu máli og hvernig þar verður staðið að málum. Þar eru yfirlýsingar misvísandi eins og ég nefndi áðan, bæði milli landbrh. og ráðherra Alþfl. og einnig milli einstakra ráðherra Alþfl. Ég hlýt því að varpa þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. — og baulaðu nú Búkolla mín, hvar sem þú kannt að vera — ég hlýt að varpa þeirri spurningu til hæstv. utanrrh.: Hver er hans túlkun á því hvernig framkvæma eigi GATT-samninginn og jöfnunartollana sem þar er heimild til að beita?

Hæstv. umhvrh. sagði hér í umræðu í vikunni sem leið að það væri ekki ólíklegt, ef sú hefð skapaðist gagnvart EES og öðrum samningum að landbrh. færi með jöfnunargjöldin þar, að það yrði eins varðandi GATT. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. eftir þessu, hvort þetta sé hans skoðun og hvernig hann telji að við eigum að beita tollígildunum gagnvart GATT-samningnum.

Það er mín skoðun að ef um það væri samstaða og menn legðu í það vinnu þá væri hægt að ganga þannig frá þeim lagabreytingum sem við stöndum frammi fyrir núna að það gæti tekið á GATT-samningnum líka. Það virðist vera svo að hjá flestum þeim löndum sem koma til með að vinna undir GATT-samningnum hvað snertir landbúnaðinn, þá túlki menn það þannig að það verði viðhaldið því jöfnunargjaldakerfi sem verið hafi en tollígildin myndi það hámark sem leyfilegt sé að nota. Ef það er þessi túlkun sem ræður þá getum við gengið frá þessu í lagatexta núna á þann hátt að við getum hafið aðlögun okkar vegna GATT án þess að fara út í fleiri og meiri lagabreytingar. Og óskaplega væri það nú miklu betra fyrir þá atvinnugrein sem heitir landbúnaður ef hægt væri að ganga frá lagasetningu núna og það gætu legið fyrir yfirlýsingar ríkisstjórnar nú á næstu vikum um það hvernig ríkisstjórnin hyggist beita tollígildunum samkvæmt GATT.

Það er algjörlega óviðunandi ástand fyrir landbúnaðinn sem þarf að fara að starfa eftir GATT-samningnum, og eins og ég sagði áður mun GATT-samningurinn mynda starfsumgjörð landbúnaðarins á næstu árum og það hvernig íslensk stjórnvöld beita þeim heimildum sem við þar höfum ef það á að taka gildi um næstu áramót og enginn veit fyrr en e.t.v. á síðustu dögum fyrir jól hvernig að þessu á að standa. En, virðulegur forseti, því miður, greinin í Morgunblaðinu í morgun staðfestir að það er engin sátt hjá ríkisstjórninni, það er engin lausn á deilumálunum og landbúnaðurinn og matvælaiðnaðurinn er engu nær um það starfsumhverfi sem bíður okkar e.t.v. innan árs.

Ég hlýt að gera þá kröfu til þeirra tveggja ráðherra sem hér sitja, aðalleikaranna í því sjónarspili sem hefur farið fram um nokkurra vikna skeið, að þeir geri Alþingi grein fyrir því í þessari umræðu í dag hver sé stefna ríkisstjórnarinnar varðandi beitingu tollígilda vegna GATT. Það er enginn tími til stefnu. Við erum að tala um víðtækan alþjóðlegan samning sem tekur gildi annaðhvort um næstu áramót eða um mitt næsta ár. Ég vil hafa það sem mín lokaorð að ítreka þá spurningu til hæstv. landbrh. og til hæstv. utanrrh. hver

sé stefna ríkisstjórnarinnar varðandi beitingu tollígilda vegna GATT. Mér finnst að við alþingismenn eigum kröfu til þess að þessu sé svarað hér þar sem við erum að ræða, eins og ég sagði áðan, um samning sem er að taka gildi á næstu mánuðum. Ég segi á næstu mánuðum þó það séu e.t.v. 11 mánuðir í það.

Virðulegur forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég reikna með því að efnislega umræðan um þetta mál fari fram undir þessum lið hér og hef þess vegna reiknað með því ef ekki verða beiðnir um annað frá þingmönnum að biðja um það að 4. máli á dagskrá verði síðan vísað til nefndar án umræðna ef þannig verkast.

[14:18]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þau frumvörp sem hér eru rædd og það frv. sem hér er á dagskrá og annað frv. sem hv. síðasti ræðumaður er 1. flm. að eiga rót að rekja til ákvarðana sem teknar voru á síðasta þingi varðandi aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Ég skil það vissulega að hér er verið að reyna að bregðast við þeim dómi sem felldur var af Hæstarétti nýverið og er út af fyrir sig ekki nema góðra gjalda vert að reynt sé að gera það en ég er ekki viss um að þau frv. sem hér liggja fyrir séu til þess fallin í rauninni að skera úr þeirri óvissu eins og látið er í veðri vaka. En í máli hv. þm. Jóhannesar Sigurgeirssonar hér áðan saknaði ég þess að hann tengdi þetta mál við uppsprettuna, þ.e. við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði sem er ástæðan fyrir tillöguflutningnum. Hann er hér að endurflytja með sérstöku frumvarpi frumvarp sem flutt var á síðasta þingi og sem landbn. studdi og meiri hluti var fyrir í þinginu en honum láðist að gera grein fyrir afstöðu sinni til þess sem er undirstaðan, þeirri afstöðu sem hann tók andstætt því sem 2. flm. frv. á þskj. 515 tók til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það var auðvitað þá sem menn áttu að bregðast við því það var augljóst í hvað stefndi. Hér er í rauninni verið að reyna að fylla í þau göt sem sköpuð voru með þeim ákvörðunum. Ég hefði talið æskilegt að hv. síðasti ræðumaður hefði gert grein fyrir afstöðu sinni til þess máls. Við komum svo síðar að GATT-samkomulaginu, (Forseti hringir.) en hann saknar þess helst að ríkisstjórnin komi sér ekki saman og treystir sér greinilega betur til þess að bæta í götin heldur en þeir ráðherrar sem nú sitja.

[14:21]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig rétt að það þarf ekki mikið til að gera betur en núverandi ríkisstjórn. En ég vil benda hv. þm. á það að í umræðunni um þetta mál í fyrravor gerði ég rækilega grein fyrir afstöðu minni til EES og tengingu við þetta mál. Ég vil reyndar einnig benda hv. þm. á að það er sáralítið nýtt varðandi innflutning landbúnaðarvara í EES. Það sem við erum að glíma við varðandi innflutning landbúnaðarvara í dag er tilkomið vegna EFTA-samningsins og vegna bókunar 6 við Evrópubandalagið sem, ef ég man rétt, Alþb. hefur a.m.k. stundum verið að hreykja sér af að hafa staðið að.

Ég hef sagt það margoft úr þessum ræðustól að okkur beri að standa við þá samninga sem við gerum á alþjóðavettvangi. En ég hef einnig sagt það að við eigum að gera skýlausa kröfu til þess í landbúnaðarmálum — sem eru í raun sérkapítuli í þessu og eins og þingmaðurinn veit þá fjallar EES-samningurinn ekki um landbúnaðarmál — við eigum að gera þá skýlausu kröfu til okkar ráðamanna og okkar ráðherra að þeir standi þar á okkar rétti. Ég hef sagt að það hvaða áhrif samningarnir við EFTA, bókun 6 við EB, samningurinn um EES og GATT hafi á íslenskan landbúnað, sé ekki utanríkismál. Það er innanríkismál og það ræðst af því hvaða vilji er hjá íslenskum stjórnvöldum til þess að standa á þeim heimildum sem við höfum til varnar fyrir okkar atvinnulíf.

[14:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fór ekki fram hjá neinum sem hlýddi á umræðuna um Evrópskt efnahagssvæði á síðasta þingi hver var afstaða hv. þm. og fimm annarra þingmanna Framsfl. sem studdu í raun EES-samninginn þegar um hann var fjallað og hann kom hér til afgreiðslu. Og það var hörmuleg niðurstaða, og hörmulegt að sjá þann flokk sem hefur reynt að telja sig í forsvari fyrir dreifbýlið í landinu öðrum fremur í tveimur nærri jafnstórum fylkingum þegar tekist var á um grundvallarhagsmuni sem vörðuðu dreifbýlið í landinu, einnig íslenskan landbúnað.

Frv. sem hér er um að ræða er endurflutningur á frv. sem deilt var um hér harðast á síðasta degi þings í fyrravor. Og það segir í athugasemdum með því lagafrv., með leyfi forseta, þar sem vikið er að lagagrein sem tekin er upp í frv. sem hv. þm. flytur hér ásamt hv. þm. Guðna Ágústssyni. Þar segir:

„Í 2. mgr. 2. gr. frv. er landbrh. heimilað að leyfa innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Þetta ákvæði er nýmæli og er fyrst og fremst tekið mið af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið."

Þetta segir þarna í athugasemdum. Síðan er hv. þm. að reyna að flýja aftur í bókun 6 með samningi sem var gerður 1972 við Evrópubandalagið. Ja, stórmannlegt er það. Ég held hann ætti að huga að sínum gerðum í þessu.

En ég verð því miður að segja að ég fæ ekki séð að það sé öll lausn fengin með því að skipta á ákveðnum talsmönnum hér við þá ráðherra sem nú sitja í ríkisstjórn Íslands ef þeir átta sig ekki betur á aðalatriðum og aukaatriðum í málum. En því miður finnst mér hér verið að þvæla málið þannig og fela í rauninni grundvallarágreininginn, spurninguna um það hversu langt menn eiga að ganga í sambandi við að hleypa hér inn erlendum landbúnaðarafurðum.

[14:25]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að deila frekar við þingmanninn um þetta en ég vil minna hann á það að þegar hann stökk á mig í andsvörum hér í fyrra þá vitnaði ég oftar en einu sinni í ágætan bækling sem Alþb. gaf út á miðju sumri 1992, þar sem það lagði til

að við gerðum tvíhliða samning við EB sem byggði á innri markaðnum, sem byggði á fjórfrelsinu og það var ekki hægt að framkvæma, virðulegi þingmaður, á annan hátt en þann að taka upp þá löggjöf EB sem við höfum verið að gera hér að undanförnu. (Gripið fram í.) (**HG:** Hver var afstaða þín til samningsins?) Hver var afstaða til samningsins? Ég minni á það að þessi samþykkt Alþb. var gerð örfáum vikum áður en umræðan hófst hér og afstaða formanns Alþb. í umræðunni um samninginn var sú að við ættum að gera þennan tvíhliða samning sem byggir á fjórfrelsinu, sem byggir á innri markaðnum og öllu því sem fylgir. Og það er afskaplega billegt að skjóta sér á bak við sameiginlega afstöðu sem þýðir ekki meira en þetta.

Þetta verð ég því miður að rifja hér upp fyrir þingmanninum. Ég veit að hann veit það. Hann er bæði vel lesinn og minnugur en Alþb. hefur kosið að breiða yfir þetta á þennan hátt. Ég hafði ekki ætlað mér að eyða ræðutíma í dag í karp við Alþb. En það er nú einu sinni þannig að Alþb. virðist hafa gefist upp við að berjast við ríkisstjórnina, það hefur sýnt sig á síðustu mánuðum, en fundið sér nýjan andstæðing sem er Framsfl. Og það er allt í lagi með það. Við framsóknarmenn tökum þá þátt í þeim leik ef Alþb. kýs að hafa það þannig. En ég hefði miklu frekar viljað að við stæðum hér í hörðum slag við þá ríkisstjórn sem ég hélt að við værum sammála um að við vildum koma frá. (**HG:** Hvaða Framsfl.?)

[14:27]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst leiðrétta það sem fram kom hjá hv. þm. þegar hann var að gefa það í skyn að ég teldi það frv. sem ég hef hér lagt fram ekki fullnægjandi. Það er ekki rétt. Ég tel það fullnægjandi. Ég tel að löggjöfin frá 21. des. sé skýr. Ef á hinn bóginn kemur í ljós að lögfræðingar telja að annað sé, sem kæmi mér mjög á óvart, þá tel ég nauðsynlegt að girða fyrir slíkan vafa. Þá er ég að tala um verðjöfnunargjöldin.

Ég vil í annan stað segja að ég var hálfundrandi á því að hv. þm. skuli halda því fram að óskýr ákvæði búvörulaganna skuli vera til komin í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem nú situr. Þetta er auðvitað mikill misskilningur. Orðalagið er frá lögunum eins og þau voru sett í 41. gr. árið 1985 og það er ekki fyrr en nú með úrskurði þess forsrh. sem nú situr sem skarið er tekið af um það að bæði innflutnings- og útflutningsmál landbúnaðarins skuli vera í höndum landbrh. Slíkur úrskurður hefur áður ekki legið fyrir því ef svo hefði verið, þá hefði verið óþarfi að hann yrði gefinn nú.

Það er líka alveg ljóst að réttur landbrh. til þess að fara með verðjöfnunargjöld og leggja þau á hefur ekki legið fyrir fyrr en nú þannig að við erum að tala hér um það að taka af skarið um rétt og valdsvið landbrh. þannig að hann hafi tök á útflutnings- og innflutningsmálum landbúnaðarins.

Um GATT-málið vil ég segja það sem ég hef sagt áður. Það mál mun koma fyrir Alþingi. Ríkisstjórnin hefur skipað starfshóp eins og það er nú kallað til þess að undirbúa þær lagabreytingar sem nauðsynlegar eru vegna þess. En vangveltur um þau atriði mega ekki tefja fyrir því að skarið sé tekið af varðandi búvörulögin nú.

[14:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra segir að það sé ekki frá tíð þessarar ríkisstjórnar sem það liggi fyrir óvissa um búvörulögin. Það má rétt vera en ég vil benda hæstv. ráðherra á það að þegar ný innflutningslög voru samþykkt á haustdögum 1992, þá lá það ljóst fyrir að það yrði að skoða nánar hvort búvörulögin héldu, hvort 52. gr. héldi sjálfstætt varðandi innflutning búvara. Og til þess að hressa upp á minni ráðherrans þá ætla ég, með leyfi forseta, að lesa hér eina setningu upp úr greinargerð með frv. til laga um breytingu á búvörulögum sem ríkisstjórnin lagði fram á síðasta vetri og allt strandaði hér á í þinghaldinu í vor. En þar segir, með leyfi forseta:

„Eftir gildistöku laga nr. 88 17. nóvember 1992, um innflutning, er nauðsynlegt að skilgreina upp á nýtt forræði fyrir innflutningi búvara."

Þetta vissi ríkisstjórnin og setti inn í lagafrv. á vorþinginu 1993. En hæstv. forsrh. sleit þingi áður en hægt var að hrinda þessari breytingu í framkvæmd þannig að það lá alveg ljóst fyrir að þarna var um að ræða óvissu vegna lagasetningar í tíð þessarar ríkisstjórnar sem varð að eyða.

Það liggur einnig fyrir að frv. þess eðlis var tilbúið í ráðuneytinu og dagsett 8. sept. í haust. En það kom ekki inn í þingið fyrr en laust fyrir 20. des. Hvað tafði? Menn vissu að það þyrfti að taka á þessu en einhverra hluta vegna hefur ríkisstjórnin ekki komið þessum málum frá sér frekar en öðrum í þessum málaflokki.

[14:32]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvað hv. þm. ætlaði að sanna eða afsanna. Það liggur fyrir í fyrsta lagi að frv. hér er afdráttarlaust um þau efni að valdið til að leggja á verðjöfnunargjald samkvæmt lögunum eins og þau eru og í sambandi við þetta frv. er í höndum landbrh. Það liggur fyrir afdráttarlaus úrskurður forsrh. um að innflutnings- og útflutningsmál landbúnaðarins eru í höndum landbrh. Hitt er ekkert nýtt og hann hvorki sannar né afsannar neitt með því að halda því fram að Sjálfstfl. og Alþfl. hafi ekki alltaf verið sammála um landbúnaðarmál. Það hefur alltaf legið fyrir og er einmitt eitt af því sem togast er á um í íslenskri pólitík.

Ég er ekkert viss um það ef við horfum til síðustu landbrh. að þeir séu að öllu leyti ánægðir með þá málamiðlun sem þeir komust að við kratana á sínum tíma. Eða vill hv. þm. halda því fram að hann sé fyllilega ánægður með það hvernig utanrrh. í síðustu ríkisstjórn fór með samningamál landbúnaðarins á meðan sú ríkisstjórn sat? Er hann ánægður með þá úlfakreppu sem þeir voru í við stjórnarskiptin?

Ég get kannski líka velt þessum málum við og sagt

að það er undarlegt að hafa setið jafnlengi á þingi og hv. þm. og hafa ekki uppgötvað það fyrr en nú að Sjálfstfl. og Alþfl. eru ekki samstiga né sammála um landbúnaðarmálin.

[14:34]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að Sjálfstfl. og Alþfl. eru ekki að fullu leyti sammála um landbúnaðarmál og ég velti því stundum fyrir mér varðandi stefnu Alþfl. síðustu vikur og mánuði hvort hann sé yfir höfuð búinn að taka þá ákvörðun að hætta í pólitík og leggja sig niður en það er aftur annað mál. Flokkar sem hafa ólík sjónarmið starfa saman í ríkisstjórn en ef einhver heilindi og einhver trúnaður er á milli þá koma menn sér saman um mál, þá standa menn ekki í eilífum illdeilum um einstaka málaflokka.

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. sagði að öll óvissa hefði verið tekin af með það 21. des. hver færi með forræðið varðandi jöfnunargjöld á innflutning búvara. Þá veltir maður því fyrir sér hvernig á því standi að þegar reglugerðirnar byggðar á þessum lögum fóru að streyma inn eftir áramótin þá kom reglugerð varðandi 10 tollnúmer frá landbrn. en varðandi 36 frá fjmrn. Og mér er fullkunnugt um að það var ekkert mikil hamingja hjá þeim starfsmönnum landbrn. sem fara með þessi mál varðandi þessa framkvæmd. Þeim fannst ekki mikil heilindi á bak við það hvernig ríkisstjórnin ætlaði að standa að framkvæmd þessara mála.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vildi gjarnan óska eftir því að hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. yrðu hér viðstaddir þar sem ég hef tekið það svo að hæstv. utanrrh. standi nú vaktina fyrir Alþfl. í landbúnaðarmálunum.

Fyrst vil ég segja það, sem óþarft er svo sem að taka fram, að það hefur fátt sýnt betur erfiðleika þessa stjórnarsamstarfs og það hversu óstarfhæf þessi ríkisstjórn er heldur en sagan í landbúnaðarmálum. Þar er ósköp einfaldlega niðurstaðan sú að stjórnarstefnan, ef stefnu skyldi kalla, hefur mótast tilviljanakennt og handahófskennt af hrossakaupum stjórnarflokkanna í hverju einstöku tilviki en það liggur ekki fyrir nein heildstæð stefna enda stjórnarsáttmálinn afar fátæklegur hvað þetta snertir. Innflutningsmálin, innflutningur búvörunnar eins og það hefur gengið til á þessum mánuðum og árum sem stjórnin hefur setið hefur náttúrlega endurspeglað þetta alveg í hnotskurn. Í rauninni hafa verið uppi tvær stefnur í ríkisstjórninni sem tekist hafa á í fjölmiðlum og að því er virðist ekki talað mikið saman.

Afleiðing þessa ástands er svo margvísleg. Hún er ekki bara hneisa og álitshnekkir fyrir ríkisstjórnina sem slíka og viðkomandi stjórnmálamenn. Hún er líka því miður orðin að áfalli fyrir Alþingi og stjórnkerfið í heild sinni. Það hefur tæplega í annan tíma gerst að stjórnsýslan á Íslandi hafi staðið jafnberskjölduð frammi fyrir alþjóð eins og gerst hefur í þessu máli og svo sannarlega gagnrýnivert hvernig til hefur tekist.

Í reynd má segja að meginniðurstaða þess máls sem við göngum hér til umræðna um felist í dómi Hæstaréttar sem féll nú á dögunum, þ.e. dómur Hæstaréttar hefur nú eytt óvissu hvað það snertir að í búvörulögunum felst ekki það sjálfstæða vald til takmörkunar á innflutningi búvöru sem menn hafa haldið um árabil. Ég vil taka það fram að ég sem landbrh. meðan ég fór með það starf var þeirrar skoðunar að í búvörulögunum fælist þetta vald. Það kom mér því jafnmikið á óvart og núv. landbrh. að dómsniðurstaðan yrði þessi. Ég minni t.d. á í því sambandi að í deilum sem ég stóð í við páv. hæstv. viðskrh. um innflutning á ostlíki, þá var það aldrei deiluefni okkar á milli að landbrh. færi með innflutningstakmarkanir á búvörum. Deilan stóð um það hvort viðkomandi vara væri búvara eða ekki. Þess vegna endurtek ég að mér kom þessi niðurstaða á óvart. En hún er niðurstaða. Réttaróvissunni hefur verið eytt. Alþingi og aðrir verða að ganga út frá því að þetta séu núgildandi lög, gildandi réttur í landinu og það á ekki að tefja tímann með umræðum um annað.

Síðan kem ég að því frv. sem ríkisstjórnin hefur hér lagt fram og segi: Því miður er málið ekki leyst með framlagningu þess. Ef Alþingi bætti því nú við allt sem á undan er gengið að mínu mati að lögfesta þetta frv. óbreytt, þá yrði það sér enn einu sinni til skammar. Vegna hvers? Vegna þess að frv. eyðir ekki óvissunni um aðalágreiningsmálið, það sem er undirliggjandi: Hver hefur hið almenna forræði á þessu sviði? Og ég þykist geta sannað það með tilvitnunum í önnur lög. Það er að vísu rétt að frv. veitir landbrh. vald til þess að takmarka eða leyfisbinda innflutning tiltekinna vöruflokka eins og þeir eru svo tíundaðir í tollskrá. En það er með öðrum orðum ekki gengið frá því í þessu frv. með skýrum og afdráttarlausum hætti hver fer með hið almenna forræði málaflokksins. Það er ekki gert. Og það er ótrúlegt að bjóða Alþingi upp á frv. af því tagi eftir allt sem á undan er gengið.

Ef við förum yfir það, hæstv. forseti, hver eru helstu lagaákvæði sem hér koma til skoðunar, þá eru það í grófum dráttum eftirfarandi:

1. Lög nr. 88/1992, um innflutning, en þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum eða milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að."

Og í 5. gr. segir: „Viðskiptaráðherra fer með framkvæmd laga þessara."

Með öðrum orðum er það alveg skýrt að allt almennt forræði varðandi innflutning og útflutning á vörum til og frá landinu heyrir undir viðskrh. nema annað sé sérstaklega tekið fram í öðrum lögum. Og er það þá gert nú með þessu frv. eða annars staðar í öðrum lögum, að taka skýrt og afdráttarlaust fram að forræði fyrir innflutningi og útflutningi búvöru sé annars staðar? Svarið er nei. Svarið er því miður nei vegna þess að í búvörulögunum er í fyrsta lagi það sem hér kemur til skoðunar, þ.e. 3. gr. en hún segir auðvitað samkvæmt venju að landbrh. fari með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til. En dugar það? Nei, vegna þess að til þess þyrfti þetta að standa inni í lögunum aftar.

Þá kemur til skoðunar 52. gr. laga nr. 99/1993. Tekur hún af vafann? Nei. Hún segir: „Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar sem með þau mál fara leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.“ Það geta verið hvaða aðilar sem er. Það getur að sjálfsögðu verið viðskrh. Ef þetta væri almennt og ótakmarkað forræði landbrh. þá ætti þarna að standa landbrh. en ekki aðilar.

Í 53. gr. er hins vegar tekið sérstaklega fram að landbrh. veiti leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti, sveppi og blóm, en þar er um að ræða afmarkað vörusvið rétt eins og tilvísunin í tollskrána er líka afmörkuð. Þannig, hæstv. forseti, dugar því miður engin þessara lagagreina búvörulaganna til þess að færa landbrh. í hendur almennt og ótakmarkað forræði á þessu sviði.

Þá koma til skoðunar breytingarnar frá því í desember 1993. Færa þær landbrh. almennt og óskilyrt forræði á þessu sviði? Svarið er nei. Því miður ekki heldur því þar stendur: „Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara veitir landbrh. heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga.“ Þar er þetta aftur takmarkað, skilyrt og bundið því sem sérstaklega fellur undir milliríkjasamninga á þessu sviði.

Þá er athyglisvert að taka til skoðunar og samanburðar stjfrv. frá sl. vori sem aldrei varð að lögum og bera það saman við þessa texta því þar stendur í upphafi 2. gr.: „Innflutningur á búvörum, unnum sem óunnum, og tilsvarandi vörum er háður samþykki landbúnaðarráðherra.“

Þarna er á ferðinni ótakmarkað, óskilyrt forræði landbrh. á innflutningi á búvörum. Þarna vantar að vísu útflutningssviðið ef spurningin snýr að því hvað forræðið snertir, en þetta er þó í öllu falli ótakmarkað og óskilyrt forræði hvað leyfisveitingarvaldið á innflutningi snertir.

Hæstv. forseti. Því miður duga hvorki 3., 52. og 53. gr. búvörulaganna til að færa landbrh. ótakmarkað stjórnsýslulegt forræði málaflokksins og breytingarnar frá því í desember gera það ekki heldur. Það hefði hins vegar stjfrv. frá því í vor og brtt. landbn. sömuleiðis gert hefði það verið lögfest, a.m.k. hvað innflutningshliðina snertir.

Stjfrv. sem hér er á dagskrá og til umræðu, 341. mál, er því miður sama annmarka brennt. Þar segir í 1. gr.:

„Innflutningur á“ — hverju? —„þeim vörum“ — ekki búvörum — „þeim vörum“ — sem svo eru taldar upp samkvæmt tollskrárnúmerum.

Það er ekki almennt, það dugar ekki til að segja: Málaflokkurinn sem slíkur fellur undir landbrh. Því miður. Og menn skulu til að mynda hugleiða að þetta tengir hlutina þannig saman að breyting á tollskrárnúmerum getur fært forræði vara milli ráðuneyta. Fræðilega séð er mögulegt að breyting á tollskrárnúmerum eða upptaka nýs tollflokks geti fært vörurnar á milli ráðuneyta. Er það ásættanleg útkoma, frágangur í Stjórnarráðinu? Svarið er auðvitað nei.

Þá kem ég að áttunda atriðinu og það er úrskurður forsrh. sem oft er nefndur hér. Að því er látið liggja að forsrh. Íslands hafi fellt úrskurð á grundvelli laganna um Stjórnarráð Íslands sem feli landbrh. þetta forræði. En ég spyr: Hvar er sá úrskurður? Hvar er hann skjalfestur? Er hann til í bréfi? Ég bið um hann. Því ég segi: Það er ekki boðlegt að ætla að selja mönnum það að forræði á þessum málaflokki hafi verið ráðstafað með úrskurði ef hann er hvergi til nema í hugum manna.

8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórnarmálefni ber undir ráðuneyti eftir ákvæðum reglugerðar, er forseti Íslands setur samkvæmt tillögum forsætisráðherra, enda sé þess jafnan gætt, að ráðuneyti lúti málefni, sem eðli sínu samkvæmt eiga þar heima, sbr. 4. gr.

Nú leikur vafi á undir hvert ráðuneyti málefni heyrir og sker þá forsætisráðherra úr.“

Ég spyr um þennan úrskurð, ég vil fá hann skjalfestan eða ég vil fá reglugerð frá forsrh. þar sem það er skýrt að allt forræði búvöru heyri undir landbrh. Mér er að vísu tjáð og að mér er rétt bréf þar sem forsrh. lætur þessa skoðun sína koma fram. En ég held að það þurfi þá að ganga frá því með skýrari hætti en þarna hefur verið gert og ég spyr: Tekur einfaldur úrskurður með bréfi frá forsrh. af ákvæði laga? Því það er alveg ljóst að innflutningslögin gera ráð fyrir því að þessu verði ekki ráðstafað undan viðskrh. nema með sérstökum ákvæðum í lögum. Og reglugerð um Stjórnarráð Íslands eða sendibréf frá hæstv. forsrh., þó virðulegur sé, eru ekki landslög. Þannig að því miður sýnist mér að ekki einu sinni þetta haldi. Það er athyglisvert að í dómsorðum og rökstuðningi Hæstaréttar, bæði áliti meiri hluta og minni hluta, er ekki minnst einu orði á úrskurð forsrh., ekki frekar en hann sé ekki til. Hvers vegna er það (**Landbrh.:** Af því að hann þykir svo sjálfsagður.) að Hæstiréttur lætur ekki svo mikið sem geta þess að forsrh. hafi stílað eitt lítið sendibréf á sl. vori? Það er væntanlega vegna þess að það er ekkert úrslitaatriði málsins að dómi Hæstaréttar og hefur ekki haft áhrif á réttarstöðuna þegar hann fellir sinn úrskurð.

Ég vænti þess að minni hlutinn hefði notað sér þennan úrskurð, samanber rökstuðning hans að öðru leyti og dómsorð, ef hann hefði talið hann skipta máli.

Því miður, hæstv. forseti, meginniðurstaða mín er því þessi: Þetta frv. eyðir ekki, a.m.k. engan veginn á fullnægjandi hátt, stjórnskipulegri óvissu þessa máls, þ.e. hver fari með almennt forræði innflutnings- og útflutningsmálefna landbúnaðarins. Þvert á móti er sú stefna sem hér er flutt í stjfrv., borin saman við stjfrv. frá sl. vori, greinilega afturhvarf frá því að treysta forræði landbrh. á þessu sviði. Greinilega. Það er alveg óhjákvæmilegt að í lögskýringargögnum framtíðarinnar yrðu þessi tvö frumvörp borin saman og sagt: Ríkisstjórnin hefur greinilega skipt þarna um stefnu og í verulegum mæli bakkað hvað varðar almennt forræði landbrh. því í frv. sl. vor sem Alþfl. virðist hafa samþykkt til framlagningar sem stjfrv. er þó hvað inn-

flutninginn snertir með alveg ótvíræðum hætti tekið fram að hann skuli heyra undir landbrh. hvað allar búvörur varðar og vörur sem unnar eru úr þeim. Það er fullnægjandi að mínu mati og ótakmarkað, en ekki núverandi orðalag. Þegar það bætist svo við að hæstv. viðskrh., sem er auðvitað aðili að málinu af því að innflutningslögin heyra undir hann, segir í blaðagrein eða viðtali sama morgun og þetta er hér til umræðu — hvað segir hann, hæstv. forseti, með leyfi. Hann segir í raun og veru að þegar GATT-samkomulagið gengur í gildi verði bannað að banna og þá verði ekkert leyfisveitingarvald til lengur. Þá falli það úr gildi að landbrn. geti leyft eða bannað innflutning. Þá spyr ég: Hvar er forræði landbrn. ef þessi túlkun viðskrh. er rétt, sem fer með lögin um innflutning, nr. 88/1992? Ég sé ekki annað en að þá hrynji sú málsvörn að forræði sé hjá landbrh. hvað þetta snertir.

Og þá er að því komið, hæstv. forseti, að svara spurningunni: Hvað á þá að gera ef menn vilja ganga frá þessu með skýrum og afdráttarlausum hætti í eitt skipti fyrir öll? Það er ekki hægt, það er ekki boðlegt að láta þingið og þjóðina standa í þessu þrasi áfram. Það verður að útkljá það í eitt skipti fyrir öll hver fer með almennt og ótakmarkað forræði á þessu málasviði, ef ekki vill betur til með atkvæðagreiðslu hér þar sem valdið liggur. Og það væri ósköp einfaldlega hægt að gera með eftirfarandi hætti, hæstv. forseti, að bæta málsgrein framan við þessa grein frv. sem hér er á dagskrá eða 52. gr. búvörulaganna, svohljóðandi, með leyfi forseta: „Landbúnaðarráðuneytið eða landbúnaðarráðherra fer með mál sem varða innflutning og útflutning búvöru og vörur sem unnar eru úr þeim."

Þar með væri það ákveðið. Þar með verða engin vafaatriði. Þar með verða engin grá svæði. Þar með getur tollstjóri ekki fært vörur milli ráðuneyta með því að breyta uppsetningu tollskrárinnar. Slíkt er auðvitað fáránlegt ástand og algjörlega óþolandi. E.t.v. væri enn betra, hæstv. forseti, í ljósi þess rökstuðnings sem ég hef hér flutt að ganga frá þessu með eftirfarandi hætti: Að segja í upphafi 52. gr. eða á öðrum völdum stað í búvörulögunum: Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 88/1992 þá fer landbrh. með mál sem varða innflutning og útflutning búvöru og vara sem unnar eru úr þeim. Það er að segja, taka það fram með beinum pósitífum hætti að þrátt fyrir lögin um innflutning þá fari landbrh. með þennan afmarkaða hluta verkefnisins. Þá eru menn að vinna vinnuna sína og ganga frá því með skýrum og afdráttarlausum hætti hvernig þetta á að vera. Menn geta svo verið pólitískt ósammála um það hvar þetta verkefni eigi að liggja, en um eitt geta menn ekki verið ósammála því þá væri þeim sæmst að segja af sér og það er að þetta megi vera óskýrt. Það getur enginn alþingismaður, eftir það sem á undan er gengið, staðið hér frammi fyrir mönnum og sagt að það sé bara í lagi að láta þetta ráðast og hafa þetta si svona og láta svo bara einhverja dóma eða reiptog á næstu árum ráða því hvorum megin hryggjar þetta liggur. Það gengur ekki. Við getum ekki unnið okkar löggjafarstörf með þeim hætti.

Ef menn vilja ekki hafa þetta forræði almennt hvað varðar innflutnings- og útflutningssvið í heild sinni þá er til sú leið að binda þetta við leyfisveitingarvaldið vegna þess að auðvitað er það svo að mönnum er það kannski viðkvæmt mál að undanskilja embætti viðskrh., þennan hluta af hans hefðbundnu verkefnum, þ.e. hvað búvöruna snertir. Þá mætti auðvitað orða þetta svo, hæstv. forseti: Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 88/1992 veitir landbrh. leyfi fyrir innflutningi og útflutningi búvöru og vöru sem unnar eru úr þeim eftir því sem slíkt er takmörkunum háð — eða eitthvað þar fram eftir götunum. Því nú erum við ekki endilega að tala um að leyfisbinda þetta allt, nema síður sé. En það eru í grófum dráttum bara þessar tvær leiðir að mínu mati sem eru færar og duga í þessum efnum. Og ég spyr að því, hv. þingmenn, ef stjórnsýslufræðingar eða sérfróðir „júristar" á þessu sviði verða beðnir um úrskurð á því, á grundvelli þessara pappíra sem fyrir liggja: Hvar liggur hið almenna forræði? Þá óttast ég að þeir mundu svara: Það liggur hjá viðskrh. samkvæmt innflutningslögunum en afmarkaður hluti þess eins og hann birtist í tollskrá á hverjum tíma hefur verið færður til landbrh., þ.e. tiltekið afmarkað leyfisbindingarvald er með þessu fært á grundvelli tollskrárinnar til landbrh. Það er ekki fullnægjandi frágangur. Það er ekki boðlegt.

Ég er ekki að segja, hæstv. forseti, að lokum, að þessi frágangur málsins geti ekki í grófum dráttum verið fullnægjandi hvað framkvæmdina snertir í reynd, í praxís, de facto, eins og stundum er sagt. En hann er það ekki lagalega, ekki de jure. Það er vonlaust að bjóða mönnum upp á það að þetta standist eðlileg og skýr vinnubrögð hvað lagasetningu snertir. Ég tek fram, eftir það sem á undan er gengið.

Þess vegna tek ég að lokum, hæstv. forseti, undir það með hæstv. landbrh., sem ætti þess vegna ekki að þurfa að biðja um orðið í andsvari við mig, ég tek undir það sem hæstv. landbrh. sagði hér að lokum og ég vona að það viti á það að landbrh. er tilbúinn til að styðja að þetta mál verði unnið þannig í meðförum þingsins að allri óvissu verði eytt. Það er það verkefni sem við stöndum núna frammi fyrir. Það getur enginn alþingismaður farið heim með það á samviskunni að klúðra hér saman einhverjum hrossakaupum í óljósu orðalagi. Það gengur ekki. Þá væri mönnum skammar nær að segja af sér embætti og fara til síns heima og vinna við eitthvað annað heldur en að reyna að setja landinu lög.

Hæstv. forseti, ég hef lokið máli mínu.

[14:55]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sá að hv. þm. var órótt þegar hann kom úr stólnum. Bréf forsrh. er frá 8. sept. 1993, svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaðarráðherra, Halldór Blöndal, Rauðarárstíg 25.

Vegna þess álitaefnis hvort landbrh. eða fjmrh. ber að fjalla um innflutning á landbúnaðarvörum, samanber sérstaklega það dæmi sem nú er uppi, er rétt að taka fram eftirfarandi:

Að sérstöku gefnu tilefni gaf ég yfirlýsingu á Alþingi sl. vor um að forræði á innflutningi á búvörum væri að óbreyttum lögum áfram hjá landbrh. Þessa yfirlýsingu gaf ég að höfðu samráði við utanrrh., fjmrh. og þáv. viðskrh. Engin athugasemd var gerð við þessa yfirlýsingu á þinginu, hvorki af ráðherrum né einstökum þingmönnum. Síðan hefur engin lagabreyting verið gerð. Yfirlýsingin hlýtur því að standa óhögguð og forræði málsins að vera áfram hjá landbrn.

Þetta er tekið fram vegna ágreinings fjmrh. og landbrh. og með vísað til 8. gr. stjórnarráðslaga, nr. 93/1969."

Undir þetta rita Davíð Oddsson og Albert Jónsson. Samrit var sent til fjármálaráðherra.

Hæstv. forseti. Ég vil þessu til viðbótar minna á að í lögunum frá 21. des. sl. er kveðið skýrt á um að það skuli vera í höndum landbrh. að veita heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum. Hann skuli hafa verðjöfnunargjöldin í sínum höndum og í þeim lögum er jafnframt kveðið á um það að landbrh. — að vísu stendur þar ráðherra sem útleggst landbrh. í þessum lögum, því varla legg ég sem landbrh. fram frv. um landbúnaðarmál þar sem varpa á hlutkesti um það í hvers höndum valdið skuli vera. Þar er einnig talað um útflutningsmálin. Þannig að bæði innflutnings- og útflutningsmálin eru í höndum landbrh., á því leikur ekki vafi. Það var vikið að þessu atriði í héraðsdómi á sl. hausti og sá úrskurður stóð óhaggaður eftir dóm Hæstaréttar.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Bréf það sem hæstv. forsrh. sendi og er dagsett 8. sept. er í fyrsta lagi bundið við „að óbreyttum lögum". Það er í öðru lagi gefið út áður en dómur fellur í Hæstarétti. Það er í þriðja lagi gefið út án tilvísunar í 8. gr. laga um Stjórnarráð Íslands. Með öðrum orðum, það er yfirlýsing. Ég leyfi mér að spyrja: Er það ekki formgallað sem úrskurður á grundvelli laganna um verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins þegar það er ekki þannig úr garði gert að það sé vísað til þeirra laga þannig að ljóst sé að verið sé að fella stjórnsýslulegan úrskurð á grundvelli þeirra laga? Orðalagið yfirlýsing, sem hæstv. forsrh. getur að sjálfsögðu gefið eins og honum sýnist, er allt annar hlutur. Það getur verið pólitísk yfirlýsing. Það getur verið yfirlýsing um samkomulag innan stjórnarflokkanna og er annað heldur en stjórnsýslulegur úrskurður á grundvelli laganna um Stjórnarráðið. Ég spyr því hæstv. landbrh.: Er þá hæstv. forsrh. tilbúinn í fyrsta lagi að endurnýja þennan úrskurð og hafa hann með vísan til laganna um Stjórnarráðið? Og í öðru lagi að gefa út reglugerð á grundvelli laganna sem færir þetta verkefni afdráttarlaust undir landbrh.? Gefi hann út slíka reglugerð er í fjórða lagi, að mínu mati, eðlilegt að landslög endurspegli þá verkaskipan og þá á að koma inn í lögin um búvöruframleiðsluna sambærilegt orðalag. Auðvitað afdráttarlaust. Þannig að því miður, hæstv. landbrh., er málið ekki svo einfalt sem hæstv. ráðherra lét að liggja áðan.

Varðandi lagabreytinguna í desember fór ég yfir það og útskýrði að hún heldur ekki í þessum efnum, að síður. Það sem hún þó gerir og það get ég verið sammála hæstv. landbrh. um, er að hún styrkir mjög stöðu landbrh. hvað verðjöfnunarvaldið snertir. Og ég skal vera sammála um að það er ekki ástæða til að hafa í sjálfu sér áhyggjur af forræðislegum þætti þess hluta málsins, eingöngu hvað verðjöfnunarþáttinn snertir.

[15:01]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef sennilega lesið bréfið illa upp. Því lýkur svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirlýsingin hlýtur því að standa óhögguð og forræði málsins að vera áfram hjá landbrn. Þetta er tekið fram vegna ágreinings fjmrh. og landbrh. og með vísan til 8. gr. stjórnarráðslaga nr. 93/1969". Þannig að þessu formsatriði er fullnægt.

Ég hlýt í framhaldi af þeim umræðum sem hér hafa farið fram að lýsa yfir undrun minni yfir því hversu sterk tilhneiging er til þess að lesa lög sem fjalla um landbúnaðarmál með öðru hugarfari heldur en önnur lög. Auðvitað er það alveg skýrt og afdráttarlaust að reglugerðir og annað sem gefið er út með heimild í búvörulögum heyrir undir landbrh. Það vald sem þar er gefið til þess að hafa áhrif á innflutnings- og útflutningsmál er í höndum landbrh., svo fremi sem ekki sé takmarkað með öðrum lögum. Þetta liggur alveg ljóst fyrir. Dómurinn frá því í haust er afdráttarlaust. Þar var ekki haggað við, og heldur ekki í hæstaréttardómnum, því skýlausa forræði sem bréf forsrh. úrskurðar um að skuli vera í höndum landbrh. Þannig að forræðisdeilan er úr sögunni.

Hitt get ég vel skilið að fyrrv. landbrh. skuli hafa af því nokkrar áhyggjur með hliðsjón af þeirri reynslu og því óöryggi sem þá var í þessum málum, að þá skuli þeir hafa af því nokkrar áhyggjur hvort nógu vel sé um hnútana búið.

[15:03]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. kemst ekkert áleiðis með því að hverfa á vit fortíðarinnar í þessu máli. Ég held að okkur væri nær að horfast í augu við að verkefni sem við stöndum hér frammi fyrir og ég tók það reyndar skýrt fram í minni ræðu að ég hefði verið sömu skoðunar og hann, að þetta forræði væri fyrir hendi og væri helt. En svo kom annað á daginn.

Vandinn sem við stöndum frammi fyrir er sá, hæstv. forseti, að lögin um innflutning eru afdráttarlaus. Þau taka sérstaklega fram að það þurfi sérstaklega í öðrum lögum að færa valdsviðið undan viðskrn., annars sé það þar. Það þarf að vera beinhart ákvæði í lögum. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að lesa úr því þannig og það er auðvitað það sem hæstv. viðskrh. er í reynd að segja í blaðaviðtalinu í Morgunblaðinu í morgun. Þannig að því miður standa málin ekki svona, hæstv. landbrh. Ef þau gera það hins vegar, ef hæstv. utanrrh. er tilbúinn til að koma hér í ræðustólinn og staðfesta þann skilning landbrh. að almennt og ótakmarkað forræði á innflutningi og útflutningi búvöru,

þ.e. stjórnsýslulegt forræði málaflokksins, heyri undir landbrn., þá fagna ég því í fyrsta lagi og legg svo hönd á plóginn við að ganga frá því í lagatextanum í öðru lagi. Því þá er ekkert vandamál, þá er engin deila, þá er hún úr sögunni. En meðan hvorugt gerist, að lögin séu skýr eða hæstv. viðskrh. játist undir þennan skilning, þá er enn maðkur í mysunni.

[15:05]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Frú forseti. Það er afar sérkennilegt mál og mjög umhugsunarvert fyrir okkur alþingismenn sem hér er til umræðu og þá ekki síst vegna þeirra dóma sem fallið hafa og leitt hafa í ljós hve þær lagagreinar sem hér eru einkum til umræðu virðast vera óljósar. En það verður að vísa ábyrgð af því á hendur ríkisstjórninni því sl. vor, eins og menn minnast, lá hér fyrir frv. sem hefði tekið af öll tvímæli hefði það verið samþykkt, en það mál var stöðvað vegna deilna í ríkisstjórninni. Við minnumst þess líka að á síðustu dögunum fyrir jól var lagt fram frv. til breytinga á búvörulögum og þar mátti ekki orði hagga. Þar var verið að lögfesta samkomulag stjórnarflokkanna og er nú greinilegt að það mál er að endurtaka sig. Hér er verið að lögfesta samkomulag milli ríkisstjórnarflokkanna þar sem er tiltekið nákvæmlega til hvaða vöruflokka og einstakra vörutegunda heimild landbrh. nær.

Þetta er allt mjög umhugsunarvert og ekki síst að velta því fyrir sér hvað liggur hér að baki. Hvers vegna hefur það gerst nú á tæpu einu ári að landbúnaðarmálin hafa orðið að slíku gríðarlegu deilumáli og þá einkum það sem snýr að innflutningi á landbúnaðarvörum? Það er auðvitað hægt að rekja þær deilur, eins og hér hefur komið fram, til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem að hluta til opnar fyrir innflutningi og ekki síður er það hinn væntanlegi GATT-samningur sem mun gerbreyta því umhverfi sem íslenskur landbúnaður býr við.

En það liggja á bak við þessar deilur ýmsar mismunandi hugmyndir, afstaða til landbúnaðarins og stöðu hans, þeirrar verndar sem hann hefur vissulega notið. Það eru líka að vefjast fyrir mönnum spurningar um viðskiptafrelsi og hve langt skuli gengið í því. Menn eru líka að velta fyrir sér spurningum um hag neytenda og mér virðist að þeir sem hæst tala um hag neytenda og lækkun vöruverðs hugsi nú ekki dæmið til enda. Þá á ég við að þegar menn eru að tala hér um að auka innflutning á landbúnaðarvörum þá þýðir það auðvitað aukna samkeppni við íslenskan landbúnað og spurningin er auðvitað: Er hann fær til þess að mæta honum? Þarf íslenskur landbúnaður ekki að fá ákveðinn aðlögunartíma? Hvað á að verða um atvinnu þess fólks sem vinnur við landbúnað, öryggi í matvælaframleiðslu o.s.frv.? Ég held að menn geri stundum of mikið úr þeim hagsbótum neytenda sem fengjust af innflutningi landbúnaðarvara. Ég get nefnt það hér að ég var stödd í Frakklandi fyrir skömmu og gekk þar inn í kjötbúð til að skoða verð á hinu niðurgreidda EB-kjöti. Ég sá nú ekki betur en það væri rándýrt. Það var á mjög svipuðu verði og jafnvel dýrara heldur en hér, nýtt kjöt, ófrosið kjöt. Þannig að ég held að menn þurfi að hugsa þetta dæmi til enda.

En þar fyrir vil ég ítreka þá skoðun mína að ég held að íslenskur landbúnaður hafi gott af nokkurri samkeppni, en okkur ber auðvitað að standa vörð um vinnuna í landinu og okkar öryggi og ekki síst það að okkar menningarlegu rætur byggja að miklum hluta á landbúnaðarsamfélaginu. Við þurfum fyrst og fremst að vita hvað við erum að gera og við hljótum að þurfa að tryggja ákveðna og hægfara aðlögun að því sem koma skal. En eins og við vitum verður því ekki breytt að við stöndum frammi fyrir þessum samningum og þurfum að reyna að vinna eins vel úr þeim og við mögulega getum.

Það hafa mörg orð fallið í þessari umræðu sem ég get ekki látið hjá líða að minnast á, mörg furðuleg ummæli þar sem m.a. koma við sögu ráðherrar ríkisstjórnarinnar og því miður hæstv. forseti þingsins. Þar hafa orð verið látin falla sem ég tel ekki hæfa að segja um Alþingi Íslendinga. Það er látið í veðri vaka að þingmenn viti ekki hvað þeir eru að gera, frumvörpum sé lætt í gegnum þingið o.s.frv. Ráðherrar héldu því fram um leið og dómur Hæstaréttar var fallinn að lögin eins og þau væru núna, eftir breytingarnar sem gerðar voru fyrir jól, tryggðu forræði landbrh. og hans forræði yfir innflutningi. Ég dreg það stórlega í efa, enda hafa menn ekki séð sér annað fært en að koma hér með nýtt frv. til þess að tryggja að forræði landbrh. yfir þessum ákveðnu vörum, sem hér eru tilteknar, sé þó ákveðið. En ég held að við í landbn. þurfum að fara mjög rækilega yfir þetta mál og lesa lögin í samhengi, með þeim breytingum sem á þeim hafa verið gerðar, og nú þarf að vinna verkið það vel að það sé algerlega óyggjandi að lögin séu í samræmi við vilja Alþingis.

Ég hef sjálf lýst því hér í umræðum um þessi búvörulög að ég er í hjarta mínu ekkert sannfærð um að það eigi að skipa málum með þessum hætti. En það hefur veri bent á það að á Norðurlöndunum er forræði innflutningsmála landbúnaðarvara hjá landbrn. Ég teldi stjórnskipulega eðlilegra að forræði innflutningsmála sé hjá einu ráðuneyti, en ég get vissulega viðurkennt að sérstaða landbúnaðarins er mikil.

Út úr þessu frv. og þeim aðdraganda sem að því er les ég það nú fyrst og fremst að hér er verið að gera 11 mánaða vopnahlé í ríkisstjórninni, en það er spurning hvort það stenst. Ráðherrar hafa lýst því yfir að með þessu lagafrv. sé verið að tryggja óbreytt ástand. En þegar maður fer að glugga í frv. og lesa viðaukann sem fylgir frv., þá vakna ýmsar spurningar. Í athugasemdum við lagafrv. segir, með leyfi forseta:

„Um er að ræða sömu skilgreiningu og sömu vöruflokka og koma fram í 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 401/1993, um takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara."

Svo segir í athugasemdum. En þetta er bara ekki rétt. Þegar farið er að lesa saman viðaukann hér í frv. og reglugerð nr. 401 þá er hér að finna vöruflokka sem alls ekki eru í reglugerðinni. Þar er um að ræða matvæli úr belgdu eða steiktu korni o.s.frv. Brauð, sætabrauð, súpur og seyði, svo að ég fari nú ekki að lesa

upp alla þessa vöruflokka, og reyndar eru hér furðulegustu vörur eins og lyfjahylki og innsiglunaroblátur. Ég hefði nú haldið að þetta ætti jafnvel að heyra undir kirkjumálaráðuneytið. Og spurningin er: Hvað er hér á ferð? Hvernig stendur á þessu? Þessara vöruflokka er að engu getið í þessari reglugerð sem hér er vísað til. Af hverju hefur þessu verið bætt inn í og hvað koma þessir vöruflokkar málinu við? Mér finnst að hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. þurfi að skýra þetta. Þetta er bara einfaldlega rangt. Það er rangt sem stendur í athugasemdum við frv. og það þarf auðvitað að kanna hvað er hér á ferð. Ég las þessa tollskrá hér mjög rækilega og bar hana saman við reglugerðina og hér er auðvitað að finna ýmislegt furðulegt. Ég ætla ekki að halda því fram að hæstv. landbrh. ætli að fara að beita hér einhverjum bönnum gagnvart vörum sem hingað til hafa verið fluttar inn óáreitt, en þetta vekur auðvitað ýmsar spurningar og þá ekki síst gagnvart því reglugerðarvaldi eða leyfisveitingarvaldi sem verið er að færa til hæstv. landbrh. með frv. Hvernig á að beita því, hvernig ber að skilja þetta? Hvernig ber að skilja þetta gagnvart vörum sem hingað til hafa ekki verið háðar leyfisveitingum? Mér er ekki kunnugt um að þessir vöruflokkar sem ég nefndi áðan, og það má bæta við pasta og fleiru, hafi sérstaklega verið háðir leyfi landbrh. Ætla menn sem sagt að setja þarna upp eitthvert leyfisveitingarkerfi eða ætla menn bara að horfa í gegnum fingur sér með það að menn hafi ekki leyfi til þessa innflutnings næstu 11 mánuðina? Hver er eiginlega hugsunin í þessu af hálfu ríkisstjórnarinnar?

Landbn. barst fyrir skömmu minnisblað frá Magnúsi K. Hannessyni dósent við Háskóla Íslands sem var kallaður til vegna þeirra frumvarpsdraga sem kynnt voru í landbn. og sjálf efnisgreinin, 1. gr. frv., hefur ekkert breyst frá efnisdrögum. Það er fyrst og fremst viðaukinn sem hefur breyst. Í þessu minnisblaði til landbn. bendir Magnús einmitt á ýmis atriði sem þarf að kanna rækilega. Hv. síðasti ræðumaður, Steingrímur J. Sigfússon, benti einmitt á það atriði hve auðvelt er að breyta tollskrárnúmerum. Magnús nefnir einmitt þetta á þessu minnisblaði sínu. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Sú aðferð að telja upp tollskrárnúmer til að ákvarða vöru sem bannað er að flytja inn í landið hefur þann kost að menn vita nákvæmlega hvaða vörur þetta eru. Ókostirnir eru þeir helstir að auðvelt er að breyta tollflokkun hvað síðustu tvo tölustafinu varðar og gæti það raskað þeim grundvelli sem bannið væri byggt á. Verði þessi leið farin," þ.e. að hafa þennan viðauka í frv., „yrði að koma nákvæmlega fram í lagaákvæðinu að miðað væri við tollskrá eins og hún var á tilteknum degi."

Hann bendir einnig á hve hugtakið landbúnaðarvörur er illa skilgreint í núgildandi lögum og það er einmitt það sem við þyrftum að huga að í landbn., hvernig þetta kemur allt heim og saman, skilningur laganna á hugtakinu landbúnaðarvörur og svo þessi viðauki sem fylgir frv.

Hann nefnir líka sérstaklega vald ráðherra til leyfisveitinga og bendir á að það kemur ekkert fram hvernig með það skuli farið. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. landbrh. hvernig hann hyggst beita þessu valdi eða er hér fyrst og fremst um það að ræða að menn ætla að láta þetta hjakka í sama farinu næstu 11 mánuðina? Því það er varla ætlunin að fara að beita hér eitthvað strangari innflutningshömlum en verið hefur.

Það sem vert er að vekja athygli á í sambandi við þær breytingar sem hér eru á ferð er að rifja upp þær röksemdir bænda sem fram komu þegar breytingarnar voru til umræðu hér fyrir jólin, þá var tekið út úr lögunum allt samráð við bændur. Samráð við bændur er ekki lengur að finna í lögunum, en reyndar samkvæmt 52. gr. búvörulaganna gildir það auðvitað áfram að það þarf að leita til Framleiðsluráðs. En ég ítreka það að hér er fyrst og fremst verið að lögfesta enn eitt samkomulagið í ríkisstjórnarflokkunum og það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi en þannig að hér er um að ræða lagasetningu til 11 mánaða. Og hvers konar vinnubrögð eru þetta gagnvart Alþingi? Hvað á svona lagað að þýða? Eigum við ekki að vera að móta hér framtíðarstefnu í landbúnaðarmálum? Eigum við að miða lagasetningu hér á hinu háa Alþingi við rifrildi og deilur í ríkisstjórninni? Við hljótum auðvitað að þurfa að horfa til lengri tíma og taka mið af því ástandi sem við búum við núna og því sem fram undan er vegna þess ástands sem skapast mun í kjölfar GATT-samningsins. Og ég vil benda á það að það kemur fram í frv. að ríkisstjórnin ætlar að skipa nefnd fjögurra ráðuneyta, frekar en þau séu fimm, til þess að undirbúa aðlögun að GATT-samningnum. Væri nú ekki nær að kalla stjórnarandstöðuflokkana með í slíkan undirbúning? Væri ekki nær að Alþingi kæmi að því máli og við ynnum hér í sameiningu að stefnumótun til þess að ná hér breiðu samkomulagi um það hvernig landbúnaðurinn geti aðlagað sig þessum breytingum? Við höfum horft upp á það í hverju málinu á fætur öðru að ríkisstjórnin hleypir stjórnarandstöðunni hvergi að og ég held að svo sannarlega væri tími til kominn að hún lærði nú af eigin mistökum og að í þessu mikilvæga og alvarlega máli stæðum við saman að því að móta stefnu til frambúðar í stað þess að vera að lögfesta hér aftur og aftur niðurstöðu af deilum og rifrildum ráðherra ríkisstjórnarinnar.

[15:20]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram fyrst að það er misskilningur að í greinargerð eða athugasemdum með lagafrv. sé ekki tekið fram að hér sé um fleiri vörutegundir að ræða heldur en í þeim tveimur reglugerðum sem þar er vísað til. Þvert á móti er sérstaklega tekið fram að að auki séu nokkrar fleiri vörutegundir sem heyri undir milliríkja- eða fríverslunarsamninga sem Ísland er aðili að á þessum lista þannig að það er sérstaklega vakin athygli á því.

Það er líka misskilningur að ekki sé gert ráð fyrir því að áfram sé haft samráð við bændur. Það er þvert á móti tekið fram í lögunum sjálfum. Framkvæmdanefnd búvörusamninga er að störfum o.s.frv. þannig að það er víðtækt samráð við bændur um framkvæmd

þeirra laga. Ég vil líka að það komi alveg skýrt fram að í lögunum sjálfum, 3. gr. þeirra, er kveðið á um það að landbrh. fari með yfirstjórn þeirra mála sem lög þessi taka til þannig að það er alveg tvímælalaust kveðið á um það hver skuli fara með forræði þessara mála.

Að síðustu vil ég ítreka það sem ég sagði í frumræðu minni. Það er ekki stefnt að því að breyta þeirri framkvæmd sem verið hefur á búvörulögunum í sambandi við innflutning. Það stendur hvorki til að banna innflutning á fleiri vörutegundum en nú er gert eða breyta reglum um það og þó að nánari skilgreining komi á því hvernig með jöfnunargjöld skuli farið, þá stendur heldur ekki til að breyta þeirri framkvæmd sem verið hefur í þeim efnum.

[15:22]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að í búvörulögunum og búvörusamningi er kveðið á um samráð við bændur en það sem ég er að vekja athygli á er það sem snýr sérstaklega að þessum innflutningsmálum. Þar gagnrýndu bændur það harðlega fyrir jólin þegar verið var að ræða þá grein sem nú er nr. 72 í búvörulögunum að þar var ekki kveðið á um samráð við bændur og þeir töldu að þar væri verið að skerða þeirra rétt og það var ekki skynsamleg stefna sem þar væri á ferð.

Það er rétt sem fram kom hjá hæstv. landbrh. að það koma fleiri vörutegundir við sögu í þessari upptalningu hér, en hver er skýringin? Hver er skýringin á því að það er verið að setja þessa vöruflokka eins og pasta, korn, brauð, súpur, seyði o.s.frv.? Hver er tilgangurinn með þessu? Hvers vegna þurfa þessar vörur, sem ekki er að finna í reglugerðinni nr. 401, hvers vegna eru þær allt í einu komnar inn í þennan viðauka? Hæstv. landbrh. skuldar okkur skýringu á því.

[15:24]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af fyrra atriðinu er það misskilningur að ekki sé samráð við bændur um innflutning landbúnaðarvara. Þvert á móti á það bæði við um innflutning og útflutning. Það er kveðið á um það í 52. gr. skýrlega að áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar sem með þau mál fara leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins en bændur eiga sína fulltrúa þar. Þar situr m.a. formaður Stéttarsambands bænda og er formaður þess ef ég man rétt.

Um síðara atriðið er það að segja að ef sú aðferð er höfð að kveða á um tollnúmer nákvæmlega eins og gert er með þessu frv. þá var nauðsynlegt að taka tillit til þess að samningarnir um Evrópskt efnahagssvæði taka senn gildi. Þá er auðvitað hægt að fara aðra leið. En aðalatriðið er að með þessu frv. er stefnt að því að tryggja það ástand sem lögunum frá 23. des. var ætlað að tryggja, það er sú grunnhugsun sem er á bak við lögin. (**KÁ:** En pasta?) Og pasta var inni í gömlu lögunum, þ.e. með 20% kjötinnihaldi og það er ekki talað um að leggja verðjöfnunargjöld á pasta. Það eru lögð verðjöfnunargjöld á kjötinnihaldið nú, á kjötið en ekki pastað sem er í þeim rétti.

[15:26]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Tvennt hefur dregið til tíðinda að undanförnu sem varðar stöðu og skilning manna á búvörulögum. Hið fyrra er dómur Hæstaréttar og hið síðara er það samkomulag sem tekist hefur um gildistöku innan fáeinna mánaða, samkomulag sem kennt er við Úrúgvæ-lotu GATT-samninganna.

Um hæstaréttardóminn er það að segja að hann hnekkti viðtekinni túlkun landbrn. og ýmissa annarra aðila á búvörulögunum, þ.e. hann hnekkti þeirri skoðun að ákvæði í búvörulögum hefðu sjálfstætt gildi og veittu með sjálfstæðum hætti heimild til banns í hendur Framleiðsluráði landbúnaðar og eftir atvikum landbrh. á innflutningi búvara. Af því hefði leitt að innflutningur hefði verið ekki einasta frjáls heldur eins og menn hafa orðað það hömlulaus, þ.e. það hefðu heldur ekki verið tryggar heimildir fyrir álagningu verðjöfnunargjalda.

Þegar sagt er að tilefni þessa frv. sé að bregðast við þessu og koma aftur á óbreyttu ástandi, þá er það sem menn eiga við að þeir vilji að ástandið verði til skamms tíma, þar til GATT tekur gildi, hið sama og samkomulag varð um með breytingu á búvörulögum fyrir jólin á síðasta ári.

Að því er varðar GATT-samkomulagið er út af fyrir sig margt um það að segja. Þar til fyrir skömmu töldu menn að það mundi ekki taka gildi fyrr en um mitt næsta ár. Nú eru aftur taldar auknar líkur á því að gildistaka þess verði um áramót, þ.e. í upphafi árs 1995. Það gerbreytir að sönnu grundvallarreglum um viðskipti með landbúnaðarvörur, bæði að því er varðar okkur Íslendinga sem og aðrar þjóðir. Íslendingar hafa haldið uppi verndarstefnu í þessum málum sem hefur aðallega byggst á tvennu, bannheimildum og svo hins vegar leyfisveitingarvaldi. Þetta hvort tveggja með gildistöku GATT-samningsins. Þegar hann er kominn í gildi verður ekki um að ræða að stjórnun á viðskiptum með landbúnaðarvörur byggist á banni eða leyfisveitingarvaldi. Hvort tveggja fellur úr gildi og breytir engu jafnvel þótt þessi ákvæði stæðu áfram í lögum sem hins vegar er ekki gert ráð fyrir vegna þess að partur af því samkomulagi sem gert var fyrir jólin var að forsrh. muni skipa nefnd fulltrúa fimm ráðuneyta til þess að endurskoða innflutningslöggjöfina í ljósi þeirra skuldbindinga sem við höfðum tekist á herðar með GATT. Af þessu tvennu, hæstaréttardómnum og svo GATT-samkomulaginu leiðir að það þarf að bregðast við því millibilsástandi sem hugsanlega gæti staðið í 11 mánuði þar til viðskiptin verða frjáls og þar vilja báðir stjórnarflokkarnir standa við það samkomulag sem gert var fyrir jólin. Með öðrum orðum, þrátt fyrir hæstaréttardóminn muni gilda um næstu 11 mánuði það samkomulag sem þá tókst. Það var eins og menn muna fyrst og fremst í því fólgið að gerðar voru breytingar á búvörulögunum sem tryggðu að landbrh. hefði lagaheimild til að standa við skuldbindingar milliríkjasamninga um að heimila innflutning, jafnframt að

heimildir væru til þess að leggja á verðjöfnunargjöld eins og þar er nánar kveðið á um, hráefnisþátt innfluttra vara sem eru í samkeppni við innlenda framleiðslu eftir nánari ákvæðum og þá vísað til sérstakrar samráðsnefndar og málskoti til ríkisstjórnar og að lokum forsrh. ef ágreiningur rís af slíkum málum. Þetta lagafrv. er með öðrum orðum til að koma á óbreyttu ástandi til skamms tíma. Óbreytt ástand vísar til laganna frá því fyrir jól en út frá sjónarmiði framleiðenda og neytenda, sem er nú aðalatriði þessa máls, er ljóst að það sem þá var bannað verður áfram bannað í innflutningi. Það sem þá var frjálst verður áfram frjálst í innflutningi og það sem þá var frjálst í innflutningi og bundið ákvæðum um verðjöfnunargjöld verður svo áfram. Með öðrum orðum, eins og landbrh. hefur lagt áherslu á er þess ekki að vænta í framhaldi af þessu að um sé að ræða neinar verðbreytingar sem muni verða íþyngjandi fyrir almenning í landinu.

Þessum markmiðum mátti út af fyrir sig ná með ýmsum leiðum lagatæknilega séð. (**JGS:** Með trausti milli manna í ríkisstjórninni.) Það sjónarmið var uppi að æskilegt væri að þetta væri gert með almennu orðalagi upp á gamla mátann, sem hefur ekki gefist vel með löggjöf framsóknarmanna hingað til, eða að þetta yrði gert með því að í frv. yrði birtur viðauki sem teldi upp með tæmandi hætti, þannig að engin eftirmál hlytust af, þær vörutegundir sem hér um ræðir. Það varð niðurstaðan og að mínu mati mjög hyggilega svo vegna þess að ég hygg að allir séu búnir að fá sig fullsadda af rifrildi um aukaatriði í þessu máli og það sé æskilegt, reyndar nauðsynlegt í kjölfar hæstaréttardómsins, bæði vegna virðingar Alþingis og stjórnsýslunnar í landinu að taka nú af öll tvímæli í þessu efni og skilja ekki eftir lausa enda. Niðurstaðan varð þess vegna sú að þessar vörur eru allar taldar upp í viðaukum en vegna spurningar sem fram kom hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur er rétt að taka fram að í því felst líka að landbrh. muni í framhaldi af því setja reglugerð í framhaldi af lögunum og þar mun koma fram að þær vörur sem voru á frílista og voru frjálsar í innflutningi áður verða það áfram, þ.e. þær verða ekki háðar leyfisveitingavaldi, og að þær vörur sem eru frjálsar í innflutningi samkvæmt milliríkjasamningum verða heldur ekki háðar leyfisveitingavaldi heldur frjálsum innflutningi sem var. Með öðrum orðum óbreytt ástand og þess vegna, og það er svarið við hennar spurningu, þess vegna var nauðsynlegt að telja upp allar þessar vörur í viðaukanum en jafnframt þarf að taka fram í reglugerð landbrh. að það breytist á engan veg að því er varðar þær vörur sem voru frjálsar í innflutningi eða bundnar milliríkjasamningi. Þær verða það áfram svo að það sé skýrt.

Að því er varðar verðjöfnunargjöldin þá er staða mála óbreytt frá því sem ákveðið var í lögunum fyrir jól. Við viljum ekki í þessu millibilsástandi hömlulausan tollfrjálsan innflutning á þessum vörum, — ég endurtek, á þessum vörum — heldur verða þær undir verðjöfnunargjöldum samkvæmt þeim reglum sem um það gilda sem er að vega upp mun á innflutningsverði og innlendu heildsöluverði. Þetta þýðir það að verðjöfnunargjöldin eru breytileg frá einni vörusendingu til annarrar og það er munurinn á þeim annars vegar og tollum.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson spurði hvernig þessum málum yrði fyrir komið eftir gildistöku GATT. Svar við því er að stjórnarflokkarnir hafa gert með sér samkomulag um að endurskoða innflutningslöggjöfina í ljósi þeirra skuldbindinga og sú nefnd verður undir forsæti fulltrúa forsrh. en að öðru leyti koma fimm ráðuneyti að því ráði. Svarið er kannski ekki á þessari stundu óyggjandi en þó liggur það fyrir í aðalatriðum. GATT-samkomulagið kveður á um það að samkvæmt tilboði því sem við höfum gert, þegar um var að ræða innflutningsbann eða magntakmarkanir, þá verður það lagt af, það verða frjáls viðskipti en bannið umreiknað í tollígildi. Tollígildin eru mismunur á heimsmarkaðsverði, nánar skilgreindu, og innlendu heildsöluverði. Um tollígildin er síðan það að segja að þau eru heimildarákvæði, þau eru ýtrasta hámark og eins og menn þekkja úr GATT-umræðunni eru þau gríðarlega há samkvæmt tilboði Íslands sem bara endurspeglar þann gríðarlega verðmun sem er á heimsmarkaðsverði og innlendu heildsöluverði. GATT-kerfið gerir ráð fyrir því að þessi tollvernd, bundin í upphafi en lækkar síðan í áföngum, verði skilgreind með skiljanlegum, varanlegum hætti sem tollar vegna þess að þá verður að birta og þeir verða undir eftirliti hinnar nýju alþjóðlegu tollastofnunar. Með öðrum orðum, verðjöfnunargjöld eru annars konar kerfi en það sem við mun taka eftir að GATT tekur gildi. Reyndar eru þau sjónarmið uppi að verðjöfnunargjöld af þessu tagi sem eru raunverulega upprunnin í EB og miða við mun á skilgreindu lágmarksverði þar og svo niðurgreiddu heimsmarkaðsverði, það kerfi muni ekki standast eftir að GATT tekur gildi af þeirri einföldu ástæðu að sí breytileg verðjöfnunargjöld munu raska mjög verðlagi fyrir neytendur og reyndar framleiðendur og þess vegna flokkast undir viðskiptahindrun.

Virðulegi forseti. Ég held að með þessu hafi ég skýrt það sem mér þykir ástæða til af hverju þessi löggjöf er nauðsynleg og hvers vegna það er sanngirnismál þrátt fyrir dóm Hæstaréttar að stjórnarflokkarnir standi við það samkomulag sem gert var sem sanngjarnt var á sínum tíma fyrir jólin þó að það gildi til skamms tíma. Ég vil taka það fram að þær umræður sem urðu hér nokkuð ástríðuþrungnar um forræðismál varða þetta mál ekki nokkurn skapaðan hlut. Um þau mál er skýrt kveðið á um í lögum, bæði lögum um Stjórnarráðið og reglugerð um verkaskiptingu í Stjórnarráðinu og þarf ekkert um að fara fleiri orðum. (**SJS:** Hvernig skýrt?) Ég beini bara hv. þm. að lesa það, það er ekkert vafamál. (**SJS:** Viltu ekki svara spurningunni sem borin var upp?) Ég er búinn að svara þeim spurningum sem til mín hefur verið beint sem varða bæði annars vegar reglugerðina og hins vegar hvað við tekur að því er varðar GATT. Ég var einfaldlega að segja það að þessar deilur um forræði snerta ekki það mál sem hér er á dagskrá sem er að tryggja óbreytt ástand varðandi innflutningsskipunina. Ég vil hins vegar nota tækifærið, virðulegi forseti, undir lokin til þess

að taka mjög eindregið undir það sem fram hefur komið í máli hæstv. landbrh. að það er tími til kominn að við förum að ræða aðra og veigameiri hluti sem varða hlut landbúnaðarins og búvöruframleiðslunnar í okkar þjóðfélagi heldur en ráðrúm hefur gefist hingað til. Staðreyndin er sú að gildistaka GATT breytir auðvitað í grundvallaratriðum starfsskilyrðum landbúnaðarins og búvöruframleiðslunnar hér á landi eins og annars staðar. Það þýðir einfaldlega að smám saman stendur búvöruframleiðslan frammi fyrir nokkurri og aukinni samkeppni og það sem skiptir mestu máli af hálfu stjórnvalda er það að gera innlendum landbúnaði, gera bændum landsins og þeim sem vinna úr landbúnaðarhráefnum matvæli kleift að standast þá samkeppni, að hlúa að þessari framleiðslu þannig að starfsskilyrði þeirra séu ekki lakari heldur en í samkeppnislöndunum og að stuðla þannig að því að hlutur innlendrar búvöruframleiðslu verði góður, bæði til þess að standast þessa samkeppni hér á heimamarkaðnum og eins til þess að nýta þau tækifæri sem ég er í engum vafa um að munu skapast til útflutnings, einkum og sér í lagi ef samstarf tækist um það að stíga þau skref sem óhjákvæmilegt er að stíga í framhaldinu til þess að innlend búvöruframleiðsla eða hluti hennar gæti náð alþjóðlegri viðurkenningu sem vistvæn framleiðsla og gæti þess vegna náð markaðsstöðu á mun hærri verðum heldur en unnt hefur verið hingað til. Þetta er auðvitað aðalatriðið og ég tek undir það með hæstv. landbrh. að það er ekki bara að GATT breyti viðskiptagrundvelli að því er varðar landbúnaðarvörur, heldur þurfum við að taka til gagngerðrar endurskoðunar það kvótakerfi, það framleiðslustýringarkerfi sem bundið hefur íslenska bændastétt allt of lengi í viðjar kotbúskapar og reyndar kippt fótunum undan möguleikum bændastéttarinnar til þess að bregðast við til þess að auka framleiðni, til þess að efla vöruþróun og til þess að byggja upp vaxandi og samkeppnishæfan atvinnuveg. Þetta eru auðvitað meginverkefnin. Og þegar þessum deilum er lokið, sem eru senn að baki, þá læt ég a.m.k. í ljós þá von að menn geti lagt þær að baki og horft heldur fram á veginn og reynt að sameina krafta sína hér á hinu háa Alþingi til þess að stuðla að slíkri framtíðarstefnu sem er jákvæð í staðinn fyrir það neikvæða sem liðið er og sem hefur það að markmiði að byggja hér upp stétt bjargálna bænda í stað kotbænda sem eru niðurnjörvaðir í viðjar þess kerfis sem vonandi er við útgönguversið — og farið hefur fé betra.

[15:41]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér heyrðist á lokakafla ræðu hæstv. ráðherra að þekking hans á íslenskum landbúnaði takmarkaðist við þátt sem var fluttur hér í sjónvarpinu á sunnudagskvöldið fyrir rúmri viku. Hann talaði um kotbúskap og það þyrfti framleiðniaukningu. Þá vil ég benda hæstv. ráðherra á það að á 10 ára tímabili, og á ég við mjólkurframleiðsluna, hefur framleiðendum fækkað úr 2.000 í 1.400, framleiðslan hefur nokkuð staðið í stað, verðið til bænda hefur lækkað um 20%, verð til neytenda hefur lækkað eitthvað álíka og nú vil ég biðja hæstv. ráðherra að nefna mér þá atvinnugrein á Íslandi þar sem hefur verið meiri framleiðniaukning á þessu árabili. (**StG:** Gerðu samanburð við ráðherrana.) Þetta er, virðulegur forseti, algerlega ábyrgðarlaust tal hjá hæstv. ráðherra.

Sá sem hér stendur hefur verið talsmaður breytinga og hefur barist fyrir ákveðnum breytingum sem hafa náð fram að ganga sem hafa m.a. leitt af sér þá þróun sem ég er hér að nefna fyrir ráðherrann. Síðan kemur hæstv. ráðherra upp með fullyrðingar eins og hann gerði hér áðan. Það er ekki samboðið ráðherra í ríkisstjórn Íslands að fara með þvílíkan þvætting eins og hér var á borð borinn og ég vil í því sambandi nefna einnig að ráðherrann ætti ekki að nefna virðingu Alþingis í þeim samanburði við þann skrípaleik sem hefur átt sér stað af hálfu ríkisstjórnarinnar hvað þetta mál snertir.

Að lokum spyr ég ráðherrann: Er hann sammála því sem hæstv. umhvrh. sagði í umræðunni í síðustu viku að vegna fordæmisins væri líklegt að það yrði landbrh. sem færi með forræðið þegar kæmi að tollígildum vegna GATT? Þetta eru tvær spurningar: Ég vil biðja hæstv. ráðherra að nefna mér atvinnugrein þar sem hefur orðið meiri framleiðniaukning en hefur verið í mjólkurframleiðslu og úrvinnslu á síðustu árum og síðan varðandi viðhorf umhvrh.

[15:43]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er býsna algengt hér á hinu háa Alþingi að menn tali af nokkurri dýrðni um þekkingu sína á landbúnaðinum og eigni öðrum þar algera fáfræði og vanþekkingu og ástæðulaust að kippa sér upp við slíkt. Ég árétta það sem ég sagði að það skömmtunarkerfi sem ríkt hefur í landbúnaði allt of lengi hefur auðvitað hneppt þessa framleiðslugrein í viðjar og hefur haldið aftur af framförum og eðlilegri framleiðni í greininni. Þar með er ekki sagt að það hafi ríkt alger stöðnun. Frá þessu eru undantekningar. Og hugmyndin með búvörusamningnum og framsali á framleiðslurétti var náttúrlega sú að reyna að brjótast út úr þessum viðjum án þess að leggja sjálft kvótakerfið, skömmtunarkerfið og kotbúskaparstefnuna algerlega af. Þetta hefur skilað nokkrum árangri og ekki síst í mjólkurframleiðslu og reyndar mætti nefna ýmsar aðrar greinar. Það breytir hins vegar ekki því og það vita bændur á Íslandi allra manna best að fjöldi þeirra er hnepptur í svo þröngar skorður að því er varðar framleiðslu sinna búa að þeir geta ekki haft af þeirri framleiðslu eðlilega afkomu og standa jafnframt í þeim sporum að vera bundnir nánast af eignum sínum þannig að þetta kerfi hefur skapað fleiri vandamál heldur en jafnvel hinir góðviljuðustu meðal höfunda þeirra hafa viljað leysa. Þetta skömmtunarkerfi hefur reynst bændastéttinni og neytendum illa og það er smám saman að koma á daginn að gagnrýni þeirra sem hafa alla tíð gagnrýnt þetta kerfi er á réttum rökum reist og fyrr en síðar munu bændur á Íslandi gera sér grein fyrir því jafnvel fleiri en nú er.

Hv. þm. vildi vita hvaða aðrar greinar hefðu skil-

að meiri framleiðni eða framleiðniaukningu á undanförnum árum. Þar með nefni ég náttúrlega fyrst og fremst til eina grein, sem heitir íslenskur sjávarútvegur, án þess að ég hafi þar samanburðartölur á reiðum höndum.

[15:46]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega hefur sjávarútvegurinn skilað verulegri framleiðniaukningu á ákveðnum sviðum. Þökk sé því kerfi sem framsóknarmenn höfðu forgöngu um að koma þar upp og Alþfl. vill nú berjast á móti.

Hæstv. ráðherra dró verulega í land og viðurkenndi það í sinni ræðu að hann hefði kannski verið að tala um einhverja fortíð, ekki um það sem er núna. Og ég vil benda hæstv. ráðherra á það, við töluðum um mjólkurframleiðslu áðan, að skömmtunarkerfið sem hann nefnir þar — í hverju felst það? Nú vil ég taka það fram að auðvitað vildi ég sjá það að við þyrftum ekki á því að halda. En við höfum takmarkaðan markað og það sem stendur eftir af því sem hæstv. ráðherra kallar skömmtunarkerfi þar í dag er það að bændur hafa leyfi samkvæmt lögum til að skipta markaðnum á milli sín. Það er ekkert annað. Og ég verð að ítreka það sem ég sagði hér áðan að það er afar erfitt að þurfa að sitja undir málflutningi eins og var hjá hæstv. ráðherra hér áðan.

Það er alveg rétt, hæstv. ráðherra, að það eru ýmsir bændur sem búa við bág kjör í dag og í sauðfjárræktinni hefðu ýmsir e.t.v. viljað geta brugðið búi og horfið til annarra atvinnugreina. Það horfir ekki þannig til í íslensku þjóðfélagi í dag. Við búum við þá stjórnarstefnu sem hefur leitt það af sér að þeir sem gjarnan vildu hætta hafa ekki að neinu að hverfa.

[15:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru alveg stórfurðuleg ummæli hjá hæstv. utanrrh. að staða þessa máls sé algerlega óviðkomandi þeirri forræðisdeilu sem staðið hefur um forræði fyrir innflutnings- og útflutningsmálum búvara. Það eru furðuleg ummæli vegna þess að þá hefur hæstv. utanrrh. ekki áttað sig á því að hæstaréttardómurinn er að sjálfsögðu öðrum þræði forræðisúrskurður. Að sjálfsögðu er hann það, hæstv. utanrrh., vegna þess að hann hefur verkun í því sambandi. Það liggur í hlutarins eðli. Þó að deiluefnið sjálft sem dómurinn var að fást við í því einstaka tilviki væri afmarkað mál, þá er óhjákvæmilegt að horfa fram hjá verkun dómsins á þessa forræðisdeilu.

Þegar hæstv. ráðherra segir að það sé skýrt í lögum hver fari með þetta forræði, þá spyr ég: Hvaða lögum? Er það í innflutningslögum? Ekki geta það verið búvörulögin. Ég fór rækilega yfir það hér að hvorki 3. gr., 52. gr. né 53. gr. né breytingarnar í desember eru tæmandi í því sambandi.

Þá spyr ég hæstv. utanrrh. einfaldlega eftirfarandi tveggja spurninga:

1. Er hæstv. utanrrh. tilbúinn til að koma hér í ræðustólinn og lýsa því yfir að almennt forræði málaflokksins, innflutningur og útflutningur búvöru, heyri undir landbrh. þrátt fyrir ákvæði laga nr. 88/1992, um innflutning?

2. Ef svarið er já, er þá hæstv. landbrh. tilbúinn til að styðja það að það verði lögfest hér með skýrum hætti?

[15:50]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að endurtaka það sem ég sagði áðan að það er algert aukaatriði og reyndar óskylt mál þessu sem við nú ræðum þetta sífellda tal um forræði yfir málaflokkum. Þetta frv. tekur á praktískum vandamálum í framhaldi af lögunum frá því fyrir jól og í framhaldi af hæstaréttardómnum. Það kveður á um það að að því er varðar innflutning á þeim vörutegundum sem hér eru taldar upp og eru á annað borð leyfisbundnar eða skylt er að heimila innflutning á vegna millirríkjasamninga, því beri landbrh. að heimila innflutning á.

Að því er varðar verðjöfnunargjöld, þá er einmitt vegna þess að hér er allt talið upp alveg ljóst að það er í höndum landbrh. að leggja á þessi verðjöfnunargjöld á þær vörutegundir sem hér eru taldar upp og heimilt er að flytja inn og framleiddar eru í landinu. Það er sú eina forræðisdeila sem kemur þessu máli við. Ef menn eru síðan að fara yfir lagasafnið og halda hér uppi seminar í stjórnlagafræðum þá geta menn bara lesið sér til um viðeigandi lagaákvæði um Stjórnarráð Íslands og um verkaskiptingu milli ráðuneyta eins og þau eru skilgreind í þeim lögum, í reglugerð um verkaskiptingu ráðuneyta og í ýmsum sérlögum sem kveða á um það. Ég vek t.d. athygli á því að samkvæmt slíkum lagaákvæðum og reglugerðarákvæðum fer ótvírætt utanrrn. með útflutningsmálefni.

[15:52]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er nú í raun og veru að verða held ég alveg nógu skýrt. Það er alveg ljóst af svörum eða öllu heldur hægt að segja kannski ekki svörum hæstv. utanrrh., þessum endalausu ekki svörum hæstv. ráðherra hér, hvernig málið liggur. Deila stjórnarflokkanna um þetta mál er algerlega óútkljáð. Hér kemur inn í þingið dulbúin bráðabirgðaredding, hrossakaup þeirra um að redda þessu svona næstu 11 mánuðina, að landbrh. náðarsamlegast fái leyfi til að leyfisbinda innflutninginn á tilteknum hluta tollskrárinnar í 11 mánuði en að öðru leyti er deila stjórnarflokkanna algerlega óútkljáð um þetta efni. Reyndar staðfesti hæstv. utanrrh. það að mínu mati mjög vel með því að með snyrtilegum hætti að minna á það að hvað útflutningsleiðina snertir þá snýr þetta þannig að þar er hið almenna forræði hjá utanrrh. en innflutningshliðin aftur hjá viðskrh. Ég lít svo á að þetta sé skýrt, einnig vegna viðbragða hæstv. landbrh. við máli mínu hér áðan.

Þá er eftir það álitamál, hvað ætlar Alþingi að gera? Hvað ætlar hv. landbn. Alþingis að gera? Hvað ætlar sómi vor, löggjafarsamkundan, að grípa til bragðs nú þegar þessi staða liggur orðið ljós fyrir? Ríkisstjórnin hefur ekki komist í gegnum þetta mál. Hún ýtir því til

hliðar að útkljá hið almenna forræði málaflokksins og leysir þetta með þeim nokkuð svo sniðuga hætti út af fyrir sig að segja má að afgreiða það hver skuli fara með tiltekna hluta tollskrárinnar eins og þeir standa á hverjum tíma. Og mikið verður nú gaman að verða tollstjóri og geta farið að ráða lögum og lofum gegnum það að hringla svolítið til með hana. Alþingi verður sem sagt að taka af skarið og það reynir nú á hversu vel menn standa í lappirnar í þeim efnum. Ég reyndar leyfi mér að vona að hæstv. landbrh. hafi verið að lýsa því hér yfir að hann vilji styðja það að frá þessu verði gengið með ótvíræðum hætti hér í sinni fyrstu ræðu.

[15:54]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er undarleg árátta sumra þingmanna að vilja ekki ræða efnisatriði frv. sem fyrir liggur, heldur beina umræðunni sífellt að þeim málum sem ekki eru á dagskrá. (**SJS:** Það er undarleg árátta að vilja ekki svara spurningum.) Það er líka undarlegt hjá hv. þm. að hann segir í sama stutta andsvarinu: Deilan um forræðið er óútkljáð milli stjórnarflokkanna. Síðan segir hann. Ja, ég er nú kominn að þeirri niðurstöðu að þetta sé alveg skýrt. (**SJS:** Já, að hún er óútkljáð.) Það er ekkert tilefni til að efna hér til einhvers konar stjórnlagaþings um forræði ráðuneyta vegna þess að um það er engin deila eftir því sem ég best veit. Landbrh. fer t.d. með málefni landbrn., það er algerlega skýrt. Menn eru hins vegar svo viðjaðir í gamla hugsunarhætti búvörulaganna að þeir eru alltaf að spyrja um bannheimildirnar sínar. Þegar GATT tekur við að loknu þessu 11 mánaða millibilsástandi þá er það alveg ljóst að í hinu nýja liðskiptakerfi verða engin bönn og ekkert leyfisveitingavald. Landbrh. missir ekkert forræði yfir landbúnaðarmálum fyrir það. (**SJS:** En innflutningi og útflutningi búvöru?) Ef menn eru að spyrja um verðjöfnunargjöldin, þá er það alveg skýrt sem hefur ekki verið skýrt áður. Landbrh. hefur valdið til þess að leggja verðjöfnunargjöld á þær vörur sem eru taldar upp í viðaukum samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð. Ef menn eru að tala um tollskrána, þá er það alveg skýrt að fjmrh. er yfirmaður tollamála. (**GÁ:** Hvað með skatt...?) Fjmrh. fer samkvæmt lögum og reglum með tollamál. Ég hef ekki heyrt neina tillögu uppi um að það eigi að búta tollskrána í sundur og tvístra henni út og suður á umhvrn., viðskrn., sjútvrn., landbrn., utanrrn. o.s.frv. (**GÁ:** Þið eruð að því.) Nei, við erum ekki að því. Það er nefnilega nákvæmlega það. Ég vil bara biðja hv. þm. að fara nú að snúa sér að umræðuefninu og hætta þessum útúrsnúningum út og suður um óviðkomandi málefni. (**SJS:** Hvernig væri að svara einföldum spurningum?) Það er búið að svara ykkar spurningum. (**SJS:** Nei.)

[15:57]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það ber nú að fagna því að týnt frv. er komið fram eftir þrautir, innantökur og samningsþóf um langa hríð á stjórnarheimilinu og hefur hér birst í sinni mynd á nýjan leik, að vísu nokkuð breytt frá því að það hvarf fyrir rúmri viku síðan.

Mér sýnist þetta frv. andvana fætt ef það á að koma í kring vilja þingsins og eyða allri réttaróvissu og skapa landbúnaðinum það starfsumhverfi og afurðastöðvum hans sem hlýtur að vera mikilvægast fyrir íslenska þjóð í þeim harða markaði sem fram undan er með verslun á búvörum í framhaldi af nýgerðu GATT-samkomulagi.

Hér er frv. fram komið sem menn lýsa svo að ágreiningur sé lögfestur. Öll þessi harmsaga minnir mig á sögu sem ég heyrði þegar ég var strákur í bernsku og var verið einmitt að segja mér frá því hvernig menn ættu ekki að fara að. Þetta var austur í Flóa, hæstv. landbrh., en þá var mér kennd vísan um það hvernig sá vondi færi að og mistækist í ýmsum verkum, ekki síst ef hann færi að skapa mann. Og vísan var eitthvað á þá leið að hann hafi farið að skapa mann, skringilegan í hár og skinn, andanum kom hann ekki í hann, átti að heita .(**Landbrh.:** Þórarinn.) Hárrétt.

Nú sjáum við það að hér er þetta frv. komið og enn vantar í það andann, enn vantar í það skýrleikann sem allir lögfræðingar hafa spurt um sem gengið hafa fyrir landbn. í þessari hér um bil árs þrautagöngu formanns landbn. sem var nú stærri í sniðum í upphafi þessa leiks heldur en nú um þessar mundir. En hér sitja þeir skólabræður, hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. Það er nú að verða algengt í umræðum um landbúnaðarmál að þeir félagar þurfa báðir að vera viðstaddir. Þetta hefðu þótt tíðindi fyrir einhverjum árum. En þetta minir mig mjög á það af því að ég horfi töluvert á handbolta um þessar mundir og dáist að mörgu afreki þar þá gerist það oft í snörpum leikjum að ágætir leikmenn eru teknir úr umferð því að þeir eru hættulegir. Og mér finnst að hér séu tvö lið og hæstv. utanrrh. sé falið það hlutverk af hálfu Alþfl. að taka hæstv. landbrh. úr umferð og það hafi honum tekist með prýðilegum hætti núna um alllangt skeið. Þessi staða er vissulega mjög varhugaverð og hættuleg fyrir íslenskan landbúnað.

Svo ég tali ekki um það hvað hv. þm. Egil Jónsson varðar sem ég sagði að var kokhraustur fyrir ári síðan. Ég minnist þess að einhvern tíma í haust dáðist ég að þessum sterka þingmanni þegar hann sagði við þjóðina um sessunaut sinn sem er í landbn. og Alþfl. að ef þeir ekki féllust á frv., sem stoppaði í vor, og afdráttarlaus og skýr lög yrðu sett þá mundi hann fara að eins og gert var við klárana við plóginn. Færu þeir að liggja í taumum þá yrði gripurinn leystur frá. En nú hefur dæmið snúist við og ber ekki mikið á því að Alþfl. fái hótun um að vera leystur frá störfum, frá plógnum. (**Gripið fram í:** Toga betur, toga betur.) Hv. þm. hefur náð að toga sitt fram. Það er nákvæmlega það sem gerst hefur. Hann hefur náð að toga sitt fram og haft sitt fram.

Það er athyglisverð mynd í DV í dag þar sem mér sýnist hæstv. forsrh. hreinlega setja leysirinn á landbrh. Svo fast er augnaráðið þar að hann skipar honum að hætta þessu streði og ganga að því frv. sem fyrir liggur því annars þýði það að núv. ríkisstjórn getur

sprungið. Og hver sem sér þessa mynd sér í henni heila sögu um margra mánaða átök sem eru að enda með þessum hætti að Alþfl. hefur náð töglum og högldum í landbúnaðarmálum á Íslandi. (**Landbrh.:** Fríður foringi stýrir fræknu liði, þá fylgir sverði sigurinn.) Nú kann ég vel að meta hæstv. landbrh. Oft bregður svo við á neyðarstundu að hann reynir að brynja sig með skýrum kveðskap sem hann mælir af munni fram. En þó finnst mér kveðskapurinn bera meiri vott um það í seinni tíð að úr hendi sé fallið vopnið sem honum hafði verið treyst fyrir, sem íslensk bændastétt hafði trúað að hann héldi á henni til varnar og íslenskri atvinnu.

Við skulum fjalla örlítið um þessa sögu. Nú erum við í þriðja sinn að berjast við þetta mál. Skýrt frv. og afdráttarlaust, sem hér er einnig til umræðu, og fyrir var meiri hluti á vorþingi. (**Utanrrh.:** Það er úrelt.) Úrelt, kallar hæstv. utanrrh. fram í. Ég hygg að það sé ekki úreltara en svo að í því er allur sá skýrleiki sem lögmenn og dómarar spyrja eftir. Þá mundi það ekki gerast að Hæstiréttur klofnaði og það munaði einu atkvæði. Hæstv. landbrh. telur það og talar um það eins og sjálfsagðan hlut. Það er eins og hann geri sér ekki grein fyrir því, jafnlagaglöggur maður og hann er, að auðvitað er mikið að í lagasetningunni þegar hæstaréttardómur fer að klofna með slíkum hætti trekk í trekk.

Mér þætti það undarlegt ef Sjálfstfl., en ég hygg að hluti hans vilji efla landbúnaðinn og að hann fái að bíða þeirra sóknarfæra sem vissulega bíða hans — aldrei gerðist það á viðreisnarárunum að Gylfi Þ. Gíslason yrði settur yfirfrakki Ingólfs heitins á Hellu. Nú stöndum við frammi fyrir því að Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. ráðherra, er jafnnauðsynlegur við umræðu um landbúnaðarmál og hæstv. landbrh. Slíkt er framsal á völdum úr þessu ráðuneyti.

Ég ætla aðeins að minnast á ákveðna stöðu sem mér finnst mikilvæg þegar horft er til framtíðar. Nú blasir það við á Íslandi að hér erum við að glíma við 5–6% atvinnuleysi. Því er spáð að það muni vaxa mjög enn. Íslenska þjóðin er komin í hnút vegna þessa máls. Þó vita það allir og það liggur skýrt fyrir að hvert 1% í atvinnuleysi þýðir fyrir ríkissjóð útlát upp á 700 millj. kr. Þessi ríkisstjórn er með stefnu sinni að valda því að það verður að greiða vegna atvinnuleysis 3,5–4 milljarða á ári beint út um gluggann nánast. Því er það svo, og að því kom hæstv. utanrrh. í ræðu sinni, að það er mikilvægt og ég tek undir með honum að ræða um veigameiri hluti sem varða landbúnaðinn og framtíðina í landinu. Undir þetta get ég tekið. Það kann að vera svo að um þessar mundir þegar íslenskir bændur eru að fá fyrir sínar úrvalsafurðir, hreint kjöt, verð til sín upp á 170–200 kr. fyrir fullunnna vöru, virðisaukinn liggur eftir í landinu, þurfi nú þegar á Alþingi Íslendinga að ákveða á ný útflutningsbætur til þess að mæta framtíðinni. Því að ekki hélt hæstv. utanrrh. betur á málum en svo í þeim viðræðum sem hann hefur átt fyrir Íslands hönd um GATT og fleira en að erlendar landbúnaðarþjóðir eiga að hafa heimild til þess að viðhalda sínum útflutningsuppbótum sem við höfum lagt niður. Þeir eiga að keppa við okkur sem ekki erum lengur þátttakendur í útflutningsuppbótum. Þeir eiga að fá að nota þær til þess að keyra okkur niður. Og því er það kannski spurningin: Getur það ekki hugsast að það borgi sig að taka upp útflutningsuppbætur á ný, 500 millj. og fullunnin vara á Íslandi á einhverju sviði, kjötafurð, ostar eða eitthvað? Það getur gert það að verkum að það fari milljarði minna í atvinnuleysisbætur og sú hörmung og það hamingjuleysi sem nú hvílir yfir mörgum heimilum verði liðin tíð. Þetta er eitt af þeim atriðum sem Alþingi verður að marka stefnu um. Það er heimild hjá okkur að taka útflutningsbætur upp á nýjan leik að hæstv. utanrrh. sé þeirrar skoðunar að það eigi að gera það. Ég vil alla vega inna hann eftir því.

Ef ég skoða þetta frv. sem nú liggur fyrir í nýrri mynd þá hef ég rætt við ýmsa lögmenn um þetta frv. í morgun. Ég hef alls staðar fengið sama svarið hjá lögmönnum. Þetta er götótt og skrýtið frv. Hér stendur til að lögfesta gífurlega mikinn viðauka við þetta frv. sem venjulega er þá í reglugerð. Þeir segja: Þetta er arfavitlaus lögfræði. Þetta er arfavitlaus lögfræði, segja lögmenn mér. Og þeir spyrja: Hvers vegna er verið að gera þetta og segja jafnframt: Auðvitað hlýtur það að vera vegna þess að menn ætla að „fixa" við þessa hluti eftir á. Menn ætla að halda áfram að leika sér að þessum eldi. Og hvernig fer þegar nýjar vörur undir einhverjum öðrum tollnúmerum sem tilheyra landbúnaði falla ekki undir þessi ákvæði? Þetta er því mjög óskýrt. Og svo er með fleiri atriði í þessu frv.

Það mun svo vera, hæstv. landbrh., að kollegar þínir í öllum nálægum löndum hafa náð samstöðu um það að landbrh. fari með setningu tollígilda. Landbúnaðarráðherrar þjóðanna hér í kringum okkur munu hafa náð samstöðu um að þeir fari með þetta vald. En hér virðist hæstv. landbrh. sætta sig við að ráða þar litlu um í framtíðinni.

Ég vil spyrja hæstv. landbrh. Við skulum segja að það komi nýir tollflokkar, smjörlíki undir nýjum tollflokkum eða einhver innflutningur með kjötréttum í. Ætlar þá hæstv. landbrh. að kalla Alþingi saman til þess að setja ný lög o.s.frv.? Þarf að breyta lögum í hvert sinn?

Nei, það hlýtur að falla undir þann skýrleika sem setja verður. Um það er kannski Alþingi sammála að eftir að GATT tekur við þá verði það hæstv. landbrh. sem fer með alla ákvörðun um tollígildi. Þetta eru jöfnunartollar sem fara eftir ákveðnum reglum og þeir hljóta að eiga að vera í höndum landbrh.

Hæstv. landbrh. hefur vissulega sagt það, sem er kannski nýmæli, að mönnum beri að hlíta lögum og taka löggjafann alvarlega. Hann sagði enn fremur að það væri óhæft fyrir Alþingi að fá málið í hausinn á nýjan leik. Undir þetta vil ég taka með hæstv. ráðherra því það er náttúrlega ópolandi fyrir löggjafarsamkomuna að skýrleikinn sé ekki meiri en það. Mér finnst að hæstv. landbrh. hafi kannski verið að senda flokksbróður sínum, hv. þm. Agli Jónssyni sem gegnt hefur formennsku í landbn., smákveðju og segja þó við hann í þetta sinn: Þú hefur svolítið frjálsari hendur til að

laga þetta frv. en þú hafðir í desember. Við skulum minnast þess að moðsuðan sem hér var á borðum í desember var með þeim hætti í huga hv. þm. að þar mátti ekki hreyfa stafkrók. Þó að lögmenn og nefndarmenn bentu á ýmis atriði sem yrði að breyta þá mátti ekki breyta stafkrók. Það var skýrt samkomulag á milli flokkanna í ríkisstjórninni.

Það frv. sem lagt var fram hér í vor og við höfum flutt á nýjan leik, ég og hv. þm. Jóhannes Geir, er afdráttarlaust frv. Það ber öllum saman um það, lögmönnum og öðrum, að það frv. beri þann skýrleika í sér og hefði eytt allri réttaróvissu sem ríkti síðasta sumar. Það hefði aldrei komið til þeirra átaka, hæstv. utanrrh., sem hér urðu út af kalkún og skinku ef það frv. hefði verið lögfest. Það segir t.d. í 1. gr.:

„Innflutningur á búvörum, unnum sem óunnum og tilsvarandi vörum, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, er háður samþykki landbrh. Hið sama gildir um vörulíki þessara vara." — Þetta er skýrt og hreint. Það segir enn fremur ...(**Utanrrh.:** Þessi texti er brot á gildandi GATT-samningum.) Brot á gildandi GATT-samningum, kallar hér hæstv. ráðherra fram í. GATT hefur nú ekki tekið gildi. (**Utanrrh.:** Jú, jú, gildandi GATT-samningum.) GATT hefur ekki tekið gildi í þeirri nýju mynd sem opnar það sem við erum að ræða um, lágmarksaðgang og það frelsi sem þessir flokkar hafa náð saman um að innflutningur sé frjáls. Þetta ákvæði hefði því ekki brotið það. Síðar segir:

„Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði 1. mgr., heimilað innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, enda sé verðjöfnunargjöldum beitt í samræmi við heimildir í milliríkjasamningum." — Þarna liggur þetta skýrt síðar í lagatextanum, hæstv. utanrrh. Enn fremur segir:

„Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um til hvaða vara og vörulíkja ákvæði 1. og 2. mgr. tekur, þar með talin hlutfall hráefna í unnum vörum.

Ráðherra ákveður með reglugerð af hvaða hráefni og landbúnaði skuli vera heimilt að endurgreiða verðjöfnunargjald við útflutning og hver endurgreiðslufjárhæðin skal vera."

Ég vitna hér í nokkur atriði úr þessu frv. Við skulum hugsa okkur hvernig þetta frv. varð til. Það varð til eftir mikla vinnu í landbn. þar sem allir flokkar lögðu sig fram og Alþfl. var meira að segja með í þeirri vinnu, hæstv. ráðherra, og með færum lögmönnum. En það strandaði og ég hygg að til þess að við getum náð hér friði á næstu mánuðum um þessi atriði þá hljótum við að verða mjög að lesa þau frumvörp saman sem hér liggja fyrir.

Hæstv. forseti. Ég vil ekki níðast á tímanum þó að ég hefði getað ýmsu bætt við þessa stuttu ræðu mína.

[16:18]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kallaði lögin sem Alþingi samþykkti hér fyrir jól, breytingu á lögum um búvörulög, moðsuðu. Hann hefur ekki fært nein rök fyrir því. Ég veit ekki betur en þau lög hafi verið skýr og nái prýðilega þeim markmiðum sem menn settu sér. Nefnilega að afla landbrh. lagaheimildar til þess að efna milliríkjasamning um innflutning og að afla honum heimildar til þess að leggja á verðjöfnunargjöld þegar það á við. Það sem var moðsuða, hv. þm., og var hnekkt með hæstaréttardómi voru gömlu búvörulögin sem sett voru hér 1985 og skilningi þingmanna Framsfl. og reyndar ýmissa annarra á þeim lögum. Það var þeirri moðsuðu sem var hnekkt. Ég minnist þess reyndar að þegar þau lög voru sett þá flutti sá sem hér stendur frávísunartillögu á þessa moðsuðu og færði fyrir því þau rök að þetta væri meira að segja mestan part brot á stjórnarskránni sem hv. lögmaður Sigurður Líndal hefur skrifað á bók upp á 180 blaðsíður til þess að rökstyðja að er rétt skoðun. Það var moðsuða sem hefur verið hnekkt endanlega með hæstaréttardómi og síðan er búið að kveða upp yfir þeirri moðsuðu annan hæstaréttardóm sem heitir GATT-samkomulagið sem mun endanlega binda endi á þá moðsuðu.

Lögin sem sett voru fyrir jólin eru skýr. Lagafrv. sem hér liggur fyrir er mjög skýrt þannig að það gefur ekki tilefni til að menn uppnefni það með þessum hætti.

[16:20]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú fer ég að efast nokkuð um skýrleika hæstv. utanrrh. sem ég hef reyndar álitið nokkuð glöggan mann fram undir þetta á ýmsum sviðum. Hitt vil ég þó minna hann á: Hvers vegna stöndum við í þessari umræðu í dag? Það er vegna þess að menn eru klárir á því að hæstaréttardómurinn 20. jan. sagði það líka um lögin sett í desember að þau fullnægðu ekki og eyddu ekki réttaróvissu. Þess vegna stöndum við í þessari umræðu, hæstv. ráðherra. Hér er gat, hér er smuga sem er andstæð þingviljanum. Landið er opið í rauninni vegna þess að menn treysta ekki lögunum frá því desember fyrir innflutningi á kalkún og skinku hafi hæstv. ráðherra ekki áttað sig á því.

Hvað hitt varðar þá snýr þetta ekki beint að búvörulögum. Hæstv. forsrh., æðsti maður í ríkisstjórninni, hefur sagt um hæstv. fyrrv. viðskrh. að hann hafi laumað eða smyglað eða hvað hann viðhafði. (**Utanrrh.:** Nei, hann sagði það ekki.) Hann orðaði það í þeim dúr, lætt í gegnum þingið þá, hæstv. ráðherra, (**Utanrrh.:** Hann spurði hvort hann tryði því að ...) Ég bið því hæstv. utanrrh. að ræða við skólabróður sinn og spyrja hann í eitt sinn hvort það kunni ekki að vera að hann sé hér að fara með rangt mál.

[16:22]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég má til með að biðja hv. þm. að lesa aftur hæstaréttardóminn. Hæstaréttardómurinn hnekkti þeirri túlkun á tilteknum greinum búvörulaganna að þau hefðu að geyma sjálfstæða heimild fyrir banni á innflutningi. Það sem hv. þm. getur þess vegna kallað moðsuðu var sú kóróna á sköpunarverki framsóknarmanna sem þessi búvörulög voru. Um þau má segja að ef þau eru ekki sannanlega brot á stjórnar-

skránni þá ber lögfróðum mönnum a.m.k. lítt í milli um að þau eru það mestan part. Þessari moðsuðu hefur guði sé lof verið hnekkt með hæstaréttardómi. Hæstaréttardómurinn fjallaði ekkert um lögin frá því fyrir jól að öðru leyti en því að um leið og hnekkt hefur verið þeim skilningi að landbrh. hafi verið heimilt að banna þá náttúrlega var grundvellinum kippt undan þessum lögum. Samkomulag sem nú hefur tekist er að þrátt fyrir þennan hæstaréttardóm viljum við ekki taka þeim afleiðingum sem af hefðu hlotist: Óheftur innflutningur landbúnaðarvara.

Með öðrum orðum er það eins skýrt og verið getur að moðsuðan sem Hæstiréttur hnekkti voru þessi búvörulög sem hingað til hefur verið biblía framsóknarmanna sem þeir lesa kvölds og morgna en er sem betur fer komin á ruslahauga.

[16:23]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Búvörulögin voru engin sérstök eign framsóknarmanna enda sá ég að roði hljóp í kinnar hv. þm. Egils á Seljavöllum sem þykist gjarnan eiga sinn hlut í þeim lögum. Ég veit allt um það um hvað hæstaréttardómurinn fjallaði. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að við erum hér núna í þriðja sinn í þessari baráttu að setja lög um þetta atriði vegna þess að það liggur ekki klárt fyrir hvar forræði landbúnaðarmálanna er og hver fer hér með tollígildi. Þess vegna erum við í þessari umræðu, hæstv. utanrrh.

Hins vegar tekur því ekki að svara ómerkilegum skotum hæstv. utanrrh. að Framsfl. Hann má senda þau svo mörg sem hann vill. En eitt veit ég að samhliða því að fylgi og stuðningur við Framsfl. vex þá mælist Alþfl. vart lengur í skoðanakönnunum. Svo rúinn er þessi innflutningsflokkur trausti að menn vilja ekki hafa hann lengur við stjórnvöl á Íslandi.

[16:25]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er nú fram undan mikil umræða um það frv. sem hér er lagt fram. Í fyrsta lagi í landbn. Alþingis og síðan væntanlega í þinginu. Það er að sjálfsögðu að henni lokinni sem eðlilegt er að túlka niðurstöðu. En mér fannst samt við hæfi að segja hér örfá orð.

Þá er fyrst rétt að árétta það sem reyndar hefur komið fram hvers vegna sá vandi er til kominn sem hér er sérstaklega til umræðu og er tilefni af niðurstöðu Hæstaréttar Íslands, þ.e. lagaákvæði sem síðast var afgreitt á Alþingi og samþykkt árið 1985, en ég hygg að hafi komið inn í búvörulögin, eins og þau eru kölluð núna á síðari árum, árið 1955. Það er því orðið nokkuð við aldur og það er athyglisvert að á grundvelli þessa ákvæðis hafa allir landbúnaðarráðherrar, a.m.k. á síðari tímum og ég geri ráð fyrir frá því að lögin voru upphaflega samþykkt, starfað. Landbúnaðarstefnan hafði þannig byggst á lagaákvæði sem Hæstiréttur felldi svo úrskurð sinn á allt frá árinu 1955. Og það er út af fyrir sig tilefnið að þessu en ekki lagabreytingarnar frá því í desember sl.

Hv. þm. Guðni Ágústsson var hér með gamansemi og er þá kannski ástæða til þess að fara örfáum orðum um þátt hans og félaga hans, hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, í sambandi við tillöguflutning á síðustu dögum. Þingmaðurinn talaði um það að ég hefði haft orð á því á haustdögum, að ég hygg, að þegar legið væri í draglínum þá væri það háttur kúskanna að leysa frá ækinu. En málið er hins vegar það eins og einn góður framsóknarmaður, Ólafur Þ. Þórðarson, benti mér á að áður er dólað er í afturendann á þeim með písk eða svipu, fyrr er ekki leyst frá heldur en hægt er að miða áfram. Þetta er gott að hafa í huga þegar menn eru að tala í léttum og gamansömum tón um þessa hluti sem ekki er nema sjálfsagt öðru hverju.

Virðulegi forseti. Framsóknarmennirnir tveir lögðu hér fram frv. um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Það er orðréttur sami texti og lá hér fyrir þinginu á vordögum sem frægt er orðið. Ég held satt að segja af því að ég þekki þessa menn báða afar vel að góðum skýrleika að þeir hafi ekki sjálfir tekið þennan tillöguflutning neitt alvarlega. Ástæðan er sú að frv. í meginatriðum og allt sem varðar þessa breyttu hætti í landbúnaði var afgreitt með lögunum í desember. Ástæðan fyrir því að þá þurfti ekki að taka lengri umræðu en raun bar vitni um og ástæðan fyrir því að ég lýsti því yfir að ég legði það til að frv. þá gengi fram óbreytt var sú að frv. ríkisstjórnarinnar í desember gekk lengra en tillögur landbn. frá því í vor. (**GÁ:** Ekki segja lögmenn.) Það er niðurstaða málsins. Ég minni á það að í lögunum eins og þau eru, í frv. eins og það var afgreitt í desember, þá greiddu þingmenn Framsfl. eins og allir aðrir alþingismenn atkvæði með þeim þætti laganna eins og þau eru núna, frv. eins og það var þá, sem snertu efnishlið þessa máls og voru þeir menn að meiri að hafa fylgt málinu þá fram með þeim hætti.

Hv. þm. Guðni Ágústsson hefur m.a. talað um það að frv. hafi tekið af öll tvímæli í sambandi við forræði landbrh. Þótt það megi kannski einkennilegt teljast en í samræmi við það sem ég hef bent hér á áður þá þrengdi meiri hluti landbn. í tillögum sínum forræði landbrh. frá því sem það var í frv. ríkisstjórnarinnar eins og það kom fram í fyrravetur. Þar var skýrt kveðið á um, eins og hefur komið greinilega fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. e., að innflutningur, eða eins og það er orðað, með leyfi virðulegs forseta: „Innflutningur á búvörum, unnum sem óunnum og tilsvarandi vörum, er háður samþykki landbrh.“ Þessu var hins vegar breytt í tillögum meiri hluta landbn. og þrengt þannig að þar segir einnig, með leyfi hæstv. forseta:

„Innflutningur á búvörum, unnum sem óunnum og tilsvarandi vörum, sem jafnframt“ — og taki menn nú eftir — „sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, er háður samþykki landbrh.“

Völd landbrh. í brtt. landbn. voru skilyrt við þær vörur eða vörulíki sem framleidd væru á Íslandi. Það voru takmarkanir og þær voru gerðar að yfirlögðu ráði og skýrt greinilega í fyrravor. Tillögur landbn. voru háðar því að sams konar vörur væru framleiddar hér á landi.

Það hefur líka verið talað um það að forræði landbrh. yfir þessum málum hefði verið skilgreint með ná-

kvæmum hætti í tillögum landbn. Það vill hins vegar svo einkennilega til að í tillögum landbn. var tekið mið af því hvaða ákvarðanir höfðu verið teknar í þessum málum á Alþingi. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Samráð skal haft milli fjmrn. og landbrn. um framkvæmd verðjöfnunar."

Stjórnsýslulega var þetta því allt þrengra og tekið tillit til þeirra laga sem voru í gildi en síðan hefur verið ákveðið og lögfest var í desember. Þannig að ef það á að taka tillöguflutning Framsfl. eitthvað alvarlega, sem ég auðvitað geri ekki, þá er það að þrengja þær hemildir sem landbrh. fékk í desember. (**Gripið fram í:** Voðalegt bull er þetta.) Þetta er það sem framsóknarmenn hafa til þessara mála að leggja.

Það er hárrétt sem fram kom hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að forræði þessara mála var tryggt með upphaflegu frv. landbrh. eins og það var þá lagt fram. Það er hárrétt hjá honum. Það sem bar á milli í sambandi við frv. landbrh. og afgreiðslu landbn. var að það voru engar heimildir í texta frv. landbrh. um framkvæmd verðjöfnunargjalda. Það var það sem út af stóð og það var breytingin sem landbn. gerði. Skal ég svo ekki elta frekar ólar við þingmenn Framsfl. út af þessu máli.

Það sem skiptir máli í þessum efnum er það frv. sem hér hefur verið lagt fram af landbrh. og er til umræðu núna. Um það má að sjálfsögðu fara mörgum orðum. Það hefur komið fram hjá mér áður að mér finnst þessi lagatexti ekki vera neitt sérstaklega sniðugur og ég hefði vissulega kosið það ...(**GÁ:** Hvaða texti?) Á frv. ríkisstjórnarinnar. Ég hefði frekar kosið það að forræðið hefði verið ákveðið og síðan hefðu vörurnar verið taldar upp í reglugerð en hér er ekki um neitt sérstakt nýmæli að ræða. Það er sams konar ákvæði í bæði tollalögum og lögum um vörugjöld þar sem tollnúmer eru talin upp í viðaukum. Hér er að því leyti ekki nýmæli á ferð og það er ómótmælt að þetta er út af fyrir sig óvefengjanlegt og alveg skýrt. Það er svo annað mál að í þessum efnum vakna ýmsar spurningar og það verður að sjálfsögðu hlutverk landbn. að skýra málið og fá svör við þeim spurningum.

Menn tala hér um óbreytt ástand frá því í desember en ég er engan veginn viss um að svo sé. Ég satt að segja efa að hér sé um að ræða óbreytt ástand frá því í desember. Ég held að 72. gr. sé þrengd óbeint. Þó að þessi lagagerningur snerti hana ekki þá held ég að 72. gr. og sá réttur sem landbrh. er fenginn þar sé þrengd. Úr þessu verður að sjálfsögðu skorið í umfjöllun landbn. um málið.

Ég er líka þeirrar skoðunar og það er hvergi tekið fram í þessum lagatexta að hér sé um bráðabirgðalög að ræða og þau eigi að gilda til einhvers ákveðins tíma. Þannig að frv. sem slíkt og afgreiðsla þess hlýtur að taka mið af þeim aðstæðum sem nú eru og meðan ekki hafa komið fram aðrar tillögur í þessum efnum þá hlýtur málið að verða rætt á þeim grundvelli að þar sé ekki um bráðabirgðalagaákvæði að ræða.

Tími minn er senn búinn og eins og ég hef áður sagt er þessi umfjöllun hér að byrja. Ég vil hins vegar undirstrika það í lokin að þær breytingar sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir eru náttúrlega býsna víðtækar eins og hefur komið fram í þessari umræðu þar sem menn eru að víkja frá innflutningstakmörkunum yfir í það sem menn kalla innflutningshindranir. Við erum að færa okkur frá þeim ákvæðum sem 52. og 53. gr. búvörulaganna kveða á um. Þar eru réttindi landbúnaðarins í þessari stjórnsýslu ákveðin í núgildandi lögum og við erum að færa okkur yfir í umhverfi sem ákveðið er í 72. gr. búvörulaganna. Við þau ákvæði og þær ákvarðanir sem þar liggja fyrir koma þessi mál til með að þróast í næstu framtíð og það er að sjálfsögðu mikið grundvallaratriði að landbúnaðurinn og bændastéttin viti með trúverðugum hætti hvað snýr að þeim í þeim efnum. Þess vegna hlýtur það að vera eitt af viðfangsefnum landbn. að lesa þessar tvær lagagreinar vel saman og raunar kannski að líta á framkvæmdina frá því í desember því að ekki ætla ég að leyna því hér að mér finnst það fullkomlega óeðlilegt að tvö ráðuneyti skuli gefa út reglugerð sama daginn um sama efni og skipta málaflokkunum á milli sín. Þetta hlýtur að koma hér til umfjöllunar. Það er nefnilega svo að það virðist þurfa að breyta víðar en bara í landbúnaðinum. Ég held að það væri góður kostur að allt það smákóngasamfélag sem tekur við þessum málum í Stjórnarráði Íslands geri sér grein fyrir því hverjar þær breytingar eru sem íslenskur landbúnaður er að ganga í gegnum og geri sér grein fyrir því að þar eigi að vinna eftir þeim reglum sem eru lögin í landinu sem eru ákveðin hér á Alþingi Íslendinga. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram að að því er þessi mál varðar núna, þá á ekki að tala í hálfkveðnum vísum heldur að kveða svo á að eftir því verði farið sem hér er ákveðið eins og auðvitað ber af þeim sem annast stjórnsýsluna í þessu landi.

Ég get svo rétt aðeins getið þess að ég á ekki von á öðru en að greiðlega verði unnið í landbn. Alþingis. Fyrsti fundur okkar verður haldinn í fyrramálið og það hefur verið ákveðinn annar fundur á mánudag og síðan kemur okkar reglulegi fundur á þriðjudag. Það hafa verið gerðar ráðstafanir til þess að hinir hæfustu menn, löglærðir með góða reynslu, kæmu til viðræðu við nefndina og vona ég að þannig fáist góður grundvöllur að niðurstöðu í störfum landbn.

[16:45]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er nú svo aldeilis hissa. Loksins undir lok ræðunnar þegar bóndinn í hv. þm. Agli Jónssyni tekur að tala þá segir hann skýrum rómi að lagatexti í stjórnarfrv. sé ekki sniðugur. Og hann bætir við: Þegar smákóngaveldið í Stjórnarráðinu fær nú allt þetta í hendur sem verið er að láta það hafa hér, það er fyrirkvíðanlegur tími. (**Landbrh.:** Hver segir að lagatexti eigi að vera sniðugur?) Það er nákvæmlega það sem við erum að segja, hæstv. landbrh. og lögmenn segja. Textinn er ekki sniðugur. Hann er óljós. Hann eyðir ekki réttaróvissu. Hann er götóttur. Og í ofanálag segja þeir: Hann er arfavitlaus. Þetta segja færustu lögmenn landsins þannig að þetta er sérkennilegasta lagasetning sem hér hefur sést. (**Gripið fram í:** Hvaða lögmenn eru það?) Það er hópur lögmanna sem fullyrðir þetta. Við hljótum að kalla þá til fundar í landbn. og

þar fáum við tækifæri til að hlusta á þeirra mál.

En hér kemur hv. þm. Egill Jónsson og fullyrðir að lögin í desember gangi lengra en það frv. sem hér hefur verið lagt fram af hálfu okkar framsóknarmanna og gerir lítið úr því frv. Þetta er alveg furðulegur málflutningur og furðuleg endaskipti sem hafa orðið hér á ágætum manni sem maður hélt að ætlaði að vera tröllvaxinn í vörn fyrir íslenskan landbúnað. (**Gripið fram í:** Ég er sammála því.) En nú hafa orðið endaskipti á þessum ágæta hv. þm. (Gripið fram í.) Þegar hæstv. utanrrh. var að ræða við mig rétt áðan þá ætlaði hann að gabba mig á frv. frá því í vor, á 1. gr. sem ég las upp:

„Innflutningur á búvörum, unnum sem óunnum og tilsvarandi vörum, sem jafnframt" o.s.frv. Hann segir: Þetta er úrelt. En í nákvæmlega sama frv. segir síðar til þess að hugsa bæði um nútíð og framtíð: „Ráðherra getur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. heimilað innflutning í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum."

Hv. þm. Egill Jónsson. Frv. sem þingmaðurinn vann með landbn. í vor hefði eytt allri réttaróvissu. Það veit þingmaðurinn og hann hlýtur miðað við það sem seinni hluti ræðu hans fjallaði um að taka enn einn kollhnís og ná skynsamlegri niðurstöðu með landbn.

[16:48]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. átti að því leyti gagnlegt erindi hér upp í þennan ræðustól að hann sannaði það með ótvíræðum hætti að hann hefur ekki enn áttað sig á því að frv. landbrh. og lögin eins og þau eru ganga lengra með tilliti til heimilda landbrh. Þetta var reyndar skýrlega tekið fram við umræðuna í landbn. í desember þó að hún væri stutt og ég vek bara athygli á því að allur Framsfl. greiddi atkvæði með einmitt þessum þætti málsins. Allur. Ég hef af sérstakri ástæðu farið yfir umræðurnar frá því í desember og það er ekki eitt orð frá hv. þm., ekki eitt einasta aðvörunarorð við þennan texta. Það er svo annað mál að framsóknarmenn hafa sína lögun og þar með þessi hv. þm. og þá snilld að verða vitur eftir á.

[16:50]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst hv. þm. Egill Jónsson vill fara hér í rökræður um desemberlögin, þá er rétt að gera sér grein fyrir því að við framsóknarmenn bárum efasemdir um það frv. En hvernig stóð hv. þm. sem hér þóttist hafa í hótunum við Alþfl. í haust að því verkefni? Hann heimtaði að þetta mál færi í gegnum þingið á tveimur dögum. Það mátti varla kalla fyrir lögmenn inn í nefndina. Það mátti ekki senda það til umsagnar, þá moðsuðu og hv. þm. Egill Jónsson gat þess margoft að þetta yrði að nást fram fyrir jólin. En frv. er samið 8. sept. í haust. Liggur þá fullbúið í sínum spjöldum og kemur eftir krókaleiðum inn í Alþingi 18. des. því að á þeim tíma var hæstv. utanrrh. erlendis og menn sögðu: Þetta verður að fara í gegn áður en hann kemur og veldur ófriði í ríkisstjórninni. En síðan þetta hefur gerst hefur hann nú tekið öll völd í þessum málaflokki.

En við hv. Egil Jónsson vil ég segja þetta að lokum: Hjarta hans slær alltaf fastast og hraðast fyrir Sjálfstfl. Hann er tilbúinn að ganga í björg fyrir þennan flokk og hann er tilbúinn að gera það einnig fyrir áframhaldandi samstarf við Alþfl. En hann gleymir hagsmunum íslenskra bænda og þess fólks sem nú er í afurðastöðvum að berjast fyrir því að halda íslenskri framleiðslu og vinnu áfram í þessu landi.

[16:52]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. talaði áðan um afgreiðslu frv. frá því í desember, talaði um hraða afgreiðslu og að ekki hefði fengist ráðrúm til þess að ræða málið og kalla til þess menn. Þetta undirstrikar það sem ég sagði áður og undirstrikar það alveg sérstaklega hvað þessi hv. þm. hefur ríkan hæfileika til þess að vera vitur eftir á því að öllum óskum hans í þessum efnum var sinnt í desember. Þær eru hins vegar of seint komnar fram á þessum degi til þess að færast til desembermánaðar sl. Þetta sýnir nú í hnotskurn hvernig þessum hv. þm. er innan brjósts um þessar mundir.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Hv. 5. þm. Suðurl. óskar að bera af sér sakir.

[16:53]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Það er erfitt að hafa ekki málfrelsi þegar á að gera mann hér að stórlygara fyrir framan þingið og þjóðina. Hv. þm. Egill Jónsson hefur fulla hugmynd um það að ég ræddi við hann — að vísu ekki með vitni við hliðina á mér — að ég vildi fá ákveðinn lögfræðing til að koma á fund nefndarinnar en þá ræddi hv. þm. um það að tíminn væri þrotinn og við yrðum að koma þessu máli fram áður en þingið færi í jólahlé. Hann veit hvaða lögfræðing ég á við og hann hlýtur að muna eftir þessu samtali sem okkur fór á milli.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Hv. 3. þm. Austurl. óskar að bera af sér sakir.

[16:54]

Egill Jónsson:

Hæstv. forseti. Það sannast hér sem endranær að sannleikanum verður hver sárreiðastur.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti gat nú ekki heyrt að með þessum orðum væri hv. þm. að bera af sér sakir.

[16:54]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja að spyrja að því hvort ríkisstjórnin sé alveg horfin af vettvangi til þess að fjalla um þessi mál. Hér hafa setið nokkuð við í dag tveir hæstv. ráðherrar, hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh., en nú er hvorugur þeirra í salnum. Mér finnst hálferfitt að ræða þetta mál án þess að fulltrúi ríkisstjórnarinnar sé hér við og helst auðvitað fulltrúar hinna stríðandi afla innan ríkisstjórnarinnar. Ég vil

spyrja hæstv. forseta hvort þeir séu ekki í húsinu.

(**Forseti** (KE): Hæstv. landbrh. hefur brugðið sér úr sal. Forseti skal gera ráðstafanir til að kallað verði á hann en upplýst skal að hæstv. utanrrh. er ekki í húsinu.)

Hæstv. forseti. Ég sagði í upphafi ræðu minnar þegar ég tók til máls eftir framsöguræðu hæstv. landbrh. við frv. sem lagt var fram hér fyrir jólin um breytingar á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum að það hlytu að vera þung spor fyrir hæstv. ráðherra að koma með það frv. upp því að þó að þar sé í upphafi sett fram ákvæði sem annaðhvort við vorum neydd til að lögtaka eða voru jákvæð, þá var síðan í næstu setningum tekið brott það sem jákvætt var, þ.e. forræði landbrh. á þessum málefnum þar sem þriggja manna nefnd ráðuneyta var látin taka af honum völdin og fjalla um málið og hafa það sterkt vald að hann varð að skjóta málinu til ríkisstjórnar ef einhver nefndarmanna, þessara starfsmanna ráðuneytanna hinna, gerði athugasemdir við hans tillögu.

En þó held ég að steininn taki úr í sambandi við það frv. sem við erum nú hér að ræða. Við heyrðum það í fréttum eftir að dómur Hæstaréttar féll og hæstv. ráðherrar höfðu gefið nokkrar yfirlýsingar að þá væri farið að vinna að nýju frv. En það frv. var ekki unnið í landbrn. Það frv. var sagt vera í vinnslu hjá þremur öðrum ráðuneytum og öllu skýrara dæmi um það hvar frumkvæðið í landbúnaðarmálum raunverulega liggur orðið heldur en slík frétt. Ég held að það sé erfitt að hafa þá mynd öllu skýrari. En því miður er það svo að það er ekki aðeins undirbúningurinn að því og hvernig að því er unnið, heldur er það einnig efni þess. Hér er verið að setja fram takmarkandi heimildir. Það er verið að negla það niður með þeim viðauka sem fylgir þessu frv. að vald hæstv. landbrh. um landbúnaðarmál nái hingað og ekki lengra. Með því að telja upp ákveðin númer í tollskrá sem síðan er á valdi hæstv. fjmrh. að breyta meira og minna, hann getur gert ýmsar efnislegar breytingar á, þar með er auðvitað vald hæstv. landbrh. orðið heldur takmarkað.

Undirbúningur þessa máls og niðurstaða er slík að það er að sjálfsögðu algerlega orðið óviðunandi. Það hlýtur að vera algerlega óviðunandi vinnuaðstaða fyrir starfsfólk landbrn. að verða að hlíta því að frumkvæði og forræði að breytingum á landbúnaðarlöggjöf skuli vera hjá öðrum ráðuneytum. Og miðað við þau stóru orð sem hv. 3. þm. Austurl. hafði í lok ræðu sinnar hér áðan þá vildi ég beina því til hans, því miður er hann farinn úr salnum, ég vil beina því til hans að taka þetta atriði mjög vel til athugunar í meðferð málsins í landbn., hvernig raunveruleg staða landbrn. er orðin í landbúnaðarmálunum, sífellt varnarstríð þeirra eins og við höfum orðið glöggt varir við í sambandi við samningagerð á erlendum vettvangi þar sem nágrannaþjóðir okkar undrast það hvernig samningamenn utanrrn. halda á málstað Íslendinga þegar kemur að landbúnaðarmálum. Hér er um svo alvarlegt málefni að ræða að ég held að landbn. verði að kryfja það rækilega til mergjar við meðferð sína á þessu máli og sannarlega að gefnu tilefni.

Hæstv. landbrh. sagði að vonandi færi samþykkt þessa frv. að veita honum starfsfrið til þess að vinna að þörfum málum, eins og hæstv. ráðherra orðaði eitthvað á þá leið að gæfist tóm til að ræða aðra þætti landbúnaðarmála. Það er heldur dapurleg viðurkenning á starfi hæstv. landbrh. að hann skuli telja að hans starfsorka hingað til hafi farið í heldur gagnslitla hluti.

En er stríðinu lokið, þessu innbyrðis stríði sem hæstv. ráðherra segir að hafi staðið í ríkisstjórninni? Það hefur komið fram, m.a. í máli hans að það þurfi að breyta þessum lögum einu sinni enn áður en GATT-samningur gengur í gildi um næstu áramót og hæstv. utanrrh. eða þeir báðir töluðu þar um 11 mánaða tímabil. Á því tímabili á að breyta þessum lögum eitthvað í samræmi við það sem ríkisstjórnin telur nauðsynlegt og á því að skilja þann frið sem hæstv. landbrh. telur að nú muni verða þannig að hann ætli ekkert að sinna þessum málum eða á að skilja það svo að hann sé sammála orðum hæstv. utanrrh. hér áðan þar sem hann sagði um jöfnunargjöld að vitanlega væri það hæstv. fjmrh. sem hefði forræði á þeim en ekki hæstv. landbrh.? Er hæstv. landbrh. búinn að gefa það frá sér að hafa áhrif á álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt GATT-samningnum? Af orðum hæstv. utanrrh. var ekki hægt að skilja annað en það væri svo sjálfsagður og frágenginn hlutur að hæstv. fjmrh. fjallaði um það.

Hér er vissulega um merkileg tíðindi að ræða. En ef hæstv. landbrh. ætlar að reyna að klóra í bakkann og hafa þarna einhver áhrif þá er alveg ljóst að það getur ekki orðið friður á þessu 11 mánaða tímabili innan ríkisstjórnarinnar. Svo afdráttarlaus voru orð hæstv. utanrrh. áðan um það málefni. Og það er kannski þess vegna sem hæstv. landbrh. rak eiginlega upp neyðaróp í sinni framsöguræðu þar sem hann sagði eitthvað á þá leið að landbn. yrði að skoða málið vel svo að tryggt sé að vilji Alþingis komi skýrt fram. Hér er brýning til þingmanna stjórnarliðsins, ég get ekki skilið það öðruvísi, mjög hörð brýning til þingmanna stjórnarliðsins, að láta nú samvisku sína koma fram og hlýða ekki því sem að þeim er rétt. Og ég vonast til þess að stóru orð hv. formanns landbn. sem hann viðhafði áðan um það hvað hann ætlaði að gera rætist svo að fast verði á málunum tekið.

Ég skal ekki eyða fleiri orðum um þetta atriði. Það hafa aðrir komið hér á undan og lagt áherslu á það í hversu mikilli óvissu málin verða skilin eftir þrátt fyrir þetta frv. að ýmsu leyti og hv. 3. þm. Austurl. benti á að það þyrfti að skoða saman þetta frv. og 72. gr., þá sem samþykkt var fyrir jólin. En þar segir í upphafi, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara veitir landbrh. heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að."

Þetta ákvæði kastar í burtu öllu sem er í þessu frv. að því er varðar það sem snertir fríverslunar- og milliríkjasamninga og ég held að þetta atriði þurfi að skoða mjög vel. Það var þetta efni sem hv. 18. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, talaði um að ekki væri gert ráð

fyrir samráði við hagsmunaaðila, þ.e. bændasamtökin eða Framleiðsluráð, ekki í sambandi við innflutning hvað þetta varðar því að þessi grein þurrkar út öll fyrri ákvæði sem varða innflutning alveg afdráttarlaust.

En mig langar aðeins að spyrja hæstv. landbrh.: Hvert verður svo framhaldið af þessu þegar hann fer að gefa út þær takmörkuðu reglugerðir sem hann má gefa út? Hv. 3. þm. Austurl. sagði að hann væri ekki ánægður með það hvernig fór eftir áramótin þegar hæstv. landbrh. gaf út reglugerð þar sem aðeins voru 10 tollnúmer í sambandi við innflutning á vörum með landbúnaðarhráefni. En hæstv. fjmrh. gaf út reglugerð um sama efni með 36 tollnúmerum. Þannig var nú hlutskipti hæstv. landbrh. um þetta efni. En hvað verður um þessar reglugerðir? Þurfum við svo að senda þær reglugerðir sem snerta samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og tengisamninga hans til Brussel og fá þær staðfestar þar eða uppáskrifaðar? Hvaða ákvæði eru í gildi um það? Hver er tilkynningarskyldan til Brussel í þessum málum? Það er ákvæði um það í samningnum. Nær hún til þessara reglugerða?

Það hefur komið fram áður að 400 lagabreytingar hafa verið gerðar hjá Evrópubandalaginu síðan 1. júlí 1991 fram til síðustu áramóta þegar samningurinn tók gildi. Hvað mörg þessara mála snerta landbúnaðinn? Veit hæstv. landbrh. það? Eru það einhver ný atriði, sem þar koma inn í og geta haft áhrif á afstöðu til þessa samnings? Ef hæstv. landbrh. getur ekki svarað þessu hér þá vænti ég að hv. landbn. muni taka þau til skoðunar.

Ég vil því vona það að hv. 3. þm. Austurl., formaður landbn., láti þau orð sín rætast sem hann sagði hér áðan að hann ætli að skoða þetta mál rækilega og betrumbæta í landbn. og þá þarf sannarlega að taka vel til hendinni til þess að ná því markmiði og skapa landbúnaðinum og landbrn. og hæstv. landbrh. viðunandi stöðu.

[17:12]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi ræða var athyglisverð í ljósi þess að hér talar fyrrv. landbrh., sá maður sem ber ábyrgð á lögunum frá 1985, sá maður sem bar það fram hér á hinu háa Alþingi að fyrri mgr. 41. gr. hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar sem með þau mál fara leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins."

„Skulu aðilar sem með þau mál fara." Þessi setning hefur verið túlkuð á ýmsa vegu og þann tíma sem þessi hv. þm. var landbrh. kom aldrei neinn úrskurður um það að hann hefði forræði yfir þeim málum sem í þessum lögum fælust. Þessi deila stóð þangað til úrskurður kom um það frá núv. forsrh. í september sl.

Ég vil líka tala um það vegna þess að hv. þm. er að tala um að ég hafi verið að gefa frá mér forræði yfir jöfnunargjöldum. Þann tíma sem hann var landbrh. og þann tíma sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon var landbrh. höfðu þeir ekki forræði jöfnunargjaldanna í sínum höndum. Þeir höfðu það ekki. Og hver er skýringin á því að ekki voru á þeim tíma lögð jöfnunargjöld t.d. á kjötinnihald í pasta yfir 20% o.s.frv.? Hvernig stóð á því að sá innflutningur var frjáls án jöfnunargjalda? Vegna þess að þeir sem landbúnaðarráðherrar náðu því ekki fram eða höfðu ekki hugsun á því að jöfnunargjöld yrðu lögð á slíkar vörur. Þetta kom mjög inn í umræðuna þegar við vorum að tala um samningana um hið Evrópska efnahagssvæði og veikti mjög málstað okkar Íslendinga.

Í þriðja og síðasta lagi. Sá tollalisti sem fylgir þessu frv. er auðvitað ekki saminn í utanrrn. Þetta er sá tollalisti sem er í þeirri reglugerð sem gefin var út í landbrn. með nokkrum viðbótum sem teknar eru úr tveimur reglugerðum. Þetta er það sem við höfum talið nauðsynlegt að taka fram og það hefur ekki verið gagnrýnt af þessum þingmanni að inn í þennan lista vanti fleiri tollnúmer.

[17:15]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom hér fram hjá hv. 3. þm. Austurl. áðan að það sem hæstv. ráðherra var að lesa upp úr 41. gr. væri allt frá árinu 1955, en það skiptir kannski ekki aðalmáli heldur hitt að síðan lögin voru samþykkt og síðan breytt 1985 þá voru hér allt önnur skilyrði. Þá var bannaður innflutningur á vörum nema þeim sem væru gefnar frjálsar og það var við þau skilyrði sem þetta var miðað. Og breytingin varð svo þegar lög um utanríkisviðskipti voru sett hér á Alþingi 1992 sem hæstv. forsrh. sagði að hæstv. viðskrh. hefði laumað í gegn eða lætt í gegn og reyndar fullyrti þá sjálfur, hæstv. þáv. viðskrh. að þetta ætti engu að breyta. En vegna þeirrar breytingar er það sem hæstaréttardómurinn féll. Af þeim sökum er hér um að ræða meinloku hjá hæstv. landbrh. að það sé hægt að rekja þetta aftur til þess tíma.

[17:16]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hlýt í annan stað að gera athugasemdir við þau ummæli hv. þm. að það sé vafamál um það hvort réttur ráðherra til álagningar verðjöfnunargjalda sé bundinn við fríverslunarsamningana um Evrópska efnahagssvæðið eða sé almennur. Auðvitað er rétturinn almennur. Það er skýrt kveðið á um það í lögunum frá 21. des. þar sem segir:

„Ráðherra ákveður með reglugerð á hvaða landbúnaðarvörur, þar með taldar unnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, skuli leggja verðjöfnunargjöld við innflutning. Verðjöfnun á unnum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra." O.s.frv.

Þessi lagaákvæði eru mjög ítarleg. Dettur einhverjum manni í hug að allt það sem menn lögðu á sig í desember hafi einungis verið til að tryggja landbrh. að leggja verðjöfnunargjöld á jógúrt og kókómjólk? Dettur einhverjum manni það í hug? Auðvitað dettur engum þingmanni það í hug. Sú hugsun kom aldrei inn hér í þinginu. Hún kom aldrei inn í nefndinni. Þetta er fáránleg rökskýring og á sér engin rök og enga stoð.

Á hinn bóginn eru það útúrsnúningar af þessu tagi

sem veikja landbúnaðarlöggjöfina í heild sinni, trú manna á henni og eiga rætur til þess glundroða sem hefur ríkt í þessum efnum. Þessi ummæli þingmannsins nú áðan ganga þvert á það sem sagt var áður og það er í sannleika sagt undarlegt að ekki skuli hafa verið hægt að tala um atvinnumál landbúnaðarins, lög sem fjalla um landbúnaðinn með sama hætti og um aðra atvinnuvegi, af hverju útúrsnúningar og tortryggni ráða þar ríkjum og það er ekki hægt að ganga ærlega til verks um löggjafarstarfið eða annað þegar landbúnaðurinn er annars vegar.

[17:18]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að hæstv. landbrh. hefði verið hér inni þegar hæstv. utanrrh. var að segja að auðvitað væri það fjarstæða að láta sér detta í hug að landbrh. hefði eitthvað um verðjöfnunargjöld að segja. Það væri hæstv. fjmrh. að leggja þau á. Og mín orð vega nú ekki þungt miðað við það sem hæstv. utanrrh. segir sem hefur sýnt það að undanförnu hversu sterk tök hann hefur á landbúnaðarmálunum og er ...(**EgJ:** Í hverju hefur það komið fram?) M.a. í undirbúningi þessa máls eins og ég rakti og hv. þm. var því miður ekki hér inni þegar ég talaði hér. Ég vil þá spyrja hæstv. landbrh. hvernig hann skilji þessi afdráttarlausu orð hæstv. utanrrh. að það sé fjarstæða að láta sér detta í hug að hæstv. landbrh. eigi að fjalla um jöfnunargjöld, það sé hæstv. fjmrh., um það þurfi ekkert að deila. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að lesa það sem hann sagði. Ég vænti þess að við getum fengið það fljótlega á blaði.

[17:19]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Öllum er kunnur sá ágreiningur á Alþingi og í ríkisstjórn undanfarnar vikur og mánuði sem staðið hefur við að gera tilraunir til að breyta búvörulögum og færa forræði þessara mála til landbrh. (**Gripið fram í:** Utanrrh.) Ekki verður þó hjá því komist að koma aðeins að þessari sögu.

Við afgreiðslu búvörulaga á vordögum 1993 náði mikill meiri hluti landbn. saman um brtt. við lögin og var hún lögð fram. Að henni stóðu þeir hv. þingmenn Egill Jónsson, Einar K. Guðfinnsson, Árni Ragnar Árnason, Össur Skarphéðinsson, Guðni Ágústsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og sá sem hér stendur, en þeir þrír síðasttöldu skrifuðu undir nefndarálitið með fyrirvara.

Hér var um óvenjulegan stuðning við brtt. að ræða þar sem sjö af níu nefndarmönnum stóðu að henni. Mátti því reikna með að hún hefði greiðan byr í gegnum Alþingi. Ekki kom þó til þess að á það reyndi því Alþingi var slitið áður en til atkvæða kom.

Önnur tilraun var gerð í þessum efnum fyrir síðustu jól. Var það frv. afgreitt með atkvæðum allra stjórnarsinna en með hjásetu stjórnarandstöðu. Mér þykir hlýða þegar við stöndum hér rúmum mánuði síðar í sömu sporum og fyrir jólin að vitna til orða minna við þá umræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Á fundi í landbn. sem haldinn var laugardaginn 18. des. sl. voru kallaðir til sérfræðingar til að túlka ákvæði frv. um forræðisrétt landbrh. yfir innflutningi erlendra búvara og álagningu verðjöfnunargjalda. Skýrt var tekið fram af Sigurði Líndal prófessor að landbrh. hafi full yfirráð þessara mála þrátt fyrir ákvæði laganna um eftirlitsnefnd kratanna og um að málið komi að síðustu fyrir ríkisstjórn ef ágreiningur er.“

Og enn fremur: „Til að skýra heimild landbrh. til að leggja á verðjöfnunargjöld samkvæmt 1. gr. lagafrv., fékk landbn. Svein Snorrason hrl. Hans niðurstaða er sú að verði lagafrv. þetta að lögum heimili það landbrh. að leggja jöfnunargjöld á allar landbúnaðarvörur sem innfluttar kunna að verða með hemild í ákvæðum fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að án undantekninga. Það á við unnar sem óunnar landbúnaðarvörur hvort sem um er að ræða í líkjaformi, svo sem smjörlíki, ostlíki eða aðrar sem falla í tollflokka í köflum 1–24 í tollskrá að undanteknum fiski og fiskafurðum.“

Enn fremur sagði ég: „Vegna þessa ágreinings sem búinn er að vera um þetta mál allt frá því að það var tekið á dagskrá á hv. Alþingi á sl. vori er það ákaflega þýðingarmikið að þessi lögfræðiálit skuli hafa verið fengin. Á það vil ég leggja áherslu. En þó svo að þessi niðurstaða færi forræði þessara mála innan lands til landbrh. á ótvíræðan hátt eftir þeim skilningi lögfróðra manna um efnisinnihald frv. sem á undan er rakið, má ekki gleyma því á hvern hátt hæstv. utanrrh. hefur unnið að þessu máli. Eigum við eftir að standa frammi fyrir því að hann sé búinn að semja um víðtækar opnanir á innflutningi landbúnaðarvara í fríðindasamingum við önnur ríki eins og hefur gerst ítrekað í EES-samningunum.“

Svo mörg voru þau orð þegar ég var að lýsa stöðunni fyrir jólin.

Ég verð að játa nú að bjartsýni mín sem fólst í tilvitnuðum orðum hefur því miður ekki ræst. Ég hélt þá að loksins, loksins, — loksins væri búið að eyða óvissu í landbúnaðarmálum. Hæstv. ráðherra ákveðinna mála — hann er nú farinn, ég má ekki segja meira — væri nú loksins kominn í bönd, að hæstv. — við skulum kalla hann hæstv. utanrrh. að þessu sinni, væri loksins kominn í bönd en því var ekki að heilsa, því að dómur Hæstaréttar í skinkumálinu féll að loknum jólum og áramótum. Og nú stöndum við enn frammi fyrir nýrri tilraun til að koma böndum á þessi mál en sem fyrr sannast að það er erfitt að kenna gömlum hundi að sitja.

En hvað er til ráða? Fyrir liggur nýtt frv. frá ríkisstjórninni um breytingu á lögum nr. 99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Þetta nýja frv. er flutt til breytinga á þeim lögum sem við samþykktum rétt fyrir jólin, sem voru staðfest 28. desember og eru því rúmlega mánaðargömul. Það er fljótsagt að mér líst ekki á að það frv. leysi vandann, tel fráleitt að telja í lögum upp tollskrárnúmer til að ákveða vörur sem bannað er að flytja inn í landið. Ég vil í þessu sambandi vitna til greinargerðar sem Magnús Hannesson lögfræðingur hefur unnið fyrir landbn. Hann segir m.a. á einum stað, með leyfi forseta:

„Sú aðferð að telja upp tollskrárnúmer til að ákvarða vörur sem bannað er að flytja inn í landið hefur þann kost að menn vita nákvæmlega hvaða vörur þetta eru. Ókostirnir eru þeir helstir að auðvelt er að breyta tollflokkum hvað síðustu tvo tölustafina varðar og gæti það raskað þeim grundvelli sem bannið var byggt á. Verði þessi leið farin" segir lögfræðingurinn „yrði að koma nákvæmlega fram í lagaákvæðinu að miðað væri við tollskrá eins og hún var á tilteknum degi." Svo mörg eru þau orð.

Virðulegi forseti. Það er hins vegar mikið innlegg í þessa umræðu þær upplýsingar sem komu fram á fundi landbn. 25. janúar sl. Þar skýrðu lögfræðingarnir Tryggvi Gunnarsson og Sveinn Snorrason frá þeirri skoðun sinni að hefði brtt. sjömenninganna, þ.e. fjögurra sjálfstæðismanna, tveggja framsóknarmanna og eins alþýðuflokksmanns sem ég gat um fyrr og lá fyrir á vordögum 1993, verið samþykkt þá hefðu þær sífelldu uppákomur sem verið hafa í þessu máli ekki komið til. Þetta er mikil og athyglisverð staðreynd. Af þessu leiðir að lausn þessa máls sem við erum hér að glíma við felst í því að snúa sér að brtt. sjömenninganna við búvörulögin frá vordögum 1993 sem hér liggur fyrir í frumvarpsformi á þskj. 515 frá framsóknarmönnum. En vegna lagabreytinganna fyrir jólin þarf að fella síðari hluta hennar niður en um leið að taka inn ný ákvæði.

Þar sem ég á sæti í þeirri nefnd sem mál þetta fer til mun ég leita stuðnings þar við breytinguna en þar er fyrst og fremst um að ræða að fella niður 2. mgr. eins og ég gat um fyrr. Í stað hennar gæti t.d. komið svohljóðandi:

„Heimili ráðherra innflutning samkvæmt 1. mgr. og er honum þá jafnframt heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar vörur eins og þau eru ákveðin í 72. gr. Sama gildir um unnar búvörur sem fluttar eru inn samkvæmt fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að, enda sé varan jafnframt framleidd hér á landi. Landbrh. setur með reglugerð nánari ákvæði um innflutning búvara, leyfisveitingar og skilgreiningar á hvaða vörur falla undir ákvæði þessarar greinar."

Það þarf og að herða á orðalagi í 1. mgr. þar sem m.a. stendur að innflutningur garðyrkjuafurða skuli því aðeins leyfður að innlend framleiðsla fullnægi ekki eftirspurn. Eðlilegt er að þarna komi: Innflutningur búvara. Gera þetta miklu víðtækara.

Virðulegi forseti. Farsælasta lausnin á þessu vandamáli varðandi búvörulögin sem of lengi er búið að glíma við er að samþykkja endurskoðaða tillögu sjömenninganna frá vordögum 1993. Það er eina frambærilega lausnin í stöðunni.

[17:30]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja út frá því sem hv. þm. Jón Helgason beindi þeim orðum til mín áðan, þá hafði hann ummæli eftir hæstv. utanrrh. sem voru rangt höfð eftir. Utanrrh. sagði að forræði landbúnaðarmála væri í höndum landbrh. Hann sagði jafnframt að landbrh. hefði forræði yfir verðjöfnunargjöldum. Það kom ljóst fram í hans máli en á hinn bóginn sagði hann af öðru tilefni að tollamál væru á forræði fjmrh.

Hv. þm. beindi til mín fyrirspurn eftir að ég hafði ekki lengur rétt til að svara, ef ég man rétt, hv. 6. þm. Norðurl. e.

Varðandi það sem hv. þm. Eggert Haukdal sagði áðan vil ég segja það fyrst að ræða hans fól það í sér að hann vill ekki standa við þá samninga sem Alþingi hefur samþykkt um hið Evrópska efnahagssvæði þannig að við verðum að líta svo á að önnur þau orð sem hann sagði hér hafi verið sögð í þeim anda að við ættum ekki að standa við gerða samninga sem er auðvitað hryggilegt að þingmenn hér skuli segja.

Ég vil í annan stað taka fram (**EH:** Það er ómakleg.) (**Gripið fram í:** Þetta er ómaklegt.) Þetta er ekki ómaklegt. Hann sagði það um grænmetið. Í annan stað vil ég taka það fram út af ummælum hv. þm. að það er algerlega afdráttarlaust að landbrh. fer með forræði yfir þeim tollflokkum sem eru í því frv. sem ég hef lagt fram. Það gefur landbrh. meira forræði yfir málefnum bænda og landbúnaðarins en landbrh. hefur haft nokkru sinni svo ég muni eftir um þessi efni þannig að það er auðvitað ábyrgðarhluti fyrir þann mann sem vill berjast fyrir bændur, berjast fyrir því að þeir hafi öruggt rekstrarumhverfi að reyna að spilla fyrir því að slíkur árangur nái fram að ganga.

[17:32]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. var vissulega búinn að ná sér í mikla stöðu í sveitum landsins með starfi sínu í þessari ríkisstjórn og hefur raunar enn. En mér þykir leitt að hann skuli hafa látið falla á þessa stöðu sína með allt of miklum undirlægjuhætti við kratana sem enn og best kemur fram í því frv. sem hann er hér að leggja fram sem leysir ekki þennan vanda nema síður sé. Það er búið að auglýsa þennan ágreining viku eftir viku milli utanrrh. og landbrh. og þetta er grátlegt fyrir sjálfstæðismenn (**Gripið fram í:** Það er rétt.) að horfa á þessa uppákomu og fyrir þjóðina alla. Ég vildi mega vænta að hann færi að taka sig á. Á því ríða ekki aðeins hagsmunir landbúnaðarins heldur og flokks okkar og þjóðar.

[17:33]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það svo að ég hef lengi tekið eftir því að hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, er eftirtektarsamur og bændur á Suðurlandi hafa borið til hans mikið traust. Þegar hann segir nú að ég bregðist þessum sömu bændum, þá langar mig að biðja hann að koma hér upp í ræðustól Alþingis og nefna sérstaklega til þá vöruflokka sem hann er kvíðinn út af að ekki séu inni í þessu frv. Inni í þessu frv. eru allar kjötvörur, það eru hráar vörur, það er slátur, það eru soðnar kjötvörur. Hér er líka talað um pasta og pitsur sem eu með kjötinnihaldi, bæði yfir og undir 20% o.s.frv. Og hér eru mjókurvörur, bæði unnar og óunnar. Hvað er það sérstaklega sem hv. þm. ber fyrir brjósti? Hvað vantar inn í þetta frv.? Hvað vill hann tryggja betur? Það

væri fróðlegt að fá um það að vita. Hann hlýtur líka að verða spurður um það þegar hann fer austur fyrir fjall. Um hvað er hann nákvæmlega að tala? Í hverju hef ég brugðist?

Ég vil líka að það komi vel fram að það kemur mér auðvitað á óvart að hv. þm. skuli ekki standa vel á bak við sína ráðherra eins og hann á vanda til.

[17:35]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra ætti að vita það best að frumvörp eru ekki daglega á Alþingi útbúin með þessum hætti að telja tollskrárnúmer upp. Það er besti dómurinn um hvernig að þessu máli er staðið að eftir allt þetta tog og allan þennan tíma er þessi moðsuða lögð hér fram.

Hæstv. ráðherra hefði átt að heyra áðan í formanni landbn. Það hafa fleiri gagnrýnt hann en ég. Mér heyrðist koma fram í máli hv. formanns landbn., 3. þm. Austurl., að hann væri ekkert yfir sig hrifinn af þessu máli svo sem betur fer erum við fleiri í Sjálfstfl. sem höfum þanka fyrir að reyna að draga hæstv. ráðherra af þessari krataleið.

[17:36]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Fjallið tók jóðsótt og fæddist lítil mús. Í 10 daga höfum við beðið eftir því að sjá þetta frv. sem hér er á dagskrá. Við höfum heyrt yfirlýsingarnar sitt á hvað. Það var alltaf að fæðast en jóðsóttin tók bara svona langan tíma. Út af fyrir sig fagna ég því að ríkisstjórnin skyldi koma þessu frá sér. Þetta frv. þrengir a.m.k. þá smugu sem meiri hluti Hæstaréttar fann á löggjöfinni og meiri hlutinn byggði dóm sinn á, og það er auðvitað óviðunandi ástand að láta við svo búið sitja.

Það er til þjóðsaga um það að afkvæmi hunds og tófu sé kallað skoffín. (**Landbrh.:** Manstu hvort er móðirin?) Þá er tófan móðirin. Þetta afkvæmi utanrrh. og landbrh. er nokkuð sérkennilegt líka. Það gefur aldeilis á að líta, þetta frv. Það er einkennilegt sköpunarverk. Þarna er ekki lengur heiðursmannasamkomulag. Nú er skrifað. Nú treysta menn ekki lengur hver öðrum. Nú þarf að skrifa niður hlutina og það er fest við þetta tollskrá eða tollnúmeraskrá upp á örfáar blaðsíður þar sem kveðið er á um hvað hæstv. landbrh. megi gera. Hæstv. landbrh. er með þessu frv. settur í búr. Út úr því búri má hann ekki fara og hann á ekki að skipta sér af því sem skeður utan við búrið. Áhrifavald hans er takmarkað með algerlega óviðunandi hætti. Hann fær að taka nokkrar ákvarðanir. Flestar þeirra eru reyndar sjálfsagðar. Hann fær t.d. að taka ákvörðun um það hvort, eins og segir hér í upphafi, vörur sem háðar eru innflutningsleyfi landbrh., þ.e. 0201 kjöt af dýrum af nautgripakyni, nýtt eða kælt. Síðan er hér heilmikið af kjöti allt aftur í múlasna og múldýr, nýtt, kælt eða fryst. Og ætir hlutar af dýrum af nautgripakyni, svínum, kindum, geitum, hestum, ösnum, múlösnum eða múldýrum nýtt, kælt eða fryst. (**Landbrh.:** Þetta er í tollskránni.) Það má hæstv. landbrh. hafa á sinni könnu en þetta eru nú reyndar sjálfsagðir hlutir. Það er bannað í öðrum lögum að flytja þetta inn. Það væri reyndar svona til umhugsunar eftir síðustu afskipti Hæstaréttar af þessu máli. Hvernig mundi fara ef landbrh. drifi sig nú í það að heimila innflutning á einhverjum af þessum vörum sem bannaðar eru með sjúkdómavarnalögum og við skyldum segja að yfirdýralæknir eða hv. þm. Árni M. Mathiesen stefndi landbrh. fyrir þetta brot á sjúkdómavarnalögunum? Hvað mundi Hæstiréttur segja? Mundi hann telja að sjúkdómavarnalögin tækju af eða ekki? Þetta er hliðstætt eins og með búvörulögin.

Alþingi hefur legið undir miklu ámæli fyrir það að hafa sést yfir þá smugu sem Hæstiréttur fann. Ég flutti hér í fyrra og flyt aftur í ár, á þessu þingi, till. til þál. um lagaráð Alþingis. Þessu lagaráði er ætlað að vera Alþingi til ráðuneytis um viðkvæm og flókin úrlausnarefni. Ef þetta lagaráð hefði nú verið sett á stofn eftir tillögu minni í fyrra, ef hún hefði hlotið afgreiðslu þá og þetta lagaráð verið sett á stofn, þá er ég ekki viss um að þessi misbrestur, þessi yfirsjón, sem meiri hluti Hæstaréttar telur Alþingi hafa gert, hefði skeð.

Út af fyrir sig er kannski ekki ástæða til að orðlengja mikið um þetta frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Hér er bara verið að tjalda til einnar nætur. Það er troðið upp í smuguna svona að mestu leyti a.m.k., svona til áramóta, það er að vísu hægt að fara í að opna hana hugsanlega með nýjum tollanúmerum, en það er troðið upp í smuguna til áramóta. En eins og hæstv. utanrrh. segir: Þá kemur GATT. Og það var ekki lítill sigurvegari sem var í stólnum hér fyrr í dag. Því miður þá held ég að hæstv. landbrh. hafi ekki hlustað á hann. Ég hlustaði á hann. Ég sá fyrir mér mann sem hafði unnið fullan sigur. Og hann hafði líka efni á því að vera glaður. Þá er allt opið, þá hefur hann fengið viljann sinn. Þá er það hann sem ræður. Það er úr af fyrir sig lítil fórn fyrir hæstv. utanrrh. að bíða í ellefu mánuði, þá fær hann allt sem hann vill. Þetta er bara biðleikur eða hlé. Ég verð að telja það mikið geðleysi hjá hæstv. landbrh. hvernig hann er búinn að láta hæstv. utanrrh. fara með sig. Ég hélt ekki að hæstv. landbrh. væri svona lítilþægur eða mikill meinleysingi að hann léti fara svona með sig, sérstaklega með tilliti til þess að þingheimur, þorri þingmanna, stendur á bak við landbrh. Ekki það að okkur þyki hann vera sérstaklega góður landbrh. en ef hann heldur fram réttu og skynsamlegu máli þá stendur ekki á stjórnarandstöðunni að styðja hann. Eins og glöggleg kom fram hér þegar forsrh. rauk til með gerræðislegum hætti í fyrravor og sleit þinginu til að ekki yrði afgreitt mál sem hafði fylgi 50 þingmanna þá veit landbrh., ætti að vita, að staða hans er miklu sterkari en raunin hefur orðið af því hvernig hann beygir sig, hvað hann er hálsliðamjúkur við hæstv. utanrrh. Hann er með hausinn ofan í bringu ef utanrrh. tekst á við hann. Utanrrh. hæstv. hefur alltaf betur í þeirra skiptum. Ég skil ekkert í hæstv. landbrh., sem ég þekki frá fornu fari sem ansi öflugan náunga, að láta fara svona með sig.

Erindi mitt í ræðustól er að brýna hv. landbn. til að lagfæra þetta frv. Breyta því þannig að smugan sem meiri hluti Hæstaréttar fann sé örugglega lokuð og inn-

flutningur og útflutningur landbúnaðarvara sé tvímælalaust og undantekningalaust á forræði landbrh. og ákvörðun um jöfnunargjald. Það koma nefnilega aðrir landbrh. í framtíðinni sem ekki munu una því að vera í gíslingu hjá öðrum ráðherrum. Þeir vilja ekki vera í búri. Þeir koma til með að hugsa kuldalega til hæstv. núv. landbrh. sem hefur rýrt þetta embætti með því að láta beygja sig með þeim hætti sem hann hefur gert.

Landbn. verður að laga þetta frv. og gera það þannig úr garði að hagur landbúnaðarins, atvinnan í landinu, sé sæmilega tryggð og vegur landbrh. framtíðarinnar sé gerður eðlilegur en ekki skilið við eins og gert er með þessum hætti.

[17:46]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir framsóknarmenn halda sig við sama heygarðshornið. Ég hlýt að láta í ljós undrun mína yfir ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar.

Það frv. sem hér liggur fyrir er algjörlega afdráttarlaust, algjörlega afdráttarlaust, og hefur ekki áður verið kveðið jafnskýrt á um það hver séu tök landbrh. yfir innfluttum landbúnaðarvörum. Hér stendur:

„Innflutningur á þeim vörum, sem tilgreindar eru í viðauka með lögum þessum og flokkast í þar til greind tollskrárnúmer, er óheimill nema að fengnu leyfi landbrh.“ Þetta er alveg skýrt, skorinort og afdráttarlaust. Þeir tollflokkar sem hér er talað um eru þeir tollflokkar sem umræðan hefur snúist um undanfarin ár. Við erum að tala um kjöt, hrátt og soðið eins og ég var að reyna að útskýra fyrir hv. þm. Eggert Haukdal. Við erum að tala um mjólk og mjólkurvörur. Það er alveg ljóst að svo afdráttarlaus heimild hefur ekki áður verið veitt landbrh. Það er líka alveg ljóst að landbrh. hefur ekki áður haft jafnskýlausa heimild til álagningar verðjöfnunargjalds og nú er og það er vitaskuld rangt enda kom það glögglega fram hjá þeim lögfræðingum sem komu til landbn. að það sé ekki á valdi landbrh. að ákveða jöfnunargjöld. Hins vegar kveða lögin á um að það skuli vera samráð við tvo ráðherra aðra, viðskrh. og fjmrh. Í því frv. sem framsóknarmenn sjálfir hafa lagt fram og nú liggur fyrir þinginu er talað um að landbrh. eigi að hafa samráð við fjmrh. en þó eigi það að vera fjmrh. sem hafi úrslitaorðið í sambandi við verðjöfnunargjöldin. Þetta sýnir nú hvernig málatilbúnaðurinn er. Þetta sýnir hreinskilnina og hreinlyndið í málflutningi framsóknarmanna.

[17:48]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það frv. sem tveir þingmenn Framsfl. flytja hér var samkomulagsmál fulltrúa allra flokka í landbn. í fyrravor. (**Gríðið fram í:** Þriggja flokka.) Þriggja flokka. En naut stuðnings 50 þingmanna. Ef framsóknarmenn hefðu skrifað þetta frv. einir og sér þá reikna ég með að þeir hefðu e.t.v. orðað þetta ofurlítið öðruvísi.

Hæstv. landbrh. er bara kátur í búrinu sínu. Hann þykist ekkert þurfa meira, hann vill ekkert meira. Hann unir sér þar. Hann breiðir upp fyrir haus. Hann þarf ekkert meira. Hann sættir sig við þetta. Hann er með bréf upp á vasann frá hæstv. forsrh. þar sem forsrh. fól honum eða ráðuneyti hans ákveðið verk. En það hefur aldrei verið farið svona með neinn landbrh. áður. Fyrrv. hæstv. landbrh. hafa fengið frið í sinni eigin ríkisstjórn til að halda reisn sinni.

Hvernig dettur ykkur í huga að t.d. fyrrv. landbrh., Ingólfur Jónsson á Hellu hefði brugðist við ef t.d. páv. foringi Alþfl. Gylfi Þ. Gíslason hefði rassskellt hann svona eða reynt að rassskella hann svona? Honum hefði aldrei tekist það þrátt fyrir allt. Þrátt fyrir að á brattan væri að sækja þá hélt alltaf Ingólfur Jónsson sínum hlut og hlut landbúnaðarins fyrir ásóknum Alþfl. og var þó páv. foringi Alþfl. miklu skæðari maður heldur en núv. formaður.

[17:50]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að hv. þm. nefndi ekki neitt það til sögunnar sem væri í tvísýnu eða hættu ef þetta frv. yrði samþykkt. Hann nefndi hvorki kjötvöru né mjólkurvöru einfaldlega vegna þess að hann kann ekki dæmi um neitt slíkt sem í hættu yrði.

Hv. þm. heldur áfram að gera því skóna að þetta frv. fari illa með landbrh. Hann talaði um hér í fyrri ræðu sinni að ég yrði í gíslingu hjá fjmrh. og viðskrh. Samkvæmt þessu frv. sem Framsfl. flytur, eða tveir þingmenn hans, ætti með sama málflutningi landbrh. að vera í gíslingu fjmrh.

Ég vil líka spyrja hv. þm. hvort hann hafi sagt það í fullkominni einlægni við sjálfan sig að fyrrv. landbrh. Jón Helgason og Steingrímur J. Sigfússon hafi fengið að halda reisn sinni fyrir hv. 1. þm. Norðurl. e., Páli Pétursyni? Ég er ekki viss um að svo sé. Ég er ekki sannfærður um að Páll Pétursson hafi verið ötulasti stuðningsmaður Jóns Helgasonar á meðan hann gegndi þessu embætti og hafi talið að Jón Helgason hafi gengið sérlega vel fram í því. Ég er heldur ekki sannfærður um að hv. þm. hafi verið mjög ánægður með síðasta landbrh., Steingrím J. Sigfússon, og fundist risið væri hátt á honum þegar hann skrifaði undir búvörusamningana. Þannig að ég hygg nú að þegar allt kemur til alls og þegar Páll Pétursson fer að gera þessa hluti upp við sjálfan sig þá megi ég vel una þeim samanburði í hans huga sem er á milli þessara þriggja landbrh.

[17:52]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt hjá hæstv. landbrh. að það kom fyrir að ég fyndi að einhverju sem fyrrv. landbrh. í þeim ríkisstjórnum sem ég hef stutt gerðu. Ég treysti mér t.d. ekki til að greiða búvörulögunum á sínum tíma atkvæði mitt árið 1985. Ekki að ég vissi það ekki að flokksbræður mínir unnu að þessu af góðum hug undir forustu páv. landbrh. Jóns Helgasonar heldur þóttist ég sjá fyrir hryggilegar afleiðingar af þeirri lagasetningu.

Ég var heldur ekki sammála öllu sem hæstv. fyrrv.

landbrh. Steingrímur J. Sigfússon gerði. En það breytir því ekki að mér finnst þeir hafa komið brattari út úr sínum embættum heldur en horfur eru á að núv. hæstv. landbrh. geri.

Hæstv. landbrh. bað mig að nefna dæmi um hvað gæti nú komið fyrir, hvað gæti nú skeð. Ég skal nefna dæmi. Það sem talið er upp í tollnúmeraskránni sem hér er prentuð með, á því hefur hann vald, á því hefur hann vald. Hann hefur hins vegar ekki vald á nýjum tollnúmerum sem inn kunna að verða sett um sama efni. Það er t.d. talað um smjörlíki, mig minnir að það sé með 9–15% dýrafitu. Við skyldum segja að einhverjum dytti í hug að flytja inn smjörlíki með 16% dýrafitu. (**Landbrh.:** Þá er það inni í þessu.) Hvar er það inn í þessu? (**Landbrh.:** Í mjólkurvörur.) Ja, við skulum segja að hann hugsaði sér að flytja inn með 8%. Hvað gerist þá? Það er engin trygging í þessu en ég er ekki að segja að þetta geti komið fyrir. Það sem máli skiptir er náttúrlega hvað skeður um næstu áramót. Og hæstv. landbrh. er búinn að búa ansi illa um sig með því að hafa einungis vald á 10 ákvörðunum af 46.

[17:55]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að halda hér margar ræður í dag en að gefnu tilefni ætla ég að koma upp og nota seinni tíma minn í þessari umræðu. Gagnvart því sem hv. 3. þm. Austurl. nefndi varðandi það frv. sem við tveir þingmenn Framsfl. höfum lagt fram er ég hins vegar tilneyddur til að segja nokkur orð.

Ég vil benda á það að á því frv. og því frv. sem samþykkt var hér fyrir jólin er einn grundvallarmunur. Okkar frv. lýtur að því að gera breytingu á 52. gr. frv. sem fjallar um innflutninginn. Gera hana þannig úr garði að hún héldi gagnvart innflutningnum og undantekningarnar væru síðan þeir milliríkjasamningar sem við höfum gert. Þetta er allt annar hlutur heldur en eins og gert var í vetur að búa til nýjar greinar sem voru „þrátt fyrir"-greinar. Nú sé ég að hv. þm. brosir en þetta er ekkert broslegt. Hv. þm. brosti ekkert undir ræðu hv. þm. Eggerts Haukdal hér áðan og andsvörum hans. Ég held nefnilega að málið sé alls ekkert broslegt.

Það er svo annað mál að fyrir því að við lögðum þetta fram í þessu formi eru ákveðnar ástæður. Það eru þær ástæður að þetta var sú málamiðlun sem Framsfl., Sjálfstfl. og Alþfl. komu á í störfum sínum í landbn. á síðasta voru. Við nefnum hins vegar í greinargerðinni að — ég ætla að lesa það upp, með leyfi forseta:

„Flutningsmenn gera sér ljóst að við þinglega meðferð málsins kann að þurfa að gera breytingu á frumvarpsgreininni vegna þeirra laga sem samþykkt voru í árslok 1993 og fleiri atriða. Hún er hins vegar flutt óbreytt þar sem ljóst var að allir fulltrúar Sjálfstfl. og fulltrúi Alþfl. í landbn. skrifuðu undir hana í fyrra og verður því að ætla að þingmeirihluti sé fyrir henni."

Hér kemur alveg skýrt fram að við erum okkur meðvitaðir um að það kunni að þurfa að breyta greininni og ekki mun standa á okkur að þær breytingar gangi í þá átt sem hv. þm. nefndi áðan. En ég er ekki viss um það að hv. formaður landbn. hafi afl til þess að fylgja þeim breytingum eftir.

Ég man eftir því þegar við vorum að vinna hér að þessu máli fyrir jólin að það lá alveg ljóst fyrir hjá hv. formanni landbn. að það mátti ekki breyta stafkrók í því frv. sem þá var búið að leggja fram. Það mátti ekki einu sinni láta fylgja með í nál. þær lögfræðiálitsgerðir sem við höfðum þó fengið í nefndinni, málið var svo viðkvæmt.

Ég vil í öðru lagi koma að því sem hæstv. landbrh. nefndi hér áðan — nú sé ég að hann er horfin úr salnum en ég ætla ekki að gera athugasemd við það núna, hann er orðinn þreyttur og skil ég það vel hann stendur í erfiðum málum — gagnvart því að 52. gr. eins og hún er nú í búvörulögunum hafi ekki haldið og svona sé þetta búið að vera síðan 1955 eins og hv. formaður landbn. nefndi. Þá vil ég ítreka það sem ég sagði fyrr í dag og kom fram í frv. ríkisstjórnarinnar í fyrra að þetta bann byggðist á innflutningslögunum og byggðist á því að það var fullur trúnaður og full samvinna milli landbrn. og viðskrn. enda ráðuneytin í sama húsinu. Og viðskrn. skrifaði umyrðalaust upp á þetta bann.

Það er svo eitt í þessu máli, virðulegi forseti, sem mér finnst umhugsunarefni. Það er að allt þetta hafarí síðustu vikurnar, öll þessi vinna sé til þess eins að tryggja óbreytt ástand um 11 mánaða skeið. Það segir mest um ástandið í ríkisstjórninni að hún geti ekki komið sér saman um það án þess að njörva það niður í lagatexta hvernig hún ætlar að standa að þessum málum fram að næstu áramótum.

Þá komum við að því sem að mínu mati er stóra málið í þessu. Við eigum ekki að horfa til baka. Það sem skiptir öllu máli er: Hvernig stöndum við að GATT-samningunum? Hvernig ætlum við að nota þær stoðir sem við höfum til þess að verja okkar framleiðslu fyrir niðurgreiddri innfluttri og hvernig ætlum við að nota þá möguleika sem eru til útflutnings? Þetta er það sem skiptir höfuðmáli. Og ég vil spyrja hæstv. landbrh. og ítreka spurningu mína frá því fyrr í dag: Hvað líður þeirri vinnu hjá ríkisstjórninni? Mun stefna ríkisstjórnarinnar varðandi ákvörðun tollígilda vegna GATT liggja fyrir áður en Alþingi fer heim í vor?

Nú er ég ekki endilega að segja að það þurfi að vera búið að binda þetta í lög fyrir vorið, þó það væri það besta, en mun stefnan liggja fyrir? Því þetta er sú stefna sem íslenskur landbúnaður þarf að fara að vinna eftir frá og með næstu áramótum. Við lásum það í Morgunblaðinu í morgun að hæstv. utanrrh. segir að frá og með þeim tíma verði þau tæki sem við höfum og getum beitt til að verja okkar framleiðslu fyrir niðurgreiddum erlendum búvörum ekki í höndum landbrh. heldur í höndum fjmrh. Í framhaldi af því spyr ég hæstv. ráðherra: Er ráðherrann sammála þessu mati viðskrh., sem kemur fram í Morgunblaðinu í morgun, að frá og með næstu áramótum verði þetta alfarið í höndum fjmrh.?

Virðulegur forseti. Ég hef ekki fleiri orð um þetta hér. Ég sá það á hæstv. landbrh. að honum var ekki

sama um ræðu hv. þm. Eggerts Haukdals áðan. Ég býst við að hv. 6. þm. Suðurl., Eggert Haukdal, sé nú nokkuð gott „barómet" á viðhorf hins almenna manns út um sveitir landsins gagnvart þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar að það sé að renna upp fyrir fleirum og fleirum að málefnum landbúnaðarins getur ekki verið vel fyrir komið ef svo er að öll orka ríkisstjórnarinnar sem beinist að þessum málaflokki fer í innbyrðis deilur. Og yfirlýsingar ráðherranna í Morgunblaðinu í morgun segja mér ekkert annað en að það verður ekkert hlé á þessu. Það er engin samstaða um hvernig á að taka á GATT-samningnum sem við þurfum að fara að vinna eftir frá og með næstu áramótum. Landbúnaðurinn, bændur og vinnslustöðvar, er farinn að búa sig undir þetta en það er ekkert komið frá hæstv. ríkisstjórn um það hvernig hún hugsi sér að móta stefnuna. Og það má eitthvað mikið breytast ef það liggur fyrir fyrr en á síðustu stundu.

[18:05]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ræða hv. þm. Jóhannesar Geirs er í anda þess sem áður hefur verið sagt af stjórnarandstöðunni og ég tel að Eggert Haukdal sé í þeim hópi. Í fyrsta lagi er hálfundarlegt að heyra hann hneykslast á því að hér skuli vera brugðið til lagasetningar einungis, eins og sagt er, um 11 mánaða skeið. Nú liggur það ekki fyrir á þessari stundu að vísu hvort GATT-samningar taka gildi frá næstu áramótum eða hvort búast megi við að þeir taki gildi á miðju næsta ári. Það liggur ekki fyrir á þessari stundu. En ég hélt að hv. þm. væri sammála mér um að það yrði að eyða þeirri óvissu sem er í landbúnaðarmálunum, hvort sem talað er um að GATT-samningar taki gildi eftir 11 mánuði eða á miðju næsta ári. Og að vera að gera lítið úr þýðingu þess er náttúrlega algerlega út í hött eða vera að reyna að gera því skóna að við Íslendingar höfum ráð á því að standa ekki við GATT-samninga er líka út í hött. Og ef hv. þm. er að boða það að hann ætli að fara í þá fylkingu sem ætlar að berjast gegn GATT-samningum þá er það líka umhugsunarefni.

Um undirbúning þess að við göngum í GATT er það að segja að það liggur ekki enn fyrir hver tollígildin verða. Tollígildin hafa verið reiknuð út í landbrn. Við vitum ekki hver tollígildin verða sem viðurkennd verða að lokum.

Í öðru lagi liggur það fyrir að forræði þessara mála, innflutnings- og útflutningsmála, er í landbrn. Það frv. sem hér liggur fyrir og ég hef lagt fram kveður glöggt á um að svo skuli það vera og hefur ekki frv. kveðið skýrar á um það endranær. Ég læt þess vegna í ljósi undrun yfir því að þingmenn Framsfl. skuli vera með þessi bellibrögð, vil ég segja, í málflutningi þar sem ég hafði frekar búist við því að þeir fögnuðu þessari niðurstöðu heldur en reyndu að gera hana tortryggilega.

[18:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er eitthvað farið að hringsnúast í hugarheimi hæstv. ráðherra ef hann ber það á borð úr ræðustól að sá sem hér stendur ætli að fara að berjast á móti GATT. Það hefur mér aldrei dottið í hug. Og ég get vitnað í þingræður, hverja á fætur annarri þar sem ég hef lýst því yfir að við hljótum að vera aðilar að GATT vegna þeirra hagsmuna sem við höfum að verja sem útflutningsþjóð. Annað hefur hvergi komið fram, hvað þá að það hafi komið fram í orðum mínum áður. Ég vil því biðja hæstv. ráðherra að draga þessi ummæli sín til baka.

Ég er einnig þeirrar skoðunar að það hafi þurft lagasetningu til að eyða þeirri réttaróvissu sem nú er uppi. En það vekur furðu ef það sem við gerum núna átti ekki að duga nema fram að GATT-samningum að ekki skyldi vera hægt að leysa það á þann hátt sem ég veit að hæstv. ráðherra vildi, að það væri gert með almennri yfirlýsingu í lögum um forræði landbrh. varðandi innflutninginn annan en þann sem við höfum nú þegar samið um varðandi milliríkjasamninga. Síðan gæti framkvæmdin þessa 11 eða 17 mánuði eftir atvikum byggst á trausti og trúnaði manna innan ríkisstjórnar. En það traust og sá trúnaður er ekki til og þess vegna er brugðið á þetta fáránlega ráð að lögfesta tollflokka í viðauka við lögin. Það er að mínu mati niðurlæging fyrir landbúnaðinn að hann skuli ekki hafa ráðherra innan ríkisstjórnar sem er treyst til að fara með málaflokkinn, að það þurfi að njörva þetta niður í tollnúmerum og í lögum til þess að hann framkvæmi ekkert sem ekki er ráðherrum Alþfl. þóknanlegt.

[18:09]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það frv. sem framsóknarmenn hafa hér lagt fram horfir ekki til lengri tíma en það frv. sem ég hef lagt hér fram og er ekki nægilegt ef við höfum GATT-samningana í huga.

Ég vil í annan stað taka það alveg skýrt fram og það er hv. þm. fullkunnugt og hefur margsinnis komið fram, að innflutnings- og útflutningsmál landbúnaðarins eru í höndum landbrh. Undirbúningurinn að GATT-viðræðunum hvað þetta varðar er í höndum landbrh. Hins vegar fer utanrrh. með samningagerð erlendis nú eins og áður og þá auðvitað í umboði landbrh.

Ef hv. þm. er að tala um það að risið sé lágt á mér í sambandi við bændur og landbúnaðinn þá langar mig að spyrja hann um það hvernig sú ríkisstjórn sem hann studdi skildi við í þeim efnum. Hvernig var ástandið þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hvarf frá? Hvar var valdið þá í sambandi við verðjöfnunargjöld? Eða voru yfirleitt einhverjar heimildir í lögum til þess að leggja verðjöfnunargjöldin á? Þó var búist við því að samningarnir tækju gildi á miðju sumri. Hvernig var ástandið þá gagnvart garðyrkjubændum? Þeir höfðu ekki fengið að sjá „cohesion-listann". Okkur tókst að ná fram nokkrum leiðréttingum á honum. Hvernig var ástandið? Og hver voru yfirleitt tök landbrh. á þessum málum í heild sinni? Með þeim lista sem hér er lagður fram eru tekin af öll tvímæli. Ég skora á þingmenn Framsfl. að koma út úr myrkrinu og skýra frá því

hvers þeir sakna. Er eitthvað sem ég er að gefa eftir sem áður var tvímælalaust í höndum landbrh.? Ég kannast ekki við það.

Það hafa verið uppi deilur um þessi atriði innan ríkisstjórnarinnar. Ég hef ekki heyrt fyrrv. landbúnaðarráðherra lýsa því yfir að þeir hafi haft öll tök á Alþfl. t.d. í síðustu ríkisstjórn. Ég hef ekki heyrt það. Og ég hygg að það hafi enginn landbrh. fengið jafnmiklar heimildir í þessum efnum og felast í því frv. sem hér liggur fyrir.

[18:12]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil benda á þann stóra mun að fram til desember 1992 var almennur innflutningur háður leyfum og fram að þeim tíma veitti viðskrn. ekki heimildir fyrir innflutningi á almennum landbúnaðarvörum. (**Landbrh.**: Var það ekki?) Það sem þá stóð út af og deilan stóð um var hvað væru iðnaðarvörur og hvað væru landbúnaðarvörur. Þetta er hæstv. ráðherra fullkunnugt um. En hæstv. ráðherra kýs að liggja alltaf í fortíðinni. Það hefur margt breyst síðan. En það sem stendur upp úr er að nú 11 mánuðum áður en við eigum að ganga inn í GATT og búa við allt aðrar aðstæður er ekki enn búið að ganga tryggilega frá heimildum varðandi þessar breyttu aðstæður. Hæstv. ráðherra sagði í greinargerð með frv. sínu í fyrra að það væri nauðsynlegt að gera lagabreytingarnar á innflutningslögunum 1992 til að eyða réttaróvissunni. Nú kemur hæstv. ráðherra upp og er hissa á hæstaréttardóminum vegna þess að hann taldi að sjálfstæða innflutningsbannið í búvörulögunum ætti að halda. En hvað átti þá hæstv. ráðherra við með því í greinargerðinni í fyrra að þessu yrði að breyta og það strax?

Ég vil í öðru lagi nefna að það er rétt hjá hæstv. ráðherra að frv. sem við framsóknarmenn höfum lagt fram sé eingöngu til ársins en að mínu mati er hægt að vinna það þannig að það gæti tekið á GATT einnig. Ég vil einnig minna hæstv. ráðherra á að í frv. er eingöngu um að ræða almenna heimild landbrh. til þess að hindra innflutninginn að öðru leyti en sem viðkemur milliríkjasamningi. Það er ekki verið að njörva þetta niður og við sáum það ekki fyrir, okkur óraði ekki fyrir því að ráðherrar þyrftu að sitja yfir því vikum saman að negla þetta allt saman niður í tollnúmerum.

[18:14]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra er búinn að vera á allmiklum flótta síðari hluta umræðunnar a.m.k. Ég tel að hæstv. utanrrh. hafi á sinn hátt sagt þau orð sem mestu gilda í þessu efni og þegar hlutirnir eru lagðir saman og verða lagðir saman þá er það alveg ljóst að ráðherrar Alþfl. telja sig standa með pálmann í höndunum. Því miður er það svo. Það kemur fram í sperringslegum yfirlýsingum hæstv. viðskrh. í morgun í Morgunblaðinu sem í raun og veru segir að þetta sé eingöngu spursmál um 11 mánaða bið og þá hrynji forræði landbrh. með tilkomu GATT-samninganna. Það getur þá eingöngu verið deiluatriði hér eins og málum er komið hvernig stjórnskipulega forræði og meðferð jöfnunargjaldaþáttarins er háttað. Að öðru leyti virðist það því miður vera alveg óhrekjanleg niðurstaða þessarar umræðu, að öðru leyti hverfur allt sem hægt er að kalla almennt forræði landbrh. á þessum málaflokki.

Það er líka ástæða til að spyrja að því hvort menn séu ekki nú þegar vegna örra breytinga sem orðið hafa á málunum í haust og hæstaréttardómsins nú á dögunum komnir í mótsagnakennda stöðu. Það er t.d. athyglisvert þegar maður les orðalag laganna frá í desember að þau virðast, og er svo sem ekkert skrýtið, ganga út frá því að landbrh. hafi sjálfstæða heimild til að takmarka innflutning enda eru lögin sett í því umhverfi að menn töldu að í búvörulögunum væri slík almenn heimild. Því veldur væntanlega orðanna hljóðan í 72. gr. eins og hún er nú, svo breytt, með leyfi forseta:

„Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara veitir landbrh. heimild til innflutnings ...“

Svo er ekki hægt að taka til orða nema vegna þess að annars staðar fái landbrh. það almenna vald, heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum. En það almenna vald er ekki að finna í búvörulögunum samkvæmt niðurstöðu Hæstaréttar. Það er hinn stóri vendipunktur þessa máls. Hvort sem okkur líkar betur eða verr og allt það eða erum meira eða minna hissa á dómsorði meiri hluta Hæstaréttar þá er það sá réttur sem við búum núna við.

Ég held að það hafi skýrst hér í dag fyrir þá sem hafa nennt að leggja sig eftir því að hlusta á þessa umræðu að tveir þættir standa út af sem verður að eyða allri óvissu um. Það fyrra er hið almenna forræði málaflokksins, eins og ég hef nú nokkrum sinnum sagt. Hið seinna er hvernig verður háttað samskiptum landbrh. og fjmrh. varðandi jöfnunarþáttinn og tollaþáttinn þegar GATT-samningurinn gengur í gildi.

Það var mjög athyglisvert að hæstv. utanrrh. neitaði trekk í trekk að svara einfaldri og skýrri spurningu sem ég lagði hér fyrir hann í dag. Gagngert kom hann sér hjá því að svara spurningunni: Hvar liggur hið almenna forræði málaflokksins? En svaraði henni þó óbeint að segja má með því að segja: Það stendur skýrt í lögum. Aðspurður hvaða lögum nefndi hann lög um Stjórnarráð Íslands. Hvað segja þau lög? Þau segja að verkaskipting ráðherra í ríkisstjórn fari eftir reglugerð sem forsrh. setur. Það er reglugerð um verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Hún hefur tekið litlum breytingum frá því að hún var gefin út í núverandi mynd sinni 1969 og þær breytingar eru aðallega tengdar tilkomu umhvrn. og því þegar útflutningsverslun var flutt til utanrrn. í tíð páv. hæstv. utanrrh., Steingríms Hermannssonar. Þá þurfti að þyngja í honum pundið sem utanrrh. og undir hann var færð útflutningsverslun eins og kunnugt er. Þetta eru helstu breytingarnar sem orðið hafa á þessum tíma.

Það er alveg ljóst að þegar kemur að 9. gr. þessarar reglugerðar, auglýsingarinnar um verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins, stendur þar um landbrn. að það fari með landbúnaðarmál o.s.frv. Og í 11. lið stendur: „Mat, verðskráningu, sölu og dreifingu landbúnaðar-

afurða, svo og útflutningsbætur landbúnaðarafurða." Og það er sérstaklega tekið fram hvaða þættir á viðskiptasviðinu falli undir landbrn. En það stendur ekki innflutningur búvöru. Og þegar kemur svo að hinum ráðuneytunum, þá er ljóst að samkvæmt 14. gr. fer utanrrn. með lið 11, útflutningsverslun, punktur, bara í heild sinni. Og í 15. gr. er fjallað um viðskrn. og þar stendur: Verslun og viðskipti önnur en útflutningsverslun. Þannig liggur þetta. Þess vegna spurði ég hér í dag: Eru menn þá tilbúnir til, ef það er hið pólitíska samkomulag ríkisstjórnarinnar að þetta forræði skuli vera hjá landbrn., að breyta þessari auglýsingu, gera meira en að fella þennan úrskurð hæstv. forsrh. sem er í reynd þegar úreltur vegna þess að hann er gefinn fyrir dóm Hæstaréttar og síðan hafa orðið lagabreytingar og eru að verða enn frekari lagabreytingar? Að ganga þá frá málinu a.m.k. þannig að það verði fellt inn í reglugerðina um verkaskiptingu innan Stjórnarráðsins. Ég lít svo á að ef ekkert af þessu gerist, að það komi skýrt orðalag í búvörulögin, forsrh. felli þá nýjan úrskurð sem verði þannig úr garði gerður að hann verði líka á lögformlegu máli og hafi þann haus að forsrh. felli hér með eftirfarandi úrskurð o.s.frv. en ekki jafnóskýrt fram settan og hann er í þessu bréfi frá 8. sept. og reglugerð um Stjórnarráðið verður ekki breytt, þá er þessi óvissa þarna. Og þá mun hún líka gjósa upp af fullum þunga þegar kemur að samskiptum fjmrn. og landbrn. um þessi verðjöfnunar- og tollamál þó svo að út af fyrir sig sé orðalag 71. gr. um jöfnunartollana eða hlutverk landbrh. á því sviði það skársta sem er að finna í þessum textum eins og ég sagði í minni fyrri ræðu í dag. Það liggur út af fyrir sig þannig að þar er þó vald landbrh. afmarkað með skýrustum hætti og almennustum hætti, það viðurkenni ég. En því miður óttast ég að í ljósi þeirrar óvissu sem er um málið að öðru leyti þá sé það ekki fullnægjandi og alls ekki ljóst að það haldi á nokkurn hátt.

Hæstv. landbrh. Um það hvernig þessi mál voru á fyrri tíð og hvort aðrir landbúnaðarráðherrar fyrr á öldinni hafi verið betur eða verr settir í þessum efnum má margt segja. Mergurinn málsins er sá að þá var ekki þessi innflutningur sem við erum nú að fara að takast á við og það má þá kannski segja að menn hafi út af fyrir sig komist upp með það eða getað búið við það ástand að frá þessu væri ekki gengið með alveg skýrum hætti í lögum. En menn byggðu þó á ákveðinni lagatúlkun og ákveðinni lagaframkvæmd alveg frá 1985 og í raun miklu lengra aftur eins og hv. þm. Jón Helgason hefur hér rakið. Og það er ekki fyrr en með dómi Hæstaréttar sem þeirri lagatúlkun er þá breytt. Þá standa menn einfaldlega frammi fyrir nýjum aðstæðum og samanburður aftur í tímann í ljósi þessara breyttu forsendna hefur lítið upp á sig. Og ég held að það skipti ekki þá öllu máli nema þá fyrir sagnfræðinga og einhverja löggilta viktunarmenn á framvindu stjórnmálamanna að vera að ræða um það mikið. Þessar eru aðstæður okkar í dag og við skulum taka á þeim.

Þess vegna er það líka svo, hæstv. forseti, að ég tel að sú vörn hæstv. landbrh. sem fólst í því þegar þeir komu hér með sína gagnrýni, t.d. hv. þm. Eggert Haukdal og Páll Pétursson, að þar sem hafi ekki sýnt fram á að það yrðu slys miðað við þessa útfærslu málsins, þá sé þeirra málflutningur allur ómarktækur — það er auðvitað ekki svo, hæstv. landbrh., vegna þess að jafnvel þó svo að þessi skipan yrði í framkvæmd í grófum dráttum fullnægjandi miðað við fyrirsjáanlegar aðstæður og tilvik á næstu mánuðum, þá er ekki þar með sagt að menn séu að ganga frá málinu varanlega og til frambúðar með fullnægjandi hætti eða með stjórnskipulega nógu skýrum hætti. Það sem ég er að segja er það að þó að það kunni vel að vera að það komi ekki hér og banki upp á einhverjar vörur á næstu vikum eða mánuðum sem komist óheft inn í landið, þá er það engin sönnun þess að málið sé að öðru leyti fullnægjandi vegna þess að við ættum að vera búin að fá þá reynslu að aðstæður breytast og atvik koma upp og þess vegna þarf að vera alveg skýrt hvernig forræðið liggur þannig að menn séu til þess búnir að taka við slíkum aðstæðum. Og á það hefur verið bent bæði af lögfræðingum, mér og fleirum hér í umræðunni að jafnhlálegur hlutur og sá að með einfaldri breytingu á flokkun vara í tollskrárnúmer, geti forræðið færst milli ráðuneyta, það er ómögulegt, hæstv. landbrh. Það er bara sönnun þess að þessi frágangur dugar ekki. Við verðum að gera þarna betur og ég vona að það megi taka eitthvert mark á yfirlýsingum manna hér, bæði hæstv. landbrh. og að nokkru leyti hv. formanns landbn. þó hann gerist nú hógvær í seinni tíð, að menn ætli að vinna í þessum málum.

[18:26]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af síðustu ummælum hv. þm. vil ég segja það að ef rétt þykir af öryggisástæðum að kveða skýrar á um það hvort tollskrárnúmer kunni að breytast þá hygg ég að ekki séu vandkvæði á því að auðvelt sé að koma slíku við. Og eins ef mönnum þykir rétt að hafa tilvísun til laga um dýrasjúkdóma þá er jafnauðvelt að koma slíku við en ég hafði ekki út í það hugsað.

Ég vil segja að öðru leyti um það sem hv. þm. sagði að auðvitað er úrskurður forsrh. alveg skýr varðandi forræði þessara mála. Þau lög sem síðan hafa verið samþykkt hér á Alþingi um þessi efni styrkja einungis hans úrskurð og eru í samræmi við hann.

Ég vil líka segja að þessi breyting að veita landbrh. skýlausa heimild til álagningar verðjöfnunargjalda væri meira en lítið út í hött ef hugmyndin væri síðan sú að taka þessi mál úr höndum landbrn. Landbrn. hefur þannig vald á álagningu verðjöfnunargjalda og metur hvernig með þau skuli farið í sambandi við milliríkjasamninga og landbrn. hefur einnig með höndum útreikninga á tollígildum og viðræður við erlenda aðila um þau efni þannig að þessi mál eru í höndum og á ábyrgð landbrh. og landbrn.

[18:27]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hér er nefnt varðandi breytingar á tollskrá er frekar til að útskýra málið heldur en

það sé mjög stórt mál í sjálfu sér í mínum huga. Það er alveg hárrétt hjá landbrh. að við getum sem hægast tekið það fram að átt sé við þessa tilteknu tollskrá eins og hún stóð þannig að ef á henni verða í fyllingu tímans breytingar þá þýðir það ekki sjálfkrafa að þar með færist vörurnar til í þessum lögum heldur sé hún þá í raun og veru staðfest sem viðmiðun fram í tímann eins og hún stendur í dag. Það er einfalt mál.

Í öðru lagi er sjálfsagt mál ef þurfa þykir að styrkja þetta með tilvísun í lög um dýrasjúkdóma en því þá ekki lög um innflutning, lög um innflutning, nr. 88/1992. Þá fyrst er málið komið í lag. Þegar það er gert þá er búið að ganga frá með tilvísun landamærum milli viðskrh. og landbrh. og þessara tveggja laga og það er auðvitað venja þegar slík jaðartilvik koma upp og slík „þrátt fyrir"-ákvæði eru alls ekkert fátíð. T.d. þegar umhvrn. var stofnað þá gripu menn til slíkrar ráðstöfunar í vissum tilvikum að menn sögðu: Samgrh. fer með málefni þessarar stofnunar. Og svo koma ákvæðin: Þrátt fyrir það fer umhvrh. með málefni Hollustueftirlitsins eða eitthvað því um líkt þannig að þetta er þekkt dæmi.

Það er alveg rétt hjá hæstv. landbrh. að ef ætti að taka allt forræði eða framkvæmd jöfnunargjalda úr höndum landbrh. eftir ellefu mánuði, þá er náttúrlega alveg út í hött að vera að setja þetta fram svona. En hvað eru þá hæstv. ráðherrar Alþfl. að tala um? Af hverju segir viðskrh. í Morgunblaðinu í morgun að allri óvissu verði eytt með því að setja frumvarpið fram þannig að taldar séu upp allar þær vörur sem bannað sé að flytja inn? Þegar GATT-samkomulagið gengur í gildi verður bannað að banna og þá verður ekkert leyfisveitingavald til lengur. Þá fellur það úr gildi að landbrn. geti leyft eða bannað innflutning. Með öðrum orðum, þá er forræði landbrn. hrunið, segir viðskrh. Og þessu þarf hæstv. landbrh. að svara. Ekki okkur heldur líka þjóðinni og Alþfl. Er hann sammála þessu?

[18:30]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi innflutningslögin, þá hygg ég að það sé svo að ekki sé hægt að skilja dóm Hæstaréttar öðruvísi en svo að í þeim felist heimild til þess að banna innflutning á landbúnaðarvörum. En á hinn bóginn kemur það fram í dómnum að með því að fyrrv. viðskrh. felldi niður auglýsingu þar sem fjöldi landbúnaðarvara var skilgreindur í samræmi við búvörulögin, þar sem sú auglýsing var felld úr gildi og öllum landbúnaðarvörum sleppt í hinni nýju reglugerð sem er nr. 415/1992, þá hygg ég að Hæstiréttur hafi metið það svo að með þessari stjórnarathöfn hafi hæstv. fyrrv. viðskrh. ekki nýtt sér þær heimildir sem voru í lögum til þess að kveða á um það bann við innflutningi sem í búvörulögunum felst. Ég hygg að rétt sé að íhuga þessi atriði. Ég skil hæstaréttardóminn þannig.

[18:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér, held ég, skýst nú skýrum. Ég skil hann akkúrat öfugt. Ég skil hann þannig að út frá lögunum um innflutning þar sem segir í 1. gr.:

„Innflutningur á vöru og þjónustu til landsins skal vera óheftur" sem sagt frjáls „nema annað sé sérstaklega tekið fram í lögum." Og síðan segir Hæstiréttur í sínum rökstuðningi, með leyfi forseta: „Af framansögðu leiðir að 41. gr. laga nr. 46/1985, sbr. nú 52. gr. laga nr. 99/1993, verður ekki skilin svo að í greininni felist sjálfstæð takmörkun á innflutningi landbúnaðarvara." Og síðar: „Stefndu hafa ekki bent á annað ákvæði í lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum eða í öðrum lögum sem banni innflutning soðinnar skinku og hamborgarahryggs án leyfis."

Hæstiréttur kemst að þeirri niðurstöðu að þetta sjálfstæða bann sé hvergi í lögum, ekki til. Og af því að innflutningslögin eru þannig, þá skal varan vera frjáls, þá er niðurstaða Hæstaréttar þessi. Og þessu verður hæstv. landbrh. að átta sig á. Það er í raun hin stóra niðurstaða Hæstaréttar. Það er hvergi í íslenska lagasafninu til sjálfstæð heimild til að takmarka innflutning á búvörum, sjálfstæð almenn heimild, þannig að það auðvitað gengur ekki að hæstv. landbrh. átti sig ekki á þessu grundvallaratriði málsins. Þeim mun mikilvægara er að ganga skýrt frá þessu í búvörulöggjöfinni eða þar annars staðar sem um þetta verður fjallað. Og hvort sem mönnum, eins og ég hef sagt áður, líkar betur eða verr þessi rökstuðningur Hæstaréttar þá dæmir hann á grundvelli hans og þar með verður hann talinn gilda og gildir í dag að óbreyttu. Þessi sjálfstæða bannheimild er ekki til í lögum og hana þarf að setja inn og afmarka um leið forræði málaflokksins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Frv. JGS og GÁ, 324. mál (innflutningur á búvörum og vörulíki þeirra og verðjöfnunargjöld). — Þskj. 515.

[18:34]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég tel að efnisleg umræða um þessi mál hafi farið fram í dag undir því fyrra þingmáli sem hér var þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að halda framsöguræðu fyrir þessu máli. Og eins og ég lýsti yfir úr þessum ræðustól áður þá legg ég til að þessu máli verði vísað til landbn. að lokinni þessari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 18:35.

Efnisskrá.

Afmæli heimastjórnar og þingræðis 3830.
Athugasemdir um störf þingsins:
Innflutningur á landbúnaðarvörum 3830.
Stjórnarfrumvarp um landbúnaðarmál 3798.
Umræða um skýrslu Byggðastofnunar 3798.
Áhrif af niðurfellingu aðstöðugjalds (258. mál) 3799.
Efling laxeldis (325. mál) 3961.
Framleiðsla og sala á búvörum (324. mál, innflutningur á búvörum og vörulíki þeirra og verðjöfnunargjöld) 4034.
Framleiðsla og sala á búvörum (341. mál, innflutningur búvara, tollskrárviðauki) 3968.
Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa 3906:
Eftirstöðvar fjár til atvinnuskapandi verkefna 3909.
Framlagning frumvarps um innflutning búvara 3906.
Hækkun þjónustugjalda í bönkum og lánastofnunum 3910.
Launakjör bankastjóra ríkisbankanna 3911.
Samkomulag stjórnarflokka um sjávarútvegsmál 3913.
Vandi skipasmíðaiðnaðarins 3906.
Hafnalög (193. mál, heildarlög) 3916.
Húsnæðisstofnun ríkisins (272. mál, skyldusparnaður, lán til lögbýla og varsla sjóða) 3884, 3916.
Jöfnun á rekstraraðstöðu mjólkursamlaga (314. mál) 3826.
Lyfjalög (255. mál, heildarlög) 3836, 3916.
Olíugjald í stað þungaskatts á dísilbíla (307. mál) 3819.
Ráðgjöf um sambúðarslit, hjónaskilnað og forsjá barna (264. mál) 3812.
Seta embættismanna í sveitarstjórnum (262. mál) 3802.
Starfsmannaíbúðir sjúkrahúsa (310. mál) 3822.
Starfsskýrsla Ríkisendurskoðunar 1992 3940.
Tengsl aðila við björgunaraðgerðir hérlendis (315. mál) 3815.
Tilkynning um dagskrá 3961.
Um fundarstjórn — sjá:
Athugasemdir við störf þingsins (innflutningur á landbúnaðarvörum 3835.
Fyrirspurnir til ráðherra (samkomulag stjórnarflokka um sjávarútvegsmál 3916.
Útflutningur á íslensku vatni (274. mál) 3807.
Varamaður tekur þingsæti 3905.
Viðhald húsa í einkaeign (249. mál) 3805.

Mælendaskrá.

Forseti Salome Þorkelsdóttir 3798, 3799, 3815, 3862, 3905, 3916.
1. varaforseti Valgerður Sverrisdóttir 3830, 3831, 3835, 3836, 3921.
2. varaforseti Gunnlaugur Stefánsson 3877.
3. varaforseti Guðrún Helgadóttir 3898.
5. varaforseti Kristín Einarsdóttir 3961, 4012.
Forsrh. Davíð Oddsson 3800, 3802, 3803, 3805, 3906.
Dómsmrh. Þorsteinn Pálsson 3813, 3814, 3816, 3818.
Félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir 3884, 3887, 3899, 3903.
Fjmrh. Friðrik Sophusson 3819, 3821, 3909.
Heilbrrh. Guðmundur Árni Stefánsson 3823, 3825, 3873, 3877, 3878, 3882, 3883.
Iðnrh. Sighvatur Björgvinsson 3806, 3808, 3809, 3811, 3907, 3908.
Landbrh. Halldór Blöndal 3827, 3829, 3831, 3833, 3968, 3979, 3980, 3986, 3988, 3992, 3993, 4015, 4016, 4019, 4020, 4023, 4024, 4027, 4028, 4032, 4033.
Samgrh. Halldór Blöndal 3932, 3937, 3938.
Utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson 3832, 3994, 3998, 4000, 4001, 4005, 4006.
Viðskrh. Sighvatur Björgvinsson 3909, 3911, 3912, 3913, 3914, 3915.
Anna Ólafsdóttir Björnsson 3812, 3814.
Árni M. Mathiesen 3860, 3863, 3864, 3865.
Eggert Haukdal 4017, 4020, 4021.
Egill Jónsson 4007, 4011, 4012.
Einar K. Guðfinnsson 3910, 3911.
Finnur Ingólfsson 3852, 3869, 3870, 3879, 3881.
Geir H. Haarde 3866, 3870, 3871, 3881.
Guðni Ágústsson 3830, 3833, 4001, 4006, 4007, 4010, 4011, 4012.
Guðmundur Hallvarðsson 3808, 3811, 3817.
Guðmundur Stefánsson 3961, 3966.
Guðrún Helgadóttir 3815, 3857, 3862, 3952.
Gunnlaugur Stefánsson 3931, 3933.
Halldór Ásgrímsson 3913, 3914, 3915, 3954.
Hjörleifur Guttormsson 3815, 3817, 3826, 3828, 3916, 3977, 3978.
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir 3847, 3863, 3864, 3871, 3872, 3877, 3878.
Ingibjörg Pálmadóttir 3836, 3864, 3865, 3876, 3877, 3882, 3883.
Jóhann Ársælsson 3821, 3836, 3906, 3907, 3908, 3921, 3931.
Jóhannes Geir Sigurgeirsson 3810, 3819, 3821, 3822, 3825, 3832, 3833, 3973, 3977, 3978, 3980, 3981, 3997, 3999, 4025, 4027, 4029, 4034.
Jón Helgason 4012, 4016, 4017.
Jón Kristjánsson 3888, 3943.
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir 3887, 3894, 3909, 3933, 3938, 3939, 3945, 3960, 3965.
Kristinn H. Gunnarsson 3798, 3801, 3802, 3804, 3890, 3898, 3902, 3904.
Kristín Ástgeirsdóttir 3896, 3911, 3912, 3989, 3993.
Margrét Frímannsdóttir 3841, 3950, 3959.
Ólafur Ragnar Grímsson 3831, 3834.
Ólafur Þ. Þórðarson 3835.
Páll Pétursson 3798, 3799, 3801, 3836, 3906, 4021, 4023, 4024.
Pálmi Jónsson 3865, 3916, 3930, 3940, 3956, 3959, 3960.
Rannveig Guðmundsdóttir 3799, 3801.
Stefán Guðmundsson 3921.
Steingrímur J. Sigfússon 3834, 3981, 3987, 3988, 3999, 4000, 4029, 4032, 4033.
Svavar Gestsson 3807, 3814, 3948, 3956.
Tómas Ingi Olrich 3805, 3807.

83. FUNDUR

mánudaginn 7. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 341. mál, þskj. 533. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Framleiðsla og sala á búvörum, frv., 324. mál, þskj. 515. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, 355. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 547.

Skipting botnfiskafla, 356. mál, fsp. PBald, þskj. 548.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti tilkynna að að loknum atkvæðagreiðslum á fundinum fer fram utandagskrárumræða um afskipti ráðherra af málefnum Ríkisútvarpsins, sjónvarps. Hún fer fram að beiðni hv. 8. þm. Reykn. og er reiknað með að umræðan standi í um eina og hálfa klukkustund.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 341. mál (innflutningur búvara, tollskrárviðauki). — Þskj. 533.

[15:05]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JG, JBH, JHelg, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SF, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (EKJ, FrS, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JónK, JVK, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SigG, SighB, SP, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Frv. JGS og GÁ, 324. mál (innflutningur á búvörum og vörulíki þeirra og verðjöfnunargjöld). — Þskj. 515.

[15:06]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JGS, JG, JBH, JHelg, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SF, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (EKJ, FrS, GuðjG, GunnS, IBA, JÁ, JónK, JVK, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SigG, SighB, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Afskipti ráðherra af málefnum Ríkisútvarpsins, sjónvarps.

[15:07]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú hefst utandagskrárumræðan svo sem tilkynnt hafði verið um afskipti ráðherra af málefnum Ríkisútvarpsins, sjónvarps. Málshefjandi er hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, og beinir hann máli sínu til tveggja ráðherra, hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. Umræðan fer fram samkvæmt 2. mgr. 50. gr. þingskapa, þó þannig að hún mun ekki standa lengur en í um eina og hálfa klukkustund, sbr. 2. mgr. 72. gr. þingskapa. Samkomulag er um að umræðunni verði hagað þannig að málshefjandi og ráðherrarnir hafa 10 mínútur hver við upphaf umræðunnar. Síðan hafa aðrir þingflokkar allt að 15 mínútur hver til umráða og þingflokkar málshefjanda og ráðherra 10 mínútur.

[15:09]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs utan dagskrár til þess að spyrjast fyrir um afskipti tveggja ráðherra Sjálfstfl., hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh., af

málefnum Ríkisútvarpsins, sjónvarpsins.

Það er grundvallarsiðaregla í lýðræðislegu samfélagi að stjórnvöld séu ekki að hafa afskipti af innri starfsemi fjölmiðla sem ætlað er að starfa óháð. Ég minni á að í lögum um Ríkisútvarp er skýrt tekið fram að Ríkisútvarpið sé sjálfstæð stofnun. Ríkisútvarpið er einn af hornsteinum lýðræðislegs samfélags á Íslandi. Ríkisútvarpið er menningarstofnun og það hefur tekist í gegnum árin að varðveita sess þess með þeim hætti að þjóðin öll, hvar í flokki sem menn standa, hefur getað borið traust til þessarar stofnunar.

Nú hefur það gerst hvað eftir annað að ráðherrar Sjálfstfl. og forustusveit Sjálfstfl. hafa rofið þau grið sem um Ríkisútvarpið hafa verið og sett Ríkisútvarpið í pólitíska herkví. Sjálfstfl. valdi Ríkisútvarpinu útvarpsstjóra. Í kjölfar þess að sá útvarpsstjóri sagði upp Hrafni Gunnlaugssyni sem dagsskrárstjóra ákvað menntmrh. að ráða Hrafn Gunnlaugsson sem framkvæmdastjóra. Í allan vetur hefur Heimdallardeildin í Sjálfstfl. haft til meðferðar sérstaka umræðuþætti í sjónvarpinu sem þjóðin hefur horft á af vorkunnsemi og undrun. Þetta hefur haldið áfram svo lengi að síðast í gær var fyrrv. aðstoðarmaður menntmrh., sem nýlega hefur látið af störfum, að stjórna enn einum umræðuþættinum í sjónvarpinu. Þáttagerð sem Örnólfur Árnason rithöfundur átti að taka saman var skyndilega hafnað af einum borgarfulltrúa Sjálfstfl. en vitað er að hæstv. menntmrh. og framkvæmdastjóri sjónvarpsins, Hrafn Gunnlaugsson, og hæstv. forsrh. hafa lengi haft horn í síðu Örnólfs Árnasonar. Og nú síðast gerist það að hæstv. forsrh. kveður útvarpsstjóra sérstaklega á sinn fund formlega í forsrn. til þess að spyrjast fyrir um bréf frá einum af samstarfsmönnum útvarpsstjóra og hæstv. menntmrh. lýsir því yfir í viðtali við Morgunblaðið að það hefði fyrr átt að reka Arthúr Björgvin Bollason frá störfum við útvarpið og finnur honum ýmislegt annað til foráttu.

Það er þess vegna alveg óhjákvæmilegt, virðulegi forseti, að taka þessi mál upp á Alþingi og spyrja hæstv. forsrh. og hæstv. menntmrh. ákveðinna spurninga.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh. í fyrsta lagi: Hver lét hann fá það bréf sem Arthúr Björgvin Bollason hafði skrifað til Hauks Halldórssonar og hvenær fékk hæstv. forsrh. það bréf?

Ég vil í öðru lagi spyrja hæstv. forsrh.: Hví beið hann ekki eftir heimkomu menntmrh. til þess að fjalla um það mál? Hvað var svo brýnt í þessu máli að kalla strax til útvarpsstjóra þótt menntmrh. væri væntanlegur til landsins innan tveggja sólarhringa? Það er þekkt að sú hefð hefur verið ríkjandi í Stjórnarráðinu að starfandi ráðherra hefur mjög sjaldan frumkvæði að því nema brýna nauðsyn beri til að taka mál í sínar hendur.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hvaða spurningar voru það sem hann bar fram við útvarpsstjóra?

Í fjórða lagi vil ég spyrja forsrh.: Hvað annað var rætt á fundinum? Hæstv. forsrh. hefur nú þegar upplýst í útvarpsviðtali að um Hrafnsmálið hafi verið rætt á fundinum. Í viðtali við fjölmiðla staðfesti hæstv. forsrh. að það var ekki bara rætt um veðrið, eins og aðstoðarmaður forsrh. sagði í sjónvarpsviðtali á þessum fundi, heldur einnig um Hrafnsmálið. Þannig eru hæstv. forsrh. og aðstoðarmaður hans þegar komnir í mótsögn hvor við annan um það hvað fram fór á þessum fundi.

En fyrst Hrafnsmálið bar á góma á þessum fundi samkvæmt frásögn hæstv. forsrh., þá vil ég einnig spyrja hæstv. forsrh. út í það bréf sem Davíð Oddsson forsrh. skrifaði útvarpsstjóra Heimi Steinssyni þegar Hrafn Gunnlaugsson var rekinn úr embætti dagskrárstjóra. Það er nefnilega komið í ljós að forsrh. Davíð Oddsson, sem hefur lýst því hvað eftir annað á opinberum vettvangi að hann hafi engin afskipti haft af brottkvaðningu Hrafns Gunnlaugssonar né heldur endurráðningu hans til sjónvarpsins, skrifaði útvarpsstjóra Heimi Steinssyni sérstakt bréf þegar Heimir Steinsson rak Hrafn Gunnlaugsson frá störfum dagskrárstjóra. Það hefur verið staðfest að þrír embættismenn útvarpsins hafa séð þetta bréf og nú í dag staðfesti Heimir Steinsson útvarpsstjóri í viðtali við mig að hann hafi fengið þetta bréf. Ég hef það þannig ekki bara frá öðrum starfsmönnum útvarpsins heldur frá útvarpsstjóra sjálfum að hann fékk bréf frá hæstv. forsrh. þegar Hrafn Gunnlagusson hafði verið rekinn frá embætti. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hví skrifaði forsrh. þetta bréf til útvarpsstjóra þegar Hrafn Gunnlaugsson hafði verið rekinn?

Í öðru lagi: Hvers vegna hefur forsrh. ekki birt þetta bréf?

Í þriðja lagi: Á hvers konar bréfhaus var þetta bréf ritað? Var þetta ritað á bréfhaus forsrh. Davíðs Oddssonar eða engan bréfhaus eða bréfhaus forsrn.?

Í fjórða lagi: Hvað stóð í þessu bréfi? Ég hef heyrt að í bréfinu séu setningar á þá leið: Hvers vegna er verið að ráðast á minn æskuvin og það af manni sem hefur fengið þetta embætti frá okkur í Sjálfstfl.? Ég ætla ekki að fullyrða hér hvort það eru rétt orð. En það knýr auðvitað á um það að hæstv. forsrh. birti það bréf sem hann skrifaði útvarpsstjóra Heimi Steinssyni í tilefni af því að Heimir hafði rekið æskuvin hans, Hrafn Gunnlaugsson. Þess vegna fer ég formlega fram á það hér á Alþingi að Davíð Oddsson forsrh. birti þegar í dag þetta bréf sem hann skrifaði Heimi Steinssyni vegna uppsagnar Hrafns Gunnlaugssonar svo að þjóðin öll geti séð hvers eðlis þetta bréf var og hvað í því stóð.

Satt að segja er maður svo forundrandi á því að nú skuli það koma í ljós að hæstv. forsrh. hefur einmitt haft afskipti af þessu tagi, af Hrafnsmálinu frá upphafi, að hann sendir útvarpsstjóra sérstakt bréf af því tilefni, en hefur hvorki greint þingi né þjóð frá því máli. Ég vona að hann geri það nú þegar í dag.

Ég vil einnig spyrja hæstv. menntmrh. hvað honum finnist um það að forsrh. lét hann ekki vita neitt um þennan gerning forsrh. í síðustu viku og menntmrh. vissi ekki af honum fyrr en fréttamenn sögðu honum frá því.

Ég vil enn fremur spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað

á hann við þegar hann segir í viðtali við Morgunblaðið að honum finnist eðlilegt að leysa Arthúr Björgvin Bollason frá störfum? Það hefur komið fram að forsrh. telur að það hefði ekki átt að segja honum upp en menntmrh. Sjálfstfl., yfirmaður útvarpsins samkvæmt stjórnskipun, lýsir því yfir í Morgunblaðinu að það hafi verið rétt að segja Arthúri Björgvin upp. Enn fremur segir hæstv. menntmrh. að hann hafi áður séð „ýmis skrif", svo að ég vitni orðrétt í viðtalið, „frá aðstoðarmanninum" og telur það tilefni til þess að grípa til aðgerða gagnvart honum. Hann segir orðrétt:

„Mér hefði þótt tímabært að stoppa hann af fyrr."

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. menntmrh., hvað á hann við með þessum orðum? Hvaða skrif eru það sem hann er hér að vitna til? Er hann að segja það með skýrum hætti að honum hafi þótt tilefni til þess að reka Arthúr Björgvin Bollason úr starfi fyrr?

Virðulegi forseti. Það er mjög margt í þessu máli sem ekki gefst tími til að ræða hér. Það er auðvitað sérstakt hneyksli og ber að harma að þessi sérstaki framkvæmdastjóri sem Sjálfstfl. setti yfir sjónvarpið er nú farinn að beita valdi sínu til þess að níðast á einni af sjónvarpsþulunum, ágætri konu sem þjóðin þekkir vel fyrir það eitt að hún er sambýliskona Arthúrs Björgvins Bollasonar. En 27. jan. gaf framkvæmdastjóri Hrafn Gunnlaugsson þá fyrirskipun til dagskrárritstjóra sjónvarpsins að taka ætti vaktir af Svölu Arnardóttur. Hún fengi eingöngu tvær vaktir í febrúarmánuði í stað fimm sem aðrar þulur hefðu, en það hefur ekki tíðkast til þessa að framkvæmdastjóri væri að gefa sérstakar skipanir um það hvað sjónvarpsþulurnar hefðu margar vaktir. Það vita auðvitað allir í sjónvarpinu að þarna var Hrafn Gunnlaugsson að beita því í einhverju valdatafli innan sjónvarpsins að þessi ágæta kona er sambýliskona Arthúrs Björgvins Bollasonar.

Þegar málum er svo komið í skjóli þess valds sem Sjálfstfl. hefur yfir að ráða að setja þennan mann inn í sjónvarpið vil ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort honum þyki ekki tími til kominn að grípa í taumana þar sem hann hefur lýst því yfir að hann beri ábyrgð á þessum manni. Það er alveg ljóst. Menntmrh. hefur ávallt haldið því fram í þessu máli að hann beri sérstaka ábyrgð á Hrafni Gunnlaugssyni, að stoppa hann af nú þegar þegar ljóst er á hvaða brautir hann er kominn.

Virðulegi forseti. Ég óska eftir skýrum svörum frá hæstv. ráðherrum við þessum spurningum.

[15:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Til þessa máls er stofnað undir yfirskriftinni að ræða afskipti ráðherra af málefnum Ríkisútvarpsins. Málshefjandi fór síðan eins og honum er tamt um víðan völl og fjallaði um mál sem komu umræðuefninu ekki nokkurn skapaðan hlut við eins og allir þeir sem hér eru inni gátu fylgst með.

Mál þetta sem hann hefur hér og snýr að mér sem starfandi menntmrh. þann tíma sem ég gegndi því starfi lýtur eingöngu að því að í nafni útvarpsins, að því er virtist, var undirritað bréf sem á ekki neina samsvörun í embættisbréfum í íslenskri stjórnsýslu. Það er ekki hægt að benda á neitt einasta bréf af embættismanni íslenska ríkisins sem af tilefnislausu var skrifað með þeim hætti eins og þetta bréf. Ég óskaði eftir því sérstaklega við útvarpsstjóra að hann kæmi á minn fund sem starfandi menntmrh. til að gefa mér fáeinar skýringar.

Ég vil nefna það við þennan málshefjanda, ef hann veit það ekki þó hann hafi nú verið ráðherra, maður efast oft um hvað þessi maður veit, hvað hann þykist vita og hvað hann þykist ekki vita, að starfandi ráðherra hefur sömu réttindi og sömu skyldur og aðrir ráðherrar á þeim tíma sem hann gegnir starfinu. Það er hafið yfir vafa. Minn þáttur væri auðvitað ekki tilefni til upphlaups hér á borð við það sem hv. þm. leyfði sér að vera með nema þá því aðeins að það gangi eftir sem hv. þm. hefur gefið í skyn annars staðar, og reyndar flokksbróðir hans, hv. þm. Svavar Gestsson, að ég hafi sagt ósatt um þann fund, reyndar beinlínis verið haldið fram að útvarpsstjórinn, hinn prestvígði maður séra Heimir Steinsson, hafi sagt ósatt um þann fund og þeir tveir aðrir menn sem á fundinum voru hafi sagt ósatt um þennan fund. Ef við fjórir höfum sagt satt um þennan fund, hvað þar átti sér stað og hvað þar fór fram, þá væri ekki hið minnsta tilefni til þess að vera með upphlaup af því tagi sem hv. þm. var með, og því síður að sökkva sér jafndjúpt og ósmekklega og hann gerði hér áðan nema því aðeins að við allir fjórir höfum sagt ósatt um þennan fund. Á nefndum fundi spurði ég eingöngu um það hvort þetta bréf væri skrifað með vitneskju útvarpsstjórans, hvort hann hefði vitað um það fyrir fram. Hann svaraði því til að svo væri ekki. Ég sagðist þá vilja bera fram við hann nokkrar spurningar sem ég óskaði vinsamlegast eftir að hann svaraði skriflega og hefði svörin skriflega tilbúin þegar menntmrh. kæmi heim frá útlöndum. Hann þyrfti ekki að svara því fyrr. Útvarpsstjóri sagðist að fyrra bragði gjarnan vilja svara þessum spurningum munnlega á staðnum, þ.e. um það að hann hefði ekki vitað um efni þessa bréfs, það hefði ekki verið skrifað með hans samþykki, hans vitund og hans sátt.

Það var jafnframt spurt og nefnt að fyrir tæpum 10 mánuðum síðan eða svo hefði útvarpsstjóri vikið dagskrárstjóra sjónvarps úr starfi vegna ummæla hans í sjónvarpsþætti. Spurt var hvort einhver ummæli í þeim þætti hefðu nálgast að alvöru til að mati útvarpsstjóra þau ummæli sem voru í þessu bréfi sem var skrifað í nafni útvarpsins eins og bréfið bar með sér. Útvarpsstjóri svaraði því til að það hefðu engin slík ummæli verið höfð í frammi þegar honum þótti tilefni til þess að reka fastráðinn starfsmann eins og var í bréfi frá þessum starfsmanni útvarpsins, sem reyndar var lausráðinn í starf sem ekki er sett upp samkvæmt reglum í lögum eða reglum Ríkisútvarpsins. Síðan hefur verið upplýst að þetta bréf er auðvitað líka brot á starfsreglum útvarpsins.

Þetta fór okkur á milli.

Jafnframt það að lokum hvernig útvarpsstjóri hefði hugsað sér að bregðast við þessu bréfi. Hann sagði munnlega að það skyldi hann ráðgast um við sinn lögfræðing. Ég sagðist ekki ætlast til svars að neinu leyti,

eingöngu að hin skriflegu svör við þessu væru tilbúin þegar menntmrh. kæmi heim.

Því fer fjarri að ég hafi beðið um það að þessi tiltekni starfmaður yrði rekinn eða honum sagt upp. Það er nefnilega sá munur á mér og hv. þm. Svavari Gestssyni að ég vil ekki láta reka menn fyrir ummæli af þessu tagi. En þegar hinn fyrri starfsmaður var rekinn fyrir ummæli sem að mati útvarpsstjóra sjálfs, þess sem fyrir brottvikningunni stóð, voru miklu miklu minni og ekki eins alvarlegs eðlis eins og hin, þá hlökkuðu ákveðnir þingmenn yfir því hér í þingsalnum. Þá var ekkert spurt um mannréttindi eða leyfi til þess að tjá sig. Nei, þá var hlakkað yfir því hér í þingsalnum og fjöldi þingmanna varð sér til skammar að mínu mati af þeim ástæðum. Það var hlakkað yfir því vegna þess að sá háttvirti starfsmaður sem þá var rekinn úr fastráðnu starfi fyrirvaralaust og bannað að koma inn í stofnunina, menn höfðu horn í síðu hans í þessum sal. Nú hins vegar þegar þessi starfsmaður er rekinn, sem ég mæli ekki með, en vegna ummæla sem að mati útvarpsstjóra, þess sem rak, eru miklu alvarlegri, þá verður hér uppþot í þingsölum en af allt öðru tilefni.

Þetta segir mikið um þá hræsni og þann tvískinnung sem ríkt hefur í þessu máli af hálfu málshefjanda og þeirra annarra sem hafa talað í málinu. Það segir mjög mikið um þann tvískinnung og þá hræsni sem ríkt hefur hér í þessu máli.

Varðandi það atriði annað sem hér var skyndilega tekið upp þá sýnir það atriði hversu lágt þessi formaður stjórnmálaflokks og fyrrverandi fjmrh. getur lagst. Það sýnir glöggt að það er ekkert sem hann undanskilur hversu lágt í lágkúruna hann treystir sér í upphlaupsskyni að leggjast.

Ég fékk um það upplýsingar áðan frá Heimi Steinssyni útvarpsstjóra, manni sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson kaus að segja um á Stöð 2 í gær að hefði brugðist í sínu starfi og neitaði að gefa upp afstöðu sína til þess hvort það ætti að reka hann eða ekki úr starfi. Hann var nú svo smekklegur þar þessi hv. málshefjandi. Ég fékk þær upplýsingar frá honum áðan örfáum mínútum áður en ég kom inn í þingsalinn að þessi hv. þm. hefði hringt í útvarpsstjóra og spurst fyrir um bréf sem ég hefði skrifað honum og hvort það væri embættislegt bréf sem ég hefði skrifað honum eða einkabréf. Útvarpsstjóri kvaðst hafa svarað þingmanninum þannig til að það væri einkabréf. Málið er þá þannig vaxið að á milli tveggja manna sem hafa þekkst hefur farið einkabréf. Einhverjir menn, málkunnugir hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, hafa komist í þetta einkabréf útvarpsstjórans og ekki nóg með að þeir hafi sagt Ólafi Grímssyni frá þessu bréfi heldur hafi þeir verið að „dikta" sögur upp úr þessu bréfi, einkabréfi mínu til útvarpsstjórans sem sent var eftir að tilteknir atburðir höfðu gerst. Bréf sem ekki hafði nein áhrif á þær ákvarðanir heldur einkabréf á milli manna. Þetta er alveg dæmalaust að eftir að útvarpsstjóri hafði skýrt þessum málshefjanda frá því að hér væri um að ræða einkabréf milli tveggja manna þá kemur hann hér upp með sömu dylgjum og getgátum og þessi hv. þm. er þekktur fyrir og fer að yfirheyra mig um þetta bréf. Þetta er dæmalaus málatilbúnaður eins og reyndar hefur oft gerst hjá þessum hv. þm.

Það sem hefur vakið athygli mína á undanförnum vikum er hvernig þessir þingmenn, til að mynda hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og hv. þm. Svavar Gestsson, slag í slag leyfa sér að fullyrða í fjölmiðlum að þessi og hinn fari með ósannindi um það sem gerðist á fundum manna þar sem þeir hafa ekki verið viðstaddir, jafnvel þó allir sem á fundinum hafa verið, sem eru ekki menn í neinum sérstökum félagsskap, hafi lýst sameiginlega hvað það var sem fram fór á fundinum. Engu síður treysta menn sér til þess að vera með getgátur og fullyrðingar um það að sú frásögn sé ósönn og á lygi byggð.

Ég hef meira að segja orðið að búa við það að þessir þingmenn hafa haldið því fram og málgagn þeirra, Vikublaðið, í feitri fyrirsögn yfir þvera forsíðuna að ég hafi logið að forseta Íslands. Forsrh. laug að forseta Íslands, er sagt í málgagni þessara manna. Það samtal sem ég átti við forseta Íslands var á milli mín og forseta Íslands. Menn hljóta að gera kröfu til þess að menn sem halda slíku fram, þvert gegn betri vitund, rökstyðji sitt mál og séu ekki að yfirheyra hér menn um aðra hluti í þingsalnum. (**ÓRG:** Sjálfsagt mál.) Það er afskaplega alvarlegt mál þegar þingmaður á borð við hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson og Svavar Gestsson skuli leyfa sér að halda því fram statt og stöðugt að útvarpsstjórinn Heimir Steinsson ljúgi því hvað gerðist á fundi sem ég átti með honum, að ég segi ósatt um það og þeir tveir hinir aðrir á staðnum sem geta staðfest okkar frásögn segi ósatt um það. Því skyldum við, ég og Heimir Steinsson, eiga eitthvert samsæri um það hvað átti sér stað á tíu mínútna fundi sem við áttum saman? Því skyldum við eiga það? Og hvaða leyfi hafa menn til þess í þjóðfélaginu og í þingsölum og annars staðar í þjóðfélaginu að vera með slíkar getgátur? Hvers konar pappírar eru það sem hafa slíkar getgátur uppi? Ég veit hvers konar pappírar það eru og það eru pappírar sem ég virði ekki mikils.

[15:29]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Áður en ég svara beinum spurningum sem til mín var beint af hv. málshefjanda vil ég segja þetta:

Mál fyrrverandi ráðgjafa útvarpsstjóra snýst um embættisfærslu og ekkert annað en um embættisfærslu. Það snýst ekki um gæði einstakra sjónvarpsþátta sem menn hafa gert að umtalsefni í tengslum við mál hans og það snýst heldur ekki um það hverjir vinna yfirvinnu hjá Ríkisútvarpinu, sjónvarpi. Allt sem ráðgjafi útvarpsstjóra lætur frá sér fara hlýtur eðli málsins samkvæmt að vera gert í umboði útvarpsstjóra þar sem hann hefur ekki sjálfstætt umboð til eins né neins.

Með brottvikningu ráðgjafans hefur útvarpsstjóri staðfest þær yfirlýsingar sem fram koma í bréfi ráðgjafans fyrrv. til Stéttarsambands bænda að þær séu útvarpsstjóra óviðkomandi. Brottvikningin er algerlega ákvörðun útvarpsstjóra. Hvorki ég né hæstv. forsrh.

Davíð Oddsson þrýstum þar á. Allar fullyrðingar um slíkt eru úr lausu lofti gripnar og segja meira um þá sem halda þeim málflutningi uppi en nokkuð annað. Og þeir sem halda að Heimir Steinsson útvarpsstjóri hlusti á slíkt þekkja hann ekki neitt.

Málið snýst sem sagt um embættisfærslu. Innihald bréfsins sem fyrrv. ráðgjafi lét frá sér fara með þeim yfirlýsingum og aðdróttunum sem þar komu fram gáfu að sjálfsögðu tilefni til að kannað væri á formlegan hátt hvort þar færu yfirlýsingar útvarpsstjóra sjálfs. Starfandi menntmrh., hæstv. forsrh., kallaði þess vegna útvarpsstjóra á fund til sín ásamt skrifstofustjóra menningarmála menntmrn., en undir þá skrifstofu heyra málefni Ríkisútvarpsins. Ég hefði gert alveg nákvæmlega það sama. Á þessum fundi var einnig aðstoðarmaður forsrh., eins og komið hefur fram. Þarna var sem sagt eingöngu um sjálfsögð embættisverk að ræða og hugsanlega brottvikningu ráðgjafans bar alls ekkert á góma. Það hefur Árni Gunnarsson, skrifstofustjóri menningarmálaskrifstofunnar, staðfest við mig í morgun.

Það væru embættisafglöp og mikill ábyrgðarhluti ef stjórnvöld létu ókannað hvort einn af æðstu embættismönnum þjóðarinnar, í þessu tilviki útvarpsstjóri, héldi því fram að allar grundvallarreglur lýðræðis og faglegra vinnubragða hafi verið hundsaðar og að linnulaus pólitísk misnotkun eigi sér stað í þeirri stofnun sem hann ber ábyrgð á. (**Gripið fram á:** Er það ekki pabbadrengjanna?) Með þessu er ekki tekin efnisleg afstaða til gæða þeirra sjónvarpsþátta sem um ræðir í bréfi ráðgjafans fyrrv. Um þau gæði má auðvitað deila. Kjarni málsins er hins vegar sá að stjórnvöld hlutu að kanna hvort hér væri um formlega afstöðu yfirmanns Ríkisútvarpsins að ræða og í ljós kom að svo var ekki.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spurði mig nú ekki hvaðan ég hefði fengið bréfið frá ráðgjafanum fyrrv. Ég get upplýst það að ég fékk það sent með símbréfi fimmtudaginn 3. feb. til Lundar í Svíþjóð frá fréttastofu Ríkisútvarpsins, beint frá fréttastofu Ríkisútvarpsins. Bara svo að það sé engin leynd yfir því hvernig það barst í mínar hendur.

Hv. þm. spurði hvað mér þætti um gerning forsrh., þ.e. að hafa kallað útvarpsstjóra á sinn fund án þess að láta mig vita. Ég vissi allt um þetta mál. Það er símasamband á milli Íslands og annarra ríkja Norðurlanda og hægt að senda símbréf þannig að ég fylgdist alveg með þessu allan tímann.

Þá spyr hv. þm. hvað ég hafi átt við með orðum sem eftir mér eru höfð í Morgunblaðinu. Hann sagði að vísu fyrr í ræðu sinni að eftir mér væri haft að fyrr hefði átt að reka Arthúr Björgvin Bollason frá störfum og síðan spinnur hann náttúrlega ræðuna í kringum svona vitleysu sem ég hef aldrei látið fara frá mér, aldrei. Í Morgunblaðinu segi ég að mér hefði þótt tímabært að stoppa hann af fyrr og það er bara allt annað en að víkja mönnum úr starfi. Ég hafði ástæðu til að segja þetta vegna þess að ég hafði séð ýmislegt frá þessum fyrrv. ráðgjafa áður sem forsrh. hefur sjálfsagt ekki séð. Reyndar eru það engin leyniplögg vegna þess að þeim var dreift til starfsmanna Ríkisútvarpsins. Ég hef tvö slík bréf undir höndum. Þau eru eins og ég segi engin leyniplögg en að mínu mati þá sæma þau ekki ráðgjafa útvarpsstjóra frekar en þetta bréf sem hér er til umræðu.

Hv. frummælandi spyr svo hvort mér þyki ekki tímabært að grípa í taumana og, að mér skilst, víkja Hrafni Gunnlaugssyni úr starfi vegna ákvarðana sem hv. þm. sagði að framkvæmdastjórinn hefði tekið varðandi úthlutun á yfirvinnu. Af þeirri ástæðu þykir mér ekki tími til að grípa í taumana einfaldlega vegna þess að menntmrh. hefur ekkert með niðurröðun yfirvinnutíma að gera hjá Ríkisútvarpinu.

Hér er sem sagt um að ræða að útvarpsstjóri tekur þá ákvörðun að segja upp verksamningi við ráðgjafa sinn vegna þess að hann vill ekki sitja undir því að ráðgjafi og samverkamaður hans sendi frá sér bréf eins og hann gerði. Útvarpsstjóri vill ekki gera það. Þess vegna tekur hann þessa ákvörðun og ákvörðunin var hans. Ég hef hins vegar látið það frá mér fara að ég sjái ekkert athugavert við það að útvarpsstjóri taki þessa ákvörðun og ég geri ekki athugasemd við það. En ég hef ekki beðið um að þessum manni, frekar en öðrum, yrði vísað úr starfi. Það hef ég ekki gert.

Það hefur verið spurt, að vísu ekki í þessari umræðu, af hverju aðvörun eða áminning hefði ekki verið látin duga. Það er líka ákvörðun útvarpsstjóra. Og þar sem þarna var um verksamning að ræða þá þurfti auðvitað ekki aðvörun. En hver segir að hún hafi ekki einhvern tímann verið gefin? Ég veit ekki til að það liggi neitt fyrir um það. Mér þykir ekki ólíklegt einmitt að útvarpsstjóri hafi nú einhvern tímann talað áður við þennan ráðgjafa sinn um þá pappíra sem hann hefur látið frá sér fara á þessum tiltölulega stutta starfstíma.

Ég held að það hafi ekki verið beint til mín fleiri beinum spurningum, en heyrði ég rétt? Hv. þm. má grípa fram í fyrir mér og svara annaðhvort já eða nei. Sagði hann að menntmrh. og, þá ég, hefði lengi haft horn í síðu Örnólfs Árnasonar? (**ÓRG:** Það var mismæli. Ég átti við forsrh.) Það er einmitt það. Þá tek ég það til greina vegna þess að ég þekki manninn ekki neitt og hef aldrei tjáð mig nokkurn skapaðan hlut um hann eða hans verk.

[15:38]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. sagði réttilega áðan að hér eru til umræðu afskipti ráðherra af málefnum Ríkisútvarpsins og mun ég að sjálfsögðu halda mig við það. Það verður vitanlega alls ekki um það deilt að hæstv. forsrh. hefur haft afskipti af málefnum Arthúrs Björgvins Bollasonar. Ég ætla alls ekki að vefengja það sem hæstv. forsrh. hefur sagt og trúi honum að hann hafi ekki fyrirskipað brottrekstur mannsins. En hitt er svo annað mál að þegar starfsmaður ríkisstofnunar er kallaður á hvalbeinið hjá forsrh. þá held ég að það sé einkennilegur ríkisstarfsmaður sem beðin er um skýrslu ef hann skilur ekki að ætlast er til að hann hreinsi til hjá sér. A.m.k. hefði ég vonast til þess sem forsrh. að einhver þungi fylgdi þegar maðurinn er kallaður á hvalbeinið. Þetta er hins vegar aðeins, má segja, síðasta atvikið í sorglegri atvikaröð sem hefur orðið hjá Ríkisútvarpinu og ég vil með örfáum orðum leggja

áherslu á að þessi þróun verði hreinsuð í rótunum og menn hætti að deila um það sem er að gerast í dag og lagi til í raun þannig að útvarpsstjóri geti sinnt því verkefni sem honum var falið, að stjórna Ríkisútvarpinu.

Ræturnar eru vitanlega í öðrum afskiptum hæstv. ráðherra af starfsemi Ríkisútvarpsins þegar hæstv. menntmrh. setti þar inn mann framkvæmdastjóra sjónvarpsins sem vitað var að hann og æðsti yfirmaður Ríkisútvarpsins, útvarpsstjóri, getur ekki starfað með. Þar er rótin. Og mér þótti satt að segja afar vænt um að heyra það hjá hæstv. forsrh. að hann gagnrýnir þá þætti sem þessi maður hefur látið gera um íslenskan landbúnað og fleira mætti til telja. Er þá ekki orðin nóg ástæða til þess að hæstv. menntmrh. afturkalli það sem hann gerði með skipun þessa manns í óþökk útvarpsstjóra og veiti þannig útvarpsstjóra frið til að stjórna þeirri stofnun sem hann setti hann yfir?

Mér þótti satt að segja það sem var upplýst hér áðan um bréf sem hæstv. forsrh. ritaði útvarpsstjóra þegar hann hafði sagt nefndum Hrafni Gunnlaugssyni upp störfum afar athyglisvert. Ég vil leyfa mér að vekja athygli hæstv. forsrh. á því að á meðan hann gegnir þessari háu stöðu þá fær hann nánast aldrei aðskilið sjálfan sig frá starfinu. Það er nánast sama hvað hæstv. forsrh. gerir, það er hluti af starfinu. Hann er í huga þjóðarinnar forsrh. og sú ímynd sem þjóðin lítur til í því sambandi svo það skiptir sáralitlu máli á hvaða bréfhaus svona var skrifað. Og í mínum huga a.m.k. styrkir þetta það sem fullyrt var þegar Hrafn Gunnlaugsson var skipaður að það hafi hæstv. menntmrh. gert samkvæmt fyrirmælum frá forsrh. Þetta er því allt orðið hið leiðasta mál og afar nauðsynlegt að hreinsað sé til og það án tafar.

Mér þótti heldur leitt að hlusta á það í umræðum um þetta mál í fjölmiðlum að sök er mjög komið yfir á útvarpsstjóra. Ég vildi ekki vera í sporum útvarpsstjóra og starfa undir þeim þrýstingi sem þarna hefur augljóslega verið. Sökin er vitanlega afskipti ráðherranna af stofnun sem á að vera sjálfstæð, svo ég endurtek: Takið ykkur nú til, hreinsið þarna til og leyfið Ríkisútvarpinu að verða sú sjálfstæða stofnun sem það á að vera.

[15:42]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Um hvað snýst þetta mál? Um embættisfærslu, segir hæstv. menntmrh., en að mínum dómi er það alrangt. Þetta mál snýst um það ástand sem upp er komið í Ríkisútvarpinu og það ástand er afleiðing af þeirri gerð hæstv. menntmrh. að skipa Hrafn Gunnlaugsson sem settan framkvæmdastjóra sjónvarpsins eftir að hann hafði verið rekinn úr starfi við þá sömu stofnun. Það var vitað að þessi gerð mundi kosta átök innan stofnunarinnar og það er staðreynd að frá þeim tíma sem hann var skipaður hefur stofnunin verið í hers höndum eða í herkví eins og Arthúr Björgvin Bollason kemst að orði í sínu bréfi þannig að það sem við stöndum hér frammi fyrir var það sem hlaut að gerast. Það hlaut að koma að því að einhver starfsmanna Ríkisútvarpsins risi upp og mótmælti þeirri misnotkun á Ríkisútvarpinu sem við höfum horft upp á mánuðum saman.

Í annað sinn stöndum við frammi fyrir óþolandi afskiptum ráðherra ríkisstjórnarinnar af sjálfstæðri ríkisstofnun, mikilvægustu menningarstofnun þjóðarinnar og við kvennalistakonur mótmælum því harðlega hvernig hér er staðið að verki. Þetta er ítrekuð valdníðsla.

Ég get auðvitað ekki fullyrt hvað gerðist á fundi Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., og þeirra sem hann kallaði þar til þegar hann fékk útvarpsstjóra á sinn fund, kallaði hann inn á teppið. En við eigum að trúa því að þar hafi einungis verið beðið um skýringar á ákveðnu bréfi.

Það er ákaflega einkennilegt að hlusta á málflutning ráðherranna varðandi þetta bréf. Þeir hafa haldið því fram að þeir séu kallaðir nasistar og gyðingamorðingjar. Því fer víðs fjarri. Það er fyrst og fremst verið að tala um ákveðnar hugmyndir sem fram koma í þeim þáttum sem eru rótin að þessum skrifum. Ég bendi á það að bréfritarinn, Arthúr Björgvin Bollason, er sérfræðingur í hugmyndafræði nasista og hefur skrifað um hana heila bók þannig að hann ætti að vera henni kunnugur, en ég ætla ekki að fella dóm um það hversu skyldar þessar hugmyndir eru. En ráðherrar hafa aflutt þetta bréf og þeir kalla þetta embættisfærslu — er Arthúr Björgvin Bollason embættismaður? Telst hann vera embættismaður? Hann er aðstoðarmaður útvarpsstjóra til að sinna ákveðnum verkefnum. Skrifar hann bréf útvarpsstjóra? Var ástæða til þess að ætla það að skoðanir í bréfi sem er undirritað af Arthúri Björgvin Bollasyni og með hans starfstitli túlki skoðanir útvarpsstjóra? Hér er afar sérkennilegur málflutningur ráðherra á ferð og alveg ljóst að þeir hafa kallað þennan æðsta embættismann þessarar sjálfstæðu ríkisstofnunar á sinn fund, þ.e. hæstv. forsrh. Hann kallar hann inn á sinn fund og því fylgja auðvitað ákveðin skilaboð, bæði til útvarpsstjóra sjálfs og til þjóðarinnar. Og þetta eru vinnubrögð sem eru allsendis óþolandi.

Það er ekki hægt að komast hjá því að minnast aðeins á ummæli hæstv. forsrh. Hann hefur sagt það hér að menn hafi hlakkað yfir brottrekstri Hrafns Gunnlaugssonar. Brottrekstur Hrafns Gunnlaugssonar kom aldrei til umræðu hér á þingi heldur sú gerð hæstv. menntmrh. að skipa hann í embætti eftir að hann hafði verið rekinn frá þeirri sömu stofnun. Og ég tek innilega undir það með hæstv. forsrh. að það eru óeðlileg vinnubrögð að vera að reka fólk með þessum hætti. Það eru óeðlileg vinnubrögð. Það eru mjög sérkennileg vinnubrögð hjá yfirmanni Ríkisútvarpsins að vera sífellt að reka menn í stað þess að gefa þeim áminningu og gefa þeim kost á því að bæta ráð sitt. Ég get ekki látið hjá líða að gagnrýna það hvernig útvarpsstjóri hefur komið fram í þessu máli sem og öðrum.

Það sem við stöndum hér frammi fyrir er það hvaða áhrif þessi atburðarás hefur á sjálft Ríkisútvarpið og það er auðvitað mergurinn málsins. Hvað eru þessi afskipti ráðherranna að gera Ríkisútvarpinu? Það er hin alvarlega spurning í þessu máli og þessum afskiptum verður að linna. Það má heldur ekki gleyma því hver

er kjarni málsins. Hvað er þessi starfsmaður að segja sem hefur skrifað mjög harðort bréf? Hann er að benda á það að Ríkisútvarpið hefur verið misnotað af ákveðnum öflum. Þar hefur kröfum um gæði og þekkingu verið ýtt til hliðar til þess að leyfa stuttbuxnadeild Sjálfstfl. að æfa sig í sjónvarpinu og þar hefur 15. gr. útvarpslaganna þar sem kveðið er á um skyldur útvarpsins til þess að gæta fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð, sú regla hefur verið þverbrotin æ ofan í æ. Þetta er óþolandi. Það þarf að bæta úr þessu, það þarf að leyfa Ríkisútvarpinu að vinna í friði og þessum afskiptum þarf að linna.

[15:48]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér þykir það miður að innri mál Ríkisútvarpsins, sjónvarps þurfi enn á ný að verða tilefni umræðu hér utan dagskrár á hv. Alþingi. Ég tek heils hugar undir það sem kemur fram í ályktun Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins, að það er alltaf ákveðin hætta á því að umræður af tilefni sem þessu snúist upp í orðhengilshátt um bréfsefni og titla en inntakið gleymist, þ.e. að með efnistökum í dagskrárgerð er stórhætta á því að Ríkisútvarpið, fjölmiðill allrar þjóðarinnar, verði rúinn því trausti sem slíkum fjölmiðli er nauðsynlegt.

Ég geri mér ekki von um það að umræðan hér í dag breyti nokkru ef satt skal segja um það ástand sem ríkir innan Ríkisútvarpsins og hæstv. forsrh. segir að komi þessu máli ekki við. En það er nú einmitt kjarni málsins. Staðreyndin er nefnilega sú að það ber svo mikið í milli skoðana okkar stjórnarandstæðinga og Sjálfstfl. á því hvernig okkar fjölmiðlaheimur skuli líta út í grundvallaratriðum að þar næst ekkert samkomulag. Það er hins vegar dapurlegt að það skuli vera hlutskipti þessarar stofnunar að verða bitbein pólitískra átaka og því verður að linna ef ekki á illa að fara.

Það skyldi nú ekki vera að það sé að koma í ljós sem sú sem hér stendur hélt fram í umræðum á Alþingi sl. vor að það sé vilji Sjálfstfl. að eyðileggja Ríkisútvarpið og vinna verkið innan frá. Það verður þó hægt að segja að hæstv. ríkisstjórn hafi komið einhverju til framkvæmda á sínum starfsferli og þeir sjálfstæðismenn ætli ekki að láta þar við sitja. Nei. Landsfundur Sjálfstfl. vill að Ríkisútvarpið útvarpi hljóðvarpsdagskrá á einni rás. Það á sem sagt að selja eða gefa einhverjum íhaldsdrengjum bæði Ríkisútvarpið, sjónvarp og Rás tvö, enda alveg óþolandi að hafa svo sterka fjölmiðla í loftinu sem Sjálfstfl. getur ekki ritskoðað. Það er svo miklu þægilegra í dagblaðaútgáfu þar sem þeir hafa Moggann sem gætir þess dyggilega að segja bara það sem sjálfstæðismönnum er þóknanlegt. Og þessu held ég fram þrátt fyrir broslegar staðhæfingar Morgunblaðsins frá því í gær um að Moggginn sé ekki málgagn Sjálfstfl.

Vandamál Ríkisútvarpsins eru einstök og þau hafa því miður oft komið til umræðu á hv. Alþingi frá því í apríl síðasta ár. Málið snýst um að samkvæmt skoðanakönnun voru 83% þjóðarinnar ósammála þeirri ákvörðun menntmrh. að ráða Hrafn Gunnlaugsson tímabundið í stöðu framkvæmdastjóra sjónvarps og ég er sannfærð um að skoðanir þjóðarinnar hafa ekki breyst síðan þá. Ástand á stofnuninni er algerlega óviðunandi og má skilja á þeim sem best til þekkja að allt það sem kemur fram í bréfi Arthúrs Björgvins Bollasonar sé rétt. Stundum þarf að segja sannleikann þannig að hann skiljist. Áðurnefndur maður hafði kjark til þess að segja þannig frá að það kemst á framfæri hvernig ástandið er þó að ég viðurkenni að orðalagið í því bréfi sem sent var formanni Stéttarsambands bænda er ekki venjulegt.

Ég veit að það gefst ekki tími til umræðna eða að rekja þann feril sem settur framkvæmdastjóri sjónvarps hefur að baki hjá stofnuninni en þar mætti margt taka til og margt nefna. Ég vil taka örfá dæmi. Fólki er sagt upp störfum eða haldið frá verkum á sama tíma og vildarvinir eru yfirborgaðir við að vinna sömu störf. Skrifstofa framkvæmdastjóra sjónvarps stundar dagskrárgerð fyrir milljónatugi sem aldrei hefur tíðkast og þegar fulltrúar útvarpsráðs spyrja út í fjármálin, þá segir framkvæmdastjórinn að þeim komi þau ekki við. Einmunalélegir umræðuþættir hafa verið á skjánum og hafa verið nefndir hér og síðast en ekki síst má nefna hinar dæmalausu árásir á bændastéttina. Og ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 18. þm. Reykv. að með þessu öllu saman hefur 15. gr. útvarpslaga verið þverbrotin.

En er mikið þó að fólki sem hefur heiðarlega hugsun hjá þessari ágætu stofnun sé nóg boðið? Afskipti hæstv. forsrh. af þessu máli koma í sjálfu sér ekki á óvart. Það var hans verk að framkvæmdastjórinn var ráðinn til eins árs og nú hefur hann aftur bein afskipti af innri málum sjálfstæðrar ríkisstofnunar sem starfandi menntmrh. Ég ætla ekki að fullyrða að hann hafi skipað útvarpsstjóra að segja bréfritara upp. Hitt er ljóst að það að kalla útvarpsstjóra á sinn fund eru ákveðin skilaboð, skilaboð sem voru skilin af þeim sem í hlut átti. Þetta eru pólitísk afskipti sem eiga ekki að viðgangast. Þetta segir þjóðinni í hnotskurn við hvers konar stjórnarfar við búum. Hver er framtíð þessarar stofnunar? Hennar vegna og þjóðarinnar vegna vona ég að því tímabili sem hófst 1. apríl sl. ljúki 1. apríl í ár. Það er einlæg von mín að þá losni stofnunin undan járnhæl hins pólitíska valds.

[15:54]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Þegar litið er á þetta mál og þessa framhaldssögu alla hjá Ríkisútvarpinu þá finnst mér að þetta sé öðru fremur tvíþætt. Í fyrsta lagi snýr þetta mál að þeirri gagnrýni sem ráðgjafi útvarpsstjóra setti réttilega fram að mínu mati í bréfi til bændasamtakanna þar sem hann gagnrýnir dagskrárgerð á vegum framkvæmdastjóra sjónvarpsins. Það má eins og hér hefur komið fram vissulega efast um málatilbúnaðinn í því bréfi en efnislega stendur sú gagnrýni og hún hefur núna hlotið stuðning hjá stjórn starfsmannasamtaka Ríkisútvarpsins í sérstakri samþykkt sem þar varð gerð hinn 5. febr. sl. þannig að efnislega stendur hún.

Í öðru lagi snýr þetta mál að dæmalausum afskiptum ráðherra Sjálfstfl. af innri málefnum Ríkisútvarps-

ins. Hér hefur hvað eftir annað verið sagt réttilega að Ríkisútvarpið sé sjálfstæð ríkisstofnun. Í því felst að Ríkisútvarpið eins og aðrar slíkar stofnanir lýtur ekki boðvaldi ráðherra og það er mikilvægt að hafa þetta í huga. Það gildir ekki það sama um sjálfstæðar ríkisstofnanir og aðrar ríkisstofnanir sem við getum kannski kallað einhverja sérstaka miðstjórnarhafa.

Það er ástæða til þess að hafa þetta í huga og þetta þarf að setja í víðara samhengi til þess að mönnum verði ljósir þeir stjórnarhættir sem hér hafa viðgengist síðan Davíð Oddsson, hæstv. núv. forsrh., settist í það embætti því að þetta er ekki fyrsta málið af þessu tagi sem kemur upp varðandi sjálfstæðar ríkisstofnanir. Þetta er ekki í fyrsta sinn sem menn eru kallaðir á hvalbeinið eða teknir á teppið hjá hæstv. forsrh. vegna skoðana sinna og ummæla. Og ég ætla að minna í því sambandi á afskipti forsrh. af öðrum yfirmönnum, t.d. Guðmundi Malmquist, forstjóra Byggðastofnunar, þegar hann var kallaður á hvalbeinið vegna ummæla sem hann viðhafði. Þórður Ólafsson, forstöðumaður bankaeftirlits Seðlabanka ríkisins, var kallaður á hvalbeinið vegna ummæla sem hann viðhafði. Bæði Seðlabankinn og Byggðastofnun eru sjálfstæðar ríkisstofnanir og lúta ekki boðvaldi ráðherra. Það sama á við um útvarpið og þegar ráðherra kallar þessa menn fyrir á teppið með þessum hætti þá felast auðvitað í því mjög ákveðin skilaboð þó svo að ráðherra segi kannski ekki beinum orðum að það eigi að hreinsa til eða menn eigi að biðjast afsökunar eða menn eiga að reka einhverja. Það eru mjög skýr skilaboð sem í þessu felast og þetta er ekki í fyrsta sinn eins og ég segi. Þetta eru stjórnarhættirnir. Það á að beita valdi til hins ýtrasta og það á að fá menn til þess að lúta valdboði. Í þessu felst bein og óbein skoðanakúgun, hvað sem menn kjósa að kalla það. Og maður hlýtur að spyrja sig: Hvenær verður háskólarektor kallaður á teppið hjá menntmrh. eða forsrh. fyrir einhverjar skoðanir sem hann setur fram á bréfsefni Háskólans eða þá háskólaprófessorar eða aðrir slíkir? Hvenær kemur að því að röðin komi að háskólarektor sem stjórnar líka sjálfstæðri ríkisstofnun?

Hér vil ég minna á í þessu sambandi að það hefur verið tekin saman greinargerð á vegum ráðgjafarþjónustu Lagastofnunar Háskóla Íslands um muninn sem er á sjálfstæðum ríkisstofnunum og öðrum ríkisstofnunum og lögð fram hér við umfjöllun m.a. um Húsnæðisstofnun ríkisins. Þar geta menn lesið sér til um þetta, hvernig þessu er háttað. Og þarna verða menn að gera mjög skýran greinarmun á og það er mikilvægt, sérstaklega þegar menn eru að tala um menningarstofnanir, þegar við erum að tala um bankastofnanir og aðrar slíkar sem þurfa að vera sjálfstæðar og lausar undan járnhæl ráðherranna.

Hér hafa menn sagt að pólitískum afskiptum af Ríkisútvarpinu verði að linna og það tek ég undir heils hugar vegna þess að þau eru á góðri leið með að eyðileggja Ríkisútvarpið. Þessi afskipti eru á góðri leið bæði með að eyðileggja starfsandann á stofnuninni og eins orðstír stofnunarinnar út á við.

[15:58]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Einkabréf fór á flug, það var frá Arthúri Björgvin Bollasyni til Hauks Halldórssonar. Var ástæða til þessara bréfaskrifta? (**Gripið fram í:** Já.) Já, það var ástæða til þessara bréfaskrifta. Bændur hafa verið lagðir í einelti í sjónvarpinu. Útvarpsstjóri hefði raunar átt að skrifa svona bréf sjálfur með sínu orðalagi, ekki bara handa Hauki Halldórssyni heldur handa bændum í landinu sem hann skuldar afsökunarbeiðni á hvernig sjónvarpið hefur hagað sér í þeirra garð.

Menn hafa gert það að miklu máli að bréfið hafi verið ritað á bréfhaus stofnunarinnar. Ég geri nú ekki svo mikið með það. Ég er með fyrir framan mig bréfhaus Alþingis, þ.e. Alþingi Íslendinga stendur í þessum bréfhaus. Ef ég skrifaði sendibréf á þessa örk mína, mundi einhver halda að það væri skrifað í nafni þessarar stofnunar? Nei, það væri auðvitað í mínu nafni undirskrifað af mér. Titlatog í undirskriftinni sem fylgir nafni Arthúrs Björgvins Bollasonar reikna ég honum eingöngu til hégómaskapar.

Efni bréfsins. Þar eru settar fram staðhæfingar. Við skulum skoða þær aðeins nánar. Þær eru allar gersamlega réttar. Ríkissjónvarpið er í pólitískri herkví og hefur verið það síðan í vor. Þar starfa a.m.k. einn eða tveir menn sem eru í hlekkjum hugarfarsins. Þeir lifa í einhverjum brengluðum hugarheimi og eru haldnir þráhyggju og árásarárattu á eina stétt í landinu. Þeir telja bændastéttina eitthvert skrímsli sem þurfi að berja á og rægja með öllum hætti og tilgangurinn helgi meðalið. Hver sjónvarpsþátturinn eftir annan hefur verið gerður í þessu skyni, til að ófrægja bændur. Það er ekki sagnfræði, það er ekki heimildavinna, þar eru ekki fagleg vinnubrögð. Að vísu var seinasti þátturinn býsna lúmskt uppsettur áróðursþáttur, ekki barnalegur eins og hinir fyrri. En hann var býsna lúmskt settur upp sem áróðursþáttur. Ósannar staðhæfingar voru endurteknar í síbylju. Flestir vita að þær eru ósannar og það er auðvelt að sanna að þær eru ósannar. En þær eru endurteknar til að reyna að láta það síast inn hjá fólkinu í landinu að það sé nú kannski eitthvað tortryggilegt þarna á seyði. Það eru nefndir nasistar í þessu bréfi. Nasistar urðu ekki fyrstir til að ljúga upp á þá sem þeir vildu rægja. Það hefur verið gert frá aldaöðli. Nasistar stunduðu aðferðina hins vegar kerfisbundið og notuðu akkúrat þessa síbyljuaðferð. Nú vita menn að sjónvarpið stundar ekki fjöldaaftökur á bændum en það er verið að reyna að myrða mannorð bænda sem er allillt og koma óorði á stéttina í heild og trúnaðarmenn hennar.

Jón Sæmundur Sigurjónsson, fyrrv. alþm., líkti vinnubrögðum Grænfriðunga fyrir nokkrum árum við vinnubrögð nasista. Grænfriðungar reiddust en engum datt í huga að reka Jón Sæmund Sigurjónsson frá starfi fyrir það sem hann sagði.

Í sjónvarpsþætti fyrir skemmstu, þessum seinasta, voru trúnaðarmenn bænda fullum fetum og ítrekað kallaðir mafía. Það er hroðalegt orðbragð. Mafían er glæpafélag og nær okkur í tíma en nasistar á fjórða áratugnum. Ég get nú satt að segja ekki hugsað mér

fráleitari mafíósa heldur en Hauk Halldórsson. Hann kann ekki og notar áreiðanlega ekki vinnubrögð mafíósa. Hann er vænn og heiðarlegur maður. Hann hefur stundum legið undir ágjöf, ekki fyrir harðdrægni, ekki fyrir óheiðarleg vinnubrögð, heldur fyrir að vera óþarflega sveigjanlegur og standa ekki nægilega dyggan vörð um hagsmuni þeirrar stéttar sem honum er trúað fyrir.

Í bréfinu er minnst á pólitíska íhlutun ráðherra og það er nú vægilega orðað í þessu bréfi. Afskipti ráðherranna af Ríkisútvarpinu, sem hafa verið óheimil því eins og hér hefur komið fram var þetta sjálfstæð ríkisstofnun og á að vera það, markast af siðblindu, fólsku og spillingu. Þeir þvo sér hér báðir eins og Pílatus forðum, forsrh. og menntmrh. og segja: Sýkn er ég, sýkn er ég, það er Heimir sem ber sökina af blóði þessa réttláta manns. En það kann nú að vera, útvarpsstjóri er kristinn og kærleiksríkur og hann tekur á sig sökina. Jú, jú, ég rak hann, ég ber ábyrgðina, ég rak hann. Hann hafði náttúrlega dálítinn umhugsunarfrest til þess. Ég er ekkert að rengja það hjá forsrh. að hann hafi ekki skipað útvarpsstjóra beinum orðum að reka Arthúr Björgvin Bollason. En það kynni nú að vera að útvarpsstjóra hafi orðið það ljóst þarna á teppinu hjá forsrh. að hann sæti ekki sem fastast í útvarpsstjórahnakknum og þess vegna hafi hann látið hjálparmanninn fjúka. Ekki síst eftir dólgslegar yfirlýsingar hæstv. menntmrh. sem hann viðhafði þegar hann var í útlöndum og var að senda hér tóninn heim. Og ég spyr: Hvers vegna eru mennirnir að láta svona? Eru þeir að reyna að styrkja áróðursstöðu sína? Í og með. En megintilgangurinn er auðvitað að eyðileggja Ríkisútvarpið og dýr verður Hafn allur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að áheyrendur, sem alltaf eru velkomnir á palla, eiga ekki að sýna nein viðbrögð við ræðum í þingsalnum.

[16:04]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hefur að mörgu leyti komið víða við í dag en mér finnst kjarni málsins ekki síst vera sá hvernig því er tekið þegar opinber starfsmaður segir meiningu sína sé hún ekki þóknanleg stjórnvöldum. Í þessu tilviki er annars vegar um það að ræða hvort þessum tiltekna starfsmanni var sagt upp fyrir að hafa skoðanir sem ekki falla í kramið hjá ráðamönnum og hins vegar hvernig hann hefur sett þær fram, þ.e. á hvaða bréfhaus. Og hvort skyldi nú vera mikilvægara og merkilegra?

Mér finnst því miður að það megi ráða það af viðbrögðum stjórnvalda að þessum tiltekna starfsmanni sé ekki heimilt að hafa þær skoðanir sem hann hefur, hann megi ekki gagnrýna vinnubrögð innan stofnunarinnar sem hann vinnur hjá nema ríkjandi stjórnvöld séu sammála þeirri gagnrýni. Ástæða sé til þess að víkja honum úr starfi fyrir skoðanir sínar án nokkurrar viðvörunar. Hins vegar er það fullsannað að hjá sömu stofnun er mönnum fullkomlega heimilt að hafa skoðanir og gagnrýna opinberlega vinnubrögð innan stofnunarinnar sé sú gagnrýni í takt við skoðanir stjórnvalda og þá gildir einu hvort menn fá viðvarnir vegna ummæla sinna eður ei. Ef athugasemdir leiða til uppsagnar endurráða ríkjandi stjórnvöld, þ.e. ráðherra, manninn í hærri stöðu svo framarlega sem hann hefur réttar skoðanir. Það er ekki að furða að það hafi sett að ýmsum beyg við þau tíðindi sem nú hafa orðið.

Sé hins vegar litið á það hvernig skoðanirnar eru settar fram þá má áreiðanlega alltaf gagnrýna það. En hér er fyrst og fremst um að ræða notkun á bréfsefni og ekkert annað. Og hvers vegna er þá einn maður rekinn fyrirvaralaust en öðrum sparkað upp á við þar sem um gagnrýniverða framsetningu er sjálfsagt að ræða í báðum tilvikum? Ég spyr: Hvað hefur breyst svona mikið síðan Hrafn Gunnlaugsson var eftirminnilega varinn af ráðherrum fyrir sínar skoðanir þar til nú þegar Arthúr Björgvin Bollason má ekki hafa sínar skoðanir? Og ég vil taka það fram að persónulega finnst mér gagnrýni Arthúrs Björgvins Bollasonar bæði þörf og kærkomin en aðdragandinn að uppsögn Hrafns Gunnlaugssonar var ekki eins skemmtilegur að mínu mati.

Um þátt hæstv. ráðherra hefur þegar komið það fram sem máli skiptir og þar af leiðandi vil ég fyrst og fremst einskorða mig hér við þá siðferðilegu spurningu: Mega menn einungis segja meiningu sína sé hún þóknanleg stjórnvöldum? Þrátt fyrir ummæli hæstv. forsrh. um að auðvitað eigi ekki að reka menn fyrir skoðanir sínar, öðruvísi gat ég ekki skilið hann hér í upphafsræðu sinni, þá finnst mér það meira en sérkennileg tilviljun að menn eru reknir fyrirvaralaust séu þeir með skoðanir í trássi við hentugleika tiltekinna ráðherra og það jafnvel með ansi napurlegum ummælum í fjölmiðlum, ávirðingum og hálfkveðnum vísum sem ég hef ekki heyrt neinn rökstuðning fyrir, að kannski hafi nú sökin verið mikil og kannski hafi nú viðvaranir verið margar og kannski sé maðurinn miklum mun bersyndugri en fram hafi komið. Ég held að hann hafi ekki gert annað af sér en hafa sínar skoðanir og segja þær.

[16:09]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Allt síðasta ár þegar hæstv. forsrh. var spurður um málefni Hrafns Gunnlaugssonar sagði hann hvað eftir annað að hann, Davíð Oddsson, hefði engin afskipti haft af því máli. Þær eru margar til upptökurnar á sjónvarpsstöðvunum og útvarpsstöðvunum þar sem hæstv. forsrh. segir skýrt að hann hafi engin afskipti haft af málefnum Hrafns Gunnlaugssonar í sjónvarpinu.

Ég kaus að trúa hæstv. forsrh. eins og kannski þjóðin öll á liðnu ári og það var þess vegna sem mér þóttu það mikil tíðindi þegar ég frétti það fyrir nokkrum dögum að sama daginn eða næsta dag á eftir þegar Hrafn Gunnlaugsson var rekinn hefði Davíð Oddsson forsrh. Íslands skrifað útvarpsstjóra Heimi Steinssyni bréf, harðort bréf, stóryrt bréf. Ég trúði því ekki að hæstv. forsrh. Íslands hefði allt sl. ár staðið frammi fyrir þjóð sinni og sagt: Ég hef engin afskipti haft af

þessu máli og síðan hefði það verið sannleikurinn að hann hefði skrifað bréf til útvarpsstjóra. Mér var tjáð það að þrír af embættismönnum útvarpsins a.m.k. hefðu lesið þetta bréf og það er ljóst að útvarpsstjóri leit ekki á málið sem slíkt einkabréf að hann sýndi það ekki öðrum embættismönnum útvarpsins. (**Forsrh.:** Hvað sagði hann við þig í dag?) Ég kem að því, hæstv. forsrh., vegna þess að í aumlegri vörn hér í dag gerir hæstv. forsrh. spurningu mína til útvarpsstjóra að aðalatriði. Það er rétt. Ég spurði hæstv. útvarpsstjóra að því: Lítur þú á bréf Davíðs Oddssonar til þín sem persónulegt bréf eða embættisbréf? Hvers vegna orðaði ég spurninguna á þann veg? Jú, fram að svari útvarpsstjóra var ég enn þá ekki viss hvort virkilega væri rétt að slíkt bréf hefði verið skrifað. Og útvarpsstjórinn staðfesti það með svari sínu að slíkt bréf væri skrifað.

Ég spurði útvarpsstjóra einnig: Á hvaða bréfhaus var bréf hæstv. forsrh. skrifað? Og útvarpsstjóri sagði: Það man ég ekki. Það er nokkuð um liðið síðan ég hef litið á bréfið. Og auðvitað er það rétt sem fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson sagði hér áðan, að í þessu máli getur Davíð Oddsson, íbúi á Lynghaga í Reykjavík, ekki skilið sig frá Davíð Oddssyni forsrh. sem skrifar til útvarpsstjóra. Þess vegna er það auðvitað staðreynd að vilji hæstv. forsrh. halda því fram að hér sé eingöngu um persónulegt bréf hans sem óbreytts borgara á Íslandi að ræða og í engu vikið að stöðu hans sem formanns Sjálfstfl., í engu vikið að því hvers vegna Heimir Steinsson var gerður að útvarpsstjóra og hverjir gerðu hann að útvarpsstjóra og í engu vikið að embættislegum verkum hæstv. útvarpsstjóra, þá getur hæstv. forsrh. sannað það mál sitt með því að birta þetta bréf. Þetta bréf er til í skjalasafni útvarpsins, hæstv. forsrh. Útvarpsstjóri lítur ekki á bréfið sem einkabréf. Hann geymir það í skjalasafni útvarpsins og hann hefur sýnt það öðrum háttsettum embættismönnum útvarpsins. Vilji hæstv. forsrh. standa eftir sem maður sannleikans í þessu máli lætur hann þegar í stað ef hann hefur ekki eintak af bréfinu sjálfur sækja það upp í Ríkisútvarp og birta það í dag. Ég geri þá kröfu svo að þjóðin öll geti séð hvort hæstv. forsrh. fer nú með rétt mál, því það er orðið sannað að í fyrra fór hann ekki með rétt mál, hann birti bréfið. Hæstv. forsrh. Davíð Oddsson á ekki um annað að velja en annaðhvort að birta bréfið þannig að allir megi sjá að það sé eingöngu um persónulegt bréf að ræða hvað allt efni snertir eða hæstv. forsrh. Davíð Oddsson segi af sér.

Grundvallaratriði er að þjóð geti treyst orðum forsrh. Þjóðin trúði því að hann hefði engin afskipti haft af málefnum Hrafns Gunnlaugssonar. Nú er komið í ljós að hann skrifaði bréf. Hann segir: Það er einkabréf, það er persónubréf. Það verðurðu að sanna, hæstv. forsrh., því að sundur verður ekki skilið persónan Davíð Oddsson og forsrh. Davíð Oddsson í málefnum útvarpsins, enda er alveg ljóst að þrátt fyrir svar útvarpsstjóra til mín vegna þess að spurningin var borin upp fyrst og fremst til að fá staðfestingu á því að bréfið væri til, orðalagið var valið gagngert til að fá staðfestinguna á því að bréfið væri til, þá hefur útvarpsstjóri litið á bréfið sem bréf til útvarpsstjóra. Ég endurtek þess vegna, virðulegi forsrh. Davíð Oddsson: Í þessu máli á hæstv. forsrh. bara tvo kosti: Að birta bréfið og sanna það að eingöngu sé um persónulegt bréf að ræða. Birti hann ekki bréfið eða komi í ljós að ekki sé um persónulegt bréf að ræða, þá verður hæstv. forsrh. Íslands, Davíð Oddsson, að segja af sér. Mig minnir að ég hafi bent á það hér í umræðum um Hrafnsmálið á síðasta ári að hæstv. forsrh. tjáði sig lítt ef þá nokkuð í þeirri umræðu og mig minnir að ég hafi þá sagt að það kunni kannski að vera skýringin á því að hann vildi ekki hér á Alþingi þurfa að svara spurningum sem hann hafði svarað í fjölmiðlum. Enn nú hefur hann svarað þeim á Alþingi. Nú hefur hann viðurkennt að bréfið sé til. Ég spurði hæstv. forsrh. um efni bréfsins. Hann svaraði því engu. Ég fullyrti samkvæmt frásögn, sem ég hef heyrt, um nokkur efnisatriði bréfsins. Um það sagði hæstv. forsrh. ekkert. Ég skora því á hæstv. forsrh. að birta bréfið, láta ná í það upp í Ríkisútvarp strax í dag ef hann hefur það ekki sjálfur undir höndum og birta það.

Við höfum fylgst með orðum hæstv. forsrh. í öðrum málum. Þjóðin fylgdist með orðunum um þyrluna í fyrra. Við þekkjum efndirnar á þeim orðum. Þjóðin fylgdist með yfirlýsingunni um þyrluna fyrir utan þinghúsið fyrir nokkru. Hæstv. forsrh. er kominn í þá stöðu að hann verður að segja satt. Hann verður að gera meira, hann verður að sanna það að hann segi satt.

Aðstoðarmaður forsrh. sagði í sjónvarpsviðtali nú um helgina, annað af þeim tveimur vitnum sem hæstv. forsrh. hefur kallað til í þessu máli, að það hafi eingöngu verið bornar upp þrjár einfaldar spurningar á fundi útvarpsstjóra og forsrh. sl. fimmtudag og síðan hafi þeir talað um veðrið. Nú staðfestir hæstv. forsrh. hér í dag að hann hafi spurt útvarpsstjóra á umræddum fundi á fimmtudaginn hvort ummæli Hrafns Gunnlaugssonar í þættinum fræga forðum væru alvarlegri en ummæli Arthúrs Björgvins Bollasonar í bréfinu og spurði síðan hæstv. útvarpsstjóra að því hvað hann hygðist gera. Það vita auðvitað allir eins og fyrrv. forsrh. Steingrímur Hermannsson sagði hér, að fyrst hæstv. forsrh. Davíð Oddsson fór að gera samanburð á ummælum Arthúrs Björgvins Bollasonar og ummælum Hrafns Gunnlaugssonar og spurði um aðgerðir, þá var alveg ljóst hvað hæstv. forsrh. var að segja. Enda fór útvarpsstjóri strax í embættishús sitt og sagði Arthúri Björgvin Bollasyni upp. Íslenska máltækið „skilst fyrr en skellur í tönnum" er auðvitað orð að sönnu í þeim efnum fyrst hæstv. forsrh. viðurkennir það hér í dag að hann hafi nánast komið þeim tilmælum á framfæri með samanburðinum sjálfum þó hann orðaði ekki brottrekstrinn, hvað ætti að gera.

Því miður er það þannig að framganga Sjálfstfl. öll í þessu máli, setning framkvæmdastjórans, misbeiting á umræðuþáttum í allan vetur, bréfaskriftir forsrh. til útvarpsstjóra þegar Hrafni Gunnlaugssyni er sagt upp, fundurinn í forsrn. á fimmtudaginn eru öll með þeim hætti að siðareglur lýðræðislegs samfélags hafa verið þverbrotnar af forustu Sjálfstfl. í þessum málum. Og hæstv. forsrh. verður að vera maður til þess að sýna þjóð sinni í dag með því að birta bréf sitt til útvarps-

stjóra að hann hafi í dag farið með rétt mál. Ég veit að orð mín eru þung hvað það snertir að biðja um afsökun hæstv. forsrh. En forsrh. sem ekki segir þjóð sinni satt á engan annan kost.

[16:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er misskilningur hjá hv. þm. að orð hans til mín um að ég ætti að segja af mér væru þung orð. Þau eru það ekki því ég tek ekki þennan hv. þm. alvarlega. Ég sé ekki að það sé hægt yfirleitt að taka þennan hv. þm. alvarlega, ég geri það ekki, get ekki. Hann er ekki þeirrar gerðar að ég geti það. Og ég er ekki hér í hans skjóli og ég mundi aldrei vilja sitja sem forsrh. í hans skjóli, aldrei. Slíkan mann tekur maður ekki alvarlega.

Þessi hv. þm. hefur verið uppi með slíkan málatilbúnað að er til skammar fyrir þingmanninn. Hv. þm. er að monta sig af því að hann hafi hringt í útvarpsstjóra og spurt hann með tilteknum, lævíslegum hætti til að láta hann játa að til væri bréf sem hann var áður búinn að fá þrjá menn að mér skilst til að segja sér hvers konar bréf væri og hann vissi að það væri í skjalasafni útvarpsins. Hvers konar leikaragangur er þetta í formanni flokks og fyrrv. fjmrh.? Þessi maður gengur fram hér með þessum hætti og hver getur tekið svona þingmann alvarlega? Og hvað ætlar hann að reyna að sanna með þessari bréfasögu sinni? Hann reyndi með lævíslegu orðalagi að segja: Forsrh. sagðist ekki hafa haft nein afskipti af málefnum Hrafns Gunnlaugssonar, væntanlega bara frá upphafi. (**ÓRG:** Nei, það var ekki sagt.) Ég hef svo sannarlega haft afskipti af málefnum þess pilts frá því að við vorum 13 ára gamlir. En hvað sagði ég hins vegar? Ég sagðist ekki hafa haft neitt með ráðningu hans að gera. Ætlar þessi maður sem þykist hafa fengið upplýsingar úr þessu bréfi að reyna að halda því að þingheimi og þjóðinni að þetta bréf hafi eitthvað með ráðningu Hrafns Gunnlaugssonar að sjónvarpinu að gera? Ó nei, og þar með hrynur þetta allt eins og spilaborg, þessi dæmalausa endileysa sem þingmaðurinn spann hér upp og varð sjálfum sér til skammar.

Umræðan í þingsalnum er hins vegar næsta athyglisverð því að í einu orðinu eru menn að halda uppi sjálfstæði útvarpsins og biðja um að menn séu ekki að draga úr því sem neinu nemi og sérstaklega ekki vera að styggja útvarpsstjóra í vinnu sinni. Það m.a. sagði hæstv. fyrrv. forsrh. Það ætti fyrst og fremst að gefa honum starfsfrið. En menn eru einmitt að gagnrýna þennan sama útvarpsstjóra fyrir að hafa vikið starfsmanni sínum á brott. Útvarpsstjóri rökstyður það í Tímanum eins og hann segir hér, með leyfi forseta:

„Það sem ég geri athugasemdir við í þeim efnum er þegar menn í nafni starfs síns og jafnvel stofnunarinnar fara offari í orðum og fullyrðingum. Það er munur á því að skiptast á skoðunum og hafa á lofti önnur eins stóryrði og raun ber vitni í þessu bréfi."

Þetta er útvarpsstjórinn. Hann vill ekki hafa svona menn við hliðina á sér. En sömu menn sem biðja um starfsfrið fyrir útvarpsstjórann verja síðan þetta bréf í bak og fyrir og sumir meira að segja leggjast svo lágt að gera þetta bréf og orðaval þess sem útvarpsstjórinn lýsir svo að sínu eigin tungutaki og þykjast bara stoltir af. (**GÁ:** Hver réði Hrafn í ...?) þykjast stoltir af sínu eigin tungutaki.

En ég vil líka minnast á það sem kom fram hér hjá hv. tveimur þm., annað kom fram hjá hæstv. fyrrv. forsrh. sem mér fannst afskaplega merkilegt. Hann sagði og menn ættu að lesa það í þingtíðindunum, efnislega sagði hann að þegar forstöðumenn væru kallaðir til forsrh. ættu þeir að skilja það, það væri að gefa þeim bendingu um það að gera hreint, hann sagði þetta hér, hæstv. fyrrv. forsrh. Ég býst við því að hann hafi kallað til sín forstöðumenn stofnana í sinni tíð 6 eða 7 ár sem forsrh. og væntanlega þá gefið þeim óbeint með táknmáli skipun um það að gera hreint hjá sér, reka menn. Ekki segja það, nei, nei, nei, en kalla þá á teppið og benda þeim á að það eigi að gera hreint. Ég hugsa svona. En hæstv. fyrrv. forsrh. hefur ekki bara hugsað svona, hann segir það líka og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafði sama hugarfarið. Menn áttu líka að skynja og skilja þegar forstöðumenn stórra fyrirtækja væru kallaðir á fund æðstu yfirmanna, þá áttu menn að skilja að í því fælust einhver skilaboð sem ekki voru sögð og ekki skrifuð. Ég hef ekki þá skoðun. En það var fróðlegt að heyra það að þessi hv. þm. hefur þessa sérkennilegu skoðun á stjórnun og hæstv. fyrrv. forsrh. hefur þessa skoðun. Það stendur sem ég sagði hér í upphafi og annað stendur ekki eftir en að afskipti mín af þessu máli sem starfandi menntmrh. voru eins og útvarpsstjóri bendir á fullkomlega eðlileg og sjálfsagt að fá skýringar á því hvort þetta bréf væri skrifað í embættisnafni og biðja um svör við fáeinum spurningum. Og þau svör átti ekki að gefa fyrr en eftir örfáa daga. Ég hafði ekkert með brottrekstur þessa manns að gera. En eftir stendur og því geta menn ekki komist hjá að þetta fólk sem hér situr og baðar sig í siðferðisvottorðum sjálfs sín sem enginn annar tekur mark á, þetta fólk gerði ekkert með það þegar fastráðinn starfsmaður var rekinn fyrir miklu vægari ummæli og við allt aðrar aðstæður heldur en í hinu síðara tilfelli, en hins vegar, en á hinn bóginn er uppþot yfir því sem nú gerist hjá þeim útvarpsstjóra sem menn hafa sagt að eigi að fá að starfa í friði, þeim útvarpsstjóra sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sagði að ráðning hans væri það besta sem núv. ríkisstjórn hefði gert, það besta. Það er sjálfsagt til í sjónvarpsþætti þar sem við sátum báðir. En í gær á Stöð 2 heimtaði hann hins vegar að slíkan mann ætti að reka.

[16:25]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram hér í máli nokkurra ræðumanna, m.a. hv. þm. Steingríms Hermannssonar, Páls Péturssonar, Kristínar Ástgeirsdóttur og kannski fleiri að það skipti sáralitlu máli á hvaða bréfhaus og hvaða titlatog sé notað sem sé bara hégómi, það skipti sáralitlu máli. Mér finnst illa komið ef menn nota bréfsefni opinberra stofnana og þá titla sem þeir bera í sínu starfi en meina ekkert með því, það finnst mér vera mjög alvarlegt mál og skipti einmitt

máli í stjórnsýslunni hjá okkur hvort svona er gert.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði það algerlega óþolandi vinnubrögð að vera að kalla útvarpsstjóra inn á fund hjá forsrh. Ég rakti það í minni ræðu áðan hvers vegna þetta hefði verið gert. Það var nauðsynlegt til þess að kanna það hvort ráðgjafi útvarpsstjóra talaði í nafni hans þegar hann sagði að allar grundvallarreglur lýðræðis og faglegra vinnubragða hefðu verið hunsaðar í þeirri stofnun sem hann stýrir. Og útvarpsstjóri hefur staðfest að þetta var ekki gert í hans umboði. Menn geta haft sínar skoðanir og látið þær í ljós hvar og hvenær sem er. En ráðgjafi útvarpsstjóra í þessu tilviki getur ekki gert það öðruvísi en eiga á hættu að hann missi starfið ef hann talar algerlega í aðra átt en útvarpsstjóri getur sætt sig við.

Hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir tók það fram að Ríkisútvarpið lúti ekki boðvaldi ráðherra. Það er alveg rétt. Ríkisútvarpið gerir það ekki. En ráðherra setur hins vegar menn til ákveðinna verka í Ríkisútvarpinu. Hann ræður æðstu menn stofnunarinnar og hann getur ekkert framselt það vald sitt en hann segir þeim ekki fyrir verkum. Ég skil ekki til hvers er verið að spinna svona ræður út frá alröngum forsendum.

Hv. þm. Páll Pétursson var með sitt venjulega orðaval og ég skil afskaplega vel að hv. þm. Páll Pétursson sé ánægður með orðavalið í bréfi ráðgjafans vegna þess að það er þannig að hv. þm. Páll Pétursson hefði vel getað samið þetta sjálfur. Það er ekki stór munur þar á.

Hv. þm. og málshefjandi Ólafur Ragnar Grímsson gerði hér kröfu um að hæstv. forsrh. birti bréf, einkabréf sem hann hefði sent útvarpsstjóra á sínum tíma og ef hann ekki gerði það, þá yrði hann að segja af sér. Það er svo sem alþekkt aðferð sem við þekkjum vel hjá hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að láta liggja að einu og öðru, segja að þetta og hitt sé efni í einkabréfi og ef bréfið sé ekki birt þá sé þar komin sönnunin að allar dylgjurnar séu sannar. Þessa aðferð þekkjum við svo sem mætavel. En þetta er svo ómerkilegur málflutningur að engu tali tekur. En það er svo sjálfsagt til of mikils mælst að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson biðjist afsökunar á slíkum málflutningi.

Fundi slitið kl. 16:29.

---

84. FUNDUR

mánudaginn 7. febr.,
að loknum 83. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til dómsmálaráðherra:

1. Sameiginleg forsjá, fsp., 265. mál, þskj. 318.
2. Ættleiðing barna, fsp., 319. mál, þskj. 510.

Til utanríkisráðherra:

3. Réttindi Íslendinga í Bandaríkjunum, fsp., 306. mál, þskj. 497.
4. Íslenskt heiti á „European Union", fsp., 346. mál, þskj. 538.

Til samgönguráðherra:

5. Skráning notaðra skipa, fsp., 309. mál, þskj. 500.
6. Flutningastarfsemi á grundvelli EES-samninga, fsp., 349. mál, þskj. 538.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Starfsemi Landgræðslu ríkisins, fsp., 328. mál, þskj. 519.

Til félagsmálaráðherra:

8. Réttur vörubílstjóra til atvinnuleysisbóta, fsp., 312. mál, þskj. 503.
9. Atvinnuleysisbætur smábátaeigenda, fsp., 313. mál, þskj. 504.

Til menntamálaráðherra:

10. Skólaskip, fsp., 316. mál, þskj. 507.
11. Skólanefndir, fsp., 317. mál, þskj. 508.
12. Heimildarmyndir, fsp., 318. mál, þskj. 509.

Sameiginleg forsjá.

Fsp. AÓB, 265. mál. — Þskj. 318.

[16:30]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir fyrirspurn um sameiginlega forsjá sem er að finna á þskj. 318. Þessi fyrirspurn tengist fyrirspurn er ég flutti fyrir réttri viku um ráðgjöf, sambúðarslit, hjónaskilnaði og forsjá barna. Þeirri ráðgjöf er í stuttu máli mjög ábótavant.

Ég vitnaði þá til dansks sálfræðings, dr. Morten Nissens, af reynslu Dana af svipuðu fyrirkomulagi og er hér á landi. Danir byggja nú á 7 ára reynslu og rétt eins og reynsla þeirra kom til umræðu við setningu þessara laga, þá held ég að það sé skynsamlegt að skoða hvað nú er sagt þar í landi því stuttur tími er liðinn hér á landi síðan þessi háttur var tekinn upp og við höfum því ekki á eins langri reynslu að byggja. Morten Nissen var á sínum tíma bjargfastur stuðningsmaður reglnanna um sameiginlega forsjá í Danmörku. En hann hefur sett fram gagnrýni nú í mjög merkilegri skýrslu og hans helsta gagnrýni á það hvernig sameiginleg forsjá hefur verið framkvæmd í Danmörku er sú að of margir foreldrar hafa valið sameiginlega forsjá og á of hæpnum forsendum. Þetta sé sem sagt ekki nein allsherjarlausn heldur eigi við í einstökum tilvikum en alls ekki alltaf. Ég tek það fram að í Danmörku eiga foreldrar kost á ráðgjöf félagsfræðinga og sálfræðinga miklu betri en hér á Íslandi og þar af leiðandi eru möguleikar þeirra til þess að taka skynsamlega ákvörðun a.m.k. að því leyti til betri að það er hægt að byggja og fá fróðleik um reynslu annarra miklu betur heldur en hér. Og því beini ég eftirfarandi fsp. til hæstv. dómsmrh.:

„1. Hve margir samningar voru gerðir um sameigin-

lega forsjá beggja foreldra við sambúðarslit eða skilnað á tímabilinu 1. júlí 1192 til 1. okt. 1993?

2. Hve oft fékk móðir forsjá á þessu tímabili:
a. samkvæmt samningi,
b. samkvæmt úrskurði dómsmrn.,
c. samkvæmt dómi?
3. Hve oft fékk faðir forsjá á þessu tímabili:
a. samkvæmt samningi,
b. samkvæmt úrskurði dómsmrn.,
c. samkvæmt dómi?"

[16:33]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Sem svar við fyrri lið fyrirspurnarinnar er það að segja að samkvæmt upplýsingum frá öllum sýslumannsembættum landsins voru staðfestir 268 samningar um sameiginlega forsjá á grundvelli 33. gr. barnaverndarlaganna, nr. 20/1992, á því tímabili sem um er spurt. Rétt er að taka fram að líkur eru á að í þessari tölu felist í einhverjum tilvikum tveir samningar sömu foreldra, í þeim tilvikum þar sem fyrst hefur verið samið um sameiginlega forsjá við skilnað að borði og sæng og síðar við lögskilnað sömu foreldra.

Sem svar við 2. tölulið er það að segja að samkvæmt upplýsingum frá sýslumannsembættum landsins fékk móðir forsjá samkvæmt samningum í 1.087 tilvikum en faðir í 76. Í forsjármálum er til úrskurðar gengu í dómsmrn. fékk móðir forsjá í sex tilvikum en faðir í tveimur og samkvæmt upplýsingum frá dómstólum landsins fékk móðir forsjá í tveimur málum en faðir í einu.

Ég vil svo benda á að gefnu þessu tilefni að reynslan er sú sem fengist hefur af forsjármálum frá gildistöku barnalaganna í júlímánuði 1992 að forsjármálum hefur fækkað til muna frá því sem var síðustu árin fyrir gildistöku nýju laganna.

[16:35]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Af þeim tölum sem hér liggja fyrir er ljóst að það er hátt í 20% tilvika á þessu rúma ári sem ég spyr um sem sameiginleg forsjá verður niðurstaðan. Þetta þykir mér býsna hátt hlutfall og ekki síst í ljósi þess að hér er ekki boðið upp á þá ráðgjöf sem þyrfti að vera þeim foreldrum veganesti sem velja þessa merkilegu lausn sem ég er síst að varpa rýrð á. Mér finnst hins vegar að það sé mjög mikið álitamál hvaða ráðgjöf fólki er boðið upp á og það kom fram í svari hæstv. dómsmrh. í síðustu viku að það er ekki um neina ráðgjöf félagsráðgjafa eða sálfræðinga að ræða nema fólk leiti til félagsmálastofnana.

Þarna er í rauninni mikil gloppa og alvarleg gloppa í kerfi sem ella ætti að ganga vel. Ég tek það fram að það er við allt aðrar aðstæður og betri sem þessi gagnrýni hefur komið fram sem ég gat um í framsögu minni fyrir þessari fyrirspurn en það er fyrst og fremst tengt því hvaða ráðgjöf fólk á kost á. Meðan ekki er hægt að benda á neina haldgóða ráðgjöf finnst mér þessi tala feykilega há og alvarlega há og ég veit að það dregur oft tilfinningalegt uppgjör á langinn ef slík ákvörðun er tekin á lélegum forsendum og það getur líka þýtt að það kemur óeðlilega mikið rót á barn.

Ættleiðing barna.

Fsp. TIO, 319. mál. — Þskj. 510.

[16:38]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Mér hafa borist upplýsingar um það að íslensk hjón sem búsett eru erlendis, raunar í einu af Norðurlöndunum, hafi gert tilraun til þess að ættleiða barn og fengið þær upplýsingar að þau gætu ekki fengið hið ættleidda barn skráð sem íslenskan ríkisborgara vegna þess að þau ættu lögheimili erlendis en ekki á Íslandi. Það virðist því liggja ljóst fyrir af þeim svörum sem þessir foreldrar hafa fengið frá íslenskum yfirvöldum að þau eiga ekki nema tvo kosti í stöðunni, annaðhvort að flytja lögheimili sitt til Íslands til þess að hið ættleidda barn geti fengið íslenskan ríkisborgararétt ellegar þá að sækja um ríkisborgararétt erlendis. Af þessum sökum taldi ég rétt að inna hæstv. dómsmrh. eftir því hvaða lagafyrirmæli, reglugerðarákvæði ellegar þá aðrar stjórnvaldsákvarðanir standi í vegi fyrir því að íslenskir ríkisborgarar með lögheimili erlendis geti ættleitt börn.

[16:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér á landi gilda lög nr. 15/1978 um ættleiðingar. Þau lög taka einkum mið af því þegar um er að ræða ættleiðingu innlendra barna af fólki búsettu hér á landi. Hvorki er í þeim né öðrum skráðum réttarreglum að finna ákvæði sem beinlínis banna íslenskum stjórnvöldum að veita íslenskum ríkisborgurum með lögheimili erlendis leyfi til að ættleiða börn. Það hefur hins vegar lengi verið óskráð meginregla í íslenskum lagaskilarétti að persónuleg réttarstaða manna ráðist af lögum í því landi þar sem þeir eiga heimilisfesti. Nokkur blæbrigðamunur er á túlkun hugtaksins heimilisfesti frá einu landi til annars. Almennt er það þó notað sem samheiti yfir þau margvíslegu orð sem tákna búsetustað manna og hefur verið skilgreint um það land eða löggjafarsvæði þar sem maður á sér fastan og varanlegan dvalarstað eða heimili. Samkvæmt framangreindri meginreglu er litið svo á að íslensk yfirvöld eigi ekki lögsögu í máli ef þeir sem sækja um leyfi til ættleiðingar eru ekki heimilisfastir hér á landi heldur beri þeim að snúa sér til ættleiðingaryfirvalda í því landi þar sem þeir eiga heimilisfesti. Það fer síðan eftir lagaskilareglum í því ríki hvers landslög eru þar lögð til grundvallar. En geta má þess að í rétti margra annarra ríkja fer andstætt því sem gildir hér á landi um persónulega réttarstöðu manna eftir lögum í því landi þar sem þeir eiga ríkisfang. Í Norðurlandasamningi um hjúskap, ættleiðingu og lögráð, sbr. lög nr. 29/1931, með síðari breytingum, sem Ísland er aðili að er byggt á framangreindri heimilisfestisreglu. Segir í 11. gr. að vilji ríkisborgari einhvers samningsríkjanna sem heimilisfesti á í einhverju þeirra ættleiða mann sem ríkisfesti á í einhverju ríkjanna skuli hann sækja um leyfi til þess í því ríki sem hann á heimilisfesti í. Þá segir í 12. gr. að við úrskurð slíkrar umsóknar skuli beitt þeim lögum sem þar gilda. Í dómi Hæstaréttar nr. 25/1983 reyndi á framangreind ákvæði

Norðurlandasamningsins og túlkun hugtaksins heimilisfesti þegar Hæstiréttur ógilti ættleiðingarleyfi sem dómsmrn. hafði gefið út til handa íslenskum manni með lögheimili í Svíþjóð. Í dómnum segir, m.a. að skýra verði 11. gr. Norðurlandasamningsins svo að eftir íslenskum rétti megi handhafar íslensks framkvæmdarvalds ekki veita ættleiðingarleyfi sem íslenskur ríkisborgari sækir um ef hann eigi heimilisfesti í öðru ríki á Norðurlöndum.

Samkvæmt því sem hér hefur verið sagt fer um meðferð ættleiðingarmála samkvæmt íslenskum lögum og íslensk stjórnvöld taka umsókn um ættleiðingu því aðeins til meðferðar að umsækjendur teljist vera heimilisfastir hér á landi. Þó skal tekið fram að í dómsmrn. hefur verið litið svo á að frá þessu geti verið ákveðin frávik, t.d. ef umsækjandi er íslenskur ríkisborgari og heimilisfestisland hans fylgir ríkisfangsreglunni. Þá yrði mögulega talið heimilt að taka umsókn um ættleiðingu til meðferðar hér á landi.

[16:44]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þær skýringar sem hann hefur komið með. Hér er um að ræða nokkuð flókið mál og ég tel að það sé ástæða til að skoða þessar skýringar rækilega þegar þær birtast í þingtíðindum. Ég er í sjálfu sér ánægður með það að ráðherrann upplýsir það hér að það muni vera fráviksmöguleikar í þessu máli og ekkert því til fyrirstöðu kannski að hægt verði að heimila slík frávik. Að öðru leyti þakka ég fyrir svörin og mun kynna mér þetta betur.

Réttindi Íslendinga í Bandaríkjunum.

Fsp. JGS, 306. mál. — Þskj. 497.

[16:46]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég er hér með fsp. til hæstv. utanrrh. um réttindi Íslendinga í Bandaríkjunum. Fsp. er borin fram á þskj. 497 og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hvernig stendur á því að Íslendingar, búsettir tímabundið í Bandaríkjunum vegna viðskipta þar, njóta ekki sömu réttinda og þegnar annarra Norðurlandaþjóða, þ.e. geta ekki fengið svokallað „e-visa"?

Staðreynd málsins virðist vera sú að Íslendingar, sem tímabundið eru búsettir í Bandaríkjunum vegna viðskiptahagsmuna okkar þar, njóti ekki sömu réttinda og þegnar annarra Norðurlanda. Íslendingar verða að sækja um „j-visa" og það er nokkuð flókið mál, tekur töluverðan tíma og verða m.a. að fá umsögn hjá vinnumálaskrifstofu í Bandaríkjunum um það hvort viðkomandi aðilar fái starfsleyfi tímabundið þar í landi. „E-visa" eins og aðrar Norðurlandaþjóðir virðast hafa aðgang að er hins vegar gefið út í heimalandinu og þarf enga frekari stimpla þar á. Það eru dæmi þess, og sem afleiðingar af þessu, að Íslendingar sem dvelja í viðskiptaerindum í Bandaríkjunum dvelji þar á venjulegu ferðamanna-visa og fari síðan heim á þriggja mánaða fresti til þess að fá það endurnýjað. Þetta er í raun ólöglegt og það er mitt mat að íslensk stjórnvöld eigi og þeim beri skylda til að gera hvað þau geta til þess að auðvelda okkur Íslendingum viðskipti við þennan mikilvæga markað sem Bandaríkin Norður-Ameríka eru óneitanlega fyrir okkur.

Það kann að vera að ástæðan fyrir þess sé sú að við Íslendingar höfum ekki vináttu- og samstarfssamning við Bandaríkin sem þessi réttindi að öllu jöfnu byggja á.

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að hafa fleiri orð við að fylgja þessari fsp. úr hlaði.

[16:49]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. spyr hvernig á því standi að Íslendingar, búsettir tímabundið í Bandaríkjunum í viðskiptaerindum þar, njóti ekki sömu réttinda og þegnar annarra Norðurlandaþjóða, þ.e. geti ekki fengið svokallaða „e-visa".

E-visa er vegabréfsáritun sem Bandaríkjamenn veita ríkisborgurum þeirra landa sem hafa gert viðskipta- og siglingasamninga við Bandaríkin. Þeir samningar verða að kveða á um gagnkvæm réttindi til þess að stunda viðskipti eða fjárfestingar í landinu. Slíkar vegabréfsáritanir eru háðar ýmsum skilyrðum, t.d. verður magn viðskipta eða fjárfestinga að vera verulegt og viðkomandi einstaklingur verður að vera í stjórnunarstöðu eða búa yfir sérstakri þekkingu í starfi. Þessi skilyrði eru sérstaklega ströng að því er varðar aðila sem leita þar eftir fjárfestingartækifærum svo sem nánar er gerð grein fyrir í ítarlegri reglugerð bandarískri sem sjálfsagt er að láta hv. fyrirspyrjanda í té.

Svarið við spurningu hv. þm. er einfaldlega það að íslenskir viðskiptamenn fá ekki slíkar áritanir af þeirri ástæðu að við höfum ekki sambærilegan samning við Bandaríkin sem tryggir gagnkvæm réttindi til dvalar í tengslum við erlendar fjárfestingar. Tiltölulega skammt er síðan hin Norðurlöndin gerðu ráðstafanir til þess að ríkisborgarar þeirra fái „e-áritanir" og á það sérstaklega við um Svíþjóð og Finnland. Finnar gerðu sérstakan samning 1. júlí 1991 sem tryggir gagnkvæm dvalarréttindi í tengslum við fjárfestingar. Sá samningur þurfti að fara fyrir Bandaríkjaþing til staðfestingar. Svíar byggja réttindi sín á sérstöku undanþáguákvæði í bandarísku innflytjendalöggjöfinni sem tók gildi 1. okt. 1991. Í báðum tilvikum er það talið verulegum erfiðleikum bundið að fá þessi réttindi viðurkennd. Af hálfu íslenska utanrrn. var fyrir alllöngu, fyrir fáeinum árum síðan, farið að kanna hvort æskilegt og mögulegt væri að gera sambærilegar ráðstafanir í þessum efnum og önnur ríki Norðurlanda og þeim athugunum og viðræðum er ekki lokið. Í þessu sambandi skipta þær breytingar máli sem orðið hafa að undanförnu á löggjöfinni um erlendar fjárfestingar og liggur frv. um frekari breytingar nú fyrir Alþingi Íslendinga.

Það er hins vegar ekki rétt að Íslendingar, búsettir í Bandaríkjunum vegna viðskipta þar, fái ekki nauðsynlegar vegabréfsáritanir eða a.m.k. er utanrrn. ekki

kunnugt um það og hefur ekki verið til þess leitað af þeim sökum. Þvert á móti hafa Íslendingar sem aðrir greiðan aðgang að því að dvelja í Bandaríkjunum í viðskiptaerindum enda reyna Bandaríkjamenn að laða að erlenda fjárfesta sem er eins og hv. þm. veit mætavel annað en segja má t.d. um okkur Íslendinga.

[16:53]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Málið er greinilega stórt þar sem hæstv. utanrrh. upplýsir að það sé búið að vinna að málinu í mörg ár og sjái þó ekki fyrir endann á því. Ég hef reyndar grun um að það hafi verið einhver hlé á þeirri vinnu og að það hafi verið hnippt í utanrrn. núna af starfsmönnum Útflutningsráðs staðsettum í Bandaríkjunum sem hafa bent á það að það er rangt haft eftir mér í minni fsp. að ég hafi sagt að Íslendingar í viðskiptaerindum fengju ekki áritanir — en það er nokkuð flókið mál og hefur orðið til þess að það eru dæmi þess að Íslendingar hafi verið þarna í slíkum erindagjörðum á miður löglegan hátt.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. En ég vil ítreka þá spurningu við ráðherrann hvort ekki sé meiningin að fylgja þessu máli eftir og ganga í það að við Íslendingar fáum hliðstæð réttindi og aðrar Norðurlandaþjóðir hvað þetta snertir?

[16:54]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu er það meiningin að ganga eftir þessu og ég treysti þá því að ríkisstjórnin hafi stuðning hv. þm. við að koma fram nauðsynlegum breytingum á innlendri löggjöf vegna þess að forsenda þess arna er gagnkvæmni. En rétt til að árétta að þetta er ekki svo auðsótt þá vil ég gefa svona nokkuð til kynna hvaða skilyrðum menn verða að fullnægja til að ná þessu „e-visa" að óbreyttum reglum.

Þar segir í fyrsta lagi að fjárfesting viðkomandi aðila í Bandaríkjunum verði að vera „substantial" þ.e. veruleg sem þýðir mjög veruleg ef við berum það saman við íslenskan mælikvarða.

Í annan stað er það skilyrði að menn þurfi að vera í forsvari fyrir fyrirtæki sem þegar er virkt eða í starfi, „operative".

Í þriðja lagi er það tekið fram að fjárfestingin megi ekki vera „marginal" eins og þeir kalla það, þ.e. ekki óveruleg eða jaðarfyrirbæri og að hún verði að skapa tekjumyndun sem geri meira en að vera til uppifærslu viðkomandi viðskiptaaðila í skamman tíma.

Því næst segir að í tilviki fjárfesta sem hyggst koma til Bandaríkjanna á slíku „visa" þá verði hann að vera í forsvari fyrir fyrirtæki sem þar er starfandi samkvæmt nánari skilgreiningum.

Þetta gefur til kynna að það er ekki einfalt mál að sækja um þetta. Okkar hagkerfi er smátt, okkar fyrirtæki eru smá og það liggur ekki í augum uppi að þau geti öll, við skulum segja eins og sænsk fjölþjóðleg fyrirtæki, fullnægt þessum skilmálum. Þess vegna eru það engar ýkjur að við höfum á undanförnum árum verið að kanna þetta, hreyft þessu, bréfað um þetta og rætt um þetta. En einmitt líka vegna gagnkvæmniákvæðanna hafa Bandaríkjamenn bent á að því fari víðs fjarri að við bjóðum upp á samsvarandi réttindi hér í okkar landi og m.a. spurt um réttindi og vernd fjárfesta hjá okkur til að fullnægja þessu.

En ég tek undir það að þetta er vissulega mál sem við eigum að sinna og það verður gert.

Íslenskt heiti á „European Union".

Fsp. HG, 346. mál. — Þskj. 538.

[16:57]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég ber fram fsp. til hæstv. utanrrh. Hana er að finna á þskj. 538 um íslenskt heiti á það sem á ensku er kallað „European Union". Ég spyr:

„Hver er tillaga utanrrn. um opinbert íslenskt heiti og skammstöfun á European Union sem varð til með gildistöku Maastricht-sáttmálans 1. nóv. 1993?"

Tilefni þess að spurt er er að þarna er komið nýtt heiti nýjan samning sem áður var kenndur við Evrópubandalagið eða „European Community" sem við kölluðum Evrópubandalagið þangað til þessi nýi samningur kenndur við Maastricht var gerður. Ég hef ekki orðið var við að utanrrn. gæfi út fréttatilkynningu varðandi þetta efni sem hér er spurt um, og kann það þó að vera, þeir eru nú ósparir á þeim bæ á fréttatilkynningar og það er út af fyrir sig vel að halda mönnum upplýstum um hugsanir og gerðir hæstv. utanrrh. En hafi það verið gert þá hef ég ekki lesið þá tilkynningu með athygli a.m.k. (**Utanrrh.:** Það gæti ekki hafa farið fram hjá hv. þm.) Það kann að vera, hæstv. ráðherra. Hér er hins vegar um að ræða mál sem er umhugsunar virði og nauðsynlegt að samræmis sé gætt og þess vegna er spurningin fram borin.

Það heiti sem hefur verið fleygt nú að undanförnu og sums staðar vitnað til utanrrn. í því sambandi er Evrópusambandið í stað heitisins Evrópubandalagið sem menn höfðu svona vanist upp á síðkastið í allnokkurri umræðu um þetta bandalag. En áður var algengt að tala um Efnahagsbandalagið og sumir höfðu meira að segja ekki aflagt þá nafngift í umræðum hér á Alþingi.

Ég hugsaði nokkuð um þetta efni áður en Maastricht-sáttmálinn var staðfestur og hafði þá til eigin nota brúkað heitið Evrópusamveldið sem mér finnst að sumu leyti lýsa betur inntaki þess samnings og þess ferlis sem þarna er á ferðinni heldur en sambandsheitið. Það má kannski vera vegna þess að það sem við kölluðum Sambandið hér á landi er nú orðið næsta fyrirferðalítið, að menn geti fremur unað því að taka sambandsheitið upp á þetta stærra og nýja samband í Evrópu. En engu að síður, ég er ekki alveg viss um að menn hitti þarna naglann á höfuðið en er hins vegar ekki með neina fastbundna tillögu í því efni. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh. um leið og þessi fsp. liggur hér fyrir: Leitaði utanrrn. til Íslenskrar málnefndar þegar gerð var tillaga um þetta heiti hafi hún formlega komið fram af hálfu utanrrn.?

[17:00]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég get sagt fyrir mína parta að mér hefur verið málið hugleikið að sjálfsögðu eins og hv. fyrirspyrjanda en hef þó ekki leitað til Íslenskrar málnefndar eða mér er ekki kunnugt um að ráðuneytið hafi gert það út af fyrir sig þótt það hafi ráðgast við ýmsa þá sem eru sérfróðir í þessum málefnum Evrópubandalagsins og vinna að þýðingarstörfum fyrir ráðuneytið.

Ef við lítum á íslenska málvenju að því er varðar þýðingu orðsins „union", þá er það ljóst að það liggur beinast við að þýða það með orðinu samband. Elsta dæmið er að sjálfsögðu Kalmarsambandið, „Kalmarunionen", sem tengdi Norðurlönd í konungssamband frá árinu 1377 fram á 15. öld. Alþjóðastofnanir þær sem nú eru við lýði og bera orðið „union" í nafni sínu eru flest nefnd sambönd á íslensku. Má nefna sem dæmi Vestur-Evrópusambandið, Alþjóðafjarskiptasambandið, Alþjóðapóstsambandið, Norræna póstsambandið. Af framansögðu er því ljóst að það liggur e.t.v. beinast við að taka upp heitið Evrópusamband sem þýðingu á European Union. Þar ræður mestu að Evrópubandalagið hefur ákveðið að taka upp nýtt nafn og rétt er að virða þá ákvörðun og þýða hið nýja nafn á sem réttastan hátt. Hér verður þó að hafa á þann fyrirvara að aðstæður eru með öðrum hætti hér á landi en annars staðar á hinu Evrópska efnahagssvæði. Evrópska efnahagssvæðið er oftast skammstafað sem EEA, EEE, EWR eða EUS á málum EFTA-ríkjanna en European Union með EU eins og fyrr segir.

Hér á landi er hins vegar mikil hætta á misskilningi og mislestri ef European Union er þýtt sem Evrópusamband og skammstafað ES þar sem EES er fólki tamt sem skammstöfun fyrir Evrópska efnahagssvæðið. Rétt er einnig að benda á þær meinlegu villur sem þetta getur orsakað með einföldum mistökum við innslátt á tölvu jafnvel fyrir þá sem vel eru heima í þessum málum. Þá ber að nefna að erfitt er að greina mun á ES og EES í mæltu máli. Það er því mitt álit að ekki sé fært að nota skammstöfunina ES sem styttingu á nafni Evrópusambandsins vegna einfaldlega óþæginda og hættu á mislestri og misskilningi sem því mundi fylgja. Tillaga ráðuneytisins er því sú að orðið Evrópusamband verði notað sem mest óstytt. Ef menn vilja nota skammstöfun þá beri jafnvel fremur að nota ESB yfir Evrópusambandið eða jafnvel EB. Bé-ið í skammstöfuninni standi þá fyrir upphaf síðasta atkvæðis orðsins og auðveldi þannig að gerður verði sá greinarmunur sem nauðsynlegur er, jafnt í töluðu máli sem rituðu.

[17:04]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki mikla skoðun á því hvaða nafn væri best að yrði sett á íslenska tungu á hið nýja Evrópubandalag eða í staðinn fyrir það orð sem okkur er tamt, Evrópubandalagið. Ég vil þó lýsa því hér yfir sem minni skoðun að mér fyndist vel við hæfi að það væri 4. þm. Austurl. sem væri guðfaðir þeirrar nafngiftar.

[17:04]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa orð á þessu hér. En ég vil vekja athygli á því að enn þá erum við Íslendingar ekki orðnir slíkir kontóristar og kommissarar að við nennum ekki að tala. Menn tala hér um skammstafanir, erlendar skammstafanir fólks sem nennir ekki að tala. Ég veit ekki til þess að nokkur heilvita Íslendingur tali um „USU". Við segjum Bandaríki Norður-Ameríku eða Bandaríkin. Við erum ekkert of góð til þess. Við tölum um Evrópubandalagið. Við töluðum áður um Efnahagsbandalagið. Við nennum að tala íslensku enn þá. Og mér er nokkuð sama hvernig skammstafanir yrðu úr íslensku nafni á sambandsríkjum Evrópu sem auðvitað er um að ræða, sambandsríki Evrópu.

Við sem sitjum í nefndum EES og EFTA eigum fullt í fangi með að stauta okkur fram úr EU, ESA og EES og það tekur mann nokkurn tíma að átta sig á hvað þetta þýðir á útlensku máli. En ég bið hæstv. forseta að sjá svo til að enn þá nenni Íslendingar að kalla hlutina sínum réttu nöfnum.

[17:06]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil beina þeirri spurningu til hæstv. utanrrh. hvort það beri að skilja orð hans svo að hann líti svo á að Evrópusambandið, það orð sé að festast sessi eða hvort enn þá sé tækifæri til þess að koma að öðrum heitum. Ég held að menn eigi gjarnan að vanda sig við að velja heiti á svona ríkjasambönd sem menn sjá fyrir sér að muni lifa einhver ár. Við eigum mikið af orðum í okkar máli. Á miðöldum hefðu menn sennilega kallað þetta Evrópugarðinn, sbr. Miklagarð, Páfagarð og fleira slíkt. Á 17. og 18. öld hefðu menn talað um veldi, Evrópuveldi, sbr. Kínaveldi og Rómarveldi. Eins væri hægt að hugsa sér Evrópudæmið samanber keisaradæmi. Það er því úr ýmsu að velja í okkar tungu.

Ég held að menn eigi að vanda sig og mér finnst að Evrópusambandið sé ansi flatneskjulegt. Ég vil skora á hæstv. utanrrh. að vanda sig aðeins betur og skoða hug sinn í þessu máli.

[17:07]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans við fyrirspurninni. Ég skil það svo að hann standi að tillögu um að tekið verði upp heitið Evrópusambandið á European Union eða Europäische Union, svo að notuð sé þýskan þar sem unions-heitið kemur einnig fram sem og í Norðurlandamálunum þar sem unions-nafnið er á fyrirbærinu. En að hann vilji ekki taka undir hugmyndir um að skammstafa þetta ES vegna hættu á ruglingi við EES er sjónarmið sem ég skil út af fyrir sig. Ég hefði talið skynsamlegt af hæstv. utanrrh. að óska eftir því að Íslensk málnefnd færi yfir þetta efni hið fyrsta og gæfi ráðuneytinu álit af sinni hálfu því að hér kemur sitthvað til álita hvað eðlilegt er með tilliti til inntaks Maastricht-sáttmálans og þeirrar þróunar sem í gangi er í skjóli hans.

Ég sagði það áðan að ég væri ekki með neina nagl-

fasta skoðun í þessu efni og mér hefði komið til hugar heitið Evrópusamveldið. Einnig gæti verið til álita Evrópuríkjasambandið ef menn vildu nota sambandsheitið eða tengja það við Evrópuríki sem væri þá skammstafað ERS eða Evrópusambandsríkið sem væri nokkuð til samræmis við heitið á Bandaríkjunum og notað var á heiti Sovétríkjanna sálugu sem einnig voru með unions-nafnið í sínu heiti og Evrópusambandsríki væri þá skammstöfunin ESR. Hér kemur því margt kemur til álita.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir taldi að þetta væri kannski ekki mikið mál með skammstöfun á nafninu vegna þess að við værum svo dugleg að nefna hlutina fullu nafni. Það er, held ég, tæplega rétt að svo sé. Hér fer notkun skammstafana afar mikið í vöxt eins og við þekkjum úr gamla heitinu EB svoleiðis að ég held að við verðum líka að koma okkur upp a.m.k. einni viðurkenndri skammstöfun.

Ég þakka virðulegum forseta fyrir þolinmæðina.

[17:10]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan þiggja hollráð hv. þm. og mun taka þann kostinn að vísa þessu til Íslenskrar málefndar og leita eftir umsögn hennar.

Flutningastarfsemi á grundvelli EES-samninga.

Fsp. SF, 349. mál. — Þskj. 541.

[17:11]

Fyrirspyrjandi (Sigurður Rúnar Friðjónsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 541 er að finna fsp. mína til hæstv. samgrh. um setningu reglugerða um flutningastarfsemi á grundvelli EES-samnings. Spurningarnar eru svohljóðandi:

„1. Hvað líður undirbúningi að nýjum reglugerðum og samræmingu á grundvelli samnings um Evrópskt efnahagssvæði um flutningastarfsemi innan lands?

2. Í hvaða mæli kalla nýjar reglur á auknar framkvæmdir, sérstaklega varðandi uppbyggingu vega og brúa?"

Eins og öllum er ljóst eru góðar samgöngur grunnur að öflugu byggða- og atvinnulífi. Með aðild að Evrópsku efnahagssvæði harðnar samkeppni og kröfur aukast til atvinnulífs. Samgöngur og flutningar hafa mikla þýðingu fyrir atvinnulíf í stóru og strjálbýlu landi. Framleiðendur flutningatækja framleiða sín tæki oft á tíðum með meiri burðargetu en síðan er leyfilegt að nýta vegna þjóðvegakerfisins en með hækkun á heildarþyngd er hægt að auka afköst flutningakerfis án nýrra fjárfestinga í flutningatækjum.

[17:12]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Unnið er að því að endurskoða reglur um þyngd ökutækja þar sem leitast verður við að samræma hérlendar reglur við samsvarandi reglur innan landa hins Evrópska efnahagssvæðis. Engin vandkvæði virðast vera á því að uppfylla ýtrustu kröfur EES varðandi stærð, hæð, breidd og lengd ökutækja og heildarþunga þar eð reglur þær sem hér gilda eru mjög líkar og í ýmsum tilfellum rýmri en reglur EES. Þær gera hins vegar í sumum tilfellum ráð fyrir hærri öxulþunga en hér hefur tíðkast. Ljóst er að það hefur áhrif á endingu vegakerfisins og allmargar brýr munu ekki þola slíka álagsaukningu og verður nauðsynlegt að endurbyggja þær áður en nýjar reglur taka að fullu gildi.

Meginreglan í Evrópska efnahagssvæðinu um flutningastarfsemi er sú að ökutæki sem uppfylla ákveðin skilyrði geti farið óhindrað milli landa þannig að ökutæki sem leggur af stað frá einhverju sérstöku landi verður að geta komist á ákvörðunarstað t.d. á Íslandi án hindrunar. Leyfilegur heildarþungi ökutækja er 40 tonn og öllum ökutækjum sem koma með skipum til landsins verður heimilt að halda áfram til lokaáfangastaðar hér á landi. Leyfilegur heildarþungi ökutækis hér á landi hefur verið 30 tonn miðað við áðurnefnd 40 tonn í löndum Evrópska efnahagssvæðisins eða Evrópubandalagsins.

Þegar verið er að flytja gáma frá verksmiðju eða afgreiðslustöð á járnbrautarstöð eða útflutningshöfn er leyfður heildarþungi ökutækja 44 tonn í löndum Evrópubandalagsins en hér á landi er leyfður 43 tonna heildarþungi á nokkrum aðalleiðum. Þó að nú sé leyfður 43 tonna heildarþungi á ýmsum aðalleiðum, þá vantar nokkuð á að unnt verði að leyfa slíkt á öllum helstu samgönguleiðum landsins.

Á undanförnum árum hafa verið endurbyggðar nokkrar brýr og vegir á aðalleiðum, t.d. brú yfir Hrútafjarðará á Norðurlandsvegi sem var endurbyggð á sl. sumri og Jökulsá á Dal sem verið er að endurbyggja nú og hefur verið boðin út. Enn eru þó eftir nokkrar brýr sem nauðsynlegt er að styrkja eins og Laxá í Kjós, Botnsá í Hvalfirði og Fjallsá í Austur-Skaftafellssýslu.

[17:15]

Fyrirspyrjandi (Sigurður Rúnar Friðjónsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svörin en eins og fram kemur er ljóst að samgöngukerfið á nokkuð í land með að ná þeim afköstum sem eru í okkar nágranna- og samkeppnislöndum og er því afar nauðsynlegt að unnt verði að auka afköst vegakerfisins sem allra fyrst.

Atvinnuleysisbætur smábátaeigenda.

Fsp. HG, 313. mál. — Þskj. 504.

[17:16]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 504 ber ég fram fsp. til hæstv. félmrh. um atvinnuleysisbætur smábátaeigenda. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„Með hvaða hætti hyggst ráðherra beita sér fyrir því að tryggður verði eðlilegur réttur þeirra til atvinnuleysistrygginga sem framfæri hafa af útgerð smábáta?"

Tilefni fyrirspurnarinnar er nokkur óvissa og mikil óánægja sem fram hefur komið vegna útfærslu og setningar reglugerðar á grundvelli laga nr. 93/1993, sem vörðuðu breytingar á atvinnuleysistryggingum. Þar var gerð veruleg breyting frá því sem áður hafði tíðkast og á grundvelli reglugerða sem settar voru voru settar fram breytingar sem ekki voru kynntar með frv. sem flutt var og hafa orðið mikill ásteytingarsteinn.

Þetta frv. varð að lögum 1. júlí 1993 en greiðslur bóta til sjálfstætt starfandi áttu að koma til framkvæmda 1. okt. 1993. Þann 24. sept. 1993 gaf heilbrrh., sem lögin heyrðu þá undir en nú heyra lögin um atvinnuleysistryggingar undir félmrh., út reglugerð nr. 389/1993, sem var í meginatriðum samhljóða þeim drögum sem birt höfðu verið sem fskj. með frv. en þó ítarlegri. Það ákvæði sem smábátaeigendur hafa fyrst og fremst gagnrýnt var ekki í hinum upphaflegu drögum eins og ég gat um, þ.e. í 7. gr. reglugerðarinnar þar sem fjallað er um viðurlög, en þar segir m.a.:

„Nú hefur sjálfstætt starfandi í starfsgrein sem í eðli sínu eru árstíðabundin störf í greininni að nýju innan 12 mánaða frá því að hann sótti um atvinnuleysisbætur og skal þá litið svo á að sem um tímabundið hlé hafi verið að ræða sem ekki veitti rétt til atvinnuleysisbóta. Skal þá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs eða sá sem stjórnin hefur falið að annast greiðslu atvinnuleysisbóta til sjálfstætt starfandi endurkrefja hlutaðeigandi um greiddar atvinnuleysisbætur í samræmi við ákvæði 41. gr. laga um atvinnuleysistryggingar. Jafnframt skal svipta hlutaðeigandi bótarétti í hámarkstíma samkvæmt 41. gr. laganna."

Þetta ákvæði hefur í raun komið í veg fyrir að smábátaeigendur fái notið bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði þar sem nú nægir ekki, eins og gert hafði verið fram að gildistöku reglugerðarinnar, að þeir sýni fram á að þeir hafi stöðvað rekstur á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, heldur mega þeir ekki hefja rekstur að nýju innan 12 mánaða frá stöðvun.

[17:20]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Áður en reglugerð var sett varðandi sjálfstætt starfandi nutu smábátaeigendur bóta sem launþegar en njóta nú bóta sem sjálfstætt starfandi einstaklingar. Fyrrgreind reglugerð er almenn og nær til allrar atvinnustarfsemi en ekki hafa verið settar sérreglur um starfsemi einstakra atvinnugreina eða tegund reksturs. Reglugerðin var sett til reynslu þannig að áætla mætti þörf og kostnað með tilliti til þess hvort ástæða sé til þess að þrengja eða rýmka ákvæðin.

Þá liggur fyrir að þessi umræða sprettur af túlkun á lokamálsgrein 3. gr. um að bætur séu ekki greiddar ef um er að ræða árstíðabundna stöðvun starfsemi eða tímabundið hlé, sem er túlkuð með þeim hætti að rekstrarstöðvun verði að vara a.m.k. eitt ár. Ef sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur rekstur aftur áður en þessi tími er liðinn á hann á hættu að vera krafður um endurgreiðslu atvinnuleysisbóta.

Áður en ég vík að hugsanlegum breytingum á þessu ákvæði eða túlkun þess vil ég að fram komi að það eru margvísleg rök fyrir því að atvinnuleysisbætur séu ekki greiddar í árstíðabundnum sveiflum. Í fyrsta lagi eru mjög margar atvinnugreinar háðar árstíðabundnum sveiflum þar sem tekjur geta verið mjög miklar á skömmum tíma og lítið sem ekkert þess á milli. Nægir þar að nefna verslunina á ýmsum sviðum, margvíslega verktakastarfsemi, landbúnað, sjávarútveg, ferðamannaiðnað o.fl. Ef almennt væri heimilt að greiða atvinnuleysisbætur við tímabundna stöðvun atvinnurekstrar eins og gildir í fiskvinnslu, þá er ljóst að kostnaður við atvinnuleysisbætur gæti aukist mikið og margvíslegur atvinnurekstur mundi vafalaust nýta sér að halda vinnuafli tímabundið á atvinnuleysisbótum á ákveðnum árstíma.

Efasemdir hafa komið fram um að þessar breytingar séu ekki í anda þess að rýmka rétt til atvinnuleysisbóta eins og stefnt var að með breytingum á lögunum um atvinnuleysistryggingar. Það má til sanns vegar færa um smábátaeigendur og einnig vörubifreiðastjóra að þeir eru nú verr settir eftir þessar breytingar en áður þar sem þeir þurfa nánast að velja um starf sem einungis er hægt að sinna með góðu móti á ákveðnum árstíma eða atvinnuleysisbóta. Hins vegar er 1. gr. laganna, sem samþykkt var nær einróma sl. vor, ótvíræð um að sjálfstætt starfandi þurfa að hafa hætt starfsemi. Spurningin er því sú: Hvað felst í að vera sjálfstætt starfandi og að hafa hætt starfsemi? Það hefur komið í hlut stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs að túlka þessi ákvæði og ekki er ástæða til að efast um að þau séu rétt túlkuð þó ákvæðin kunni að þykja mjög þröng eftir á að hyggja.

Það hefur gilt um smábátaeigendur að þeir hafa mikið starfað sem launamenn í fiskvinnslu á veturna þegar áhættusamt er að sigla til sjós og þannig aflað sér bótaréttar sam launamenn. Á sama hátt og um vörubifreiðastjóra eru þannig sögulegar skýringar á bótarétti þeirra.

Með bréfi sem tekið var fyrir á fundi stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs 21. jan. óskaði ég eftir því að stjórnin léti meta þörf þess að endurskoða þessi ákvæði einkum með tilliti til stöðu vörubifreiðastjóra og smábátaeigenda fyrir og eftir setningu reglugerðarinnar frá sl. ári. Þetta erindi er nú til skoðunar hjá stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Ég tel rétt að skoða alla þá möguleika sem eru til þess fallnir að tryggja að bótakerfið komi þeim til góða sem byggja þurfa afkomu sína á atvinnuleysisbótum um lengri eða skemmri tíma. Hvað viðkemur bæði smábátaeigendum og vörubifreiðastjórum hef ég nefnt að athuga þurfi hvort taka beri tillit til þeirra hópa sem nutu atvinnuleysisbóta í árstíðabundnum hléum fyrir breytingar en ekki eftir breytingar og hvort stytta megi tilskilin árshlé eða hvernig hægt sé að taka tillit til tekna sjálfstætt starfandi að öðru leyti við greiðslu atvinnuleysisbóta.

Ef lögum eða reglugerðum er breytt til að heimila bótagreiðslu til smábátaeigenda í árstíðabundnum hléum, sem ég tel rétt að skoða vandlega, þá verður að taka afstöðu til þess hvort eigi að búa til sérreglur sem taka tillit til sérstakra aðstæðna einstakra hópa eins og

smábátaeigenda eða vörubifreiðastjóra eða hvort setja eigi almenna reglur sem gilda um alla en taka tillit til aðstæðna eða fjárhags viðkomandi.

Í lokin vil ég ítreka að fyrir 2–3 vikum óskaði ég eftir afstöðu Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess með hvaða hætti hægt sé að tryggja rétt þeirra til bóta sem framfæri hafa af útgerð smábáta en afstaða stjórnarinnar hefur enn ekki borist ráðuneytinu.

[17:24]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Hér er eins og fram hefur komið um að ræða hagsmuni mjög fjölmenns hóps sem eru smábátaeigendur, en einnig eiga í hlut fleiri sjálfstætt starfandi atvinnurekendur sem svo eru kallaðir eins og vörubifreiðastjórar. Önnur fyrirspurn liggur fyrir um stöðu þeirra og vík ég ekki að henni frekar.

Eins og fram kemur hjá hæstv. félmrh., þá er ráðherrann opinn fyrir því að settar verði hugsanlega sérstakar reglur eða lagafyrirmæli varðandi einstaka starfshópa eins og smábátaeigendur. Ég tel það vera jákvæðar undirtektir þó að ekki sé hægt að lesa út úr því neitt skuldbindandi af hálfu ráðherrans um þetta efni. En ég held að menn hljóti að geta verið sammála um það a.m.k. að það sé með öllu ótækt að gera stöðu þeirra sem róa á smábátum lakari en hún var samkvæmt áður gildandi lögum. Það er alveg öruggt að sá var ekki hugur Alþingis þegar lögin voru endurskoðuð og ný lög sett sem reglugerðir hafa síðan verið gefnar út eftir.

Ég bendi einnig á það að smábátaeigendur greiða tryggingagjald eftir sem áður. Það rekst að sjálfsögðu hvað á annars horn að krefja þá um greiðslur en þrengja jafnframt að réttindum þeirra. Ég vænti þess og beini því eindregið til hæstv. ráðherra að hann hlutist til um það og beiti sér fyrir endurskoðun laganna þurfi að endurskoða þau. En sú er ótvíræð túlkun ráðherrans að lögin rúmi ekki atvinnuleysisbætur til smábátaeigenda vegna árstíðabundinna sveiflna. Aðstaða þeirra er augljóslega mjög sérstök og hún batnar ekki ef þau ákvæði ná fram að ganga sem birtast í frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða að því er varðar þá sem eiga að lúta þeim ákvæðum sem þar eru, m.a. um banndaga.

[17:27]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég deili þeim sjónarmiðum með síðasta ræðumanni að það er erfitt við það að una að staða þessara hópa sé verri eftir lagabreytinguna og reglugerðarbreytingarnar en hún var fyrir. Þess vegna var það sem ég ákvað að leita eftir afstöðu stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs til þess að athuga hvort ekki væri hægt að ná fram samstöðu um breytingar. En ég ítreka það að ég tel ekki rétt að ég greini hér frá afstöðu minni eða hugsanlegum breytingum fyrr en stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur fengið tækifæri til þess að fjalla um málið og senda mér álit sitt.

Skólanefndir.

Fsp. VS, 317. mál. — Þskj. 508.

[17:28]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. menntmrh. á þskj. 508 um skipun skólanefnda. Fyrirspurnin er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra skipa nýjar skólanefndir við framhaldsskóla áður en kosið verður til sveitarstjórna 28. maí 1994?"

Ástæða þess að ég ber fram þessa fyrirspurn er sú að mér hefur borist til eyrna að hæstv. menntmrh. hafi staðið í bréfaskriftum til nokkuð margra skólameistara við framhaldsskóla upp á síðkastið og óskað eftir tilnefningum á fulltrúum í skólanefndir. Þetta kom mér nokkuð á óvart þar sem í 15. gr. reglugerðar um framhaldsskóla segir, með leyfi forseta:

„Menntmrh. skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn og skal miða við kjörtímabil sveitarstjórna. Í skólanefndum skulu sitja sjö menn, tveir fulltrúar starfsmanna, kosnir á fundi allra starfsmanna skólans, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti.

Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn en fulltrúi ráðuneytisins kallar nýja nefnd saman til fyrsta fundar. Fráfarandi nefnd heldur fullu starfsumboði þar til ný nefnd hefur verið skipuð. Miða skal við að skólanefndir framhaldsskóla séu að jafnaði fullskipaðar fyrir júlílok að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúar nemenda og starfsmanna skulu þó tilnefndir áður en skólaári lýkur."

Það hlýtur að vera mikilvægt að starfstími skólanefnda og sveitarstjórna fari saman enda hljóðar 1. málsl. 15. gr. reglugerðarinnar svona, með leyfi forseta:

„Menntmrh. skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn og skal miðað við kjörtímabil sveitarstjórna."

Mér leikur því mikil forvitni á að vita hvað hæstv. menntmrh. gengur til með þessum bréfaskriftum.

[17:30]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Spurt er hvort ráðherra hyggist skipa nýjar skólanefndir við framhaldsskóla áður en kosið verður til sveitarstjórna 28. maí 1994.

Skipunartími flestra skólanefnda við framhaldsskóla rennur út á tímabilinu janúar til mars 1994. Í lögum um framhaldsskóla nr. 57/1988, með innfelldum breytingum laga nr. 107/1988 og laga nr. 72/1989, segir svo í 7. gr., með leyfi hæstv. forseta:

„Menntmrh. skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í skólanefnd skulu sitja sjö menn, tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á starfsmannafundi, einn fulltrúi kosinn af nemendum

skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar. Fulltrúi nemenda skal þó kosinn til eins árs. Varamenn skulu valdir með sama hætti. Nefndin velur sér formann til tveggja ára í senn."

Þetta er sem sagt úr 7. gr. laganna. Í samræmi við lögin voru skipaðar skólanefndir við flesta framhaldsskóla landsins á tímabilinu janúar til mars 1990.

26. febr. 1990 gaf þáv. menntmrh. út reglugerð um framhaldsskóla og sú reglugerð tók gildi 1. mars það ár. Í 15. gr. reglugerðarinnar, sem hv. fyrirspyrjandi las upp áðan, er kveðið á um að skipan skólanefnda skuli miða við kjörtímabil sveitarstjórna og jafnframt að fráfarandi nefnd skuli halda starfsumboði sínu þar til ný nefnd hefur verið skipuð. Við lögfræðilega athugun í ráðuneytinu hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að þó fyrrv. ráðherra hafi væntanlega verið heimilt að setja fyrra ákvæðið, þ.e. það sem lýtur að samræmingu við kjörtímabil sveitarstjórna, þá eigi það ekki við lög að styðjast að framlengja starfstíma nefndanna fram yfir fjögur ár. Lögin kveða skýrt á um að nefndirnar skuli sitja um fjögurra ára skeið. Af þessu leiðir að ekki er hægt að fara að ákvæðum reglugerðarinnar um samræmingu kjörtímabils sveitarstjórna án þess að ganga gegn ákvæðum laganna um að setja skuli nýja skólanefnd þegar fjögur ár eru liðin frá skipan fráfarandi nefndar. Því er ekki um annað að ræða en fara að lögunum og skipa í nefndirnar þegar starfstíma þeirra lýkur. Í samræmi við það hefur ráðuneytið þegar óskað eftir nauðsynlegum tilnefningum í nefndirnar.

[17:33]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör en engu að síður verð ég að endurtaka það sem ég lét koma fram áðan að mér finnst þetta vera svolítið á skjön við það sem væri eðlilegast í þessum efnum. Það kom fram hjá ráðherranum að það hafi verið leitað álits lögfræðinga ráðuneytisins hvað þetta snertir. Þeir telja að lögin gangi lengra og það verði að fara að lögum en þá er líka reglugerðin, þar sem er nákvæmlega kveðið á um hvernig eigi að skipa þessar nefndir, einskis nýt. Ég vil beina því til hæstv. menntmrh. hvort hann telji ekki miklu eðlilegra að kjörtímabil skólanefnda og sveitarstjórna fari saman þannig að þetta bil verði með einhverjum hætti brúað fram yfir næstu kosningar, sem eru núna í maí, þannig að hægt verði að fara að reglugerðinni. Ég er alveg sannfærð um að það hefur verið vilji löggjafans þegar þessi lög voru samþykkt að svo yrði. Annars kemst þarna á misgengi sem verður ekki svo þægilegt að leiðrétta af því að sveitarstjórnarkosningar fara alltaf fram á fjögurra ára fresti að vorlagi og er það lögbundið.

Ég er ekkert að gera því skóna að hæstv. menntmrh. hafi neitt annað en gott í huga þegar hann er að senda út þessi bréf og vill skipa nýjar skólanefndir en mér finnst bara að þetta sé ekki eins og best verður á kosið.

[17:36]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Við getum áreiðanlega verið sammála um að það væri eðlilegast að kjörtímabil skólanefndanna og sveitarstjórna fari saman. Það er einu sinni svo, eins og ég hef rakið, að lögin segja annað en reglugerðin og það er grundvallaratriði að þar sem greinir á milli laga og reglugerðar ráða lögin.

Ég rakti það áðan hverjar væru heimildir fyrrv. ráðherra til þess að setja þessa reglugerð. Það er niðurstaða okkar í ráðuneytinu að það er ekki heimild í lögunum til þess að framlengja kjörtímabil þeirra nefnda sem voru skipaðar flestar í janúar, sumar í febrúar og allt fram í mars. Það skorti heimild í lögin til þess að framlengja kjörtímabil nefndanna þó að við séum áreiðanlega sammála um að það væri eðlilegast að þetta færi alveg saman. Ég tek undir það. Mér finnst óeðlilegt að fráfarandi sveitarstjórnir séu að kjósa í skólanefndir núna en það er of langt bil á milli þess sem lögin segja og sveitarstjórnarkosninga til þess að við getum leyft okkur að horfa fram hjá þessu. Ég horfi til þess að ef við skulum segja meiri hluti tiltekinnar skólanefndar, sem var með kjörtímabil til janúarmánaðar sl., fer að taka einhverjar ákvarðanir sem minni hluti sættir sig ekki við, þá þykir mér nokkurn veginn ljós að slíkri ákvörðun yrði hnekkt fyrir dómi. Ég sé því ekki að ég eigi nokkurn annan kost en að skipa þessar skólanefndir eins og lögin segja.

Heimildarmyndir.

Fsp. VS, 318. mál. — Þskj. 509.

[17:38]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 509 til hæstv. menntmrh. um heimildarmyndir og hljóðar fsp. svo, með leyfi forseta:

„1. Hver er skilgreining Ríkisútvarps, sjónvarps á því hvaða skilyrðum sjónvarpsefni eða myndir þurfi að fullnægja til að geta talist heimildarmyndir?

2. Hver er kostnaður Ríkisútvarpsins, sjónvarps við gerð myndarinnar „Bóndi er bústólpi" sem sýnd var í sjónvarpinu sunnudaginn 23. janúar sl.?"

Fyrirspurnin var lögð fram fyrir 12 dögum síðan. Því miður gat hæstv. menntmrh. vegna fjarvistar ekki svarað henni fyrr en núna. Ástæða þessarar fyrirspurnar er, held ég, öllum ljós. Það eru takmörk fyrir því hvað hægt er að bjóða upp á í fjölmiðlum undir því yfirskini að um heimildarmyndagerð sé að ræða. Í orðabók Menningarsjóðs segir svo um heimildarmyndir, með leyfi forseta, að það sé mynd sem geymir vitneskju um eitthvað.

Ég veit um marga sem biðu spenntir eftir því að sjá svokallaða heimildarmynd, Bóndi er bústólpi, sunnudaginn 23. jan. sl. af því að þeir vildu gjarnan fræðast um íslenskan landbúnað, en þeir hinir sömu urðu fyrir miklum vonbrigðum því annars eins áróðursþáttur hefur ekki sést á skjánum síðan sjónvarpið hóf starf-

semi sína, vil ég halda fram, undir því yfirskini að um heimildarþátt væri að ræða.

Þetta gerist allt að undirlagi setts framkvæmdastjóra sjónvarps. Það mál hefur nú verið hér á dagskrá áður í dag og kannski ekki ástæða til að endurtaka það allt saman. En mér er kunnugt um að settur framkvæmdastjóri sjónvarps þóttist lítið vita um gerð þessarar heimildarmyndar þegar hann var spurður um það í útvarpsráði. Sagðist reyndar vita að það væri verið að gera einhvern þátt um íslenskan landbúnað af sænsku fyrirtæki og sagðist mundi kaupa þann þátt ef honum litist vel á hann. En mér er líka kunnugt um að þegar þessir þáttagerðarmenn komu til að spyrja formann Stéttarsambands bænda margra spurninga þá sögðu þeir að þeir væru að gera þátt fyrir íslenska sjónvarpið sem yrði sýndur í janúar. Ég held því að það leiki enginn vafi á því að þarna var það settur framkvæmdastjóri sjónvarps sem stjórnaði því að þessi mynd var gerð. Þáttagerðarmennirnir voru með handrit þegar þeir fóru um landið og spurðu menn og maður getur svona látið sér detta í huga hverjir hafa samið þær spurningar.

En mér þótti rétt að spyrja hæstv. mennmrh. um það hvað geti talist heimildarmynd.

[17:41]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Fyrri spurningin er: Hver er skilgreining Ríkisútvarps, sjónvarps á því hvaða skilyrðum sjónvarpsefni eða myndir þurfi að fullnægja til að geta talist heimildarmyndir? Það var óskað eftir svörum frá Ríkisútvarpinu við spurningum hv. þm. Í bréfi Ríkisútvarpsins er spurningunni svarað á þessa leið og ég tek fram að bréfið er ekki samið af settum framkvæmdastjóra sjónvarps sem ætlar að verða hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur býsna notadrjúgur í umræðum hér á hv. Alþingi. (**VS:** Því miður.) En svar Ríkisútvarpsins er svona, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisútvarpið, sjónvarp beitir sömu aðferðum og sjónvarpsstöðvar innan Evrópusambands útvarpsstöðva við flokkun og skilgreiningu efnis en þar eru heimildarmyndir einn fyrirferðarmesti bálkurinn. Heimildarmyndir geta verið allt frá fræðslumyndum, sem aðallega eru ætlaðar til kennslu, til þess að vera persónuleg lýsing höfunda myndarinnar á ákveðnum veruleika. Sem dæmi um ólíkar heimildarmyndir er nýlega voru sýndar í sjónvarpinu má fyrst nefna Verstöðina Ísland eftir Erlend Sveinsson þar sem rakin er saga sjávarútvegs. Myndin er efnismikil og hlaðin staðreyndum jafnframt því sem sett er fram ákveðin söguskoðun um þróun þessarar atvinnugreinar.

Síðara dæmið er myndin Skrifa ekki undir samninginn um listina, heimildarmynd um Magnús Kjartansson myndlistarmann eftir Þór Elís Pálsson þar sem brugðið er upp mynd af listamanninum, hugarheimi hans, vinnubrögðum og verkum. Það þykja bragðdaufar heimildarmyndir þar sem ekki koma fram skoðanir höfundar á viðfangsefninu."

Þetta var svar Ríkisútvarpsins sem ég hef engu við að bæta.

Síðari spurningin er þessi: Hver er kostnaður Ríkisútvarps, sjónvarps við gerð myndarinnar „Bóndi er bústólpi", sem sýnd var sjónvarpinu sunnudaginn 23. jan. sl.?

Svarið er svohljóðandi og kemur einnig að sjálfsögðu frá Ríkisútvarpinu:

„Helgi Felixson, Idéfilm, bauð sjónvarpinu myndina Bóndi er bústólpi til sýningar fyrir 2.200.000 kr. Eftir samningaviðræður var fallist á kaupverð, 1.890.000 kr. fyrir frumsýningu og tvær endursýningar innan sjö ára frá frumsýningu."

[17:44]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka menntmrh. fyrir þessi svör sem sögðu heldur lítið. Nema það að heimildarmyndir eiga að vera fræðslumyndir og það fullvissar okkur um, held ég, að sú mynd sem ég gerði að umræðuefni og er kveikjan að þessari fyrirspurn er ekki heimildarmynd. Væri forvitnilegt að heyra skoðun hæstv. menntmrh. á því ef hann tekur aftur til máls hvort hann telji að þar hafi verið um heimildarmynd að ræða.

Að það sé svo mikið atriði að persónuleg skoðun höfundar á viðfangsefninu komi fram kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir og hefði verið forvitnilegt að vita hver samdi þetta svar hjá þessari virðulegu stofnun.

Það komu hér upplýsingar um kostnað við þessa mynd. Hann er tæpar 2 millj. kr. en myndir var keypt af Helga Felixsyni, eins og hæstv. menntmrh. sagði. Það segir okkur að hver mínúta kostaði 42 þús. kr. en sú mynd sem hæstv. menntmrh. gerði að umtalsefni, Verstöðin Ísland, kostaði 20 þús. kr. á mínútu. Helmingi ódýrari sú vandaða mynd. En myndin sem kostar upp undir 2 millj. er gerð á þann hátt að það er sendur hópur manna hringferð um landið til að þefa uppi alla þá sem hafa mest gagnrýnt íslenskan landbúnað og taka við þá viðtal. Reyndar er mér sagt að þeir hafi óvænt hitt þjóðgarðsvörðinn í Skaftafelli og var hann gerður að aðalpersónu þáttarins.

En hvað með það. Mig fýsir að heyra skoðun hæstv. menntmrh. á því hvort hann telur að hér hafi verið um heimildarmynd að ræða. Að allra síðustu, hæstv. forseti, þá ætla ég líka að láta það koma fram að sá umræðuþáttur sem efnt var til í framhaldi af þessari mynd og sendur var út frá Bændahöllinni var náttúrlega hugsaður til að skjóta landbúnaðarkerfið niður úr Bændahöllinni en það mistókst algerlega þar sem bændasinnar höfðu þar yfirburðastöðu.

[17:47]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu hér. Þó svo þessi umræða hafi farið fram dag þá fór ekki fram umræða um það hvað slík mynd kostar sem hér er til umræðu, Bóndi er bústólpi. Nú fengum við að vita það. Myndin kostaði 1.8 millj. og rúmlega það. En það er kannski ekki aðalatriðið heldur það að virðing Ríkisútvarps, sjónvarps er mjög rýrð eftir þennan þátt.

Í fyrsta lagi vil ég benda á það að þeir sjónvarpsmenn sem gerðu þessa mynd, sem kölluð er heimildarmynd, fóru vítt og breitt um landið. M.a. fóru þeir að Hvanneyri sem er bændaskóli, eins og allir vita, og vísindastofnun og kynntu sér starfsemi þessarar stofn-

unar. Þeir voru þar í heilan sólarhring að kynna sér bæði störf skólans og einnig voru þeir að kynna sér námskeiðahald þar varðandi endurmenntun fyrir bænda. Það kom ekki einn punktur af þessu fram í myndinni. Heldur sundurslitið frá skólastjóranum aðeins eitt orð. Og að setja samasemmerki við myndina Verstöðin Ísland, sem er mjög merkileg heimildarmynd, og þessa ömurlegu afskræmingu, ég trúi því ekki að hæstv. menntmrh. geri það.

[17:48]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Það er einhver misskilningur hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur ef hún heldur að ég hafi verið að setja eitthvert samasemmerki við þessar tvær myndir. Ég hef aldrei gert það. (**IP:** Gott.) Þegar af þeirri ástæðu og þá svara ég spurningu hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur um hver væri skoðun mín á myndinni Bóndi er bústólpi að ég hef bara ekki séð þá mynd þannig að ég get ekki myndað mér nokkra skoðun. (**IP:** Það gengur ekki, hæstv. menntmrh.) Jú, jú, það gengur alveg. Ég hef engar embættislegar skyldur til að horfa á hverja mynd sem kemur í íslenska sjónvarpinu. Það hlýtur hv. þm. að vita. Og forvitni mín hefur ekkert sérstaklega verið vakin satt að segja á þessari mynd þrátt fyrir þá umræðu sem orðið hefur um hana. Ég hef ekki skoðun á mynd sem ég hef ekki séð.

Það var spurt hver hefði samið svarið. Samkvæmt bréfi frá útvarpsstjóra, þar sem þessi svör koma fram sem ég las upp áðan, þá eru þau samin af aðstoðarframkvæmdastjóra sjónvarpsins.

Ég vil svo taka það skýrt fram vegna þess að það er verið að gera líka eitthvert mál úr því hvað þetta kostaði að ég hef ekkert sem ráðherra með samninga Ríkisútvarpsins, hvort heldur hljóðvarps eða sjónvarps, að gera um aðkeypt efni. Mér fannst einhvern veginn að það væri verið að finna að því. Ég hef orðið var við þetta áður í umræðunni um Ríkisútvarpið og reyndar um fleiri stofnanir sem heyra undir menntmrn. að í sumum tilvikum er ætlast til afskipta ráðherra en í öðrum tilvikum ef þau eru einhver þá eru þau harðlega gagnrýnd. Það er lítið samræmi í þessum málflutningi.

Út af dagskrá voru tekin 5., 7., 8. og 10. mál.

Fundi slitið kl.17:50.

---

85. FUNDUR

þriðjudaginn 8. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — Frh. 2. umr.

2. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 215, nál. 394 og 528, brtt. 395. — Frh. 2. umr.

3. Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, þáltill., 151. mál, þskj. 168. — Frh. fyrri umr.

4. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 165. mál, þskj. 183. — Fyrri umr.

5. Staðsetning Hæstaréttarhúss, þáltill., 176. mál, þskj. 194. — Fyrri umr.

6. Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, þáltill., 248. mál, þskj. 287. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Heilbrigðisátak á ári fjölskyldunnar, 357. mál, þáltill. GÁ o.fl., þskj. 549.

Heilbrigðisþjónusta, 358. mál, frv. AÓB o.fl., þskj. 550.

Ráðning sjúkraþjálfara við heilsugæslustöðvar, 359. mál, fsp. AÓB, þskj. 551.

Umræður utan dagskrár.

Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við atburðunum í Sarajevó.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár fer fram utandagskrárumræða samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, hálftíma umræða, að beiðni hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur. Hún beinir máli sínu til hæstv. utanrrh. Umræðuefnið er: Viðbrögð ríkisstjórnarinnar við atburðunum í Sarajevó.

[13:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tæplega tvö ár hefur heimurinn horft upp á sívaxandi hörmungar hins grimmilega stríðs í Bosníu-Hersegovínu þar sem fjöldanauðgunum á konum og telpum hefur verið beitt og karlmenn sveltir og drepnir, að ekki sé minnst á þá markvissu og miklu eyðileggingu á menningarverðmætum sem aldrei verður fyrir bætt.

(**Forseti** (VS)**:** Má biðja um hljóð í salnum.)

Síðastliðinn laugardag bárust þær fréttir frá höfuðborg Bosníu, Sarajevó, að tugir manna hefðu fallið og enn fleiri særst í kjölfar sprengjuárása á markað í borginni. Sprengjum rigndi yfir almenna borgara sem voru að ná sér í mat og nauðsynjar í þessari stríðshrjáðu borg. Dag eftir dag höfum við horft á fréttir af mannfalli og hörmungum sem engan enda virðast ætla að taka. Börnin hafa lært að láta hverjum degi nægja sína

þjáningu og eiga dauða síns von á hverri stundu eða trúa á verndarmátt almættisins.

Atburðir laugardagsins hafa vakið hörð viðbrögð, enda má ekki lengur við svo búið standa. Enn einu sinni er hrópað um allan heim: Nú verður að grípa til þeirra ráða sem duga til að stöðva stríðið. En hver eru þau ráð? Hvað dugar til að koma á friði og jafnvægi þegar annars vegar á í hlut gamalt valdakerfi sem verst dauða sínum af grimmd og hörku og hins vegar fólk sem þolað hefur ótrúlegar þjáningar og berst fyrir tilveru sinni?

Þetta er ótrúlega flókið stríð sem á sér djúpar rætur aftur í aldir í bland við hagsmunatogstreitu náskyldra þjóða. Í stíði er enginn saklaus en það fer ekki á milli mála að í styrjöldinni í Bosníu eru Serbar í árásarhlutverkinu á meðan Bosníumenn verjast.

Mánuð eftir mánuð hafa samningamenn Evrópubandalagsins og Sameinuðu þjóðanna þjarkað við stríðsaðila með takmörkuðum árangri á meðan hjálparstarf er gróflega hindrað og íbúum Bosníu-Hersegovínu haldið í herkví víðast hvar án matar, eldsneytis og lyfja. Sameinuðu þjóðirnar ákváðu á sínum tíma að setja viðskiptabann á stríðsaðila sem Bosníumönnum hefur fundist bitna mun harðar á sér en Serbum. Staðreyndin er sú að viðskiptabannið hefur alls ekki virkað. Af ýmsum ástæðum, sögulegum og viðskiptalegum, hafa m.a. Evrópuþjóðir ekki gripið til viðeigandi aðgerða til þess að tryggja að banninu sé framfylgt. Þar er ótrúlegur tvískinnungur á ferð. Annars vegar er sett á bann en síðan eru þeir sem eiga að framfylgja banninu svo liðfáir að þeir geta engan veginn sinnt sínu verki. Serbar fá þau vopn, olíu og vistir sem þeir þurfa enda eiga þeir víða stuðningsmenn þótt ekki fari hátt.

Þeir alþingismenn sem sæti eiga í Evrópuráðinu í Strassborg áttu þess kost að hlýða á Thorvald Stoltenberg gera grein fyrir ástandinu í Bosníu fyrir tæpum tveimur vikum. Í máli hans kom fram að á svæðinu er allt morandi í vopnum frá öllum hugsanlegum löndum sem sýnir best hvað viðskiptabannið virkar illa. Yfirmenn friðargæslusveita Sameinuðu þjóðanna báðu um ákveðinn liðsafla sem nauðsynlegur væri til að hægt væri að sinna gæslustarfi og koma á svokölluðum öruggum svæðum í samræmi við áætlanir Sameinuðu þjóðanna. Aðeins hluti þess liðs sem nauðsynlegt er hefur fengist sem að mati Stoltenbergs skýrir að hluta til hvernig til hefur tekist í samkomulagsumleitunum.

Hershöfðingjar Sameinuðu þjóðanna töldu nauðsynlegt að fá 7.500 gæslusveitir — ég er hér að þýða orðið „troops" — en hingað til hafa aðeins verið sendar 1.000 sveitir. Afleiðingin er m.a. sú að í desember tókst aðeins að koma 45% hjálpargagna til skila.

Ég spyr: Er einhver alvara að baki þegar svona er staðið að málum? Hefur í raun verið látið reyna á þær friðsamlegu leiðir sem til eru? Mér sýnist að svo sé ekki.

Í gær var haldinn fundur utanríkisráðherra Evrópusambandsins og var hann mjög litaður af hinum hryllilegu atburðum í Sarajevó. Ráðherrarnir sem mánuðum saman hafa verið mjög tvístígandi gagnvart hernaðaríhlutun í Bosníu, komust að þeirri niðurstöðu að tími loftárása væri runninn upp. Að vísu var ekki eining um þessa afstöðu samkvæmt fréttum en meiri hlutinn er nú kominn á band Clintons Bandaríkjaforseta sem um skeið hefur mælt með árásum á bækistöðvar Serba. Boðaður hefur verið fundur hjá NATO vegna málsins en mér hafa ekki borist fregnir af því hvort sá fundur hefur farið fram eða hvort niðurstaða liggi þar fyrir. Og þar með er komið að meginorsök þessarar umræðu, virðulegi forseti, þeirri spurningu hver afstaða íslenskra stjórnvalda sé til loftárása á heri Serba og hvernig hæstv. utanrrh. hyggist beita sér í þeim alþjóðastofnunum sem Ísland er aðili að og fjalla um ástandið í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu.

Ég hef fylgst grannt með atburðum í Bosníu og hlustað aftur og aftur á umræður um þau mál í Evrópuráðinu og hvað eftir annað hefur mér blöskrað grimmdin og valdníðslan líkt og flestum öðrum. En það er ekkert auðvelt að svara þeirri spurningu hvernig stöðva megi ósköpin. Það má þó benda á ýmsar leiðir en ég vil segja það hér í upphafi umræðunnar að ég á afar erfitt með að mæla með loftárásum á stöðvar Serba vegna þess að ég óttast þær afleiðingar sem því muni fylgja en ég mun greina betur frá því í síðari ræðu minni.

[13:41]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegur forseti. Eins og fram kom í máli hv. málshefjanda þá sér ekki fyrir endann á ófriðnum í Bosníu-Hersegovínu, þvert á móti verða óhæfuverkin sífellt hörmulegri. Allar þær mannúðar- og mannréttindahugsjónir sem Evrópumenn hafa stært sig af og hafa að sumu leyti verið von kúgaðra og hrjáðra manna um heim allan eru daglega svívirtar í miðri Evrópu. Um leið og þetta á sér stað er vegið að grundvelli þeirra stofnana og samtaka í Evrópu sem ætlað er að stuðla að stöðugleika, friði og öryggi í gervallri álfunni, auk þess sem hvers kyns öfgaöfl fá byr undir báða vængi. Þá er ónefndur sá álitshnekkir sem Sameinuðu þjóðirnar hafa þegar beðið í þessu máli.

Íslensk stjórnvöld hafa lengi lagt áherslu á stuðning við friðarumleitanir. Þannig stóð Ísland t.d. að nýlegri ályktun utanríkisráðherra Norðurlanda um stuðning við áframhaldandi viðleitni Sameinuðu þjóðanna og Evrópusambandsins til að koma á friði á grundvelli pólitískra lausna, á grundvelli þeirrar áætlunar sem lögð var fram seinast 22. nóv. sl.

Friðarumleitanir hafa nú verið þrautreyndar og vel það. Hótanir hafa fram að þessu einungis gert stundargagn og friðargæslulið og starfsmenn mannúðarsamtaka verið teknir í gíslingu og jafnvel orðið skotmörk. E.t.v. er nú runnin upp sú stund að vestræn lýðræðisríki þurfa að sýna að þau geri greinarmun á réttu og röngu í verki, að stofnanir og samtök þeirra séu trúverðug og að öfgaöfl sem fótumtroða allar grundvallarreglur verði stöðvuð.

Leiðir til að hrinda í framkvæmd ályktunum öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, nr. 770 og 836 um hernaðaraðgerðir í Bosníu-Hersegovínu, voru m.a. ræddar innan Atlantshafsbandalagsins 2. ágúst sl., að frum-

kvæði bandarískra stjórnvalda. Íslensk stjórnvöld lýstu þá stuðningi við tillögur sem fram komu um að Atlantshafsbandalaginu yrði veitt heimild til takmarkaðra loftárása á valin skotmörk slepptu ekki Bosníu-Serbar kverkataki sínu, eins og það var kallað, á Sarajevó. Afstaða íslenskra stjórnvalda var að fallast ætti á slíkar aðgerðir bandalagsins umhverfis Sarajevó með viðeigandi fyrirvörum um samráð við Sameinuðu þjóðirnar og að sú ákvörðun yrði að beiðni framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna á grundvelli ályktana öryggisráðsins.

Í kjölfar ákvörðunar Atlantshafsbandalagsins um að hefja undirbúning hernaðaraðgerða varð nokkur umræða um málið hér á landi. Einstakir fulltrúar stjórnarandstöðunnar reyndu að gera málsmeðferð utanrrn. tortryggilega og gagnrýndu afstöðu íslenskra stjórnvalda sem óeðlilega herskáa. Nú er ástæða að gefnu tilefni, hv. þm., að spyrja: Hvað vilja þessir hinir sömu aðilar? Hvaða boð vilja þessir hinir sömu aðilar flytja íbúum Sarajevó nú?

Stjórnvöld hér á landi ráða ekki yfir herafla. Þau þurfa ekki að bera ábyrgð á lífi og heilsu þeirra manna sem hugsanlega taka þátt í slíkum aðgerðum fjarri heimahögum. Af þeim sökum hafa íslensk stjórnvöld ævinlega verið varkár í að hvetja aðra til slíkra fórna. Í þessu tilfelli er um meira að tefla í fyrrverandi Júgóslavíu en einungis lok eða framhald staðbundinnar borgarastyrjaldar. Af ástæðum sem þegar hafa verið nefndar varðar málið allan hinn siðmenntaða heim. Þetta endurspeglast m.a. í ákvörðunum okkar Íslendinga um þátttöku í friðargæslu í Bosníu-Hersegovínu og móttöku sjúklinga frá Sarajevó. Þess má geta að ýmis ríki hafa nú um 28 þús. manns í friðargæsluliði á vegum Sameinuðu þjóðanna þegar á ýmsum stöðum í Bosníu-Hersegovínu.

Það er gert ráð fyrir að fundarhöld um hugsanlegar aðgerðir hefjist í höfuðstöðvum Atlantshafsbandalagsins í dag. Sá fundur hefur verið boðaður innan 48 klukkustunda, frá og með gærdeginum, en fundartíminn hefur ekki verið ákveðinn.

Ég get ekki á þessu stigi málsins tjáð mig um þær tillögur sem þar kunna að verða lagðar fram af þeirri einföldu ástæðu að þær hafa verið ræddar á fullu trúnaðarstigi hingað til. En þegar spurt er um afstöðu íslenskra stjórnvalda vil ég taka það fram að afstaða íslenskra stjórnvalda hefur ekki breyst frá því í ágúst þrátt fyrir að taka verði tillit til þeirra aðstæðna sem nú ríkja í Bosníu-Hersegovínu. Ég vil taka það fram hins vegar að það sem spurst hefur einnig opinberlega um þær hugmyndir eða tillögur sem í undirbúningi eru er að settir verði úrslitakostir og ef ekki verði við þeim orðið þá verði veitt heimild til hernaðaraðgerða að beiðni framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og á grundvelli þeirra ályktana öryggisráðsins sem fyrir liggja.

[13:46]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það var lítið gæfuspor utanríkisráðherra Vestur-Evrópu að sameinast um það að rétt væri að liða í sundur Júgóslavíu. Að veita Króötum sjálfstæði. Menn hafa nú fundið og séð hverjar afleiðingarnar eru. Það er ekki hlutverk okkar að stuðla að því að lima ríki í sundur til þess að skapa þar ófrið en skeð er skeð. Í dag stöndum við frammi fyrir því hvort við ætlum að bæta því ofan á hina fyrri afstöðu að sitja þar hróðugir hjá þegar menn eru drepnir, konum er nauðgað og börn deyja unnvörpum eins og gerst hefur, og að horfa jafnframt á það að það eru múslímar sem verða undir og í reynd liggur Evrópa öll undir grun að öðruvísi væri á málum tekið ef Serbar væru minnihlutahópurinn sem verið væri að drepa. Evrópa er því miður það aum að hún hefur tvívegis á þessari öld orðið að biðja Bandaríkin um aðstoð til þess að koma á friði í Evrópu. Og það blasir við að í þriðja skipti á þessari öld verður hún að biðja um aðstoð Bandaríkjamanna til að skakka leikinn.

Þegar friður var á sturlungaöld á stuttum tíma á því tímabili var það Jón Loftsson sem hótaði að láta drepa þrjá menn ef einn yrði drepinn. Og þau skilaboð voru skýr, það efaði enginn að hann mundi fylgja því eftir. Í dag blasir það við að vopnuð átök af hálfu Atlantshafsbandalagsins er eina lausnin til að stöðva stríðið. Og utanrrh. Íslands hlýtur að gera sér grein fyrir því að hann hefur meirihlutastuðning íslensku þjóðarinnar á bak við sig e.t.v. er þetta eina málið þar sem hann hefur meirihlutastuðning íslensku þjóðarinnar á bak við sig.

Ég tel þess vegna (Forseti hringir.) að það hljóti að vera alveg skýr skilaboð að það verður að stöðva þetta stríð og það verður að gefa grænt ljós á vopnuð afskipti til þess að framkvæma það.

[13:49]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á þessum stutta tíma er ekki hægt að fjalla efnislega um þær miklu hörmungar sem við höfum fengið fréttir af í allt og langan tíma. Það er heldur ekki tími til þess að fara að rekja hér ástæður þessarar þróunar né heldur að ræða, hvað þá heldur að fella dóma um framgöngu Sameinuðu þjóðanna á þessum vettvangi. Það sem verið er að gera er einfaldlega það að ríki Evrópu hafa gefist upp við að ráða öryggismálum í okkar heimshluta ein og sér. Það blasir við og þá hefur verið ákveðið að fela það vald í hendur æðsta yfirmanns þess eina alþjóðlega öryggiskerfis sem til er í veröldinni, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, hvað gera skuli.

Ég hef talið það vera mjög mikilvægt að það varð ekki ofan á innan NATO á sínum tíma að Bandaríkin eða NATO gætu ákveðið einhliða að hefja loftárásir á þessu svæði sem hér er til umræða. Það var tekin skýr ákvörðun um að það yrði ekki gert nema Boutros Boutros-Ghali, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, væri því samþykkur. Hann hefur fyrir sitt leyti lýst því yfir að hann muni ekki taka þá ákvörðun nema Akashi, sérstakur fulltrúi Boutros Boutros-Ghalis í fyrrum ríkjum Júgóslavíu, og yfirmenn friðargæsluliðsveita Sameinuðu þjóðanna á því svæði séu því samþykkir. Þetta tel ég vera hina réttu ákvörðun.

Við Íslendingar sem smáþjóð eigum engan annan betri kost heldur en treysta því öryggiskerfi sem Sam-

einuðu þjóðirnar eru að reyna að þróa stig af stigi við erfiðar aðstæður. Verði það niðurstaða framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna og fulltrúa hans að rétt sé að grípa til loftárása, þá tel ég einsýnt að íslensk stjórnvöld styðji þá ákvörðun.

[13:52]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil taka undir með hv. málshefjanda að það er full ástæða til að ræða þetta mál hér í Alþingi og einnig vil ég taka undir með henni þegar hún lýsti þeirri ræðu sem við þingmenn í Evrópuráðinu hlýddum á þegar Thorvald Stoltenberg gerði okkur grein fyrir stöðu mála í Júgóslavíu fyrir um það bil hálfum mánuði. Við höfum á þeim vettvangi einnig fengið tækifæri til að kynnast þingmönnum frá Bosníu-Hersegovínu sem hafa lýst ástandinu í Sarajevó og það fer ekkert á milli mála að sú lýsing þeirra er rétt. Þar hefur verið komið á stærstu fangabúðum í mannkynssögunni og þar er fólk drepið eftir tilviljun eftir því hvernig mönnunum í fjöllunum í kring líkar að hverju sinni og hvert þeir vilja senda sprengjurnar. Síðasta laugardag sendu þeir þær beint inn á markaðstorgið eins og við höfum heyrt um í fréttum.

Hæstv. utanrrh. gat um það í ræðu sinni hér áðan að mál þetta hefði verið til umræðu í utanrmn. á sl. sumri. Það er rétt. Það var til umræðu á tveimur fundum og á síðari fundinum hinn 10. ágúst sl. var það samdóma niðurstaða í nefndinni að Íslendingar ættu að standa að niðurstöðu á vettvangi Atlantshafsbandalagsins, enda væru hernaðaraðgerðir í nafni bandalagsins skilyrtar á þann veg að til kæmi samþykki Sameinuðu þjóðanna. Ég held því að það sé enginn efi um það hvaða afstöðu utanrmn. hefur tekið, og þar með tel ég einnig Alþingi, að á fundi nefndarinnar var það niðurstaðan að það yrði að standa að þessu máli með þeim hætti að grípa til hernaðaraðgerða á vegum Atlantshafsbandalagsins svo framarlega sem það væri skilyrt og með samþykki Sameinuðu þjóðanna.

[13:54]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ástandið á Balkanskaga og hörmungar fólksins í Sarajevó hafa vakið óhug og reiði og þá að sjálfsögðu þá spurningu hvers vegna ekki er gripið til aðgerða sem duga. Hvað dvelur þjóðir heims? Ég er sammála því að ekki hefur verið gert nóg til að rétta fólkinu í Bosníu-Hersegovínu hjálparhönd. Það er smán sem við Íslendingar deilum með öðrum þjóðum Vesturlanda. Ég bendi á það að viðskiptabannið hefur á engan veginn náð tilgangi sínum vegna þess m.a. að margar þjóðir virða það ekki sem skyldi. Ég bendi líka á það að leiðir til pólitísks þrýstings eru síður en svo fullnýttar. Hvers vegna höfum við Íslendingar t.d. ekki slitið stjórnmálasambandi við Serbíu og Svartfjallaland fyrst við lýsum ábyrgð á ástandinu á hendur þessum þjóðum og ábyrgð á mannréttindabrotum, jafnvel þjóðarmorði? Hvers konar tvískinnungur er þetta eiginlega?

Ég hef aðeins spurst fyrir um það innan utanrmn. hvernig diplómatískum samskiptum sé háttað við ríki sem bendluð eru við alvarleg mannréttindabrot og það verður að segjast sem er að það er ekki auðvelt að gefa svör við því vegna þess að pólitísk umræða um þessi mál er í rauninni ekki til. Það vantar umræðu um grundvallaratriði. Þetta er alvarlegt mál og mér finnst að það verði úr því að bæta.

Ég minni á að varðandi þessa spurningu um loftárásir á búðir Serba umhverfis Sarajevó þá hef ég ákveðnar efasemdir um að það mundi þjóna sínum tilgangi og það eitt út af fyrir sig er umhugsunarefni. Landfræðilega séð er þetta mjög erfitt land og þar að auki eru þetta ekki einu búðirnar, þetta er ekki eina krítíska svæðið. Það getur soðið upp úr hvenær sem er í Kosovó, það getur soðið upp úr hvenær sem er á landamærum annars staðar og þarna er við að glíma mun margslungnara vandamál en fólk gefur sér með því að líta á Sarajevó eina þannig að það á að reyna aðrar virkar leiðir til þrautar áður en farið er að hugsa í þessum stærðum.

[13:57]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Allur heimurinn finnur til vanmáttar gagnvart því skelfilega ástandi sem ríkir í fyrrum Júgóslavíu og það er eðlilegt út af fyrir sig að kröfur komi fram um aðgerðir. En að því verða menn að hyggja að það verður þá að takast þannig til með þær aðgerðir að þær snúist ekki upp í andhverfu sína. Því miður hræðir reynslan frá undangengum árum í þessum efnum. Við höfum reynslu af refsiaðgerðum sem hefur fyrst og fremst bitnað á saklausum borgurum á meðan vopnin finna sér endalaust leið.

Í raun blasir það við að gagnvart þessu ástandi er aðeins ein varanleg lausn til og hún er afvopnun deiluaðila. Loftárásir eða vopnuð íhlutun hefur þá hættu óumdeilanlega í för með sér að fórnarlömbin verði enn sem fyrr fyrst og fremst saklausir borgarar og það er ekki síður ástæða til að hafa áhyggjur af hinu að slík íhlutun geti leitt til stigmögnunar deilunnar. Í raun er það svo að öll austanverð Evrópa er nú ein púðurtunna, vopnuð púðurtunna.

Reynslan frá Írak er líka mikið umhugsunarefni í þessu sambandi. Það er nú upplýst að herstyrkur Íraka sé orðinn svipaður og hann var fyrir Persaflóastríðið og útkoman er þá fyrst og fremst sú að hundruð þúsunda óbreyttra borgara hafa týnt þar lífi. Ísland á að mínu mati í samræmi við hefð sína sem vopnlaus smáþjóð fyrst og síðast að leggja áherslu á afvopnun deiluaðila, á alþjóðlega bindandi samninga um eftirlit með vopnaviðskiptum og um upptöku stríðsglæpadómstóls og annarra slíkra aðgerða sem beitt yrði til þess að reyna að knýja þarna fram einhverja varanlega lausn. Hættan er sú að mínu mati að loftárásir í einhverjum takmörkuðum mæli verði fyrst og fremst ákveðin friðþæging Vesturlanda gagnvart þessu óþolandi ástandi en ekki sú framtíðar- og frambúðarlausn sem þarna verður auðvitað að finnast.

[13:59]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er um afskaplega vandasamt mál að ræða. Friðarumleitanir hafa ekki borið árangur og eftir því sem tíminn líður þá missir maður vonina um að

þær muni koma að gagni. Það er svo sem búið að hóta á þessu svæði og það hefur ekki komið að gagni. Það er ekki hægt fyrir hinn siðmenntaða heim að bíða og horfa upp á þessu ósköp sem eru að gerast þarna. Vopnuð íhlutun virðist því miður vera eina lausnin. Þó er það deginum ljósara að hún getur haft mjög alvarlegar afleiðingar og stigmögnun í för með sér.

Utanrrh. var að spyrja um afstöðu okkar. Ég tel að það sé ekkert eftir annað en setja úrslitakosti með stuttum fresti. Þeim verður að sjálfsögðu að fylgja eftir og ef Serbar sjá ekki að sér og ég er því samþykkur að fengnu samþykki aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna að NATO fylgi þessu hótunum eftir með vopnavaldi og styð þá afstöðu ríkisstjórnarinnar.

[14:00]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Saga afskipta Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna af hinum hörmulegu deilum í Bosníu-Hersegovínu er saga mikilla vonbrigða. Það er búið að reyna árangurslaust missirum saman að leiða þessi stríðandi öfl að samningaborði með það fyrir augum að ná friðsamlegu samkomulagi um lausn deilumála á þessu svæði. Það hefur ekki tekist. Og það er heldur engum vafa undirorpið hver það er sem er árásaraðilinn í þessu stríði.

Ég hygg að nú sé svo komið í þessu efni að það sé engra annarra kosta völ en þeirra sem menn standa nú frammi fyrir og eru að ræða þessa dagana á vettvangi Evrópusambandsins og Atlantshafsbandalagsins og það hlýtur að vera rétt stefna af hálfu okkar Íslendinga sú sem lýst var hér af hálfu hæstv. utanrrh. Við hljótum að standa að baki þeim ákvörðunum sem nú stendur til að taka á þessum vettvangi væntanlega með stuðningi aðalritara Sameinuðu þjóðanna.

Það er alveg rétt að þetta svæði í heild sinni er skotfæragеymsla sem getur sprungið í loft upp, púðurtunna sem getur sprungið í loft upp hvenær sem er. Menn hljóta auðvitað að reyna allar leiðir til þess að ná hinum stríðandi aðilum saman með friðsamlegum hætti, en vissulega er það barnalegt óraunsæi að mínum dómi að láta sér detta í hug að það sé hægt að ná einhverju friðsamlegu samkomulagi við þessa aðila um að afvopnast. Vissulega væri það það albesta en það er bara ekki raunhæft eins og málin líta út í dag, því miður. Þess vegna verðum við að taka á okkur þá ábyrgð sem því fylgir að starfa í alþjóðlegum samtökum sem hafa tekið að sér það hlutverk að beita sér þarna fyrir íhlutun og þess vegna hljótum við að standa að baki þeirri afstöðu sem kynnt hefur verið af hálfu ríkisstjórnar Íslands.

[14:02]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þeirri ræðu sem Thorvald Stoltenberg flutti í Evrópuráðinu og ég vitnaði til hér áðan sagði hann eitthvað á þá leið að það væri um tvo kosti að ræða. Annars vegar yrði að halda friðarumleitunum áfram og leiða þær til enda, hins vegar stríð. Og það er einmitt þetta sem við stöndum frammi fyrir. Til hvaða aðgerða á að grípa? Hvað er það sem ber árangur? Ég óttast það að verði gripið til hernaðaríhlutunar af hálfu Sameinuðu þjóðanna þá endi það með svipuðum hætti og við horfðum upp á í Írak og við höfum horft upp á í Sómalíu að menn skapi hreinlega fleiri vandamál en þeir leysa. Og það er mikil hætta á því að verði gripið til loftárása þá valdi það stigmögnun þessa stríðs og jafnvelýti undir það að Evrópa skiptist aftur í blokkir með og á móti þessum stríðsaðilum, þ.e. einkum með og móti Serbum.

Það er gríðarlega mikið vandamál sem við stöndum frammi fyrir og vissulega finnst manni að fyrir svo löngu sé nóg komið en í ljósi þess hve illa Sameinuðu þjóðirnar og Evrópubandalagið sem einkum hafa komið þarna að verki, hafa staðið að þeim aðgerðum sem þeir hafa boðað, viðskiptabanninu og hjálparstarfinu, þá er ástæða til að efast um það að úrslitakostum og árásum hverjar sem þær verða sem vonandi verður hægt að komast hjá, verði fylgt eftir þannig að hægt verði að binda enda á stríð.

Ég vil að lokum minna á að við eigum auðvitað fleiri erindi inn í þessa umræðu en það að taka afstöðu til hernaðaraðgerða. Við þurfum líka að spyrja okkur að því hvernig við getum á öflugri hátt komið til aðstoðar því stríðsþjáða fólki sem býr í Bosníu-Hersegovínu og reyndar víðar. Þar eigum við vissulega erindi og við höfum krafta til þess að aðstoða þetta stríðshrjáða fólk.

[14:05]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim hv. þingmönnum sem hafa í þessum umræðum lýst stuðningi sínum við þau sjónarmið íslenskra stjórnvalda að hið alþjóðlega samfélag geti ekki lengur varið það fyrir samvisku sinni að horfa aðgerðarlaust á áframhald hryðjuverka sem bitna fyrst og fremst á varnarlausu og saklausu fólki. Við minnumst þess að hið alþjóðlega samfélag, hinar sameinuðu þjóðir hafa tekið á sig ábyrgð í þessu máli. Það hafa þær gert á grundvelli fjölmargra ályktana öryggisráðsins og bregist þær þessu hlutverki sínu þá munu þær þar með skapa fordæmi sem getur dregið langan slóða á eftir sér, ekki aðeins í þessum heimshluta heldur víðar.

Ég vil minna hv. þm. á að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur sent sérstakt erindi nú af þessu tilefni, dags. 6. þessa mánaðar, til framkvæmdastjóra Atlantshafsbandalagsins þar sem hann beinlínis fer þess á leit að Norður-Atlantshafsráðið ákveði að heimila yfirmanni herafla suðurvængs Atlantshafsbandalagsins að grípa til loftárása að beiðni Sameinuðu þjóðanna gegn stórskotaliðsstöðvum umhverfis Sarajevó sem friðargæslulið Sameinuðu þjóðanna hefur metið svo að beri ábyrgð á stórskotaliðsárásum á óbreyttra borgara innan Sarajevó. Það er með öðrum orðum beinlínis að ósk framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem leitað er til Atlantshafsbandalagsins sem er eina aflið sem getur raunverulega gripið til aðgerða sem mark er á takandi.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422.

[14:07]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð um liðið síðan 2. umræða um þetta mál hófst en ég vil samt sem áður byrja á því að taka það fram varðandi ummæli sem komu fram í framsöguræðu hv. 1. minni hluta hv. allshn. að það er ekki alls kostar rétt að í þessu máli sé einungis um að ræða að dómara sé heimilt að afla álits EFTA-dómstólsins heldur vil ég vekja sérstaka athygli á því að varðandi héraðsdómsstigið getur annar hvor málsaðili skotið úrskurði héraðsdómara til Hæstaréttar og Hæstiréttur hnekkt niðurstöðu héraðsdómara og þannig knúið héraðsdómara til að leita þess álits hvort sem það er niðurstaða dómara eður ei.

Þetta rakti frsm. hv. 2. minni hluta sem ég á aðild að fyrr í umræðunni en ég vil vekja sérstaklega athygli á þessu í samhengi við þá fullyrðingu sem fram kom hjá frsm. 1. minni hluta allshn. því þar kom fram að hér væri aðeins um heimild að ræða en það leiðréttist þá hér með.

Þó þetta frv., virðulegi forseti, sé ekki stórt í sniðum þá er engu að síður í því ein af mikilvægustu breytingunum sem verða á íslensku réttarkerfi með aðild Íslands að EES. Aðild Íslands að EES er staðreynd og það meira að setja án þess að þjóðin hafi nokkurn tíma fengið að segja hug sinn til hennar nema í skoðanakönunum en þjóðin, sú sama sem ekki fékk að tjá sig, fær hins vegar að komast að því núna með ótal áhrifum hvaða verði við kaupum þessa aðild. Nægir að nefna deilur dagsins í dag sem varða m.a. landbúnaðarmál, áfengiseinkasölu og fjölmargt annað. Einnig um það á hvern hátt löggjafarvald er hér í landinu og ótal margt annað höfum við séð. Við erum farin að sjá það hvernig sótt er að bændum í skjóli EES, hvernig reynt er að hnekkja einkasölu ríkisins á áfengi. Þetta mál er umdeilt. Í þessum áfanga hér þar sem við ræðum EFTA-dómstólinn erum við að kynnast forsjárhyggjunni sem leiðir af yfirþjóðlegu eðli EES. Og um það má að sjálfsögðu deila og sú grundvallarumræða hefur þegar farið fram hvort menn eru á annað borð á því að slík yfirþjóðleg forsjárhyggja sé góð. Þegar verið er að ræða um verslun og viðskipti þá skiptir ekki síst máli hverjir ráða þar ferðinni, hvaða hagsmunir, hverra hagsmunir voru tryggðir og um hvað verður rætt þegar sótt verður álit til EFTA-dómstólsins um margvísleg málefni. Þetta er í verslun og viðskiptum, þetta er í málefnum launamanna, þetta er í málefnum sem varða flest svið efnahagslífsins og með þessu frv. teygir þetta sig einnig inn í réttarkerfi okkar Íslendinga og það er kannski það sem er ekki síst alvarlegt.

Við fórum inn í þetta kerfi á þeim forsendum að við mundum einangrast og ættum í rauninni ekki annarra kosta völ en ganga þarna inn og vera með í þessari alsælu viðskiptanna en nú erum við að sjá hvernig Sviss sem kaus að standa utan EES blómstrar sem aldrei fyrr og allar hrakspárnar um einangrun Sviss utan EES hafa reynst markleysa. En ég ætla ekki að fara meira út í þetta almenna en snúa mér að hinu nákvæma efni frv.

Helstu breytingarnar sem verða með þessu frv. eru þrenns konar í eðli sínu. Í fyrsta lagi er opnað fyrir það að dómarar leiti eftir áliti EFTA-dómstólsins þegar varðar efnisþætti á sviði EES og það er ekkert lítið því að það er fjórfrelsið eins og það leggur sig. Þetta tek ég sérstaklega fram vegna þess að annað veifið er látið í veðri vaka að þetta komi í rauninni ekki svo mikið inn á það svið sem aðallega er rekið fyrir dómstólum en eins og ég geri ráð fyrir að komi fram, sérstaklega þegar ég fjalla hér um félagsdóm seinna, þá eru þarna mjög kríthskar spurningar þegar kemur að stöðu félaga og samninga sem geta vel komið inn á svið íslenskra dómstóla, erlend túlkun, yfirþjóðleg EES-túlkun með þessu frv. Og ég bendi líka á að það er hreint ekki rétt að það séu fá álitamál sem geta komið til kasta dómstóla sem geta varðað þessi mál. Það alls ekki rétt. Það er þvert á móti alveg hægt að hugsa sér það að menn, þetta er undir túlkun komið, vilji hreinlega beita því fyrir sig að fá utanaðkomandi álit sem getur haft áhrif á útskurð annars staðar frá heldur en hér frá íslenskum dómstólum og hver verður þá staða íslenskra dómara? Það að álits sé leitað getur gerst annaðhvort að frumkvæði sækjanda eða verjanda þegar mál er rekið fyrir héraðsdómstóli eða dómara og í því tilviki gerist það að verði dómari ekki við slíkri ósk má leita til Hæstaréttar og fá þeirri ákvörðun dómara hnekkt þyki til þess rök. Og ég sé ekki annað en þetta verði mikill þrýstingur á dómara til þess að leita álits hvort sem þeir telja þörf á því eða ekki.

Þó að dómari megi í orði kveðnu meta þörfina sjálfur hvort leita skuli álits þá held ég að dómari sé í vanda staddur sem getur átt það á hættu að neita að leita slíks álits og fá síðan úrskurð Hæstaréttar um að honum hafi borið að leita þessa álits. Ég held því að þegar sé orðinn óeðlilegur þrýstingur á dómara og þá á héraðsdómstigið í þessu tilviki. Síðan á þeim dómstigum sem endanleg eru þá er líka tekið skýrt fram að dómari má ákveða það sjálfur og því verður ekki áfrýjað hvort hann leitar álits eða ekki en ég held að með það í farteskinu sem hefur gerst á héraðsdómstigi í öðrum málum þá hljóti það að vera ákveðinn þrýstingur líka.

Í orði kveðnu má dómari einnig ráða því hvort hann tekur tillit til álits EFTA-dómstólsins eða ekki. En hvað getur gerst ef hann gerir það ekki? Jú, þar með er hægt að taka málið upp á sameiginlegum vettvangi EES og knýja Ísland í framhaldi til að breyta lögum sínum þannig að það verði ekki aftur hægt að kveða upp dóma í trássi við álit EFTA-dómstólsins jafnvel þótt sú hafi orðið niðurstaða dómara í ákveðnu máli. Og jafnvel þó að sá dómur standi sem kveðinn er upp eru líkur á því að það muni ekki gerast aftur og þá held ég að þrýstingur á dómara sé orðinn meira en óeðlilegur. Sú staðreynd að dómarar geta og eiga í sumum tilvikum að leita álits EFTA-dómstóls um mál eða hluta mála sem varða EES-svið merkir að dómarar verða fyrir óeðlilegum þrýstingi sem óhjákvæmi-

lega hlýtur að geta haft áhrif á það dómsorð sem kveðið er upp. Í raun má segja að þeir geti treyst því að það dragi engan dilk á eftir sér ef dómur þeirra er í takt við álit EFTA-dómstólsins en þeir megi hins vegar búast við því mjög oft að sé svo ekki, þá muni það draga óþægilegan dilk á eftir sér. Frelsi dómara er því frekar í orði en á borði.

Auk þessa þrýstings getur komið upp sú staða að máli fylgi úr undirrétti upp í Hæstarétt túlkun EFTA-dómstólsins. Rétt er að ítreka það enn einu sinni að það er alls ekki sá háttur hafður á í öllum ríkjum og engin krafa um það að héraðsdómsstigið þurfi að leita álits EFTA-dómstólsins eins og hv. frsm. 2. minni hluta kom rækilega að hér þannig að hér erum við að ganga mun lengra en við þurfum og ég held að það sé mjög óeðlilegt í raun að gera þessa kröfu. Þetta er gert með þann rökstuðning að þetta sé til þess að það verði samræmi en þetta getur líka haft það í för með sér að frá héraðsdómsstigi og yfir í Hæstrétt fylgi íþyngjandi túlkun fyrir dómara. Ég bendi á að Austurríki t.d. hefur ekki þann háttinn á eins og kemur fram í skýringum með frv. og ég held að fyrir því séu ákveðin rök að ganga ekki svona langt þó að vissulega séu einnig rök fyrir því að þarna sé verið að gæta samræmis. Þau rökin að hafa héraðsdómstigið ekki með eru hins vegar að mínu áliti miklu sterkari þegar upp er staðið vegna þess að túlkun EFTA-dómstólsins og álit fylgir máli úr undirrétti upp í Hæstarétt. Það hlýtur að vera mjög hæpið svo ekki sé meira sagt út frá því sjónarmiði að hæstaréttardómari eigi að geta komið að málinu og metið það sjálfur hvort hann telji að það sé ástæða til þess að leita álits EFTA-dómstólsins. Hvers vegna yfir höfuð þá að vera að setja þetta sem möguleika fyrir hæstaréttardómara ef þeir mega eiga von á því að fá þetta í hausinn hvort sem þeir vilja eða ekki úr undirrétti?

Við sem myndum 2. minni hluta hv. allshn. flytjum brtt. á þskj. 422. Í 1. lið leggjum við til að undirréttur eigi ekki að leita álits EFTA-dómstólsins. Ég tek það fram að við reyndum eftir bestu getu að kanna það í töluvert ítarlegri og út af fyrir sig ágætri umfjöllun í allshn. hvernig málum er háttað varðandi þetta og það verður að segjast eins og er að það kom mér verulega á óvart í hve lausu lofti þessi mál eru í öðrum EFTA-ríkjun, hvað það tók í rauninni langan tíma að fá niðurstöðu um ótrúlega einföld atriði. Við fengum það að vísu strax á hreint að í Austurríki hafði verið valin sú leið að hafa aðeins áfrýjunardómstól með og það kemur m.a. fram í bréfi frá Davíð Þór Björgvinssyni sem barst til allshn. frá Genf 29. nóv. en þar segir líka, með leyfi hæstv. forseta:

„Eftir því sem ég kemst næst er við það miðað í Finnlandi og Svíþjóð að allir dómstólar, hvort sem hægt er að skjóta úrlausnum þeirra til æðri dóms eða ekki, geti leitað eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins þegar þarf að taka afstöðu til skýringar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum og viðaukum við hann eða gerðum sem getið er um í viðaukanum."

Það er þetta orðalag „eftir því sem ég kemst næst" sem mér finnst dálítið lýsandi fyrir þau svör sem okkur bárust þar sem það er greinilegt að þessi mál eru mjög ómótuð m.a. í nágrannalöndum okkar sem eru innan EFTA og e.t.v. á það einnig við um Austurríki. Það gat tekið allt upp í tvær til þrjár vikur að fá það á hreint hvort t.d. félagsdómur væri með eða ekki. Eins virðist vera með héraðsdómsstigið að það var ekkert sjálfgefið fyrr en knúið var á um að fá þessar upplýsingar hvort héraðsdómsstigið væri þarna með eða ekki. En þetta er sem sagt niðurstaðan og ég vil taka það fram að það sem kemur fram í þessu bréfi sýnist mér að hafi síðan orðið ofan á og ég held að það séu réttar upplýsingar, enda kem ég nánar að því hér á eftir.

Annað meginatriðið sem skiptir máli er að öflun álits EFTA-dómstólsins getur bæði verið tímafrek og kostnaðarsöm. Ljóst er að málsaðilar geta haft ærinn kostnað af þessari tilhögun og það mál var rætt mjög mikið innan allshn. Að sönnu er þetta orðað mjög óljóst og kannski má segja svolítið pent. Öflun álitsins er sem sagt hluti málskostnaðar. Það vita allir hverjir greiða þennan málskostnað. Í flestum tilvikum borgar sá málsaðili sem tapar málinu eða hann getur skipst á milli málsaðila en hann týnist ekki í kerfinu. Það er sárasjaldan sem það er ekki einhver sem stendur í málarekstri sem þarf að bera málskostnað.

Síðan hefur það einnig komið til umræðu og leidd rök að því að málsaðilar, annar eða báðir, geti talið sér nauðsynlegt að fara utan til að fylgja máli sínu eftir hjá EFTA-dómstólnum og þann kostnað verða þeir sjálfir að bera svo framarlega sem það telst ekki hluti af nauðsynlegum vitnaleiðslum fyrir EFTA-dómstólnum eftir því sem ég hef best fengið upplýsingar um. Og þetta er annað atriðið sem ég vil vekja sérstaklega athygli á í þessari umræðu.

Fjöldamörg minnisblöð og nótur fylgja okkur allsherjarnefndarfólki úr þessari umræðu. Álitamálin í þessu stutta frv. voru bæði furðumörg og afskaplega veigmaikil og ég vil m.a. grípa niður í minnisblað frá dómsmrn. frá því í desember bara til þess að gefa hugmynd um það hvernig þessi álitsbeiðni getur verið meðhöndluð en þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 97. gr. skal taka tillit til reglna heimalands um málflutningsumboð og mætingu við aðalflutning máls vegna álitsbeiðni. Gert er ráð fyrir munnlegum málflutningi en með undantekningum þegar gagnaöflun er lokið og málið er hliðstætt máli sem áður hefur verið fjallað um og ef ósk um munnlegan málflutning hefur ekki komið fram. Dómstóll heimalands tekur ákvörðun um kostnað vegna álitsgerðar. Við sérstakar aðstæður getur EFTA-dómstóll veitt gjafsókn vegna mætingar fyrir dómstólnum. Gilda um það eftir því sem við á ákvæði 72. gr. draganna" — þar er reyndar verið að vísa til draga að starfsreglum fyrir EFTA-dómstólinn sem við höfum haft á enskri tungu undir höndum núna frá því í fyrri hluta vetrar — „sem fjalla almennt um gjafsókn fyrir dómstólum. Málskostnaður verður ekki dæmdur í máli um álitsbeiðni. Útlagður kostnaður vegna álitsbeiðni er í raun hluti af málskostnaði í aðalmálinu. Um þann kostnað verður því dæmt í því máli."

Þarna er augljóslega um að ræða viðbótarkostnað vegna öflunar þessa álits og það er ekki hægt að sjá það neinum öðrum augum hvernig það mun síðan skiptast nákvæmlega, hvenær og hversu vítt þetta verður túlkað sem nauðsyn á því að menn fari utan. Ég treysti mér ekki þrátt fyrir feykilega góðar upplýsingar og fólk sem reyndi að garfa í þessum málum, til að draga línuna um hvað þykir hluti málskostnaðar og hvort og hvenær menn munu fara á eigin kostnað. Ég geri ráð fyrir að það muni verða úrskurðaraðili hér á Íslandi eða það verði úrskurðað hér á Íslandi.

Annar kostnaður sem getur líka komið til er vegna þýðinga á málsskjölum og túlkaþjónustu og ég tek það fram að samkvæmt 25. gr. draganna að starfsreglum EFTA-dómstólsins er enska tungumál EFTA-dómstólsins. Það er alls ekki hægt að tryggja það að þeir málsaðilar sem telja að þeir þurfi að koma fyrir EFTA-dómstólinn til þess að fylgja sínum málum eftir eða eru kallaðir þangað séu endilega mælandi á enska tungu þótt slíkt sé algengt. Það er líka mjög misjafnt hversu fólk á auðvelt með að tjá sig í erfiðum lagalegum málefnum þannig að ég bendi nú á að þarna er annar kostnaðarþáttur. Til að skýra málið betur gríp ég niður í annað minnisblað sem er ódagsett og sker ekki úr um það en skýrir kannski málið örlítið. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Aðilar málsins heima fyrir mega koma og ávarpa EFTA-dómstólinn og dómstóllinn getur beint orðum til aðila allt á tungumáli dómstólsins sem beiðni lagði fram. Ritari sér um að þýtt verði á og úr ensku." Og síðar: „Í 26. gr. kemur fram að vitni eða sérfræðingur sem ekki telur sig geta tjáð sig á fullnægjandi hátt á ensku getur fengið heimild til að tjá sig á annarri tungu. Sér ritari á um að túlkað verði. Vitni og sérfræðingar sem koma fyrir EFTA-dómstólinn eiga að fá greiddan allan ferðakostnað og annan kostnað og eftir atvikum þóknun, sbr. 57. gr. starfsreglnanna. Dómstóllinn sér um greiðsluna."

Þarna er um að ræða vitni og sérfræðinga. Þarna er ekki um að ræða þá málsaðila sem kjósa að fara og ávarpa EFTA-dómstólinn og ég get ekki séð að þeir felist inni í þessu, enda stangast það á við það að þetta sé hluti málskostnaðar. Og ég held að þarna sé í raun inni nokkuð ljóst að kostnaður mun með einum eða öðrum hætti falla fyrst og fremst á íslenska aðila og þá raunar í mörgum tilvikum á þann sem tapar máli ef hann er dæmdur til að greiða málskostnað. Það getur líka komið upp sú staða að þetta sé ekki talinn hluti málskostnaðar eftir því sem ég hef best komist að og þar af leiðandi geti jafnvel sá aðili sem vinnur málið verið búinn að leggja í útgjöld sem hann mun ekki fá endurgreitt. Ég get ekki séð annað en þetta sé nákvæmlega það sem gerist.

Þetta staðfestist raunar líka í þriðja skjalinu sem við fengum frá Davíð Þór Björgvinssyni, dags. í Genf 8. des. 1993, en þar tekur hann sérstaklega fram að þegar um vitnaskyldu og kostnað vitna sé að ræða þá sé hægt að fá greiddan kostnað en hann tekur það reyndar sérstaklega fram að reglur um vitni eða sérfræðinga séu ekki fullmótaðar þannig að hér erum við í raun inni með hluti sem geta enn orkað tvímælis. Ég hef alla vega ekki fengið nýrri plögg en þetta en annars er vísað í drög að starfsreglum og þær starfsreglur voru til umfjöllunar þegar við vorum að ganga frá þessu. Ég veit ekki til þess að þær hafi verið gefnar út frágengnar og þær eru ekki heldur til aðgengilegar á íslensku. Þetta finnst mér full ástæða til þess að fylgi hér með.

Mig langar til þess að beina fyrirspurn til formanns hv. allshn. þar sem hún er hér í salnum hvort hún sjái einhvern möguleika á því að koma til móts við þá beiðni eða þá kröfu að það verði einhvern veginn reynt að greiða þennan kostnað, hann falli ekki sem hluti af málskostnaði inn í málið og hækki málskostnað. Ég tek það fram að í frv. eða tillögu sem lá fyrir finnska þinginu rétt fyrir jól var verið að velta þessum kostnaðarmálum málsaðila fyrir sér og þar var vilji til þess að ganga býsna langt í því að ríkið tæki á sig þann kostnað sem það hafði af hinum nýja stíl, að afla álits erlendis. Og ég vil bara beina þessari fyrirspurn, ég veit að hv. formaður allshn. hefur velt þessum málum fyrir sér og ég ætla að biðja hann um að koma inn á þetta hér nánar seinna í þessari umræðu þar sem ég held að þetta sé mál sem því miður hafi stundum verið afgreitt hjá þeim sem kannski minna hafi komið að því að þetta hljóti að vera svo fá tilvik og óveruleg. Um það vitum við ekki nokkurn skapaðan hlut. Við getum aðeins getið okkur til um það. Við vitum ekki hversu vítt eða þröngt þetta verður túlkað. Það kom fram raunar mjög skýrt fram þegar Þór Vilhjálmsson, sem verður starfandi við EFTA-dómstólinn, kom á fund allshn. að enn er mjög óljóst hversu umfangsmikið starf EFTA-dómstólsins verður og það er mjög skiljanlegt. Menn vita ekki hvernig túlkanir verða. Menn vita ekki hversu vítt eða þröngt þessi mál verða túlkuð og ég held að það sé afskaplega hæpið að vera með neinar fullyrðingar um það að hér verði aðeins um fá mál að ræða eða hér verði hvert einasta mál sem kemur fyrir dómstóla teygt yfir í þetta. Það er bara einfaldlega eitt af því sem ekki er vitað en ég held að reynslan hafi oft og tíðum sýnt það að sjái menn smugu og verði sú smuga opnuð, að nýta sér það að leita álits einhverrar yfirþjóðlegrar stofnunar, þá munu þeir nýta hana bæði til þess ef þeir sjá að það geti orðið málinu til framdráttar og einnig líka ef þeir hafa beinlínis áhuga á því að draga mál á langinn. Við megum ekki líta fram hjá tímaþættinum heldur í þessu.

Það er einmitt varðandi þennan tímaþátt sem ég vík aftur að nál. okkar 2. minni hluta allshn. Í starfsreglum um EFTA-dómstólinn og í þeim greinum sem fjalla sérstaklega um EFTA-dómstólinn eru engin tímamörk sett. Þar fyrir utan má gera ráð fyrir eðlilegum fríum hjá þessum dómstóli eins og öðrum. Við vitum sjálfsagt öll um slæm dæmi um tafsaman málflutning og bið eftir dómsúrskurði hjá íslenskum dómstólum. Ég ætla þar m.a. að benda á bið eftir úrskurði Hæstaréttar. Það er ekki á það bætandi ef þessi nýi þáttur á að koma einnig inn jafnvel þótt við munum hugsanlega bera gæfu til að lagfæra okkar eigin mál eitthvað því þar höfum við minni möguleika á að hafa áhrif á gang mála.

Þá kem ég að þriðja atriðinu sem mig langar sérstaklega að nefna varðandi þetta frv. en það er félagsdómur. Ég vil vekja athygli á brtt. okkar 2. minni hluta allsh. þar sem við leggjum til að þetta frv. eigi ekki við um félagsdóm eins og stendur í 2. gr. frv. Þar eru ákvæðin um að þetta muni taka til félagsdóms. Vissulega eru ákveðin rök fyrir því. Þau rök eru að félagsdómur kveði upp endanlegan úrskurð líkt og Hæstaréttur og það er skilyrði í þeim ákvæðum sem verður að uppfylla að allir þeir dómstólar sem kveða upp endanlegan úrskurð skuli falla undir þetta þó það sé ekki skilyrt að héraðsdómur sé þar með. Þannig að þarna erum við komin að ágreiningsefni sem stapp hefur staðið um núna alllengi og það ekki að ástæðulausu og kem ég nánar að því.

Þó það séu rök fyrir því að félagsdómi sé gert að leita þessa álits þá tel ég að þau rök sem á móti koma séu miklu veigameiri og vegi miklu þyngra og ég bendi á að það er alls ekki þörf á að fara þessa leið miðað við hvað aðrar þjóðir gera. Og ég held að þar sem við erum að tala um útfærslu á samningi sem menn eru ekki sammála um sé alveg óþarfi að við gerum það rétt einu sinni eins og alltaf er að koma fyrir okkur að við gerumst kaþólskari en páfinn í þessum málum.

Eitt af því sem gerir það vafasamt að draga félagsdóm inn í málin er tímaþátturinn sem ég var að fjalla um hér áðan. Deilt er um hvort mikil brögð muni verða að því að málum sem koma fyrir félagsdóm verði vísað til EFTA-dómstólsins til að fá álit hans á málum sem geta tengst EES-réttinum. Vissulega geta þessi dæmi komið upp og e.t.v. verða þau mörg. Reynslan ein mun skera úr um það. En hvort sem tilvikin verða mörg eða fá þá er ljóst að fá mál eru eins viðkvæm fyrir töfum og þau mál sem rekin eru fyrir félagsdómi.

Mig langar til að tíunda hér hlutverk félagsdóms eins og það er tilgreint í lögum nr. 80/1938. Í 44. gr. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Verkefni félagsdóms er:

1. Að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana.

2. Að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn enda séu að minnsta kosti þrír af dómendunum því meðmæltir.

Heimilt skal stéttarfélögum, félögum meistara og iðnrekenda og einstökum atvinnurekendum að leita úrskurðar félagsdóms um það hvort starfsemi falli undir I. og II. kafla laga um iðju og iðnað, svo og um það, til hvaða löggiltrar iðngreinar hún taki."

Ég sé ekki betur en að hér séu ýmis atriði sem augljóslega tengjast mjög náið hinu Evrópska efnahagssvæði og þeim skuldbindingum sem okkur hefur verið gert að taka þar að okkur. Jafnvel með þrengstu túlkun sé ég ekki annað en að gefið sé undir fótinn með að hægt sé að tengja þetta. En enn og aftur þá veit ég það að ég mun ekki frekar en aðrir hér geta sagt hver reynslan verður en óneitanlega koma mál sem eru beinlínis á málasviði Evrópska efnahagssvæðisins hér inn í.

Um málarekstur fyrir félagsdómi segir í í 26. gr. laga nr. 94/1986, með leyfi forseta:

„Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli samningsaðila um:

1. Samningsaðild einstakra stéttarfélaga og til hvaða starfsmanna samningsaðild þeirra nær.

2. Lögmæti boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.

3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.

4. Hverjir falla undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954.

5. Hverjir falla undir ákvæði 3.–6. tölul. 19. gr. þessara laga.

6. Önnur atriði sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn enda séu að minnsta kosti þrír af dómendunum því meðmæltir."

Þarna er sem sagt um býsna vítt svið að ræða og þar af leiðandi sé ég ekki annað en að þarna gætu orðið ákveðnir árekstrar.

Það er frekar regla en undantekning að annar málsaðila í vinnudeilum vilji draga mál á langinn. Þetta er þekkt stærð og við erum að blekkja okkur sjálf ef við viljum ekki viðurkenna það. Hér er komin leið til að draga mál á langinn í besta falli um nokkrar vikur í versta falli um marga mánuði. Við vitum ekki frekar en dómarar EFTA-dómstólsins hve mörg mál munu koma til kasta dómsins vegna þess að álits hans verður leitað né hve tafsöm þau mál verða. Það eina sem við vitum er að öflun álits tekur tíma, e.t.v. langan tíma. Og það stríðir mjög gegn eðli félagsdóms ef sá tími verður tekin í þeim viðkvæmu málum sem koma til hans kasta.

Okkur fulltrúum í allshn. var fyrst í stað talin trú um að sami háttur væri hafður á á hinum Norðurlöndunum og hér á landi, að félagsdómur falli undir EFTA-dómstólinn. Svo er ekki. Eins og fram kemur í nál. okkar 2. minni hluta nefndarinnar þá þykir frændum okkar Dönum engin þörf á að afla slíks álits fyrir sinn félagsdóm, „arbejdsretten". Sömu sögu er að segja frá Finnlandi. Þær upplýsingar tók mig langan tíma að fá fullstaðfestar en ég hef fengið það svo ekki verður um villst. Það er ekki af neinni vonsku eða vegna þess að það hafi viljandi verið reynt að afvegaleiða okkur í allshn. sem við fengum þessa hluti ekki á hreint og okkur var talin trú um að þetta væri það sama á öllum Norðurlöndum heldur hreinlega vegna þess að þessi mál eru núna fyrst að skýrast.

Nál. var unnið á meðan þetta var ekki orðið alveg ljóst og þess vegna eru upplýsingar í því nál. ekki fullnægjandi. En þetta eru þær réttustu upplýsingar sem nú liggja fyrir og þær hafa fengist staðfestar.

Ég tel nauðsynlegt að rekja það hvernig málum er háttað í nágrannalöndum okkar til nokkurra skýringa í þessari umræðu.

Það verður að segjast eins og er að það eru dálítið skrýtnir „kanalar" sem við í allshn. fáum upplýsingar okkar um. M.a. fengum við stórfróðlega umsögn frá VSÍ um félagsdóma á Norðurlöndum, plögg sem hefði verið mjög gott að hafa með í vinnu allan tímann en þar sem álit VSÍ barst mjög seint vorum við ekki með þetta í höndunum til að byrja með en þetta er feikilega fróðleg yfirferð og úttekt sem þar er. Ég tek það fram að VSÍ er meðal þeirra sem hafa varað við að félagsdómur verði settur þarna undir.

Á minnisblaði, dags. 31. jan. 1994, svo ég fari örugglega með allt rétt, er yfirlit yfir það hvernig félagsdómar á Norðurlöndum muni leita álits EFTA-dómstólsins um skýringu samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Er þá fyrst litið á Noreg. Þar var lagt fram frv. til breytinga á lögum um dómstóla, nr. 13/1915, hjá þeim. Þessi lög voru samþykkt sem lög nr. 113/1992 og dómstólum þar er veitt heimild, sbr. 34. gr. EES-samningsins, til að leita til EFTA-dómstólsins um álit. Í greinargerð með frv. kemur skýrt fram að það eigi einnig við um sérdómstóla svo sem félagsdóm. Við erum því á sama báti og að mínu mati í vondum félagsskap með Norðmönnum þarna.

Í Svíþjóð var ekki lagt fram sérstakt frv. vegna 34. gr. EES-samningsins. Þann 3. des. 1992 lögfestu Svíar m.a. greinar 1.–129. í samningnum og hafa talið það nægilegt til að uppfylla skuldbindingar um lögfestingu ákvæða varðandi öflun álits hjá EFTA-dómstólnum. Í umræðunni í tengslum við lögfestingarfrv. kom fram að eðlilegt væri að takmarka ekki réttinn til að leita álits við dómstóla á síðasta dómstigi enda væri jákvætt að láta sem flesta dómstóla hafa slíka heimild þar sem slíkt leiddi til einsleitrar túlkunar á EES-reglum. Það virðist því ljóst að Svíar ætli sér að láta heimildina ná til félagsdóms en ég tek það fram að þetta er niðurstaða og túlkun eftir umræður. Hér er í rauninni um það að ræða að þetta eru þær upplýsingar sem Svíar gefa bestar. Ég geri ráð fyrir að þessar umræður muni lýsa því hvað verður úr en til að sýna þann vanda sem var á höndum við að fá þessar upplýsingar og fá þetta svo óyggjandi væri þá kom þetta upp. Það er athyglisvert að Finnar sem fara sömu leið og Svíar komast að gagnstæðri niðurstöðu. Þeir lögtóku ýmis ákvæði EES-samningsins og þar á meðal 34. gr. Í þeim upplýsingum sem bárust kemur fram að Finnar hafa ekki nýtt sér heimild 3. mgr. 34. gr. um að takmarka heimildina til að leita álits við endanleg dómstig og slíkar takmarkanir hafa ekki verið ræddar í þinginu. En í Finnlandi heyra deilur um málefni vinnuréttarlegs eðlis yfirleitt undir almannadómstól á fyrsta dómstigi og aðeins er hægt að fara með mál er varða deilur um kjarasamninga fyrir félagsdóm. En Finnar virðast samkvæmt þessu líta svo á að þar sem slíkur ágreiningur heyri ekki undir EES-samninginn nái rétturinn til að leita álits EFTA-dómstólsins ekki til félagsdóms þar. Ég bendi á að hér á landi er þetta einmitt eitt af hlutverkum félagsdóms. Einn möguleiki væri sá að skipta upp hlutverki félagsdóms. Það vakti nú kátínu einhverra nefndarmanna í allshn. þegar fulltrúar frá BHMR, held ég frekar en frá BSRB, fóru að tala um þetta tvöfalda eðli félagsdóms á Íslandi en mér sýnist að það sé nákvæmlega það sem er að koma í ljós. Að hér sé hlutverk félagsdóms ekki bara dómstólalegs eðlis heldur ekki síður kjarasamningamál og það sé alveg óþarfi að fara að grauta því yfir til EFTA-dómstólsins. Ég verð að segja að þetta styður frekar þá sem bentu á þetta tvöfalda eðli félagsdóms heldur en hitt að Finnar hafa komist að þessari niðurstöðu þar sem þeir eru með nokkuð aðra leið en við erum. Þó verð ég að taka það fram að Norðurlöndin eru þau lönd í Evrópu sem hafa kerfi sem er líkast okkar kerfi. Í öðrum Evrópulöndum er hreinlega um annað kerfi að ræða. Þetta er því það sem við getum helst borið okkur saman við. Ég vísa því alveg á bug að það sé óþarfi að bera saman hvernig aðrar þjóðir fara að við túlkun á jafnóljósum ákvæðum og hér er um að ræða.

Í Danmörku, eins og ég sagði áður, er heimild til að leita álits EFTA-dómstóls ekki látin ná til félagsdóms. Þeir eru líka með tvenns konar úrlausnaraðila um mál vinnuréttarlegs eðlis. Brot á kjarasamningum fara fyrir samningsbundna gerðardóma en ekki félagsdóm en danski félagsdómurinn fjallar um ýmis önnur álitaefni þannig að hér eru enn komin önnur mál sem skarast við íslenska félagsdóminn. Hér sé ég rökstuðning fyrir því, sem ég held að væri mjög heillavænlegt, að við felldum ákvæðin um félagsdóm út úr þeirri leið sem við veljum. Ég held að það væri bæði farsælast fyrir okkur og að við höfum mjög góð rök fyrir því. Því ekki að gera það ef við höfum bæði rökin fyrir því og þörfina fyrir það? Ég held að við verðum að taka þær ábendingar sem við höfum fengið mjög alvarlega varðandi þetta.

Þar sem önnur lönd geta byggt sína niðurstöðu ekki síður á túlkun á samningnum en á lögum hafa þau ekki farið sömu leið og við að lögfesta öll ákvæði sem ég er síst af öllu að gagnrýna. Ég held að það sé réttari leið að lögfesta hlutina heldur en láta allt liggja í einhverjum túlkunum sem geta síðan farið á hvern veg sem er. Ég held, þó að ég sé ekki ein af þeim sem voru hlynnt því að við gengjum í EES, að að þessu leyti séum við að gera rétt með það að fara þessa leið í lagasetningu en ég held líka að við verðum að gæta þess að fara ekki að nýta þetta sem leið til ofstýringar. Mér finnst það mjög sérkennilegt ef þeir flokkar sem nú eru við stjórnvölinn vilja virkilega fara að ganga mjög langt í ofstýringu. Ég hef alla vega ekki heyrt að það væri akkúrat sú leið sem vænta mætti úr þeirri átt.

Mig langar að glugga örlítið nánar í hlutverk félagsdóma á Norðurlöndum vegna þess einfaldlega að það er kannski helst að ágreiningur hafi verið um það á hvern hátt og hvort þarna væri um hliðstæð fyrirbrigði að ræða og að hve miklu leyti. Ef ég gríp niður í nokkur minnisatriði úr fylgiskjali með umsögn frá VSÍ er þar fyrst til að taka að sameiginlegt með þessum dómstólum öllum er að aðilar vinnumarkaðarins tilnefna dómara í dóminn. Einstaklingar eiga yfirleitt ekki aðild að málum fyrir þessum dómstólum. Þau eru rekin af samtökum vinnuveitenda og launþega. Dómstigið er aðeins eitt og dómar félagsdóms því yfirleitt end-

anlegir. Þetta er sameiginlegt með Íslandi, Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Markmið með stofnun þessara dómstóla var að tryggja hraða málsmeðferð og sérfræðiþekkingu vegna sérstaks eðlis vinnudeilna. Þetta er nákvæmlega kjarninn. Þetta er ekkert öðruvísi hjá okkur, ekki á nokkurn hátt. Og ég get ekki séð annað með hið sérstaka eðli finnska dómstólsins en að það mætti alveg eins taka hann þarna inn líka en það fylgir ekki með þessari umsögn. Enda verð ég að virða þeim það til vorkunnar að taka hann ekki með vegna þess að það gekk hægt að fá upplýsingar frá Finnlandi, upplýsingar sem var hægt að túlka sem endanlegan úrskurð þrátt fyrir gríðarlega gott starf starfsfólks þingsins hér.

Varðandi danska félagsdóminn, þá er best að taka það fram að vinnuveitendur þar kjósa sex dómara og launþegasamtökin jafnmarga til þriggja ára í senn. Þar er því komin aðild sem beinlínis tengist þessum málum á almennum vinnumarkaði. Þessu er skipt eftir ákveðnum reglum og ég sé ekki annað en hér sé hægt einmitt að fara í gegnum þetta lið fyrir lið og sjá að hér er um mjög svipuð „batterí" að ræða, en þetta „batterí" þarf ekki að leita álits EFTA-dómstólsins. Ég tek þetta sérstaklega fram.

Verkefnin ættu að hljóma kunnuglega. Það er brot á túlkun á aðalkjarasamningi verkalýðsfélaga og vinnuveitenda og samsvarandi aðalkjarasamningum og brot á kjarasamningum almennt. Lögmæti boðaðrar vinnustöðvunar hafi henni verið mótmælt innan fimm daga, mál um hvort kjarasamningur sé fyrir hendi og lögmæti verkfallsaðgerða sem boðaðar eru til að knýja á um gerð kjarasamnings á sviði þar sem samningur er ekki fyrir. Ég held að þetta hljóti að hljóma mjög kunnuglega fyrir þá sem þekkja til íslenska félagsdómsins.

Þarna er að mínu mati komin óyggjandi niðurstaða í því að við eigum ekki að þurfa að fara þá leið að taka félagsdóm hér inn. Og ég vil höfða til ákveðinnar umræðu sem verið hefur að þetta er ekki ótvírætt. Þetta er þvert á móti mjög tvírætt og það sem tvírætt er ber að sjálfsögðu að túlka með skynsemina að leiðarljósi. Og ég ítreka það að hið sérstaka eðli félagsdóms er einmitt að þar gangi mál hratt fyrir sig en það er fyrirsjáanlegt um EFTA-dómstólinn að þar munu mál ekki endilega ganga neitt hratt fyrir sig þó að menn munu að sjálfsögðu gera sitt besta. Það er ekki vitað hversu langur biðlisti verður þar á málum. Það er ekki vitað hvert verklagið verður þrátt fyrir að við höfum a.m.k. eins og hálfs sentimetra þykka úttekt sem heitir Drög að starfsreglum. Ég held að við rennum þarna fullkomlega blint í sjóinn. Ég held alla vega að við getum gefið okkur að við fáum ekki neina niðurstöðu með þeim hraða sem við gerum kröfu til hér í þessum málum og þá er opin leið til þess að misnota þessa leið.

Ef ég lít á Noreg, þá hafa þeir farið sömu leið og við. Þeir hafa komist að þessari niðurstöðu og ég held að ég hljóti að vísa því til norskra kollega okkar. Við ættum kannski að benda þeim á að þetta sé ekki endilega besta leiðin því mér sýnist að þeir séu að setja sig í hliðstæðan vanda og við ef þeir fara þessa leið. Við getum þá kannski orðið gott fordæmi ef við fetum í fótspor Dana og Finna og breytum þessu á síðustu stundu. Verkefni norska félagsdómsins eru m.a. brot á kjarasamningum, gildi þeirra og túlkun, lögmæti vinnustöðvunar og ábyrgð vegna brota á kjarasamningum og ólöglegra vinnustöðvana. Og ég sé ekki annað en Norðmenn séu þarna að koma sér í heilmikið klúður. Að vísu eru þeir með öðruvísi vinnumarkað en við og það mun kannski ekki reyna eins mikið á það og hjá okkur. Það hefur lengst af verið mun meiri kyrrð á vinnumarkaði, bæði í Noregi og Svíþjóð, en á íslenskum vinnumarkað og það má vera að það ráði því að í Noregi og Svíþjóð eru menn ekki eins áhyggjufullir og þeir eru vissulega hér um þessi mál.

Þetta eru vangaveltur sem ég held að við verðum að líta á. Við erum ekki hér með vinnumarkað sem er neitt sérlega stöðugur eða friðsæll enn þá. Það er mjög stutt í kjaradeilur og er tiltölulega algengt að menn leiti til félagsdóms. Þar af leiðandi er ekki hægt að bera saman stöðuna sem upp kynni að koma á Íslandi við Noreg t.d. þar sem hér væri um færri mál að ræða. En ég verð að segja að ég samhryggist Norðmönnum og Svíum vissulega ef þeir fara þá leið að binda sínar kjaradeilur á klafa þessarar álitsbeiðni.

Þetta eru atriði sem ég held að skipti vissulega máli. Ég sé það fyrir mér þar sem verkefni sænska kjaradómsins eru m.a. að dæma, að vísu sem fyrsta dómstig, í málum sem höfðuð eru af vinnuveitendum eða launþegasamtökum í deilu um kjarasamning eða aðrar vinnudeilur samkvæmt lögum um atvinnulýðræði eða aðrar vinnudeilur ef kjarasamningur gildir milli aðila eða starf launþega sem málið varðar fer samkvæmt kjarasamningi sem vinnuveitandi er bundinn af.

Þar er að vísu dálítið annað en kom fram í hinni almennu úttekt á Norðurlöndum því að þar eru einstaklingar líka með ákveðin mál í gangi þannig að ég ætla ekki að leggja mat á nákvæmlega hverju það muni breyta og hvort það hefur eitthvað með þeirra ákvörðun að gera. Mig grunar að svo sé ekki því að það er alveg ljóst að þessi mál hafa ekki verið hugsuð neitt mikið og ekki mikið rædd í nágrannalöndum okkar, a.m.k. ekki ef marka má þau viðbrögð sem fyrirspurnir okkar hafa fengið sem höfum verið að reyna að grufla í þessu.

Varðandi þetta tel ég einnig rétt að vísa til álits Þórs Vilhjálmssonar sem barst okkur allsherjarnefndarfólki í hendur þann 3. des. Þar er hann hann að ræða um hvaða mál kynnu að varða félagsdóm og koma til kasta EFTA-dómstólsins. Ég tek það fram að hann dregur þá ályktun að hann telji óráðlegt að fella úr frv. ákvæðin um félagsdóm, m.a. vegna þess að það komi ákveðin tilvik sem muni koma til kasta EFTA-dómstólsins. Ég er honum ekki sammála í þessu, en ég er honum sammála um að ákveðin mál má augljóslega ætla að komi til kasta EFTA-dómstólsins. En það er út af fyrir sig ekkert óeðlilegt að fulltrúar löggjafar annars vegar og fulltrúar dómstóla hins vegar hafi misjafna skoðun á því hversu oft skuli leita álits fyrir öðrum dómstólum. Ég kann svo sem ekki að fara í gegnum þá umræðu í

smáatriðum en ég vil þó alla vega halda þessu til haga. En í áliti Þórs segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Það eru nefndar þrjár tilskipanir sem um skulu gilda ákvæðið um hina altæku aðlögun." — Þá er hann að vísa til þess sem hann heldur að komi til kasta félagsdóms. — „Hin fyrsta fjallar um samræmingu að lögum um hópuppsagnir. Um þetta atriði voru sett hér á landi lög nr. 95/1992, sem tóku gildi 1. jan. sl." — Ég minni á að þetta bréf er skrifað fyrir áramót. — „Hin næsta er um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota. Um þetta gilda hér á land lög nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum. Loks er að nefna tilskipun um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstar. Um þetta hafa verið sett lög nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum. Mér sýnist að af þessu megi ráða", segir Þór, „að hugsanlegt sé að fyrir félagsdóm komi t.d. mál um hópuppsagnir. Getur þá staðið svo á að lögin sem byggð eru á reglum Evrópska efnahagssvæðisins séu ítarlegri en samningar stéttarfélags við atvinnuveitendur og þarf þó oft að skýra þau lög. Er ekki útilokað að þá væri æskilegt að leita til EFTA-dómstólsins um lögskýringu. Ég tel þess vegna óráðlegt að fella úr frv. á þskj. 104 ákvæðið í 1. mgr. 2. gr. um félagsdóm."

Þetta er hans niðurstaða. Það sem ég rek augun í varðandi þetta og finnst einna helst íhugunarvert er að þarna eru ákveðin mál sem Ísland hefur þegar sett lög um til þess að uppfylla skilyrði Evrópska efnahagssvæðisins en við vitum ekki hvað muni verða í pökkum framtíðarinnar. Við vitum ekki hvað við erum að kalla yfir okkur. Þetta er staðan eins og hún er í dag eða reyndar eins og hún var í gær því að nú eru á leiðinni pakkar með yfir 400 gerðum og við vitum ekki hvað mun fylgja í kjölfarið. Við erum því ekki heldur að tala um neina endanlega stöðu. Við erum að tala um stöðu sem gæti meira að segja breyst. Allt í allt erum við því kannski að kalla yfir okkur enn meiri klafa en við sjáum fyrir með því að velja þá leið að hafa félagsdóm þarna inni.

Ég get ekki látið hjá líða að líta aðeins á það að röksemdir þeirra sem telja vera ástæðulaust að fella út ákvæðið um félagsdóm í frv. stangast allnokkuð á. Ég kemst ekki hjá því að fara nokkrum orðum um sumar þær þversagnir sem ég hef rekið mig á. Það sem ég las upp úr áliti Þórs Vilhjálmssonar er aðeins hluti af því, en fram hafa komið rök bæði um að það sé allt í lagi að hafa félagsdóm með vegna þess að aðeins verði um fáein tilvik að ræða og því engin hætta á að ýkjamörg mál tefjist af þeim sökum og einnig að ekki megi fella þetta út vegna þeirra mála sem munu koma og það skipti svo miklu máli. Þá hlýtur fólk að búast við því að það komi eitthvert magn af málum. Þetta er ákveðin þversögn og ég er svo sem ekkert að gera mér rellu út af því en ég vil bara halda þessu til haga.

Ég held að það sé afskaplega erfitt ef það á að taka eins viðkvæm mál og koma til kasta félagsdóms, kjaradeilumál, og flytja hluta af því valdi úr landi. Mikil harka fylgir oft kjaradeilum og þá er oft langt seilst og engin ástæða til að efast að margs megi vænta undir slíkum kringumstæðum. Það er ekki laust við að við höfum fengið nokkur viðbrögð við þessu frv. Ég vil m.a. geta þess að í umsögn BHMR um frv. segir svo um félagsdóm, með leyfi forseta:

„BHMR leggur áherslu á að félagsdómur gegnir sérstöku hlutverki á íslenskum vinnumarkaði sem á sér engar skýrar hliðstæður í EB-ríkjum en er um margt líkur fyrirkomulagi sem þekkist á Norðurlöndunum. Félagsdómur er sérdómstóll og úrskurði hans verður ekki áfrýjað efnislega. Félagsdómur er að meiri hluta til skipaður Hæstarétti en hlutaðeigandi fyrir heildarsamtök launamanna og vinnuveitenda tilnefna hvorn sinn dómara þegar ágreiningsmál þeirra félagsmanna eru fyrir dómnum. Félagsdómur úrskurðar um ágreining sem varðar almennu stéttarfélögin og túlkun á efni kjarasamninga. Dómnum er ætlað að vinna hratt og skila aðilum úrskurðum svo fljótt sem verða má, yfirleitt innan fárra vikna."

Þetta með eðli félagsdóms og hvernig honum er ætlað að vinna er kjarninn í gagnrýni BHMR á frv. Ég vil taka það fram að við fengum þessa gagnrýni og andstöðu BHMR og raunar BSRB líka staðfesta á aukafundi sem haldinn var í allshn. í síðustu viku, sérstaklega af því tilefni að það þótti e.t.v. ekki nógu skýrt að þessi andstaða væri enn fyrir hendi eftir því sem upplýsingar hafa komið fram en held að það hafi þó skýrt sig mjög vel á þeim fundi.

Mig langar að koma með smáviðbót úr umsögn BHMR því ég tel að það varði miklu í þessari umræðu á hverju gagnrýni byggir. BHMR segir þar, með leyfi forseta:

„BHMR telur að vinnumarkaðsmál af því tagi sem heyra undir félagsdóm, þ.e. innlend vinnulöggjöf og íslenskir kjarasamningar, heyri ekki undir ákvæði EES-samningsins og varði ekki nefnda eftirlitsstofnun hans. Eins og kunnugt er eru svonefndar samkeppnisreglur grundvallarviðfangsefni eftirlitsstofnana EES-samningsins. BHMR telur það með öllu óásættanlegt að fella ágreiningsefni um túlkun kjarasamninga á Íslandi undir erlenda dómstóla. Hinu hefur verið haldið fram að með nefndum samningi sé ekki verið að framselja dómsvald úr landinu. Ef hið raunverulega efni EES-samningsins segir að íslensk vinnulöggjöf og kjarasamningar heyri undir dómstóla EES-samningsins þá mun BHMR taka ákveðnari afstöðu til fyrirliggjandi frv. um EES-samninginn en nú er."

Varðandi þetta þá tek ég það fram að þessi umsögn er dagsett 5. nóv. 1992, en þá var sem kunnugt er ekki enn þá búið að ganga frá EES-málinu á Alþingi en aftur móti var það mikið í umræðu. Þar sem þetta gerðist í þeirri röð að við erum nú að fjalla um þetta frumvarp þá var að sjálfsögðu ekki orðið ljóst hver niðurstaðan yrði í frumvarpinu og ég vona að það sé ekki enn. Ég bendi á að í áliti BHMR er líka verið að tala sérstaklega um það að samskipti á íslenskum vinnumarkaði byggi m.a. á gagnkvæmri virðingu fyrir endanlegu úrskurðarvaldi félagsdóms og það er spurt þeirra spurninga í þessu áliti hvort það muni rýra þá

virðingu og það traust sem þarf að vera í svo vandasömum og erfiðum málum.

Það vakti athygli margra þegar það kom í ljós, að Vinnuveitendasamband Íslands var ekki ýkjahrifið heldur af þeim hluta frv. um EFTA-dómstólinn sem varðaði félagsdóm. Vinnuveitendasambandið bendir sérstaklega á að það þurfi að gæta hins sérstaka eðlis félagsdóms sem getur tekið mjög hratt á málum þannig að hægt er að fá endanlegan dóm á örfáum dögum. Þetta er nákvæmlega kjarni málsins. Og þetta er það sem mér finnst ekkert skrýtið að aðilar beggja vegna samningsborðsins skuli koma auga á. Varðandi Bandalag starfsmanna ríkis og bæja þá er þeirra afstaða skýr. Þeir eru líka á móti því að félagsdómur heyri hér undir.

Ég hætti ekki að trúa því fyrr en í lengstu lög að fólk sé ekki tilbúið að taka ákveðnum rökum vegna þess að mér finnst þau mjög mikilvæg og ég held að þau vegi þungt einkum varðandi félagsdóm. Ég geri sérstaklega að umtalsefni ákvæðin er varða félagsdóm af þeirri ástæðu að hv. 2. þm. Suðurl. sem mælti fyrir áliti 2. minni hluta allshn. í þessu máli tók sérstaklega fyrir héraðsdómstigið. Ég er honum einlæglega sammála en ég vil ekki vera að tvítaka hans rök. Hann gerði fyllilega grein fyrir því og við ákváðum að hafa með okkur ákveðna verkaskiptinu þannig að ég tók að mér að gera þá í lengra og ítarlegra máli grein fyrir afstöðu okkar varðandi félagsdóm. Ég ítreka það að ég tek undir það sem sagt var um héraðsdómstigið og þessi niðurstaða okkar varðandi héraðsdómstigið og félagsdóm er sameiginleg niðurstaða okkar sem myndum 2. minni hluta allshn. hv.

Ég beindi einnig fyrirspurn til formanns hv. allshn. og geri ráð fyrir því að hún muni góðfúslega svara henni. Hún er varðandi kostnaðarþáttinn, en það er þriðja atriðið sem við í 2. minni hluta gerðum sérstaklega að athugunarefni. Ég treysti því að hún muni svara því eftir bestu getu. En ég bið hana jafnframt að íhuga vel gerðardómshlutverk félagsdóms og ég vil að lokum taka það fram að á fundi í allshn. 2. febr. sl., þá var prófessor Markús Sigurbjörnsson sem oftar á okkar fundi og hann benti á aðra leið sem fara mætti í þessu máli líka. Það var sú leið að gerðardómshlutverk félagsdóms ætti kannski að leiða til þess að það þyrfti að breyta lögunum um félagsdóm. Það leit ég á sem ákveðna viðurkenningu á því að það væri kannski verið að fella undir EFTA-dómstólinn ákveðin atriði sem ekki pössuðu þar inn. Ég er að sjálfsögðu ekki lokuð fyrir því að það sé farin önnur leið. Það sem mér finnst skipta máli er að það sé sérstaklega litið á þessar ábendingar af alvöru og af skilningi. Þær eru ekki settar fram með neitt annað í huga en að það megi verða hér hin besta og ákjósanlegasta staða í málum og réttaröryggi og sérstaklega að hið sérstaka eðli félagsdóms verði skilið og ekki litið fram hjá því að þarna þarf hugsanlega að gera grundvallarbreytingar til þess að þetta mál gangi upp.

[15:17]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil í upphafi lýsa undrun minni yfir þessari löngu ræðu. Ég skil ekki hvaða tilefni er til að setja á svo langar ræður um svo einfalt mál og hér um ræðir. Og að fara að gera þetta mál um félagsdóm að jafnmiklu atriði í þessu máli er alveg furðulegt. Ég hef vakið máls á þessu bæði í allshn., þar sem þetta mál hefur verið rætt á svo mörgum fundum að ég kem einu sinni ekki tölu á þá lengur, og einnig í utanrmn., að þessar rannsóknir sem settar hafa verið á laggirnar varðandi hlutverk félagsdóma í öðrum löndum eru alveg furðulegar í sambandi við þetta mál. Og ef menn ætla að tefja það og reyna að eyðileggja málið í þingsalnum með svona vinnubrögðum þá mun það koma í ljós. En ég tel það með öllu ástæðulaust. Hér er um réttarbót að ræða með hliðsjón af aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu og það er algerlega fráleitt eins og hv. síðasti ræðumaður hélt fram að í þessu frv. fælist að einhverju leyti óeðlilegur þrýstingur á borgara landsins. Eða þá að þetta væri slík breyting á réttarskipan í íslensku þjóðfélagi að til stórvandræða horfði.

Hér er um það að ræða að unnt er að leita ráðgefandi álits hjá EFTA-dómstólnum þar sem Ísland á aðild að málum sem koma upp fyrir íslenskum dómstólum og varða málefni er snerta aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Og að segja sem svo og láta veðri vaka að mál frá félagsdómi fari eins og sjálfkrafa inn í þessa meðferð er alveg fráleitt. Það sem hér er um að ræða er að dómari tekur ákvörðun um hvort það eigi að leita þessa ráðgefandi álits. Ég tel að dómurum í félagsdómi sé fulltreystandi til þess að gera sér grein fyrir hinu tvíþætta eðli þess dómstóls og fari ekki að skjóta sér undan að taka ákvarðanir í málefnum sem þola ekki bið og snerta ekki Evrópska efnahagssvæðið með því að skjóta málum til dómstólsins í Genf.

Frú forseti. Ég vil ítreka það að ég lýsi furðu minni yfir öllum þessum málatilbúnaði og tel að hann eigi ekki við nein rök að styðjast.

[15:19]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það geta fleiri orðið furðu lostnir. Að vísu er ég ekki sérlega furðu lostin eftir þessa ræðu hv. 3. þm. Reykv. þar sem ég hef heyrt hana áður og það meira að segja nokkuð oft. Hún hefur ekki sannfært mig og gerir það ekki enn þá. Ég vil leiðrétta tvö atriði sem hann nefndi. Í fyrsta lagi hef ég aldrei haldið því fram að félagsdómsmálin færu sjálfkrafa til EFTA-dómstólsins, síður en svo. Ef hann hefði hlustað betur og hlustað í stað þess að dæma hér hefði hann heyrt að ég tók það sérstaklega fram að þetta ætti við um mál sem væru á sviði þessa réttar.

Hitt er annað að ég hef sérstaklega bent á að það mun að mínu mati verða þrýstingur á að leita þessa álits. Ég held að það sé alveg ljóst. Það er mitt mat og ég ætlast til að það sé tekið alvarlega rétt eins og mat hv. 3. þm. Reykv.

Það er annað sem ég vil líka leiðrétta þar sem hann hefur greinilega ekki hlustað vel þótt við höfum oft átt í orðahnippingum um þessi sömu mál. Það er að ég hef ekki sagt að það væri þrýstingur á borgara landsins. Ég hef sagt að það yrði ákveðinn þrýstingur á dómara hér

á landi. Ég er ekki að segja hvernig þeir bregðast við þeim þrýstingi. En fullyrðingin um þrýsting er að mínu mati mjög vel rökstudd og ef ég hefði haft lengra mál um það þá hefði hann kannski skilið það betur. Ég rökstuddi það mjög ítarlega hvers vegna ég tel að þessi þrýstingur muni verða og í gegnum þá umræðu höfum við einnig farið. Ég var ekki að tala um þrýsting á borgara þessa lands. Ég sagði það ekki og það er hægt að fletta því upp í þingtíðindum og ég kæri mig ekki um að hér séu orð mín afbökuð.

[15:21]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er rétt að hv. þm. talaði um óeðlilegan þrýsting á dómara. Hvernig getur það verið óeðlilegur þrýstingur á dómara að aðilar máls biðji um sem bestar lögskýringar á þrætuefni sem fyrir dómstólum er? Er þar um óeðlilegan þrýsting á dómara að ræða að aðilar málsins hafi tækifæri til að leita sem best álits á deiluefninu? Ég tel að það sé einmitt kostur þessa frv. að menn geta gert það þegar á héraðsdómsstiginu. Og geta gert það í Hæstarétti og geta gert það fyrir félagsdómi. Að tala um slíka réttarvernd borgaranna sem óeðlilegan þrýsting á dómara er furðulegur málflutningur og á ekki við nokkur skynsamleg rök að styðjast og ég skil ekki hvernig hv. þm. leyfir sér að tala um slíka réttarvernd sem borgurunum er veitt sem óeðlilegan þrýsting á dómara, að aðilar máls geti krafist sem ítarlegastra upplýsinga á meðan mál eru fyrir dómstólunum um lögskýringaratriði og þau atriði sem undir dóminn heyra.

Ég hlustaði á hina löngu ræðu að vísu með örstuttum hléum en það breytir engu um það að svona málflutningur um leiðir borgaranna til að leita réttar síns er náttúrlega algerlega út í hött, að það að þeir vilji fara þess á leit við dómara að leitað sé álits sé einhver óeðlilegur þrýstingur á dómara. Ef tilgangurinn er síðan líka sá hjá hv. ræðumanni að auðvelda mönnum þetta málskot með því að ríkissjóður taki að sér að bera kostnaðinn af því eins og fram hafa komið hugmyndir um, hvað þá um hinn óeðlilega þrýsting á dómarana? Mundi hann þá ekki aukast að mati hv. ræðumanns?

Þannig að ég sé ekki hvernig þessi málflutningur yfirleitt gengur upp. Auðvitað er ekki hér um neinn óeðlilegan þrýsting að ræða. Hér er um ákveðna réttarvernd að ræða, ákveðna leið til þess að fá skorið úr ágreiningsefnum með þeim hætti að borgararnir viti um sína réttarlegu stöðu.

[15:23]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þarna erum við e.t.v. komin að grundvallaratriðinu. Ég lít svo á að skilningur íslenskra laga eigi að vera fullgildur og að hér eigum við ekki að sætta okkur við önnur lög en þau sem skera úr um öll málefni sem varða íslenska borgara og veita þeim þá réttarvernd sem ég vil, þrátt fyrir ásakanir og kannski dálítið meiðandi ummæli hv. 3. þm. Reykv. um annað. Ég vil réttarvernd sem mesta og ég vil að íslensk lög tryggi hana. Ég held að við eigum aldrei að sætta okkur við neitt annað. Þar af leiðandi tel ég ekki rétt að það eigi að þurfa að leita til annarra landa til að tryggja þessa réttarvernd íslenskra borgara.

Varðandi þrýstinginn þá er þrýstingurinn ekki einungis óbeinn heldur einnig beinn. (**BBj:** Hvað um mannréttindadómstólinn í Strassborg?) Við eigum að laga okkar lög að því. Það er það sem ég er að tala um. Ég held að við getum verið sammála um það. (Gripið fram í.) Við eigum að vera sammála um þetta. Ég legg mannréttindadómstól og EFTA-dómstól að vísu ekki að jöfnu en ég vil fyrst og fremst að við höfum lög í landinu sem við getum sætt okkur við og sem tryggja réttarvernd íslenskra borgara. Við eigum að taka þau ákvæði sem tryggja réttarvernd íslenskra borgara í okkar stjórnarskrá og við eigum að fara að endurskoða okkar stjórnarskrá út frá því. Það er deila sem á því miður ekki að vera deila. Við eigum ekki að sætta okkur við annað en það að við bjóðum íslenskum borgurum upp á fullgilda réttarvernd hér í landinu. Annað er okkur ekki sæmandi.

[15:25]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Gerð hefur verið gerð grein fyrir sérstöku áliti frá 2. minni hluta allshn. um það frv. sem hér er til umræðu og gerðar tillögur um þrjár breytingar á því sem ég vil víkja sérstaklega að.

Vegna þeirra orða er féllu áðan í svörum og andsvörum og vegna þess sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson sagði varðandi íslensk lög þá er rétt að rifja það upp að það er fjöldi óskráðra regla í lögfræði, svonefndar réttarheimildir, sem eru alþekktar og viðurkenndar fyrir íslenskum dómstólum. Þar að auki eru það viðurkenndar reglur í þjóðarétti að dómstólar dæma eftir þeim reglum með skýringum jafnvel þótt samningurinn hafi ekki verið lögfestur þannig að erlend áhrif eru alls staðar viðurkennd í íslenskri lögfræði. Norrænir dómar og lög eru mjög mikilvægur þáttur í íslensku laganámi og margar kennslubækur erlendar. Og íslenskir dómstólar taka að sjálfsögðu tillit til alls þessa. Ég hef áður látið þessar athugasemdir koma í ljós varðandi umræður um þessi mál á síðasta þingi.

Enn fremur langar mig til þess að byrja á því að leiðrétta nokkuð þá athugasemd er hv. þm. er hér talaði á undan mér gerði varðandi framsögu mína þess efnis að það sé ekki rétt að einungis sé heimild í frv. um að dómari geti skotið málinu til Hæstaréttar þar sem annar hvor aðilinn geti skotið því einnig til Hæstaréttar. Vafalaust er byggt á því að sjálfstæði héraðsdómarans séu þannig takmörk sett. En það byggir að sjálfsögðu á þeirri grundvallarreglu að hér á landi eru tvö dómstig þar sem Hæstiréttur Íslands hefur endanlegt úrskurðarvald og getur endurskoðað alla dóma undirréttar. Þetta er því eðlileg regla og í samræmi við íslenskar réttarfarsreglur.

Brtt. 2. minni hluta miða nánar tiltekið að því, virðulegur foreti, að í fyrsta lagi verði girt fyrir að héraðsdómstólar geti leitað eftir áliti EFTA-dómstólsins við rekstur mála fyrir þeim eins og gert er ráð fyrir í 1. gr. frv. Þess í stað verði það aðeins á valdi Hæsta-

réttar og þá eftir að máli hefur verið skotið þangað að fenginni úrlausn héraðsdóms.

Í öðru lagi leggur minni hlutinn til að felld verði niður í 2. gr. frv. heimild handa félagsdómi til að afla álits EFTA-dómstólsins um atriði máls sem eru rekin á þeim vettvangi.

Í þriðja lagi er svo loks lagt til að nýtt ákvæði verði tekið upp um að aðili að máli sem vill ekki að leitað verði álits EFTA-dómstólsins um atriði þess verði aldrei látinn bera aukakostnað af því.

Fyrsti minni hluti allshn. telur þessar brtt. ekki á rökum reistar og vil ég skýra hér í stuttu máli ástæður þess.

Um fyrstnefndu brtt. má vekja athygli á að í athugasemdum við frv. kemur fram hvers vegna þar er lagt til að héraðsdómstólar geti til jafns við Hæstarétt kveðið upp úrskurð undir rekstri dómsmáls um að leita álits EFTA-dómstólsins um tiltekin atriði sem reynir á í málinu áður en dómur gengur í því.

Í athugasemdum er þess getið að samkvæmt 34. gr. samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls má hvert ríkið um sig takmarka heimildir dómstóla sinna til að leita álits EFTA-dómstólsins við þá sem kveða upp úrlausnir sem geta ekki sætt málskoti samkvæmt landslögum. Eftir þessu hefði með öðrum orðum verið unnt að miða við að héraðsdómstólum yrði ekki veitt þessi heimild líkt og brtt. minni hluta nefndarinnar beinist að. Sú leið hefur hins vegar ekki verið farin í frv. og er það skýrt þannig í athugasemdum með því að samkvæmt almennum reglum í réttarfari á að leitast við að leysa úr máli á grundvelli sömu gagna og sömu röksemda á báðum dómstigum en á því yrði brestur ef heimildin til að leita álits EFTA-dómstólsins yrði bundin við Hæstarétt.

Undir þessi rök er fyllilega hægt að taka því ef útilokað yrði að héraðsdómstólar gætu leitað eftir áliti EFTA-dómstólsins um atriði í málum áður en leyst er úr þeim, þá gæti það hæglega haft í för með sér að allt aðrar röksemdir kæmu til athugunar fyrir Hæstarétti eftir að slíkt álit væri fengið en bornar voru upp í héraði. Þetta væri andstætt meginreglum í réttarfari sem fela í sér verulegar almennar takmarkanir á að nýjum rökum verði fyrst hreyft undir rekstri máls fyrir Hæstarétti. Að auki verður að benda á að ef héraðsdómstólum verður ekki veitt þessi heimild getur það leitt til þess að málum verði skotið til Hæstaréttar gagngert til að geta fengið þar síðbúið álit EFTA-dómstólsins um atriði máls. Þetta getur þess vegna gerst í málum sem hefði að öðrum kosti ekki verið skotið til Hæstaréttar. Það er augljóst að þetta gæti leitt af sér tafir um að endanleg niðurstaða fáist í máli og kostnað fyrir málsaðilana sem hefði mátt komast hjá með því að héraðsdómstóllinn fengi álit EFTA-dómstólsins og komist hefði verið hjá áfrýjun málsins.

Í allshn. var leitað eftir upplýsingum um hvaða leiðir hefðu verið farnar í hinum EFTA-löndunum vegna öflunar álits fyrir EFTA-dómstólnum. Upplýsingar bárust m.a. frá Davíð Þór Björgvinssyni lögfræðingi, sem er aðstoðarmaður Þórs Vilhjálmssonar, dómara við EFTA-dómstólinn í Genf, sem átti að taka formlega til starfa þann 1. jan. sl. Með leyfi forseta langar mig til þess að gera grein fyrir þessu áliti. Þetta bréf er stílað á ritara allshn. og þar segir:

„Ég hef skoðað frv. sem þú sendir mér sl. föstudag og tel ekki tilefni til sérstakra athugasemda. Ég vil þó taka það fram að ég tel eðlilegt, eins og gert er í frv., að takmarka heimildina til að leita álits EFTA-dómstólsins ekki við Hæstarétt. Í því sambandi má m.a. benda á að heppilegt er að álit EFTA-dómstólsins liggi sem fyrst fyrir, enda gæti það í mörgum tilfellum stuðlað að því að mál sættust þegar álitið lægi fyrir eða eftir atvikum komið í veg fyrir að dómi verði áfrýjað. Í slíkum tilfellum mundi það flýta meðferð máls að fá álitið meðan mál er rekið fyrir héraðsdómi."

Enn fremur segir í þessu bréfi: „Ég hef enn fremur kannað eftir því sem mér hefur verið fært hvernig 3. mgr. 34. gr. samningsins um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls hefur verið útfærð í öðrum aðildarríkjum samningsins. Eftir því sem ég kemst næst er við það miðað í Finnlandi og Sviþjóð að allir dómstólar, hvort sem hægt er að skjóta úrlausnum þeirra til æðri dóms eða ekki, geti leitað eftir ráðgefandi áliti EFTA-dómstólsins þegar taka þarf afstöðu til skýringar á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, bókunum með honum og viðaukum við hann eða gerðum sem í getið er um í viðaukunum. Í Austurríki hefur hins vegar verið valin sú leið á grundvelli 3. mgr. 34. gr. samningsins að takmarka heimildina við áfrýjunardómstigin", þ.e. tvö dómstig af þremur. Ég bið hv. þm. að taka eftir því að þar eru þrjú dómstig. Hér á landi eru þau aðeins tvö. Og það er vísað í meðfylgjandi gögn. Hins vegar hafði Davíð Þór því miður ekki tök á því að kanna hvaða leið var farin í Noregi á þessum tíma en ritari nefndarinnar aflaði upplýsinga frá Noregi. Þar hefur verið farin sama leið og hér er lögð til og reyndar hefur verið upplýst áður í ræðum hv. þm.

Um 2. brtt. sem miðar, eins og áður segir, að því að fella brott ákvæðin 1. mgr. 2. gr. frv. um heimild handa félagsdómi til að leita álits EFTA-dómstólsins er í raun og veru ekki þörf margra orða. Í því sambandi má einfaldlega benda á að samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls verður þessi heimild að vera veitt öllum dómstólum í ríkinu sem kveða upp dóma sem verður ekki skotið til æðra dóms.

3. mgr. 34. gr. samningsins hljóðar þannig: „EFTA-ríki getur í eigin löggjöf takmarkað rétt til að leita eftir slíku ráðgefandi áliti við dómstóla og rétti geti úrlausn þeirra ekki sætt málskoti samkvæmt landslögum." Og úrlausn félagsdóms hins íslenska sætir ekki málskoti samkvæmt íslenskum lögum.

Í 67. gr. laganna um stéttarfélög og vinnudeilur frá 1938 er tekið fram að dómar félagsdóms séu endanlegir. Það yrði því beinlínis samningsbrot af hálfu ríkisins ef þessi heimild yrði ekki veitt félagsdómi eða hún takmörkuð að einhverju leyti en félagsdómur er eftir öllum einkennum sínum og auðkennum dómstóll í venjulegum skilningi.

Að auki vil ég benda á að í umfjöllun innan nefnd-

arinnar þar sem þessi mál voru talsvert mikið rædd hafa ekki komið fram nein sérstök rök til stuðnings því að félagsdómur njóti einhverrar þeirrar sérstöðu að óæskilegt sé að hann hafi þessa heimild sem er til viðbótar háð vilja hans sjálfs hvort hann notfærir sér hverju sinni.

Það hafa þó komið fram vissar áhyggjur hjá nokkrum aðilum vinnumarkaðarins vegna hins sérstaka eðlis félagsdóms. Þó tel ég rétt að taka það fram að hvorki VSÍ né ASÍ mótmæltu þessu ákvæði í frv., sérstaklega þessu ákvæði um félagsdóm og tel rétt að geta nokkuð þeirra álits. Álit frá Vinnuveitendasambands Íslands er nýkomið í nefndina, kom núna í lok janúar. Með leyfi virðulegs forseta segir þar:

„Í frv. er gert ráð fyrir heimild til handa héraðsdómara að kveða upp úrskurð um að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á EES-samningnum. Í 2. gr. frv. er lagt til að félagsdómur geti með sama hætti leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar.

Fallast má á það sjónarmið að vegna samræmis sé eðlilegt að félagsdómur hafi sömu heimildir og héraðsdómur að þessu leyti. Gæta þarf þó hins sérstaka eðlis félagsdóms að geta tekið mjög hratt á málum þannig að hægt sé að fá endanlegan dóm á örfáum dögum. Því verður að ganga út frá að umræddri heimild verði ekki beitt í þeim málum þar sem miklu skiptir að fá hraða dómsúrlausn. Að öðru leyti gerir Vinnuveitendasamband Íslands ekki athugasemdir við frv. þetta."

Þá segir í lokin í umsögn frá Alþýðusambandi Íslands, sem er reyndar frá síðasta ári, með leyfi virðulegs forseta:

„ASÍ telur að frv. sé í fullu samræmi við þann tilgang EES-samningsins að innlendir dómstólar geti leitað eftir ráðgefandi áliti frá EFTA-dómstólnum um skýringu á túlkun samningsins. Þetta mál er nátengt stofnanahluta EES-samningsins sem er einn mikilvægasti hluti hans. ASÍ mun á næstunni ræða þann hluta samningsins nánar og áskilur sér rétt til að koma fram með sérstaka umsögn um málið á síðara stigi. ASÍ telur því ekki ástæðu til að gera beinar athugasemdir eða leggja til breytingar á frv. að sinni."

Í sambandi við þetta er þó rétt að leggja á það þunga áherslu að félagsdómur yrði að sjálfsögðu að vega og meta þá nauðsyn að afla slíks álits með tilliti til þeirrar frumskyldu sinnar að leysa úr knýjandi álitaefnum í tengslum við vinnudeilur á eins skömmum tíma og auðið er. Dómurinn hlýtur að virða þessa frumskyldu sína. Þetta er mikilvægt atriði.

Í félagsdómi eiga sæti fimm dómarar. Af þeim tilnefnir Hæstiréttur tvo. Hæstiréttur tilnefnir einnig aðra þrjá menn og velur félmrh. einn þeirra í dóminn, einn er tilnefndur af Alþýðusambandi Íslands og einn dómari af Vinnuveitendasambandi Íslands. Ef málið varðar hins vegar opinbera starfsmenn eða bankastarfsmenn tilnefna samtök þeirra og fjmrh. eða bankaráð ríkisbankanna dómara. Það er því ljóst að aðilar vinnumarkaðarins hafa mikil áhrif í félagsdómi.

Ég vil enn fremur gera hér grein fyrir stöðu þessara mála um rétt félagsdóma á Norðurlöndum til að leita álits EFTA-dómstólsins um skýringu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, en við fengum m.a. upplýsingar frá ritara allshn. og var gerð nokkur grein fyrir því hér áðan í máli hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson. Þar kemur fram að í Noregi var lagt fram frv. til breytinga á lögum um dómstóla nr. 13/1915 og það síðan samþykkt sem lög nr. 113/1992 og dómstólum veitt heimild, sbr. 34. gr. EES-samningsins, til að leita til EFTA-dómstólsins um álit. Í greinargerð með frv. kemur það skýrlega fram að það eigi einnig við um sérdómstóla, svo sem félagsdóm.

Varðandi norska félagsdóminn frétti ég af samtali við formann norska vinnuveitendasambandsins og var það mat hans að ekki yrði farin sú leið að leita eftir öflun álits fyrir EFTA-dómstólnum í málum sem þyrftu skjóta úrlausn og mikilvægir hagsmunir lægju við. Það er því ljóst að þessi mál hafa eitthvað komið til umræðu. Í Svíþjóð var ekki lagt fram sérstakt frv. vegna 34. gr. EES-samningsins. Þann 3. des. 1992 lögfestu Svíar m.a. greinar 1–129 í samningnum og hafa talið það nægilegt til að uppfylla skuldbindingar um lögfestingu ákvæða varðandi öflun álits hjá EFTA-dómstólnum. Í umræðum í tengslum við lögfestingarfrv. kom fram að eðlilegt væri að takmarka ekki réttinn til að leita álits við dómstóla á síðasta dómstigi, enda væri jákvætt að láta sem flesta dómstóla hafa slíka heimild þar sem slíkt leiddi til einsleitrar túlkunar á EES-reglum. Það virðist því ljóst að Svíar ætli sér að láta heimildina ná til félagsdóms.

Finnar hafa farið hliðstæða leið og Svíar. Þeir lögtóku ýmis ákvæði EES-samningsins, þar á meðal 34. gr. Í upplýsingum sem bárust kemur fram að Finnar hafa ekki nýtt sér heimild 3. mgr. 34. gr. um að takmarka heimildina til að leita álits við endanlegt dómstig og að slíkar takmarkanir hafi ekki verið ræddar í þinginu. Í Finnlandi eiga deilur um málefni vinnuréttarlegs eðlis yfirleitt undir almenna dómstóla á fyrsta dómstigi. Aðeins er hægt að fara með mál sem varða deilur um kjarasamninga fyrir félagsdóm. Finnar virðast líta svo á að þar sem slíkur ágreiningur eigi ekki undir EES-samninginn nái rétturinn til að leita álits EFTA-dómstólsins ekki til félagsdóms.

Í Danmörku er heimildin til að leita álits EFTA-dómstólsins ekki látin ná til félagsdóms en Danir hafa nokkra sérstöðu þar sem þeir hafa tvenns konar úrlausnaraðila um mál vinnuréttarlegs eðlis. Þannig fer um mál um brot á kjarasamningum að þau fara fyrir samningsbundna gerðardóma, „faglig voldgift", en ekki félagsdóm, en danski félagsdómurinn fjallar um ýmis önnur álitaefni. Þessir samningsbundnu gerðardómar eru sem sé ekki skilgreindir sem hefðbundnir félagsdómar í samræmi við hinn íslenska, heldur gerðardómar, svo sem má sjá af nafninu, og því hefur Dönum hreinlega ekki þótt ástæða til að fara þá leið sem er rætt um í frv. því að það verður að vera um dómstól að ræða og það er hinn íslenski félagsdómur. Hann er skilgreindur sem dómstóll. Það er því óðruvísi fyrirkomulag í danska vinnumálaréttinum en er hér á landi. Auk þess eru Danir í EB og þeir geta leitað eftir forúr-

skurðum hjá EB-dómstólnum sem eru bindandi. Og þetta hefur verið gert í vinnuréttardeilu, t.d. Danfoss-málið 1989 sem er frægt mál og fjallaði um rétt til jafnra launa.

Varðandi hinn íslenska félagsdóm var m.a. leitað eftir áliti dr. Þórs Vilhjálmssonar, fyrrv. hæstaréttardómara, sem nú situr í EFTA-dómstólnum. Með leyfi hæstv. forseta langar mig til að gera grein fyrir hans áliti. Ég tel rétt að gera það í heild sinni þó að hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson hafi gert grein fyrir hluta þess. Bréfið er dags. 3. des. 1993.

„Að gefnu tilefni vil ég með bréfi þessu leitast við að ræða nokkru nánar en ég gerði á fundi allshn. 29. nóv. fyrri mgr. 2. gr. í frv. á þskj. 104 um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópska efnahagssvæðið. Þar segir með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr.: Getur félagsdómur leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar. Úrskurður þess efnis verður ekki kærður til Hæstaréttar.

Er ástæða til að minna á verkefni þau sem félagsdómur hefur með höndum en um þau segir í 44. gr. laga nr. 80/1938 m.a.:

Verkefni félagsdóms er:

1. Að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á lögum þessum og tjóni sem orðið hefur vegna ólögmætra vinnustöðvana.

2. Að dæma í málum sem rísa út af kærum um brot á vinnusamningi eða út af ágreiningi um skilning á vinnusamningi eða gildi hans.

3. Að dæma í öðrum málum milli verkamanna og atvinnurekenda sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn, enda séu a.m.k. þrír af dómendum því meðmæltir."

Í lögum nr. 94/1986, um kjarasamning opinberra starfsmanna, er sérstakur kafli, þ.e. IV. kafli, um félagsdóm. Þar er dómnum falið mikilvæg verkefni en vísa verður í 26. gr. laganna um einstök atriði.

Í aðfaraorðum laga nr. 2/1993, um Evrópska efnahagssvæðið, segir m.a. að aðilarnir geri sér ljóst mikilvægi framþróunar í félagsmálum, þar á meðal jafnréttismálum karla og kvenna á Evrópska efnahagssvæðinu, og láta í ljós vilja sinn til að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir, skapa skilyrði fyrir fullri atvinnu, bættum lífskjörum og bættum starfsskilyrðum.

Í 18. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið er fjallað um öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum, vinnurétt og jafnrétti kynjanna. Einn kafli þessa viðauka er um vinnurétt. Þar eru nefndar þrjár tilskipanir sem um skulu gilda ákvæði um hina svokölluðu altæku aðlögun. Hin fyrsta fjallar um samræmingu á lögum um hópuppsagnir. Um þetta atriði voru sett hér á landi lög nr. 95/1992, sem tóku gildi 1. jan. sl. Hin næsta er um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd til handa launþegum verði vinnuveitandi gjaldþrota. Um þetta gilda hér á landi lög nr. 88/1990, um ríkisábyrgð á launum. Loks er að nefna tilskipun um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um vernd launþega við eigendaskipti að fyrirtækjum, atvinnurekstri eða hluta atvinnurekstrar. Um þetta hafa verið sett lög nr. 77/1993, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum.

Mér sýnist að af þessu megi ráða að hugsanlegt sé að fyrir félagsdóm komi t.d. mál um hópuppsagnir. Getur þá staðið svo á að lögin sem byggð eru á reglum Evrópska efnahagssvæðisins séu ítarlegri en samningur stéttarfélags við atvinnuveitendur og þarf þá oft að skýra þau lög. Er ekki útilokað að þá væri æskilegt að leita til EFTA-dómstólsins um lögskýringu. Ég tel þess vegna óráðlegt að fella úr frv. á þskj. 104 ákvæði 1. mgr. 2. gr. um félagsdóm.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið felur í sér að félagsdómur getur óskað álits EFTA-dómstólsins með sama hætti og aðrir dómstólar samkvæmt 1. gr. og 2. mgr. 2. gr. Þó að ástæðulaust ætti að vera læt ég þess getið að álitsumleitun sú sem um ræðir í frv. á þskj. 104 er ekki áfrýjun til erlends dómstóls."

Í lokin er bent á þá brtt. er 1. minni hluti gerir að sinni tillögu um að 2. mgr. 2. gr. verði sjálfstæð grein, 3. gr. sem er svona lagatæknilegs eðlis.

Þetta eru athyglisverðar ábendingar hjá Þór Vilhjálmssyni þó að vafalaust geti verið skiptar skoðanir á því hvort mál sem fara undir félagsdóm mundu fara þessa leið og þá hvaða mál. En ég vil ítreka það áður en ég lýk umræðunni um félagsdóm að ég tel það mikilvægt að dómurinn virði þá frumskyldu sína að leysa hratt úr málum þar sem um er að ræða mikla hagsmuni.

Varðandi 3. brtt. þar sem er ráðgert að tekin verði upp sérregla í frv. um kostnað af öflun álits EFTA-dómstólsins eru ýmsir meinbugir. Í þeim efnum vil ég vekja athygli á að í tillögum 2. minni hluta er reglan sett þannig fram að málsaðilli sem óskar ekki sjálfur eftir að áliti EFTA-dómstólsins verði aflað í máli skuli aldrei bera aukakostnað af þeirri aðgerð. Í reglunni er hins vegar hvergi sagt hver eigi að bera þann kostnað, hvort það sé gagnaðilinn eða einhver annar. Hvernig ætti t.d. að beita þessari reglu ef hvorugur málsaðilanna vill að álits EFTA-dómstólsins verði aflað en dómari í málinu telur þess hins vegar þörf. Í nefndarálitinu er reyndar talað um ríkissjóð en brtt. sjálf svarar engu um hver ber kostnaðinn í slíku tilviki. Að auki felur reglan í sér að ef aðili biður ekki beinlínis um að slíks verði aflað, þá komist hann undan kostnaði algerlega án tillits til þess hvort það reynist málstað hans til góðs og einnig án tillits til þess hvort hann telji það fyrir sitt leyti æskilegt að álitið verði fengið. Hvort sem regla í þessum anda ætti rétt á sér eða ekki þyrfti a.m.k. að vanda betur til hennar og taka tillit til þeirra mismunandi aðstæðna sem gætu varðað beitingu hennar.

Ég tel því réttara að hugað verði að þessu í samhengi við almennar reglur um réttaraðstoð við almenning sem mér er kunnugt um að eru til athugunar um þessar mundir á vegum dómsmrh. en ég hef rætt þessi mál sérstaklega við hæstv. dómsmrh. Vegna fyrirspurnar hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson, þá vil ég láta það koma hér fram og að hæstv. dómsmrh. er tilbúinn til þess að láta kanna þennan þátt málsins sér-

staklega sé þess óskað í nefnd þeirri sem hann hefur skipað sem skoðar almennar reglur varðandi réttaraðstoð.

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það að um þetta frv. hefur verið fjallað ítarlega í allshn. núna á tveimur þingum. Margir gestir hafa komið fyrir nefndina og leitað hefur verið eftir eins ítarlegum upplýsingum og unnt hefur verið. Margar umsagnir bárust og voru langflestar jákvæðar. Að lokum langar mig til þess að vitna í umsögn réttarfarsnefndar, með leyfi virðulegs forseta, en þar segir m.a.:

„Þegar lagafrumvörp voru smíðuð fyrr á þessu ári í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu varðandi aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu voru þrír nefndarmenn í réttarfarsnefnd fengnir til aðstoðar um þau atriði í frv. sem snúa að réttarfari. Efni frv. um öflun álits EFTA-dómstólsins er meðal þeirra atriða sem nefndin hafði þannig óbein afskipti af. Réttarfarsnefnd telur af þessum ástæðum ekki þörf á að hún tjái sig frekar um þetta frv. en þess skal þó getið að nefndin hefur gætt sérstaklega að því að ákvæði frv. geti samrýmst gildandi löggjöf um dómstólaskipan og réttarfar og sér enga meinbugi í þeim efnum."

Er það von okkar í 1. minni hluta allshn., virðulegi forseti, að frv. þetta ásamt brtt. verði samþykkt sem fyrst hér á hinu háa Alþingi.

[15:53]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég skal vera stuttorður um þetta mál. Ég ætla mér reyndar ekki að fjalla um álit allshn. þó að ég taki undir það sem kemur fram í brtt. að það er áreiðanlega umhugsunarefni að leita megi álits á málum sem eru fyrir félagsdómi og ástæða til að hafa áhyggjur af þeim töfum sem af því geta stafað. Sömuleiðis vil ég taka undir þetta með lægri dómstig og tel að það væri að mörgu leyti skynsamlegra að byrja með æðsta dómstig eins og okkur ber skylda til.

En ég stend fyrst og fremst upp og kveð mér hljóðs til að minna á það að í ítarlegri umræðu um EES-samningana og það sem þeim fylgdi, EFTA-samningana, töldum við ýmsir þingmenn hér að það bryti gegn stjórnarskrá Íslands að færa svo mikið vald úr landi sem sýndist ljóst af þeim samningum. Við töldum *það engin smáatriði og töldum að stjórnarskráin* ætti að njóta vafans og í raun væri Alþingi ekki heimilt að færa slíkt vald til stofnana erlendis. Mér sýnist að það frv. sem hér er staðfesti þetta. Að vísu er sagt að eingöngu sé heimild til að leita úrskurðar erlendis, en það kemur mjög greinilega fram í greinargerð með frv. að ekki er talið líklegt að gengið verði gegn slíkum úrskurðum. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að lesa úr greinargerðinni:

„Álitið á aðeins að vera ráðgefandi eins og segir í 1. mgr. 1. gr. og bindur það því ekki héraðsdómara við úrlausn máls þótt vissulega verði að telja að eftir því yrði að öðru jöfnu farið að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu."

Raunar var hér farið bakdyramegin að því að afhenda erlendum dómstóli vald til að dæma í málum einstaklinga og fyrirtækja hér á landi. Og þegar þess er jafnframt gætt að úrskurði má eflaust áfrýja til hins erlenda aðila ef annar hvor sættir sig ekki við úrlausnina hér heima, þá er ljóst að þeim úrskurði sem þannig fæst verður ekki áfrýjað áfram. Þetta staðfestir að mínu mati það sem við sögðum að það er verið að færa vald úr landi þvert gegn skýlausum ákvæðum íslensku stjórnarskrárinnar.

[15:56]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vildi fyrst víkja að þeim orðum sem féllu í ræðu hv. 7. þm. Reykn. Hann taldi að í þessu frv. væri með skýrum hætti verið að ganga gegn stjórnarskrá íslenska lýðveldisins. Það er eins og áður hefur komið fram í umræðum um þetta mál á miklum misskilningi byggt. Hér er verið að kveða á um heimildir til þess fyrir íslenska dómstóla að leita álits EFTA-dómstólsins. Íslenskir dómstólar eru ekki bundnir af þeirri niðurstöðu og þó að menn í athugasemdum með þessu frv. geri ekki fyrir fram ráð fyrir ágreiningi um lagatúlkun, þá leiðir það af skýrum ákvæðum frv. að hér er verið að afla álits sem íslenskir dómstólar taka sjálfstæða afstöðu til og dæma síðan á grundvelli íslenskra laga. Hér er því ekki á nokkurn hátt verið að fara svig við stjórnarskrá lýðveldisins og því síður bakdyramegin að því að ganga fram hjá henni.

Hv. 2. þm. Suðurl. vék nokkrum spurningum til mín fyrir nokkru síðan þegar fyrri hluti þessarar umræðu fór fram en henni var þá frestað áður en kostur gafst á að svara þeim fyrirspurnum. Þær lutu að vísu einkum að þáttum sem ekki snerta þetta frv. beint heldur meðferð þeirra nýju mála sem við þurfum að taka afstöðu til á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Hv. þm. spurði þannig að því hvort eitthvað af þeim 400 gerðum sem nú liggja fyrir eftir að samningurinn var afgreiddur hér á Alþingi snerti með einhverjum hætti dómsmrn. eða starfssvið þess. Svo mun vera að þó nokkrar af þessum gerðum snerta starfssvið þess, einkanlega mun það eiga við atriði í umferðaröryggismálum og önnur atriði þeim skyld. Hér er þó fyrst og fremst um tæknileg atriði að ræða sem ekki teljast meiri háttar breytingar á þeim reglum sem verið hafa í gildi. Þær koma síðan til kasta Alþingis með þeim hætti sem ráð er fyrir gert.

*Hv. þm. innti svo eftir því hvernig hagað yrði eft*irliti dómsmrn. með undirbúningi nýrrar löggjafar hjá Evrópubandalaginu og hvernig háttað yrði upplýsingum um þau efni til Alþingis. Ég hygg að hv. utanrmn. hafi nokkuð fjallað um síðari þátt þessa máls, hvernig upplýsingum verði komið til Alþingis um þessi efni. Einstök fagráðuneyti og þar á meðal dómsmrn. munu fylgjast með undirbúningi mála eftir því sem kostur er á og eftir þeim leiðum sem samningurinn kveður á um. Þegar slík mál eru tilbúin koma þau að sjálfsögðu til skoðunar í einstökum fagráðuneytum og þar á meðal í dómsmrn. eftir því sem við á og eru þannig undirbúin til meðferðar á Alþingi. Hitt má auðvitað ljóst vera að fagráðuneytin hafa ekki mikla möguleika til þátttöku í frumundirbúningi mála. Þó hygg ég að það muni fara talsvert eftir umfangi og mikilvægi þeirra mála sem til meðferðar eru hverju sinni og ráðuneytin verði

að gefa þeim málum meiri gaum sem meira eru talin skipta. En ugglaust á reynslan eftir að leiða í ljós hvernig haganlegast er að standa að slíkri vinnu. Mannafli og starfsskipulag ráðuneytanna er ekki sérstaklega sniðið að þessum nýju viðfangsefnum en þau þurfa nú að laga sig að því með einum eða öðrum hætti. Ég hygg að reynslan verði látin skera úr um í hvaða farvegi það verði endanlega best að gera. Þær gerðir sem samþykktar hafa verið síðan Alþingi tók sína ákvörðun verða með þeim hætti sem ráð er fyrir gert lagðar fyrir Alþingi og er nú í undirbúningi að svo verði gert.

Þá vék hv. þm. að atriðum sem nokkuð hafa komið til umræðu. Til að mynda beindi hann þeirri spurningu til mín hvort eðlilegt væri að heimila héraðsdómum að leita álits EFTA-dómstólsins með því að í EES-samningnum er það ekki skylt. Þar er skyldan einungis fólgin í því að þessi réttur sé fyrir hendi hjá þeim dómstólum sem fara með endanlegt úrskurðarvald. Hv. frsm. meiri hluta allshn. hefur gert ítarlega grein fyrir þeim sjónarmiðum sem liggja að baki með tilvísun í athugasemdir í frv. Ég hef í sjálfu sér ekki mörgu þar við að bæta en minni á að það skiptir heilmiklu máli að menn eigi kost á því þegar á fyrra dómstigi að leita þessa álits þegar á það er horft að ástæðulaust væri að búa til þær aðstæður að menn yrðu að áfrýja máli til þess að eiga kost á að setja slíka kröfu fram. Æskilegt er að ljúka sem flestum málum á fyrsta dómstigi og draga úr óþörfum málskotum til æðra dómsstigs. Við þekkjum að það eru vandamál í þeim efnum sem Alþingi er nú m.a. að fjalla um. Það er of langur biðlisti mála í Hæstarétti og þess vegna æskilegt að ljúka málum á neðra dómsstigi og þarflaust að knýja menn til að áfrýja ef þeir hafa einungis hug á því að leita eftir slíku áliti. Ég tel þess vegna fullkomlega eðlilegt og sjálfsagt að unnt sé að ljúka meðferð slíkra óska þegar fyrir héraðsdómi.

Þá vék hv. þm. að þeim kostnaði sem af slíkri álitsumleitan hlytist. Nú er ekki unnt að gera nákvæmlega grein fyrir því hver kostnaður af álitsumleitan verður. Við höfum einfaldlega ekki nægjanlegar forsendur til þess að áætla það.

Þá spurði hv. þm. hvort sanngjarnt væri að málsaðili ætti að greiða slíkan kostnað. Nú er málskostnaður úrskurðaður af dómstólum og það er í sjálfu sér ekki óeðlilegt að farið verði eftir svipuðum meginreglum í þessu efni. Hér hefur áður komið fram í umræðunni að það mundi væntanlega leiða til þess að slíkum óskum mundi fjölga ef allur kostnaður af slíkum málskotum væri til að mynda lagður á ríkissjóð. Þá er við því búið að óskum um slíka álitsumleitan mundi fjölga. Við höfum að vísu reglur í dag um gjafsókn sem gefa stjórnvöldum færi á samkvæmt ákveðnum reglum að kosta af opinberri hálfu málflutning aðila. Um það gilda ákveðnar þröngar reglur og mun þrengri en til að mynda annars staðar á Norðurlöndum. Ég hef nýlega skipað nefnd til þess að fjalla um opinbera réttaraðstoð og gera tillögur um nýskipan þeirra mála með tilliti til þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í þessu umhverfi á undanförnum árum og í þeim tilgangi að tryggja betur réttaröryggi borgaranna. Þetta er mjög vandmeðfarið mál og má öllum vera ljóst að reglur um þetta efni án nokkurra takmarkana eða með mjög lítlum takmörkunum geta bæði leitt til óþarfa kostnaðar úr ríkissjóði og of mikillar fjölgunar mála. En á hinn bóginn er einsýnt að við þurfum að tryggja réttaröryggi allra borgara og þar á meðal þeirra sem ekki geta risið undir kostnaði við að leita réttar síns fyrir dómstólum og því þurfum við að endurskoða þessar reglur. Það starf er nú að fara af stað og mér sýnist eðlilegt að þau álitaefni sem upp geta komið í sambandi við áleitsumleitan til EFTA-dómstólsins komi til meðferðar hjá þessari nefnd og hún geri þá tillögur um með hvaða hætti skuli taka á þeim viðfangsefnum.

[16:09]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jón Helgason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst og fremst í þessu andsvari þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann gaf við spurningum mínum en þau gefa tilefni til nokkurra athugasemda sem ekki er tóm til að gefa í örstuttu andsvari.

Ég vil þó aðeins nefna það sem hæstv. ráðherra sagði um að mannafli væri takmarkaður hjá fagráðuneytum til að fylgjast með undirbúningi að setningu hinna nýju reglna Evrópubandalagsins sem við eigum síðan að hlíta. Sú staðreynd staðfestir það sem við, sem vöruðum við þessum samningi, sögðum að hér yrði í framtíðinni vegna fámennis okkar takmörkuð geta til að fylgjast með slíku og hafa áhrif á það sem var þó ein af röksemdunum fyrir ágæti þessa samnings.

Ég vil lýsa yfir algerri andstöðu minni við að það verði talin lausn á of miklum málafjölda hjá Hæstarétti að veita heimild héraðsdóms til þess að leita álits EFTA-dómstólsins. Ég held að við verðum að leysa þann vanda með öðru móti eins og hæstv. ráðherra hefur reyndar þegar gert tillögu um og mér sýnist að ég geti tekið undir sumt sem þar kemur fram til að ná því markmiði. Ég tel að það sé miklu heppilegri leið en sú sem hér var lögð til af hæstv. ráðherra.

[16:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get mjög vel fallist á það með hv. 2. þm. Suðurl. að það er ekki lausn á þeim vanda sem við stöndum frammi fyrir með fjölda áfrýjunarmála að hafa þá skipan á sem gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég tel hins vegar að það sé ástæðulaust að auka á þann vanda með því að binda það einvörðungu við Hæstarétt að menn geti aflað þessa álits. Það hvetur menn sem munu óska eftir því til þess að áfrýja málum sem að öðrum kosti mætti ljúka á héraðsdómstiginu og ég tel að það sé almennt æskilegt að ljúka málum sem fyrst, bæði með tilliti til hagsmuna þeirra sem í deilum standa og eins með tilliti til hagsmuna ríkisvaldsins sem kostar úrlausn slíkra ágreiningsefna. Og það er það sjónarmið sem lá að baki mínum ummælum um þetta atriði.

[16:13]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jón Helgason) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil sannarlega vona að þau mál verði ekki svo mörg sem verði leitað álits á hjá hinum fjarlæga dómstóli að það hafi raunverulega mikil áhrif á málafjöldann í Hæstarétti á hvorugan veginn þannig að það sé ekki atriði sem eigi að skipta máli í þessu sambandi.

Ég vil aðeins minnast á það sem hæstv. ráðherra sagði í sinni fyrri ræðu að sú brtt. sem 2. minni hlutinn leggur til í sambandi við kostnaðinn, kunni að leiða til þess að það verði meira um álitsbeiðnir en ég held að það séu engin rök fyrir því þar sem í brtt. er beinlínis tekið fram að sá réttur að þurfa aldrei að greiða nær aðeins til þeirra sem ekki óska eftir beiðninni. Samkvæmt tillögu okkar losna menn ekki undan greiðsluskyldunni ef þeir bera fram álitsbeiðni þannig að það eru engin rök fyrir þessari fullyrðingu.

[16:14]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þetta frv. vera ákaflega sorglegt. Það sýnir átakanlega mikinn aumingjaskap. Sem aðilar að Evrópsku efnahagssvæði verðum við, hvort sem okkur líkar betur eða verr, að undirgangast þær skuldbindingar sem við illu heilli tókum að okkur með því að samþykkja aðildina. Þar er um að ræða framsal á valdi sem alveg tvímælalaust samrýmist ekki íslensku stjórnarskránni þó að menn hafi látið sig hafa það að samþykkja EES-samninginn og kyngt því. Það eru náttúrlega ákaflega sóðaleg vinnubrögð og mikið áhyggjuefni.

En það er ekki nóg með það að við tökum á okkur þær skyldur sem aðildin að Evrópsku efnahagssvæði leggur okkur á herðar. Í þessu frv. er gengið talsvert miklu lengra en samningurinn gerir kröfu til. Það er ekki látið nægja að Hæstiréttur taki við fyrirmælum eða leiti ráðgjafar eins og þarna er svo smekklega orðað en jafnframt tekið fram að sú ráðgjöf muni náttúrlega ráða hinum endanlega dómi þannig að þetta er alger kálfsrófuleikur sem hæstv. dómsmrh. hefur haft hér í frammi og það er engan veginn sem hér er um forsvaranlegar vinnureglur að ræða. Og þegar úrskurður EFTA-dómstólsins verður hinn endanlegi dómur þá er að sjálfsögðu löggjafarvaldinu afsalað úr landi.

Í þessu frv. er sem sagt héraðsdómi svo og félagsdómi heimilað að leita álits EFTA-dómstólsins og það er alger óþarfi samkvæmt EES-samningnum. Hv. 2. minni hluti hv. allshn. hefur gert glögga grein fyrir þessu í nefndaráliti og í ágætri ræðu gerði hv. 2. þm. Suðurl. Jón Helgason glögga grein fyrir málinu og ég þarf svo sem ekki miklu við það að bæta. En ég vil þá láta þess getið að utanrmn. skoðaði þetta mál eftir að allshn. skilaði áliti og við fengum á okkar fund Markús Sigurbjörnsson úr háskólanum en það kom ekkert fram á þeim fundi utanrmn. að mínum dómi sem hnekkti þeirri niðurstöðu sem 2. minni hluti hafði komist að í allshn. Röksemdin að verið sé að létta á Hæstarétti með því að vísa málum strax fyrir héraðsdómi til EFTA-dómstólsins finnst mér ekki vera sterk.

Það sem þarna er að baki er það að menn vilja fremur nota EFTA-dómstólinn en Hæstarétt Íslands. Menn vilja heldur láta EFTA-dómstólinn dæma meira en minna. Þeir treysta betur EFTA-dómstólnum en Hæstarétti Íslands og þeirra þjóðernishyggju, þeirra sjálfstæðisþrá er svo komið að þeir vilja heldur hlíta lögsögu útlendinga en Íslendinga. Þetta finnst mér alveg forkastanlegt sjónarmið og hryggilegt að horfa upp á jafnágætan mann og hæstv. dómsmrh. halda svona sjónarmiðum fram.

Það er verið að tala um það að Hæstiréttur hafi mikið að gera. Það er að vísu rétt og hæstaréttardómarar hafa tekið sér yfirvinnugreiðslur vegna þess að þeir hafa svo mikið að gera. En ég held að okkur væri sæmra að bæta þá starfsaðstöðu Hæstaréttar þannig að hann gæti sinnt þeim störfum sem honum er ætlað samkvæmt íslenskum lögum. Ég vil gjarnan að Hæstiréttur komist í betra húsnæði. Ég er hins vegar ekki að mæla með því að byggja þetta ferlíki sem mönnum hefur dottið í hug hér uppi á Arnarhól á bílastæði Arnarhvols. Þar finnst mér ekki vera rétti staðurinn fyrir húsið, a.m.k. ekki af þessari stærð, en það er vafalaust hægt að finna hentugri stað í borginni eða hentugt húsnæði hér í borginni þar sem hægt er að útbúa viðunandi starfsaðstöðu fyrir Hæstarétt.

Á sínum tíma hafði ég og lét í ljósi efasemdir um þá nýskipan að fjölga dómendum í Hæstarétti. Með þessari fjölgun dómenda óttaðist ég að samfellan í dómum Hæstaréttar mundi raskast. Þetta var gert þrátt fyrir það og grunur minn hefur frekar styrkst en hitt á þeim reynslutíma sem kominn er. En Hæstiréttur hefur verið stækkaður, þ.e. það hefur verið fjölgað dómendum í Hæstarétti nú þegar. Ég sé ekki mikla annmarka á því úr því að á annað borð var farið að fjölga dómendum þó að þeim sé fjölgað eitthvað meira. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir að það verður miklu dýrara að reka mál fyrir dómstóli EFTA heldur en fyrir íslenskum dómstólum þannig að kostnaður við það að bæta aðstöðu Hæstaréttar er minni en sá kostnaður sem af því hlytist að senda málin út. Mér finnst að við eigum að reyna að búa að Hæstarétti og íslenska dómskerfinu þannig að það geti unnið skilvirkt og öruggt og ábyggilegt starf og við eigum ekki að vera að reiða okkur á það að útlendingar taki af okkur ómakið og dæmi okkur. Það er hörmulegt upp á að horfa þann aumingjaskap sem birtist í lagasetningu eins og þessari.

Það er auðvitað þarfleysa líka að setja félagsdóm undir þessi ákvæði. Ekki er það gert í Finnlandi, reyndar ekki Danmörku heldur, og ef Finnar komast upp með það því skyldum við ekki gera það líka?

Mér er það ljóst að Alþingi er tilneytt að samþykkja hluta þessa frv. Alþingi er ekki lengur frjálst í löggjafarstarfi sínu. Það er líka stjórnarskrárbrot en þetta frv. gengur sem sagt miklu lengra en skyldur okkar við Evrópskt efnahagssvæði bjóða og það er rangt að mínum dómi að vinna svo. Ég er alfarið á móti þeim undirlægjuhætti sem birtist í þessu frv. Við eigum að hafa manndáð til þess að reka okkar eigin mál innan lands og fá þau dæmd af íslenskum dóm-

stólum eftir íslenskum lögum.

Okkur hefur ekki á undanförnum öldum orðið það neinn gæfuvegur að óska eftir erlendri íhlutun í dómsmál á Íslandi. Hér fyrr í kaþólskunni komust menn að þeirri niðurstöðu að þar sem greindi á mannalög og guðslög þá skyldu guðslög ráða og við erum komin í svipaða stöðu nú, þar sem greinir á íslensk lög og evrópskar réttarvenjur eða hugdettur þá skulu hugdettur útlendinganna vera æðri íslenskum lögum.

Í stjórnarskránni er það skýlaust tekið fram í 2. gr. að Alþingi og forseti Íslands fari saman með löggjafarvaldið. Í 61. gr. stjórnarskrárinnar er það skýlaust tekið fram að dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum og þar er að sjálfsögðu átt við íslensk lög. Bæði þessi atriði eru brotin og hvorugt þeirra samræmist samningunum um Evrópskt efnahagssvæði, því miður. Ég er alfarið á móti þeim atriðum þessa frv., frú forseti, sem ganga lengra en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði neyðir okkur og ég tel að við Íslendingar eigum að hafa þann metnað að stjórna okkur sjálfir.

[16:26]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Mér þykir hlýða við upphaf máls míns að nefna það að hér í þingsal er hvorki frsm. annars hluta allshn. sem ber þetta mál fram né heldur sá ráðherra sem málið heyrir undir og ég tel það algert lágmark að þessir fulltrúar ríkisstjórnarmeirihlutans sitji undir umræðum og óska þess að þessu sé komið á fram færi. (**Gripið fram í:** Þeim er nú hjartanlega sama um hvað við segjum.) Það skiptir nú engu máli, hv. þm.

(**Forseti** (SalÞ): Þannig háttar til að hæstv. dómsmrh. þurfti að bregða sér frá, til fundar í ráðuneyti hans, þar sem beðið var eftir honum. Hann gerir ráð fyrir því að verða kominn hingað aftur kl. fimm. En forseti tók ekki eftir hvaða aðra hv. þm. ræðumaður var að biðja um.)

Ég nefndi hv. talsmann annars hluta allshn.

(**Forseti** (SalÞ): Hv. 6. þm. Reykv. er í húsinu og forseti skal gera henni viðvart.)

En ég tel ekki fært að ræða þetta mál hér að dómsmrh. fjarstöddum, ekki af minni hálfu þar sem málið heyrir undir hann.

(**Forseti** (SalÞ): Hv. þm. telur sig ekki geta hafið sína ræðu. (**HG:** Alls ekki.) Þá er hér á mælendaskrá hv. 5. þm. Vestf. Það mætti þá athuga hvort hann væri tilbúinn að nota tímann og taka til máls og mun forseti athuga það. En að öðru leyti er auðvelt að gera hv. 6. þm. Reykv. viðvart.)

Virðulegi forseti. Ég tel það vera á valdi hæstv. dómsmrh. hvort hann er við umræðu um málið eða ekki, þ.e. hann verður að gera upp við sig hvort hann vill að þetta mál sé rætt í þinginu, umræða geti haldið áfram eður ei. En meti hann störf uppi í ráðuneyti meira en það að vera viðstaddur umræðuna þá er það hans mál, en ég tel ekki viðeigandi að í máli sem þessu sé sá ráðherra fjarstaddur og raunar enginn einasti ráðherra viðstaddur þegar umræða svo alvarlegt mál sem þetta fer hér fram.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti var búin að gefa þá skýringu að hæstv. dómsmrh. þurfti að bregða sér aðeins frá í hálftíma eða svo, sagðist mundu reyna að fylgjast með því sem hér gerðist í ráðuneytinu en gat ekki komist hjá því að skjótast þangað stutta stund og mun koma aftur um fimmleytið. En ef hv. þm. óskar eftir því að fresta ræðu sinni þá mun forseti reyna að leita eftir því að aðrir hv. þingmenn sem eru á mælendaskrá nýti tímann og flytji sitt mál. Hér er kominn hv. 6. þm. Reykv. í salinn og er þá væntanlega tilbúin til að fylgjast með og hlusta á umræður.)

Virðulegur forseti. Ég vek athygli hæstv. forseta á því að þessi umræða um stjfrv. fer hér fram án þess að nokkur einasti ráðherra sé viðstaddur í þingsal.

[16:30]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér var það satt að segja ekki ljóst að hæstv. dómsmrh. væri farinn úr húsinu. Ég hefði gert athugasemd við það ef mér hefði verið það ljóst þegar ég flutti ræðu mína. Ég taldi bara víst að hann væri hér í hliðarherbergjum ellegar þá í kaffistofu þar sem hann gat fylgst með umræðum og því gerði ég ekki athugasemdir. Ég tel hins vegar algerlega fráleitt að hugsa sér að halda áfram þessum umræðum og bjóða þingmönnum upp á það að flytja mál sitt að hæstv. dómsmrh. fjarstöddum. Og ég vil gera það að tillögu minni að þessu máli verði frestað þangað til hæstv. dómsmrh. sér sér fært vegna annarra starfa að vera viðlátinn í umræðuna og standa þar fyrir máli sínu. Þetta er mál sem er ákaflega vont og ég svo sem skil hæstv. dómsmrh. þó hann kæri sig ekkert um að sitja hér undir ákúrum fyrir verk eins og þetta sem hér er verið að vinna. Það er ábyggilega ekkert skemmtilegt að vera dómsmrh. í ríkisstjórn í lýðveldinu Íslandi og leggja fram og þurfa að verja eða finnast hann þurfa að verja frv. sem er þvílíkur óskapnaður eins og þetta. Og ég legg til, frú forseti, að málinu verði frestað þar til annaðhvort síðar á fundinum að dómsmrh. geti verið við eða þá til annars fundar og eitthvað annað sem hér er á dagskrá tekið fyrir á meðan.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill ítreka það sem hún sagði hér áðan að dómsmrh. skýrði forseta frá því einmitt meðan hv. þm. var að flytja sína ræðu að hann þyrfti nauðsynlega að bregða sér frá, fara upp í ráðuneyti og mundi koma til baka um fimmleytið þannig að það má ekki ætla að ástæðan sé önnur en þessi.

[16:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Forseti. Ég vil láta það koma fram af því að ég er hér á mælendaskrá og kannski næstur eða þar næstur að mér er ekkert að vanbúnaði að flytja mitt mál. Hins vegar tek ég undir það sem fram kom hjá hv. þm. Páli Pétursyni að það er rétt og eðlilegt að hæstv. dómsmrh. verði hér viðstaddur mál manna. Ég vil auk þess benda á að ég hef hugsað mér að beina fsp. til hæstv. utanrrh. vegna skjals sem allshn. hefur verið sent um væntanlegar starfsreglur EFTA-dómstólsins en

það skjal er sent frá dómstólum til hæstv. utanrrh. í nóvember sl. Ég tel því, virðulegi forseti, að hæstv. utanrrh. verði hér, tel það eðlilegt og óska eftir að svo verði og úr því að hæstv. dómsmrh. vantar um stund tel ég það vel ráðið að umræðu verði frestað þar til þeir eru báðir komnir.

[16:34]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka undir það að það er mjög óeðlilegt að ræða þetta mál án þess að dómsmrh. sé viðstaddur og raunar hefur hér verið spurt um fleiri ráðherra. Ég vil einnig vekja athygli á því að hér er a.m.k. ekki í salnum neinn ráðherra ríkisstjórnarinnar og þó svo að frestað væri þessu máli, sem ég tel mjög eðlilegt þar sem ósk hefur borist um að ráðherrar væru hér við, þá er næsta mál á dagskrá hafnamálafrv. og mér sýnist ekki heldur að hæstv. samgrh. sé hér í salnum þannig að ég sé þá ekki að frekar sé hægt að ræða það. Hann var þó við þegar hafnamálafrv. var rætt síðast en þá var þeirri umræðu ekki lokið þannig að ég mundi fara þess á leit við forseta að það yrði tekið tillit til þessara beiðna þingmanna.

Umræðu frestað.

Hafnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 215, nál. 394 og 528, brtt. 395.

[16:44]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hæstv. samgrh. sjái sér fært að vera við þessa umræðu því að ég þarf aðeins að eiga við hann orðastað vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram og þeirrar vinnu sem átt hefur sér stað nú í vetur í samgn. þingsins. Ég vænti þess að hann heyri mál mitt þó að ég sjái hann ekki hér, hæstv. ráðherra, en ég vildi byrja á því að segja honum að ég kunni illa við það þegar við ræddum þetta mál síðast, ég man nú ekki alveg hvaða dag það var í síðustu viku, skiptir ekki meginmáli, en ég skynjaði það svo að hann væri hér með hálfgerð ónot út í okkur minni hluta nefndarinnar og talaði í þeirri tóntegund sem ég á erfitt með að sætta mig við. Ég vil segja hæstv. ráðherra að það sé ekki maklegt að víkja þannig að okkur minni hluta samgn. vegna þess að staðreynd mála er sú að við höfum verið iðnir við það í allan vetur og sótt dyggilega fundi samgn. og gert það raunverulega mögulegt að þessi nefnd þingsins, samgn. þingsins gæti starfað vegna þess að oftast hefur það verið svo að það hefur verið minni hlutinn eða þingmenn stjórnarandstöðunnar sem hafa fyllt fundaherbergi samgn. ásamt formanni nefndarinnar. Ég vil nú koma því vinsamlega á framfæri við hæstv. ráðherra að hann geri sér grein fyrir því að það mundi miða skammt að koma málum hans í höfn ef stjórnarandstaðan hefði ekki hagað sér á þann hátt.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur farið ítarlega yfir þetta mál frá hendi okkar minni hlutans þannig að ég get þess vegna sparað mér þau orðin því að það er ástæðulaust að fara að endurtaka það en ég vildi einnig segja við hæstv. samgrh. að í mínum huga er það engum vafa undirorpið að þetta mál, þetta frv. til hafnalaga, þarfnast svo sannarlega betri yfirferðar og meiri vinnu en þegar hefur farið fram. Það er ekki okkur alþingismönnum bjóðandi að afgreiða þetta mál á þennan hátt eins og það liggur nú hér fyrir Alþingi. Þar eru svo margir óvissuþættir og fjöldi spurninga sem ósvarað er. Við í nefndinni höfum margítrekað spurt um ákveðna þætti er þetta mál varða og ekki fengið svör við, hvort sem það hafa verið nefndarmenn eða þá aðila sem þarna hafa verið kvaddir til og því þarf ráðherra hér og nú að svara og eyða þeirri óvissu sem enn er uppi um þetta mál. Ég held að það væri því skynsamlegast fyrir hæstv. ráðherra að hægja á afgreiðslu málsins og gefa þingnefndinni betri tíma til þess að fjalla um það og ég tel líka að það væri nauðsynlegt að hæstv. ráðherra gerði það einnig sjálfur, kallaði þetta mál inn á borð til sín og legði meiri vinnu í að fara yfir það heldur en ég hef grun um að hann hafi gert þegar ég les frv. (**SJS:** Það er fínt þetta með hlutafélögin.) Það er fínt þetta með hlutafélögin, það er rétt, en það er algerlega nægur tími til þess, hæstv. ráðherra, að afgreiða þetta mál hér út ef meiri hluti er fyrir því fyrir vorið þó að menn mundu hægja á því og sníða af því þá augljósu annmarka sem á því eru.

Stjórn Hafnasambandsins kom á síðasta fund nefndarinnar. Hún tók mjög undir það að nauðsynlegt væri að skoða hér margt betur og það sem kom okkur nefndarmönnum mjög á óvart í þessu var það að stjórn Hafnasambandsins virðist alls ekki hafa verið höfð með í ráðum við smíði þessa frv. Það kom mér mjög á óvart að menn skyldu ganga svo rösklega fram hjá stjórn Hafnasambandsins við þessa smíði. Það má segja sem svo að það hafi verið nægjanlegur mannafli við að semja þetta og það er vissulega rétt. En þessi nefnd var skipuð 28. ágúst 1991 og það er rétt fyrir þingmenn að ég rifji það upp hverjir þetta voru sem sátu í þessari nefnd og unnu þessa lagasmíð. Þar er Árni M. Mathiesen, Guðmundur Einarsson, aðstoðarmaður iðnrh., Hermann Guðjónsson hafnamálastjóri, Kristján Þór Júlíusson bæjarstjóri, Kristján Ragnarsson, formaður Landssambands ísl. útvegsmanna, Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri og Sturla Böðvarsson alþm. og formaður Hafnasambands sveitarfélaga sem jafnframt var formaður nefndarinnar. Nokkuð finnst mér þetta svona við fyrsta yfirlestur án þess að þurfa nú að glugga mikið í kjörskrána að liðið sé nú býsna einlitt. (**KHG:** Það er ekki í kjördæmi hjá þér?) Nei, þó ég fari ekki yfir hana þá þykist ég sjá það, hv. þm., að liðið sé býsna einlitt. En mér finnst það býsna merkilegt, og formaður þessarar nefndar er hv. þm. Sturla Böðvarsson, formaður stjórnar Hafnasambands sveitarfélaga, að það skuli svo koma upp að ekki hafi verið haft samráð við stjórn Hafnasambandsins um þessa smíð. Mér finnst það mjög merkilegt. (**Gripið fram í:** Það þarf margt að íhuga.) Það er rétt, það þarf margt að íhuga og það sýnir okkur betur en margt annað

hversu málið er illa undirbúið.

Nú vil ég biðja hæstv. samgrh. að leggja við hlustirnar. Kannski heyrir hann enn þó ég sjái hann ekki — en til marks um það, hæstv. samgrh., hversu þetta mál er illa unnið að okkur finnst í minni hlutanum er að hvorki meira né minna en um 30 brtt. er búið að gera á þessu frv. og það ekki af minni hlutanum heldur bara af meiri hlutanum. Svo eru menn að tala um að hér sé einhver völundarsmíð á ferðinni. (**Gripið fram í:** Og búið að boða fleiri.) Og búið að boða fleiri. (**TIO:** Hvernig er með minni hlutann, flytur hann engar brtt.?) Minni hlutinn? Jú. Hann flytur þær en það er meiri hlutinn sem er að flytja brtt. við stjfrv. sem eru hvorki meira né minna en yfir 30 talsins og þetta er frv. sem meiri hlutinn er að gorta af og telur hina bestu listasmíð. (**PJ:** Þær eru yfir 20.) Þær eru 26 og búið að boða fleiri, hv. formaður nefndarinnar, Pálmi Jónsson. Það mun því sannast þegar allt kemur til alls að brtt. munu vera yfir 30 við þessa listasmíð sem stjórnarflokkarnir hafa verið að dásama hvað hafi tekist vel til.

Ég hélt líka, hæstv. samgrh., að menn væru orðnir býsna brenndir nú síðustu daga af þeirri umvöndun sem við höfum orðið fyrir hér alþingismenn og kvartað yfir því að við skulum ekki vanda okkur meira við þá lagasmíð sem hér fer fram, að við skulum ekki tala það skýrt að það skiljist hvað Alþingi vill. Þess vegna trúi ég vart öðru en að hæstv. samgrh. beiti sér fyrir því nú og verði við þeirri eindregnu ósk að þetta mál verði skoðað að nýju í ráðuneytinu eða þá a.m.k. að nefndinni verði gefið aukið svigrúm til þess að laga.

Ég vil aðeins víkja að einum þætti þessa máls sem er mjög nauðsynlegt að fá svör við en við höfum ekki fengið í nefndinni og þess vegna vænti ég þess að hæstv. ráðherra gefi okkur greið svör. Það er um þetta sérstaka 25% álag á vörugjaldið sem er náttúrlega ekkert annað en ný skattlagning. Við kippum okkur ekki upp við það þó við verðum vör við að ríkisstjórnin sé að leggja á nýja skatta. Við yrðum frekar undrandi ef við sæjum eitthvert frv. sem ekki boðaði nýja skatta. En það sem verra er er að þessi skattlagning kemur svo misþungt niður að það er óásættanlegt. Þessi skattlagning leggst, hæstv. ráðherra, nú bið ég þig að leggja við hlustirnar einu sinni enn, allt að því þrisvar sinnum og allt upp í fimm til sex sinnum á sömu vöruna. Hvorki meira né minna. Hæstv. ráðherra hefur þá eitthvað breyst ef hann sættir sig við það að íbúar í hans kjördæmi, í Norðurlandskjördæmi eystra, hvort sem þeir búa í Hrísey eða Grímsey eða einhvers staðar annars staðar, þurfi að borga þetta sérstaka álag fimm og jafnvel sex sinnum á sömu vöruna. Þetta er auðvitað algjörlega óásættanlegt. Ég trúi því ekki að það sé meirihlutavilji á Alþingi fyrir því að mismuna fólki jafnfreklega og hér er gert ráð fyrir. Það er algengt að þetta leggist þrisvar til fjórum sinnum á ýmsar hafnir eða á íbúa ákveðinna svæða en það eru líka dæmi um að það gæti gerst svo oft.

Þetta er auðvitað algjörlega óásættanlegt. Ef ríkisstjórnin ætlar sér að fara að leggja slíkan skatt á þá fyndist mér að það hefði verið meiri mannsbragur á ríkisstjórninni að kveða svo á að óheimilt sé að leggja þennan skatt á nema í eitt skipti.

Í 2. lið 11. gr. segir: „Vörugjald af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn, þar á meðal aflagjald sem er vörugjald af sjávarafla sem lagður er á land á hafnarsvæðinu."

Í hvert sinn sem vöru er skipað upp eða um borð leggst þetta gjald á. Það er alveg greinilegt og kveðið skýrt á um að svo skuli vera.

Ég endurtek það að ég vil ekki trúa því að hæstv. ráðherra geti ekki lokið upp augum sínum og séð það misrétti og reyni þá að koma viti í þetta. Auðvitað veit ég að það er ekki hægt að taka skattinn frá þeim. Skattinn verða þeir að hafa. Það er alveg augljóst í þessu sem öðru. Alltaf þarf að vera að leggja á skatta. En mér fyndist þó að þeir gætu gert það og kveðið á um það skýrt og afmarkað að óheimilt sé að leggja þennan skatt nema einu sinni á hverja vörutegund.

Það er líka dálítið merkilegt ef maður fer að hugsa um ferjurnar. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort hann vilji mótmæla því sem ég hef sagt um það hversu þessi skattstofn getur komið misjafnlega niður. Ég spyr enn og ítreka: Er það ekki alveg klárt, eins og stendur í lögunum, að í hvert skipti sem vara fer um borð í ferju, hvort sem það er í Reykjavíkurhöfn eða einhvers staðar annars staðar, þá á að leggja skattinn á og svo aftur þegar varan fer frá borði?

Í lögunum er þetta engin spurning. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er þetta ekki rétt skilið?

Svo segir einnig í 8. gr. frv.: „Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra."

Því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað er hér verið að segja? Hér þarf að tala skýru máli. Hvaða starfsemi tengist starfsemi hafna? Ég spyr: Er það rétt að hér sé verið að tala um útgerð? Er það rétt að hér sé verið að tala um fiskvinnslu? Er það rétt að hér sé verið að tala um fiskmarkaði? Er það rétt að hafnirnar geti líka orðið hluthafar í olíufélögunum? Og ég spyr: Er það líka rétt að hafnirnar geti orðið aðilar að skipafélögum? Geta þá hafnirnar orðið t.d. hluthafar í Eimskipafélagi Íslands? Er það meiningin?

Ég get ekki skilið þetta öðruvísi en að svo sé. En ég segi það enn og aftur að hér verða að liggja fyrir algjörlega skýr ákvæði um þetta. Við hverja er átt? Það er í mínum huga mjög óljóst að orða þetta á þann hátt að segja að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Þetta getur held ég ekki verið óákveðnara, hæstv. ráðherra.

Það segir einnig í 14. gr.: „Hafnarsjóðir skulu undanþegnir hvers konar sköttum til sveitarsjóða."

Ef þetta nær allt fram, ef draumur ráðherrans verður að veruleika og frv. verður samþykkt, þessi listasmíð, langar mig að spyrja hæstv. ráðherra: Liggur það ekki alveg ljóst fyrir hvernig verður farið með skattalega meðferð þessara fyrirtækja? Er ekki búið að kryfja það mál algjörlega til mergjar þegar þessi fyrirtæki fara að verða til? Það væri gaman að spyrja hæstv. ráðherra að því og fá svör við því hvað sérfræðingar ráðuneytisins í skattamálum hafa sagt um þann þáttinn. Mér sýnist að hér sé vakin upp æðimikil óvissa, svo ekki sé meira sagt.

Ég þarf ekki að segja mikið meira í bili um þetta vegna þess að yfir þetta hefur verið farið mjög vel af öðrum fulltrúum í nefndinni, eins og ég sagði, hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og öðrum sem hafa talað og get því lokið máli mínu. En ég endurtek samt að ég skora á hæstv. ráðherra að íhuga það hvort ekki sé rétt að setja frekari vinnu í þetta mál til þess að það liggi ljósar fyrir hvað hér er verið að fara. Ég fullyrði að menn eru ekkert að falla á tíma í því máli. Við höfum nægan tíma til þess að fara betur yfir þetta mál þannig að það nái afgreiðslu fyrir vorið. Ég sé ekki að það liggi svo rosalega á að Reykjavíkurhöfn geti orðið hluthafi í Eimskipafélaginu að það þoli ekki að bíða til vorsins. Ég get ekki ímyndað mér annað. Ég segi líka það sama með þá Norðurlandskjördæmi eystra. Ég get ekki ímyndað mér annað en að þeir — ég vil a.m.k. gjarnan geta unnt þeim þess að bíða með það eitthvað aðeins lengur að þurfa að borga þetta gjald, þetta sérstaka álag, fimm eða sex sinnum á meðan þeir sem hér eru þurfa aðeins að borga það einu sinni. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að koma hér upp á eftir mér og svara þessum spurningum skýrt og skilmerkilega.

[17:03]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á svolítið erfitt með að skilja það hvernig hv. þm. hugsar sér að vörugjald leggist fimm eða sex sinnum á sömu vöruna. Það er eitthvert jó-jó í því sem erfitt er að skýra nema hugmyndin sé með því að tala um flóabáta á borð við Akraborgina. Bílstjórar véruflutningabíla telja það hagræði að taka Akraborgina fremur en að aka fyrir Hvalfjörð sem hefur engin áhrif á flutningsgjaldið. Það er því einhver misskilningur að það lendi að síðustu á neytanda heldur hlýtur það að koma inn í mat flutningabílstjórans hvernig hann telur skynsamlegast að komast fyrir Hvalfjörð.

Á hinn bóginn er hv. þm. það fullkunnugt að formaður nefndarinnar hefur boðið það fram að nefndin hittist milli 2. og 3. umr. til að ræða sérstaklega um álagningu vörugjalds með ferjum þannig að ekki þarf um það að ræða. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að hafnargjöldin leggjast á vörurnar ef vörunum er skipað upp á ákveðnum höfnum. Þá leggjast hafnargjöldin á í hvert skipti og eins ef umskipun á sér stað. Það er því ekkert sérstakt með vörugjöldin í því sambandi.

Í sambandi við það að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra hygg ég að það mál sé mjög rætt í samgn. Höfundar frv. töluðu sérstaklega um fiskmarkaði en auðvitað er sjálfsagt að það verði skilgreint nánar í reglugerð.

[17:05]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir að gefa sér tíma til að koma hér upp en auðvitað svaraði hann engu að því sem ég spurði um öðru en því að við mundum skoða þetta í nefndinni. Það er akkúrat það sem ég hef verið að tala um. Við gerum það og ég skil þá hæstv. ráðherra á þann hátt að nefndin hafi rýmri tíma en mér hefur skilist hingað til að nefndin gæti fengið til þess að starfa að þessum málum. Það liggur ekkert fyrir um það og ég get ekki ímyndað mér að það sé meiningin að nefndin sjálf fari að skilgreina hvaða fyrirtæki hér er átt við. Ég held að það hljóti að vera ljóst að við verðum að tala skýrt í þessu máli. Hvers konar fyrirtæki er átt við? Hæstv. ráðherra nefndi fiskmarkaðina. Er verið að tala um útgerð? Er verið að tala um fiskvinnslu? Er verið að tala um olíufélög sem vissulega tengjast höfnum? Er verið tala um flutningaskipafélag? Ég nefni t.d. Eimskipafélagið sem líka tengist höfnum.

Því er hins vegar líka alveg ómótmælt hjá hæstv. ráðherra að þetta vörugjald geti lagst svona oft á. Hann segist ekki skilja það en það er hins vegar alveg staðreynd, hæstv. ráðherra, og það kom meira að segja fram hjá fulltrúum Hafnasambandsins að þessar tölur sem ég hef verið hér að nefna eru hárréttar vegna þess hvernig umskipun fer fram. Það er tekið í hvert sinn (Gripið fram í.) fimm til sex sinnum, hv. 6. varaforseti þingsins og 2. þm. Norðurl. v. Það er alveg hárrétt og mér gefst nægur tími til að skýra fyrir hæstv. formanni nefndarinnar á nefndarfundum og það skal ég gera, hvernig þetta getur lagst fimm eða sex sinnum á sumar hafnir og það í kjördæmi hæstv. ráðherra. **(Gripið fram í:** Ekki á hafnir.) Á fólkið á stöðunum. Auðvitað var það rétt athugasemd hjá höfundum frv. Þetta er ekki skattlagning á hafnirnar heldur á fólkið.

[17:07]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir var samið af nefnd sem m.a. áttu sæti í formaður Hafnasambandsins, fulltrúi útgerðarmanna, iðnrh. og Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Dalvík. Það komu ýmsir að því að semja þetta frv. Ég taldi eðlilegt að þingmenn tækju frv. til athugunar og hef ekki verið með forskriftir að brtt. um það enda hefur oft verið talað um að ráðherrar eigi að vera óhræddir við það að nefndir fjölluðu efnislega um frv. sem mér heyrðist hv. þm. vera að finna að áðan og vera óánægður yfir því að meiri hlutinn skuli fallast á breytingar á frv. Þetta var ekki lagt fram til þess að það yrði endilega samþykkt óbreytt. Það er mikill misskilningur. Þvert á móti hefur verið um það rætt og stóð alltaf til að samgn. tæki frv. til efnislegrar meðferðar. Hið sama á raunar við um frv. til nýrra vegalaga sem liggur fyrir samgn.

Ég átta mig ekki á því hvernig honum tekst að tala um að vörugjaldið leggist sex sinnum á, held ég að hann hafi sagt. Hann hugsar sér væntanlega að viðkomandi vara komi til Hafnarfjarðar, sé sett upp á bíl og fari með ferju upp á Akranes og ferju yfir Breiðafjörðinn, sennilega svo með strandskipi til Ísafjarðar og svo með ferjunni inn Ísafjarðardjúpið eða eitthvað svoleiðis. Þetta er auðvitað hinn mesti útúrsnúningur og undarlegt að hv. þm. skuli vilja hafa hann í frammi. Óskiljanlegt satt að segja því auðvitað er ekki um það að ræða. Þar að auki eru ferjurnar og rekstur þeirra í mikilli samkeppni við véruflutninga á landi ef við tökum Akraborgina sem dæmi. Eins og ég sagði áðan þá er hún í samkeppni við Landflutninga og verður að líta á flutningskostnaðinn með það í huga.

[17:10]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þurfum ekki að vera að þessu orðaskaki hér. Ég vil bara ítreka að það stendur sem ég hef sagt. Ég var ekki að tala um Vestfirði, hæstv. ráðherra, ég var að tala um kjördæmi hæstv. ráðherra sjálfs. Það er staðreynd að þetta gjald getur lagst allt að fimm til sex sinnum á vöruna. Mér er sama hvað hæstv. ráðherra hristir höfuðið ótt og títt, hann má passa að meiða sig ekki, en þetta er engu að síður staðreyndin og þetta mun koma fram. (**Samgrh.:** Af hverju rekur þingmaðurinn það ekki?) Ég gæti gert það. Ég vona að hæstv. ráðherra sé það ljóst að t.d. oft og tíðum þegar vara kemur til landsins þá er henni ekki skipað upp í Reykjavík. Það kom mér býsna mikið á óvart þegar fulltrúar Hafnasambandsins upplýstu nefndarmenn um að það væri. Það kemur oft fyrir að vöru er skipað upp í Hafnarfirði. (**Samgrh.:** Jafnvel á Akureyri.) Við skulum bara taka Hafnarfjörð. Síðan er henni ekið til Reykjavíkur. Þar er henni skipað út í skip til þess að fara með út á land. Þarna er komið tvisvar sinnum. Þegar henni er skipað upp aftur úti á landi, hvar sem það er, hvort sem það er Ísafjörður, Akureyri eða einhver annar staður, þá er aftur tekið af henni gjaldið. Þá er það komið þrisvar sinnum. Svo fer hún aftur um borð í skip. (**EgJ:** Nei.) Nei, það er nú hart þegar dreifbýlisþingmenn vita ekki einu sinni að svo tíðar ferðir með vöruflutninga gerast. Meira að segja gerist það í kjördæmi hv. þm. Egils Jónssonar. Þetta er því alveg á tæru, hæstv. ráðherra. Svona gerist þetta. (**EgJ:** Þetta gerist ekki nema hv. þm. eigi skip. Svona vitleysa gerðist ekki nema hv. þm. ætti skipið sjálfur.) Ég á ekki skip en mér sýnist að frekar væri ástæða til þess að ætla að höfundar frv. og ríkisstjórnin mundu ætla sér að eiga skip til að hafa eitthvað út úr þessu. En það er ekki meiningin því að það eru ekki þeir sem borga skattinn. Það eru íbúar viðkomandi svæða, hv. formaður nefndarinnar, og það hélt ég að honum væri ljóst.

[17:12]

Guðmundur Hallvarðsson:

Frú forseti. Það er athyglisvert að sjá að frá meiri hluta samgrn. kemur brtt. varðandi skattalega meðferð frv. sem áður hefur verið bent á þegar frv. var lagt fram fyrir ári síðan. Í nál. meiri hluta segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Lagt er til að fellt verði niður ákvæði um að hlutafélög geti orðið eigendur hafna samkvæmt lögum þessum. Þetta er gert vegna þess að eigi fengust skýlaus svör við því hver yrði staða hafna í eigu hlutafélaga gagnvart skattalögum."

Á þetta hefur verið bent áður og m.a. af þeim sem hér stendur í ræðustól og er gott að nefndin tók á þessu.

Varðandi það frv. sem hér liggur fyrir vildi ég gera athugasemdir við nokkur atriði. Í fyrsta lagi við 2. gr. í sambandi við skipan fulltrúa samgrh. sem eiga að sitja í þessu svokallaða hafnaráði, en þeir aðilar hafa skipunartíma jafnlangan og ráðherra sem er í hæsta máta óeðlilegt ef horft er á hafnir landsins með tilliti til þess að hér er um þjóðarhagsmuni að ræða en ekki svo pólitíska eins og kemur fram í þessari grein.

Það er hins vegar líka varðandi 10. gr. Þar segir: „Ráðherra setur samkvæmt lögum þessum að fengnum tillögum eigenda hafna reglugerð fyrir hverja höfn." Mér heyrðist það koma fram hjá formanni meiri hluta samgn. sem hafði framsögu um málið þegar hann ræddi um 10. gr. en það var ekki nógu skýrt sem kom fram í hans ræðu og ég vildi gjarnan fá það staðfest að þær breytingar sem þeir leggja til megi skilja sem svo að þar eigi að setja eina reglugerð fyrir allar hafnir landsins. Þá spyr ég nefndina: Gerir þá nefndin engan greinarmun á því hvort það er höfn sem er rekin án ríkisstyrkjar eða allar hinar hinar sem ríkisstyrks njóta og eiga að vera undir forsjá hafnaráðs?

Ég tel mjög nauðsynlegt, virðulegi forseti, að fá á hreint hvað þarna er átt við vegna þess að jafnvel þó litið sé til ríkisstyrktra hafna er starf þeirra svo misjafnt, fjárhagsleg geta og stjórnunarþátturinn með sérstökum hætti og mismunandi að það er ekki eðlilegt ef það er meining nefndarinnar að búa út eina reglugerð fyrir allar hafnir.

Í 11. gr. er tvítalað um vigtargjöld og það kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir. Annars vegar er talað um gjöld sem menn skulu greiða fyrir afnot af höfnum og þar er í d-lið talað um vigtargjöld af öllum sjávarafla. Síðan segir í 7. lið þessarar sömu 11. gr.: „Ýmis þjónustugjöld, svo sem fyrir vigtun o.s.frv." Ég vildi gjarnan fá að vita hvar menn ætla þessu stað því að ég veit ekki betur en í þeim lögum sem hafnir búa við í dag sé vigtun undir þjónustugjöldum en falli ekki undir skipagjöld.

Þá er í 13. gr. athyglisverð setning sem búin er að standa um nokkuð langan tíma en allt of lítill gaumur verið gefinn að. Þar segir m.a. þegar talað er um gjaldskrá hafna:

„Skal gjaldskráin við það miðuð að tekjur hafnarsjóðanna standi almennt undir rekstri og hæfilegu fjármagni til nýbygginga."

Nú er það svo að á a.m.k. einum 3–4 höfnum landsins er verulegt umfang vegna vöruflutninga og þær hafnir standa nokkuð þokkalega undir þeim hluta hafna sem notaður er vegna vöruflutninga, en hins vegar er augljóst að fiskihafnir standa engan veginn undir sínum rekstri vegna þess einfaldlega að notendur greiða ekki þau gjöld sem þeir ættu að greiða. Þess vegna er ætlast til að ríkisframlag sé allnokkuð til þessara hafna til þess að þær geti þjónað þeim ásetningi sem þær eru reistar til en nokkuð látið liggja á milli hluta þó að gjaldskráin sé ekki þess eðlis að þeir sem nota þessi mannvirki greiði fyrir þau eins og eðlilegast væri.

Í umræðum um rekstrarstöðu hafna undanfarin ár hefur margoft komið fram að vöruhafnir standi tiltölulega vel en fiskihafnir verr eins og ég sagði áðan. Ástæða þess er að stjórnvöld ætlast til að gjaldtaka í vöruhöfnum taki mið af kostnaði en ekki í fiskihöfnum eða þar sem skipaviðgerðir eru stundaðar og vikist hefur undan að láta notendur fiskihafna greiða rýmilegt gjald fyrir notkun þeirra og óskum hafna um

hækkun aflagjalda verið hafnað.

2. mgr. 13. gr. endar þannig: „..er lög þessi ná til." Er það hugsanlegt að einhverjar hafnir yrðu utan þessara laga? Ef svo er, þá skil ég orðalagið en ef svo er ekki hvers vegna þá þetta orðalag?

Í 15.–20. gr. er fjallað um eftirlitsskyldu Hafnamálastofnunar. Spurningin er: Eiga þessar greinar við þær hafnir sem ekki njóta ríkisstyrks? Eiga þær að vera undir eftirliti Hafnamálastofnunar? Í 18. gr. stendur að ef ágreiningur rísi, þá skuli vísa máli til samgrn. Menn velta vöngum yfir því: Hvaða ágreiningur? Og er þá samgrn. í öllum tilvikum úrskurðaraðili í málinu?

Í 29. gr. er tekið upp mikilvægt nýmæli þar sem stendur að við áætlanagerð og forgangsröðun framkvæmda skal leggja til grundvallar mat á þörf fyrir framkvæmdir í einstökum höfnum, landshlutum og landinu í heild. Ég man ekki betur en samgrh. hafi fyrir ekki löngu síðan boðað nýja stefnu varðandi hafnamál sem byggðist á samtengingu flugvalla, vega og hafna og er það vel. En þó sjá menn ekki teikn á lofti um að það sé veruleg breyting þó boðaðar séu, einkum og sér í lagi ef litið er til þessa frv.

Í frv. kemur líka fram ákvæði þess efnis að upptökumannvirki, slippar, muni nú fá hærri styrk úr Hafnabótasjóði en áður hefur verið, þ.e. framlagið muni hækka úr 40 upp í 60%. Í samþykktum Hafnasambands sveitarfélaga hefur þessu ákvæði verið mótmælt og eflaust hafa nefndarmenn heyrt þeirra skoðanir. Þá vaknar sú spurning hvers vegna. Það hlýtur að vakna sú spurning um uppbyggingu skipaviðgerðar eða e.t.v. spurning um iðnþróun frekar en hafnargerð. En ef sú leið er valin að ríkið leggi fram fé til skipaviðgerða gegnum framkvæmdastyrki til hafna vaknar einnig spurning um hvort þá eigi við skerðingarákvæði um ríkisframlag samkvæmt 27. gr. en í 2. mgr. þeirrar greinar stendur að við mat á greiðsluþátttöku ríkissjóðs í einstökum verkefnum skuli taka tillit til fjárhagslegrar getu hafnarsjóðs til að standa undir nauðsynlegum hafnarframkvæmdum.

Nú vitum við það að í kjördæmi hæstv. samgrh. er skipaverkstöð sem hefur hug á því að kaupa svokallað „flotdokk". Það hefur komið fram í fréttum að þetta mannvirki muni kosta rúmar 100 millj. Þýðir það að Hafnabótasjóður muni styrkja kaup á þessari flotkví um 60 millj. kr.? Mér þætti vænt um að fá svar við því hjá ráðherra eða formanni nefndarinnar hvort sú styrkveiting gæti hugsanlega farið fram. Kannski er búið að ræða það einhvers staðar þó að það hafi ekki komið fram í þessum sölum hér hvort það sé búið að ræða það að Slippstöðin á Akureyri, eða þeir kaupendur sem eru að kaupa þessa flotkví, megi eiga von á því vegna þessara breyttu laga að fá 60% styrk vegna kaupa á flotkvínni eins og breyting á þessum lögum gerir ráð fyrir.

Það hlýtur líka að vakna sú spurning ef Stálsmiðjan í Reykjavík ætlar að endurnýja sína dráttarbraut fyrir 100 millj. Það fyrirtæki er algerlega óháð Reykjavíkurhöfn og ekki í neinum tengslum við hana. Mundi slíkt fyrirtæki fá 60% úr Hafnabótasjóði sem styrk eða þyrfti Reykjavíkurhöfn að gerast meðeigandi í Stálsmiðjunni til þess að slíkt yrði? Yrðu Reykvíkingar að sækjast mjög eftir því að ríkið gerðist eignaraðili að því fyrirtæki eins og það snýr að þessari ágætu skipaverkstöð á Akureyri?

Ég ætla ekki að hafa orð mín mikið lengri. Ég sé að það hefur orðið breyting á þessu 25% álagi hér. Nefndin gerir ráð fyrir því að það lækki niður í 20% ef ég skildi framsögumann rétt þegar hann talaði um þetta gjald þá þetta mál lá síðast fyrir hinu háa Alþingi. Það er af hinu góða og færi betur ef það yrði afnumið alfarið.

En það sem tengist þessu er að fram kemur heimild samgrn. til þess að hafnir megi veita verulegan afslátt. Það stangast hins vegar á við þær hugmyndir sem menn hafa haft um ríkisframlag til hafna. Getur einhver einstök höfn úti á landi sem er í samkeppni við aðra ekki fjarri — tökum t.d. Eyjafjarðarsvæðið eða Vestfirðina — gætu tvær hafnir þar farið í harða samkeppni um afslátt og jafnvel tekið lítið sem ekkert gjald af skipum sem kæmu inn í þær hafnir en sótt svo að fullu um ríkisframlag vegna viðhaldsviðgerða eða endurbóta? Hvar eru takmörkin? Hvar ætla menn að takmarka afsláttinn sem ríkisstyrktar hafnir mega veita?

Það sem stingur í stúf líka er að á sama tíma og þessi ákvæði eru í frv. um heimild til afslátta á gjöldum, þá gildir það ekki við vörugjöldin. Það skal greitt að fullu þannig að þetta togast í tvær áttir. Annars vegar hafa hafnir ekki tilhneigingu til þess að gefa eftir afslætti vegna þess að ríkið ætlar að hirða sitt gjald og heimta sitt gjald að fullu og í annan stað gæti þetta togast út í það óraunverulega að hafnir gæfu eftir slíkan afslátt í svo harðri samkeppni sín á milli að þær stæðu nánast eftir sem rústir einar.

Síðan heyrði ég að frsm. talaði um vegna frv. sem hefur verið lagt fyrir Alþingi um tollfrjálsar verslanir í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri og Seyðisfirði, þá er gert ráð fyrir því að styrkur til hafna gæti líka fallið undir verslun og viðskipti ef svo mætti segja. Styrkur til hafna gæti fallið undir það að byggja þessar tollfrjálsu verslanir. Ef ég er að fara með rangt mál vona ég að ég verði leiðréttur, en ég hef þá misskilið frsm. ef svo er ekki.

Að lokum vil ég endurtaka þá spurningu og ég óska eftir svörum við þeim annaðhvort frá frsm. og formanni samgn. eða samgrh. varðandi það styrkjakerfi sem verið er að tala um til upptökutækja. Ég spyr: Verður veitt 60% fjárframlag úr Hafnabótasjóði vegna fyrirhugaðra kaupa norðanmanna á „flotdokk"? Á Stálsmiðjan í Reykjavík von á því að geta sótt um sams konar styrk? Sé þetta mál ekkert á döfinni hvað snýr að Norðurlandi, þá stendur enn þá eftir sú spurning: Mun Stálsmiðjan í Reykjavík vegna sinna upptökutækja fá 60% styrk úr Hafnabótasjóði til þess að endurnýja dráttarbrautirnar?

[17:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að vekja á því athygli að hér kemur annar stjórnarþingmaður í stól og tætir bókstaflega í sundur þetta frv. þar sem það stangast á við ýmsar greinar og greinilega ekki búið að hugsa til

botns hvernig þetta frv. á að virka. Ég held að einmitt síðasti ræðumaður hafi gott vit á þessum málum vegna fyrri starfa og viti fullkomlega um hvað hann er að tala og ég fagna því að hann skuli hafa komið með þær ábendingar sem hann hefur gert.

[17:29]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær athugasemdir sem hér komu fram frá hv. þm. sem hér talaði síðast hefði hann getað sparað sér ef hann hefði hlustað betur á ýmislegt í mínu máli. Fyrst er varðar 2. gr. Það er altítt að sú skipun sem þar er gert ráð fyrir að sé viðhöfð af hálfu ráðherra og þarf ekki að fara fleiri orðum um það.

Varðandi 10. gr. um eina reglugerð fyrir allar hafnir þá hefur ekki verið til þess ætlast heldur er orðum breytt til þess að gefa kost á að ein reglugerð gildi fyrir tvær eða fleiri hafnir sem standa saman að hafnasamlagi. Ef það væri ein reglugerð fyrir allar hafnir landsins þá væru nokkur atriði sameiginleg en síðan sundurgreint fyrir hverja höfn að öðru leyti.

Varðandi 13. gr. þar sem hann talar um gjaldskrá sem taki til þeirra hafna sem lög þessi ná til þá er það rétt, það eru til hafnir sem lög þessi ná ekki til, t.d. sem eru í eigu hlutafélaga.

Varðandi 18. gr. um ágreining sem ráðherra sker úr þá er svarið já. Ráðherra sker úr ágreiningi sem verða kann sem er mjög sjaldgæft um mannvirki á vegum hafna.

Um styrki til upptökumannvirkja þá hef ég rætt það áður, hér er um hámark að ræða. Hér er ekki um styrk úr Hafnabótasjóði heldur framlag úr ríkissjóði og hvort Stálsmiðjan í Reykjavík geti fengið slíkan styrk til upptökumannvirkja þá þykir mér það mjög ólíklegt. Það yrði þá að vera á fjárlögum og í tengslum við það að Reykjavíkurhöfn og þau upptökumannvirki sem væru í tengslum við hana væru allt í einu farin að njóta styrks sem ekki hefur verið til þessa.

[17:32]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka síðasta ræðumanni fyrir þær upplýsingar sem þó ekki svara öllu því sem ég spurði um. Það mátti skilja hans orð þannig að reglugerðir væru settar fyrir hafnasamlög en síðan ein reglugerð fyrir allar aðrar hafnir.

Varðandi upptökumannvirkin þá þykir mér það mjög sérkennilegt ef Stálsmiðjan í Reykjavík fengi ekki styrki vegna upptökutækja sinna en hann svaraði hins vegar ekki því sem ég spurði um áðan hvað yrði ef „flotdokk" kæmi til Akureyrar, mundi hún þá njóta 60% hámarksstyrks eða lágmarksstyrks hver sem hann er? Mundi þessi ágæta flotkví njóta styrks úr Hafnabótasjóði eða með ríkisframlagi? Eftir þau svör áttar maður sig kannski betur á því að fyrirtæki eins og Stálsmiðjan í Reykjavík sem ekki hefur notið ríkisstyrks og ekki fengið ríkisframlag, t.d. ef við nefnum þessi ágætu tvö skip sem smíðuð voru fyrir Malaví og sérstakt útboð fór þar fram. Slippstöðin bauð lægra vegna þess að þeir höfðu ríkisstyrk á bak við sig sem var kallað einhver upphæð til hagræðingar.

Skipasmíðaiðnaðurinn er allur í molum. Við vitum það. Ágætar undanfarnar ríkisstjórnir hafa lagt sig allt of lítið fram um að styrkja hann og svo á við enn. En ég get fullyrt að Stálsmiðjan í Reykjavík er jafnilla sett eins og allar aðrar skipaverkstöðvar á landinu og þess vegna væri það í hæsta máta óeðlilegt og ósanngjarnt ef það fyrirtæki ætti ekki að njóta ríkisframlags eins og önnur fyrirtæki á þessu sviði.

Útbýting þingskjala:

Rækjukvóti loðnuskipa, 361. mál, fsp. JVK, þskj. 553.

Úthlutun aflaheimilda, 362. mál, fsp. JVK, þskj. 554.

[17:34]

Jón Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég kem hér upp og blanda mér í þessa umræðu aðallega vegna atriða sem fram komu í máli hv. 4. þm. Norðurl. v. og eru það atriði sem snúa einkum að 8. gr. og síðan 14. gr.

Fyrsta mgr. 8. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög eða hlutafélög."

Fram er komin brtt. frá meiri hluta samgn. þar sem lagt er til að orðið hlutafélög falli út þannig að það muni einungis verða sveitarfélög sem geti átt þessar hafnir. Einnig sýnist mér á áliti minni hlutans að hann taki undir þetta. Ef við lítum þannig á að það verði sveitarfélögin sem eigi hafnirnar þá skil ég ekki alveg það sem fram kom í máli hv. þm., þær áhyggjur sem hann hafði yfir því að þær hafnir gætu orðið eigendur eða hluthafar í fyrirtækjum sem tengdust þeirra starfsemi.

Höfnunum er stjórnað eins og fram kemur í þessu frv. af hafnarstjórnum. Þær hafnarstjórnir eru tilnefndar af sveitarstjórnum sem eru eigendur viðkomandi hafna. Ég vil leyfa mér að vona að þetta nái fram að ganga að hafnir eða hafnarsjóðir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum jafnvel þó starfsemi þessara fyrirtækja mundi ekki tengjast starfsemi hafnanna beint. Segi ég þetta vegna þess að víða um land er erfitt atvinnuástand og víða um land er lítið um fjármuni en sums staðar gætu hafnir tekið þátt í fyrirtækjum og lagt til þá fjármuni sem riðið gætu baggamuninn í því að þessi fyrirtæki sem þar um ræðir færu af stað.

Ég vil treysta hafnarstjórnum sem kosnar eru af sveitarfélögum til þess að ákveða það hvort viðkomandi hafnarsjóður á að leggja fjármuni í fyrirtæki eða ekki, að þessar hafnarstjórnir meti það í hverju tilviki fyrir sig hvort hafnarsjóðurinn gerist þar hluthafi.

Í 14. gr. kemur fram að hafnir eða hafnarsjóðir skuli vera undanþegnir sköttum til sveitarfélaga. Ef þannig verður að hafnir munu eingöngu verða í eigu sveitarfélaganna þá væri einungis um að ræða tilfærslu úr einum vasa í annan ef hafnirnar ættu að fara að greiða skatt til sveitarfélaganna sem síðan yrðu að koma þeim fjármunum með einhverjum öðrum hætti til hafnarinnar aftur.

Með því að hafnarsjóður geti lagt fram hlutafé í fyrirtæki þá getur hann, eins og ég sagði áðan, hjálp-

að til við að koma fyrirtækjum á legg í því erfiða atvinnuástandi sem víða er. Þannig að ég ætla að leyfa mér að vona að ekki verði gerð breyting á þessum orðum eins og þau standa þarna og því síður að farið verði að setja mjög þröngar skorður í reglugerð þar sem talinn verður upp einhver ákveðinn flokkur eða ákveðin tegund fyrirtækja sem höfnum er leyfilegt að gerast hluthafar í.

Annað sem kom fram í fyrri umræðu var að ráðherra skuli ákveða með reglugerð að höfðu samráði við eigendur hafna hvort mynduð verði hafnasamlög. Það kom fram í þeirri umræðu í svari hæstv. ráðherra að með samráði, eins og stendur í 8. gr., væri í raun átt við samþykki. Ég vildi aðeins hnykkja á því hér að að mínu áliti eigi hafnarstjórnirnar á hverjum stað að samþykkja ef um það væri að ræða að fleiri höfnum verði steypt saman í eitt hafnasamlag.

[17:39]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum hv. 6. þm. Reykn., Jóns H. Gunnarssonar, vil ég taka það fram að það er kannski ekki alveg rétt skilið að ég hafi haft þungar áhyggjur af þessu, hv. þm., með hlutafélögin að hafnir geti orðið hluthafar í fyrirtækjum með skylda atvinnustarfsemi. Það var ekki bara það að ég hefði áhyggjur af því heldur fremur hinu hvaða fyrirtæki er verið að tala um. Það var það sem ég var að gagnrýna að væri ekki nógu skýrt kveðið á um. Er verið að tala um að hafnir geti orðið hluthafar í fiskmörkuðum? Er verið að tala um að þær geti orðið hluthafar í skipafélögum? Olíufélögum? Hver verður sá aðili sem kveður upp úr með slíkt? Það er þetta sem ég er að finna að að er ekki nógu skýrt kveðið á um og svona eigum við ekki að ganga frá lagasetningu.

Ég vil einnig, af því ég er kominn hér upp, og menn hafa verið að draga það í efa og ekki síst hæstv. ráðherra, um þetta svokallaða 25% álag á vörugjaldið, að ég færi rétt með þegar ég sagði að þetta gæti lagst á allt að fimm til sex sinnum á suma vöruflokka og það í hans kjördæmi. Því vil ég bara nota tækifærið og segja hæstv. ráðherra frá því hvernig þetta gerist. Það gerist þannig að þegar varan kemur til Reykjavíkur þá er lagt á hana gjald. Þegar henni er skipað út frá Reykjavík er gjaldið lagt aftur á. Þegar henni er skipað í land á Akureyri er gjaldið enn lagt á. Þegar henni er skipað um borð frá Akureyri á leið út í Grímsey þá er gjaldið lagt enn og aftur á og þegar varan er tekin í land í Grímsey þá er gjaldið enn og aftur lagt á. Þannig að hér er ég að taka dæmi þar sem þetta vörugjald er fimm sinnum lagt á sömu vöruna í kjördæmi hæstv. ráðherra. Og ætli ég fyndi ekki svipað dæmi í kjördæmi hv. þm. Egils Jónsonar þó hann væri ekki búinn að átta sig á stöðu mála. (**EgJ:** Þú sagðir sex sinnum.) Ég sagði fimm til sex sinnum. Ég gæti tekið það dæmi líka.

[17:42]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 4. þm. Norðurl. v. um það að hann mundi vilja sjá með skýrari hætti hvers konar fyrirtæki það væru sem hafnarstjórnum eða hafnarsjóðum væri heimilt að gerast hluthafar í þá vil ég bara endurtaka það sem ég sagði áðan að ég vona að þessi heimild verði sem opnust til handa hafnarsjóðum og hafnarstjórnum. Hver kveður upp úr um það hvers konar fyrirtækjum þessum sjóðum er heimilt að taka þátt í? Það er hafnarstjórn viðkomandi hafnar í umboði eiganda hafnarinnar sem er sveitarsjóður. Þannig að ég ætla að vona það að hv. þingmenn treysti sveitarstjórnarmönnum í landinu til þess að taka ákvarðanir ef til eru fjármunir í hafnarsjóði, að þeir treysti þá sveitarstjórnarmönnunum kringum landið til að taka ákvörðun um það hvort verja eigi þeim peningum með beinum hætti til atvinnuuppbyggingar í gegnum hafnarsjóðina. Að hafnarsjóðirnir hafi þessa heimild og þeir hafi hana sem opnasta því sá sem kveður upp úr með það eru sveitarstjórnarmennirnir heima í héraði hvers konar fyrirtækjum hafnarsjóðir taka þátt í.

[17:43]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem bara upp til að undirstrika það sem ég sagði áðan. Við erum ekki að deila, hv. 6. þm. Reykn. og ég, við erum ekki að deila. Málið er ekki skýrt. Hv. 6. þm. Reykn. vill hafa málið opið upp á gátt, að það geti allir komið inn, en samkvæmt þessu frv. er það bara ekki svo. Það geta ekki allir komið inn vegna þess að það segir í lögunum „með skylda starfsemi". Og því spyr ég og ég vona að hv. 6. þm. Reykn. sé mér sammála að um það má auðvitað lengi deila hvað menn eru hér að tala um með skylda starfsemi. Því spyr ég: Er það ekki klárt að við getum sagt að fiskmarkaðir séu skyld starfsemi? En er það jafnöruggt að olíufélög eða Eimskipafélagið séu með skylda starfsemi? Hver ætlar að úrskurða í þessu máli eftir að Alþingi hefur afgreitt það á þennan hátt?

[17:44]

Jón Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er kannski alveg rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að við séum ekki að deila hér, ég hef ekki það mikla reynslu af þingstörfum að ég treysti mér að kveða upp úr með það hvort við erum að deila eða ekki að deila. En ég segi það að vonandi verður þessi heimild sem opnust. Það er rétt sem hv. þm. segir að það deilir enginn um það að starfsemi fiskmarkaða hlýtur að vera skyld starfsemi hafna. Hið sama hlýtur að gilda um útgerð. Hið sama hlýtur þess vegna að gilda um skipafélög. Alla þá starfsemi sem kemur til með að nýta aðstöðu hafnanna, hvort sem eru ytri eða innri mannvirki. Það hlýtur að vera skyld starfsemi. Ég ætla bara að vona að hafnarstjórnunum verði treyst til þess að taka ákvörðun í hvert einstakt skipti um það hvort atvinnurekstur sem til stendur að taka þátt í fyrir tilstilli hafnarsjóðs er skyldur eða óskyldur.

Það sem upp úr stendur finnst mér vera að hafnarsjóðir hafi heimild til að gerast hluthafar í fyrirtækjum og geti þannig nýtt fjármuni ef fjármunir eru fyrir hendi til að byggja upp atvinnuna. Væntanlega hlýtur hafnarstjórn og hafnarsjóður á hverjum stað að hafa

mestan áhuga á því að taka þátt í uppbyggingu fyrirtækja sem nýta síðan hafnirnar og þau mannvirki sem þar eru betur kannski heldur en gert er. Þannig að ég treysti fullkomlega hafnarstjórnum á hverjum stað í umboði sveitarstjórna, sem eru eigendur hafnanna, til að ákveða þetta í hvert skipti fyrir sig.

[17:47]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég held að það sé út af fyrir sig ekki ástæða til þess að hasta þessu máli neitt mjög. Ég skal aftur á móti ekki taka mjög langan tíma til þess að segja það sem ég vil láta koma fram til viðbótar. Ég hefði gjarnan viljað að hæstv. samgrh. hefði verið hér til staðar en ég skal ekki gera athugasemd við það ef hv. formaður nefndarinnar treystir sér til að svara þeim spurningum sem ég ætla að ítreka og koma fram með. Það er ástæða til þess að fá þá hluti svolítið skýrari. Við vitum um það frá fyrri hluta umræðunnar að hv. formaður nefndarinnar ætlar að halda fund í nefndinni á milli 2. og 3. umr. og þar fáum við tækifæri til að ræða þessi mál dálítið betur. En það sem ég hefði viljað að hefði getað komið fram við umræðuna er hvort það sé fyrir hendi vilji til þess að koma til móts við þá gagnrýni sem hér hefur verið á 25% álag á vörugjöld og þá er ég að tala um tvö atriði. Annars vegar það að koma inn í lögin ákvæði um að þetta gjald yrði ekki lagt nema einu sinni á þannig að það kæmi ekki svona ójafnt niður eins og það gerir samkvæmt núgildandi lögum og eins að þetta gjald verði ekki lagt á ferjusiglingar. Það er nefnilega nýtt í stöðunni að það er farið að leggja þetta á ferjusiglingar. Það er ekki fyrr en samgrh. eða samgrn. úrskurðaði það fyrir nokkru síðan að það ætti að leggja þetta gjald á ferjusiglingar. Ég ætla að vitna í bréf frá Reykjavíkurhöfn þar sem hafnarstjórn Reykjavíkur mótmælti 25. okt. túlkun samgrn. frá 9. ágúst um innheimtu sérstaks vörugjalds þegar það var sem sagt ákveðið að það ætti að innheimta vörugjöldin óháð því hvort hafnaryfirvöld gæfu afslátt frá gjaldskránni. Samt sem áður skal þetta innheimt að fullu sem þýðir að t.d. hafnarstjórnin hér í Reykjavík ákveður að krefjast þess að það verði farið að innheimta að fullu vörugjöld með flutningum af Akraborginni sem mun leiða til verulegrar minnkunar á flutningum með því skipi. Og ég tel að þessi tvö atriði sé alveg bráðnauðsynlegt að fá endurmetin í umfjöllun nefndarinnar sem verður milli 2. og 3. umr.

Síðan er það hlutur sem ég spurði um hér í minni fyrri ræðu og ég skal ekki vera að tína upp annað sem ég spurði um og var ekki svarað en ég spurði um það hverju það sætti að í frv. sem við höfum hér milli handanna er talað um það á bls. 16 að það sé gert ráð fyrir því að lækka þetta 25% gjald niður í 20%. Og hv. 16. þm. Reykv. nefndi þetta áðan vegna þess að hann mundi eftir því úr umræðu að það stæði til að lækka þetta gjald. Á bls. 16 er talað um að lækka þetta gjald og ég les það hér upp til þess að skýra það betur fyrir mönnum:

„Ákvæðum um starfsemi Hafnabótasjóðs er einnig breytt. Hið sérstaka vörugjaldsálag er lækkað úr 25% í 20% og rennur nú til starfsemi Hafnabótasjóðs, sem ætlað er að létta kostnaðarhluta hafnarsjóða og -samlaga, í stað þess að koma til hækkunar á framlagi ríkisins eins og núverandi lög kveða á um."

Ég vil gjarnan fá skýringu á því hvort þarna hafa orðið mistök eða hvort það hafi verið tekin ákvörðun um það að hætta við að lækka framlagið en láðst að taka þetta út úr skýringum með frv. og það segir líka eitthvað um það með hvaða hætti hefur verið unnið að þessu máli að svona skuli frv. líta út.

Svo vil ég bara til viðbótar við þetta segja að það er líka ástæða til þess að vekja athygli hv. formanns nefndarinnar á því vegna þess að hann talaði um það hér áðan eins og það væri alveg skýrt að það ætti að gefa út jafnmargar reglugerðir og hentaði um hafnir að í tillögunni frá ráðuneytinu er talað um að setja eina reglugerð fyrir hafnir. Og það er orðað þannig í frv. sjálfu að það er ekki hægt að misskilja, það er talað um reglugerðina í eintölu en hafnirnar í fleirtölu og vegna þess að hv. formaður nefndarinnar er góður íslenskumaður og vill hafa vandað mál þá veit ég að hann skilur það ekki nema á einn veg. Það hlýtur að vera að menn séu að tala um eina reglugerð fyrir allar hafnir.

[17:53]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek svo til orða eftir mínum málsmekk þegar setja skal reglugerð fyrir margar hafnir að það sé reglugerð fyrir hafnir og geti þýtt það að sett sé reglugerð fyrir hverja höfn, svo að það er ekkert sem hindrar það í þessu málfari.

Varðandi það sem hv. þm. spurði hér um og ekki hafði verið svarað vil ég taka fram: Í umsögn fjárlagaskrifstofu fjmrn. á fskj. II er sagt að ákvæðum um starfsemi Hafnabótasjóðs sé breytt og hið sérstaka vörugjaldsálag lækkað úr 25 í 20%. Þetta er ekki í frv. sjálfu og hlýtur að byggjast annað tveggja á misskilningi ellegar að frv. áður en það er lagt fram fyrir Alþingi hafi verið breytt þannig að það er gert ráð fyrir að álagið sé 25%. Þetta haggar auðvitað ekki í neinu frv. þó að slík mistök hafi orðið í umsögn um frv. sem gefin er af fjárlagaskrifstofu fjmrn.

[17:55]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt ekki ástæða til þess að setja út á þessa skýringu hv. formanns nefndarinnar á því hvernig á því stendur að það er ósamræmi þarna á milli. En það segir okkur einfaldlega þá sögu að í ráðuneytinu hafi menn ætlað að koma fram með þessa tillögu, síðan hætt við eða af mistökum ekki komið breytingunni inn í sjálft frv. en einungis verið búnir að gera ráð fyrir henni í greinargerðinni. Og ég segi það aftur sem ég sagði fyrr að það sýnir nú svolítið með hvaða hætti hefur verið unnið að þessu máli öllu saman. Og ég tel að það sé full ástæða til þess að mönnum svíði undan þeirri gagnrýni sem hefur orðið á þetta frv. og hvernig að því hefur verið staðið. Það er búið að hafa það til umfjöllunar lengi, það er búið að gera á því fjölmargar breytingar. Það er samt

ágreiningur um ýmislegt enn þá og það er enn ástæða til þess að taka törn á þessu frv. til viðbótar. Og ég minni bara á umsagnir og ummæli t.d. Hafnasambands sveitarfélaga frá síðasta fundi nefndarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422.

[17:56]

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Virðulegur forseti. Það má kannski gefa því það nafn að ég haldi áfram ræðu minni því vart hafði ég nú byrjað á henni þar eð hvorki hæstv. dómsmrh. var viðstaddur í þinghúsi og ekki talsmaður annars hluta allshn. þegar ég hóf mál mitt. (**SP:** Hafði aðeins brugðið mér frá.) hafði aðeins brugðið sér frá og af þeim sökum tók hæstv. forseti þá réttu ákvörðun að fresta umræðunni.

Hér liggur fyrir eitt af hinum svonefndu EES-frumvörpum. Þau eru allnokkur sem eru órædd og óafgreidd af hálfu þingsins eins og kunnugt er, sum ekki enn þá komin fram jafnvel um hin mikilsverðustu málefni, sum af boðuðum frumvörpum ríkisstjórnarinnar ókomin til þings þrátt fyrir að samningur þessi sé genginn í gildi og lögfestur. Þetta er ömurleg staða í máli sem þessu og ef menn tala um óvissu og réttaróvissu þá er ekki óeðlilegt að horft sé til þeirrar aðstöðu sem við búum nú við að þessu leyti.

Mönnum hefur verið tíðrætt nú undanfarið sem vonlegt er um réttaróvissu á sviði landbúnaðarmála sem er nærtækt að nefna þegar hv. formaður landbn. þingsins situr hér nærri ræðustól en eru það nú allt saman tiltölulega léttvæg atriði miðað við þá réttarstöðu sem liggur fyrir í sambandi við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Það er satt að segja mjög sérkennilegt að ríkisstjórn sem ber ábyrgð á þessu máli skuli ekki einu sinni hafa haft fyrir því að koma til þingsins frumvörpum um mikilsverða þætti sem varða þennan samning sem hún hefur undirgengist fyrir sitt leyti að leggja fyrir þingið og leita lögfestingar á og vill í rauninni túlka það svo að þingið sé nánast skuldbundið að lögfesta þær breytingar svona eftir á sem samningurinn gerir ráð fyrir og til samræmis við þennan samning sem lögfestur hefur verið. Það mál eitt út af fyrir sig er umræðunnar vert, sú aðstaða sem Alþingi er ætluð af ríkisstjórninni eftir dúk og disk að færa í lög breytingar til samræmis við þennan samning eftir á. Og það hefur raunar mátt heyra í máli einstakra ræðumanna úr þessum stóli við þessa umræðu að þingið eigi fáa aðra kosti úr því sem komið er heldur en lögfesta breytingar á íslenskri löggjöf til samræmis við þennan samning.

Í rauninni fær það ekki staðist þá fullyrðingu sem talsmenn samningsins um Evrópskt efnahagssvæði hafa haldið fram að samningurinn skerði ekki íslenskt löggjafarvald. Því hefur verið haldið fram en þegar kemur að því að knýja hér fram lagabreytingar, þá er annað uppi á teningnum. Þá er þinginu í rauninni nauðugur einn kostur að breyta löggjöf til samræmis við samninginn. Og þá er gjarna vitnað til bókunar nr. 35 með samningi þessum en þar segir, virðulegur forseti, ef ég má aðeins vitna til hennar:

„Þar eð með samningi þessum er stefnt að einsleitu Evrópsku efnahagssvæði sem byggist á sameiginlegum reglum án þess að samningsaðila sé gert að framselja löggjafarvald til stofnana Evrópska efnahagssvæðisins; og

þar eð þessum markmiðum verður því að ná með þeirri málsmeðferð sem gildir í hverju landi um sig;“ — þá kemur stök grein, það heitir stök grein í þessari bókun:

„Vegna tilvika þar sem getur komið til árekstra á milli EES-reglna sem komnar eru til framkvæmdar og annarra settra laga, skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum.“ „...skuldbinda EFTA-ríkin sig til að setja, ef þörf krefur, lagaákvæði þess efnis að EES-reglur gildi í þeim tilvikum.“

Síðan eru menn hér glaðbeittir í umræðum á Alþingi Íslendinga og segja: Þetta er allt í besta lagi og stjórnarskráin, að eitthvað hafi verið gengið á svig við hana, ó nei, nei, allt saman slétt og fellt, en hafa lögfest hér samning sem inniheldur þessa bókun. Þeir tala fyrir sig en þeir tala ekki fyrir þá sem ekki hafa greitt þessum samningi atkvæði. Menn þurfa ekki að ímynda sér það, sá meiri hluti á Alþingi Íslendinga sem knúði þetta mál í gegn, lögfesti þennan samning með öllu sem honum fylgir, að það eigi að vera og verði eitthvert stillt og prútt Alþingi Íslendinga sem komi til með að hjálpa þeim í sambandi við færibandið sem búið er að koma upp í sambandi við framgang mála að óskum framkvæmdastjórnarinnar í Brussel því það er hún ein sem hefur rétt til þess að setja fram lagafrumvörp á öllu þessu samningssviði og þýðir nú heldur lítið fyrir kotkarla hér á Íslandi ef eftir þessu væri gengið og þessu valdi væri lotið að ætla að stunda hér sjálfstæða lagagerð sem varðar samningssviðið.

Það er hins vegar svo að þegar lögin voru sett í fjórum greinum um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, staðfestingarlögin, þá áræddu þeir sem það mál báru fram ekki að lögfesta með skýrum hætti ákvæði bókunar 35, sem þeir þó voru búnir að undirgangast og lögfesta með samningnum því að allt dótið er óaðskiljanlegur hluti af honum samkvæmt 119. gr. því að í 3. gr. laganna um Evrópskt efnahagssvæði stendur þó ekki meira en það, hæstv. dómsmrh.: „Skýra skal lög og reglur að svo miklu leyti sem við á til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja.“ Lengra lögðu menn ekki í að setja inn í lagatexta til staðfestingar þau ákvæði sem er að finna í bókun 35 vegna þess að það hefði kannski þótt svona helst til gróft og því betra að fara krókaleiðina. Hvað halda menn að verði uppi þegar farið verður að reyna á það samkvæmt dómum hvaða réttur gildi? Ætli

það séu þessi lög sem voru sett af Alþingi Íslendinga til staðfestingar eða bókun 35 sem gildi þegar reynir á gagnvart þjóðarétti? Ætli hinir erlendu dómstólar sem eiga að skera úr líti ekki á þjóðaréttinn sem skuldbindandi þegar til kemur og láti sig litlu varða þau ákvæði sem Alþingi Íslendinga hefur þóknast að setja í lög að því er varðar samninginn.

Þetta frv. til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópskt efnahagssvæði snertir einn af grundvallarþáttum þessa samnings sem markar aðstöðu Íslendinga inni í því kerfi sem hér er verið að innleiða, í þessu tilviki dómskerfið, úrskurðinn í deilumálum. Og þá er hér verið samkvæmt þessu að heimila dómurum í samræmi við 34. gr. samningsins, samnings EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls, að kveða upp úrskurð um að leita verði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um skýringu á því atriði málsins áður en málinu er ráðið til lykta, þ.e. skýringar á máli í samhengi við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Og hvaða dómar ætli það séu nú og hæstiréttur með litlum staf sem í rauninni verður byggt á í þessum efnum og á að byggja á í þessum efnum? Hvar ætli sé sá hæstiréttur, hæstv. dómsmrh.? Ætli hann sé uppi í Arnarhvoli eða uppi í stjórnarráðsbyggingum? Ó, nei, hann er ekki þar. Hann er marklaus. Hann hefur ekkert um það að segja. Sá hæstiréttur sem á að byggja á dóma og umsagnir einnig EFTA-dómstólsins, það mat sem EFTA-dómstóllinn á að reiða fram og verið er að heimila að leitað verði skýringar hjá til forsagna, sem forsögn og forskrift fyrir héraðsdóm og eftir atvikum Hæstarétt Íslands, sá dómur er staðsettur í Lúxemborg og heitir nú frá 1. nóv. 1993, eftir að Maastricht-sáttmálinn gekk í gildi, Evrópudómstóllinn, samkvæmt þeirra eigin nafngift og er staðsettur í Lúxemborg. Og samkvæmt 6. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði er það alveg ljóslega fram tekið að það eru bæði eldri dómar þessa dómstóls og framtíðardómar þessa Evrópudómstóls sem eiga að gilda sem forskrift, að sjálfsögðu einnig fyrir þann EFTA-dómstól sem samningur er um og hér er vitnað til í þessu máli og þar sem héraðsdómarar og Hæstiréttur eftir atvikum eiga að leita forsagnar hjá.

6. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði hefur að geyma eftirfarandi ákvæði, með leyfi forseta:

„Með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni ber við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa, þó að því tilskildu að þau séu efnislega samhljóða samsvarandi reglum stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu og stofnsáttmála Kola- og stálbandalagsins og gerðum sem samþykktar hafa verið vegna beitingar þessara tveggja sáttmála."

Þetta eru ákvæði hins lögfesta samnings. Ástæðan fyrir því að menn ekki tóku EFTA-dómstólinn og dómara þaðan með beinum hætti inn í þetta millistig, sem er þessi EFTA-dómstóll, er sú að hinn hái dómstóll í Lúxemborg taldi að það væri ekki viðeigandi að fara að taka einhverja dómara frá EFTA-ríkjunum með í úrskurði, í dómstól sem fyrirhugaður var og kominn var á blað, hinn svokallaði EES-dómstóll en sem sleginn var af samkvæmt áliti sjálfs Evrópudómstólsins 14. des. 1992, ef ég man rétt, sem hann felldi úrskurð sem varð eitt af þeim skerjum sem varð til að seinka fullgildingu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Það var ekki fyrr en 10. apríl síðar sama vetur sem þessi mál lágu fyrir með nýjum hætti og nýr úrskurður dómstólsins lá fyrir sem hann taldi viðunandi og þá var ekki lengur verið að rugla saman reytunum heldur var sett upp þessi hjáleiga, þessi EFTA-dómstóll sem fær að vera millilður í leiðsögninni. Eftir sem áður er að finna í bókun við samninginn sjálfan, bókun nr. 34 eins og menn þekkja — Hvar er hæstv. dómsmrh.? Hann er horfinn úr sal, virðulegur forseti. Hann helst ekki við hér í þingsalnum stundinni lengur. Hann er hér kominn úr hliðarsölum. — Í bókun nr. 34 er ákvæði sem er ekki orðið virkt. Kannski kemur að því að það verði reynt að setja það í samband. Það er bókunin um að dómstólar og réttir EFTA-ríkja geti farið fram á að dómstóll Evrópubandalaganna taki ákvörðun um túlkun á EES-reglum sem samsvara EB-reglum. Þar er gert ráð fyrir því að þegar vafi leikur á túlkun ákvæða í samningum, þá geti eins og þar segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Þegar vafi leikur á túlkun ákvæða í samningnum sem að efni til eru eins og ákvæði í stofnsáttmálum Evrópubandalagsins með áorðnum breytingum eða viðbótum eða gerðum sem samþykktar hafa verið samkvæmt honum í máli sem er fyrir dómstóli eða rétti í EFTA-ríki, getur dómstóllinn eða rétturinn telji hann það nauðsynlegt beðið dómstól Evrópubandalaganna að taka ákvörðun í slíku máli.

2. gr. EFTA-ríki sem hyggst nýta sér þessa bókun skal tilkynna vörsluaðila og dómstól Evrópubandalaganna að hve miklu leyti og með hvaða hætti bókunin muni gilda um dómstóla og rétti þess."

Þessi bókun er ekki virk og það var mat þeirra sem fjölluðu um þetta efni af hálfu þess meiri hluta á Alþingi sem ber ábyrgð á samningnum um Evrópskt efnahagssvæði að það þyrfti sérstaka lagasetningu til og eftir atvikum, ef ég man rétt, stjórnarskrárbreytingu. Það var út af fyrir sig mjög eftirtektarvert að þar kom upp ábending um að það kynni að þurfa stjórnarskrárbreytingu. Og vegna hvers ætli menn hafi veitt sér þann munað, hæstv. forseti, að nefna stjórnarskrárbreytingu í þessu sambandi? Það var vegna þess að mínu mati að það skipti ekki máli til þess að koma málinu í höfn vegna þess að þetta átti hvort sem er ekki að vera virkt frá upphafi.

Það er allt í lagi að troða á íslenskri stjórnarskrá í sambandi við önnur efni og þverbrjóta hana eins og gert var með lögfestingu þessa samnings. Það var gert til þess að koma málinu í höfn og til þess voru leiddir fram menn til vitnis sem nú er búið að koma utan í hin æðstu embætti á margföldum launum miðað við það sem hægt er að fá hér, jafnvel að uppfærðum launum hæstaréttardómara. Þeir eru nú komnir í svona tvöfalt betra umhverfi. Þeir sem kváðu upp og áttu drýgstan þátt í því áliti sem meiri hlutinn studdi sig við að

ekki væri um stjórnarskrárbrot að ræða sitja nú í þeim dómstóli sem hér er verið að ræða um og vísa til. Og sem hjálparkokkar sitja menn ofan úr háskóla sem voru fengnir til að klappa undir.

Við lesum um það í blöðum frá Svíþjóð að mönnum þar í landi sé farið að ofbjóða hvernig valdaaðilar þar, Bildt forsætisráðherra og aðrir slíkir, eru að troða sínum gæðingum inn í valdapóstana í kerfi Evrópubandalagsins, í EES-kerfinu, og ef þeir fá ráðið, þá verður það brátt Evrópubandalagið sjálft sem þeir verða flæktir í og komnir inn í. Það er athyglisvert að fara yfir þau efni þó ég ætli ekki að gera það hér frekar hvernig raðað hefur verið á jötuna erlendis þeim mönnum sem kvaddir voru til öðrum fremur og veittur trúnaður af hálfu meiri hlutans hér til þess að vera umsagnaraðilar og ráðgjafar og væntanlega hlutlausir embættismenn á þeim tíma þegar verið var að koma þessu máli hér fram og í höfn. Ef hægt er að tala um siðleysi í sambandi við þetta mál, þá er ekki óeðlilegt að horft sé til þessarar þróunar því að það hefur ekki verið einu sinni haft fyrir því að láta einhvern tíma líða þannig að í þetta fennti heldur er þarna um beinar tilfærslur að ræða. En til þess að allt sé í horfi í þessum efnum vegna þess að menn eru með spurningarmerki hversu lengi EFTA muni lifa, þá hafa þessir *sömu aðilar fyrirvara um það hversu lengi þeir halda* embættunum hérna heima fyrir til þess að girða fyrir að þeir gætu setið uppi embættislausir ef svo færi að EFTA-kerfið liði undir lok vegna þess að straumurinn inn í Evrópubandalagið yrði svo stríður að það yrði jafnvel lagt af eða orðið óstarfhæft fyrir lok þessa árs ef marka má þá fyrirvara sem þeir hinir sömu hafa sett.

Nei, virðulegur forseti. Málsmeðferðin í þessum efnum er með slíkum fádæmum að það þarf langt að leita í málsmeðferð af hálfu Alþingis til þess að finna viðlíka hliðstæður.

Dómstóllinn sem er vísað til í frv. er settur á laggirnar samkvæmt 108. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og sérstaks samnings sem gerður hefur verið *milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar* og þessa dómstóls. Sem kunnugt er skipa þennan dómstól sjö dómarar tilnefndir af ríkisstjórnum EFTA-ríkjanna og dómstóllinn hefur lögsögu í málum sem varðar lausn deilumála milli tveggja eða fleiri EFTA-ríkja um túlkun og beitingu EES-samningsins og hlutaðeigandi ríki eiga síðan að gera nauðsynlegar ráðstafanir *til að framfylgja dómum þessa dómstóls.*

Hér hefur það verið gert að umtalsefni fyrr í umræðunni hvort eðlilegt sé, eins og gerð er tillaga um í 2. gr. frv., að fella félagsdóm undir þær heimildir sem þetta frv. gerir ráð fyrir. Ég hef hlýtt á mál í tengslum við það álitaefni og fæ ekki betur séð en það séu fullkomlega réttmætar ábendingar sem fram hafa verið *bornar í því efni að það sé ekkert sjálfgefið mál*, eins og látið er að liggja, að félagsdómur eigi að fá þær heimildir sem hér er gert ráð fyrir til þess að leita álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem þar eru rekin. Svo mikið er víst að mér finnst það ekki sjálfgefið heldur að lesinni 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls. En ég ætla ekki að dvelja við það efni sérstaklega hér þó að það sé vissulega umræðunnar virði heldur ætla ég aðeins að líta frekar á þennan EFTA-dómstól með tilliti til spurningarinnar um það hvort dómstóllinn sjálfur stenst okkar stjórnarskrá.

Menn munu kannski segja að það mál hafi þegar verið rætt og útkljáð. Það tel ég að sé langt í frá og ég ætla að leyfa mér að vitna í þessu sambandi til umsagnar sem Guðmundur Alfreðsson veitti utanrmn. um álitaefni að því er varðar EES-samninginn og íslenska stjórnarskrá og sérstaklega það sem varðar EFTA-dómstólinn. Hann segir í álitsgerð sinni, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 2. gr. stjórnarskrárinnar fara dómendur með dómsvaldið. Það er enn og aftur enginn vafi á því að stjórnarskráin á hér við íslenska dómendur og íslenska dómstóla. Það eru engin fordæmi til um afhendingu á bindandi dómsvaldi yfir íslenskum aðilum út úr landinu. Samkvæmt 60. gr. stjórnarskrárinnar skera *dómendur úr öllum ágreiningi um embættistakmörk yfirvalda.* Þetta mundu þeir ekki geta gert að því marki sem framkvæmdarvald hefur verið framselt til eftirlitsstofnunar EFTA og dómsvald til EFTA-dómstólsins. Til viðbótar má benda á 61. gr. um vernd og sjálfstæði dómara sem gerir greinilega ráð fyrir innlendri málsmeðferð.

Um EFTA-stólinn eru ákvæði í greinum 108 og 110 EES-samningsins, svo og í samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól EFTA. Til hans má skjóta ákvörðunum eftirlitsstofnunarinnar. Þar kemur skýrt fram að dómsvald dómstólsins yrði mjög víðtækt um eftirlitið með framkvæmd EES-samningsins og það gæti á ýmsan hátt haft bæði bein og óbein áhrif að landsrétti, t.d. *varðandi samkeppnisreglur, ríkisstyrki og opinber innkaup.* Dómarnir yrðu endanlegir gagnvart íslenskum einstaklingum og fyrirtækjum. Þeir yrðu aðfararhæfir að landsrétti og þá mætti ekki bera efnislega undir innlenda dómstóla."

Virðulegur forseti. Enn sýnist mér hæstv. dómsmrh. horfinn úr þingsal og sé ég nú ekkert til ráðherrans. Og *áfram segir Guðmundur Alfreðsson um* þetta stóra álitaefni:

„EFTA-stóllinn er hugsaður sem sjálfstæð stofnun og íslenskur dómari sem þar mundi sitja yrði óháður íslenskri dómsskipan. Íslenskir aðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, sem teldu sig hafa verið órétti beitta af eftirlitsstofnuninni yrðu þá að sækja sín mál *fyrir þessum yfirþjóðlega dómstól sem mun væntanlega* sitja í Genf eða til Lúxemborgar í þeim tilfellum sem EB-dómstóllinn hefði dómsögu. Landinn gæti ekki leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstólum í málum sem mundu falla undir þessa alþjóðlegu dómstóla. Stjórnarskráin geymir enga heimild til framsals á dómsvaldi út úr landinu til dómstóla sem gætu kveðið upp *bindandi dóma sem kæmu beint til fullnustu* að landsrétti. Engin fordæmi eru til um slíka niðurstöðu. Það verður að telja slíkt óheimilt að óbreyttri 2. gr. stjórnarskrárinnar með hliðsjón af 60. og 61. gr. hennar. Þetta er að mati höfundar eitt skýrasta dæmið um stjórnarskrárbrot sem mundi leiða af lögfestingu EES-samningsins."

Það er mjög ótvírætt álit sem hér liggur fyrir og ég er fullkomlega sammála þessu áliti. Það er því mitt mat að með lögfestingu þessa samnings hafi íslenska stjórnarskráin verið þverbrotin fyrir utan fjölmörg önnur dæmi sem finna má og tengjast samningnum þar sem einnig er gengið á svig við íslenska stjórnarskrá. Það þarf að mínu mati í rauninni ekki lengi að lesa íslenska stjórnarskrá til þess að komast að þessari niðurstöðu. Sá sem hér talar benti á það í sérstöku áliti sem þáverandi Evrópustefnunefnd, sem svo var kölluð, gaf Alþingi um samningana eins og þeir stóðu þá um Evrópskt efnahagssvæði og hét þá áfangaskýrsla til Alþingis, að einmitt þetta atriði að því er varðaði dómsvaldið væri skýrt dæmi um að gengið væri gegn íslensku stjórnarskránni. Með leyfi forseta vil ég aðeins vitna til þess sem þar segir:

„Enn skýrar er talað um EES-úrskurðaraðila, þ.e. dómstól sem einn hefði víðtækt umboð til þess að tryggja það að EES-reglur verði virtar. Gert er ráð fyrir að hann starfi í nánum tengslum við EB-dómstólinn og yrði skipaður dómurum frá honum og frá ríkjum EFTA." — Það var á meðan gert var ráð fyrir sameiginlegum EES-dómstóli með dómurum frá báðum. — „Sem kunnugt er skýrir EB-dómstóllinn lög og túlkar þau, svo og rétt Evrópubandalagsins og eru dómstólar einstakra ríkja bundnir af niðurstöðu hans. Dómstóllinn tryggir þannig samræmda lagatúlkun í öllum EB-ríkjum. Við vissar aðstæður er æðstu áfrýjunardómstólum í EB-ríkjunum skylt að óska eftir svonefndum forúrskurðum EB-dómstólsins og eru þeir bindandi. Að hliðstæðu kerfi virðist stefnt innan EES þannig að dómstólum væri í vissum tilvikum skylt að leita forúrskurðar EES-dómstóls um túlkun og beitingu EES-réttar. Þetta virðist hins vegar í augljósri andstöðu við 2. og 61. gr. íslensku stjórnarskrárinnar þar sem dómsvaldi er skipað með íslenskum lögum, framsal þess í hendur erlendra aðila hvergi heimilað og stjórnsýsluaðilum og löggjafarvaldi eru settar skorður að því er varðar fyrirmæli til dómara. Hér blasir því við valdaafsal sem vart gæti orðið að veruleika nema að undangenginni stjórnarskrárbreytingu."

Það heyrist stundum í sambandi við þetta efni að við séum að feta troðna slóð. Það hafi verið fallist á og gerðir samningar sem feli í sér hliðstæðu við það sem er að gerast með samningnum um Evrópskt efnahgssvæði að því er dómsvaldið snertir. Þetta er rangt. Menn eru að vitna m.a. til Mannréttindadómstóls Evrópuráðsins sem er með engum hætti sambærilegur gerningur. Þó að við séum að taka tillit til forsagnar þess dómstóls í sambandi við lagabreytingar hér á landi er þar sannarlega ólíku saman að jafna miðað við það sem hér er á ferðinni. Ég nefni það vegna þess að það er svo algengt að það sé verið að leiða þetta fram sem einhverja hliðstæðu í sambandi við þessi mál.

Þegar um er að ræða ákvæði mannréttindasamnings Evrópuráðsins og dómstólinn, þá er þar ekki um að ræða að framkvæmdarvald né heldur löggjafinn eða dómsvald sé flutt út úr landinu. Í öllum tilvikum er þar um þjóðréttarlegar skuldbindingar að ræða og í þeim tilvikum þar sem þær hafa verið lögfestar, þá hvílir lokaákvörðunarvaldið yfir íslenskum þegnum hjá íslenskum aðilum samkvæmt landsrétti og samkvæmt íslenskum túlkunum á þjóðarétti í samræmi við lög sem sett eru.

Það var nefnt hér fyrr í umræðunni af formanni utanrmn., sem ekki er viðstaddur þessa umræðu, að honum þótti mjög undarlegt að það teygðist úr umræðunni og þingmenn skyldu leyfa sér að tala hér nokkurt mál um efni þessa frv. Ég verð að segja að það er með ólíkindum að það skuli gert að umræðuefni og ásteytingsefni þó að ákvæði eins og hér er verið að leiða í lög skuli kalla á nokkra umræðu og umhugsun af hálfu hv. þm.

Það er svo, virðulegur forseti, að fjölmargt sem snertir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði á eftir að koma mörgum á óvart í þessu landi eins og annars staðar þar sem ákvæði hans hafa verið lögfest. Það eru þegar að koma upp álitaefnin þar sem reyna mun á þetta dómskerfi sem hér er til umræðu og eitt þekktasta dæmið um það sem þegar er komið á rekspöl sem dómsmál er í sambandi við einkaréttinn til áfengisútsölu. Ég nefni þetta hér vegna þess að það er lýsandi dæmi um það hvernig stjórnmálamenn, sem bera ábyrgð á þessum samningi, hafa lesið í málið og leyft sér að túlka ákvæði samningsins áður en hann gekk í gildi. Ég nefni það hér vegna þess að við hæstv. núv. dómsmrh. og þáv. einnig áttum orðastað einmitt um þetta atriði á Alþingi á sínum tíma þar sem hæstv. ráðherra svaraði fyrirspurn af minni hálfu varðand áhrif EES-samningsins á innflutning og sölu áfengis í landinu. Ég vil, með leyfi forseta, aðeins fá að rifja upp fáein atriði sem tengdust umræðu um þessa fyrirspurn og þá sérstaklega úr svari hæstv. ráðherra. En fyrirspurnin var um það hvaða áhrif EES-samningur mundi hafa að mati ríkisstjórnarinnar á núverandi lög og reglur um innflutning, sölu og dreifingu áfengis hér á landi. Síðan benti ég á ýmislegt í samningnum sem að líkindum leiddi til þess að það kerfi sem við hefðum í þessum efnum og sem ríkisstjórnin hygðist halda uppi stæðist ekki samninginn í reynd. En hæstv. dómsmrh. svaraði með þessum hætti, með leyfi forseta:

„Norðurlöndin innan EFTA hafa öll áfengiseinkasölur. Þau hafa ekki litið svo á að í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið felist skuldbindingar um að fella þessar einkasölur niður. Framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur ekki andmælt þeim túlkunum samkvæmt þeim upplýsingum sem dómsmrn. hefur fengið frá viðskiptaskrifstofu utanrrn. að því gefnu að einstökum vörutegundum sé ekki mismunað eftir því frá hvaða landi þær koma.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem dómsmrn. hefur frá fjmrh. þá lítur það ekki svo á að samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið feli í sér neinar kvaðir um það að breyta því einkasölufyrirkomulagi sem nú er við lýði. Samkvæmt þeim upplýsingum bendir ekkert til þess að þessir samningar feli í sér neinar skuldbindingar af því tagi gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Við eru frjálsir að því að halda núverandi kerfi áfram að því tilskildu að ekki verði um að ræða mismunun milli vörutegunda."

Þetta eru orð hæstv. dómsmrh. 30. apríl 1992 á Alþingi.

Vissulega hefur þetta mál ekki verið leitt til lykta, en menn heyra hvað er að gerast í þessum efnum og það tengist náið þeim samningaviðræðum sem standa yfir milli Norðmanna, Svía og Finna annars vegar, hvers ríkis í sínu lagi við Evrópubandalagið þar sem þetta álitaefni er eitt af mjög mörgum sem deilt er um þar. En það þurfti í rauninni ekki þessar samningaviðræður til þess að þetta yrði ásteytingsefni og stefndi í dómsmál um þetta því að þegar á nýju ári þegar EES-samningurinn gekk í gildi var látið á það reyna af smásöluverslun á Skáni í Svíþjóð. Það var verslunareigandinn Harry Franzen í Röstånga sem ætlaði sér að selja áfenga drykki út úr verslun sinni en tekið var fram fyrir hendurnar á honum af lögreglu og nú mun væntanlega á þetta reyna í dómskerfinu. Ætli komi ekki að því að þá verði EFTA-dómstóllinn spurður álits af héraðsdómara á þessum stað hvaða réttur gildi samkvæmt EES-samningnum og þá held ég að geti orðið tvísýnt um staðhæfingar hæstv. dómsmrh. og þann skilning sem hann viðraði hér vorið 1992.

Þetta mál er lýsandi dæmi um það hvernig stjórnvöld, bæði hér á landi sem og í öðrum EFTA-ríkjum, hafa reynt að blekkja almenning. Það er svo langt gengið í Svíþjóð í þessu efni og það þá tengt samningaviðræðunum um inngöngu í Evrópubandalagið að þeir stinga eigin álitsgerðum undir stól þar sem það er dregið fram að það sé mjög mikill vafi á því að það takist að halda uppi því dreifingarkerfi einkum í smásölu sem Svíar hafa haft og vilja halda áfram með. Slíkum skýrslum er stungið undir stól og um það má m.a. lesa í Dagens Industri frá 7. jan. sem ég hef hér undir höndum þar sem greint er frá skýrslu sem var í höndum stjórnvalda og þau áttu hlut að að gerð var til þess að skera úr um þetta álitaefni.

Það getur farið svo, virðulegur forseti, að þeim málum eigi eftir að fjölga þar sem túlkanir þeirra sem ábyrgð bera á þessum samningi fái ekki staðist um réttarstöðuna því að það eru ekki orð stjórnmálamanna sem munu gilda ef látið er á reyna í dómskerfinu heldur þau álit sem dómar kveða upp og í megingrundvallaratriðum verða að sjálfsögðu dómar og álit Evrópudómstólsins ráðandi í túlkun á þessum samningi og einstökum ákvæðum hans. Það er staðan sem við stöndum frammi fyrir. Það er sú ömurlega staða sem þessi samningur býr okkur og þar er um að ræða — og nú eru báðir talsmenn ríkisstjórnarinnar hlaupnir á dyr, virðulegur forseti, bæði talsmaður 1. minni hluta allshn. og sjálfur ráðherrann og geri ég nú hlé á máli mínu.

(**Forseti** (KE): Forseti mun gera ráðstafanir til að láta bæði hv. formann allshn. og ráðherra vita að þeirra sé óskað í salinn.)

Evrópudómstóllinn, sem EFTA-dómstóllinn mun verða að taka mið af þegar hann veitir sitt álit samkvæmt því frv. sem hér er til umræðu og þeim samningi sem það byggir á, er ekki dómstóll af því tagi sem við Íslendingar höfum átt að venjast hér í okkar dómskerfi. Hann er dómstóll sem horfir ekki á bókstafinn fyrst og fremst, sett lög og reglur. Hann er dómstóll sem gengur mjög langt í því að ganga út frá markmiðum þess samnings eins og hann túlkar þau, þess samnings sem hann starfar eftir og á að úrskurða um. Hann gengur langt í því að túlka þau sjónarmið óhefts viðskiptafrelsis, frelsis fyrir fjármagn og önnur ákvæði sem geti hert á samrunaþróuninni. Það er sú forskrift sem hann fylgir og finna má stað í fjölmörgum dómum hans á liðinni tíð. Þeir dómar sem þarna á að byggja á og tengjast þessu máli liggja ekki hér fyrir Alþingi Íslendinga þó að í rauninni sé verið að gera þá að réttargrundvellinum í landinu á öllu samningssviðinu. Hæstv. utanrrh. birti náðarsamlegast, og það skal ekki vanþakkað, smáútdrátt um dómareifanir vegna EES-samningsins í litlu kveri og á íslensku máli. En sjálfir dómarnir sem eru grundvöllurinn liggja ekki fyrir á Alþingi og hafa hvergi komið fram í tengslum við þetta mál í heild sinni, þeir dómar sem samkvæmt 6. gr. samningsins á að byggja á. Hvað þá að þeir liggi fyrir á íslensku máli.

Hvað ætlí einn virðulegur hæstaréttarlögmaður segi um það efni? Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að nefna það hér um þessa stöðu og möguleika íslenskra dómstóla til þess að vinna innan þessa réttarkerfis sem hér er verið að innleiða. Ég leyfi mér að vitna í orð Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns sem hann viðhafði á fundi Lögfræðingafélagsins og Ríkisútvarpsins um EES-samninginn og íslensku stjórnarskrána 20. júní 1992. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ef ég mætti bæta við þetta sem áður hefur fram komið að meðal réttarheimilda íslenskra eftir 1. jan. 1993, ef fram fer sem horfir, eru dómar dómstóls Efnahagsbandalagsins. Og strax á næsta ári þurfa þeir sem flytja mál fyrir íslenskum dómstólum að geta vitnað til þeirra réttarheimilda.

Samkvæmt alveg ljósum fyrirmælum íslenskra laga er dómsorð íslenska og það verður að vitna til þessara réttarheimilda á íslensku og dómstólarnir munu ekki taka við lélegum þýðingum og óljósum okkar lögmannanna heldur krefjast þess að við vitnum í réttarheimildirnar á dómsmálinu verði þessar réttarheimildir ekki fram komnar. Það er óhjákvæmilegt að þær verði lagðar fyrir Alþingi áður en afstaða verður tekin til samningsins því annars er þetta allt saman unnið fyrir gýg því það stæðist ekki okkar lagafyrirmæli, bæði stjórnarskrá og í almennum lögum um lagasetningu þannig að þetta er bara verk sem þarf að vinna sem fyrst."

Mér er ekki kunnugt um, virðulegi forseti, að þessu verki hafi miðað áfram og væri út af fyrir sig fróðlegt að frétta af því. En það er athyglisvert að heyra þetta sjónarmið sem hér kemur fram að í rauninni sé íslenskt réttarkerfi ekki virkt að því er varðar málsmeðferð sem tengist þessum samningi og 6. gr. samningsins í sambandi við það að byggja á öllu dómasafni Evrópudómstólsins frá 1957 að telja að því er varðar samningssviðið.

Virðulegur forseti. Það var ekki ætlan mín að teygja þetta mál umfram þarfir og ég ætla senn að ljúka máli mínu um þetta frv. sem hér liggur fyrir að þessu sinni.

Ég hef vakið athygli á því að það réttarkerfi sem hér er verið að innleiða stenst í fyrsta lagi ekki íslensku stjórnarskrána og þverbrýtur ákvæði hennar. Í öðru lagi verður sú hjáleiga sem hér er vitnað til, EFTA-dómstóllinn, og sem er verið að leita heimilda til fyrir íslenska dómstóla til að leita að forsögn hjá, aldrei annað en endurspeglun af því réttarkerfi þar sem Evrópudómstóllinn í Lúxemborg ræður ferðinni. Vegna þess að samkvæmt samningsskuldbindingum ber samningsaðilum að fara eftir úrskurðum hans, að túlka samninginn og allt sem að honum lýtur í ljósi þeirrar niðurstöðu sem dómstóllinn í Lúxemborg hefur komist að og mun komast að í framtíðardómum sínum. Að þessu leyti er aðstaðan að því er varðar dómskerfið ósköp svipuð og hjá löggjafanum, þ.e. sama nauðungin uppi, en þó gengið lengra að því leyti að hér er um endanlega úrskurði að ræða. Alþingi Íslendinga að því er varðar löggjöf heldur þó enn eftir því formlega valdi að hafna þeim lögum sem að þinginu berst utan að. Þessu er ekki þannig fyrir komið í sambandi við dómskerfið. Það er því þaðan af verri staða sem þar er uppi og brotið gegn stjórnarskrá lýðveldisins blasir því við enn naktar en liggur fyrir að því er varðar löggjafarvaldið þó svo ýmsir vilji túlka það svo og það megi í rauninni lesa út úr bókun 35 með samningnum að menn telji, a.m.k. þeir sem standa að þessum þjóðréttarlega samningi, að þinginu beri að fara að ákvæðum samningsins í löggjöf að einu og öllu.

Þessi samningur, sem er nú rösklega mánaðargamall, á eftir að reyna meðan hann er í gildi á þolrif Íslendinga eins og annarra sem hafa fjötrað sig í hann. En menn skulu ekki halda það og það vil ég endurtaka hér að lokum, virðulegur forseti, að það verði eitthvert sjálfgefið mál að taka við þeim sendingum sem að okkur berast í formi lagafrumvarpa utan að frá framkvæmdastjórninni í Brussel hér á Alþingi Íslendinga sem einhverjum nánast sjálfsögðum hlut sem okkur beri að lögfesta hér á Alþingi vegna þess að við höfum fallist á ákvæði þessa samnings. Þingið að meiri hluta hefur samþykkt þennan samning. Það getur ekki verið það leiðarljós og vegarnesti sem við eigum að fylgja heldur hitt þrátt fyrir þá frelsisskerðingu sem í þessum samningi felst að standa á íslenskum hagsmunum.

[18:50]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við ræðum hér mál sem að mínu mati er mjög stórt. Það er hluti af þessum EES-samningi eða afleiðing hans, hluti af þessum samningi sem illu heilli var samþykktur hér á Alþingi á síðasta ári. Með þessum samningi flytjum við að stórum hluta löggjafarvaldið úr landi. Við þurfum að lögfesta í stórum stíl ýmsar lagareglur sem EB ákveður, eða Evrópusambandið eins og maður þarf að venja sig á að nota.

Það var látið að því liggja á sínum tíma að við gætum haft áhrif á lagasetningu innan EES og það er meira að segja enn talað um það að við getum haft áhrif. En það er auðvitað tóm blekking eins og svo margt annað í sambandi við þennan samning nema þá að með ærnum tilkostnaði og fyrirhöfn og það er algjörlega út í bláinn að láta sér detta í hug að Íslendingar geti fylgst með öllu á viðhlítandi hátt að því er varðar lagasetningu á hinu Evrópska efnahagssvæði vegna þess að það er EB eða Evrópusambandið sem hefur þar tögl og hagldir og frumkvæði á þessu sviði.

Ég vil benda á að það eru yfir 400 gerðir sem hafa verið samþykktar eftir að gengið var frá samningnum þannig að það eru geysimörg mál sem eiga eftir að koma fyrir Alþingi og Alþingi Íslendinga hefur ekki komið nærri. Og eftir því sem fréttir herma, þá þurfa þessar gerðir að svo miklu leyti sem lögfestingar þarf við að vera búnar að koma fyrir Alþingi fyrir 1. júlí. Það má vel vera að eitthvað af þessum gerðum geti verið settar með reglugerðarákvæðum svo mikið sem Alþingi hefur afsalað sér af löggjafarvaldinu til framkvæmdarvaldsins hér á landi sem og til erlendra aðila.

En það er ekki bara löggjafarvaldið sem er að stórum hluta komið úr höndum Alþingis heldur er það dómsvaldið eins og kemur fram í samningnum milli EFTA-ríkjanna sem birtur var í Stjórnartíðindum núna í desember 1993 og vitnað er til hér í 1. gr. þessa frv. Að mínu mati og margra annarra var þar um brot á stjórnarskrá að ræða, mjög skýrt brot á stjórnarskrá að ræða, samningurinn um stofnun þessa dómstóls og það hlutverk sem hann á að hafa að því er varðar Ísland. Það er brot á íslensku stjórnarskránni.

Hæstv. dómsmrh. sagði hér áðan að það væri á misskilningi byggt að það væri brot á íslensku stjórnarskránni. Það er hans skoðun. Ég vil meina að það sé misskilningur af hans hálfu að halda því fram að það sé ekki brot á stjórnarskránni vegna þess að það er mjög mikill vafi. Það var mikill vafi, menn voru ekki á sama máli um það hvort um brot væri að ræða á stjórnarskránni og sá vafi er enn til staðar. Að mínu mati á vafinn að vera stjórnarskránni í vil, þ.e. stjórnarskráin á að njóta vafans þannig að ég tel að það sé miklu fremur hægt að tala um misskilning af hálfu hæstv. dómsmrh. heldur en hinna, þeirra sem telja að þessi dómstóll og það hlutverk sem honum er ætlað stríði gegn íslensku stjórnarskránni. Ég ætla hins vegar ekki að hafa mörg orð um það. Ég gæti það mjög gjarnan ef ég teldi rétt að ræða það mál hér. Ég hef haldið margar ræður um þetta mál og ítarlegar. Hér var af síðasta ræðumanni, hv. 4. þm. Austurl., vitnað til greinargerðar sem þingmenn hafa undir höndum og get ég vísað til þess sem hann las þar upp og ætla ég ekki að fjalla frekar um þetta atriði. Ég vildi bara vekja athygli á því að það var og er mikill vafi í þessu sambandi þannig að það er ekkert hægt að tala um að það sé misskilningur af hálfu þeirra aðila sem hafa uppi aðra skoðunina og hinir hafi rétt fyrir sér. Mér þykir það ótrúlegt. En, virðulegi forseti, ég ætla ekki að ræða það mál sérstaklega hérna, það hef ég gert áður.

Eitt af því sem talað var um að því er varðaði þetta frv. á þskj. 104 sem við nú fjöllum um, sem er í raun framhald af samþykkt meiri hlutans hér á Alþingi varðandi samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, þá er því haldið fram að það skipti höfuðmáli að þarna sé ekki um bindandi úrskurði að ræða. Ég lít nú svo á að það sé nánast um bindandi úrskurð að ræða og er alveg

sammála þeim sem hér hafa rætt um þetta mál og litið svo á að það sé nánast ekki um annað að gera fyrir dómstólana en að taka fullt mark á því sem þarna kemur fram. Ég lít svo á, eins og reyndar kemur fram í greinargerð með frv. og menn hafa rætt hér áður, að það sé nánast ógerningur fyrir íslenska dómstóla annað en taka mark á þeim úrskurði sem þarna kemur fram. Og í raun er það innifalið í 6. gr. laganna um Evrópskt efnahagssvæði að allir dómar Evrópudómstólsins og þeirra túlkanir, það er það sem ræður þannig að þó að EFTA-dómstóllinn sé nú til staðar, þá er það í raun og veru E-dómstóll eins og hann heitir núna Evrópudómstóllinn. Það er hann sem ræður hvernig þessar túlkanir íslenskra dómstóla munu verða.

Varðandi þetta frv. þá hafa hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, og hv. 9. þm. Reykn., Anna Ólafsdóttir Björnsson, gert grein fyrir áliti 2. minni hluta og get ég lýst því að ég sé sammála þeirra áliti og þarf ég kannski ekki að fara mörgum orðum um það og ætla mér ekki að gera það hér, en það eru samt nokkur atriði sem ég ætla að gera að umtalsefni sem mér fannst alls ekki nógu skýrt. Það var aðeins minnst á það hér áðan varðandi kostnað við þetta allt saman, þ.e. kostnað við það að leita álits EFTA-dómstólsins og hverjir bera þann kostnað. Eins og reyndar hefur komið fram hér þá er ákveðin brtt. frá 2. minni hluta sem ég mun styðja. En það eru nokkur atriði sem mér finnst mjög óljós og gat ég alls ekki skilið á þeim ræðum sem hér hafa verið haldnar hvernig þetta muni eiginlega geta átt sér stað og finnst mér alveg nauðsynlegt að Alþingi geri sér grein fyrir því hvernig þetta muni vera greitt og hver beri þennan kostnað. Ég sé það á þeim fylgiskjölum sem hér eru í nál. 2. minni hluta á þskj. 421 að þá eru að því er mér skilst drög að reglum fyrir dómstólinn. Mér skilst að þetta séu samt enn drög. Í 27. gr. — sem þar er prentuð á ensku að vísu og þykir mér það mjög slæmt að það skuli ekki vera hægt að gera sér grein fyrir þessu máli öðruvísi en að þurfa að lesa á ensku — þar kemur fram að það er miðað við að hægt sé að leggja fram málið á íslensku ef það er héðan eftir því sem mér skilst á þessu og að það eigi að þýða þau skjöl sem berast. Og það sama gildir ef skjöl berast sem tengjast málinu og eins ef aðilar vilja vera með munnlegan málflutning, þá þurfi að sjá fyrir þýðingum. Maður sér strax fyrir sér að þarna er um gífurlega dýrt ferli að ræða, þ.e. það hlýtur að vera ákaflega dýrt að útvega þýðingar og sérstaklega geri ég ráð fyrir að sé dýrt fyrir okkur Íslendinga því að það eru ekki svo margir sem geta þýtt erlendis. Við þyrftum að sjálfsögðu að útvega túlka héðan sem gætu túlkað yfir á íslensku eða á milli þessara tveggja mála, ensku og íslensku eins og þarna er gert ráð fyrir. Þetta er því gífurlega dýrt að því er mér sýnist og þá er spurningin, hver ber allan þennan kostnað? Það hlýtur að vera að nefndin hafi farið ofan í þetta mál að meta nokkurn veginn hvað þarna gæti verið á ferðinni og þá hlýtur að vera hægt að miða við þann kostnað sem nú er á málinu t.d. fyrir Evrópudómstólnum. Þetta hlýtur að vera eitthvað samsvarandi. Síðan er í 5. lið þessarar 27. gr. talað um að álit dómstólsins skuli vera bæði á ensku og svo á því máli sem málið er lagt fyrir á í upphafsdómstólnum, ef ég skil þetta allt saman rétt. Þetta þykir mér vera nokkuð óljóst ef þarna er ekki á neinn hátt hægt að gera sér grein fyrir hvað það muni kosta og eftir því sem segir í áliti minni hlutans hér, þá hafa engin svör fengist í nefndinni um hugsanlegan kostnað vegna þessarar álitsbeiðnar og þykir mér það mjög slæmt og raunar alveg furðulegt ef nefndin hefur ekki getað fengið nokkur svör við þessu vegna þess að ég hélt að það ætti að liggja nokkuð ljóst fyrir varðandi önnur lönd, þ.e. ekki endilega fyrir EFTA-dómstólnum heldur þá fyrir Evrópudómstólnum, hvað svona gæti hugsanlega kostað.

En ég hef verulegar áhyggjur af þessu vegna þess að nú þegar er mjög dýrt fyrir einstaklinga að höfða mál fyrir dómstólum hér á landi og margir treysta sér alls ekki til þess og leggja ekki í það að leita réttar síns fyrir dómstólum vegna kostnaðar. Ég þekki mörg dæmi um það að fólk hefur verið í miklum vandræðum og þess vegna hef ég verulegar áhyggjur af því. Ég veit að hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason virtist engar áhyggjur hafa af þessu. Hann taldi raunverulega að þessi tillaga 2. minni hlutans um að þessi kostnaður félli ekki á þá einstaklinga sem ekki vildu að sótt yrði um álit EFTA-dómstólsins, væri fráleit og talaði um að þetta væri þvert á móti mikil réttarvernd fyrir borgarana. En hver á að borga þessa miklu réttarvernd ef það er rétt að þetta er mikil réttarvernd fyrir borgarana? Ég óttast það miklu fremur að þó að einstakir aðilar gætu hugsanlega greitt allan þennan kostnað, þá væri þetta bara þannig, því miður, í dag að fólk getur ekki greitt þann kostnað sem því er samfara að fara í dómsmál, hvað þá heldur ef kannski margfaldast kostnaðurinn við það að eiga þetta á hættu. Og hvenær getur þá fólk bakkað út úr málinu ef það hugsanlega sér fram á það að það getur ekki tekið þarna þátt?

Ég tók eftir því að hv. 3. þm. Reykv. er nokkuð órótt vegna þessa máls og kemur hérna upp og skammar fólk fyrir að halda langar ræður eins og hann gerði að því er varðaði hv. 9. þm. Reykn. og þykir mér það alveg stórfurðulegt að láta sér detta í hug að það séu líkur á því að þetta stóra mál fari órætt í gegn og þykir mér mjög einkennilegt ef hann telur að eitthvað af því sem hér hefur verið talað í dag hafi verið óþarfi vegna þess að það tel ég alls ekki hafa verið. Hann skal ekki halda það að Alþingi Íslendinga eða alla vega margir hér inni ætli að fara að setja færibandið fyrir þessi mál sem koma vegna Evrópska efnahagssvæðisins á fulla ferð hérna í gegnum Alþingi. Það verður að gaumgæfa hvert mál og það á ekkert að fara órætt hér í gegn.

Ég ætlaði ekki að ræða fleiri atriði, það voru fyrst og fremst þessi atriði sem mér fannst ekki vera nógu skýr af því sem hér hefur komið fram í máli þeirra sem hafa starfað í nefndinni. Það voru helst þessi atriði, þ.e. fyrst og fremst varðandi kostnaðinn og hvernig þessar tungumálaspurningar koma þarna inn vegna þess að eitt af því sem var talað um á sínum tíma var að líklega yrði allur málflutningur að fara fram á ensku. Mér sýnist það ekki vera niðurstaðan að því er þessi skjöl

varðar þannig að mér þykir nauðsynlegt að fá svör við þessu. En ég vil enn og aftur taka það fram að ég tel þetta ákaflega vafasama réttarbót fyrir fólk þar sem því verður væntanlega ómögulegt að leita réttar síns eftir að þetta kerfi er komið á ef um verður að ræða eitthvað að ráði að leitað verði eftir þessu áliti. En að mínu mati á eftir að koma enn frekar í ljós þegar fram líða stundir hvaða óheillaspor var stigið þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var samþykktur hér með naumum meiri hluta á Alþingi. Það er ekki bara að löggjafarvaldi er afsalað, heldur framkvæmdarvaldi og dómsvaldi að hluta að mínu mati og án þess að þjóðin væri spurð. Hún var ekki spurð. Og ég held að það hafi fyrst og fremst verið vegna þess að meiri hlutinn þorði ekki að leggja málið í dóm þjóðarinnar. Meira að segja gaf hæstv. utanrrh. það í skyn að þjóðin hefði ekkert vit á þessu mál og gæti þar af leiðandi ekki sagt álit sitt á því. Hann taldi sig greinilega vera betri til þess þó að mjög margar af þeim fullyrðingum sem hæstv. utanrrh. bar hér fram, bæði hér í þessum þingsal og reyndar annars staðar, hafi verið ákaflega hæpnar svo ekki sé meira sagt. Ég vil fullyrða að þar hafi bæði verið missagnir og beinlínis ósannindi að því er varðar þennan dæmalausa samning um Evrópskt efnahagssvæði. Það er því næsta víst að áður en langt um líður eiga eftir að koma fleiri mál upp á yfirborðið þar sem fólk gerir sér grein fyrir því hvað þetta var slæmur gjörningur sem hér var gerður á síðasta ári og tók gildi þann 1. jan. 1994.

[19:07]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er ástæða til að mótmæla mörgu í þessari síðustu ræðu en ég mun ekki gera það, enda áttu umræður sér stað á síðasta þingi um þessi mál og þær furðulegu yfirlýsingar um stjórnarskrárbrot og annað sem ég ætla ekki að fara að mótmæla hér aftur og endurtaka þær umræður.

Ég vil hins vegar segja aðeins, frú forseti, að í ræðu minni hér áðan mótmælti ég því alls ekki að það yrði hugað að því að auðvelda fólki að leita réttar síns með því að létta af því kostnaði í þessu máli. Ég vakti hins vegar athygli á þeirri þversögn sem kom fram í máli hv. 9. þm. Reykn. þegar annars vegar var kvartað undan því að fólk hefði þennan rétt og síðan talað um að það væri nauðsynlegt að auðvelda mönnum að geta nýtt sér hann með því að aðrir tækju að sér að bera kostnaðinn. Það var þessi þversögn því að eins og sá hv. ræðumaður setti málið fram, þá var full ástæða til að vekja máls á þessari þversögn í þeim málflutningi. Og mér finnst furðulegt af hv. 15. þm. Reykv. að taka síðan til við að snúa út úr mínum orðum og segja að ég hafi verið að andmæla því að aðrir bæru þennan kostnað. Ég tók enga afstöðu til þess máls. Vafalaust er unnt að finna sanngjarnar reglur í því en hins vegar sýna dæmin, frú forseti, að menn eru reiðubúnir til að leggja mikið á sig til þess að verja málstað sinn á erlendum vettvangi ef þannig skiptir. Við minnumst þess t.d. þegar fulltrúar Alþýðusambands Íslands gerðu sér ferð með einkavél til Strassborgar til þess að gera grein fyrir málstað sínum frammi fyrir embættismannanefnd félagsmálasáttmála Evrópu til þess að verja sinn málstað þar. Það eru því mörg dæmi um það að menn eru reiðubúnir til þess að leggja mikið á sig og ekki tel ég að þegar Alþingi staðfesti félagsmálasáttmálann, þá hafi menn verið að einblína á þau atriði að það kynni að koma til þess að íslenskir aðilar þyrftu að verja sitt mál vegna þess sáttmála.

[19:09]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég býst við því að hv. 3. þm. Reykv. og ég þurfum að ræða ansi lengi til þess að geta komist að sameiginlegri niðurstöðu að því er varðaði EES-samninginn og stjórnarskrárbrot þannig að ég ætla ekki að ræða það neitt sérstaklega. Það er fyrst og fremst vegna þess sem hann segir, að ég hafi snúið út úr því sem hann sagði. Ég vil meina að það væri ágætt að menn tækju sig til og skoðuðu það sem hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson sagði. Ég tel að það hafi verið hálfgerður útúrsnúningur hjá honum að það sé á sama hátt hægt að snúa út úr því sem hún sagði. Ég lít ekki á það sem þversögn í fyrsta lagi að leggja það til að það sé ekki rétt að það sé hægt að leita réttar síns þegar farið er fyrir félagsdóm vegna þess að ef maður leggur til að það verði fellt út þá þarf auðvitað ekki að spekúlera í kostnaðinum við akkúrat þann þátt. En það eru miklu fleiri atriði sem kosta, það er ekki bara félagsmálapakkinn. Ég t.d. lít svo á að það eigi alls ekki að heimila íslenskum dómstólum að leita til erlendra dómstóla. Þeir eiga að meta eftir íslenskum lögum fyrst og fremst. Eingöngu. Hins vegar ef það er samþykkt, þá get ég litið svo á að það þurfi að hjálpa fólki við kostnaðinn þannig að það er ekki þversögn í því að mínu mati. Það getur vel verið að það sé að mati hv. 3. þm. Reykv., þá verður bara að hafa það. Ég lýsi hins vegar ánægju minni með að það hafi verið misskilningur af minni hálfu að hann hafi ekki viljað að tekið yrði þátt í kostnaði við þetta og að það mundi ekki falla á þá sem væru að leita réttar síns fyrir dómstólum. Það er auðvitað bara ánægjulegt því að þá erum við sammála að því er það varðar.

[19:11]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ítreka það að ég tók enga afstöðu til þess máls, enda finnst mér að það hljóti að koma til athugunar og ég hef skilið það svo að það yrði gert. En það sem hv. 9. þm. Reykn. — það er nú einkennilegt að þurfa að fara að deila um þessa löngu ræðu aftur hér sem ég taldi að væri allt of löng og fremur óskipuleg og það hefur komið í ljós að menn hafa kannski ekki hlýtt á hana svo gaumgæfilega. Það sem hv. 9. þm. Reykn. var að segja var að sá háttur sem væri verið að taka upp í þessu frv. leiddi til þess að það yrði óþolandi þrýstingur á dómara í landinu, og manni gat skilist að dómstólarnir yrðu næsta óstarfhæfir út af því að þessi háttur yrði tekinn upp. Síðan benti ég á það að ef menn ætluðu þá að auðvelda fólki að sækja mál sitt fyrir EFTA-dómstólnum eða leita álits með því að taka á sig að greiða kostnaðinn, þá hlyti þessi þrýstingur á dómarana, sem hv. ræðumaður taldi að væri óþolandi, að verða enn þá óbærilegri.

Það var þessi þversögn sem ég vakti athygli á. Ég efast um að hv. 15. þm. Reykv. hafi hlustað á hina löngu og ítarlegu ræðu og ég undrast það náttúrlega ekki að þingmaðurinn hafi ekki gert það því að eins og fram hefur komið í máli manna hér, þá taldi ég þá ræðu eiginlega ekki eiga neitt erindi inn í þessar umræður.

[19:12]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gef ákaflega lítið með álit hv. 3. þm. Reykv. hvaða ræður eigi erindi inn í þessa umræðu og hvaða ekki. Það væri einkennilegt ef maður færi að fara hérna upp og dæma það, þá held ég að það væru ýmsar ræður sem mættu missa sín hér. (**Gripið fram í:** Það er rétt. Fleiri mega missa sín.) En það er akkúrat ekki hlutverk okkar að fara að meta það hér hverjar þeirra megi missa sín og hverjar ekki. Hér er fullt málfrelsi. Ég hlustaði á ræðu hv. 9. þm. Reykn. úr því að það er til umræðu hér og ég get fullyrt, nærri því fullyrt að hv. 3. þm. Reykv. hefur misskilið ýmislegt sem þar var sagt miðað við það sem hér hefur komið fram. Ég hlustaði á þá ræðu og ég ætla ekki að fara að endurtaka hana fyrir hv. þm. þó að það geti vel verið að maður geri það einhvern tíma við seinna við tækifæri.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Til þess að taka af öll tvímæli hlýtur forseti að lýsa því yfir að það er ekki í valdi einstakra þingmanna að ákveða hér ræðutíma, það er í valdi forseta. (**BBj:** Var þetta forsetaúrskurður?) Það var það.

[19:13]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins stuttlega vegna orða hv. þm. Kristínar Einarsdóttur hér áðan um kostnaðinn, þá vil ég upplýsa það að allshn. gerði allt sem í hennar valdi stóð til þess að leita eftir upplýsingum um kostnaðarhliðina, en þær reglur sem við fengum síðan eru aðeins drög, þetta eru drög að reglum sem eru ekki enn þá fullfrágengnar og þess vegna var skiljanlega erfitt að fá ákveðin svör. Ríkisstjórnir EFTA-ríkjanna eru með þessar reglur enn þá til umfjöllunar. En það hefur verið upplýst að málskostnaður verður ekki dæmdur í máli um álitsbeiðni fyrir EFTA-dómstólnum. Útlagður kostnaður vegna álitsbeiðni er í raun hluti af málskostnaði í aðalmálinu og verður dæmt um þann kostnað í því máli fyrir þeim dómstóli sem dæmir í málinu hér á landi. Kostnaðurinn á að fara eftir reglum landsins sem álitsbeiðni kemur frá, sbr. 97. gr. draga að starfsreglum EFTA-dómstólsins. Hér á landi er fjallað um málskostnað í einkamálum í 129.–133. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, og er meginreglan sú, sbr. 1. mgr. 130. gr., að sá sem tapar máli í öllu verulegu skal að jafnaði dæmdur til að greiða gagnaðila sínum málskostnað. Við sérstakar aðstæður getur EFTA-dómstóllinn veitt gjafsókn vegna mætingar fyrir dómstólnum, sbr. 72. gr. þessara draga að starfsreglum fyrir dómstólinn, en þar er fjallað almennt um gjafsókn fyrir dómstólnum. Ef enginn mætir eins og margir telja að líklega muni oftast verða raunin þá verður auðvitað enginn kostnaður.

Það má einnig benda á að talið er að um mjög fá tilvik á ári verði að ræða þar sem leitað verði slíks álits. Ég held að Þór Vilhjálmsson, fyrrv. hæstaréttardómari, hafi nefnt jafnvel eitt til fimm tilvik á ári sem hámark og að einnig er hægt að fá gjafsókn fyrir dómstólnum uppfylli aðili skilyrði 72. gr. draganna að starfsreglum fyrir dómstólinn.

En ég tek undir það að það þarf að athuga þessa hluti vandlega og eins og ég hef komið á framfæri við hv. nefndarmenn í allshn. er hæstv. dómsmrh. tilbúinn til að skoða þessi mál nánar með því að láta skoða reglurnar í nefnd sem hefur verið skipuð sem á að kanna setningu reglna um opinbera réttaraðstoð.

[19:16]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Reykv. fyrir svörin. Það kemur í ljós sem ég reyndar kannski vissi, það stóð í nefndarálitinu, að það hefði verið erfitt að fá svör og þykir mér það eins og ég lýsti áðan mjög slæmt að það skuli á engan hátt liggja fyrir og átta ég mig ekki alveg á af hverju þarf þá að hraða þessu máli svo í gegn því að ég sé ekki betur en það liggi ekkert á að gera þetta frv. að lögum þar sem svo mörgum spurningum er ósvarað. Hér segir einnig að það hafi komið fram að mér skildist í nefndinni að hæstv. dómsmrh. væri tilbúinn til að líta á þessi mál. Það þykir mér ekki fullnægjandi. Ég tel að það þurfi að liggja fyrir áður hvernig þessum málum á fyrir að koma ef þessu verður þá lofað. Auðvitað vona ég að þessu verði bara frestað og það verði ekki gengið frá þessum málum fyrr en öll kurl eru komin til grafar. Ég tel það ófullnægjandi að Alþingi sé að samþykkja lög með þessum hætti.

[19:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er ekki þörf á að bæta miklu við það sem fram hefur komið í umræðunni í dag. Talsmenn 2. minni hluta hafa gert nokkuð rækilega grein fyrir okkar sjónarmiðum og er ekki miklu við það að bæta af minni hálfu því að þeir hafa fjallað um málið bæði málefnalega og rækilega og það svo að hv. 3. þm. Reykv. kveinkaði sér undan ítarlegum málflutningi okkar stjórnarandstæðinga í þessu máli. Ég get svo sem vottað honum samúð mína í þessu máli, að þurfa að reyna að halda uppi vörnum með svona veikan málstað sem raun ber vitni í frv.

Það er nú svo að þráðurinn er ekki sterkari en sjá má í álitsgerð sérstakrar nefndar sem utanrrh. skipaði og skilaði af sér á árinu 1992 í júlímánuði. Þar kom fram í raun og veru nánast með beinum hætti að í samningnum eins og hann var þá frágenginn væri um að ræða valdaframsal. Því var ekki mótmælt að samningurinn fæli í sér afsal eða framsal valds úr landi og einkum og sér í lagi var það dómstólaþátturinn sem var ástæða mats þessarar ágætu nefndar sem verður ekki sökuð um það að hafa verið þannig skipuð að hætta sé mikil á að hún hafi skilað áliti óvilhöllu utanrrh. og ríkisstjórninni ef á annað borð má ætla að um

slíkt hafi verið að ræða sem ég ætla ekki að leiða neinum líkum að. En ég vil a.m.k. undirstrika það að ég tel engar líkur á því að álit þessarar nefndar halli á nokkurn hátt á það sem hæstv. utanrrh. og ríkisstjórnin taldi í málinu. En þessi ágæta nefnd dró það sterklega fram að það væri þessi þáttur sem væri hvað varhugaverðastur en taldi að málið slyppi fyrir horn vegna þess að reglurnar um vald stofnana EFTA væru vel afmarkaðar og fælu ekki í sér verulegt valdframsal, ekki verulegt valdframsal sem talið verði íþyngjandi í ríkum mæli.

Það þarf ekki að skoða þetta frv. mjög lengi til að efast um, eða a.m.k. vakni spurningar um það hvort texti frv. sé þannig að hægt sé að kalla ákvæðin í greinunum vel afmörkuð. Ég set t.d. spurningarmerki við ákvæðið um félagsdóm í 2. gr. frv. en þar segir, með leyfi forseta:

„Með sama hætti og segir í 1. og 2. mgr. 1. gr. getur félagsdómur leitað álits EFTA-dómstólsins um atriði mála sem eru rekin þar." — Um atriði mála. Hvaða atriði, virðulegi forseti? Þetta er ekki vel afmarkað að mínu viti. Ég tel að menn geti hæglega deilt um það hvaða atriði mála það eru sem menn ætla með lagatextanum að gefa heimild til þess að leita til EFTA-dómstóls út af. Ég held að bæði aðilar fyrir félagsdómi og svo EFTA-dómstólnum gætu haft sína túlkun á því hvaða atriði mála væri um að ræða. Þetta er ekki vel afmarkað. Að sumu leyti má nefna það sama um 1. gr. frv. Þannig að hér eru menn á ákaflega veikum ís, virðulegi forseti, með þessu frv. um öflun álits EFTA-dómstólsins.

Til þess að undirstrika hversu veikt málið stendur stjórnarfarslega séð kemur það skýrt fram hjá þessum ágætu aðilum í nefndinni sem ég gat um að það að álitið sé aðeins ráðgefandi en ekki bindandi sé úrslitaatriði málsins að það sleppi. Ef það væri bindandi þá er nefndin sammála um að það mundi ekki sleppa, það væri stjórnarskrárbrot, svo ekki er deila um það milli okkar stjórnarandstæðinga og þessarar nefndar. Hins vegar hafa menn ólíkar skoðanir á því hvort það sé rétt sem nefndin setur fram að það að hafa þetta álit með þessum hætti dugi til að sleppa undan því að um stjórnarskrárbrot sé að ræða. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög hæpið að halda því fram að búningur málsins sé þannig að menn sleppi fram hjá öllum boðum í þessum efnum.

Ég minni á það svona í leiðinni að hv. þingheimur man að það gekk í sundur á sínum tíma, einmitt dómstólaþáttur málsins, þegar upphaflega var gert ráð fyrir að hafa einn sameiginlegan dómstól og talið var að það gengi ekki og menn breyttu því.

Lítum aðeins á hvernig menn ætla svo að framkvæma málið í reynd eftir að vera komnir að þessari niðurstöðu að leiðin til þess að málið standist stjórnarskrá að þeirra mati sé að hafa álitið ráðgefandi. En áður en við lítum á það þá skulum við aðeins rifja upp hvaða álit sú leið fær hjá aðilum sem verður að taka mark á. Ég vil vitna til álits Lögmannafélags Íslands sem sent var 28. sept. 1992 til allshn. Í því áliti kemur réttilega fram að það sé talið nauðsynlegt í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að ákvæði hans séu túlkuð og framkvæmd á sama veg í öllum aðildarríkjum samningsins, annað leiði til öngþveitis á samningssvæðinu ef þetta samræmi náist ekki. Álit Lögmannafélags Íslands á þessari leið sem frv. hefur að geyma er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Til þess að koma í veg fyrir að ófremdarástand af þessu tagi skapist er óhjákvæmilegt að setja á stofn einn dómstól sem túlki lög þau og reglur er gilda á EES-svæðinu. En þar sem dómstólum er hvorki skylt að leita ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins né heldur að fara eftir áliti hans er afar vafasamt að þetta frv. ef að lögum verður nái tilgangi sínum, þeim að tryggja samræmda túlkun á ákvæðum EES-samningsins og bókunum og viðaukum við hann."

Þessi tilvitnun dregur það alveg skýrt fram að menn sem eru býsna fróðir í þessu efni gera sér auðvitað grein fyrir því að ef það er rétt, að ef menn ætla að fara þessa leið eins og hún er okkur sögð að menn ætli að praktísera hana, þá muni menn ekki ná þeirri samræmingu sem samningurinn krefst og menn endi því í hálfgerðri blindgötu hvað það varðar. Þess vegna er frv. þannig útbúið, eins og sjá má og lesa í greinargerð, að það er ætlast til þess, og allur farvegur málsins þannig gerður, að menn leiti eftir þessu áliti enda segir í athugasemdum með frv., með leyfi forseta, að vissulega verði að telja að eftir því, þ.e. áliti EFTA-dómstólsins, yrði að öðru jöfnu farið að því leyti sem úrlausnin veltur á álitaefninu.

Þannig er sagt berum orðum af hálfu þess sem flytur málið, ríkisstjórnarinnar, að menn eigi að hafa það sem meginreglu að leita eftir þessu áliti. Og til þess að tryggja það að koma þessari álitsgerð við sem fyrst þá er frv. búið þannig út að það sé strax á fyrra dómstigi hægt að sækja sér þetta álit.

Þannig sýnist mér að menn séu að teikna upp farveg þar sem þeir ætla að láta það í orði kveðnu heita ráðgefandi álitsgerð en í reynd að vera bindandi álitsgerð. Það er mitt mat að verði það reyndin eins og ég les út úr frv. þá séu menn í raun búnir að binda síðara dómstig, eða það fyrra eftir atvikum, af slíkri álitsgerð sem yrði sótt í þessum álitamálum, því það er ekki við því að búast og reyndar sagt berum orðum, að dómarar dæmi gegn áliti EFTA-dómstólsins. Það væri yfirlýsing um það að íslenskur dómstóll ætlaði að ýta til hliðar samræmingarkröfunni, ganga gegn henni, sem aftur er svo yfirlýst eins og ég hef vitnað og reyndar má rekja á öðrum stöðum að ríkisstjórnin er ákveðin í að fylgja eftir.

Ég geld því mikinn varhug við þessu. Ég tel að menn séu að stíga mikið óheillaspor í þessu efni. EFTA-dómstóllinn mun auðvitað eðli málsins samkvæmt þurfa að hafa mjög gát á því hvað EB-dómstóllinn gerir og taka mið af því og miðað við aflsmuni, ef svo má að orði komast í þessum efnum, þá sýnist mér að EFTA-dómstóllinn muni vera nokkurs konar eftirbátur hins og gegnum það tryggi menn í raun og veru samræminguna sem menn telja að þurfi að vera í gegnum þessa brú sem menn hafa smíðað með þessum dómstólum. Þannig að það sem við sitj-

um uppi með í reynd er bergmál af EB-dómaþróuninni. Það getur hver og einn spurt sig að því hvort það sé það sem menn vilji. Um það geta menn haft skiptar skoðanir en menn eiga ekki að vera að segja, hvorki þingi né þjóð, að menn séu að gera eitthvað annað. Menn eiga að segja raunverulega það sem þeir eiga að gera og segja skýrt og skilmerkilega frá því að menn séu að fara krókaleiðir fram hjá áliti nefndar ríkisstjórnarinnar um það hversu langt samningurinn gengi í það að rekast á stjórnarskrána.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki rétt að sinni að hafa fleiri orð um þennan þátt málsins en þetta er auðvitað höfuðatriðið, þessi uppbygging á dómstólafarvegi málsins og rétt að mönnum sé það ljóst hvernig það er hugsað og á að ganga eftir.

En það er atriði sem ég vil nefna líka þótt aðrir hafi á undan mér gert það að umtalsefni, mér þykir rétt að ítreka það a.m.k. til að leggja áherslu á að það er nauðsynlegt að þar verði bætt úr frá því sem lagt er til af hálfu stjórnarliðsins í málinu. Það er í fyrsta lagi að reglurnar um þennan EFTA-dómstól verða að vera skýrari en fyrir liggur á þessu stigi máls. Það kemur t.d. fram í athugasemdum með frv. að ýmis framkvæmdaatriði varðandi málarekstur fyrir EFTA-dómstóli ráðist af reglum hans og auðvitað verðum við, áður en við göngum endanlega frá þessu máli, eða þeir sem vilja bera ábyrgð á því, að vera búnir að kynna sér hvernig þessar reglur eiga að vera. Eins og fram hefur komið hafa þær verið sendar nefndarmönnum í allshn. á ensku. Ég verð nú að segja, virðulegur forseti, að mér þykir nefndarmönnum vera nokkuð misboðið að ætla þeim að lesa sig í gegnum þetta á annarri tungu en þeirri sem við eigum að nota í þingstörfum. Ég hefði talið að viðkomandi ráðherra eða þingið sjálft ætti að sjá sóma sinn í því að koma þessum texta yfir á aðgengilegt mál fyrir okkur. Það er óþolandi að hafa ekki fyrir sér þessi drög að reglum á máli sem maður skilur til nokkurrar hlítar skulum við segja.

Ég hafði óskað eftir því að utanrrh. yrði hér viðstaddur og hafði hugsað mér að beina til hans fyrirspurnum einmitt um þessar starfsreglur en það kemur fram í þessum drögum sem nefndarmenn allshn. eru með að EFTA-dómstóllinn sendi utanrrh. þessi drög 11. nóv. á síðasta ári og ríkisstjórnin þarf að fara yfir þetta og staðfesta og mig langaði til að spyrja ráðherrann hvar þetta mál væri á vegi statt, hvort það væri búið að ganga frá þessum reglum af hálfu ríkisstjórnar Íslands eða hvort þess væri kostur að fá málið tekið fyrir innan allshn. og fá fulltrúa ríkisstjórnarinnar í málinu til að fara yfir það með okkur og greina okkur frá því hvaða afstöðu ríkisstjórnin hefur til þessara draga og hvaða breytingar hún kemur til með að vilja gera. Það skiptir miklu máli upp á þetta frv. því að ef t.d. þannig ákvæði verða um kostnað eins og virðist vera í þessum enska texta þá sýnist mér að við getum ekki annað en sett inn í frv. sem við erum að ræða núna ákvæði um kostnað. Það hefur verið rækilega skýrt fyrir þingheimi hvað það hefur í för með sér ef ekki verða sett ákvæði sem taka á því. Það hækkar einfaldlega málskostnað ef málsaðili fær því framgengt að málið verði sent til EFTA-dómstóls og leitað álits, að sá sem kann að tapa málinu á það á hættu að þurfa að bera allan kostnað af því að endingu. Og fyrir utan það að málarekstur af þessu tagi lengir tímann sem líður frá því að mál hefst og þar til því lýkur endanlega sem er óæskilegt þá er þetta ákvæði um kostnað eða skortur á ákvæðum um það afar tilfinnanlegt og bagalegt. Það er engin þversögn í því fólgin af hálfu okkar stjórnarandstæðinga sem ekki styðjum það að opna þessa leið til erlends dómstóls að leggjast á þá árina að kostnaðurinn falli ekki eins og fyrirsjáanlegt er ef við verðum undir með okkar skoðun og þessi leið verði opnuð þrátt fyrir okkar andstöðu. Það er fyllilega eðlileg afstaða og engin þversögn í því fólgin og mér finnst að hv. þm. Björn Bjarnason sem var með þessar ásakanir uppi áðan ætti að spara sér slíkan málatilbúnað og væri sæmra að koma hér upp með einhverjar hugmyndir eða tillögur um það hvernig ætti að koma þessum kostnaði fyrir með öðrum hætti en frv. leggur til. Ég vænti þess að viðkomandi þingmaður muni taka sig á í þessum efnum.

Virðulegi forseti. Þetta er í örstuttu máli það sem ég vildi bæta við þá umræðu sem orðin er í málinu sem mér finnst hafa verið að mörgu leyti góð þó að ég geti ekki tekið undir það að hún hafi verið löng því þetta er eitt allra stærsta málið, eitt allra stærsta fylgifrumvarpið eða hliðarmálið við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og ekkert undarlegt þó að það þurfi nokkuð að ræða þetta mál. Ef eitthvað er þá kemur það mér frekar á óvart hversu skamman tíma það tekur að ljúka þessari umræðu.

[19:37]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vildi minnast á örfá atriði sem fram hafa komið í þessari umræðu þar sem nokkuð víða hefur verið komið við og vakin athygli á ýmsum mikilvægum málefnum. Í fyrsta lagi er það málskotsheimild til handa héraðsdómi. Í mínum huga er þetta grundvallaratriði að því leyti að með því er verið að marka þá stefnu að við skulum ganga lengra í því að leita út fyrir landsteinana eftir úrskurði okkar mála heldur en samningurinn leggur okkur skyldu á herðar. Þar finnst mér vera um að ræða, eins og ég sagði í minni framsöguræðu fyrir nokkru síðan, að væri um stefnumörkun á hendi núv. hæstv. ríkisstjórnar, að vilja sækja eins mikið og hún gæti af úrskurðum út fyrir landsteinana og ég er andvígur því.

Það kom fram bæði hjá hæstv. dómsmrh. og hv. frsm. 1. minni hluta allshn., 6. þm. Reykv., að það væri gott að fá þessi úrslit sem fyrst því það gæti leitt til þess að þá mundu málsaðilar sættast. Ég býst við því að það mundu sjálfsagt ýmsir hika við að áfrýja til Hæstaréttar dómi í héraðsdómi sem væri byggður á áliti frá EFTA-dómstóli vegna þess að þar er raunverulega um að ræða æðstarétt. Það er orðinn hinn raunverulegi hæstiréttur í landinu því það segir beinlínis í greinargerð frv. að það sé líklegt að eftir þessu áliti verði farið. Og það er gjörsamlega vonlaust með þessa túlkun fyrir nokkurn að áfrýja til Hæstaréttar eftir að æðsti dómstóll hefur kveðið upp sitt álit.

En eins og ég nefndi í andsvari að vilja rökstyðja þá leið eins og hæstv. dómsmrh. gerði að það mundi létta eitthvað á Hæstarétti málum og leysa hans vanda, það er hugsunarháttur sem er fjarri mér.

Í öðru lagi er það svo með félagsdóm. Hv. 6. þm. Reykv. las upp athyglisverða umsögn frá Vinnuveitendasambandi Íslands þar sem þeir létu í ljós kvíða sinn ef þessi heimild sem Alþingi veitti yrði notuð því það mundi tefja málin og verða til vandræða. Það á sem sagt að treysta á það að sú vitleysa sem Alþingi samþykkir verði ekki notuð. það finnst mér heldur ekki skemmtileg rök í málinu.

Þá er það í þriðja lagi með kostnaðinn. Mér finnst það hafa komið fram að sumir hv. ræðumenn hafi ekki skilið hvað 2. minni hluti allshn. er að fara með brtt. sinni. Ég reyndi að skýra það í minni framsöguræðu, ég veit ekki hvort allir hafa hlustað á hana, en brtt. hljóðar þannig um þetta atriði, með leyfi hæstv. forseta:

„Á undan 3. gr. komi ný grein sem orðist svo:

Aðila, sem ekki óskar eftir úrskurði um álitsbeiðni til EFTA-dómstólsins, skal aldrei gert að greiða þann aukakostnað sem af þeirri beiðni hlýst."

Ef dómstóll tekur það upp að eigin frumkvæði að leita eftir þessu áliti af því að hann treystir ekki á eigin dómgreind, þá á málsaðili ekki að gjalda fyrir það. En hins vegar ef annar hvor málsaðilinn knýr á það við dómara eða dómstól að eftir þessu sé leitað þá eigi hinn aðilinn, sem ekki kærir sig um það, ekki að gjalda fyrir það með ómældum upphæðum, tugum, hundruðum þúsunda eða jafnvel meiru, því eins og komið hefur skýrt fram þá er þetta álit í reynd æðsti dómstóll. Því er það alveg rétt sem hv. 3. þm. Reykv. sagði að menn leggja æðimikið á sig til þess að verja sinn málstað fyrir slíkum dómstóli.

Í þessum doðranti sem við fengum aðeins á ensku — og ég spurði reyndar hæstv. dómsmrh. að því á sínum tíma hvort hann teldi að það væru boðleg vinnubrögð og hvort þetta ætti að boða það að þannig ætti Alþingi að vinna — eru tíunduð ýmis atriði í sambandi við vinnubrögðin. Ég get ekki skilið annað en að það geti verið nokkuð flókinn gangur mála. Ef mál er sent til dómstólsins þá á að senda það til allra aðildarríkja, láta þau vita að þarna sé þetta mál á ferðinni. Það er enginn tímafrestur um það hversu fljótt ríkin eigi að bregðast við og koma og sinna málinu eða hvenær dómstóllinn á að taka málið fyrir. Síðan er aðilum gefinn kostur á því, og eins og ég sagði áður er líklegt að aðilar muni leggja mikla áherslu á það að fá tækifæri til að fara og skýra sitt mál fyrir þessum dómstóli þar sem aðeins situr einn maður af sjö sem þekkir eitthvað til aðstæðna hér á Íslandi. Því er mikið í húfi að aðilar, sem vilja reyna að verja sig og koma sínum viðhorfum á framfæri, geri það á þann hátt. Miðað við þann kostnað sem er við ferðalög til dómstólsins héðan og við dvöl þar þá er það fljótt að koma í háar upphæðir.

Ég get ekki áttað mig á því hvort það gæti komið til að aðilar þyrftu að fara oftar en einu sinni eða hversu lengi þeir þurfa að dvelja þarna því eins og ég segi eru engin tímamörk sett í þessum starfsreglum.

Hv. 6. þm. Reykv. sagði að sér fyndist þessi brtt. okkar um greiðslur og ábyrgð eitthvað óskýr. Eins og ég hef reynt að segja þá finnst mér það ekki vera. Ég get ekki skilið það öðruvísi en að ef dómari ákveður að leita álitsins að eigin frumkvæði þá hlýtur hann að bera ábyrgðina á þessum kostnaði eftir þessari brtt. Við vitum það hver ber ábyrgð á dómaranum. Það er auðvitað ríkissjóður, það getur enginn annar gert. Þannig að mér finnst þetta ekki vera óskýrt. En ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að fá góðar ábendingar frá hv. formanni allshn. ef þetta þarf að orðast skýrara og einnig er sjálfsagt að taka til skoðunar þau boð sem hér hafa komið um að ráðuneytið vilji líta á þetta mál. Ég vonast því til að þetta verði tekið fyrir til athugunar og umræðu á fundi allshn. áður en að 3. umr. kemur. Og með tilliti til þess að þá munum við fá góðar ábendingar og nýjar upplýsingar þá mun ég ekki tefja þessa umræðu meira með fleiri athugasemdum og geyma það þá til 3. umr.

[19:48]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að svara nokkrum misskilningi sem fram hefur komið að mér sýnist nú rétt undir lok umræðunnar og ætla því að stikla á því stærsta og beini raunar máli mínu til formanns hv. allshn. varðandi fyrsta efnið ef hún hefur möguleika á að hlusta. Það er varðandi það að hún taldi að ég hefði eitthvað misskilið það að það væri ekki aðeins heimild til að sækja álit EFTA-dómstóls hjá héraðsdómi heldur einnig skylda ef annar hvor aðili vísar slíku til Hæstaréttar og fær þann úrskurð að honum sé gert að leita álits. Ég sé ekki annað en sú ábending haldi sérstaklega. Og það hnekkir því í raun inni að þarna sé einungis um heimildarákvæði að ræða því það er sama hver rökin eru. Svo framarlega sem þetta er tekið til greina þá getur dómara verið gert það í héraðsdómi að sækja um álit. Ég held að þetta út af fyrir sig sýni það að þarna er verið að binda dómara á klafa sem ekki var áður. Það er alveg sama hvort mönnum þykir þetta jákvætt eða neikvætt, ég veit að við formaður hv. allshn. erum ekki sammála um það hvort við teljum yfir höfuð að það að leita slíks álits sé jákvætt eða neikvætt. Ég vil ekki fjalla um þetta efnislega heldur sem prinsipp, þarna er verið að skylda dómara til að leita álits hjá yfirþjóðlegri stofnun og hvort sem það getur verið málsaðilum öðrum hvorum eða báðum til hagsbóta eða ekki, þá er það ákveðin skylda sem ekki hefur verið áður í íslenskum lögum. Þarna er um mjög mikilvæga breytingu að ræða og lið í því að færa dómsvald úr landi þótt þarna sé aðeins um ráðgefandi álit að ræða. Ég held að umræðan hér í dag hafi leitt það í ljós að það eru afskaplega margir sem deila þeim áhyggjum mínum að þarna sé annað og meira á ferðinni. Og það er engin tilviljun að svo er tekið til orða í greinargerð með þessu frv. að það sé að jafnaði gert ráð fyrir því að farið verði eftir þessu áliti. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þau rök sem þar hafa verið tilgreind.

Varðandi sérstakt eðli íslenska félagsdómsins og

mismununinn á eðli hans og félagsdóma nágrannalandanna þá finnst mér vissulega mjög athyglivert að sú hugmynd sem raunar var bara lítil ábending frá Markúsi Sigurbjörnssyni sem kom til umræðu í allshn. að það væru í rauninni til tvær leiðir að því marki að leysa félagsdóm á Íslandi undan því að þurfa að leita álits EFTA-dómstólsins. Og enn undanskil ég það hvort menn telja það af hinu góða eða hinu illa, ég er að tala um prinsippið. Annars vegar er hægt að fara þá leið og sum nágrannalanda okkar hafa gert að láta þetta ekki ná til félagsdómstóls og það er sú leið sem við í 2. minni hluta allshn. leggjum til. Eða hins vegar að sundurgreina hlutverk félagsdóms þannig að það sé ekki hægt að skilgreina það svo að við verðum að leita þessa álits. Ég tel að við þurfum ekki að gera það. En séu menn svo fastir í bókstafnum að þeir telji að annars værum við að brjóta EES-réttinn þá væri þessi leið einnig til athugunar en það mundi að sjálfsögðu kalla á töluverðar umræður og þetta þyrfti að gerast í sátt við alla aðila og ég er ekkert viss um að það mundi gerast. Ella eiga þeir sem hafa gagnrýnt þetta mest það yfir höfði sér að þeim verði gert í viðkvæmum deilumálum er varða t.d. kjarasamninga og fleira að geta verið í þeirri stöðu að fá þetta álit annars staðar frá þar sem aðstæður eru aðrar en hér á landi. Þar af leiðandi erum við einfaldlega komin með það klárt að það eru önnur lög annarra landa, samhæfð lög, einhvers konar Evrópumeðaltal, sem gilda í þeim málum sem þetta varðar sérstaklega. Ég mun því ekki loka á neina umræðu varðandi þetta. Ég ber þetta mál mjög fyrir brjósti og ég læt mér í léttu rúmi liggja þótt einhverjir hér telji að þessi umræða sé óþörf, það er persónulegt mat og ekki alltaf byggt á því að menn hafi verið að hlusta af neinni sérstakri athygli eða að þeir hafi heyrt jafnvel þó þeir hafi hlustað og þaðan af síður skilið. Og við því get ég ekkert gert.

Varðandi ræðu hæstv. dómsmrh. lagði hann mikla áherslu á það sem er í rauninni grundvallaratriði hér í umræðunni að álitið þýddi það engu að síður að enginn dómari væri bundinn af þeirri túlkun eða því áliti sem kæmi frá EFTA-dómstólnum. En hvað gerist ef dómari gerir þetta ekki? Það er þekktur farvegur og það er nákvæmlega það sem gerir þetta svo hæpið allt saman að það ferli getur farið í gang að íslensk stjórnvöld þurfi að verja niðurstöðu íslenskra dómstóla á vettvangi EES og ef þar er kveðinn upp úrskurður þá er hann íþyngjandi og bindandi fyrir okkur og þá eigum við ekki annarra kosta völ heldur en að breyta okkar lögum svo framarlega sem við viljum standa við samninga. Og það er þetta sem mér finnst mergurinn málsins þegar verið er að ræða það hvort hér sé um það að ræða að við séum að flytja dómsvaldið úr landi eða ekki. Þetta er afskaplega einfalt atriði og þetta hlýtur að valda þeim þrýstingi sem mér var tíðrætt um í fyrri ræðu minni. Íslenskir dómstólar gera sér vissulega grein fyrir því, þeir dómarar sem fá slíkt álit í hendurnar, að þessi eftirleikur getur hæglega orðið. Það þarf ekki að væna þá um skilningsskort á því sviði og ég er alveg sannfærð um að það er nákvæmlega þessi staða sem getur komið upp ef dómarar þá á annað borð lúta ekki í einu og öllu þessu áliti. Og með þessum hætti er dómsvaldið komið út úr landi og um það hefur styrinn staðið. Þetta er ekki flóknara mál en það.

Ég skil nú ekki alveg þau sérkennilegu skeyti sem ég hef fengið frá hv. 3. þm. Reykv. og læt mér þau í léttu rúmi liggja. Það var eitthvað verið að velta því fyrir sér hvort þarna væri skipulega að verki staðið eða ekki. Ég tel það vera vott um afskaplega óskipulegan hug að fara að blanda saman annars vegar þeim þrýstingi sem ég var hér að lýsa á dómara og svo hins vegar kostnaði og þeim vangaveltum sem við flest hér deilum um, um það á hvern hátt verði best staðið að kostnaði. Þetta er alveg stórfurðuleg blanda og ég verð að viðurkenna að þarna finnst mér vera sorglegt dæmi um skipulagsleysi.

Það er þá best að fara í gegnum það enn einu sinni. Það er engin þversögn í því að við sem myndum 2. minni hluta allshn. viljum að það sé greiddur kostnaður vegna málflutnings eða jafnvel utanstefnu vegna öflunar álits EFTA-dómstólsins alla vega fyrir þann sem ekki biður um það og ekki vill eða kærir sig um þetta álit. Þetta er íþyngjandi, þetta er viðbótarkostnaður og það vita allir. Og við höfum nú ekki gengið lengra en það að benda á að sá sem ekki biður um þetta álit eigi alla vega ekki að bera þennan kostnað. Mér þykir þetta afskaplega hóflega gert og ég skil ekki hvernig í ósköpunum sá sem ekki vill fá þetta álit eykur þrýsting á dómara um að senda mál að utan nema dómari fari í ham og verði andstæður manni sem ekki vill fá álit og fari að freistast til að senda mál út ef hann verður var við það sérstaklega að einhver vill ekki að mál sé sent utan. Þetta eru auðvitað fáránlegar getsakir á íslenska dómarastétt en þetta er eina leiðin sem ég sé til að slíkt gæti valdið þrýstingi. Þannig að ég held að hér hljóti nú einfaldlega að vera um misskilning að ræða og ákveð að líta svo á.

Það er í rauninni þrennt sem getur komið upp varðandi kostnaðinn. Það er í fyrsta lagi ef EFTA-dómstóllinn sjálfur ákveður að kalla til vitni eða þarf að fá sérþekkingu einhvers vegna álitsgerðar þá fellur sá kostnaður á EFTA-dómstólinn.

Í öðru lagi er það hluti málskostnaðar ef þeir fara að frumkvæði þess sem sendir málið eða vill að málið sé sent til EFTA-dómstólsins, þ.e. ef íslenskur dómari úrskurðar það annaðhvort að eigin frumkvæði eða vegna frumkvæðis annars hvors málsaðila að þetta verði hluti af málarekstri íslenskum þá fer það að sjálfsögðu í þann málskostnað sem fylgir málinu miðað við þá stöðu sem við erum að tala um núna. En ég fagna því að það skuli vera skilningur á því að það þurfi e.t.v. að taka meira á þessum málum. Ég er opin fyrir öllum þeim hugmyndum sem fram koma hérna svo framarlega sem ég sé að það geti að einhverju leyti létt á fólki sem þarf að standa í því að fá kannski málskostnað hækkaðan.

Þriðja staðan sem getur komið upp eftir því sem ég best fæ séð er að málsaðili fari utan eða biðji einhvern að fara utan fyrir sína hönd að eigin frumkvæði og það sé ekki talinn eðlilegur hluti málskostnaðar. Ég geri ráð fyrir að það sé nákvæmlega þetta sem geti komið upp

og ekkert því til fyrirstöðu og þá er að sjálfsögðu eðlilegt að sá aðili beri þann kostnað þar sem hann telur sér hag að því að fara þó að dómari meti það ekki, eða dómari sem dæmir um málskostnað, þó að dómarinn meti þetta ekki sem hluta af eðlilegum málskostnaði og nauðsynlegum málaflutningi. Ég geri ráð fyrir að þessi staða geti komið upp, alla vega þá hef ég þetta með í umræðunni þar sem við höfum ákveðin dæmi sem hugsanlega mætti telja hliðstæð.

Ég vona því að það sé ekki lengur neinn misskilningur á ferðinni varðandi hugmynd gagnvart þessum málum.

Það væri svo sem full ástæða til að fara í fleiri atriði sem fram hafa komið hér í umræðunni. Ég vil ekki að svo stöddu fara lengra út í þetta. Ég tek hins vegar undir margt af því sem hefur komið hér fram í dag og varðar sérstaklega þau lögfræðiálit sem fram komu í aðalumræðu um EES-málin vegna þess að mér sýnist að þetta mál sanni það svo ekki verði um villst að við höfum því miður fengið smjörþefinn af því núna að við séum að flytja okkar dómsvald úr landi og við það er ég afskaplega ósátt.

[20:02]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð inn í þessa umræðu sem ég hef því miður ekki getað hlustað á alla í dag, en þó að verulegu leyti. Ég held satt að segja að það sé ekki tilviljun að þeir hv. þm. sem sæti eiga í EFTA-nefndinni og þar með EES-nefndinni hafa haldið sig fjarri í dag. Vegna þess að fyrir okkur er þessi umræða mjög sérkennileg. Ég vil taka það strax fram að allt það sem ég hef heyrt hv. stjórnarandstöðuþingmenn segja hér í dag er hárrétt. Munurinn er sá að hér á Íslandi viðurkenna menn þetta ekki og allra síst þeir sem samþykktu samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. En um leið og við erum komin á fundi suður í Brussel eða suður í Genf þá er talað allt öðruvísi um þetta. Þar eru menn ekkert að velkjast í vafa um að auðvitað erum við að afsala okkur valdi. Það reynir enginn að halda öðru fram. Þannig að á einhvern sérkennilegan máta þora íslensk stjórnvöld og áköfustu áhangendur samningsins um Evrópska efnahagssvæðið ekki að segja þjóðþinginu og Íslendingum öllum sannleikann í þessu máli. Þeir sem hafa viljað af einlægum huga ganga í þetta samstarf gera það með opnum huga og segja það hreint út. Hér eru menn alltaf að reyna að pakka þessu inn í eitthvað annað en það er.

En ég skal ekki leggja það á þá fáu hv. þm. og virðulegan forseta að lengja þessa umræðu mjög mikið, ég mun taka þátt í 3. umr., en til þess að menn virði einhvers þær athugasemdir sem hér hafa komið fram og þá umræðu sem hefur farið fram sem ég tel að hafi verið afar vönduð, þá mundi ég vilja að menn færu nú að hinum nýju þingsköpum en þar segir í 23. gr.: „Vísa má máli til nefndar á hverju stigi þess. Sé það gert áður en umræðu er lokið þá skal henni frestað.“

Ég vildi nú fara fram á það við hæstv. forseta að málinu verði vísað aftur til nefndarinnar áður en umræðu lýkur og hún kæmi síðan til loka 2. umr., jafnvel mjög fljótlega ef svo bæri undir. En ég tel að hér hafi komið fram ábendingar sem óhjákvæmilegt er að nefndin líti ofan í. Og það getur varla talist ósanngirni að fara fram á það.

Ég vil benda á, hæstv. forseti, að við eigum eftir að fá ótal EES-mál hér til afgreiðslu. Ég vil jafnframt nota þetta tækifæri til að vara við að þingið er á engan hátt þess burðugt að afgreiða þessi mál. Hvert einasta þjóðþing sem að þessum samningi stendur hefur auðvitað tryggt sér starfsfólk til að vinna að þessum málum. Það þarf töluverðan hóp fólks til að annast þessi mál eingöngu því hér hefur hið háa Alþingi fengið gjörsamlega ný verkefni sem það er á engan hátt tilbúið til að fást við. Og ég trúi því ekki að hið háa Alþingi ætli að sætta sig við það að starfsmenn í Stjórnarráðinu eigi að bera hitann og þungann af þessu verki, þ.e. starfsmenn framkvæmdarvaldsins, en löggjafinn sjálfur sé með öllu ófær um að vinna þessi mál svo einhver sómi sé að. Hversu mikil vinna sem lögð er í þetta af hálfu hv. allshn. dugar það engan veginn. Ég hef ekki orðið þess vör að það eigi neitt þar úr að bæta. Það er einn starfsmaður sem annast þessi mál hér á hinu háa Alþingi ásamt fleiri málefnum annarra alþjóðanefnda og ég hygg að það starf sé mestan part fólgið í því að taka við pappírum utan úr heimi og senda þá gagnrýnislaust til hv. þm. og panta fargjöld á næstu fundi. Þetta er óásættanlegt með öllu. Þetta mál og þessi umræða hér í dag er auðvitað öll mótuð af því að þingið er fullkomlega óviðbúið slíkum málum.

Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að nú á ég sæti í nefndinni sem á að vinna að þessum málum og að sjálfsögðu mun ég starfa þar lýðræðislega. Þó að ég hafi ekki greitt þessum samningi atkvæði mitt mun ég auðvitað úr því sem komið er reyna að starfa þar og vera þar til nokkurs gagns. En ég held að það sé afar nauðsynlegt að við höfum tækifæri til þess að gera það af einhverju viti því að hér eru engin smámál í húfi. Og ég vil taka undir með hv. 9. þm. Reykn. að það er ekkert lítið í húfi að þetta verk sé unnið eins og Alþingi sæmir.

Ég vil því biðja hæstv. forseta að fallast á það, ekki síst með tilliti til athugasemda sem komu m.a. frá hv. 2. þm. Suðurl. varðandi brtt. minni hlutans, að málið verði skoðað í hv. nefnd og það komi síðan til afgreiðslu hér til 2. umr. að nýju. Við munum að sjálfsögðu ekki hindra það að málið nái fram að ganga. En ég held að það sé afskaplega mikilvægt að fyrstu skrefin af þessu mikla samstarfi verði þannig að eitthvað sé á þá vinnu treystandi.

[20:08]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Vegna orða hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur vil ég láta það koma fram hér að þær athugasemdir sem komið hafa fram í umræðunni í dag eru ekki nýjar af nálinni. Þær hafa komið fram í allshn. Þetta frv. er búið að vera til meðferðar í allshn. á tveim þingum. Á þeim tíma sem við höfum unnið með málið er búið að leita eftir margháttuðum upplýsingum, bæði í umsögnum, eftir sérstökum upplýsingum

frá sérfræðingum, hjá fjölda gesta sem hefur komið til nefndarinnar o.s.frv. Ég hef líka áður látið það koma fram í þessu máli að reglurnar um kostnaðinn eru enn þá drög, þ.e. þær eru ekki fullfrágengnar. Ég hef hins vegar lýst því yfir að ég hafi áhuga á að beita mér fyrir því að þau mál verði skoðuð sérstaklega. Hæstv. dómsmrh. hefur einnig lýst yfir áhuga sínum í þá veru.

Ég tók eftir því hér áðan að hv. þm. Jón Helgason óskaði eftir því að við mundum hugsa það að taka þetta mál upp aftur í allshn. á milli 2. og 3. umr. væntanlega til að ræða þessar kostnaðarreglur eitthvað betur og ég lýsi því yfir af minni hálfu að ég er tilbúin til að skoða þann möguleika.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs og er umræðu lokið. Forseti vill benda á að það hefur komið fram að formaður nefndarinnar er tilbúin að boða nefndina til fundar á milli 2. og 3. umr. og verður þá væntanlega tækifæri til að taka þar upp þau atriði málsins sem ástæða þykir til.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–6. mál.

Fundi slitið kl. 20:11.

---

86. FUNDUR

miðvikudaginn 9. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 215, nál. 394 og 528, brtt. 395. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 286. mál, þskj. 363. — 1. umr.
4. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 287. mál, þskj. 364. — 1. umr.
5. Flutningur verkefna Vitastofnunar Íslands, frv., 323. mál, þskj. 514. — 1. umr.
6. Samgöngubætur í uppsveitum Árnessýslu, þáltill., 334. mál, þskj. 525. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 364. mál, fsp. KÁ, þskj. 557.

Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, 368. mál, frv. FI o.fl., þskj. 561.

Bygging framhaldsskóla í Borgarholti, 327. mál, svar menntmrh., þskj. 555.

Frísvæði á Suðurnesjum, 363. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 556.

Innheimta þungaskatts, 367. mál, fsp. JVK, þskj. 560.

Löggæsla innan þjóðgarða, 366. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 559.

Viðræður við Bandaríkin um fríverslun, 365. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 558.

Hafnalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 215, nál. 394 og 528, brtt. 395.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:35]

Jóhann Ársælsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Til þess að spara tíma við afgreiðslu málsins, þá vil ég koma hér á framfæri athugasemdum. Það hafa farið fram miklar umræður um þetta frv. og það er ágreiningur um það í nefndinni. Það hefur verið farið ítarlega yfir þessi ágreiningsefni hér í umræðum í þinginu þannig að ég sé ekki ástæðu til þess að tíunda einstök ágreiningsefni með því að gera athugasemdir við allar greinar sem við vildum hafa öðruvísi. Meiri hlutinn er búinn að leggja hér fram 26 brtt. við þetta frv. og það er búið að boða fleiri. Það er búið að boða að það verði farið í að vinna við þetta frv. aftur á milli 2. og 3. umr. og við vonumst til þess að eitthvað af því sem við höfum verið að gera athugasemdir við verði tekið þar til greina. Við leggjum til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og ef það verður fellt, þá ætla ég a.m.k. að greiða atkvæði gegn þeim greinum í frv. sem við munum flytja brtt. við við 3. umr. og sitja hjá við aðrar greinar. Ég tel að þetta frv. sé ekki það vel unnið að það sé rétt að afgreiða það frá þinginu með þeim hætti sem meiri hlutinn vill. Og ég vil bara segja það hér í upphafi að ef einstakar greinar frv. koma til atkvæða, þ.e. ef frv. verður ekki vísað til ríkisstjórnarinnar, þá mun ég greiða atkvæði gegn 2., 8., 11., 12. og 26. gr. frv. og síðan sitja hjá við sumar brtt. meiri hlutans en greiða atkvæði með öðrum og tel ekki ástæðu til þess að gera grein fyrir því frekar hér.

[13:38]

Pálmi Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Frv. þetta hefur verið þaulrætt og athugað mjög vandlega. Ég hef sem formaður nefndarinnar boðist til að taka ein tvö atriði þess til athugunar á milli 2. og 3. umr. og í ljósi þess kallað aftur 9.

brtt. á þskj. 395. Þar eru nefndarmenn eftir því sem ég best veit algjörlega sammála um markmið. Ég tel að það orðalag sem er í brtt. meiri hlutans nái því markmiði, en hef eigi að síður fallist á að kalla tillöguna aftur til þess að fjalla nánar um það í nefnd á milli umræðna hvort nefndin geti eigi orðið öll sammála um orðalag sem nær því markmiði sem hún sannarlega er sammála um.

[13:40]

Till. í nál. 528 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 31:24 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PB, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (ÁJ, EH, IBA, JBH, MF, MB, StG, SJS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, IBA, JBH, MB, StG, SJS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 31:21 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

5 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, GHall, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

3.–7. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÁJ, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,1 samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JG, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (ÁJ, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 32:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

6 þm. (ÁJ, IBA, JBH, JHelg, MB, StG) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,2 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,3 samþ. með 32:11 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GÁ, HÁ, ISG, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, StH.

14 þm. (GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 32:19 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

6 þm. (AÓB, GB, ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,4 samþ. með 32:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, ISG, JVK, KE.

21 þm. (GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

12. gr., svo breytt, samþ. með 32:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

5 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ, KE) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,5 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

13. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG, SJS) fjarstaddir.

14.–20. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, FI, HG, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,6 samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JG, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

3 þm. (GHelg, KÁ, MF) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

21. gr., svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

22.–25. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

26. gr. samþ. með 32:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

27.–35. gr. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,7 (36. gr. falli brott) samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JG, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

37.–38. gr. (verða 36.–37. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,8 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JG, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

39. gr. (verður 38. gr.), svo breytt, samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,9 kölluð aftur til 3. umr.

40. gr. (verður 39. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, FI, FrS, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 395,10 (ný 41. gr., verður 40. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JG, JHelg, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (AÓB, GB, GHelg, HÁ, ISG, IP, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓÞÞ, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

42. gr. (verður 41. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Ákv. til brb. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (ÁJ, EKG, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JG, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, RA, StG) fjarstaddir.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, frh. 2. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 104, nál. 385 og 421, brtt. 386 og 422.

[13:56]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Brtt. 422,1 felld með 32:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH*, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1. gr. samþ. með 31:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

1 þm. (ISG) greiddi ekki atkv.

7 þm. (ÁJ, EH, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:58]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. fjallar um heimild til þess að leita að forúrskurðum hjá alþjóðlegum dómstóli, EFTA-dómstólnum sem settur er upp samkvæmt ákvæðum EES-samningsins. Þessi dómstóll er hugsaður sem sjálfstæð stofnun og íslenskur dómari sem þar situr er óháður íslenskri dómskipan. Íslenskir aðilar, bæði einstaklingar og fyrirtæki, sem teldu sig órétti beitta af eftirlitsstofnun EFTA yrðu að sækja mál sín fyrir þessum alþjóðlega dómstóli sem aðsetur hefur í Genf og Íslendingar gætu ekki leitað réttar síns fyrir íslenskum dómstóli í málum sem falla undir þennan dómstól. Hér er um skýlaust brot að ræða á íslenskri stjórnarskrá, á 2. gr. og 61. gr. hennar, og ég segi nei.

Brtt. 422,2.a felld með 31:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 386,1 samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:01]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Á þskj. 422 er einnig brtt. sama efnis frá 2. minni hluta allshn. Rökin fyrir þeirri brtt. voru þau að fyrsta brtt. 2. minni hluta yrði samþykkt. Sú brtt. hefur nú verið felld og því eru ekki lengur þau rök fyrir hendi. Ég mun því ekki taka þátt í þessari atkvæðagreiðslu. Ég vil jafnframt geta þess að ég vil kalla aftur til 3. umr. 3. brtt. á þskj. 422 þar sem á fundi allshn. í morgun kom fram hugmynd um breytingu við þessa brtt. að lokinni umræðunni í gær og ég vonast til þess að samkomulag geti orðið um þá brtt.

Brtt. 422,2.b kom ekki til atkvæða.

2. gr., svo breytt, samþ. með 31:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS.

4 þm. (EH, ISG, MF, ÓRG) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 386,2, (ný grein, verður 3. gr.), samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

26 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Brtt. 422,3 kölluð aftur til 3. umr.

3. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 31:11 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, JóhS, JG, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, RA, SJS, SvG.

15 þm. (EH, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JGS, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StH, VS) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÁJ, FI, IBA, JBH, MB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JG, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁJ, FI, FrS, IBA, JGS, JBH, MB, RA, SP, StG, SvG) fjarstaddir.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 363.

[14:06]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. laga nr. 6/1986, um afréttamálefni, fjallskil o.fl., er hver sýsla fjallskilaumdæmi er skiptist í fjallskiladeildir eftir hreppum nema héraðsnefnd hafi fallist á aðra skiptingu. Kaupstaður er einnig sérstök fjallskiladeild og telst til fjallskilaumdæmis þeirrar sýslu sem kaupstaðalandið hefur áður legið undir. Samkvæmt 2. gr. laganna hefur héraðsnefnd á hendi yfirstjórn allra afrétta- og fjallskilamála í sínu umdæmi, en hreppsnefnd/bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild.

Með sameiningu sveitarfélaga fækkar fjallskiladeildum fjallskilaumdæma nema héraðsnefnd og sveitarstjórn í sameinuðu sveitarfélagi ákveði að halda óbreyttri skipan fjallskiladeilda. Í þeim umræðum sem fram hafa farið um sameiningu sveitarfélaga hefur komið fram óvissa um fyrirkomulag afrétta- og fjallskilamála, sérstaklega að því er varðar upprekstrarrétt á einstaka afrétti og áhrif þeirra breytinga sem fylgja sameiningu sveitarfélaga á afnot afrétta ef sveitahreppar sameinast stærri heildum. 1. gr. frv. miðar að því að tryggja að sameining sveitarfélaga raski ekki núverandi fyrirkomulagi fjallskiladeilda og upprekstrar á einstaka afrétti nema sveitarfélög semji á annan veg.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessu frv. verði vísað til hv. landbn. og 2. umr. Frv. er einfalt í sniðum og ætti að geta gengið greiðlega fram.

[14:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er aðeins ein spurning til hæstv. landbrh. Það vekur athygli mína að í 1. gr. er talað um að þessi skipan skuli standa óbreytt, þ.e. umdæmi fjallskiladeilda skuli haldast óbreytt nema um annað sé samið. Í skýringu við frumvarpið kemur hins vegar fram í síðustu málsgrein að þetta skuli standa svo að frumvarpið miði að því að raska ekki núverandi fyrirkomulagi fjallskiladeilda og upprekstrar á einstaka afrétti nema sveitarfélög semji um annað og þá vaknar upp sú spurning: Er þetta sem sagt hin rétta lögskýring, að valdið til að breyta fjallskiladeildunum færist þá til sveitarfélaganna og þá þess vegna hinna nýju og stækkuðu sveitarfélaga en verði ekki á hendi íbúa þess svæðis sem viðkomandi fjallskiladeild tekur til? Það mætti skilja lagagreinina sjálfa, 1. gr., þannig og það hlýtur þá auðvitað að vakna upp sú spurning hvort það sé ekki að mörgu leyti miklu eðlilegri túlkun. Ef svo er þá þarf það að koma alveg skýrt fram að það skuli ekki miða við þessa lögskýringu í greinargerðinni. Þetta er eina atriðið sem mér virðist vera þarna ofurlítið óljóst.

Að öðru leyti vil ég taka fram að ég tel efni frv. skynsamlegt og ég tel að þetta hefði betur legið fyrir þegar sameiningarfárið gekk yfir hér í haust því að akkúrat atriði af þessu tagi voru meðal þess sem olli þeirri óvissu sem strandaði jafnvel skynsamlegum sameiningaráformum í vissum tilvikum. Ég tel frv. í sjálfu sér alveg fullnægjandi til að eyða þeirri óvissu og ég held að það gangi í rétta átt. Það er skynsamlegt að fjallskiladeildirnar geti starfað áfram sem sjálfstæðar einingar og gefur auðvitað auga leið til að mynda að ef samþykkt hefði verið sameiningin hér á höfuðborgarsvæðinu þá hefði það verið næsta hjákátlegt ef borgarstjórn Stór-Reykjavíkur hefði átt að fara að stjórna upprekstri og fjallskilum í Kjósinni, svo dæmi sé tekið. Það er auðvitað miklu gáfulegra að fjallskiladeildin þar geti starfað áfram og sinnt sínu hlutverki sem er öðrum tiltölulega óviðkomandi, þ.e. að stjórna upprekstri og fjallskilum á einhverri afmarkaðri afrétt. Ef hæstv. landbrh. gæti skýrt þetta eða þá eftir atvikum að hv. landbn. mundi athuga þetta atriði.

[14:11]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að benda á ónákvæmt orðalag í greinargerð. Það verður að gæta þess vendilega að greinargerðin fái ekki lagagildi en lagabókstafurinn víki. Ég hygg því að það sé mjög nauðsynlegt að landbn. kveði skýrt á um það í nál. að hugmyndin sé sú að lagabókstafurinn standi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 1. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 364.

[14:12]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, sem ætlað er að leysa af hólmi lög nr. 53/1978, um eftirlit með framleiðslu á fóðurvörum, áburði og sáðvörum og verslun með þær vörur, ásamt breytingu á þeim lögum sem samþykkt voru síðla árs 1992 vegna gildistöku samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði.

Frv. byggir á tillögu nefndar sem skipuð var á árinu 1992 til að endurskoða lögin frá 1978 í heild sinni. En jafnframt hefur nefndin það hlutverk að endurskoða gildandi reglugerðir á þessu sviði. Frv. er nú endurflutt en það var lagt fram á vorþinginu í fyrra en hlaut ekki afgreiðslu. Hv. landbn. fékk frv. til meðferðar og aflaði umsagna um það frá Skógræktinni, Landgræðslu, Áburðarverksmiðju, yfirdýralækni, Rannsóknastofnun landbúnaðarins og Búnaðarfélagi.

Búnaðarþing það sem starfaði á síðasta ári fékk frv. til meðferðar og mælti með lögfestingu þess enda var það mat þingsins að breytingar þær sem felast í frv. væru til bóta fyrir málaflokkinn en benti þó á að í breyttu viðskiptaumhverfi mundi trúlega versna aðstaða Íslands til að gera kröfur um gæði og hreinleika þeirra vörutegunda sem frv. tekur til.

Ljóst er að gildistaka samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði leiðir af sér breytt viðskiptaumhverfi fyrir þær vörur sem hér um ræðir. Vegna þeirrar verndar sem viðskipti með landbúnaðarvörur hafa notið hefur með gildandi lögum og reglugerðum verið einfaldara að ná þeim meginmarkmiðum sem unnið er að með þessu frv. Um leið og markaðir opnast eykst þörfin á að skýra og skerpa þann ramma sem vinna verður eftir.

Helstu breytingar sem felast í lögfestingu frv. eru eftirfarandi:

Framkvæmd þeirrar tilkynningarskyldu sem kveðið er á um í 12. gr. gildandi laga er breytt í ljósi fenginnar reynslu. Frv. gerir ráð fyrir að svonefnt aðfangaeftirlit skrái alla þá aðila sem framleiða fóður, áburð og sáðvörur hér á landi, eða flytja þessa vöru til landsins. Sýna verður fram á fullnægjandi aðstöðu fyrir þá starfsemi sem rekin er og tilkynnt er um. Sama gildir um vöruna og er gert ráð fyrir sérstakri staðfestingu á skráningu aðfangaeftirlits. Tilkynningarskylda sem þessi er nauðsynleg til tryggingar því að virtar séu reglur um notkun fóðurefna og íblöndunarefna. Ákvæði 4. og 5. gr. frv. eru ítarlegri og skýrar orðaðar en 12. gr. gildandi laga. En á skorti að mati eftirlitsdeildar Rannsóknastofnunar landbúnaðarins að ákvæði hennar væri að öllu leyti uppfyllt.

Í öðru lagi. Ákvæði sem nú gilda um vörulýsingar og skilgreiningar á vörum þarf að samræma eins og unnt er sambærilegum ákvæðum erlendis. Það verður gert með reglugerð sem sett verður skv. 2. mgr. 5. gr. frv.

Í þriðja lagi. Gert er ráð fyrir að opinbert eftirlit verði ótvírætt hluti framkvæmdarvaldsins. Kveðið er á um að eftirlitsdeild Rannsóknastofnunar landbúnaðarins verði lögð niður og opinbert eftirlit, sem nefnt er aðfangaeftirlit í frv., færist undir yfirstjórn landbrh. Breyting þessi er mikilvæg að því leyti að hún tekur af allan vafa um stjórnsýslulega stöðu þessa málaflokks. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi er eftirlitsdeildin sem sinnt hefur opinberu eftirliti hluti af Rannsóknastofnun landbúnaðarins, stofnun sem jafnframt er framleiðandi sáðvöru sem er eftirlitsskyld samkvæmt núgildandi lögum og frv. Slíkt fyrirkomulag er í raun ótækt og ósamrýmanlegt nútímastjórnsýslu. Sú breyting sem frv. gerir ráð fyrir að þessu leyti leiðir til þess að eftirlitsstarfsemin verður óháð og stjórnsýslulega sambærileg við það sem gerist erlendis. Samkvæmt þeim ákvæðum sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið byggir á er ætlast til að hvert þjóðríki standi að opinberu eftirliti með líku sniði og hér er lagt til. Gert er ráð fyrir að til aðstoðar hinu opinbera eftirliti starfi þrjár nefndir, fóðurnefnd, sáðvörunefnd og áburðarnefnd og er skipun nefndanna lýst í 2. mgr. 3. gr.

Að lokum skal vikið að því nýmæli 8. gr. að heimilt sé að innheimta svonefnt „sértækt eftirlitsgjald" eftir reikningi. Átt er við gjald sem ætlað er að standa undir kostnaði við sérstakar rannsóknir sem gera þarf á vörum og eru umfram þær almennu vörulýsingar sem kveðið verður á um í reglugerð.

Að mati fjárlagaskrifstofu fjmrn. hefur lögfesting frv. ekki í för með sér kostnaðarauka fyrir ríkissjóð eða notendur vörunnar.

Frv. fylgja tveir kaflar samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, sbr. fylgiskjal II og III, sem fjalla um fóður og áburð. Þar er að finna sérákvæði sem varða íslenska hagsmuni með tilliti til hreinleika þeirra landbúnaðarvara sem framleiddar hafa verið hér á landi og við viljum að framleiddar verði eftirleiðis. Í II. kafla viðauka I, um fóður, er m.a. staðfest heimild fyrir Ísland til að viðhalda eigin löggjöf um sýklalyf í fóðri búfjár. Hér á landi er bann við allri lyfjanotkun í fóðri að undanteknu hnislasóttarlyfi í kjúklingafóðri. Í XIV. kafla viðauka II, fskj. III, sem fjallar um áburð er heimild til handa öllum EFTA-ríkjum til að takmarka aðgang að mörkuðum sínum varðandi kadmíum í tilbúnum áburði. Þungamálmurinn kadmíum sem er eitur er oft og tíðum fylgifiskur við vinnslu áburðarefna úr jörðu. Með því að velja hreinni áburð eins og gert hefur verið hér á landi, a.m.k. síðasta áratug, af Áburðarverksmiðju ríkisins hefur verið dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum af notkun tilbúins áburðar. Þessi réttur okkar helst við gildistöku samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

[14:18]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég fagna þessu frv. Það er fyllsta ástæða til að setja lög um eftirlit með þessum vörum sem um getur í frv. Þetta segi ég fyrir það að reynt

hefur verið að koma inn vörum til landsins sem ekki eru löglegar. Ég vil geta þess að það hefur aðeins verið einn aðili, einn maður sem hefur haft eftirlit með þessu og er vel að það sé breytt um. En ég velti fyrir mér ákvæðum í 3. gr. frv. þar sem fjallað er um skipun þriggja nefnda. Ég tel að ein nefnd ætti að nægja til að fjalla um þessa málaflokka.

Ég vil svo ræða aðeins um þau gjöld sem lögð verða á umræddar vörur. Ég held að þau eigi að renna til þess að reka eða sjá um þetta eftirlit með vöruflokkunum en ekki til tekjuöflunar fyrir ríkissjóð eða aðrar stofnanir landbúnaðarins eins og verið hefur. Það hafa verið lögð gjöld á þessar vörur sem hafa verið látin renna til annarra hluta heldur en eftirlits með þessum vörum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur verkefna Vitastofnunar Íslands, 1. umr.

Frv. GHall og EKJ, 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 514.

[14:20]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég hef lagt hér fram frv. til laga um flutning á verkefnum Vitastofnunar til Landhelgisgæslu Íslands.

Eins og segir í greinargerð þá er með frumvarpi þessu er lagt til að framkvæmd vitamála verði færð frá Vitastofnun Íslands til Landhelgisgæslu Íslands. Þannig taki Landhelgisgæslan við þeirri starfsemi er Vitastofnun hefur haft með höndum, aðallega á grundvelli laga nr. 56/1981, um vitamál.

Þann 1. des. 1878 var kveikt á fyrsta vita landsins, Reykjanesvita, og var hann að heita má eini vitinn á landinu fram undir aldamót. Árið 1899 voru fyrstu lögin um vitamál sett, lög um afhendingu lóða til vitabygginga o.fl.

Árið 1910 var landverkfræðingi falin umsjón með vitum landsins en embættisheitið vitamálastjóri var fyrst tekið upp árið 1918. Það var þó ekki fyrr en árið 1933 sem kveðið var á um stofnsetningu vitamálastofnunar með lögformlegum hætti.

Samkvæmt lögum nr. 56/1981 heyrir Vitastofnun undir samgönguráðherra og fer hún með framkvæmd vitamála. Vita- og hafnamálastjóri veitir Vitastofnun forstöðu. Þá starfar svokölluð vitanefnd á grundvelli laganna og gerir frumvarpið ráð fyrir óbreyttu starfi nefndarinnar þrátt fyrir nýjan samstarfsaðila, þ.e. Landhelgisgæslu Íslands. Vitanefnd er skipuð fulltrúum farmanna, útgerðarmanna og fiskimanna og er hlutverk hennar m.a. að láta uppi álit sitt í öllum stefnumarkandi málum varðandi starfsemi Vitastofnunar, fjalla um vitagjald, nýbyggingar, endurbætur og breytingar á vitum, rekstur vitakerfisins, svo og verulegar breytingar á rekstrarfyrirkomulagi.

Hlutverk Vitastofnunar á grundvelli gildandi laga er m.a. að sjá sjófarendum fyrir nauðsynlegum leiðbeiningum til öryggis siglingum við Íslandsstrendur og á fiskimiðunum í kringum landið. Þar fellur m.a. undir eftirlit með vitum og öðrum föstum merkjum á landi, fljótandi leiðarmerkjum og radíómerkjum til staðarákvörðunar. Stofnunin skal hlutast til um útgáfu upplýsinga um þau leiðbeiningarkerfi sem fyrir hendi eru og stuðla að útgáfu korta er innihaldi nauðsynlegar upplýsingar fyrir sjófarendur, annast veðurathuganir á vitastöðum og fara með framkvæmd laga og reglna um leiðsögu skipa.

Nú eru í rekstri 106 vitar, 13 ljósdufl, 7 radarvarar og mörg leiðsögumerki, auk vita, leiðsögumerkja og ljósdufla sem eru rekin af hinum ýmsu sveitarfélögum (höfnum) landsins.

Það er álit margra þeirra aðila er til þekkja að verkefni þau, er nú heyra undir Vitastofnun, falli vel að starfsemi Landhelgisgæslunnar og muni styrkja rekstur hennar. Þannig hafa Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Sjómannasamband Íslands, Fiskifélag Íslands og fleiri félög sjómanna og útgerðarmanna samþykkt ályktanir um að Landhelgisgæslan yfirtaki verkefni og tekjustofna Vitastofnunar. Sú breyting getur leitt til verulegrar hagræðingar og sparnaðar í ríkisrekstrinum jafnframt því sem öryggi sjófarenda mundi aukast á margvíslegan hátt. Samtök sjómanna hafa einnig deilt á ríkisvaldið fyrir þann samdrátt sem orðið hefur í rekstri og fyrir fækkun úthaldsdaga skipa Landhelgisgæslunnar. Er það ekki óeðlilegt þegar þess er gætt hve öryggismál sjómanna eru ríkur þáttur í starfi Landhelgisgæslunnar. Með fjölgun verkefna Landhelgisgæslunnar og þar með auknum tekjum yrði starfsemi hennar markvissari, úthaldsdagar fleiri og betri trygging fyrir öryggi sjófarenda en nú er.

Frá 1. jan. 1969 sá Landhelgisgæsla Íslands, án endurgjalds og samhliða öðrum verkefnum, um að þjónusta annesja- og skerjavita og ljósdufl fyrir Vitastofnun og sparaði henni þannig veruleg útgjöld, en því samstarfi lauk 1. jan. 1993. Frá þeim tíma hefur Vitastofnun keypt þessa þjónustu frá hinum ýmsu björgunarsveitum og ferjuútgerðum. Augljóst er að slík framkvæmd skapar mikið óöryggi í rekstri vitakerfisins. Benda má á að ljósdufl, sem oft er komið fyrir vegna skerja, boða eða grynninga, sæfarendum til varnaðar, eru að jafnaði tekin upp árlega og þarf því nákvæma staðsetningu á vegum ábyrgra aðila þegar duflin eru sett út að nýju. Miðað við núverandi framkvæmd er slíkt öryggi ekki eins og best verður á kosið. Þetta eru þó ekki einu rökin fyrir að starfsemi vitamála verði flutt yfir til Landhelgisgæslunnar. Með tilliti til þeirra öryggiskrafna, sem gerðar eru til skipa á grundvelli innlendra reglna, svo og alþjóðasamþykkta sem Ísland er aðili að, er eðlilegt að löggæslumenn og öryggisverðir íslenska hafsvæðisins fari með eftirlit og viðhald vitakerfisins.

Við Landhelgisgæslu Íslands starfa sem kunnugt er siglingafróðir menn. Þar á meðal eru skipherrar og stýrimenn sem hafa lokið námi við skipstjóradeild Stýrimannaskólans í Reykjavík. Þessir einstaklingar hafa m.a. sérmenntað sig í siglingafræðum sem nýtist

einkar vel til staðsetningar ljósdufla og leiðar- og siglingamerkja og mælinga ljóshorna vita og í öðru því er lýtur að siglingalegum öryggisþáttum í sjókortum sem sjófarendur við Ísland verða með fullri vissu að geta treyst. Vegna eftirlits og viðhalds raf- og vélbúnaðar vita, radíóvita og radarsvara hafa flestir vélstjórar á varðskipum lokið 4. stigi í Vélskóla Íslands og hafa því mikla þekkingu og reynslu á sviði véla og rafmagns. Einnig má nefna að innan Landhelgisgæslunnar starfa Sjómælingar Íslands sem, auk sjómælinga, sjá um útgáfu sjókorta og tilkynningar til sjófarenda. Af framansögðu má ljóst vera að sérþekking og reynsla, sem starfsmenn Landhelgisgæslunnar hafa öðlast, kemur vitaþjónustunni til góða og mun verða mjög til hagræðingar á öllum rekstrarsviðum vitaþjónustu við Ísland.

Stefna núverandi ríkisstjórnar er að leggja niður, hagræða eða sameina ríkisstofnanir. Er það rökrétt markmið þegar harðnar í ári. Mikilvægt er að styrkja stofnanir eins og Landhelgisgæsluna sem gegnir sérstöku hlutverki hvað varðar öryggi sjófarenda hér við land.

Við afgreiðslu Alþingis á núverandi lögum um vitamál var gert ráð fyrir allróttækum breytingum frá þeirri skipan sem verið hafði. M.a. var gert ráð fyrir þeirri breytingu að vitamál skyldu heyra undir Landhelgisgæsluna. Þessi krafa kom m.a. frá sjómannasamtökunum og einnig tilmæli um að við Vitastofnun starfaði skipstjórnarmenntaður maður.

Miklar breytingar hafa átt sér stað í íslensku efnahags- og atvinnulífi frá því að Vitastofnun var sett á fót. Viðhald og rekstur vitanna er með gjörbreyttum hætti með tilliti til nútímatækni og þeirrar framþróunar sem átt hefur sér stað. Þótt umdeilanlegt megi vera hver sparnaðurinn verði af þeirri lagabreytingu sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir er ljóst að um hagræðingu er að ræða sem jafnframt tryggir öryggi sjófarenda við Ísland betur en nú er og betri nýtingu á fjármagni sem um leið leiðir af sér lengra úthald varðskipanna.

Til þess að ná því markmiði, er frumvarp þetta stefnir að, að færa verksvið Vitastofnunar yfir til Landhelgisgæslu Íslands, koma fleiri en ein leið til greina. Sú leið er valin hér að breyta lagaákvæðum sem taka til starfsemi og yfirstjórnar Vitastofnunar þannig að Landhelgisgæslan taki við þeim verkefnum er stofnuninni voru áður ætluð með lögum, enda er ljóst að Landhelgisgæslan hefur mjög góðar aðstæður, jafnt á sjó sem á landi, til að sinna þeim verkefnum á sem bestan hátt.

Í athugasemdum við einstakar greinar frv. segir m.a. um 1. gr.: „Lögð er til sú breyting frá gildandi lögum að dómsmrh. taki við yfirstjórn vitamála af samgrh. Þar sem með frv. þessu er lagt til að Landhelgisgæsla Íslands, sem heyrir undir dómsmrn. taki við starfsemi Vitastofnunar Íslands er um eðlilega breytingu að ræða með tilliti til þess að yfirstjórn og framkvæmd vitamála heyri undir sama ráðuneyti."

Um 2. gr. segir svo: „Greinin felur annars vegar í sér breytingar sem nauðsynlegar eru á lögum nr. 56/1981 með tilliti til þess að Landhelgisgæsla Íslands taki við hlutverki Vitastofnunar og forstjóri Landhelgisgæslunnar fari með framkvæmd vitamála í stað vitamálastjóra. Hins vegar er lagt til að 2.–4. mgr. greinarinnar falli brott þar sem Vitastofnun Íslands mun ekki starfa áfram sem slík verði frv. þetta að lögum."

Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. sept. á þessu ári og miðað við tímamörk er gert ráð fyrir að viðkomandi stofnanir hafi nægilegt ráðrúm til að gera nauðsynlegar breytingar sem leiðir af lögum þessum.

Virðulegi forseti. Meðflm. minn að þessu frv. til laga er Eyjólfur Konráð Jónsson. Það er trú okkar að með því frv. sem við höfum lagt hér fram muni nást veruleg hagræðing í þætti þeim sem lýtur að rekstri ríkisins á þeim stofnunum sem hér hefur verið getið um og einkum og sér í lagi þegar litið er til þess vanda sem við hefur blasað nú um nokkuð langan tíma varðandi rekstur Landhelgisgæslunnar, þá er það bjargföst trú okkar að með þeirri hagræðingu sem af hlýst muni Landhelgisgæslan jafnframt styrkja starf sitt og stöðu sína og um leið styrkja það öryggi sem sæfarendum við Íslandsstrendur er mjög mikil nauðsyn á.

Þess ber einnig að geta að það hlýtur að vera umhugsunarefni í því ástandi sem nú ríkir varðandi mörg erlend kaupskip sem sigla undir svokölluðum hentifánum að eftirlit með ströndum landsins verði hert, einkum og sér í lagi þegar til þess er gætt að Íslendingar lifa á sjávarfangi og þarf ekki mikið til að koma ef erlend olíuskip undir þægindafána með áhöfnum sem kannski hafa vafasama atvinnupappíra, mundu lenda hér í strandi og væri kannski hægt að benda á það að sá háttur hefði ekki verið nægilega tryggur sem alltaf skyldi þó vera, þ.e. að leiðarmerki eða ljósvitar landsins hafi villt mönnum sýn vegna þess að þeir sýndu ekki rétt.

Virðulegi forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og eðlilegt að því sé vísað til samgn.

[14:33]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka flytjendum þessa frv. fyrir að leggja þetta til. Ég held að það sé mjög þarft að koma þessu máli í umræðu, þ.e. að flytja eftirlit með vitum til Landhelgisgæslunnar. Við vitum að það getur orðið nokkuð þungt í vöfum samanber reynsluna af því að flytja stofnanir á milli ráðuneyta þar sem hér verður að flytja þetta frá samgrh. yfir til dómsmrh. ef það fer til Landhelgisgæslunnar. En ég vil vekja athygli á því að við gerð næstsíðustu fjárlaga, þ.e. fjárlög ársins 1993, þá var byrjað — og kannski reyndar byrjað áður — að skera mjög mikið niður framlög til Landhelgisgæslunnar. Landhelgisgæslan bauð þá að sjá m.a. um þetta verkefni og nota til þess aðeins hluta af fjármagni því sem Vitastofnun var ætlað. Ég hefði haldið að þar hefði getað náðst umtalsverður sparnaður í rekstri ríkisstofnana með því að færa þetta verkefni þá strax til Landhelgisgæslunnar sem, eins og ég sagði, bauðst til að sinna þessu verkefni fyrir mun minni fjármuni heldur en fyrirhugað hafði verið að Vita- og hafnamálastofnun, eða Vitastofnun eins og það er skilgreint, fengi.

Það hefur einnig verið í umræðunni að sameina Siglingamálastofnun Vita- og hafnamálastofnun sem er liður í þessari hagræðingu sem fyrirhuguð er í ríkisstofnunum. Ég tel að það sé miklu eðlilegra mál að færa Vitastofnun til Landhelgisgæslunnar heldur en að sameina Siglingamálastofnun Vita- og hafnamálastofnun. Þær stofnanir eiga í raun og veru ekki neitt sameiginlegt en sú hagræðing sem hér er fyrirhuguð er mun eðlilegri að mínu mati. Og eins og segir í greinargerð með frv. hafa ýmis samtök sjómanna, Farmanna- og fiskimannasambandið, Sjómannasambandið, Fiskifélag Íslands og fleiri mælt mjög með því að þetta væri gert, það sem hér er lagt til. Mér finnst það liggja í hlutarins eðli jafnvel fyrir þá sem ekki hafa haft mikið saman að sælda við þessar stofnanir að það sé miklum mun eðlilegra að Landhelgisgæslan sjái um eftirlit með vitum — það er mjög nauðsynlegt að sé gert rétt þegar verið er að taka ljósdufl upp og staðsetja þau aftur — heldur en sú hagræðing sem ég nefndi áðan að færa Siglingamálastofnun yfir til Vita- og hafnamálastofnunar.

Ég vildi koma hér á framfæri annarri athugasemd. Í 13. gr. segir: Lög þessi öðlast gildi 1. sept. 1994, en í athugasemdum með þessari grein segir: Lagt er til að lögin öðlist gildi 1. jan. 1994. Þarna er smávilla sem ekki hefur verið leiðrétt. Hins vegar væri kannski eðlilegra að þetta mundi fylgja fjárlagaári þannig að þessi breyting yrði lögð til 1. jan. 1995, en sjálfsagt verður það að skoðast betur í þeirri nefnd sem skoðar þetta mál.

En ég fagna því að þetta frv. skuli hafa komið fram og tel að það a.m.k. veki þá athygli á þeim málum hvaða verkefni er hægt að færa milli stofnana og hvernig er hægt að hagræða. Ég tel mjög nauðsynlegt að við reynum að styrkja Landhelgisgæslu Íslands t.d. með þessu verkefni heldur en draga sífellt úr framlagi til hennar og taka frá henni verkefni.

[14:37]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé góðra gjalda vert hjá hv. flm. að flytja þetta frv. Það ýtir kannski við þessum málum. Það er ástæða til þess að skoða þau, en kannski þarf líka að skoða þau í samhengi við önnur mál eins og hv. 6. þm. Vestf. kom að hér áðan, þ.e. hvernig er hagkvæmast að skipa þessum stofnunum niður og hvort flytja megi verkefni milli þeirra. Það hlýtur þá að vekja upp spurninguna um hvort það sé þá hægt að leggja niður stofnunina, þ.e. Vita- og hafnamálastofnun. Ég held að út af fyrir sig geti Vitamálastofnun verið í höndunum á fleiri aðilum heldur en hér hafa verið nefndir. Það er kannski ekki neitt vandamál tæknilega. Vitamálastofnunin á ekkert frekar heima hjá Vita- og hafnamálastofnun eins og hún er núna í sinni mynd heldur en hún gæti átt heima þess vegna hjá Vegagerðinni. Það er ekki mikill munur á aðstöðunni til þess að veita þá þjónustu þó að Vita- og hafnamálastofnun yrði lögð niður í heilu lagi og flutt undir Vegagerðina sem er hugmynd sem á að skoða alvarlega. Ég ætla ekki að fara mjög náið út í það hér en það hafa ýmsir bent á það og það hefur oft komið upp í umræðum að starfsemi Vita- og hafnamálastofnunar, þ.e. Hafnamálastofnunarinnar sem slíkrar, sé mjög skyld þeirri starfsemi sem Vegagerðin rekur og það væri þess vegna ástæða til að skoða hvort það eigi ekki að leggja Vita- og hafnamálastofnunina niður. Ef það yrði gert þá yrði hins vegar að ákveða hvort Vitamálastofnunin fylgdi, en ég held að það geti verið ágætislausn á því máli sem er lagt til í þessu frv. hér.

En það sem ég er að reyna að koma hér á framfæri er að ég sé ekki annað en að menn verði að skoða þetta í samhengi. Það hefur orðið mjög mikill samdráttur á starfsemi Hafnamálastofnunar á undanförnum árum og þó að hún sé nýlega búin að byggja yfir sig húsnæði og koma sér mjög vel fyrir, þá má það ekki verða að ástæðu fyrir því að hún sé rekin áfram, heldur verði það skoðað nákvæmlega hvort ekki muni vera hagkvæmara að sameina hana annarri stofnun.

Siglingamálastofnun hefur verið skoðuð sérstaklega í þessu sambandi og í það var sett nefnd sem ég veit ekki til að sé búin að skila af sér enn þá, en ég veit að sú nefnd hefur verið starfandi hér í vetur og út úr því hlýtur að koma fljótlega niðurstaða fyrir augu manna. Ég hef heyrt að það sé ekki algjör samstaða í þeirri nefnd um það hvað eigi eiginlega að gera í málinu. Mér þótti það miður þegar ég frétti að þessi nefnd ætti einungis að skoða þennan möguleika að sameina Siglingamálastofnun og Vita- og hafnamálastofnun, en hún ætti ekki að skoða þann möguleika sem ég nefndi áðan að sameina Vita- og hafnamálastofnun eða alla vega Hafnamálastofnun og Vegagerðina þannig að ég tel að það sé ekki búið að skoða þetta nægilega mikið enn þá. Ég tel að menn þurfi að velta þessum málum fyrir sér í samhengi, líka því sem hér er lagt til og gæti eins og ég sagði áðan ósköp vel orðið góð niðurstaða að lokum að flytja þá vita- og hafnamálin yfir til Landhelgisgæslunnar.

Ég get ekki séð fyrir mér að það geti með neinum hætti þurft að vera dýrara heldur en það sem þetta kostar núna í höndunum á Vita- og hafnamálastofnun. Það hefur orðið miklu ódýrara núna með árunum að reka þessa vita. Ljósvitar eru komnir mjög víða. Það er verið að leggja niður störf vitavarða sem slíkra, þ.e. þeirra manna sem hafa þetta að aðalstarfi. Þetta er hlutastarf, eftirlit sem menn hafa með þessum vitum, og það þarf orðið bæði sjaldnar og minna að sinna þessum vitum heldur en áður þó að öryggið sé alveg jafngott.

Ég sé engar vísbendingar um það að þetta þurfi að kosta meira þó að Landhelgisgæslan yfirtaki þennan rekstur og þess vegna finnst mér sjálfsagt að skoða það mál.

[14:43]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Fyrst út af því sem fyrri ræðumaður sagði hér áðan í sambandi við dagsetningar á þessu, þá hafa hér orðið smámistök á. Það er rétt, því miður. En það er hins vegar athyglisvert þegar verið er að ræða um flutning einnar ríkisstofnunar til annarrar, sérstaklega ef það er yfir girðingar ráðuneyta, að þá virðast ýmis ljón vera á veginum. Og það er athyglis-

vert hins vegar og umhugsunarefni margra undangenginna ríkisstjórna og þessarar sem nú situr að það virðist vera nokkur tregða til þess að hagræða heima í túngarðinum, sérstaklega ef svona gerist að menn leggja fram hugmyndir um það að samræma á þessum grundvelli sem byggist á því að flytja fyrirtæki frá einu ráðuneyti til annars.

Ég veit að samgrh. hefur óskað eftir umsögnum um hvernig best megi standa að og hvernig staða stofnunarinnar sé, þ.e. Vita- og hafnamálastofnunar. Það er dálítið einkennilegt og merkilegt að alltaf þegar þetta mál er rætt þá er samgrh. ekki í salnum, og það gerir ekkert til, en það sýnir kannski afstöðu hans til málsins. En í minnisblöðum sem vita- og hafnamálastjóri hefur tekið og sent samgrn. varðandi Hafnamálastofnunina segir m.a., með leyfi forseta:

„Hlutverk vita og hafna. Ísland er eyja og sjávarútvegur undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar. Því er mikilvægt að öll aðstaða til siglinga við landið og þjónusta við skip er þau koma að landinu sé sem best. Fyrir daga flugs og loftskeyta fór allt samband og flutningar til og frá landinu fram með skipum og enn í dag fara vöruflutningar til og frá landinu nær alfarið sjóleiðina. Fiskveiðar voru áður fyrr stundaðar með smábátum sem lágu á legu eða voru dregnir á land þegar veiðar lágu niðri. Hafnarmannvirki voru því í fyrstu byggð fyrst og fremst vegna flutninga og samgangna. Samfara öðrum breytingum í útgerðarháttum á þessari öld hefur hlutverk hafnanna breyst. Stærsta hlutverk hafnanna úti um allt land er í dag þjónusta við fiskiskipaflota landsmanna."

Síðan eru hér skoðaðir vitarnir og þar á meðal bent á að síðustu gastækjunum í vitum hér við land hafi verið útrýmt þannig að flutningur á gasi heyri sögunni til. Af framanrituðu má ljóst vera að skarpari skil eru að verða á milli verkefna vita- og hafnamála og Landhelgisgæslu. Síðan segir þessi ágæti embættismaður:

„Niðurstaða mín er sú að vita- og hafnamál séu hagkvæm rekstrareining eins og hún er í dag og alls ekki sé til bóta að brjóta hana upp. Í leit að leið til meiri hagræðingar á frekar að skoða þann möguleika að sameina stofnunina í heild sinni annarri stofnun eða stofnunum innan samgrn. eins og t.d. þekkist í Svíþjóð og Finnlandi."

Það má sjálfsagt víða leita fanga til þess að finna þessum þáttum reksturs í öryggiskerfi ýmissa landa og finna þeim stað með öðrum hætti heldur en vita- og hafnamálastjóri nefnir hér. En það er athyglisvert hins vegar og ég vek sérstaka athygli á því sem hann segir: „Þá mun síðustu gastækjunum í vitum hér við land vera útrýmt í ár þannig að flutningur á gasi heyrir sögunni til." Það er rétt. En hvað þá með eftirit? Hafa menn tapað áttum varðandi vita við strendur landsins? Hafa menn gleymt því að sæfarendur eru notendur vitanna? Og ekki geta menn frá landi ekið út ljóshorn vitanna eða tekið það út hvort réttir séu, enda hefur það gerst, því miður ekki fyrir löngu síðan að gert var við einn vita frá landi án þess að hann væri sigldur út og síðan skilinn þannig eftir að hann sýndi ekki rétt leiðarljós inn í tiltekna höfn hér á landi. Sem betur fer hlaust ekki slys af en litlu mátti muna en í því tilviki varð um nokkurt tjón að ræða.

Síðan segir þessi ágæti embættismaður: „Af framanrituðu má ljóst vera að skarpari skil eru að verða á milli verkefna vita- og hafnamála og Landhelgisgæslu." Og mér finnst eins og hann komi nákvæmlega að því sem hv. síðasti ræðumaður, Jóhann Ársælsson, var að segja áðan. Það er kannski orðin full ástæða til þess að brjóta þetta enn frekar upp þó að hann segi annað í sínum niðurlagsorðum. Er nokkuð óeðlilegt við það að vitarnir fari undir Landhelgisgæsluna og Hafnamálastofnunin undir Vegagerðina? Eða er stórkostlegur eðlismunur á brúargerð eða hafnargerð? Nei, en það sem kannski er erfiðasti ljárinn í þessari þúfu er það að flytja eina ríkisstofnun frá einu ráðuneyti til annars. Það er ótrúlegt tregðulögmál sem þá kemur í ljós.

Ég vildi þá geta þess hér að ekki fyrir mörgum árum síðan flutti hv. núv. samgrh. ásamt þáv. þingmönnum Árna Gunnarssyni, Karvel Pálmasyni og Valdimar Indriðasyni, þáltill. um Landhelgisgæsluna. Og í greinargerð með þeirri þáltill. sem var um smíði nýs varðskips var sérstaklega fjallað um eðli þess og nauðsyn, og það væri svo sjálfsagt, að Landhelgisgæslan yfirtæki Vitamálastofnunina og sæi um vitakerfi landsins. Þannig að kannski er núv. samgrh., fyrrv. alþm. sem flutti þessa þáltill., sammála okkur þó að hann sé ekki hér í salnum og vilji eflaust sýna það í verki að hann hafi ekki mikinn áhuga á þessu máli og að þetta skuli ekki verða framkvæmt hvað vitamál snertir.

Það var aðeins rætt um þá hugmynd sem fram hefur komið að sameina Siglingamálastofnun og Vita- og hafnamálastofnun. Ég held að menn ættu að athuga hvað það þýðir. Það þýðir að á spýtunni hangir líka að flokkunarfélögin, þau sem eru hér á landi og eru erlend, íslenskir aðilar sinna, það þýðir að Siglingamálastofnu en mun þá hætta að fylgjast með bol og búnaði, öryggistækjum og íbúðum áhafna um borð í skipunum. Ef þetta nær fram að ganga, þá mun hluti Siglingamálastofnunar aðeins fylgjast með skipum sem eru undir 100 brúttórúmlestum. Og þá erum við að fara í nákvæmlega sama kerfið eins og gerist í löndum þægindafánanna, þar sem engan varðar neitt um öryggisbúnað eða aðbúnað áhafnar. Það er aðeins að tryggingafélögin fylgist með því að skipið sé á floti og hafi vélarafl til þess að komast áfram. Um annað er lítt hugsað og þá er íslenski fáninn að verða hættulega litaður, samlitur þægindafánum annarra þjóða. Stöðugleiki, nei, það er ekki atriði flokkunarfélaganna. Það er aðeins skrokkur skipsins og vélbúnaður. Aðbúnaður, björgunarbúnaður er ekki í þeirra verkahring. Þannig er ekki allt sem sýnist í þessu. Það væri hins vegar umhugsunarefni með tilliti til alls þess hafsvæðis sem Landhelgisgæslan á að fylgjast með, þeirri auðlind okkar sem við sækjum allt okkar til, það er umhugsunarefni. Af hverju á ekki Landhelgisgæslan að fylgjast betur með og vera sá aðili sem fylgist með mengun í kringum landið og okkar dýrmætu fiskimið en öflugar en nú er?

Eins og ég sagði hér áðan eru fjölmörg skip undir

þægindafánum sem koma með olíu hingað til landsins og það er ekkert eftirlit með þeim, ekkert fyrr en þegar þau tilkynna að þau séu nánast að koma í höfn. Mér finnst Íslendingar vera gjörsamlega sofandi á verðinum varðandi þetta mál. Við höfum heyrt af því erlendis frá hvar stórslys hafa orðið við strendur ýmissa landa. Menn taka andköf yfir því ef olíuskip hefur strandað einhvers staðar nærri baðströnd þar sem fólk hefur baðað sig í sólinni og sjónum. Þar hafi orðið stórkostlegt mengunarslys. Hvað gerðist hér á Íslandi ef slíkur atburður yrði? Ég er hræddur um að það skipti þá ákaflega litlu máli allt kvótakerfið. Það væri nákvæmlega sama hvort það væri dautt eða lifandi. Við þyrftum ekki nokkrar áhyggjur að hafa af því.

Það er svo merkilegt að á stundum vilja menn byggja Landhelgisgæsluna upp en þess á milli nánast ríía hana niður. Það er svona einhver blástursaðferð þannig að líftórunni er haldið í henni. En engu að síður skulu kröfurnar gerðar að fullu og hún skal verða til taks hvar sem er og hvenær sem er. Ef það er jarðskjálfti, flóð eða aðrar náttúruhamfarir í hinni dreifðu byggð landsins þá skal kalla til Landhelgisgæsluna en þess á milli má hún næstum því deyja drottni sínum. Menn hafa gleymt þorskastríðunum. Menn hafa gleymt hvað hún hafði mikið gildi fyrir okkur. Þá voru menn tilbúnir til að ræða um að það væri eðlilegt að gera enn meira fyrir Gæsluna, Landhelgisgæslan væri okkur nauðsynleg. Og þegar svo í öllum niðurskurðinum menn eru farnir að tala um að það sé eðlilegt að flytja nú Landhelgisgæsluna út á land þar sem þurfi að byrja á því að byggja hafnaraðstöðu, þá fer maður að efast um það að menn séu alveg sjálfum sér samkvæmir vegna þess að Landhelgisgæslan hefur haft hér hafnaraðstöðu í Reykjavík og ekkert borgað fyrir hana. Það er framlag Reykvíkinga til Landhelgisgæslunnar og mættu aðrir taka upp slíka hugsun sem Landhelgisgæslan hefur verið í hugum Reykvíkinga. Ég veit það og trúi ekki öðru en fólk í hinni dreifðu byggð vilji efla Landhelgisgæsluna, það vilji standa á bak við hana og vilji stuðla að því að hún hafi verkefni og að hún hafi fjármagn til eðlilegrar endurnýjunar og til þess að vera hinn eini sanni útvörður þessarar þjóðar bæði í orði og á borði.

Útbýting þingskjals:
Kvikmyndaeftirlit, 369. mál, fsp. GHelg, þskj. 562.

[14:56]

Guðjón Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson nefndi í ræðu sinni störf nefndar sem hæstv. samgrh. skipaði til að kanna möguleika á samstarfi eða sameiningu Vita- og hafnamálastofnunar og Siglingamálastofnunar. Þar sem ég var formaður þessarar nefndar sem var skipuð 30. sept. og skilaði áliti til ráðherra um miðjan janúar, þá finnst mér rétt að greina lítillega frá störfum nefndarinnar. Í skipunarbréfi nefndarinnar segir orðrétt, með leyfi forseta, að nefndin skuli kanna möguleika Vitastofnunar og Hafnamálastofnunar, hér nefnd Vita- og hafnamálastofnun, annars vegar og Siglingamálastofnunar ríkisins hins vegar á samnýtingu mannafla og aðstöðu eða sameiningu þessara stofnana í eina stofnun. Enn fremur hvort ná mætti fjárhagslegum sparnaði og/eða öðrum ávinningi með þessum aðgerðum eða á annan hátt með samvinnu þessara stofnana. Þá skyldi nefndin enn fremur kanna möguleika þess að flytja starfsemi annarra stofnana til þeirra stofnana sem hér hafa verið nefndar að einhverju eða öllu leyti. Loks skyldi nefndin leggja mat á það hagræði sem ná mætti með þeim breytingum sem lagðar yrðu til. Með mér í þessari nefnd sátu Benedikt Guðmundsson siglingamálastjóri, Benedikt Jóhannesson stærðfræðingur, Hermann Guðjónsson vita- og hafnamálastjóri og Jón Birgir Jónsson verkfræðingur.

Nefndin ákvað það á fyrstu fundum sínum að einbeita sér að könnun á ákveðnum þáttum en fara ekki út í nákvæmar útfærslur sem væru tímafrekar og ótímabærar þar til ákvörðun væri tekin um framhald málsins. Á vegum nefndarinnar var fyrst kannað starfssvið hvorrar stofnunar um sig og reyndar eru Vitastofnun og Hafnamálastofnun formlega tvær stofnanir en eru reyndar reknar sem ein.

Nefndarmenn voru sammála um að það væri löngu tímabært að setja lög þar sem rekstur vita og hafna væri formlega felldur undir eina skrifstofu og einnig var aflað gagna um hvernig þessum málum væri háttað annars staðar á Norðurlöndum eins og fyrr er að vikið. Nefndin fékk í hendur þau lög sem gilda um stofnanir og nokkrar reglugerðir.

Starfsmannamál stofnananna og fjármál voru skoðuð af sérstökum hópum sem nefndarmenn sátu í ásamt starfsmönnum stofnananna og m.a. var rekstur og fjármál stofnananna skoðuð af fimm manna hópi sem m.a. voru í fjármálastjórar eða gjaldkerar beggja stofnananna. Sá hópur fór í gegnum rekstur stofnananna beggja fyrir árin 1990–1992 og setti fram hugmyndir um hvar mætti spara. Samkvæmt niðurstöðum þessa starfshóps var talið líklegt að sparnaður á hverju ári yrði um 45 millj. á fyrsta ári eftir sameiningu ef miðað er við árið 1992. Um helmingi þessa sparnaðar mætti ná fram án þess að sameina stofnanirnar, en líklegt er að þegar ein stofnun hefur tekið við af tveimur, þá verði hægt að draga enn saman í kostnaði, m.a. með fækkun í mannahaldi og minni húsnæðiskostnaði. Sá viðbótarsparnaður gæti numið um 3 millj. kr. á ári næstu árin og fimm árum eftir þessa sameiningu gæti heildarsparnaður verið orðinn allt að 60 millj. á ári. Kostnaður við flutning á stofnunum ef Siglingamálastofnun flytti í húsnæði Vita- og hafnamálastofnunar var áætlaður um 40 millj. kr.

Þetta var í stórum dráttum niðurstaða þessarar nefndar hvað varðaði fjárhagslegt hagræði af þessari hugsanlegu sameiningu og/eða samvinnu. En ég vil ítreka það sem ég sagði hér í upphafi að þessi nefnd hafði mjög afmarkað verksvið og var ekki ætlað að gera tillögur um aðrar sameiningar eða tilfærslur á ríkisstofnunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samgöngubætur í uppsveitum Árnessýslu, fyrri umr.

Þáltill. GÁ og EH, 334. mál. — Þskj. 525.

[15:02]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir þáltill. á þskj. 525 sem er 334. mál þessa löggjafarþings. Ásamt mér flytur þetta mál Eggert Haukdal. Það er um samgöngubætur í uppsveitum Árnessýslu. Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela samgönguráðherra að láta Vegagerð ríkisins gera athugun á kostnaði og þýðingu þess fyrir uppsveitir Árnessýslu að gera brú yfir Hvítá við Bræðratungu og uppbyggðan veg með slitlagi frá Laugarvatni að Gjábakka, frá Felli að Múla og yfir Torfastaðaheiði."

Greinargerð hljóðar svo:

„Brú á Hvítá hjá Bræðratungu og uppbyggður vegur með slitlagi að Gjábakka milli Laugarvatns og Þingvalla, frá Felli að Múla og yfir Torfastaðaheiði yrðu til þess að

a. styrkja uppsveitir Árnessýslu sem eitt atvinnusvæði,

b. efla átak í samvinnu og/eða sameiningu sveitarfélaga og

c. efla ferðaþjónustu til nýrrar sóknar á þessu fjölfarna ferðamannasvæði.

Suðurlandsundirlendið er það byggðasvæði á Íslandi sem á verulega möguleika til að eflast og veita höfuðborgarsvæðinu samkeppni um mannafla.

Suðurland er auðugt af orku bæði í fallvötnum og jarðvarma. Slíkur auður verður dýrmætari með hverjum áratug sem líður. Ætla má að orkufrekur iðnaður, sem byggir á útflutningi, sé atvinnuvegur sem eigi mikla möguleika í Árnesþingi þar sem Þorlákshöfn yrði útflutningshöfn til markaða í Evrópu. Landbúnaður stendur hvergi jafntraustum fótum og á Suðurlandi með stærsta markað landsins innan seilingar og í bæjum og þorpum héraðsins hefur um áratugi þróast öflugur matvælaiðnaður og fullvinnsla landbúnaðarafurða, svo sem á Selfossi, Hvolsvelli og Hellu.

Ekkert eitt atriði hefur jafnmikið að segja fyrir byggðarlög eins og góðar samgöngur. Uppsveitir Árnessýslu búa yfir miklum töfrum fyrir ferðamenn og sífellt fleiri höfuðborgarbúar eiga þar sitt sumarland.

Þessi þingsályktunartillaga miðar að því að styrkja enn frekar uppsveitir Árnessýslu með samgöngubótum til að stuðla að framþróun og nýtingu auðlinda. Ofan við þennan mikla byggðahring vaka jöklar og ósnortið hálendi sem heillar útivistarfólk um allan heim hvort sem er að sumri eða vetri. Enn fremur býr svæðið yfir mestu ferskvatnslindum landsins.

Flutningsmenn leggja til að vegur milli Laugarvatns og Gjábakka verði mun sunnar en núverandi vegur um Laugardalsvelli. Með því móti lægi vegurinn lægra og um yrði að ræða heilsársveg. Flutningsmenn telja að besta vegarstæðið væri upp hjá Eyvindartungu, norðan Lyngdalsheiðar að Gjábakka eða Arnarfelli. Leiðin frá Reykjavík um Mosfellsheiði til Þingvalla og þaðan að Laugarvatni mundi styttast um 20 km, yrði 75 km en er núna 95 km um Hellisheiði og Grímsnes.

Enn fremur mundi með þessum nýja vegi, sem er um 15 km langur, opnast ný hringleið fyrir ferðamenn um Árnessýslu.

Laugarvatn er öflugt menntasetur, auk menntaskóla er þar Íþróttakennaraskóli Íslands og Íþróttamiðstöð Íslands. Fullvíst má telja að þessi vegagerð og styttri leið til höfuðborgarsvæðisins mundi enn frekar efla Laugarvatn sem stað íþrótta og útivistar jafnframt því sem nýir möguleikar í skólahaldi eða þjónustu kynnu að opnast. Sömu sögu er að segja um „sumarlandið" eða ferðaþjónustuna í uppsveitum.

Um leið og þessi samgöngubót mundi efla mjög uppsveitir Árnessýslu styrkti hún allt héraðið og jafnaði umferð austur fyrir fjall og drægi úr umferðarþunga á Hellisheiði ekki síst á álagsdögum um helgar yfir sumarið.

Enn fremur yrði þessi samgöngubót nýr hvati í umræðunni um hugsanlegan framtíðarveg á milli landsfjórðunga eða Suður- og Norðurlands um Sprengisand og síðar með tengingu til Austurlands. Brú á Þjórsá við Þjórsárholt í framhaldi af uppbyggingu landvegar opnar síðan enn meiri möguleika á samstarfi uppsveita Rangárvallasýslu og Árnessýslu í atvinnu- og menningarmálum.

Mikið samstarf í atvinnumálum er milli sveitarfélaga á þessu svæði og í umræðu er skipulegt átak í atvinnumálum á milli Hrunamannahrepps, Biskupstungnahrepps, Gnúpverjahrepps, Skeiðahrepps, Laugardalshrepps og Grímsneshrepps. Miklar framfarir urðu í því efni þegar sveitarfélögin byggðu upp límtrésverksmiðju á Flúðum og síðan Yleiningu í Reykholti. Brú á Hvítá og vegur milli þessara vinnustaða og kjarnabyggða mundi styrkja atvinnusvæðið og nauðsynlegt samstarf. Vegalengd milli þessara staða er nú 35 km en yrði með brú á Hvítá aðeins 10 km. Fyrir liggur viljayfirlýsing um að brú á Hvítá hjá Hvítárholti og Bræðratungu sé næsta stórverkefni í vegagerð á Suðurlandi í framhaldi af Kúðafljótsbrú. Slík úttekt, sem felst í þessari þingsályktunartillögu, kynni að leiða til að þessari nauðsynlegu brúargerð yrði flýtt. Þegar liggur fyrir ákvörðun um uppbyggingu vegar frá Brúará að Múla. Enn fremur er mikilvægt að byggja upp ýmsa styttri vegi til að gera svæðið að heilsteyptu atvinnusvæði, svo sem Reykjaveginn sem er tenging milli Laugarvatnsvegar og Biskupstungnabrautar yfir Torfastaðaheiði. Einnig er mikilvægt að ljúka við að byggja upp veginn frá Felli í Biskupstungum að Múla sem er umferðaræðin í gegnum Biskupstungnahrepp en þar fara flestir um á leið sinni að Gullfossi og Geysi. Jafnnauðsynleg og brú á Hvítá hjá Bræðratungu er leysir hún ekki af hólmi brúna hjá Brúarhlöðum. Halda ber áfram og hraða uppbyggingu vegarins upp Hrunamannahrepp að Brúarhlöðum. Sá vegur er aðalvegur um öflugt framleiðslusvæði og hefur jafnframt fest í hugum ferðamanna sem óvenjufögur leið og hluti af „gullhringnum" svokallaða, enda er brú á þessum stað byggð yfir klettagljúfur þar sem Hvítá fellur fram.

Þessi brú tengir Hrunamannahrepp við Gullfoss og Geysissvæðið og auðveldar samskipti á milli fólks í uppsveitum Hrunamannahrepps og Biskupstungnahrepps. Vegur vestan Brúarhlaða hefur verið lagfærður og er allgóður og er því um að ræða tiltölulega stuttan vegarkafla að austanverðu sem byggja þarf upp til að „gullhringurinn" verði í góðu ásigkomulagi. Vegur í Gnúpverjahreppi frá Árnesi inn í Þjórsárdal er enn í ófremdarástandi og þarf bæði vegna ferðamanna og ferða innan sveitar og vikurflutninga af Heklusvæðinu á uppbyggingu að halda sem fyrst.

Hér er ekki minnst á Skálholtsveg en eins og flestum er kunnugt er ekki kominn vegur að Skálholti með bundnu slitlagi en nú þegar náðst hefur samstaða um vegarstæði fram hjá Skálholti hlýtur að vera samstaða um að ljúka gerð þess vegar þar sem þetta þúsund ára höfuðból kristni á Íslandi á í hlut.

Í uppsveitum Árnessýslu búa nú 2.500 manns. Tilgangur þessarar þingsályktunartillögu er að gera úttekt á því hvort umræddar samgöngubætur mundu efla svæðið sem eina heild og styrkja það til nýrrar sóknar. Mikilvægt er að Byggðastofnun og samtök sveitarfélaga um átak í atvinnumálum í uppsveitum Árnessýslu taki fullan þátt í þessu verkefni."

Hæstv. forseti. Með þessari þáltill. fylgir kort af svæðinu þar sem við merkjum sérstaklega þá vegi sem rætt er um í tillögunni. Ég er sannfærður um að með flýtingu þessarar vegagerðar mundum við styrkja þetta byggðasvæði mjög og auðvelda þjóðinni að nýta þær miklu auðlindir sem þarna liggja. Í greinargerðinni kemur fram að ótrúlegt sé að enn skuli ekki kominn varanlegur vegur að Skálholti og ekki að Gullfossi og Geysi. Þessum miklu ferðamannastöðum, þessum miklu náttúruperlum sem hver og einn einasti ferðamaður þekkir — ég segi það, þessa staði, Þingvelli, Skálholt, Geysi, Gullfoss og Heklu. Þarna eru því miklar auðlindir sem kynna Ísland og eru þekktar. (**JGS:** Þeir þekkja nú kannski Mývatnssveit.) Hér er kallað fram í með norðlensku stolti að þeir viti einhver deili á Mývatnssveit. Ég tek undir með hv. þm. að svo mun nú vera að Mývatnssveit er nokkuð þekkt og hefur kynnt Ísland vel út um heim.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að hafa þessi orð öllu fleiri, hæstv. forseti. Tillagan og tilgangur hennar skýrir sig allvel og að þessari umræðu lokinni legg ég til að málinu verði vísað til síðari umr. og hv. samgn.

[15:12]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. flm. fyrir glögga og greinargóða ræðu um þessa tillögu sem ég er meðflm. að. Það er litlu að bæta við þessa ágætu ræðu. Þessi tillaga minnir á að ekki er öllu lokið í vegagerð. Hún minnir á að næstu stórverkefni í brúargerð á Suðurlandi er brú á Hvítá hjá Bræðratungu. Tillagan minnir og á að fram úr uppbyggingu landvegar þarf að brúa Þjórsá hjá Þjórsárholti og þannig að tengja Árnes- og Rangárvallasýslu saman að ofanverðu með nýrri brú.

Það er vert í þessu sambandi að draga það hér fram að núv. ríkisstjórn hefur vissulega látið mikið fjármagn í uppbyggingu stofnbrautanna um landið. Þær framkvæmdir hafa staðið yfir með myndarskap í öllum kjördæmum, þar á meðal í Suðurlandskjördæmi. En í vegáætlun undangenginna ára hefur vantað fjármagn fyrst og fremst í hliðarvegina, sveitavegina, hinar svokölluðu þjóðbrautir. Þar vantar að taka á og stórauka við fjármagn. Sem betur fer er hringvegurinn senn að lokast en í því máli, að bæta hliðarvegi í öllum kjördæmum, malarvegina, vantar mjög á.

Ég sé ekki ástæðu til að segja meira um þessi mál. Þessi tillaga fær væntanlega þinglega meðferð. Eins og hér kemur fram er sumt af þessu þegar í undirbúningi. Þessi tillaga er fyrst og fremst til að minna á og gera tilraun til að hraða verkefnum því að bættar samgöngur eru meginmál fyrir sveitirnar í landinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 15:15.

---

87. FUNDUR

fimmtudaginn 10. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 286. mál, þskj. 363. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 287. mál, þskj. 364. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Flutningur verkefna Vitastofnunar Íslands, frv., 323. mál, þskj. 514. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Samgöngubætur í uppsveitum Árnessýslu, þáltill., 334. mál, þskj. 525. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Hvalveiðar, þáltill., 114. mál, þskj. 119. — Fyrri umr.
6. Skjaldarmerki lýðveldisins, þáltill., 117. mál, þskj. 122. — Fyrri umr.
7. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 142. mál, þskj. 157. — Fyrri umr.
8. Fjárframlög til stjórnmálaflokka, þáltill., 147. mál, þskj. 163. — Fyrri umr.
9. Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, þáltill., 151. mál, þskj. 168. — Frh. fyrri umr.
10. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 165. mál, þskj. 183. — Fyrri umr.
11. Auðlindakönnun í öllum landshlutum, þáltill., 172. mál, þskj. 190. — Fyrri umr.
12. Staðsetning hæstaréttarhúss, þáltill., 176. mál, þskj. 194. — Fyrri umr.

13. Græn símanúmer, þáltill., 207. mál, þskj. 231. — Fyrri umr.
14. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 231. mál, þskj. 259. — Fyrri umr.
15. Málefni aldraðra, frv., 232. mál, þskj. 260. — 1. umr.
16. Slysavarnaráð, frv., 235. mál, þskj. 264. — 1. umr.
17. Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, frv., 237. mál, þskj. 272. — 1. umr.
18. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 246. mál, þskj. 285. — 1. umr.
19. Lífeyrisréttindi hjóna, frv., 247. mál, þskj. 286. — 1. umr.
20. Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, þáltill., 248. mál, þskj. 287. — Fyrri umr.
21. *Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis*, skýrsla, 250. mál, þskj. 289.

Fjarvistarleyfi:
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:
Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 101. mál, þskj. 564.
Endurnýjun varðskips, 370. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 565.
Velferð barna og ungmenna, 372. mál, skýrsla félmrh., þskj. 567.
Vernd Breiðafjarðar, 371. mál, stjfrv., þskj. 566.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., frh. 1. umr.

Stjfrv., 286. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 363.

[10:37]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, JGS, JG, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, ÖS.
31 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, GE, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, frh. 1. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 364.

[10:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, JGS, JG, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, ÖS.
31 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, GE, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Flutningur verkefna Vitastofnunar Íslands, frh. 1. umr.

Frv. GHall og EKJ, 323. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 514.

[10:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, JGS, JG, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, ÖS.
31 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, GE, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Samgöngubætur í uppsveitum Árnessýslu, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁ og EH, 334. mál. — Þskj. 525.

[10:40]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, JGS, JG, JónK, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RG, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, ÖS.
31 þm. (ÁJ, DO, EH, FI, GE, GÁ, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Hvalveiðar, fyrri umr.

Þáltill. GuðjG og MB, 114. mál. — Þskj. 119.

[10:41]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um hvalveiðar. Flutningsmaður ásamt mér er hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason. Tillagan sem er á þskj. 119 er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera ráðstafanir til að hvalveiðar geti hafist næsta sumar á grundvelli rannsókna Hafrannsóknastofnunar á stærðum og veiðiþoli hvalastofna."

Tillaga þessi var flutt á síðasta þingi og er nú endurflutt. Sjútvn. Alþingis sendi tillöguna til umsagnar 20 aðila og fékk 16 svör sem eru birt hér með þeirri grg. sem fylgir tillögunni.

Tillagan hlaut ekki afgreiðslu hér á Alþingi vegna anna á síðustu dögum þingsins í vor.

Frá því að þessi tillaga var til umræðu hér á Alþingi í mars á síðasta ári hefur ýmislegt skeð sem verður að teljast jákvætt innlegg í baráttu okkar fyrir því að Íslendingar hefji hvalveiðar að nýju.

Í fyrsta lagi hófu Norðmenn hrefnuveiðar að nýju sl. sumar. Andstæðingar hvalveiða hófu mikla áróðursherferð gegn Norðmönnum og skoruðu á almenning víða um heim að kaupa ekki norskrar vörur og Bandaríkjastjórn hótaði að beita Norðmenn viðskiptaþvingunum. Hvorugt gekk eftir. Norðmenn telja að veiðarnar hafi ekki skaðað viðskiptahagsmuni þeirra svo neinu nemi og í nýjasta hefti Evrópufrétta, janúarheftinu, sem gefið er út af samtökum iðnaðarins og Vinnuveitendasambandi Íslands, er forsíðufrétt undir fyrirsögninni „Aðgerðir gegn norskum hvalveiðum árangurslausar". Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Norskir útflytjendur telja sig í engu hafa skaðast vegna áróðurs og aðgerða til að koma í veg fyrir að fólk kaupi norskar vörur, m.a. í Bandaríkjunum, innan Evrópusambandsins og í Ástralíu. Aðgerðirnar sem einkum voru á vegum samtaka Grænfriðunga beindust annars vegar að norskum útflutningi og hins vegar að ferðalögum til Noregs. Að sögn norskra embættismanna var árið 1993 besta ár norsks útflutnings til þessa og 8% aukning verður á ferðamannastraumnum til Noregs frá árinu á undan.

Eftirspurn eftir norsku ákavíti sem sértaklega var tekið fyrir af andstæðingum hvalveiða var slík erlendis að heimamenn urðu að sætta sig við magntakmarkanir.

Það var samdóma álit norskra embættismanna sem stóðu að kynningarfundi um norska hvalveiðihagsmuni í Brussel að upplýsingaherferð norskra stjórnvalda á síðasta ári væri að skila umtalsverðum árangri."

Í október féll Bandaríkjaforseti frá því að beita Norðmenn viðskiptaþvingunum vegna hrefnuveiðanna og í yfirlýsingu forsetans kemur fram að Bandaríkin styðji dyggilega lausnir á friðunarmálum sem byggðar eru á vísindalegum grunni um allan heim.

Þarna er um að ræða verulega afstöðubreytingu hjá Bandaríkjastjórn enda mótmæltu Grænfriðungar í Washington þessari ákvörðun harðlega og sögðu afstöðu forsetans mundu rjúfa samstöðu Alþjóðahvalveiðiráðsins um allsherjarbann við hvalveiðum.

Í öðru lagi skoruðu samtök þingmanna beggja flokka í Bandaríkjaþingi nýlega á Clinton forseta að fallast á hvalveiðar sem samrýmast vísindalegum athugunum á ástandi hvalastofna. Samtökin telja eðlilegt að nýta hvers konar dýrategundir til fæðu. Í þessum samtökum eru tæplega 200 af 535 þingmönnum í báðum deildum Bandaríkjaþings, rúmlega 100 repúblikanar og tæplega 90 demókratar.

Í sumar mótmæltu þessi samtök því við viðskiptaráðherra Bandaríkjanna að Bandaríkin skyldu falla frá þeirri reglu á fundi Alþjóðahvalveiðiráðsins að nýting dýra til fæðu skuli grundvallast á vísindalegum niðurstöðum. Þetta sé hin almenna stefna Bandaríkjanna í umhverfismálum en ekki innan Alþjóðahvalveiðiráðsins.

Samtökin telja rangt af Bandaríkjunum að standa gegn nýtingu hrefnukjöts til fæðu þegar sannað þykir að hrefnustofnar þoli veiðar.

Talsmaður samtakanna segir að ályktun um hvalveiðar sem Bandaríkjaþing samþykkti einróma í febrúar á síðasta ári hafi byggst á röngum upplýsingum. Hefði þinginu verið kunnugt um álit vísindanefndar Alþjóðahvalveiðiráðsins þá hefði ályktuninni verið breytt. Hann segir að þegar forustumenn þingmannasamtakanna rituðu viðskrh. bréf hefði það komið alveg flatt upp á menn því þetta sé í fyrsta sinn sem nokkur þinghópur hafi uppi önnur sjónarmið en þeir sem krefjast algjörs hvalveiðibanns.

Það er skoðun þessara samtaka 200 bandarískra þingmanna að Bandaríkin eigi ekki að leggjast gegn hvalveiðum sem einhverju öðru ríki þykja réttmætar byggt á vísindalegum niðurstöðum.

Þessi viðhorfsbreyting í Bandaríkjaþingi er tvímælalaust mjög jákvæð. Í Bandaríkjunum hefur andstaðan gegn hvalveiðum verið hvað mest enda lýðskrumarar óvíða háværari.

Í þriðja lagi samþykkti 44. þing Evrópuráðsins sem haldið var um mánaðamót september/október sl. ályktun þar sem m.a. kemur fram að þingið er þeirrar skoðunar að sjálfbærar aðferðir til stjórnunar á fjölþættri nýtingu auðlinda hafsins, þar á meðal sjávarspendýra, skuli byggjast á nákvæmri þekkingu og skilningi á viðkomandi sjávarvistkerfum.

Þá hvetur þingið ríkisstjórnir aðildarríkja Evrópuráðsins, aðrar ríkisstjórnir sem málið varðar svo og Evrópubandalagið til þess að þróa og/eða bæta alþjóðleg og svæðisbundin lagakerfi til verndunar og sjálfbærrar stjórnunar á öllum tegundum sjávarspendýra, þar á meðal hvala, og til þess að gera þá kröfu að þjóðir, sem gefa út leyfi til veiða á sjávarspendýrum, tryggi jafnframt að veiðiaðferðir fullnægi kröfum um mannúðlegar drápsaðferðir eða fari eins nálægt því og unnt er og benda á að rannsókna- og þróunarstarfsemi ætti að auðvelda að þetta markmið náist.

Það sem ég hef hér nefnt bendir til þess að veruleg viðhorfsbreyting sé að verða til hvalveiða, bæði í

Bandaríkjunum og í Evrópu, og að þeir glórulausu fordómar sem ríkt hafa til þessara mála séu á undanhaldi. Þessari viðhorfsbreytingu þarf að fylgja eftir með öflugu kynningarstarfi. Þar þurfa þjóðirnar sem standa að Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðinu að hafa samvinnu og eyða þeim misskilningi að verið sé að útrýma hvalastofnum og ekki síst þurfum við Íslendingar að hamra á því að við höfum verið í fararbroddi hvað varðar rannsóknir og skynsamlega nýtingu hvalastofna.

Það er viðurkennd staðreynd að meðan Íslendingar stunduðu hvalveiðar var ávallt farið að ákvörðunum Alþjóðahvalveiðiráðsins um takmörkun veiða og verndun friðaðra hvalategunda. Auk þess var stuðst við ýmsar reglur um veiðarnar sem Íslendingum var gert að fylgja svo sem um lágmarksstærð veiddra dýra og friðun mjólkandi hvalkúa.

Síðasta áratuginn sem veiðarnar voru stundaðar í atvinnuskyni var fulltrúi Alþjóðahvalveiðiráðsins til eftirlits meðan á veiðunum stóð til að tryggja að farið væri að settum reglum, en þessu eftirliti var komið á með samkomulagi við norsk, kanadísk og spönsk stjórnvöld.

Þá hefur Hafrannsóknastofnun um langt árabil stundað umfangsmiklar hvalarannsóknir sem beindust einkum að því, meðan hvalveiðar voru stundaðar, að auka þekkingu á ástandi og veiðiþoli þeirra hvalastofna sem nýttir voru hér við land og áhrifum veiðanna á þá. Þessar rannsóknir voru m.a. unnar í samstarfi við erlenda rannsóknaraðila. Gerðar voru ítarlegar, líffræðilegar athuganir á öllum lönduðum stórhvölum, framkvæmdar nákvæmar úttektir á sambandi afla og sóknar í hvalveiðunum og framkvæmdar umfangsmiklar hvalmerkingar og talningar.

Árið 1980 skuldbundu íslensk stjórnvöld sig til að taka á móti og útvega viðurkenndum erlendum vísindamönnum aðstöðu til rannsókna á ýmsum þáttum líffræði stórhvala sem þeir höfðu sérþekkingu á. Með þessari samþykkt og framkvæmd hennar næstu árin skapaðist vísir að rannsóknamiðstöð hér á landi sem gaf vísindamönnum víða að úr heiminum tækifæri til að stunda athuganir sem óvíða hefði verið unnt að framkvæma og komu yfir 20 erlendir aðilar hingað í þessum tilgangi á árunum 1980 til 1984 og stunduðu rannsóknir sem ýmist höfðu beinan hagnýtan tilgang eða snerust um almenna þekkingu á líffræði hvala.

Samfara ákvörðun Alþjóðahvalveiðiráðsins um tímabundna stöðvun hvalveiða í atvinnuskyni var ákveðið að efna til heildarúttektar á ástandi hvalastofna heims sem ljúka átti árið 1990. Í samræmi við þetta ákváðu íslensk stjórnvöld að efna til hvalveiða í vísindaskyni á árinu 1986–1989, samkvæmt áætlun Hafrannsóknastofnunar um víðtækar hvalarannsóknir. Rannsóknir þessar miðuðust við að efla þekkingu á ástandi og veiðiþoli hvalastofna við Ísland og kanna þátt stórra og smárra hvala í lífkerfi hafsvæðisins hér við land. Þær fólust m.a. í skipulegri talningu hvala árin 1986, 1987 og 1989. Samstarf var við aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf í tveimur stórum leiðöngrum sem tóku til hafsvæðisins frá Vestur-Grænlandi að ströndum Noregs og frá Svalbarða að ströndum Spánar þar sem mest voru fimmtán skip og tvær flugvélar samtímis við talningu. Af hálfu Íslands tóku þrjú skip og ein flugvél þátt í verkinu sumarið 1987 og fjögur skip sumarið 1989.

Við talninguna fengust miklar upplýsingar um útbreiðslu hvala og stærð hvalastofna á rannsóknasvæðinu, ekki síst hvað viðkemur hvalastofnum sem nýttir hafa verið hér við land á undanförnum áratugum. Þessar rannsóknir leiddu m.a. í ljós eftirfarandi niðurstöður:

Um 28.000 hrefnur voru á Mið-Atlantshafssvæðinu, þar af tæpur helmingur á íslenska strandsvæðinu.

15.600 langreyðar voru á hafsvæðinu Austur-Grænland — Ísland — Jan Mayen, þar af um 8.900 langreyðar á svæðinu milli Austur-Grænlands og Íslands, norðar 50°N.

10.800 sandreyðar voru á leitarsvæði íslensku skipanna.

Tæplega 2.000 hnúfubakar voru á íslenska hafsvæðinu.

Vegna sérstakrar köfunarhegðunar búrhvals liggja ekki fyrir áreiðanlegir útreikningar á fjölda dýra. Eftir talningar 1987 og 1989 telja sérfræðingar Hafrannsóknastofnunar vafalítið að búrhvalir skipti nokkrum þúsundum á íslenska talningarsvæðinu.

Af þessari upptalningu má sjá að mikil hvalamergð er í hafinu við Ísland og hefur þeim vafalaust fjölgað talsvert á þeim 4–7 árum sem liðin eru síðan talningin var gerð, en talið er að þeim fjölgi um 5–10% á ári, misjafnt eftir tegundum.

Af samtölum við sjómenn virðist augljóst að hvölum hefur fjölgað mjög við landið á undanförnum árum. Hafa þeir m.a. truflað loðnuveiðiskipin með ágengni sinni. Árni Bjarnason útgerðartæknir, sem starfar sem 1. stýrimaður og afleysningaskipstjóri á togaranum Akureyrinni, ritaði grein um sjávarútvegsmál í Morgunblaðið 4. ágúst sl. Þar segir undir millifyrirsögninni, Mál málanna, með leyfi forseta:

„Aldrei á mínum sjómannsferli hef ég séð önnur eins býsn af hval og í ár. Djúpslóðin út af Vestfjörðum er undirlögð og einnig eru smáhvalavöður um allan sjó. Sé það rétt, sem mér er tjáð, að búrhvalur eti 3 tonn af grálúðu og karfa á dag þá tekur hann til sinna þarfa meira magn en flotanum er úthlutað af grálúðu. Málið er einfalt. Ef við Íslendingar drepum ekki hval þá drepur hvalurinn okkur.“ Svo mörg voru þau orð. Svipuð sjónarmið og þarna birtast hef ég heyrt hjá mörgum sjómönnum á undanförnum mánuðum.

Ótakmörkuð fjölgun hvala raskar lífkerfi hafsins. Vísindamenn telja að hvalirnir við Íslandsstrendur eti árlega a.m.k. svipað magn af fiski og við Íslendingar veiðum. Áætlað hefur verið að afrán hvala sé um fjórar millj. tonna á ári. Helmingur af því er áta, ¼ smokkfiskur og ¼ eða milljón tonn aðrar fisktegundir. Þetta magn eykst svo ár frá ári eftir því sem hvölunum fjölgar. Það er því óhjákvæmilegt fyrir okkur að hefja hvalveiðar að nýju ef ekki á illa að fara.

Ég ætla ekki að tíunda í þessari ræðu mikilvægi hvalveiða fyrir okkur Íslendinga hvað varðar verðmæti

og atvinnu, en vísa þar til þess sem fram kom í ræðu minni er ég mælti fyrir þessari tillögu á síðasta þingi. Þar gat ég einnig um samþykktir Alþjóðahvalveiðiráðsins, hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna og ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun en í öllum þessum samþykktum er gert ráð fyrir nýtingu hvalastofna.

Ég hef sagt það áður og segi það enn að ég tel þetta mál, hvalveiðarnar, nokkurn prófstein á sjálfstæði okkar Íslendinga. Ætlum við eða ætlum við ekki að láta undan hótunum háværra öfgahópa og lýðskrumara? Ég minni á að þegar við færðum út fiskveiðilögsöguna vorum við beittir viðskiptaþvingunum og ýmiss konar hótunum. Hefðu þeir sem þá stjórnuðu hopað er óvíst að fiskveiðilögsaga okkar hefði verið færð út í 200 sjómílur. Íslendingar brutu þessar þvinganir á bak aftur með einurð og festu og öðluðust með því viðurkenningu annarra þjóða á óskoruðum rétti okkar yfir fiskveiðilögsögunni.

Eins og ég gat um í upphafi máls míns var þessi tillaga flutt á síðasta þingi en hlaut ekki afgreiðslu í því tímahraki sem var í þinglokin síðasta vor. Ég lýsti því þá yfir og við flm. að tillagan yrði flutt aftur þegar þing kæmi saman í haust. Það dróst hins vegar í tvær, þrjár vikur vegna öflunar viðbótargagna í greinargerð en á þeim tíma skipaði hæstv. sjútvrh. nefnd, skipaða fulltrúum allra þingflokka, til að gera tillögur um stefnu Íslendinga í hvalamálum og hvort hvalveiðar skuli hafnar að nýju og þá með hvaða hætti.

Í þeirri nefnd eigum við flutningsmenn þessarar tillögu báðir sæti. Vonandi nær sú nefnd samstöðu um meðferð málsins það fljótt að það takist að afgreiða það á þessu þingi og þá fellur þessi tillaga okkar einfaldlega inn í þá vinnu. Okkur fannst samt rétt að endurflytja tillöguna til að tryggt sé að Alþingi taki afstöðu til hvalveiða á þessu þingi. Það hefur Alþingi ekki gert síðan í febrúar 1983 þegar samþykkt var með eins atkvæðis mun hvalveiðibann Alþjóðahvalveiðiráðsins eða að mótmæla því ekki réttara sagt. Okkur finnst því tímabært að fá fram vilja Alþingis í þessu máli og gildir þá einu hvort greidd verða atkvæði um þessa tillögu okkar eða væntanlega niðurstöðu nefndar hæstv. sjútvrh.

Hæstv. forseti. Ég legg til að þessari tillögu verði að lokinni fyrri umræðu vísað til síðari umræðu og sjútvn.

[10:56]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Oft er það nú svo að við sem erum í stjórnarandstöðu hér á þingi erum ekki að tvínóna við það að gera ríkisstjórninni lífið leitt ef efni stendur til. Það væri út af fyrir sig freistandi að hefja hér umræðu um þetta mál og hafa uppi gagnrýni á þá dæmalausu málsmeðferð sem lýsir sér í flutningi þessarar tillögu í samhengi við málsmeðferð ríkisstjórnarinnar að öðru leyti. Ég hef hins vegar kosið að biðja um orðið í formi andsvars við hv. 1. flm. þessarar tillögu til að undirstrika það að ég ætla ekki og tel ekki eðlilegt, ekki tímabært fyrir Alþingi að fara að hefja víðtæka umræðu um þessi mál eins og þau nú standa. Og ég vil ekki vera að kasta olíu á þann eld sem varðar þessi mál með því að eiga hlut að slíku. Ég varð satt að segja alveg dolfallinn þegar ég sá að inn í þingsali kom frá tveimur hv. þm. Sjálfstfl. tillaga um hvalveiðar, sú sem hér er á dagskrá og hér er rædd, á sama tíma og eftir að hæstv. sjútvrh. hafði skipað fulltrúa frá öllum þingflokkum í nefnd, að því er ég skildi, með það að markmiði að reyna að ná þokkalegri samstöðu hér á Alþingi um stefnu í þessu máli.

Mér finnast þetta slík endemis vinnubrögð af hálfu Sjálfstfl., sem birtast í þessari málafylgju, að ég á tæpast orð til að lýsa því, í svo stóru máli sem þessu, sem hvalveiðarnar eru fyrir okkur Íslendinga. Og ég vil lýsa andúð á þessum vinnubrögðum. Ég vil lýsa andúð á því viðhorfi að það geti líka bara verið ein nefnd, nýtingarnefndin, sjútvn., sem eigi að fjalla um þetta mál. Auðvitað varðar þetta mál ríkisstjórnina og forustu hennar númer eitt og síðan ýmsar nefndir þingsins sem þurfa að koma að því að skoða þetta mál.

[10:59]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. flm., 5. þm. Vesturl., var skipuð nefnd allra þingflokka til að fjalla um þetta mál af hálfu sjútvrh. og á ég sæti í þeirri nefnd sem fulltrúi Kvennalistans. Þessi tillaga kom fram eftir að þessi nefnd var skipuð. Og ég vil taka undir þá gagnrýni sem hér kom fram hjá síðasta ræðumanni á þessi dæmalausu vinnubrögð sem í því felast að koma fram með þessa tillögu eftir að búið er að skipa nefndina til þess að reyna að komast að samkomulagi og sameiginlegri niðurstöðu.

Ég lýsti þessum viðhorfum mínum í nefndinni þegar þessi tillaga kom fram og ég vil endurtaka það hér.

Ég hef verið þeirrar skoðunar að hvalur sé nýtanleg auðlind eins og aðrar auðlindir sjávar. En það breytir því ekki að það þarf að fara yfir þetta mál í mjög víðum skilningi og það er það sem átti að vera hlutverk þessarar nefndar, að fara yfir líffræðileg atriði, hafréttarmálin og fara yfir málið í alþjóðasamhengi. Mér finnst að það sé vægast sagt mjög hæpið og vafasamt að flutningur þessarar tillögu, eins og hún kemur hérna fram af hálfu formanns nefndarinnar, þessarar stjórnskipuðu nefndar, og hv. þm. Guðjóns Guðmundssonar, sé málinu til framdráttar, því miður, vegna þess að ég tel að það sé mjög mikilvægt að við náum saman um þetta mál, ekki aðeins hér á Alþingi heldur þjóðin í heild. Ég tel að það að hefja umræðu um þetta mál í víðu samhengi hér á Alþingi sé alls ekki málinu til framdráttar. Það sé ekki rétt gagnvart þingflokki Kvennalistans af minni hálfu, það sé ekki rétt gagnvart nefndarmönnum í þessari nefnd og það sé ekki rétt gagnvart sjútvrh. sem skipar mig í þessa nefnd.

[11:02]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Það er ljóst að hvalveiðar verða ekki hafnar hér á landi án afskipta Alþingis. Eins og fram kom í ræðu hv. 5. þm. Vesturl., 1. flutningsmanns þessarar tillögu sem hér er til umræðu, þá samþykkti Alþingi í febrúar 1983 að það skyldi sætta sig við bann

Alþjóðahvalveiðiráðsins á hvalveiðum. Þetta bann er í gildi og ég tel að það verði ekki vikist undan þessari ákvörðun sem Alþingi tók í febrúar 1983 af öðrum heldur en Alþingi sjálfu og Alþingi verði að koma að þessu máli og álykta um það til að hvalveiðar hefjist hér að nýju.

Hins vegar, eins og hér hefur komið fram í máli manna, er unnið að þessu máli utan þingsins af nefnd sem sett hefur verið niður af sjútvrh. með fulltrúum allra þingflokka. Það kom einnig fram í máli hv. flm. að hann telur eðlilegt að þessi tillaga hans og hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar fái þá afgreiðslu hér sem verði í samræmi við niðurstöðuna í þessari stjórnskipuðu nefnd. Það kom einnig fram að líklegt sé að nefndin ljúki störfum áður en þingi lýkur í vor.

Ég lít þannig á að þessi tillaga sé flutt til áréttingar á málstað sem á fyllilega rétt á sér, að undirbúa beri hvalveiðar hér og að því sé í raun og veru unnið, — að þeim undirbúningi sé þegar unnið með þeim hætti sem gerð hefur verið grein fyrir.

En ég tel einnig að þetta mál sé ekki þess eðlis að það heyri einvörðungu undir sjútvn. þingsins og tek undir það sjónarmið að þar þurfi fleiri þingnefndir að koma að áður en Alþingi tekur síðan ákvörðun í málinu. Ég setti fram þá ósk á sl. vetri þegar þetta mál var til umræðu að utanrmn. fengi þessa tillögu sem þá var flutt í sama búningi til meðferðar og ég vil ítreka þá ósk hér að málið verði ekki afgreitt frá Alþingi án afskipta utanrmn. Þegar Alþingi tók sína ákvörðun í febrúar 1983 var það gert eftir meðferð í utanrmn. þingsins og ég tel að það sé ekki unnt að afgreiða málið nú hér á þingi án þess að sú nefnd komi að málinu, enda er hér um mjög mikilvægt utanríkismál að ræða og einnig málefni sem varðar þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi því það verður óhjákvæmilegt við afgreiðslu þessa máls að líta til þjóðréttarlegrar stöðu okkar á grundvelli hafréttarsamningsins og hafréttarsáttmálans því samkæmt honum þarf að styðjast við ákvarðanir alþjóðlegra stofnana þegar ákvarðanir eru teknar um hvalveiðar. Það er ágreiningur hér á landi eins og vitað er og komið hefur fram í fréttum á milli lögfræðinga og sérfræðinga um það hvort aðild okkar að NAMMCO, Norður-Atlantshafssjávarspendýraráðinu, nægi til þess að fullnægja þessum skyldum sem getið er um í 65. gr. hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Ég er þeirrar skoðunar að aðild okkar að þessu ráði dugi ekki til þess að við fullnægjum þessum þjóðréttarlegu skuldbindingum. Að vísu kann ég að skipta um skoðun fái ég haldgóð rök til þess, en ég lít þannig á að nauðsynlegt sé fyrir okkur Íslendinga að líta á þessa stöðu okkar í ljósi þess starfs sem nú er unnið á vettvangi Alþjóðahvalveiðiráðsins og það komi til álita að velta fyrir sér aðild að því að nýju, en þá með skýrum og ótvíræðum fyrirvörum. Fyrirvörum sem við höfnuðum að gera árið 1983 varðandi bann við hvalveiðum.

Ég lít þannig á að þetta mál verði að skoða ekki aðeins frá sjónarhóli sjútvn. þingsins heldur einnig frá sjónarhóli annarra þingnefnda sem fjalla m.a. um þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi.

Hv. flutningsmaður vísaði til ályktunar sem gerð var á 44. þingi Evrópuráðsins um þessi mál og ég fullyrði að það kynningarstarf sem þar var unnið af hálfu okkar þingmanna sem eigum sæti í Evrópuráðinu bar góðan árangur. Og það leyndi sér ekki þegar við buðum hingað fjórum þingmönnum á sl. sumri og kynntum þeim stefnu okkar og afstöðu í hvalamálinu að það hafði verulega mikil áhrif og réð jafnvel úrslitum um það hvernig atkvæðagreiðslan fór um þetta mál á þingi Evrópuráðsins. Við höfum ekki slæman málstað í þessu Íslendingar að kynna og afstaða okkar til þessara mála byggist ekki á neinni glæframennsku heldur á því að við viljum nýta okkur þann rétt sem við höfum eftir vísindalegar rannsóknir og á vísindalegum grunni. Ég óttast því ekki okkar málstað í þessu. Við þurfum hins vegar að ganga þannig fram að við stofnum ekki til óþarfa stórdeilna heldur fylgjum málstað okkar fram með skýrum og ótvíræðum rökum, vísindalegum rökum, og högum okkar þjóðréttarlegu stöðu þannig að ekki sé hægt að gagnrýna okkur fyrir að við förum ekki að alþjóðalögum, að sjálfum hafréttarsáttmálanum sem er mikilvægur fyrir okkur og sérstaklega mikilvægur fyrir okkur eins og ekki þarf að ítreka hér.

Ég vil því, frú forseti, aðeins íteka það að ég tel að þetta mál þurfi um leið og það er skoðað í þessari sérstöku nefnd, sem vonandi kemur með tillögur fyrr en síðar, þá þurfi fleiri þingnefndir heldur en aðeins sjútvn. að koma að málinu hér. Þetta er mikilvægt utanríkismál og þarf að velta fyrir sér einstökum þáttum þess með hagsmuni okkar á alþjóðavettvangi í huga og stöðu okkar innan alþjóðlegra samtaka sem ræður náttúrlega miklu um það hver afstaða þjóða almennt er til okkar í alþjóðlegu samstarfi.

[11:09]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að mér þykir þetta allt saman hið undarlegasta mál, eins og meðferð þess er hér á hv. Alþingi og af hálfu hæstv. sjútvrh. og þeirra þingmanna Sjálfstfl. Hér hefur hv. 3. þm. Reykv. eiginlega vakið frekari umræðu um þetta mál, sem ég hélt að væri fyrst og fremst verið að vinna í þessari nefnd sem flokksbróðir hans, hæstv. sjútvrh., hefur skipað og það hlýtur að vera fyrsta skrefið í því máli að þaðan komi eitthvert álit. Síðan má eflaust skoða hvort fleiri þingnefndir eigi að fjalla um málið. En ég vil bara taka undir það sem reyndar hefur komið fram hér áður í umræðunni að meðferðin af hálfu Sjálfstfl. er á þann hátt að maður veltir því mjög fyrir sér hvað er um að vera. Er svona mikil ósamstaða innan flokksins í þessu máli eða hvað? Ég vil taka það fram af hálfu okkar framsóknarmanna, ef það er ekki öllum ljóst, að þá erum við hlynnt hvalveiðum en viljum náttúrlega að málið sé skoðað núna í nýju ljósi og treystum okkar fulltrúa í þeirri nefnd sem hæstv. sjútvrh. hefur skipað ákaflega vel til þess að vinna að málinu þar, en hún er því miður veðurteppt uppi á Akranesi og er hv. 2. þm. Vesturl.

[11:11]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef hv. 3. þm. Norðurl. e. hefði kynnt

sér umræðurnar sem urðu um þetta mál á Alþingi í febrúar 1983 hefði hún áttað sig á því að hér er ekki um flokksmál að ræða. Hvalamálið hefur verið þannig á Alþingi að flokkar hafa riðlast í afstöðu sinni til málsins. Það er ekkert nýmæli að það kunni að vera skoðanamunur eða blæbrigðamunur á afstöðu manna til þessara mála hér í þingsal. Hinar hörðu deilur sem urðu hér í þinginu í byrjun febrúar 1983, m.a. á milli núverandi formanns og varaformanns Framsfl. um þetta mál, ættu að vera hv. 3. þm. Norðurl. e. nokkur leiðsögn í því til hvaða deilna þetta mál getur leitt innan stjórnmálaflokka, þar sem hv. núverandi varaformaður Framsfl. snerist gegn formanninum sem lagði til að þessu yrði mótmælt, en hv. varaformaður flokksins vildi að það yrðu ekki höfð í frammi mótmæli. Þannig að það á ekki að koma neinum á óvart hér að menn ræði þetta mál án þess að hafa einhver flokksbönd til þess að hamla eðlilegum og opnum umræðum um málið. Og það er nauðsynlegt í þessu máli, finnst mér, þessu viðkvæma máli, að menn reifi sínar skoðanir fyrir opnum tjöldum hér í þingsalnum þegar tækifæri gefast því að þetta er mál sem snertir hagsmuni okkar í víðtækasta skilningi og ég vil ekki leggjast undir þau bönd hér að menn reyni að hefta málfrelsi mitt með því að höfða til einhverra flokksbanda.

Útbýting þingskjals:
Framhaldsskóli, 373. mál, frv. VS, þskj. 568.

[11:12]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum nú mál sem mikils stuðnings nýtur í okkar þjóðfélagi, mál sem snýr að hvalveiðum sem legið hafa niðri um áratugs skeið. Og það hefur ekki farið á milli mála í þeirri umræðu sem fram hefur farið um þessi mál í okkar þjóðfélagi að almennur stuðningur er við það, ekki bara meðal almennings heldur vítt og breitt um þjóðfélagið, að við hefjum hvalveiðar að nýju. Þetta hefur komið fram í skoðanakönnunum hvað eftir annað. Þetta kemur mjög glögglega fram í þeim umsögnum sem hér eru og fylgja þessu þingskjali og þetta kom ekki síst fram í afar málefnalegum og ágætum umræðum um þessa þáltill., sem nú er raunar verið að flytja í annað sinn, á Alþingi í fyrra, þegar ég hygg að það hafi verið uppi mjög almennur stuðningur, er mér óhætt að segja, mjög almennur stuðningur við þá hugmynd að Íslendingar ættu að hefja hvalveiðar að nýju.

Þess vegna koma mér dálítið á óvart þær aðfinnslur sem lúta að því að við séum að ræða þessi mál hér og nú og ég er alveg ósammála því sem hér hefur komið fram að það geti á nokkurn hátt skaðað þá ágætu og sjálfsögðu vinnu sem fram fer núna í nefnd sem skipuð er fulltrúum allra þingflokka sem er að fara yfir þessi mál sérstaklega. Ég get ómögulega skilið að umræður af því tagi sem t.d. fóru hér fram fyrir u.þ.b. ári síðan, að ég hygg, um nákvæmlega þetta atriði geti á nokkurn hátt skaðað þessa vinnu eða spillt því góða samstarfi sem ég er alveg sammála hv. þm. um að þarf að ríkja í þessu máli alveg sérstaklega.

Okkur er það auðvitað öllum ljóst að hér er um að ræða vandasamt mál og ég hef ekki viljað falla í þá gryfju að ræða þetta mál á miklum tilfinningagrunni og varaði raunar við því við fyrri umræðu um þessa þáltill. þegar hún fór fram á sínum tíma. Ég benti raunar á ýmsa lögfræðilega annmarka á því að hefja hvalveiðar þegar í stað, eins og stundum hafa verið uppi heitingar um, og ég benti á marga annmarka, sérstaklega þann er lýtur að alþjóðahafréttarsáttmálanum sem gerir það að verkum að við verðum að fara hér að með fyllstu gát. Ég tel að með ákvörðun hæstv. sjútvrh. um að skipa nefnd sem í sætu fulltrúar allra þingflokkanna, þá væri verið að freista þess að ná hér almennri víðtækri sátt eða gera a.m.k. tilraun til þess að ná almennri, víðtækri sátt um mál sem þarf að ríkja breið samstaða um í okkar þjóðfélagi. Ég held hins vegar að umræða af því tagi sem hér er verið að efna til með því að leggja fram þáltill. muni ekki á nokkurn hátt skaða þetta heldur gæti hún verið ágætt innlegg í þá miklu og vönduðu vinnu sem ég veit að fram fer í þessari nefnd hæstv. sjútvrh. sem er að fara yfir hvalveiðimálin.

Á sínum tíma sat ég í nefnd sem lagði til úrsögn Íslands úr Alþjóðahvalveiðiráðinu og frá því að þessi nefnd lauk störfum hef ég ekki skipt um skoðun í þeim efnum. Ég hef ekki séð að það hafi neitt gerst sérstakt innan Alþjóðahvalveiðiráðsins sem gefi okkur tilefni til þess að endurskoða þá afstöðu okkar. Meginástæðan fyrir því að við töldum ástæðu til þess að leggja til úrsögn úr Alþjóðahvalveiðiráðinu á sínum tíma var auðvitað sú að okkur var það alveg ljóst að það var ekki hægt að komast lengra heldur en við vorum búnir að komast í því að reyna að hafa efnisleg, málefnaleg áhrif á gang mála innan Alþjóðahvalveiðiráðsins. Sannleikurinn var sá að innan Alþjóðahvalveiðiráðsins tóku menn einfaldlega ekki rökum, menn tóku ekki rökum, hvorki vísindalegum, lögfræðilegum né neinum öðrum rökum. Hvað eftir annað var búið að sýna fram á það að hægt væri á grundvelli vísindalegra rannsókna að hefja veiðar á tilteknum hvalategundum. Vísindanefndin hafði satt að segja mælt með þessu, en þá gerðist það að Alþjóðahvalveiðiráðið treysti sér ekki til þess að taka undir hin vísindalegu sjónarmið og hafnaði þar með ákvörðun um það að hefja hvalveiðar og gerði það á allt öðrum grundvelli, á grundvelli tilfinninga sem ekkert áttu skylt við vísindalega vinnu eða vísindaleg vinnubrögð. Það var þess vegna niðurstaða okkar sem sátum í þessari nefnd, um framtíð Íslands í Alþjóðahvalveiðiráðinu, að það væri um tómt mál að tala að reyna að vinna þar áfram að okkar málstað einfaldlega vegna þess að menn tækju ekki rökum.

Vonandi rennur upp sú stund að vinnubrögð innan Alþjóðahvalveiðiráðsins breytist og vonandi rennur upp sú stund að Alþjóðahvalveiðiráðið fer að taka meira mark á sinni eigin vísindanefnd og ég er sammála hv. 3. þm. Reykv. um að þá eigum við að íhuga það að ganga til liðs við Alþjóðahvalveiðiráðið. En meðan þau vinnubrögð eru uppi, meðan sú hugmyndafræði ríkir að það eigi að hundsa vísindalegar ráðleggingar þegar það hentar, þá eigum við því miður ekki erindi þangað inn

og þá verðum við auðvitað að huga að því með hvaða hætti öðrum við getum hafið okkar hvalveiðar. Ég tel að sú vinna sem nú fer fram og sú umræða sem núna á sér stað, líka í dag, um till. til þál. um hvalveiðar, sé liður í því að Alþingi — sem eins og hv. 3. þm. Reykv. benti hér á er eini bæri aðilinn sem getur tekið ákvörðun um framhald málsins, þetta sé allt liður í því að við komumst hér að niðurstöðu um þá aðferð, um þær leiðir sem við sjáum til þess að hefja hér vísindalegar veiðar, veiðar á vísindalegum grundvelli í atvinnuskyni með eðlilegum hætti alveg eins og við nýtum önnur sjávarins gæði.

Ég tel ástæðu til að undirstrika það sem hv. 5. þm. Vesturl., hv. 1. flm. þessarar þáltill., nefndi hér áðan og það er auðvitað sú reynsla sem þegar er fengin af hvalveiðum í Noregi. Það var mjög vísað til þess og það var mjög áberandi í þeim umræðum sem fóru fram árið 1983 að menn ályktuðu sem svo að veiðar á hval gætu skaðað mjög markaðslega stöðu okkar Íslendinga, gætu haft efnahagslegar þrengingar í för með sér. Og vissulega voru margar heitingar uppi á þessum tíma sem gáfu til kynna að við gætum átt þetta á hættu. Ég nefni sem dæmi skoðanakönnun sem Coldwater Seafood Corporation, dótturfyrirtæki Sölumiðstöðvarinnar í Bandaríkjunum, lét gera sem virtist benda til þess að Bandaríkjamenn væru reiðubúnir til þess að hundsa okkar vörur ef hvalveiðar hæfust. Ekkert sem síðan hefur gerst bendir til þess að menn hafi verið tilbúnir til þess að leggja okkur í efnahagslegt einelti þó að við hæfum hvalveiðar. Við vorum með hvalveiðar í vísindaskyni á þeim árum sem í hönd fóru án þess að það hefði áhrif á okkar markaðsstöðu og reynslan frá Noregi undirstrikar það líka að þessi mótbára a.m.k. gegn hvalveiðunum stenst ekki þegar grannt er skoðað.

Virðulegi forseti. Ég er sammála því sem hv. 1. flm. sagði um þessa þáltill. Það er langeðlilegast að hún komi fyrst og fremst til skoðunar og inn í þá vinnu sem núna fer fram á vettvangi nefndar skipaðri fulltrúum allra þingflokka. Það tel ég að sé eðlilegasta málsmeðferðin þannig að við förum ekki að deila um óþarfa formsatriði þegar við eigum í raun og veru að fjalla um efnisatriði málsins, spurninguna um hvalveiðar við Ísland.

[11:22]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki vil ég hafa af mönnum frelsi til að ræða þessi mál í þingsölunum hér og nú ef menn telja að það sé þessum málstað til framdráttar. En mér er enn meiri ráðgáta eftir þær ræður sem haldnar hafa verið hér, eftir ræðu hv. 1. flm. þessarar þáltill., hvert Sjálfstfl. er að fara með þessum málflutningi hér. Hér eru menn að viðra sjónarmið varðandi grundvallarþætti málsins og vegast á um þau, þingmenn Sjálfstfl., sem ber þó að formi til ábyrgð á hvalveiðimálum í Stjórnarráðinu. Hv. 3. þm. Reykv. er að lýsa hér yfir prinsippafstöðu til eins mjög stórs þáttar málsins að því er varðar hvers konar alþjóðasamtök séu bær til þess að bakka upp eða styðja við að við getum hafið hér hvalveiðar og síðan annar þingmaður flokksins sem er að herða á gagnstæðri skoðun í raun inni að því er varðar önnur alþjóðasamtök sem við höfum sagt okkur úr. Halda menn að einhverjum árangri verði náð í þessu máli af Íslands hálfu með svona málafylgju? Halda menn að einhverjum árangri verði náð í þessu máli með því að ábyrgir aðilar í ríkisstjórn Íslands, forsrh. landsins og sjútvrh. landsins, mæla í sína áttina hvor í þessu máli og eru að veifa greinargerðum frá lögfræðingum síns ráðuneytis hvor sem ganga þvert hver á aðra varðandi grundvallarþætti? Halda menn að árangri verði náð fyrir Íslands hönd í þessu máli með því að standa þannig að verki? Svo eru menn að vísa til Noregs og reynslu Norðmanna þar sem norska ríkisstjórnin, með forsætisráðherra landsins í fararbroddi, dregur vagninn í eina átt og hefur tekist að sameina þjóðina að baki sér. Menn ættu að líta þangað til þeirra reynslu og þeirra vinnubragða.

[11:24]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef einhver maður er í raun og veru að reyna að spilla hér friðnum í þessu máli þá er það hv. 4. þm. Austurl. með dæmalausum málflutningi af því tagi sem við heyrðum núna. Það var ekkert í ræðu hvorki minni né hv. 3. þm. Reykv. sem gaf honum nokkurt tilefni til þess að reyna að leggja það út með þeim hætti að hér væri um að ræða einhvern meiri háttar ágreining, hvorki meðal stjórnarliða né alþingismanna almennt. Það er mjög eðlilegt að í máli sem þessu sé uppi blæbrigðamunur í skoðunum manna. Það breytir hins vegar ekki meginatriði þessa máls sem er spurningin um það með hvaða hætti hægt sé að hefja hér hvalveiðar. Það kann að vera og það er auðvitað eðli málsins samkvæmt þegar um er að ræða býsna flókið, efnislegt mál, þá er ekkert óeðlilegt við það að uppi séu álitamál og uppi séu mismunandi lögfræðilegar skoðanir í þessum efnum. Og ég undirstrika og ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni hér áðan. Það er ekki nema gott fyrir þetta mál að það sé líka rætt hér í sölum Alþingis með málefnalegum hætti eins og gert var á sínum tíma í fyrra þegar við ræddum þessa þáltill. í fyrra sinnið og þessi mál eru rædd út um allt þjóðfélagið. Halda menn virkilega, dettur mönnum það virkilega í hug að lifandi umræða um spurninguna um hvalveiðar hér við land muni spilla málstað Íslendinga? Dettur mönnum í hug að umræða, sem fram fer t.d. innan hagsmunasamtaka sjómanna, þar sem auðvitað kemur fram blæbrigðamunur eins og í öðrum málum, spilli málstað Íslendinga? Hvers konar hugmyndir eru þetta? Halda menn að það hafi ekki komið fram blæbrigðamunur í afstöðu manna fyrr í alþjóðlegum deilum án þess að það hafi skemmt málstað okkar?

[11:26]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér var það auðvitað ljóst að þeim hv. þm. sem standa hér að þessum tillöguflutningi og hafa hér uppi ræður í þessu samhengi yrði ekkert kennt í þessum efnum af minni hálfu. Ég gerði mér satt að segja engar vonir um það. Ég hafði hins vegar

von um það að hv. flutningsmenn þessarar tillögu létu það nægja að hafa sýnt hana hér í þinginu án þess að vera að gera kröfu til þess að hún færi hér í sérstaka umræðu. Hér eru menn að vitna til umræðu sem fór fram um sömu tillögu á fyrra þingi og þar liggja þá þau sjónarmið fyrir sem varða þetta mál.

En halda menn að það sé ekki alvörumál þegar verið er að viðra hér grundvallarágreining milli þingmanna í stjórnarliði, þess flokks sem ber ábyrgð á málaflokknum og kasta því út um víðan völl? Því að á þessa umræðu verður ekki eingöngu hlýtt hér í sölum Alþingis. Hún berst að sjálfsögðu til allra þeirra sem áhuga hafa á þessu máli, bæði með og móti sjónarmiðum um hvalveiðar, hvort þær beri að hefja. En hið stóralvarlega í málinu er sá ágreiningur sem uppi er hafður innan ríkisstjórnar Íslands af ráðherrum í ríkisstjórninni, sem eru að kasta fram lögfræðilegum álitsgerðum sem ganga þvert hver á aðra í grundvallaratriðum varðandi málið. Það er þetta sem ég gagnrýni, það er við þessu sem ég vara og ég hlýt að endurtaka það að ég bið menn um að horfa svolítið fram fyrir sig þegar verið er að kasta fram málum af þessu tagi hér á Alþingi, ef menn kjósa að reyna að stilla saman strengi í þeim efnum.

[11:28]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Brýningar hv. 4. þm. Austurl. í þessu máli eru fullkomlega óþarfar vegna þess að ef hann fer yfir þá umræðu sem hér átti sér stað áðan, fer yfir ræðu mína og hv. 3. þm. Reykv., þá kemur það auðvitað í ljós að okkar afstaða í þessum efnum fer í öllum meginatriðum saman. Hv. 3. þm. Reykv. sagði að það kæmi til álita, ef ég man það orðrétt, að við skoðuðum það að fara inn í Alþjóðahvalveiðiráðið. Hvað sagði ég? (**HG:** Hvað sagði hann um NAMMCO?) Ég þarf ekkert að rekja það sem hv. 3. þm. Reykv. sagði um NAMMCO vegna þess að hér erum við í andsvörum vegna minnar ræðu en ekki vegna ræðu hv. 3. þm. Reykv. og ég kom ekkert inn á málefni NAMMCO. Ég vil hins vegar árétta að það sem ég sagði varðandi Alþjóðahvalveiðiráðið var að meðan þar væri uppi sá málatilbúnaður sem þar hefur ríkt og ríkir enn, þá væri ekki ástæða fyrir okkur til að ganga inn í Alþjóðahvalveiðiráðið. Ef þau viðhorf breyttust þá taldi ég líkt og hv. 3. þm. Reykv. að það gæti komið til álita að ganga inn í Alþjóðahvalveiðiráðið að nýju. Ég var í ræðu minni aðeins að rifja upp ákvarðanir sem ríkisstjórn Íslands tók í framhaldi af nefndaráliti sem ég stóð að á sínum tíma. Og það hefði varla átt að koma mikið á óvart, hvorki hv. 4. þm. Austurl. né öðrum sem á mitt mál hefðu hlýtt, að ég væri sammála því sem ég í raun lagði til fyrir um tveimur árum síðan. Þau mál hafa ekki breyst með þeim hætti að það hafi verið ástæða til að mínu mati að endurskoða þetta. En ég útiloka ekki að mál geti þróast með þeim hætti innan Alþjóðahvalveiðiráðsins og sem betur fer eru vísbendingar sem benda raunar aðeins í þá átt, að það geti verið ástæða fyrir okkur að endurskoða afstöðu okkar frá því fyrir tveimur árum, en í dag sé ég ekki að það sé tímabært að sinni.

[11:30]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna þessari tillögu sem nú er flutt og flytja flm. bestu þakkir fyrir að flytja hana og þá ekki síður seinni flm., Matthíasi Bjarnasyni, því að svo háttar nú til að hv. þm. Matthías Bjarnason er sá af okkur sem einna mesta þekkingu hefur á hafréttarmálunum í heild sinni vegna veikinda Hans G. Andersens sem við vitum að við höfum ekki til ráðslags með okkur nú.

Það er ekkert óeðlilegt að mönnum hitni í hamsi yfir þessu máli og ég skal ekkert að vera að gagnrýna hv. þm. Hjörleif Guttormsson þess vegna. Við getum alveg gagnrýnt hver annan en við hljótum að lokum að vera sameinaðir í þessu máli eins og við höfum borið gæfu til lengst af að vera í sambandi við hafréttarmál þó að stundum hafi verið tekin víxlspor.

Sannleikurinn er sá að Íslendingar eru forustuþjóð í landhelgismálum. Við höfum haft forustuna í veröldinni og margir vísað til starfa á hafréttarráðstefnunni alls staðar að úr heiminum og við sem vorum svo gæfusamir að fá að vera á þessari merku ráðstefnu vorum í stöðugum viðræðum við menn víða að úr heiminum þar sem þeir voru að leita upplýsinga frá okkur fyrst og fremst og samræma sjónarmiðin. Þetta er einn glæsilegasti þáttur í okkar sögu að við skyldum bera gæfu til að vinna að þessum mikla árangri.

Því miður er það nú ekki svo að Íslendingar hafi á seinni árum verið sérstaklega borubrattir eða bardagafúsir því að það er langt í land að við séum búnir að heimta þau réttindi sem við eigum, t.d. á Reykjaneshrygg samkvæmt ákvæði sem við og Rússar sömdum um á sínum tíma um 350 mílur á Reykjaneshrygg, samkvæmt þeim reglum eigum við Reykjaneshryggginn 350 mílur út. Engu að síður hafa stórir flotar, ekki síst frá Austur-Evrópuríkjunum, jafnvel upp í hundruð skipa, verið að veiðum á þessu svæði okkar og ekkert er eiginlega aðhafst af hálfu Íslendinga í því efni. Þar er verk að vinna. Við eigum líka fiskveiðiréttindi á Hatton-Rockall svæðinu og langt norður í höf, allt saman að réttum reglum.

Svo ógæfusamlega hefur viljað til að Íslendingar hafa í utanríkismálum á allmörgum síðustu árum verið eilíflega að tala um þetta blessaða Evrópubandalag rétt eins og það muni bjarga okkur, það hafi vilja til þess að bjarga okkur og það muni gera okkur eitthvert gagn, ríki sem hefur verið með stórfellt atvinnuleysi og vandamál sem þeir ættu að hugsa um og lofa okkur að hugsa um okkar vandamál. Við þurfum þar fyrir utan auðvitað að styrkja betur alla innviði og samvinnu við þá sem okkur eru sammála.

Um þetta sérstaka mál sýnist mér við að hlusta á það sem hér var lesið upp, að þar sé sú greinargerð á ferðinni sem markverðust er. Það er hnitmiðað hvert orð þar. Hver samdi þetta plagg veit ég ekki og kemur það ekkert við. Það gerir sitt gagn. Það á að verða til þess að sameina okkur og reyna að fá okkur líka til að sameinast um það að gæta annarra réttinda. Ég endurtek að ég mun ekki erfa það við nokkurn mann þó að hann gagnrýni eitthvað sem ég segi í hafréttarmálun-

um þó að ég reyni auðvitað að fara sem skemmst í því að vekja athygli annarra á því sem hættulegt kann að reynast. Við skulum á þessum fundi sameinast um það að vera ekki að rífast um eitt eða neitt en gera okkur grein fyrir því að við eigum stórkostleg réttindi óheimt, allan Reykjaneshrygginn, Hatton-Rockall svæðið, norðurslóðir, allt saman er margsinnis ályktað um, m.a. í tillögum sem ég og margir aðrir, þar á meðal hv. þm. Matthías Bjarnason, hafa flutt á liðnum árum, en allt hefur drukknað í þessu Evrópu...— nú var ég nærri búinn að segja ljótt — tali, skulum við segja, öllu þessu Evróputali sem ekkert gott hefur leitt af né mun leiða af.

[11:36]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa ræðumenn talað og deilt mjög um þau vinnubrögð sem við eru höfð varðandi þetta mikilvæga mál okkar Íslendinga og þá kannski frekar þvargað meira um form en efni. Það er hverjum Íslendingi mjög ljóst að nauðsynlegt er að við förum að hefja hvalveiðar hið fyrsta og því veit ég það að fólkið í landinu bíður eftir því hvað hið háa Alþingi ætlar að gera, hvað þingmenn ætla að gera í þessu máli og hvenær afstaða til þessara hluta verður tekin, jákvæð eða neikvæð, og ég þykist þess fullviss að meiri hluti þjóðarinnar væntir þess að jákvætt verði á þessum málum tekið þannig að hvalveiðar verði hafnar sem allra fyrst.

Ég vil, með leyfi forseta, aðeins benda á umsögn Íslenskra sjávarafurða varðandi þetta mál. Það segir hér í niðurlagi þeirrar umsagnar:

„Það er ljóst að miðað við ríkjandi viðhorf í heiminum getur farið svo að ef Íslendingar hefja hvalveiðar að nýju verði reynt koma höggi á þá og skaða efnahagslega. Það hlýtur að verða eitt meginverkefni íslenskra stjórnmála að koma í veg fyrir að svo verði. Höfuðverkefnið hlýtur að verða að sýna öðrum þjóðum fram á hvað muni gerast ef ekki verður fundið og viðhaldið jafnvægi í náttúrunni, hvað muni gerast ef sofið er á verðinum og einhverjir verði látnir komast upp með að raska jafnvægi náttúrunnar í nafni umhverfisverndar. Það hlýtur að verða að fletta ofan af falsspámönnum í umhverfismálum og sýna jafnframt fram á hvað sé raunveruleg umhverfisvernd og gerast boðendur hennar og baráttumenn. Það þolir varla nokkra bið."

Þetta er rétt að orði kveðið hér. Því er það hryggilegt að það skuli vera einn Íslendingar sem hefur unnið ötullega gegn þessum öfgamönnum sem Greenpeace kalla sig án nokkurs stuðnings íslenskra stjórnvalda. Hann hefur komið mörgu því á framfæri sem öðrum mönnum og öðrum þjóðum og öðrum hópum hefur verið hulið. Hann hefur sýnt fram á það að þetta er fjárplógsstarfsemi af hinni verstu tegund og allt í nafni umhverfisverndar. Og svo þurfa Íslendingar að standa hálfskjálfandi frammi fyrir þessum öfgahópum og segja: Við þurfum að skoða málið. Við þorum ekki og við þurfum að athuga okkar gang. Ég tel að mál séu svo komin nú að það þurfi að hraða ákvörðunartöku um það hvenær og hvort við ætlum að taka á honum stóra okkar og hefja hvalveiðar. Það er full ástæða til að láta nú verkin tala og ljúka þessu máli hið allra fyrsta, vera ekki að þvarga á hinu háa Alþingi um markmið eða leiðir, vera að þvarga hér meira um form en efni, hvort hér hafi verið lögð fram till. til þál. um hvalveiðar á sama tíma og skipuð hefur verið sérstök nefnd til að skoða hlutina. Það má auðvitað deila um það í sjálfu sér. En mér finnst samt sem áður að við megum ekki flækjast í því máli hvernig formið er heldur eigum við að hefja verkið.

Maður hefði haldið það að sölusamtökin sem hafa nú verið í nánum tengslum við ýmsa söluaðila erlendis væru mjög neikvæð gagnvart hvalveiðunum. En ég vitnaði hér áðan til umsagnar Íslenskra sjávarfurða hf. og þar mátti heyra að það er annað hljóð í mönnum þar. Þeir skilja mikilvægi þessa máls og þeir eru tilbúnir til að takast á við þessa öfgahópa með sjávarútveginum og með okkur Íslendingum allflestum til þess að við getum farið að hefja hvalveiðar á ný og, með leyfi forseta, langar mig til að vitna hér í niðurlag umsagnar Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna:

„Stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna er sér fyllilega meðvituð um efnahagsleg og vistfræðileg rök fyrir því að hvalveiðar verði hafnar að nýju. En þegar höfð er í huga sú mikla andstaða sem Norðmenn hafa sætt á alþjóðavettvangi vegna fyrirhugaðra hrefnuveiða auk beinna viðskiptaþvingana er ekki óeðlilegt að sporin hræði. Íslendingar eru háðari útflutningi sjávarafurða en flestar aðrar þjóðir og því mjög auðvelt skotmark hvalfriðunarsamtaka. Stjórn SH leggur því mikla áherslu á að vegna mikilla viðskiptahagsmuna sem í húfi eru verði gætt fyllstu varúðar í þessu viðkvæma máli."

Og það er rétt. Við höfum verið með mikla varúð nú í nokkur ár og kannski heldur um of. Þess vegna finnst mér, virðulegi forseti, að það sé kannski tímasóun að vera að þvarga hér í sölum Alþingis um þetta mál heldur væri eðlilegt að þessu máli verði vísað til þeirra aðila sem hafa verið skipaðir í sérstaka nefnd til að skoða þennan málaflokk, og að sjálfsögðu einnig til sjútvn. og menn snúi nú bökum saman hvar í flokki sem þeir standa til þess að vinna að framgangi þessara mála.

Um umsagnir annarra aðila sem kemur hér fram í þessari þáltill. þeirra þingmanna Guðjóns Guðmundssonar og Matthíasar Bjarnasonar þarf ekki að hafa mörg orð vegna þess að þau eru öll á einn veg — jákvæð. Tel ég að það sé sjálfsagt og eðlilegt að við hefjum hvalveiðar svo fljótt sem verða má.

[11:43]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 16. þm. Reykv. orðaði það hér áðan þannig að hér væri þvargað meira um form en efni. Það er nú svo að ég hygg að það sé nokkuð mikil efnisleg samstaða um þetta mál, það beri að hefja hvalveiðar sem fyrst. Hins vegar er þetta mál viðkvæmt í alþjóðlegu samhengi eins og fram hefur komið og þær alvarlegu staðreyndir blasa við í málinu að það er áherslumunur innan ríkisstjórnarinnar um hvert á að stefna eins og hér hefur fram komið. Menn tala

ekki einum rómi um það, sérfræðingar hæstv. forsrh., sérfræðingar sjútvrn. og hæstv. sjútvrh. og hv. formaður utanrmn., á hvaða grunni á að byggja þetta mál. Það er hin alvarlega staða sem uppi er og það er sú samræmingarvinna sem þarf að fara fram því að það er náttúrlega alveg rétt sem hv. 3. þm. Austurl. sagði hér að það er alveg óhæfa að vagninn sé dreginn í sitthvora áttina á alþjóðlegum vettvangi í þessum efnum.

[11:45]

Flm. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur orðið um þessa tillögu. Mér þykir reyndar skjálftavirkni einstakra hv. þm. óþarflega mikil út af þessu máli og vil bara ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni um það hvers vegna þessi tillaga var endurflutt. Við viljum fyrst og fremst reyna að tryggja það að Alþingi taki afstöðu til hvalveiða á þessu þingi. Ég tel að þessi tillöguflutningur spilli að sjálfsögðu á engan hátt fyrir samkomulagi um þetta mál í þeirri nefnd sem hæstv. sjútvrh. hefur skipað. Ég er þess vegna algerlega ósammála því sem hér kom fram áðan að hér væri um einhver dæmalaus vinnubrögð að ræða og annað í þeim dúr eins og hér var sagt. Og að þetta skaði starf þessarar nefndar tel ég alveg fráleitt. Ég tel mig í fullum rétti til að tala efnislega um þetta mál og mun halda því áfram.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði eitthvað á þá leið að við flutningsmenn hefðum gert kröfu um að fá þetta mál á dagskrá, það hefði verið nóg að leggja það fram og kynna það. Ég vil leiðrétta þetta. Við höfum ekki gert neina kröfu um slíkt. Það getur hann fengið staðfest hjá forseta Alþingis. (**HG:** Ég sagði það ekki.) Við lögðum þessa tillögu fram fyrir fjórum mánuðum og höfum ekki rekið á eftir að hún kæmi hér á dagskrá. (**HG:** Hvar heyrði þingmaðurinn mig segja það?) Hún hefur nokkrum sinnum áður verið á dagskrá en aldrei komist að fyrr en núna.

Ég er sannfærður um það að andstaða við hvalveiðibann muni aukast hratt á næstu mánuðum og sú afstöðubreyting sem ég gat um hjá fjölda bandarískra þingmanna tel ég að bendi ótvírætt til þess.

Ég ítreka það ég tel að við Íslendingar verðum að fylgja því fast eftir að aðrar þjóðir virði þær alþjóðlegu samþykktir sem gerðar hafa verið og minna þá stíft á hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna, samþykktir Ríó-ráðstefnunnar og Evrópuráðsins. Við þurfum að hamra á því við þær þjóðir sem enn eru í Alþjóðahvalveiðiráðinu að þær virði samþykktir ráðsins um veiðar og þær skuli leyfðar úr hvalastofnum sem eru í jafnvægi og stundaðar í samræmi við tillögur vísindanefndarinnar. Ég held að það skipti okkur höfuðmáli að halda uppi öflugu kynningarstarfi í löndum þar sem andstaðan gegn hvalveiðunum er mest, andstaða sem yfirleitt byggist á mikilli vanþekkingu og því að fólk leggur trúnað á ófyrirleitinn áróður svokallaðra umhverfisverndarsamtaka sem oft og tíðum svífast einskis til að svívirða þær þjóðir sem vilja eðlilega nýtingu á auðlindum hafsins. Ég tel hins vegar að við eigum ekki að vera í neinu stríði við þessi samtök eins og Greenpeace. Við eigum fyrst og fremst að koma upplýsingum til stjórnvalda, þingmanna, fjölmiðla og annarra slíkra og ég tek undir það sem hv. þm. Björn Bjarnason sagði hér í sinni ræðu að ég tel að fulltrúar okkar á vettvangi Evrópuráðsins hafi staðið afskaplega vel að þeirri kynningu og starf þeirra hafi borið mjög jákvæðan árangur. Málflutningur umhverfisverndarsamtaka er oft mjög undarlegur og ég tel það vægast sagt einkennilega umhverfisvernd að hamast gegn því að hvalastofnar séu nýttir á grundvelli rannsókna á veiðiþoli en láta á sama tíma óátalið gamnidráp á dýrum að maður nú ekki tali um pyndingar á borð við nautaat. Ég hef ekki orðið var við að þessi samtök mótmæltu því mikið.

En ég ítreka það sem ég sagði í minni fyrri ræðu að ég tel að í okkar kynningarstarfi þurfum við að leggja mikla áherslu á það hvað Íslendingar stóðu á allan hátt vel að hvalveiðum og rannsóknum þau 38 ár sem veiðarnar voru leyfðar hér við land og hvernig við leyfðum erlendum rannsóknaraðilum óhindraðan aðgang og sköpuðum þeim aðstöðu til að sinna sínum rannsóknum eins og þeim þóknaðist. Ég held að rannsóknir þessara erlendu aðila geri upplýsingar okkar um ástand hvalastofna trúverðugri fyrir þá sem lítið þekkja til þessara mála.

Við þurfum líka að koma því skýrt til skila hversu gífurlegur fjöldi hvala er í hafinu við Ísland og fer stöðugt vaxandi og hvaða áhrif þetta hefur á fiskstofna okkar sem við byggjum alla okkar afkomu á. En hvalveiðar snúast ekki eingöngu um þetta. Þær eru líka mikilvægar hvað varðar verðmæti og atvinnu. Hvort tveggja skiptir okkur Íslendinga óneitanlega miklu, ekki síst á tímum minnkandi þjóðartekna og vaxandi atvinnuleysis. Framleiðsluverðmæti hvalaafurða var að meðaltali um 1,5 milljarðar síðustu 5 árin sem veiðarnar voru stundaðar í atvinnuskyni og var þá 1,5–2,5% af útflutningi okkar Íslendinga á sjávarafurðum. Og þá er ótalið aflaverðmæti hrefnuveiðibáta sem var nokkuð á annað hundrað millj. kr. Það voru um 250 manns í störfum hjá Hval hf. síðustu árin sem veiðarnar voru stundaðar, þetta voru störf frá vori til hausts, margir þeirra störfuðu reyndar allt árið og auk þess var tugur manna við veiðar og vinnslu á hrefnu. Þarna voru því störf fyrir 300–400 manns nokkra mánuði ársins. Ég tel að eins og atvinnuástandið er núna þá getum við ekki horft á þessi störf fara forgörðum.

En þó að efnahagsleg rök vegi þungt þá held ég að það vegi enn þyngra í okkar málflutningi sú röskun sem er að verða á lífríki hafsins í kringum okkur og ótti við þessa röskun kemur mjög skýrt fram í mörgum þeirra umsagna sem bárust um tillöguna á síðasta þingi. Ég ætla, með leyfi forseta, að grípa ofan í örfáar af þeim umsögnum. Það segir t.d. meðal annars í umsögn Íslenskra sjávarafurða:

„Og það hefur úrslitaáhrif á lífskjör hér á landi, sem og annars staðar í heiminum, að hvalur sé veiddur að því marki að lífríkinu sé haldið í jafnvægi."

Í umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna segir m.a.:

„Allt bendir til að hvalamergð hafi aukist verulega

við landið. Af ummælum sjómanna að dæma er hér um verulega röskun á lífríkinu í sjónum að ræða. Því er nauðsynlegt að hefja nýtingu þessarar auðlindar að nýju þar sem ráðum Hafrannsóknastofnunar yrði fylgt um fjölda þeirra hvala sem veiða má."

Landssamband smábátaeigenda segir m.a. í sinni umsögn:

„Ljóst er að hrefnu hefur fjölgað mjög mikið við landið. Sjómenn hafa séð hvernig hrefnur elta uppi og gleypa í sig seiðatorfur sem sjást á yfirborði. Hér er um að ræða loðnuseiði, sandsíli og smásíld.

Vegna mikillar fjölgunar á búrhval á grálúðuslóðinni er nauðsynlegt að hefja rannsókn á því hvort búrhvalurinn éti úr grálúðustofninum."

Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna segir m.a. í sinni umsögn:

„Flest rök hníga að því að eftir langvarandi hvalveiðibann hafi jafnvægi í lífríki hafsins umhverfis Ísland verið raskað og samkeppnin við sjávarspendýrin um fæðuna aukist til muna."

Útvegsmannafélag Norðurlands segir m.a.:

„Útvegsmannafélag Norðurlands telur að hvalastofnar við Ísland séu í harðri samkeppni um nytjastofna við landið og vistgrundvöll þeirra. Bendi rannsóknir til þess að veiðiþol hvalastofna réttlæti veiðar þá sé æskilegt að taka þær upp sem fyrst."

Útvegsmannafélag Suðurnesja segir:

„Stjórn ÚFS vill sérstaklega benda á að nauðsynlegt er að koma í veg fyrir frekari röskun á lífríki hafsins en orðið er."

Mér finnst að þessar umsagnir, sem eru frá sjómönnum, sölusamtökum og útvegsmönnum, sýni glöggt þær áhyggjur sem þessir aðilar hafa af þeirri röskun sem vaxandi hvalafjöldi hefur á lífríki hafsins í kringum okkur.

Ég vil að lokum segja að það þarf kjark til að hefja hvalveiðar að nýju og auðvitað er þægilegast að gera ekki neitt og hafa alla góða en ég tel að við höfum einfaldlega ekki efni á því. Ef við ekki hefjum hvalveiðar að nýju þá munum við ekki bara missa af þeim miklu verðmætum sem í húfi eru og þeim mörgu störfum sem fylgja veiðum og vinnslu hvals heldur mun það hafa ófyrirsjáanlegar afleiðingar á fiskstofna okkar ef hvalastofnar fá áfram að vaxa og stækka óhindrað í hafinu kringum Ísland og þess vegna komumst við ekki hjá því að hefja hvalveiðar að nýju. Ég tel að það þoli ekki bið.

[11:54]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er einn efnisþáttur sem kemur fram í þessari umræðu sem ég tel ástæðu til að vara dálítið við og það snertir þá hugsun að það eigi að vera unnt að stýra lífríki hafsins út frá hagsmunum okkar manna með því að veiða svo og svo mikið af þessari og hinni dýrategundinni í hafinu. Það er auðvitað fræðilega hægt að setja slíka skoðun fram en ég tel að það skorti afar mikið á það að við höfum nokkra þekkingu eða grundvöll til þess að meta það með skynsamlegum hætti hvað megi taka af þessari tegundinni eða hvað af annarri.

Ég held að það væri nær fyrir þá sem áhyggjur hafa af þessum efnum að sjá til þess og þeirra sem áhrif hafa í landsstjórninni að sjá til þess að almennar hafrannsóknir séu efldar hér við land og eitthvert fjármagn sé lagt til þeirra þannig að menn komist eitthvað nær því að geta af viti svarað spurningum eins og þeim sem hér er verið að velta upp. Spurning um afrán einstakra stofna.

Þetta snertir það mál sem hér er til umræðu, þessu er oft haldið fram. Það er mjög eðlilegt sjónarmið og auðvitað vitum við að allt hefur þetta áhrif, en að ímynda sér að við getum farið að leggja út í atvinnuveiðar á hvölum út frá því sjónarmiði að við getum breytt þarna eitthvað verulega um, það held ég að sé mikið ofmat. Mitt viðhorf hefur verið það í sambandi við hvalveiðar að það sé sjálfsagt og eðlilegt fyrir Íslendinga út frá sínum hagsmunum að stefna að því að geta nýtt auðlindir hafsins, það þurfum við að reisa á þekkingu, sem allra bestri þekkingu og það væri satt að segja verkefni sem ekki þarf neitt að bíða eftir að reyna að bæta úr, það sem á vantar í þeim efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skjaldarmerki lýðveldisins, fyrri umr.

Þáltill. StG, 117. mál. — Þskj. 122.

[11:56]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um uppsetningu skjaldarmerkis lýðveldisins á eða við Alþingishúsið. Tillagan hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd Alþingis að sjá svo um að skjaldarmerki lýðveldisins frá 1944, ásamt skjaldarberum, verði komið upp á eða við Alþingishúsið.

Verkinu skal lokið þegar minnst verður 50 ára fullveldis Íslands 17. júní 1994."

Í grg. segir svo m.a.:

Með þessum tillöguflutningi er gerð tilraun til að ná fram því markmiði að skjaldarmerki lýðveldisins, þar sem landvættirnir standa vörð um þjóðfánann, verði komið fyrir þar sem þjóðþing Íslendinga starfar.

Í bók sem gefin er út af forsætisráðuneytinu (Fáni Íslands, skjaldarmerki, þjóðsöngur, heiðursmerki, útg. 1991) segir svo m.a. um skjaldarmerki Íslands (bls. 55):

„Á fundi Alþingis, sem haldinn var 17. júní 1944 á hinum forna þingstað Þingvöllum við Öxará, var lýst yfir því að lýðveldi væri endurreist á Íslandi. Síðan kaus Alþingi fyrsta forseta lýðveldisins til eins árs, en eftir það skyldi hann þjóðkjörinn. Á ríkisráðsfundi, sem haldinn var sama dag á Þingvöllum, gaf hinn nýkjörni forseti, Sveinn Björnsson, út forsetaúrskurð um skjaldarmerki lýðveldisins og hljóðar hann þannig:

„Skjaldarmerki Íslands er silfurlitur kross í heiðbláum feldi, með eldrauðum krossi innan í silfurlita kross-

inum. Armar krossanna skulu ná alveg út í rendur skjaldarins á alla fjóra vegu. Breidd krossmarksins skal vera ⅔ af breidd skjaldarins, en rauði krossinn helmingi mjórri, ⅓ af breidd skjaldarins. Efri reitirnir skulu vera rétthyrndir, jafnhliða ferhyrningar og neðri reitirnir jafnbreiðir efri reitunum, en þriðjungi lengri.

Skjaldberar eru hinar fjórar landvættir, sem getur í Heimskringlu: Griðungur, hægra megin skjaldarins, bergrisi, vinstra megin, gammur, hægra megin, ofan við griðunginn, og dreki, vinstra megin, ofan við bergrisann.

Skjöldurinn hvílir á stuðlabergshellu.““

Skjaldarmerkin eiga sér vissulega langa sögu og það langtum lengri en þjóðfáni okkar sjálfra. Ég held að í fyrstu sögum okkar geti um skjaldarmerki fyrir eða í kringum 1250.

„Umræður hafa farið fram um það nokkuð lengi hvort koma megi skjaldarmerkinu fyrir á Alþingishúsinu í stað merkis Kristjáns níunda.

Pétur Ottesen, fyrrverandi alþingismaður, talaði lengi og sterklega fyrir þessu máli en tókst ekki að vinna því það fylgi sem hann hafði vænst. Árni Gunnarsson, fyrrverandi alþingismaður, flutti tillögu um þetta efni þar sem lagt var til að í stað“ — og ég undirstrika — „í stað merkis Kristjáns níunda Danakonungs, sem nú er á norðurhlið Alþingishússins, kæmi íslenska skjaldarmerkið frá 1944. Við þessa tillögu fékkst ekki fremur en fyrr nægjanlegur stuðningur.

Þór Magnússon þjóðminjavörður skrifaði grein í Morgunblaðið 16. sept. 1988 um þetta mál og segir þar m.a.:

„Alþingishúsið er friðlýst samkvæmt lögum sem Alþingi sjálft setti, enda er það hús eitt merkasta byggingarsögulega minnismerki landsins. Friðun þess þýðir að húsinu skuli ekki breytt af ófyrirsynju.“

Það sem mestri andstöðu hefur valdið er að með því að fjarlægja merki Kristjáns níunda sé verið að breyta útliti Alþingishússins sem teiknað var af dönskum arkitekt og byggt af dönskum múrmeistara árið 1881. Sú tillaga, sem hér er flutt, felur það ekki í sér. Því hefur verið haldið fram að húsafriðunarlög heimili ekki að hróflað sé að nokkru við Alþingishúsinu. Þetta er ekki rétt. Á undanförnum árum hafa verið framkvæmdar margvíslegar breytingar á Alþingishúsinu sjálfu, búnaði þess og næsta umhverfi. Alþingishúsið er í Aflokki friðaðra húsa og ekkert sem mælir því í gegn að skjaldarmerkið verði sett þar upp. Að sjálfsögðu þarf að hafa um slíkt samstarf og samráð við húsafriðunarnefnd.

Með flutningi þessarar tillögu er ekki lagt til að fjarlægja merki Kristjáns níunda af Alþingishúsinu. Hér er gerð tillaga um að hinu formfagra skjaldarmerki, tákni lýðveldisins Íslands, verði komið upp á eða við Alþingishúsið og tengt á þann hátt betur en nú þingi og þjóð.“

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til síðari umræðu og allshn. og vænti þess að hv. allshn. hafi samráð við forsætisnefnd þingsins um málið á milli umræðna.

[12:03]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er athyglisverð tillaga sem hér er á ferð og ekki seinna vænna að við ræðum tillögur um það hvernig Alþingi skuli bregðast við vegna 50 ára lýðveldisafmælisins og hér er auðvitað eitt af því sem kemur til greina.

Ég vil sérstaklega fagna því að flm. tillögunnar tók fram að það væri ekki meining hans að láta taka niður skjaldarmerki Kristjáns níunda. Ef svo hefði verið þá hefði ég farið upp til mikilla andmæla. Ég hef verið þeirrar skoðunar og það er ekki fyrst og fremst húsfriðunarsjónarmið sem liggja að baki þeirri skoðun minni að það eigi ekki að hrófla við kórónunni og skjaldarmerkinu, heldur fyrst og fremst vegna þess að hér í höfuðstað hins íslenska lýðveldis er ákaflega fátt sem minnir okkur á okkar sögu og það að við vorum hluti af danska konungsríkinu. Merkið á þinghúsinu og kórónan, er eitt af fáu sem minnir okkur á það. Við eigum að þekkja okkar sögu, við eigum að vita hver við erum og hvaðan við komum, fyrir hverju forfeður okkar voru að berjast í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga en því miður hefur Reykjavíkurborg orðið fyrir miklum skaða á undanförnum áratugum, það hafa verið rifin hús í stórum stíl sem tengja okkur við fortíðina og því má ekki ganga lengra í því að hrófla við því sem við eigum.

Ég hafði það sem reglu sem sögukennari að senda nemendur mína út í bæ og biðja þá að finna eitt og annað sem minnti okkur á söguna og það hver við erum og hvaðan við kæmum, eins og ég nefndi áðan. Þeim gekk það misjafnlega, en Alþingishúsið var þó einn af þeim stöðum sem þeir rákust á og gátu séð að var eitthvað gamalt og eitthvað sem tengdist öðrum tíma.

Ef ég vík að tillögunni sjálfri sem er auðvitað meginmálið hérna þá eru auðvitað ýmsir möguleikar fyrir hendi en þó verður að segjast að það er náttúrlega búið að þrengja það mikið að Alþingishúsinu í skipulagi að ég sé ekki alveg fyrir mér hvar væri hægt að koma skjaldarmerkinu fyrir þannig að það njóti sín. Ég geri mér reyndar ekki grein fyrir hvað það er stórt og vildi gjarnan varpa þeirri spurningu til flm. hvað verið er að tala um stóran hlut. Er það þannig að það væri eðlilegt að setja það á einhvers konar ramma? Er hugsanlegt að nýta garðinn við húsið eða hvernig sér flm. fyrir sér að þessu verði við komið? Ég ímynda mér að þarna séum við að ræða um hlut sem gæti vakið athygli og dragi til sín ferðamenn, fólk komi að skoða skjaldarmerkið. En fyrst og fremst tek ég undir þann tilgang þessarar tillögu að minnast þess að við höfum verið lýðveldi í 50 ár og að við eigum af því tilefni að gera eitt og annað sem tengir okkur við þann atburð og eins og ég nefndi fyrr þá er þessi tillaga auðvitað eitt af því. En ég vildi gjarnan beina þessum spurningum til flm., ég hef ekki kynnt mér þetta mál, hann er kannski með myndir af skjaldarmerkinu, hann var að vitna í bækur en ég hreinlega geri mér ekki grein fyrir því hvað við erum að tala um mikla framkvæmd og hvað þarf að veita skjaldarmerkinu mikið rými.

[12:08]

Flm. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir innlegg í þessa umræðu og met það mjög að hv. þm. skuli tala í þessu máli. Þetta er því miður eins og ég gat um búin að vera býsna löng barátta fyrir uppsetningu skjaldarmerkis og það sem ég kem lengst aftur í baráttu fyrir því að fá skjaldarmerkið sett upp við Alþingishúsið var gert af Pétri Ottesen. Þetta var mikið áhugamál hans á sínum tíma en það fór því miður fyrir honum eins og öðrum sem berjast fyrir góðum málum að það er erfitt að afla þeim fylgis og koma þeim fram í fyrstu.

Ég gerði mér hins vegar grein fyrir því eftir að hafa skoðað þetta mál og rætt við marga og ég hlustaði ítarlega í umræðu um þetta mál þegar hv. þm. Árni Gunnarsson flutti það á sínum tíma að hér var hið besta mál á ferðinni. Árni lagði þá hins vegar til að kórónan eða merki Kristjáns níunda yrði tekið niður af húsinu og skjaldarmerkið yrði sett upp í staðinn að það hafði ekki hljómgrunn og það var barist mjög hart gegn því á Alþingi og þess vegna tapaðist það mál.

Ég ætla ekki að fara að tjá mig um hver mín skoðun er einmitt á því með merki Kristjáns níunda á húsinu, það er annað mál. Fyrir mér er það mikið mál að fá skjaldarmerkið sett upp á eða við Alþingishúsinu. Eins og ég segi í niðurlagsorðum greinargerðarinnar að hér er gerð tillaga um að hinu formfagra skjaldarmerki, tákni lýðveldisins Íslands, verði komið upp á eða við Alþingishúsið og tengt á þann hátt betur en nú þingi og þjóð.

Það er fyrst og fremst vilji minn til þessa máls þannig að það megi flestum vera ljóst sem ganga hér um að þeir geri sér grein fyrir því að hér er þjóðþing Íslendinga að störfum. Ég hef ekki trú á því að sá kostnaður sé mikill sem af þessu mundi hljótast. Ég held að menn séu að tala um sáralitlar upphæðir í sjálfu sér.

Ég trúi því líka að ekkert ætti að koma í veg fyrir það að menn fyndu og gætu sæst á það hvar merkið skyldi vera. Ég segi á eða við Alþingishúsið. Og ég veit að réttur húsafriðunar er mikill og fram hjá því verður ekki gengið að það þarf að leita umsagnar slíkra aðila. En einhvern veginn hefur mér fundist eftir að ég lagði þetta mál hér fram að þetta eigi góðan skilning manna og hér sé farið inn á vissa málamiðlunarleið í þessu máli frá því sem áður hefur verið. Því trúi ég því að menn geti fengið hér farsæla lausn. Ég fer fram á það við hv. nefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar að hún hafi samráð og samvinnu við forsætisnefnd þingsins sem ég tel eðlilegt að hafi með þessa framkvæmd að gera.

Ég held að margir staðir komi til greina til að setja þetta merki upp á eða við húsið. Mér finnst einhvern veginn þurfa, þó ég sé ekki að kveða upp neinn úrskurð í því, þá finnst mér sjálfum persónulega að merkið þyrfti að vera við þá hlið hússins sem vísar að Austurvelli og að styttu Jóns Sigurðssonar. Ég á við forhlið hússins.

En ég þakka hv. þm. fyrir að koma hér upp og taka undir þetta mál og vona svo sannarlega að þetta mál fái skjóta afgreiðslu vegna þess að það þarf ákveðin vinna að fara fram og mér fyndist vera mikill sómi að því fyrir forsætisnefnd að geta komið þessu merki upp þannig að við mættum afhjúpa það, ef svo mætti segja, 17. júní 1994.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Auðlindakönnun í öllum landshlutum, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 172. mál. — Þskj. 190.

[12:13]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 190 um auðlindakönnun í öllum landshlutum. Flm. ásamt mér eru þingkonur Kvennalistans, þær Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Kristín Einarsdóttir.

Tillögugreinin er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta framkvæma auðlindakönnun í öllum landshlutum er taki til allra þeirra þátta er kunna að nýtast til atvinnusköpunar í þágu kvenna jafnt sem karla. Verði könnunin unnin í samstarfi við sérfræðinga, sveitarstjórnir og heimamenn þannig að tryggja megi sem bestan árangur."

Greinargerð með frv. er svohljóðandi:

„Flest bendir til þess að atvinnuleysi sé orðið varanlegt hér á landi þótt það sé enn mun minna en víðast hvar í Evrópu. Greining á þeim sem atvinnulausir eru sýnir að atvinnuleysið nær til æ fleiri starfshópa þótt það sé enn mest meðal ófaglærðs verkafólks. Sú staðreynd hve atvinnuleysis gætir víða í starfsgreinum bendir til þess að almennt sé of mikið framboð á vinnuafli miðað við almennt atvinnuástand þótt það sé reyndar misjafnt eftir landshlutum. Margt veldur því að atvinnuleysi eykst, svo sem almennur samdráttur í þjóðfélaginu, minnkandi afli, erfiðleikar og gjaldþrot fjölda fyrirtækja. Þar við bætist sú staðreynd að samhliða samdrættinum fer vinna minnkandi í samfélagi okkar eins og annars staðar vegna tæknibreytinga sem leiða af sér að færri hendur þarf til að vinna verkin. Hér á landi sjást áhrif tækniþróunar í landbúnaði, sjávarútvegi og iðnaði auk þess sem tölvuvæðing fyrirtækja er farin að skila sér í minni þörf fyrir vinnuafl. Stjórnvöld og atvinnulífið hafa ekki brugðist við þessum breytingum með auknum framlögum til rannsókna, tilrauna og raunhæfra kannana á þeim möguleikum sem hér er að finna til atvinnusköpunar.

Úti í Evrópu er atvinnuleysið orðið hluti af hagstjórn og stjórnvöld virðast sætta sig við það, trú þeirri hugsjón að markaðurinn eigi að jafna framboð og eftirspurn eftir vinnuafli. Umræður síðustu ára, kröfur verkalýðshreyfingarinnar og aðgerðir stjórnvalda, jafnt hjá ríki sem sveitarfélögum, sýna að hér á landi vilja fæstir sætta sig við varanlegt atvinnuleysi. Gripið hefur verið til átaksverkefna af ýmsu tagi en þau eru tíma-

bundin lausn. Hér þarf stefnumörkun og aðgerðir sem leiða til varanlegs árangurs í atvinnumálum.

Stjórnvöld hafa mjög einblínt á stóriðju sem allsherjarlausn og varið miklum tíma og fé til að lokka stórfyrirtæki hingað til lands án árangurs. Öðrum atvinnugreinum hefur lítt verið sinnt og afleiðingin er sú að þeirri spurningu er ósvarað hvaða vinnu það unga fólk, sem stöðugt streymir út á vinnumarkaðinn, eigi að sinna, hvað þá þeir sem missa vinnuna. Hér er ekkert það til sem kalla má atvinnustefnu.

Út um allt land hefur fólk verið að leita fyrir sér með ýmiss konar framleiðslu, einkum konur, enda atvinnuleysi meira í þeirra röðum en meðal karla. Allt gott er um slíkt frumkvæði að segja, en veita þarf meiri stuðning og ráðgjöf. Það má hins vegar ljóst vera að framtak kvennanna dugar hvergi nærri, ekki síst ef horft er til framtíðar. Því þarf að kanna til hlítar alla möguleika til atvinnusköpunar, safna saman þeim hugmyndum og könnunum sem gerðar hafa verið á undanförnum árum, draga fram það sem nýtilegt er og ýta undir frumkvæði fólks um allt land sem oft þekkir best möguleika síns héraðs. Hér þarf að fara fram allsherjarauðlindakönnun sem síðan verði fylgt eftir með áætlunum, ábendingum og opinberum stuðningi. Við slíka auðlindakönnun í allra víðasta skilningi þess orðs þarf ekki síst að huga að atvinnumöguleikum kvenna í ljósi þess að samdrátturinn og atvinnuleysið bitnar harðast á þeim greinum þar sem konur eru fjölmennar.

Möguleikarnir eru margir. Við þurfum fyrst að spyrja hvernig við getum nýtt betur það sem við eigum og vinnum við í hefðbundnum atvinnugreinum. Ferðaþjónusta hefur verið vaxandi atvinnugrein á undanförnum árum. Þar er mikið verk að vinna í skipulagningu og þjónustu við ferðamenn, einkum í byggð og á sögustöðum, auk þess sem kanna þarf nýja möguleika. Minjagripagerð, ullarvinnsla í hágæðaflokki, heilsulindir, ylrækt, ný skoðun á nýtingu orkulinda, smáiðnaður, athugun á nýtingu jarðefna til efnavinnslu, fullnýting sjávarafla, ónýtt sjávarfang, fiskeldi, samvinna við aðrar þjóðir o.s.frv. Allt kemur þetta til greina við athugun á nýjungum í atvinnulífinu. Tækifærin eru mörg ef menn ganga til verks með opnum huga og með það að leiðarljósi að margt smátt gerir eitt stórt. Það má minna á að í Evrópu og Bandaríkjunum hefur verið mestur vöxtur í smáfyrirtækjum þar sem einstaklingar eða samvinnuhópar eru að vinna úr hugmyndum sínum, framleiða varning eða bjóða upp á einhvers konar þjónustu. Fjölbreytnin er hinn mikli kostur.

Öldum saman hefur sjávarútvegurinn staðið undir þörfum okkar fyrir þær lífsnauðsynjar sem við höfum þurft að kaupa af öðrum þjóðum, svo og þeim munaði sem við höfum leyft okkur. Við höfum alltaf getað mætt auknum kröfum með því að sækja meiri fisk í sjávardjúpin. Nú erum við komin að ystu mörkum. Við höfum gengið á höfuðstólinn, auðlindir okkar standa ekki lengur undir sívaxandi kröfum til lífsins. Tími er kominn til að hægja á ferðinni og hugsa sinn gang, enda nauðsynlegt vegna framtíðarinnar. Eigi okkur að takast að halda uppi fullri atvinnu, mannsæmandi launum og jöfnuði þegnanna verður eitthvað nýtt að koma til. Þessi tillaga er til þess flutt að menn hefjist handa þegar í stað, kanni alla hugsanlega möguleika til atvinnusköpunar, komi hugmyndum á framfæri, raði í forgangsröð ogýti undir frumkvæði, jafnt ríkisvalds og sveitarfélaga sem samtaka, fyrirtækja og einstaklinga. Það má engan tíma missa, nú verður að virkja hugvitið."

Svo segir í greinargerð með tillögunni. Og við þetta er því að bæta að það er afar athyglisvert að horfa yfir þá þróun sem hér hefur átt sér stað í atvinnugreinum á undanförnum árum og þá staðreynd hve störfum hefur fækkað í mjög mörgum greinum og hve hlutur frumgreinanna, sem við höfum byggt á um árabil, hefur minnkað. Samkvæmt upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun þá eru staðreyndirnar þær, virðulegur forseti, að þeim sem vinna við landbúnað hefur fækkað á áratugnum 1980–1990 úr 7,9% í 4,9%. Þarna er um að ræða fækkun um 2.223. Við fiskveiðar hefur orðið örlítil fækkun, úr 5,3 í 5,7%. Í fiskvinnslu hefur fólki fækkað úr 9,3% af mannafla í 6,1%. Í iðnaði hefur fólki fækkað úr 15,2% í 12,5% á meðan aukning hefur átt sér stað í peningastofnunum, þ.e. bönkum og sparisjóðum og ýmiss konar fjárfestingarstofnunum og hjá hinu opinbera þar sem hlutur mannaflans hefur aukist úr 15,7% í 18%.

Nú er í sjálfu sér ekkert við það að athuga að fólki fjölgi í þjónustugreinum. Þar hefur mikil þróun átt sér stað en áhyggjuefnið er hve störfum hefur fækkað. Og þá ekki síst í þeim greinum sem við höfum byggt á og er matvælaiðnaðurinn. En samkvæmt því sem fram kom í haust þá hefur störfum í matvælaiðnaði fækkað um 2.000 störf á tíu árum. Hér á hinu háa Alþingi hafa verið miklar umræður um skipasmíðaiðnaðinn og ef ég man rétt þá hefur hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. vakið athygli á því að á undanförnum árum hefur störfum þegar allt er samantekið fækkað um allt að 14.000. Fólki hefur auðvitað fjölgað hér á landi eins og við vitum og æ fleiri sækja skóla. Skólarnir hafa að nokkru leyti tekið við þessari fjölgun en það breytir ekki því að við stöndum frammi fyrir atvinnuleysi og samdrætti í okkar atvinnulífi og við þurfum að snúa blaðinu við. Við vitum að engar töfralausnir eru til. Þó við séum að fá happdrættisvinninga aftur og aftur, nú síðast í Smugunni og í miklum uppgripum í loðnuveiðinni á þessu augnabliki, þá er ekki á slíkt að treysta og við getum ekki byggt okkar efnahags- og atvinnulíf á einhverjum slíkum vinningum sem enginn veit hvenær eða hvort koma. Hér þarf markviss uppbygging að eiga sér stað og hér þarf að móta atvinnustefnu til frambúðar. Öðruvísi leysum við ekki þann vanda sem við stöndum frammi fyrir.

Fyrir nokkrum árum kom það fram í viðtali við Þráin Eggertsson prófessor að hann spáði því að Ísland yrði komið í hóp fátækustu þjóða í Evrópu um næstu aldamót. Það fannst mörgum fáránleg fullyrðing á þeim tíma en við höfum horft upp á þá þróun hér á allra síðustu árum að hjólin hafa verið að hægja á sér og þróunin hefur verið okkur í óhag. Við munum halda áfram

ferð okkar niður á við ef við ekki tökum okkur saman í andlitinu og snúum blaðinu við.

Eins og fram kom í greinargerðinni þá eru möguleikarnir margir. Og ég ítreka aftur að þeir möguleikar felast m.a. í matvælaiðnaði, ferðaþjónustu, ýmiss konar smáiðnaði og þjónustugreinum. Þegar ég er að tala um þjónustugreinar er ég ekki síst að hugsa til ýmiss konar þjónustu sem hægt er að veita með tölvum og ýmsu í kringum þær. Mér er minnisstætt dæmi sem ég heyrði af bandarískri konu sem tók að sér bókhaldsvinnslu fyrir fyrirtæki og var með sína tölvu heima. Hún þróaði nýtt bókhaldskerfi og er nú orðin margmilljóner og einhver fremsti frömuður Bandaríkjanna í tölvubókhaldi. Það getur því margt gerst þegar fólk lætur sjálft á reyna og nýtir sínar hugmyndir en það þarf oft að veita stuðning og gefa fólki tækifæri til að reyna sínar hugmyndir. Við vitum það og höfum séð dæmi þess á undanförnum árum að fólk hefur virkilega svarað þessu ástandi og verið að reyna ýmsar leiðir til að bjarga sér. Þá verður mér ekki síst hugsað til þeirra fjölmörgu handverkskvenna bæði sunnan lands, fyrir austan og norðan sem hafa verið að reyna að þróa þar framleiðslu fyrst og fremst til að geta áfram búið á sínum býlum og þurfa ekki að flytja úr stað, enda svo sem ekki að neinu að hverfa annars staðar.

Það þarf að taka á atvinnusköpun með skipulegum hætti og horfa til mun lengri tíma en menn hafa gert hingað til. Við þurfum að móta okkur stefnu til a.m.k. 25 ára að mínum dómi þannig að við vitum að hverju við erum að stefna. Hvað ætlum við okkur? Hvers konar atvinnu ætlum við að byggja upp? Hvað er það sem við ætlum að styðja?

Að lokinni þessari umræðu, virðulegur forseti, legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. hv. iðnn.

[12:27]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er lagt fram, till. til þál. um auðlindakönnun í öllum landshlutum, er allrar athygli vert. Ég vil taka fram nokkur atriði sem koma upp í huga mér þegar ég les till. til þál og þá ekki síst þegar ég les greinargerð með henni.

Tillagan gengur raunar út á það að framkvæma auðlindakönnun í öllum landshlutum er taki til allra þeirra þátta er kunni að nýtast til atvinnusköpunar í þágu kvenna jafnt sem karla. Hér er um að ræða mjög viðamikla könnun sem er eflaust ekki ætlun hv. 18. þm. Reykv. að skilgreina sem svo að sú könnun sé ekki hafin. Því auðvitað hefur feikilega mikið verk verið unnið á sviði auðlindakönnunar á Íslandi í mörgum landshlutum. Það er hins vegar nauðsynlegt að flm. tillögunnar, hv. 18. þm. Reykv., geri örlítið grein fyrir því í máli sínu hvort þarna er verið að tala um auðlindir í landfræðilegri merkingu þess hugtaks, sem má skilja út úr því orðalagi tillögunnar að binda hana við landshluta sérstaklega, ellegar hvort átt er við í víðtækustu merkingu hugtakið auðlind sem felur þá í sér einnig mannauðinn og nýtingu hans. Slík könnun er þá ekki bundin landshlutum sérstaklega en er almenns eðlis.

Að því er varðar auðlindakönnun í landfræðilegri merkingu þess orðs er eflaust hægt að setja í gang athuganir af því tagi sem hér er gerð tillaga um. Ég hef þó haft meiri trú á því að það hafi raunverulega virkni að binda slíka könnun við ákveðin verkefni og ákveðna landshluta sem hafa sérstöðu að því er varðar slíkar landfræðilegar auðlindir. Ég er ekki þar með að segja að tillaga af þessu tagi sé ekki mjög gagnleg og nauðsynleg heldur hef ég almennt haft meiri trú á því að það sem út úr slíkum könnunum kæmi hefði e.t.v. virkari áhrif á atvinnuuppbyggingu ef þrengri rammi væri utan um þær.

Það er einmitt af þeim forsendum sem ég hef flutt hér tillögur um slíkar athuganir. Ég minni á tillögu sem ég flutti um uppbyggingu fornminjasafns á Hólum sem tengdist þá þeim stað sérstaklega og ferðaþjónustunni. Ég hef lagt fram í þinginu en ekki rætt enn þá till. til þál. um auðlindakönnun sem tengist Öxarfjarðarhéraði, en þar eru einmitt landfræðilegar aðstæður þær að þar gengur gosbeltið í sjó fram í tiltölulega fámennu héraði og þar eru mjög athyglisverðar auðlindir sem eru nú áform um að nýta með ákveðnum hætti en getur haft áhrif á heildaruppbyggingu atvinnulífsins þar til langframa. Þannig að það er mjög brýnt að á þessu augnabliki sé ráðist í slíka könnun í því héraði.

Það er einnig rétt að geta þess að mér finnst að flm. í sínum góða og virðingarverða vilja til að láta gott af sér leiða í sambandi við atvinnulíf landsins gangi nokkuð langt í greinargerð með þáltill. þegar hann lýsir því svo að stjórnvöld og atvinnulífið hafi ekki brugðist við þessum breytingum með auknum framlögum til rannsókna, tilrauna og raunhæfra kannana á þeim möguleikum sem hér er að finna til atvinnusköpunar.

Enn fremur segir flm. orðrétt, með leyfi forseta:

„Stjórnvöld hafa mjög einblínt á stóriðju sem allsherjarlausn og varið miklum tíma og fé til að lokka stórfyrirtæki hingað til lands án árangurs. Öðrum atvinnugreinum hefur lítt verið sinnt og afleiðingin er sú að þeirri spurningu er ósvarað hvaða vinnu það unga fólk sem stöðugt streymir út á vinnumarkaðinn eigi að sinna, hvað þá þeir sem missa atvinnuna. Hér er ekkert það til sem kalla má atvinnustefnu."

Um þessar fullyrðingar er ýmislegt hægt að segja, ég ætla að tæpa á örfáum atriðum. Það er ekki svo að öðrum atvinnugreinum en stóriðju hafi ekki verið sinnt þegar verið er að tala um þróunarmál og nýsköpun í atvinnulífi. Það er öllum vel kunnugt og 1. flm. þessarar þáltill. er það kunnugt einnig, sjálfsagt betur en flestum öðrum, að hér hafa verið settar upp rannsóknastofnanir í tengslum við atvinnulífið, við sérstakar atvinnugreinar. Stefna stjórnvalda undanfarna áratugi hefur mjög mikið verið að byggja upp þessar rannsóknastofnanir sem slíkar. Nýsköpun og tækniframfarir í atvinnulífinu hafa leitað mjög í farveg þessara stofnana. Eflaust er það skiljanlegt og auðskýranlegt vegna þess hve við erum með fábreytilegt atvinnulíf hér og lítið samfélag að stefnan hafi leitað í þennan farveg fyrst til að byrja með. En svo hefur verið um nokkurt tímabil og þá sérstaklega eftir að þessi ríkis-

stjórn tók við völdum að það er leitað leiða til þess að vinna rannsóknarumhverfi út úr þessum stofnanafarvegi. Það hefur verið unnið feikilega mikið verk einmitt til þess, bæði á vegum ríkisstjórnarinnar en einnig á vegum þeirra aðila sem hafa yfirumsjón með rannsóknum í þágu atvinnuveganna, þ.e. Rannsóknaráði ríkisins. Þar hefur áherslan verið lögð á það samkvæmt ábendingum frá OECD að auka frjáls framlög, styrki til atvinnufyrirtækja og hvetja atvinnufyrirtækin til samstarfs. Beina athyglinni sem sagt að vissu leyti frá stofnununum og að fyrirtækjunum og verkefnunum sem þar eru. Þetta er markviss stefna Rannsóknaráðs undir stjórn núverandi stjórnvalda og hún hefur þegar verið kynnt og er komin í framkvæmd. Rannsóknarfé á þessu sviði hefur verið aukið mjög verulega á tveimur árum. Þetta rannsóknarfé er aðeins hluti af því heildarrannsóknarfé sem fer til nýsköpunar í atvinnumálum og þróunarmálum. Það hefur verið aukið um helming, hv. þm., á sl. tveimur árum og mér finnst að það sé ekki hægt að ræða þessi mál með fullyrðingum af þessu tagi án þess að taka tillit til þess að þó að þessi upphæð, sem við erum að tala um hér sem er aðeins hluti af því sem lagt er í þessi verkefni, sé allt of lág — og um það verðum við hv. þm. örugglega sammála — þá er þó þarna á erfiðum tímum verið að tala um 100% aukningu.

Einnig hefur Rannsóknaráð lagt sérstaka fjármuni til þess að greiða hálf laun tæknimanna inn í fyrirtæki.

Þetta vildi ég að kæmi fram í máli mínu, hæstv. forseti, og lýk því hér með en mun ræða þetta á þessum vettvangi nánar því það eru ýmis önnur atriði sem ég tel að sé nauðsynlegt að komist til skila.

[12:35]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. fyrir hans umræðu sem kannski sýnir okkur í hnotskurn hve nauðsynlegt það er að ræða atvinnumál og hinar ýmsu hliðar þess á hinu háa Alþingi. Hann kom með mjög athyglisverðar athugasemdir og upplýsingar og ég tek svo sannarlega undir það að vissulega hefur ýmislegt verið gert, ekki dreg ég úr því og ég get veifað framan í þingheim þessari skýrslu, Stuðningur stjórnvalda við nýsköpun í atvinnulífi, sem reyndar kom fram eftir að þessi tillaga mín kom fram á Alþingi og við höfum dæmin um átaksverkefnin og ýmislegt það sem einstaklingar og stjórnvöld hafa verið að vinna að. Auðvitað er það rétt að sem betur fer hefur fjármagn til rannsókna verið aukið en þó ekki nærri eins og áætlað var. Það var því miður farið að tengja rannsóknarfé við einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar sem eins og við vitum skiluðu sér heldur illa og þarna þarf að gera miklu, miklu betur og ég hygg að við séum sammála um það, við hv. þm. Tómas Ingi Olrich, að það þarf að gera miklu meira. Við stöndum frammi fyrir þessu atvinnuleysi, við óttumst að það verði varanlegt og ef við ætlum ekki að sitja uppi með það þá þarf auðvitað aðgerðir til lengri tíma. Vissulega er verið að vinna að þeim bæði hjá rannsóknastofnunum hinna ýmsu atvinnugreina, í Háskóla Íslands og víðar, og eins og gengur þá skilar sumt árangri og annað ekki og því miður er það þannig að menn virðast eiga svo erfitt með að eiga að átta sig á því hér á landi að tilraunir misheppnast. Menn fá hugmyndir og reyna þær og þær eru ekki raunhæfar. Það er það sem gerist við slíka nýsköpun.

En það sem ég er fyrst og fremst að hugsa um með þessari tillögu það er einhvers konar heildarsýn, einhver heildarmynd af ástandinu, kannski ekki síst til að gefa fólki eitthvert leiðarljós, upplýsingar, hugmyndir um möguleika. Það þarf ekki endilega að hugsa sér að þessi auðlindakönnun og þá er ég að hugsa um auðlindir í allra víðasta skilningi, ég er að hugsa um að menn setji niður á blað hverjir eru möguleikarnir á hverjum stað, í einstökum sveitarfélögum, á stærri svæðum. Það þarf auðvitað ekki að setja slíka könnun í gang alls staðar á landinu í einu. Það mætti t.d. velja tilraunasvæði eins og menn eru að tala um tilraunasveitarfélög, það mætti auðvitað fara saman. En aðalmálið er auðvitað að við mótum einhverja heildarstefnu um hvað við ætlum okkur í atvinnumálum. Slík stefna er að mínum dómi afar handahófskennd.

Nú má auðvitað um það deila hversu langt stjórnvöld eigi að ganga í því að móta stefnu en við auðvitað mótum einhverja stefnu í menntamálum. Við mótum stefnu í samskiptum okkar við aðrar þjóðir og ég held að hver einasta þjóð hljóti sífellt að vera að hugleiða möguleika sína í atvinnumálum og hljóti að verða að hafa einhverja stefnu í þeim málum. Og svo ég taki söguleg dæmi þá t.d. tóku bresk stjórnvöld þá stefnu um miðja 19. öld að England yrði iðnaðarríki og breskum landbúnaði var hreinlega fórnað. Það má auðvitað deila um það hversu skynsamlegt það var. Ég get tekið annað sögulegt dæmi: Þjóðverjar, eftir að þeir höfðu sameinað þýsku ríkin, tóku þá ákvörðun að byggja upp einhvers konar hágæðaiðnað, efnaiðnað, og þeir settu gríðarlegt fjármagn inn í þýska háskóla til þess að byggja þar upp raungreinar. Það skilaði sér u.þ.b. 20 árum síðar í mikilli fjölgun frábærra vísindamanna sem komu fram með alls konar nýjungar í bílum og flugvélum og efnaiðnaði og slíku. Það eru kannski slíkar áherslur sem ég er að hugsa um og vekja athygli á að hér vantar alla heildarstefnumótun í atvinnumálum. Við erum fyrst og fremst matvælaframleiðendur og við eigum mikla möguleika á því sviði. Ég hygg að í rauninni hafi t.d. stefna, ef maður færi að skoða það í sögulegu samhengi, þá hafi stefna í sjávarútvegsmálum verið afar handahófskennd. Hver hefur hún verið? Hefur verið stefnt að því t.d. að fullvinna sjávarafla eða hefur það verið fyrst og fremst á valdi útflytjenda sjálfra?

Eins og ég nefndi áðan má auðvitað deila um það að hve miklu leyti stjórnvöld eiga að skipta sér af einstökum atvinnugreinum. Við höfum dæmi um það að sjávarútvegurinn ræður sér að miklu leyti sjálfur, útvegsmenn og framleiðendur ráða því hvar þeir selja sinn afla. Sumir eru þeirrar skoðunar að það eigi að setja mikil bönd á það. Banna jafnvel frystitogara og fleira slíkt. En á hinn bóginn sjáum við landbúnaðinn þar sem stefna stjórnvalda hefur verið sú að halda mjög fast utan um landbúnaðinn og setja honum endalausar reglur. Landbúnaður hefur náttúrlega verið al-

gjörlega undir pilsfaldi ríkisins um áratuga skeið og við erum kannski einmitt að súpa seyðið af því núna. Þannig að það er mikil umræða sem fram undan er varðandi þessa stefnumótun. Hvað ætlum við okkur? Hvað ætlum við okkur í atvinnumálum? Hvert er okkar svar við því að hafa gengið býsna mikið á auðlindir bæði lands og sjávar og hverjir eru framtíðarmöguleikar svona lítillar þjóðar, ekki síst í ljósi þeirra miklu breytinga sem nú eru að eiga sér stað á okkar mörkuðum og í okkar nágrenni?

Ég held einmitt að það sé svo mikilvægt að við á hinu háa Alþingi förum að tileinka okkur langtímasjónarmið, að horfa til lengri tíma, móta stefnu til lengri tíma eins og menn hafa reyndar verið að byrja á í vísinda- og tækniþróun. En það þarf líka að gerast í atvinnumálum að menn marki þar stefnu til langs tíma.

Ég fagna því að nú skuli eiga sér stað hér umræða og hefði óskað þess að fleiri tækju þátt í henni því að mínum dómi er það ákaflega brýnt að ræða þessi mál og hvernig við ætlum að bregðast við því ástandi sem hér er upp komið, ekki bara til skamms tíma heldur einnig til lengri tíma litið.

[12:43]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Margt af því sem hefur komið fram í máli hv. 18. þm. Reykv. er mjög athyglisvert og ég ætla að víkja að nokkrum þeim atriðum. En ég vil þó byrja á því að brýna það fyrir þingheimi og hv. þm. sérstaklega, því hann er 1. flm. að þessari till. til þál., að ríkisstjórnin hefur litið á þetta verkefni sem grundvallarverkefni sitt. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði að við þyrftum að snúa taflinu við. Ríkisstjórnin er að snúa þessu tafli við og ég mun fara hér lið fyrir lið yfir það hvernig hún nálgast þetta verkefni.

Það er í sjálfu sér kannski ekki mjög vandasamt verkefni fyrir þá sem vilja gefa út stefnumörkun almenns eðlis að setja eitthvað slíkt á flot og það er jú það sem hefur verið gert þing eftir þing, ríkisstjórn eftir ríkisstjórn, það eru sett einhver almenn markmið. Hafi sú athugasemd hv. þm. einhverja merkingu að hér hafi skort atvinnustefnu, og ég get að sumu leyti fallist á það, þá er það vegna þess að slík almenn markmið hafa ekki verið studd eðlilegum undirbúningi í þjóðfélaginu og á þennan hátt getum við örugglega sameinast um þennan skilning okkar.

Hvernig hefur ríkisstjórnin nálgast þetta mál? Hún hefur nálgast það með því m.a. að það hefur verið tekið til rækilegrar umfjöllunar á vegum menntmrn. annars vegar hvernig menntakerfið undirbýr samfélagið, hvernig menntakerfið undirbýr fólkið undir störfin í samfélaginu. Þetta starf er á lokastigi í ráðuneytinu og hefur tekið mikinn tíma, eins og það á að gera. Það á að taka langan tíma að taka þessi mál til skoðunar.

Á annan hátt hefur farið fram mikið starf á vegum menntmrn. til að móta vísindastefnu ríkisstjórnarinnar. Allt það starf miðar mjög markvisst að því að einfalda þetta kerfi og virkja það betur í þágu atvinnuveganna. Þetta verk er nú á lokastigi og það er einmitt svona verk sem verður þá aðdragandi raunhæfrar stefnumótunar. Mig langar til þess að taka fyrir eina atvinnugrein sem er minnst á í grg. með till. til þál. sem hér er til umræðu, en það eru ferðamálin. Það hefur ekki skort í raun og veru að hér hafi verið lögð fram stefnumarkandi plögg í ferðamálum þing eftir þing. Þau hafa verið lögð hér fram. En það er ekki stefnumörkunin sjálf sem skiptir meginmáli heldur aðdragandi stefnumörkunar. Og hver hefur aðdragandi stefnumörkunarinnar verið í ferðamálum? spyr ég nú hv. þm. Hefur aðdragandi í stefnumörkun verið sá að það hafi verið stundaðar umfangsmiklar rannsóknir í ferðamálum á Íslandi? Ó nei. Árum saman hefur verið starfandi Rannsóknaráð sem styrkir hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna. Hv. þm. getur leitað með stækkunargleri að því hvar eru rannsóknarverkefni í ferðamálum. Hann finnur engin. En það hefur ekki skort að menn hafi veifað hér um þingsali stefnumarkandi plöggum í ferðamálum. Það hefur ekki vantað og þykkar bækur í þeim efnum en engar rannsóknir hafa farið fram, engar hagnýtar rannsóknir í þessari atvinnugrein.

Fyrir tilverknað þeirra sem styðja þessa ríkisstjórn hefur þessu máli sérstaklega verið hreyft í Rannsóknaráði og sá sem hér talar getur fullvissað þingmanninn um að það er verið að segja þar rétt og satt frá. Rannsóknaráð hefur nú tekið það fyrir alveg sem sérstakt verkefni að skilgreina rannsóknarsvið á sviði ferðamála. Og hvað kemur út úr þessu starfi? Auðvitað það að menn munu virkja mannauðinn, sem hv. þm. talaði um áðan réttilega sem eina af auðlindum landsins, til að skoða þessa atvinnugrein, reyna að átta sig á því hver er styrkleiki hennar, hvernig hún getur fallið að öðrum atvinnugreinum og hvernig við getum mótað heildarstefnu sem þjónar þessari atvinnugrein en öðrum líka og gerir atvinnugreinarnar að samverkandi þáttum í heildarstefnumótun. Þannig er verið, hv. þm., á raunsæjan hátt og með litlum hávaða að undirbúa þessa almennu atvinnustefnumörkun sem ég er alveg sammála hv. þm. um að er mjög mikilvægt mál. Það tekur langan tíma en með þessum hætti er verið að byrja á þessu.

Tökum annað dæmi sem þingmaðurinn sjálfur minntist á. Það er með matvælaiðnaðinn sem er alveg hárrétt hjá þingmanninum og það er okkar meginframleiðslugrein, það er matvælaiðnaður. Hver er þróaðasta matvælagreinin á Íslandi? Það er ekki aðalframleiðslugrein okkar, fiskvinnslan. Það er mjólkuriðnaðurinn sem hefur þróast í vernduðu umhverfi en þetta verndaða umhverfi hefur þó haft þau jákvæðu áhrif á þróun þessarar iðngreinar að hún hefur getað byggt sig upp af faglegri þekkingu á mjög sterkan máta. Í matvælaiðnaðinum, eins og Háskólinn á Akureyri, hefur bent réttilega á, er hlutfall fagmenntaðra manna mjög hátt og miklu hærra en í nokkurri annarri matvælaframleiðslugrein.

Þetta er að sjálfsögðu það sem aðrar matvælaframleiðslugreinar eru að gera og stofnanir á borð við Háskólann á Akureyri eru að vinna markvisst að því að laða matvælaframleiðendurna til samstarfs. Út úr því mun koma hægt og sígandi á komandi árum og með

breyttu menntakerfi styrkleiki Íslands sem matvælaframleiðslulands. Þannig að þetta er verið að gera, þessi vinna er hafin. Hún er hafin á raunsæjan hátt. Hún er ekki hafin með miklum hornablæstri eða með því að hlaupa hér um þingsali með einhver plögg eins og mótun ferðastefnu án þess að að sé í raun og veru nokkuð á bak við það. Þetta er gert á raunsæjan hátt, hv. þm., og sá sem hér talar er í raun og veru mjög stoltur yfir því hvernig er unnið að þessum málum nú á vegum ríkisstjórnarinnar.

Það hefur komið fram að á undanförnum árum hefur hér verið meginhersla lögð á uppbyggingu stofnana. Það hefur leitt til þess að það skapast þröskuldur í þessu þróunarkerfi þegar búið er að leysa verkefnin tæknilega séð innan stofnananna áður en verkefnin komast til fyrirtækjanna. Þar er þröskuldur. Og þessi þröskuldur hefur örugglega orðið til vegna þess að fyrirtækin hafa lagt til þess að gera lítið í þróunarstarfið. Nú er verið að reyna að eyða þessum þröskuldi með því að örva fyrirtækin til þátttöku í þessu verkefni og það verður haldið áfram á þeim sviðum og þeirri stefnu verður ekki snúið við. Þau skref sem núverandi ríkisstjórn hefur stigið í þessum efnum eru varanleg og það mun engin ríkisstjórn önnur treysta sér til að snúa þessu starfi við vegna þess að þetta er rétt stefna í grundvallaratriðum.

[12:51]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði gjarnan viljað hafa meiri tíma til að ræða þessi mál. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich er mikill stuðningsmaður sinnar ríkisstjórnar eins og heyra mátti í hans máli en ég er ekki jafnhrifin af henni og hann. En það breytir ekki því að ég er nánast sammála hverju orði sem hann sagði hér áðan að það er sem betur fer verið að byrja á ýmsum verkum. Stóra spurningin er kannski sú: Hvernig í ósköpunum stendur á því að ekki var byrjað miklu fyrr þegar menn hefðu fyrir löngu mátt sjá þessa þróun fyrir? Og ég þakka því að það er komið mikið af nýju fólki í vísindin og inn á hið háa Alþingi og þar á meðal hv. þm. sem ég þekki úr hv. menntmn. að hefur mikinn áhuga á þessum málum og því hvernig efla megi vísindi og rannsóknir. Ég er innilega sammála því að það er meginmálið í flestu því sem við höfum verið að gera í atvinnumálum á undanförnum árum og áratugum að aðdragandann hefur vantað, uppbygginguna og rannsóknirnar og að vita hvað er verið að gera og hvað á að gera og það gildir ekki síst um ferðamálin. Og það er einmitt kjarninn í minni hugsun í þessari tillögu að það sem við höfum séð hingað til hafa verið skref hingað og skref þangað án þess að kanna málin fyrst. Því er ég að leggja það til að við byrjum á því að kanna heildina. Það er verið að vinna ýmislegt og flest af því vonandi gott þó að reyndar gildi nú um þær breytingar sem fram undan eru í menntakerfinu að þar hefur nokkuð einhæfur hópur komið að verki sem gæti valdið því að það ætti eftir að verða mikil togstreita um þær tillögur sem þar koma fram. Ég held að það hefði verið betra að fá þar breiðari hóp að verki. Við sjáum hvað setur varðandi það en ég held eftir sem áður að meginmálið sé það að við þurfum að hafa heildarsýn á okkar möguleika.

[12:54]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að fyrirbyggja allan misskilning, þá vona ég að það hafi komið fram í máli mínu í megintóni þess að ég er hlynntur þessari þáltill. og styð hana þó að ég hafi gert alvarlegar athugasemdir við framsetninguna á málinu í greinargerð tillögunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:55]

Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS og GE, 151. mál. — Þskj. 168.

[13:34]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu, till. til þál. um flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum ríkisins í Reykjavík til sýslumannsembættanna, var fyrst á dagskrá fyrir jól og þá urðu um þetta mál mjög miklar umræður. Þá stóð þannig á að tillögur lágu fyrir í fjárlagafrv. um að fækka og sameina sýslumannsembætti á landsbyggðinni. Tilefni þess að þáltill. var flutt var m.a. til að koma til móts við þau sparnaðaráform sem fækkun sýslumannsembætta átti að ná fram samkvæmt fjárlagafrv. En það er skoðun flm. að það gæti horft til hagræðis og mikils sparnaðar í stjórnsýslunni að flytja verkefni frá stjórnsýslustofnunum í Reykjavík til sýslumannsembættanna sem starfa eins og umboðsmenn framkvæmdarvaldsins í héraði fyrir utan það, sem er kannski kjarni málsins og aðalatriðið, að um leið næðist það fram að færa hina opinberu þjónustu nær fólkinu en nú er.

Niðurstaða allra þeirra umræðna sem átti sér stað fyrir jól, bæði um þessa till. til þál. og einnig um fjárlagafrv. á hinu háa Alþingi varð sú að það var horfið frá því að fækka sýslumannsembættum. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka sérstaklega hæstv. dómsmrh. sem að síðustu hafði forgöngu um að svo skyldi verða.

Það er alveg ljóst að þessi tillaga hefur lagt sitt af mörkum til þess að svo mætti verða vegna þess að einnig í kjölfarið á að þessi till. til þál. var lögð fram á hinu háa Alþingi, þá lýsti hæstv. dómsmrh. því yfir að hann mundi skipa slíka nefnd og hér er gerð tillaga um, og það gerði hann og ég veit ekki betur en að núna sé nefnd að störfum á vegum ráðuneytisins sem hafi það verkefni að athuga með flutning verkefna frá stjórnsýslustofnunum í Reykjavík til sýslumannsembættanna til þess að efla sýslumannsembættin og einnig til þess að ná fram hagræðingu og sparnaði í stjórnsýslunni og síðast en ekki síst að færa hina opinberu þjónustu nær fólkinu í landinu.

Eigi að síður tel ég mjög brýnt og mikilvægt að hv.

þingnefnd sem fær þetta mál til umfjöllunar skoði það gaumgæfilega hvernig störfum hinnar stjórnskipuðu nefndar hæstv. dómsmrh. miðar og athugi það hvort þörf sé á að þingið eigi að koma þar að með því að leggja áherslu á mikilvægi þessa máls með afgreiðslu tillögu sem þessarar. Ég treysti hv. allshn. til þess að meta það og fjalla um málið af kostgæfni og komast að niðurstöðu sem þjónar þeim málstað sem þessi till. til þál. er að reyna að mæla með.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fréttaflutningur af slysförum, fyrri umr.

Þáltill. GunnS, 165. mál. — Þskj. 183.

[13:38]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Till. til þál. um fréttaflutning og upplýsingaskyldu um slysfarir og harmraunir fólks hefur verið hér til umræðu á hinu háa Alþingi tvisvar sinnum áður en hefur ekki verið útrædd í viðkomandi hv. þingnefnd. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela dómsmrh. að skipa nefnd til þess að móta starfsreglur um fréttaflutning og upplýsingaskyldu stofnana um slysfarir og harmraunir fólks."

Í greinargerð með þessari tillögu segir svo m.a.:

„Tilgangur þessarar tillögu er að koma á fót samráðsvettvangi þeirra aðila og stofnana sem næst koma upplýsingamiðlun af slysförum og harmraunum fólks. Mikilvægt er að samræmdar viðmiðunarreglur eða leiðbeiningar geti ríkt við slíkar aðstæður er taki mið af mannhelgi, virðingu og hluttekningu en um leið af nauðsynlegri upplýsingaskyldu svo að ekki verði vegið að fjölmiðlafrelsi í landinu.

Fréttaflutningur af slysförum og harmraunum fólks er vandmeðfarið og viðkvæmt mál. Íslenskir fjömiðlar hafa í áranna rás leitast við að fjalla um slík mál af tillitssemi og varkárni. Þó má greina þá þróun að ágengni fjölmiðla gagnvart einstaklingum sem hlut eiga að máli, björgunarsveitum að störfum og öðrum viðkomandi aðilum verði æ meiri og óvægnari. Aukin samkeppni fjölmiðla um fréttaöflun af atburðum og málavöxtum getur orðið til þess að misbjóða mannvirðingu og siðrænum gildum. Hér er hvorki verið að leggja til lagasetningu né opinbera reglugerð heldur að þeir aðilar og stofnanir, sem nærri aðstæðum koma, geti sameinast um samræmdar starfsreglur. Þá er einnig mikilvægt að greina betur upplýsingaskyldu viðkomandi stofnana, samtaka og starfsstétta gagnvart fjölmiðlum.

Í tillögunni er lagt til að dómsmrh. sjái um skipan slíkrar nefndar er lagt gæti grundvöll að samráðsvettvangi og styrkt og eflt gagnkvæman trúnað og skilning viðkomandi aðila og stofnana. Í starfi nefndarinnar er eðlilegt að hafa náið samráð við m.a. eftirtalda aðila: Slysavarna- og björgunarsveitir, Blaðamannafélag Íslands, Félag fréttamanna, Prestafélag Íslands, Lögreglufélag Íslands, Rannsóknastofnun háskólans í siðfræði, Samtökin um sorg og sorgarviðbrögð, Læknafélag Íslands og barnaverndarráð."

Hæstv. forseti. Ég held að hér sé um mjög mikilvægt og brýnt mál að ræða. Það er aftur og aftur að koma í ljós að þessi mál virðast vera í allnokkru uppnámi. Samkeppni fjölmiðlanna um það að verða fyrstur með fréttirnar gengur stundum svo langt og virðist verða svo skefjalaus á tíðum að þeir sem síst skyldi, aðstandendur þeirra sem farist hafa eða standa andspænis miklum raunum, gleymast. Frá því að þessi tillaga var fyrst flutt hafa mjög margir komið að máli við mig sem hafa reynt slíkt hlutskipti aðstandenda og líka nokkrir á meðal þeirra sem bjargast hafa úr raunum og lýst stuðningi við þennan málflutning og lagt áherslu á að hér þurfi með öllum ráðum að koma einhverri skipan á. Þó að það ríki samkeppni á milli fjölmiðla, þá kann eigi að síður að geta ríkt á milli þeirra traust og trúnaður þegar svo stendur á og þessi tillaga höfðar einmitt til þess að koma á fót slíku trausti, efla slíkt traust og efla slíkan trúnað.

Þá er líka önnur hlið á þessu máli sem virðist vera óljós einnig og það er hvað lýtur að upplýsingaskyldu þeirra aðila sem að slysförum og mannraunum fólks koma. Hver á að gefa hvaða upplýsingar og hvenær? Þetta snýr ekki einvörðungu að upplýsingaskyldu þeirra gagnvart fjölmiðlum. Þetta snýr líka að upplýsingaskyldu gagnvart nánustu aðstandendum. Ég þekki allmörg dæmi, því miður, þess efnis að aðstandendur hafa þurft að líða vegna þess að það lá ekki ljóst fyrir hver bar ábyrgð á slíkri upplýsingaskyldu.

Eins og ég sagði áðan, þá er þetta mjög vandmeðfarið og viðkvæmt. Hér er ekki um mál að ræða sem hægt er að leysa með lögum, þaðan af síður mál sem leyst verður með útgáfu stjórnvaldsreglugerðar. Hér er verið að höfða til þess að hæstv. dómsmrh. taki frumkvæðið, að Alþingi álykti að hæstv. dómsmrh. taki frumkvæðið til þess að kalla þessa aðila alla saman svo samráðsvettvangur megi myndast svo betri skipan megi komast á þessi mál. Það er misskilningur sem fram hefur komið að hér kunni að verða vegið á einhvern hátt að fjölmiðlafrelsi. Það er aldeilis ekki, kannski fremur að verja fjölmiðlafrelsið þannig að það geti ríkt með eðlilegum hætti. Það er ekkert frelsi í fjölmiðlum sem beitt er og bitnar á þeim sem síst skyldi. Það er ekki frelsi vegna þess að það fjötrar þá sem síst skyldi.

Hæstv. forseti. Um þetta þarf ekki að hafa fleiri orð að sinni. Það hafa farið fram allítarlegar umræður um þetta mál hér á hinu háa Alþingi. Ég hef skilning á því að það þarf nokkurn tíma á hinu háa Alþingi til þess að fjalla um þetta mál. Það hefur tvisvar verið flutt áður og í það hefur verið lögð nokkur vinna í hv. allshn. sem mér er kunnugt um og ég bind miklar vonir til að það megi verða þar aftur á dagskrá og fá niðurstöðu.

Að svo mæltu legg ég til að að lokinni fyrri umræðu verði tillögunni vísað til hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðsetning Hæstaréttarhúss, fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 176. mál. — Þskj. 194.

[13:46]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 194 en flm. ásamt mér eru þeir Halldór Ásgrímsson, Svavar Gestsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Finnur Ingólfsson, Guðrún Helgadóttir, Kristín Einarsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Tillgr. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar áform um staðsetningu nýs hæstaréttarhúss við Lindargötu 2 í Reykjavík þannig að komið verði í veg fyrir skipulags- og menningarslys í hjarta höfuðborgarinnar. Verði fyrirhuguðu dómhúsi fundinn annar staður."

Og í greinargerð segir, með leyfi forseta:

„Dómhús það sem nú stendur við Lindargötu í Reykjavík og hýsir Hæstarétt Íslands er löngu orðið of lítið auk þess sem ástand þess er afar slæmt. Nú er áformað að reisa nýtt hús yfir Hæstarétt og var óskað eftir lóðinni Lindargötu 2 en hún hefur um árabil verið notuð sem bílastæði fyrir Arnarhvál, Landsbókasafnið og Þjóðleikhúsið. Samkeppni um nýtt hús hefur þegar farið fram og miðaðist hún við húsið risi á bak við Landsbókasafnið við hlið Þjóðleikhússins og gegnt Arnarhváli.

Það er skoðun flutningsmanna að verði reist nýtt dómhús á þessum ákveðna stað verði mikið skipulags- og þó einkum menningarslys. Eins og skipulagi háttar nú við Lindargötu og Hverfisgötu er mjög þrengt að Þjóðleikhúsinu þannig að sú sérstaka bygging, sem troðið var niður milli Landsbókasafns og íbúðarhúss Jóns Magnússonar, fyrrv. forsrh., fær engan veginn að njóta sín. Enn meira yrði þrengt að leikhúsinu með nýrri byggingu við Lindargötu. Það væri þó enn alvarlegra ef reist yrði bygging sem skyggði á eitt allra fegursta hús Reykjavíkur, Landsbókasafnið, sem byggt var í upphafi þessarar aldar. Nýbygging við Lindargötu 2 mundi óneitanlega skyggja á bakhlið hússins sem er afar fögur og sérstök í byggingarsögu borgarinnar. Enn er tími til að endurskoða fyrirhuguð áform um nýbyggingu yfir Hæstarétt og ekki skortir lóðirnar eða húsnæði sem hugsanlega mætti nýta fyrir Hæstarétt. Það verður að koma í veg fyrir enn eitt menningarslysið í borginni og það ber ríkisstjórninni að gera."

Þannig hljóðar greinargerðin, virðulegi forseti, en við hana er vissulega ýmsu að bæta.

Þegar þessi tillaga var lögð fram fyrir allmörgum mánuðum, ég hygg að það hafi verið um mánaðamótin október/nóvember sem tillagan kom fram, stóð sú sem hér stendur í þeirri meiningu að nokkuð eðlilega hefði verið að öllu staðið varðandi þessa byggingu og svo hlyti að vera þar sem hið æðsta dómsvald ætti í hlut. En við nánari skoðun hefur komið í ljós að það er rétt þessa dagana sem lóðin Lindargata 2 er að verða til. Það er verið að ganga lögformlega frá því máli og eftir því sem ég best veit er lóðin Lindargata 2 hvorki til í lóðaskrá Reykjavíkur né hjá Fasteignamatinu.

En það er nú kannski ekki mergurinn málsins þó það beri að vekja athygli á því hvernig staðið hefur verið að málinu heldur er megininntak þessarar tillögu sjálf staðsetning á lóð Safnahússins því bílastæðið sem fyrirhugað er að byggja nýtt hús Hæstaréttar á er og var hluti af lóð Safnahússins. Þar var fyrirhugað að útbúa garð. En á árinu 1956 var gerður sérstakur samningur til 20 ára milli ríkisins og Reykjavíkurborgar um að taka lóðina undir bílastæði en síðan var kveðið á um það að hygðist ríkið breyta afnotum af þessum hluta lóðarinnar þá yrði það að ganga hina lögformlegu leið.

Nú er það svo, virðulegur forseti, að hér í landi gilda lög um opinberar framkvæmdir og hvernig að þeim skuli staðið en eftir því sem ég fæ næst komist er nú búið að auglýsa útboð vegna jarðvinnu við Hæstaréttarhúsið nýja án þess að hönnun hússins sé lokið og endanlegar teikningar liggi fyrir. Það er í rauninni alveg furðulegt að þannig skuli að verki staðið og maður spyr sig: Af hverju liggur svona á? Af hverju er ekki hægt að ljúka hönnun hússins þannig að hugsanlega verði hægt að halda kostnaði í böndum?

En þessi aðferð, sem við þekkjum vel frá Ráðhúsinu í Reykjavík, að vera að teikna húsið nokkurn veginn jafnóðum og verið er að byggja það býður upp á mjög aukinn kostnað. Ég hlýt að vara við þessum vinnubrögðum. Þeir sérfræðingar sem ég hef haft samband við varðandi þetta hús telja að sú áætlun upp á 500 millj. sem gert er ráð fyrir að húsið kosti muni engan veginn standast.

Eins og ég hef hér nefnt þá er mergurinn málsins hvers vegna í ósköpunum þessi staður var valinn. Þarna blasir við okkur Arnarhváll sem er bygging í klassískum fúnkisstíl teiknuð af Guðjóni Samúelssyni á sínum tíma, síðan er Þjóðleikhúsið líka teiknað af Guðjóni Samúelssyni í mjög sérstökum byggingarstíl og loks er svo Landsbókasafnið sem er eitt af eldri og fegurri húsum í Reykjavík. Og eins og ég nefndi í greinargerðinni þá er bakhlið hússins afar sérstök. Hún er afar fögur. Ég skora á þá þingmenn sem ekki hafa skoðað húsið sérstaklega að fara og horfa á Safnahúsið frá Lindargötunni vegna þess að sú hlið er afar fögur. Verði byggt Hæstaréttarhús á þessari lóð þá mun það skyggja á Landsbókasafnið og það sem meira er þarna verður klesst niður húsi í fjórða stílnum. Þarna mun ægja saman fjórum stílbrigðum á þessum litla bletti. Það þarf enginn að segja okkur að það sé ekki hægt að finna húsinu annan stað.

Þegar samkeppni um Hæstaréttarhús var auglýst á sínum tíma stóð Arkitektafélagið að henni. Þeir kröfðust þess að samkeppni yrði haldin um teikningu þessa húss og náðu því fram. Þegar sú samkeppni var auglýst þá vildi svo sérkennilega til að það var ekki fylgt samþykktum skipulagsnefndar, borgarráðs og borgarstjórnar um byggingarreitinn heldur mátti svo skilja að öll lóðin væri til afnota og arkitektarnir mættu miða við alla lóðina. Því var það að sjálf verðlaunatillagan var í rauninni fyrir utan þann byggingarreit sem borgarráð og borgarstjórn hafði samþykkt en því var svo kippt í liðinn eftir á. Það var ekki fylgt þeirri línu sem

samþykkt hafði verið en borgarstjórn samþykkti síðan breytingu á því skipulagi.

Það er vert að vekja athygli á því að við erum að tala um framtíðarbyggingu yfir Hæstarétt, æðsta dómstig landsins, og því er valinn þessi þrönga lóð, þessi þrönga staðsetning, sem hlýtur að þýða að framtíðarstækkunarmöguleikar eru engir. Þeir eru engir. Í skipulagi hússins er gert ráð fyrir tveimur aukaherbergjum. Það liggur þegar fyrir Alþingi tillaga um fjölgun hæstaréttardómara og það liggur fyrir að Hæstiréttur, þar sem nú vinna fjórtán manns, er mjög undirmannaður. Þetta er undirmönnuð stofnun eins og reyndar fleiri stofnanir ríkisins. En í þessu húsi er gert ráð fyrir tveimur aukaherbergjum. Það gefur auga leið að þetta er ekki skynsamleg leið þegar horft er til framtíðar. Menn hafa oft brennt sig á því hér að ætla opinberum byggingum of lítið rými og síðan hefjast viðbyggingar. Mér dettur í hug Landspítalinn t.d. þar sem hefur verið byggt við Landspítalann í ýmsum stíltegundum. En þarna er verið að ætla húsi Hæstaréttar mjög þrönga lóð sem kann að hamla vaxtarmöguleikum Hæstaréttar til framtíðar. Ekki getum við sagt til um það nákvæmlega hér og nú hver þörf Hæstaréttar verður á komandi árum fyrir starfsfólk, dómara og þá aðstöðu sem þar þarf til að starfsemi þessarar mikilvægu stofnunar geti verið með eðlilegum hætti.

Það er til nóg af lóðum í Reykjavík sem hægt er að velja um fyrir Hæstaréttarhús og það er einnig til mikið af húsnæði sem er vannýtt eða stendur autt núna og ég tel að menn hafi alls ekki kannað þann möguleika til hlítar að finna annan stað eða annað húsnæði. Einhverra hluta vegna hafa menn orðið fastir í þeirri hugmynd að teikna og byggja húsið á þessum stað. En eins og fram hefur komið undanfarna daga er almenningur nú loks að vakna til vitundar um að það er að koma að framkvæmdastigi og það er þegar farin af stað hreyfing til að reyna að fá byggingunni frestað og að reyna að fá hæstv. dómsmrh. til að breyta þessari ákvörðun.

Hæstv. dómsmrh. Þorsteinn Pálsson segir í Morgunblaðinu í dag að Alþingi sé búið að samþykkja þessa byggingu. Ég lít svo á að svo sé alls ekki. Það er að vísu búið að samþykkja fjárveitingar til Hæstaréttarhúss en það er ekkert sem segir að ekki sé hægt að breyta þessari staðsetningu. Þó að nokkur kostnaður hafi verið lagður í undirbúninginn þá er það ekki verjandi að byggja húsið á þessum stað. Það er einfaldlega ekki verjandi og það verður að koma í veg fyrir þetta menningarslys.

Sl. þriðjudag birtist heilsíðuauglýsing í Morgunblaðinu þar sem fjöldi karla og kvenna mótmælir staðsetningu hússins og eins kom skoðanakönnun í Dagblaðinu í gær sem sýnir að meiri hluti þeirra sem spurðir voru eru á móti þessari staðsetningu. Það er því ljóst að það á að reisa þetta hús í andstöðu við vilja fólksins í landinu. — Hér í salinn er nú mættur hæstv. forsrh. og ég skora á hann að beita sér í þessu máli. Það er ekki of seint að breyta þessari staðsetningu. Við getum einfaldlega ekki borið ábyrgð á því að þessu húsi Hæstaréttar verði komið þarna fyrir þannig að það skyggi á hið fagra safnahús. Það væri miklu nær að fylgja upphaflegum áformum sem staðfest voru í aðalskipulagi Reykjavíkur á sínum tíma og koma þarna fyrir torgi og garði. Þetta er algjör óþarfi. Það má færa rök fyrir því og spyrja sig þeirrar spurningar hvort það sé yfir höfuð réttlætanlegt að fara út í þessar framkvæmdir við Hæstaréttarhúsið. Það eru ýmsir þeirrar skoðunar að það hefði verið rétt að fresta því. Þegar menn eru hér með endalausar niðurskurðartillögur á félagslegri þjónustu þá spyrja menn auðvitað: Hvað réttlætir það að fara út í byggingu á þessu húsi?

Ég hef litið svo á og er alveg sannfærð um að það er illa búið að Hæstarétti og þarf að finna lausn á hans málum. En enn og aftur. Þessi staðsetning er ekki ásættanleg og ég skora á ríkisstjórnina og Alþingi að taka þetta mál til endurskoðunar og ég skora á hv. allshn., sem mun fá þessa tillögu til meðferðar, að veita henni snögga meðferð þannig að Alþingi geti gert upp hug sinn í þessu máli og orðið við þeim vilja meiri hluta þjóðarinnar að finna þessu húsi annan stað.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til hv. allshn. og síðari umræðu.

[14:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel mjög nauðsynlegt að byggja hús yfir starfsemi Hæstaréttar. Það er ekki vafi á því að sú vinnuaðstaða sem Hæstiréttur býr nú við er fyrir neðan allar hellur og það er afskaplega brýnt að bæta þá starfsaðstöðu og reyndar önnur vinnuskilyrði réttarins. En ég segi líka að mér finnst koma fyllilega til greina að skoða aðra staðsetningu miðað við þann hljómgrunn sem þessi staðsetning hefur fengið. Þar mætti hugsa sér til að mynda lóð við Skúlagötu við hliðina á sjútvrn. þar sem menn veltu fyrir sér á sínum tíma að reisa nýtt utanrrn. Nú gera menn ráð fyrir að utanrrn. fari væntanlega í hús Byggðastofnunar og landbrn. í hús við Sölvhólsgötu. Ég tel að það komi fyllilega til álita að þetta hús Hæstaréttar verði fært niður á Skúlagötu.

[14:02]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans orð hér. Ég vona svo sannarlega að hann beiti sér í ríkisstjórninni fyrir því sem hann var hér að nefna. Ég tek undir það að lóðin við Skúlagötu kemur vel til greina. Það er líka lóð við Lindargötu við hlið Hæstaréttarhússins sem mætti nýta. Þessa möguleika þarf auðvitað að kanna og enn og aftur ég hvet hæstv. forsrh. til að beita sér í þessu máli.

[14:02]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að þessi tillaga liggi bersýnilega þannig að hún eigi mikinn stuðning hér í þinginu þannig að í sjálfu sér væri hægt að samþykkja hana strax í dag heyrist mér á öllu því hún á stuðning. Ég þakka hæstv. forsrh., sem jafnframt er 1. þm. Reykv., fyrir skörulegar undirtektir við tillöguna. Ég tel alveg augljóst mál að hann hafi í raun og veru tekið undir efni hennar því hér stendur: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að taka til endurskoðunar

áform um staðsetningu nýs Hæstaréttarhúss við Lindargötu 2 í Reykjavík" o.s.frv. Þannig að það er alveg bersýnilegt að tillagan á hér mikinn stuðning.

Ég tel mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því að ákvörðun um staðsetningu hússins hefur hvergi verið tekin með formlegum endanlegum hætti. Þó að þannig sé litið á málið e.t.v. í dómsmrn. og þó að þessi samkeppni hafi farið fram þá er augljóst mál að Alþingi sem slíkt hefur ekkert formlega með staðsetninguna að gera nema um það sé tekin sjálfstæð efnisleg ákvörðun á Alþingi. Það hefur engin slík tillaga verið lögð fyrir á Alþingi hvar húsið á nákvæmlega að vera. Eina tillagan sem hefur verið lögð fyrir Alþingi um staðsetningu hússins er sú tillaga sem hér liggur fyrir. Það er tillaga um að staðsetningin á Lindargötu 2, sem hefur verið í athugun, verði tekin til endurskoðunar. Það er kjarni málsins. Alþingi hefur enga ákvörðun tekið í þessu máli og ég vísa sjónarmiðum hæstv. dómsmrh. í þeim efnum á bug.

Ég tel nauðsynlegt að slá því föstu að það er rangt að líta þannig á að þó Alþingi hafi samþykkt tiltekna fjárveitingu þá sé Alþingi þar með búið að taka ákvörðun um staðsetninguna. Það er ekki svo.

Ég vil láta það koma fram hér, virðulegur forseti, sem mitt sjónarmið að ég hef alltaf talið að þessi staðsetning væri vafasöm. Í raun og veru hvernig svo sem þetta hús lítur út, hvort sem það er stórt eða lítið hvort sem það stendur út á eða út fyrir mörk lóðarinnar jafnvel eða er innan hennar. Ég tel mjög hæpið og það hafi alltaf verið mjög hæpið að ætla húsinu stað nákvæmlega þarna. Þetta hef ég látið kom fram í þingræðum áður, m.a. í umræðum um frv. til laga um breyting á lögum um Hæstarétt sem ég flutti hér ásamt fleiri alþýðubandalagsþingmönnum fyrir áramótin. Þar lét ég koma fram, eins og kom fram í máli hv. 1. flm., að það eru að sjálfsögðu til margir aðrir staðið í Reykjavík, margir aðrir virðulegir og glæsilegir sögulegir staðir sem eru til sóma og yrðu til sóma fyrir Hæstarétt. Ég ætla að nefna einn staðinn núna í þessari ræðu. Það er sá staður að Hæstaréttarhús nýtt verði byggt á baklóðinni á bak við Hegningarhúsið við Skólavörðustíg. Þannig að gamla Hegningarhúsið, sem á sér vissulega langa sögu í réttarkerfi landsmanna, ekki alltaf mjög glaðlega fyrir þá sem þar hafa verið en þó getur það hafa gerst, mundi þá mynda eins konar inngang að nýju Hæstaréttarhúsi sem risi á baklóðinni niður að Laugavegsapóteki. Ég held að það væri að mörgu leyti skemmtilegt að tengja þannig gamla Hegningarhúsið við þessa sögu því það er augljóst mál að húsið mun ekki þjóna sem hegningarhús í mjög langan tíma í viðbót.

Ég hef einnig sagt úr þessum ræðustól, virðulegur forseti, að ég telji að mörg verkefni séu brýnni akkúrat núna en að fara í að reisa dómhús. Ég veit að það er þröngt á skrifstofum Hæstaréttar en ég veit líka að það á að vera hægt að útbúa vinnuaðstöðu í nágrannahúsum eftir því sem kostur er fyrir starfsmenn réttarins. Ég er því ekki alveg viss um að þetta hús eigi að vera allra fremst í forgangsröðinni einmitt núna á þessum kreppu- og samdráttartímum sem við búum á. Þess vegna var það svo að á síðasta þingi þegar um þetta mál var fjallað þá fluttum við þingmenn Alþb. tillögum um það að fallið yrði frá fjárveitingu til þessa húss og í staðinn yrðu peningarnir notaðir til að koma í veg fyrir niðurskurð á tímum í grunnskólunum. Því miður var ekki fallist á þessa tillögu okkar en ég rifja hana hér upp, virðulegur forseti, til að það komi fram að efnislega höfum við þingmenn Alþb. ævinlega haft spurningarmerki í þessu máli.

Ég held að það sé líka rétt að rifja það upp hér, hæstv. forseti, að í tengslum við mál þetta hefur aðeins verið rætt um Landsbókasafnshúsið sem slíkt. Hvað á um það að verða? Á árinu 1994 eða 1995 er gert ráð fyrir því að Þjóðarbókhlaðan taki til starfa og þá er ljóst að verulegur hluti af þeim bókum og þeirri starfsemi sem nú er í Landsbókasafnshúsinu hlýtur að flytja þaðan og fara í Þjóðarbókhlöðuna. Þá hafa menn verið að velta því fyrir sér hvað á að vera í Landsbókasafnshúsinu.

Á Alþingi var fyrir allmörgum árum samþykkt með einu mótatkvæði tillaga um að setja Hæstarétt inn í Landsbókasafnshúsið. Þetta er mér minnisstætt vegna þess að ég var þetta eina mótatkvæði. Ég taldi og tel að Landsbókasafnshúsið eigi að nota fyrir safn. Það eigi að nota fyrir bækur og skjöl. Það mætti auðvitað hugsa sér að ýmislegt af þeim skjölum og gögnum og þeim gersemum sem nú eru geymdar vestur á Melum í húsakynnum háskólans yrðu geymdar í Landsbókasafnshúsinu til frambúðar og yrðu þar gerðar aðgengilegar fyrir þjóðina og erlenda gesti okkar sem vilja skoða þessar gersemar. Ég held að Landsbókasafnshúsið geti myndað glæsilega, virðulega og viðeigandi umgjörð um þessar þjóðargersemar ef menn gætu náð samstöðu um málið. Ef að því yrði horfið hins vegar að byggja dómhús á lóðinni á bak við Landsbókasafnið þá væru menn að þrengja möguleikana við að ákveða það hvað ætti að fara í Landsbókasafnshúsið þegar bækur og önnur starfsemi verður flutt þaðan yfir í Þjóðarbókhlöðu að svo miklu leyti sem þar verður um flutning að ræða.

Þetta vildi ég segja hér, virðulegur forseti, um leið og ég þakka hv. flm. fyrir frumkvæðið að því að hafa flutt þessa tillögu. Ég þakka einnig hæstv. forsrh. fyrir þær góðu undirtektir sem fram komu í andsvari hans áðan.

Útbýting þingskjala:

Hafnalög, 193. mál, þskj. 563.

Umboðsmaður barna, 377. mál, stjfrv., þskj. 573.

[14:10]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil lýsa stuðningi mínum við þessa tillögu sem hér er til umræðu. Nú er ekki um það deilt að Hæstiréttur sé í húsnæðisvandræðum og ég tel að það verði að bæta úr þeim og það verði að gera vel við Hæstarétt. Hæstiréttur þarf að hafa hentugt og virðulegt starfsumhverfi þannig að hann geti skilað sínu verki með sóma. Hæstiréttur verður að njóta trausts þjóðarinnar og það hefur verið ömurlegt að hlusta á

það undanfarna daga þegar sjálfstæðismenn hafa verið í umræðum um EFTA-dómstólinn að halda því fram að hentugra sé að senda mál til meðferðar í EFTA-dómstólnum til þess að grynnka á málafjöldanum í Hæstarétti. Þessir menn hafa haldið því blákalt fram að eðlilegra væri og hentugra að láta EFTA-dómstólinn dæma í fleiri málum en færri til þess að létta á Hæstarétti. Þetta er ekki einasta vanvirðing við Hæstarétt heldur er líka í þessu mikill aumingjaskapur og ósjálfstæði hjá sjálfstæðismönnum. Hæstiréttur þarf ekki bara að hafa gott húsnæði. Ég tel líka að Kjaradómur eigi að ákvarða hæstaréttardómurum góð laun þannig að dómarastörf í Hæstarétti freisti okkar bestu lögfræðinga. Það verður að launa Hæstarétt og það á Kjaradómur að gera eða ákvarða þeim laun þannig að þau laun sem þar standa til boða séu a.m.k. jafngóð þeim sem okkar færustu lögfræðingar hafa í öðrum störfum. Annars laðast ekki bestu lögfræðingar þjóðarinnar á hverjum tíma til starfa í Hæstrétti.

Mér finnst hins vegar fráleitt að ætla að byggja Hæstarétti hús á lóðinni við Lindargötu 2. Það er að vísu búið að hanna það hús sem fór út fyrir upphaflegan byggingarreit, liggur of nærri Lindargötu. Arkitektarnir fóru kannski tilneyddir eða þeir höfðu nokkur rök fyrir sínu máli að teygja sig þarna út af reitnum vegna þess að þeir voru að reyna að hlífast við að klessa þessu húsi alveg upp í Landsbókasafnið. Ég hef aflað mér upplýsinga um gang þessa máls í borgarstjórn Reykjavíkur og borgarkerfinu. Meiri hluti sjálfstæðismanna knúði þetta mál fram bæði í skipulagsnefnd, í borgarráði og borgarstjórn gegn andmælum minni hlutans þannig að það eru sjálfstæðismenn sem einir bera ábyrgð á þessari vitlausu hugmynd að setja húsið þarna niður. Því fagna ég sérstaklega andsvari forsrh. sem hann gaf hérna áðan um það að hann telji koma til greina að velja húsinu annan stað. Og það er miklu skynsamlegra en hrokafullt svar hæstv. dómsmrh. í Morgunblaðinu í dag þar sem hann svarar því til að Alþingi hafi þegar samþykkt bygginguna og ekki verði aftur snúið. Þetta svar gerði síðasti hv. ræðumaður að umtalsefni og sýndi náttúrlega fram á það að Alþingi hefur ekki tekið ákvörðun um að byggja á þessari lóð og það er vel hægt að snúa til baka frá þeim óskynsamlegu plönum sem uppi hafa verið um að byggja á lóðinni. Þessi staður er umkringdur mjög fögrum og sögufrægum byggingum, Arnarhváli, Þjóðleikhúsinu og Landsbókasafninu og það er ekkert pláss fyrir þessa byggingu, ekki nægilegt rými fyrir byggingu Hæstaréttar á þessari lóð. Það er reyndar sérmál hvernig farið var með Þjóðleikhúsið með því að setja bílahótelið skrímslislega hinum megin við Hverfisgötu sem ber Þjóðleikhúsið að vissu leyti ofurliði, þetta bílahótel. Þjóðleikhúsið á það alls ekki skilið að enn meir sé þrengt að því. Ég er á því að Hæstiréttur þurfi nýtt eða annað húsnæði. Ég er ekki á sama máli og síðasti ræðumaður, mér finnst að það geti vel komið til greina að koma Hæstarétti fyrir í Landsbókasafnshúsinu. Ég minni á ágæta grein eftir fyrrv. forseta Hæstaréttar, Magnús Thoroddsen, sem hann skrifaði einhvern tíma í haust um það efni og ef ég man rétt, þá taldi hann að það væri hægt að koma Hæstarétti með mjög hentugu móti og ódýru fyrir í Landsbókasafnshúsinu og ég tel að það væri staður sem Hæstiréttur væri ágætlega sæmdur af og ég held að menn ættu að skoða þann möguleika nánar.

Ég hef stundum haldið því fram og það er reyndar mín skoðun að Alþingi ætti að leysa sinn húsnæðisvanda með því að færa stofnunina héðan úr miðbænum og fá einhvers staðar rúmgóða lóð, t.d. að Korpúlfsstöðum eða einhvern fagran stað í borgarlandinu þar sem Alþingi gæti reist sínar byggingar og haft nægilegt svigrúm og þá væri út af fyrir sig hægt að leysa húsnæðismál Hæstaréttar með því að láta hann fá Alþingishúsið. Nú á ég ekki von á því að þessi hugmynd mín, sem ég hef reyndar hreyft hvað eftir annað á undanförnum árum þegar menn hafa verið að hugsa um að byggja alls konar skrímslishús í nágrenni Alþingishússins til þess að bæta úr húsnæðisskorti Alþingis, verði samþykkt en ég tel að ef menn á annað borð ætla að byggja þá komi vel til greina eins og hæstv. forsrh. benti á að byggja við hlið sjútvrn. eða jafnvel á Sláturfélagslóðinni innar með Skúlagötu. En það er með þetta mál og þessa ákvörðun eins og annan klaufaskap sjálfstæðismanna og ég tel að Alþingi eigi að samþykkja þessa tillögu og það fyrr en seinna.

[14:19]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég er einn af flm. þessarar þáltill. og vildi aðeins koma hér upp til að leggja áherslu á að þessi áform verði tekin til endurskoðunar. Hér er um mjög merkileg hús að ræða sem eru umhverfis þennan stað og alveg ljóst að þetta nýja fyrirhugaða hús þrengir mjög að þeim húsum sem þarna eru fyrir og þar að auki sé ég ekki að það sé nokkurt rúm fyrir það t.d. að því er varðar bílastæði og annað.

Ég var á sínum tíma þeirrar skoðunar að það mundi e.t.v. ganga að ráðhúsið væri reist á þeim stað sem raun varð á. Ég verð að viðurkenna það að það voru mistök af minni hálfu þó að ég hafi aldrei lýst yfir þeirri skoðun því að það er svo augljóst í dag að þetta hús er í hrópandi ósamræmi við sitt umhverfi og var mikið slys að þetta annars fallega hús væri reist á þeim stað þar sem það nú stendur, það þrengir að Alþingishúsinu og öllu umhverfi við Tjörnina. Það væri mjög óheppilegt ef nú ætti að endurtaka þá sögu að reisa hús á þessum stað í mikilli andstöðu við þá sem unna þessu umhverfi best og þekkja best til og vil ég þar vitna í ýmsa sem hafa látið skoðanir sínar í ljós í þessu sambandi.

Ég tel það jafnframt vera mjög óheppilegt fyrir Hæstarétt að þannig sé staðið að málum því að með því að það skapast deilur um þetta nýja hús þá skapast í reynd óþarfa deilur um stofnunina Hæstarétt Íslands. Það er að mínu mati mjög skaðlegt og það á ekki að vera með þeim hætti að búa til vandamál sem er hægt að komast hjá með því að staðsetja húsnæði Hæstaréttar á öðrum stað. Það er öllum ljóst að Hæstiréttur þarf að fá ný húsakynni og það þarf að standa myndarlega að því þannig að fullur sómi sé að. Það er

hins vegar engin ástæða til þess að staðsetja Hæstarétt hér í miðbænum. Það má vel staðsetja þessa mikilvægu og virðulegu stofnun annars staðar og finna henni hæfilegt umhverfi.

Ég tel ekki ástæðu til að hafa um þetta mál fleiri orð en vil skora á hæstv. ríkisstjórn að fresta þessum áformum og taka þau til endurskoðunar og finna leið sem getur ríkt friður um.

[14:22]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins leggja orð í belg í þá umræðu sem hér hefur farið fram um staðsetningu nýs Hæstaréttarhúss þó að það megi nú kannski segja að það sé óþarfi vegna þeirrar stefnu sem málið hefur tekið hér við umræðuna. Mál af þessu tagi eins og hér er um að ræða, þ.e. að leggja til breytta staðsetningu Hæstaréttarhúss er í eðli sínu þverpólitískt mál. Það er ekki og á ekki að vera flokkspólitískt mál. Það er þannig eðli málsins samkvæmt að fólk hlýtur að taka afstöðu til húsagerðarlistar og skipulagsmála, sérstaklega skipulagsmála af þessu tagi, meira út frá tilfinningu sinni og smekk en pólitískum sjónarmiðum. Þetta er ekki bara í eðli málsins heldur er það þannig í raun eins og skoðanakönnun DV sýnir því að þar kemur fram að þessi staðsetning Hæstaréttarhúss nýtur afskaplega lítils stuðnings meðal Reykvíkinga og má þá einu gilda hvar í flokki það fólk stendur, þ.e. meiri hluti Reykvíkinga er andsnúinn húsinu og á það jafnt við um þá sem tilheyra stjórnarflokkum og stjórnarandstöðuflokkum.

Þá hefur málið líka öðlast aukið þverpólitískt vægi með því að hæstv. forsrh. hefur lýst því hér yfir að hann telji eðlilegt að skoða nýja staðsetningu þessa húss. Ég lít svo á að þetta sé mjög mikilvæg yfirlýsing sem forsrh. hafi gefið hérna og gefi þessu máli mun meira vægi en ella og þýði það að flestar líkur séu á því að þetta verði endurskoðað. Ég lít svo á að þegar forsrh. hefur talað með þessum hætti þá bendi allt til þess að málið verði tekið til endurskoðunar þannig að tillagan nái í raun fram að ganga.

Þá vil ég líka benda á að ég held að það hafi verið í einhverju dagblaðanna, hvort það var í dag eða gær, að þar var viðtal við Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson borgarfulltrúa og formann skipulagsnefndar þar sem hann taldi vel koma til álita að borgin leitaði að nýrri lóð fyrir þetta hús þannig að það hefur mjög víða komið fram stuðningur við að endurskoða þessa ákvörðun. Mér finnst þetta reyndar segja mér það eina ferðina enn að íbúar í tilteknu sveitarfélagi, íbúar í Reykjavík, hafa mjög mikið vit á skipulagsmálum og byggingarmálum. Því er gjarnan haldið fram að íbúarnir séu íhaldssamir og það má kannski til sanns vegar færa enda eðlilegt að íbúar séu nokkuð íhaldssamir á umhverfi sitt því að hús sem á að byggja, hvort sem það er nú ráðhús eða Hæstaréttarhús, eru þess eðlis að þau hljóta að setja mjög mikinn svip á umhverfi sitt og þau standa til frambúðar þannig að það er eðlilegt að menn fari sér hægt í slíkum málum og séu að vissu leyti íhaldssamir. En íbúarnir hafa mikið vit á þessum málum og það finnst mér hafa sýnt sig með ráðhúsið. Þorri íbúa í Reykjavík var á móti byggingu ráðhússins. Það var líka gerð skoðanakönnun þegar stóð til að byggja ráðhúsið þar sem kom fram að meiri hluti Reykvíkinga var á móti því og ég held að það sjái það svona flestir sem það vilja sjá og vilja viðurkenna að það hús, burt séð frá byggingarlistinni sjálfri, fer afskaplega illa á þeim stað þar sem það stendur og ég hef sannfærst í þeirri trú minni fremur en hitt. Oft er það þannig að maður sér kannski þegar hús er risið að þetta var í lagi en það á ekki við í því tilviki.

Það á heldur ekki við í tilvikinu sem Reykvíkingar beittu sér mjög gegn á sínum tíma og það var bygging Hallgrímskirkju sem mér finnst alltaf að liggi eins og selur ofan á Reykjavíkurborg og hafi verið mistök að reisa þá byggingu með þeim hætti sem gert var og ég held að Reykvíkingar sem mótmæltu því á þeim tíma hafi haft rétt fyrir sér.

Þá finnst mér líka Reykvíkingar hafa haft rétt fyrir sér varðandi Seðlabankahúsið en mótmælin þá urðu til þess að húsið var flutt mun neðar í hólinn en til stóð og það var búið að taka grunn að húsinu miklu ofar á Arnarhól. Húsið var flutt og ég held að það hafi verið til mikilla bóta fyrir þetta umhverfi að það skyldi gert. Þetta staðfestir þá skoðun mína að íbúar hafi heilmikið vit á því hvað fari vel í þeirra nánasta umhverfi og það sé ástæða til þess að hlusta á þær raddir og ég vona svo sannarlega að það verði núna hlustað og mér fannst forsrh. svona slá taktinn hvað það varðar.

Hér hefur aðeins komið upp umræða um nýtingu Safnahússins og hvort Hæstiréttur ætti hugsanlega að fara þangað inn ef ekki yrði af þessari byggingu. Ég vil lýsa mig andsnúna þeirri hugmynd. Safnahúsið var byggt sem menningarhús og það á að nýta það hús áfram með þeim hætti og ég sé það mjög vel fyrir mér sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi hérna og hefur reyndar komið áður fram í umræðum um Safnahúsið að það verði notað sem sýningaraðstaða fyrir þær þjóðargersemar sem við eigum og sem eru afskaplega óaðgengilegar úti í Árnastofnun þar á bak við lás og slá og sú bygging og það umhverfi allt saman ekki beinlínis til þess fallið að laða fólk til að skoða þessar gersemar okkar þannig að ég vil lýsa andstöðu minni við þá hugmynd að Safnahúsið verði tekið undir Hæstaréttarhús. Hins vegar get ég vel séð fyrir mér bæði að það yrði byggt yfir Hæstarétt hús bæði í tenglsum við Hegningarhúsið uppi á Skólavörðustíg og það mundi hæfa hegningarhúsinu í sjálfu sér vel að fá svona nýtt hlutverk tengt réttarkerfinu og eins get ég séð það mjög vel fyrir mér sem hæstv. forsrh. nefndi hér áðan að byggja Hæstaréttarhús við hliðina á sjávarútvegshúsinu niðri við Skúlagötu og það er í mínum huga mjög virðuleg staðsetning og hæfir vel húsinu. Það er gott aðgengi sem þar fengist að Hæstaréttarhúsi, þar er fallegt útsýni til sjávarins og í alla staði væri Hæstiréttur mjög vel staðsettur þar.

Virðulegur forseti. Ég tel enga ástæðu til að lengja þessa umræðu. Mér finnst hún hafa tekið þá stefnu að við eigum bara að vinda okkur í það að koma tillögunni til allshn. og koma henni þaðan út sem fyrst aftur og ég sé ekki að nefndin þurfi að taka mjög lang-

an tíma í það mál og samþykkja hana síðan á hv. Alþingi.

[14:29]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér þarf ekki að bæta við mörgum röksemdum. Þær ræður sem hér hafa verið fluttar hafa dregið upp mjög skýra mynd af nauðsyn þess að skoða vandlega staðsetningu á framtíðarhúsnæði fyrir Hæstarétt.

Ég vil í upphafi máls míns bæta við frásögn hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að það var ekki aðeins að leitin að húsnæði við Seðlabankann tengdist Arnarhóli heldur var uppi fyrir ef ég man rétt um aldarfjórðungi síðan formleg tillaga um að Thors Jensens húsið yrði rifið og ný seðlabankabygging mundi rísa í þeim fagra garði í staðinn fyrir hið gamla og virðulega hús Thors Jensens. Og gott ef ekki var búið að teikna a.m.k. útlitsteikningu af þeirri byggingu. Þá risu upp andmæli fjölþætts hóps manna og niðurstaðan varð sú að hætt var við að byggja Seðlabankahúsið í staðinn fyrir Thors Jensens húsið og hin gamla og fagra bygging Thors Jensens fjölskyldunnar hefur fengið að standa og eru allir sammála um það í dag að það er menningarauki og bæjarprýði að því að sú bygging stendur þar enn þar sem hún er.

Sem betur fer er það líka þannig að það eru ýmsir staðir hér í miðbænum sem koma til greina aðrir en sá sem ræddur hefur verið. Ég vil í því sambandi minna á að hér við Austurvöll standa nokkrar gamlar byggingar. Ég nefni t.d. þær byggingar sem sjást hér út um glugga þinghússins og Póstur og sími hafa notað um áratuga skeið. Það er ljóst að Póstur og sími hefur áhuga á að yfirgefa þessar byggingar. Hér eru þrjú hús í gerólíkum stíl, flest frekar illa farin sem standa sömu megin við Austurvöll. Það er auðvitað margt sem bendir til þess að framtíðarhlutverk þeirra húsa sé ekki mjög augljóst, enda eitt þeirra a.m.k. þannig að það passar illa inn í þessa mynd. Þess vegna er hægt að bæta við enn frekar það hugmyndasafn sem hér hefur komið fram að með breytingu á húsaskipan við Austurvöll getur skapast lóð fyrir Hæstaréttarhús þannig að Alþingishúsið, Hæstaréttarhúsið og Ráðhúsið væru hér á sama stað og síðan mætti annaðhvort flytja eða rífa hús sem eru milli Alþingishússins og Ráðhússins og skapa þannig andrými fyrir Ráðhússbygginguna.

Hvað sem líður skoðunum manna á Ráðhúsinu á sínum tíma þá er það alveg ljóst að það er búið að reisa það en það væri hægt með breytingum hér í kring að bæta úr ýmsum annmörkum með því að gera t.d. garð hér á milli þinghússins og Ráðhússins. Við það mundi Ráðhúsið fá að njóta sín mun betur og þinghúsið einnig. Við eigum ekki mjög margar sögufrægar gamlar byggingar, við Íslendingar og það vill svo til að Safnahúsið, Þjóðleikhúsið og Arnarhvoll eru allar með sínum hætti sögufrægar byggingar og þjóðin hefur tengt við þessar byggingar virðingu sína og sögu. Safnahúsið er einhver glæsilegasta bygging sem við höfum frá þeim tíma. Þjóðleikhúsið er myndarlegasta byggingarframlag þeirrar kynslóðar sem bar ábyrgð á íslenskum þjóðmálum á millistríðsárunum jafnhliða því sem Þjóðleikhúsið er ein mikilvægasta menningarstofnun landsins. Arnarhvoll hefur líka verið ásamt gamla Stjórnarráðshúsinu sögufrægasta stjórnsýsluhús Íslendinga á þessari öld. Það er þess vegna nokkuð ljóst að þessar þrjár byggingar eiga það skilið að fá andrými, fá að njóta sín þannig að þær geti áfram haldið ákveðinni reisn og sinni sérstöðu. Þess vegna er satt að segja mjög lítil skynsemi í því að fara að þrengja svo að þessum byggingum með því að setja Hæstaréttarhúsið á þá lóð sem fyrirhuguð er.

Ég vil líka árétta það sem hér hefur komið fram að ég tel að þetta mál sé ekki flokkspólitískt, geti ekki verið flokkspólitískt. Það er ekkert í eðli málsins sem knýr á um það að menn skiptist í einhverjar fylkingar eftir stjórnmálaflokkum, hvað þá heldur eftir stjórn eða stjórnarandstöðu í þessum málum. Það eru nokkur dæmi þess sem betur fer að atkvæðagreiðslur hafi farið fram í þinginu um mál sem menn voru sammála um að óeðlilegt væri að flokksbönd réðu og hverjum og einum þingmanni gefið frelsi til þess að meta það hvað honum fyndist skynsamlegt. Ég vil þess vegna ítreka það sem hér hefur komið fram að ef vandi er að leysa málið innan Stjórnarráðsins gæti verið skynsamlegt að gefa þingheimi frelsi óháð flokksböndum til að greiða atkvæði um það hvar Hæstaréttarhúsið ætti að standa. Til viðbótar vil ég líka árétta það að því miður hafa orðið nokkrar deilur um Hæstarétt á þessum vetri og ég held að það væri mjög óheppilegt fyrir stofnunina að það yrðu miklar deilur um nýtt hús fyrir Hæstarétt.

Sem betur fer eru fjölmargir aðrir möguleikar í þessum málum. Hæstv. forsrh. hefur bent á aðra möguleika, þingmenn hafa bent hér á aðra möguleika. Ég hef nefnt nokkra í viðbót og þannig er hægt að halda áfram. Ég átti þátt í því í tíð síðustu ríkisstjórnar að ákveðið var að breyta húsi Útvegsbankans í höfuðstöðvar Héraðsdóms Reykjavíkur. Ýmsir höfðu efasemdir um það þegar sú ákvörðun var tekin hvort þessi virðulegi dómstóll gæti haldið reisn sinni með því að flytja inn í hús sem upphaflega var byggt til annarra nota. En ég held að það séu allir sammála um það í dag að vel hafi tekist og virðing Héraðsdóms Reykjavíkur hefur verið aukin með því að fá dómstólnum til afnota þetta húsnæði.

Það eru nokkur önnur slík gömul og virðuleg hús hér í miðbænum. Ég nefni t.d. gamla pósthúsið sem alveg er ljóst að er virðulegt hús en senn sinnir ekki þeim þörfum sem nútímapóstþjónusta knýr á um. Ég nefni líka Landsbankahúsið. Ég hef nefnt þessi gömlu hús Pósts og síma sem standa hér við Austurvöll og ljóst er að eiga ekki mikla framtíð fyrir sér. Þess vegna finnst mér mikilvægt að menn skoði þetta mál betur þannig að þing og þjóð geti sameinast um það að gera vel og myndarlega við Hæstarétt. Dómstóllinn þarf að fá virðulegt og hentugt húsnæði. Til þess er ríkur vilji hér á Alþingi og ég vona að þessi tillöguflutningur geti orðið til þess.

Útbýting þingskjals:

Sjálfvirkur sleppibúnaður um borð í skipum, 374. mál, fsp. GHall, þskj. 570.

[14:37]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þessi dagur verður mér minnisstæður umfram aðra daga ef það á eftir að sannast að tvisvar sinnum í dag hefur forustumaður Sjálfstfl. tekið undir mitt mál. Hér sat ég á forsetastóli í morgun og hlýddi á mál hv. 3. þm. Reykv., Björns Bjarnasonar, í hvalamálinu. Þar hélt hann nærri orðréttar fyrri ræður mínar sem umturnuðu þjóðarsálinni vikum saman en nú deplar enginn auga en auðvitað var ég hjartanlega sammála hverju orði sem hv. þm. sagði. Og aðeins nokkrum klukkustundum seinna gerast svo þau undur og stórmerki að hæstv. forsrh. tekur undir þáltill. sem ég er aðili að, og ég verð að segja, frú forseti, að þetta er mikil nýlunda í mínu lífi og þess vegna geri ég það að umræðuefni.

Ég er ein af flm. þessarar tillögu og skal ekki lengja mikið umræður um hana. Ég held að það sé alveg hárrétt sem hv. 10. þm. Reykv. sagði hér áðan að það er fátt afdrifaríkara fyrir borgara eða íbúa þessarar borgar en þegar ákvörðun er tekin um að reisa stórhýsi vegna þess að þegar búið er að byggja það þá er það þar og verður. Við höfum auðvitað orðið vitni að skelfilegum slysum hér í skipulagi í höfuðborginni, slysum sem aldrei verða bætt, gömul menningarmannvirki sem rifin voru og misjafnlega vel heppnaðar byggingar reistar í staðinn. Þess vegna ber hverjum einasta íbúa borgarinnar að standa vörð um að annað eins og þetta gerist ekki. Dæmin eru alls staðar og þess vegna er nú höfuðborgin okkar ekki alls staðar jafnfalleg því að eftirstríðsárabyggingarlistin og áratuganna þar á eftir er ekki til sóma fyrir þá sem að henni stóðu.

Ég held að það væri mikið óráð að fara að troða dómhúsi þarna á þessu torfu milli Arnarhvols, Þjóðleikhúss og Landsbókasafns og hef fyrir því sömu rök og hv. 1. málflytjandi færði fyrir sínu máli hér áðan. Það er nóg landrými í Reykjavík til þess að reisa á hús yfir Hæstarétt sem eins og hér hefur líka verið sagt býr við óþolandi vinnuskilyrði og þarfnast svo sannarlega betra húsnæðis. Menn geta svo spurt sig hvort alltaf sé nauðsynlegt að byggja. Hér eru stórhýsi auð og ónotuð, glæsileg í meira lagi, og nægir að nefna Sambandshúsið svo að eitthvað sé nefnt en mér er auðvitað ljóst að nokkuð þarf að sérhanna dómsal og önnur þau híbýli sem Hæstiréttur þarfnast.

Hins vegar vil ég aðeins leiðrétta hv. 1. þm. Norðurl. v., og gerist þess nú sjaldnast þörf en í þessu tilfelli er það brýn nauðsyn. Ég held nefnilega að Landsbókasafnið breyti ekki mikið um hlutverk þó að Þjóðarbókhlaða taki til starfa. Það er löngu ljóst að hún er þegar of lítil og ég er ekki í nokkrum vafa um að Þjóðarbókhlöðufólk telur sig þurfa að hafa áfram afnot af húsi Landsbókasafns og þess vegna held ég að við eigum ekki að líta til þess með annað hlutverk fyrir augum. Ég held að það verði full þörf fyrir það á vegum Þjóðarbókhlöðu.

Alþingishúsið held ég að yrði allt of lítið hvort sem er fyrir Hæstarétt. Ég held að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafi ekki áttað sig á því hversu lítið hús þetta er sem við hér búum í og væri áreiðanlega með öllu ófullnægjandi fyrir Hæstarétt svo ég held að við ættum að gleyma því. Og ekki vil ég heldur taka undir hans mál um að fara að flytja Alþingi upp að Korpúlfsstöðum og veit ég nú ekki hvaðan þingmanninum kom sú hugmynd.

Sannleikurinn er sá að ég er ekki eins viss um það og allir þeir sem hér hafa talað að Hæstiréttur eigi endilega að vera í miðbænum. Ég held að það geti að sumu leyti verið ágæt tillitssemi við þá sem þurfa stundum að standa fyrir rétti að þeir þurfi ekki að vera fyrir allra augum hér í þröngum götum miðbæjarins heldur sé meira rými kringum dómhúsin til þess að menn geti farið þar án þess að allir séu á eftir þeim. Ég held þess vegna að það sé ekki neitt höfuðmál. Þess vegna gæti ég ósköp vel hugsað mér að hægt væri að gera nauðsynlegar breytingar á t.d. Sambandshúsinu, það gæti nýst Hæstarétti mjög vel svo ein hugmynd sé tekin og sett fram hér.

En hvað sem um þetta allt er, um þetta má auðvitað ræða lengi, er aðalatriðið þetta: Það væri mikið slys ef farið væri að troða húsi Hæstaréttar niður þar sem hugmyndin er nú og ég fagna því sérstaklega ef hæstv. forsrh. hefur séð þetta líka og er tilbúinn til þess að koma til móts við skoðanir þúsunda Reykvíkinga sem lýst hafa óánægju sinni með þetta. Þess vegna vil ég, hæstv. forseti, mælast til þess við hv. þm. að þessi tillaga verði samþykkt og þar með komið í veg fyrir að þetta slys eigi sér stað.

[14:43]

Flm. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka öllum þeim þingmönnum sem tekið hafa þátt í þessari umræðu og fagna þeim einhug sem hér hefur komið fram. Sérstaklega ber að fagna þeirri yfirlýsingu sem forsrh. gaf hér áðan og ég túlka þannig að hann muni beita sér fyrir því að þessari ákvörðun um staðsetningu hússins verði breytt. En ég vil líka vekja alveg sérstaklega athygli á því að tíminn sem við höfum til stefnu er mjög naumur. Það er búið að auglýsa útboð á jarðvinnu og fresturinn til að skila tilboðum rennur út núna 14. febr. þannig að áður en fyrirtæki fara að skila sínum tilboðum og áður en farið verður að taka afstöðu til þeirra verður auðvitað að vera ljóst hvort meiningin er að breyta um staðsetningu þannig að tíminn er mjög naumur og mér skilst reyndar að það sé búið að ákveða hvenær fyrsta skóflustunga verður tekin að húsinu þannig að ég vek sérstaklega athygli á þessu og skora því á hæstv. forsrh. að grípa nú þegar til aðgerða í málinu og taka það upp á réttum stöðum.

Að lokum, virðulegi forseti. Eins og hér hefur margsinnis komið fram í umræðunni þá höfum við horft upp á of mörg skipulagsslys hér í okkar ágætu höfuðborg og þar er nú eitt síðasta dæmið Borgarleikhúsið, afar sérstök bygging sem því miður hefur verið þrengt allt of mikið að þannig að hún fær ekki að njóta sín. Og eins og ég rakti hér í fyrri ræðu minni, þá gerðist það sama með Þjóðleikhúsið. Leikhús eru í raun sérstakar byggingar og þær þurfa auðvitað rými. Við höfum ekki farið mikið út í umferð og bílastæða-

mál sem tengjast þessu öllu saman. Við erum að tala um svæði þar sem eru margar opinberar byggingar og mjög margt fólk er við vinnu eða kemur og á erindi í þessar byggingar og staðsetning Hæstaréttarhússins á þessum stað mundi bæði kalla á umferð og gera hana á margan hátt erfiðari. Bílastæðið sem þarna er þjónar öllum þessum byggingum þó að ég hafi lagt til að hinu gamla skipulagi verði fylgt og því breytt í torg og garð eins og fyrirhugað var, en menn hafi þó alla vega tíma til þess að leysa umferðarmálin sem þessu tengjast. Þarna eru að vísu ýmis bílastæðahús í nágrenninu og ég hef ekki handbærar tölur um það hversu vel þau fullnægja þörfinni en mergurinn málsins er þessi, virðulegi forseti: Það virðist vera mjög breið samstaða á hinu háa Alþingi um að skora á ríkisstjórnina að breyta þessari ákvörðun og mínar vonir hafa svo sannarlega glæðst í þessari umræðu um að þessi tillaga nái fram að ganga og það verði horfið frá þeirri hugmynd að reisa nýtt Hæstaréttarhús á lóð Safnahússins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Græn símanúmer, fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 207. mál. — Þskj. 231.

[14:47]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um græn símanúmer hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins, en flm. ásamt mér eru hv. þm. Egill Jónsson, Vilhjálmur Egilsson, Matthías Bjarnason, Tómas Ingi Olrich, Sturla Böðvarsson og Eggert Haukdal. Tillögugreinin hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að sett verði upp græn símanúmer í öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins og helstu stofnunum ríkisins svo að auðveldara og hagkvæmara verði fyrir þá landsmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins að ná til æðstu starfsmanna stjórnsýslunnar með sín mál."

Um þetta mál mætti hafa allnokkur orð og það hyggst ég gera á grundvelli þeirrar greinargerðar sem þáltill. fylgir.

Mikil breyting hefur orðið á uppbyggingu gjaldskrár fyrir símtöl innan lands. Taxti fyrir langlínusamtöl hefur lækkað mikið en taxti fyrir staðarsímtöl hækkað lítillega. Af þessum sökum lækkaði símakostnaður innan lands að raungildi um 13% frá meðaltali ársins 1987 til ársins 1992 ef miðað er við framfærsluvísitölu.

Það er líka rétt að geta þess að allt frá því í nóvember 1981 hefur hlutfall þriggja mínútna staðarsímtala að degi til og lengri langlínusamtala lækkað úr því að vera 1:10,7 í það að vera 1:3,8. Hlutfall 20 mínútna símals hefur á sama tíma lækkað úr því að vera 1:23,1 í 1:6,4 á sama tíma. Þá sýnir alþjóðleg samanburðarnotkun OECD að símanotkun innan lands er ódýrust hér á landi ef borið er saman við þau ríki sem OECD hafði undir í sinni athugun.

Þetta sýnir okkur það að verulegur árangur hefur að sjálfsögðu náðst í því að jafna símakostnaðinn. Þetta er þó ekki öll sagan vegna þess að jafnframt þessu hefur gjaldflokkssvæðum verið breytt til þess að jafna símakostnað notenda. Í þessu sambandi mætti nefna nokkur dæmi.

Gjaldflokkssvæði t.d. á Vestfjörðum voru miklu fleiri fyrir allnokkrum árum en þau eru nú í dag. Hér áður og fyrr kostaði það meira fyrir mann sem hringdi frá Ísafirði til Þingeyrar eða frá Ísafirði inn í Ísafjarðardjúp en að hringja innan bæjar. Í dag er það hins vegar þannig að gjaldflokkssvæðið nær yfir miklu stærra landsvæði, dekkar fleiri íbúa og þar með verður símakostnaðurinn bara af þeim ástæðum mun lægri en hann var fyrir fáeinum árum síðan. Þrátt fyrir það er það þannig að símakostnaður er almennt hærri úti á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og eðli málsins samkvæmt þurfa landsbyggðarbúar meira að nota langlínusamtöl sem eru dýrari en staðarsímtölin. Þetta stafar af því að verulegur hluti allrar almennrar þjónustu, jafnt opinberrar þjónustu sem annarrar þjónustu, er staðsettur á höfuðborgarsvæðinu og þangað þarf landsbyggðarfólk tíðum að leita, margvíslegra erinda. Af þessu hlýst töluverður kostnaður sem um munar í pyngju fólks og fyrirtækja á landsbyggðinni.

Þetta er kannski ekki síst athugavert að ræða í ljósi þeirrar umræðu sem oft fer fram um það hvar eigi að staðsetja opinberar stofnanir. Ég tel það ekki allsherjarlausn á vanda strjálbýlisins að flytja stofnanir út á land. Um það verða menn að taka afstöðu hverju sinni, um hverja stofnun fyrir sig. En þetta er auðvitað þýðingarmikill þáttur. Þegar verið er að athuga hvernig framfærslukostnaður heimilanna skiptist þurfa menn að skoða einmitt hversu langt fólk þarf að sækja sína þjónustu og í hversu mikinn kostnað fólk þarf að leggja til að fá þá þjónustu sem eðlileg er í nútímariki. Þess vegna er ekki óeðlilegt að fólk þurfi að hringja mörg símtöl á langlínutaxta áður en niðurstaða fæst þegar fólk er að leita erinda í ráðuneyti og stofnanir í Reykjavík. Við þekkjum það líka að það er mjög algengt að fólk þurfi að bíða eftir samtali með ærnum tilkostnaði. Viðkomandi er oft og tíðum ekki til staðar, viðkomandi er á tali og síðast en ekki síst hafa erfiðleikarnir við að ná í gegn oft verið miklir vegna þess að símakerfið okkar hefur verið svo laklegt þó það hafi sem betur fer batnað á undanförnum árum.

Fyrir allnokkrum árum tók Póstur og sími upp á því að bjóða upp á svokölluð „græn símanúmer". Þegar fólk hringir í slík númer greiðir það aðeins fyrir samtölin eins og þau færu fram innan bæjar eða á taxta staðarsímtala. Mismuninn greiða eigendur viðkomandi númera. Í upphafi varð vart við nokkurn áhuga á þessu fyrirkomulagi en því miður hefur allt of hægt gengið við útbreiða það. Samkvæmt upplýsingum frá Pósti og síma eru slík græn símanúmer nú 73 hér á landi og þau eru öll staðsett á höfuðborgarsvæðinu, allflest í Reykjavík. Þá eru dæmi um að erlendir aðilar hafi boðið upp á slíka þjónustu hér á landi.

Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því að það er

nokkuð misjafnt eftir opinberum stofnunum hvernig þær standa sig í þessu tilliti. Stofnanir eins og t.d. Póstur og sími, Lánasjóður íslenskra námsmanna og Byggðastofnun hafa staðið sig býsna vel að mínu mati. Þessar stofnanir allar hafa tekið vel við sér og sett upp slík græn símanúmer þó að töluvert skorti á það líka hjá þeim að slíkum grænum símanúmerum sé komið fyrir í útibúum og skrifstofum þessara stofnana eins og annarra stofnana út um allt land til að jafna símakostnaðinn að þessu leyti.

Því miður er það svo að almenningur nýtur þessa möguleika ótrúlega lítið. Á því eru augljósar skýringar. Þessi kostur hefur almennt ekki verið nægjanlega kynntur og fyrirtæki og stofnanir vekja sjaldnast mikla athygli á því að upp á hann sé boðið. Öðru máli gegnir í þeim takmörkuðu tilvikum þar sem rækileg athygli hefur verið vakin á hinum „grænu símanúmerum". Þar er notkunin mun meiri. Þetta finnst mér afar athyglisvert vegna þess að ég hef orðið var við það sérstaklega eftir að þessi þáltill. var lögð fram að mjög margir hafa komið að máli við mig og sagt sem svo: Við hreinlega gerðum okkur ekki grein fyrir því að þessi möguleiki væri til staðar, þessi tæknilegi möguleiki til að jafna okkar símakostnað væri til staðar og við höfðum ekki hugmynd um að stofnanir og fyrirtæki byðu upp á þennan kost. Ég vek athygli á því að í þeim tilvikum sem þetta hefur verið rækilega auglýst, t.d. á vegum Pósts og síma, þá er þessi kostur notaður talsvert mikið.

Með því að fara yfir meðfylgjandi lista um úthlutun grænna númera — þ.e. lista sem birtist sem fylgiskjal með þáltill. — þá kemur í ljós að sárafáar ríkisstofnanir bjóða upp á þessa símaþjónustu. Á honum má sjá að aðeins sex stofnanir ríkisins gefa viðskiptavinum sínum kost á að nota græn símanúmer. Nokkrar stofnanir skera sig þó úr og bjóða fram þessa þjónustu. Hvað varðar Stjórnarráðið sérstaklega þá hafa eingöngu ráðuneyti samgöngumála og landbúnaðar yfir grænum símanúmerum að ráða. Alþingi, sjálf löggjafarsamkoman, hefur ekki grænt símanúmer upp á að bjóða. Þá vekur það athygli að hvorugur ríkisbankanna og enginn sparisjóður býður viðskiptavinum sínum þessa þjónustu en þess er skylt að geta að menn eiga þess kost að hringja í grænt símanúmer vilji þeir nota sér þjónustusíma banka og sparisjóða er veitir upplýsingar um stöðu innlánsreikninga.

Það ætti að vera metnaðarmál þeirra einkafyrirtækja sem eiga viðskipti út um landsbyggðina að gefa viðskiptavinum sínum kost á að hringja í græn símanúmer. Er það vel að ýmis þeirra hafa sýnt þessu skilning og það jafnvel meiri skilning en ríkisstofnanir almennt. Því er tvímælalaust ástæða til að hvatt sé til þess að ríkisstofnanir og ráðuneyti komi sér undantekningarlaust upp grænum símanúmerum svo auðveldara verði og hagkvæmara fyrir landsmenn sem búa utan höfuðborgarsvæðisins að ná til æðstu starfsmanna stjórnsýslunnar með sín mál.

Ástæða er líka til að undirstrika að slíkt fyrirkomulag á vitaskuld að ríkja á útibúum og skrifstofum þessara stofnana sem hafa aðsetur utan höfuðstöðva þeirra, svo sem hjá Ríkisútvarpinu og Vegagerð ríkisins svo dæmi séu nefnd.

Ég fagna því að ég hef orðið var við það að frá því að þessi þáltill. var lögð fram hefur hún notið talsverðrar athygli, nokkur blaðaskrif hafa af henni sprottið og ég hef orðið var við að innan ýmissa stofnana sem ekki hafa haft upp á slíka þjónustu að bjóða hefur vaknað áhugi á því að koma upp þessari þjónustu. Það hefur að vísu verið nefnt í þessari umræðu að með þessu sé ekki stigið fullt skref til jöfnunar símakostnaðar og það er vissulega alveg rétt. En hér er hins vegar að mínu mati stigið veigamikið skref og auðvelt skref sem hægt er að hrinda í framkvæmd mjög hratt. Hér koma engir tæknilegri annmarkar eða neinir slíkir annmarkar í veg fyrir að hægt sé að koma þessu máli í höfn. Hér er hægt nánast með einni ákvörðun á einum tíma að koma upp grænum símanúmerum víða og draga þannig úr mismunandi símakostnaði íbúa landsins eins og málum er háttað í dag.

Ég vil í þessu sambandi enn fremur segja að athygli mín hefur verið vakin á því að ein ríkisstofnun, Veðurstofa Íslands, hefur nokkrar tekjur af að selja út þjónustu sem fram fer í gegnum svokölluð græn símanúmer. Með þessari þáltill. yrði engin breyting á þeim möguleika Veðurstofunnar að afla sér sértekna. Hér er eingöngu verið að tala um að jafna símakostnað og það hefur að sjálfsögðu engin áhrif á það þó tilteknar stofnanir afli sér sértekna með þeim hætti sem Veðurstofa Íslands gerir.

Að svo mæltu, virðulegur forseti, lýk ég máli mínu og legg til að að lokinni þessari umræðu fari þáltill. til hv. samgn. og 2. umr.

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með heilbrigði og hollustu innfluttra landbúnaðarvara, 375. mál, fsp. JHelg, þskj. 571.

Viðræður ríkisins og BSRB, 376. mál, fsp. KÁ, þskj. 572.

[14:58]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég held að hér sé mjög gott mál tekið til umfjöllunar, vel unnið og skoðað. Og ég held að það hljóti að vera eðlileg krafa að svonefnd græn símanúmer gildi fyrir alla landsmenn að stofnunum ríkisins. Í greinargerð flm. kemur fram að landsbyggðarmenn þurfa af augljósum ástæðum að nota langlínusamtöl meira en 91-svæðið, sem ég nefni svo, vegna samskipta við ríkifyrirtækin. Núna eru á milli 70 og 80 græn númer, ég held reyndar að fyrirtækin sem hafa græn númer séu fleiri en 73. En ég vil einnig vekja athygli á því að það er oft æðimikið álag á þessum númerum og vont að ná sambandi. Þannig að landsbyggðarmenn guggna oft á biðinni og nota dýrari kostinn sem þeir venjulega eiga möguleika á.

Frú forseti. Ég vil nálgast þetta mál með flm. en tel þó að ekkert réttlæti ríki í þessu máli fyrr en ein gjaldskrá gildir fyrir allt landið í raun. Á ýmsum sviðum er mikið misrétti á milli landsbyggðar og þéttbýlissvæða. Nefna má t.d. atkvæðavægið þar sem misrétti er á þann veg að það hallar á þéttbýlissvæði Reykjavíkur og

Reykjaness. En í flestum öðrum málum hallar þó á landsbyggðina. Ég vil bara nefna nokkur atriði eins og vöruverð. Það er svo gífurlegur mismunur á vöruverði á Reykjavíkursvæðinu og svo á hinum ýmsu stöðum að það er ástæða til að skoða óréttlætið þar. Orkuverð er margfalt sums staðar á landsbyggðinni á móti því sem gerist á þéttbýlissvæðinu umhverfis og í Reykjavík. Sama má segja um samgöngur og fleira.

Ég lýsi að öðru leyti ánægju með framsetningu þessa máls sem er mál jafnaðar og réttlætis. En eins og fram kemur í mínu máli þá tel ég fyrst nóg að gert þegar jafnrétti ríkir um kostnað á notkun síma. Það er ljóst að kostnaður fyrirtækja og einstaklinga á landsbyggðinni er miklu meiri en fólks í þéttbýlinu á höfuðborgarsvæðinu. Þetta þarf að laga, virðulegur forseti.

[15:01]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Frú forseti. Ég vil einungis í mjög stuttu máli lýsa eindregnum stuðningi mínum við þessa tillögu sem hér er flutt af hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni ásamt nokkrum öðrum sem hann veitir forustu í þessu máli eins og reyndar fleiri málum þó þau mættu jafnframt vera nokkuð fleiri sem hann hefur forustu fyrir í sínum þingflokki.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi eftir því sem hægt er að reyna að jafna aðstöðu manna og láta ekki búsetu valda skilum þar í milli. Það má gera með ýmsum hætti. Ég er t.d. eindregið þeirrar skoðunar að ein leið til þess sé sú að flytja ríkisstofnanir út á land. Eins og fram hefur komið hef ég þegar hafið slíkan flutning og er ekki séð fyrir endann á honum enn þá. Ég vil jafnframt að það komi fram, frú forseti, að í tilefni af þáltill. þá var mín athygli sem umhvrh. vakin á því að þarna gætu ráðherrar látið til sín taka til að jafna þennan aðstöðumun. Nú þegar hafa tvær af þeim stofnunum sem eru undir umhvrn., þ.e. bæði Veðurstofan og Skipulag ríkisins, græn númer. En ég tel rétt að það komi fram við þessa umræðu að eftir að þessi tillaga kom fram og vakti þar með athygli mína á þessu þarfa máli þá hef ég sem umhvrh. ákveðið að ráðuneytið taki upp grænt númer og jafnframt hef ég beint því til allra þeirra stofnana sem eru undir umhvrn. að yfirmenn þeirra hlutist til um það að sem allra fyrst verði tekin upp græn númer á þessum stofnunum. Þannig að segja má að þessi þáltill. hafi þegar látið nokkuð gott af sér leiða.

[15:03]

Flm. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 4. þm. Vesturl. og hæstv. umhvrh. fyrir afar jákvæðar undirtektir við mál mitt og þá þáltill. sem hér hefur verið lögð fram og mælt fyrir. Sérstaklega hlýt ég þó að fagna þeirri tímamótayfirlýsingu hæstv. umhvrh. að hann hafi nú þegar í kjölfarið á þessari þáltill. ákveðið að setja upp græn símanúmer í ráðuneyti sínu og beint því til yfirmanna stofnana sem heyra undir umhvrn. að fara að því fordæmi. Þetta sýnir að í öllum þeim málum sem hæstv. umhvrh. tekur sér fyrir hendur er hann maður vaskur og ég get vel látið það koma fram að eftir því er tekið í málum sem hæstv. ráðherra veitir forustu og ferst jafnan vel úr hendi eins og mörg ágæt tilþrif hans hafa sýnt og sannað á hans stutta en ágæta og farsæla ráðherraferli.

Ég vil líka taka undir það sem hv. 4. þm. Vesturl. sagði áðan að hér er um að ræða áfanga á langri leið til að jafna kostnað fólks sem býr úti á landi. Við vitum það, eins og kom fram í máli hv. þm. Gísla S. Einarssonar, að kostnaður af ýmissi vöru og þjónustu, orkukostnaður og þess háttar, er hærri og þyngri fyrir fólk á landsbyggðinni en hér á höfuðborgarsvæðinu af ýmsum ástæðum sem oft hafa verið ræddar í þingsölum. Þess vegna er það mikilvægt að við reynum að hrinda því hvarvetna í framkvæmd þar sem við getum komið því við að jafna þennan kostnað og alveg sérstaklega þegar hægt er að beita ráðum sem kosta jafnlítið, þurfa jafnlítinn tæknilegan undirbúningstíma og unnt er að gera með jafnskjótum hætti og hér er verið að leggja til.

Þetta er í sjálfu sér kannski ekki stórmál en þetta er kannski táknrænt mál um ákveðinn vilja framkvæmdarvaldsins til að standa að því að jafna lífskjörin í landinu á milli dreifbýlis og þéttbýlis sem vonandi gæti síðan orðið fordæmi í ýmsum öðrum málum. Það er út af fyrir sig rétt sem hv. þm. sagði að æskilegt væri ef hægt væri að ganga lengra. En það má hins vegar ekki verða til þess, og ég veit að hv. þm. meinti það ekki, að það dragi úr því að við tökum þau skref sem fær eru og fljótlegust í málum af þessu taginu sem hér er verið að fjalla um.

Það þarf í sjálfu sér ekki að hafa mörg orð um þetta mál. Það liggur afar vel og ljóst fyrir. Þetta er einfalt mál í sjálfu sér og krefst í sjálfu sér ekki mjög mikillar athugunar við eftir að á það hefur verið bent. Ég hygg að það sé með marga svo sem hæstv. umhvrh. að menn hafi kannski ekki gert sér grein fyrir þeim tæknilegu möguleikum sem í þessu gætu falist. Ég held hins vegar að hæstv. umhvrh. muni hafa af því mikinn sóma að hafa orðið fyrstur ráðherra til að taka upp merkið. Ég þakka honum og öðrum sem hafa tekið undir þetta mál fyrir þeirra viðtökur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraða, 1. umr.

Frv. SvG, 232. mál (íbúðir fyrir aldraða). — Þskj. 260.

[15:07]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 260 flyt ég frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra. Þetta frv. hefur legið fyrir þinginu í nokkra mánuði og gengur út á það að setja inn í lögin um málefni aldraðra ákvæði um að ekki megi selja íbúðir fyrir aldraða og auglýsa öðruvísi en að þær séu fyrir aldraða.

Það hefur nefnilega verið vandi okkar Reykvíkinga og ekki síst aldraðra Reykvíkinga í seinni tíð að menn

hafa verið að reisa hér íbúðir í verulegum mæli, kalla þær og selja sem íbúðir fyrir aldraða en þegar upp er staðið þá eru þær ekkert fyrir aldraða frekar en aðra.

Frv. er bara tvær greinar. Þar er seinni greinin svona, með leyfi forseta:

„Óheimilt er í auglýsingum, sölumennsku eða kynningu að nota heiti úr lögum þessum yfir þá þjónustu sem ætlunin er að veita nema að fengnu samþykki samstarfsnefndar um málefni aldraðra."

Af tilefni þessa máls og umræðunni um það flyt ég þetta frv.

Sl. sumar birtist skýrsla um málefni aldraðra á vegum hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur þar sem segir svo, með leyfi forseta: „Rúmlega 76% þeirra íbúða sem komu til athugunar voru byggðar samkvæmt samningi milli framkvæmdaaðila og verktaka. Líklegt má telja að þetta hlutfall sé í samræmi við það sem algengast er á þessum íbúðamarkaði enda eru lóðaúthlutanir sveitarfélaga stundum háðar viðskiptum við ákveðinn verktaka. Flest bendir til að byggingarkostnaður sé lægri í þeim tilvikum þegar útboð framkvæmda hefur verið látið ráða varðandi val á verktaka." — Kemur okkur ekki á óvart. — Síðan segir: „Athyglisvert er í þessu sambandi, svo dæmi sé tekið, að Reykjavíkurborg hefur við úthlutun lóða sett hömlur á að útboð gætu átt sér stað. Þannig hafa þau félög í Reykjavík sem byggt hafa flestar íbúðir fyrir aldraða, Félag eldri borgara og byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra, búið við þessi skilyrði. Sami byggingaraðili hefur byggt allar íbúðir aldraðra á vegum Félags eldri borgara. Lóðaúthlutanir til félagsins hafa verið skilyrtar því að ákveðið byggingarfyrirtæki annist framkvæmdir og því hefur Félag eldri borgara ekki átt kost á því að leita tilboða eða bjóða út verkin."

Hér er sagt í skýrslu frá hæstv. félmrh. núv. ríkisstjórnar að borgin hafi skilyrt lóðaúthlutanir með því að ákveðinn byggingaraðili fengi lóðirnar. Við þekkjum það hér í þessu kjördæmi sem við erum stödd í að borgarstjórnarmeirihlutinn í Reykjavík hefur gengið býsna hart fram í því að tryggja þessar lóðir íbúða fyrir aldraða ákveðnum byggingaraðilum. Þar ber að nefna í fyrsta lagi fyrirtækið Ármannsfell og í öðru lagi fyrirtækið Gunnar og Gylfi. Þessi fyrirtæki hafa byggt flestallar þær íbúðir sem hafa verið reistar fyrir aldraða og kallaðar eru fyrir aldraða í Reykjavík á undanförnum árum.

Þetta er gagnrýnt í skýrslu frá sjálfum núv. hæstv. félmrh. Spurningin er þá sú: Er hæstv. heilbrrh. úr sama stjórnarflokki tilbúinn til að breyta lögunum þannig að það verði bannað að plata gamla fólkið með þeim hætti sem gert hefur verið í Reykjavík skipulega, bannað að plata gamla fólkið? — Starfandi heilbrrh. stendur út við dyr en sá sem er með bréfið var hins vegar að koma til landsins rétt áðan þannig að það er spurning hvernig þetta stendur nákvæmlega þessa stundina. — En staðreyndin er sú að það er náttúrlega alveg ofboðslegt til þess að vita hvernig neyðin í húsnæðismálum gamals fólks í Reykjavík hefur verið notuð til að framleiða íbúðir fyrir aldraða í stórum stíl án þess að um væri að ræða sérstaka þjónustu fyrir gamalt fólk eins og kunnugt er.

Nefnd sem hæstv. félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir, skipaði á sínum tíma skilaði tillögum í mars 1991 um fimm ára framkvæmdaáætlun í húsnæðismálum aldraðra. Nefndin lagði til að byggðar yrðu rúmlega 2.400 þjónustuíbúðir fyrir aldraða á næstu fimm árum eða tæplega 500 íbúðir á ári. Tillögurnar voru gerðar með það í huga að sem stærstur hluti væntanlegra íbúða yrði fjármagnaður af eigendum. Miðað var við að eldri borgarar þyrftu sem minnst sjálfir að stofna til langtímalána en gætu notað arðinn af sínu lífsstarfi til að tryggja sér öryggi og þjónustu á efri árum. Tillögurnar voru hugsaðar sem rammi til viðmiðunar fyrir félmrn., Húsnæðisstofnun ríkisins og sveitarfélög. Í kjölfarið fylgdi m.a. nokkuð öflugt kynningarátak. Þess ber að geta að þessi skýrsla kom út fyrir síðustu alþingiskosningar.

Hins vegar virðist það vera svo, eins og áður hefur komið fram, að stjórnvöld hafa hvorki haft eftirlit með né yfirsýn yfir þær framkvæmdir sem á eftir fylgdu samkvæmt þessu átaki. Þannig er t.d. ekki um það deilt að talsverð brögð hafa verið að því að verktakar hafa auglýst til sölu íbúðir fyrir aldraða án þess að þær væru með einum eða öðrum hætti tengdar þjónustu fyrir aldraða. Það eina sem þessar íbúðir hafa hugsanlega haft fram yfir íbúðir á almennum markaði er að þeim fylgir almennt stór og rúmgóð sameign.

Þegar þetta er haft í huga er sláandi að ein skýrasta niðurstaða starfshóps sem kannaði byggingarkostnað íbúða fyrir aldraða, og ég gat um áðan og birt er sem fskj. með frv. þessu, er að byggingarkostnaður þessara íbúða fyrir aldraða er almennt miklu hærri en þegar um er að ræða byggingu íbúða á hinum almenna markaði. Þá má nefna að við samanburð á byggingarkostnaði íbúða aldraðra annars vegar og félagslegra íbúða hins vegar kemur í ljós að íbúðir aldraðra eru um 35% dýrari að meðaltali þegar miðað er við flatarmál séreignar en 21% dýrari ef miðað er við heildarflatarmál. Hins vegar kemur fram í þessari skýrslu að miðað við stærri sameignir í sambýlishúsum aldraðra megi telja eðlilegt að kostnaður sé um 5% hærri en á venjulegum íbúðum. Fyrir liggur að margir eru í raun að ráðstafa afrakstri ævistarfs síns við kaup á slíku húsnæði og því er átakanlegt til þess að vita að slík íbúðaskipti leiði til aukinna útgjalda án þess að hinum öldruðu sé jafnframt tryggður aðgangur að lágmarksþjónustu.

Ég ætla ekki í þessari ræðu minni, virðulegi forseti, að dvelja við hinn óeðlilega mikla kostnað sem hér hefur verið nefndur né heldur orsakir hans heldur bendi ég á að frv. er ætlað að tryggja að þegar íbúðir fyrir aldraða eru byggðar þá sé það einungis gert í tengslum við þjónustuhúsnæði fyrir aldraða. Þessi tillaga er í samræmi við eina meginniðurstöðu skýrslu hæstv. félmrh., þ.e. að áður en hafist sé handa um framkvæmdir sé ljóst hvaða þjónusta eigi að vera til staðar fyrir íbúana. Þeir sem hafa fjallað um málefni aldraðra hafa oft orðið fyrir vonbrigðum í þessum efni þegar risið hafa stórhýsi kölluð fyrir aldraða án þess að íbúarnir hafi aðgang að nokkurri sérstakri þjónustu þar.

Þannig má nefna dæmi um stórhýsi á horni Lindargötu og Vitastígs hér í borg og við Dalbraut. Fleiri dæmi mætti nefna og hef ég aflað mér um það gagna frá Sveini Ragnarssyni, félagsmálastjóra Reykjavíkur, þar sem farið er rækilega yfir söluíbúðir fyrir aldraða sem svo eru kallaðar í Reykjavík. Þetta er skýrsla frá félagsmálastjóranum upp á allmargra síður þar sem þessar íbúðir eru taldar upp nokkuð nákvæmlega. Þær eru á 11 stöðum í borginni. Við Hjallasel, Vesturgötu 7, Akraland 1–3, Bólstaðarhlíð 41–45, Dalbraut, Aflagranda, Grandaveg, Skúlagötu, Hraunbæ, Hvassaleiti, Efstaleiti, Miðleiti, Hæðargarð, íbúðir við Lindargötu, íbúðir við Sléttuveg, íbúðir við Jökulgrunn, íbúðir við Snorrabraut 56, í Sólvogi, íbúðir við Suðurgötu og íbúðir í Suður-Mjódd á vegum Félags eldri borgara.

Hér er sem sagt um að ræða geysilega mikla starfsemi og það hefur verið varið hundruðum milljóna króna, hæstv. forseti, í þessi verkefni á undanförnum árum. Gamalt fólk hefur keypt þessar íbúðir í trausti þess að það fengi í tengslum við íbúðirnar betri þjónustu en ella væri kostur á. Þetta fólk hefur eignast þessar íbúðir með því að selja íbúðir eða hús sem það hefur átt. Það hefur selt íbúðir sínar og í rauninni keypt þessar nýju íbúðir á geysilega háu verði, langt umfram hinn almenna byggingarkostnað eins og hann hefur verið og fram kemur í skýrslu hæstv. félmrh. Gamalt fólk setur sig oft í stórkostlegar skuldir ofan á allt annað til þess að tryggja sér þessar íbúðir og stendur svo frammi fyrir því eftir að það er komið inn að það getur í raun og veru ekki fengið neina sérstaka þjónustu. Og ég segi alveg eins og er, virðulegi forseti, það á ekki að hafa lög landsins þannig úr garði gerð að þau opni smugur til þess að — ég leyfi mér að segja — ósvífnir aðilar geti blekkt gamalt fólk inn í húsnæði með þeim hætti sem hér hefur átt sér stað.

Þess vegna er þetta frv. flutt. Ef það nær fram að ganga þá er mælt fyrir um að í fyrsta lagi verði tryggt að í sjálfseignar-, leigu- og búseturéttaríbúðum fyrir aldraða verði völ á fullkominni þjónustu í húsnæðinu sjálfu en ekki einhvers staðar í nágrenni þess. Með því er átt við t.d. vörslu allan sólarhringinn, öryggiskerfi í hverri íbúð, þjónustu á borð við mat, þvott, þrif og félagsþjónustu. Þá skal vera þar til staðar læknishjálp eða tengsl við læknishjálp, hjúkrun og endurhæfingu.

Þá verður í öðru lagi, ef þetta frv. verður samþykkt, og það er ekki síður mikilvægt, tryggt að ekki yrði heimilt að auglýsa eða kynna með neinum hætti íbúðir sérstaklega ætlaðar öldruðum nema að fengnu samþykki samstarfsnefndar um málefni aldraðra. Þannig er hér annars vegar verið að hnykkja á því hvaða þjónusta eigi að vera í sjálfseignaríbúðum fyrir aldraða og í öðru lagi á að vera tryggt að verktökum verði gert skylt að leita leyfis samstarfsnefndar um málefni aldraðra áður en þeir auglýsa íbúðir sem íbúðir fyrir aldraða. Með þessum hætti vinnst í raun tvennt: Komið er í veg fyrir að aldraðir séu ginntir til að kaupa venjulegt húsnæði á okurverði undir því yfirskini að það hafi eitthvað fram yfir annað húsnæði og um leið gefst samstarfsnefnd um málefni aldraðra tækifæri til að fylgjast með öllum framkvæmdum á þessum vettvangi og fá þannig heildaryfirsýn yfir þær. Þeir sem vinna að þessum málum hafa talið að slíka yfirsýn hafi skort til þessa.

Ég hef satt að segja hreyft þessu máli áður í þessari virðulegu stofnun, hæstv. forseti. Það gerði ég á síðasta þingi. Ég nefndi þessa hugmynd í umræðum um málefni aldraðra nokkuð oft við hæstv. páv. heilbrrh. Sighvat Björgvinsson og hann tók þessum hugmyndum mjög vel. Hann sagðist telja eðlilegt að það yrðu settar reglur í þessum efnum. Ég benti honum þá á að það mætti setja ákvæði um þetta í reglugerð. Það þyrfti í raun og veru ekki sérstök lagaákvæði. Hann viðurkenndi að svo væri og ég taldi að málið væri á ágætum rekspöl. Síðan urðu ráðherraskipti og þegar ég sá síðan listann yfir mál frá heilbrrn. sl. haust sá ég ekki breytingu á lögum um málefni aldraðra. Þá sýndist mér að menn hefðu af einhverjum ástæðum hætt við þetta, gleymt því eða af einhverjum öðrum ástæðum ákveðið að flytja ekki frv. um málið og þess vegna ákvað ég að flytja þetta mál með þeim hætti sem ég hef hér gert. Ég vona, hæstv. forseti, að allir þingmenn viðurkenni að hér er um almennt sanngirnismál að ræða og við eigum að búa lög landsins þannig úr garði að menn geti ekki leikið sér að því að blekkja gamalt fólk þegar það er að reyna að uppfylla jafnfrumstæðar þarfir og þær að hafa þak yfir höfuðið á síðustu æviárum sínum.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[15:21]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil leyfa mér að lýsa stuðningi við þetta frv. Ég held að það sé fyllilega tímabært og fullkomin ástæða til þess að leiða ákvæði þess í lög.

Ég hef frétt af húsnæðisskorti í Reykjavík fyrir fólk sem er í vandræðum vegna ellihrumleika. Þar af leiðandi get ég með glöðu geði stutt 1. gr., en þó vil ég sérlega leggja áherslu á 2. gr. þessa frv., þ.e. að óheimilt sé í auglýsingum, sölumennsku eða kynningu að nota heiti úr lögum þessum yfir þá þjónustu sem ætlunin er að veita nema að fengnu samþykki samstarfsnefndar um málefni aldraðra.

Þessu frv. fylgir niðurstaða starfshóps á vegum félmrn. frá júlí 1993 og þar kemur ýmislegt athyglisvert fram. Reyndar þurfti ekki þennan starfshóp eða niðurstöðu hans til að menn sæju hvert stefndi því flestir Íslendingar, vil ég meina, hafa lent í því að einhver þeim nákomin eða kunnugur, aldraður íbúi í Reykjavík, hafi lent í klónum á þeim gæðingum sem virðast hafa einkaleyfi til að byggja í borginni íbúðir sem þeir selja síðan öldruðum.

Það er óskaplegt að horfa upp á það hvernig gæðingum Sjálfstfl., tveimur fyrirtækjum í borginni, hefur verið sleppt á gamla fólkið. Í gamla daga fengu ribbaldar stundum heimild hjá konungum til þess að hafa land til skattheimtu. Það nægir að vitna í Heimskringlu. Þá fengu stundum ribbaldar leyfi hjá Noregskonungi til þess að fara norður á bóginn og kúga þá sem þar bjuggu og taka af þeim skatt. Þetta er

með öðru móti núna. Íhaldið í Reykjavík hefur komið sér upp tveimur einkavinafyrirtækjum, Ármannsfelli og Gunnari og Gylfa, og aðrir fá ekki lóðir. Það er sannanlegt að samtökum eldri borgara hefur verið hótað að þau fengju ekki lóð nema þau semdu við tiltekna aðila um að byggja á henni. Þessi byggingarfélög hafa haft algjöran forgang og þau hafa byggt og selt ákaflega dýrt. Við þekkjum dæmi þess að fólk hefur verið að láta stóreflis einbýlishús og þau hafa ekki dugað fyrir lítilli íbúð í þessum blokkum. Svo eru þetta kallaðar öldrunaríbúðir þó sú þjónusta sem þar til heyrir sé með engu móti á vegum byggingaraðilanna heldur rekin af Reykjavíkurborg og íbúar þessara íbúða eigi ekkert frekar aðgang að þessari félagslegu þjónustu á vegum borgarinnar en aðrir íbúar í borginni.

Það hefur vakið athygli mína og reyndar nokkra umhugsun hvernig fáeinir verktakar á suðvesturhorninu hafa komið ár sinni fyrir borð. Það er umhugsunarvert þegar sveitarstjórnarkosningar nálgast að horfa á hvernig þeir hafa hreiðrað um sig. Ég nefni Hafnarfjörð. Þar hefur Jóhann Bergþórsson verið merkisberi Sjálfstfl., að vísu var hann aðeins lækkaður í tign síðast, einn umsvifamesti verktaki landsins. Í Kópavogi er á oddi hjá sjálfstæðismönnum annar mikilfenglegur verktaki, Gunnar Birgisson. Í Mosfellsbæ er nú aldeilis verktaki á ferðinni. Í Reykjavík hefur íhaldið að vísu ekki boðið fram þessa einkavini heldur koma þeir með öðrum hætti væntanlega inn í flokksstarfið en þar eru aðrir menn til að skaffa þeim lóðirnar og það er sannarlega gert.

Í niðurstöðum starfshópsins segir, frú forseti: „Samkvæmt athugun starfshópsins eru íbúðir fyrir aldraða dýrari en íbúðir í félagslega kerfinu." — Síðan segir: „Niðurstöður úttektar starfshópsins sýna að verðmunur á íbúðum fyrir aldraða getur verið töluvert mikill. Erfitt er að greina nákvæmlega ástæður verðmunar og sanna hvort ástæðan sé slakur undirbúningur eða of há verðlagning."

Ég held því fram að það sé nauðsynlegt að samþykkja þetta frv. og mæli sterklega með því og held að það geti verið einn þáttur í að slá á þá gegndarlausu spillingu sem þróast hefur í skjóli Sjálfstfl. þar sem hann kemst til áhrifa, hvort heldur er í sveitarstjórn, eins og í þessu tilfelli, ellegar í landsstjórninni.

[15:28]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Páll Pétursson taldi hér upp mjög marga ágalla á núverandi kerfi sem gildir um byggingar aldraða og kenndi vitaskuld Sjálfstfl. um alla þessa ágalla. Ég vil aðeins spyrja: Ef kerfið er svona meingallað eins og hann heldur fram telur hann þá ekki að þetta frv., sem hér liggur fyrir, nái of skammt til þess að setja undir alla þá leka sem hann taldi upp í sinni ræðu?

[15:29]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er misskilningur hjá hæstv. utanrrh. að ég hafi haldið því fram (**Umhvrh.:** Nú er ég að hækka í tign.) — umhvrh. Ég vildi gjarnan að hæstv. umhvrh. yfirtæki utanrrn. líka. Ég er alveg sannfærður um að það væri í betri höndum þar og ég teldi það mjög til athugunar fyrir Alþfl. að gera hæstv. umhvrh. að utanrrh. Þetta er bara „freudísk" tilhneiging hjá mér eða líklega forspá að hækka hæstv. umhvrh. í tign. Þetta hefur reyndar komið fyrir mig áður og ég tel að það beri vitni um það að einhvern tímann á næstu öld verði hæstv. umhvrh. utanrrh. Íslands. En ég vonast eftir að hann verði ekki ráðherra næsta kjörtímabil.

En það var ekki þetta sem ég ætlaði að segja í andsvari mínu heldur það að auðvitað þarf kerfið endurbóta við. Það sem ég var að gagnrýna fyrst og fremst er það hvernig það hefur verið notað, hvernig spilltir stjórnendur hafa afskræmt þetta kerfi. Það þarf ekki að koma neitt við hjartað í hæstv. umhvrh. að ég hafi verið að agnúast út í hæstv. félmrh. sem ber ábyrgð á þessum málaflokki. En ég tel sem sagt að það hafi verið notuð óeðlileg vinnubrögð í meðferð á öldruðum. Það er ekki kerfinu að kenna heldur vegna þess að hlutaðeigandi gæðingum hefur verið sleppt á gamla fólkið.

[15:31]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að hér sé hreyft mjög þörfu máli sem þurfi skoðunar við og sé ástæða til að skoða gaumgæfilega því það vita allir sem hafa eitthvað kynnt sér þjónustu við aldraða í sveitarfélögunum og ekki síst í Reykjavík að það er talsvert mikið selt af íbúðum í borginni sem eru auglýstar og kallaðar söluíbúðir fyrir aldraða sem standa engan veginn undir nafni og þær hafa aldrei gert það. Þetta er ekkert nýtilkomið. Það var byrjað á því 1986 að byggja slíkar íbúðir og þá þegar komu fram varnaðarorð, m.a. í félagsmálaráði Reykjavíkurborgar, að það væri ansi hæpið að þessar íbúðir stæðu undir nafni og hugsanlegt að það væri verið að selja öldruðu fólki falskt öryggi með því að auglýsa þær svona.

Reykjavíkurborg átti að vissu leyti hlut þar að máli því hún hafði samstarf m.a. við Samtök aldraðra og líka Verslunarmannafélag Reykjavíkur. Það var kannski Verslunarmannafélag Reykjavíkur sem reið á vaðið með að byggja söluíbúðir fyrir aldraða og Reykjavíkurborg lagði til þjónustukjarna í þeirri blokk sem átti að vera ætlaður öllum íbúum í því hverfi. Þar er þjónustumiðstöð fyrir aldraða núna í Háleitis- og Hvassleitishverfi. Auðvitað þjónar hún ekki bara íbúunum í þessu húsi heldur í hverfinu öllu. Margir stóðu hins vegar í þeirri trú þegar þeir keyptu íbúðir bæði þar, í Bólstaðarhlíðinni, Aflagranda og víðar þar sem slíkar íbúðir hafa verið byggðar, að ef eitthvað kæmi upp á þá væru þeir með einhverjum hætti betur settir í þessum húsum en ef þeir væru í sínum íbúðum úti í bæ. Sú hefur ekki orðið raunin. Fólk sem býr í þessum íbúðum á náttúrlega engu meiri rétt en hver annar Reykvíkingur sem býr í sinni íbúð úti í bæ því þjónustan sem rekin er þarna er ætluð öllum Reykvíkingum án tillits til búsetu. Þessir íbúar hafa því ekki notið þjónustu umfram aðra og oft og tíðum verið að kaupa sér falskt öryggi, komist síðan að því þegar þeir verða las-

burða og þurfa verulega þjónustu að þeir þurfi að flytja sig um set og hafa ekki þá umönnun sem þeir þurfa á að halda.

Það er því full ástæða til þess að stíga varlega til jarðar í þessum málum þegar kemur að því að auglýsa og markaðssetja svokallaðar sérhannaðar íbúðir fyrir aldraða.

Í þessu máli er reyndar sérkapítuli sem aðeins hefur verið gerður að umtalsefni og það er hvernig Reykjavíkurborg hefur staðið að málum þegar hún hefur skikkað félög sem ætla sér að byggja slíkar íbúðir, ég nefni t.d. Bústaðahverfið þar sem átti að fara að byggja íbúðir fyrir aldraða og var það aðallega sóknin sem var að vinna að því máli. Félagið var í rauninni skikkað til að taka tiltekinn verktaka sem í því tilviki var, ef ég man rétt, Ármannsfell. Að öðrum kosti fengju þeir ekki lóðina á þessum stað nema þau ynnu það verk í samvinnu við Ármannsfell. Það var, held ég, útskýrt með þeim hætti að Ármannsfell væri líka búið að sækja um lóð fyrir séríbúðir fyrir aldraða og þessum tveimur aðilum væri þarna stefnt saman.

Þetta fyrirkomulag er andstætt þeirri stefnumörkun sem uppi hefur verið, ef ég tek bara ríkið, að það eigi að bjóða út sem flestar framkvæmdir og það eigi að vera mjög vel skilgreint útboð sem flestum eigi að gefast kostur á að taka þátt í og þannig sé hægt að ná niður verði. Þetta er auðvitað ekki síst mikilvægt á tímum eins og eru núna þegar kreppir að og eðlilegt að menn fái að keppa um þessi verk sem í boði eru.

Það er auðvitað sérstakt að þessi mál hjá Reykjavíkurborg hafa verið gerð að sérstöku umtalsefni í skýrslu sem unnin er á vegum félmrn. og hv. flm. þessa máls, Svavar Gestsson, gerði að umtalsefni hér áðan. Þar segir: „Þannig hafa þau félög í Reykjavík sem byggt hafa flestar íbúðir fyrir aldraða, Félag eldri borgara og byggingarsamvinnufélagið Samtök aldraðra, búið við þessi skilyrði" — þ.e. að það væru settar á þau ákveðnar hömlur. — „Sami byggingaraðili hefur byggt allar íbúðir aldraðra á vegum Félags eldri borgara. Lóðaúthlutanir til félagsins hafa verið skilyrtar því að ákveðið byggingarfyrirtæki annist framkvæmdir og því hefur Félag eldri borgara ekki átt þess kost að leita tilboða eða bjóða út verkin."

Það er auðvitað algerlega óviðunandi að unnið sé með þessum hætti og það sýnir manni hvað stórir verktakar hafa komið ár sinni vel fyrir borð í sveitarstjórnarmálum. Það er auðvitað ekki bara í Reykjavík, þetta á líka við í Hafnarfirði, eins og hér hefur verið bent á, Kópavogi og víðar. Þetta er alþekkt fyrirbrigði, ekki bara hér á landi heldur úti um allan heim, að verktakar reyna gjarnan að koma ár sinni vel fyrir borð í bæjarfélögum til að tryggja sinn hlut. Við sjáum þetta mjög skýrt hér á Íslandi eins og annars staðar.

En einn liður í þessu máli sem er kannski umhugsunarverður er hversu gífurleg bólga, getum við sagt, hefur verið í þessum byggingum. Þannig segir í þessari skýrslu frá félmrn. að á árabilinu 1987–1992 megi ætla að rúmlega 2.000 íbúðir fyrir aldraða hafi verið byggðar eða séu í byggingu. Þorri þess fólks sem keypt hefur þessar íbúðir átti sínar eigin íbúðir fyrir og kannski skuldlausar. Þetta fólk fór inn í húsnæðislánakerfið, fékk þar lán til 40 ára með tiltölulega lágum vöxtum, innan við 4% vöxtum meðan almenna húsnæðislánakerfið var við lýði, en þarf núna að sækja inn í húsbréfakerfið. Þarna er í rauninni um endurfjármögnun að ræða, eða hvað eigum við að segja, það er í rauninni ný skuldsetning. Fólk sem er meira og minna skuldlaust tekur þarna talsverð lán og skuldsetur sig upp á nýtt. Það er kannski ekkert við því að segja. Þetta hefur í ákveðnum tilvikum orðið þess valdandi að fólkið hefur haft meira fé á milli handanna til þess að reka heimili sín eða gera sér dagamun eða annað slíkt og ekkert nema gott um það að segja, því ekki eru nú ellilaunin og tekjutryggingin neitt til að hrópa húrra fyrir. Hins vegar er þetta auðvitað partur af því vandamáli sem við er að etja í íslensku samfélagi í dag, þ.e. þessi mikla skuldsetning sem hér hefur verið, sem hefur aukist alveg gífurlega á síðastliðnum tíu árum. Ef ég man rétt þá nálgast það fjórföldun eða eitthvað álíka á kannski aðeins ríflega tíu árum. En samt sem áður þá er hún gífurlega mikil. Og þetta er auðvitað partur af þessum vanda að það skuli vera beinlínis stefnt að því og unnið að því í gegnum bankakerfið og húsnæðislánakerfið að fólk sem á skuldlausar íbúðir fyrir fari beinlínis að skuldsetja sig fyrir nýjum íbúðum. Og eins og ég segi, það er ekki við þetta fólk að sakast sem kaupir sér þessar íbúðir. Það trúir því að það sé að fá ákveðið öryggi sem í mörgum tilvikum er falskt. Það kemst í hentugri íbúðir í húsum sem eru með lyftum, ef það hefur búið við óhagstæð skilyrði og oft eru þessar íbúðir þannig úr garði gerðar að það er auðvelt að fara um þær í hjólastól. Þannig að þetta fólk er auðvitað að sækja þarna í ákveðna hluti sem eru mjög eðlilegir.

En eins og ég segi, mér finnst ástæða til þess að skoða þetta frv. gaumgæfilega og að þarna sé hreyft þörfu máli og það þurfi með einhverjum hætti að koma í veg fyrir að það séu beinlínis gefnar villandi og rangar upplýsingar í fasteignaauglýsingu þegar verið er að selja fólki sérhannaðar íbúðir, kannski svolítið undir því yfirskini að það fái þar eitthvert öryggi sem síðan er ekki til staðar.

[15:39]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þær umræður sem hér hafa farið fram um þetta mál, bæði eindregin stuðning sem fram hefur komið í ræðum þeirra hv. 1. þm. Norðurl. v. og hv. 10. þm. Reykv. og einnig enn þá ítarlegri rök fyrir nauðsyn málsins sem þau hafa bæði bætt við með ágætum og fróðlegum ræðum sínum.

Ég geri ráð fyrir því að hér sé um að ræða það sem kalla megi almennt sanngirnismál og ég reikna með því að í rauninni geti flestir eða allir fallist á þau sjónarmið sem hér eru flutt fram í þessu frv. Við stöndum hins vegar frammi fyrir þeim vanda að það er ekki síður hér í þessari stofnun af einhverjum ástæðum að taka mikið mark á því sem kemur frá stjórnarandstöðu á hverjum tíma. Ég verð þó að segja alveg eins og er að ég leyfi mér að gera mér þær vonir að menn taki á

þessu frv. af fullri alvöru. Ekki síst með hliðsjón af því að hér eru í salnum fulltrúar úr hv. heilbrn., stjórnarmeirihlutanum þar, þar sem a.m.k. tveir eru þingmenn Reykv. Þar á ég við hv. 13. þm. Reykv. og hv. 16. þm. Reykv., sem þekkir reyndar alveg sérstaklega vel til þessara mála aldraðra og betur heldur en við mörg önnur í þessum sal. Og ég vil eindregið fara fram á það við þau — og einnig á sæti í hv. heilbrn. hv. 10. þm. Reykv., að þetta frv. verði mjög alvarlega skoðað og samþykkt. Þetta er einfalt mál í raun og veru. Það á ekki að þurfa að mylja það mikið með sér, það á ekki að þurfa að vera að senda þetta til umsagnar út um allt þjóðfélagið. Mál af þessum toga er með þeim hætti að þetta er augljóst sanngirnismál. Ég er þá ekkert að tala um að málið sé kannski nákvæmlega eins, en í grófum dráttum sé það þannig að það verði loku fyrir það skotið að vandi gamals fólks verði féþúfa byggingarfyrirtækja svo sem verið hefur. Það er rangt sem kom fram hér í þessari umræðu að það sé hæstv. félmrh. sem í sjálfu sér beri ábyrgð á þessum málaflokki, það er í raun og veru hæstv. heilbrrh. Það er ástæða til þess að þakka hæstv. félmrh. fyrir þá skýrslu sem fylgir með þessu frv. sem fylgiskjal því þar er farið mjög rækilega yfir málin og skýrslan er í raun og veru að nokkru leyti stuðningur við þau sjónarmið sem fram koma í frv. og ýtti við mér að setja þetta frv. saman þrátt fyrir ágætar undirtektir páv. hæstv. heilbrrh. á síðasta þingi. En það er heilbrrn. sem hefur með málið að gera og þess vegna ítreka ég nausyn þess að hv. heilbr.- og trn. afgreiði málið núna í vetur. Það er alveg ástæðulaust að hafa þetta svona stundinni lengur, þetta hefur verið tóm vitleysa. Þannig að ég þakka þær ágætu undirtektir sem hér hafa komið fram, hæstv. forseti.

[15:43]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. um breytingu á lögum um málefni aldraðra er vissulega allrar athygli vert. Það er þó rétt að taka fram að nokkrar upplýsingar sem eru hér eru kannski þess eðlis að öðrum þáttum hefði mátt gefa betri gaum. Einkum t.d. sjómannasamtökunum sem hafa verið að byggja fyrir aldraða raðhús og einhverra hluta vegna ekki verið tekið inn í viðmiðun grg. frv. og mun ég koma aðeins að því á eftir.

Það sem hér hefur komið fram í máli manna varðandi þær íbúðir sem byggðar hafa verið og einkum og sér í lagi hefur hv. þm. Páll Pétursson gert það að löngu og miklu máli að í Reykjavík væri ekki við öðru að búast en að mikið íhaldsbrask ætti sér stað varðandi byggingar á íbúðum fyrir aldraða. Getur þess sérstaklega líka að það séu ákveðnir byggingabraskarar og aðilar sem fái úthlutað og síðan fái aldraðir þar aðgang að.

Að meginhluta til er þetta rangt vegna þess að Félag eldri borgara í Reykjavík hefur oftast fengið þessar lóðir úthlutaðar og síðan hefur það leitað til byggingaraðila. Það getur náttúrlega ekki verið í höndum borgaryfirvalda hverjir byggja fyrir þá aðila sem hafa fengið úthlutaðar lóðir. Þannig að ég vísa þessu máli til föðurhúsanna. Hitt er svo aftur annað mál, eins og hér var komið inn á áðan, að þessar íbúðir sem sérstaklega eru auglýstar fyrir aldraða eru kannski þess eðlis að ekki er mikill munur á þeim íbúðum sem þetta aldraða fólk flytur í og það var í áður. Kannski einkum og sér í lagi ekki annað en þröskuldarnir og þröskuldaleysið og lyftur. En yfirleitt er þó einn þáttur sem ekkert hefur verið nefndur hér en það er auðvitað hinn félagslegi þáttur sem snýr að því að þetta fólk hefur — maður er manns gaman og Reykjavíkurborg hefur yfirleitt byggt við þessi hús þjónustukjarna sem að vísu þjónar fleiri öldruðum heldur en þeim sem búa í þeim blokkum eða blokkaríbúðum sem þessi þjónustukjarni er byggður við, hann þjónar þá venjulega einhverjum ákveðnum hverfum. Og ég veit ekki betur en að því fólki sem þarna hefur flutt inn líði yfir höfuð vel. Þó eru dæmi um annað og það eru líka dæmi um að ekki hafi verið staðið að verki eins og upphaflega var lofað þegar fólk keypti. Verðlagningin er svo sér kapítuli út af fyrir sig. En einkum og sér í lagi er það kannski vegna þess hve sameiginlegt rými er stórt.

Þá kem ég að þætti sjómannasamtakanna sem hafa verið að byggja raðhús bæði í Hafnarfirði og í Reykjavík fyrir aldraða. Og varðandi þær upplýsingar sem hér hafa legið fyrir frá félmrh. þá er dálítið merkilegt að þessi vinnuhópur skyldi ekki hafa horft á þær byggingar sem sjómannasamtökin hafa byggt nú nýlega við Jökulgrunn í Reykjavík. Aðeins örfá dæmi um það.

Nettóverð í þeim fjölbýlishúsum sem byggð hafa verið að undanförnu miðað við verðlag í ágúst 1993 er eftirfarandi:

Ef litið er á t.d. Sólvog, þ.e. sérstök bygging, íbúð fyrir aldraða. Þar er nettóverð á fermetra 131 þús. kr. Íbúðir fyrir aldraða við Grandaveg, þar er nettóverð á fermetra 113 þús. kr. En ef við lítum á raðhús með bílskúr við Jökulgrunn í Reykjavík, sem byggt er af sjómannasamtökunum, þá er nettóverð þar 118 þús. kr. Það er ekki langt síðan að hér kom einn ágætur þingmaður upp í ræðustól og talaði um okurbyggingar sjómannasamtakanna. Tölulega er hér sýnt fram á að þessar byggingar, sem ég veit að hv. flm. þessa frv. sem hér er til umræðu, Svavar Gestsson, þekkir mjög vel, eru fyrsta flokks byggingar, en eru þó byggðar með þessum ódýra hætti sem ég tiltók og sakna þess að sjá ekki í greinargerð með þessu frv. Það hefði nú kannski verið eðlilegra að taka það inn. En eins og ég vildi segja, það er ekki allt sem sýnist í þessu. Það eru margar hliðar á þessu máli og ég get alveg tekið undir að þær eru til dökkar. En menn eiga þá ekki að gera þessa hlið dekkri en raun ber vitni um, vegna þess, eins og ég sagði hér áðan, að meginhluta til hefur lóðunum verið úthlutað til félagasamtaka aldraðra sem síðan hafa leitað til byggingaraðila til að byggja þessi hús í samstarfi og sitt sýnist svo hverjum hvernig á hefur verið haldið. En þar á ekki Reykjavíkurborg neinn hlut að máli með öðrum hætti en þeim að hún hefur komið að málinu til að reysa þar þjónustukjarna með því sem nauðsynlegt er talið hvað varðar hina félagslegu og þjónustulegu hlið aldraðra, með hárgreiðslustofu, fótsnyrtingu, böðum og síðast en ekki síst með mötuneyti þar sem hinir öldruðu geta fengið ódýrt fæði.

Ég vildi aðeins að gefnu tilefni, virðulegur forseti, leggja áherslu á þau verð sem ég var að nefna. Ég á ótal fleiri dæmi sem ég get borið saman við þau raðhús sem sjómannasamtökin hafa byggt og lýsti hér áðan í verðlagningu hvað nettóverð á fermetra áhrærir. Ég gæti þess vegna sýnt og látið hv. þm. Svavar Gestsson hafa afrit af þessu því ég tek undir það sem hann sagði að þetta er ekki pólitískt mál í sjálfu sér vegna þess að hér er sá hópur í borginni sem á vissulega skilið að vera gert hærra undir höfði en raun ber vitni um. Enda liggur nú fyrir heilbr.- og trn. frv. um breytingu á lögum um málefni aldraðra sem gengur út á að málefni aldraðra fái sérstaka umfjöllun í kerfi borgarinnar. Ekki á tveimur stöðum eins og nú er, í byggingarnefnd aldraðra og í Félagsmálastofnun, heldur verði eitt sérstakt öldrunarráð á vegum Reykjavíkurborgar búið til með þeirri lagasmíð.

[15:50]

Flm. (Svavar Gestsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir þátttökuna í þessum umræðum og þær ábendingar sem hann kom fram með. Ég hef í raun ekkert við þær að athuga nema að það hefur komið fram að lóðaúthlutanir til félagsins Samtaka aldraðra hafa verið skilyrtar því að ákveðið byggingarfyrirtæki annaðist framkvæmdir. Þetta liggur fyrir. Ekki aðeins í þessari skýrslu hæstv. félmrh. heldur hefur þetta komið fram í opinberum gögnum frá borgarstjórn Reykjavíkur. Þannig að það er alveg augljóst mál að því miður hafa verið þarna tiltekin tengsl á milli byggingarfyrirtækjanna og þeirra sem hafa vald á lóðaúthlutuninni, þ.e. borgarstjórn Reykjavíkur og það er ekki gott.

Það er líka rétt sem hv. þm. sagði að í meginatriðum hafa þessar íbúðir tekist vel og í megintriðum er það auðvitað þannig að meðan fólkið hefur heilsu og þarf ekki mikla þjónustu þá henta þessar íbúðir ágætlega. Staðreyndin er hins vegar sú að margt af þessu fólki hefur reiknað með meiri þjónustu en er veitt í tengslum við íbúðirnar og fólkið telur margt að það hafi verið blekkt. Og hvort sem það er rétt eða ekki þá upplifir þetta fólk það þannig að það hafi verið blekkt. Ég held að við eigum að búa þannig um hnútana að það sé ekki hægt að blekkja þetta fólk. Það er hægt að gera það með því að breyta lögum eða reglugerðum um málefni aldraðra. Ég fagna því út af fyrir sig að lögin eru til meðferðar eða frv. um breytingu á þeim í hv. heilbrn. og þá er upplagt að taka þetta mál í leiðinni því ég held að það viðurkenni það allir að hér er um almennt sanngirnismál að ræða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Slysavarnaráð, 1. umr.

Frv. LMR o.fl., 235. mál. — Þskj. 264.

[15:52]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um slysavarnaráð, en mikil samstaða hefur náðst um framlagningu frv. sem best sést á því að flutningsmenn þess eru alls 11 og úr öllum flokkum.

Í hvert skipti sem slys verður er það einu slysi fleira en það sem við vildum hafa séð. Áætla má að um einn af hverjum fimm Íslendingum verði fyrir slysi á ársgrundvelli eða 50–60 þúsund manns árlega.

Þegar slys verða hafa þau ekki einungis líkamlegar og tilfinningalegar afleiðingar hjá þolandanum, þ.e. þeim sem fyrir slysi verður, heldur einnig félagslegar afleiðingar gagnvart þolandanum og iðulega hans nánustu ættmennum. Í litlu samfélagi eins og við búum við hér snerta þessi árlegu slys nánast alla landsmenn. Allt of oft fáum við fregnir af áföllum ættingja, vina eða kunningja, áföllum sem sum hver eiga eftir að hafa ævilöng áhrif á viðkomandi og umhverfi hans. En ef við lítum burt frá líkamlegum, tilfinningalegum og félagslegum áhrifum slysa og skoðum afleiðingar út frá þjóðfélagslegum forsendum má reyna að meta fjárhagslegt áfall þjóðfélagsins og reyna að gera sér grein fyrir afleiðingum slysa út frá þeirri forsendu.

Fyrir nokkrum árum vann sú sem hér stendur fyrir umferðarþing áætlun á kostnaði vegna umferðarslysa á árinu 1989 og komst ég að þeirri niðurstöðu að á verðlagi ársins 1991 mætti áætla heildarkostnað vegna umferðarslysa eingöngu á 6. milljarð króna og það einvörðungu fyrir það ár. Ef tíðnikúrfa umferðarslysa var skoðuð á þeim tíma mátti ætla að þessi upphæð væri árlegur meðaltalskostnaður undanfarinna ára. Þessi upphæð nam á þeim tíma nokkurn veginn sömu upphæð og rekstrarskostnaður Ríkisspítala það ár.

Miðað við upplýsingar sem ég hef fengið frá Brynjólfi Mogensen, forstöðulækni á slysadeild Borgarspítalans og útreikningum hans, þá má ætla að kostnaður vegna umferðarslysa sé rúmlega helmingur heildarkostnaðar vegna slysa á hverju ári. Til viðbótar við þau persónulegu og félagslegu áföll sem slysin valda er því ekki eftir litlu að slægjast í þjóðhagslegum sparnaði þegar um er að ræða að spara af útgjaldalið sem samsvarar um 10% af ríkisútgjöldum þess árs. Þess vegna verður að grípa til mun markvissari aðgerða til slysavarna til að fækka slysum á Íslandi. Átak sem þetta er ekki nýtt af nálinni, enda segir í áætlun Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar að átak þurfi að gera gegn slysum og fækka dauðsföllum af þeirra völdum fyrir árið 2000.

Eins og á öllum öðrum sviðum er ekki unnt að grípa til markvissra aðgerða til fækkunar slysa og þar með auðvitað þjóðhagslegs sparnaðar nema hafa fullnægjandi upplýsingar fyrir hendi og á það rak ég mig illþyrmilega þegar ég vann að könnuninni á kostnaði vegna umferðarslysa. Upplýsingar voru samviskusamlega skráðar hjá Umferðarráði, en af eðlilegum ástæðum bar á þessum tíma þó ekki alveg saman upplýsingum við slysadeild Borgarspítala og enn aðrar upplýsingar fékk ég frá tryggingafélögunum þegar ég leitaði eftir upplýsingum þaðan. Þeir aðilar sem skráðu og skrá enn upplýsingar um slys miða skráningu við þær upplýsingaþarfir sem þeir innan hvers málaflokks þarfnast og sum slys eru ekki kynnt viðkomandi skrán-

ingaraðilum heldur eru eingöngu skráð á sjúkrahúsum eða heilsugæslustöðvum. Það var því augljóst að þrátt fyrir góðan vilja, áhuga og vönduð vinnubrögð þeirra sem standa að skráningu, þá vantaði samræmingu. Síðar er ég fór að skoða skráningu slysa almennt kom enn í ljós að samræmi skorti í skráningu allra slysa.

Árið 1987 skipaði þáv. heilbr.- og trmrh., Ragnhildur Helgadóttir, nefnd um varnir gegn slysum. Nefnd þessi undir forsæti Salome Þorkelsdóttur, núv. forseta Alþingis, lagði fram ákveðnar tillögur og þar var efst á lista brýn þörf á samræmdri slysaskráningu á landinu öllu. Slík skráning væri grundvöllur fyrir að hægt væri að vinna markvisst að slysavörnum almennt. Þá lagði nefndin til að lögfest yrði sérstakt slysavarnaráð.

Þrátt fyrir yfirlýstan vilja og áhuga ráðherra reyndist torsótt að koma fram forgangstillögu nefndarinnar um samræmingu slysaskráningar á landinu. Veturinn 1990–1991 lagði Salome Þorkelsdóttir fram frv. um stofnun sérstaks slysavarnaráðs sem heyra skyldi undir heilbrrh. Þáv. heilbrrh. Guðmundur Bjarnason stofnaði slíkt ráð þennan sama vetur með reglugerð um slysavarnaráð í samræmi við tillögu nefndarinnar. Frv. var lagt fram til að fylgja eftir slíkri stofnun, enda taldi flutningsmaður, í samræmi við skoðanir nefndarmanna, eðlilegt að setja reglur um slíkt ráð í lög. Enn reyndist löggjafinn þess ekki umkominn að staðfesta frv. en ráðið hefur nú samt starfað samkvæmt skipun ráðherra fram á þennan dag.

Eftir því sem ég best veit hefur núverandi slysavarnaráð reynt að vinna sem best úr þeim fjármunum sem það hefur fengið til ráðstöfunar, en það er unnið meira af vilja en mætti. Vil ég sérstaklega benda á að enn hafa ekki verið settar neinar reglur um samræmda slysaskráningu. Það er því bráðnauðsynlegt að renna styrkari stoðum undir starfsemi ráðsins m.a. með því að ráða starfsfólk og tryggja fjármuni vegna ýmiss konar rekstrarkostnaðar, svo sem útgáfu bæklinga og dreifingu upplýsinga til þeirra sem vinna að slysavörnum. Ekki síst er nauðsynlegt að skilgreina nánar stjórnskipulega stöðu ráðsins með sérstakri löggjöf.

Flutningsmenn telja eðlilegt að slíkt ráð byggi tilvistarrétt sinn á settum lögum og geti þannig starfað sjálfstæðara og sett sér langtímaáætlanir í stað þess að vera sett alfarið undir hæl framkvæmdarvaldsins. Löggjafinn hefur í sambærilegum tilfellum séð ástæðu til þess að lögfesta slík ráð og er í því sambandi nærtækt að benda á áfengisvarnaráð sem lögfest er með VII. kafla áfengislaga nr. 82/1969. Einnig má benda á að í íslensku heilbrigðisáætluninni frá 1990 er gert ráð fyrir því í markmiði 17 að lögfest verði sérstakt slysaráð.

Frv. er að langmestu leyti byggt á því frv. sem Salome Þorkelsdóttir lagði fram veturinn 1990–1991. Samkvæmt því verður hlutverk ráðsins að bæta það kerfi sem gildir í dag um skráningu slysa og samræma þá skráningu. Ráðið mun svo, með því að lesa úr þeim gögnum sem það aflar, geta bent á hvar þörfin til úrbóta er brýnust og þannig haft frumkvæði að samræmingu aðgerða til að stemma stigu við slysum. Í þessu tilliti getur ráðið orðið ráðgefandi um stefnu og framkvæmd. Þá verður einnig gert ráð fyrir að slysavarnaráð muni geta séð um útgáfu ýmiss konar upplýsingabæklinga til einstaklinga, félagasamtaka og stofnana.

Í frv. er gert ráð fyrir ákveðnum breytingum á skipan slysavarnaráðs frá því sem gildir í dag. Er sú tillaga gerð að fenginni umsögn aðila sem sæti eiga í núverandi slysavarnaráði og að fenginni tveggja ára reynslu af starfsemi ráðsins. Þannig er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins fái fulltrúa í ráðinu í stað fulltrúa Sambands ísl. sveitarfélaga. Umsagnaraðilar hafa talið þetta eðlilegt þar sem Tryggingastofnunin hefur þegar umfangsmikla skráningu með höndum og hefur mikla reynslu á þessu sviði. Þá er gert ráð fyrir, miðað við núverandi verkaskiptingu í slysaþjónustu á Reykjavíkursvæðinu, að starfandi forstöðulæknir slysadeildar Borgarspítalans hverju sinni skuli tilnefndur sem fulltrúi læknadeildar Háskóla Íslands í ráðið. Mun fleiri aðilar en þeir sem fulltrúa eiga í fyrirhuguðu slysavarnaráði skrá upplýsingar í dag. Hins vegar er talið eðlilegt að halda stærð ráðsins innan skynsamlegra marka þannig að starfið verði sem árangursríkast, en að sjálfsögðu er gert ráð fyrir að slysavarnaráð eigi nána samvinnu við alla þá aðila sem skrá upplýsingar um slys.

Þrátt fyrir að flutningsmenn leggi ríka áherslu á að renna styrkari stoðum undir starfsemi slysavarnaráðs er þess jafnframt gætt að kostnaður verði í lágmarki og þetta er gert með því að nýta starfsfólk landlæknisembættisins til starfa í þágu ráðsins. Þá er jafnframt talið að nauðsynleg og lögfest leynd persónulegra upplýsinga sé best tryggð með því að upplýsingarnar séu varðveittar hjá landlæknisembættinu. Nauðsynlegt er að tryggt verði í reglugerð eða með öðrum hætti að þeir aðilar sem sjá um að skrá niður upplýsingar um slys skili þeim upplýsingum til landlæknisembættisins. Eðlilegt er enn fremur að stefnt verði að því að slík skráning verði í tölvutæku formi í nánustu framtíð. Slíkt mun tryggja skilvirkni allrar úrvinnslu og stuðla að hagkvæmni.

Núverandi slysavarnaráð mælir með að samræmd slysaskráning verði byggð á svokölluðu NOMESCO-kerfi sem byggir á vinnureglum norrænu tölfræðinefndarinnar og ICT 10 sjúkdómsgreiningarkerfinu frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni.

Í frv. er gert ráð fyrir að slysavarnaráði sé úthlutað fjármunum til rekstursins á sérstökum lið sem felldur yrði undir embætti landlæknis á fjárlögum. Þannig eru ráðinu best tryggðir fjármunir vegna launakostnaðar og ýmiss konar rekstrarkostnaðar, eins og ég sagði áðan, svo sem af útgáfu bæklinga og dreifingu upplýsinga. Áhersla er lögð á það að áfram er gert ráð fyrir slysaskráningu þeirra félagasamtaka og stofnana sem fram að þessu hafa annast slíkt í þágu sinnar starfsemi. Hin samræmda slysaskráning sem frv. gerir ráð fyrir mun að sjálfsögðu byggjast á þeirri skráningu sem fyrir er þótt hún verði með öðru móti. Rétt er einnig að nefna að flutningsmenn telja að samræmd skráning muni ekki síst nýtast þeim sem fram að þessu hafa annast slysaskráningu á afmörkuðum sviðum eða á afmörkuðum landsvæðum.

En nú verður það enn og aftur á valdi löggjafarvaldsins að hraða afgreiðslu málsins. Ég tel að við höfum ekki efni á að fresta því aftur að hrinda markvissu átaki í almennum slysavörnum í framkvæmd hvort heldur sem horft er til mannúðarsjónarmiða eða þjóðfélagslegs ávinnings af slíku átaki. Og ég vil biðja þingheim að hafa það í huga að 1% þjóðhagslegur sparnaður í útgjöldum af völdum slysa þýðir 100 millj. kr. á ársgrundvelli.

Ég vil að lokum þakka stuðning þann sem frv. hefur fengið úr öllum þingflokkum og ég trúi ekki öðru en Alþingi muni að þessu sinni veita þessu mikilvæga verkefni veglegt brautargengi.

Að lokum, hæstv. forseti, legg ég til að þessu frv. verði vísað til 2. umr. og heilbr.- og trn. Alþingis.

[16:05]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um góðan tilgang hv. 1. flm. og raunar allra þeirra hv. þm. sem standa að þessu frv. Það eru nokkrar spurningar sem mig langaði til að varpa fram til hv. þm. Láru Margrétar Ragnarsdóttur.

Það kemur fram hér í greinargerð og reyndar líka í ræðu þingmannsins að nú þegar eru í gildi reglur sem þáv. heilbrrh. Guðmundur Bjarnason setti 1991 um sérstakt slysavarnaráð. Ég velti því þá fyrir mér, ef slíkt ráð er þegar starfandi, hvers vegna þurfi að setja um það sérstök lög. Ég spyr vegna þess að ég tel að þingmenn og reyndar ráðherrar líka eigi að fara sér afar hóflega í því að láta samþykkja frv. til laga nema það sé afskaplega brýnt.

Þegar ég les þetta frv. þá kemur fram að það virðist hafa eina þungamiðju. Hún felst í því að það er nauðsynlegt að koma á samræmdri slysaskráningu. Ég skil vel að það sé mjög nauðsynleg undirstaða til að hægt sé að finna hvar skórinn kreppir og hvar menn eigi að beita forvörnum. Þá kemur sú spurning upp í hugann hvort það sem í rauninni þurfi sé ekki bara fjárveiting til þessa liðar. Er það svo að það sé nauðsynlegt að samþykkja sérstök lög um þetta ákveðna slysavarnaráð? Er ekki einungis nauðsynlegt að afla fjár til að hægt sé að koma á þessari samræmdu slysaskráningu? Nú þegar er slysaskráning við lýði hjá ýmsum félagasamtökum og ég geri ráð fyrir því að flutningsmenn ætlist til þess að það sé þessi skráning sem er þegar í gildi sem verði samræmd og gerð tölvutæk til að þessar heildarupplýsingar liggi fyrir. En ég spyr sem sagt: Er það í rauninni nokkuð annað sem þarf heldur en það eitt að afla fjár til þess og er þá þörf á svona frv.?

Ég tek það fram, virðulegi forseti, að ég er ekki að lýsa andstöðu við þetta frv. Mig langaði einungis að fá svör við þessum spurningum. Svo tek ég eftir því að í slysavarnaráði er gert ráð fyrir tilteknum fulltrúum, m.a. fulltrúa læknadeildar Háskóla Íslands, en í greinargerðinni er nánast sagt að þessi fulltrúi skuli vera forstöðulæknir slysadeildar Borgarspítalans hverju sinni. Því er það þá ekki tekið beint inn í frv. sjálft?

[16:07]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil fá að þakka hæstv. starfandi heilbrrh. fyrir góðar spurningar. Ástæðan fyrir því að ég legg fram þetta frv. eru frómar óskir þeirra sem hafa starfað í slysavarnaráði á undanförnum tveimur árum, þar sem þeir telja algera nauðsyn á því að ráðið fái ákveðið sjálfstæði með lögum og þeir telja jafnframt að það sé eingöngu hægt að tryggja ráðinu fjármagn til starfseminnar með því að lögfesta það sem slíkt. Það eru rökin sem þeir sem hafa starfað í slysavarnaráði hafa lagt fram í þessu efni.

Ég vil enn fremur ítreka að að sjálfsögðu eru, eins og ég sagði áðan, ýmsir aðilar sem skrá upplýsingar um slys og reyndar fleiri heldur en mig óraði fyrir þegar ég fór af stað með þetta. Og ég tel að þær upplýsingar sem margir þessir aðilar sitja inni með séu ákafleg viðkvæmar, sérstaklega persónulega viðkvæmar, og þess vegna sé nauðsynlegt að sjálfstæði þessa ráðs sé ákaflega mikið og það vistað inni hjá landlæknisembættinu, eins og ég sagði áðan, sem ætti að tryggja bestu persónulegu leynd.

[16:10]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. þm. Láru Margréti Ragnarsdóttur fyrir svör hennar sem voru skýr. Það sem mér finnst e.t.v. ráða úrslitum í þessu máli er 3. liðurinn í hennar svari, sá liður sem varðaði það að hér er um að ræða upplýsingar sem eru persónulegs eðlis, stundum trúnaðarmál og þess vegna er eðlilegt að þær verði vistaðar hjá embætti eins og þessu og veitt vernd með lögum. Ég skil það mætavel. Að öðru leyti finnst mér það standa upp úr þessu máli að það sem í rauninni vantar til þessa er fjármagnið. Og þó að þetta ágæta slysavarnaráð verði bundið í lög, þá verða framlög alltaf háð ákvörðun fjárveitingavaldsins hverju sinni. En ég ítreka það, virðulegi forseti, að þau rök sem tengdust hinum viðkvæmu persónulegu upplýsingum tel ég vera nægjanleg til að þessu máli verði veitt hið besta brautargengi.

[16:11]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. til laga slysavarnaráð er af hinu góða. Þó verð ég að segja að mér finnst þetta frv. ekki gefa svör sem ég vil leita eftir hér.

Sagt er að 25% allra slysa sem skráð eru hér á landi séu slys á sjómönnum. Ég spyr: Hvar finnum við þeim stað? Er það kannski ætlað að slík skráning fari fram í gegnum þetta slysavarnaráð? Þá vaknar enn fremur sú spurning hvernig verði farið með vegna þess að segja má að slys gerist með allt öðrum hætti til sjós en lands. Einkum og sér í lagi þegar litið er á hvar slysin verða og þá á ég við á skipum. Hvar verða slysin oftast á skipinu? Við hvaða aðstæður o.s.frv.? Hvað heitir skipið? Hvað heitir skipstjórinn og fleira og fleira í þeim dúr. Auðvitað má síðan vinna út úr þessari skráningu ákveðnar upplýsingar sem geta leitt til þess að menn átti sig á hvar þurfi að grípa á þeim vanda sem við blasir vegna hinna fjölmörgu slysa.

Það sem kannski fyrst og fremst vakir fyrir mér er að fá það fram hjá 1. flm. Láru Margréti Ragnarsdóttur hvort þarna sé átt við að þetta sé, ef svo mætti taka til orða, ein allsherjarskráning allra slysa sem verða hér á landi, og þá veit ég að það er jafnt til sjós og lands, til sveita, bæja og borga. Það er ekkert smávegis sem þetta slysavarnaráð á að ráðast í. En ég tek hins vegar undir það sem umhvrh. sagði hér. Við megum vissulega fara varlega í þetta mál svo að ekki hljótist af ein stofnunin enn, eitt apparatið enn eða eitt kerfið enn. Nóg er af þeim fyrir. En ég endurtek það sem ég sagði áðan. Þetta gæti verið af hinu góða. En þó finnst mér vanta ýmsar frekari upplýsingar hér um.

[16:13]

Flm. (Lára Margrét Ragnarsdóttir):

Hæstv. forseti. Mér er ljúft og skylt að svara spurningum hv. 16. þm. Reykv. Það er rétt hjá fyrirspyrjanda að þessu slysavarnaráði er ætlað að hafa yfirlit yfir öll slys á sjó og landi sem verða á íslenskum þegnum og í íslenskri lögsögu. Hins vegar, eins og ég benti á í framsögu minni hér áðan, þá er ætlast til þess að þeir aðilar sem nú skrá slys haldi áfram að skrá þau. Þess vegna er mikilvægt að upplýsingarnar verði í tölvutæku formi þannig að það verði auðvelt að koma upplýsingum til þeirra frá þeim sem upprunalega skrá slysin. Ástæðan fyrir því að við leggjum áherslu á að áfram verði skráð slys hjá þeim aðilum sem nú skrá þau er einmitt sú ástæða sem hv. fyrirspyrjandi hafði uppi, þ.e. t.d. sjóslys. Það eru ákveðnar aðstæður. Þau slys gerast á annan hátt en umferðarslys á götum Reykjavíkurborgar þannig að það þarf að taka tillit til sérstakra aðstæðna og skoða tegund og eðli slysa hverju sinni einnig út frá samræmingarsjónarmiði. Ég vil leggja áherslu á að svona samræmd skráning með ákveðnum stöðlum gæti samt sem áður bent á hvar þörfin er brýnust í slysavörnum og við gert þá ákveðna forgangsröðun á því á hvað við ætlum að leggja áherslu á hverju ári t.d. eða yfir hvert tímabil.

Þetta er tilgangurinn og til þess að svara fyrirspurnum um hugsanlegt bákn og kerfi þá er einmitt sérstök áhersla lögð á að þetta verði ekki að bákni eða kerfi og í lágmarkskostnaði. Það er ein ástæðan, fyrir utan persónulegu leyndina sem ég nefndi hérna þaðan, að það er vistað hjá landlækni að þar er mannskapur fyrir hendi sem þekkir til svona skráningar og gæti unnið þetta með tiltölulega lítilli viðbótaraðstoð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. ÁRÁ, 246. mál (stofnfjárbréf). — Þskj. 285.

[16:17]

Flm. (Árni R. Árnason):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga sem liggur frammi á þskj. 285 og er 246. mál um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, og varðar ákvæði um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar í atvinnurekstri eins og skýrt er á þskj. Tillöguna flyt ég til þess að bæta stöðu þeirra sem festa fé nú samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði í sparisjóðum. Áður en þau lög tóku gildi var algengasta form sparisjóðanna þannig að svonefndir ábyrgðarmenn lögðu fram tryggingu til að standa að baki rekstri þeirra, en með þessum lögum er þeim öllum gert að breytast í stofnfjársjóði og þá ábyrgðarmönnum að breytast í stofnfjáreigendur. Um stofnfé sparisjóðanna og um réttindi stofnfjáreigenda er ætlað að gildi allar sömu reglur um réttindi og skyldur og um kaupendur og eigendur hlutabréfa og hlutafjár í almennum hlutafélögum.

Þá verður svo komið, virðulegi forseti, að sparisjóðir munu keppa um eigin fjármögnun á raunverulega opnum fjármagnsmarkaði þar sem valkostir kaupendanna verða hlutabréf í hvers konar öðrum fyrirtækjum, þar á meðal hlutafélagabönkum. Það eina sem á vantar, virðulegi forseti, er að þeir sem kaupa stofnbréf í sparisjóðum fái sama rétt og aðrir til að draga þessa fjárfestingu í atvinnurekstri frá skattskyldum tekjum sínum. Um það snýst tillagan að jafna þann rétt þannig að þeir hafi sömu réttindi og sömu skyldur og aðrir einstaklingar sem leggja fé í atvinnurekstur.

Sparisjóðir eru allvirðulegar og mikilvægar stofnanir í ýmsum landshlutum. Yfir 30 sparisjóðir starfa á landinu og þó nokkrir þeirra eru í tölu stærstu innlána- og útlánastofnana í landinu. Ég tel þess vegna rétt að gera þeim sama rétt, sömu skyldur og sömu möguleika og öðrum til að starfa áfram, vera áfram virkir og mikilvægir þátttakendur í fjármagnsviðskiptum á Íslandi. Ef við gerum ekki þessa breytingu, þá má þess vænta að þeir verði aldrei jafnfrjálsir að starfsemi sinni og bankarnir sem þeir þó hljóta alltaf að keppa við.

Ef þetta verður að lögum, virðulegi forseti, þá telst mér svo til að sparisjóðir fengju sama rétt og samvinnufélög hafa nú til að búa til, stofna og gefa út hlutabréf eða stofnfjárbréf í eins konar B-deild sem samvinnufélög fengu sérstakan rétt til með lögum. Kaupendur þeirra bréfa hafa vel að merkja fullkominn rétt til þess að draga kaupverð þeirra frá skattskyldum tekjum sínum eins og kaupendur hlutabréfa að hverjum öðrum hlutafélögum, þar á meðal hlutafélagabönkum.

Að svo mæltu legg ég til, virðulegi forseti, að tillögunni verði vísað áfram til 2. umr. og til frekari athugunar í efh.- og viðskn. þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrisréttindi hjóna, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 247. mál. — Þskj. 286.

[16:21]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég legg hér fram frv. til laga um

lífeyrisréttindi hjóna. Meðflm. mínir eru Salome Þorkelsdóttir, Sigríður Anna Þórðardóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Svanhildur Árnadóttir og Drífa Hjartardóttir.

Í upphafi máls míns vildi ég geta þess að ég leitaði eftir því að fleiri þingkonur væru með á þessu frv. og einkum leitaði ég til þeirra í Kvennalistanum en þær sáu ekki ástæðu til þess að vera með á frv., svo mikilvægt sem ég tel að það sé nú. En það gengur út á það, virðulegi forseti, eins og segir í 1. gr.:

„Ellilífeyrisréttindi hjóna, sem áunnist hafa meðan á hjónabandi stóð, skulu teljast hjúskapareign þeirra. Við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skulu þau ellilífeyrisréttindi sem áunnust meðan hjónabandið stóð skiptast jafnt á milli þeirra."

Frumvarp sama efnis var áður lagt fram á 112., 113., 115. og 116. þingi en náði ekki fram að ganga.

Eins og nú er háttað eru ellilífeyrisréttindi beinlínis tengd þeirri persónu sem aflað hefur tekna og greitt af þeim iðgjald, enda þótt önnur eignamyndun af tekjum hjóna teljist hjúskapareign þeirra og henni sé skipt við slit hjúskapar. Eðlilegt er að litið sé á öflun ellilífeyrisréttinda sem eignamyndun sem aðilar hafa stuðlað að með ákveðinni verkaskiptingu.

Það verður að teljast réttlætismál að litið sé á þessa eignamyndun sem sameiginlega eign hjóna. Auk þess hefur þetta þann kost að tekjuöflun hjóna hefur ekki áhrif á myndun ellilífeyrisréttinda þeirra, þ.e. að ekki skiptir máli hvernig hjón hafa valið að skipta með sér störfum og tekjuöflun heimilisins.

Samkvæmt lögum eru allir landsmenn, sem starfa úti á hinum almenna vinnumarkaði, skyldaðir til þess að vera aðilar að lífeyrissjóði. Slík aðild að söfnunarsjóðum lífeyriskerfisins hefur það í för með sér með iðgjaldagreiðslum fólks í sjóðina í áratugi að þar myndast raunverulega mesta eign viðkomandi einstaklinga á langri starfsævi. Þessi eign er skilyrt og felur í sér verðmætan tryggingarrétt að starfsævi lokinni. Það er því sjálfsagt og eðlilegt að hjón líti á þennan rétt sem sameiginlegan rétt eins og aðrar eignir.

Eins og fram kemur er þetta frumvarp ekki lagt fram í fyrsta sinn. Þá frumvarp þessa efnis hefur verið lagt fram hafa umræður og umsagnir snúist meira um aðra þætti og greiðslur frá lífeyrissjóðum en sjálfan ellilífeyrisréttinn sem kannski vonlegt er. Kemur þar einkum til skráning á greiðslum og áunnum réttindum í viðkomandi lífeyrissjóði sem í dag tengjast einvörðungu þeirri persónu sem iðgjöld til viðkomandi lífeyrissjóðs eru greidd af, svo og sá viðbótarréttur sem ávinnst við inngreiðslu, þ.e. örorkulífeyrir og barnalífeyrir. Þá er réttur til töku ellilífeyris mismunandi hjá lífeyrissjóðum. Hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins er t.d. um að ræða svokallaða 95 ára reglu (þ.e. aldur + starfsaldur), tengingu lífeyris við launaflokk viðkomandi, svo og niðurfellingu iðgjaldagreiðslna eftir 32 ár. Í Lífeyrissjóði sjómanna öðlast menn rétt til ellilífeyris 60 ára hafi þeir stundað sjómennsku í 25 ár. Þá veitir 20–25 ára starf á sjó rétt til ellilífeyristöku frá 61 árs aldri og frá 62 ára aldri eftir 15–20 ára starf á sjó.

Hér eru nefnd fáein dæmi um það flókna kerfi sem lífeyrissjóðir hafa búið sér til, en fjölmörg önnur dæmi væri hægt að nefna þar sem löggjafinn hefur gripið inn í eða ákvarðanir eru teknar beint af stjórnum sjóðanna samkvæmt reglugerð.

Flutningsmenn gera sér fulla grein fyrir þeim vanda sem stjórnir hinna fjölmörgu lífeyrissjóða stæðu frammi fyrir væri ætlunin með frumvarpi þessu að réttur inn yrði allur sá sami hvað hjón varðar. Með frumvarpi þessu er hins vegar eingöngu gert ráð fyrir að við slit á fjárfélagi hjóna við skilnað skuli áunninn ellilífeyrisréttur greiddur til fyrrverandi maka miðað við inngreiðslur í viðkomandi sjóð á meðan hjúskapur stóð yfir og þá miðast við almennan lífeyrisaldur viðkomandi lífeyrissjóðs án tillits til flýtireglna. Að sjálfsögðu yrði viðkomandi lífeyrissjóður að taka upp skráningu lífeyrisréttinda með tilliti til þess sem að framan greinir. Ætla má að slík skráning yrði starfsmönnum lífeyrissjóða ekki erfið þegar litið er til þeirrar tölvuvæðingar og mikils samstarfs og upplýsingaflæðis á milli lífeyrissjóða í dag.

Með ólíkindum er hve mál þetta hefur átt lítinn hljómgrunn hjá löggjafanum og jafnvel samtökum kvenna þrátt fyrir annars jákvæða afstöðu til þeirra mála er lúta að jafnrétti kynjanna.

Virðulegi forseti. Ég legg þetta frv. fram og legg til að það fari til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, fyrri umr.

Þáltill. GHall og EKJ, 248. mál. — Þskj. 287.

[16:26]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég legg hér fram ásamt hv. þm. Eyjólfi Konráð Jónssyni till. til þál. um eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar. Þáltill. hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra framkvæmd ítarlegrar athugunar á því hve mörg tæki (skip og loftför) Landhelgisgæslan þurfi til að halda uppi fullu eftirliti innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar samkvæmt lögum nr. 41/1979 og 200 sjómílna fiskveiðilandhelgi samkvæmt reglugerð nr. 299/1975. Einnig skal kanna hver viðbótin þurfi að vera verði efnahagslögsagan færð út allt að 350 sjómílum á þeim svæðum sem Ísland á rétt á samkvæmt alþjóðalögum."

Í greinargerð segir m.a.:

„Eins og bersýnilega hefur komið í ljós að undanförnu má þjóðarbúið ekki við neinum skakkaföllum í efnahagslögsögunni. Efnahagslögsagan er mjög víðfeðm, um 758 þúsund ferkílómetrar, eða 7,5 sinnum stærri en landið sjálft. Ekki er úr vegi að líta á þann viðbúnað sem nágrannaþjóðir okkar hafa vegna eftirlits í sínum efnahagslögsögum. Þar má nefna Norð-

menn, Englendinga og Dani vegna Grænlands og Færeyja.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um hvað samkeppnin um fiskinn í höfunum hefur aukist á síðustu árum. Ásókn fiskiskipa við 200 sjómílna mörkin og/eða miðlínur hefur aukist að undanförnu og má þar nefna svæði á Færeyjahrygg, á Reykjaneshrygg, á Dohrn-banka og norðaustur af landinu. Einnig má benda á áhuga Spánverja, Portúgala, Frakka og fleiri þjóða á fiskveiðum í Norðaustur-Atlantshafi. Skip frá öðrum heimsálfum hafa sótt til veiða við mörk efnahagslögsögunnar á undanförnum árum og má þar t.d. nefna skip frá Asíu.

Eftir að breyting varð á lögum hvað varðar heimildir erlendra fiskiskipa til löndunar á afla í íslenskum höfnum má búast við aukningu á umferð þeirra um efnahagslögsöguna. Einnig er talsverð umferð þeirra fiskiskipa um efnahagslögsöguna sem sækja á Dohrnbanka. Ekki má gleyma hversu mikilvægt er að halda uppi öflugu eftirliti vegna mengunar sjávar. Ef upp kæmi mengunarslys innan efnahagslögsögunnar og/eða frétt um slíkt gæti það haft alvarlegar afleiðingar fyrir markaði á sjávarafurðum okkar erlendis. Stærð efnahagslögsögunnar við Ísland og þýðing hennar fyrir þjóðarbúið er svo mikil að ekki má hætta á neitt er dregið gæti úr strangri gæslu á auðlindinni."

Eins og hér kemur fram í greinargerð er ekki dregið úr né ofsagt um mikilvægi Landhelgisgæslunnar. Margar tillögur hafa á undanförnum árum komið fram um bæði flugkost og skipakost Landhelgisgæslunnar en með þessari þáltill. er lagt til að menn setjist niður og hugleiði hvernig skuli með fara, hvaða hlutverk er það sem við ætlumst til af Landhelgisgæslunni og hverju við megum búast við í framtíðinni hvað varðar ásókn erlendra skipa. Nú þegar liggur það fyrir að ekki innan langs tíma munu sækja hér a.m.k. fimm skip á mið okkar Íslendinga vegna samnings við evrópsku efnahagsbandalagslöndin þannig að vissulega er þörf á enn frekari gæslu. Flm. gera sér fulla grein fyrir að vandinn er auðvitað mikill vegna þess að menn þurfa að líta á nútímann og reyna þá um leið að sjá fram á veginn í þá veru sem vissulega blasir við okkur að erlend fiskiskip munu í síauknum mæli sækja hér innan fiskveiðilögsögunnar eða að henni og því þarf fulla gát á og við verðum að vera undir það búin að gæta 200 sjómílna efnahagslögsögunnar.

Að síðustu þetta: Íslensku fiskimiðin eru gjöful. 80% af útflutningin okkar er vegna sjávarafurða sem duglegir sjómenn hafa sótt við erfið skilyrði. Við þurfum að hafa varðskip til að aðstoða þá ef illa fer, aðstoða íslensk fiskiskip sem sækja nú dýpra en áður. Við þurfum líka að huga að þeim flugflota sem við þurfum nauðsynlega á að halda til þess að geta sinnt björgunar- og öryggisstörfum hér í kringum landið og innanlands líka og það er líka nauðsyn á með tilliti til okkar gjöfulu fiskimiða að gefa nú enn frekari gaum að komu erlendra skipa innan okkar efnahagslögsögu og hvað ekki síst þeirra olíuskipa sem eru að koma hingað til landsins undir þægindafána og með mismunandi áhafnir um borð þannig að eitt olíuslys gæti valdið okkur miklu meiri búsifjum en við höfum þurft að glíma við nú undan farin þrjú ár.

[16:33]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að auka eilitlu við það sem félagi minn, hv. þm., var að lýsa fyrir okkur um gang þessara mála.

Fyrst er það að því er ekki að leyna að Íslendingar hafa verið býsna lengi að átta sig á því nú á síðari árum hve gífurleg réttindi við eigum á geysilega stóru hafsvæði og það hefur allt snúiast meira og minna um önnur mál, mikilvæg kannski, kannski ekki, þ.e. samskiptin við Evrópubandalagið og við höfum gleymt okkar meginhagsmunamálum í þeirri baráttu. En staðreyndin er sú að eftir réttum lögum samkvæmt hafréttarsáttmálanum sem auðvitað er í gildi og hefur verið lengi, hann er í gildi de facto og hefur verið það þó að menn hér hafi ekki viljað viðurkenna að einhverja fimm eða sex vantaði til að undirskrifa úr hópi ríkjanna. Hafréttarsáttmálinn er sem sagt í gildi og eftir honum á að fara. Og í honum eru mörg merkileg ákvæði og áttum við Íslendingar ekki síst þátt í því að eitt af þessum ákvæðum varð að lögum, þ.e. í VI. hluta hafréttarsáttmálans, 76. gr. um landgrunn. Þar er sérstaklega getið um þau miklu réttindi sem þær þjóðir geta helgað sér sem eru á hafsbotnsgrunnum og eins getur sérstaklega í 5. gr. þar sem segir að þrátt fyrir ákvæði 5. tölul. 2. gr., þá séu neðansjávarhryggir allt að 350 sjómílur frá grunnlínum sem viðátta landhelginnar takmarkast af. Þ.e. með venjulegu orðalagi og við séum þá ekki með orðhengilshátt sem óneitanlega var í nokkrum mæli á hafréttarráðstefnunni sem eðlilegt er þegar aðilar eru á annað hundrað og fjöldinn allur að glíma við að finna lausn en þá varð um það lausn sem ekkert verður um deilt og um það samið og fór beint inn í hafréttarsáttmálann, samið af okkar fulltrúum og fulltrúum Rússa. Rússarnir sögðu við okkur, það er mér minnisstætt, eftir nokkra fundi þar sem Hans G. Andersen stjórnaði okkar liði, þá sögðu þeir að við Íslendingar værum mestu „imperialistar" í heimi því að við ætluðum okkar að fara einar 2–3 þúsund mílur eftir Reykjaneshryggnum en svo djúpt er það svæði einmitt sem þarna um ræðir. Og þetta er óbrotin línan, landgrunnið á þessum svæðum, og menn hér kannast allir við hvað þar er um að ræða þegar við tölum um landgrunnið og eignarrétt á því, þ.e. þar sem hafið tekur við af þurrlendinu og síðan megum við fara svo og svo langt niður. Á nokkrum stöðum annars staðar í veröldinni var þessu svo háttað að löndin gátu eignast miklu víðtækari réttindi en við höfum t.d. á Hatton-Rockall svæðinu. Þetta hefðum við alltaf getað haft í huga og átt að hafa í huga allan tímann en liðið er liðið og við snúum okkur sem sagt að því að ná nú fram því sem mesta þýðingu hefur. En það er þessi grein sem byggt var á í þessum samkomulagsumleitunum okkar og Rússa að þar sem svo háttaði til að um neðansjávarhryggi var að ræða þar sem ekki væri neitt land slitið frá öðru, ekki væru djúpar gjár eða neitt slíkt þar sem það færi til sjávar, þá mætti ríkið helga sér og takmarka þessa framlengingu í 350 míl-

ur. Við vorum ekkert allt of kátir með þessa tölu, 350 mílur í staðinn fyrir 200 mílurnar en sögðum við Rússana eitthvað á þann veg: Hvað er það þá sem þið getið sætt ykkur við? Þið segið að við ættum að taka 3–4 þúsund mílur. Það er ekki rétt, við ætlum ekki að gera það en getum við ekki sest niður einn ganginn í viðbót og athugað hvort við náum ekki samkomulagi. Rússarnir vildu náttúrlega fá fyrirmæli einhvers staðar frá og niðurstaðna varð sú að við stungum upp á að mig minnir 600 mílum í staðinn fyrir 200 og niðurstaðan varð þessar 350 mílur.

Það er ekki vansalaust að Íslendingar skuli ekki enn þann dag í dag vera farnir að hagnýta Reykjaneshrygg sem sína einkaeign. Það er Reykjaneshryggurinn og það er sífellt verið að draga á langinn að nytja þessa gífurlegu auðlegð. Þarna er djúpsjávarkarfi, þarna hafa verið skip sem hundruðum skipta frá fyrrum Sovétríkjunum t.d. og frá Austur-Evrópu ríkjunum. Þó að á þessu sé hamrað á hverju einasta þingi úr þessum stóli þá er það svo að áheyrendur eru venjulega 3, 4 eða 5 og síðan ekki söguna meir. Þetta er nú staðreynd málsins. Ég hef haldið þessa ræðu svo oft, meira að segja fyrir ákafa og ágætis menn eins og hér eru núna staddir að maður getur eiginlega ekki farið mikið lengra út í þetta.

Eitt er það sem ég vil aðeins geta um það sem segir í tillögunni að 350 sjómílurnar er það sem við miðum við og þurfum að rökstyðja okkar mál betur en gert verður í örstuttu máli.

[16:42]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir málflutning beggja hv. flm. þessa máls og með því móti leggja þeim lið í málinu en mér þykir skipta mjög miklu máli að þeir hefja tillögu sína á því að dómsmrh. verði falin framkvæmd ítarlegrar athugunar á þeim búnaði sem Landhelgisgæslan þurfi til að gegna hlutverki sínu.

Við minnumst þess öll væntanlega og ekki að óverðugu að sá maður sem var minnst með athöfn fyrir fáeinum dögum hér í borginni hafði fáeinum árum áður en hann tók við æðsta embætti landsins fyrstur íslenskra manna til þess, vakið virðingu og athygli landsmanna allra einmitt fyrir framgönguna í landhelgismálum, þá var landhelgin svo lítil að erlend skip fiskuðu uppi í kálgörðum og varla hægt að hafa önnur orð um. Framganga hans á Dýrafirði varð til þess að vekja landsmenn um það að þeir þyrftu að berjast fyrir þessum rétti sem öðrum. Að vísu fór svo að allur baráttukraftur þeirra fór næstu ár í það sem við köllum átökin um sambandslögin en að þeim átökum afstöðunum um 1918 var tekið til við landhelgismálin að nýju og það verður að segjast að það hefur gengið nokkuð í byljum hvernig menn hafa gætt þeirra réttinda og tryggt íslenska stjórn á nýtingu auðlindanna sem fiskimiðin við Ísland vissulega eru.

Það hefur vakið atygli mína sem þingmanns hér þessi fáu ár sem ég hef starfað á hv. Alþingi að málefni Landhelgisgæslunnar hafa oft verið rædd með tilfinningahita. Vissulega er ástæða til á stundum að tilfinningar fái að brjótast fram en þó tel ég Landhelgisgæsluna eiga skilið þá virðingu okkar að við ræðum hlutverk hennar og þarfir til búnaðar, bæði til skipa, flugvéla, mannafla, tækjakosts og aðstöðu alla af yfirvegun og skynsemi og það gerum við varla nema með því að láta framkvæma slíka athugun sem dregur fram hvaða hlutverki hún á að gegna, hversu umsvifamikið það er, ekki aðeins að gæta réttinda okkar, heldur að hafa raunverulegt eftirlit með fiskveiðistarfsemi, með umhverfismálum eins og flm. hafa getið og ég vil bæta við: Að gæta öryggis sjófarenda okkar og fiskimanna á fjarlægum miðum því að nú er svo að á sl. ári hófu Íslendingar á ný eftir áratuga hlé að stunda fjarlæg mið sem þeir hins vegar höfðu gert á 5. og 6. áratug aldarinnar við sæmilegan orðstír og fluttu þá þaðan björg í bú á fleytum sem voru miklu veigaminni en við gerum nú út á Barentshafið. Ég hygg að það hafi þegar komið í ljós að það er ástæða til þess að Landhelgisgæslan og fleiri aðilar veiti þessum flota, hvort hann er stór eða lítill á hverjum tíma, ákveðna þjónustu og ákveðið öryggi.

Við hljótum að hafa veitt því athygli fyrir fáeinum mánuðum meðan deilur okkar við Norðmenn vegna fiskveiða okkar í Barentshafi stóðu sem hæst að þeir viðhöfðu þá aðferð að neita skipum okkar um þjónustu í höfnum í Noregi sem ég verð að segja að ég hlýt að telja til örþrifaráða í slíkum deilum þegar um grannþjóðir og frændþjóðir er að ræða sem eiga nánast öll önnur hagsmunamál sameiginleg og hafa staðið saman að því að framfylgja þeim og fá réttinn til fullnustu á alþjóðavettvangi.

Ég mæli sem sagt með því, virðulegi forseti, að málefni gæslunnar verði tekin til víðtækrar athugunar eins og þeir flm. leggja til og ég legg til til viðbótar og það komi fram í umræðunni þau önnur verkefni sem við hljótum að telja til hlutverks gæslunnar. Hún er okkar veigamesta stofnun á sviði leitar- og björgunarstarfa, hvort heldur er vegna slysa á landi, á sjó eða í lofti yfir hafi og hún fer að öllu jöfnu með stjórn slíkra aðgerða þegar hún starfar að þeim ásamt öðrum.

Ég tel líka skipta miklu máli einmitt í þessu samhengi að við Íslendingar höfum tekið að okkur mjög stórt hlutverk á vettvangi alþjóða flugmála yfir norðanverðu Atlantshafi. Við gegnum þar stjórnunarhlutverki á mjög stóru flugstjórnarsvæði yfir opið haf milli meginlanda og ég tel miklu skipta að við stöndum vel að viðbrögðum ef slys verða á þeim slóðum. Það álít ég að hljóti að verða á okkar ábyrgð hvernig við verður brugðist. Ég tel sem sagt skipta miklu máli að við athugum hlutverk gæslunnar, ekki aðeins vegna sjófarenda þó að það sé örugglega mikilvægt eins og öll önnur en ég tel rétt að við skoðum málefni hennar af yfirvegun, fáum þau gögn sem gefa okkur yfirsýn þannig að við getum ákveðið til langs tíma hvernig hún skuli byggð upp. En ræðumenn tala hér á hv. Alþingi jafnvel frá ári til árs um að fjárfesta í einu eða öðru skipi, einni eða annarri flugvél af einni eða annarri gerð eða stærð. Það tel ég ekki hæfa svo merkilegri stofnun. Og ég tel hana merkilega ekki aðeins vegna sögunnar heldur vegna þess mikilvæga hlutverks sem hún gegnir.

Útbýting þingskjala:

Biðlaunaréttur, 208. mál, svar menntmrh., þskj. 569.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, 378. mál, stjtill., þskj. 574.

[16:48]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég tek heils hugar undir orð síðasta ræðumanns að Landhelgisgæslan á miklu meira skilið en það séu einhverjar dagskipanir sem lúta að varðandi framtíð hennar. Það er hins vegar eitt sem menn verða að gera sér fulla grein fyrir að varðskipið Óðinn er líklega að verða eitt af alelstu skipum í íslenska flotanum. Ég held að það þurfi nú ekki að liggja yfir þessari heildarmynd og heildarframtíðarsýn Landhelgisgæslunnar með þeim hætti að ekki megi fara að huga að nýju varðskipi. Stjórnendur Landhelgisgæslunnar og starfsmenn vita nokkuð hvað er þeim heppilegast til endurnýjunar á því ágæta skipi þannig að í sjálfu sér þó að ákvörðun verði tekin um annaðhvort að byggja eða leita að notuðu varðskipi erlendis þá mundi það ekki rugla þá mynd sem hér er verið að tala um að menn þurfi nauðsynlega að búa sér til um framtíð Landhelgisgæslunnar.

Ég tek líka heils hugar undir það sem sagt var um björgunar- og öryggisþátt Landhelgisgæslunnar. Menn hafa allt of oft einblínt á það þegar talað er um þyrlu Landhelgisgæslunnar að það skipti sjómenn eina öllu máli að til sé björgunarþyrla. Nú er það svo að mikill hluti björgunarflugs þyrlu Landhelgisgæslunnar er vegna leitar eða aðstoðar við fólk hér á landi. Og sá þáttur virðist gleymast nokkuð þegar menn eru að tala um að það þurfi fljúgandi sjúkrabíl fyrir sjómenn. Það er hluti af málinu en það er minna mál í sjálfu sér hvað varðar notkun þyrlunnar en engu að síður mjög mikilvægt mál vegna þess að það getur skipt sköpum, það getur skipt mínútum varðandi líf sjómanna ef þeir eru við störf á hafi úti ef ekki er hægt að koma þeim undir læknishendur svo fljótt sem verða má þannig að mikilvægi þyrlunnar ef horft er á þann þáttinn er auðvitað miklu, miklu meira gagnvart sjómönnum en landfólki yfirleitt vegna þess að oftar en ekki er verið að leita að fólki sem hefur komið sér sjálft í óráðsíu, veður upp um fjöll og firnindi án tillits til veðurfars o.s.frv. o.s.frv., án þess að hugsa um veðurspá. Síðan kostar það skattborgarana stórfé að leita að þessu fólki. Undantekningarlaust er það af mikilli yfirvegun og íhugun hvort þyrla þurfi að fara til hafs til að sækja sjómenn. Þá eru málin orðin margrædd á milli skipstjórnarmanna og lækna um nauðsyn þess að þyrla sé til kölluð þannig að í langflestum tilfellum er það mjög að yfirveguðu ráði. En þegar þyrla er kölluð til hér innan lands þá er það oftar en ekki vegna þess að þeir sem þurfa á aðstoðinni að halda hafa komið sér oftast í þann vanda með vítaverðu gáleysi og kæruleysi.

Þess vegna vildi ég að lokum taka undir það sem hér hefur komið fram. Landhelgisgæslan er útvörður okkar íslensku efnahagslögsögu. Við eigum að gera henni hátt undir höfði og við eigum að sinna þeirri stofnun miklu betur og meira heldur en gert hefur verið vegna þess að sjávarfangið eins og ég hef sagt áður skiptir okkur öllu máli.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessri tillögu verði vísað til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7., 8., 14., 17. og 21. mál.

Fundi slitið kl. 16:54.

88. FUNDUR

mánudaginn 14. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Hvalveiðar, þáltill., 114. mál, þskj. 119. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
2. Skjaldarmerki lýðveldisins, þáltill., 117. mál, þskj. 122. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, þáltill., 151. mál, þskj. 168. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Fréttaflutningur af slysförum, þáltill., 165. mál, þskj. 183. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Auðlindakönnun í öllum landshlutum, þáltill., 172. mál, þskj. 190. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Staðsetning Hæstaréttarhúss, þáltill., 176. mál, þskj. 194. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Græn símanúmer, þáltill., 207. mál, þskj. 231. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Málefni aldraðra, frv., 232. mál, þskj. 260. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Slysavarnaráð, frv., 235. mál, þskj. 264. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 246. mál, þskj. 285. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Lífeyrisréttindi hjóna, frv., 247. mál, þskj. 286. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, þáltill., 248. mál, þskj. 287. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Aukin verkefni í pósthúsum, 386. mál, fsp. StB, þskj. 583.

Barnaklám, 379. mál, fsp. VS, þskj. 575.

Eftirlit með pappírslausum viðskiptum, 384. mál, fsp. StB, þskj. 581.

Forvarnastarf á sviði áfengis og fíkniefna, 382. mál, fsp. StB, þskj. 579.

Löggilding tölvukerfa, 385. mál, fsp. StB, þskj. 582.

Olíuhöfn varnarliðsins í Hvalfirði, 383. mál, fsp. StB, þskj. 580.

Olíuúrgangur, 381. mál, fsp. StB, þskj. 578.

Rekstur lóranstöðvarinnar að Gufuskálum, 387. mál, fsp. StB, þskj. 584.

Samfélagsþjónusta, 354. mál, stjfrv., þskj. 546.

Þróun orkuverðs, 380. mál, fsp. StB, þskj. 577.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með tilvísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþingmaður Framsfl. í Austurlandskjördæmi, Jónas Hallgrímsson framkvæmdastjóri, Seyðisfirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl."

Jónas Hallgrímsson hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu þingi og er boðinn velkominn til starfa.

Hvalveiðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GuðjG og MB, 114. mál. — Þskj. 119.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Skjaldarmerki lýðveldisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. StG, 117. mál. — Þskj. 122.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, HBl, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Flutningur verkefna til sýslumannsembættanna, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS og GE, 151. mál. — Þskj. 168.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, JVK, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fréttaflutningur af slysförum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS, 165. mál. — Þskj. 183.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, HBl, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Auðlindakönnun í öllum landshlutum, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 172. mál. — Þskj. 190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, ÓRG, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Staðsetning Hæstaréttarhúss, frh. fyrri umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 176. mál. — Þskj. 194.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Græn símanúmer, frh. fyrri umr.

Þáltill. EKG o.fl., 207. mál. — Þskj. 231.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, SJS, TIO) fjarstaddir.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Það skoðast samþykkt án atkvæðagreiðslu ef enginn hreyfir andmælum að vísa málinu til hv. samgn. (**Gripið fram í:** Forseti. Þetta hlýtur að eiga að fara til félmn.) Símamál heyra undir samgrn. (**ÓÞÞ:** Já, en þetta eru mannréttindi sem verið er að fjalla um eða alþýðuhjálp en ekki tæknimál Pósts og síma.) (**Gripið fram í:** Ég óska eftir atkvæðagreiðslu.) Þar sem fram hafa komið athugasemdir þá mun forseti láta greiða atkvæði um þá tillögu að vísa málinu til samgn.

Till. vísað til samgn. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (GÁ, HG, ÓRG, ÓÞÞ, PP) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, IBA, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Málefni aldraðra, frh. 1. umr.

Frv. SvG, 232. mál (íbúðir fyrir aldraða). — Þskj. 260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Slysavarnaráð, frh. 1. umr.

Frv. LMR o.fl., 235. mál. — Þskj. 264.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. ÁRÁ, 246. mál (stofnfjárbréf). — Þskj. 285.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÖS.
14 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrisréttindi hjóna, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 247. mál. — Þskj. 286.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:15]
Frv. vísað til 2. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall og EKJ, 248. mál. — Þskj. 287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:16]
Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JG, JBH, JHelg, JVK, JHall, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, EKG, EKJ, GuðjG, GunnS, JóhS, JGS, KHG, MB, SalÞ, SP, StG, TIO) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:16.

---

89. FUNDUR

mánudaginn 14. febr.,
að loknum 88. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):
Til dómsmálaráðherra:
1. Kaup á björgunarþyrlu, fsp., 267. mál, þskj. 322.
Til sjávarútvegsráðherra:
2. Rannsóknir og þróun í fiskvinnslu, fsp., 335. mál, þskj. 526.

3. Rækjukvóti loðnuskipa, fsp., 361. mál, þskj. 553.
4. Úthlutun aflaheimilda, fsp., 362. mál, þskj. 554.

Til fjármálaráðherra:

5. Bætur til bænda vegna harðinda, fsp., 308. mál, þskj. 499.
6. Innheimta þungaskatts, fsp., 367. mál, þskj. 560.

Til samgönguráðherra:

7. Skráning notaðra skipa, fsp., 309. mál, þskj. 500.

Til landbúnaðarráðherra:

8. Starfsemi Landgræðslu ríkisins, fsp., 328. mál, þskj. 519.

Til félagsmálaráðherra:

9. Réttur vörubílstjóra til atvinnuleysisbóta, fsp., 312. mál, þskj. 503.
10. Greiðslur atvinnuleysisbóta til bænda, fsp., 329. mál, þskj. 520.
11. Unglingaheimilið í Stóru-Gröf, fsp., 342. mál, þskj. 534.
12. Þriggja ára áætlun um rekstur sveitarfélaga, fsp., 343. mál, þskj. 535.
13. Sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf, fsp., 352. mál, þskj. 544.

Til menntamálaráðherra:

14. Skólaskip, fsp., 316. mál, þskj. 507.
15. Kvikmyndaeftirlit, fsp., 369. mál, þskj. 562.

Til viðskiptaráðherra:

16. Fákeppni og samkeppnishindranir, fsp., 330. mál, þskj. 521.
17. Úttekt á hringamyndun, fsp., 331. mál, þskj. 522.

Til iðnaðarráðherra:

18. Markaðsátak í rafmagnssölu, fsp., 336. mál, þskj. 527.

Til umhverfisráðherra:

19. Veiðar á ref í friðlandinu á Hornströndum, fsp., 337. mál, þskj. 529.

Til heilbrigðisráðherra:

20. Sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf, fsp., 351. mál, þskj. 543.
21. Ráðning sjúkraþjálfara við heilsugæslustöðvar, fsp., 359. mál, þskj. 551.

Til utanríkisráðherra:

22. Viðræður við Bandaríkin um fríverslun, fsp., 365. mál, þskj. 558.

Kaup á björgunarþyrlu.

Fsp. IBA, 267. mál. — Þskj. 322.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Þann 25. febrúar í fyrra, í umræðum um kaup á björgunarþyrlu, sagði hæstv. forsrh. eftir spurningar frá mér eftirfarandi um þetta málefni, með leyfi forseta:

„Ég get skýrt frá því og sagt það sem ég þegar hef sagt. Það stendur ekki annað til heldur en að ríkisvaldið og ríkisstjórnin geri samninga um þyrlukaup á þessu ári alveg óháð því hvernig þessi hv. þm. lætur, ...“

Síðar í umræðunni þegar óskað var eftir heldur skýrari svörum, þó að þessi væru nokkuð skýr í þá veruna að gengið yrði til kaupa á þessu ári, segir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„Þetta er nú skrípaleik líkast. Það er þannig að ég hef margítrekað hér bæði í minni fyrstu ræðu sem ekkert var loðin í þessum efnum og öllum þeim ræðum síðar að ríkisstjórnin mun innan fárra vikna meira að segja ganga til samninga um kaup á þyrlu. Þetta hef ég sagt hér inni. Allir þeir sem vilja heyra, a.m.k. allir þeir sem þessu máli fylgja af heilindum en ekki af einhverjum pólitískum skrípaleik, hafa skilið það sem sagt er.“

Þetta töldum við sem þá vorum að berjast fyrir frv. til laga um kaup á björgunarþyrlu að væri nægilega sterk yfirlýsing til þess að við hana yrði staðið. Annað hefur komið í ljós. Nefndir og ráð hafa verið stofnuð til þess eins að því er virðist að draga málið á langinn. Hæstv. dómsmrh. hefur einnig gefið yfirlýsingar um að málið ætti að klárast innan tiltekins tíma.

Fsp. sem lögð hefur verið fram um það hvað tefði málið var alls ekki svarað, hún var virt að vettugi. Og enn kom yfirlýsing fyrir örfáum vikum síðan frá hæstv. forsrh. þar sem hann segir fyrir utan Alþingishúsið þegar hann tók við undirskriftarlistum að þyrla verði keypt innan „skamms tíma“ heitir það nú.

Auðvitað er stóra spurningin orðin sú hvernig er þetta tímatal eiginlega þar sem nokkrar vikur eru komnar yfir 50 vikur og „innan skamms tíma“, hvað ætli það skyldi þýða?

Er því nema von að spurt sé hreint og beint út eins og gert er á þskj. 322: Hvenær verður gerður samningur um kaup á björgunarþyrlu?

Þetta er skýr og skorinorð spurning og óskað eftir skýru og skorinorðu svari.

[15:21]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vænti þess að innan skamms verði hægt að ganga til samninga um kaup á björgunarþyrlu. Eins og kunnugt er þá ákvað ríkisstjórnin í maímánuði sl. að fela mér og fjmrh. að leita eftir kaupum á björgunarþyrlu í samræmi við þær ráðleggingar sem fyrir lágu um hentuga og nægjanlega öfluga björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna.

Í ágústmánuði lágu fyrir drög að samningi um kaup á notaðri björgunarþyrlu í samræmi við þær tillögur sem fyrir lágu um þyrlu sem fullnægði þeim kröfum sem gerðar hafa verið.

Það er svo deginum ljósara að í umræðum um endurskoðun á umsvifum varnarliðsins hér við land dróg ust málefni björgunarsveitar varnarliðsins nokkuð inn í þær umræður og hafa ugglaust haft nokkur áhrif á að dróst að taka afstöðu til þess samningsuppkasts sem fyrir lá. Því miður fór það svo að sú þyrla sem þarna um ræðir var seld fyrir skömmu. Unnið hefur verið að því að undanförnu að leita eftir mögulegum kaupum á annarri sambærilegri þyrlu sem uppfyllti þau skilyrði sem sett hafa verið og er það í gangi. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum undir höndum um möguleika á slíkum kaupum þá ætti að vera hægt að ljúka slíkum viðræðum innan skamms tíma þannig að við

getum staðið við þau áform sem uppi hafa verið í þessu efni. En að öðru leyti tek ég undir með hv. fyrirspyrjanda að brýnt er að ljúka þessu máli.

[15:23]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli eru orðin móðgun við þingið og móðgun við íslenska þjóð. Hér eru gefnar yfirlýsingar eftir tímatali sem okkur sumum hverjum virðist að sé á þann veg að það passar í það minnsta ekki við tímatal manna. Hvort það passar við tímatal guðs skal ósagt látið því að fyrir honum er einn dagur sem þúsund ár eins og menn vita og óljóst hvað vikurnar ófáar gætu þá verið langur tími.

En ég vildi þrengja ögn að hæstv. dómsmrh. og fá svör við því hvort hugsanlegt sé að hæstv. ríkisstjórn hyggist leysa þetta fyrir sveitarstjórnarkosningarnar eða eftir sveitarstjórnarkosningarnar.

[15:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Meðferð ríkisstjórnarinnar á þessu máli er auðvitað eitt samfellt hneyksli, það er ekki hægt að hafa neitt annað orð um það. Hæstv. forsrh. og reyndar hæstv. ráðherrar hver um annan þveran eru berir að margendurteknum marklausum yfirlýsingum og loforðum í þessu máli. Ofan í kaupið er svo verið að vanvirða skýran vilja Alþingis sem hefur legið fyrir lengi um það að kaupa nýja björgunarþyrlu. Nú kemur hæstv. dómsmrh. eina ferðina enn í ræðustólinn og hvað hefur hann að segja okkur? — Væntir þess að innan skamms ...

Við erum búin að hlusta á orðhengilshátt af þessu tagi í 2–3 ár, allan valdatíma þessarar ríkisstjórnar og það er hneyksli. Og það að fara að skjóta sér nú ofan í kaupið á bak við betliviðræðurnar við Bandaríkjamenn í anda aronskunnar er auðvitað enn eitt hneykslið í þessu máli. Það á að kaupa nýja björgunarþyrlu, nýja Súper-Púmu sem er það sem sérfræðingar Landhelgisgæslunnar vilja og það á að kaupa hana strax.

[15:26]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hefur eiginlega sagt það sem ég ætlaði að segja. Auðvitað er allur gangur þessa máls hreint hneyksli og ég vildi að ríkisstjórnin vissi hvern hug sjómannastéttin ber til hennar eftir að hafa horft á þetta ganga á þennan máta í allt upp í tvö ár. Það sýnir auðvitað gildismat þessarar ríkisstjórnar að hvert stórslysið eftir annað gerist án þess að menn ranki við sér og enn og aftur heyrir maður sömu svörin, að björgunarþyrlur af Keflavíkurflugvelli geti komið í staðinn fyrir þá þyrlu sem við óskuðum eftir að yrði keypt. Það er rangt. Þær eru ekki ætlaðar til þess að ferðast yfir land á borð við Ísland í hvernig veðrum sem er og þetta hefur margsinnis komið fram.

Ég ætla aðeins að lokum að minna á og gera þau orð skipstjórans á Goðanum að mínum þegar hann sendi ríkisstjórnina kveðju og sagði: Þeir ættu að lenda í þessu sjálfir.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég skal viðurkenna það að ég var að gera mér vonir um það að ég fengi skýrari svör en ég fékk í dag. Það er alveg rétt að þetta eru nákvæmlega sömu svörin og við höfum verið að fá lon og don. Það eru frekari viðræður, nýjar nefndir, litið suður á völl. Þetta er það sem við erum búin að hlusta á í þrjú ár. Vilji Alþingis er algjörlega skýr, hann er jafnskýr og hann var í landbúnaðarmálum um daginn og þá átti að keyra allt í gegnum þingið. Viljinn er nákvæmlega jafnskýr en það er bara vilji ríkisstjórnarinnar sem er ekki skýr og þar er mikill munur á. Ríkisstjórnin hefur aldrei viljað kaupa þyrlu og það er málið. Vilji þingsins er skýr, vilji þjóðarinnar er skýr. Það er vilji allra nema ríkisstjórnarinnar til þess að kaupa björgunarþyrlu. Ég segi eins og aðrir: Þetta er hneyksli og ég skammast mín fyrir svona ríkisstjórn. Ég hreint og beint skammast mín fyrir hana. Að líta hér með söknuði til þess að búið sé að selja 9–11 ára gamla þyrlu, það er annað hneyksli. Forstjóri Landhelgisgæslunnar var búinn að lýsa því yfir að það væri rangt að fara þá leið. Það munaði litlum 150 millj. kr. á því að kaupa nýja þyrlu, nýja fullkomna þyrlu, og menn eru að gráta yfir því að 11 ára gömul þyrla er farin og það á að fara að leita að eins þyrlu á einhverjum þyrlukirkjugörðum úti í heimi. Þetta kalla ég hneyksli eins og allt þetta mál er orðið. Ég dauðsé eftir því að hafa samið af mér þau tvö lagafrumvörp sem við höfum lagt hérna fram. Ég dauðsé eftir því. Ég hélt í einfeldni minni að það væri hægt að treysta orðum manna. En það er svo víðáttu, víðáttulangt frá því að það sé hægt að treysta orðum þessara manna. Þær yfirlýsingar sem nú hafa komið fram, ég treysti þeim ekkert meira en hinum enda engin ástæða til. Það er ekki hægt að draga menn á asnaeyrunum endalaust. Það fer að svíða undan. (**Gripið fram í:** Hvar er forsrh.?)

[15:29]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það gætir nokkurs misskilnings í máli tveggja hv. þm. sem túlkuðu orð mín á þenn veg að ég hefði verið að vísa til þess að það kæmi til álita að við hyrfum frá því að kaupa þyrlur ef til samstarfs við björgunarsveit varnarliðsins kæmi. Það er á miklum misskilningi byggt og fólst ekki á nokkurn hátt í mínum orðum. Hins vegar gæti það haft áhrif á val um kaup á björgunarþyrlu en í því efni verða menn þó að hafa í huga að við höfum sett okkur ákveðin skýr markmið og gert ákveðnar kröfur um hæfni og búnað slíks björgunartækis, m.a. um langdrægi og möguleika til flots og frá þeim kröfum verður ekki horfið, burt séð frá því hver endanleg niðurstaða verður um þá tegund sem keypt verður. Íslendingar þurfa að eignast eigin björgunarþyrlu, nægjanlega öfluga til að geta sinnt þeim skilgreindu verkefnum sem við ætlum að taka að okkur en við það val geta auðvitað komið inn fleiri kostir.

Ég vil líka að gefnu tilefni minna á að sérfræðingar Landhelgisgæslunnar og þeir sérfræðingar sem kallaðir hafa verið til töldu eðlilegt að við keyptum not-

aða þyrlu sem uppfyllti þær kröfur sem gerðar yrðu, ekki síst með tilliti til þess að notkunartími er ekki það mikill, sem betur fer, en hagsmunirnir auðvitað mjög miklir að þyrlan fullnægi þeim kröfum sem gerðar eru og út frá þeim meginmarkmiðum verður unnið þegar við erum þessa daga að leita að nýjum kosti.

Rannsóknir og þróun í fiskvinnslu.

Fsp. AKG, 335. mál. — Þskj. 526.

[15:32]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Á þskj. 526 hefur varamaður minn, hv. þm. Anna Kristín Gunnarsdóttir, flutt svohljóðandi fsp. til sjútvrh.:

„Hverju sætir að íslenskum fiskvinnslufyrirtækjum eða samtökum þeirra standa ekki til boða sérstök lán eða styrkir til rannsókna og þróunarvinnu við fullvinnslu íslensks sjávarafla?“

Á það er bent af mörgum að þeir sem vilja kaupa skip geta fengið til þess talsverða fyrirgreiðslu en þó eru að sjálfsögðu alveg nægilega mörg skipi í landinu og þar eru kannski ekki mestu þróunarmöguleikarnir sem fyrir hendi eru í íslenskum sjávarútvegi. Aftur á móti er ekkert fé sérmarkað til þróunarvinnu hjá fiskvinnslunni. Þar er einmitt mjög mikilvægt að við Íslendingar sækjum fram og það er afskaplega óeðlilegt að það kerfi sem við búum við bjóði ekki upp á fyrirgreiðslu til þeirra aðila sem eru að hafa forustu um nýjungar í íslensku atvinnulífi en koma nú alls staðar að lokuðum dyrum vegna þess að það er í raun og veru sáralítið í okkar kerfi sem ætlað er til að örva nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Vissulega hefur Byggðasjóður haft eitthvert fjármagn aflögu í þessu skyni en það er mjög takmarkað og eins mun það þróunarsetur sem sambandsfrystihúsin komu sér upp hafa getað boðið upp á nokkurt fé í þessu skyni. Ég hygg samt að hitt sé langalgengast að þeir sem eru að leita fyrir sér í kerfinu til þess að fá fjármagn til að vinna að rannsókna- og þróunarstarfsemi í fiskvinnslu miðað við þá vaxandi möguleika sem eru á því sviði komi yfirleitt að lokuðum dyrum.

Þess vegna er eðlilegt að hér sé spurt: Hyggst ríkisstjórnin gera einhverja bragarbót þar á?

[15:36]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Fsp. byggist á þeim misskilningi að ekkert fé hafi verið til boða af opinberri hálfu til verkefna af þessu tagi. Um það má alltaf deila hversu mikið fé ríkið eigi að láta af höndum í þessu skyni en því verður ekki á móti mælt að á undanförnum árum hefur þrátt fyrir allt töluverðu fjármagni verið ráðstafað til að styðja við rannsóknir og þróunarvinnu sem kemur atvinnulífinu til góða og ekki síst fiskvinnslunni.

Á þessu kjörtímabili hefur veruleg aukning orðið á fjárveitingum af þessu tagi. Fyrirtæki geta sótt um styrki til opinberra rannsóknasjóða. Þau geta fengið aðstoð af ýmsum toga hjá rannsóknastofnunum og nokkrir skólar á framhalds- og háskólastigi taka með beinum hætti þátt í rannsóknum og nýsköpunarstarfi með fyrirtækjum og öðrum aðilum.

Á síðasta ári varði ríkisstjórnin 50 millj. kr. til sérstaks markaðsátaks vegna tilkomu hins Evrópska efnahagssvæðis. Þar af komu rúmar 20 millj. kr. í hlut sjávarútvegsfyrirtækja. Í ár verður sömu upphæð varið til þessa og er það von mín að hlutur sjávarútvegsfyrirtækja verði ekki minni að þessu sinni. Auglýst verður fljótlega eftir umsóknum um þessa styrki.

Ég tel rétt að framhald verði á slíkum styrkveitingum á komandi árum en þeir verða ekki endilega tengdir Evrópska efnahagssvæðinu sérstaklega. Það er hins vegar eðlilegt að gera það nú vegna þeirra nýju tækifæra sem sá samningur hefur gefið íslenskri fiskvinnslu til vöruþróunar inn á Evrópumarkaðinn.

Fjárveitingar til Rannsóknasjóðs hafa verið auknar verulega síðustu ár. Þannig var framlag til sjóðsins rúmlega 83 millj. kr. árið 1990. Á síðasta ári var það 155 millj. og á þessu ári 200 millj. Verulegur hluti af styrkjum ráðsins renna til sjávarútvegsfyrirtækja, m.a. til fullvinnslu sjávarfangs.

Á undanförnum árum hefur fyrirtækjum, þar með talið í sjávarútvegi, staðið til boða ýmiss konar aðstoð stofnana og sjóða. Þar má nefna vöruþróunarverkefni á vegum Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins og Iðntæknistofnunar og útflutnings- og þróunarverkefni Útflutningsráðs fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki. Þá hafa sjóðir, eins og sá sem hv. þm. gat hér um, stutt við bakið á fyrirtækjum í nokkrum mæli.

Það er alveg ljóst að afkoma þjóðarinnar á næstu árum mun í mjög verulegum mæli byggjast á því að okkur takist að auka hér vöruþróun og frekari fullvinnslu á sjávarfangi. Í þeim efnum hefur mikið verið að gerast á síðustu árum, bæði fyrir tilstuðlan þeirra aðila sem hér hafa verið nefndir og einnig vegna frumkvæðis og fjármögnunar frá fyrirtækjunum sjálfum. En ég vil leggja á það áherslu að hér er að sjálfsögðu hægt, bæði af opinberri hálfu og af hálfu fyrirtækjanna, að ganga lengra og mjög brýnt að við aukum þessa starfsemi og hvetjum fyrirtækin fyrst og fremst til þess að takast á við þessi verkefni sem um leið eru markaðsverkefni því brýnt er að menn geri sér fulla grein fyrir því að vöruþróun og frekari fullvinnslu fylgir vitaskuld sú kvöð að við markaðssetjum nýjar afurðir með árangri.

[15:39]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð athyglisvert að hugsa um það þegar maður skoðar stöðu sjávarútvegsins hér á landi annars vegar og hins vegar þann mikla fjölda af háskólamenntuðu fólki sem við höfum útskrifað á undanförnum árum og áratugum, hvað það eru ótrúlega fáir háskólamenntaðir einstaklingar sem starfa í vinnslufyrirtækjum í sjávarútvegi. Það er ótrúlega lítið um að slíkir aðilar séu í vinnu við rannsókna- og þróunarverkefni inni í sjávarútvegsfyrirtækjum. Ég hygg að það megi telja þá einstaklinga á fingrum annarrar handar í landinu öllu sem sinna þessum verkefnum sérstaklega.

Ég hef á undanförnum missirum rætt þetta oft við forstöðumenn sjávarútvegsdeildar Háskólans á Akureyri og auðvitað er það stuðningur fyrir sjávarútveginn sem þar á sér stað og sömuleiðis á vegum Rannsóknasjóðs. Hitt er alveg ljóst sem hv. fyrirspyrjandi er að ýja að að til þess að ná því út úr sjávarútveginum sem hægt er þá verður að gera sérstakt menntunarátak fyrir þá sem þar starfa og sérstakt átak til þess að stórauka fjármuni og svigrúm til fjármunamyndunar í rannsókna- og þróunarverkefnum. Og ég harma svar hæstv. sjútvrh. sem lýsti því að hann væri sáttur við ástandið eins og það er í dag.

[15:41]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð þekkt staðreynd sem margoft hefur komið fram bæði hér á landi og í skýrslum alþjóðastofnana að Íslendingar leggja minna til rannsókna- og þróunarstarfsemi í atvinnuvegum sínum en flestar aðrar iðnvæddar þjóðir. Ég hygg að það sé staðreynd að það fé sem gengur til fullvinnslu sjávarafla er ekki mikið að vöxtum. Þess vegna kom mér nokkuð á óvart að hæstv. sjútvrh. skyldi gera svo mikið úr þeim möguleikum sem er eru fyrir hendi. Ég held að menn verði að viðurkenna það að þarna er um afar smávaxnar upphæðir að ræða miðað við gildi sjávarútvegs í þjóðarbúskap okkar. Og þó ég þakki hæstv. ráðherra fyrir svarið þá get ég ekki verið honum sammála um að hér sé nóg að gert. Ég held að það sé brýn þörf á miklu stærri og völdugri aðgerðum á þessu sviði einmitt til að fullvinnsla sjávarafurða verði sá mikilvægi vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi sem hún hlýtur og á að vera.

[15:43]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég hef þá sjálfsagt talað óskýrt ef tveir hv. þm. hafa skilið orð mín á þann veg að ég hafi fullyrt að nóg væri að gert. Ég benti á að það hefur í verulegum mæli verið tekist á við þessi verkefni bæði af opinberum aðilum og einstökum fyrirtækjum. En ég hélt að ég hefði sagt það alveg skýrt að báðir aðilar geta gert meir og hugtakið nóg í þessu efni er vandskýrt. Og af opinberri hálfu hljóta menn ávallt að togast á um fjármuni í þessu skyni eins og öðrum. Aðalatriðið er þó það og það sjáum við á reynslu undanfarinna ára að við náum mestum árangri í vöruþróun þar sem fyrirtækin sjálf takast á við þetta verkefni að eigin frumkvæði og eigin getu. Og það leiðir okkur að öðrum þætti sjávarútvegsmálanna sem skiptir auðvitað höfuðmáli. Það er að fyrirtækin geti skilað þeim arði að þau geti staðið undir verkefnum af þessu tagi í ríkari mæli en við þær þröngu aðstæður sem þau búa við í dag sem eðlilega skýrast af breyttum ytri skilyrðum, minnkandi afla og lækkandi verði. En við eðlileg rekstrarskilyrði þá er það brýnast að fyrirtækin sjálf hafi þá afkomu að geta tekist á við þessi verkefni.

Útbýting þingskjals:

Sala notaðra ökutækja, 389. mál, stjfrv., þskj. 587.

Rækjukvóti loðnuskipa.

Fsp. JVK, 361. mál. — Þskj. 553.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegur forseti. Á árinu 1988 var skipt 7.000 tonnum af rækjukvóta á milli 40 loðnuskipa til að bæta þeim m.a. upp skerðingu á botnfiskheimildum sem urðu til þegar kvótakerfið var tekið upp árið 1984. Á þessum tíma var loðnan ekki mikið veidd. Hún var í raun og veru í veiðanlegu lágmarki og verðið breyttist lítið. Útgerðir loðnubáta áttu því í talsverðum erfiðleikum fjárhagslega og því þótti á þessum tíma þetta eðlileg ráðstöfun til jöfnunar.

Nú er þessu á annan veg farið. Loðnan virðist í góðu ástandi og veiðist í miklu magni. Það hefur því verið hægt að auka loðnukvótann og verð á henni er hátt um þessar mundir. Þau loðnuskip sem hafa yfir að ráða rækjukvóta á þessum tíma sem áður er getið hirða fæst um að veiða hann en eru að selja hann öðrum. Útgerðarfélög rækjuskipa kaupa mikið af kvóta af loðnuflotanum. Kvótinn er hins vegar dreifður á mörg skip en lítið hjá hverju þannig að hann nýtist illa. Ég tel þær forsendur sem voru árið 1988 til að úthluta rækjukvóta til loðnuskipa séu brostnar. Nú eru það aðrar útgerðir sem þurfa á þessum aflaheimildum að halda og það gæti stuðlað að atvinnuaukningu í landi.

Ég hef því leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. sjútvrh. á þskj. 553, svohljóðandi:

1. Hyggst ráðherra endurúthluta rækjukvóta þeim sem úthlutað var til loðnuskipa árið 1988?

2. Ef svo er, verður þeim kvóta þá úthlutað til útgerða á þeim stöðum sem hafa farið hvað verst út úr skerðingu á þorskkvóta?

[15:47]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér er borin fram nokkuð sérstæð fsp. Það kann nú að vera að fsp. af þessu tagi hafi verið bornar fram áður en ég hygg að það sé ekki daglegt brauð að hér séu bornar fram fsp. til ráðherra um það hvort þeir ætli að brjóta gildandi lög sem þingið hefur falið þeim að framfylgja. En svo er í þessari fsp.

Ég á því í nokkrum erfiðleikum með að ráða í það hvað fyrir hv. þm. vakir í þessu efni. Ekki ætla ég að hv. þm. sé að fara fram á að ráðherra brjóti skýr lagaákvæði. Ef hv. þm. hefði ætlað að bera þessa fsp. fram á málefnalegan hátt þá hefði þingmaðurinn tilgreint þau skip sem hún telur rétt að flytja aflaheimildir af og þau skip eða byggðarlög sem hún telur að flytja eigi aflaheimildina til og spurt hvort viðkomandi ráðherra ætlaði að beita sér fyrir lagabreytingu til að koma þessum málefnum fram. Það hefði verið málefnalega rétt að staðið hjá hv. þm. en eins og þessi fsp. stendur þá verð ég að svara því alveg skýrt: Það stendur ekki til af hálfu ráðuneytisins að brjóta skýr lög sem gilda um þessi efni.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég átti nú satt að segja ekki von á því frá hæstv. dómsmrh. og sjútvrh. að hann færi að ræða um að ég væri að biðja hann um að brjóta lög. En það má kannski minna hann á það að ef hann skortir lagaheimildir til að gera einhverja bragarbót á því sem ég nefndi í þessari fsp. þá hefur hingað til verið hægt að breyta lögum á Alþingi. Ef hann skyldi ekki vita það, hæstv. ráðherra, þá munum við ræða um ný lög um fiskveiðistjórnun strax á morgun. Ég hygg að hæstv. ráðherra hafi kannski rekið augun í frétt í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum síðan, í síðustu viku, þar sem haft var eftir starfsmanni í hans ráðuneyti að þetta hefði verið pólitísk ákvörðun sem tekin var árið 1988 þegar þessi rækjukvóti var settur á loðnuskipin. Það er líka, hæstv. ráðherra, pólitísk ákvörðun ef það á að breyta þessu.

[15:51]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég hlaut að svara fsp. eins og hún var borin fram. Ég tók það alveg skýrt fram af minni hálfu að eðlilegt hefði verið að spyrja ef þetta mál hefði átt að bera fram með málefnalegum hætti hvort til stæði að gera tillögur um breytingar á lögum.

Það hefur ekki staðið til af minni hálfu og fyrir því eru mörg rök og auðvitað þau sem ég veit að hv. þm. er kunnugt um að loðnuskipin voru skert mest allra skipa af botnfiskveiðiheimildum árin 1984–1985. Þau áttu aldrei kost á að velja sóknarmark eins og flest önnur skip og auka þannig aflareynslu sína. Þær ákvarðanir sem teknar voru miðuðu að því að koma þessum skipum út úr botnfiskveiðum. Og þegar af þeirri ástæðu er ljóst að ef nú ætti að taka af þeim þessar veiðiheimildir þá vaknaði upp spurning hvort ekki væri nauðsynlegt að bæta þeim upp þær veiðiheimildir sem áður voru af þeim teknar og voru forsenda fyrir því að rækjuheimildirnar voru auknar gagnvart hluta af þessum flota.

Á það er svo líka rétt að minnast að þessar heimildir hafa færst á milli skipa í ýmsum tilvikum og hv. þm. kemst þess vegna ekki hjá því ef hann ætlar að beita sér fyrir lagabreytingu af þessu tagi að flytja um það tillögur að aflaheimildir séu fluttar af tilteknum skipum yfir á önnur.

Úthlutun aflaheimilda.

Fsp. JVK, 362. mál. — Þskj. 554.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef hugsað mér að bera hér fram fsp. til hæstv. sjútvrh. á þskj. 554, svohljóðandi:

„Verður endurskoðuð úthlutun aflaheimilda yfirstandandi fiskveiðiárs á botnfisktegundum, sbr. ákvæði 3. gr. laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða?“

Það hefur komið í ljós sem flestir óttuðust þegar ákveðinn var heildarþorskafli fyrir yfirstandandi ár að nú eru aflaheimildir að klárast og ekkert fram undan hjá þeim landsvæðum sem byggja allt sitt á þeim nema atvinnuleysi. Við gerum okkur það öll ljóst að það hefur verið minnkandi þorskur í sjónum og klak undanfarinna ára hefur ekki tekist sem skyldi. Við því hefur verið brugðist með takmörkun á afla. Og undanfarin tvö ár hefur jafnvel verið erfiðleikum bundið að ná þeim afla sem leyfður hefur verið í þorskveiðiheimildum. Þess vegna var ekki mikið um mótmæli við ákvörðun sjútvrh. um þann niðurskurð sem ákveðinn var hér fyrir yfirstandandi fiskveiðiár. Ég geri þó ráð fyrir að hefðu fiskveiðar gengið jafntreglega í vetur og undanfarin ár þá hefði engum dottið í hug að fara fram á auknar þorskveiðiheimildir. En ástandið er mun betra en sjómenn og flestir aðrir þorðu að vona. Það hefur fiskast vel þegar gefið hefur á sjó og menn tala um að greinileg aukning á fiskgengd hafi orðið allt í kringum landið. Stór og góður fiskur hefur t.d. veiðst út af Vestfjörðum í vetur. Sl. tvö ár hafa skilyrðin í sjónum verið með betra móti. Hafrannsóknastofnun lýsti því svo yfir sl. vor að ástand sjávar væri eins og best væri á kosið og útlit fyrir gott þorskklak.

Ég tel að við þessar aðstæður sem ég hef hér nefnt sé fullkomlega réttlætanlegt að úthluta meiri veiðiheimildum á botnfiski. Og ég tek alveg undir það sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson sagði í DV sl. laugardag að það sé varlega farið þó þorskkvótinn yrði hækkaður í það sama og á síðasta ári eða í 205 þús. tonn. Það mundi bæta stöðu þeirra sjávarútvegsfyrirtækja sem byggja afkomu sína mest á þorskveiðum og koma í veg fyrir stórfellt atvinnuleysi.

Ég rengi ekki niðurstöður fiskifræðinga miðað við þær forsendur sem þeir nota en ég tel hins vegar að skekkjumörk séu þar veruleg enda hefur það komið í ljós í ráðleggingum þeirra á undanförnum árum.

Eftir togararallýið í fyrra mældist þorskstofninn heldur stærri en árið áður því þá mældist fiskurinn 20–45 sm að jafnaði en í fyrra var hann allt upp í 30–60 sm. Og meira varð vart við eins árs fisk þá heldur en árið áður eða árið 1992. Ég tel þetta vísbendingu um að stofninn sé tvímælalaust á uppleið og sem betur fer segja auðvitað allir. Og eins og ég sagði var það gefið út af Hafró sl. vor að aðstæðurnar bentu til þess að klak gæti heppnast betur en verið hefur.

Það var sett á síðasta fiskveiðiári kvóti um 205 þús. tonna þorskafla en reyndar voru veidd 230 þús. tonn. Þannig að venjulega hefur ekki verið hægt að hengja sig alveg á ákveðinn tonnafjölda. Þess vegna beini ég þeirri fsp. sem ég las hér upp áðan til hæstv. sjútvrh.

[15:57]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hafrannsóknastofnun lagði fram skýrslu sína um nytjastofna sjávar og umhverfisþætti fyrir árið 1992–1993 og aflahorfur fyrir fiskveiðiárið 1993–1994 í maí sl. Þar kom fram að veiðistofninn, þ.e. fjögurra ára þorskur og eldri yrði aðeins 610 þús. tonn í ársbyrjun árið 1994 og hrygningarstofninn rétt um 200

þús. tonn. Þá kom fram í skýrslunni að við 175 þús. tonna afla mun veiðistofninn minnka í 580 þús. tonn árið 1995 og hrygningarstofninn nánast standa í stað næstu árin. Aðeins með því að takmarka aflann enn frekar, þ.e. veiða minna en 175 þús. tonn, má gera ráð fyrir að stofninn nái að stækka svo nokkru nemi fram til 1996. Þá hefur komið fram að nýliðun í þorskstofninn hefur verið mjög slök síðustu árin og miklar líkur eru á því að endurnýjunargeta hrygningarstofnsins sé verulega skert miðað við fyrra ástand hans. Fyrir þá sök ber mikla nauðsyn til að efla þorskstofninn svo afrakstursgeta hans aukist og verði álíka og verið hefur marga undanfarna áratugi. Það er þess vegna sem Hafrannsóknastofnun lagði til að miðað yrði við 150 þús. tonna afla á yfirstandandi fiskveiðiári og stjórnvöld ákváðu 165 þús. tonna afla í framhaldi af tillögum stofnunarinnar.

Enda þótt þorskstofninn standi illa um þessar mundir verður ekki annað sagt en að ástand loðnustofnsins sé mjög gott. Þar sem loðnan er aðalfæða þorsksins hefur þetta haft þau áhrif að þorskur á ýmsum miðum hefur safnast saman og orðið auðveiðanlegri en oft áður og í annan stað vex þorskurinn mjög vel þar sem mikið er um æti. Hér ber einnig að hafa í huga að þorskurinn getur verið veiðanlegri þegar breytingar verða á hitaskilum í sjónum.

Athugun á aldursdreifingu þorsks í afla togara á Vestfjarðamiðum á tímabilinu september–desember 1993 sýnir að a.m.k. 70% af aflanum er fjögurra ára fiskur og yngri. Hið sama gildir um afla við Norðurland og Breiðafjörð. Meðalþyngd þorsksins á haustmánuðum var því um eða talsvert undir 2 kg. Það er deginum ljósara að mikla nauðsyn ber til að draga úr veiðum á þessum unga en hraðvaxta ókynþroska fiski og jafnframt er það ljóst að öll aukning í veiðiheimildum um þessar mundir mun koma okkur í koll síðar og tákna fráhvarf frá fyrri ákvörðunum um hagkvæma nýtingu og eflingu þorskstofnsins.

Það er einnig rétt að minna á í þessu sambandi að afli á togtíma togara hefur farið minnkandi. Var minni að því er ísfisktogarana varðar á síðasta ári en árið þar áður. Ég þykist vita að hv. þm. hafi kynnt sér síðustu bráðabirgðatölur Fiskifélagsins um afla Vestfjarðatogara í janúarmánuði. Hann var minni en á sama tíma árið áður. Ef allur bátafloti Vestfirðinga er tekinn og veiðar í janúarmánuði kemur í ljós að afli þeirra var minni í janúar á þessu ári en árið áður.

Allt eru þetta atriði sem við þurfum að hafa í huga. En aðalatriðið er þó að ekkert hefur komið fram sem breytir þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar í maímánuði í fyrra og ákvörðunum stjórnvalda. Sem betur fer reyndist klakmælingin sl. haust betri en áður og gefur góða von. En þorskurinn er ekki svo bráðþroska að það gefi tilefni til að auka aflaheimildir nú. Það væri ábyrgðarleysi. Við höfum oft orðið varir við slíkt ábyrgðarleysi en það hefur dregið úr því á síðustu árum og síst af öllu átti ég von á að það kæmi úr röðum Kvennalistans.

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Það er svo að ríkisstjórnin tekur ákvörðun um aðgerðir. En mér sýnist hún ekki taka ábyrgð á sínum aðgerðum. Því þegar hún er að taka ákvörðun um það að skera svo niður þorskkvótann og botnfiskheimildir sem gert hefur verið að atvinnuleysi blasir við meginhluta sjávarútvegsfyrirtækja, alla vega þeim sem byggja afkomu sína á botnfiski hálft árið, þá sýnist mér að ríkisstjórnin taki ákvörðun um ákveðnar aðgerðir en hún ætlar ekki að taka afleiðingunum af þeim ákvörðunum.

Og hvað viðvíkur því sem hæstv. ráðherra rakti áðan að þorskstofninn væri ekki áætlaður nema 630 þús. tonn, eins og hann las upp úr skýrslu Hafrannsóknastofnunar frá sl. vori, þá er það alveg rétt. En samkvæmt því sem nú hefur verið lagt til að veiða þá á ekki að veiða meira en 24% af stofnstærðinni. Árið 1973 var stofninn 830 þús. tonn, en veiðin var 382 þús. tonn eða 46% af stofnstærðinni. Samt varð nýliðun aldrei betri en einmitt úr þessum sama stofni. Það fer því ekki alltaf saman, hæstv. ráðherra. Þó stofnstærðin segi okkur að við megum ekki veiða nema eitthvað ákveðið sem Hafrannsóknastofnun leggur til þá sýnir reynslan okkur stundum ýmislegt annað.

[16:03]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að vegna mikillar loðnu væri þorskurinn í miklum vexti og hefði vaxið hraðar en hann hefur gert að undanförnu. Mér sýnist þess vegna að hv. þm. sem vakti athygli á því hvort auka mætti þorskkvótann hafi í reynd ekki verið að leggja til að fleiri þorskar væru drepnir en hæstv. ráðherrann sjálfur hafði lagt til á sínum tíma. Mér er ekki ljóst að hægt sé að lýsa því yfir að einn sé ábyrgðarlaus en annar með ábyrgð því það vill svo til, hvað sem þessum málum líður, að þingmönnum er ætlað að bera ábyrgð á lífskjörum íslensku þjóðarinnar. Og umhyggjan fyrir þorskinum má varla verða meiri en umhyggjan fyrir fólkinu í landinu.

[16:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er eðlilegt að hér sé rætt og spurt út í úthlutun aflaheimilda en eins og málið snýr við mér þá er vandamálið sem við stöndum frammi fyrir ekki skortur á aflaheimildum heldur skortur á þorski. Ég get ekki séð að við búum til meiri fisk í sjónum með því að auka aflaheimildir. Ég held að við verðum í þessari umræðu að taka mið af því að samkvæmt niðurstöðum fiskifræðinga og vísindamanna, og ég vil taka mið af þeirra niðurstöðum, er hrygningarstofninn kominn niður í það lágmark núna að menn eru farnir að óttast að það hafi varanlegar afleiðingar varðandi getu hans til að koma upp góðum árgöngum í hrygningu. Ég held því að hér verði menn að ganga um dyr með hinni mestu aðgát.

[16:06]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það sem skiptir mestu máli fyrir af-

komu þessarar þjóðar er að okkur takist að byggja þorskstofninn upp. Og að því er stefnt með þeim ráðstöfunum sem verið er að gera.

Ég trúi því að okkur muni takast þetta. Margir sjómenn viðurkenna að þær hörðu friðunarráðstafanir sem gripið hefur verið til séu að byrja að skila árangri. Þá væri vitlaust að hverfa frá þeirri stefnu þegar við eygjum það vonandi að þorskstofninn geti innan nokkurra ára farið að vaxa aftur. Það versta sem hv. þm. gerði sínum heimabyggðum væri að taka á því pólitíska ákvörðun að þorskstofninn hryndi eins og hann hefur gert hjá mörgum þjóðum allt í kringum okkur þar sem stjórnmálamenn hafa látið undan tímabundnum þrýstingi í þessu efni. Það gerðu Færeyingar, það gerðu Kanadamenn og það gerðu Grænlendingar. Og ekkert gæti komið Vestfirðingum verr en að stjórnmálamenn létu undan tímabundnum þrýstingi því þá fyrst mundi byggðin á Vestfjörðum hrynja ef við tækjum óábyrgar ákvarðanir af þessu tagi.

Vegna þeirra ummæla hv. þm. að ríkisstjórnin hafi ekki brugðist á neinn hátt við vegna þeirrar ákvörðunar sem tekin var sl. sumar um heildaraflamark þá þykir mér rétt að minna á, af því að ég veit að hv. þm. veit betur, að gengi krónunnar var sérstaklega fellt til að treysta frekar rekstrarlega undirstöðu fyrirtækja í sjávarútveginum. Aflaheimildum hefur sérstaklega verið úthlutað til þeirra sem hafa orðið fyrir mestri skerðingu. Að því er Vestfirði varðar þá hefur verið umfjöllun um það á vettvangi Byggðastofnunar að styðja þær byggðir sérstaklega. Fullyrðingar hv. þm. í þessu efni um að ekkert hafi verið gert eru því einfaldlega rangar. (**SJS:** Hvað er Sighvatur þá að röfla?)

[16:08]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil láta það koma hér fram að um þessi efni hafa verið nokkuð skiptar skoðanir innan Kvennalistans. Við höfum sumar verið talsmenn þess að fara mjög varlega í því að ganga lengra á fiskstofnana. Ég tek undir það sem fram kom í máli hæstv. sjútvrh. að lífið hér í landi byggist á því að við getum veitt fisk. Ég vil minna á grein sem birtist reyndar í Alþýðublaðinu af öllum blöðum eftir Pétur Bjarnason á Akureyri, þar sem hann benti einmitt á þá staðreynd að ástæðan fyrir því að það væri þó enn þorskur hér við landið er líklega sú staðreynd að fiskstofnar hér hafa notið meiri verndar en víðast hvar annars staðar og veiðum hér hefur verið stýrt um árabil.

Ég hygg að það sé töluverður sannleikur í þessari skoðun Péturs og vara eindregið við því að þorskkvóti hér við land verði aukinn eða menn gangi lengra í að veiða þorsk hér en orðið er.

[16:10]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér er ákveðin fyrirspurn sem beint er til hæstv. sjútvrh. Umræðan snýst síðan yfir í það hvort vísindamenn viti fyrir víst hvað margir þorskar séu í sjónum í Atlantshafinu. Þeir sem efa að vísindamenn viti þetta eru bornir þeim sökum að vera gjörsamlega óábyrgir. Ég vil beina því til forseta hvort hann hafi kynnt sér það hvernig stóð á því að það var aldrei hægt að fá hæfa menn til að telja laxana í laxeldiskerunum. Hvort það sé meira afrek að komast að því hve mörg tonn hafi verið í laxeldiskerunum á þurru landi á Íslandi heldur en hafa sannar fréttir af magni á þorski í Atlantshafinu.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Hv. þm. kvaddi sér hljóðs um fundarstjórn forseta. Forseti átti ákaflega erfitt með að skilja hvað orð hv. þm. komu fundarstjórn forseta við. (**ÓÞÞ:** Má útskýra það ögn?) Það er alger óþarfi.

Bætur til bænda vegna harðinda.

Fsp. JGS, 308. mál. — Þskj. 499.

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég ber hér fram fsp. á þskj. 499 til fjmrh. Hún hljóðar svo:

„Hvernig hyggst ráðherra beita heimild í 6. gr. fjárlaga 1994 til að greiða bætur þeim bændum sem urðu fyrir mestu tjóni vegna harðinda á síðastliðnu sumri?"

Í 6. gr. fjárlaga fyrir yfirstandandi ár, heimildagreininni, er opin heimild til fjmrh. til að greiða bætur til bænda vegna harðinda á síðasta ári. Þetta er að mínu mati afar sérstök málsmeðferð. Á margan hátt hefði verið miklu eðlilegra að sjá til þess að búnaðarmáladeild Bjargráðasjóðs fengi ákveðna fjárveitingu til þessara verkefna. Ég veit ekki til þess að neitt sé farið að vinna í þessu máli enn þá. Bændur eru farnir að spyrja eftir því hvað þetta þýði og hvers þeir megi vænta.

Ég vil því ítreka spurningu mína til hæstv. ráðherra: Hvernig ætlar ríkisstjórnin að beita þessari heimildargrein? Hvað á það að dragast lengi að eitthvað liggi ljóst fyrir um það? Ég beini þessari spurningu til fjmrh. einfaldlega vegna þess að heimildargreinin sem slík er í fjárlögunum, heimildin er hans.

Virðulegur forseti. Nú skil ég hvorki upp né niður í tímatöku. Það er talið hér bæði upp og niður. Ég vil spyrja hvort ég eigi þarna 49 sekúndur eftir eða hvað?

(**Forseti** (KE)**:** *Það er rétt, 45 sekúndur.*)

Ég þarf ekki lengri tíma en ég vænti greiðra svara frá hæstv. ráðherra.

[16:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Samkvæmt upplýsingum úr landbrn. hefur Bjargráðasjóður gert athugun á því hversu mikill skaði bænda varð vegna harðæris á sl. sumri. Niðurstaðna er að vænta í lok þessa mánaðar. Mér er sagt að u.þ.b. 150 umsóknir um aðstoð hafi borist. Þetta þýðir að Bjargráðasjóður hefur komið að þessu máli eins og hv. þm. taldi eðlilegt í sínu máli.

Eins og hv. þm. og aðrir hv. þm. vita eru tjón vegna harðinda aðallega af tvennum toga. Annars vegar að bændur þurfa að kaupa inn fóður vegna ótíðar og hins vegar vegna þess að tún eyðileggjast. Bjargráðasjóður hefur greitt bætur vegna fyrrnefndra tjóna en ekki

vegna þeirra síðarnefndu. Þegar niðurstaða liggur fyrir munu viðræður verða teknar upp milli fjmrn. og landbrn. við Bjargráðasjóð og þá unnið úr málinu.

Á sínum tíma var rætt um að setja heimild í fjárlög með beinum hætti í aðrar greinar heldur en þá 6. eða fjáraukalög 1993 en þar sem upphæðin er óviss þótti eðlilegra að hafa hana í 6. gr. fjárlaga. Þá vil ég að fram komi að í upphafi var rætt sérstaklega af hálfu ríkisstjórnarinnar um stuðning við bændur á Norðausturlandi en textinn í fjárlögunum miðast ekki sérstaklega við það.

Loks vil ég segja að upphæðin verður að sjálfsögðu takmörkuð þótt hv. þm. hafi talað um opna heimild, þó ekki væri nema vegna þess að það eru afar takmarkaðir fjármunir sem fjárlög gera ráð fyrir að veittir verði vegna heimilda í 6. gr.

Meira tel ég ekki ástæðu að komi til á þessu stigi málsins en ég veit að hæstv. landbrh. og fulltrúar í landbrn. væru tilbúnir til að gefa hv. þm. frekari upplýsingar um stöðu málsins nú.

[16:16]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið. Ég mun þá væntanlega í framhaldi af ábendingu ráðherrans beina fsp. til hæstv. landbrh. formlega á þskj. um hvað líði úrvinnslu þessa máls.

Eitt vakti athygli í ræðu hæstv. ráðherra. Hann sagði: Þetta er ekki opin heimild. Það eru mjög þröngar skorður á því sem hægt er að gera samkvæmt 6. gr. að mati ráðherrans. Það er væntanlega rétt en það slær hins vegar úr höndum ráðherrans þau rök að ekki hefði verið hægt að ákveða í þetta sérstaka upphæð innan þess sem menn treystu sér til til handa búnaðarmáladeild Bjargráðasjóðs. Mér sýnist að þessi umræða hafi nú fært að því rök að það hefði verið miklu skynsamlegri málsmeðferð.

Ég vil einnig benda á varðandi styrki Bjargráðasjóðs. Þeir hafa einskorðast við styrki vegna fóðurkaupa. Þá vil ég benda á að við þær breyttu aðstæður sem eru í búskap hér á landi og afkoma bænda byggist orðið alfarið á því að mönnum takist að afla sem mest af sínu fóðri heima þá er mjög líklegt að í mörgum tilfellum sé núna hægt að telja nægilega margar fóðureiningar í hlöðum og rúllum viðkomandi bónda þó svo að fóðurgildið sé svo lélegt að fóðrið nýtist mjög illa til afurðafóðrunar og þá sérstaklega í mjólkurframleiðslu. En ég geri ekki kröfur til þess að fjmrh. „kommenteri" á þetta atriði sem slíkt.

[16:19]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það vakti athygli mína að þessari fsp. skyldi vera beint til fjmrh. Ég átta mig ekki alveg á hvernig á því stendur. Sýnist að vísu það ekki vera þinglega rétt en það má vera að mér skjátlist um þau efni. En það er greinilegt að hv. þm. hefur viljað taka málið upp með þessum hætti. Hins vegar er það rétt hjá hv. þm. að eðlilegra hefði verið að beina fsp. til landbrh. og mér skilst að hann muni gera það síðar.

Ég vil taka fram að þetta mál hefur verið í athugun í landbrn. nú um hálfs árs skeið. Það hefur ekki þótt tímabært enn sem komið er að setja fram tillögu um það hvernig skuli brugðist við harðindum. Nauðsynlegt er að meta þau og hafa um það víðtækt samkomulag og sú vinna fer senn að hefjast.

Innheimta þungaskatts.

Fsp. JVK, 367. mál. — Þskj. 560.

[16:20]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Fyrir stuttu síðan spurði hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson um olíugjald í stað þungaskatts á dísilbíla og þá um leið hvernig ráðherra teldi að innheimtan hefði gengið í núverandi kerfi. Þar svaraði hann því til að kerfið hefði bæði kosti og galla en innheimtan hefði út af fyrir sig gengið vel. Þessu er ég algerlega ósammála. Það má e.t.v. segja að tekist hafi að innheimta af þeim hópi manna sem venjulega standa í skilum. Hitt er líka vitað að a.m.k. meðal þeirra manna sem vinna við þennan atvinnuveg að stórkostlegt svindl er í kerfinu og hafa menn þar talað um 150–200 millj. kr. undanskot frá skatti og það geti raunar verið allt að helmingi meira. Það er því alveg augljóst að það kerfi sem við notum í dag hefur algjörlega gengið sér til húðar og tímabært að breyta því sem allra fyrst.

Í því svari sem ég vitnaði til áðan sagði hæstv. ráðherra einnig að í gangi væri nefnd sem ætti að skila skýrslu um þetta mál í febrúar. Nú hef ég ekki heyrt enn um það að þessi skýrsla sé komin út. Á meðan á Vegagerðin að líta eftir þessum skatti og það er rétt að geta þess að við fjárlagagerð var gert ráð fyrir 50 millj. kr. auknum tekjum til vegmála vegna sérstaks átaks í innheimtu á þungaskatti. Mér er því spurn: Hvernig verður staðið að þessari innheimtu og telur ráðherra einhverja von til þess að Vegagerðin geti komið í veg fyrir það svindl sem viðgengist hefur í þessu kerfi?

Þetta er aðeins eitt dæmi af mörgum um það hvernig skatteftirlit okkar hefur verið í molum. Það er tímabært að við förum að dæmi annarra þjóða og tökum upp litaða olíu á bílana og innheimtum skattinn þannig. Þannig yrði stoppað í mörg göt í skattheimtu sem skekkja, eins og nú er ástatt, samkeppnisstöðu þeirra sem hlíta settum reglum. Því ber ég fram þessa fsp. til hæstv. fjmrh.: Hvernig verður staðið að þessu sérstaka átaki í innheimtu þungaskatts?

[16:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hér er eiginlega um tvær fsp. að ræða. Annars vegar fsp. um það hvernig standa skuli að sérstöku átaki í innheimtu þungaskatts eins og kemur fram í fsp. og hins vegar hvernig herða má eftirlit með því að menn svindli ekki á kerfinu sem er málsatriði sem kom fram í ræðu hv. þm.

Fyrst vil ég líta á innheimtuna og þegar talað er um innheimtu er verið að tala um innheimtu álagðra gjalda.

Ráðuneytið hefur á undanförnum árum staðið fyrir sérstökum innheimtuátökum, ef ég má nota þá íslensku. Aðgerðirnar sem notaðar eru felast í því að skráningarnúmer eru klippt af bifreiðum, fjárnám er gert í bifreiðagjöldum, lögveð er fyrir þungaskattinum sem þýðir að það er hægt að krefjast uppboðs á viðkomandi tæki án þess að fjárnáms hafi fyrst verið krafist.

Rétt er að taka fram að auk þessara sérstöku aðgerða í innheimtu bifreiðagjalda og þungaskatts eru innheimtumenn stöðugt með staðbundnar aðgerðir í gangi. Það hefur verið lögð veruleg vinna í þetta. Ráðuneytið hefur lagt áherslu á að innheimtumenn beiti allir sömu vinnubrögðum við innheimtuna þannig að allir gjaldendur, sem t.d. eru að bjóða í vegaframkvæmdir, hafi sömu forsendur fyrir tilboðunum. Það er ákaflega mikilvægt að þeir allir hafi staðið skil á þungaskattinum.

Sérstak átak verður gert innan tíðar til þess að efla innheimtuna á þessu ári en til að nefna stöðu innheimtunnar þá get ég farið með tölur frá 1. jan. sl. Ef við leggjum saman fasta árgjaldið í þungaskattinum, vátryggingu ökumanns, bifreiðagjald, þungaskatt samkvæmt ökumæli og þungaskattsviðurlögin, þá hafa innheimst frá árinu 1991, sem féll á því ári, 98,3%, á árinu 1992 97,5% og vegna ársins 1993 88%. Það hlutfall mun áreiðanlega hækka verulega og upp í þau hlutföll sem ég nefndi áður þegar til aðgerðanna kemur.

Hv. þm. ræddi einnig um eftirlitið og það skal tekið fram að Vegagerð ríkisins tók við eftirliti með ökumælum til þungaskattsákvörðunar 1. jan. sl. Undanfarin ár hafa tveir menn á vegum fjmrn. sinnt þessu starfi en nú taka við eftirlitsmenn á vegum Vegagerðarinnar. Eftirlitsmönnum fjölgar þannig úr tveimur í sjö og þá er gert ráð fyrir að allt að fimm til sex hópar muni starfa að þessu ásamt löggæslumönnum um landið allt.

Ég tel óþarfa að fara nákvæmlega ofan í lýsingu á því hvernig þeir sinna sínu eftirliti en það verður stórhert og ætti að leiða til þess að álagning þungaskatts eykst. Í framhaldi af því ætti innheimtan að ganga betur og meira fé að ganga til þeirra verkefna sem þungaskatturinn á að fara til.

Með nýjum stjórnsýslulögum og dómum sem féllu í nóvember sl. vegna áætlaðs aksturs á bifreiðar gerðist það að niðurstaðan varð í fyrsta lagi sú að ráðuneytið sem hærra stjórnvald mætti ekki blanda sér beint inn í áætlanir um brot á þessum lögum eins og verið hefur á síðustu árum. Í öðru lagi að andmælareglur hefðu ekki verið virtar við fyrrnefndar áætlanir. Þess vegna var talið nauðsynlegt að breyta áætlanaferlinu frá því sem verið hefur en undanfarin ár hafa þessar áætlanir í raun verið unnar í fjmrn. þó svo að það hafi verið innheimtumenn sem lögðu á samkvæmt tillögu ráðuneytisins. Þetta áætlunarferli verður nú mun svifaseinna vegna þess að innheimtumenn verða að byrja á því að skrifa eiganda eða umráðamanni bifreiðar, tilkynna honum að áætlun sé fyrirhuguð og gefa honum frest til andmæla.

Þetta eru fréttir af því hvar þetta mál stendur en hv. þm. vék í síðustu að spurningunni að því hvort taka ætti upp í staðinn fyrir þungaskatt litaða olíu. Ég gaf held ég nokkuð ítarlegt svar við þeirri fsp. fyrir nokkrum dögum síðan og mín skoðun er sú og það er stefna ráðuneytisins að hverfa yfir í olíugjald. Það þarf ekki að vera lituð olía. Það kemur alveg eins til greina að olían sé ólituð því það að taka upp litaða olíu kostar nánast tvöfalt dreifingarkerfi hjá olíufélögunum. Það eru kostir og gallar á þessu fyrirkomulagi en ég á von á því að innan tíðar liggi fyrir endanleg ákvörðun í þessu atriði.

[16:27]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru að vísu að einhverju leyti endurtekning á því sem spurt var um um daginn þegar spurt var hvort það yrði farið út í litaða olíu. En það sem ég vildi fá fram með því að spyrja um þetta er hvort sú nefnd sem sett var á laggirnar muni leggja til að það verði farið út í að breyta þessu innheimtukerfi því þrátt fyrir að þeim sem líta eftir þessari innheimtu fjölgi um fimm, úr tveimur í sjö, þá hefur það sýnt sig að þetta kerfi er orðið úrelt og gengur bara ekki lengur. Það eru allar þjóðir búnar að viðurkenna það og taka upp annað kerfi. Ég veit að t.d. bifreiðastjórar í þessari stétt sem horfa upp á að aðrir komist fram með alls konar svindl í þessu kerfi hafa virkilegar áhyggjur af samkeppnisstöðu sinni og þessari atvinnugrein yfirleitt ef ekki verður breyting á. Sem fjárlaganefndarmanneskja hef ég að sjálfsögðu áhyggjur af því ef ríkinu tekst ekki með sæmilegu móti að ná þeim tekjum sem það á rétt á að fá. Ég vænti þess því að sem allra fyrst verði farið út í þær breytingar að vera með breytilega olíu eða litaða olíu sem ég held að hafi gengið best í öðrum löndum.

[16:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Út af ræðu hv. þm. þá vil ég taka það fram að vegamálastjóri hefur á því trú að með skipulögðum vinnubrögðum og hertu eftirliti sé hægt að ná miklum árangri í sambandi við að leita uppi þá sem reyna að komast undan því að greiða þungaskatt. Það hefur mikinn kostnað í för með sér að taka upp litaða olíu og margs konar flækjur þannig að ég held að það sé skynsamlegt að láta á það reyna hvers megnugar þessar nýju aðgerðir eru.

Hitt er auðvitað alveg rétt ef menn vilja koma sér undan að greiða opinber gjöld þá eru alltaf ýmsar leiðir til þess.

[16:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Í tilefni orða síðasta ræðumanns þá er í þessu tilfelli hægt með einföldum hætti að komast hjá því að menn geti svikist undan að greiða þessi opinberu gjöld með því að menn borgi þetta í hráolíunni þegar hún er keypt.

Ég bar fram fsp. til hæstv. fjmrh. fyrir hálfum mánuði síðan hvort hann hygðist beita sér fyrir því að taka upp olíugjald í stað þungaskatts og ég vil ítreka það hér að það kemst aldrei gott lag á þessi mál fyrr en

horfið verður að því að þetta verði greitt í olíunni.

Ísland er orðið eina Evrópulandið sem enn er með mælakerfið og ef ekki verður orðið við þessari breytingu á næstu árum þá endar það þannig að það verður sjálfhætt vegna þess að það fást ekki lengur mælar.

Virðulegur forseti. Ég held að hér hafi málið kannski skýrst eilítið og ljóst sé að í þessu, eins og mörgu öðru, séu ráðherrar ekki sammála. Þeir tveir ráðherrar sem hafa tjáð sig um málið eru auðheyrilega ekki sammála um hvernig eigi að bregðast við þessu.

[16:31]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það kom skýrt fram á fundi samgn. um daginn að vegamálastjóri hefði áhuga á því að láta á það reyna hvort þessi innheimta gæti tekist betur heldur en hún hefur gert fram að þessu. Þar var talað um að halda óbreyttu kerfi næstu 2–3 árin. Mér hefur fundist þetta koma dálítið á skjön við hæstv. fjmrh. og hæstv. samgrh. Hæstv. fjmrh. upplýsti áðan að innan mjög stutts tíma yrði tekin ákvörðun um að breyta þessu innheimtukerfi en hæstv. samgrh. bergmálar skoðanir vegamálastjóra þar sem menn á þeim bæ vilja láta reyna á það að hafa þetta kerfi óbreytt um stund áfram. Ég tel að það sé full ástæða til þess að menn geri hreint fyrir sínum dyrum og láti það koma skýrt fram hvort það eigi yfirleitt að gera breytingar á þessu kerfi eða ekki.

[16:32]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég held að það sé mjög erfitt að leggja á það mat hvort breyta beri þessu kerfi fyrr en menn vita hver kostnaðarauki af því verður. Ég held að það væri mjög þarft að það yrði upplýst fyrir þingheimi hver kostnaðaraukinn yrði.

En ég vil undirstrika að það er hægt að svindla þó menn taki upp litaða olíu. Það eru miklir draumóramenn sem trúa því að þá hætti menn svindli í þessum efnum. Eftirlitið verður að vera mjög virkt hvor aðferðin sem er notuð.

[16:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hefur látið það koma fram, sem er hárrétt, að eftirlitið hlýtur að verða betra eftir að Vegagerðin tók við því enda koma fleiri menn að málinu og þess vegna full ástæða til þess að ætla að fjármunir komi frekar inn með því kerfi heldur en því sem áður var, enda er það stærra og mikilvirkara.

Í öðru lagi vil ég láta það koma skýrt fram að fjmrn. hefur þá skoðun og sá ráðherra sem hér stendur að það eigi að skoða mjög alvarlega hvort ekki beri að skipta um kerfi. Ég er þeirrar skoðunar að það sé rétt einmitt vegna þess að það er gert víðast annars staðar með góðum árangri. Það koma tvær leiðir til greina: Það er að nota litaða olíu, sem tekur talsverðan tíma, a.m.k. eitt og hálft ár í undirbúningi, eða ólitaða olíu sem hefur bæði kosti og galla því það þýðir að það þarf að beita einhvers konar endurgreiðslum ef sú leið verður notuð. Þá kem ég að því sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sagði réttilega að það verður að líta á kostnaðinn við hið nýja kerfi.

Ég hef að sjálfsögðu tekið á móti fulltrúum bifreiðastjóra, sérstaklega hjá Landvara. Þeir hafa kvartað undan því að á þjóðvegum landsins séu á ferðinni aðilar sem greinileg svíki undan þessum skatti. Þeim málum er að sjálfsögðu vísað beint til skattrannsóknarstjóra ríkisins og ég treysti því að hann láti kanna það rækilega með þeim aðferðum sem hann beitir hvort skattsvik séu á ferðinni í þessum efnum eins og annars staðar. Að öðru leyti tel ég ástæðulaust að tjá mig um þann hluta málsins því ef um skattsvik er að ræða þá á að sjálfsögðu að uppræta þau í þessum efnum eins og annars staðar þar sem um eðlilegar skattgreiðslur er að ræða hjá almenningi og fyrirtækjum.

Um fundarstjórn.

Fyrirspurn um skráningu notaðra skipa.

[16:36]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hér er á dagskrá fsp. á þskj. 500 sem ég bar fram á fyrsta degi þings eftir áramót til hæstv. samgrh. Þetta er annar mánudagurinn í röð sem fsp. er á dagskrá án þess að hún sé tekin fyrir. Ég hlýt að inna virðulegan forseta eftir því hverju það sætir. Ekki síst þar sem fsp. er beint til hæstv. samgrh. sem einnig er hæstv. landbrh. og kvartaði yfir því áðan að fsp. væri ekki beint til sín. Mér sýnist samkvæmt þessu að það þjóni litlum tilgangi að bera fram fyrirspurnir til þessa hæstv. ráðherra þar sem þingskapareglur eru hundsaðar, ekki einu sinni heldur tvær vikur í röð gagnvart því að svara þessari fsp.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti getur upplýst að þessi fsp. var sett á dagskrá fyrir misgáning því að ljóst var að svar yrði ekki tilbúið fyrir þennan fund. Þær upplýsingar höfðu komið frá ráðuneytinu. Annað getur forseti ekki sagt að svo komnu máli.

[16:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er auðvitað laukrétt sem hv. þm. segir að ég er ekki reiðubúinn að svara þessari fsp. svo fullnægjandi sé og taldi þess vegna að það væri bæði í þágu hv. þm. og líka til upplýsingar að þetta mál biði í eina viku.

Starfsemi Landgræðslu ríkisins.

Fsp. ÓÞÞ, 328. mál. — Þskj. 519.

[16:38]

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fsp. til hæstv. landbrh.:

„1. Hve miklu melfræi var safnað í sumar? Hvað

taldi Landgræðslan æskilegt að safna miklu magni?

2. Hvaða girðingar í umsjá Landgræðslunnar njóta þess viðhalds að viðunandi sé?

3. Hagnýtir Landgræðslan sér búfjáráburð í starfi sínu?"

Ástæðan fyrir því að ég ber þessar fsp. fram er að ég tel að það sé mikil nauðsyn að við náum ágrangri í landgræðslu og ég efa það mjög að það form að hafa eitt stórt ríkisrekið apparat til að sinna þessu starfi sé æskilegt.

Ég hef fengið mjög góðan lista yfir þær girðingar sem eru á vegum Landgræðslunnar og vil þakka hæstv. ráðherra fyrir það. Ég mun að sjálfsögðu lesa þau skjöl yfir, en ég mun bíða eftir svörum við þeirri fsp. sem ég hef lagt fram og reyna að glöggva mig á því í framhaldi af þeim svörum hvort sú stefna að hafa eitt stórt ríkisrekið apparat til að sjá um þessi málefni geti talist rétt.

[16:40]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hve miklu melfræi var safnað í sumar? Hvað taldi Landgræðslan æskilegt að safna miklu magni?"

Því er til að svara að meira var safnað af melfræi á sl. hausti en nokkru sinni fyrr eða um 50 tonnum af óverkuðu fræi. Unnið er að þurrkun, hreinsun og fullverkun fræsins þannig að um 75 tonn af húðuðu melfræi verði tiltæk til sáningar í vor. Miðað við fjárveitingar á árinu 1994 var þetta æskilegt magn. Miðað við þörf fyrir melsáningu til að uppfylla báltill. og stefnu ríkisstjórnarinnar um stöðvun hraðfara gróðurs- og jarðvegseyðingar hefði uppskeran þurft að vera þrefalt meiri en það hefði aftur þýtt auknar fjárveitingar.

Spurt er: „Hvaða girðingar í umsjá Landgræðslunnar njóta þess viðhalds að viðunandi sé?" Landgræðsla ríkisins hefur reist alls 129 girðingar frá upphafi starfsemi sinnar. Af þessu hafa verið afhentar 45 girðingar til landeigenda. Nú eru alls 94 girðingar sem eru 1–138 km að lengd sem njóta viðunandi viðhalds. Eins og fram kom hjá hv. þm. hef ég afhent honum lista yfir þessar girðingar. Ég vil jafnframt taka fram að hugur minn stendur til þess að svigrúm gefist til þess á næsta ári að bændur geti með virkari hætti en nú er tekið þátt í landgræðslustörfum og er þá komið til móts við þau sjónarmið sem hv. þm. hafði uppi og vonast til þess að geta flutt frv. um þau efni nú innan skamms sem varðar það mál.

Í þriðja lagi er spurt: „Hagnýtir Landgræðslan sér búfjáráburð í starfi sínu?" Því er til að svara að á meðan búrekstur var stundaður í Gunnarsholti var búfjáráburður mikið notaður þar. Landgræðslan hefur hvatt mjög til aukinnar notkunar á búfjáráburði í landgræðslu svo og lífrænum úrgangi og er samstarfið þar að lútandi við allmarga aðila, svo sem hestamannafélög og sveitarstjórnir. Þeir bændur sem eru í sérstöku samstarfi við Landgræðsluna samkvæmt bókun 6 í búvörusamningi nota mikinn búfjáráburð til uppgræðslu heimalanda. Fjöldi annarra bænda gerir slíkt hið sama og eins og ég sagði áðan þá geri ég mér vonir um að hægt sé að útvega fjármagn til þess að sú samvinna um það samstarfi geti aukist. Raunar felst það í þeim nýju áherslum og tillögum sem fagráð Landgræðslunnar er nú að vinna að og vonandi verða tilbúnar á komandi hausti.

[16:43]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel fullkomna ástæðu til að málefni Landgræðslunnar séu tekin til athugunar. Nær Landgræðslan þeim árangri sem til má ætlast miðað við þá miklu fjármuni sem til hennar renna?

Þau gleðilegu tíðindi hafa nú borist okkur að 42% Íslands sé gróinn en ekki 25% eins og rannsóknarmenn hafa haldið fram og það eru auðvitað tíðindi sem við eigum að fagna mjög. Ég tel að það sé mjög eðlileg hugsun hjá hæstv. landbrh. að fela bændum mjög í auknum mæli að annast og sjá um landgræðslu og ég tel það líklegast til árangurs og góðra vinnubragða og eðlilegrar nýtingar á fjármunum. Hvernig yfirstjórninni er svo háttað á því starfi er annað mál sem ég tel að þarfnist nánari skoðunar. En ég tel sem sagt að það sé heppilegt að hafa þessi mál til athugunar.

[16:44]

Fyrirspyrjandi (Ólafur Þ. Þórðarson):

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svör hans og ég tel að sú stefnumörkun sem kom fram í svarinu sé rétt. Ég hef undir höndum lista sem hæstv. ráðherra afhenti mér um girðingar. Hann er reyndar merktur þannig: Svæði sem hafa verið girt af Landgræðslu ríkisins, en mín spurning var: Hvaða girðingar í umsjá Landgræðslunnar njóta þess viðhalds að viðunandi sé? Ég veit að á þessum lista eru girðingar sem alls ekki njóta þess viðhalds sem eðlilegt getur talist og ég held að sú stefnumörkun að færa þetta verkefni til bændanna sé langraunhæfasta aðgerðin til þess að nýta fjármagnið betur. Ég fagna því líka sem kom fram í svari ráðherrans varðandi samstarf við hestamenn m.a. til þess að nýta búfjáráburð meir til landgræðslustarfa.

Það voru gleðilegar fréttir sem okkur bárust um hve stór hluti landsins væri gróinn. Það hoppaði úr 25% í 42% og voru þó hinir bestu vísindamenn búnir að fjalla um málið áður. En auðvitað kemur það manni til að hugleiða það hvort það geti verið að á fleiri sviðum geti nú vísindamönnum skjátlast og það er vel ef það leiðréttist á jafnjákvæðan hátt og það var hvað þetta snertir.

Réttur vörubílstjóra til atvinnuleysisbóta.

Fsp. SvG, 312. mál. — Þskj. 503.

[16:47]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér á þskj. 503 fsp. til hæstv. félmrh. á þessa leið:

„Með hvaða hætti hyggst ráðherra beita sér fyrir því að tryggður verði eðlilegur réttur þeirra til atvinnuleysistrygginga sem hafa haft framfæri af akstri vörubifreiða?"

Þessi fsp. er borin fram vegna þess að eftir að lög-

um um Atvinnuleysistryggingasjóð var breytt á sl. ári hefur verið þrengdur réttur tveggja hópa til atvinnuleysisbóta. Þ.e. annars vegar smábátaeigendur og hins vegar vörubílstjórar.

Ég vil láta það koma fram hér, virðulegi forseti, af því að ég tók allvirkan þátt í umræðunni um breytingar á lögunum í fyrra þegar sett voru lögin um Atvinnuleysistryggingasjóð hin nýju. Ég tel að þessi túlkun á því að útiloka trillusjómenn og vörubílstjóra sé í mótsögn við lögin og í andstöðu við lögin af því að í umræðunum var bersýnilega verið að tala um það að víkka út rétt sjálfstætt starfandi aðila en þrengja hann ekki. Þess vegna vil ég láta það koma fram að sú túlkun reglugerðarinnar og ráðuneytisins á þessu máli að vörubílstjórar og trillusjómenn verði að hafa lagt niður starfsemi og selt atvinnutækin og lagt niður virðisaukaskattsnúmer sín sé forsenda fyrir því að þeir fái bætur, ég tel það í fullri andstöðu við umræðurnar um lögin og anda laganna eða anda þeirra umræðna og greinargerða sem fram fóru um málið. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að það sé beinlínis fráleitt að setja hlutina upp eins og gert er gagnvart atvinnubifreiðastjórum og trillusjómönnum. Ég hef lesið umræðurnar um trillusjómenn frá síðasta fyrirspurnafundi þar sem hæstv. ráðherra gefur í skyn að það séu vafaatriði í lagagrunninum í þessu efni. Ég vil segja það fyrir mitt leyti, að ég tel að það sé ekki. Og ég tel að það væri eðlilegast að leysa þetta mál með því að bæta nýrri mgr. við 6. gr. reglugerðarinnar eins og hún var gefin út í fyrra með því að segja beinlínis: Ákvæði þessarar greinar eiga þó ekki við vörubifreiðastjóra né þá sem stundað hafa sjósókn á eigin fari enda uppfylli viðkomandi allar forsendur að öðru leyti.

Hér er í raun og veru verið að taka upp aftur efnistriði 4. gr. gömlu laganna, en þar var gert ráð fyrir því að sjómenn sem stunda sjósókn á eigin fari gætu átt rétt til atvinnuleysisbóta. Þessi grein var felld út en hún var örugglega ekki felld út til þess að fella út rétt þessara manna. Með hliðsjón af því tel ég einfalt að breyta þessu og skora á hæstv. ráðherra að gefa helst í dag út reglugerð sem tryggir trillusjómönnum og vörubifreiðastjórum þennan rétt rétt. Það getur ráðherrann svo að segja með einu pennastriki.

[16:51]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Með reglugerð nr. 389/1993 voru sett skilyrði fyrir því að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur. Það er ljóst að vörubifreiðastjórar sem fyrir gildistöku þessara reglugerða og lagaákvæða nutu bóta sem launþegar njóta nú bóta sem sjálfstætt starfandi einstaklingar. Í fyrrgreindri reglugerð komu fram skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur. Reglugerðin er almenn og nær til allrar atvinnustarfsemi, en engar sérreglur gilda um starfsemi einstakra atvinnugreina eða tegunda reksturs.

Þá er þess getið að reglugerðin er sett til reynslu þannig að áætla megi þörf og kostnað með tilliti til þess hvort ástæða sé til að þrengja eða rýmka ákvæðin. Ákvæði reglugerðarinnar byggjast á 2. mgr. 1. gr. laganna um atvinnuleysistryggingar þar sem m.a. kemur fram að sjálfstætt starfandi einstaklingar þurfa að vera hættir eigin atvinnurekstri til að öðlast bótarétt, sama bótarétt og launamenn. Þetta orðalag hefur verið túlkað þannig að það geti ekki falið í sér tímabundna rekstrarstöðvun atvinnureksturs. Án þess að það sé orðað sérstaklega í lögunum og reglugerðinni þá hefur túlkunin verið sú að vörubifreiðastjórar þurfi að leggja ökutækjunum. Hins vegar er álitamál hvernig það sé gert, hvort ákvæði reglugerðarinnar beri að túlka svo þröngt að þeir verði að selja ökutækin eða hvort ekki ætti að vera nægjanlegt að sýna fram á að ökutækjunum hafi verið lagt með öðrum hætti eins og t.d. að leggja inn númeraplötur sem að athuguðu máli hefur reynst fær leið til að tryggja að ökutækið sé ekki í notkun. Og Landssamband vörubifreiðastjóra hefur lagt til við mig að þessi leið verði farin.

Ákvæði reglugerðarinnar um að bætur séu ekki greiddar ef um er að ræða árstímabundna stöðvun starfsemi eða tímabundið hlé eru túlkaðar með þeim hætti að rekstrarstöðvun verði að vera a.m.k. eitt ár. Ef sjálfstætt starfandi einstaklingur hefur rekstur aftur áður en þessi tími er liðinn á hann á hættu að vera krafður um endurgreiðslu atvinnuleysisbóta. Og það er alveg rétt að það hafa komið fram athugasemdir sérstaklega viðvíkjandi vörubifreiðastjórum og smábátaeigendum að þessar breytingar séu ekki í anda þess að rýmka rétt til atvinnuleysisbóta eins og stefnt var að með breytingum á lögunum. Og það er líka rétt að vörubifreiðastjórar eru verr settir eftir þessar breytingar en áður. Þess vegna hef ég fullan hug á að það verði sérstaklega skoðað hvort ekki sé hægt að breyta þessu þannig að bótaréttur þeirra verði betur tryggður.

Ég hef átt viðræður við vörubifreiðastjóra um þessi vandamál sem tengjst atvinnurekstri þeirra og með bréfi sem ég sendi Atvinnuleysistryggingasjóði 21. jan. óskaði ég eftir að stjórnin léti meta þörf þess að endurskoða þessi ákvæði, einkum með tilliti til þessara hópa sem ég hef hér nefnt. Mér hefur ekki enn sem komið er borist svar stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs við þessu erindi. Þeir möguleikar sem ég tel rétt að skoða eru í fyrsta lagi hvort stytta megi tilskilið árshlé, í öðru lagi hvort taka beri sérstakt tillit til þeirra hópa sem nutu atvinnuleysisbóta í árstíðabundnu hléi fyrir breytingar en ekki eftir breytingar og í þriðja lagi hvernig hægt sé að taka tillit til tekna sjálfstætt starfandi að öðru leyti við afgreiðslu atvinnuleysisbóta. Á það er að líta að miklu auðveldara er að fylgjast með tekjum launþega en sjálfstætt starfandi. Og síðan tel ég auðvitað sjálfsagt að taka það til skoðunar sem vörubifreiðastjórar í Landssambandi vörubifreiðastjóra hafa sjálfir lagt til varðandi það að þeir legðu inn númeraplöturnar sem sýndu að ökutækin væru ekki í notkun. En ef lögum eða reglugerðum verður breytt til þess að heimila bótagreiðslur til vörubifreiðastjóra í hléum sem ég tel rétt að skoða þá verður að taka afstöðu til þess hvort það eigi að búa til sérreglur sem taka tillit til sérstakra aðstæðna einstakra hópa eða hvort setja eigi almennar reglur sem gilda um alla en taka tillit til aðstæðna eða fjárhags viðkomandi.

[16:55]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja máls á þessu efni sem hér er nú til umræðu með fyrirspurn sinni og það í svari hæstv. ráðherra að það væri e.t.v. nauðsynlegt að taka þessi mál til endurskoðunar. Ég held að það þyrfti að gera hið allra fyrsta.

Mér finnst raunar með ólíkindum að þetta skyldi geta þróast á þennan veg af því eins og kom fram í máli hv. fyrirspyrjanda þá var auðvitað hugmyndin sú að rýmka reglur Atvinnuleysistryggingasjóðs með tilliti til bótaréttar en ekki þrengja hann eins og tvímælalaust hefur orðið hér í þessu umrædda tilviki. Og að hugsa sér það að viðkomandi einstaklingar eigi að selja atvinnurekstur sinn, selja atvinnutæki, bílinn, bátinn eða hvað það er, sem er nú í þessu tilfelli bifreiðin, og/eða stöðva rekstur í eitt ár er auðvitað allt annað heldur en það sem á við um aðra bótaþega sem hverfa frá vinnu tímabundið einhverja daga, vikur eða mánuði, sem er nú reyndar orðið því miður of algengt. Það er alveg óásættanlegt að svona sé háttað bótarétti þessara einstaklinga og ég skora á ráðherra að bregðast nú þegar við. Það getur ekki þurft að bíða lengi eftir því ef þetta er mál sem hægt er að leiðrétta í reglugerð en annars verður bara að breyta lögum til að taka það alveg skýrt fram að svona getur þetta ekki verið.

[16:57]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Atvinnuleysisbótakerfið er að verða ónýtt. Það er verið að eyðileggja það. Atvinnuleysisskráning fer fram eftir óeðlilegum reglum. Við eigum að taka upp reglur eins og er í nágrannalöndunum. Við eigum að láta þá hafa rétt til atvinnuleysisbóta sem eru atvinnulausir. Forráðamenn Atvinnuleysistryggingasjóðs, ráðuneyti og sjóðstjórn eru að reyna að verja sjóðinn, einoka sjóðinn, útiloka en ekki að víkka heimildir. Þeir heimta það að menn gefi upp alla von, alla sjálfsbjargarviðleitni, leggi upp laupana. En það leiðir bara til ófarnaðar. Það leiðir til síaukins og viðvarandi atvinnuleysis. Síðan er náttúrlega sérmál hvernig stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs meðhöndlar fjármuni sjóðsins til styrktar fyrirtækjum sem þeir hafa velþóknun á.

[16:58]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held ég hljóti fyrir hönd minnar gömlu stéttar að þakka málshefjanda og taka undir eindregnar kröfur um að þessu máli verði kippt í liðinn. Það er nú svo að bílstjórar hafa verið félagsmenn í Alþýðusambandi Íslands um áratuga skeið og það er auðvitað gersamlega út í hött, það sér hver maður að það er gersamlega út í hött að einhver stjórn úti í bæ geti flutt heila stétt manna til í þjóðfélaginu og tekið hana út af atvinnuleysibótum. Það er bara út í hött. Og svona reglugerðarkjaftæði nær auðvitað engri átt. Bílstjórar hafa notið þessara bóta um langt árabil og eiga að gera það áfram. Það var aldrei ætlunin þegar málin fóru í gegnum Alþingi að það mundi skerða mögu-leika einhvers hóps til bóta heldur þvert á móti átti þetta að opna nýjum aðilum leið inn á skrána. Ég skora því á hæstv. ráðherra að kippa þessu í liðinn nú þegar og ef ekki vill betur til gegnum breytingar á túlkun sjóðstjórnarinnar að gefa þá út reglugerð sem tekur af öll tvímæli um það að þessir sjálfstætt starfandi einyrkjar geti nýtt sér þennan bótarétt.

Auðvitað geta bílstjórar ekki selt bílinn í hvert sinn og keypt hann svo aftur til að komast kannski í útskipun á vöru á hálfs mánaðar fresti. Það sér hver heilvita maður þannig að þessir menn sem eru þá að fást við þessi mál verða að fá sér eitthvað annað að gera heldur en manna stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs ef þeir geta ekki kippt þessu í liðinn.

[17:00]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir það að koma með þetta mál inn í þingið. Það er full ástæða til þess að taka á þessu og gera breytingu. Það er að sjálfsögðu fáránlegt á tímum atvinnuleysis að banna mönnum að bjarga sér eins og þetta kemur í raun og veru út. Ég þekki dæmi um það sjálfur að maður sem hefur árum saman verið í aukavinnu á sumrin að gera út á grásleppu stóð frammi fyrir því í vor vegna þess að þá var hann orðinn atvinnulaus og kominn á atvinnuleysisbætur að hann yrði að selja bátinn. Hann mætti ekki fara á grásleppu yfir sumartímann vegna þess að þá missti hann réttinn til atvinnuleysisbóta. Svona hefur þetta komið út og það er fáránlegt og hlýtur að vera í fullri andstöðu við það sem menn ræddu á sínum tíma. Ég tel að það sé full ástæða til að taka undir áskoranir til hæstv. ráðherra að beita sér nú þegar í þessu og koma þessu í ásættanlegt horf.

[17:01]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem hv. þm. Páll Pétursson sagði áðan að atvinnuleysisbótakerfið eins og það er er miðað við allt aðra tíma en þá sem við, því miður liggur mér við að segja, lifum um þessar mundir þegar atvinnuleysið er mælt í þúsundum manna. Það var þess vegna sem við fluttum á síðasta þingi frv. til laga um rétt þeirra sem ekki hafa atvinnu, sem m.a. gengur út á það að allir þeir sem ekki hafa vinnu en eru að leita sér að vinnu og hafa verið atvinnulausir tiltekinn tíma fái bætur. En í núverandi kerfi, þó svo það hafi verið lagað þó nokkuð í fyrra að því er varðar einyrkjana, þá eru enn þá útilokaðir t.d. námsmenn sem hafa lokið námi og eru komnir út á vinnumarkaðinn en fá ekki vinnu. Þeir komast ekki inn í þetta kerfi. Það er fjöldinn allur, sennilega mörg hundruð manna, sem eru enn þá útilokaðir og búa ekki við þau mannréttindi á Íslandi að eiga rétt á einni einustu krónu til þess að lifa og framfleyta sér á. Þetta er ólíðandi í þessu þrátt fyrir allt ríka þjóðfélagið þar sem fjöldinn allur af fólki er með tekjur upp á mörg hundruð þúsunda króna.

Ég þakka fyrir þær góðu undirtektir sem mál mitt hefur fengið í þessum umræðum og þó að það sé væntanlega búið að loka skrifstofunum í félmrn. núna þannig að ekki hægt sé að gefa út reglugerð fyrir

klukkan fimm þá skora ég á hæstv. ráðherra að gefa út nýja reglugerð um þetta mál fyrir hádegi á morgun. Það er ástæðulaust að gaufa við það mikið lengur.

[17:03]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er að mörgu leyti hægt að taka undir það sem fram hefur komið hér að bótakerfi Atvinnuleysistryggingasjóðs er ekki sniðið fyrir það atvinnuleysi sem við búum við í dag. Það má reyndar segja um fleiri kerfi, t.d. fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, tryggingakerfið og fleiri þætti í öryggis- og þjónustukerfi atvinnulausra enda hefur verið sett af stað nefnd sem á að skoða það hvernig tryggja megi betur framfærslu- og bótarétt þeirra sem eru atvinnulausir.

Varðandi þetta sérstaka mál hefur það komið fram í mínu máli að ég tel að það þurfi að taka á því. Ég taldi rétt að setja það í þann farveg að stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs fengi að segja álit sitt áður en ég tæki ákvörðun í þessu efni. Umsögn þeirra liggur ekki enn fyrir en ég vil undirstrika það sem ég hef sagt að ég tel mjög brýnt að á þessu máli verði tekið og vona að ég geti gert það innan skamms.

Útbýting þingskjals:

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 101. mál, brtt. allshn., þskj. 586.

Greiðslur atvinnuleysisbóta til bænda.

Fsp. JHelg, 329. mál. — Þskj. 520.

[17:04]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Það er óhætt að fullyrða að engin stétt hefur orðið fyrir jafnmiklum tekjusamdrætti á síðustu þremur árum og sauðfjárbændur. Vegna samdráttar á framleiðslurétti fyrir innanlandsmarkað á þessum þremur árum hafa launatekjur þeirra dregist saman um u.þ.b. helming. Þó samdráttur í öðrum búgreinum hafi orðið minni er þó ljóst að þungt er einnig fyrir fæti hjá mörgum þar og mikil óvissa fram undan. Af þessu leiðir að á búum þar sem tveir unnu áður er ekki lengur næg vinna nema fyrir einn. Aðrir sjá fram á að ekki er lengur er orðinn grundvöllur fyrir neinum búrekstri og verða að leggja hann niður enda sá möguleiki sem lagður var til grundvallar við gerð síðasta búvörusamnings að leita vinnu við önnur störf í nágrenni víðast hvar ekki lengur fyrir hendi vegna hins almenna atvinnuleysis.

Með lögum um atvinnuleysistryggingar sem samþykkt voru á síðasta ári er gert ráð fyrir að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái rétt til atvinnuleysisbóta eins og kom fram í umræðunni hér á undan um vörubílstjóra og trillusjómenn. En í þeim hópi eru einnig bændur, enda höfðu bændur þá greitt tryggingagjald í nokkur ár.

Með reglugerð sem gefin var út á grundvelli þessara laga virðast hins vegar hafa verið settar svo þröngar skorður að lokað hafi verið allt of mikið fyrir þann rétt. Þar má t.d. benda á að í ákvæðum til bráðabirgða er forsenda til bóta að tryggingagjald hafi verið greitt frá 1. okt. 1992 til 30. sept. 1993. Nú eru ábúendaskipti yfirleitt á vori og er því erfitt að skilja af hverju sá sem hætti búskap í upphafi fardagaárs nýtur ekki sama réttar og sá sem hættir síðar á árinu. Af hverju á sá sem er búinn að vera fimm mánuðum lengur atvinnulaus minni rétt?

Það virðast vera lagðir ýmsir óeðlilegir þröskuldar fyrir rétt bænda til atvinnuleysisbóta og til þess að fá nánari upplýsingar um hver reynslan hefur orðið á þeim stutta tíma síðan lögin komu til framkvæmda hef ég leyft mér að bera fram eftirfarandi spurningar til hæstv. félmrh. á þskj. 520:

„1. Hversu margir bændur hafa sótt um atvinnuleysisbætur?

2. Hversu margir bændur hafa fengið samþykktar greiðslur atvinnuleysisbóta?

3. Hversu mörgum bændum hefur verið synjað um atvinnuleysisbætur og af hvaða ástæðum?"

Með tilliti til þess sem fram kom í umræðunni áðan að þessar reglur yrði að endurskoða sem fyrst vil ég taka undir það að þá er mjög brýnt að málefni bænda verði þar einnig tekin inn.

[17:08]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt upplýsingum Atvinnuleysistryggingasjóðs hafa 16 bændur sótt um atvinnuleysisbætur eftir að ný lög um atvinnuleysistryggingar tóku gildi á sl. ári. Samþykktar hafa verið greiðslur til fimm þessara bænda sem uppfyllt hafa skilyrði til að njóta atvinnuleysisbóta, þ.e. að vera hættir atvinnurekstri eða hafa tilkynnt til launagreiðendaskrár ríkisskattstjóra að búrekstri sé hætt, skilað inn virðisaukaskattsnúmeri og staðið í skilum með greiðslur tryggingagjalds síðustu 12 mánuði sem þeir störfuðu. Hafnað hefur verið umsóknum frá 11 bændum. Meginástæðan fyrir höfnuninni hefur verið sú að umsækjendur hafa ekki staðið í skilum með tryggingagjald né tekið sig út af virðisaukaskattsskrám.

[17:08]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og hæstv. félmrh. fyrir hreinskilið svar. Það þarf töluverðan kjark til þess að standa hér og gefa þær upplýsingar sem hér voru gefnar. Það gildir auðvitað það sama um bændur og um vörubílstjóra og smábátaeigendur sem við vorum að tala um. Það eru alveg sömu rökin. Það er verið að gera mönnum það skylt að gefa upp alla von, gefa sig upp á bátinn og hætta allri sjálfsbjargarviðleitni. Ríkisstjórnin er búin að kalla yfir okkur atvinnuleysi í svo miklum mæli að við höfum aldrei þekkt neitt slíkt áður. Útilokunarárátta þeirra sem hafa ráðið ferðinni gengur algjörlega út í öfgar. Reglugerðarbreytingar geta að vísu lagað dálítið en þær duga skammt. Það þarf að skera upp allt þetta kerfi og lagabreytinga er sannarlega þörf í þessu efni.

[17:10]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessi svör en þau sýna að það er býsna lítill réttur sem bændur hafa fengið enn þá út á þær greiðslur sem þeir hafa greitt og eru enn að greiða í tryggingagjaldi. Það vekur athygli að engum hefur verið synjað vegna þess að þar sem tveir hafa unnið að búi er ekki lengur vinna nema fyrir einn. Það er augljóst að það er á ákaflega mörgum búum sem svo er og þar sem það mun vera í mörgum tilvikum að eiginkonan hættir fyrr störfum úti við en bóndinn þegar ekki er hægt að sækja vinnu utan heimilis, þá bitnar þetta að stórum hluta til á konum. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvort henni finnist ekki þörf á því að breyta þessu þannig að konum, sem hafa misst algjörlega sína atvinnumöguleika við búreksturinn, verði tryggður einhver réttur.

[17:11]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. vita var reglugerð um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur sett 1. okt. 1993. Það er því tiltölulega stutt reynsla fengin af þessari reglugerð. Þó er alveg ljóst að fram hafa komið, eins og við höfum rætt í dag, ýmis vandamál sem þarf að skoða varðandi sjálfstætt starfandi, enda var það svo að nefnd sú sem vann þessar reglur gerði ráð fyrir að í ljósi reynslunnar yrði þessi reglugerð endurskoðuð. Ég býst við að flestir geti tekið undir að í þeim reglum sem settar voru eru sett mjög ströng skilyrði fyrir því að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur. Ég hygg að ástæðan hafi verið sú að menn hafi viljað meta og sjá hvert umfang þetta yrði varðandi það að opna fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga. En mér finnst reynslan sýna okkur þótt stuttur tími sé að fram hafi komið á þessu ýmsir annmarkar þannig að fyrr en seinna þarf að endurskoða alveg þessa reglugerð um skilyrði þess að sjálfstætt starfandi einstaklingar fái atvinnuleysisbætur. M.a. þarf að skoða sérstaklega það sem hv. síðasti ræðumaður nefndi.

[17:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Það er vissulega rétt sem hann benti á að það atvinnuleysi sem blasir víða við bændum kemur mjög hart niður á konum því bú hafa minnkað svo mikið að það er ekki lengur fyrir tvo að hafa atvinnu af búrekstrinum. Það verður auðvitað að skoða þessi mál í ljósi þess líka.

Þá má einnig nefna að í umræðum um þessar tvær síðustu fyrirspurnir hefur komið fram að sjálfstætt starfandi atvinnurekendum er gert mjög erfitt fyrir um að nálgast atvinnuleysisbætur. Það er umhugsunarvert á þessum tíma þegar atvinnuleysi fer sívaxandi og ævinlega er verið að hvetja fólk til þess að stofna ný atvinnufyrirtæki, þ.e. að fleiri og fleiri gerist sjálfstætt starfandi atvinnurekendur. Á sama tíma er atvinnuleysislöggjöfinni þannig háttað að þeir sem hugsanlega mundu gera þetta eiga þar enga innkomu. Þessu finnst mér rétt að vekja athygli á í umræðunum.

Unglingaheimilið í Stóru-Gröf.

Fsp. AKG, 342. mál. — Þskj. 534.

[17:14]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Varaþingmaður minn, Anna Kristín Gunnarsdóttir, sem sat hér í fjarveru minni fyrir skömmu, ber fram fsp. til félmrh. þess efnis hver séu áform ráðuneytisins um áframhaldandi rekstur unglingaheimilis í Stóru-Gröf í Skagafirði.

Eins og þeir þekkja sem flett hafa fjárlögum þá er þar gert ráð fyrir að um verði að ræða áframhaldandi rekstur á slíkri starfsemi en hins vegar hefur það gerst nú að leigu á jörðinni hefur verið sagt upp og starfsfólk hefur fengið uppsagnarbréf. Þannig að það er augljóst mál að til standa einhverjar verulegar breytingar á þessari starfsemi og greinilegt að hún verður ekki á þeim stað sem verið hefur.

Nú er það staðreynd að þessi bráðnauðsynlega starfsemi hefur gengið mjög vel á þessum stað, hvort sem húsnæði hefur að öllu leyti hentað eða ekki, það er ég ekki dómbær á. Ég hygg að allir sem nærri þessari starfsemi hafa komið, hvort heldur er starfsfólk, vistmenn eða aðstandendur geti borið um að þessi starfsemi hefur tekist mjög vel og virðist vera brýn þörf á því að henni sé haldið áfram. Þess vegna er það ekki að ófyrirsynju að fsp. er borin fram.

[17:17]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Að Stóru-Gröf hefur verið rekin lokuð meðferðardeild á vegum Unglingaheimilis ríkisins frá sl. sumri. Deildin var sett á fót til þess að mæta bráðum vanda sem þá var uppi og fólst í stjórnleysi nokkurra unglinga innan sjálfræðisaldurs. Þessir unglingar höfðu ekki verið til samvinnu um þá meðferð eða vistun sem þeim var gert að hlíta á vegum barnaverndaryfirvalda og ekki reyndist fullnægjandi aðstaða í neinni deild Unglingaheimilis ríkisins til að vista þá gegn eigin vilja nema um mjög skamma hríð. Ríkisstjórnin ákvað því að minni tillögu að koma á fót aðstöðu til að vista og meðhöndla þessa unglinga og var Unglingaheimili ríkisins falin framkvæmd málsins. Eftir nokkra leit að hentugu húsnæði fyrir deildina var ákveðið að ganga til samninga við eiganda Stóru-Grafar í Staðarhreppi í Skagafirði um leigu á íbúðarhúsi og stórri upphitaðri skemmu til starfseminnar. Strax var ljóst að húsakostur yrði í þrengsta lagi en á móti kom að starf gat hafist í húsnæðinu nánast óbreyttu.

Deildinni var ætlað að vista til meðferðar fjóra unglinga á aldrinum 12–15 ára sem barnaverndaryfirvöld höfðu haft afskipti af vegna hegðunarvandamála, vegna alvarlegs skorts á eðlilegum aðbúnaði og aðhaldi af hálfu forráðamanna þeirra sem og vegna alvarlegrar röskunar á högum unglinganna.

Mönnun og öryggismál hafa miðast við það að halda hættu á brotthlaupi í algjöru lágmarki án þess að um ígildi fangavistar eða algjöra aflokun sé að ræða. Á Stóru-Gröf starfa 11 manns í jafnmörgum stöðugildum, þ.e. 10 uppeldisfulltrúar auk deildarstjóra. Að auki

er kennari í fullu starfi á staðnum. Deildin lýtur faglegu eftirliti sérfræðinga Unglingaheimilisins og fær vikulega heimsókn sérfræðings.

Stjórn Unglingaheimilis ríkisins tók þá ákvörðun í upphafi að deildin yrði rekin í tilraunaskyni til vors 1994 en miða skyldi við að tillögur um framtíðarskipan þessara mála hjá Unglingaheimilinu skyldi liggja fyrir upp úr síðustu áramótum. Til þess lágu einkum tvær ástæður. Í fyrsta lagi var talið brýnt að hafa hraðar hendur á að leysa mál þeirra ungmenna sem á úrræðinu þurftu að halda svo sem fyrr var nefnt. Því gafst ekki mikill tími til undirbúnings. Í öðru lagi lá það fyrir að undirbúningur að endurskipulagningu Unglingaheimilis ríkisins var þá þegar hafinn og því eðlilegt að framtíðarskipan lokaðra meðferðarúrræða tæki mið af þeim niðurstöðum sem yrðu í fyrrnefndri endurskoðun á skipulagi Unglingaheimilisins.

Á fundi sínum 21. jan. sl. staðfesti stjórn Unglingaheimilis ríkisins fyrri ákvörðun sína um að hætta starfsemi að Stóru-Gröf 31. maí nk. í núverandi formi þegar húsaleigusamningur við eiganda rennur út.

Forstjóra Unglingaheimilisins var hins vegar falið að kanna möguleika á meðferðarstarfi í breyttri mynd í Skagafirði eða annars staðar á Norðurlandi. Til þessarar ákvörðunar liggja eftirfarandi rök:

1. Sú aðstaða sem fyrir hendi er á Stóru-Gröf dugar ekki til frambúðar. Bæði er húsakostur of lítill og ýmsa aðra aðstöðu skortir.

2. Þrír þeirra unglinga sem nú vistast á Stóru-Gröf ná sjálfræðisaldri fyrir 31. maí nk. Að auki hefur meðferð þeirra skilað þeim árangri að útskrift er eðlileg nú í vor. Hvorki er nú á öðrum deildum Unglingaheimilisins til meðferðar unglingar í þessi fjögur rými né heldur á biðlista eftir meðferð, þ.e. unglingar sem þurfa jafnvíðtæka öryggisgæslu og verið hefur á Stóru-Gröf.

3. Kostnaður við hvert rými á Stóru-Gröf er mjög mikill og nauðsynlegt að leita annarra leiða til að mæta þörf fyrir lokað meðferðarúrræði.

4. Með þeim breytingum sem nú eru fyrirhugaðar á Unglingaheimilinu telur stjórn stofnunarinnar að unnt verði að mæta þörf fyrir lokaða meðferðadeild á annan hátt en nú er gert. Í ljósi reynslunnar verði reynt að fyrirbyggja að úrræði á borð við Stóru-Gröf þurfi að vera til staðar að staðaldri.

Ég vil taka undir þá skoðun stjórnar Unglingaheimilisins sem fram kemur í bókun þess 21. jan. að starfið að Stóru-Gröf hefur skilað mjög góðum árangri. Starfsfólkið hefur kappkostað að leggja sig fram í þessu verkefni og skilað því óaðfinnanlega. Það er einmitt þess vegna sem stjórn Unglingaheimilisins fól forstjóra að kanna sérstaklega möguleika á áframhaldandi meðferðarstarfi á vegum stofnunarinnar í Skagafirði þannig að unnt verði að nýta áfram þá reynslu og þekkingu sem starfsfólk Stóru-Grafar hefur öðlast. Hins vegar er rétt að taka fram að þá er verið að ræða um meðferðarheimili þar sem minni kröfur þyrfti að gera um mönnun vegna öryggisgæslu sem nýtist fleiri unglingum í vanda og þar sem kostnaður á hvert rými væri minni en nú er.

[17:21]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn því ég veit að það eru margir sem brenna í skinninu að heyra þær upplýsingar sem hér koma fram. Mér er ekki alveg fullljóst af svörum hæstv. ráðherra hvort það muni unnt að nýta þann góða árangur og þá góðu reynslu sem hefur orðið af starfinu á Stóru-Gröf en ég tel það mjög mikilvægt og vona að það verði kappkostað að hugsa til þess þar sem þarna hefur í rauninni í fyrsta skipti í langan tíma náðst mjög umtalsverður árangur í þeim vanda sem við höfum staðið frammi fyrir varðandi börn og unglinga sem hafa hrakist frá einum stað til annars. Ég held að það sé einfaldlega of dýrt fyrir okkar þjóðfélag að glutra niður þeirri góðu reynslu sem þarna hefur orðið af starfinu þannig að ég legg ríka áherslu á að það verði gert í góðu samráði við það fólk sem þar starfar að fylgja þessu starfi eftir og hafa tiltæk þau úrræði sem þarna hefur verið hægt að bjóða upp á.

[17:23]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Mér fannst það vera kjarnaatriði sem fram kom í máli hæstv. ráðherra þegar hún lýsti því yfir að þarna hefði náðst mjög góður árangur. Það hlýtur að vera lykilatriði í þessu samhengi. Þegar það er svo skoðað í tengslum við hitt að búið er að fjárfesta á staðnum í mannahaldi, í ráðningu starfsfólks og þjálfun þess, þá finnst manni ákaflega öfugsnúið ef svo færi að ekki yrði hægt að halda áfram á þessu sviði starfsemi sem væri af hliðstæðri gerð. Það má vel vera rétt að ekki sé þörf á nákvæmlega sams konar starfsemi í svipinn, þ.e. lokaðri deild, og það væri þá frekar um að ræða almenna deild. Ég geri ráð fyrir að það hafi falist í orðum ráðherrans þegar hún nefndi að það kæmi til álita að þarna yrði um að ræða meðferðarstarf í breyttri mynd, en ég held að aðalatriði sé að þessu starfi á að halda áfram. Þörfin er vafalaust fyrir hendi og ég hvet ráðherrann mjög eindregið til þess að stuðla að því að þetta starf falli ekki niður.

Ég vildi mega spyrja hann að endingu hvort nokkuð liggi fyrir um það hvenær ákvörðun verði tekin um framhald málsins. Hún nefndi hugsanlegt meðferðarstarf í breyttri mynd og það væri æskilegt ef hún útskýrði ögn betur hvenær ákvarðanir yrðu hugsanlega teknar um slíkt.

[17:25]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst, eins og hér hefur fram komið, að reynslan af starfsemi þessa heimilis hefur verið mjög góð. Ég held að það sé engum vafa undirorpið að fyrir þau börn sem þarna hafa vistast muni þau meðferðarúrræði og sú meðferð sem þarna hefur farið fram skila verulegum árangri. Enda er talið, eins og hefur komið fram í mínu máli, að meðferðin sem þessir unglingar hafa fengið dugi þannig að þeir þurfi ekki að vistast þarna lengur. Og ég held að það sé líka mjög ánægjulegt að það liggi fyrir að það eru

ekki neinir biðlistar og engir unglingar með sama vandamál og þessir bíða eftir því að fá vistun á slíku heimili. Ég held að það sé mjög ánægjulegt að vita til þess.

En hins vegar er, eins og ég sagði áðan, fullur vilji fyrir því hjá Unglingaheimili ríkisins og í félmrn. að nýta þá miklu og góðu reynslu og þekkingu sem þarna hefur fengist af þessari starfsemi. Þess vegna er verið að leita fyrir sér um áframhaldandi möguleika á meðferðarstarfi á vegum stofnunarinnar í Skagafirði. Ég veit að það er þessa dagana verið að huga að því hvar væri hægt að setja niður slíka starfsemi og með hvaða hætti hún gæti orðið. Það er verið að fjalla um það þessa dagana hjá Unglingaheimili ríkisins þannig að ég get ekki gefið nákvæma dagsetningu á því en ég vænti þess að það muni liggja fyrir á allra næstum vikum hvert framhaldið á þessu verður.

Útbýting þingskjals:

Stöðvun verkfalls fiskimanna, 302. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 589.

Þriggja ára áætlun um rekstur sveitarfélaga.

Fsp. AKG, 343. mál. — Þskj. 535.

[17:28]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. 3. varaþm. Norðurl. v., Anna Kristín Gunnarsdóttir, sem sat á þingi í fjarveru minni ekki alls fyrir löngu, bar fram til félmrh. fsp. um gerð þriggja ára áætlunar um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélaga. Í 76. gr. sveitarstjórnarlaga segir skýrum orðum eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Á fyrsta ári hvers kjörtímabils skal sveitarstjórn semja og fjalla um þriggja ára áætlun um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins.

Áætlunin skal vera rammi um árlegar áætlanir sveitarfélagsins og skal endurskoða hana hverju sinni í tengslum við afgreiðslu fjárhagsáætlunar."

Hér kemur fram að það er hrein og klár lagaskylda að slík áætlun sé gerð og þess vegna ekkert óeðlilegt að við reynum að átta okkur á því og fá yfirlit yfir það hvort sveitarfélög hafi öll sinnt þessari skyldu.

Í öðru lagi er spurt að því hvernig eftirliti ráðuneytisins sé háttað með því að umrætt lagaákvæði komi til framkvæmda.

[17:29]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim upplýsingum sem fyrir liggja í ráðuneytinu hafa eftirtalin sveitarfélög gert þriggja ára áætlanir um rekstur, framkvæmdir og fjármál sveitarfélagsins á yfirstandandi kjörtímabili sveitarstjórna. Það liggja ekki fyrir í ráðuneytinu tæmandi upplýsingar um þetta efni og ráðuneytið gengur út frá því að miklu fleiri sveitarfélög hafi gengið frá slíkum áætlunum þó staðfestingar á því liggi ekki fyrir í ráðuneytinu.

Hér er um að ræða, virðulegi forseti, um 100 sveitarfélög og samkvæmt efni fyrirspurnarinnar er rétt að vísa því til forseta hvort þrátt fyrir takmarkaðan ræðutíma verði hjá því komist að lesa upp nöfnin á hverju og einu þessara 100 sveitarfélaga. Ég hef til hægðarauka afhent fyrirspyrjanda lista yfir þessi 100 sveitarfélög og það tekur nokkurn tíma að lesa þau upp. Mun ég að sjálfsögðu gera það nema forseti hafi aðrar bendingar.

(**Forseti** (PJ): Forseti telur eðlilegt að þeim upplýsingum sem hæstv. ráðherra telur sig eigi geta komið á framfæri í þeim knappa ræðutíma sem er í þessum dagskrárlið verði komið á framfæri skriflega.)

Já, virðulegi forseti. Ég tel að það taki mig nokkurn tíma að lesa upp þessi 100 sveitarfélög þannig að komi ekki athugasemdir við það hjá fyrirspyrjanda, þá læt ég það nægja að hafa afhent fyrirspyrjanda lista og tel mig þar með hafa svarað 1. tölul. fsp.

Síðari spurningin er: „Hvernig er háttað eftirliti ráðuneytisins með því að lagaákvæði um áætlanagerðina sé framfylgt?"

Því er til að svara að í sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986 er ekki gerð krafa um að sveitarstjórnir skili þriggja ára áætlunum til ráðuneytisins. Eftirlit ráðuneytisins hvað þetta varðar er fyrst og fremst fólgið í því að leggja í byrjun hvers kjörtímabils sveitarstjórnar ríka áherslu á að sveitarfélögin sinni þessari skyldu. Berist ráðuneytinu vitneskja eða kvartanir um að einhver sveitarfélög vanræki þetta er skorað á þau að bæta úr.

[17:32]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég get út af fyrir sig fallist á það að hlífa hæstv. ráðherra við því að lesa upp nöfn allra þessara sveitarfélaga sem gert hafa þriggja ára áætlanir, enda má kannski segja að mönnum sé meiri forvitni á að vita hvaða sveitarfélög það eru sem ekki hafa gert slíkar áætlanir og hefði kannski verið meiri þörf á að lesa upp þann lista. Þegar haft er í huga að hér er listi yfir rétt um 100 sveitarfélög sem framfylgt hafa þessu lagaákvæði, þá er ljóst að annar eins fjöldi sveitarfélaga hefur ekki gert það og hefur þar af leiðandi brotið lög.

Ég vil fara fram á það, hæstv. forseti, að listi þessi verði birtur í þingtíðindum um leið og ræður manna eru birtar í framhaldi af þessari umræðu og sé ekki ástæðu til þess að fjölyrða frekar um málið. Ég tel að kjarna fyrirspurnarinnar hafi verið svarað. Það er allmerkileg staðreynd sem út úr því kemur, þ.e. rétt um helmingur sveitarfélaga sinnir ekki þeirri lagaskyldu að gera þriggja ára áætlanir um rekstur, framkvæmdir og fjármál sín.

Um eftirlitið er það að segja að það virðist vera heldur bágborið. Ég held að það geti varla verið að helmingur sveitarfélaganna í landinu kæmi sér undan þessari lagaskyldu ef eftirlitið væri með eðlilegum hætti og vil ég eindregið hvetja hæstv. félmrh. til þess að herða á því og að sveitarfélögum sem ekki sinna þessari skyldu verði veitt eðlileg áminning.

Sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf.

Fsp. AKG, 352. mál. — Þskj. 544.

[17:34]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. 3. varaþm. Norðurl. v., Anna Kristín Gunnarsdóttir, sem hér sat á þingi í minni fjarveru, bar fram þá fsp. til félmrh. hvaða sveitarfélög veita sálfræði- og félagsráðgjöf sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það er nokkuð augljóst af fsp. að fyrirspyrjandi hefur sterkan grun um að það séu mikil vanhöld hvað það varðar að sveitarfélög sinni þessu verkefni sínu og því er fsp. fram borin.

[17:35]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er kveðið á um að félagsmálanefndir skuli leitast við að bjóða upp á félagslega ráðgjöf og er markmiðið með henni að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Í fsp. er spurt bæði um sálfræði- og félagsráðgjöf sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég vil vekja athygli á því að ekki er að finna ákvæði um sálfræðiráðgjöf í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Hins vegar hafa allra stærstu sveitarfélögin ráðið sálfræðinga til starfa hjá sér og nokkrir félagsmálastjóranna hafa slíka menntun.

Einkum koma sálfræðingarnir við sögu þegar um er að ræða vinnu við barnaverndarmál en um þau mál er farið í samræmi við lög um vernd barna og ungmenna.

Það er spurt hvaða sveitarfélög veiti sálfræði- og félagsráðgjöf sem kveðið er á um í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. 24 sveitarfélög hafa ráðið til sín félagsmálastjóra. Segja má að öll þessi sveitarfélög veiti skipulagða þjónustu í samræmi við lögin. Þessi sveitarfélög eru Akranes, Garðabær, Ísafjörður, Njarðvík, Siglufjörður, Akureyri, Grindavík, Keflavík, Ólafsfjörður, Seltjarnarnes, Borgarnes, Hafnarfjörður, Kópavogur, Reykjavík, Seyðisfjörður, Dalvík, Hveragerði, Mosfellsbær, Sauðárkrókur, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Höfn í Hornafirði, Neskaupstaður og Selfoss.

Það er rétt að taka fram að aðeins í stærstu sveitarfélögunum er að finna félagsmálastofnanir með fagmenntað starfslið en annars staðar er einungis um einn starfsmann að ræða, félagsmálastjórann, sem er jafnvel í hlutastarfi. Það kann að vera að einhver önnur sveitarfélög hafi ráðið félagsráðgjafa til sín. Mér er kunnugt um að Húsavíkurbær auglýsti nýlega eftir félagsráðgjafa til starfa og nokkur sveitarfélög hafa enn fremur gert samning við starfandi félagsráðgjafa í öðrum sveitarfélögum um að veita íbúum þeirra þjónustu, en þar er ekki um jafnskipulagða þjónustu að ræða og hjá fyrrnefndum sveitarfélögum sem ráðið hafa til sín félagsmálastjóra. Mér er einnig kunnugt um að sveitarfélög hafa ráðið félagsráðgjafa vegna einstakra erfiðra mála sem upp hafa komið.

Eins og á þessu má heyra, þá veita langflestir kaupstaðanna skipulagða félagsþjónustu, en nokkrir þeirra hafa ekki ráðið til sín félagsmálastjóra, en það eru Stykkishólmur, Ólafsvík, Bolungarvík, Blönduós, Húsavík, Eskifjörður og Sandgerði. Íbúum langflestra minni sveitarfélaganna stendur því ekki til boða skipulögð félagsþjónusta. Vegna smæðar sinnar eru þau tæpast í stakk búin að ráða faglærðan starfskraft til starfa og þrátt fyrir ákvæði laga um félagsþjónustu sveitarfélaga þess efnis að einstök sveitarfélög geti sameinast um framkvæmd félagsþjónustunnar með ýmsum hætti, þá hafa mér vitanlega engin sveitarfélög sameinast um félagsþjónustu. Einstaklingar og fjölskyldur á landsbyggðinni njóta því alls ekki sambærilegrar félagsþjónustu og íbúar stærri sveitarfélaganna og því miður hafa nokkrar sveitarstjórnir enn ekki kosið félagsmálanefndir þrátt fyrir ákvæði laganna þar að lútandi en á árunum 1992 og 1993 voru lögin um félagsþjónustu sveitarfélaga kynnt rækilega fyrir sveitarstjórnarmönnum og fulltrúum í félags- og barnaverndarnefndum í formi námskeiða sem haldin voru víða um landið. Þar voru sveitarfélögin enn fremur hvött til þess að sameinast um þessa þjónustu með einum eða öðrum hætti. Ég vænti þess að í kjölfar sveitarstjórnarkosninganna í vor verði gengið frá kosningu félagsmálanefnda í öllum sveitarfélögunum og enn fremur að minni sveitarfélögin beri gæfu til þess að sameinast um skipulagða og skilvirka þjónustu einstaklinga og fjölskyldna vegna þess að það er erfitt við það að búa að framkvæmd félagsþjónustunnar sé með allt öðrum hætti úti á landsbygginni en t.d. í stærri kaupstöðunum.

[17:39]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir skýr og greinargóð svör. Að sjálfsögðu var það tilgangur fyrirspyrjanda að leiða það fram hver staða þessara mála væri og af skýrslu félmrh. er nokkuð ljóst að víða er pottur brotinn hvað varðar sálfræði- og félagsráðgjöf hjá sveitarfélögum, einkum hjá minni sveitarfélögunum. Þessi þjónusta virðist vera fyrir hendi í allra stærstu sveitarfélögunum en það vantar sem sagt mjög á að í þeim minni sé þessari skyldu sinnt. Mér fannst kannski athyglisverðast sem fram kom hjá hæstv. félmrh. að í hinum minni sveitarfélögum er enn ekki orðin nein samvinna um þessa þjónustu eins og manni fyndist samt að beinast lægi við.

Ég þakka ráðherranum fyrir svörin.

Skólaskip.

Fsp. SvG, 316. mál. — Þskj. 507.

[17:41]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það er ekki einleikið með okkur Íslendinga sem köllum okkur sjávarútvegsþjóð og erum það að það var fyrst á árinu 1994 að útskrifaðir voru sjávarútvegsfræðingar úr háskóla. Og það er ekki einleikið að með þessa sömu þjóð háttar þannig til að það

er ekki til skólaskip til þess að stunda og kenna sjóvinnu í grunnskólum landsins. Það er ekki til skólaskip og hefur ekki verið til í 2–3 ár. Skólaskipið Mímir hvarf fyrir þremur árum eða svo. Þannig háttar til að tryggingafé hefur legið fyrir lengi í sjútvrn. en það hefur ekki verið notað fyrr en núna sl. haust að hæstv. sjútvrh. tilkynnti að það væri meiningin að kaupa fyrir þetta tryggingafé skip fyrir Hafrannsóknastofnun. Og áfram er staðan þannig að það er ekki til neitt skólaskip. Að meðaltali hafa verið 350 nemendur í sjóvinnunámi í grunnskólum í landinu. Þeir hafa farið upp í 600–700 og núna eru þeir um 250 talsins og menn hafa leyst það með því að það hefur verið mögulegt að skjóta nemendum í róður og róður en þetta þyrfti auðvitað að vera með reglubundnum hætti hjá sjómönnum, fólki og kennurum sem kunna að þjálfa þessa ungu og áhugasömu e.t.v. tilvonandi sjómenn.

Staðreyndin er sú að auðvitað kostar nokkra fjármuni að kaupa svona skip en peningarnir hafa legið í sjútvrn. og auk þess er það þannig að á síðasta ári bauðst Fiskifélaginu bátur án nokkurrar greiðslu þannig að það var hægt að fá skip en auðvitað kostar eitthvað að reka þetta. Það er talað um að það kosti 10–12 millj. á ári að reka skólaskip og fyrir nokkrum árum var þannig að hlutunum staðið að það vann fyrir sér yfir sumarið þar sem kennarinn, Magnús Grímsson skipstjóri, hélt skipinu til veiða.

Áhugi á þessu máli sjútvrn. hefur verið núll komma núll um langt árabil þó að uppruni málsins sé þar reyndar í sjávarútvegsráðherratíð Lúðvíks Jósepssonar sem árið 1973 tók um það ákvörðun að skip skyldi keypt í þessu skyni.

Af þessum ástæðum hef ég ákveðið að spyrja hæstv. menntmrh. þeirrar spurningar sem hér liggur fyrir á þskj. 507:

„Til hvaða ráðstafana hyggst ráðherra grípa til að tryggja nemendum í sjóvinnunámi í grunnskóla aðgang að skólaskipi?“

[17:44]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég svara þessari spurningu hv. þm. á þessa leið:

Sjóvinna er valgrein í grunnskólum. Um valgreinar gilda þær reglur að skólum er heimilt að bjóða nemendum nám í greinum sem aðstaða er til að kenna og kennarar fást í. Það eru nánast engar hömlur settar á valgreinar af hálfu menntmrn. Á landinu öllu munu vera boðnar fram 60–80 valgreinar á hverju ári. Um er að ræða mjög fjölbreytilegt framboð og fer það eftir aðstöðu og kennslukröftum hverju sinni hvað er í boði. Sjóvinna hefur verið í boði sem valgrein í nokkrum skólum um árabil. Svo virðist sem nemendum sem eiga kost á sjóvinnu og velja sjóvinnu sem valgrein fari heldur fjölgandi. Samkvæmt skólaskýrslum stunduðu 225 nemendur í 8., 9. og 10. bekk sjóvinnunám árið 1991–92 á landinu öllu.

Til að geta boðið sjóvinnu sem valgrein þarf skóli að hafa húsnæði og aðra aðstöðu og hæfa kennara. Menntmrn. greiðir fyrir kennsluna og hefur ekkert staðið á því. Það er hins vegar sveitarfélaga að sjá um aðstöðuna og fyrir sveitarfélögin get ég ekki svarað.

Það er í sjálfu sér vandalaust að kenna nemendum í grunnskólum ýmis grundvallaratriði varðandi sjómennsku og sjóvinnu án þess að gera út sérstakt skólaskip. Ég sé ekki ástæðu til að ríkið standi í slíkri útgerð enda væri það þvert á verkaskiptalögin frá árinu 1989. Það er hins vegar ekkert nema gott um það að segja ef sveitarfélög vilja bjóða nemendum upp á sjóferðir eða sérstaka kennslu um borð í skipum og standa straum af kostnaðinum sem af því leiðir fyrir utan kennslukostnaðinn, sem eins og ég sagði, er greiddur af menntmrn.

[17:47]

Fyrirspyrjandi (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Þarna laukst upp nýr heimur í þessu máli. Það er sem sagt stefna menntmrn. að hafa ekki skólaskip. Það er stefna menntamrn. að það eigi ekki að vera til neitt skólaskip á vegum ríkisins. Hins vegar sé ekkert nema gott eitt um það að segja að sveitarfélögin smelli sér í það að hafa eitt og eitt skólaskip. Þetta er náttúrlega satt að segja alveg furðulegt miðað við þær áherslur sem við eigum auðvitað að hafa varðandi sjávarútvegsmál sem undirstöðuatvinnugrein í landinu.

Það er líka alveg augljóst mál að þetta sjóvinnunám hefur komið sér mjög vel fyrir tiltekinn hóp nemenda sem að mörgu leyti hefur stundum verið erfitt að festa í fari venjulegra námsbrauta í grunnskólum. Þess vegna er það sem skólastjórar fjölmennra skóla í Reykjavík, eins og t.d. í Seljaskóla, hafa lagt á það mjög mikla áherslu að þessi starfsemi verði áfram í gangi.

Ég tel hins vegar að svar menntmrh. sé því miður með þeim hætti að hann hafi í raun og veru vísað málinu alveg frá ráðuneytinu þó svo að fyrir því séu í sjálfu sér engin rök. Ég bendi á að menntmrn. ber ábyrgð á rekstri Stýrimannaskólans. Menntmrn. ber ábyrgð á rekstri Líffræðistofnunar háskólans. Menntmrn. ber ábyrgð á rekstri Háskólans á Akureyri þar sem sjávarútvegsfræði eru hrygglengjan í náminu. Af hverju skyldu þessir þættir ekki vera tengdir saman og tengdir við sjóvinnunám í grunnskólum í stað þess að ráðuneytið vísi málinu frá sér með þeim hætti sem hæstv. ráðherra gerði áðan og ég gagnrýni harðlega og heiti því ef tími vinnst til að á þessu þingi sjáum við dagsins ljós þingmál sem knýr á um að það verði tryggt að grunnskólarnir eigi eðlilegan aðgang að skólaskipi.

[17:49]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Hv. þm. segir að það sé stefna menntmrn. að ekki verði gert út skólaskip af menntmrn. Það má alveg orða þetta svo en það hefur ekki orðið nein breyting, það hefur ekki orðið nein stefnubreyting hjá menntmrn. frá því að hv. þm. Svavar Gestsson var menntmrh. Alls engin. Skólaskip hefur ekki verið gert út af menntmrn. og það stendur ekki til að gera það. Það er ekki hægt að bera það saman, eins og hv. þm. var að gera, að menntmrn. beri ábyrgð á rekstri Stýrimannaskólans eða Háskólans á Akureyri. Hér erum við

að tala um sjóvinnukennslu í grunnskólum og eins og ég rakti í svari mínu áðan þá heyrir það undir sveitarfélögin að koma fyrir þeirri aðstöðu sem þarf til þess að kennsla í hinum ýmsu valgreinum og raunar ekki bara valgreinum geti átt sér stað. Það er sem sagt engin stefnubreyting sem hefur orðið af hálfu menntmrn. í þessu máli.

Kvikmyndaeftirlit.

Fsp. GHelg. 369. mál. — Þskj. 562.

[17:51]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Víða um lönd hafa augu manna verið að opnast fyrir þeim skaða sem ofbeldiskvikmyndir kunna að hafa á hegðun barna og unglinga. Sívaxandi ofbeldi og afbrigðileg hegðun virðist vera keppikefli framleiðenda kvikmynda svo að engin takmörk sýnast vera fyrir slíku efni á myndbandaleigum og í sjónvarpi og í kvikmyndahúsum og væri það verðugt rannsóknarefni að kanna hvað það er í lífi nútímamannsins sem veldur þessum áhuga.

Varla deila menn um að ástæða sé til að vernda ung börn fyrir þessari afþreyingu og finna þeim annað hollara og er ár fjölskyldunnar e.t.v. meðal annars réttur tími til þess verkefnis. Um árabil hefur verið eftirlit með kvikmyndum hér á landi samkvæmt lögum um vernd barna og unglinga, nr. 53/1966, VI. kafla, um skoðun kvikmynda. En með nýjum lögum um vernd barna og unglinga, nr. 58/1992, féll sá kafli úr lögunum og var þess getið í grg. með frv. að sérstakra laga um kvikmyndaeftirlit væri þörf.

Árið 1983 voru sett lög um bann við ofbeldiskvikmyndum og samkvæmt þeim skyldi Kvikmyndaeftirlitið annast það samkvæmt sama VI. kafla laganna frá 1966 sem nú er fallinn úr gildi.

Það er því ljóst að Kvikmyndaeftirlitið starfar ekki samkvæmt neinum lögum og ekkert frv. um kvikmyndaeftirlit hefur verið lagt fram.

Athygli skal vakin á því að menntmrn. fer með þessi mál þó að e.t.v. væri eðlilegra að félmrn. annaðist þau eins og annað það er lýtur að vernd barna og unglinga.

Þá má minna á að nýleg skýrsla nefndar sem hæstv. félmrh. skipaði til að gera tillögur til úrbóta í málefnum barna og lögð hefur verið fram á hinu háa Alþingi leggur áherslu á þennan þátt í vernd barna og unglinga. Þess vegna, hæstv. forseti, hef ég borið fram fsp. á þskj. 562 til hæstv. menntmrh. sem hljóðar svo:

„Hvernig er skoðun kvikmynda háttað eftir að lög nr. 53/1966, um vernd barna og ungmenna, féllu úr gildi með lögum nr. 58/1992?"

[17:54]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Starf Kvikmyndaeftirlits ríkisins að skoðun kvikmynda hefur verið óbreytt þrátt fyrir brottfall ákvæða VI. kafla laga um vernd barna og ungmenna, nr. 53/1966, en í þeim kafla var fjallað um skoðun kvikmynda í kvikmyndahúsum og skipan og hlutverk skoðunarmanna kvikmynda.

Frá gildistöku nýrra laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, hefur starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins byggst á ákvæðum laga um bann við ofbeldiskvikmyndum nr. 33/1983 og reglugerð um skoðun kvikmynda hjá Kvikmyndaeftirliti ríkisins nr. 614/1989 með áorðnum breytingum.

Ég hef áður látið í ljós þá skoðun að nauðsynlegt sé að treysta starfsemi Kvikmyndaeftirlits ríkisins en löggjöf um starfsemi þess, skoðun kvikmynda, og bann við ofbeldiskvikmyndum hefur verið í endurskoðun. Nefnd sem annaðist það verkefni skilaði tillögum að nýju lagafrv. síðla árs 1992 og var þáverandi ráðuneytisstjóra í menntmrn. falið að yfirfara þær tillögur. Niðurstöður hans bárust menntmrn. í upphafi þessa árs og mun afstaða tekin til þess innan tíðar í ráðuneytinu hvort lagafrumvarp um þetta efni verður lagt fram á þessu þingi. Ég vonast eindregið til að svo geti orðið.

[17:56]

Fyrirspyrjandi (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið en ég held að hann sem menntaður lögfræðingur hljóti að gera sér grein fyrir að upplýsingar hans eru ekki alveg réttar. Í lögum um bann við ofbeldiskvikmyndum, nr. 33/1983, segir svo í 2. gr.: „Skoðunarmenn kvikmynda, sbr. VI. kafla laga nr. 53/1966, leggja mat á sýningarhæfni kvikmynda."

Ég vil benda hæstv. menntmrh. á að þessi VI. kafli er ekki lengur í gildi þannig að það er alveg sama hvort um er að ræða lögin um bann við ofbeldiskvikmyndum eða almenna skoðun kvikmynda sem ákvæði voru um í lögunum nr. 53/1966, hvort tveggja er úr gildi fallið. Það getur auðvitað engin reglugerð sagt eitt eða annað nema hún hafi stoð í lögum. Ég held því að hæstv. ráðherra hafi ekki alveg gert sér grein fyrir því að lögin um bann við ofbeldiskvikmyndum fela Kvikmyndaeftirlitinu sem vinnur samkvæmt lögum sem fallin eru úr gildi að annast skoðun kvikmynda. Þetta getur auðvitað ekki gengið upp.

Nú er mér kunnugt um að ýmislegt hefur verið gert til þess að koma einhverri skipan á kvikmyndaeftirlit og ég hygg að það hafi verið á árinu 1986 sem páv. hæstv. menntmrh. skipaði nefnd sem semja skyldi frv. til laga um kvikmyndaskoðun og munu Þórunn Hafstein, deildarstjóri í menntmrn., Haraldur Johannessen og einhverjir fleiri hafa verið í þessari nefnd og ég hygg að það hafi liðið ein fimm ár þangað til einhver drög að frumvarpi komu fram. En síðan var ekki, mér vitanlega, gert neitt með þau. (Forseti hringir.) Ég skal rétt ljúka máli mínu. Það síðasta sem ég vissi um þessa vinnu var að Knúti Hallssyni ráðuneytisstjóra var falið að gera breytingar eða einhverjar tillögur og þær komu heldur aldrei fram. En síðan vildi ég spyrja hæstv. menntmrh. hvort einn aðili enn sem mér skilst að hafi komið að þessu máli, frú Auður Eydal, hafi skilað því verkefni sem hún fékk með erindisbréfi eftir því sem ég best veit. Um það má kannski deila hvort þar er ekki um ákveðin hagsmunatengsl að ræða þar sem eig-

inmaður hennar er umfangsmikill í fjölmiðlaheiminum (Forseti hringir.) þannig að ég vildi vita, án þess að ég vantreysti henni á nokkurn hátt, ég skal rétt ljúka máli mínu, hæstv. forseti, en ég vildi þá spyrja hvort því starfi sé lokið sem henni var falið.

[17:59]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Mér er alveg ljós veikur lagagrundvöllur eins og kom fram í máli mínu og ég sagði aðeins frá að við gildistöku hinna nýju laga um vernd barna og ungmenna hafi starfsemi Kvikmyndaeftirlitsins haldið áfram óbreytt og byggst á ákvæðum laga um bann við ofbeldiskvikmyndum. Mér er alveg ljóst að VI. kaflinn er fallinn brott og var ekki að draga neina dul á það.

Ég upplýsti líka í svari mínu áðan hvað hefði gerst. Nefndin skilaði tillögum að nýju lagafrv. í árslok 1992 og þá var þáv. ráðuneytisstjóra Knúti Hallssyni falið að yfirfara þessar tillögur og ég sagði áðan að hann hefði skilað sinni álitsgerð núna í janúarmánuði sl. eða upphafi þessa árs. Og þær eru núna til athugunar í ráðuneytinu. Forstöðumaður Kvikmyndaeftirlitsins, Auður Eydal, var beðin um að tjá sig um tillögur nefndarinnar og það hefur hún gert. Ég sé ekki að það sé nein hætta á ferðum vegna einhverra hagsmunatengsla. Auður Eydal hefur af augljósum ástæðum mikla reynslu og þekkingu á þessum málum og þess vegna er fengur að því að fá hennar álit á þeim tillögum sem nú liggja fyrir í ráðuneytinu og hennar álit er ásamt tillögum nefndarinnar og álitsgerð fyrrv. ráðuneytisstjóra til athugunar í ráðuneytinu.

Veiðar á ref í friðlandinu á Hornströndum.

Fsp. RG, 337. mál. — Þskj. 529.

[18:01]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Á norðanverðum Vestfjörðum var um aldir blómleg byggð þar sem heitir Sléttuhreppur en hann hlaut þau örlög að fara í eyði árið 1952. Í þessu byggðarlagi, oft kennt við Hornstrandir, við Aðalvík og í Jökulfjörðum var mannlíf gott en lífsbarátta hörð og samhjálp sú er hver og einn gat veitt náunga sínum. Í langan tíma eftir að sveitin lagðist í eyði voru þarna takmarkaðar mannaferðir og þá helst að afkomendur sæktu á slóðir forfeðra sinna auk þess sem gamlir Sléttuhreppingar bjuggu sér sumardvöl á heimasióðum.

Þetta hefur mikið breyst nú síðari ár. Til viðbótar þeim er sækja á slóðir forfeðra eða í heimahaga hafa augu annarra opnast fyrir þeirri náttúruperlu sem þarna er að finna norður á hjara landsins. Margir þeir sem sótt hafa Hornstrandir og Sléttuhrepp heim hafa lýst því sem sérstakri lífsreynslu, ekki síst því hve ósnortin náttúran er. Fuglalíf, dýralíf og gróður allur ber þess sterk merki að lengstan hluta ársins er landið þarna í friði fyrir ágangi af manna völdum. Það hefur verið gagnrýnt í mín eyru af mörgum sem þarna hafa dvalist að farið skuli um svæðið á hverju sumri til að veiða ref, væntanlega í tengslum við eyðingu minka en samkvæmt upplýsingum mínum hafa þrír menn verið ráðnir undanfarin ár til grenjavinnslu í friðlandinu á Hornströndum.

Friðlandið er tveir hreppar, Grunnavíkur- og Sléttuhreppur. Ég gagnrýni ekki eyðingu minka en á svæði sem þessu er eyðing refa umdeild. Þeir sem dvalist hafa á þessum slóðum, t.d. í tjaldi eða í báti við mannlausa vík, hafa lýst því á skemmtilegan hátt hvernig refurinn kemur forvitinn að fylgjast með mannfólkinu og margir telja að refurinn eigi að fá að vera hluti af hinni ósnortnu náttúru sem þarna er að finna. Með tilliti til ákvæða sem gilda um friðlandið á Hornströndum um að leyfi landeigenda þurfi til allra veiða, leyfi Náttúruverndarráðs til hefðbundinna nytja og að öll meðferð skotvopna er bönnuð nema með sérstakri heimild sýslumanns, spyr ég:

„1. Hefur verið sótt um leyfi landeigenda og Náttúruverndarráðs til að veiða ref í friðlandinu Hornströndum frá því að það var friðlýst?

2. Hefur verið sótt um leyfi sýslumanns til að nota skotvopn við refaveiðar í friðlandinu á Hornströndum frá því að það var friðlýst?

3. Ef ekki hefur verið sótt um leyfi landeiganda eða sýslumanns, hver er þá skýringin á því að árlega eru stundaðar refaveiðar í friðlandinu án heimilda?

4. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að ríkissjóður hætti að greiða kostnað við refaveiðar í friðlandinu á Hornströndum?“

[18:04]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir að deila áhuga mínum á lágfótu.

Svarið við fyrstu spurningunni er neikvætt. Nú er það svo að í auglýsingu um friðlandið á Hornströndum frá 13. ágúst 1985, er kveðið á um eins og þingmaðurinn gat réttilega að leyfi landeigenda sem í hlut eiga þurfi til allra veiða, eggjatöku og raunar annarra hlunnindi á svæðinu einnig. Jafnframt þarf leyfi Náttúruverndarráðs þegar er ekki um að ræða hefðbundnar nytjar. Það hefur ekki verið sótt um slíkt leyfi til Náttúruverndarráðs eða veiðistjóra, ekki til landeigenda né ráðsins fyrir veiðum á refum eða minki. Satt að segja hefur Náttúruverndarráð látið þetta átölulaust vegna þess að sá skilningur hefur verið ríkjandi að lög frá 1957 um eyðingu refa og minka væru yfirsterkari reglugerðunum um friðlýsingu sem er birt í lögunum um náttúruvernd frá 1971. Ég var satt að segja ekki kunnugur þessu máli fyrr en þessi fsp. kom og ég verð að segja að mér finnst það a.m.k. íhugunarvirði hvort þessi túlkun laganna eins og hún hefur verið í gegnum árin sé rétt.

Varðandi spurningu nr. 2 hvort sótt hafi verið um leyfi sýslumanns til að nota skotvopn við veiðar í friðlandinu frá því að það var friðlýst þá er því til að svara að samkvæmt 3. gr. laga um eyðingu refa og minka frá 1957 á sýslumaður að sjá um að lögunum verði framfylgt í þeim hreppum sem hafa farið í eyði og ber þá jafnframt ríkissjóður allan kostnað af veið-

unum. Eins og kom fram í máli hv. þm., þá eru tveir hreppar, Grunnavíkur- og Sléttuhreppur, í Hornstrandafriðlandi og þeir eru báðir í eyði. Sýslumaðurinn hefur því tekið að sér að framfylgja þessum lögum og hann hefur ráðið þrjá aðila til refaveiða í Hornstrandafriðlandi sem hafa skipt þeim veiðum með sér þannig að þó að mér sé ekki kunnugt um það og hafi ekki getað fengið upplýsingar um að formlegt leyfi með vísun í friðlýsinguna hafi verið veitt þá er eigi að síður varla hægt annað en svara þessari spurningu jákvætt vegna þess að sýslumaðurinn hefur ráðið þessa aðila og þess vegna eru veiðarnar framkvæmdar með vitund hans og vilja.

Varðandi svarið við þriðju spurningunni þá er skýringin sú, eins og fram hefur komið, að í fyrsta lagi tel ég að sýslumaðurinn hafi veitt leyfi til þessara veiða og talið sig hafa heimild til þess í krafti laganna frá 1957 um eyðingu refa og minka. En þeir sem sjá um að framfylgja þessum friðunarákvæðum hafa talið að lögin um eyðingu refa og minka yfirtækju í rauninni ákvæði reglugerðanna sem byggjast á lögunum um náttúruverndina.

Varðandi fjórðu spurninguna er það að segja að ég hef ekki gert ráð fyrir því að ríkissjóður hætti að taka þátt í kostnaði við veiðar á ref í friðlandinu einfaldlega vegna þess að athygli mín hefur ekki verið vakin á þessu fyrr en núna. Ég tel hins vegar að það komi vel til greina. Það er hins vegar ýmislegt sem mun þurfa áður að íhuga vel, t.d. hvaða áhrif það hefði á fjölgun refa, hvort það yrði verulegt flæði refa út af friðlandinu og jafnframt hafa fuglafræðingar bent á þann möguleika að mikil fjölgun refa í kjölfar þess að veiðum yrði hætt kynni að leiða til þess að stofnar ýmissa mófugla mundu minnka verulega. Þess vegna hefur verið talið æskilegt að áður en menn færu í þessa friðun yrði gerð úttekt á ástandi mófuglastofna þarna. Raunar hefur embætti veiðistjóra á undanförnum árum reynt að afla til þess fjár með nokkrum árangri en það hefur ekki enn verið farið í þessar rannsóknir. Svarið er sem sagt það, ég tel það enn koma til greina.

[18:08]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli og það er eitt sem ég vildi koma á framfæri hér í þessari umræðu. Vissulega tek ég undir það sem hv. fyrirspyrjandi sagði um lífríkið þarna og hversu fallegt og skemmtilegt það er orðið og mikil náttúruparadís. En það er eitt þegar við förum að tala um að það eigi að hætta að fylgja því eftir að eyða ref á þessum stað, þá get ég nefnt það sem dæmi að í Hornbjargi hefur um margra ára skeið alltaf verið refafjölskylda, haldið þar til og ekki hefur náðst að eyða. Og þeir sem þekkja best til þarna, menn sem hafa alið allan sinn aldur og fara þarna á hverju einasta sumri segja að lífríkið í Hornbjargi þar sem alltaf hefur verið mikið um fugl hafi tekið stórkostlegum breytingum núna síðustu ár vegna þess að það hefur ekki tekist að eyða þessu refabæli. Þ.e. refurinn gengur greinilega í bjargið og eyðileggur það. Og eins hafa menn orði varir við það að mófuglinn sem er þarna í kring hafi minnkað þannig að ég held að það þurfi að skoða ýmislegt. Ég þakka hæstv. ráðherra einnig fyrir að tala um að það þurfi þá að gera úttekt á lífríkinu eins og það er áður en farið verður að breyta þeim aðgerðum sem gerðar hafa verið undanfarin ár. Þetta þarf allt að vera í samræmi.

[18:10]

Fyrirspyrjandi (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Vissulega tek ég undir það að það sé mikilvægt að þetta sé allt í jafnvægi og mál séu könnuð vel. Þar sem ég þekki best til, á Sléttu í Sléttuhreppi, hefur mér verið sögð einmitt önnur saga að þegar fólk var að koma þangað fyrst til að halda við húsi hafi varla heyrst í fugli en nú sé þar blómlegt og gott fuglalíf og margir telja að það sé minkurinn sem fyrst og fremst er skaðlegur í fuglinum þó að ég ætli ekki að leggja þar mat á.

Ég þakka ráðherra svör hans. Mér finnst mjög mikilvægt að þetta sé skoðað og mér finnst það umhugsunarefni að í friðlandi þar sem meðferð skotvopna er öllum bönnuð nema með sérstakri heimild sýslumanns skuli það í raun vera þannig að sýslumaður ráði menn til að fara þarna. Þar sem báðir hrepparnir sem um er rætt eru í eyði þá hætta veiðarnar sjálfkrafa ef ríkissjóður tekur ekki þátt í kostnaðinum. Mér finnst að þetta sé hlutur sem hæstv. umhvrh. ætti að kanna mjög vendilega.

[18:11]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég tel ekki að það sé hægt að áfellast sýslumanninn í þessu tilviki fyrir það að ráða menn til grenjaleita og veiða þrátt fyrir það að honum var líka falið að framfylgja friðunarákvæðunum frá því Hornstrandirnar voru friðlýstar. Ástæðan er einfaldlega sú að það hefur myndast ákveðin hefð og hún er talin byggjast á því að lögin frá 1957 um eyðingu refa og minka sé í rauninni yfirsterkari náttúruverndarlögum frá 1971. Ég tel sjálfur að það sé verulega umdeilanlegt og hefði talið undir öðrum kringumstæðum að það væri ástæða til þess að fá einhvern haldbæran aðila eins og Lagastofnun Háskóla Íslands til þess að skera úr um það. Það er hins vegar ekki ástæða til þess því að fyrir þessu þingi liggur frv. um veiðar og vernd villtra dýra þar sem gert er ráð fyrir því að þessi lög frá 1957 falli úr gildi en veiðunum verði stjórnað með sérstakri reglugerð.

Hins vegar þótti mér merkilegt að hlýða hér á mál hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur vegna þess að hún er staðkunnug og flytur hér ákveðna reynslu sem hún og ættingjar hennar hafa aflað sér á þessu svæði. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mjög mikilvægt einmitt að hlusta á rök eins og þessi. Ég tel t.d. að þær upplýsingar sem hér koma fram að fuglalíf í tilteknum hlutum Hornbjargs og jafnvel stofnar mófugla hafi að einhverju leyti minnkað vegna þess að ekki hefur tekist að eyða þar einu greni, séu mikilvægar upplýsingar sem nauðsynlegt sé að kanna í framtíðinni ef menn ætla að taka ákvarðanir í þessa veru. En það er rétt hjá hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur að ef um-

hvrh. í þessu tilviki ákveður að hætta að leggja til fjármagn til þess að hafa stjórn á refastofninum í Hornstrandafriðlandi þá falla veiðar sjálfkrafa niður. En áður en það er gert tel ég að það sé mikilvægt að fara í einhvers konar rannsóknir, sérstaklega á mófuglastofnum.

Sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf.

Fsp. AKG, 351. mál. — Þskj. 543.

[18:13]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Í fjarveru minni ekki alls fyrir löngu bar Anna Kristín Gunnarsdóttir, 3. varaþm. Norðurl. v., fram fyrirspurn sem er svohljóðandi:

„Hvaða sjúkrahús og heilsugæslustöðvar uppfylla lagaákvæði um sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf?"

Fyrirspurn þessari var beint til heilbrrh.

Þessi fyrirspurn er að sjálfsögðu náskyld fsp. sem var gerð grein fyrir hér fyrr í dag og beindist að félmrh., en þá var um að ræða hvernig háttað væri sálfræði- og félagsráðgjöf sveitarfélaga. Nú spyr fyrirspyrjandi þess sama hvað varðar sjúkrahús og heilsugæslustöðvar.

Hér á Alþingi urðu ekki alls fyrir löngu nokkrar umræður um ráðgjöf til fjölskyldna í sambandi við sameiginlegt forræði eftir skilnað. Það vakti athygli fyrirspyrjanda að þá var bent á að sjúkrahús og heilsugæslustöðvar og sveitarfélög veittu þjónustu í slíkum tilvikum. Hins vegar er það auðvitað staðreynd að þessi þjónusta er mjög óvíða fyrir hendi og á hún þó að vera það samkvæmt lögum, m.a. hjá sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum. Þetta vill fyrirspyrjandi gjarnan draga hér fram og vekja athygli á og hefur því beint þessari fsp. til hæstv. heilbrrh.

[18:16]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint svohljóðandi fyrirspurn:

„Hvaða sjúkrahús og heilsugæslustöðvar uppfylla lagaákvæði um sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf?"

Í lögum um heilbrigðisþjónustu er ekki bindandi ákvæði um það hvernig sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf skuli háttað í heilbrigðisstofnunum. Hins vegar er þess getið þegar rætt er um störf á heilsugæslustöð að þar skuli vera veitt félagsráðgjöf, þar með talin fjölskyldu- og foreldraráðgjöf. Þessi starfsemi fellur undir heilsuvernd.

Ráðuneytið hefur aflað sér upplýsinga um það hvar félagsráðgjafar og sálfræðingar starfi á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum og fengið eftirfarandi upplýsingar: Á Ríkisspítölum, Borgarspítala og sjúkrahúsinu á Akureyri eru starfandi bæði félagsráðgjafar og sálfræðiráðgjafar. Á Landakoti er starfandi félagsráðgjafi. Á sjúkrahúsi og heilsugæslustöð á Egilsstöðum er starfandi sálfræðingur og við heilsugæslustöðvarnar á Húsavík og á Akureyri eru starfandi félagsráðgjafar. Á það má einnig minna í þessu sambandi að tveir prestar eru nú starfandi bæði á Borgarspítala og Landspítala og prestur starfar á Landakoti. Ráðuneytinu er ekki kunnugt um að félagsráðgjafar eða sálfræðingar séu starfandi við aðrar heilbrigðisstofnanir. Það gefur því auga leið að sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf er á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum öðrum en þeim sem að framan voru talin á hendi lækna og hjúkrunarfræðinga. Það er að sönnu ljóst að sálgæsla er eðli máls samkvæmt mikilvægur þáttur heilsuverndar. Ég vil nefna í þessu sambandi að þættir eins og áfallahjálp sem í auknum mæli hafa komið upp á yfirborðið og hlotið verðskuldaða umræðu eru nú til sérstakrar athugunar í ráðuneyti í samstarfi við ýmsa aðila aðra, svo sem hlutverk heilsugæslu í þeim efnum.

Þá vil ég einnig geta þess að heilsugæslustöðvar hafa kappkostað að halda góðu samstarfi við skólayfirvöld og það í gegnum skólahjúkrunarfræðinga til þess að samfella sé í þessari nauðsynlegu sálgæslu í því tilfelli gagnvart skólabörnum. Ég hygg að þó sé óhætt að fullyrða að sá andi laganna sem lýtur að þessum þætti heilsuverndar þurfi allnokkurra betrumbóta við þannig að vel fari. Á hinn bóginn tel ég og bind við það vonir að með auknum skilningi á þessum þætti heilsuverndar miði okkur þó í rétta átt.

[18:19]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir fyrirspurnina. Ég vil vekja athygli á því að það er nokkuð langt til seilst að tíunda þá sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf sem fram fer á heilbrigðisstofnunum þegar verið er að ræða sameiginlega forsjá þó það hafi engu að síður verið dregið inn í umræðuna hér áður en hitt er annað að þetta er mjög nýtileg fsp. af hvaða uppruna sem hún nú er. Og ég legg áherslu á að þarna er í rauninni um mjög brýnt mál að ræða, bæði á sjúkrahúsum og á heilsugæslustöðvum, vegna þess að það er sífellt vaxandi skilningur á því hlutverki sem slík þjónusta gegnir.

Ég vil líka vekja athygli á þeirri leið sem við Kvennalistakonur höfum bent á að hægt væri að fara á sjúkrahúsum en það er að koma upp trúnaðarmannakerfi fyrir sjúklinga en fyrir þeirri tillögu mun ég mæla nú von bráðar.

[18:20]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er því miður oft svo að þá fyrst kemur til sálfræðihjálp þegar í óefni er komið. En hæstv. heilbrrh. minntist á í ræðu sinni áðan að starfandi væru sálfræðingar og félagsráðgjafar á Akureyri. Einmitt þar hefur verið gerð mjög athyglisverð tilraun um forvarnastarf í heilsugæslustöðinni þar sem gripið er inn í áður en til alvarlegs skaða kemur. Fulltrúar og starfsfólk þar hefur haft samband við hv. fjárln. og lýst þessu starfi sem öllum kom saman um að væri mjög áhugavert og hefði gefið góða raun. Ekki tókst okkur þó að fá það merkt í fjárlögum að til þessa væri lagt fé en virðulegur formaður nefndarinnar lofaði að hann skyldi sjá til þess að þessu starfi yrði veitt fjárveiting úr sameiginlegum sjóðum ráðuneytisins og ég vil að-

eins ítreka það að hæstv. ráðherra beiti sér fyrir því. Ég held að þessi tilraun sé afar athyglisverð.

[18:21]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans. Það kom fram í svari hans að töluvert mikið vantaði á að sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf væri fyrir hendi á heilsugæslustöðvum almennt og þar sem slík þjónusta væri ekki fyrir hendi af hálfu sérmenntaðs fólks þá væri hún á hendi lækna og hjúkrunarfræðinga. Ég held að það hafi verið þörf á að minna á þetta mál og benda á að víða er pottur brotinn eins og hæstv. ráðherra hefur staðfest. Ég vil einnig þakka þingmönnunum Önnu Ólafsdóttur Björnsson og Guðrúnu Helgadóttur fyrir gagnlegar ábendingar í þessu samhengi.

[18:23]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins árétta það að sálfræðiþjónusta og félagsráðgjöf af þeim toga sem hér er rætt um og lýtur að sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum er í fæstum tilfellum bundin við þá starfsemi eina og sér. Vil ég með því segja að mjög mikilvægt er að þessi þjónusta sé innt af hendi með nokkuð heildstæðum hætti, þ.e. að þeir aðilar sem hafa með svipaða þjónustu að gera, svo sem í skólunum, svo sem af hálfu sveitarfélaga eða félagsmálastofnana, hafi gott og náið samráð sín á milli. Ég veit raunar að þetta samráð hefur orðið betra með árunum og það er vilji fyrir því og metnaður, a.m.k. í heilbrigðiskerfinu, að auka það og betrumbæta.

Það er líka hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að þessi sálgæsla getur auðvitað verið af ýmsum toga. Annars vegar nefndi ég til sögunnar áfallahjálp sem lýtur að því að mæta erfiðleikum sem fólk verður fyrir vegna fráfalls ættingja eða eigin sjúkleika og er innt af hendi fyrst og síðast á sjúkrahúsum. En einnig og ekki síður er mikilvægt að bregðast fljótt og skjótt við þegar vandamál koma upp af þessum toga á byrjunarstigi. Ég vil taka undir með hv. þm. að það tilraunastarf sem farið hefur í gang á Akureyri og raunar fleiri sveitarfélög hafa verið að skoða er mjög til fyrirmyndar og ráðuneytið hefur lýst yfir vilja sínum að styrkja og styðja þá starfsemi og enda komi þá sannfærandi stuðningur frá viðkomandi sveitarfélagi.

Ráðning sjúkraþjálfara við heilsugæslustöðvar.

Fsp. AÓB. 359. mál. — Þskj. 551.

[18:25]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 551 beini ég eftirfarandi fsp. til hæstv. heilbrrh.:

„Hvernig hefur verið framfylgt ákvæðum 17. gr. heilbrigðisþjónustulaga, nr. 97/1990, um ráðningu sjúkraþjálfara til H2 heilsugæslustöðva og í öll heilsugæsluumdæmi Reykjavíkur?"

Varðandi þessa fsp. þá vil ég taka það fram að tilgangurinn með því að ráða sjúkraþjálfara að heilsugæslustöðvum er fyrst og fremst sá að þeir leiðbeini en ekki að þeir meðhöndli. Þarna getur verið um umtalsverða hjálp að ræða og jafnvel umtalsverðan sparnað ef rétt er að farið. Ég bendi á það t.d. að sjúkraþjálfari í starfi á heilsugæslustöð hefði það hlutverk með höndum að fara í hús og athuga aðstæður, leiðbeina við öflun hjálpartækja og alla aðstöðu. Þetta getur m.a. orðið til þess bæði að minnka sársauka og þjáningar fólks sem hefur slæmar aðstæður og einnig ef vel tekst til að létta á biðlistum. Ef fólk er með rétt hjálpartæki og aðstæður við hæfi þá á það einfaldlega ekki að þurfa á því að halda að fara í eins flókna meðhöndlun og fara eins illa og ella væri.

Ég vil líka minna á tillögu okkar kvennalistakvenna um ráðningu sjúkraþjálfara í fræðsluumdæmi sem við höfum flutt á tveimur þingum en þar var sérstaklega tekið fram í þeirri umræðu að það væri e.t.v. heppilegra að vista slíka ráðgjöf sem slíkum sjúkraþjálfara væri ætlað að hafa með hendi hjá heilsugæslu frekar en hjá fræðsluumdæmum. Undir það get ég tekið. Meðal þeirra hlutverka sem sjúkraþjálfari sem hefði þetta hlutverk með höndum á heilsugæslustöð gæti haft er að fylgjast með vinnuaðstöðu skólabarna og veita ráðgjöf við innkaup á húsgögnum í skóla, að leiðbeina kennurum og nemendum um rétta líkamsbeitingu og þá í samráði við fleiri, að tengjast heilsugæslu skólabarna t.d. með því að taka þátt í skólaskoðun ásamt lækni og hjúkrunarfræðingi og eiga samstarf við íþróttakennara vegna barna sem eru ekki í almennri leikfimi.

Ég vil einnig taka það fram að sjúkraþjálfari við heilsugæslustöð þyrfti að fara í heimsókn á vinnustaði, athuga vinnuaðstæður, og það mundi spara veikindadaga þannig að hér er í rauninni um mjög skynsamlega ráðstöfun að ræða. Ég tek það fram að þarna er ekki um að ræða samkeppni við sjúkraþjálfara sem eru með einkareknar stofur þar sem þeir hafa fyrst og fremst það starf með höndum að meðhöndla en ekki að leiðbeina heldur er það hlutverk sem sjúkraþjálfari við heilsugæslustöð ætti að hafa að mínu mati. Því ber ég fram þessa fsp. Hvernig hefur til tekist að framkvæma þessa grein laga?

[18:28]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint svohljóðandi fsp:

„Hvernig hefur verið framfylgt ákvæðum 17. gr. heilbrigðisþjónustulaga, nr. 97/1990, um ráðningu sjúkraþjálfara til H2 heilsugæslustöðva og í öll heilsugæsluumdæmi Reykjavíkur?"

Sá lagatexti sem hér er vitnað til er svohljóðandi:

„Ráða skal sjúkraþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar H2. Í Reykjavík skal vera a.m.k. einn sjúkraþjálfari í hverju heilsugæsluumdæmi."

Ráðuneytið hefur kannað ráðningu sjúkraþjálfara bæði á sjúkrahús og heilsugæslustöðvar í tilefni þess-

arar spurningar og niðurstaðan er þessi:

Sjúkraþjálfarar eru starfandi við sjúkahús og heilsugæslustöð á Akranesi, sjúkrahús og heilsugæslustöð Ísafirði, sjúkrahús og heilsugæslustöð á Blönduósi, sjúkrahús og heilsugæslustöð á Sauðárkróki, sjúkrahús og heilsugæslustöð á Siglufirði, sjúkrahús og heilsugæslustöð á Húsavík, sjúkrahús og heilsugæslustöð á Neskaupstað, á Egilsstöðum, á Selfossi, í Vestmannaeyjum og sjúkrahús og heilsugæslustöð á Hvammstanga.

Auk þess eru sjúkraþjálfarar starfandi við sjúkrahúsið á Akureyri, við Sólvang í Hafnarfirði, við Ríkisspítalana, Borgarspítalann og Landakotsspítala í Reykjavík, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði og St. Fransiskusspítalann í Stykkishólmi.

Enginn sjúkraþjálfari er ráðinn til starfa við heilsugæslustöðvarnar í Reykjavík og enginn sjúkraþjálfari er starfandi við heilsugæslustöðvar utan Reykjavíkur þar sem ekki er starfandi sjúkrahús. Eða með öðrum orðum eins og um getur í upptalningunni að framan að eingöngu í þeim tilfellum þar sem samrekstur eða samtengt húsnæði er milli sjúkrahúsa og heilsugæslustöðvar eru sjúkraþjálfarar í starfi.

Það er því óhætt að fullyrða að betur má ef duga skal til að framfylgja þessum þætti heilbrigðisþjónustulaganna. Ég hygg hins vegar að skýringarnar á þessu séu allnærtækar, að við uppbyggingu kerfis heilsugæslustöðva hafi forgangsröðunin verið í þá veru að sinna kannski fyrst og síðast þeim frumþörfum sem til staðar eru, þ.e. þeim erindum sem á stöðvarnar koma frá sjúku fólki en heldur sett í aftari forgang að sinna þeim raunar mikilvæga þætti forvarnastarfs og leiðbeiningarstarfs sem lög segja til um að heilsugæslustöðvar hafi með höndum. Þessi þáttur heilgæslustöðvanna hefur þó farið vaxandi þótt hægt hafi farið á hinum síðustu árum og vænti ég þess að sú jákvæða þróun haldi áfram.

[18:32]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að uppbyggingarþörf heilbrigðisþjónustu í dreifbýli sé í ýmsu annars eðlis en á þéttbýlissvæðum, svo sem Stór-Reykjavíkursvæðinu vegna mismunandi aðgengis. Ég tel nauðsynlegt að íbúar í dreifbýli eigi kost á þjónustu sjúkraþjálfara á heilsugæslustöðvum jafnt í meðferðarstarfi sem í fyrirbyggjandi starfi. Hins vegar er mér ekki alveg ljóst hlutverk sjúkraþjálfara á heilsugæslustöðvum í þéttbýli. Mér er tjáð að viðkomandi aðilar í Reykjavík vísi þegar þeir meta svo til sjúkraþjálfara bæði til forvarna og meðferðar á eigin stofur sjúkraþjálfara en fjöldi þeirra starfar sjálfstætt í þéttbýli.

Ég tel brýnt að skoða eflingu starfs sjúkraþjálfara til forvarnastarfa hjá Vinnueftirliti ríkisins og efla samstarf Vinnueftirlits og verkalýðsfélaga. Ég legg áherslu á mikilvægi starfa sjúkraþjálfara í heilbrigðisþjónustunni, jafnt í meðferðarstarfi sem í forvarnastarfi, en skoða á vel hvernig skipulagi skal háttað vegna mismunar á aðgengi þjónustunnar í dreifbýli og í þéttbýli.

[18:33]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans. Fram kom í svari hans og ég tek undir það að betur má ef duga skal og þarna eru allmargar heilsugæslustöðvar sem standa út af og úr því þarf að sjálfsögðu að bæta. Ég tek líka eftir því að þessi tenging við sjúkrahús leyfir manni að álykta það að þarna sé e.t.v. meiri áhersla á meðferðarstarf en fyrirbyggjandi starf. Það er að vísu mjög vel ef eitthvað er af forvarnastarfi en ég sé ekki að það sé t.d. hægt að hafa þá umfangsmiklu ráðgjöf og leiðbeiningar sem ég gat um í upphafsræðu minni með bæði sjúkrahús og heilsugæslu undir á sama stað og hjá sama sjúkraþjálfara. T.d. það frumkvæði sem þarf að koma varðandi skóla og vinnustaði, einkum úti á landi, þar sé ég að þar þarf í raun að bæta við og ég get ekki ímyndað mér að sjúkraþjálfari sem er bundinn við mjög brýna og nauðsynlega meðferð komist til þess að sinna nema að litlu leyti forvörnum.

Varðandi þetta vil ég ítreka það sem ég sagði áðan að hér tel ég að sé ekki bara um útgjöld að ræða heldur verulegan og veigamikinn sparnað í heilbrigðiskerfinu sem kæmi á endanum öllum til góða. Við vitum hvernig ástandið er með þá biðlista sem við sitjum uppi með. Oft má með einföldum aðgerðum bæta þar úr og ég veit að sjúkraþjálfarar hafa lagt mikla áherslu á að koma inn í þetta starf víðar en þeir gera nú.

[18:35]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Við þessa stuttu umræðu er kannski ekki miklu við að bæta. Ég vil þó koma því hér á framfæri þannig að af séu tekin öll tvímæli í því sambandi að ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda í þá veru að starfsemi heilsugæslustöðva í okkar heilbrigðiskerfi hefur kannski um margt verið vanmetin. Þetta fyrsta stig þjónustunnar í okkar um margt þróaða heilbrigðiskerfi þarf mjög nauðsynlega að efla og ég held að þegar til lengri tíma er litið þá leiði það til sparnaðar eins og hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson kom inn á og þá eru það ekki síst þættir sem lúta að ýmiss konar fræðslu- og forvarnastarfi. Ég held að flestar efasemdarraddir sem uppi voru á árum áður um þetta fyrirkomulag sem upp var tekið, heilsugæslustöðvar vítt og breitt um landið, hafi með tíð og tíma þagnað og þvert á móti hafi flestir orðið um það sammála að þetta tæki sem við höfum byggt upp um landið allt og er orðið býsna þétt og vel úr garði gert þótt, eins og hér hefur fram komið, megi enn betur gera, sé orðið sá snari, öflugi þáttur í heilbrigðisþjónustu við okkar landsmenn eins og ráð var fyrir gert. Þannig að ég vænti þess og vona svo sannarlega að hv. fyrirspyrjandi og aðrir geti undir það tekið með mér að við eigum að beina sjónum okkar í auknum mæli að forvörnum, að fyrirbyggjandi aðgerðum sem fyrst og síðast verða best inntar af hendi á heilsugæslunni og auðvitað í öðrum stofnunum sem til þess eru bærar.

Viðræður við Bandaríkin um fríverslun.

Fsp. ÁRÁ, 365. mál. — Þskj. 558.

[18:37]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fsp. til hæstv. utanrrh. sem frammi hefur legið á þskj. 558.

Hið Evrópska efnahagssvæði hefur tekið til starfa nýlega og má segja að algjör þáttaskil hafa orðið í þeim viðræðum okkar Íslendinga og annarra Evrópuþjóða um samstarf á sviði fríverslunar og efnahagsmála. Fyrir endann sér á GATT-viðræðum sem staðið hafa um langt árabil og ná til enn þá fleiri þjóða með víðtæku samkomulagi. En einmitt í ljósi þeirra viðræðna höfðu Bandaríkjamenn áður brugðist þannig við tilmælum Íslendinga um viðræður um fríverslun, að að þeim óloknum væru þeir ekki reiðubúnir að taka upp viðræður við einstök ríki. Fyrir fáeinum mánuðum fékk ríkisstjórnin skýrslu og tillögur starfshóps sem hún hafði skipað til að fjalla um fríverslun Íslendinga við Norður-Ameríku, Bandaríkin eða fríverslunarsamtökin NAFTA. Vegna þessa spyr ég hæstv. ráðherra hvort hann muni leita eftir viðræðum við Bandaríkin eða við fríverslunarsamtök Norður-Ameríku um fríverslun, um markaðsaðgang, samskipti og samtarf á sviði viðskipta og athafnalífs, um miðlun nýrrar tækni og þróunarstarf og fleira sem tengist frjálsum viðskiptum nú þegar sér fyrir endann á GATT-viðræðunum.

[18:39]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sem svar við fsp. hv. 5. þm. Reykn. er rétt að minna á að í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar segir m.a. að haldið verði vakandi hugmyndum um gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin og Kanada og Kyrrahafslönd. Ríkisstjórnin fékk ráðrúm til að einbeita sér að þessu verkefni eftir að EES-samningurinn var efnislega kominn í höfn. Þess vegna var ákveðið í ríkisstjórninni í október 1992 að skipa starfshóp til að gera forkönnun á gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin. Í þessum starfshópi eru fulltrúar fimm ráðuneyta, utanríkis-, fjármála-, viðskipta-, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis.

Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í maí sl. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að fríverslunarsamningur við Bandaríkin sé vænlegur kostur og geti vel fallið að aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Aðild að NAFTA, fríverslunarsamningi Norður-Ameríku, kemur einnig til álita.

Starfshópurinn ráðgerir að skila af sér í þessum mánuði. Í kjölfarið reikna ég með að ríkisstjórnin taki afstöðu til málsins.

Eftir er að láta reyna á það hvort Bandaríkin eru reiðubúin til viðræðna um gerð fríverslunarsamnings. Ég reikna ekki með að það geti orðið fyrr en eftir að Bandaríkjaþing hefur afgreitt nauðsynlegar lagabreytingar vegna GATT, væntanlega í haust. Þess er rétt að geta að það er ekki mikill viðskiptalegur hvati fyrir bandarísk stjórnvöld að gera slíkan samning við Ísland, það sem ekki er eftir miklu að slægjast á þessum dvergsmáa heimamarkaði. Hins vegar má ætla í kjölfar nýlegrar endurnýjunar á löngu og farsælu varnarsamstarfi þessara þjóða að engu að síður sé jákvæður pólitískur vilji til þess. Fordæmin eru ekki mörg um tvíhliða fríverslunarsamning af hálfu Bandaríkjanna við önnur ríki. Það er reyndar aðeins eitt ríki utan meginlands Ameríku, þ.e. Ísrael, sem hægt er að vitna til sem fordæmis í því efni.

Ég minni á að við höfum náð að tryggja okkar mikilvægustu viðskiptahagsmuni með gerð fríverslunarsamninga við hátt í 30 ríki. Við höfum gert fríverslunarsamninga við 15 af 20 mikilvægustu útflutningslöndum okkar miðað við útflutningsverðmæti árið 1992. Þau fimm ríki sem eftir er að gera slíka samninga við eru fyrst og fremst Bandaríkin, Japan, Tævan, Nígería og Kanada. Ég tel eðlilegt að halda áfram á sömu braut og fríverslunarsamningur við Bandaríkin og Kanada væri mikilvægasti áfanginn í þeim efnum. Einmitt vegna þess að Evrópska efnahagssvæðið er ekki tollabandalag, hefur ekki sameiginlega viðskipta- eða tollastefnu er okkur í lófa lagið að leita slíkra fríverslunarsamninga við ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þetta er hins vegar tafsamt verk, eðlisskylt mjög EES-samningnum. Við verðum að ætla að undirbúningur og gerð samningsins muni taka a.m.k. tvö ár, tvö til þrjú ár væri kannski varlegt að segja.

En eins og ég segi er niðurstaðan og svarið við fyrirspurn hv. þm. það að þegar nefndin hefur skilað áliti og fyrir liggur að Bandaríkjaþing hefur afgreitt fylgilagasetningu NAFTA-samningsins, þá mun á það reyna hvort af þessu getur orðið.

[18:43]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svarið og vænti þess að við megum síðar, jafnvel bráðlega ef við tölum ekki í mjög stuttum tímabilum, sjá fram á viðræður við Bandaríkjamenn og aðrar þjóðir í Ameríku, eins og hann nefndi sjálfur, og við Kyrrahafslönd sem mundu treysta mjög okkar viðskiptamöguleika í þeim viðskiptaheimi sem nú er að skapast þar sem ljóst er að ríki meginlandanna eru óðum að festa í sessi bandalög af þessu tagi. Væntanlega getum við vakið athygli Bandaríkjamanna og annarra þjóða vestan hafs á þeim möguleika sem við getum boðið upp á sem hlið að efnahagssvæði Evrópu.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 16.–18. mál.

Fundi slitið kl. 18:44.

90. FUNDUR

þriðjudaginn 15. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 360. — 1. umr.

2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Afurðalánaviðskipti ríkisbankanna, 393. mál, fsp. GunnS, þskj. 593.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 392. mál, frv. KE o.fl., þskj. 591.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 391. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 590.

Ræktun íslenska fjárhundsins, 390. mál, þáltill. GÁ, þskj. 588.

Styrkir úr Íþróttasjóði, 344. mál, svar menntmrh., þskj. 576.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, 302. mál, nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 592.

Úttekt á stöðu sorphirðumála, 388. mál, þáltill. FI o.fl., þskj. 585.

Varnir gegn útbreiðslu alnæmis, 394. mál, fsp. IP, þskj. 594.

Stjórn fiskveiða, 1. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 360.

[13:35]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Samkvæmt beiðni þingflokks Alþb. fer þessi umræða fram samkvæmt 3. mgr. 55. gr. þingskapa, þ.e. það verður tvöföldun á ræðutíma sem þýðir að hæstv. ráðherra hefur þá allt að klukkutíma til framsögu, hálftíma í annað sinn og 10 mínútur í hið þriðja og hv. þm. þá 40 mínútur í fyrri umferð og 20 mínútur í síðari umferð.

[13:36]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Á grundvelli bráðabirgðaákvæðis í gildandi lögum um stjórn fiskveiða og samkvæmt sérstöku samkomulagi stjórnarflokkanna við myndun núverandi ríkisstjórnar var skipuð sérstök nefnd til þess að hafa forustu um endurskoðun gildandi laga um stjórn fiskveiða. Nefndin var skipuð fulltrúum stjórnarflokkanna en niðurstöður hennar voru síðan kynntar samstarfsnefnd hagsmunaaðila og sjútvn. Alþingis. Það er meginniðurstaða nefndarinnar að rétt sé að byggja áfram í grundvallaratriðum á því fiskveiðistjórnunarkerfi sem mótast hefur á undanförnum 10 árum. Rétt þykir að þróa þetta kerfi áfram og gera á því nauðsynlegar breytingar í ljósi reynslu og nýrra aðstæðna.

Þó niðurstaða nefndarinnar hafi verið skýr um áframhaldandi fiskveiðistjórnun á grundvelli aflamarkskerfis þurfa menn að hagnýta sér reynslu til úrbóta og taka mið af nýjum og breyttum aðstæðum á hverjum tíma. Þær breytingar sem þetta frv. felur í sér staðfesta áform um óbreytta grundvallarstefnu en fela í sér tillögur að úrbótum og aðlögun um einstök framkvæmdaatriði.

Fiskveiðistjórnun hefur lengi verið þrætuepli. Umræðum þar um má svo skipta í aðalatriðum í tvennt. Annars vegar lúta þær að mismunandi skoðunum um grundvallarstefnu og hins vegar að ólíkum viðhorfum um framkvæmd sem fyrst og fremst eiga rót sína að rekja til mismunandi hagsmuna frá einni byggð til annarrar eða eftir því hvers konar útgerð á í hlut í hverju falli. Það er athygli vert að nefnd sú sem forustu hafði fyrir endurskoðunarstarfinu skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að fylgja í grundvallaratriðum óbreyttri stefnu og að engin samtök innan sjávarútvegsins skuli hafa kallað á annars konar fiskveiðistjórnunarkerfi fyrir utan Farmanna- og fiskimannasambandið. Um grundvöll fiskveiðistjórnunarkerfisins eru því ekki stórvægilegar deilur innan atvinnugreinarinnar. Hitt er ljóst að um einstök framkvæmdaatriði eru skiptar skoðanir sem ráðast og mótast fyrst og fremst eftir ólíkum hagsmunum. Þessir ólíku hagsmunir endurspeglast innan allra stjórnmálaflokka og koma væntanlega fram í þeirri umræðu sem hér fer fram eins og reyndar oft endranær, umræðum um málefni sjávarútvegsins hér á Alþingi. Mikilvægt er að menn greini á milli þessa hagsmunaágreinings og grundvallaratriða um stefnumörkun að því er varðar fiskveiðistjórnun.

Það atriði sem leitt hefur til alvarlegastra deilna um þessi efni er þátttaka sjómanna í kaupum á aflaheimildum. Í öndverðu var út frá því gengið að sjómenn væru ekki þátttakendur í kaupum og sölu á aflaheimildum. Fyrir tveimur árum gerðu samtök sjómanna og útvegsmanna með sér sérstakt samkomulag þar sem skýrt var kveðið á um það að sjómenn skyldu ekki taka þátt í slíkum kaupum en jafnframt staðfestu báðir aðilar að sú samningsgerð skyldi ekki hindra framsal aflaheimilda. Sjómönnum þótti á hinn bóginn sem þetta samningsákvæði hefði ekki verið virt og leiddi það til verkfalls á meginhluta fiskiskipaflotans í byrjun þessa árs. Það var eins og kunnugt er stöðvað með bráðabirgðalögum og nefnd sem sett var á fót með þeim lögum og skipuð var þremur ráðuneytisstjórum hefur þegar skilað tillögum til sjútvn. um hugsanlega lausn þess vanda. Sjútvn. mun væntanlega fjalla um þann kost og aðra þá möguleika sem horft geta til viðunandi lausnar á þeim vanda sem fyrir hendi er þegar sjómenn eru fengnir til þess að taka með beinum hætti þátt í kaupum á aflaheimildum í andstöðu við tilgang laganna og skýr ákvæði kjarasamninga.

Vissulega hafa komið fram skiptar skoðanir um álit ráðuneytisstjóranefndarinnar svonefndu um stofnun kvótaþings. Slík skipun mála hefur vitaskuld bæði kost og galla en mikilvægt er að sjútvn. ræði þær tillögur sem fyrir liggja í þessu efni og meti aðra þá kosti sem fyrir hendi eru. En mér sýnist að þar sé einkum um það að ræða að setja á fót úrskurðaraðila sem tekið geti á ágreiningsefnum og lögfesta þá bókun sem aðilar gerðu um þessi efni á sínum tíma með endurnýjun kjarasamninga. Mikilsverðast er að finna varanlega og ásættanlega lausn á þessu viðfangsefni án þess að raska nauðsynlegum sveigjanleika fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Sjávarútvegurinn hefur mætt miklum erfiðleikum á undangengnum árum sem fyrst og fremst koma fram í niðurskurði þorskveiðiheimilda og verulegri lækkun á afurðaverði á erlendum mörkuðum. Þetta eru meginástæðurnar fyrir þeirri djúpu lægð sem sjávarútvegurinn hefur verið í og sett hefur mark sitt á afkomu fyrirtækjanna og reyndar þjóðarbúsins alls. Við þessum vanda hefur verið brugðist með margs konar hætti. Afborgunum af stórum hluta lána sjávarútvegsfyrirtækjanna hefur verið frestað og lánstími lengdur. Aðstöðugjald hefur verið fellt niður og tryggingagjald tímabundið á sl. ári. Þá hefur gengi krónunnar tvívegis verið breytt til þess að treysta samkeppnisstöðu sjávarútvegsins. Aflaheimildum Hagræðingarsjóðs hefur verið úthlutað endurgjaldslaust til þeirra skipa sem orðið hafa fyrir mestum niðurskurði þorskveiðiheimilda. Áður hafði útgreiðslum úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins verið flýtt til þess að mæta aðsteðjandi vanda. Þannig hafa víðtækar ráðstafanir verið gerðar sem skilað hafa umtalsverðum árangri. Rekstur sjávarútvegsfyrirtækja er eigi að síður mjög erfiður og hjá því verður ekki komist þegar atvinnugreinin verður fyrir jafnmiklum áföllum og raun ber vitni um. Innan sjávarútvegsins hafa stjórnendur fyrirtækja í ríkum mæli tekist á við vandann með aukinni hagræðingu og umbótum í rekstri af ýmsu tagi.

Á allra síðustu árum hafa mörg fyrirtæki stigið ný skref í vöruþróun og fullvinnslu afurða og með þeim hætti aukið verðmætasköpun í landinu. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefur opnað íslenskum sjávarútvegi ný tækifæri í þessu efni. Tollahindrunum hefur verið rutt úr vegi og margs konar ný tækifæri blasa því við þó að alvarlegum áhyggjum valdi skýlaust brot frönsku ríkisstjórnarinnar varðandi innflutning sjávarafurða til Frakklands.

Á sviði hafrannsókna hafa menn tekist á við fjölmörg ný verkefni. Þannig var hrundið af stað svonefndum fjölstofnarannsóknum sem leiða eiga betur í ljós en áður samhengið í lífríki sjávarins. Unnið hefur verið að sérstöku rannsóknarverkefni um þorskklak og haldið hefur verið áfram tilraunum með eldi sjávardýra. En vissulega er það svo að á sviði hafrannsókna bíða mjög mikilvæg og þýðingarmikil verkefni sem ráðið geta miklu um það hversu fljótt við getum unnið okkur út úr kreppunni. Við höfum því enn mikil verk að vinna á þessu sviði, bæði að því er varðar hefðbundin verkefni og ný rannsóknarsvið.

Það er hlutverk stjórnvalda að móta sjávarútvegsstefnu og setja leikreglur sem tryggja sjávarútveginum starfsskilyrði sem gera greinina samkeppnishæfa í helstu viðskiptalöndum okkar. Mikilvægt er að leikreglur fiskveiðistjórnunar séu skýrar og varanlegar og að forsendum sé ekki breytt með skömmum fyrirvara. Möguleiki á skynsamlegri stjórnun sjávarútvegsfyrirtækja byggist öðru fremur á þessum grundvallaratriðum.

Í ágúst árið 1991 var skipuð eins og áður sagði nefnd sem falið var að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu sem tæki til veiða, vinnslu og markaðssetningar sjávarfangs. Þá var nefndinni falið að setja sjávarútveginum framtíðarmarkmið og koma með tillögur um hvernig megi ná þeim markmiðum sem sett verða þannig að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmálin. Þau markmið sem nefndin telur að hafa eigi að leiðarljósi hvað þetta varðar eru eftirfarandi:

Að byggja upp fiskstofna þannig að þeir gefi hámarksafrakstur til lengri tíma litið.

Að móta umhverfi sem stuðlar að hámörkun arðsins af auðlindinni í hafinu um leið og íslenskum sjávarútvegi er veitt eðlilegt rekstraröryggi þannig að hann verði samkeppnisfær á alþjóðlegum markaði.

Að arðsemi fjármagns í sjávarútvegi verði ekki síðri en annars staðar og að greinin geti boðið starfsfólki sínu eftirsóknarverð launakjör.

Að sátt náist meðal þjóðarinnar um meginstefnu í sjávarútvegsmálum.

Aðalmarkmiðið með stjórn fiskveiða hlýtur að vera að hámarka þann fjárhagslega ávinning sem hafa má af fiskveiðum í bráð og lengd en til þess eru ýmsar leiðir færar. Langt er síðan ofveiði opnaði augu manna víða um heim fyrir nauðsyn fiskverndunar en skemmra er síðan farið var að huga að fiskveiðistjórnun með hagkvæmni veiða að leiðarljósi. Leitast má við að ná hinum hagrænu markmiðum fiskveiðistjórnunar með því að ákveða fyrst æskilegan heildarafla fyrir einstaka fiskstofna þannig að þeir skili sem mestum afrakstri. Mikilvægt er að ákvörðunum um heildarafla sé framfylgt en á það hefur nokkuð skort hér á landi og er m.a. ástæða þess að þorskstofninn leyfir ekki meiri veiði en raun ber vitni. Stjórnun með hagkvæmni að leiðarljósi á að tryggja að hinum leyfða heildarafla sé náð með sem minnstum tilkostnaði á hverju fiskveiðitímabili og þegar til lengri tíma er litið. Þannig er stuðlað að því að rekstrarkostnaði í sjávarútvegi sé haldið í lágmarki og fjárfesting í samræmi við afrakstursgetu fiskstofnanna.

Nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu nefndi nokkrar leiðir til stjórnunar fiskveiða í skýrslu sinni. Það eru einkum tvær meginleiðir sem til greina hafa komið og höfum við reynslu af þeim báðum: Annars vegar að stjórna sókninni, þ.e. með sóknarmarkskerfi, og hins vegar að stjórna aflamarki með aflamarkskerfi með frjálsu framsali líkt og byggt er á hér á landi í gildandi löggjöf. Það er skoðun nefndarinnar að aflamarkskerfið með frjálsu framsali hafi yfirburði yfir önnur stjórnkerfi. Kostir aflamarks umfram sóknar-

mark eru þó einkum tveir:

1. Aflamarkskerfið veitir mesta tryggingu fyrir því að standa megi við áform um heildarafla af hverri tegund á hverjum tíma. Með sóknarmarki er þetta undir hælinn lagt, einkum þó hvað varðar veiðar aukaafla.

2. Að aflamarkskerfi með frjálsu framsali og varanlegum kvótarétti er eina kerfið sem gefur fyrirheit um að ná megi að hámarka þann arð sem hafa má af fiskveiðunum. Með því stjórnkerfi er skapaður hvati til minnkunar flotans og hagkvæmni í rekstri þannig að sá afli sem stofnanir bera verði tekinn með sem minnstum tilkostnaði.

Þetta er að mínu mati rétt og skynsamleg niðurstaða, enda sýnir reynslan okkur og annarra þjóða að sóknarmarksstýring leiðir ekki til hagkvæmni í nýtingu auðlinda sjávar. Við höfu dæmi frá Færeyjum og Evrópubandalaginu um galla sóknarmarkskerfisins. Í Bandaríkjunum hafa menn einnig brennt sig á sóknarmarkinu. Veiðitímabilin fyrir Alaskaufsa eru nú tvö og gildir sóknarmark á þeim báðum. Á síðasta ári tók aðeins 73 daga að veiða um 1,4 milljónir tonna. Einnig eru dæmi um að aðeins hafi tekið nokkrar klukkustundir að veiða lúðukvótann við Alaska. Samkvæmt fréttum munu Bandaríkjamenn ætla að hætta sóknarmarki í veiðum á Alaskaufsa og lúðu og taka upp aflamarkskerfi með framseljanlegum kvótum.

Síðastliðið vor kynnti nefndin sem skipuð var til að móta sjávarútvegsstefnu, svokölluð tvíhöfða nefnd, drög að skýrslu sinni fyrir sjútvn. Alþingis og helstu hagsmunasamtökum í sjávarútvegi auk þess sem formenn nefndarinnar héldu fjölmarga fundi víða um land þar sem efni skýrslunnar var rætt. Í skýrslunni eru gerðar tillögur um fjölmarga þætti sem snerta fiskveiðistjórnun, starfsskilyrði sjávarútvegsins, rannsóknir á sviði sjávarútvegsmála, vinnslu og markaðssetningu sjávarafurða. Í skýrslu nefndarinnar er einnig fjallað um ástand og nýtingu fiskstofna, viðskipta- og sjávarútvegssamninga Íslands við önnur ríki, fiskiskipastól landsmanna, fiskvinnslu í landinu og afkomu sjávarútvegsins. Loks er fjallað um stjórn fiskveiða, bæði hér á landi og hjá öðrum þjóðum. Tvíhöfða nefndin leggur til að byggt verði á aflamarkskerfinu sem verið hefur í þróun allt frá árinu 1984 og sú aðferð við fiskveiðistjórnun verði fest í sessi. Telur nefndin að það muni leiða til mestrar hagkvæmni í sjávarútvegi. Nefndin leggur til nokkrar breytingar á gildandi lögum. Þær helstu eru að heimilt verði að framselja aflahlutdeild frá fiskiskipum til fiskvinnslustöðva, að aflahlutdeild krókaleyfisbáta verði tvöfölduð frá því sem kveðið er á um í gildandi lögum og allur línuafli í nóvember, desember, janúar og febrúar teljist að fullu til aflamarks en ekki að hálfu eins og nú er. Þá leggur hún til að heimilt verði að veita tveim eða fleiri skipum veiðileyfi í stað skips sem hverfur úr rekstri ef samanlögð rúmtala nýju skipanna er ekki meiri en rúmtala þess skips sem hverfur úr rekstri. Þrátt fyrir að ýmis atriði hafi breyst í stjórn fiskveiða frá því aflamarkskerfið var innleitt árið 1984 búum við í stórum dráttum enn við það skipulag. Kjarni kerfisins hefur verið að hverju skipi er úthlutað aflamarki sem segir til um hve mikið það getur veitt af viðkomandi tegund á fiskveiðitímabilinu.

Enn fremur hefur verið heimilað að flytja aflamark milli skipa innan ársins og er það ein helsta forsenda þess að ná fram hagræðingu og hagkvæmni við veiðarnar. Nauðsynlegt þótti að innleiða aflamarkskerfið þar sem sóknargeta var langt umfram afrakstursgetu helstu nytjastofna. Vannýtt sóknargeta skapaði mikinn þrýsting á að veiðar yrðu auknar þrátt fyrir að það gæti leitt til þess að afli yrði umfram ráðgjöf fiskifræðinga og skaðað langtímahagsmuni þjóðarinnar. Til að koma til móts við þetta og kröfur um aukið athafnafrelsi hefur verið gripið til málamiðlana þegar ákvarðanir hafa verið teknar um fiskveiðistefnu og var sóknarmarkskerfið dæmi um slíka málamiðlun.

Árið 1984 voru sjö botnfisktegundir kvótabundnar, þorskur, ýsa, ufsi, karfi, grálúða, skarkoli og steinbítur. Öllum skipum 10 brúttólestir og stærri var úthlutað aflamarki í þessum tegundum á grundvelli sögulegrar reynslu. Sóknarmark stóð einungis fáum skipum til boða en rúmar heimildir voru til tegundatilfærslna.

Ákvæðið um línutvöföldun var einnig árið 1984 en bátum undir 10 tonnum átti að stjórna með sameiginlegum kvótum. Árið eftir var samþykkt að halda áfram með kvótakerfi en með nokkrum breytingum. Helstar voru þær að öllum skipum var gefinn kostur á að velja sóknarmark með hámarki í þorskafla sem var það sem hærra reyndist, aflamark skipa í sama flokki eða aflamark viðkomandi skips með 20% viðbót. Aðrar veiðar voru ekki takmarkaðar að öðru leyti en því sem fólst í sóknartakmörkunum. Enn fremur var tekið fyrir þann möguleika að flytja aflamark annarra tegunda yfir í þorsk en aftur á móti voru engar hömlur á breytingum úr þorski í aðrar tegundir.

Sérstök lög um stjórn fiskveiða voru sett í des. 1985 fyrir árið 1986–1987 og voru þar lögfestar meginreglur þess kerfis sem hafði verið við lýði undangengin tvö ár. Takmarkaður flutningur aflaheimilda milli ára var heimilaður og reglum um smábáta var breytt á þann veg að í stað takmörkunar á afla á tímabilinu var beitt banndögum auk þess sem netaveiðar þeirra á vetrarvertíð voru takmarkaðar. Enn fremur var ákveðið að sóknarmarksskip gætu unnið sér inn aukin réttindi milli ára. Þessi lög giltu til tveggja ára.

Í janúar 1988 voru samþykkt lög um stjórn fiskveiða sem gilda áttu til ársloka 1990. Ein veigamesta breytingin var sú að sóknarmarksskip gátu ekki lengur áunnið sér réttindi á kostnað aflamarksskipa heldur kepptu þau innbyrðis um þá sameiginlegu hlutdeild í heildarafla sem þeim tilheyrði. Enn fremur var heimilað að sameina aflaheimildir skipa ef skip var tekið úr rekstri. Einnig var fjölgun 6–10 brúttórúmlesta báta stöðvuð og ráðherra var heimilað að leggja allt að 15% álag á fisk sem fluttur var úr landi ferskur í stað 10% áður. Aflahámark á karfaafla sóknarmarksskipa var sett árið 1988 og á grálúðu árið 1989.

Þegar núgildandi lög voru samþykkt á Alþingi 1990 voru gerðar veigamiklar breytingar til að unnt yrði að nálgast betur sett markmið um heildarafla og aðlögun

flota að afrakstursgetu fiskstofna. Mikilvægasta breytingin í þá átt var að sóknarmarksvalkosturinn var afnuminn. Einnig var fjölgun smábáta endanlega stöðvuð. Enn fremur voru gerðar breytingar sem ætlað var að stuðla að aukinni hagræðingu í veiðunum. M.a. má nefna að leyft var að flytja aflahlut milli skipa án þeirra kvaða að skipið sem flytja skyldi aflahlutdeild frá hyrfi úr rekstri. Heimildir til að flytja aflamark milli ára voru rýmkaðar og fiskveiðiárinu var breytt í núverandi horf.

Af öðrum breytingum má nefna að lögin ná nú til allra nytjastofna í íslenskri landhelgi, sjávardýra, svo og sjávargróðurs, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um. Það hefur lengi verið eitt af okkar helstu markmiðum að stuðla að viðgangi og hagkvæmustu nýtingu fiskstofna hér við land. Til þess að tryggja viðgang fiskstofna er grundvallaratriði að geta stjórnað hve mikið er veitt úr þeim. Hafrannsóknastofnun hefur frá árinu 1976 birt tillögur um hámarksafla þorsks á Íslandsmiðum sem hafa lengst af miðast við að ekki sé gengið á stofninn. Á árunum 1976–1993 hefur þorskafli að jafnaði verið rúmlega 20% umfram ráðgjöf stofnunarinnar. Spornað var við þessari óheillavænlegu nýtingu stofnsins árið 1991 og síðan hefur afli umfram ráðgjöf verið mun minni.

Til þess að meta hvernig fiskveiðistjórnunarkerfið hefur reynst við stjórnun heildarafla er eðlilegt að bera saman leyfilegan heildarafla og veiddan afla. Sl. áratug hefur umframaflinn verið tæplega 14%. Þessi staðreynd gæti bent til þess að aflamarkskerfið hafi ekki reynst sem skyldi. Það er að mínu mati ekki rétt. Ástæða þess er fyrst og fremst sú að stjórnun fiskveiða byggðist á blöndu af aflamarks- og sóknarmarkskerfi frá 1984–1990. Eftir að nánast hreint aflamarkskerfi kom til hefur afli verið nær ákvörðun um heildarafla ef undan er skilinn afli krókabáta sem hefur farið langt umfram allar viðmiðanir.

Aukin hagkvæmni í rekstri fyrirtækja byggist í grundvallaratriðum á því að tekjur séu sem hæstar og tilkostnaður sem lægstur. Í sjávarútveginum hefur aflamarkskerfið leitt til þess að sjómenn hafa komið með betra hráefni að landi en áður. Netaveiðar eru gott dæmi um þessa þróun. Það hefur færst í vöxt að netin eru tekin í land um helgar eða þegar veðurspá er slæm til að hámarka gæði aflans og þar með tekjurnar sem hann skilar. Tilkostnaður hefur dregist saman eftir að aflamarkskerfið kom til sögunnar. Skýrasta dæmið um þetta er sameining veiðiheimilda á færri skip sem gerir það að verkum að rekstur þeirra skipa sem eftir verða verður hagkvæmari. Þetta kemur ekki fram að fullu í tölum um fjölda skipa því mörgum kvótalitlum skipum er ekki lagt heldur er þeim haldið til veiða á tegundum sem eru utan kvóta. Þannig hefur aflamarkskerfið stuðlað að nýtingu á vannýttum fisktegundum. Má nefna sérstaklega í þessu sambandi veiðar á úthafskarfa. Aflakvótum hefur verið beitt við stjórn fiskveiða hér við land í 20 ár. Við humarveiðar frá 1973, rækjuveiðar frá 1974, síldveiðar frá 1975, loðnuveiðar frá 1980 og botnfiskveiðar frá 1984.

Reynsla okkar af notkun aflamarks er því allmikil. Aflamarkskerfið á síld- og loðnuveiðum hefur skilað verulegum ávinningi bæði hvað snertir minnkun flota og hagkvæmni sóknar. Árangur af aflamarkskerfi í botnfiski er ekki eins einfalt að meta vegna þess að stjórnkerfi botnfiskveiða frá 1984–1990 var í raun blanda sóknarmarks og aflamarks og var sóknarmarkið ríkjandi mikinn hluta tímabilsins. Engu að síður eru fyrir hendi vísbendingar um veruleg áhrif þessa stjórnkerfis í átt til aukinnar hagkvæmni, einkum þau ár sem aflamarkið var ráðandi. Þetta sést m.a. á tölum frá Þjóðhagsstofnun um hvernig framleiðni vinnuafls og fjármagns í sjávarútveginum hefur þróast undanfarin ár. Framleiðnin hefur aukist mun meir í sjávarútvegi en öðrum atvinnugreinum. Reynsla okkar af sóknarmarki og aflamarki kemur heim og saman við spár fiskihagfræðinnar, þ.e. að aflamarkið sé betur til þess fallið en sóknarmarkið að skapa arð af fiskveiðum. Þróun kerfisins hefur miðast við að sníða af því hnökrana og loka þeim götum sem í ljós hafa komið. En litlar takmarkanir á fjölgun smábáta og línutvöföldun hafa leitt til offjárfestingar og sóknar sem stangast á við markmið okkar um hagkvæma nýtingu auðlindarinnar.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan kvótakerfið var innleitt árið 1984 hafa orðið miklar breytingar á íslenska fiskiskipaflotanum. Ef litið er á fjölda skipa stærri en 10 brúttólestir sem úthlutað er aflamarki þá kemur í ljós að þeim hefur fækkað um rúmlega 80 frá 1984 og eru nú tæplega 600. Þetta samsvarar tæplega 10% fækkun. Aftur á móti hefur stærð flotans mæld í brúttórúmlestum aukist um rúm 10% og vélarafl um svipað hlutfall.

Ef litið er á þróun fjárfestingar í fiskiskipum kemur í ljós að þegar sóknarmark var ráðandi jókst hún gríðarlega en eftir að sóknarmarkið var þrengt og lagt af minnkaði fjárfesting í fiskiskipum verulega. Skýrist fjárfesting eftir að aflamarkið tók við að miklu leyti af endurnýjun á vinnsluskipum sem fólst einkum í bættri aðstöðu og möguleikum til að auka verðmæti aflans.

Miklar fjárfestingar hafa orðið í smábátum á undanförnum árum. Kvótakerfið náði í upphafi til allra báta 10 brúttólestir og stærri en minni bátar fengu sameiginlegt aflahámark sem skiptist í fjögur tímabil og var heimilt að stöðva veiðarnar ef þær færu fram úr þessu hámarki. Þessari heimild var ekki beitt og gátu smábátar því veitt áfram óhindrað. Árið 1986 og 1987 var sókn smábáta stöðvuð með banndögum og þaki á þorskafla smábáta sem veiddu með netum. Þrátt fyrir það héldu smábátar áfram að auka hlutdeild sína í heildarafla enda fjölgaði þeim jafnt og þétt. Með lögum um stjórn fiskveiða 1988–1990 var fjölgun báta frá 6–10 brúttólestir stöðvuð og með núgildandi lögum var fjölgun smábáta undir 6 brúttólestum einnig stöðvuð.

Í lögunum segir að reynist hlutdeild þessara báta af heildarbotnfiskaflanum hafa aukist meir en sem nemur 25% að meðaltali frá 1991–1993 skuli þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs sem hefst 1. sept. 1994. Litlar takmarkanir á fjölgun smábáta frá upphafi kvótakerfisins til ársins 1990

leiddi til mikillar fjölgunar þeirra. Við flotann bættust 726 nýir bátar eða rúmlega 100 á ári. Langflestir smábátar komu til Reykjaness eða Reykjavíkur eða 225. Við smábátaflota Austurlands bættust 133 bátar og 111 smábátar við flota Vestfjarða.

Þessi mikla fjölgun smábáta leiddi til mikillar aukningar á afla þeirra. Þorskafli báta undir 10 brúttólestum var rúmlega 13 þús. tonn árið 1982 en var orðinn 48 þús. tonn árið 1990 eða fjórfaldur. Hlutdeild smábátanna í heildarþorskaflanum var 3,3% árið 1982 en árið 1990 var hún orðin 14,4%. Þetta er meginástæða þess að reglur um veiðar smábáta voru hertar.

Með lögunum frá 1990 var öllum bátum frá 6–10 brúttólestum úthlutað aflamarki. Um 1.120 krókaleyfisbátar standa enn utan aflamarkskerfisins. Samkvæmt gildandi lögum keppa þeir innbyrðis um þá 2,18% hlutdeild í heildarþorskaflanum sem þeim var ætluð en afli þeirra hefur hins vegar verið 7–9% síðustu fiskveiðiár.

Frá því kvótakerfið var tekið upp hefur línuafli á ákveðnu tímabili aðeins talist að hálfu til aflamarks. Frá 1986 hefur þetta tímabil verið fjórir mánuðir, frá nóvember til febrúar. Þetta hefur leitt til þess að hlutdeild þorskafla á línuveiðum miðað við leyfðan heildarafla hefur aukist umtalsvert frá árinu 1983 þrátt fyrir minnkandi úthlutun aflaheimilda í þorski. Undanfarin ár hefur þorskafli á tvöföldunartímabilinu þó staðið í stað og verið nálægt 30 þús. tonnum á ári. Skipum með sjálfvirkar línubeitingarvélar hefur fjölgað verulega og má ætla að tvöföldun kvóta hafi ráðið þar miklu um.

Oft hefur kvótakerfinu verið kennt um þegar byggðarlög hafa lent í þrengingum og atvinnuástand þar versnað. Því hefur einnig oft verið kennt um útflutning á ísfiski og aukningu á vinnslu afla um borð í fiskiskipum. Vissulega getur aflamarkskerfið með frjálsu framsali á aflamarki haft áhrif á þróun byggðar. Það á einnig við í sóknarmarkskerfi ef skip er selt frá einu byggðarlagi til annars. Á því er lítill munur. En stærstu áhrif aflamarkskerfisins eru hins vegar ótvírætt þau að það eykur arðsemi í sjávarútvegi umfram önnur kerfi. Aflamarkskerfið styrkir því einkum atvinnulífið á landsbyggðinni þar sem sjávarútvegurinn er víðast hvar undirstaðan. Kerfið styrkir byggðirnar í heild sinni en getur um leið leitt til þess að einstök byggðarlög verða að sjá á eftir kvóta sínum.

Þegar afkastageta sjávarútvegsfyrirtækja er of mikil verður ekki hjá því komist að byggðamynstrið raskist. Reynslan sýnir að frá því að þróun kerfisins hófst hafa aflaheimildir færst frá suðvesturhorni landsins til annarra landshluta. Breytingar á aflahlutdeild einstakra byggðarlaga segja þó ekki alla söguna því þegar litið er á ráðstöfun aflans til vinnslu kemur önnur mynd í ljós. Aukin umsvif fiskmarkaða, bættar samgöngur og sveigjanleiki kerfisins bjóða upp á nýja möguleika í hráefnisöflun. Þannig dróst þorskafli skipa á Norðurlandi vestra saman um 45% 1988–1992 en vinnsla þar minnkaði hins vegar aðeins um 28%.

Með frv. þessu er lagt til að farið verði að megintillögum tvíhöfða nefndarinnar þótt lagt sé til að vikið verði frá tillögum hennar í nokkrum atriðum. Meginatriði frv. eru eftirfarandi:

Lagt er til að reglum um endurnýjun fiskiskipa verði breytt. Er annars vegar gerð tillaga um að heimilt verði að hafa fiskiskip sem veiðileyfi hefur verið flutt af á innlendri skipaskrá og hins vegar að heimilt verði að veita tveim eða fleiri skipum veiðileyfi í stað eins sem hverfur í flotanum.

Á síðari árum hefur áhugi íslenskra útgerða á veiðum á úthafinu og í lögsögu annarra ríkja farið vaxandi. Hefur áhugi vaknað á að nýta skip sem hverfa úr íslenska fiskiskipaflotanum til slíkra veiða. Þess verður ekki lengur krafist til þess að nýtt skip öðlist veiðileyfi að það skip sem veiðileyfið missir sé máð af skipaskrá. Fiskiskip á íslenskri skipaskrá munu því í framtíðinni, ef tillagan nær fram að ganga, verða tvenns konar. Annars vegar skip sem tilheyra íslenska fiskiskipaflotanum með almennt veiðileyfi og hins vegar veiðileyfislaus skip sem einungis gætu veitt utan fiskveiðilögsögunnar.

Lagt er til að útgerðum báta sem stunda nú krókaveiðar verði heimilt að velja á milli veiðileyfis með aflahlutdeild eða krókaleyfis með banndögum. Jafnframt verði banndögum fjölgað nokkuð frá því sem nú er.

Í skýrslu tvíhöfða nefndarinnar var lagt til að allir smábátar yrðu teknir inn í aflamarkskerfið. Mikil andstaða kom í ljós gegn slíkum aðgerðum og í skilabréfi sínu til sjútvrh. bendir nefndin á þann möguleika að koma á banndagakerfi með hámarksafla á einstökum tímabilum þannig að umframafli á einu tímabili leiði til fækkunar róðradaga á hinu næsta. Ákvarðanir um að allir verði settir undir sama kerfi geta komið misjafnlega við útgerðir smábáta og því er lagt til í frv. að þeim verði heimilað að velja milli tveggja kosta. Bátum með krókaleyfi verði gefinn kostur á að velja milli þess að fá úthlutað aflahlutdeild og hlíta þeim reglum sem gilda um aflamarkskerfið eða halda áfram í kerfi sem byggist á krókaleyfum þar sem heildarafli er takmarkaður með banndögum.

Með þessu móti gefst hverri útgerð færi á að velja þann kost sem best hentar útgerðarháttum hennar. Samkvæmt I. bráðabirgðaákvæði gefst einstökum útgerðarmönnum kostur á aflahlutdeild í einsökum tegundum sem er jöfn hlutdeild þeirra í heildarafla viðkomandi tegundar á tveimur síðustu fiskveiðiárum. Í því skyni að auðvelda valið skal útgerðum allra þessara báta sent yfirlit yfir afla þeirra af hverri kvótabundinni tegund á því tímabili og hvert úthlutað aflamark þeirra hefði orðið á yfirstandandi fiskveiðiári. Er þeim bátum sem kjósa að standa áfram utan aflamarkskerfisins einungis heimilt að veiða með línu og handfærum og eru veiðar þeirra takmarkaðar með banndögum líkt og í núgildandi krókakerfi. Föstum banndögum er þó fjölgað í 146 úr 82 samkvæmt gildandi lögum. Felst breytingin í því að banndögum um páska og verslunarmannahelgi fækkar úr 10 í 7 en við er bætt 7 banndögum í lok hvers mánaðar en veiðar verða áfram bannaðar í desember og janúar.

Lagt er til að fari samanlagður afli þessara báta um-

fram tiltekinn hámarksafla á einhverju veiðitímabili skuli banndögum fjölgað á sama tímabili á næsta fiskveiðiári. Er árinu í þessu skyni skipt upp í fjögur veiðitímabil, frá 1. sept. til 30. nóv., 1. febr. til 30. apríl, 1. maí til 30. júní og 1. júlí til 31. ágúst. Miðast hámarksafli við afla þeirra báta er þennan kost velja á tveimur síðustu fiskveiðiárum og er honum skipt niður á tímabil í sömu hlutföllum og afli þessara báta skiptist á milli tímabilanna síðustu tvö fiskveiðiár.

Lagt er til að sérreglum varðandi línuveiðar yfir vetrarmánuðina verði breytt þannig að þegar samanlagður afli af þorski og ýsu hefur náð 34 þús. lesta þá teljist viðbótaraflinn að fullu til aflamarks. Frv. miðar að því að koma í veg fyrir að aflamark þeirra skipa sem ekki stunda línuveiðar skerðist meir en orðið er vegna línuveiða. Gert er ráð fyrir að meginatriði núgildandi fyrirkomulags haldist að öðru leyti.

Lagt er til að heimilt verði á hverju fiskveiðiári að verja 12 þús. þorskígildislestum af botnfiski til að jafna verulega skerðingu á aflaheimildum á milli fiskveiðiára.

Núgildandi ákvæði fiskveiðistjórnunarlaganna um slíka jöfnun hefur ekki reynst fullnægjandi. Hefur reynslan ótvírætt sýnt að þörf er á slíkri jöfnun og er því lagt til að 12 þús. þorskígildislestir séu árlega teknar frá í þessu skyni. Er ráðherra ætlað að ákveða ráðstöfun aflaheimildanna með reglugerð og er það skilyrði til að heimildinni megi beita að aflaheimildir af einstökum tegundum dragist svo mikið saman að fyrirsjáanlegt sé að tekjur þeirra skipa sem háðust eru veiðum af viðkomandi tegund rýrni um meira en 10% milli fiskveiðiára.

Lagt er til að flutningur aflaheimilda frá einu fiskveiðiári til þess næsta nemi aldrei meira en 10% af aflamarki í stað 20% samkvæmt gildandi lögum. Tilgangurinn með því að heimila tilflutning aflamarks milli ára er fyrst og fremst að skapa sveigjanleika í fiskveiði- og stjórnunarkerfinu þannig að einstakar útgerðir þurfi ekki að hafa af því áhyggjur þótt aflabrögð í lok fiskveiðiárs séu með öðrum hætti en gert var ráð fyrir. Slíkur sveigjanleiki átti með öðrum orðum að koma í veg fyrir að útgerðir þyrftu af þeim sökum að flytja frá sér eða til sín aflaheimildir í árslok í stórum stíl. Nauðsynlegt er að taka til athugunar hugmyndir um þrengingu á þessu ákvæði.

Lagt er til að heimilt verði að framselja aflahlutdeild fiskiskips yfir á vinnslustöð enda sé fyrir hendi gilt vinnsluleyfi og viðkomandi aflahlutdeild sé í samræmi við vinnslu á viðkomandi stöðvar á næstliðnum þremur árum.

Lagt er til að einungis sé heimilt að framselja til vinnslustöðvar aflahlutdeild í þeim tegundum sem viðkomandi stöð hefur unnið. Í þessu sambandi telst botnfiskur ein tegund. Samkvæmt þessu yrði, svo dæmi sé tekið, ekki heimilt að framselja aflahlutdeild í loðnu, síld, hörpuskel og rækju til fiskvinnslustöðvar sem einungis hefur unnið botnfisk á undanförnum árum. Á sama hátt yrði ekki heimilt að framselja botnfisksaflahlutdeild til fyrirtækja sem einungis hafa brætt loðnu.

Í frv. eru tvö ákvæði er þrengja möguleika til framsals á aflamarki. Annars vegar er lagt til að flutningur aflamarks til skips takmarkist við það sem skipið ræður við að veiða og hins vegar er lagt til að sérstakt 10.000 kr. gjald sé lagt á vegna hverrar tilkynningar um aflamarksflutning frá skipi ef þær eru umfram 10 á hverju ári.

Í ljósi þess að nú er áformað að leysa kvótakaupavanda sjómanna með öðrum hætti er eðlilegt að þessi ákvæði komi til sérstakrar endurskoðunar í sjútvn. og að nokkru leyti gildir það sama um áformaða takmörkun á geymslurétti milli ára.

Samhliða því frv. sem hér liggur fyrir til umræðu urðu stjórnarflokkarnir ásáttir um að flytja sérstakt frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem ætlað er að halda áfram úreldingu fiskiskipa og taka þátt í tímabundnum verkefnum til endurskipulagningar og úreldingar fiskvinnslufyrirtækja auk annarra verkefna eins og sóknar á fjarlæg mið. Ráð er fyrir því gert að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verði varanlega úhlutað án endurgjalds en sambærilegt gjald verður lagt á aflaheimildir sem renna í Þróunarsjóðinn í stað ríkissjóð og fari þannig beint í atvinnugreinina á nýjan leik.

Sjávarútvegurinn hefur verið að takast á við mikil og erfið viðfangsefni í ljósi breyttra aðstæðna. Stjórnendur og starfsmenn hafa sýnt með árangri að þeir hafa náð lengra en aðrar atvinnugreinar í landinu, framleiðni fjármagns í sjávarútvegi hefur aukist meira en í öðrum atvinnugreinum og framleiðni vinnuafls mun meira en í öðrum atvinnugreinum. Án aflamarkskerfisins hefði þessi jákvæða þróun vart orðið í jafnríkum mæli og raun ber vitni. Sjávarútvegurinn verður að halda áfram þessu forustuhlutverki til þess að geta þjónað hlutverki sínu sem undirstaða verðmætasköpunar og velferðar í landinu. Mikilvægt er að atvinnugreinin búi á hverjum tíma við eðlileg samkeppnisskilyrði og að sköpuð verði festa og tiltrú varðandi þær leikreglur sem gilda um nýtingu fiskimiðanna.

Niðurstaða þessa endurskoðunarstarfs sem fram hefur farið miðar að því að festa grundvallaratriði þeirrar skipunar sem gilt hefur í sessi og skapa á þann veg festu um leið og nauðsynlegar breytingar eru gerðar til aðlögunar að breyttum aðstæðum.

Frú forseti. Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[14:13]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Hér er loks komið til umræðu frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem sett voru þann 15. maí 1990. Í þeim lögum var sett fram það skilyrði að sjútvrh. væri gert að skyldu að endurskoða þá löggjöf eða beita sér fyrir endurskoðun hennar fyrir árslok 1992. Þessi lagagrein kom inn að kröfu Alþingis vegna þess að hér var mikill vilji fyrir því að þessi mál væru tekin til endurskoðunar og ekkert nema sjálfsagt um það en síðan er liðið á annað ár síðan þetta frv. átti í reynd að vera komið fram á Alþingi samkvæmt þeim lögum sem þá voru sett.

Látum það nú vera þótt að það sé staðreynd, aðalatriðið er að sjálfsögðu efnisinnihald þess og hvernig

að málinu hefur verið staðið. Ég er sammála mörgu af því sem hæstv. sjútvrh. sagði, m.a. því að nauðsynlegt sé að byggja á þeim grunni sem settur hefur verið í sambandi við sjávarútvegsstefnuna og það hefur jafnframt verið skoðun míns flokks en á síðasta flokksþingi okkar var m.a. ályktað með þessum hætti:

„Fiskveiðistefnan verður að byggjast á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður."

Þar var jafnframt ályktað í þessa veru:

„Sú óvissa sem ríkir um fiskveiðistefnuna dregur úr hagræðingu og endurskipulagningu fyrirtækja."

Hæstv. sjútvrh. kom oft inn á þetta í sinni ræðu, talaði um að það væri nauðsynlegt að skapa festu og tiltrú til framtíðar og ég er sammála því en því miður ríkir verulegt óvissuástand í þessum málum í dag og mikilvægt að skera á það sem allra fyrst vegna þess að sjávarútvegurinn er okkar mikilvægasti atvinnuvegur og þaðan fáum við megnið af okkar útflutningstekjum.

Því hefur oft verið spáð að það ætti eftir að verða mikil breyting hér á. Þær spár hafa ekki ræst og má segja að því miður hafa aðrir atvinnuvegir ekki vaxið með þeim hætti sem við höfum óskað eftir og sjávarútvegurinn því tekið við ótrúlega mikilli aukningu í verðmætasköpun í landinu.

Það er enginn vafi um það að hluti af þeim árangri sem hefur náðst þrátt fyrir allt er upptaka aflamarkskerfisins sem hefur reynst að flestu leyti hagkvæm og skapað mun meiri verðmæti en annars hefði orðið. Ég tek jafnframt undir það sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. að sóknarmarkið hefur reynst illa og jafnframt það kerfi sem var að því er varðar smábáta. Þetta kerfi leiddi til allt of mikillar fjárfestingar, ónauðsynlegrar fjárfestingar sem hefði verið hægt að koma í veg fyrir ef það hefði verið samstaða um hreint aflamarkskerfi.

Þetta varð því miður ekki raunin fyrr en lög voru sett 1990 þar sem sóknarmarkið var að mestu leyti afnumið þótt nokkrar undantekningar væru þar á.

Þótt ég geti tekið undir margt sem er í þessu frv. þá vil ég aðeins koma að því hvernig staðið hefur verið að málinu. Það má segja að núgildandi löggjöf hafi verið sett á ábyrgð allra flokka sem setið hafa í ríkisstjórn á undanförnum 10 árum á Alþingi, þ.e. Alþfl., Alþb., Framsfl. og Sjálfstfl. Þannig að þrátt fyrir allt hafa þessir flokkar komið að málum og bera með einum eða öðrum hætti ábyrgð á því kerfi sem ríkir í dag. Því er það oft dálítið undarlegt að hlusta á umræðuna um þessi mál, sérstaklega af hálfu stjórnmálamanna vegna þess að oft er eins og margir þeir þingmenn sem ræða hvað mest um þessi mál hafi aldrei að þeim komið og gagnrýna núverandi kerfi mjög ótæpilega. Þótt ég geti tekið undir sumt af því þá get ég ekki tekið undir það að ekki skuli byggt á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður.

Núv. ríkisstjórn tók þá afstöðu að reyna að ná samkomulagi um þetta mál milli þeirra flokka sem standa að núv. ríkisstjórn. Það get ég út af fyrir sig skilið en ég taldi það mjög óskynsamlegt að aðrir flokkar á Alþingi kæmu ekki að málinu og ég taldi það jafnframt óskynsamlegt að hagsmunaaðilar kæmu ekki að því í ríkari mæli en raun ber vitni. Menn hljóta því að spyrja hvar liggi fyrir afstaða hagsmunaaðila. Hvar er sú samstaða sem þó hafði ríkt um það kerfi sem nú er, t.d. meðal sjómanna? Það verður því miður að segjast eins og er að það eru litlar undirtektir í forustuliði sjómanna um þá stefnu sem nú ríkir. Það hefur eitt og annað farið úr böndum eins og oft vill verða og orðið til þess að þeir hafa að sumu leyti horfið frá þeim stuðningi sem hafði verið við málið.

En við hljótum að spyrja sem störfum í stjórnarandstöðu á Alþingi hvort það eigi að taka þetta frv. mjög alvarlega. Stjórnarflokkarnir hafa verið að reyna að ná saman um þetta mál alveg síðan að tvíhöfða nefndin skilaði af sér og höfðu þá í því starfi reynt að ná saman eftir því sem við best vissum.

Þegar þingi var að ljúka sl. vor þá var reynt að flytja þetta frv. en það var ekki samstaða þá um það í stjórnarflokkunum og frv. var ekki flutt. Síðan verða breytingar á ríkisstjórn og það er ekki fyrr en nú skömmu fyrir jól að næst um það samstaða að flytja þessi frumvörp á Alþingi. Við skildum það svo að stjórnarflokkarnir væru báðir bundnir af þessu máli og ætluðu að styðja það í þeim búningi sem það nú er í og var ekki að skilja að stjórnarandstaðan gæti fremur en áður haft þar mikil áhrif á.

Nokkru síðar heldur Alþfl. flokksráðsfund og í leiðara þar sem þessum flokksráðsfundi eru gerð skil þann 2. febr. 1994 kemur fram túlkun á þeirri stefnu sem Alþfl. hefur þá mótað á þessum fundi. Þar segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ályktun flokksstjórnar Alþýðuflokksins um stjórnun fiskveiða er skýr og ótvíræð: Alþýðuflokkurinn hafnar þeirri spillingu og óréttlæti sem núverandi kvótakerfi býður upp á. Alþýðuflokkurinn mun berjast af öllu afli gegn því að fáir sægreifar fái að ausa endurgjaldslaust úr helstu auðlind þjóðarinnar, fiskimiðunum, og ráðskast með sameiginlega eign þjóðarinnar eins og séreign. Alþýðuflokkurinn telur nauðsynlegt að hlúð sé að vistvænum veiðum og Íslendingar séu öðrum þjóðum fordæmi í þeim efnum. Alþýðuflokkurinn er einnig þeirrar skoðunar að núverandi fyrirkomulag fiskveiða sé úrelt og tilheyri annarri þjóðfélagsgerð og öðrum tíma en við lifum á." — Svo segir í lokin: „Alþýðuflokkurinn hefur með ályktun sinni áréttað stefnu sína í þessum málaflokki og sagt óréttlæti, spillingu og stöðnun í stjórnun fiskveiða stríð á hendur."

Ég spyr nú í fullri alvöru þegar hér standa tveir stjórnarflokkar að frumvarpi sem þessu og nokkrum dögum síðar kemur annar stjórnarflokkurinn saman til þess að skýra stefnu sína í þessum málum sem gengur í allt aðra átt en þetta frv., er þá hægt að taka þetta alvarlega? Er hægt að reikna með því að flokkur sem þannig ályktar ætli sér að standa að málinu hér á Alþingi?

Það hefur að vísu komið fram hjá hæstv. viðskrh. sem hefur lýst því yfir áður, meira að segja skriflega, að hann muni enga ríkisstjórn styðja sem byggi á kvótakerfi, að flokkurinn ætli þrátt fyrir þessa ályktun

að standa að þessu. Þá hlýtur það að vekja mikið vantraust meðal stjórnarandstöðunnar að hér sé á ferðinni frv. sem eigi að taka mjög alvarlega. Það er afar mikilvægt að öllum vafa sé eytt í þessu sambandi áður en málið fer til sjútvn. því við sem þar störfum viljum að sjálfsögðu vita hvort standi til að leita sátta í þessum málum og hvort sem við erum á vegum stjórnarliðsins eða stjórnarandstöðu getum haft einhver áhrif á niðurstöðu málsins. Ef þetta er orðin niðurstaða á milli stjórnarflokkanna þá er verið að segja okkur í stjórnarandstöðunni að það sé nokkuð sama hvað við segjum í málinu, það standi ekki til að taka tillit til þess.

Ef það er hins vegar hugmyndin að opna málið þá hljótum við að spyrja: Er hugmyndin að opna það með einhverjum þeim hætti sem Alþfl. hefur verið að ályktum? Ef hugmyndin er að gera það þá er ekki mikill samkomulagsflötur í málinu, a.m.k. við þann flokk sem ég starfa innan, því þessar ályktanir eru náttúrlega ekkert annað en hreinræktaður farsi sem e.t.v. á heldur ekki að taka alvarlega. Það er kannski ekkert sem á að taka alvarlega í þessum efnum. Það er mjög merkilegt hvernig fulltrúi Alþfl. í tvíhöfða nefndinni bregst við því hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Umræður um sjávarútveg hafa ekki tekið mið af þessu [þ.e. hagkvæmni] og sú makalausa ályktun sem samþykkt var á flokksstjórnarfundi flokksins í dag gefur ekki miklar vonir um að Alþfl. gefi tón sem nýtist sem veganesti inn í framtíðina. Svo bregðast krosstré sem önnur tré. Hvers má þá vænta af öðrum flokkum fyrst Alþfl. bregst svona?"

Þetta er nú dómur Péturs Bjarnasonar sem var trúnaðarmaður flokksins í tvíhöfða nefndinni að hann telur að þessi makalausa ályktun sé nánast endemis þvæla svo menn þýði þetta nú yfir á alveg skiljanlegt mál.

Hér er því allmikil óvissa og ætla ég ekki að hafa mikið fleiri orð um það og vil þá snúa mér að efnisatriðum þessa frv. sem eru í sjálfu sér ekkert afskaplega mörg, þ.e. ef menn geta byggt á þeim grunni sem þegar hefur verið lagður og reynt að sníða verstu agnúana af þeirri löggjöf sem nú gildir og hæstv. sjútvrh. hefur sagt að það sé það sem reynt sé að gera þá eru efnisatriðin ekkert mjög mörg. Þau eru listuð skilmerkilega upp á bls. 5 í þessu frv. og vil ég þá ræða nokkuð um þau.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að reglum um endurnýjun fiskiskipa verði breytt. Það er sem sagt gerð tillaga um það að heimilt verði að hafa fiskiskip sem veiðileyfi hefur verið flutt af á innlendri skipaskrá. Og það verði jafnframt heimilt að veita tveim eða fleiri skipum veiðileyfi í stað eins sem hverfur úr flotanum.

Nú er í sjálfu sér að mínu mati ekkert því til fyrirstöðu að veita tveimur eða fleiri skipum veiðileyfi í stað eins sem hverfur úr flotanum ef það er ekki til þess að auka afkastagetuna og ég tel það alveg koma til greina. Ég tel það hins vegar vera mikið vafamál hvort rétt sé að fiskiskip sem veiðileyfi hafa verið flutt af eða veiðiheimildir teknar að mestu leyti af séu áfram í flotanum. Eitt af því sem stuðlað hefur að mjög miklum tilfærslum á aflaheimildum er sú staðreynd að það er allmikið af skipum í flotanum með sáralitlar veiðiheimildir. Þessi skip byggja fyrst og fremst á því að geta flutt til sín afla og því hlýtur sú spurning að vakna hvort ekki sé rétt að setja einhver lágmarksskilyrði um aflaheimild skipa sem geta verið á skipaskrá. Auðvitað hefur þetta eins og annað kosti og galla en ef hugmyndin er að draga úr framsali og minnka þær tilfærslur sem hafa verið innan flotans og mikið hefur verið gagnrýnt þá er alveg ljóst að þetta að skip geti verið í útgerð með sáralitlum aflaheimildum eykur tilfærslurnar en dregur ekki úr þeim.

Hér er lagt til að útgerðum báta sem stunda krókaveiðar verði heimilt að velja á milli veiðileyfis með aflahlutdeild eða krókaleyfis með banndögum. Jafnframt verði banndögum fjölgað nokkuð frá því sem nú er.

Afstaða okkar framsóknarmanna á síðasta flokksþingi til þessa máls kemur fram í stuttu máli, með leyfi forseta:

„Minnstu bátarnir veiði áfram samkvæmt endurbættu banndagakerfi með heildaraflahámarki."

Við erum ekki þeirrar skoðunar að það sé rétt að smábátaflotinn fái einn ganginn enn útdeilt til sín kvóta, það sé mikil hætta á því að það muni enn á ný upphefjast veruleg sala á þessum heimildum og þar af leiðandi sé réttast að þessi floti veiði úr einum potti með banndagakerfi þótt ég geri mér alveg grein fyrir því að auðvitað hefur þessi framkvæmd sína galla eins og allar aðrar. En það er hægt að sýna fram á mjög slæm dæmi í þessu sambandi þar sem aðilar hafa selt sínar veiðiheimildir og farið síðan yfir á krókaleyfi og hafa nú áunnið sér réttindi einn ganginn enn á sama tíma og aðrir sem völdu kvóta á sínum tíma þurfa að sætta sig við gífurlega skerðingu. Það eru dæmi þess að aðilar sem höfðu t.d. 80 tonna kvóta séu komnir niður í 24 tonn. Aðrir sem voru með jafnvel minna, seldu sín réttindi, fóru yfir á krókaleyfisbáta og ættu nú að eignast allmiklu meiri réttindi en þeir sem völdu kvótann á sínum tíma. Þessi forsaga er því miður þannig að það er ekki ástæða til að mínu mati að úthluta kvótum einu sinni enn til smábátanna heldur verði þeim stjórnað með banndagakerfi en reynt að halda afla þeirra innan einhverra tiltekinna marka.

Þetta er að sjálfsögðu erfitt mál viðfangs því að auðvitað er það rétt að smábátarnir skipta mjög miklu máli í sambandi við byggðina í landinu. Það verður að taka tillit til þeirrar staðreyndar en þó má ekki raska algerlega jafnvæginu milli þeirra annars vegar og hinna sem völdu kvóta á sínum tíma. Ef þessu jafnvægi er algerlega raskað þá er ekki lengur friður um skiptinguna.

Hér er lagt til að banndagar verði allt að 7 í hverjum mánuði fyrir utan aðra banndaga. Ég vil í því sambandi taka fram að þetta getur komið fremur illa við, sérstaklega þegar horft er til þess að það eru líka banndagar um verslunarmannahelgi og páska og í sumum tilvikum getur þetta hitt illa á, t.d. að því er varðar straum og veður. Í mínum huga var helgarbannið sem ríkti hér eitt sinn og var gagnrýnt af mjög mörgum á margan hátt betri útfærsla og ég er þeirrar skoðunar að margir gætu verið sáttari við slíkt bann, þ.e. um helg-

arnar þannig að áhættan dreifðist meira í þessu sambandi. Eins og allir vita þá er hér um mikið deilumál að ræða sem engin ein lausn er til á en ég tel rétt að ræða betur þessa banndagaútfærslu.

Hér er lagt til að flutningur aflaheimilda frá einu fiskveiðiári til þess næsta nemi aldrei meiru en 10% af aflamarki í stað 20% samkvæmt gildandi lögum. Nú má það vel vera eins og fram kemur í greinargerð með frv. að 10% sé nægilegt miðað við þá reynslu sem verið hefur en það hefur hins vegar komið fram að ein ástæðan fyrir því hversu mikið er flutt af aflaheimildum milli skipa er að í mörgum tilvikum eru aðilar að reyna að geyma sinn rétt milli ára og fá að gera það hjá öðrum aðilum. Ef til stendur að draga úr flutningi aflaheimilda milli skipa fremur en hitt þá tel ég ekki rétt að takmarka geymsluna með þessum hætti. Það kemur hér fram að þetta verður til þess að erfitt sé að áætla veiði fyrir hvert ár fyrir sig og það er vissulega nokkuð til í því. Hins vegar vil ég benda á að nú gengur betur að veiða þorskinn sem betur fer og því líklegra að minna verði um það að aflamark verði geymt eftir þetta fiskveiðiár eins og var nokkuð um eftir síðasta fiskveiðiár.

Hér er síðan lagt til að því verði viðhaldið að hægt verði að tvöfalda línuaflann. Það er í samræmi við okkar skoðanir í Framsfl. en hér er hins vegar gert ráð fyrir því að það verði haft á því ákveðið þak sem er skiljanlegt því að auðvitað verður hér ekki um endalausa þróun að ræða, þessi afli er tekinn frá öðrum og því eðlilegt að þarna séu sett mörk. Hvort mörkin eiga að vera með þessum hætti eða öðrum er umdeilanlegt. Ég bendi á það að auðvitað mætti hugsa sér að það væri tvöföldun fyrst í stað en síðan væri það ekki tvöföldun heldur eitthvað minna til þess að draga úr þessum réttindum.

Síðan kemur eitt mjög stórt atriði sem hér er lagt til. Þ.e. það verði heimilt að framselja aflahlutdeild fiskiskips yfir á vinnslustöð enda sé fyrir hendi gilt vinnsluleyfi og viðkomandi aflahlutdeild sé í samræmi við vinnslu viðkomandi stöðvar á næstliðnum þremur árum. Nú er það svo, eins og fram kom í máli hæstv. ráðherra, það má nefna sem dæmi að það eru margir að frysta loðnu um þessar mundir og fleiri að frysta loðnu en nokkru sinni fyrr og þykir mér ekki ólíklegt að þeim hafi fjölgað um helming þó ég hafi engar nákvæmar tölur þar um. Samkvæmt þessu ákvæði væri heimilt að flytja loðnuréttindi yfir á vinnslustöð sem hefur verið að vinna loðnu sl. þrjú ár en ekki aðrar. Þarna eins og alltaf áður koma upp álitamál en stærsta álitamálið er að sjálfsögðu hvort eigi að heimila að framselja aflaréttindi yfir á fiskvinnslustöðvar.

Ég vil ekki fara dult með þá skoðun mína að ég hef dregið það mjög í efa og það er alveg ljóst að ef á að ganga til baka að því er varðar framsalið eins og kröfur sjómanna standa til þá liggur það fyrir að þessi breyting á lögunum gengur í þveröfuga átt, þ.e. þetta mun verða til þess að auka framsal og t.d. þá þróun sem hefur orðið varðandi veiðar með tonn á móti tonni en ekki draga úr þróuninni. Ég held því að það liggi alveg ljóst fyrir að með því að fara út á þessa braut þá mun það auka andstöðu sjómanna og jafnframt útvegsmanna en ég geri mér grein fyrir því að margir þeir sem standa að fiskvinnslu eru fylgjandi ákvæði sem þessu.

Þarna er enn komið upp eins og ávallt kemur upp í sambandi við þetta mál þeir ríku hagsmunir sem hér eru í húfi. Auðvitað verða þjóðhagsleg markmið ávallt að ráða ferðinni en samt verður að taka tillit til þess að það verður að nást um þessi mál ásættanlegur friður þannig að hægt sé að treysta því með nokkurri vissu að leikreglurnar gildi til frambúðar.

Þetta eru þau helstu atriði sem eru í frv. og hef ég þá ekki komið að þróunarsjóðsmálinu sem mér skilst að verði til umræðu síðar en ég vil aðeins segja í sambandi við það að það er mjög mikilvægt að því er varðar fiskveiðistjórnunina að úreldingarkerfið sé sterkt og það sé hægt að byggja upp hvata til að fækka skipum og sameina aflaheimildir. Ég vil láta þá skoðun koma fram að ég tel nauðsynlegt að Úreldingarsjóður eigi að geta keypt skip og eytt þeim en það eigi ekki eingöngu að vera í höndum útgerðarmanna sjálfra. Þannig var gengið frá þeim málum í þeim hagræðingarsjóði sem áður gilti og núverandi stjórnarflokkar ákváðu að breyta. Það var tvennt mikilvægt sem þá var niður fellt og má segja að sé það eina sem gerst hefur í þessum málum í tíð núverandi ríkisstjórnar að því er varðar breytingar á löggjöf. Það er í fyrsta lagi að ekki er lengur fyrir hendi heimild Úreldingarsjóðs til þess að kaupa upp fiskiskip og taka til sín aflaheimildirnar og láta þær aflaheimildir standa undir þeim skuldum sem þar var til stofnað og það er líka búið að taka í burtu þá heimild sem var fyrir hendi til þess að koma til aðstoðar í litlum byggðarlögum sem verða sérstaklega illa úti í sambandi við tilfærslur aflaheimilda. Á þeim tíma var talið mikilvægt að slíkt öryggiskerfi væri fyrir hendi, ekki síst til þess að reyna að skapa sem mesta sátt í þessu máli því að það lá alveg fyrr að það gat svo farið að lítil byggðarlög sem hafa kannski lítið annað en trilluútgerð gætu misst megnið af sínum veiðiheimildum og þá þyrfti að grípa til einhverra neyðarráðstafana.

Ég er ekki talsmaður þess að það eigi að vera hægt að færa einhverjar miklar heimildir með þessum hætti til ákveðinna byggðarlaga. En ég held að það sé alveg ljóst að þegar minnstu byggðarlögin sem hvað mest eru háð sjávarafanginu verða þannig úti þá verður að vera möguleiki til þess að grípa þar inn í. Þessar heimildir hafði Hagræðingarsjóður sem voru vissulega umdeildar og ég tel eftirsjá í sambandi við þau ákvæði en þær breytingar voru gerðar í andstöðu við stjórnarandstöðuna á sínum tíma og ríkisstjórnin og talsmenn hennar gerðu mikið úr því að þar væri um algerlega aðskilið mál frá sjávarútvegsstefnunni að ræða, aðskilið frá stjórnun fiskveiða. Nú vill hins vegar svo merkilega til að þessi frumvörp eru flutt samhliða, þ.e. frv. til laga um stjórn fiskveiða og frv. til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og þar með er lögð áhersla á að það eigi að skoða þessi mál sem eina heild. Það vekur nokkra athygli að þessi nýi sjóður fær miklar heimildir. Fær heimildir til þess að taka lán að jafnvirði 4.000

millj. á þremur árum. Það hefði einhvern tíma verið kallað sjóðasukk fyrir eins og tveimur árum þegar var verið að lýsa því hvernig fráfarandi ríkisstjórn skildi við en nú heitir það eitthvað annað. Og það heitir sjálfsagt eitthvað annað þegar þarf að grípa til sérstakra ráðstafana til að hjálpa byggðarlögum á Vestfjörðum. Við verðum að gera okkur grein fyrir því að slík staða getur ávallt komið upp að það þurfi að rétta þeim sérstaka hjálparhönd í okkar samfélagi sem verst verða úti og við verðum að gera ráð fyrir því að það geti gerst. Hins vegar hafa menn almennt verið með þær kenningar að slíkt ætti ekki að þekkjast, þ.e. stuðningsmenn núv. ríkisstjórnar, en ég sé að þar hefur vissulega orðið nokkur stefnubreyting sem ég ætla ekki að fara nánar inn á hér. Ég vil samt við þessa umræðu taka það fram að það er margt í sambandi við þennan Þróunarsjóð sem ég get ekki sætt mig við og ég hef ávallt haft verulegar efasemdir um að hægt verði að koma á reglum sem hægt er að styðjast við við kaup á fasteignum í sambandi við fiskvinnsluna. Þetta er vissulega göfugt markmið og góð hugsun sem þar liggur að baki, en framkvæmdaerfiðleikarnir eru mjög miklir.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta mikið fleiri orð en vildi fyrst og fremst spyrja hæstv. sjútvrh. um það hvaða samningar gilda um þetta mál milli stjórnarflokkanna. Hann hefur látið að því liggja að þetta væri allt saman bundið og allt væri naglfast. Þannig er það víst líka í landbúnaðarmálunum. Þar er líka allt naglfast en mér skilst að það standi nú eitthvað í mönnum og það sé verið að draga einn og einn nagla út a.m.k. til hálfs og það er vissulega sú hugsun sem býr hjá okkur sem erum í stjórnarandstöðu að þannig sé það líka að því er varðar þetta mál, þetta stóra mál sem er trúlega eitt erfiðasta pólitíska úrlausnarefnið sem er við að glíma í íslenskum stjórnmálum. Það er mjög vandasamt og það er náttúrlega grundvallaratriði í stjórnarsamstarfi í sambandi við pólitískt úrlausnarefni eins og þetta að samningar haldi og það er búið að vera að gera nýja samninga í þessu núna á hverju ári. Ef þeir gilda ekki lengur, þessir sem voru gerðir fyrir jólin, þá er ekki eðlilegt að við tökum þetta lengur alvarlega hér í stjórnarandstöðu. Það hlýtur að vera umhugsunarefni fyrir hæstv. ríkisstjórn hvort hún ætti ekki að fara að viðurkenna uppgjöf sína í þessu máli og gera það hreinlega með heiðarlegum hætti. Og það sé þá alveg ljóst hvað Alþfl. er að fara því að ef þetta eru hugmyndir Alþfl. sem birtast í Alþýðublaðinu og ég hef enga ástæðu til þess að efast um þá er náttúrlega alveg ljóst að þar innan búðar ríkir einhver örvænting í málinu. Hins vegar kemur þessi stefnumörkun að sumu leyti ekki á óvart því að talsmenn Alþfl., t.d. í síðustu kosningum, töluðu með þessum hætti þó að það hafi í sjálfu sér ekki verið neitt skiljanlegra þá en það er nú. En e.t.v. veit hæstv. sjútvrh. meira um þetta og væri mjög fróðlegt að fá hans skoðanir svona einhvern tíma við þessa umræðu hvort sem það verður í dag eða á morgun því að ég býst við því að þessi umræða verði löng.

[14:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl., varaformaður Framsfl., er fullkomlega meðvitaður um að málamiðlanir í ríkisstjórn í viðkvæmum málum eru sjaldnast stefna eins flokks í stjórninni. Árétting stefnu á flokksþingum og í flokksstjórn er mikilvæg, óháð samkomulagi sem fyrir liggur á yfirstandandi stjórnartímabili. Það þekkja allir sem verið hafa stjórnarliðar.

Ég ætla ekki að leggja mat á skrifin Alþýðublaðsins sem þingmaðurinn vísaði til en vil árétta meginatriðin sem Alþfl. setti fram í ályktun flokksstjórnarfundarins sem þingmaðurinn var að vísa til:

„Flokksstjórn Alþfl. lýsir því yfir að stefna beri að gerbreytingu á fiskveiðistjórnuninni. Sem fyrsta skref telur flokksstjórnin eðlilegt að kannað verði sérstaklega hvort gefa eigi veiðar frjálsar í þá stofna þar sem ekki hefur tekist að ná tilætluðum afla."

Og flokksstjórnin ítrekar þá afstöðu Alþfl. sem raunar kemur fram í stefnuskrá hans að veiðigjaldi verði komið á og það virkt tæki í stjórn sóknar í fiskstofna og flokksstjórnin hafnar því að setja svokallaða krókaleyfisbáta á aflamark. Annað sem sett er fram í ályktun eru sjónarmið varðandi þá fiskveiðistjórnun sem við búum við og verður eflaust farið nánar í hana í umræðunni hér en ég hef ekki tíma til annars en árétta þessi atriði sem eru sú stefna sem Alþfl. var að árétta á sínum flokksstjórnarfundi.

[14:50]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit það vel að málamiðlanir tíðkast í íslenskum stjórnmálum og ég geri mér grein fyrir því að svo mun áfram verða. Hins vegar er það afar óvenjulegt og ég man aldrei eftir því að niðurstaðan hafi verið eins og stendur í þessum leiðara. Það er verið að túlka stefnuna og þar sem stendur: „Alþfl. hefur með ályktun sinni áréttað stefnu sína í þessum málaflokki og sagt óréttlæti, spillingu og stöðnun í stjórnun fiskveiða stríð á hendur." Ég skil það svo að menn hafi ákveðið að fara í stríð við núverandi stefnu, núverandi frv. og núverandi lög. Ég man aldrei eftir því að nokkur stuðningsflokkur ríkisstjórnar taki svona sterkt til orða.

Þingmaðurinn sagði að það væri einkum eitt atriði sem væri stefnumarkandi í þessu sem væri að gefa veiðar frjálsar í þeim stofnum sem ekki hefur tekist að veiða úthlutaðan kvóta. Þá skil ég það svo að Alþfl. eigi við það að nú eigi að gefa loðnuveiðarnar frjálsar. Það tókst ekki að ná loðnukvótanum í fyrra og samkvæmt þessu ætti að gefa loðnuveiðarnar frjálsar. Eitt af því fyrsta sem var gert í þessum kvótamálum var að þáv. sjútvrh. Kjartan Jóhannsson beitti sér mjög sterkt fyrir því að koma á kvóta í loðnuveiðunum. En ef ég skil þessa ályktun eins og hún er skrifuð, þá er það orðið eitt aðalmálið að gefa loðnuveiðarnar frjálsar.

[14:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það mjög mikilvægt að þegar fjallað er um afstöðu flokka í svo mikilvægu

máli sé það einmitt ályktunin sem slík sem er til umræðu en ekki skrif blaðsins jafnvel þó gott sé en lítið. Ég legg mikla áherslu á það að þingmaðurinn sem hefur bæði mjög mikinn áhuga og vit á þessum málum skoði ályktun Alþfl. í þessum málum. Eins og ég sagði áðan er það flokksstjórnin sem lýsir því yfir að stefna beri að gerbreytingu á fiskveiðistjórnuninni og sem fyrsta skref verði sérstaklega kannað að gefa frjálsar veiðar í þessa stofna. Ég mun að sjálfsögðu afhenda þingmönnum ljósrit af þessari ályktun vegna þess að það er hún sem við eigum að ræða en ekki skoðanir sem birast í skrifum blaðanna.

[14:53]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er mjög merkilegt því ég veit ekki betur en blaðið sé gefið út af Alþfl. og hér er ekkert verið að tala um skoðanir ritstjórans. Hér er bara sagt: Skoðanir Alþfl., alveg massíft. (**GunnS:** Er ekkert málfrelsi á Tímanum? Hvernig er það?) Það er málfrelsi, en við erum ekki vanir því í Framsfl. að tala fyrir hönd flokksins nema við höfum flokkssamþykktir að baki okkur. Við höfum alveg fulla heimild til þess, hv. þm., að segja það sem okkur sýnist á slíkum fundum. En þegar við ályktum og tölum fyrir hönd flokksins, þá segjum við ekki í annarri hverri línu: Alþfl. telur ... Alþfl. hefur gert ... o.s.frv. Það er það sem stendur hér. Ég tek þetta alvarlega. Ég er búinn að fá upplýsingar um að það á ekki að taka þetta alvarlega. Það var einungis verið að álykta um að það ætti að skoða hvort hægt væri að gefa veiðar frjálsar í ákveðnum tegundum. Það er kannski ekki mjög erfitt fyrir aðila að uppfylla að það verði skoðað. En samkvæmt þessum upplýsingum er þetta allt öðruvísi. A.m.k. hefur Pétur Bjarnason (**RG:** ...að þingmaðurinn er uppteknari af ...en áður fyrr.) ekki skilið þetta svona því að hann segir að það sé ekki hægt að gera sér miklar vonir um að Alþfl. gefi tón sem nýtist sem veganesti inn í framtíðina.

Ég ætla ekki að deila við þá alþýðuflokksmenn frekar um þetta. Ég er búinn að fá það upplýst hér að við eigum ekki að taka þessa ályktjun mjög alvarlega og þar með skil ég það að flokkarnir standi þá alveg að þessu máli og það sé búið að naglfesta þetta allt saman. Þá þarf ekki meira að spyrja um þetta. Þá þarf ekki að halda langan nefndarfund um málið.

[14:56]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í yfirgripsmikilli ræðu sinni flutti hv. 1. þm. Austurl. yfirlýsingu sem ég hygg að teljist til nokkurra tímamóta og varðar framtíðarskipan mála hjá smábátunum.

Þannig er mál með vexti eins og menn vita að í núgildandi lögum er kveðið mjög skýrt á um það hvernig eigi að fara með þá smábáta sem núna eru á svokölluðu krókaleyfi. Þar er gert ráð fyrir því að ef aflahlutdeild þeirra hafi vaxið um 25% að meðaltali á þeim þremur árum sem í hönd fóru eftir að lögin tóku gildi, þá skuli þeim ákvarðaður kvóti frá og með næsta fiskveiðiári. Í yfirlýsingu hv. 1. þm. Austurl. kom fram að hann hefur nú skipt um skoðun. Hann er ekki lengur þeirrar skoðunar sem hann var á þeim tíma þegar hann var hæstv. sjútvrh. og bar ekki hvað síst ábyrgð á þeirri lagasetningu sem nú gildir varðandi m.a. smábátana. Í yfirlýsingu hv. þm. áðan kom það fram að hann er þeirrar skoðunar að smábátarnir, sem nú eru á krókaleyfi, eigi að fá að halda áfram þeim kosti eins og raunar er gert ráð fyrir með ákveðnum hætti í því frv. sem við erum hér að ræða um.

Hins vegar fannst mér skorta á varðandi yfirlýsingu hv. þm. með hvaða hætti hann teldi að ætti að fara með vanda þeirra báta, sem hann vissulega rakti í máli sínu áðan, sem á sínum tíma völdu kvóta og hafa orðið að taka á sig sennilega hlutfallslega mestu skerðinguna af öllum bátastærðum í landinu, þ.e. þeir litlu bátar undir 6 tonnum sem völdu kvóta og hafa mjög litlar aflaheimildir í öðrum tegundum. Þess vegna tel ég nauðsynlegt vegna málsins, vegna þess að hér er um að ræða svo mikilsverða yfirlýsingu, að hv. þm. skýri þetta öllu betur.

[14:58]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hvort skiptir mestu máli, hv. þm., að spyrja mig út úr um þetta mál. Það er rétt að ég er þeirrar skoðunar að það sé rétt að smábátarnir séu í heildaraflamarki og ég hef reyndar ávallt verið þeirrar skoðunar. Það sem stendur í núgildandi lögum er ekki allt komið frá hvorki mér né öðrum. Þetta eru margvíslegar málamiðalnir sem hafa átt sér stað í gegnum tíðina. Ég hélt því fram að þetta mundi springa. Ég man hins vegar vel að margir forustumanna smábátamanna töldu að það mundi ekki gerast. Þarna væri engin hætta á ferðum. Þeir eru að vísu annarrar skoðunar í dag en ég man vel eftir þeim samtölum og taldi að þeir hefðu óþarflega litlar áhyggjur af því. Hins vegar verða smábátarnir að sjálfsögðu að sætta sig við banndaga. En ég hef enga patentlausn á vanda þeirra báta sem hv. 3. þm. Vestf. nefndi hér réttilega sem er mjög mikill og hefur allt of lítið verið ræddur. Það er hins vegar mjög erfitt að koma sérstökum uppbótum til þeirra. En ég tel að það komi fyllilega til greina að þeir sem hafa orðið fyrir langmesta aflabrestinum fái meiri uppbætur. Það er hins vegar mjög erfitt að finna leið til þess. En ég er sammála því að það þarf að fara betur ofan í það mál og ég er oft undrandi á því hvað það hefur verið lítið rætt, t.d. af forustumönnum smábátaeigenda í landinu. Það er eins og ekkert annað sé til en krókabátarnir oft og tíðum í þeirri umræðu. En aflamarksbátarnir sem eru í þessum flokki eiga við mjög mikinn vanda að etja.

[15:00]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. 1. þm. Austurl. að hagsmunir minni báta sem völdu kvóta á sínum tíma hafi allt of lítið verið ræddir, bæði á þeirra eigin vettvangi og eins í þingsölum. Það er mjög athyglisvert sem fram kom í máli hv. þm. að sú hugmynd að úthluta bátum undir 6 tonnum kvóta ef þeir veiddu tiltekið hlutfall umfram sinn úthlutaða afla sé ekki komin frá hv. þm. heldur væntanlega frá þeim

samstarfsflokkum sem hv. þm. vann með á sínum tíma þegar hann var í ríkisstjórn. Og þá hlýtur maður mjög að velta því fyrir sér, ekki síst í ljósi þeirrar gagnrýni sem hugmyndin um að úthluta smábátum kvóta hefur fengið alveg sérstaklega frá ýmsum talsmönnum Alþb. og ýmsum talsmönnum Alþfl., hvort hv. þm. Halldór Ásgrímsson hafi á sínum tíma orðið að gera sérstaka málamiðlun við Alþfl. eða Alþb. um að setja þessa báta á kvóta, hvort það hafi á sínum tíma verið krafa frá Alþb. eða Alþfl. eða einhverjum öðrum að setja þessa báta á kvóta. Þá fer maður að velta ýmsu fyrir sér og þá fer að verða mjög fróðlegt og athyglisvert og mjög sérkennilegt að hlýða síðan á málflutning einstakra talsmanna tiltekinna stjórnmálaflokka ef það hefur verið þannig að hv. þm. Halldór Ásgrímsson hefur verið nauðbeygður að setja þessa báta undir þetta ákvæði sem gert er ráð fyrir í bráðabirgðaákvæðinu í lögum um fiskveiðistjórnun. Þá er það kannski svo að hér hefur rangur maður verið hafður fyrir rangri sök, það hafi alls ekki verið hv. 1. þm. Austurl. sem hafi verið upphafsmaður að þessu, heldur hafi þetta verið sérstök úrslitakrafa frá Alþb., sérstaklega kannski formanni þess sem virðist vera farið að líða mjög illa undir þessari ræðu.

[15:02]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil á engan hátt bera af mér sakir í þessu máli ef málið fjallar um það. Og ég get á engan hátt glatt hv. þm. með því að um hafi verið að ræða kröfur frá Alþfl. eða Alþb., svo var alls ekki. Hitt er svo annað mál að fleiri hafa komið að þessu stóra máli eins og hagsmunaaðilar. Það er alveg ljóst að það hafa verið um það deilur milli annars vegar þeirra sem eru aðilar að LÍÚ og hins vegar þeirra sem eru aðilar að Landssambandi smábátaeigenda hvernig farið skuli með hluti í sambandi við þetta mál og auðvitað þurfti oft að reyna að finna einhverja ásættanlega lausn á milli þessara aðila. Það kemur engum á óvart sem hér er að smábátarnir voru á þessum árum mjög að auka sína hlutdeild. Hins vegar varð þróunin sú að mjög margir fóru út í það að selja sína aflahlutdeild og miklu fleiri en gert hafði verið ráð fyrir. Það varð m.a. til þess að sá pottur sem eftir var var tiltölulega lítill. Og það sem ég óttast er að ef farin verður sú leið sem er í frv., þá muni enn á ný margir selja sína aflahlutdeild og potturinn sem eftir verður verði mjög lítill og kostur þeirra krókaleyfismanna sem eftir standa mjög rýr. Þess vegna er ég andvígur því að það verði farið að setja kvóta enn á ný á smábáta. Ég tel að það hafi að mörgu leyti ekki fengist af því nægilega góð reynsla og ég tel rétt að læra af því og taka mið af því. Hvort hv. þm. telur það vera athyglisverð skoðanaskipti eða ekki tel ég ekki skipta máli í þessu sambandi.

[15:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það vekur athygli mína þegar þetta mikla mál er til umræðu i þinginu að hér skuli ekki vera mættir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar í málinu, þ.e. þeir sem hafa samið um stefnuna. Ég sé t.d. engan ráðherra Alþfl. í salnum. Ég tel að menn hefðu átt að sýna þessari umræðu þá virðingu að vera viðstaddir og taka þátt í henni og svara fyrir þá stefnumörkun sem þessi ríkisstjórn hefur látið frá sér fara, hvort sem er að marka hana eða ekki. Það á eftir að koma í ljós í framhaldi málsins.

Áður en þessi ríkisstjórn varð til fór fram kosningabaráttа fyrir kosningar. Í þeirri kosningabaráttu var þetta umræðuefni mjög ríkjandi. Það hefur verið ágreiningur um þessi mál allt frá því að kvótakerfið var sett á og reyndar fyrir þann tíma. Kvótakerfið og þær hugmyndir sem lágu að baki því voru árangur af einhvers konar hugmyndasamkeppni innan LÍÚ ásamt nánustu aðstoðarmönnum þess hóps sem kom því til leiðar að þessu kerfi var komið á. Þeir höfðu enda kynnt sér sambærileg kerfi og hvernig þau höfðu virkað annars staðar í heiminum. Það var þeirra niðurstaða að heppilegast væri fyrir Íslendinga að taka upp kerfi eins og þetta. Og hver er aðalgrundvöllurinn undir þessu kerfi? Aðalgrundvöllurinn er að koma eignarrétti á veiðiheimildirnar í sjónum. Og ef hann má ekki kallast eignarréttur, þá verður hann a.m.k. að framkvæmast eins og eignarréttur, vera ígildi eignarréttar. Það er á þeim grunni sem þetta kerfi hvílir. En um hann hafa líka átökin verið allan tímann, akkúrat um þennan grundvöll kerfisins og auðvitað um það óréttlæti sem hefur fylgt kerfinu allan tímann. Frá því að farið var að skipta þessum verðmætum á milli aðila í útgerð í kringum landið hafa þessi átök staðið yfir.

Eftir kosningarnar sem ég nefndi áðan kom núv. hæstv. ríkisstjórn sér saman um stefnu eða a.m.k. héldu menn það. Það var gefin út bók sem menn kölluðu hvíta bók og í þeirri hvítu bók var stefnan mörkuð og einmitt í fyrstu setningu kaflans um sjávarútveg í hvítu bókinni er tekið á þessu máli, þ.e. eignarréttinum á fiskinum í sjónum. Ég hef lesið það upp áður í þinginu og ég sé ástæðu til þess að gera það einu sinni enn vegna þess að nú er til umræðu niðurstaða ríkisstjórnarinnar af þessari hugmyndavinnu sinni í kringum stefnumörkun í sjávarútvegi. Það stendur nefnilega í fyrstu setningum kaflans um sjávarútveg í hvítbók ríkisstjórnarinnar undir fyrirsögninni: Mörkun heildstæðrar sjávarútvegsstefnu:

„Ríkisstjórnin hyggst móta sjávarútvegsstefnu er nær jafnt til veiða, vinnslu og markaðsmála, hamlar gegn ofveiði, treystir byggð, stuðlar að hagræðingu og tryggir stjórnskipulega stöðu sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða."

Svo mörg voru þau orð og áreiðanlega enginn sem getur haldið því fram að skilja beri þessa setningu öðruvísi en þannig að það eigi að koma í veg fyrir að einhvers konar eignarréttur komist á veiðiheimildir á fiskstofnana í sjónum.

Í framhaldi af þessu var skipuð átta manna nefnd sem kölluð var síðan tvíhöfða nefndin vegna þess að það náðist ekki samstaða um að hafa einn formann í henni. Það þurfti að hafa tvo og þá var hún kölluð tvíhöfða nefnd. Hún starfaði, eins og allir vita sem hafa tekið þátt í umræðum og fylgst með þessum málum í landinu, með þeim hætti að hún vann að þessu ein og sér fyrir stjórnarflokkana, stjórnarandstaðan eða aðrir

aðilar í þjóðfélaginu komu ekki að málinu fyrir en nefndin var búin að móta sínar hugmyndir. Hugmyndirnar voru síðan lagðar fram í skýrslu tvíhöfða nefndar og þá en ekki fyrr átti að fara fram samráð við aðra aðila.

En áður en kom að því fóru fram samningaviðræður í hæstv. ríkisstjórn um þessi mál um hvernig ætti að leysa þau endanlega. Þar inn í komu m.a. hugmyndirnar um þróunarsjóð sjávarútvegsins sem enduðu með einhvers konar hrossakaupum um það að bæði málin skyldu lögð fram í þinginu. Síðan hefur verið meiri og minni ágreiningur um hvort það hafi verið samkomulag um þetta. Hæstv. umhvrh., sem er mættir í salinn, var mikið í umræðunni í vor sem leið þegar stóð til að leggja þessi mál fyrir þingið. Þá hélt hæstv. sjútvrh. því fram að það stæði ekki á neinu í samvinnu ríkisstjórnarflokkanna um þetta mál og samkomulagi öðru en því að fá hæstv. umhvrh. til þess að samþykkja þá leið sem menn ætluðu til þess að leysa mál smábátaeigendanna. (**Umhvrh.:** Umhvrh. lagðist í rúmið yfir þessu máli.) Og umhvrh. lagðist víst í rúmið, hann upplýsir það hér, vegna þess hvernig þessi mál tóku á hann á þessum tíma. (**Umhvrh.:** Og taka enn.)

Seinna, rétt fyrir jólin, þegar þetta mál var loksins lagt fram, þá kom það fram hjá hæstv. umhvrh. í umræðum í þinginu að ágreiningur hans við Sjálfstfl. í málinu væri upp á 1%. Það væri um 1% ágreining að ræða. Hann hefur líklega sagt frá þessu 1% sem hann var á móti hugmyndum Sjálfstfl. um að leysa þessi mál á flokksstjórnarfundi Alþfl. um daginn. Hann hefur líklega lýst því hver munurinn var á hans hugmyndum um það hvernig ætti að leysa sjávarútvegsmálin í heild og hugmyndum sjálfstæðismanna og hæstv. sjútvrh. sem hefur lagt þessi mál á sína ábyrgð hér fram. En hann útskýrir kannski betur fyrir okkur á eftir í hverju þessi 1% ágreiningur hans er fólginn.

Í kjölfarið á því að tillaga tvíhöfða nefndar kom fram í vor fór fram kynning á málinu og hæstv. sjútvrh. ætlaði sér að koma því inn í þingið eins og ég sagði áðan. Þá komu hagsmunaaðilar loksins að málinu og eins og hefur verið rakið áður brugðust sjómannasamtökin hart við og lýstu yfir fullri andstöðu við þær hugmyndir sem felast í þessu frv. Ég ætla ekki að fara að rekja gang þess máls hér. Það þekkja allir nógu vel hvernig það gekk fyrir sig. En ágreiningurinn við sjómannasamtökin í landinu endaði með verkfalli og endir málsins varð sá að ríkisstjórnin lét banna verkfallið með bráðabirgðalögum. En í tengslum við þessi bráðabirgðalög lofaði ríkisstjórnin, eða a.m.k. tók ég því þannig að þar hafi verið á ferðinni einhvers konar loforð, að taka á þeim vandamálum sem sjómenn hafa séð í kvótakerfinu og hafa farið fram á að væru lagfærð, þ.e. að ýmsar útgerðir hafa níðst á sjómönnum í sambandi við þeirra kjör og látið þá borga fyrir veiðiheimildir.

Málið hefur núna tekið ákveðnum breytingum sem ég ætla aðeins að fara yfir á eftir, en áður en ég kem að því langar mig til þess að fara yfir tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Þær eru ekki miklar og í raun og veru má segja sem svo að aðaltillaga ríkisstjórnarinnar sé að festa í sessi kvótakerfið með öllum þeim göllum sem á því eru. Það eru smávægilegar lagfæringar. Sumar getum við í Alþb. skrifað upp á en aðrar ekki.

Áður en kem að því ætla ég að fara yfir þá hugmynd sem ríkisstjórnin setti fram um að það ætti að setja upp einhvers konar kvótaþing og það ætti að vera niðurstaðan og ætti að leysa mál sjómannanna. Loforðið sem raunverulega var talið felast í því að lagfæra kjör sjómanna hefur nú þegar verið svikið með því að ríkisstjórnin hefur lýst því yfir að í staðinn fyrir að fram kæmi frv. í byrjun febrúar, eins og hæstv. utanrrh. lýsti yfir í viðtali, þá kom bréf til sjútvn. frá hæstv. sjútvrh. þar sem segir að hann telji eðlilegt að umfjöllun um áhrif viðskipta með aflaheimildir á skiptakjör sjómanna tengist umfjöllun um frv. til laga um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Hann sleit því í sundur með þessu bréfi umfjöllunina um bráðabirgðalögin og þá lausn á málinu sem var kynnt sem slík af hendi ríkisstjórnarinnar. Þetta er mjög athyglisvert og vert að minna á yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. frá því í umræðum í apríl í fyrravor þar sem hann sagði m.a.:

„Það hefur verið á það minnst hér að framan að fram hafi komið af hálfu sjómannasamtakanna gagnrýni á það að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum og hafi verið þvingaðir til þess. Ég get tekið undir áhyggjur sjómannasamtakanna í þessu efni og tek undir þau sjónarmið þeirra að sjómenn eigi ekki að vera þátttakendur í þessum viðskiptum, enda hafa sjómannasamtökin og samtök útvegsmanna gert um það bindandi kjarasamning að svo skuli ekki vera.

Stjórnvöld eru að sjálfsögðu alltaf reiðubúin að ræða viðfangsefni eins og þetta við sjómenn og útvegsmenn. Menn hafa velt því upp hvort menn ættu að reyna að ná betri tökum á þessu viðfangsefni með lagasetningu. Ég hef ekki fyrir mitt leyti séð að lög geti leyst þennan vanda, en þó ætla ég ekki að útiloka að svo geti verið. Ég tel þó", sagði hæstv. ráðherra, „alveg augljóst að slík lagaákvæði ættu ekki heima í fiskveiðistjórnunarlöggjöf."

Síðan kom þetta bréf sem ég las hér áðan þar sem hæstv. ráðherra telur að það sé akkúrat aðferðin að leysa þetta mál í tengslum við breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða sem við erum að fjalla um.

Breytingar á kvótakerfinu, sem hér liggja fyrir til skoðunar frá ríkisstjórninni, eru lausn allra mála og eiga uppruna sinn í tvíhöfða nefndinni, fjalla um að festa í sessi kvótakerfið. Alþb. hefur sem flokkur lýst sig andvígt því að festa kvótakerfið í sessi með þeim göllum sem á því eru. Það hefur ítrekað komið fram á fundum flokksins, bæði á síðustu tveimur landsfundum og miðstjórnarfundinum sem haldinn var í sumar að Alþb. er andvígt því að festa kvótakerfið í sessi. Þar hafa komi fram tillögur um að það væri tekið á þessu máli sameiginlega. Við bárum fram þáltill. í fyrravor þar sem var reynt til þrautar að fá víðtækari umfjöllun um þetta mál. Það var ekki hlustað á það. Stjórnarflokkarnir hafa farið sínu fram og lagt fram sínar tillögur sem eru tillögur tvíhöfða nefndarinnar, sjálfsagt

í ljósi þess og skjóli þess að þeir hafa talið að þeir fengju stuðning Framsfl. þegar á ætti að herða við að festa kvótakerfið í sessi. A.m.k. gæti maður haldið eftir ræðu hæstv. sjútvrh. að það hafi verið hans von. Í Alþfl. hafa menn ekki verið alveg jafnhrifnir af þessari niðurstöðu, en þeir hafa þó látið þetta yfir sig ganga fram að þessu. Það hafa verið verkir með því í flokknum og kannski ekki að ófyrirsynju sem þetta mál var tekið fyrir á flokksstjórnarfundi um daginn og ályktað með þeim hætti sem hér kom fram áðan.

Virðulegur forseti. Ef stjórnarflokkarnir ætla sér að ganga þessa göngu til enda með þær tillögur í farteskinu sem hér liggja fyrir og ekki koma neitt til móts við tillögur Alþb. eða annarra um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, þá munum við auðvitað bera fram brtt. í sjútvn. og reyna að hafa áhrif á gang málsins þar. Við munum reyna að hafa áhrif í þá átt að þeirri óheillaþróun verði snúið við sem þetta fiskveiðistjórnarkerfi hefur leitt yfir okkur. Þar held ég að þurfi að koma fram frá Alþingi mjög skýr yfirlýsing um að það ígildi eignarréttar sem nú er á veiðiheimildum í sjávarútveginum verði afnumið. Ég tel að það megi gera t.d. með því að styrkja ákvæðið í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða um eignarrétt allra landsmanna á þessari auðlind með því að setja þar inn í líka að ekki megi koma til ígildi eignarréttar eða áfturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum. Þannig að það verði ekki hægt að hártoga vilja Alþingis eins og gert hefur verið fram að þessu, þ.e. þann vilja að þessi auðlind verði áfram sameign þjóðarinnar.

Við höfum skoðað og ég geri ráð fyrir að fram geti komið tillaga í þá áttina, sem kom til umræðu áðan, að afnema aflamark þeirra tegunda og gefa veiðar frjálsar eitthvert tiltekið tímabil, t.d. innan fiskveiðiárs, ef það sýnir sig að það ætli ekki að nást að veiða það sem stefnt hefur verið að með úthlutun veiðiheimilda í upphafi veiðitímabilsins. Ég tel að það megi gera þetta og ráðherra eigi að fá heimild til að gera það. Það mun líka draga úr þeirri einka- og eignarréttartilhneigingu sem er í kerfinu.

Ég get tekið undir það sem kemur fram í tillögu ríkisstjórnarinnar í 1. gr. frv., sem fjallar um veiðileyfin, að rýmka möguleikana til þess að endurnýja fiskiskip. Ég held að að sé til bóta. Þetta kerfi er of niðurnjörvað. Það hefur ekki mátt fram að þessu t.d. endurnýja fiskiskip með fleiri en smærri skipum. Þótt það myndi í einhverjum tilfellum verða hagkvæmara hefur það verið bannað. Ég held að rétt sé að snúa þeirri þróun við.

Þá kem ég að því sem hefur oft verið mest um rætt í sambandi við fiskveiðistjórnunina. Það eru litlu bátarnir. Í tillögu stjórnarflokkanna er gert ráð fyrir því að setja upp nýtt sóknarstýringarkerfi á báta undir 6 tonnum. Ég tel satt að segja að ef þetta kerfi verður sett á, þá megi menn búast við að það muni auka slysahættu hjá þessum útgerðarmönnum. Á því held ég að sé ekki nokkur einasti vafi. Þarna er á ferðinni ákvörðun um að segja mönnum að vera í landi í heila fimm mánuði á hverju ári og fyrir fram ákveðið hvaða tímar það eru. Þetta er svo mikil skerðing á möguleikum þessara aðila til þess að sækja sjó að það er í raun og veru fáránlegt að setja fram þessa hugmynd nema snúa henni hreinlega við, þ.e. að gefa mönnum heimild til að sækja sjó ákveðið marga daga á ári og leyfa þeim að velja þá daga sjálfir. Þá gætu þeir líka verið færri heldur en þarna er. En með þessari aðferð er nánast verið að segja við sjómenn: Þið eigið að róa þegar þið getið. Og það t.d. að hafa heila viku í lok hvers mánaðar sem stopptímabil hjá þessum aðilum mun virka þannig, og það er ég ekki í vafa um, að sjómenn munu róa fyrstu þrjár vikurnar eins og þeir mögulega geta, en síðan munu þeir taka út sína frídaga í lok mánaðarins. Það hafa sagt við mig fleiri en einn sjómaður sem hafa séð þessar hugmyndir að þetta muni neyða þá hreinlega til þess að sækja sjó mikið stífara en þeir hafa gert. Þeir hafi einfaldlega yfir sér að þeir eigi að vera í viku frí í lok hvers mánaðar fyrir utan það að þeir viti fyrir fram að um fimm mánaða stopp sé að ræða á hverju ári.

Ég tel þessa tillögu fáránlega og langeðlilegast í þeirri stöðu sem málið er núna að framlengja það dagatakmarkanakerfi sem nú er í gildi á þessum hluta flotans óbreytt. Ef það verður gert, þá mun örugglega draga verulega úr sókn þessra báta því að fjöldinn allur af þeim hefur verið að keppa eftir veiðiheimildum vegna þess að menn hafa átt von á því að það yrði úthlutað aflahlutdeild til þeirra miðað við aflareynslu liðinna ára. Þess vegna hafa þeir sótt sjóinn svona stíft. Ég veit um marga báta sem eru stærstir í þessum flokki undir 6 tonnum sem hafa verið gerðir mjög stíft út á línu t.d. yfir vetrarmánuðina þó að það hafi verið mjög óhagkvæm útgerð. Þar hafa verið á ferðinni menn sem hafa verið að reyna að safna sér upp veiðiheimildum með þessum hætti. Þessu yrði aflétt með þeirri hugmynd að framlengja kerfið óbreytt og þar með kæmist meiri ró á þessa útgerð. Ég tel það þess vegna eðlilegustu niðurstöðuna ef menn vilja ekki ganga alla leið og úthluta mönnum ákveðnum sóknardögum sem þeir geta þá valið sjálfir, eins og ég nefndi hérna áðan.

Það er hugsanlegt að hafa þak á þessu og mætti skoða það. Þótt ég telji að á því séu ákveðnir gallar mætti auðvitað skoða þann möguleika að hver bátur hefði ekki möguleika á að fara upp fyrir eitthvert ákveðið þak í afla.

Síðan eru vandamál þeirra báta sem ekki hafa verið í krókaleyfunum, þ.e. aflamarksbátanna innan þessa kerfis. Það er hægt að leysa þau með þeim hætti að gefa þeim kost á að koma inn í þetta, en ég geri mér grein fyrir því að á því eru veruleg vandkvæði. Það er að sumir hverjir hafa þessir aðilar selt frá sér veiðiheimildir og það yrði þá að taka alveg sérstaklega á þeim sem það hefðu gert ef ætti að hleypa þeim inn í krókaleyfisbátahópinn.

Ég tel að það eigi líka að skoða möguleikana á því að rýmka, einfalda og gera skilvirkara það kerfi sem menn hafa verið að burðast með á undanförnum árum í sambandi við sveiflujöfnun í sjávarútveginum. Sú tillaga sem liggur fyrir í frv. í þessu efni er að vísu til verulegra bóta að mínu viti en ég tel þó að það væri eðlilegra að standa öðruvísi að þessu. Ég tel að það sé

ekki endilega rétta aðferðin að halda sig við þau 12 þúsund þorskígildi sem lögð eru til í 4. gr. frv. Það er miklu eðlilegra að fyrir upphaf hvers fiskveiðiárs reyni menn að meta hvaða þörf er á sveiflujöfnun og taki frá aflaheimildir í því skyni að jafna út sveiflurnar. Það verði sem sagt metið en ekki ákveðið fyrir fram að þar séu á ferðinni einhver 12 þús. tonn heldur verði þetta metið og ákveðið síðan hvort verði hægt að bæta upp t.d. 10% skerðingu eða meiri ef hún hefur komið fram á fiskveiðiárinu á undan. Ég tel líka ástæðu til þess að velta því fyrir sér hvort eigi ekki að taka tillit til þess sem hefur gerst þar á undan, þ.e. t.d. á þremur nýliðnum fiskveiðiárum. Ég varpa því hér fram hvort ekki sé rétt að skoða möguleikana á því að miða t.d. við meðaltal síðustu þriggja ára, að menn fari ekki yfir 7% skerðingu á því tímabili til þess að menn standi ekki frammi fyrir því að 10% skerðing getur orðið ár eftir ár hjá sama útgerðarflokki og þannig skapist hörmungartímabil í ákveðnum útgerðarflokkum eins og við þekkjum reyndar núna af því kerfi sem nú er í gangi.

Ég tel að 5. gr. frv. sé alveg til athugunar og ekkert óeðlilegt við það þó að aflamark hverrar botnfisktegundar sem má færa á milli ára verði takmarkað við 10% af aflamarki. Ég held að það eigi að vera alveg nægilegt, sérstaklega vegna þess að menn hafa líka möguleika á því að skipta á aflaheimildum og jafnvel að láta frá sér einhverjar aflaheimildir í því kerfi sem hér er til skoðunar.

Í 6. gr. er verið að setja fram hugmyndir um að setja þak á línuaflann og miða það við 34 þús. lestir miðað við óslægðan fisk. Ég held að mönnum sé ákveðin vorkunn í þessu efni og kannski ekki óeðlilegt að skoða möguleika á því hvort þetta eigi að vera akkúrat talan. Ég skal ekki segja um það en ég hef samúð með því sjónarmiði að það þurfi að taka á þessu og ég held að það sé í lagi að menn taki jákvætt í það.

En 7. gr. frv. get ég ekki tekið undir. Ég tel að það komi ekki til mála að úthluta aflaheimildum til fiskvinnslustöðva. Það er í grundvallaratriðum í mótsögn við það sem menn í Alþb. hafa ályktað í gegnum tíðina. Með því er verið að útfæra verslunarmöguleikana með aflaheimildirnar enn þá meira, að skilja á milli útgerðar og þess að geta átt aflaheimildir. Það er að mínu viti rangt að gera. Ég tel að það eigi raunverulega að ganga miklu lengra í því að gera þá kröfu að útgerðin í landinu veiði þann afla sem hún fær úthlutað. Ég kem betur að því hér á eftir. Ég tel ekki ástæðu til þess að ræða þetta neitt meira í sambandi við þessa grein vegna þess að ég kem að því á eftir í samhengi við annað.

8. gr. frv. fjallar um að ekki eigi að vera hægt að flytja aflamörk milli skipa nema sem svarar veiðigetu þess skips sem fær aflaheimildina til sín. Þá spyr maður sig: Hvað eru menn að hugsa sem leggja þetta til? Af hverju þurfa menn að geta veitt þetta? Vegna þess að í næstu grein er lagt til að fiskiskip þurfi ekki að veiða nema 25% af samanlögðu aflamarki sínu til þess að halda veiðiheimildunum. Þetta er bara kák. Annaðhvort verða menn að ætlast til þess að útgerðarmenn í landinu noti veiðiheimildir sínar eða ekki. En í 7. gr., þ.e. í hugmyndinni um að láta fiskvinnslustöðvar fá þessa aflahlutdeild til sín, speglast sú hugsun að aflahlutdeildirnar eigi að vera söluvara og þær eigi ekki að binda við skip en í næsta grein á eftir koma menn með einhvers konar viðmiðun við að skipið eigi endilega að geta veitt samkvæmt þeim aflaheimildum sem fluttar eru til skipsins. En yrði þá ekki að gera ráð fyrir því að fiskvinnslustöðin gæti veitt þær aflaheimildir sem verið er að flytja til hennar?

Mér sýnist þetta rekast hvað á annars horn og ég er mjög andvígur þeirri hugsun sem er á bak við þetta allt saman, þ.e. að ekki sé gert ráð fyrir því að hagræðing í útgerðinni felist í því að verkefnin verði hjá þeim útgerðarmönnum sem eru að veiða fiskinn á miðunum kringum landið. Það er sú hagræðing sem var kynnt í upphafi með þessum hugmyndum um stjórn fiskveiða og það er sú hagræðing sem flestir hafa örugglega skrifað upp á þegar þeir hafa verið að styðja þetta kerfi að það ætti að leiða til hagræðingar í útgerð. Það er ekki verið að leiða til hagræðingar í útgerð með þeim hætti sem hér kemur fram.

Við höfum verið að velta fyrir okkur möguleikum á því að koma til móts við sjómenn og koma til móts við þær kröfur sem eru í þjóðfélaginu um það að breyta þessu kerfi. Það hefur verið skoðað og við höfum velt fyrir okkur hugmyndum um hvernig væri hægt að taka skref í þá átt að snúa til baka af þeirri braut sem þetta kerfi hefur verið að leiða okkur inn á. Mest hefur verið staðnæmst við þá hugmynd hjá þeim mönnum sem ég hef verið að ræða við um þessi mál að það ætti að þrengja að þeim möguleikum útgerðanna að framselja frá sér aflaheimildir og láta fiska fyrir sig og annað því um líkt. Það mætti gera t.d. með breytingu á 12. gr. laganna um stjórn fiskveiða þar sem við ættum að láta þær útgerðir sem fá aflamarki úthlutað veiða meira af því sem þær fá úthlutað en hefur verið fram að þessu. Ég tel að það væri lágmarkið að þessar útgerðir yrðu látnar veiða t.d. til að byrja með 60% af úthlutuðu aflamarki og síðan ætti að hækka það mjög bráðlega upp í 80% og það verði yfirlýst með þessari stefnumörkun að það eigi að stefna að hagræðingu í útgerð í landinu með þeim hætti að aflaheimildirnar eigi að vera í höndum þeirra sem veiða fiskinn við strendur landsins.

Hæstv. sjútvrh. rakti ágætlega í sinni framsöguræðu gang mála frá því að menn fóru af stað með þetta kvótakerfi. Það má margt um það segja og ég ætla ekki að eyða tíma mínum í það, en þetta hefur skapast á töluvert löngum tíma og þróast. Ég held þó að upphafið að þessu hafi verið mjög meðvitað frá hendi þeirra sem réðu mest ferðinni. Það hefur varla aðra skýringu að menn skyldu vilja í upphafi fara út í að koma á þessu frjálsa framsali veiðiheimildanna, þ.e. kaupum og sölum á því að fá að sækja sjó. Það getur varla átt aðra skýringu en menn hafi ætlað sér að koma eignarhaldi á fiskinn í sjónum vegna þess að ef menn hefðu átt að taka hina skýringuna gilda, þ.e. þetta væri bráðabirgðafyrirkomulag sem ætti að standa í 2–3 ár, eins og málið var reyndar kynnt fyrir mörgum útgerðarmönnum allt í kringum landið í upphafi, þá hefðu

menn varla farið að láta sér detta það í hug að setja á svona kerfi sem byggist á því að menn hafi ígildi eignarréttar á því að sækja sjó. Þess vegna var þessi tillaga mjög undarleg á sínum tíma og ég held að það segi sína sögu um hvað menn ætluðu sér. Aftur á móti voru margir sem voru afskaplega bláeygðir í kringum þetta og hafa staðið í þeirri meiningu fram að þessu að það ætti að afnema þennan kvóta sem allra fyrst og það væri raunverulega stefnan á bak við þetta allt saman.

Þetta ígildi eignarhalds á veiðiheimildunum er raunverulega viðfangsefnið og langt frá því að hægt sé að segja að það hafi orðið til þess að hér kæmi meiri hagkvæmni inn í útgerðina. Ég tel að það sé þveröfugt. Ég ætla að nefna tvö dæmi um hvernig þetta ígildi eignarhalds hefur áhrif á ákvarðanatöku. Það er t.d. þau þvinguðu viðbrögð sem hafa orðið við aflasamdrættinum í þorski að undanförnu. Af hverju mátti ekki deila niður réttlátlega milli útgerða í landinu því áfalli sem var vegna þorskskerðingarinnar? Hvers vegna skyldi það ekki hafa mátt? Það var af nákvæmlega einni ástæðu. Það var vegna þess að menn áttu kvótann. En ef við hefðum verið að hugsa um hagkvæmnina fyrir landsbyggðina og landið í heild hvað hefðum við þá gert? Við hefðum haldið eftir veiðiheimildum sem hefðu verið mátulega miklar til þess að deila þessu jafnt yfir alla. Þá hefðum við setið uppi — með hvað? — 2–3% skerðingu en ekki 10% ár eftir ár eins og við stöndum núna frammi fyrir í sambandi við þorskveiðiheimildirnar þar sem verst er á ýmsum stöðum á landinu. Það mátti ekki og nú standa menn frammi fyrir því að þær byggðir sem lifa mest á þorskveiðunum munu standa uppi kvótalausar eftir nokkrar vikur, í hæsta lagi nokkra mánuði. Þá eru menn búnir með kvótann sinn á þeim stöðum.

Umræðan um smábátaveiðarnar er í þessari sömu nauðhyggju. Það er svo voðalegt að menn sem gera út litla báta skuli ekki vera hægt að taka með í þessar miklu skerðingar. Það er aldeilis ægilegur hlutur að ekki skuli vera hægt að ná taki á þeim og það þrátt fyrir að þessar veiðar veiti mestu atvinnuna af öllum veiðum allt í kringum landið. Samt erum endalaust að ræða um að það þurfi endilega að skerða jafnt hjá þeim sem eru að gera út þessa litlu báta og hjá hinum. Menn eru orðnir fangar þeirrar hugmyndafræði að þjóðin eigi ekki fiskinn í sjónum heldur einhverjir útgerðarmenn. Einhverjir sem eiga aflahlutdeildina eiga hlut af fiskstofninum. Það er ekkert minna. Það er meira að segja þannig að ef menn fyndu ný fiskimið, eins og hefur gerst áður hér og upp kæmu allt í einu þær skoðanir Hafrannsóknastofnunarmanna að það mætti veiða helmingi meira af einhverri tegund, hvað gerist þá? Það gerist bara það að þeir sem eiga aflahlutdeild í viðkomandi tegund fá þessa viðbót alla saman. Það skiptir engu máli hver aflareynsla viðkomandi aflahlutdeildar var í upphafi. Það skiptir engu máli. Þeir eiga bara ákveðinn hlut í fiskstofninum. Þannig eru menn nú búnir að koma þessu fyrir.

Þetta hefur haft þau áhrif að veiðiheimildirnar hafa verið að safnast á færri og færri hendur. Það hafa verið að myndast stórútgerðir í landinu og sér ekki fyrir endann á þeirri þróun. Nýlega komu fram tölulegar upplýsingar um þetta sem segja sína sögu og benda mjög ákveðið til að þessi tilhneiging í kerfinu sé svo rík að við megum búast við því að þessar fáu og stóru útgerðir verða búnar að ná langstærstum hluta aflaheimildanna til sín eftir mjög stuttan tíma. Og hvað gerist svo í tengslum við þetta? Það gerist að menn hætta að gera út. Þeir eru ekkert að standa í því. Það er hagkvæmara að láta einhverja aðra róa fyrir sig. Það er orðið þannig núna að samkvæmt tölum sem birtust í grein í Tímanum fyrir nokkrum dögum kemur fram að árin 1992–1993 leigðu menn frá sér aflaheimildir sem svarar 60% t.d. af þorskkvótanum. Þessi aðferð er talin vera einhver mesta hagræðingin í þessu kerfi og er oftast nefnd þegar ýmsir verjendur kerfisins eru að benda á hagkvæmnina og sveigjanleikann sem á að vera aðalatriðið í þessu kerfi, það að menn geti ráðstafað aflaheimildunum að vild. En hvað hefur gerst? Það hefur gerst að fleiri og fleiri bátar eru að verða kvótalitlir og kvótalausir. Fleiri og fleiri útgerðarmenn eru að gerast leiguliðar og flotinn minnkar ekkert. Hagræðingin er ekki lengur fyrir hendi. Þetta vinnur gegn hagræðingunni sem menn hafa haft fyrir rökstuðning fram að þessu.

Virðulegur forseti. Ég er eiginlega orðinn hálfruglaður á þessu tímatali sem við höfum fyrir framan okkur. Maður fær ævinlega tíu mínútur í einu og síðan ...

(**Forseti** (VS)**:** Nei. Það er ekki rétt hjá hv. þm. Það er þannig með töfluna að hún getur ekki talið nema upp í 30 mínútur. Við höfum það því þannig að við gefum fyrst 20 mínútur og síðan aftur 20 mínútur og nú hefur hv. þm. lokið við sínar 40 mínútur sem hann hefur til umráða.)

Virðulegi forseti. Það hefur skýrst fyrir mér að tími minn er liðinn og mér entist hann ekki til að segja allt sem ég hefði gjarnan viljað segja um þetta mál. En það koma aðrir tímar síðar og þá get ég bætt við þetta.

[15:46]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Allt frá því að kvótakerfið var tekið fyrst upp við stjórnun botnfiskveiða með lögum frá 28. des. 1983 hefur stjórnkerfi fiskveiða verið í stöðugri endurskoðun allt til þessa dags. Í raun hófst sú saga endurskoðunar sex árum fyrr eða árið 1977 þegar byrjað var á að takmarka þorskveiðar með svokölluðu skrapdagakerfi. Þannig hafa stjórnkerfin þróast og niðurstaða á þróunarferlinu jafnan tekið mið af stöðu sjávarútvegs á hverjum tíma, efnahagslegum skilyrðum í þjóðarbúinu og náttúrulegum aðstæðum í hafinu, ástandi fiskstofna og einnig ástandi og þróun byggðar í landinu og síðast en ekki síst pólitískum málamiðlunum á milli stjórnmálaflokka.

Það er því ekki nýtt að um jafnmikilvæg og viðkvæm málefni ríki skoðanamunur, bæði á milli stjórnmálaflokka og innan stjórnmálaflokka líka. Frumvörpin sem nú liggja fyrir eru því grundvöllur að málamiðlun á milli stjórnarflokkanna í meginatriðum þótt mikið verk sé óunnið áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir í nýjum lögum vonandi fyrir þinglok. Hér er

um erfið, flókin og yfirgripsmikil mál að ræða og það þarf að vanda til verksins og sannarlega eru skiptar skoðanir sem hafa á síðustu mánuðum birst í miklum deilum. Það er því ekkert undarlegt þó að tekist sé á um málið, bæði innan stjórnmálaflokka og á milli stjórnmálaflokka og segir mér svo hugur að þær umræður sem hér munu eiga sér stað í dag munu bera þess nokkurt vitni.

Til marks um þá öru þróun sem á sér stað í sjávarútvegi og sérstaklega við stjórn fiskveiðanna eru stöðugt að koma upp ný vandamál og viðfangsefni sem gildandi lög taka tæplega eða illa á. T.d. á þeim stutta tíma frá því að tvíhöfða nefndin lauk störfum í maí árið 1993 hafa komið upp nokkur mikilvæg viðfangsefni sem ekki voru til lykta leidd í nefndarstarfinu og e.t.v. vegna þess að þau höfðu þá ekki svo mikla þýðingu og þau virðast hafa nú. Má þar nefna stóraukna sókn íslenskra skipa í úthafsveiðar og innflutning og kaup ódýrra en fullkominna togara til slíkra veiða sem lög heimila ekki að skráð séu hér á landi, m.a. vegna aldurs. Þeirri spurningu verður nú að svara hvort slíkt eigi að heimila og tel ég að margt geti mælt með því og að það verði skoðað gaumgæfilega. Við stöndum andspænis því að þessi skip verði keypt af Íslendingum, þau verði gerð út frá Íslandi, þau verði gerð út á fjarlæg mið og það er ekki hægt að horfa fram hjá því að hér er að skapast mikilvæg veiðireynsla sem gæti orðið dýrkeypt fyrir þjóðina að annað ríki gæti notið þegar til framtíðar er horft.

Þá er einnig rétt að minnast hér á deilur sjómanna og útgerðarmanna sem tóku á sig nýja mynd á síðustu vikum sl. árs. Það kemur í ljós af lestri skýrslu tvíhöfða nefndarinnar að á þetta mál er minnst, þátttöku sjómanna í kvótaviðskiptum, en ekki tekið á því sem slíku.

Það er heldur ekki tekið á þessu efni í því stjfrv. sem hér liggur fyrir til umræðu og er ljóst að það verður verkefni þingsins núna næstu vikur að leiða til lykta þá deilu eða með öðrum hætti að beita sér fyrir því að sá hnútur verði leystur sem skapast hefur í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna og þá sérstaklega með tilliti til þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Í þessu sambandi vakti það sannarlega athygli mína og það leggur áherslu á hversu flókin þessi mál eru og hvað erfitt er að meta þróun þeirra þegar horft er til framtíðar, þegar ráðuneytisstjórinn í sjútvrn. kom fyrir sjútvn. og ég spurði hann að því hvort ekki hefði verið séð fyrir árin 1990 þegar lögin um stjórn fiskveiða voru undirbúin og sett að svo mundi fara með kvótaviðskiptin, kvótabraskið í landinu og síðast en ekki síst þátttöku sjómanna í þeim eins og raun ber nú vitni. Ég er hræddur um að ef fulltrúar sjómanna eða forustumenn Sjómannasambands Íslands, sem studdu það á sínum tíma að þessi lög voru sett 1990, hefðu séð fyrir um þá þróun sem hefur átt sér stað síðan, þá hefðu þeir ekki stuðlað að málinu með þeim hætti sem þeir gerðu þá. Ég trúi því að hv. þm. Halldór Ásgrímsson sem hér gagnrýndi Alþfl. fyrir það að vera með stefnu í sjávarútvegsmálum sem e.t.v. er kannski eitthvað nýtt fyrir Framsfl. að þurfa að vera með sjálfstæða stefnu í nokkrum málum, að ekki einu sinni hann hefði getað séð fyrir um það hvernig þessi þróun mundi verða vegna þess að ef hann hefði séð fyrir um þessa þróun í sambandi við kvótaviðskiptin, þá hefði hann stuðlað að því að það hefði verið staðið öðruvísi að setningu laga árið 1990. Og þetta enn og aftur leggur áherslu á það hvað þróunin er ör og að þessi málefni verða og eru í stöðugri endurskoðun. Það vill nefnilega gjarnan verða svo með þá sem tala ákafast fyrir einni leið í málinu að það fer að jaðra við að þeir trúi því að það sé engin önnur lausn til á viðfangsefnum sem koma upp hverju sinni.

Miklar deilur hafa staðið yfir um kvótakerfið allt frá því að það var fyrst tekið upp við stjórnun botnfiskveiða. Það er rétt að það verður alltaf erfitt að finna kerfi sem fullnægir öllum þeim markmiðum sem við viljum ná fram við stjórnun veiðanna. Afkasta- og sóknargeta fiskiskipastólsins er meiri en fiskstofnarnir þola. Það setur þessu máli öllu skorður og ekki síst nú þegar stjórnvöld hafa neyðst til þess að draga meira úr veiðum á þorski sl. tvö ár en dæmi eru til um áður. Það setur þessari endurskoðun enn þrengri og erfiðari skorður og gefur lítið svigrúm til að fara inn á nýjar brautir við fiskveiðistjórnunina.

Hæstv. forseti. Það er ekki úr vegi þegar jafnbrýn mál eru til umræðu hér á Alþingi að við horfum til baka og reynum að meta þá reynslu sem við höfum í farteskinu af þeim kerfum sem við höfum búið við við stjórnun fiskveiða að við reynum á grundvelli þeirrar reynslu að horfa til framtíðar. Mér segir svo hugur að sú niðurstaða sem þessi endurskoðun skilar eigi ekki eftir að standa lengi óbreytt áður en aftur verður kallað saman til nýrrar endurskoðunar til að takast á við enn ný viðfangsefni, enn ný vandamál sem ákvarðanir okkar nú í sambandi við þessa endurskoðun munu fela í sér. En hver hefur reynslan af kvótakerfinu verið? Hefur kvótakerfð skilað þeim árangri sem við væntum í upphafi þegar það var sett, þegar byrjað var að hanna þetta kerfi upp úr árinu 1983 og hefur verið að þróast allt til þessa? Og kannski fullhannað árið 1990. Þá er það fyrsta spurningin og fyrsti mælikvarðinn sem verður að setja og standa undir: Hefur þetta kerfi verndað fiskstofnana? Hefur árangurinn af þessu kerfi orðið sá að við stöndum uppi með sterkari fiskstofna í sjónum nú en við gerðum 1983?

Það er rétt að minnast þess að árið 1983 þegar tekið var til við að undirbúa að setja þetta kerfi á kom út mjög svört skýrsla, ein sú svartasta sem Hafrannsóknastofnun hefur gefið út. Og einmitt á árinu 1983 og 1984 ef ég man einhverjar tölur, þá náðu íslensku fiskiskipin ekki útgefnum aflaheimildum og voru með heildarþorskafla 287 þús. tonn eða undir 300 þúsund tonnum sem taldist hrun á þeim árum og rétt um 300 þúsund 1984. Og þetta var e.t.v. tilefni til þess að menn báru mikinn ugg í brjósti gagnvart framtíðinni. En síðar meir kemur í ljós að þessi sömu ár, 1983 og 1984, eru þau bestu nýliðunarár þorskstofnsins um margra, margra, margra ára skeið og byggja upp þann þorskstofn sem við höfum verið að lifa af út allan síðasta áratug, jafnvel fram á þennan dag í dag. Og þetta

vekur sannarlega spurningar, annars vegar um hafrannsóknirnar sem ég ætla að koma frekar að á eftir og hins vegar það hvað því veldur að hlaupið er til og hannað kerfi til að takast á við ofveiði á grundvelli upplýsinga sem ekki eru þó réttari en svo að síðar meir koma nýjar upplýsingar fram sem gefa til kynna að ástandið í hafinu var með því besta sem hafði gerst um nokkurra ára skeið og það besta allt fram á þennan dag. Það er vonandi að slíkt sé að gerast í hafinu umhverfis landið núna. Það er vonandi. En það mundi svo sannarlega koma á óvart ef svo væri vegna þess að okkur hefur verið talin trú um hið gagnstæða að slíkt geti ekki átt sér stað.

Þeirri spurningu verður að svara þegar þetta mál verður rætt í sjútvn.: Hefur kvótakerfið verndað fiskstofnana? Þegar við lítum yfir tölur um veiði frá árinu 1983 og til ársins 1991 þá sjáum við að það hefur yfirleitt alltaf verið farið fram úr útgefnum heimildum sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til og þegar við höfum búið við þetta kerfi þá stöndum við í þeim sporum 1991 að við þurfum að draga saman þorskveiðina meira en nokkurn tíma áður hefur verið lagt til. Er það kvótakerfinu að kenna? Er það kvótakerfinu að kenna, hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem hefur mikla þekkingu á þessum málum? Við getum ekki komist hjá því að svara þeirri spurningu hvort það kerfi sem Framsfl. hefur barist mest fyrir að koma á hér í landi yfir stjórn fiskveiðanna, hvort það sé því kerfi að kenna að fiskstofnarnir standa jafnilla og Hafrannsóknastofnun staðfestir með skýrslum sínum. Það eru ekki mín orð. Ég er að velta hér fram spurningum (**StG:** Ertu að biðja mig um að svara því?) sem við þurfum að standa frammi fyrir og eiga svör við.

Í öðru lagi var sagt þegar kvótakerfið var sett á að það ætti að auka hagkvæmni í rekstri og draga úr skuldsetningu fyrirtækjanna. Og enn og aftur er ég viss um að það eru ekki allir sammála um svörin í þessum efnum heldur að kvótakerfið hafi skilað þeim árangri sem af stað var farið með hvað þetta varðar. Það hefur verið deilt á sjávarútveginn fyrir að auka skuldsetningu sína á sama tíma og lagt er að þeim að draga úr veiðunum. Þá hafa þeir aukið skuldsetninguna, í fjárfestingu meira að segja líka. Það er vonandi ekki kvótakerfinu að kenna. En kvótakerfið kemur hér við sögu af því að það átti að stuðla að hinu gagnkvæma. Það átti að draga úr fjárfestingu í sjávarútveginum. Það kann að vera eins og sumir hafa bent á að ef eitthvert annað kerfi hefði verið þá hefði því tekist langtum verr upp en aflamarkskerfinu og þess vegna hafi kvótakerfið verið betra þegar upp er staðið af því að það er ekki eins vont og önnur kerfi. Það kann að vera að öll kerfin séu vond með einhverjum hætti. En ef við ætlum að spyrja ærlega og heiðarlega og meta reynsluna af því sem við höfum sett upp þá verðum við að geta svarað þessari spurningu líka.

Samhliða þessari spurningu verður einnig að spyrja að því hvort þetta kerfi hafi dregið úr afkastagetunni. Jú, jú, það má e.t.v. reyna að mæla það með einhverjum ráðum en erfitt er um vik að mæla. Samt 10 árum eftir að þetta kerfi var innleitt er það eitt stærsta vandamálið í sjávarútveginum að mati þeirra sem hafa áhyggjur af ofveiðinni, að afkastagetan sé allt of mikil. Þurfum við að búa við þetta kerfi 10 ár enn til þess að það skili fullum árangri við það að draga úr afkastagetunni?

Í fjórða lagi, og þá verð ég sérstaklega að snúa máli mínu að hv. þm. Framsfl.: Var þetta kerfi besta lausnin eða málamiðlunin til þess að treysta byggð, treysta búsetuna í landinu og leggja grundvöll að lífskjörum fólks í sjávarbyggðunum? Það vill nú svo til að í minni heimabyggð hafði ég einmitt reynslu af hinu gagnstæða. (**StG:** Hvar hefur aukningin orðið mest?) Ég hafði reynslu af hinu gagnstæða. Ég er að tala um mína heimabyggð. (**StG:** Hvar hefur aukningin orðið mest, í hvaða kjördæmi?) Já, einmitt. Aukningin hefur orðið mikil á nokkrum stöðum, en það bitnar á öðrum stöðum. (**StG:** Í hvaða kjördæmi?) Og ég er ekki viss um að það sé stefna félagshyggjuflokka ef Framsfl. vill enn telja sig til þess hóps í íslenskum stjórnmálum að það sé vogandi að setja atvinnuna á slík markaðstorg. Það er þess vegna sem Alþfl. hefur áhyggjur af því að þetta kerfi þurfi að vera hér við lýði um aldur og ævi. Það er þess vegna sem við höfum áhyggjur af því ef við horfum til þess að þurfa að búa við þetta kerfi um aldur og ævi. (Gripið fram í.) Við höfum áhyggjur af því að þetta raski um of byggð í landinu og síðast en ekki síst að það sé allt of mikil áhætta varðandi atvinnu fólksins fólgin í að það skuli ráðast af því hvernig þeir eigendur sem eiga kvótann haga sér á markaðstorginu. (Gripið fram í.)

Í sjötta lagi má aftur spyrja að því hvort kerfið hafi stuðlað að því að aðilar í sjávarútvegi hafi lagt áherslu á að leita nýrra fiskimiða og eflt veiðar sínar í ónýttum tegundum. Það má líka deila um þetta. Alla vega hefur samvinna okkar við útlendinga á úthafsmiðum verið okkur mjög gagnleg þar sem í samvinnu við útlendinga hafa fundist ýmsar nýjar smugur á úthafsmiðum sem við höfum getað nýtt okkur sérstaklega hin síðustu ár og ég er ekki viss um að það sé kvótakerfinu að þakka. Um það getum við deilt líka.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafði áhyggjur af því að frv. sem hér liggur fyrir væri hugsanlega ekki nógu gott. Það er rétt. Málið er vont vegna þess að sannarlega erum við í vondri stöðu. Ef við værum nú að fiska 400 þús. tonn eins og þjóðin er vön að gera og hefur verið vön að gera í gegnum tíðina, 300–400 þús. tonn, þá ættum við ekki við þennan vanda að etja. Og það er það sem setur okkur skilyrðin þröng, gerir það að verkum að það er erfitt að stuðla að mikilli röskun hvað kerfið varðar akkúrat nú á þessum mánuðum. En stefna Alþfl., af því að hún hefur komið hér til umræðu, er skýr. Það var gott hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að kynna þá stefnu hér. Hann las hana og kynnti hana fyrir hv. þm. Ég ætlaði mér að gera það. En nú hefur hv. þm. Halldór Ásgrímsson gert það og ég þakka honum fyrir það og ég veit að hann mun áfram boða þessa stefnu af því að hann sér að þegar allt kemur til alls er verið að ræða um drög að betri niðurstöðu en við erum neydd til þess að horfast í augu við núna um þessar mundir.

Það má einnig geta þess að í stefnumótun Alþfl. fyrir þremur árum, svo að við leggjum áherslu á samkvæmni málsins, kemur greinilega fram, með leyfi forseta:

„Alþfl. vill gerbreyta núverandi kvótakerfi sem er bæði ósanngjarnt og óhagkvæmt. Breytingarnar sem gera þarf eiga að taka mið af þörfum fólksins í sjávarbyggðunum og koma í veg fyrir óeðlilega samþjöppun veiðiheimilda og óeðlileg viðskipti með þær. Það er lífsspursmál að fiskveiðistjórnin sé sátt við fólkið í landinu." — *Ég endurtek: „Það er lífsspursmál að fiskveiðistjórnunin sé í sátt við fólkið í landinu."* (**Gripið fram í:** Er hún það ekki núna?)

Já, eitt er stefna, annað eru gerðir og svo er enn annað málamiðlanir. Ekki trúi ég því að það hafi verið stefna fyrrv. sjútvrh., hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, þegar hann hafði forustu um að lögin um fiskveiðistjórnunina voru sett 1990 þar sem kveðið er á um að smábátar sem þá voru á krókaleyfum skyldu fara á aflamark með 2,2% heildarhlutdeild í aflanum, tæplega 3 þús. þorskígildislestir ef þetta hefði gengið eftir. Og allir sjá að ef þetta hefði gengið eftir 1. sept. 1994, þá hefði það lagt þennan útveg nánast í rúst og ekki bara þá einstaklinga og fjölskyldur sem þennan útveg stunda heldur ekki síður margar þær byggðir sem byggja afkomu sína á smábátaútgerðinni.

Ég trúi því ekki að það hafi verið sérstakt baráttumál Framsfl. að koma málum þannig fyrir, enda hefur Framsfl. nú skipt um skoðun í málinu. Og ég fagna þeim skoðanaskiptum sem komu fram í máli hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, varaformanns Framsfl., áðan að hann ætlar að stuðla að þeirri lausn sem stjórnarflokkarnir leggja upp með í þinginu um úrvinnslu krókaleyfisbátanna. Já, eitt er stefna, annað er málamiðlun, það kann að vera og fáir ættu að hafa meiri reynslu af því en hv. þingmenn Framsfl. í gegnum tíðina. Það eru ekki mín orð að saka Framsfl. um að það hafi verið stefna hans árið 1990 að loka nánast fyrir smábátaveiðar, smábátaútgerð hér á landi árið 1994. Ég trúi því ekki. Það var hluti af málamiðlun.

Virðulegi forseti. Í sambandi við veiðar smábátanna, þá hefur hér verið lagður grunnur að útfærslu og samkomulagi. Það er rétt að hér eru lagðir til allmargir banndagar og má víst um það deila hvort þeir séu fleiri en nauðsyn ber til. Eitt vil ég þó nefna í þessu sambandi. Ég tel afar óskynsamlegt að byggja þetta upp á sjö banndögum í lok hvers mánaðar, það mismunar aðstæðum eftir landshlutum. Og síðast en ekki síst held ég að það sé ekki heppilegt fyrir útgerðarmynstur sem þetta að svona samfellt langt bann verði í hverjum mánuði, fyrir utan það að þetta hlýtur að koma illa við vinnsluna í landi sem byggir á veiðum smábátanna. Þess vegna held ég að það verði að skoða mjög gaumgæfilega hvort hægt er að komast af með færri banndaga og í öðru lagi að dögunum verði dreift öðruvísi. Vil ég nefna þá hugmynd að t.d. allir sunnudagar verði teknir inn í banndagafjöldann. Það verður skoðað gaumgæfilega, vona ég, í hv. sjútvn.

Hæstv. forseti. Ekki verður komist hjá að ræða þessi mikilvægu mál öðruvísi en að minnst sé á Hafrannsóknastofnun. Það eru miklar kröfur gerðar til Hafrannsóknastofnunar og það hvílir sannarlega mikil ábyrgð á þeirri stofnun og í raun skipta áætlanir hennar og niðurstöður svo miklu fyrir afkomu þjóðarbúsins, allra fjölskyldna í landinu og lífskjör að að slíkri stofnun verður að búa vel. Það verður að segjast eins og er að það hefur þessari hæstv. ríkisstjórn ekki tekist, að hlúa að Hafrannsóknastofnun eins og hefði átt að gera. Hún býr við fjársvelti. Hún getur ekki staðið undir þeim miklu kröfum sem til hennar eru gerðar og þar af leiðandi ekki byggt sínar áætlanir og sínar niðurstöður á þeim traustu grunni sem ég veit að æskilegast væri. Þess vegna tel ég afar brýnt að það verði nú skoðað rækilega hvort ekki sé löngu kominn tími til að stórefla Hafrannsóknastofnunina og starfsemi hennar. Það kostar fjármuni og þá fjármuni verður að taka frá öðrum og færa þeim og ég vona að um það geti náðst góð samstaða við fjárlagagerð fyrir næsta ár.

Þá er ekki heldur hægt að komast hjá þeirri spurningu sem verið hefur til umræðu síðustu daga, hvort ástæða sé til að bæta við heildarþorskkvótann. Ég vil í því sambandi segja að það er náttúrlega algert ábyrgðarleysi að ýta slíkum hugmyndum gersamlega frá sér. Ef nýjar upplýsingar gefa tækifæri til þá eigum við að byggja á þeim upplýsingum þó á miðju kvótaári sé og bæta við kvótann ef þess er nokkur kostur. Sjómenn tala um meiri fiskgengd í sjónum núna síðustu vikur og sérstaklega síðustu mánuði. Það er meiri loðna í sjónum en verið hefur, sem gefur von*ir um að skilyrðin fyrir þorskinn séu betri en oft áður.* Síðast en ekki síst verður að horfa til þess hversu lengi sjávarútvegurinn þolir það og atvinnulífið í landinu og ég nefni ekki byggðirnar, þegar útgefinn kvóti verður upp urinn löngu áður en kvótatímabilinu lýkur.

Ég treysti hæstv. sjútvrh. til þess að fylgjast mjög gjörla og vel með þessu máli. Hér má ekki rasa um ráð fram og hér verður að fara varlega og hér verður náttúrlega að byggja á einhverjum öðrum grunni en tilfinningum. En spurningin er sú og sérstaklega með það í huga ef togararall er fram undan, hvort nýjar upplýsingar kunni að gefa okkur von um að það megi þegar fara að nýta sér afrakstur friðunar síðustu tveggja ára.

Hæstv. forseti. Ég ætla að fara að ljúka máli mínu. Hér er um mikilvægustu málefni að ræða sem þjóðin stendur frammi fyrir. Ég vil aftur leggja áherslu á að það er trú mín að hér sé verið að skipa málum til stutts tíma. Hér er verið að skipa málum til stutts tíma af því að þróunin í sjávarútvegi er svo ör að það þarf alltaf að *grípa inn í með nýjum leiðum og nýjum viðbrögðum.* Ég vil einnig láta þá von í ljós að fiskstofnarnir í sjónum muni vænkast og hressast svo fljótlega að þeir muni gefa okkur svigrúm til þess að komast út úr þeim ógöngum sem kvótakerfið hefur sannanlega sett okkur í. Hvort sá tími er nú efast ég um, en ég vona að sá tími verði senn í nánd.

[16:20]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Austurl., sem hér var að tala, beindi til mín spurningu sem sjálfsagt er að svara. En ég vil fyrst spyrja hann, vegna þess að hann

hefur möguleika á að koma hér upp á eftir mér, þar sem hann vék að kvótabraskinu. Það væri út af fyrir sig fróðlegt að fá að vita hvað menn eiga við þegar þeir eru að tala um kvótabrask. En ef við tölum hins vegar um meinta þátttöku sjómanna í kvótakaupum, sem varð tilefni verkfallsins, þá langar mig til að spyrja hv. þm.: Hvernig má það vera að Alþfl. beitti sér þá ekki fyrir því og studdi hæstv. sjútvrh. í því, sem hefur lýst því yfir að hann hefði verið tilbúinn til að setja lög sem kváðu skýrt á um að óheimilt væri að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum? Af hverju gerði ríkisstjórnin þetta ekki og undirstrikaði þar með þá yfirlýsingu sem gerð var við kjarasamningana 1992?

Hv. þm. spurði líka hvort fiskveiðistjórnunin hefði skilað þeim verndunaráhrifum á fiskstofnana sem ætlast hefði verið til. Svarið er klárt, hv. þm. svaraði því sjálfur. Hann tók undir með samþingmanni sínum, hæstv. viðskrh. Sighvati Björgvinssyni, þar sem þeir gera nú háværar kröfur um að aflaheimildir verði auknar. Sýnir það okkur ekki að þessir menn telja sig fullvissa um að það sé meiri fiskur í sjónum? Kvótakerfið virðist þá sú stýring sem gefur okkur vonir um að það sé meiri fiskur í sjónum. En ég vil fara varlega í þeim efnum, ég vil taka það skýrt fram. Það koma aðrir á eftir okkur, börnin okkar, barnabörnin o.s.frv. og þau eiga líka rétt á að fá eitthvað til þess að búa við. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti, aðeins eitt sem ég á eftir að svara hv. þm. Það var um afkomuna, hvort afkoman hefði batnað. Árið 1976, hv. þm., var nýtingin í sjávarútvegi í vinnslunni í landi 36%. (Forseti hringir.) Í dag er hún komin í hvorki meira né minna en 45%. Hún hefur aukið aflaverðmæti um hvorki meira né minna en um 25% á þessum tíma.

[16:23]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var rétt sem ég hélt fram í minni ræðu og hv. þm. Stefán Guðmundsson staðfestir nú, e.t.v. með því að horfa fram hjá því, að það var og það er kvótakerfinu að kenna hvernig komið er í sambandi við hugsanlega þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Hvort það hafi í upphafi verið stefna Framsfl. að standa þannig að málinu lagði ég áherslu á í minni ræðu að hefði ekki endilega þurft að vera. En það hefur ekkert komi fram í þessari umræðu enn sem hefur tekið af öll tvímæli um það að ekki hefði verið stefnt að þessari niðurstöðu, enda staðfestir ráðuneytisstjórinn í sjútvrn. það. Það hefur ekki staðið á Alþfl. að standa gegn því að sett verði lög, þau ákvæði í samningi sjómanna og útgerðarmanna sem fjalla um bann við hugsanlegri þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Það hefur ekki staðið á Alþfl. En það vekur athygli mína að hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem hefur áhuga á málinu, skuli ekki hafa lagt fram frv. til laga þessa efnis hér í þinginu. Honum er það heimilt, hann getur það eða leitað eftir því hvort það væru aðrir hv. þingmenn sem mundu vilja taka þátt í slíkum tillöguflutningi. Það er ekki gott að vera í pólitík með þeim hætti að benda á aðra en þora ekki sjálfur.

[16:25]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sjálfsagt að svara hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni. Þegar við töluðum um bráðabirgðalögin, hv. þm., þá kom afstaða mín skýrt í ljós og allra þingmanna Framsfl. Framsfl. talaði gegn því og vildi sníða af þá annmarka á kerfinu sem gera það mögulegt að sjómenn eru látnir taka þátt í kaupum á veiðiheimildum. Við erum á móti slíku og við eigum auðvitað að hafa vit á því að sníða annmarka af þessu kerfi en það þarf ekki að kollvarpa kerfinu til þess. Ég spurði einmitt hæstv. sjútvrh. að því hvort hann vildi flytja frv. í þessa veru sem hv. þm. nefndi og ráðherrann lýsti því yfir að hann væri tilbúinn að gera það ef það mundi leysa málið.

Ég hef vissulega velt því fyrir mér hvort ég ætti að gera slíkt. Ég gerði það ekki, enda hefði það sjálfsagt ekki breytt miklu eins og málið var komið þá. En ég tel að í vinnu hv. sjútvn. eigi menn tvímælalaust að sníða af þessa annmarka og ég vonast eftir stuðningi Alþfl. við því máli, þó ég efist um það vegna þess að þeir hefðu auðvitað með stjórnaraðstöðu átt að gera það fyrr.

[16:26]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Margir hv. þm. biðu með nokkurri eftirvæntingu eftir því að hlýða á ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Það hafði legið í loftinu að það mundi verða flutt hér skörulega og kraftmikil ræða af hálfu Alþfl. sem gagnrýndi núverandi skipan. Það er skemmst frá því að segja að sú ræða var ekki flutt heldur voru hér ýmsar óljósar vangaveltur. Þannig að mig langar til að spyrja hv. þm.: Er það rétt skilið að þessi ræða hans feli það í sér að þingmaðurinn styður frv. sem hér er til umræðu nokkurn veginn í þeirri mynd sem það er flutt og hyggst ekki sjálfur flytja neinar sérstakar brtt. við það?

[16:27]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að við séum sammála hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson að hv. sjútvn. fái þetta mál að loknum umræðum til þinglegrar umfjöllunar og nákvæmrar skoðunar þar sem allir flokkar hafa sinn fulltrúa. Þar mun náttúrlega gefast tækifæri til þess að kalla til viðræðna alla þá aðila sem hagsmuna eiga að gæta. Ég ræddi þetta mál frá ýmsum sjónarhornum og reyndi að skýra út mína afstöðu og míns flokks og ég trúi ekki öðru en hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson sé mér sammála um það að mál geti tekið breytingum eftir að það hefur verið lagt fram sem stjfrv.

Á hitt lagði ég ekki ekki síður áherslu í minni ræðu og geri aftur að hér liggur fyrir grundvöllur til samkomulags á milli stjórnarflokkanna. Ég benti líka á hvað þróunin í sjávarútvegi er ör. Bara á þeim fáu mánuðum síðan þetta frv. var fyrst lagt fram, þá koma inn á okkar borð ný verkefni sem við þurfum að takast á við samhliða þessu máli. Þess vegna tel ég að hér sé um grundvöll til samstarfs að ræða, en ég er viss um að niðurstaðan verður ekki orðrétt sú í textanum sem nú liggur fyrir og er til umræðu.

[16:29]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má helst ráða af þessu svari að hv. þm., fulltrúi Alþfl. í sjútvn., styðji frv. eins og það er hér lagt fram í öllum meginatriðum. Í öðru lagi hyggst hann ekki beita sér fyrir neinum sérstökum breytingartillögum á frv. Í þriðja lagi mun hann að sjálfsögðu skoða einhverjar tillögur sem aðrir kunna að flytja í nefndinni, það er venja í þinginu, en spurning mín var sú hvort fulltrúi Alþfl. í sjútvn. hygðist beita sér fyrir einhverjum breytingum og svarið við því kom alveg skýrt. Svo er ekki. Að vísu var undir lokin aðeins vísað í smávegis orðalagsbreytingar. En mér finnst þetta fela það alveg skýrt í sér að það hefur komið fram að fulltrúi Alþfl. sættir sig við frv. eins og það er hér flutt og hyggst ekki beita sér fyrir neinum brtt. Hitt er svo annað mál að veröldin breytist og nýir tímar koma og það er hægt að bera fram alls konar spurningar og það þekkja þeir best sem fjalla um veröldina (**Umhvrh.:** Eins og hún var.) eins og hún var og verður og var fyrir þúsundum ára. Það er hins vegar ekki það sem þingið þarf að taka afstöðu til heldur þetta frv. og það er þakkarvert að hv. þm. hefur tekið af skarið með það að fulltrúi Alþfl. hyggist ekki beita sér fyrir neinum sérstökum breytingum á þessu frv.

[16:31]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er farinn að halda það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson hafi verið upptekinn við að hlusta á annað en mína ræðu sem ég flutti hér sem svar við andsvari fyrir stuttu síðan. Ég lagði einmitt áherslu á að þetta mál mundi fá þinglega meðferð, að því mundi ég stuðla, og ég mundi taka fullan þátt í þeirri vinnu og ég vil aftur vísa til ræðu minnar þar sem ég var einmitt að tala um ýmis atriði, m.a. sem þyrfti að breyta, frá því sem nú stæði í frv., t.d. í sambandi við banndagakerfi krókaleyfisbáta og framsetningu þess og hvernig því verður fyrir komið og ýmis önnur atriði nefndi ég.

Síðast en ekki síst tók ég undir ályktun Alþfl. sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson kynnti svo vel hér og sannarlega mun ég hafa þá ályktun til leiðsagnar í nefndarstarfinu í hv. sjútvn.

[16:32]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í aðra röndina var ég undrandi á því að ríkisstjórnin skyldi hætta sér út í umræðu sem þessa nú í ólgandi iðu ósamlyndis sem brýst ekki síst fram í sjávarútvegsmálum. Þetta hefur vissulega sett sinn svip á umræðuna í dag en ég verð að segja að það er ekki annað en að sóa tíma þings og þjóðar ef það kemur í ljós á endanum að ríkisstjórnin hefur ekki meiri hluta eigin fulltrúa á bak við sig í þeim tillögum sem hún setur fram og það gerist standi menn við skoðanir sínar en sitji ekki bara í sínum stólum og fórni jafnvel hugsjónum sínum fyrir vikið. Þetta held ég að sé alveg nauðsynlegt að líta á í upphafi vegna þess að annaðhvort er hér fram undan mikil sjávarútvegsumræða á Alþingi eða mikil tímasóun sem ég vil ekki taka þátt í.

Sjútvrh. hefur einn verið látinn sitja við þessa umræðu lengst af í dag ef litið er á ráðherrastólana. Það segir í fyrsta lagi dálítið sína sögu. Ég er ekki að gera lítið úr því að einn af ráðherrum Alþfl. hefur sést hér af og til en mér þykir þetta nokkuð einmanalegt og ég get ekki annað en látið í ljós ákveðna samúð með hæstv. sjútvrh.

Í öðru lagi held ég að það verði ekki hjá því komist að hafa þessa umræðu í dag í ljósi þess leiðara og þeirrar ályktunar alþýðuflokksmanna og Alþýðublaðsins sem hér hefur verið vitnað til nú þegar í dag því þar eru ekki spöruð stóru orðin. Þetta er jú flokkur sem á aðild að stjórnarsamstarfi. Og jafnvel þótt eitthvað verði hér tvísagt þá get ég ekki ræðu minnar vegna annað en vitnað örlítið í leiðara Alþýðublaðsins þann 2. febr. sl. þar sem verið var að fjalla sérstaklega um ályktun flokksstjórnarfundar Alþfl. helgina á undan sem að mati leiðarahöfundar Alþýðublaðsins er gegn núverandi stefnu í stjórn fiskveiða. Með leyfi forseta ætla ég að grípa á þremur stöðum niður í þennan texta:

„Ályktun flokksstjórnar Alþfl. er stríðsyfirlýsing gegn fjárhagslegri og siðferðislegri spillingu kvótakerfisins.

Í ályktun flokksstjórnarinnar segir m.a.: Leiguliðakerfi þar sem braskað er með lífsafkomu einstaklinga og jafnvel heilla byggðarlaga tilheyrir annarri þjóðfélagsgerð en við búum við á ofanverðri 20. öldinni. Þess vegna lýsir flokksstjórn Alþfl. því yfir að stefna beri að gjörbreytingu á fiskveiðistjórnuninni. Sem fyrsta skref telur flokksstjórnin eðlilegt að kannað verði sérstaklega hvort gefa eigi veiðar frjálsar í þá stofna sem ekki hefur tekist að ná áætluðum afla."

Í leiðaranum segir síðan: „Í ályktun flokksstjórnar segir m.a. um veiðileyfagjaldið: Óþolandi er að ákveðnum hópi manna eða fyrirtækja sé úthlutuð helsta auðlind þjóðarinnar endurgjaldslaust en síðan sé þeim heimilt að ráðskast með þessa sameign allra landsmanna eins og um séreign væri að ræða."

Á þriðja stað í þessum leiðara eru þau ummæli sem kannski helst hafa vakið athygli manna í þessari umræðu og nauðsynlegt er að fá skýrari afstöðu til alþýðuflokksmanna en ég mun aðeins koma að því nánar á eftir að hér hafi verið misvísandi ábendingar á ferðinni:

„Ályktun flokksstjórnar Alþfl. um stjórnun fiskveiða er skýr og ótvíræð: Alþfl. hafnar þeirri spillingu og óréttlæti sem núverandi kvótakerfi býður upp á. Alþfl. mun berjast af öllu afli gegn því að fáir sægreifar fái að ausa endurgjaldslaust úr helstu auðlind þjóðarinnar, fiskimiðunum, og ráðskast með sameiginlega eign þjóðarinnar eins og séreign. Alþfl. telur nauðsynlegt að hlúð sé að vistvænum veiðum og Íslendingar séu öðrum þjóðum fordæmi í þeim efnum. Alþfl. er einnig þeirrar skoðunar að núverandi fyrirkomulag fiskveiða sé úrelt og tilheyri annarri þjóðfélagsgerð og öðrum tímum en við lifum á.

Alþfl. hefur með ályktun sinni áréttað stefnu sína í þessum málaflokki og sagt óréttlæti, spillingu og stöðnun í stjórnun fiskveiða stríð á hendur."

Er furða þó menn spyrji hér spurninga? Og er furða

þó menn krefji alþýðuflokksmenn svara þegar málgagnið fer þessum höndum um harðorða ályktun flokksstjórnar Alþfl. og birtir hana? Hér verð ég að viðurkenna að við höfum fengið afskaplega misvísandi skilaboð og ég vona sannarlega að fleiri alþýðuflokksmenn séu tilbúnir til þess að gefa svör og það nokkuð skýrari svör en við höfum fengið um raunverulega skoðun sína og einnig um það hvort þeir séu reiðubúnir til að standa við skoðun sína því að við erum að tala um annan stjórnarflokkanna. Við hljótum að gera þessa kröfu til þess flokks sem á þó þrátt fyrir allt enn aðild að þessari ríkisstjórn að það sé á hreinu hvort hann yfir höfuð er reiðubúinn að standa við stefnu sína eður ei og í öðru lagi hvort hann sé reiðubúinn til þess að starfa í þessari stjórn því að ég sé ekki að þetta tvennt geti farið saman. Því heimtum við skýr svör.

Það vakti vissulega athygli mína í upphafi þessarar umræðu að á meðan hv. 4. þm. Reykn., þingflokksformaður Alþfl., og hv. 1. þm. Austurl., skiptust á skoðunum um hversu alvarlega bæri að taka skrif Alþýðublaðsins um stefnu Alþfl. í sjávarútvegsmálum hélt hv. 5. þm. Austurl., fulltrúi Alþfl. í sjútvn., uppi nokkrum frammíköllum. Umræðuefnið var hvort þessi tilteknu skrif Alþýðublaðsins bæri að taka alvarlega eða ekki. Þingflokksformaður Alþfl. reyndi, hafi ég skilið hana rétt, að draga úr því að að taka ætti þessi ummæli svo ýkja alvarlega en á meðan var hv. 5. þm. Austurl. að kalla fram í og ítreka að að sjálfsögðu bæri að taka þessi ummæli alvarlega. Það staðfesti hann að einhverju leyti í ræðu sinni en ég tek undir með þeim gagnrýniröddum sem hér hafa komið fram að vissulega hefði maðurinn mátt orða sína hugsun skýrar.

En aftur á móti þá leyndu skoðanir hans sér ekki og það er út af fyrir sig guðsþakkarvert. Hv. þm. fann núverandi kvótakerfi, sem frv. vissulega byggir á, allt til foráttu. Ekki var það endilega til þess að vernda fiskstofnana. Það gat átt hlut í því að brjóta á sjómönnum, raska byggðum og fleira má rekja úr ræðu hans þannig að ég skil í rauninni ekki hvernig hann getur litið á að þetta kerfi sé fyrir hann, mann með hans skoðanir, eitthvað sem er hægt að setja á, ekki einu sinni fram til morguns.

Hæstv. sjútvrh. hefur greint frá því að tillögur þríhöfða nefndar ráðuneytisstjóranna um kvótaþing eigi að vera með í umræðu sem lausn á kvótabraskinu, lausn sem mér þykir raunar alls ekki taka á vandanum. Þetta staðfesti hann í ræðu sinni áðan og í bréfi til hv. sjútvn. við afgreiðslu á bráðabirgðalögunum sem við tökum fyrir á morgun. Mig langar að spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson, sem ég trúi að heyri mál mitt, mig langar að beina spurningu til hans: Er hann sammála því að lausnin um kvótaþingið taki á því kvótabraski eða sé yfir höfuð æskileg lausn sem beri að taka inn í það frv. um stjórn fiskveiða sem við erum hér með til umfjöllunar? Mig langar að spyrja hann skýrt um hans skoðun í því máli því ég gat ekki skilið hæstv. sjútvrh. öðruvísi en svo, bæði í ræðu sinni hér og eins í því bréfi sem hann sendi til sjútvn., að hann ætlaðist til að þessar tillögur yrðu teknar þar með og litið á þær sem lausn á ákveðnum vanda sem allir eru sammála um að sé fyrir hendi.

Ég fæ ekki betur séð á þessu ósamlyndi öllu saman heldur en að ríkisstjórnin hafi í raun og veru afhent okkur óskrifað blað í stað þeirrar sjávarútvegsstefnu sem látið er í veðri vaka að hér sé til umræðu en nýtur í raun tæplega meiri hluta fylgis núverandi stjórnvalda.

Ég bendi einnig á ákveðnar, kannski dálítið loðnar yfirlýsingar hv. formanns sjútvn. sem kemur úr röðum sjálfstæðismanna en hann hefur ýmislegt við þetta frv. að athuga þótt hann geti því miður ekki verið hér við þessa umræðu í dag og það er af ástæðum sem ekki er hægt að vefengja. En ég treysti honum til þess að láta sínar skoðanir í ljós nú sem endranær þegar þetta frv. verður til áframhaldandi umfjöllunar.

Ég get ekki séð annað en eitt af þrennu hljóti að gerast. Í fyrsta lagi það að nýr stjórnarmeirihluti myndist í þessari umræðu og það eru auðvitað allt önnur og meiri tíðindi heldur en hér er efnt til og útheimtir ekkert minna en nýjar kosningar svo kjósendur geti tjáð sig um stöðuna.

Ég nefni þetta hins vegar vegna þess að það er ekki hægt að neita því að aðdáendur núverandi kerfis og þeirra lausna eða þeirrar útfærslu á því kerfi, sem kynnt er í því frv. sem hér er til umfjöllunar, komi úr annars vegar öðrum stjórnarflokknum og alls ekki þó óskiptum og svo hins vegar úr einum stjórnarandstöðuflokka. En ég verð að viðurkenna að það er dálítið einkennilegt og yrði dálítið einkennilegt ef stjórnarandstæðingar væru reiðubúnir til þess að ljá ríkisstjórninni liðsinni sitt án þess að hafa verið með í ráðum við endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni því það eitt út af fyrir sig er auðvitað alveg forkastanlegt og segir dálítið um þau óskynsamlegu og ólýðræðislegu vinnubrögð sem hér hafa verið viðhöfð. Því miður er þetta ekki eina dæmið, en kannski eitt það illskeyttasta, sem við höfum að glíma við varðandi vinnubrögð þessarar ríkisstjórnar.

Annar möguleiki og hann útiloka ég síður en svo er sá að umræðan um þetta plagg sé sýndarmennska ein og það standi alls ekki til að hreyfa neitt við sjávarútvegsmálum þrátt fyrir að lagaskylda hafi verið að endurskoða sjávarútvegsstefnuna fyrir árslok 1992. Það er mikið vatn runnið til sjávar síðan það var og það hefur oft og iðulega verið minnt á hversu það lögbrot var áberandi alvarlegt.

Í þriðja lagi er hægt að búast við því að hér sé verið að leggja fram frv. bara til að leggja fram frv. Það er varla tilviljun að oftar en einu sinni hefur því verið svarað til af hálfu ríkisstjórnarinnar að samkomulag hafði náðst um að leggja frv. fram og vísa ég nú bæði í hv. 1. þm. Vestf., formann sjútvn., og einnig ræðu hv. 5. þm. Austurl. hér áðan. Þetta er eitt sem menn virðast þó geta sameinast um, að um þetta sé samkomulag, enda var frv. lagt fram og það er meira að segja búið að taka það til umræðu og það er kannski meira heldur en margir áttu von á.

Þetta eru svör sem maður fær iðulega þegar maður spyr stjórnarsinna hvort þeir styðji þetta frv., þ.e. að samkomulag hafi tekist um að leggja þetta frv. fram og

það var gert. Felur þessi yfirlýsing það í sér að það sé eiginlega það eina sem sé einhugur um? Ég útiloka það hreint ekki.

Ég er ekki að segja það að þetta frv. segi álíka mikið um stefnu stjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum eins og t.d. ef hæstv. sjútvrh. hefði tekið upp á því að kyrja hér „Kátir voru karlar" og þingmenn hafi í raun í höndunum texta sem þeir geti mótað að vild og freistað þess að koma saman heildstæðri stefnu er lýsi vilja Alþingis í sjávarútvegsmálum í einhverri notalegri nefnd. En sé svo þá munum við kvennalistakonur að sjálfsögðu ekki láta okkar eftir liggja að leggja til nýtilegt hráefni inn í þessa vinnslu. Hins vegar er það spurningin hvað þessi vinnubrögð eiga að þýða ef þetta reynist raunin. Við getum alla vega boðið betra hráefni en aðrir að okkar mati, þ.e. þjóðarsátt í sjávarútvegsmálum sem byggist á byggðakvóta. Ég hygg að það væri hægt að ná um þessa stefnu sátt ef menn færu í einhverri alvöru að vinna að því, ef það væri virkilega vilji, ef hér væri ekki hver höndin uppi á móti annarri í alls konar leik og valdatafli og hagsmunapoti og jafnvel ákveðnu trúarbragðastríði því ég get í rauninni ekki annað en kallað sumt af því sem menn hafa freistast til þess að binda sig í hér.

Við kvennalistakonur höfum markað okkur þessa skýru stefnu í sjávarútvegsmálum og mælt fyrir hugmyndum okkar um byggðakvóta. Á sl. ári var unnið mikið starf í sjávarútvegshópum Kvennalistans og þeir skiluðu af sér niðurstöðu miðað við stöðuna eins og hún er nú því að sjálfsögðu verður reglubundið að fjalla um þessa útfærslu þar sem ekki hefur enn tekist að koma þessu kerfi á og það er ekki hægt að gera *þetta eftir þeim leikreglum sem við byggðum inn í* okkar tillögur þegar við lögðum þær upphaflega fram 1987.

Hópar þeir sem hafa fjallað um þessi mál fyrir hönd Kvennalistans skiluðu af sér niðurstöðu sem fjallað var um á landsfundi Kvennalistans í Varmahlíð í Skagafirði í byrjun nóvember og, með leyfi hæstv. forseta, þá held ég það sé bæði rétt og æskilegt að rekja þessar niðurstöður sjávarútvegshópanna þar sem sérstaklega var tekið á ýmsum álitamálum er varða þetta frv. er hér liggur fyrir. Það sem hóparnir settu sér m.a. var að skoða þetta frv. með gagnrýnum augum, sjá á hvern hátt væri hægt að nýta tillögur sem þar kæmu fram — og ég verð að viðurkenna að það var kannski ekkert óskaplega mikið sem eftir stóð — en við freistuðum þess jafnframt að fella saman okkar hugmyndir og þær hugmyndir sem hafa verið í umræðu, m.a. í þessu frv.

En, með leyfi forseta, vil ég taka þetta fram frá Kvennalistanum:

„Stefna Kvennalistans um byggðakvóta þar sem 80% af heildarafla verði úthlutað til byggðarlaga með hliðsjón af lönduðum afla næstliðinna ára stendur óhögguð en hún var fyrst sett fram 1987. Við útfærslu hennar þarf þó að taka tillit til þess að miklar tilfærslur hafa orðið milli byggðarlaga á undanförnum árum vegna sölu skipa. Taka þarf tillit til stöðunnar fyrir fimm árum og fyrir daga fiskveiðistjórnunar sem hófst árið 1984.

Kvennalistinn minnir á að úthlutun veiðiheimilda skapar ekki eignarrétt samkvæmt lögum sem nú gilda."

Varðandi þetta vil ég taka það fram að dómur sá sem við fjölluðum um í utandagskrárumræðu undir lok nóvembermánaðar var ekki fallinn þegar þetta var skrifað enda var það í byrjun nóvember, nánar tiltekið 5. nóv. sem þessi texti var settur á blað.

En engu að síður er ég sannfærð um að það sem á eftir kemur hér stendur enda eru allir að ganga út frá því.

„Það á því að vera löglega og tæknilega mögulegt að koma á byggðakvóta. Með byggðakvóta væri rofið það samband sem í dag er á milli kvóta og skips. Þannig gengur óveiddur fiskur í sjó kaupum og sölum sem hefur kallað yfir okkur brask og spillingu hvers konar og hyglað þeim sem af einhverjum ástæðum höfðu stundað fiskveiðar á einhverjum tilteknum viðmiðunarárum. Taka þarf mið af tillögum Hafrannsóknastofnunar um leyfilegan heildarafla. Mörg fleiri atriði skipta þó sköpum við skynsamlega nýtingu fiskstofna en vegið magn upp úr sjó svo sem veiðarfæri, fjöldi skipa, veiðitími, veðurfar og lífríki í hafinu.

Kvennalistinn vill að krókaveiðar séu áfram frjálsar og er hlynntur línutvöföldun eins og hún er framkvæmd nú. Koma þarf á virkara samstarfi sjómanna og vísindamanna um stjórn fiskveiða með það að markmiði að þeir sem vinna við sjávarútveg taki þátt í ákvarðanatöku. Auðlindir hafsins eru þjóðareign og allra hagur að nýta þær skynsamlega.

Kvennalistinn leggur til að áður en sjútvrh. ákveður með reglugerð þann heildarafla sem veiða má á hverju fiskveiðiári þá þurfi að liggja fyrir tillögur samráðsnefndar um það efni.

Kvennalistinn bendir á að ákvæði samráðsnefnd sjómanna og Hafrannsóknastofnunar er að finna í III. kafla núgildandi laga um stjórn fiskveiða. Skal hún fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi veiðileyfi, úthlutanir aflahlutdeildar og aflamark og gera tillögur um úrlausnir.

Kvennalistinn leggur til að fulltrúar úr fleiri greinum sjávarútvegs, þar á meðal konur í fiskvinnslu, fá sæti í þeirri nefnd og að hún móti m.a. tillögur til ráðherra um verndarsvæði og heildarafla.

Friða þarf ákveðin svæði algjörlega fyrir tilteknum gerðum skipa og veiðarfæra, sérstaklega þá staði og þann tíma sem hrygning stendur yfir.

Kvennalistinn telur að skyndilokanir svæða í nokkrar vikur í senn hafi ekki skilað nógu miklu í uppbyggingu fiskstofna. Rannsaka þarf sérstaklega áhrif botndreginna veiðarfæra á lífríki sjávar og beina veiðum í meira mæli til skipa sem nota visthæf veiðarfæri. Kvennalistinn telur að skoða beri þann möguleika að skipta miðum upp í grunnsjávarmið og djúpsjávarmið og væru þá grunnsjávarmiðin fyrir íbúa viðkomandi svæða undir stjórn heimamanna.

Kvennalistinn vill gera skylt að bjóða allan afla til sölu innan lands. Enn eru ónýttir möguleikar í frekari fullvinnslu sjávarafurða sem geta skapað atvinnu og útflutningstekjur.

Kvennalistinn vill að húsnæði og búnaður frysti-

húsa sé nýttur til að þróa nýja framleiðslu og vinna nýjar tegundir sjávarfangs.

Kvennalistinn vill framhald á tilraunum með lúðueldi en leggur áherslu á víðtækan undirbúning við frekara fiskeldi í framtíðinni.

Í tillögum Kvennalistans um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir að 20% af heildarafla verði ráðstafað vegna sérstakra aðstæðna, selt eða leigt, og þeim tekjum m.a. varið til rannsókna tengdum sjávarútvegi eða verðlaunað fyrir sérstaka frammistöðu við nýtingu afla.

Við teljum þó að framlög stjórnvalda þurfi einnig að koma til, sérstaklega við að þróa nýjar vinnsluaðferðir og vinnslu áður ónýttra sjávarafurða.

Alltaf þarf að vera í gangi stöðug markaðsleit. Það er flestum fyrirtækjum ofviða að leggja mikið fjármagn í slíkt ein og sér. Samtök sjávarútvegsfyrirtækja þurfa að vera leiðandi í markaðsöflun. Víða í kringum landið eru fiskstofnar sem við höfum ekki nýtt sem skyldi. Enn er of lítið vitað um stofnstærð þeirra þrátt fyrir aukna veiði og þar þarf úr að bæta með ítarlegum rannsóknum. Íslendingar eiga að hafa forustu um að settar verði reglur um veiðar á alþjóðlegum hafsvæðum og samningum náð á milli þeirra þjóða sem nýta sameiginlega þau svæði."

Þannig hljóðaði niðurstaða þeirra hópa sem fjallað hafa um sjávarútvegsmál allt síðasta ár innan Kvennalistans og ég tel rétt að þetta komi fram jafnvel þótt við kvennalistakonur höfum verið óþreytandi við að tíunda okkar stefnu og ítreka að þarna höfum við sérstaklega tekið mið af þeim hugmyndum og þeim breytingum sem orðið hafa á umhverfi á undanförnum árum, bæði vegna þess að minna er til skiptanna og einnig vegna þeirrar röskunar sem orðið hefur vegna tilflutnings kvóta.

Ég vil taka það sérstaklega fram að við höfum gert ráð fyrir því að vegna þeirra röskunar sem orðið hefur vegna kvótasölu þá verðum við að hverfa frá þeirri stöðu sem við sáum fyrir okkur þegar við lögðum fyrst fram þessar hugmyndir vegna þess að sú kvótasala og það kvótabrask sem hefur verið í gangi hefur valdið óeðlilega mikilli skekkju og ég tek undir með hv. 5. þm. Austurl. að það er einfaldlega kerfið sem hefur boðið upp á þessa röskun. Þar af leiðandi er ekki um eðlilega þróun að ræða þó í nafni hagræðingar sé heldur einfaldlega óviðunandi röskun og um það mun ég raunar fjalla lítillega seinna í ræðu minni.

Einnig vil ég taka það fram að það er nauðsynlegt að endurskoða hlutdeild hvers byggðarlags í heildarkvóta reglubundið. Þau byggðarlög, sem eru hætt að nýta kvóta sinn sjálf að einhverju eða öllu leyti, t.d. í þrjú·ár eða lengur, eru aflögufær. Því höfum við lagt til að aflaheimildir sem ekki eru nýttar í heimabyggð í þrjú ár renni í sameiginlegan sjóð til jöfnunar eða endurúthlutunar vegna þess að við gerum ráð fyrir því að við verðum að takast á við ákveðna þróun sem að sjálfsögðu mun verða.

En kannski er stærsta markmiðið það að rjúfa samband á milli kvóta og skips og í leiðinni að koma í veg fyrir að kvóti sé söluvarningur fyrir einkaaðila sem þurfa alls ekki að taka tillit til hagsmuna heildarinnar, atvinnuástands og fólksins sem á afkomu sína undir fiskvinnslunni.

Ég vil líka aðeins koma að þeirri samráðsnefnd sem við töluðum um og að hvaða leyti hún gæti komið inn í þær tillögur sem eru gerðar í kjölfar rannsókna. Ég tek það fram að við teljum að efla þurfi rannsóknir í hafinu mjög verulega og á auðlindum þess. Við fiskveiðstjórnun þarf að sjálfsögðu að taka fullt tillit til ábendinga vísindamanna en það þarf líka að bæta aðstöðu þeirra til rannsókna. Því miður er hún verulega léleg.

Ég vil ítreka það að markmiðið með því samráði sem við leggjum til að verði milli Hafrannsóknastofnunar og fulltrúa úr ýmsum greinum fiskveiða og hægt er í raun að byggja upp nú þegar á grunni þeirra ákvæða laga sem ég nefndi á undan, er það að þeir sem gerst þekkja miðin komi nánar að þeirri vinnu sem fer fram þegar ákveðið er t.d. aflahámark og við kvennalistakonur teljum að það sé nauðsynlegt að koma þessum samskiptum í fastan farveg. Ef það er ekki gert þá getur í rauninni komið upp sú staða að hver vísi á annan og það sé um hreinan fjandskap að ræða eins og manni gæti stundum dottið í hug að væri á milli vísindamanna og sumra sjómanna þegar í hart fer um tillögur. Að vísu tek ég fram að á síðasta ári virtist vera sameiginlega mikill skilningur á því að það þyrfti að fara mjög gætilega og mér finnst það vissulega af hinu góða. En ef það er ekki tryggt að upplýsingastreymi sé í báðar áttir þá getur verið að mikilvæg vitneskja fari forgörðum. Mér er það fullljóst að Hafrannsóknastofnun reynir eftir mætti að hafa samráð við sjómenn en við höfum engan fastan farveg fyrir slíkt og við höfum enga tryggingu fyrir því að allar greinar sjávarútvegs komi þar að.

Ég vil t.d. benda á það að þetta mundi auka möguleika á svæðisbundnum aðgerðum samkvæmt ábendingum sjómanna, t.d. vegna veiðarfæra eða ástands hafsbotns, hrygningarsvæða, uppeldisstöðva og þannig mætti lengi telja. Ég held að þetta sé eitt af þeim atriðum sem brýnt er að taka á og það fyrr en seinna.

Ef að er gáð þá má í raun sjá ákveðin teikn á lofti um það að menn hallist að byggðakvóta í einhverri mynd en það er mikil feimni við að viðurkenna að þar sé á ferðinni það sem menn eru að tala um. Ég vil minna á það að sú bábilja hefur þegar verið hrakin að ekki sé hægt að binda kvóta við byggðarlag. Það var gert með ákveðnum hætti þegar Bíldudal var úthlutað veiðiheimildum úr Hagræðingarsjóði á síðasta ári, þ.e. staðnum ekki skipunum, og það var síðan fulltrúa byggðarlagsins að útvega skip til að veiða kvótann. Þetta vafðist ekki fyrir neinum.

Í öðru lagi hefur málsvörum smábátaeigenda vaxið fiskur um hrygg og ég held að það megi fullyrða það, alla vega þykist ég með lauslegri talningu geta dregið þá ályktun að þeir séu í meiri hluta á Alþingi. Hag smábátaeigenda er áreiðanlega betur borgið með byggðakvóta en flestum öðrum aðgerðum. Byggðakvóti hefur þann augljósa kost að tengja hagsmuni byggðarlags svo sem atvinnu og veiðar saman og það hefur enginn mælt á móti því að veiðar smábáta eru

verulega atvinnuskapandi í landi umfram margar aðrar veiðar.

Í þriðja lagi hefur það komið mjög hastarlega í ljós hversu mikil óeining og óréttlæti er falið í trúarsetningu hinnar tvíhöfða nefndar — ég ætla ekki að fara að telja einhver hlutföll, en stundum dettur mér í hug að ekki sé meira eftir en kannski kvart af þessu upphaflega tvíforskeyti en það geta aðrir dæmt um. — En alla vega er ég að tala um að það sé óeining og óréttlæti *falið í þeirri trúarsetningu að forsenda nýtilegrar sjávarútvegsstefnu sé frjálst framsal á kvóta.* Þessi trúarsetning beið eftirminnilegt og endanlegt skipbrot í sjómannaverkfallinu nú í janúar og það er einnig ljóst að málin leysast ekki með því að setja þetta frjálsa framsal upp á borðið í líki kvótaþings eða einhvers álíka. Sjútvrh. hefur mjög háðuglega vísað hugmyndum þríhöfða ráðuneytisstjóranefndarinnar um kvótaþing inn í þessa umræðu en þar er ég að vísa til bréfs til sjútvn. við afgreiðslu á bráðabirgðalögunum. Ég hef þegar lýst eftir því hvort þessar hugmyndir njóti stuðnings eður ei því ég sé ekki að það sé tilgangur með því að vísa þessum hugmyndum inn í umræðu nema gert sé ráð fyrir að eitthvað sé gert með þær en ég hef grun um að það sé ekki grundvöllur fyrir því. Það mun að sjálfsögðu koma í ljós.

Helsta röksemdin fyrir frjálsu framsali kvóta er að með því fáist aukin hagræðing. Ég vil í fyrsta lagi benda á að það hefur verið hagrætt töluvert í sjávarútvegi á undanförnum árum og ég bendi þar m.a. á þær tölur sem hv. þm. Stefán Guðmundsson rakti hér áðan. Þar hafa ýmis önnur veigamikil atriði komið inn en tilfærsla á kvóta enda held ég að hann hafi ekki verið að gera því skóna að það væri bara vegna tilfærslu á kvóta sem þessi hagræðing hefði orðið, mér þætti alla vega undarlegt ef hann reyndi að bera það á borð fyrir okkur vegna þess að við erum líka að tala um bætta vinnslu og betri nýtingu á afla. Við erum að tala um almennar ráðstafanir í fjármálum fyrirtækjanna. Við erum að tala um skuldbreytingar og aukna hagræðingu í rekstri óháð því hvort kvóti hefur gengið kaupum og sölum vegna þess að það er einfaldlega ekki einangrað fyrirbæri, það er margt fleira að gerast. En við höfum að sjálfsögðu líka horft upp á það að í kjölfar kvótaframsals tvist og bast hafa orðið mikil slys og mikil óhagræðing. Ég spyr: Hver er hagræðing þess sem þarf að kaupa kvóta á uppsprengdu verði? Hver er hagræðing þess sem situr uppi með skuldasúpu og getur engan kvóta fengið? Hver er hagræðingin í því að stór hópur smábátaeigenda hefur orðið að gefast upp og á ekkert eftir nema skuldirnar en eignir liggja ónotaðar og lítt seljanlegar þar sem kvótinn er þegar farinn undan bátunum? Hver er hagræðingin í því að gera byggðarlag atvinnulaust þegar kvótinn siglir í annað byggðarlag?

Það er ekki hægt að líta á sjávarútveginn sem einangrað fyrirbæri sem lifir sjálfstæðu lífi án tengsla við annað sem er að gerast í samfélaginu og það er það sem ég gagnrýni sérstaklega þegar verið er að ræða um hagræðingu því að auðvitað er hægt að setja upp töflur og skemu til að sanna mál sitt en ef menn líta á staðreyndir, ef menn líta á hvað hefur verið að gerast, þá hlýtur niðurstaðan að sjálfsögðu að verða önnur.

Þrátt fyrir þær efasemdir sem ég lýsti í upphafi máls míns um það að líta beri á þetta frv. sem alvarlegt innlegg í umræðuna um stjórn fiskveiða þá tel ég rétt að víkja að nokkrum efnisatriðum þess sem e.t.v. munu hafa áhrif á umræðuna fram undan hvort sem hún verður um þetta frv. eða eitthvað allt, allt annað.

Ég vík þá fyrst að 2. gr. frv. Varðandi þá svokölluðu *lausn sem nú á að vera komin á milli stjórnar*flokkanna um veiðar smábáta vil ég sérstaklega vekja athygli á því að smábátaeigendur telja að tillögurnar séu svo takmarkandi að þeir geti hvorki lifað né dáið með þessa niðurstöðu. Sérstaklega eru það banndagarnir sjö í lok mánaðarins sem eru þeim þyrnir í augum en önnur gagnrýni hefur einnig heyrst. En ég vil fyrst og fremst taka það fram að þarna er verið að tala um að það séu of miklar takmarkanir og það hefur raunar þegar verið rakið hér. Ég bendi á það að með byggðakvóta væri mögulegt að láta smábátum eftir ákveðin svæði og ég bendi á það t.d. að Japanir hafa tvöfalt fiskveiðistjórnunarkerfi þar sem smærri bátar eru á ákveðinni sóknarstýringu innan marka á ákveðnum grunnmiðum en síðan eru stærri bátum og stórum skipum látin eftir önnur mið fjær landi og þá á aflamarki.

Þetta er ákveðin lausn. Þetta er ekki endilega eina lausnin en þetta er lausn sem hægt væri að ná án mikils vanda m.a. í því kerfi sem við kvennalistakonur höfum mælt fyrir og kallað byggðakvóta.

Ég vil einnig líta aðeins á 7. gr. frv. þar sem sérstaklega er verið að tala um aflaheimildir til fiskvinnslustöðva. Vissulega er athyglisvert að sjá þessar hugmyndir viðraðar í frv. Það er viðurkenning á því að það sé ekki nauðsynlegt að binda veiðiheimildir við skip og undir það tek ég að sjálfsögðu. En ég tel að hinar flóknu og klúðurslegu útfærslur sem við sitjum uppi með í þessu frv. rýri gildi þessara tillagna svo verulega að við getum í rauninni ekki annað en spurt okkur: Hvert er verið að stefna? Ég sé það ekki og ég bendi enn og aftur á að þetta mætti auðveldlega leysa með því að umbylta kerfinu og taka upp byggðakvóta.

Með byggðakvóta væri líka hægt að koma í veg fyrir það augljósa klúður sem núverandi kerfi hefur komið okkur í þar sem ákveðnir aðilar eru farnir að eignfæra veiðiheimildir og greiða af þeim skatt samkvæmt úrskurði dómstóla. Ég vísa þar til hinnar eftirminnilegu utandagskrárumræðu sem var hér hinn 25. nóv. sl.

En mín niðurstaða eftir vangaveltur um þá umræðu sem nú á sér stað um stjórn fiskveiða er fyrst og fremst sú að hér séu menn að fikta við eitthvað sem þeir ráða ekki við. Og mér þykir það ansi rýr uppskera eftir þá vinnu sem ég þó sé á fylgiskjölum þessa frv. og þeirri skýrslu sem tvíhöfða nefndin lagði fram að hefur þó verið lögð í málið. Ég held að það hefði verið farsælla frá upphafi að hafa raunverulegt samráð allra flokka um málið og milli allra hagsmunaaðila og þetta sé ekki annað en sú uppskera sem búast mátti við miðað við hvernig lagt var í málið.

[17:12]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Halldór Ásgrímsson, hv. þm. hefur breiðan væng og undir þann væng leitar aftur og aftur talsmaður Kvennalistans í sjávarútvegsmálum. Eins og svo oft áður byrjar hún sínar ræður á að tína upp mola sem hafa hrotið úr ræðum hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar. Hann hóf sína ræðu hér í dag með miklu tali um ályktun Alþfl. sem samþykkt var á síðasta flokksfundi. Látum það nú vera. Stefna hans flokks býður upp á að hann geri ágreining við þá stefnu sem þar kemur fram. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson sagði: Við heimtum skýr svör, og kvartaði undan því að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson talaði ekki skýrt. En ég spyr: Hvar er skýrleiki hv. talsmanns Kvennalistans í sjávarútvegsmálum?

Hún ræðst hér, eðlilega, gegn því sem kallað hefur verið kvótabrask og felst í misnotkun á framsali aflaheimilda. Hún er á móti því. En hún kallar það stóryrði og heimtar skýr svör hvað felist í því þegar flokksstjórn Alþfl. ályktar gegn þeirri fjárhagslegu og siðferðilegu spillingu sem felst einmitt í kvótabraskinu sem hún er á móti. Hvernig er hægt að skilja svona málflutning? Og hvernig er hægt að koma hér upp og heimta skýr svör þegar hv. þm. talar ekki skýrar sjálfur. (**AÓB:** Hver er spurningin?) Ég verð líka að segja það, virðulegur forseti, að það kemur mér á óvart þegar hv. þm. les hér upp úr leiðara Alþýðublaðsins, sem er eins og allir vita afskaplega gott blað. (Gripið fram í.) Já, ég er í andsvari, hv. þm. — og kvartar undan því að Alþfl. árétti sína stefnu um veiðigjald. En það vill svo til að það er annar flokkur sem líka vill veiðigjald. Ég veit ekki betur en að það sé enn þá staðfest samþykkt Kvennalistans, það sé staðfest stefnuskrá Kvennalistans að fimmtungur veiðiheimilda renni í sérstakan sjóð sem verði seldur. Er það ekki veiðigjald? Ég spyr. Ég skil ekki svona.

Athugasemd mín, virðulegi forseti og hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson, er sú að mér finnst afskaplega skrýtið þegar einn þingmaður kemur hér og ræðst á stefnu annars flokks sem svo vill til að er líka að finna í stefnu eigin flokks þingmannsins.

[17:14]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru nokkrar spurningar sem ég mundi vilja leggja fyrir hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson í framhaldi af ræðu hennar og ekki síst um byggðakvótann:

1. Hvernig á að úthluta byggðakvóta innan byggðarlags?

2. Hvaða aðili á að úthluta?

3. Hvaða áhrif byggðakvóti hafi á veðhæfni og skuldaskil fyrirtækja?

4. Hvernig á að fara með menn, t.d. trillukarla, sem á að flytja milli byggðarlaga? Mundu þeir flytja með sér réttindi eða mundu þau verða kyrr í byggðarlaginu? (**IP:** Viltu fá skriflegt svar við þessu?)

[17:15]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ólíkt flokki hv. þm. þá erum við kvennalistakonur afskaplega valddreifingarsinnaðar og við treystum byggðarlögunum sjálfum til þess að taka ákvarðanir um hvernig best verði staðið að úthlutun byggðakvóta. Og þetta er kannski mergurinn málsins. Að sjálfsögðu kemur það fyrst til kasta sveitarstjórnar að taka þá ákvörðun en þarna er m.a. um mjög misjafnar aðstæður og stærð byggðarlaga að ræða og þetta er eitt af því sem er ekki til, eins og í fleiri málum, nein patentlausn við.

Varðandi það ef trillur flytja á milli byggðarlaga þá geri ég ráð fyrir því að hv. þm. hafi skilið það að byggðakvóti þýðir það að kvótinn tengist byggðinni, ekki fleyinu, og ég geri ráð fyrir að það sé jafnmikill akkur fyrir hið nýja byggðarlag að fá þennan bát til veiða og ráðstafa honum kvóta eins og þess byggðarlags sem hann flytur frá vegna þess að við erum að tala um ákveðna atvinnusköpun sem þarna fylgir með eins og við þekkjum bæði.

Ég reyndi eftir bestu getu að taka þessar spurningar niður. Varðandi úthlutun innan ársins þá skil ég ekki alveg vandamálið en kannski getur hv. þm. útskýrt fyrir mér hvað vefst fyrir honum. Varðandi veðhæfni og skuldaskil þá erum við komin að afleiðingum núverandi kerfis. Afskaplega vondum afleiðingum þar sem við erum hreinlega að horfa upp á að skip eru gerð mismunandi veðhæf og eignir mismunandi veðhæfar út af því að þau ýmist tengjast kvóta eða ekki. Og þetta er bara kerfi sem ég er ekki dús við. Og ég held að hv. þm. væri fullsæmdur af því að gagnrýna líka.

[17:17]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson talar um að það eigi hver sveitarstjórn væntanlega að sjá um það sjálf að úthluta innan byggðarlags. Ég fékk engin sérstök svör eða leiðbeiningar um það hvernig það ætti að gera enda sagði hún að aðstæður væru svo mismunandi að ég reikna nú ekki með því að það fylgi neinar leiðbeiningar til sveitarfélaga um það hvernig eigi að gera það.

Varðandi áhrifin á veðhæfni og skuldaskil þá skildist mér — og hv. þm. leiðréttir það ef rangt er — að hún væri bara á móti þessum skuldum og þess vegna þyrfti ekkert um þær að hugsa.

Í þriðja lagi vaknaði sú spurning að ef einn trillukarl flytur á milli byggðarlaga þá virtist mér svarið vera það að sveitarfélagið sem hann flytti í hlyti að útvega honum kvóta ef hann kæmi með trilluna. En þá vaknar spurningin: Af hverjum á að taka þann kvóta?

[17:19]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir afskaplega vænt um að ég virðist hafa svarað megninu af því sem vakti fyrir hv. þm. Ég ítreka það að ég treysti sveitarfélögum afskaplega vel til þess að finna góða lausn. Ég get svo sem komið með hugmyndir en ég ætla ekki að hafa þær í farteskinu þegar við ráðstöfum heimildum til

byggðarlaga. En það má alveg hugsa sér að sérnefndir eða sveitarstjórnir sjái um þetta. Það má hugsa sér ýmsar lausnir og ég veit að sveitarfélögin eru fullfær um að finna þær. Í öðru lagi vil ég tala sérstaklega um það eða fylgja eftir þessu varðandi skuldaskil. Það verður að sjálfsögðu að leysa þau vandamál sem nú eru komin upp. Það verður líka að gera í núverandi kerfi vegna þess að við erum alltaf að súpa seyðið af nákvæmlega sama vandamáli þannig að þarna yrði í rauninni um tímabundið vandamál að ræða og síðan sætum við ekki uppi með það lengur. Í staðinn fyrir að nú endurnýjar þetta vandamál sig sjálft í alveg ótrúlega ríkum mæli og það vitum við ósköp vel vegna þess að þetta kerfi hefur boðið upp á afskaplega óeðlilegt ástand þar sem í rauninni eru eignir gerðar eins og ég rakti hér á undan mismunandi verðmiklar, alls ekki út frá verðgildi sínu heldur vegna þess að kvóta er úthlutað. Og eins og kom glöggt fram í umræðunni hér sem fór fram 25. nóv. sl., um skattalega meðferð á kvóta, þá er enginn sem getur í raun ábyrgst að þetta verði áfram. Það er ekkert loforð hér. Ráðherrar komu hér og fullyrtu hver í kapp við annan að að sjálfsögðu væri ekki hægt að tryggja mönnum samkvæmt núgildandi kerfi örugga eign, ekki einu sinni að fastsetja hversu verðmikil hún er.

[17:21]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Mig langar til að fjalla hér um nokkur atriði sem snerta það frv. sem hér hefur verið lagt fram og ýmislegt sem hefur komið fram í umræðunni um það.

Í fyrsta lagi langar mig til að fjalla um hugtakið þjóðareign á nytjastofnum á Íslandsmiðum og hvað það í rauninni þýðir og hvers á að ætlast til af hv. Alþingi í því sambandi. Í mínum huga þýðir þessi þjóðareign á fiskimiðunum það að Alþingi getur sett leikreglur um nýtingu þessara fiskimiða. Við tökum eftir því þegar við erum að fjalla um þessi mál hér í dag þá dettur engum í hug að efast um getu Alþingis til að setja leikreglur sem menn telja skynsamlegastar án þess að nokkur fari að ræða um eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar eða slíka hluti. Það dettur engum í hug. Þannig að Alþingi getur sett þær reglur sem því hentar. Þá er það hins vegar spurningin hvernig þessar leikreglur eiga að vera. Í mínum huga snýst málið fyrst og fremst um að þessar leikreglur leiði til eins mikillar hagkvæmni og verðmætasköpunar í sjávarútveginum sem kostur er.

Ástæðan er einföld. Við Íslendingar lifum á sjávarútvegi. Sjávarútvegurinn verður um fyrirsjáanlega framtíð burðarásinn í okkar útflutningi og í okkar lífskjörum. Þess vegna hljótum við, ef við ætlum okkur að lifa á þessum atvinnuvegi, að leggja fyrst og fremst áherslu á það að þær leikreglur sem við búum við skili eins mikilli hagkvæmni og kostur er.

Að sjálfsögðu er ekki tryggt að það verði sátt um það meðal allra hópa í þjóðfélaginu og ekki síst þeirra sem starfa við sjávarútveg að leggja áherslu á hagkvæmnina. En eru það ekki samt hinir raunverulegu sægreifar sem verða til ef einn hópur innan sjávarútvegsins ætlar að ná sínu fram á kostnað annarra og á kostnað hagsmuna þjóðarheildarinnar? Erum við ekki þá að búa til eitthvað sem við getum kallað sægreifa?

Við veltum því oft fyrir okkur hvort stjórnkerfi okkar sé hagkvæmt og við berum það oft saman við það sem aðrir eru að gera. Í rauninni er það svo að engri þjóð í heiminum hefur tekist að byggja upp jafnhagkvæmt stjórnkerfi fiskveiða og Íslendingum. Og alls staðar þar sem verið er að breyta stjórnkerfi fiskveiða eða ræða slíkar breytingar á grundvelli hagkvæmni er alltaf verið að ræða um að fara einmitt í þá átt sem íslenska stjórnkerfið er. Við tökum t.d. eftir því að núna þegar Danir eru farnir að taka yfir mál Færeyinga og útbúa fyrir þá stjórnkerfi á fiskveiðum á grundvelli hagkvæmni þá er talað um kvótakerfi með framseljanlegum aflaheimildum. Við þurfum sem sé að hafa þessa hagkvæmni í huga. Við getum skoðað frændur okkar Norðmenn. Þeir veiða til jafnaðar þriðjungi verðmætari afla en við. En þeir nota til þess þrisvar sinnum stærri flota og þrisvar sinnum meiri mannskap. Jú, þeir geta þetta á grundvelli síns olíuauðs en við höfum ekki neinn olíuauð til að niðurgreiða okkar sjávarútveg. Við höfum enga aðra atvinnugrein sem getur niðurgreitt sjávarútveginn. Þess vegna verðum við að leggja áherslu á hagkvæmnina ef við viljum halda þeim lífskjörum sem skipa okkur í hóp fremstu þjóða heims.

Varðandi uppbyggingu á stjórnkerfinu þá skulum við hafa það í huga að útgerð eða þess vegna sjómenn sem hafa sömu hagsmuni eru að sjálfsögðu að leita að þeirri fiskvinnslu sem getur greitt hæst verð fyrir fiskinn. Og þeirra hagsmunir felast þess vegna í því að búa til eins konar leikreglur sem gera það mögulegt að fá fiskvinnsluna til að greiða sem hæst verð. En á móti skulum við hafa í huga að það eru hagsmunir fiskvinnslunnar og þess vegna fiskvinnslufólksins að finna þá útgerð sem getur veitt fiskinn með ódýrustum hætti.

Löggjöfin um stjórn fiskveiða hlýtur að þurfa að byggjast upp með áherslu á jafnræði og samkeppni milli þessara tveggja sjónarmiða. Það getur ekki verið hagkvæmt að löggjöfin um stjórn fiskveiða taki annað hvort útgerðina haustaki eða fiskvinnsluna haustaki og mismuni í því. Þessi togstreita sem er óhjákvæmilega þarna á milli hlýtur alltaf að þurfa að vera því það er líka hvatinn að því að menn leiti hagkvæmari lausna hverju sinni.

Eitt af því sem hefur komið hér til umræðu er samkeppnisstaða sjóvinnslunnar við landvinnsluna. Ég vil vekja athygli á því að sjóvinnslan hefur kvóta. Sjóvinnsla er með úthlutaðan kvóta sem skipin sem veiða fiskinn hafa. Þá vaknar spurningin af hverju megi ekki gefa landvinnslunni líka tækifæri til að komast yfir kvóta til þess að hún geti leitað sér að þeirri útgerð sem getur veitt þann kvóta með hagkvæmustum hætti. Ég lít svo á að þetta sé spurning um jafnræði milli landvinnslunnar og sjóvinnslunnar og milli landvinnslunnar og útgerðarinnar.

Við Íslendingar höfum alltaf hugsað um okkur sem fiskveiðiþjóð. Í rauninni hefur engin þjóð náð jafnmikilli hagkvæmni í útgerð, sérstaklega í strandveiðum, og Íslendingar. Við erum líka að hasla okkur völl

á nýjum sviðum í úthafsveiðum. Það hefur gerst mjög snöggt. En okkar úthafsveiðar eru komnar til að vera. Og menn verða að gera sér grein fyrir því að okkar hagsmunir hafa breyst hvað þetta snertir. Þess vegna þarf að afnema fimmtán ára regluna varðandi innflutning á skipum. Það þarf að gefa möguleika á því að halda úreltum skipum á skipaskrá þótt þau hafi misst veiðileyfi við Ísland og það þarf að aðlaga 25% regluna sem gildir varðandi veiðar á kvóta að því að menn geti stundað þessar úthafsveiðar. Viðleitni í þessa átt er í frv. sem er til mikilla bóta.

Annars er það nú svo að ef menn tryðu því og væru þess meðvitaðir að kvótakerfið væri varanlegt og þeim leikreglum sem Alþingi er að setja nú yrði ekki breytt þá væru allar hömlur eða öll boð um innflutning á skipum óþörf. Þá mundu útgerðirnar einfaldlega nota þau skip við veiðarnar sem hagkvæmust eru hverju sinni. En Íslendingar hafa líka verið að breytast í fiskvinnsluþjóð og það er þróun sem er ekki svo ýkja gömul. Það var það viðhorf ríkjandi í fiskvinnslu þangað til ekki fyrir svo löngum tíma síðan að fiskvinnslan snerist fyrst og fremst um það að bjarga þeim verðmætum sem kæmu á land. Það var verið að forða aflanum undan skemmdum. Þetta viðhorf er í dag gjörbreytt og það er þróun sem hefur átt sér stað á síðustu 20–30 árum. Þetta kallar líka á það að stjórnkerfi fiskveiðanna mismuni ekki gagnvart fiskvinnslunni þannig að þessi þróun geti haldið áfram. Íslendingar eru ekki bara að breytast úr fiskveiðiþjóð yfir í fiskvinnsluþjóð heldur líka í fisksöluþjóð. Bæði hafa sölusamtök okkar í sjávarútvegi verið í mjög mikilli uppbyggingu og kaupa, selja og vinna margan annan fisk en veiðist á Íslandsmiðum. Þetta eru orðin alþjóðleg viðskipta- og framleiðslufyrirtæki. En við viljum líka sjá koma inn í fisksöluna marga minni aðila sem hafa verið að gera stórkostlega hluti. Fisksala er líka farin að tengjast mjög bæði vinnslunni og útgerðinni hér við land og allt er þetta til mikilla framfara og bóta. Þær reglur sem við setjum um stjórn fiskveiða, um Þróunarsjóðinn og um erlendar fjárfestingar í sjávarútvegi verða að vera þess hvetjandi ef við höslum okkur frekar völl á þessu sviði.

Ég hef farið yfir þetta til þess að undirstrika nauðsyn þess að leikreglurnar sem við setjum um stjórn fiskveiða hvetji fyrst og fremst til samkeppnisumhverfis og áherslan sé á hagkvæmnina.

Annað sem hefur verið að gerast er að það er komið gjörbreytt viðhorf til sjávarútvegsins í þjóðlífinu. Það er ekki langt síðan þegar rætt var um sjávarútveg og vinnu í sjávarútvegi að horft var til þess fólks sem vann við sjávarútveg með hálfgerðri niðurlægingu. Hver man ekki eftir því að það var talað um „bara fisk", að fólk sem ætlaði að starfa í sjávarútvegi væri „bara að fara í fisk" en þetta er gjörbreytt.

Atvinnugreinin er að breytast úr frumstæðum veiðiskap yfir í hátækniatvinnugrein, yfir í matvælaiðnað, háþróaðan matvælaiðnað. Það sem meira er, við erum að sjá meira og meira af menntuðu fólki, fólki með háskólamenntun, fara að velja sér starfsvettvang í sjávarútveginum og hasla sér þar völl. Þetta er algjört grundvallaratriði fyrir það að sjávarútvegurinn geti haldið stöðu sinni sem alþjóðlega samkeppnishæf atvinnugrein og staðið undir lífskjörum á Íslandi.

Varðandi kvótakerfið sjálft þá er mikið horft á götin á kerfinu sem hingað til hafa fyrst og fremst verið línutvöföldun og smábátarnir, þ.e. krókabátarnir.

Í frv. er stoppað upp í gatið með línutvöföldunina og það er til mikilla bóta. Varðandi krókabátana er fundin málamiðlunarlausn og meginatriði í sambandi við þá lausn er að hafa þak á heildarafla bátanna. Það skiptir ekki svo miklu máli hvernig endilega banndagakerfið eða róðradagakerfið er útfært, meginatriðið er að þakið sé til staðar. Ástæða þess er sú að það er geysilega mikil ónýtt sóknargeta til staðar hjá krókabátunum. Mjög stór hluti af afla krókabátanna er veiddur af tiltölulega fáum bátum og við eigum eftir að sjá það að þegar þessi lög hafa verið afgreidd frá Alþingi mun verð á krókabátum snarhækka. Það hafa ekki verið svo mikil viðskipti með þessa báta að undanförnu vegna óvissunnar um framhaldið eða stöðu þessara báta. Margir þessara báta hafa ekki verið gerðir út tímabundið af margvíslegum ástæðum en þegar langtímareglur liggja fyrir getum við alveg sagt okkur að það muni færast líf í viðskiptin og verð á bátunum mun hækka og margir munu þá verða ríkari en áður.

Varðandi framsalið sem hefur verið mikið til umræðu þá er frjálst framsal á aflaheimildum algjör forsenda hagkvæmni í kerfinu.

Útgerð sem byggi við það að vera niðurjörvuð til þess að veiða nákvæmlega á því skipi sem fær úthlutaðar ákveðnum veiðiheimildum, nákvæmlega þær veiðiheimildir, er sett í spennitreyju sem gerir ekkert annað heldur en að auka útgerðarkostnaðinn og skapa meiri erfiðleika í sjávarútveginum. Frjálst framsal er forsenda þess að þeir sem eru með kvóta á sínum bátum treysti sér til þess að fara til úthafsveiða vegna þess að þeir hafa ráðstöfunarrétt á þeim kvóta sem báturinn hefur.

Það hefur mikið verið talað um kvótaþing og þær hugmyndir sem komu upp á síðustu stigum deilu útgerðarmanna og sjómanna. Ég tel ekki að kvótaþing sé til bóta. Ég tel að kvótaþingið eins og það var sett fram dragi úr hagkvæmni í sjávarútveginum. Það er lykilatriði fyrir fiskvinnslu að búa við stöðugleika í aðdráttum á hráefni. Sá sem ætlar sér að reka nútímafiskvinnslu í dag þarf að geta skipulagt fram í tímann hvernig aðstreymið á hráefninu er, hvaða hráefni hann er að fá en ekki eiga það undir höppum og glöppum. Það er líka algjört lykilatriði til þess að hægt sé að skapa fiskvinnslufólki eðlilegt starfsumhverfi að þessi stöðugleiki sé fyrir hendi. Þetta er ekkert öðruvísi með fiskvinnsluna eða sjávarútveginn en allar aðrar atvinnugreinar, hvort sem talað er um iðnað, verslun eða þjónustu eða hvaða atvinnugrein sem er, þá vilja menn búa við langtímaöryggi varðandi aðföng, varðandi hráefni. Það dettur engum sem er að reka iðnfyrirtæki í hug, hvort sem það er prentsmiðja eða mjólkurbú eða smjörlíkisgerð að eiga það undir höppum og glöppum hvort aðföngin koma í hús eða ekki. Hvernig halda

menn að hægt sé að skapa eðlilegt starfsumhverfi fyrir starfsfólk ef það er ekki einhver stöðugleiki í aðstreymi af hráefni og menn vita nokkurn veginn hvaða hráefni þeir eru að fá og hvað það kostar? Ef skikka á fiskvinnslu til að kaupa allan fisk á markaði eða veikja stöðu hennar til þess að tryggja aðstreymi af hráefni með því að neita henni um að fá að ráðstafa aflaheimildum eða fyrirtækjum sem eru í blandaðri vinnslu á veiðum, að ráðstafa aflaheimildum til þess að skapa þennan stöðugleika þá er verið að vega að fiskvinnslunni í landinu, vega að starfskjörum fólksins sem vinnur við fiskvinnsluna og skapa meiri óhagkvæmni í sjávarútvegi.

Með þessu er ég ekki að segja að ég skilji ekki vel þau sjónarmið sem sjómenn hafa haft í þessu máli. Að sjálfsögðu vilja sjómenn fá hærra verð fyrir sinn fisk. Að sjálfsögðu. Hver vill ekki fá hærri laun í þessu þjóðfélagi? Sjómenn eru ekkert öðruvísi en annað fólk hvað það snertir. En um hvað snýst þetta mál? Á að koma á þessu kvótaþingi til þess að hækka laun sjómanna á kostnað útgerðarinnar, á kostnað fiskvinnslufólksins, á kostnað fiskvinnslunnar? Á að hækka laun sjómanna í heild til þess að koma meira tapi í sjávarútveginn? Hver á þá að borga það tap? Þetta eru að sjálfsögðu spurningar sem vakna. Ég held að það sé ekkert öðruvísi með laun og hagsmuni sjómanna í þessu tilliti heldur en allra annarra sem starfa við sjávarútveginn. Lykilatriði til þess að bæta kjör sjómanna hlýtur að vera annars vegar með hagkvæmari rekstri í sjávarútvegi þannig að verðmætasköpunin aukist og það höfum við séð gerast í miklum mæli einmitt vegna kvótakerfisins þar sem útgerðarmenn hafa getað flutt til aflaheimildir milli skipa, beint skipum á hagkvæmari veiðar, aukið tekjur sjómanna með því, aukið aflaverðmæti þeirra skipa sem í hlut eiga. Þess vegna þarf að fara yfir þessa hugmynd um kvótaþingið algjörlega upp á nýtt og einmitt með það fyrir augum að það þarf að finna leiðir þar sem hagsmunir sjómanna geta farið saman við hagsmuni allra annarra sem starfa í sjávarútvegi og menn fái hærri laun með aukinni verðmætasköpun og hagræðingu í greininni. Það hlýtur að vera lykilatriði.

Annað sem ég vil taka fram í sambandi við kvótaþingið er þetta: Kvótaþinginu var stefnt gegn þeim fyrirtækjum sem eru að standa í svokölluðum tonn á móti tonni viðskiptum eða láta veiða fyrir sig kvóta. Það var yfirlýst markmið kvótaþingsins. Þá vaknar spurningin: Hvernig halda menn að þessi fyrirtæki bregðist við? Halda menn að þeir sem eru að reka þessi fyrirtæki setji bara hendur í vasa og geri ekki neitt? Hver yrðu augljósustu viðbrögðin? Jú, við höfum þarna tvo aðila. Annar aðilinn er með skip, fiskvinnslu og kvóta sem hann hefur aflögu og síðan höfum við hins vegar nokkra báta sem hafa mjög lítinn kvóta. Þessir bátar sem hafa mjög lítinn kvóta mundu að sjálfsögðu lenda í miklum rekstrarerfiðleikum og eiga erfitt með að greiða sínar skuldir. Það sem mundi gerast er það að þessir kvótasterku aðilar mundu kaupa eða leigja þessa báta og fara að gera þá út sjálfir. Kvótinn mundi þess vegna færast á færri og færri hendur. Yrði það ekki dapurleg niðurstaða af þessu svokallaða kvótaþingi ef það mundi leiða til þess að kvótinn færðist á færri hendur og að sjálfstæðum útgerðaraðilum fækkaði? Menn yrðu þá ekki einu sinni svo sjálfstæðir að kallast „leiguliðar" heldur yrðu bara keyptir upp. (**Gripið fram í:** Með húð og hári. Var það ekki tilgangurinn með framkvæmdinni?) Ég held að það sé mikil ástæða til þess að menn geri sér grein fyrir því að það þarf að vera samkeppni í sjávarútveginum og ég held að sú samkeppni sem þarf að vera leiði til þess að það geti verið sjálfstæðar útgerðir, sjálfstæðar vinnslur og blönduð fyrirtæki allt í einu og það á ekki að setja leikreglur sem mismuna einum aðilanum á kostnað annarra.

Það næsta sem hefur verið komið inn á er spurningin um það að flotinn minnki ekki. Í fyrsta lagi er hægt að velta þessari spurningu fyrir sér á margvíslegan hátt. Þegar kvótakerfið var sett á fót minnkaði að sjálfsögðu verðmæti flotans mjög verulega þannig að markaðsverð skipanna sem slíkra hrundi og að því leyti til minnkaði verðmæti flotans. En það tekur að sjálfsögðu tíma fyrir flotann sem slíkan í þeim skilningi sem við venjulega tölum um, þ.e. skipin sjálf, að minnka. Annað sem hefur verið að gerast er að með úthafsveiðunum hefur hinn virki floti í landhelginni minnkað og flotinn getur minnkað með margvíslegum hætti. Ein leiðin til þess að minnka flotann er að setja þau skip sem eru að veiða innan landhelginnar út fyrir hana. Það hefur gerst einmitt með tilstuðlan kvótakerfisins að menn hafa getað flutt réttindin yfir á önnur skip þegar þau hafa farið út úr landhelginni.

Annað sem við skulum taka eftir er það að þegar fyrirtæki hafa verið að endurskipuleggja sig þessa dagana hefur undantekningarlaust verið byggt á því að versla með kvóta og reyna að koma hlutunum þannig fyrir að hægt sé að tryggja vinnslu í landi þannig að hún geti í rauninni ráðstafað kvótanum og fengið skip til að veiða með hagkvæmum hætti fyrir sig þrátt fyrir að þau séu ekki í eigu þessarar sömu vinnslu. Þetta sjáum við gerast á Tálknafirði og líka á Höfn í Hornafirði. Hverjum er greiði gerður með því að gera svona hluti erfiðari fyrir fyrirtækin og þessi byggðarlög? Engum, held ég fram.

Hv. þm. hafa komið hér upp, bæði karlar og konur, og rætt um að það sem hér sé að gerast sé aðeins til bráðabirgða. Það er í rauninni sorglegt að hlusta á hv. þm. ræða af jafnlitlum skilningi um sjávarútveginn eins og það lýsir. Menn verða að athuga það að þegar verið er að taka ákvarðanir í fyrirtækjum um fjárfestingar, um kaup á skipum, um skuldsetningu, um endurbætur í vinnslu, um framleiðniaukningu, um hluti til að skapa meiri verðmæti, þá verða menn að geta byggt á einhverjum stöðugleika í leikreglunum. Það er nóg fyrir þá sem starfa við sjávarútveg að búa við þær breytingar sem óhjákvæmilega verða á verðum á erlendum mörkuðum eða þær breytingar eða sveiflur sem verða í afla, þótt við bætist ekki að hv. þm. komi hér upp hver um annan þveran og lofi því að allt það sem þeir eru að gera núna muni svo sannarlega ekki standa lengur en eitt ár eða kannski enn þá skemur. Það sé til

algjörra bráðabirgða. Og að þessar leikreglur muni sífellt verða til nýrrar og nýrrar endurskoðunar. Ég held að það sé kominn tími til þess að hv. alþm. láti þau boð út ganga að við séum að vinna hér með langtímafyrirkomulag í stjórn fiskveiða þar sem þeir sem við þessa atvinnugrein starfa geti treyst á að það gildi til einhvers tíma þannig að ekki sé komið í bakið á mönnum sem eru að taka fjárhagslegar ákvarðanir og skuldsetja fyrirtæki til að hagræða og spara, að það sé hægt að sækja fram í sjávarútveginum án þess að eiga það á hættu að misvitrir alþingismenn eyðileggi allt sem verið er að gera.

Þá vil ég að lokum koma hér inn á nokkur atriði sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson og hv. þm. Jóhann Ársælsson minntust á. Í fyrsta lagi ræddi hv. þm. Halldór Ásgrímsson um að eitt af því sem stuðlað hefði að tilfærslum væri það að mörg skip hafa lítinn kvóta og taldi að það væri mjög slæmt. Hann virtist að því er mér fannst vera inn á því að það ætti að draga úr möguleikum á frjálsa framsalinu og að framsalið væri af hinu slæma hvað það snertir að það væri of rúmt. Ég verð hins vegar að segja að ég tel að það sé einmitt til marks um aðlögunarhæfni sjávarútvegsins hversu mikið hefur verið framselt af kvóta á undanförnum missirum. Við höfum upplifað að það hefur verið mjög tregt að ná t.d. þorski á togara á undanförnum missirum. Ef framsalsmöguleikinn hefði ekki verið fyrir hendi hefðu menn verið að skrapa upp þorskslóðina við óheyrilegan kostnað á togurunum og bátarnir staðið verkefnalausir. Í stað þess hafa menn í auknum mæli beitt togurunum á aðrar veiðar heldur en þorsk, svo sem karfa, grálúðu og rækju og flutt þorskkvótann yfir á bátana. Þetta sýnir í raun mikla aðlögunarhæfni sjávarútvegsins.

Jóhann Ársælsson ræddi um að Alþb. væri andvígt því að festa kvótakerfið í sessi og að snúa við þeirri óheillaþróun sem kvótakerfið hefði leitt yfir okkur. Ég verð að lýsa mig algjörlega ósammála þessum málflutningi. Ég tel að það sem eigi að gera sé að festa kerfið í sessi þannig að þeir sem lifa og starfa í sjávarútvegi viti að hverju þeir ganga og það eigi ekki að vera að hringla með þetta sífellt. Hv. þm. talaði líka um það að banndagakerfið á trillum neyddi menn til að sækja og slysahætta ykist. Ég held að það sem dragi mest úr slysahættunni sé að koma á einhverjum langtímareglum varðandi krókabátana þannig að því kapphlaupi sem verið hefur í gangi síðustu árin linni þar sem menn hafa verið að róa og sækja langt út yfir almenna skynsemi til að tryggja sér kvóta í væntanlegri úthlutun. Og ég hygg að ef það kemst á langtímaskipan á þessum málum þá muni mjög draga úr þessari slysahættu.

Öllum þeim hugmyndir sem hv. þm. var með um sveiflujöfnun og þar fram eftir götunum vil ég lýsa mig algjörlega ósammála vegna þess að þessar hugmyndir byggðust á því að það ætti nánast af handahófi á hverju ári að hringla með úthlutunina þannig að það væri örugglega tryggt að ekki nokkur maður sem starfaði í sjávarútvegi vissi að hverju hann gengi svo sem eins og eitt ár fram í tímann.

Ég ítreka að það sem þarf að gera í sambandi við stjórnkerfi fiskveiða er að hafa hagkvæmni að leiðarljósi, spyrja sjálfan sig að því hvort breytingar á stjórnkerfinu séu til þess fallnar að auka verðmætasköpun í greininni, séu til þess fallnar að skapa betra starfsumhverfi fyrir það fólk sem við atvinnugreinina vinnur og til þess fallnar með því að styrkja bæði byggðina út um landið og þjóðarhag.

[17:56]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ágætt að fá loks svar við þeirri fsp. sem ég beindi til hv. þm. í minni ræðu þar sem spurði ég hann um afstöðu til kvótaþings. Það fór ekkert á milli mála hver hún er. Hv. þm. er neikvæður gagnvart kvótaþingi. Ég hlýt því að hafa tilefni til að spyrja hv. sjútvrh., a.m.k. í umræðunni á morgun, hvað hann meini yfirleitt með því að vera að vísa því málinu um kvótaþingið yfir í þessa umræðu þar sem hann hefur ekki stuðning sinna eigin manna í þessu.

Í öðru lagi þá verð ég að vera sammála hv. þm. að það er hálf sorglegt að heyra menn vera að ræða hér bráðabirgðalausnir. Nú á sá forseti sem situr í stólnum ekki hægt með að koma og ræða málin og ekki ætla ég að fara að tala fyrir hann en ég bendi á að þarna er ansi mikill áfellisdómur á hæstv. forseta Gunnlaug Stefánsson og fleiri sem eru eða eiga að heita samherjar hv. þm. í þessum málum og eru í Alþfl. Þeir líta á þetta sem bráðabirgðafyrirkomulag og ekkert annað. Það hefur komið glöggt fram í þeirra máli.

Í þriðja lagi er atriði sem ég get ekki tekið undir með hv. þm. og ég spyr: Hvað í ósköpunum er svona hagkvæmt við kvótakerfið? Heyrði ég rétt? Vissulega hafa ákveðin fyrirtæki hagrætt en það hafa líka önnur fyrirtæki farið á hausinn. Og hvað eru margir milljarðar farnir í súginn með því? (Gripið fram í.) Hvaða hagkvæmni er það þegar í þjóðfélaginu eru margir milljarðar í skuldsetningu og ógoldnum skuldum og gjaldþrotum? Ekki síst vegna þess að kvótakerfið hefur farið misvel með aðila. (**Gripið fram í:** Hvað hafa heimildirnar minnkað mikið?)

[17:59]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafna því alveg að ég hafi verið með einhvern áfellisdóm á hæstv. forseta. Ég tel hins vegar að ég hafi verið að ræða hér um viðhorf sem komu fram. Ekki bara hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni heldur ýmsum sem hafa talað hér. Ég tel ekki að í því felist neinn áfellisdómur. Ég tel mig líka geta lýst mínum skoðunum og leyft mér að vera ósammála öðrum hv. þm. án þess að það felist í því einhver áfellisdómur.

Varðandi það hvað er hagkvæmt við núverandi kvótakerfi þá vil ég bara benda hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson á eitt. Ef Þjóðhagsstofnun hefði verið falið það verkefni fyrir svo sem þremur til fjórum árum að gera spá um það hvernig staðan væri í sjávarútveginum miðað við þau skilyrði sem nú ríkja varðandi aflabrögð og verðlag á erlendum mörkuðum þá hefði niðurstaðan án efa verið sú að sjávarútvegurinn

væri ein rjúkandi rúst og hruninn atvinnuvegur. En með kvótakerfinu hefur tekist að gera út með mun hagkvæmari hætti en áður var og einnig hefur kvótakerfið skapað þær aðstæður í fiskvinnslu að menn eru miklu betur í stakk búnir en áður var til að auka þau verðmæti sem menn gera úr þeim afla sem kemur á land.

[18:01]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg fullviss um að það eru önnur atriði sem valda því að staðan hefur ekki orðið verri en hún er. Ég vil ekki þakka það því eðli kvótakerfisins að þar er um hömlulaust framsal að ræða eða hefur verið í reynd, og sumir vilja jafnvel enn meira hömluleysi, heldur þvert á móti þakka ég þeim aðgerðum sem fyrirtæki hafa gripið til þar sem það hefur tekist. En ég vil taka það fram að í svari sem Guðrún Helgadóttir fékk við fyrirspurn sinni um tjón hins opinbera vegna gjaldþrota á árunum 1990, 1991 og 1992 kemur fram að tjónið var rúmlega 2 milljarðar árið 1990, 5,5 milljarðar árið 1991 og 7 milljarðar árið 1992. Þetta er fyrst og fremst tjón vegna gjaldþrota fyrirtækja og töluvert af þessum fyrirtækjum hafa farið illa í sjávarútvegi og ég held að það sé útilokað annað en fara eftir þeim dæmum sem við vitum um. Í sumum tilvikum er einmitt það kvótaframsal sem hefur verið í gangi sem hefur farið illa með þessi fyrirtæki. Frá þessu hverf ég ekki. Enda held ég að ef menn rekja bara einstök dæmi þá geti þeir mjög vel komist að þessari niðurstöðu þó fleira spili að sjálfsögðu inn í.

[18:03]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega hafa fyrirtæki gripið til aðgerða á þessum samdráttartímum. Og þau hafa einmitt gripið til aðgerða sem m.a. hafa falist í því að notfæra sér þá möguleika til framsals og millifærslu á kvóta sem kvótakerfið hefur boðið upp á. Ef þessir möguleikar hefðu ekki verið til staðar væri ástandið í sjávarútveginum miklu verra heldur en það er í dag og tapið í gjaldþrotunum, sem hv. þm. nefndi, hefði ekki verið 7 milljarðar fyrir atvinnulífið í heild heldur kannski 17 eða 27 bara fyrir sjávarútveginn.

[18:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. gerir mikið úr hagkvæmni kvótakerfisins. Mig langar til að biðja hann að útskýra fyrir mér og öðrum hv. þm.: Hvernig stendur því að afkastamesti hluti flotans, sem eru togarar upp í og yfir 500 tonn, hefur frá árinu 1983 ekki bætt neitt við afkastagetu sína þrátt fyrir að þessi hluti flotans hafi bætt mest við sig í vélarafli? Á árinu 1983 var afli á úthaldsdegi á togurum undir 500 tonnum 10,2 lestir en árið 1992 var hann 8,3, hafði minnkað um 2 tonn. Árið 1983 var afli á togurum yfir 500 tonn 11,8 tonn en árið 1992 var hann 11,9 tonn. Það munaði 100 kg. Nú kann að vera að einhverjum detti í hug: Er þetta ekki vegna þess að það er svo mikill aflasamdráttur? Nei, það er ekki þannig. Árið 1983 fiskaði þessi floti 346 þús. tonn en árið 1992 324 þús. tonn. Það munar ekki á heildarafla flotans nema 2% á þessu tímabili. Hvernig útskýrir hv. þm. fyrir okkur af hverju það hefur ekki orðið afkastaaukning og af hverju þessi hagkvæmni, sem hann er búinn að tala hér um dag eftir dag í sambandi við útgerðina, kemur ekki fram í afköstum flotans þegar um er að ræða sambærileg afköst í heildina hjá þessum hluta flotans eins og var þegar kvótakerfið var tekið upp.

[18:06]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú er þetta mjög viðamikil og tæknileg spurning sem ég er ekki viss um að ég hafi gripið á þessum stutta tíma svo vel að ég geti svarað henni til hlítar. Hins vegar get ég sagt að það sem hefur verið að gerast í togaraflotanum er að við höfum séð frystitogara koma þar sem skráð stærð skipanna er ekki bara eitthvað sem tengist veiðunum heldur líka fiskvinnslunni. Og það þarf að sjálfsögðu að hafa það í huga. Síðan hafa ný skip sem hafa komið verið með stærri vélar heldur en þau eldri. En það breytir því ekki að ástand þorskstofnsins hlýtur náttúrlega að hafa áhrif á það hvað þessi skip eru að veiða eða ekki veiða. Og þegar við vorum að veiða, eins og á árunum 1982 og 1983, um 400 tonn af þorski þá skiptir það máli miðað við stöðuna eins og hún er í dag þegar veiðin er innan við 200 þús. tonn. Eða er hv. þm. mér kannski ekki sammála um að skipti nokkru máli hvort það veiðist meira eða minna af þorski?

[18:07]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað skiptir það máli hvað veiðist mikið af þorski. En afköstin í öðrum veiðum skipta líka máli. Og munurinn á þessum veiðum er fyrst og fremst á árunum 1986–1992. Hér er um það að ræða að eini hluti flotans sem hefur bætt sig í afköstum á þessu tímabili sem hér er um að ræða eru litlu bátarnir, það eru trillurnar sem eru á aflamarki og litlu bátarnir sem eru þar fyrir ofan. Þetta kemur fram í skýrslum frá Fiskifélaginu.

Svo langaði mig til að segja að ég er sammála hv. þm. um að kapphlaupinu um veiðiheimildir hjá litlu bátunum þarf að linna. Ég tel að þar séum við sammála. Ég tel að við gerum það best með því að framlengja kerfið óbreytt sem þessi floti vinnur eftir. Þar með eru menn hættir að keppast um veiðiheimildir en tillagan sem liggur fyrir frá hæstv. ríkisstjórn gengur út á að fækka svo mikið róðrardögum þessara manna að þeir munu keppast allir við á þeim dögum sem þeir mega fara á sjó. Það er það sem veldur slysahættu en ekki hitt sem við erum sammála um að þurfi að aflétta, þ.e. að menn hætti að keppa eftir veiðiheimildum.

Mér fannst afar merkilegt að heyra hjá hv. þm. að honum fyndist nánast skelfilegt að fiskvinnslan þyrfti að fara að keppa um að kaupa á markaði afla til að vinna hann. Það finnst mér eiginlega skrýtið að hlusta á hv. þm. segja vegna þess að ég taldi að hann hefði aðrar skoðanir á hinni frjálsu samkeppni en það að hann teldi að það væri ekki eðlilegt að það ríkti samkeppni um hráefni og nánast alla hluti sem tilheyra rekstri fiskvinnslu.

[18:09]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég er ekki sammála því að framlengja núverandi kerfi krókabáta óbreytt er fyrst og fremst sú að það er mikil ónýtt sóknargeta hjá þessum hluta flotans og heildarafli þessara báta mundi aukast mjög verulega við það að framlengja óbreytt kerfi og sá afli yrði tekinn á kostnað annarra skipa í flotanum.

Varðandi það að ég hafi talið svo skelfilegt að kaupa fisk á markaði eða starfrækja svokallaða fiskmarkaði eins og þeir hafa starfað, þá er það misskilningur hjá honum að því leyti til að þessir markaðir eiga að sjálfsögðu rétt á sér upp að vissu marki. En að láta fiskvinnsluna aðeins eiga möguleika að ná í fisk í gegnum markað tel ég vera skelfilegt. Ég tel að fiskvinnslan eigi að eiga möguleika á því að gera fasta langtímasamninga um fiskviðskipti. Fiskmarkaðirnir hljóta að sjálfsögðu að koma inn í þessa mynd þar sem útgerðin reynir að fá sem hæst verð fyrir þann fisk sem hún er að veiða og koma í land en það á að vera jafnræði þarna á milli þannig að ekki sé verið að mismuna með löggjöfinni gegn fiskvinnslunni eða gegn útgerðinni.

Útbýting þingskjala:

Áfengis- og vímuefnavarnir, 397. mál, fsp. IP, þskj. 598.

Fráveitumál sveitarfélaga, 395. mál, fsp. GE, þskj. 596.

Skólamannvirki á Laugarvatni, 396. mál, fsp. MF, þskj. 597.

[18:12]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Loksins, loksins, loksins er komið til umræðu frv. til laga um breytingu á stjórn fiskveiða. Eftir þessu hefur verið beðið mjög lengi. Þetta átti að vera forgangsverkefni hæstv. ríkisstjórnar en það hefur tekið hana þrjú ár að koma með þetta frv. fram og nú tala menn um að það sé lagt fram sem bráðabirgðamál.

Þeir sem vinna við þessa atvinnugrein hafa ekki vitað hvað vændum var og fulltrúar ríkisstjórnarinnar hafa talað þvers og kruss í þessu máli. Þeir sem hafa þurft að endurskipuleggja hafa dregið það vegna þess að þeir hafa verið að bíða eftir skýrri stefnu og þess vegna haldið að sér höndum í mörgum tilvikum.

Það er rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði hér áðan að það er nauðsynlegt að það ríki festa í þessum málum. Og það væri fróðlegt að taka saman hvað stefnuleysi hæstv. ríkisstjórnar hafi kostað greinina og þjóðfélagið. Það eru ómældir peningar sem þetta stefnuleysi hefur kostað. Eins og hér hefur verið margítrekað, þá eru menn sammála um að þetta er mikilvægasta atvinnugrein þjóðarinnar og þessi grein er í kreppu. Hún er í kreppu vegna óvissunnar fyrst og fremst. Og það nægir að minna á nýafstaðið sjómannaverkfalli sem ég tel að hafi verið til komið vegna óvissunnar. Þessi óvissa ríkir reyndar enn því að alla vega hafa hv. þm. ekki heyrt hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að ganga frá þessum bráðabirgðalögum, en það fáum við að heyra á morgun.

Við erum búin að heyra það æðioft hjá sjálfstæðismönnum og það voru vígorð þeirra í kosningabaráttunni að þeir yrðu að fá sjútvrn. Ég er búin að rifja þetta oft upp því að ég hef oft spurt mig: Til hvers? Jú, vegna þess að þeirra stefna var frá veiðum og vinnslu til markaðar og þetta endurtóku þeir í sífellu og gera reyndar enn. Og margir sjálfstæðismenn sem tala í sjávarútvegsmálum eru ekki enn þá farnir að útfæra þessa stefnu.

Alþfl. hefur beint máli sínu sérstaklega til fyrrv. hæstv. sjútvrh., Halldórs Ásgrímssonar. Það er eins og þeir geri sér ekki grein fyrir því að þeir eru sjálfir í stjórnarsamstarfi og þurfa sjálfir að taka ábyrgð og þurfa sjálfir núna að gera það upp við sig hvort þeir ætla að standa að þessu frv. til laga um breytingu á lögum um fiskveiðar. Nú verða menn að hugsa frá fortíð til framtíðar. Það er komið að þeirri stundu. Og enn ræða menn hér að eitt sé stefna og annað gjörðir. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson tók það sérstaklega fram að eitt sé stefna og annað gjörðir og það er kannski stefna Alþfl. að þeir hafi vissa stefnu en gera annað en þeir ætla.

Enn á ný boða þeir veiðileyfagjald og óhefta sókn í nokkrar fisktegundir þar sem ekki hefur náðst sá afli sem hefur mátt veiða á sl. ári. En nú er aftur á móti frv. sem hér liggur frammi klappað og klárt og það er ekkert í því úr stefnu Alþfl. Og enn tala stjórnarsinnar út og suður í málinu og erfitt er að henda nokkrar reiður á því hvað menn vilja raunverulega. Ég tel þetta vera mikið ábyrgðarleysi hjá stjórnarsinnum. Og ég segi við þá sem vilja breyta stefnunni meira en hér er boðað: Því í ósköpunum tala þeir ekki skýrar? Vandræðagangur ríkisstjórnarinnar er alger í þessu máli og það er sorglegt.

Menn tala gjarnan um óréttlátt kerfi sem þurfi að breyta en hafa ekki hugmynd um hvernig eigi að breyta því. Hér hefur m.a. verið spurt að því hvort núverandi kerfi treysti búsetu í landinu. Það er mjög mikilvægt að menn spyrji sig þessara spurninga og svari henni. Núverandi kerfi treystir ekki búsetu í landinu. En hvaða kerfi treystir búsetu í landinu þegar auðlindin er takmörkuð og takmarkað má veiða? Það er önnur spurning sem menn verða að svara. Mundi veiðileyfagjald treysta búsetu í landinu? Þetta er spurning sem alþýðuflokksmenn verða að svara. Mundi sóknarstýring treysta byggð í landinu? Ég sé ekki hvernig sóknarstýring ætti að treysta byggð í landinu því að það er alveg auðséð mál að ef sóknarstýring væri alls ráðandi, þá væru það þeir sem hefðu öflugustu skipin sem næðu þessu aflamarki. Og það er líka auðséð mál að ef sóknarstýringin væri ráðandi, þá mundi verða enn þá meira atvinnuleysi hjá fiskvinnslufólki vegna þess að sótt yrði á skömmum tíma og svo yrði stopp á milli. Þar yrðum við aftur komin til fortíðar.

Við höfum margsinnis viðurkennt að það eru margir ókostir við kerfið og þó svo að þær brtt. sem hér liggja frammi komi eitthvað að gagni, þá eru áfram ókostir við þetta kerfi en menn hafa ekki bent á neitt

skárra. Menn hafa bent á byggðakvóta. En ég held að það hafi komið fram í andsvörum hversu óútfærður þessi byggðakvóti er og það er gjarnan afgreitt með þeim hætti að sveitarstjórnarmenn geti séð um það að úthluta afla. Ég sem gamall sveitarstjórnarmaður mundi ekki treysta mér til að standa í þeim sporum að eiga að sjá um að deila og drottna yfir aflanum. Enda er búið að benda á rök hér margsinnis fyrir því að það eru engir sem gætu átt skip, það fengju engir lán fyrir þessum skipum ef þeir þyrftu að vera fastir með sínar aflaheimildir eftir úthlutunum einhverra örfárra sveitarstjórna.

Ég hef sagt það áður að frv. sem er til umræðu breytir e.t.v. ekki mjög miklu. En margir áleitnar spurningar sækja á hugann um stöðu greinarinnar í dag. Hér hefur verið mikið rætt um það að veiðiheimildir færast á færri hendur. Það er að sumu leyti rétt að það eru færri og stærri fyrirtæki en voru fyrir nokkrum árum síðan. En menn hljóta líka að spyrja sig: Er eitthvert annað kerfi sem hamlar gegn því? Og menn hljóta líka að skoða: Hverjir eru eignaraðilar að þessum fyrirtækjum? Er það ekki almenningur? Menn hafa talað um hagræðingu, menn verða að sameinast og menn verða að hagræða. Og þegar menn hafa sameinast og hagrætt þá segja sömu aðilar: Þetta eru orðnir of stórir aðilar og þetta gengur ekki. Þarna hafa heimildir færst á of fáar hendur. En hvaða fyrirkomulag getur komið í veg fyrir það? Það eru spurningar sem menn verða að svara sem telja að allt annað sé betra en það sem er án þess að koma þó með ákveðnar tillögur.

Ég tel að veiðileyfagjald t.d. kæmi ekki í veg fyrir það nema síður væri. Ég gæti ímyndað mér að ef veiðileyfagjald yrði sett á yrði kannski eitt öflugt sjávarútvegsfyrirtæki á landinu. Það er ótrúlegur tvískinnungur í þessari umræðu. En af hverju er staða sjávarútvegsins jafnslæm og raun ber vitni? Hún er slæm. Við viðurkennum að hún er slæm. Fyrst verðum við að skoða hvað gengur vel í sjávarútveginum. Rekstur frystitogara gengur vel. Rekstur skipa sem eru eingöngu í útflutningi eða selja beint á markaði gengur líka vel. Og rekstur nokkurra smærri báta sem eru með sæmilega aflaheimild gengur líka vel. Í þessu sambandi langar mig að minnast þess að ég las í Frjálsri verslun ekki alls fyrir löngu viðtal við útgerðaraðila í Hafnarfirði sem fengu verðlaun Útflutningsráðs vegna góðrar afkomu síns fyrirtækis. Þetta var mjög athyglisvert viðtal við hjónin sem reka þessa myndarlegu útgerð sem gengur mjög vel. M.a. sögðu þau í viðtalinu að gæfa fyrirtækisins væri sú að þau voru ekki með fiskvinnslu í landi.

Eins og allir vita er fiskvinnslan okkar stóriðja og þarf að vera okkar stóriðja og við verðum að treysta stöðu þessarar stóriðju okkar. Við verðum að treysta vinnsluna í landi. Við hljótum að þurfa að svara þeirri spurningu: Hvernig stendur á því að fiskvinnslan gengur almennt svona illa í landi? Það eru mörg svör við því. Það eru mjög miklar kröfur gerðar um tæknibúnað í landi og frystihús almennt hafa verið að aðlaga sig EB-markaðnum. Það eru miklar hreinlætiskröfur og miklar kröfur gerðar á þeim markaði og það hefur verið fjárfest mikið. En það eru allt önnur lánakjör til frystihúsa en til skipa. Fullvinnslan í landi, sem flestir telja vera okkar framtíð í fiskvinnslu, er dýr og við nýtum þau tæki illa sem fjárfest hefur verið í vegna þess að við erum ekki komin með vaktir í fiskvinnslunni í landi.

Ég talaði um lánakjörin sem eru ekki hagstæð og vextirnir allt of háir. Þeir hafa verið skuldugri fiskvinnslu afar óhagstæðir. Orkugjöld eru allt of há og það er endalaust verið að hækka hafnargjöld og það er verið að setja aukahafnargjöld á frá ári til árs. Þetta eru gjöld sem koma sérstaklega illa við fiskvinnsluna því að þar er bara reiknað eftir magni en ekki reiknað eftir því hvað fæst fyrir afurðina. Og það sem íþyngir fiskvinnslunni mjög eru tryggingagjöldin. Þó svo aðstöðugjaldið hafi verið lagt af, þá eru tryggingagjöldin orðin hærri en aðstöðugjöldin voru og fyrir áramót var enn verið að hækka tryggingagjaldið. Við erum í vítahring varðandi tryggingagjöldin vegna þess að þau eiga m.a. að greiða laun þeirra aðila sem verða gjaldþrota. Þeir sem enn þá lafa og lifa eru að borga fyrir gjaldþrotin og það er alveg eins með vextina. Þeir sem enn þá lafa eru að borga svona háa vexti vegna þess að bankarnir eru að tapa svo stórum upphæðum á gjaldþrotunum. Svo er sífellt sungið að EES muni bjarga þessu öllu saman og við eigum svo mikla möguleika varðandi EES.

Ég hef aldrei gert lítið úr því að við eigum ýmsa möguleika varðandi hið Evrópska efnahagssvæði. En við eigum enga möguleika ef við tökum ekki alvarlega á því og skoðum okkar samkeppnistöðu sem er slæm. Ef við skoðum ekki nákvæmlega þá samkeppnisstöðu sem við stöndum frammi fyrir í frystingunni, þá eigum við enga möguleika á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þar er búið að skipa margar nefndir, m.a. til að endurskoða lög um stjórnun fiskveiða, en mér finnst vera kominn tími til, og mér er alveg sama hve mörg höfuð eru á þeirri nefnd, að að þeirri nefnd og endurskoðun komi þeir sem eiga allt sitt undir, þ.e. fiskvinnslufólk, sjómenn, útgerðaraðilar, sveitarstjórnarmenn og fulltrúar ríkisvaldsins og spyrji: Hvernig við getum gert okkar stóriðju samkeppnisfæra? Erum við virkilega að leggja einhver þau gjöld á þessa grein að hún geti ekki borið þau? Mér finnst löngu kominn tími til þess.

Því miður er engin sátt um sjávarútvegsstefnuna og hún verður ekki nema þeir aðilar, sem ég hef hér áður upp talið, fái að koma að þessu máli. Ég ætla ekki að þreyta menn með því að fara aftur yfir þær breytingar sem hér eru boðaðar. Það gerði hv. þm. Halldór Ásgrímsson fyrir hönd okkar framsóknarmanna og ég veit að þeir nefndarmenn sem eru í sjútvn. munu kalla þá aðila til sem nauðsynlegt er að kalla til sem eiga sitt undir því að þarna sé farin sú málamiðlunarleið sem þarf að fara. En ég endurtek að það er nauðsynlegt að menn fari að skoða samkeppnisstöðu fiskvinnslunnar sem er afar erfið en þar er einmitt okkar stóriðja. Þar er vinna fyrir fjölda manns og mér finnst hafa verið gert allt of lítið af því og allt of lítið hugsað um það hvern-

ig við getum tryggt áframhaldandi rekstur frystihúsa hér á landi. Ég segi það vegna þess að þrátt fyrir að fyrirtæki hafi orðið gjaldþrota, segjum fyrirtæki sem er fullkomlega uppbúið, ég gæti til staðfestingar bent á ákveðið fyrirtæki sem er tæknilega fullkomið og hefur orðið gjaldþrota, og búið að þurrka af því allar skuldir er samt ekki nokkur aðili sem treystir sér til að reka það fyrirtæki ef það þarf að kaupa fisk af mörkuðunum. Það er eitthvað að þegar svo er komið. Og af því að menn hafa oft rætt um að það væri kannski ein leiðin að allur fiskur færi á markað, þá held ég að menn ættu að skoða það hvers konar tilfærsla á afla það væri. Það kynni að vera að það yrði aðeins á fáeinum stöðum á landinu sem væri unninn fiskur ef það væri skylda að allur afli færi á markað. Ég vara við því.

[18:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það er ekki óeðlilegt að það sé aðeins hér í byrjun rifjað upp hvernig mál þetta hefur borið að og hvaða sögu það á sér í gegnum vinnu hæstv. ríkisstjórnar að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Eins og kunnugt er voru þessi lög síðast afgreidd á Alþingi á vormánuðum 1990 og þá með málamiðlun og samkomulagi sem gekk út á nokkur aðalatriði, þar á meðal breytingar á lögum um Hagræðingarsjóð, en ekki síður þó að samkomulag tókst þá um það að setja lögin í heildarendurskoðun með ákvæðum sem áttu að tryggja aðild allra flokka að þeirri endurskoðun, tryggja samráð við sjútvn. Alþingis og hagsmunaaðila í þeirri endurskoðun og tryggja að þeirri endurskoðun yrði lokið á tveimur árum, þ.e. fyrir árslok 1992 skyldi hafa farið fram með þessum hætti heildarendurskoðun málefna sjávarútvegsins eða laga um stjórn fiskveiða.

Staðreyndin er hins vegar sú að hæstv. núv. ríkisstjórn hefur haldið ákaflega óhönduglega á því máli og uppskorið í samræmi við það. Því var strax spáð að ríkisstjórnin væri að reisa sér hurðarás um öxl þegar hún hafnaði þverpólitísku samstarfi um þetta verkefni, kaus að manna starfsnefnd sína eingöngu stjórnarliðum jafnmörgum úr hvorum flokki eða þar um bil og velja svo nefndinni þar á ofan það óvenjulega forustumunstur að formenn hennar yrðu tveir, en það hefur jafnan þótt hæpið að hafa tvö stýri og tvo skipstjóra í brúnni. Útkoman varð auðvitað eftir þessu, í fyrsta lagi náði stjórnin náttúrlega ekki fram þessu verkefni á þeim tíma sem tilskilinn var og það er rétt að minna á það að þrátt fyrir þetta lögbundna ákvæði um endurskoðun, að henni skyldi ljúka fyrir árslok 1992, þá erum við nú hér að ræða þetta mál við 1. umr. 15. febr. 1994, 14 mánuðum næstum að segja á eftir áætlun. Og þá er auðvitað augljóst mál að mikil vinna er fyrir höndum áður en lögfestar verða einhverjar endanlegar niðurstöður í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Án samráðs.) Látum það nú vera þó að þessi dráttur hefði orðið á málinu sem er að sönnu bagalegur því að hann veldur óvissu hjá fyrirtækjunum o.s.frv. Hitt er öllu verra að um niðurstöðuna er engin pólitísk samstaða, hvorki pólitísk í þeim skilningi að allir stjórnmálaflokkar hafi átt aðild að verkinu og standi að því og ekki heldur pólitísk í þeim skilningi eða fagleg að helstu hagsmunaaðilar málsins séu ánægðir með niðurstöðuna og standi að henni. Hvorugt er fyrir hendi. Reyndar nær samstöðuleysið eða sundrungin svo langt að í röðum stjórnarflokkanna sjálfra, sem hafa þó einir setið að verkinu, er bullandi ágreiningur um málið. Frv. sem hér liggur fyrir er lagt fram með fyrirvörum af hálfu stjórnarflokkanna og einstakra þingmanna þeirra. Það liggur fyrir. Meira að segja hæstv. ráðherrar eins og umhvrh. hafa lýst fyrirvörum á málinu.

Það er því ekki hægt að segja annað en það sem liggur fyrir, hæstv. forseti, að hér hefur tekist hörmulega til, vægast sagt óhönduglega og málið er í allt annarri og verri stöðu en það hefði að mínu mati þurft að vera. Ábyrgðina af þessum vinnubrögðum ber hæstv. ríkisstjórn og hæstv. ríkisstjórn ein. Hún hefur meira að segja gengið svo langt að hundsa lögbundið samráð við sjútvn. Það hefur nánast ekkert verið og það litla sem um er að ræða hefur verið vegna þess að sjútvn. sjálf hefur krafist upplýsinga eða dregið til sín upplýsingar um málið, ekki á hinn veginn að hún hafi verið upplýst eða höfð með í ráðum. Þannig er það að þrátt fyrir það að nú sígi mjög á seinni helming þessarar ríkisstjórnar, sem betur fer og öll þjóðin fagnar því, hefur hún nánast engu komið fram enn sem komið er í sjávarútvegsmálum. Þriggja ára afmælið er nú fram undan í maímánuði næstkomandi og það er staðreynd að hæstv. ríkisstjórn hefur enn sem komið er nánast ekki náð saman um, hvað þá heldur afgreitt hér eða komið í gegn nokkru sem máli skiptir og varðar grundvallarstarfsskilyrði eða löggjöf sjávarútvegsins. Þetta er einfaldlega staðreynd. Menn geta rætt það lengur eða skemur, svona er staðan.

Það sem gerst hefur á þessum tíma ber keim af þeirri óvissu sem þetta hefur valdið. Fyrirtækin hafa enga heildarlöggjöf til að miða við þegar þau taka sínar ákvarðanir um fjárfestingu eða uppbyggingu og fullkomin óvissa ríkir og það er auðvitað bagalegt svo ekki sé meira sagt. Þróun sjávarútvegsins verður eðlilega við þessar aðstæður tilviljanakennd. Menn eru að spila póker við blindan og vita ekki hverju þeir eiga að mæta í formi undirstöðulöggjafar greinarinnar þegar þar að kemur. Gott dæmi um þetta er til að mynda sú handahófskennda og tilviljanakennda þróun sem átt hefur sér stað í flutningi fiskvinnslunnar út á sjó sem reyndar er kannski að meira leyti neyðarráðstöfun vegna bágrar afkomu heldur en endilega að menn telji það æskilega þróun að öllu leyti í sjálfu sér. Engin stefna sem hægt er að kalla heildstæða hefur verið mótuð og er það þó tekið fram sérstaklega í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar að eitt meginverkefni hennar skuli vera að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Það er langur vegur frá því að hægt sé að kalla þessi ósköp sem enn hafa komið frá hæstv. ríkisstjórn einhverjar tillögur í þá átt. Hér ef fyrst og fremst lagt til að framlengja í grófum dráttum lífdaga óbreyttrar stjórnunar fiskveiða þrátt fyrir alla þá annmarka sem mönnum eru ljósir á því kerfi, þrátt fyrir þá gagnrýni sem það hefur svo sannarlega fengið á sig og þrátt fyr-

ir þá óeiningu sem um framkvæmdina er við mikilvæga hagsmunaaðila eins og sjómannastéttina og byggðarlögin í landinu, svo nokkuð sé talið.

Ef farið er yfir það, hæstv. forseti, hverjir eru kannski helstu ágreiningsþættirnir sem í þessu máli vaka eins og þeir koma ræðumanni fyrir sjónir, þá mundi ég í fyrsta lagi segja að það væri ósköp einfaldlega sú ójafna réttarstaða sem kerfið felur í sér og hefur frá upphafi falið í sér. Ef við stillum því upp hverjir séu meginhagsmunaaðilar sem aðild eiga að starfrækslu íslensks sjávarútvegs í dag og hafa lengi verið, þá er það í grófum dráttum eftirfarandi:

Það er í fyrsta lagi útgerðin, eigendur og rekstraraðilar skipanna. Enginn deilir um það. Það er í öðru lagi sjómannastéttin því að lítið yrði um útgerð á Íslandi ef ekki væru sjómenn til að manna skipin. Það er í þriðja lagi fiskvinnslan í landi og byggðarlögin. Og það er í fjórða lagi, nátengt þessum aðilum, landvinnslufólkið, fiskvinnslufólkið sjálft.

Þannig má segja að þarna séu fjórir eða fimm stórir meginhagsmunaaðilar sem að greininni standa og eru í raun allir jafnómissandi hluti af henni af nýtingu verðmætanna á Íslandsmiðum. Á bak við stendur svo að sjálfsögðu þjóðarbúið allt og allur íslenski þjóðarbúskapurinn sem stendur og fellur með sjávarútvegi, gjaldeyrissköpunin auðvitað ekki síst, en enn er svo komið að sjávarútvegurinn íslenski er í grófum dráttum í sömu sporum og hann var fyrir 30 árum, að hann stendur undir 80% af gjaldeyrissköpun þjóðarinnar.

En hvernig er kerfið í reynd gagnvart þessum fjóru stóru hagsmunaaðilum? Það er þannig að einum aðila eru úthlutuð réttindin: Útgerðinni. Einn af þessum fjórum stóru hagsmunaaðilum hefur í raun og veru öll spilin á hendi, trompin sín megin, leyfi til að nýta auðlindina. Og nú geta menn rætt um það hvort hægt væri yfir höfuð og raunhæft að koma þessu einhvern veginn öðruvísi fyrir. Ég er ekki í sjálfu sér að úttala mig um það. Ég er eingöngu að benda á það að svona liggja spilin. Svona voru þau gefin. Og þetta hlýtur að hafa afgerandi áhrif á samskipti þessara aðila. Enda er það reyndin að í fyrsta lagi er sjómannastéttin meira og minna að sameinast gegn ákveðnum þáttum þessa fyrirkomulags. Í öðru lagi er það mjög mismunandi hvernig þetta kemur niður gagnvart fiskvinnslunni. Fiskvinnslan í heilum byggðarlögum er að deyja út vegna tilfærslu veiðiheimilda. Í þriðja lagi er þá landverkafólkið, fiskvinnslufólkið ofurselt framkvæmd þessa kerfis, á örlög sín undir því, atvinnu sína og eignir sínar í þeim byggðarlögum sem það hefur sett sig niður. Og í fjórða lagi eru það byggðarlögin sjálf sem sum hver standa þannig að vígi í dag vegna tilfærslu veiðiheimildanna að þeim eru nánast allar bjargir bannaðar. Byggðarlög, sem hafa risið upp við sjávarsíðuna á Íslandi af því að þau lágu vel við miðum, af því að þar var fólk sem vildi setja sig niður og nýta sjóinn, vakna allt í einu upp við það einn góðan veðurdag á Íslandi að rétturinn til þess að halda áfram þeirri atvinnustarfsemi, sem viðkomandi byggðarlag hefur snúist um um áratuga skeið, er horfinn. Hann hefur siglt út um hafnarkjaftinn með skipi sem var selt í burtu á nauðungaruppboði. Og það er hægara að segja það heldur en að gera það að ráða bót á því í byggðarlagi þar sem allt er rjúkandi rúst. Við þekkjum dæmin. Hvernig standa Bíldudalur og Patreksfjörður í dag? Hvernig stendur lífsbarátta Bolungarvíkur? Það er ekki bjart um að litast þar. Og ætla menn þá virkilega að koma hér og segja að þetta kerfi hafi að öllu leyti tekist vel, að það séu ekki fólgnar í því hættur, samfara því ágallar sem menn verða að horfast í augu við. Ég segi: Það er furðulegur málflutningur. Og ég gef ekki mikið fyrir það hvort sem það eru hv. þm. Framsfl. sem hér hafa talað eða hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem kemur og segir: Það þýðir ekkert fyrir ykkur að ræða þessa hluti af því að þið hafið ekki bent á eitthvað betra. Af því að það er ekki hérna tilbúið fullkomið kerfi, ágallalaust til að taka við í staðinn, þá skuluð þið ekki vera að tala um þessi mál. Það er ekki merkilegur málflutningur. Ef menn þora ekki að horfast í augu við áhrifin af því stjórnkerfi sem við búum við, ræða ágallana og tala saman um það hvort hægt sé að finna leiðir til að betrumbæta það, þá komast menn ekki langt. Þá er á ferðinni það sem ég tel að hafi allt of mikið einkennt umræðuna um þessi mál þau 10 ár sem hún hefur staðið og hef ég fylgst vel með henni því að ég var nýliði hér á þingi á því merka þingi 1983–1984 þegar kvótinn var í fyrsta skipti afgreiddur.

Ég tel að menn hafi um of rætt þetta út frá forsendum kerfisins, að málið snerist um að velja kerfi en ekki um það að reyna að finna þá framkvæmd, þá tilhögun þessara mála hvort sem hún héti eitt eða annað kerfi sem gæfist best. Ekki um það að læra af reynslunni. Ekki um það að þora að prófa nýjar aðferðir heldur að vera með eða á móti kerfi. Ég hef aldrei verið með eða á móti kerfi í þessu máli. Ég hef aldrei tekið trú á aflamarkskerfið, ég hef heldur ekki hafnað því. Ég vil frábiðja mér það að þurfa að ræða hlutina á svo einfölduðum forsendum.

Ég spyr t.d. að því þegar menn neita því alfarið og telja það ekki ganga upp að gefa sókn frjálsa í tegund eins og loðnu þegar 2–3 vikur lifa eftir af vertíð. Loðnan er að hrygna og drepast hundruðum þúsundum tonna saman. Það er ljóst að stofninn þolir þessa sókn, en menn neita samt að leyfa kannski afkastamiklum skipum sem eru búin með sinn kvóta að mala þjóðarbúinu áfram gull og halda áfram til loka vertíðar. Af hverju? Af því að kerfið segir nei. Þá eru menn að velja hagsmuni kerfisins fram yfir veruleikann, fram yfir þjóðarhagsmuni, fram yfir röksemdir skynseminnar. Það er þannig. Og það kerfi sem þarf á slíkum ósveigjanleika að halda til að viðhalda sjálfu sér er komið út í ógöngur. Það vantar í það sveigjanleika. Það vantar aðlögun að veruleikanum sem blasir þá við. Ég held að gagnvart svona hlutum verði menn að rífa sig upp úr þessum hjólförum kerfishyggjunnar og þora að horfa á hlutina eins og þeir eru.

Ég tel að aflamarkið búi yfir mörgum miklum kostum og ef betur hefði tekist til með framkvæmd þess, meiri viðleitni hefði ríkt á undanförnum árum til að taka jafnóðum á ágöllunum og mæta ólíkum hagsmun-

um sem þarna togast á, þá gætum við verið mikið betur á vegi stödd í dag með fiskveiðistjórnunarfyrirkomulag sem miklu meiri sátt væri að nást um. En eins og þetta stendur í dag, þá er barnaskapur og óraunsæi að neita því ekki að um þetta mál er mikil óeining. Þrátt fyrir 10 ár hefur ekki tekist að ná þjóðinni saman um þá skoðun að þetta sé í góðu lagi eins og það er og það eigum við þá að viðurkenna og horfast í augu við — alveg burt séð frá því hvort menn eru meira eða minna trúaðir á þetta fyrirkomulag eða eitthvað annað. Liggur það ekki ljóst fyrir að við hljótum hér eftir sem hingað til að byggja fyrirkomulag þessara mála á einhverjum málamiðlunum ólíkra sjónarmiða? Ég hef enga trú á því að sú framtíð blasi við okkur á næstu árum, mér liggur við að segja á næstu áratugum, að einhver einn aðili muni hafa fullan sigur og keyra sitt kerfi ofan í hausinn á öllum hinum. Það mun ekki gerast þannig, hvorki pólitískt, faglega né gagnvart hagsmunaaðilum. Skipulag fiskveiðistjórnunar verður málamiðlun ólíkra hagsmuna og ólíkra sjónarmiða á næstu árum eins og það hefur verið. Spurningin snýst þess vegna um það að reyna að ná þarna sem sanngjarnastri niðurstöðu sem sem víðtækust sátt getur orðið um. Og því miður er þetta frv., hæstv. forseti, að mínu mati ákaflega skammgóð lausn í þeim efnum og að sumu leyti er boðað að halda skuli lengra út í ófæruna. Það er til að mynda ljóst að hér er ekki gerð nein minnsta tilraun til að leysa úr þeim vandamálum sem tilfærsla veiðiheimildanna hefur skapað og óánægjan og gagnrýnin sem í kringum það hefur myndast. Og er það þó næsta furðulegt í ljósi þeirra deilna og allsherjarverkfalls m.a. sem af þeim hlutum hefur sprottið á undanförnum mánuðum.

Spurningin er sú í mínum huga í ljósi þess sem ég sagði um aðdraganda málsins hvort Alþingi Íslendinga og sjútvn. ber þá gæfu til að taka þessi mál þannig til sjálfstæðrar skoðunar, óháð þeirri vinnu sem fram hefur farið á vettvangi ríkisstjórnar og burt séð frá fortíðinni, hvort menn eiga meiri eða minni aðild að þessu sem kvótasinnar eða kvótaandstæðingar, að fram fari raunveruleg og heiðarleg tilraun til þess að mynda slíka samstöðu og taka á þessum málum, setja t.d. þær reglur um tilfærslu veiðiheimildanna á meðan eða ef aflamarkið sem slíkt verður við lýði að um það geti skapast eitthvað meiri sátt. Taka þannig á stöðu byggðarlaganna í þessum efnum að það gerist ekki að heil byggðarlög eða jafnvel heilir landshlutar sitji allt í einu uppi þannig að réttur þeirra til tilvistar hafi í raun og veru verið seldur frá þeim. Það getur ekki gengið. Það er þá tilgangslaust að vera að tala um eitthvað sem heitir byggðastefna eða sanngirni í þessum efnum. Ég segi fyrir mitt leyti að tilbúinn væri ég til þess að setja þannig niður vinnu að menn gætu einhent sér að því — þess vegna þó að það tæki allan veturinn, allt vorið og fram á mitt sumar, fram á haust — að gera þessa alvörutilraun af því að hún hefur ekki farið fram. Hún hefur því miður ekki farið fram enn þá, heldur hafa menn svona skáskotið sér fram hjá ágreiningsefnunum, einangrað þetta í sínum þrönga hópi. Það hefur verið haldið áfram þó að heil hagsmunasamtök eins og sjómannastéttin klyfi sig út úr starfi tvíhöfða nefndar eða öllu samráði á sl. vetri, þá var látið sem ekkert væri, nefndin skilaði sínum niðurstöðum og því fór sem fór. Það lá fyrir frá upphafi, frá útkomudegi tvíhöfða álitsins lá það fyrir að sjómannastéttin gat ekki sætt sig við þessa niðurstöðu.

Það liggur enn fremur fyrir að menn eru fjær því en þeir hafa kannski verið um langt árabil að ná nokkru landi með eitthvað sem gæti heitið heildstæð sjávarútvegsstefna. Hún er enn fjær. Á meðan upplausn ríkir gagnvart jafnvel því hvernig næstu ár hvað fiskveiðistjórnunina sjálfa snertir skuli líta út þá þýðir víst lítið að tala um einhverja heildstæða sjávarútvegsstefnu þar sem nýtingin, vinnslan, fullvinnslan og skipulagið væri tekið inn í að einhverju marki. Er þó að nógu að hyggja í þeim efnum sem og markaðshagsmunum Íslands í hinum flókna heimi sem þar er upp runninn og síbreytilegir.

Margt fleira kallar líka á endurmat á okkar áherslum í þessum efnum. Ég nefni þá staðreynd að brýn þörf kallar á endurmat og stefnumótun fyrir okkur Íslendinga sem strandveiðiþjóð og úthafsveiðiþjóð og hvaða áherslur við ætlum að leggja í þeim efnum, hvernig menn ætla að taka á stóraukinni sókn út fyrir landhelgina, hvernig við ætlum að nýta okkur þá möguleika, hvernig við ætlum að bregðast við þátttöku Íslendinga í útgerð undir erlendum fánum og auknum hagsmunum sem við eigum nú að líta til sem úthafsveiðiþjóð.

Ég tel líka að það beri brýna þörf til þess að huga að nýsköpunarmálum greinarinnar í stað þess að leggja hér fram löngu úrelt frv. um einhvern samdráttarsjóð sjávarútvegsins þar sem bera á fé á menn til þess að draga sem allra mest saman í sjávarútvegi á Íslandi, eins og það sé nú það sem við þurfum mest á að halda, í staðinn fyrir að beita öllum tiltækum ráðum til að nýta fyrirliggjandi fjárfestingu og flota eins og nokkur kostur er til að auka verðmætasköpun í greininni með sókn á fjarlæg mið, með aukinni fullvinnslu o.s.frv. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi því miður ekki haft gott af sambúðinni í þessari ríkisstjórn við ýmsa menn, svo sem eins og Alþfl. Hann hafi gefið allt of mikið eftir í samskiptum við þann flokk og bognað í bakinu þannig að dapurlegt sé, t.d. í samningum við Evrópubandalagið og svo mikið fyrir EES eins og það er nú að reynast okkur þessa dagana í Frakklandi. Ég tel að hann hafi gefið allt of mikið eftir gagnvart til að mynda hugmyndum eða áformum um auðlindagjald í tengslum við svokallaðan þróunarsjóð sem á að leggja á sjávarútveginn frá og með árinu 1996.

Margt fleira mætti um þetta segja, hæstv. forseti, en ég ætla tímans vegna að stytta mál mitt þannig að fleiri komi sínum sjónarmiðum að fyrir kvöldmatarhléið. Ég ítreka bara það sem ég sagði áðan. Mér finnst ekki aðalatriði málsins nú vegna þess hvernig það er fram komið, þetta frv., að ræða hin einstöku efnisatriði þess, heldur spurningin: Eru hér forsendur til þess, er hér vilji til þess að setja í gang og fara í gegnum alvörutilraun til að móta einhverja heildstæða sjávarútvegsstefnu og fiskveiðistefnu sem gera þarf? Er vilji til

þess? Er áhugi fyrir því eða ekki? Ef meiningin er að láta þetta frv. bara liggja í salti í sjútvn. í nokkrar vikur og keyra svo hér í gegn í mars eða aprílmánuði óbreytt hrossakaup stjórnarflokkanna, þá er einfaldast að horfast í augu við það strax og þá er það að mínu mati tímasóun að vera að mikið að velta þeim hlutum fyrir sér í sjútvn. vegna þess að þá er þar ekki á ferðinni á nokkurn hátt sú heildarendurskoðun laga um málefni sjávarútvegsins sem ákveðið var að ráðast í og lofað var á sínum tíma, heldur fyrst og fremst minni háttar breytingar á óbreyttu fyrirkomulagi sem er þá niðurstaða af hrossakaupum ríkisstjórnarinnar.

Ég hef skilið það svo að hv. þm. stjórnarinnar teldu sig í raun og veru óbundna af framlagningu þessara frumvarpa, teldu sig hafa svigrúm til að taka þátt í þessu vegna umræðu um og skoðun á gjörbreytingu á þessu máli hvort sem það lýtur að smábátum, tilfærslu aflaheimilda eða jafnvel sjálfum grundvelli fiskveiðistjórnunarkerfisins. Ef svo er og það fæst staðfest hér í umræðunni, þá vona ég svo sannarlega að hugur fylgi máli og menn séu þá tilbúnir til að taka þá vinnulotu sem hefði þurft að standa undanfarin ár en ekki fyrst að vera að hefjast nú og ætlunin var á sínum tíma, 1990, að fælist í ákvæðum til bráðabirgða um heildarendurskoðun sjávarútvegsstefnunnar sem þá voru lögfest en því miður fóru í annan farveg eins og kunnugt er í pólitískum helmingaskiptum hæstv. ríkisstjórnar.

[18:56]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Það fer ekki á milli mála að það frv. sem hér liggur fyrir ásamt því sem síðar er á dagskrá þessa fundar taka á þeim viðfangsefnum sem einna mestu skipta fyrir efnahag og afkomu okkar þjóðarbús og ráða mestu um efnalega afkomu fólks og fyrirtækja í velflestum byggðarlögum landsins auk þess að vera algjör undirstaða lífsafkomu í sjávarbyggðum allan hringinn með sjávarsíðunni. Í ljósi þess hversu mikilvægt það er hlýt ég að taka fram, eins og ég hef raunar oft gert áður í umræðum um þennan málaflokk, að ég hef vissar efasemdir um stjórn á atvinnu í stórum atvinnuvegi af þessu tagi með lögboði eins og við hins vegar höfum neyðst til að hafa í sjávarútvegi og í landbúnaði sem eru okkar fjölmennustu atvinnuvegir.

Það liggur hins vegar fyrir að ástand fiskstofnanna er með þeim hætti að við getum vart brugðið á annað betra ráð. Hins vegar hefur ekki tekist þrátt fyrir hálfan annan áratug fiskveiðistjórnar að byggja þá upp svo nokkru nemi. Enn þá eru þeir mjög slakir og enn er fjárfesting og afkastageta fiskveiðiflotans í minnstu samræmi við afrakstursgetu fiskstofnanna. Á sama tíma hefur okkur lítt fleygt fram í athugunum á áhrifum hinna ýmsu veiðarfæra á mið, á fiskislóðir, á hrygningarsvæði, á uppvaxtarstöðvar þeirra fiskstofna sem *við höfum helst lífsafkomu af. Þó vitum við nokkurn* veginn, virðulegi forseti, að þær þrjár tegundir veiðarfæra sem helstar eru hafa misjöfn áhrif og við veiðarnar sjálfar veita þær misjafnt álag. Þannig liggur fyrir að krókaveiðar og línuveiðar eru ekki til þess fallnar að velja fisk. Togveiðarfæri eru það ekki að fullu leyti. En með þeim breytingum sem orðið hafa á netaveiði gegnum áratugina, sérstaklega síðustu 15 ár, hafa netin einna lengst komist í að velja fisk við veiðina. Hins vegar er engin ástæða til þess að ætla að þau séu miklu betri en áður ef menn missa af þeim á veiðislóð.

Þegar við lítum til baka þá liggur fyrir að þegar leið á áttunda áratuginn var ljóst að útfærsla lögsögunnar og brotthvarf erlends togaraflota af heimamiðum okkar dugði engan veginn til að sporna við ofveiði. Hún var orðin af okkar eigin sökum. Allt síðan eða um hálfan annan áratug höfum við reynt að ná stjórn á veiðum innan lögsögunnar með tilliti til þess sem á hverjum tíma hefur fram komið um afrakstursgetu stofnanna og miðanna. Hvert stjórnkerfið hefur tekið við af öðru, banndagar, skrapdagakerfi, sóknarmark, blanda sóknarmarks og aflamarks og nú síðast aflamarkskerfi með sérstökum frávikum vegna línuveiða og krókaveiðibáta.

Ekki tel ég eftir mínum upplýsingum leika vafa á nauðsyn þess að stjórna veiðum okkar. Til þess eru upplýsingar fræðimanna, niðurstöður rannsóknastofnana og sjálf veiðireynslan einfaldlega of sammála, sammála vísbendingum um ástand fiskstofnanna og miklu meiri afkastagetu fiskiskipaflotans. Allt frá því að við brugðum á það ráð hafa stjórnkerfi okkar á hinn bóginn verið svifaseinni en ætlað var, þ.e. ekki nægjanlega skilvirk til að ná fram þeim takmörkunum eða þeim samdrætti sem annars vegar ráðgjöf og hins vegar fyrirætlan stjórnvalda hafa staðið til hverju sinni. Stjórnvöld hafa í ákvörðunum um sókn eða síðar ákvörðunum um afla oftast farið fram úr því sem ráðlagt var og raunverulegar veiðar hafa síðan einatt farið fram úr heimildum stjórnvalda. Mér virðist auðsýnt að þar muni miklu meiru en afla smábátanna eins og þeir eru nú taldir alvarlegur hlutur í sjósókn okkar.

Þessi reynsla okkar sýnir á einn hátt fram á að löggjöf og stjórnvaldsákvarðanir um sjósókn og fiskveiðar ganga gegn þeirri mannlegu viðleitni sem best hefur gefist við veiðar, tilhneigingu veiðimennskunnar. Það liggur fyrir að það er framtak veiðimanna sem hefur um allan aldur komið okkur áfram við fiskveiðar á Íslandi. Meira að segja meðan fiskveiðar voru aukabúgrein bænda til sveita var það samt sem áður veiðimennskan sem dró þá ásamt mannafla til verstöðvanna. Það er ekki fyrr en á síðustu árum sem við höfum orðið þess varir, já, erum þess varir að miðin gefa ekki af sér nóg handa okkur öllum, a.m.k. ekki eins mikið og við öll mundum vilja hafa.

Að sjálfsögðu er þá rétt að taka upp aðra hætti og það má vera að okkur takist í framtíðinni að ganga um fiskimiðin, um auðlindir lögsögunnar og heimamiðanna allra, segjum kannski sem hjarðmenn, kannski sem ræktunarmenn og nýta þau sem iðnaðarmenn. En það verður að segjast að frá öllu þessu erum við enn langan veg. Fiskvinnsla okkar er enn þá frumvinnsla hráefnis að mestu leyti og veiðarnar eru enn þá undir merkjum veiðimennskunnar, ekki hjarðmennskunnar né heldur ræktunarinnar og uppskerunnar. Enda hefur alla tíð verið deilt um setningu og framkvæmd laga um

stjórn fiskveiða því það hefur komið við þær taugarnar sem við Íslendingar höfum talið sterkastar í okkur sjálfum, taugarnar til sjávarins, til sjóróðra og fiskveiða.

Hverju sinni sem þurft hefur að skerða aflaheimildir hafa eðlilega komið upp deilur og ágreiningsefni. Og hverju sinni sem lög um stjórn fiskveiða hafa komið til umfjöllunar hafa risið mikil og djúpstæð átök. Fyrir nærfellt tveimur árum var á lokastigi endurskoðun þeirra laga sem nú er rætt um breytingar á og niðurstöður þess starfs að svo miklu leyti sem um þær varð almenn opinber umræða urðu enn sem fyrr afar umdeildar sem okkur er öllum í fersku minni. Helsta niðurstaða af starfi tvíhöfða nefndarinnar var í megindráttum sú að festa skyldi í sessi aflamarkskerfið með frjálsum framsalsrétti og bæta úr nokkrum ágöllum með breytingum á lögunum.

Sjómannadeilan sem við höfum nýlega rætt snerist mjög um framkvæmd og túlkun nokkurra ákvæða í þessum lögum og hins vegar um deiluefni sem ekki verða leyst nema í löggjöf til að tryggja hlut sjómanna eða taka af vafa um réttarstöðu þeirra. Við þær umræður lét ég í ljós þá skoðun að til álita þyrftu að koma nokkur ákvæði þessara laga. Og án þess að endurtaka það sem ég þá sagði segi ég nú að ég er enn þeirrar skoðunar að þau þurfi athugunar við. Við getum vart fram hjá þeim gengið án athugunar.

Ég hef gert grein fyrir þeirri skoðun minni á öðrum vettvangi að málefni smábátanna þurfi úrlausnar við. Mér sýnist miðað við lögin sem nú eru í gildi og frv. sem fyrir liggur að krókabátar eigi að taka mestri skerðingu að þessu sinni, a.m.k. að svo miklu leyti sem hún er ákveðin í lögunum sjálfum. Mér sýnist að í núgildandi lögum og í hinum fyrri hafi ein helsta glufan verið rúmar heimildir smábáta og síðan krókabáta, rýmri en annarra. Ég sé ekki sanngirni í því þegar við nú viljum lagfæra eða stoppa í þessi göt, að ganga þá svo langt að þær lagfæringar eigi á einu tímabili að bæta allan þann mismun sem segja má að hafi safnast upp á einhverjum árum. Ég held að við þingmenn verðum að vera menn til að taka afleiðingum gerða okkar. Hér eru afleiðingar af lagasetningu, ekki af því hvernig smábátamenn stunda veiðar sínar. Það var nokkuð vitað hvernig svo mundi fram fara. Veiðimunstur þeirra hefur ekki breyst svo gífurlega á fáum árum. Ég tel að Alþingi á þeim tíma hafi einfaldlega viljað gefa mönnum þessar glufur, enda var þá af mörgum um rætt, þingmönnum og öðrum, að þar væri tækifærið fyrir nýliða í sjávarútvegi á Íslandi að hasla sér völl, fyrst með smábát og síðan koll af kolli upp til stærri skipa. Mér sýnist eðlilegra að hverju sinni sem við náum að stoppa í slík göt á sokkunum gerum við það þannig að skerðingar verði jafnar eða sambærilegar frá gildistíma lagfæringar.

Ég get jafnað því saman við umræður sem hér hafa orðið fyrr og eiga sér stað á fleiri þingum og í fleiri stofnunum sem fara með framkvæmd laga, ég get jafnað því við þær hugmyndir að skattleggja með ákvörðunum löngu eftir að tekjur urðu til. Mér sýnist hins vegar líkt og ýmsum öðrum að það eigi betur við að smábátarnir búi við sóknardagakerfi, ég segi sóknardagakerfi, fremur en aflamark. Sóknardögum gæti þá fjölgað eða fækkað eftir því sem gert er ráð fyrir í hámarksheildarafla. En þess tel ég að við verðum að gæta að þegar við bönnum mönnum beinlínis að stunda vinnu sína um tiltekinn tíma, þá hljóti þeir í þess stað bætur. Og ég tel einu skipta hver staða hvers manns er á bátnum, hvort hann telst háseti, stýrimaður eða útgerðarmaður. Þegar hann hefur að engu öðru að hverfa, þá hlýtur honum að bera réttur til atvinnuleysisbóta og staða hans í skipsrúmi á ekki að varða réttinn til bótanna.

Í annan stað álít ég það til ávinnings fyrir okkar heildarhagsmuni í sjávarútvegi að smábátar fái úthlutun í samræmi við sóknarreynslu og mætti þá hverfa ótti manna við hina miklu efnahagslegu vá af ónotaðri sóknargetu þeirra í dag. Einnig tel ég réttmætt að þeir fái viðlíka möguleika og aðrir í sjávarútvegi til að leita aukinnar hagkvæmni með vali um nýtingu sóknardaga, t.d. gagnvart veiðum utan kvóta eða með framsalsrétti milli báta í sama stærðarflokki. Menn hafa sagt sem svo að til slíkra viðskipta þurfi þeir aflamark. Ég hef þó ekki enn heyrt þau rök sem sýna fram á að svo verði að vera, aðeins staðhæfinguna eina. Má vera að menn geti sannfært mig um þetta og ég er tilbúinn að heyra umræðu um það eins og önnur atriði þessa máls.

Virðulegi forseti. Ég sé engin merki þess að unnt sé að draga úr stjórn fiskveiða með lagaboði. Helstu fiskstofnar okkar þola ekki veiðar að því marki sem flotinn hefur afköst til. Með sanni má segja að með upptöku aflamarkskerfisins á sínum tíma hafi ekki lengur verið unnt að snúa til baka. Fyrir því standa efnahagsleg rök fremur en fiskifræðileg. Sá kostur er á aflamarkskerfinu að það er virkara heildarstjórntæki en önnur sem við höfum reynt og er auk þess skilvirkara gagnvart efnahagslegum áhrifaöflum framboðs og eftirspurnar í greininni á þeim mörkuðum sem hún starfar með hráefni eða afurðir, ég tala nú ekki um gagnvart heildartækifærum til sóknar eða afla. Það hefur hins vegar ekki enn frekar en hin fyrri kerfi náð þeim árangri eða þeim markmiðum sem sett voru að tryggja uppbyggingu fiskstofnanna í hámarksafrakstursgetu né heldur að tryggja fjárfestingu í afkastagetu fiskveiðiflota í samræmi við afrakstursgetu heimamiðanna. Hvorugu markmiði hefur enn verið náð.

Segja má þó miðað við upplýsingar síðustu ára um ástand fiskstofnanna á heimamiðum að hvað það varðar séum við að nálgast markið í fyrsta sinn frá því við hófum stjórn á fiskveiðum, en hitt markið nálgumst við ekki enn sem komið er. Fjárfesting og afkastageta flotans er enn að aukast, en ég tel að við verðum að hafa þolinmæði til að líta til baka og sennilega er hinum fyrri stjórnkerfum um að kenna. Bæði skrapdagakerfið og sóknarmarkskerfið voru þeim annmarka brennd að þau höfðu engin áhrif til hagræðingar, meira að segja til umframfjárfestingar. Þessi ágalli þeirra er þekktur. Við fengum þá reynslu mjög skilmerkilega á sínum tíma.

Á hinn bóginn verður líka að gæta þess að á sama tímabili og við höfum nálgast fyrrnefnda markmiðið,

uppbyggingu stofnanna, eða þeir virðast vera að hjarna við, höfum við meira en nokkru sinni fyrr beitt öðrum aðgerðum jafnhliða almennri fiskveiðistjórn, þ.e. með svæðisbundinni og tímabundinni friðun á hrygningarsvæðum og uppvaxtarsvæðum en nokkru sinni fyrr. Ég spyr því sjálfan mig stundum hvoru ávinningurinn er að þakka, aukinni friðun eða betri lögum um stjórnkerfi fiskveiða. Sennilega þarf hvort tveggja til og ef svo er, þá erum við sjáanlega á réttri leið.

Oft er um það rætt að núgildandi stjórnkerfi fiskveiða, sem ætlunin er að festa í sessi með þessu frv., sé stjórntæki í þágu hagsmuna fiskveiðanna og fiskvinnslunnar allrar í heild. Ég hef alltaf átt erfitt með að átta mig á þessu því mér sýnist sjáanlegt, að minnsta kosti að mínum skilningi, að þetta stjórnkerfi og sennilega öll stjórnkerfi í fiskveiðum séu fyrst og fremst ætluð hagsmunum fiskveiðanna. Fiskvinnslan er að stórum hluta önnur atvinnugrein í eigu óskyldra aðila og er háð viðskiptum og stundum samkeppni við þá sem eiga heimildirnar til að veiða. Þannig að þar fara hagsmunir alls ekki alltaf saman.

Ég tel að aflaheimildir verði alltaf nýttar í ljósi hagsmuna þeirra sem eiga og hagsmunir hinna sem ekki eiga en verða að kaupa, verði öðrum lögmálum háðir. Þeir verði einfaldlega á hinum enda spýtunnar og það held ég að við sjáum í raun í dag í ýmsum myndum. Það er ágalli stjórnkerfisins. Ég er ekki enn viss um hvort við komumst fram hjá þeim ágalla. Við vitum að samkeppni og viðskipti af þessu tagi eiga sér alltaf stað og ég held að það sé rétt niðurstaða sumra okkar í umræðunni að samkeppnin verður að vera til, hún verður að vera virk. Annað mun ekki knýja mann til aukinnar hagkvæmni í rekstri sínum. Ef við höfum nóg þá erum við hins vegar vís til að fara illa með. Þetta er reynsla okkar úr sjávarútvegi, þetta er líka reynsla okkar úr landbúnaði.

Mér þykir miklu skipta, virðulegi forseti, að með afgreiðslu þessa máls náum við að jafna helstu ágreiningsefni aðila sjómannadeilunnar, a.m.k. sem varðar þau atriði hennar sem aðeins verður úr skorið með lögum eða ákvæðum laga. Í því ljósi árétta ég enn á ný það sem ég hef áður sagt um það mál. Mér þykir líka miklu skipta að þeim sem stunda fiskveiðar á Íslandi verði búnir sambærilegir möguleikar til hagræðingar. Að sambærilegum kvöðum þeirra fylgi sambærileg réttindi, þar á meðal rétturinn til að leita betri afkomu við sömu stjórn.

Ég tel fullvíst að við höfum með aflamarkskerfinu ratað á stjórnkerfi fiskveiða sem mun standa til nokkurrar frambúðar. Að því leyti til tel ég að aðilar í sjávarútvegi geti horft fram á veginn með vissu um nokkur meginatriði. Hins vegar er mér líka ljóst, og það tel ég að hafi komið fram í þessari umræðu og raunar fyrr í umræðum hv. Alþingis, að á því eru enn nokkrir agnúar sem þarf að sníða af. Hins vegar er það nú svo með þetta eins og fleiri mannanna verk að þegar þeir agnúar verða af sniðnir munu væntanlega aðrir koma í ljós. Það hefur komið fram til að mynda innan hv. sjútvn. að í dag eru stunduð viðskipti með aflaheimildir sem menn sáu ekki fyrir þegar lögin voru sett. Sumt af því eru menn ekki fyllilega sáttir við.

Ég fyrir mitt leyti hlýt að segja það að lokum að þó ég sé sammála frjálsum rétti til framsals á aflaheimildum eins og öðrum verðmætum og taki undir að það sé eitt af meginatriðum þessara laga til að ná þeim árangri sem við stefnum að, þá tel ég ekki rétt að menn geti átt slík verðmæti, sem eru atvinnuréttindi en ekki verðbréf, og stundað hreina leigustarfsemi. Og ég geri greinarmun á því að verða að láta frá sér slíkar heimildir af tímabundnum ástæðum og því að stunda leigustarfsemina ár eftir ár, sem ég kalla til langframa.

Virðulegi forseti. Ég læt máli mínu lokið að sinni en vænti þess að umræðan megi halda áfram og við heyra álit og skoðanir hvers annars.

[19:14]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Þessi umræða sem nú er á dagskrá er um fjöregg þjóðarinnar. Um það eru allir sammála sem hér hafa talað í dag. Þessi umræða er um afkomumöguleika okkar allra. Þessi umræða er um framtíð og tilvist fólksins sem hér býr og mun búa í framtíð.

Fiskimiðin við Ísland eru einhver þau gjöfulustu í heimi. Þau eru meginauðlind landsins og sameign þjóðarinnar allrar. Með harðfylgni og hátækni hefur íslenskri sjómannastétt og fiskvinnslufólki tekist að nýta auðlindir sjávar og gera úr þeim mikil verðmæti. Starf þessa fólks hefur gert sjávarútveginn að kjölfestu í framfarasókn Íslendinga á þessari öld. Sjávarútvegurinn er og verður áfram undirstöðuatvinnugrein hér á landi og um langa framtíð. Fiskimiðin eru takmörkuð en endurnýjanleg auðlind. Því er forsenda skynsamlegrar nýtingar fiskstofnanna að virt séu líffræðileg takmörk auðlindarinnar. Vöxtur og tækniváðing fiskiflotans hefur á hinn bóginn aukið svo sóknargetu hans að hætta er á ofnýtingu fiskimiðanna.

Vegna mikilvægis sjávarútvegsins fyrir þjóðarbúið, samfara hættu á ofnýtingu á fiskstofnunum, er þjóðinni lífsnauðsyn að ráðgjöf um nýtingu sé byggð á sem bestum og traustustum þekkingargrunni. Því er afar brýnt að stundaðar séu öflugar rannsóknir á öllu vistkerfi sjávarins samhliða hagrænu mati á skynsamlegri auðlindanýtingu. Það þarf að kanna samspil tegundanna í sjónum. Það er mikilvægt að uppeldis- og hrygningarstöðvum helstu nytjastofna sé hlíft við sókn. Það þarf að auka vitneskju um vannýttar eða óveiddar tegundir, bæði hvað varðar hinn fiskifræðilega þátt sem og vinnslu og markaðssetningu.

Þótt sjávarútvegurinn hafi á síðustu 20 árum notið ávinnings af útfærslu landhelginnar og fiskverð á erlendum mörkuðum hafi yfirleitt verið hærra er rekstrarafkoma og eignastaða fjölmargra sjávarútvegsfyrirtækja slæm. Varðandi fiskveiðarnar er því m.a. um að kenna að fyrirkomulag fiskveiðistjórnunarinnar hefur ekki haldið nægjanlega aftur af stærð flotans, en varðandi vinnsluna veldur m.a. það að henni hefur verið torvelduð samkeppnin um aflann.

Stjórnkerfi fiskveiða verður að ýta undir þá endurskipulagningu í sjávarútvegi sem er nauðsynleg til að styrkja stöðu hans. Það er nauðsynlegt að rétta hlut

fiskvinnslunnar í samkeppninni um aflann við erlenda fiskvinnslu og hugsanlega sjóvinnslu, en stuðla jafnframt að betri nýtingu fjárfestinga í fiskvinnslufyrirtækjum. Það þarf að auðvelda þeim fyrirtækjum leið sem vilja leita á fjarlæg mið, sem vilja stunda útgerð og fiskvinnslu erlendis.

Hvernig höfum við farið með það sem okkur er trúað fyrir? Ég læt mönnum eftir að meta það og geri það hver fyrir sig. Ég spyr: Hefur stjórnun fiskveiða með því kerfi sem við höfum notað skilað árangri? Mér liggur næst við að segja nei. Og ég spyr: Er það vegna þess að við höfum hundsað tillögur fiskifræðinga? Höfum við misnotað svo stofnana að við erum á fullri ferð í feigðina? Nánar skilgreint til örbirgðar og ófarsældar? Svari hver fyrir sig. Er atvinnuleysi í landi vegna fiskleysis? Er það kvótakerfið sem er sá draugur sem við erum að fást við?

Ég tel að það útgerðarform sem við búum við sé frekar sökudólgur en það kvótakerfi sem notað hefur verið. Hafa menn gert sér grein fyrir því að útfluttur fiskur, unninn á frystitogurum og óunninn ísaður er meiri heldur en sá fiskur eða sá afli sem unninn er í 10–15 stærstu frystihúsum landsins á árinu 1992? Ég hygg að menn hafi ekki gert sér grein fyrir því. Afli þeirra aðila sem ég nefni nú er úr sameiginlegum kvóta, nemur 190 þús. tonnum, þ.e. frystiskip sem veiða og selja afla út og það sem flutt er út ísað, óunnið, sem nemur 82 þús. tonnum á árinu 1992. Allt þetta magn sem ég hef hér nefnt er meira en unnið er samanlagt í Granda, í HB á Akranesi, Norðurtanga á Ísafirði, Skildi á Sauðárkróki, Útgerðarfélagi Akureyringa, Tanga á Vopnafirði, frystihúsunum öllum á Austfjörðum og öllum frystihúsum Vestmannaeyinga. Ég hefði viljað spyrja hv. þm. Vilhjálm Egilsson, hefði hann verið hér, hvort hann teldi að þetta væri eðlilegt. En hann fær kannski tækifæri til að svara þessu seinna.

Ég hallast frekar að því að það sé útgerðarformið en ekki kvótinn sem mestu ræður um atvinnuleysi í fiskvinnslu og það smitar út í atvinnuleysi til iðnaðarins og síðan koll af kolli.

Virðulegur forseti. Ég er að segja að atvinnuleysi á Íslandi er áskapað en ekki eitthvað sem við verðum að hafa. Ég ítreka enn að það er útgerðarform en ekki beint kvótakerfið sem er orsök atvinnuleysisins. Þess vegna tek ég undir þá sanngjörnu kröfu fiskvinnslufólks, og held henni á lofti, að allan afla skuli vinna í landi áður en hann er fluttur út. Þetta er krafa þeirra sem eiga aflann í hafinu við Ísland samkvæmt 1. gr. laga um stjórnun fiskveiða.

Ég tel að við verðum að gera breytingu á stjórnun fiskveiða hér við land. Við verðum að færa okkur til stjórnunar fiskveiða með aflagjaldi. Í nýlegri skýrslu kemur fram að ef gjaldstýring hefði verið notuð stæðum við mun betur. Ég ætla ekki að fara yfir niðurstöðu þeirrar skýrslu frekar, en legg það hér fram að það sé ástæða til að skoða niðurstöðu þeirrar skýrslu betur heldur en gert hefur verið.

Ég hef áður haldið því fram að við núverandi aðstæður ætti ríkisstjórn að leita eftir samningum við frystitogara um að þeir veiddu aðeins hálfan kvóta innan landhelginnar. Ég endurtek að ég hef áður nefnt að ég tel að það eigi að leita eftir samningum við frystitogara um að veiða aðeins helming af sínum kvóta innan landhelginnar. Og ég tel að helmingur þess kvóta sem þeir annars hefðu ætti að koma til minni skipa og báta og sá afli ætti að vinnast allur í landi. Á móti þarf að gera samning við stóru skipin um tryggingu fyrir meðalafkomu miðað við síðasta ár. Ég tel að þetta sé tilraunarinnar virði. Aflann sem þannig færðist til annarra skipa yrði að vinna í landi.

Eftir að hafa hlustað á ræður hér í dag velti ég því fyrir mér hvort fullyrðing um hagkvæmni stórskipa til veiða sé rétt. Ég viðurkenni að við verðum að hafa stóru skipin til jöfnunar öflunar hráefnis. Það er staðreynd sem ég viðurkenni. En þegar settar eru fram fullyrðingar um hagkvæmni verður líka að viðurkenna þann kost sem hagkvæmastur er.

Ég leyfi mér að vitna í rit Fiskifélags Íslands, með leyfi hæstv. forseta. Í Útvegi 1992, riti Fiskifélags Íslands, sem ég vitnaði í hér áðan, er eftirfarandi upplýsingar að finna. Það er stuðst við töflu III um fjölda sjómanna árið 1992 og töflu um afla og sókn á veiðarfæri:

„Á skuttogurum var fjöldi sjómanna 1.690 manns. Á smábátum voru 788. Afli upp úr sjó í tonnum talið á togara var 323.808 tonn en á opnum vélbátum 29.962 tonn. Tonn á bak við hvert starf eru 192 á skuttogurum en 38 á opnum smábátum.“ — Niðurstaðan úr þessu: Það þarf fimm sinnum minni afla til að skapa ársverkið hjá trillunni en hjá togaranum. Í atvinnuleysinu, eins og núna ríkir á Íslandi, verða stjórnvöld að líta til slíkra staðreynda. Það er hægt að auka atvinnu með því að hlúa að minnstu einingunum. Til sjávar eru það smábátarnir. Sjómenn eru tilbúnir. Bátarnir eru til staðar og fiskurinn er stutt frá landi. En smábátaeigendur hafa yfir fleiri rökum að ráða tilvist sinni til framdráttar. Fyrir rösklega ári síðan kom skýrsla um afkomu smábátaútgerðarinnar 1989. Niðurstaða þeirrar skýrslu staðfesti það sem smábátaeigendur hafa ávallt haldið fram að hagkvæmasta leiðin til að ná í tonnið er að nota smábátinn til slíkra athafna. Olíukostnaður var helmingi minni og hreinn hagnaður, hreinn hagnaður af útgerðinni tvisvar sinnum meiri heldur en hjá þeim útgerðarflokki sem næst kom, en það voru frystitogararnir. Þetta tel ég vera þung rök og mikilvæg rök sem innlegg í það sem ég tel að við eigum að hafa í huga þegar við erum að úthluta heimildum til smábátanna.

Ég er andvígur því frjálsa framsali sem reiknað er með í frv. sem hér liggur fyrir. Ég vil breyta því þannig að 75% úthlutaðs afla á skip verði aflað á viðkomandi skipi. Ég vil líka að það sé heimilt að minnka þetta hlutfall í 50% ef skip fer til sérstaks viðhalds í íslenskri skipasmíðastöð. Það sem umfram er og ekki er veitt á skip sem hefur kvóta, verði selt á kvótamarkaði.

Ég vil gera athugasemd við 2. gr. fyrirliggjandi frv. sem kæmi þá fyrir framan 6. gr. laganna, sem varðar fiskveiðar smábáta eða krókaleyfisbáta í desember og janúar. Ég vil veita þá heimild ef sérstakar aðstæður

eru fyrir hendi eins og hafa verið ríkjandi núna frá haustmánuðum, að það sé gefin heimild til róðra, fimm til sex róðra í janúar og febrúar ef aðstæður leyfa. Í nóvember á sl. ári voru aðstæður þannig að smábátar við Faxaflóa komust ekki á sjó einn einasta róður allan nóvembermánuð og þeir komust í tvo róðra í októbermánuði. En það gaf fimm til sex daga í desember og fjóra daga í janúar. Og það er þess vegna sem ég tel að menn verði að hafa þá rýmd innan þessa kerfis að menn geti fært þetta til.

Varðandi bann við veiðum sjö síðustu daga hvers mánaðar þá verður að breyta því. Það verður að breyta því. Ég gæti hugsað mér að viðkomandi sjómenn fengju að velja hvort þeir tækju sjö dagana í upphafi mánaðar eða í lok mánaðar. Þetta gæti ég hugsað mér. Ég gæti hugsað mér að einhverjir af þessum sjö dögum sem talað er um væru sunnudagar. Þetta gæti ég hugsað mér. En í heildina tekið tel ég að það þurfi að fækka banndögum og viðurkenna það að náttúruöflin taka svo hraustlega í taumana á stundum að það getur verið nauðsyn að rýmka takmörkunarákvæði laganna. Hins vegar segja sjómenn mér að þeir væru mikið sáttari við að vera bannað að vera á veiðum hálft árið bara ef þeir geta fengið að velja sjálfir þá daga sem þeir stunda veiðarnar. Það er kallað ótakmarkað leyfi til fiskveiða á smábátum.

Ég hef innlegg í lausn sjómannadeilunnar að mínu mati. Ég vil að það verði tekin pólitísk ákvörðun um að auka þorskafla um 20 þús. tonn, sem yrðu sett á markað með því skilyrði að þau yrðu öll unnin í landi. Ég get einnig hugsað mér að 10 þús. tonn af þessum afla sem ég tilgreindi áðan yrðu til sérstakrar ráðstöfunar til þeirra byggða sem verst hafa orðið úti vegna niðurskurðar á þorskkvóta. Þetta get ég hugsað mér. Ég er ekki tilbúinn að útfæra það nánar, en ég tel að ríkisstjórn Íslands standi nú frammi fyrir því dæmi að verða að taka pólitíska ákvörðun um aukningu aflamarks þorskafla við Ísland. Ef þessi kvóti, þó ekki væri nema 10 þús. tonn, yrði lagður inn á kvótakaupamarkað, þá mundi það greiða fyrir lausn þess vandamáls sem fyrir liggur í umsögnum aðila við tillögum þríhöfða nefndar, sem svo hefur verið kölluð, sem gerði tillögu um kvótamarkaðinn.

Samkvæmt mínum skilningi er nauðsynlegt að leita eftir breytingum á kvótakerfinu sem í raun þýðir nýtt kerfi. Hver breyting á núverandi kvótakerfi þýðir nýtt kerfi. Þróunarsjóður er líklegur til að auðvelda lausn mála hvað varðar að halda stærð fiskiflotans í skefjum. En ríkisvaldið verður að setja upp ferkari takmarkanir en eru núna vegna fiskiskipakaupa til landsins. Þróunarsjóður þarf að afgreiðast fyrst frá þingi áður en lög nr. 38 eru afgreidd að mínu mati. Það eru auðvitað aðrar tillögur sem er vert að skoða og það á að skoða hvernig ráðgjöf og forsendur fyrir aflaheimildum eru unnar. Þær hafa áhrif á búsetu í landinu.

Herra forseti. Verði þetta frv. að lögum óbreytt mun það hafa slæmar afleiðingar. Margir munu missa eignir sínar. Atvinnuleysi mun enn þá aukast, ekki bara hjá smábátaeigendum heldur hjá fiskvinnslufólki og þjónustuaðilum bátaflotans. Það er því vissulega brýn þörf á að stjórnvöld vegi og meti hvort ekki verði að halda um stjórnun fiskveiða smábáta á annan hátt en um veiðar stærri skipa.

Í ræðu hæstv. sjútvrh. kom fram enn einu sinni að smábátum hafi fjölgað óhóflega á árunum 1984–1991. Ég óska eftir því að menn viðurkenni um leið að floti 13 rúmlesta skipa og stærri stækkaði um 11 þús. brúttólestir á sama tíma og verið er að vitna til stækkunar smábátaflotans.

Ég vil að lokum, virðulegur forseti, lýsa efasemdum um kvótakerfið sem við búum við, sem byggt er upp samkvæmt formúlu Nýfundnalendinga. Það vita allir hver þróunin hefur orðið þar. Fiskurinn hvarf af miðunum.

Ég ætla að ljúka mínum orðum með því að nefna örlítið frjálst framsal kvóta. Það hefur leitt til slíks brasks að til verkfalls sjómanna kom sem kunnugt er. Málið er svo flókið að þær lausnir sem menn hafa helst talið koma til greina hafa ekki hlotið sátt milli aðila eða hjá þeim aðilum sem málið varðar hvað mest. Þetta síðasta er sönnun þess að menn verða að breyta núverandi kvótakerfi eins og segir í margumræddri samþykkt flokksstjórnar Alþfl. Áðan var beint spurningum til mín úr ræðustól, hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spurði hvort Alþfl. ætlaði að standa að þessu frv. Ég geri ráð fyrir því að við sem samstarfsaðilar munum standa að frv., en það þýðir ekki að við reynum ekki að hafa eins mikil áhrif til breytinga í þá veru sem við höfum lýst að þurfi að gera á þessu frv.

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir ræddi um veiðileyfagjald. Ég vil segja það að veiðileyfagjald getur treyst byggð í landinu ef því er beitt á réttan hátt. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir viðurkenndi hér úr ræðustól að kerfið væri gallað, kvótakerfið væri gallað. Því spyr ég: Vill hv. þm. ekki breyta því kerfi á þann sama veg eða á einhvern veg af því sem ég hef verið að ræða um og við aðrir sem hér höfum talað? Flestir stjórnarþingmenn sem hér hafa talað hafa lýst því að þeir vilji hafa áhrif til breytinga. Það þýðir ekki að við ætlum að kollvarpa kerfinu. Það er ekki hægt að snúa við um 180 gráður í þessu máli. Það er hægt að fikra sig til samkomulags og til bættrar stjórnunar frá því sem nú er. Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[19:38]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gísli Einarsson sagði að hægt væri að beita veiðileyfagjaldi til að tryggja byggð í landinu og hann sagði: Ef því yrði beitt á réttan hátt. Nú langar mig til að spyrja hann: Á hvaða hátt er hægt að beita veiðileyfagjaldi þannig að hægt sé að treysta sjávarbyggð í landinu?

[19:39]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hvort ég get útskýrt í örfáum orðum það flókna kerfi sem stjórnun fiskveiða með gjaldi ber reyndar með sér, veit ég ekki. En það er óruggt mál að það þarf að vera sama gjald fyrir kvótatonnið eða fyrir tonnið eða kílóið á sama tíma á öllu landinu. En því þarf að beita á þann veg að eftir því sem meira hefur aflast, þá verður að hækka gjaldið. Það getur þurft að

skipta gjaldtímabilinu í 5 eða 6 tímabil og þá þarf að hafa eftirlit með þeim afla sem á landi kemur. Þetta kerfi er flókið, en það er samt það sem ég vitnaði til áðan að menn telja að ef aflagjaldi hefði verið beitt, þá hefðum við haft betri stjórn á okkar fiskveiðum og þróun okkar fiskveiðistofna heldur en verið hefur.

[19:40]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Spurningin er þessi og eitt af meginmarkmiðum fiskveiðistjórnunarinnar er það hvort það stjórnunarkerfi sem við búum við í dag hafi náð því markmiði að styrkja vöxt fiskstofnanna. Það er eitt af meginmarkmiðum núverandi kerfis eftir að það tókst ekki með sóknarmarksleiðinni og þess vegna var farið í aflamark til þess að okkur tækist fremur að ná því markmiði. Þingmenn Alþfl. hafa hér haldið því fram, a.m.k. tveir, að þetta markmið stjórnunarinnar hafi ekki náðst. Samt hvetja þeir, ásamt hæstv. viðskrh. og fleirum, til þess að stórauka sókn. Hvernig má þetta ganga? Í mínum huga gerir það það alls ekki.

[19:41]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson spyr hvers vegna við leggjum til, og þá undirritaður, að aflinn verði aukinn. Ég svaraði því í minni ræðu. Það er vegna þess ástands sem er í byggðunum frá Snæfellsnesi og vestur um land allt til Húnaflóa. Þar er kvótinn að verða búinn og það verður að taka um þetta pólitíska ákvörðun. Það hagar þannig til til sjávarins núna að það er meiri fiskgengd heldur en verið hefur í langan tíma á þessu svæði, sem sannast best á því að afli á útgerðarstöðunum á Vestfjörðum er núna um 150–170 kg á bjóð á móti því að vera 70–80 kg á síðasta ári og árinu þar áður. Þess vegna legg ég þetta til sem pólitíska aðgerð. Ég er ekki sannfærður um að fiskveiðistofninn þoli það. Þess vegna er ég líka sannfærður um að við höfum ekki ná því markmiði að vernda stofnana eins og við ætluðum með þessu stjórnunarkerfi sem við notum. Ég er ekki tilbúinn að benda á aðra leið en ég tel að við þurfum að snúa frá þessu kerfi. Ég vitnaði til Nýfundnalendinga áðan þar sem þeir beittu nákvæmlega sama kerfi og standa núna uppi með dauðan sjó.

[19:43]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru vissulega gleðilegar fréttir sem maður hefur af hafinu frá ýmsum sjómönnum. Ég ætla ekki að gerast dómari í því, en margir halda því fram að það sé um aukna fiskgengd að ræða og kom hér fram í máli hv. þm. að svo væri. Ég vil trúa því að svo sé og ég trúi því einnig að það sé að stórum hluta til vegna stjórnunar sem tekið hefur verið upp í fiskveiðum. En ég segi: Við Íslendingar höfum þraukað og mátt þola kvalir í þessu og ég held að það væri mikil ógæfa að á fyrstu dögum eða nánast fyrstu vikum þess sem við verðum þess áskynja að stofnarnir séu að rétta við, þá gerum við strax kröfuna um það að herða sóknina í stað þess að reyna að þrauka aðeins lengur og njóta þessarar ávöxtunar. Ég kem að því síðar í máli mínu í kvöld eða nótt, að það er ekki sanngjarnt að kenna kvótanum og stjórn fiskveiða um ástandið eins og það er. Það er ekki heila málið. Það er alls ekki svo einfalt mál að það sé hægt að kenna því um. Það er svo miklu fleira sem kemur til og ekki síst þeir afkomumöguleikar sem greininni hafa verið skapaðir. Það er ekki síst sú ástæða sem veldur hinum hörmulegu gjaldþrotum sem nú ríða yfir og eins og ég hef sagt áður, ríkisstjórnin virðist vera búin að finna upp eitthvert eilífðarhjól á þessari gjaldþrotabraut.

[19:45]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta verður ekki langt. Ég get lýst því hér að ég er ekkert mjög ósammála hv. þm. Stefáni Guðmundssyni um að það sé ekki endilega fiskveiðistjórnunarkerfið sem hefur skilað þessu til okkar. Það eru auðvitað aðstæður í hafinu sem skila okkur þessu að mjög miklu leyti og þar held ég einmitt að hægt sé að vísa til þess að fiskifræðingunum okkar, sem ég met að miklu, getur líka skjöplast eins og öðrum. En ég segi: Sú tillaga sem ég hef uppi um aukna sókn í þorsk er fyrst og fremst pólitísk. Það er af pólitískum ástæðum sem ég tel að verði að taka þá ákvörðun, vegna þess að það blasir við atvinnuleysi byggðanna frá Snæfellsnesi til Húnaflóa ef ekki verður citthvað að gert. Ég er ekki að segja að það eigi að rjúka til nema að vel athuguðu máli, en ég tel að þetta komi til greina. Og ég segi alveg eins og er að ég sé enga aðra lausn í málinu. Ég er bara þetta einfaldur. Ég sé ekki aðra lausn heldur en að heimila þetta vegna þess að þetta svæði hefur þó þrátt fyrir allt orðið fyrir mestri skerðingu á þorskafla.

[Fundarhlé. — 19:47]

[20:32]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um stjórn fiskveiða. Ég óttast að nú sé endanlega verið að festa kvótakerfið í sessi með þessu frv., enda segir í athugasemdum um lagafrv. þetta að nefndin um stjórn fiskveiða, hin svokallaða tvíhöfða nefnd, leggi til að byggt verði á aflamarkskerfinu sem verið hafi í þróun frá 1984 og sú aðferð við fiskveiðistjórnun verði fest í sessi. Nefndin var sammála um að það kerfi við stjórn fiskveiða muni leiða til mestrar hagkvæmni í sjávarútvegi.

Í frv. sem hér er til umræðu eru lagfærðir nokkrir ágallar sem eru á núverandi löggjöf. Kvótakerfið hefur verið í þróun frá 1984, þegar það var fyrst sett í löggjöf um stjórn botnfiskveiða. Það hafa ýmsir ágallar komið í ljós á því kerfi sem verður að teljast eðlilegt með það í huga að hér er um mjög stórt og viðamikið mál að ræða. Að því koma einnig margir hagsmunaaðilar. Á þeim 10 árum sem liðin eru frá því að þetta kerfi varð til hefur sjávarútvegurinn gengið í gegnum talsverðar breytingar í veiðum og vinnslu. Á þessum tíma hefur heildarafli einnig verið minnkaður um helming. Það gefur auga leið að þegar kreppir að verður barátta hagsmunaaðila meiri. Þar koma stjórnvöld að málinu því þeim er ætlað að setja leikreglurn-

ar. Það er skylda stjórnvalda að hafa heildarhagsmuni í huga en ekki hagsmuni einstakra hagsmunaaðila.

Ég hef ekki verið ötull talsmaður kvótakerfis og oft og tíðum hefur mér ofboðið það brask sem átt hefur sér stað í greininni með aflaheimildir og þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að það verður að vera stjórn á fiskveiðum og ekkert annað kerfi er til sem gæti leyst kvótakerfið af hólmi, a.m.k. hefur enginn til þessa getað bent á eitthvað annað hagkvæmara við stjórnunina sem nær þeim markmiðum sem fiskveiðistjórnun þarf að hafa. Á meðan við höfum ekki komið okkur niður á eitthvert annað kerfi verðum við að búa við þetta kerfi. En eins og áður sagði lít ég á það sem meginmarkmið stjórnvalda að leikreglurnar séu skýrar, þær þjóni sem næst heildarhagsmunum íslensku þjóðarinnar.

Það eru atriði í þessu frv. sem ég vil gera hér að umtalsefni. Það er fyrst og fremst það sem kemur fram í 7. gr. laganna, en þar er kveðið á um að heimilt verði að framselja aflahlutdeild fiskiskips yfir á vinnslustöð. Ég óttast að þarna opnist enn frekar glufa í lögum fyrir eigendur vinnslu og skips til að fá sjómenn og landverkafólk til að taka þátt í kvótakaupum. Því skyldu t.d. eigendur vinnslu ekki geta sagt við sitt verkafólk: Því miður, nú er kvótinn búinn. Ef við eigum að fá frekari afla til vinnslu hér verðið þið að borga ákveðinn hluta af launum ykkar til kaups á aflakvóta. Ég satt að segja óttast þetta. Ég fagna því hins vegar að fallið var frá upphaflegri hugmynd um að setja alla smábáta inn á aflamarkskerfið. Ég tel fullkomlega eðlilegt að smábátaeigendum sé gefinn kostur á því að velja á milli veiðileyfis með aflahlutdeild eða krókaleyfis með banndögum. Ég tel samt að banndagar séu of margir, en í frv. er gert ráð fyrir að þeim sé fjölgað í 146. Fjölgun banndaga er um það bil 60 dagar í þessu nýja frv.

Ég geri líka athugasemd við það að banndagar séu síðustu 7 dagar hvers mánaðar. Af hverju má ekki leyfa eigendum smábátanna að velja þessa daga í upphafi mánaðar eða lok mánaðar? Þeir gætu þá tekið sína banndaga út í upphafi hvers mánaðar ef bræla er. Það getur komið upp sú staða að ekki hafi gefið á sjó allan mánuðinn, en síðustu vikuna gefi. En þá mega þeir ekki fara á sjó, jafnvel í rjómablíðu.

Það er alveg ljóst að ekki verður full samstaða í þjóðfélaginu um þessar breytingar sem gert er ráð fyrir í lögum þessum og margir eru þeirrar skoðunar að nú hafi verið tækifæri til að ganga lengra í breytingum, festa ekki kvótakerfið í sessi heldur skera kerfið upp. Aflamarki væri ekki úthlutað endurgjaldslaust heldur yrði tekin upp gjaldtaka fyrir kvótann. Hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafa lagst eindregið á móti þeirri tilhögun og benda á máli sínu til stuðnings að það yrði skattur á sjávarútveginn ef það yrði gert og sjávarútvegurinn mundi ekki bera meiri skattlagningu. Síðan er þessi algenga röksemdafærsla um skuldir sjávarútvegsins og hvað hann stendur höllum fæti. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. Sjávarútvegurinn stendur víðast hvar mjög höllum fæti. Ég tel samt sem áður að ekki líði langur tími þangað til stjórnmálamenn og hagsmunaaðilar í sjávarútveginum verða að horfast í augu við það að þjóðin mun krefjast þess fyrr eða síðar að hafin verði sala á veiðileyfum, að innheimt verði gjald fyrir kvótann og þeim hagnaði verði skilað til samfélagsins á einhvern hátt. Kvótamarkaður gæti t.d. verið lausnin. Af hverju mætti t.d. ekki hugsa sér að sjútvrn. útdeildi kvóta til skipa og aðilar mundu greiða sanngjarnt verð fyrir það? Ef skipin nota síðan ekki kvótann skila þau honum inn. Skip í hverju byggðarlagi fengju forkaupsrétt og ef þau nýta hann ekki fer sá kvóti á uppboðsmarkað. Menn eru nú þegar að kaupa kvóta og borga jafnvel upp í 50 kr. fyrir hvert þorskkíló. Þeir geta alveg eins keypt kvóta af ríkisvaldinu á sanngjörnu verði. Ríkið fær þá arðinn og getur notað hann í einhver ákveðin verkefni. Það mætti jafnvel hugsa sér fyrst með því að hagræða í sjávarútveginum. Ríkið yrði sá aðili sem kæmi þar inn í og hjálpaði til við hagræðingu í greininni.

Fiskveiðistjórnun hefur verið eitt umdeildasta viðfangsefni þjóðmálaumræðunnar undanfarinn áratug. Eins og ég hef getið um eru það fyrst og fremst hagsmunir sem því valda. Það eru hagsmunir byggða, hagsmunir skipa og hagsmunir veiðarfæra. Ég tel þetta frv. vera í átt til betri vegar, en hefði þó viljað sjá menn taka stærri skref í átt til einhvers konar veiðileyfagjalds. Fyrr verður ekki þjóðarsátt um þessi mál.

[20:41]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Eins og verkfall sjómanna gaf vissulega vísbendingu um er löggjöf um stjórn fiskveiða á ýmsan hátt í nokkurri sjálfheldu. Stjórn fiskveiða er að ýmsu leyti komin í ógöngur, ekki síst þegar litið er til þess að samdráttur í veiðiheimildum sem orðið hefur er meiri en nokkurn óraði fyrir fyrir ekki svo mörgum missirum. En kvótakerfið hefur að mörgu leyti brugðist að mínu mati. Það hefði átt að geta verið trygging okkar og vörn fyrir skynsamlegri nýtingu fiskstofnanna. Þess í stað hefur framkvæmd þess orðið uppspretta deilna og misbeitingar á þeim rétti sem útgerðaraðilum er fenginn með aflaheimildum sem bundnar eru skipum og hafa orðið einu raunverulegu eignaverðmætin í sjávarútvegi.

Kvótinn eru einu verðmætin sem lánastofnanir viðurkenna í raun þegar lagt er mat á lánshæfni fyrirtækja. Lega byggðanna við gjöful fiskimið er ekki lengur ávísun á auðlegð. Auðlegðin liggur í rétti þeirra sem hafa í skjóli laga getað safnað til sín aflaheimildum og getað ráðstafað þeim að vild. Það gerist óháð þeim sem með vinnu sinni hafa skapað verðmætin á sjó og í landi og hafa í góðri trú fest eignir sínar í fasteign í sjávarbyggðum og eiga allt undir því að fiskurinn berist á land. Gildir það jafnt um þann sem á íbúðarhúsið og þann sem á fiskvinnslustöðina. Þeir geta þurft að horfa á eftir aflaheimildum og afla sigla sinn sjó eftir ákvörðun þeirra sem taldir eru eiga kvótann. Allt er þetta gert í nafni hagræðingar sem vissulega er mikilvæg. En verð eigna þeirra sem eftir sitja fellur með sama hraða og verð kvótans, sem siglir sinn sjó, hækkar.

Menn spyrja því í dag: Getur þetta gengið lengur? Er eðlilegt að fiskiðja á Norðurlandi geti vegna mikilla aflaheimilda neytt útgerðarmenn og sjómenn við Breiðafjörð til að veiða eftir kerfinu tonn á móti tonni fyrir smánarfiskverð og flytja allan aflann norður frá fiskverkafólkinu í sjávarbyggðunum, t.d. eins og á Snæfellsnesi, og í kaupbæti neytt útgerðina til að landa rækjuafla sömu báta til þeirra verksmiðja sem kvótaeigandinn skipar fyrir um? Er það svo að þessi hafi tilgangurinn verið með kvótakerfinu?

Ég segi nei. Það getur ekki verið eðlilegt að kvótakerfið og framkvæmd þess sé þannig að eðlilegt megi telja að verð leigukvóta sé 52 kr. fyrir hvert kíló af þorski og í kerfinu tonn á móti tonni sé kílóið verðlagt á 60–65 kr. á sama tíma og þorskkílóið á fiskmörkuðum er selt á 100 kr. Þegar svona er komið verðum við að hugsa okkar gang, líta rækilega yfir stöðuna og spyrna við fótum hér á Alþingi og gera breytingar á lögum sem afskræma það kerfi sem átti og gat vissulega verið til þess að stýra veiðum á hinn hagkvæmasta hátt. Með kvótanum átti að stýra veiðum þannig að skipin færu stystu leið til veiða svo byggðirnar næst miðunum gætu nýtt auðlindirnar með mestum afrakstri fyrir þjóðarheildina og um leið eigendur sjávarútvegsfyrirtækja og starfsfólkið sem í þeirri grein starfar. Þannig áttu hagsmunir útgerðar og fiskvinnslu að vera best tryggðir og þannig eiga hagsmunir sjávarútvegsins, að ég tel, að geta verið vel tryggðir.

Frv. sem hér er til umræðu og sjútvrh. hefur mælt fyrir felur samt sem áður í sér verulega mikilvægar úrbætur frá núgildandi lögum og vil ég fagna því að sjútvrh. skuli hafa tekist að ná þeirri niðurstöðu sem frv. felur í sér. Samt sem áður er ekki tekið á þeim vanda sem framsal kvótans felur í sér og veldur. Fram hjá því verður ekki litið að núverandi ástand getur ekki gengið. Það var í raun viðurkennt með setningu bráðabirgðalaganna 14. janúar sl., vegna kjaradeilu sjómanna og útgerðarmanna.

Eftir vandlega skoðun hef ég komist að þeirri niðurstöðu að núverandi ástand sé ekki ásættanlegt. Allar leiðir til þess að bæta stjórn fiskveiða verður að skoða því stjórn fiskveiðanna varðar lífsafkomu okkar þjóðar. Felist lausnin í endurbættu kvótakerfi er sjálfsagt að leita allra leiða og ég er vissulega reiðubúinn til þess að skoða alla þá kosti sem færir eru til þess að endurgera þær lagfæringar á lögum um stjórn fiskveiða sem hér eru til umfjöllunar. Ég hef ekki getað séð lausn í því eða átta mig ekki á því að hin eina sanna lausn geti falist í því að taka upp sölu veiðileyfa. Það verður hins vegar að viðurkennast að hér á hinu háa Alþingi hefur ekki farið fram nægjanleg umræða um það kerfi. Við eigum óhrædd að taka þá umræðu ef hún gæti leitt okkur nær þeirri niðurstöðu sem við teljum besta. Það er samt sem áður spurt hvort við neyðumst til þess að fara þá leið að taka upp sölu veiðileyfa til þess að stýra sókninni. Ef sú yrði niðurstaðan, sem ekkert bendir til að yrði, þá er alveg ljóst að það verður að fara aðrar leiðir en menn hafa rætt í dag til þess að tryggja byggðunum vinnslumöguleika. Því ég óttast það mjög að ef sú yrði niðurstaðan, sem ýmsir hv. þm. hafa vissulega nefnt hér, að taka upp sölu veiðileyfa, þá get ég ekki séð að við hefðum nokkra einustu tryggingu fyrir því að kvótinn yrði eftir í þeim byggðum þar sem vinnslugetan er fyrir hendi.

En ég vil ítreka það að þó að frv. sem hér liggur fyrir hafi hlotið mikla umfjöllun og búið sé að skoða þessi mál mjög rækilega, m.a. í hinni svokölluðu tvíhöfða nefnd, þá tel ég það óhjákvæmilegt að á Alþingi, í sjútvn., verði allar hliðar þessara mála við stjórnun fiskveiða skoðaðar fordómalaust.

Þessar vangaveltur mínar kunna e.t.v. að koma einhverjum á óvart og verður þá svo að vera, en þróun við framkvæmd fiskveiðistjórnunarinnar hefur leitt til þess að ég hef verulegar áhyggjur af þeirri stöðu sem þau mál eru í í dag.

Viðskipti með kvótann eru farin að tengjast öðrum hagsmunum en veiðum. Aðgangur að fiskstofnunum er nú þegar í mörgum tilvikum bundinn því að annar aðilinn ráði verðinu í raun og veru, ráði því hvar landa skuli og hvar kaupa skuli aðföng og rekstrarvörur þrátt fyrir það að ekki sé víst að þar fari hagstæðustu kostir um viðskipti fyrir útgerðina sem ber allan kostnað af veiðum. Það má því spyrja sig þeirrar spurningar hvaða skilyrði komi næst ef á annað borð nokkur viðskipti eiga sér stað með kvótann. Þetta er sú staða sem blasir við í dag og því miður er það nú e.t.v. fyrst og fremst vegna þeirra takmörkuðu veiðiheimilda sem við höfum vegna samdráttar í þorskveiðum.

Það er mikið talað um hagræðingu með sölu aflaheimilda. Því miður er það svo að hagræðingin á grundvelli kvótakerfisins felst fyrst og fremst í því að vinnsla aflans þegar samið hefur verið við útgerðirnar er færð frá einni vinnslustöð til annarrar án þess að fjárfestingin í vinnslunni minnki, það er verið að semja á milli útgerða og flytja afla frá einni verstöð til annarrar án þess að ég geti séð að þar sé afgerandi hagræðing á ferðinni.

Ég vil, virðulegi forseti, fara nokkrum orðum um einstaka þætti frv. sem hér er til umræðu. Ég fagna því eins og ég gat um fyrr að hér eru lagðar til ýmsar úrbætur á núgildandi lögum um stjórn fiskveiða. Ég vil nefna þar m.a. að það er tryggð í sessi tvöföldun á línuveiðum sem ég tel að sé afskaplega mikilvægur þáttur vegna þess að línuveiðar eru fyrir mörg svæði mjög mikilvæg útgerðargrein og það fer ekki milli mála að fiskur frá þeim bátum sem stunda línuveiðar er úrvalshráefni og ég held að það hafi sýnt sig að þau útgerðarfyrirtæki sem hafa stundað línuveiðar hafa verið mikil og traust undirstaða undir vinnslu í þeim verstöðvum þar sem línuveiðarnar eru stundaðar. Ég fagna því ákvæði frv. að heimilt verði að framselja aflahlutdeild fiskiskipa yfir á vinnslustöðvar. Það þarf þó auðvitað að skoðast ef breytingar verða gerðar á framsalsmöguleikum eða framsalsheimildirnar verða takmarkaðar. En ég held að í upphafi kvótakerfis hefði verið mun affarasælla ef aflaheimildir hefðu verið á vinnslustöðvum að einhverju leyti til jafns við útgerðina.

Þá er ákvæði í frv. sem varðar smábátana, og er það vissulega til bóta þó að mér sýnist óhjákvæmilegt að endurskoða nokkur atriði sem lúta að smábátunum,

m.a. fjölda banndaga og svo einnig það með hvaða hætti unnt er að koma til móts við þá smábáta sem völdu kvóta á sínum tíma. Þá tel ég óhjákvæmilegt að sjútvn. skoði það hvort ekki sé eðlilegt að krókaleyfisbátar hafi möguleika og aðgang að veiðum svo sem eins og ígulkeraveiðum og grásleppuveiðum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að opna fyrir þann möguleika.

Ég hef, virðulegi forseti, nefnt þau atriði sem ég tel að séu mikilvægust í því frv. sem hér er til umfjöllunar en ég verð að segja það eins og er að það vantar mikilvæga þætti inn í frv. eins og hefur komið fram í minni ræðu. Ég tel að það verði og það sé óhjákvæmilegt að takmarka framsalsheimildir þó að ég viðurkenni að sjálfsögðu að framsal á milli útgerða sé nauðsynlegur möguleiki en óheftur eins og hann er í dag tel ég að hann geti ekki verið.

Staða margra sjávarbyggða er mjög tvísýn um þessar mundir. Minni aflaheimildir ógna afkomu og nú stefnir í það að mörg skip á Vestfjörðum og Vesturlandi muni fljótlega ljúka veiðum á þeim kvóta sem bátarnir og skipin hafa. Þrýstingur mun því aukast á kvótakerfið og að veiðiheimildir í þorski verði auknar. Vissulega er hér um mjög viðkvæmt og erfitt viðfangsefni að ræða en það er ekki óeðlilegt að umræður um kvótakerfið taki mið af þeirri stöðu sem við blasir. Samt sem áður er okkur nauðsynlegt að horfa til framtíðar þegar leitað er bestu kosta við stjórn fiskveiða. Það er von mín að hv. sjútvn. takist að fjalla rækilega um þetta frv. og gera á því breytingar svo að takast megi að afgreiða ný lög frá Alþingi á þessu þingi þannig að bærileg sátt og friður geti tekist um málið á Alþingi.

[20:57]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég spurði nú þeirrar spurningar við upphaf þessarar umræðu hvort það ætti að taka þetta frv. alvarlega og ég verð að segja það alveg eins og er að ég verð alltaf meira og meira undrandi eftir því sem ég hlusta lengur á hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar. Hv. 5. þm. Austurl. sagði hér í dag að eitt væri stefna og annað væri gerð og mér fannst hann vera að gefa það í skyn að þetta stangaðist allt saman á en auðvitað gerir það ekki. En nú kemur hv. 1. þm. Vesturl. hér upp og talar í reynd algerlega á móti þessu frv. Og ég spyr: Hvernig í ósköpunum stendur á því að það var verið að reyna að ná samstöðu um það innan stjórnarflokkanna á sl. vetri að leggja þetta frv. fram þannig að það verði bindandi fyrir flokkana? Síðan er búið að vera að vinna í þessu að okkur er sagt í allt sumar og allt haust og enn er búið að gera samkomulag og síðan er þetta mál tilkynnt hér á Alþingi af stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að það sé allt opið, allt saman opið, það sé sjálfsagt að athuga allar leiðir. Veiðileyfagjald á að skoða, framsalið eigi allt annaðhvort að taka aftur eða breyta, það sé hins vegar sjálfsagt að leyfa framsal á fiskvinnslustöðvarnar en menn eru á móti því að veiða tonn á móti tonni. Það er náttúrlega alveg ljóst að veiðar tonn á móti tonni munu stóraukast ef fisvinnslustöðvarnar fá kvóta þannig að þetta mál virðist allt saman vera hér í skötulíki og engin leið að átta sig á því að hér sé meiri hluti meðal stjórnarsinna fyrir þessu frv. Það virðist alls ekki vera og ég marka það m.a. á þeirri ræðu sem hér var flutt.

[21:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er út af fyrir sig ekkert undrandi á því þó að hv. 1. þm. Austurl. undrist það að menn tali hér um breytingar. Hann er aðalhöfundur og meginábyrgðarmaður þeirra laga sem eru í gildi og menn eru mjög óánægðir með að mörgu leyti og m.a. þess vegna er verið að flytja hér frv. til laga um breytingar á þeim lögum sem eru í gildi.

Ég hef litið þannig á að hér á Alþingi séum við til þess að skiptast á skoðunum og það sé gert ráð fyrir því að menn séu hér algerlega frjálsir að því að hafa meiningar um frumvörp, m.a. stjfrv., þó að menn styðji í meginatriðum þau frumvörp sem hér eru lögð fram í nafni ríkisstjórnarinnar. Ég hef lýst þeirri skoðun minni að ég tel ekki síst í ljósi reynslunnar og ekki síst eftir þær umræður sem fóru fram hér fyrir og undir verkfalli sjómanna að það sé óhjákvæmilegt að taka lögin um stjórn fiskveiða til verulegrar endurskoðunar. Ég lýsti því hér að þær tillögur sem felast í frv. sem hér er til umræðu séu til bóta en ég tel samt sem áður að það þurfi að gera enn betur. Og ég er mjög undrandi á því ef hv. 1. þm. Austurl. er ekki tilbúinn og reiðubúinn til þess að vinna að úrbótum og endurbótum á lögunum um stjórn fiskveiða. Það er bara þannig að tíminn líður og það verða breytingar í okkar þjóðfélagi og m.a. í sjávarútvegi og þess vegna þurfum við hér á hinu háa Alþingi að fjalla um þessi mál eins og þau snúa við okkur í dag en ekki eins og þau voru á liðnum tíma.

[21:02]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. og ýmsum öðrum stjórnarsinnum sem eru andvígir þessu kerfi er það mjög gjarnt að tala um að sá sem hér stendur beri ábyrgð á þessu kerfi. En þeir munu nú ekki lifa á því endalaust að skamma þann sem hér stendur. Ég held að þessir hv. þm. ættu að fara átta sig á því að það er næstum liðið heilt kjörtímabil síðan þeir settust í ríkisstjórn og það var ákveðið í upphafi að núverandi stjórnarflokkar tækju algera ábyrgð á þessu máli. Það hefur ekkert verið leitað til stjórnarandstöðunnar í sambandi við undirbúning þessa máls, alls ekki, jafnvel þótt stjórnarandstaðan hafi verið tilbúin til þess. Hv. stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar munu hafa haft þrjú ár til þess að skoða þessi mál á vori komanda. Hvað hafa þeir eiginlega verið að gera? Velta þessu fram og til baka og nú er allt opið og jafnvel er farið að tala hér um að nú eigi að fara að skoða veiðileyfagjald. Ég er ekkert að undrast það þó að það standi til að gera ákveðnar breytingar. Ég tel nauðsynlegt að gera ákveðnar breytingar. Ég undrast það hins vegar að það skuli vera tilkynnt að það sé komið samkomulag um málið milli stjórnarflokkanna sem var ekki hér oft áður og mál voru lögð fram án þess að algert samkomulag

væri komið. Nú var það talið algert skilyrði af hálfu hæstv. sjútvrh. að slíkt samkomulag lægi fyrir. Þess vegna var frv. ekki lagt fram sl. vor. Það var a.m.k. sagt við okkur í stjórnarandstöðunni hér á Alþingi þannig að ég er undrandi á því að það skuli ekki vera neitt samræmi í orðum og athöfnum í þessu sambandi. Og það er kannski rétt að það eigi vel við í sambandi við þetta mál að gerð sé eitt og stefna sé annað eins og hv. 5. þm. Austurl. tilkynnti hér svo skörulega í dag.

[21:04]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það væri fróðlegt að rifja það upp með lestri þingtíðinda hvernig samstaðan og einhugurinn var þegar hv. 1. þm. Austurl. stýrði því hér í þinginu að fá sett lög um stjórn fiskveiða. Mig minnir endilega að ég hafi lesið um það og fylgst með því þá að hann hafi ekki haft kannski alla hjörðina með sér en ég hefði viljað spyrja hv. þm. um það og hann kannski svarar því hér í seinni ræðum í þessari umræðu hvort hann telji ekki ástæðu til að taka tillit til þeirrar gagnrýni sem hefur komið fram, m.a. frá sjómannasamtökunum, það væri mjög fróðlegt, hvort hann vilji algerlega hafna því. Ég er ekki reiðubúinn til þess að skella skollaeyrum við aðvörunarorðum sjómanna í sambandi við stjórn fiskveiða. Ég vil reyna að ná sátt og reyna að ná fram breytingum og lagfæringum á þessum lögum og ég er sannfærður um að það á að vera hægt. Og miðað við þær umræður sem hér hafa farið fram í dag sýnist mér að það sé býsna mikill áhugi hjá hv. þm. að ná fram breytingum. Og þegar fyrir liggur að það er ekki mikil gagnrýni á það frv. sem hér er lagt fram þá er það vissulega mikilvægt innlegg í þær umræður sem hér þurfa að fara fram og undirbúningur að þeirri lagasetningu sem Alþingi þarf að standa að gagnvart lögunum um stjórn fiskveiða.

[21:06]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni að það er svolítið merkilegt að vera hér í dag og hlusta á þessa umræðu og fylgjast með því að meiri hluti þeirra stjórnarliða sem hafa talað í þessu máli hafa lýst því yfir að það væri margt við þetta frv. að athuga. Ég satt að segja hélt að allur sá tími sem liðinn væri frá því að endurskoðun þessa frv. átti að ljúka hefði verið notaður til þess að reyna að fykja liði í þessu máli hjá stjórnarliðinu. En það er annað komið upp í dag þannig að ég fer að efast um afgreiðslu þessa máls.

Ég vil spyrja hv. þm. Sturlu Böðvarsson, sem hér talaði áðan, þar sem hann sagði, ég man það ekki nákvæmlega en held að ég hafi heyrt það rétt, að fiskvinnsla fyrir norðan neyddi sjómenn til þess að fiska. Ég átti mig ekki alveg á hvernig það er hægt að einhver fiskvinnsla neyði sjómenn til þess að fiska. Ég spyr: Hvernig ætlar þá hv. þm. að svara því og þeim hugmyndum sem núna eru komnar inn í frv., breytingar frá fyrri frumvörpum, um að það eigi að færa aflaheimildir yfir á fiskvinnslustöðvarnar? Ekki verða það fiskvinnslustöðvarnar sem fara að veiða. Einhverja þurfa þær að fá til að veiða fyrir sig og ætlar þá hv. þm. að kalla það í því frv. sem hann er hér að leggja fram og hefur verið rætt margsinnis í þingflokki Sjálfstfl., ætlar hann að segja að hann sé að leggja það til að fiskvinnslustöðvarnar fari að neyða sjómenn til að fiska fyrir sig? Er það það sem hann var að samþykkja og leggja hér fram?

[21:08]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna andsvars hv. þm. Stefáns Guðmundssonar vil ég svara honum með því að segja að ég tel — og dreg ekkert til baka af því sem ég hef sagt hér — að það séu mjög óeðlilegir viðskiptahættir sem hafa tíðkast í sambandi við viðskipti tonn á móti tonni og það er hægt að sjá það og fá upplýsingar um það og meta það af þeim verðum sem þar er um að ræða. Ég tel að það sé ekki eðlilegt og það sé í raun inni mikil neyð fyrir útgerðarfyrirtækin, fyrir sjómennina að þurfa að veiða og fá 60–65 kr. fyrir kg af þorski á sama tíma og á mörkuðum fást kannski 100 kr. fyrir kg. Ég held að þessar aðstæður auðvitað skapist af því hversu takmarkaður afli er til ráðstöfunar. En það er samt sem áður þannig að þau fyrirtæki sem hafa mestan kvóta hafa getað skapað sér þennan rétt.

Ég ræddi um það hér áðan að ég tel að í upphafi kvótakerfisins hefði átt að koma á þeim möguleika að fiskvinnslustöðvar hefðu yfirráð yfir aflaheimildum. Ég tel að með því hefði skapast meira jafnvægi milli útgerðarinnar og fiskvinnslunnar en aðallega þó með því að þá hefðu fiskvinnslustöðvarnar og vinnsluaðilarnir haft einhvern rétt en stæðu ekki frammi fyrir því eins og í dag að fiskvinnslustöðvar eru nánast verðlausar vegna þess að þær hafa ekki yfirráð yfir nokkrum kvóta. Það er mergurinn málsins.

[21:10]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að ég held að menn geri of mikið úr því hversu ósanngjarnt kerfi það sé þegar menn veiða tonn á móti tonni sem kallað er. Ég er á því að það séu ekki svo galin viðskipti ef við skoðum þau grannt. Ég vil hins vegar gera sterkan greinarmun á því hvort menn eru að fiska tonn á móti tonni og gera það á það sem við getum kallað eðlilegan hátt heldur en að láta sjómenn taka þátt í kaupum á aflarétti. Ég er andvígur því og hef marglýst því yfir.

En ég vil enn ítreka spurningu mína til hv. þm. Nú er hann að leggja til að þetta verði fest inni í nýjum lögum. Hv. þm. hefur samþykkt það í þingflokki Sjálfstfl. að leggja það til núna í nýju frv. um það að færa aflarétt frá sjómönnum og frá fiskiskipunum yfir á vinnslustöðvarnar sem síðan þurfa að fá einhverja til að fiska fyrir sig. Og hv. þm. Sturla Böðvarsson hefur valið því þau orð að segja að fiskvinnslustöðvarnar verði látnar neyða sjómenn til að fiska fyrir sig. Það er það kerfi sem hv. þm. hefur fundið upp og var samþykkt í þingflokki Sjálfstfl.

[21:12]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má náttúrlega láta áhafnir

fiskiskipa taka þátt í kvótakaupum með ýmsum hætti. Ég tel að við hin svokölluðu viðskipti tonn á móti tonni, (Gripið fram í.) séu sjómenn í rauninni að taka þátt í kvótakaupum með því. Það er í því formi að verðið er þeim mun lægra þannig að það þarf hvorki að blekkja einn né annan með því. Verðið er lægra í þessum viðskiptum og með þeim hætti eru sjómenn látnir taka þátt í þessum viðskiptum.

Ég tel að með því að fiskvinnslustöðvarnar hafi þennan rétt og þennan möguleika þá eigi að geta skapast meira jafnvægi á þessum markaði. Hins vegar þarf að fylgja því og það þarf að gæta þess, að ég tel, og til þess er verið að ræða þetta frv., til þess er verið að ræða lögin um stjórn fiskveiða að við þurfum að reyna að ná hinni bestu niðurstöðu. Ég treysti sjútvrh. og hv. þm. í sjútvn. mjög vel til þess að leiða þá vinnu sem hér þarf að vinna. Og ég tel að sjútvrh. hafi náð mjög góðum árangri í því að koma þessu frv. fram en það þýðir ekki það að ekki megi gera neinar breytingar eða bragarbót á lögunum umfram það sem frv. gerir ráð fyrir.

[21:14]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum frv. til laga um fiskveiðistjórnun í skugga mikilla erfiðleika í sjávarútvegi og mikils aflasamdráttar sem átt hefur sér stað á undanförnum árum, einkanlega í okkar helstu nytjategund, þ.e. þorskinum. Svo sérkennilegt sem það nú er þá var það líka svo fyrir rúmum 10 árum þegar menn ræddu þá um nýmæli sem upp skyldi tekið við stjórn fiskveiða, setningu laga sem kennd hafa verið við kvótann. Þá voru þau lög líka rædd í skugga mikillar umræðu um alvarlega stöðu fiskstofnanna, einkum þorskstofnins. Þannig er mál með vexti að fram til þess tíma hafði ríkt býsna sæmilegur friður um stjórn fiskveiða. Þá var það þannig að fram að þeim tíma höfðu menn stjórnað eftir allt öðru kerfi í grundvallaratriðum og við það höfðu búið m.a. þrír sjávarútvegsráðherrar úr jafnmörgum stjórnmálaflokkum, m.a. úr Framsfl., núv. formaður Framsfl., og allir komist að þeirri niðurstöðu að við það kerfi stjórnunar fiskveiða væri hægt að búa.

Fyrir 10 árum og gott betur voru hins vegar þær aðstæður uppi að fiskifræðingar höfðu varað mjög við alvarlegri stöðu þorskstofnsins og höfðu þess vegna hvatt til þess að gripið yrði til mjög róttækra ráðstafana sem urðu síðan til þess að lög um fiskveiðistjórnun á árinu 1984 voru samþykkt, lögin sem kennd hafa verið við kvótann.

Ástæðunni fyrir þessu var svo lýst af þáv. hæstv. sjútvrh., Halldóri Ásgrímssyni, núv. hv. 1. þm. Austurl., en hann sagði svo í ræðu á Alþingi 19. des. 1983, með leyfi forseta:

„Vegna þess að ástand fiskstofna, einkum þorsks, hér við land er óvenjulega slæmt er brýn þörf á vísindalegri stjórnun á fiskveiðum í enn ríkari mæli en nú á sér stað. Helstu hagsmunasamtök í sjávarútvegi og fiskiþing hafa eindregið óskað eftir því að stjórnvöld auki verulega stjórn fiskveiðanna."

Þetta voru sem sagt aðalástæður fyrir því að við ákváðum á þeim tíma að taka upp það kerfi fiskveiðistjórnunar sem við höfðum búið við í lítt breyttri mynd eða í öllum grundvallaratriðum skulum við segja allt fram á þennan dag.

Við skulum átta okkur á því að þær aðstæður sem eru uppi í íslenskum sjávarútvegi núna eru um flest mjög óvenjulegar. Aðallega vegna þess að þær tekjur sem sjávarútvegurinn sem atvinnugrein þarf að búa við eru miklu minni en áður vegna skerðingar þorskveiðinnar. Ég vil vekja athygli á því ef við skoðum aflann í þorski á síðustu 10 árum þá var hann að meðaltali 325 þús. tonn á ári. Nú er okkur ætlað að búa við það, greinin á að lifa með því og þjóðarbúið að byggja á því að við drögum úr sjó u.þ.b. helmingi minni þorskafla heldur en við gerðum að meðaltali á tíu árunum á undan. Þetta eru auðvitað gríðarleg umskipti. Á síðustu árum höfum við farið í gegnum miklar skerðingar á aflaheimildum í þorski sem að hluta til hafa kannski ekki komið jafngrimmilega við menn vegna þess að aflabrögðin voru lakari. Það var erfiðara að sækja þennan fisk, sérstaklega hjá okkar afkastamestu veiðiskipum, togurunum, sem gerði það að verkum að þeir gátu geymt á milli ára vegna heimildarinnar um 20% geymslurétt og þess vegna var það svo að á síðasta fiskveiðiári og jafnvel fram á þetta, þá hafa menn verið að njóta geymsluréttarins sem menn bjuggu við og gátu notið vegna lakari aflabragða fram að þessu. Nú er þessu ekki lengur til að dreifa. Aflabrögðin hafa gjörbreyst. Í stað ördeyðunnar sem var fyrir tveimur árum eru aflabrögðin góð. Það fiskast vel hvarvetna þar sem skip sækja sjó. Það er góður afli togaranna. Það er góður afli bátaflotans og færabátar á undanförnum sumrum hafa raunar verið að fiska býsna vel. Þess vegna er staðan sem við stöndum frammi fyrir núna allt önnur og miklu verri. Aflaheimildirnar munu fyrirsjáanlega ekki duga og þess vegna hef ég haldið því fram og vil nefna það hér svo það fari ekkert á milli mála að ég tel nauðsynlegt og óumflýjanlegt, óhjákvæmilegt að teknar verði ákvarðanir um aukningu aflaheimilda í þorski.

Ég tel að það séu uppi svo ríkar ástæður, bæði líffræðilegar og efnahagslegar að það beri að taka slíka ákvörðun. Ég segi það hér og nú að ég trúi því ekki að niðurstaða svokallaðs togararalls sem mun fara fram í næsta mánuði verði önnur en sú að um það sé að ræða að þorskstofninn sé í örum vexti. Mér finnst sjálfum ekkert ólíklegt að ástæðan fyrir því sé einmitt sú að hæstv. sjútvrh. hefur fylgt þeirri stefnu á síðustu árum að draga úr veiðiheimildunum í þorski og þær aðgerðir séu núna að skila sér rösklegar heldur en menn reiknuðu með vegna þess að aðstæðurnar í lífríki hafsins hafa batnað. Ætismöguleikar þorsksins og annarra nytjafiska eru auðvitað allt aðrir heldur en þeir voru fyrir örfáum missirum síðan.

Ég hef orðið var við það að menn hafa stigið mjög á stokk, ekki síst sumir talsmenn Framsfl., og sagt: Þetta er algjört ábyrgðarleysi. (**Gripið fram í:** Hvað þá?) Að auka veiðiheimildir í þorski. Og þá verð ég að vekja athygli á því að það er ekki í fyrsta skipti, virðulegi forseti, sem veiðiheimildir í þorski hafa farið eitthvað aðeins fram yfir það sem Hafrannsóknastofnun

hefur lagt til. (**IP:** Enda ekki gott.) Enda ekki gott, segir hv. 2. þm. Vesturl., fulltrúi Framsfl. á þingi. Og nú skulum við sjá hvernig staðið var að málum á árum áður þegar „ábyrgri sjávarútvegsstefnu" var fylgt að mati þeirra framsóknarmanna. Árið 1984 var farið fram yfir í afla á þorski, fram yfir tillögur Hafrannsóknastofnunar ekki um 10% eða 20%. (**StG:** Var ekki breytt um kerfi?) Þá var tekið upp þetta fína kvótakerfi. (Gripið fram í.) Þá var farið fram yfir, hv. þm., um 42%. (**StG:** Menn breyttu, settu í aflamark úr sóknarmarki. Þetta veit þingmaðurinn vel.) Árið 1985 var farið fram yfir um 63%. (**Gripið fram í:** Það er alveg rétt.) Alveg rétt. Og hvað gerðist þá? Ætli þá hefði ekki verið eðlilegt miðað við kenninguna að það hefði verið dregið úr aflanum og tillögur Hafrannsóknastofnunar hefðu verið um það að draga úr aflanum? En ætli hv. þm. muni hvað gerðist árið 1986 í tillögum Hafrannsóknastofnunar? Tillögur Hafrannsóknastofnunar gerðu ráð fyrir því að aflaheimildir í þorski yrðu auknar um 50% eftir að við höfðum farið fram úr tillögum stofnunarinnar um 63%. Og svo koma menn og segja: Það er ábyrgðarleysi að leggja til einhverja örlitla viðbót við það sem Hafrannsóknastofnun er að leggja til. (**Gripið fram í:** Menn ráku sig á.) Menn ráku sig á. Og hvenær ætli sá árekstur hafi orðið? Ætli hann hafi þá orðið árið eftir? Þegar hv. þm. sat á þingi ári síðar, ef ég man rétt, var enn farið 31% fram yfir og enn lagði Hafrannsóknastofnun til sömu hámarkstölu í þorski. Og enn næsta ár 26% fram yfir og enn lagði Hafrannsóknastofnun til sömu tölu í þorski.

Ég nefni þetta hér, virðulegi forseti, til þess að vekja athygli á því að það er ekki óþekkt fyrirbrigði að menn hafi farið fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar vísvitandi og samt sem áður hefur verið lögð til aukning árið eftir af vísindamönnum á Hafrannsóknastofnun. Sú staða er nefnilega mjög alvarleg þegar svo er komið að fram undan blasir við verkefnaleysi í fiskiskipaflota landsmanna yfir hábjargræðistímann, t.d. yfir sumarmánuðina eins og við blasir við óbreyttar aðstæður í stórum landshlutum.

Því er ekki að neita að sú mikla skerðing sem menn hafa tekið út á síðustu árum í þorskinum hefur komið mjög misjafnlega niður á svæðum og er núna að birtast mönnum í þessum miklu erfiðleikum sem hafa komið upp á Vestfjörðum á undanförnum mánuðum og missirum. Ég hef að gamni mínu búið til lítið dæmi um annars vegar áhrifin á svæði þar sem uppistaðan í veiðunum er þorskur og á svæði þar sem uppistaðan í veiðunum er karfi. Ef við tökum þetta ímyndaða dæmi, sem gæti verið býsna nálægt raunveruleikanum mjög víða, og við skulum ímynda okkur að sá staður hafi verið með 1.800 tonn af þorski og 600 af karfa. Gróflega reiknað eru það 1.800 tonn í þorskígildum, í þorskinum, og 300 í karfanum, alls 2.100 tonn. Eftir alla þá skerðingu sem orðið hefur má áætla að þessi útgerð hafi farið úr 2.100 þorskígildum niður í 900. En karfaútgerðin, sem í upphafi var með 1.800 tonn af karfa og 600 af þorski, með öðrum orðum 1.500 þorskígildi gróflega reiknað, hún stendur núna uppi með 1.100 þorskígildi. Með öðrum orðum: Fyrir skerðingu var þorskútgerðin með 2.100 þorskígildi, karfaútgerðin 1.500. Núna hefur þetta snúist við: Þorskútgerðin er komin niður í 900 og karfaútgerðin í 1.100.

Þetta er í hnotskurn sá mikli vandi sem við blasir í byggðarlögunum þar sem allt byggist meira og minna á þorskveiðunum.

Virðulegi forseti. Það verður ekki hjá því komist að skoða sérstaklega vanda þeirra byggðarlaga sem hafa orðið harðast úti vegna aflaskerðingarinnar undanfarin ár. Það er kunnara en frá þurfi að segja að í mörgum tilvikum hafa menn orðið að bregðast þannig við að reyna að halda sjó með því að selja frá sér aflaheimildirnar. Hvað gerist nú þegar að því kemur að hægt verður að auka aflann að nýju? Tökum annað dæmi, tilbúið að vísu en mjög í ætt við þann raunveruleika sem blasir sums staðar við:

Sjávarútvegsstaður hefur verið með 2.000 tonna þorskígildi í kvóta. Þar hefur kvótinn verið seldur burtu og nú stendur þessi staður uppi með 500 þorskígildi. Þegar að því kemur að kvótinn eykst að nýju, við skulum segja um 50%, þá kemur sú aukning ekki ofan á 2.000 tonnin sem viðkomandi staður hafði í upphafi, heldur ofan á 500 tonnin. Þannig að í stað þess að fá 1.000 tonna aukningu fær þessi staður 250 tonn. Nú skulu menn velta því fyrir sér hverjir eru möguleikar þessara plássa til að rétta úr kútnum þegar svo er komið að þeir hafa neyðst til að selja frá sér allar þessar aflaheimildir. Þetta er því miður samt sá bitri raunveruleiki sem blasir við allt of víða, m.a. á Vestfjörðum þar sem ég þekki gleggst til. Það gengur ekki að menn gangi í gegnum þetta þannig að menn geti ekki fengið aðstæður til að standa af sér þessa storma og standi síðan eftir gjörsneyddir möguleikanum til þess að bjarga sér með þeim eina hætti sem menn þekkja, þ.e. að sækja sjóinn. Það verður að grípa þarna til ráðstafana og það er ekki síst þess vegna sem ég hef verið svo harður talsmaður þess að auka aflaheimildirnar núna þegar ég er svo sannfærður um að svigrúm er til þess í raunveruleikanum.

En það er auðvitað með ýmsum öðrum hætti hægt að gera það að verkum að menn hafi svigrúm, jafnvel innan núverandi kerfis, til þess að reyna að bjarga sér. Ég skal taka dæmi: Það hefur mikið verið rætt um stöðu krókabátanna og ég er einn af þeim sem hafa tekið þátt í þeirri umræðu. Umræðan frá mínum bæjardyrum séð snýst ekki síst um það að þarna eru líka möguleikar fyrir þessa staði þar sem kvótinn er lítill, aflaheimildirnar eru orðnar litlar til þess að bjarga sér með því að stunda útgerð á krókabátum sem ekki eru háðar aflakvótum og takmörkunum af því taginu. Við höfum séð það víða á Vestfjörðum, á stöðum eins og Tálknafirði, Flateyri og Suðureyri, svo ég taki nú bara þrjú dæmi af fullkomnu handahófi, við höfum séð dæmi um það að þessir staðir hafa getað aukið tekjur sínar yfir hásumarið, yfir hábjargræðistímann fyrir þessa báta einmitt með því að laða að sér krókaleyfisbáta en útgerð þeirra hentar býsna vel á Vestfjörðum yfir hásumarið.

Í öðru lagi — og það tel ég að sé kannski hvað

mikilvægast og ég vil sérstaklega árétta hér vegna þess að um þetta var ályktað á landsfundi Sjálfstfl. — er sú aðferð að þegar það blasir við þegar verulega er liðið á kvótaár að afli í einhverri tiltekinni tegund muni fyrirsjáanlega ekki nást, þá verði veitt heimild til þess að taka af kvótabindinguna og heimila mönnum þess í stað veiðar með frjálsum hætti síðari hluta kvótaársins.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að þessi slaki sem þar yrði gefinn út mundi hafa mikil áhrif einmitt til þess í fyrsta lagi að draga úr því sem menn hafa verið að kalla kvótabrask. Þrýstingurinn fyrir kvótalitla báta til þess að afla sér kvóta á leigumarkaðnum eða með einhverjum öðrum hætti mundi gjörbreytast og snarminnka. Ég nefni sem dæmi að í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram á síðasta löggjafarþingi kemur það í ljós að býsna oft á undanförnum árum hefur ýsuafli, miðað við það sem Hafrannsóknastofnun gaf út, og eða stjórnvöld leyfðu, alls ekki náðst. Það vantaði t.d. 18% upp á það árið 1987, 10% árið 1988 og á árunum 1991–1992 4%, svo ég taki dæmi. Svipaða sögu er að segja um rækju og ýmsar aðrar tegundir sem óþarfi er að telja hér upp. Ég er ekki í nokkrum vafa um það að þessi aðgerð ein út af fyrir sig mundi draga verulega úr þeirri miklu spennu sem nú er í þessu kerfi og hefur valdið átökum milli byggðarlaga, svæða, veiðitegunda og kjördæma. Þetta mundi líka gera það að verkum að staða ýmissa smábáta sem núna veiða á kvóta, en þeirra staða hefur aðeins komið til umræðu, mundi gjörbreytast vegna þess að þar yrðu nýir möguleikar fyrir þessa báta til þess að afla sér tekna á vannýttum tegundum.

Virðulegi forseti. Úr því að ég er farinn að nefna sérstaklega stöðu smábáta með kvóta þá held ég að það sé nauðsynlegt að fjalla aðeins betur um þau mál. Ég er sammála því sem hér hefur komið fram í umræðum fyrr í dag að það er ekki vansalaust hversu lítið hefur verið fjallað um vanda þessara báta sérstaklega. Það má þó tvíhöfða nefndin eiga að hún beindi sjónum sínum að vanda þessara báta og lagði til að á vandanum yrði tekið með því að úthluta þeim auknum kvóta alveg sérstaklega. Ég vil hins vegar leggja hér aðeins orð í þennan belg og varpa upp hugmynd sem ég held að gæti orðið til að greiða úr þessum vanda. Eins og menn vita hafa ýmsir útgerðarmenn og sjómenn á þessum litlu kvótabátum farið í það til þess að reyna að bjarga sér að róa yfir háskammdegið á tvöföldunartímanum á línunni, nóvember og desember, janúar og febrúar. Það sjá allir viti bornir menn að það er ekki nein glóra í þessu, nánast að beina, nánast að hvetja og nánast að ýta mönnum út í veiðar á litlum bátum á úthafinu yfir háskammdegið þegar allra veðra er von. Það er ekki verjanlegt frá neinum sjónarhóli að standa þannig að málum. Þetta er hins vegar vegna þess að tvöföldunartíminn á línunni er þarna yfir háskammdegið. Og þess vegna vil ég varpa því fram, og ég vænti þess að þetta verði tekið vandlega til athugunar í hv. sjútvn., hvort ekki komi til greina að koma á þann veg til móts við þessa báta sérstaklega að þeim verði veitt heimild til þess að taka sína tvöföldun á línunni á öðrum árstímum þannig að slakinn á sóknninni hjá þeim verði aukinn yfir háskammdegið og þeir geti farið að veiða þegar það er bærilegra fyrir þessa litlu báta að stunda sjóinn.

Mjög mikil umræða hefur farið fram í þjóðfélaginu um stöðu krókabátanna og mér finnst að mörgu leyti að sú umræða hafi ekki verið alveg í samhengi við annað í þessu frv. þó vissulega ætli ég ekki að gera lítið úr stöðu eða vanda krókabátanna í þessu fiskveiðistjórnarkerfi. Ég vil lýsa því yfir að ég fagna því í sjálfu sér að með þessu frv. sem við ræðum nú hefur verið tekin ákvörðun um það að hverfa frá þeirri hugmynd að kvótabinda veiðar krókaleyfisbáta. Ég vil vekja athygli á því sem kom til umræðu í dag í orðaskiptum okkar hv. 1. þm. Austurl. að með þessari ákvörðun er verið að hverfa frá þeirri fiskveiðistjórnarstefnu sem þingmenn Alþfl., Alþb. og Framsfl. stóðu að með setningu þeirra laga sem nú er í gildi. Það er auðvitað alveg kristaltært og krítarklárt að í ákvæði til bráðabirgða við fiskveiðistjórnarlögin sem nú gilda var sett inn með afmörkuðum hætti hvernig ætti að fara með þessa báta í núverandi fiskveiðistjórnarkerfi. Þannig var gert ráð fyrir því að strax um mánaðamótin ágúst/september næstkomandi við núverandi aðstæður hyrfu þessir bátar út úr krókaleyfinu og yrðu að gera sér að góðu kvóta sem við núverandi aðstæður yrði agnarsmár og flestum ofviða að reyna að glíma við að því leytinu að tekjur þeirra af þessum kvóta yrðu svo litlar að það er alveg fyrirsjáanlegt að þær stæðu engan veginn undir þeirri fjárfestingu sem í þessum bátum liggur. Nú upplýsti hv. 1. þm. Austurl. okkur um það í dag að það hafi ekki verið sinn ásetningur eða vilji í sjálfu sér að standa þannig að þessu, heldur skildist manni sem svo að það hefði verið gert pólitískt samkomulag, pólitísk málamiðlun í þeirri ríkisstjórn sem Alþfl. og Alþb. stóðu m.a. að, að fara þessa leið, fara með krókabátana beint inn í kvótann. Þetta er auðvitað meiri háttar frásögn þegar það liggur fyrir að í Alþfl. og Alþb. hafa menn haft uppi stór orð um hugmyndir um það að kvótabinda afla krókaleyfisbátanna þegar frá því er greint að fyrrv. hæstv. sjútvrh. hafi síst af öllu kært sig um það að fara þessa leið en látið undan í pólitískri málamiðlun í páv. ríkisstjórn. Þetta eru staðreyndir sem er nauðsynlegt að halda hér til haga.

Ég held að varðandi þessa krókabáta þurfi að skoða þessa báta með tvenns konar hætti. Það verður annars vegar að skoða þá báta sem eingöngu er haldið út til veiða hluta af árinu og jafnvel bara yfir blásumarið. Bátar sem þannig háttar til um eiga ekki að þurfa að lúta nákvæmlega sömu sóknartakmörkunum og bátar sem haldið er til veiða yfir allt árið. Ég get vel tekið undir það sem hér hefur verið sagt líka í dag að að mínu mati væri það miklu ásættanlegri leið til þess að takmarka veiðar krókabáta að láta þá takmörkun fyrst og fremst koma niður á annars vegar löngum tímabilum í kringum páska og verslunarmannahelgi og sunnudögum og nýta síðan þá miklu takmörkun sem í því felst að margir þessara báta eru uppi á fjörukambi sex og upp í sjö mánuði á ári og mörg dæmi um það að

þeir séu þaðan af meira.

Ég held með öðrum orðum að slík sóknarstýring á þessum bátum gæti skilað okkur nákvæmlega sömu niðurstöðunni hvað heildarafla áhrærði en væri miklu eðlilegri og sanngjarnari heldur en við erum hér að tala um, fyrir nú utan það að ég er alveg sannfærður um að það er rétt sem margir þessara sjómanna hafa sagt opinberlega að um leið og samkeppnisþátturinn verður tekinn út úr þessu, samkeppnisþátturinn sem hefur falist í því að menn hafa ímyndað sér að þeir væru að vinna sér inn nýjan kvóta, nýja veiðireynslu, um leið og þetta hyrfi út þá mundi að sjálfsögðu draga úr sókn mjög margra þessara báta.

Virðulegi forseti. Menn hafa í þessari umræðu verið að finna nokkuð að því að við sem teljumst til stjórnarliða skulum fjalla um þessi mál á víðum og breiðum grundvelli. Ég verð að játa að það væri með ólíkindum ef umræða af þessu taginu gæti aðeins farið fram á einhverri örmjórri snúru sem menn gætu ekki vikið út frá og menn yrðu að fylgja hér eftir einhverri slíkri línu og forskrift að það væri ekki hægt að hafa nokkra sjálfstæða skoðun á einu eða neinu. Þetta kann að hafa verið þannig í Framsfl. Það kann vel að vera að þar hafi menn látið sér þetta vel líka. En það er ekki þannig þegar verið er að fjalla um stórt mál af því taginu sem fiskveiðistjórnun er, sem að mörgu leyti gengur þvert á flokksböndin og þar sem hagsmunir manna vegast á, þar sem verið er að takast á við sjálft fjöreggið, sjávarútveginn, þá er það ekkert óeðlilegt að uppi séu dálítið mismunandi viðhorf líka innan stjórnmálaflokkanna. Halda menn kannski að það sé einhver tilviljun að ekkert mál hefur vafist eins fyrir íslenskum stjórnmálaflokkum að komast að niðurstöðu um og þetta mál alveg sérstaklega? Og af því að hér er t.d. talsmaður Alþb. í þessum þingsal þá veit hann það vel að í hans flokki m.a. og í öllum öðrum íslenskum stjórnmálaflokkum, nema kannski í Framsfl. þar sem menn eru orðnir svo múlbundnir, þá hafa menn tekist hraustlega á um þetta mál vegna þess að hagsmunirnir hafa vegist þar á. Þess vegna er það ekkert óeðlilegt að við veltum fyrir okkur ýmsum þáttum sem grundvallandi mega teljast í þessari umræðu.

Ég vil t.d. vekja athygli á því að í framkvæmd kvótakerfisins fyrr á árum var það iðulega tíðkað, iðulega praktíserað, að fara inn í grundvöll sjálfs kerfisins þegar mönnum þótti það henta og færa til aflaheimildir hreinlega með handafli frá einu skipi til annars, frá einni verstöð til annarrar, frá einu svæði til annars. Ég skal taka tvö lýsandi dæmi um þetta sem er nauðsynlegt að sjálfsögðu að ræða um. (Gripið fram í.) Ég er að tala hér um fortíðarvanda sem Framsfl. skapaði og ég veit að þingmönnum Framsfl. líður ekkert allt of vel þegar það er rifjað upp en það verður þá bara að hafa það.

Í fyrsta lagi hefur rækilega verið sýnt fram á það með hvaða hætti var á sínum tíma farið í grundvöll grálúðukvótans og hann færður til á milli svæða. Þá var það gert með ýmsum hætti, m.a. þeim að það var dregið ákveðið lágmark og skipum sem höfðu nánast enga aflareynslu í grálúðu var færður grálúðukvóti upp á hundruð tonna. Halda menn nú virkilega að þetta hafi ekki einhvers staðar komið niður, að þetta hafi ekki einhvers staðar komið við? Hvar ætli þetta hafi komið við? Að sjálfsögðu á þeim svæðum þar sem grálúðuaflinn hafði verið mestur fyrir. (Gripið fram í.) Þetta var á árunum 1986 til 1988 eða þar um bil. (**Gripið fram í:** Hver var þá forsrh.?) Þá var þetta gert með þessum hætti. Þá var færður til grálúðukvóti og það var gert með öðrum hætti líka. Á sínum tíma — og það er guðsþakkarvert — þegar verið var að hvetja menn til veiða á úthafskarfa var hvatt til þess með þeim hætti að skip sem fóru til úthafskarfaveiða fengu sérstaka umbun í formi grálúðukvóta. Svo undrast menn það að menn velti því fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt að fara inn í grundvöll þessa kerfis frá a til ö.

Í öðru lagi er það deginum ljósara að menn gerðu það með handafli að færa til aflaheimildir, m.a. í þorski í gegnum hið svokallaða sóknarmark. Sóknarmark var í sjálfu sér býsna athyglisverður kostur að mínu mati í upphafi, ef menn hefðu fengið að vera í friði með þetta, og ef menn hefðu ekki síðan verið að fikta í þessu sí og æ og taka þar aflaheimildir og færa til nánast eftir „behag". Það er auðvitað athyglisvert þegar maður skoðar tölur aftur í tímann og sér það að á árinu 1985, þegar meðaltalssóknarmarkið var fyrst sett á, þá var það á suðursvæði þannig að skip á suðursvæði höfðu að meðaltali 50% af aflanum í þorski á norðursvæði. Á örfáum árum var síðan tekin um það pólitísk ákvörðun að færa þessar aflaheimildir saman þannig að það endaði svo eftir nokkur ár að aflaheimildir skipa á suðursvæði voru ekki lengur 50% af þorskafla á norðursvæði heldur 70%.

Virðulegi forseti. Það er mjög eðlilegt við 1. umr. þessa máls sem við erum að ræða hér á Alþingi, stærsta málið sem væntanlega kemur til okkar kasta í vetur, að við ræðum það frá grunni. Ég hefði talið það mjög sérkennilega umræðu um mál sem svo mikill ágreiningur er um í okkar þjóðfélagi ef menn hefðu rætt það með svipuðum hætti og þegar köttur fer í kringum heitan graut. Það hefði verið mjög einkennilegt ef menn hefðu ekki látið í ljósi skoðanir sínar, áhyggjur sínar og ábendingar sínar um ýmislegt sem betur má fara í þessu kerfi. Ég hefði talið það slaklegt veganesti frá 1. umr. til sjútvn. ef menn hefðu ekki einmitt tekið á því að fjalla um þetta mál af einlægni. Ég get engan veginn fallist á það sjónarmið sem mér fannst skína í gegn hjá framsóknarmönnum í umræðunni áðan, og var auðvitað tilraun hjá þeim til þess að draga athyglina frá umræðunni sjálfri, að reyna að gera umræðuna eitthvað tortryggilega að því leytinu að í stjórnarliðinu væru uppi mismunandi áherslur í ýmsum málum. Það er bara þannig að í stjórnarliði allra tíma, frá því að núverandi kvótalagasetning varð að raunveruleika árið 1984, þá hefur verið ágreiningur í stjórnarflokkunum. Var það svo að Sighvatur Björgvinsson samþykkti kvótafrumvarp þegar það var síðast tekið til meðferðar á Alþingi, eða Skúli Alexandersson, svo ég taki dæmi? Ekki aldeilis. Voru þó báðir stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar. (**Gripið fram í:**

Eða Karvel.) Eða Karvel Pálmason?

(**Forseti** (VS)**:** Háttvirtir þingmenn.)

Háttvirtir þingmenn, virðulegi forseti, þetta undirstrikar einfaldlega það að þetta er ekki svona eins og Framsfl. vill álíta, að ágreiningurinn sé á milli stjórnmálaflokkanna eingöngu í þessum efnum. Þess vegna eiga menn ekkert að vera að draga neina fjöður yfir það að það sé uppi einhver meiningarmunur.

Ég vænti þess hins vegar og vona að í þessu mikilvæga máli takist þrátt fyrir allt farsæl lausn og mönnum auðnist að ná saman að lokum. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að í máli sem þessu hlýtur málamiðlun að verða niðurstaðan og við munum ekki, ekkert okkar, fá allt okkar fram. Við lok dagsins munum við hins vegar þurfa að standa frammi fyrir því og gera það upp við okkur sjálf hvort við viljum fylgja þeirri málamiðlun eins og hún þá blasir við eða ekki. Það kemur auðvitað í ljós eftir þá miklu vinnu sem er fram undan í hv. sjútvn. Ég trúi því hins vegar að með góðum vilja muni menn ná saman um skynsamlega niðurstöðu þar sem m.a. verði tekið tillit til þeirra margvíslegu ábendinga sem ég hef vakið athygli á í ræðu minni í kvöld.

[21:48]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. að það er mikil vinna fram undan ef á annað borg þetta umræðuefni verður sett á því það er greinilegt af þeim stjórnarliðum sem hér hafa talað, og þeir eru orðnir æðimargir, sennilega fleiri en stjórnarandstæðingar, að þeir finna frv. sem hér hefur verið lagt fram allt til foráttu og þar af leiðandi er það greinilegt að það er mikil vinna fram undan. Þessa vinnu tel ég, og vil spyrja hv. þm. hvort hann telji ekki líka, að hefði verið eðlilegra að vinna áður en frv. var lagt fram og í sátt við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og í sátt við stjórnarandstöðu þar sem hann réttilega benti á að sagan hefur sýnt okkur það að ágreiningur um sjávarútvegsmál nær yfir flest flokksbönd.

[21:49]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er auðvitað ekki þannig að þetta mál sé að koma í fyrsta skipti í ljós. Þetta mál er að koma í fyrsta skipti til umræðu í þinginu en að baki liggur mjög ítarleg skýrsla sem hefur verið kynnt vítt og breitt um þjóðfélagið, ekki síst á meðal hagsmunaaðila. Ég held að að mörgu leyti sé það ekki eðlilegt að hagsmunaaðilar hafi mótandi áhrif um gerð frumvarpa þó að vissulega þurfi að taka tillit til þeirra og hafa samráð við þessa aðila. Ég tel að það hafi verið gert. Ég veit ekki betur en fyrir hv. sjútvn. liggi t.d. umsagnir hagsmunaaðila vítt og breitt úr þjóðfélaginu sem hafa haft aðstöðu til þess að taka afstöðu til ýmissa álitaefna sem við erum að ræða um í kvöld. Þannig að það er auðvitað ekki þannig að við séum á einhverjum byrjunarreit og þetta samráð sé rétt að hefjast.

Ég geri mér hins vegar grein fyrir því að engu að síður munum við þurfa á næstunni að ræða þessi mál miklu ítarlegar og það verður kallað eftir því að fá viðbrögð enn víðar að úr þjóðfélaginu. Ég held og trúi ekki öðru en að stjórnarandstaðan eins og við aðrir hv. þm. vilji taka þátt í því að finna farsæla lausn á þessu, ekki síst í ljósi þess sem hv. 9. þm. Reykn. sagði hér áðan að þetta mál er þess eðlis að ágreiningurinn gengur gjarnan þvert á flokksbönd og í þeim efnum snertir það hygg ég flesta flokka í landinu.

[21:51]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég verð víst að biðja hv. þm. forláts, ég gleymdi einum aðila sem gleymst hefur að hafa samráð við í upptalningu minni, en það eru stjórnarsinnar. Mér heyrðist á ræðu hér að það hefði gjarnan mátt vera betra og ítarlegra og út af fyrir sig er ég ekkert að hrópa húrra fyrir þeim vinnubrögðum. Það er alltaf matsatriði á hvaða stigi mál eru tekin inn í þing en ég tel að hér séum við með mál sem bersýnilega á svo langt í land að það er ekki bara ófullburða heldur er álitamál hvort það muni einhvern tíma verða til. Ég vek athygli á því að það er dálítið alvarlegt mál þar sem hér er um lögbundna endurskoðun að ræða. Hún hefur ekki skilað meiri árangri og þar vil ég fyrst og fremst kenna um samráðsleysi og þá við hagsmunaaðila að svo miklu leyti sem þeir eiga að koma að málinu. Ég tel að þeir eigi vissulega að gera það en ég tek undir með hv. þm. að þeir eiga ekki, alla vega ekki einn frekar en annar, að hafa mótandi áhrif en þá þarf líka að hafa um það samráð við þá sem eiga um málið að fjalla, bæði stjórnarsinna og stjórnarandstæðinga, og það er greinilegt að það er margt ógert í því máli.

[21:52]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvort við hv. 9. þm. Reykn. séum alveg sammála um hvað í hugtakinu „samráð" felist. Það að hafa samráð þýðir auðvitað ekki það í sjálfu sér að allir sem haft er samráð við séu síðan alveg sammála niðurstöðunni sem verið er að kynna þeim eða ræða við þá um. Ég hef kynnst því á þeim ferli frá því að þessi fyrsta kvótalagasetning um stjórn fiskveiða leit dagsins ljós árið 1984 að vera samráðsaðili varðandi þessa lagasetningu. En ég hef hins vegar ekki litið svo á að ég hafi verið ábyrgur fyrir þeirri lagasetningu á einn eða annan hátt.

Það var einfaldlega þannig að málin voru kynnt. Menn höfðu síðan aðstöðu til þess að ræða þau vítt og breitt og síðan var niðurstaðan fengin hér í þinginu. Og niðurstaðan var oft og tíðum býsna frábrugðin því sem hún hafði virst vera í upphafi þegar málin voru kynnt hinum svokölluðu samráðsaðilum vítt og breitt um þjóðfélagið, fiskiþingi, talsmönnum hagsmunasamtaka o.s.frv. Og það er auðvitað þannig að þessi mál hafa að ég hygg verið meira í umræðunni síðustu missirin en oft áður vegna þess að skýrsla sú, sú umdeilda og fræga skýrsla sem kennd var við tvíhöfða, var rædd vítt og breitt um þjóðfélagið og þó að ýmislegt hafi breyst frá þeirri skýrslu á leiðinni inn í frv., þá er það engu að síður þannig að þau mál, þau efnisatriði og efnisatriði í frv. hafi verið til kynningar og til umræðu vítt og breitt um þjóðfélagið. Þannig að ég hygg að stór hluti af þeim samráðsferli sem eðlilegur er við

mótun slíks frv. eins og þessa sé þegar að baki og menn geti farið að snúa sér að efnisatriðum þess vegna.

[21:54]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Það er merkilegt að hlusta á þessar umræður, virðulegi forseti. (**GunnS:** Þær eru góðar.) Þær eru góðar og merkilegar og það er ekki aðeins að sjálfstæðismenn spyrji um afstöðu okkar framsóknarmanna til frv. um sjávarútvegsmál. Þeir spyrja einnig um afstöðu okkar til þeirra mála sem núna eru til meðferðar í landbn. Þeir spyrja ekki samstarfsflokkinn hvernig er um framvindu þessara mála. Þeir spyrja um afstöðu framsóknarmanna.

En ég vildi spyrja hv. þm. Einar Kr. Guðfinnsson að því út af þeim orðum sem hann lét falla, ég ætla ekki að velta mér svo mikið upp úr fortíðinni en það veit hv. þm., svo hefur hann nálægt sjávarútvegi komið, að Framsfl. hefur aldrei einn farið með völd í landinu. (**EKG:** Sem betur fer.) Já, sem betur fer, segir þingmaðurinn en það gæti nú komið að því og hann má kannski búast við að þurfa að þola það. En ég vil spyrja hv. þm.: Er það virkilega svo að hann hafi aldrei velt upp þessum hugmyndum sínum, sem hann er hér að hreyfa, í þingflokksherbergi Sjálfstfl. þegar þetta frv. var þar til umræðu? Er það virkilega svo að hann hafi ekki velt upp þessum möguleikum sem hann er hér að kynna í kvöld niðri í þingflokksherbergi Sjálfstfl. og fengið þá flokksbræður sína til þess að ganga til liðs við sig? Fékk hann ekki hljómgrunn fyrir þessum hugmyndum sínum inni í þingflokksherbergi Sjálfstfl. áður en málið var lagt fram? Stjórnarandstaðan og hagsmunaaðilar hafa aldrei verið spurð í þessu máli þrátt fyrir ákvæði sem kveður skýrt á um það í lögunum, um endurskoðunarákvæði, stjórnarandstaðan hefur ekki verið spurð. Þetta er lagasmíð sem er samþykkt í þingflokksherbergi Sjálfstfl. af hv. þm. Einari Kr. Guðfinnssyni sem hann er kominn hér eins og fleiri af þingmönnum Sjálfstfl. til þess að rífa niður. Frv. sem hans eigin ráðherra er að leggja fram.

[21:57]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal svara þessu afar skýrt. Að sjálfsögðu hef ég rætt þessi mál í þingflokki Sjálfstfl. og það er ekki þar með sagt að þau hafi ekki fengið bærilegar viðtökur þó þau hafi ekki litið dagsins ljós í þessu frv. Það er bara einfaldlega þannig, hv. þm., sem ég hélt að hv. þm. vissi eftir að hafa haft hér forustu í þingnefnd um sjávarútvegsmál að sjávarútvegsmálin ekki síst, eðli málsins samkvæmt, taka ævinlega býsna miklum breytingum og þegar þau koma fram í upphafi eru þau ákveðin málamiðlun, málamiðlun sem menn geta síðan haft ýmislegt við að athuga. Ég held að það hefði verið mjög óskynsamlegt og afar óheppilegt fyrir framgang málsins að þau mál væru ekki rædd hér af hreinskilni í þinginu og menn færu hér frá þessu máli nánast þegjandi áður en kæmi til þingnefndarinnar.

Ég man ekki hvaða vinnubrögð hv. þm. viðhafði sjálfur í þessum efnum í þingsölum. En ég geri ráð fyrir því að hv. þm. hafi orðið að standa frammi fyrir því við þinglega meðferð mála að gera á þeim mjög verulegar breytingar. Ég man t.d. eftir frv. sem var alltaf nátengt fiskveiðistjórnarfrumvarpinu á sínum tíma, frv. varðandi Hagræðingarsjóðinn. Ég man ekki hvort það tók tvo eða þrjá kollhnísa í meðferð þingsins og hv. þm. væntanlega með allan tímann og kom svo sæmilega óringlaður út úr því. (**ÓÞÞ:** Frv. eða þingmaðurinn?) (**StG:** Báðir.) Báðir, hv. þm. Þannig er þetta bara, hv. þm., að mál af þessu tagi taka nokkrum breytingum frá því að þau eru kynnt í þingflokkum þangað til þau koma inn í þingið, frá því að þau koma úr 1. umr. og í viðkomandi þingnefndum þannig að þetta er ekkert óeðlilegt, það sem hér er að gerast. (**ÓÞÞ:** Þannig starfar lýðræðið.)

[21:59]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að ég er litlu nær eftir þetta. Hins vegar er það rétt að það er alveg sjálfgefið að auðvitað taka frumvörp breytingum í meðferð þingsins, það er svo sjálfsagt mál. Málin ganga nú þannig fyrir sig að stjórnarfrumvörp eru ætíð kynnt í þingflokkunum. Þar fer umræðan fram og þar hafa menn möguleika til þess að ræða þau og gera á þeim þær breytingar sem menn telja sig þurfa að fá. Þess vegna bar ég fram þessa fyrirspurn. Hafnaði virkilega þingflokkur Sjálfstfl. þeim hugmyndum sem hv. þm. Vestf. voru með og höfðu áhyggjur út af að yrðu teknar inn í frv. og þingmaðurinn var að tala um? Hafnaði þingflokkur Sjálfstfl. því?

[22:00]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið sérkennilegt fyrir mig að vera að reyna að kenna svo þingreyndum manni eins og hv. þm. Stefáni Guðmundssyni hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig. Þannig er mál með vexti að það er býsna algengt þegar mál eru rædd innan þingflokka, jafnvel innan stjórnarflokka, að það sé talið eðlilegt að þær ábendingar sem koma fram séu teknar til sérstakrar skoðunar í þingnefndinni sjálfri.

Þær ábendingar sem ég kom með lúta að sjálfum grundvellinum eins og t.d. varðandi sóknarmarkið og meðferðinni á því og grálúðunni og meðferðinni á þeim kvótum. Það var auðvitað mjög eðlilegt og ég var fyllilega sáttur við það að hlutir af því taginu yrðu ræddir vegna þess að hér eru faglegir hlutir sem eiga auðvitað að koma sérstaklega til umræðu í fagnefndum þá taldi ég þetta mjög eðlilegt að í stað þess að vera að taka afstöðu til þess þar og þá væri afstaðan tekin til þess sérstaklega innan nefndarinnar sjálfrar. Ég held að þau vinnubrögð séu mjög eðlileg og ég veit að hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem hefur mikla reynslu af því að vera í stjórnarliði þekkir það miklu betur en ég eða a.m.k. jafn vel og ég, hann hefur staðið frammi fyrir því, eða ég trúi ekki öðru en hann hafi staðið frammi fyrir því, að þingmál sem hann hefur gefið grænt ljós á að yrðu rædd í þinginu og staðið að fengju þinglega meðferð, hann hefur gert ráð fyrir því að þau gætu tekið pólitískum breytingum í meðferð þingsins

og þannig er nákvæmlega með þetta frv. sem hér er til umræðu. Ég vænti þess að það taki talsverðum breytingum eðli málsins samkvæmt og þær ábendingar sem ég hef verið að koma hér fram með hafa verið settar fram í þeirri trú og þeirri von að til þeirra yrði tekið tillit og ég hefði þannig áhrif á hina endanlegu niðurstöðu málsins með sem jákvæðustum hætti út frá mínum sjónarhóli.

Útbýting þingskjals:

Styrkur vegna ferða til tannréttinga, 348. mál, svar heilbrrh., þskj. 595.

[22:02]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Þetta frv. á sér langan aðdraganda. Hæstv. sjútvrh. skipaði nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu í ágúst 1991, nefnd sem síðan hefur gengið undir nafninu tvíhöfða nefndin. Nefndinni var samkvæmt erindisbréfi falið að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu er tæki til veiða, vinnslu og markaðssetningar sjávarfangs, einnig að setja sjávarútveginum framtíðarmarkmið og koma með tillögur um hvernig megi ná þeim markmiðum sem sett verða þannig að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmálin.

Þessi nefnd skilaði ítarlegri skýrslu í byrjun apríl 1993, *fór síðan vítt og breitt um landið, kynnti niðurstöður sínar og ræddi við heimamenn.*

Þó að ég sé mjög ósammála sumum tillögum tvíhöfða nefndarinnar svokölluðu þá tel ég að nefndin hafi unnið mjög gott starf og í skýrslu nefndarinnar er mikill fróðleikur um þróun íslensks sjávarútvegs, stöðu hans og framtíðarhorfur. Tillögur þessarar nefndar voru í 17 liðum og nokkrum þeirra er ég sjálfur mjög ósammála, svo sem afnámi krókaleyfis á smábáta, afnámi tvöföldunar kvóta vegna línuveiða og að framsal veiðiheimilda verði með óbreyttum hætti.

Þetta frv. sem hér er á dagskrá er að nokkru leyti byggt á tillögum tvíhöfða nefndarinnar. Hæstv. sjútvrh. hefur þó reynt mjög að koma til móts við önnur sjónarmið, t.d. hvað varðar krókaleyfi og línutvöföldun. Þrátt fyrir þessa virðingarverðu viðleitni hæstv. sjútvrh. þá tel ég að þetta frv. þurfi nokkurra lagfæringa við.

Í 2. gr. frv. er kveðið á um veiðar krókaleyfisbáta. Þar segir að veiðar skuli bannaðar í desember og janúar sem og í 7 daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar síðustu 7 daga hvers mánaðar. Falli þessir banndagar saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur. Fiskveiðitímabilinu verði skipt upp í fjögur veiðitímabil og hámarksafli þessara báta ákveðinn á hverju tímabili. Þar er einnig útfært hvernig meta skuli sameiginlegan hámarksafla þessara báta og hvernig honum skuli skipt milli veiðitímabilanna fjögurra, einnig hvernig banndögum verði fjölgað á næsta fiskveiðiári ef afli þessara báta fer fram úr leyfilegum hámarksafla á einhverju veiðitímabili.

Ég tel þetta ekki ásættanlegt fyrir smábátaeigendur. Smábátar eru miklu háðari veðurfari og aðstæðum en önnur útgerð og mín skoðun er sú að krókaveiðar þeirra ógni ekki fiskstofnum á neinn hátt. Þegar jafngífurleg skerðing verður á leyfðum afla og orðið hefur sl. tvö ár þá verður trúlega ekki samkomulag um annað en þessi tegund útgerðar taki á sig einhverja skerðingu eins og aðrir. Mín skoðun er sú að það eigi að stjórna veiðum þessara báta eingöngu með banndagakerfi, t.d. á svipaðan hátt og gert er ráð fyrir í ályktun fiskiþings en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„52. fiskiþing leggur til að útfærsla á veiðiheimildum krókaleyfisbáta verði heildardagafjöldi 160 miðað við núverandi heildaraflamagn af þorski. Föst sókn telst 92 dagar í mánuðunum maí, júní og júlí."

Ég vil taka undir þau sjónarmið sem kemur fram í skýrslu tvíhöfða nefndarinnar að hafi verið rædd í nefndinni að smábátaútgerð eigi að vera gildur þáttur í útgerðarmynstri landsins. Þeir hafi mikilvægu hlutverki að gegna í atvinnulífi smærri byggðarlaga, krókaveiðar séu vistvænar og minni hætta sé á ofveiði hjá þeim en þar sem stórtækari veiðarfæri eru notuð. Krókabátar landa yfirleitt mjög góðum fiski þótt hann sé að jafnaði ívið smærri en báta- og togarafiskur. Það er einnig almenn skoðun að krókarnir fari betur með auðlindina en önnur veiðarfæri og það er auðvelt að færa rök fyrir því.

Það er *jákvætt í þessu frv. að eigendum krókaleyfisbáta skuli gefinn kostur á að velja milli þess að vera áfram á krókaleyfi eða fara á aflahlutdeild.* Margir þessara útgerðarmanna hafa verið að byggja upp aflahlutdeild sína samkvæmt lögunum frá 1990 og það hefði verið ósanngjarnt að svipta þá þeim möguleika með lagabreytingu. Vandamálið við þessa grein, smábátaútgerðina, er hve seint var tekið fyrir fjölgun þessara báta á sínum tíma. Þeim fjölgaði með ógnarhraða sem má sjá á því að árið 1986 voru þeir 1.356 en árið 1990 voru þeir orðnir 2.023 og hafði fjölgað um 667 á fjórum árum. Þetta er hins vegar liðin tíð og því verður ekki breytt. Verulegur hluti þessa flota er ekki gerður út að staðaldri og aðeins notaður til skemmtunar en það má ekki þrengja þannig að þeim sem hafa þetta að atvinnu sinni að þeir geti ekki haft af því sæmilega afkomu.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir að svokölluð línutvöföldun haldi sér, þ.e. óbreytt verði sú regla að einungis helmingur þess afla er veiðist á línu í nóvember, desember, janúar og febrúar teljist til aflamarks. Til að tryggja að þetta ákvæði leiði ekki til meiri skerðingar á aflaheimildum annarra skipa en þegar er orðin er lagt til að þegar línuafli þorsks og ýsu hefur náð 34 þúsund lestum samtals teljist allur aflinn til aflmamarks sem umfram fer. Ég tel sjálfsagt að hafa þennan hvata til krókaveiða í kerfinu og fagna því að gert skuli ráð fyrir því í frv. En ég er þeirrar skoðunar að betra væri að binda línuveiðarnar leyfum eins og ýmsar aðrar veiðar, svo sem síld, loðnu, rækju, skel og fleiri tegundum. Þannig fengju aðeins þeir leyfi til línuveiða sem hafa stundað þær síðustu 2–3 árin. Þessir aðilar anna því fullkomlega að ná leyfilegum afla og því er það óþarfi að fleiri séu að fjárfesta í dýrum út-

búnaði til þessara veiða en líklegt má telja að margir sæki í þær með minnkandi kvóta. Í skýrslu tvíhöfða nefndar er súlurit sem sýnir fjölgun skipa með sjálfvirka línubeitningavél. Þau voru 7 árið 1990, 13 árið 1991 og 25 árið 1992. Ég sé ekkert sem mælir gegn því að binda þessar veiðar leyfum og ástæðulaust að hvetja útgerðir til frekari fjárfestinga í þessum búnaði þegar augljóst er að næg afkastageta er fyrir hendi. Í þessu frv. er ekki gert ráð fyrir að nein breyting verði á frjálsu framsali aflaheimilda sem ég tel að hafi farið úr böndunum og þróast með allt öðrum hætti en gert var ráð fyrir þegar kvótakerfið var samþykkt hér á Alþingi fyrir 10 árum.

Kvótinn hefur í æ ríkari mæli verið notaður til viðskipta með ýmsum hætti. Það voru athyglisverðar tölur sem komu frá Fiskistofu í haust þar sem kom fram um tilfærslur á aflaheimildum á síðasta fiskveiðiári að fært hafði verið á milli skipa um 50 þúsund þorskígildistonn af botnfiski og yfir 20 þúsund þorskígildistonn af öðrum fisktegundum og að á þrettánda hundrað útgerðaraðilar höfðu tekið þátt í þessum tilfærslum. Mér finnst mjög eðlilegt að útgerðir geti fært aflaheimildir milli eigin skipa og eins skipt á fisktegundum við aðrar útgerðir. Einnig geta komið upp tilvik þar sem útgerð getur alls ekki nýtt sér sinn kvóta, svo sem þegar skip lendir í tjóni eða langvarandi bilunum einhvers konar, og verulegur hluti tilfærslna á aflaheimildum á síðasta fiskveiðiári er sjálfsagt tilkominn á þennan hátt. En eftir stendur að mikið af aflaheimildum skiptir um eigendur á annan hátt, t.d. með sölu, leigu og aðferð sem kölluð er tonn á móti tonni. Þessum aðferðum hef ég verið ósammála og tel að það eigi ekki að festa þær í sessi með óbreyttum hætti.

Í 1. gr. laga um stjórn fiskveiða sem sett voru í janúar 1988 segir að fiskstofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Ég er ósammála því að sameign þjóðarinnar geti orðið að verslunarvöru með þeim hætti sem ég hér nefndi. Nú er reyndar svo komið að sjómannasamtökin hafa skorið upp herör gegn þessu framsalskerfi. Í sameiginlegri yfirlýsingu sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands sendu frá sér í vetur segir m.a., með leyfi forseta:

„Framangreind hagsmunafélög sjómanna lýsa yfir fullri andstöðu við framsali á veiðiheimildum, þ.e. sölu á óveiddum fiski innan gildandi kerfis um stjórn fiskveiða. Reynsla síðustu ára hefur leitt til aukinnar andstöðu samtaka sjómanna gagnvart óheftu framsali veiðiheimilda og nú er svo komið að mælirinn er fullur. Sjómannasamtökin telja að nú sé komið að vendipunkti í þessu máli."

Þessari yfirlýsingu lýkur svo með því að þessi samtök telja að ekki þjóni tilgangi að fjalla um aðra þætti í tillögum þeirrar nefndar sem fjallar um mótun sjávarútvegsstefnu nema fyrir liggi að öll viðskipti með veiðiheimildir verði bönnuð. Þarna er kveðið skýrt að orði og ólíklegt verður að teljast að þetta framsalskerfi haldi velli í fullkominni andstöðu við helstu samtök sjómanna. Þessi samtök settu einnig fram sínar tillögur um breytingar á kvótalögunum.

Í fyrsta lagi var þar lagt til að heimild til að framselja leigukvóta verði afnumin nema þegar um er að ræða jöfn skipti á kvóta milli skipa.

Í öðru lagi var lagt til að heimild til framsals á varanlegum kvóta verði takmörkuð þannig að endurframsal geti fyrst átt sér stað að fimm árum liðnum frá upphaflegu framsali.

Í þriðja lagi kæmi svo til sérstakt ákvæði til að tryggja að leyfilegur heildarkvóti veiðist innan fiskveiðiársins. Þar kæmu til greina tvær leiðir. Annars vegar að kvóta verði skilað inn til endurúthlutunar og hins vegar að frjáls sókn verði leyfð í þeim fisktegundum þar sem útlit er fyrir að veiðist upp í leyfilegan heildarkvóta. Þessar tillögur eru um margt athyglisverðar og koma væntanlega til skoðunar þegar sjútvn. fær þetta frv. til meðferðar.

Nú þegar verið er að endurskoða og breyta lögum um fiskveiðistjórnun finnst mér að það þurfi að koma til skoðunar hvort banna eigi netaveiðar smábáta hörðustu vetrarmánuðina. Það er auðvitað engin hemja að menn séu að stunda veiðar í þorskanet á þriggja til fimm tonna bátum í janúar og febrúar og jafnvel í desember líka. Ekki bara vegna slysahættu sem er auðvitað veruleg heldur er það svo að þessir bátar komast oft ekki á sjó dögum saman vegna veðurs. Fiskurinn drepst þá í netunum og honum er hent því bátar sem hafa takmarkaðan kvóta eyða honum ógjarnan í verðlítinn, dauðan fisk. Fyrir tíma kvótakerfisins var þessi fiskur allur dreginn að landi og seldur á hálfvirði til skreiðarverkenda. Þetta er auðvitað ekki góð meðferð á sama tíma og leyfilegur þorskafli minnkar ár frá ári.

Einn er sá flokkur útgerðar sem hefur farið afskaplega illa út úr kvótakerfinu undanfarin ár en það eru þeir smábátar sem völdu aflamark í stað krókaleyfis og eins litlir bátar yfir sex tonn að stærð. Aflaheimildir þessara báta eru í fjölda tilfella orðnar svo litlar að vonlaust er að gera þá út og jafnframt er ekki hægt að selja þá á viðunandi verði vegna skorts á kvóta. Þetta veldur í mörgum tilfellum mjög miklum vanda þar sem verulegar skuldir hvíla á bátunum og eigendurnir eru í raun fangar kerfisins, geta hvorki haldið áfram né hætt. Ég tel það athugandi að veita einhverjum af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs til þessa hóps til að forða þessum útgerðum frá gjaldþroti.

Þegar við Íslendingar færðum fiskveiðilögsöguna út í 200 mílur 1975 og rákum alla erlenda togara út úr landhelginni töldum við flestir að ekki þyrfti að hafa áhyggjur af íslenskum sjávarútvegi. Erlendir togarar höfðu öldum saman mokað upp fiski við Ísland og það var ekki fyrr en 1952 sem við fengum 4 mílna landhelgi, 1958 fór hún út í 12 mílur og 1972 í 50 mílur.

En hvað hefur skeð síðan við fengum yfirráð yfir 200 mílunum árið 1975? Strax það ár mælti Hafrannsóknastofnun með því að þorskafli yrði aðeins 230 þús. tonn á næsta ári en hafði verið 375 þús. tonn árið á undan. Í framhaldi af því var svo byrjað að takmarka þorskveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 1977. Næstu árin voru svo reynd þorskveiðibönn og skrapdagakerfi en í lok árs 1983 var samþykkt hér á Al-

þingi að taka upp kvótakerfi sem tók gildi í febrúar árið 1984 og er því tíu ára gamalt þessa dagana og hefur reyndar tekið ýmsum breytingum á þessum árum.

Það er eðlilegt að spurt sé hver árangurinn sé af þessari stjórnun. Hefur hún skilað okkur árangri? Um það deila menn. Sumir telja að hún hafi skilað verulegum árangri og í skýrslu tvíhöfða nefndar er bent á að greinileg þróun hafi orðið í þá átt að sjómenn komi með sem bestan fisk að landi til að tryggja að hægt sé að vinna hann á þann hátt sem skilar mestum verðmætum. Þá sjáist þess víða merki að tilkostnaður sé að minnka eftir að aflamarkskerfi varð allsráðandi og veiðiheimildir voru sameinaðar á færri skip sem gerir rekstur þeirra skipa sem eftir verða hagkvæmari. Aðrir telja að kerfið hafi brugðist. Leyfilegur þorskafli minnki stöðugt og menn hendi verðminni fiski frekar en draga hann að landi til að eyða ekki verðmætum kvóta sínum og hagræðingin í útgerðinni hafi í sumum tilfellum gengið of langt. Í því sambandi er bent á loðnuflotann en loðnuskipum hefur fækkað um a.m.k. þriðjung á örfáum árum með þeim afleiðingum að 250 þús. tonn af leyfilegum loðnuafla síðustu tveggja loðnuvertíða var óveiddur.

Um þetta má sjálfsagt endalaust deila en sjálfsagt hafa báðir aðilar nokkuð til síns máls. Menn deila líka um það hvort of varlega sé farið í að heimila veiðar á þorskstofninum. Það hefur t.d. verið nefnt í þessum umræðum hvort það eigi að auka veiðiheimildir þessa árs þegar svo virðist sem talsvert meira sé á ferðinni af þorski á helstu veiðislóðum en oft áður. Ég tel of snemmt að loka fyrir möguleikann á því þegar fiskveiðiárið er aðeins hálfnað og það geti vel komið til greina t.d. eftir togararallýið í næsta mánuði.

Landssamband smábátaeigenda hefur kynnt tölur um tillögur Hafrannsóknastofnunar og veiði á þorski undanfarinn áratug og virðist svo sem í mjög mörgum tilfellum séu tillögurnar settar aðeins fyrir neðan afla ársins á undan. T.d. var árið 1980 gerð tillaga um 300 þús. tonn en aflinn varð 428 þús. tonn. Þá hækkar tillaga næsta árs í 400 þús. tonn og aflinn varð 461 þús. tonn, næsta ár hækkaði þá tillagan í 450 þús. tonn en þá veiddust aðeins 382 þús. tonn. Þá fór tillaga næsta árs niður í 350 þús. tonn. Heldur hefur bilið aukist síðan milli tillagna Hafrannsóknastofnunar og veiði næsta árs á undan en svo virðist sem sl. 13 ár hafi þorskveiðin farið að meðaltali um 15% fram úr tillögum Hafrannsóknastofnunar.

Í skýrslu tvíhöfða nefndarinnar er lögð áhersla á að efla rannsóknir á lífríkinu í hafinu umhverfis landið. Þar er lagt til að sértaklega verði rannsakað hvað valdi sveiflum í nýliðun þorskstofnsins og haldið verði áfram rannsóknum á áhrifum veiðarfæra á lífríki sjávarins og hafsbotninn. Einkum telur nefndin brýnt að kanna hvað sé hæft í þeim orðrómi að togveiðarfæri hafi óæskileg áhrif á hafsbotninn.

Mér finnst ástæða til að taka undir og leggja áherslu á þessa tillögu nefndarinnar. Það er ótal spurningum ósvarað um lífríki hafsins og ástandið í sjónum sem er breytilegt milli ára. Þeir sem fylgst hafa með útgerð í nokkra áratugi vita að oft hafa komið aflaleysisár á milli góðra aflaára án þess að hægt væri beint að skýra hvað olli aflaleysinu. Þess vegna er ekki endilega víst að samasemmerki sé á milli afla og sóknar undanfarin ár. Það er einnig af hinu góða að kanna áhrif togveiðarfæra á hafsbotninn. Tæki til að kanna hvað er að ske í undirdjúpunum verða æ fullkomnari og því auðveldara en áður að kanna hvaða áhrif botnvarpa og dragnót hafa á hafsbotninn.

Einn er sá þáttur sem tvímælalaust hefur áhrif á lífríkið í hafinu en það er stóraukinn fjöldi sjávarspendýra í hafinu í kringum okkur. Samkvæmt talningum má ætla að það séu á milli 50–60 þús. hvalir og 30–40 þús. selir í hafinu í kringum Ísland. Sjómenn eru sammála um að hvölum og selum hafi fjölgað mjög ört undanfarin ár. Þessi dýr eru talin éta á aðra milljón tonna af fiski á ári og það er okkur því afar mikilvægt að hefja veiðar á hval sem allra fyrst til að hamla gegn takmarkalausri fjölgun þeirra.

Herra forseti. Ég er kannski kominn örlítið út fyrir efni þessa frv. og læt hér máli mínu lokið.

[22:19]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. og nú hv. 5. þm. Vesturl. lýsa báðir yfir úr þessum ræðustóli í kvöld andstöðu sinni við það sem menn hafa kallað tonn á móti tonni. En leggja þó fram frv. sem kveður á um þetta efni. Þar segir svo í 7. gr.:

„Aftan við 11. gr. bætast sjö nýjar málsgreinar er orðist svo:

Heimilt er að framselja aflahlutdeild til aðila sem reka vinnslu sjávarafurða hér á landi ...“ Þessir þingmenn eru að leggja til að sett sé inn í lögin breyting frá fyrrverandi lögum að það eigi að setja aflaheimildir á fiskvinnslustöðvar. Og ég spyr: Hver á að veiða þennan afla? (**ÓÞÞ:** Fiskvinnslustöðvarnar að sjálfsögðu.) Það er nefnilega það. Ég hélt að þær mundu fá einhverja til að veiða þennan fisk fyrir sig. Og skyldi þá vera að það verði kallað að veiða tonn á móti tonni? Þeir eru að leggja til að breyta frá því kerfi sem nú er og færa aflann á fiskvinnslustöðvarnar. Ég er alveg hættur að skilja þetta, virðulegur forseti, og botna ekki í því hvernig þetta mál getur verið komið til umræðu á þinginu því nánast hver einasti maður sem styður þessa ríkisstjórn kemur upp með ótal athugasemdir við frv. (**Gripið fram í:** Ég skýrði þetta út fyrir þér áðan.) Nei, það nefnilega tókst þér ekki að gera, hv. þm. En það er spurning hvort hv. 5. þm. Guðjón Guðmundsson getur gert það. Ég veit að hann hefur velt þessu fyrir sér, ég er sannfærður um það.

[22:21]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er einhver misskilningur á ferðinni hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að ég sé að leggja fram þetta frv. Það er ríkisstjórnin sem leggur það fram og hæstv. sjútvrh. hefur verið kunnugt um það allan tímann sem þetta mál hefur verið til meðferðar í okkar þingflokki að ég hef haft fullan fyrirvara hvað varðar frjálst framsal aflaheimilda. Það á ekki að koma neinum á óvart. (**ÓÞÞ:** Þetta eru stórar yfirlýsingar).

[22:22]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að þetta eru stórar yfirlýsingar sem hér eru gefnar. En hv. þm. vék ekki að því sem ég spurði um og þess vegna bara undirstrika ég það og hann staðfestir að það eru þeir sem eru að gera hér breytingar á. Þeir eru að undirstrika og lögfesta það rækilega að þau viðskipti sem farið hafa fram og er kallað tonn á móti tonni eigi að halda áfram. Og núna alveg pottþétt í lögum.

[22:23]

Guðjón Guðmundsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson er búinn að veita svo oft andsvar hér í kvöld að ég held að hann sé farinn að ruglast eitthvað í þessu ef hann finnur það út að ég sé að leggja fram þetta frv. og ég sé að leggja til að þetta eigi að vera með þessum hætti. Þetta er alger misskilningur. Eins og kom fram í minni ræðu og mínu andsvari áðan þá hef ég haft þennan fyrirvara og hann er óbreyttur.

[22:23]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegur forseti. Þau gögn sem nú mynda rammann um umræðu um stjórn fiskveiða eru að sjálfsögðu það frv. sem hér er til umræðu í dag á þskj. 360, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38 15 maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. En auk þess er hér að finna sem fylgiskjal með frv. grundvallarplagg um þessi mál sem er skýrsla tvíhöfða nefndarinnar svonefndu til sjútvrh. frá því í apríl 1993. Að lokum verður að nefna til sögunnar tillögu sérstakrar nefndar sem samdi skjal sem nú liggur fyrir hæstv. sjútvn. þar sem koma fram hugmyndir um svokallað kvótaþing.

Ég mun lítillega færa í tal þau atriði frv. sem mér finnst einkum og sér í lagi athugaverð og bera saman við þau atriði í þessari skýrslu tvíhöfða nefndarinnar sem ég lít á sem grundvallarplagg í þessum umræðum og fara síðan nokkrum orðum um kvótaþingið.

Eftir því sem umfjöllunin í samfélaginu verður meiri um stjórn fiskveiða sannfærist ég betur og betur um það að sú skýrsla sem kennd er við tvíhöfða nefndina taki á stjórn fiskveiða með skynsamlegum hætti og sú gagnrýni sem fram kom eftir að þeirri skýrslu var skilað, sem var allmikil og kom víða fram, hafi ekki leitt til þess að fram hafi komið hugmyndir sem bæta þær sem fram koma í þessari skýrslu.

Kvótakerfið er eini skynsamlegi grundvöllurinn sem menn hafa fundið til stjórnunar á fiskveiðum hér miðað við ástand fiskstofnanna. Eftir því sem umræðan verður ítarlegri um þessi mál þá kemur það betur og betur í ljós að það er ekki vænlegt til árangurs að vera með ýmsum hætti að vekja til lífsins einhverjar útgáfur af sóknarmarki sem margsinnis hefur komið í ljós að er ónothæft. Það á ekkert síður við hugmyndir sem miða að því að vekja til lífs eða búa til stýrikerfi sem byggir á sóknarmarki innan ákveðins aflamarks. En út á það ganga nú hugmyndir sem hér eru settar fram í þessu frv.

Þeir gallar sem komu fljótlega fram eftir að kvótakerfið var sett á voru fyrst og fremst tengdir því að ákveðinn hluti flotans var ekki bundinn kvótanum. Það voru göt á þessu kerfi sem áttu eflaust fyrst og fremst rætur að rekja til þess að það var verið að þreifa sig áfram í stýringu á nýtingu auðlindarinnar við aðstæður sem menn þekktu ekki nógu vel. Reynslan hefur síðan smám saman sýnt að þessi frávik frá kvótanum voru skaðleg og opnuðu á ýmislegt í sambandi við kvótakerfið sem veikti það til lengdar. Það eru fyrst og fremst þessi göt og afleiðingar þeirra sem hafa skapað neikvæða umræðu um kvótakerfið síðan.

Það sem er að finna í þessu frv. er varðar þessi atriði er einkum og sér í lagi þær tillögur sem lúta að útgerð báta sem stunda nú krókaveiðar. Lagt er til að þeim verði heimilt að velja á milli veiðileyfis með aflahlutdeild eða krókaleyfis með banndögum. Þetta kerfi er þó að því leyti til kvótabundið að í 2. gr. frv. segir, með leyfi hæstv. forseta: „Hámarksafli skv. 4. mgr. á viðkomandi tímabili næsta fiskveiðiárs skal lækka sem umframaflanum nemur."

Það er hámark á þessu sem leiðir til þess að ef farið er yfir hámarkið þá verður banndögum fjölgað á næsta fiskveiðiári og er þannig komið inn bæði tímatakmörkunum á þessar veiðar en einnig hámarksafla. Þetta þýðir í raun og veru að það kerfi sem er lagt til á þessum veiðum er í eðli sínu eins konar skrapdagakerfi þar sem almenn markmið um hámarksafla eru sett en einstökum smábátaútgerðum sem kjósa þetta veiðiform er frjálst að sækja innan þessa ramma. Það eru allir gerðir ábyrgir fyrir því að heildarramminn verði ekki sprengdur. Verði hann sprengdur þá er öllum refsað sem hafa kosið að veiða samkvæmt þessu fyrirkomulagi.

Ég hygg að þarna sé verið að búa til kerfi sem er eins konar frestur á vandræðum en mun vinda upp á sig skjótlega eftir að það fer að virka. Ég er þeirrar skoðunar að þarna sé verið að búa til einhvers konar vítahring sem mun væntanlega opinberast mönnum á tveimur árum eða svo, þ.e. eftir að fiskveiðikerfið er farið að virka til fulls. Þetta kerfi endurtekur því að hluta til þau mistök sem urðu á árunum fyrir kvótakerfið þegar veikleikar skrapdagakerfisins komu í ljós. Ég tel því að miðað við tillögur tvíhöfða nefndarinnar þá sé hér um að ræða afturför, afturhvarf frá hugmyndum tvíhöfða nefndarinnar til eins konar fortíðarvanda í stjórn fiskveiða. Þetta á að sjálfsögðu einnig að talsverðu leyti við um línuveiðarnar, eins og tekið er á þeim veiðum hér í frv., og er ég áhyggjufullur út af því að þessi tvö ákvæði muni grafa undan heildarstjórn fiskveiða og flokkist þar af leiðandi í raun og veru undir frestun á þessum vanda.

Það var vissulega mikil ögurstund í sögu íslensks sjávarútvegs þegar kvóti var settur á á sínum tíma. Ég hygg að allir séu sammála um að það hafi ekki verið af góðu einu sem það var gert. Það var neyðarúrræði að koma á kvóta og takmarka veiðar með þeim hætti. Það er engu síður mín skoðun að það hafi verið skásti kosturinn sem hægt var að grípa til í erfiðri stöðu þegar kvótinn var bundinn við skip. Og hvers vegna var

hann bundinn við skip? Er hægt að segja eins og hefur verið endurtekið hér í þjóðfélaginu, bæði í rituðu máli og töluðu, hvað eftir annað, uns menn eru farnir að trúa ósannindunum, er hægt að fullyrða að kvótanum hafi verið úthlutað á skipin ókeypis? Að sjálfsögðu ekki. Að sjálfsögðu er þar ekki um neina ókeypis úthlutun að ræða. Grundvöllur þess að kvótinn var settur á skip er sá að það var ekki fær nein önnur leið. Þá stunduðu menn sjó vegna þess að þeir áttu skip eða komust á sjó á skipum. Fjárfesting í þessum skipum var á ýmsum stigum, sumir áttu skip sín skuldlaus aðrir áttu skip sem voru hlaðin skuldum. Fjárfestingin í þessum skipum var að sjálfsögðu fólgin í því að þau voru atvinnutæki sem voru notuð til að nýta auðlindina. Ef kvótinn hefði verið tengdur einhverju öðru en fiskiskipunum þegar hann var settur á þá hefði í raun og veru grundvöllur fjárfestinga undanfarinna ára hrunið með öllu. Það var því ekki fær önnur leið en að gera þetta með þessum hætti og það er ekki hægt með neinu góðu móti að halda því fram að þegar eigendum skipa var veitt heimild til þess að sækja sjó og draga afla sem var í samræmi við það sem þeir höfðu dregið undanfarin ár að þá hafi þeim verið veitt citthvað ókeypis. Að sjálfsögðu eru viðmiðunarárin alltaf álitamál en að öðru leyti en þessu þá tel ég að það hafi ekki verið hægt að feta eðlilegri leið eða binda kvótann við ákveðna aðila en einmitt að binda hann við eigendur skipanna.

Frá því að kvótinn var settur á hefur sú staðreynd að binda kvótann við skip og gera kvótann að seljanlegum verðmætum með skipunum og síðan að viðbættum ýmiss konar breytingum sem hafa verið gerðar á því sem hafa gert kvótann enn seljanlegri, enn hreyfanlegri, þá hefur þetta fyrirkomulag verið grundvöllur fjárfestingar í landinu. Það að kvótinn var bundinn við skipin gerði greininni einnig fært að hagræða og ég get fullyrt það hér að kaup á kvóta og viðskipti með kvóta leystu með vissum hætti ýmiss konar fjárfestingarvandamál. Þau leystu líka rekstrarvandamál ýmissa útgerða sem seldu kvótann sinn og komust þannig hjá gjaldþroti. Ég er líka þeirrar skoðunar að með þessari innri hagræðingu greinarinnar hafi bankakerfi þjóðarinnar verið losað við þungar álögur sem ella hefðu lent á því.

Með öðrum orðum, eins og ég sagði áðan, þá hefur verið fjárfest í kvótanum. Fyrir utan þessa afhendingu aflahlutdeildarinnar á skipin hefur verið fjárfest í kvóta í ríkum mæli af hálfu þeirra útgerða sem best hafa staðið sig og þessi viðskipti hafa verið gerð á grundvelli viðskiptafrelsis.

Þetta viðskiptafrelsi hefur nú verið talað um að hefta með því að beina þessum viðskiptum á uppboðsmarkað. Það eru að sjálfsögðu viðskiptahöft. Viðskipti geta verið mjög hagstæð á öðrum grundvelli heldur en verðlagsgrundvelli einum. Það getur verið mjög hagstætt fyrir fyrirtæki að tryggja sér viðskipti, jafnvel þó um hærra verðlag sé að ræða, ef því fylgir örugg hráefnisöflun. Allir vita að það mundi hafa veruleg áhrif á markað með notaða bíla ef eigendur þeirra væru skyldaðir til þess samkvæmt lögum að senda þá á uppboðsmarkað og hygg ég að margur bíleigandinn mundi lenda í klónum á glannalegum uppboðsaðilum sem byðu hátt í bílana en væru ekki borgunarmenn fyrir þeim. Að sjálfsögðu getur verið hagstætt að selja bílinn sinn á lægra verði ef kaupandinn er tryggur og það er það sama sem gildir í sambandi við viðskipti með kvóta. Fyrirtækin hafa með kvótakaupum og kvótaviðskiptum tryggt hráefnisöflun sína og þessi aðferð við að tryggja hráefnisöflun er nú hægt og bítandi orðin undirstaða fiskvinnslunnar í landinu, hún er orðin undirstaða þróunarstarfs í fiskvinnslu og hún er orðin undirstaða sölustarfsemi og markaðstengsla.

Mörg fyrirtæki, og þá kannski einkum og sér í lagi þau sem hafa náð lengst í því að skapa trygg og góð markaðstengsl við erlenda markaði fyrir fullunnar afurðir, hafa komið þessum samskiptum á vegna þess að með kaupum á kvóta og með viðskiptum við þá aðila sem eiga kvóta hafa þau getað komið á mjög tryggum viðskiptasamböndum fyrir fullunnar vörur. Þessi viðskiptasambönd og örugg hráefnisöflun er það sem heldur lífinu í þessum markaðstengslum og það er ekki hægt að sjá að fyrirtækin sem hafa gengið þessa leið hefðu getað tryggt stöðu sína eða sókn á erlendum mörkuðum, ellegar þá fullvinnslu, sem þau hafa nú þegar hafið, öðruvísi en að tryggja það með þessum hætti.

Það má nefna allmörg fyrirtæki af þessu tagi sem eru nú í fremstu röð þeirra sem bjóða upp á fullvinnslu sjávarafurða og hafa skapað mjög sterk markaðstengsl við erlenda aðila. Ég nefni matvælafyrirtæki í sjávarútvegi og fiskvinnslu á Dalvík sem dæmi um þetta.

Það má einnig nefna að Útgerðarfélag Akureyringa, sem er á hlutabréfamarkaði, hefur fjárfest mjög verulega í kvóta en stundar auk þess umfangsmikil viðskipti með kvóta og þar á meðal viðskipti sem nefnast tonn á móti tonni. Með þessum hætti tekst Útgerðarfélagi Akureyringa ekki einungis að tryggja eigin starfsemi og eigin útflutningssambönd heldur tekst fyrirtækinu einnig að tryggja rekstur ýmiss konar útgerða. Ég get nefnt það sem dæmi að Útgerðarfélag Akureyringa leggur einni útgerð í Eyjafirði til 900 tonna kvóta en skipið leggur á móti 900 tonn. Án þessa kvóta, sem er í raun og veru fenginn frá Útgerðarfélaginu og Útgerðarfélagið hefur fjárfest í fyrir hönd sinna hluthafa, þá er útgerð þessa skips möguleg. Án þessara viðskipta væri enginn grundvöllur fyrir útgerð skipsins og er ljóst að þeir sem þar starfa mundu sjá atvinnu sína í uppnámi ef þessi viðskipti væru ekki leyfð. Þetta er aðeins eitt dæmi af mjög mörgum um það hversu þessi viðskipti eru orðinn náinn hluti af uppbyggingu sjávarútvegsfyrirtækjanna, bæði útgerðarinnar og einnig fiskvinnslunnar.

Ég tek annað dæmi um útgerðarfyrirtæki sem hefur fest kaup á rækjukvóta sem fyrirtækið safnar saman út um allt land og lætur síðan þrjú skip veiða. Það er Fiskiðjusamlagið á Húsavík sem gerir með þessum viðskiptum útgerð þriggja rækjuskipa mögulega sem ekki væri annars kleift að gera út.

Þessi viðskipti hafa ekki einungis staðið undir þró-

un fiskvinnslu og markaðstengsla erlendis heldur eru þau beinlínis orðinn hluti af þeim grundvelli sem hlutabréfamarkaðurinn er farinn að vinna á. Fyrirtæki eins og Útgerðarfélag Akureyringa er á opinberum hlutabréfamarkaði. Gengi bréfanna rokkar þar eftir því hvernig tekst að reka fyrirtækið. Fyrirtækið hefur lagt út í veruleg kaup á kvóta eftir þeim reglum sem giltu í þjóðfélaginu og verðmæti hlutabréfanna er að sjálfsögðu nátengt því hversu vel hefur tekist til í fjárfestingum þessa fyrirtækis. Það er ekki nokkur vafi á því að ef löggjafinn hróflar við þeirri heimild sem hefur verið ríkjandi hér, að flytja aflahlutdeild og aflamark milli skipa, og stöðvar frjáls viðskipti með þessi verðmæti, þá er verið að grafa undan meiru en einu fyrirtæki. Það er verið að grafa undan meiru en einu skipi út með firði í Eyjafirði. Það er verið að grafa undan meiru en þremur rækjubátum sem veiða fyrir Húsvíkinga. Það er verið að setja í uppnám hlutabréfamarkaðinn að því er varðar útgerðarfyrirtækin sem á annað borð eru komin inn á þennan markað. Þessi hlutabréfamarkaður er ungur hér á Íslandi og veikburða. Meðal sterkustu fyrirtækjanna á þessum markaði eru einmitt ákveðin útgerðarfyrirtæki. Ef það á að stíga þau hæpnu skref hér á Alþingi að afnema heimildir til þess að fjárfesta í kvóta og flytja hann milli skipa þá verða menn að gera sér grein fyrir því hvers kyns skemmdarstarfsemi er verið að vinna á íslensku atvinnulífi.

Ég sé, virðulegur forseti, að tími minn er útrunninn.

(**Forseti** (*GunnS*)**:** Nei, aldeilis ekki.) Þá er eitthvert ljósaspil hér í ræðupúlti, (**EKG:** Það var verið að gefa út aukinn kvóta.) sem ég geri ráð fyrir að forseti stjórni. (**Gripið fram í:** Hann er frír þessi kvóti.) En miðað við að ég hef fengið hér auka kvótatíma þá ætla ég að nýta hann. Ég ætla að nýta hann og ég tek það fram við hv. þm. að þessi kvóti er ekki seljanlegur. (Gripið fram í.)

Ég vil vekja athygli á þessu atriði málsins, vegna þess að mér finnst að hér hafi verið rætt af nokkru alvöruleysi, um það hversu þessi frjálsu viðskipti með kvóta hafa eiginlega samofist örlögum margra fyrirtækja hér á Íslandi og kannski einkum og sér í lagi þeirra fyrirtækja, sem hafa leikið eftir leikreglunum öðrum fremur, sem hafa lotið stjórn ábyrgra manna sem hafa leitast við að koma þessum fyrirtækjum í gegnum erfiða tímann og hafa laðað til samstarfs við sig sparifjáreigendur meðal einstaklinga en einnig, svo tekið sé dæmi af Útgerðarfélagi Akureyringa, hafa lífeyrissjóðir þar fest kaup á hlutabréfum í stórum stíl. Þannig að fjárfestingin í flytjanlegum kvóta er grundvöllur undir starfsemi þessara fyrirtækja og hlutabréfamarkaðar á Íslandi.

Ég vil ekki gera lítið úr þeim vandræðum sem ákveðnar útgerðir og ákveðin byggðarlög eru í. Það væri fjarri mér að gera lítið úr þeim vandræðum. En ég vil benda á að menn bæta ekki stöðu þessara landshluta eða þessara byggðarlaga eða þessara útgerða með því að grafa undan grundvelli annarra fyrirtækja sem hafa leikið samkvæmt þeim reglum sem löggjafinn hefur leitt hér í lög. Að þessu leyti til er ég þeirrar skoðunar að grundvallarniðurstaða tvíhöfða nefndarinnar, um að kvótakerfið skuli vera grundvöllur fiskveiðistjórnunar á Íslandi, sé rétt niðurstaða og frávik frá þeirri grundvallarskoðun séu til skaða. Þó svo ég sé ekki að segja hér og nú að ekki megi líta á ýmsa möguleika til að ná sáttum um þetta viðkvæma mál þá tek ég það fram að þetta frv., eins og það lítur hér út, er að vissu leyti gallað. Ég hef gert athugasemdir við það þegar ég hef fjallað um það í mínum þingflokki. Án þess að vera með neinar yfirlýsingar um hvort ég vilji hér og nú segja af eða á um stuðning minn við frv. eða ekki, þá tel ég rétt að það komi hér fram að þarna eru atriði sem ég tel vera heldur til skaða og veiki kvótakerfið í heild, sem þó sé skásti kosturinn sem við höfum til að stýra okkar sókn í auðlindina.

Ég held að ég fari ekki fleiri orðum um þessi mál að sinni, það gefst tækifæri til að ræða þau aftur og ítarlegar við 2. umr. En ég get þess hér í lokin að mér finnst miður hversu margir hafa í raun og veru sameinast um það að mæla með þessu svokallaða kvótaþingi, sem teljast þó vera málsvarar hagsmuna sjómanna og fiskvinnslufólks, án þess að ég sjái með nokkru móti að hægt sé að verja það að kvótaþingið sem slíkt, uppboðsmarkaður á aflaheimildum, verndi hagsmuni sjómanna og fiskvinnslufólks innan atvinnufyrirtækja í mínu kjördæmi eins og ég þekki það best. Ég held þvert á móti að hugmyndirnar um kvótaþing fari gegn hagsmunum þessa fólks og mig undrar að talsmenn launþegahreyfinga skuli mæla þessu bót.

[22:51]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það eru ummæli hv. þm. varðandi það að það sé hreinlega skaðlegt að ræða afnám þeirra kvótaviðskipta sem nú eru við lýði sem vekja mig til umhugsunar. Ég hygg að hv. þm. geri sér grein fyrir að einhverjir þessara skaðvalda eru í hans eigin flokki. Ég býst ekki við að það hafi farið fram hjá honum en mér finnst ég ekki hafa fengið þau rök sem ég tel fullnægjandi fyrir þessu. Vissulega geri ég mér grein fyrir því að ef breyting verður á kvótaviðskiptum eða þau jafnvel lögð af, þá verður röskun á hlutafjármörkuðum. En mér finnst ekki við geta byggt upp fiskvinnslu- og sjávarútvegsstefnu út frá hlutafjármarkaði. Með fullri virðingu fyrir ungum og ófullburða hlutafjármarkaði á Íslandi. Mig hreinlega skortir rök fyrir þessari skoðun hv. þm. en ég treysti því að hann geti leitt mig í sannleikann um sínar hugsanir þó hann geti e.t.v ekki sannfært mig.

[22:52]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kann að vera að mér veitist erfitt að skýra út fyrir hv. 9. þm. Reykn. hvers vegna ég tel það alvarlegan hlut að afnám kvótaviðskipta grafi undan fjárfestingum undanfarinna ára. Fjárfestingar í hverju þjóðfélagi er eitt af því sem stýrir hagsæld þess. Ef stjórnvöld grafa undan þessari fjárfestingu og forsendum hennar þá er verið að grafa undan einni af sterkustu stoðum atvinnulífsins. Það er verið að veikja ákvarðanatöku innan fyrirtækjanna til langs

tíma og það er hugsanlega verið að gera fjárfestingu í fyrirtækjunum, sem eigendur fyrirtækjanna eru ábyrgir fyrir gagnvart hlutafjáreigendum, hvort sem þeir eru í lífeyrissjóðum eða annars staðar, einskis virði. Á ég að trúa því að ég þurfi að skýra í löngu máli fyrir hv. 9. þm. Reykn. að þetta sé grafalvarlegur hlutur sem Alþingi getur ekki tekið ábyrgð á? Ég verð að viðurkenna eins og er að mér er orða vant ef hv. þm. skilur þetta ekki.

[22:53]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé aldrei hægt að fá sannleikann með því að líta aðeins á aðra hlið mála eins og mér virðist hv. 5. þm. Norðurl. e. gera. Hann einfaldar mjög með því að halda því fram að það sé einungis skaðlegt sem fylgir því að afleggja þetta kerfi en ekki það sem hefur fylgt því. En ég held að hér hafi í dag og í kvöld komið fram í umræðunni svo mörg og viðamikil og veigamikil rök fyrir skaðsemi þessa kerfis sem við búum við að það sé líka nokkuð alvarlegt mál að halda því við. Ég tel að það sé líka skaðlegt þegar verið er að gera á hlut einstaklinga. Ég held líka að það sé skaðlegt þegar ákveðin fyrirtæki hafa farið mjög halloka í þeirri glímu sem verið hefur í þessum kvótaviðskiptum á undanförnum árum. Ég held að við séum að uppskera það að hluti af þeim 15 milljörðum, að ég taldi saman, sem hafa verið í gjaldþrotum að undanförnu sé einmitt vegna þessara mála.

[22:54]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var svo að þessi þjóð fjárfesti í 20 ár við hin verstu skilyrði án þess að sjá nokkuð fram í tímann. Og hvers vegna? Vegna þess að hér ríkti verðbólgufár þannig að skyggni manna til fjárfestinga var bókstaflega ekki neitt og við súpum seyðið af því núna, hv. 9. þm. Reykn., að fjárfesting okkar hefur verið mislukkuð af því að við sáum ekki fram í tímann vegna verðbólgunnar. (**StG:** Ekki í skólamálum, er það?) Nú er verið að bjóða okkur upp á annars konar þoku. (**ÓÞÞ:** Af hverjum? Sjútvrh.?) Það er ekki þoka verðbólgunnar (**ÓÞÞ:** Hver býður upp á þokuna?) heldur er það þoka sem þessi ágæti þingmaður hefur lýst með óbeinum hætti (**StG:** Hver er að villast í þokunni?) ef þingmenn vilja gefa mér tækifæri til að ljúka máli mínu ef það skyldi verða til þess að upplýsa þá um hvað ég er að tala. Þessi þoka er hringlandaháttur sem er fólginn í því að breyta í grundvallaratriðum þeim lögmálum sem hafa ríkt í efnahagslífinu. Og þoka af mannavöldum, þoka af verðbólguvöldum er jafnskaðleg fyrir atvinnulífið og annað lélegt skyggni sem menn hafa til að fjárfesta eðlilega.

[22:56]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Tómas Ingi Olrich hefur legið undir þeim grun norðan heiða að vera að semja frv. til útvarpslaga. En nú blasir það við að hann mun hafa verið að lesa tvíhöfða en villst í Austfjarðaþokunni. Það er nú svo að villtir menn eiga erfitt með að vísa öðrum veginn en hann boðaði að hér væri boðað að koma á þoku. Þeir sem völdin hafa í þessu landi ráða stefnunni og mín spurning er: Er þetta frv. Austfjarðaþoka fyrir útgerðarmenn í landinu? Er það rétt að það sé verið að veikja stoðir kvótakerfisins að dómi þingmannsins og þar með ráðast á fjárfestingarforsendur fyrirtækjanna í landinu og þar með að skapa verri grundvöll en var fyrir? Og samt hikar þingmaðurinn við að gefa yfirlýsingu um hvort hann ætli að styðja frv. eða ekki að styðja það.

Hins vegar fullyrti þingmaðurinn að útgerðarmenn hefðu ekki fengið kvótann ókeypis. Mín spurning er bein: Hvað borgaði Samherji fyrir kvótann sem hann fékk út á aflareynslu skipstjórans á sínum tíma? Hvað kostaði kílóið?

Hér er nákvæmur maður sem svarar, hv. 5. þm. Norðurl. e., og ég veit að hann hefur á því reiður hvað var greitt fyrir kílóið hafi það ekki verið ókeypis.

[22:58]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo með hv. 2. þm. Vestf. að þegar honum hleypur kapp í kinn, sem er nokkuð oft, þá leggur hann ekki eyrun við því sem sagt er. Allar athugasemdir mínar um lélegt skyggni í fjárfestingum snertu þær hugmyndir sem hafa komið fram um að afnema heimild til frjálsra viðskipta með kvótann. Ég tel að það sé grundvallaratriði sem ekki sé á nokkurn hátt hægt að sætta sig við. Ef það yrði gert þá yrði grafið undan fjárfestingu í sjávarútvegi og fiskvinnslu eins og hún hefur farið fram á sl. árum. Ég held að það fari ekkert á milli mála í málflutningi mínum að það var þetta sem ég átti við í svari mínu við andsvari hv. 9. þm. Reykn.

Að því er varðar frv., sem ég ræddi um einnig áðan enda er það til umræðu í kvöld, þá eru þar ákveðnir gallar en í því frv. er ekki lagt til að leggja niður frjáls viðskipti með kvóta. Ég vona að hv. þm. geri sér grein fyrir því að ég geri talsverðan greinarmun á þessum málum.

Að því er varðaði fullyrðingu um að einhver ákveðin útgerð hefði fengið sinn kvóta ókeypis þá ætla ég ekki, hv. þm., að ræða fjárhagslega stöðu ákveðinna útgerðarfyrirtækja. Það er alveg ljóst. Ég hefði satt best að segja haldið að það væri eðlilegra að hv. þm. sýndi þá tillitssemi að fara ekki upp í pontu á Alþingi með fjármál einstakra útgerða.

[23:00]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ærið umhugsunarefni að hér hafa margir stjórnarsinnar komið upp í kvöld og erindi þeirra í pontuna hefur verið að sá þeim vafa meðal íslensku þjóðarinnar að það væri ekki víst að þeir mundu styðja þetta frv. Einn af þeim sem sáði þeim vafa meðal íslensku þjóðarinnar var hv. 5. þm. Norðurl. e. Hann lét það liggja milli hluta hvað hann mundi gera í þeim efnum. Það var sú Austfjarðaþoka sem ég skynjaði. Það eru stórtíðindi fyrir hæstv. sjútvrh. sem hér situr hnípinn og þögull og horfir á hásetana leika lausum hala miðskips og sinna engu fyrirmælum frá stjórnpalli. (**GHall:** Þeir eru allir stjórnborðsmegin.)

Allir stjórnborðsmegin, segir skipstjórinn sem hefur stundað veiðar sem tengjast vitum en ekki þorski. Allt er þetta umhugsunarefni en ef þjóðin er ekki hissa í kvöld eftir vinnu tvíhöfða nefndarinnar, eftir vinnuna í sjútvrn., eftir umræðurnar í þingflokkunum sem staðið hafa hálfan veturinn, og svo er þetta uppskeran. Hér spretta menn upp einn eftir annan til að sá þeim vafa að gallarnir séu e.t.v. svo stórir á jafnstuttu og litlu frv. sem hér er að það sé óvíst hvort þeir styðji það.

[23:02]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að viðurkenna að mér finnst nokkuð kynlegt að jafnþingreyndur maður og hv. 2. þm. Vestf. skuli ekki átta sig á því að hér fer fram 1. umr. um þetta frv. Það getur varla talist óeðlilegt að þingmenn sem ræða svo flókið og viðamikið mál sem hér er verið að ræða um í dag og í kvöld komi fram með athugasemdir við frv. sem er að sjálfsögðu litið á sem veganesti til hv. sjútvn. þegar hún fer að fjalla um þetta mál. Ég geri ráð fyrir því að það verði reynt að breyta frv. til betri vegar og að sjálfsögðu eru mínar athugasemdir settar fram, ekki til þess að skapa neina þoku eins og hv. þm. virðist halda, heldur eru þær athugasemdir framlag mitt til umræðunnar um þessi mál í sjútvn. Ég vil hins vegar benda hv. þm. Norðurl. v. að hann getur ekki veitt neitt andsvar við svari mínu við andsvari.

[23:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar til þess að tala pínulítið um það sem hv. þm. sem töluðu á undan mér voru að ræða, þ.e. þetta svokallaða frjálsa framsal aflaheimildanna sem hv. 5. þm. Norðurl. e. taldi að væri í voða vegna hugmynda einhverra misviturra manna sem vildu það feigt enda hefur komið í ljós í umræðunum að ýmsir þingmenn Sjálfstfl. og reyndar Alþfl. líka hafa látið það koma skýrt fram að þeir séu andvígir þessu svokallaða frjálsa framsali. Ég segi sem betur fer eru það margir sem skynja þessa hluti með öðrum hætti en hv. 5. þm. Norðurl. e. Það eru nefnilega tvær hliðar á flestum peningum, líka á því sem hv. 5. þm. Norðurl. e. var að lýsa hér, t.d. Útgerðarfélagi Akureyringa og öðrum þeim fyrirtækjum sem hefur tekist að notfæra sér þetta frjálsa framsal með þeim hætti að það hafi verið hægt að græða á því. Það er út af fyrir sig ekki eitthvað sem hægt er að áfellast menn fyrir. Kerfið gefur mönnum þetta tækifæri. Hins vegar áfellist ég menn fyrir það að hafa fram að þessu liðið það að hægt væri að fara að með þeim hætti sem þetta frjálsa framsal gefur mönnum tækifæri til.

Ég hef sagt þá hluti hér áður en ég get ekki annað en endurtekið þá: Mér finnst það fyrir neðan allar hellur að þannig afstaða skuli vera ríkjandi á hv. Alþingi að menn hafa bókstaflega talið það verjandi að eignarhald á auðlindinni sem þjóðin á sameiginlega sé meðhöndlað eins og gert er með viðskiptum tonn á móti tonni og með þessu svokallaða frjálsa framsali og öðrum aðferðum en tonn á móti tonni.

Þar hafa menn farið út fyrir öll siðamörk sem hægt er að tala um í þessu sambandi. Menn hafa komið aftan að sjómönnum, látið þá borga 30% af aflaheimildunum sem liggja að baki viðskiptanna og talið það vera innan þessara marka. Ég segi: Það er kannski löglegt, ég kann ekki að dæma um það, en það er alla vega siðlaust. Og nú heldur hv. 5. þm. Norðurl. e. því fram að ef komið yrði á kvótaþingi, sem ég er út af fyrir sig ekkert hrifinn af, þá muni það kollvarpa öllum þessum viðskiptum. Þá sé ekki einu sinni hægt að semja um að skip leggi upp hjá einhverju fyrirtæki. Þá sé ekki hægt að hafa neina staðfestu í hráefnisöflun. Hvað gerðu menn áður en aflaheimildirnar urðu framseljanlegar? Menn réðu til sín báta í viðskipti. Ég sá ekki annað en það gengi þægilega fyrir sig og eðlilega. Menn urðu auðvitað að borga eitthvert fiskverð sem um samdist. Hvers vegna er það ekki hægt þó menn hafi ekki möguleika á því að nota aflaheimildirnar sjálfar í viðskiptunum ef þeir geta líka selt þær og fengið fyrir þær peninga og borgað hærra fiskverð út á það?

Hvað er að? Það er eitthvað annað að. Ætli það sé ekki það sem er að að menn hafa talið sig geta notfært sér þessar aflaheimildir til þess að ná hráefnisverðinu niður? Það er það sem hefur gerst. Menn hafa fengið fiskinn á lægra hráefnisverði út á þessar aflaheimildir og þar hefur þessi gróði legið, m.a. hafa 30% af aflaheimildunum komið úr vasa sjómannanna. Þannig hefur það verið og menn eiga ekkert að tala öðruvísi en það hefur verið. En nú fer um þennan hóp manna sem hefur náð einhverjum hagnaði út úr þessum viðskiptum þegar hann sér að það er farið að berjast gegn þessu. Sjómenn hafa skorið upp herör gegn þessu og ríkisstjórnin hefur lofað að bæta úr á einhvern hátt. Í bráðabirgðalögunum var yfirlýsing um að það ætti að koma á kvótaþingi. Menn hafa talað um að gera líka aðra hluti til þess að styrkja lagagrundvöllinn hjá sjómönnum fyrir því að fá sín laun greidd á eðlilegan hátt miðað við skipti.

Þegar hv. 5. þm. Norðurl. e. er að tala um að það sé allt að því glæpsamlegt að grafa undan þessum viðskiptaháttum þá held ég að hann ætti að velta því fyrir sér undan hverjum er grafið með þessum viðskiptum. Það hafa nefnilega mörg byggðarlög orðið illa fyrir barðinu á þessum viðskiptum. Það er ekki bara þannig að fiskur hafi sprottið einhvers staðar upp og komið til fyrirtækjanna sem eiga miklar aflaheimildir og hafa keypt þær og eru síðan í þessum viðskiptum. Einhvers staðar hafa þær aflaheimildir verið áður. Það er orðið þannig að stór hluti af afla ýmissa byggðarlaga er keyrður eitthvert annað til vinnslu í öðrum byggðarlögum, til kvótaeigendanna. Ég skal taka dæmi um það.

Það er t.d. þannig á Vesturlandi að þar vinna menn ekki nema hluta aflans heima. Hvers vegna? Það er vegna þess að á Vesturlandi, bæði í Faxaflóa og Breiðafirði, er veiddur allt að því tvöfalt meiri afli en veiðiheimildir á svæðinu eru fyrir. Það er þannig ef við tökum Vesturland í heild þá hefur landaður afli dregist saman um 30% á árunum 1985–1992. Ef við tökum aðra staði á landinu til samanburðar þá er þetta t.d.

á Norðurlandi eystra plús 14%.

Við skulum bara segja sem svo: Gott og vel menn hafa keypt þennan kvóta, þessar reglur hafa verið í gildi. Allt í góðu lagi með það, við skulum ekki fara að blanda þeirri umræðu inn í málið. En hvað hefur gerst annað? Það hefur gerst að þessi afli er ekki unninn á svæðinu. Það er ekki bara að landaður afli hafi minnkað um 30% heldur er afli á öllu Vesturlandi sem unninn er ekki nema 44% af þeim afla sem kemur að landi. Það eru 42% flutt í burtu til að vinna annars staðar á landinu. Það er vegna þess að einhverjir annars staðar á landinu eiga kvótann og flytja til sín aflann. (**ÓÞÞ:** Er þetta ekki hagræði að keyra yfir hálft landið með aflann?) Þetta er hagræði að keyra þvert yfir landið með aflann til að vinna hann annars staðar í hagræðingarskyni. Menn græða á þessu. Hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur sérstaklega lýst því hvað það sé mikil hagkvæmni fólgin í því að keyra fiskinn þvert yfir landið fram og til baka. (**TIO:** Það getur vissulega verið það.) Það getur verið hagræði í því fyrir viðkomandi fyrirtæki en eiga hv. þm. ekki að hugsa um hagkvæmni landsins í heild? Er það ekki það hagræði sem menn eiga að horfa helst í? Getur það verið hagkvæmni fyrir heildina séð að allar aflaheimildir fari meira og minna á flakk um landið? Það eru nú orðin 60% sem fara á milli með þessum hætti. Menn sem stunda þessa flutningastarfsemi hafa hælt sér að því við mig að þeir keyri þorsk báðar leiðir af því að það sé ævinlega nóg að hafa í þessum flutningum því einn sé að láta fiska fyrir sig fyrir sunnan og annar fyrir norðan. (**VE:** ...að fiskflutningarnir hætti þegar eru komnir fiskmarkaðir?) (**ÓÞÞ:** Er þetta ekki hagræði líka?)

Hv. 5. þm. Norðurl. v. verður ævinlega mjög æstur þegar farið er að tala um þetta hagræði sem hann hefur hælt svona mikið en það er vafasamt hagræði sem þar er á ferðinni. Ég verð bara að segja það. Ég tel að það sé full ástæða til þess að hv. Alþingi, sem hefur orðið fyrir áföllum vegna þess að það hafa verið sett lög sem hafa staðist dálítið illa, þurfi að gá að sér og velta því fyrir sér hvort það geti gengið að halda því fram með lagasetningu í hv. Alþingi að þjóðin eigi auðlindina en í næstu lagagreinum þar á eftir sé því komið þannig fyrir að menn kaupi og selji auðlindina hver öðrum. Og síðan sé talað um það eins og næstum því vitfirrta hugsun að það eigi eitthvað að reyna að draga úr þessari sölustarfsemi sem svona fer fram.

Nei, þetta kerfi sem við búum við er ekki mjög gáfulegt og ég vil benda á það, úr því að ég fór að tala um einstaka svæði á landinu: Hvaða sanngirni og hvaða skynsemi er í því að þetta skuli vera svona á útgerðarstöðum eins og Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem var kannski einna fyrst byrjað að friða veiðisvæðin og reyna að sjá til þess að fiskstofnarnir fengju möguleika á því að jafna sig og skila hámarksafrakstri. Það er einmitt í Breiðafirði og Faxaflóa. Fáum árum síðar þegar þessar friðanir höfðu verið um nokkur ár þá er sett kvótakerfi á. Nú er þessi friðun að byrja að skila sér. Á þessum svæðum fá menn ekki að njóta þess, ekki með nokkrum hætti. Þeir eru ekkert annað en leiguliðar. Nú veiðist meira á þessum svæðum. Það eina sem útgerðarmenn á þessum svæðum geta gert er að taka þátt í einhvers konar leiguliðastarfsemi og veiða fyrir einhvern kvótaeiganda einhvers staðar annars staðar á landinu.

Svona kerfi er ekki mjög gáfulegt og ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst dálítið furðulegt að vera á hv. Alþingi og hlusta á menn vera andaktuga yfir hagkvæmni kerfisins. Ég tæpti aðeins á því í dag í andsvari við hv. 5. þm. Norðurl. v. að það hefði ekki komið fram mikið af sönnunargögnum í þessari umræðu fyrir hagkvæmni kvótakerfisins. Ég ætla að fara aðeins betur yfir það. Það var nefnilega reynt að bera fram eitthvað af sönnunargögnum síðast þegar þetta kvótakerfi var framlengt. Það var reyndar ekki mjög merkileg tilraun og kom lítið út úr henni. En í tillögu tvíhöfða nefndar og þó hún sé löng og ítarleg sú skýrsla, þá er ekki mikið af sönnunargögnum og tölum sem geta sannfært menn um að það hafi orðið einhver hagkvæmnisaukning síðan kvótakerfið kom á. Ég nefndi það í dag að afli á úthaldsdag á skipum hefði ekki aukist mjög mikið þrátt fyrir kvótakerfið. Ég ætla að fara aðeins betur yfir það.

Togarar sem eru undir 500 tonnum höfðu árið 1983 10,2 lestir á úthaldsdag. Þeir eru núna með 8,2. Það munar tveimur tonnum á dag hjá þeim. Togarar yfir 500 tonnin voru árið 1982, svo maður fari aðeins aftar en ég nefndi fyrr í dag, með 14,1 tonn á úthaldsdag. Þeir eru núna með 11,9. Ef við tökum tímabilið frá 1983 og til 1992 er mjög lítill munur á heildarveiði þessa flota. En hvað gerist? Aflinn á úthaldsdag minnkar. Það hefur nefnilega gerst að það hefur verið bætt svo mikið í öðrum tegundum að þessi floti hefur sambærileg verkefni og hann hafði áður en samt minnkar aflinn á úthaldsdag.

Ef við skoðum síðan aðra parta af flotanum og tökum t.d. skip sem eru fyrir neðan 100 tonn, þá hefur þar líka minnkað afli á úthaldsdag úr 1,6 tonnum á dag niður í 1,4 tonn. Það er ekki fyrr en komið er niður fyrir þessar stærðir sem eitthvað kemur öðruvísi út og það er svolítið merkilegt. Það eru litlu bátarnir, vélbátar sem eru frá 0–12 tonn, sem hafa bætt sína stöðu. Þeir veiða meira á hverjum úthaldsdegi í dag heldur en þeir gerðu áður. Þeir veiða 600 kg á dag en veiddu 450 kg áður miðað við þessi sömu ár og ég nefndi fyrr. Minnstu bátarnir, þ.e. opnir vélbátar, veiddu á árinu 1983 180 kg á dag að meðaltali en þeir veiða núna 260 kg á dag. Það er einungis í þessum hópum minnstu bátanna sem aflinn hefur aukist þrátt fyrir að þessi hluti flotans veiði nánast eingöngu þorsk en það er minnst af þorskinum og mest verið dregið saman af honum. Þetta kemur ekkert því við að þeir hafi frjálsa sókn vegna þess að þetta er afli á hvern úthaldsdag sem hlýtur að segja um afköst en ekki eitthvað annað. Þarna hefur ekki orðið nema 2% samdráttur á heildarafla þessa flota á því tímabili þannig að menn skulu ekki halda því fram hér að skýringin á þessu sé minnkun þorskaflans.

Ég rakti það áðan að þetta hefur í raun og veru ekki haft nein áhrif á hagkvæmni flotans. Menn hafa haldið áfram að bæta við sig í vélastærðum og öðru því um

líku og það hefur aukist gífurlega á þessu tímabili. Bara á tímabilinu frá 1986 og fram á 1992 hefur t.d. vélarafl flotans stórkostlega aukist. Hvers vegna? Hefur ekki dregið úr fjárfestingunni? Eru menn ekki með þetta allt í réttum farvegi vegna þess að þeir hafa ákveðinn kvóta og eiga að sækja eftir honum og eru ekkert að fjárfesta nema akkúrat fyrir því sem þeir hafa til þess að vinna með? Nei, það er nú ekki aldeilis þannig. Það er þannig að vélaraflið í þessum flota hefur aukist um tæp 18% frá 1986 til 1992. Nú er svo komið að flotinn hefur bætt við sig nærri 90 þús. hestöflum á tímabili kvótakerfisins þannig að ekki hefur bólað mikið á þeirri hagkvæmni sem menn hafa talið að væri að komast á.

Ég sagði í umræðum fyrir jólin nokkur orð sem hefur margoft verið minnst á við mig síðan og ég hef verið mikið spurður um það hvað ég hafi eiginlega sagt. Ég ætla að rifja þessi orð upp, með leyfi forseta, til þess að það fari ekkert á milli mála hvað ég sagði í utandagskrárumræðu um skattlagningu aflaheimilda 25. nóv. Með leyfi forseta þá sagði ég:

„Virðulegi forseti. Ég ætla að koma að hlut hæstv. ríkisstjórnar í þessu máli. Í aðdraganda síðustu alþingiskosninga voru sjávarútvegsmálin mikið til umræðu og þungamiðjan í þeirri umræðu var eignarrétturinn á fiskinum í sjónum og afleiðingar af þessu óréttláta og spillta kerfi sem helst er hægt að líkja við skipulagða glæpastarfsemi sem fær að þróast í skjóli ríkisvalds í einræðisríkjum. Eða við hvað er hægt að líkja stjórnkerfi sem leggur byggðarlögin í rúst, sem hafa verið byggð upp vegna nálægðar við fiskimiðin vegna þess að veiðirétturinn er kominn í hendur annarra en þeirra sem stunda útgerð á viðkomandi svæðum, stjórnkerfi sem gerir útgerðarmenn og sjómenn að ánauðugum hjúum hjá stórútvegsbóndanum, stjórnkerfi sem veldur því að allur fiskurinn er fluttur til vinnslu í önnur landshorn úr sumum byggðarlögum, kerfi sem veldur því að bæjar- og sveitarfélög eru að moka fjármunum í kaup á veiðiheimildum til að reyna að koma í veg fyrir að atvinnulífið og þar með lífsgrundvöllur íbúanna verði lagður í rúst. Það er heldur betur reisn yfir Alþingi Íslendinga sem hefur lögleitt kerfi sem bannar sjómönnum sem hafa ævilangt starf að baki að róa til fiskjar, en gefur milliliðum og bröskurum frjálsar hendur til að arðræna sjómennina og útgerðarmönnum færi á að hirða án samninga 30–40% af skiptahlut sjómannanna."

Þetta sagði ég. Ég tek þessi orð ekki aftur. Ég tel að ég hafi ekkert sagt annað en það sem ég meina og ég get ekki annað en endurtekið það að þetta kerfi er gjörsamlega óásættanlegt. Ég skal hafa það mín lokaorð vegna þess að ég tel að það lýsi svo vel afstöðu svo margra annarra heldur en mín það sem stendur í forustugrein Morgunblaðsins þann 15. jan. sl. Ég ætla að grípa, með leyfi forseta, niður í lok forustugreinarinnar. Þar verið að fjalla um bráðabirgðalögin:

„Það mun ekki duga að setja bráðabirgðalög á almenning í þessu landi þegar hann rís upp gegn óréttlátu kerfi sem skipta mun þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar þegar fram líða stundir. Þess vegna m.a. hefði átt að kalla Alþingi saman til fundar til þess að bregðast við þeim vandamálum sem þetta ólánskerfi hefur kallað yfir þjóðina nú og á eftir að gera í auknum mæli í framtíðinni. Bráðabirgðalögin leysa engan vanda. Þau veita einungis flóafrið áður en ný deila rís vegna fiskveiðistjórnunarkerfis sem mun valda illdeilum svo lengi sem framsal kvóta er leyft lögum samkvæmt, þótt ólög séu og í andstöðu við stjórnarskrá lýðveldisins."

Þetta stóð í Morgunblaðinu, hæstv. forseti.

[23:25]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af ræðu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og vangaveltna hans um hagkvæmni fiskflutninga þá vil ég bara biðja hann að heimsækja eitt ágætis fyrirtæki í Grundarfirði, Hraðfrystihús Grundarfjarðar, sem hefur verið í ágætis samstarfi við Fiskiðju Sauðárkróks og koma þar inn fyrir dyr og kynna sér aðeins hvernig er staðið að rekstri fyrirtækis í sjávarútvegi. Hann hefði gott af því.

Varðandi annað, þá vil ég benda honum á það að Vestlendingar höfðu allt frá upphafi kvótakerfisins nákvæmlega sömu möguleika og aðrir að kaupa sér kvóta og komast yfir kvóta. Þeir höfðu nákvæmlega sömu möguleika og aðrir að reka fiskvinnslu með hagkvæmum hætti. Það er ekkert í kvótakerfinu sem á þessum tíma hefur gert þeirra kost eitthvað lakari en annarra í þessu sambandi.

Í þriðja lagi þá er hagkvæmni í kvótakerfinu ekki spurning um afla og úthaldsdaga. Eins og hv. þm. eflaust veit þá hefur verið tregfiskirí á togaraslóð, sérstaklega á þorski, meðan þorskurinn hefur gefið sig vel á bátaslóðinni og það er m.a. skýringin á því af hverju hann fær þessar tölur um afla og úthaldsdaga. Þegar menn eru að velta fyrir sér hagkvæmni kvótakerfisins verða menn að bera kvótakerfið saman við eitthvert annað kerfi. Ef þingmaðurinn mundi bera saman annars vegar kvótakerfi með frjálsu framsali við númer eitt kvótakerfi án framsals, númer tvö við sóknarmark eða númer þrjú við frjálsa veiði, þá efast ég ekki um að jafnvel hv. þm. Jóhann Ársælsson mundi skilja það að kvótakerfi með framsali er hagkvæmasta kerfið.

Þá er málflutningur hv. þm. allur ávísun á eina stóra gengisfellingu og lífskjaraskerðingu. Jafnvel þótt hann flytji gömlu ræðuna sína aftur og trúi öllu sem þar stendur þá tek ég ekki mark á þeirri ræðu. (**ÓÞÞ:** En Mogganum? Lýgur Mogginn líka.)

[23:27]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef reyndar heimsótt fyrirtæki í Grundarfirði og meira að segja það fyrirtæki sem hv. þm. er að tala um og ég hef reynt að kynna mér það hvernig er að reka fyrirtæki í sjávarútvegi á Vesturlandi og líka annars staðar. Ég hef gert mér alveg fullkomlega grein fyrir því hvernig menn fara að því að fá þennan gróða sem hv. þm. hefur talað fjálglega um. Og ég tel mjög óeðlilegt að hafa það kerfi í gildi áfram. Ég tel að hv. þm. ættu ... (**VE:** Finnst þér ekki gróði óeðlilegur?) Nei, ég tel ekki að gróði sé óeðlilegur. En ég tel að hv. þm., sem hefur gengið fram í því sem

forustumaður í Verslunarráðinu að reyna að koma á því sem hann kallar eðlilegar leikreglur í verslun og viðskiptum, ætti að skilja svolítið betur hvað það er sem hann er að tala um. Hvers konar kerfi það er sem hann er að verja. Það er einokunarfyrirkomulag sem er ekki hægt að líkja við neitt sem heitir frjáls verslun eða eitthvað því um líkt. Það er einokunarfyrirkomulag og einungis þröngur hópur útgerðarmanna í landinu getur notfært sér það. Það hafa ekki allir haft sömu aðstöðu til þess að komast yfir veiðiheimildir t.d. Það veit hv. þm. Þetta kerfi kemur þannig út að útgerðarmenn í landinu sem eru bara að gera út, hv. þm., þú ættir að velta því svolítið betur fyrir þér, eiga enga möguleika á því að keppa um veiðiheimildir við aðila eins og þá sem verið er að verja í kvöld. Þeir eiga enga möguleika til þess. Það er alveg makalaust að LÍÚ-forustan skuli í sameiningu við sjómenn í vetur hafa látið sig hafa það að berjast fyrir því að annars vegar fengju útgerðarfyrirtæki, sem hafa bæði útgerð og fiskvinnslu á sínum snærum, að kaupa kvóta með þessum hætti og hins vegar ættu útgerðarfyrirtæki, sem eingöngu væru í útgerð, að borga kvótann einir en sjómenn ekki taka þátt í því. Annars vegar börðust þeir fyrir því að sjómenn yrðu látnir borga í tonn á móti tonni viðskiptunum. Hins vegar sögðu þeir við sjómenn: Við skulum standa með ykkur í því að koma í veg fyrir að þið séuð að taka þátt í kvótaviðskiptum þegar útgerðarmaðurinn ykkar kaupir kvótann.

[23:29]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafna því alfarið að þetta kvótakerfi sé eitthvert einokunarfyrirkomulag. Kvótaeign er afar dreifð. Allir hafa möguleika á að komast inn í þetta kerfi sem á annað borð hafa áhuga á því að fjárfesta í því. Það er engum einum hyglað neitt sérstaklega umfram annan í þessu skyni og ég hafna því algerlega þegar menn taka fyrirtæki þó stór séu og tala um einhverja einokun í því sambandi. Er hægt að segja að Útgerðarfélag Akureyringa sem er í eigu stórs hóps af fólki sé eitthvert einokunarfyrirtæki og það sé eitthvað slæmt fyrirtæki þó að það sé stórt og hjá því vinni margt fólk sem á allt sitt undir því að þetta fyrirtæki fái eðlilegan starfsgrundvöll? Sama er með Síldarvinnsluna á Neskaupstað. Er það eitthvert einokunarfyrirtæki þótt það sé í eigu þess bæjarfélags að miklu leyti og allir íbúar í Neskaupstað eigi allt sitt undir því að það gangi? Þannig getur maður tekið hvaða fyrirtæki sem er hringinn í kringum landið, stórt sem smátt. Eignarhald á fyrirtækjum og aflahlutdeildir þessara fyrirtækja eru afar dreifðar.

[23:31]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil eiginlega ekki svona málflutning. Ég hef ekkert verið að tala um að þessi fyrirtæki sem hv. þm. var að nefna hér væru slæm. En ég tel þetta fyrirkomulag gersamlega óviðunandi og þetta er auðvitað einokunarfyrirbrigði. Það er ekki hægt að hafa nein önnur orð um það. Það er ákveðnum aðilum veittur möguleiki til þess að komast yfir aflaheimildina með alveg sérstökum hætti ef menn ætla að halda þessu áfram eins og það liggur fyrir núna, ef menn ætla að hafa það óbreytt og ef menn ætla að fara í að stríð. Og það stríð verður ekki bara við sjómenn. Það verður stríð við byggðarlögin í landinu sem hafa farið verst út úr þessu. Við eigum auðvitað að heyja það stríð hér inni í þinginu.

Ég tel að þessi umræða sé út af fyrir sig mjög góð. En það þýðir ekkert að koma inn í þá umræðu með einhverjar dylgjur um það að ég sé á móti góðum fyrirtækjum. Ég tel að þau eigi bara að keppa á eðlilegum grundvelli. Ég sé ekki að það sé nein ástæða til þess að fiskvinnslufyrirtæki eigi t.d. að eiga kvóta. Ég tel að aflaheimildirnar eigi fyrst og fremst að vera í höndunum á þeim sem eru að nota þær, þ.e. útgerðinni í landinu, og það er fáránlegt að eyðileggja útgerðargrundvöllinn með þessum hætti. Það er það sem er að gerast í landinu núna, þ.e. að langstærstur hluti útgerðarmanna er að verða leiguliðar hjá einhverjum öðrum.

[23:33]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. talaði frá hjartanu þegar hann mælti hér áðan af mikilli fyrirlitningu og ræddi um fyrirtæki eins og Útgerðarfélag Akureyringa sem nýtti sér kerfið til að græða á því. Það er einmitt þessi synd sem er grundvallarsyndin í augum hv. þm., þ.e. að fyrirtæki í landinu í sjávarútvegi skuli nýta sér kerfið til að græða á því. En það er einmitt grundvöllur atvinnulífsins landinu í heild. Það er að fyrirtækin nýti sér það kerfi sem er löglegt kerfi í landinu til þess að græða á því. (**ÓÞÞ:** Þetta er nú útúrsnúningur.) Er hægt að fullyrða það eins og hv. þm. sagði hér áðan í andsvari að Útgerðarfélagi Akureyringa væri veittur einhver sérstakur möguleiki til að komast yfir kvóta? Hvað er það sem hefur veitt þessu félagi möguleika til þess að komast yfir kvóta, hv. þm.? Það er rekstur fyrirtækisins og það er tiltrú einstaklinga og lífeyrissjóða á rekstur fyrirtækisins sem lýsir sér í því að þessir aðilar hafa keypt hlutabréf þar sem hefur gefið þessu fyrirtæki sérstakan möguleika til að komast yfir kvóta. Og er þetta í sjálfu sér glæpsamlegt athæfi? Auðvitað er hagkvæmni einstakra fyrirtækja eins og þau eru rekin á landinu öllu hagkvæmni þjóðarinnar í heild. Það er ekki hægt að bera á móti því.

Það sem mér finnst vera alvarlegast við þær skoðanir sem hér hafa verið viðraðar, m.a. hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, er það að menn ímynda sér það að með því að afnema frjáls viðskipti með kvóta þá sé hægt að leysa með því illvígar deilur sem hafa orðið í þessu þjóðfélagi. Ímynda menn sér virkilega ...

(**Forseti** (Gunns): Ræðutími hv. þm. er liðinn.)

[23:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. sneri út úr orðum mínum hér áðan. Ég tók sérstaklega fram að ég væri ekki að áfellast fyrirtækin fyrir að notfæra sér þessa möguleika, ég væri að áfellast hv. Alþingi fyrir að hafa í gildi slíka möguleika sem væru óeðlilegir. Og ég tel að það þyrfti enginn að hafa áhyggjur af því að

vel rekið fyrirtæki eins og ÚA á Akureyri eða önnur sambærileg fyrirtæki hefðu ekki möguleika til þess að blómstra þó þau hefðu ekki þennan möguleika sem er raunverulega forréttindi til þess að komast yfir kvóta. Það skal ég útskýra, hv. þm. Það gerist einfaldlega þannig að fiskvinnslufyrirtæki sem líka eru í útgerð hafa möguleika á því að notfæra sér kvóta í þessum viðskiptum sem við höfum séð og hefur verið lýst hér á Alþingi, og raunar lýst mjög vel í blaðagreinum, að þau hafa allt annan og miklu betri möguleika til þess að komast yfir aflaheimildir en útgerðin í landinu, þ.e. útgerðarmenn sem ekki eiga aðild að fiskvinnslu. Það er ekki óeðlilegt að menn noti þann gróðaveg sem þarna er á ferðinni en hann er út af fyrir sig óeðlilegur og það er mín skoðun að það eigi að afnema þetta fyrirkomulag. Ég tel að fiskvinnslan í landinu geti haldið áfram að reka útgerð. En hún á bara að gera það á forsendum útgerðar. Hún á síðan að reka sína fiskvinnslu á forsendum fiskvinnslunnar. Það á ekki að búa til leiguliðakerfi eins og við höfum séð vera að blómstra hér og hv. þm. hafa látið sig hafa það að dásama hér á Alþingi. Það er ekki hægt að líkja því við neitt annað heldur en það hér fyrr á öldum þegar kirkjustaðir eða einhvers konar önnur þvílík fyrirbrigði, stórbændur eða aðrir því um líkir áttu útræðin. Það er það sem er að gerast í þessu landi. Menn eru að eignast útræðin.

[23:37]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst það augljóst að hv. þm. Jóhann Ársælsson geri sér ekki fyllilega grein fyrir því hvert það leiðir okkur í þessu þjóðfélagi ef við nemum úr gildi þær reglur sem hafa verið grundvöllur fjárfestingar hér á undanförnum árum. Hann talar um að hér séu risnar upp illleysanlegar deilur með því að hafa frjálst framsal á kvóta. Gerir þingmaðurinn sér grein fyrir því hvílíkan óskapnað hann er að vekja upp ef hann afnemur þetta frelsi? Ég efast um það, satt best að segja, og ég verð að segja eins og er og taka undir orð sem féllu hér áðan að það er sérkennileg vanþekking á rekstri þeirra fyrirtækja sem lengst hafa náð í fullvinnslu og í markaðstengslum ef menn skynja ekki hvað hráefnisöflunin sem er nátengd frjálsu framsali á kvóta er mikilvægur þáttur í rekstri þessara fyrirtækja og hve mikið er í húfi ef þessu verður svipt burt og jafnframt þeirri fjárfestingu sem hefur gert þetta mögulegt.

[23:38]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil bara ekki hvar hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur verið. Hefur frjálst framsal á aflaheimildum ævinlega verið til staðar á Íslandi? Hvað skyldi vera langt síðan menn fóru að iðka þetta frjálsa framsal svona mikið? Og hvernig var ástandið í útgerðinni bara fyrir þremur árum þegar þetta frjálsa framsal var ekki nema svipur hjá sjón miðað við það sem það er í dag. Nú er það allt í einu orðið svo óskaplegt að það mundi breytast hreinlega í óskapnað, skilst mér, útgerð og fiskvinnsla í landinu, ef þessu frjálsa framsali yrði komið af. Var það undir þessu frjálsa framsali sem íslenskir sjómenn urðu afkastamestu sjómenn í heimi? Var það undir þessu kvótakerfi sem það gerðist? Nei, ekki aldeilis. Það var skeð fyrir þann tíma. Nú hafa afköstin minnkað undir þessu kerfi sem við höfum núna.

Ég held að hv. þm. geri sér ekki grein fyrir því heldur hvað mundi gerast þegar þetta frjálsa framsal færi af. En ég treysti mér alveg til þess að halda því fram með fullum rökum að það yrði nú ekki mikill héraðsbrestur. Menn yrðu náttúrlega að haga sér svolítið öðruvísi en þeir hafa gert síðustu þrjú árin en þeir mundu auðvitað finna leið út úr því. Ég held að það þurfi að ræða þessi grundvallaratriði miklu betur en hefur verið gert í hv. Alþingi og ég fagna alveg sérstaklega þeirri umræðu sem hefur farið fram í kvöld, ég fagna því alveg sérstaklega hvað margir þingmenn Sjálfstfl. hafa komið hér í ræðustólinn til að lýsa yfir öðrum skoðunum en hv. 5. þm. Norðurl. e. hefur á þessu máli.

[23:40]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér hafa farið fram miklar umræður í kvöld og e.t.v. halda einhverjir að þær umræður sem hér fara fram hafi verið ákveðnar með löngum fyrirvara. Svo er ekki. Forsetar þingsins voru búnir að taka ákvörðun um það að á þessum degi ætti að ræða byggðamál. En það er margt að gerast á bak við tjöldin og hæstv. sjútvrh. þurfti að fylgja þeirri lagaskyldu eftir að endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða ætti sér stað. Og með því að málið er tekið hér á dagskrá hefur þeim formsatriðum verið fullnægt. En hér á baksíðu Dagblaðsins eru línurnar lagðar og sagt hvernig stjórn starfar sem ætlar að sitja áfram og hvernig stjórn starfar sem er að falla.

Þeir sem kynntu sér vinnubrögð viðreisnarinnar gömlu vissu að stjórnarþingmönnum var bannað að tala út og suður í þingsalnum. Þeim var skipað að ágreiningsmálin ætti að ræða í flokksherbergjunum og það ætti að ná samstöðu á milli stjórnarsinnanna og svo ætti að fylgja málunum eftir í þinginu. Þess vegna sat viðreisnin jafnlengi og hún sat. Undir þessum ... (Gripið fram í.) Nú er komið svo að hæstv. sjútvrh. er farinn að ókyrrast en það gerist nú ekki á hverjum degi því að hann nýtur aga frá dómsmrh. sem gerir kröfur um að menn hegði sér mjög sómasamlega hér í þingsölum. En við skulum örlítið fara yfir það hvað hæstv. viðskrh. hefur að segja um vinnubrögðin. (**StG:** Hann skyldi þó aldrei ætla að fella þetta?) Þetta birtist þriðjudaginn 15. febr. 1994 og er haft innan gæsalappa svo að ég trúi því að orðrétt sé farið með:

„Það var búið að gera samkomulag um búvörufrv. Sum þeirra atriða sem nú er rætt um í landbn. ganga þvert á það. Það gengur ekki ef stjórnarflokkarnir ætla að taka upp þau vinnubrögð að fara að afgreiða mál í þinginu með tilstyrk stjórnarandstöðunnar. Það eru ýmis mál sem við alþýðuflokksmenn höfum áhuga á sem stjórnarandstaðan mundi fúslega styðja. Slík vinnubrögð væru hins vegar ekki góð latína."

Nú er skipt yfir í latínu í lokin. Hvers vegna? Vegna þess að undir rós er verið að segja það að feigð-

armerki núv. ríkisstjórnar blasa við, kistan hefur verið smíðuð. Gröfin hefur verið tekin. Útfarardagur hefur ekki verið ákveðinn. Þess vegna hefur það sáralítinn tilgang að ræða hér frv. sem ekki á að afgreiða. Það verða fyrst og fremst vangaveltur fram og til baka. Hvernig skyldi standa á því, hæstv. forseti, að sá ráðherra Íslands sem alltaf hefur orðið mjög trylltur á öllum framboðsfundum, barið sér á brjóst fyrir vestan og sagt: Kvótakerfið mun ég aldrei styðja. Ég mun aldrei styðja ríkisstjórn sem styður kvótakerfið, sem hefur látið Skutul bera það út fyrir kosningar: Að kjósa Ólaf Þórðarson er það sama og að kjósa Halldór Ásgrímsson á þing. (**StG:** Sagði hann þetta?) Og nú kinkar kolli Einar Kristinn Guðfinnsson (**EKG:** Og staðfestir.) og staðfestir. Hvers vegna skyldi sá hinn langi ráðherra, hæstv. iðnrh. og viðskrh., eiga svo erfitt með að komast um í snjófölinni í borginni að hann treystir sér ekki niður á Alþingi núna til að ræða málið? Ég veit að það er sleipt úti og menn geta brotnað á ferðalögum. En það getur líka verið að ástæðan sé önnur. Það getur verið að hæstv. ráðherra þori ekki í ræðustólinn.

Hvers vegna skyldi hæstv. umhvrh. allt í einu hafa orðið svo upptekinn að hann féll frá orðinu? Nú er hann málsnjall og hefur ekkert talið eftir sér að gera grein fyrir viðhorfum sínum og allir biðu spenntir vegna þess að hann var búinn að lýsa því yfir að það væri aðeins 1% sem vantaði upp á að það væri samstaða milli Sjálfstfl. og Alþfl. í sjávarútvegsmálum, 1%. Það hefði nú ekki þurft að taka nema 10 mínútur að gera grein fyrir því hvort það væri búið að ná samkomulagi um þetta 1%, hvort það væri 0,5% eftir eða kannski bara 0,1% sem væri eftir óleyst. Og svo gerast þau undur og stórmerki að hér talar hver þingmaður Sjálfstfl. eftir annan og kemur sér undan því að gera grein fyrir því hvort þeir munu styðja frv. eða ekki. Láta nánast að því liggja að fáist ekki breytingar á frv., þá muni þeir fella það. Svo einfalt er það mál. Nei, það loga eldar innan ríkisstjórnarinnar utan þessara sala svo heitir í kvöld að þar fer sú þjóðfélagsumræða fram sem skiptir máli. Og íslenska þjóðin verður að gera sér grein fyrir því að núverandi ríkisstjórn er að falla og það er ekki eftir neinu að bíða að fylgja fallinu eftir. Þeir sem ekki þora að mæta hér í kvöld og ræða þessi mál en gala hæst þegar þeir eru komnir í eigin kjördæmi eru ekki trúverðugir í afstöðu.

Hér hefur verið rætt um fiskveiðistefnu eins og himinn og jörð munu farast ef einhverju sé breytt. Hér hefur verið rætt um fiskveiðistefnu á þann hátt að það hafi nánast verið náttúrulögmál að standa að málum eins og gert var. Ég vil undirstrika að það var ekki auðvelt að taka ákvarðanir um það hvernig ætti að draga úr sókn á Íslandsmið á ákveðnum tíma. Og sannleikurinn var sá að menn gáfu eftir á þeirri forsendu að það væri ofveiði á þorskstofninum og það bæri að byggja stofninn upp. Þetta er söguleg staðreynd. Það er hægt að fara yfir þetta. Nú spyr ég: Er búið að byggja þorskstofninn upp? Er búið að byggja hann upp? Svarið er nei. Hafrannsóknastofnun segir að þorskstofninn sé að hruni kominn, hvorki meira né minna. Þeir eru reyndar svo öruggir með magnið í sjónum að mér er það óskiljanlegt. Því vil ég sérstaklega koma á framfæri hvers vegna lánastofnanir á Íslandi fengu ekki Hafrannsóknastofnun til að meta það hversu mikill lax var í kerunum út um allt, á þurru landi, þannig að þeir væru ekki í neinum vandræðum með að segja fyrir hvernig ætti að standa að veðsetningu á fiskinum í kerunum. Mennirnir sem vita nákvæmlega hve mikill þorskur er í sjónum. Hvernig getur verið að þeir geti ekki leyst slík mál að ganga tryggilega frá því hversu mikill lax sé í kerunum svo að hægt sé að veðsetja þetta með eðlilegum hætti? En það er ekki á hreinu.

Við erum búnir að skrifa undir EES-samning. Efnahagsbandalag Evrópu hefur stjórnað fiskveiðum um langan tíma og hvaða aðferð hafa þeir notað til þess að vernda fiskimið Evrópu? Veit einhver hér inni hvaða aðferð þeir hafa notað? Þeir hafa notað kvótakerfi. Það er söguleg staðreynd. En þetta gekk ekki úti í Evrópu vegna þess að þeir svindluðu. Er það nú víst að enginn hafi svindlað á Íslandi? Er það nú víst? Var fylgst með því að aflinn væri vigtaður þar sem skipin komu með aflann að landi í upphafi kvótakerfisins? Ég held nú síður. Hér lýsir því yfir 5. þm. Vesturl., Guðjón Guðmundsson, að menn fleygi fiski í sjóinn eftir að þetta kerfi kom vegna þess að þeir vilji ekki koma með lélegan fisk að landi. Það er þó staðreynd að áður en kvótakerfið var komu netabátarnir stundum með lélegan fisk að landi en það gerist ekki eftir þetta. Er hugsanlegt að það sé satt að menn hafi fleygt þorski í sjóinn sem búið var að taka innbyrðis á þeirri forsendu að þeir vildu ekki koma með hann að landi. Höfum við gert eitthvað til að koma í veg fyrir þetta? (**Gripið fram í:** Já, sett kvótakerfið á.)

Hafrannsóknastofnun segir: Við verðum að vernda hrygningarstofninn. Hvað er gert við hrygningarstofninn þegar hann kemur að landi? Hann er veiddur. Er það rökrétt að veiða hrygningarstofninn jafngrimmt þegar hann kemur að landi ef hrygningarstofninn er allt of lítill? Það er nefnilega hárrétt sem kom fram í máli Jóhanns Ársælssonar að Vestfirðir og Vesturland voru þeir staðir þar sem menn voru farnir að verja hrygningarstofninn. Það var búið að banna veiðar inni á Breiðafirði með þorskanet. Til hvers? Til þess að tryggja það að þorskurinn sem var að koma að landi til að hrygna, fengi að hrygna. Nú segja menn: Þetta skiptir engu máli. En hvað segja Norðmenn? Hvað segja norskar rannsóknir um þetta? Norskar rannsóknir segja að 35% af þorskinum skili sér til þeirra svæða þar sem hann hrygndi. Hvorki meira né minna. Það skyldi þó ekki vera að vandamálið sums staðar á Íslandi væri það að það verður að stöðva veiðar á þorskinum á hrygningartímanum svo að hann fái að hrygna og nýliðunin eigi sér stað? Og hvað með drauganetin í sjónum? Hvað með drauganetin? Hvernig stendur á því að togararnir eru enn að fá þorskanet með trollinu upp, þorskanet með dauðum og lifandi þorski sem hafa stundum rekið langa leið frá þeim stað þar sem þau voru lögð? Höfum við tekið á þessu?

Ég minnist þess að þegar ég var ungur maður þá var talað um það að þorskanet yrðu að vera þannig útbúin að korkurinn væri festur við með sísal svo að hann

gæti fúnað og steinarnir ættu að vera festir við með sísal svo þeir gætu líka fúnað, svo bandið gæti fúnað og steinarnir losnað af svo netið félli saman og hætti að veiða. En í dag er flotteinninn komin inn í nælonþráðinn ofan á netunum og blýteinninn er kominn inn að neðan. Þetta eru veiðarfæri sem rétta sig aftur og aftur. Á Breiðafirði fóru löggæslumenn í það að taka upp grásleppunetin frá árinu áður, glás af slíkum netum. Þau voru með lifandi grásleppu í. Er tilfellið að við göngum um þetta líffríki án þess að gá að því hvað við erum að gera? Er hugsanlegt að við höfum verið að veiða miklu meira af þorski við strendur þessa lands á undanförnum árum en við höfum gefið upp? Er hugsanlegt að það sé ekki bara innan EB sem svindlið á sér stað, að það sé líka við strendur Íslands?

Eru einhverjar hugmyndir um það hér á landi að vistvænar veiðar eigi að hafa forgang? Þegar við tölum um vistvænar veiðar þá tölum við löngum um *handfæraveiðar eða línuveiðar*. En við Alaska þar sem menn tala um vistvænar veiðar þá veiða þeir ekkert nema í gildrur. Það eru vistvænar veiðar. Ég verð að segja eins og er að það er alvarlegt áhyggjuefni svo að ekki sé meira sagt að við höfum umhvrh. sem má ekki sinna nema örlitlu broti af því svæði sem Íslendingar ráða yfir. Hans umdæmi nær að sjónum. En auðlindir Íslands sem við erum að nytja eru fyrst og fremst í hafinu. Það vita það allir að ef skip sekkur eða togari sekkur, t.d. á Vestfjarðamiðum, þá má búast við því að í kringum flakið sé fisksælla en annars staðar. Hvers vegna? Vegna þess að fiskurinn leitar sér skjóls. Hann leitar að bústað, hann leitar að hæli. Það breytir ekki því að sums staðar eru flákar sem fiskurinn kemur alltaf upp á og hefur sem umferðarsvæði vegna þess að hann er í ætisleit en hann notar aftur á móti flökin til þess að leita skjóls. Og það er söguleg staðreynd að það er búið að slétta stór svæði af hafsbotninum við strendur Íslands með þungum verkfærum sem togararnir nota.

Ég er hvorki á móti togveiðum né netaveiðum. En mig undrar það að Hafrannsóknastofnun skuli ekki reyna að komast niður á vísindalegt plan. Við þurfum ekki fleiri veðurfræðinga sem eru fróðari um veðrið í gær heldur en morgundagsveðrið. Við þurfum þá sem vilja fara að rannsaka þessi mál á þann hátt að það sé trúverðugt sem þeir eru að boða.

Þegar fiskifræðingur mætir hjá umhvrh. og ræðir um rjúpuna þá lýsir hann því yfir að það skipti engu máli hve mikið sé skotið af rjúpu. Þeir sömu tala um að það sé hægt að ofveiða, að manni skilst nánast með handfærum eða línu, þorskinn.

Ég er sannfærður um það að við Íslendingar höfum til þessa alls ekki komist nema á byrjunarreit í nýtingu þeirra auðlinda sem eru í hafinu hér í kringum okkur. En það gengur ekki að reikna þetta allt út frá hverjum fiskstofni fyrir sig. Það er sagt við okkur: Svona mikið er veitt af ókynþroska þorski. Það er eins og það eigi að vera skilyrði að það megi ekki éta þorsk nema hann sé kynþroska. Hvernig skyldi vera með kjúklingaframleiðsluna? Ætli það sé skylda þar að kjúklingarnir séu allir kynþroska áður en þeir séu étnir? Hvernig skyldi vera með dilkakjötsframleiðsluna? Ætli það sé skylda þar að þeir séu allir orðnir kynþroska? Eða laxinn? Er það skylda í kerunum að laxinn sé orðinn kynþroska áður en hann er veiddur? Það er nú öðru nær. Það veit nefnilega hver einasti maður sem hefur eitthvað kynnt sér líffeðlisfræði að þeim mun eldri sem skepnan verður, þeim mun meira æti þarf hún hlutfallslega til að bæta við sig nýju og nýju kílói. Það er ódýrast að fóðra hana upp að kynþroska aldrinu. Þess vegna á að veiða mikið af þorskinum á þeim aldri. Það er ekkert vafaatriði. Það er einfaldlega of dýrt að ala hann í hafinu upp í það að hann verði stór golþorskur. Það kostar allt of mikið fóður á hvert kíló af fiski, allt of mikið fóður. Eru menn kannski að leggja það til að við tökum upp sauðaeldi aftur á Íslandi og drepum lömbin 5–6 vetra og þorskinn allan þegar hann verður orðinn 10 ára. Ætli hann væri þá ekki búinn að éta mikið af rækjunni í hafinu? Ætli hann væri ekki búinn að höggva það mikið í loðnuna að það yrði heldur minna eftir til þess að frysta?

Að mínu viti er það alfarið ósannað mál í sumum tilfellum að það sé hægt að halda því fram af einhverju öryggi að það sé æskilegt markmið að við eigum að veiða 500 þúsund tonn af þorski á ári og hafa hrygningarstofninn af þeirri stærð? Vita menn hvað sá þorskstofn mundi éta af líffríkinu, af öðrum fiskum sem við erum að veiða? Hafrannsóknastofnun er ekki hugsað að vera ríkisstjórn í þessu landi. Henni er ætlað að vera vísindastofnun sem vinnur á þeim grunni. Og það hlýtur á hverjum tíma að verða að taka tillit til margra þátta þegar ákvörðun er tekin um það hversu mikið við ætlum að taka úr hafinu á hverjum tíma.

Mig minnir að í dýrafræðinni gömlu hafi verið sagt að það væru 10 milljónir sem kæmu af seiðum frá einum þorski ef klakið heppnaðist. Það er fróðlegt að það er fyrst núna sem Hafrannsóknastofnun ætlar að fara að rannsaka það hvort það séu jafnmiklar líkur á því að *gamall þorskur skili góðum árangri í klaki og ungur* þorskur. Hvað hafa þeir verið að gera? Bjarni Sæmundsson talaði um það að þorskurinn yrði einhvers staðar úti í djúpinu og kæmi svo upp á grunnið og héldi til hrygningarstöðvanna. Það er kannski eins gott að við vitum það ekki enn þá hvar í djúpinu hann heldur sig.

Ég er sannfærður um að það kerfi sem við höfum tekið upp með frjálsu framsali veiðiheimilda mun kalla á meiri ófrið en æskilegur er í þessu landi. Hvernig við eigum að takmarka framsal veiðiheimildanna er annað mál. En það er nú einu sinni svo að einhver glæfralegasti leikur sem tröllin á Íslandi stunduðu til forna var að henda fjöregginu á milli sín því ef einhver komst að og gat skotið þetta fjöregg niður þá var líf þeirra búið. Og ef byggðarlög geta búið við þá óvissu að kvótinn sópist þaðan allur burtu vegna einnar fjármálaaðgerðar þeirra sem skipin eiga þá er öll fjárfesting verkamannsins og sjómannsins í íbúðarhúsnæði á *staðnum fallin í verði. Þessi aðili hefur vissulega ekki* fjárfest í skipum en hann fjárfestir líka í eignum. Hann á líka rétt í þessu landi. Hagsmunaaðilarnir sem upp eru taldir þegar menn snúa sér að því að tala um sjáv-

arútveg hafa löngum verið skilgreindir útgerðarmenn og sjómenn og fiskvinnsla þegar vel liggur á mönnum. Hagsmunaaðilarnir eru í sjálfu sér miklu fleiri. Hagsmunaaðilarnir eru allir Íslendingar ef grannt er skoðað. Í það minnsta er hægt að fullyrða það að hver og einn einasti sem byggt hefur sér íbúðarhús í sjávarþorpi eða litlum bæ við ströndina, sem fyrst og fremst lifir á fiskveiðum, hann er hagsmunaaðili í þessum leikreglum. Hann getur ekki unað því að þessu fjöreggi sé fleygt jafnvillt á milli og fulltrúi Verslunarráðsins telur æskilegt. Og það verkfall sem stöðvað var með lögum, deilan var ekki leyst. Verkfallinu var aðeins frestað. Deilan verður ekki leyst meðan þannig er staðið að málum að sjómenn eru látnir taka þátt í kvótakaupum. Það er staðreyndin sem blasir við.

Hér hefur það gerst, ef einhver leggur til að það eigi að veiða meira en ákveðið er, þá standa menn upp og tala um ábyrgðarleysi, ábyrgðarleysi og ábyrgðarleysi. Hér hefur það gerst að ef einhver telur að annað stjórnarkerfi henti betur á stjórn fiskveiða, þá hafa menn sagt: Það á að koma í veg fyrir það að Útgerðarfélag Akureyrar eða útgerðin á Neskapstað fái að lifa. Báðar þessar útgerðir urðu til fyrir daga kvótakerfisins. Þær lifðu þá. Hvorug varð til á því tímabili. Hins vegar spurði þingmaður Norðurl. e. spurningar um verðið á kvóta sem ákveðið fyrirtæki norður í landi fékk og fékk ókeypis og var tekið af kvóta Vestfirðinga vegna þess að í meðaltalskerfinu sem upp var tekið, þá voru þeir látnir leggja svæðinu til kvóta með Norðurlandi og Austfjörðum. Og það er líka rétt að arðurinn af því að friða Breiðafjörð féll aldrei í skaut Snæfellsnesinga eða Vestur-Barðstrendinga. Hann var hirtur annað. Engu að síður er mér ljóst að Alþingi Íslendinga verður aldrei á eitt sátt um það hvernig eigi að standa að stjórn fiskveiða og ég er sannfærður um það að við eigum eftir að feta okkur áfram langa þrautagöngu áður en við náum þeim framförum sem við þurfum að ná. En ég er sannfærður um það að við verðum að ná vitrænni niðurstöðu. En án stuðnings sjómanna þessa lands mun ekkert kerfi í fiskveiðum halda velli. Því verða menn að gera sér grein fyrir. Því verður hæstv. sjútvrh. að gera sér grein fyrir. Það dugar ekki að fulltrúi Verslunarráðsins á hærri launum en hann hefur sem þingmaður og þar með væri hann rekinn úr vestur-þýska þinginu ef hann starfaði þar, hann komi hér sem fulltrúi fyrir allt önnur öfl en þau sem raunverulega vinna við þessa atvinnugrein. Það gengur ekki. Það gengur ekki að draga upp fyrrv. forustumann í gjaldþrotarekstri í Reykjavík þó að hann sé orðinn aðstoðarmaður hæstv. utanrrh. og segja að þessi maður sé fær um að skipuleggja sjávarútvegsveiðar á Íslandi. Það er ekki lausnin. Það hefur verið mikið mannval á skipum Vestfirðinga í gegnum aldirnar, en það hefur enginn verið svo vitlaus að ætla að hafa tvo skipstjóra á sömu skútunni. Þar hefur einn kapteinn verið hafður og tvíhöfði var stjórnlaust fyrirbrigði vegna þess að menn þorðu ekki að hafa einn kaftein. Þeir þurftu að vera tveir.

Ég held, herra forseti, að þó að e.t.v. einhver telji að það frv. sem hér er lagt fram eigi eftir að verða að lögum þá sýnist mér að umræðan um þetta mál geti aldrei orðið það heit að sá eldur nái til að brenna upp það stjórnarsamstarf sem nú er í landinu. Sá eldur er þegar farinn að hafa áhrif sem brennir það í rúst. (**Gripið fram í:** Farið hefur fé betra.) Farið hefur fé betra. Það er rétt. Og alveg ástæðulaust að fella tár þó að núverandi ríkisstjórn fari frá. En það er ekki víst að það sé skynsamlegt að halda áfram fundi í Alþingi langt fram á nótt um frv. sem stjórnarsinnar hafa eytt jafnlöngum tíma í að ráðast á. Það er nefnilega nokkuð til í því sem er hér aftan á Dagblaðinu að þau vinnubrögð að færa deilur milli ríkisstjórnarflokka inn í þingsalinn eins og gert hefur verið hér í kvöld er ekki aðferðin til að halda ríkisstjórn saman og þess vegna játa ég að það liggur nokkuð vel á mér þessa stundina vitandi hvað er að gerast utan þingsalanna.

[00:16]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þessi umræða hér í kvöld hefur nú tekið á sig ýmsar og stundum stundum býsna sérkennilegar myndir. Hér var hv. þm. Tómas Ingi Olrich í ræðustól ekki alls fyrir löngu og vék eins og stundum áður að Framsfl. nokkrum orðum. (Gripið fram í.) Já, virðist nú vera farinn en þó hef ég trú á því að hann fylgist með hér. Hann vék að þeim 20 árum sem Framsfl. hafði verið í ríkisstjórn, vaðið í þoku og fjárfest í tómri vitleysu eins og hv. þm. orðaði það. Aðeins væri nú gaman að eiga orðastað við þennan hv. þm. og ég trúi því að hann sé hér einhvers staðar og gæti komið í salinn og gaman væri að heyra álit hans á því hvort það sé rétt að sú fjárfesting að byggja framhaldsskóla í öllum kjördæmum landsins eins og þær ríkisstjórnir gerðu sem Framsfl. var þátttakandi í á þessu tímabili sem hann gat um, að byggja heilsugæslustöðvar og sjúkrahús einnig í öllum kjördæmum landsins, að endurbyggja gersamlega samgöngukerfið í landinu, fjarskipti og fjölmiðlun. Og þegar viðreisnarstjórnin fór frá völdum og þessi stjórn sem hv. þm. var að tala um, viðreisnarstjórn sem mynduð var af þeim sömu flokkum og nú eru við völd, stóð fyrir mesta atvinnuleysi sem nokkurn tíma hefur verið á Íslandi og sömu flokkar nú eru að keppast við og þá sátu við völd að slá það met, atvinnuleysið á Íslandi. Þannig var viðskilnaðurinn. Ríkisstjórn Framsfl. og stjórnarþátttaka Framsfl. á þeim áratug sem kenndur hefur verið Framsfl. bar það líka í skauti að byggja upp fiskvinnslufyrirtækin vítt og breitt um landið, endurbyggja algerlega togaraflotann sem var gersamlega kominn í rúst þegar viðreisnarstjórnin fór frá. Er það virkilega sanngjarnt að segja það að þeim peningum sem í þetta var varið hafi verið kastað á glæ?

Og enn væri hægt að spyrja þennan hv. þm. sem talaði um óráðsíu þessara ríkisstjórna og þessa stjórnartímabils að það hefði auðvitað aldrei í stjórnartíð viðreisnarinnar verið minnst á að ástæða væri til þess að hreyfa við þeim grundvallarreglum að auka rétt okkar til hafsins, að færa út fiskveiðilögsögu okkar. En þegar þessir flokkar fóru frá völdum um 1970 var fiskveiðilögsaga okkar rétt rúmlega 5 þúsund km^2 en á valdatíma og áhrifatímum Framsfl. var fiskveiðilögsagan færð út — í hvað? Í hvorki meira né minna en

758 þús. km² úr rúmum 5 þúsund km². Var þetta ómögulegt stjórnartímabil? Var þetta virkilega ómögulegt stjórnartímabil? Auðvitað ekki. Þarna var grundvöllurinn lagður að því velferðarþjóðfélagi sem hér var byggt upp á þessum árum. En núverandi ríkisstjórn, samstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. sem kenndi sig við viðreisn þar áður hefur nú komist til valda að nýju og hefur lagt sig í framkróka við að brjóta niður það velferðarkerfi sem var byggt upp. Hún hefur boðað okkur það að hér þurfum við og megum ganga að því sem vísu að búa við atvinnuleysi. Það sé óeðlilegt að það sé eitthvað minna atvinnuleysi á Íslandi heldur en í nágrannalöndum okkar. Þetta er boðskapurinn. Þessum boðskap höfnum við framsóknarmenn og teljum og getum bent á að við eigum marga valkosti til þess að komast frá slíku.

Þeir hafa rætt um það hér einnig í umræðunni hv. þingmenn Vesturlands og orðið tíðrætt um það að fiskur hafi verið fluttur frá Vesturlandi og norður í land. Þeir hafa hins vegar ekki rætt um það að fiskvinnslufyrirtæki á Norðurlandi og Vesturlandi í kjördæmi þessara ágætu þingmanna hafa náð samstöðu um það að efla fiskvinnslu á Vesturlandi, draga þangað stóraukinn aflarétt til þess að treysta atvinnu og atvinnuöryggi fólksins í þeirra eigin kjördæmi. Auðvitað viðurkenni ég að þar hefur ráðið það sjónarmið að báðir hefðu ávinning af og ég vona að að svo sé og svo verði. En það vill svo verða að menn gleyma oft þessum þættinum og ég hefði gaman af að spyrja hv. þm. Vesturl. að því sem um þetta hafa verið að tala, var þetta óskynsamleg leið? Var þetta og er þetta óskynsamleg leið? Í mínum huga er hún ekki óskynsamleg. (**Gripið fram í:** Fyrir fyrirtækin.) Fyrir fyrirtækin og fólkið í kjördæminu. Fólkið á þessum stöðum. Ég held að við megum þakka fyrir það ef atvinnufyrirtækin geta náð saman á þennan hátt og stutt hvert annað í þessari uppbyggingu.

Hér höfum við verið að ræða í allan dag og núna komið fram yfir miðnætti um stjórn fiskveiða. Sú endurskoðun átti að fara fram eins og hér hefur verið getið um held ég af einum eða tveim ræðumönnum áður og átti að byggjast á samstarfi og samvinnu sjútvn. þingsins og hagsmunaaðila. Aldrei komu þessir menn sem tóku að sér þetta verkefni á fund sjútvn. Þeir komu held ég tvisvar sinnum að ósk nefndarinnar og sögðu ekki neitt, sögðu akkúrat ekki neitt. Það var allt samráðið.

Svo heyrum við hér í dag hvert samráðið virðist vera innan ríkisstjórnarflokkanna um þetta mál, ekki bara milli flokkanna, Alþfl. og Sjálfstfl., heldur innan flokkanna sjálfra. Auðvitað hefur það verið og er eitt af meginefnum fiskveiðistjórnunarinnar að ná fram hagræðingu og sífellt dynja þær óskir og kröfur raunverulega frá stjórnvöldum á sjávarútvegsfyrirtækin í dag að þau skili aukinni hagræðingu og aukinni arðsemi. Fyrirtækin hafa reynt að bregðast við og ég fullyrði það að engin atvinnustarfsemi á Íslandi hefur náð lengra en sjávarútvegurinn í þessum efnum.

Það vildi svo til að árið 1978 kom ég inn á Alþingi sem varaþingmaður um stund og flutti þá eitt þingmál. Ég rakst á það í dag í fórum mínum og er það orðið býsna gulnað blað en það var um aukna nýtingu í fiskvinnslu. Með mér var flm. að þessu máli Vilhjálmur Hjálmarsson. Ég var að færa rök að því hvað gæti verið skynsamlegt að leggja fjármagn í og reyna að stuðla að aukinni nýtingu sjávarfangs og taldi mig geta gert það og bent á að við ættum þar mikið óunnið verk. Þá var nýtingin í þessari grein vinnslunnar um 36%. (**GunnS:** Á Sauðárkróki?) Á landsmeðaltali 1976. (**GunnS:** Það er ekkert að marka meðaltal.) Á Austfjörðum var þessi nýting, þá hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, um 38%, aðeins yfir meðaltalið. En í dag er þessi nýting komin í hvorki meira né minna en í 45%. Það hefur sem sagt tekist að auka aflaverðmætin um hvorki meira né minna en 25% og menn geta ...(**GunnS:** Ekki er það kvótakerfinu að þakka.) M.a., hv. þm., þeirri hagræðingu sem náðst hefur. Og menn geta síðan reiknað það út og gælt við það hvað þetta er í milljörðum króna. Það er nefnilega málið að þessi grein hefur náð undraverðum árangri miðað við það ástand sem ríkir í dag með hefta sókn til hafsins og það er nokkuð merkilegt hvað ríkisvaldið sjálft hefur raunverulega gert stífar kröfur á sjávarútveginn að hagræða og auka arðsemi miðað við það hvað greinin sjálf hefur lítið fengið að vita um það hjá stjórnvöldum hver starfsskilyrði greinarinnar eigi að vera til einhverrar framtíðar. Og nú er svo komið og það fyrir nokkuð löngu að menn segja: Hingað og ekki lengra. Nú verða menn að fá að vita, hver eiga starfsskilyrði þessarar greinar að vera? Og ég hef áhyggjur af því ef menn ætla ekki að geta afgreitt það frv. sem hér liggur fyrir, a.m.k. afgreitt eitthvert frv. um stjórn fiskveiða þannig að menn geti haft einhverja vitneskju frekar um það við hvað þeir eigi að búa.

Menn hafa auðvitað alla tíð haft misjafnan skilning á því hvað þessi atvinnugrein getur gefið. Og einn af þeim mönnum, sem virðist nú vera einn af bestu vitum þessarar ríkisstjórnar og heitir Þorvaldur Gylfason, skrifar mikið í blöð og lætur mikið að sér kveða, hann flutti erindi árið 1988 og af því að þingmaður Alþfl. er hér á vappi í þingsalnum, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, þá leyfist mér aðeins að lesa það hvað hann segir hér í fáum orðum, dr. Þorvaldur Gylfason, en hann segir hér:

„Ég er viss um að hlutur sjávarútvegs í öflun gjaldeyristekna okkar verður kominn niður fyrir helming eftir fáein ár og eftir aldamótin jafnvel niður í þriðjung." (**GunnS:** Hvenær sagði hann þetta?) Hann sagði þetta árið 1988.

Þetta eru þeir menn sem stjórna gerðum þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Þetta var lífssýn þessara manna til þessarar atvinnugreinar. Ja, við þurfum ekki að vera hissa á því þó okkur miði skammt þegar spádómarnir rætast ekki betur en hér.

Ég undirstrika það að okkur er nauðsynlegt að afgreiða hér frv. sem kveður á um stjórn fiskveiða vegna þess að þjóðin þarf og þeir sem í þessu starfa verða að fá að vita hvert starfsumhverfið á að vera.

Það er auðvitað margt sem mætti minnast á í þessu frv. en ég ætla ekki að fara að tíunda það mjög nauið

hér vegna þess að ég hef aðstöðu til þess í sjútvn. að gera það og þar munum við gera kröfur til þess að aðilar verði kallaðir fyrir nefndina og við getum spurt þá spjörunum úr. En það hefur vakið athygli mína hér í dag vegna þess að það hefur margoft komið upp sem haldið hefur verið fram af hv. stjórnarliðum hversu ósanngjarnt og vitlaust það kerfi sé sem menn kalla tonn á móti tonni. Það hafa þeir kallað kvótasukk og ég man ekki hvað og hvað. En svo þegar grannt er lesið þá er það þetta sem kveðið er á um í frv. ríkisstjórnarinnar að skuli tekið upp, það kerfi að færa aflaheimildir á fiskvinnslustöðvar sem auðvitað munu síðan þurfa að semja við aðila að fá að fiska fyrir sig og þá trúlega tonn á móti tonni.

Það hefur einnig verið fróðlegt að fylgjast með því sem menn hafa rætt í sambandi við smábátana. Við höfum gjarnan eytt löngum tíma í að ræða það í þingnefndum og þingsölum þegar þessi mál hafa verið á dagskrá um stjórn fiskveiða. Menn hafa dregið það fram hversu þetta sé þýðingarmikill þáttur í atvinnulífinu, ekki dreg ég það í efa. Einnig að þetta muni skapa mjög mikla atvinnu, það sé í lagi að gefa þessar veiðar frjálsar, nánast algjörlega, því takmörkunin muni fyrst og fremst byggjast á veðurfarinu, það muni algjörlega stjórna sókninni. En þá vildi ég spyrja þessa menn sem slíku halda fram: Hvað þá með fólkið í landi? Hvað með fiskverkafólkið? Hvernig hugsa menn til þess? Eru menn virkilega á því að fara að kalla það kerfi yfir okkur aftur sem við lifðum sem unnum í fiski að við máttum búast við því að á morgun væri sagt: Það er enginn fiskur í næstu viku og ekkert að gera, menn verða bara heima?

Menn þurfa nefnilega að átta sig á því að það er orðið breytt umhverfi og fiskvinnsluna í dag má ekki kalla lengur fiskvinnslu, þetta er orðin verksmiðjuvinna í dag og fólk gerir kröfur til þess eins og í annarri atvinnustarfsemi að hafa eitthvert atvinnuöryggi. Það vitum við að verður ekki skapað með útgerð smábáta. Hér þarf að finna vissa sátt og málamiðlun og ég held að menn hafi verið búnir að finna þar þokkalega leið.

Ég vil einnig taka undir það með hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni og Tómasi Inga Olrich að ég er hlynntur framsali á aflaheimildum og ég tel raunverulega að það sé nauðsynlegt að hafa slíkt til að ná þeirri hagkvæmni sem okkur er svo nauðsynlegt að ná fram í þessari grein.

Það væri einnig fróðlegt að draga fram tölur sem sýna okkur það hvernig þróunin hefur verið með útflutning á ferskum fiski. Það er öllum ljóst að núverandi stjórnun fiskveiða hefur gripið þar mjög á og dregið mjög úr svo nemur tugum prósenta útflutningi á ferskum fiski og þannig að nú njótum við landsmenn sjálfir í ríkari mæli en áður margfeldisáhrifa vinnslunnar í landi og það tókst með stjórnun fiskveiða.

Ég vil líka segja það, vegna þess að það hefur komið hér fram, að ég vil ræða það í nefndinni og reyna að leita leiða til þess að kveðið verði skýrt á um það sem menn hafa viljað kalla meinta þátttöku sjómanna í kaupum á fiskveiðiheimildum. Ég er tilbúinn að leita leiða til þess að koma í veg fyrir slíkt, leiða sem tryggi það að sjómenn verði ekki látnir taka þátt í kaupum á veiðiheimildum. Ég tel reyndar að það sé ekki flókið mál að reyna að finna lausn á því. Ég vil leggja mig fram um það mál.

Ég vil einnig benda á atriði sem mér finnst nauðsynlegt að víkja að líka, það er þar sem vikið er að því í núgildandi lögum þar sem segir að sé minna en 25% af aflamarki skipa ekki nýtt með veiðum skipsins sjálfs tvö fiskveiðiár í röð falli aflahlutur þess niður. Menn hafa haldið því fram að menn væru að flytja aflarétt á skip sem ekki væru gerð út í lengri tíma. Það finnst mér óeðlilegt að sé gert og ég vil tryggja að það sé ekki gert. Við ættum hæglega að geta fundið þar einnig leið ef vilji væri til þess.

Virðulegi forseti. Ég geri mér grein fyrir því að við erum búin að eiga hér langan dag og er sjálfsagt orðið mál að þessari umræðu linni. Ég vil þó segja það að ég er tilbúinn að leggja mig fram í þessu máli og ná fram þeim meginmarkmiðum sem ég vil að fiskveiðistjórnun byggi á og ég vil leggja mig fram um það í nefndarstarfinu. Ég tel að það sé fyrst og fremst að við getum lifað sem næst á ávöxtun þess afla sem hafið gefur okkur án þess að ganga um of á stofninn sjálfan.

Ég vil einnig reyna að tryggja það að auka nýtingu þess afla sem á land berst sem allra mest og ég tel reyndar að þar þurfi að taka mjög til hendi þó að árangur hafi náðst. Ég vil einnig að það verði fjallað ítarlega um aukna hagkvæmni í veiðum og vinnslu og að tryggja sem best hagsmuni þeirra sem í þessari grein starfa. Mér finnst það nefnilega gleymast oft að þessi stjórnun veiða og vinnslu er ekki bara sáttargjörð, ef það má kalla það svo, á milli sjómanna og útvegsmanna, hún er ekki síður sáttargjörð á milli þeirra sem í fiskvinnslunni starfa.

En menn hafa gjarnan viljað kenna hér um aflamarks- eða fiskveiðistjórnuninni og kvótalögunum, kenna kvótastefnunni um hvernig komið er í þessari atvinnugrein. Mér finnst það því miður mikil einföldun í þessari umræðu. Það er svo ótal margt annað sem hér kemur til greina. Menn hafa viljað kenna kvótann sérstaklega við Framsfl. Ef ég man rétt þá held ég að það hafi verið þingmaður Alþfl. og þáv. ráðherra, Kjartan Jóhannsson, sem kom með þetta kerfi. En það skiptir ekki meginmáli. Ég held nefnilega að það sem mestum áhyggjum veldur og er það a.m.k. í mínum huga sé afkoman í þessari atvinnugrein. Ég held að þar sem byggðin er að bresta sé það ekki fyrst og fremst og aðallega vegna þess hvernig komið er í þeim kvótamálum. Ég held að grunnurinn sjálfur hafi brostið. Það er rekstrarafkoma fyrirtækjanna. Hana hefur því miður skort allt of, allt of lengi. Þeir stórkostlegu fjármagnsflutningar, þeir milljarðar sem fluttir eru núna í gegnum taprekstur frá fyrirtækjunum, frá hinum ýmsu framleiðslubyggðarlögum, er gjörsamlega ólíðandi og það verður að koma einhverjum vörnum við. En því miður tekst mönnum að rugla þessa umræðu svo að menn taka ekki á þessu kjarnaatriði. Menn tala meira

að segja um auðlindaskatt á sama tíma. Við eigum eftir að gera það síðar þegar verður rætt um Þróunarsjóðinn. Menn virðast geta sameinast um það að leggja aukna skatta á þessa grein. Mér er spurn: Hvernig ætla menn að leggja aukna skatta á þessa atvinnugrein sem í mörg ár hefur verið rekin með þvílíkum halla? Geta menn ekki beðið með það að setja nýjar álögur á þessa atvinnugrein þangað til henni hafa verið sköpuð sæmileg starfsskilyrði? Þannig að hún geti borgað skatta og skyldur eins og önnur atvinnustarfsemi í landinu? Af hverju þarf að meðhöndla sjávarútveginn á einhvern annan og sérstakari hátt heldur en aðra atvinnustarfsemi? Það skil ég ekki.

En því miður er það rekstrargrundvöllinn fyrst og fremst sem skortir í þessari grein. Ef hann væri í lagi þá mundu þeir staðir sem næst miðunum liggja njóta þeirrar auðlindar sem við strendurnar liggur. En því miður, eins og ég sagði í kvöld, virðist núverandi ríkisstjórn vera búin að finna upp nokkurs konar eilífðarhjól á gjaldþrotabrautinni í þessum fyrirtækjum og ég hef þungar áhyggjur af því. Nú er það svo að bankar eru að gerast hluthafar í þessum fyrirtækjum, bankar og sjóðir. Þjónustufyrirtækin eru að kaupa upp grundvallarfyrirtækin í sjávarútveginum. Þau eru að eignast þau. Þannig hefur þetta snúist. Bankarnir kaupa þessi fyrirtæki eða bjarga þeim, núllstilla þau sem kallað er, setja þau á núllið. Þar með hafa þeir gjörbreytt rekstrarafkomu þeirra og bætt samkeppnisstöðu þeirra langt umfram þau fyrirtæki sem venjulega eða til þessa hafa að nokkrum hluta geta staðið sig og greitt af lánum sínum til viðkomandi banka, jafnvel sama banka. Og þessi fyrirtæki sem bankarnir eru nú að eignast eru komin í bullandi samkeppni við þessi fyrirtæki. Sem sé, menn eru búnir að finna upp þetta ferli að menn eru farnir að kalla á þessi fyrirtæki aftur niður og gera þau gjaldþrota. Þetta er ferlið sem ríkisstjórnin er búin að búa til. Gæfuleg leið. En þessa umræðu eigum við örugglega eftir að taka næstu daga þegar við ræðum Þróunarsjóðinn og auknar álögur á greinina.

Það var auðvitað nauðsynlegt að ræða hér í kvöld eða í nótt um það stefnuleysi sem ég vil segja að því miður hefur ríkt allt of lengi innan þessarar greinar. Ég man ekki hvaða stjórnarsinni það var sem talaði í dag og hafði orð á því hversu mikil fjárfesting hefði orðið í nýjum skipum og vildi kenna kvótakerfinu um. Það væri fróðlegt ef þessi hv. þm. kæmi hér upp og segði okkur hvað væri búið að fjárfesta marga milljarða kr. í nýjum fiskiskipum á þessum tæplega þremur árum frá því að þessi ríkisstjórn kom til valda. Hvers konar skip hafa hér verið byggð? Nánast öll eru þessi skip eða að langsamlega stærstum hluta er hér um að ræða fiskiskip sem eru svokallaðir frystitogarar. Hafa menn tekið þá umræðu í gegn? Eru menn klárir á því að við höfum verið að fara þar inn á þá braut sem við viljum sjá? Teljum við að þar liggi þeir möguleikar sem við eigum til þess að komast sem lengst í fullvinnslu afurða? Ég held að þá umræðu hafi skort. Ég held að sú umræða hefði átt að fara fram áður en í þessa fjárfestingu var ráðist. Við hljótum að kalla eftir þessari umræðu og eftir stefnu í þessum málum. Það er nokkuð merkilegt hversu einfalt það virðist vera fyrir útgerðarmanninn í dag að fara og sækja um heimildir og fyrirgreiðslu til þess að kaupa frystitogara í dag sem kostar líklega um 1,5 milljarða kr. En ef sami aðili fer til sömu stofnunar og biður um fyrirgreiðslu til þess að taka upp endurskipulagningu í fyrirtækinu sínu í landi til þess að fullvinna afurðir og komast sem næst neytandandum, hver ætli viðbrögðin séu? Ætli þau séu heldur ekki önnur? Þar koma menn nánast að læstum dyrum. Vantar ekki hér stefnu líka? Það held ég.

Ég held sem sé að okkur vanti stefnu, heildstæða atvinnustefnu í landinu enda er þannig komið fyrir okkur í atvinnumálum, þessi umræða fer ekki fram, við erum að tala um allt annað.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki þreyta þá lengur sem hér sitja, okkur gefst tækifæri og mér sem nefndarmanni í sjútvn. til þess að fara yfir þetta frv. ítarlega. Eftir að hafa hlustað á þessa umræðu í allan dag og í kvöld þá er mér það ljósara en áður að þessi umræða verður trúlega löng og ströng. En það væri hins vegar þarft verk að við mundum þreyja ekki bara þorrann heldur góuna líka og reyndum að koma hér saman einhverju vitrænu frv. um stjórn fiskveiða.

[00:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef ég hef heyrt rétt þá spurði hv. 4. þm. Norðurl. v. um það hvort það hefði verið óskynsamlegt að koma á samstarfi milli Fiskiðju Sauðárkróks og Hraðfrystihúss Grundarfjarðar. (**StG:** Ég spurði ekki um það akkúrat, ég spurði um á milli fyrirtækja.) Á milli fyrirtækja já. Ég heyrði ekki nema síðari hlutann af þessari setningu þannig að ég setti samasem merki á milli. (**StG:** Þetta gæti passað.) Þetta gæti sem sagt passað. Ég tel að það sé síður en svo neitt athugavert við þessa gjörð sem hann nefndi eða þetta samstarf. Ég tel að það sé til fyrirmyndar ef menn finna leiðir til þess að styrkja hverjir aðra í rekstri fyrirtækja og hef ekkert út á það að setja.

En mig langar til þess að biðja hv. þm. að segja mér hvað hann átti við með orðum sínum um það að hann tæki undir með hv. 5. þm. Norðurl. e. og hv. 5. þm. Norðurl. v. í því sem þeir sögðu hér um frjálsa framsalið. Á að skilja það þannig að hv. þm. finnist að það sé ekkert athugavert við það hvernig þetta frjálsa framsal er notað í dag t.d. gagnvart skiptakjörum sjómanna og gagnvart því hvernig kvóti skiptir um eigendur? Ég tel að þar séu á ferðinni afskaplega alvarlegir hlutir og hef reynt að koma mínum skilningi til skila í ræðum í þinginu. Ég hef skilið hv. þm. þannig að hann telji að þessi viðskipti séu með óeðlilegum hætti og hann telji að það eigi að gera breytingar á þessum viðskiptaháttum, a.m.k. að lágmarkinu til þannig að sjómenn taki engan þátt í kvótakaupum, hvorki þegar verslað er tonn á móti tonni né með öðrum hætti þegar veiðiheimildir eru seldar í tengslum við fiskkaup.

[00:49]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að svara hv. þm. Það sem ég sagði um flutning eða samstarf fyrirtækjanna,

ég vék að þessu, hv. þm., fyrst og fremst vegna þess að mér fannst umræðan snúast fyrst og fremst og beinast býsna mikið að ákveðnum fyrirtækjum. Umræðan var fyrst og fremst um það hjá þingmönnum Vesturlands að það væri verið að flytja afla frá þessum fyrirtækjum norður í land og til ákveðinna fyrirtækja. Hins vegar var ég að draga þetta fram vegna þess að samstarf þessara fyrirtækja varð til þess að aflaréttur í þessu byggðarlagi var aukinn og það veit ég að hv. þm. veit.

Hvað varðar hina spurninguna um frjálsa framsalið og skiptakjör þá hefur hv. þm. ekki hlustað á það sem ég sagði. Ég tók það alveg skýrt fram, hv. þm., og hef gert það margsinnis úr þessum ræðustól, að ég vil finna leiðir til til þess að tryggja það að sjómenn verði ekki látnir taka þátt í kvótakaupum. Það hefur margsinnis komið fram og ég trúi ekki að það hafi farið fram hjá hv. þm. nema hann haldi að mér hafi snúist hugur en svo er ekki.

[00:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vill vera þannig að menn tala um ákveðin fyrirtæki þegar þeir eru að ræða um þessi viðskipti eða ákveðin viðskipti sem þeir hafa í huga þegar þeir eru að ræða um þessi mál þegar aflaréttur er seldur og notaður sem skiptimynt í viðskiptum þar sem verið er að kaupa og selja fisk. Þannig að það kann vel að vera að mönnum finnst að sínum fyrirtækjum vegið. Ég hef margtekið það fram að ég er ekki að áfellast þá sem reka þessi fyrirtæki fyrir það sem þeir eru að gera. Ég er fyrst og fremst að halda þessari umræðu uppi hér í þinginu vegna þess að ég tel að þingið eigi að breyta fyrirkomulaginu og á það á engan hátt að skiljast þannig að það sé eitthvað niðurlægjandi fyrir þá sem hafa unnið í þessu kerfi og reynt að halda sínum fyrirtækjum á floti. Það vil ég að komi alveg skýrt fram.

Það er annað sem mig langar til að koma að af því að ég hef hér enn smátíma eftir. Hv. þm. talaði um það eins og í gildi væri einhvers konar sáttargerð á milli sjómanna og útgerðarmanna og þessi sáttargerð væri líka á milli fólksins sem ynni í fiskinum. Ég tel að þessi sáttargerð sem hann hér nefndi í ræðu sinni áðan sé alls ekki fyrir hendi. Það er engin sátt um þetta fyrirkomulag eins og það núna er. Það þarf mjög sárlega á því að halda að finna einhverja sáttaleið í þessum málum, eitthvert fyrirkomulag sem bæði fiskvinnslufólkið, fólkið sem vinnur á skipunum og útgerðarmennirnir í landinu eru sáttir við, einhvers konar fyrirkomulag sem bindur enda á þessar endalausu deilur og togstreitu sem kvótakerfið hefur valdið í þessu landi. Það hlýtur þó hv. þm. að verða að viðurkenna að þessi togstreita er fyrir hendi.

[00:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég tel nú að þessi umræða hafi um margt verið athyglisverð og ekki síst núna síðasti hlutinn og satt best að segja dapurlegt að upplifa það hvað fáir eru hér eftir og nenna að leggja það á sig að ræða þetta stóra hagsmunamál. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hafði að vísu uppi þá skýringu að ríkisstjórnin væri að því komin að falla og það væru slíkir hlutir að gerast úti í bæ að menn mættu vart við bindast hér í umræðunni og má satt vera og tek ég undir með honum að ástæða er til að gleðjast yfir því. En ég vona a.m.k. að hæstv. sjútvrh. hafi ekki tekið þetta svo alvarlega að hann sé bara farinn heim og farinn að pakka saman enda sýndist mér ég sjá í hann hér í hliðarsölum.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson mun að öðrum ólöstuðum vera sá sem ég hef heyrt til hér í umræðunni sem varið hefur núverandi kerfi af mestum þrótti og það hefur hann reyndar orðið frægur fyrir að gera á fundum vítt og breitt um landið. Hann vill fyrst og fremst búa við eða sanna yfirburði aflamarkskerfis með frjálsu framsali. Það er satt best að segja nokkuð sérkennilegt að heyra þennan framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands, sem mun vera hjáverk hv. þm., mæla með því skömmtunarkerfi sem þetta er og maður veltir því fyrir sér hlutverkaskiptum í þessum efnum því að auðvitað verður því ekki á móti mælt að þetta aflamarkskerfi með öllum sínum takmörkunum er mikið skömmtunarkerfi og spurning hlýtur að leita á menn hvort ekki séu til aðrar almennari aðgerðir til þess að draga úr sókninni þannig að við hæfi teljist.

Ég hef t.d. velt því svolítið fyrir mér hvernig hv. þm. Vilhjálmur Egilsson mundi líta á það ef menn kæmust nú að þeirri niðurstöðu einhvern tíma á Íslandi að það væri nauðsynlegt að takmarka fjölda verslana og það yrði t.d. talið hæfilegt með vísan til einhverra viðmiðunarára að hér störfuðu þúsund verslunarígildi og síðan mættu þessi verslunarleyfi ganga kaupum og sölum og þau mættu færast milli byggðarlaga og það mætti sameina þau og stækka einingarnar o.s.frv. og hvert verslunarígildi væri t.d. bundið 100 fermetra gólfpláss eða eitthvað af því tagi. Það væri vísindalega útreiknað að þessi verslunarígildi mættu vera svona eitthvað um 1.000 til að fullnægja þörfum þessara 260 þúsund hræðna sem hér búa. Og þá yrði þetta væntanlega þannig í þessu skömmtunarkerfi að menn gætu keypt upp verslunarleyfi í einhverju byggðarlagi og flutt það annað og stækkað þar verslun. Þar með væri viðkomandi byggðarlagi allar bjargir bannaðar nema tækist að kaupa þangað aftur verslunarleyfi. Ég hugsa að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson yrði ekki mjög hrifinn af slíku ástandi og hann teldi ýmsa ágalla vera á slíku skömmtunarkerfi og er ég þá ekki að ræða sjálft grundvallaratriðið, þ.e. nauðsyn þess eða nauðsyn þess ekki að takmarka og fá með hverjum hætti sókn í fiskstofna en það er viðfangsefnið.

Ég vil láta það koma hér skýrt fram, hæstv. forseti, af því að mér finnst loksins að menn séu svolítið farnir að tæpa á umræðu um grundvallaratriði þessa máls. Ég er þeirrar skoðunar, það er enginn vafi í mínum huga, að ákjósanlegasta fyrirkomulagið, það besta væri að við gætum haft hér hæfilega stóran flota sem með almennum friðunaraðgerðum, reglum um notkun veiðarfæra, friðun tiltekinna veiðislóða o.s.frv. væri í þokkalegu samræmi við afrakstursgetu auðlindarinnar. Með öðrum orðum, í grófum dráttum það kerfi sem við kannski getum sagt eða bundið vonir við að við

höfum haft hér þegar sem best samræmi var á milli sóknargetu íslenska flotans og afrakstursgetu fiskstofnanna t.d. á árunum fljótlega eftir útfærslu landhelginnar í 50 og síðar 200 mílur. Það er enginn vafi í mínum huga að það er langbesta kerfið ef kerfi skyldi þá kalla. Ég tók eftir því að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði aftur og aftur um kvótakerfi með framsali sem hagkvæmasta kerfið og ég leyfi mér að setja það innan gæsalappa, hæstv. forseti, með þessum framburði, „kerfið", „hagkvæmasta kerfið". Hv. þm. er sem sagt alveg gikkfastur í því að skoða þetta út frá þeim forsendum að það verði að vera eitthvert kerfi.

Nú er bara staðan sú að kvótakerfið, aflamark með framsali er ekki eina fiskverndarkerfið á Íslandi í dag og hefur aldrei verið. Það er í gangi tvöfalt, þrefalt og jafnvel fjórfalt lagskipt friðunarkerfi því að menn hafa ekki treyst kvótanum einum heldur hafa menn líka haft hömlur á stærð flotans og með úreldingarkerfi tryggt það eða talið sig vera að reyna að tryggja að fiskiskipaflotinn mætti ekki stækka heldur skyldu jafnmörg tonn ganga út eins og bættust við. Hvers vegna eru menn að viðhalda þessu kerfi ef kvótinn væri jafnaltækt og gott stjórnunarkerfi og menn vilja stundum vera láta?

Í þriðja lagi er svo auðvitað að kerfi sem byggt hefur verið upp í gegnum árin og hefur verið viðhaldið nánast í öllum aðalatriðum þrátt fyrir tilkomu kvótans. Þetta er kerfið sem miðast við togveiðilínur, miðast við reglur um veiðarfæri, takmörkun á veiðarfærum, möskvastærð o.s.frv., skyndilokanir utan enda. Þarna er alveg heilt kerfi sem var sett upp til þess að friða og vernda, passa upp á ungfisk. Öllu þessu kerfi hefur verið haldið. Maður skyldi ætla að ef kvótinn væri jafnafgerandi verndunaraðgerð og menn láta stundum í veðri vaka þá þyrfti ekki að vera með þessi tvöföldu, þreföldu og fjórföldu kerfi í viðbót. Auk þess koma svo tilteknir banndagar og stopp sem auðvitað hafa sín áhrif, ekki síst þá í bátaflotanum þannig að mér finnst umræðan um þetta stundum alveg ótrúlega föst í viðjum þessa kerfishugsunarháttar þegar á það er nú að líta að við erum hérna ekki með einfalt stjórnunarkerfi, heldur tvöfalt, þrefalt eða fjórfalt.

Vegna ummæla sem féllu hjá hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmi Egilssyni, og hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómasi Inga Olrich, þá vil ég segja að það er grundvallarmunur á því í mínum huga að fyrirtækin nýti sér þá möguleika sem eru á hverjum tíma til hagnaðar frá rekstri og hinu að þau séu að einhverju leyti að spila á stjórnkerfið sem sett er um þann rekstur og hafa hagnað af því. Með öðrum orðum, það er grundvallarmunur á því að draga fisk úr sjó og vinna hann á fiskvinnslustöð og gera það með góðum árangri og hafa hagnað af eða t.d. hinu ef við tökum það tilbúna dæmi að hagnast á kvótabraski, að fara t.d. á markað með veiðiheimildir og kaupa aðrar í staðinn og selja þær svo og kaupa enn aðrar og græða einhvern skiptamun. Þá eru menn að hagnast á kerfinu. Í hinu tilvikinu eru menn einfaldlega að standa sig vel í þeim atvinnurekstri sem þeir stunda.

Það var athyglisvert að heyra hv. þm. Vilhjálm Egilsson taka hér dæmi af nokkrum fyrirtækjum sem væru vel rekin og gerðu góða hluti og heyra að þar var fyrst og fremst um að ræða fyrirtæki í félagslegri eigu, bæjarútgerðir eða fyrirtæki með félagslegum rekstrarformum, fyrirtæki eins og Útgerðarfélag Akureyringa og Síldarvinnsluna í Neskaupstað. Og það er vissulega hárrétt hjá hv. þm. að þessi fyrirtæki bæði tvö og fleiri hafa verið að gera góða hluti. Þau eru ósköp einfaldlega að reyna að bjarga sér eftir því sem þau best geta á grundvelli þess kerfis sem er við lýði og lögfest hefur verið. Hver láir þeim það? Ekki nokkur maður. Og það er auðvitað til marks um ágæti þeirra manna sem þar stjórna að þeir hafa náð að reka sín fyrirtæki vel. En ég segi, það er engin ástæða til að ætla að sömu stjórnendur myndu ekki við annað fyrirkomulag gera jafngóða hluti hlutfallslega á þessu sviði. Það er engin ástæða til annars. Og við skulum hafa það í huga að þau fyrirtæki sem fyrst og fremst hafa komið út úr þessu sem sigurvegarar, hver eru þau? Það eru nokkur öflugustu fyrirtæki landsins sem höfðu sterkustu eiginfjárstöðuna, sem áttu öflugustu bakhjarlana, sem gátu sótt fé í hlutafjáraukningar, sem voru komin í rekstur frystitogara og höfðu þaðan hagnað til að kaupa veiðiheimildir. Og auðvitað verður að horfa á þá staðreynd.

Við skulum ekki heldur gleyma því um leið og við hrósum þessum fyrirtækjum og gleðjumst yfir því að *þeim hefur gengið vel, munum þá hvað hefur gerst á* hinum endanum. Er það ekki þannig að fyrirtæki sem hafa haft fjárhagslegt bolmagn til að kaupa til sín veiðiheimildir á móti skerðingunni hafa fengið þær veiðiheimildir einhvers staðar frá? Er það ekki þannig? Hafa þær t.d. ekki komið frá Suðurnesjum? Hafa þær ekki komið frá Keflavík? Frá Árborgarsvæðinu og víðar? Og hvað hefur þá gerst þar? Og er það ekki þannig að fyrirtækin sem eru að auka vinnsluna hjá sér í gegnum viðskipti tonn á móti tonni sem í mörgum tilvikum eru báðum aðilum hagstæð. Það er rétt. Og víða er myndarlega að staðið og borgað sanngjarnt verð fyrir. Það er líka rétt. En er það ekki þannig að með þeim viðskiptum taka þessi fyrirtæki fisk af einu svæði og flytja hann yfir á annað og þá tæmist hráefnið úr vinnslu sem þar var kannski fyrir? Við megum ekki gleyma því að um leið og einn er að auka sinn hlut þá er hann að minnka hjá öðrum. Og mér hefur alla tíð fallið illa sú umræða sem gengur út á það að taka afstöðu til kerfisins eftir því hvort þitt viðkomandi byggðarlag eða kjördæmi er að hagnast. Ég frábið mér að ganga inn í þessa umræðu á þeim forsendum einum. Ég hef til að mynda staðið í því í mínu kjördæmi þar sem Akureyri er sem hefur aukið mjög sinn hlut að menn hafa fallið í viðjar þessa ódýra málflutnings og svarað gagnrýni á kvótakerfið með því einu að segja: Menn ættu nú ekki að kvarta hér á Akureyri af því að okkar hlutur hefur aukist. En hvað þýðir það? Það þýðir að hann hefur minnkað einhvers staðar annars staðar. Og ég spyr mig að því: Er það frá heildarhagsmunum séð endilega jákvætt? Og ég geri þá kröfu til okkar alþingismanna þegar við ræðum þessi mál að við göngum út frá heildarhagsmunum en ekki þröngum sérhagsmunum einstakra byggðarlaga þó að það kynni

að vera þægilegt fyrir okkur suma pólitískt séð. Ég hlýt þess vegna að spyrja og biðja þá menn sem nota dæmin um þau fyrirtæki sem hafa styrkt stöðu sína og með fullri virðingu fyrir þeim að svara mér þeirri spurningu: Eru menn þar með að segja að kvótakerfið sé svona gott vegna þess að það sé tæki til að fækka einingunum í sjávarútveginum og e.t.v. til að ganga lengra og fækka byggðarlögunum? Ég vil að menn séu heiðarlegir og hreinskiptnir og segi það ef það er það sem liggur að baki en tali ekki í hálfkveðnum vísum. Ef það er sem sagt þannig að menn telji það í sjálfu sér ágæta þróun að nokkur stærstu og sterkustu fyrirtækin í sjávarútvegi sem hafa aukið mjög hlutdeild sína á undanförnum árum þannig að nokkur þeirra hafa náð að bæta sér að fullu upp skerðinguna í þorski t.d., og með því tæmt að stórum hluta veiðiheimildir annarra byggðarlaga, það sé hin jákvæða þróun, þá vil ég fá það upp á yfirborðið og við skulum þá ræða um hlutina þannig.

Það er ósköp eðlilegt að menn staldri við það hvort ekki sé í reynd orðið óhjákvæmilegt að fyrirtækjunum fækki verulega og jafnvel byggðarlögunum. En eru menn þá tilbúnir til að axla þá pólitísku ábyrgð sem því fylgir og hvað eru menn þá að gera? Ég held að menn verði þá að horfast í augu við það. Og eru menn endilega vissir um að það sé frá heildarhagsmunum og þjóðhagslega séð hagkvæmast? Ég leyfi mér að setja stór spurningarmerki við það vegna þess að aðstæður kunna að breytast á nýjan leik og guð láti gott á vita að við verðum farin að veiða hérna t.d. 300 eða 350 þús. tonn af þorski eftir svona fimm ár, segjum fimm ár. Hvar verðum við þá? Er það þá gott t.d. að hafa lagt niður fiskvinnslu og sjósókn frá jafnvel fjölmörgum stöðum og byggðarlögum? Er það endilega skynsamlegt? Munum eftir því að um leið og menn nefna Fiskiðju Sauðárkróks, Útgerðarfélag Akureyringa, Síldarvinnsluna og jafnvel Skagstrending sem var mikið í tísku hér en er kannski minna talað um í dag, þá ættu menn líka að tala um Einar Guðfinnsson hf. í Bolungarvík, Hraðfrystihús Patreksfjarðar, Hraðfrystihús Keflavíkur, Stöðina í Vestmannaeyjum ef menn væru sanngjarnir, skoða báðar hliðar málsins, ekki bara fallegu hliðina, ekki bara það sem hefur gengið vel. Við skulum taka málið fyrir eins og það leggur sig í heild sinni.

Varðandi það sem hv. þm. Tómas Ingi sagði hér um það og gagnrýndi þann málflutning hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að það væri furðulegt að hv. þm. virtist ekki átta sig á því hvað það mundi kosta ef reglunum væri skyndilega breytt, talaði nánast eins og þetta hefði verið svona frá landnámstíð að hér hefði verið kvóti með frjálsu framsali. Eru menn búnir að gleyma því að kvóti var settur á til bráðabirgða í eitt ár 1983? Síðan var hann framlengdur um eitt og stundum tvö ár í senn alveg þangað til 1990. Þá var hann að vísu settur á ótímabundið en með tveggja ára endurskoðun sem því miður er ekki lokið enn. Þannig hefur þetta gengið til. Það hefur aldrei verið svo að þetta kerfi hafi verið lögfest um aldur og ævi sem einhver varanlegur grundvöllur fiskveiðistjórnunarinnar.

Ég fór yfir í minni fyrri ræðu þá gagnrýnispunkta sem kannski vægju þyngst í umræðum manna um þetta fyrirkomulag. En ég tók það líka skýrt fram að það hefði vissulega jákvæðar hliðar og það hefur vissulega líka gerst ýmislegt jákvætt í þróun sjávarútvegsins á þessum tíma og ég hef aldrei tekið þá trú á annan hvorn veginn að þetta kerfi væri alvont og óhugsandi sem grundvöllur fiskveiðistjórnunar né hitt að það væri það eina rétta. Það er kerfishyggjan, það er formhyggjan sem er mér ekki að skapi. Og ég þarf ekki að fara yfir það aftur sem menn hafa margnefnt. Það er þessi ójafna og réttarstaða byggðarlaganna. Það er það hvernig veiðiheimildirnar eru að færast á fáar hendur sem veldur mörgum áhyggjum eðlilega. Það er þetta ígildi eignarréttar sem er að myndast þrátt fyrir ákvæði laganna um hið gagnstæða. Það er öryggisleysi byggðarlaganna og fiskvinnslufólksins. Það eru óeðlilegir viðskiptahættir með veiðiheimildirnar. Það er sú staðreynd að þetta kerfi í sumum tilvikum ýtir undir að fiski sé hent í sjóinn. Það eru efasemdir um hagræðingu því að þær eru líka fyrir hendi. Það gerist margt óskynsamlegt við hliðina á því skynsamlega. Við sjáum t.d. í sumum tilvikum fáránlega viðbótarfjárfestingu sem íslenskur sjávarútvegur ætti að geta verið án og það eru því miður síðast en ekki síst einnig efasemdir um fiskverndargildið. Kvótinn er til að mynda blindur. Hann mælir álagið á fiskstofnana eingöngu í tonnum sem komin eru á land en ekki með öðrum hætti. Þetta verða menn að horfast í augu við. Það er t.d. ekki spurt að því hvað fiskarnir eru margir í tonninu, hvað mikið drapst um leið og það tonn var tekið, hvað mikið fór kannski í sjóinn áður en það fór ofan í lestina o.s.frv.

Ég held að það hljóti að verða niðurstaðan af þessu máli nú að menn leiti leiða, það er mín tilfinning að menn ætli að leita leiða til að lögfesta nú 3–5 ára tímabil, ákveðið umþóttunartímabil þar sem aflamark gilti með tilteknum reglum áfram því að auðvitað er það augljóst mál að kvótinn verður ekki tekinn af á einni nóttu eftir að hafa gilt 10 ár. Ég tel að að ætti að færa sig upp á við með nýtingarhlutfall skipa og útgerða þannig að það hækkaði í áföngum úr þessum 25% að meðaltali á tveimur árum upp í 50–75% en með þó ákveðnum undanþágum sem nauðsynlegt gæti verið að hafa vegna bilana og t.d. veiða utan landhelgi.

Það þarf að leysa vandamálið varðandi smábátaútgerðina og það á að gera það með varanlegum hætti þannig að þetta útgerðarform geti verið í sæmilegri sátt við önnur í landinu. Í gegnum það er líka hægt að taka á og tryggja stöðu margra minni byggðarlaganna. Það á að mínu mati að banna þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Það á að heimila íslenska skráningu skipa sem stunda veiðar utan landhelgi. Það á að grípa til ráðstafana gagnvart byggðarlögunum og tryggja stöðu þeirra betur en nú er, e.t.v. með því t.d. að vekja á nýjan leik til lífsins ákvæði gamla Hagræðingarsjóðsins eins og þau voru lögtekin vorið 1990 og voru veruleg trygging fyrir byggðarlögin. Og á þessu 3–5 ára aðlögunartímabili á e.t.v. með kvótatengingu veiðiheimildanna eða öðrum slíkum hætti að tryggja betur hags-

muni byggðarlaganna. Menn eiga að leysa umræðuna úr viðjum kerfishyggjunnar og nálgast þetta viðfangsefni frá forsendum í fyrsta lagi lífríkisins, auðlindarinnar sem við erum að nýta, í öðru lagi fólksins, samfélagsins sem starfar og lifir við þessa atvinnugrein og í þriðja lagi og síðast en ekki síst auðvitað frá sjónarhóli rekstursins, afkomunnar og hagræðingarmöguleikanna í greininni.

(**Forseti** (GunnS)**:** Nú verð ég að tilkynna hv. þm. að tími hans er liðinn.)

Já, enda hafði hv. þm. hugsað sér að láta hér lokið máli sínu nokkurn veginn nákvæmlega á slaginu þannig að hæstv. forseti hefði í sjálfu sér getað sparað sér þessi orð.

[01:13]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þær umræður sem hafa farið fram hér í dag, og reyndar í gær einnig, hafa um margt verið athyglisverðar. Það verður að vísu ekki sagt með sanni að þær hafi dregið mörg ný atriði inn í þessa umræðu. Miklu fremur má segja að þær hafi á vissan hátt endurspeglað þá umræðu sem fram hefur farið í þjóðfélaginu á undanförnum mánuðum og missirum um fiskveiðistjórnunarmálin.

Það er athyglisvert að þrátt fyrir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram í fullu samræmi við daglega umræðu um þessi efni, þá hafa engir nýir valkostir verið settir fram, engar hugmyndir um annars konar fiskveiðistjórnunarkerfi. Það er í fullu samræmi við það sem ég reyndi að skýra hér í upphafi að þrátt fyrir gagnrýnina hafa menn ekki sett fram hugmyndir um aðrar lausnir. Í sjálfu sér er ekkert athugavert við það né óeðlilegt að við aðstæður eins og við búum við í dag komi víða fram óánægja með fiskveiðistjórnunarkerfi. Það er skortur á fiski, einkanlega þorski og það hefur áhrif hvarvetna í atvinnugreininni og í byggðum landsins. Margir vilja skella skuldinni á fiskveiðistjórnunarkerfið þó að flestum mætti að vera ljóst að vandinn er fólginn í því að við höfum ekki nægan þorsk í sjónum.

Hér hafa menn til að mynda vikið að vandamálum sem þeir telja að felist í eignarrétti þeirra sem veiðiréttindi hafa án þess að koma fram með að önnur kerfi leysi slíkan vanda. Að vísu er það svo að fiskveiðimiðin eru eign íslensku þjóðarinnar. Það verða ekki aðrir en fulltrúar hennar á Alþingi Íslendinga sem ráða því hvernig þessi auðlind er nýtt, en á meðan hún er takmörkuð verður það líka alltaf takmarkaður fjöldi sem stundar sjósókn og útgerð. Við sjáum það í hendi okkar að ef við breyttum úr aflamarkskerfi yfir í sóknarmarkskerfi þá væri sami vandi uppi að þessu leyti. Það væri ákveðinn fjöldi skipa sem hefði rétt til þess að veiða úr fiskveiðiauðlindinni og aðrir en eigendur þeirra kæmu ekki þar að nema þeir keyptu skip með þessum réttindum og þessi réttindi tækju á sig verðmæti vegna þess að aðrir ættu ekki frjálsan aðgang að veiðunum. Sami grundvallarvandinn væri því uppi.

Útgerðarfyrirtæki í þessu fiskveiðistjórnunarkerfi gætu líka farið á höfuðið, jafnvel fyrirtæki sem væru uppistaða í einstökum byggðum og þau stæðu þess vegna í sama vanda og ýmis fyrirtæki gera í dag í aflamarkskerfinu. Með því að hlaupa úr núverandi kerfi yfir í slíkt kerfi stæðu menn áfram frammi fyrir nákvæmlega sömu vandamálum og sömu viðfangsefnum og ég hygg að það séu einmitt staðreyndir af þessu tagi sem blasa við og flestir gera sér grein fyrir sem eru ástæðan fyrir því að hér eru menn ekki að nefna aðra valkosti þó að þeir gagnrýni kerfið. Þess vegna hygg ég að það sé nokkuð óumdeilt að aflamarkskerfið verði áfram í grundvallaratriðum sú fiskveiðistjórnun sem við styðjumst við. Það er hins vegar nauðsynlegt, bæði í ljósi reynslu og breyttra aðstæðna að laga þær leikreglur að hverjum tíma. Þær verða aldrei settar í eitt skipti fyrir öll fullskapaðar og óumbreytanlegar. Og það frv. sem hér liggur fyrir er viðleitni í þá átt.

Það er ekki óeðlilegt að menn geti haft mismunandi skoðanir um útfærslu á þeim grundvallarreglum sem við ætlum að fylgja. Útfærsla á þessum leikreglum getur haft mismunandi áhrif frá einni byggð til annarrar og menn taka í mörgum tilvikum afstöðu til þess hvernig þær snúa að þeim sem næst þeim standa og það er ekki á nokkurn hátt óeðlilegt.

Hér hefur verið vikið að því að sjónarmið séu jafnvel skipt innan stjórnarflokkanna í þessu efni. Reyndar hefur það einnig komið fram að innan stjórnarandstöðuflokkanna eru sjónarmið skipt að þessu leyti. Sjálfur get ég tekið fram að sum atriði í því frv. sem hér er væru á annan veg ef ég hefði einn átt að ráða þar um. Frv. er hins vegar ávöxtur af samráði af ýmsu tagi innan þingflokka stjórnarinnar eftir samtöl og samræður, bæði við sjómenn og útvegsmenn og mikla umræðu í þjóðfélaginu og þannig fram sett af mér í þeim tilgangi að koma til móts við ýmis sjónarmið sem með þeim hætti hafa komið fram þó að ég sjálfur kysi að hafa ýmis atriði í frv. öðruvísi ef ég fengi að ráða einn. Þannig að engum skyldi koma á óvart að hér sé hreyft sjónarmiðum um það að útfærsla á grundvallaratriðunum geti verið með ólíkum hætti og menn hafi þar mismunandi sjónarmið. Aðalatriðið er að við sköpum hér festu um fiskveiðistjórnunarkerfið þannig að atvinnugreinin þurfi ekki að búa við stöðuga óvissu um það hverjar leikreglurnar eru.

Það er kórrétt sem hér kom fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. e. að við fjölgum ekki fiskunum í sjónum með því að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu. Þær reglur sem við setjum til þess að bæta hlut eins leiða til þess að við skerðum hlut annars. Það sem við færum einum tökum við frá öðrum og það er vitaskuld mjög mikilvægt að menn hafi þetta í huga í allri þessari umræðu. Við kunnum svo að hafa á því mismunandi skoðanir hversu frjálst þetta kerfi á að vera, að hve miklu leyti menn vilja að stjórnvöld stýri þróuninni eða hvort atvinnugreinin sjálf fái að gera það á grundvelli þess frjálsræðis sem almennt ríkir í viðskiptum í landinu. Auðlindin er takmörkuð og það eru þau takmörk sem okkur eru sett, en frá mínum bæjardyrum séð hef ég þá trú og það traust að í sjávarútvegi eins og í öðrum greinum atvinnulífsins séu það atvinnufyrirtækin sjálf, stjórnendurnir og starfsfólkið sem finni bestu leiðirnar til þess að ná hámarksnýtingu og hámarks-

afrakstri í atvinnugreininni miklu fremur en ef þróuninni yrði miðstýrt af stjórnvöldum. Ég hygg að það stjórnkerfi sem við styðjumst við og erum að móta þjóni þeim tilgangi að auðvelda okkur að fylgja settu marki að því er varðar nýtingu auðlindarinnar, að stuðla í öðru lagi að nauðsynlegri hagkvæmni í greininni og í þriðja lagi að tryggja mesta mögulega frjálsræði atvinnufyrirtækjanna í ljósi þess að auðlindin er takmörkuð.

Sumir sem ræða um þessi efni gagnrýna kvótakerfið í sömu andrá fyrir það að vera miðstýringarkerfi og að einstakir aðilar auki hlutdeild sína á grundvelli kapítalískra lögmála. Þetta er að minni hyggju gagnrýni sem gengur í þverstæðar áttir. Það er erfitt að halda því fram í senn að skipan þessara mála í kvótakerfinu feli í sér einhverja óhugnanlega miðstýringu og að halda því fram að fyrirtækjum sé mismunað vegna þess að hinir stóru og sterku geti á grundvelli lögmáls fjármagnsins tekið til sín stærri hlut.

Það er vissulega svo að það hefur ekki allt gengið eftir eins og menn hefðu helst kosið, en fram hjá því verður ekki litið að í öllum aðalatriðum hafa þessi efni þróast í rétta átt. Ég segi það hins vegar enn og aftur að það atriði sem ég tel að mestum áhyggjum hafi valdið og við ættum að geta náð bestri samstöðu um að taka á er sú þróun að sjómenn hafa í allt of ríkum mæli verið neyddir til þess með beinum hætti að kosta kaup á aflaheimildum. Það er ekki í anda laganna eins og þau voru sett í upphafi og það er skýlaust brot á gerðum kjarasamningum milli sjómanna og útvegsmanna. Sjómenn og útvegsmenn náðu samkomulagi fyrir hartnær tvemur árum síðan í sérstakri bókun sem gerð var við endurnýjun kjarasamninga þar sem skýrt var tekið fram að með öllu væri óheimilt að láta sjómenn taka þátt í kaupum á aflaheimildum með því að leggja fram peninga eða með því að draga frá við uppgjör á aflahlut, en jafnframt viðurkenndu báðir aðilar að sú skipan mála skyldi í engu hefta það frelsi um framsal aflaheimilda sem lögin kveða á um. Það er nauðsynlegt að við finnum leiðir til að framfylgja þessu skýra ákvæði kjarasamninganna og ég hygg að um það efni eigi að vera hægt að ná hér samstöðu. Vissulega er hægt að ná því marki með fleiri en einum hætti og við þurfum að skoða þá kosti sem fyrir hendi eru í því efni án þess að raska undirstöðum kerfisins og þeim nauðsynlega sveigjanleika og því nauðsynlega frjálsræði sem atvinnugreinin verður að búa við.

Ég vil svo að lokum, herra forseti, þakka fyrir þær ágætu umræður sem hér hafa orðið í dag. Þær eru um margt mikilvægar þó að í þeim hafi ekki komið fram nein ný sannindi eða ný atriði sem við höfum ekki farið áður yfir í ítarlegum umræðum um þessi efni á undanförnum mánuðum og missirum og ég vænti þess að hv. sjútvn. taki þetta mál síðan til gaumgæfilegrar skoðunar. Við skulum átta okkur á því að hér er aðeins verið að leggja til nokkrar breytingar til úrbóta og aðlögunar að breyttum aðstæðum, en meginstefnan er í því fólgin að byggja á þeirri löggjöf sem fyrir er og þeim grundvallaratriðum sem hún er reist á. Það er sú stefna sem samstaða náðist um í endurskoðunarnefnd stjórnarflokkanna og útfærsluatriði eru að stórum hluta til byggð á þeim tillögum en að öðrum hluta taka þau mið af þeirri umræðu sem fram hefur farið. Ég vænti þess að hv. nefnd muni í ljósi þessara aðstæðna taka málið til umfjöllunar og ítreka þakkir mínar til þeirra þingmanna sem tekið hafa þátt í þessari umræðu með afar málefnalegum hætti hér í dag og í gær.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hæstv. sjútvrh. og verður ræðutími því ein mínúta í hvert sinn sem andsvar er veitt eða svarað.

[01:29]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það stendur enn upp úr í lok umræðunnar að mati hæstv. sjútvrh. að þrátt fyrir gagnrýnina á kvótakerfið hafi menn ekki sett fram hér hugmyndir eða tillögur um neitt annað fyrirkomulag og þar með sé þetta í lagi. Eða hvað? Er þar með verið að segja að gagnrýni standist ekki? Dugar svona málflutningur? Það gerir hann ekki. Jafnvel þó svo það stæði í stjórnarskránni að það væri ekki til annað kerfi en kvóti, þá ætti það samt fullan rétt á sér og væri þarft og skylt að ræða framkvæmd hans, tilhögun og fyrirkomulag og þá ágalla sem á honum væru. Ég er þeirrar skoðunar að blint kvótakerfi sem ekki tekur við skilaboðum frá náttúrunni sé afar varhugavert tæki til að stjórna nýtingu lífrænnar auðlindar þar sem miklar sveiflur eru. Fiskveiðar eru ekki uppmokstur á statíf um kolabing, það er ekki þannig.

Síðan vil ég segja við sjútvrh. að munurinn á þessu sölukerfi og því fyrirkomulagi sem áður gilti er sá að nú þurfa menn að kaupa sig inn í útgerð á nýjan leik, kaupa sér aðgang að atvinnurekstrinum á nýjan leik ef þeir fara á hausinn. Þess þurfti ekki áður. Þá var nóg að safna liði og koma sér á sjó og þá máttu menn fara að veiða.

[01:30]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gagnrýni er alltaf nauðsynleg og holl. En ég vil enn á ný minna hv. 4. þm. Norðurl. e. á að það kerfi sem við búum við í dag og þau lög sem við störfum eftir voru sett að tilhlutan ríkisstjórnar sem hann átti sjálfur sæti í. Það er hollt fyrir hv. þm. að minnast þess.

Í sjálfu sér er kvótakerfið ekkert aðalatriði, það er ekkert markmið, kvótakerfið og stjórnkerfið er ekkert annað en tæki til þess að ná öðrum markmiðum. Um leið og unnt væri að sýna mér fram á að við gætum með öðru kerfi náð betur þeim markmiðum að stýra nýtingu auðlindarinnar á skynsamlegan hátt, ná hámarksafrakstri og tryggja sem mest frjálsræði, þá væri ég opinn fyrir því að ræða slíkar breytingar. En það hafa menn ekki gert. Þvert á móti hefur ekki annað komið fram (Forseti hringir.) en að í grundvallaratriðum nái menn þessum þremur höfuðmarkmiðum best með kvótakerfinu.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Ég verð að minna hv. þm. á að virða stuttan ræðutíma.

[01:32]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta gangi nokkuð vel. Það er rétt sem hæstv. sjútvrh. segir að kvótakerfið var framlengt með tilteknum hætti á grundvelli málamiðlunar í tíð ríkisstjórnar sem ég átti sæti í og ég skorast ekki undan þeirri hlutdeild minni í ábyrgðinni á þessu kerfi. En ég tel það ekki hafa bundið hendur mínar um aldur og ævi til þess að halda áfram að ræða mögulegar breytingar á fiskveiðistjórnun á Íslandi. Það er ekki svo. Spurningin er svo sú, hæstv. sjútvrh., sem kom hér loksins upp í lokin: Er kvótakerfið ekkert markmið í sjálfu sér? Því miður óttast ég að það sé orðið það í hugum ýmissa manna. Ég spyr mig t.d. að því hvað er á ferðinni þegar kvóta er viðhaldið á úthafsrækju ár eftir ár án þess að hann nokkurn tíma náist og fyrirtæki eru látin borga 11 kr. á kíló eða 15 kr. á kíló fyrir kvóta af úthafsrækju til þess að ná henni til vinnslu ár eftir ár þó að kvótinn náist aldrei. Hvað er þar á ferðinni? Er þar ekki verið að viðhalda kerfinu kerfisins vegna? Það eru engar fiskverndunarforsendur fyrir hendi lengur þegar svo er ástatt um. (Forseti hringir.) Ég óttast nefnilega, hæstv. sjútvrh., að þar hafi ráðherra hitt naglann á höfuðið. Það sé þannig fyrir suma að kerfið sé markmið í sjálfu sér.

[01:33]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hæstv. sjútvrh. nefndi í yfirlýsingu samningsaðila þar sem lýst var yfir að það væri óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá söluverði aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað, hann talaði um þessa yfirlýsingu í samhengi við seinni hluta yfirlýsingarinnar þar sem kemur fram að þetta eigi ekki að hafa áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli. Þessi seinni hluti yfirlýsingarinnar hefur verið túlkaður þannig að þarna mætti notfæra sér þetta til þess að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum í þessum svokölluðu tonn á móti tonni viðskiptum. Það hefur verið túlkað þannig að það þýðir ekkert fyrir ráðherrann að hrista höfuðið yfir því.

Ég vil spyrja hann að því, þegar hann er að tala um þessa yfirlýsingu, hvort hann hafi þá lesið yfirlýsingu sem var með samningi milli Farmanna- og fiskimannasambandsins og LÍÚ sem var undirrituð nokkru síðar þar sem einungis er um að ræða fyrri hluta þessarar yfirlýsingar sem hann las hér áðan.

[01:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Sú yfirlýsing sem ég var að vitna til var gerð af sjómannasamtökunum 26. apríl 1992 og hljóðar svo:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað.

Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Það er alveg skýrt samkvæmt því sem ég les út úr þessari yfirlýsingu að það er með öllu óheimilt að láta sjómenn með beinum hætti borga aflaheimildir, hvort heldur er með beinum framlögum eða á þann veg að það sé dregið frá þeim. Hvort heldur það er rétt túlkun á þessu samningsákvæði eða ekki þá er það mín skoðun og ég tel eðlilegt að haga þeim leikreglum sem um þetta gilda í því ljósi.

[01:36]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í yfirlýsingunni sem fylgir samningnum við Farmanna- og fiskimannasambandið sem LÍÚ skrifaði undir 27. júlí 1992 er einungis um fyrri hluta yfirlýsingarinnar að ræða. Þar stendur:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni er óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverði aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað."

Það kemur ekkert meira fram í þessari yfirlýsingu þannig að það er ekki hægt að stunda þann orðhengilshátt sem sumir hafa gert og gerðu í samningunum við sjómenn í vetur, þ.e. að vitna til seinni hluta yfirlýsingarinnar sem hæstv. ráðherra las áðan og rökstyðja það að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum með þeim óbeina hætti eða beina eða hvaða orðalag sem menn vilja hafa um það, þ.e. að taka aflaheimildarverðið inn í fiskverðið.

[01:37]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem veldur því að ég kem hér í andsvari er fyrst og fremst þau ummæli hæstv. ráðherra sem raunar komu fram fyrr í máli hans í dag, að það þurfi að ná þessari niðurstöðu í sjávarútvegsumræðuna til þess að tryggja festu því ég hlýt að spyrja hann: Hvernig í ósköpunum hann getur dregið þá ályktun eftir þá umræðu sem verið hefur í dag, einkum þar sem átta meintir stjórnarsinnar hafa lýst ýmsum athugasemdum og jafnvel andstöðu við einstök ákvæði þessa frv., hvernig í ósköpunum getur hann litið á þetta sem grunn að festu?

Varðandi það að ekki hafi neitt nýtt komið fram varðandi aðrar lausnir á fiskveiðistefnunni þá vil ég minna hann á það að byggðakvótasteina okkar kvennalistakvenna er ný að því leyti til að hún hefur ekki verið tekin til alvarlegrar umfjöllunar og þar af leiðandi væri kannski mál til komið að gera það.

[01:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ástæðan fyrir því að byggðakvótahugmyndir Kvennalistans hafa ekki verið teknar til alvarlegrar umræðu, sem er alveg rétt hjá hv. þm., er sú að Kvennalistinn hefur ekki á nokkurn hátt skýrt það út með hvaða hætti er hægt að taka þær hugmyndir alvarlega.

Varðandi nauðsyn þess að skapa hér festu þá vona

ég að hv. þm. geti verið um það sammála að þessi atvinnugrein á það skilið að stjórnvöld standi þannig að málum að atvinnugreinin geti til nokkurrar frambúðar treyst því við hvaða leikreglur hún á að starfa. Þegar umræður fara fram á þann veg að ekki eru settar fram í alvöru hugmyndir um annars konar kerfi í grundvallaratriðum þá tel ég að við séum á því stigi að geta skapað þá festu sem nauðsynleg er þó að við ræðum hér um útfærslu á þeim grundvallaratriðum sem ekki hafa komið neinir valkostir við í þessari umræðu.

[01:39]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta með festuna mun reynslan ein leiða í ljós. En mér þykir það annaðhvort alllítil athyglisgáfa eða lítill skilningur hjá hæstv. sjútvrh. hafi hann ekki gert sér grein fyrir því að það er mjög auðvelt að rökstyðja sjávarútvegsstefnu Kvennalistans, byggðakvótann, og ég á eftir annan ræðutíma þannig að það gæti vel verið að það væri ástæða til þess ef hæstv. sjútvrh. er ekki búinn að átta sig á þessu að veita honum eina umferð í viðbót yfirferð yfir þessar ágætu tillögur vegna þess að það er einfaldlega orðhengilsháttur að halda því fram að þetta hafi ekki verið rökstutt. Þvert á móti hafa þessar hugmyndir verið afskaplega vel útfærðar og ítarlegar og þar af leiðandi tek ég ekki við slíkum skilaboðum. Ástæðan er viljaleysi en ekki það að ekki sé hægt að útfæra þessar hugmyndir. Viljaleysið er fullkomið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 2. mál.

Fundi slitið kl. 01:41.

---

91. FUNDUR

miðvikudaginn 16. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 360. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, stjfrv., 101. mál, þskj. 564, brtt. 422,3, og 586. — 3. umr.
4. Stöðvun verkfalls fiskimanna, stjfrv., 302. mál, þskj. 490, nál. 589 og 592. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Guðmundur Árni Stefánsson heilbr.- og trmrh.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að að lokinni atkvæðagreiðslu um 2. dagskrármálið fer fram utandagskrárumræða skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. Umræðan stendur í hálftíma og er um viðskiptahindranir Frakka gagnvart íslenskum fiskafurðum.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Húsrými Þjóðarbókhlöðu.

[13:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Síðar á þessu ári er stefnt að því að opna Þjóðarbókhlöðuna sem hefur verið í byggingu í tæp 20 ár eftir því sem mér telst til. Nú vil ég beina eftirfarandi spurningu til hæstv. menntmrh.: Er það rétt sem hefur heyrst fleygt að Þjóðarbókhlaðan sé þegar orðin of lítil fyrir þá starfsemi sem hún á að hýsa? Ef svo er hvernig hyggst hæstv. menntmrh. bregðast við því?

[13:35]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að það er stefnt að því að vígja Þjóðarbókhlöðu síðar á þessu ári. Við stefnum að því 1. des. og í því sambandi vil ég geta þess að núna er að ljúka undirbúningi að gerð frv. um hið nýja þjóðbókasafn og verður væntanlega lagt fyrir þingið á allra næstu dögum. En það er alveg nýtt fyrir mér að Þjóðarbókhlaðan sé orðin of lítil. Það hef ég ekki heyrt og hef þó fylgst allvel með gangi mála þar á undanförnum missirum. Hins vegar er ljóst að það er eðli svona safna að þau stækka. Þetta safn var upphaflega hannað fyrir 20 árum og við allt aðrar aðstæður heldur en gilda í dag. Ég nefni aðeins eitt atriði sem hefur tekið alveg grundvallarbreytingum frá því að safnið var hannað. Það er tölvuvæðing safnsins. En sem betur fer þá held ég að það hafi verið þannig hannað í upphafi að það hefur verið tiltölulega auðvelt að breyta upphaflegri hönnun til þess sem betur hentar með breyttri og bættri tækni. En að það sé þegar orðið of lítið hef ég ekki heyrt og hef þess vegna ekki búið mig undir nein sérstök viðbrögð við þeim möguleikum.

[13:37]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef mínar upplýsingar um þetta frá fólki sem er nú að huga að fyrirhuguðum

flutningi. Það sem býr í þessu máli er m.a. það að Háskóli Íslands þarf á miklu lestrarrými að halda fyrir sína nemendur, lessali, og þetta nýja fyrirhugaða safn er allt of lítið til þess að þjóna þeirri þörf. Hér er um að ræða skólabókadæmi um það hvernig ekki á að standa að opinberum framkvæmdum. Bæði er húsið hannað þannig að það verður ákaflega erfitt að stækka það og eins líður svo langur tími frá því að framkvæmdir hefjast og þangað til þeim lýkur að menn hafa enga yfirsýn yfir þær breytingar sem orðið hafa. Jafnframt því að starfsemi bókasafna hefur gjörbreyst hefur Háskóli Íslands vaxið stórlega og því hygg ég að þessi stofnun muni byrja sitt starf með því að horfa fram á húsnæðisskort og ákveðinn vanda í sínu starfi.

[13:39]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það skiptir miklu máli fyrir Háskóla Íslands að hið nýja þjóðbókasafn taki til starfa einmitt vegna þess að við það losnar verulegt rými í byggingu háskólans sjálfs og í hinni nýju Þjóðarbókhlöðu verður þeim viðfangsefnum sinnt og ég hefði haldið við betri aðstæður en eru í háskólabókasafni í dag. Þannig að það er mikið áhugamál háskólans að þetta geti gengið sem allra fyrst.

Álag á virðisaukaskatt.

[13:39]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. fjmrh. Í 27. gr. laga um virðisaukaskatt frá 1988 eru ákvæði um viðurlög ef virðisaukaskattur er ekki greiddur á tilskildum tíma. Þau ákvæði voru sett með lögum nr. 119/1989. Í tilgreindu lagaákvæði er álag ákveðið 2% af vangreiddri upphæð fyrir hvern byrjaðan dag, þó ekki hærra en 20%.

Þegar þessi lagaákvæði voru sett geisaði hér mikil verðbólga og um mitt ár 1989 voru dráttarvextir hér á landi 45,6%. Eflaust eru slíkar álögur í fleiri lögum þó svo ég muni einungis eftir útsvarslögum í fljótu bragði.

Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann telji slíkt álag ekki gjörsamlega úr takt við tímann þar sem verðbólga og vextir hafa verið á hraðri niðurleið og verða vonandi enn.

Einnig vil ég spyrja ráðherra hvort hann telji að slíkar okurálögur skili þeim tilgangi sem til er ætlast.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég er sammála hv. fyrirspyrjanda að það er kominn tími til að endurskoða þær álögur sem um getur í virðisaukaskattslögunum enda eru þær, eins og fram kom hans máli, settar á þeim tíma sem verðbólga var mun meiri en nú. Þetta hefur verið til umræðu í ráðuneytinu en enn hefur ekki komið frv. fram um þetta efni.

Ég vil einnig geta þess hér að til umræðu er, sem er skylt þessu, að kanna skattalögin yfir höfuð með tilliti til þeirra miklu breytinga sem orðið hafa á íslensku efnahagslífi því almennt er talið að það sé heppilegra að hverfa frá alls konar verðbindingum sem voru sett í skattalög á sínum tíma til þess að verjast verðbólgunni en eru nú úrelt orðin eftir að hagstjórn hefur breyst mikið hér á landi.

Um það hvort þetta ákvæði hafi náð tilgangi sínum vil ég segja að það hefur án efa talsverða þýðingu að álögurnar séu háar. Ég held að það sé þó ekki úrslitaatriði hvort þetta er 1% eða 2%. Ég bendi á að öll innheimta er nú miklu harðari en nokkurn tíma áður, ekki síst vegna þess að fyrir örfáum árum breyttist staða þessara krafna ríkissjóðs á þá leið að þessar kröfur eru ekki lengur forgangskröfur í gjaldþrotabú.

Þorskveiðiheimildir.

[13:42]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Fyrispurn mín er til hæstv. forsrh.

Í gær kom fram í umræðu um fiskveiðistjórnunina að nokkrir stjórnarsinnar telja rétt að auka þorskveiðiheimildina nú þegar. Hæstv. sjútvrh. hefur þegar úttalað sig í þessu máli. Hver er skoðun hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar í þessu máli? Telur hann rétt að auka þessar heimildir?

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þær ákvarðanir sem teknar voru um fiskveiðiheimildir sl. vor voru teknar á tilteknum forsendum. Þær forsendur hafa ekki breyst og því ekki efni til breytinga á ákvörðun.

[13:43]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mér fannst nauðsynlegt að þetta kæmi hér fram sökum þess að hæstv. forsrh. hefur áður talið rétt að auka þessar heimildir og hefur talað um það á hinu háa Alþingi en hann hefur sem sagt skipt um skoðun.

[13:44]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þetta er rangt hjá hv. þm. Eftir að ákvörðun hefur verið tekin á því árabili sem ég hef gengt þessu embætti þá hef ég aldrei lýst því yfir að það ætti að breyta henni eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Á umræðustigum máls hafa menn auðvitað farið yfir alla þætti málsins fram að þeim tíma að ákvörðun er tekin sameiginlega af ríkisstjórn og endanlega og formlega af sjútvrh. og ég hef ætíð staðið að þeim ákvörðunum og segi: Þessi ákvörðun var tekin á tilteknum forsendum, þær forsendur hafa enn ekki breyst og því ekki efni til breytinga.

[13:44]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Þá er það ljóst að hæstv. forsrh. ætlar ekki að taka fram fyrir hendurnar á hæstv. sjútvrh. eins og hann gerir í sambandi við Hæstaréttarhúsið.

Endurskoðun grunnskólalaga.

[13:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. menntmrh. Mér leikur forvitni á að vita hvað líður störfum nefndar sem er að vinna að endurskoðun grunnskólalaganna. Ef ég man rétt var það hvorki meira né minna en 18 manna batterí sem hæstv. ráðherra setti í það mál, 17 plús 1 hafa sumir kallað það, þ.e. 17 úr kerfinu á Reykjavíkursvæðinu og einn utan af landi. Spurningin er hvort þess sé að vænta að frv. til laga um breytingu á grunnskólalögum komi fram og þá hvenær. Ég vil að vísu taka fram í leiðinni að ég sé enga ástæðu til að umbylta nýjum grunnskólalögum sem ágæt samstaða var um þegar þau voru afgreidd. Það sem á skortir er að standa við þau og framkvæma þau.

Ég vil enn fremur í leiðinni spyrja hæstv. menntmrh. með vísan til þeirrar óvissu sem þessi endurskoðunarvinna hefur skapað um málefni grunnskólans, hvort það sé ætlan hæstv. ráðherra að halda við fyrri ákvörðun um flutning grunnskólans til sveitarfélaganna um mitt sumar 1995, eftir eitt og hálft ár eða tæplega það, og hvort hæstv. ráðherra sé enn þeirrar skoðunar að það sé tæknilega framkvæmanlegt og skynsamlegt að halda við þá ákvörðun í ljósi þess hvernig það mál er á vegi statt hvað undirbúning snertir og í ljósi tengsla þess við breytingar ef verða kunna á grunnskólalögunum.

[13:46]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Menntastefnunefnd, 18 manna nefnd, er að ljúka störfum. Í gær var haldinn fundur í nefndinni þar sem lokið var umfjöllun um framhaldsskólafrumvarpið og ég fékk það afhent. Það fer núna til kynningar hjá ýmsum aðilum sem við höfum sérstaklega óskað eftir að fari yfir það áður en það verður gengið endanlega frá því til framlagningar á hv. Alþingi. Lokaskýrsla nefndarinnar og grunnskólafrumvarpið mun verða tilbúið síðar í þessum mánuði, fyrir mánaðamót alla vega. Þá verður það á sama hátt og framhaldsskólafrumvarpið kynnt fyrir hinum ýmsu aðilum sem ráðuneytið hefur sérstaklega óskað eftir að tjái sig um málið áður en það verður lagt fram í endanlegu formi fyrir hv. Alþingi.

Síðari fyrirspurn hv. þm. var um það hvort ég teldi enn tæknilega hægt og skynsamlegt að halda við fyrri áætlanir um yfirfærslu grunnskólans til sveitarfélaganna í ágústmánuði 1995. Svarið við því er já. Ég tel að það sé enn hægt og rétt að stefna að þeirri dagsetningu með yfirfærsluna. Ég bendi í því sambandi á að tvær nefndir hafa sérstaklega verið skipaðar til þess að kanna annars vegar kostnaðinn við flutning grunnskólans og hins vegar er önnur nefnd sem vinnur að því að athuga um réttindamál kennaranna eftir að þeir verða starfsmenn sveitarfélaganna.

[13:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin. Ég tel að staða málsins hafi lítillega skýrst en um þetta hefur mikið verið spurt, ekki síst af hálfu sveitarstjórnarmanna og þeirra sem standa að skólamálum í landinu. Það er upplýst að 18 manna nefndin, 17 plús 1 nefndin, 17 sjálfstæðismenn og 1 krati, sagði einhver, muni skila af sér bráðlega. En þá mun hennar starf fara til umsagnar eða kynningar hjá ýmsum aðilum áður en það kemur fyrir þingið. Ég tel því að í svari hæstv. ráðherra hljóti að hafa falist að komið verði langt fram í mars ef ekki marsmánuður liðinn áður en frv. lítur dagsins ljós á þingi og það er mjög seint í rassinn gripið — ekki satt, hæstv. menntmrh., í ljósi þess að þingi verður væntanlega slitið snemma vegna sveitarstjórnarkosninga ef ekki óvænt eins og stundum hefur gerst.

Í öðru lagi taldi hæstv. ráðherra enn tæknilega gerlegt að stefna að flutningi á grunnskólanum til sveitarfélaga 1995. Ég vil lýsa miklum efasemdum um að það sé raunhæft mat, hæstv. ráðherra.

[13:50]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekkert að fara að ræða það við hv. þm. Steingrím J. Sigfússon hvaða pólitískar skoðanir þessir 18 menn hafa. Ég veit t.d. ekkert hver þeirra er krati en ég er afskaplega ánægður ef það er rétt að alla vega 17 þeirra séu sjálfstæðismenn. Það er meira en ég vissi þegar ég skipaði þá enda fór ég ekki eftir neinni merktri kjörskrá.

Ég ítreka það að ég tel sjálfsagt að stefna að þessari yfirfærslu eins og áður var ákveðið í ágústmánuði 1995. Ég viðurkenni það að frumvörpin verða seint á ferðinni ef það á að vera mögulegt að afgreiða þau á þessu þingi. Ég held samt enn í þá von miðað við þær viðtökur sem þetta mál hefur fengið hjá ýmsum aðilum sem við höfum leitað til meðan þessi frumvörp hafa verið í vinnslu.

[13:51]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að hafa fullan fyrirvara á. Ég veit ekki í hvers umboði hæstv. menntmrh. lofar góðum viðtökum við frv. sem til að mynda stjórnarandstaðan hefur bókstaflega hvergi nálægt komið á nokkurn hátt. Þannig að það á eftir að sýna sig væntanlega.

Í öðru lagi er mér varðandi yfirfærsluna til sveitarfélaganna ekki kunnugt um að þær starfsnefndir sem hæstv. ráðherra vitnaði til hafi tekið til starfa fyrr en þá tiltölulega mjög nýlega því upplýst var hér fyrir ekki löngu síðan að sú nefnd til að mynda sem ætti að skoða réttindamál kennara eða starfsmanna skólanna hafði ekki komið saman til fundar og var reyndar mjög seint sett á laggirnar eins og kunnugt er. Í ljósi þess hversu flókin og vandasöm þau mál eru hlýtur að vera nokkur vafi á því að undirbúningurinn sé á því stigi að þetta sé skynsamleg áætlun, burt séð frá því hvort það er það yfirleitt, að tímasetja þetta um mitt sumar 1995. Það getur ekki skipt sköpum hvort þetta er gert árinu fyrr eða árinu seinna þó svo menn kynnu að verða sammála um að gera það að lokum.

[13:52]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er ekkert óeðlilegt við það þótt

þær tvær nefndir sem ég gat um áðan hafi tekið til þess að gera nýlega til starfa. Það er t.d. ekki hægt að reikna út kostnaðinn við yfirfærslu grunnskólans fyrr en frv. liggur fyrir í endanlegri mynd vegna þess að það verður að sjálfsögðu tekið mið af hinum nýjum lögum en ekki þeim sem gilda í dag.

Varðandi hina nefndina sem vinnur að athugun á réttindamálum kennara, þá veit ég það af viðtölum við formann nefndarinnar að þar eru mál í mjög eðlilegum farvegi og starfið gengur vel. Formaðurinn hefur haft af mjög eðlilegum ástæðum samstarf við mig um það sem þar er verið að gera. Þar hefur verið safnað miklum upplýsingum og málið allt í, eins og ég segi, mjög eðlilegum farvegi. Menn mega orða það svo ef þeir vilja að stjórnarandstaðan hafi hvergi komið nærri. Þó er mér kunnugt um að starfsmenn nefndarinnar, 18 manna nefndarinnar, hafi á fyrri stigum málsins alla vega mætt eftir beiðni á fundum þingflokka stjórnarandstöðunnar. Ég veit ekki hvort þeir hafa mætt hjá Alþb. Því miður veit ég það ekki.

Störf útvarpslaganefndar.

[13:53]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. menntmrh. Ég ætla að spyrja um aðra nefnd sem menntmrh. skipaði til þess að gera endurskoðun á útvarpslögunum og spyrja hvað líði störfum þeirrar nefndar. En rétt eins og nefndin sem skipuð var til þess að skoða skólamálin, þá átti stjórnarandstaðan þar enga innkomu. Ég vil spyrja hvað líði störfum þessarar nefndar.

Þá vil ég líka taka upp þráðinn þar sem við menntmrh. slepptum honum þann 10. des. sl. en þá spurði ég hann um það hvort til væri nefndarálit í menntmrn. frá þriggja manna nefnd sem ráðherra hafði skipað til þess að kanna hvort æskilegt væri að skilja milli útvarps og sjónvarps og gera þær tvær aðskildar stofnanir. Ráðherra staðfesti að þetta álit væri til og hann hefði sent það útvarpslaganefnd og þegar ég bað um álitið þá sagðist hann ætla að ráðgast um það við formann útvarpslaganefndar, hv. þm. Tómas Inga Olrich, en hann var þá fjarstaddur. Nú vil ég spyrja ráðherra hvort hann hafi ráðgast um þetta mál við Tómas Inga Olrich og hvort hægt sé að fá þetta nefndarálit.

[13:55]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér er kunnugt um að fundur er boðaður í útvarpslaganefnd síðar í dag. Ég er ekki alveg viss um hvort það verður síðasti fundur nefndarinnar. Ég held þó að ég viti það rétt að að því hefur verið stefnt að það verði lokafundur nefndarinnar og ég fái þá frv. í hendur á næstu dögum.

Varðandi nefndarálit þriggja manna nefndarinnar sem ég skipaði að beiðni útvarpslaganefndar til þess að athuga með skipulag Ríkisútvarpsins, ekki endilega það að það skyldi klofið í tvennt í hljóðvarp og sjónvarp. Það var aðeins eitt af því sem nefndinni var falið að kanna hvort væri heppileg skipan og þá tekið mið af þróun sem okkur var kunnugt að væri að gerast í ýmsum nágrannalöndum okkar. Ég sagði formanni nefndarinnar frá þeirri umræðu sem hér hafði orðið en verð að viðurkenna að ég hef ekki sérstaklega rekið eftir svari við því hvort eðlilegt væri að dreifa þessu nefndaráliti. Það fór af eðlilegum ástæðum beint til útvarpslaganefndar vegna þess að hún óskaði eftir því að þessi undirnefnd yrði sett í málið til að kanna sérstaklega skipulag Ríkisútvarpsins vegna þess að hún taldi sig ekki hafa neinar beinar heimildir til þess að fara beint inn í það mál.

[13:56]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Það er vissulega athyglisvert að síðasti fundur nefndarinnar skuli vera áætlaður í dag og frv. muni líta dagsins ljós á næstu dögum. Það má fullyrða um þessa nefnd að hún hefur ekki haft samband við stjórnarandstöðu eða leitað til hennar með hugmyndir sínar, a.m.k. ekki til þingflokkanna eins og ráðherra taldi þó að hin nefndin hefði gert. Við höfum því hvergi átt nokkurt innhlaup í þessi mál.

Heimildir segja mér að niðurstaða þriggja manna nefndarinnar, sem ráðherra skipaði til þess að kanna skipulag Ríkisútvarpsins, eins og hann orðaði það, hafi verið sú að það bæri að skilja á milli sjónvarpsins og útvarpsins. Ráðherra getur væntanlega staðfest það hér hvort ég hef rétt fyrir mér varðandi þá hluti. En úr því að ráðherra er staddur hér í dag og líka hv. formaður útvarpslaganefndar og ég sé að þeir eru að ræða saman, þá gætu þeir vonandi svarað því núna hvort hægt er að fá þetta nefndarálit upp í hendurnar.

[13:58]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan, þá veit ég ekki betur en nefndin sé að ljúka störfum. Ef hún gerir það ekki í dag, þá hlýtur það að verða einhvern allra næstu daga, heldur e.t.v. einn fund til viðbótar. Þetta álit þriggja manna nefndarinnar verður birt sem fylgigagn með frv.

Ég get því miður ekki upplýst það hver verður endanleg tillaga nefndarinnar vegna þess að það er ekki búið að ganga frá því með formlegum hætti á nefndarfundi. En eins og ég segi trúi ég því og vona að það verði gert í dag.

[13:59]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég var ekki að fara fram það við hæstv. ráðherra að hann upplýsti hver yrði endanleg tillaga nefndarinnar heldur spyrja hvort hann gæti staðfest það að þessi þriggja manna nefnd hefði komist að þeirri niðurstöðu að það bæri að skilja á milli útvarps og sjónvarps.

Þá fannst mér skilaboðin ekki mjög skýr frá ráðherra um það hvort við gætum fengið þetta álit. Hann sagði að það yrði birt með frv. útvarpslaganefndar. Ég er að tala um að við í stjórnarandstöðunni fáum þetta í hendurnar núna og þurfum ekki að bíða eftir frv. Ég vil helst fá skýr svör við því, virðulegur ráðherra.

[13:59]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég skal ræða við formann útvarpslaganefndar strax á eftir og spyrja hvort honum sé þetta útbært núna. (**TIO:** Honum er það ekki.) Honum er það ekki. Þá kemur það fram. Það er gallinn við þessar umræður að það má enginn tala nema ráðherrann, ekki einu sinn formaður útvarpslaganefndar sem er hér staddur, en hann má grípa fram í. Ég heyri það.

(**Forseti** (SalÞ): Hann má ekki grípa fram í. Það hefur hæstv. ráðherra væntanlega heyrt.)

Listaháskóli.

[14:00]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. menntmrh. eins og fleiri. Það er mikið að gera hjá honum í dag enda margar nefndir sem hann hefur skipað. Ég ætlaði að spyrja hæstv. menntmrh. að því hvað væri mikil alvara á bak við þessa skilagrein um listaháskóla sem var samin af nefnd sem hæstv. menntmrh. skipaði og hefur verið dreift. Því er ekki að neita að það er þó nokkur eftirvænting í þjóðfélaginu eftir frv. til laga um listaháskóla. Áður hefur verið skilað nefndaráliti og lagt fram frv. um listaháskóla. Árið 1990 var það gert, en samkvæmt þessari skilagrein er verið að tala um að kúvenda algerlega og listaháskóli verði eins konar séreignastofnun.

Ég vil því spyrja hæstv. menntmrh. að því hvort hann muni leggja fram frv. til laga um listaháskóla sem verði byggt á þessari skilagrein.

[14:01]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Skilagrein listaháskólanefndar var lögð fyrir mig í júnímánuði sl. Málið hefur verið kynnt síðan við ýmis tækifæri og það liggur að sjálfsögðu full alvara á bak við svona tillögur. Við héldum málþing um þetta mál í byrjun desembermánaðar sl. Það sóttu um það bil 100 manns frá ýmsum samtökum listamanna og frá þeim skólum sem talað er um að fari á háskólastig samkvæmt þessum tillögum.

Síðan hafa verið haldnir tveir fundir með fulltrúum hinna ýmsu samtaka listamanna. Sá fyrri milli jóla og nýárs og sá síðari í lok desember og næsti fundur verður einmitt haldinn í kvöld. Þá verður látið reyna á það hvort stuðningur fæst við þá hugmynd sem þarna er sett fram um að listaháskóli verði rekinn sem sjálfseignarstofnun sem er alveg ný hugmynd en þekkist auðvitað í skólakerfinu. Það verður látið reyna á það hvort stuðningur fæst við þá hugmynd hjá skólunum sjálfum og hjá þeim samtökum listamanna sem við höfum sérstaklega leitað eftir skoðunum hjá. Ég mun svo meta stöðuna að loknum þessum fundi hvort frv. verður lagt fram á þessu þingi sem er þá í samræmi við tillögur listaháskólanefndar.

[14:03]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir svörin og fyrir það að mér heyrist hann ætla að fara varlega í það að leggja fram frv. í andstöðu við listafólk landinu og það fólk sem starfar við þá skóla sem verið er að tala um að færa að fullu upp á háskólastig. Það er í sjálfu sér gott því að ég óttaðist að það væri einhver harka komin í þetta mál og hæstv. menntmrh. ætlaði að leggja fram frv. í andstöðu við þessa hagsmunaaðila. En hann talar um nýja hugmynd og það er rétt. Ég veit ekki til þess að nokkur staðar sé listaháskóli rekinn með þessu formi. Hvaðan hefur hæstv. menntmrh. þessa hugmynd? Eða, ef hann veit það: Hvaðan fær nefndin hugmynd um listaháskóla sem væri ekki í eigu þjóðarinnar?

[14:04]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Mér fannst á orðum hv. þm. eins og það lægi ljóst fyrir að ef frv. yrði lagt fram sem gengi út frá þessum tillögum listaháskólanefndar, þá væri það í andstöðu við listafólkið í landinu og þá skóla sem hlut ættu að máli. Ég kannast alls ekki við það. Þetta hefur fengið góðan hljómgrunn einmitt hjá þeim skólum sem talað er um að færist á háskólastig. Ég hef að vísu heyrt á þeim fundum sem ég vitnaði til áðan, efasemdir og jafnvel andstöðu hjá einstaka aðilum. Það viðurkenni ég svo sannarlega.

Hugmyndin er komin frá nefndinni sem að þessu máli vann, en mér er kunnugt um að hún kannaði hliðstæða skóla í öðrum löndum. Ég veit t.d. að hliðstæðir skólar eru reknir í Hollandi, svo ég nefni aðeins eitt dæmi.

[14:05]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hæstv. menntmrh. talaði um góðan hljómgrunn og ég veit um þennan fund sem haldinn var alveg nýlega þar sem kom fram mikil gagnrýni einmitt á þetta form sem þarna eru uppi hugmyndir um að verði á skólanum. En samkvæmt þessum hugmyndum á stjórn skólans að vera þannig skipuð að stjórnarmenn mega ekki á nokkurn hátt tengjast skólanum þannig að kennarar og skólarektor móta ekki stefnu um skólann sem slíkan. Það held ég að sé í sjálfu sér dálítið athyglisvert.

En eins og ég sagði áðan lýsi ég ánægju með það að menntmrh. vill — ég met orð hans þannig — fara varlega og hvet hann alveg eindregið til þess því að þetta fyrirkomulag er vægast sagt hæpið að mínu mati hvað snertir rekstur listaháskóla.

[14:07]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það þarf ekkert að hvetja mig til þess að fara varlega. Ég tel mig einmitt hafa sýnt það með því að leitast við að kanna sjónarmið þeirra sem eiga að búa við þennan væntanlega listaháskóla. Það hef ég einmitt verið að gera. Og eins og ég sagði áðan, þá kannast ég við gagnrýnisraddir og efasemdarraddir, einkum úr hópi nemenda Myndlista- og handíðaskólans. Þær komu mjög skýrt fram á síðasta fundinum sem við héldum í lok janúar.

Hvort þetta stjórnarfyrirkomulag sé hið heppilegasta ætla ég ekki að leggja neinn dóm á hér. Ég veit að það eru skiptar skoðanir um það hvort í stjórn skóla

eigi að sitja menn sem hafa bein tengsl, kennarar og nemendur. Það er nokkuð sem við verðum sjálfsagt aldrei sammála um en það er mikill misskilningur ef menn halda að með því séu öll tengsl rofin við hinar einstöku deildir skólans. Það er mikill misskilningur ef menn halda það. Við þekkjum fyrirkomulag ekki óáþekkt þessu, ekki síst í skólakerfinu. Þetta eru ekki allt saman ríkisskólar. Ég nefni nú bara Samvinnuháskólann sem hv. þm. þekkir og situr í stjórn ef ég veit rétt.

Stjórn fiskveiða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 360.

[14:08]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JGS, JBH, JHelg, JVK, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (ÁJ, EgJ, EKG, HÁ, HBl, ISG, JÁ, JóhS, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Umræður utan dagskrár.

Viðskiptahindranir Frakka gagnvart íslenskum fiskafurðum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefst utandagskrárumræða eins og áður hafði verið tilkynnt. Hún fer fram að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. samkvæmt 1. mgr. 50. gr. þingskapa og er um viðskiptahindranir Frakka gagnvart íslenskum fiskafurðum.

[14:10]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér hér hljóðs til að leggja fyrir hæstv. utanrrh. spurningar varðandi viðskiptahindranir sem Frakkar hafa gripið til gegn innflutningi á fiski frá Íslandi og reyndar fleiri löndum. Ljóst er að algert ófremdarástand hefur skapast og með tæknilegum viðskiptahindrunum er nánast um praktískt viðskiptabann að ræða. Íslensku fisksölufyrirtækin í Frakklandi fá ekki hráefnið til vinnslu og menn eru að missa af viðskiptasamböndum af þessum sökum. Fiskur hleðst upp í nágrannalöndunum og hér heima og ekki er ólíklegt að á þessari stundu séu a.m.k. 1.000 tonn af fiskafurðum sem áttu að fara á Frakklandsmarkað til vinnslu eða sölu strand. Talsvert magn af fiski bíður ákvörðunar hér heima um það hvort það verði sent áleiðis til Frakklands með skipum á morgun eða ekki.

Óþarft er að minna á að fram undan er einn mikilvægasti tíminn í fisksölumálum á þessum markaði, þ.e. vikurnar fram að páskum. Frakkland er gífurlega mikilvægur markaður fyrir íslenskar sjávarvörur. Frakkland er fjórða mikilvægasta útflutningsland Íslands og það á einnig við um sjávarvörurnar sérstaklega. Ef skoðað er hvernig þessi útflutningur hefur þróast sl. ár, voru á árinu 1990 flutt út 48.500 tonn af sjávarvörum að verðmæti 6.800 millj. kr. Á árinu 1991 42.500 tonn að verðmæti 8,3 milljarðar, 8.300 millj., og á árinu 1992 48 þúsund tonn af vörum fyrir 7.7 milljarða. Áætlað er að á sl. ári hafi þessi tala verið á milli 8 og 9 milljarðar og hefði átt að stefna í svipað á nýbyrjuðu ári.

Það er því ljóst að hér er um gífurlega mikla hagsmuni að ræða fyrir íslenska útflytjendur. Samkvæmt fréttum hefur franska ríkisstjórnin lofað sjómönnum því að hindra innflutning á fiski með tæknilegum viðskiptahindrunum eða öðrum ráðum svo sem ýtrustu smásmugusemi í sambandi við sýnatökur, vottorð og annað því um líkt a.m.k. fram á mitt sumar og e.t.v. lengur. Því er haldið fram af fjölmiðlum að slíkt loforð hafi verið gefið. Þessi framkoma er satt best að segja ótrúleg í ljósi þess að þetta gerist á fyrstu vikum gildistíma samningsins um Evrópskt efnahagssvæði.

Hæstv. utanrrh. hefur talað meira um það en aðrir núlifandi menn að þessi samningur muni tryggja okkur hindrunarlausan og greiðan aðgang að öllum mörkuðum Evrópubandalagsins. Hæstv. ráðherra skuldar okkur því öðrum mönnum fremur skýringar á því sem þarna hefur gerst. Ég vil því leyfa mér að leggja eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. utanrrh:

1. Hvað hefur utanrrn. eða ríkisstjórnin aðhafst til að hnekkja þessari einhliða aðgerð Frakka?

2. Stenst þessi aðgerð Frakka viðskiptareglur alþjóðatollabandalagsins GATT eða ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði að mati utanrrh.?

3. Ef svarið er já, ef Frakkar geta gert nánast það sem þeir sýnist þrátt fyrir samninginn um EES, hvers konar samningagerð var þá þar á ferðinni?

4. Hefur ríkisstjórnin hugleitt gagnaðgerðir gegn Frökkum svo sem þær að stöðva innflutning á frönskum vínum, frönskum bílum eða öðrum slíkum vörum?

5. Hvaða áhrif hefur það að mati utanrrh. á samstarfið innan samningsins um Evrópskt efnahagssvæði ef ein samningsþjóðin kemst upp með framkomu af þessu tagi?

[14:15]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil segja það fyrst að íslensk stjórnvöld líta á þetta mál sem grafalvarlegt mál. Eins og fram kom í máli fyrirspyrjanda er Frakkland þriðji eða fjórði stærsti viðskiptaaðili okkar. Útflutningur hefur farið vaxandi, hann er kominn í um 12% og það má meta verðmæti útflutnings á bilinu 8–9 milljarða kr. Viðskiptabann í reynd að því er varðar fiskútflutning okkar til Frakklands mundi í tilviki Frakklands

jafngilda því að þeir hefðu sett viðskiptabann á öll sín viðskipti við Bretland, sem er svipað hlutfall af þeirra útflutningi, eða við Benelúx-löndin.

Nú er það fljótsagt að ástæðurnar fyrir þessu eru innanlandspólitískar í Frakklandi. Og það sem Frakkar hafa reynt að gera var fyrst að leita til framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og óska eftir því að setja á innflutningsbann gagnvart þriðju löndum. Því var hafnað að gera það á grundvelli öryggisákvæða. Í staðinn var brugðist við með því að setja á lágmarksverð. Lágmarksverð hafa ekki skert íslenska hagsmuni vegna þess að útflutningur okkar er hátt yfir þeim. Það sem þeir eru í raun og veru að gera er að misbeita með heilbrigðisreglum sem er brot á EES-samningnum, á viðeigandi greinum í bókun 9 sem bannar að misbeita slíkum reglum sem innflutningstakmörkunum og bannar innflutningstakmarkanir, og eru þar af leiðandi brotlegir við EES-samninginn.

Hv. þm. spurði um trúverðugleika EES-samningins við slíkar kringumstæður. Og það er rétt að leggja á það áherslu og svara því: Hver væri staða okkar ef við hefðum ekki EES-samninginn?

Í fyrsta lagi væri réttur okkar í þessu tilviki enginn. Frakkar hefðu þá getað sett innflutningsbann á okkur sem þriðja ríki eins og þeir hafa gert gagnvart öðrum.

Í annan stað hefðum við engan samning og engar stofnanir þar sem við gætum leitað réttar okkar. Við gætum ekki skýrskotað til þess að við höfum þegar fullnægt þeim skilyrðum að leggja fram lista yfir viðurkennda útflutningsaðila og frameiðendur sem framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins hefur metið gilda og Frakkar verða að hlíta. Það var þess vegna með vísan til þessa samnings og þessara réttinda sem Frakkar neyddust til að setja Ísland aftur á lista yfir þau ríki sem ekki er hægt að setja innflutningsbann á, sem verður að flytja inn vörur frá.

Við eigum bandamenn í þessu máli sem er framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins sem hefur komið því á framfæri við frönsk stjórnvöld að hér sé verið að brjóta EES-samninginn. Við getum leitað réttar okkar til EES-nefndarinnar. Og það verður gert í framhaldi af mótmælum við frönsk stjórnvöld. Það verður gert strax á fyrsta fundi nefndarinnar á morgun. Það er sýnt fram á að hér sé um að ræða brot á reglum, bókun 9, gr. 2 og 5. Það er sýnt fram á að hér sé um að ræða að þessi brot hafi leitt til fjárhagslegs skaða. Það eru settar fram kröfur um fjárhagslegar bætur í slíku tilviki. Það er gerð krafa um það samkvæmt reglum að EES-nefndin komi saman innan mjög skammst tíma. Reglurnar kveða á um innan fimm daga ef niðurstaða verður ekki á fyrsta fundi. Og það er vakin athygli á því hversu alvarlegt málið er vegna þess að hér er um að ræða svona hátt hlutfall útflutningsafurða okkar, þ.e. samanburður er tekinn við það ef Frakkar hegðuðu sér með þessum hætti gagnvart Bretum eða Benelúx-löndunum.

Það er algjör misskilningur að draga af þessu þá ályktun að við séum verr settir vegna EES-samningsins. Við gætum ekki hreyft okkur og engum málum komið fram til að leiðrétta þetta ef við hefðum ekki þennan samning. Og það er einmitt vegna þess að við höfum hann sem við höfum ástæðu til að ætla að við munum getað leitað réttar okkar.

Hv. þm. spyr hvað við höfum gert og það er þetta: Um leið og Frakkar gripu til þessara aðgera þá byrjuðum við á því að kalla sendiherrann hér fyrir okkur, mótmæla aðgerðum þeirra og sýna honum fram á að við nytum viðurkenningar fyrir okkar útflutningsaðila. Sama var gert að því er varðar utanríkisráðuneytið í Frakklandi, íslenski sendifulltrúinn þar fór á þeirra fund.

Í annan stað þá höfum við undirbúið formleg mótmæli frá íslenskum stjórnvöldum á fundi EES-nefndarinnar í dag. Í fjórða lagi hef ég kallað franska sendiherrann fyrir mig í morgun til að afhenda honum sérstakt bréf sem hann kemur á framfæri við franska utanríkisráðherrann efnislega eins og ég hef þegar gert grein fyrir, þar sem er með öðrum orðum sýnt fram á að hér sé um að ræða brot á samningnum og gerð sú krafa að þetta verði leiðrétt.

[14:20]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hæstv. utanrrh. var ansi mikið hógværari núna en í fyrra vetur þegar hann var að gylla fyrir okkur EES-samninginn. Það ástand sem hér hefur skapast er auðvitað óþolandi. Íslendingar verða fyrir stórkostlegu tjóni og nú reynir á EES-samninginn. Við bjuggum áður við bókun 6. Mér skilst á hæstv. utanrrh. að hann gerði ráð fyrir því að ef EES-samningurinn væri ekki kominn í gildi þá lægjum við alveg afvelta í þessu máli og hefðum engin tæki til að rétta hlut okkar. Ég er ekki sammála því. Ég reikna með því að það yrði reynt að beita utanríkisþjónustunni eins. En nú reynir á þennan EES-samning. Í fyrra vetur talaði hæstv. utanrrh. um tveggja milljarða árlegan ábata sem ætti að falla Íslendingum í skaut vegna tollaniðurfellingar. Þeir tveir milljarðar hafa látið bíða eftir sér vegna þess að verðið hefur þá bara lækkað tilsvarandi og það er enginn ábati enn af samningnum.

Ég spyr hvort ríkisstjórnin hugsi sér að bæta íslenskum útflutningsfyrirtækjum það tjón sem þau verða fyrir. Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hefur ekki skilað þeim hagsmunum sem utanrrh. lofaði. Við stöndum eins og glópar og Frakkar beita okkur miklu harðræði. Mér finnst að hæstv. utanrrh. ætti að spara sér að vitna í það hvað við höfum góða aðstöðu í gegnum EES-samninginn þangað til þetta mál er leyst.

[14:22]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það sem hefur verið að gerast í fisksölumálum okkar í Frakklandi er vissulega umhugsunarvert í ljósi þess að EES-samningurinn er genginn í gildi. Ég hygg að enginn hafi gert ráð fyrir því að slíkt mál kæmi svo fljótlega upp á borðið. Í Frakklandi er einn stærsti markaður okkar fyrir fiskafurðir eins og hér hefur komið fram. Og ein aðalröksemdin fyrir EES-samningi hvað Ísland varðaði var að þar honum fengjum við aukin tollfríðindi fyrir sjávarafurðir og þar með auknar útflutningstekjur. Það hef-

ur nú komið í ljós að þrátt fyrir samninginn reyna Frakkar allar leiðir til að hefta þennan innflutning og er það liður í þeirri viðleitni þeirra að vernda sínar atvinnugreinar. Í þessu tilviki franska sjómenn sem sjá fram á lækkandi fiskverð sem kemur fram í tekjulækkun hjá þeim. Það dugir ekkert þótt íslensk stjórnvöld mótmæli því að hér sé verið að brjóta samninga. Ég hlýt að spyrja: Hvaða hald er í slíkum samningum? Hvaða hald er í þeim stofnunum sem settar hafa verið á fót í kringum EES-samninginn og eiga að sjá um að hann sé ekki brotinn? Var EES-samningurinn kannski tímaskekkja? Það viðskiptafrelsi sem samningurinn átti að tryggja hefur reynst haldlítið. Jafnvel innri markaðurinn hjá EB hefur heldur ekki haft þau hagvaxtaráhrif sem hann átti að hafa í þeim löndum.

Að lokum varpa ég þeirri spurningu fram: Skyldi ekki sá mikli ávinningur sem við áttum að hafa af EES-samningi verða heldur rýr þegar upp er staðið?

[14:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ástæða til að hafa miklar áhyggjur af þeirri þróun sem á sér stað í viðskiptum okkar við Frakkland þessa dagana. Við höfum nú þegar orðið fyrir miklu tjóni vegna þessara mála og sér ekki fyrir endann á því. Auk þess hafa hrannast upp spurningarmerki við það hvort þeir samningar sem við höfum við þessi ríki um innflutning muni verða okkur að gagni. Það er a.m.k. mikið umhugsunarefni þegar það liggur fyrir að stjórnvöld í Frakklandi hafi lofað sjómannastéttinni þar því að þau ætli að tefja innflutning og brjóta samninga sem við höfum gert við þau.

Ég held að það hljóti að þurfa að gerast eitthvað áhrifamikið til að menn taki trúna aftur. Mig langar til að spyrja hæstv. utanrrh. hvað hann telji að EFTA-nefndin muni aðhafast í framhaldi af þessu þegar hún hefur fjallað um málið, til hvaða aðgerða hún muni grípa.

Mig langar til að biðja hann að útskýra það líka fyrir okkur hv. þm. hvers vegna við hefðum ekki getað gripið til neinna sambærilegra aðgerða áður en þessi EES-samningur varð til á grundvelli þeirra samninga við EB sem við höfðum áður í bókun 6.

Ég verð að segja það að lokum að mér finnst við hafa hlustað á svo margar ræður í þinginu um þetta EES-mál og bjartsýnina alla. Einu sinni voru það 7 milljarðar sem við áttum að hafa á ári samkvæmt ræðu sem hæstv. utanrrh. hélt hér. Við lásum blaðagreinar eftir aðra ráðherra og hlustuðum á þá hér á hv. Alþingi þar sem þeir lýstu því að það væru margir milljarðar á ári, oftast 2 nefndir, sem við ættum að hafa út úr þessum EES-samningi. Það þarf að fara að koma eitthvað í ljós af þessum hag sem við höfum af þessum samningi.

[14:26]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Það er ástæða til að líta mjög alvarlegum augum það sem nú er að gerast varðandi innflutning okkar á fiski til Frakklands og vissulega áhyggjuefni. Það er jafnframt að koma í ljós, sem e.t.v. átti ekki að koma svo mjög á óvart, að það er ákaflega lítið hald í EES-samningnum sem átti að bjarga öllu. Er nú merkilegt að heyra að hæstv. utanrrh. er ekki alveg eins borubrattur og hann var hér oft á tíðum síðustu árin. Og raunar hlægilegt að heyra hann halda því fram að réttur okkar væri enginn ef við værum ekki með þennan EES-samning. Mér finnst hlægilegt að hæstv. utanrrh. skuli láta sér detta í hug að bera þetta á borð fyrir okkur þingmenn.

Það er út af fyrir sig hægt að skilja það að sjómenn í Frakklandi reyni að verja tilverurétt sinn. Það er verið að gera það hér á landi einnig. Ég veit ekki betur en það sé verið að berjast í því í þingnefndum að reyna að setja girðingar til að hindra innflutning samkvæmt þessum samningi og öðrum samningum sem við erum aðilar að. Þarna er nákvæmlega það sama á ferðinni. Ég hef ákveðinn skilning á því að menn reyni að berjast fyrir rétti sínum þó það komi sannarlega illa við okkur þykir mér það slæmt að það skuli bitna þannig á okkur. En við verðum að gera okkur grein fyrir því að þessi EES-samningur er ekki það hald sem hér hefur verið haldið fram af hálfu hæstv. utanrrh. og reyndar annarra ráðherra og meiri hlutans á Alþingi sem samþykkti þennan dæmalausa samning.

Það er að koma í ljós að fólk í Evrópu, fólk á Íslandi er ekkert tilbúið til að þurka út landamæri. Það er ekki tilbúið til að steypa allri Vestur-Evrópu í eina heild. Ég held því að það sé rétt fyrir okkur að staldra við og líta á þessa samninga sem við erum að gera með tilliti til okkar hagsmuna fyrst og fremst.

[14:28]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Mér finnst þetta næsta einkennilegur málflutningur hjá þeim sem efast um að við Íslendingar höfum rétt samkvæmt EES-samningnum til þess að taka á þessu máli og knýja frönsku ríkisstjórnina til að breyta um stefnu. Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. að framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins eða Evrópusambandsins er auk þess á sama máli, að franska ríkisstjórnin hafi brotið þá samninga sem hún hefur gert. Og það styrkir ekki málstað okkar að flytja ræður eins og fluttar hafa verið um það að við höfum engin tæki til þess að fá þessari ákvörðun hnekkt. Við höfum þau tæki og þeim tækjum á að sjálfsögðu að beita.

Það hefur komið fram í umræðum um þetta mál að hér er um pólitískar ákvarðanir frönsku ríkisstjórnarinnar að ræða til stuðnings 16 þúsund sjómönnum sem stunda fiskveiðar í Frakklandi. Og ég ítreka að þetta er pólitísk ákvörðun sem verður náttúrlega að ræða við Frakka einnig á pólitískum forsendum um leið og beitt er þeim tækjum sem við höfum til að brjóta ákvarðanir á bak aftur samkvæmt alþjóðasamningum. Og ég minni á það að á sínum tíma þegar François Mitterrand, forseti Frakklands, kom í opinbera heimsókn hingað til Íslands þá lýsti hann því yfir að hann hefði mikinn skilning á sérstöðu Íslendinga sem fiskveiðiþjóðar og sjávarútvegsþjóðar. Hann bauðst til þess þeg-

ar hann var hér á landi að leggja Íslendingum lið til þess að þeir gætu stundað sínar fiskveiðar og staðið að sínum sjávarútvegi sem fiskveiðiþjóð eins og þeir hljóta að muna sem tóku þátt í viðræðum við forsetann á sínum tíma.

Ég tel að nú sé ástæða til þess fyrir hæstv. utanrrh. um leið og ég tel að hann hafi haldið rétt á málum varðandi þetta gagnvart Frökkum á vettvangi EES að leita til forseta Frakklands og minna á þær pólitísku yfirlýsingar sem hann gaf þegar hann kom hingað í opinbera heimsókn og vekja máls á þessu með pólitískum rökum eins og þarf að gera því að hér er um pólitískar ákvarðanir franskra stjórnvalda að ræða til þess að hjálpa sínum sjómönnum.

[14:31]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það sem einkum hefur vakið athygli mína í umræðum um málið að undanförnu er að það hefur verið litið svo á að Frakkar geti, ef það virkar ekki að misbeita heilbrigðisreglum og smásmygli af ýmsu tagi, gripið til öryggisákvæðisins, sem oft hefur verið alger nauðvörn og við Íslendingar höfum einnig vissulega velt mikið fyrir okkur. Miðað við þann gang mála sem þá hefst sýnist mér ekki að mótaðgerðir okkar vegi nokkurn skapaðan hlut í þeirri innanlandspólitík sem vissulega er verið að reka í Frakklandi. Þá er augljóst mál að það eru meiri hagsmunir að hafa sjómenn góða, það hefur þegar komið í ljós, en það hvort Íslendingar kaupa nokkrum rauðvínsflöskum, bílum eða ilmvatnsglösum meira eða minna af Frökkum því að það eru okkar möguleikar til þess að halda uppi vörnum. Þannig að ég óttast að ef þetta getur heyrt undir öryggisreglurnar og það hef ég ekki heyrt vefengt, þá muni það verða næsti möguleiki Frakka að nýta sér þá leið. Ég verð að viðurkenna það að ég held að við stöndum jafnvel verr með EES-samninginn en án hans í ljósi þessa.

[14:32]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í fyrsta lagi benda á einn flöt í þessu máli sem ekki hefur komið fram í þessari umræðu. Það er að við getum ekki talað um fríverslun með fisk og fiskafurðir meðan Evrópubandalagsþjóðirnar og Evrópuþjóðirnar viðhalda því verðmyndunarkerfi sem þeir hafa varðandi fisk. Það sáum við kannski best nú fyrir nokkrum dögum þegar franska stjórnin ákvað einhliða að auka styrki sína við franskan sjávarútveg um 3 milljarða. Þetta þýðir einfaldlega að við höfum hag af milliríkjasamningnum um fiskveiðar við þessar þjóðir sem byggist á því að þær standi við það sem í það minnsta í orði er þeirra yfirlýsta stefna, að þær dragi úr beinum stuðningi við þennan atvinnuveg í sínum löndum.

Ég vil í öðru lagi benda á að í mínum huga sýnir þetta dæmi núna öðru fremur hvernig við værum stödd ef við hefðum ekki fjölþjóðlega og alþjóðlega samninga um viðskipti sem við byggjum okkar fiskútflutning á. Þetta segir mér kannski öðru fremur hvernig ástandið væri ef við þyrftum í hverju landi fyrir sig að fara yfir tollmúra og sæta geðþóttaákvörðunum á hverjum stað og á hverjum tíma. Ég þarf ekki að ítreka það hér. Ég hef gert það margsinnis áður úr ræðustól að fyrir þjóð eins og okkur Íslendinga sem eigum nánast alla okkar afkomu undir útflutningi er það afar mikilvægt að staðið sé við þá samninga sem við erum aðilar að.

[14:35]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að Frakkar hafa með ruddalegum hætti brotið þá samninga sem gerðir hafa verið á vettvangi EES um þessi málefni. Það samningsbrot bitnar að vísu ekki eingöngu á okkur, það beinist ekki eingöngu að Íslendingum heldur er almennara eðlis. En mér finnst fáránlegur sá málflutningur sem hefur skinið í gegn hjá ýmsum sem hafa tekið hér til máls, einkanlega í fyrri hluta umræðunnar, að þetta samningsbrot Frakka væri eiginlega EES-samningnum að kenna og mætti eiginlega líta svo á að nú væri komið í ljós hversu bölvaður þessi EES-samningur væri. Þetta væri bara það fyrsta sem komið hefur í ljós, enda hefði hann ekki skilað okkur neinum hagnaði enn sem komið væri. Þessi málflutningur er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Þessi samningur hefur ekki verið í gildi nema í einn og hálfan mánuð. Það er ekki von að hann sé farinn að skila okkur miklu enn sem komið er.

Hins vegar eru í honum, eins og fram hefur komið, þau tæki og þau tól sem við þurfum til þess að geta brotið á bak aftur brot sem þessi. Þarna kemur í ljós hvernig við sem smáþjóð getum haldið stórþjóð eins og Frökkum að samningum vegna þess að í þeim er gert ráð fyrir sérstökum ákvæðum til þess að setja niður deilur og leiða ágreining til lykta. Þetta er auðvitað það mikilvæga í málinu. Þetta er það sem EES-samningurinn færir okkur. Hann gefur okkur þá möguleika sem við þurfum til þess að brjóta þetta á bak aftur. Og það er auðvitað fullkomlega ótímabært að halda því fram að þessi tæki séu einskis megnug, eins og hér hefur komið fram, og það sé þegar leitt í ljós að þau muni ekki duga til neins. Það er fyrst í fyrramálið sem haldinn verður fundur í EES-nefndinni, eins og utanrrh. sagði, og framhaldið mun síðan skýrast. Ég hygg að það muni koma í ljós að það verður vel á þessum málum haldið fyrir Íslands hönd og við hljótum að snúa bökum saman um að leysa þetta mál. Það er engum til gagns að standa hér og hlakka yfir því að þetta mál skuli komið upp og kenna EES-samningnum um.

[14:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er náttúrlega alveg furðulegur málflutningur hér hjá þessum hörundssáru stuðningsmönnum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Þeir hafa heyrt þau orð inni í sínum eigin huga sem þeir ætla mönnum hér. Það hefur enginn maður staðið upp og kennt EES-samningum sérstaklega um þetta. Hitt er óhrekjanleg staðreynd að þetta gerist þrátt fyrir EES. Hann er kominn í gildi, loksins, loksins, en þrátt fyrir það gerist þetta. Má ekki benda á það? Má ekki draga þá staðreynd fram í dagsljósið að án þess að

stuðningsmenn hans komi hér hver um annan þveran og væli í ræðustólnum eins og þeir gerðu hér áðan.

Hæstv. forseti. Þetta er grafalvarlegt mál, segir hæstv. utanrrh. og það er rétt. Þetta er grafalvarlegt mál hvað sem líður öllum samningum um EES. Þetta er grafalvarlegt mál fyrir útflutningshagsmuni Íslands. Samningsbrot, segir utanrrh. Og ef þetta er samningsbrot, þá spyr ég aftur: Hvers konar samningur er það þá sem virðist gefa einum aðilanum færi á því að brjóta samninginn og komast upp með það? Ég tel ekki að það hafi verið mjög vel haldið á þessu máli af Íslands hálfu því ef þetta er augljóst samningsbrot af hverju var því þá ekki kippt í liðinn bara samstundis og bent á að svo væri, vísað í viðkomandi paragraf og sagt: Nei, góðir hálsar. Þetta er samningsbrot. Segir þetta kannski ekki sitt um viðhorf gagnaðilans og virðingu hans fyrir þessum samningi? Er það kannski svo að þessi pappír þyki merkilegri hér uppi á Íslandi en úti í Evrópu?

Það er óhrekjanleg staðreynd að þrátt fyrir gildistöku samningsins um Evrópskt efnahagssvæði, þá gerist þetta nú. En undanfarin ár höfum við átt greiðan aðgang að Frakklandsmarkaði eins og þær tölur sýna sem ég las hér upp áðan, 7, 8 og 8,5 milljarðar kr. áður en samningurinn gekk í gildi. Nú er allt stoppað og það hlýtur að mega draga þá staðreynd fram í dagsljósið.

Það er rétt að þetta er pólitísk ákvörðun og þess vegna á einnig að beita pólitískum ráðstöfunum á næsta stigi af okkar hálfu. Og hæstv. utanrrh. á að reka af sér slyðruorðið. Hann á heiður sinn að verja og óskabarns síns og reyna að kippa þessu í liðinn. En við Íslendingar eigum jafnframt að láta hart mæta hörðu þó í litlu sé. Það er prinsippatriði að láta ekki vaða svona yfir okkur. Þótt ekki muni mikið um nokkrar flöskur af rauðvíni og fáeinar Citroën-druslur, þá ber samt að stoppa það til að sýna að við látum ekki fara svona með okkur.

[14:40]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það hljómar dálítið undarlega á löggjafarsamkomu þegar fleiri en einn og fleiri en tveir hv. þm. segja: Það er verið að brjóta lög. Þess vegna eru lögin einskis virði. Ætla hv. þm. að halda því fram að sú staðreynd að þessi löggjafarsamkoma fæst við það að setja lög en það eru fjölmörg dæmi þess að þau eru brotin, þá sé það starf allt einskis virði? Væri ekki nær að segja sem svo: Hér höfum við dæmi um það að smáríki, sem má sín lítils þegar kemur að bolmagni eða valdbeitingu í viðskiptum, hefur gert samning sem hins vegar stórveldi hefur brotið. Væri ekki nær að við litum í eigin barm og rifjuðum upp: Hver er hagur smáríkisins í slíkum samskiptum? Og litum í eigin barm hversu mikilvægt það er fyrir okkur sjálf að halda sjálf þá samninga sem við höfum gert þannig að við getum uppréttir og sjálfum okkur samkvæmir tekið upp slík mál og sagt: Við höfum a.m.k. staðið við okkar samninga. (**SJS:** Höfum við ekki gert það?)

Í þriðja lagi segja menn: Nú er EES-samningurinn kominn í gildi og sjá. Þeir hafa ekki staðið við hann, það hafa ekki allir staðið við hann. Má ég minna ykkur á það þegar franskir bændur réðust að búfénaði sem fluttur var inn frá Bretlandi, Evrópubandalagsríki, og drápu hann á torgum, í þorpum eða tóku við vöruinnflutningi frá Ítalíu og helltu niður. Enn og aftur verndarstefnumenn í Frakklandi að brjóta lög. Að sjálfsögðu var enginn maður sem ályktaði af því: Nú, Evrópubandalagssamningurinn er bara einskis virði. Auðvitað var komið lögum yfir þessa menn. Og auðvitað sáu menn það að hagur þeirra var í því að hafa lög, reglur og samninga. EES-samningurinn kominn í gildi, segja menn. Því miður er það svo að það er enn landamæraeftirlit hjá EB. Við gengum ekki í EB og ráðum ekki þeirra landamæraeftirliti þannig að þeir geta að sjálfsögðu enn beitt landamæraeftirliti.

Síðan hitt. Sá þátturinn sem varðar heilbrigðisreglurnar kemur ekki formlega í gildi fyrr en 1. júlí. Eftir það er ljóst að þá er ekkert sem gildir sem Frakkar mega gera nema tilviljunarkenndar sýnatökur og rannsókn á upprunareglum og þeir verða að ljúka slíkum rannsóknum innan 24 tíma. Þangað til verðum við að taka upp málið pólitískt séð og krefjast þess að þeir standi við bókun 9 um það að misbeita ekki heilbrigðisreglum og breyta þeim raunverulega í viðskiptahindrun.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, 3. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 564, brtt. 422,3 og 586.

[14:44]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. allshn. á þskj. 586 við frv. til laga um öflun álits EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um Evrópskt efnahagssvæði. Við umfjöllun um þetta frv. í allshn. fyrir 2. umr. kom m.a. fram tillaga nokkurra nefndarmanna um að breytingar yrðu gerðar á því með tilliti til kostnaðar sem gæti fallið á aðila af dómsmáli ef dómarinn tæki ákvörðun um að neyta heimildar samkvæmt frv. til að leita álits EFTA-dómstólsins um atriði máls undir rekstri þess að eigin frumkvæði eða að frumkvæði annars aðila að málinu. Töldu þeir nefndarmenn rétt að kostnaður af máli sem kæmi sérstaklega til vegna slíkrar álitsöflunar yrði borinn af ríkissjóði undir þeim kringumstæðum. Um þetta náðist ekki samstaða innan nefndarinnar og flutti því 2. minni hluti hennar tillögu um breytingu á frv. sem sneri að þessu við 2. umr. Samkomulag tókst síðan um að þessi brtt. yrði dregin til baka og að nefndin tæki frv. enn til athugunar milli 2. og 3. umr. af þessari ástæðu en að því gerðu var frv. afgreitt til 3. umr. og því vísað aftur til nefndarinnar.

Við athugun allshn. á frv. eftir 2. umr. hefur orðið að samkomulagi að flytja tillögu um breytingu á því sem nefndin stendur að í sameiningu. Rétt er að taka fram að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og Kristinn H.

Gunnarsson voru fjarstaddir er þessi brtt. var endanlega afgreidd úr allshn.

Í þessari tillögu er farin nokkuð önnur leið en var ráðgerð í fyrri tillögum 2. minni hluta nefndarinnar en hún felst í því að nýrri grein verði bætt inn í frv. þar sem dómsmrh. yrði heimilað að veita málsaðila gjafsókn vegna kostnaðar sem aðgerðir í tengslum við öflun álits EFTA-dómstólsins gætu bakað honum. Er þá gengið út frá að almennar reglur um gjafsókn, sem eru í XX. kafla laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, gildi undir þessum kringumstæðum með vissum frávikum sem mælt er nánar fyrir um í brtt. nefndarinnar.

Til að skýra frekar brtt. má í byrjun vekja athygli á því að skv. 1. mgr. hennar yrði hægt að veita málsaðila gjafsókn í tilvikum þegar dómstóll þar sem mál er rekið hefði tekið ákvörðun um að leita álits EFTA-dómstólsins án þess að viðkomandi aðili hefði sjálfur krafist þess. Með þessu eru höfð í huga tilvik þar sem annar hvor gagnaðilinn ætti frumkvæði að öflun álitsins með kröfu um það eða dómstóllinn sjálfur án kröfu frá öðrum hvorum aðilanum. Undir þessum síðarnefndu kringumstæðum kæmi til greina að báðir aðilarnir gætu sóst eftir gjafsókn. Gjafsóknina yrði hægt að veita eingöngu vegna kostnaðar sem álitsöflunin gæti haft í för með sér fyrir málsaðilann og þá án tillits til þess hvort hann hafi óskað eftir gjafsókn vegna kostnaðar af málinu að öðru leyti. Í 1. mgr. er síðan byggt á því að almenn skilyrði fyrir veitingu gjafsóknar ráði hér úrslitum í meginatriðum en samkvæmt 126. gr. laganna um meðferð einkamála felast þessi almennu skilyrði í því að annars vegar verður málstaður umsækjanda um gjafsókn að gefa nægilegt tilefni til málshöfðunar hans eða málsvarnar að mati gjafsóknarnefndar sem gerir tillögu til dómsmrh. um afgreiðslu umsóknar og hins vegar verður einhverju af þrennu að vera fullnægt: Í fyrsta lagi að efnahagur umsækjanda sé þannig að kostnaður af málinu gæti orðið honum ofviða, í öðru lagi að úrlausn málsins hafi verulegt almennt gildi eða í þriðja lagi að málið varði miklu fyrir atvinnu, félagslega stöðu eða aðra einkahagi umsækjanda.

Skv. 1. mgr. í brtt. er enn fremur gert ráð fyrir því sérstaka skilyrði fyrir gjafsókn í þessum tilvikum að EFTA-dómstóllinn hafi ekki veitt viðkomandi málsaðila gjafsókn eftir starfsreglum sínum. Með þessu er haft í huga að skv. 72. gr. draga að starfsreglunum, eins og þær liggja nú fyrir, gæti aðili að máli sem kæmi til kasta EFTA-dómstólsins sótt um gjafsókn til hans. Heimild EFTA-dómstólsins til að veita slíka gjafsókn virðist þó ætla að verða þrengri en heimildin sem allshn. leggur hér til því samkvæmt drögum að starfsreglum dómstólsins kæmi gjafsókn aðeins til álita þar vegna fjárhagslegra aðstæðna málsaðila.

Í 2. mgr. er gengið út frá að ef málsaðila yrði veitt gjafsókn vegna álitsöflunar fyrir EFTA-dómstólnum, þá nyti hann sömu hlunninda úr hendi ríkisins og fylgja gjafsókn venjulega. Þannig félli m.a. undir gjafsókn allur kostnaður gjafsóknarhafa af ferðalögum sínum eða umboðsmanns hans vegna rekstrar máls ytra, þóknanir handa matsmönnum, vitnum og túlkum í þessu sambandi að því leyti sem slíkur kostnaður væri ekki borinn af EFTA-dómstólnum og þóknun handa lögmanni gjafsóknarhafans fyrir flutning málsins.

Í 2. mgr. er tekið sérstaklega fram að gjafsóknarhafinn gæti fengið allan útlagðan kostnað sinn endurgreiddan strax vegna ferðalaga og þóknana handa öðrum en lögmanni sínum, en um þóknun lögmannsins fyrir um málflutning fyrir EFTA-dómstólnum er gert ráð fyrir þeirri reglu að innlendi dómstóllinn, þar sem málið er rekið, ákveði þóknunina í dómi sínum og hún greiðist þá fyrst að gengnum dómnum.

Þegar litið er til 3. mgr. í brtt. nefndarinnar er rétt að taka fram til skýringar að samkvæmt almennum reglum í 128. gr. laga um meðferð einkamála breytir gjafsókn því ekki að í dómi í máli er hægt að leggja á gagnaðila gjafsóknarhafans að greiða málskostnað, t.d. ef gagnaðilinn tapar málinu öllu. Í slíku tilviki rennur málskostnaðurinn úr hendi gagnaðilans yfirleitt að öllu leyti í ríkissjóð og þá sem eins konar endurgreiðsla til ríkisins vegna kostnaðar gjafsóknarhafans.

Í 3. mgr. í brtt. er gert ráð fyrir að hægt verði að víkja frá þessum almennu reglum á þann hátt að í dómi mætti ákveða að gagnaðili gjafsóknarhafans þyrfti ekki að endurgreiða í ríkissjóð kostnað af gjafsókn fyrir EFTA-dómstólnum heldur yrði hann borinn af ríkinu. Þessi heimild er þó skilyrt á þann veg að þetta yrði yfirleitt ekki gert ef gagnaðilinn hefði sjálfur átt frumkvæði að því að leitað yrði álits EFTA-dómstólsins í málinu.

Að öðru leyti en nú hefur verið getið er ætlast til að almennu reglurnar í lögunum um meðferð einkamála gildi um gjafsókn sem yrði veitt í tengslum við öflun álits EFTA-dómstólsins. Taka má fram að þetta hefur m.a. í för með sér að ekki yrði hægt að endurkrefja gjafsóknarhafann sjálfan um þau hlunnindi sem hann nyti í þessu skjóli hvernig sem málið kynni að fara heldur gæti endurgreiðsla aðeins fengist í ríkissjóð úr hendi gagnaðila gjafsóknarhafans eftir þeim reglum sem var áður lýst.

Þá er rétt að geta þess, virðulegi forseti, að mér hefur borist bréf fyrir hönd allshn. frá hæstv. dómsmrh. þar sem hann lýsir því yfir að hann sé tilbúinn til þess að láta skoða þennan þátt málsins sérstaklega þegar endanlegar starfsreglur EFTA-dómstólsins liggja fyrir. Að endingu má vekja athygli á því að í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir breytingu á gildistökuákvæði frv. en á henni er ekki þörf sérstakra skýringa.

[14:52]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. formanni allshn. fyrir þá tillögu sem allshn. flytur hér og ég tel að komi að mestu leyti til móts við þá hugmynd sem lá að baki brtt. 2. minni hluta allshn. sem flutt var við 2. umr. málsins og þá var dregin til baka og mun því ekki verða flutt aftur við þessa umræðu. Þetta er að sjálfsögðu gert með þeim skilningi sem ég held að hafi mátt lesa úr orðum hv. formanns að þessi gjafsóknarheimild verði notuð undantekningarlaust til þess að

koma í veg fyrir að málsaðili sem ekki á neinn þátt í því að dómari ákveði að leita álits EFTA-dómstólsins verði ekki fyrir útgjöldum af þeim sökum. Það er rétt að starfsreglur liggja ekki enn fyrir. Við inntum eftir því hvað því máli liði og var tjáð að dómsmrn. vissi ekkert enn þá hvenær þeim yrði lokið og hvað þá endanlega mundi í þeim standa. En það er nokkuð augljóst að sú gjafsóknarheimild sem þar er gert ráð fyrir mun ekki nægja til þess að ná því markmiði sem ætlast var til með þeirri brtt. sem við fluttum við 2. umr. Við spurðum einnig nokkurra spurninga um kostnað sem væri líklegur fyrir okkur af þessum dómstóli, hver yrði heildarkostnaður. Okkur var tjáð að það væri engar upplýsingar að hafa um það. Þá vaknaði sú spurning hvernig fer ef eða þegar flestar EFTA-þjóðirnar verða gengnar inn í Evrópusambandið, sem nú mun heita svo, og standa þá ekki lengur orðið að EFTA-dómstólnum. Hversu miklar byrðar verður þá búið að binda okkur Íslendingum með þessari stofnun, hversu lengi verðum við þá að losna út úr þeim kvöðum sem augljóst er að hljóta að standa eftir þegar hin ríkin eru farin. Ég veit ekki hvort hæstv. dómsmrh. getur gefið okkur einhverjar upplýsingar um það, hvort sú hlið hefur verið skoðuð. Það er augljóst að þetta getur farið svo og reyndar heyrum við sagt jafnvel af hálfu fulltrúa utanrrn. að það séu miklar líkur til að breyting verði á EFTA-aðildinni áður en langt um líður.

Ég skal ekki hafa fleiri orð um þetta hér, en endurtek þakkir mínar til meiri hluta allshn. að taka undir brtt. 2. minni hluta á þennan hátt en vil jafnframt láta það koma fram að enn þá eru inni í frv. ákvæðin um heimild til héraðsdómstóla að leita álits EFTA-dómstólsins sem við teljum óþarft og rangt að hafa inni. Því get ég ekki stutt málið í heild meðan það stendur inni.

[14:57]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Nú er komin fram brtt. sem allshn. stendur öll að og á vissan hátt má segja að þar sé tekið á einu af þeim þremur efnisatriðum brtt. sem við sem myndum 2. minni hluta allshn. vorum með við 2. umr. málsins en drógum til baka vegna ákveðinna fyrirheita um að þetta mál yrði skoðað milli 2. og 3. umr. Ég er út af fyrir sig mjög sátt við þá niðurstöðu sem þarna hefur orðið svo langt sem hún nær. En þó vil ég vekja athygli á því að þarna er eitt atriði sem við höfum í rauninni ekkert til að styðjast við annað en túlkun. Hv. 2. þm. Suðurl. vék lítillega að því áðan að það verði að öðru jöfnu gert ráð fyrir því að gjafsóknarbeiðnin verði viðurkennd og gjafsókn verði veitt í þessum tilvikum. Af þeim erindum sem berast til gjafsóknarnefndar fær um það bil helmingur afgreiðslu samkvæmt þeim starfsreglum sem þar gilda og helmingi er synjað. Það hefur verið rakið hér að þar er einkum litið til efnahags, það er litið til möguleikanna á því að málið vinnist og þar komum við að vissu leyti í dálítið sérstæða stöðu varðandi þetta mál þar sem sú staða getur komið upp að bæði sækjandi og verjandi máls leiti eftir gjafsókn og samkvæmt okkar skilningi sem unnum þetta í allshn. fái hana. Ekki geta báðir unnið svo að þarna er í rauninni teflt á tæpasta vað með túlkun, en ég treysti því að þetta haldi því að á þeim forsendum er þetta mál afgreitt þarna í gegn. Síðan er um að ræða mikilvæga almanna- eða mikilvæga einkahagsmuni. Og það eru kannski þau ákvæði sem fyrst og fremst halda vegna þess að ég geri ráð fyrir því að þangað verði málum ekki vísað nema um mikilvæga hagsmuni sé að ræða. En hvernig þeir nákvæmlega verða skilgreindir vitum við ekki. Það er í rauninni kannski stærsti óvissuþátturinn eins og ég rakti við 2. umr. að við sjáum þetta ferli ekki. Við sjáum ekki að hve miklu leyti mun reyna á þetta og það er kannski það óþægilega við það að afgreiða þetta mál.

Það er ekki margt fleira sem er ástæða til að bæta við þessa umræðu. Vilji okkar sem stöndum að 2. minni hluta í allshn. hefur komið skýrt fram. Við höfum ekki náð mikilvægum málum í gegn, í fyrsta lagi því að héraðsdómur verði þarna undir sem við höfnuðum og bárum fyrir því ákveðin rök sem ég tel að ekki hafi verið hrakin. Þetta náðist ekki. Það er enginn ágreiningur um að okkur er sú leið fullfær. Það er meiri ágreiningur um það hvort okkur væri fær sú leið að sleppa því að hafa félagsdóm þarna undir. Mitt mat og mín niðurstaða er sú að við hefðum bæði getað gert það og átt að gera það og ég hef rakið það mjög nákvæmlega. Ég hef reynt að kanna það hvort ekki væri vilji til þess að ganga lengra með það mál, en það er orðið alveg ljóst að það er ekki vilji fyrir því hjá stjórnarmeirihluta að taka félagsdóm þarna undan og það finnst mér mjög alvarlegt vegna þess að þetta er í trássi í fyrsta lagi við Vinnuveitendasambandið og í öðru lagi við mjög fjölmenn og stór launþegasamtök. Mér finnst það einfaldlega dálítið alvarlegt að við skulum þegar komin í ágreining og andstöðu varðandi þetta mál sem menn telja mismikilvægt. Þetta mun ekki ganga lengra með þessum hætti nema brtt. okkar í minni hlutanum hefðu verið samþykktar og á það á eftir að reyna í endanlegri atkvæðagreiðslu. Sá möguleiki er eftir sem ég nefndi að Markús Sigurbjörnsson hefði viðrað innan allshn. en hann er sá að það er að sjálfsögu mögulegt að endurskilgreina félagsdóm og draga alla vega að hluta til úr þeirri túlkun að þarna sé um dómstól að ræða því að á því byggist hugsanlega önnur túlkun einhverra nágrannaþjóða okkar heldur en okkar túlkun. Og að sjálfsögðu munu þessi atriði verða kynnt með einum eða öðrum hætti. Ég hef alla vega áhuga á því að hafa frumkvæði að því að láta vita af því að þessar hugmyndir hafi komið upp en það segir hins vegar ekkert um það hver vilji þeirra sem nú eiga aðild að félagsdómi og sækja til félagsdóms er í þessu máli. Það er hreinlega mál sem er á byrjunarreit og ég ætla ekki að fara að gefa mér á þessu stigi málsins neinar skoðanir þar. Mér finnst hins vegar rétt að þeir sem hafa verið andstæðir þessu viti af því að þessi hugmynd var á kreiki þótt hún væri ekki ítarlega rædd enda var ekki vilji fyrir því.

Ég tek undir það að mér þykir mjög óheppilegt svo að ekki sé meira sagt að starfsreglur eru ekki tilbúnar

og ákveðin efnisatriði munu greinilega falla undir starfsreglur, svo sem kostnaður okkar Íslendinga, og það er fleira sem er óklárt með einum eða öðrum hætti nú þegar við erum á lokaspretti í þessari umræðu og að sjálfsögðu er ég ósátt við það.

Ég tel að ég hafi komið mínum sjónarmiðum hér á framfæri og reynt mitt ýtrasta til þess að vinna þeim fylgi þannig að ég hef ekki meira um þetta að segja í bili.

[15:04]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. aðeins stuttlega út af þeim brtt. sem hv. þm. talaði um hér áðan og voru brtt. frá 2. minni hluta allshn. og komu fram við 2. umr. þessa máls, þá vil ég ítreka það að samkvæmt almennum reglum í íslensku réttarfari þá á að leitast við að leysa úr máli á grundvelli sömu gagna og sömu röksemda á báðum dómstigum, en á því yrði brestur ef heimildin til að leita álits EFTA-dómstólsins yrði einvörðungu bundin við Hæstarétt. Það væri þannig andstætt meginreglum í réttarfari sem fela í sér verulegar almennar takmarkanir að nýjum rökum verði fyrst hreyft undir rekstri máls fyrir Hæstarétti.

Varðandi þátt félagsdóms í frv. þá er rétt að ítreka það að samkvæmt 34. gr. samningsins milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls verður þessi heimild að vera veitt öllum dómstólum í ríkinu sem kveða upp dóma sem verður ekki skotið til æðri dóms. Félagsdómur hefur hins vegar þá frumskyldu að leysa fljótt úr málum og dómurinn hlýtur að virða þá frumskyldu sína.

[15:06]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hér togist einfaldlega á andstæð sjónarmið varðandi héraðsdóm og hvort það er heppilegt eða æskilegt að hafa héraðsdóm þarna undir. Ég vil taka það fram vegna ábendinga sem ég fékk að vitanlega erum við búin að greiða atkvæði um félagsdóm í 2. umr. en þar sem hann er undir í 3. umr. í heildaratkvæðagreiðslu þá getum við að sjálfsögðu lýst huga okkar gagnvart því máli. Ég vil bara árétta þetta hérna vegna þess að ég vil ekki gera mig seka um að fara rangt með málsmeðferð í þessu máli. En ég held að það hafi ekki upp á sig að efna meira til umræðu um það hvort héraðsdómstóll á að vera þarna undir. Fram kom við 2. umr. að það er ekki bara kostur að hafa samræmi eða skilaboð á milli héraðsdóms og yfir í Hæstarétt heldur getur það einnig verið íþyngjandi í Hæstarétti því það er ekki víst að hæstaréttardómari hefði talið ástæðu til þess að leita þessa álits. Og það hefði ekki verið hægt að knýja hann til þess en í héraðsdómi er hægt að knýja dómara til þess að leita álits. Sá er munurinn og þar af leiðandi situr hæstaréttardómari uppi með það álit sem hluta af því ferli sem mál hefur tekið þannig að hvort sem hann metur að þarna sé æskilegt að hafa þessa túlkun í farteskinu eður ei.

[15:08]

Guðrún Helgadóttir:

Virðulegi forseti. Sjálfsagt er þessi nýja brtt. til bóta en þó er í henni sérkennilegt atriði sem ég hlýt að vekja athygli á. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Sé gjafsókn veitt samkvæmt 1. mgr. á gjafsóknarhafi rétt á að fá útlagðan kostnað af rekstri málsins fyrir EFTA-dómstólnum endurgreiddan þótt því sé ekki lokið fyrir dómstólum hér á landi. Þetta gildir þó ekki fyrir þóknun umboðsmanna hans fyrir flutning máls fyrir EFTA-dómstólnum en fjárhæð hennar verður ákveðin í dómi í aðalmálinu eftir almennum reglum."

Þetta þykir mér allsérkennilegt að greiðsla fyrir málskostnað í einum dómstóli sé ákveðin í öðrum. Og ég vil spyrja í fáfræði minni: Er þetta ekki afar sérkennilegt? Og annað hygg ég að gæti komið þarna til. Þeir sem gerast umboðsmenn sóknaraðila og eru kannski langdvölum erlendis við vinnslu málsins, gæti ekki verið að þá færi að lengja eftir greiðslu áður en málinu lýkur hér heima endanlega í héraðsdómi? Nú kann að vera að hér sé misskilningur á ferðinni og þá bið ég um að hann verði leiðréttur. En það er ómögulegt annað en skilja þennan gang málsins ef textinn er lesinn og ég bið þá um að menn leiðrétti mig ef þessi skilningur er alrangur.

En síðan er annað skondið við þetta. Hér hefur auðvitað komið fram eins og við höfum kynnst sem sitjum í EES-nefndinni að EFTA-dómstóllinn á langt í land að móta sínar eigin starfsreglur þannig að við getum spurt okkur sjálf: Af hverju erum við að hlaupa svona hratt áður en við vitum í raun og veru hvernig sá hinn mikli dómstóll og eftirlitsstofnun ætla sér að vinna? Það er með öllu óljóst enn þá þannig að ég á erfitt með að sjá hvað liggur á þessu máli.

Annað hef ég ekki um það að segja. En ég held að þessi brtt. sé til bóta og bið þá afsökunar ef ég er svona illa læs á texta sem þó er á íslensku því að mest af því sem okkur berst nú af gögnum er á enskri tungu með frönskum slettum svo að það er eins gott að vera allvel að sér í tungumálum ef maður á að gegna skyldum sínum innan þessa mikla virkis. En mér er lífsins ómögulegt að skilja þessa 2. mgr. öðruvísi. Annað hef ég ekki um þetta að segja, forseti, en vildi biðja hv. formann nefndarinnar að útskýra þetta betur fyrir mér.

[15:11]

Frsm. 1. minni hluti allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég held að hér sé byggt á misskilningi vegna þess að sú brtt. sem um er að ræða byggir á íslenskum reglum um málskostnað sem koma fram í einkamálalögunum og það er meginregla í íslensku réttarfari að málskostnaður er að sjálfsögðu alltaf dæmdur þegar málinu í heild er lokið og dómur upp kveðinn. Og sama gildir um þann kostnað er lögmaður hefur af flutningi málsins vegna þess að hinn endanlegi kostnaður kemur að sjálfsögðu ekki í ljós fyrr en þá.

Varðandi hins vegar þetta atriði um að gjafsóknari eigi rétt á að fá strax endurgreiddan útlagðan kostnað

af rekstri málsins fyrir EFTA-dómstólnum þótt því sé ekki lokið fyrir dómstólum hér á landi, þá er það einmitt undantekning frá þessari meginreglu.

[15:12]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég bið afsökunar. Ég skildi ekki alveg hv. formann nefndarinnar sem hefur reynt að útskýra það fyrir mér en hún hefur fallist á nákvæmlega það sem ég var að segja. Lögmaðurinn sem þarf að vera erlendis og standa fyrir málinu þar sem oft tekur miklu lengri tíma en ef verið væri að flytja málið fyrir einum dómstóli verður, eins og ég benti á, að bíða með að fá sína greiðslu þangað til málinu er að öllu lokið. Og auðvitað eru það ekki ný tíðindi fyrir mér að málskostnaður sé greiddur við lok máls þegar dómur er upp kveðinn. En hér er alveg nýtt atriði á ferðinni þegar verið er að sækja málið á tvennum vettvangi, ef svo má segja og það tefur að sjálfsögðu málið að þurfa að leita með það til erlendra dómstóla. Ég hygg að það væri ekki fjarri lagi að umræddir lögmenn kynnu að verða langeygir eftir greiðslu upp í þann mikla kostnað sem þeir hafa orðið að leggja þarna á sig aukalega.

[15:14]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Til þess að skýra þetta aðeins betur. Ef um það er að ræða að leitað sé eftir öflun þessa álits, þá getur verið um að ræða kannski einn þátt af *mörgum í einu dómsmáli. Það er því eðlilegt* að það sé beðið með að reikna út og dæma málskostnaðinn sem lögmanni ber af öllu málinu í heild sinni heldur en gera það bara fyrir afmarkaðan þátt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, 2. umr.

Stjfrv., 302. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 490, nál. 589 og 592.

[15:14]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. 1. minni hluta sjútvn. um frv. til laga um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja.

Frá því er greint í nál. að á fund nefndarinnar komu nokkrir einstaklingar frá samtökum sjómanna og eins frá samtökum atvinnugreinarinnar. Einnig komu á fund nefndarinnar þeir ráðuneytisstjórar sem störfuðu í svokallaðri þríhöfða nefnd og fjallaði um tillögur til þess að koma í veg fyrir viðskipti með aflaheimildir. Fyrsti minni hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Um frv. og lögin má segja að að sjálfsögðu orkar allt tvímælis þá gert er. Verkfallið hafði staðið í um hálfan mánuð og virtist langt í lausn þess þegar þessi lög voru sett. Að sjálfsögðu er alltaf umdeilanlegt hvort setja eigi lög með þessum hætti, hvort kalla hefði átt Alþingi saman eða hvort hefði átt að bíða. Lögin eru hins vegar staðreynd og Alþingi stendur frammi fyrir því verkefni að samþykkja annaðhvort lögin eða fella þau. Ef lögin verða felld, þá upphefst það ástand sem þeim var ætlað að koma í veg fyrir, þ.e. flotinn færi þá nær samstundis í verkfall og það hæfist á nýjan leik.

Ég treysti dómgreind þeirra manna sem að þessu stóðu af hálfu ríkisstjórnarinnar og það hafi ekki verið um annað að gera en stöðva verkfallið með bráðabirgðalögum og það hafi ekki haft neinn tilgang að verkfallið stæði lengur. Það hefði alla vega staðið þá svo lengi að tjón af því hefði orðið miklu meira heldur en réttlætanlegt er.

Í starfi nefndarinnar var fjallað um nefndaskipanina, þ.e. þríhöfða nefndina, og hennar vinnu. Nefndin hefur þegar sent frá sér tillögur. Þær eru þess eðlis að þær munu koma til umræðu í tengslum við umfjöllun Alþingis um frv. um stjórn fiskveiða og verða þá væntanlega á dagskrá. Sitt sýnist hverjum um þessar tillögur eins og eðlilegt er.

Enn fremur voru nokkrar vangaveltur í nefndinni um það hvort það væri rétt að lögfesta ákvæði yfirlýsingar sem var gerð í tengslum við kjarasamninga árið 1992 eða lögfesta ákvæði um úrskurðarnefnd sem var í umræðunni milli aðilanna í deilunni, en niðurstaða 1. minni hluta er sú að gera það ekki heldur láta það vera áfram til umfjöllunar á vettvangi aðila kjarasamninga.

[15:18]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. 2. minni hluta sjútvn. á þskj. 592. Minni hlutann skipa auk mín hv. þm. Halldór Ásgrímsson, Jóhann Ársælsson og Stefán Guðmundsson.

Annar minni hluti sjútvn. telur ljóst að ein helsta ástæðan fyrir verkfalli fiskimanna var sú staðreynd að stjórnvöld nýttu tímann illa, lítið eða ekkert samráð var haft við hagsmunaaðila um endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og unnið óhönduglega að því máli á allan hátt. Það hefur legið fyrir allt frá sl. vetri að það stefndi í átök milli sjómannastéttarinnar og útgerðarinnar, einkum vegna þeirra áhrifa sem viðskipti með aflaheimildir hafa á kjör sjómanna. Samt var ekkert aðhafst af hálfu hæstv. ríkisstjórnar fyrr en allt var komið í hnút og verkfall skollið á. Þá var gripið til þess að setja bráðabirgðalög nokkrum dögum áður en Alþingi átti að koma saman til starfa.

Það er enn fremur ljóst með því að sjútvn. bárust um það óhrekjandi upplýsingar frá hæstv. ríkisstjórn að yfirlýsingar hæstv. ríkisstjórnar og loforð einstakra ráðherra til sjómanna í tengslum við lagasetninguna eru núna að engu hafðar. Þannig kom til að mynda hæstv. utanrrh. fram í fjölmiðlum í tengslum við bráðabirgða-

lagasetninguna og gaf um það alveg skýlausa yfirlýsingu að í ákvörðun ríkisstjórnarinnar um bráðabirgðalagasetninguna og sérstaka nefndarskipan í því sambandi fælist loforð af hálfu ríkisstjórnar um að tekið yrði á hinu svonefnda kvótabraski og hæstv. utanrrh. sagði a.m.k. á einni ef ekki fleiri ljósvakastöðvum: „...og frumvarp um það efni verður lagt fram í byrjun febrúar." Svo mikið fyrir þau orð, hæstv. forseti.

Nú stöndum við enn einu sinni frammi fyrir því, og fara þau nú að verða harla mörg skiptin, að yfirlýsingar af þessu tagi, nánast skýlausar yfirlýsingar hæstv. ráðherra eru að engu hafandi. Þær eru ekki pappírsins virði eða orðsins virði sem þær eru talaðar með. Þetta er auðvitað harla alvarlegt. Það var því þannig að þegar sjútvn. hafði lokið umfjöllun um málið, þ.e. fengið til viðtals við sig þá gesti sem óskað hafði verið eftir, þá óskaði ég eftir því sem starfandi formaður nefndarinnar að hæstv. sjútvrh. kæmi á fund nefndarinnar og gerði okkur grein fyrir því hvort á vettvangi ríkisstjórnarinnar væri eitthvað í gangi sem gerði það að verkum að ástæða væri til þess að bíða með staðfestingu bráðabirgðalaganna þannig að e.t.v. yrði unnt að lögfesta málið í breyttu formi og taka þá á því viðfangsefni sem orðið hafði tilefni deilunnar og í raun lagasetningarinnar í framhaldinu.

Svarið barst með bréfi frá sjútvrn., dags. 8. febr. 1994. Var valin sú leið þar sem hæstv. sjútvrh. var upptekinn og komst ekki til fundar við nefndina á þeim degi og sættu menn sig að sjálfsögðu við það að fá svar hæstv. ráðherra bréfleiðis en það er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Fyrir sjávarútvegsnefnd Alþingis liggur nú frumvarp til laga um stöðvun verkfalls fiskimanna í aðildarfélögum Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands utan Vestfjarða, svo og Vélstjórafélagi Íslands, Vélstjórafélagi Suðurnesja og Vélstjórafélagi Vestmannaeyja. Samkvæmt 1. gr. þess skal sérstök nefnd gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skilaði tillögum sínum hinn 20. jan. sl. og hafa þær verið sendar sjávarútvegsnefnd til umfjöllunar." Svo segir: „Eðlilegt er að umfjöllun um áhrif viðskipta með aflaheimildir og skiptakjör sjómanna tengist umfjöllun um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi og tekið verður til 1. umr. á næstunni. Ráðuneytið telur því eðlilegt að fyrrgreint frumvarp til laga um stöðvun verkfalls sjómanna verði afgreitt úr nefndinni en viðskipti með aflaheimildir og skiptakjör komi til umfjöllunar samhliða afgreiðslu fiskveiðistjórnarfrumvarpsins."

Skýrara getur það ekki verið. Ráðuneytið sér ekki ástæðu til þess að óska eftir að beðið verði með afgreiðslu málsins úr nefnd þar sem ekkert sé á döfinni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar heldur skuli umfjöllun um þetta mál bíða eftir umfjöllun um frv. um stjórn fiskveiða.

Hér hafa orðið mikil veðrabrigði sökum þess að í 1. gr. frv. er nefnd þeirri, sem sett er á laggirnar í tengslum við lagasetninguna, ætlað að gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi, eins og þar segir, óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum og skuli nefndin skal skila tillögum sínum sem fyrst og eigi síðar en 1. febr. 1994, segir í frv.

Í bréfi sem barst sjútvn. 22. jan. þegar nefndinni var sent minnisblað það sem kom frá svonefndri þríhöfða nefnd til aðgreiningar frá tvíhöfða nefnd, þríhöfða nefndina skipa þrír virðulegir ráðuneytisstjórar, sagði hins vegar eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 1. gr. bráðabirgðalaga ...um stöðvun verkfalls skyldi nefnd þriggja manna gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum. Nefndin skilaði tillögum um tilboðsmarkað fyrir aflamark hinn 20. þessa mánaðar. Voru þær til umfjöllunar á fundi ríkisstjórnarinnar í morgun. Var ákveðið að senda þær til umsagnar sjútvn. Alþingis og fylgja þær hjálagðar."

Í fyrsta lagi varð af yfirlýsingum hæstv. ráðherra, forsrh., sjútvrh. og utanrrh., ekki annað ráðið en í þeim fælist loforð til handa sjómönnum um að tillögur kæmu fram og frumvarp yrði flutt sem tæki á því að viðskipti með aflaheimildir hefðu ekki, eins og sagt var, óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna. Skýrast talaði hæstv. utanrrh. í þessum efnum sem lofaði hér frv. í byrjun febrúar.

Í öðru lagi verður ekki annað ráðið af texta sjálfs frv., sem setur nefndinni tímamörk til 1. febr., og sömuleiðis því orðalagi að undirbúa skuli nauðsynlega löggjöf en að hlutverk nefndarinnar hafi átt að vera að semja frv. sem tæki á þessum málum og tímafresturinn 1. febr. er væntanlega ekki settur út í bláinn. Hann er í beinum tengslum við yfirlýsingar hæstv. ráðherra um að tekið verði á þessum málum og það fljótt.

Í þriðja lagi af orðalagi bréfsins, sem fylgdi minnisblaði ráðuneytisstjóranna sem var það eina sem frá þeirri nefnd kom, verður enn ekki annað ráðið en þar sé sent til umsagnar tillögur nefndarinnar sem sé svo væntanlegt frumvarp eða lagatexti til að taka á málinu.

En 8. febr. er hins vegar málum þannig komið að hæstv. ríkisstjórn sér ekki ástæðu til að bíða með afgreiðslu bráðabirgðalagafrv. og gerir það skýrt með bréfi til sjútvn. að nú sé óskað eftir afgreiðslu á frv. óbreyttu eins og það var lagt fram án þess að tekið sé á viðskiptunum á einn eða neinn hátt, án þess að nokkuð sé gert með tillögur nefndarinnar sem lögin setti þó á laggirnar.

Hér er afar sérkennilegur málatilbúnaður á ferðinni svo ekki sé meira sagt. Það er alveg ljóst að það var verið að reyna að milda lagasetninguna gagnvart sjómönnum með því að búa til þessa nefnd og með því að lofa því að tillögur hennar mundu líta dagsins ljós og þær yrðu lögfestar og það fljótt. En nokkrum vikum seinna er ekkert með þetta gert, ekki neitt, búið að brjóta verkfallið á bak aftur og koma mönnum á sjó og sjómenn sitja að sjálfsögðu eftir með sárt ennið óbættir hjá garði.

Það er ekki nokkur leið, hæstv. forseti, annað en rekja þennan gang málsins hér, m.a. vegna þess samhengis sem hann er í við bráðabirgðalagasetningu sem hér átti sér stað og er óvenjuleg og harkaleg aðgerð í atviki af þessu tagi. Og þeim mun ámælisverðara er það að yfirlýsingar, loforð sem gefin eru öðrum deiluaðilanum við þær aðstæður að gripið er til bráðabirgðalagasetningar, skuli svo að engu hafðar. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, þó að minni mitt dugi kannski ekki til að telja upp mjög mörg dæmi, en þau eru að verða samt þó nokkur dæmin frá síðustu mánuðum og missirum þar sem skýrar yfirlýsingar ráðherra eru einskis virði og það er alvörumál eða var það a.m.k. í eina tíð. Það var litið svo á að yfirlýsing ráðherra hefði stjórnskipulega mjög sterka stöðu, jafngilti nánast bindandi gjörningi á ýmsan hátt vegna þess að það var talið að mark væri á slíkum orðum takandi. Ég tala nú ekki um ef ráðherrar gáfu skýrar yfirlýsingar um atriði sem vörðuðu fjárhagshagsmuni eða réttarstöðu einhverra hópa í þjóðfélaginu.

Hvernig hefur þetta gengið til á undanförnum mánuðum og missirum? Þau eru auðvitað orðin fræg endemin í tengslum við til að mynda loforð hæstv. forsrh. um fjárstuðning til útgerðarinnar vegna sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Þá stóð hæstv. forsrh. á tröppum Stjórnarráðsins í miðri viku, á mánudegi eða þriðjudegi eða svo, og sagði: Þetta kemur á föstudaginn. Og menn skildu það svo úti um allt land að þeir fengju sendar ávísanir í pósti á föstudaginn. Síðan liðu nokkur hundruð föstudagar áður en nokkuð varð úr efndum og ávísanirnar komu aldrei því ári seinna féllst hæstv. forsrh. loksins á það að úthluta veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs ókeypis.

Annað dæmi er hinn ömurlegi hráskinnsleikur í þyrlumálinu. Þar hafa verið gefnar alveg skýlausar yfirlýsingar með dagsetningum. Það hefur verið talað um nokkrar vikur. Sjómenn minntu hæstv. forsrh. á loforð sem hann gaf um að gengið yrði frá kaupum á nýrri þyrlu eftir nokkrar vikur, síðan væru liðnar 50 vikur — var það ekki, eða þar um bil og síðan hafa nokkrar bæst við. Ekkert gert.

Og hér er enn eitt skýlaust brotið á yfirlýsingu af þessu tagi á ferðinni. Annars vegar þar sem hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. lofa tillögum þar sem tekið verði á þessu máli og hæstv. utanrrh. gengur lengra og lofar frv. í byrjun febrúar og því er ekki mótmælt af hinum ráðherrunum. En svo stöndum við í þessum sporum hér að frv. til laga um staðfestingu á bráðabirgðalögunum á að fara í gegn óbreytt, reyndar meingallað eins og það er, með þessu furðulega ákvæði í 1. gr. um nefndina, sem er þá auðvitað orðin hlægileg markleysa. Að lögfesta þennan texta um nefndina, til hvers er það? Eða ætla hv. fulltrúar meiri hlutans að manna sig upp í að fella þær greinar út úr frv.? Ætla þeir að láta lögfesta ákvæði um nefndina, sem átti að gera tillögur í þessu sambandi, sem er svo búið að ákveða að hafa að engu, gera ekkert með? Það er náttúrlega alveg við hæfi að láta þetta kostulega ákvæði fara inn í lagasafnið og reyndar gerir það það þar sem hér var um bráðabirgðalagasetningu að ræða.

Nú er vísað í frv. til laga um stjórn fiskveiða sem var sent til sjútvn. fyrir eins og tveimur klukkustundum síðan. Þar er að hefjast vinna upp úr miðjum febrúar í einhverju stærsta máli sem komið hefur fyrir Alþingi í langan, langan tíma, eða átti að vera, heildarendurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Það lifir skammur tími eftir af starfstíma þessa þings þar sem fyrir liggur að því verði slitið með fyrra fallinu vegna væntanlegra sveitarstjórnarkosninga, ef hæstv. forsrh. kemst þá ekki í það stuð að slíka því óvænt eins og stundum hefur gerst og kunnugt er. En það er alveg ljóst í öllu falli að ekki lifa eftir mjög margar starfsvikur hjá þinginu. Það er því augljóst mál að mikil óvissa ríkir um hvernig tekst og hvort yfirleitt tekst að afgreiða nokkuð í þeim efnum. Og að vísa þess vegna þessu mikla og heita deilumáli sem kostaði hér allsherjarverkfall, sem menn fara ekki í að gamni sínu, út í slíka óvissu, það er auðvitað eins og hreinasti brandari og því miður ekki einu sinni það því hér er ekki gamanmál á ferð. Það er uppgjöf, það er algjör uppgjöf gagnvart því sem þarna var á ferðinni og sú uppgjöf liggur hér fyrir skjalfest í bréfi sjútvrn. frá 8. febr. sl. Svona liggur þetta nú, hæstv. forseti.

Það er því alveg ljóst að það er afstaða 2. minni hluta að sú staða sem upp er komin sé alfarið á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar, þeirra sem það kjósa að vera. Stjórnarandstaðan hefur ekki átt aðild að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða á nokkurn hátt, allt samráð við hana hefur verið hundsað og reyndar einnig við sjútvn. Alþingis að mestu leyti. Og það hefur að sjálfsögðu ekki verið haft samráð við okkur í stjórnarandstöðu né sjútvn. um þetta mál sérstaklega, þ.e. deilumálið sem varð tilefni til verkfalls og síðan bráðabirgðalagasetningar.

Afstaða 2. minni hluta er því sú að við erum algjörlega andvíg setningu þessara bráðabirgðalaga, bæði þeirri aðferð sem þar er beitt og því mótmælum við harkalega að þingið skyldi ekki vera kallað saman, en við erum líka mótfallin efnisþáttum málsins. Við teljum að ríkisstjórnin hafi með öllu klúðrað þessu máli og þegar það bætist svo við að yfirlýsingar og loforð sem deiluaðilum voru gefin í tengslum við lagasetninguna eru að engu höfð, þá eru svikin fullkomnuð, þá er málið endanlega fullkomnað í þeim skilningi hjá hæstv. ríkisstjórn. Öllu neðar verður ekki komist. Það er því að okkar mati eðlilegast að fella frv. Þá geta deiluaðilar sest niður á nýjan leik og tekið upp þráðinn þar sem frá var horfið og þá mundu þeir þurfa að gera það án skjóls lagaíhlutunar, sem augljóslega spillti öllum samningaviðræðum á síðasta sprettinum fyrir áramótin. Það er alveg ljóst að alvörusamningaviðræður komust í raun aldrei á í þessari deilu. Útvegsmenn völdu þann kost eða Vinnuveitendasambandið, hvort heldur var, að vísa aðgerðunum fyrir félagsdóm, kröfugerðinni eða kröfum Sjómannasambandsins, sem var auðvitað furðuleg ráðstöfun og hafði ekki annað í för með sér en að hleypa enn illu blóði í deiluna og tefja tímann svo nam tíu dögum til hálfum mánuði.

Síðan lá það einnig fyrir að hæstv. forsrh. neitaði að gefa á Alþingi yfirlýsingu um það að bráðabirgðalaga-

valdinu yrði ekki beitt í þinghléinu. Það er ekki nokkur vafi á því að sú uppákoma spurðist út til deiluaðilanna, skárra væri það nú, og hafði sín áhrif á andrúmsloftið í framhaldinu. Það virðist hafa legið í loftinu lagasetning og alveg ljóst af síðustu dögum verkfallsins að þá hafa útvegsmenn talið sig hafa uppi í erminni tryggingu fyrir eða loforð upp á lagasetningu og það jafnvel á tilteknum tíma. Eins og fram hefur komið var flotinn nánast sjóklár, tilbúinn með fulla olíutanka, tilbúin veiðarfæri og jafnvel ís í lestum, dagana áður en lögin voru sett og frægt er einnig að undirbúningur að lögskráningu var hafinn á meðan verkfallið stóð.

Þetta segir sína sögu um það að hér var ekki staðið að málum með þeim hætti sem vera ber. Þarna voru ekki fyrir hendi eðlilegar jafnræðisforsendur samningsaðila til að reyna að útkljá sín mál. Þær voru það ekki og á því ber hæstv. ríkisstjórn fyrst og fremst ábyrgð.

Það er því eina rökrétta niðurstaðan af málsatvikum sem fyrir liggja að greiða atkvæði gegn þessu frv., fella það, þannig að taka megi málið upp á nýjan leik frá byrjunarreit. Það er sú afstaða sem felst í okkar nál. hæstv. forseti, sem ég hef hér gert grein fyrir.

[15:38]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mitt andsvar lýtur að því sem ekki kom fram í máli hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og ekki kemur fram á nál. 592, en rifja upp að við 1. umr. þessa máls fór stór hluti af þeim tíma í að fjalla um hvort rétt hafi verið staðið að útgáfu þessara bráðabirgðalaga. Það komu hér fram mjög alvarlegar ásakanir í garð sumra hæstv. ráðherra og einnig í garð forseta sem sat þá á forsetastóli og var ég sjálfur. Það kom fram krafa um að ég frestaði fundi um nokkra daga þangað til hæstv. forsrh. kæmi heim, svo alvarlegt var málið, sem ég neitaði. En ég heyrði þá þær alvarlegustu ásakanir sem ég hef heyrt hér í þingsal í garð forseta við hans störf. Ég bjóst þess vegna við því að þær ásakanir sem komu hér fram á hendur hæstv. ráðherra yrðu skoðaðar gaumgæfilega að frumkvæði þeirra sem þær settu fram í starfi hv. sjútvrn. og kannað hvort fótur og rök lægju að baki. Það var ekki gert. Ekki ein einasta spurning eða ósk kom fram um þetta mál. Ráðuneytisstjórinn í forsrn. mætti meira að segja fyrir hv. sjútvn. en var ekki spurður um þetta atriði. Ég lít svo á að þarna voru fram settar órökstuddar dylgjur og öll þau orð dæmd dauð og ómerk.

[15:40]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er auðvitað með ólíkindum að einn af forsetum þingsins, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, skuli nota tíma sinn í andsvörum við ræðu mína til að verja ofbeldisaðgerðir sínar á forsetastóli um daginn. Ég held að hv. þm. ætti að biðja um orðið og fara þá yfir það mál en dulbúa ekki vörn sína í andsvari við ræðu mína sem hann kom að öðru leyti ekkert efnislega inn á.

Það stendur allt óhaggað sem sagt var um ofbeldisathafnir hæstv. forseta á forsetastóli þetta kvöld, þær liggja fyrir og eru komnar inn í þingtíðindin. Í öðru lagi er það þannig að ástæða þess að óskað var eftir frestun umræðunnar var sú að menn vildu leggja spurningar fyrir hæstv. forsrh. og það er enn tækifæri til þess, svo sannarlega. Ég var að mæla fyrir nál. minni hlutans og gerði það út frá þeirri efnisafstöðu sem tekin er til málsins og þar kemur skýrt fram að við erum andvíg setningu bráðabirgðalaganna. En nú vill svo til að hér talar starfandi formaður sjútvn. og ég tek hv. þm. á orðinu og lýsi því hér yfir að við munum taka málið upp milli 2. og 3. umr. í sjútvn. og fara þar rækilega ofan í það mál sem hv. þm. taldi að ekki hefði verið nægilega vel skoðað í sjútvn., þ.e. hvernig staðið var að setningu bráðabirgðalaganna og öll vinnubrögð í kringum það.

[15:42]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég setti ekki fram slíkar kröfur um slíka athugun. Þær voru settar hér fram með eftirminnilegum hætti við 1. umr. málsins og ég bjóst við því að þeim yrði fylgt eftir í nefndarstarfi hv. sjútvn. Það var ekki gert. Það sýnir að þær kröfur sem settar voru fram við 1. umr. málsins, um að ég mundi fresta fundi sem forseti, þær voru órökstuddar og ekki mark á þeim takandi. Þessar kröfur fólu það m.a. í sér að forseti hefði átt að misbeita valdi sínu í þágu pólitísks málstaðar og misnota þannig þingið í þágu hluta hv. þm. eða hluta af stjórnarandstöðunni sem þar talaði. Það gerði ég ekki og það var rétt og hefur komið fram að sú afstaða var rétt.

[15:43]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel rétt að vekja athygli hv. þm. á því, þeirra sem það ekki vita, að hv. andsvarandi á sæti í sjútvn. og hefði að sjálfsögðu getað komið þessum sjónarmiðum sínum þar á framfæri í byrjun ef hann hefði haft áhuga á því. En það hefur nú verið gert og ég ítreka þá yfirlýsingu mína að sjútvn. mun taka þetta mál fyrir milli 2. og 3. umr. og skoða þá mjög rækilega þá efnisþætti sem hv. þm. nefndi.

Í öðru lagi liggur hitt fyrir að hér er rétt að hefjast 2. umr. og þá gefst mönnum tækifæri til að leggja spurningar fyrir hæstv. forsrh., þær sem hæstv. forseti, þá starfandi, Gunnlaugur Stefánsson, meinaði mönnum að gera með eðlilegum hætti við 1. umr. málsins, sem hefði auðvitað verið hinn rétti og eðlilegi tímapunktur. En betra er seint en aldrei og út af fyrir sig er rétt og þakkarvert að hv. þm. vekur athygli á því hér þannig að menn geti óskað eftir nærveru hæstv. forsrh. og hafið að undirbúa spurningar sínar til hans.

Efnisatriði þess máls liggja í raun og veru fyrir því hæstv. sjútvrh. var og er þar heimildarmaðurinn. Hann upplýsti það og það hefur ekki verið hrakið, að eingöngu hafi verið talað við tvo þm. Sjálfstfl. og sú staðreynd liggur fyrir óhrakin. Það er þá spurning um það sem þeim upplýsingum tengist sem þarf að ræða við hæstv. forsrh. En það er að sjálfsögðu einnig skylt að sjútvn., sem er fagnefnd þingsins í þessu tilviki, fari

yfir það mál, þó að rétt sé að upplýsa og viðurkenna að sjútvn. vann fyrst og fremst að hinum faglegu þáttum málsins í sinni umfjöllun undir 2. umr. en ekki hinum *stjórnskipulegu eða stjórnarskrárlegu atriðum*. En vissulega er sjútvn. einnig vel treystandi til að fara yfir þá hluti og mun það verða gert.

[15:45]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Nú er þetta mál komið til 2. umr. og ég hef ekki átt þess kost að vera með sér nefndarálit þar sem við kvennalistakonur eigum ekki fulla aðild að sjútvn. Ég er í mörgum atriðum sammála áliti 2. minni hluta sjútvn., en ég vil þó taka það sérstaklega fram að ein höfuðgagnrýni okkar kvennalistakvenna á þetta frv. — ég bið forseta að tryggja mér kyrrð í salnum á meðan ég er að tala. Ég held að það sé að skella hér á kyrrð og þá held ég áfram. — Ein helsta gagnrýni okkar kvennalistakvenna á þessi bráðabirgðalög er sú ósvífni að beita þessari heimild, sem enn er í lögum, um setningu bráðabirgðalaga.

Það var margra mat að með breytingum á störfum Alþingis mundi það falla um sjálft sig að þessari heimild yrði yfir höfuð beitt þar sem nú er ekki nokkurt vandamál að kveðja saman þing og fá fram vilja þingsins og lýðræðislega afgreiðslu á örskömmum tíma. Það var ekkert *því til fyrirstöðu á þeim tímapunkti* sem þessi bráðabirgðalög voru sett frekar en á öðrum tímum. Þannig að þetta er okkar helsta gagnrýni og ég hefði gjarnan viljað hafa möguleika á því að koma henni sérstaklega á framfæri í nál. En ég nýti mér rétt minn í ræðutíma í staðinn til að taka þetta enn og aftur fram og þetta er ein meginástæðan fyrir því að við kvennalistakonur, með Kristínu Einarsdóttur sem 1. flm., flytjum á þskj. 494 frv. til stjórnarskipunarlaga um það að þetta ákvæði, sem er í 28. gr. stjórnarskrárinnar, um að ríkisstjórn geti sett bráðabirgðalög, verði fellt út. Vegna þess að ríkisstjórnin, sem hefur setið síðan lögum um þingsköp Alþingis var breytt, hefur ekki reynst þess trausts verð sem henni var veitt með því að halda þessari heimild inni, jafnvel þó engin þörf sé á henni.

Núna hefur þetta bráðabirgðalagavald verið notað bæði mjög frjálslega og mjög freklega og í mjög viðkvæmum pólitískum málum. Og það kom hér glöggt fram við 1. umr. þessa máls að þarna var þessu bráðabirgðalagavaldi hreinlega misbeitt. Það var verið að nýta sér það að í stað þess að hafa samráð, eðlilegt samráð og eðlilega umræðu á Alþingi, eins og að sjálfsögðu átti að gera og hefði ekki verið nokkrum vandkvæðum bundið, þá voru þar nokkrir menn sem ákváðu að það hlyti að vera vilji meiri hluta Alþingis að setja bráðabirgðalög. Það er mjög vafasamt að túlka það svo eftir 1. umr. þessa máls og þar af leiðandi er brotið þeim mun augljósara.

En þarna er sem sagt tvöfalt brot að mínu mati. Annars vegar er verið að beita bráðabirgðalagaheimild algjörlega að óþörfu og hins vegar er verið að misbeita henni á þann hátt að kanna það ekki hvort yfir höfuð sé þingmeirihluti fyrir þessum lögum. Það hefði verið einfaldast að gera það með því að kalla saman Alþingi. Þetta finnst mér í rauninni mjög mikilvægt.

Annað sem varðar setningu þessara laga eru margítrekuð brot bæði núv. ríkisstjórnar og fyrri ríkisstjórna *á beitingu laga*, þ.e. að setja lög á vinnudeilur og kjarasamninga. Þetta er mjög alvarlegt mál og brýtur í fyrsta lagi ákvæði félagsmálasáttmála Evrópu, hefur í öðru lagi verið gagnrýnt og tekið upp af tveimur sérfræðinganefndum í Evrópu og þessi gagnrýni hefur verið kynnt að ég held árlega á þingum Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Og mönnum má vera fullkunnugt um það að þessi gagnrýni er ekki bara vegna einhvers eins brots heldur margítrekaðra brota og þarna er í rauninni orðin mjög alvarleg íhlutun í frjálsan samningsrétt í þessu landi. Þetta út af fyrir sig hefur sett sinn svip á vinnudeilur. Það lá í loftinu, t.d. í sjómannaverkfallinu í janúar, allan tímann, að þessi möguleiki var fyrir hendi, þessi ógn vofði yfir ...

(**Forseti** (KE)**:** Forseti vill spyrja ræðumann hvort hann geti lokið ræðu sinni á stuttum tíma. Ef svo er ekki, hvort hann geti gert hlé á ræðu sinni á einhverjum góðum punkti innan tíðar því að nú þyrfti að fara fram atkvæðagreiðsla um 3. dagskrármálið.)

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan fá að halda áfram máli mínu þannig að ég mun gera hlé á ræðu minni. Ég ætla aðeins að fá að taka fram eitt í viðbót varðandi *þessi mál, vegna þess að ég tel þetta mjög* alvarlegt, þessa íhlutun ríkisstjórna í vinnudeilur og kjarasamninga. Ég fer fram á það að a.m.k. sá hæstv. ráðherra sem hér er viðstaddur geri grein fyrir því hvers vegna ríkisstjórnin greip til slíks óyndisúrræðis. Vegna þess að ég sá það skömmu áður en þessi lög voru sett að hann hafði svo sannarlega ekki hug á því að grípa til þessara ráða. Og mig langar líka að spyrja hvort þetta sé þá eitthvað sem má vænta af ríkisstjórninni, að hún muni eilíflega vera tilbúin til að grípa inn í kjarasamninga og vinnudeilur, eins og þarna átti sér stað. Því það eru bara skilaboð sem verða að komast til aðila vinnumarkaðarins og þá verður einfaldlega að setja þrýsting á að ríkisstjórninni verði ekki eilíflega mögulegt að gera slíkt.

Ég geri hér hlé á ræðu minni, hæstv. forseti.

Umræðu frestað.

Álit EFTA-dómstólsins um skýringu samnings um EES, frh. 3. umr.

Stjfrv., 101. mál. — Þskj. 564, brtt. 422,3 og 586.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:56]

Sólveig Pétursdóttir *(um atkvæðagreiðslu)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil bara vekja athygli á því að í þessari brtt. allshn. hefur orðið prentvilla í skjalinu. Það stendur „umboðsmanna" en á að vera: umboðsmanns, og ég vænti þess að forseti leiðrétti þessa villu.

Brtt. 422,3 kölluð aftur.

Brtt. 586,1 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, EH, EKG, FI, FrS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JBH, JHall, MB, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SighB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 586,2 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, IBA, JÁ, JGS, JHelg, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE, SJS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, EH, EKG, FI, FrS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JBH, JHall, MB, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SighB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. svo breytt samþ. með 22:8 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, IBA, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, JÁ, JVK, KHG, KÁ, KE, SJS, SvG.
11 þm. (GB, GHelg, HÁ, JGS, JHelg, MF, ÓRG, PP, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JBH, JHall, MB, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SighB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 600).

Fundi slitið kl. 15:59.

---

92. FUNDUR

fimmtudaginn 17. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:
1. Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1991 og 1992.
2. Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Árni Johnsen, 3. þm. Suðurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Athugasemdir um störf þingsins.
Vinna við búvörulagafrumvarp.

[10:35]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:
Virðulegur forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að málefni landbúnaðarins hafa verið í brennidepli hjá stjórnarflokkunum síðustu daga og nú er landbn. boðuð á fund í hádeginu til þess að fjalla um frv. til breytinga á búvörulögum.

Nú lesum við það í Morgunblaðinu í morgun að fulltrúi Alþfl. í nefndinni og talsmaður flokksins í þessum málum lýsir því yfir að málið sé svo heitt pólitískt að það sé ekki á færi hv. landbn. að fjalla um málið og það verði að leysast á ráðherragrundvelli. Títtnefndur fulltrúi Alþfl., talsmaður í þessum málaflokki, vitnar stöðugt í samkomulag stjórnarflokkanna um þetta mál sem ekki megi brjóta út af.

Virðulegur forseti. Nú hlýt ég að spyrja hvort svo sé komið að hæstv. forsrh. hafi hugsað sér að taka málið út úr þinginu aftur, samanber þær yfirlýsingar Alþfl. að málið sé á því stigi að landbn. sé ekki treystandi til að fjalla um það frekar og það verði að fara til ríkisstjórnarinnar aftur.

Ég verð að segja það að mér finnst málatilbúnaður rkisstjórnarinnar síðasta árið í þessu máli þannig að ég sé ekki hvernig hún ætlar að vinna úr þessu frekar. Ég hlýt að spyrja hæstv. forsrh. hvort það sé meiningin að taka málið aftur út úr þinginu og það fari aftur á umfjöllunarstig ríkisstjórnar.

[10:37]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):
Herra forseti. Mál þetta sem hv. þm. nefndi hefur verið í vinnslu í hv. landbn. Ég veit ekki annað en nefndin hafi unnið mjög málefnalega og vel að málinu og fengið til sín fjölmarga sérfræðinga og hefur í raun ekki tekið langan tíma enn þá til vinnslu á þessu máli. Það fer ekkert á milli mála að það er ágreiningur á milli stjórnarflokkanna, innan ríkisstjórnarinnar, um vissa þætti og þeir þurfa að tala um það. Það breytir engu um hitt að landbn. er með málið í meðferð og ég veit ekki annað en hún hafi unnið mjög vel að málinu.

[10:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:
Virðulegi forseti. Ég hlýt að skilja orð hæstv. forsrh. svo að hann geri ekkert með yfirlýsingar Alþfl. í málinu. Ég hlýt í framhaldi af því að grennslast eftir því hvort málum sé þá þannig komið fyrst hæstv. forsrh. treystir landbn. til þess að fjalla um málið að hann sé þá tilbúinn til þess að láta meirihlutavilja Alþingis koma fram í málinu við afgreiðslu. Ég spyr að gefnu tilefni þar sem í eilítið svipaðri stöðu í fyrravor brá hæstv. forsrh. á það ráð að slíta þingi í hasti til þess að vilji Alþingis næði ekki fram að ganga. Ég hlýt því að

skilja þessa yfirlýsingu hæstv. forsrh. sem svo að hann sé orðinn svo þreyttur á Alþfl. í þessu máli að nú eigi bara að láta á það reyna hver sé vilji Alþingis í málinu af því að það liggi ljóst fyrir að stjórnarflokkarnir geti ekki myndað neina heildstæða línu í þessu brýna hagsmunamáli fyrir heilan atvinnuveg á Íslandi sem á að fara að starfa eftir nýjum leikreglum um næstu áramót. En hæstv. ríkisstjórn getur ekki einu sinni komið sér saman um eftir hvaða lögum á að starfa, hvað þá að við höfum séð nokkuð frá hæstv. ríkisstjórn um það hvernig á að beita þeim tollígildum sem við höfum heimild til að gera.

[10:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það er afskaplega mikilvægt fyrir þessa atvinnugrein að geta búið við öruggar og ljósar reglur. Við lentum í því, ef ég má nota það orðalag, að dómur Hæstaréttar á dögunum skapaði mikla réttaróvissu. Viljinn stendur til þess að koma málum í það horf sem Alþingi vildi sjálft í desember og tryggja um leið að lögfræðilega sé vel frá hnútum gengið. Þannig að allir, jafnt í þessari grein sem öðrum, gangi ekki að því gruflandi hvaða lög eru í landinu um þessi efni. Það er afskaplega mikilvægt.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. nefndi þá veit ég ekki annað en samkvæmt starfsáætlun þingsins sé miðað við það að *sitjum hér út aprílmánuð að þingstörfum*. Ég hef engar ráðagerðir um breytingar á því og ég er ekki í vafa um það að hv. landbn. klárar málið með sóma löngu fyrir þann tíma.

Skýrsla forsætisráðherra um Byggðastofnun 1991 og 1992.

[10:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mun í fáum orðum fjalla um ársskýrslur Byggðastofnunar fyrir árin 1991 og 1992 en mun verja megintíma mínum þegar næsta mál verður tekið á dagskrá.

Umræður um starfsemi Byggðastofnunar á árinu 1991 hafa því miður ekki farið fram en þeim var frestað ítrekað á síðasta þingi. Ég tæpi því með örfáum orðum á nokkur meginatriði sem snerta starfsemi þeirrar stofnunar fyrir það ár.

Á árinu 1991 var lögum um Byggðastofnun breytt og henni falin ný verkefni. Markmið lagabreytingarinnar var einkum að draga úr mikilvægi lánastarfsemi hennar en leggja þess í stað aukna áherslu á hlutverk hennar í atvinnuþróunarstarfi. Segja má að árið 1991 hafi verið ár uppgjörs varðandi fjárhag og fjárhagsstarfsemi stofnunarinnar en þá fór fram endurmat á afskriftareikningi hennar. Þetta var m.a. gert mögulegt með því að á árinu yfirtók ríkissjóður 1,2 milljarða af skuldum stofnunarinnar við Framkvæmdasjóð Íslands. Með þessu færðist eiginfjárstaða Byggðastofnunar nær raunveruleikanum, líkt og segir í ársskýrslu ársins 1991.

Fjármál Byggðastofnunar hafa komið áður til ítarlegrar umræðu í þinginu á undanförnum missirum. Því er óþarfi eftir umræður sem m.a. fóru fram þegar rætt var um starfsemi Byggðastofnunar árið 1990 og um skýrslu fortíðarvandanefndar að ræða þau mál ítarlega nú.

Sem áður segir setti forsrn. stofnuninni reglugerð í febrúarmánuði 1992. Í reglugerðinni eru sett nánari ákvæði um ýmis atriði í starfsemi stofnunarinnar, m.a. er þar fjallað um hlutverk byggðaáætlana, bæði svæðisbundinna áætlana og hina stefnumótandi byggðaáætlun til fjögurra ára fyrir landið allt, en rætt verður nánar um þá áætlun undir næsta lið.

Þá er í reglugerðinni fjallað ítarlega um fjárhagsmálefni stofnunarinnar. Þar er m.a. sett ákvæði um að henni sé ætlað að varðveita raungildi eigin fjár síns. Stofnuninni er þannig sett mjög ákveðið fjárhagslegt markmið. Jafnframt er henni ætlað að leggja tiltekið framlag í sérstakan afskriftareikning sem nemur þeirri áhættu sem stofnunin telur felast í einstökum lánveitingum. Stofnuninni er ekki heimilt að taka meiri áhættu á ári en sem svarar þeirri fjárhæð sem lögð er á afskriftareikning samkvæmt rekstraráætlun.

Í reglugerðinni eru tekin af tvímæli um að stofnuninni sé ekki heimilt að leggja fram hlutafé í fyrirtæki beint. Hér á eftir verður nokkuð vikið að því hvernig til hefur tekist með framkvæmd reglugerðarinnar.

Verulegar skipulagsbreytingar hafa staðið yfir hjá Byggðastofnun á undanförnum árum. Þessar breytingar stefna að því að færa verulegan hluta af starfsemi stofnunarinnar frá Reykjavík til landsbyggðarinnar. Á árinu 1992 var opnuð skrifstofa á Egilsstöðum og á haustdögum 1993 á Sauðárkróki. Jafnframt hefur starfsmönnum á aðalskrifstofu stofnunarinnar í Reykjavík verið fækkað og eru stöðugildi þar 20, 10 færri en fyrir tveimur árum.

Aðalskrifstofa Byggðastofnunar í Reykjavík annast samskipti við miðstjórnarkerfi stjórnsýslu og fjármagns, gerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir landið allt og samræmingar og stoðhlutverk fyrir svæðisskrifstofur. Hins vegar er skrifstofan í Reykjavík svæðisskrifstofa fyrir Vesturland, Suðurnes og Suðurland sem er innan þjónustusvæðis höfuðborgarinnar.

Önnur starfsemi stofnunarinnar fer fram á svæðisskrifstofunum fjórum: Á Ísafirði, Sauðárkróki, Akureyri og Egilsstöðum.

Samkvæmt reglugerðinni um Byggðastofnun skal stofnunin gera rekstraráætlun fyrir ár hvert þar sem fram komi áætlaðar tekjur og hvernig þeim sé ráðstafað í rekstrarkostnað, styrki og framlag í afskriftarsjóð.

Áætlun ársins 1992 stóðst í öllum meginatriðum. Stjórn stofnunarinnar samþykkti 240 lánsumsóknir að upphæð 1 milljarði 243 millj. kr. en þar af voru nær 500 millj. kr. ógreiddar í árslok. Útborguð lán voru 920 millj. kr. og hafa þau farið minnkandi frá árinu 1988. Er það í fullu samræmi við stefnu ríkisstjórnarinnar um að draga úr lánastarfsemi en auka á móti vægi annarra þátta.

Í samræmi við reglugerðarákvæði var á árinu 1992 framkvæmt áhættumat samhliða ákvörðun veitingu lána

og var þá tekið mið af áætluðu endursöluverði veða, forgangi veðhafa, fjárhag fyrirtækjanna og rekstarmöguleikum þeirra. Lagt var í varasjóð til að mæta áhættu hvers láns og samtals ráðstafaði stofnunin 140 millj. kr. af tekjum sínum til að mæta áhættu af nýjum útlánum á árinu. Með þessum hætti er stofnunin mun betur í stakk búin til að verjast hugsanlegum áföllum í framtíðinni.

Áhætta í útlánum hefur aukist mjög á síðustu árum. Vegna þeirra breytinga sem átt hafa sér stað í íslensku atvinnulífi hefur fjárhagsstaða margra fyrirtækja versnað. Afli hefur dregist verulega saman á ýmsum stöðum og verð á mikilvægustu fiskafurðum fór mjög lækkandi. Söluverð atvinnuhúsnæðis hefur lækkað verulega og á síðari missirum hefur orðið verðlækkun á skipum og aflaheimildum. Tryggingar fyrir lánum Byggðastofnunar hafa því versnað. Nýlegar aðgerðir ríkisstjórnarinnar til lækkunar vaxta munu þó koma skuldugum fyrirtækjum mjög til góða og draga úr útlánatöpum banka og sjóða þegar til lengri tíma er horft. M.a. vegna þess forgangs um tryggingar sem aðrir opinberir sjóðir njóta umfram Byggðastofnun er óhjákvæmilegt að stofnunin taki áhættu í útlánum enda er það í samræmi við hlutverk hennar. Engu að síður er mikilvægt að stofnunin fylgist vel með áhættu í nýjum útlánum þannig að hún geti fjármagnað hana á hverju ári með tekjum sínum. Það markmið náðist á árinu 1992.

Það er því ljóst að almennt hafa ákvæði reglugerðarinnar um fjárhagsstjórnun Byggðastofnunar reynst vel en á hinn bóginn er ljóst að útlánatap vegna eldri lána kann að aukast frá því sem áður hafði verið áætlað vegna erfiðari ytri aðstæðna.

Samkvæmt reglugerðinni er stofnuninni ekki lengur heimilt að leggja fram hlutafé í fyrirtæki önnur en fjárfestingar- og þróunarfélög. Á árinu 1992 gerðist stofnunin hluthafi í Iðnþróunarfélagi Eyjafjarðar hf. og greiddi að mestu fyrir með hlutabréfum í fyrirtækjum á svæðinu sem stofnunin hafði eignast. Stofnunin gerðist einnig hluthafi í atvinnuþróunarfélagi í Vestur-Húnavatnssýslu. Þar með er stofnunin hluthafi í öllum atvinnuþróunarfélögum á landsbyggðinni sem rekin eru með hlutafélagsformi. Þau hlutabréf sem stofnunin á hafa verið auglýst til sölu í samræmi við fyrirmæli í reglugerð. Sá þáttur í starfsemi Byggðastofnunar sem hefur vaxið mest er stuðningur við atvinnuþróunarstarf á landsbyggðinni. Það starf er þó enn í mótun og ljóst að árangur af því ræðst mjög af fjárhagsgetu stofnunarinnar.

Á árinu 1992 námu styrkveitingar hennar samtals um 95 millj. kr. Gert hefur verið samkomulag við flest landsvæði um fyrirkomulag atvinnuráðgjafar og stofnunin hefur stutt tímabundin átaksverkefni á nokkrum stöðum. Til þessara verkefna fóru samtals 38 millj. kr. Þá hefur stofnunin stutt ýmiss konar verkefni í ferðaþjónustu og fóru til þess rúmar 10 millj. kr. Til nýsköpunarverkefna fóru tæplega 15 millj. kr. Framkvæmdastyrkir vegna fiskeldis námu 22 millj. kr. og til ýmissa verkefna fóru um 11 millj. kr. Styrkveitingar hafa heldur dregist saman í heild en til atvinnuráðgjafar árið 1993 var veitt sömu fjárhæð og á árinu 1992. Varðandi samdrátt í styrkveitingum vil ég nefna að ég tel sterklega koma til álita að enn frekar verði dregið úr útlánaáhættu og framlögum í afskriftareikning en að styrkir til atvinnuþróunarverkefna verði auknir þess í stað.

Virðulegi forseti. Ég mun á eftir ræða ítarlegar um starfsemi Byggðastofnunar og þá stefnumótun sem stjórn Byggðastofnunar hefur gert og ríkisstjórnin samþykkt.

[10:50]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Er þörf á byggðastefnu eða er byggðastefnan e.t.v. úrelt? Þannig heyrist stundum spurt. Ég vil leggja á það áherslu að byggðavandamál er ekkert séríslenskt fyrirbrigði og Ísland síður en svo eina ríkið sem leggur nokkra áherslu á aðgerðir gegn byggðavanda. Samþjöppun fólks, fjármagns og fyrirtækja á ákveðnum svæðum innan þjóðríkja er alþjóðlegt fyrirbrigði og veldur víða hliðstæðum vandamálum. Það sem gerist er einfaldlega að það verður stanslaus straumur fólks og fjármagns inn á afmarkað svæði sem venjulega tengist viðkomandi höfuðborgarsvæði og aðrar byggðir líða fyrir það. Í þessu samhengi er kannski rétt að minna á að á seinasta áratug, 1980–1990, fjölgaði íbúum í Reykjavík og á Reykjanesi um 24 þús. manns, en í öðrum landshlutum fjölgaði samanlagt nánast ekki neitt eða rétt um 400 manns. Það var því víðast stöðunun utan þessa svæðis ef ekki bein afturför.

Menn verða að átta sig á því að hinar dreifðu byggðir eru í ákveðnum vítahring. Fólkið flytur burt vegna þess aðstöðumunar sem það fær að kenna á en burtflutningur fólksins eykur svo aftur aðstöðumuninn fyrir þá sem eftir sitja. Fasteignaverð verður gjarnan mjög lágt. Fólk þorir þar af leiðandi ekki að fjárfesta í húsbyggingum af ótta við að verða gjaldþrota. Ef það þarf að selja hús sín og flytja brott, þá fær það kannski minna fyrir húsin en það hafði í þau lagt eða þau eru veðsett fyrir. Vegna þess svo aftur á móti að lítið er byggt, þá verður víða vart við skort á húsnæði og þess vegna flytur fólk burt. Þetta er því vítahringur þar sem hvað eltir annað og magnar vandann.

Þessi vandi er á Íslandi eins og í mörgum öðrum löndum ósköp einfaldlega sá að það er lélegri og fábreyttari þjónusta utan höfuðborgarsvæðisins. Það eru fábreyttari atvinnutækifæri, lítil atvinnuuppbygging og langt að leita til stjórnvalda og stjórnarstofana. Hér á Íslandi eru svo ýmis viðbótarvandamál sem leggjast ofan á allt annað, t.d. það að menn verða að greiða hærra raforkuverð, meiri símakostnað og hærri kyndingarkostnað heldur en á höfuðborgarsvæðinu og verð á innfluttum vörum er að jafnaði hærra utan höfuðborgarsvæðisins einfaldlega vegna þess að innflutningurinn kemur fyrst til höfuðborgarinnar og er síðan dreift þaðan.

Í þessu samhengi er rétt að velta fyrir sér hvernig byggðastuðningur er hér á landi í samanburði við önnur lönd. Ég hef hér tölur um stuðning við byggðaþróun í Evrópubandalagsríkjunum. Samkvæmt töflu sem

ég hef kemur í ljós að stuðningur á hvern íbúa í Evrópubandalaginu í hreinum byggðastyrkjum er 5.861 kr. á íbúa. Þetta var meðaltal Evrópubandalagsríkjanna á árunum 1986–1989. Ef framlög til byggðamála á Íslandi væru sambærileg við það sem þau eru að meðaltali í Evrópubandalagsríkjunum, þá væru hér veittar 1.524 millj. til byggðamála, 1.524 millj. Það þarf auðvitað ekki að taka það fram að víða er þessi tala allmiklu hærri t.d. á Spáni, Portúgal, Ítalíu alveg sérstaklega, Írlandi og víðar en annars staðar lægri. Þetta er að sjálfsögðu meðaltalstalan. Og við erum hér að tala um byggðastyrki eingöngu. Við erum ekki að tala um landbúnaðarniðurgreiðslurnar, sem eru kapítuli út af fyrir sig og eru yfirleitt fjórum sinnum hærri en byggðastyrkirnir. Við erum bara að tala um framlög til byggðamála í þrengstu merkingu. Það geta verið styrkir til afskekktra byggða, það geta verið styrkir til fyrirtækja, vaxtaniðurgreiðslur, skattaívilnanir vegna búsetu og afskriftir. Sem sagt, byggðastyrkir í þrengstu merkingu.

Ef við lítum svo aftur á hver upphæðin er hér á landi, þá sjáum við fljótt að hún er verulega miklu lægri. Í raun og veru má segja að eingöngu fimm tegundir framlaga gætu flokkast undir byggðaframlög ríkisins hér. Það er í fyrsta lagi styrkir Byggðastofnunar sem hafa verið í kringum 85 millj. Það eru þær afskriftir sem Byggðastofnun verður að þola á hverju ári vegna þess að lán greiðast ekki. Það má segja að það séu styrkir með óbeinum hætti. Það eru þau framlög sem félmrn. og iðnrn. hafa látið af hendi í þessu skyni. Það eru mjög smáar upphæðir, í fyrra tilvikinu 15 millj. og seinna tilvikinu 10 millj. Og það af framlögum Framleiðnisjóðs sem hugsanlega gætu flokkast undir styrki til byggðamála.

Nú hef ég því miður ekki nákvæmlega útreiknaða töluna fyrir Framleiðnisjóð en ég hygg að fullyrða megi að samanlagt eru byggðastyrkir einhvers staðar á bilinu 300–400 millj. á Íslandi. Ekki meira en það. Og þá sjáum við að framlög til byggðamála hér eru bara brot af því sem gerist að meðaltali í Evrópubandalagsríkjunum. Ég hef þegar nefnt meðaltalstöluna þar sem er um 1.524 á hverju ári á árabilinu 1986–1989 og hérna höfum við íslensku töluna til samanburðar sem er einhvers staðar á bilinu 300–400 millj. Ég hef giskað á að það væri nærri að vera 350 millj. á ári.

Við skulum átta okkur á því að ástand í þessum málum er ekkert öðruvísi hér en í Evrópubandalagsríkjunum að öðru leyti en því að ef eitthvað er, þá eru vandamálin stærri á Íslandi en viðbrögðin aftur á móti verulega miklu smávaxnari. Hér hafa verið meiri fólksflutningar innan lands til höfuðborgarsvæðis en víðast hvar annars staðar, en framlögin til byggðamála á seinustu árum aftur á móti miklu minni en gerist í þessum ríkjum.

Því miður verður að segjast eins og er að af hálfu núverandi ríkisstjórnar hefur andað heldur köldu í garð Byggðastofnunar eftir að núverandi ríkisstjórn kom til valda. Fjármagn til Byggðastofnunar hefur markvisst verið skorið niður ár frá ári. Stofnuninni hefur verið uppálögð mjög stíf reglugerð sem veldur miklum vandræðum í starfi hennar og afskriftareglur hafa reynst stofnuninni afar erfiðar. Þó vil ég leggja áherslu á að staða Byggðastofnunar er í heildina tekið nokkuð góð. Eiginfjárstaða í árslok 1992 var um 1.070 millj. kr. og mun hafa verið í árslok 1993, þó að nákvæmir reikningar liggi ekki fyrir, einhvers staðar á bilinu 700–800 millj. þannig að eiginfjárstaðan er í sjálfu sér viðunandi. En ríkisframlögin hafa aftur á móti farið minnkandi og voru 1992 aðeins 180 millj. og árið 1993 aðeins 170 millj. Þegar haft er í huga að nettórekstrarkostnaður stofnunarinnar er um 120 millj. á ári sjá menn að það er ákaflega lítið svigrúm til annarra fjárveitinga af hálfu stofnunarinnar en beinna lána. Mismunurinn á milli ríkisframlaganna og rekstrarkostnaðarins er ekki nema rétt 50–60 millj. kr. og af því fé verður Byggðastofnun að leggja nokkuð til átaksverkefna víða um land. Það má því segja að stofnunin hafi í raun og veru ekkert til að láta upp í afskriftir, hvað þá að veita einhverja styrki að ráði.

Ég verð hins vegar að leggja áherslu á það að 99% af útlánum Byggðastofnunar eru gengistryggð lán eða verðtryggð en það er rétt sem hæstv. forsrh. nefndi hér áðan að vegna þess að Byggðastofnun er fyrst og fremst með almenn veð eftir öðrum stofnlánasjóðum og bönkum, þá hefur stofnunin orðið fyrir verulegum áföllum nú á tímum sívaxandi gjaldþrota. En allt hefur þetta leitt til þess að útlán stofnunarinnar hafa farið minnkandi. Ég vek á því athygli að á árabilinu 1986–1990 voru lán stofnunarinnar 1.850–2.500 millj. Nú eru öll árin einhvers staðar innan þess ramma, milli 1800 og 2.500 millj. á verðlagi ársins 1992. En lánveitingarnar á árinu 1992 duttu niður í 950 millj. á því ári og á liðnu ári, 1993, voru þær í raun og veru komnar niður í 500 millj. Þó að þær væru að vísu samanlagt 800 þá eru 300 af því bara hrein endurlán. Nú er allt útlit fyrir að á árinu 1994 verði einungis unnt að veita til nýrra lána um 300 millj. kr. auk 300 millj. til viðbótar í endurlán, samtals 600 millj. kr. Þá sjá menn af þessu að útlánin fara hraðminnkandi úr því að vera á bilinu 1.800–2.500 millj. fyrir nokkrum árum síðan, þ.e. 1986–1990, og niður í 300–500 millj. kr. Þetta er mjög skuggaleg þróun og hlýtur að vekja verulegar áhyggjur.

Ég vil svo segja það að endingu að ég tel að Byggðastofnun hafi merku hlutverki að gegna og það sé afar þýðingarmikið að halda þar uppi þróttmiklu starfi. Það er mikið atvinnuleysi hér á landi og þarf ekki að rekja það fyrir hv. þm. sem þekkja það afar vel. Því er höfuðnauðsyn að leita allra leiða til þess að efla atvinnulífið, búa til ný atvinnutækifæri, ný störf og það verður ekki gert nema eitthvert fjármagn sé tiltækt í því skyni. En eins og menn sjá, þá er nú í vaxandi mæli hert að Byggðastofnun á þann veg að hún hefur minna og minna fjármagn úr að spila. Styrkir eru nánast að hverfa hjá Byggðastofnun og útlánin fara minnkandi ár frá ári og virðast ætla að ná algerum botni á þessu ári, eins og ég segi, þegar ekki er áformað að lána nema 300 millj. til nýrra verkefna og 300 millj. til endurlána.

Ég legg á það áherslu að endingu að til þess að

Byggðastofnun geti komið að gagni verður hún að fá aukið fjármagn. Ég tel að lágmarksframlag til Byggðastofnunar svo að hún geti sinnt verkefni sínu sé á bilinu 400–500 millj. kr. og það eitt dugi til þess að unnt verði að veita nauðsynlega styrki til nýjunga í atvinnulífi þannig að hjól atvinnulífsins geti á ný farið að snúast og hægt sé að veita lán til viðbótar við lán annarra stofnlánasjóða.

[11:06]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér eru til umræðu ársskýrslur Byggðastofnunar fyrir árin 1991 og 1992. Er það vissulega seint sem þær skýrslur koma til umræðu. Því hlýtur að koma í hugann ýmislegt sem gerst hefur á þeim tíma sem liðinn er síðan. Í þessum skýrslum er fyrst og fremst fjallað um rekstur Byggðastofnunarinnar sjálfrar og starfsemi hennar. Það er vissulega til fyrirmyndar að birta yfirlit yfir allar lánveitingar þannig að það kemur glöggt fram hvernig Byggðastofnun hefur ráðstafað sínu fjármagni. Hins vegar er í þessum skýrslum ekkert fjallað um árangurinn af því verkefni sem Byggðastofnun hefur, þ.e. að styrkja byggð í landinu og hvernig staða landsbyggðarinnar hefur þá verið á þessum tíma. Hæstv. forsrh. drap örlítið á það í sínu máli en afar stutt og hefði vissulega verið eðlilegt að þar hefði verið fjallað ítarlegar um stöðu landsbyggðarinnar og þróun.

Hæstv. forsrh. sagði að það hefði verið erfiðar ytri aðstæður á þessu tímabili og því hefðu þær forsendur sem menn lögðu fyrir áætlunum fyrir fram brugðist, en orsakir þessa samdráttar ræddi hann ekki. Hann taldi þó að von væri til að nú væri eitthvað bjartara fram undan vegna vaxtalækkunarinnar. Þar með hljótum við að ályktа að hinir háu vextir sem ríktu lengst af á þessum tíma og allt fram undir þetta hafi verið ein helsta orsök fyrir því hversu þungur róðurinn var og geta sjálfsagt flestir tekið undir það sem hafa staðið í atvinnurekstri. Því hefur hin mikla vaxtahækkun sem varð þegar núverandi ríkisstjórn var mynduð áreiðanlega verið mjög mikið áfall fyrir byggðaþróun.

Það kom fram í máli hæstv. forsrh. að það hefur orðið samdráttur í lánveitingum. Út af fyrir sig er hægt að taka undir það að lánveitingar leysa ekki allan vanda. Sérstaklega þegar þungt er fyrir fæti hjá atvinnulífinu getur það verið skammgóður vermir að fá mikil lán. Þess vegna þarf að leita annarra úrræða og þá er það að sjálfsögðu sérstaklega eigið fjármagn sem þarf að reyna að auka. Því miður hefur það ekki vaxið á móti samdrætti í lánveitingum því að bæði hafa fjárveitingar til Byggðastofnunar lækkað og reglugerð, sem hæstv. forsrh. gaf út á þessu tímabili og nánar verður rædd hér af öðrum síðar, batt algerlega hendur Byggðastofnunar með að leggja fram eigið fjármagn eða hlutafé nema í gegnum atvinnuþróunarfélög. Þar hefur heldur ekki verið um háar upphæðir að ræða til stofnunar atvinnulífs eða rekstrar. Eins og kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns, þá er vitanlega þörf á miklu meira fjármagni til þeirra hluta, sérstaklega vegna þess hvað eiginfjárstaða atvinnulífsins í landinu er orðin slæm núna.

Hæstv. forsrh. ræddi ekkert um stöðu atvinnulífsins að öðru leyti og vissulega væri ástæða til þess að taka atvinnumálaumræðu, en það verður ekki gert innan þess ramma sem þessi umræða leyfir. En við vitum að það eru fyrst og fremst landbúnaður og sjávarútvegur sem eru undirstaða atvinnulífsins í þessum dreifðu byggðum og ef þar er þungt fyrir fæti, þá leiðir af sjálfu sér að landsbyggðin er ekki vel á vegi stödd. Þar hafa orðið ýmsir erfiðleikar sem ekki hefur verið unnt að ráða við eins og samdráttur á mörkuðum hvað varðar landbúnaðinn. En þegar þannig stendur á er að sjálfsögðu enn þá mikilvægara að ríkisvaldið geri það sem í þess valdi stendur til þess að bæta stöðuna að öðru leyti. Ég vil því sérstaklega víkja örfáum orðum að því hvernig búið hefur verið að landbúnaðinum á þeim sviðum sem eru á valdi ríkisvaldsins, en þar er því miður, sérstaklega á síðasta ári, um mikla sorgarsögu að ræða.

Það er alger forsenda fyrir því að einhver atvinnuvegur geti búið við viðunandi öryggi að vita við hvaða aðstæður hann á að búa í sínum atvinnurekstri frá hálfu ríkisvaldsins, en þar hefur því miður verið hver uppákoman eftir aðra allt sl. ár og ríkisvaldið hefur alls ekki sinnt þeirri frumskyldu sinni að hafa mál þar í viðunandi horfi. Þar hafa önnur atriði ráðið heldur en sú skylda að hugsa um hagsmuni atvinnuvegarins.

Við minnumst þess að á sl. vori þegar átti að afgreiða hér á Alþingi lög sem sköpuðu landbúnaðinum betri starfsskilyrði eða meira rekstraröryggi, þá ákváðu stjórnarflokkarnir og ríkisstjórnin að varpa hagsmunum atvinnuvegarins fyrir borð og afgreiddu ekki það mál og létu duttlunga og ósamkomulag innan ríkisstjórnarinnar ráða ferðinni. Afleiðingin af því hefur svo verið sú uppákoma sem hefur staðið alveg síðan. Það er vissulega algerlega ófyrirgefanlegt af ríkisvaldi að halda þannig á málum og því miður er ekki enn þá séð fyrir endann á því.

Við vitum að samdráttur á mörkuðum landbúnaðarins hefur verið mikill og erfitt fyrir ríkisvaldið að ráða við það, en þeim mun brýnna er að halda þá vel á þeim málum sem eru í hendi ríkisvaldsins að gera. Og það er ótrúleg, má segja, fyrirlitning á því verkefni sem ríkisvaldið hefur tekið sér fyrir hendur, að annast hagsmuni undirstöðu þjóðfélagsins, að halda þannig á málum. Og því miður hefur ekki einu sinni verið látið nægja slíkt tómlæti. Við þekkjum líka öll þá umræðu og þá neikvæðu umfjöllun sem atvinnuvegurinn hefur fengið af hálfu ríkisfjölmiðils og ég skal ekki fara fleiri orðum um hér.

Eins og ég sagði væri margt hægt að ræða um þetta liðna tímabil. Að sjálfsögðu er það samt framtíðin sem skiptir mestu máli. Um það mun verða fjallað hér á eftir þegar hæstv. forsrh. mælir fyrir byggðaáætlun næstu ára. Þá kemur vonandi í ljós í framsöguræðu hæstv. forsrh. hvernig ríkisstjórnin ætlar að snúa frá villu síns vegar og halda betur á byggðamálunum heldur en gert hefur verið að undanförnu.

[11:17]

Matthías Bjarnason:

Herra forseti. Ég heyrði því miður ekki ræðu hæstv.

forsrh. þegar hann fylgdi skýrslu sinni úr hlaði, en sessunautur minn sagði mér í stuttu máli frá henni. Það sem ég vildi helst gera að umræðuefni er að starfsemi Byggðastofnunar hefur dregist verulega saman. Ástæðan fyrir því að hún hefur dregist saman er fyrst og fremst peningaskortur. Það voru há og myndarleg framlög til Byggðasjóðs á árunum 1975–1978/1979, en þá var það á verðlagi hvers árs fyrir sig. Þá voru það 1.209 millj. hæst, að vísu gamlar, 1977. Það sýnir sig að framlögin á undanförnum árum hafa verið að lækka og það stórum og ekki eingöngu í tíð þessarar ríkisstjórnr heldur einnig í tíð ríkisstjórnarinnar sem sat á undan. Framlögin voru lækkuð svo að segja á hverju ári og umsvif þessarar stofnunar urðu minni. Verkefni hennar eru aftur miklu meiri ef það ætti að sinna þeim með eðlilegum og sjálfsögðum hætti.

Út af fyrir sig er gott og blessað að vextir lækki og allir höfum við þráð það og fögnum því sem þar hefur gerst nú á síðustu mánuðum, jafnvel þó að meira mætti gerast í þá áttina. Hins vegar er þó einn ljóður á vaxtalækkuninni núna að þessar lánastofnanir þurfa að ná sér niðri á kúnnunum vegna vaxtalækkunar með stórfelldri hækkun þjónustugjalda og segja að það eigi að fara eftir kostnaði. Mér þætti gaman að vita hvað kostar að útbúa eitt skuldabréf upp á eina millj. Bankar og aðrar innlánastofnanir taka 40 þús. í lántökugjald. Ég held að það séu samtals þrjár línur sem þarf að vélrita á prentað eyðublað og það fer aldrei yfir 100 kr. þetta eyðublað. Ef það á að taka upp þjónustu með þessum hætti þá má líka endurskoða það sem er oftekið eins og hitt sem er of lítið. Og ef við berum nú saman innlánsvexti á tékkareikningum, þá er það ekki til að stæla af. Ég mundi leggja til að þeir yrðu bara felldir niður því að það er of mikil fyrirhöfn að vera að færa þá, þeir eru komnir það neðarlega.

Það er alveg rétt að lánastofnanir þurfa auðvitað að ná upp í kostnað og það er ranglátt hjá fólki að ráðast að lánastofnunum fyrir það að þær hafi tapað miklu fjármagni. Fyrir 10–12 árum og jafnvel enn skemmri tíma, þá voru lán út á hraðfrystihús, út á eiginlega alla skapaða hluti ekki talin síst of mikil. Bæði lán Fiskveiðasjóðs, viðbótarlán banka, viðbótarlán Byggðasjóðs. Þessar eignir eru í háu verði hvað snertir brunabótamat og fasteignamat, en á markaði eru þær hrundar. Svo koma vitringar og segja: Mikið voru þetta miklir óráðsíumenn sem lánuðu út á þessar eignir. En það tekur enginn fram í leiðinni að það er búið að takmarka fiskveiðar með þeim hætti að þessi hús sem byggð voru fyrir aukningu í fiskveiðum fá nú sífellt minna til að vinna úr. Þar við bætist að meira hefur verið flutt óunnið til útlanda en áður var og enn bætist svo við að sjófrystingin hefur aukist í stórum stíl.

Ég tel að sú reglugerð sem gefin var út varðandi Byggðastofnun sé að sumu leyti gersamlega óhæf. Ég tel að stofnun sem er áhættulánastofnun eigi að geta lagt ákveðinni starfsemi fram hlutafé. Við sem höfum setið í stjórn þessarar stofnunar, bæði ég og aðrir, bæði núverandi stjórn og fyrrv. stjórnir, höfum verið mjög íhaldssamir á það að leggja fram hlutafé í þau fyrirtæki sem stofnunin hefur að einhverju leyti tekið í viðskipti og lánað. En við teljum að það sé farið hér rangt að. Ég vil benda á hvernig er komið hjá bönkunum. Hvernig er komið hjá þessum þremur bönkum í landinu og 10 hæstu innlánsstofnunum? Það var fyrirspurn sem flutt var hér snemma á þessu þingi, þeir eiga hvorki meira né minna en eignir sem eru metnar á 4 milljarða 937 millj. kr. Auk þess er hlutur viðskiptabankanna þriggja í verðmæti fasteigna í eigu dótturfélaga eða félaga sem þeir eiga hluti í metinn á 3 milljarða 96 millj. kr. Með öðrum orðum, eigur þessara þriggja banka og dótturfélaga þeirra voru fyrir um það bil þremur mánuðum 8 milljarðar kr. Það er ekki skipting á þessu fjármagni í svari við fyrirspurninni nema á 5 milljörðum. Og hvernig halda þingmenn að þessu fjármagni sé skipt, eignunum sem þessar lánastofnanir eiga? Ætli það sé allt hjá sjávarútvegi eins og alltaf er verið að tala um? Nei, ekki aldeilis. Íbúðarhúsnæðið er upp á 1.416 millj. Iðnaðarhúsnæði er upp á 1.095 millj. Skrifstofu- og verslunarhúsnæði er upp á 1.345 millj. Svo kemur þessi ofboðslega fjárfesting í sjávarútvegi. Þar eiga bankarnir ekki nema 542 millj. og önnur verkefni 539 millj.

Hvað hefur svo gerst í sögu bankanna og þá alveg sér í lagi stærsta viðskiptabanka þjóðarinnar, Landsbankans? Hann er að gerast hluthafi í stórum stíl í félögum sem taka við af þeim sem eru orðin gjaldþrota og þar heldur áfram að vaxa þessi tala sem ég var að nefna en ekki að lækka. Nefni ég í því sambandi síðast Slippstöðina, Odda eins og hún heitir eftir síðustu sameiningu. Ég veit ekki betur en ríkissjóður hafi gerst hluthafi í því fyrirtæki.

Ég segi fyrir mitt leyti að verkefnin sem Byggðastofnun þarf að sinna getur hún ekki sinnt. Ákvæðið um afskriftir og að halda sig við hinar svokölluðu BIS-reglur, sem okkur hefur þó tekist að halda okkur innan við, en ég sé ekki fram á að við getum haldið okkur innan við þær nema loka sjoppunni eins og sagt er og þá verður þetta hægt. Og þó veit ég ekki því töpin halda áfram í stórum stíl.

Mig langar líka í sambandi við ársskýrslu Byggðastofnunar að koma inn á Atvinnutryggingarsjóðinn. Hann er gjaldþrota. Skuldir hans umfram eignir eru komnar þó nokkuð á þriðja milljarð nú og ég er sannfærður um að þegar upp verður staðið, ef fram heldur sem horfir, þá verður þessi upphæð ekki á þriðja milljarð heldur verður hún alls ekki undir 5 milljörðum. Ég býst við því að ég sé með fremur lága tölu en of háa þegar ég segi þetta, en þetta er auðvitað áætluð tala sem hvorki ég né aðrir geta tekið ábyrgð á.

Það er afar mikið sóst eftir því að fá styrki til ýmissa verkefna sem eru nauðsynleg. Við skulum athuga hvernig þróunin hefur verið á þessu sviði. Höfum við farið veginn fram á við eða höfum við gengið aftur á bak? Við áttum einu sinni sjóð sem hét Fiskimálasjóður. Hann veitti styrki til nýjunga í sjávarútvegi. Og þegar við segjum að 90% af þessum styrkjum hefðu farið fyrir ofan garð og neðan og ekkert komið út úr þeim verkefnum, þá voru þessi 10% sem urðu þjóðfélaginu að gagni margfalt meira virði heldur en það sem tapaðist. Ég hefði ekki haft á móti því að Fiskimála-

sjóði hefði verið breytt á þann veg að hann hyrfi frá allri lánastarfsemi og yrði eingöngu styrktarsjóður til nýrra verkefna. Síðan var tekið upp að stofna einhvers konar hagræðingarsjóð við Fiskveiðasjóð. Það væri fróðlegt að fá skýrslu um þau stóru verkefni sem sá sjóður hefur tekið og bera saman við gamla Fiskimálasjóð. En það er einhvern veginn þannig að ef eitthvað hefur verið til á Íslandi þá er um að gera að troða það fótum og moka yfir það þannig að það sjáist aldrei meir, því það er svo mikil nauðsyn að breyta öllu þó breytingarnar séu öllum til bölvunar.

Þetta með Fiskimálasjóð og hagræðingardeild Fiskveiðisjóðs gerir það að verkum að það hrannast inn auknar beiðnir til Byggðastofnunar, beiðnir sem við getum engan veginn orðið við. Við erum eiginlega komnir að því að strika út styrkina þegar frá er talið það sem veitt er til atvinnuþróunarfélaganna. Þetta er engin upphæð sem eftir er og ég veit eiginlega ekki hvernig við förum að því að úthluta þessum fáu milljónum miðað við allar þær umsóknir sem fyrir hendi eru og sumar mjög þýðingarmiklar. Það eru auðvitað til umsóknir sem er varla lítandi á.

Yfirleitt minnist enginn á af hverju þetta er orðið svona alls staðar, af hverju þetta fjármagn er orðið svona lítið. Það er af því að við höfum verið að skera niður höfuðatvinnuveg okkar, sjávarútveginn, á undanförnum árum. Við höfum verið að skera hann niður við trog og það er eins og menn haldi að það komi hvergi við neinn.

Ég heyri lítið talað um hvað lífríki hefur breyst á undanförnum árum. Ég heyri afar lítið á það minnst. Það er talið að hvalir og selir éti um 4,5 millj. tonn, en þar er auðvitað ljósáta og ýmislegt annað. En það er talið að fiskur, þá á ég við bæði uppsjávarfisk, sé um fjórðungur af þessu. Þessum stofnum fjölgar ár frá ári og það verða ekkert mörg ár í það, með óbreyttri fiskveiðistefnu, að landsmenn geti lagt þessum skipum sínum eða sökkt þeim og hætt, því blessaðar stóru skepnurnar í sjónum þurfa að hafa eitthvað til þess að borða. Þessu þykir mönnum alveg sjálfsagt að viðhalda. Þetta kemur niður á öllum og þetta er eitt af því sem er mesta vandamálið í sambandi við úthlutun fiskveiðiheimilda. En ég er ekki að segja þetta með það fyrir augum að við eigum að ganga milli bols og höfuðs á einhverri dýrategund. Við eigum að fara eftir því sem skynsamlegt er og við vitum hvað snertir þorskaflann og bolfiskaflann að það er fæðuöflunin og hitastig sjávar sem þar ræður ferðinni.

Herra forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri. Ég taldi ekki ástæðu til að eyða þessum fáu mínútum í einhvern talnalestur. Þessi ársskýrsla liggur fyrir. Ég held að fyrri ársskýrslan hafi hlotið umræðu upp á 36 klukkutíma og ég tel það nokkuð gott miðað við ýmislegt annað. En sú fyrir seinna árið er núna í byrjun.

[11:34]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er aðeins eitt atriði sem hv. 1. þm. Vestf., formaður stjórnar Byggðastofnunar, nefndi sem vil ég gera að umtalsefni hér. Það var það atriði sem hann nefndi úr reglugerð um Byggðastofnun, varðandi heimild fyrir þá stofnun til að kaupa hlutafé eða eignast hlutafé í fyrirtækjum öðrum en þeim sem þar er sérstaklega getið um. Ég held einmitt að þau rök sem hv. þm. kom með varðandi viðskiptabankana og fleiri rök sem því tengjast gefi tilefni til þess að þetta ákvæði verði tekið til endurskoðunar þannig að samræmi verði þarna á milli. Ég vildi láta þess getið hér.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þm. að hafa biðlund á meðan verið er að láta þann hv. þm. sem er næstur á mælendaskrá vita, en hann hefur brugðið sér frá.

Útbýting þingskjals:

Bætur vegna samninga um riðuveiki, 399. mál, fsp. HG, þskj. 601.

[11:37]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hafði fengið upplýsingar hjá hæstv. forseta hver mælendaröðin væri og vissi ekki betur en tveir væru á mælendaskrá. Og mig undrar það ef slíkur ruglingur er á mælendaskránni að ekki sé hægt að bregða sér út úr þingsalnum í eina eða tvær mínútur án þess að allt fari í steik.

En ég mun víkja að þeirri ársskýrslu sem hér er til umræðu og byrja að lýsa því yfir að ég fagna því að hæstv. forsrh. er kominn á það stig sem við teljum að sé grundvallaratriði til að menn séu hæfir til að vera skipstjórar og það er að snúa við ef þeir álpast út í svo vont veður að það sé ekki um annað að ræða en að snúa að landi á nýjan leik í staðinn fyrir að halda sjó það lengi að skip og áhöfn farist.

Hæstv. forsrh. gerði það nefnilega áðan í andsvari við hv. 1. þm. Vestf. að lýsa því yfir að það stæði til að endurskoða ákvæði í reglugerðinni, sem víkur að því hvort Byggðastofnun megi eiga hlutafé í fyrirtækjum eða ekki.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. er farinn að átta sig á því að stundum er skynsamlegast að snúa aftur og skoða stöðuna upp á nýtt.

Reglugerðin eins og hún er í dag kemur í veg fyrir að Byggðastofnun geti varið sína fjármuni. Svo alvarlegt er málið. Byggðastofnun getur ekki varið sína fjármuni eins og Landsbankinn, eins og Iðnlánasjóður. Því ástæðan fyrir því að þessir aðilar hafa farið í það að eiga hlutafé í fyrirtækjum er fyrst og fremst sú að þeir eru að reyna að verja sína hagsmuni, verja þá fjárhagsstöðu sem þeirra fyrirtæki eru komin í og þeir sjálfir sem eigendur aðalkrafna á fyrirtækið. En með reglugerðinni eins og hún er er búið að loka fyrir það að Byggðastofnun geti varist á sama hátt.

Jafnframt er það staðreynd og þar hygg ég að forsrh. trúi frekar breskum heimildum heldur en þeim sem hér stendur, að Margrét Thatcher, fyrrv. forsætisráðherra Bretlands, járnfrúin öðru nafni, af sumum talin hneigð til framsóknarmennsku á vissu tímabili, beitti óspart þeirri aðferð að leggja hlutafé í fyrirtæki og henni datt ekki í hug sú hringavitleysa að selja fyrir-

tækin án þess að skoða hvernig markaðsástandið væri. Hún vildi skila fyrirtækjunum í standi þegar hún seldi þau. Og það er líka algjörlega út í hött í reglugerðinni að setja ákvæði um að það skuli skilyrðislaust auglýsa öll hlutabréfin á hverju einasta ári. Það þarf að tryggja það að rekstur fyrirtækjanna sé í eðlilegu standi. Þá er hægt að selja hlutabréfin, þá er hægt að láta fyrirtæki sigla sinn sjó. En það er engin lausn að standa þannig að málum að þau séu seld þegar staðan er sú að það verður að þjappa eigendunum utan um fyrirtækið til þess að verja það og koma því á réttan sjó.

Með leyfi forseta, hyggst ég fá að lesa hér stutt bréf sem mér hefur borist afrit af. Þetta bréf er ritað af vestfirskum sveitarstjórnarmanni sem er oddviti í litlu byggðarlagi og er að meta stöðuna út frá sínum sjónarhóli og ég hygg að það sé mjög fróðlegt fyrir þingheim allan að hlýða á þetta bréf. Með leyfi forseta, þá ætla ég að hefja lesturinn:

„Til forustumanna sveitarstjórna á Vestfjörðum. Flateyri 25. jan. 1994.

Ágæti vestfirski samherji og vinur. Þú fyrirgefur mér framhleypnina en mig langar til þess að senda þér þessar línur í von um að við getum sameinast um kröfur um aðgerðir til hjálpar atvinnulífi byggðarlaga okkar og stutt þá sem þegar eru að berjast fyrir slíku.

Ég hef rætt um þessi mál við ákaflega marga aðila sem vilja ljá málinu stuðning, en breiðfylking um úrlausn er nauðsynleg. Við erum ekki bónbjargafólk, en stjórnvöld geta ekki skotið sér undan þeirri ábyrgð sem þau hafa á tilverurétti okkar. Krefjumst aðgerða.

Gráturinn. Fyrirtæki eru og hafa verið að fara á hausinn. Fyrirtæki eru að loka. Heilu sveitarfélögin eru í upplausn vegna fólksfækkunar og minnkandi tekna. Útgerðin kvartar yfir að allur kvóti sé búinn. Atvinnuleysi brýst fram í fyrsta sinn í áratugi í hverju sveitarfélaginu á fætur öðru. Nú er staðfest fólksfækkun á Vestfjörðum eitt árið enn í röð frá árinu 1981 eða í heil 12 ár samfellt. Fólksfjöldi á Vestfjörðum hefur ekki verið minni síðan fyrir 1880 eða í 113 ár. Já, því miður væri hægt að hafa þennan lista lengri og jafnvel enn óhugnanlegri.

Úrræðaleysið. Á undanförnum vikum hefur mikil umræða farið fram í þjóðfélaginu um ástandið í undirstöðuatvinnuvegi okkar, sjávarútveginum, og þá ekki hvað síst hér á okkar landsvæði, Vestfjörðum. Ekki þarf að fjölyrða um þessi mál við þig og ástandið í þínu byggðarlagi. Sum byggðarlög eru þó því miður verr stödd en önnur. Með vissu má segja að veikleiki eins byggðarlags er ekki styrkur annars, heldur þvert á móti eykur vanmáttur eins á vanmátt heildarinnar til átaka og framþróunar. Allir þykjast skynja hið alvarlega ástand landsvæðis okkar og jafnvel að það sé hvergi verra. Hjáróma stakar raddir sem ræða vandann kafna í fjölmiðlaflórunni. Stjórnvöld sem ráða vilja skoða, athuga, rannsaka, íhuga og guð má vita hvað til þess að hjálpa, en hjálpin gagnar ekki framliðnum.

Lindin. Forustumenn atvinnufyrirtækja eiga auðvitað einhverja sök á því hvernig komið er málum. Sumir forustumenn okkar hafa jafnvel verið svo kokhraustir að segjast vera bjartsýnir á framtíð fyrirtækja sinna á sama tíma og þeir hafa verið að selja frá sér mjólkurkýrnar. Það gagnast samt engum eftir dauðann að kalla: Bjargið mér. En nú þegar virðist vera orðið ljóst að í algjört öngþveiti stefnir með atvinnulíf heilu byggðarlaganna, ekki bara einstaka fyrirtækja. Þá eru menn að koma fram í dagsljósið einn á eftir öðrum og lýsa yfir því að þeir gangi á síðustu blóðdropunum. Stoltið hefur eitthvað með þetta að gera, en stoltið verður ekki mikið eftir eftir að allt er tapað.

Við forustumenn einstakra byggðarlaga höfum enn fremur verið ákaflega þröngsýnir í afstöðu til mála og málaflokka. Við höfum talið að okkur gæti tekist að halda betur á hagsmunum okkar umbjóðenda með því að pukrast einir úti í horni að úrlausn mála fremur en með því að standa saman að úrlausn þeirra í samvinnu við nágranna okkar. Ég vil leyfa mér að segja að stundum er eins og við sjáum sumir hverjir ekki skóginn fyrir trjánum.

Baráttan. Vissulega hafa nokkrir aðilar reynt að vekja athygli stjórnvalda á vandanum og er ekki að mínu áliti á nokkurn hallað þó ég nefni að þeir sem fremstir í flokki fara í dag í þeim efnum eru forustumenn Byggðastofnunar. Við Vestfirðingar erum þó svo stoltir að við getum ekki komið fram fyrir skjöldu og sagt opinberlega: Þetta er rétt sem blessaðir mennirnir eru að segja. Einstaka þingmenn og forustumenn atvinnulífsins hafa einnig lagt þessum málum lið. Mín skoðun er að þeir séu reyndar líkast til heldur bjartsýnir þegar þeir mæla fyrir þessum vanda, trúlega vegna þess að viðmælendur þeirra gapa út í loftið í úrræðaleysi sínu þegar vandinn er skoðaður í hnotskurn og segja að fyrr megi nú rota en dauðrota, eins og gáfumenn núlifandi kynslóða hafa komist að orði.

Aðgerðir. Nú er svo komið málum að við verðum að snúa bökum saman og styðja hvern annan. Styðja við bakið á þeim sem eru nú þegar að vinna í okkar málum og koma til með að gera það. Forustumenn Byggðastofnunar verða að finna að þeir hafi stuðning í fjórðungnum í sinni baráttu. Baráttu fyrir því að gripið verði nú þegar til sértækra aðgerða fyrir Vestfirði, enda deilir enginn upplýstur og viti borinn maður um þá staðreynd að ástand mála er hvergi eins slæmt og á þessu landsvæði.

Fara verður fram á það að nú þegar verði úthlutað til Vestfirðinga auknum þorskkvóta, þorskkvóta sem úthlutað yrði til sveitarstjórnanna sem aftur úthlutuðu kvótanum til útgerðaraðila. Útgerðaraðilar yrðu síðan að tryggja að aflinn yrði unninn innan byggðarlaganna sjálfra. Þannig og aðeins þannig er unnt að tryggja atvinnu sjómanna og landverkafólks og framtíð fyrirtækja og sveitarfélaga sem á þessu svæði eru. Rök fyrir þessu eru næg, svo sem stöðug skerðing á þorski undanfarin ár umfram aðra stofna, en þorskur hefur verið uppistaða veiða vestfirskra skipa. Það má benda á að svokallaðar aukategundir eins og loðna, humar og síld eru utan veiðiheimilda Vestfirðinga. Ekki þarf heldur að fjölyrða um neikvæð áhrif á fjölmörg fyrirtæki og einstaklinga vegna þess banns sem stjórnvöld settu á hrefnuveiðar. Viðbótarráðstafanir við þessa aukaúthlutun á veiðiheimildum, eins og skuldbreyting-

ar og lækkun alls tilkostnaðar, eru augljóslega nauðsynlegar að auki.

Sjómenn hafa gengið ötullega fram í því síðustu missirin að berjast gegn því sem þeir kalla kvótabrask, sem allir hljóta að geta stutt einarðlega. Vonandi verður barátta þeirra til þess að gera lýðum ljósa þá staðreynd að kvótakerfið í heild sinni er gersamlega vonlaust stjórntæki. Kvótakerfið er ákaflega vel til þess fallið að rústa tilveru heilla byggðarlaga og því er það lífsnauðsyn að afnema það. Leggjum því öllum kvótaandstæðingum lið í baráttu þeirra.

Sveitarstjórnarmönnum ber að ganga fram fyrir skjöldu í baráttunni og draga úr álögum á atvinnufyrirtæki í stað þess að þyngja myllusteina þá sem um háls þeirra hafa verið hengdir. Margir hafa þegar gert það með beinum og óbeinum hætti. Heill sé þeim, en aðrir hafa án efa ekki verið upplýstir um nauðsyn málsins af réttum aðilum. Dæmin sanna hvert stefnir og við einfaldlega þurfum ekki frekari vitna við. Tími aðgerða er runninn upp. Sýnum styrk og samstöðu, látum í okkur heyra. Við eigum allt okkar undir því að gripið verði til raunhæfra aðgerða til lausnar vandans nú þegar.

Niðurlag. Kæri samherji. Ég vona að þú sjáir þér fært að styðja þetta mikilvæga baráttumál okkar með aðgerðum af hálfu sveitarstjórnar þinnar. Ef þú telur rétt eða vilt og átt þess einhvern kost að slá á þráðinn til mín og spjalla um málið, möguleika þína og þinnar sveitarstjórnar, þá bið ég þig um að hafa samband við mig. Það er auðvelt þessa dagana á kvöldin heima í síma 94-7779. Í vinnunni er ég með síma 94-7700. Faxið mitt er 94-7801. Munum að til þess að vinna orrustur þá þurfum við að heyja þær. Stríð okkar vinnst örugglega þó að einstaka orrustur hafi og muni tapast. Því getum við treyst ef samstaða næst.

Með fyrir fram þökk.

Eiríkur Finnur Greipsson, oddviti Flateyrarhrepps."

Þessum lestri er lokið.

Að mínu viti er hér skrifað af hógværð vel stílað bréf. En alvöruþungi bréfsins dylst engum heilvita manni sem les bréfið.

Nú stendur hæstv. ríkisstjórn frammi fyrir því að aðgerðir verða að koma. — Ég sé og heyri að hæstv. forseti vill fá annan í ræðustólinn. Ég mun því gera hlé á þessari ræðu og biðja aftur um orðið.

[11:53]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Hér liggur fyrir til umræðu skýrsla Byggðastofnunar og er rétt að þakka fyrir þessa skýrslu. Í henni er að finna margar góðar upplýsingar sem auðvelda okkur allar umræður um byggðamál og ákvarðanatöku. Ég vil í upphafi segja það að Byggðastofnun hefur unnið gott starf undanfarna tvo áratugi og ég er viss um að ef hennar hefði ekki notið við þá væri ástandið víða á landsbyggðinni öðruvísi en það þó er í dag þrátt fyrir allt. Og ég verð að segja að Byggðastofnun hefur því lagt margt gott af mörkum og unnið gott starf.

Byggðaþróun síðustu tveggja áratuga veldur okkur sannarlega áhyggjum og henni er lýst hér strax í upphafi skýrslu Byggðastofnunar, þar sem staðfest er að fólki hefur verið að fækka á landsbyggðinni en fjölga á höfuðborgarsvæðinu. Þessi búsetuþróun er ekki öðruvísi en í flestum nágrannalanda okkar, að byggðin hefur verið að þéttast og styrkjast umhverfis stórborgirnar á kostnað landsbyggðarinnar. Þó ættu aðstæður hér á landi að geta verið öðruvísi en í nágrannalöndum okkar, bæði vegna þess að við búum við öðruvísi atvinnulíf og síðast en ekki síst þá erum við fámenn þjóð sem ætti að gefa okkur meira svigrúm og betri möguleika til þess að hafa gott skipulag á búsetuþróuninni. Það er því ekki afsökun fyrir þessari þróun þó að hún hafi líka átt sér stað einhvers staðar annars staðar.

Ef byggðaþróunin er metin raunhæft sl. tvo áratugi og spurt hvaða stefna hafi legið að baki getum við ekki horft fram hjá því að það virðist eins og sú stefnumótun hafi ríkt að byggja Reykjavík og nágrenni upp. Er það sú byggðastefna sem stjórnmálaflokkar hafa lagt áherslu á, að byggja Reykjavík og nágrenni upp? Annað er sagt, en niðurstaðan virðist blasa við og veldur sannarlega áhyggjum. Það blasir líka við okkur mikill aðstöðumunur eftir því hvar fólk býr. Fólk sem býr í dreifbýlinu þarf að þola hærra verðlag á öllum lífsnauðsynjum. Það borgar víða hærra verð fyrir húshitunarkostnað og aðgangur að opinberri þjónustu er langtum takmarkaðri en á höfuðborgarsvæðinu. Þetta eru þrír þættir sem ég tel að við þurfum að fjalla ítarlega um og ekki er fjallað um í skýrslu Byggðastofnunar. Verðlag á lífsnauðsynjum, kostnaður við húshitun og aðgangur að opinberri þjónustu, þó inn á það sé komið í seinni hluta skýrslunnar að nokkru leyti.

Það eru nokkur atriði sem vöktu athygli mína í skýrslu Byggðastofnunar sem mig langar til að gera að nokkru umræðuefni. Það er í fyrsta lagi skoðun skýrsluhöfunda sem ég tel vera stjórn Byggðastofnunar. — Ég lít svo á að það sé stjórn Byggðastofnunar sem stendur að baki þessari skýrslu og ber ábyrgð á henni. — Og það eru þau viðvörunarorð sem skýrsluhöfundar, stjórn Byggðastofnunar, leggur fram í sambandi við gildandi búvörusamning og þá sérstaklega sauðfjárræktina. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Þar sem sauðfjárrækt er helsti hornsteinn byggðar á stórum landsvæðum er nauðsynlegt að taka málefni hennar til sérstakrar skoðunar, m.a. með tilliti til einstakra byggðarlaga og þess hvort framleiðslustýringin sé orðin greininni beinlínis skaðleg."

Ég endurtek aftur, með leyfi forseta: „...að taka málefni hennar [sauðfjárræktarinnar] til sérstakrar skoðunar, m.a. með tilliti til einstakra byggðarlaga og þess hvort framleiðslustýringin sé orðin greininni beinlínis skaðleg."

Eru þetta orð í tíma töluð? Þetta orðalag minnir helst á orðalag upp úr samþykktum Alþfl. sl. ára og hefði nú einhver hrokkið við ef þetta orðalag hefði sést í samþykktum Framsfl. Ég hugsa að Alþb. hefði getað þolað svona orðalag í sínum yfirlýsingum og Sjálfstfl., en aldeilis ekki Framsfl. Og það verður því að spyrja um það hvort hér sé verið að boða róttæka stefnubreytingu í málefnum sauðfjárræktarinnar og landbúnaðarins þegar fulltrúar allra flokka virðast

standa að þessari framsetningu. Þetta eru líka viðvörunarorð, ekki dómur, í sambandi við þann búvörusamning sem við búum við núna. Það er ekki langur tími eftir af gildistíma hans og segir okkur að það þarf að taka hann fyrr en seinna til endurskoðunar. Og mér segir svo hugur að þessi viðvörunarorð verði höfð að leiðarljósi við þá endurskoðun.

Í öðru lagi langaði mig til að gera að umræðuefni II. kafla í þessari skýrslu, sem fjallar um flutning ríkisstofnana út á land. Í skýrslunni kemur fram að einungis ein ríkisstofnun hafi verið flutt í heilu lagi frá Reykjavík og út á land. Það var Skógrækt ríkisins. Hjá Skógrækt ríkisins í Reykjavík störfuðu 7 manns. Nú er þessum flutningi lokið og þessi stofnun starfar vel á Egilsstöðum. Það hefur verið mín skoðun að það skipti afar miklu máli fyrir búsetuþróunina hver staðsetning opinberra stofnana er og hvernig við getum auðveldað fólki aðgang að opinberri þjónustu. Það hefur verið lögmál allt fram til þessa að helstu ríkisstofnanir hafi aðsetur sitt í Reykjavík. Það hefur verið lögmál. Og það hlýtur að vekja undrun þegar búsetuþróun sl. áratuga er metin að flestar nýjar opinberar stofnanir, sem settar hafa verið á laggirnar á þessu tímabili, hafa hlotið aðsetur sitt hér í Reykjavík þó að ekkert sérstakt mæli með því umfram annað. Og það hefur afar sjaldan komið fyrir að um það hafi verið fjallað í löngum ræðum hvort stofnun ætti að vera í Reykjavík eða einhvers staðar annars staðar, heldur litið á það sem sjálfsagt mál, nánast sem lögmál. Nú er þetta að breytast. Þessi ríkisstjórn hefur haft frumkvæði að því að beita sér fyrir stefnumótun sem miðar að því að ríkisstofnanir verði fluttar út á land. Alla vega að setja spurningarmerki við staðsetningu nýrra stofnana, um það hvort þær eigi að vera í Reykjavík eða einhvers staðar annars staðar og það er árangur í sjálfu sér.

Í þessu sambandi er rétt að vekja athygli á því að hæstv. umhvrh. hefur nú tekið frumkvæði og ákveðið að flytja embætti veiðistjóra norður á Akureyri og er það þá önnur ríkisstofnunin sem flutt verður út á land. Ber að fagna sérstaklega þeirri ákvörðun og þakka hæstv. umhvrh. skeleggt framlag til byggðaþróunar og byggðastefnu.

En þegar við lesum þann kafla er um þetta fjallar, flutning ríkisstofnana út á land, í skýrslu Byggðastofnunar, þá gætir nokkurrar vantrúar á að þetta skili árangri. Eða réttara sagt, það gætir vantrúar á að þetta sé mögulegt. Og til þess að leggja áherslu á þessa vantrú hefur Byggðastofnun kallað til sérfræðing frá útlöndum, Leif Gram, fyrrv. framkvæmdastjóra Norrænu rannsóknastofnunarinnar í byggðamálum, og leitað álits hans á reynslu af flutningi ríkisstofnana út á land á hinum Norðurlöndunum. Það sem Byggðastofnun tekur hér upp í framhaldi af áliti hans er það að það sé svo mikil tregða starfsmanna til þess að fylgja stofnunum sínum á milli staða og þess vegna sé þetta erfitt verkefni. Það er rétt að það er erfitt að flytja á milli staða. Það er erfitt viðfangsefni.

En það er líka erfitt fyrir þá sem búa á landsbyggðinni og hrekjast hingað til Reykjavíkur vegna þess að það er ekki atvinnu að hafa og vegna þess að ekki verður lengur hægt að þola þann aðstöðumun sem ríkir á milli höfuðborgarsvæðisins og dreifbýlisins. Þá er ekki spurt um tregðu. Þá er spurt um nauð. Fólk hrekst frá heimilum sínum og hingað suður til Reykjavíkur í von um að hér sé meira og fjölbreyttara framboð af atvinnutækifærum og ódýrara að lifa, ódýrara að komast af. Það er þess vegna sem verður að að skoða gaumgæfilega að flytja opinbera þjónustu, flytja opinberar stofnanir út á landsbyggðina, m.a. til þess að styrkja atvinnulífið og síðast en ekki síst til þess að efla opinbera þjónustu á landsbyggðinni. Það verður ekki horft fram hjá því að ríkisvaldið er stór og öflugur vinnuveitandi, líklega stærsti vinnuveitandinn í Reykjavík, og skiptir afar miklu máli fyrir atvinnulífið hvernig ríkisvaldið ákveður að staðsetja stofnanir sínar og starfsemi sína.

Þess vegna veldur það mér nokkrum vonbrigðum að ekki skuli vera betur tekið undir þessa stefnumótun um flutning ríkisstofnana út á land í þeirri nefnd sem ríkisstjórnin skipaði og hefur skilað skýrslu þar sem um þetta málefni er fjallað. Þar kemur einmitt fram að það á ekki að skaða opinbera þjónustu ef fluttar eru stofnanir sem geta verið nánast hvar sem er. Stofnanir sem fáir þurfa að sækja þjónustu til beint, en geta verið hvar sem er. Stofnanir á sviði sérfræði og stofnanir á sviði þekkingarleitar, stofnanir á sviði þekkingaröflunar og stofnanir sem búa við hátækni á mörgum sviðum. Þess vegna veldur það mér nokkrum vonbrigðum að Byggðastofnun skuli ekki styðja betur þessa stefnumótun og hjálpa til við að hrinda henni í framkvæmd, sem verður sannarlega erfitt verkefni.

Virðulegi forseti. Tími minn er úti. Mig langaði til að koma þessum athugasemdum á framfæri vegna þess að ég trúi því að þær skipti máli fyrir þróun byggðar í landinu.

[12:08]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var sá þáttur í máli hv. síðasta ræðumanns sem varðar flutning ríkisstofnana út um landið sem fékk mig til að biðja um orðið. Ég tel það vissulega gott og gilt markmið að dreifa opinberri þjónustu víða með skynsamlegum hætti. En þær tillögur sem síðast liggja fyrir í þessu efni af hálfu stjórnvalda virðast ekki komast langt ef marka má það sem fram kom í máli síðasta ræðumanns og það sem við raunar vitum um þetta mál hér á Alþingi. Það sér afar lítið hilla undir það að staðið verði við það sem stjórnskipuð nefnd lagði til í þessum efnum og við ræddum hér fyrir nokkru síðan á Alþingi.

Ég held að það þurfi að fara af skynsemi og yfirvegað í flutning heilla stofnana frá höfuðborg landsins og það verk þarf að vanda þegar það er gert. Ég hef haft meiri trú á því að við næðum árangri með því að flytja þjónustuþætti sem varða landshlutana sjálfa, alla landshluta, út til svæðanna, út í kjördæmin, efla þar þjónustu sem varðar þau svæði, þó svo við héldum ákvæðinni miðstöð í höfuðborg landsins svona til samtengingar. Þarna hefðu menn þurft að taka miklu betur á heldur en verið hefur fram til þessa og þetta skiptir alla landsmenn mjög miklu máli, að á þessu

sviði verði vel unnið. Á það skortir og ég tel að þeirri áherslu þurfum við að halda til haga á Alþingi. Minnst var á að tekin hefði verið tekin ákvörðun um eina stofnun, embætti veiðistjóra. Ég hef heyrt aðeins af því máli. Því miður virðist mér sem þar hafi verið heldur óhönduglega staðið að undirbúningi þó að markmiðið sé ágætt. Ég harma það að í því efni skulið málið ekki hafa verið kynnt bæði þeim sem í hlut eiga og öðrum hlutaðeigandi, þar á meðal hér á Alþingi áður en menn tilkynna ákvarðanir um slík efni.

[12:11]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við þá ákvörðun hæstv. umhvrh. að flytja embætti veiðistjóra til Akureyrar, þá held ég að einmitt hafi verið mjög vandað til alls undirbúnings hvað það mál snertir. En eins og ég nefndi í minni ræðu þá er þetta viðkvæmt mál og snertir hagsmuni alla vega starfsfólksins. Ef starfsfólkið treystir sér ekki til að flytja með má búast við að það verði ekki auðvelt að standa að slíkum flutningi. Alla vega er hann sársaukafullur fyrir það starfsfólk sem ekki flyst með stofnuninni. Eigi að síður er slíkt óhjákvæmilegt. En að undirbúningi málsins var að því er ég best veit mjög vel staðið.

Í sambandi við orð hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar þá langar mig til að segja enn fremur að þetta með að flytja ríkisstofnanir út á land er verkefni sem þessi ríkisstjórn tók upp. Síðast árið 1975 kom fram skýrsla með tillögum um að flytja 25 stofnanir frá höfuðborgarsvæðinu út á landsbyggðina. Engin af þeim tillögum komst til framkvæmda þannig að málið hefur að mestu legið í þagnargildi síðan þar til þessi nefnd núna skilar sinni skýrslu með sínum tillögum. Auðvitað er eðlilegt að þetta taki allt sinn tíma og þarfnast náttúrlega þess að það sé vel undirbúið og vel rætt. Ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson leggur áherslu á það. Það þarf líka að skoða það og meta í framtíðinni hvernig og hvort við getum skipt stofnununum upp og flutt hluta þeirra á landsbyggðina þótt miðstöðvar verði hér í Reykjavík.

[12:14]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er einmitt á þessu síðasta sviði sem hér var nefnt þar sem ekki hefur verið staðið að eins og þurft hefði að vera, að minnka stofnanaveldið hér í Reykjavík með því að færa þjónustuþættina út til landshlutanna, út í kjördæmin. En vegna flutnings á embætti veiðistjóra, sem kom fram í upphaflegri ræðu hv. þm. og hann var að telja að hefði verið til sérstakrar fyrirmyndar, þá tel ég mig hafa um það upplýsingar að það hafi verið þveröfugt, því miður. Ég óttast að upptaka þess máls, sem ég tel mig vita að hafi ríkt af hálfu viðkomandi ráðherra, hafi verið þannig að það verði til að hræða. Það verði til að hræða og það verði til að spilla verulega fyrir því markmiði sem ég held að a.m.k. allir umbjóðendur og þingmenn af landsbyggðinni hafi fullan skilning á og margir þingmenn einnig á höfuðborgarsvæðinu vilji taka undir. En það þýðir ekki og má ekki fara með fólk eins og þar sé um dauða hluti að ræða. Og ég tel það ekki til fyrirmyndar ef starfsmenn og yfirmenn viðkomandi embættis fá ekki um það upplýsingar, ég vildi segja fyrstir manna, að ráðgert sé að flytja viðkomandi stofnun heldur sé það tilkynnt eftir á, eftir að búið er að greina öllum landslýð frá því hvað til standi og það sé orðin ákvörðun viðkomandi ráðherra. Þannig komast menn ekki langt ef staðið er að málum með slíkum flumbrugangi.

Ég geri ráð fyrir að þetta mál verði upplýst með skýrari hætti en tök eru á hér áður en langt um líður. En ég harma það að þetta slys hafi orðið í vinnubrögðum að því er varðar þennan tilflutning.

[12:16]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir afdráttarlausa yfirlýsingu um að styðja við þá stefnumótun sem hæstv. ríkisstjórn hefur markað um að flytja ríkisstofnanir út á land. Veit ég að það mun muna mjög um þann stuðning.

Í sambandi við flutning embættis veiðistjóra til Akureyrar þá tel ég að þar hafi aldeilis ekki orðið slys. Og ég trúi því ekki að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson ætli að hefja afskipti sín af flutningi ríkisstofnana út á land með því að reyna að setja fót fyrir málið, með því að spilla fyrir málstaðnum ogýfa upp hluti sem ekki er fótur fyrir. Ég trúi ekki að hann ætli þannig að styðja stefnumótun hæstv. ríkisstjórnar um flutning ríkisstofnana út á land vegna þess að hæstv. umhvrh. stóð einmitt mjög vel að undirbúningi málsins. En það er ákvörðunin sem verður alltaf sár og erfið fyrir þá sem hún snertir, það starfsfólk sem treystir sér ekki til að flytja með stofnuninni út á land. Það er ekki slys, það verður alltaf erfitt. Þessi ákvörðun verður alltaf erfið en það þarf að taka þessa ákvörðun og það þarf líka að standa andspænis afleiðingum hennar. Þetta er óhjákvæmilegt við flutning ríkisstofnana út á land. Því fólkið sem er að hrekjast af landsbyggðinni til Reykjavíkur er heldur ekki dauðir hlutir.

Útbýting þingskjals:

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu 1993, mál, 398. mál, skýrsla Íslandsdeildar RÖSE-þingsins, þskj. 599.

[12:18]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja eins og hv. samþingmaður minn Ólafur Þ. Þórðarson þegar hann hóf sitt mál að ég gerði mér satt að segja ekki grein fyrir að röðin væri komin að mér. Ég hafði litið óðruvísi á mælendaskrá.

Það vekur einnig athygli mína að við umræðu um þetta stóra mál, byggðamál, situr enginn þingmaður Reykjavíkur í þingsal nema hæstv. forsrh., sem hér situr af eðlilegum ástæðum. Enginn þingmaður Reykjavíkur og enginn þingmaður Reykjaneskjördæmis nema hæstv. forseti, sem hér er einnig. Þetta er út af fyrir sig svolítið umhugsunarefni. **(Gripið fram í:** Og enginn alþýðuflokksmaður.) Jú, og það sem vekur líka athygli mína, virðulegur forseti, er að akkúrat á þessari stundu

nú stendur yfir fundur í landbn. þingsins, boðaður af einum stjórnarmanni stofnunarinnar. Úti í Þórshamri sitja núa að störfum þrír stjórnarmenn Byggðastofnunar. Þetta er kannski ekkert framandi fyrir okkur sem höfum lengi starfað að byggðarmálum en það er ástæða til að vekja athygli á þessum hlutum. Og það segir okkur kannski að nokkru mikla sögu.

Við munum fjalla í dag um stefnumótandi áætlanir í byggðamálum. Hér erum við að fjalla fyrst og fremst um ársskýrslu Byggðastofnunar. Oft hefur verið rætt um það hvort byggðastefnan hafi mistekist og spurningin hefur oft verið sú hvort byggðastefnan hafi brugðist. Menn hafa reynt að svara þessari spurningu og um þetta hafa verið skrifaðar miklar og langar skýrslur. Ein sú mesta að burðum var samin af hæstv. núv. viðskrh., Sighvati Björgvinssyni, um þetta mál. Hann komst, eins og flestir aðrir sem um þessi mál hafa fjallað, að því að byggðastefnan hefði í sjálfu sér ekki brugðist. Það var niðurstaðan af þeirri skýrslu og nokkrum ráðstefnum sem haldnar hafa verið um þessi mál.

Þrátt fyrir það hefur hallað ótrúlega mikið á landsbyggðina en þar koma til margvísleg önnur ytri skilyrði sem þar hafa valdið. Fyrst og fremst er þar um gífurlegan samdrátt í landbúnaði að ræða og breytta búskaparhætti og svo þann mikla samdrátt í aflaheimildum sem hér hefur verið getið um af ræðumönnum á undan mér og því miður, sem menn hafa ekki getið um sem hafa talað, það óásættanlega rekstrarumhverfi sem sjávarútveginum í dag eru sköpuð. Samdrátturinn í landbúnaðinum og sá óviðundandi rekstrargrundvöllur sem er í sjávarútveginum er það sem veldur mestu í þeim byggðavanda sem nú er við að fást. Ég hef oft velt því fyrir mér þegar ég hef verið að fjalla um þessi mál hvernig á því mætti standa að svo illa er komið fyrir sjávarútveginum og hvar þeir sterku aðilar, málsvarar þessarar stofnunar og talsmenn, væru. Það er um slíka fjármagnsflutninga að ræða í milljörðum króna sem flæða nú frá landsbyggðinni vegna þess hversu rekstrarskilyrði þessarar atvinnugreinar eru bágborin að það er gjörsamlega óásættanlegt að það verði haldið lengur áfram á þessari braut. Menn stöðvast gjarnan við og kenna stjórnun fiskveiða um og kvótanum eins og sagt er. Auðvitað veit ég að samdráttur í afla á hér mikla sök og kemur mjög misjafnlega niður á hin ýmsu byggðarlög. En ég fullyrði að rekstrarskilyrðin sjálf eiga ekki minni hlut að. Og það er gjörsamlega óásættanlegt og ég heiti á landsbyggðarmenn alla sem sitja á Alþingi að reyna að ná samstöðu í þessu máli. Fylkja hér liði saman og krefjast þess og fylgja því eftir að við getum rétt hlut þessarar grundvallaratvinnugreinar. Það væri verðugt verkefni fyrir okkur landsbyggðarþingmenn að ná saman í slíku máli því það er þó hafið yfir alla pólitík að koma á rekstrargrundvelli í þessa undirstöðugrein.

Ég var að sjá nýlegar tölur um afkomu þessarar greinar og horfurnar fram undan. Þær eru ekki glæsilegar. Slæmt hefur það verið en mér sýnist það muni ætla að versna. Við munum fremur ræða þetta síðar í dag og ég trúi því að þetta eigi eftir að verða eitt af stóru málunum sem við munum ræða þegar við tölum um skýrslu stofnunarinnar.

Ragnar Arnalds, hv. þm. og stjórnarmaður í Byggðastofnun, vék að fjárveitingum til stofnunarinnar og leit aðeins út fyrir landið og minntist á það hverjir hreinir styrkir Evrópulandanna til byggðamála væru, ekki til sérstakra þátta eins og landbúnaðar og sjávarútvegs. Það nemur hvorki meira né minna en rúmlega 1,5 milljörðum sem þau verja til byggðamála. Hins vegar er framlagið til Byggðastofnunar um 185 millj. kr. í ár. Og ef við tökum framlag til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins, sem varð til þegar samið var um breytingar í landbúnaði og átti að verða til þess að efla nýjar búgreinar í landbúnaði og styrkja búsetu í sveitum, þá var það 300 millj. kr. Við verjum sem sagt til þessara þátta um 485 millj. kr.

En fyrir árið 1980 voru framlögin til byggðamála yfir 1 milljarður á ári, rétt um milljarður og þaðan af meira. Við erum þá nálægt þeim tölum sem hv. þm. Ragnar Arnalds var að tala um. Við sjáum hvað hér hefur hallað á.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson vék að landbúnaðinum og vandamálum hans og ég hef gert það hér. Það þyrfti að bregðast við þeirri vá sem þar er. Ég tek undir það. En hvað hefur gerst? Í viðauka við búvörusamninginn var kveðið á um sérstakt framlag, að sérstök fjárveiting skyldi renna til Byggðastofnunar til að styrkja viss veik svæði sem hefðu fyrst og fremst stuðning af sauðfjárrækt. Framlagið átti að vera árið 1992 100 millj. kr. Það átti að falla til Byggðastofnunar og hún átti að sjá um að veita þetta fjármagn. 1992 áttu þetta að vera 100 millj. kr., 1993 100 millj. kr., 1994 50 millj. kr., 1995 50 millj. kr., 1996 50 millj. kr. og 1997 50 millj. kr. Ekkert framlag hefur komið til Byggðastofnunar vegna þessa þáttar. Og því miður er nú hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, sem hóf máls á þessu, ekki í salnum og væri betra að hann hlýddi á mál mitt. Engin fjárveiting hefur komið vegna þessara fyrirheita sem hér voru gefin fyrir utan það, sem rétt er að taka fram, að á sl. ári fékk Byggðastofnun 20 millj. kr. framlag vegna þessa þáttar. Í dag stendur því upp á ríkisvaldið, bara til að standa við þetta loforð, að veita 230 millj. kr. til þessa málaflokks. Við þurfum ekkert að vera hissa á því þó það hrikti einhvers staðar í og óánægju gæti.

Þetta er nákvæmlega það sama og var í Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Framleiðnisjóður landbúnaðarins var skorinn niður. Framleiðnisjóður landbúnaðarins varð til vegna samninga ríkisvaldsins og bænda til að draga saman í hefðbundnum búskap. Auðvitað verða orð að standa.

Byggðastofnun hefur vissulega þörfu og miklu hlutverki að gegna og yfir það hefur verið farið hér en umræðan orðið nokkuð dreifð vegna þess að ég hef trú á því að menn vilji frekar horfa meira til framtíðar í þeirri tillögu til byggðaáætlunar sem verður rædd á eftir. En Byggðastofnun hefur vissulega reynt að bregðast við og gert ýmsa hluti. Ég ætla ekki að fara að tíunda þá hér. Byggðastofnun er eini sjóðurinn og eina stofnunin sem hefur það fyrir reglu og hefur haft

alla tíð að birta allt það á prenti sem hún hefur gert. Það mættu aðrar stofnanir taka sér til fyrirmyndar sem gjarnan eru að gagnrýna störf Byggðastofnunar og okkar stjórnarmanna sem þar sitjum. Þar er ekkert að fela og hefur aldrei verið.

Byggðastofnun hefur tekið virkan þátt og reynt að að byggja upp atvinnuþróunarfélög í kjördæmunum og ég held að það sé mjög gott mál. Byggðastofnun hefur einnig verið að reyna að flytja starfsemi sína út á land og hefur stigið þar merkileg skref. Byggðastofnun var mjög skömmuð á sínum tíma og veist harkalega að henni hér í Alþingi þegar hún tók þá ákvörðun. Það var flutt um það tillaga að flytja starfsemi Byggðastofnunar í einu lagi norður í land. Því var hafnað en Byggðastofnun hins vegar hafði samþykkt það og ég var meira að segja 1. flm. að þeirri tillögu að það væri skynsamlegri kostur að flytja starfsemina til allra kjördæma á landsbyggðinni. Og það eru þau skref sem Byggðastofnun hefur nú verið að ganga. Það er búið að reisa stofnuninni skrifstofur á Akureyri, Ísafirði, Egilsstöðum og á Sauðárkróki og ég vona að það styttist í að koma upp skrifstofum í þeim kjördæmum sem eftir eru og þá verða það sjálfsagt Borgarnes og Selfoss sem koma í kjölfarið.

Allt þetta hefur kostað stofnunina mikið fé, því er ekki að leyna. En ég er sannfærður um það að hér eru stigin rétt og skynsamleg skref og Byggðastofnun hefur ekki verið ein í þessari þróun. Fleiri opinberir aðilar hafa gengið með og þeir mega eiga það að þeir hafa gert það með opnum huga. Ég vek athygli á þætti Vegagerðar ríkisins í þeim efnum, Rafmagnsveitna ríkisins og Ríkisútvarpsins sem í vaxandi mæli hafa verið að flytja starfsemi sína út á land á þennan hátt. Þetta hefur allt saman gengið fram í friði og sátt við starfsfólk viðkomandi stofnana og það er mikils um vert að svo sé.

Það kemur fram í þessari ársskýrslu og í orðum hv. þm. sem hafa talað á undan mér að með reglugerðinni hafi orðið ýmsar breytingar á starfsemi stofnunarinnar. Það er rétt og má nærri kveða fastar að orði. Það hafa orðið viss þáttaskil með reglugerðinni sem útgefin var 1992. Það var mjög þrengt að stofnuninni á margan hátt og því hefur henni verið markaður mjög þröngur bás. Ef við ætlum að skammta Byggðastofnun svo þröngt svið, þá fer að nálgast það að hún verði nánast óþörf og bankarnir geti nánast séð um slíka hluti. Byggðastofnun er nefnilega öðruvísi en bankar og sjóðir og á að vera það. Þá fyrst getur hún þjónað hlutverki sínu. En ég fagna hins vegar þeirri yfirlýsingu sem kom fram hjá hæstv. forsrh. eftir að formaður stjórnarinnar, Matthías Bjarnason, hafði gagnrýnt þessa reglugerð, sem ég ætla ekki að fara yfir en ég er formanninum sammála um að hún er ekki góð að okkar mati sem störfum að byggðamálum. Það eru breyttir tímar og ég fagna því að menn skuli viðurkenna það og reyna þá að breyta um. Þeir verða menn að meiri fyrir.

Mig langar aðeins til að víkja örstutt að einum þætti í reglugerðinni sem sýnir okkur hvað þetta getur verið býsna þröngt og erfitt svið. Í 6. gr. reglugerðarinnar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Byggðastofnunar skal við afgreiðslu lána, ábyrgða, óafturkræfra framlaga og aðrar ákvarðanir sínar gæta jafnræðis milli aðila sem eru í sömu eða sambærilegri aðstöðu. Þess skal sérstaklega gætt að fyrirgreiðsla stofnunarinnar til fyrirtækja og einstaklinga raski ekki samkeppnisstöðu annarra atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni."

Hann er vandrataður þessi meðalvegur. Og ég segi það satt að Byggðastofnun hefur vissulega reynt að verða við þessu. En ég veit að allir hljóta að sjá að þessi vegur er vandrataður og ég tala nú ekki um fyrir aðrar lánastofnanir og sjóði að fara eftir.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum er lokið en máli mínu ekki og því mun ég þurfa að biðja um orðið aftur því ég á eftir nokkur ósögð orð sem ég þarf að koma fram undir þessum lið.

[12:35]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Því miður gat ég ekki hlýtt á ræðu forsrh. þegar hann kynnti þessa skýrslu í morgun, en hef reynt að kynna mér það samt sem áður þó að ég hafi misst af framsöguræðunni.

Það eru mjög stór mál sem við erum að ræða hér, bæði skýrslu Byggðastofnunar og síðar í dag byggðaáætlun. Ég ætla að reyna að halda mig við það sem mér finnst athyglisverðast í skýrslunum tveimur og fara heldur í áætlunina síðar í dag.

Þessar tvær skýrslur gefa það greinilega til kynna, og ég heyrði það raunar í máli hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, að það hafa orðið þáttaskil í starfi stofnunarinnar frá árinu 1991. Það er alveg greinilegt ef maður lítur yfir bæði lögin um Byggðastofnun, sem breytt var á árinu 1991, og þá reglugerð sem síðan er sett á árinu 1992, að það er verið að þrengja mjög hag stofnunarinnar til þess sem áður hafði verið ákveðið með lögum frá 1985. Hér með er Byggðastofnun algerlega bannað að eiga hlut í fyrirtækjum nema það séu atvinnuþróunarfélög og hugsanlega geta atvinnuþróunarfélögin staðið að því á ýmsan hátt. Ég verð samt að lýsa því yfir að á þessum tíma þegar lögin voru samþykkt 1991 með þessum breytingum, þá leist mér svo á að það væri rétt að stefna frekar í það að Byggðastofnun hefði með þróunarmálin að gera, að hún hefði mótandi áhrif, að hún gerði áætlanir sem fylgt væri eftir heldur en beinlínis að pólitískt kjörnir fulltrúar tækju ákvörðun um í hvaða fyrirtæki sérstaklega væri veitt fjármagn.

Hins vegar er því ekki að leyna að Byggðastofnun var líka áður en þessi breyting kom til áhættulánasjóður fyrirtækja, bæði til þess að byggja sig upp, til þess að endurskipuleggja og til þess að stofna ný fyrirtæki. Hún var sá áhættulánasjóður sem hún er í raun og veru ekki lengur. Og það hefur oft og tíðum komið fram í umræðum sérstaklega um byggðamál og atvinnumál að menn sakna þess nú að enginn slíkur sjóður sé til sem hafi það hlutverk að vera áhættulánasjóður því það er aldrei hægt að koma á fót neinum fyrirtækjum og stuðla verulega að nýsköpun ef ekki er til áhættulánsfé

Það kemur líka fram í þeim reikningum sem við skoðum hér fyrir árið 1991 og 1992 að Byggðastofnun og byggðasjóður var þessi áhættulánasjóður. Það sjáum við á gjöldum sem eru í reikningi að á árinu 1991 er framlag í afskriftareikning útlána tæpir 2 milljarðar kr. Það hefur hins vegar minnkað á árinu 1992 í 140 millj. Nú er ekki þar með sagt að það þurfi að afskrifa þetta allt saman, en þó er rétt að geta þess að árið 1991 lagði ríkissjóður einnig fram 1.200 millj. kr. til þess að koma til móts við erfiða stöðu Byggðastofnunar. Hins vegar er Byggðastofnun nú gert með þessum nýju lögum að varðveita sitt eigið fé og standa, eins og hvert annað fyrirtæki, ábyrgt fyrir sínu fjármagni og það ávaxti sig á eðlilegan hátt og Byggðastofnun sé nánast rekin eins og fyrirtæki. Það vil ég gagnrýna því að ég tel að það geti ekki farið saman við það hlutverk Byggðastofnunar að styðja við byggðir í landinu, styðja við atvinnuþróun og skapa skilyrði fyrir byggðirnar til að þróast á eðlilegan hátt. Það getur ekki farið saman þetta hlutverk Byggðastofnunar og það að hún hefur ekki fjármagn til áhættulána og að hana eigi að reka nánast eins og vel rekið fyrirtæki. Það gengur bara ekki upp þannig að mér finnst ekki algert samræmi í því hvernig ætlast er til Byggðastofnun sé rekin.

Ég tel að það hljóti að koma í framhaldi af breyttu hlutverki Byggðastofnunar að hún hafi ákveðið fjármagn til að efla nýsköpun og að sú staðreynd sé viðurkennd að það fé skilar sér ekki alltaf til baka. Það er áhættufé og verður að vera það.

Það er reyndar eitt sem ég hefði viljað spyrja hæstv. forsrh. um. Í ársreikningi fyrir árið 1991, þar sem verið er að gera grein fyrir efnahagsreikningi Byggðastofnunar, stendur að ábyrgð utan efnahagsreiknings sé 16 millj. 710 þús. Þetta er ekki í árrsreikningi fyrir 1992 og reyndar er sýnt í ársreikningi 1991 að þetta hefur einnig verið á árinu 1990. Þá hafa verið rúmar 22 millj. en 16 millj. ári síðar. Mér leikur forvitni á að vita hvaða ábyrgðir koma inn í Byggðastofnun utan efnahagsreiknings.

Eins og ég sagði áðan held ég að það þurfi að skoða það hlutverk sem Byggðastofnun hefur fengið með þessum lögum og það þarf að vera samstarf milli ríkisins, milli Byggðastofnunar stjórnar hennar og sveitarfélaganna. Mér er kunnugt um að sú byggðaáætlun sem við ætlum að ræða í dag kom fram fyrir rúmu ári síðan en ég hygg að það hafi verið hætt við að leggja hana fram þá vegna þess að þá stóð yfir mikil umræða og vinna við sameiningu sveitarfélaga. Og í raun og veru var ekki hægt að leggja fram þá áætlun fyrr en séð væri hvernig færi með þá vinnu sem þá væri í gangi um sameiningu sveitarfélaga. Ég held að það hafi verið rétt að leggja ekki fram þessa byggðaáætlun þá þó svo að í lögum um stofnunina segi að hún hefði átt að vera komin fram fyrir tveimur árum síðan.

Ég vildi einnig varpa þeirri spurningu til hæstv. forsrh. um þær byggðaáætlanir sem unnar hafa verið á undanförnum árum: Hvernig hefur verið staðið að því að framfylgja þeim? Hefur þeim byggðaáætlunum sem gerðar hafa verið yfirleitt verið framfylgt? T.d. hafa verið gerðar byggðaáætlanir fyrir Vestfirði. Hvernig hefur þeim verið framfylgt? Ég gat ekki fundið neitt um það sérstaklega í þessum skýrslum. Þótt hér séu rakin ákveðin mál sem stofnunin hefur tekið fyrir er þess ekki sérstaklega getið hvernig hafi verið farið með þær byggðaáætlanir sem Byggðastofnun hefur haft með að gera.

Hins vegar eru átaksverkefni á árinu 1992. Þau eru vaxandi þáttur í starfi stofnunarinnar og það hygg ég að sé af hinu góða, en mér er spurn hvort það sé unnið þá skipulega, hvort þessum átaksverkefnum sé dreift eftir einhverju skipulagi milli landshluta eða fer það mest eftir því sem sótt er eftir frá hverjum stað fyrir sig?

Það er einnig talað um að Byggðastofnun eigi að styðja við og hafa umsjón með starfsemi atvinnuráðgjafa á landsbyggðinni. En ég veit ekki hvort atvinnuráðgjafar starfa í öllum landshlutum. Það væri fróðlegt að fá að vita hvort svo er og hvernig þeirra starf er hugsað og framkvæmt.

Ég sé að tími minn er að verða búinn í þetta sinn. Ég hef ýmsar fleiri spurningar en læt þetta duga að þessu sinni.

[12:46]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það verður ekki séð á umræðu í morgun né á mætingu þingmanna og ráðherra að hér sé um að ræða mál sem miklu máli þykir skipta. Mér hefur orðið það nokkurt umhugsunarefni hvernig þetta hefur þróast og hversu bitlítil þessi umræða virðist vera, m.a. vegna fjarveru allra helstu stjórnmálaforingja landsins. Ég tel að menn þurfi aðeins að velta því fyrir sér hvers vegna svo er komið þeirri umræðu sem hefur verið hvað kraftmest á þessu kjörtímabili þegar hún fór fram fyrir rúmum tveimur árum.

Niðurstaða mín er sú að það sé ekki vegna þess að áhugi manna á málefninu hafi minnkað. Ég hygg að hann sé til staðar eftir sem áður þó að menn sæki ekki þennan þingfund og taki þátt í umræðunni heldur hitt að ég hygg að menn séu almennt komnir á þá skoðun að núverandi ríkisstjórn sé búin með sitt hlutverk, að hún sé svo illa haldin af innantökum að menn hafi ekki lengur trú á því að hún muni nokkuð gera í byggðamálum þann tíma sem hún á eftir að sitja. Það þykir mér miklu líklegri skýring að menn hafa áttað sig á því að það skiptir ekki svo miklu máli upp á það að hafa áhrif á núverandi ríkisstjórn að flytja mál sitt hér vegna þess að svo er komið fyrir ríkisstjórninni að hún er með hugann við allt önnur verkefni og menn sjá það fyrir að hún muni ekki vinda sér í nein verkefni sem máli skiptir í byggðamálum. Það er mikill skaði að svo skuli til hafa tekist því að það er sama hver ríkisstjórnin situr að auðvitað á hver og ein að setja sér markmið og áform í byggðamálum og hrinda þeim í framkvæmd.

Ég vil beina fáeinum fyrirspurnum til hæstv. forsrh., sem er einn ráðherra viðstaddur þessa umræðu. Fyrst vil ég spyrja hann um nefndarállit og tillögur sérstakrar nefndar sem ráðherrann skipaði á sínum tíma,

9. júní 1992. Sú nefnd skilaði áliti 15. júlí á síðasta ári og gerði þar beinskeyttar tillögur um flutning ríkisstofnana. Ég spyr hæstv. forsrh.: Hvað líður áformum hans og ríkisstjórnar hans um að hrinda þessum tillögum í framkvæmd? Er það svo, eins og ég gat um hér áðan, að ríkisstjórnin er búin að leggja þessa skýrslu til hliðar rétt eins og marga aðra málaflokka? Þetta er eitt af þeim málum sem kemst ekki að og menn eru búnir að gefast upp á að velta fyrir sér.

Ég vil einnig spyrja um tiltekna tillögu úr þessari skýrslu. Þar leggja nefndarmenn til, þar á meðal hv. 5. þm. Austurl. sem hér gengur fram hjá, að Byggðastofnun verði flutt til Akureyrar. Ég heyri hins vegar og sé í skýrslu stjórnar Byggðastofnunar að stjórnin er ósammála þeirri tillögu og vill fara aðra leið. Hún vill hafa höfuðstöðvar stofnunarinnar í Reykjavík en koma upp útibúum úti á landinu. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Hvorri skoðuninni fylgir hann og hvað líður þá að hrinda þeirri skoðun í framkvæmd sem hann aðhyllist í þessu máli?

Ég tel nauðsynlegt að hæstv. forsrh. greini þingheimi frá því hvaða skoðun hann hefur á tillögu sem nefnd sem hann sjálfur skipaði leggur fram. Hann minntist ekkert á skoðun sína á þessu máli þegar hann mælti fyrir ársskýrslum stofnunarinnar. (**ÓÞÞ:** Það verður sérstakur dagskrárliður helgaður fyrrv. forseta þingsins.) Já, það má vera að menn hafi svo mikið við og ekki skal ég leggjast gegn því.

Þá langar mig að spyrja hæstv. forsrh. annarrar spurningar. Hún er um álit og tillögur annarrar nefndar sem ráðherrann skipaði í febrúar/mars á síðasta ári, 1993. Í þá nefnd voru skipaðir þrír menn og fyrir henni fór Baldur Guðlaugsson, sérstakur fulltrúi forsrh. Hún átti að skoða atvinnuástand og stöðu fyrirtækja á norðanverðum Vestfjörðum og gera tillögur til úrbóta.

Ég hef frétt það að sú nefnd hafi skilað áliti og ég veit til þess að menn hafa reynt að fá það álit en ekki fengið. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Er það rétt að sú nefnd, sem á sínum tíma var kölluð bjargráðanefnd, hafi skilað áliti? Er hægt að fá það upplýst hvað í því áliti stóð og hvaða tillögur þar eru á ferðinni?

Ég tel þýðingarmikið að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því á hvern veg þessi nefnd hefur skilað sínum tillögum og hverjar þær tillögur eru.

Þá spyr ég enn um vinnu manna sem mér skilst að ráðherrahópur núv. ríkisstjórnar hafi sett saman til þess að skoða ástandið á Vestfjörðum í heild og koma fram með tillögur til úrbóta þar. Hvað er að frétta af starfi þeirra manna sem það verk hafa með höndum? Og mun ríkisstjórnin leggja fram einhverjar tillögur á grundvelli þess og þá hvenær?

Ég vænti þess að hæstv. forsrh. geti veitt greið svör við þessum einföldu spurningum þar sem menn eru fyrst og fremst að spyrja um efndir á því sem hann hefur sjálfur ákveðið að hrinda af stað.

Þá spyr ég hæstv. forsrh. um eitt atriði enn. Hann hefur ákveðið með sinni ríkisstjórn að standa við ákvörðun um hversu mikinn þorsk megi veiða á yfirstandandi fiskveiðiári. Gott og vel. Það er ákvörðun sem menn taka og við skulum ekki deila um hana, hvorki hér né annars staðar að sinni. En það er ákvörðun sem hefur áhrif á atvinnulífið. — Ég vil ekki trufla hæstv. forsrh. í spjalli hans við aðstoðarmann sinn en mér þætti betra ef hann hlustaði á mál mitt. — Þegar stjórnvöld ákvarða hversu mikinn afla megi veiða þá eru stjórnvöld jafnframt að ákvarða hversu miklar tekjur fyrirtækin geta haft. Og þegar aflinn er skorinn niður um fjórðung þá eru menn að skera niður tekjurnar og þá verða menn, af því að stjórnvöld taka ákvörðunina, að koma með framhaldsaðgerðir því fyrirtæki sem ber sínar skuldbindingar og skuldir og er svipt hluta af sínum tekjum, og við skulum segja á réttmætum forsendum og ekki deila um það, ræður ekki við að standa undir sínum skuldum að óbreyttum forsendum. Þarna verða stjórnvöld að koma með svör því ég geri ekki ráð fyrir því að bankakerfið telji sig ráða við það að eigin frumkvæði og án nokkurs atbeina ríkisstjórnarinnar að leggjast í miklar skuldbreytingar eða niðurfellingu vaxta, t.d. um eitthvert skeið sem að sumu leyti væri eðlilegt að menn veltu fyrir sér. Því ef tekjurnar eru teknar frá mönnum um ákveðinn tíma þá er ekki óeðlilegt að menn velti fyrir sér að menn taki ákveðinn þátt af skuldunum eða kostnað vegna skuldanna á tilteknum tíma frá þessum fyrirtækjum.

Þetta er auðvitað vandmeðfarinn þáttur en ég tel að menn ættu að skoða þetta og reyna að koma saman heilsteyptum tillögum byggðum á þessum hugsunum. Ég spyr hæstv. ráðherra hvort á döfinni séu einhverjar aðgerðir af þessu tagi.

Þá er svo sem hægt að fjalla almennt um byggðamál, hlutverk Byggðastofnunar og fjármagn sem menn veita í þennan þátt. Aðrir hafa komið inn á það mál og ég hugsa mér að spara mér það til síðari tíma. Ég vil þó segja að ég er ekki sannfærður um að menn séu á réttum stað með þessa umræðu eða á réttum stað með fyrirkomulag þessara mála í Byggðastofnun. Það segir sína sögu um hvaða stöðu það veitir mönnum að sitja í stjórn Byggðastofnunar og við sjáum það bersýnilega þegar við horfum á það hverjir skipa stjórnina og hafa raðað sig í hana á undanförnum árum. Það eru alþingismenn. Af hverju vilja þeir fara í stjórn Byggðastofnunar? Það er af því að það þjónar þeirra hagsmunum. Þeir telja það þjóna sínum hagsmunum að geta haft áhrif á kjósendur og að sjálfsögðu vilja þeir koma góðu til leiðar þar að auki. En er það eðlilegur hlutur að setja upp stofnun þar sem menn raðast svona inn? Ég er ekki viss um það. Við eigum alla vega ekki að mínu viti að slá því föstu að við séum á réttum stað með þetta skipulag.

Þá vil ég taka undir það sem fram hefur komið varðandi atvinnumál. Menn þurfa að hafa nokkuð öflugan áhættulánasjóð ef nýsköpun í atvinnulífi eða endurskipulagning á að geta orðið með sæmilega myndugum hætti. Þar held ég að menn hafi verið á villigötum að draga úr öllu slíku.

Fleira vil ég ekki segja að sinni, virðulegi forseti, enda tíminn svo gott sem liðinn.

[12:58]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi nefna eitt atriði í ræðu hv.

þm., þ.e. þegar hann vék að hinum mikla niðurskurði sem orðið hefur á þorskafla. Það hefur gerst reyndar í tveimur áföngum. Ég vil fullyrða að það hefur verið mikil samstaða um það í þjóðfélaginu að fara í þennan mikla niðurskurð. Ég get líka viðurkennt að þegar ég hafði uppi efasemdir um það að rétt væri að taka þetta í snöggum dýfum, byggja þorskstofninn upp á kannski heldur lengri tíma en byggja hann upp og taka ekki áhættu og ganga ekki eins langt í niðurskurðinum, ég viðraði slíkar hugmyndir, þá var þeim afskaplega illa tekið, ég hygg víðast hvar, hjá hagsmunaaðilum, fjölmiðlum, þingmönnum og flestum hverjum. En ég var með þessa hugsun vegna þess, og þar kem ég að því sem hv. þm. var að ræða, að þegar við skerum aflann svona stórkostlega niður, þá er ekki bara það að fyrirtæki séu að tapa tekjum, þá er þjóðfélagið allt að tapa tekjum og þar með ríkið. Þannig að ríkið er um leið miklu verr í stakk búið til þess að bæta fyrirtækjunum upp þetta mikla tap því það verður sjálft fyrir stórkostlegu tapi því þetta er auðlindin okkar allra sem við erum að þrengja að.

Ég hygg að það viðurkenni allir að það var nauðsynlegt að skera hart niður þorskkvótann. Ég hygg að það sé ekki út af fyrir sig um það deilt en ég hafði efasemdir um hvort við ættum að gera það í svona stóru stökki, reyna að byggja þorskstofninn upp aðeins hægar. Hin niðurstaðan varð ofan á og ég stend þá auðvitað eftir að henni og styð hana. En við hljótum að gera okkur grein fyrir því að það kostar fyrirtækin rosalegt átak, rosalegar þrengingar, eins og við sjáum á okkur sjálfum ef tekjur hvers okkar um sig mundu minnka um helming á augabragði, þá ættum við sjálfsagt bágt við að bæta okkar stöðu. En það gerðist hjá mjög mörgum fyrirtækjum, ekki síst í þeim landshlutum þar sem þorskurinn var höfuðvægi í afla.

[13:01]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil það svo að hæstv. ráðherra muni svara öðrum spurningum mínum síðar í þessari umræðu en um niðurskurðinn á aflaheimildunum og hlutverki stjórnvalda í framhaldi af því er rétt að fara nokkrum orðum.

Ég hef ekki haft uppi gagnrýni á það að menn fari varlega í að ákvarða fiskveiðiheimildir og ég ætla ekki að gera það hér að menn velji það frekar að láta vafann liggja þeim megin sem hann liggur í dag og fara varlega í ákvarðanatöku. En hitt verða menn að gera sér grein fyrir að ákvarðanir sem teknar hafa verið koma misjafnlega við, þær koma misþungt niður á fyrirtækjunum. Á suðvesturhorni landsins jukust fiskveiðiheimildir sumra fyrirtækja frá því sem hafði verið áður á sama tíma og þær féllu verulega annars staðar, jafnvel allt að 25%. Það kallar á það sem stundum hefur verið kallað sértækar aðgerðir. Menn geta ekki vikið sér undan því. Það er ekki hægt að ætlast til að þeir sem reka fyrirtækin sem verða fyrir hinni miklu skerðingu geti einir og óstuddir komist út úr þessu tekjufalli. Þá þurfum við að hugsa um málið á grundvelli byggðarlaganna því fari svo sem sums staðar hefur gerst að fyrirtækin geta það ekki og fara á hausinn, þá hefur það komið upp að fiskveiðiheimildirnar hafa farið. Ég nefni Bíldudal þar sem togarinn var seldur til Grundarfjarðar, ég nefni Tálknafjörð þar sem togarinn var seldur til Vestmannaeyja. Því þegar þorskveiðikvótinn fer að aukast aftur þá eykst hann ekki á þeim stöðum þar sem þessir togarar voru heldur á nýju stöðunum þar sem þeir eru núna.

[13:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur að vísu nokkuð verið gripið til aðgerða til að milda þyngstu höggin í tvígang með að dreifa út aflaheimildum Hagræðingarsjóðs þannig að meðaltalsskellur yrði ekki meiri en tilteknu prósenti nam. Þess utan hefur genginu verið breytt. Það hefur fallið í tvígang þannig að raungengið er nú hagstæðara sjávarútvegi heldur en það hefur nokkru sinni áður verið, a.m.k. í áratugi. Vextir hafa lækkað, aðstöðugjöld hafa verið felld niður og fleiri slíkar aðgerðir hafa gengið fram. Þess vegna er afkoma sjávarútvegsins sem heildar ekki lakari þó en hún er þrátt fyrir hinn mikla niðurskurð. Tölur sem við óttuðumst að yrðu á þessu ári og spáð var í júnímánuði sl. 8, 10, 12% halli á sjávarútvegi eru sem betur fer allt aðrar. Það breytir ekki hinu að á ýmsum stöðum á landinu eru einstök fyrirtæki í mjög miklum erfiðleikum því meðaltalið segir ekki alla söguna, hvorki nú fremur en endranær.

[13:04]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. orðaði þá hugsun sína að það væri ekki sjálfgefið að þingmenn sætu í Byggðastofnun og útdeildu fé. Þetta hefur oft komið fram áður. Nú er það svo að valdinu er skipt í þrennt: dómsvald, framkvæmdarvald og löggjafarvald. Aðalverkefni löggjafarvaldsins er að safna saman fé með sköttum af landinu öllu og dreifa þeim peningum aftur. Það er stærsta málið sem Alþingi Íslendinga sinnir á hverju einasta þingi. Byggðastofnun, undir setu alþingismanna kosnum hlutfallskosningu á Alþingi, er ekkert annað en framlenging þessa valds. Örlítið útibú frá fjárveitingavaldi þingsins með lánsheimildum innan borðs einnig. Lýðræðislegt og rökrétt framhald af þeirri staðreynd að stjórnarskráin ætlar þinginu valdið til þess að leggja á skattana og sjá um greiðslurnar úr ríkissjóði. Það er alls ekki með nokkru móti hægt með rökum að mæla með því að þetta vald verði flutt til dómsvaldsins í landinu. Það er þá spurning: Á að veita framkvæmdarvaldinu þetta vald? Ég segi nei. Framkvæmdarvaldið er búið að draga nóg til sín frá þinginu fram yfir það sem því ber samkvæmt stjórnarskránni.

[13:06]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stjórn Byggðastofnunar er hluti af framkvæmdarvaldinu og ég er þeirrar skoðunar og hef ekkert farið leynt með það að ég tel að menn ættu að draga úr frekar en auka skörunina sem er á milli framkvæmdarvalds og löggjafarvalds. Ég tel að þingmenn eigi að draga úr því fremur en að viðhalda eða auka að sitja í stjórnum stofnana sem heyra undir framkvæmd-

arvaldið og útdeila þar peningum. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það séu heppilegustu mennirnir sem eiga allt sitt undir vinsældum kjósenda að hafa mikla peninga undir höndum til útdeilingar.

[13:07]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Forseti lýðveldisins er æðsti handhafi framkvæmdarvaldsins. Hv. 5. þm. Vestf. situr í stofnun sem er undir forsetann sett. Uni hann ekki slíkri setu ber honum að segja af sér. Svo einfalt er það því hann snýr þessu ekki við nema breyta stjórnarskránni. Menn verða að ná rökrænum áttum í því hvar þeir eru. Við búum við það að framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið er ekki jafnaðgreint og t.d. í Bandaríkjunum. Þannig er íslenska stjórnarskráin. Það þýðir ekki að ráðast á menn fyrir það að þeir fara að þeim lögum sem eru í gildi, menn verða þá að hafa döngun í sér til að leggja til breytingar á stjórnarskránni en ekki að fárast yfir hinu.

[13:08]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur verið komið inn á verulega tekjuskerðingu vegna samdráttar í fiskveiðum og forsrh. sagði, sem rétt er, að þingmenn hefðu viljað taka undir þetta. Ég bæti þó við að það eru ekki allir þingmenn samt. En væri ekki tímabært yrðu sjómenn og fiskvinnslufólk að lækka í tekjum að allir aðrir fylgdu að sama skapi? Ætli yrðu þá ekki nokkuð aðrar undirtektir víða í þessu landi ef slík aðferð yrði tekin upp. Ég segi þetta hæstv. forsrh. til umhugsunar.

Út af ummælum hv. 5. þm. Vestf. um að það sé eitthvað óeðlilegt að Alþingi velji þingmenn í stjórn t.d. Byggðastofnunar. Hún er ekki svo burðug að það hafi verið úr miklu að moða. En hafa ekki ákveðnir flokkar á Alþingi valið menn í stjórn Húsnæðisstofnunar? Er það ekki rétt munað hjá mér að hv. þm. eigi þar sæti? Það getur vel verið að það sé rangminni en hann leiðréttir það þá.

Barðist hv. þm. fyrir því að formaður þingflokks Alþb. færi í stjórn Byggðastofnunar? Það væri gaman að hann segði okkur frá sinni hetjulegu baráttu innan þingflokks Alþb.

[13:10]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Skoðun mín er sú að það eigi að draga úr því að þingmenn sitji í stjórnum stofnana sem hafa umleikis mikið fé og útdeila því. Sú skoðun breytist ekki þótt að menn geti bent á dæmi um að annað sé annars staðar en í þeirra eigin tilviki. Mér er það alveg ljóst að ég sit í stjórn Húsnæðisstofnunar. Það breytir ekki mínum skoðunum. Ég tel eftir sem áður að það eigi að draga úr þessu og það sem ég sagði var að ég væri ekki viss um að menn væru á réttum stað með þetta skipulag hvað varðar byggðamálin. Ég vil ekki upplýsa hv. 1. þm. Vestf. mikið um umræður innan þingflokks Alþb. og ég held að ég leiði það hjá mér að svara því. En ég vil þó upplýsa hann um að það hefur legið fyrir nokkuð lengi af minni hálfu að ég vildi að það yrði skipt um stjórnarmann í Húsnæðisstofnun.

[Fundarhlé. — 13:13]

[13:45]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við höfum hlýtt á ræður hv. þm. sem margir hverjir eiga sæti í stjórn Byggðastofnunar. Sú niðurstaða sem ég hef fengið af því að hlusta á þessar ræður er sú að stefna ríkisstjórnarinnar sé virkilega farin að koma fram í starfi Byggðastofnunar. Það mátti glöggt heyra á ræðu hv. 1. þm. Vestf., sem er formaður stofnunarinnar, að honum finnst að stofnunin hafi sett mjög ofan hvað getu snertir til þess að gera eitthvað í byggðamálum. Enda kom það fram þegar ríkisstjórnin kynnti sína stefnu byggðamálum í upphafi að það var mikill ágreiningur í stjórnarflokkunum og sérstaklega í Sjálfstfl. um þessa stefnu. Ég man eftir því sem hv. 1. þm. Vestf. lét hafa eftir sér í Morgunblaðinu 6. nóv. 1991, en fyrirsögnin á viðtali við hv. þm. var: „Ég er gjörsamlega andvígur byggðastefnu stjórnarinnar." (**Gripið fram í:** Hver sagði þetta?) Þetta sagði hv. 1. þm. Vestf. „Ég er gjörsamlega andvígur byggðastefnu stjórnarinnar." Síðan var viðtal við hann þar sem hann lýsti því að þetta tal um vaxtarsvæði og annað væri ekki sér að skapi.

En það voru fleiri hv. þm., stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, sem létu hafa eftir sér greinileg orð í þessu sambandi. Ég minnist þess að hv. 3. þm. Austurl., Egill Jónsson, formaður hv. landbn. sem mikið fundar þessa dagana, lét hafa eftir sér í viðtali við sama blað 7. nóv. 1991 og var þá að tala um stefnu í byggðamálum og var að gefa hvítu bókinni einkunn með tilliti til byggðastefnunnar. Þar var fyrirsögnin: „Ég gef ekki mikið fyrir þessa hvítu bók." (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Þetta sagði hv. þm. Egill Jónsson, þingmaður Sjálfstfl. Það var haft eftir honum, með leyfi forseta: „Egill Jónsson alþingismaður segir að það verði ekki látið líðast að ríkisstjórnin standi að einhverri grisjunarstefnu í landinu eins og látið hafi verið liggja að með ógætilegri umræðu." Þetta sagði hv. þm. Egill Jónsson.

Ég tel að þessi stefna sé að koma fram. Hún er að koma fram í því getuleysi Byggðastofnunar til að taka á vandamálum landsbyggðarinnar. Ég ætla ekki að fara að endurtaka þær tölur sem hér hafa komið fram, en þær segja sína sögu um hvernig þessi stofnun hefur verið skorin niður og hvað lítið hefur miðað í áttina í þeim greinum sem ríkisstjórnin ætlaði þó að taka á. Ég minni á að í hvítu bókinni, sem ríkisstjórnin gaf út, voru t.d. fyrirheit um lækkun raforkukostnaðar og sérstakt átak, ef ég man rétt, um að lækka raforkukostnaðinn á köldu svæðunum sem kölluð eru. Hvað hefur gengið eftir í því? Ég er hræddur um að það sé farið að ganga öfugan veg. Nýjustu upplýsingar sem ég hef um þau mál eru þær að raforkukostnaður á köldu svæðunum hafi hækkað um 10–13%. (**Gripið fram í:** Lækkað til stórfyrirtækja.) Það var aftur á móti gert ráð fyrir 15% hækkun á niðurgreiðslu til húshitunar á þeirri upphæð sem er til niðurgreiðslu á húshitun á fjárlögum. En hvað skyldi muna um það hjá aðila sem kyndir hús sitt með raforku?

Föst tala sem þeir fengu sem hita hús sín með raforku var í kringum 27 þús. kr. á ári á sl. ári. 15%

hækkun á því er um það bil 4 þús. kr. En 13% hækkun á raforku, sem hefur orðið t.d. hjá Rafmagnsveitum ríkisins, þýðir miklu meiri hækkun á raforku. Ætli við séum ekki að tala um það að raforkukostnaður á köldu svæðunum hafi hækkað að meðaltali um 10–15 þús. kr. á ári, ekki minna, á meðalíbúð. Þetta markmið ríkisstjórnarinnar sem átti að verða til þess að jafna kostnaðinn um byggðir landsins hefur því ekki tekist. Og verra en það. Það hefur gengið öfugan veg.

Ég hef ekki séð að ríkisstjórnin hafi heldur í ýmsum öðrum málum staðið sig betur. Hún hefur sett á gjöld sem hafa aukið á ójöfnuð. Ég minni á vörugjaldið sem leggst ofan á alla flutninga út á landsbyggðina og leggst tvisvar og þrisvar sinnum. (**StG:** Fimm sinnum.) Fimm sinnum, segir hv. 4. þm. Norðurl. v. Hann hefur dæmi um að þetta vörugjald getur lagst fimm sinnum á þá vöru sem flutt er út á landsbyggðina. Það hefur ekki fundist leið. Þó að þetta mál hafi ítrekað verið rætt bæði í þinginu og samgn. þingsins, þá hafa menn ekki talið sig finna leið, eða hafa ekki vilja til þess að fara þær leiðir sem færar eru, til að breyta þessu. Ég tel því að stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum sé nokkuð ljós. Hún gengur út á það að draga saman sem allra mest allar fjárhæðir til að styrkja byggðirnar í landinu. Það kemur mjög vel fram í þessari skýrslu Byggðastofnunar sem hér hefur verið til umræðu.

Mig langar, vegna þess að ríkisstjórnin hefur látið sína stefnu á ýmsan hátt í ljós með skýrslum og yfirlýsingum, að nefna sömu skýrslu og hv. 5. þm. Vestf. nefndi áðan og var að spyrja hæstv. forsrh. út úr og fékk ekki mikil svör. Ég vona að þau verði skýrari hér á eftir, en það eru nefndarálit og tillögur nefndar um flutning ríkisstofnana þar sem hún leggur til alveg ákveðnar tillögur um að flytja ákveðnar ríkisstofnanir út á land. Ég minnist þess að hæstv. forsrh. lét þau orð falla þegar þessar fyrirætlanir voru til umræðu fyrir fáum mánuðum síðan, 2–3 mánuðum síðan, að þingið mundi verða látið standa frammi fyrir tillögum í þessu efni í vetur. Það hefur ekki bólað á þessum tillögum. Það eina sem hefur gerst í þessu er að hæstv. umhvrh. hefur ákveðið að flytja Veiðimálastofnun. Ég ætla ekki að gera það að umtalsefni hér frekar, en það er eina ákvörðunin sem liggur fyrir og sú eina af þeim tillögum sem nefndin hefur lagt til sem vitað er um að fyrirætlanir eru um að fara eftir. (**Gripið fram í:** Lagði nefndin það til að flytja veiði veiðistjóra?) Ég ætla einmitt að fara yfir það hvaða tillögur voru um flutning.

Fyrsta tillagan um flutning var um flutning á Byggðastofnun, önnur tillagan var um flutning á Landhelgisgæslu Íslands, sú þriðja um landmælingarnar, fjórða um Rafmagnsveitur ríkisins, Skipulag ríkisins var fimmta tillagan, Skráningarstofa ríkisins var sú sjötta, Vegagerð ríkisins sú sjöunda og Veiðimálastofnun var áttunda tillagan. Það er annað fyrirbrigði reyndar en hæstv. forsrh. mun líklega upplýsa okkur um það á eftir með hvaða hætti ríkisstjórnin hyggst taka á þessu og hvenær tillagnanna er von í Alþingi. Því að eins og ég sagði áðan, þá man ég það mjög vel að hæstv. forsrh. tók mjög skýrt til orða, að þingmenn mundu þurfa að standa frammi fyrir því að taka þessar ákvarðanir og gæti ekki vikið sér undan því. Það mundu koma fram tillögur í þessu efni í vetur. Síðan eru liðnir nokkrir föstudagar og nokkrar vikur og við skulum vona að úr þessu rætist. Ég fer fram á að fá skýr svör um það hvaða tillögur nefndarinnar er ætlunin að leggja fram á þinginu fljótlega og hvenær við megum eiga von á því að geta farið að fjalla um þessi efni.

Ég get ekki sagt annað en að þessi hæstv. ríkisstjórn hefur komið fram með sína stefnu í byggðamálum. Stefnan er skýr. Ýmsir aðilar sem styðja ríkisstjórnina lýstu yfir andstöðu sinni við þessa stefnu. Þeir hafa ekki fylgt þeirri afstöðu sinni mjög eftir. Það má að vísu segja að ekki sé nákvæmlega eins tekið til orða um t.d. vaxtarsvæðin í þeim tillögum sem núna liggja fyrir og þeim sem settar voru fram í upphafi. Þar hefur verið dregið úr og orðið vaxtarsvæði komið t.d. innan sviga sums staðar og ekki tekið mjög skarpt til orða um þessi vaxtarsvæði. Ég hef haft mikinn fyrirvara við þá hugmynd. Ég held að það verði að sýna sig á hverju svæði fyrir sig hvaða staðir eru lífvænlegastir. Það eigi ekki að taka um það einhverjar prinsippákvarðanir að einhver punktur á hverju landsvæði sé miðpunktur vaxtarsvæðisins heldur verður það að koma í ljós með því hvernig atvinnulífið þróast á hverju svæði. Ég tel að þessi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar sé reyndar mjög í þoku og það eina sem er skýrt er samdráttarstefnan sem felst í því að skera Byggðastofnun niður við trog og lama starfsemi hennar eins og hefur verið gert á undanförnum árum. Og ég get ekki séð að tillögur um fjárframlög til byggðamála sem nú liggja fyrir bendi til að nein breyting sé að verða á þessum fyrirætlunum hæstv. ríkisstjórnar.

[13:59]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Þegar ég lauk máli mínu við fyrri umferð var ég að ræða um hvernig þróunin hefði verið í fjárveitingum til stofnunarinnar og vék að landbúnaðarmálunum vegna þeirra orða sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hafði látið falla. Ég vil aðeins bæta því við hvað landbúnaðinn varðar að mismunurinn á framlögum til landbúnaðarins samkvæmt fjárlögum á árunum 1992 og 1994, til viðbótar þessu, er hvorki meira né minna en yfir 3 milljarðar kr. Menn geta því séð hvernig búið er að þessari grein og hversu erfitt það mun reynast að standa af sér þau áföll sem yfir þessar greinar ganga, bæði landbúnaðinn og sjávarútveginn, þegar svona er að málum staðið.

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að í gegnum tíðina hefur stjórn stofnunarinnar og stjórnarmenn hennar æðioft verið gagnrýnd fyrir einstök verk. Svo mun það ætíð verða og stjórnarmenn hafa ekki kveinkað sér svo mjög undan því. Meira að segja hafa hæstv. ráðherrar vikið orðum að stofnuninni og vil ég aðeins víkja að því hér síðar — það var hæstv. ráðherra Friðrik Sophusson. En það eru fleiri sem hafa fjallað um þessi mál og vikið að stofnuninni og ákveðin blöð hafa haft það sem fastan lið að veitast að stofnuninni og

ákveðnum aðgerðum hennar.

Þessa dagana eru mjög gleðilegar fréttir að berast í sambandi við loðdýrarækt á Íslandi sem Byggðastofnun vissulega tók þátt í að styðja og styrkja og byggja upp. Hún átti þar ekki ein hlut að máli eins og allir vita. Þar komu fleiri til með myndarlegum stuðningi. En því miður var það svo að þessi grein mátti þola það að ganga í gegnum erfitt tímabil þar sem verðfall á afurðum var mikið og lægðin var bæði djúp og löng. En þegar lagt var af stað með þessa grein verður að segjast að þá var útlitið ekki svo slæmt. Útlitið þegar lagt var af stað var nefnilega nákvæmlega eins og það er í dag í verði. Þegar verðfallið var hvað mest í þessari grein voru refaskinnin seld á um 1.200 kr. en eru komin í dag í rétt um 7.000 kr. Þannig var það þegar lagt var af stað. Sama má segja um minkaskinn. Þau fóru niður í lægðina þegar hún var hvað dýpst niður í 700–800 kr. er eru nú komin í um 2.000 kr. skinnið. Þetta eru gleðileg tíðindi og þetta eru nokkurn veginn þau verð sem voru þegar lagt var af stað. Afkomumöguleikarnir í greininni voru einmitt byggðir á þessum tölum. Það er þess vegna létt að setja sig í dómarasætið og dæma þá alla, ég veit ekki hvað á að segja, sem að þessu hafa staðið eins og því miður hefur oft verið gert. Ég man eftir einni af forustugreinum Alþýðublaðsins þar sem sagði í yfirskrift með tröllslegu letri ...„að refabændum og öðrum niðursetningum ríkisforsjárkerfisins". Þetta var ritstjórnargrein Alþýðublaðsins og svo var fjallað um þessa atvinnugrein og þá sem í henni starfa á svipaðan hátt.

En sem betur fer er þessi atvinnugrein nú að rétta við og ég trúi því að hún eigi góða framtíð fyrir sér. Það er ekki aðeins að íslenskir bændur hafi sannað það að þeir geti ræktað upp góðan stofn. Íslendingar eiga trúlega eina ósýkta loðdýrastofninn í heiminum. Íslensk loðdýraskinn hafa náð miklum gæðum en því miður fóru þau niður um tíma þegar líf dýrasalan var jafnmikil. Þá fóru þau niður en nú eru þau komin upp að nýju og styrkja mjög það verð sem ég gat um.

Mönnum finnst það kannski vera bjartsýni, en það eru fleiri en ég sem hafa trú á því að íslenskir loðdýrabændur eigi í vaxandi mæli eftir að njóta þess að geta selt lífdýr til útlanda. Ekki bara vegna gæðaskinna heldur fyrst og fremst vegna þess að okkur hefur tekist að viðhalda ósýktum stofni.

Þannig gengur þetta nú fyrir sig. Við þurfum auðvitað í þessum greinum eins og öðrum að búa okkur undir það að mæta harðri samkeppni og þessi grein mátti þola það. Vissulega má segja að það hafi verið farið of geyst víða og það er staðreynd í málinu. Menn fóru of hratt. En mikil þekking er þegar í landinu og mikil fjárfesting sem liggur nú ónotuð þannig að hér eru vissulega möguleikar.

Hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson fór hér hamförum ekki fyrir löngu síðan og sagði, með leyfi hæstv. forseti, og var þar að víkja að fjárveitingum Byggðastofnunar til nýgreina í atvinnulífinu hér á landi, að stjórn og stjórnendur Byggðastofnunar skulduðu Alþingi skýringar á miklum útlánatöpum stofnunarinnar á undanförnum árum. Þá var hæstv. ráðherra að tala m.a. um loðdýraræktina og sagði að við skulduðum honum skýringar. Hæstv. ráðherrann má þó vita það að hann hefur eins og aðrir þingmenn alla tíð haft aðgang að öllum þeim lánum sem Byggðastofnun hefur veitt og liggja á borðum þingmanna nú fyrir sl. ár. En var það svo? Var það stjórn Byggðastofnunar sem ein stóð að þessu? Hvað skyldi bunkinn hafa verið þykkur sem Byggðastofnun var sendur úr ráðuneytum fyrst og fremst kannski úr forsrn. til þess að verða við þeirri atvinnuuppbyggingu sem varð víða um landið?

Ég er hér með bréf, dags. í júní 1988, undirritað af þessum sama ráðherra, Friðriki Sophussyni, þar sem hann er að skrifa Byggðastofnun bréf og fara fram á að Byggðastofnun grípi til aðgerða til styrktar þessari atvinnugrein. (**ÓÞÞ:** Var þá forsrh.) Þá skrifaði hann í forföllum forsrh., var þá settur forsrh. Ég er hér með þykkan bunka af bréfum úr ráðuneytunum með tilmælum til stjórnar Byggðastofnunar um að verða við því að veita fjármagn til þessara nýgreina. Svo koma ráðherrar slíkrar ríkisstjórnar og veitast með offorsi og ósanngirni að stjórnarmönnum stofnunarinnar.

Sama á auðvitað við um 2. gr. sem er fiskeldið á Íslandi í dag. Fiskeldið á Íslandi hefur fengið sömu umfjöllun. En fiskeldið hefur líka mátt ganga í gegnum sömu þrengingar og loðdýraræktendur hafa mátt gera í sambandi við verðfall afurða. Eldislaxinn er t.d. á 61% lægra verði 1992 en hann var árið 1987. Og hvað segir í Fjármálatíðindum um þessa nýju grein? Rótinni að raunasögu íslenskra fiskeldisfyrirtækja er lýst í stuttu máli í Fjármálatíðindum Seðlabankans. Þar kemur í ljós það sem ég var að segja hér um lækkun á meðalverði. Það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því hvernig komið er fyrir þessari atvinnugrein. Það er verðfall afurðanna. Og það hafa fleiri greinar en loðdýrarækt og fiskeldi mátt þola það.

Ég er hér með úrklippu úr blaðagrein sem skrifuð var árið 1983, úr því blaði sem oftast og mest hefur veist að starfsmönnum og stjórn Byggðastofnunar sem er DV. Þá skrifar ritstjóri þess blaðs, með leyfi hæstv. forseti: „Vormenn Íslands að verki." Greinin hefst svo:

„Ein efnilegasta atvinnugrein á Íslandi er fiskeldi. Það hefur eflst hröðum skrefum undanfarin ár. Einkum er þar dýrmætur laxinn sem hefur orðið viðfangsefnið."

Þetta er upphafið að Dagblaðsgreininni. Og endirinn er hvernig? Hann er svo, virðulegur forseti: „Fjöldi Íslendinga hefur af dugnaði, hugviti og þekkingu gengið fram fyrir skjöldu í fiskeldi. Það starf er nú smám saman að bera árangur í vel þegnum gjaldeyristekjum á erfiðum tímum. Þar eru vormenn okkar að verki."

Þetta var ritstjórnargrein Dagblaðsins árið 1988. En árið 1991 skrifar sama blað, með leyfi forseta: „Rústir fiskeldis." Og hvernig byrjar greinin?

„Gjaldþrot fiskeldisstöðvanna kemur ekki á óvart. En það kemur hins vegar á óvart hvað þessi rekstur hefur verið gjörsamlega vonlaus frá upphafi. Hvílíkur óvitaskapur hefur ráðið ferðinni og hvers konar allsherjarglóruleysi hefur einkennt allan undirbúning og uppbyggingu. Það er eins og menn hafi vaðið blindandi út í foraðið." — Segir í ritstjórnargrein sama

blaðs. Og aðeins neðar segir, með leyfi forseta: „Á sama tíma og dauðadómur er kveðinn upp yfir fiskeldi gegnir sama máli um ullariðnaðinn og eitt annað fyrirtæki, Síldarverksmiðjur ríkisins."

Það er ekki eðlilegt að okkur gangi vel þegar talað er um þessar nýgreinar á jafngáleysislegan hátt og hér er gert.

Ég gæti vitnað í miklu fleiri greinar bæði dagblaðaritstjóra og ráðherra. Ég hef oft verið undrandi á því hversu menn hafa talað gáleysislega í þessum efnum. Staðreyndin er nefnilega sú að ef við skoðum fiskeldið eitt þá er það staðreynd að þar eru möguleikar okkar Íslendinga vissulega glæstir. Og það er staðreynd í málinu að nær öll aukning í framboði á fiski til manneldis mun í framtíðinni fást í fiskeldi. Þetta er staðreyndin í dag. Það er talað um að fram að aldamótum muni verða mikil aukning á eldisframleiðslu í heiminum og hún muni jafnvel þrefaldast til fjórfaldast á næstu rúmlega 20 árum. Eldisframleiðslan á Íslandi er nú u.þ.b. 3.000 tonn og framleiðsluverð rétt tæpur milljarður. Í Noregi eru hins vegar framleidd um 165–180 þús. tonn, að verðmæti hvorki meira né minna en 50–60 milljarðar í ísl. kr. á ári.

Ef framleiðslan hér á landi væri í hlutfalli við framleiðslu Norðmanna, t.d. við þá höfðatölu sem okkur er gjarnt að miða okkur við, þá værum við að framleiða hér um 8.000–9.000 tonn, að verðmæti hvorki meira né minna en 2,5–3 milljarðar kr. Í þeim mannvirkjum sem nú eru til á Íslandi mætti trúlega framleiða um 6.000 tonn af eldisfiski fyrir framleiðsluverðmæti sem nemur um 2 milljörðum kr., bara í þeim mannvirkjum sem við eigum í dag. Þessi starfsemi mundi skaffa líklega um 400 ársverk fyrir utan margfeldisáhrifin sem af þessu mundu hljótast. Árið 1992 voru framleidd hér á landi um 27 kg á hvern rúmmetra í kerum en 20 kg árið áður. Árangurinn er hvorki meira né minna en um 35%. Þetta sannar okkur að hér eiga sér stað stórkostlegir hlutir.

Það er engin spurning í mínum huga að báðar þessar atvinnugreinar og fleiri af nýgreinum sem Byggðastofnun hefur verið að reyna að festa hér í sessi eiga sér framtíðarmöguleika. En það þurfa fleiri að koma til að styðja stofnunina í slíkum störfum og við biðjum um skilning stjórnvalda á því að þetta þarf að styðja og möguleikar þessara atvinnugreina eru vissulega miklir.

[14:15]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég las hér upp bréf frá einum af forustumönnum Sjálfstfl. á Vestfjörðum í sveitarstjórnarmálum. Ég hygg að hæstv. forsrh. þekki það vel til manna að það þurfi ekki að taka það fram að Eiríkur Finnur hefur verið í kapparúmi hans liðsmanna á Vestfjörðum um alllangt tímabil. Hann er í dag stjórnarformaður Orkubús Vestfjarða. Sú mynd sem hann dregur upp er sönn. Það er búið að taka ákvörðun um að skerða þorskveiðarnar. Það var ekki farið í að skerða í þorskígildum sem hefði jafnað þeirri byrði heldur voru þorskveiðarnar sjálfar sem slíkar skertar á þann hátt að þunginn lenti mestur að sjálfsögðu á aðalþorskveiðisvæðunum. Það er búið að lýsa því yfir að kvótinn verður ekki aukinn. Afkastamestu atvinnutæki landsins eru hraðfrystihúsin. Þessi hraðfrystihús þurfa hráefni. Hæstv. forsrh. á enga leið aðra betri að mínu mati til að koma hjólum atvinnulífsins aftur af stað en beita ríkisábyrgðum til kaupa á fiski, frystum þorski frá Rússlandi, til að tryggja að þessi atvinnutæki þjóðarinnar hafi verkefni fram á haust.

Sú þjóð sem standur þannig að sínum málum að hún veitir ótakmarkaðar ríkisábyrgðir út á íbúðarhúsnæði fólksins en telur að atvinnulífið megi hrynja gerir sér ekki grein fyrir því, eða forustumenn hennar, að þeir verða skammir dagar víns og rósa með þeirri stefnu. Þeir verða stuttir dagar víns og rósa með þeirri stefnu.

Mér er ljóst að mjög mörg fyrirtæki hafa haft efni á að kaupa Rússafisk og eru farin að vinna hann. Hér er um tvífrystingu að ræða. Önnur hafa hreinlega enga möguleika á að kaupa þennan fisk vegna þess að staða þeirra er slík í dag. Á dögum viðreisnarinnar eftir gengisfellinguna miklu þegar flestöll frystihús Vestfjarða voru komin á hausinn og atvinnuleysi var um land allt þá áttu þó þessir tveir flokkar sem nú stjórna landinu menn sem þorðu að setja hjólin af stað á nýjan leik. Það er munurinn. Og hvað gerðu þeir? Þeir settu fjármuni til að koma frystihúsunum af stað á nýjan leik. Það þýðir ekkert að segja: Það er ekki fiskur í sjónum. Það þýðir ekki að segja þetta fram og aftur. Það er nægur fiskur til sölu í Rússlandi til að kaupa. Við höfum frystihúsin, við höfum fólkið til að vinna þennan fisk, við höfum flutningatækin til að flytja hann á markað, við höfum sölukerfið til að selja þennan fisk. Og ef við ekki seljum hann þá munu aðrir ryðjast inn á okkar þorskmarkaði vegna þess að við höfum ekki fisk til að selja. Það eru staðreyndirnar sem blasa við.

Ég skora á hæstv. forsrh. að gefa sér stund til að setjast niður og hugleiða það hvort það sé tilfellið að það eina sem hægt sé að gera af viti í þessu landi sé að láta Atvinnuleysistryggingasjóð gefa peninga til Granda til að setja þar loðnufrystingu af stað. Ég hygg að það hafi verið rétt ákvörðun. Ef til vill ekki frá sjónarmiði sjóðsins, en frá þjóðhagslegu sjónarmið var hún rétt. En er það hið eina sem vit er í að gera með opinberum stuðningi? Ætli það sé ekki svo að það sé meiri skynsemi að koma frystihúsunum í landinu af stað með eðlilegan rekstur og tryggja að atvinnulífið haldi velli svo ekki þurfi að moka út hundruðum milljóna og milljörðum til þess að greiða kostnaðinn af atvinnuleysinu? Það var vissulega happ núv. ríkisstjórnar að það voru til peningar í þeim sjóði. Það var vissulega happ. Og ef menn halda að það hafi verið náttúrulögmál að það var atvinna í landinu þau 20 ár sem Framsfl. var við völd en atvinnuleysi í Evrópu þau 20 ár, þá er það misskilningur. Það er rétt að það töpuðust milljarðar vegna þess að menn settu þá í atvinnulífið á 20 árum. Núv. ríkisstjórn mun tapa meira fé í atvinnuleysisbæturnar á fjórum árum en tapaðist á hinum 20 með óbreyttri stefnu. Og það sem meira er, ríkissjóður mun vera rekinn með slíkum dúndrandi halla

áfram að það er spurning hvenær stefnir í ríkissjóðsgjaldþrot með sömu stefnu. Og hæstv. fjmrh. er steinhættur að láta birta mynd af sér í einu einasta blaði án þess að hann sé skælbrosandi af sælu yfir stöðu ríkisfjármálanna.

Íslenska þjóðin er í sömu stöðu og stórt heimili. Ætlar hún að hafa suma aðgerðalausa uppi í rúmi, geyma þá þar eins og karlægt fólk var geymt í gamla daga eða ætlar hún að standa að því að skipa sínu fólki til verka? Það er þar á milli sem skilur. En þegar fyrirtækin eru komin jafnlangt niður og þau eru komin í dag þá hafa þau ekki möguleika til þess að láta hjólin fara að snúast með eðlilegum hætti. Oddviti þeirra Flateyringa veit hvað það er að vera kominn í þessa stöðu. Fyrirtækið Hjálmur á í sínum erfiðleikum. Ég nafngreini það ekki vegna þess að það eigi í meiri erfiðleikum en aðrir. Það var hrunið í Bolungarvík, það er hrunið á Flateyri, það var hrunið á Súgandafirði þar á undan. Það er stopp á Bíldudal og á Patreksfirði er atvinnuleysi.

Spurningin er aðeins: Er hægt að sitja hjá og horfa á þessa hluti? Ég játa að ég var einn af þeim sem fóru hljótt, féllu undir leyndina. Ég vildi ekki fara í það að auglýsa stöðuna vestra of mikið í sölum þingsins vegna þess að þá fannst mér að ég væri kannski að vega að þeim mönnum Vestfjarða sem væru að vinna að því að koma hlutunum af stað. En það er ekki hægt að bíða lengur. Það er atvinnuleysi sem blasir við, það er hrun og það eru gjaldþrot. Og þeir ungu sjálfstæðismenn sem komu hér inn á þing við síðustu kosningar og töluðu um kapítalisma, þeir eru huglausari en Jeltsín í að framkvæma kapítalisma. (**StG:** Enda orðnir gamlir.) Þeir eru svo huglausir að þeir þora ekki að láta krónuna skrá sig á frjálsum markaði. Það var það eina sem þeir voru sammála um, að það skyldu vera þeir sem sæju um að skrá gengi krónunnar, það skyldi markaðurinn ekki gera. Hvers vegna? Voru þeir hræddir um að þjónustufyrirtæki eins og Landsvirkjun yrðu ekki borgunaraðilar fyrir sínum skuldum ef þeir þyrftu að kaupa hinn erlenda gjaldeyri af íslenskum sjávarútvegi á því verði sem þyrfti til að sjávarútvegurinn héldi velli? Það er nefnilega kostulegt að þannig skuli að málum staðið að þjónustufyrirtækin eigi stöðugt að geta vaðið áfram og reiknað sér út rekstrargrundvöll og staðið á því að þau þurfi þetta, hinir verði svo bara að éta það sem úti frýs. Þannig er búið að ganga frá málum Landsvirkjunar. Hún þolir ekki kyrrstætt verðlag í þessu landi. Hún skríður bara áfram og upp. Hvers lags yfirstjórn er það? (**StG:** Byggja flugvelli.) Hvað er verið að gera? Það er búið að byggja flugvelli á hálendi Austurlands, það er búið að byggja jarðgöng þar einnig, sem álfar og tröll ein búa í því mennskir menn þurfa ekkert að vera þar á ferðinni. (**StG:** Það er þægilegt fyrir jólasveininn.)

Nei, það er alveg óhugnanleg staðreynd að þegar kemur að undirstöðuatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveginum, og þegar talað er um rekstrargrundvöll fyrir þá grein, þá er eins og það komi hér einhver kór sem segir: Þetta eru allt asnar og vitleysingar sem þarna starfa. Þess vegna er svona komið. En hver er skýringin á mestu offjárfestingunni sem til er á Íslandi í orkugeiranum? Voru það þá allt asnar og vitleysingar líka sem stóðu þar við stýrisvölinn? (**StG:** Hverjir stóðu þar?) Eitt mesta sjéní þessarar þjóðar var sett yfir íslenskan iðnað, stillti kompásinn og svo voru greiddar útflutningsbætur með honum og hann sendur til Finnlands. Ég veit ekki hvort fraktin er farin.

Nei, það verður einhvern veginn að stuðla að því að blóðið renni í íslenskum ráðherrum þannig að þeir geri sér grein fyrir skyldunni. Núv. hæstv. iðnrh., Sighvatur Björgvinsson, talar um að það þurfi að verja íslenskan skipasmíðaiðnað eins og þetta séu ný sannindi. Hversu oft var ekki minnst á þetta í ráðherratíð forvera hans? (**StG:** Og hans sjálfs.) Nú er talað um að það þurfi að gera þetta þegar allt er hrunið.

Ég skora á hæstv. forsrh. að forðast nú um nokkra stund það lið sem við sjáum svo gjarnan í kringum „Yes, Minister" í bresku gamanmyndunum. Það er liðið sem er samþjappað til þess að koma í veg fyrir að ráðherrann fari á flakk um ráðuneytið og því síður að hann fari á flakk meðal þjóðfélagsþegnanna. Þetta lið passar upp á það að upplýsingastreymið til ráðherrans sé ekkert annað en eftir ákveðinni línu sem þeir sjálfir ákveða og það er óhugnanlega mikill sannleikur í þessum myndum. Ég hef horft á þónokkuð marga af þessum þáttum og aðeins einu sinni náði ráðherrann sér á strik. Aðeins einu sinni. (**Gripið fram í:** Þá var hann orðinn forsætisráðherra.) Þá hafði ráðuneytisstjórinn álpast til að gera mistök sem ungur maður og hann náði í skottið á honum og lét hann dingla þangað til ráðuneytisstjórinn grét. Ég verð nú að viðurkenna að mér leið bara skratti vel þá stundina.

En er það tilfellið að það sé svo að sumir af heilbrigðisráðherrum vors lands hafi verið sendir á ráðstefnur erlendis áður en þeir mættu á ríkisstjórnarfundi? Er það tilfellið að íslenskir ráðuneytisstjórar séu álíka færir í þessari grein sinni og þeir bresku, að passa upp á það að þekkingarstreymið til ráðherranna sé stöðvað?

Ég skora á hæstv. forsrh. að setjast niður með sínu liði og láta reikna það út hvort hann á annan kost betri til þess að rjúfa atvinnuleysið og draga úr því, í það minnsta í sumar og það sem eftir er ársins, en þann að kaupa fisk til að tryggja að hægt sé að halda uppi fullri atvinnu eða mikilli atvinnu í frystihúsum landsins. Ég sé ekki aðra leið betri. Ég sé ekki annað sem ég get lagt til sem væri líklegra til að skila fyrr og betur árangri. Það er nefnilega svo að þegar búið er að taka atvinnulíf þvílíku kverkataki sem gert hefur verið á Íslandi þá fer það ekkert á fulla ferð á næstunni. Brennt barn forðast eldinn. Atvinnurekstur án þess að áhætta fylgi er ekki til, það vita allir aðilar. Markaðir sveiflast til. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Mér er ljóst hverjum bjallan glymur, en ég hef líka í aðalatriðum lokið máli mínu.

[14:31]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur atriði enn sem ég vildi koma á framfæri í sambandi við þessar skýrslur

og byggðamál sem við erum hér að ræða. Það er þá í fyrsta lagi í ársskýrslunni fyrir árið 1991. Þar er minnst á fjarvinnslu. Þar er sagt að það hafi verið hvatt mjög til þess að koma á fjarvinnslu og verið reiknað með því að það gæti orðið til þess að auka atvinnu úti um landið. Við kvennalistakonur vorum mjög meðmæltar þessum atvinnurekstri og töldum að þetta gæti bætt talsvert úr, sérstaklega í atvinnumöguleikum kvenna. Það sýndi sig að það dugði ekki einu sinni þó á fjárlögum 1991 væru ætlaðar sérstaklega 5 millj. kr. til þess að hvetja opinberar stofnanir til þess að sækja eða leita eftir því að fjarvinnustofur á landsbyggðinni ynnu ákveðin verkefni. Það átti að styrkja opinberar stofnanir og ýmsar stofnanir til þess að leita eftir þessu. En það segir í skýrslunni fyrir árið 1991 að það sé skemmst frá því að segja að ári seinna hafi engin opinber stofnun sótt um þetta framlag. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða en mig langar til að beina þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort ekkert frekar hafi verið gert í þessu. Það er ekki minnst á þetta í skýrslunni fyrir árið 1992. Var ekkert frekar gert í því að hvetja stofnanir til þess að nýta sér starfsemi fjarvinnustofa?

Ég þekki til á fjarvinnustofunni á Hvammstanga þar sem menn höfðu góðar vonir um að það fyrirtæki gæti gengið. Á tímabili unnu þar einir sex starfsmenn, en síðast þegar ég frétti var ekki nema sem svaraði einu og hálfu ársverki þar eða það voru tveir starfsmenn sem sinntu þar einu og hálfu ársverki og það leit engan veginn vel út með framhaldið. Mér þætti því gaman að heyra hvernig það stendur núna, hvort Byggðastofnun hefur eitthvað frekar sinnt þessu sérstaka verkefni.

Hér hefur áður verið nefnt og ég nefndi það í minni fyrri ræðu, að mér finnst stangast á tilgangur Byggðastofnunar samkvæmt lögunum og það að Byggðastofnun hefur sífellt haft skert fjármagn handa á milli til þess að vinna úr þeim hugmyndum sem hún gæti komið á framfæri og henni er gert skylt samkvæmt 3. gr. laganna.

Ég vil þó einnig gagnrýna það að í 3. gr. segir líka, með leyfi forseta: „Í samræmi við hlutverk stofnunarinnar veitir hún lán eða annan fjárhagslegan stuðning í því skyni m.a. að bæta aðstöðu til búsetu í einstökum byggðarlögum og koma í veg fyrir að óæskileg byggðaröskun eigi sér stað eða lífvænlegar byggðir fari í eyði.“

Ég tel að þetta sé nokkuð fast að orði kveðið vegna þess að óæskileg byggðaröskun eða að lífvænlegar byggðir fari í eyði, það getur verið mjög misjafnt hvernig á að meta það hvort um lífvænlegar byggðir sé að ræða. Og það sem hér var sett fram t.d. í tillögu að stefnumótandi byggðaáætlun, þar sem verið er að ræða um sérstök vaxtarsvæði, þá virtist mér að frekast sé verið að tala um staði þar sem íbúafjölgun hefði orðið síðustu árin. Það var ekki tekið mið af því hvort atvinna hefði verið stöðug. Þannig að það getur verið mjög misjafnt hvernig menn ætla sér að meta þetta og ég tel að þarna sé verið að sníða Byggðastofnun nokkuð þröngan stakk að eiga í sífellu að meta það hvort þetta sé óæskileg byggðaröskun sem hún ætlar að koma í veg fyrir eða hvort sérstaklega sé um lífvænlegar byggðir að ræða. Ef byggðir eiga undir högg að sækja og leita sér aðstoðar Byggðastofnunar þá tel ég að ekki sé hægt að úrskurða það eftir einhverjum lögum hvort þær séu lífvænlegar eða ekki.

Það sem skiptir máli þegar verið er að ræða um byggðaþróun er hvernig lífskjörin eru. Það skiptir auðvitað máli hvernig aðstaða heimilanna er og það skiptir máli hvernig aðstaða er með atvinnu. Í dag mundum við segja að atvinnan skipti mestu máli vegna þess að við horfum upp á það að atvinnuleysið er sífellt vaxandi. En það er líka annað sem skiptir máli og það er jöfnun lífskjara, það er verðlag á nauðsynjavöru og það er orkuverð.

Það var eitt af meginmarkmiðum núv. hæstv. ríkisstjórnar að jafna orkuverðið. Það hefur mjög lítið gerst í þeim málum og er ég ein af þeim sem hafa gagnrýnt það mjög hér á Alþingi hversu lítið hefur skeð í þeim málum. Og meðan það gerist ekki þá þýðir ósköp lítið að gera eitthvað annað. Í raun og veru þýðir það ósköp lítið. Meðan lífskjörin eru ekki jöfnuð þá hljóta menn alltaf, fyrr eða síðar, að leita frá þeim stað þar sem lífskjörin eru erfið og ekki hvað síst við það atvinnuástand sem nú er. Þeir hljóta að leita þangað sem lífskjörin eru jafnari og þar sem er ódýrara að lifa. Og það segir sig sjálft að þegar menn þurfa að borga þrefalt verð fyrir að hita húsið sitt, þá getur komið að því að það og ekkert annað reki menn til þess að flytja. Jafnvel þó að það sé meiri atvinna á þeim sama stað. Þá skiptir það kannski miklu máli fyrir fólk ef það ætlar sér að reyna að lifa á atvinnuleysisbótum. Þær eru jú þær sömu úti á landi og í þéttbýlinu á suðvesturhorninu.

Það er mjög stórt atriði í byggðamálum að jafna lífskjörin. Atvinnustefnan er auðvitað líka byggðastefna og atvinnustefnan í dag er því miður ekki upp á marga fiska. Það hefur verið talað um að jafna aðstöðu atvinnulífsins, jafna þannig að fyrirtækin hefðu rekstrargrundvöll. Þau hafa það bara alls ekki. Og við horfum líka fram á það að bæði sjávarútvegur og landbúnaður eru þannig í stakk búnir að það er ekki sjáanlegt á næstu mánuðum eða árum nein sérstök aukning í þeim störfum. Aukningin hefur verið og er sjáanlega í þjónustustörfunum. Hún er í ferðaþjónustu og þjónustustörfum.

Það hefur líka komið fram í öllum þeim atvinnuleysistölum sem við horfum upp á, ekki hvað síst núna síðasta mánuð þegar atvinnuleysi hefur aldrei verið jafnmikið og það var í janúar, þá er atvinnuleysi 10% hjá konum til jafnaðar. Ég mundi vilja beina því til hæstv. forsrh. og stjórnar Byggðastofnunar hvort ekki sé hægt að reyna að bregðast við þessu atvinnuleysi kvenna með því að skipa sérstakan atvinnuráðgjafa fyrir konur í öllum landshlutum. Það eru víða í gangi atvinnuátök svokölluð, atvinnuátök kvenna, og þar er líka að störfum sums staðar atvinnuráðgjafi sem er kona en það er ekki alls staðar. Og þetta vantar mjög víða þar sem konur eru að þreifa sig áfram með atvinnurekstur að hafa sérstakan atvinnuráðgjafa sem þær

geta leitað til. Það er nú einu sinni svo að þær eiga hægar með að leita til kvenna heldur en til karla vegna þess að þegar þær eru að vinna að sinni atvinnusköpun þá gera þær það á allt annan hátt en karlar. Og það væri a.m.k. þess virði, tel ég, að stjórn Byggðastofnunar skoðaði það hvort ekki væri hægt í tengslum við þau þróunarverkefni sem hún vill vinna að samkvæmt lögunum að ráða í alla landshluta a.m.k. og helst víðar sérstakan atvinnuráðgjafa fyrir konur.

[14:41]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna fyrirspurnar sem hér kom fram frá hv. 6. þm. Vestf. vil ég reyna að svara aðeins sem stjórnarmaður í Byggðastofnun vegna þess að hún beindi spurningu til stjórnarinnar og ég er sá eini í salnum sé ég núna sem skipa þessa margumræddu stjórn. Um afskipti stofnunarinnar af Orðtaki, sem er fjarvinnslufyrirtækið á Hvammstanga, er það að segja vegna þess að spurt var að Byggðastofnun hefur stutt það fyrirtæki sjálfsagt meira en nokkrir aðrir. Það er nú staðreyndin í málinu, bara að það komi skýrt fram. Það hefur Byggðastofnun gert. Hún lánaði þeim peninga þegar starfsemin fór af stað til kaupa á búnaði en því miður verður að segjast eins og er að þetta fyrirtæki á í erfiðleikum í dag eins og svo mörg önnur á landsbyggðinni. Það er staðreyndin í málinu.

Í sambandi við atvinnumál kvenna ætla ég aðeins að segja frá því — hv. þm. var að tala um að það ætti að ráða atvinnufulltrúa í fjórðungunum eða í kjördæmunum — að sums staðar vill svo til að kvenfólk er starfandi á þessum skrifstofum sem stofnunin hefur verið að setja upp í kjördæmunum. Það er af hinu góða. En stofnunin hefur tekið mjög jákvætt undir umsóknir sem hafa einmitt komið frá konum sem hafa verið að brjótast af stað í atvinnulífinu og það er gleðilegt til þess að vita að það er einmitt í vaxandi mæli sem konur virðast vera að bindast samtökum um það að fara út í nýja atvinnustarfsemi. Og Byggðastofnun hefur tekið mjög vel í slíkar umsóknir þegar þær hafa komið fram.

[14:43]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Steináni Guðmundssyni fyrir að svara þessari fyrirspurn hjá mér. Ég þóttist reyndar vita það að Byggðastofnun hafi lagt fram hlutafé, framlag, í þetta fyrirtæki þegar það var stofnað. En ég var fyrst og fremst að spyrjast fyrir um þær milljónir sem áttu að fara til þess að þessi stofnun meðal annarra fengi verkefni. Það virtist vera að þó að ákveðið hefði verið og auglýst að þær stofnanir sem nýttu sér það fengju sérstakt framlag til þess þá dugði það ekki. Og mér er spurn hvort eitthvað frekar hafi á gerst í þeim málum, hvort það sé enn þá uppi að styrkja m.a. opinberar stofnanir hér á Reykjavíkursvæðinu til þess að nýta sér þessa þjónustu eða ekki.

Hvað varðar hitt málið með atvinnuráðgjafa fyrir konur þá veit ég það einnig að víða eru starfandi konur sem atvinnuráðgjafar. En það sem ég átti við er að það verði sérstaklega stofnað til atvinnuráðgjafar með föstu starfi, starfi sem konur væru ráðnar í úti í kjördæmunum og það væri ekki tilviljun heldur væru þessar konur ráðnar til þess að sinna atvinnumálum kvenna í fjórðungunum. Þetta er sums staðar komið af stað en ekki alls staðar. Og ég held að stofnunin ætti að vinna markvisst að þessu.

[14:45]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér eru búnar að fara fram miklar umræður í dag um byggðamál og þessar skýrslur sem hér eru á dagskrá. Nú er það sérstakt þegar við ræðum byggðaskýrslur og stefnumótandi aðgerðir í byggðamálum að við þær aðstæður stynur öll byggðin á Íslandi. Það eru ekki bara einhver lítil þorp úti á landi sem eru að bíða afhroð. Það má segja að allt landið sé undir, allir þegnarnir hafa orðið fyrir barðinu á þeirri efnahagsstefnu sem hefur ríkt hér í rúm tvö ár, hæstv. forsrh. Hér hefur verið kreppa af manna völdum að stórum hluta. Að stórum hluta stafar kreppan kannski ekki af ásetningi en fyrst og fremst af því að stjórnendur skipsins hafa farið ranga leið á svo ótal mörgum sviðum. Og nú segi ég eins og fleiri: Ég fagna því að hæstv. forsrh. er að komast loksins á það stig að hann er farinn að játa mistök gerða sinna og sér að ýmsir þeir sem af heiðarleika gagnrýndu hann höfðu rétt fyrir sér á þeim tíma.

Hér játaði hæstv. forsrh. þau mistök og kvaðst vilja beita sér fyrir því ef ég skildi hann rétt að reglugerð um Byggðastofnun yrði breytt á nýjan leik með þeim hætti að Byggðastofnun gæti komið tímabundið sem hluthafi inn í fyrirtæki. Ég minnist þess þegar þessi hæstv. forsrh., nýútsprunginn, fór í harðar deilur við gamalreyndan alþm. og fyrrv. ráðherra Matthías Bjarnason. Og kannski er þetta nú það mein sem við búum við í hnotskurn að vegna of lítillar reynslu af þjóðmálum gerðist það að hæstv. forsrh. naut ráða manna sem vildu fara þessar leiðir og fordæmdu allt sem gerst hafði í fortíðinni. Og það er auðvitað alvarlegur hlutur. En þökk sé hæstv. forsrh. að játa mistök sín og vilja snúa við. Þetta hefur hann gert á fleiri sviðum sem ég ætla kannski að koma að. En það getur verið of seint að iðrast eftir dauðann. Að vísu ætla ég það að hæstv. forsrh. eigi langa framtíð fyrir sér í pólitík en ég geri mér grein fyrir því að sú axarskaftaríkisstjórn sem hann hefur leitt hefur valdið honum þeim erfiðleikum að hann kannski nær því ekki á þeim stutta valdatíma sem hann á eftir að snúa blaðinu við á nýjan leik þótt vilji sé fyrir hendi.

Hvað þetta varðar varð ég oft vitni að því í mínu kjördæmi og víðar um land að þegar Byggðastofnun kom um ákveðinn tíma sem hluthafi inn í fyrirtæki þá náðist tvennt: Í fyrsta lagi kom þar inn fjármagn og því fylgdi ráðgjöf og þekking og fyrirtækin náðu árangri. Mörg þessara fyrirtækja sem stofnað var til með þessum hætti standa sterk í dag. Síðan hafði Byggðastofnun þá reglu að hún var tilbúin að selja hlutafé þegar fyrirtæki var orðið söluvara og snúa sér að næsta verkefni. Við sáum því árangur af þessari stefnu og ég vænti þess að hæstv. forsrh. hafi snarar hendur um að setja þarna nýja reglugerð.

Undir umræðum sem þessum er mikið rætt um

þjónustu, þjónustufulltrúa, ráðgjafa og fleira og fleira. Ég ætla ekki að gera lítið úr þessu. En í mínum huga er aðalatriðið að atvinnulífið á Íslandi fái nýjar aðstæður og nýja vítamínsprautu, að atvinnulífið á Íslandi verði losað undan þeirri óvissu sem það hefur búið við og atvinnulífið á Íslandi fái að búa við sams konar aðstæður og atvinnulíf samkeppnislandanna og að með sama hætti hafi stjórnvöld hér kjark til þess að verja sína atvinnuvegi og efla þá til sóknar.

Ég geri mér grein fyrir því að þegar við stöndum frammi fyrir atvinnuleysi 10 þúsund Íslendinga, þá er mikil neyð í þessu landi. Og við stöndum líka frammi fyrir því, hæstv. forsrh., að 17 þúsund Íslendingar búa erlendis um þessar mundir. Hvað væri nú ef þessir Íslendingar kæmu allir heim? Væri neyðarástand í landinu ef þeir vildu koma heim til fósturjarðarinnar? Erum við vegna atvinnustefnu okkar og efnahagsstjórnar að verða á því stigi að þessari þjóð mun fækka? Það er nefnilega sú spurning sem við stöndum frammi fyrir ef menn ekki bretta upp ermarnar að þá mun þessari þjóð taka að fækka. Og þess vegna verðum við í atvinnumálum að horfa til framtíðar og hæstv. forsrh. verður að láta af þeim ljóta sið sem hann hefur haft í tvö ár að horfa í sífellu með rógstali um allt sem hefur verið gert á síðustu 10 eða 20 árum.

Það hefur margt gott verið gert síðustu 10–20 árin og sem betur fer hefur Sjálfstfl. verið þátttakandi í mörgu af því einnig. Þess vegna varðar okkur tiltölulega lítið um fortíðina þó að á ýmsum sviðum getum við lært af henni. Það er framtíðin sem skiptir okkur máli. Ég er sannfærður um það að ef við ætlum að ná árangri þá verðum við að fullvinna afurðir þessa lands og þá verðum við að gefa iðnaðinum á Íslandi nýjar aðstæður. Við höfum séð iðnaðinn á Íslandi í vaxandi mæli á svo mörgum sviðum færast í hendurnar á útlendingum. Við höfum meðan þessi ríksstjórn hefur ríkt horft á það eins og blindir menn að erlendir iðnaðar- og verkamenn hafa stolið af okkur verkefnunum og ekkert hefur verið gert. Nýjar nefndir, nýjar skýrslur, ný ráðherraviðtöl um hin og þessi verkefni sem engu skipta. Skipaiðnaðurinn er gleggsta dæmið um þetta. Alþfl. hefur ráðið iðnaðinum í 7 ár. Sá iðn.- og viðskrh. sem nú situr er farinn að ferðast um landið og segist vera að kynna sér málið. Þó liggur það fyrir staðfest að við höfum tapað 600 störfum, að skipaiðnaðurinn er að deyja út og menn vita nákvæmlega hvað þarf að gera til þess að snúa blaðinu við og reyna að festa þennan atvinnuveg með nýjum hætti í landinu. Nei, það skulu skipaðar nefndir og gerðar skýrslur þannig að það sem í rauninni vantar virðast vera vitsmunir og aðgerðir til þess að snúast til varnar og verja íslenska hagsmuni.

Ég er líka sannfærður um það að atvinnuleysi á Íslandi á eftir að aukast ef menn hafa ekki kjark til þess að stöðva alla þessa frystiskipasmíði sem hefur viðgengist. Árið 1985 voru þrjú frystiskip, nú eru þau 43. Og við sjáum að menn eru að smíða hér skip fyrir milljarða til þess að leysa heilu sjávarþorpin upp og fara með þau á haf út þar sem þau verða að fiskiverksmiðjum, þar sem menn afla og setja fiskinn í geymslu og sigla svo með hann án þess að gera nokkuð nýtt við þessa afurð hér í landinu eða skapa nokkru verkafólki í sjávarþorpunum vinnu við að fullvinna þessa afurð. Það verður nefnilega á mörgum sviðum að ná saman um þetta stóra verkefni. Þar verður ríkisstjórnin að vera leiðandi. Þar verða sjóðirnir og bankastofnanir að vera í samstarfi. Þar verða aðilar atvinnulífsins að vera ábyrgir. Hvaða glóra er í því að Vinnuveitendasambandið skuli sætta sig við þetta framferði, t.d. í skipasmíðaiðnaðinum? Að þessi iðnaður skuli vera að deyja út á Íslandi. Auðvitað spyr maður sig að því, er það enn rannsóknarvirði? Fá þessir útgerðarmenn sem láta smíða skipin erlendis einhverja þá peninga undir borðið sem hvergi koma fram? Hvers vegna vilja þeir taka þátt í því að erlend fyrirtæki undirbjóði? Hvers vegna vilja þeir standa frammi fyrir því að þeir geta ekki einu sinni látið gera við sín skip í landinu?

Síðan vík ég að öðru. Þá er enginn vafi á því að samdrátturinn í íslenskum landbúnaði á stóran þátt í því atvinnuleysi sem hér hefur ríkt. Menn hafa verið að tala um það að samdrátturinn ráði jafnvel því að 2–3 þúsund manns séu nú atvinnulaus. Þess vegna spyr maður hæstv. forsrh. hvort hann hafi t.d. hugleitt það að allt í einu er hugsun heimsins orðin með öðrum hætti og allt í einu er kannski hugarfar Íslendinga að verða með öðrum hætti gagnvart íslenskum landbúnaði. Menn skilja að þetta er ekki bara vinna sem bændur stunda. Þetta er vinna sem gefur atvinnu í þorpum og bæjum landsins og hér í borginni líka. Markaðir eru að opnast. Við eigum hreint kjöt. Við eigum vistvænar afurðir og við erum að ná þeim árangri að íslenskir bændur eru komnir inn á markaði og þeir eru að fá 200 kr. fyrir sitt kg af kjöti eftir að búið er að vinna það í þessu landi. Þarf ekki núna við þessar aðstæður að velta því fyrir sér hvort eigi að taka á nýjan leik upp útflutningsuppbætur sem íslenskir bændur einir allra í Evrópu hafa verið sviptir, ekki af hæstv. núv. ríkisstjórn. Hvað mundu 300–500 millj. gera? Ef þær kæmu og hjálpuðu mönnum að flytja þessar afurðir út, hvað mundu þær skapa mörg störf í landinu? Hvað mundu þær auðvelda mönnum mikið að ná þeim markmiðum sem þarna liggja í loftinu? Mundu þær ekki auðvelda mönnum að finna þessa vistvænu markaði og fullvinna sig inn á þá, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum?

Það er nefnilega athyglisvert, hæstv. forsrh., þegar við hugsum um það og þar liggja stór mistök, t.d. gagnvart íslenskri garðyrkju. Það er skólabókardæmi fyrir hæstv. forsrh. um það hvernig ekki á að standa að samningum um hagsmuni einnar þjóðar. Hæstv. utanrrh. gerði tvíhliða samning þar sem hann í rauninni fórnaði eða setti í verulega hættu heilan atvinnuveg Íslendinga sem þeir eiga mikla möguleika í eða áttu fyrir vandræða tvíhliða samning. Þar á ég við gróðurhúsin og garðyrkjuna sem var fórnað til þess að þóknast Spáni, Portúgal og fleiri ríkjum. En þá getum við litið til nágrannanna sem eru margfalt öflugri en við, Svíar og Norðmenn. Þeir gerðu enga tvíhliða samninga um þær afurðir sem þeirra fólk vinnur við. Þeir ákváðu að taka inn til sín ýmsar afurðir sem þeir eru ekkert að

framleiða. En við tókum inn á okkur án tolla svo margt sem er framleitt hér. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti hringir bjöllunni og vil ég ekki níðast á tímanum. Ég kveð mér þá fremur aftur hljóðs síðar.

Útbýting þingskjals:

Skráning og mat fasteigna, 400. mál, stjfrv., þskj. 602.

[15:01]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þessar umræður um skýrslu Byggðastofnunar hafa staðið nokkurn tíma nú og verið gagnlegar og að ýmsu leyti ánægjulegar. Auðvitað er það svo að þessar skýrslur eru þess eðlis að það er eðlilegt að umræðan snúst að nokkru leyti um aðra þætti en skýrslurnar beint svo sem almennt atvinnulíf í landinu og þá sérstaklega úti í hinum dreifðu byggðum og ég tel að hér hafi margt athyglisvert verið sagt. Ég hugsaði reyndar aðeins til þess að það segir í lögunum að Byggðastofnun heyri undir forsrh. eins og það er orðað. Það er afskaplega lítið vald sem í þessari setningu felst því að það er nú þannig að samkvæmt lögum um þessa stofnun er stjórnin hinn raunverulegi valdaaðili og kannski væri það eðlilegra þar sem við höfum marga ágæta þingmenn sem eru í stjórn þessarar stofnunar að þeir sætu fyrir svörum fremur en ég um ýmsa þætti í skýrslunum því að þeir eru miklu betur að sér í þeim efnum heldur en ég. Þó að ég gæti spurst fyrir um þessa þætti þá hafa þeir sjálfir vikulega eða svo puttana á þessum atriðum þannig að vel má vera að ég sé að svara hér spurningum sem aðrir í salnum væru mér færari af augljósum ástæðu til að svara.

Það var rætt hér nokkuð um eiginfjárstöðu Byggðastofnunar og nefnt að hún væri í bærilegu lagi. Ég hygg að það megi segja að svo sé og stjórnin á stofnuninni yfirleitt sé reyndar í ágætu lagi. Við getum horft á þessar skýrslur með ánægju hvað það snertir. Auðvitað skiptir miklu máli varðandi eiginfjárstöðuna að 1991 var yfirfært yfir á ríkissjóð beint 1.200 millj. kr. skuld sem auðvitað létti og breytti eiginfjárstöðu Byggðastofnunar. Síðan tel ég að Byggðastofnun hafi með mjög ábyrgum hætti staðið að stjórn sinna mála og ekkert sé í rauninni sérstakt, almennt að því að finna.

Ég er líka sammála hv. þm. sem síðast talaði að umræða um landbúnað hér á landi er nokkuð á annan veg en maður sér annars staðar frá. Hér eru uppi raddir um það að íslenskan landbúnað væri hollast að leggja niður og búa algerlega að afurðum erlendis frá. Ég hygg að það sé ekki svona umræða í nokkru landi. Ég hygg að það sé ekki í nokkru landi umræða um að þjóð eigi ekki að vera sjálfri sér næg í frumþörfum af þessu tagi. Ég vek athygli á því til að mynda í viðræðum um Evrópubandalagið þar sem vinir okkar Finnar hafa sótt þar fast um að ganga inn í Evrópubandalagið. Þeir sjá í því ýmsan ávinning, m.a. í öryggislegu tilliti og efnahagslegu tilliti, en þeir eru mjög fastir á því að láta ekki ganga yfir hagsmuni byggðanna og landbúnaðarins þó að það megi segja að það sé óveruleg efnahagsleg stærð miðað við þann ávinning sem þeir þykjast fá við inngöngu í Evrópubandalagið. Þeir hika ekkert við það og það er vilji í öllum flokkum í Finnlandi að setja þau skilyrði mjög ströng. Það þætti skrýtið núna býst ég við hér á landi. En það segir þá sögu sem ég hef verið að reyna að segja að umræðan um íslenskan landbúnað hefur iðulega verið á villigötum og með mjög sérkennilegum formerkjum af hálfu ýmissa í þessu ágæta landi okkar. Ég get tekið undir orð hv. síðasta ræðumanns um þessi atriði.

Varðandi einstök efnisatriði sem spurt var um efnislega þá spurði hv. 6. þm. Vestf. um 16 millj. kr. sem færð væri sem ábyrgð utan við efnahagsreikning. Ég hef fengið þá skýringu á því að hér sé um að ræða atriði vegna kaupa Árbliks hf. í Garðabæ á birgðum og viðskiptahagsmunum Hildu hf., ullarsölufyrirtækis. Slíkar ábyrgðir væru að jafnaði færðar utan efnahagsreiknings. Ábyrgðin hafi þegar fallið á Byggðastofnun og hafi nú verið gjaldfærð. Þetta eru upplýsingar sem ég aflaði mér eftir að spurningin var lögð fram og hafði ekki hugmynd um svarið meðan á spurningunni stóð að sjálfsögðu.

Þá var spurt um aðrar byggðaáætlanir sem hafa verið gerðar. Þær hafa auðvitað margar verið gerðar, svo sem Vestfjarðaáætlun og fleiri sem menn kannast við. Þessar áætlanir höfðu ekki með sama hætti og nú er að stefnt lagaramma eða lagagildi, hafa sem sagt verið unnar sem viðmiðunaráætlanir eða upplýsingaáætlanir en ekki í sjálfu sér ætlast til að þær væru bindandi varðandi framþróun eða ákvarðanir um stjórnun Byggðastofnunar. Sú byggðaáætlun sem við ræðum hér á eftir er á öðrum grundvelli unnin varðandi atvinnuráðgjafana sem hv. 6. þm. Vestf. spurði um. Svarið er að þeir eru starfandi í öllum kjördæmum. Hv. þm. spurði einnig um fjarvinnslu og hvernig unnið hefði verið að þeim málum. Byggðastofnun hefur reynt að kynna þá þætti eins vel og kostur er, m.a. gefið út upplýsingabækling til kynningar á möguleikum við fjarvinnslu og veitt fjármuni til þessara þátta eins og kom hér fram í svari hv. 4. þm. Norðurl. v. Þetta hygg ég að hafi verið þær spurningar efnislega sem hv. þm. bar fram.

Varðandi spurningar hv. 5. þm. Vestf. um flutning ríkisstofnana, hvort það væri hætt við þau áform sem fólust í niðurstöðu nefndar sem skipuð var til þess að fjalla um þau mál. Það er að sjálfsögðu ekki hætt við þau mál. Formaður þeirrar nefndar hefur eftir að nefndastörfum lauk farið í að kynna þessar hugmyndir víða á fundum með sveitarstjórnarmönnum. Ég sagði á sínum tíma þegar málið var rætt hér að málið kæmi til meðferðar þingsins og ég vona að það verði innan skamms tíma og þá verður þingið að taka afstöðu til þess með hvaða hætti það vill bregðast við þessum hugmyndum. Mér er kunnugt um að það eru ýmis sjónarmið uppi í þeim efnum enda eru þetta mjög vandmeðfarin mál. Við sjáum meira að segja þá úlfúð sem skapast þó jafnvel mjög lítil fyrirtæki, menn hafi hugmynd um það að flytja mjög lítil fyrirtæki út á land héðan, þá sér maður á mjög nýlegum dæmum að það

geti skapað mikla úlfúð og erfiðleika þannig að það er afskaplega mikilvægt eins og hefur komið fram í umræðunum að að slíkum þáttum sé bærilega staðið.

Varðandi flutning Byggðastofnunar til Akureyrar þá er sú hugmynd ein af þeim sem þarna eru nefndar og var reyndar nefnd í hvítbók ríkisstjórnarinnar á sínum tíma. En það er þingsins að taka ákvörðun um það efni enda hefur þingið áður um það fjallað. Örlög þess máls verða að ráðast hér í þinginu.

Það var spurt um það hvort hægt væri að fá skýrslu þá sem nefnd undir forustu Baldurs Guðlaugssonar vann. Ég veit ekki annað en þeir aðilar sem ræddu við fulltrúa þessarar nefndar hafi staðið í þeirri trú að þau samtöl væru trúnaðarmál enda var fjallað af mikilli hreinskilni um stöðu einstakra fyrirtækja. Ég geri því ekki ráð fyrir að ég geti svarað þessari spurningu játandi á þessu stigi en ég skal þó kanna það mál betur og rifja það upp.

Fjórða atriðið sem hv. þm. spurði um var um stöðu og vinnu fulltrúa ráðherra og fulltrúa Byggðastofnunar vegna Vestfjarða. Sú vinna er á lokastigi og hefur jafnframt verið tengd hugmyndum um sameiningu sveitarfélaga og ekki alfarið bundin við Vestfirði eða vandamálin þar. Þó að þau séu fyrirferðarmikil í þessu máli hefur þessi vinna teygst yfir á aðra þætti og er unnin samhliða hugmyndum um sameiningu sveitarfélaga. Ég vænti þess að niðurstaða þeirrar vinnu eigi að geta legið fyrir innan allt of langs tíma.

Hv. 3. þm. Norðurl. v. spurði í upphafi ræðu sinnar hvort þörf væri á byggðastefnu og hvort við værum hér að ræða um eitthvert sérislenskt fyrirbæri. Umræðan um þessi atriði er sameiginleg umræðunni um landbúnaðarmál á Íslandi. Það eru margir sem standa í þeirri trú að byggðamálapólitík sé sérfyrirbæri á Íslandi og sumir telja hana af hinu vonda. Því fer auðvitað fjarri eins og hv. þm. vakti athygli á og sumir hafa gengið mun lengra í þeim efnum heldur en við. Ég held að það eigi að geta verið sæmileg sátt um það að heilbrigð byggðastefna á fullan rétt á sér og hún er verðugt viðfangsefni þjóðþings og fulltrúa hennar. Og ég held að þó að auðvitað megi gagnrýna sitthvað sem gert hefur verið í nafni byggðastefnu og ekki sé það allt kannski eins og best verður á kosið eins og önnur mannanna verk þá megi segja að mjög margt hefur líka verið unnið jákvætt í nafni og í þágu byggðastefnu sem menn geti verið stoltir af að hafa tekið þátt í eins og margir hv. þingmenn í þessum sal hafa vissulega gert. En eins og sá þingmaður sem síðast talaði áréttaði og hafði eiginlega í áskorunarformi þá ættu menn að horfa meira til framtíðar en fortíðar. Þessar skýrslur eru þótt góðar séu hluti af fortíðinni en hér síðar á fundinum vonandi horfum við aðeins til framtíðarinnar þegar við förum að fjalla um þá byggðaáætlun sem stjórn Byggðastofnunar hefur sameiginlega unnið að og er það komin til þingsins.

[15:13]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir svör hans við spurningum mínum. Hvað varðar skýrslu nefndar sem hæstv. ráðherra skipaði undir forustu Baldurs Guðlaugssonar þá kannast ég vel við það að samtöl nefndarmanna við þá sem nefndin hitti fyrir vestan væru skilgreind með þessum hætti og menn ræddu undir þeim formerkjum að samtölin færu ekki út um víðan völl eða a.m.k. ekki á opinberan vettvang. En það var ekki það sem ég var að spyrja um heldur hitt að þessi nefnd hlýtur að hafa skilað af sér einhverri skýrslu sem inniheldur einhverjar tillögur af því að nefndin var skipuð út af tilteknu vandamáli, vandamáli sem var atvinnuástand á norðanverðum Vestfjörðum. Og ég spyr um álitið og tillögurnar hverjar þær eru. Ég veit að menn hafa reynt að fá upplýsingar um þetta en ekki fengið. Mér þætti vænt um það ef hæstv. ráðherra gæti upplýst mig um þetta, annaðhvort með beinum svörum núna eða með því að senda mér og öðrum þingmönnum Vestfirðinga þessa skýrslu.

Það voru forvitnileg svörin við vinnu fulltrúa ráðherra og Byggðastofnunar. Þau voru samt ekki það ljós að maður átti sig á því hvað er í farvatninu og ég spyr hvort hæstv. ráðherra geti ekki upplýst okkur örlítið meira um að hvaða innihald menn eru með í þessum viðræðum og svona í meginatriðum hvaða tillögur muni koma fram.

[15:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki efni til þess að fara að fjalla um þessar væntanlegu tillögur. Það er mjög stutt í þær og ég tel betra að þær sjái dagsins ljós í heild sinni. En varðandi skýrslu þá hina fyrri þá skal ég kanna málið betur. Þetta var eins og þetta stóð í mínum huga og ég skal sjá hvort ég get uppfyllt óskir hv. þm.

[15:15]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir þau svör sem hann gaf. Mér fannst nokkuð athyglisvert að þessar rúmu 16 millj. kr. væru vegna ábyrgða Árbliks í Garðabæ. Það flaug í gegnum huga minn þó ég þekki auðvitað ekkert hvað þar hefur legið að baki, kannski verið mjög gott og þarft verkefni, að þetta virðist þó þegar hafa fallið á Byggðasjóð en á þessum sömu tímum, sl. þrjú ár, hafa aðeins farið 15 millj. kr. til atvinnumála kvenna á landsbyggðinni. (**ÓÞÞ:** Þetta er allt vegna atvinnumála kvenna.) Já, vel má vera eins og ég sagði að þetta sé allt saman réttlætanlegt. En það er stundum gaman að velta fyrir sér tölum, til hvers þær eru og hvaða markmiði þær skila.

Atvinnuráðgjafar í öllum kjördæmum segir hæstv. forsrh. að sé stefnan. Ég vil þá spyrja að því hvort það sé fyrirhugað að það verði áfram. Það hefur verið. Mér er kunnugt um að atvinnuráðgjafanum á Ísafirði hefur verið sagt upp störfum og ég spyr þá hæstv. ráðherra að því hvort það sé þá fyrirhugað að annar verði ráðinn í hans stað eða hvort það starf muni ekki verða til áfram.

[15:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Ég verð nú að viðurkenna, hæstv. forseti, að ég er ekki viss um þetta, ég tel það bara víst. Ég verð þá leiðréttur hér af Byggðastofnunarmönnum ef þetta er

rangt hjá mér, að það verði ráðið í það starf.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, fyrri umr.

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 574.

[15:18]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir tillögu um stefnumótandi áætlun í byggðamálum 1994–1997. Í lögum um Byggðastofnun, nr. 64/1985, með áorðnum breytingum, segir í 8. gr.:

„Byggðastofnun gerir tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn. Ráðherra leggur þá tillögu fyrir Alþingi til afgreiðslu."

Í sömu grein laganna segir að í tillögunni skuli koma fram stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og tengsl hennar við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Í 12. gr. reglugerðar um stofnunina frá 5. febr. 1992 segir að forsrh. skuli kynna stjórn Byggðastofnunar stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og á hvaða atriði lögð skuli áhersla við gerð áætlunarinnar þegar vinna að undirbúningi hennar hefst. Í samræmi við þetta ritaði ég stjórn Byggðastofnunar bréf, dags. 28. febr. 1992, þar sem kynnt eru þau almennu markmið sem ríkisstjórnin leggur áherslu á í byggðamálum og þau atriði sem óskað var að fjallað yrði um í hinni stefnumótandi áætlun í byggðamálum. Afrakstur þeirrar vinnu sem í kjölfar þessa fylgdi getur að líta í ritinu Breyttar áherslur í byggðamálum sem geymir tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum 1994–1997.

Áður en ég vík að efni tillögunnar vil ég í stuttu máli gera grein fyrir hvernig staðið var að undirbúnig hennar. Meginefni bréfsins frá stjórn Byggðastofnunar frá 28. febr. 1992 lýtur að svokölluðum vaxtarsvæðum. Í fyrsta lagi er stofnunin beðin að skilgreina það hugtak á greinargóðan hátt. Forsenda slíkrar skilgreiningar sé að byggðir innan vaxtarsvæða tengist eða geti tengst með traustum og góðum samböndum og myndi eða geti myndað sameiginlegt þjónustu- og atvinnusvæði.

Í öðru lagi komi fram mat stofnunarinnar á því hvaða svæði landsbyggðarinnar teljist vaxtarsvæði samkvæmt þeim skilyrðum sem stofnunin setur og þeim viðmiðunum sem hún telur eðlilegar. Við slíkt mat verði m.a. tekið tillit til búsetuþróunar og breyttra atvinnu- og framleiðsluhátta.

Í þriðja lagi geri stofnunin tillögur um hvernig hægt sé að efla vaxtarsvæðin sérstaklega en meðal forsendna eflingar þeirra sé aukið samræmi í uppbygging og dreifingu opinberrar þjónustu á landsbyggðinni og markviss aðstoð við uppbyggingu atvinnulífsins þar. Að auki er farið fram á að fjallað verði um hvernig örva megi fjárfestingu í atvinnulífi á landsbyggðinni, í flutningi stofnana og verkefnis hins opinbera, faglega þjónustu sveitarfélaganna í landinu, fjárveitingar til byggðamála og að hugmyndir um svæðisbundnar byggðaáætlanir verði útfærðar nánar.

Líkt og fram kemur í bréfinu og áður hefur verið boðað er það meginatriði stefnu ríkisstjórnarinnar í byggðamálum að stuðla að eflingu vaxtarsvæða landsbyggðarinnar, þ.e. samfelldum atvinnu- og þjónustusvæðum sem hafi bolmagn til að koma til móts við kröfur almennings um fjölbreytt atvinnuframboð og nútímalega þjónustu. Stjórn og starfsmenn Byggðastofnunar hafa unnið tillöguna að stefnumótandi áætlun í byggðamálum á grundvelli þessa bréfs. Verkið tók öllu lengri tíma en upphaflega var áformað, m.a. vegna þess að hér er um að ræða fyrstu áætlanir sinnar tegundar og vegna þess að í lögum er kveðið á um að Byggðastofnun hafi samráð við fjölda aðila, stofnana og sveitarfélaga við gerð áætlunarinnar.

Uppkast að þeirri tillögu sem hér er lögð fram var sent til umsagnar vel á annað hundrað aðila í þjóðfélaginu. Þar á meðal voru sveitarstjórnir, héraðsnefndir og búnaðarfélög og aðilar vinnumarkaðarins, bæði á landsvísu og héraðssamtök þar sem þau eru til. Fundir til kynningar drögunum voru haldnir með ýmsum aðilum víða um land. Þá var uppkastið sent til ráðuneyta og fjölmargra opinberra stofnana. Byggðastofnun bárust skriflegar umsagnir frá um 60 aðilum. Þær voru mjög mismunandi en þó var þeim flestum sameiginlegt að hugmyndir um samræmingu og ákvarðanatöku um opinbera þjónustu og framkvæmdir mættust vel fyrir. Helsti ásteytingarsteinninn var hugmynd um landshluta og héraðskjarna en þar voru á lofti tvenns konar sjónarmið. Þótti sumum of langt gegnið að leggja mikla áherslu á fáa kjarna en aðrir voru þeirrar skoðunar að það væri gengið allt of stutt. Þarna kom í ljós að í þjóðfélaginu eru mjög skiptar skoðanir um þessi mál.

Byggðastofnun skilaði forsrh. tillögunni síðla sumars 1993 og ber hún þess glögglega merki að reynt hefur verið að taka tillit til mismunandi sjónarmiða innan stjórnar stofnunarinnar og í þjóðfélaginu almennt. Það er hins vegar fagnaðarefni að samstaða skuli hafa náðst um þá tillögu sem hér er kynnt og vil ég leyfa mér að færa stjórn Byggðastofnunar þakkir fyrir það hvernig hún hefur að málinu unnið en ég tel að mjög vel megi una við þá tillögu þótt auðvitað sé um sumt nokkuð vikið frá áherslum ríkisstjórnarinnar.

Tillagan markar nokkur skil í umræðu um byggðamál. Til þessa hefur almennt verið gengið út frá því að byggðamynstrinu skuli haldið óbreyttu og það skuli vera meginmarkmið aðgerða stjórnvalda. Segja má að fram komi í áætluninni viðurkenning þess að stjórnvöld ein og sér geti ekki ákveðið að koma í veg fyrir breytingar á byggðamynstrinu og að það hvar fólk velur sér búsetu ræðst ekki nema að ákveðnu leyti af vilja stjórnvalda. Því sé hlutverk stjórnvalda ekki það að stríða gegn breytingum heldur miklu frekar að leitast við að hafa jákvæð áhrif á þróunina og samræma hana öðrum markmiðum í efnahags- og atvinnumálum.

Ég tel mikið unnið með því að fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga í stjórn Byggðastofn-

unar skuli hafa sameinast um að nálgast þetta viðfangsefni, mótun nýrrar byggðastefnu, af meiri framsýni en áður hefur verið gert.

Í þeirri till. til þál. sem stjórn Byggðastofnunar hefur samið og hér er mælt fyrir segir að meginmarkmið byggðastefnu séu eftirtalin:

Að treysta byggðina þannig að gæði landsins og aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti.

Að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf og veita þjónustu að kröfum *nútímaþjóðfélags*.

Að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.

Þessi meginmarkmið eru e.t.v. ekki ýkjafrábrugðin þeim markmiðum sem stjórnvöld hafa unnið eftir í byggðamálum hvað það varðar að landinu skuli haldið í byggð þar sem hagkvæmt er að nýta auðlindir þess og að sporna eigi við fólksflutningum frá landsbyggðinni til höfuðborgarsvæðisins. Það er raunar ástæða til að vekja athygli á því að ef litið er á síðasta áratug, frá 1983–1993, þá hefur íbúum fjölgað víðar en á höfuðborgarsvæðinu þó fjölgunin hafi verið mest þar eða 20,1%. Þannig fjölgaði um 10,1% á Suðurnesjum um 3,5% á Suðurlandi og um 2,1% á Norðurlandi eystra. Annars staðar hefur íbúum fækkað, mest á Vestfjörðum um 7,9%, um 4% á Vesturlandi og um 2,5% á Norðurlandi vestra en á Austurlandi hefur íbúafjöldi því sem næst staðið í stað. Þessar breytingar á búsetu endurspegla og haldast í hendur við miklar breytingar á efnahagslegu umhverfi og atvinnulífi landsmanna.

Undanfarna áratugi hefur störfum í landbúnaði fækkað jafnt og þétt en samkvæmt vinnuaflsspá Þjóðhagsstofnunar voru um 5.900 ársverk í landbúnaði á árinu 1993 og hafði þeim fækkað um 2.400 ársverk á 13 árum. Ársverkum í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu, fækkaði um rúmlega 2.000 á sama 13 ára tímabili. Í iðnaði voru ársverk um 26.500 á síðasta ári en í heild voru þau ívið færri á árinu 1993 en þau voru árið 1980 þó nokkurra sveiflna hafi gætt. Þjónusta, einkaþjónusta og opinber þjónusta hefur á hinn bóginn vaxið mikið bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Útlit er fyrir að störfum í landbúnaði muni enn fækka á komandi árum og að í sjávarútvegi muni störfum ekki fjölga svo um muni á næstu árum nema til komi magnaukning í botnfiskveiðum. Þá eru blikur á lofti varðandi iðnaðinn sem stendur í alþjóðlegri samkeppni og það er alveg ljóst að vexti í þjónustugreinum eru takmörk sett og þar gætir víða samdráttar.

Það er ekki síst í ljósi þessa sem mikilvægt er að sérstaklega verði hugað að hvernig skjóta megi frekari stoðum undir atvinnulíf og búsetu á landsbyggðinni. Gild rök hníga að því að afar erfitt sé að stuðla að aukinni fjölbreytni atvinnulífs, fjölbreyttari og betri þjónustu o.s.frv. nema á tiltölulega fáum stöðum á landinu þar sem flestir eigi aðgang að henni. Ég vitna til greinargerðar Byggðastofnunar um Breyttar áherslur í byggðamálum. Þar segir á bls. 57, með leyfi forseta:

„Hugmyndin er sú að sameina kraftana á ákveðnum svæðum sem talið er að hafi betri vaxtarskilyrði en önnur. Þannig eru meiri líkur til þess að hægt sé að snúa vörn í sókn á landsbyggðinni. Þó að það sé æskilegt út frá mörgum sjónarmiðum að efla vöxt á öllum þéttbýlisstöðum landsbyggðarinnar er það markmið einfaldlega utan þess sem hægt er að ná."

Enn segir í greinargerðinni, með leyfi forseta:

„Fjölbreytt atvinnulíf getur ekki þróast á fámennum stöðum jafnvel þó sá atvinnurekstur sem fyrir er gangi vel. Tilvist öflugra þéttbýliskjarna er forsenda fyrir því að unnt sé að virkja margföldunaráhrif fjárfestinga og vaxtar í atvinnulífi á svæðinu og þannig stuðla að eftirsóknarverðu umhverfi fyrir búsetu og fjölbreyttu atvinnulífi."

Það er nýmæli að Alþingi álykti sérstaklega um að efla vaxtarsvæði með þeim hætti sem hér er lagt til. Undir 1. tölul. þáltill. er m.a. fjallað um hvernig efla eigi vaxtarsvæðin. Þar segir að leggja eigi áherslu á samgönguframkvæmdir, m.a. gerð heilsársvega sem þjóna hagsmunum atvinnulífsins og stækka þjónustusvæðin.

Ég vil í þessu sambandi vekja athygli á því sem fram kemur í áliti meiri hluta samgn. þingsins um vegáætlun að útgjöld til samgöngumála hafa vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og voru á árinu 1993 tæpum tveimur milljörðum kr. hærri en á árinu 1990. Í vegáætlun 1993–1996 eru boðaðar mestu framkvæmdir sem ráðist hefur verið í til þessa í samgöngumálum. Þessar framkvæmdir munu víða valda verulegum bótum með stækkun atvinnu- og þjónustusvæða og ég tel að a.m.k. framkvæmdir á borð við þær sem senn verður lokið við á norðanverðum Vestfjörðum muni breyta umtalsvert forsendum byggðar á því svæði. Stofnunin leggur til undir lið 1.b að ný opinber þjónusta sem almenningur þarf að leita til og þjóni heilum landshlutum skuli fyrst fremst vera í helstu þéttbýlisstöðunum eða þar sem hagkvæmt þykir og að stefnt verði að því að draga ekki úr þeirri obinberu þjónustu á vegum ríkisins sem nú er veitt á landsbyggðinni. Þetta tel ég vera skynsamlegt enda sé það meginregla að opinber þjónusta sé staðsett þar sem það er hagkvæmt og heppilegt fyrir þá sem eftir henni leita. Þetta kann vitaskuld að þýða endurskoðun á framkvæmd og staðsetningu þeirrar þjónustu sem veitt er í dag.

Samfara samdrætti í hefðbundnum búgreinum hefur orðið vöxtur í nýjum greinum til sveita, aðallega ferðaþjónustu en einnig í vissum héruðum í skógrækt og landgræðslu. Vonir standa til að framhald geti orðið á þeirri þróun. Það getur þó ekki orðið um land allt og það mun aldrei vega upp á móti samdrættinum sem orðið hefur. Þar sem svo er ástatt kann að vera að skynsamlegt sé að huga að leiðum til að auðvelda bændum að bregða búi. Útfærsla slíkra ráðstafana er þó vandasöm og þær mundu ef í þær væri ráðist þarfnast gaumgæfilegs undirbúnings. En að þessu er vikið í skýrslu Byggðastofnunar.

Í bréfi mínu til Byggðastofnunar með fyrirmæli um gerð hinnar stefnumótandi byggðaáætlunar var farið fram á að stofnunin gerði tillögur um það með hvaða

hætti mætti auka samræmingu á sviði opinberrar þjónustu og framkvæmda. Mörgum finnst að ríkisvaldið komi ekki fram sem einn aðili og að ekki sé gætt nægilega vel að því að framkvæmdir á einu sviði geta haft áhrif á þjónustu sem veitt er. Einkum er um það að ræða að framkvæmdir undangenginna ára til að bæta samgöngur í landinu hafa ekki haft samsvarandi áhrif á það hvar og hvernig þjónustu ríkisvaldið veitir. Það er deginum ljósara að hér er ekki um auðvelt verk að ræða ekki síst vegna þess að litlar skyldur hafa hvílt á ráðuneytunum í þessu efni. Nú ríkja erfiðleikar í þjóðarbúskapnum og fyrirtæki og heimili í landinu hafa þurft að grípa til samdráttaraðgerða og ýtrasta sparnaðar. Því er óhjákvæmilegt að ríkisvaldið hugi að því hvernig hægt er að veita þjónustu á sem hagkvæmastan hátt með tilliti til heildarhagsmuna. Þess vegna tek ég undir þá tillögu að komið verði á formlegum samstarfsvettvangi ráðuneytanna í þessu markmiði. Aukin samræming milli einstakra sviða opinberrar stjórnsýslu er hluti af nútímalegum vinnubrögðum í stjórnsýslunni og forsenda þess að áætlanir í einstökum málaflokkum geti staðist til lengri tíma.

Í athugun er í fjmrh. hvort taka eigi upp fjárlagagerð til lengri tíma en eins árs í senn. Margt bendir til að slíkt sé skynsamlegt og í fullu samræmi við þau markmið sem fram koma í 2. tölul. þáltill. Slíkt starf mun þó ekki skila tilætluðum árangri nema að því tilskildu að nauðsynleg samræming fari fram og eigi sér stað á milli ráðuneyta.

Verði þáltill. þessi samþykkt er nauðsynlegt að ákveða hvaða farvegur verður fundinn fyrir þetta mikilvæga verkefni. Fyrirsjáanlega mun það að miklu leyti gerast með samvinnu milli ráðuneytanna á embættismannastigi og í ríkisstjórn en eðlilegt er að forsrh. fari með skipulagningu samvinnunnar. Í tillögunni leggur Byggðastofnun til að forsrh. leggi fram skýrslu um framkvæmd þessarar áætlunar í byrjun hvers árs. Ekki verður séð í fljótu bragði að það sé nauðsynlegt enda gefst tækifæri til að ræða þau mál við árlega umræðu um byggðamál og við endurskoðun stefnumótandi áætlunar í byggðamálum sem fram á að fara annað hvert ár. Einnig er lagt til að forsrh. skipi nefnd til að endurskoða ákvæði laga um áætlanagerð á vegum ríkisins. Lagaákvæði um hvernig ríksvaldið skipuleggur þjónustu sína til lengri tíma litið eru mjög mismunandi eftir málaflokkum. Ef takast á að ná fram þeirri samræmingu sem hér er gerð tillaga um er nauðsynlegt að samræma ákvæði laga um áætlanagerð þannig að hún falli að þeirri heildarstefnumótun sem hér er kynnt.

Ákvæði um svæðisbundnar byggðaáætlanir voru lögfest árið 1991 og nánari ákvæði um þær eru sett í reglugerð frá 1992. Í tillögu Byggðastofnunar að stefnumótandi byggðaáætlun eru gerðar ítarlegri tillögur um hlutverk þessara áætlana. Lagt er til að þær verði eins og eins konar rammasamningur milli viðkomandi sveitarstjórna og ríkisvaldsins um fyrirkomulag opinberrar þjónustu og framkvæmda auk þess sem þar verði fjallað um atvinnuþróun og aðgerðir ríkis og heimaaðila til eflingar atvinnulífi. Markmið þessa er að sveitarfélögin geti búið við nokkra vissu um áform ríkisvaldsins og tekið mið af þeim.

Þriðji tölul. þáltill. fjallar um valddreifingu frá ríki til sveitarfélaga. Við undirbúning þess átaks til sameiningar sveitarfélaga sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir hefur komið fram skýr vilji ríkisstjórnarinnar til að færa verkefni til sveitarfélaga. Sameiningartillögur umdæmanefnda fengu dræmar viðtökur kjósenda í kosningunum 20. nóv. sl. en þó fara nú víða fram viðræður um sameiningu og margt bendir til að sveitarfélög verði sameinuð allvíða. En sameining þeirra og efling er forsenda þess að verkefnaflutningur geti átt sér stað í umfangsmiklum mæli.

Tilraun sú sem senn verður ráðist í með rekstur reynslusveitarfélaga er þáttur í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að færa vald, ákvarðanir og ábyrgð heim í hérað. Þau markmið sem fram koma undir 4. tölul. tillögunnar, nýsköpun og fjölbreytni í atvinnulífi, falla vel að almennri stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahags- og atvinnumálum. Atvinnulífið í landinu verður að búa við þau skilyrði að það geti skilað arði. Með almennum aðgerðum hefur ríkisstjórninni tekist á kjörtímabilinu að laga rekstrarskilyrði atvinnulífsins verulega með afnámi aðstöðugjaldsins, lágu raungengi, átaki til lækkunar vaxta og skattalækkun. Ég tel mikilvægt að fram komi í tillögunni stuðningur við atvinnuþróun og atvinnuþróunarfélög.

Varðandi tillögu um framlög af fjárlögum til byggðamála, sem fram kemur í töflu aftast í þskj., vil ég undirstrika þann fyrirvara ríkisstjórnarinnar að fjárhæð taki mið af þróun fjárlaga hverju sinni. Vafalaust þarfnast þau áform sem fram koma í töflunni ítarlegrar skoðunar í meðförum þingsins. Til að mynda tel ég nauðsynlegt að færa rök fyrir því hvers vegna fyrirhugað er að auka framlög í afskriftasjóð um 75 millj. á árinu 1997 og vara við því að svo langt verði gengið í áhættusömum lánveitingum Byggðastofnunar til fyrirtækja að framlög til atvinnuþróunarstarfsins verði afgangsstærð.

Gerð stefnumótandi áætlunar í byggðamálum hefur tengst fjölda aðila. Allt frá upphafi þess nefndarstarfs sem lagði grunninn að lagabreytingunni um Byggðastofnun árið 1991 hefur verið reynt að ná til sem flestra í þeim tilgangi að stefna stjórnvalda um þróun byggðar nyti víðtæks stuðnings. Sú áætlun sem hér hefur verið kynnt er ekki áætlun í eiginlegum skilningi heldur er hér fyrst og fremst um almenna markmiðssetningu stjórnvalda að ræða sem á að stuðla að því að styrkja forsendur búsetu á landsbyggðinni og felur í sér ásetning um breytt og samræmd vinnubrögð við ákvörðunartöku er lýtur að uppbyggingu og dreifingu þjónustu hins opinbera.

Í þessari áætlun og þessari framsögu hefur ekki verið rætt sérstaklega um vanda einstakra atvinnugreina, byggðarlaga eða landshluta. Eðli málsins samkvæmt er byggðastefna langtímastefna, byggðin í landinu getur ekki tekið grundvallarbreytingum á stuttum tíma. Það er von mín að jafvíðtæk samstaða náist um afgreiðslu þessarar þáltill. hér í þinginu eins og náðist í stjórn Byggðastofnunar.

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu leyfi ég

mér að leggja til að þáltill. þessari verði vísað til síðari umr. og hv. allshn.

[15:32]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Mér þótti illt að geta ekki verið hér í morgun og tekið þátt í umræðu um skýrslur Byggðastofnunar, því miður var ég upptekinn við önnur störf á vegum Alþingis.

Þá voru ræddar reyndar tvær skýrslur og satt að segja orðið tímabært að ræða byggðamálin hér. Mér hefur þótt það falla niður allt of lengi og satt að segja hefur mér sýnst að hæstv. forsrh. hafi flokkað átak í byggðamálum sem eitt af þessum frægu fortíðarvandamálum. Ég vil því fagna því sem ég heyrði núna áðan að hæstv. forsrh. tekur undir að átak er nauðsynlegt í byggðamálum. Reyndar held ég að hann hefði getað tekið töluvert dýpra í árinni í sambandi við aðrar þjóðir því að staðreyndin er sú að tiltölulega miklu meira fjármagni er varið til byggðamála, t.d. hjá Norðurlöndunum öllum hygg ég, en hjá okkur og jafnvel gífurlega miklu fjármagni hjá Evrópusambandinu eins og við þekkjum af samningum við það. Hér hefur mér þótt að mjög hafi verið skorið við nögl og sú reglugerð sem var sett um Byggðastofnun sýndist mér a.m.k. í upphafi sett til að takmarka mjög hennar frelsi. Þess vegna sé ég ástæðu til að fagna því einnig að hæstv. forsrh. hefur nú gefið undir fótinn með það að draga þar nokkuð úr og t.d. að leyfa Byggðastofnun að verja fjármagni til þátttöku í atvinnufyrirtækjum sem hlutafé. Það tel ég ákaflega mikilvægt. Ekki síst ástæðu til að endurskoða slíkt þegar tekið er tillit til þess að æðimargir sjóðir og jafnvel bankar í landinu hafa farið út á þá braut.

En nú er til umræðu hér till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997. Eins og kom fram hjá hæstv. forsrh. þá er þetta byggt á breytingu sem ég beitti mér fyrir á lögum um Byggðastofnun vorið 1991 og sem var grundvölluð á tillögum nefndar sem var sett upp í þessu skyni. Þar var sem sagt lögð sú lína að Byggðastofnun færi í vaxandi mæli inn á áætlanagerð, m.a. svæðaáætlanir. Ég hlýt einnig að lýsa stuðningi mínum við það sem hér kemur fram og reyndar þykir mér það mikil — ef ég má orða það svo — framför hjá hæstv. forsrh. að hann er nú kominn að áætlanagerðinni sem einu sinni var talið forboðið í anda frjálshyggjunnar. Allt er þetta vissulega batnandi. Engu að síður hlýt ég að segja að það eru nokkur atriði í þessari þáltill. sem mér þykir að þurfi töluvert að herða á jafnvel í meðferð nefndar. Hvað eru vaxtarstaðir? Ég minni á það að línan eða reglurnar fyrir gerð þessarar þál. og byggðaáætlunar var lögð í bréfi hæstv. forsrh. og þar er m.a. lögð áhersla á vaxtarstaði. (**Forsrh.:** Vaxtarsvæði.) Vaxtarsvæði, já það er rétt, takk fyrir, vaxtarsvæði. Nú þetta er náttúrlega eins og í ljós hefur komið nánast útilokað að meta. Einnig má spyrja, því þar hygg ég vísað til þessa sama hugtaks í raun og veru þar sem segir í 3. lið hér „að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf". Hvað er fjölbreytt atvinnulíf? Hvernig fellur t.d. suðurhluti Vestfjarða undir það? Þar er ekki fjölbreytt atvinnulíf. Er það vaxtarsvæði? Engu að síður er það þó svæði á landinu sem hefur líklega fært eins mikið í þjóðarbúið og hver annar landshluti eða hvert annað landsvæði.

Í raun og veru vildi ég gjarnan heyra frá forsrh. hvernig hann lítur á slíkt mál. Þarna má segja að fiskveiðar og þjónusta við fiskveiðar séu nánast eina atvinnugreinin ásamt náttúrlega þjónustu við íbúana sem þar búa. Er þetta fjölbreytt atvinnusvæði? Fellur þetta undir þetta vaxtarsvæði? Ég tel að það eigi að fara afar varlega í slíka skilgreiningu, afar varlega. Ég endurtek aftur að það eru svæði hér á landi sem sannarlega eru ekki fjölbreytt að atvinnuháttum en hafa lagt drjúgan skerf, mjög mikinn skerf til þjóðarbúsins.

Hér mætti vitanlega ýmislegt fleira nefna, tími minn er æðistuttur eins og er við umræður um þál. En ég vildi gjarnan koma því á framfæri við nefndina sem um þetta fjallar að í fyrsta lið d er talað um jaðarsvæði og horft þar til nýtingar náttúruauðlinda og ferðaþjónustu. Ég held að sauðfjárræktin sem er að vísu nefnd í greinargerð með þessari tillögu frá Byggðastofnun sem þriðji möguleikinn hljóti að falla undir nýtingarmöguleika á jaðarsvæðum. En ég vildi gjarnan ræða nokkuð um þar sem segir um áætlanagerðina sem ég fagna hér og þá sérstaklega svæðisbundnar áætlanir sem hæstv. forsrh. kom inn á. Mér finnst allt of losaralega til orða tekið. Hér er talað um að þær skuli vera samstarfsáætlanir viðkomandi svæðis og ríkis. En Byggðastofnun á að verka þar sem eins konar samræmingaraðili. Ég tel að það sé ákaflega mikil þröf fyrir slíkar áætlanir nú af atvinnuástæðum á vissum svæðum þessa lands og þar þurfi að koma til mjög ákveðin og markviss forusta. Ég nefni t.d. svæði eins og Suðurnesin. Þar hefur að vísu tekist að draga nokkuð úr aðsteðjandi vanda með því, við skulum bara orða það svo, að fá fram tveggja ára samning við varnarliðið, ég vil ekki taka dýpra í árinni en það, sem leysir að einhverju leyti þetta aðsteðjandi vandamál. En hver á að hafa forustu um að gera þarna vandlega undirbúna og ítarlega áætlun sem stuðlar að fullri atvinnu sem næst eins og hægt er á þessu svæði þegar varnarliðið dregur enn meira úr sínum umsvifum eða jafnvel fer, sem ég held að hljóti eiginlega að vera hverjum manni ljóst að hlýtur að koma að? Við drögum ekki Bandaríkjamenn hingað nauðuga árum saman. Og þarna eru alveg gífurleg tækifæri til, þarna er fjölbreytt atvinnulíf eða getur þróast. Þarna er Keflavíkurflugvöllur sem er ein mikilvægasta og einhver stærsta fjárfesting í einu ef ég má kalla það atvinnufyrirtæki hér á landi. En þarna þarf mjög mikið fjármagn til að notum komi, mjög mikið fjármagn. Og það verður alls ekki gert með því takmarkaða fjármagni sem atvinnuþróunarfélög fá sem ég vildi gjarnan hafa tíma til að ræða um og geri það þá síðar í umræðu um þetta mál. Því fer víðs fjarri. Það er enginn vafi á því að það þarf að lækka lendingargjöld svo ég nefni eitthvað til að draga að erlenda aðila og fleira sem ég vildi gjarnan rekja. Hver á að hafa forustu um þetta? Hver ætlar að fara af stað nú strax og beita sér fyrir svæðisbundinni áætlun fyrir Suðurnesin?

Sama vil ég reyndar segja um Vestfirðina þar sem liggur við hruni vegna þess að kvótinn hverfur á brott. Hver á að beita sér fyrir því átaki sem tvímælalaust er nauðsynlegt ef byggð á að geta þróast þar á eðlilegan máta og eins og nauðsynlegt er?

Virðulegi forseti. Ég hef aðeins komið að litlu af því sem ég vildi hafa rætt hér en ég reyni að koma víðar við síðar í umræðunni.

[15:41]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun sé mjög jákvætt skref og ýmsar vonir bundnar við að gott muni af því leiða. Hins vegar er það alveg rétt sem hefur komið fram í umræðunni að margt í þessum texta sem hér liggur fyrir er með almennum orðum sagt og ber þess vott að þar er um að ræða málamiðlun milli misjafnra sjónarmiða.

Ég tek undir það sem sagt er í þáltill. að auðvitað er það eitt af meginmarkmiðum byggðastefnu að nýta gæði landsins, en mér hefði fundist að það mætti leggja þyngri áherslu á sumt af því sem ég vék að í umræðunni áðan um skýrslu Byggðastofnunar, þ.e. um jöfnun aðstöðu. Það er lykilatriði að aðstaða fólks sé jöfnuð meira en gert hefur verið og eytt sé þeirri ranglátu mismunun sem á sér stað, t.d. í orkumálum, verðlagsmálum, fjarskiptamálum og á mörgum öðrum sviðum. Um þetta höfum við alþýðubandalagsmenn reyndar flutt margar tillögur, seinast tillögu um jöfnun verðlags.

Eins hefði mátt fjalla hér ítarlegar og setja sér háleitari markmið í sambandi við flutning ríkisstofnana, um stuðning við flutning fyrirtækja út á land, um lánveitingar með lægri vöxtum o.s.frv. Það kemur þarna margt til greina sem ekki er hér minnst á. Ég tel hins vegar það mikilvægasta í þessari tillögu vera það að hér er sett fram það markmið að fjárveitingar til byggðamála séu eitthvað hækkaðar. Þar hefði þurft að ganga miklu lengra en hér er gerð tillaga um, en þó er hér viðleitni í rétta átt. Það segir beinlínis í þáltill. að framlög á fjárlögum verði á árinu 1995 300 millj. alls. Það er töluverð framför frá því sem nú er þegar Byggðastofnun fær 185 millj. kr. á fjárlögum. Reyndar er hér sagt að Byggðastofnun eigi að fá 200 millj. á árinu 1994 og veit ég ekki alveg hvernig ætlunin er að standa að því að bæta þar við sem á vantar. En kannski er eitt það jákvæðasta að menn setja sér það markmið að auka framlög til Byggðastofnunar allverulega og þá er bara að sjá til þess að standa við þau fyrirheit.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. forsrh. að það dróst nokkuð að frá þessu plaggi væri gengið af hálfu Byggðastofnunar og það er ekkert leyndarmál að ein helsta ástæðan til þess, eins og reyndar hæstv. forsrh.ýjaði að, var deila um að hve miklu leyti ætti að leggja áherslu á svokölluð vaxtarsvæði í þessari byggðaáætlun. Það hafði komið fram, eins og hæstv. forsrh. rakti áðan, ósk um það af hálfu forsrn. að í þáltill. og drögum að stefnumótandi byggðaáætlun yrði meginatriðið svokölluð vaxtarsvæði. Það yrði gerð tillaga um skilgreiningu þessa hugtaks og lagðar fram tillögur um eflingu sérstakra vaxtarsvæða.

Ég ætla að viðurkenna það hér mjög fúslega að ég var í hópi þeirra sem voru ekkert mjög hrifnir af þessari áherslu forsrn. Ég taldi hana ekki markvissa heldur miklu fremur yfirborðslega, fannst þetta vera eins og eitthvert tískuhugtak sem menn væru að leggja áherslu á en vissu ekki almennilega hvað stæði á bak við. Auk þess kom mér verulega á óvart að hæstv. forsrh., sem um leið er formaður Sjálfstfl., skyldi leggja svo mikla áherslu á það að Byggðastofnun færi að ákveða fyrir fram og fram í tímann hvaða svæði ættu sérstaklega að vaxa og hver ekki. Ég hélt að þetta gæti varla verið í neinu samræmi við pólitískar hugmyndir forsrh. vegna þess að auðvitað felst í þessu býsna mikil miðstýringarárátta. Það er verið að segja það að ákveðin svæði hafi greinilega meiri skilyrði til að vaxa og dafna og því eigi að leggja áherslu á þau. Menn að gefa sér með ákveðnum lykilforsendum einhverjar skilgreiningar á því hver séu vaxtarsvæði og hver séu ekki vaxtarsvæði heldur jaðarsvæði eða eitthvað allt annað og síðan er áherslan lögð á þessi svæði.

Ég tel að svona vinnubrögð séu hættuleg. Ég get nefnt fjöldamörg dæmi um það, bæði úr mínu kjördæmi og víða annars staðar af landinu, að litlir staðir sem kannski voru ekki með nema 200–300 íbúa fyrir 30 árum þegar ég var að byrja mitt pólitíska starf hafi dafnað og vaxið miklu hraðar og örar en aftur stórir staðir sem kannski hafa verið með 2–3 þúsund íbúa. Í þessu sambandi gæti ég nefnt mörg dæmi. Ég gæti t.d. nefnt Hvammstanga sem var lítill staður fyrir 30 árum, virtist ekki hafa mikla vaxtarmöguleika og hefði alveg örugglega verið dæmur úr leik samkvæmt svona fyrir fram skilgreiningum og ekki átt að fá neina sérstaka áherslu. Þessi staður hefur dafnað ákaflega vel á liðnum 30 árum og vaxið örar en ég vil segja flestir aðrir staðir á Norðurlandi. Ég vil ekki segja að hann hafi vaxið hraðast. Það má sjálfsagt finna dæmi um enn meiri hraða en þetta dæmi er tekið um stað sem dafnað hefur mjög vel.

Þannig er þetta. Það er afar hæpið að ætla að segja eitthvað um það fram í tímann, kannski áratugi fram í tímann hvaða staðir hafi meiri vaxtarmöguleika en aðrir eða vera með stimpilinn á lofti og segja: Þetta er fyrsta flokks staður, þetta er annars flokks staður og þetta er þriðja flokks staður og hann á ekki að fá neinn stuðning. Þetta er ekki hugmyndafræði sem er mér að skapi. Ég lagðist því mjög eindregið gegn því að þessi hugmynd, þetta tískuorð „vaxtarsvæði" væri haft með í tillögunni en féllst að lokum á þá málamiðlun að það mætti nefna það á einum stað innan sviga. Það er gert hér í tölul. 1 eins og menn þekkja en hefur bersýnilega ekki ýkjamikla merkingu. Ég tel að hinir ýmsu þéttbýlisstaðir á landinu verði sjálfir að fá að sanna hvaða möguleika þeir hafa og það sé ekki í samræmi við nútímalega hugsun að ætla að dæma um það fyrir fram hverjir hafa helst vaxtarmöguleika og hverjir ekki.

[15:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. forsrh. sagði áðan

hefur þessari umræðu verið skipt nokkuð í tvennt og fyrst reynt að skoða skýrslurnar eins og þær liggja fyrir og söguna og síðan horft til framtíðar.

Ég vil nú taka undir það sem hv. þm. Ragnar Arnalds sagði áðan um vaxtarsvæði. Ég minnist þess að þegar ég sá fyrstu drög að þessari skýrslu töldum við kvennalistakonur, sem skoðuðum skýrsluna eins og hún leit út þá, að einmitt væri ekki hægt að segja um fyrir fram hvar vaxtarsvæði ættu að vera. Eins og hv. þm. er kunnugt á Kvennalistann engan fulltrúa í stjórn Byggðastofnunar og hefur þar af leiðandi ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á þessa tillögumótun. En við fjölluðum um hana og sendum stutta umsögn um það hvernig okkur litist á hana eins og hún leit út fyrir ári síðan og vildum þá í upphafi taka fram að við vorum efnislega sammála þeim áhersluatriðum sem var unnið út frá sem snertu það að setja fram slíka stefnumótandi byggðaáætlun. Við nefndum jafnvel vaxtarsvæði í þeirri skýrslu þó við gagnrýndum jafnframt að þau væru skilgreind að fullu eins og þar var gert.

Við teljum að þessi skilgreining sé mjög umdeilanleg og eigi ekki við rök að styðjast og teljum það m.a. varhugavert að binda skilgreiningu á héraðskjarna við ákveðinn fjölda íbúa eins og þeir eru dag. Það hafa aðrir þættir áhrif, svo sem íbúaþróun síðustu ára og atvinnuástand á staðnum hlýtur líka að hafa ákveðið vægi. Og af því að hv. þm. Ragnar Arnalds nefndi áðan Hvammstanga sem merki um það að enginn hefði getað séð fyrir hvort væri vaxtarsvæði, þá dettur mér annar staður í hug, þ.e. Flúðir. Ég man eftir því að fyrir allmörgum árum kom ég þangað og hefði þá ekki dottið í hug að Flúðir yrðu að því vaxtarsvæði sem síðan hefur orðið og þannig getum við áreiðanlega rakið fleiri dæmi.

Það var einnig nefnt a.m.k. í fyrstu drögum um þessa tillögu að Hólmavík væri ekki vaxtarsvæði en nú vill svo til að Hólmavík hefur verið sá staður þar sem íbúaþróun hefur verið örust á Vestfjörðum. Það er því ýmislegt svona sem ekki er hægt að sjá fyrir og setja inn í ákveðinn ramma.

Það má líka nefna þá vinnu sem nú er verið að vinna í sambandi við sameiningu sveitarfélaga því að þótt sveitarfélög hafi kannski ekki verið sameinuð eins og margir áttu von á í þeim kosningum sem fóru fram í haust, þá er þó verið að ræða sameininguna og útlit fyrir að það starf muni skila sér sem unnið var við að undirbúa þær kosningar. Þær umræður eru í gangi og við sameiningu sveitarfélaga munu auðvitað skapast ný vaxtarsvæði.

Eitt finnst mér athyglisvert í þáltill. sem ég vil gagnrýna. Í fyrsta lið b stendur: „Ný opinber þjónusta sem almenningur þarf að leita til og þjóna skal heilum landshlutum skal fyrst og fremst vera í stærstu þéttbýlisstöðunum eða þar sem hagkvæmt þykir.“ Mér finnst þetta ákvæði stangast á við stefnu ríkisstjórnarinnar, ef hún ætlar að standa við þá stefnu að flytja ríkisstofnanir út á land því með því að flytja ríkisstofnanir og þjónustu við almenning, opinbera þjónustu, frá Reykjavík er verið að flytja hana til minni svæða og þar á hún að þjóna því svæði og öllu landinu jafnframt um leið. Ég tel þessa grein um að opinber þjónusta þurfi fyrst og fremst að vera í stærstu þéttbýlisstöðunum alls ekki raunhæfa því að auðvitað er alveg eins hægt að þjóna landinu og stóru svæði frá minni þéttbýlisstöðum og frá þeim stærstu.

Það kom fram í máli hæstv. forsrh. áðan að þó að Byggðastofnun hafi látið vinna byggðaáætlanir fyrir ýmis svæði undanfarin ár, þá hafa þær byggðaáætlanir ekki verið lagðar fram sem stefnumótandi og samþykktar af þinginu. Það er því breyting núna að leggja fram till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlanir og ég tel það vera af hinu góða að það sé gert. Það má líka nefna að fyrir ýmsar ríkisstofnanir hafa verið gerðar áætlanir. Það má nefna vegáætlun, hafnaáætlun, flugmálaáætlun og það er hreint ekki óeðlilegt að sett sé fram þál. um byggðaáætlun.

Það má kannski gagnrýna það að hún sé aðeins til þriggja ára því að 1994 er byrjað og hún á að ná til ársins 1997. Það er frekar stuttur tími til að setja fram áætlun og ég hafði haldið að hún mætti ná yfir lengra tímabil en þetta er fyrsti vísir að þessu og kannski breytist það þannig að hægt verði að setja sér markmið til lengri tíma sem ég held að sé alveg nauðsynlegt, ekki hvað síst í byggðamálum.

Í d-lið eru nefnd jaðarsvæði. Þar verði einkum horft til nýtingar náttúruauðlinda og ferðaþjónustu. Á jaðarsvæðum er einnig oftastnær byggt eitthvað á sauðfjárrækt. Sá atvinnuvegur á mjög undir högg að sækja og það fólk sem hefur hingað til lifað af þeirri atvinnugrein lifir í dag undir fátæktarmörkum. Því miður geta mjög margir bændur ekki lengur lifað af búum sínum og lifa undir fátæktarmörkum. Við vitum að það er mjög mikil gerjun, eins og við höfum sagt hér, í kringum þennan atvinnuveg, ekki hvað síst í sambandi við innflutningsmálin. Ég ætla reyndar ekki að gera þau að umtalsefni. Það hefur verið gert svo oft. En það verður að taka á því hvernig á að fara með þessa stétt að öðru leyti þannig að hún geti lifað. Mér sýnist að það gæti að einhverju leyti komið meira inn í stefnumótandi byggðaáætlun hvernig á að fara með þá sétt sem eru bændur þessa lands.

Virðulegi forseti. Ég sé að tími minn er búinn að þessu sinni og verð að hlíta því.

[15:58]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er ánægjuefni að byggðamál skuli rædd í dag á Alþingi og oft búið að kalla eftir því að umræða fari fram bæði um þær skýrslur sem óræddar voru frá árunum 1991 og 1992 sem og almennt um byggðamálin. Hér liggur fyrir till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir fjögurra ára tímabil þannig að samkvæmt dagskrá er hægt að fara vítt yfir sviðið. Ég ætla í mínum ræðutíma að minnast á nokkra þætti og koma fram fáeinum ábendingum að því er varðar þá tillögu sem hér er til umræðu.

Um baksvið þessa máls mætti margt segja. Ég hef fyrr hér á Alþingi komið að þessum málum og vil leyfa mér aðeins að vísa til þess að á síðasta áratug flutti ég ítrekað ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni till. til þál. um nýja byggðastefnu og valddreif-

ingu til héraða og sveitarfélaga eins og við nefndum það. T.d. var á þinginu 1986, 109. löggjafarþingi, 39. mál þess þings og var nokkuð mikið að vöxtum með fylgiskjölum og gögnum sem dregin voru saman til stuðnings þeirri stefnumótun sem þar var lögð áhersla á. Ýmislegt af því gengur aftur í þessari tillögu hér og það er út af fyrir sig ánægjuefni nær áratug síðar að þær áherslur eru að sumu leyti komnar hér fram. Þar voru vissulega klassískir þættir í þessari umræðu eins og meiri valddreifing, flytja verkefni og ákvarðanir heim í héruð til lýðræðislega kjörinna stjórna, héraðsstjórna, sem ég hef lengi barist fyrir og reynt að vinna fylgi að landið fengi millistig í stjórnsýslunni vegna þess að ég hef ekki litið svo til að það væri auðvelt að búa sveitarfélögin í stakk til þess sem nægilega stórar einingar til að taka við þeim þáttum frá ríkisvaldinu sem æskilegt er að þau sinni úti í landshlutunum. Þarna var að finna áherslur um aukna ráðgjöf í atvinnulífi og stofnun nýrra fyrirtækja og framleiðsluþátta og margt, margt fleira sem ég ætla hér ekki að rekja.

Á sama ári flutti ég sem brtt. við frv. til laga um sveitarstjórnarmálefni tillögu um að nýr kafli kæmi þar inn um héraðsstjórnir þar sem var að finna þetta margumtalað millistig í stjórnsýslunni, fylki eða héruð. Ekki hlaut það framgang við þessa lagasetningu sem kunnugt er en ég bendi á þessa brtt. sem var flutt 1986 því að hún er eina þingmálið sem mér er kunnugt um þar sem reynt var að fella í heildstæðan lagaramma hugmyndina um að skipta landinu í slík héruð eða fylki og dregið upp hvernig þeim skyldi háttað, stjórnun þeirra og kjöri til héraðsstjórnanna. Þarna voru nefndir margir þættir sem rétt væri að færa hið fyrsta frá ríkinu til héraða, stórir málaflokkar sem sumir hafa sáralítið hreyfst út í héruðin. Þó að á sumum sviðum hafi verið vísir að því að flytja út þjónustuþætti og einstök mál sem eru á vettvangi ríkisins þá vantar þetta í stórum málasviðum. Ég leyfi mér að nefna hér húsnæðismálin, tryggingamál, skipulagsmál. Hugmyndir eru vissulega uppi um það með frumvörpum sem við höfum séð á fyrri þingum með breytingu á skipulagslöggjöf, að efla skipulagsstarfsemi úti í héruðum, og heilbrigðismálin sem er nú alveg skelfilegt til að vita hvernig haldið hefur verið á að þessu leyti þar sem við höfum haft ráðuneytið í Reykjavík og sáralitla svæðisbundna stjórn og enga marktæka áætlunargerð og því miður er niðurstaða í þessum málaflokki til marks um það að ekki hefur gengið sem skyldi. Þarna hefur verið ráðstafað fjármagni af opinberri hálfu, mjög tilviljanakennt til mikils ófarnaðar og svo koma menn upp með tillögur um það sem við ræddum fyrr á þessu þingi um það að slá þessa þætti meira og minna af úti í landshlutunum bara svona í einu vetfangi, skilja hálft landið eftir án sérhæfðrar sjúkrahússþjónustu og annað þess háttar sem eru náttúrlega vinnubrögð sem að mínu mati eru ekki boðleg fyrir Alþingi og ekki fyrir þau stjórnvöld sem þau bera fram.

Ég sakna þess úr þessari tillögu, svo að ég snúi mér að efni hennar, og enn frekar úr þessu bakplaggi sem er um breyttar áherslur í byggðamálum að þar er engin viðleitni til þess að lýsa inn í þá geysilega miklu breytingu sem við stöndum frammi fyrir í íslensku efnahagslífi og sem reynir auðvitað ekki síður á landsbyggðina, raunar enn frekar en á höfuðborgarsvæðið sem er samningurinn stóri sem gekk í gildi hér um áramótin, samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði. Þar er aðeins minnst á það mál í tengslum við landbúnað lítillega og GATT í leiðinni en að öðru leyti eru því máli alls engin skil gerð og ekki reynt neitt að draga upp þær gerbreyttu aðstæður á fjölmörgum málasviðum sem fylgja í kjölfar samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Menn eru hér að leggja fram stefnumótandi áætlun í byggðamálum án þess að koma á nokkurn hátt að því stóra máli. Þetta er eitt af því sem ég sem andstæðingur þessa samnings hef haft afar þungar áhyggjur af að fyrst svo fór að hann var samþykktur hér á Alþingi þá verða menn auðvitað að taka á honum stóra sínum til þess að mæta þessum breyttu aðstæðum og það m.a. á sviði byggðamála, atvinnumála um allt land því að hér stöndum við frammi fyrir alveg óþekktum viðfangsefnum og afar harðnandi samkeppni á öllum sviðum og þeim aðstæðum að búast má við að búið sé að opna landið sjálft til sölu fyrir útlendinga til jafns við Íslendinga án þess að komið verði við nokkrum vörnum enda verður þeim ekki við komið samkvæmt ákvæðum samningsins sem leiðir eitt yfir alla á hinu samningsbundna Evrópska efnahagssvæði.

Virðulegi forseti. Þetta er ein vöntunin. Ég sakna þess líka að það skuli ekki vera tekið á skipulagsmálunum, að það skuli ekki vera reynt að tengja skipulagsvinnu, svæðisbundnar skipulagsáætlanir, ekki bara hagrænar áætlanir eða byggðaáætlanir í hefðbundnum stíl við þetta heldur það sem skiptir öllu máli að fella þetta í skipulagið, landrænu og auðvitað um leið hagrænu inn í áætlanir sem fái staðfestingu og samþykki jafnhliða því sem þær síðan verða reglubundið endurskoðaðar þannig að þetta séu plögg sem raunverulega fái þá umræðu sem þau verðskulda.

Ég tel að margt hér í greinargerðinni þyrfti að gera athugasemdir við. Tíminn leyfir það ekki, virðulegur forseti, en ég vil nefna sérstaklega fyrstu greinarnar. Hér er talað um að nýta auðlindir og gæði landsins með hagkvæmum hætti. Það er hvergi minnst á það að ganga um umhverfi landsins og þessar auðlindir með þeirri varfærni sem skylt er og það er ekki á réttum stað og ég mun flytja brtt. við síðari umræðu málsins sem tekur á þessu efni. Ég tel líka að inn í stefnumarkandi inngang þessarar samþykktar þurfi að koma orðalag eitthvað á þá leið að tryggja að sem mestur jöfnuður náist í opinberri þjónustu og verðlagningu á orku, fjarskiptum og öðrum sambærilegum undirstöðuþáttum er varða afkomu fólks um land allt.

[16:08]

Árni R. Árnason:

Virðulegi forseti. Ég vil fagna því máli sem hér liggur fyrir til umræðu. Mér virðist ef ég skil rétt að hér sé með nýjum hætti tekið á afstöðu okkar til byggðamála til tryggingar og eflingar byggða um landið, til tryggingar og eflingar byggða sem dreifðar eru en liggja vel til hagkvæmrar nýtingar á auðlindum og

náttúru. Að mínum skilningi snýst byggðastefnan því um málefni atvinnulífs á þessum slóðum, um nýsköpun og þróun viðskiptahugmynda, um staðsetningu opinberrar þjónustu, um aðgengi að henni, um opinberar framkvæmdir og ekki síst um samgöngur og samgöngubætur.

Umræða um byggðamál hér á landi hefur gjarnan verið svo að landinu er skipt í tvo hluta og þeim nánast lýst sem um væri að ræða tvo heima, landsbyggðin og höfuðborgarsvæðið, höfuðborgarsvæðið og landsbyggðin. Og þessi umræða hefur borið þess merki jafnframt að þegar aðrir málaflokkar eru ræddir eða þeirra málefni í ljósi byggðastefnu eða í ljósi tilhneigingar í byggðamálum, að þessi tvískipting lands og þjóðar er í hugum þeirra sem ræða. Frá tveimur sjónarhornum hef ég komist að þeirri niðurstöðu að forðast beri þennan skilning og þessa framsetningu á viðfangsefnum byggðamála og að forðast að hann ráði mótun og framkvæmd byggðastefnu. Fyrri ástæða mín er sú að þessi hugsun og skilningur á stöðu landshluta hvers gagnvart öðrum hefur alla burði til að undirstrika um of samkeppni á milli þeirra. Hann magnar togstreitu milli landsbyggðar og byggðarlaga og gerir lítið úr öllu því sem við íbúar þeirra eigum sameiginlegt en það hins vegar er miklu meira og fleira. En ekki aðeins það heldur líka þessir sömu hagsmunir sem fengist er við á sviði byggðamála. Þeir hagsmunir sem þar er tekið á undir merkjum byggðastefnu eru sameiginlegir hagsmunir okkar. Slæmt atvinnuástand er ekki einangrað viðfangsefni Reykjavíkur, Ólafsfjarðar né Grindavíkur. Það er sameiginlegt viðfangsefni okkar allra. Það er merki um að ástand í atvinnumálum á Íslandi öllu er ekki nægjanlega gott. Störf eru ekki í boði handa öllum vinnufúsum höndum. Mér sýnist að of oft hafi viðbrögð okkar og lausn við slíkum vanda í einu byggðarlagi verið á kostnað annars en vandinn þess vegna verið færður á milli jafnvel þegar um er að ræða kaup fiskiskipa eða einhverra ámóta atvinnutækja í krafti fyrirgreiðslu úr sameiginlegum sjóðum okkar. Og hann fer þá til þess að leysa vanda eins á kostnað annars.

Önnur ástæða mín fyrir því að forðast beri fyrrnefndan skilning á byggðamálum er sú að hann einfaldar um of viðfangsefnin. Ég fyrir mitt leyti bý í landshluta sem er hvorki innan höfuðborgarsvæðisins né á landsbyggðinni í þeim skilningi sem viðhafður hefur verið. Það á við um stóran hluta Reykjaneskjördæmis og einkum um Suðurnes. Um skeið var atvinnufyrirtækjum þar ekki veitt fyrirgreiðsla sem önnur nutu vegna þess hvar þau voru stödd. Síðar fékkst því breytt og þau hafa nú um árabil setið við sama borð um fjármagn og fjármögnunarmöguleikar atvinnutækja þeirra til sjávar og lands eru þeir sömu og annarra. En fyrst eftir þá leiðréttingu var viðhöfð ámóta mismunun við kaup skipa með aflaheimildum milli landshluta og þannig stóð um árabil. Afleiðingin varð sú að sjávaútvegur í öðrum landshlutum fékk visst forskot, fyrra tímabilið til að byggja upp skip og vinnslustöðvar og hið síðara til að byggja upp eignarhald á aflaheimildum. Það er virðingarvert og mikilvægt að síðan hefur þessi mismunun verið leiðrétt en forskotið hefur hins vegar ekki verið unnið upp og verður ekki við núverandi aðstæður í sjávarútvegi, hvorki vegna ástands helstu fiskstofna né vegna núverandi fiskveiðistjórnarkerfis sem líklegt er að festist í sessi.

Ég hef verið þeirrar skoðunar og er enn að þeim sameiginlegu fjármunum sem við verjum í þágu byggðastefnu hefði að undanförnu mátt verja með öðrum hætti en gert hefur verið. Fremur en auka á skuldabyrði atvinnutækja og fyrirtækja með lánum til viðbótar eðlilegri fyrirgreiðslu annarra en banka, annarra framkvæmdasjóða, annarra fjárfestingarsjóða tel ég að heppilegra hefði verið frá upphafi að veita styrki vegna óhagræðis sem mátti rekja til staðsetningar. Að meginstofni hefði mátt verja fjármunum í þágu byggðastefnu til að flýta samgöngubótum og að styrkja þær samgöngubætur sem án þess hefðu ekki verið framkvæmdar. Samgöngubætur vinna upp stærstan hlut af óhagræði fyrirtækja vegna staðsetningar.

Það er einnig mikilvægt að samgöngubætur innan héraðs, innan landshluta og milli landshluta koma líka til góða fólki og fjölskyldum ásamt fyrirtækjum. Ferðir og flutningar af hráefnum, aðföngum og afurðum á þjónustu, vinnuafli verða greiðari og ódýrari, þjónustan verður aðgengilegri þó að fjarlægðirnar sjálfar minnki ekki.

Ég hef þá vitneskju og reynslu að þegar Reykjanebrautin var lögð varanlegu slitlagi, nýr þjóðvegur, sannkölluð hraðbraut á þeim tíma, þá breytti það mjög möguleikum ekki aðeins einstaklinga á Suðurnesjum heldur atvinnulífs til viðskipta. Viðskipti milli Suðurnesja og höfuðborgarsvæðisins stórjukust og hafa smám saman haldið áfram að aukast. Ég er sannfærður um að það sama verður ofan á með bættum samgöngum milli annarra landshluta, ekki aðeins milli landshluta heldur byggðarlaga. Þannig tel ég að það sem er verið að gera á Vestfjörðum muni skapa sambærileg skilyrði fyrir umbótum og aukinni hagkvæmni í rekstri fyrirtækja, í rekstri opinberrar þjónustu og til að bæta opinbera þjónustu við einstaklinga og fyrirtæki á Vestfjörðum og mun skila þeim árangri eftir tiltölulega fá ár. Það skiptir hins vegar miklu máli, því að samhengi byggðamála eins og við ræðum það gjarnan er atvinnumál, að ný stefna leiði til þess að við dreifum þjónustustöðvum um landið. Við þekkjum það öll sem höfum alist upp úti á landi að þar er einhæfni atvinnulífs viss hemill í vegi framfara. Störf eru tiltölulega fábreytt og fyrir fólk sem hefur aflað sér nokkurrar menntunar er fátt í boði til að nýta hana sem best. Þar er einkum um að ræða kennslustörf og það eru margir kennararnir sem voru menntaðir til annars en að kenna. Ég tel þess vegna mikilvægt að í þessu samhengi verði staðsetning opinberra stofnana yfirleitt tekin til sérstakrar athugunar með tilliti til þess að dreifa þjónustunni, dreifa þeim störfum sem í boði eru. Ekki aðeins hjá þeim stofnunum sem þjóna eingöngu svæðisbundnum hlutverkum heldur einnig þeim sem þjóna landinu öllu á einhverju tilteknu sviði. Ég tel það skipta máli fyrir okkur að við tökum á þessu efni með nokkurri einbeitni og náum öllu meiri árangri en við

höfum talað um um alllangan tíma, líklega allt frá því að við tókum upp hugtakið byggðastefna.

Ég tel þó að við þurfum að fara með nokkurri gát sem varði hagkvæmni og sparnað í opinberri þjónustu. Ég tel að við náum ekki miklum sparnaði í henni með því að fækka einhliða svæðisskrifstofum ef það orð má nú nota um stofnanir eins og sýslumenn og aðrar. Ég tel að við náum ekki einhliða mikilli hagkvæmni eða sparnaði í opinberri þjónustu með því að fækka þeim á fjölmennustu stöðunum og ekki tel ég heldur að við náum með því fram nægilegum fjárhagslegum styrk til að halda þeim úti í hinum fámennari. Ég tel í raun og veru að við verðum að horfa á það viðfangsefni út frá sjónarmiðum byggðastefnu og nota fjármuni sem til þess eru ætlaðir.

Virðulegi forseti. Ég vil að endingu taka undir málið sem hér er flutt. Ég leyfi mér að vona að við náum góðum tökum á því, það er nýtt viðfangsefni. Hér eru á ferðinni ný vinnubrögð til þess að taka upp stefnu til langframa og koma fram nýjum og breyttum vinnubrögðum.

[16:17]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu er vafalaust vel meint og gerð af góðum hug en út af fyrir sig bjargar hún sem slík ekki miklu. Það skiptir máli hvernig fjármagni er varið á hverjum tíma og hversu miklu fjármagni er varið á hverjum tíma. Það er það sem gildir, ekki það hvað sett er á blað. Og hæstv. ríkisstjórn hefur ekki meðhöndlað byggðamál með þeim hætti að maður geti leyft sér að vera reglulega bjartsýnn um framgang byggðamála nú alveg á næstunni.

Það er kannski eðlilegt að maður spyrji sig til hvers byggðastefna sé. Ég vil orða það svo að hún eigi að vera til þess að jafna lífsafstöðu þegnanna. Það er líka hægt að spyrja hvort það sé þörf á henni. Ég tel að það sé alveg tvímælalaust vegna þjóðarbúskaparins, nýtingar landsins og auðlinda þess og eins er rétt að hafa það í huga að búferlaflutningar kosta feikna mikið fé í fjárfestingum þar sem fólkið sest að og þar fyrir utan getur stefnt í hreinan voða vegna þess hvernig atvinnuástand er nú ef mikil byggðaröskun á sér stað.

Rétt er að spyrja sig einnig hvernig tekist hafi á undanförnum árum. Ég tel að það hafi tekist allvel og mjög vel á stundum og það væri áreiðanlega öðruvísi um að litast á Íslandi ef upp úr 1970 hefði ekki verið hafist handa um markvissa byggðastefnu. Það hafa verið hæðir og lægðir í þessu eða öldudalir og öldutoppar en það er enginn vafi á því að þeir sem hafa unnið að byggðamálum hafa náð verulegum árangri á mörgum sviðum og fyrir það megum við vera þakklát.

Fyrst og fremst hefur verið sinnt þróunarverkefnum og nýsköpun með einum eða öðrum hætti og það er allt gott um það. En eins og ástandið er orðið núna þá held ég að það sé allra mest um vert að reyna að verja það sem fyrir er. Framleiðsluatvinnuvegirnir eru undirstaða byggðar á landsbyggðinni, bæði til sjávar og sveita. Við búum við mikla skerðingu fiskveiðiheimilda og miklar hömlur í sjávarútvegi og að sjálfsögðu kemur það niður á þessum framleiðslubyggðarlögum. Ég er nú persónulega vonlítill um að sjávarútvegurinn eða þorskstofninn rétti við með núverandi fiskveiðistjórn, þ.e. að takmarka aflann, og þær friðunaraðgerðir sem núna eru eru fyrst og fremst að takmarka tonnatöluna. Það eina sem dugir til þess að byggja upp þorskstofn hér við land aftur er að friða hrygningarþorskinn og þó að menn dragi enn meira úr en veiði vertíðarþorskinn, þá hef ég enga von um það að það takist að byggja stofninn upp aftur.

Landbúnaðurinn er í afar mikilli kreppu. Hann er undirstaða byggðar og í raun réttlæting byggðar í mörgum byggðarlögum þessa lands. Sérstaklega er illa kreppt að sauðfjárræktinni. Hún er eina kjötframleiðslugreinin sem býr við framleiðslutakmarkanir og það hefur tekist mjög illa til og þessar framleiðslustakmarkanir hafa komið mjög hart niður á sauðfjárræktinni. Framleiðslutakmarkanirnar hafa orsaka það að meðan ein greinin er í hafti en hinar frjálsar, þá hafa þær aukið sína markaðshlutdeild á kostnað dilkakjötsframleiðslunnar. Búvörulögin voru að sjálfsögðu sett af góðum hug á sínum tíma en þrátt fyrir það að ég vissi að þau voru sett af góðum hug, þá treysti ég mér ekki til þess að styðja þau á þeim tíma vegna þess að ég sá fram á hvernig þróunin mundi verða. Og sá búvörusamningur sem var gerður á síðasta kjörtímabili hefur líka sína galla.

Ég veit ekki hvort menn gera sér grein fyrir því hversu gífurleg framleiðsluskerðing hefur átt sér stað í sauðfjárræktinni. Þar sem var 400 ærgilda bú, og þá er ég að tala um sauðfjárræktarsvæði, verðlagsárin 1989–1990, þá er það nú í haust 288,6 ærgildi sem framleiða má í staðinn fyrir 400 og næsta haust verða þessi 400 ærgildi komin niður í 261,9 ærgildi. Þetta segir náttúrlega sína sögu að skerða svona um 34,5% en laun bóndans hafa lækkað á þessu tímabili um hvorki meira né minna en 43,4%. Bændur á þessum svæðum eru að sjálfsögðu að éta upp eignir sínar. Ekki nóg með að jarðirnar séu í kyrrstöðu og mannvirkin illa nýtt og lítið nýtt og ekki hægt að halda þeim við. Menn eru bókstaflega að éta upp það litla sem þeir eiga og þegar það er búið blasir ekkert annað en gjaldþrot við. Og það er tómt mál að tala um byggð í stórum héruðum ef sauðfjárrækt leggst af.

Innanlandsmarkaðurinn er of lítill til þess að taka við bæði dilkakjötinu og hinni stórauknu framleiðslu af hvíta kjötinu og nautakjöti. Menn tala gjarnan um það að framleiðslutakmarkanirnar í nautgriparæktinni hafi tekist, þ.e. það er jafnvægi í mjólkurframleiðslunni eða svo gott sem. En hvernig er þetta jafnvægi fengið? Það er fengið með því að gefa kálfunum umframmjólk og þar með búa til kjöt úr umframmjólkinni og þrengja enn á kjötmarkaðnum. Og nú er reyndar komið svo að það stefnir í hrein vandræði með nautakjötsframleiðsluna. Eina leiðin til þess að komast út úr þessum vandræðum er sú að flytja út eitthvað af kjöti. Fyrir nokkrum árum lögðum við af útflutningsbætur vegna þess að þá fékkst áfkaflega lítið fyrir dilkakjötið. Það hefur breyst. Dálítið fæst fyrir það núna og það er alls ekki orðið vonlaust verk að flytja út dilkakjöt og það sem við verðum að snúa okkur að er að taka upp út-

flutningbætur aftur í einhverjum mæli til þess að treysta byggðina, til þess að yfirleitt að sauðfjárræktin eigi nokkra framtíð fyrir sér. Og ef sauðfjárræktin er látin hrynja svona eins og hún hefur gert á undanförnum árum, þá er tómt mál að vera að tala um byggðastefnu.

[16:25]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst að þessi till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun á árunum 1994–1997 sé almennt tal og frómar óskir en lítið sem hægt er að sjá í henni sem skuldbindur eða sýnir virkilega að á bak við þessar frómu óskir og almenna tal séu fyrirætlanir um að láta verkin tala. Ég vísa til þess að með þáltill. er tafla þar sem gefið er til kynna hvaða fjárframlög eigi að vera til Byggðastofnunar og til atvinnumála á landsbyggðinni á næstu árum. Þar er um að ræða sömu upphæðina öll árin. Það virðist ekki vera hugmyndin að gera neitt átak í atvinnumálum, t.d. í iðnaði. Það er mjög lág upphæð sem iðnrn. er t.d. með undir liðnum Iðnarráðueytið, iðnaður á landsbyggðinni.

Það kom fram í skýrslu sem iðnrn. lét gera í fyrra að Íslendingar leggja til almenns iðnaðar minna en allir aðrir sem keppa við okkur á mörkuðunum í kring. Og ég er alveg sannfærður um að ef við snúum ekki af þeirri braut og förum að leggja fjármuni í iðnaðinn til þess að styrkja grunninn undir iðnaðarframleiðslunni, þá munum við ekki hafa nein atvinnutækifæri á Íslandi í iðnaði. Það þarf enginn að vera svo bláeygður og bjartsýnn að halda að það sé eitthvað það til í iðnaðarframleiðslu sem er ódýrara að framleiða á Íslandi en annars staðar. Og ef menn ekki standa sig með svipuðum hætti og annars staðar, þá erum við fyrir neðan strikið og hvar annars staðar?

Í þessari skýrslu sem ég nefndi áðan kemur í ljós að þjóðirnar sem hafa t.d. verið með okkur í EFTA síðustu 20 árin leggja verulega peninga til almenns iðnaðar. Það hefur verið farið yfir þessar tölur í þinginu. Svo að ég nefni dæmi, þá man ég ekki betur en Norðmenn settu 140 eða 150 þús. á hvert einasta ársstarf í almennum iðnaði, en við setjum 8 þús. kr. og af því eru 4 þús. kr. í formi ábyrgða. Það sér því hver maður að við þurfum að taka þarna á hlutunum.

Það stendur hér í fyrstu setningunni: „Að treysta byggðina þannig að gæði landsins að aðrar auðlindir til lands og sjávar verði nýttar með hagkvæmum hætti.“

Ég vil meina það að stjórnkerfi fiskveiðanna verði til þess að þetta markmið náist ekki. Ég tel að þær sjávarbyggðir sem eru til vegna fiskimiðanna í nágrenninu líði nú fyrir stjórnkerfi fiskveiðanna og ef menn snúi ekki af þeirri braut, þá muni þetta markmið sem hér er sett fram reynast haldlaust og ónýtt. Ætli menn að standa við það sem þarna stendur, þá verði menn að gera breytingu á.

Það er talað um að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega. Ég sé hvergi í raunveruleikanum í þessari áætlun neitt sem bendir til þess að þetta markmið geti náðst. Það er fróm ósk að þessi þróun snúist við, en ég get ekki séð í þessari þáltill. að þar sé á eftir rekið með þeim hætti að menn megi búast við árangri.

Það er talað um að leggja áherslu á samgönguframkvæmdir, m.a. gerð heilsársvegar sem þjóni hagsmunum atvinnulífsins og stækki þjónustusvæðin. Þetta er ágætismarkmið en ég tel að fram að þessu hafi verið teknar ákvarðanir með þetta markmið í huga og út af fyrir sig sé þetta ekki neitt nýtt. Svo stendur hér að stefnt sé að því að draga ekki úr þeirri opinberu þjónustu á vegum ríkisins sem nú er veitt á landsbyggðinni. Þá spyr ég: Hvað vorum við að ræða hér í vetur þegar við vorum að ræða um sýslumannsembættin? Hvað var þar að gerast? Þar voru hugmyndir um að draga úr og minnka þjónustu við fólkið á landsbyggðinni. Hvað var að gerast þegar menn ræddu hér tillögu um breytingu á sjúkrahúsmálunum? Það var verið að tala um að draga saman þjónustu á landsbyggðinni. Og hvað hefur gerst í kjölfarið á því að Bifreiðaskoðun Íslands var einkavædd? Það hefur verið dregin verulega saman þjónusta við fólkið á landsbyggðinni. Svona eru frómar óskir, kannski ágætar en markmiðin nást ekki nema menn láti aðgerðirnar fylgja á eftir og standi við orðin.

Hér eru nefndar tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Ég get tekið undir að það er full ástæða til að skoða ýmsar hugmyndir í því. Hér er svo stuttur tími til nota að maður getur ekki nefnt mikið af því. En ég vil þó nefna að ég tel að það eigi að skoða það að flytja Hafnamálastofnun frá ríkinu til sveitarfélaganna. Ef ekki þá eigi að sameina Hafnamálastofnun Vegagerðinni. Þar eru á ferðinni álíka verkefni. Að leggja vegi og byggja brýr og byggja hafnir er ekki mjög ólík starfsemi og mætti vel skoða þá hluti.

Í 4. lið þáltill. er talað um að atvinnulífinu í landinu verði búin þau skilyrði að fyrirtækin geti skilað arði. Þetta eru aldeilis markmið sem allir geta skrifað upp á, en þarna er líka mikið í fang færst að setja það fram sem markmið þáltill. að fyrirtækin í landinu eins og þau leggja sig eigi að skila arði. Og því miður held ég að það sé ekki mjög margt sem bendir til þess að sá tími sé að koma. (**StG:** Mætti ekki spara sér mörg orð ef þetta yrði gert?) Ég er hræddur um það, hv. 4. þm. Norðurl. v., að það væri hægt að spara sér mörg orð, enda hef ég ekki tíma fyrir fleiri.

[16:33]

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Í framsöguræðu hæstv. forsrh. kom fram hvernig þessi tillaga er unnin og hvaða starf hefur legið að baki því verki. Ég vil aðeins ítreka það að það starf var býsna viðamikið, enda er hér um að ræða frumvinnu í áætlanagerð af þessu tagi sem hlaut að taka tíma að koma saman og ná sátt um. Ég tel að það sé afar mikilvægt að um þessa tillögu, eins og hún var samin í stjórn Byggðastofnunar, tókst pólitísk samstaða þeirra aðila sem þar eiga sæti. Og þó ég heyri að hér séu ýmsir hv. þm. þeirra flokka sem sæti eiga í stjórn Byggðastofnunar að finna ýmislegt að þessari tillögu, þá lít ég svo til að það sé meira að marka þá sem tekið hafa þátt í þessari vinnu og kynnt sér þessi mál

niður í kjölinn og miklu betur en ýmsa aðra sem hér hafa talað.

Ég get tekið undir það sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði áðan að hér væri verið að setja á blað ýmis góð fyrirheit sem mundu ekki út af fyrir sig ein sér bjarga neinu í byggðamálum. Það mun alltaf verða svo að það sem sett er á blað mun ekki bjarga neinu þegar til kastanna kemur ef ekki fylgja aðgerðir. Ef ekki er í því fólgin stefnumótun sem ætlunin er að sigla eftir. Ætlunin var sú að hér væri sett á blað stefnumótun og hvað sem orðunum líður, þá er það stefnan sem á að hafa gildi fyrir stjórnvöld að sigla eftir á komandi árum.

Í tillögugreininni, þó að hún sé einar þrjár blaðsíður, þá er býsna viðamiklu efni komið fyrir í tiltölulega fáum orðum. Augljóst er að í slíkri tillögugrein verður ekki allt saman skýrt eins og sumir vilja hafa það, en útskýringar eru gríðarlega miklar og ítarlegar í greinargerðinni sem fylgir tillögunni í þeirri bók sem fylgir þskj. Sú greinargerð var að stofni til unnin af starfsmönnum Byggðastofnunar en henni var mjög mikið breytt og í rauninni var hún algerlega endursamin af stjórn Byggðastofnunar og stjórn Byggðastofnunar ber sameiginlega ábyrgð á henni.

Ég vil vekja á því athygli að í þessu plaggi eru ýmis nýmæli. Þar á meðal að gert er ráð fyrir því að efla svokölluð atvinnu- og þjónustusvæði. Þetta á að gera með því m.a. að bæta samgöngur þannig að atvinnusvæðin geti stækkað, að þjónustusvæðin geti stækkað, að samgöngur verði þannig að íbúar á hverju svæði geti sótt þjónustu sem sé sem líkust því sem gerist annars staðar á landinu, jafnvel þar sem hún er best. Það verður þó að viðurkenna að seint verður þjónusta í öllum greinum í strjálbýli í landinu jafnítarleg og hún er í aðalþéttbýli landsins. Með því að atvinnu- og þjónustusvæðin stækki og eflist er gert ráð fyrir því að aukin fjölbreytni geti orðið í atvinnulífinu og myndi þann stofn sem á að verða til þess að halda uppi lífskjörum fólksins.

Ég held að ekki þurfi að fara hér orðum um það sem borið hefur nokkuð á í umræðunni að nokkuð hefur verið horfið að því að fastbinda þetta með slíkum hætti og sumir höfðu kannski gert sér í hugarlund með svokölluðum vaxtarsvæðum. Ég vil aðeins taka undir það að það er ekki hægt að gera því skóna með fastbundnum áætlunum hvernig byggð þróast í landinu á næstu árum og áratugum og eru nóg dæmi um það sem ég ætla ekki að taka tíma til að rekja hér. En það vakti athygli mína að þeir hv. þm. Alþb. sem hér hafa talað til viðbótar við einn af stjórnarmönnum stofnunarinnar, hv. 3. þm. Norðurl. v., töluðu þannig að hér væri mjög losaralega tekið á málum. Þetta væru frómar óskir, sagði hv. 3. þm. Vesturl., og sumpart falleg orð en lítið meira. Hv. 4. þm. Austurl. talaði um að þetta væri svo losaralega gert að það hefði þurft að fella þessa áætlun í fastmótað skipulag, rígbundið og fastmótað skipulag bæði í hagrænum efnum og í landfræðilegum efnum. Þetta er alveg þvert gegn því sem stjórnarmaður þessa hv. stjórnmálaflokks hefur starfað í Byggðastofnun að undirbúningi þessarar tillögu. Ég hlýt því að undrast það þegar málflutningur þessara hv. þm. stangast svo gersamlega á sem hér hefur komið fram í þessari umræðu.

Um framkvæmd þessara mála þarf vitaskuld að hafa mikið samstarf ekki síst við sveitarfélögin í landinu. Í tillögunni er gert ráð fyrir því að flytja í auknum mæli verkefni til sveitarfélaganna og efla þar þjónustu, en þjónustustarfsemi hefur vaxið meira en nokkur önnur starfsemi í landinu á undanförnum árum og áratugum. Það þarf að gera eins og segir í tillögunni og greinargerð með tillögunni og byggjast á því að sveitarfélögin geti tekið við aukinni starfsemi, annað tveggja með sameiningu eða með samningsbundnu samstarfi. Nú hefur sameining verði felld í mjög mörgum sveitarfélögum víðs vegar um land en það lokar ekki fyrir þá leið sem bent er á í þessari tillögu að hægt sé að taka við auknum verkefnum með samningsbundnu samstarfi sveitarfélaganna. Ég lít svo til að það sé nauðsynlegt til þess að sveitarfélögin geti tekið við auknum verkefnum og hægt sé að flytja meira af þjónustu hins opinbera til sveitarfélaganna í landinu og þar með nær fólkinu en nú tíðkast.

Það var vikið að flutningi ríkisstofnana í umræðu í morgun. Við orðum það svo í okkar tillögu að við viljum flytja starfsemi ríkisstofnana í auknum mæli út á landsbyggðina. Það hafa sumar ríkisstofnanir gert með góðum árangri, m.a. sú stofnun sem hér er til umræðu, þ.e. Byggðastofnun, en það þarf ekki að þýða að það starfsemin sé flutt í einu lagi og í heild á einhvern tiltekinn stað á landinu enda mun það í fæstum tilvikum leiða til þess að það sé auðveldara fyrir fólkið á landsbyggðinni að njóta þjónustu þessara stofnana.

[16:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst hv. 2. þm. Norðurl. v. vera viðkvæmur fyrir orðum okkar alþýðubandalagsmanna. Það sem ég sagði og vil leiðrétta er að mér fyndist að það færi ekki saman orð og gerðir í þessari tillögu því að þó að það séu höfð svona falleg orð um framtíðina í tillögunni og hvaða hugmyndir menn hafi um hana þá er tillaga um fjármuni til þessara mála þannig að þar er raunverulega verið að festa í sessi þann mikla samdrátt sem búinn er að vera á fjárframlögum til þessara mála. Það er verið að lýsa því yfir að það eigi að hafa nákvæmlega jafnstórar fjárhæðir í þessu skyni eins og búið er að skera þessi mál niður í í dag og það er það sem ég var að koma hér á framfæri og þess vegna tók ég svona til orða.

Ég held að það þurfi út af fyrir sig ekki að snúa neitt út úr því. Ég held að þetta hljóti að vera alveg skiljanlegt.

[16:43]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er auðvitað ekkert viðkvæmur fyrir orðum þeirra hv. þm. Alþb. Þeir mega haga orðum sínum eins og þeim þóknast fyrir mér. Ég vakti hins vegar athygli á því að tveir hv. þm. flokksins hafa talað hér alveg þvert gegn þeim meginsjónarmiðum sem sá þingmaður flokksins sem sæti á í stjórn Byggðastofnunar hélt uppi og af býsna mikilli röggsemi og af

býsna mörgum rökum þegar var verið að semja þessa tillögu.

Um það að hér væri verið að festa þá fjármuni sem nú eru þá er það ekki alls kostar rétt. Það er gert ráð fyrir því að fjármunir fari vaxandi en með hliðsjón af því ástandi sem er almennt í þjóðfélaginu hjá hinu opinbera þá sættist stjórn Byggðastofnunar í heild á þær tölur sem settar eru á blað og fylgja ályktartillögunni sjálfri þannig að að því standa fulltrúar allra þeirra flokka sem eiga sæti í stjórn Byggðastofnunar.

[16:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki mjög nákvæmlega hvað samkomulagið er yfirgripsmikið sem hefur verið á milli manna í stjórn Byggðastofnunar. Það er kannski svona álíka samkomulag eins og í landbn. þessa dagana, ég veit ekkert um það. Hins vegar get ég komið því alveg til skila að við höfum fullan rétt á því að láta okkar sjónarmið koma hér fram og ég kannast ekki við það að hv. þm. Ragnar Arnalds hafi lýst yfir einhverri sérstakri skoðun eða ánægju með þessar upphæðir sem koma fram í þessu plaggi. Ég hlustaði grannt á mál hans og ég gat ekki betur heyrt en hann orðaði það svo að það mætti svona gefa mönnum svolítið jákvætt fyrir að að ætla þó að láta þessar fjárveitingar síga pínulítið upp. Ég man ekki orðalagið. Það var einhver meining í þessa áttina sem hann var að koma hér á framfæri en ekki því ...(**PJ:** Stíga.) stíga já, pínulítið upp, en ekki því að hann væri ánægður með þessa niðurstöðu og því trúi ég reyndar ekki vegna þess að ég hef hlustað á þann hv. þm. halda ræður um þessi mál þar sem hann hefur látið það koma fram að hann hafi miklar áhyggjur af þeirri þróun sem hefur orðið núna síðustu árin sem lýsir sér í því að það eru verulega miklu, miklu minni peningar til þess að ráðstafa í þessu skyni sem hér er verið að ræða um í dag.

[16:46]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Vitaskuld er það svo, bæði með hv. 3. þm. Norðurl. v. og okkur aðra í Byggðastofnun að gjarnan vildum við hafa meira fé á milli handa og leggja til meira fé til þessarar starfsemi á komandi árum heldur en gert er í tillögunni. Þetta var hins vegar niðurstaða okkar og að henni stöndum við.

Ég tók eftir því í máli hv. ræðumanns að hann virtist ekki hafa tekið eftir því að í sumum tilvikum rennur fé til byggðamála eftir öðrum leiðum. Svo er t.d. til iðnaðarins sem hann talaði um í sinni ræðu. En hvað sem því líður þá er auðvitað um það gríðarlegt viðfangsefni að ræða í þessum málaflokki að lengi væri pláss fyrir fé. Það er hins vegar ljóst að þær tölur sem þarna eru á blaði eru niðurstaða stjórnarinnar, það sem við treystum okkur til að leggja til á þessu stigi. Að því stóð stjórn stofnunarinnar öll. Ég er horfinn úr þessari stjórn og á ekki von á því að neitt hafi breyst þar síðan ég hvarf úr stjórn Byggðastofnunar.

[16:47]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun. Er það nýmæli í sögu þingsins að um slíka áætlun sé rætt í þinginu og kemur til af því að lögum um Byggðastofnun var breytt á síðasta kjörtímabili og álít ég að það sé til bóta eða hef ekki trú á öðru alla vega. Alla vega hlýtur umræða um byggðamál að vera af hinu góða en óneitanlega spyr maður sig: Hvað svo? Hvað gerist svo í framhaldi af því að áætlun sem þessi hefur verið samþykkt? Má búast við einhverjum aðgerðum? Það er náttúrlega það sem skiptir máli.

Það er búið að fara yfir það hvernig þetta varð til og með bréfi forsrh. til Byggðastofnunar um áherslur er komið inn á eflingu vaxtarsvæða á landsbyggðinni. Ég vil láta það koma fram að í sjálfu sér styð ég það að það séu ákveðin svæði sem við horfum til sem sérstakra vaxtarsvæða. Og ég held að það sé bara einfaldlega þannig með aukinni menntun þjóðarinnar og með aukinni kröfu um þjónustu þá verðum við landsbyggðarmenn að átta okkur á því að við verðum að koma okkur saman um að það séu ákveðin svæði sem við getum talað um sem vaxtarsvæði. Þá er ég að hugsa um það fyrst og fremst að á þau svæði muni fólk flytja innan viðkomandi landshluta frekar en að flytja til höfuðborgarsvæðisins og það finnst mér mikilvægt.

En hins vegar get ég ekki fallist á það að ef verið er að gerbreyta þannig starfsemi Byggðastofnunar að hún geti ekki lengur styrkt og stutt atvinnulíf á svokölluðum jaðarsvæðum. Mér finnst að það sé of róttækt og það finnst mér ekki hægt að fallast á.

Ég vil nefna að þannig er með mitt kjördæmi, Norðurl. e., að það er kannski hægt að segja að það sé smækkuð mynd af þjóðfélaginu því að þar höfum við tiltölulega stóran bæ á íslenskan mælikvarða, Akureyri, og síðan höfum við mjög dreifðar byggðir og sérstaklega þá í Norður-Þingeyjarsýslu sem hefur átt í vök að verjast á undanförnum árum. Maður varð dálítið var við það fyrir svo sem einum áratug að það var ákveðin spenna innan kjördæmisins milli norðursýslunnar og Akureyrar, fólki fannst allt vera þar í blóma en aftur á móti erfiðleikar í Norður-Þingeyjarsýslu. Nú er það þannig að þetta hefur bókstaflega snúist við. Í Norður-Þingeyjarsýslu er tiltölulega gott atvinnuástand og það kemur til í og með út af því að það hefur verið mikil drift í sjávarútvegi og þar hefur verið ákveðið frumkvæði í gangi hvað snertir sjávarútveg, bæði Rússafisk og eins veiðar í Smugunnni, sem er svo sem umdeilt mál og ég ætla ekki að fara frekar út í hér, en hefur alla vega veitt þessu svæði mjög mikilvæga atvinnu. En ég ætla líka að geta þess að Byggðastofnun hefur svo sannarlega komið þar að málum með myndarlegri aðstoð við fiskeldisfyrirtæki í Öxarfirði, Silfurstjörnuna, og það ber að þakka það.

Nú hugsa ég með mér þegar ég sá í dagblöðum í sumar fréttir af áherslum ríkisstjórnarinnar varðandi vaxtarsvæði að Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið hlyti að vera alveg dæmigert vaxtarsvæði. Síðan gerist það í

sumar í júlímánuði að hæstv. ríkisstjórn kemur sér saman um átak eða sérstök framlög ríkissjóðs til atvinnuskapandi aðgerða og hvergi var nú atvinnuleysið meira þá en einmitt á Akureyri en Akureyri fékk ekkert af því fjármagni. Það var milljarður sem var til ráðstöfunar og það fannst mér ekki vera vel í samræmi við áður tilkynnta stefnu. Og fleira mætti nefna sem manni finnst að stangist á við þetta og stenst ég ekki að minnast á þá ákvörðun sem tekin var hér með fjárlögum að veita 20 millj. kr. til Vestmannaeyja, til rannsóknastarfs þar á sviði sjávarútvegs sem er þvert ofan í ályktun Alþingis um að Akureyri skuli sérstaklega efld sem miðstöðu rannsókna og fræðslustarfsemi. Þetta verður því að haldast í hendur, hæstv. forseti, að mínu mati og það þarf að vera samræmi í aðgerðum. En það er kannski eins og hv. 5. þm. Austurl. sagði hér á dögunum í umræðum um fiskveiðistjórnunina að stefna væri eitt og gerðir væru annað.

Mig langar til að koma aðeins inn á annað atriði í ályktun ríkisstjórnarinnar sem er undir 5. lið og þar stendur, með leyfi forseta:

„Óskað er eftir því að Byggðastofnun setji í tillögunni fram hugmyndir hvernig hægt sé að örva fjárfestingu í atvinnulífi á landsbyggðinni, sem og varðandi tilflutning stofnana og verkefna hins opinbera til vaxtarsvæða."

Og þarna er ég einmitt alveg sammála að ef verið er að tala um það að flytja stofnanir út á land þá finnst mér að þær eigi að fara til þessara vaxtarsvæða.

Mér finnst eins og Byggðastofnun hafi ekki gert óskaplega mikið með þessa áherslu hjá hæstv. forsrh. Hann skipaði reyndar nefnd á síðasta ári sem vann tillögur að því að flytja ríkisstofnanir út á land. Ég sat í þessari nefnd og tók starf mitt mjög alvarlega þar og sá ekki betur en allir gerðu það. En í því skipunarbréfi sem hæstv. forsrh. gaf út var einmitt komið inn á það að nefndin skyldi í starfi sínu, með leyfi forseta:

„Nefndin skal í starfi sínu hafa samráð við þá aðila sem málið varðar og búa yfir sérþekkingu er að verkefni hennar lýtur. Er sérstaklega bent á ráðuneytið og Byggðastofnun í því sambandi."

Um það er það að segja að Byggðastofnun er algjörlega á móti því að flytja stofnanir út á land. Ég held að það sé alveg ljóst. Ég sé það að tími minn er alveg að verða búinn en ég vil í lok máls míns spyrja hæstv. forsrh. að því hvort honum var ekki full alvara með þessari nefndaskipun. Ég minnist orða hans þegar við héldum blaðamannafund til að skila af okkur þá sagði hann að nú reyndi á það hvort ríkisstofnanir yrðu fluttar út á land eða ekki. En ég bíð eftir því að verkin tali.

[16:56]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurna þingmannsins um þetta efni þá hefur það komið fram fyrr við umræðurnar í morgun. Þá svaraði ég því til að auðvitað væri full alvara á bak við þessa tillögugerð og ég vænti þess að málið megi koma fyrir Alþingi fljótlega.

[16:56]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er þetta „mjög fljótlega" hjá hæstv. ríkisstjórn sem við eigum dálítið erfitt með að átta okkur á hvað þýðir. Nú fer að styttast í það að þessu þingi ljúki. A.m.k. fer að styttast í það að það verði síðustu forvöð að leggja fram mál og ég vil þá spyrja hæstv. forsrh.: Er búið að samþykkja tillögurnar í ríkisstjórn og eru málin kannski hjá stjórnarþingflokkunum? Er það þar sem er einhver fyrirstaða?

[16:57]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, málið er ekki hjá þingflokkunum. Það er enn í meðferð hjá ríkisstjórninni.

[16:57]

Steingrímur Hermannsson:

Herra forseti. Ég var þar í ræðu minni áðan að ég ræddi um svæðisbundnar áætlanir og ég lýsti því að ég taldi að í greininni eins og hún er orðuð væri ekki nægilega fast á því máli tekið. Ég nefndi sem dæmi staði eins og Vestfirðina, suðurhluta þeirra alveg sérstaklega, og Suðurnesin. Það sem ég vildi segja til viðbótar um þetta er að ég tel að svona svæðisbundnar áætlanir séu ákaflega mikilvægar og ég tel að það verði ákveðinn aðili að hafa forustu um að til slíkra áætlanagerða verði gripið þegar ljóst er að horfir til vandræða í atvinnumálum. Og ég er þeirrar skoðunar að það eigi Byggðastofnun að gera. Ég tel að Byggðastofnun sé sú stofnun sem langbest yfirlit hafi yfir byggðaþróun. Ég treysti því að hún geri það og hún var a.m.k. með mjög ítarlega starfsemi á því sviði og þá eigi hún að vara stjórnvöld við og hún eigi að leggja grundvöllinn að því að slíkar svæðisbundnar áætlanir verði gerðar.

Ég er því alveg sammála að þetta eigi að gerast í samráði við viðkomandi sveitarfélög en þarna vantar finnst mér að undirstrika betur forustuna á þessu sviði.

Það sem segir um áætlanagerð almennt á vegum hinna ýmsu ráðuneyta vil ég styðja, ég styð það eindregið, en vek athygli á því að um þetta hefur oft verið talað og reyndar var talað um menn sem væru að gera áætlun til nokkurra ára um fjárlög og það held ég að væri afar skynsamlegt en því miður hefur þetta ekki tekist.

Hér hefur komið fram að sumum þykir ekki nægilega að gert með þessari tillögu og ég get út af fyrir sig tekið undir það þó að ég telji hana vera spor í rétta átt. Hér hefur verið minnst nokkuð á fjárveitingar til Byggðastofnunar. Ég vek athygli á því að samkvæmt skýrslu Byggðastofnunar fyrir árið 1992 var fjárveiting til Byggðastofnunar aukin allverulega á árunum 1989, 1990 og 1991 og þá var reyndar samkvæmt ákvörðun fyrri ríkisstjórnar veittar 1.200 millj. til að bæta eiginfjárstöðu Byggðastofnunar en síðan hefur dregið úr fjárveitingum og dró þegar úr þeim á árinu 1992 og ég skildi svo einn af stjórnarmönnum Byggðastofnunar hér áðan að fjárveiting til Byggðastofnunar væri 185 millj. nú. í skýrslunni segir 200 millj. í ár og það væri fróðlegt að fá það upplýst hvernig það verð-

ur lagfært. Það er rétt og ber að fagna því að í þessari tillögu er gert ráð fyrir að auka síðan fjárveitingu til Byggðastofnunar í 300 millj. En ég vek athygli á því að það dregur um leið úr fjárveitingu annars staðar, sérstaklega hjá Framleiðnisjóði landbúnaðarins. Þannig að heildarfjármagn, eins og það er þarna í tillögunni talið vera til byggðamála, á að vera óbreytt, 525 millj.

Ég tel að atvinnuástandið víða um land sé svo alvarlegt að þarna þurfi að gera betur. Og mér finnst allt of lítið fjármagn sem ráðgert er til nýsköpunar í atvinnulífinu, ef ég má telja það fjármagn sem atvinnuþróunarfélögin eiga að fá undir þeim lið. Þar er um að ræða, ef ég man rétt, 30 millj. á ári og rekstrarfé aðrar 30 millj. En þessu er skipt yfir landið allt og þetta er dropi í hafið þar sem reglulega þarf að taka á til að aðstoða menn við að koma nýjum fyrirtækjum á fót með fjármagni sem ekki kostar okurvexti eða veðsetningar sem einstaklingar ráða ekki við. Þarna held ég að þyrfti að bæta verulega úr.

Ég viðurkenni að það er mikið spor í þá átt ef forsrh. framkvæmdir það sem hann nefndi áðan og ég efast ekki um að hann gerir það, að létta af Byggðastofnun því ákvæði að hún megi ekki leggja fjármagn í hlutafé. Þarna gæti Byggðastofnun komið inn. Þetta tel ég vera mjög mikilvægt, að Byggðastofnun sé þannig gert kleift að styðja nýsköpun í atvinnulífinu.

Ég vil svo að lokum taka það fram að ég tel að Byggðastofnun eigi að vera mjög sjálfstæð stofnun og ég tel að hún eigi ekki að vera miðstýrð úr ráðuneyti. Mér þykir það einum of áberandi með þeim tilskipunum eða með þeim fyrirmælum sem t.d. lágu til grundvallar þessari áætlunargerð. Þótt ég viðurkenni að það þurfi að vera samræmi á milli áætlana Byggðastofnunar og hugmynda ríkisvaldsins, þá held ég að það þurfi að fara mjög varlega þar. Staðreyndin er vitanlega sú að það gerast mjög fljótt hlutir í byggðamálum, stór vandræði rísa þegar einstök fyrirtæki, sem eru burðarás í viðkomandi byggðarlagi, lenda í erfiðleikum. Þá hefur Byggðastofnun hvað eftir annað þurft að hlaupa undir bagga með mjög litlum fyrirvara og það á Byggðastofnun að hafa leyfi til að gera.

Að lokum, út af því sem hér hefur verið rætt, að flytja Byggðastofnun til Akureyrar. Ég verð að viðurkenna að ég er afar efins um að það sé rétt. Ég held að það hafi safnast í Byggðastofnun mikil sérþekking og væri synd ef hún flytti ekki með. Ég held að það þyrfti a.m.k. að athuga það vel. Mér leist afar vel á þá málamiðlun sem ég veit að Byggðastofun hefur farið inn á og hv. þm. Stefán Guðmundsson, sem hefur setið þar í stjórn alllengi, beitti sér sérstaklega fyrir, að setja á fót sterkar byggðamiðstöðvar eða skrifstofur í öllum landshlutum. Þetta hefur verið gert þó enn þá þurfi að bæta við og tel ég þetta vera að mörgu leyti heillavænlegra skref og ætti að skoða hvort ekki er hægt að styrkja þessa landshlutaskrifstofur Byggðastofnunar enn meira en gert hefur verið.

Ég vil að lokum taka það fram, svo ekki misskiljist mín orð, að ég fagna því að þessi tillaga er komin fram. Ég vona svo eindregið að hún leiði til þess að hér verði góð umræða og tekið á í byggðamálum og ég treysti því að sú nefnd sem fær hana til meðferðar styrki einstaka liði hennar. Ég vil því fyrir mitt leyti lýsa yfir stuðningi við þetta mál í grundvallaratriðum.

[17:04]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna því að þessi ályktun, till. til þál., er hér komin fram, um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árið 1994 til ársins 1997. Víst eru þetta almenn orð sem hér hafa verið sett á blað. Eigi að síður bind ég mjög miklar vonir við þessi orð, að þau marki leiðina og leggi grundvöll sem síðan verði hægt að byggja á til þess að styrkja byggðirnar um landið. En það eru nokkur atriði sem ég sakna að ekki er að finna í þessari till. til þál.

Eins og kunnugt er er það mikið vandamál sem við eigum við að etja sem búum á landsbyggðinni hvað verðlag á nauðsynjavörum er mishátt eftir því hvort það er í strjálbýli eða hér á höfuðborgarsvæðinu. Þessi verðmunur hefur komið greinilega fram í verðkönnunum á undanförnum mánuðum og árum og þarna er náttúrlega um gífurlega mikinn aðstöðumun að ræða.

Ég hefði viljað sjá að á þessu máli hefði verið tekið í þeirri till. til þál. sem hér er til umræðu þar sem hefði mátt benda á leiðir til þess að jafna vöruverð í landinu.

Þá sakna ég þess einnig að ekki skuli vera komið inn á þann vanda sem fólginn er í misháu verði á húshitun eftir því hvar búið er á landinu. Þar er um mikinn mun að ræða og skapar aðstöðumun eftir því hvar búið er á landinu. Núv. hæstv. ríkisstjórn hefur reynt að taka á þessu máli og varið auknum fjármunum til þess að greiða niður húshitunina á köldum svæðum landsbyggðarinnar, á rafkyndingarsvæðunum, og einnig leitast við að taka á skuldamálum hitaveitna víða um land. En auðvitað má gera betur. Eigi að síður ber að fagna því að við síðustu fjárlagagerð samþykkti hv. Alþingi 50 millj. kr. fjárveitingu til viðbótar því sem áður hafði verið gerð tillaga um, að hækka framlagið til niðurgreiðslu á húshitun á köldum svæðum landsbyggðarinnar um 50 millj. kr. Mér sýnist að þessi aukna fjárveiting eigi að geta skilað a.m.k., ef hún kemur öll inn í verðið, 10% lækkun á húshituninni á þessum svæðum og því ber að fagna.

En það er áhyggjuefni eigi að síður að á meðan ríkisstjórnin hefur verið að auka fjárveitingar til niðurgreiðslna á húshitun á köldum svæðum landsbyggðarinnar hefur raforkuverðið frá Landsvirkjun verið að hækka. Þannig að þegar litið er yfir þessa þróun þá gera hinar auknu fjárveitingar Alþingis ekki meira en svo að greiða niður hækkanirnar til Landsvirkjunar. Þetta er náttúrlega mjög alvarleg þróun hjá fyrirtæki eins og Landsvirkjun, sem á að vísu við uppsafnað skuldavandamál að etja núna eða síðustu tvö ár, en áður hafði þetta fyrirtæki sýnt mikinn og góðan hagnað. Það hefði mátt búast við því að fjármunir hefðu verið til í gildum sjóðum til að takast á við erfið ár. Einnig hefur verið ráðist í virkjanir sem ekki hafa skilað neinum arði enn, sem við sitjum uppi með. Og það má segja sem svo að þeir sem búa við dýran kynding-

arkostnað á rafhitunarsvæðunum eru þá frekar en aðrir að borga niður slíka virkjun.

Hæstv. ríkisstjórn hefur reynt að bregðast við þessu með því að auka framlög til niðurgreiðslna á raforkunni og ég trúi ekki öðru en þeir fjármunir sem Alþingi samþykkti að verja til viðbótar núna, um 50 millj. kr., skili sér algjörlega til lækkunar á verðinu til neytenda og það verður fylgst með því. Það verður fylgst gjörla með því.

Hæstv. forseti. Ég hef áður komið inn á það mál sem ég ber mjög fyrir brjósti og það er flutningur ríkisstofnana út á land. Ég hefði viljað sjá betur tekið á því máli í þessari till. til þál. Ég treysti því eigi að síður að sú skýrsla sem nefnd um flutning opinberra stofnana út á land hefur skilað til ríkisstjórnarinnar eigi eftir að skila árangri í framkvæmdum. Það má aftur vekja athygli á því að hæstv. umhvrh. hefur tekið ákvörðun um að flytja embætti veiðistjóra norður á Akureyri og því ber að fagna. Framsfl. var í ríkisstjórn í 20 ár og stofnaði fjöldann allan af nýjum stofnunum í Reykjavík. Og það virtist vera aðalbaráttumál hans að halda fram byggðastefnu sem var fólgin í því að byggja Reykjavík upp og nágrenni og það kemur m.a. í ljós í sambandi við staðsetningu opinberra stofnana hér. Það tókst þó í lokin að flytja eina stofnun út á land, Skógrækt ríkisins. En ég vil fagna því eigi að síður að það tókst mjög gott samkomulag í þeirri nefnd, allra þingflokka, sem fjallaði um flutning opinberra stofnana út á land. Það var virkilega ánægjulegt að starfa í þeirri nefnd og þar skapaðist breið samstaða og þar var unnið vel og ég er viss um að það mun skapast hér breið samstaða um þær niðurstöður og þær komast í framkvæmd fyrr en seinna. En þetta er erfitt mál og þetta er flókið mál og það er ekki ástæða til að rasa um ráð fram í þeim efnum. Það verður að vanda vel til verksins og ég trúi því að verið sé að vinna að því máli.

Hæstv. forseti. Það má segja að þegar sé farið að starfa samkvæmt þeirri till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun sem hér liggur fyrir. Framlög til samgöngumála á núverandi kjörtímabili hafa verið meiri en gerst hefur á undanförnum árum og það gildir einnig til hafnargerðar og því ber að fagna. Það er dæmi um að þar er vel að verki staðið, enda var það löngum mælikvarði á það hvort ríkisstjórn væri byggðavæn eður ei og það er vissulega framlag sem hefur skilað sér til byggðanna.

[17:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. 5. þm. Austurl. um orkuniðurgreiðslur vil ég að það komi fram að ég hef upplýsingar um að þessi mál gangi aftur á bak en ekki áfram, þau standi ekki einu sinni í stað heldur gangi aftur á bak. Það er að segja, þessi aukna niðurgreiðsla sem ákveðin var á fjárlögum í vetur mun gefa þeim sem áður fengu niðurgreiðslur upp á 27.000 kr. eitthvað í kringum 31.000 kr. í niðurgreiðslur á ári á þessum köldu svæðum, en hækkun á raforkuverðinu frá rafmagnsveitunum mun aftur á móti verða 13% sem gæti þýtt á meðalíbúð að í staðinn fyrir að lækka orkuverðið þá muni það hækka um nálægt 10%, einhvers staðar á bilinu 8–10%. Þannig að ég er hræddur um að hv. þm. verði að taka sínum mönnum tak og sjálfum sér og reyna að fylgja betur eftir stefnunni sem var kynnt í hvítu bókinni og ríkisstjórnin lét svo mikið með í upphafi ferils síns, að hún ætlaði sér að ná niður orkuverðinu á köldu svæðunum.

[17:14]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mín athugasemd er í svipuðum anda og hv. þm. sem var að veita andsvar hér áðan. Hann rakti í tölum sem núna sýna fram á að munu verða til hækkunar — þó að þær 50 millj. komi nú til viðbótar á fjárlögum til að greiða niður orku þá dugar það ekki. Það verður um hækkun að ræða með þessari 3% hækkun Landsvirkjunar sem fyrirhuguð er.

En það er kannski rétt að upplýsa líka hv. þm. Gunnlaug Stefánsson um það að úr hans flokki er iðnrh. og hefur lengi verið. Og síðast þegar hæstv. iðnrh. var spurður að því hér úr þessum stól hvort hann hygðist ekki setja lög um jöfnun orkuverðs í landinu — vegna þess að sú nefnd sem skipuð var fyrir nokkrum árum og gerði tillögur um hvernig ætti að fara að því að jafna orkuverðið lagði það til að setja lög til þess að jafna orkuverðið. En þegar hæstv. viðsk.- og iðnrh. var spurður að því hvort hann hygðist leggja fram frv. í þá veru þá svaraði hann því til að það þyrfti ekki því hann hefði öll tæki til þess að jafna orkuverðið innan núgildandi laga. Því vil ég spyrja hv. þm.: Getur hann þá ekki beitt sér fyrir því að iðnrh., úr hans flokki, noti þær heimildir sem hann hefur innan núgildandi laga til að jafna orkuverðið?

[17:16]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að hér hafi farið fram gagnmerk umræða um byggðamál og sú þál. sem hér liggur fyrir sé góður umræðugrundvöllur og þessi skýrsla eða áherslur sem stjórn Byggðastofnunar hefur náð saman um marki ákveðin tímamót. Það er nefnilega ekkert mikilvægara við núverandi aðstæður en að menn fari að keyra á háum ljósum í sinni stefnumótum og horfi til framtíðarinnar. Við höfum lent í þrengingum á samdráttartímum og stöndum frammi fyrir kaldri veröld ef stjórnmálamennirnir, ríkisstjórnin og ýmsir aðilar taka ekki höndum saman um að snúa þróuninni við. Eðlilegt er að menn deili um einhverja hluti. Hér hafa menn t.d. rætt um vaxtarsvæði byggðanna, hvort slíkt ætti rétt á sér. Ég hef haft svona fyrir minn byggðamálaráðherra hv. þm. Stefán Guðmundsson og í mörg ár hlustað á hans ræður í þeim efnum.

Ég er ekki viss um að þetta sé rétt orðaval, vaxtarsvæði, því gjarnan er það svo ef eitthvað er talað um vaxtarsvæði að þá finnst mönnum að það sé verið að segja að allt hitt eigi ekkert að vaxa. En þegar maður hugsar um þetta og horfir á landið sem heild og fer um landið, þá sér maður það fyrir sér að í þróuninni liggur þetta fyrir. Það eru ákveðin svæði í hverju kjördæmi sem hljóta að verða miðstöð opinberrar þjónustu ríkis, opinberrar einstaklingsþjónustu, á svo mörgum sviðum. Ég sé það t.d. fyrir mér í mínu byggðarlagi, á

Selfossi, að eftir því sem bærinn hefur vaxið, eftir því sem þar er meiri opinber þjónusta, þá kemur þangað líka einstaklingsframtakið sem veitir þjónustu — ég á við í lögfræði, bókhaldi, tannlækningum o.s.frv. — og sest þar að, því allra leiðir liggja í sjálfu sér á þennan stað.

Svona er hægt að fara um landið og við sjáum að staðirnir hljóta að vera tiltölulega fáir á hverju byggðarsvæði sem munu taka að sér þessi meginverkefni. Þetta gæti heitið meginþjónustustaðir byggðanna eða eitthvað slíkt. Það er enginn að segja að hinir eigi ekki að vaxa, þeir taka við öðrum verkefnum og um það þurfum við einmitt að hugsa í okkar byggðaáætlunum. Hér hefur verið minnst á mörg atriði sem einmitt þarf nú að hugsa um við þessar aðstæður þegar 10.000 manns ganga um án atvinnu, þegar 17.000 Íslendingar búa erlendis og eiga ekki afturkvæmt heim til fósturjarðarinnar vegna þess að stefnan hefur verið röng í atvinnu- og efnahagsmálum þjóðarinnar sérstaklega nú síðustu tvö ár en í meginatriðum um of langan tíma of lítið hugsað um atvinnulífið og því skapað svigrúm.

Ég tek því undir margt í þáltill. og í skýrslu Byggðastofnunar. Við sjáum það í skýrslu Byggðastofnunar að mörg svæðin eru í mikilli hættu ef þar verður ekki tekið verulega á. Það eru sérstaklega hin einhæfu landbúnaðarsvæði sem eiga erfitt eins og kemur fram á mynd á bls. 26. Það er Skaftafellssýsla, Rangárvallasýsla, Vestur-Húnavatnssýsla og Dalasýsla. Og ég segi fyrir mig að ég hugsa til þess með fögnuði ef menn breyta reglugerðum Byggðastofnunar og hún má á nýjan leik koma inn í þróunarverkefni og eiga hlut í fyrirtækjum þá getur slík ráðstöfun gjörbreytt möguleikum á þessu svæði. Ég tek Rangárvallasýsluna sem dæmi. Þar var unnið mesta byggðaafrek sem unnið hefur verið á síðustu árum þegar ríkisvaldið, Byggðastofnun og fleiri komu inn í og stuðluðu að flutningi Sláturfélagsins austur fyrir fjall og gjörbreyttu ástandi á Suðurlandsundirlendinu öllu. Það er einmitt með þessum hætti sem þarf að vinna.

Við Íslendingar eigum mörg tækifæri. Ég nefndi í fyrri ræðu í dag sérstaklega iðnaðinn sem við þurfum að hugsa um með nýjum hætti. Um það vildi ég segja þetta: Ég held að heildsalastéttin á Íslandi hafi staðið gegn mörgu hvað varðar iðnaðaruppbyggingu. Innflutningsvaldið hefur í gegnum ráðherra og jafnvel stjórnmálamenn drepið möguleika okkar til að fullvinna ýmsar afurðir. Vegna þess að við leikum ekki sama leikinn og aðrar þjóðir, erum bláeygðir í okkar aðgerðum og höfum látið keyra niður íslenskan iðnað og ekki leyft ýmsum iðnaðarmöguleikum að ná fótfestu og dafna. Ég gæti nefnt mörg dæmi um það. Þar eigum við sérstaklega að taka á.

Ég minntist á landbúnaðinn í fyrri ræðu minni. Ég vil hér sérstaklega koma aðeins að ferðaþjónustunni. Þar eigum við gífurlega möguleika og getum enn horft til nýrrar framtíðar ef við þorum. Það var sagt fyrr í dag að á mörgum sviðum værum við óvinir okkar sjálfra sem í byggðunum búum og deildum um kannski mikilvæg framtíðarmarkmið. Ég vil nefna eitt dæmi úr mínu kjördæmi. Í fyrra eða hittiðfyrra leitaði athafnamaður eftir því að fá að leggja akveg upp á Heklu. Þetta var stöðvað og menn risu upp í forpokun og sögðu: Þetta er náttúrlega fáránlegt, Hekla er heilög. En við vitum að hún er þekktasta eldfjall í veröldinni og hvers vegna skyldi ekki mega leggja akveg á Heklu? Það gæti stóraukið ferðamannastraum í þúsunda tali að komast eftir akvegi upp á þetta glæsilega eldfjall og horfa yfir þetta mikla undirlendi. Allt í einu segja einhverjir sérfræðingar, ofstækismenn í náttúruvernd og menn sem halda að hún eigi að vera heilög nunna til eilífðar að þetta megi ekki.

Svona eru möguleikarnir ótalmargir sem við eigum til að efla okkar byggðir. En því miður höfum við verið of skammsýnir. Ég vænti þess að þessi umræða og þessar tillögur og vinna Alþingis í nefndinni verði til þess að menn nái saman um að styrkja íslenskt atvinnulíf og þá ekki síst byggðir landsins.

[17:25]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er býsna víðtæk umræða sem hér hefur farið fram. Ég hlýt að fagna því að í meginatriðum er hún jákvæð og málefnaleg og það eitt út af fyrir sig hvað sú till., sem hér liggur fyrir, og sú greinargerð sem henni fylgir, þ.e. álit Byggðastofnunar, mælist vel fyrir. Þetta held ég að sé mikilvægt og ekki síst vegna þess að þessar ákvarðanir eru ekki nýjar af nálinni. Ég starfaði í nefnd undir forustu Jóns Helgasonar á fyrra kjörtímabili þar sem menn fundu þá leið vænlegasta til að skipa byggðamálunum fastari sess að koma á áætlanagerð af svipuðum toga og hér er lagt til. Það er grundvallaratriði að festa þetta í sessi og fá virkni í þá starfsemi sem þessi áætlanagerð á að leiða til.

Það er einkum tvennt sem ég vildi minnast á í sambandi við þessa umræðu. Það er í fyrsta lagi það sem hér hefur verið talað um vaxtarsvæði og hv. þm. Ragnar Arnalds fór ýmsum orðum um. Hann taldi sig hafa náð árangri með því að dregið var út áhrifum þessarar viðmiðunar og taldi sig hafa skilað þar góðu starfi. Málið er hins vegar það að ég held að hann hafi ekki verið á þeim fundi í Byggðastofnun þar sem þessi ákvörðun var loksins tekin. Það var í rauninni eini fundurinn þar sem rætt var málefnalega um þessa skilgreiningu austur á Hvolsvelli. Og með því að Ragnar Arnalds var að lýsa yfir sínum mikla árangri er náttúrlega nauðsynlegt að það komi fram að hann hefur þá náð þeim árangri með fjarvist sinni af þeim fundi. En þar fékkst í rauninni niðurstaða um þessar skilgreiningar og var algjört samkomulag um þau efni.

Svo ég rétt aðeins minni á hvað að baki þessu hugtaki liggur, þá er það byggðasvæði en ekki t.d. einn sérstakur þéttbýliskjarni. Það gekk illa hjá mönnum, sérstaklega þó hv. þm. Ragnari Arnalds, að losa sig frá hinu gamla heiti, byggðakjarni sem er orðið, eins og menn vita áratuga gamalt. Þar var sérstaklega við það miðað að efla vissa kjarna, draga þangað fólk að og síðan að treysta byggðina út frá þeim.

Mér finnst líka vert að það komi hér fram að Byggðastofnun hefur nú tekið til umræðu, og er það kannski vonum seinna, ástandið á sauðfjárræktarsvæð-

unum. Landbn. Alþingis leitaði eftir því við Byggðastofnun að gerð yrði úttekt á því ástandi til hvers samdráttur í sauðfjárræktinni leiddi bæði fyrir byggðirnar og afkomu þeirra sem þessa grein stunda. Á einum fundi sínum fjallaði Byggðastofnun lauslega um þetta mál og mun væntanlega gera betur í framhaldi af þeirri umræðu. Sérstaklega hefur verið litið á það með hvaða hætti sé hægt að treysta önnur atvinnufæri sem sauðfjárbyggðirnar gætu hugsanlega nærst af og leggja grundvöll að því að sauðfjárbyggðirnar hefðu forgang að einhverju tilteknu fjármagni sem gæti orðið til þess að næra atvinnulífið þar. Þetta finnst mér nauðsynlegt að komi hér fram við þessa umræðu.

Ég vildi líka rétt segja frá því að það hefur verið gerð athugun á því að tilhlutan Byggðastofnunar hvernig byggðin í landinu skipast með tilliti til samgangna. Það er satt að segja afar athyglisvert hvað það kemur greinilega fram í því sambandi að mjög stór hluti af sveitabyggðinni hefur möguleika á því að treysta atvinnu sína með því að sækja vinnu í þéttbýlið þannig að út af fyrir sig er traustur byggðabúskapur, bæði í sveitum og byggðakjörnunum að sjálfsögðu grundvöllur fyrir því að sæmileg afkoma geti verið í sveitum landsins.

Ég endurtek það sem ég sagði í upphafi að ég fagna þessari umræðu og þeim jákvæðu viðhorfum sem hér hafa komið fram og það tel ég út af fyrir sig gott veganesti inn í framtíð þessara mála.

[17:33]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Fyrst út af þessu orði vaxtarsvæði. Mér finnst menn hafa verið svolítið í erfiðleikum með skilgreiningu á hvað þeir væru að fara og fastir í þeirri nauðsyn að skilgreina með einhverjum hætti hvað væru vaxtarsvæði. Ég held að menn þurfi ekki að gera það. Ég tel að ef vilji er fyrir hendi og fyrirætlanir um að styrkja búsetu og atvinnulíf á landsbyggðinni þá vitanlega láta menn fjármunina renna til þeirra staða þar sem einhver von er í atvinnulífinu og þar sem eitthvað nýtt er að gerast eða þar sem þarf að bjarga því sem fyrir er frá því að farast. Ég held því að þessi skilgreiningarvandi eigi ekkert að vefjast fyrir mönnum og menn þurfi yfirleitt ekki að vera að festa sig í því sem heitið gæti vaxtarsvæði. Að mínu viti er það hættulegt að því leyti að ef menn fara að merkja ákveðna staði þannig þá muni menn ekki komast frá því og þangað leiti þá fjármagnið þrátt fyrir að þörfin geti verið meiri einhvers staðar annars staðar. Ég vil því meina að það þurfi að komast út úr þessum þankagangi.

Það stendur hér í b-lið 4. gr.: „Atvinnuþróunarstarf á vegum heimamanna verði eflt með fjárhagslegum stuðningi Byggðastofnunar við atvinnuþróunarfélög í hverju kjördæmi.“ Undir þetta vil ég alveg sérstaklega taka. Ég tel að atvinnuþróunarfélögin séu mjög gagnleg og hafi á sumum stöðum gert mjög góða hluti. Og ég tel að það sé einmitt aðferðin við að efla atvinnulíf á þessum svæðum almennt að efla atvinnuþróunarfélög og helst að hafa þau áhrif að þau verði til á fleiri stöðum. Eða að öflug félög taki yfir stærri svæði sem er út af fyrir sig ekkert verri kostur. Ég þekki til þess að svona atvinnuþróunarsjóðir hafa gert mikið gagn og gefið t.d. sveitarfélögunum miklu frjálsari hendur og betri möguleika til þess að hafa jákvæð áhrif á atvinnuþróunina.

Í c-lið er enn fremur talað um að kannað verði hvort hægt sé að kaupa erlend fyrirtæki til landsins. Það vil ég líka taka undir. Ég held að það séu möguleikar sem menn hafi nýtt sér allt of lítið hér á landi að kaupa heil fyrirtæki til landsins. Þetta hefur gerst hérna í mjög fáum tilfellum reyndar en það hefur tekist. Og ég vil meina að það sé einmitt á slíkum hlutum sem við verðum að taka núna í þessu umhverfi sem búið er að ákveða að við ætlum að keppa í í framtíðinni, þ.e. á EES-svæðinu. Þar sem við leyfum öllum öðrum að keppa á jafnréttisgrundvelli við okkur í landinu þá þurfum við að skapa atvinnulífinu hér sams konar skilyrði og atvinnulífið sem er að keppa við okkar atvinnugreinar hefur. Það getum við ekki gert nema velja atvinnugreinar sem við ætlum að standa við bakið á. Við getum ekki stutt við bakið á hverju sem er í landinu. Við höfum ekki til þess fjármuni og við höfum ekki möguleikana vegna þess hversu smáir við erum. Ef við aftur á móti berum gæfu til að velja einhverjar atvinnugreinar sem yrðu fyrir hendi kannski víða um landið með svipuðum hætti og sjávarútvegurinn er í hverju þorpi allt í kringum landið og verður að stórveldi í höndunum á okkur með þeim smáu einingum öllum samanlögðum þá þurfum við að velja einhverjar atvinnugreinar sem geta orðið sterkar. Ef menn gera það ekki, ef menn taka ekki slíkar ákvarðanir þá munum við aldrei geta keppt á útflutningsmörkuðum. Það þurfa menn að horfast í augu við. Það er ekki nóg að taka ákvarðanir um að það eigi að vera hægt að keppa við okkur á jafnréttisgrundvelli ef við tökum ekki ákvarðanir sem gera okkur sjálfum kleift að keppa á þessum grundvelli.

Það vantar allt á það. Ég hef ekki orðið var við að hæstv. ríkisstjórn væri með neitt á prjónunum sem orð er á gerandi í sambandi við það að koma af stað nýjum iðnaði sem gæti keppt á erlendum mörkuðum. Ég hef ekki séð það. Þó ættu menn að muna vel tuttugu ára sögu aðildar okkar að EFTA þar sem menn fóru af stað með frómar óskir og miklar vonir um að Íslendingar gætu allt í einu farið að keppa á jafnréttisgrundvelli og það yrði mikil lyftistöng fyrir iðnaðinn í landinu. Það hefur virkað þveröfugt. Iðnaðurinn hrundi úr höndunum á okkur, það litla sem við höfðum. Við misstum heimamarkaðinn sem var okkar iðnaður í sjálfu sér. Það getur alveg farið þannig að við höldum áfram að missa út úr höndunum á okkur það sem við höfum ef menn ætla ekki að breyta um vinnubrögð. Ég verð að segja alveg eins og er að þó ég hafi verið og sé andstæðingur samningsins um EES, þá er í mér mikill hrollur yfir því hvað þessir aðilar sem bera ábyrgð á samningnum og hafa ákveðið að þessar reglur skuli gilda á Íslandi virðast ætla að standa sig illa í því að búa okkur undir þessa samkeppni og reyna að gera eitthvað úr þessu.

Svo illa er ekki komið fyrir manni að maður ætli að

vera á móti bara til að það sannist að þetta hafi verið röng ákvörðun. Ég býst ekki við að alþingismenn séu svo óþjóðhollir að þeir hugsi þannig. Ég segi alveg eins og er að ég hef verið að fylgjast með því í mínu kjördæmi hvað er að gerast á vettvangi atvinnulífsins í tilefni af því að við erum komnir með þennan EES-samning. Og því miður er ekkert að gerast. (**StG:** Hvað segirðu, ekkert nýtt?) (**ÓÞÞ:** Þetta getur ekki verið satt.) Ég veit ekki hvort menn eru hugmyndasnauðari á því svæði en annars staðar á landinu. En þannig er nú þetta. (**StG:** Þetta átti bara að koma af sjálfu sér.) Þetta átti auðvitað að koma með blóm í haga og milljarða á hverju ári. Ég man ekki betur en að í þessum ræðustól hafi menn talað um 2 og allt upp í 7 milljarða sem við fengjum á hverju ári út úr þessu. Það hefur ekki bólað á því enn þá. Það er að vísu ekki langt síðan samningurinn gekk í gildi. En það er langt síðan menn vissu að hann gengi í gildi og menn eru búnir að hafa aðlögunartímann og möguleikann til að undirbúa sig. Það hefur ekki gerst því miður. Ég tel að af því að við erum að tala um atvinnuþróun í raun þegar við erum að tala um landsbyggðina, t.d. er talað sérstaklega um iðnað á landsbyggðinni, þá ættum við að sjá einhver merki um að verið væri að hugsa um að láta þennan iðnað keppa við innflutninginn því þannig eru leikreglurnar orðnar. Ef ekki verður hægt að keppa við innflutninginn mun iðnaðurinn koðna niður.

Að lokum, hæstv. forseti, vil ég segja það vegna þeirra orða að við höfum talað þvert á stefnu hv. þm. Ragnars Arnalds, sem hefur verið í stjórn Byggðastofnunar, þá hefur hvað rekist á annars horn í ræðum þeirra sem hafa hér talað. Hæstv. forseti sagði áðan úr ræðustól að hv. þm. Ragnar Arnalds hefði skrifað upp á þetta allt en hv. þm. Egill Jónsson mætti og sagði að Ragnar hefði ekki verið á fundinum.

[17:41]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að leggja fram þessa þáltill. þar sem þá eru byggðamálin komin til umræðu á Alþingi í þessu formi og verða tekin til skoðunar eins og þar mælt er fyrir um í lögum um Byggðastofnun. Og þar sem ég á sæti í allshn. sem mun fá þessa þáltill. til meðferðar fæ ég tækifæri til að spyrja og væntanlega fá þar svör við ýmsum spurningum sem vakna óneitanlega við lestur þessarar tillögu.

Í 1. hluta þáltill. er eitt af meginmarkmiðum byggðastefnu ríkisstjórnarinnar að efla byggð á svæðum þar sem hægt er að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf. Þá vaknar spurningin: Hvar telur hæstv. ríkisstjórn að sé hægt að reka fjölbreytt og arðsamt atvinnulíf? Því miður eru þær fréttir sem við höfum fengið að undanförnu af atvinnulífi nærri einhliða af erfiðleikum þess og síðustu daga hafa borist fréttir frá bankakerfinu þar sem sagt er að lausafjárstaða þess sé nú góð af því að lítil eftirspurn sé eftir fjármagni til uppbyggingar atvinnulífi sérstaklega þó frá fyrirtækjum eða öðrum sem bankarnir telja að séu hæfir til að taka lán.

Þá vaknar spurningin hvort ekki er verið að útiloka einhverja staði sem ekki væri gott að gerðist með kröfunni um fjölbreytt atvinnulíf. Allir sem til þekkja vita að víðast hvar út um land er atvinnulíf einhæft. Þar er annaðhvort um að ræða landbúnað eða sjávarútveg sem atvinnulífið byggist á. Og ef ekki er lögð áhersla á að auka atvinnulífið nema þar sem það er fjölbreytt, reyndar bæði fjölbreytt og arðsamt, þá er það spurning hvort ekki er verið að sníða þeim svæðum sem vert er að efla of þröngan stakk.

Síðar segir að það eigi að reka fjölbreytta þjónustu á hagkvæman hátt og þá er spurningin þessi: Hvað þýðir þetta? Að vísu segir hér síðar að það eigi ekki að draga úr opinberri þjónustu á vegum ríkisins en þó á að laga hana að íbúafjölda. Þýðir það að það eigi þá að gera miklu betur og auka svo mikið þar sem fjöldinn er meiri til þess að hún verði þá að einhverju leyti í samræmi við íbúafjölda? Þannig eru það sem sagt fjölmörg atriði sem vakna í þessu sambandi. Það er talað um jaðarsvæði og þar sé einkum horft til nýtingar náttúruauðlinda og ferðaþjónustu. Í skýrslu Byggðastofnunar er bent á að á þessum svonefndu jaðarsvæðum muni sauðfjárræktin vera undirstöðuatvinnuvegur. Miðað við þær vonir sem eru að vakna nú að sauðfjárrækt geti skapað sér sérstöðu vegna góðrar og sértaklega heilnæmrar framleiðslu þá er það hart ef ekki er litið til þeirra hluta þegar hugsað er um framtíðarmöguleika þessara svæða.

Síðan kemur kafli um samræmingu aðgerða ríkisvaldsins og er vissulega ástæða til þess að taka undir að það þurfi að samræma betur. Við höfum allt of mörg dæmi nýleg um það þar sem ekki virðist vera samræmis gætt að fullu. Síðasta dæmið er reyndar héðan frá Reykjavík um byggingu Hæstaréttarhúss þar sem virtist ekki hafa verið nægilega horft fram í tímann og samræmi milli ráðuneyta. Það er því mikilvægt að þarna sé reynt að vinna betur. Og vonandi hefur sá tími, sem leið frá því að Byggðastofnun skilaði þessari ályktun á sl. sumri þangað til hún er flutt nú inn á Alþingi, verið notaður til þess að undirbúa þau vinnubrögð sem þarna er gert ráð fyrir þannig að allshn. geti fengið upplýsingar um það frá ráðuneytunum hvernig þessari samræmingarvinnu verður hagað.

Eitt vil ég að lokum leggja sérstaka áherslu á og það er að fá upplýsingar um stöðu atvinnulífsins. Í síðasta kaflanum er rætt um atvinnulífið og lögð áhersla á að atvinnu í landinu verði búin þau skilyrði að fyrirtækin geti skilað arði. Miðað við þá stöðu sem atvinnulífið er í þá hljótum við að vilja fá að vita hvaða ráðstafanir atvinnuvegaráðuneytin eru að gera nú til þess að ná þessu markmiði. Og ég sakna þess auðvitað að ekki skuli vera neinar ábendingar að finna í þessari byggðaáætlun um það hvernig þar er verið að vinna og ætlað að gera í náinni framtíð þar sem við vitum að atvinnulífið er undirstaða byggðaþróunarinnar. Ég vil því leggja áherslu á að við munum í allshn. leita eftir því að fá upplýsingar um það hvernig iðnrn. er að vinna að áætlun um eflingu iðnaðar í landinu, sjútvrn. er að vinna að áætlun um eflingu sjávarútvegs í landinu og landbrn. að vinna að eflingu landbúnaðar í landinu nú í náinni framtíð. Þetta eru að sjálfsögðu mikil-

vægustu spurningarnar sem koma fram í hugann þegar við lesum og fjöllum um þessa þáltill. og ég vona sannarlega að umfjöllun Alþingis um þessi mál verði til þess að menn líti raunsærri augum á þau og þau verði tekin fastari tökum.

[17:50]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir taka það fram að ég fagna þeirri umræðu sem hér fer fram í dag þó ég hefði auðvitað kosið það að hér væru fleiri við þessa umræðu því að hún snertir vissulega það marga. Sú tillaga sem hér er verið að ræða um stefnumótun í byggðaáætlun og samþykkt var að vinna að gerð slíkrar áætlunar á vordögum 1991 og ég fagna því og ítreka það að hér er mjög gott og þarft mál á ferðinni sem ég vænti að skili árangri. Ég geri mér hins vegar grein fyrir því jafnframt að hér er um frumsmíð að ræða sem ég vænti að hafi tekist vel en ætíð er það nú svo að alltaf má bæta og ég vona að það verði gert í meðferð þings og nefndar.

Ég leyni því ekki að auðvitað hefði ég kosið að þessi tillaga um stefnumótun í byggðamálum, þessi frumsmíð, hefði verið unnin undir annarri ríkisstjórn sem hefði haft aðra stefnu en sú ríkisstjórn sem nú situr og þar hefði verið bjartara fram undan og meiri víðsýni í atvinnumálum heldur en mér finnst því miður nú vera en eins og segir í þessari bók okkar og það var auðvitað sá grundvöllur sem stjórn Byggðastofnunar hafði til að vinna eftir, en þar segir:

„Í tillögunni komi fram stefna ríkisstjórnar í byggðamálum og tengsl hennar við almenna stefnu í efnahags- og atvinnumálum, svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu."

Það er nefnilega heila málið að þessi áætlun er að mörgu leyti stefna ríkisstjórnarinnar og það var sá rammi sem stofnunin hafði til þess að vinna eftir. Og ég segi það að ég hefði viljað það að sú ríkisstjórn sem situr þegar þessi frumsmíð fer fram hefði haft aðra stefnu heldur en því miður nú er.

Hv. þm. Ragnar Arnalds og reyndar einnig hæstv. forseti þingsins, Pálmi Jónsson, hafa fjallað um svokölluð vaxtarsvæði sem voru lengi og mikið rædd í stjórn stofnunarinnar. Þeir töluðu gegn því og reyndar gerðu það hér einnig nú og töldu að það væri kostur að það hefði tekist að koma þessu máli innan sviga í þessu áliti. Ég verð að segja það hér og gerði að ætíð í nefndarstarfinu að ég er þeim ekki sammála í þessum efnum. Ég tel það galla að ekki skuli hafa verið frekar og markvissar fjallað um þessi vaxtarsvæði og þau skilgreind miklu frekar en gert hefur verið. Ég tek á margan hátt undir með hv. þm. Guðna Ágústssyni sem sagði að það hefðum við átt að gera. En svo segir í þessari bók okkar einnig:

„Á grundvelli framangreinds er áhersla lögð á eftirfarandi:

1. Ríkisstjórnin leggur áherslu á eflingu svonefndra vaxtarsvæða á landsbyggðinni. Í áætluninni verður að koma fram greinargóð skilgreining á því hugtaki."

Undir þetta tek ég fullkomlega. Ég held nefnilega að það sé orðið tímabært að menn kveði hér fastar að. Við þessir landsbyggðarmenn hopum gjarnan þegar kemur að þessum tímapunkti, þá hopum við of oft, þorum ekki að kveða fastar að eins og okkur er nauðsynlegt að gera, átta okkur á stöðunni sjálf heima fyrir. Því vil ég að þetta komi hér fram vegna ummæla þeirra hér áðan.

Ég vildi segja það líka að ég hefði auðvitað á margan hátt kosið það að þessi stefnumörkun hefði verið á annan hátt ef ég hefði fengið því ráðið einn og sér. Ég hefði viljað sá hana miklu afmarkaðri og markvissari en hér er lagt til. Ég tel að það sé svo brýnt fyrir landsbyggðina að fá fram áætlun um byggðamál sem tali alveg skýru máli.

Ég tek undir það líka sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði hér áðan að ég er talsmaður þess að færa aukin völd heima í héruð. Ég hefði viljað sjá í þessari áætlun tekið fastar á þeim málum. Ég hef líka verið stuðningsmaður þess og ræddi um það oft og mörgum sinnum að það yrði kveðið upp úr með það að stofnaðir yrðu sérstakir atvinnuþróunarsjóðir í hverju kjördæmi sem hefðu markaða tekjustofna og hefðu sérstakar stjórnir heimamanna sem sæju um það að lána til hinna minni verkefna á hverju svæði fyrir sig. Byggðastofnun kæmi síðan til þegar yrði tekist á um hin stærri mál. Ég hefði treyst heimamönnum fullkomlega til þess að fara með slíka ábyrgð en því miður komst þetta heldur ekki fram.

Því er nú verr og miður að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er farinn héðan en hann talaði um flutning ríkisstofnana út á land og var að hæla sér og sínum flokki af afrekum í þeim efnum og hversu það væri nauðsynlegt en hann minntist ekki á áformin um það að flytja sjúkrahúsareksturinn og heilbrigðisþjónustuna frá landsbyggðinni. Hann minntist ekkert á áformin um að leggja niður sýslumannsembættin eða dómaraembættin og flytja þau á höfuðborgarsvæðið. Nei, hann minntist ekki á það heldur fór úr salnum. En við höfum tækifæri til þess síðar að ræða við þann ágæta mann.

En eins og ástandið er í dag þá hefur Byggðastofnun mikið verk að vinna. Atvinnulífið verður að reisa við og við höfum alla burði til þess að gera slíkt. Landssamband iðnaðarmanna segir okkur að ef skynsamlega sé staðið að málum megi skapa hér hvorki meira né minna en um 4–5 þúsund ný störf í iðnaði og ég fullyrði að það liggja milljarðar í atvinnutækifærum í sjávarútvegi. En stefnuna vantar. Það er umhugsunarefni að ef manni dettur í hug í dag að kaupa frystitogara í stað hefðbundins ísfiskstogara vegna þess að rekstrargrundvöllur þessa togara, ísfiskstogara, er brostinn, en grundvöllurinn undir frystitogarann er í lagi í dag þá eru menn neyddir til þess að fara út í slíka starfsemi, fara yfir í lánasjóðina, þá eru allar dyr opnar til þess að fá lán til slíkra framkvæmda sem kosta trúlega um 1,5 milljarða kr. En fari aðilar sem vilja vinna hráefni hér heima, skaffa verkafólki störf þannig að við getum sjálfir hér heima notið margfeldisáhrifar vinnunnar og viljum byggja upp þessa atvinnu í landi, þá koma menn að lokuðum dyrum. (Forseti hringir.) Hæstv. forseti, ég er að ljúka máli mínu. Fisk-

eldið, bæði lax og bleikja, búa örugglega yfir margvíslegum nýjum atvinnutækifærum. Það er engin spurning í mínum huga.

Atvinnuleysið, hæstv. forseti og hæstv. forsrh., atvinnuleysi á Íslandi er algerlega óásættanlegt. (Forseti hringir.) Margvíslegir möguleikar til að skapa þúsundir nýrra starfa blasa við okkur hvert sem við lítum ef við berum aðeins gæfu til þess að breyta um stefnu og hafa skilning á því að nota og njóta þess sem íslenskt er.

[17:59]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú till. til þál. sem hér liggur fyrir er mér kunn að efni og ég vil þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa flutt hana hér inn í þingið. Ég tel vissulega að hún sé til bóta. Hitt er svo annað mál að það eru kannski hinir ósögðu hlutir um byggðastefnu og byggðaþróun sem rétt er að ræða hér einnig og þá í fyrsta lagi þá staðreynd að í gegnum gengisskráningu íslenskrar krónu hefur í reynd verið tekinn auðlindaskattur af sjávarútveginum í marga áratugi. Þessi auðlindaskattur hefur aftur á móti einnig bitnað mjög hart á iðnaðinum vegna þess að sú aðferð að eftirláta ríkisvaldinu, þó það sé í gegnum Seðlabankann, að skrá gengi íslensku krónunnar eftir allt öðrum leikreglum en við eru hafðar á Vesturlöndum hefur leitt til þess að ósamræmi á milli raunverulegs gengis og þess gengis sem skráð er, hefur stundum verið svo mikið að fyrirtækin hafa hrunið eins og fiskiflugur. Það er merkileg árátta sem hefur verið viðhöfð af íslenskum fréttamönnum alla tíð að halda því fram í fyrsta lagi þegar íslenska krónan er skráð með öðru gengi að Seðlabankinn eða ríkisstjórn hafi fellt gengi krónunnar. Það er ekki sama orðalag notað ef dollarinn eða pundið fær aðra skráningu, þá er einfaldlega sagt að það hafi annað hvort hækkað eða lækkað. Þá er notað hlutlaust orðalag um það sem gerðist.

Það er einnig virkilegt umhugsunarefni að þessi aðferð, þessi skráningaraðferð krónunnar, hefur komið þeim fáránleika inn hjá stéttarfélögum Íslands að hægt sé að semja um gengi. Ég hefði gjarnan viljað að þeir semdu um árferði og þorskgengd á mið og fleira eftir því. En það er þessi bakgrunnur sem veldur því að allt það sem við setjum fram sem þál. um stefnumörkun í byggðamálum verður að engu ef leikreglurnar um skráningu gjaldmiðilsins eru ekki eðlilegar. Ég hef komið inn í fyrrverandi kommúnistaríki þar sem þjónninn bauð þrefalt verð á við opinbera skráningu á gjaldmiðlinum og úti á götunni var boðið fjórfalt. En mér brá þegar ég kom inn í kommúnistaríki þar sem á torginu var boðið áttfalt skráð gengi. Skekkjan var slík.

Auðvitað hrundi það kerfi. Þar höfðu þeir þó þær leikreglur að erlendar vörur var ekki hægt að fá keyptar nema fyrir erlendan gjaldeyri þannig að menn gátu ekki spilað á kerfið eins og hér á landi. Hér hefur verið skilaskylda á gjaldeyri inn til Seðlabankans en allar gáttir opnar þegar kom að því að láta gjaldeyrinn fara út úr Seðlabankanum. Ég tel að það sé óumflýjanlegt ef hæstv. forsrh. vill í reynd tryggja framgang byggðanna að aðferðunum við að skrá gengi krónunnar sé breytt til þeirrar ákvörðunar sem búið var að taka en fyrrv. viðskrh. lét fresta.

Það er ekki hægt fyrir nokkra þjóð sem lifir jafnmikið á erlendum viðskiptum, stundar jafnmikið ferðalög til útlanda, að láta það ráðast hvort gengið sé vitlaust skráð mánuð, tvö mánuði eða þrjá mánuði, af því að það sé laxveiðitímabil á Íslandi eða eitthvað því um líkt. Það gengur hreinlega ekki upp. Það verður að vera viðskiptavaki sem ákveður skráningu gengisins og mönnum verður að vera það ljóst að það er eina aðferðin sem dugar til þess að koma í veg fyrir það að framleiðslufyrirtæki landsins, hvort heldur þau skapa iðnaðarvörur fyrir íslenskan markað eða hvort þau skapa vörur fyrir erlendan markað, að þau fái rétt verð fyrir sína framleiðslu. Þetta er slíkt undirstöðuatriði að það er gjörsamlega vonlaust að halda öðrum þáttum í lagi ef þetta brestur.

Ég hygg að hæstv. forsrh. sé þetta ljóst. Hitt er svo annað mál að það er ákaflega vinsælt að segja að gengi krónunnar sé rétt, það sé lágt. Hverjar eru aðalaðgerðir Bandaríkjamanna í dag í viðskiptastríðinu við Japan? Eru þær að halda dollarnum uppi? Ég held nú ekki. Aðalaðgerðirnar eru að reyna að halda dollarnum niðri svo þeir haldi velli. Og hverjar voru aðalaðgerðir Þjóðverja þegar dollarinn var að hrynja? Það var að reyna að halda honum uppi. Hér hafa menn viljað starfa alveg öfugt oft og tíðum og notað handaflið til þess.

Ég held að þessi þáttur og svo hin staðreyndin að 90–100% af nýjum störfum í þessu landi verða til í þjónustu. Ef þjónustan er staðsett á einum stað þá gengur dæmið heldur ekki upp, þá verður mannfjölgunin öll á þeim hinum sama stað en ekki úti á landi.

Ég held að þessi tvö atriði verði að vera með í skilningnum, í aðgerðunum og ég trúi því að hæstv. forseti hafi á því fullan skilning og ég vona að hæstv. forsrh. hafi það einnig.

[18:07]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka mönnum fyrir þessar umræður sem hafa verið hinar ágætustu og merkustu sem fullt tilefni er til því í sjálfu sér er þetta töluvert merkur atburður að áætlun eins og þessi skuli lögð fram í dag með jafnríka sátt á bak við sig og raun ber vitni. Það má auðvitað segja eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. benti á að aðstaða sem stjórn Byggðastofnunar er sett í samkvæmt lögunum sem voru samþykkt á síðasta kjörtímabili er dálítið sérstök því auðvitað er gert ráð fyrir því að stjórn Byggðastofnunar vinni öll að málinu, jafnt þeir fulltrúar sem koma frá stjórn og stjórnarandstöðu. En þeim er gert í lögunum að undirbúa tillögu sem ríkisstjórn leggi fyrir Alþingi og í tillögunni komi fram stefna ríkisstjórnarinnar. Þannig að þeim er gert að því að vinna að tillögu sem lúti að formi til og efni til því að brjóta ekki í bága við stefnu ríkisstjórnarinnar og það sem meira er (**Gripið fram í:** Eða öfugt.) fylgi stefnu ríkisstjórnarinnar fram í rauninni.

Nú má segja að stjórn Byggðastofnunar hafi farið klókindalega í málið. (**StG:** Þetta var mjög erfitt.) Þetta

hefur örugglega verið erfitt, ég er ekki í vafa um það, ég mundi sjálfsagt eiga erfitt með að vinna slíkt verk ef hv. 4. þm. Norðurl. v. væri forsrh. og ég í hans stöðu. Ég vona að mér mundi takast það jafn vel og honum hefur tekist engu að síður og þeim hans félögum í stjórn Byggðastofnunar. Auðvitað er það svo þegar bréf mitt er lesið annars vegar og síðan niðurstaða stjórnar Byggðastofnunar þá hefur stjórnin ekki í öllu farið eftir stefnu ríkisstjórnarinnar og er það skiljanlegt í fyrstunni þegar menn eru að vinna þetta verk sem frumverk. Það er líka athyglisvert að þó að stjórn Byggðastofnunar með þessum hætti víki nokkuð af braut þeirri sem ríkisstjórnin ætlaðist til eða vonaðist til að farin yrði þá er það niðurstaðan hjá ríkisstjórninni að leggja þá tillögu óbreytta fram sem sína stefnu. Það er auðvitað gert vegna þess að mönnum finnst mikið í húfi að þessi áætlun geti náð sæmilega fram í fyrsta sinn þegar þingið leggur til atlögu við stefnumótun af þessu tagi ellegar er hætt við því að gagnið af slíkum áætlunum yrði minna en ella.

Hv. þm. hafa bent á það hér að sumt í þessum yfirlýsingum sé almenns eðlis og frómar óskir og fögur orð um aðgerðir og stefnumótun. Mér finnst það ekki óeðlilegt að í fyrsta sinn þegar slík áætlun er unnin þá fari menn nokkuð varlega. Mér finnst það ekki óeðlilegt. En þrátt fyrir að eitthvað sé til í gagnrýni af þessu tagi þá eru líka allmargir fastir traustir punktar í þessari áætlun sem stjórn Byggðastofnunar hefur komið sér saman um í heild.

Ég tel þess vegna að það sé full ástæða til þess að þakka stjórninni og þeim stjórnarmönnum sem að þessu hafa unnið fyrir þeirra störf og þeirra vilja til þess að ná saman um efnið og reyndar líka starfsmönnum Byggðastofnunar því ég tel að þeir hafi unnið mjög gott starf, jafnvel þó að þeirra frumtextum hafi mikið verið breytt þá held ég að þeir hafi unnið ágætlega að því að ná fram þessari niðurstöðu sem þarna er á ferðinni.

Ég held að það hefði verið galli ef í fyrsta sinn hefðu orðið miklar og hatramar deilur um prinsippatriði þegar áætlun af þessu tagi er lögð fram. Ég vona það að nefndin sem fær málið til meðferðar beri gæfu til þess að vinna jafn vel að málinu og stjórn Byggðastofnunar hefur gert og ég sé enga ástæðu til að ætla annað þó auðvitað sé hún ekki bundin af þessari tillögu frekar en aðrar þingnefndir af þeim tillögum sem þær fá en ég vona og það er dálítið mikilvægt að þingið afgreiði þetta mál í bærilegri sátt, það eru mjög öflug skilaboð til fólksins í landinu um að það sé vilji löggjafans að með málefnalegum hætti sé unnið að byggðamálum hjá þessari þjóð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 18:13.

93. FUNDUR

mánudaginn 21. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Ásgrímsson 1. þm. Austurl.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðaþingmannasambandið 1993, 406. mál, skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, þskj. 610.

EES-pakki II, 347. mál, svar utanrrh., þskj. 607.

Evrópuráðsþingið 1993, 404. mál, skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, þskj. 608.

Fríverslunarsamtök Evrópu 1993, 405. mál, skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, þskj. 609.

Hagræn stjórntæki og umhverfisvernd, 402. mál, fsp. ÁMM, þskj. 604.

Héraðsskógar, 403. mál, fsp. VS, þskj. 605.

Kostnaður fyrirtækja af ákvæðum mengunarvarnareglugerðar, 410. mál, fsp. StB, þskj. 614.

Norður-Atlantshafsþingið 1993, 401. mál, skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, þskj. 603.

Norræna ráðherranefndin 1993–1994, 409. mál, skýrsla samstarfsráðherra Norðurlanda, þskj. 613.

Útflutningur á ferskum fiski, 345. mál, svar utanrrh., þskj. 606.

Vestnorræna þingmannaráðið 1993, 408. mál, skýrsla Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, þskj. 612.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, frh. fyrri umr.

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 574.

[15:07]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HG, JóhS, JBH, JHelg, JHall, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, TIO, ÖS.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JVK, MB, ÓÞÞ, RA, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:08.

---

94. FUNDUR

mánudaginn 21. febr.,
að loknum 93. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til fjármálaráðherra:

1. Aðaltollhöfn í Þorlákshöfn, fsp., 80. mál, þskj. 83.

2. Viðræður ríkisins og BSRB, fsp., 376. mál, þskj. 572.

Til iðnaðarráðherra:

3. Markaðsátak í rafmagnssölu, fsp., 336. mál, þskj. 527.

Til heilbrigðisráðherra:

4. Eftirlit með heilbrigði og hollustu innfluttra landbúnaðarvara, fsp., 375. mál, þskj. 571.

Til dómsmálaráðherra:

5. Barnaklám, fsp., 379. mál, þskj. 575.

Aðaltollhöfn í Þorlákshöfn.

Fsp. GÁ, 80. mál. — Þskj. 83.

[15:09]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er er á hinu mikla Suðurlandsundirlendi aðeins ein höfn, í Þorlákshöfn. Sú höfn heyrir undir Árnestollumdæmi en er ekki aðaltollhöfn. Ítrekað og án árangurs hefur sveitarstjórn Ölfushrepps ásamt ákveðnu útgerðarfélagi og sýslu-

mannsembættinu á Selfossi leitað eftir breytingum á tollalögum þar sem Þorlákshöfn yrði gerð aðaltollhöfn. Þessu hefur verið synjað og ekki sagt tímabært. Þó liggur fyrir að Skipaþjónusta Suðurlands hefur ásamt BF skipafélagi Færeyja hafið fastar áætlunarsiglingar með vöruflutningaskipum til Þorlákshafnar frá meginlandi Evrópu og Færeyjum. Þessar siglingar lofa góðu og eru útflytjendum eins og innflytjendum hagstæðar. Skipið sparar sér siglingu fyrir Reykjanes. Aðilar málsins gerðu sér í upphafi grein fyrir því að til þess að slíkar siglingar festist í sessi verður að gera Þorlákshöfn að aðaltollhöfn.

Nú þarf hverju sinni að fá heimild til að „klarera" skip inn og tollstjórinn í Reykjavík eða hans menn sjá um tollafgreiðslu sjálfra skipanna. Allir sem slíkar siglingar stunda hafa af því reynslu að slíkt fyrirkomulag gengur ekki upp þar sem óheimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur nema í aðaltollhöfn eða að tollstjóraembættið hafi þá samþykkt einhverjar aðstæður. Í þessu tilfelli verður að flytja vöruna til Reykjavíkur í tollvörugeymslu þar. Því fylgir mikið óhagræði og aukakostnaður sem mun auðvitað fyrr eða síðar leggja þessa nýju merku tilraun niður ef þessi breyting nær ekki fram að ganga.

Ég vil segja það hér, hæstv. fjmrh., að við Sunnlendingar á fasta landinu höfum komið okkur saman um eina höfn, sem liggur að auki vel við Evrópu, sem mikil miðstöð viðskipta við landsmenn. Innan seilingar er stærsta markaðssvæðið og þessu er vel tekið. Við hljótum að gera þá kröfu að þessi höfn verði gerð að aðaltollhöfn eins og svo margar aðrar hafnir vítt og breitt um landið sem ekki búa við þessar aðstæður.

[15:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Þorlákshöfn verður ekki gerð að aðaltollhöfn nema með breytingum á tollalögum, þannig að það er ekki einungis á valdi fjmrn. að gera þá breytingu sem hér er gerð að umtalsefni. Vegna fyrirspurna og óska frá útgerðarfélagi og sveitarstjórn í Þorlákshöfn fyrr á þessu ári var þetta mál hins vegar skoðað í fjmrn. og hjá ríkistollstjóra. Niðurstaða þeirrar skoðunar varð sú að ekki væri tímabært að gera breytingar á ákvæðum tollalaga um aðaltollhafnir vegna Þorlákshafnar.

Um nokkurn tíma hefur staðið til að láta fara fram heildarendurskoðun á tollalögunum. Við slíka endurskoðun verður sérstaklega skoðað hvort rétt sé að gera breytingar á ákvæðum laganna um aðaltollhafnir og tollhafnir.

Ráðuneytið hefur óskað eftir ítarlegri umsögn tollgæslustjóra um tilhögun tollafgreiðslu í Þorlákshöfn þar sem m.a. verði kannað áætlað vörumagn sem tollafgreitt verður í Þorlákshöfn, kostnaður, tengingar við tollkerfi og annað er lýtur að tilhögun tollafgreiðslu og á þeim grundvelli verður metið hvort tilefni sé til breytinga á núverandi fyrirkomulagi.

Samkvæmt núgildandi lögum heyrir tollafgreiðsla í Þorlákshöfn undir tollstjórann á Selfossi. Vörur sem fluttar eru til landsins með skipum til Þorlákshafnar eru því tollafgreiddar þar, en starfsmenn tollstjórans í Reykjavík hafa séð um tollafgreiðslu sjálfra skipanna. Í flestum tilfellum þarf einungis að senda aðflutningsskjöl og önnur skjöl sem varða vöruna til Selfoss. Einnig er hægt með leyfi sýslumannsins á Selfossi að senda vörur til Reykjavíkur og tollafgreiða þær þar. Á það hefur verið bent af hálfu tollgæslustjóra að einfalda mætti tollafgreiðslu í Þorlákshöfn með því að koma upp afmörkuðu svæði til geymslu ótollafgreiddra vara, en samkvæmt lögum er það farmflytjenda að koma upp og sjá um rekstur slíkrar geymslu.

Embættismenn fjmrn. hafa haft samband við sýslumanninn á Selfossi og í viðtölum við hann kom fram að hann telur nauðsynlegt, og það er auðvitað burt séð frá þessu tiltekna máli, að auka starfsemi í tengslum við tolla á Selfossi. Þar er tollsvæði þar sem veruleg tollafgreiðsla fer fram. Sýslumaðurinn hefur óskað eftir að geta gert þá breytingu að starfsmaður sem starfar hjá sýslumannsembættinu og þekkir vel til tollamála fari að mestu leyti eingöngu í þau störf, en annar verði ráðinn til þeirra starfa sem þessi hefur sinnt hingað til. Í viðræðum við dómsmrn. hefur komið fram að dómsmrn. er reiðubúið fyrir sitt leyti að flytja stöðuheimild að Selfossi, enda viðurkennir ráðuneytið brýna nauðsyn á aukningu þar. Dómsmrn. kannar nú möguleika á að gera breytinguna á Selfossi fyrr en um mitt ár. Með þessum hætti á að vera hægt að auka og bæta tollafgreiðslu á Selfossi og í Þorlákshöfn þannig að ekki þurfi í sama mæli og áður að leita til Reykjavíkur með tollafgreiðslu. Ég sé ekki annað en að með þessum hætti ætti að vera unnt að leysa mál Þorlákshafnar á fullnægjandi hátt, a.m.k. um sinn, eða þar til breytingar verða gerðar, ef gerðar verða, á lögunum um aðaltollhafnir og tollhafnir.

[15:16]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Hér er fjallað um brýnt mál. Það hefur satt að segja tekið að mínu mati of langan tíma í kerfinu að fjalla um eðlilega beiðni frá Þorlákshöfn um tollafgreiðsluþjónustu þar. Það er má segja kannski svolítið úr vöndu að ráða því ég hygg að það sé tímabært, eins og kom fram í máli hæstv. fjmrh., að gera úttekt á stöðu tollafgreiðsluþjónustu í landinu. Hún er auðvitað mismikið notuð en það hefur verið vaxandi þörf til að mynda í Þorlákshöfn. Það er allt sem mælir með því að sú vaxandi höfn fái þá eðlilegu þjónustu sem við er að búast með tollafgreiðslu, þannig að þar geti skipaferðir, vöruflutningar, farþegaflutningar og annað gengið eðlilegar fyrir sig en hefur verið um sinn og allt sem mælir með því að þessu máli sé flýtt.

[15:17]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. samþingmanni mínum Guðna Ágústssyni fyrir að bera þessa fsp. hér fram. Ég vil ekki með sama hætti þakka alveg fullnægjandi svör frá hæstv. fjmrh. Ég held að það þurfi ekkert að bíða í einhver ár eftir endurskoðun á þessum málum. Þetta mál er dæmigerður prófsteinn á það hvort ríkisstjórn vill taka til hluta sem eru þarfir og

nauðsynlegir í kjördæmi. Helmingur þingmanna Suðurlands styður þessa ríkisstjórn og að sjálfsögðu standa allir þingmennirnir að baki því að lausn sé fundin á þessu máli. Ég vildi mega vænta þess að fjmrh. skoði þetta mál með fullnægjandi hætti og að það verði tryggt á allra næstu tímum og þegar á þessu ári að þetta nái fram í Þorlákshöfn.

[15:18]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það að mér finnst að hér sé um tiltölulega einfalt mál að ræða í framkvæmd þannig að það þurfi ekki að vera að blanda mörgu öðru inn í það. Þarna er um að ræða innflutningshöfn sem þarf á þessari þjónustu að halda og vitanlega er það svo að þjónustan á að koma til fólksins en ekki fólkið til þjónustunnar.

Ef hæstv. ráðherra telur tormerki á að hann flytji frv. til laga um breytingu á tollalögum þar sem þetta er lagfært vildi ég vonast til að hann hefði ekkert á móti að þingmenn Suðurlands stæðu að því að flytja slíkt frv. þannig að það stæði ekki lengur á Alþingi og þyrfti ekki að vísa til þess að ráðherra gæti ekki lagfært þetta vegna þess að lagaheimild vantaði.

[15:20]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svör hans þótt maður sé dálítið þreyttur á því að sjá ráðherrana lesa upp þessi embættismannabréf sem þeir stundum koma með. En auðvitað staðfestist það í huga mínum eftir þessa ræðu ráðherrans að menn ætla að standa gegn þessum þjóðþrifamálum. Hins vegar hef ég séð það hér að þingmenn þurfa ekkert að vera að ætlast til þess að hæstv. ráðherrar, ef þeir hafa ekki vilja til þess, komi með frv. að slíkum breytingum. Auðvitað getum við og munum leggja fram frv. um slíkt og náð samstöðu um þá einföldu breytingu hér í þinginu.

Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að hér er um einbætti sýslumanns Árnessýslu að ræða og staðan er sú í dag að í tollafgreiðslunni á Selfossi fara nú þegar fram einar 3.000 tollafgreiðslur og það er mikilvægt að þar komi tollþjónn til starfa. Og til þess að þessi inn- og útflutningur fái þrifist og skotið rótum þá verður það að vera klárt að ekki þurfi að leggja fram beiðni um að „klarera" skip með nokkurra daga fyrirvara. Það verður að fara fram á svæðinu. Þetta er mjög einfalt mál í mínum huga og ég undra mig á því hvernig menn geta lagst gegn svona einföldum málum, hvernig hægt er að tefja það í kerfinu, svo sjálfsögð mannréttinda- og héraðsmál. Vissulega er það svo eins og ég sagði í upphafsræðu minni að Þorlákshöfn verður aldrei fyllilega nothæf sem inn- og útflutningshöfn fyrir Suðurlandsundirlendið nema hún fái réttindi aðaltollhafnar og sýslumaður Árnesinga hafi valdið í sínum höndum. Það er engin leið að þola að annarlegir hagsmunir stöðvi svona þjóðþrifamál fyrir utan hitt, hæstv. forseti, að hér get ég talið upp í langri bunu hafnir hringinn í kringum landið sem liggja jafnvel hlið við hlið og hafa fengið þessi sjálfsögðu réttindi að heita aðaltollhöfn.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að ég harma hversu þreyttur hv. þm. er á að hlusta á ræður annarra. Ég vil einnig efast um það að hér sé stórt og mikið mannréttindamál á ferðinni þó að ég skilji mætavel áhuga þingmanna Sunnlendinga og áhuga Sunnlendinga yfir höfuð á því að fá aðaltollhöfn í Þorlákshöfn.

Ég vísa því hins vegar á bug að hér séu einhverjir annarlegir hagsmunir sem standi gegn þessu máli, það er síður en svo. Ég get að sjálfsögðu ekki bannað hv. þm. að flytja frv. um þetta efni en virði það hins vegar að hv. 2. þm. Suðurl. sagðist skyldu hjálpa mér við slíkan tillöguflutning. Ég get ekki bannað honum að flytja tillögur. Ég get aðeins lýst því hver er niðurstaða ráðuneytisins eftir að hafa skoðað málið.

Ég vil leyfa mér að endurtaka það sem fram kom í mínu máli og ég held að skipti mestu. Þetta mál er í skoðun í fyrsta lagi. Í öðru lagi munu lögin verða endurskoðuð innan skamms og í þriðja lagi sem kannski skiptir langsamlega mestu máli er að það verður bætt við fólki til þess að tryggja það að höfnin geti annað þessari starfsemi sem hér er um að ræða. Þetta tel ég að þurfi að koma skýrt fram og auðvitað kemur til greina þegar lögunum verður breytt að færa aðaltollhöfnina frá Selfossi og til Þorlákshafnar. Það hefur enginn minnst á það hér en það kemur að sjálfsögðu til skoðunar ef kemur fram um það fróm ósk frá hv. þm. Sunnlendinga. En ég vonast að sjálfsögðu til þess að áfram sem hingað til sé skilningur á því að í þessu máli er unnið eins og við teljum vera eðlilegast og það er sjálfsagt að koma til móts við sjónarmið hv. þm. og það ríkja engir annarlegir hagsmunir í þessu máli.

Viðræður ríkisins og BSRB.

Fsp. KÁ, 376. mál. — Þskj. 572.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Í nóvember sl. sendi hæstv. fjmrh. frá sér yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga við opinbera starfsmenn. Af yfirlýsingunni mátti skilja að meiningin væri að ræða við BSRB um ýmsa þætti í starfsemi ríkisins, þar með talin áform um einkavæðingu ríkisfyrirtækja, en þau mál snerta ríkisstarfsmenn að sjálfsögðu.

Nú vill svo til að í þinginu eru til meðferðar nokkur einkavæðingarfrumvörp og eru sum hver að komast á lokastig í vinnslu nefnda án þess að sérstakar viðræður hafi átt sér stað milli ríkisins og BSRB. Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh. eftirfarandi spurninga:

„1. Hvaða skýring er á því að viðræður ríkisins og BSRB hafa ekki hafist um „breytingar og nýskipan í ríkisrekstri, sem stjórnvöld ákveða, þar sem m.a. verði rædd þau áform um einkavæðingu einstakra stofnana sem á döfinni eru á hverjum tíma og þau mál sem að starfsmönnum viðkomandi stofnana snúa" eins og seg-

ir í bréfi fjmrh. frá 28. nóv. 1993?
2. Hvenær hyggst fjmrh. hefja viðræður við BSRB?"

[15:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Í bréfi sem ég ritaði Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja 28. nóv. kemur annars vegar fram að ætlunin sé að koma upp samstarfsnefnd sem ræði um kjaramálefni og hins vegar samráðsvettvang sem ræði um ýmis efni sem tiltekin eru í þessu bréfi mínu til bandalagsins. Það skal tekið fram varðandi fyrri þátt málsins, sem reyndar er ekki í fyrirspurninni, að samráðsnefndin hefur þegar hist nokkrum sinnum og komst tiltölulega fljótt á laggirnar. Hins vegar dróst það nokkuð að setja síðari nefndina af stað. Bréf kom frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja sem er dags. 25. jan. þar sem sagt var frá hvernig bandalagið teldi eðlilegast að haga þessu samstarfi og tiltók einnig hvaða menn voru tilnefndir af hálfu bandalagsins. Þessu bréfi svaraði ég snemma í febrúar og skipaði 5 manna samráðshóp til þess að eiga þetta samráð. Hópurinn hefur þegar hist einu sinni. Reyndar er ekki langt síðan það var því fyrsti fundurinn hófst fyrir hálftíma. En skýringarnar eru þær að það tók þennan tíma að finna form á þetta samráð.

Þetta ætti að svara fyrirspurninni en af því að vikið var að einkavæðingarfrumvörpunum skal tekið fram að frv. um Lyfjaverslun ríkisins til að mynda var komið fram áður en samið var á sl. hausti og þess vegna ekkert óeðlilegt að það frv. fengi eðlilega afgreiðslu í þinginu en það verður auðvitað eitt af því sem verður rætt við BSRB enda hefur aldrei staðið til að fara gegn réttindum þeirra starfsmanna sem starfa hjá ríkinu.

Til viðbótar, af því að ég hef hérna smátíma og tel mig vera búinn að svara fyrirspurninni að mestu, er kannski ekki úr vegi að segja frá því að á því samningsbili sem nú almennt ríkir, þ.e. frá 1. mars 1993 til 31. des. 1994, hefur samninganefnd ríkisins lokið samningum við 49 stéttarfélög opinberra starfsmanna eða 14.720 ríkisstarfsmenn en eftir standa 18 samningar er varða rúmlega 4 þúsund starfsmenn. Þannig er 73% samningsgerðar vegna 78% ríkisstarfsmanna lokið.

Þetta vildi ég að kæmi fram því það hefur ekki verið mikið fjallað eða með feitu letri um samningastarfsemi á vegum ríkisins að undanförnu en ég tel þetta til marks um það að samstarf og samráð ríkisins annars vegar og starfsmanna ríkisins hins vegar er í mjög góðu lagi og ég vona að svo verði áfram að sjálfsögðu.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þessar viðræður skuli nú hafnar milli ríkisins og BSRB um þessi viðkvæmu mál sem við erum að fjalla um í þinginu og tengjast einkavæðingu ríkisstofnana. Ég ítreka það að þótt t.d. frv. um Lyfjaverslun ríkisins hafi verið löngu komið fram og BSRB hafi gefist kostur á að ræða við efh.- og viðskn. um þau mál þá var ástæðan fyrir því að þetta atriði var tekið inn í samninga ríkisins og BSRB þær áhyggjur sem BSRB hefur af sínum félagsmönnum í tengslum við einkavæðinguna. Það er ekkert óeðlilegt að þau mál séu rædd í víðu samhengi og menn fari sér hægt í einkavæðingu meðan á þeim viðræðum stendur.

Það eru fleiri fyrirtæki en Lyfjaverslun ríkisins sem við erum að fjalla um hér. Við erum t.d. að fjalla um Áburðarverksmiðju ríkisins en þar er reyndar, ef ég man rétt, ekki um að ræða félagsmenn í BSRB heldur BHMR og það málefni horfir svolítið öðruvísi við en þó er þar um þessi sömu vandamál að ræða sem snerta biðlaun og lífeyrisréttindi.

En kjarni málsins er auðvitað sá að okkur í efh.- og viðskn. barst bréf frá BSRB þar sem var vakin athygli á því að þessar viðræður væru ekki hafnar og því fannst mér rétt að spyrja hæstv. fjmrh. hvað hann ætlaði sér í þeim málum en ég fagna því að menn skuli nú vera sestir við að ræða þessi mikilvægu mál.

[15:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Til þess að undirstrika það hvað fólst í þessari yfirlýsingu þá vil ég að það komi skýrt fram að þetta er ekki samningur eins og hv. þm. sagði í ræðustól heldur er þetta einhliða yfirlýsing fjmrh. sem kannski að nokkru leyti má segja að hafi skapað samningsforsendur. Til þess að það sé alveg ljóst hvað stendur í þessari yfirlýsingu þá segir orðrétt, með leyfi forseta, í lok yfirlýsingarinnar frá 28. nóv.:

„Með vísan til ályktunar bandalagsráðstefnu BSRB og framangreindra viðhorfa fjmrn. leggur það til að komið verði á samráðsvettvangi í BSRB og eftir atvikum annarra samtaka opinberra starfsmanna og fjmrn. þar sem unnt verði að ræða framangreind málefni og önnur hliðstæð sem ekki tengjast beint kjarasamningum og þeim samskiptum aðila sem þeim fylgja. Á þessum vettvangi geti aðilar gert grein fyrir viðhorfum sínum og eftir atvikum ákveðið frekari sameiginlega meðferð einstakra mála."

Ég vil að þetta komi skýrt fram þannig að hvorki verði mistúlkað né oftúlkað það sem segir í þessari einhliða yfirlýsingu minni frá 28. nóv. 1993.

Markaðsátak í rafmagnssölu.

Fsp. EKG, 336. mál. — Þskj. 527.

[15:33]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Það blandast engum hugur um að í raforkukerfi landsins er vannýtt afkastageta sem m.a. helgast af því að á undanförnum árum hafa mál því miður þróast þannig að orkusala í landinu hefur dregist saman. Í upplýsingum sem fram komu í svari hæstv. iðnrh. við fyrirspurn minni um þessa þróun allt til ársins 1991 kemur m.a. fram að sala í gígavattstundum talin hefur minnkað ár frá ári allt frá árinu 1989. Ef við skoðum það sérstaklega í krónum talið þá blasir það við að samkvæmt þeim upplýsingum sem þá voru

lagðar fram hefur heildarorkusalan, ef skoðað er árabilið 1973–1991, aldrei verið minni en á árinu 1991.

Samhliða þessu hefur hins vegar átt sér stað gríðarlega mikil fjárfesting í orkukerfinu, ekki síst hjá Landsvirkjun, og á sama tíma og salan dróst saman ár frá ári 1989–1991 nam heildarfjárfesting Landsvirkjunar 11,3 milljörðum kr. á verðlagi ársins 1991. Þetta er kannski í hnotskurn sá vandi sem menn standa frammi fyrir í raforkukerfinu, annars vegar vaxandi heildarfjárfesting en á sama tíma minnkandi heildarorkusala. Fasti kostnaðurinn í raforkukerfinu hverfur ekki. Þessar fjárfestingar eru komnar til að vera og menn þurfa að borga af þeim vexti og annan fjármagnskostnað hvort sem mönnum líkar það betur eða verr og hvernig svo sem orkusalan þróast á sama tíma. Þess vegna er það auðvitað mjög mikilvægt vegna hagsmuna orkukerfisins að unnt sé að auka tekjur þess með einhverjum hætti.

Í þessum efnum hafa menn horft á margvíslega möguleika. Ég nefni aukna orkusölu til loðnu- og fiskimjölsverksmiðju, ég nefni aukna sölu í formi landrafmagns til skipa og ég nefni aukna sölu til gróðurhúsa svo að ég taki þrjú dæmi. Að öðru leyti má segja að tilgangurinn með aukinni orkusölu við þessar aðstæður geti verið tvíþættur fyrir utan það að auka raforkusölu; að auka þannig tekjur orkukerfisins og styrkja orkusölufyrirtækin. Þá er þetta ekki síður liður í því að bæta íslenska atvinnusköpun, fjölga íslenskum atvinnutækifærum og á því er víst engin vanþörf. Þess vegna hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að leggja fram eftirtaldar þrjár spurningar til hæstv. iðnrh. um markaðsátak í rafmagnssölu:

„1. Hver hefur orðið árangurinn af átaki Landsvirkjunar til þess að auka rafmagnssölu á innanlandsmarkaði, mælt í gwst. og í krónum?

2. Hversu stór hluti tekjuaukningarinnar varð af raforkusölu til stóriðju og hversu stór af sölu á rafmagni til annarra atvinnugreina?

3. Eru fyrirhugaðar frekari ráðstafanir til að auka raforkusölu á vegum Landsvirkjunar?“

[15:37]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Hv. þm. spyr hver hafi orðið árangur af átaki Landsvirkjunar til að auka rafmagnssölu á innanlandsmarkaði. Á árinu 1991 var gerður samningur við Ísal um sölu á 172 gígavattstundum á ári af ótryggðu rafmagni sem gæfi Landsvirkjun 113 millj. kr. í tekjur miðað við núgildandi gjaldskrá. Á þessu ári eru kaup fyrirtækisins áætluð 147 gígavattstundir og tekjur af sölunni um 97 millj. kr.

Haustið 1992 samþykkti stjórn Landsvirkjunar skilmála um sölu á svokölluðu umframrafmagni. Gerðir hafa verið 18 samningar, níu vegna fiskvinnslu, þrír vegna ylræktar, tveir vegna mjólkuriðnaðar, þrír vegna annars iðnaðar og einn vegna flutninga. Í ylræktinni er um að ræða þrjú samlög og eru margir garðyrkjubændur í hverju þeirra. Áætluð söluaukning á yfirstandandi ári vegna þessara samninga er 8 gígavattstundir sem þýða um 16 millj. kr. tekjuaukningu fyrir Landsvirkjun.

Þá samþykkti stjórn Landsvirkjunar í júlí að veita 50% afslátt til aldamóta af verði ótryggðs rafmagns til fiskimjölsverksmiðja til að hagkvæmt verði fyrir þær að setja upp rafskautakatla við gufuframleiðslu. Teknir hafa verið upp samningar við tvær fiskimjölsverksmiðjur og fjóra aðra aðila um sölu á 80 gígavattstundum á ári sem gefa um 25 millj. kr. í tekjur.

Á árinu 1987 hóf Landsvirkjun að veita fiskeldisfyrirtækjum afslátt af rafmagnsverði vegna dælingar á sjó í strandeldisstöðvum. Á árinu 1994 er áætlað að afslátturinn nemi um 25 millj. kr. vegna 18 gígavattstunda sölu. Samtals er um að ræða allt að 278 gígavattstundir á ári. Þar af er allt að 252 gígavattstundir ótryggð raforka og um 26 gígavattstundir forgangsorka. Árlegar tekjur Landsvirkjunar af þessari sölu gætu numið allt að 180 millj. kr.

Í öðru lagi spyr þingmaðurinn hve stór hluti tekjuaukningar verði af raforkusölu til stóriðju og hversu stór af sölu á rafmagni til annarra atvinnugreina. Árlegar tekjur af aukinni sölu til stóriðju gætu orðið um 113 millj. kr. eða 63% og áætlaðar tekjur af aukinni sölu til annarra atvinnugreina um 66 millj. kr. eða 37%. Mælt í orkueiningum væri skiptingin svipuð, stóriðja með 62% en önnur atvinnutarfsemi með 38%.

Í þriðja lagi er spurst fyrir um hvort fyrirhugaðar séu frekari ráðstafanir til að auka raforkusölu á vegum Landsvirkjunar. Landsvirkjun áformar að vinna áfram að markaðsátaki í náinni samvinnu við almenningsveitur. Hér verður drepið á helstu verkefnin.

Fyrst er að nefna að niðurstöður starfshóps á vegum iðnrn. sem falið var að kanna leiðir til að auka rafmagnsnotkun í fiskimjölsiðnaði benda til að hagkvæmt sé að setja upp rafskautakatla til gufuframleiðslu í 10 fiskimjölsverksmiðjum með um 125 gígavattstundaorkuþörf á ári. Til að vega á móti kostnaði verksmiðjanna við kaup og tengingu búnaðar ákvað stjórn Landsvirkjunar að veita 50% afslátt af verði ótryggðs rafmagns. Samningar hafa verið gerðir við tvær verksmiðjur. Áfram verður unnið að þessu máli.

Í öðru lagi hafa, eins og áður hefur komið fram, verið gerðir samningar við fleiri aðila á svipuðum kjörum og fiskimjölsverksmiðjurnar njóta og eru fleiri möguleikar til athugunar, m.a. styrkir ráðuneytið nú athugun á möguleikum til að nýta þennan afslátt í rækjuverksmiðjum en í þeim er gufa yfirleitt framleidd í olíukötlum.

Í þriðja lagi: Áfram verður unnið að sölu á umframrafmagni með 1 kr. afslætti á kwst. á forgangsorkuverði.

Í fjórða lagi: Þrátt fyrir að yfirgnæfandi hluti húsnæðis sé hitaður upp með jarðvarma eða rafmagni eru enn milli 2 og 3% kynt með olíu. Einkum er um að ræða stór hús þar sem niðurgreiðslna nýtur ekki við. Leitað verður leiða til að gera rafmagnið samkeppnishæft við olíu á þessum sviðum.

Rétt er að vekja athygli á því að nokkrar almenningsrafveitnanna hafa verið að efla starfsemi sína á sviði markaðsmála og leitað leiða til að auka hlutdeild í orkubúskapnum. Gott samstarf hefur verið á milli þeirra og Landsvirkjunar í þessu efni. Í framhaldi af at-

hugun starfshóps á vegum iðnrn. haustið 1992 á möguleikum til að auka notkun á landrafmagni til skipa í höfnum landsins hafa margar veitnanna lækkað gjaldskrá fyrir þessa notkun eða veitt afslátt til að verða samkeppnishæfar við rafmagn sem framleitt er í ljósvélum skipanna.

Þá hafa margar rafveitur verið að lækka gjaldskrá fyrir mannvirkjagerð. Sá árangur sem náðst hefur í að auka hlut rafmagns í orkubúskapnum með þessum hætti er ánægjulegur og mikilvægt að áfram verði unnið að því að kanna allar leiðir í því efni. Atvinnulífið, orkufyrirtæki og stjórnvöld þurfa að vinna sameiginlega að þessu máli og mun iðnrn. halda áfram að stuðla að því.

[15:41]

Fyrirspyrjandi (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. iðnrh. fyrir afar skýr svör við spurningum mínum. Þessi svör hafa leitt það fyrst og fremst í ljós að í raun og veru hefur verið vannýttur markaður fyrir sölu á orku á býsna mörgum sviðum. Ég held að þessi svör sýni okkur það líka að kannski hafa orkusölufyrirtækin að nokkru leyti sofið á verðinum gagnvart því að fara í einhvers konar markaðsstarfsemi vegna þess að orkusalan hefur verið býsna tryggur stofn lengst af en núna standa menn frammi fyrir því, m.a. vegna erfiðleika í stóriðjurekstri hér á landi, að fyrirtækin hafa orðið að leggja í, sem eðlilegt er, einhvers konar markaðsstarfsemi með þeim árangri sem hæstv. iðnrh. gat um áðan.

Ég er sannfærður um og það kemur líka fram í þeim framtíðaráætlunum sem orkusölufyrirtækin og Landsvirkjun hafa í þessum efnum að það eru enn þá vannýttir möguleikar á því að auka orkusöluna í landinu. Hæstv. ráðherra nefndi fiskimjölsiðnaðinn eins og raunar kom fram í mínu máli og rækjuiðnaðinn sem er vaxandi atvinnugrein í okkar landi og kallar á aukna orkunotkun. Það er líka mjög athyglisvert, sem fram kom í máli hæstv. ráðherra, að 2–3% húsa eru enn þá kynt með olíu. Þarna hlýtur að vera fyrir hendi umtalsverður markaður sem sjálfsagt er að sinna með öllum tiltækum ráðum.

Ég er sannfærður um að í ljósi þess að við höfum vannýtta fjárfestingu í orkukerfinu þá sé sjálfsagt mál að reyna að auka innlenda orkunotkun sem gæti kannski orðið til þess að skapa ný atvinnutækifæri. Ég nefni t.d. ýmsa möguleika sem e.t.v. geta verið í íslenskum iðnaði sem gæti síðan leitt til aukinnar atvinnusköpunar.

Eftirlit með heilbrigði og hollustu innfluttra landbúnaðarvara.

Fsp. JHelg, 375. mál. — Þskj. 571.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Vaxandi athygli og ótti vegna mengunar innfluttra matvæla hefur ekki farið fram hjá neinum. Vegna sívaxandi framleiðslu og framleiðnikröfu hefur í mörgum löndum aukist mikið notkun efna sem eru skaðleg fyrir neytendur en eru notuð í þeim tilgangi að auka og hraða uppskeru og framleiðslu. Meðal þeirra efna sem þar má nefna eru illgresiseyðir og skordýraeitur með hættulegum efnum. Þá eru það hormónar og fúkkalyf en hormónarnir auka vaxtarhraða dýra, jafnvel allt um helming en hafa jafnframt áhrif á líkama neytenda sem borða t.d. kjöt. Fúkkalyfin geta gert neytendur ónæma fyrir þessum lífsnauðsynlegu lyfjum. Síðan bætist við mengun á jarðvegi og andrúmslofti þar sem framleiðslan fer fram. Þegar bændur hafa afhent vöruna tekur við ýmiss konar efnanotkun og geislun til að rotverja afurðirnar og auka þannig geymsluþol þeirra ótrúlega mikið.

Vegna þess hvað hér er mikið fjármagn í húfi þá berast fréttir um að reynt sé að komast fram hjá eftirliti með heilbrigðisreglum og í sumum löndum er talað um hormónamafíu sem græðir á framleiðslu með þessum hætti. Þessar staðreyndir skapa víðast hvar erlendis ört vaxandi eftirspurn eftir matvælum sem örugglega eru framleidd í hreinu umhverfi og án óæskilegra aðskotaefna. Þetta gæti orðið lyftistöng fyrir íslenskan landbúnað þar sem slíkar aðstæður eru hér.

En það er önnur hlið sem snýr að okkur. Um það bil helmingur matvæla sem Íslendingar neyta er innfluttur. Því hlýtur sú staðreynd sem ég rakti áðan að vekja áhyggjur okkar og kalla á öflugt eftirlit með innfluttum matvælum til að allt verði gert sem hægt er til að draga úr hættu á heilsutjóni sem þau valda neytendum.

Ég hef því á þskj. 571 borið fram nokkrar fsp. til hæstv. heilbrrh. um það hvernig íslenska stjórnkerfið er í stakk búið til að ráða við þetta ákaflega mikilvæga verkefni, hvernig þeirri framkvæmd er hagað og hvort hæstv. ráðherra telur þörf á breytingum til bóta.

[15:47]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint fyrirspurnum í sjö liðum sem ég mun svara í þeirri röð sem þær koma fram á þskj. 571.

Í fyrsta lagi tilhögun innflutningseftirlits. Samkvæmt lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, fer matvæla- og heilbrigðissvið Hollustuverndar ríkisins með eftirlit með innflutningi matvæla og eru eftirfarandi upplýsingar þaðan.

Innflutningseftirlit byggist að mestu á skoðun vörutegunda í tolli og vörugeymslum innflytjenda. Skoðun beinist að hollustuháttum, umbúðamerkingum og tilteknum efnasamböndum í matvælum, þar á meðal sýnatökum og rannsóknum á innihaldi varnarefna í grænmeti og ávöxtum. Ekki er mikið um gerlafræðilegt eftirlit þar sem innflutningur viðkvæmra vörutegunda hefur verið lítill. Auk þessa hefur verið lögð áhersla á ákveðin eftirlitsverkefni sem beinst hafa að afmörkuðum þáttum, svo sem tilteknum umbúðamerkingum eða efnasamböndum, en einnig örverufræðilegum þáttum svo sem í kryddi.

Eftirlitsverkefnin hafa verið unnin í samvinnu við

Hollustuvernd ríkisins, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og tollyfirvalda.

Í öðru lagi starfsfólk og aðbúnaður. Í framhaldi af setningu ákvæða um innflutningseftirlit með lögum nr. 81/1988 hófst innflutningseftirlit Hollustuverndar ríkisins á árinu 1989. Matvælafræðingur var ráðinn til að annast vinnslu upplýsinga og sýnatöku og efnafræðingur til að annast efnarannsóknir. Þá festi Hollustuvernd kaup á efnagreiningartækjum vegna greiningar varnarefna í grænmeti og ávöxtum. Aðrir sérfræðingar stofnunarinnar hafa sinnt ýmsum störfum vegna innflutningseftirlits og þá ræður stofnunin yfir góðri aðstöðu til gerlafræðilegra prófana. Sérfræðingar stofnunarinnar sem koma að skoðunum og prófunum á innfluttum matvælum eru matvælafræðingar, gerlafræðingar, náttúrufræðingar, dýralæknir og næringarfræðingur og er sérfræðiþekking því nokkuð góð. Hins vegar verður að fjölga þeim sem starfa við sýnatöku og gagnasöfnun og einnig þeim sem sinna rannsóknum og prófunum.

Í þriðja lagi samstarf stofnana eftirlitsaðila. Hollustuvernd ríkisins er aðili að samnorrænu tilkynninganeti þannig að stofnuninni berast tilkynningar um vörur sem ekki er heimilt að flytja inn í nágrannalöndum okkar. Slíkar tilkynningar frá aðildarríkjum EB hafa einnig borist stofnuninni frá Danmörku. Með gildistöku EES gerist stofnunin formlegur aðili að tilkynningakerfi ríkja hjá EB og EFTA, RAPEX-system, og hefur verið nýlega gengið frá aðild að þessu kerfi. Samvinna tollayfirvalda og Hollustuverndar ríkisins er með miklum ágætum. Stofnunin hefur fengið aðgang að tölvukerfi tollsins og hefur það gert stofnuninni kleift að fylgjast með innflutningi einstakra tegunda matvæla, vörusendinga eða innflutningi á vegum tiltekinna fyrirtækja þegar ástæða hefur þótt til. Samvinna við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna er einnig með miklum ágætum og er það mikilvægt þar sem Hollustuvernd hefur ekki starfsfólk til að sinna eftirliti um land allt.

Í þeim fáu tilvikum sem um innflutning landbúnaðarvara hefur verið að ræða, sem falla að mestu undir yfirstjórn landbrn., svo sem kjötvörur, hefur málum verið vísað til yfirdýralæknis.

Í fjórða lagi efnagreiningar. Árið 1991 hóf Hollustuvernd ríkisins reglubundnar sýnatökur og rannsókn á innfluttu grænmeti og ávöxtum og innlendum matjurtum með tilliti til innihalds varnarefna. Skipulag sýnatöku er unnið í samvinnu við matvæla- og heilbrigðissvið rannsóknastofu stofnunarinnar.

Rannsóknir fara fram í samtengdum gas- og massagreini og er nú skimað fyrir 35 efnum. Á árinu 1991 voru rannsökuð 108 sýni af grænmeti og ávöxtum með tilliti til varnarefna. Árið 1992 216 sýni og 99 sýni á árinu 1993. Samtals hafa því verið rannsökuð 423 sýni og þar af er tæplega fjórðungur sýni af innlendum matjurtum.

Önnur efnasambönd. Mjög lítið hefur verið um greiningu annarra efnasambanda í innfluttum matvælum. Ástæður þess má m.a. rekja til þess að fjármagn til að kosta slíkar rannsóknir hjá öðrum stofnunum hefur verið takmarkað. Þessi þörf fyrir slíkar rannsóknir hefur verið minni en gerist í mörgum öðrum ríkjum vegna takmarkaðs innflutnings á landbúnaðarvörum, svo sem kjöti og mjólkurvörum.

Í fimmta lagi hefur Hollustuvernd ríkisins aðeins yfirlit yfir þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hjá rannsóknastofu stofnunarinnar. Árið 1993 voru á vegum hennar rannsökuð 150 sýni vegna efnarannsókna. Af þeim voru eins og áður sagði 99 sýni vegna varnarefna í grænmeti og ávöxtum. Þessi sýnafjöldi er undir þeim áætlunum sem gerðar voru.

Vegna innflutningseftirlits og eftirlitsverkefna voru tekin yfir 100 sýni af innfluttum matvælum til gerlarannsókna og vega þar mest sýni af kryddi eða 95 sýni. Niðurstöður þessara rannsókna sýna að örverufræðilegum gæðum þessara vörutegunda er verulega ábótavant og kom það reyndar einnig fram í fyrri könnunum stofnunarinnar á sömu vörum. Unnið er að úrbótum hvað þetta varðar í samvinnu við innflytjendur.

Í sjötta lagi fjármagn. Þegar innflutningseftirlit Hollustuverndar hófst árið 1989 var tekin ákvörðun um að 30 millj. kr. yrði varið yfir þrjú ár í stofnkostnað til að koma á tölvutengslum og annarri starfsemi vegna gagnasöfnunar og til ráðninga nýrra starfsmanna. Þar við bætist árlegur rekstrarkostnaður stofnunarinnar vegna innflutningseftirlits sem reikna má með að sé um nú 15 millj. kr. á ári. Miðað við þessar forsendur hefur 60–70 millj. kr. verið varið til innflutningseftirlits á vegum Hollustuverndar ríkisins frá því að lagaákvæði þar um voru sett á árinu 1988.

Í sjöunda lagi aukinn og fjölbreyttari innflutningur. Gera verður breytingar á eftirliti með innflutningi EES og einnig GATT. Viðkvæm matvæli eins og kjötvörur og mjólkurafurðir krefjast annarra áherslna og verður örverufræðilegt eftirlit því að vega meira.

Samræming löggjafar um matvæli með gildistöku EES getur á margan hátt auðveldað innflutningseftirlit. Nauðsynlegt er að hefja þegar undirbúning breytinga á framkvæmd eftirlits vegna innflutnings landbúnaðarafurða og vegna tilkomu EES og GATT. Þetta starf þarf að vinna í samvinnu við heilbrrh. og landbrh. og enn fremur þarf umhvrh. að koma að málinu þar sem ráð er fyrir því gert að þessi málaflokkur flytjist frá heilbrrn. til umhvrn. og er frv. þar að lútandi hér fyrir þinginu. (Forseti hringir.)

Að lokum þetta, hæstv. forseti: Þetta starf er mjög mikilvægt og ljóst er að skilgreina þarf nákvæmlega hverjar eftirlitsskyldur stofnana á vegum þessara ráðuneyta eigi að vera og hvaða breytingar þarf að gera á starfsemi þeirra.

[15:53]

Fyrirspyrjandi (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svör hans þar sem margvíslegan fróðleik er að finna. Meginniðurstaðan virðist samt vera sú að það vantar meira starfslið til þess að vinna að þessu. Jafnvel þó óbreytt skipulag hefði verið á innflutningsmálum kallar aukinn innflutningur sem nú blasir við að sjálfsögðu á betra skipulag. Því er það mikilvægt sem kom fram í svari hæstv. ráðherra, að vilji er til þess hjá viðkom-

andi aðilum að ráða bót á því. Jafnframt hlýtur að koma til kasta Alþingis að veita til þess nægilegt fjármagn svo að unnt verði að sinna þeirri hlið sem kemur í kjölfar ákvarðana sem Alþingi sjálft hefur tekið.

Það er vissulega athyglisvert sem kom fram í svari hæstv. ráðherra að gæðum hefði nokkuð verið ábótavant í sumum tilvikum og hlýtur að verða að leggja áherslu á að það standi til bóta.

Það kom jafnframt fram í svari hæstv. ráðherra að sumir þættir eru lítið kannaðir sem geta samt skipt mjög miklu máli fyrir heilbrigði fólks eins og þess sem ég nefndi í máli mínu áður. Ég hlýt að leggja áherslu á að þarna verði brugðist skjótt við og fólki gert vart við að þarna geti verið um hættu að ræða ef það er ekki kannað til hlítar áður.

[15:56]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Jóni Helgasyni fyrirspyrjanda um mikilvægi þess að þessi eftirlitsþáttur verði inntur af hendi með öllum þeim mannafla og öllum þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru. Ég gat um í svari mínu að sérfræðiþekkingin er til staðar. Starfsfólk Hollustuverndar ríkisins og tækjabúnaður gerir að verkum að við höfum alla burði til að standa vel að verki við þessa mikilvægu eftirlitsskyldu. Jafnframt kom fram og er rétt að árétta að samstarf og samráð þeirra aðila sem óhjákvæmilega koma þarna nærri, heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sem og tollyfirvalda, er með býsna góðum hætti. Skipulag þessara mála er því í allgóðu lagi og ættum við að vera þokkalega undirbúin til að takast þessi auknu verkni á hendur. En ég vil þó árétta og taka undir með hv. þm. að vitaskuld verður að veita fé til og auka þann mannafla að breyttu breytanda og ég vænti þess að hv. Alþingi og hv. alþm. geti verið sammála og samstiga í þeim efnum.

Útbýting þingskjals:

Náttúruvernd, 411. mál, stjfrv., þskj. 615.

Út af dagskrá var tekið 5. mál.

Fundi slitið kl. 15:57.

---

95. FUNDUR

þriðjudaginn 22. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359. — 1. umr.
2. Stöðvun verkfalls fiskimanna, stjfrv., 302. mál, þskj. 490, nál. 589 og 592. — Frh. 2. umr.
3. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 142. mál, þskj. 157. — Fyrri umr.
4. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 231. mál, þskj. 259. — Fyrri umr.
5. Jarðalög, stjfrv., 200. mál, þskj. 222. — 1. umr.
6. Ræktun íslenska fjárhundsins, þáltill., 390. mál, þskj. 588. — Fyrri umr.
7. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391. — 1. umr.
8. Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, þáltill., 355. mál, þskj. 547. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Kennaraháskóli Íslands, 412. mál, stjfrv., þskj. 617.

Norrænt samstarf 1993 til 1994, 407. mál, skýrsla, þskj. 611.

Skyldur samkvæmt félagsmálasáttmála Evrópu, 311. mál, svar félmrh., þskj. 616.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 1. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 359.

[13:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Með frv. þessu er lagt til að settur verði á stofn Þróunarsjóður sjávarútvegsins er hafi það hlutverk að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi með endurskipulagningu í greininni. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn sinni þessu hlutverki sínu með fernum hætti.

Í fyrsta lagi mun sjóðurinn greiða styrki til að fækka fiskiskipum.

Í öðru lagi mun sjóðurinn kaupa fasteignir og framleiðslutæki fiskvinnslustöðva.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti stuðlað að sameiningu sjávarútvegsfyrirtækja með því að taka þátt í fjárhagslegri endurskipulagningu í samvinnu við aðrar lánastofnanir.

Í fjórða lagi mun sjóðurinn stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis.

Fyrir mörgum árum síðan var ljóst að stærð fiskiskipaflotans er meiri en sem nemur afrakstursgetu fiskstofna. Þessi umframafkastageta hefur aukist í kjölfar

þess að nauðsynlegt hefur reynst að draga verulega úr þorskafla síðustu árin. Öll fiskiskip og bátar sem stunda veiðar í atvinnuskyni þurfa nú sérstök veiðileyfi og ekkert nýtt skip fær leyfi nema sambærilegt skip hverfi úr flotanum í þess stað.

Þá hefur leyfilegum heildarafla allra helstu nytjastofna verið skipt upp á milli einstakra skipa. Með þessu fyrirkomulagi voru sköpuð skilyrði fyrir einstaka útgerðarmenn til að takast á við að fækka fiskiskipum. Nokkur árangur hefur náðst en það hefur valdið nokkrum vonbrigðum að hann hafi ekki verið meiri en raun ber vitni. Ýmsar ástæður kunna þó að liggja hér að baki. Lög um stjórn fiskveiða hafa ávallt gilt til skamms tíma í senn og verið til stöðugrar endurskoðunar. Þetta hefur leitt til óvissu og í mörgum tilfellum dregið úr viðleitni manna til að sameina aflaheimildir á færri skip. Reglur um sóknarmark og frjálsræði í veiðum smábáta hafa haft áhrif til stækkunar flotans. Þá voru á árum áður, allt fram á miðjan síðasta áratug, verulegar takmarkanir á að endurnýja fiskiskip. Þegar þeim takmörkunum var síðan aflétt leiddi það til mikillar skriðu nýfjárfestinga í fiskiskipum.

Loks má benda á að verð á fiskiskipum á heimsmarkaði hefur lækkað mjög vegna minnkandi fiskstofna. Þessi þróun hefur annars vegar leitt til þess að erfiðlega hefur gengið að selja notuð skip úr landi og hins vegar að íslenskum útvegsmönnum hefur gefist kostur á að kaupa nýleg erlend skip fyrir brot af smíðaverði.

Ekki er hins vegar hægt að horfa fram hjá þeirri staðreynd að þessi nýfjárfesting hefur skapað okkur ýmsa nýja möguleika. Má þar t.d. nefna þann árangur sem náðst hefur við veiðar á úthafskarfanum en forsenda þessara veiða er stór og öflug skip sem geta jafnframt unnið aflann um borð.

Í 7. gr. frv. er kveðið á um það hvernig Þróunarsjóðurinn sinnir því hlutverki sínu að stuðla að fækkun fiskiskipa. Er gert ráð fyrir að sjóðurinn taki við því hlutverki sem Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins hefur haft í þessu skyni. Á sama hátt og gilt hefur í Hagræðingarsjóði greiðir Þróunarsjóður styrki þegar skipi sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni er fargað eða selt úr landi án þess þó að nýtt skip bætist í flotann í þess stað. Styrknum er ætlað að hvetja til þess að takmarkaðar aflaheimildir verði sameinaðar varanlega á færri skip og þannig stuðlað að því að betri rekstrargrundvöllur verði fyrir þau skip sem eftir verða. Er lagt til að styrkhlutfallið nemi 45% af húftryggingarmati skips, þó aldrei hærri fjárhæð en sem nemur 75 millj. kr. fyrir hvert skip.

Í lögunum um Hagræðingarsjóð er hlutfallið nú 30% af húftryggingarmati og hámarkið 50 millj. kr. á skip. Þá er gerð tillaga um það að samanlögð fjárhæð úreldingarstyrks og tjónabóta sem greiddar verða af tryggingafélögum vegna skipa sem verða fyrir tjóni án þess að viðgerð fari fram geti aldrei orðið hærri fjárhæð en sem nemur húftryggingarverðmæti skips. Með því móti er tryggt að staða þeirra eigenda fiskiskipa sem verða fyrir hlutatjóni verði aldrei betri en þeirra sem verða fyrir altjóni en sjóðurinn greiðir ekki styrki vegna skipa sem verða fyrir altjóni og eru að fullu bætt af tryggingafélögum.

Frá því að Hagræðingarsjóður hóf starfsemi sína í upphafi árs 1991 hefur sjóðurinn greitt styrki vegna 41 skips en heildarfjárhæð styrkja og loforða nemur um 406 millj. kr. Sum þessara skipa hafa verið seld úr landi en öðrum eytt.

Fiskvinnslufyrirtækin í landinu eru byggð upp fyrir mun meiri vinnslu en þar fer nú fram. Bæði hefur aflinn minnkað og eins hefur breytt ráðstöfun aflans leitt til þess að lægra hlutfall fer til vinnslu í landi. Vonir eru þó bundnar við að þessi þróun snúist við með tilkomu Evrópska efnahagssvæðisins og aflinn verði í meira mæli en áður unninn hér á landi. Engu að síður er afkastageta fiskvinnslunnar of mikil og hægt væri að bæta rekstrargrundvöll hennar ef stöðvunum fækkaði nokkuð frá því sem nú er.

Ekki hafa verið neinar takmarkanir á því hverjir geta stundað fiskvinnslu ef undan er skilin starfsemi rækju- og skelfiskvinnslu. Allir þeir sem uppfylla tiltekin efnisleg skilyrði varðandi hreinlæti og búnað hafa fengið leyfi til að stunda fiskvinnslu. Að undanförnu hafa reglur þó verið hertar á þessu sviði til samræmis við þær kröfur sem verið er að setja í helstu markaðslöndum okkar.

Í 9. og 10. gr. frv. er fjallað um það hlutverk sjóðsins að stuðla að fækkun fiskvinnslustöðva. Eru settar fram almennar leiðbeiningar í 9. gr. um það hvaða sjónarmiða eigi að gæta við kaupin. Rétt er að vekja athygli á að stjórn sjóðsins er ekki skylt á nokkurn hátt að kaupa allar þær stöðvar sem sjóðnum kunna að verða boðnar til kaups. Að þessu leyti eru verkefni sjóðsins varðandi fækkun fiskvinnslustöðva og fiskiskipa ólík. Sjóðnum er skylt að greiða úreldingarstyrki vegna skipa ef tilteknum skilyrðum er fullnægt. Við mat á kaupunum verður sjóðurinn að taka tillit til margra þátta og sérstaklega verður að hafa í huga að kaupin leiði til þess að rekstrargrundvöllur þeirra fiskvinnslustöðva sem halda áfram rekstri verði betri eftir en áður. En jafnframt er lagt til að heimild sjóðsins til að kaupa fiskvinnslustöðvar falli niður í árslok 1996. Aðalreglan verður sú að sjóðurinn kaupir fasteignir og framleiðslutæki fiskvinnslustöðva á markaðsverði. Þá er lagt til að sú regla verði jafnframt lögfest að sjóðurinn geti ekki greitt hærra verð en sem nemur 75% af fasteignamati fasteigna og 25% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins. Sjóðnum er einungis heimilt að kaupa fiskvinnslustöðvar sem uppfylla tiltekin skilyrði. Meginreglan er sú að viðkomandi fiskvinnslustöð hafi fengið útgefin fullgild vinnsluleyfi frá Fiskistofu á grundvelli laga nr. 93/1992. Er þetta skilyrði sett til að tryggja að takmarkaðir fjármunir sjóðsins verði nýttir til að kaupa út raunverulega afkastagetu, þ.e. stöðvar sem fullnægja reglum sem settar eru fyrir framleiðslu og útflutning á sjávarafurðum. Þó er gerð undantekning varðandi stöðvar sem hafa haft fullgilt vinnsluleyfi á árunum 1991 og 1992 enda hafi fasteignum viðkomandi stöðvar ekki verið ráðstafað varanlega til annarrar starfsemi.

Með þessu móti er komið til móts við þau fyrirtæki

sem hafa hagrætt í rekstri á undanförnum árum. Eignist sjóðurinn fasteignir og framleiðslutæki þarf að sjá til þess að endurráðstöfun þeirra leiði ekki til þess að afkastageta fiskvinnslunnar í landi aukist. Er því lagt til að einungis sé heimilt að ráðstafa þessum eignum til óskyldrar starfsemi og að þeirri kvöð verði þinglýst á eignirnar að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslu hér á landi.

Í 16. gr. er lagt til að sjóðurinn þurfi ekki að greiða fasteignagjöld af þeim fasteignum sem hann kann að eignast. Þessi tillaga er eðlileg þar sem engin starfsemi mun fara fram í þeim fasteignum sem sjóðurinn eignast. Ef eigninni yrði hins vegar ráðstafað til annarra nota yrðu gjöldin lögð á að nýju.

Til að styrkja það hlutverk Þróunarsjóðs að stuðla að fækkun fiskiskipa og fiskvinnslustöðva er lagt til að sjóðnum verði jafnframt heimilt að stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Á undanförnum árum hefur í vaxandi mæli verið leitað eftir þátttöku íslenskra aðila í slíkum verkefnum.

Í fyrsta lagi stafar það af því að Íslendingar búa yfir mikilli þekkingu á þessu sviði og hægt er að miðla til þeirra þjóða sem eru að byggja upp sjávarútveg. Í öðru lagi hefur minnkandi afli á Íslandsmiðum hvatt menn til að taka þátt í slíkum verkefnum til að nýta þau framleiðslutæki sem til eru í landinu. Ýmsar hindranir hafa þó staðið í vegi þeirra sem sýnt hafa slíkri starfsemi áhuga. Stafar það fyrst og fremst af fjárskorti þar sem langur tími líður frá því að farið er að vinna að slíku verkefni og þar til það fer að skila arði. Því er lagt til að Þróunarsjóði verði heimilt að taka þátt í slíkum verkefnum með tvennum hætti. Annars vegar með því að ráðstafa þeim framleiðslutækjum sem sjóðurinn eignast til slíkra verkefna og hins vegar með beinni þátttöku eða veitingu styrkja eða ábyrgðar til þeirra.

Eignir og skuldbindingar Þróunarsjóðs koma frá þremur sjóðum. Í fyrsta lagi fær sjóðurinn allar peningalegar eignir Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins eins og þær verða þegar lögin koma til framkvæmda. Er áætlað að eignir Hagræðingarsjóðs, sem lagðar verður niður verði frv. þetta að lögum, hafi numið um 580 millj. kr. 31. des. 1993.

Í öðru lagi tekur Þróunarsjóður við eignum og skuldum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja eins og þær verða við gildistöku laganna að frádregnum lánum til deildarinnar að upphæð 950 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt miðað við gengi 31. des. 1997. Mun ríkissjóður yfirtaka þessi lán.

Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri þann 31. ágúst 1993 er áætlað að eignir deildarinnar vegna lána sjávarútvegsfyrirtækja hafi numið 6.919 millj. kr. Höfðu þá tæpar 1.242 millj. kr. verið lagðar á sérstakan afskriftarreikning útlána sem hugsaður er til að mæta þeirri áhættu sem fylgir útlánum. Á sama tíma voru skuldir metnar á 8.479 millj. kr. Neikvætt eigið fé var því áætlað 1.578 millj. kr. á þeim tíma.

Í þriðja lagi yfirtekur Þróunarsjóður allar eignir og skuldbindingar hlutafjárdeildar Byggðastofnunar miðað við stöðu efnahagsreiknings við gildistöku laga um Þróunarsjóð. Hinn 31. ágúst sl. var áætlað bókfært verð hlutabréfa í eigu deildarinnar um 500 millj. kr. en bókfært virði hlutdeildarskírteina 1.450 millj. kr. Hluti þessara skírteina er með ríkisábyrgð.

Endanlegar skuldbindingar hlutafjárdeildar umfram eignir sem Þróunarsjóður yfirtekur ráðast af endanlegu söluverðmæti hlutabréfanna. Má gera ráð fyrir að hér geti verið um 350 millj. kr. að ræða miðað við áætlaða stöðu efnahagsreiknings hlutafjárdeildar 31. ágúst sl. og áætlað söluvirði hlutabréfa í eigu sjóðsins.

Tekjustofnar Þróunarsjóðs verða þrír. Í fyrsta lagi verður lagt gjald á eigendur fiskiskipa 10 brúttólestir og stærri með sama hætti og gert hefur verið í Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins. Er áætlað að gjaldið skili sjóðnum um 80 millj. í árlegar tekjur. Í öðru lagi verður lagt gjald á fasteignir sem nýttar eru til fiskvinnslu. Er miðað við að gjaldið skili sjóðnum sömu fjárhæð og það gjald sem lagt er á fiskiskip eða um 80 millj. kr. Í þriðja lagi verður lagt gjald á úthlutað aflamark frá og með því fiskveiðiári sem hefst þann 1. sept. 1996. Gjaldið mun nema 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest. Gjaldið mun skila sjóðnum um 417 millj. kr. miðað við úthlutaðar aflaheimildir á þessu fiskveiðiári. Hins vegar er rétt að vekja athygli á að aflaheimildum Hagræðingarsjóðs verður nú varið endurgjaldslaust til fiskiskipaflotans í samræmi við frv. til breytinga á gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Hér er því ekki um nýja gjaldtöku að ræða á sjávarútvegsinn í heild þar sem gert er ráð fyrir að sala aflaheimilda Hagræðingarsjóðs standi straum að hluta af rekstrarkostnaði Hafrannsóknastofnunar. Reyndin hefur hins vegar orðið sú að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs hafa að undanförnu verið nýttar til að jafna skerðingu aflaheimilda milli fiskiskipa. Það ákvæði verður nú gert varanlegt miðað við framkomið frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður láni Þróunarsjóði 4.000 millj. kr. og komi lánið til útgreiðslu á árinu 1994 og 1995. Sjóðurinn endurgreiðir lánið með árlegum jöfnum greiðslum vaxta og verðbóta á árunum 1997 til 2005 eða á níu árum. Enn fremur er gert ráð fyrir að sjóðurinn geti tekið lán til að fjármagna misræmi á milli innborgana skuldabréfa í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á.

Þær upplýsingar sem fyrir liggja um fjárhagsstöðu atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar byggjast á upplýsingum frá stofnuninni sjálfri. Á óvissutímum getur mat af þessu tagi verið vandasamt.

Í umræðum um byggðamál á Alþingi sl. fimmtudag greindi formaður stjórnar Byggðastofnunar frá því í mati sínu að við blasti að deildin mundi tapa a.m.k. 5 milljörðum kr. Án frekari skoðunar get ég ekki á þessu stigi lagt dóm á þetta álit. Ljóst er þó að slík upphæð tapast varla nema meginþorri allra sjávarútvegsfyrirtækja í landinu fara á höfuðið. Þrátt fyrir miklar þrengingar í sjávarútvegi eins og sakir standa er það of mikil svartsýni um framtíð landsins að minni hyggju. En vegna þess ótta sem fram hefur komið hjá formanni Byggðastofnunar um margfalt meira útlánatap en gert hefur verið ráð fyrir fram til þessa hef

ég skrifað Ríkisendurskoðun bréf þar sem farið er fram á að gert verði nýtt mat á stöðu atvinnutryggingardeildar. Óþarfi er að taka það fram að verulegar breytingar á fyrirliggjandi mati á fjárhagsstöðu deildarinnar geta raskað þeim forsendum sem frv. er byggt á. Ég geri ráð fyrir því að hv. sjútvn. fái nýtt mat Ríkisendurskoðunar í hendur enda er það nauðsynlegt til áframhaldandi umfjöllunar um málið.

Skiptar skoðanir hafa vissulega komið fram um það hvort réttlætanlegt væri að sjóður sem sjávarútvegurinn ber ábyrgð á yfirtaki eignir og skuldir annarra sjóða eins og atvinnutryggingardeildar og Hlutafjársjóðs. Á hinn bóginn hefur yfirfærsla Hagræðingarsjóðs ekki verið gagnrýnd með sama hætti enda áhættan allt önnur. Á það er að líta í þessu sambandi að ríkissjóður yfirtekur 950 millj. kr. af lánum atvinnutryggingardeildar. Gjaldtaka í formi sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs fellur niður með öllu í þrjú ár en breytist eftir það í fast gjald á aflaheimildir.

Munurinn er fyrst og fremst fólginn í því að eftir breytinguna fer gjaldtakan inn í sjávarútveginn aftur í gegnum Þróunarsjóðinn í stað þess að fara til Hafrannsóknastofnunar. Í heild lækka álögur á atvinnugreinina miðað við þær forsendur sem frv. byggist á.

Ef litið er á ávinninginn frá þröngu sjónarhorni kemur þarna á móti að engin gjaldtaka verður þrjú næstu árin og á núvirði sparast sjávarútveginum um 1.470 millj. kr. með því móti miðað við 7% ávöxtunarkröfu. Á þennan þrönga mælikvarða hagnast sjávarútvegurinn því um tæpan hálfan milljarð króna með stofnun Þróunarsjóðs frá því sem orðið hefði að óbreyttum lögum.

Við getum einnig horft á þessar tölur í víðara samhengi og vaxtafært þær skuldbindingar sem Þróunarsjóðurinn tekur yfir frá atvinnutryggingardeild og Hlutafjársjóði. Miðað við 7% vexti mun sjóðurinn þannig hafa greitt um 3.600 millj. kr. árið 2009 af skuldbindinum sem ella hefðu fallið á ríkissjóð. Til þess að standa undir þeim skuldbindingum þarf 180 millj. kr. árlega til ársins 2005. Gjöldin sem áður runnu í ríkissjóð en renna nú inn í Þróunarsjóðinn geta orðið allt að 525 millj. kr. að meðatali á ári. Þannig renna inn í sjávarútveginn á nýjan leik á hverju ári allt að 345 millj. kr. sem farið hefðu til Hafrannsóknastofnunar að óbreyttum lögum. En eftir þessar breytingar kostar ríkissjóður hafrannsóknir að fullu. Þessi upphæð verður vitaskuld eitthvað minni miðað við skertar aflaheimildir.

Þessar tölur sýna með ótvíræðum hætti hvernig sem á málið er litið að þrátt fyrir þær skuldbindingar sem sjóðurinn tekur yfir er ekki verið að leggja auknar byrðar á sjávarútveginn frá því sem gildandi lög mæla fyrir um.

Ýmsum finnst að það sé ekki hreinræktuð frjálshyggja að atvinnugreinin skuli með sameiginlegri ábyrgð takast á við endurskipulagningarverkefni af því tagi sem ráð er fyrir gert í þessu frv. (**ÓÞÞ:** Hverjir kvarta undan því?) Það má vissulega til sanns vegar færa en almennt er ég þeirrar skoðunar að ábyrgð á rekstri eigi fyrst og fremst að hvíla á herðum stjórnenda fyrirtækjanna. En innan ákveðinna marka getur verið bæði réttlætanlegt og skynsamlegt að takast sameiginlega á við ákveðin úrlausnarefni. Sjávarútvegurinn gengur nú í gegnum aðlögun að nýjum aðstæðum. Þróunarsjóðurinn á að geta komið til aðstoðar og hjálpar í mörgum tilvikum þar sem sjávarútvegsfyrirtækjum er um megn að komast í gegnum tímabundna erfiðleika af eigin rammleik. Víða á landsbyggðinni eru einstök sjávarútvegsfyrirtæki og heilu byggðarlögin í miklum vanda vegna minnkandi aflaheimilda. Þróunarsjóðinn er unnt að nota til þess að styrkja nauðsynlega, fjárhagslega endurskipulagningu sjávarútvegsfyrirtækja sem nú ganga í gegnum tímabundna erfiðleika vegna aflasamdráttar, en nú blasa augljóslega við ný og vandasöm verkefni vegna takmarkaðra þorskveiðiheimilda. Það er raunverulegur vandi sem við stöndum frammi fyrir í mörgum byggðum. Að minni hyggju eigum við því ekki að hika við að grípa til félagslegra aðgerða af þessu tagi. Þeirra er nú þörf. Sjávarútvegurinn er meginuppspretta allrar verðmætasköpunar í landinu. Hann hlýtur því þegar til lengri tíma er litið að standa sjálfur undir slíkum aðgerðum. Allt annað er í raun og veru óraunsæi og til þess að slá ryki í augu fólks.

Frú forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir höfuðatriðum frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem hér liggur fyrir og ég legg til að því verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[13:51]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það má segja að það frv. sem nú er loksins komið fram endurspegli á vissan hátt mjög langa umræðu innan núv. stjórnarflokka og núv. hæstv. ríkisstjórnar um það hvernig hagræða megi í sjávarútveginum og jafnframt hvernig mögulegt sé að skattleggja sjávarútveginn.

Upphaf þessa máls er að nokkru leyti það að eitt fyrsta verkefni núv. hæstv. ríkisstjórnar var að breyta svokölluðum Hagræðingarsjóði sjávarútvegsins verulega. Það var ákveðið að hætta að láta þær aflaheimildir sem sá sjóður hafði til umráða, að hámarki 12 þús. lestir er byggðust fyrst og fremst á þeirri skerðingu sem varð vegna útflutnings á ferskum fiski, renna til Hagræðingarsjóðs, en þess í stað rynnu heimildirnar, og þær voru auknar í 12 þús. tonn og festar þannig, til Hafrannsóknastofnunar. Með þessu var verið að láta undan kröfum Alþfl. sem hafði krafist þess þegar ríkisstjórnin var mynduð að sjávarútvegurinn greiddi þann rannsóknarkostnað sem felst í rekstri Hafrannsóknastofnunar. Þessu mótmæltum við stjórnarandstæðingar á sínum tíma og töldum að atvinnugreinin væri ekki á nokkurn hátt undir það búin miðað við aflasamdrátt að mæta slíkri skattlagningu.

Það upphófst mikill vandræðagangur í kringum þetta mál og því var lofað að þessar veiðiheimildir færu til að jafna það áfall sem hafði komið fram vegna aflasamdráttarins og ríkisstjórnin kom með yfirlýsingu eftir yfirlýsingu í þessum málum. Ekki ætla ég að rekja þær en vil minna á að fyrst 23. nóv. 1992 kom yfir-

lýsing um stofnun þessa nýja sjóðs, sem nánast öllu átti að bjarga í sjávarútveginum. Lítið gerðist í framhaldi af þeirri yfirlýsingu, en síðan kom ný yfirlýsing 27. júní í sumar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Frv. til laga um stofnun Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verður lagt fram strax í upphafi þings og afgreitt sem sjálfstætt þingmál og forgangsmál. Meginhlutverk sjóðsins verður að stuðla að aukinni hagkvæmni í veiðum og vinnslu. Ríkisstjórnin mun nú þegar gera ráðstafanir til þess að afla fjár til sjóðsins í samræmi við hlutverk hans þannig að unnt sé að undirbúa aðgerðir af hálfu sjóðsins um leið og hann verður formlega stofnsettur."

Það er væntanlega þessi yfirlýsing frá 23. júní 1993 sem nú er verið að koma í framkvæmd að nokkru leyti með því að mæla fyrir þessu frv. hér í dag og er það út af fyrir sig gott að ríkisstjórnin skuli loksins koma því frá sér ef það mætti verða til þess að breyta í einhverju þeirri miklu óvissu sem hefur ríkt í sjávarútveginum vegna umræðu um þetta mál. Það er búið að tala um það síðan núv. hæstv. ríkisstjórn var mynduð og það er fyrst núna sem það er lagt hér fram. Á sama tíma hefur í reynd dregið mjög úr úreldingu fiskiskipa í sjávarútveginum vegna þess að menn vænta þess að bætur vegna úreldingar verði hækkaðar og aðilar hafa staldrað við og beðið með það að úrelda sín fiskiskip. Það er m.a. vegna þess að hér er gert ráð fyrir því að hækka þessar bætur, sem ég er sammála og tel þetta vera nauðsynlegt skref. En sú óvissa sem hefur verið um málið að undanförnu hefur dregið mjög úr framkvæmdum í sambandi við úreldingu fiskiskipa.

Ég er þeirrar skoðunar að þessu óvissuástandi þurfi að linna nú þegar og þó fyrr hefði verið. Núv. hæstv. ríkisstjórn ber mikla ábyrgð í sambandi við þetta mál og þetta hefur verið vegna þess sundurlyndis sem gætt hefur milli flokkanna í þessu máli og um stjórn fiskveiða almennt.

Ég vil taka fram að í þessu máli hefur ekki fremur en öðrum verið haft samráð á undanbúningsstigi við fulltrúa stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi, enda lítið lagt upp úr því af hálfu núv. hæstv. ríkisstjórnar að reyna að skapa samstöðu um mál af þessu tagi. Það er jafnframt ljóst að þeir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi sem hafa tjáð sig um þetta mál hafa nánast allir lagst gegn því og er rétt að hugleiða hvernig stendur á því að þessir aðilar skuli ekki vilja ljá máli sem þessu liðsinni. Ég held að skýringarnar séu í sjálfu sér ósköp einfaldar. Þær eru fyrst og fremst þær að með þessu frv. er stefnt að því að innheimta sérstakt gjald af öllum úthlutuðum aflaheimildum sem nemi 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest.

Eru aðstæður í sjávarútvegi í landinu með þeim hætti að það séu forsendur til þess að taka upp slíka gjaldtöku? Er mikið um það að fyrirtæki skili slíkri afkomu að það sé líklegt að þau geti staðið undir gjaldi sem þessu? Það má vel vera að svo sé í einhverjum tilvikum og þá undantekningartilvikum, en flest sjávarútvegsfyrirtæki landsins hafa verið rekin með tapi. Þar af leiðandi er að mínu mati ekki tímabært að taka upp gjaldtöku sem þessa, þótt ég geti tekið undir það að það eigi að vinna sameiginlega að minnkun fiskiskipaflotans og til þess að það sé unnt þarf að sjálfsögðu að greiða eitthvert gjald. Það hefur flotinn gert. Það er jafnframt ljóst að aflaheimildir Hagræðingarsjóðs áttu að renna til þess verkefnis þar til núv. hæstv. ríkisstjórn ákvað að breyta því.

Ég hef hins vegar mjög miklar efasemdir um það og hef ávallt haft, að sjóður sem þessi geti með fullnægjandi hætti keypt upp fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra í því skyni að auka arðsemi í fiskvinnslunni. Það er út af fyrir sig góð hugsun sem þar býr að baki. Það er hins vegar allt öðruvísi mál en það að kaupa upp fiskiskip, því þegar þessi fiskiskip hafa verið keypt, þá ber skylda til að eyða þeim eða koma þeim úr rekstri.

Það er mikið til af alls konar húsnæði í landinu, húsnæði sem hefur verið notað til fiskvinnslu og er notað til fiskvinnslu í dag. Núna t.d., þegar þetta mikla ævintýri hefst í loðnunni, þá má segja að nánast hvert einasta fiskvinnsluhús á sunnanverðu, vestanverðu og austanverðu landinu sé nýtt til að bjarga þar verðmætum. Mikið af þessu húsnæði er sjálfsagt þannig að margir vildu losna við það og selja það til sjóðs sem þessa, en ég hef miklar efasemdir um að þetta sé mikilvægasta verkefnið til að styrkja stöðu íslensks sjávarútvegs. Í mörgum tilvikum eru þessi hús eign banka og sjóða sem liggja uppi með þau og ég hef ekki séð neina þá framkvæmd eða tillögur að framkvæmd í þessu máli sem hafa sannfært mig um að þarna sé stigið rétt skref.

Að því er varðar yfirtöku á eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hlutafjárdeildar Byggðastofnunar, þá er ljóst að hér er verið að gera ráð fyrir því að sjávarútvegurinn yfirtaki þessar skuldbindingar með sameiginlegum hætti og standi skil á því sem þarna kann að tapast, sem vonandi verður nú sem minnst, en þó liggur alveg ljóst fyrir að þar verður um nokkrar fjárhæðir að tefla. Það er ekki hægt að reikna með því að sjávarútvegurinn sé tilbúinn til að yfirtaka slíkar skuldbindingar við þær aðstæður sem nú eru og þarf ekki að fara mörgum orðum um það.

Virðulegur forseti. Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að hafa mikið fleiri orð um þetta mál þó að vissulega mætti gera það. Ég get ekki stutt frv. sem hér er lagt fram nema það taki verulegum breytingum. Ég vona þrátt fyrir allt að það standi til að reyna að ná einhverri samstöðu um þessi mál hér á hv. Alþingi, þ.e. frv. til laga um stjórn fiskveiða og frv. til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Yfirlýsingar ganga mjög í tvær áttir um þessi mál. Annars vegar er því haldið fram að það sé búið að semja um það að þessi frumvörp verði afgreidd nánast óbreytt og þá má segja að það sé lítið fyrir okkur sem erum í stjórnarandstöðu annað að gera en að benda á þá ágalla sem eru á þessum frumvörpum og það sem betur má fara, án þess að gera ráð fyrir því að mikið verði á það hlustað. Þetta eru hins vegar svo mikilvæg mál og skipta svo miklu máli í sambandi við framvindu okkar atvinnu- og efnahagslífs að ég hefði talið að það væri allra hluta vegna

skynsamlegt að reyna að skapa sem mesta sátt um þau.

Mér er hins vegar ljóst að þegar núv. ríkisstjórn var mynduð var það ein af aðalástæðunum fyrir stofnun hennar að ná samkomulagi um einhvers konar skattlagningu sjávarútvegsins, veiðileyfagjald. Alþfl. hefur túlkað þetta mál sem fyrsta skref í þá átt. Hér sé verið að stíga fyrsta skrefið til þess að taka upp veiðileyfagjald. Og meðan það er opinber tilgangur þessa máls, þá held ég að það sé alveg ljóst að um það getur ekki skapast nein samstaða við Framsfl.

Ég vil leggja á það áherslu að sjávarútvegurinn hefur enga möguleika í dag til að standa undir skattlagningu af þessu tagi. Það blasa við mikilvæg verkefni í greininni eins og að byggja upp fiskstofnana og grynnka á skuldum sem eru allt of miklar. Á meðan slíkt ástand varir er út í hött að vera að eyða tíma í að finna út leiðir til skattlagningar. Því miður hefur núv. hæstv. ríkisstjórn notað það sem af er kjörtímabilinu í slíkar bollaleggingar og á meðan hefur sjávarútvegurinn beðið í ofvæni hver verði niðurstaðan. Ég ætla ekki að segja til um það, en trúlega verður niðurstaðan engin því á stjórnarheimilinu virðast menn ekki geta komið sér saman um neitt annað en að sitja. Það sé hins vegar rétt að sitja þótt menn séu ósammála, hvort sem það er um landbúnaðarmál eða sjávarútvegsmál. Þannig að ég á svona heldur von á því að það verði svipuð niðurstaða í þessu máli, að menn verði áfram ósammála en verði hins vegar sammála um að sitja. En það er illt til þess að vita að stærstu og mikilvægustu atvinnuvegir þjóðarinnar þurfi að búa við slíkt stjórnarfar næstu mánuðina.

[14:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er í raun nærtækt að taka upp þráðinn þar sem síðasti ræðumaður sleppti honum. Það er alveg ljóst að hér er á ferðinni enn eitt málið þar sem ósamkomulag stjórnarflokkanna hefur í raun og veru staðið heilli atvinnugrein fyrir þrifum. Ég held að það hafi orðið allri þjóðinni ljóst með mjög skýrum hætti hvernig þessi ríkisstjórn er á sig komin hvað varðar einhverja efnislega samstöðu um landbúnaðarmál. Í reynd má segja að sjávarútvegurinn hafi að mestu leyti goldið sambærilegs ástands í stjórnarherbúðunum, en eins og kunnugt er hafa sjávarútvegsmálin verið meira og minna deiluefni eða þá tilefni hrossakaupa milli stjórnarflokkanna alveg frá því að stjórnin settist að völdum.

Þetta frv. vekur að mínu mati upp mun fleiri spurningar heldur en það svarar. Það er fjölmargt mjög óljóst við það hvernig þessi sjóður á að starfa og hvaða tilgangi hann á í reynd að þjóna, hvernig hann á að ná fram þeim markmiðum sem honum eru sett, t.d. í 1. gr. frv. Ég heyrði a.m.k. ekki í ræðu hæstv. sjútvrh. fara mikið fyrir útskýringum á því hvernig sjóðurinn eigi að stuðla að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi. En það segir í 1. gr., með leyfi forseta:

„Jafnframt getur sjóðurinn stuðlað að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi, í samvinnu við lánastofnanir, enda leiði slík endurskipulagning til verulegrar hagræðingar.“ Hún þarf að leiða til verulegrar hagræðingar. Það er ekki nóg að hún leiði til venjulegrar eða minni háttar hagræðingar heldur skal hún vera veruleg. Og mér er spurn, hvernig hyggst hæstv. sjútvrh. meta þetta?

Hér á að fara að setja á fót, hæstv. forseti, einhvern mesta stórsjóð Íslandssögunnar og sennilega þann stærsta. Ég býst við að efnahagsreikningur þessa sjóðs verði vel á annan tug milljarða kr. þegar hann lítur dagsins ljós. Það væri fróðlegt í öðru lagi ef hæstv. sjútvrh. vildi gefa okkur, ef hann mætti vera að því vegna anna í samræðum við hv. þm. Árna Johnsen, að hæstv. sjútvrh. gæfi okkur hér á eftir upplýsingar um það hvað er áætlað að efnahagsreikningur þessa nýja stórsjóðs verði umfangsmikill þegar hann lítur dagsins ljós. Þegar lagðar hafa verið saman þær reytur sem þar á að sameina sýnist mér í fljótu bragði að það hljóti að verða efnahagsreikningur upp á eitthvað á annan tug milljarða kr. og munar um minna. Hverfa þá aðrir sjóðakóngar í skuggann af þeim núv. hæstv. ráðherrum og hafa þeir þó mikið talað um sjóðasukk eins og kunnugt er.

Ég vil einnig gagnrýna mjög harðlega hvernig stjórn þessa væntanlega stórsjóðs Íslands er fyrirhuguð, en það er náttúrlega í anda þeirra lýðræðishefða og valddreifingarhugmynda sem núv. hæstv. ríkisstjórn gengur fyrir að stjórn sjóðsins á að skipa þannig að samstarfsnefnd atvinnurekenda í sjávarútvegi tilnefni þar einn mann en hina tvo handvelji sjútvrh. án tilnefningar og skipi jafnframt formann stjórnar. Þetta er náttúrlega lýðræðislegt og mikil valddreifing í því fólgin að stærsta stórsjóði sögunnar eigi að velja stjórn með þessum hætti. Það er ámælisvert og þegar um svona mikilvægt verkefni er að ræða, ef menn vilja þá taka það alvarlega á annað borð að hér sé verið að setja upp sjóð sem eigi að sinna einhverjum verkefnum sem máli skipta, þá ætti auðvitað að standa öðruvísi að því að setja honum stjórn, annaðhvort þingkjörna stjórn eða stjórn sem endurspeglað gæti fleiri viðhorf og haft meiri breidd í sér fólgna.

Mjög margt vekur líka spurningar í sambandi við áform um lántökur og nýtingu þeirra á næstu árum. Það hlýtur að leita á mann sú spurning, ef menn telja rétt og skynsamlegt að taka 4.000 millj. kr. að láni á næstu mánuðum og ráðstafa þeim til sjávarútvegsins, til hvaða verkefna sé brýnast að þær fari. Ég hef miklar efasemdir um að þær verði íslenskum sjávarútvegi mest til góðs t.d. með því að kaupa upp aflóga fiskvinnsluhús. Ég sé ekki í sjálfu sér hverju sjávarútvegurinn er nær þó að fiskvinnsluhús, sem hvort sem eru eru tóm og yfirleitt toppveðsett hjá einhverjum sjóðum og bönkum, séu leyst undan greininni. Ef hins vegar sambærilegir fjármunir rynnu til raunverulegra hagræðingarverkefna, uppbyggingar og nýsköpunar í greininni, þá mundi muna um þessa peninga. En það er ekki ætlunin. Það er í raun og veru alls ekki ætlunin. Það held ég að sé langmesta skekkjan í þessari hugsun að hér er alls ekki þróunarsjóður, uppbyggingarsjóður, nýsköpunarsjóður á ferðinni. Hér er á ferðinni samdráttarsjóður fyrir sjávarútveginn. Það á sérstaklega að bera fé á menn í greininni til þess að draga

saman, minnka umsvifin. Er það endilega það sem mest þörfin er á? Ég spyr.

Það er því miður ekki svo, hv. þm., að þetta sé úreldingarsjóður á krötum heldur á þetta að vera úreldingarsjóður á fiskiskipum og fiskvinnslustöðum. Ég tel að langjákvæðasti efnisþáttur þessa máls sé sá sem lýtur að því að í frv. er komið ákvæði þar sem sjóðnum er heimilað að veita ábyrgðir, lán og styrki til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis. Þennan þátt málsins er ég að sjálfsögðu tilbúinn til að styðja, en ég mundi vilja gera betur og skilgreina miklu nánar og útfæra með hvaða hætti sjóðurinn getur komið miklu sterkar inn í raunverulega uppbyggingu, nýsköpun og þróun í greininni. Það gerist ekki með því að úrelda gömul fiskvinnsluhús.

Ég held líka að sú hugsun sem þetta mál gengur í raun út á, að flotinn í heild sinni sé of stór og það þurfi að minnka hann með einhverjum ráðum og bara einhvern hluta hans, sé stórhættuleg. Og meðan það er ekki skilgreint við hvaða afköst í íslenska fiskiskipaflotanum menn ætla að miða, hvaða hluta flotans menn vilja minnka o.s.frv., þá held ég að þetta frv. sé á villigötum. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. um hugmyndir hans í þeim efnum. Telur hæstv. sjútvrh. að það sé alveg sama hvar tonn verða tekin út úr íslenska fiskiskipaflotanum á næstu árum? Er hæstv. sjútvrh. að mæla með því t.d. að það verði haldið áfram að minnka loðnuflotann og kaupa þess vegna togskip í staðinn? Út á slíkt getur þetta frv. gengið ef reglum verður ekki breytt. Er það heppileg þróun þegar við stöndum frammi fyrir því ár eftir ár eftir ár að við náum ekki tilskildum aflaheimildum sem nótaskipin hafa, hvorki loðnu né síld? Er þá hyggilegt að vera með kerfi í gangi sem getur verkað hvetjandi til þess m.a. að minnka þennan hluta flotans?

Ég held að það sé rugl. Ef menn eru þeirrar skoðunar að afköstin séu of mikil t.d. í togskipaflotanum, stærri eða minni hluta hans, þá það. En þá eiga menn líka að skilgreina það og hvaða markmið menn ætla að setja sér í því. Ætla menn þá að minnka togaraflotann um 10 eða 20% eða hvað? Eða ætla menn bara tilviljanakennt að úrelda skip og láta það ráðast hvar sú minnkun kemur niður, hvar það er þá sem sóknargetan minnkar, hvort það er í trillum, vertíðarbátum, nótaskipum, togurum, frystiskipum eða hvað? Ég held að þetta séu ekki mjög skilvirk vinnubrögð.

Það er líka nauðsynlegt að hyggja að því að þó svo að vissulega hafi verkefnin dregist saman innan landhelginnar, og á það þó sérstaklega við um bolfiskveiðimöguleikana eins og þeir eru nú taldir vera og enginn deilir um að það hefur skapað mikinn vanda, t.d. fyrir þann hluta flotans sem mest var háður þorskveiðum, hefur ýmislegt annað gerst í staðinn. Ég tel að menn eigi við núverandi aðstæður í íslenskum sjávarútvegi að endurmeta þessa úreldingarhugmyndafræði. Ég er ekki að segja að það eigi að kasta henni fyrir róða og ég er alveg tilbúinn til að skoða að á einhverju formi verði áfram við lýði sjóður af þessu tagi sem geti komið inn í það að hafa áhrif á afköst flotans, en það á að vera skilgreint með hvaða hætti hann á að vinna og gagnvart hvaða hlutum flotans menn eru að beita kröftunum.

Við skulum horfa á það að með minni veiði þarf að einhverju leyti stærri flota til þess að ná því magni sem þó er talið óhætt að ná og þó að það sé óæskileg þróun að það dragi t.d. úr veiðinni á úthaldsdag, þá er ekki þar með sagt að menn eigi að sleppa því að reyna að ná þeim afla sem þó er talið leyfilegt að taka.

Í öðru lagi er ljóst að það er hægt að ná þessu að nokkru leyti til baka með bættri meðferð aflans þó minni sé. Það hefur sannanlega gerst að minni bolfiskafli hefur komið að landi í jafnstórum flota og áður en í verðmætara formi. Það skapast vissir möguleikar til að nýta betur það magn sem má taka og í því sambandi getur nokkur umframafkastageta í flotanum komið sér vel. Hún getur t.d. auðveldað mönnum að dreifa hráefni til vinnslunnar jafnt og þétt og í samræmi við þarfir vinnslunnar.

Í þriðja lagi er svo alveg ljóst að þessi stóri floti hefur með minnkandi verkefnum, t.d. við hefðbundnar bolfiskveiðar, leitað í önnur verkefni. Menn hafa t.d. stóraukið sókn í rækju á síðustu 10 árum og hún er núna önnur mikilvægasta útflutningsgreinin í sjávarútvegi. Og ef menn hefðu ekki átt til þess skip, þá hefði það ekki gerst. Ef menn hefðu úrelt afkastagetuna í flotanum jafnharðan og hún féll til, umframafkastagetuna eins og það heitir á fínu máli, á hvaða skipum hefðu menn þá átt að sækja rækju? Nú liggur sú staða fyrir að úthafsrækjukvótinn hefur ekki verið fullnýttur ár eftir ár. Þurfum við ekki að fara yfir þessa hluti þegar það blasir við okkur að við erum með nokkra mikilvæga nytjastofna sem þrátt fyrir allt hafa ekki verið fullnýttir miðað við útgefnar veiðiheimildir? Hvað segir það okkur um stöðu þessara mála að loðna, síld, rækja, ýsa, þessir stofnar t.d. hafa ekki verið nýttir að fullu?

Í fimmta lagi vil ég svo minna á þau verkefni sem þessi floti hefur skapað sér utan landhelginnar og munar um minna. Þannig hefur það að nokkru leyti gerst að menn hafa brotið sér leið og fundið sér ný verkefni og fært þjóðarbúinu tekjur upp á 2–4 milljarða kr. með veiðum utan landhelgi. Það mundu menn sömuleiðis ekki gera ef afkastageta flotans væri í þrengsta skilningi sniðin eingöngu við það sem Íslandsmið innan 200 mílna gæfu af sér á hverjum tíma. Að öllum þessum hlutum þarf því að mínu mati að hyggja.

Ég tel að allt of mörgum grundvallarspurningum af þessu tagi sé ósvarað til þess að afgreiða málið á þessu formi. Ég tel líka að það séu tæknilegir ágallar á málinu, burt séð frá afstöðu til þess. Ég bendi t.d. á að það er næsta hlægilegt að vera að tala um 20. febr. 1994 í frv. þar sem gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi Þróunarsjóði til fé á árinu 1993. Er það ekki fullseint í rassinn gripið, hv. þm.? Það stendur í 3. gr. að ríkissjóður skuli leggja sjóðnum til fé að láni, jafnvirði 4.000 millj. kr., og að hluta til á að nota þá peninga á árinu 1993. Það verður varla úr þessu.

Það stærsta af öllu sem hér er á ferðinni eru kannski ákvæði 6. gr. um auðlindagjald eða veiðileyfagjald eða hvað við viljum kalla það. Það er alveg ljóst að stjórn-

arflokkarnir leggja hvor sinn skilninginn í það ákvæði. Talsmenn Alþfl. hafa miklast af því að með því séu þeir að innleiða veiðileyfagjald við stjórn fiskveiða. Það komi að vísu ekki á fyrr en á árinu 1996 en það sé þeirra skilningur, þeirra afstaða að með því sé þessi gjaldtaka að hefjast. Sjálfstfl. reynir auðvitað að bera á móti því og þannig er þetta eins og með fleira að stjórnarflokkarnir koma sér saman um að vera ósammála og sitja. Annar flokkurinn telur sig vera að koma á auðlindaskatti en hinn ekki. Auðvitað eru þetta ekki frambærileg vinnubrögð.

Mjög margar efasemdir vakna um gjaldtöku af þessu tagi og hvort það sé yfirleitt mjög skynsamleg leið. Það er t.d. ljóst að það mun koma upp nokkuð sérkennileg staða þegar farið verður að leggja þetta gjald á og þegar sjóðurinn, sem yfirtekið hefur skuldbindingar sjóða vegna vanda greinarinnar á fyrri árum, verður farinn að skattleggja sjávarútvegsfyrirtæki framtíðarinnar til að bera þann bagga. Með því er verið að færa þetta til á milli fyrirtækja og þegar fiskvinnslan kemur inn í, þá koma þar að málinu alls óskyld fyrirtæki í öðrum rekstri en verið hefur. Mér finnst engin furða þó margir talsmanna sjútvn. hafi um þetta mál miklar efasemdir og það jafnvel grundvallarefasemdir eins og ég hef hér lýst.

Ég held að sá þáttur sem snýr að úreldingu fiskvinnsluhúsanna sé illskiljanlegur. Ég á afar erfitt með að sjá að þetta gangi upp eins og þetta er sett fram í frv. og þess þá heldur að það verði til mikils gagns.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð, enda tími minn senn á þrotum. Ég vil segja það fyrir mitt leyti að ég er að sjálfsögðu tilbúinn til þess eins og væntanlega aðrar nefndarmenn í sjútvn. að leggja vinnu í það að skoða þetta mál, en ég get ekki sætt mig við að afgreiða það eins og það kemur frá hæstv. ríkisstjórn og gæti ekki stutt það í óbreyttri mynd. Reyndar hef ég miklar efasemdir um að málið í heild sinni byggi á réttri hugmyndafræði gagnvart þeim erfiðleikum sem íslenskur sjávarútvegur á við að glíma. Það mun láta nærri að sjávarútvegurinn skuldi um 110 milljarða kr. og ég spyr mig oft að því: Hvernig í ósköpunum á greinin að hafa nokkra minnstu möguleika til að ráða við þær skuldir, bera þær öðruvísi en með því að stórauka tekjur sínar? En útflutningstekjur greinarinnar verða á þessu ári sjálfsagt 70–80 milljarðar kr. Skuldabagginn er með öðrum orðum kominn þetta langt fram úr heils árs brúttóframleiðsluverðmæti greinarinnar og það gefur alveg auga leið að slík hlutföll eru ekki auðveld viðfangs. Þess vegna held ég að sú samdráttarhugsun sem hér er á ferðinni sé að mörgu leyti tímaskekkja og röng. Það sem okkur skiptir mestu máli, bæði fyrir sjávarútveginn og þjóðarbúið, er að reyna með öllum tiltækum ráðum að auka tekjur greinarinnar. Ég vildi þess vegna sjá lagðar allt aðrar áherslur gagnvart ráðstöfun þessara fjármuna heldur en hér er gert, a.m.k. verulegum hluta þeirra. Ef við værum hér að tala um að taka t.d. 2.000 millj. af þessum 4.000 á næstu 2–3 árum og setja þau beint með pósitífum hætti í uppbyggingarverkefni, í raunverulega nýsköpun, í raunverulega þróun, þá væri málið öðruvísi vaxið. En svo er ekki heldur er hér á ferðinni tiltölulega mjög einhliða áhersla á samdrátt bæði í veiðum og vinnslu. Hitt sem að vísu er nefnt að sjóðurinn geti stuðlað að skipulagsbreytingum og veitt ábyrgðir, lán og styrki til þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis er mjög lítið útskýrt og það fyrra í raun og veru alls ekki neitt.

Ég tel þess vegna að hæstv. sjútvrh. verði að gera betur en hann gerði í stuttri framsöguræðu ef hann ætlar að fá menn til að taka trú á þá stefnu ríkisstjórnarinnar sem að baki þessu máli liggur. Þetta frv. er í sama tómarúminu, hangir í sama lausa loftinu og önnur mál frá hæstv. ríkisstjórn og snúa að sjávarútveginum. Stjórninni hefur með öllu mistekist að ná saman um einhverja heildstæða sjávarútvegsstefnu þó að það standi í stjórnarsáttmála bæði frá því í maíbyrjun 1991 og eins í hinni merku hvítu bók sem gefin var út um haustið það ár. Á báðum stöðunum er talað digurbarkalega um að eitt af forgangsverkefnum ríkisstjórnarinnar verði að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu. Hún er ekki á ferðinni hér, hún er ekki á ferðinni í því frv. sem nú er í sjútvn. um stjórn fiskveiða og þá stefnu er yfirleitt hvergi að finna hjá hæstv. ríkisstjórn. Nú er svo komið í lífi þessarar hæstv. ríkisstjórnar að hún er orðin sammála um eitt og aðeins eitt og það er að sitja eins og kunnugt er. Þau merku tíðindi urðu eftir hinn nafntogaða fund forustumanna stjórnarflokkanna að þeir náðu saman um eitt atriði, sem þjóðinni fannst að vísu mjög rökrétt og þjóðin skildi, það var að þeir vildu sitja áfram. Um það gátu þeir orðið sammála, hæstv. ráðherrar Jón Baldvin Hannibalsson og Davíð Oddsson. Annað ekki.

[14:26]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. benti réttilega á það í framsögu sinni að hagræðing hefði ekki orðið sem skyldi á undanförnum árum vegna skorts á festu og öryggi í atvinnugreininni. Ég fæ engan veginn séð að það frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða, sem við ræddum í síðustu viku, og þetta þróunarsjóðsfrv. breyti þar neinu um og síst af öllu eftir þær umræður sem verið hafa. Hér eru ekki aðeins hugmyndir sem þarf að skoða mjög vandlega og orka mjög tvímælis á köflum að ræða heldur er líka mikið sundurlyndi í stjórnarliðinu þannig að framlengja á því ópolandi öryggisleysi sem þessi atvinnugrein, sem er undirstaða þjóðarauðsins sem við þó eigum, býr við. Það gerir það að verkum að það er nánast útilokað að skipuleggja fram í tímann og reka yfir höfuð þessa grein að einhverju gagni. Þetta er mjög umhugsunarvert og þótt menn hafi vissulega skiptar skoðanir, sem er út af fyrir sig skiljanlegt, kann það ekki góðri lukku að stýra að menn skuli leita þeirra ráða að fara að skipuleggja sjávarútvegsstefnu án samráðs við stjórnarandstöðu og án samráðs við hagsmunaaðila að nokkru gagni.

Hagræðing í sjávarútvegi er nokkuð sem hljómar að sjálfsögðu mjög vel og er nauðsynlegt, ekki skal ég draga úr því. En ég hef miklar efasemdir um að það frv. sem hér liggur fyrir nái þeim tilgangi. Ég held að

þær ábendingar og sú gagnrýni sem fram hefur komið á þær leiðir sem hér er bent á sé fyllilega réttmæt.

Þær efasemdir sem fyrst og fremst eru í mínum huga eru að frv. og það sem hugsanlega kemur út úr umræðunni um frv. um stjórn fiskveiða nú þegar það er komið í nefnd, muni ekki leiða til þess markmiðs sem við erum að reyna að ná við erfiðar aðstæður og það er að hagræða skynsamlega, ná þeirri hámarksarðsemi sem þarf að vera í greininni og að byggja upp á sama tíma. Ég get ekki séð að við séum neitt nálægt því marki en þetta er að sjálfsögðu það markmið sem þarf að setja.

Í öðru lagi hef ég ákveðnar efasemdir um þær hugmyndir sem hafa verið um úreldingu fiskvinnslustöðva, einkum það ákvæði sem er að finna í 10. gr. frv. Í síðustu málsgreininni segir: „Stjórn sjóðsins skal leitast við að selja fasteignir sem sjóðurinn eignast til óskyldrar starfsemi. Skal þeirri kvöð þinglýst á fasteignirnar að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslustarfsemi."

Nú megum við ekki líta svo á að það sé endilega hagkvæmt að fara þessa leið í úreldingu þar sem við erum vonandi að byggja upp. Við erum vonandi að leita nýrra leiða í fiskvinnslu og það er alveg ljóst að miklir möguleikar eru ónýttir. Ég held að sjútvn. hafi á ferð sinni undanfarna tvo daga fengið enn betri staðfestingu á því að möguleikarnir sem eru til frekari vinnslu sjávarafurða og fullvinnslu eru síður en svo fullnýttir og þess vegna finnst mér þetta mjög vafasamt ákvæði svo ekki sé meira sagt.

Það er líka spurningin: Hvað hugsa menn sér varðandi úreldingu fiskiskipa? Þetta hefur mér fundist tiltölulega óljóst. Minnkun flotans er nokkuð sem við höfum að vísu nokkra reynslu af en hefur ekki sýnt sig skila því sem menn hafa ætlast til og þá er ekki bara um það að ræða sem hæstv. sjútvrh. kom inn á að þetta sé vegna þess að það skorti festu og öryggi í sjávarútvegsstefnu heldur ekki síður vegna þess að það er ákveðin framþróun og ákveðin breyting í þessum málum.

Ef menn vissu nokkurn veginn hvaða stefnu stjórnvöld marka og fara eftir væri e.t.v. hægt að sinna uppbyggingu út frá þeirri stefnu. Það er í rauninni ekki hægt og þess vegna hafa menn verið að úrelda dálítið tvist og bast og það er mjög óheppilegt. Ég sé ekki að úrelding fiskvinnslustöðva yrði framkvæmd út frá langtímasjónarmiðum heldur fyrst og fremst vegna þeirrar erfiðu stöðu sem við erum í í sjávarútvegi núna. Þetta gæti jafnvel orðið ákveðin peningasóun ef úrelding ætti sér stað þegar illa áraði því við erum að gera ráð fyrir að það muni eitthvað betur ára. Ég vona að menn hafi ekki glatað voninni um það þó við búum vissulega við aflasamdrátt núna sem við höfum þurft að taka mjög alvarlega. Ég er ekki að gera lítið úr því.

Þriðja og kannski stærsta vafamálið varðandi frv. er fjármögnunin. Bæði það neikvæða veganesti sem Þróunarsjóði er ætlað með yfirtöku sinni á skuldsettum og skuldugum sjóðum og eins sú lántaka sem mér sýnist að sé að mörgu leyti óútfærð og vafasöm. Í þriðja lagi er svo veiðileyfagjald sem stjórnarflokkarnir karpa um hvort er upphaf að skattlagningu og raunverulegu veiðileyfagjaldi eður ei. Það er alla vega ljóst að þarna eru ákveðin áform uppi sem ég held að verði að vara sérstaklega við. Ég er ekki að hafa á móti því að sjávarútvegurinn eins og aðrar atvinnugreinar greiði til samneyslunnar þegar sjávarútvegurinn hefur burði til en mér finnst þessi leið í skattlagningu á sjávarútvegsinn svo fáránleg að ég skil eiginlega ekki hvers vegna í ósköpunum menn eru að reyna að selja aðgang að þessari auðlind. Eins og staðan er núna þá sé ég ekki að við fengjum endilega þá niðurstöðu eftir þessum leiðum að þeir stunduðu sjávarútveg sem helst gætu gert það með hagkvæmum hætti í framtíðinni. Ég held líka að slík skattlagning á atvinnugreinina sé ekki bara óframkvæmanleg heldur hættuleg. Það verður einfaldlega að fara aðrar leiðir. Við kvennalistakonur höfum löngum bent á það að okkur þyki mjög sérkennileg sú feimni sem er við beina skatta. Leggja bara skatt á arð þegar arður er. Ég veit að það má mikið gagnrýna það kerfi sem við búum við varðandi skattlagningu fyrirtækja en það breytir ekki því að sú grundvallarhugsun ætti að vera mönnum bæði skiljanleg og ég held að fólk geti almennt tekið undir það að þeir eru helst aflögufærir sem sýna fram á hagnað. Við eigum ekkert að lúffa fyrir einhverjum bókhaldsfiffum hér og þar heldur reyna að leysa málið á réttum grundvelli í staðinn fyrir að leggja á flatan skatt með einum eða öðrum hætti, hvort sem er veiðileyfagjald eða eitthvað annað, til að standa undir mjög nauðsynlegum útgjöldum í samfélaginu. Ég held að það efist enginn um að það þarf að veita ákveðið fjármagn í úreldingu. Ég held að það efist ekki nokkur maður um að það þarf að styðja mjög við nýsköpun og rannsóknir. En að fjármagna það með einhvers konar útfærslu af flötum og meira og minna tilviljanakenndum álögum á eina atvinnugrein, einnig á meðan hún á í erfiðleikum, finnst mér einfaldlega röng hugsun.

Þetta eru þau helstu atriði sem mér finnst ástæða til að taka fram við 1. umr. Eins og hæstv. fjmrh. gat réttilega um er alveg feikilega margt óvíst sem fylgir frv. til nefndar. M.a. hversu háar þær skuldir eru sem ætlað er að senda þennan sjóð af stað með í vegarnesti og fjármagna með lánum. Það er fleira sem er lítt útfært eða óútfært, m.a. þau atriði sem hv. síðasti ræðumaður benti á þar sem verið er að gefa tóninn fyrir nokkuð þokkaleg áform um það m.a. að hjálpa mönnum sem vilja ryðja nýjar brautir. En þetta er allt mjög óljóst. Og það er fleira óljóst. Það er óljóst hvað menn ætla sér með veiðileyfagjaldið. Það er ekki bara að ágreiningur sé um hvort það sé yfir höfuð heppilegt — ég tel að svo sé ekki — heldur er líka ágreiningur um hvað felst nákvæmlega í þessu.

Fleiri óljósir þættir fylgja þessu máli til nefndar. Ég mun hafa tækifæri til að koma að vinnu innan sjútvn. að frv. og ég ítreka það sem ég sagði í upphafi að ég er sammála því að ákveðin hagræðing þarf alltaf að eiga sér stað. Ég er ekki sammála þeirri leið sem hér er bent á í þeirri mynd sem hún er. Og ég held að við séum einfaldlega með allmargar ranghugsanir í gangi varðandi það hvað þessi atvinnugrein þolir og á hvern

hátt sé best að koma að því bæði að ná fram hagræðingu og einnig að láta hana greiða eðlilega til samneyslunnar þegar hún hefur svigrúm til.

Ég get ekki lokið ræðu minni án þess að geta aðeins um dálítið sérkennilega yfirlýsingu hæstv. sjútvrh. um félagslegar aðgerðir vegna þeirrar atvinnugreinar sem hér um ræðir, hvorki meira né minna en okkar burðaratvinnugreinar, sjávarútvegsins. Mér þykir þetta orðalag ógeðfellt, ég verð að viðurkenna það. Ég held að þau gildi sem þarna eru lögð til grundvallar, að það þurfi að fara út í einhvers konar félagsmálapakka eða félagslega aðstoð, standist ekki vegna þess einfaldlega að mikill hluti af erfiðleikum sjávarútvegsins er kominn til vegna aflasamdráttar m.a. og ágöllum á þeirri fiskveiðistefnu sem við búum við. M.a. tilfærslum á kvóta sem hafa ekki alltaf verið til hagræðingar, því miður, þótt það hafi verið ætlunin. Ég get ekki tekið undir þessa hugsun. Ég held að það þurfi almennt að líta svo á að önnur atriði, eðlileg viðskiptaatriði eins og t.d. lenging lána og slíkt, geti hjálpað mörgum þeim fyrirtækjum sem eiga í erfiðleikum núna en eru samt sem áður lífvænleg. En auk þess getum við ekki búist við því að öll fyrirtæki muni alltaf bjargast. Ég er ekki í hópi þeirra sem er svo bjartsýnir að líta svo á að það sé alltaf hægt. Hafi það verið hugsunin hjá hæstv. sjútvrh. með hans athugasemdum um félagslegar aðgerðir, sem voru að vísu mjög lítið notaðar, þá gengur sú hugsun ekki alveg upp í mínum huga.

Ég held að það sé ekki ástæða til að fara nánar út í efni frv. svo óljóst sem það er núna í útfærslu og miðað við alla þá lausu enda sem á eftir að hnýta í umræðunni. En ég get ekki séð að við séum á réttri leið með þessar hugmyndir þótt margt af þeim markmiðum sem koma fram í frv. eigi fullan rétt á sér. Ég held að við munum þurfa að fara mjög nákvæmlega í athugun og útfærslur. Ég legg áherslu á að núna fyrst þegar þetta mál kemur til sjútvn. er farið að ræða það í svo víðum hópi sem er allt hið pólitíska litróf sem á fulltrúa á Alþingi. Og það er afskaplega seint og er út af fyrir sig mjög ámælisvert og ég held að umræðan beri þess vott. (Forseti hringir.) Afsakið forseti.

(**Forseti** (GHelg)**:** Hv. þm. mun vera búin með tímann.)

Samkvæmt klukku sem hér er í borðinu eru 4,04 mínútur eftir. Ég miðaði að sjálfsögðu við það. Hins vegar er komið að því að ég sé að ljúka ræðu minni en ég vona að forseti hafi tök á því að láta klukku sína og klukku ræðumanns stemma í framhaldi, ég hugsa að það sé öllum til hagræðis. En ég hef lokið máli mínu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti upplýsa að sennilega er það rétt hjá hv. 9. þm. Reykn. að forseti mun hafa ýtt á rangan hnapp og biður velvirðingar á því.

[14:42]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Í október 1991 birti núv. ríkisstjórn hvítbók sem stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar. Þar er m.a. vikið að stefnumótun í sjávarútvegsmálum með eftirfarandi hætti, með leyfi forseta:

„Til að vinna að mótun heildstæðrar stefnu í þessum efnum hefur verið skipuð sérstök átta manna nefnd sem jafnframt hefur verið falið að fjalla um framtíðarmarkmið sjávarútvegsins og gera tillögur um hvernig ná megi þeim markmiðum sem sett verða þannig að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmál. Við mótun fiskvinnslustefnu verður lögð áhersla á samvinnu og hagræðingu fyrirtækja til að auðvelda þeim að mæta harðnandi samkeppni. Nefndin mun í störfum sínum hafa samráð við sjávarútvegsnefnd Alþingis. Nefndin mun í samráði við ákvæði gildandi laga um fiskveiðistjórnun leggja mat á mismunandi kosti er til greina koma varðandi veiðar, vinnslu og markaðssetningu á sjávarfangi. Er þess að vænta að starf nefndarinnar verði traustur grundvöllur umræðna og ákvarðanatöku um grundvallaratriði sjávarútvegsstefnunnar."

Þessi nefnd, sem stundum var kennd við tvíhöfða, hefur satt að segja unnið bæði mikið verk og þarft. Í aprílmánuði, ef ég man rétt, 1993 lauk hún störfum með því að skila skýrslu sinni til sjútvrh., sem er fylgiskjal birt með stjfrv. um fiskveiðistjórnun.

Nefndarmenn hafa áreiðanlega gert sér vonir um það að með þessu mikla starfi hafi þeir a.m.k. dregið saman á einn stað námu upplýsinga um stöðu sjávarútvegsins hér heima og reyndar sjávarútvegsins hjá ýmsum samkeppnislöndum og öðrum þjóðum. Ég er satt að segja sammála því mati nefndarmanna að þar með hafi þeir lagt grundvöll að vandaðri umræðu og málefnalegri skoðun á málefnum sjávarútvegsins. Það veldur mér nokkrum vonbrigðum að taka eftir því bæði við umræður um mótun fiskveiðistjórnunarstefnu og eins í þessu máli að þá skuli þess lítt gæta hversu feikileg vinna hefur verið lögð í skoðun og rannsókn staðreynda um stöðu og vandamál sjávarútvegsins.

Það frv. sem hér sér dagsins ljós um Þróunarsjóð sjávarútvegsins á rætur sínar að rekja til umræðna, sem hafa orðið nokkrar á undanförnum missirum, fyrst og fremst um tvennt. Um mjög alvarlega skuldastöðu sjávarútvegsins, um offjárfestingu á liðnum árum og um takmarkaða og stundum lélega nýtingu þeirra fastafjármuna sem í greininni hafa verið festir.

Svo háttar til með sjávarútveg Íslendinga að hann er þvílík uppistöðuatvinnugrein að það má segja að afkoma þjóðarinnar ráðist algjörlega af stöðu sjávarútvegsins. Í flestum öðrum löndum, samkeppnislöndum okkar, er þessu þveröfugt farið. Þar er sjávarútvegurinn yfirleitt aukabúgrein, stundum flokkaður undir landbúnað, og gjarnan háttar þannig til að það er ekki talið að sjávarútvegurinn geti staðið á eigin fótum eða staðið með sjálfstæðum hætti undir lífskjörum þess fólks sem við hann vinnur þannig að hann er niðurgreidd og styrkt aukabúgrein. Þetta er grundvallaratriði sem varðar rekstrarskilyrði íslensks sjávarútvegs. Hann er með öðrum orðum að keppa á erlendum mörkuðum við niðurgreiddar og styrktar greinar. Og þetta undirstrikar m.a. það að við, sjávarútvegsþjóð sem byggir afkomu sína á þessari grein, höfum ekki efni á því að búa sjávarútveginum þannig starfsskilyrði. Þvert

á móti verður sjávarútvegurinn að standa á eigin fótum og hann verður að hafa burði til þess að leggja mikið af mörkum við að halda uppi okkar þjóðfélagi. Það verða ekki aðrir til þess.

Ég vil þess vegna leggja á það áherslu að kveikjan að þeim hugmyndum sem hér eru settar fram með frv. um Þróunarsjóð er umræða um alvarleg vandamál sem lengi hafa hrjáð þennan höfuðatvinnuveg okkar án þess að á þeim væri tekið með fullnægjandi hætti. Þeir sem hafa gagnrýni fram að færa á þessa sjóðshugmyndir skyldu hafa það í huga að vandamálið hefur verið með okkur lengi og ég sakna þess að heyra ekki aðrar hugmyndir um það. Ég endurtek að þessi vandamál eru skuldastaða og offjárfesting í sjávarútveginum.

Ég sé ástæðu til vegna þess að í þetta mál hefur verið lögð mikil vinna að rifja hér upp, með leyfi forseta, niðurstöður þessarar nefndar, sem ég hef vitnað til, um þau vandamál sem á að taka á með þessum sjóði. Ég leyfi mér þá að vitna í skýrslu sjútvrh. frá nefndarmönnum, með leyfi forseta, en þar segir:

„Umframafkastageta er bæði í veiðum og vinnslu og varð hún enn sýnilegri en áður með tilkomu aflamarkskerfisins. Finna þurfti leið til að auðvelda sjávarútveginum að laga afkastagetu sína að minni heildarafla og markvissri sókn. Þá er skulda- og afkomustaða sjávarútvegsins slík að mikil gjaldþrot blasa við með ófyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir fyrirtæki sem í hlut eiga, bankakerfið, lánasjóði og einstök byggðarlög ef ekkert verður að gert.

Þróunarsjóðnum er fyrst og fremst ætlað að ná tökum á umframafkastagetu í greininni á þann hátt að framleiðslutæki sem tekin eru úr rekstri verði ekki tekin í notkun að nýju. Markmiðið er að taka húsnæði, áhöld og aðstöðu úr rekstri og draga þannig varanlega úr afkastagetu greinarinnar." — Þetta er auðvitað sagt í ljósi þeirra staðreynda sem við blasa um hið mikla fall í aflaheimildum.

„Hlutverk Þróunarsjóðs sjávarútvegsins er á þennan hátt að stuðla að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Í því skyni getur sjóðurinn keypt fiskvinnslustöðvar og framleiðslutæki þeirra og greitt styrki vegna úreldingar fiskiskipa" — eins og við höfum þegar góða reynslu af. „Jafnframt er sjóðnum ætlað að stuðla að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi í samvinnu við lánastofnanir enda leiði slík endurskipulagning til verulegrar hagræðingar. Þá er sjóðnum heimilt að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis með fjárhagslegri fyrirgreiðslu og hafa um það forustu. Þá getur hann einnig haft samstarf við alþjóðlegar lánastofnanir í þessu skyni."

Það er ástæða til þess að vekja athygli á þessum þætti. Stundum hafa menn hér við umræður um sjávarútvegsmál vakið athygli á því að sú breyting er að verða að því er varðar þessa höfuðatvinnugrein okkar að hún er ekki lengur bara stunduð á heimamiðum. Í vaxandi mæli þurfum við að beina sjónum okkar að fjarlægum veiðislóðum. Það hefur þegar verið gert, annars vegar eru mönnum í fersku minni veiðar íslenskra skipa í Smugunni en jafnframt er ástæða til að minna á að aðrar þjóðir leita í vaxandi mæli eftir samstarfi við Íslendinga. Ekki færri en tuttugu þjóðir hafa gert það með formlegum hætti þar sem boðið er upp á margvíslegt samstarf. Og er hægt að nefna mörg dæmi þar um. Nýjasta dæmið er t.d. í Namibíu þar sem við gerum okkur vonir um að samstarf af þessu tagi geti orðið farsælt og hagkvæmt báðum þjóðum en þannig háttaði til vegna þess hve skuldum hlaðin og veðsett sjávarútvegsfyrirtæki eru þá voru þau nánast bundin átthagafjötrum og gátu ekki sinnt þessum verkefnum, sýndu ekki frumkvæði til þess. Þannig að þetta getur þegar fram í sækir orðið eitt af mikilvægari verkefnum þessa sjóðs.

Þá segir hér enn fremur:

„Stofnfé sjóðsins skal vera eignir Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins. Sjóðurinn tekur við eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar vegna sjávarútvegsfyrirtækja svo og eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar. Ríkissjóður leggur sjóðnum til 4 milljarða króna að láni sem endurgreiðist á nokkrum árum. Jafnframt falla niður lagaákvæði um Hagræðingarsjóð sjvarútvegsins.

Um úreldingarstyrki vegna fiskiskipa skulu gilda svipuð ákvæði og í lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins."

Ég hygg að þessi ákvæði sem eru gamalkunn og við höfum reynslu af muni ekki valda miklum deilum.

„Þá er sjóðnum ætlað að kaupa fiskvinnslustöðvar og föst framleiðslutæki þeirra í því skyni að auka arðsemi fiskvinnslu í landinu enda hafi viðkomandi stöð fengið útgefið fullgilt vinnsluleyfi eða að fiskvinnsla hafi verið stunduð á fasteigninni með tilskildu vinnsluleyfi síðustu ár og henni hafi ekki verið ráðstafað varanlega til annarra nota. Það er jafnframt skilyrði að eignir sem sjóðurinn kann að festa kaup á séu afhentar veðbandslausar.

Stjórn sjóðsins skal leitast við að selja þær fasteignir sem sjóðurinn eignast til óskyldrar starfsemi. Skal þeirri kvöð þinglýst á fasteignirnar að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslustarfsemi.

Þá er samkomulag um að frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. sept. 1996 skuli innheimt gjald af úthlutuðu aflamarki. Upphæð þessa gjalds skal miðast við að sjóðurinn geti staðið undir skuldbindingum þeim sem hann tekur á sig. Skal gjaldið renna til sjóðsins á meðan hann starfar en sjóðurinn verður í eigu íslenska ríkisins. Þessi gjaldtaka er málamiðlun stjórnarflokkanna í veiðigjaldsmálinu. Þegar hún lá fyrir taldi nefndin ekki tilefni til að vinna frekar að þessum málaflokki."

Af þessu mál ljóst vera að meginmarkmið þessarar sjóðsstofnunar er að taka á vandamáli sem hefur verið vanrækt að taka á allt of lengi en er mjög aðkallandi og brýnt, skuldasöfnun í sjávarútvegi og offjárfesting, að gera fyrirtækjum í greininni kleift að lækka sínar skuldir, að bæta arðsemi þeirra fyrirtækja sem við síka fjárhagslega endurskipulagningu fá traustari starfsgrundvöll, að auka þannig arðsemi í greininni. Um þessi markmið getur ekki verið mikill ágreiningur. Það hvarflar ekki að mér annað en að öllum sem hér eru inni sé eins farið að við höfum öll áhyggjur af

þessari miklu skuldasöfnun og við erum áreiðanlega öll sammála um að á því vandamáli verði að taka.

Ef ég hef tekið rétt eftir þá hafa sumir þeir sem hér hafa talað fyrst og fremst notað það sem gagnrýniefni á þennan sjóð að hér sé um að ræða skattlagningu á sjávarútveginn. Meira að segja hv. 1. þm. Austurl. leyfði sér að nota það orð í þessari umræðu. Ég veit ekki af hverju menn sjá ástæðu til að fara svo ranglega með hugtök. Að sjálfsögðu er hér ekki um að ræða skattlagningu. Hefur einhverjum hv. þm. dottið í hug að kalla tilfærslukerfi eins og var í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins skattlagningu á sjávarútveginn? Hefur einhverjum dottið í hug að kalla Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins skattlagningu á sjávarútveginn? Ég hef ekki heyrt það fyrr.

Sjóður sem hefur það að markmiði að bæta fjárhagslega stöðu sjávarútvegsins, og vissulega er þetta millifærslusjóður, byggist að hluta til á eignum og skuldum annarra sjóða sem við könnumst við, hann byggist að hluta til á ríkisframlagi. Að öðru leyti á hann að byggjast á gjaldtöku innan greinarinnar og hann skilar öllu því fé til greinarinnar sjálfrar. Eins og reyndar, kannski í minna mæli, þeir sjóðir aðrir sem inn í hann renna og við höfum áður haft reynslu af.

Ég vil einfaldlega biðja menn að villa ekki um fyrir öðrum með því að kalla þetta skattlagningu. Þetta er ekki skattlagning. Hér er ekki um að ræða að leggja skatt á sjávarútveginn sem eigi síðan að renna í ríkissjóð eftir almennum reglum skattalaga. Það er einfaldlega ekki svo, það er ekki rétt. Að svo miklu leyti sem hér er um millifærslusjóð að ræða þá kemur mér á óvart að heyra gagnrýni af þessu tagi frá ýmsum talsmönnum stjórnarandstöðunnar sem hafa einmitt sér í lagi verið fyrr á tíð í orði og verki talsmenn slíkrar millifærslusjóða.

Það sem ég hef helst áhyggjur af í sambandi við þetta er hvernig til tekst í framkvæmdinni. Auðvitað er eðlilegt að menn spyrji sjálfa sig sem svo: Verður þetta einhver dæmigerður hefðbundinn millifærslu- og sukksjóður? Verður þetta úthlutunar- og skömmtunarkerfi sem unnt er að misbeita af hálfu framkvæmdarvaldsins í stað þess að fara þarna eftir almennum reglum? Það hlýtur að sjálfsögðu að ráðast af því hvernig til tekst um stjórn og framkvæmd en markmiðið með þessum sjóði er fyrst og fremst að taka á vandamálum sem við erum væntanlega öll sammála um að verði að taka á. Það verður að taka á skuldavanda sjávarútvegsins og það er ekki bara vandamál sjávarútvegsins það er líka vandamál þessa þjóðfélags sem getur haft hinar erfiðustu afleiðingar fyrir allt bankakerfið og lánakerfi þjóðarinnar ef það er einfaldlega látið dankast eða því slegið á frest eins og hefur verið allt of lengi.

En ég bið menn, hver svo sem skoðun manna á þessu er, alla vega að halda því ekki fram að hér sé um að ræða skattlagningu af venjulegu tagi. Og allir þeir fjármunir sem hér eru enn skipulagðir til að taka á þessum vandamálum renna til greinarinnar sjálfrar. Að því er varðar þá gjaldtöku sem hér er komin til sögunnar með þessu frv. þá á hún fordæmi að því er varðar vissa þætti starfseminnar, þ.e. úreldingu fiskiskipa, bæði í lögum og reynslu frá fyrri tíð.

Að sjálfsögðu er það svo grundvallaratriði og aðhaldsatriði að sjóðurinn á að standa undir skuldbindingum sínum. Það mun ráðast af því í framkvæmdinni hversu hratt hann gengur til verks við að beita sér fyrir fjárhagslegri endurskipulagningu. Hann hefur lánsfjárheimildir en grundvallaratriðið er það og það er meginástæðan fyrir því að við jafnaðarmenn getum fallist á frv. í þessu formi að hann á sjálfur að standa undir skuldbindingum sínum og sú gjaldtaka sem um er að ræða á að tryggja það. Jafnframt látum við í ljósi þá von að þessar aðgerðir dugi til að auka arðsemi og bæta afkomu þeirra fyrirtækja sem við þetta komast á traustari grundvöll og eiga vonandi langt líf fram undan.

Út frá þessum grundvallarsjónarmiðum hef ég ekki heyrt enn þá í þessari umræðu eiginlega neina marktæka gagnrýni og heldur ekki ábendingar um aðrar leiðir að settum markmiðum.

[15:00]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. utanrrh. minntist hér á hvítbók og þar hefði verið kveðið á um að hafa samráð við sjútvn. um mótun fiskvinnslustefnu. Spurningin er: Var það gert, hæstv. ráðherra?

Hæstv. utanrrh. hélt áfram og sagði: „Samkeppnisstaðan verður jöfnuð." Ráðherrann taldi það mjög nauðsynlegt. Það töldu sjálfstæðismenn einnig þegar þeir samþykktu á landsfundi sínum og segja „... í því sambandi er nauðsynlegt að jafna samkeppnisstöðu fiskvinnslu á Íslandi til samræmis við fiskvinnslu innan Evrópubandalagsins með tilliti til verndartolla EB auk þess sem höfð verði hliðsjón af ríkisstyrkjum bandalagsins." Hefur þetta verið gert, hæstv. ráðherra?

Auðvitað erum við hér að tala um auðlindaskatt, hæstv. ráðherra, hvaða nafni sem Alþfl. vill gefa þessum skatti. Hér er um auðlindaskatt að ræða. Og ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Það liggur fyrir frá Þjóðhagsstofnun að það mun vera áætlað að veiðar íslenskra skipa muni verða reknar með 6% halla á þessu ári, með 6% halla. Því vildi ég biðja hæstv. ráðherra, ef hæstv. utanrrh. getur ekki svarað því, þá hæstv. sjútvrh. sem örugglega á eftir að tala, hvað er verið að tala hér um marga milljarða kr. í halla á veiðarnar á komandi ári? Á sama tíma og menn eru að taka upp þann þráðinn að skattleggja þessa grein, á sama tíma sem kröfunum ætlar aldrei að linna, á sama tíma þurfi greinin enn þá að hagræða og bæta afkomu í rekstri.

Og ég spyr að lokum, hæstv. utanrrh.: Er 11. gr. í þessu frv. til þess að auka arðsemi íslenskra fiskvinnslufyrirtækja og tryggja atvinnuöryggi íslensks fiskvinnslufólks?

[15:02]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hv. þm. vita þá hefur þetta mál átt sér langan aðdraganda. Það hefur lengi verið til umfjöllunar innan þessarar sérstöku nefndar sem skipuð var af hálfu stjórnarflokkanna. Málið hefur verið víða kynnt og haft náið samráð við marga að-

ila, þar á meðal hagsmunaaðila og sjávarútvegsnefndir þingsins að sjálfsögðu. Meira að segja má bæta því við að málið hefur á þessum undirbúningstíma verið kynnt á almennum opnum fundum með fulltrúum hagsmunaaðila og starfsfólki í greinunum allmörgu. Þannig að ekki hefur nú skort á kynninguna.

Að því er varðar hvaða nafn eigi að gefa þessu þróunargjaldi sem er hluti þessa máls þá legg ég ekkert upp úr orðhengilshætti um það. Ég vék að því sem segir í skýrslu nefndarinnar sjálfrar sem lagði grundvöllinn að þessum hugmyndum og tillögum að hér væri um að ræða málamiðlun milli stjórnarflokkanna um svokallað veiðileyfagjald. Þetta er ekki eiginlegt veiðileyfagjald og þetta er ekki auðlindaskattur, nei. Þetta er einfaldlega gjaldtaka sem rennur í millifærslusjóð í þágu greinarinnar sjálfrar.

[15:04]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ja, fátækleg voru svörin eins og við mátti búast frá hæstv. ráðherra. Og rétt er að segja honum það ef hann veit það ekki. Ég hef nú grun um að hann viti betur en hrein ósannindi eru það að haft hafi verið samráð við sjútvn. í þessu máli.

Þeir aðilar sem unnu að þessu máli komu tvisvar sinnum á fund nefndarinnar að beiðni nefndarinnar sjálfrar, höfðu ekki frumkvæði og sögðu hvað? Pass, ekkert annað en pass. Þeir höfðu ekkert að segja, hæstv. ráðherra, ekkert að segja nefndinni.

Ráðherra svarar hins vegar engu öðru. Hann svarar engu um samkeppnisstöðu greinarinnar. Hvað segir hann um það: Hefur samkeppnisstaða greinarinnar verið bætt? Hefur hún verið bætt? (**Gripið fram í:** Hann veit ekkert um það.) (**Utanrrh.:** Hvað á hv. þm. við?) Hv. þm. á við það sama og ráðherrann var að tala hér um í ræðu sinni og sló fram sem fullyrðingum sem standast ekki. Sama er með auðlindaskattinn. Auðvitað er það auðlindaskattur, hæstv. ráðherra, þegar ríkisstjórnin leggur það til að í hvert skipti sem sjómaður kemur að landi með afla þá skuli gjaldtökumenn Friðriks Sophussonar, hæstv. fjmrh., standa á bryggjusporðinum og rukka menn um gjald fyrir það að róa til fiskjar. Auðvitað er það auðlindagjald og ekkert annað. Þannig er komið fyrir íslenskri þjóð.

[15:05]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. staðfesti sjálfur að tveir fundir hefðu verið haldnir í sjútvn. að beiðni nefndarinnar sagði hann til að ræða þessi mál. (**StG:** Að beiðni sjútvn.) Því næst fullyrti hann og ég er ekki til frásagnar um það að þeir menn sem setta hafa saman hér mjög ítarlega og greinargóða skýrslu um sjávarútveginn hafi sagt pass á þeim fundi. Ég bið nú forláts en ég á bágt með að trúa því að menn sem koma á fund sjútvn. til að kynna sérstök mál hafi ekkert um það að segja en skila síðan skýrslu til sjútvrh. upp á nokkur hundruð síður eða á annað hundrað síður. (Gripið fram í.)

Um orðhengilsháttinn auðlindaskattur o.s.frv. hef ég engu við að bæta. En mér kemur það spánskt fyrir sjónir sérstaklega af því að hér er á ferð hv. þm. Norðurl. v., síðan hvenær er hann svona mikill andstæðingur millifærslusjóða innan atvinnugreinar? Þegar við ræðum um landbúnað þá þykir það hin besta munkalatína að hafa þá sjóði sem flesta og sem digrasta hvers kyns gjaldtöku og sjóðagjöld til millifærslu innan greinarinnar. Er það þá auðlindaskattur á þessa grein? Og er þá meginstefna Framsfl. í landbúnaði að reka auðlindaskatt á landbúnaðinn? Hvers konar rugl er þetta? (**Gripið fram í:** Það var ekki það sem maðurinn var að tala um.)

[15:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Svolítið út af því sem fór á milli hæstv. utanrrh. og hv. 4. þm. Norðurl. v. hér áðan. Í fyrsta lagi þá kom tvíhöfða nefndin ekki nema tvisvar á fund nefndarinnar, þ.e. sjútvn. Það er rétt að það var að beiðni sjútvn. Og á þeim fundum var nákvæmlega ekki neitt talað um Þróunarsjóðinn. Svo vil ég vekja athygli hæstv. utanrrh., sem hefur verið að skemmta sér við að lesa tvíhöfða skýrsluna og fundist hún merkilegt plagg, að einhvers staðar í henni stendur að á því augnabliki sem hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. náðu samkomulagi um Þróunarsjóðinn, þ.e. eftir að hrossakaupin áttu sér stað, þá töldu þeir sínu starfi lokið. Þannig að þetta segir nú sína sögu um það að auðvitað var þetta mál aldrei rætt í sjútvn. eða það kynnt.

Það hefði farið betur ef hæstv. utanrrh. hefði mætt á einhvern af þeim fundum sem tvíhöfða nefndin hélt því þá hefði hann ekki nefnt þá hér í sölum Alþingis. Þar var nú ekki aldeilis tekið fagnandi þeim boðskap sem nefndin var að bera. Og ég býst við að það hefðu a.m.k. runnið tvær grímur á hæstv. ríkisstjórn ef hún hefði setið einhvern af þeim fundum til að fylgjast með hvernig menn úr sjávarútveginum tóku þeim hugmyndum sem hér eru á ferðinni og hafa síðan verið lagðar fram sem niðurstaða af starfi ríkisstjórnarinnar og tvíhöfða nefndarinnar.

En hæstv. ráðherra margtók hér fram að þetta væri mikil vinna sem tvíhöfða nefndin hefði lagt af mörkum og það var greinilegt að það voru í honum töluverð sárindi yfir því að menn skyldu nú ekki bera nægilega mikla virðingu fyrir þessari vinnu, þetta kæmi fram í skýrslunni. Sennilega er hann svona sár út af miðstjórnarfundi Alþfl. þar sem það kom í ljós að menn vildu ekkert skrifa undir neitt af því sem stendur í tvíhöfða skýrslunni og vilja hafa allt aðra stefnu í þessum málum. Það er raunalegt fyrir hæstv. ráðherra að mæta í þinginu til að kvarta undan því að þetta mikla starf hafi orðið til lítils og kannski borið minnstan árangur í flokki hans sjálfs, því miður.

Ég var að vona að í tengslum við 1. umr. um þetta mál kæmi fram ekki bara afstaða hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. heldur mundi í þessa umræðu mæta hv. þm. Sjálfstfl. og Alþfl. til að gera þinginu grein fyrir því til að sjútvn. og aðrir þingmenn geti haft það til hliðsjónar við umfjöllun þessa máls í framhaldinu hvaða afstöðu þeir hafa til þeirra hugmynda sem hér

eru komnar á borð þingmanna um Þróunarsjóð. Ég er ekkert sannfærður um að t.d. í Sjálfstfl. sé einhver óskapleg hrifning yfir þessum Þróunarsjóði, þessu miðstýrða apparati, þessum sukksjóði sem passar nákvæmlega inn í þann ramma sem sjálfstæðismenn hafa lýst fyrir þjóðinni að væri gjörsamlega óásættanlegar aðferðir í stjórn landsins. Og hæstv. sjútvrh. kallaði þetta „félagslegar aðgerðir". Ég býst við að það megi gefa því það nafn. Er hæstv. sjútvrh. að segja okkur það að í Sjálfstfl. sé einhver óskapleg hrifning yfir þessum „félagslegu aðgerðum" sem hér eru lagðar á borð þingmanna? Ég verð að segja eins og er að ég mætti á fundi þar sem tvíhöfða nefndin kynnti sína tillögu og ég hef hitt sjávarútvegsmenn af ýmsu tagi og heyrt þá tala um þessar hugmyndir, t.d. um Þróunarsjóðinn. Og við höfum lesið yfir umsagnir frá aðilum í sjávarútvegi. Hvar finna menn umsögn þar sem tekið er undir þessi sjónarmið öðruvísi en þar fylgi með veruleg gagnrýni og kröfur um breytingar á því sem hefur verið lagt fram? Ég held að málið standi raunverulega þannig að einu mennirnir sem eru sammála um það sem hér hefur verið lagt fram séu þeir tveir ráðherrar sem bera ábyrgð á þessu frv. og sömdu um það í hrossakaupum fyrir nokkrum mánuðum síðan. (Gripið fram í.) Kannski hæstv. ráðherra Össur Skarphéðinsson hafi skrifað upp á þetta, a.m.k. yfirlýsti hann að það væri ekki nema 1% munur á hans skoðunum og hinna í umræðum ekki fyrir löngu. Mig langar að fara örfáum orðum um þetta plagg.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég er ekki tilbúinn að skrifa upp á það sem hér hefur verið lagt til og það er ýmislegt sem ég hef við þetta að athuga. Ég get út af fyrir sig skrifað upp á að það sé rétt að reyna að koma við hagræðingu í sjávarútveginum. En ég tel að það megi ekki rugla saman atvinnugreinum eins og hér er gert. Ég tel að það sé fráleitt að ætla að láta útgerðina í landinu borga fyrir ónýta fiskhjalla uppi á landi eins og hér er verið að leggja til. Það er álíka vitlaust og að stofna úreldingarsjóð fyrir apótek eða eitthvað slíkt og láta rakarana í landinu borga í þann úreldingarsjóð. Það á ekki að leika sér svona með atvinnugreinarnar. Ég tel að það komi ekki til mála enda hefur þessu verið mótmælt mjög harkalega af útgerðinni í landinu og af eðlilegum ástæðum. Ég tel að það komi vel til greina að vera með úreldingarsjóð fyrir skip sem útgerðin borgar í sameiginlega. Ég held reyndar að sá úreldingarsjóður hefði átt að verða til af þeirra eigin hvötum. Hann hefði átt að vera þeirra eigin ákvörðun, frjáls úreldingarsjóður þar sem þeir sem hefðu tekið þátt í honum af frjálsum vilja hefðu hagrætt sameiginlega til þess að auka arðsemi sinna fyrirtækja. Ég er sannfærður um að ef sú leið hefði verið valin á sínum tíma þá hefði hagræðing í útgerð orðið miklu hraðari en hún hefur orðið og ekki nálægt því eins sársaukafull með þeim aðferðum sem menn hafa til þess, þ.e. núna hafa menn treyst á kvótakerfið og þá möguleika að færa saman aflaheimildir. Það þýðir að einstök útgerðarfyrirtæki verða að taka mjög erfiðar ákvarðanir, þ.e. bæði að kaupa aflaheimildir og að úrelda skipin. Ef þetta hefði verið sameiginlegt átak sem menn hefðu haft í þessu, útgerðirnar hefðu greitt í sameiginlegan sjóð sem hefði síðan keypt skip og úrelt þau, þá hefði verið hægt að gera mjög stórt átak án þess að það kæmi mjög harkalega niður á útgerðunum. Sama daginn sem menn settu slíkt gjald á, sem væri hugsað til þess að úrelda, hefði verið hægt að gera samninga um að kaupa skip út úr flotanum. Það er mín skoðun að það sé ástæða til þess að hagræða í ákveðnum hlutum flotans. Það eru sérstaklega stóru, gömlu ísfisktogararnir sem eru orðnir of gamlir og þeir eru úreltir. Þeir eru ekki lengur nútímatæki. Þeir eru of lengi í sínum veiðiferðum. Það verður annaðhvort að betrumbæta þá eða úrelda þá fyrir önnur skip. Þetta er eitthvað sem þarf að taka sameiginlega á því að einstaka útgerðir í landinu eru það illa staddar að þær geta ekki hagrætt eins og þarna þarf að vera. Þær geta ekki endurnýjað sinn skipakost í dag vegna þess að þær hafa hreinlega ekki fjárhagslegt bolmagn til þess. Það sem hér er verið að stefna að virðist vera mjög í lausu lofti. Menn beina sér ekki að neinni sérstakri tegund úr flotanum. Það er ekki verið að nefna það neinum nöfnum eða verið að skilgreina það með neinum hætti hvaða hluti flotans er úreltur og það virðist ekki vera reynt að finna leiðir til þess að það geti síðan myndast nýgræðingur í útgerð á Íslandi í einhverjum öðrum hlutum flotans en þeim sem ástæða væri til úreldingar í.

Ég get ekki heldur látið það að vera að tala um þessa úreldingu frystihúsa eða fiskvinnslustöðva. Ég tel að þar séu menn komnir á mjög hálar brautir og ég leggst eindregið gegn því að menn fari að setja hér upp einhvers konar apparat á vegum hins opinbera til þess að úrelda fiskvinnsluhús. Menn geta bara alveg eins farið út í það að úrelda járnsmiðjur, rakarastofur eða apótek þegar búið er að gefa þau frjáls þannig að þau geti fjölgað sér eins og hver vill, þá geta menn alveg eins sett upp einhverja úreldingarsjóði til þess síðan að fækka þessu aftur. Sjávarútvegurinn er ekkert öðruvísi atvinnugrein en aðrar atvinnugreinar að því leyti til að þar eiga menn auðvitað að ráða því sjálfir hvort þeir fjárfesta. Ef þeir hafa fjármuni eða geta fengið þá til þess að stofna fyrirtæki og reka þau þá eiga þeir að gera það. Það á ekki að stýra mönnum í nánast öllu eins og hér virðist vera hugmyndin. Hér er á ferðinni að mínu viti svona opinber ofstjórnunarárátta sem ætti að vera a.m.k. til umfjöllunar af einhverjum öðrum aðilum heldur en þeim sem hafa í orði lagst gegn slíkum hugmyndum í gegnum tíðina af pólitískum ástæðum eins og Sjálfstfl. Satt að segja verður maður bara stórkostlega undrandi að sjá það að Sjálfstfl. skuli ganga fram í því að taka upp svona vinnubrögð í landinu, búa til margra, margra milljarða sjóði sem eigi að nota til þess að úrelda atvinnufyrirtæki í landinu. Ég hefði átt von á því úr einhverri annarri átt, ég segi það bara alveg eins og er. (**StG:** Hann hefur breyst, Sjálfstfl.) Hann hefur mikið breyst, Sjálfstfl. Ég hafði ekki látið mér detta það í hug að hlusta á ræður sjálfstæðismanna á undanförnum árum og bara meira að segja í síðustu kosningabaráttu varð ég aldrei var við þessa miklu stefnubreytingu sem þarna lýsir sér í þessu

frv., þ.e. að menn ætli að fara að „dírigera" með stærsta atvinnuveg þjóðarinnar eins og hér er verið að gera.

Það er margt í þessu frv. M.a. er talað um þátttöku í verkefnum erlendis og talað um að þessi mikil sjóður eigi að taka þátt í því að gera menn út á erlend fiskimið og láta peninga í það. Út af fyrir sig ætla ég ekki að útiloka þá hluti en ég tel að það þurfi aldeilis að skilgreina það svolítið betur en gert er í þessu frv. hvað það er sem menn eru að meina með þessu og með hvaða hætti við sem þjóð eigum að græða á því. Ég hef ekkert á móti því ef hægt er að sýna fram á það að við höfum af þessu hagnað. Ég hef aftur á móti ekki áttað mig á því og ég óska eftir því að menn útskýri það í þessari umræðu með hvaða hætti arðurinn af þessari útgerð í fjarlægu heimsálfum á að skila sér til Íslands. Það að styrkja menn t.d. með beinum fjárframlögum til þess, hvernig það á að skila sér sem arður til okkar Íslendinga. Ég skal skrifa upp á þessar hugmyndir þegar búið er að útskýra þetta fyrir mér þannig að ég skilji það og ég geti séð að þessir peningar komi með einhverju móti til baka aftur. Það sést ekki í þessu frv. og þess vegna þarf það nánari útskýringar við.

Það er eitt sem mig langar til að tala um hér í viðbót í sambandi við kaupin á þessum fiskvinnsluhúsum sem er verið að hugsa um að kaupa og selja öðrum. Það er í 16. gr. frv. Þar stendur:

„Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast."

Ég tel að þetta sé mjög vafasamt ákvæði. Það er nú einu sinni þannig að fasteignagjöldin renna til sveitarfélaga og ég tel að sveitarfélögin í landinu þurfi á þessum peningum að halda og það sé eiginlega alveg sama hver á fiskvinnsluhúsin og þessi fyrirtæki, sem þarna er verið að tala um, sveitarfélögin þurfi eftir sem áður að hafa sínar tekjur. Ég veit að sveitarfélögin hafa talið sig knúin til þess að reyna að innheimta þetta sem þau eiga að fá af fasteignum þrátt fyrir vonda stöðu sjávarútvegsfyrirtækjanna. Mér finnst það dálítið undarlegt ef ekki kaldhæðnislegt að þegar einhver opinber sjóður er búinn að eignast eitthvert fiskvinnsluhús þá eigi sveitarfélögin ekki lengur neinn rétt á að fá nein fasteignagjöld af viðkomandi eign. Ég hef því fyrirvara við þetta líka.

Það má kannski almennt segja um hagræðinguna í útgerð og fiskvinnslu í landinu og sérstaklega þá í útgerðinni að það hefur verið þannig í gegnum tíðina að menn hafa bundið alveg óskaplega miklar vonir við að sjálft kvótakerfið eða stjórnkerfið í fiskveiðunum mundi sjá til þess að hagræðingin kæmi í útgerðinni. Nú eru menn t.d. með þessu frv. og reyndar öðrum lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins að viðurkenna að auðvitað hefur þetta bara ekki gengið, þessi hagræðing hefur ekki orðið eins og menn hafa viljað. Því er ævinlega borið við að hér hafi orðið svo mikill samdráttur á veiðiheimildum að það sé aðalskýringin á því að afkastagetan sé allt of mikil. Ég ætla að benda mönnum á að það kemur fram í gögnum, t.d. frá Fiskifélagi Íslands, að á tímabilinu 1983–1993 hefur hið raunverulega verkefni fiskiskipaflotans ekki dregist saman nema um 2%. Þetta segir kannski ekki allt um það hvers virði aflinn er sem kemur að landi. En það er ekkert óskaplega mikill munur á heildaraflaverðmætinu heldur. Ég bendi á þetta vegna þess að það virðist nægja að benda á samdráttinn í aflaheimildum í þorski í þessum umræðum yfirleitt en það er ekki nægileg skýring á því að ekki skuli hafa orðið meiri hagræðing í útgerðinni. Við höfum sem sagt verið að bæta við afkastagetu flotans verulega mikið. Bæði hefur hann stækkað á þessu tímabili í kringum 10 þúsund tonn eða svo og síðan hefur vélaorka í þessum skipum aukist mjög mikið, um 18% eða svo. Það má því kannski segja að það sé ástæða til að doka við og velta því fyrir sér hvort þessi floti sé orðinn of stór og hvort hann sé óhagkvæmur því að hagkvæmni hans virðist alla vega ekki hafa aukist.

Þá má líka velta því fyrir sér hvort við eigum að úrelda þessi skip alfarið eða hvort við eigum að reyna að beina þeim í önnur verkefni en það er ekki fyrr en á síðasta ári sem í raunveruleikanum hefur eitthvað gerst sem hægt er að tala um í því sambandi.

Mig langar til að nefna að lokum það sem hæstv. sjútvrh. var að segja um álögurnar sem verið er að setja á útgerðina með þessu gjaldi í Þróunarsjóðinn, þ.e. söluna á veiðileyfunum sem hér eru á ferðinni. Hæstv. ráðherra lagði það á sig í ræðu sinni að tala um að það væri verið að lækka útgjöld útgerðarinnar í landinu. Er þetta alveg rétt? (**Sjútvrh.:** Já.) Nei, hæstv. ráðherra. Þetta er rangt. Þessi útgjöld sem hæstv. ráðherra var að lýsa fyrir hv. þm. hafa ekki lækkað nema í lögum. Þessir peningar hafa aldrei verið innheimtir af útgerðinni. Það stóð til að innheimta þá en það var aldrei gert því að hæstv. ríkisstjórn gafst auðvitað upp á því máli eins og svo mörgu öðru. Hagræðingarsjóðstonnin voru aldrei seld. Það stóð til að selja þau en þau voru ekki seld þannig að það er ekki verið að létta einu eða neinu af útgerðinni. Það er einungis verið að viðurkenna það að þetta gekk ekki, það er verið að gefast upp eins og svo oft áður eða fresta því að innheimta gjald af útgerðinni því að nú stendur til að fara að innheimta þetta 1996. Það er sem sagt búið að gefast upp og fresta því fram á 1996 að fara að innheimta. Það er það sem hefur verið að gerast. Og hæstv. ráðherra lagði það á sig í ræðu að reyna að útskýra þetta þannig fyrir fólki að þarna væri verið að minnka álögur á útgerðina.

Það má kannski velta því fyrir sér hvers vegna hefur dregið svo mikið úr úreldingu á skipum á undanförnum árum en ég sé að það er komið gult ljós í ræðupúltið þannig að ég hef ekki tíma til þess að ræða það og læt lokið máli mínu.

[15:27]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. það sem er til umræðu er hluti af þeirri fjárhagslegu endurskipulagningu sem ríkisstjórnin hefur þurft að standa fyrir og ætlar að beita sér fyrir til þess að takast á við þann mikla fortíðarvanda sem allar greinar sjávarútvegsins hafa staðið

frammi fyrir og staðið í og gerir sjávarútveginum svo erfitt fyrir að takast á við þá erfiðleika í dag sem tengjast minnkandi sjávarafla.

Sá vandi birtist fyrst og fremst eins og hér hefur komið fram í þessari umræðu í erfiðri skuldastöðu sjávarútvegsins og það er það sem þessum þróunarsjóði sem er til umræðu í frv. til laga er ætlað að takast á við en Þróunarsjóðnum er hins vegar ætlað að taka yfir atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar og greininni er þar með ætlað að standa undir að hluta auk þess sem Þróunarsjóðnum er ætlað að taka yfir Hlutafjársjóðinn.

Með þessu frv. er lagður grunnur að sjóði sem sjávarútvegurinn byggir upp með framlögum af útgerð og fiskvinnslu og af aflaheimildum og með framlagi úr ríkissjóði til þess að standa undir hluta af þeim skuldbindingum sem sjóðurinn tekur við og greinin ber og getur ekki annað en borið.

Þegar litið er til afkomu í sjávarútvegi má segja sem svo að greinin geti vart staðið undir nýrri skattlagningu. Auðvitað er hægt að taka undir það. Vissulega er það svo að mörg fyrirtæki geta ekki staðið undir auknum útgjöldum. Það vitum við. Engu að síður þarf að takast á við þann vanda sem tengist skuldastöðu í sjávarútvegi og með þessu frv. er leitast við að gera það.

En þegar litið er á dæmið í heild og til framtíðar er ljóst að sjávarútvegurinn á ekki annarra kosta völ en byggjast upp af eigin ramleik svo afgerandi sem sjávarútvegurinn er í efnahagslífi okkar. Þegar tekið er tillit til þess hvernig gengisþróunin hefur verið sem hefur vissulega verið hagstæð síðustu missiri fyrir sjávarútveginn, tekið tillit til þess stöðugleika sem er á vinnumarkaði, tekið tillit til þess að það hefur verið leitast við að draga úr útgjöldum sjávarútvegsfyrirtækja m.a. með því að létta af aðstöðugjöldum, þá er alveg ljóst að það er ekki víst að í annan tíma séu betri aðstæður til þess að byggja slíkan sjóð upp sem er ætlað að styrkja sjávarútveginn þrátt fyrir það að aflaheimildir séu litlar núna og erfiðleikar séu í sjávarútvegi vegna þess að aflaheimildir eru minni en nokkru sinni fyrr.

Þá er á það að líta og ástæða til þess að vekja athygli á því, ekki síst vekja athygli þeirra sem hafa mælt gegn samþykkt þessa frv. að meginþungi af greiðslum úr sjávarútvegi í Þróunarsjóðinn kemur þó ekki til fyrr en 1. sept. 1996 með nýju fiskveiðiári en stærsti hlutinn af innborgunum í sjóðinn er tengdur aflaheimildum.

Þrátt fyrir samdrátt í aflaheimildum í þorski og erfiðleikum sem ég vil alls ekki gera lítið úr, síður en svo, þá er ljóst að engra annarra kosta er völ en þeirra að byggja upp sjóð fyrir sjávarútveginn með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég vil því, virðulegi forseti, lýsa yfir stuðningi við þetta frv. Hins vegar er eðlilegt að um þetta frv. sé fjallað í tengslum við frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og ég lít svo á að það sé óhjákvæmilegt að fjalla um frv. um Þróunarsjóðinn rækilega í hv. sjútvn. og líta til þess um leið og nefndin tekur til umfjöllunar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða.

Ég verð að lýsa nokkurri undrun minni yfir því hversu ýmsir hv. stjórnarandstæðingar hafa haft allt á hornum sér í umræðunni gagnvart þessu frv. Ég held að það sé ekkert mikilvægara fyrir sjávarbyggðirnar í landinu og rauninni fyrir þjóðina alla en að við vinnum að því að efla sjóð sem hefur það meginmarkmið að styrkja sjávarútvegsfyrirtækin og ég tel að frv. sem hér er til umræðu muni geta með afgerandi hætti, ef staðið er að því eins og hér er gert ráð fyrir, styrkt sjávarútveginn. En aðalatriðið er spurningin um það hversu vel tekst til með að nýta auðlindina, hvernig tekst til að byggja upp fiskstofnana. Vandinn sem við stöndum frammi fyrir í dag er auðvitað fyrst og fremst sá vandi sem tengist minni afla, minni aflaheimildum og því að tekjur hafa dregist saman sem því nemur.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv., ég lýsi stuðningi mínum við það.

[15:34]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins til glöggvunar fyrir hv. þm. sem hér var að ljúka máli sínu þar sem hann sagði að þetta frv. væri sett fram m.a. til þess að bæta úr þeim fortíðarvanda sem verið hefði þegar núv. ríkisstjórn kom til valda, þá er rétt að draga það fram að að dómi hlutlausra aðila hafði rekstrarafkoman í iðnaði og sjávarútvegi ekki verið svo góð í áratugi eins og hún var þegar stjórnarskiptin fóru fram. Þá var hagnaður í sjávarútvegi rétt tæp 5%. Það hefur verið á árinu sem var að líða, ég man ekki hvort það var 6 eða 8% halli í sjávarútvegi og samkvæmt áliti Þjóðhagsstofnunar fyrir árið 1994 er spáð að hallinn í fiskveiðum verði hvorki meiri né minni en 6%. Þetta er kjarni málsins, hv. þm. En menn eru eilíft í fortíðinni í staðinn fyrir að reyna að horfa til framtíðar og reyna að glöggva sig á því hvernig við ætlum að starfa til framtíðar litið enda er því miður einn aðalorsakavaldur þess vanda sem við er að fást við núna stefnuleysið í greininni. Að mönnum skuli ekki hafa fyrr tekist að koma saman frv. um stjórnun fiskveiða. Þetta er einn aðalvandinn. Sjútvrh. kemur æ ofan í æ og ég veit að það er að kröfum samráðherrans fyrst og fremst þar sem krafist er að þeir sem í greininni starfa hagræði og bæti reksturinn. Engin atvinnugrein á Íslandi hefur hagrætt meira í starfsemi sinni en sjávarútvegurinn. Endalaust eru kröfurnar gerðar án þess að nokkur tilraun sé gerð til þess að sýna þeim sem í greininni standa fram á það hver starfsskilyrðin eigi að vera. Þetta er óviðunandi.

[15:36]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja hálfhlálegt að heyra hv. þingmenn Framsfl. tala um þessa sérstaklega góðu stöðu sem sjávarútvegurinn var í þegar þeir skildu við í Stjórnarráðinu. Það væri fróðlegt að heyra afstöðu manna úr sjávarútvegi þegar þeir ræddu við hv. þm. Stefán Guðmundsson um þetta. Ég held að hann ætti bara að rifja upp þann vanda sem hann sem stjórnarmaður í Byggðastofnun hefur staðið frammi fyrir þegar hann hefur verið að fjalla um erfiða skuldastöðu og erfiða rekstrarstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi sem

hafa leitað til Byggðastofnunar. Og hvað með Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina sem hann stóð að að setja á laggirnar til þess að reyna að koma til hjálpar í sjávarútvegi? Staðan er hins vegar sú og því getur hv. þm. ekki andmælt að hagur sjávarútvegsfyrirtækja versnaði mjög og hann hefur auðvitað versnað með minnkandi aflaheimildum fyrir utan það að tekjur sjávarútvegsins hafa fallið. Þetta ætti hv. þm. að vita.

En varðandi kröfu um hagræðingu þá er það alveg ljóst að það er sett fram krafa um að hagræða í sjávarútvegi. Ég hef ekki heyrt nokkurn annan andmæla því en hv. þm. og ég lýsi mikilli undrun minni að hann skuli hafa á móti því að það sé gerð hagræðingarkrafa í þeirri grein eins og annars staðar. Hins vegar er það alveg rétt að víða hefur tekist vel til með að hagræða í sjávarútvegi. Þróunarsjóðurinn er einn þáttur í því að auka þessa hagræðingu, en umfram allt að auðvelda fyrirtækjunum að brjótast úr þeim fortíðarvanda sem Framsfl. byggði upp á þeim árum sem hann var við völd.

[15:39]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get komið með það síðar í þessum umræðum og þá líka einnig í nefndinni, dregið fram þær tölur sem hægt er að byggja á um afkomu í greininni en hér stendur, hv. þm., í fréttabréfi frá aðalfundi Sambands fiskvinnslustöðva á fyrsta blaði:

„Aðalfundur Sambands fiskvinnslustöðva telur brýnasta hagsmunamál íslenskrar fiskvinnslu að áframhald verði á þeim stöðugleika í efnahagslífinu sem náðist í ársbyrjun 1990."

Þetta er málið og á þessu byggðist bætt afkoma í greininni. Hún var af þessu. Það er auðvitað algjört rugl sem hv. þm. hélt fram um afkomu í greininni. Það er vitað mál hvernig hún hefur þróast. Því miður, segi ég.

Það er einnig mjög alvarlegur misskilningur hjá hv. þm. ef hann heldur því fram að ég sé talsmaður þess að ekki skuli hagræða. Ég veit að það er hægt að hagræða og það hefur verið hagrætt. Það dró ég fram. En ég segi að það er takmarkað hvað hægt er að setja þessar kröfur stíft fram um endalaust aukna hagræðingu og meiri arðsemi án þess að menn fái að vita sem í greininni starfa hvert rekstrarumhverfið á að vera þannig að menn geti hagrætt, þeir sem vilja það á annað borð. Það er þetta sem ég er að leggja áherslu á, hv. þm., og ætti hverjum manni að vera ljóst.

[15:40]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vitnar til þess að það hefur verið lögð áhersla á það af hálfu aðila í fiskvinnslu að halda bæri stöðugleika á vinnumarkaði o.s.frv. sem auðvitað tengist því að greinin byggist fyrst og fremst á því að tekjurnar séu viðunandi. Hvað hefur gerst síðan árið 1990 í sjávarútvegi? Eru sömu aflaheimildir? Er líklegt að hjá fyrirtækjum á Norðurl. v., sem hafa svipuð útgjöld í dag og voru 1990 en minni kvóta, sé svipuð afkoma? Það væri fróðlegt ef hv. þm. færi aðeins yfir þá hluti. Það er allt önnur staða í sjávarútvegi í dag vegna minni aflaheimilda og þetta veit auðvitað hv. þm. en reynir hins vegar að slá höfðinu við steininn og sannfæra hv. þm. um að það sé hægt að bera saman árið 1990 og árið 1994. Þingmaðurinn hlýtur að vita hvaða veiðiheimildir voru árið 1990 og hvaða veiðiheimildir eru í dag. Það er grundvallaratriðið. Hins vegar eru aðstæður miklu betri, rekstraraðstæður miklu betri að öðru leyti vegna aðgerða ríkisstjórnarinnar, minni verðbólgu, lægri vaxta o.s.frv. Þetta ætti hv. þm. að kynna sér.

[15:42]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram hafa um margt verið athyglisverðar. Það hefur komið fram eins og stundum áður í umræðum um sjávarútvegsmál blæbrigðamunur a.m.k. í ræðum stjórnarandstæðinga í þinginu. Það er talsverður munur á afstöðu þingmanna Alþb. annars vegar og Framsfl. hins vegar í umfjöllun um þetta mál eins og önnur sem lúta að uppbyggingu sjávarútvegsins í landinu.

Ef ég hef skilið ræðu hv. 1. þm. Austurl. rétt þá er ekki ágreiningur um mikilvægi þess að halda áfram því verki að starfrækja sérstakan sjóð og afla til þess fjár til að standa að úreldingu fiskiskipa og hækka úreldingarhlutfallið enda átti hv. þm. frumkvæði að því að betrumbæta löggjöf þar að lútandi á sínum tíma. Það er ekki ágreiningur um það að mikilvægt er að standa að lánastarfsemi til þess að treysta fjárhagslega endurskipulagningu í sjávarútvegsfyrirtækjum. Hins vegar kom fram hjá hv. þm. að hann hefði efasemdir um að unnt væri að styrkja fjárhagslega stöðu fyrirtækja með kaupum á fiskvinnsluhúsnæði. Í sjálfu sér er það rétt að það er engan veginn jafneinfalt að koma sjávarútveginum til aðstoðar við fjárhagslega endurskipulagningu með þeim aðgerðum eins og varðandi fiskiskipin. En rétt þótti að hafa slíkar heimildir í þessum lögum sem ástæða er til að ítreka að fela ekki í sér réttindi til handa eigendum fiskvinnsluhúsa né heldur skyldu af hálfu sjóðstjórnarinnar til kaupa. Hvort tveggja verður að meta í hverju falli þegar horft er á möguleika í viðkomandi fyrirtæki til þess að treysta rekstrarstöðu sína.

Hv. 1. þm. Austurl. spurði að því hvort nú væru forsendur fyrir slíkri gjaldtöku eins og frv. gerir ráð fyrir. Rétt er að minna á í því sambandi að frv. mælir fyrir um það að gjaldtaka sem ella hefði farið fram samkvæmt gildandi lögum til þess að standa undir hluta af kostnaði við Hafrannsóknastofnun fellur niður í þrjú ár en leggst síðan á sjávarútveginn til þess að nýtast atvinnugreininni sjálfri. Hér er því um að ræða millifærslu í þeim tilgangi að standa undir þeim aðgerðum sem frv. gerir ráð fyrir að sjóðurinn annist. Það má e.t.v. líta á þær skuldbindingar sem sjóðurinn er að yfirtaka frá atvinnutryggingardeild og ella hefðu fallið á ríkissjóð.

Þá kemur í ljós þegar það er skoðað að það þarf um 180 millj. á ári fram til 2005 til þess að standa undir þeim skuldbindingum en ráð hefur verið fyrir því gert að sala á 12.000 þorskígildislestum Hagræðingarsjóðs geti í meðalárferði skilað rúmlega 500 millj. kr. en

miðað við núverandi stöðu aflaheimilda innan við 400 millj. kr. Þegar á þetta er litið má alveg ljóst vera að hér er verið að létta byrðum af sjávarútveginum. Sá kostnaður sem á hann leggst vegna skuldbindinga atvinnutryggingardeildar er a.m.k. helmingi minni en þær tekjur sem fengjust miðað við núverandi aflaheimildir við sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs. Þessi gjaldtaka kemur fyrst til framkvæmda í ársbyrjun 1996.

Hv. þm. sagði að því hefði verið haldið fram að hér væri um að ræða fyrsta skerf að auðlindaskatti. Þetta var líka sagt og kom úr einhverjum hornum þegar hv. þm. sjálfur beitti sér fyrir stofnun Hagræðingarsjóðsins á sínum tíma. Þá var því haldið fram að þar væri vegna sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs um að ræða fyrsta skrefið í átt að auðlindaskatti.

Þegar ég beitti mér í upphafi starfstíma núv. ríkisstjórnar fyrir breytingum á lögum um Hagræðingarsjóð var aftur sagt að hér væri á ferðinni fyrsta skrefið að auðlindaskatt og nú heyrist það enn þegar þessi gjaldtaka fellur niður en verður breytt yfir í fast form á aflaheimildir með sambærilegum hætti þá sé það fyrsta skrefið í átt til auðlindaskatts.

Ég verð aðeins að segja út af þessu að það er búið að nýta þetta fyrsta skref býsna vel þegar búið er að nota þessar 12.000 lestir, sem hv. 1. þm. Austurl. beitti sér fyrir að Hagræðingarsjóður fengi á sínum tíma, þrisvar sinnum sem fyrsta skref í átt til auðlindaskatts þá hafa þær heimildir verið nýttar býsna vel í þeim tilgangi og ekki verður sagt að menn hafi gengið ýkja langt á þeirri braut þegar sömu heimildirnar eru notaðar í þrígang með þessum hætti.

Aðalatriðið í þessu er hin efnislega niðurstaða. Það er verið að leggja niður gjaldtöku í formi sölu á aflaheimildum, það er verið að breyta því yfir í fasta krónutölu og sú upphæð rennur út til sjávarútvegsins sjálfs en ekki til annarra þarfa og er þess vegna ekki frá honum tekið en rétt að taka það fram að hér er auðvitað um millifærslu að ræða.

Hv. 4. þm. Norðurl. e. lýsti afstöðu sinni með nokkuð öðrum hætti en hv. 1. þm. Austurl. Hann lýsti því yfir að í eðli sínu væri sjóður af þessu tagi samdráttarsjóður. Ég mótmæli þessar fullyrðingu enda hefur hún ekki við nokkur rök að styjast. Það felur ekki í sér samdrátt að nýta betur þá fastafjármuni sem fyrir hendi eru í atvinnugreininni. Það er fyrst og fremst tilraun til þess að fá meiri arð út úr atvinnustarfseminni og skapa þannig skilyrði til þess að takast á við ný verkefni og er reyndar forsenda fyrir framfarastefnu í atvinnugreininni þannig að atvinnufyrirtækin sjálf geti tekist á við ný verkefni sem aftur skapa aukin verðmæti.

Hv. þm. sagði að það væri réttlætanlegt að eyða meiri peningum en þyrfti til þess að sækja afla úr sjó vegna þess að þann aukakostnað mætti borga með verðmætaaukningu í atvinnugreininni. Ég ætla ekki að deila við hann að það er hægt að halda þannig á málum að þetta gerist með þessum hætti. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að verðmætaaukninguna í atvinnugreininni eigi ekki að nota til þess að stunda veiðarnar með meiri kostnaði en nauðsynlegt er heldur til þess að veita þeim afrakstri og þeirri verðmætasköpun út til þjóðfélagsins, út til fólksins í landinu til þess að bæta lífskjör þess. Og það er að því marki sem við erum að stefna þannig að hér er algerlega um grundvallarágreining að ræða milli mín og hv. þm. ef hann talar fyrir hönd Alþb. í þessu efni. Ég tel að það sé keppikefli að við aukum hagræðingu í greininni, nýtum fjármuni hennar sem best til þess að launafólkið í landinu njóti afraksturs sjávarútvegsins í ríkari mæli því að það er auðvitað verðmætasköpun sjávarútvegsins sem fyrst og fremst stendur undir lífskjörum alls almennings í landinu og velferðarþjóðfélaginu sem við höfum byggt upp og við þurfum á þessum afrakstri að halda til þess að bæta lífskjörin og standa undir eðlilegri velferð í landinu.

Hv. þm. hafði svo af því áhyggjur að í þessu frv. fælist ekki nægjanleg skipulagshyggja, það væri ekki nægjanlega ákveðið af stjórnvalda hálfu hvaða fiskiskip ætti nú helst að nota, hvers konar fiskiskip ætti að kaupa og hvers konar fiskiskipum ætti að fórna. Ríkisvaldið yrði að stýra því hvort það ætti að kaupa fleiri eða færri fiskiskip af þessari tegundinni eða hinni.

Ég er algerlega andvígur miðstýringarhugmyndum af þessu tagi. (**Gripið fram í:** Hvað er sjóðurinn?) Ég tel að þær þjóni ekki hagsmunum atvinnugreinarinnar og ríkisvaldið og hverjir þeir sem sitja við stjórnvöl á hverjum tíma séu ekki betur til þess fallnir en þeir sem í atvinnugreininni starfa að taka þessar ákvarðanir. Það er meginsjónarmið og þó að við stígum hér skref til millifærslu innan atvinnugreinarinnar vegna þess vanda sem hún stendur frammi fyrir þá erum við að gera það í þeim tilgangi að auðvelda fyrirtækjum að takast á við þau verkefni. Það er ekkert fyrirtæki neytt til þess að sækja til þessa sjóðs. En þau eiga kost á að fá fyrirgreiðslu af hálfu sjóðsins við fjárhagslega endurskipulagningu. Hér er því um að ræða djúpstæðan ágreining að þessu leyti, fyrst og fremst við þá talsmenn Alþb. sem hér hafa talað og kemur glöggt fram hversu mikill munur er ekki aðeins á milli afstöðu stjórnarflokkanna annars vegar og Alþb. heldur augljóslega mjög verulegur munur á milli stjórnarandstöðuflokkanna því að talsmenn Framsfl. hafa talað með allt öðrum hætti um þennan sjóð og starfsemi af þessu tagi en alþýðubandalagsmenn hafa gert í þessari umræðu.

[15:54]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. hefur lýst því yfir að hér sé um að ræða fyrsta skrefið að auðlindaskatti. Hann hefur túlkað það m.a. þannig að í 19. gr. kemur fram að komi í ljós að framtíðartekjur sjóðsins séu ekki í samræmi við skuldbindingar skal ráðherra leggja fyrir Alþingi tillögur um breytingar á tekjustofnum sjóðsins.

Þetta hefur verið túlkað með þeim hætti að ef sjóðurinn á ekki fyrir skuldbindingum sínum og falli þær ekki á ríkissjóð heldur beri að hækka tekjurnar og jafnvel þannig að þessi sjóður skili tekjum í framtíðinni. Þetta eru ekki nýjar yfirlýsingar. Þær eru gefnar fyrir alllöngu síðan og má vel vera að þar sé um breytingar að ræða. En ég vildi spyrja hæstv. sjútvrh. um það

að í 6. gr. er gert ráð fyrir því að þetta gjald verði lagt á frá og með 1. sept. 1996. Er það ekki óvenjulegt og óeðlilegt að Alþingi ákveði að leggja á slíkt gjald að afloknum næstu kosningum? Væri það eðlilegt að það kæmu fleiri mál hér á Alþingi um að tekjuskattur skyldi t.d. vera svona eða svona 1996 eða 1997, að þetta gjald skuli lagt á 1998, að hitt gjaldið skuli lagt á árið 2000? Eru ekki takmörk fyrir því hvað stjórnvöld á hverjum tíma geta gengið langt í því að ákveða gjöld sem leggja skuli á í framtíðinni?

[15:56]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðalatriði þessa máls er að það er þörf á þeim aðgerðum sem hér er verið að mæla fyrir um. Það er hins vegar svo ástatt í sjávarútvegi í dag að það eru ekki aðstæður til þess að innheimta það gjald sem hv. þm. beitti sér fyrir að yrði lagt á sjávarútveginn á sínum tíma með sölu á aflaheimildum Hagræðingarsjóðs. Þess vegna hefur verið tekin ákvörðun um að fresta þeirri tekjuöflun í þrjú ár. Þá er hins vegar gert ráð fyrir því að breyta forminu á þessari innheimtu. En hér er fyrst og fremst verið að fresta innheimtu og gjaldtöku sem hv. þm. beitti sér fyrir á sínum tíma og ég tel það vera eðlilegt og nauðsynlegt vegna aðstæðna í greininni og væri alveg fráleitt að taka ekki tillit til þess þó að kosningar eigi að fara fram til Alþingis á næsta ári.

[15:57]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að það var settur upp Hagræðingarsjóður á sínum tíma og hann fékk veiðiheimildir sem áttu að nema sama aflamagni og skerðing var vegna útflutnings á ferskum fiski, að hámarki 12 þús. lestir. Síðan hefur því miður orðið mikil skerðing á aflaheimildum og fyrsta skref var stigið til þess að taka þessar aflaheimildir til loðnuflotans á sínum tíma. Nú hefur þótt nauðsynlegt að taka þær til skipta fyrir þorskveiðiflotann og ég er því sammála.

Ég tel það vera á margan hátt mjög óeðlilegt að standa að málum með þessum hætti, hæstv. sjútvrh. Það var núverandi ríkisstjórn sem ákvað að breyta lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins á sínum tíma í mjög veigamiklum atriðum án þess að þar kæmi neitt í staðinn. Við lögðum það til í stjórnarandstöðunni á þeim tíma að það mál yrði látið bíða endurskoðunar á fiskveiðistjórnunarlögunum. Það var ekki fallist á það og rokið í að gera þessar breytingar til þess að ná tekjum inn í ríkissjóð, til þess að ná tekjum handa Hafrannsóknastofnun sem síðan er búið að falla frá. Ætli hefði ekki verið nær að flýta sér aðeins hægar í málinu og bíða með endurskoðun á löggjöfinni og vera ekki að breyta hagræðingarsjóðslöggjöfinni á sínum tíma því að það er út af fyrir sig alveg rétt að sumt af þeim reglum sem var verið að afnema eiga sér nokkra samnefnara í þessu frv. Það skal ég taka undir, þeirri hugsun sem þar var. En hefði þá ekki verið betra, hæstv. sjútvrh., að bíða með að rjúka í að breyta þeirri löggjöf?

[15:59]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er kjarni málsins að það er verið að færa þessi mál nær því horfi sem þau voru áður en síðasta breyting var gerð á lögum um Hagræðingarsjóð í upphafi þessarar ríkisstjórnar og hélt ég að það ætti fremur að leiða til þess að það yrði minni ágreiningur okkar í millum um þau efni þegar málin væru færð nær því horfi sem hv. 1. þm. Austurl. beitti sér fyrir að þau kæmust í á árinu 1990 en slík breyting ætti ekki að leiða til aukinna deilna. Og ég held að það sé í sjálfu sér gott fyrir sjávarútveginn að þær breytingar skuli nú gerðar að þessi tekjustofn og þessi tekjuöflun nýtist greininni í gegnum þennan sjóð og fari ekki til annarra þarfa og við ættum að geta verið sammála um að það er spor fram á við fyrir sjávarútveginn.

[16:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. heldur uppi þeim stráksleg hætti oft hér í þingstörfum að í stað þess að svara spurningum, sem til hans er beint, þá kemur hann gjarnan í lok umræðu og snýr út úr orðum manna. T.d. sneri hann nánast þannig út úr orðum mínum að ég hefði í raun lagst gegn allri hagræðingu og ég vildi láta sækja fisk í sjóinn með meiri tilkostnaði en þyrfti. Hvernig dettur nokkrum heilvita manni í hug að halda svona vitleysu fram, hæstv. sjútvrh.? Slík orð voru aldrei sögð í þessari umræðu. Þetta er bara skáldskapur í eigin hugarheimi hæstv. ráðherra.

Ég bakka hins vegar ekki með það að þegar þær aðstæður skapast að tímabundið verður að draga úr sókn í einhverjar tegundir þá eru vissir möguleikar til að mæta því með því að gera enn meira verðmæti úr því sem má þó taka og þar getur stærri skipastóll m.a. nýst manni. Þetta eru engin ný vísindi. Það er margbúið að tala um þetta. Hefur hæstv. sjútvrh. aldrei heyrt talað um nauðsyn á bættri meðferð afla á Íslandi? Líklega ekki. Það er það sem hér var verið að benda á sem einn þátt af mjög mörgum sem þyrfti að taka inn í myndina þegar verið væri að velta flotastærðinni fyrir sér og ég held að hæstv. sjútvrh. hefði verið nær að svara slíkum spurningum eins og ég beindi t.d. til hans, hvort hann telji ástæðu til þess að hafa í gangi úreldingu á loðnuskipum eins og stærð þess flota er og í ljósi þeirrar staðreyndar að við höfum ekki náð þeim kvóta ár eftir ár. Er hæstv. sjútvrh. að mæla með því fyrirkomulagi að það sé hægt að úrelda loðnuskip og kaupa inn í landið í staðinn t.d. togara? Telur hann það æskilega breytingu? Ég var ekki að biðja um einhverja sérstaka miðstýringu í þeim efnum og kemur náttúrlega úr hörðustu átt að heyra hæstv. ráðherra Sjálfstfl. sem er hér að leggja fram frv. um einhvern mesta millifærslusjóð sögunnar, miðstýringar- og millifærslusjóð, fara að gagnrýna aðra fyrir hugsun af því tagi. Og ég veit ekki hvaðan Sjálfstfl. kemur sú speki í raun og veru að útgerðarmenn á Íslandi munu halda áfram að gera of stóran flota út alveg út yfir gröf og dauða ef Sjálfstfl. hefur ekki vit fyrir þeim að hætta því.

[16:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég gagnrýndi hv. 4. þm. Norðurl. e. ekki fyrir annað en það sem hann sagði í sinni ræðu. En það er út af fyrir sig fagnaðarefni ef honum er orðið ljóst að það er ástæða til þess að nota aukinn afrakstur í greininni sem til að mynda fæst með betri meðferð á afla og betri nýtingu hráefnis til þess annars vegar að byggja atvinnugreinina upp, gefa henni færi á að kosta nýjungar og til þess á hinn bóginn að standa undir betri lífskjörum fólksins í landinu. Ég tel að við hljótum á hverjum tíma að hafa þetta að meginmarkmiði og meginkeppikefli en eigum ekki að nota þann afrakstur sem fæst með betri nýtingu á afla og betri gæðum til þess að standa undir óþarfa kostnaði af því að við þurfum að sækja fram og við þurfum að nota þann afrakstur sem við fáum út úr sjávarútveginum með þessum hætti til þess að sækja fram. Ef við gerum það ekki þá er hætta á að við stöðnum. Ég vona satt að segja að við getum orðið sammála um þetta og fagna því ef sjónarmið okkar geta farið saman í þessu efni. En það er höfuðverkefni okkar því að við ætlum okkur að sækja fram í þessari atvinnugrein. Það er eina leiðin fyrir þessa þjóð til þess að sækja fram.

[16:05]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við skulum lesa yfir þessi orðaskipti, hæstv. sjútvrh., og þá kemur fram hvernig hæstv. ráðherra var hér að reyna að snúa út úr orðum mínum. Staðreyndin er náttúrlega sú að hér er verið að taka mjög miðstýrða ákvörðun. Það er verið að ákveða að taka 4 þúsund millj. að láni, beina ráðstöfðun þeirra inn í tiltekinn farveg og láta síðan sjávarúteginn endurgreiða það með sérstökum skatti sem á að leggja á hann frá og með árinu 1996 án þess að sjávarútvegurinn sem slíkur eigi að ráðstafa því eða stýra hvernig með þessa peninga er farið. Hefur hæstv. sjútvrh. spurt greinina að því: Ef ég get útvegað ykkur 4 þús. millj. að láni, í hvað viljið þið fá það? Í hvað ætlið þið að nota? Ég er ekki viss um að hæstv. sjútvrh. fengi það svar að það ætti að gera það einmitt svona og það er einmitt miðstýrð ákvörðun. Þarna er verið að reyna að taka af mönnum völdin og hafa vit fyrir þeim. Það er auðvitað þannig. Og ég endurtek það bara, ég veit ekki síðan hvenær mönnum kom sú speki í hug á Íslandi að útgerðarmenn og fyrirtækin í landinu, sem hæstv. sjútvrh. talar svo um í hinu orðinu, séu þá ekki bara einfær um að taka sjálf þær ákvarðanir sem lúta t.d. að stærð fiskiskipanna sem þau gera út. Hvers vegna ekki? Og af hverju þarf þá endilega að hafa vit fyrir þeim gagnvart þessum þætti en öðrum? Ég held að það þurfi bara að fara yfir þetta mál í heild sinni. Úreldingu í einu hólfi eins og hér er verið að leggja til er mjög umdeilanleg aðgerð. Ég held að hæstv. sjútvrh. hljóti að verða að viðurkenna það. Þetta er náttúrlega samdráttaraðgerð í greininni. Það þýðir ekkert annað en horfast í augu við það. Upp að vissu marki er einhver samdráttur þegar orðinn og óhjákvæmilegur. En við hljótum að reyna að beina þessu fjármagni a.m.k. jafnframt í það að auka tekjurnar og auka verðmætasköpunina. Ég tel að það sé ekki nógu framsækin hugsun, þetta sé úrelt og gamaldags hugsun sem liggur í þessu frv., sama heimóttarhugsunin og hefur lokað menn af innan landhelginnar og skaut upp kollinum hjá hæstv. ráðherra í sumar þegar hann vildi banna mönnum að fara í Smuguna. Sama ræfildómshugsunin.

[16:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur ekki verið dregin nein dul á það að frv. felur í sér millifærslu. Það er félagsleg aðgerð til þess að takast á við ákveðinn aðlögunarvanda í sjávarútveginum. Ég tók það mjög skýrt fram í minni upphafsræðu og benti á að einmitt út frá þeim sjónarmiðum hefði komið fram gagnrýni á frv. Ég tel hins vegar að þessi aðlögunarvandi sé það mikill að það sé réttlætanlegt innan þeirra þröngu marka sem þetta frv. gerir ráð fyrir að taka með félagslegum hætti á þeim verkefnum. En aðalatriðið er þetta að ef við ætlum að vinna okkur út úr vandanum, þá þurfum við að nýta hverja krónu sem fjárfest er í sjávarútveginum betur en við höfum gert. Og starfsemi þessa sjóðs miðar að því marki og það er gamaldags sjónarmið að hafna því að við þurfum að nýta sem best hverja krónu sem fjárfest er í þessari atvinnugrein eins og öðrum vegna þess að með öðrum hætti en að nýta þessa fjárfestingu sem best sköpum við ekki þann arð sem er forsenda fyrir nýjum verkum, nýrri fjárfestigu í vöruþróun og markaðssetningu og við sköpum ekki þann arð sem er forsenda fyrir því að bæta lífskjörin í landinu. Það er gamaldags sjónarmið að horfa fram hjá þessum staðreyndum og ég átta mig hreinlega ekki á því hvers vegna hv. 4. þm. Norðurl. e. er að mæla fyrir slíkum sjónarmiðum eftir að til að mynda formaður Alþb. hefur lýst allt öðrum hugmyndum og veifað framsækinni útflutningsstefnu sem vakti þó nokkra athygli. Hér talar varaformaðurinn á allt öðrum nótum eða í allt öðrum tíma en formaður Alþb. gerði til að mynda þegar þessi útflutningsstefna Alþb. var kynnt.

[16:09]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það voru þau orð hæstv. sjútvrh. að þetta frv. væri brýnt sem varð til þess að ég bað hér um orðið. Í nóvember 1992 var það kynnt hér úr þessum ræðustól að ríkisstjórnin hefði tekið ákvörðun um þennan Þróunarsjóð. Það er verið að mæla fyrir þessu frv. í febrúarmánuði 1994, 16 mánuðum síðar. Og hæstv. sjútvrh. segir hér: Málið er brýnt og það krefst afgreiðslu.

Það er alveg rétt hjá hæstv. sjútvrh. að við alþýðubandalagsmenn höfum talað fyrir því um nokkra hríð, og gert það af meiri myndarskap heldur en aðrir stjórnmálaflokkar að þeim öllum ólöstuðum, að það væri mjög brýnt að hefja þróunarverkefni í sjávarútvegi til þess að bæta lífskjörin í landinu. En, virðulegi sjútvrh., þetta frv. er ekki nema að mjög litlu leyti um þróunarverkefni í sjávarútvegi. Þetta er gamaldags millifærslu- og skattlagningarfrumvarp sem einkennist fyrst og fremst af þeirri hefðbundnu hugsun að verðmætin

í sjávarútvegi séu fasteignir og skip. Eru það dýrmætustu verðmætin í íslenskum sjávarútvegi? Nei. Dýrmætustu verðmætin í íslenskum sjávarútvegi eru sú þekking, sú reynsla, sú markaðsaðstaða sem íslenskir einstaklingar og íslensk fyrirtæki hafa komið sér upp.

Fæst þetta frv. við það að styrkja þann þáttinn með afgerandi hætti? Svarið er því miður nei. Hefur ríkisstjórnin á undanförnum missirum verið að styrkja þann þáttinn? Svarið er því miður nei. Það þarf ekki að fara lengra en nokkur hundruð metra í miðbænum frá þinghúsinu til þess að heimsækja fyrirtæki þar sem ungir athafnamenn með sitt hugvit eitt að vopni hafa verið að framleiða nýja tegund af frystihúsum til útflutnings. Ekki frystihús úr steinsteypu heldur frystihús í gámum sem hafa þann eiginleika að þau er hægt að flytja hvert sem er í veröldinni, hvort heldur sem er með flugvélum, skipum eða járnbrautalestum. Þetta verkefni er þar að auki það verkefni sem hefur skapað reykvískum athafnamönnum í járnsmíði hvað mesta viðbót á síðustu mánuðum þannig að þar fer saman atvinnuþörf kunnáttumanna í málmsmíði og nýjungar í sjávarútvegi.

Hefur komið til liðsinni frá íslenskum stjórnvöldum gagnvart þessu mikilvæga nýja útflutningsverkefni? Svarið er því miður nei. Þetta litla fyrirtæki sem hér er í miðbænum er þegar með fyrirspurnir frá yfir 70 erlendum aðilum sem eru reiðubúnir að skoða það gaumgæfilega að gera stórar pantanir sem gætu orðið ígildi í framleiðslustarfsemi á höfuðborgarsvæðinu mörg hundruð starfa á næstu missirum. Hafa stjórnvöld sýnt þessu einhvern áhuga? Eftir því sem forsvarsmenn fyrirtækisins segja mér, nei.

Á morgun koma til Íslands fulltrúar frá Namibíu til þess að ræða við íslenska aðila um stofnun fyrirtækis sem hefði þann möguleika að nýta yfir 11.000 tonn af dýrmætum fiskstofni í landhelgi Namibíu og koma þeirri vöru á markað á Spáni þar sem sölukerfið er tryggt. Til að koma þessu í kring þarf kannski nokkra tugi milljóna sem erfitt er að fá út úr rekstri þessa stóra fyrirtækis á skömmum tíma. Forseti Namibíu hefur komið hingað. Honum og hans fylgdarliði hafa verið haldnar veglegar veislur. Honum hafa verið sýnd frystihús. En eru stjórnvöld að fylgja þessu máli eftir með þeim hætti að greiða götu þessara aðila þannig að tryggt sé að nú þegar á næstu vikum verði teknar ákvarðanir sem geta skilað inn í íslenskt þjóðarbú á næstu árum nokkur hundruð millj. kr. í arð af því hugviti og þekkingu sem Íslendingar kynnu að flytja út? Svarið er því miður nei.

Ég gæti talið áfram í öllum mínum ræðutíma slík dæmi frá síðustu missirum þar sem möguleikar Íslendinga í sjávarútvegi hafa ekki náð fram að ganga vegna þess að kerfið hér á landi, bankakerfið, lánakerfið, reglugerðirnar, löggjöfin, miðast á engan hátt við þessi tækifæri. Svo komum við hér saman á Alþingi og fjöllum um frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Frv. sem ber slíkt heiti ætti auðvitað fyrst og fremst að vera í reynd áhættulánasjóður fyrir nýjungar af þessu tagi. Fyrst og fremst. Við ættum að hafa kjark til þess að segja: Það er nauðsynlegt fyrir þetta þjóðfélag að vera með ákveðið áhættufjármagn í sjávarútvegi til þess að greiða götu þeirra sem hafa hugmyndir og djörfung til að sækja fram með ákveðnum hætti.

Ég hef sagt það á undanförnum missirum að ég tel að Íslendingar hafi álíka möguleika á sviði sjávarútvegs og Hollendingar hafa gert að veruleika á sviði blómasölu og blómaræktar. Þeir hafa náð því að vaxa úr blómaræktarþjóð yfir í það að fá í sínar hendur 90% af heimsviðskiptum í blómaverslun. Smíði tækja, sölukerfi, flutningar og annað sem þessu tengjast.

Þess vegna á umræðan hér á landi ekki að vera sú sem hv. þm. Sturla Böðvarsson var með fyrr í þessum umræðum, að lýsa bara svartnætti yfir minnkun fiskstofnanna. Það er auðvitað vandamál en við sjáum fjölmörg dæmi um það hvernig menn hafa getað skapað auknar þjóðartekjur og aukinn arð með því að nýta kunnáttuna og hugvitið með réttum hætti. Auðvitað væri æskilegt ef hæstv. utanrrh. gæti verið í salnum við þessar umræður vegna þess að það er ekki bara hæstv. sjútvrh. sem ber ábyrgð á þessum málum. Hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson er líka utanríkisviðskiptaráðherra Íslands og það er eins og hann hafi gleymt því á þeim fimm árum sem hann hefur verið í embætti eða svo, bráðum sex, að hann er sölumaður númer eitt í að tryggja að íslenskar afurðir, hugvit og tækni skili gjaldeyristekjum í þjóðarbúið. Hvað hefur hann gert í þeim efnum? Svarið er ósköp lítið. Hefur hæstv. utanrrh. átt fundi með Icecon til þess að kynna sér möguleika á auknum gjaldeyristekjum í gegnum íslenskan sjávarútveg? Ég held ekki. Mér er til efs að hann á sínum sex árum hafi átt einn einasta slíkan fund. Hefur hann átt fund með þessu unga fyrirtæki sem þegar hefur sýnt mikla möguleika með því að framleiða frystihús í gámum? Ég held ekki, ég held að hann hafi ekki átt neinn slíkan fund. En hann er óþreytandi við að liggja yfir alls konar reglugerðum frá Evrópubandalaginu eins og hann haldi að framsókn í atvinnulífi byggist á reglugerðum frá Evrópubandalaginu í stað þess að leita markaða og nýta það hugvit og þá þekkingu sem við höfum hér.

Ég hef átt kost á því að láta ýmsa erlenda viðskiptajöfra skoða íslenskan sjávarútveg. Það eru menn sem hafa víðtæka þekkingu á viðskiptum út um allan heim. Þeir hafa gefið sér góðan tíma til þessarar skoðunar og það er mjög fróðlegt að heyra þeirra niðurstöðu. Þeirra niðurstaða gengur nefnilega alveg þvert á það sem hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, hefur kappkostað að reyna að telja þjóðinni trú um á undanförnum árum. Hann hefur sýknt og heilagt verið í því að telja þjóðinni trú um það að vandamálið í sjávarútvegi á Íslandi númer eitt sé sölusamtökin, SH, Íslenskar sjávarafurðir og sérstaklega SÍF. Hvað ætli það séu margar messurnar sem utanrrh. hefur farið með um þau efni?

Þess vegna finnst mér það merkilegt að þegar þessir alþjóðlegu viðskiptamenn hafa skoðað íslenskan sjávarútveg þá er þeirra niðurstaða að dýrmætasta auðlind Íslendinga á sviði sjávarútvegs sé ekki sú að við kunnum að veiða fisk heldur að við höfum einstæða kunnáttu í að framleiða og selja fisk og byggja upp

markaðskerfi sem stendur traustum rótum í mörgum heimsálfum sem getur aðlagað sig innbyrðis breytingum á gjaldmiðlum eftir því hvar hentugast er að selja hverju sinni og hefur ótrúlegan hraða í að laga sig að tæknikunnáttu og verkþróun í sjávarútvegi.

Það kynni nú ekki að vera að það væru einmitt sölusamtökin sem væru meðal mikilvægustu auðlinda Íslendinga í sjávarútvegi vegna þess að innan þeirra vébanda sé að finna fólk með hæfileika og kunnáttu og aðstöðu til þess að veita ungu fólki með markaðsþekkingu og vilja til þess að skapa nýjan arð úr þeim fiskstofnum sem við höfum hér?

Það hafa líka komið út úr þeim viðræðum ábendingar um það að Íslendingar hafi einstæða möguleika til þess að byggja á skömmum tíma upp víðtækt alþjóðlegt viðskiptakerfi á sviði sjávarútvegs vegna þess að við höfum til að bera í fyrsta lagi þessa kunnáttu á sviði sölustarfsemi, markaðsöflunar og framleiðsluhátta sem ég hef nefnt. Í öðru lagi vegna þess að við erum það litlir að það óttast okkur nánast enginn. Því hafa þessir menn bent á að það skynsamlegasta fyrir Íslendinga væri að koma sér upp þeim þríhyrningi sem er myndaður í fyrsta lagi af þeirri kunnáttu sem Íslendingar geta lagt fram sem ígildi hlutafjár í slík alþjóðleg samstarfsfyrirtæki. Í öðru lagi af framlagi þeirra ríkja, hvort sem það er í Afríku eða Asíu sem vilja nýta þær miklu auðlindir sem eru í þeirra landhelgi en ekki eru nýttar í dag og eru reiðbúnir eins og Namibíumenn, Indverjar og fleiri að veita okkur aðgang að sinni landhelgi vegna þess að hún er einfaldlega ekki nýtt í dag og þeir eygja ekki betri möguleika til að nýta hana heldur en að gera slíka samninga við okkur. Og í þriðja lagi af alþjóðlegu fjármagni, aðilum sem eru reiðubúnir að fjármagna, reiðubúnir að fjárfesta í slíkum samskiptum Íslendinga og þessara fjarlægu þjóða vegna þess að þeir treysta stjórnunarhæfileikum og markaðskunnáttu íslenskra fyrirtækja til þess að gera arð úr slíkri samsteypu.

Þessi þríhyrningur markaðsþekkingarinnar og framleiðsluþekkingarinnar hér heima, í öðru lagi auðlindanna víða um heim og í þriðja lagi hins alþjóðlega fjármagns er kannski einhver mesti sóknarkrafturinn sem við getum átt í íslenskum sjávarútvegi. Í stað þess að liggja yfir því hér á þingi erum við búin að bíða í 16 mánuði eftir gamaldags millifærslufrumvarpi sem aðallega hefur það innanborðs hvað eigi að gera við þessa milljarða sem settir voru í skuldbreytingar fyrir sjávarútveginn á vandræðaárunum 1989–1990 þegar allt var að fara á hausinn.

Auðvitað má ræða það fram og aftur hvað eigi að gera við þá milljarða, hvort ríkið eigi að borga þá beint eða hvort það eigi að láta greinina borga. Ég tel það í sjálfu sér ekki vera neitt stórmál. Og að liggja yfir því í heilli ríkisstjórn missirum saman sýnir best að þeir sem eiga að hafa forustu fyrir þessum málum á vettvangi ríkisstjórnarinnar eru bara með einhvern allt annan kompás. Þess vegna held ég að það sé alveg rétt sem hér hefur verið sagt, ég trúi því ekki að það hafi verið þau skilaboð sem ríkisstjórnin hafi fengið frá forsvarsmönnum sjávarútvegsins að þetta væri brýnast.

Við vitum það hins vegar að alveg eins og Alþfl. hefur mánuðum saman verið að strekkja í einhverjar formúleringar í landbúnaði í samræmi við eitthvert ídeólógískt harðlífi sem Alþfl. lifir í þeim málaflokki þá hefur Alþfl. verið að strekkja í ákveðnar formúleringar í kringum sjávarútveg til þess að geta notað það í einhverjum svipuðum tilgangi. En það hefur bara ósköp lítið með framþróun íslensks sjávarútvegs að gera. Ég held að það væri nær fyrir hæstv. sjútvrh. — í stað þess að flytja einhverja fyrirlestra um einhvern ágreining milli Framsfl. og Alþb. og aðrar slíkar hugleiðingar sem hann var með áðan og ég ætla að leiða alveg hjá mér — að leita eftir samstarfi í þinginu um að búa til einhvern raunverulegan þróunarsjóð fyrir sjávarútveginn á Íslandi. Við erum alveg tilbúnir til þess samstarfs í Alþb. Við erum með langa og ítarlega skrá af hugmyndum um það efni og ég held eftir viðræður mínar við fjölmarga forustumenn í íslenskum sjávarútvegi að það sé kannski brýnna verkefni en að vera að skaka á því í þinginu mánuðum og jafnvel missirum saman hvað eigi að gera við þessa skuldbreytingarmilljarða frá árunum 1989 og 1990.

[16:24]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er út af fyrir sig réttmæt gagnrýni að frv. er of seint fram komið og ég fagna því einfaldlega að fá gagnrýni úr þeirri áttinni. Hitt hygg ég að sé misskilningur hjá hv. þm. að þetta frv. miði ekki að því að gefa íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum meira svigrúm til þess að nýta það hugvit og þá verkþekkingu sem þar er fyrir hendi. Þvert á móti er þetta ein af mikilvægum forsendum þess að nýta það hugvit og þá þekkingu sem við ráðum yfir. Fyrirtæki sem eru bundin á skuldaklafa vegna fjárfestingar sem ekki nýtist nema að takmörkuðu leyti hafa minna svigrúm en nauðsynlegt er til þess að nýta aðra krafta eins og hugvit og verkþekkingu. Og það er einmitt til þess að skapa þetta svigrúm sem við teljum nauðsynlegt að ganga hraðar fram í aðlögun greinarinnar að þessum nýja veruleika sem við búum við með minni aflaheimildum sem frv. er flutt. Ég vil líka minna á að í frv. eru skýr ákvæði um það að sjóðurinn á að styrkja verkefni þar sem íslenskur sjávarútvegur er að leita út á við, sjávarútvegsverkefni erlendis. Þannig að þessu leyti er beinlínis gert ráð fyrir því að sjóðurinn taki til að mynda á verkefnum eins og hv. þm. nefndi með samstarfsverkefni í Namibíu, sem ég ætla að geti verið mjög góður kostur, lyftistöng bæði fyrir íslenskan sjávarútveg og sjávarútveg Namibíu sem verið er að byggja upp. Það er beinlínis gert ráð fyrir því í frv. að við getum tekist á við slík verkefni sem ég er sammála hv. þm. að er þáttur í þeirri framfarasókn í íslenskum sjávarútvegi sem við þurfum að standa að þrátt fyrir þrengingarnar.

[16:26]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er alveg ljóst að í þessu frv. eru nokkur atriði sem víkja að þessu en það er ekki burðarásinn í frv. Burðarásinn í frv. er þessi milli-

færsluæfing varðandi gömlu skuldbreytingarmilljarðana plús einhverjar vangaveltur um það hvernig eigi að hagræða frystihúsum.

Það sem ég var hins vegar að benda á hér er að við erum búin að bíða í 16 mánuði eftir að fá frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins hérna inn. Á þeim tíma hefur glatast eða a.m.k. seinkað framkvæmd á dýrmætum tækifærum sem hefði verið hægt að taka á ef raunverulegur þróunarsjóður hefði verið settur upp og bundinn eingöngu við að hafa hér árlega, fimm, sex eða sjöhundruð milljónir í hreint áhættufjármagn til að veita inn í fyrirtækin. Þegar ég hef nefnt það og við alþýðubandalagsmenn þá hafa menn stundum sagt: Það fjármagn er ekki til.

Ég bendi mönnum á það, eru menn búnir að gleyma því að undir forustu fráfarandi iðnrh. Jóns Sigurðssonar og formanns Landsvirkjunar, Jóhannesar Nordals, hafa líklegast um 2 milljarðar nú þegar verið settir í framkvæmdir og annað vegna væntanlegs álvers á Keilisnesi. Er það ekki áhættufjármagn sem kannski tapast alltaf í framtíðinni? Það sýnist mér. Blönduvirkjun? Eru það ekki um 14 milljarðar sem hafa verið settir í hana? Þannig að það er búið að setja um 16 milljarða í framkvæmdir og spekúlasjónir í orkugeiranum án þess að það hafi skilað krónu í nýjum gjaldeyristekjum. Og bara sú upphæð ein hefði dugað sjávarútveginum til 600–700 millj. kr. áhættusjóðs á ári langt fram í næstu öld. Halda menn að verðmætasköpun í sjávarútvegi hefði ekki verið margföld ef það hefði verið gert?

Það sem ég var að segja áðan er að við skulum bara taka á hinum raunverulegu þróunarverkefnum og mynda sérstaka löggjöf um þau og sækja það fjármagn og geyma svo bara deiluna um þessa millifærslumilljarða þangað til síðar.

[16:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ætli það hafi ekki verið lagðir einhverjir fjármunir í þróunarverkefni varðandi hugsanleg orkukaup meðan hv. 8. þm. Reykn. var fjmrh. (**ÓRG:** Jú, jú.) Það hygg ég að hafi verið gert. Ég er sammála hv. þm. og endurtek að það hefði verið æskilegra og betra að þetta frv. hefði komið fram fyrr, það er deginum ljósara. Hins vegar hefur tíminn nýst á marga lund, það hefur mikið verið að gerast í íslenskum sjávarútvegi, stórkostlegar nýjungar sem hafa komið fram á ýmsum sviðum og ný sókn í markaðstækifærum. Ég minni á að á síðasta ári var varið 50 millj. kr. til nýrra markaðsmöguleika vegna þeirrar opnunar sem verður á Evrópumarkaði. Það er aftur gert á þessu ári. Það hefur verið um að ræða aukningu á framlögum til rannsóknasjóða sem hafa styrkt verkefni af því tagi. En umfram allt hafa fyrirtækin sjálf verið að takast á við slík verkefni með mjög markverðum og athyglisverðum árangri sem allt of lítill gaumur hefur verið gefinn. En sókn á þessu sviði þarf að halda áfram og við eigum mikið verk að vinna. Ég held að við hv. 8. þm. Reykn. getum verið sammála um það. Ég er alveg sannfærður um að það skiptir máli til þess að skapa svigrúm til þeirrar sóknar að við gefum fyrirtækjunum svigrúm sem eru að kikna undan skuldabagga fjárfestingar sem ekki nýtast nægjanlega til þess að nota kraftana til þeirra verkefna sem við erum sammála um að sjávarútvegurinn þarf að sinna í enn ríkara mæli til þess að treysta eigin undirstöður og undirstöður efnahagslífs í landinu.

[16:31]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri æskilegt ef talsmenn Sjálfstfl. í þessari umræðu, hv. þm. Sturla Böðvarsson og hæstv. sjútvrh., kæmu sér saman um það hvernig þeir telja ástandið vera í sjávarútveginum. Hv. þm. Sturla Böðvarsson lýsti því áðan að þetta væri voðalegt ástand og kenndi um aflabresti. En hæstv. sjútvrh. var hins vegar í andsvari sínu réttilega að benda á að það merkilega er að margir athyglisverðir hlutir hafa verið að gerast í sjávarútvegi. Grandi t.d. hefur aldrei skilað glæsilegra ári heldur en á sl. ári. Síðasta ár er eitthvert mesta aflaár í sögu Íslendinga. Öflugu sölusamtökin eins og Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og Íslenskar sjávarafurðir hafa sjaldan eða aldrei skilað eins glæsilegu ári og árinu 1993.

Það er nefnilega mjög merkilegt að barlómurinn í hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Sturlu Böðvarssyni varðandi sjávarútveginn endurspeglar ekki ástandið eins og það er á vettvangi fyrirtækjanna. Vegna hvers? Jú, vegna þess að þeir sem hafa stýrt þessum fyrirtækjum hafa reynst vera nægilegir dugnaðarmenn til þess að bregðast við þessum aðstæðum með nýjum hætti. Og eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon benti réttilega á áðan, þegar nokkrir af þessum dugnaðarmönnum fóru að sækja í Smuguna hver var þá helsti úrtölumaðurinn í nokkra daga? Það var hæstv. sjútvrh. Og það er einmitt þessi hugsun sem við höfum verið að gagnrýna í Alþb., þessi svartnættishugsun gagnvart sjávarútveginum, að sjá alltaf aflabrest og erfiðleika og koma til þjóðarinnar og telja henni sífellt trú um að nú verði menn að sætta sig við hitt og þetta vegna þess. Það er ástæðan fyrir því að við erum að gagnrýna þetta þróunarsjóðsfrv. vegna þess að við teljum að það eigi að taka á möguleikum sjávarútvegsins með allt öðrum hætti en þessi ríkisstjórn hefur verið að gera.

[16:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er að nokkru leyti dapurleg umræða, verð ég að segja. Hér hafa talað líklega tveir stjórnarsinnar fyrir utan hæstv. ráðherra og hlupu svo jafnharðan á dyr og þeir höfðu lokið máli sínu. Síðan hefur ýmist verið einn eða enginn stuðningsmaður hæstv. ríkisstjórnar í þingsalnum undir umræðunni.

Ég tel að umræðan hafi að hluta til einnig verið dapurleg vegna þess að það er voðalega erfitt að koma hæstv. sjútvrh. til að ræða efnislega um þau mál sem á dagskrá eru og undir hans ráðuneyti heyra. Það er reynsla okkar hv. þm. sem höfum reynt það undanfarna vetur. Ég vek t.d. athygli á því að ég legg það orðið yfirleitt í vana minn við umræður af þessu tagi að spyrja hæstv. sjútvrh. a.m.k. einnar mjög skýrrar spurningar bara til þess að fá það fram, eins og jafn-

an gerist, að hann svarar henni ekki. Ég spurði hæstv. sjútvrh. — og truflaði hann meira að segja í samtali við hv. þm. Árna Johnsen til þess að tryggja það að hann tæki eftir því að ég væri að leggja fyrir hann spurningar. — Ég spurði hæstv. sjútvrh. jafneinfaldrar spurningar og þessarar:

Getur hæstv. sjútvrh. upplýst okkur um það hvernig efnahagsreikningi hins nýja sjóðs verður háttað? Hve umfagsmikil verður hann, hve stór? Hvað er þarna í raun og veru um mikla stærð að ræða? Út af fyrir sig er hægt að reikna það út úr fskj. með frv. en ég spurði svona einfaldrar spurningar og bætti reyndar nokkrum við. Ekki datt hæstv. sjútvrh. í hug að svara frekar en venjulega. Hann hafði alls enga tilburði til þess að svara beinum spurningum sem fyrir hann voru bornar. En hann kom hér í ræðustólinn og sneri út úr mínum orðum, gerði mér upp skoðanir sem ég ekki hef og það geta menn lesið um ef þeir trúa ekki og sannfærst um það.

Auðvitað er það svo að það ber að nýta fjárfestingu í greininni eins og kostur er. Hvaða heilvita maður mundi tala fyrir öðru? Það sem ég hef verið að reyna að fá hæstv. sjútvrh. til að átta sig á og skilja er að það eru fleiri leiðir gagnvart erfiðleikum sjávarútvegsins heldur en sú ein að draga saman. Það er líka hin leiðin, hæstv. sjútvrh., að sækja út á móti erfiðleikunum. Það er t.d. sú leið þegar afli minnkar á Íslandsmiðum eða kvóti, að fara á önnur mið og það datt nokkrum útgerðarmönnum í hug í sumar. Og er það þá ekki hagræðing? Er það ekki nýting á fjárfestingunni? Ég skyldi ætla það. Ef skipin geta skapað sér verkefni í einhverja mánuði á ári utan landhelginnar er það þá ekki jafngóður kostur og að leggja þeim eða hvað, hæstv. sjútvrh.?

Ef við höfum tvö fiskvinnsluhús á einum stað og það er ekki bolfiskur lengur til að vinna nema í öðru þeirra, þá er til önnur leið en að loka hinu, úrelda það. T.d. sú að kaupa inn í það hráefni og vinna það þar. Eða gera eins og þeir gera á Reyðarfirði að setja upp sérvinnslu í gamla húsinu við hliðina á því nýja og vinna þar í neytendapakkningar handa þeim Marks og Spencer og félögum. Er það ekki jafngóð ráðstöfun a.m.k. ef ekki betri en sú að bera fé á menn til þess að loka húsunum? Væru þeir eitthvað betur staddir á Reyðarfirði ef þeir hefðu fengið fyrir nokkrum árum síðan peninga úr Úreldingarsjóði til að loka hjá sér gamla húsinu og tekið á sig þinglýsta kvöð um að vinna aldrei framar í því fisk? Hvernig væri þá ástandið í gömlu frystihúsunum núna sem verið er að setja í gang unnvörpum til að frysta loðnu ef Úreldingarsjóður sjútvrh. hefði starfað á undanförnum árum og borið fé á menn til þess að loka þeim og taka á sig þinglýsta kvöð um að það mætti aldrei vinna í þeim fisk framar? Þeir mættu það ekki, mennirnir. Það væri bannað að nýta húsin til slíkra hluta. Eða þau hús sem eru t.d. að kaupa hráefni úr Barentshafinu og halda uppi atvinnu með því að fá þannig hráefni?

Er það ekki jafngott, hæstv. sjútvrh., að reyna að hafa slíka hugsun með gagnvart þeim erfiðleikum sem við eigum í í sjávarútveginum, en ekki bara þessa einhliða gamaldags samdráttarvolæðishugsun? Það er það sem ég er að gagnrýna. Ég er að reyna að fá hæstv. sjútvrh. inn á það spor að það sé hægt að sækja út gagnvart þessum erfiðleikum a.m.k. samtímis á þennan hátt. Að sjálfsögðu er ekki verið að tala fyrir því að ekki geti verið hagstætt og æskilegt að loka einhverjum húsum, enda hefur það verið gert. Af rekstrarlegum ástæðum hafa menn ósköp einfaldlega gert það þegar þeim hefur hentað. En hin leiðin er líka til að reyna að skapa þeim verkefni. Og það eru menn að reyna að gera víða í greininni. Sjútvn. er nýkomin úr ferð um Austfirði og það var gaman að sá hvernig þar er búið að setja í gang á nýjan leik fiskvinnslu í fjölmörgum húsum sem kannski hafa staðið tóm að mestu leyti undanfarnar vertíðir. En þar er nú ýmist verið að frysta loðnu eða verka síld o.s.frv. og ég hefði haldið að það væri alveg í góðu lagi, hæstv. sjútvrh.?

Það þýðir því ekki fyrir hæstv. ráðherra að koma hér og setja einhverjar ræður á yfir mér eða okkur í Alþb. og ætla að fara að gera okkur upp þær skoðanir að við viljum annars vegar einhverja sérstaka óhagkvæmni, séum orðnir talsmenn hennar, og að hinu leytinu viljum við ekki auka tekjur greinarinnar með að reyna að sækja út. Það er einmitt það sem við erum að tala fyrir. Það er einmitt það.

Hins vegar ætti hæstv. sjútvrh. að útskýra fyrir okkur hvernig það á að hjálpa sjávarútveginum að þurfa að fara að borga af þessum lánum 1996. Og hæstv. sjútvrh. sagði að það þyrfti að bæta afkomuna. Fyrst með því að úrelda og fækka skipum og minnka þar með tekjur og veltu í greininni. Síðan yrði afkoman orðin svo góð og greinin ætti að njóta hennar til að byggja sig upp. En þegar búið verður að draga saman hvað á þá að fara að gera 1996? Þá á að fara að skattleggja greinina. Ekki notar hún þá peninga í uppbyggingu og þróun í kringum aldamótin sem hún á þá að fara að borga aftur í formi þessa skatts.

Ég held því að hæstv. sjútvrh. og við öll ættum að fara aðeins yfir stöðu þessara mála. Það hefur margt verið að breytast sem betur fer. Ég tel að íslenski sjávarútvegurinn hafi sýnt alveg aðdáunarverða þróunarhæfileika gagnvart þeim breytingum og þeim erfiðleikum sem hann hefur mætt.

Ég minni t.d. á það að fram um 1980 vorum við að veiða örfá þúsund tonn af rækjum. Hvað gerist í kjölfar kvótans og breytinganna sem honum fylgja þegar minni verkefni verða til veiða á bolfiski og hefðbundnum veiðum? Flotinn færir sig yfir í aðrar greinar og á skömmum tíma fer rækjuveiðin upp í 30–40 þús. tonn. Hvað hefur verið að gerast núna síðustu árin? Menn hafa farið að sækja á Reykjaneshrygginn. Menn fóru í Smuguna. Menn fóru á Flæmska hattinn og eru að nýta tegundir sem þeir gerðu ekki áður. Það eru miklir möguleikar af þessu tagi sem við eigum að styðja og hvetja menn til að nýta en ekki bara bera á þá fé til þess að draga saman. Það er þannig, hæstv. sjútvrh., að það er hægt að mæta erfiðleikunum á fleiri vegu en þann einn.

Ég held að það sé síðan afar illa útskýrt og rökstutt af hálfu hæstv. ríkisstjórnar hvaðan henni kemur sú

speki að segja við okkur núna: Afkoman í sjávarútveginum er svo slæm að það kemur ekki til greina að vera að selja veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs eða leggja skatt á greinina núna en 1996 verður það hins vegar hægt. Hvaða vísindi liggja á bak við það að íslenskur sjávarútvegur verði orðinn svo vel staddur um mitt ár 1996 að hann geti þá farið að borga þennan skatt? Er það líklegt t.d. að hann muni á þessum skamma tíma þangað til ná svo niður sínum skuldum að honum veiti af að fá hverja krónu sem hann kynni að hafa í afgang til að lækka þær og þá ráðast í einhver ný verkefni? Ég hefði gaman af því að vita hvað kæmi út úr könnun ef sjávarútvegsfyrirtækin í landinu fengju spurningu og hún væri á þessa leið: Ef þið eigið kost á t.d. ákveðnum peningum, ákveðnum fjármunum, x milljónum króna hvað viljið þið gera? Ef þetta yrði veitt t.d. til greinanna til að sérhæfa hús, til að auka fullvinnslu og úrvinnslu, komast nær neytendunum. Væru menn til í það? Geta útgerðirnar með stuðningi og hvatningu af einhverju tagi leitað fyrir sér á fjarlægum miðum, sótt á dýpra vatn o.s.frv.? Mundu koma jákvæð svör við slíkum spurningum? Eða mundu menn almennt segja: Það sem við ætlum að gera við peningana er að loka hjá okkur húsunum, er að minnka flotann, er að draga saman veltuna í fyrirtækjunum hjá okkur. Ég er ekki í vafa um það hvert svarið yrði. Í 95 eða 99% tilvika mundu fyrirtækin velja það ef þau sjá sér kost á því, geta fengið stuðning til þess, að reyna að sækja fram, að reyna að mæta samdrætti í hefðbundnum greinum með því að auka veltuna annars staðar.

Ég ætla ekki að ítreka spurningar mínar til hæstv. sjútvrh. Ég minni á það samkvæmt venju að ég hef borið þær fram. Ég er orðinn því næsta vanur að fá lítil svör. En út af fyrir sig væri fróðlegt að sjá hvaða meðferð þetta mál fær hjá hv. sjútvn. því að ég hef þá tilfinningu að það sé margt að breytast í þessum efnum og í hugsunarhætti manna almennt í greininni. Það verður gaman að fá gesti í viðtöl til að ræða við þá um þessa stöðu og hvernig ætti að nýta 4.000 millj. kr. ef þær verða teknar að láni. Ég er alveg sannfærður um það að hæstv. sjútvrh. á sér fáa skoðanabræður í því að rétt sé að beita slíkum peningum til að draga einhliða saman í sjávarútvegi á Íslandi.

[16:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hringlandahátturinn í málflutningi hv. 4. þm. Norðurl. e. er varla svaraverður, en vegna ræðu hans vil ég minna á að í upphafsræðu minni tók ég mjög skýrt fram um allar tölulegar staðreyndir varðandi stofnun þessa sjóðs og þurfti ekki mikið til fyrir þá sem hlustuðu að draga af því þá ályktun að umfang efnahagsreikningsins yrði einhvers staðar á bilinu 7–8 milljarðar kr.

Ég vil líka minna á að í upphafsræðu minni í þessari umræðu tók ég það mjög skýrt fram að íslensk fiskiskip hafa verið að sækja á úthafsmiðin og ég svaraði áhyggjum þeirra sem hafa talað um það að menn hafi ekki tekið nægjanlega mikið af skipum úr umferð einmitt á þann veg að íslenskir útgerðarmenn hafa nýtt aðstæðurnar og sótt út á við, til að mynda í úthafskarfann og þar höfum við stóraukið okkar hlutdeild.

Það er kjarni þessa máls og óþarfi að setja á langar ræður um þetta. Aðalatriðið er það að sjávarútvegurinn hefur þrátt fyrir örðugleika verið að sækja fram, verið að sækja í nýja stofna, verið að sækja út á við. Sjávarútvegurinn er í mikilli vöruþróun, er að stíga stór skref fram á við í bættri nýtingu og meðferð afurðanna. En það mætti hins vegar halda af þeim ræðum sem hv. 4. þm. Norðurl. e. heldur hér að það sé allt í niðurníðslu og ekkert geti gerst í þessari atvinnugrein af því að hann getur ekki brotið niður það stjórnkerfi sem sjávarútvegurinn býr við. Þvert á móti. Við þetta stjórnkerfi og við þá erfiðleika sem sjávarútvegurinn hefur búið hefur hann verið að sækja fram. Og það er ánægjulegt til þess að vita að hv. þm. hefur komið auga á nokkrar staðreyndir þar um í ferð sinni með sjútvn. út um landsbyggðina.

[16:46]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þurfti ekki í sjálfu sér ferð til Austfjarða t.d. til þess að kunna og vita hvað fyrirtækin á norðausturhorni landsins hafa orðið að gera á sl. ári til að reyna að sækja út gegn þeim erfiðleikum sem minnkandi hráefnisframboð á Íslandsmiðum hefur skapað þeim. Hvað voru þau að gera? Þau voru að koma sér í viðskipti og fá hráefni til vinnslu af erlendum skipum og þau sendu sín skip á fjarlæg mið til veiða til að skapa þeim verkefni í stað þeirra sem ekki lágu þá lengur fyrir á Íslandsmiðum, m.a. úr minni heimabyggð. Ætli þau hafi haft nokkur áhrif á þá þróun sem þar var. Ég held að hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson ætti ekki að fara út í það að gera mér upp skoðanir í sambandi við þau mál. Það fer óvenjuilla á því, a.m.k. í því tilviki.

Í öðru lagi í sambandi við efnahagsreikning sjóðsins, þá kem ég því ekki heim og saman að hann verði ekki nema 7–8 milljarðar. Ég veit ekki betur en atvinnutryggingardeildin sé með útistandandi skuldir upp á um 8,5 milljarða og síðan séu 500 millj. úr Hagræðingarsjóði og aðrar 500 úr Hlutafjársjóði og síðan spyr ég hæstv. sjútvrh.: Ef teknar verða svo að láni 400 millj. til viðbótar eiga þær ekki einhvers staðar að koma inn í efnahagsreikning sjóðsins? Ég er að spyrja um hvernig þetta fyrirbæri lítur út þegar það verður komið í gang og farið að starfa. Ég gaf mér að það hlyti að þýða að þarna væri á ferðinni sjóður upp á talsvert á annan tug milljarða króna þegar hann verður kominn í „fullsving", eins og menn mundu segja, eftir lántökurnar o.s.frv.

Svo hefði ég gaman af því að leggja eina litla spurningu fyrir hæstv. sjútvrh. bara upp á grín, liggur mér við að segja. Telur hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson að það sé ástæða til að borga mönnum úreldingarstyrki t.d. til þess að minnka loðnuskipaflotann? Metur hann stöðuna þannig að það sé þjóðhagslega hagkvæmt, það sé skynsamlegt rekstrarlega og það sé góð ráðstöfun á fjármunum að leggja peninga í það að minnka t.d. loðnuskipaflotann eða nótaveiðiskipaflot-

ann eins og þau mál hafa þróast undanfarin ár?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að andsvör eru til þess ætluð að gera athugasemdir við ræðu en ekki að bera upp nýjar spurningar.

[16:48]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil minna hv. þm. á að það kemur mjög skýrt fram í frv. og ég gerði reyndar grein fyrir því í minni upphafsræðu að ríkissjóður mun yfirtaka tæpan milljarð af þeim skuldbindingum sem nú hvíla á atvinnutryggingardeild. Það skýrir m.a. þann mismun sem þarna kemur fram. Hluti af skuldum atvinnutryggingardeildarinnar verður auðvitað greiddur niður mjög fljótlega. Ég hygg því að ég fari nokkuð nærri lagi þegar ég get mér til um þetta atriði.

Þegar hv. þm. spyr svo hvort skynsamlegt sé að úrelda loðnuskip, þá átta ég mig ekki alveg á tilgangi þeirrar spurningar. Ég hef ekki heyrt mikla umræðu um að ástæða sé til þess við ríkjandi aðstæður því eins og sakir standa er góð loðnuveiði. Ég vil minna hv. þm. á að það frv. sem hér liggur fyrir felur ekki í sér á nokkurn hátt kvöð eða þvingun til þess að úrelda skip. Þeir einir leita til sjóðsins um úreldingu á skipum sem eiga umfram afkastagetu, eiga fiskiskip sem ekki eru að fullu nýtt. Þeir einir hafa hagað því að leita til sjóðsins um úreldingarstyrki. Þess vegna er algjörlega út í bláinn og einungis til marks um hefðbundinn útúrsnúning hv. þm. í umræðum hér að vera að setja þetta mál fram með þessum hætti.

[16:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta hljómaði allt mjög fallega í teoríunni hjá hæstv. sjútvrh. En staðreyndin er bara sú að það sem hefur t.d. verið að gerast á undanförnu ári og árum er það að loðnuskip hafa horfið úr flotanum. Það er bara staðreynd, hæstv. sjútvrh. Alveg sama hversu fallegar þessar teoríur hljóma um að menn muni ekki láta frá sér skip nema þau hafi ekki verkefni o.s.frv. Staðreyndin er sú að það hefur verið að fækka í loðnuskipaflotanum, afköstin hafa verið að minnka þar og er þar þó á ferðinni stofn sem við höfum ekki ár eftir ár náð að fullnýta og sama á að nokkru við um síldina. Veit hæstv. sjútvrh. ekki af því að það hafa verið að fara út úr flotanum loðnuskip og inn hafa komið skip sem fara á aðrar veiðar í staðinn?

Það sem ég var að reyna að fiska eftir með þessari spurningu var hvort hæstv. sjútvrh. væri sem sagt alveg sannfærður um það að þessi blinda úrelding, þar sem ekkert er horft á nema tonnin og borið á menn fé til þess að ná út tonnum, væri gáfuleg ráðstöfun. Ég fékk auðvitað ekkert svar vegna þess að þetta var ekkert svar. Telur hæstv. sjútvrh. það ekki alvörumál ef afkastageta loðnuskipaflotans er að minnka í ljósi þess að við höfum ekki náð að fullnýta stofninn og veiða kvótann ár eftir ár? Er ekki hægt að fá svar við svona spurningu? Er hægt að hafa sjútvrh. sem getur ekki svarað svona spurningum?

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Andsvörum er lokið. Óskar hæstv. ráðherra eftir að bera af sér sakir? (**Sjútvrh.:** Nei, nei.) Hæstv. ráðherra hefur þegar tekið tvisvar þátt í að svara andsvari svo andsvörum er þá lokið.

[16:52]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Þetta hafa verið athyglisverðar umræður, kannski fyrst og fremst fyrir þá sök að ríkisstjórnin skuli koma með frv. af þessu tagi við þær aðstæður sem eru nú í sjávarútvegi. Það er með ólíkindum að ríkisstjórnin skuli ekki gera betur í þessum efnum að koma fram með 16 mánaða gamalt frv. við aðstæður sem hafa breyst mikið frá þeim tíma sem um það var samið. Það er nærtækast að nefna þá skerðingu sem verið hefur á aflaheimildum og var ákveðin á sl. sumri og gildir fyrir yfirstandandi fiskveiðiár.

Hér kom hv. 1. þm. Vesturl. og fagnaði þessu frv. einmitt af því er ég skildi að það mundi hjálpa mönnum svo mikið við þær aðstæður sem við byggjum nú við. En ég hef ekki heyrt þau fagnaðarlæti hjá stjórnarsinnum öðrum. Ég hef hins vegar heyrt í mörgum stjórnarþingmönnum og séð þá í fjölmiðlum, m.a. einn ráðherra, þar sem þeir koma fram með sínar kröfur um aðgerðir við aðstæðurnar eins og þær eru í dag. Þær kröfur hafa aldeilis ekki verið að setja á laggirnar einhvern þróunarsjóð. Þeir hafa greinilega ekki haft mikla trú á því að þessi sjóður mundi bjarga málunum og leysa úr þeim vandkvæðum sem þeir bera fyrir brjósti ef þetta frv. væri samþykkt því þeir hafa ekki minnst á það í sínum ræðum á undanförnum dögum og vikum. Ég á þar t.d. við hæstv. viðskrh. og hv. þm. Sjálfstfl. af Vestfjörðum. Hvað hafa þessir menn sagt? Hvaða kröfur hafa þeir gert til stjórnvalda um aðgerðir til þess að koma til móts við stöðu sjávarútvegsins? Hafa þeir gert þá kröfu að þetta frv. um Þróunarsjóð verði lögfest? Ég hef ekki heyrt það. Þeir hafa gert þá kröfu að auka aflaheimildir. Það segir meira en mörg orð að þeir hafa enga trú á því að þetta frv. breyti miklu til eða frá um stöðu þeirra byggða sem þeir eru að hugsa um og þeirra fyrirtækja sem þeir bera fyrir brjósti. Svo kemur hæstv. ráðherra hér upp við annan mann og telur þetta frv. allra meina bót.

Nei, stjórnarmenn hafa sjálfir með orðum sínum gert þetta frv. ómerkt. Í raun og veru lýst því yfir að það sé gagnslaust eða gagnslítið.

Fyrir utan það að vera óskaplega vitlaust að láta sér detta það í hug að það þurfi að segja mönnum með lögum að þeir eigi að hætta fiskvinnslu í húsi þegar enginn fiskur er til. Það hefur ekki þurft lög frá Alþingi til að segja mönnum í sjávarútvegi að draga saman seglin þegar minna hefur fiskast eða minna hefur verið umleikis. Vandinn er ekki sá að það skorti lagafyrirmæli til að segja mönnum hvað þeir eigi að gera eða gera mönnum tilboð um það til að stýra athöfnum þeirra í þá veru sem sjóðurinn gerir ráð fyrir. Vandinn er sá að menn skortir tekjur. Þeir sem eru í sjávarútvegi, hvort sem það eru veiðar eða vinnsla, skortir tekjur til að standa undir sínum skuldbindingum. Skuldbindingum sem voru miðaðar við miklu meiri

afla en nú er leyft að veiða. Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um það og telja það nauðsynlegt að takmarka afla eins og raun ber vitni þá bera stjórnvöld líka ábyrgð á hinum enda málsins að koma með tillögur um það hvernig fyrirtækin eigi að komast í gegnum að standa við sínar skuldbindingar. Á yfirstandandi fiskveiðiári hafa t.d. þar sem verst er fiskveiðiheimildir verið skornar niður um allt að fjórðung. Það þýðir um sambærilegan samdrátt tekna. Skuldir hafa ekkert minnkað. Það er augljóst að ef fyrirtækin eiga að geta staðið undir þessum skuldum þá verður að grípa til einhverra aðgerða þannig að þeim sé það kleift að geta staðið við sínar skuldbindingar. Það eru slíkar aðgerðir sem menn bíða eftir frá hæstv. ríkisstjórn. En það bólar ekkert á þeim. Ekki neitt. Það kemur bara 16 mánaða gamalt frv. um Þróunarsjóð. Það er lítil hjálp í því.

Ég spyr: Hverju eru menn bættari þó að í veðmálabókum standi að í þessum frystihúsum megi ekki vinna fisk um ókomna framtíð? Hverju eru menn bættari með það? Hvað ætla menn að gera þegar fiskstofnarnir hafa náð sér eins og allir trúa að muni gerast og munu veiða eftir nokkur ár jafnvel býsna mikið af fiski og þar sem menn þurfa þá að bæta við sig húsum? Ætla menn þá að fara að byggja ný hús? Er þá ekki skynsamlegra að eiga þessi hús sem í dag er ekki þörf á til að geta gripið til þeirra þegar aflinn vex á nýjan leik? Það hefði ég haldið. Ég hefði haldið að það væri skynsamlegra að eiga þó þær eignir sem þegar eru til fremur en að afmunstra þær eða jafnvel eyðileggja þær eins og stundum er gert varðandi úreldingu skipa.

Það sem að mínu mati er skynsamlegast að gera er að koma með almennar efnahagsaðgerðir sem taka á skuldavanda greinarinnar. Þær eru ekki fólgnar í því að auka skuldir greinarinnar um 4 milljarða í nýjum sjóði. Það minnkar ekki mikið skuldir greinarinnar að taka 4 milljarða kr. að láni erlendis til að borga upp veð á einhverjum fasteignum eða bátum sem svo aftur rennur til banka eða sjóða, þannig að lánafyrirgreiðslan sem fyrirhuguð er í gegnum þennan sjóð mun auðvitað fyrst og fremst nýtast bönkum og opinberum lánasjóðum. Er þetta besta leiðin til að koma til móts við þá sjóði? Eða eru þetta þeir aðilar sem við eigum fyrst og fremst að hlúa að um þessar mundir, að minnka áhættu lána í sterkum opinberum lánasjóðum? Ég hefði haldið að það væri frekar nær að fá þessa sjóði til samstarfs um að leysa úr þessum skuldavanda eða fresta skuldum, afborgunum og vöxtum þar til menn geta farið að borga. Ég hefði ekki talið það mjög skynsamlegt að taka erlent lán til að borga inn í þessa sjóði. Menn geta farið yfir það hversu stöndugir sumir sjóðirnir eru, t.d. Fiskveiðasjóður.

Það má hafa mörg orð um fátæktina í þessu frv. til að mæta þeim vanda sem er aðsteðjandi. Að mínu mati er þetta frv. í besta falli meinlaust en að öllum líkindum hefur það nánast engin áhrif til þess að bjarga þeim yfir erfiðasta hjallann sem á því þurfa að halda. Það tel ég skýra það hvers vegna stjórnarliðar og ráðherrar eru svo fjarri góðu gamni í þessari umræðu og taka lítinn þátt í henni. Þeir vita það sem er að hér eru menn ekki með réttu úrræðin við þeim vanda sem við er að etja.

Sem dæmi um gallana á þessari hugmynd, sem menn virðast sumir hverjir að minnsta kosti halda að geti gengið upp, er sú hugmynd að úrelda t.d. fasteignir, má sjá í 9. gr. frv. og greinargerð með þeirri grein. Þar er stjórn sjóðsins uppálagt að hafa í huga þegar hún kaupir fasteignir eða fiskvinnslustöðvar eins og það heitir að kaupin leiði til betri rekstrarskilyrða fyrir þær fiskvinnslustöðvar sem halda áfram rekstri. Hvernig á að skilja þessa grein? Á að miða það við byggðarlag eða landsvæði eða landið í heild? Og er eitthvað sem útilokar það að sá sem selur sína fiskvinnslustöð til þessa Úreldingarsjóðs labbi ekki yfir götuna strax eftir að kaupin eru gerð og opni þar nýtt fiskvinnsluhús? Hvernig ætla menn að reikna út að það að Úreldingarsjóðurinn kaupi fasteign bæti rekstrarskilyrði annarra fiskvinnslustöðva sem eftir standa þegar á engan hátt er hægt að tryggja hversu margar þær eru? Þetta einfaldlega gengur ekki upp.

Ég vil aðeins víkja að 6. gr. frv. um þróunarsjóðsgjaldið sem á að leggjast á 1. sept. 1996 og á að nema 1 krónu fyrir hvert kíló af þorski. Það segir í greininni að það eigi að leggja þetta gjald á og innheimta af úthlutuðu aflamarki. Ef maður skoðar í skýringar með 6. gr. þá segir þar skýrum stöfum að átt sé við úthlutað aflamark til einstakra fiskiskipa þannig að það er greinilegt að gjaldtakan afmarkast af aflamarki sem er til skipa. Það má sjá síðar í 6. gr. að tekið er fram að ef menn standa ekki skil á gjaldinu þá falli niður veiðileyfi skipsins. Það er eins og menn viti ekki af að samhliða þessu frv. var lagt fram frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þar sem í 7. gr. þess frv. er lagt til að hægt sé að skrá aflahlutdeild og þar með aflamark á fiskvinnslustöðvar. Samkvæmt þessu frv. um Þróunarsjóðinn þá ætti það aflamark sem er skráð á fiskvinnslustöðvar að vera undanþegið þessu gjaldi. Það leiðir auðvitað til þess að forsendur frv. um tekjur raskast eðlilega og mundi trúlega stuðla að því að menn færu að skrá aflamarkið af skipum og yfir á fiskvinnslustöðvar til að losna við þennan skatt. Ég sé því ekki að þetta fari saman við ákvæði í hinu frv. sem lagt var fram samhliða þessu um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Ég vil svo aðeins nefna eitt atriði enn og það er þróunarsjóðsgjald á skip og spyrja hvers vegna sett er ákveðið hámark á það. Það kemur fram í 4. gr. að gjaldið, sem er 750 kr. fyrir hvert brúttótonn, er þó ekki lagt á meira en 380 tonn þannig að skip sem er 1.000 tonn að stærð borgar ekki þetta gjald nema fyrir 380 tonn. Þarna er að mínu mati verið að haga gjaldtökunni þannig að hún leggst þyngra á smærri skip en stærri. Hún leggst t.d. miklu þyngra að tiltölu á smábáta en á stór skip. Og er það eðlilegur hlutur að menn mismuni bátastærðum svo eins og þarna er gert ráð fyrir þegar ljóst er að tekjumöguleikar skipanna eru líka mismunandi eftir stærð?

Fleira ætla ég ekki að nefna að sinni, virðulegur forseti, um þetta frv. annað en mér sýnist að það sé í raun sjálft búið að dæma sig úr leik í þessari umræðu og viðbrögð stjórnarsinna staðfesta það þar sem þeir

hafa ekki eytt orðum að því að gera kröfur til þess að þetta frv. verði lögfest heldur sett fram allt aðrar kröfur sem gefur okkur vísbendingu um það hvaða mat þeir hafa á þessu frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 302. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 490, nál. 589 og 592.

[17:08]

Anna Ólafsdóttir Björnsson (frh.):

Virðulegi forseti. Það gafst ekki langur tími í upphafi þessarar umræðu til að fara orðum um þetta frv. en ég hafði þó tekið fram tvennt varðandi það. Það er annars vegar andstaða okkar kvennalistakvenna við setningu bráðabirgðalaga sem við teljum að sé bæði forkastanleg, gefi tækifæri til valdníðslu þegar heimild er beitt t.d. eins og í þessu dæmi og þar að auki gjörsamlega óþörf. Þessi heimild er óþörf og hana ber að nema úr gildi og þar af leiðandi höfum við kvennalistakonur flutt frv. þar sem við leggjum til að þessi heimild verði numin úr gildi og færum fyrir því rök sem ég gerði grein fyrir í upphafi máls míns.

Annað sem ég hafði einnig getið um er að stjórnir, ekki einungis þessi stjórn sem nú situr heldur ríkisstjórnir á undanförnum árum, hafa beitt því valdi mjög ótæpilega að setja lög, bráðabirgðalög og önnur lög, bæði á kjaradeilur og kjarasamninga. Þetta er að sjálfsögðu óviðunandi og grefur undan lýðræði í landinu sem byggir m.a. á frelsi stéttarfélaga til frjálsra samninga. Það er ekki tilviljun að Íslendingar hafa þráfaldlega fengið áminningar varðandi þetta mál frá Alþjóðavinnumálastofnuninni og sérfræðinganefndum þeim sem sjá um að efni félagsmálasáttmála Evrópu sé framfylgt hér á landi. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessi efnisatriði en mér finnst nauðsynlegt hér að taka þetta sérstaklega fyrir.

Varðandi efni þessa frv. þá er það mjög sérkennilegt að 1. gr. er í rauninni algjörlega í lausu lofti nú þegar þar sem nefnd sú sem átti að skila tillögum eigi síðar en 1. febr. hefur þegar lokið störfum og það er alveg ljóst að það er mikil andstaða við tillögur þessarar nefndar. Ég sé í rauninni ekki nokkurn tilgang í að samþykkja lög um úrlausn sem þegar hefur verið sýnt að muni ekki verða raunveruleg. Það er ekkert út á vinnubrögð nefndarinnar að setja. Hún skilaði af sér og vel tímanlega. Hitt er annað að viðtökurnar sem tillögurnar hafa fengið gefa ekki tilefni til að ætla að nokkuð verði gert með þær og þar af leiðandi er 1. gr. algjörlega út í hött.

Allmargir stuðningsmenn eða alla vega meintir stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar hafa lýst efasemdum eða jafnvel fullri andstöðu við kvótaþingið sem er kjarni tillagna þríhöfða nefndarinnar sem sett var á laggirnar skv. 1. gr. Þar vil ég m.a. nefna Vilhjálm Egilsson sem er í sjútvn. og annar af formönnum tvíhöfða nefndarinnar. Hann hefur lýst sig fullkomlega mótfallinn kvótaþingi. Það hefur líka einn þingmanna Sjálfstfl. á Norðurl. e. gert, Tómas Ingi Olrich og hann gaf þessum hugmyndum þá einkunn að þarna væri hætta á að menn gætu lent í klónum á uppboðshöldurum og fengju ekki borgað. Þetta var hans mat á þeim vandamálum sem upp gætu komið ef þetta kvótaþing yrði sett á laggirnar. Ég sé út af fyrir sig ekki að það séu nein efni til þess að samþykkja þessi lög þar sem ljóst er að það sem var efnislega framlag ríkisstjórnarinnar og það eina sem hún ætlaði að leggja til eftir að hún stoppaði þetta löglega verkfall, það er orðið meira og minna í uppnámi og sjómannasamtökin setja mjög ströng skilyrði, sem mér sýnist ekki að sé nokkur vilji af hálfu ríkisstjórnarinnar að uppfylla, fyrir því að líta á þessar hugmyndir. Það er í rauninni hvorki haus né sporður á því sem þarna er lagt til og því sem á að koma út úr þessu. Ég get ekki séð fyrir mér framhald málsins verði þessi lög látin standa og ég held að menn séu að fresta vandanum þar til þetta mál kemur aftur upp á borðið því að það mun gera það og kaupa sér gervifrið sem engum er í rauninni til gagns. Ég er alveg sannfærð um að sjómenn munu meta þá stöðu sem nú er ef þeir standa frammi fyrir því að þessi lög verði ekki staðfest. Og ég þarf ekki að rekja það fyrir neinum hér að þessi lög voru sett á afskaplega hæpnum forsendum og svo sannarlega ekki efni til þess að ætla að þau hafi notið meirihlutastuðnings hér á Alþingi þegar þau voru sett. Aðferðirnar voru forkastanlegar og þetta var bæði óþarft og ólýðræðislegt.

Það kom fram á fundum hjá sjútvn. að sennilega hafa þessi bráðabirgðalög og sú ætlun margra að þau yrðu sett spillt mjög fyrir því og tafið að nauðsynleg lausn næðist á þessum málum. Ég held að það séu allir sannfærðir um að það var hægt að reyna betur og reyna til þrautar að ná saman um nefndaskipan til þess að ganga frá og leysa úr ágreiningsmálum. Við fulltrúar í sjútvn. leituðum eftir skoðunum beggja deiluaðila á því hvort þeir teldu að það hefði verið hægt að ná niðurstöðu. Það er skemmst frá því að segja að menn töldu almennt að þetta hefði verið afleit leið, að setja bráðabirgðalög á þessa vinnudeilu og þetta verkfall og að það séu leiðir til sem hefði þurft að kanna betur. Þannig að í rauninni hefur ríkisstjórnin með þessum hætti verið að spilla fyrir því og kannski að gera það sársaukafyllra að finna lausn í þessari erfiðu deilu.

Menn hafa mikið rætt um þá yfirlýsingu sem hefur verið vilji til að taka jafnvel inn í lagatexta — það var einn af stjórnarþingmönnum í sjútvn. sem hafði áhuga á því að sú yfirlýsing færi inn í lagatextann — en þessi yfirlýsing tekur einmitt af öll tvímæli um það að sjómönnum er ekki ætlað að taka þátt í kvótakaupum. Það hefði verið afskaplega gott ef það hefði verið hægt að ná samkomulagi í kringum þessa yfirlýsingu í stað þess að fara út í leið sem mér sýnist að sé dæmd til að mistakast.

Þar af leiðandi er það ekki bara vegna aðferðarinnar sem beitt var sem ég er fullkomlega andvíg þessari

lagasetningu og staðfestingu bráðabirgðalaganna, heldur sýnist mér líka að efnislega séu þessi vinnubrögð mjög ámælisverð og ekki til þess fallin að leiða yfir okkur neina sátt í þessum erfiðu málum. Ég held líka að við séum að gera hlutina erfiðari heldur en þeir ella væru og ég held að þetta gefi því miður ekki það ráðrúm til að hugsa málin sem e.t.v. mætti með góðum vilja líta á að væri verið að gefa, heldur þvert á móti setji þetta málið í enn annan hnút þar sem nú er nýr þáttur kominn inn en það eru þessar hugmyndir um kvótaþing.

Ég tel ekki ástæðu til að fara neitt nánar út í þetta. Okkar megingagnrýni kom fram í fyrri hluta ræðu minnar en það er á þetta grundvallaratriði að setja ekki bráðabirgðalög vegna þess að þess gerist ekki þörf, að framkvæmdarvaldið misbeiti ekki sínu valdi sem það enn hefur því miður og að ríkisstjórnir eiga ekki á nokkrum tímum að grípa með þessum hætti inn í kjaradeilur.

[17:23]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði satt að segja gert ráð fyrir því að hæstv. forsrh. yrði fenginn til að vera hér við framhald þessarar umræðu. Mér finnst það satt að segja nokkuð skrýtið að honum skuli ekki vera sýnd sú virðing að gera hlé á umræðunni þannig að hann megi nema það sem ræðumenn hér segja, hvað þá heldur að taka þátt í þögninni sem mér skilst að hafi nú verið hér um skeið. Ég vil því fara fram á það við hæstv. forseta að hann geri ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. fái að njóta þeirrar samverustundar sem stendur yfir nú hvort sem það er í þögn eða tali.

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti vill taka fram að hæstv. forsrh. hefur fjarvistarleyfi í dag, en forseti tilkynnir enn fremur að umræðunni verður ekki lokið í dag þannig að á mælendaskrá eru hv. alþm. sem óskað hafa eftir að hæstv. forsrh. væri viðstaddur umræðuna.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir greið svör.

Það sem liggur fyrir að ræða aðallega í sambandi við þessi bráðabirgðalög er aðdragandinn að setningu þeirra og sérstaklega sá sérkennilegi veruleiki sem hæstv. sjútvrh. — sem ég vona nú að sé á meðal vor hér í þessum húsakynnum — upplýsti að það hefðu tveir þingmenn Sjálfstfl. fengið að vita um það áður en lögin voru sett fyrir utan ráðherrana. Tveir. Það var hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. sem naut þess trúnaðar að fá að frétta af því áður en það kom á öldum ljósvakans að sett hefðu verið bráðabirgðalög og mér er ekki alveg kunnugt um hver hinn var. (Gripið fram í.) Já, það var hv. þm. Geir H. Haarde og hv. formaður sjútvn., 1. þm. Vestf. Hinir minni spámenn í liði Sjálfstfl. eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson fengu ekkert að vita af þessu, hafa kannski verið önnum kafnir annars staðar akkúrat á þeirri stundu sem þetta gekk yfir. Og svo undarlegt sem það nú er, þá mun ekki hafa verið hringt í hv. 5. þm. Reykv., hv. þm. Inga Björn Albertsson eða það hefur a.m.k. ekki komið fram, þannig að niðurstaðan er sú að aðdragandinn og vinnubrögðin við setningu þessara laga eru alveg með ólíkindum. (**Gripið fram í:** Og ekki í Egil Jónsson.) Og það furðulegasta af öllu er kannski það að hv. þm. Egill Jónsson skuli ekki hafa verið kallaður til (**ÓÞÞ:** Óskiljanlegt algjörlega.) sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson segir að sé óskiljanlegt. (Forseti hringir.) Ég veit ekki hvort forseta mislíkar það þessi orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar eða hvort hann er almennt að þagga niður í frammíkallendum. (**StG:** Hann var staddur á fundi utanrrn. um landbúnaðarmál.) Hann var á fundi í utanrrn. um landbúnaðarmál akkúrat á þeirri stundu, hv. þm. Egill Jónsson. Ég veit ekki hvaða tungum þeir töluðu þá í utanrrn. á þeirri stundu.

En eins og menn vita þá er komið svo að stjórnarflokkarnir hafa náð saman um tiltekin grundvallaratriði og það er kannski ástæða til að nefna það alveg sérstaklega og fagna því umfram það sem þegar hefur gerst hér í ræðum í dag að þeir hafa náð saman um það sem skiptir mestu máli. Þeir hafa náð saman um það að sitja. Þeir eru að vísu ekkert í þessum stólum, eru helst aldrei í þessum stólum ótilneyddir, aldrei nokkurn tímann, hvorki hér eða þar. En þeir hafa samt sameinast um að sitja (**KHG:** Sitja fast.) og sitja. Davíð, hæstv. forsrh., Jón Baldvin, hæstv. utanrrh., og öll þessi hæstvirta röð eins og hún leggur sig. Sitja. Það er að vísu ágreiningur um nokkur smámál. Það er ágreiningur um nokkur minni mál. Það er ágreiningur um sjávarútvegsmálin og stefnuna þar frá upphafi til enda en það er minna mál. Og svo er víst líka ágreiningur um landbúnaðarmál. Það er mikið minna mál. Það skiptir ekki miklu máli. Aðalatriðið er það að þeir hafa ákveðið að sitja eins og klessur í stólunum. Og hv. þm. stjórnarliðsins ætla að láta þetta yfir sig ganga og þeir ætla að þola það að þeir sitji þarna, þetta lið, og er það mikill hetjuskapur af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að líða það án þess að æmta eða skræmta að þessir aðilar sitji með allt í steik eins og það nú liggur fyrir. Og það er auðvitað þess vegna sem það er þannig að þegar sett eru bráðabirgðalög þá er hringt í tvo. Hinum er ekki treyst. Og þegar málið er rætt hér á Alþingi þá segir hæstv. sjútvrh.: Já, þetta kemur nú í ljós þegar greidd verða atkvæði. Þá skuluð þið sjá það, sagði hæstv. sjútvrh., þá skuluð þið sjá það. Auðvitað liggur þetta mál nokkurn veginn þannig að hæstv. sjútvrh. er að segja hér við samþingmenn sína í Sjálfstfl.: Þá skuluð þið gegna. Þá skuluð þið koma með lúkurnar upp undan borðunum og greiða atkvæði eins og okkur sýnist,ýta á rétta takka. Meira að segja hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn., hittir á réttan takka og líka Matthías og sennilega er hv. þm. Árni Johnsen vís með að hitta á réttan takka, aldrei þessu vant, þegar fyrirskipunin kemur frá ráðherragenginu sem situr slímusetur á stólunum og ætlar að gera til vorsins 1995. Þetta þarf auðvitað að ræða, þessi vinnubrögð hvernig staðið er að setningu þessara bráðabirgðalaga.

Hitt þarf svo líka að ræða hvernig framkvæmdarvaldið hagaði sér á þeim klukkutímum sem liðu áður en bráðabirgðalögin voru sett. Ég hef frétt af miklum kveinstöfum frá sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjum yfir þeim orðum sem ég lét hér falla um vinnubrögðin þar við lögskráningu þar sem sýslumannsembættið sagði sem svo: Hér var allt löglegt, þannig að

það var allt skrifað niður, allt tilbúið nema það var eftir að kvitta. Og við bara biðum eftir að menn kvittuðu þegar búið var að setja lögin, þannig að það var í raun og veru unnið að undirbúningi og frágangi lögskráningarinnar á meðan löglegt verkfall stóð yfir. Ég held að Alþingi Íslendinga ætti að fara mjög rækilega yfir það hvort þetta eru eðlileg vinnubrögð, að framkvæmdarvaldinu, lögskráningarvaldinu sé beitt til þess í raun og veru að veikja löglega boðað verkfall því að verkfallið var boðað samkvæmt landslögum.

Ég hef séð að það hafa komið kvartanir í blöðum út af þeim ummælum sem fallið hafa um þetta mál og ég vísa þeim algjörlega á bug. Ég held að þetta tíst sem heyrst hefur frá sýslumannsembættinu í Vestmannaeyjum þyrfti að taka það til sérstakrar rannsóknar af dómsmrn., til sérstakrar rannsóknar hvaða hvatir eru á bak við þetta væl utan úr Eyjum sem hefur verið að koma út af nokkrum gagnrýnisorðum sem borist hafa hér úr þessum ræðustóli frá undirrituðum og fleiri þingmönnum.

Í þriðja lagi held ég að það þurfi í tilefni af þessu máli, hæstv. forseti, að velta því fyrir sér hvort ekki sé nauðsynlegt að setja ný lagaákvæði og stjórnarskrárákvæði um beitingu bráðabirgðalagavaldsins þannig að það verði tekið á því skýrt og afdráttarlaust að bráðabirgðalög verði ekki sett með þeim hætti sem nú hefur verið gert. Ég held að sú tillaga sem Kvennalistinn flutti hér á síðasta kjörtímabili um þetta mál eigi ágætlega við í dag vegna þess að núna situr þingið allt árið. Þess vegna er í raun og veru eðlilegt að ræða það að fella alveg niður þetta bráðabirgðalagavald og breyta þannig stjórnarskránni. Ég hef tekið eftir því að menn sem hafa miklu lengri reynslu í því að styðja ríkisstjórnir en ég, t.d. hv. 1. þm. Norðurl. v., sem hefur meiri reynslu í því að styðja ríkisstjórnir en flestir aðrir hér inni, hann hefur í útvarpsviðtali, að mér heyrðist, tekið undir það, og sjálfsagt fleiri framsóknarmenn, að þessi ákvæði þyrfti að skoða betur. Því sýnist mér að landið liggi þannig að þeir flokkar sem nú eiga aðild að stjórnarandstöðunni hafi í raun og veru allir sagt: Þetta á að þrengja. Spurningin er þá um það hvort þeir séu ekki þar með — og maður hlýtur auðvitað að líta þannig á að þeir séu þar með að lýsa því yfir að ef þeir komast til valda í næstu kosningum t.d., þessir flokkar, og mynda ríkisstjórn eftir næstu kosningar, þá muni þeir beita sér fyrir því að þetta bráðabirgðalagavald verði a.m.k. skert verulega eða helst afnumið frá því sem nú er.

Þessi atriði vildi ég nefna, virðulegi forseti, um leið og ég fagna því að séð verður til þess að það verði hægt að eiga orðastað við hæstv. forsrh. þegar framhaldsumræða fer fram um þetta mál. Þannig háttar til að ég verð sennilega utan þings í næstu viku og því vildi ég koma þessum athugasemdum mínum á framfæri og ég þakka hæstv. forseta fyrir þolinmæðina að bíða eftir mér á meðan ég hljóp hér á milli húsa á Alþingislóðinni.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3.–8. mál.

Fundi slitið kl. 17:34.

---

96. FUNDUR

miðvikudaginn 23. febr.,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 290. mál, þskj. 369. — 1. umr.
3. Umboðsmaður barna, stjfrv., 377. mál, þskj. 573. — 1. umr.
4. Verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins, þáltill., 259. mál, þskj. 307. — Fyrri umr.
5. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 392. mál, þskj. 591. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1993, 416. mál, skýrsla félmrh., þskj. 623.

Dýravernd, 69. mál, nál. umhvn., þskj. 620; brtt. umhvn., þskj. 621.

Kynning á ímynd Íslands erlendis, 414. mál, þáltill. ÁMM o.fl., þskj. 619.

Leit að verðmæta- og atvinnuskapandi verkefnum, 413. mál, þáltill. ÁMM o.fl., þskj. 618.

Ríkisfjármál 1993, 415. mál, skýrsla fjmrh., þskj. 622.

Athugasemdir um störf þingsins.

Búvörulagafrumvarp o.fl.

[13:37]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það hefur ekki farið fram hjá neinum að um margra vikna skeið hefur staðið yfir mikil deila milli stjórnarflokkanna um breytingar á búvörulögum. (**Gripið fram í:** Hvað segirðu?) (**Gripið**

fram í: Er það?) Ég er kannski að segja einhverjum fréttir hér en um helgina heyrðum við að þeir hefðu komist að því, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., að þeir yrðu áfram saman í ríkisstjórn og ætluðu sér að vinna að lausn þessa máls. Einnig hefur landbn. lagt sig fram um að finna á málinu einhvern flöt sem hægt væri að vinna eftir og að vinnu með nefndinni hafa verið þrír lögfræðingar.

Nú gerðist það á fundi nefndarinnar áðan að lögð voru fram drög að breytingartillögum en þá kom í ljós að lögfræðingarnir höfðu ekki haft aðgang að sérfræðingum utanrrn. í gær og í morgun einfaldlega vegna þess að þeir neituðu, töldu sér ekki fært að koma á fund þeirra til að vinna að þessu máli. Ég hlýt því, virðulegi forseti, að ganga eftir því við hæstv. utanrrh. hverju þetta sæti og hvort málið sé þannig vaxið að enginn vilji sé hjá utanrrn. að finna á þessu lausn.

Það er, virðulegi forseti, nánast vonlaust fyrir okkur í landbn. að vinna að þessu máli ef svo er að fulltrúar þess ráðuneytis sem fer með okkar milliríkja- og alþjóðasamninga neita að vinna að málinu með þeim sérfræðingum sem þingið er með í þeirri vinnu. Við vitum ekki hver okkar staða er meðan málum er þannig háttað.

[13:40]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er kannski vandséð hvort þessi fyrirspurn er beinlínis um störf þingsins. Ég held að hún sé um störf framkvæmdarvaldsins, en það er sjálfsagt að svara spurningu hv. þm.

Sérfræðingar utanrrn. í milliríkjasamningum sem og viðskrn. hafa ævinlega verið reiðubúnir og lýst sig reiðubúna til að koma til fundar við hina þrjá virtu lögfræðinga sem mér skilst að séu í þjónustu formanns landbn. Eftir því var ekki óskað heldur var óskað eftir því að þeir kæmu á fundinn einungis til þess að undir þá yrðu borin tæknileg atriði. Því verki var lokið. Allir þessir sérfræðingar höfðu verið með lögfræðingunum og skýrt fyrir þeim hver munur væri á verðjöfnunargjöldum og tollum í GATT-kerfi þannig að því verki var lokið.

Mér skilst, án þess að ég hafi um það óyggjandi upplýsingar, að lögfræðingarnir hafi svarað því til að þetta stæði ekki til. Þeir væru verktakar í þjónustu formanns landbn. og þeirra verkefni væri að semja frv. að hans fyrirsögn og þegar það var upplýst var vandséð hvaða erindi sérfræðingar utanrrn. ættu á slíkan fund. En ég endurtek: Það stóð til boða og stendur enn til boða að þeir ræði við lögfræðingana á réttum forsendum.

[13:42]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er ekkert lát á þessum farsa stjórnarliðsins í landbúnaðarmálum. Nú eru menn farnir að verða mjög gamansamir og skjóta yfir markið líka, finnst mér, þegar þeir eru farnir að óvirða þá embættismenn sem hafa verið fengnir til liðs við landbn. í þessu máli með því að kalla þá verktaka. Ég tel ekki rétt að tala þannig um þá sem beðnir eru um álit eða að sinna verkefnum fyrir nefndir þingsins. Ég held að þeim væri sæmast sem eiga hlut að máli að setjast niður og verða sammála um að sitja þangað til þeir eru búnir að fá niðurstöðu í þetta mál.

Annars var það annað, hæstv. forseti, sem fékk mig til þess að biðja um orðið um störf þingsins. Hinn 10. okt. sl. lögðu allir þingmenn Alþb. fram beiðni um skýrslu dómsmrh. um árangur af einkavæðingu Bifreiðaeftirlits ríkisins. Og skv. 46. gr. þingskapa á slík skýrsla að vera tilbúin innan 10 vikna frá þeim tíma sem eftir henni er óskað. Það munu vera liðnar nokkuð mikið fleiri en 10 vikur síðan þessi beiðni var lögð fram. Ég óska mjög eindregið eftir því að þessi skýrsla fari að líta dagsins ljós og vil biðja hæstv. forseta að beita sér í því máli að farið verði eftir þingsköpum og þessi skýrsla birtist sem allra fyrst vegna þess að ég hef orðið var við að margir hafa áhuga á því að fá að vita allt um það hvernig að þessu máli hefur verið staðið. Þessi skýrsla er mjög nauðsynlegt gagn til þess að á Alþingi geti farið fram umræða um allt þetta mál frá upphafi og fram á þennan dag. Það er mikil óánægja með framgang þessa máls allt frá upphafi og kominn tími til að Alþingi fái að ræða hana.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun láta kanna það hvað líður þessari skýrslu.

[13:44]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það voru afar athyglisverðar yfirlýsingar sem hæstv. utanrrh. gaf hér áðan og segja mikið um samkomulagið eða réttara sagt ósamkomulagið á stjórnarheimilinu. Ég vil taka það skýrt fram að mitt mál áðan beindist að störfum þingsins því að það er ekki starfandi í nefndum þingsins öðruvísi en við vitum á hvaða forsendum er verið að vinna. Hæstv. utanrrh. lýsti því yfir áðan að þær breytingartillögur sem hafa verið unnar af lögfræðingahópnum væru ekki á nokkurn hátt á ábyrgð Alþfl. Ég gat ekki skilið hans yfirlýsingu öðruvísi en svo. Þess vegna er nauðsynlegt fyrir áframhaldandi vinnu að málinu, og ég hlýt að ganga eftir því við hæstv. utanrrh., að fá að vita hvað hafi átt sér stað í samningaumleitunum milli stjórnarflokkanna í þessu máli og hvaða samkomulag sé í gildi milli stjórnarflokkanna í dag varðandi frágang og vinnu á því frv. til breytinga á búvörulögum sem nú liggur fyrir þinginu. Það er afar nauðsynlegt fyrir okkur sem erum að vinna í nefndinni að við höfum einhverja hugmynd um hver sé hin pólitíska staða málsins milli stjórnarflokkanna, hvort málið liggi e.t.v. þannig fyrir að ríkisstjórnin sé búin að taka þá ákvörðun að láta Alþingi um að skera úr málinu alveg burt séð frá því hvaða skoðanamunur kunni að vera á milli stjórnarflokkanna hvað þetta snertir.

En ég hlýt að ganga eftir því við hæstv. utanrrh.: Hvaða samkomulag er í gildi varðandi þessi mál milli stjórnarflokkanna núna?

[13:47]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er líka sjálfsagt að svara þessari spurningu hv. þm. Sem kunnugt er kvað Hæstirétt-

ur upp úrskurð á sínum tíma sem fól í sér að búvörulögin hefðu ekki sjálfstætt gildi til að veita landbrh. heimild til þess að banna eða veita leyfi varðandi innflutning. Það hefði þýtt hömlulausan innflutning landbúnaðarvara án nokkurrar gjaldtöku ef það hefði staðið óbreytt. Samkomulag stjórnarflokkanna var um það að endurreisa til bráðabirgða, þ.e. fram að gildistöku GATT, það sem við köllum óbreytt ástand. Í því felst að landbrh. fái aftur heimildir til að banna innflutning landbúnaðarvara, sem hann hafði áður haft, sem og að staðfesta það samkomulag, sem gert var í desember með lagabreytingum, að hann hefði heimildir til verðjöfnunargjalda í samræmi við milliríkjasamninga.

Þriðji þáttur samkomulagsins var sá að endurskoðun tollskrár í samræmi við skuldbindingar GATT skyldi fara fram í nefnd fimm ráðuneyta undir forustu fulltrúa forsrn. og sú nefnd skyldi ljúka störfum við endurskoðun tollskrárinnar þannig að það gæti tekið gildi þegar GATT-samkomulagið tekur gildi, hvort heldur það verður í upphafi næsta árs eða síðar á árinu 1995.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 1. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 359.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]

Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, MB, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁMM, DO, EgJ, FI, FrS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, JHall, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Brunavarnir og brunamál, 1. umr.

Stjfrv., 290. mál (löggilding slökkviliðsmanna). — Þskj. 369.

[13:50]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál.

Tilefni að flutningi þessa frv. er sú að um nokkurn tíma hafa samningsréttarmál slökkviliðsmanna verið óleyst. Viðsemjendur slökkviliðsmanna, þ.e. samninganefnd ríkisins, launanefnd sveitarfélaga og Reykjavíkurborg, hafa ekki viðurkennt rétt Landssambands slökkviliðsmanna til að fara með samningsumboð við gerð kjarasamninga fyrir slökkviliðsmenn. Helsta ástæðan fyrir þessum ágreiningi er sú að viðsemjendur slökkviliðsmanna hafa ekki talið Landssamband slökkviliðsmanna uppfylla skilyrði laga til að geta talist fagstéttarfélag, sbr. 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í því skyni að leysa þennan ágreining um samningsumboð Landssambands slökkviliðsmanna er lagt til í þessu frv. að starfsréttindi slökkviliðsmanna verði bundin í lög þannig að félmrh. verði heimilt að veita slökkviliðsmönnum löggildingu að uppfylltum nánar tilgreindum skilyrðum um menntun og starfsreynslu.

Áður en ákveðið var að leggja þetta frv. fram var óskað eftir umsögnum um það frá starfsmannaskrifstofu fjmrn., Reykjavíkurborg, brunamálastjóra og formanni Landssambands slökkviliðsmanna. Umsagnir þessara aðila um efni frv. voru allar jákvæðar en hér verður stuttlega gerð grein fyrir einstökum greinum frv.

Í 1. gr. eru lagðar til tæknilegar breytingar á lögunum en engar efnislegar breytingar eru lagðar þar til.

Í 2. gr. er lagt til að nýrri grein verði bætt inn í lögin og fjalli hún um starfsréttindi slökkviliðsmanna. Lagt er til að félmrh. verði veitt heimild til að veita slökkviliðsmanni löggildingu þegar hann hefur lokið grunnnámi fyrir slökkviliðsmenn, sbr. reglugerð nr. 197/1991, um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna. Jafnframt er gert ráð fyrir því að sá sem vill fá löggildingu sem slökkviliðsmaður hafi öðlast tiltekna starfsreynslu á því sviði, þ.e. verið slökkviliðsmaður að aðalstarfi í a.m.k. eitt ár samfellt.

Með framangreindum skilyrðum er tryggt að sá sem vill fá löggildingu sem slökkviliðsmaður hafi uppfyllt lágmarkskröfur um menntun og starfsreynslu á því sviði.

Það er skoðun ráðuneytisins að mikil nauðsyn sé á því að efla og styrkja brunavarnir í landinu. Með þetta að markmiði voru sett ný lög um brunavarnir og brunamál árið 1992 en þau lög gera ráð fyrir fjölmörgum endurbótum í málaflokki brunamála.

Framkvæmd brunavarna hvílir að verulegu leyti á slökkviliðsmönnum, þar með talið slökkviliðsstjórum og eldvarnareftirlitsmönnum. Til að tryggja eðlilega framkvæmd laganna er mikilvægt að þessum aðilum, sem gegna þeim sérhæfðu störfum sem hér um ræðir og eiga að axla ábyrgð samkvæmt lögum um brunavarnir og brunamál, séu búin nauðsynleg skilyrði og starfsgrunnur. Jafnhliða því að settar hafa verið auknar skyldur á herðar slökkviliðsmönnum er nauðsynlegt að skilgreina starfsréttindi þeirra enn frekar í lögum en gert hefur verið til þessa.

Þá er rétt að ítreka það, sem fram kemur í athugasemdum sem fylgja frv., að ágreiningur um starfsréttindi slökkviliðsmanna er milli stéttarfélags þeirra og viðsemjenda. M.a. af þessum sökum verður að telja nauðsynlegt að eyða öllum vafa um starfsréttindi slökkviliðsmanna og samningsrétt stéttarfélaga þeirra fyrir þeirra hönd.

Virðulegi forseti. Ég hef hér rakið þær breytingar sem nauðsynlegt er talið að gera á lögum um brunavarnir og brunamál til að leysa þann hnút sem samn-

ingsréttarmál slökkviliðsmanna hafa verið í. Eins og áður kom fram standa viðkomandi samningsaðilar einhuga að baki frv. þessu og leggja áherslu á skjóta afgreiðslu þess.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[13:54]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem þetta frv. felur í sér eru fyrst og fremst þær að félmrh. er heimilt að veita slökkviliðsmönnum löggildingu þegar þeir hafa lokið grunnnámi fyrir slökkviðliðsmenn eða gegnt slökkviliðsstarfi í eitt ár.

Í frv. er ekkert um hvað slíkt grunnnám á að fela í sér og tel ég það galla á frv. Eins og fram kom hjá hæstv. ráðherra eru samningsréttarmál slökkviliðsmanna í ólestri. Það er ábyrgðarhlutur að svo mikilvæg stétt sem slökkviliðsmenn eru séu ekki með fullgildan samningsrétt en þeir hafa verið út úr myndinni varðandi samninganefnd ríkis og sveitarfélaga og launanefnd Reykjavíkurborgar sem hefur ekki viðurkennt rétt Landssambands slökkviliðsmanna til að fara með samningsumboð þar sem talið er að Landssamband slökkviliðsmanna uppfylli ekki kröfur um fagstéttarfélög.

Hér er gert ráð fyrir að bæta úr því og félmrh. veitir, ef frv. verður að lögum, löggildingu þeirra. En þá vaknar spurning hjá mér um það: Hvað um aðrar stéttir? Koma ekki aðrar stéttir á eftir? Og hvað um lögformlegan rétt almennt og hvernig almennt eigi að öðlast slík réttindi?

Ég spyr hæstv. félmrh. að því: Hvað um hópa eins og húsverði og skólaritara? Koma þeir ekki í kjölfarið og biðja um slík réttindi? Ég tel það mjög eðlilegt en félmn. mun að sjálfsögðu fjalla um þetta mál. Þetta er út af fyrir sig ekki flókið mál og á ekki að taka langan tíma í vinnslu. En þessar spurningar vakna. Það hljóta að koma fleiri á eftir og vilja fá sjálfstæðan samningsrétt.

[13:57]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Fyrst út af því sem síðasti ræðumaður vék að hvað meint væri með grunnnámi og til hvers það tæki. Það er vitnað til þess í frv. að félmrh. setur nánari ákvæði um grunnnám og aðra menntun slökkviliðsmanna í reglugerð. Þessi reglugerð hefur verið sett. Þetta ákvæði út af fyrir sig er ekki nýtt og það hefur verið sett reglugerð á grundvelli þessa ákvæðis um menntun, réttindi og skyldur slökkviliðsmanna. Þar er kveðið á um hver menntun og starfsþjálfun slökkviliðsmanna skuli vera. Reglugerðin er frá 19. apríl 1991.

Um það sem hv. þm. síðan vék að, hvort fleiri stéttir kæmu á eftir sömu erinda, þá er út af fyrir sig erfitt um það að segja og ég get ekkert frekar vitað um það en hv. fyrirspyrjandi. Engu að síður er það mat þeirra sem um þetta mál hafa fjallað að brýnt sé til að leysa þennan hnút sem samningsréttarmál slökkviliðsmanna er í að frv. og sú leið sem það boðar verði samþykkt og eru allir aðilar um það sammála sem að þessu máli hafa komið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður barna, 1. umr.

Stjfrv., 377. mál. — Þskj. 573.

[13:59]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir stjfrv. um umboðsmann barna. Ég vil láta það álit í ljós í upphafi að ég tel að með frv. þessu sé stigið mikilvægt skref í þá átt að gera þátt barna í íslensku þjóðfélagi meiri og betri en nú er. Hér er um mikið mannréttinda- og réttaröryggismál að ræða. Það vegur ekki síst þungt fyrir þær sakir að börn og ungmenni á aldrinum 0–18 ára, sem frv. er ætlað að ná til, er mun stærri hluti af heildarmannfjölda hér á landi en í vestrænum löndum, eða tæp 30% á meðan þessi aldurshópur er í flestum vestrænum löndum um 20–25% af mannfjölda.

Réttur barna sem þegna og sjálfstæðra rétthafa innan samfélagsins er til þess að gera nýtt viðfangsefni. Það er í raun ekki fyrr en í byrjun 19. aldar að litið var á börn sem einstaklinga sem þörfnuðust verndar. Í eldri lögum frá Rómartímanum var litið á börn sem eign foreldra sinna og þá einkum föður, eign sem foreldrar gætu annast og komið fram við að vild.

Í viðleitni sinni til að bæta réttaröryggi þegnanna gagnvart stjórnsýsluhafanum hafa verið stofnuð embætti sérstaks umboðsmanns víða um lönd. Embætti sérstaklega skipaðs umboðsmanns fyrir börn starfar í nokkrum löndum, þar á meðal Austurríki, Ástralíu, Kostaríku, Ísrael, Kanada, Nýja-Sjálandi, Svíþjóð og Þýskalandi, svo þau helstu séu nefnd.

Starfssemi umboðsmanna barna í þessum löndum er þó afar mismunandi og tæpast hægt að segja að um sambærileg embætti sé að ræða hvað verkefni og starfshætti áhrærir. Nú er komin nær 12 ára reynsla á starf umboðsmanns barna í Noregi sem var það fyrsta sem komið var á fót í heiminum árið 1981. Ég þykist geta fullyrt að reynslan af starfi hans í Noregi hefur verið mjög jákvæð í alla staði og raunar betri en nokkurn óraði fyrir.

Embætti umboðsmanns barna hér á landi er um fram annað sniðið eftir norskri fyrirmynd. Í fyrstu var nokkur fyrirstaða um að samþykkja frv. um umboðsmann barna í norska Stórþinginu og mátti litlu muna að frv. yrði ekki að lögum. Á hinn bóginn er fullyrt nú að enginn ábyrgur aðili í Noregi mæli embættinu í mót eða hafi uppi gagnrýni á stofnun þess, þvert á móti hefur embættið í Noregi sannað gildi sitt.

Heitið umboðsmaður hefur unnið sér traustan sess hér á landi sem og annars staðar. Að því hefur verið gætt hvort annað heiti þyki koma til greina varðandi umboðsmann barna svo sem talsmaður en flestir eru sammála að önnur heiti komi vart til greina.

En hvað er í raun umboðsmaður? Upprunalega mun

umboðsmaður hafa verið nánast það sama og sendiherra, t.d. sendiboði konungs gagnvart þegnunum. Heitið „ombudsman" er nú orðið alþjóðlegt. Að hið norræna heiti skuli notað sem alþjóðaheiti um umboðsmannsstarfið skírskotar til frumkvæðis Norðurlandabúa í þessu efni.

Í sænsku stjórnarskránni frá 1809 voru ákvæði um stofnun embættis umboðsmanns þjóðþingsins. Finnar stofnuðu samsvarandi embætti 1919, Danir 1954 og Norðmenn 1963. Sama árið, þ.e. 1963, kom fyrst fram hugmynd hér á landi um stofnun embættis umboðsmanns.

Með umboðsmanni er yfirleitt átt við óháðan embættismann sem hefur það hlutverk að vernda hagsmuni þess sem honum er ætlað að þjóna. Nú á dögum felur þessi starfsemi það í sér að umboðsmanni er ætlað að taka við kvörtunum eða málaleitan vegna mála sem undir verksvið hans heyrir og gefa álit, þrýsta á um úrbætur, hafa frumkvæði að því að koma ábendingum á framfæri, svo sem um það sem betur mætti fara í löggjöf eða varðandi framkvæmd laga. Hitt er einnig mikilvægt að gera grein fyrir að í frv. um umboðsmann barna, sem ég mæli nú fyrir er, gert ráð fyrir að hann að eigin frumkvæði taki til athugunar hvaðeina sem hann telur brjóta gegn hagsmunum barna eða vera í bága við lög eða góða stjórnsýsluhætti og þau varðar. Skal hann gera ráðstafanir sem hann telur nauðsynlegar í því skyni að fá úr bætt.

Hugmyndin að stofnun embættis sérstaks umboðsmanns fyrir börn á sér mun skemmri aðdraganda en stofnun umboðsmanns þjóðþinga eins og ég greindi áður frá. Umræður um málefni barna, réttarstöðu þeirra og réttaröryggi hafa vissulega verið ofarlega á baugi undanfarin ár, jafnt á alþjóðavettvangi sem meðal einstakra þjóða. Í kjölfar þeirrar umræðu samþykktu Sameinuðu þjóðirnar samning um réttindi barna, barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Heimsleiðtogafundur um málefni barna var haldinn í New York árið 1990 svo sem menn rekur e.t.v. minni til.

Á alþjóðaári barnsins árið 1979 fóru fram umræður á hinum pólitíska vettvangi um heim allan um réttindi og velferð barna en þá voru einmitt liðin 20 ár frá samþykkt yfirlýsingar um réttindi barna. Sameinuðu þjóðirnar stofnuðu Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna árið 1946 og almenn yfirlýsing Sameinuðu þjóðanna um réttindi barna var kunngerð árið 1948. Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna gerði sérstaka samþykkt um réttindi barna árið 1959 sem var þó ekki bindandi. Í tíu meginreglum er þar viðurkenndur sjálfstæður réttur barna til að njóta sérstakrar verndar þannig að þau fái tækifæri til þroska á heilbrigðan og eðlilegan hátt, rétt til matar, húsaskjóls og læknisþjónustu, njóti menntunar og vera vernduð gegn hvers kyns vanrækslu eða grimmd. Ríkin voru ekki skuldbundin af þjóðrétti til að fara eftir þessum yfirlýsingum.

Starfsemi og stofnun umboðsmanns fyrir börn er því í rökréttu samhengi við þá þróun sem orðið hefur á alþjóðavettvangi, að litið sé á börn sem sjálfstæðan réttindahóp og að enn frekari ráðstafanir verði að gera til að vernda réttindi þeirra en þegar hefur verið gripið til. Þessar ráðstafanir lúta öðru fremur að almennum atriðum svo sem þróun löggjafar og framkvæmd hennar og í raun og veru hvaðeina sem börn snertir. Hafa verður í huga að skipulag samfélagsins og ákvarðanir hvers konar er hvort tveggja ríkulega miðað við þarfir fullorðinna. Sjónarmið barna og þarfir víkja gjarnan eða gleymast. Stofnum embættis umboðsmanns barna er ætlað að varna því að þetta gerist.

Árið 1978 var lögð fram þáltill. að frumkvæði Alþfl. á Alþingi um umbætur á málefnum barna sem m.a. kvað á um stofnun embættis umboðsmanns barna hér á landi. Áður hafði sifjalaganefnd gefið gaum að stofnun þannig embættis í störfum sínum. Á engan er hallað þegar ég segi að það var fyrir áhuga Guðrúnar Helgadóttur, hv. 14. þm. Reykv., að lagt var fram á Alþingi þingmannafrumvarp um umboðsmann barna árið 1986 á 109. löggjafarþingi og endurflutt í óbreyttri mynd á 110. löggjafarþingi. Frv. var síðan flutt eilítið breytt á 113. og 115. löggjafarþingi árið 1990 og 1991. Ekkert þessara frv. náði fram að ganga en því sem síðast var lagt fram var vísað til ríkisstjórnarinnar að tillögu allshn. Þessi frv. voru í veigamiklum atriðum frábrugðin því frv. sem hér er mælt fyrir sem ég mun rekja síðar.

Tilgangurinn með þessari lagasetningu er að tryggja enn betur en nú er gert og með nýjum hætti að réttindi barna og velferð verði tryggð, hvort heldur er í löggjöf við stjórnvaldsákvarðanir eða hvað varðar athafnir einhverra aðila. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að með stofnun embættis umboðsmanns barna er ekki ætlunin að starfsemin fari inn á svið stjórnvalda sem fyrir eru, svo sem barnaverndaryfirvalda og umboðsmanns Alþingis. Nefnd sú sem frv. vann hefur gert sér ítarlegt far um að kanna hvort starfssvið umboðsmanns barna kynni að skarast óeðlilega við aðra starfsemi og í greinargerð með frv. er fjallað ítarlega um valdmörk embættisins.

Umboðsmaður Alþingis tók til starfa hér á landi árið 1987. Í nýlegri fréttatilkynningu frá embætti hans kom fram að frá stofnun þess hafa 1.000 mál komið til hans kasta. Þessar upplýsingar gefa nokkra vísbendingu um það hve hið margbrotna samfélag nútímans og stjórnsýsla þess þarfnast eftirlits og hve margt það er sem úrskeiðis getur farið. Draga má nokkra ályktun af þessu um þá þörf sem vísast er fyrir embætti umboðsmanns barna.

Þá má greina frá því að starfsemi umboðsmanns barna í Noregi hefur sýnt svo ekki verður um villst að embætti hans hefur haft mun fleiri verkefni að vinna að en nokkurn óraði fyrir. Í þessu sambandi er vert að huga að því að sakir ásku sinnar hafa börn ekki tök á því að koma réttinda- og hagsmunamálum sínum á framfæri. Þannig má líta á að embætti umboðsmanns barna sé í rauninni enn mikilvægara en embætti umboðsmanns almennings sem umboðsmaður Alþingis er.

Án efa búa börn á Norðurlöndum við einhver hagstæðustu uppeldisskilyrði sem þekkjast. Lífskjör þessara landa eru með þeim bestu í heiminum með tilliti til heilsugæslu, menntunar og almennrar félagslegrar velferðar en á þessari mynd er þó önnur hlið. Æ fleiri

fjölskyldur flosna upp og börn verða fórnarlömb togstreitu í ágreiningi foreldranna um forsjá þeirra. Notkun á vímuefnum, sjálfsvíg á meðal barna og ungmenna og tilfinningalegur óstöðugleiki margs konar er oft afleiðing félagslega orsakaþátta og með betri skilningi á þeim þáttum mætti koma í veg fyrir margs konar vanda sem börn og ungmenni eiga við að stríða. Við vitum mætavel af þeirri óþolandi staðreynd að fleiri börn látast og slasast í umferð hér á landi en víðast annars staðar. Það forskot sem við höfum hvað varðar lifandi fædd börn hefur allt tapast þegar sömu börn hafa náð 14 ára aldri.

Hafa skal einnig í huga að barnaverndaryfirvöld hér á landi fá formlegar ábendingar um mál um nærri 1.300 barna á ári hverju og hafa formlega afskipti af nærri 800 börnum á ári. Þessar umhugsunarverðu tölur koma fram um starfsemi barnaverndaryfirvalda árið 1991. Þær segja þó tæpast nema að hluta til um það hvernig velferðarmálum barna hér á landi er komið. Oft hefur verið bent á það hve börn eigi erfitt uppdráttar þegar skipulagsmál, umferðarmál og fleiri mál eru annars vegar. Afleiðingar þessa má víða sjá svo sem að framan hefur verið minnst. Þegar betur er að gáð snerta málefni barna mun fleiri svið en í fyrstu virðist og á sértækari hátt og þar með flestar þær ákvarðanir sem teknar eru bæði í stjórnsýslunni og hjá einkaaðilum, að ekki sé talað um á sviði löggjafarinnar.

Ég vil nú, virðulegi forseti, rekja hvernig frv. um umboðsmann barna, sem ég mæli fyrir, er frábrugðið þeim frv. sem áður hafa verið lögð fram á Alþingi. Þar er fyrst að nefna að í fyrstu útgáfu þess var gert ráð fyrir að umboðsmaður barna væri skipaður af dómsmrh. Í síðari útgáfunni var á hinn bóginn gert ráð fyrir að umboðsmaður barna væri skipaður af Alþingi. Nefnd sú sem ég skipaði til að semja það frv. sem ég mæli nú fyrir fjallaði ítarlega um þetta atriði og komst að þeirri niðurstöðu að best færi á því að umboðsmaður barna væri stjórnvaldshafi. Taldi nefndin að sú skipan hans í stjórnkerfinu sé í rökréttu samhengi við uppbyggingu stjórnkerfisins hér á landi að teknu tilliti til viðfangsefna umboðsmannsins. Í þessu sambandi er einnig vert að hafa í huga að umboðsmaður barna í Noregi er stjórnsýsluhafi svo og nýskipaður umboðsmaður barna í Svíþjóð. Hefur sú tilhögun í öllum höfuðatriðum reynst vel. Allt starf umboðsmanns barna byggist á sjálfstæði hans til athafna og úrræða. Þetta er samdóma álit allra sem til þekkja. Nefndin sem samdi frv. taldi að fámenni hér á landi væri til þess fallið að valda nálægð í samskiptum manna sem gæti gert umboðsmanninum örðugt um vik. Með öðrum orðum taldi nefndin að hér á landi giltu ekki endilega sömu rök fyrir stjórnsýslureglum og t.d. á Norðurlöndum þar sem milljónaþjóðir búa. Með þetta m.a. í huga leggur nefndin til í frv. að umboðsmaður barna heyri undir forsrn. Rök nefndarinnar eru þau að ekki fari vel á því að embætti umboðsmanns barna heyri undir fagráðuneyti sem telja verður að fari með viðamikla málaflokka sem snerta börn. En telja má að málefni barna heyri beint með einum eða öðrum hætti undir fimm fagráðuneyti. Hafði nefndin þar í huga líka meginhlutverk umboðsmannsins sem er að bregðast við ef stjórnsýsluhafar, einstaklingar, félög eða samtök einstaklinga, brjóta með athöfnum sínum eða athafnaleysi gegn hagsmunum barna eða ganga gegn þörfum þeirra með einum eða öðrum hætti.

Í frv. um umboðsmann barna er tryggilega gengið frá því að um boð og skipunarvald forsrh. sé ekki að ræða. Enda er það ein af mikilvægustu grundvallarreglum um starf umboðsmanns að hann hafi fullt sjálfstæði eins og áður greinir. Á hinn bóginn er nauðsynlegt að allt sé gert til að traust almennings á starfi hans sé sem mest. Til að tryggja það eins og verða má telur nefndin að best fari á því að embættið heyri undir ráðuneyti sem almennt er talið að hafi litlu sértæku hlutverki að gegna varðandi málefni barna.

Annað atriði sem frábrugðið er eldri frumvörpum um umboðsmann barna er skipan sérfræðingaráðs sem gert var ráð fyrir að yrði skipað í eldri frv. Nefndin sem samdi það frv. sem ég mæli fyrir komst að þeirri ótvíræðu niðurstöðu að víkja þeirri hugmynd til hliðar að skipa umboðsmanninum ráð sem í ættu sæti sérfræðingar á tilteknum sviðum. Í greinargerð frv. er vikið að þeim rökum sem nefndin telur mæla gegn þessari tilhögun. Þau helstu lúta að reynslu Norðmanna en hún er eindregið sú að slíkt ráð hafi reynst haldlítið, dýrt í rekstri, og starfsemi þess þung í vöfum. Hefur ráðið ekki verið kallað saman síðustu tvö ár. Fyrirhugað er að leggja til breytingar á lögunum um norska umboðsmanninn með það fyrir augum að leggja ráðið niður. Þá taldi nefndin að þar sem verksvið umboðsmanns barna kemur augljóslega til með að snerta velflest svið samfélagsins sé útilokað að í sérfræðingaráðinu ættu sæti þeir sem gætu verið honum til ráðgjafar um hvaðeina sem hann þyrfti að fá ráðgjöf um. Því mætti búast við að hann þyrfti hvort eð er að leita álits og ráðgjafar fyrir utan slíkt ráð. Gert er ráð fyrir að embætti umboðsmannsins hafi fjármagn til að standa straum af ráðgjöf og sérfræðilegri vinnu vegna tiltekinna viðfangsefna eins og við á. Eitt af mikilvægum atriðum í því frv. sem hér er til umfjöllunar lýtur að málsmeðferðarreglum sem eru mun nákvæmari og ítarlegri en í þeim frv. sem hafa verið lögð fram um embætti umboðsmanns barna. Sem dæmi má taka hvernig umboðsmaðurinn getur brugðist við séu honum ekki veittar upplýsingar sem hann telur nauðsyn bera til að hafa aðgang að svo hann geti sinnt sínu hlutverki. Getur umboðsmaðurinn í slíku tilviki leitað atbeina dómstóla og fer um málsmeðferð eftir reglum einkamálalaga.

Þá eru í frv. ýmis atriði frábrugðin áður framkomnum frumvörpum svo sem um skipunartíma hans, ákvæði um að hann megi ekki hafa með höndum önnur launuð störf, ákvæði um aldur umboðsmanns sem dregur dám af samsvarandi reglu um skipan dómara. Þá eru í frv. kröfur um menntun umboðsmannsins og ákvæði um að hafi hann ekki lokið embættisprófi í lögum sjálfur skuli starfa við embætti hans lögfræðingur. Nefna má einnig hlutverk umboðsmanns barna við að stuðla að því að þjóðréttarsamningar er varða réttindi

og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfum séu virtir.

Ekkert þeirra atriða sem ég hef nú talið upp var í þeim frv. sem áður hafa verið lögð fram um stofnun embættis umboðsmanns barna. Eitt af þeim atriðum sem nefndin sem samdi frv. gaf sérstaklega gaum að var sá möguleiki að umboðsmaður barna hefði svokallaða málshöfðunarheimild. Þetta laut að þeim möguleika að umboðsmaður barna gæti höfðað mál til viðurkenningar tilteknum rétti barna sem ekki hefði verið virtur þrátt fyrir að umboðsmaðurinn hefði beint rökstuddri álitsgerð sinni og tillögum um útbætur til viðkomandi aðila. Að vandlega athuguðu máli komst nefndin að þeirri niðurstöðu að lagareglur væru með þeim hætti hér á landi að slíkt væri ekki mögulegt. Verður og að vona að ekki þurfi að grípa til slíkra ráða til að fá úr bætt þyki hagsmunum barna ógnað að áliti umboðsmanns.

Til að taka fyrir allan misskilning er vert að huga vel að valdmörkum umboðsmanns barna annars vegar og umboðsmanns Alþingis og þeirra yfirvalda sem fara með eftirlits- og úrskurðarvald í málefnum barna hins vegar.

Í 2. gr. laga um umboðsmann Alþingis er hlutverk hans skilgreint. Honum er ætlað að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga, tryggja rétt borgaranna gagnvart stjórnsýslunni, gæta þess að jafnræði sé í heiðri haft og að hér sé farið í einu og öllu í samræmi við lög og góða stjórnsýsluhætti. Umboðsmaður Alþingis sinnir að sjálfsögðu hinu lögbundna hlutverki sínu hvort heldur börn eða fullorðnir eiga í hlut. Áður hefur verið lýst helstu ákvæðunum sem lagt er til að gildi um starfsháttu umboðsmanns barna og viðfangsefni hans. Af því má sjá að hlutverk umboðsmanns barna er í veigamiklum atriðum frábrugðið hlutverki umboðsmanns Alþingis og verður nú vikið að þessu nánar.

Við stofnun embættis umboðsmanns barna er kominn vettvangur fyrir börn þar sem þau eiga þess kost að geta beint og milliliðalaust leitað ásjár og liðsinnis sérstaks embættismanns sem talar þeirra máli og vinnur að hvers konar almennum velferðarmálum þeirra, málum sem snerta mörg börn, e.t.v. öll börn. Öllum er heimilt að leita til umboðsmanns með erindi sín. Væntanlega verða settar nánari reglur um þessi atriði en mjög mikilvægt er að börnum sé gert eins auðvelt fyrir í þessu efni og kostur er. Í Noregi er sérstakt símanúmer auglýst sem börn geta hringt í hvenær sem er og ýmist rætt við umboðsmanninn eða starfsmenn hans eða lagt inn skilaboð utan hefðbundins vinnutíma og fengið upphringingu.

En í frv. um umboðsmann barna hér á landi er gert ráð fyrir að hann geti tekið mál til meðferðar að eigin frumkvæði eða eftir ábendingu. Umboðsmanni barna er ætlað að hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna. Þetta er eitt af mikilvægustu hlutverkum umboðsmannsins. Hann skal koma á framfæri tillögum sínum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnsýsluhafa er varða börn sérstaklega. Þriðja atriðið lýtur að hutverki hans varðandi þjóðréttarsamninga en það er að stuðla að því eftir mætti að slíkir samningar er varða réttindi og velferð barna og fullgiltir hafa verið af Íslands hálfu séu virtir. Síðast en ekki síst skal umboðsmaður barna bregðast við telji hann að stjórnvöld, einstaklingar, félög og samtök einstaklinga hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum barna í samfélaginu. Þannig beinist starfsemi umboðsmanns barna hvort heldur er að einkaaðilum, löggjafa eða stjórnvöldum. Honum er þannig ætlað að hafa jákvæð áhrif á viðhorf almennings til barna og málefna þeirra ásamt því að hafa frumkvæði að gagnrýninni umræðu um stöðu þeirra og vera málsvari þeirra í hvívetna. Sést á þessu hve valdmörk umboðsmanns barna og umboðsmanns Alþingis eru ólík.

Þá er vert að gera sér grein fyrir því grundvallaratriði að umboðsmanni barna er ekki ætlað að fjalla um mál einstakra barna heldur vinna almennt að málefnum þeirra eins og áður hefur komið fram. Með frv. er þannig ekki ætlunin að hrófla við fjölmörgum lagafyrirmælum sem leggja ýmsar skyldur á herðar einstaklingum, stjórnvöldum eða stofnunum sem nálægt málefnum barna koma. Umboðsmanni barna er þannig svo dæmi sé tekið ekki ætlað að hafa afskipti af málum þar sem deila ríkir milli foreldra um forsjá barna sinna eða af annars konar ágreiningi einstaklinga í milli.

Löggjafinn hefur nú falið þetta verkefni ýmsum stjórnvöldum og stofnunum og við þeirri tilhögun verður ekki hróflað. Á hinn bóginn mundi umboðsmaðurinn í slíkum tilvikum leiðbeina aðilum sem til hans leituðu í þessu efni um þær leiðir sem færar eru innan stjórnsýslu, hjá dómstólum eða öðrum sem aðilar vildu leita til til að leysa ágreining.

Ef hugað er að því hvort hlutverk barnaverndarnefnda kunni að skarast við verksvið umboðsmanns barna er það vissulega rétt að í 1. mgr. 14. gr. laganna um vernd barna og ungmenna er ákvæði þess efnis að barnaverndarnefndir skuli setja fram tillögur og ábendingar um atriði sem stuðla að því að búa börnum góð uppeldisskilyrði og benda á félagsleg atriði sem séu andstæð því uppeldismarkmiði. Reyndin er sú að barnaverndarnefndir fást nær eingöngu við einstaklingsmál og hafa í reynd aldrei sinnt almennu hlutverki sínu sem ég vísaði til hér að framan en samsvarandi ákvæði hefur verið í lögum í áratugi. Þá ber einnig að hafa í huga að starfsemi barnaverndar er aðeins staðbundin og er því ekki ætlað að ná til annarra barna en búa í umdæmi nefndarinnar. Þar að auki er því ekki að leyna að starfsemi nefndanna um landið er afar örðug fyrir margra hluta sakir sem dregur verulega úr þeim möguleikum sem þessi staðbundnu yfirvöld kynnu að hafa til að hafa jákvæð áhrif á lífsskilyrði barna almennt.

Virðulegur forseti. Ég tel að öllum sé ljóst að mikið kemur til með að mæða á þeim einstaklingi sem embætti umboðsmanns barna mun gegna en margir hafa látið í ljós væntingar um stofnun embættisins. Sá sem því kemur til með að gegna verður að hafa til að bera hæfni, þekkingu og frumkvæði á fjölmörgum sviðum. Forsrh. er því vissulega vandi á höndum við

skipan í þetta embætti ef frv. þetta verður að lögum.

Ég hef nú farið yfir þau atriði sem máli skipta þegar ég mæli fyrir frv. til laga um umboðsmann barna. Ég þykist þess fullviss að með stofnun embættisins á Íslandi geti, ef vel tekst til, verið brotið í blað í réttindamálum barna hér á landi. Það er því von mín og trú þegar ég mæli fyrir frv. að það verði að lögum á yfirstandandi þingi og komist til framkvæmda frá og með 1. jan. 1995.

Virðulegur forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. Varðandi vísan til nefndar þá gæti vissulega verið um tvær nefndir að ræða, annars vegar félmn. og hins vegar allshn. Á undanförnum árum hafa frv. sem hér hafa verið lögð fyrir Alþingi um umboðsmann barna eftir því sem ég best veit verið vísað til allshn. þannig að eftir atvikum gæti ég á það fallist og legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. allshn.

[14:24]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Þegar frv. til laga um embætti umboðsmanns barna var fyrst flutt á Alþingi Íslendinga fyrir átta árum urðu ýmsir til að hrista höfuðið. Í linnulausri umræðu um vanda atvinnuveganna og efnahagsþrengingar þótti mál af þessu tagi harla tilgerðarlegt og dæmigert fyrir áhugasvið kvenna. Var ekki búið að börnum hér í landi eins og best varð á kosið? Var þörf á sérstöku embætti til að huga að málefnum barna? Kurteisustu menn sögðu nokkur vinsamleg orð og svæfðu málið síðan í nefnd.

Fjórum sinnum hefur 1. flm. þess frv. talað fyrir þessu máli og ber að geta allra þeirra hv. þm. sem voru meðflutningsmenn. Tel ég reyndar að þeim hefði mátt sýna þá háttvísi að geta þeirra í greinargerð með því stjórnarfrv. sem hér liggur fyrir. Á 109. löggjafarþingi flutti ég ásamt hv. þm. Jóhönnu Sigurðardóttur, Kristínu S. Kvaran og Hjörleifi Guttormssyni, frv. til laga um umboðsmann barna. Í greinargerð með því frv. þótti mér við hæfi að geta þess að nokkrum árum fyrr hafði hugmyndinni skotið upp í þáltill. sem hv. þm. Árni Gunnarsson hafði borið fram. Á 110. löggjafarþingi var frv. endurflutt og voru þá meðflutningsmenn hv. þm. Árni Gunnarsson og Hjörleifur Guttormsson en Kristín S. Kvaran var þá ekki á þingi.

Þegar málið var flutt í þriðja sinn voru meðflm. hv. þm. Árni Gunnarsson, Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, Þórhildur Þorleifsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Jón Kristjánsson. Og í fjórða sinn var frv. lagt fram á 115. löggjafarþingi og voru þá meðflutningsmenn hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, Jón Kristjánsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Öllum þessum hv. þm. þakka ég framlag þeirra til þessa máls.

Ýmsir hæstv. ráðherrar höfðu haft góð orð um að vinna að framgangi þessa frv. en minna varð úr efndum. Margsinnis hafði ég borið fram fyrirspurnir milli þess sem málið var flutt en lítið gerðist. Á 115. löggjafarþingi þegar ég flutti málið í fjórða sinn hlaut það loks afgreiðslu og var vísað til ríkisstjórnarinnar með vinsamlegum orðum um framkvæmd. Jafnframt hafði ég ítrekað spurst fyrir um staðfestingu Íslands á barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna en í honum er embætti sem þetta áskilið. Hann var loks staðfestur fyrir tveimur árum.

En það var ekki fyrr en málefni barna og unglinga fluttust yfir til félmrn. á síðasta ári að hreyfing komst á málið. Það er e.t.v. ekki tilviljun að það gerist þegar ráðherra þess ráðuneytis er kona. Hæstv. félmrh., Jóhanna Sigurðardóttir, skipaði nefnd til að fara yfir frv. og sú nefnd hefur nú lokið störfum og fyrir liggur nýtt frv. til laga um umboðsmann barna. Hæstv. félmrh. á virðingu skilda fyrir að hafa meiri skilning á þessu máli en forverar hennar og fyrir það ber að þakka.

Hið nýja frv. er í meginatriðum samhljóða hinum fyrri. Meginmarkmið beggja er að tryggja réttindi barna í samfélaginu og að tillit sé tekið til hagsmuna þeirra þegar stjórnvaldsákvarðanir eru teknar. Breytingar á frv. nú eru fremur tæknilegs eðlis. Í hinum fyrri frv. var ráð fyrir því gert að Alþingi kysi umboðsmanninn, í hinu nýja að forseti Íslands skipi hann að tillögu forsrh. Benda má á að umboðsmaður Alþingis heyrir beint undir Alþingi sjálft og sú spurning hlýtur að vakna hvers vegna hið sama gildir ekki eða skal ekki gilda um umboðsmann barna.

Í hinum fyrri frv. var gert ráð fyrir því að umboðsmaður hefði sérþekkingu á sviði uppeldismála en í hinu nýja er ekki ákvæði um það heldur skal hann hafa háskólapróf og sé hann ekki löglærður skal starfa með honum lögfræðingur. Ég leyni því ekki að mér falla betur eigin tillögur og það kæmi mér ekki á óvart þó að þessi atriði í hinu nýja frv. mæti andstöðu þegar til afgreiðslu kemur. En á þessu stigi máls kýs ég að leggja það í hendur þeirrar hv. nefndar sem um málið mun fjalla og þeirra umsagnaraðila sem fá um það að segja.

Ég mun því ekki gera frekari athugasemdir við efni frv. nú en fagna því að það er fram komið.

Í greinargerð með frv. mínu er það var flutt í fyrsta sinni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fáir deila um að við löggjöf þjóðarinnar skuli tillit tekið til þarfa allra þegna þjóðfélagsins svo að þeir megi allir þrífast sem best í landi okkar, ungir sem aldnir. Því síður deila menn um mikilvægi þess að vel sé í haginn búið fyrir þá sem eru að vaxa úr grasi og eiga að erfa landið, eins og menn orða það á hátíðastundum. Ljóst má þó vera að börnin sjálf eru ekki á sama hátt í stakk búin til að fylgja eftir sjálfsögðum mannréttindum sínum í samfélaginu og hinir sem eldri eru og þroskaðri. Aðbúnaður allur og uppvaxtarskilyrði þeirra eru á ábyrgð okkar hinna fullorðnu. Það er því ekki úr vegi að löggjafarsamkoma þjóðarinnar hugi af alvöru að því hvernig henni hafi farist það úr hendi að tryggja börnum landsins þau skilyrði til vaxtar og þroska sem ýmis lög mæla fyrir um og talin eru hornsteinn framtíðarþjóðfélagsins. Flutningsmenn þessa frv. hafa leitast við að gera sér grein fyrir þeirri þróun sem nú á sér stað og því miður orðið alvarlega uggandi um þann jarðveg sem hinni vaxandi kynslóð er búinn. Því er þetta frv. flutt.

Íslenska þjóðin hefur tekið stærra stökk til gerbreyttra þjóðfélagshátta á síðustu hálfri öld en nokkru

sinni fyrr í sögu þjóðarinnar. Fullvaxta fólk sem lifði þá þjóðfélagsbyltingu, sem átti sér stað á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina og staðið hefur síðan, hefur tíðum átt fullt í fangi með að fóta sig í þessari gjörbreyttu tilveru og í því umróti verður því varla mótmælt að börn og aldrað fólk urðu þar verst úti, enda urðu þeir hópar að treysta málsvörum sem vart höfðu ráð á sinni eigin tilveru í nýju og gjörbreyttu samfélagi. Fjölskyldan, með heimahúsmóður sem hlynnti að börnum og hinum öldruðu, leið undir lok í þessu nýja þjóðfélagi þegar húsmæður voru kallaðar til launavinnu utan heimilisins en samfélagið kom einungis að mjög litlu leyti til móts við nýjar og áður óþekktar þarfir hinna „óarðbæru" hópa, barnanna og hinna öldruðu. Þar hafa stjórnvöld brugðist og svo er enn. Er nær sama hvert litið er. Á öllum sviðum eru lífsskilyrði þessa helmings þjóðarinnar sýnilega verri en annarra."

Hæstv. forseti. Þótt þessi orð hafi verið skrifuð fyrir átta árum hygg ég að þau séu enn í fullu gildi. Við sjáum hvernig hefur hert að grunnskólanum og það er sorgleg staðreynd að á sama tíma og æ stærri hluti uppeldis barna er lagður á herðar kennara er svo kreppt að skólanum og kennurunum að torvelt er orðið að manna grunnskólann. Afleiðingar þessa ástands geta orðið geigvænlegar ef ekki er spyrnt við fótum.

Sömu sögu er að segja um forskólann eða dagvistarstofnanirnar. Árið 1981 flutti ég brtt. við lög um byggingu og stofnun dagvistarheimila og brtt. hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Gerð verði starfsáætlun á vegum menntmrn. er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila er að uppeldis- og skólamálum vinna."

Þessi brtt. var samþykkt og skipuð var nefnd sem gekk frá ítarlegri starfsáætlun þar sem gert var ráð fyrir að það markmið næðist að dagvistarþörfin yrði leyst á 10 árum. En nú er svo komið að mikið vantar á að sérmenntað fólk fáist til starfa á dagvistarheimilunum og æ færri setjast nú í Fósturskóla Íslands m.a. vegna bágra launakjara en án efa einnig vegna skilningsleysis stjórnvalda á mikilvægi fóstrustarfsins. Og við þetta búum við enn. Íslendingar búa við það sérkennilega ástand eins og hæstv. félmrh. kom inn á hér áðan að slysatíðni á ungum börnum í landinu er mun hærri en nokkurs staðar annars staðar og það er okkur vart til sóma en það liggur fyrir að allar samgönguleiðir eru miðaðar við að bifreiðar komist um þær en minna tillit tekið til gangandi fólks eða barna og hinna öldruðu. Það er satt að segja óhugnanleg sjón að sjá börn og unglinga á reiðhjólum í umferðarhringiðunni á götum Reykjavíkur og ekki síður börn að leik á gangstéttum án þess að eftirlit sé með þeim haft. Íslensk börn eru eftirlitslaus í langtum meira mæli en þekkist í nágrannalöndum okkar vegna langs vinnudags foreldra og enn viðgengst að lítil börn séu á ferð í skammdegismyrkri og óveðrum langan veg til og frá skóla enda tala skýrslur um slys á börnum sínu máli. Og það er satt að segja undarlegt að við verðum vör við það að æfingar í knattspyrnuliðum þar sem ung börn taka þátt geta farið fram kl. hálfníu á kvöldin yfir vetrartímann og getur hver sagt sér sjálfur hvaða áhrif þetta kann að hafa.

Ekki verður betra fyrir þegar litið er til menningarmálanna. Menningarmál barna hafa af einhverjum undarlegum ástæðum ævinlega verið hornreka á ýmsum sviðum. Ríkisfjölmiðlarnir hafa hvorki fengið fé né aðstöðu til að vinna gott og vandað efni fyrir börn. Á sama tíma og ríkisfyrirtæki jafnt sem einkafyrirtæki eyða milljörðum í auglýsingar í þessum fjölmiðlum er lítið hirt um að leggja fé í hollt og gott efni fyrir börn. Afskræmd lífssýn auglýsingaheimsins er reyndar það efni sem börn horfa mest á eða hlýða á og má ímynda sér hversu uppbyggileg sú innræting er óþroskuðum börnum. Unglingaþættir snúast nær eingöngu um þá dægurlagatónlist sem efst er á baugi hverju sinni og er kynning hennar gjarnan gerð eins afkáraleg og menn hafa hugmyndaflug til. Börn eru sjaldan spurð um afstöðu til ýmissa mála er þau sjálf varða í fréttatímum eins og títt er um hina fullorðnu. Því síður eru þau tekin tali í þáttum um list og menningu. Þó má virða það sem gert er og vil ég þakka Hermanni Gunnarssyni fyrir að hann leyfir börnum að koma fram í þeim þáttum sem hann hefur annast við miklar vinsældir um langt árabil og er það honum svo sannarlega til sóma og þetta er skemmtilegt efni og ekki síst það efni sem menn hafa gaman af í hans annars ágætu þáttum.

Við höfum öll séð hvernig erlent fjölmiðlaefni hellist yfir okkur hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Börn sem eru ein heima horfa gagnrýnislaust á það sem fyrir þeim verður og fyrir nokkrum dögum benti ég á hér og hef reyndar átt um það viðræður við hæstv. félmrh. að Kvikmyndaeftirlit ríkisins var nánast lagt niður með lögum sem féllu úr gildi þegar ný lög um vernd barna og unglinga voru lögleidd. En í lögunum um vernd barna og unglinga frá árinu 1966 var ákvæði um skoðun kvikmynda en þegar ný lög tóku gildi var þessi kafli felldur úr með þeim rökum að ástæða væri til að setja um Kvikmyndaeftirlitið sérstök lög. Gallinn er einfaldlega sá að það hefur ekki verið gert þannig að kvikmyndaskoðun hefur ekki lagastoð eins og er og lögin um ofbeldiskvikmyndir gerðu ráð fyrir að einmitt þessi sama nefnd sem vinna skyldi samkvæmt umræddum VI. kafla laga um vernd barna og unglinga skuli einnig annast skoðun kvikmynda varðandi þau lög, en það segir sig sjálft að það getur Kvikmyndaeftirlitið ekki gert þar sem það hefur ekki lengur stoð í lögum og vænti ég að úr þessu verði bætt sem allra, allra fyrst.

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að það fer að líða að því að tími minn sé búinn. En þeir sem stundum leggja leið sína í grunnskóla landsins verða varir við að kennarar hafa áhyggjur af þroska íslenskra barna og ekki hvað síst málþroska. Kjör barna eru auðvitað að öllu leyti samtvinnuð kjörum annarra landsmanna, m.a. og ekki síst foreldra barnanna og ömmunnar og afans sem eru nú því miður venjulega fjarri heimilinu og hafa því sáralítið sem ekkert samneyti við börnin. Og það segir sig sjálft að börn læra því einungis málið að það sé fyrir þeim haft og kennarar hafa af því miklar áhyggjur að málþroska barna fari óhugnanlega hrakandi.

Í Morgunblaðinu 24. nóv. 1991 er ítarlegt viðtal við Ragnheiði Briem, doktor í kennslufræði og kennara í íslenskum málvísindum við Menntaskólann í Reykjavík. Þar segir Ragnheiður um þetta efni, með leyfi hæstv. forseta:

„Móðurmálskunnáttu Íslendinga, einkum ungu kynslóðarinnar, er áfátt. Þetta lýsir sér þannig að ungt fólk á æ erfiðara með að tjá hugsanir sínar, bæði munnlega og skriflega. Orðaforði hefur rýrnað mjög svo að nú skilja nemendur ekki mál sem lá ljóst fyrir jafnöldrum þeirra fyrir tveimur áratugum. Þetta veldur m.a. því að kennarar þurfa að eyða dýrmætum tíma í að þýða ósköp venjulegar námsbækur á hálfgert barnamál ef efni þeirra á að komast til skila. Enskuslettum hefur fjölgað, kunnátta í beygingafræði er í molum, ritleikni, þar með talin réttritun, er á svo lágu stigi að mikill hluti framhaldsskólanema getur alls ekki talist sendibréfsfær."

Þetta eru stór orð. Ég er því miður hrædd um að þau séu rétt og síðast fyrir nokkrum dögum var ég nokkra klukkutíma í skóla hér ekki langt frá og þar kom fram í samræðum við kennara að málþroski barna sé umtalsvert áhyggjuefni, börnin skilji ekki einföldustu orð, horfi enda allt of mikið á erlent kvikmyndaefni, oftast ein án þess að eiga kost á nokkrum skýringum á því sem fyrir augun ber. Lestri barna hnignar heldur þó að vissulega séu mörg börn enn þá dugleg að lesa. En það sem háir ungum börnum fyrst og fremst við að leggja í að lesa bækur er að orðaforði þeirra er svo naumur að þó að þau geti sett orðin saman þá skilja þau ekki merkingu þeirra. Og ég held að menn verði að gera sér ljóst að hér verður að gera umtalsvert átak. Vissulega hefur kennarastéttin, þetta hugsjónafólk sem sér um börnin okkar og fær svo sem varla boðleg laun fyrir, þetta fólk hefur beitt sér fyrir lestrarátaki og gert allt sem í þess valdi stendur til að hvetja börnin til þess að lesa og læra og skrifa en það dugir auðvitað ekki til. Kennarar geta ekki alið börnin upp fyrir okkur. Það hlýtur auðvitað alltaf að vera takmarkað sem kennarar ráða við og þess vegna hefur allt of langur vinnudagur og allt of lág laun skelfileg áhrif á öll þrif barna landsins sem eru því miður allt of lítið með foreldrum sínum.

Virðulegi forseti. Svona mætti auðvitað halda áfram lengi. En Íslendingar ættu að varast að ganga með þær grillur að öllum íslenskum börnum líði vel, að íslensk börn þrífist vel. Það hefur margkomið fram í svörum við fyrirspurnum hér á hinu háa Alþingi og man ég þá eftir fyrirspurn frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur, hv. 3. þm. Norðurl. e. og jafnframt fyrirspurnum frá hv. 4. þm. Suðurl., Margréti Frímannsdóttur, um ýmislegt er varðar börn og barnavernd og það eru ekki fallegar lýsingar sem koma fram í þeim svörum. Kennari einn sagði nýlega við mig: Ég vildi að þið niðri á Alþingi vissuð hvað mörgum börnum í þessu landi líður illa.

Ég vona, hæstv. forseti, þó að ég geri mér ljóst að umboðsmaður hversu ágætur sem hann verður getur ekki leyst öll vandamál íslenskra barna, þá vona ég samt að þetta embætti geti orðið til þess að opna augu manna fyrir því að fjórðungur landsmanna eru börn undir 18 ára aldri, börn og unglingar, og það erum við sem berum ábyrgð á þessu fólki. Ef við gerum það ekki gerir það enginn annar og um leið og ég þakka hæstv. félmrh. fyrir að hafa nú loksins borið þetta mál fram sem stjfrv., ætla ég að vona að það nái því nú loksins að verða að lögum á þessu þingi þó að einhverjar breytingar verði gerðar á því. Hv. þm. ætti að vera vorkunnarlaust að koma þessu máli út úr þinginu á þessu þingi og ég vona svo sannarlega að það megi verða til þess að við búum betur að börnunum okkar heldur en við höfum gert hingað til.

[14:44]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju með það að þetta frv. er fram komið sem stjfrv. á hv. Alþingi og vonast til þess að okkur takist að afgreiða það sem lög frá Alþingi nú fyrir vorið.

Eins og hér hefur komið fram er ekki um nýja hugmynd að ræða. Bæði er að áður hafa verið lögð fram frumvörp að frumkvæði hv. 14. þm. Reykv. og eins hitt að nágrannaþjóðir okkar, frændur okkar á hinum Norðurlöndunum, hafa tekið upp fyrirkomulag í líkingu við það sem hér er lagt til.

Hér er verið að tala um umboðsmann fyrir fjölmennasta aldurshóp þjóðfélagsins eða tæp 30% af þjóðinni sem eru einstaklingar undir 18 ára aldri. Það er því ljóst að hér er um gífurlegt verkefni að ræða og ég sé fyrir mér mjög mikið umfang og mikið starf því það er víða pottur brotinn þegar litið er til réttinda og hagsmuna barna.

Í 3. gr. frv. eru ákvæði um hlutverk umboðsmanns, þ.e. er að fjalla um málefni barna á breiðum grundvelli en ekki um einstaka mál. Því sinna aðrir í þessu þjóðfélagi, svo sem barnaverndarnefndir. En þó segir í 4. gr. að öllum sé heimilt að leita til umboðsmanns barna með erindi sín og þess vegna sé ég fyrir mér að þarna komi upp einhver misskilningur og fólk í landinu álíti kannski að umboðsmaður sé aðili sem eigi að taka við klögumálum sem varða einstaka fyrirbæri. Þess vegna velti ég því fyrir mér hvort það sé ástæða til að fara yfir það í nefndinni að þessi ákvæði verði gerð skýrari.

Það eru nú sex ár frá því að embætti umboðsmanns Alþingis var komið á fót og ég held að það séu allir sammála um að það hafi reynst mjög vel. Umsvifin hafa stóraukist og eitthvað af þeim verkefnum sem þar hafa verið unnin tengjast einmitt börnum og þess vegna dettur mér í hug að það að samþykkja þetta frv. verði til þess e.t.v. að létta eitthvað á þeim verkefnum sem þar liggja fyrir og er það vel því að umsvif þar eru meiri í sjálfu sér en starfsmenn ráða við með góðu móti.

En eins og kemur fram í frv. eru börn áhrifalaus hópur hvað snertir áhrif á gerðir stjórnvalda og það er því mjög mikilvægt að óháður aðili hafi það hlutverk að koma á framfæri málefnum sem snerta velferð barna og réttindi og að farið sé að lögum hvað varðar hagsmuni þeirra.

Eins og hér hefur komið fram hjá hæstv. félmrh. eru aðstæður barna á Norðurlöndum tiltölulega góðar eða

við viljum halda því fram a.m.k. þegar borið er saman við ýmsa heimshluta en ég er mjög smeik um að aðstæður barna á Íslandi séu á margan hátt lakari en á hinum Norðurlöndunum. Þar kem ég einmitt að skólamálum og dagvistarmálum. Við höfum verið svo að ekki sé meira sagt heldur sein að koma þeim málum í viðunandi horf hjá okkur og það má ekki dragast mikið lengur að hér verði komið á samfelldum skóladegi og skólamáltíðum og það að foreldrar geti verið óruggir um að koma börnum sínum á leikskóla. Þetta veldur miklu öryggisleysi hjá fólki og félagslegum erfiðleikum sem af því leiða.

Fjölskyldumál hafa ekki verið mjög fyrirferðarmikil á hv. Alþingi en þó veit ég til þess að um 1980 lögðu tveir framsóknarmenn fram þáltill. um úrræði í málefnum fjölskyldunnar. Þar held ég að hafi í fyrsta skipti komið fyrir í þingskjölum Alþingis orðið „fjölskyldupólitík" sem er náttúrlega ekki fallegt orð en er mikið notað í sambandi við málefni fjölskyldunnar.

Það kemur fram í greinargerð með þessu frv. að það hafi skort á heildstæða fjölskyldustefnu hér á landi og ég held að það sé alveg rétt. Nú veltir maður því fyrir sér á ári fjölskyldunnar hvað hæstv. ríkisstjórn hyggst fyrir í þeim efnum að gera átak til að bæta úr hvað snertir málefni fjölskyldunnar. Og reyndar finnst mér að lykillinn ætti að vera sá að hugsa þjóðfélagið meira út frá fjölskyldunni en ekki öfugt. Ekki að fjölskyldan sem slík sé afgangsstærð sem eigi bara að reddast, hennar málefni eigi bara að reddast.

Ég tók lítillega þátt í ráðstefnu sem hér var haldin að frumkvæði hóps sem vinnur á vegum félmrh. að málefnum fjölskyldunnar og mér er sagt að þar hafi margt komið fram fróðlegt en ég veit líka að það voru ýmsir sem söknuðu þess að fá ekki að heyra þar meira um stefnu ríkisstjórnarinnar á ári fjölskyldunnar hvað snertir málefni fjölskyldunnar.

Ég vil segja hér eins og kom reyndar fram hjá síðasta ræðumanni að skólamálin eru manni ofarlega í huga og ég sé það alveg fyrir mér að það geti orðið árekstrar á milli umboðsmanns barna og stjórnvalda. Umboðsmaður barna starfar algerlega sjálfstætt miðað við þetta frv. Það hlýtur að koma til hans kasta þegar verið er að spara og draga saman í skólakefinu og fækka kennslustundum og annað slíkt. Ég veit ekki hvað stjórnvöld koma til með að gera mikið meira með ábendingar frá umboðsmanni barna en öðrum einstaklingum í þessu þjóðfélagi því ekki kemur hann í sjálfu sér til með að hafa nokkurt vald ef ég skil þetta rétt.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að umboðsmaður heyri undir forsrn. og hæstv. ráðherra kom inn á það í sinni framsögu sem kom mér mjög á óvart þegar ég las þetta frv. Ég skal svo sem ekki fullyrða að það sé verra en Noregur hefur fyrst og fremst verið hafður til hliðsjónar við gerð frv. sem fyrirmynd. En þar heyra þessi málefni undir barna- og fjölskylduráðuneyti. Þannig að ég held að hv. nefnd hljóti að fara yfir það og reyna að átta sig á því hvort þetta séu réttar tillögur sem hér eru settar fram.

En ég tek undir það sem kemur fram í 2. gr. frv. að embættið kemur til með að mótast af þeim embættismanni sem gegnir því hverju sinni. Það er því gífurlega mikilvægt að vel takist til við ráðningu. Ég get tekið undir það að það mæðir mikið á þeim einstaklingi sem embættið hlýtur. Við vonum það svo sannarlega, við eigum marga hæfa einstaklinga í þessu þjóðfélagi, að vel takist til um ráðningu. Ég er það bjartsýn, hæstv. forseti, að ég geri mér vonir um að þetta frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi, á ári fjölskyldunnar.

[14:54]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. félmrh. fyrir að flytja þetta frv. og efna þar með fyrirheit sem hún gaf á ráðstefnu Barnaheilla fyrir u.þ.b. tveimur árum síðan um að það yrði úr því að stofna þetta embætti. Ég vona sannarlega að þetta frv. verði að lögum á yfirstandandi þingi. Ég vil einnig þakka hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir þrautseigju hennar við að halda þessu máli til streitu þing eftir þing með það nú sem uppskeru að það er komið fram stjfrv. um að stofna embætti umboðsmanns barna.

Þetta eru mjög mikilvægir áfangar og ég hef þá trú að það sé þingstyrkur og þingmeirihluti fyrir þessu frv. Varðandi þá útfærslu sem við lítum hér þá mun allshn. væntanlega hafa tækifæri til að fjalla um það. En mér þykir ýmislegt mjög merkilegt og ljómandi gott þar en þetta kallar vissulega á nokkra skoðun til að átta sig sérstaklega á því hvaða möguleika umboðsmaður barna getur haft til að framfylgja sinni niðurstöðu. Því hlutverkið sem honum er lagt á herðar er æði mikilvægt.

Ég vil í fyrsta lagi geta þess að ég er sátt við þá skilgreiningu sem fram kemur í 1. gr. þessa frv. þar sem skilgreining á barni á við einstakling allt að 18 ára að aldri. En það er nokkur misbrestur í löggjöf okkar á því að það sé samræmi þarna á milli og m.a. eru ýmis ákvæði er varða heill og hag barna og unglinga enn þá eftir þar, t.d. varðandi vinnuverndarákvæði þar sem börn og ungmenni eru skilgreind upp að 15 og 16 ára aldri og einnig er að finna ágalla í fleiri lögum þar sem þessa misræmis gætir. Þetta á líka við um ákveðnar skyldur samfélagsins gagnvart börnum og ungmennum og það er kannski ekki minna um vert. En þetta kom einmitt mjög glöggt fram þegar rætt var um staðfestingu barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem við sem betur fer staðfestum þann 27. nóv. 1992.

Þetta eru atriði sem annað tveggja verður að taka á nú þegar og fara í gegnum eða nýta það tækifæri sem fæst í gegnum stofnun embættis umboðsmanna barna. Vegna þess að það er hluti af hlutverki hans eins og stendur í b-lið 3. gr. þessa frv. að koma á framfæri tillögum um úrbætur á réttarreglum og fyrirmælum stjórnsýsluhafa er varða börn sérstaklega. Ég sé því út af fyrir sig ekki annað en það ætti að vera grundvöllur fyrir því að kippa slíkum málum í liðinn. En þetta er nokkur brotalöm í okkar lagasetningu enn sem komið er. Það gætir líka ákveðins misræmis á milli lagabálka og þetta er verk sem þarf að vinna. Og ég vonast til þess að verði þetta frv. að lögum á þessu þingi, sem ég bæði vona og trúi að verði, þá muni verða

gengið í þetta mál af röskleika.

Annað atriði sem mér þykir ekki síður skipta máli er það ákveðna hlutverk sem kemur fram í d-lið 3. gr. þessa frv. þar sem umboðsmanni er ætlað að bregðast við telji hann að stjórnsýsluhafar, einstaklingar eða félög og samtök einstaklinga hafi með athöfnum sínum eða athafnaleysi brotið gegn réttindum, þörfum og hagsmunum barna í samfélaginu. Varðandi athafnir og athafnaleysi þá vil ég sérstaklega taka fram og fylgja eftir því sem hv. seinasti ræðumaður nefndi um aðstöðu barna og unglinga í skólum og leikskólum en þar má segja að með ákveðnu athafnaleysi hafi stjórnvöld brotið gegn mannréttindum barna, a.m.k. eins og sú skilgreining er sem ég tel að við hljótum að hafa að leiðarljósi og skín í gegnum þetta frv. m.a. Raunar eru þau barnalög og barnaverndarlög sem hafa verið samþykkt á allra seinustu árum í sömu átt að það er gert ráð fyrir að hagsmunir barna skuli vera hafðir að leiðarljósi og það á þá ekki einungis við um aðgerðir sem sérstaklega snúa að börnum heldur einnig aðgerðaleysi. Þetta finnst mér ákaflega mikilvægt mál og ég held að þetta sé hlutverk sem ef vel tekst til verði e.t.v. það mikilvægasta sem slíkur umboðsmaður hafi með höndum.

Það er mikið verk að vinna fyrir þann aðila sem fær þetta mikilvæga hlutverk og gerir það að starfi sínu. Ég get ekki annað en tekið undir með þeim ræðumönnum sem hér hafa talað á undan að það er mjög sorglegt að við skulum ekki gera betur við börnin okkar að við skulum búa við þá staðreynd að aðstæður barna í landinu eru lakari en aðstæður barna í nágrannalöndum okkar. Þetta er staðreynd sem hæstv. ráðherra nefndi í ræðu sinni og aðrir hafa jafnframt fylgt eftir.

Það er líka sérstakt hér á landi að aðstæður fjölskyldunnar hafa ekki verið sem skyldi til umræðu. Ég vona að á því verði bragarbót á ári fjölskyldunnar. En því miður erum við á byrjunarreit í þessari umræðu. Og það er ekki hægt að bíða öllu lengur en til stundarinnar í dag til að bæta þar úr því við búum við það að samfélagið verður sífellt flóknara. Kröfurnar sem gerðar eru til barna og fullorðinna verða sífellt meiri og aðstaðan eins og ástandið er í samfélaginu í dag er ekki til að einfalda málið. Þannig að það er ekki einungis það atriði sem hér hefur verið komið inn á varðandi slys á börnum, bæði í umferð og í heimahúsum, og vímuefnavanda sem er vaxandi. Þarna er líka um að ræða aðstæður í skólum og þá á ég bæði við þennan stutta skóladag sem við búum við og einnig aðstæður á skólatíma, bæði við nám og utan kennslustunda, þar sem við höfum nú horft upp á vaxandi ofbeldi gagnvart börnum, ofbeldi barna í garð annarra barna, einelti í skólum og einnig hafa verið hryggileg dæmi um sjálfsvíg barna og ungmenna. Þetta eru allt atriði sem ég get ekki séð annað en falli undir hlutverk umboðsmanns barna að reyna að koma með tillögur um úrbætur um. Ég held að við verðum bæði að leita í þann reynslubrunn sem skapast hefur t.d. í Noregi þar sem Trond-Viggo Torgersen hefur gegnt stöðu umboðsmanns barna um nokkurra ára skeið en hann kom einmitt á þá ráðstefnu Barnaheilla sem ég gat um í upphafi máls míns. Það var mjög fróðlegt að heyra á hvaða mál hefur reynt hjá Norðmönnum. En við verðum jafnframt að líta sérstaklega á íslenskt samfélag og þau sérístensku vandamál sem ég sé fyrir mér að taka verður á og þá staðreynd að við erum skemmra komin að mörgu leyti en mörg nágrannalönd okkar.

Það eru tvær tillögur sem ég vil sérstaklega gera að umtalsefni sem varða þann málaflokk sem hér er til umfjöllunar en þær hafa báðar verið samþykktar og afgreiddar frá Alþingi. Önnur var samþykkt veturinn 1989–1990 og varðaði ofbeldi í myndmiðlum. En þetta er vandamál sem er vaxandi umræða um og skilningur á. Ég held að það sé vonum seinna að fara að taka á því að taka þau teikn alvarlega sem eru á lofti um að ofbeldi í myndmiðlum hafi neikvæð áhrif, ekki síst á áhrifagjörn börn og unglinga. En Alþingi hefur þegar lýst yfir vilja sínum með því að samþykkja tillögu sem hv. þm. Guðrún Agnarsdóttir var 1. flm. að, sem þá var fyrir Kvennalistann. Þessu þarf að sjálfsögðu að fylgja eftir.

Í fsp. um þetta mál sem ég bar fram hér í vetur kom fram að það er ekki mjög mikið sem hefur verið gert í þessum málum þrátt fyrir allt. En vonandi verða þau fyrirheit, sem voru gefin um úrbætur, að einhverjum veruleika innan skamms vegna þess að hér er um vaxandi framboð á myndefni að ræða og því miður enn þá vaxandi ofbeldi. T.d. má taka að Norðmenn sem hafa beitt sér mjög fyrir því að reyna að taka á vandamálum, svo sem einelti í skólum, hafa horfst í augu við að sá árangur sem þeir hafa náð hefur meira og minna farið í vaskinn og kenna ekki síst vaxandi ofbeldi í fjölmiðlum í Noregi um það. Þannig að ég held að við getum skoðað þessi teikn mjög vel og reynt að draga lærdóm af.

Hin tillagan sem ég ætla að víkja að er um átak gegn einelti sem Alþingi hefur samþykkt að gera. En það er sömu sögu að segja þar og varðandi ofbeldi í myndmiðlum að það hefur ekki verið tekið sem skyldi á því að fylgja þessari tillögu eftir. Þar þarf einnig að gera betur. Ég sé ekki annað en að umboðsmaður barna geti vísað til þessara samþykkta í starfi sínu og reynt að halda mönnum við efnið því það virðist ekki veita af.

Það er ljóst af þeirri umræðu sem hefur verið hér í dag að alla vega þeir sem hafa tjáð sig eru mjög hlynntir efni þessa frv. Þetta er stjfrv. þannig að ég geri ráð fyrir að frv. njóti fulls og óskoraðs stuðnings stjórnarþingmanna enda ekki ástæða til að ætla annað. Ég fagna því að fá tækifæri til að koma að því að vinna að þessu máli innan allshn. því þótt nefndin sé störfum hlaðin held ég að þetta sé slíkt forgangsverkefni að það sé full ástæða til að taka myndarlega á og sjá til þess að frv. verði að lögum áður en við ljúkum störfum í vor.

[15:08]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil fagna framkomu þessa frv., tel að það sé tímabært að við ræðum þetta á þeim forsendum sem hér eru kynntar og það sé í anda þeirra starfa sem við höfum unnið hér á Alþingi sem situr þetta

kjörtímabil því við höfum á þinginu tekið afstöðu til málefna barna, sérstaklega á þinginu 1991–1992 þegar við samþykktum barnalög, lög um vernd barna og ungmenna, og veittum einnig heimild til að barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna yrði fullgiltur af Íslands hálfu. Það liggur einnig fyrir, frú forseti, að á þessu kjörtímabili verða væntanlega tekin til umræðu á þinginu frv. til laga um leikskóla, frv. til laga um grunnskóla og frv. til laga um framhaldsskóla. Þannig að á þessu kjörtímabili komum við væntanlega til með að fjalla um efnisþætti sem snerta hag barna í hinum víðtækasta skilningi. Í máli manna hefur einnig komið fram að ástæða sé til þess á hinu háa Alþingi að velta fyrir sér úrræðum til að vernda rétt barna þegar um er að ræða ofbeldiskvikmyndir eða annað óæskilegt efni í fjölmiðlum. Og vafalaust munu menn koma fram með tillögur um slíkt og við geta rætt slík mál. Ég tel því að við þingmenn sem sitjum hér höfum haft tækifæri til að fjalla efnislega um réttindi barna og munum fá frekari tækifæri til þess miðað við þær hugmyndir sem uppi eru um framlagningu frv. á Alþingi. Þetta frv. sem við erum að ræða nú fjallar ekki beint um efnislegan rétt barna heldur úrræði til að tryggja að þessa réttar sé gætt. Ég held að það sem fram hefur komið í máli manna á undan mér sýni glögglega að hugmyndin um sérstakan umboðsmann barna á rétt á sér og hefur skilað árangri í framkvæmd í ýmsum löndum eins og getið hefur verið.

Það kom fram í máli hæstv. félmrh. að þeirri nefnd sem hann skipaði 13. sept. 1993 hafi verið nokkur vandi á höndum varðandi, ef þannig má orða það, stjórnsýslulegan þátt þessa máls eða formlega hlið þessa máls. Í frv. er leitast við að fara sérstaka leið, ef við lítum á íslenska stjórnkerfið, og skipa umboðsmanni barna sess stjórnvalds án þess þó að æðri stjórnvöld hafi annað eftirlit með störfum stjórnvaldsins en eftirlit með fjárreiðum embættisins eins og segir í 8. gr. frv. Hvernig þetta gengur upp í raun er unnt að hafa efasemdir um og m.a. ástæða, finnst mér, að skoða nákvæmlega í þeirri nefnd sem fær frv. til meðferðar.

Þar sem þetta fjallar fyrst og fremst um skipan nýs stjórnvalds sem heyrir undir forsrh. samkvæmt frv. finnst mér eðlileg sú tillaga, sem hæstv. félmrh. gerði í lok máls síns, að frv. verði vísað til hv. allshn. til meðferðar í þinginu. Þótt ég taki undir það með hv. 9. þm. Reykn. að nefndin sé mjög störfum hlaðin þá verður að vona að unnt reynist að vinna þetta mál á þeim fáu vikum sem eftir eru af þinginu og það komist í þann búning sem þingmenn geta sætt sig við. En mér finnst mikilsverðast að málið er komið fram og það er kominn vilji ríkisstjórnarinnar og þeirra sem að ríkisstjórninni standa til að ná því fram.

Hitt hlýtur að vera meginatriði að frá formlegum þáttum málsins sé gengið þannig að ekki sé neinn vafi um réttarstöðu umboðsmannsins og stöðu hans innan stjórnkerfisins. Ég vil leggja áherslu á það atriði því ég tel að við séum ekki hér að fjalla beinlínis um efnisleg réttindi heldur hina formlegu hlið, gæslu réttinda í nafni barna, og ég tek undir að það þjónar þeim tilgangi að bæta hag barna í samfélaginu að koma á slíkri skipan að unnt sé að leita til ákveðins aðila í stjórnkerfinu sem tekur upp málefni barna.

Það vekur athygli mína í þessu sambandi að þar er notað hugtak sem ég hef ekki séð áður í lagafrv. og er ekki í samræmi við það sem kemur fram í stjórnsýslulögunum. Það er talað um stjórnsýsluhafa. Á nokkrum stöðum er þetta hugtak notað en í stjórnsýslulögunum er almennt talað um stjórnvöld og síðan stjórnsýslunefndir. Ég leit þannig á að þegar frá stjórnsýslulögunum var gengið þá hefðu menn komist að þeirri niðurstöðu að nota orðið stjórnvöld um þá aðila sem hér eru nefndir stjórnsýsluhafar. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvort þetta sé réttur skilningur eða hvort þarna sé farið inn á nýjar brautir og það sé verið að ræða um eitthvað annað en það sem við köllum stjórnvöld og kölluð eru stjórnvöld í stjórnsýslulögunum.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra nánar út í hugmynd ráðherrans um stöðu umboðsmanns barna í stjórnkerfinu. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að það bæri að líta á umboðsmanninn sem stjórnvald sem skipað er að tillögu forsrh., en síðan er tekið fram, eins og ég sagði áður, að forsrn. skuli hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Í greinargerð með frv. segir um 8. gr.:

„Til að tryggja sjálfstæði umboðsmanns barna er þó forsrn. eingöngu ætlað að hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Um boð- eða eftirlitsvald af hálfu ráðuneytisins er því ekki að ræða. Fyrirsjáanlegt er að tillögur, ábendingar eða gagnrýni umboðsmanns barna geta beinst að ríkjandi stjórnvöldum á hverjum tíma og því er umboðsmanni barna nauðsyn á sjálfstæði í starfi."

Ég vil spyrja hæstv. félmrh.: Felst í þessum hugleiðingum í greinargerðinni að það sé ógerlegt fyrir aðila að kæra ákvörðun umboðsmanns barna eða niðurstöðu hans eins og annarra stjórnvalda? Er verið að taka embættið út úr hinni hefðbundnu skipan stjórnvalda sem við höfum sett með stjórnsýslulögunum t.d.? Það er þessi staða sem mér finnst að þurfi að vera mjög skýr varðandi þetta embætti. Þegar við erum að setja á fót embætti sem á að gæta réttinda barna finnst mér mjög mikilvægt fyrir Alþingi að ganga þannig frá málum að það ríki enginn vafi um valdsvið þessa mikilvæga embættis. Hér hefur komið fram hjá hv. 14. þm. Reykv., sem hefur jú fylgt þessu máli eins og margoft hefur komið fram rækilega eftir í þingsölunum, að hún taldi að þessi staða embættisins væri kannski of óljós. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við áttum okkur á þessu til að þarna sé skýrt að orði kveðið. Ég tel einnig mjög óheppilegt þegar við erum að setja á laggirnar embætti til að sinna réttindamálum ef um það embætti eigi síðan að gilda einhverjar undantekningarreglur miðað við hinar almennu reglur sem við höfum um stjórnsýslumálefni. Þarna er því atriði sem við þurfum að velta vel fyrir okkur.

Það hefur komið fram mikill áhugi í þinginu á þessu máli um langt tímabil og ég tel að það sé mjög mikilvægt fyrir þingið að efna til umræðna um þessi málefni reglulega. Þess vegna finnst mér það heldur

þröngt sem segir í greinargerðinni um 8. gr.:

„Í greininni er lagt til að umboðsmaður barna gefi forsrh. árlega skýrslu um störf sín líkt og tíðkast hefur hjá umboðsmanni barna í Noregi."

Mér fyndist ekki óeðlilegt að það væri skylda að leggja slíka skýrslu fram á Alþingi þannig að Alþingi gæti þá rætt þessi mál, hefði tilefni og tækifæri til að ræða þessi mál á efnislegum forsendum með hliðsjón af slíkri skýrslu. Það kynni að hvetja til þess að á þinginu tækju menn meira mið af hugmyndunum sem koma fram í störfum umboðsmanns barna og það gæti gagnað okkur við störf að öðrum málefnum sem snerta hagsmuni barna. Mér finnst því að þetta eigi að athuga, ekki þannig að umboðsmaðurinn gefi Alþingi beint skýrslu heldur að forsrh. sé skylt að leggja þá skýrslu fram á Alþingi þannig að hér geti farið fram umræður.

Mér þótti miður hjá hv. 14. þm. Reykv. að hún taldi að það hefði skipt sköpum um þetta mál að kona situr í embætti félmrh. Mér finnst að það sé vegið að okkur karlmönnum á þingi að láta að því liggja að við höfum ekki áhuga á þessum málefnum. Ég held að við ættum ekki að sitja undir því án þess a.m.k. að hreyfa andmælum. Ég held að hvort sem karl eða kona sæti í embætti félmrh., sem hefur þá skyldu innan stjórnkerfisins að fara með mál barna og á grundvelli þess sem samþykkt hefur verið á þinginu, barnalaganna, frv. um vernd barna og ungmenna og barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sé rökrétt að nú sé komið að því, hver sem ráðherrann er og hvers kyns ráðherrann er, að leggja fram slíkt frv. Enda er það í samræmi við ábendingar sem við komum með í allshn. Alþingis þegar við fjölluðum um frv. hv. 14. þm. Reykv. Þannig að ég vildi ekki sleppa því að hreyfa þessari athugasemd þótt hún sé lítilræði miðað við það mikla hagsmunamál sem við erum að fjalla um.

Það hefur verið vikið að því, frú forseti, að í ár sé ár fjölskyldunnar og þess vegna sé nauðsynlegt að huga að málefnum fjölskyldunnar m.a. á hv. Alþingi. Í greinargerð með frv. segir réttilega, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. vék að í ræðu sinni: „Heildstæða fjölskyldustefnu skortir hér á landi og tilhneiging hefur verið til að skilgreina málefni barna sem „hin mjúku mál" með þeim afleiðingum að þau hafa setið á hakanum þegar ákvarðanir eru teknar um skipulagningu þjóðfélagsins og ráðstöfun fjármuna ríkisins. Því er full þörf á því að hér á landi starfi umboðsmaður barna."

Ég vil leyfa mér að láta í ljós efasemdir um réttmæti þessara fullyrðinga. Eins og ég hef bent á hefur Alþingi tekið mjög rösklega á málefnum barna á þessu kjörtímabili og fyrir liggur að við munum væntanlega fjalla um málefni skólanna þegar frv. um þau koma hér fyrir þingið.

Hins vegar kemst ég í svolítinn vanda þegar ég les svona texta þar sem segir að heildstæða fjölskyldustefnu skorti. Ég átta mig ekki nákvæmlega á hvað menn eru að fara. Eru menn að tala um að samþykkt sé ályktun um fjölskyldustefnu eða sett séu einhvers konar fjölskyldulög eða þess sé gætt að öll sú löggjöf sem við erum að setja falli saman og myndi eina heild sem skapi rammann fyrir fjölskyldurnar? Ég held að það hljóti að vera eitthvað slíkt sem menn eru að tala um. Við vinnum að lagasmíð sem snertir hagsmuni barna og fjölskyldunnar að því má segja næstum á hverjum degi. Er verið að gera kröfu um það þegar þetta er sagt og látið í veðri vaka að málefni barna sitji eitthvað á hakanum á hinu háa Alþingi að það þurfi einhverja heildarlöggjöf sem spanni öll málefni er snerta fjölskylduna? Er ekki meira virði að á hverju verkefnasviði löggjafarinnar sé þetta haft að leiðarljósi og hagsmunir fjölskyldunnar hafðir að leiðarljósi heldur en að menn séu að setja sér of háleit markmið varðandi mótun fjölskyldustefnu eða einhvers allsherjarkerfis sem kannski rúmi málefni fjölskyldunnar? Ég held að það hljóti frekar að vera viðfangsefni á mörgum sviðum, eins og raunar kemur fram í þessu frv., að málefni barna heyra undir mörg ráðuneyti og þess vegna er lagt til að umboðsmaður barna sem á að fara með gæslu þeirra í heild heyri undir forsrn.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég hvet til þess að þetta frv. fái eins skjóta meðferð og kostur er en jafnframt verði aðilum gefinn kostur á að segja álit sitt á því, segja álit sitt á þessu embætti í stjórnkerfinu þannig að við getum með sem bestum hætti tryggt það að umboðsmaður barna geti gegnt mikilvægu hlutverki sínu.

[15:24]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Reykv. fyrir hans ræðu og get verið honum sammála um margt. M.a. það atriði sem hann nefndi og ég hafði raunar nefnt líka að alveg á sama hátt og umboðsmaður Alþingis heyrir beint undir Alþingi Íslendinga finnst mér raunar að svo hefði átt að vera um umboðsmann barna. Nú hefur hvorugur þessara umboðsmanna vald. Þeir taka ekki ákvarðanir. En eins og reynslan hefur sýnt okkur þá reyna velflestar stofnanir og flestir aðilar að fara að niðurstöðu umboðsmanns Alþingis og sú er von mín að svo fari með umboðsmann barna.

Það er jafnframt hárrétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að vitaskuld er ekki hægt að skapa neitt sem heitir fjölskyldustefna. Ég frábið mér að aðrir séu að búa fjölskyldu minni eða annarra stefnu. Það er einmitt verkefni m.a. okkar á hinu háa Alþingi og ekki síst umboðsmanns barna, þegar hann tekur til starfa, að skapa fólki þær aðstæður í þjóðfélaginu að fjölskyldur geti þrifist og dafnað eins og þeim sjálfum sýnist en hinar ytri aðstæður séu í lagi. Betur getum við ekki gert. Hinar innri aðstæður verður fólk að skapa sér sjálft.

Aðeins að lokum, frú forseti. Ég minntist á það við þann forseta sem hér sat áður, án þess að mér þyki það nú mikið mál, en ég hygg að það sé allóvenjulegt að málefni sem hæstv. félmrh. flytur fari til hv. allshn. Nú kann ég ekki eða man ekki dæmi um það. En eðlilegra hefði mér þótt að málið færi til hv. félmn. Það er venjulegri aðferð á hinu háa Alþingi. En ekki skal ég gera neitt meiri háttar mál út úr því.

[15:26]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ekki ætla ég að deila við hv. 14. þm.

sem situr í forsn. þingsins um þingsköpin. En í 23. gr. þeirra stendur:

„Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu."

Þar sem þessu málefni samkvæmt frv. á að vísa til forsrn. þá tel ég eðlilegt að allshn. fjalli um málið. Það tekur mið af 23. gr. og skiptingu málefna í Stjórnarráðinu.

[15:27]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Gallinn er sá að það er einungis í frv. sem gert er ráð fyrir því að hæstv. forsrh. fari með þetta mál. Ég hygg að á meðan það er ekki í lög leitt hefði verið eðlilegra að fara að þeirri skiptingu sem er nú á þessum málaflokki þannig að framlagning þessa frv. er verkefni hæstv. félmrh. Þess vegna hefði ég talið eðlilegt að málið færi til félmn. En eins og ég segi finnst mér miklum mun meira mál að þetta frv. skuli fram komið en að ég hirði um að gera ágreining út af því en læt ekki af því að eðlilegra hefði verið að málið hefði farið til hv. félmn.

[15:27]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Aðeins út af því máli sem hér hefur borið á góma þá hygg ég að ekki sé til nein ein regla um þetta. Ég hef á fyrri árum sem ráðherra tvisvar sinnum flutt stjfrv. um að flytja málaflokka til. Í bæði skiptin var þessum stjfrv. vísað til þeirrar nefndar sem tilheyrði málaflokki ráðherrans sem flutti málið en ekki til þeirrar nefndar sem tilheyrði málaflokki ráðherrans sem fékk málið. Samkvæmt þeirri venju ættu menn, ef menn geta talað þar um venju, að vísa þessu máli nú til félmn. af því að ráðherra félagsmála flytur frv.

Þau mál sem ég er hér að tala um, hæstv. forseti, til glöggvunar er annars vegar frv. til laga um mannanöfn, sem ég flutti sem menntmrh. og var vísað til menntmn. þó svo að málaflokkurinn væri með frv. fluttur til dómsmrh. Hitt var frv. til laga um að flytja forræði barnaverndarmála frá menntmrn. til félmrn. Það var frv. sem var flutt í minni tíð. Því var í efri deild vísað til menntmn. til að byrja með þó menn væru að flytja málaflokkin til félmrh.

Hins vegar man ég eftir því að þetta sama frv. var svo aftur flutt í tíð núv. ríkisstjórnar með þeim hætti að barnaverndarfrv. fór, hygg ég, til meðferðar í félmn. Eða var það allshn.? (**BBj:** Félmn.) Félmn. Í rauninni sannar þetta því bara eitt: Það er ekki til nein regla. (**BBj:** Það er komin tillaga frá ráðherranum.) Það er komin tillaga frá ráðherranum og ég hef út af fyrir sig ekkert við það að athuga. Ég vildi bara upplýsa að eftir því sem ég man í minni þingsögu hygg ég að þessi þrjú dæmi sanni að það sé engin endanleg regla til en menn fari gjarnan eftir því sem ráðherrann leggur til ef það er ekki þeim mun þyngri grundvallaratriði sem vega á móti þeirri tillögu sem ráðherrann gerir.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill ítreka það sem hér hefur komið fram að hæstv. félmrh. mælti með því að málinu yrði vísað til hv. allshn. en það er ekkert því til fyrirstöðu að aðrar tillögur komi fram.

[15:30]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Flesta daga eru til umræðu á Alþingi málefni undirstöðuatvinnuvega þjóðarinnar. Menn tala hér um stefnu og stefnuleysi er varðar þau málefni. Það er því tilbreyting að tala hér um málefni fjölskyldunnar.

Það hefur farið allt of lítið fyrir umræðu um fjölskylduna í heild sinni. Jafnvel þó menn vilji ekki tala hér um heildstæða stefnu í málefnum fjölskyldunnar, þá hefur verið full ástæða til að taka þessi málefni upp oftar en gert hefur verið. Málefni barna ættu að hafa miklu meiri forgang í stjórnmálaumræðu almennt en er í dag. Að loka augum fyrir slæmum uppeldisskilyrðum barna bitnar á þjóðfélaginu á einn eða annan hátt. Þó svo börn á Íslandi hafi það betra en víðast hvar annars staðar, þá er langt frá því að öll börn á Íslandi hafi það gott.

Börn á Íslandi standa frammi fyrir margvíslegum vanda. Í vaxandi mæli standa börn frammi fyrir erfiðleikum vegna skilnaðar foreldra. Af því skapast margvísleg togstreita og sársauki sem skilnaði fylgir. Æ betur er að koma í ljós hversu mörg börn mega þola kynferðislegt ofbeldi. Lyklabörnum fækkar ekki. Vegalaus börn eru enn til. Ofbeldi barna á milli fer vaxandi með tilheyrandi einelti. Slysatíðni barna er mikil og miklu meiri en gerist í nágrannalöndum okkar. Fíkniefnaneysla fer vaxandi, sjálfsmorðstíðni ungmenna er miklu meiri, og fer vaxandi, heldur en í löndunum í kringum okkur. Þetta er ljót upptalning. Við þessu verður þjóðfélagið að bregðast áður en allt er komið í óefni. Við eigum ýmis meðferðarúrræði en við erum ekki með nógu mörg forvarnaúrræði og að því verðum við að stefna.

Til þess þarf sameiginlegt átak þjóðarinnar og ár fjölskyldunnar er gott ár til að hefjast verulega handa. Þá er ég ekki að gera lítið úr þeim margvíslega ávinningi sem hefur orðið af lögum sem samþykkt hafa verið á Alþingi og hafa komið börnum til góða.

Með barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem Alþingi Íslendinga fullgilti fyrir um tveim árum, er góður leiðarvísir varðandi full mannréttindi allra barna. Og í skýrslu um velferð barna og ungmenna, sem félmrh. lagði fram á Alþingi ekki alls fyrir löngu, kemur ýmislegt fram til úrræða og tillögur til bóta sem ég vil leyfa mér að lesa.

„Nefndin [sem fjallaði um þessi mál] leggur því til:

að rannsókna- og upplýsingastarf á sviði barna- og fjölskyldumála verði eflt,

að starfssvið heilbrigðisþjónustu verði víkkað með því að koma á ráðgjöf um samskipti, foreldrafræðslu, fjölskylduráðgjöf og félagsþjónustu,

að gerð verði áætlun um uppbyggingu og þróun félagsþjónustu og barnaverndar og leiðbeiningar veittar um framkvæmd þessarar starfsemi,

að ráðgjöf á sviði skilnaðar- og umgengnismála verði aukin. Jafnframt verði hugað að reynslu þeirra

landa sem í löggjöf sinni mæla svo fyrir að skilnaður sé ekki veittur foreldrum þegar ágreiningur er um forsjá barna nema þeir hafi leitað sérfræðilegrar ráðgjafar til að leysa ágreining sinn,

að könnun verði gerð á sambandi búsetu og félagslegri stöðu,

að starfsemi göngudeilda, svo sem barnadeildar, verði stórlega efld,

að barnaverndarumdæmi verði stækkuð hvað sem líður sameiningu sveitarfélaga,

að löggjöf verði sett sem tryggi að börn og unglingar eigi ekki aðgang að veðmálakössum,

að Kvikmyndaeftirlit ríkisins fái traustan starfsgrundvöll og aukin verkefni,

að þátttöku-, æfinga- og keppnisgjöldum í félagsstarfi unglinga verði stillt í hóf eða þau felld niður,

að skólar verði samfelldir, einsetnir heilsdagsskólar,

að nemendur fái heita máltíð í grunnskólum,

að aðstoð sé veitt þeim sem hverfa úr námi áður en skyldunámi er lokið,

að skólanemendur verði virkir í öðru skólastarfi en því sem bundið er stundaskrá,

að endurnýjaður verði kraftur fræðsluátaks um skaðsemi tóbaks, áfengis og annarra vímuefna,

að öllum markmiðum barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna verði náð,

að stofnað verði embætti umboðsmanns barna."

Einmitt um það erum við að fjalla hér, þ.e. frv. til laga um umboðsmann barna. Hér hafa margir ræðumenn talað um ágæti frv. og ég tek undir það. Ég tek undir þakklæti til hæstv. félmrh. að leggja þetta frv. fram. Ég tek einnig undir þakklæti til hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur sem fjórum sinnum hefur lagt slíkt frv. fram á Alþingi. Ég tel að með framgangi hennar sé nú loksins þessi stund upp runnin að menn eru farnir að ræða stjfrv. varðandi umboðsmanns Alþingis. (**Gripið fram í:** Barna.) Það kemur í ljós hvað okkur er orðið tamt að tala um umboðsmann Alþingis og kannski hve kært það er orðið alþingismönnum að hafa það embætti varðandi ýmis ágreiningsmál. Nú bætist við að hér er boðað frv. til laga um umboðsmann barna.

Það kemur fram í frv. að umboðsmaður barna skuli einkum hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna og koma á framfæri tillögum til úrbóta á réttarreglum og fyrirmælum stjórnsýsluhafa varðandi börn sérstaklega.

Það kemur einnig fram í frv. að öllum er heimilt að leita til umboðsmanns barna með erindi sín. Umboðsmaður barna nær til tæplega 80 þúsund Íslendinga, barna og unglinga frá fæðingu til 18 ára aldurs þannig að umfangið er mikið. Börn eru ekki þrýstihópur, börn eru ekki hópur í stjórnmálalegu tilliti. Því er þetta embætti, sem hér er lagt til að verði stofnað, grunnur að því að börn taki meiri þátt í umræðunni um sín málefni og fái leitað réttar síns á aukinn hátt.

Löggjöf um umboðsmann barna hefur sannað ágæti sitt í Noregi og sú starfsemi sem þar hefur verið um nokkurra ára bil lofar góðu. Því fagna ég frv. sem hér liggur frammi um umboðsmann barna.

[15:39]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrir sem hafa talað fagna því að þetta frv. er komið fram í þinginu. Ég vil í upphafi máls míns benda á, vegna þess að það kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að hann var ósáttur við að þetta væri frekar kennt því að konur hefðu meiri áhuga á þessu máli en karlmenn og þó ekki sé alveg mark takandi á því þessa stundina, þá hef ég tekið eftir því að í þingsalnum hafa að meiri hluta til verið konur, þ.e. 50% þeirra kvenna sem eiga sæti á þingi en innan við 10% þeirra karla. En ég vona samt að það sé ekki vegna þess að þeir hafi ekki áhuga á málinu heldur er það kannski frekar það að þetta tilheyrir „hinum mjúku málum", eins og kemur reyndar fram í greinargerð, og því ekki óeðlilegt að mjög margir karlmenn veigri sér við að tala um þau mál þar sem þau hafa frekar verið kennd konum. Það gildir kannski alveg það sama um okkur konur hér í þinginu að við veigrum okkur mjög margar a.m.k. við að taka til máls um glerhörð karlamál eins og sjávarútvegsmál og fleiri þó að það sé að breytast. En t.d. í umræðum um sjávarútvegsmál er algengt að ekki tali nema ein kona á móti kannski 15–20 karlmönnum.

Ég fagna því að hv. 3. þm. Reykv. ræddi áðan af miklum skilningi um þetta mál. Ég er alveg sannfærð um að það munu fleiri vera honum sammála. Það var kannski meira til gamans að geta þessa.

Ég vil nefna nokkur atriði í sambandi við þetta frv. Í 1. gr. frv. er skilgreining á því hvað séu börn. Þar segir: „Með börnum er í lögum þessum átt við einstaklinga allt að 18 ára aldri." Mér finnst rétt að vekja athygli á því í þessari umræðu að skilgreining á því í lögum hvað séu börn er mjög misjöfn. T.d. segir í lögum um vernd barna og ungmenna, sem gengu í gildi fyrir rúmu ári, að með börnum sé átt við einstaklinga innan 16 ára aldurs en ungmenni eru einstaklingar 16–18 ára að aldri. Það má minna á að ef börn eru innan við 18 ára, þá er börnum leyft að taka bílpróf því að þau mega taka það 17 ára gömul. Framtalsskylda einstaklinga eins og þeir væru fullorðnir hefst einnig þegar þeir eru 16 ára. Börn mega kaupa tóbak t.d. 16 ára en kosningarréttur síðan miðað við 18 ár. Það er því mjög breytileg skilgreining á því hversu gömul börn eða ungmenni eiga að vera til þess að falla undir þá skilgreiningu að teljast börn. Þetta held ég að þyrfti samræmingar með í lögum.

Ég held að það sem segir hér í a-lið 3. gr. frv., að umboðsmaður barna skuli einkum hafa frumkvæði að stefnumarkandi umræðu í samfélaginu um málefni barna, sé einmitt eitt helsta atriðið í því sem hér á að koma til framkvæmda. Það er einnig getið um það í athugasemdum með frv. að heildstæða fjölskyldustefnu skorti hér á landi. Það tel ég líka vera alveg rétt að það komi fram, ekki vegna þess að það þurfi að leggja fram einhvern sérstakan lagabálk sem taki á fjölskyldustefnu heldur að þau lög sem gilda í landinu séu miðuð við þarfir fjölskyldunnar ekki síður en einstaklinga og hagsmunasamtaka, atvinnurekenda, launþega og hvað við viljum kalla alla í þjóðfélaginu. Hér þarf

að vera einhver stefnumörkun í gangi og ég held að einmitt frv. til laga um umboðsmann barna sé eitt af þeim atriðum sem tekur á því að setja einhverja stefnu um fjölskylduna.

Það má minna á að því miður hafa aðgerðir stjórnvalda á síðustu árum heldur orðið til þess að skerða kjör barnafjölskyldna og má í því sambandi nefna að barnabætur hafa verið skertar, framlög til grunnskóla hafa verið lækkuð og vaxtabætur hafa verið skertar, sem bitnar auðvitað á barnafjölskyldum sem eru að koma sér upp húsnæði, og þannig væri hægt að telja upp fleiri atriði. Á síðustu árum hefur því ýmislegt gerst í stjórnkerfinu sem hefur skert hag barnafjölskyldna og þar með barna að sjálfsögðu. Við þurfum að vinna á móti þessu og ég held að m.a. þetta og ár fjölskyldunnar gæti orðið til þess að við förum að hugsa betur ýmisleg mál áður en þau eru samþykkt á Alþingi og hafa orðið til þess að skerða kjör barna.

Í sambandi við stefnumörkun í fjölskyldumálum og hvað varðar málefni barna, þá kemur svo margt þar inn í. Þetta eru 30% þjóðarinnar. Það er ekki hægt að sjá það þegar við horfum t.d. á skipulag bæjarfélaga eða umferðarmál og öryggismál að tekið sé nægilega mikið tillit til þessa þriðjungs þjóðarinnar. Ég hef stundum hugsað um það þegar ég sem landsbyggðarmanneskja keyri hér um götur að mér finnst að skipulag borgarinnar hafi ekki tekið mið af þörfum barna og fjölskyldna heldur fyrst og fremst af þörfum einkabílsins.

Að síðustu ætla ég að koma því á framfæri að ég tel að framhaldið af því að hér verði sett lög um umboðsmann barna gæti orðið það að umboðsmanni yrði falið eða hann tæki það til athugunar sjálfur, hver sem hann verður, að gera sérstaka framkvæmdaáætlun, t.d. til fjögurra ára, um að vinna sérstakar úrbætur í málefnum barna sem tæki til mjög margra málaflokka. Fyrir nokkrum dögum vorum við að ræða um byggðaáætlun og við höfum rætt hér um vegáætlun, hafnaáætlun og alls konar áætlanir og ég tel fulla þörf á því að gerð verði sérstök framkvæmdaáætlun um að vinna að úrbótum í málefnum barna. Eins og ég rakti áðan tel ég að því miður hafi kjör barna og barnafjölskyldna heldur orðið lakari á síðustu árum en við getum sætt okkur við og við þurfum að snúa þeirri þróun við nú á ári fjölskyldunnar.

[15:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Forsaga málsins er að nokkru leyti rakin í greinargerð með frv. en það kemur fram á bls. 3 að hugmyndin að þessu embætti hafi fyrst komið fram árið 1978 í greinargerð með þáltill. sem þingmenn Alþfl. fluttu.

Það kom hins vegar fram í máli hv. 2. þm. Vesturl. að hv. 14. þm. Reykv. hefði flutt frv. um þetta efni fjórum sinnum á fjórum þingum alls. Um það er ekki orð í þessum aðfaraorðum að greinargerð um fyrri lagafrumvarp um umboðsmann barna. Þess er ekki getið í einu orði að hv. 14. þm. Reykv. hafi flutt þetta mál fjórum sinnum.

Hæstv. félmrh. mistekst gersamlega að gera grein fyrir sögulegum staðreyndum í þessu máli öðrum en þeim að nefna Alþfl. Maður veltir því fyrir sér hvort það sé kannski vegna þess að það skipti máli af hálfu hæstv. félmrh. hver flytji málið en ekki hvert málið er.

Ég nefni nú þetta af því að mér sýnist á þessum texta sem hér er settur fram að hann sé nokkuð gallaður af því að hann segir ekki nema hálfa söguna. Fyrst á annað borð er verið að draga upp stjórnmálaflokka og hlut þeirra í málatilbúnaði þá finnst mér að menn ættu að segja söguna alla. T.d. það að þetta frv. hafi verið flutt á 115. þingi en ekki fengist afgreitt. Stjórnarmeirihlutinn fékkst ekki til þess að afgreiða málið. Hins vegar hefur það snúist svo við að nú er málið flutt af stjórnarliðinu. Hvers vegna var ekki hægt að afgreiða málið fyrir tveimur árum? Það er auðvitað spurning sem þeir sem flytja málið verða að svara.

Ræðumenn sem hér hafa talað lögðu áherslu á að málið sé brýnt og þá er eðlilegt að menn velti því fyrir sér fyrst málið er svo brýnt og allir um það sammála og það er löngu fram komið hvers vegna það var ekki samþykkt á sínum tíma.

Ég vil að menn njóti sannmælis í störfum sínum og ég tel að hv. 14. þm. Reykv. eigi það alveg inni eins og þingmenn Alþfl. árið 1978 að njóta sannmælis í sínum verkum. En ég ætla ekki að gera þá kröfu til hæstv. félmrh. að hann láti það koma fram en þykir engu að síður rétt að nefna þetta, hnykkja á því úr því að það bar hér á góma.

Um málið er margt að segja. Það er það fyrsta að þegar menn áforma að stofnsetja nýtt embætti hjá ríkinu þá þurfa menn auðvitað að finna því hlutverk og stað. Sérstaklega hlutverk og stað í stjórnsýslu ríkisins. Ég tek undir þær spurningar sem fram hafa komið hjá hv. 3. þm. Reykv. einmitt um stöðu þessa fyrirhugaða embættis í stjórnsýslukerfinu. Ég spyr: Hvernig á staða þessa nýja embættis umboðsmanns barna að vera gagnvart umboðsmanni Alþingis? En hlutverk umboðsmanns Alþingis er eins og kunnugt er að hafa eftirlit með stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Geta menn þá skotið málum eða ákvörðunum umboðsmanns barna til umboðsmanns Alþingis? Það er eðlilegt að menn velti því fyrir sér til að fá það á hreint hver skilin eiga að vera þarna á milli og hvar staðsetning þessa nýja embættis á að vera í stjórnsýslukerfinu. Ég held að það skipti miklu máli að það sé vel afmarkað þannig að ekki valdi misskilningi síðar meir sem gæti auðvitað hindrað framgang mála ef hlutverk er ekki skýrt. Hitt vil ég nefna að mér finnst heitið að sumu leyti óheppilegt vegna þess að það vísar til annarrar stofnunar sem fyrir er og heitir Umboðsmaður Alþingis en hefur ekki sama hlutverk. Það kemur auðvitað að mínu mati til álita að umboðsmaður Alþingis yfirtaki verkefnið. Ég sé í raun og veru ekkert því til fyrirstöðu að hann yfirtaki að einhverju leyti þetta verkefni. En vilji menn hafa tvær stofnanir um þetta með að nokkru leyti eða verulegu leyti ólíku hlutverki þá er ég ekki viss um að það sé heppilegt að hafa sama nafnið. Þessu geta menn nú velt fyrir sér í nefnd.

Í öðru lagi vil ég nefna 2. gr. frv. en þar er sett í fyrsta lagi ákvæði um það í 1. mgr. að skipa eigi í

embættið til fimm ára í senn. Ég vil fagna þessu ákvæði. Ég tel þetta framfararspor að skipun í embætti af þessu tagi sé háð tímatakmörkunum. Í greinargerð með frv. kemur reyndar fram að af hálfu þeirra sem það flytja er ekki gert ráð fyrir að sami aðili eða sami maður sinni embættinu lengur en tíu ár í senn.

Ég vil nefna frv. sem hafa verið lögð fram á yfirstandandi þingi af hálfu þingmanna Alþb. og lúta einmitt að því gagnvart öðrum embættum, eins og t.d. ríkissaksóknara, að hafa það tímabundna ráðningu. Ég lít svo á að með þeirri tillögu sem kemur fram í stjfrv. sé ríkisstjórnin að taka undir tillögur okkar alþýðubandalagsmanna. Það ætti auðvitað að greiða fyrir afgreiðslu þeirra frv. að þau liggja einmitt í þeirri sömu nefnd og lagt er til að þetta frv. fari til.

Þá vil ég nefna að í 2. mgr. 2. gr. frv. eru sett hæfnisskilyrði á umboðsmann barna. Hæfnisskilyrðin eru tvö. Annað að hann hafi lokið háskólaprófi og hitt að hann sé eldri en þrjátíu ára.

Ég vil setja nokkur spurningarmerki fyrir aftan þessi hæfnisskilyrði. Er það endilega svo að sá sem þessu verki á að halda næstu árin ef af verður eigi að veljast eingöngu úr hópi þeirra sem lokið hafa háskólaprófi? Hér eru menn að ræða í þjóðfélaginu um skipan manna í háar stöður í þjóðfélaginu eins og t.d. Seðlabankann, bankastjóra Seðlabankans, án þess að gera neinar kröfur um hæfni eða menntun. Það dettur ekki nokkrum manni í hug að gera tillögu um að þó ekki væri nema að seðlabankastjóri skuli hafa háskólapróf. Mér finnst það orka tvímælis svo ekki sé meira sagt að setja þetta skilyrði um menntun. Eða öllu heldur ekki menntun heldur lærdóm því ekki er nú allur lærdómur menntun. Það er tvennt ólíkt lærdómur og menntun. Þannig að ég set í mínum huga spurningarmerki og hef efasemdir um að það eigi að hafa skilyrði um háskólapróf í þessu frv. Ég vil a.m.k. fá mun betri rökstuðning fyrir því heldur en kemur fram í frv.

Þá spyr ég hæstv. félmrh.: Hvar á þetta embætti að vera? Það kemur hvergi fram í þessu frv. Það kemur fram í greinargerð frá fjmrn. að gert er ráð fyrir að þetta embætti muni kosta um 10 millj. kr. á ári til að byrja með og vera samtals tvö stöðugildi. Mjór er mikils vísir enda segir í niðurlagi greinargerðar fjmrn. að búist verði við því að umfang starfseminnar aukist eftir því sem líði á. Þannig að það munar nokkuð um það hvar þessi stofnun verður sett niður. Nú er umhvrh. nokkuð duglegur við að gefa a.m.k. út í fjölmiðlum yfirlýsingar um flutning ríkisstofnana út á land. Þannig að nú vildi ég spyrja hv. félmrh. hvar hann leggi til að stofnuninni verði valinn staður.

Þá vil ég taka undir efasemdir, sem fram komu áðan í máli síðasta ræðumanns, um að gildissvið frv. nái allt upp til 18 ára aldurs. Ég hygg að þetta sé atriði sem menn þurfi að gæta að og athuga sérsaklega í nefndarstarfi hvar gildissviðið á að enda hvað þetta varðar því það er ekki að mínu viti sjálfgert að fara upp fyrir 16 ára aldur varðandi þetta frv.

Að lokum vil ég nefna það sem mér finnst að sumu leyti vera ástæðan fyrir því að menn telja nauðsynlegt að stofnasetja nýjar ríkisstofnanir til að hafa eftirlit með framkvæmd mála eða tryggja tiltekna framkvæmd, þ.e. framkvæmdarvaldið í heild sinni. Mér finnst að einmitt krafa um embætti af þessu tagi segi okkur í raun og veru að menn séu ekkert allt of ánægðir með framkvæmdarvaldið sem slíkt og hvernig það stendur sig í sínum verkum. Ég held að það sé umhugsunarefni fyrir okkur hversu vel framkvæmdarvaldið stendur sig í sínu verki. Það kemur fram í greinargerðinni, svo ég nefni nú bara sem dæmi, að umboðsmanni barna er ætlað að fylgjast t.d. með kvikmyndum og segir í greinargerðinni að ef umboðsmaður barna fær vitneskju um ólöglega sölu, dreifingu eða sýningu á ofbeldiskvikmyndum þá á hann að beina tilmælum um það til þess sem talinn er brotlegur en jafnframt vekja athygli þar til bærra yfirvalda á málinu. Það kemur fram að það eru barnaverndarnefndir sem hafa þetta mál til meðferðar þannig að við erum að setja nýjan aðila í verk sem öðrum er þegar falið. Það er ekki nema vegna þess að menn telja þörf á því. Það segir okkur þá að annaðhvort búum við þeim aðila ekki þau skilyrði að hann geti sinnt sínu hlutverki nægilega vel eða að af öðrum ástæðum sinni hann því ekki fullnægjandi. Mér finnst að atriði af þessu tagi ættu einmitt að vera okkur hvatning til að hugleiða hvort ýmsar stofnanir og ráðuneyti frá framkvæmdarvaldinu standi sig nægilega vel í sínum verkum.

Það má nefna sem dæmi af því að hæstv. félmrh. flytur þetta mál að í sveitarstjórnarlögunum er félmrn. falin framkvæmd og eftirlit með þeim lögum. Það er að mínu mati verulegur misbrestur á því að ráðuneytið standi sig hvað þetta varðar. Sem veldur því að athugasemdir eru gerðar m.a. frá umboðsmanni Alþingis og verður ekki vart við að hæstv. félmrh. taki mark á þeim athugasemdum. Ég hygg því að menn ættu í framhaldi af þessu máli að setjast niður og velta fyrir sér hvernig til hefur tekist með löggjöf á framkvæmdarvaldinu og hvernig það stendur sig í þeim verkum sem því eru falin. Ég hygg að þar sé víðar pottur brotinn en á þessu sviði sem lýtur að málefnum barna.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess að hún hyggst láta fara hér fram atkvæðagreiðslu eftir að hæstv. ráðherra hefur lokið máli sínu.

[16:04]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til að þakka þær jákvæðu umræður sem orðið hafa um þetta frv. og tel að af því megi draga þá ályktun að á Alþingi sé víðtækur stuðningur við það að stofnað verði til embættis umboðsmanns barna.

Það hafa komið fram ýmsar gagnlegar ábendingar og athugasemdir sem væntanlega verða teknar fyrir í þeirri nefnd sem fær málið til umfjöllunar. Það er alveg ljóst eins og hér hefur komið fram að það er mjög mikilvægt að það ríki enginn efi eða óvissa um valdsvið eða stöðu umboðsmanns barna. Ég fór mjög rækilega yfir það í minni framsöguræðu og eins kemur það fram í greinargerð með þessu frv. að nefndin sem samdi það leitaðist mjög við að fara yfir það að verk-

svið umboðsmanns Alþingis og umboðsmanns barna skaraðist hvergi. Eins er það alveg ljóst og skýrt tekið fram í frv. að umboðsmanni barna er ekki ætlað að hafa með höndum málefni sem öðrum stofnunum eða stjórnvaldshöfum er falið að hafa eins og t.d. varðandi ákvæði í barnaverndarlögum, barnalögum og ákvæðum fleiri laga svo að ég held að það sé nokkuð ljóst.

Varðandi það sem hér var nefnt hvort nokkur munur væri á orðum sem notuð eru hér, sem vissulega sést kannski ekki oft, orðin stjórnsýsluhafi eða stjórnvald, þá er það ekki. Það er enginn greinarmunur þar á. Ég tel að þeim lögfræðingum sem um þetta mál fjölluðu og sömdu þetta frv. hafi efalítið fallið betur að nota orðið stjórnsýsluhafi en ég tel að það þurfi auðvitað að skoða rækilega að samræma það ákvæðum í öðrum lögum eins og stjórnsýslulögunum.

Varðandi það hvort það sé hægt að kæra ákvarðanir umboðsmanns barna eins og annarra stjórnsýsluhafa þá er það að segja að þegar verksvið umboðsmanns barna er skoðað og ef 3. gr. er lesin, sem ég ætla ekki til að tefja ekki tímann, þá er ekki gert ráð fyrir að það sé um beint ákvörðunarvald hjá umboðsmanni að ræða þannig að það ætti ekki að gefa tilefni til kæru eða að það sé neitt kæruefni. Hér er fyrst og fremst um að ræða að umboðsmaður barna á að hafa frumkvæði í ákveðnum stefnumarkandi þáttum, koma á framfæri tillögum og stuðla að því að þjóðréttarsamningar séu virtir og beina rökstuddum álitsgerðum til viðkomandi stjórnvalda o.s.frv. Þannig að ég geri ekki ráð fyrir að *þarna komi fram að ákvarðanir hans eða vinna gefi* neitt tilefni til kærumeðferðar.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. 3. þm. Reykv. að það sé rétt að taka af allan vafa um að skýrsla sú sem umboðsmaður barna á að gefa forsrh. verði lögð fyrir Alþingi. Það var alltaf hugmyndin með þessu að skýrslan yrði lögð fyrir Alþingi. Og ef það leikur vafi á því þá er rétt að taka af allan vafa um það í ákvæði í frv. vegna þess að auðvitað er það rétt og sjálfsagt að Alþingi fái tækifæri til að fjalla um störf umboðsmanna barna og þá skýrslu sem hann leggur fyrir forsrh.

Í lokin þetta. Það er alveg ljóst og það var mikið *farið yfir það í nefndinni hvort* umboðsmaður barna ætti að heyra undir Alþingi, undir félmrh., eins og hann gerir t.d. í Svíþjóð og fjölskylduráðuneyti í Noregi, en það var að margyfirförnu máli af hálfu þeirra sem um þetta mál sömdu talið rétt til að tryggja sem best sjálfstæði umboðsmanns barna að hann heyrði undir forsrn. en ekki þau fjögur fagráðuneyti sem með einum eða öðrum hætti fjalla um málefni barna. Ég get fallist á að það sé eðlilegt að hafa það með þeim hætti. Það er einmitt rækilega undirstrikað að sjálfstæði umboðsmanns barna sé ótvírætt. Sjálfstæði hans í starfi sé mjög skýrt afmarkað í lögum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu frekar. Ég vænti þess að þetta mál fái góða umfjöllun í nefnd og þar verði fjallað um athugasemdir sem hér hafa komið fram. Vonandi verður frv. að lögum á þessu þingi en þessi umræða gefur tilefni til þess að svo verði.

[16:11]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, JHall, KHG, KE, MF, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

28 þm. (AÓB, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, ISG, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Brunavarnir og brunamál, frh. 1. umr.

Stjfrv., 290. mál (löggilding slökkviliðsmanna). — Þskj. 369.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, JHall, KHG, KE, MF, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÖS.

27 þm. (AÓB, DO, EH, FI, FrS, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, ISG, JBH, JHelg, KÁ, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 16:13.

---

97. FUNDUR

fimmtudaginn 24. febr.,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 217. mál, þskj. 242. — Frh. 1. umr.

2. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 293. — 1. umr.

3. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602. — 1. umr.

4. Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, frv., 237. mál, þskj. 272. — 1. umr.

5. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 266. mál, þskj. 319. — 1. umr.

6. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 322. mál, þskj. 513. — Fyrri umr.

7. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 391. mál, þskj. 590. — 1. umr.

8. Norræna ráðherranefndin 1983–1994, skýrsla, 409. mál, þskj. 613.

9. Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu 1993, skýrsla, 398. mál, þskj. 599.

10. Norður-Atlantshafsþingið 1993, skýrsla, 401. mál, þskj. 603.

11. Evrópuráðsþingið 1993, skýrsla, 404. mál, þskj. 608.

12. Fríverslunarsamtök Evrópu 1993, skýrsla, 405. mál, þskj. 609.

13. Alþjóðaþingmannasambandið 1993, skýrsla, 406. mál, þskj. 610.

14. Vestnorræna þingmannaráðið 1993, skýrsla, 408. mál, þskj. 612.

15. Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1993, skýrsla, 416. mál, þskj. 623.

Fjarvistarleyfi:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Stefán Guðmundsson, 4. þm. Norðurl. v.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 24. febr. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Reykjavíkurkjördæmi, Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv."

Auður Sveinsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Þá er hér annað bréf, dags. 23. febr. 1994:

„Þar sem ég vegna sérstakra anna get ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Þuríður Bernódusdóttir verkstjóri, Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Helgason, 2. þm. Suðurl."

Þuríður Bernódusdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 418. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 626.

Lögskráning sjómanna, 120. mál, nál. samgn., þskj. 624.

Ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu, 419. mál, þáltill. JHelg o.fl., þskj. 628.

Úrbætur í bifreiðamálum ríkisins, 417. mál, fsp. MF, þskj. 625.

Ríkisreikningur 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 217. mál. — Þskj. 242.

[10:35]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er orðið nokkuð langt um liðið síðan mælt var fyrir þessu frv. en það var hinn 23. nóv. á síðasta ári. Þá mælti fjmrh. fyrir frv. og síðan var umræðu frestað.

Hæstv. fjmrh. gerði grein fyrir frv. í nokkuð stuttu máli og vísaði að öðru leyti til skýrslu Ríkisendurskoðunar og fjmrn. um ríkisfjármálin á þessu ári. Ég ætla þá, þar sem þetta frv. gefur mjög takmarkaða mynd af því sem er að ske á þessu ári, að fara lítils háttar í þær skýrslur.

Ég ætla ekki að rekja það neitt nákvæmlega sem yfirskoðunarmenn segja, en ég geri ráð fyrir að þeir muni gera grein fyrir því hér á eftir eða a.m.k. sá yfirskoðunarmaður sem hér er staddur, en hv. þm. Svavar Gestsson mun ekki vera á þingi þessa dagana.

Það sem yfirskoðunarmenn taka mjög á er t.d. sá 5% flati niðurskurður sem settur var í lok vinnslu fjárlaganna fyrir árið 1992. Síðan áttu ráðherrar að dreifa 3% aftur til baka. Þar var dreifingin frekar óljós og mjög erfitt að lesa saman fjárlög og reikning þar af leiðandi.

Það kemur einnig fram í máli þeirra, og ég vil taka undir það, að safnliðir eru fyrirferðarmeiri og hærri upphæð sem þar er um að ræða sem ráðherrar hafa til ráðstöfunar. Og í viðbót var síðan nýlega tekinn upp nýr liður sem heitir ráðstöfunarfé ráðherra. Þetta eru allt saman fjármunir sem ráðherrarnir hafa haft til sérstakrar útdeilingar, þ.e. bæði þau 3% af niðurskurðinum sem átti að dreifa aftur til baka og það var ekki gert eftir neinum sérstökum reglum. Það eru safnliðir sem í vaxandi mæli hafa verið að færast til ráðuneytanna og það er ráðstöfunarfé ráðherra.

Til viðbótar hefur það líka komið í ljós við endurskoðun reikningsins að sú risna sem færð er getur ver-

ið mjög umdeilanleg, hvort það teljist til risnu sem þar er verið að færa. M.a. hefur komið í ljós að menn leita á milli ráðherra. Fái þeir neitun frá einu ráðuneyti, þá leita þeir til næsta til að vita hvort þeir fá úthlutun þar. Gildir þetta bæði um einstaklinga og fyrirtæki.

Það gilda heldur engar fastar reglur um ráðstöfun safnliða. Það er því er e.t.v. nauðsynlegt að Alþingi og fjárln. skoði hvort ekki þurfi að fara að semja einhverjar reglur um ráðstöfun safnliða.

Annað fannst mér einnig sérstaklega athyglisvert í þessari skýrslu yfirskoðunarmanna. Það kemur líka fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að lífeyrisskuldbindingar hafa vaxið svo mikið hjá ríkinu að nú þyrfti í raun og veru að hækka framlag til lífeyrisgreiðslna ríkisins. Það ætti ekki lengur að vera 10%, þ.e. 4% frá starfsmönnum og 6% frá ríkinu, heldur þyrfti það að vera 26,4% ef það ætti að standa undir þeim lífeyrisskuldbindingum sem þörf er á.

Eins og ég sagði í upphafi máls míns ætla ég ekki að fara nákvæmlega yfir þessa skýrslu yfirskoðunarmanna að öðru leyti en taka undir nokkur atriði sem þeir nefna. Ég geri alveg fastlega ráð fyrir því að hér á eftir muni hv. þm. Pálmi Jónsson fara yfir það mál og skýra það nánar.

Það sem vekur athygli þegar við skoðum tekjuhlið þessa reiknings er að þar er ekki gerð grein fyrir sértekjum. Í tekjuliðum ríkisreiknings eru sértekjur ekki með. Þær eru dregnar frá gjöldum og koma þar af leiðandi aldrei fram sem tekjur ríkisins. Þrátt fyrir það er hallinn á milli tekna og gjalda 10% af tekjum ríkisins, eða 10,6 milljarðar. Það er mjög umdeilanlegt hvernig hvernig það hefur verið stundað að færa sértekjur ekki sem tekjur ríkisins heldur frádrátt frá gjöldum. Í skýrslu sinni tekur Ríkisendurskoðun sérstakan kafla fyrir sem hún nefnir sértekjur stofnana. Með leyfi forseta ætla ég að lesa nokkuð upp úr því til að skýra hvað átt er við með þessum sértekjum. Hér segir Ríkisendurskoðun:

„Tekjum í A-hluta ríkisreiknings er skipt í þrennt. Í fyrsta lagi er um að ræða skatttekjur, í öðru lagi aðrar tekjur ríkissjóðs og í þriðja lagi sértekjur einstakra stofnana. Tveir fyrrnefndu liðirnir færast ríkissjóði til tekna, en sértekjur koma til frádráttar kostnaði á gjaldahlið ríkisreiknings sem fyrr segir. Það sem ræður mestu um hvort litið er á tekjur sem skatta eða ekki er hvort þjónusta eða annað framlag kemur á móti álögðum gjöldum og hvort gjaldið er lögþvingað. Komi ekki framlag á móti gjaldtöku og gjaldtakan er lögþvinguð er tvímælalaust um skattheimtu að ræða. Sé aftur á móti um að ræða tekjur af þjónustu sem stofnun veitir og neytendur hafa frjálst val um þjónustuna ber að líta á þær sem sértekjur.

Stundum geta skil á milli skatttekna og þjónustutekna verið óljós. Í skýrslu sinni fyrir árið 1992 sá umboðsmaður Alþingis ástæðu til að árétta þær grundvallarreglur er gilda um ákvörðun skatta og gjalda opinberra aðila. En embættinu höfðu á árinu borist fleiri kvartanir út af gjaldtöku og skattheimtu en á árinu á undan. Þar kemur fram að ganga verði út frá þeirri grundvallarreglu að almenningur þurfi ekki að greiða sérstakt gjald fyrir afgreiðslu eða úrlausn stjórnvalda nema heimild sé til þess í lögum."

Síðan segir hér: „Forsenda þess að stjórnvöldum sé heimilt að taka hærri greiðslu fyrir opinbera þjónustu en sem nemur kostnaði við hana sem lið í almennri tekjuöflun ríkissjóðs er sú að fyrir hendi sé skattlagningarheimild í skilningi 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar."

Það kemur á daginn að umboðsmaður Alþingis sér ástæðu til þess að gera athugasemdir við það sem hefur verið kallað sértekjur og hvort það geti flokkast sem skatttekjur eða þjónustutekjur og Ríkisendurskoðun tekur að nokkru leyti undir þessar athugasemdir, þ.e., að það geti verið mjög umdeilanlegt að færa þær á þann hátt sem gert hefur verið og hvaða sértekjur séu í raun sértekjur. Það er t.d. dæmi um að tekjur vegna sölu fasteigna séu færðar sem sértekjur og trúlega muna hv. þm. eftir málinu um Þvottahús Ríkisspítalanna þar sem sala þvottahússins átti að vera sértekjur Ríkisspítala en ætti frekar að vera tekjur ríkissjóðs vegna þess að ríkissjóður var þar að selja eign en ekki sértekjur stofnunar.

Síðan hefur einnig komið fram, að því er Ríkisendurskoðun telur, að sértekjur eru ekki í öllum tilvikum færðar upp í bókhaldi og ráðstöfun þeirra þess vegna ekki heldur sjáanleg. Það hefur e.t.v. verið vegna þess að þá hafa stofnanir álitið að það mundi verða litið svo á að þær þyrftu síðar á framlagi frá ríkinu að halda sem mundi leiða til þess að framlagið yrði skert.

Það má alveg ljóst vera líka að í ríkisreikningi fyrir árið 1992 eru sértekjur stór hluti því þær hafa hækkað um rúman milljarð á milli áranna 1991 og 1992. Samkvæmt þessum ríkisreikningi er stór hluti af því að tekist hefur að halda gjöldum nokkuð niðri, jafnvel lækka gjöld ýmissa ríkisstofnana, sértekjur sem valda því, þar sem þær eru dregnar frá gjöldum, að gjöldin verða lægri. Þarna tel ég að sé ekki alveg rétt að málum staðið.

Það er kannski ástæðulaust að fjölyrða frekar um einhverjar bókhaldsaðstæður í þessu. Ríkisreikningsnefnd hefur fjallað um það núna síðustu a.m.k. tvö eða þrjú ár hvernig færa skuli þetta í ríkisreikningi og samkvæmt nýjustu upplýsingum er mikið búið að reka á eftir því að ríkisreikningsnefnd skili af sér. Þar eiga bæði fulltrúar fjmrn. og Ríkisendurskoðunar að ná samkomulagi um það hvernig með tekjur og gjöld skuli fara. Samkvæmt því sem nýjustu fréttir segja, þá á hún að skila sínu áliti þann 4. mars kl. 14. Hvort það stendur alveg er kannski ekki enn vitað en ég hef grun um að upp sé komin nokkur „panik" í þessari ríkisreikningsnefnd til þess að geta staðið við það áform, en trúlega veit hæstv. fjmrh. meira um það.

Það er líka alveg ljóst, og kemur bæði fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um ríkisreikning og einnig um framkvæmd fjárlaga árið 1992, að þau markmið sem áttu að nást á því fjárlagaári náðust ekki. Þótt tekist hafi að lækka útgjöld A-hluta ríkissjóðs um sem svarar 5,5 milljörðum kr. að raunvirði, þá náðist það ekki vegna þeirra markmiða sem sett voru því að markmiðin náðust engan veginn. Lækkunin varð af allt

öðrum ástæðum. Lækkunin varð af því að það munaði t.d. um 1,8 milljarða kr. sem var lækkun á vaxtagjöldum og fjárfesting og viðhaldskostnaður lækkuðu um 2 milljarða kr. Þannig að í þeim 5,5 milljörðum kr., að raunvirði, sem talið er að útgjöld A-hluta hafi lækkað milli áranna 1991 og 1992 munar mest um vaxtagjöldin og að fjárfesting og viðhald urðu mun minni en gert var ráð fyrir. Þar að auki voru færðar á milli ára nokkur hundruð milljónir kr. a.m.k. Líklega voru rúmar 500 millj. kr. af viðhaldskostnaði færðar á milli áranna 1991 og 1992. Það segir því ekki alla söguna þó að verið sé að tala um að útgjöld A-hluta ríkissjóðs hafi lækkað um 5,5 milljarða kr. T.d. var sett það markmið að ná 3 milljarða kr. áætluðum rekstrarsparnaði. Af því náðust 2 milljarðar en hins vegar komu svo aðrar hækkanir á móti þannig að lækkun ríkisútgjalda um 4 milljarða kr. var af öðrum ástæðum en að var stefnt með fjárlögunum.

Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að stofnunin hefur í vaxandi mæli farið út á það svið að gera ýmsar stjórnsýsluathuganir hjá stofnunum ríkisins. Það kemur fram í skýrslunni að yfirskoðunarmenn hafi óskað eftir því við endurskoðun ríkisreiknings árið 1991 að Ríkisendurskoðun gerði úttekt á tölvukaupum ríkisins. Það tel ég að sé gott mál. Skýrslan er gefin út í október 1993 og þar segir að stofnunin muni á næstunni hrinda þessari athugun af stað. Ég held að sé alveg nauðsynlegt vegna þess að tölvukaup eru orðin stór liður í gjöldum ríkissjóðs. Ekki bara hjá einni stofnun heldur mörgum stofnunum eru tölvukaupin orðin þannig að maður spyr sjálfan sig hvort alltaf hafi verið staðið rétt að þeim málum, hvort hlutirnir hafi verið skoðaðir það vel fyrir fram að þarna væri verið að gera kaup sem mundu endast þann endingartíma sem tölvur og tölvubókhaldskerfi ættu að geta enst. Því miður held ég að það hafi ekki verið en sjálfsagt mun það koma í ljós í skýrslu sem Ríkisendurskoðun hyggst gera um það hvernig staðið hefur verið að þessum málum.

Á Alþingi er t.d. verið að breyta mjög um tölvukerfi og þó e.t.v. sé þar um að ræða byrjunarörðugleika sem hafa komið mjög illa við marga þingmenn sem nota sínar tölvur mikið þá getur vel verið, eins og ég segi, að það séu byrjunarörðugleikar en það er hlutur sem maður mundi gjarnan vilja fá staðfestan, hvort þetta er allt saman gert þannig að það sé rétta leiðin sem þar er verið að fara eða hvort einhverjar athuganir vanti áður en farið er í þessar eilífu breytinar á tölvukerfum. Þó svo alltaf sé að ske eitthvað nýtt og nýtt í þeim málum þá held ég að menn þurfi aðeins að skoða þau mál rækilega og vel áður en farið er út í miklar breytingar og fjárfestingar.

Það kemur einnig fram í þessum reikningi og hefur kannski áður komið til umtals á Alþingi að á fimm ára tímabili, á árunum 1988–1992, er búið að afskrifa skattakröfur upp á 15 milljarða kr. Þyrfti þó að afskrifa meira vegna þess að ekki er búið að afskrifa nema það sem búið er að fara í gegnum gjaldþrotaskipti og búið að ganga frá. Það er ekki með í þessu það sem erfiðlega hefur reynst að innheimta, það sem er verið að vinna við í gjaldþrotaskiptum og ekki búið. Það er mat Ríkisendurskoðunar að það hefði í raun og veru þurft að afskrifa enn meira og þá hefði auðvitað þessi ríkisreikningur hækkað um 1,5–2 milljarða í viðbót.

Ég held að því miður hafi sá sparnaður sem átti að nást í ríkisrekstri á þessu ári ekki náðst, hvorki þau markmið sem sett voru né heldur þessi 5% niðurskurður sem rokið var í á síðustu mánuðum eða síðustu vikum ársins 1991 að gera fyrir fjárlagaárið 1992. Ég held að það hafi ekki heldur náð tilætluðum árangri. Kannski er það besta skýringin að benda á að það hefur ekki verið gripið til þess síðan. Það var ekki reynt á árinu 1993 að skera niður með þeim hætti að fara í flatan niðurskurð af öllum stofnunum á síðustu vikum sem sýnir það auðvitað að hæstv. ríkisstjórn hefur litið svo á og tekið þá til greina e.t.v. þær athugasemdir um að þessi sparnaður skili sér ekki nægilega.

Þrátt fyrir það að allar þær sértekjur sem eru lagðar á á þessu ári hafi ekki verið færðar með sem tekjur ríkisins þá jukust tekjur ríkisins vegna aukatekna um tæpar 300 millj. kr. og það er vegna þess að lögum um aukatekjur ríkissjóðs var breytt og þau tók gildi í ársbyrjun 1992. Við það varð mjög mikil hækkun á þessum aukatekjum, sköttum og þjónustugjöldum ríkisins, hækkunin varð um 54,1% sem er allmikil hækkun á þessum tíma þegar verðbólgan er í lágmarki og atvinnuleysi er vaxandi. Á sama tíma hækkar ríkið skatta og þjónustugjöld um 54%.

Frá ýmsum B-hluta stofnunum hafa einnig verið allmiklar tekjur, m.a. frá Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og frá Pósti og síma sem hafa verið einar 390 millj. kr. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég hef reynt að fara aðeins almennt yfir þennan reikning en tíminn er naumur þannig að mér hefur ekki unnist tími til að fara yfir allt sem ég hafði hugsað mér en ég læt þetta nægja að sinni.

[10:56]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Frv. þetta um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1992 var lagt fram snemma vetrar og umræða hófst fyrir jól og er hægt að taka undir að það er miður að það skuli hafa þurft að slíta umræðuna svo í sundur sem raun ber vitni. Frv. er flutt í kjölfar endurskoðunar á ríkisreikningnum sem fram fer af hálfu Ríkisendurskoðunar samkvæmt lögum um starfsemi þeirrar stofnunar og endurskoðun yfirskoðunarmanna ríkisreikninga sem kjörnir eru af Alþingi en skýrsla um þessa endurskoðun ríkisreiknings fyrir 1992 kom út í októbermánuði 1993.

Ég vil gjarnan geta þess að við yfirskoðunarmenn ríkisreiknings sem erum þrír, hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, Sveinn G. Hálfdánarson í Borgarnesi og sá sem hér stendur. Við lögðum kapp á það að ná því markmiði að skýrsla Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna gæti komið út í upphafi næsta þings eftir reikningsskilaár eins og raun varð á og teljum að með því sé náð nokkrum áfanga sem ekki hefur tekist í

mjög mörg ár. Ég tel því að það hafi verið keppikefli af hálfu Alþingis að halda þannig á málum að þessi umræða gæti farið fram sem fyrst í kjölfar þess að skýrslan kemur út þannig að samfella sé í þessum málum.

Í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings er tekið á ýmsum þeim málum sem varða heildarstöðu ríkisfjármála en ekki farið ofan í smærri atriði. Það er gert í ítarlegu máli í skýrslu Ríkisendurskoðunar og mun ég ekki fara yfir þá skýrslu í þessari umræðu en hún hefur legið frammi eins og áður sagði frá því í októbermánuði sl. Við yfirskoðunarmenn ríkisreiknings viljum hins vegar taka fram að við tökum undir þær ábendingar og ýmsa þá gagnrýni sem þar kemur fram en í skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992 er kannski meira en áður farið yfir starfsemi B-hluta stofnana og sjóða í eigu ríkisins því stundum hafa þeir nokkuð legið eftir varðandi þá skýrslugerð sem hér er til umræðu.

Ég tel hins vegar eðlilegt að ég geri í stórum dráttum grein fyrir skýrslu yfirskoðunarmanna eins og hún liggur fyrir í þessari skýrslu.

Þessi skýrsla sem hér er til umræðu í tengslum við ríkisreikninginn fyrir árið 1992 er önnur tveggja skýrslna sem Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn ríkisreikninga hafa gefið út á árinu 1993. Í ljósi þess þá tökum við fram að svo skammur tími var á milli þessara tveggja skýrslna um endurskoðun ríkisreiknings fyrir 1991 annars vegar og 1992 hins vegar að ekki þótti tilefni eða tóm til að gera samanburð á því hvernig til hafi tekist með þær athugasemdir sem birtar voru með ríkisreikningi 1991. Hvorki að því er varðar gagnrýni og aðfinnslur um starfsemi tiltekinna stofnana né ríkisreikningsins í heild og ekki heldur sem við boðuðum með þeim athugasemdum að ástæða kynni að vera til þess að draga einnig fram það sem sérstaklega hefði verið vel gert, bæði af hálfu hæstv. fjmrh. og fjmrn. og eins af hálfu einstakra stofnana. Þessi samanburður liggur eftir í þeirri skýrslu sem við skiluðum í október sl. en áætlun okkar er sú, af því að yfirskoðunarmenn hafa verið kjörnir aftur þeir sömu, að freista þess að gera einhverja grein fyrir því í skýrslu með endurskoðun ríkisreiknings fyrir 1993. Ég tel ástæðu til þess að láta þessa skýringu koma fram en hún er þessi eins og áður sagði um þennan skamma tíma á milli tveggja skýrslna.

Yfirskoðunarmenn lögðu mikla vinnu í sitt starf og kynntu sér ríkisreikninginn og leituðust við að bera saman fjárheimildir sem Alþingi hefur veitt, bæði í fjárlögum og fjáraukalögum. Reikningurinn var yfirfarinn með starfsmönnum Ríkisendurskoðunar. Yfirskoðunarmenn spurðu fjölmargra spurninga og fengu svör við þeim nær öllum eða öllum, í ýmsum tilvikum þykkar bækur og skýrslur sem er gríðarlega mikið verk að fara ofan í saumana á í öllum atriðum.

Ég held að það blandist engum hugur um að þegar litið er yfir ríkisreikninginn fyrir tiltekið ár, í þessu tilviki 1992, þá er það fjárhagsafkoma ríkissjóðs í heild sem auðvitað skiptir mestu máli og er það sem upp úr stendur. Það kemur fram í þessum greinargerðum, og kemur fram í frv. hæstv. ríkisstjórnar sem hér liggur fyrir til umræðu, að rekstrarhalli ársins varð um 10,6 milljarðar kr. en er þó minni en var á árinu 1991. Hitt vekur kannski meiri athygli að efnahagsstaða ríkissjóðs fer auðvitað versnandi með hallarekstri þannig ár frá ári og er alvarlegt ef svo á að ganga áfram. Við vitum hins vegar um skýringar á þessum efnum, við vitum líka um það að hæstv. ríkisstjórn hefur gripið til margvíslegra aðgerða til þess að draga úr þessum halla og draga úr þessari skuldamyndun og hefur orðið verulega ágengt á ýmsum sviðum þótt efnahagsaðstæðurnar að öðru leyti í þjóðfélaginu hafi leitt til þess að árangur hafi ekki náðst til fulls þannig að tekist hafi að jafna þennan mismun.

Heildarskuldir A-hluta ríkissjóðs að meðtöldum skuldbindingum vegna lífeyrisréttinda námu í árslok 1992 236,6 milljörðum kr. og höfðu skuldir A-hluta ríkissjóðs aukist um 12% frá ársbyrjun 1991. Á sama tíma jók A-hluti ríkissjóðs peningalegar eignir sínar um 8,7% frá ársbyrjun þannig að heildarniðurstaðan er sú að ríkissjóður jók peningalegar skuldir sínar umfram eignir um 18,5 milljarða á árinu 1992 eða svo til sömu fjárhæð eins og var á árinu 1991.

Hér var af hv. 6. þm. Vestf. drepið á sérstöðu fjárlaganna fyrir árið 1992. Við gerum grein fyrir því í okkar skýrslu að þau fjárlög voru nokkuð sérstök, í fyrsta lagi vegna þess að við afgreiðslu þeirra var gert ráð fyrir að einstakir ráðherrar dreifðu hluta af svokölluðum flötum niðurskurði sem var um 5% aftur til hlutaðeigandi stofnana. Þetta var gert þannig að stofnanir fengu mjög mismunandi mikið af þessari endurgreiðslu í sinn hlut og ekki er unnt að sjá að neinar reglur hafi gilt um þá ráðstöfun fjármuna af hálfu handhafa framkvæmdarvaldsins og beinlínis ekki til þess ætlast við afgreiðslu fjárlaga en því vekjum við athygli á þessu að þetta torveldar mjög allan samanburð á fjárheimildum einstakra stofnana og einstakra fjárlagaliða og svo aftur á móti niðurstöðunni eins og hún varð.

Við teljum því að þessari aðferð Alþingis við afgreiðslu fjárlaga fylgi vankantar. Nú er það auðvitað ekki hlutverk yfirskoðunarmanna að gagnrýna Alþingi fyrir gerð fjárlaga en við hljótum að benda á að þetta torveldar allt eftirlitsstarf og endurskoðunarstarf fyrir einstakar stofnanir.

Á sama hátt bendum við á að svokallaðir safnliðir sem lengi hafa tíðkast hafa orðið nokkuð fyrirferðarmeiri í fjárlögum á síðari árum en áður tíðkaðist og að ekki hafa verið mótaðar reglur um ráðstöfun safnliða þannig að því fylgir gjarna að fé sem veitt er á safnliði fjárlaga er ráðstafað til margvíslegra hluta af hálfu þeirra sem með framkvæmdarvaldið fara af hálfu einstakra ráðuneyta og ráðherra og hreyfist þannig á milli mjög margra fjárlagaliða. Hluti af safnliðunum er svokallað ráðstöfunarfé ráðherra og má segja að það sé kannski sá þáttur þessara safnliða sem hæstv. ráðherra hafa til hvað frjálsastrar ráðstöfunar. Þó var í raun ætlast til þess þegar sá háttur var tekinn upp að veita á fjárlögum slíka liði til ráðstöfunar fyrir einstaka ráðherra að það gengi til þess að mæta óvæntum útgjaldatilefnum í þeim ráðuneytum, t.d. þegar tiltekin

verk færu fram úr áætlun, eitthvað óvænt bæri við sem þyrfti fé til að greiða fyrir og yrði þannig til þess að draga úr þörf fyrir aukafjárveitingar sem í langan tíma höfðu tíðkast.

Þetta hefur tekist, það hefur dregið úr þörf fyrir aukafjárveitingar enda þótt þurft hafi að leita til Alþingis um nýjar heimildir til útgjaldaauka eins og kunnugt er með fjáraukalagafrumvörpum.

En ég vil geta þess að að verulegu leyti vegna þessara safnliða allra þá eru til þau ráðuneyti sem hafa fært á milli einstakra fjárlagaliða færslur sem jafnvel nema á annað hundrað talsins. Þessi háttur hlýtur vitaskuld eins og allir sjá að auka mjög vinnuálag þeirra sem þurfa að endurskoða og yfirfara allar slíkar fjárheimildir og niðurstöður þeirra mörgu fjárlagaliða sem fært er til.

Þessi háttur í ráðstöfun fjármuna á milli einstakra fjárlagaliða hefur því aukið starf okkar yfirskoðunarmanna og einnig að mjög verulegu leyti starf þeirra sem vinna þetta verk í Ríkisendurskoðun sem einnig starfar af hálfu Alþingis.

Þetta haggar ekki því að það er skoðun okkar yfirskoðunarmanna að safnliðir séu nauðsynlegir að einhverju marki en við teljum að það sé umhugsunarefni fyrir Alþingi hvort ekki sé tímabært að setja þessum safnliðum einhver mörk og einhverjar þær reglur sem a.m.k. takmarka þá miklu dreifingu sem er á þeim til hinna fjölmörgu fjárlagaliða eins og ég hef getið um sem jafnvel eru uppi í hundrað talsins í einstökum ráðuneytum.

Í skýrslu yfirskoðunarmanna er gerð grein fyrir því að rekstur t.d. heilsugæslustöðva er með þrenns konar hætti. Í kjölfar breytinga á verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga stendur ríkissjóður nú að fullu undir kostnaði við rekstur sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva. Í ljósi þessa er að okkar dómi tímabært að skoða hvort ekki sé eðlilegt að athuga hvaða rekstrarform henti heilsugæslustöðvum. Á árinu 1992 var rekstur þeirra með eftirfarandi þrennum hætti:

1. Þær eru reknar með hefðbundnum hætti, sem kallað er hér, sem sérstakar ríkisstofnanir óháðar öðrum sjúkrastofnunum. Flestar stöðvanna fylla þennan flokk.

2. Nokkrar stöðvar eru reknar með öðrum sjúkrastofnunum eða í samstarfi við aðrar sjúkrastofnanir og erfitt að greina reikningsskil á milli þeirra stofnana.

3. Ein heilsugæslustöð er rekin af hlutafélagi í eigu lækna.

Í tilefni þessa teljum við ástæðu til að skoða hvaða rekstrarform af þessum þremur muni henta þessari þýðingarmiklu starfsemi best og hvort ekki sé ástæða til þess að leitast við að samræma það að undangenginni slíkri rannsókn.

Nokkur umræða hefur orðið um lífeyrissjóðamál og þær miklu skuldbindingar sem hvíla á lífeyrissjóðakerfi landsmanna. Lífeyrissjóðaskuldbindingar ríkissjóðs eru tilgreindar í skýrslu yfirskoðunarmanna en í árslok 1992 námu þær alls 57,8 milljörðum kr., höfðu hækkað um 2,8 milljarða á árinu. Að sjálfsögðu eru slíkar tölur þess efnis sem fela í sér skuldbindingar fyrir framtíðina að þær verður að taka með þeirri varúð að þær geta breyst í ljósi þess að ávöxtunarkjör eru breytanleg og ekki hægt með neinni vissu að ráða í aldur þess fólks sem þarna á réttindi þannig að slíkar áætlanir um þær skuldbindingar sem á ríkissjóði hvíla verða seint óyggjandi. Á hinn bóginn er rétt að gera sér grein fyrir því að þarna hvíla á ríkissjóði gríðarlegar skuldbindingar sem bregðast þarf við eftir því sem kostur er í sambandi við langtímaáætlanir um fjármögnun.

Ég vil aðeins geta um þann þátt í skýrslu yfirskoðunarmanna sem lýtur að launakerfi opinberra starfsmanna. Það er skoðun okkar yfirskoðunarmanna að það hafi komið æ betur í ljós að launakerfi ríkisins sé komið kannski nærri því að fótum fram. Það byggist á því að verulegu leyti að alls konar aukagreiðslur og fríðindi séu greidd einstökum starfsmönnum og þessar aukagreiðslur og fríðindi hvers konar eru því meiri sem ofar dregur í launastiganum. Þessi fríðindi eru m.a. óunnin yfirvinna, bifreiðahlunnindi, húsnæðisfríðindi, risna, greiðslur fyrir aukastörf, ferðakostnaðarhlunnindi, nefndarlaun og stjórnarlaun. Ég tel ástæðu til þess að draga þetta fram vegna þess að það hefur tíðkast í mjög langan tíma hér á landi við kjarasamninga að halda launakjörum, hinum beinu launakjörum sem mest niðri en fara síðan í kringum kjarasamninga með hvers konar slíkum fríðindum sem betur færi að væri tekið á í kjarasamningunum sjálfum og hvað ríkisstarfsmenn snertir í launakerfi ríkisstarfsmanna sjálfra, hinu opinbera launakerfi ríkisstarfsmanna sjálfra, og væri ekki haft í því horfi sem allir vita að þessi fríðindi, sem eru með margvíslegu móti og eru mismunandi á milli einstakra starfsmanna, væru í jafnmiklum mæli og nú tíðkast. (Forseti hringir.)

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að fara hér yfir nokkur fleiri atriði en virði vitaskuld að tíma mínum er lokið og ég mun e.t.v. koma því að í annarri ræðu hér á eftir.

[11:16]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Við tökum nú aftur til umræðu frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningi fyrir árið 1992 sem hafin var í nóvembermánuði sl. ef ég man rétt, en var þá frestað að beiðni hv. þm. Jóns Kristjánssonar þar sem hann taldi að ekki hefði verið gert ráð fyrir umræðunni á dagskrá þann dag og þess vegna ekki verið undirbúinn sem skyldi og auk þess væru endurskoðendur ríkisreikninga þeir sem sæti eiga á hv. Alþingi ekki viðstaddir umræðuna. Þess vegna var það í sjálfu sér eðlilegt að verða við þeirri ósk að fresta umræðunni. En það er líka rétt að það er út af fyrir sig slæmt að fylgja ekki umræðu eftir eins fljótt og hægt er þegar svo viðamikil mál eru á dagskrá eins og endurskoðun ríkisreiknings með þeim skýrslum sem slíku frv. fylgja þegar það er tekið til umræðu hér á hv. þingi. Ég vil þess vegna taka undir orð hv. síðasta ræðumanns, hv. þm. Pálma Jónssonar, þegar hann bendir á að það er mjög nauðsynlegt að fylgja þessu eftir hið fyrsta meðan athugasemdir og umræður eru ferskar.

Það ber að þakka að nú skuli hafa náðst sá áfangi að ríkisreikningur sé lagður fram til umræðu og samþykktar skömmu eftir nýliðið ár, þ.e. að það skuli takast að koma þessum gögnum inn í þingið á haustþingi eftir að reikningsárið næsta á undan er liðið og þar hefur Ríkisendurskoðun sannarlega náð mikilvægum áfanga. Ég hygg að á síðasta ári eða kannski rúmlega það hafi líklega þrír ríkisreikningar verið lagðir fram á þingnu sem er mjög þakkarvert og ber að hafa það í heiðri og reyna að virða það og þingið þarf þá líka að fylgja þeirri skyldu sinni fram að fjalla um reikninginn og afgreiða hann. Það er ekki nóg að Ríkisendurskoðun, fjmrn. og endurskoðunarmenn ríkisreiknings standi sína plikt mjög vel eða sinni sínum skyldum eins og þeir hafa gert ef þingið síðan fylgir því ekki fast eftir.

Þetta var svona aðeins um vinnubrögð, virðulegi forseti, sem ég vildi nefna hér í upphafi og það má kannski minna á það reyndar líka í sambandi við það og afgreiðslu þingsins á ríkisreikningum að það hefur vissulega staðið nokkur ágreiningur um það hvernig færa skuli upp einstaka þætti í ríkisreikningi. Það má segja að sá ágreiningur, ef hægt er að tala um ágreining, eða a.m.k. skiptar skoðanir megi rekja allt til þess er ríkisreikningur fyrir árið 1989 var lagður fyrir með nokkuð breyttum hætti þar sem reynt var að færa uppgjör ríkissjóðs nær, eigum við að segja, almennum reikningsskilavenjum í atvinnurekstri þar sem færðar eru skuldbindingar og kröfur með öðrum hætti en áður hafði verið gert. Þau mál öll hafa verið til athugunar og úrvinnslu í sérstakri nefnd sem hefur gengið undir nafninu ríkisreikningsnefnd sem ef ég veit rétt hefur nú loksins lokið störfum og komist að niðurstöðu og þá ætti þinginu heldur ekki að vera neitt að vanbúnaði að taka þessi mál nú til afgreiðslu, þau sem þegar liggja fyrir þingi óafgreidd.

Nú er það auðvitað svo og ég undirstrika það að þinginu ber að sjálfsögðu að taka afstöðu til málanna og framfylgja þeim lagaákvæðum sem um þetta fjalla hverju sinni eins og þau eru í gildi en þeir hv. þm. sem sæti eiga í fjárln. hafa komist að samkomulagi um það að bíða nokkuð eftir niðurstöðu þessarar ríkisreikningsnefndar en nú mun ekki vera neitt að vanbúnaði að fylgja málum fram og afgreiða þau.

Mig langar að gera hér að umræðuefni nokkur atriði sem fram koma skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings og Ríkisendurskoðunar eftir því sem tími minn leyfir. Hv. þm. Pálmi Jónsson, einn af endurskoðendunum, hefur nú þegar gert grein fyrir þeim athugasemdum sem endurskoðunarmenn og Ríkiendurskoðun hefur gert við ríkisreikninginn. Það er vissulega rétt og ber að nefna það strax að vegna þess hve skammur tími leið á milli þessara skýrslna frá ríkisreikningi 1991 til ríkisreiknings 1992 þá er út af fyrir sig ekki hægt að gera ítarlega úttekt á því hvernig til hefur tekist en ég man eftir því við umræður um ríkisreikning 1991 í hv. Alþingi að þá var því beint til hæstv. fjmrh. og reyndar til annarra ráðherra að þeir tækju þessar athugasemdir endurskoðendanna og Ríkisendurskoðunar til gaumgæfilegrar athugunar og beindu því til fagráðuneytanna að fylgja eftir þeim athugasemdum sem hér eru fram settar. Það er til lítils að leggja mikla vinnu í það og benda á marga þætti sem betur mættu fara ef því er ekki fundinn nokkur farvegur að þetta sé tekið til greina og það sé þá a.m.k. skýrt fyrir þingnefndum og þinginu ef ekki er hægt að verða við þeim athugasemdum sem fram eru settar og þingið fái þá aftur í einhverju formi uplýsingar um það hvernig athugasemdum hefur verið fylgt eftir og þær teknar til úrvinnslu eftir því sem við á.

Í skýrslu yfirskoðunarmannanna eru nefndir nokkrir liðir sem mig langar að nefna sérstaklega, t.d. athugasemdir sem eru gerðar við svokallaða safnliði. Það er vissulega ástæða til að fylgja því eftir að fjárveitingavaldið hafi þrátt fyrir allt fulla yfirsýn og umsjón með því hvernig slíkum safnliðum er ráðstafað og að þingið afhendi ekki fjárveitingavald til annarra aðila en með það eiga að fara og það sé ljóst í hvað fjárveitingum er varið. Um þetta hefur verið ofurlítill ágreiningur milli fjárln. og þar með skulum við segja þingsins annars vegar og ráðuneyta eða ráðherra hins vegar sem hafa haft vilja og óskir til þess að hafa nokkurt svigrúm til þess að mæta óvæntum útgjöldum sem koma upp á hverju ári og erfitt er að sjá fyrir. Þessu átti að mæta með ákvörðun um það að afhenda ráðuneytum sérstakan fjárlagalið sem kallaður hefur verið ráðtsöfunarfé ráðherra og það er mjög mikilvægt að þessir liðir, þ.e. hinir ýmsu safnliðir í fjárlögum og svo þetta ráðstöfunarfé sem beinlínis er merkt ráðherrum, sé skoðað í samhengi. Ég tel út af fyrir sig að það sé nauðsynlegt að slíkt svigrúm sé fyrir hendi en það þarf auðvitað að fylgja því eftir og fylgjast með því hvernig það er nýtt og, eins og hér er gert í athugasemdum yfirskoðunarmannanna, að því sé ekki ráðstafað til þess að auka rekstrarútgjöld ráðuneytanna sem Alþingi hefur kannski fjallað um og e.t.v. í einhverjum tilvikum hafnað að safnliðir gefi síðan ekki möguleika á því að taka upp og verja fé til slíkra þátta heldur sé þetta eingöngu notað til þess að mæta óvæntum þáttum í rekstri sem upp koma og ófyrirsjáanlegir eru.

Einnig held ég að með þessum fjárveitingum sem ráðherrar eiga að hafa til eigin ráðstöfunar hafi verið hugsað að mæta því sem kalla mætti ýmiss konar úttektir og athugun á einstökum þáttum í ríkisrekstrinum og þá kostnaði við undirbúning að nýjum verkefnum sem þingið gæti síðar tekið til umfjöllunar hvort og hvernig ætti að bregðast við eða ráðast í eftir að ráðuneytin hafa látið framkvæma slíka undirbúningsvinnu. Þá væri þessu fé rétt og eðlilega ráðstafað.

Annar þáttur sem hér kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmannanna er rekstur heilsugæslustöðva og hvernig með skuli farið eða staðið skuli að þeim rekstri og hv. þm. Pálmi Jónsson gerði nokkuð grein fyrir í ræðu sinni áðan. Mig langar aðeins að segja um það mál sérstaklega að ég held að alla jafnan sé rekstri heilsugæslustöðvanna háttað þannig að þær séu reknar með öðrum sjúkrastofnunum þar sem um það er að ræða, þar sem sjúkrahús og heilsugæslustöðvar eru á viðkomandi stöðum og oft í sama húsi þá

sé það eðlilegt en það mætti kannski ganga lengra á þeim stöðum og hafa eina sameiginlega stjórn yfir þessum stofnunum og jafnframt að ráða starfsfólk að þeim sameiginlega þannig að gætt sé fyllstu hagkvæmni í rekstri þessara stofnana. Annars staðar verður þessu vart við komið eins og t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu þar sem heilsugæslustöðvarnar eru ekki í neinum samrekstri við sjúkrahúsin svo að dæmi séu nefnd og á hinum smæstu stöðum þar sem aðeins eru heilsugæslustöðvar en ekki t.d. sjúkrahús. Þar að vísu kæmi til greina að þessi starfsemi væri rekin í tengslum við öldrunarþjónustustofnanir, dvalarheimili eða hjúkrunarheimili, en þá kemur hins vegar upp álitamál um verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga sem yrði að skoða sérstaklega í því samhengi.

Menn hafa rætt um það nokkuð að það sé eðlilegt að taka upp þetta rekstrarform og jafnvel að það væri einn af þeim þáttum sem bæri að skoða varðandi nýja verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Ég held að eins og þessu er fyrir komið í dag þá sé það með nokkuð góðum hætti og ég held að menn ættu að gefa þeirri verkaskiptingu sem samkomulag varð um fyrir tiltölulega fáum árum síðan nokkurn tíma til þess að sýna sig og sanna áður en stokkið er af stað í enn þá frekari eða róttækari breytingar á því sviði, a.m.k. hvað þennan rekstrarþátt í opinberri þjónustu varðar. Það má gjarnan koma hér fram sem mín skoðun af því að sú umræða hefur oft verið bæði í þingsölum og í þjóðfélaginu, ekki síst í tengslum við umræður um stækkun eða sameiningu sveitarfélaga.

Einn liður enn sem mig langar að nefna hér í skýrslu yfirskoðunarmannanna fjallar um fasteignir ríkissjóðs og þau auknu umsvif sem sú stofnun sem kölluð er fasteignir ríkissjóðs hefur nú. Vissulega er ástæða til þess að gæta vel að þeirri starfsemi og fylgjast með því hvernig málum er þar háttað. Hér eru settar fram hugmyndir um það að ríkið ætti eftir fyrir fram gerðri áætlun að losa sig við ýmsa embættisbústaði og má vel hugsa sér það að stigin séu ákveðin skref í þá veru en ég vil þó minna á það að sérstaklega á ýmsum smærri stöðum hefur verið mjög erfitt að fá embættismenn til starfa. Ég þekki vel til heilsugæslunnar af því að ég var að tala um þetta áðan og einmitt með því að geta útvegað t.d. heilbrigðisstarfsfólki húsnæði hefur verið hægt að manna stöðvar sem annars hefði verið mjög erfitt að fá starfsfólk til og erfitt að veita þá þjónustu sem nú er þó þar fyrir hendi þannig að slíkt þarf auðvitað að skoða í samkomulagi og í samræmi við þá aðila sem hlut eiga að máli og þær aðstæður sem kunna að vera á hverjum stað. Slíkt getur ekki verið ein algild regla án þess að tekið sé tillit til aðstæðna.

Þá er hér einnig rætt um launakerfi opinberra starfsmanna og reyndar er fullyrt í skýrslu yfirskoðunarmanna að æ betur komi í ljós að launakerfi ríkisins sé að hruni komið. Hér er auðvitað mikið sagt og kannski stórt tekið upp í sig en þegar skoðað er hvernig að þessum málum er staðið og yfirskoðunarmenn benda hér á þá er sjálfsagt rétt og löngu tímabært að fara rækilega í saumana á þessu máli. Mér er ljóst að það er erfitt viðfangsefni, viðamikið og auðvitað líka viðkvæmt, allt sem lýtur að kjarasamningum og hvernig hægt er að koma betra skikki á þessar greiðslur, þá á það sjálfsagt ekki bara við um opinbera starfsmenn heldur víða í þjóðfélaginu að mönnum séu greidd laun fyrir þá vinnu sem þeir eru að vinna, fyrir það vinnuframlag og þann tíma sem þeir eyða í sinni vinnu en ekki fyrir ýmislegt annað, kannski jafnvel óskylt eða lítt viðkomandi til þess eins að breyta launum eða greiða meira fyrir þau störf sem unnin eru og þá eru fundnar ýmsar aðrar leiðir en það að virða vinnuframlagið sjálft og vinnutímann sem er auðvitað það sem skiptir máli og á að greiða fyrir.

Eitt er hér nefnt í þessari skýrslu yfirskoðunarmanna þegar þeir eru að ræða um launakerfi opinberra starfsmanna sem ég vil undirstrika og það kemur einnig fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar sjálfrar þar sem þeir gera almennar athugasemdir við bókhald og fjárreiður stofnana og það er notkun stimpilklukku. Mig langar að segja aðeins frá því að á Ríkisspítölum þar sem ég á sæti í stjórn hefur verið mikil glíma undanfarin ár við að koma á notkun stimpilklukkunnar og þykir sjálfsagt ýmsum einkennilegt sem ekki þekkja nægjanlega vel til að það skuli vera vandkvæðum háð að taka upp slíkan hlut sem ýmsir telja sjálfsagðan og reyndar er kveðið á um í lögum þar sem segir, með leyfi forseta:

„Hafa skal stimpilklukkur í skrifstofum og á vinnustofum þar sem því verður við komið og halda skrá um hvenær starfsmenn koma til vinnu."

Þetta er úr 30. gr. laga nr. 58/1954, sem því miður hefur ekki tekist að fylgja nægjanlega vel eftir. Það er útilokað fyrir eina eða tiltölulega fáar opinberar stofnanir að fylgja þessum lagaákvæðum eftir og vinna að þessum málum af fullri hörku ef það gildir ekki eitt um alla í því efni. Þar verða ráðherrar og ráðuneytin að taka á með stjórnendum stofnana ef þeir vilja á annað borð láta framfylgja þessu ákvæði. Ég bið hæstv. fjmrh. að taka það til athugunar og minna sína hæstv. samráðherra á að það er ekki hægt, það er algerlega útilokað fyrir stjórnendur einnar stofnunar að fylgja slíku eftir ef það er ekki samræmt átak og því fylgt eftir af hálfu ráðuneytanna til sinna stofnana og undirstofnana. Öðruvísi gengur það mál ekki upp.

Þetta voru nokkur atriði úr skýrslu yfirskoðunarmanna sem mig langaði á þessu stigi, virðulegur forseti, að nefna í þessari umræðu. Að lokum um þá þætti sem koma fram í þessari skýrslu vil ég taka undir þá athugasemd sem hér er sett fram um starfsemi Ríkisendurskoðunar og farveg fyrir skýrslur þær sem Ríkisendurskoðun vinnur, bæði stjórnsýsluendurskoðun og aðrar skýrslur sem hún sendir frá sér og sendar eru hv. Alþingi og koma til meðferðar og meðhöndlunar hjá hv. alþm. Það þarf að finna eðlilegan farveg fyrir þessar skýrslur. Það þarf að finna þeim vettvang til umfjöllunar og umræðu og síðan helst að afgreiða þær í einhverju formi þannig að hægt sé að fylgja eftir þeim athugasemdum sem þar eru settar fram eins og ég nefndi áðan.

Tími minn er alveg að renna út í þessari umferð, virðulegur forseti, og kannski er ekki ástæða til að orð-

lengja mikið um þetta því frv. kemur til meðferðar fjárln. þar sem ég á sæti og kemur síðan aftur hér til umræðu þannig að þar er möguleiki að koma öðrum athugasemdum á framfæri. En mig langar þó að nota síðustu mínútur mínar til að ræða um tvo eða þrjá þætti í skýrslu Ríkisendurskoðunar sjálfrar þar sem m.a. er fjallað um svonefndar sértekjur.

Ríkisendurskoðun vekur athygli á að sértekjur stofnana eru í verulegum mæli færðar þannig að þær eru dregnar frá gjöldum en ekki færðar sem tekjur í ríkissjóð. Við þetta hef ég margsinnis gert athugasemdir, t.d. við umræður um fjárlög, og nota þetta tækifæri til að koma því enn á framfæri að ég tel mjög erfitt bæði að bera saman rekstur og rekstrarumfang hins opinbera og eins að fá raunsanna mynd af raunverulegri tekjuöflun, við getum kannski í sumum tilfellum kallað það skattheimtu hins opinbera, á meðan þannig er farið með sértekjurnar, þ.e. sölu á vöru og þjónustu og greiðslu fyrir þá þjónustu sem opinberar stofnanir veita, þegar þær eru dregnar frá gjöldum ríkissjóðs í staðinn fyrir að færa þær með tekjunum þannig að við sjáum heildarumfangið. Þetta gerir Ríkisendurskoðun athugasemd við og ég vil taka undir það.

Sama er að segja varðandi athugasemdir Ríkisendurskoðunar um það hvernig farið er með afskrift tapaðra skattskulda. Þar er líka erfitt ef ekki er ítarlega gerð grein fyrir því að gera samanburð á rekstrarumfangi og útgjöldum í heild.

Að lokum er í almennum athugasemdum Ríkisendurskoðunar fjallað um það að allt frá árinu 1988 hafi tæpir 15 milljarðar kr. af útistandandi kröfum ríkissjóðs vegna álagðra gjalda tapast beint eða óbeint. Þetta eru stórar tölur og miklar upphæðir og fyrir því geta verið ýmsar ástæður bæði eðlilegar og í einhverjum tilfellum kannski óeðlilegar en við skulum vona að svo sé ekki. En þó er það auðvitað vegna þess að atvinnurekstur hefur gengið erfiðlega ekki síst hin seinustu missirin og gjaldþrot verið tíð sem hefur leitt til þess að verulegar upphæðir hafa tapast.

Í sumum tilfellum hafa aðgerðir opinberra aðila, t.d. mikil áhersla á útboð til hinna ýmsu verkefna, leitt til gjaldþrota og leitt til þess að sá hagnaður sem ríkið hefur í sumum tilfellum talið sig hafa af hagkvæmum útboðum hefur ekki skilað sér þegar upp er staðið vegna þess að ríkið hefur í kjölfar óraunhæfra tilboða sem leitt hafa til gjaldþrota orðið að afskrifa skattaskuldir hjá þessum fyrirtækjum í viðbót við það að slík gjaldþrot hafa síðan áhrif á ýmsan annan rekstur sem einnig hefur leitt til gjaldþrota smærri aðila.

Það voru nokkur atriði fleiri, virðulegur forseti, sem mig hefði langað til að nefna en tími minn er útrunninn. Ég sé til hvort ástæða er til að koma í umræðuna aftur síðar.

[11:37]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Rétt í lokin á umræðunni, a.m.k. að mínu leyti, ætla ég að nefna það að ríkisreikningur fyrir árið 1991 er enn ófrágenginn. Hvernig hann verður afgreiddur hlýtur að hafa áhrif á þann ríkisreikning sem við erum nú að ræða, ríkisreikning fyrir árið 1992. Ríkisreikningur fyrir árið 1991 liggur enn hjá hv. fjárln. og það er að öllu leyti vegna ágreinings milli fjmrn. og Ríkisendurskoðunar um það hvernig skuli fara með Framkvæmdasjóð Íslands. Árið 1991 var talið að staða hans væri þannig að það þyrfti að færa rúmar 1.600 millj. kr. í ríkisreikning fyrir árið 1991 vegna sjóðsins. Bæði yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og Ríkisendurskoðun eru ósammála því áliti. Það kom skýrt fram í umræðu um ríkisreikning fyrir árið 1991 að lagt var til að rúmlega 1.600 millj. kr. framlag til Framkvæmdasjóðs Íslands, sem þar er sett inn, yrði fært á árinu 1992. Þeim vanda hvernig á þessu ætti að taka hefur verið velt á undan sér og verið vísað til ríkisreikningsnefndar að taka á því máli hvernig með skuli fara. Þó kemur það alls staðar fram ef maður les vel yfir yfirlýsingar bæði Ríkisendurskoðunar, yfirskoðunarmanna og líka löggiltra endurskoðenda Framkvæmdasjóðs að sú afstaða sem tekin er í sambandi við þetta mál á þeim tíma mun ekkert breytast. Því þó svo að breyting yrði á lögum um ríkisreikning og bókhald mun hún ekki ná aftur fyrir sig.

Ég held því að það verði að vísa því til hæstv. ríkisstjórnar og ríkisstjórnarmeirihlutans á Alþingi að koma sér saman um, það er sjálfsagt pólitískt samkomulag, hvernig með þetta skuli fara svo hægt sé að afgreiða ríkisreikning fyrir árið 1991.

Í stuttu máli til skýringar fyrir þá sem á hlusta þá er umrædd yfirtaka ríkissjóðs á skuldum Framkvæmdasjóðs rúmar 1.600 millj. kr. og var veitt samkvæmt heimild í 13. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1992 og reyndar ekki greidd út fyrr en í mars á því ári. Hún var notuð í mars árið 1992 en er síðan færð í reikning fyrir árið 1991. Þessu eru bæði yfirskoðunarmenn og Ríkisendurskoðun ósammála og það kemur raunar fram líka í skýrslu löggiltra endurskoðenda um Framkvæmdasjóð Íslands þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í rekstrarreikningi 1991 er fært til tekna framlag frá ríkissjóði að upphæð 1.633 millj. kr. Byggist það á heimildarákvæði til fjmrh. samkvæmt lánsfjárlögum sem samþykkt voru 23. jan. 1992 og fjmrh. hefur þegar nýtt sér, samanber samkomulag við Framkvæmdasjóð sem er dags. 9. mars 1992. Þar sem ákvörðun um þetta framlag ríkissjóðs lá ekki fyrir á árinu 1991 sýnir rekstrarreikningur Framkvæmdasjóðs betri afkomu sem þessu nemur svo og eigið fé hans í árslok 1991."

Þarna stangast þetta því allt saman á við það sem kemur fram í ríkisreikningi 1991. Ég tel að það væri gott að fá það upplýst í þessum umræðum hvort búið sé að ná pólitísku samkomulagi um það hvernig skuli fara með afgreiðslu á ríkisreikningi fyrir árið 1991 áður en við förum að ræða afgreiðslu á ríkisreikningnum fyrir árið 1992. Þrátt fyrir að ríkisreikningsnefnd muni á næstunni skila áliti þá tel ég ekki að það geti virkað aftur fyrir sig þannig að það muni ekki hafa nein áhrif á þetta. Það er fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hvernig með þetta skuli fara.

[11:42]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Af þeim athugasemdum sem fram hafa komið í máli hv. þm. vil ég geta þess í sambandi

við risnu, sem vikið er að í skýrslu yfirskoðunarmanna ríkisreiknings fyrir árið 1992, að þar er tekið fram að ljóst sé að árangur hafi náðst varðandi þá ákvörðun að halda aftur af útgjöldum vegna risnu á því ári. Jafnframt er bent á það, sem áður hafði komið fram, að fjmrn. hafði sett reglur um meðferð risnu og ferðakostnaðarreikninga í árslok 1992. Með tilliti til þess er þess ekki að vænta að þær reglur hafi verið farnar að virka á árinu 1992 heldur væntum við þess að sjá nokkurn árangur af þeim á fjárlagaárinu 1993.

Varðandi það sem hv. 1. þm. Norðurl. e. sagði um meðferð þessara skýrslna þá ræddum við það undir dagskrárliðnum um starfsskýrslu Ríkisendurskoðunar og ekki ástæða til að endurtaka það. En það er skoðun mín og okkar yfirskoðunarmanna að þrátt fyrir að í ýmsum greinum gangi hægt að bæta úr því sem eru augljósir ágallar, t.d. í frágangi á reikningsskilum einstakra stofnana, þá miði það allt í rétta átt. Það er nokkuð tímafrekt verk að fylgjast með því og koma því fram. En þær skýrslur sem hér eru fram settar og umræður af þessu tagi og öll sú endurskoðun og samtöl við forstöðumenn stofnana eiga smám saman að leiða til þess að þessi mál verði í lagi.

Ég held að það hafi verið eðlileg athugasemd sem hér kom fram hjá hv. 6. þm. Vestf. Að sjálfsögðu verður ríkisreikningurinn fyrir 1992 ekki afgreiddur á undan ríkisreikningi 1991. Þar var gerð athugasemd af hálfu yfirskoðunarmanna og Ríkisendurskoðunar um niðurstöður reikningsins að því er varðaði t.d. þann fjárlagalið sem hún nefndi, um 1.633 millj. kr. greiðslu vegna Framkvæmdasjóðs. Enda segir hér í niðurlagi skýrslu okkar yfirskoðunarmanna, með leyfi hæstv. forseta:

„Yfirskoðunarmenn ríkisreiknings 1992 leggja til við Alþingi að ríkisreikningur fyrir árið 1992 verði samþykktur að teknu tilliti til athugasemda yfirskoðunarmanna við ríkisreikning 1991 og að Alþingi samþykki jafnframt fjáraukalög vegna galdfærslu umfram fjárlög ársins 1992."

Þetta þarf auðvitað að hafa þá röð í afgreiðslu sem hv. þm. gat um og er eðlileg. Með tilliti til þessa sem hér hefur verið sagt og oft hefur áður verið sagt um þessi efni þá vil ég vekja athygli á því sem stendur í greinargerð frv. um staðfestingu á ríkisreikningnum sem hér er til meðferðar. Eftir að rakin hefur verið sú breyting sem gerð var á reikningsskilum með ríkisreikningi ársins 1989, sem að flestra dómi að ég hygg hafi verið veigamikið skref í þá átt að færa uppgjör ríkissjóð nær almennum reikningsskilavenjum, segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Breytingin felur fyrst og fremst í sér að í ríkisreikning eru færðar allar skuldbindingar og kröfur A-hluta ríkissjóðs óháð því hvort þær eru gjaldfallnar eða ekki."

Síðar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Ábyrgðir vegna rekstrarstofnana í A-hluta ríkissjóðs eru tiltölulega skýrar og auðmetnar. En málið er flóknara þegar tekur til ábyrgða á fyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign svo og ýmissa annarra aðila sem ríkissjóður veitir ábyrgð."

Enn segir um þetta efni í ágætri greinargerð með þessu lagafrv., með leyfi hæstv. forseta:

„Undir þessa málsmeðferð fellur m.a. ábyrgð ríkissjóðs á skuldbindingum Framkvæmdasjóðs Íslands. Með lögum nr. 3/1992 breyttist hlutverk og staða sjóðsins þar sem útlánastarfsemi hans var m.a. lögð af. Samkvæmt endurskoðuðu uppgjöri sjóðsins er eigið fé hans neikvætt um 830 millj. kr. í árslok 1993. Um það er ekki deilt að ríkissjóður ber fulla ábyrgð á þessum skuldbindingum. Það sama má einnig segja um neikvæðan höfuðstól atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar í árslok 1992 og e.t.v. fleiri aðila.

Þar til ríkisreikningsnefnd hefur gert tillögur um samræmdar reglur um bókhaldsmeðferð skuldbindinga og ábyrgða ríkissjóðs hafa hlutaðeigandi orðið ásáttir um að færa neikvætt eigið fé umræddra sjóða ekki í ríkisreikning."

Ég vil leyfa mér að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þessa skilgreiningu á meðferð þessara mála því sú skilgreining sem kemur fram í greinargerð frv. er í samræmi við þá skilgreiningu sem við yfirskoðunarmenn höfum haldið fram og fram hafa komið af hálfu Ríkisendurskoðunar varðandi þetta efni um færslur á liðnum Framkvæmdasjóður Íslands. Þetta afdráttarlausa samkomulag var gert og þessi breyting að færa þær skuldbindingar sem vitað var um og hvíldu á A-hluta ríkissjóðs óháð því hvort þær höfðu verið greiddar eða ekki. En það samkomulag náði ekki til B-hlutans, en Framkvæmdasjóður fellur undir B-hluta ríkissjóðs.

Því var það að okkar dómi, og höfum við gert við það athugasemd, óeðlilegt og raunar enn fremur að til þess skorti lagaheimildir að færa 1.633 millj. kr. yfirtöku á skuldum Framkvæmdasjóðs á ríkisreikning 1991. Það væri í samræmi við þessa skilgreiningu hæstv. fjmrh. í greinargerðinni að þar væri farið að í samræmi við þær ábendingar og tillögur sem við yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og Ríkisendurskoðun höfum gert. Væri þannig samfella í því að fylgja þeirri reglu sem hér er skýrð ágætlega af hálfu hæstv. ráðherra með lagafrv.

Ég lít svo til að þessi skilgreining hæstv. ráðherra sé mikilvægt innlegg í því að eyða þeirri mistúlkun sem ég tel að hafi átt sér stað í sambandi við meðferð þessa máls á undanförnum árum og gæti þar með orðið gott innlegg í það að engin átök ættu sér stað í sambandi við afgreiðslu ríkisreikningsins fyrir árið 1991.

[11:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa farið fram. Það er vissulega svo að það er erfiðara þegar umræðan slitnar í sundur eins og gerðist en ég held að það hafi ekki komið að sök í þeim umræðum sem hafa farið hér fram við 1. umr. málsins.

Ég ætla að reyna að sneiða hjá því að ræða sérstaklega um skiptar skoðanir varðandi framsetningu á ríkisreikningi, fjáraukalögum og fjárlögum. Það er von mín að menn verði sæmilega ásáttir um þá niðurstöðu sem menn hafa verið að nálgast. Ég vil þó taka fram að það er í þessu máli eins og mörgum öðrum þannig

að við getum ekki gert ráð fyrir að leysa mál í eitt skipti fyrir öll. Slík mál eins og uppgjörsmál almennt hljóta að verða til sífelldrar endurskoðunar en ég leyfi mér hér að hvetja hv. nefnd til þess að ganga frá gömlu frumvörpunum sem liggja nú þegar í nefndinni og freista þess að fá afgreiðslu bæði á ríkisreikningi og fjáraukalögum fyrri ára því ég er sammála því sem hér hefur komið fram í umræðunum, held ég hjá öllum ræðumönnum, hve mikilvægt það er að hægt sé að ljúka umræðu og fá niðurstöðu í þær niðurstöður sem liggja fyrir frá fyrra ári um yfirlit ríkisfjármálanna. Það er mjög til fyrirmyndar að Ríkisendurskoðun og yfirskoðunarmenn ríkisreiknings hafa nú skilað sínu áliti, ábendingum og niðurstöðum ári síðar en við á það ár sem verið er að fara yfir. Þannig gerðist það í október á sl. ári að endurskoðun ríkisreiknings lá fyrir vegna ársins 1992. Til þess að geta haldið þessum sið þarf þingið auðvitað, eins og hv. 1. þm. Norðurl. e. lagði áherslu á, að vinna sitt verk og koma því frá sér. Það er ekkert stórmál fyrir þann sem hér stendur hvernig það er gert en aðalatriðið er að fá afgreiðslu málsins því í raun og veru er ekki verið að deila um efnisatriðin, það er ekki verið að deila um það hve miklir fjármunir voru notaðir heldur hvernig það eigi að setja fram í fjáraukalögum annars vegar og ríkisreikningi hins vegar. Þessi mál hafa verið til umræðu og verða áfram en vonandi hafa þau skýrst mjög mikið eins og hér hefur komið fram í umræðunni.

Hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, ræddi nokkuð um flatan niðurskurð sem gerður er að umtalsefni af hálfu þeirra yfirskoðunarmanna ríkisreiknings. Það gerðu enn fremur 1. þm. Norðurl. e. og 2. þm. Norðurl. v. Ég held að það sé rétt sem fram hefur komið í umræðunum að það er mjög mikilvægt varðandi þá safnliði sem þarna urðu til og koma til með að verða í framtíðinni að aftur verði gripið til samsvarandi ráðs að þeir séu „glærir" ef ég má þannig að orði komast, að það sé auðvelt að sjá til hvers þeir eru notaðir þannig að eftirlitshlutverk þingsins sé auðveldað með þeim hætti.

Ég legg áherslu á þetta vegna þess að mér finnst að það þurfi að koma fram t.d. í fjáraukalögum ef menn eru að færa á milli liða sem kann að vera nauðsynlegt. Undir þetta vil ég taka en ég vil jafnframt segja að ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir framkvæmdarvaldshafana á hverjum tíma, þegar þeir eru settir í það verkefni að skera niður, að geta þá haft svigrúm og frelsi og sjálfstæði til þess að færa á milli liða en, eins og ég sagði, það verður að gerast með þeim hætti að eftirlitið sé auðvelt fyrir þingið. Á þetta vil ég leggja áherslu því ég held að það ætti að vera tiltölulega auðvelt að ná niðurstöðu í þetta mál.

Ég vil láta það koma fram að ég held að þessi aðgerð á árinu 1992 hafi tekist mjög bærilega og þetta ár sker sig nokkuð úr öðrum fyrri árum hvað það varðar að reksturinn fór ekki úr böndum.

Þá vil ég aðeins nefna annað sem var mikið áberandi í umræðunni og það eru sértekjurnar. Þannig er að sértekjur dragast frá gjöldum eins og kom fram og það er að sjálfsögðu gert og er ekkert skrýtið miðað við framsetningu fjárlaga hér á landi. Auðvitað má deila um það hvað séu sértekjur og frægar deilur um það eru einmitt þær sem leystar voru með lögum um aukatekjur ríkissjóðs vegna þess að sértekjur mega í raun og veru ekki vera skattur. Sértekjur verða að miðast við það að vera innan við kostnaðinn sem hlýst af þjónustunni sem á við þannig að sé um að ræða gjald sem fer út fyrir kostnaðinn við þjónustuna þá er það skattur og skatt má ekki leggja á nema með lögum. Þetta vil ég taka undir.

Hins vegar vil ég benda á að það er ekki nóg að ræða um sértekjurnar í þessu sambandi og sýna fram á að þær dragast frá gjöldum og lækka þess vegna gjaldakostnaðinn því hin hliðin á þessu máli er að tekna megin eru frádrættir og afslættir sem dragast frá sköttum og til að sýna fram á hvað þetta mál getur verið stórt var það á árinu 1992 þannig að staðgreiðslan án frádráttar gaf 82 milljarða kr. Þegar hins vegar var búið að draga frá persónuafslátt, sjómannaafslátt, það sem fór til sveitarfélaga og sóknar- og kirkjugarðsgjöld, barnabætur, vaxtabætur og húsnæðisbætur, þá var hlutur ríkisins eingöngu 12,7 milljarðar.

Ég held hins vegar að það sé rétt sem kom fram hjá hv. þm. og það sé mikilvægt að umsvif ríkisins, ríkisafskiptin, lýsi sér í brúttótölunni og þess vegna höfum við í fjmrn., reyndar í samstarfi við OECD, verið með það til athugunar hvort ekki sé réttara að sýna bróttótöluna tekna megin og gjalda megin þannig að hin eiginlegu ríkisafskipti sjáist en hverfa frá nettófærslum beggja vegna eins og nú tíðkast. Það sem ég er eingöngu að segja er að það verður þá að horfa á báðar hliðar málsins, tekjuhliðina og gjaldahliðina, og ég gæti giskað á að fjárlög íslenska ríkisins mundu bólgna um u.þ.b. 20% eða svo ef við sýndum þetta með samsvarandi hætti beggja vegna. Reyndar tekna megin, ef við færðum það alveg út, gætu fjárlögin eða afskipti löggjafans verið enn þá meiri brúttó — það mundi auðvitað gerast beggja megin — því þá mundu frádráttarliðirnir, afsláttarliðirnir fara yfir á gjaldahliðina. Ef við færum alla leið, eins og ég las hér áður, upp í 82 milljarða þá mundum við líklega tvöfalda ríkisafskiptin en ég tel auðvitað að það eigi t.d. ekki við að setja persónuafsláttinn inn í þetta þó um það megi deila. Um þetta atriði ræddu að sjálfsögðu fleiri hv. þingmenn.

Varðandi tölvukaupin vil ég segja frá því að þetta er stór liður og hann hefur verið sérstaklega skoðaður og nú liggja fyrir mjög ítarlegar upplýsingar um þennan þátt og handbók fyrir stjórnsýsluna og opinberar stofnanir og fyrirtæki og ég vænti þess að sú handbók komi að góðum notum til þess að ná sparnaði í þessum stóra útgjaldalið sem telur milljarða, bæði stofnkostnaður og rekstrarkostnaður tölvukerfanna. Íslenska stjórnsýslan er mjög vel tæknivædd hvað þetta snertir og það er auðvitað mikilvægt að menn nýti tækin rétt og séu ekki með óþarfa búnað og óþarfa rekstur í tölvum. En ég verð að láta það koma fram að ég tel að íslenska stjórnsýslan sé kannski einna best tæknivædd af þeim sem ég þekki til og mun tæknivæddari en t.d. sú bandaríska og þær sem ég þekki til annars staðar í Evrópu en á Íslandi.

Það eru ekki mörg fleiri atriði sem ég kýs að nefna. Ég vil láta það koma fram að ég tel að þær ábendingar sem koma frá yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings eigi að sjálfsögðu að eiga greiða leið til framkvæmdarvaldsins og það eigi að taka tillit til þess sem þar segir. Fjárln. hefur í raun gert það í því formi að samþykkja breytingar á fjárlagafrv. eða með því að láta koma fram í ræðu formanns og meiri hluta áhersluatriði sem hún undirstrikar. Í því sambandi vil ég m.a. segja frá launakostnaði, yfirvinnu, risnu, ferðakostnaði o.s.frv., nefndarlaunum og stjórnarlaunum vegna vinnu sem á sér stað í vinnutíma. Þessi mál eru nú til sérstakrar skoðunar. Ég vara þó við hugtakinu „óunnin yfirvinna" því hún á ekki að vera til. Menn þekkja hins vegar „ómælda yfirvinnu" sem þýðir að ímyndaðri yfirvinnu er dreift á árið og síðan er hún borguð þó hún eigi sér ekki stað nákvæmlega í þeim mánuði sem greiðslan á sér stað. Sé um óunna yfirvinnu að ræða þá ber auðvitað að segja frá því hvar það eigi sér stað og hýrudraga viðkomandi. Hitt er svo annað mál, og menn geta auðvitað haldið því fram, að ýmsir opinberir starfsmenn eins og annað starfsfólk í landinu og í heiminum vinni ekki nægilega vel í sínum vinnutíma sem er auðvitað allt annað vandamál og af allt öðrum toga.

Það var aðeins rætt í umræðunni hjá hv. þm. Pálma Jónssyni um flokkun á milli A- og B-hluta og nú hefðu yfirskoðunarmenn farið meira yfir B-hluta og sjóði en áður. Ég vil aðeins geta þess að í ríkisreikninganefndinni er einmitt verið að fjalla um þessi atriði og það kann að eiga sér einhverja uppstokkun á milli A- og B-hluta eins og fram hefur komið.

Virðulegi forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekki fjallað hér um öll þau atriði sem menn hafa rætt í þessari umræðu enda ekki ástæða til ef menn eru sammála. Ég vil eingöngu þakka fyrir hana og vænti þess að hv. nefnd taki frv. til skoðunar og afgreiði það en að sjálfsögðu tel ég rétt að frumvörpin séu afgreidd í réttri tímaröð þannig að fyrst séu afgreidd þau frv. sem eldri eru og liggja enn óafgreidd í nefndinni. Ég vil þó geta þess að sl. vor var komið fram nál. í flestum þessum málum þannig að vinna hafði farið fram um málið en ég tel eðlilegt núna að kvaddir verði til nefndarinnar, ef það hefur ekki þegar verið gert, fulltrúar ráðuneytisins og Ríkisendurskoðunar til þess að við liggjum ekki enn eitt þingið með þessi mál óafgreidd.

[12:05]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu, það eru aðeins tvö, þrjú atriði sem komu fram í ræðu hæstv. ráðherra sem mig langaði að árétta eða fara örfáum orðum um og eitt eða tvö atriði sem ég kom ekki að áðan í fyrri ræðu minni. En fyrst vil ég segja við hv. þm. Pálma Jónsson að ég er sammála því sem kom fram hjá honum í seinni ræðu hans um meðferð þessara mála. Það hefur verið tekin umræða um það hvernig á að meðhöndla skýrslur m.a. Ríkisendurskoðunar og þær athugasemdir sem fram koma hjá yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings og Ríkisendurskoðun sjálfri um ríkisreikninginn þannig að það þarf ekki að orðlengja um það frekar núna en ég gerði áðan og fram komu aftur í máli hans.

Hæstv. ráðherra ræddi ofurlítið um sértekjurnar sem ég gerði að umræðu einnig áðan og meðferð á þeim í fjárlögum og ríkisreikningi og það er vissulega rétt að það er ekki sama sértekjur og sértekjur ef það má orða það þannig. Þetta getur auðvitað verið með mismunandi hætti og ekki óeðlilegt að í ýmsum tilfellum séu sértekjur dregnar frá gjöldum eins og nú er gert og komi fram þannig á gjaldahlið en það verður að skilgreina þetta betur og nánar heldur en gert hefur verið og það sem ég hef t.d. fjallað töluvert um er það hversu erfitt er að bera saman, við skulum segja bara umsvif í opinberri þjónustu í heilbrigðisgeiranum, þegar verið er að færa verulegan hluta af þeim útgjöldum sem þar er um að ræða yfir í sértekjur stofnananna með því að hækka þjónustugjöldin. Þjónustugjöldin eru í mínum huga, hvað sem menn vilja kalla þau þegar það er tilgreint samkvæmt orðanna hljóðan, skatttekjur, það er verið að færa skattana okkar úr beinum eða óbeinum sköttum úr samneyslunni yfir í það að einstaklingurinn sem þarf að nota þessa þjónustu greiðir skattinn sinn yfir borðið til læknisins eða apótekarans. Þetta vitum við nákvæmlega hvernig er og ég ætla ekki að eyða orðum frekar í það. En þetta hefur gerst í miklum mæli í tíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr. Ég hef farið fram á það í fjárln. að við fengjum úttekt á því hversu mikil tilfærsla hefur orðið á gjöldum og tekjum í þessum skilningi, þ.e. hversu gjöldin hafa í raun lækkað með þessum nýja tekjupósti, sértekjunum, þjónustugjöldunum eða felusköttunum, eins og ég hef stundum kallað þá, en því miður höfum við ekki fengið svar við þeim spurningum. Um þetta var beðið við fjárlagavinnuna í haust en er ekki komið enn. Ég vona að einhvers staðar sé þessi vinna í gangi og ég mun í það minnsta ganga eftir því og þá við Ríkisendurskoðun ef ekki vill betur til að þetta verði skoðað nánar.

Varðandi tekjuskattinn og þær hugmyndir sem ráðherra setti fram áðan um það að tekjuskattur yrði uppfærður með öðrum hætti og gæfi þá skýrari mynd af heildarumsvifum hins opinbera þá er það auðvitað einnig af hinu góða og ég tel mjög mikilvægt að við fáum skýrari mynd af því hversu há skattheimtan er í raun og í hvað hún síðan rennur. Ég get út af fyrir sig fallist á það með ráðherra að það þurfi að skilgreina það hvort ástæða sé til þess — nefndi hann ekki 80 milljarða sem tekjuskattsinnheimtan væri í heildina — hvort það ætti að koma inn í fjárlögin. Ég hygg að það sé kannski ekki svo, það eru vissir póstar þarna og hann nefndi t.d. persónuafsláttinn. Ég nefni útsvarið sem er hreinn skattur sveitarfélagsins og er bara innheimtur í formi staðgreiðslu með tekjuskattinum, að sú upphæð sem er beinlínis skattheimta sveitarfélagsins ætti e.t.v. ekki heima í fjárlögum ríkisins. En um þetta þarf auðvitað að ræða og komast að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig með skuli fara.

Mig langaði síðan að nefna tvö atriði sem ég kom ekki að í ræðu minni áðan. Það er umfjöllun Ríkisendurskoðunar í skýrslu sinni um endurskoðun aðila utan

ríkisreiknings. Um þetta er fjallað nokkuð ítarlega og bent á að það eru fjölmargir aðilar, mig minnir að ríkisendurskoðandi hafi upplýst það á fundi fjárln. að það kynnu að vera 25–35 aðilar, sem Ríkisendurskoðun er ætlað að yfirfara og skoða. Eru það ýmsar stofnanir, fyrirtæki, bankar og sjóðir svo eitthvað sé nefnt og eru nokkrir þeirra taldir upp hér í skýrslunni. Um þetta þurfa að vera skýrari reglur hvernig eigi að meðhöndla, hvert sé hlutverk Ríkisendurskoðunar í þessu og hvernig eigi síðan að fara með þær upplýsingar því sumt af þessu er auðvitað trúnaðarmál sem ekki er gott að fara með á torg, m.a. vegna samkeppnisaðila, sumir þessara opinberu sjóða, t.d. bankarnir, eru samkeppnisaðilar við aðra banka og sparisjóði og viðskiptavild og fleira og fleira þarf að hafa í huga þegar þessar upplýsingar eru meðhöndlaðar. Væri nú forvitnilegt að heyra ef hæstv. ráðherra hefði skoðun á því hvernig með ætti að fara. Síðan þarf auðvitað Alþingi að taka ákvörðun um það hvernig það vill að þessir hlutir séu meðhöndlaðir eins og segir, með leyfi forseta, í skýrslu Ríkisendurskoðunar:

„Ríkisendurskoðun telur að þörf sé á að staða stofnunarinnar sem eftirlitsaðila með starfsemi sjálfstæðra fyrirtækja í eigu ríkisins verði betur skilgreind, svo og hvernig standa skuli að upplýsingagjöf til Alþingis um rekstur þeirra."

Þetta tel ég að sé mál sem þingið verður að fjalla um. Það er verið að gera kröfur til opinberra aðila, til ráðuneyta og undirstofnana þeirra, um t.d. rekstraraðhald, um hvernig farið sé með fjármuni þessara stofnana, um risnukostnað og fleira sem nefnt hefur verið í þessari umræðu. Hvernig er þessum málum háttað í þeim stofnunum sem heyra óbeint undir ríkið, eins og þær sem hér hafa verið nefndar? Og hvernig getur Ríkisendurskoðun komið athugasemdum á framfæri og fylgt þeim eftir hvað þetta varðar? Þetta vildi ég nefna.

Einnig hefði ég gjarnan viljað heyra frá hæstv. ráðherra eins og tvö eða þrjú orð um það hvernig hann lítur á þá þætti sem ég nefndi í lok fyrri ræðu minnar og vil þá árétta núna, varðandi t.d. þau áföll og töp sem hið opinbera verður fyrir, m.a. vegna þeirrar útboðsstefnu sem ríkir. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. Það er nauðsynlegt sé að ríkið leiti tilboða í verkefni og taki þann kostinn sem ódýrastur er og skynsamlegastur. En lægsta tilboð er ekki alltaf skynsamlegasti kosturinn fyrir ríkið. Mig langar að nefna því til áréttingar eitt nýlegt dæmi sem hefur komið upp á borð okkar þingmanna í Norðurl. e. þar sem um er að ræða útboð til vegagerðar á ákveðnum vegarspotta í Eyjafirði á seinasta sumri eða hausti. Það var mjög lágt og menn þóttust himin höndum hafa tekið að fá svo lágt tilboð í þennan vegarspotta langt undir áætlunum. En þegar upp er staðið kemur í ljós að verktakinn er sjálfsagt nánast gjaldþrota, ef hann er það ekki nú þegar, og skilur eftir sig í skuldum hjá undirverktökum og sjálfsagt líka í sköttum til hins opinbera nánast þá upphæð sem munaði, sem tilboð hans var lægra heldur en kostnaðaráætlun hljóðaði upp á. Þar er því ríkið náttúrlega að tapa stórfé. Þar tapa einstaklingar, undirverktakar og önnur fyrirtæki stórfé og svo auðvitað ríkið á fjárhagserfiðleikum og kannski gjaldþrotum þeirra. Þannig að þessi stefna, útboðsstefnan, er auðvitað ekki algild. Ég held að ríkið verði að gera meiri kröfur, eða við sem alþingismenn og hæstv. ráðherrar og ríkisstjórn, til þeirra sem þessi mál framkvæma á vegum ríkisins, eftirlitsaðilanna og umsjónaraðilanna, að þeir geri meiri kröfur til þess hvernig að þessum málum er staðið og reyni að meta af meiri nákvæmni hvað sé best fyrir ríkið þegar upp er staðið, þegar heildarniðurstaðan liggur fyrir en ekki bara þegar tilboðstalan er sýnd á blaði.

[12:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Fyrst varðandi það síðasta sem hv. þm. gat um og snertir tilboð sem ríkið tekur vegna útboðsstarfsemi sinnar. Ég vil geta þess af því að hv. þm. nefndi Vegagerðina í því sambandi, að sú vinnuregla tíðkast nú, og ég hygg að hæstv. núv. samgrh. Halldór Blöndal hafi tekið þann háttinn upp, að það er ekki samið við verktaka nema þeir séu í skilum við ríkið. Þetta hefur leitt til þess að þeir sem hafa komið með lægstu tilboð hafa ekki fengið verk nema fyrst séu greiddar upp eða gengið frá viðkomandi skuldum.

Ég vil einnig geta þess að a.m.k. hjá Vegagerðinni hefur verið litið þannig á að það þurfi ekki að taka lægstu tilboðin, þó að það sé auðvitað meginreglan, ef sterk rök mæla gegn því. Og ég býst við að starfsmenn Vegagerðarinnar, sem hefur hvað þróuðustu starfsemina hvað þetta snertir, geti staðfest þetta við hv. þm. (**GB:** Áföllin eru nú mörg samt, hæstv. ráðherra, eins og dæmin sanna.) Já. Það er ætíð þannig að áföll verða og ég býst við því að ástæðan sé ekki síst sú að menn eru sífellt að stofna ný og ný fyrirtæki sem þá eru að nafninu til skuldlaus, en fyrri fyrirtæki sem jafnvel sömu eigendur stóðu að skilja eftir sig slóð. Það er vandamál sem við þekkjum og hefur talsvert verið rætt um hér.

Ég tel ástæðu til þess að það komi hér fram af minni hálfu að mér finnst að framkvæmdarvaldið og þá kannski helst fulltrúar fjmrn. eigi að eiga formlegan fund með yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings og Ríkisendurskoðun um þær ábendingar sem koma fram í endurskoðun ríkisreiknings á hverjum tíma. Mér finnst jafnframt að það eigi síðan, þegar niðurstaða liggur fyrir og báðar hliðar liggja fyrir í því máli, að ræða það í fjárlaganefndinni, sem þarf að fylgjast með framkvæmd fjárlaga.

Loks vil ég, hæstv. forseti, segja að það er að sjálfsögðu mikill munur á sköttum og sértekjum. Vegna fyrirspurnar hv. þm. þá kemur það fram að sértekjur hafa lækkað heldur, bæði á yfirstandandi ári og sl. ári, miðað við 1992, en þá hækkuðu þær um rúma 2 milljarða. En til þess að reyna að skýra út hver munurinn er, þá eru það skattar ef fólk greiðir umfram það sem það er að greiða fyrir tiltekna afhenta þjónustu og skattarnir lenda í sameiginlegum sjóði og fjármununum er ráðstafað af þeim sem eiga að ráðstafa slíkum fjármunum, eins og t.d. ef þeir renna í ríkissjóð, eða að fjármununum er hægt að ráðstafa með boðum fjárveitingavaldsins. Það er hins vegar ekki hægt að fallast á

það að hlutur sjúklinga vegna lækninga eða meðferðar séu skattar. Ég get ekki heldur fallist á það að hlutur þess sem kaupir lyf séu skattar. Og ég get ekki heldur fallist á það að þegar ég fer í strætó og borga mitt strætógjald þá séu það skattar. Það er greiðsla fyrir veitta þjónustu og sú greiðsla nær ekki nálægt því upp í þann kostnað sem um er að ræða í það skiptið. Þetta vil ég að komi fram og ég hef verið ófeiminn við að prédika að ég tel að það eigi að fara lengra í þessa átt og það sé aldrei brýnna en einmitt nú að láta á sem flestum sviðum þá sem efni hafa á því greiða fyrir þá þjónustu sem þeir fá, til þess að við höfum meiri fjármuni til ráðstöfunar fyrir hina sem þurfa á þeim að halda. Þetta vil ég að komi hér mjög skýrt fram af minni hálfu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, 1. umr.

Stjfrv., 294. mál (afskriftareikningur útlána). — Þskj. 393.

[12:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Í frv. er lagt til að teknar verði upp breyttar reglur um afskriftareikning útlána hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum. Samkvæmt gildandi reglum færa þessar stofnanir nú afskriftir útlána til gjalda með tvennum hætti. Annars vegar færa þær til gjalda sannanleg útlánatöp á grundvelli almennra ákvæða skattalaga. Hins vegar hafa þær heimild til að færa til gjalda 1% af aukningu útlána og veittra ábyrgða á rekstrarárinu. Þessi leið, sem kölluð er blokkafskrift, þykir almennt vera einföld en að sama skapi mjög ónákvæm leið til að meta afskriftaþörf vegna almennrar útlánaáhættu.

Í 1. gr. frv. er lagt til að horfið verði frá þessari blokkafskriftaleið og viðskiptabönkum og sparisjóðum heimilað að gjaldfæra sömu útlánaafskriftir til skatts og þessar stofnanir færa í reikningsskilum sínum í samræmi við þær reglur sem gilda um reikningsskil banka og sparisjóða. Rökin fyrir þessum breytingum eru ekki hvað síst þau að nauðsynlegt sé að löggjöf okkar verði sem mest sniðin að því sem gildir í nágrannalöndum. Á það ekki hvað síst við um þessar mundir þegar Ísland er að ganga inn í hið Evrópska efnahagssvæði sem hefur í för með sér að bankar þurfa að vera reiðubúnir að mæta harðri samkeppni erlendis frá. Það er því nauðsynlegt að skattareglur séu ekki með því sniði að þær veiki samkeppnisstöðu innlendra aðila gagnvart hugsanlegum erlendum samkeppnisaðilum. En þau lönd sem við höfum litið mest til í þessu sambandi, þ.e. Norðurlöndin, hafa á síðustu árum öll breytt reglum sínum varðandi afskriftareikning útlána í þá átt sem lagt er til í þessu frv. Rökin fyrir þessum breytingum, bæði hér og erlendis, eru ekki hvað síst eftirtalin:

1. Um reikningsskil banka og sparisjóða gilda nákvæmar, opinberar reikningsskilareglur, þar á meðal um mat á útlánaafskriftum.

2. Bankar og sparisjóðir eru háðir ströngu opinberu eftirliti og ársreikningar þeirra eru endurskoðaðir af löggiltum endurskoðendum.

3. Bankar og sparisjóðir eru háðir mjög ströngum, alþjóðlegum reglum um lágmarkshlutfall eiginfjár, svokölluðum BIS-reglum. Til þess að viðhalda eiginfjárstöðunni verður hver banki að sýna góðan rekstrarhagnað að jafnaði, enda er hagnaður forsenda innri eiginfjármyndunar og forsenda þess að nýtt eigið fé fáist með sölu hlutafjár. Úr því að banki verður að sýna góðan hagnað að jafnaði, og séu skattareglur þær sömu og reikningsskilareglur, hlýtur bankinn og/eða hluthafar hans að skila tilætluðum tekjuskatti að jafnaði, enda þótt skattareglur séu þær sömu og opinberar reikningsskilareglur.

Þessi atriði sem hér hafa verið rakin skapa í reynd traustan ramma um meðferð útlánaafskrifta í reikningsskilum sem ekki þykir ástæða til að víkja frá í uppgjöri til skatts.

Rétt þykir að það komi fram að frv. er samið í samráði við fulltrúa frá Sambandi viðskiptabanka, viðskiptaráðuneyti og embætti ríkisskattstjóra og eru allir aðilar sammála um að þetta sé til mikilla bóta.

Að lokum er rétt að það komi fram að eftir að frv. þetta var lagt fram á Alþingi voru samþykkt lög um aðrar lánastofnanir en viðskiptabanka og sparisjóði. Með þeim lögum er settur sambærilegur rammi utan um starfsemi annarra lánastofnana og gildir um banka og sparisjóði. Þykir eðlilegt að þessar stofnanir séu undir sams konar skattareglur settar og mun fjmrh. leggja til við efh.- og viðskn. að gerðar verði nauðsynlegar breytingar á þessu frv. til að því markmiði verði náð. Það er fróðlegt að sjá hvað fjmrh. ætlar að gera í því sambandi.

Virðulegi forseti. Að þessu mæltu legg ég til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:23]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki heldur orðlengja mjög um þetta frv. Málið fer til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. og veit ég að það verður vel skoðað þar. Hins vegar er sjálfsagt eðlilegt, eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh., að sníða reglur fyrir okkar innlánsstofnanir eða bankakerfi að því sem gerist í viðskiptalöndum vegna þeirra breytingar sem nú eru að verða með meiri samskiptum og opnari viðskiptum milli landa, ekki síst á sviði fjármála. Þá þurfum við líka að sníða okkar leikreglur sem næst því sem þar gerist þannig að samkeppnin geti verið sem eðlilegust.

Mig langar aðeins að nefna það af því að hér er m.a. fjallað um afskriftir útlána og þá ábyrgð sem hvílir á stjórnendum þessara stofnana, að stofnanirnar skili hagnaði, séu reknar á þann hátt að viðunandi sé samkvæmt þeim reglum sem settar eru og þeim er gert skylt að framfylgja, að það verður auðvitað líka að gera kröfur til þessara stofnana um að þær haldi þá

hinum ýmsu rekstrarþáttum sínum í skynsamlegum mörkum.

Þá langar mig að spyrja hæstv. ráðherra í sambandi við það — nú vitum við að þetta eru ekki allt saman og kannski minnst af þessu opinberar stofnanir eða hálfopinberar, það eru aðeins ríkisbankarnir — hvernig opinberir aðilar geta þá þrátt fyrir allt haft eitthvert eftirlit með því hvernig rekstri þessara stofnana er háttað. Hvaða vald eða hvert er verksvið t.d. Seðlabankans til þess að fylgjast með rekstri þessara stofnana annað en bara það að fylgjast með vaxtaþróuninni og vaxtamuninum? Þá eru ýmsir aðrir þættir sem lúta að annars konar gjaldtöku, svonefndum þjónustugjöldum. Þar eru einnig þjónustugjöld viðhöfð. Sumir telja reyndar að bankarnir reyni til að halda vaxtamuni niðri, sem sumum finnst reyndar vera hár og er e.t.v. of hár í mörgum tilfellum, og skapa sér tekjur með ýmiss konar annarri gjaldtöku, með hækkun þjónustugjalda hvers konar og lántökugjalda og gjalda fyrir ýmsa þjónustu. Nú nýverið hafa verið umræður um slíka gjaldtöku í þjóðfélaginu hjá bankakerfinu eða innlánsstofnununum. Við ræddum áðan um Ríkisendurskoðun og hlutverk Ríkisendurskoðunar gagnvart þeim opinberu aðilum eða þeim fyrirtækjum sem eru tengd ríkinu eins og t.d. ríkisbönkunum. En hefur hið opinbera einhverja möguleika á að fylgjast með þessari þróun að öðru leyti og hafa einhver afskipti af því hvernig innlánsstofnanir eru reknar þannig að rekstrarútgjöldum sé haldið innan einhverra skynsamlegra marka?

Þetta er auðvitað eins og öllum má vera ljóst ekki auðvelt verkefni eða viðfangsefni og spurning hvort ríkinu kemur það yfirleitt nokkuð við. En innlánsstofnanir hafa nú veruleg áhrif á stjórnun efnahagsmála í landinu og þess vegna hlýtur að verða að gera strangar kröfur til rekstraraðhalds og góðs rekstrar á þessum stofnunum og hið opinbera getur ekki látið það alveg afskiptalaust hvernig mál þróast og þá er spurning mín um hlutverk Seðlabanka í því sambandi.

[12:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég býst við að ég geti ekki svarað fullkomlega þeim fyrirspurnum sem komu fram hjá hv. þm. en tel eðlilegt að nefndin taki þær til skoðunar. Ég vil þó segja það að þegar litið er á rekstrarútgjöld banka, hvort sem það eru bankar í opinberri eigu eða einkaeigu, þá hljóta eigendurnir að fylgjast með rekstrarútgjöldunum, annars vegar hluthafar og hins vegar ríkið. Það er til samanburður á rekstrarútgjöldum og sá samanburður kemur auðvitað að gagni þegar um samkeppni er að ræða, sem er vissulega milli þessara banka allra, ef við lítum eingöngu á bankana.

Það hefur um langan aldur borið á því í umræðunni að menn hafa kannski ekki alveg verið sáttir á að hve miklu leyti rekstrartekjur bankanna eiga að fást af vaxtamun annars vegar og þjónustugjöldum hins vegar. Þessi mál hafa verið nokkuð á hreyfingu, en ég hygg að í íslenska bankakerfinu hafi menn talið að það eigi að reyna að draga úr vaxtamuninum en auka þátt þjónustugjaldanna vegna þess að í raun hefur þjónusta bankanna verið niðurgreidd miðað við kostnað sem af henni hlýst.

Seðlabankinn fylgist með bönkum og reyndar öðrum stofnunum eins og verðbréfafyrirtækjum. Það er bankaeftirlitið sem fer með það eftirlitshlutverk. Ábyrgð Seðlabankans er mikil og kemur það m.a. fram í nýlegum dómi vegna Ávöxtunar, þar sem talið var að hefði skort á þetta eftirlitshlutverk, ef ég man rétt. Þessi mál hafa þess vegna á undanförnum missirum verið meira í brennidepli.

Annað sem hefur komið til skjalanna er það vandamál sem uppi er á Norðurlöndum þar sem bankar hafa hver um annan þveran farið á hausinn. Og vandamál hefur komið upp í Landsbanka Íslands og hefur leitt til þess að ríkissjóður hefur þurft að bæta við eign sína í bankanum með því að leggja bankanum til skuldabréf og fjármuni vegna BIS-reglnanna en á móti hefur ríkisvaldið, fulltrúi eigendanna, gert auknar kröfur til banka sem skera niður ríkisútgjöld.

Þannig að öll þessi atriði sem hv. þm. nefndi eru til skoðunar einmitt þessa dagana og ekki nema eðlilegt að nefndin sem fær málið til meðferðar fari ofan í saumana á þeim málum.

Frv. snýr hins vegar fyrst og fremst að afskriftareglum þar sem gert er ráð fyrir að þær verði sveigjanlegri og meira í hátt við það sem gerist annars staðar. Ég tel að það sé til fyrirmyndar og geti leitt til þess að menn vari sig meira á því í framtíðinni en var hér áður og fyrrum hvernig útlánastýringin eigi að vera. Við verðum í vaxandi samkeppni á næstu árum og þess vegna er nauðsynlegt og eðlilegt að okkar reglur séu samsvarandi og ekki lakari fyrir bankana og aðrar innlánsstofnanir en gerist og gengur í okkar nágranna- og samkeppnislöndum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 1. umr.

Stjfrv., 400. mál (stjórn Fasteignamats ríkisins). — Þskj. 602.

[12:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Megintilgangur frv. er að styrkja starfsemi Fasteignamats ríkisins og efla tengsl stofnunarinnar við sveitarfélög í landinu. Skipta má efni lagabreytinganna í þrennt. Vil ég þó fyrst taka fram að þetta frv. var til umræðu á síðasta þingi. Það dagaði uppi vegna tímaskorts en nú hefur það tekið breytingum, einkum þeim breytingum sem ábendingar komu fram um í störfum þingsins.

Í fyrsta lagi er í frv. gert ráð fyrir að fellt verði brott ákvæði í lögum um að Fasteignamat ríkisins flokkist sem A-hluta stofnun. Hvar stofnanir flokkast í ríkisreikningi á að ráðast af aðstæðum á hverjum tíma

og að hve miklu leyti stofnun aflar tekna utan ríkisins. Í raun hefur sú stefna þegar verið mörkuð með samþykkt fjárlaga að gera Fasteignamatið að B-hluta stofnun er fjármagni starfsemi sína að stórum hluta með sértekjum.

Í öðru lagi er í frv. gert ráð fyrir að Fasteignamati ríkisins verði sett þriggja manna stjórn. Þar af tilnefni Samband íslenskra sveitarfélaga einn. Sveitarfélög hafa verulegra hagsmuna að gæta af starfi stofnunarinnar þar sem fasteignagjöldin eru grundvölluð á fasteignamati. Því er nú stigið það skref að láta sveitarfélög fá bein áhrif á stjórn Fasteignamats ríkisins. Hlutverk stjórnarinnar verður m.a. að móta starf og innra skipulag stofnunarinnar, hafa eftirlit með rekstrinum og gera tillögur að gjaldskrá. Gert er ráð fyrir að stjórnin verði skipuð til fjögurra ára í senn.

Í þriðja lagi þykir ástæða til, m.a. í ljósi umræðna fyrir skömmu, að setja inn ákvæði um að Fasteignamat ríkisins skuli hafa eftirlit með því að sveitarfélög sinni þeirri lögbundnu skyldu sinni að senda stofnuninni fullnægjandi upplýsingar um gerð og breytingar á fasteignum. Slíkt eftirlitshlutverk var ekki bundið í lög áður. Tilgangurinn er að tryggja að fasteignamatið, sem er grunnur að álagningu fasteignagjalda, byggist á eins nýjum upplýsingum og kostur er. Jafnframt ber stofnuninni að upplýsa fjmrn. og félmrn. um matstörf í einstökum sveitarfélögum og hvort þeim sé ábótavant.

Frv. um skráningu og mat fasteigna var lagt fram á síðasta þingi eins og ég gat um í upphafi máls míns en var ekki afgreitt. Það hefur tekið ýmsum breytingum. Þar á meðal var fallið frá breytingu sem tengdist gjaldtöku fyrir veitta þjónustu. Niðurstaða athugunar er sú að þegar séu fyrir hendi í lögum nægar heimildir til gjaldtöku fyrir þá þjónustu sem stofnunin veitir og búast má við að hún veiti í náinni framtíð.

Í fyrra frv., sem lá fyrir síðasta þingi, var einnig lagt til að Fasteignamat ríkisins hefði heimild til að framkvæma annars konar mat en hið eiginlega fasteignamat en það ákvæði er ekki í þessu frv. þar sem ekki verður séð að slík vinna sé stofnuninni óheimil samkvæmt núgildandi lögum. Með gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið verður öllum tryggingafélögum heimilt að sjá um brunatryggingar og því opnast sá möguleiki að Fasteignamat ríkisins taki að sér brunabótamat fasteigna gegn gjaldi.

Að svo mæltu, hæstv. forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[12:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Þar sem ég hef áður spurst fyrir um hvað liði breytingum um skráningu og mat fasteigna þykir mér rétt að segja nokkur orð við þessa umræðu.

Ég tel að þær breytingar sem hafa verið gerðar eftir athugasemdir sem fram komu á síðasta þingi séu til bóta. Einnig tel ég 3. gr. til bóta, þ.e. að nú skuli vera skipuð stjórn en ekki að forstjóri eigi einn að ráða innra skipulagi og starfi stofnunarinnar. Ég held að það sé réttara og meiri valddreifing í því að stjórn stýri starfinu og einnig að í henni sitji einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem stofnunin hlýtur óhjákvæmilega að hafa mikið samstarf við sveitarfélögin.

Eitt vildi ég þó spyrja um í þessu sambandi. Það er að fellt verður niður að stofnunin sé A-hluta stofnun. Samkvæmt lögum um stjfrv. á umsögn fjmrn. að liggja fyrir um hvaða áhrif þetta hefur á fjárhag ríkissjóðs en frv. fylgir ekki nein umsögn fjmrn. Því vil ég spyrja hvort ekki sé gert ráð fyrir að með því að fella þetta niður muni stofnunin hugsanlega verða B-hluta stofnun og þar með eiga að fjármagna sig að mestu leyti með eigin tekjum. Það hlýtur þá að þýða að sveitarfélögin, sem mest nota þessa þjónustu, og aðrir greiði hærra verð en greitt er í dag fyrir þjónustuna. Maður getur eiginlega lesið það á milli línanna þó það standi hvergi að þetta muni leiða til talsverðrar hækkunar hjá sveitarfélögunum á þeirri þjónustu sem Fasteignamat ríkisins veitir. Einnig að aðrir aðilar sem hugsanlega þurfa að nota þessa þjónustu þurfi að greiða fyrir hana í meira mæli en verið hefur því að það hafa hingað til ekki verið mjög háar greiðslur fyrir þjónustuna.

Þetta vildi ég aðallega spyrja um. Einnig er rétt að spyrja um það líka, þar sem hér er verið að ræða um Fasteignamat ríkisins, hvort ekki sé fyrirhugað samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar að flytja stofnanir út á land. M.a. var rætt um að flytja útibú þessarar stofnunar til Vestfjarða en á Vestfjörðum er ekkert útibú frá Fasteignamatinu. Það er í Borgarnesi og á Akureyri en engin þjónusta þessarar ríkisstofnunar er á Vestfjörðum. Það hefur áður verið spurt um það á Alþingi og því verið svarað til að það væri nánast málefni stofnunarinnar sjálfrar.

Ég vil einnig beina þeirri spurningu til hæstv. ráðherra hvort hann hyggst í krafti þeirra yfirlýsinga sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefið um flutning ríkisstofnana beita sér fyrir því að Fasteignamat ríkisins setji upp umdæmisskrifstofu eða útibú á Vestfjörðum.

[12:40]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Aðeins tvö þrjú atriði sem mig langaði til að gera hér að umræðuefni varðandi frv. sem er nú á dagskrá.

Í fyrsta lagi vil ég lýsa stuðningi mínum við þá hugmynd sem hér er sett fram að skipa stofnuninni stjórn. Ég held að það mætti gjarnan vera svo um fleiri opinberar stofnanir sem heyra vissulega undir ákveðin ráðuneyti og eru undir eftirliti og umsjá þaðan að þeim séu skipaðar stjórnir og um málefni þeirra sé fjallað á þann hátt að þar komi fleiri aðilar að en aðeins forstöðumenn stofnana og svo ráðuneytin beint. Mig langaði hins vegar að spyrja hæstv. fjmrh. — og lýsi ánægju minni með að hæstv. félmrh. skuli ganga í salinn einmitt þegar þetta frv. er til umræðu — sem leggur málið fram, hvort ekki komi til greina að t.d. félmrn. eigi aðild að þessari stjórn með því að tilnefna annan af þeim tveimur mönnum sem gert er ráð fyrir að skipaðir séu án tilnefningar. Það er gert ráð fyrir að einn af þremur stjórnarmönnum sé tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og vissulega tengir það

stjórnina við þann þátt mála sem heyra undir félmrn. En á hvern hátt ætlar hæstv. fjmrh. síðan að tilnefna hina tvo? Er það hugsað að það sé hans ákvörðun án þess að félmrn. sem slíkt komi þar neitt að?

Mér finnst koma til greina að félmrn. tilnefni annan þennan mann án þess að ég sé að gera neina tillögu um það. Hugsanlegt er líka og má kannski velta því aðeins upp þegar ákveðið er samkvæmt lögum að skipa skuli stjórnir í svona stofnanir hvort Alþingi eigi ekki að koma að því líka og hugsanlega kjósa eða tilnefna fulltrúa í slíka stjórn.

Svo vil ég spyrja ráðherra að því nánar sem kemur hér fram í seinasta málsliði í seinustu málsgrein greinargerðarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með gildistöku EES-samningsins verður öllum tryggingafélögum heimilt að sjá um brunatryggingar og því opnast sá möguleiki að Fasteignamat ríkisins taki að sér brunabótamat fasteigna gegn gjaldi."

Það sem ég var að hugleiða er hvernig háttað verður samræmi á brunabótamati tryggingafélaganna þegar það verður opið fyrir öll tryggingafélög að taka að sér brunatryggingar húsa og gætu jafnvel komið til, ef ég veit og skil rétt, erlend tryggingafélög allt eins og íslensk eða a.m.k. leiðréttist það ef það er rangt hjá mér. Hvernig verður háttað þessu samræmi? Þó það falli ekki beinlínis hér undir er þó er verið að nefna hugsanlegt verkefni fyrir Fasteignamatið. Mér finnst að það kæmi mjög til greina að Fasteignamatið væri einhvers konar samræmingaraðili á slíku mati einnig ekki síður en á fasteignamatinu, sem er auðvitað það sem skiptir þó opinbera aðila máli vegna skatta og gjaldheimtu.

[12:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Varðandi þá fyrirspurn sem hv. 6. þm. Vestf. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir flutti, þá ætti að draga úr framlagi ríkissjóðs og sé ég hér með rétta útgáfu af fjárlögum ársins 1994 og 1993 þá kemur í ljós að munurinn á framlagi ríkisins er sá að í frv. til fjárlaga, reyndar eftir 2. umr., ég skal viðurkenna að það er ekki endanleg gerð sem ég hef hér í höndum, er mismunurinn milli tekna og gjalda 18,8 millj. Áætlunin gengur því út á það að eftir sitji 18,8 millj. en framlag úr ríkissjóði verði 43 millj. Ef hins vegar er litið á fjárlög sl. árs, og ég tek fram að það eru fjárlög en ekki ríkisreikningur, þá var gert ráð fyrir að framlög yrðu 44 millj. kr. úr ríkissjóði en mismunur 36 millj. sem lentu hjá stofnuninni.

Ég get því miður get ekki svarað því nákvæmlega hvaða áhrif þetta hefur. Hugmyndin er sú, eins og kom fram hjá hv. þm., að þessi stofnun geti selt þjónustu sína annars vegar sveitarfélögum og hins vegar ríkisstofnunum ýmiss konar, þar á meðal ríkisskattstjóra og skattstofu, fjmrn., en einnig einkaaðilum. Þar kem ég að því, sem hv. 1. þm. Norðurl. e. gat um, að hugmyndin er sú að Fasteignamatið geti boðið tryggingafélögum þjónustu sína eftir að EES-samningurinn kemst á en ég gat þess í minni framsöguræðu að nú geta erlend tryggingafélög komið til skjalanna og nú verður meira jafnræði á milli innlendra tryggingafélaga en innan tíðar verður lagt fram frv. af hálfu trmrh. sem gerir frekari grein fyrir þeim breytingum sem verða á því kerfi sem fyrir er. Þetta kann að hafa einhver áhrif á Reykjavíkurborg þar sem Húsatryggingarnar hafa tryggt öll hús í Reykjavík en ég ætla ekki að hætta mér út í þá sálma að skýra það hér að hve miklu leyti þær breytingar taka til Reykjavíkur enda verður umræða um það innan tíðar.

Ég tel hins vegar að Fasteignamatið geti aflað tekna með fjölbreyttari hætti en hingað til hefur tíðkast. Ég er einnig þeirrar skoðunar að Fasteignamat ríkisins og aðrar stofnanir sem færa svokallaðar miðlægar skrár eigi að vinna betur saman og tími sé kominn til t.d. að merkja fasteignir með samsvarandi hætti af hálfu allra aðila. En það er nokkur brestur á að svo sé gert vegna þess að stofnanirnar sem hafa verið að fjalla um þessa hluti eru margar og það hefur borið á nokkrum erfiðleikum á samræmingu í störfum þeirra.

Þegar kemur síðan að stjórn þessarar stofnunar þá hef ég a.m.k. ekkert hugsað um það hvaða tveir aðilar sem koma frá ríkinu eigi að setjast í þessa stjórn. Það kemur að sjálfsögðu vel til greina að fulltrúi félmrh. komi að því en ég sé ekki heldur að það sé nein nauðsyn á því því að fulltrúi fjmrn. á að vera fulltrúi ríkisvaldsins og almannahagsmuna í þessari stjórn. Ég er einnig þeirrar skoðunar að það sé ekki gott að kjósa á Alþingi stjórn fyrir þessa stofnun. Þetta er beint framhald af framkvæmdarvaldinu og ég tel eðlilegt að í stjórn séu settir þeir aðilar sem mestra hagsmuna hafa að gæta af því að sjá til þess að rekstrargjöldin bólgni ekki, verði ekki of há. Hins vegar á Alþingi að hafa sterkt og gott eftirlit með þessari stofnun þannig að hún sé ekki að færa út kvíarnar eða gera annað en það sem Alþingi vill að hún geri. Þetta er umræða sem kannski frekar hefði átt heima í umræðunni um ríkisreikning fyrr í dag.

Varðandi svo að síðustu flutning stofnana út á land get ég einungis sagt að ég kannast við skýrslu um þetta efni. Ég held að engin ákvörðun hafi verið tekin um að flytja þá tillögu á Alþingi. Það kann þó að gerast. En ég tel að forsrh. verði þá að svara þeirri fyrirspurn.

Um það hvort Fasteignamatið flytji að einhverju leyti starfsemi sína t.d. til Vestfjarða tel ég að þurfi að metast af þeim sem best þekkja til málanna. Ég þekki umræðuna sem hefur átt sér stað a.m.k. tvisvar í þingsölum um þetta tiltekna atriði. Það eru deildar meiningar um hvort það sé heppilegra að vinna þetta frá Reykjavík eða frá einhverjum stað á Vestfjörðum og mér finnst að fagleg niðurstaða eigi að ráða því. En ég vil jafnframt að það komi fram að ég er ekkert gegn því að stofnunin færist í heilu lagi eitthvað út á land ef menn eru ásáttir um slíkt. Það kunna að vera á því framkvæmdaörðugleikar því að hér er um að ræða skráningu sem eðli máls samkvæmt hlýtur að fara mest fram þar sem fasteignirnar eru flestar.

[12:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt því sem hæstv. fjmrh. sagði áðan, þá er ekki búið að ákveða að leggja fram neinar tillögur um flutning ríkisstofnana út á land.

Við höfum samt orðið vitni að því í umræðunni að það er verið að leggja til að nokkrar ríkisstofnanir verði fluttar út á land og hæstv. forsrh. hefur einnig lýst því yfir í þinginu að það muni verða gert. Ég man ekki hvort hann sagði „mjög fljótlega" en a.m.k. sagði hann „nú á þessu þingi". Það eru ekki mjög margir vinnudagar eftir af þinginu og mörg mál sem liggja fyrir og þess vegna er nokkuð athyglisvert að heyra að hæstv. fjmrh. hefur ekkert heyrt um það enn þá að það standi til að leggja fram neinar tillögur um þetta.

Hvað varðar Fasteignamat ríkisins sérstaklega, þá hefur það, eins og hann sagði, verið mikið í umræðunni að Vestfirðir hafa ekkert útibú innan síns kjördæmis og orðið mjög nauðsynlegt og áreiðanlega meira en eitt starf til að sinna því sem þar er. Það gæti hugsanlega náð til hluta af Norðurlandi vestra þar sem næsta útibú Fasteignamatsins er á Akureyri. Frá Borgarnesi til Akureyrar er ekki neitt eins og ég gat um áðan.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:53]

Norræna ráðherranefndin 1993–1994.

Skýrsla samstafsráðherra, 409. mál. — Þskj. 613.

[13:30]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir skýrslu um störf norrænu ráðherranefndarinnar 1993–1994 sem er á þskj. 613.

Skrifstofa norrænu ráðherranefndarinnar, sem er í Kaupmannahöfn, gefur árlega út viðamiklar skýrslur um störf nefndarinnar sem síðan koma til umræðu á fundum Norðurlandaráðs. Skýrslan um starfsemi liðins árs er jafnan mikil að vöxtum, enda er þar gerð nákvæmlega grein fyrir þeim störfum sem unnin hafa verið á liðnu starfsári. Þessi skýrsla er yfirleitt nefnd C1. Hin skýrslan, sem nefnd er C2, er starfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir komandi starfsár. Sú skýrsla er mun minni í sniðum en starfsskýrsla liðins árs, enda er þar aðeins stiklað á stærstu atriðum varðandi stefnumótunina. Hin endanlega stefnumótun um hið norræna samstarf fer síðan fram við afgreiðslu norrænu fjárlaganna þannig að til þess að fá heildarmynd af hinni skipulögðu norrænu samvinnu verður að skoða saman skýrslurnar tvær og fjárlögin.

Danska, norska og sænska eru hin opinberu mál í norrænu samstarfi þannig að norrænar þjóðir sem mæla á aðrar tungur verða sjálfar að láta þýða skýrslur þessar, svo og annað norrænt efni, á sínar eigin þjóðtungur ef menn vilja veita almenningi aðgang að upplýsingum um gang mála. Mikið af því efni sem varðar norrænt samstarf hefur ekki verið þýtt á íslensku heldur hafa menn reynt að velja úr og endursegja hvað af þessu skrifaða máli er talið skipta mestu frá sjónarmiði Íslendinga. Þannig hafa samstarfsráðherrar Íslands á undanförnum árum lagt fram þýdda og endursagða kafla úr skýrslum ráðherranefndarinnar að viðbættu því efni sem berst frá íslenskum embættismönnum og forsvarsmönnum verkefna sem tengjast Íslandi sérstaklega.

Þannig er skýrsla þessi nú úr garði gerð. Hún er ekki bein þýðing á starfsskýrslu norrænu ráðherranefndarinnar heldur er hún samin sérstaklega með hliðsjón af starfsskýrslunni og upp í skýrsluna auk þess teknar ýmsar áherslur úr norrænu samstarfi sem varða Ísland og íslenska hagsmuni sérstaklega. Þó hefur verið brugðið á það ráð að þýða sérstaklega áætlunina um norrænt samstarf 1994, skýrslu þá sem nefnd hefur verið C2, og fylgir hún með skýrslu samstarfsráðherra sem fskj. IV. Þá fylgja einnig með í fskj. yfirlýsing forsætisráðherra Norðurlanda sem gefin var út í tengslum við 42. þing Norðurlandaráðs í Ósló þann 1. mars 1993, þar sem forsætisráðherrarnir lýsa m.a. ánægju sinni með störf á grundvelli þeirra tillagna um umbætur í norrænni samvinnu sem lagðar voru fram á forsætisráðherrafundinum á Borgundarhólmi og á 41. þingi Norðurlandaráðs í Árósum. Á grundvelli þessara tillagna hefur áherslum verið breytt í hinu norræna samstarfi eins og lýst var á Alþingi fyrir ári síðan.

Þá leggja forsætisráðherrarnir í þessari yfirlýsingu sérstaka áherslu á baráttu gegn atvinnuleysi sem þeir kváðu vera mikilvægasta þjóðfélagsverkefni á öllum Norðurlöndum um þessar mundir.

Þá fylgir einnig með í fskj. II samstarfssamningurinn milli Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, Helsingfors-sáttmálinn, sem upphaflega öðlaðist gildi 1. júlí 1962. Síðasta endurskoðun á texta samningsins tók gildi 7. nóv. 1993. Einnig fylgja með skýrslunni sem fskj. III starfsreglur norrænu ráðherranefndarinnar sem samþykktar voru 4. mars 1993 og tóku gildi 15. mars sama ár.

Að öðru leyti er skýrslan þannig upp byggð að í 1. kafla er gerð grein fyrir endurmati því á norrænu samstarfi sem fólst í endurskoðun Helsingfors-sáttmálans og nýjum reglum um störf norrænu ráðherranefndarinnar. Meginatriðin samkvæmt hinum nýju verklagsreglum eru m.a. þau að forsætisráðherrarnir hafa nú tekið að sér yfirstjórn hins norræna samstarfs. Þessar breytingar tóku gildi á 42. þingi Norðurlandaráðs í Árósum og lýsa sér m.a. í því að í upphafi vorþings Norðurlandaráðs flytur einn úr hópi forsætisráðherra Norðurlandanna, þ.e. forsætisráðherra þess lands sem taka á við forustuhlutverki í ráðinu og formennskuhlutverki í ráðherranefndunum, stefnuræðu fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda um hvernig þær hyggjast haga hinni norrænu samvinnu ríkisstjórna á næsta starfsári. Kemur það nú í hlut forsrh. Íslands, Davíðs Oddssonar, að flytja slíka stefnuræðu fyrir hönd ríkisstjórna Norðurlanda á næsta þingi Norðurlandaráðs sem haldið verður í byrjun marsmánaðar í Stokkhólmi.

Þá felur endurmat hinnar norrænu samvinnu það einnig í sér að starfseminni er nú þjappað saman um sjö megináhersluflokka sem eru menningarmál, rannsóknir og menntun, umhverfismál, réttindamál þegn-

anna, efnahagsmál, sjávarútvegsmál og löggjafarmál. Er efnisskipunin í skýrslu samstarfsráðherra í stórum dráttum miðuð við þessa sjö meginátersluflokka. Fjárlögum norrænu ráðherranefndarinnar er svo ætlað að endurspegla þessa áhættuflokka, en þó þannig að 12 sérstök samstarfssvið koma einkum til álita við mótun framtíðarstefnu og gerð fjárlaga. Þessi 12 samstarfssvið eru menningarmál, rannsóknir og menntun, umhverfismál, sjávarútvegsmál, félags- og heilbrigðismál, vinnumarkaðs- og vinnuumhverfismál, neytendamál, orku- og iðnaðarmál, byggðamál, landbúnaðar- og skógræktarmál, löggjafarmál og jafnréttismál.

Gert er ráð fyrir að fjármunir séu veittir til allra þessara málaflokka á fjárlögum ársins 1994 og að svo geti orðið áfram.

Ég ætla í orðum mínum á eftir að víkja nokkuð að þeim þáttum í starfsemi norrænu ráðherranefndarinnar sem varða annars vegar nýmæli í norrænu samstarfi samkvæmt nýjum starfsreglum og endurskoðuðum Helsingfors-sáttmála og hins vegar að víkja að örfáum atriðum sem varða sérstaklega íslensk áhugasvið. Þá mun ég fara nokkrum orðum um þann undirbúning sem átt hefur sér stað hér á Íslandi vegna formennskuárs Íslands í norrænu samstarfi sem hefst á næsta Norðurlandaráðsþingi og að lokum ræða lítið eitt um áhersluatriði í norrænni samvinnu í framtíðinni.

Meðal þess sem ákveðið var í tengslum við endurmat norræns samstarfs var að auka mjög áherslu á fjárveitingar til menningarmála, rannsóknarmála og menntamála. Á árinu 1994 skyldi þannig auka fjárveitingar til þessara þriggja samstarfssviða um 25% frá árinu 1993 og stefna ber að því að eigi síðar en árið 1996 renni 50% af norrænu fjárlögunum til þessara samstarfssviða. Jafnframt er ákveðið að ganga út frá þeirri forsendu við fjárlagagerðina að heildarframlög til norrænnar samvinnu yrðu óbreytt að raungildi milli áranna 1993 og 1994.

Þessi ákvörðun hafði í för með sér að til þess að mæta samþykktum um stóraukin fjárframlög til menntamála, menningarmála og rannsókna þurfti að skerða allverulega fjárveitingar til annarra þátta. Fljótlega þegar farið var að vinna eftir þessum markmiðum komu í ljós talsverðir erfiðleikar á því að draga svo mikið úr útgjöldum til annarra samstarfsverkefna að hægt væri að auka útgjöld til menningarmála, rannsókna og vísindastarfsemi eins og gert hafði verið ráð fyrir. Kom m.a. fram á þingi Norðurlandaráðs í Maríuhöfn í nóvember 1993 talsverð andstaða við að stigið yrði eins stórt skref og ráðgert hafði verið og var samþykkt á þinginu tillaga um að minnka viðbótarfjárveitinguna til mennta, menningarmála og rannsókna um ríflega 7 millj. danskra króna og verja þeim mismun til verkefna á öðrum samstarfssviðum, m.a. til samvinnu á sviði iðnaðarmála og fiskveiða. Samstarfsráðherrarnir staðfestu fjárlögin í samræmi við tillögur Norðurlandaráðs.

Þá er það einnig nýmæli að verið er að þróa ramma og markmið í stjórnun við fjárlagagerð hinna norrænu fjárlaga, en stefnt er að því að slík ramma- og markmiðsstjórnun hafi tekið til allra norrænna stofnana í síðasta lagi árið 1995. Þetta nýmæli er hugsað þannig að gerður verði sérstakur samningur milli stofnananna sem kostaður er af norrænum fjárlögum og ráðherranefndarinnar og marki samningurinn eðli verkefnisins, umfang þess svo og fjárhagsgrundvöll þess. Um sé að ræða eins konar verkkaupasamning milli ráðherranefndarinnar og sérhverrar stofnunar þar sem stofnunin fái tiltekin fjárframlög til tilgreindra verkefna með samningum. Samningunum verði síðan fylgt eftir með skýrslugjöf er taki til samningstímans þar sem greint verði frá árangri miðað við verkefni og fjárframlög.

Samfara þeirri áherslubreytingu sem gerð hefur verið og lýst var hér að framan hafa einnig ýmsar skipulagsbreytingar átt sér stað og þá ekki síst varðandi þau viðfangsefni sem ákveðið hefur verið að leggja sérstaka áherslu á. Þannig hefur ein ráðherranefnd á sviði menningar-, mennta- og vísindamála verið lögð niður en í staðinn komið tvær, annars vegar ráðherranefnd menningarmála og hins vegar ráðherranefnd menntaog vísindamála. Með hliðstæðum hætti koma tvær embættisnefndir í stað einnar áður fyrir hvort framangreindra sviða. Er þessi skipulagsbreyting gerð í ljósi þess hve aukið mikilvægi menningarmál og mennta- og vísindamál hafa nú fengið í norrænu samstarfi.

Ástæða er til að geta þess hér að hugmyndir um norræna sjónvarpsrás, sem voru mjög ofarlega á baugi fyrir einu ári síðan og voru endurvaktar að frumkvæði þáv. samstarfsráðherra Íslands og nutu stuðnings forsætisráðherranna, ekki síst forsætisráðherra Svíþjóðar, voru teknar til umfjöllunar á fundi forsætisráðherranna í Maríuhöfn á Álandseyjum þann 7. nóv. í haust. Á grundvelli mats sem fram hafði farið var það niðurstaða ráðherranna að ríkisstjórnir landanna hefðu ekki tök á að veita þann fjárhagsstuðning sem gert var ráð fyrir. Var málinu þá vísað til sjónvarpsstofnananna sjálfra til þess að meta hvaða möguleikar kynnu að vera á að koma upp norrænni sjónvarpsrás. Einnig hafa forsætisráðherrarnir beint því til menningarmálaráðherranna að kanna hvernig bæta megi skilyrði til dreifingar á sjónvarpsefni milli norrænna grannlanda og efla gagnkvæm skipti á sjónvarpsefni og samstarfi við framleiðslu þess. Stjórnarnefnd norræns menningar- og fjölmiðlastarfs hefur unnið að gerð skýrslu um forsendur aukins samstarfs af þessu tagi, en eins og nú standa sakir eru ekki líkur á að af framkvæmd sérstakrar norrænnar sjónvarpsrásar geti orðið í náinni framtíð.

Hin aukna áhersla á menningarmál, fræðslumál og vísindi í norrænu samstarfi hefur skilað sér í verki hér á Íslandi. Norræna húsið í Reykjavík verður stöðugt mikilvægari stofnun í íslensku menningarlífi, en Norræna húsið minntist 25 ára afmælis síns í ágúst sl. með mjög fjölskrúðugri dagskrá. Þá hafa Íslendingar tekið síaukinn þátt í ýmsum öðrum norrænum skóla- og menningarmálaviðfangsefnum, bæði viðfangsefnum í skólamála- og menningarstarfi, sem verið hefur á vettvangi stjórnvalda, og eins taka Íslendingar síaukinn þátt í norrænu menningar- og menntastarfi á grundvelli frjálsra samtaka.

Af öðrum þáttum sem ástæða er til að leggja sér-

staka áherslu á frá sjónarmiði okkar Íslendinga má nefna umhverfismálin þar sem miklar breytingar hafa verið gerðar á skipulagi norrænnar samvinnu og hún er mjög að styrkjast og aukast. Samvinna á sviði heilbrigðis- og félagsmála er meðal nýjunga. Þar má nefna að á vegum norrænnar framkvæmdaáætlunar um krabbamein er nýkomin út mjög athyglisverð skýrsla um þróun krabbameins sá Norðurlöndum sem er fyrsti hluti athugunar á þróun þessa viðsjálverða sjúkdóms. Í síðari hlutanum er ætlunin að reyna að grafast frekar fyrir um orsakir þessarar þróunar og leita skýringa á orsökum þeirra breytinga um gengi krabbameins sem rannsóknin hefur leitt í ljós að orðið hefur. Ber að vona að það takist að tryggja fjámuni til að ljúka þessari athyglisverðu rannsókn.

Þá er ástæða til að leggja sérstaka áherslu á undirbúning hins nýja norræna kvennaþings í Åbo í Finnlandi sem fram á að fara í ágúst 1994. Þetta þing, Nordisk Forum 1994, er stærsta og viðamesta verkefni sem norræna ráðherranefndin hefur skipulagt innan jafnréttissviðsins fram til þessa.

Sérstakur undirbúningshópur með fimm fulltrúum frá hverri aðildarþjóð undirbýr nú þinghaldið en samhliða því munu jafnréttisráðherrar Norðurlanda standa fyrir ráðstefnu en tilgangur hennar er að kynna drög að framkvæmdaáætlun í jafnréttismálum fyrir tímabilið 1995–2000.

Þá hefur samstarf um neytendamál einnig farið mjög vaxandi, en þetta samstarf á árinu 1993 einkenndist annars vegar af aðgerðum til samræmingar við það sem er að gerast í evrópsku samstarfi og hins vegar af efnahagsþrengingum í löndunum, en ráðgjafastarfsemi neytendasamtaka um rekstur heimilis og fjármál hefur stóraukist. Danir, Norðmenn og Finnar hafa þegar sett lög um sérstakar skuldbreytingar og eru Svíar einnig að undirbúa slíka ráðgjöf. Nauðsynlegt er að við Íslendingar tökum þessi mál til skoðunar.

Þá er samstarf í atvinnumálum vaxandi verkefni, en norræn ráðstefna um atvinnuleysistryggingar var haldin á Íslandi dagana 6. og 7. sept. 1993. Var meginumræðuefnið á þeirri ráðstefnu erfiðleikatímar í atvinnumálum og átaksverkefni atvinnuleysistrygginga.

Þá er verið að vinna að því á vegum fjármálaráðherranna að undirbúa sameiginlega úttekt og tillögur um aðgerðir gegn atvinnuleysi og er þess að vænta að þær tillögur verði kynntar fyrir Norðurlandaráði á þingi þess í Stokkhólmi í mars komandi.

Nokkrar skipulagsbreytingar hafa einnig átt sér stað í norrænu samstarfi um orku- og iðnaðarmál, en tvær embættismannanefndir um þessi mál hafa nú verið sameinaðar í eina og auk þess eru haldnir sameiginlegir fundir iðnaðar- og orkuráðherranna með sameiginlegri dagskrá.

Breytingar þessar eru gerðar í samræmi við tillögur forsætisráðherranna um breytingu á norrænu samstarfi og sem viðleitni til að gera þetta samstarf virkara. Er nú m.a. verið að vinna að athugun á forsendum starfsemi og starfsskilyrða lítilla og meðalstórra fyrirtækja og í því sambandi er sérstaklega verið að huga að aðgangi að áhættufjármagni og útflutningsmálum. Þegar hefur verið samin skýrsla um áhættufjármagn á Norðurlöndum og eru þessi mál áfram í athugun þar sem m.a. er verið að greina hvernig koma megi til móts við þarfir lítilla og meðalstórra fyrirtækja fyrir áhættufjármagn og unnið að því að leggja fram tillögur um hugsanlegar sameiginlegar aðgerðir. Þessi mál eru vissulega mjög áhugaverð fyrir okkur Íslendinga.

Þá er í skýrslunni sérstakur kafli um samvinnu Vestur-Norðurlanda, en Vestur-Norðurlönd eru eitt þeirra tíu samstarfssvæða sem heyra undir embættisnefndina um byggðamál. Eins og kunnugt er hefur verið stofnað sérstakt Vestnorrænt þingmannaráð, en samsvarandi gagnaðili er ekki fyrir hendi á ríkisstjórnarvængnum. Áhugi hefur verið fyrir því hjá Vestur-Norðurlöndum að mynda slíkt óformlegt samstarfsráð ráðherra þessara landa innan norrænnar samvinnu, en því er ekki að neita að það hefur verið útbreidd skoðun innan Vestur-Norðurlanda að styrkja þurfi mjög stöðu þeirra innan norrænnar samvinnu, m.a. í ljósi þess að áhuginn hjá hinum Norðurlöndunum virðist í æ ríkari mæli beinast að aukinni samvinnu í austurátt, þ.e. samstarfi við Eystrasaltslöndin, St. Pétursborgarsvæðið, Barentshafssvæðið og héruð í Rússlandi, m.a. héruð sem áður og fyrr tilheyrðu Finnlandi. Fulltrúar Vestur-Norðurlanda styðja vissulega þessa stefnu en hún má ekki leiða til þess að áherslan á samstarf við Vestur-Norðurlönd fari minnkandi og þau þokist til hliðar. Þessi mál verða væntanlega rædd á fundi samstarfsráðherra Íslands, Færeyja og Grænlands í Stokkhólmi áður en Norðurlandaráðsþingið sjálft hefst.

Þá hefur norrænt samstarf í fiskveiðimálum einnig verið sérstakt áhugaefni Íslendinga. Þar hefur verið um nokkurn niðurskurð á fjárveitingum að ræða en þó tókst að tryggja það að fjárveitingar til samstarfs á því sviði voru nokkuð auknar á sl. hausti umfram það sem ráð hafði verið fyrir gert áður.

Vil ég nú víkja máli mínu frá því sem liðið er og að framtíðinni og þá fyrst og fremst að praktískum úrlausnarefnum. Eitt af því sem hinar nýju verklagsreglur í norrænu samstarfi gera ráð fyrir er að það land sem veitir forustu hverju sinni innan norrænu ráðherranefndarinnar geri það með svokallaðri virkri forustu. Með því er átt við að formennskulandið eða fulltrúar þess láti sér ekki nægja að stjórna fundum og afgreiða mál eins og þau eru lögð fyrir af embættismönnum heldur eigi hlut og hafi forustu um að móta virka pólitíska stefnu þar sem skýrt komi fram hver sé hinn pólitíski vilji formennskulandsins varðandi áhersluatriði í samstarfinu, en að sjálfsögðu innan þess ramma sem norrænni samvinnu er settur.

Þegar Ísland tekur við formennsku í norrænu ráðherranefndinni á þingi Norðurlandaráðs í marsmánuði tekur við annað árið sem þessar nýju verklagsreglur hafa verið í gildi. Með formennskuna á fyrsta ári fóru Svíar og á því tímabili voru þeir mjög virkir í að móta pólitíska stefnu um áhersluatriði. Við Íslendingar þurfum að búa okkur undir að axla þessa ábyrgð um pólitíska forustu ekki síður en Svíar hafa gert og það krefst þess að við leggjum meiri vinnu í formennskuhlut-

verkið en við höfum áður þurft að gera og einnig að við undirbúum okkur vel. Að þessu hefur verið unnið af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Í samræmi við þá stefnumótun að forsætisráðherrarnir hafa tekið við verkstjórninni í hinni norrænu samvinnu hefur skrifstofa samstarfsráðherra, sem í mörg ár hefur verið rekin í tengslum við utanrrn., verið flutt til forsrn. Er nú verið að vinna að því að fá skrifstofunni nýtt húsnæði. Þá hefur Alþingi hækkað umtalsvert fjárframlög til skrifstofu samstarfsráðherra þannig að bæði hefur verið unnt að fjölga þar starfsliði til að takast á við ný og viðamikil verkefni og einnig að gera ráð fyrir auknum kostnaði sem óhjákvæmilega mun fylgja formennsku Íslands. Þá hafa samstarfsráðherrarnir einnig veitt af ráðstöfunarfé sínu 300 þús. dönskum kr. til Íslands til að greiða sérstakan kostnað sem fylgja mun formennskuárinu, en þá verður m.a. gert ráð fyrir að auka verulega þýðingar á norrænu efni er varðar hina norrænu samvinnu og einnig að hefja útgáfu fréttabréfs á íslensku um norræn mál.

Til undirbúnings stefnumótunar Íslands um pólitískar áherslur á formennskuárinu boðaði samstarfsráðherra Norðurlanda, að fyrirlagi ríkisstjórnarinnar, til fundar þann 16. nóv. í haust með ráðuneytisstjórum og embættismönnum allra ráðuneyta sem taka munu við forustuhlutverki í norrænni samvinnu á komandi starfsári. Einnig sátu ráðherrar fundinn. Á fundinum var lagður grunnur að pólitískri stefnumótun íslensku ríkisstjórnarinnar á formennskuári Íslands og mun sú stefnumótun m.a. koma fram í ræðu forsrh. Davíðs Oddssonar á fyrsta degi Norðurlandaráðsþingsins í Stokkhólmi. Annar fundur sama efnis var haldinn 4. febr. sl. og í framhaldi af honum er ætlunin að taka saman eins konar stefnuskrá eða yfirlit um þá þætti sem Ísland vill leggja sérstaka áherslu á í ráðherranefndunum og hinum ýmsu embættisnefndum og starfshópum þar sem Íslendingar munu taka forustu. Forsrh. og ríkisstjórn hans hafa því búið sig af atorku undir það mikilvæga hlutverk að taka við formennsku í ráðherranefndum og embættisnefndum norrænnar samvinnu í samræmi við hinar nýju verklagsreglur um virka forustu.

Að lokum vil ég segja örfá orð um það verkefni sem vandasamast verður úrlausnar á komandi ári, en það er að sjálfsögðu norrænu fjárlögin og þau skref sem þar verður að stíga í samræmi við þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar um að eigi síðar en árið 1996 fari 50% fjárveitinganna til menningarmála, vísinda- og rannsóknastarfsemi. Ég ítreka enn að þar verðum við einnig að hafa til hliðsjónar þá stefnu sem mörkuð hefur verið, að auka ekki umfang hinna norrænu fjárlaga. Þetta þýðir einfaldlega að til að framkvæma þá stefnu sem þegar hefur verið mörkuð verða menn að ganga enn lengra í lækkun kostnaðar á öðrum sviðum og menn geta ekki gert ráð fyrir því, eins og menn gátu á yfirstandandi ári, að geta auðveldað sér það með ráðstöfun á tekjuafgangi, þar sem áætlað er að hann verði 17 millj. danskra kr. næstu ár í stað rúmlega 30 millj. danskra kr. eins og verið hefur.

Eins og fram kom á þinginu í Maríuhöfn ríkti þar mikil andstaða við að tekið yrði eins stórt skref í þá átt að færa til fjármuni frá öðrum viðfangsefnum norrænnar samvinnu yfir til menningarmála, vísindamála og rannsókna eins og gert hafði verið ráð fyrir. Samstarfsráðherrarnir samþykktu að fara að tillögu Norðurlandaráðsþings um að færa til baka samtals 7 millj. danskra kr. frá menningarmálum, vísindum og rannsóknum yfir til annarra viðfangsefna, enda er það yfirlýst stefna að taka í meira mæli tillit til vilja Norðurlandaráðs varðandi afgreiðslu norrænu fjárlaganna en gert hefur verið.

Undirbúningsvinnan fyrir fjárlagagerðina fyrir árið 1995 er nú hafin. Á fundi í Kaupmannahöfn fyrr í þessum mánuði samþykktu samstarfsráðherrarnir ákveðnar vísbendingar til framkvæmdastjóra Norrænu ráðherranefndarinnar um frumforsendur fjárlagagerðarinnar. Að sjálfsögðu verður þar að ganga út frá þeim forsendum sem þegar hafa verið afráðnar og verður vinnan því í samræmi við það. Hins vegar má fastlega gera ráð fyrir því að þessi mál verði mjög til umræðu á fundum Norðurlandaráðs í Stokkhólmi, því hafi verið erfitt að flytja fé frá öðrum viðfangsefnum til forgangsverkefnanna. Vegna fjárlaga yfirstandandi árs er hætt við að enn erfiðara muni reynast að bæta þann tilflutning á næstu tveimur árum. Það auðveldar að sjálfsögðu ekki verkið að eins og við Íslendingar þekkjum svo vel þá draga ráðherrarnir og nefndirnar mjög taum síns verkefnasviðs. Ekki auðveldar það þetta verk heldur að þegar hafa verið teknar skuldbindandi ákvarðanir um viðbótarfjárframlög til ýmissa fjárfrekra viðfangsefna, svo sem eins og norrænnar lista- og menningarmiðstöðvar í Nuuk á Grænlandi, til viðfangsefna á sviði umhverfismála og til samvinnuverkefna við nálæg svæði bæði við Eystrasaltslöndin og við ýmis landsvæði í austurvegi. Allar þessar skuldbindingar eru hreinar viðbætur við útgjaldaáformin eins og þau birtast í fjárlögum yfirstandandi árs og eykur það enn á fjárlagavandann.

Að mínu viti verður ekki hjá því komist að skoða alla þætti málsins með gagnrýnu hugarfari og á ég þá við ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar, bæði um fjárútlát til einstakra viðfangsefna, um tilflutning fjárveitinga milli samstarfssviða og um óbreytt umfang hinna norrænu fjárlaga. Sú endurskoðun verður að byggjast á raunhæfum grunni þar sem menn reyna að taka tillit til þess hvað er pólitískt mögulegt og hvað ekki. Þessi álitamál verða án efa það sem mestan svip setur á umræðuna um norrænt samstarf á næstunni.

[13:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við höfum hér hlýtt á framsögu hæstv. samstarfsráðherra Norðurlanda úr íslensku ríkisstjórninni fyrir skýrslu um störf ráðherranefndarinnar fyrir árin 1993 og 1994 þar sem hann varpaði einnig fram hugmyndum og ábendingum varðandi framhald norræns samstarfs. Við gerum okkur auðvitað grein fyrir því að forsendur fyrir norrænt samstarf hafa verið að breytast undanfarin ár samhliða breytingum á samstarfi Evrópuríkja. Á vettvangi Norðurlandaráðs og

norrænu ráðherranefndarinnar hefur auðvitað verið mikið um þetta fjallað. Innan Norðurlandaráðs, þ.e. þingmannavettvangsins, hefur þetta mál einnig verið mikið á dagskrá. Fram hjá því verður auðvitað ekki komist að líta á þessar breytingar sem teknar eru þó menn geti metið þær með misjöfnum hætti og um það er vissulega verulegur ágreiningur innan Norðurlandaráðs.

Ég tel að allt of snemma hafi verið farið út í það að fastmóta tillögur um breytingar á norrænu samstarfi, áður en fram væri komið og ljóst væri orðið hver yrði framtíðarstefna hinna norrænu ríkja í samskiptum við Evrópubandalagið, sem við höfum kallað svo til skamms tíma. Þetta er enn í dag engan veginn ljóst. Við höfum að vísu víðtækan samning sem er með réttu metinn sem hálf leið inn í Evrópubandalagið eða Evrópusambandið, hvað sem menn kunna að kalla það formlega í framtíðinni, og raunar vel það. En eftir stendur spurningin um það hvað verður um inngöngu Norðurlandaþjóðanna þriggja sem nú eiga í viðræðum við Evrópubandalagið, sem hugmyndin er að leiða til lykta fyrir lok þessa mánaðar, og hver verður niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslu innan þessara ríkja um afstöðuna til inngöngu í Evrópubandalagið, ef samningar takast á annað borð.

Ég hefði talið að það hefði verið skynsamlegt fyrir forsætisráðherra Norðurlanda og ríkisstjórnir Norðurlanda að bíða eftir niðurstöðu og fá svör við þessum stóru og þýðingarmiklu spurningum áður en í það væri ráðist að taka ákvarðanir um svo stórfelldar breytingar á norrænu samstarfi sem hér liggur fyrir og allt hefur verið miðað við og kemur raunar skýrt fram í þessari skýrslu, ekki síst í fylgiskjalinu eins og það er kallað, þ.e. C2-skjalinu, sem varðar framtíðarmálefni norræns samstarfs. Þar er, eins og hæstv. samstarfsráðherra nefndi, verið að ákvarða mjög veigamiklar breytingar varðandi þetta samstarf. Ég tel að sumt af þeim áherslum og hugmyndum sem uppi voru, eins og það að styrkja forustu innan ríkisstjórnanna í norrænu samstarfi með því að ætla forsætisráðherrum landanna þar aukinn hlut að máli í stefnumörkun og framkvæmd, væri góðra gjalda vert ef sá böggull fylgdi ekki skammrifi að í leiðinni er verið að draga stórkostlega úr norrænu samstarfi eins og það hefur verið og takmarka það að verulegu leyti við einn meginmálaflokk, ef við lítum á menningarsamstarf, menntun og rannsóknir undir einum hatti eins og það oft er skilgreint.

Það er sem sagt búið að móta um það stefnu að helmingur af umráðafé á vettvangi Norðurlandaráðs í gegnum norrænu fjárlögin fari til þessa málaflokks ekki síðar en 1996 og í ljósi þeirrar stefnumörkunar sem hér var enn hnykkt á í framsögu samstarfsráðherra, að ekki mætti hækka norrænu fjárlögin um krónu, ekki um krónu, þá þýðir þetta niðurskurð á fjölmörgum öðrum sviðum. Það er að sjálfsögðu óhjákvæmilegt og þær eru komnar nokkuð á leið með þetta ætlunarverk sitt, ríkisstjórnir Norðurlanda, eins og hér kemur fram og eru að glíma við það að fylla út í þennan ramma. Afleiðingarnar eru hins vegar langt frá því komnar í ljós. Við erum svona aðeins farin að sjá glitta í hvað þetta muni þýða.

Ég vil að það komi fram að ég er algerlega andvígur þessum áherslubreytingum í því formi sem þær eru lagðar fyrir, tel að þær séu fráleitar. Auðvitað ættu menn að vera að skoða möguleikana á því að auka fjárlagarammann að því er varðar norrænu fjárlögin. Það er nú það fyrsta. Þá gætu menn innan aukins fjárlagaramma aukið áhersluna á menningu og menntir, sem er vissulega góðra gjalda vert og enginn getur haft á móti sem slíku. Í öðru lagi að þessi breyting innan núllfjárlagaramma hefur í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar fyrir eðli norræns samstarfs og mun óhjákvæmilega leiða til þess að það verður mun lægra metið sem verkefni milli Norðurlandanna, sú hætta blasir við að svo verði, og að stjórnmálamennirnir sem eiga að sinna þessum samskiptum líti að sama skapi minna á norrænt samstarf sem verkefni til að sinna. Þetta er hin stóra hætta sem við blasir. Og ég vil biðja hæstv. samstarfsráðherra um að draga upp fyrir okkur myndina af því hvernig þessi mál líti út að því er varðar norrænu fjárlögin þegar þessi braut hefur verið gengin á enda.

Hvernig mun horfa fyrir þeim málasviðum öðrum sem við höfum haldið uppi í norrænu samstarfi, m.a. á sviði efnahags- og atvinnumála og fjölmörgum öðrum sviðum sem um er að ræða, þegar þessi stefna er komin á leiðarenda? Og ekki síst, hvað um verkefnin innan þessara málasviða og þær samnorrænu stofnanir sem notið hafa góðs af fjárveitingum af norrænum fjárlögum? Hvernig ætla ráðherrarnir að koma þessu fyrir? Um það segir í raun sáralítið í þessu plaggi, í þessari skýrslu, sem er viðbót og er að finna hér sem viðauka í þessari hvítu skýrslu frá ríkisstjórnunum, sáralítið. Og það sem gerst hefur núna einmitt til samsvörunar við þetta er það að C2-skýrslan, sem svo er kölluð og er framtíð norræns samstarfs, hefur verið dregin saman frá því að vera allmyndarleg bók eins og hún hefur verið fyrir lögð með útfærslu á stefnumiðum niður í það að vera smápési og er nú orðin fylgiskjal með þessari skýrslu, þýtt á íslensku, takk fyrir það, en er nú orðinn smápési og það verður ekkert út úr því lesið hvert verið er að halda varðandi einstök málefnasvið. Það er verið að fela það í þessum gögnum. Ég tel þetta ámælisvert og mjög hæpna stefnu að ganga svona til verka, en raunar alveg í góðu samræmi við það sem hér er á ferðinni. Það er auðvitað ekkert þægilegt að eiga að draga það fram, enda ekki enn þá búið að koma sér saman um það hvernig á að standa að þessum niðurskurði, hvernig á að standa að þessum samdrætti í norrænu samstarfi að því er varðar þennan opinbera þátt.

En það eru fleiri atriði sem eru athugunarefni í þessu sambandi. Það er alveg ljóst að innan ríkisstjórnanna er það ásetningurinn að færa verulegan hluta af hinu pólitíska samráði af hinum eiginlega norræna vettvangi niður á hinn víða völl Evrópusamstarfsins þar sem eigi að vera óformlegt samráð, ekki pólitískt samráð sem leiðir til niðurstöðu og einhverra samræmingar sem taka á sig norrænt form, heldur yfir í það að

vera svona almennt samband, tvíhliða eftir atvikum eða með öðrum þjóðríkjum. Auðvitað fer það svo á EES-vettvangi jafnvel þó það væri ekki farið lengra að ekki sé talað um það ef fleiri ríki ganga inn í Evrópubandalagið, þá er í rauninni allur þungi úr þessu pólitíska norræna samráði farinn. Það er að dragast inn í það að vera samráð flokkanna og flokkasamsteypanna innan Evrópu, innan evrópskra stofnana sem er verið að ýta þessu samstarfi út í í síauknum mæli. Þetta eru áhyggjuefni sem ég vil koma á framfæri varðandi þessa þætti og ég bið hæstv. ráðherra og hæstv. forsrh. að koma inn á það hér, ef hann tekur þátt í þessari umræðu, hvernig íslenska ríkisstjórnin sér fyrir sér að hægt verði að halda stöðu Íslands í norrænu samstarfi ef svo færi að Noregur, Svíþjóð og Finnland, sem ég vona sannarlega að ekki verði, gerast aðilar að Evrópubandalaginu. Hvernig vill íslenska ríkisstjórnin leitast við að tryggja íslenska hagsmuni í þeim veruleika ef hann yrði? Hvað verður um grundvallaratriði og táknræn atriði í norrænu samstarfi ef landamærin við Evrópubandalagið verða dregin um Atlantshafið milli Noregs og Íslands og hin löndin fjögur þarna komin inn, hvað verður um vegabréfasamstarfið, „passunionen"? Um það hef ég lagt fram fyrirspurn formlega til ríkisstjórna Norðurlanda á komandi þingi í Stokkhólmi og ætla þeim að svara, bæði dönsku ríkisstjórninni sér á parti sem er nú í vandræðum sjálf með það hvernig eigi að haga þessu samstarfi á landamærunum milli Slésvík-Holstein og Danmerkur og er farin að innleiða bráðabirgðatékkskoðun og hindranir, einnig á Eyrarsundi milli Svíþjóðar og Noregs samkvæmt kröfu Evrópubandalagsins. Og eftir hverju haldið þið að sé farið? Það er farið eftir litarhætti manna eða útliti, hvort þeir teljist evrópskir í útliti eða ekki, hvort þeim er kippt inn í hliðarherbergin til þess að fara í sérstaka skoðun og þurfa að reiða þar passa og það er ekkert tekið gilt annað, þeir eru bara sendir heim. Hvernig hefur íslenska ríkisstjórnin farið yfir þessi efni, lið fyrir lið, og ég nefni bara hér eitt dæmi af mörgum. Hvernig ætlar íslenska ríkisstjórnin að reyna í samstarfi við aðrar Norðurlandaþjóðir að tryggja íslenska hagsmuni þannig að eitthvað standi eftir sem máli skiptir?

Auðvitað er ég ekki að gera lítið úr menningar- og menntasamstarfi milli Norðurlanda. Sannarlega er það þýðingarmikið. En það mun ekki standa sem burðarás í norrænni samvinnu með einhverjum pólitískum þunga, það getum við verið alveg viss um. Og við vitum það m.a., því miður vil ég segja, hversu takmörkuð vigt er inni á þeim málaflokki, m.a. í þessari stofnun svo þýðingarmikið sem það er. Ef efnahags- og atvinnumálin liggja orðið til hliðar þá er ekki gott í efni því að það hefur oft verið bindiefnið. Umhverfismálin eiga að vísu að nafninu til að vera þarna á verkefnaskrá áfram sem þýðingarmikill málaflokkur og það er horft m.a. í austurátt í því sambandi. Ég sakna þess í áætlunum norrænu umhverfisráðherranna um leið og ég tek undir áætlun um að styðja við endurbætur í austurvegi í umhverfismálum, þá virðist ekki vera litið á Bretlandseyjar sem „närområde" eins og það heitir á skandinavísku. Þá er það ekki tekið inn þar sem nú er verið að hefja starfsemi í endurvinnslu í margföldum mæli með losun geislavirkra úrgangsefna í hafið sem er ein stærsta ógnun sem blasir við okkur Íslendingum um þessar mundir, einmitt þessar vikurnar. Það er þegar ýtt verður á hnappinn í THORP-endurvinnslustöðinni við Sellafield. Og ég hef ekki séð í starfsáætlun norrænu umhverfisráðherranna sem liggur nú fyrir og verður væntanlega rædd í Stokkhólmi, ég hef ekki sé það að arktíska samstarfið, að norðurskautssamstarfið sé mikið þar til umfjöllunar sem er auðvitað það sem hefur hvað stærsta þýðingu fyrir okkur Íslendinga.

Virðulegur forseti. Það hefði þurft að fá hér fram af hálfu hæstv. samstarfsráðherra og íslensku ríkisstjórnarinnar í tengslum við þessa skýrslugjöf áform íslenskra stjórnvalda til að bregðast við þessum aðstæðum sem þegar liggja fyrir vegna EES-samningsins og þeirra breytinga sem það hefur en þó sérstaklega ef svo illa færi að fleiri Norðurlönd enduðu inni á velli Evrópusambandsins eða Evrópubandalagsins eins og við kölluðum það til skamms tíma. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geri okkur svolitla grein fyrir því hér í þessari umræðu því að það er þessi framtíð sem máli skiptir, það er framtíð norræns samstarfs, hvað stendur eftir, og ég vara mjög við því skriði sem er í þessum efnum og tel að íslensk stjórnvöld hafi því miður ekki brugðist við sem skyldi. Hitt verðum við auðvitað að sameinast um hér á Alþingi og hér á Íslandi að forusta Íslands á norrænum vettvangi á komandi árum verði til sem mests sóma og þar stendur væntanlega ekki á Alþingi Íslendinga að reyna að styðja ríkisstjórnina í þeim efnum.

Útbýting þingskjala:

Skipting botnfiskafla, 356. mál, svar sjútvrh., þskj. 627.

Skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, 422. mál, stjfrv., þskj. 631.

[14:08]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Það var fróðlegt að heyra ræðu hv. 4. þm. Austurl. þar sem Evrópusamstarfið er nú farið að fipa hann einnig í Norðurlandasamstarfinu og er augsýnilegt að hann vill ekki að Norðurlöndin lagi sig að breyttum aðstæðum í Evrópu og taki ákvarðanir sem miði að virkari þátttöku Norðurlandanna sameiginlega í evrópsku samstarfi. Og ég verð að lýsa því yfir hér enn og aftur að ræður hv. þm. um alþjóðamál og þátttöku Íslands í þeim vekja ætíð jafnmikla undrun mína. Það er eins og hann vilji að þróunin hefði stöðvast á einhverjum ákveðnum punkti og þaðan hefði ekki mátt halda fram á við. Og ótti hans við frekari samvinnu Evrópuríkjanna ruglar svo útsýni hans að hann getur ekki metið lengur t.d. þátttöku okkar í Norðurlandasamstarfinu með rökréttum hætti.

Varðandi þann þátt í ræðu hans sem vék að hlut okkar Íslendinga í Evrópusamstarfinu ef til þess kæmi að þrjú Norðurlandanna gengju í Evrópusambandið eins líkur kunna að vera á, a.m.k. miðað við vilja rík-

isstjórna þeirra og tilraunir þeirra til að ná samkomulagi við Evrópusambandið, þá vil ég skýra frá því hér af því að hann spurði: Hvar er unnið að því að huga að stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi ef sú breyting verður? Þá vil ég skýra honum frá því að á vettvangi utanrmn. Alþingis hefur verið efnt til umræðna um þetta mál og þar eru menn byrjaðir að velta þessu viðfangsefni fyrir sér og ég er viss um að það er víðar og einnig á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

Það er mjög mikilvægt fyrir Alþingi að ræða um þátttöku Íslands í norrænu samstarfi. Alþingi er aðili að þessu sambandi. Hér erum við að vísu að ræða um skýrslu ríkisstjórnanna og ræðum síðar um hlut Alþingis í þessu samstarfi en miðað við þátttöku Alþingis í alþjóðlegu samstarfi þá hefur um langt árabil verið lögð höfuðáhersla á þátttökuna í Norðurlandasamstarfinu. Mér finnst sjálfum að sú áhersla kunni að þurfa að breytast miðað við hve aðrar alþjóðastofnanir eru að verða virkar á evrópskum grundvelli og það þurfi að huga að því sérstaklega innan veggja Alþingis hvernig við högum þátttöku okkar í alþjóðlegu samstarfi og þar þurfi einnig að líta á hlut okkar í Norðurlandasamvinnunni og hvernig hún er miðað við þátttöku í samstarfi á öðrum vettvangi. Það verður kannski ástæða til að ræða það mál frekar síðar í umræðunum í dag.

En það sem mig langaði sérstaklega til að gera að umtalsefni hér með hliðsjón af þessari skýrslu er það sem kallað er Áætlun um norrænt samstarf 1994 og sá kafli þeirrar áætlunar, I. kaflinn eða inngangurinn þar sem fjallað er sérstaklega um framtíð norræna samstarfsins. Þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Eitt mikivægasta atriði norrænnar samvinnu er e.t.v. að sjá til þess að stöðugt samráð sé haft og að samræmd sé afstaða landanna til einstakra mála í alþjóðlegu samstarfi sem þau eiga aðild að. Með þessu er oft unnt að beita samræmdri stefnu um einstök mál. Það land sem fer með formennskuna hverju sinni ber ábyrgð á að þetta samráð sé viðhaft þegar þörf krefur. Um þetta samráð verður fjallað í ræðum forsætisráðherranna á vorþingi Norðurlandaráðs, svo og í ræðum utanríkisráðherranna á haustþinginu þar sem einnig verður gerð grein fyrir þessu samráði."

Þarna er sagt að þetta sé eitt mikilvægasta atriði norrænnar samvinnu, þ.e. að hafa samráð um alþjóðlegt samstarf og væntanlega þá einnig að leggja áherslu á að móta sameiginlega stefnu Norðurlandanna í þessum málaflokki, alþjóðamálum, utanríkismálum. Mig langar til að vekja athygli á þessu og ég held að á þessu sviði þurfi að vinna heimavinnu hér á Íslandi og menn þurfi að velta fyrir sér hvernig að þessu skuli staðið og hve skuli langt farið í því að vinna að slíkri sameiginlegri stefnumótun af hálfu Norðurlandanna. Við vitum það að Norðurlöndin hafa varðandi einn mikilvægan þátt utanríkismálanna, öryggismálin, fylgt ólíkri stefnu og sú spurning vaknar strax þegar þetta er skoðað hvort það sé ætlunin með þessu, þegar fjallað er um afstöðu landanna til einstakra mála í alþjóðlegu samstarfi sem þau eiga aðild að, að fara inn á vettvang öryggismálanna og hvernig á þeim skuli tekið í þessu ljósi. Ég held að það sé mjög mikilvægt að ræða þetta hér og velta þessu fyrir sér. Það er boðað að þetta verði kynnt í ræðum forsætisráðherranna á vorþingi Norðurlandaráðs og síðan utanríkisráðherranna á haustþinginu og það verður ekki kynnt með sannfærandi hætti nema umræður hafi farið fram um málið á heimavettvangi þannig að öllum sé ljóst að hverju skuli stefnt. Í þessum sama kafla segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Norræna ráðherranefndin getur einnig orðið að liði við samráð og verkaskiptingu milli Norðurlandanna í þátttöku í stofnunum Evrópusamstarfsins. Auk þess ber nauðsyn til að upplýsa umheiminn um samstarf Norðurlandanna með hliðsjón af þátttöku þeirra í samruna Evrópu."

Þarna er einnig vikið að mjög mikilvægu máli sem á eftir að snerta þjóðirnar með mismunandi hætti miðað við þá stefnu sem þær hafa mótað til þátttöku í Evrópusamstarfinu. Þarna held ég að gefist sérstakt tækifæri fyrir okkur Íslendinga til að halda okkar málstað fram með hliðsjón af því að við höfum ákveðið að standa utan Evrópusambandsins eða a.m.k. ekki ákveðið að sækja um aðild að því. Og þarna sé einnig sérstakt verkefni sem við þurfum að leggja okkur fram um að móta og kann að verða gott fyrir okkur að gera það einmitt nú á næstu mánuðum þegar við förum með hina pólitísku forustu í Norðurlandasamstarfinu.

Ég vildi, frú forseti, vekja máls á þessum tveimur atriðum sérstaklega í þessari skýrslu og benda á að hér er um verkefni að ræða sem ekki er einungis norrænt heldur lýtur einnig að stefnumótun af okkar sjálfra hálfu þegar við lítum til stöðu okkar í norrænu samstarfi og í alþjóðlegu samstarfi almennt og ég vil hvetja til þess að við Íslendingar nýtum þau tækifæri sem við fáum með mikilli ábyrgð einnig við forustustörf í hinu pólitíska samstarfi Norðurlandanna á komandi mánuðum til þess að móta þetta starf á þann veg að það nýtist okkur sem best þótt við stöndum utan Evrópusambandsins og þess starfs sem þar fer fram.

[14:17]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom mér vissulega ekkert á óvart að heyra tóninn í hv. þm. Birni Bjarnasyni varðandi mitt mál hér. Auðvitað hafði þingmaðurinn ekkert efnislegt til mála að leggja heldur aðeins það að koma hér með glósur. Það er háttur þessa hv. þm. að hann tekur þannig á málum þegar hann stendur upp án þess að hafa nokkuð efnislegt til málanna að leggja. Þetta þykir mér alveg hörmulegt.

En það kann fleira að liggja undir þeim steini í rauninni að ganga fram með þeim hætti sem þingmaðurinn kaus að gera í byrjun síns máls. Hann orðaði það síðar í ræðu sinni þegar hann var að tala um Evrópusamstarfið, Evrópusambandið, að það væri a.m.k. ekki ákveðið að sækja um aðild að því. Hann bætti því við um leið og hann tók fram að við hefðum ekki gert það. Og það er akkúrat þetta sem hv. þm. hafði í huga og bindur tungu hans nokkuð vegna þess að þessi þingmaður er einn í þeim hópi sem aldrei getur talað skýrt í því máli. Hann hefur vissulega kastað því fram í rit-

uðu máli á undanförnum missirum að það komi að hans dómi sterklega til greina að sækja þarna um aðild og hann hefur í síðustu greinum sem ég hef lesið eftir hann slegið fullan varnagla við því að þetta komi ekki til greina, það beri vissulega að halda þessu opnu. Auðvitað getur þingmaðurinn ekki tekið undir sterkar áhyggjur ef hann ætlar að fara að mæla með því, hugsanlega innan ekki langs tíma, að það sé rétta leiðin að stíga skrefið til fulls.

[14:18]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Að gefnu þessu tilefni hv. 4. þm. Austurl. er mér ljúft að rifja það upp að við þingmenn stóðum allir að ályktun hér á Alþingi 5. maí sl. um stefnumótun varðandi samstarfið við Evrópubandalagið eins og það var þá kallað, nú Evrópusambandið. Og ég mun heils hugar standa að því að það verði unnt að framkvæma þá stefnu sem þar var mótuð en eins og hv. þm. minnist var þá strax tekið fram að sú stefna útilokaði ekki að einhvern tíma í framtíðinni kynnu menn að telja það skynsamlegt hér á landi að sækja um aðild að Evrópubandalaginu eða Evrópusambandinu þannig að það eru engin nýmæli sem hafa komi fram í máli mínu hér. Þvert á móti erum við að endurtaka það sama og við töluðum um hér sl. vor.

[14:19]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa staðfest nákvæmlega það sem ég benti á í mínu máli.

[14:19]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. iðnrh., samstarfsráðherra, fyrir þessa skýrslu og sérstaklega vil ég þakka fyrir að fá áætlunina um samstarfið á árinu frá 1994 á íslensku. Mér þykir mjög gott að fá hana hér á íslensku. Ég hafði að vísu lesið hana á norsku en það breytir ekki því að ég tel mjög mikilvægt að þingmenn geti kynnt sér þessa skýrslu á íslensku. Ég tel þó mikilvægt, virðulegur forseti, að benda á það að þessi skýrsla C2, um samstarfið, ber með sér það sem ég óttaðist þegar við vorum að ræða um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, að norrænt samstarf innan EB og EES eða Evrópusambandsins yrði mjög erfitt.

Það var lögð á það mikil áhersla hér á sínum tíma að það væri hægt að halda uppi norrænu samstarfi innan EES eða EB hvernig svo sem löndin kysu að haga þeim málum. Það kemur mjög greinilega fram í þessari skýrslu að það er fyrst og fremst lögð áhersla á það að um óformlega samvinnu muni verða að ræða og það muni færast í aukana á kostnað hins. Það verði hlutfallslega sífellt meira óformlegt norrænt samstarf. Ég er mjög uggandi yfir þessu. Ég tel mjög mikilvægt að efla norrænt samstarf og hafði góðar vonir um það, þrátt fyrir áhyggjur, að það mundi takast. En ég held að því miður verði það vandasamt. Ég ætla ekki að vera með miklar hrakspár að svo komnu máli, en ég held að þeim sem lesa þessa skýrslu geti varla blandast hugur um að þarna er í öðru hverju orði lögð áhersla á að það sé Evrópusamruninn sem skipti máli. Það kemur meira að segja fram á fyrstu síðu C2-skýrslunnar, ef ég mál lesa upp, með leyfi forseta:

„EES-samningurinn gerir að veruleika hið gamla markmið að gera Norðurlöndin öll að einum heimamarkaði innan víðs evrópsks ramma."

Þetta finnst mér ákaflega einkennileg fullyrðing, að þarna skuli vera kominn einhver heimamarkaður, norrænn heimamarkaður. Það er verið að tala um einn sameiginlegan markað 18 landa, allra EES-landanna, en það er ekki sérstaklega um norrænan heimamarkað að ræða. Þetta er miklu víðari og stærri markaður sem þarna er um að ræða. Þannig að menn eru stundum að reyna að fela raunveruleikann í orðum. Ég er ekki að segja að það sé neitt verra að hafa einn stóran markað í sjálfu sér, en það á ekki að vera að tala um það sem norrænan markað þegar um er að ræða eitthvað allt annað. Ég óttast því að með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og inngöngu fleiri Norðurlanda í Evrópusambandið muni norrænt samstarf smám saman líða undir lok. Því miður verð ég að segja. Og ég held að ef menn ætla að reyna að halda því gangandi þá þurfi að leggja mjög mikið í það og ég óttast að formlegt samstarf verði mjög erfitt innan Evrópska efnahagssvæðisins eða Evrópusambandsins.

Ég vildi aðeins minnast á þær áherslur sem hæstv. ráðherra minntist á og hefur verið mikið til umræðu innan Norðurlandaráðs. Það er sú breytta áhersla varðandi fjárlög, norrænu fjárlögin, þ.e. að svo mikil áhersla skuli vera lögð á menningarmálin hlutfallslega. Ég er síst á móti því að meira fé fari til menningarmála og því held ég að fáir geti á móti mælt. En ég óttast mjög að það muni bitna harkalega á þeim verkefnum sem gætu komið Íslandi vel. Þá hef ég í huga ýmis verkefni á sviði umhverfismála, á sviði fiskveiðimála og ýmis önnur verkefni sem Íslendingar hafa tekið virkan þátt í. Þar má nefna norðurheimsskautssvæðið og fleiri og fleiri verkefni sem ég tel að muni geta komið Íslandi mjög vel. Ég óttast að þessar áherslur á einn málaflokk muni draga mjög fé frá þeim verkefnum sem munu koma okkur vel. Þetta segi ég ekki síst vegna þess að í þeirri nefnd sem ég starfa, umhverfisnefnd Norðurlandaráðs, sem m.a. fjallar um fiskveiðimál, hefur verið mjög erfitt að toga fé yfir á þann málaflokk og þurfti mikið harðfylgi og reyndar fleiri Íslendingar sem þar lögðu saman til þess að þau verkefni sem voru á fiskveiðisviðinu fengju nægjanlegt fé eða alla vega aukið fé. Kannski má ekki kalla það nægjanlegt því sjálfsagt verður það sjaldan nægjanlegt að allra mati.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þessa skýrslu, virðulegur forseti. Við eigum eftir að ræða skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Ég sé að hún er ekki á dagskránni í dag, þannig að ég býst við að hún verði síðar, og mun ég þá koma frekar að einstökum atriðum hennar.

[14:26]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og aðeins örfá orð sem ég sé

ástæðu til að viðhafa að þessu sinni.

Þeir þingmenn sem til máls hafa tekið hafa allir rætt um að samstarf hinna norrænu þjóða sé að breytast. Það er rétt og það er eðlilegt vegna þess að samstarf norrænna þjóða tekur að sjálfsögðu tilliti til þess hvað er að gerast annars staðar í heiminum og þá ekki síst í þeim heimshluta sem þessar þjóðir tilheyra. Þó svo að samstarfið breytist eitthvað þá þarf það að sjálfsögðu ekki að þýða að samstarfið versni frá því sem verið hefur. Hv. þm. Björn Bjarnason benti á nýjungar í norrænu samstarfi, þ.e. samstarf á sviði utanríkismála og e.t.v. á sviði öryggismála. Það er ekki langt síðan umræður um utanríkismál fóru ekki fram á þingum Norðurlandaráðs og þau mál komu þar ekki á vettvang. Nú eru þau meðal þýðingarmestu atriða í umræðunum á Norðurlandaráðsþingi. Þannig hefur samstarf Norðurlanda breyst og mun halda áfram að breytast. Ég tel það ekki vera breytingu til hins verra að taka utanríkismálin inn í umræðu á Norðurlandaráðsþingi og leggja aukna áherslu á þátt þeirra í norrænu samstarfi heldur sé það af hinu góða að mínu mati.

Í öðru lagi vil ég einnig benda mönnum á það að einn merkasti viðburður í norrænu samstarfi, þ.e. afnám vegabréfaskyldu, gerðist á meðan norræna samstarfið var miklu mun óformlegra heldur en það er í dag og hefur verið á undanförnum árum. Þannig að menn geta ekki heldur notað formlegheitin sem mælikvarða á það hvort norræn samvinna skilar góðum árangri eða miður góðum árangri. En að sjálfsögðu er umræðan um framtíð norrænnar samvinnu angi af þeirri umræðu sem fer fram um aukna alþjóðasamvinnu og aukna samvinnu í þeim heimshluta sem við tilheyrum og norræn samvinna hlýtur að taka breytingum í tímans rás eins og önnur mannanna verk.

Aðeins nokkur orð um fyrirspurn hv. 4. þm. Austurl. um norrænu fjárlögin. Ég ítreka að ég get að sjálfsögðu ekki sett saman norræn fjárlög fyrir árið 1995 hér í ræðustól og það er aðeins búið að marka vísbendingar, fyrstu vísbendingar, um það eftir hvaða línum verið er að vinna að undirbúningi fjárlagagerðarinnar. Við munum hins vegar að sjálfsögðu, ráðherrarnir og ríkisstjórnirnar, hlusta grandgæfilega eftir því sem sagt kann að verða á þingi Norðurlandaráðs nú í marsmánuði um þessi efni. Og eins og þegar hefur verið sagt af hálfu ríkisstjórna Norðurlanda þá munum við og ætlum okkur að taka meira tillit til afstöðu þingmanna á þingi Norðurlandaráðs heldur en gert hefur verið fram að þessu þegar ákveðin hafa verið norrænu fjárlögin fyrir næsta ár.

Ég vil aðeins benda á það svona til upplýsingar fyrir fólk að ef ná á þeim markmiðum sem menn hafa sett sér og við vinnum eftir þeim markmiðum á meðan þeim hefur ekki verið breytt, og það hefur ekki verið gert. Ef menn ætla að ná þeim markmiðum sem við höfum sett okkur, þ.e. að ekki síðar en árið 1996 nemi framlög til vísinda, menningarmála og menntamála um 50% af heildarfjárveitingum á norrænum fjárlögum, þá þarf að auka fjárveitingar til þessa málaflokks um 30 millj. kr. Ef við tökum það í tveimur jöfnum áföngum þá þarf að færa til frá öðrum viðfangsefnum 15 millj. kr. hvort árið 1995 og 1996 að því tilskyldu að menn haldi sig þá við hitt markmiðið, þ.e. núllfjárlög eða ekki raunviðbætur í norrænu fjárlögunum. Þar til viðbótar má segja að við höfum í höndunum ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar um viðbótarfjárveitingar á sama tímabili til tiltekinna viðfangsefna. Norræna húsið í Nuuk mun þannig þurfa, ef standa á við fyrri ákvarðanir, u.þ.b. 12 millj. kr. á árinu 1995. Á síðasta haustþingi í Maríuhöfn var ákveðið að efna til samnorræns átaks gegn útlendingahatri. Það er þegar hafinn undirbúningur að slíku átaki fyrir árið 1995. Þar erum við að tala um kostnað, viðbótarútgjöld við fjárlögin í ár, upp á milli 6 og 10 millj. danskra kr. Til að halda óbreyttum fjárveitingum til grannsvæða Norðurlanda verður að gera ráð fyrir um 14 millj. kr. hærri fjárveitingu en á fjárlögum yfirstandandi árs vegna þess að rekstrarafgangurinn eða tekjuafgangurinn öllu heldur á norrænu fjárlögunum 1995 mun lækka samsvarandi þannig að hann verður ekki til nota í sama mæli á árinu 1995 eins og hann hefur verið á árinu 1994.

Þetta eru aðeins fjögur dæmi sem varpa ljósi á þá erfiðleika sem menn horfast í augu við. En auðvitað horfast menn í augu við þessa erfiðleika vísvitandi, frú forseti, því menn tóku að sjálfsögðu þá ákvörðun, að breyta um þessar áherslur á grunni núllfjárlaga, vitandi vits og með opin augun. En þetta varð til þess að ég sagði áðan í ræðu minni: Þessar staðreyndir eru einfaldlega þannig lagaðar að menn þurfa nú að skoða á raunhæfum grunni hvaða afstöðu menn eiga að taka. Hvort menn eiga að endurskoða einhverjar fyrri ákvarðanir sem menn hafa tekið eða hvort það eigi að halda sér við þær ákvarðanir sem þegar hafa verið teknar um tilfærslu fjármuna innan hinna norrænu fjárlaga og um núllgrunns fjárlagagerð fyrir árið 1995.

Það er of snemmt fyrir mig að greina hér frá neinum ákvörðunum í þeim efnum, þær ákvarðanir verða ekki teknar fyrr en ráðherrar hafa heyrt hvað þingmenn á þingi Norðurlandaráðs hafa um þessi mál að segja. En ég ítreka að þessi vandi hlýtur að vera öllum þingmönnum jafnljós eins og hann er okkur.

[14:34]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru örfá atriði úr seinni ræðu hæstv. samstarfsráðherra sem ég vil nefna hér og vil hafa aðeins rýmri tíma en andsvarsformið veitir til þess að koma að þeim.

Fyrst um fjárlögin og fjárlagarammann. Það er auðvitað íhugunarefni — virðulegur forseti, ég vil aðeins ná eyrum hæstv. samstarfsráðherra áður en ég held áfram máli mínu.

Það er auðvitað íhugunarefni hvort íslensk stjórnvöld eiga að fallast á það eða vera í þeim hópi sem vill halda sér fast við núllfjárlögin svokölluðu. Að halda norrænu fjárlögunum óbreyttum. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið upplýst hér á þessum vettvangi hvort íslensk stjórnvöld hafa undanfarin ár lagst á þá sveif að norrænu fjárlögin hækki ekkert á milli ára. Það væri fróðlegt og æskilegt að hæstv. samstarfsráð-

herra lýsti skoðun sinni á því. Eigum við Íslendingar að standa að því eða réttara sagt að fylgja þeirri stefnu með öðrum Norðurlandaþjóðum, ef það er stefna þeirra, að breyta ekki fjárlagarammanum til rýmkunar, þ.e. hinum norræna fjárlagaramma? Ég tel eindregið að við eigum að ýta á það að þarna verði rýmkað til og ég er alveg sannfærður um að það á stuðning meðal almennings á Norðurlöndum. Auðvitað búa ríkisstjórnirnar við veruleikann, sem er ekki alltaf blíður í sambandi við eigin fjárlög, á því hefur maður vissan skilning. En hér er auðvitað spurningin um pólitískar áherslur og val á milli þess í hvað peningum er ráðstafað.

Við megum ekki hafa neina minnimáttarkennd í þessum efnum vegna þess að við höfum talið okkur njóta tiltölulega góðra skipta í þessum efnum. Það á ekkert að breyta því að við leggjum áherslu á það að fá fjárlagarammann rýmkaðan.

Hæstv. ráðherra nefndi þetta með stöðuna, fór aðeins út í horfurnar varðandi 1995 og 1996. Ég þakka honum fyrir þær vísbendingar sem hann gaf um hvað biði okkar í þeim efnum, þ.e. biði hinna norrænu fjárlaga ef haldið verður fast við núllstefnuna. Og þá kom hann að því sem er auðvitað mjög þýðingarmikið að hafa í huga við þá umræðu að við munum á komandi ári ekki geta fleytt rjóma af tekjuafgangi eins og þeim sem bjargaði fjárlögum yfirstandandi árs, hinum norrænu fjárlögum yfirstandandi árs. Það var tekjuafgangurinn frá árinu 1992, má ég segja, sem þá var yfirfærður, rúmlega 32 millj. danskra kr., fyrir utan þær 7 millj. sem voru færðar á milli með samkomulagi. Ég vil halda því fram að það hefði verið þungt undir fæti fyrir ráðherranefndina að fá samstöðu á Norðurlandaráðsþingi ef hún hefði ekki getað veifað þessum tekjuafgangi vegna yfirstandandi árs. Úr honum verður víst tæpast að spila, a.m.k. ekki neinni upphæð í líkingu við þetta, fyrir næsta ár þannig að þrengingarnar verða að sama skapi meiri þegar taka þarf ákvarðanir um þetta.

Hæstv. ráðherra sagði að það yrði hlustað grannt á þingmenn innan Norðurlandaráðs þegar fjárlögin verða ákveðin. Ég þakka honum fyrir þau orð og ég vona að þessi hlustun, það að hlusta, leiði þá til þess að menn séu reiðubúnir til þess að taka jákvætt undir skoðanir þingsins. En auðvitað er þingið að nokkru leyti í því hafti pólitískt séð að yfirgnæfandi meiri hluti Norðurlandaráðsþings lét sig hafa það að skrifa upp á þessar hugmyndir um tilfærsluna innan norrænu fjárlaganna yfir í 50% til mennta- og menningarmála. Ég var hins vegar í þeim hópi sem gagnrýndi þær hugmyndir og þá ráðstöfum og sá hópur sem ég starfa með innan Norðurlandaráðs, vinstri sósíalistar. Við höfum haldið okkur við það að gagnrýna þetta og munum gera það áfram af því að við erum pólitískt ósammála þessu. En það hefur gerst, það er ánægjulegt, að þeim hefur fjölgað mjög verulega og fjölgaði verulega á síðasta ári sem fóru að taka undir með okkur, þegar menn fóru að horfa framan í veruleikann, og lögðust vissulega á ólar í sambandi við ákvörðun fjárlaga fyrir þetta ár, að reyna að fá þar fram breytingar, þó þær yrðu nú ekki meiri en þær sem um er að ræða. Í þeirri pólitísku niðurstöðu tókum við þátt, ég og sá hópur sem ég vinn með í Norðurlandaráði, og tókum pólitíska ábyrgð á þeirri niðurstöðu. Ég vil ekki fullyrða að svo verði á þessu ári vegna næsta árs.

Í þessu sambandi skulum við aðeins hafa í huga togstreituna út af 64. gr. Helsingfors-sáttmálans þar sem tekist var á við norrænu ráðherranefndina um það hvort Norðurlandaráð sem þingmannavettvangur fengi í raun fjárlagavaldið innan þess ramma sem ríkisstjórnirnar mundu ákvarða. Það var tekist á um þetta og þar lögðust á sveif með þingmannasjónarmiðunum, ég vil segja, þingmenn úr öllum flokkahópum, íhaldssömum jafnt sem róttækum á vettvangi Norðurlandaráðs, en höfðu þó ekki betur en svo að það þarf einhverjar alveg sérstakar ástæður — það var það sem bókað var — til þess að ráðherrahópurinn fylgdi ekki niðurstöðum þingmannanna. „Särskilda skäl" minnir mig að það heiti á sænskunni, og það er einmitt þetta gráa svæði sem menn eru að vinna út á í þessum efnum og ég hugsa að það geti orðið svolítið stífara þegar kemur að ákvörðunum fyrir næsta ár og þar næsta.

Ég hef líka grun um það en veit ekki hvort ráðherra, þegar hann nefndi tilfærslu á 15 millj. dönskum kr. á árinum 1995 og öðrum 15 til viðbótar árið 1996 til að uppfylla stefnumörkunina um 50% aukningu til mennta- og menningarmála, var þá með í huga það sem hefur verið gert bókhaldslega, að ég má segja, varðandi yfirstandandi ár og sem hækkar veruleikann í tilfærslu að því er þetta varðar, þ.e. að taka rannsóknir á sviði umhverfismála undir þennan þátt. Hæstv. samstarfsráðherra hristir höfuðið svo að ég skil það svo að hann hafi þegar dregið til baka þá bókhaldsbrellu sem ástunduð var varðandi yfirstandandi ár og gangi út frá grunni án hennar. Það kemur þá í ljós hver veruleikinn verður í þeim efnum.

Síðan, virðulegur forseti, vil ég aðeins koma að innganginum í seinni ræðu hæstv. ráðherra þar sem hann var að víkja að því, sem margir munu segja að væri sjálfsagt mál, að menn þyrftu að taka afstöðu til mála út frá breyttum aðstæðum. Auðvitað erum við alltaf að því, hæstv. ráðherra. Við erum að reyna að taka málin út frá breyttum aðstæðum og það er engan veginn svo að Norðurlandaráð eigi eða geti verið fryst eða óbreytanlegt ástand, síður en svo. Spurningin er hins vegar: Hvernig viljum við að það þróist? Hvernig viljum við að það mótist? Viljum við aukningu þess? Viljum við styrkingu hins norræna samstarfs, jafnvel á kostnað annars samstarfs í aðrar áttir eða viljum við fórna því vegna þess sem sumir meta sem ávinninga á öðrum og víðari velli eins og hefur verið að gerast í sambandi við EES-samninginn, eins og mun gerast ef fleiri Norðurlönd skella sér yfir í Evrópusambandið innan skamms með samþykki þjóða sinna?

Ef það gerðist, þá eru menn að taka pólitískar ákvarðanir og stíga skref sem eru til að veikja, að mínu mati, verulega möguleika til norræns samstarfs, bæði formlegs og eins hins óformlega sem hefur sína miklu þýðingu. Þar hef ég e.t.v. aðrar skoðanir en hæstv. samstarfsráðherra. Ég geri ráð fyrir því þó að hann hafi ekki farið út í það í ræðu sinni og í öllu falli aðrar

skoðanir en þeir þingmenn á Alþingi sem geta hugsað sér það sem framtíð fyrir Ísland að gerast aðili að Evrópusambandinu, sem svo er kallað, eða Evrópubandalaginu. Þeir eru því miður nokkrir hér á Alþingi Íslendinga. Einn situr hér fyrir framan mig og viðurkennir það fullum hálsi, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Það er orðið mikið baráttumál hv. þm. að við förum alla leið, en hv. þm. Björn Bjarnason er ekki kominn alveg eins langt upp á yfirborðið í þessum efnum. Hann rær í kafi, ef svo má segja, en útilokar ekkert og aðrir halda niðri í sér andanum sem kunna að vera komnir með hugrenningar í þessa veru.

Ekki meira um það, hæstv. forseti. Við tölum um það ef á fer að reyna í þessum efnum. En ég vildi aðeins nefna það atriði sem hæstv. samstarfsráðherra nefndi sem breytingu til bóta á vettvangi Norðurlandaráðs, þ.e. umræður um utanríkis- og öryggismál. Ég er honum alveg sammála um það. Það var tími til kominn að taka haftið af mönnum í þessum efnum. Pólitískir samstarfsaðilar hæstv. samstarfsráðherra Sighvatar Björgvinssonar og aðrir sem hafa verið stuðningsmenn þagnarinnar að þessu leyti, og það hafa verið NATO-sinnarnir innan Norðurlandaráðs sem hafa verið í þeim hópi, vildu ekki til skamms tíma ræða um utanríkis- og öryggismál á vettvangi Norðurlandaráðs. Það voru aðeins nokkrir sem leyfðu sér að brjóta það þagnarbindindi, brjóta þann þagnarmúr. Ég var einn í þeim hópi sem tók þátt í því í kringum 1980 að halda ekki svo ræðu í almennum umræðum á vettvangi Norðurlandaráðs að ég ræddi ekki þau mál þrátt fyrir hið formlega bann sem dregið var gegn því að tala um svo sjálfsagða hluti eins og samstarf Norðurlanda á víðari vettvangi. Og það voru sem betur fer nokkrir nokkrir NATO-sinnar sem slógust í í hóp villutrúarmanna á þeim tíma. Það voru menn eins og fyrrv. forsætisráðherra Danmerkur, Anker Jørgensen, sem lét sig aldrei muna um það að brjóta þetta bann og rífa sig út úr þessu fráleita hafti og taka af fullum hálsi þátt í umræðu um þau efni sem nú þykir sjálfsagt mál og við fögnum báðir, ég og hæstv. samstarfsráðherra Íslands á norrænum vettvangi.

Hæstv. ráðherra kom að vegabréfaskyldunni sem ég nefndi að væri hugsanlega í yfirvofandi hættu, ekki til þess að ræða málið efnislega heldur til þess að segja okkur að þetta hefði komist á áður en Norðurlandaráð var komið í verulega formlegt rammasamstarf. Ég er ekkert að vefengja það að þetta er ávinningur frá því snemma á dögum hins norræna samstarfs eins og við tölum um það núna. En spurningin er efnisleg: Tekst okkur að halda þessum ávinningi? Hvernig ætlum við að tryggja hann? Ég er ekki að segja að hann sé svo gífurlega stór í víðu samhengi en hann er táknrænn og hann er þó veruleiki sem allir þeir þekkja sem ferðast á milli landa, þýðingarmikið táknrænt mál fyrir Norðurlöndin. Og það var ekki einasta efnislegt orð frá hæstv. ráðherra um hvernig hann ætlar að vinna að því að halda þeim ávinningi í norrænu samstarfi að við þurfum ekki að fara að draga upp vegabréfið okkar þegar við komum til Danmerkur og gott meðan við þurfum ekki að sækja þar um vegabréfsáritun áður en við förum inn í hið heilaga rómversk-þýska ríki sem ríkisstjórnir Norðurlandanna eru nú að reyna að smeygja sér inn í, þ.e. Evrópusambandið, inn í hið gamla, heilaga ríki eða rómverska ríki þýskrar þjóðar eins og það mun hafa heitið.

Við skulum vona að það verði nokkur dráttur á því, en ég bið hæstv. samstarfsráðherra Íslands um liðsinni í því að halda þessum ávinningi að því er varðar norræna samvinnu og er reyndar ekki í vafa um að hæstv. ráðherra er stuðningsmaður þess eins og margra góðra þátta í þessu samstarfi og sem mjög þokkalegt samkomulag hefur verið um á Alþingi Íslendinga um langt skeið.

[14:49]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég spurði hv. 4. þm. Austurl. að því fyrr í þessum umræðum hvar hann hefði viljað að alþjóðamálin hefðu frosið, á hvaða punkti hefði átt að stöðva þróun alþjóðamála. Mér dettur í hug við síðustu ræðu hans að það hefði verið einhvern tíma áður en Berlínarmúrinn hrundi. Hann hefði líklega helst viljað að hann stæði að eilífu og sú skipting sem var í Evrópu og stóð öllu fyrir þrifum. Og það er algerlega rangt hjá hv. þm. að halda því fram að það hafi verið NATO-sinnar á Norðurlandavettvangi sem vildu ekki ræða um öryggismál. Það var af sérstöku tilliti til hlutlausu þjóðanna og sérstöku *tilliti til Finna sem áttu í* sérstöku sambandi við Sovétríkin eins og menn vita. Það er sú þróun eftir að Sovétríkin hrundu sem veldur því að nú telja menn sér fært að ræða um öryggismál á vettvangi Norðurlandaráðs. Ekki neitt viðhorf NATO-sinna hefur stöðvað það heldur tillitssemi við þær þjóðir sem bjuggu við sérstakar aðstæður vegna Sovétríkjanna. Það er til marks um hina röngu heimsmynd hv. ræðumanns að hann skuli koma hér og flytja hana jafnbjagaða yfir okkur og tala eins og hann viti og hafi það í hendi sér hver þróun mála hefur verið.

[14:50]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er vissulega ánægjuefni hvenær sem hv. þm. Björn Bjarnason birtist hér til að lýsa sínum skoðunum á þróun alþjóðamála. Það er sérstaklega upplýsandi fyrir okkur að á Norðurlandaráðsþingi mátti ekki ræða um utanríkis- og öryggismál af tillitssemi vegna þess að menn voru svo hræddir við Rússa. Það var slík hlífð við Finna á þeim vettvangi sem menn voru ekki reiðubúnir til að ræða um utanríkismálin. Þetta eru nokkur tíðindi. Það getur vel verið að einhverjir ráðherrar hafi á bak við tjöldin gengið frá einhverju samkomulagi um slíkt, en ég fullyrði að um þetta var ekkert samkomulag að því er snertir Norðurlandaráðsþing. Það var ekki á þeim árum og það var áður en hv. þm. Björn Bjarnason kom á vettvang og var trúlega aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins og iðinn við kolann á þeim vettvangi sem þessi mál voru til umræðu. Þar reiddu menn ekki fram, sem ekki þorðu að blóta á laun einu sinni á vettvangi Norðurlandaráðs, þær skýringar sem hv. þm. kemur upp með í ræðustól á Alþingi Íslendinga í febrúar 1994.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu 1993.

Skýrsla Íslandsdeildar RÖSE-þingsins, 398. mál. — Þskj. 599.

[14:52]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Þar sem hér er um fyrstu skýrslu Íslandsdeildar RÖSE-þingsins að ræða, þá þótti mér rétt að fylgja henni úr hlaði með nokkrum orðum.

Í yfirlýsingu þjóðarleiðtoga RÖSE-ríkjanna, sem undirrituð var 21. nóv. 1990 í París, var hvatt til þess að komið yrði á fót þingmannasamkundu ríkjanna. Fyrsti undirbúningsfundur til að hrinda þessu ákvæði Parísaryfirlýsingarinnar í framkvæmd var haldinn í apríl 1991 í Madrid. Á Madrid-fundinum var ákveðið að koma á fót RÖSE-þingi er kæmi saman einu sinni á ári (í júlí). Þar var samþykkt svokölluð Madrid-yfirlýsing sem er grundvallarskjal RÖSE-þingmannasamstarfsins. Að loknum tveimur undirbúningsfundum á árinu 1992 var fyrsti fundur RÖSE-þings haldinn í júlí 1992 í Búdapest. RÖSE-þingið er því ungt að árum og starf þess er eðlilega enn í mótun. Þó er þegar ljóst að samstarf þetta var orðið fyllilega tímabært og að þingið getur orðið mikilvægur hlekkur í RÖSE-keðjunni á öllum sviðum RÖSE-samstarfsins.

Samkvæmt þeim þingsköpum sem stjórnarnefnd RÖSE-þingsins samþykkti á fundi sínum í Kaupmannahöfn 15. jan. 1993 er RÖSE-þinginu ætlað eftirfarandi hlutverk:

1. Að meta árangurinn af RÖSE-samstarfinu.
2. Að ræða mál sem eru á dagskrá funda leiðtoga og utanríkisráðherra RÖSE-ríkjanna.
3. Að þróa leiðir til að koma í veg fyrir og leysa úr átökum.
4. Að stuðla að eflingu lýðræðislegra stofnana í RÖSE-ríkjunum.
5. Að leggja sitt af mörkum til þróunar, samskipta og samstarfs stofnana RÖSE.

Samkvæmt þingsköpum RÖSE-þingsins er aðild að þinginu miðuð við þjóðþing þeirra ríkja sem undirritað hafa Helsinki-yfirlýsinguna frá 1977 og Parísaryfirlýsinguna frá 1990 og þátttöku þeirra í RÖSE-samstarfinu. Í dag eiga 52 þjóðþing RÖSE-ríkjanna aðild að RÖSE-þinginu. — Þetta er því fjölmennur vettvangur, fjölþjóðaþing, og fjölmennara ef þjóðirnar eru taldar en þingmannasamband NATO og Evrópuráðsins og er þar af leiðandi nokkuð viðamikið í skipulagi. — Samkvæmt samþykkt, sem gerð var í Kaupmannahöfn, er gert ráð fyrir 312 þingfulltrúum og þar af á Alþingi þrjá fulltrúa.

Þingsköp gera ráð fyrir að RÖSE-þingið komi saman í júlí ár hvert og standi fundur þess eigi lengur en fimm daga. Auk þingfunda er gert ráð fyrir að á þinginu starfi þrjár fastanefndir er fjalli um mál er þingið vísar til þeirra. Þær eru nefnd um stjórn- og öryggismál (fyrsta nefnd), nefnd um efnahags-, vísinda-, tækni- og umhverfismál (önnur nefnd) og nefnd um lýðræði og mannréttindamál (þriðja nefnd).

Forsætisnefnd þingsins er skipuð forseta þess, níu varaforsetum og gjaldkera. Stjórnarnefnd þingsins er skipuð forseta RÖSE-þingsins, varaforsetum, gjaldkera, formönnum nefnda þingsins og formönnum sendinefnda einstakra þjóðþinga, og er nefndinni ætlað að undirbúa störf þingsins. Stjórnarnefndin getur þó við sérstakar aðstæður samþykkt ályktanir með svokallaðri „samstöðureglu mínus einn" sem hefur verið notuð þar við ákvarðanatöku.

Þingsköp RÖSE-þingsins gera ráð fyrir að forsætisnefndin taki ákvarðanir sínar með meiri hluta atkvæða en að ákvarðanir stjórnarnefndarinnar skuli teknar, eins og ég gat um áðan, samkvæmt afbrigði af svokallaðri „samstöðureglu". Þeirri reglu er fylgt á fundum fulltrúa ríkisstjórna RÖSE-ríkjanna.

Líkt og þing annarra ríkja, sem aðild eiga að RÖSE, hefur Alþingi tekið þátt í þingmannastarfi RÖSE-ríkjanna frá upphafi. Íslandsdeild Evrópuráðsþingsins tók í umboði forsætisnefndar þátt í þingmannastarfi RÖSE þar til Íslandsdeild RÖSE-þingsins var stofnuð. Í febrúar 1993 samþykkti forsætisnefnd Alþingis að stofna Íslandsdeild RÖSE-þingsins, í apríl 1993 samþykkti forsætisnefnd starfsreglur fyrir deildina. Tilnefnd af þingflokkum til setu í Íslandsdeildinni voru Finnur Ingólfsson, Guðjón Guðmundsson, Sigbjörn Gunnarsson, Ólafur Ragnar Grímsson og Tómas Ingi Olrich. Áheyrnarfulltrúi var kjörin Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Á fyrsta fundi Íslandsdeildarinnar 2. júní 1993 var sá sem hér stendur kjörinn formaður og Finnur Ingólfsson varaformaður. Ritari deildarinnar er Belinda Theriault alþjóðaritari. Íslandsdeildin hélt fimm fundi á árinu.

Stjórnarnefnd RÖSE-þingsins kom saman í Kaupmannahöfn 15. jan. 1993, áður en Íslandsdeildin var stofnuð. Þann fund sóttu af hálfu Alþingis Björn Bjarnason, formaður Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins og Þorsteinn Magnússon, deildarstjóri nefndadeildar Alþingis.

(**Forseti** (VS): Ég vil benda hv. þm. á að segja háttvirtir þingmenn.)

Ég bil forseta velvirðingar á þessum mistökum.

Meginviðfangsefni fundar stjórnarnefndar RÖSE-þingsins í Kaupmannahöfn 15. jan. 1993 var að ganga frá tillögum til annars fundar RÖSE-þingsins um þingsköp fyrir þingið, afgreiða fjárhagsáætlun fyrir samtökin sem og að staðfesta ráðningu forstjóra og tveggja aðstoðarforstjóra fyrir skrifstofu þingsins sem aðsetur hefur í Kaupmannahöfn. Umræðan um þingsköp RÖSE-þingsins tók mestan hluta af fundi stjórnarnefndarinnar. Hvað varðar ráðningar æðstu embættismanna samþykkti stjórnarnefndin ráðningu Spencers Olivers, fyrrum starfsmanns utanríkismálanefndar Bandaríkjaþings, sem framkvæmdastjóra RÖSE-þingsins. Aðstoðarframkvæmdastjórar voru ráðnir Pentti Väänänen, yfirmaður alþjóðadeildar finnska þingsins, og Vitaly Evseyev, deildarstjóri hjá rússneska þinginu.

Dagana 6.–9. júlí sl. var haldinn 2. árlegur fundur RÖSE-þingsins í Helsinki. Þann fund sóttu af hálfu Íslandsdeildarinnar Tómas Ingi Olrich, Guðjón Guð-

mundsson og Ólafur Ragnar Grímsson auk ritara Íslandsdeildarinnar.

Þingið er ungt að árum og bar skipulagningin þess merki að mörgu leyti. Ég verð þó að segja það eins og er að miðað við starfsmannahald þingmannasamkundunnar var fundastarf til þess að gera markvisst og margar athyglisverðar tillögur komu fram sem þingmenn RÖSE-ríkjanna fengu tækifæri til að skiptast á upplýsingum um og skoðunum.

Á opnunarfundi þingsins sagði forseti RÖSE-þingsins, Ilkka Suominen frá Finnlandi, frá því að starf þingsins yrði sífellt viðameira. Sú ánægjulega þróun hefur átt sér stað að stofnanir RÖSE sýna áhuga á samstarfi við þingið, en Suominen lagði mikla áherslu á að nýta þingið og meðlimi þess í framtíðinni til kosningaeftirlits í RÖSE-ríkjunum auk þess sem hann taldi mikilvægt að þingið sendi sendinefndir út af örkinni með töflum um upplýsingar um ástand ýmissa svæða og gefa þinginu skýrslur um þau mál.

Þá er einnig rétt að geta þess að Vladimir Petrovsky, framkvæmdastjóri skristofu Sameinuðu þjóðanna í Genf, flutti skilaboð til RÖSE-þingsins frá Boutros Boutros-Ghali, aðalritara Sameinuðu þjóðanna, þar sem hann lýsti stuðningi sínum við svæðisbundin samtök eins og RÖSE.

Margaretha af Ugglas, utanríkisráðherra Svíþjóðar og formaður ráðherraráðs RÖSE, ræddi um hve mikilvægt framlag RÖSE-þingsins gæti orðið til eflingar lýðræðis og mannréttinda.

Hún ræddi einnig um aðgerðir RÖSE til að efla starf sitt og stofnanir og um þann árangur sem starf RÖSE væri að skila víða í Evrópu. Það er að vísu rétt að innan RÖSE eru mjög skiptar skoðanir um það í hvaða farveg eigi að beita þessari ráðstefnu, hvort það eigi að nýta hana fyrst og fremst sem samstarfsvettvang um öryggismál eða hvort það eigi að styrkja stofnanir hennar verulega og auka möguleika RÖSE til þess að hafa áhrif á gang mála. Jafnvel eru uppi umræður um að það þyrfti að koma upp hersveitum á vegum RÖSE. Bera þessar hugleiðingar merki þess að RÖSE er að leita sér að hlutverki og er að skilgreina hlutverk sitt og er langt í land með að menn hafi náð saman um það.

Auðvitað hafa hinar nýju aðstæður sem skapast hafa í Evrópu ráðið miklu um líflega umræðu um þetta hlutverk og stöðu RÖSE á alþjóðlegum vettvangi. Þar fer fram mikil umræða um stefnumótun, eins og raunar innan annarra alþjóðlegra stofnana. Við getum nefnt NATO sem dæmi þar sem verulega mikil vinna hefur farið fram í þessa veru.

Ég ætla ekki að fara nákvæmlega í það sem stendur í þessari skýrslu en vil geta þess vegna þeirrar áherslu sem forseti RÖSE-þingsins lagði á kosningaeftirlit og samskipti þingmanna RÖSE-þingsins við hverja aðra og áhrif þeirra á lýðræðisþróun í Austur-Evrópu að RÖSE-þingið ákvað frá upphafi að taka virkan þátt í kosningaeftirliti og leggja áherslu á það starf sem mikilvægan lið í eflingu lýðræðis og virðingar fyrir mannréttindum. Jafnframt hefur RÖSE hvatt þingið til þess að sinna þessu starfi af fullum krafti. Fyrsta stóra tækifærið á þessu sviði gafst þegar boðað var til þingkosninga í Rússlandi.

Þegar ljóst var að skrifstofa RÖSE-þingsins skipulegði meiri háttar eftirlitsverkefni vegna rússnesku þingkosninganna í desember fór Íslandsdeildin RÖSE þess á leit við forsætisnefnd Alþingis að hún veitti fjármagn til þess að deildin gæti sent einn fulltrúa til að taka þátt í þessu eftirliti. Þessi beiðni fékk jákvæða afgreiðslu hjá forsætisnefnd og tilnefndi Íslandsdeildin Ólaf Ragnar Grímsson sem fulltrúa sinn og Önnu Ólafsdóttur Björnsson til vara.

Alls tóku 35 þingmenn þátt í kosningaeftirliti RÖSE-þingsins.

RÖSE-þingið ákvað að sinna kosningaeftirliti á fjórum stöðum í Rússlandi utan Moskvu. Þar sem athygli umheimsins beindist helst að Moskvu voru minnstar líkur talda á að þar yrði um óeðlileg vinnbrögð að ræða þótti frekar þörf á því að sinna eftirliti á öðrum stöðum. RÖSE-þingið valdi því fjögur héruð auk Moskvu. Ólafur Ragnar Grímsson fór ásamt nokkrum öðrum eftirlitsmönnum til Tula og fylgdist með framgangi kosninganna.

Sem frumraun RÖSE-þingsins á þessu sviði þá met ég það svo og er sammála þeim sem hafa lagt á það opinberlega mat af hálfu RÖSE-þingsins að kosningaeftirlit í Rússlandi hafi tekist til þess að gera vel. Þingið mun nýta sér þessa reynslu til að þróa þetta starf enn þá frekar og mun leggja mikla áherslu á kosningaeftirlit í framtíðinni sem tæki til að vinna að auknu lýðræði og virðingu fyrir mannréttindum.

Við kosningaeftirlit af þessu tagi skapast margvísleg tengsl og verða líflegar umræður milli þingmanna Vestur-Evrópuríkjanna, sem hafa mikla reynslu í lýðræðismálum almennt og þingstörfum og kosningum, og svo þingmanna frá fyrrverandi Sovétríkjunum, frá hinum fjölmörgu ríkjum sem hafa sprottið upp í kjölfar hruns Sovétríkjanna. Eins og allir vita þá er menningarlegur bakgrunnur þessara þingmanna Austur-Evrópuríkjanna allur annar. Þeir styðjast ekki við þær hefðir sem við styðjumst við í þessum efnum og samskipti þeirra við Vestur-Evrópuríkin og þingmenn þessara ríkja eru mjög gagnleg og líkleg til þess að styrkja lýðræðisþróunina í Austur-Evrópu.

Að því er varðar yfirlýsingar RÖSE-þingsins í Helsinki þá báru þær nokkurn keim af því að það eru afar skiptar skoðanir innan þingsins um hvert á að stefna starfi RÖSE-þingsins og starfi RÖSE almennt. Að sjálfsögðu hefur RÖSE-þingið verið afskaplega upptekið af ástandinu í Júgóslavíu og það hafa komið fram sterkar raddir um að RÖSE þurfi að styrkja stofnanir sínar og ákvarðanatöku til að hafa almennari og meiri áhrif á gang mála í Júgóslavíu. Það hafa komið fram mjög sterkar gagnrýnisraddir, m.a. frá RÖSE-þinginu, um að RÖSE hafi brugðist hlutverki sínu í Júgóslavíu og ekki tekið á málum þar frekar en aðrar alþjóðlegar stofnanir. Það eru uppi raddir um það meðal margra þeirra þingmanna sem sækja RÖSE-þingið að það þurfi að efla RÖSE til þess að taka á eftirlitsmálum og gera RÖSE kleift að grípa inn í gang mála.

Ég verð að segja eins og er að um þetta eru mjög skiptar skoðanir. Sá sem hér stendur hefur miklar efasemdir um að það sé skynsamlegt að beina Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu inn á þessar brautir. Ráðstefnan er mjög víður vettvangur fyrir almenna umræðu um öryggismál og kannski eini vettvangurinn í Evrópu sem allar Evrópuþjóðirnar, jafnt þær sem eru aðilar að Evrópuráðinu, aðilar að NATO og einnig hinar sem ekki eru það, hafa til að ræða öryggismálin. Slík samskipti geta verið mjög gagnleg. Þar getur komið upp annar flötur á málum heldur en á hinum vettvanginum. Og ég er þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt að nýta þennan vettvang fyrst og fremst sem vettvang fyrir ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir hættuástand sem fyrst. Ég hef hins vegar miklar efasemdir um það að Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu hafi mikla möguleika á því að grípa inn í atburðarásina eftir að vandræðaástand hefur skapast og gæti best trúað því að sérhver tilraun til að búa til úr þessari ráðstefnu verkfæri til að grípa inn í slíkar aðgerðir yrði til þess að eyðileggja hana.

Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu er eins og allir vita beint afsprengi kalda stríðsins og gegndi mjög mikilvægu hlutverki þegar samskipti jukust milli Austur-Evrópuríkjanna og Vestur-Evrópu. Báðir aðilar höfðu nokkurn áhuga á þessu samstarfi. Ég hygg þó að Austur-Evrópuríkin hafi haft meiri áhuga á samstarfinu en Vestur-Evrópuríkin á þeim tíma því það skipti miklu máli fyrir þá að fá eins konar viðurkenningu á landamærum þeirra. En þegar upp var staðið voru mannréttindaákvæðin sem fengust úr úr þessari ráðstefnu mjög mikilvægur þáttur í að opna Austur-Evrópu fyrir samskiptum við Vesturveldin og áttu mikinn þátt í að það molnaði undan Sovétríkjunum og sú þróun fór á stað sem lauk með hruni Sovétríkjanna.

Að sjálfsögðu er það svo að þegar kalda stríðinu er lokið, eins og menn segja nú, þá skapast nýjar aðstæður. Nú hafa öryggismálin í Evrópu gjörbreytt um svip og allar mannréttinda- og öryggisstofnanir eru að endurskilgreina sitt hlutverk. Það eru ekki lengur tvö varnarbandalög sem takast á í Evrópu en það breytir því ekki að þó að járntjaldið sem slíkt hafi horfið er enn þá gap á milli Vestur-Evrópu og flestra fyrrverandi ríkja Sovétríkjanna og leppríkja þeirra. Þetta gap er efnahagslegs eðlis og skiptir Evrópu ekki síður í tvo heima heldur en járntjaldið gerði áður þó það sé á nokkuð öðrum grundvelli. Ef það er eitthvað sem ógnar öryggi í Evrópu í dag þá er það þessi mikli efnahagsmismunur, þá er það sú þróun sem á sér stað í Austur-Evrópu nú þar sem efnahagur ríkjanna hefur farið síversnandi og grafið undan öryggismálum á þessum slóðum. Mér hefur fundist að innan RÖSE-þingsins hafi gætt nokkurs vanmats á mikilvægi þessara efnahagsmála. Ein af nefndum þingsins fjallar að vísu um efnahagsmál en sú nefnd hefur ekki notið mikillar athygli og starf hennar hefur ekki hlotið þann sess á RÖSE-þinginu sem mér finnst að slíkur málaflokkur eigi skilið.

Ég tel hægt að fullyrða það að í efnahagsþróun Austur-Evrópuríkjanna sé að finna vísi að átökum í framtíðinni. Ekkert er eins hættulegt lýðræðisþróuninni í Austur-Evrópu og þróun efnahagsmála. Það væri því verðugt viðfangsefni fyrir RÖSE að leggja meiri áherslu á efnahagsmál vegna þess að ef RÖSE vill sinna því að koma í veg fyrir átök þá eru fyrstu merkin um erfiðleika og jafnvel um vopnuð átök að finna í þróun efnahagsmála. Þær ráðstafanir sem skila mestum árangri að mínu mati þessum efnum eru einmitt á sviði þessara efnahagsmála.

Það hefur reynst vera svo að Evrópubandalagið sem slíkt hefur virkað sem múr gegn Austur-Evrópuríkjum. Evrópubandalagið hefur varið sig fyrir innflutningi frá Mið- og Austur-Evrópuríkjunum. Að því er varðar efnahagsaðstoð þá hefur hún komið ekki síst frá Bandaríkjamönnum og Þjóðverjum og hefur skipt talsvert miklu máli við að létta þann þrýsting sem er á stjórnvöldum í þessum ríkjum. Þar voru væntingar almennings um bata í efnahagsmálum mjög miklar en hægfara þróun þessara ríkja eða hrein og bein afturför hefur leitt til þess að lýðræðisöflin í þessum ríkjum eiga mjög undir högg að sækja.

Í máli mínu á RÖSE-þinginu lagði ég áherslu á þróun efnahagsmála og þá hættu sem fólgin væri í þeim og að sjálfsögðu styrktu úrslit kosninganna í Rússlandi mig í þeirri trú að efnahagsmálin væru með þeim hætti að þau gætu hleypt til valda í Austur-Evrópu, ekki aðeins í Rússlandi heldur og víðar, sjónarmiðum sem væru andlýðræðisleg í eðli sínu. Það kom í ljós í þessum kosningum í Rússlandi og það er langt í frá að þau sjónarmið sem sigruðu í kosningunum í Rússlandi séu bundin við Rússland eitt. Þessi þjóðernissjónarmið sem blandast líka ákveðnum stórveldissöknuði Sovétríkjanna eiga sér fulltingismenn og formælendur innan annarra ríkja Austur-Evrópu. Ég nefni þar Úkraínu sem dæmi. En ég hygg að það megi finna þá mjög víðar og úkraínskum þingmönnum sem ég hef kynnst stendur mikil ógn af þessum öflum og telja að þau muni geta náð miklu fylgi víða í Austur-Evrópu. Það hefur einnig vakið athygli mína að innan Tékklands er að finna þingmenn, sem starfa á RÖSE-þinginu, sem líta allt öðrum augum á þessa þróun í Rússlandi sem kom mjög vel fram í kosningunum. Þeir líta svo á að þar sé um athyglisverða þróun og ekki neikvæða að ræða.

Það er hins vegar ljóst að það er á margan hátt erfitt fyrir RÖSE að taka á þessum efnahagsmálum. Það er raunar erfitt líka fyrir aðrar alþjóðlegar stofnanir. NATO-þingið hefur líka efnahagsnefnd og Evrópuráðsþingið sömuleiðis. Hitt er svo ljóst að ef ekki verður reynt að hraða umbótum í efnahagsmálum í Austur-Evrópu með aðstoð frá Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum þá er sú þróun sem þar á sér stað nú í efnahagsmálum langviðsjárverðasta þróunin sem snertir öryggi í Evrópu sem nú á sér stað.

Ástandið í Júgóslavíu er vissulega eldfimt en hitt dæmið, efnahagsþróunin, er miklu stærra mál í sniðum og getur kveikt miklu stærra bál heldur en það sem nú logar í Júgóslavíu og hefur leitt yfir það land miklar hörmungar.

Ég ætla að láta þetta nægja, virðulegur forseti, að sinni um starf Íslandsdeildar RÖSE-þingsins sem lýst er í þessari skýrslu.

[15:17]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég þakka þessa skýrslu og ræðu hv. 5. þm. Norðurl. e. Það er rétt hjá honum að RÖSE, eða Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu, er afsprengi kalda stríðsins. Hún á rætur að rekja til yfirlýsingar sem gefin var í Helsinki árið 1975, en ekki 1977 eins og stendur í þessari skýrslu, og markaði viss þáttaskil í samskiptum austurs og vesturs á þeim tíma og þótti boða nýja tíma í samskiptum vesturhluta Evrópu, Bandaríkjanna og Kanada við Austur-Evrópu og Sovétríkin. En þróunin var ekki þannig á þeim árum að þær vonir sem menn bundu við ráðstefnuna í Helsinki árið 1975 rættust því að fimm árum síðar þá varð einhver mesta spenna í samskiptum austurs og vesturs sem menn kynntust á tímum kalda stríðsins þegar eldflaugastríðið svonefnda hófst, spurningin um meðaldrægar kjarnorkueldflaugar í Evrópu.

En hvað um það. Við stöndum í öðrum sporum nú og þurfum að meta stöðuna í ljósi þeirrar stöðu sem við erum í. Ég er þeirrar skoðunar, og það kom raunar fram í máli hv. ræðumanns, að Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu sé í tilvistarkreppu. Hann gat þess að það væri ekki við því að búast að á vegum þessarar ráðstefnu yrði komið á laggirnar herafla sem yrði notaður til þess að sinna friðargæslustörfum. Hann gat þess einnig að menn væru að velta fyrir sér hvort á vettvangi ráðstefnunnar ætti að beita sér frekar fyrir mannréttindamálum og síðan gat hann um efnahagsmálin.

Ég vil aðeins víkja að mannréttindamálunum því mér finnst að ef Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu ætlar að sinna mannréttindamálum með skipulegum hætti þá sé hún að fara inn á verksvið Evrópuráðsins. Flest þau ríki sem í Evrópu eru og eiga aðild að Ráðstefnunni um öryggi og samvinnu í Evrópu eru í Evrópuráðinu og þar er besta kerfið til þess að fylgjast með því að ríki standi við skuldbindingar sínar varðandi mannréttindi. Ég tel að á vettvangi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu verði aldrei komið á laggirnar sambærilegu kerfi sem gerir kleift að framfylgja alþjóðlegum skuldbindingum um mannréttindi. Við byggjum þar á mannréttindasáttmála Evrópu og því eftirlitskerfi sem komið hefur verið á í kringum hann.

Varðandi efnahagsmálin þá er ljóst, eins og hv. ræðumaður gat um, að önnur samtök Evrópuríkjanna vinna að þeim málum og einnig samtök sem vinna að þeim málum með þátttöku Bandaríkjanna og Kanada, eins og Evrópubankinn í London sem hefur það beinlínis að markmiði að aðstoða ríkin í Austur-Evrópu. Á vettvangi Evrópuráðsins hefur að vísu verið deilt um það hvar eigi að draga mörk Evrópu. Þau eru ekki eins víðtækt dregin þar og á vettvangi Ráðstefnunnar um öryggi og samvinnu í Evrópu þar sem 52 ríki eiga fulltrúa en aðeins 32 í Evrópuráðinu þannig að þar eru mörkin þrengri en þau ríki sem eru fyrir utan eru hugsanlega ekki Evrópuríki og ef menn vilja leggja sig sérstaklega fram um að gæta að mannréttindum í fyrrverandi lýðveldum Sovétríkjanna sem ekki teljast til Evrópu, þá er það sérstakt viðfangsefni, en það er náttúrlega mikil spurning hvort það á að kenna slíkt starf við Ráðstefnu um öryggi og samvinnu í Evrópu. Mér finnst að það sé rétt að slá því fram að þetta samstarf sé í tilvistarkreppu og það þurfi að huga að forsendum þess og hvort það sé ekki, þar sem það er afsprengi kalda stríðsins og kalda stríðinu er lokið, tímabært frekar að velta fyrir sér hvernig er hægt að ljúka samstarfinu með viðunandi hætti í stað þess að reyna að finna ný verkefni til að vinna að á þessum vettvangi. Hér er vissulega um mikilvægt viðfangsefni að ræða sem sjálfsagt er að ræða og velta fyrir sér.

Ég vil einnig geta þess varðandi öryggisþáttinn að nú í vor verður efnt til fundar í París um svokallaða Balladur-áætlun sem er um ráðstafanir til að tryggja öryggi í Evrópu á sérevrópskum forsendum. Þar munu Evrópuríkin koma að og vafalaust líka Bandaríkin og Kanada þannig að ef það á síðan að samþykkja nýja áætlun um öryggi í Evrópu á grundvelli nýrra forsendna þá finnst mér enn frekar vegið að samstarfinu á vettvangi RÖSE. Mín spá er sú að menn hljóti að fara að velta því fyrir sér í alvöru hvort það sé ástæða til þess að verja miklum kröftum til samstarfs á þessum RÖSE-vettvangi. Menn geta gagnrýnt mig fyrir að segja þetta nú þar sem það kemur fram hér í skýrslunni að ég var gerður út af örkinni af hálfu Alþingis á sínum tíma til að vinna að þátttöku Alþingis í þessu samstarfi en það byggðist á ákvörðunum sem teknar voru á árinu 1990 og 1991. 21. nóv. 1990 var samþykkt í París að koma þessari þingmannasamkundu á laggirnar og ég held að við séum öll sammála um það hér á Alþingi að meðan þessi samkunda starfar þá sé eðlilegt að Alþingi Íslendinga sé þar þátttakandi. En ég mundi hvetja til þess að í málflutningi okkar á þessum vettvangi komi menn að þessum sjónarmiðum sem ég hef hér kynnt og einnig því að fyrir smáríki er æ erfiðara að taka þátt í þessu alþjóðlega samstarfi þegar því er skipt upp með þessum hætti og kannski verið að fjalla um sömu eða svipuð viðfangsefni á mörgum stöðum. Og ég held að kraftarnir mundu nýtast betur bæði á alþjóðavettvangi og ekki síst á vettvangi þjóðþinga þar sem menn eru fáliðaðir eins og hér. Þótt þingmönnum mætti vissulega fækka þá erum við fáliðaðir miðað við það sem gerist annars staðar og væri frekar nær að sameina kraftana heldur en efna til samstarfs æ víðar.

[15:23]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var hv. þm. Björn Bjarnason sem valdi orðið „tilvistarkreppa". Ég nefndi það orð ekki og það er hans skoðun að RÖSE sé í tilvistarkreppu. Ég mundi ekki nota svo þungt orð í þessu sambandi. Hitt er annað mál að það er alveg ljóst að starfsemi Evrópuráðsþingsins, NATO-þingsins og RÖSE-þingsins skarast mjög verulega og þær stofnanir sem þessi þing fjalla um. Ég hygg að það sé alveg rétt hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að auðvitað skiptir miklu máli hver þróunin verður, hvort það verður þá til vettvangur sem er óþarfur eða ekki.

Ég vil hins vegar taka það fram að ég hef líka efa-

semdir um það, svo að við tökum sérstaklega fyrir Atlantshafsbandalagið, að sú þróun sem þar er hafin, þar sem Atlantshafsbandalagið er farið að taka öryggismálin í miklu víðara samhengi heldur en gert hefur verið, ég hef líka vissar áhyggjur af því vegna þess að *mér hefur fundist að þar væri hugsanlega í uppsiglingu* ákveðin veiking á því varnarsamstarfi sem hefur verið með þessum þjóðum. En ég held að þrátt fyrir breyttar aðstæður í Evrópu sé mjög mikilsvert að halda sterku varnarbandalagi í Evrópu sem NATO hefur verið. Opnun NATO á sínum samstarfsvettvangi við Austur-Evrópuríkin er mjög gagnleg og góð en hins vegar hef ég ákveðnar áhyggjur af því að það sé að eiga sér stað innan NATO ákveðin úitþynning á hlutverki þess sem ég held að sé ástæða til þess að íhuga mjög vandlega áður en lengra er haldið í þeim efnum. (Forseti hringir.) Fyrirgefðu, hæstv. forseti, ég ætla þá að ljúka máli mínu nú og bæta við þetta þegar ég hef tækifæri til.

[15:26]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þessa skýrslu frá þingmannavettvangi Íslandsdeildar RÖSE-þingsins og þá framsögu sem hv. þm. Tómas Olrich hafði fyrir þessari skýrslu. Mér fannst margt athyglisvert koma fram í hans máli og hann bætti þar við eigin hugleiðingum í framhaldi af þeirri skýrslugjöf sem er auðvitað gefin hér af þeim þingmannahópi sem starfar á þessum vettvangi. Svo gerðust þau — ég vil ekki segja þau nýmæli en alla vega þeir athyglisverðu hlutir að hér skiptust sjálfstæðisþingmenn á skoðunum um þennan vettvang og höfðu nokkuð ólíkt mat á því hvort okkur Íslendingum bæri og ástæða væri til þess í almennu samhengi að hlúa að og viðhalda þessum vettvangi.

Hér er auðvitað ekki mögulegt að fara langt út í þá sálma. Ég ætla ekki að gera það í tilefni þessarar skýrslu. Við gætum verið hér í dag og á morgun og næstu daga og tekið í rauninni tíma í almenna utanríkismálaumræðu í tilefni þessara skýrslna sem hér væru og að mörgu leyti held ég að það væri gagnlegt fyrir Alþingi Íslendinga að taka miklu betri tíma og óháð skýrslu utanrrh. til Alþingis í umræðu um viðhorf til utanríkismála og alþjóðasamstarfs af okkar hálfu og þátttöku okkar í því. *Og það er einmitt það sem er á* ferðinni í dag, hér liggja fyrir skýrslur um hina ýmsu þætti alþjóðasamstarfs sem við eigum aðild að.

Það er alveg hárrétt sem fram hefur komið að það er ekki vandalaust fyrir lítið land að taka virkan þátt í samstöðu af þessu tagi og verður þar auðvitað að sýna ákveðna aðgæslu, bæði fjárhagslega og hvað snertir getu þinsins sem stofnunar að halda uppi slíkum virkum tengslum. En ég er þó þeirrar skoðunar að þó að menn geti sett spurningarmerki við þetta þá höfum við í rauninni alls ekki efni á því að eiga ekki hlut að þessu samstarfi og á það við um RÖSE-samstarfið frá mínum bæjardyrum séð og margt fleira þar sem um alþjóðlegan vettvang er að ræða að við þurfum að gæta okkar þar að halda þar uppi tengslum. Ég hef aðrar skoðanir að því er snertir þingmannasamstarfið á vettvangi NATO en ég ætla ekki að fara að ræða það hér í tilefni þessarar skýrslu. Það höfum við alþýðubandalagsmenn ekki talið að ætti að vera verkefni íslenskra þingmanna að vera að halda uppi þingmannasamstarfi á þeim vettvangi en það er önnur saga.

Það sem fékk mig til að biðja um orðið, virðulegur forseti, var í rauninni það sem fram kom í ræðu flm. og spurningin sem við stöndum frammi fyrir er hvort þetta sé vettvangur sem við eigum að sinna, sem við eigum að reyna að styrkja eða eins og fram kom hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni formanni utanrmn. að væri í tilvistarkreppu og við ættum að ýta undir hana, við ættum frekar að draga okkur út af þessum vettvangi. Þetta eru býsna stórar spurningar finnst mér. Ég held að eitt það þýðingarmesta fyrir Evrópu á heildina litið — og þar er erfitt að greina á milli öryggismála og almennra málefna og stöðu almennra mála eins og hlutum er nú háttað — sé að reyna að byggja brýr og treysta samstarf í Evrópu allri. Og við eigum síst af öllu að fara að draga okkur út af þeim vettvangi sem sameinar þó Evrópu með þeim hætti sem þessi þingmannasamkoma gerir og sá grundvöllur sem hún byggist á í samstarfi ríkisstjórna. Það er alveg rétt að hann liggur til baka til kalda stríðsins. En það skyldi nú ekki vera að RÖSE-samstarfið og Helsinki-samþykktin og fundur sá, sem hér var réttilega minnt á að átti sér stað 1975, hafi átt þátt í jákvæðri þróun og endalokum kalda stríðsins, átt ákveðinn þátt í að leggja þann grunn? Á það var einmitt minnt af framsögumanni að sá möguleiki til þess að koma mannréttindasjónarmiðum og svona ákveðnum andblæ svo að ég segi ekki meira, vindum, ég segi aðeins votti af andblæ frjálsrar fjölmiðlunar og frjálsrar umræðu austur fyrir tjald, inn í það frosna kerfi sem þar var, þar hafi RÖSE og það starf sem undir RÖSE var unnið hjálpað til. En í dag stöndum við frammi fyrir geysilegum vandamálum að því er snertir Evrópu, öryggismál í Evrópu og framtíðarstöðu Evrópu. Þá tel ég að okkur beri að leitast við að styrkja vettvang þar sem Evrópuríkin sameinast, ekki síst til þess að ræða öryggimsál sín, kannski sem fremsta verkefni. Og þar höfum við þennan vettvang og við eigum að reyna að leggja okkar litla lóð á vogarskálina þó að við fáum auðvitað ekki ráðið þar miklu um hvað þar gerist til þess að blása lífi í *þetta samstarf og það verði traustara og það nái þeim* tilgangi sem liggur í orðanna hljóðan og að baki þeim samningum og sáttmálum sem um er að ræða.

Eitt þýðingarmesta mál á vettvangi Evrópu allrar er að sjálfsögðu það að ná Vestur-Evrópu og Austur-Evrópu og öllu þar á milli. Þetta eru orðin dálítið fljótandi hugtök í seinni tíð, hvað er hvað, rétt eins og menn deildu um það með miklum hita, bæði á Alþingi og síðum blaða hvað væri Norður-Evrópa, *í tilefni* orðalags og ákvarðana á Alþingi í tilefni þáltill. 1985. Það var mikið um það rætt. Og enn heyri ég að uppi standa umræður um það á vettvangi Evrópuráðsins hvar eigi að draga mörk Evrópu til austurs. Það er mál út af fyrir sig. Ég ætla ekki að hafa sterkar eða ákveðnar skoðanir á því hér og nú. En stóra viðfangsefnið er auðvitað það að ná að treysta vettvang þar sem

Evrópa öll ræðir öryggismál sín, þróar samstarf sem gæti leitt til bætts öryggis í álfunni og það sé ég ekki að við höfum neitt form skárra í dag, ég nota skárra, virðulegur forseti, í dag en þó þennan veika vísi sem RÖSE er, Ráðstefnan um öryggi og samvinnu í Evrópu.

Ég ætla ekki að fara að skoða mál hér út frá sjónarhóli NATO. Það er ekki vettvangur sem ég tala fyrir. (**Gripið fram í:** Þú getur það ekki.) Ég geri það ekki, með ánægju, hv. þm. En við sjáum takmarkanirnar sem þar liggja og höfnunin sem þar liggur fyrir að leysa þetta hernaðarbandalag upp í því formi sem þar hefur starfað og starfar enn með kjarnorkuvopnin og áskilnað um það að beita þeim að fyrra bragði meira að segja. Það liggur fyrir höfnun á því að taka Rússland og e.t.v. nánasta umhverfi þess inn í einhverja endurmótun þar sem litið væri til öryggishagsmuna álfunnar í heild. Og það er þetta sem er ein af stóru hættunum í Evrópu ásamt því sem hv. þm. Tómas Olrich nefndi hér alveg réttilega í sínu máli, það eru þau skörpu skil, það tjald efnahagslegs eðlis sem er dregið þvert um álfuna í dag og sem Evrópubandalagið viðheldur og er í rauninni að skerpa ef nokkuð er.

NATO-vettvangurinn hefur átt í erfiðleikum með að veita ríkjum og ríkisstjórnum Austur-Evrópu, sem hafa verið að biðja um aðild að þeirri samkomu og að því hernaðarbandalagi, skýr svör. Og í rauninni les maður það frá talsmönnum þess hernaðarbandalags að það standi ekki til og muni ekki gerast að það verði fært í austurátt með öllum þeim skuldbindingum sem tengjast því hernaðarbandalagi, hvað þá að Rússland verði tekið inn í þann söfnuð. Hvað var það sem var að gerast einmitt núna í Júgóslavíu sem nefnt var að væri umræðuefni á vettvangi RÖSE? Þeir atburðir sem þar hafa verið að gerast og hv. frsm. nefndi sem dæmi um bál sem gæti breyst í miklu stærra og meira eldhaf? Það væri nógur efniviðurinn í það og ég er honum sammála í því. En hvað er að gerast þarna í sambandi við síðustu atburði í Júgóslavíu? Það er að þar kemur Rússland inn sem sjálfstæður aðili inn í það samhengi og fer að reyna að sýna burði sína á nýjan leik til að taka á málum sem gæti haft verulegar afleiðingar og ekki endilega til bóta fyrir það þó hörmulega ástand sem þarna er uppi vegna þess að hinn sameiginlega vettvang vantar. Ég tek það fram að ég tel að það skorti stórfellt á að RÖSE í dag, í núverandi formi, hafi þá burði til þess einn, tveir, þrír að gerast sá vettvangur en felur í sér vísi til þess að geta orðið það. Það er það sem við eigum að leggja áherslu á. Öryggi í Evrópu verður ekki tryggt nema að litið sé til álfunnar í heild, nema Rússland sé tekið með inn á þann vettvang og það sé leitast við að skapa, ég leyfi mér að nota orðalag frá síðtíma eða undir lok kalda stríðsins þegar Gorbatsjov var á leikvelli og talaði um hið evrópska hús og að Rússland þurfi að vera inni í þessu húsi þar sem talað er um öryggi álfunnar allrar og geti tekist á um hagsmuni og leitt það til lykta með friðsamlegum hætti og leitað möguleika til þess að styrkja stoðirnar undir sameiginlegu öryggi álfunnar.

Á þetta hafa ýmsir lagt áherslu. Þetta er ekki einhver rödd langt frá vinstri sem ég er að flytja hér í þessu efni, einhver einangruð rödd frá vinstri. Það er langt frá því. Það er undir þetta tekið af fjölmörgum. Ég minni á orð Margaretha af Ugglas, utanríkisráðherra Svía, í framsögu á síðasta þingi Norðurlandaráðs í Mariehamn. Þar dró hún þetta fram mjög ákveðið sem sterkan þátt sem yrði að leggja áherslu á. Það mætti ekki gerast að Rússland yrði viðskila og yrði einangrað í austri.

[15:39]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lýsti skoðanamun okkar hv. þm. Björns Bjarnasonar með nokkuð röngum hætti eftir því sem mér heyrðist. Ég er ekkert viðkvæmur fyrir því að ræða um þá staðreynd, hv. þm., að RÖSE er á krossgötum. Ég vil ekki nota um það hugtakið „tilvistarkreppa" eins og hv. þm. Björn Bjarnason notaði hér. En ég er hins vegar mjög opinn fyrir því að ræða framtíð RÖSE. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að þetta væri vettvangur sem við ættum að styrkja. Ég vil setja mikil spurningarmerki við það. Það fer eftir því hvernig þetta þróast. Það eru innan RÖSE-þingsins og innan RÖSE-ráðherraráðsins aðilar sem vilja styrkja RÖSE sem vettvang þar sem það í raun og veru getur ekki gert hlutina betur en aðrir sem eru þegar að gera þá. Það er óneitanlega mikil tilhneiging í svona stofnunum og hjá þeim sem veljast þar til formennsku að styrkja þær í sjálfu sér burt séð frá verkefnum. Ég er sannfærður um að það er hægt að setja spurningarmerki við mannréttindamálin í RÖSE eins og hv. þm. Björn Bjarnason gerði áðan. En ég er líka sannfærður um að það er engin alþjóðleg stofnun sem veldur sem almennur umræðuvettvangur þessu efnahagsvandamáli og sinnir því nú. Það er bara enginn vettvangur sem gerir það. En RÖSE er veik stofnun. RÖSE-þingið er mjög veik stofnun. Og af því að hv. þm. nefndi hér NATO-þingið þá er RÖSE-þingmannasamkundan mun veikari stofnun heldur en NATO-þingið. Hv. þm. hefði alla tíð haft mjög gott af því að starfa á NATO-þinginu því að þá hefði hann þiðnað svolítið fyrr. NATO-þingið er mjög sterk stofnun og þingmenn hafa mjög gott af því að sinna því.

[15:41]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það mátti skilja ræðu hv. 4. þm. Austurl. á þann veg að ég hefði verið að mæla með því að Alþingi drægi sig út úr þessu samstarfi. Ég var ekki að mæla með því. Ég var að mæla með því að á vettvangi samstarfsins flyttu fulltrúar Íslands þá skoðun og kæmu fram með þau sjónarmið og þær spurningar sem lytu að því hvort samstarfið væri nauðsynlegt, hvort það væri ekki ástæða til þess að hætta að eyða kröftunum á þeim vettvangi til þess að menn gætu látið betur að sér kveða annars staðar. Ég held að það sé mjög mikilvægt, sérstaklega í Evrópu, við sjáum öll þessi samtök í Evrópu, það sé mjög mikilvægt að fara að grisja þessi samtök og átta sig á því hvar við ætlum að leggja áhersluna, hvað er aukaatriði og hvað er að-

alatriði í því samstarfi. Það var mín höfuðskoðun í þessu varðandi hlut okkar alþingismanna að við ættum að velta þessu fyrir okkur og þátttöku í RÖSE-samstarfinu á þessum forsendum. Auðvitað er það mjög mikilvægt eins og hv. 4. þm. Austurl. benti á að taka afstöðu til þess hvað eigi að gera við Rússland í Evrópu, hvernig eigi að fara með Rússland í Evrópu. Við getum haft okkar skoðanir á því og við eigum að hafa þær en á mestu veltur að sjálfsögðu hvert er viðhorf Rússa sjálfra. Og mér sýnist nú á þátttöku þeirra og hlut þeirra í Júgóslavíu að þá líti þeir þannig á að hlutur þeirra sé e.t.v að verja hagsmuni sem þeir skilgreina með öðrum hætti en við gerum og þeir séu þar að skilgreina kannski trúarlega hagsmuni eða þjóðernislega hagsmuni með öðrum hætti en við gerum þegar við lítum þannig á að það beri að sameina Evrópuríkin, það sé viss hætta að koma fram núna í Júgóslavíu og þeir atburðir sem hafa verið að gerast þar og Rússar fylla þar visst tómarúm kunna að marka þar meiri þáttaskil í samskiptum okkar Evrópuþjóðanna heldur en við kannski áttum okkur á á þessari stundu og séu meira stefnumarkandi en við gerum okkur ljóst núna þessa stund.

[15:43]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ekki í fyrirspurnarformi heldur til skýringar sem hv. þm. Tómas Olrich talaði áðan og ég ætla ekki að nota minn tíma til þess að víkja frekar að hans ágæta máli hér.

Það er aðeins í sambandi við ábendingar frá hv. þm. Birni Bjarnasyni að ég kveð mér hljóðs til frekari skýringar á mínu viðhorfi til þessara mála. Ég tel að RÖSE-vettvangurinn sé afar þýðingarmikill þótt veikur sé til þess að skiptast á skoðunum um stöðu efnahagsmála eins og hér hefur réttilega verið bent á og er það í raun sá eini samevrópski vettvangur sem er til staðar og getur tekið á því. En þó umfram allt til þess að ræða um öryggisþáttinn, um öryggismál Evrópu í heild sinni því að þar höfum við ekki annan slíkan vettvang. Þar höfum við engan samevrópskan vettvang til að taka á þeim efnum.

Að því er snertir mannréttindamálin sérstaklega þá get ég verið hv. þm. alveg sammála um að það getur verið álitamál að hve miklu leyti eigi að fara að taka þau efni í einhverjum verulegum mæli inn á vettvang RÖSE og auka hann. Þar væri auðvitað mjög æskilegt að menn einbeittu sér að Evrópuráðinu sem samevrópskum vettvangi að þessu leyti en eins og hér var réttilega bent á skortir enn talsvert á að ríki í austanverðri álfunni hafi uppfyllt þau skilyrði að því er varðar mannréttindamálin sem Evrópuráðið setur til inngöngu þar. Það er hins vegar öryggisþátturinn, afvopnunarmálin, því að enn er álfan full af vopnum og enn er álfan púðurtunna og því er þörf á þessum sameiginlega samevrópska vettvangi og það þyrfti að styrkja hann til þess að einbeita sér einmitt að þeim þætti mála.

[15:46]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Varðandi öryggisþáttinn vil ég minna hv. þm. á að á vettvangi Atlantshafsbandalagsins hefur verið komið á laggirnar svokölluðu Norður-Atlantshafssamstarfsráði þar sem öll þessi ríki sem eru í RÖSE eiga aðild og geta tekið þátt í umræðum um öryggismál á vegum Atlantshafsbandalagsins. Og þessi vettvangur skiptir æ meira máli og það hefur nú komið í ljós á undanförnum vikum að Atlantshafsbandalagið er sú þungamiðja í öryggismálum Evrópu sem það hefur alltaf verið þannig að ég held að ef menn ætla í alvöru að ræða um öryggismálin á samevrópskum vettvangi þá sé Norður-Atlantshafssamstarfsráðið hinn kjörni vettvangur.

Eins og ég nefndi áður er ætlunin nú í vor að fulltrúar Evrópuþjóða hittist í París til þess að samþykkja eða skoða svokallaða Balladur-áætlun sem miðar að því að efla þetta samstarf í öryggismálum og það er utan RÖSE-rammans. Það er greinileg tilhneiging hjá öllum ríkjum til að efna til samstarfs á öðrum vettvangi en innan vébanda RÖSE. Og hvers vegna skyldum við leggja þá höfuðkapp á að viðhalda þessu samstarfi? Ég hef ekki verið neinn andstæðingur og er ekki af hugsjónaástæðum neinn andstæðingur þessa samstarfs. Ég átti þess kost 1975 að taka þátt í leiðtogaráðstefnunni í Helsinki og það kom í minn hlut sem starfsmaður í Stjórnarráði Íslands að þýða lokasamþykktina í Helsinki á íslensku þannig að ég hef löngum verið með hugann við þetta samstarf. En mér finnst að tími þess sé útrunninn og tala þar ekki af neinum hægri kanti frekar en hv. þm. talar um þetta af neinum vinstri kanti. Ég tel hins vegar að af praktískum ástæðum og efnislegum ástæðum sé kominn tími til að velta því fyrir sér hvort það eigi að halda þessu áfram eða ekki.

[15:48]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega ekki formið eitt sem skiptir hér máli. Innihaldið gerir það ekki síður og skiptir auðvitað sköpum um það hvort samtök lifa eða deyja skulum við ætla. En ég held að það geti orðið nokkuð í það að Norður-Atlantshafssamstarfsráðið, sem hv. þm. nefndi hér, geti orðið sá vettvangur til samráðs til þess að þróa öryggismál álfunnar á þeim grundvelli sem líklegur sé til árangurs. Norður-Atlantshafssamstarfsráðið er auðvitað því marki brennt að hinn sterki aðili þar er Atlantshafsbandalagið og ríkin sem bera það uppi. Og hvort það sé hinn líklegi vettvangur til þess að laða Rússland, svo stórt sem það er, hvort sem menn kalla það stórveldi eða risaveldi, risaveldi köllum við það ekki lengur í dag með réttu vil ég segja, en stórveldi er það áfram og hvort líklegt sé að þetta samstarfsráð Norður-Atlantshafsbandalagsins í útfærðum mæli sé sá vettvangur sem geti skapað skilyrði til þess að ná fram sameiginlegum öryggishagsmunum í álfunni eða skapað skilyrði fyrir því að menn leggi þar saman, það dreg ég nokku í efa, en auðvitað kemur reynslan til með að leiða þetta í ljós og auðvitað skiptir það sköpum hvað meginöflin innan RÖSE ætla sér með samtökin. Það býr enginn til þann vilja fyrir þau. Hann verður að koma fram.

Norður-Atlantshafsþingið 1993.

Skýrsla Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins, 401. mál. — Þskj. 603.

[15:50]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Formaður Íslandsdeildarinnar og varaformaður gátu hvorugur verið hér í dag þannig að ég mun mæla fyrir skýrslu Íslandsdeildar Norður-Atlantshafsþingsins sem er á þskj. 603.

Ég hef aðeins tekið þátt í þessu samstarfi frá því í haust en hef þegar fundið að hér er um mikilvægt samstarf að ræða, samstarf sem nauðsynlegt er að Alþingi sinni vel og af áhuga. Þátttaka Alþingis í þessu samstarfi er þannig upp byggð að í Íslandsdeildinni eiga sæti sex þingmenn, þrír aðalmenn og þrír til vara. Hv. þm. Sólveig Pétursdóttir tók við formennsku í Íslandsdeildinni í haust af Karli Steinari Guðnasyni og hv. þm. Jón Kristjánsson tók þá við varaformennsku af hv. þm. Sólveigu Pétursdóttur.

Þátttaka Íslandsdeildarinnar í starfi þingsins á síðasta ári var með hefðbundnu sniði. Fulltrúar hennar sóttu vor- og haustfundi þingsins auk þess sem formaður sótti fund stjórnarnefndar.

Heimild til að sækja nefndarfundi var lítið nýtt á síðasta ári, bæði vegna þess að þannig stóð á á síðasta ári að þingmenn áttu oft ekki heimangengt þegar nefndarfundir er þeir vildu sækja voru haldnir og kölluðu sumir nefndarfundir á ferðalög sem voru bæði of löng og of dýr að mati þingmanna Íslandsdeildarinnar. Þannig skilaði Íslandsdeildin nokkrum resktrarafgangi á síðasta ári. Nefndarfundir eru þó mjög mikilvægur hluti af starfi þingsins og nauðsynlegt að taka þátt í þeim að einhverju marki ef taka á fullan þátt í starfi þingsins. Íslandsdeildin vonast eftir að geta tekið virkari þátt í nefndarstarfinu á þessu ári eftir því sem fjárráð leyfa.

Skýrsla Íslandsdeildarinnar er kaflaskipt þannig að fyrst er fjallað almennt um Norður-Atlantshafsþingið, næst um hlutverk og starfssvið þess, síðan kemur sérstakur kafli um samstarf við ríki í Mið- og Austur-Evrópu, því næst er sagt frá skipan Íslandsdeildarinnar og síðast er rætt um starfsemi ársins 1993. Ég ætla ekki að rekja allt efni skýrslunnar hér en hvet þingmenn til að lesa hana hafi þeir ekki þegar gert það.

Ég vil, virðulegi forseti, láta það koma fram að fulltrúi Íslandsdeildarinnar sótti fund þings Vestur-Evrópusambandsins í desember samkvæmt ákvörðun forsætisnefndar. Var það í fyrsta sinn að ég hygg að Alþingi eigi fulltrúa á slíkum fundi en með aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu aukast skuldbindingar Alþingis á alþjóðasviðinu jafnframt. Á þingi Vestur-Evrópusambandsins er verið að fjalla að miklu leyti um sömu mál og innan Norður-Atlantshafsþingsins.

Ég vil aðeins koma inn á þær breytingar sem orðið hafa á starfsemi Norður-Atlantshafsþingsins á síðustu árum, þ.e. að samstarfi við fyrrverandi austantjaldsríki. Þótt enginn vafi leiki á áframhaldandi þörf fyrir Atlantshafsbandalagið og samvinnu Bandaríkjanna og Evrópu á sviði varnar- og öryggismála er engin skýr og yfirvofandi ógnun úr austri lengur til staðar. Samstarf og upplýsingaskipti einkenna nú samskipti austurs og vesturs á sviði öryggismála. NATO brást við nýjum aðstæðum með því að setja á stofn Norður-Atlantshafssamstarfsráðið og nú síðast með því að bjóða ríkjum Sovétríkjanna fyrrverandi og Mið- og Austur-Evrópu að taka þátt í áætlun um samstarf í þágu friðar. Í þingmannasamvinnu hefur Norður-Atlantshafsþingið tekið forustuna á sviði öryggismála í samvinnu við þessi ríki eins og lesa má um í skýrslunni. Aukaaðild ríkja í austri hefur aukið mjög umfang og skipulag þingsins og breikkað verulega starfssvið þess. Norður-Atlantshafsþingið leggur nú áherslu á evrópsk öryggismál í víðara samhengi auk hinnar hefðbundnu starfsemi sinnar varðandi samvinnu Bandaríkjanna og Vestur-Evrópu í varnar- og öryggismálum og mun leitast við að gegna uppbyggilegu hlutverki við að koma á nýrri skipan öryggismála í Evrópu eins og segir í skýrslunni en kjarni þess verður áfram samstarf yfir Atlantshafið.

Ég vil leggja áherslu á það að NATO er og verður áfram um ófyrirsjáanlega framtíð meginvettvangurinn fyrir öryggismálaumræðu bandalagsríkjanna. Sérstaða NATO felst í tengingunni yfir Atlantshafið og þá tengingu má alls ekki rjúfa. Í þessu samhengi er hið upphaflega starf Norður-Atlantshafsþingsins sem sameiginlegur vettvangur þingmanna aðildarríkja bandalagsins eins mikilvægur í dag og þegar þingið var stofnað.

Mikilvægar ákvarðanir þarf að taka innan bandalagsríkjanna á næstu árum um starfsemi og skipulag NATO, um öryggismál í Evrópu almennt og um samstarf við aðrar alþjóðastofnanir. Nauðsynlegt er að þingmenn aðildarþjóðanna sín á milli og í samstarfi við þingmenn úr austri taki þátt í þessu ferli, eigi samstarf og upplýsingaskipti sín á milli og láti skoðanir sínar í ljós.

Evrópuráðsþingið 1993.

Skýrsla Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins, 404. mál. — Þskj. 608.

[15:57]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég flyt hér skýrslu Íslandsdeildar Evrópuráðsþingsins um V.–VII. hluta 44. þings þess sem birt er á þskj. 608.

Árið 1993 var markvert í sögu samskipta Alþingis og þings Evrópuráðsins. Í fyrsta lagi gerðist það í fyrsta sinn að forseti Íslands ávarpaði þingið í Strassborg þegar frú Vigdís Finnbogadóttir kom þangað í september. Í öðru lagi bar svo við í ágúst að Martínez, forseti Evrópuráðsþingsins, kom hingað í opinbera heimsókn með skrifstofustjóra þingsins og aðstoðarmanni sínum. Í þriðja lagi hefur verið lagt fram á Alþingi frv. til laga um lögfestingu á mannréttindasáttmála Evrópu sem segja má að sé þungamiðjan í starf-

semi Evrópuráðsins og í fjórða lagi fékkst samþykkt tillaga á þinginu í Strassborg í september þar sem tekið er tillit til sjónarmiða Íslendinga og Norðmanna varðandi hvalveiðar.

Þessi fjögur atriði eru mjög mikilvæg þegar litið er á samskipti Íslands, ekki aðeins við þing Evrópuráðsins heldur einnig við Evrópuráðið sem er stofnun í Evrópu sem fær sífellt meira gildi vegna þess að hún er nú orðin það tæki lýðræðisaflanna í Evrópu sem best getur dugað til þess að stuðla að lýðræðislegri og mannúðlegri þróun í fyrrverandi ríkjum kommúnista í Austur-Evrópu. Og við þátttakendur í þingi Evrópuráðsins teljum ótvírætt mikið gildi fyrir Íslendinga að taka þátt í störfum þessa þings og einnig í störfum Evrópuráðsins. Þar gefst tækifæri til pólitísks samstarfs við þingmenn frá 31 Evrópuríki og þar er unnt að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri. Og með hliðsjón af því að Ísland hefur ákveðið að standa utan hins pólitíska samstarfs sem fer fram á vettvangi Evrópusambandsins er nauðsynlegt að leggja meiri rækt en ella við þátttöku annars staðar þar sem fulltrúar Evrópuþjóðanna hittast. Til þess er þing Evrópuráðsins kjörinn vettvangur. Er nauðsynlegt að Alþingi velti því rækilega fyrir sér hvernig fjármunum til alþjóðasamstarfs er best varið þegar slík samskipti þingmanna fara ört vaxandi. Og má í því sambandi geta þess sem kom fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns að aukaaðild Íslands að Vestur-Evrópusambandinu kallar á þátttöku í þingi þess en aðilar að Vestur-Evrópusambandinu senda á það þing sömu þingmenn og sitja þing Evrópuráðsins. Tel ég mjög mikilvægt að það verði tekin afstaða til þess hér á Alþingi hvernig verði skipað þátttöku okkar í Vestur-Evrópusambandsþinginu nú þegar við erum orðnir aukaaðilar að því og um það fari fram umræður að frumkvæði forsætisnefndar í þingflokkum og hér á vettvangi þingsins almennt ef nauðsyn krefur.

Á síðasta ári bar það hæst í starfi Evrópuráðsins að haldinn var leiðtogafundur aðildarríkja þess í Vínarborg 8. og 9. okt. Um þann fund hafa farið fram sérstakar umræður hér. Gerðist það 11. nóv. sl., ef rétt er munað, þegar hæstv. forsrh. gaf Alþingi skýrslu um leiðtogafundinn og er hana að finna á þskj. 195 og var sú skýrsla rædd hér á sínum tíma.

Ég tel, frú forseti, ekki ástæðu fyrir mig að fara ítarlega út í þessa skýrslu. Hún skýrir sig sjálf. Starfsemi Evrópuráðsins tekur, eins og fram hefur komið, mikið mið af þróun mannréttindamála og lýðræðismála almennt í Evrópu og á vettvangi þess er fjallað um um einstaka þætti þessara mála. Nú er unnið að því af hálfu Evrópuráðsþingsins að fylgjast sérstaklega með því hvort hin nýju aðildarríki, sem gengið hafa í ráðið frá 1989, uppfylli hinar ströngu kröfur sem gerðar eru til stjórnarhátta í aðildarríkjunum og mælt er fyrir um í þeim sáttmálum sem þau hafa undirgengist. Þar eigum við Íslendingar einnig hlut að máli því að ýmsar stofnanir á vegum Evrópuráðsins hafa komið fram með athugasemdir um framkvæmd okkar á ýmsum mikilvægum sviðum mannréttindamála og félagsmála og hefur Alþingi tekist á við viðfangsefni af þeim sökum, m.a. við lagasetningu, og einnig í öðrum skýrslum um alþjóðamál sem liggja fyrir.

Frú forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mál mitt lengra að sinni, en vísa til þeirrar skýrslu sem við höfum lagt fram og gerir grein fyrir störfum Íslandsdeildarinnar á síðasta ári.

Fríverslunarsamtök Evrópu 1993.

Skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar EFTA, 405. mál. — Þskj. 609.

[16:03]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 609 er skýrsla Íslandsdeildar þingmannanefndar Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, fyrir árið 1993. Þingmannanefnd EFTA var stofnuð árið 1977 og hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir EFTA. Þingmannanefndin starfar í heilu lagi má segja og síðan er innan nefndarinnar starfandi dagskrárnefnd og þrír vinnuhópar, einn um landbúnað og fisk, einn um fjármál og einn um umhverfismál.

Í vinnuhópnum um fjármál hafa starfað hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Gísli S. Einarsson. Í hópnum um umhverfismál starfa núna hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, og í vinnuhóp um fisk starfar sá sem hér stendur og auk þess hv. þm. Páll Pétursson.

Þingmannanefnd EFTA fjallar um málefni Fríverslunarsamtakanna og eins samskipti við Evrópuþingið og um samskipti ríkja Mið- og Austur-Evrópu.

Á síðasta ári fór mikill tími í það hjá nefndinni að undirbúa gildistöku samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og hvernig þing EFTA-þjóðanna ættu að búa sig undir gildistöku samningsins. Það voru haldnir allmargir fundir á árinu, bæði í dagskrárnefndinni og í þingmannanefndinni sjálfri, sem getið er í skýrslunni.

Þau mál sem mun bera hæst á næstu mánuðum í störfum nefndarinnar og hafa verið í gangi á síðasta ári eru fyrst og fremst það hlutverk sem þingmannanefndin mun hafa í framkvæmd samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Þingmannanefnd EFTA skipar EFTA-hluta hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES en hinn hlutann skipa þingmenn af Evrópuþinginu. Það skiptir miklu máli að gott upplýsingastreymi sé frá stjórnvöldum EFTA-ríkjanna og frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins til þingmannanefndarinnar og það skiptir líka miklu máli að þingmannanefndin velji úr þau mál sem mestu máli skipta fyrir framkvæmd samningsins og hafi áhrif á gang þeirra. Eitt af því sem mun t.d. reyna á í þessu sambandi á næstu mánuðum eru þeir erfiðleikar sem við höfum átt við að glíma varðandi viðskiptin við Frakkland. Ég tel víst að um þau vandræði verði fjallað á vettvangi þingmannanefndar EFTA og hinnar sameiginlegu þingmannanefndar EES.

Í annan stað hefur verið fjallað mikið um Mið- og

Austur-Evrópuríkin og þá leið sem hægt er að nota til þess að þróa samstarf þeirra við ríki Vestur-Evrópu á efnahagssvæðinu. Á síðasta ári voru haldnir tveir stórir fundir með fulltrúum þessara ríkja. Það eru Ungverjaland, Pólland, Slóvakía og Tékkneska lýðveldið og síðan Litáen, Eistland, Lettland, Albanía, og Slóvenía. Það hefur komið fram á þessum fundum að þessi ríki stefna á inngöngu í Evrópusambandið, en það liggur líka fyrir að það getur liðið nokkuð langur tími áður en sú innganga verður að veruleika.

Fulltrúar nokkurra þessara ríkja hafa lýst miklum áhuga á því að ganga í Fríverslunarsamtök Evrópu eða EFTA á meðan þau eru ekki komin inn í Evrópubandalagið. Það munu væntanlega verða til umfjöllunar í þingmannanefndinni á þessu ári.

Virðulegi forseti. Hér hef ég stiklað á stóru varðadi starf þingmannanefndarinnar, en að öðru leyti er skýrslan greinargott yfirlit yfir þá starfsemi sem þar hefur verið.

Útbýting þingskjals:

Átak við að koma raflínum í jarðstreng, 421. mál, þáltill. GE o.fl., þskj. 630.

[16:07]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan nýta mér tækifærið andsvari til þess að inna hv. þm. Vilhjálm Egilsson betur eftir umræðum milli Mið- og Austur-Evrópuríkjanna og EFTA-ríkjanna um hugsanlega aðild þessara ríkja að EFTA og jafnvel EES. Í stað þess að sækja eftir inngöngu í EB á allra næstu árum, en þá er verið að líta á þennan kost, þ.e. EFTA eða EES, og þá sérstaklega EFTA í þessu tilfelli, sem eins konar stökkpall inn í nánara samstarf þeirra við Evrópuríkin. Það kemur fram í skýrslunni að þátttakendur í viðræðum um þessi mál hafa verið sammála um að hugsanleg aðild ríkja Mið- og Austur-Evrópu að EFTA væri einn af þeim valkostum sem skoða þyrfti og var lagt til, eins og hér segir, með leyfi forseta, „... að hann yrði ræddur á næsta fundi þingmannafundar EFTA með þingmönnum frá Mið- og Austur-Evrópu."

Ég hefði viljað inna hv. 5. þm. Norðurl. v. eftir því hversu mikill áhugi þetta sé í raun og veru. Ég verð að segja eins og er að ég hafði fengið það á tilfinninguna að það væri takmarkaður áhugi fyrir þessu og í Austur-Evrópu ekki litið á EFTA sem raunhæfan kost í þessu tilliti. Ég hef gjarnan óskað eftir því að hv. þm. skýrði örlítið betur frá undirtektunum á þessum fundum.

[16:09]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svolítið erfitt að skýra frá þessu í mjög stuttu máli en aðalatriðið er kannski það að EFTA hefur á undanförnum árum þjónað sem tæki EFTA-ríkjanna til þess að tala og hafa samskipti við Evrópubandalagið. Í gegnum EFTA hefur komið mikið upplýsingaflæði og í gegnum EFTA hafa þjóðirnar sameiginlega getað fengið betri aðgang að stofnunum Evrópubandalagsins en þær mundu geta haft hver um sig og samningaviðræður við bandalagið hafa allar orðið miklu einfaldari en þær mundu annars hafa verið.

Mér þykir einsýnt og ég hygg að það sé viðhorf sem fleiri geta tekið undir að ef Mið- og Austur-Evrópuþjóðirnar ganga ekki inn í EFTA, þá munu þær þurfa sjálfar að stofna einhvers konar samtök sín á milli sem þjóna því hlutverki að vera vettvangur fyrir upplýsingaflæði, samskipti og samninga við Evrópubandalagið.

Þeir samningar sem þessar þjóðir hafa hver um sig gert við Evrópubandalagið og EFTA, þ.e. Evrópusamningarnir eða fríverslunarsamningarnir við EFTA, eru í sjálfu sér ekki efnislega séð mjög frábrugðnir EFTA-samningnum gamla. Þess vegna má segja sem svo að það sé ekki mikill eðlismunur á því hvort þær eru í EFTA eða hvort þær komi á einhverri slíkri stofnun. Það sem ég mundi fyrst og fremst vara við í þessu sambandi er það viðhorf sem maður heyrir stundum að við eigum að samþykkja eða hafna aðild þessara þjóða að EFTA á þeim grundvelli hvort við séum að gera þeim einhvern sérstakan greiða eða ekki. Það viðhorf hefur stundum komið fram.

[16:11]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér var í hug sama efni og hv. þm. Tómas Olrich kom að í sinni fyrirspurn varðandi hugsanlega aðild þessara Austur-Evrópuríkja, eða Mið-Evrópuríkja eftir því hvað við köllum þau, að Fríverslunarsamtökum Evrópu. Ég vil bæta við þá spurningu sem hann bar fram og hefur verið vikið að af ræðumanni. Það er einfaldlega þetta: Er það í raun svo auðvelt í framkvæmd þó hægt væri að ganga frá samningum sem gerðu þessum ríkjum kleift að verða aðili að EFTA eins og það var áður en EES varð til og eins og kannski má segja að það sé enn? Hið efnislega inntak þessara samtaka verður æ minna með tilkomu samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og myndun þess svæðis. Er svo auðvelt að koma því fyrir, þó menn vildu, að tengja ríki Mið- og Austur-Evrópu við Fríverslunarsamtök Evrópu sem samtaka vegna m.a. málsmeðferðar EFTA að formi til á málefnum er varða Evrópskt efnahagssvæði sem mótspilara og aðra að tveimur meginsúlum sem samkvæmt formi samningsins um Evrópskt efnahagssvæði bera uppi upp samskiptin innan þess? Ég vildi gjarnan að hv. þm. véki aðeins betur að þessu.

Í öðru lagi vildi ég spyrja þingmanninn: Hvernig metur hann framtíðarhorfur EFTA ef svo illa færi að Norðurlöndin þrjú eða færri bættust í hóp ríkja Evrópubandalagsins? Mér skilst að EFTA sé nú að færa miðstöðvar sínar í meira mæli til Brussel en áður var. Hvort það er undurbúningur undir andlátið eða ekki skal ósagt látið.

[16:14]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrri spurningu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar má segja að EFTA sé í raun tvö samtök. Annars vegar er það gamla EFTA, sem hefur allar þjóðirnar sjö, og hins vegar þjóðirnar fimm sem hafa ekki með Sviss og Liechtenstein. Ég hygg að það væri í sjálfu sér tiltölulega auðvelt að

koma Austur-Evrópuþjóðunum inn í gamla EFTA og hlutverk gamla EFTA er í sjálfu sér ekki neitt, lögformlega eða skipulagslega, í EES-þættinum.

Hins vegar er annað mál hvort þær þjóðir mundu á einhverjum tíma ef allt þetta gerist, við erum náttúrlega að tala um mjög stór ef, vilja komast í EES.

Varðandi framtíðarhorfur EFTA ef frændur okkar á Norðurlöndum, þ.e. Norðmenn, Svíar og Finnar, ganga í Evrópubandalagið, þá sé ég ekki að EFTA sem slíkt hefði stórt hlutverk. Ég reikna með því að það mundi líklega liggja beinast við að leggja það niður. Þess vegna vaknaði einmitt spurningin um aðild Austur- og Mið-Evrópuþjóðanna að EFTA og hvort það mundi ekki gagnast okkur. Ég hygg að það mundi geta verið okkur mjög í hag að vera aðili að meginsamskiptavettvangi Evrópubandalagsins við þær þjóðir Evrópu sem standa utan þess. Og ef við tækjum ekki þátt í þessum samskiptavettvangi, þá mundum við einangrast enn þá meira en við mundum annars gera.

[16:16]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fjölga þessum efum sem hér voru uppi. Þau voru svo mörg í sambandi við Fríverslunarsamtök Evrópu. Eins og málum er nú háttað er ansi mikil þoka fram undan og kannski var þetta ein síðasta skýrslan sem flutt verður hér um EFTA sem samtök sem höfðu verulega þýðingu í okkar stöðu ef illa færi að því er Norðurlönd varðar. En við skulum samt vona að svo fari ekki og að Norðurlandaríkisstjórnirnar fái þau svör hjá þjóðum sínum sem nægi og verðug væru í sambandi við inngöngu í Evrópubandalagið. Það er skoðun sem tengist óvissri framtíð.

Eitt atriði vildi ég nefna hér til viðbótar sem tengist skýrslunni. Það er undir liðnum Annað. Þar er vikið að hinu svokallaða kengúruhóp eða „The Kangaroo Group, The Movement for Free Movement" — sem er eitt sérkennilegasta heiti sem ég hef heyrt á samtökum — og vinnur að frjálsum flutningum á sem flestum sviðum innan Evrópu. Þetta er greinilega hin athyglisverðustu samtök og hafa ekki lítið starfssvið. Þar er vikið að ráðstefnu sem haldin var hér í maí á liðnu ári og segir um það orðrétt: „Kengúruhópurinn hélt mjög vel heppnaða ráðstefnu í Reykjavík..."

Ég vil bara nefna það að ég heyrði það eftir á á erlendum aðilum sem tengdust þessum fundi að þeir hefðu talið að í rauninni hefði áhugi á þessari ráðstefnu af Evrópubandalagsins hálfu verið afskaplega lítill og voru að harma það. Það getur verið að ráðstefnan hafi borið sig uppi sjálf þrátt fyrir þetta og þetta hafi allt saman verið mjög vel heppnað. Ég vildi aðeins geta um þetta vegna þess að svona sterkt er til orða tekið um þessa ráðstefnu kengúruhópsins.

[16:19]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna áhyggna hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um hvort þessi ráðstefna hafi verið vel heppnuð eða ekki, þá get ég sagt það fyrir mig að mér þótti hún alveg ágæt og skemmti mér ágætlega.

[16:20]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil nota þetta tækifæri og þessa skýrslu, sem ég þakka fyrir, til þess að vekja máls á því hér í þinginu að á vettvangi utanríkismálanefndar Alþingis hefur verið unnið starf sem lýtur að framtíð EFTA og snertir þess vegna þá skýrslu sem hér liggur fyrir. Þar hefur verið til umræðu m.a. hvort það sé hugsanlegt að EFTA muni stækka á þann veg að þjóðir í Mið- og Austur-Evrópu gerist aðilar að EFTA. Einnig hefur verið rætt um það hver staða EFTA innan Evrópusamstarfsins verði í framtíðinni ef svo fer að fjögur EFTA-ríki gangi í Evrópusambandið eins og þau ætla sér með hliðsjón af þeim samningaviðræðum sem nú standa yfir og eru að komast á lokastig. Ég vildi aðeins upplýsa það hér að um þetta hefur verið rætt og er rætt enn á vettvangi utanrmn. Mér finnst ekki ástæða til þess að skýra frá efnisatriðum þeirra umræðna á þessu stigi. Það verður væntanlega gert á síðari stigum. Nefndin hefur m.a. fengið til viðræðna við sig um þessi mál sendiherra Íslands gagnvart Evrópusambandinu, Hannes Hafstein, og sendiherra Íslands gagnvart EFTA, Kjartan Jóhannsson, og átt við þá mjög gagnlegar viðræður. Einnig kom þetta mál upp á fundi sem utanrmn. og EFTA-nefndin stóðu að í síðustu viku með fulltrúum frá Evrópuþinginu. Þar var á þetta mál minnst, framtíð EFTA, stækkun EFTA og einnig stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu ef EFTA-samstarfið liðast í sundur í þeirri mynd sem nú er.

Hér er um málefni að ræða sem við þurfum að velta rækilega fyrir okkur og taka afstöðu til kannski fyrr en seinna. Þó eru allar tímasetningar óvissar, eins og menn vita, bæði með hliðsjón af samningunum sem standa yfir og einnig með hliðsjón af því að þau fjögur EFTA-ríki sem hér um ræðir taka ekki endanlegar ákvarðanir í þessu máli fyrr en að loknu þjóðaratkvæði í hverju aðildarríkjanna. Tíminn kann því að vera nokkur til að velta þessu fyrir sér en ekki er ráð nema í tíma sé tekið og þess vegna höfum við hafið þetta starf á vettvangi utanrmn. Ég taldi ástæðu til að vekja athygli á þessu undir þessum dagskrárlið.

Ég vil einnig geta þess á þessum vettvangi að á vegum Alþingis hafa að frumkvæði utanrmn. verið mótaðar starfsreglur um meðferð EES-mála á mótunarstigi, sem svo er kallað, þ.e. þeirra málefna sem heyra undir EES-samstarfið og ekki falla undir þá viðauka 1.500 gjörða sem um var samið árið 1989 að yrðu hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið heldur þær tilskipanir og þær gerðir á vegum Evrópubandalagsins sem seinna koma.

Ég get einnig skýrt frá því að þingmannanefnd EFTA gegnir mikilvægu hlutverki í því starfi, bæði sem álitsgjafi og einnig sem tengiliður við EES-samstarfið. Ég tel að það verði e.t.v. mikilvægari þáttur í starfi þessarar þingmannanefndar á komandi tímum en nú er að sinna þessu tengistarfi við þingmenn í Evrópuþinginu og við þá aðila á vettvangi EES-samstarfsins sem við þurfum að hafa samband við til þess að geta nýtt okkur sem best þátttökuna í því samstarfi og

einnig átt hlut að töku ákvarðana á þeim vettvangi.

Þess má geta að fyrsta málið sem hefur komið til þingsins og varðar mótunarferlið, ef þannig mætti að orði komast, hefur þegar komið til utanrmn. og hefur verið sent allshn. Alþingis. Allshn. hefur fjallað um það, kallað til sín fulltrúa úr ráðuneytum og einnig í þessu tilviki formann Lögmannafélags Íslands og fengið hjá honum álit á þessu viðfangsefni sem snertir starfsréttindi lögmanna á öllu EES-svæðinu. Og ég held að nefndarmenn í allshn., sem fjölluðu um þetta mál á fundi sínum í gær, hafi verið sammála um að eins og málið var lagt fyrir var það á því stigi að það gafst tækifæri til þess fyrir Alþingi og alla sem að því koma að koma á framfæri ábendingum og athugasemdum ef ástæða hefði þótt til þannig að málið var lagt fyrir á algeru frumstigi í þessu ferli. Ég tel að þingnefndir fái hér nýtt tækifæri til þess að sinna Evrópumálum og eigi að nýta sér þetta tækifæri. Ég tel mjög mikilvægt að við störfum í samræmi við þær reglur sem settar hafa verið og þar gegnir þingmannanefnd EFTA mikilvægu hlutverki.

Frú forseti. Ég vildi koma þessu á framfæri við þessar umræður til að upplýsa þingheim allan um hvernig að þessum málum er staðið og hvernig að þeim er unnið á vettvangi utanrmn. því hér er um málefni að ræða sem við höfum oftar en einu sinni rætt í þingsalnum og velt fyrir okkur hvernig að skuli standa á vettvangi þingsins. Um þessar starfsreglur náðist góð sátt innan utanrmn. og einnig á vettvangi forsn. og í þingflokkum að því er ég best veit. Við höfum því hér mótað okkur starfsramma þar sem þingmannanefnd EFTA á hlut að.

Varðandi hins vegar það viðhorf og þau sjónarmið sem fram hafa komið um stækkun EFTA og hafa verið hér til umræðu undir þessum dagskrárlið þá vil ég aðeins láta það sjónarmið koma fram að það er alveg augljóst að hvar sem við drepum niður fæti er okkur Vestur-Evrópubúum mikill vandi á höndum þegar við veltum því fyrir okkur hvernig við eigum að haga tengslum okkar við ríkin í Mið- og Austur-Evrópu og hvað við eigum að ganga til náins samstarfs við þau. Við ræddum um öryggismálin fyrr í dag og nú ræðum við um þennan þátt samstarfs Evrópuþjóðanna og í báðum tilvikum gætir þess sjónarmiðs að ekki sé nein einföld lausn til á því hvernig að þessu samstarfi skuli staðið. Ég minni aðeins á að þarna kann viðhorf Evrópusamstarfsins að ráða miklu. Á sínum tíma, 17. jan. 1989, flutti Jacques Delors, páv. framkvæmdastjóri og núv. forseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ræðu á Evrópuþinginu og mælti fyrir um það hvernig háttað skyldi samstarfi EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið og til þess var gengið í samræmi við hans yfirlýsingar. Við höfum nú gert samninginn um Evrópska efnahagssvæðið og það er spurning hvort nýjar slíkar ábendingar komi frá Evrópusambandinu um samskiptin við þau ríki í Evrópu sem ekki kjósa aðild að þeim samtökum. Þá hljótum við Íslendingar að þurfa að bregðast við því eins og aðrar Evrópuþjóðir og velta fyrir okkur stöðu okkar á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem við höfum gert. Frumkvæðið er því ekki einungis í okkar höndum að þessu leyti heldur hljótum við að taka mið af því sem lýst er yfir af öðrum þjóðum og mér finnst að við eigum ekki á þessu stigi að útiloka neitt í því sambandi heldur velta fyrir okkur öllum kostum og mér sýnist á þessari skýrslu að það sé gert á vettvangi þingmannanefndar EFTA.

Útbýting þingskjals:

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, 378. mál, brtt. HG o.fl., þskj. 637.

[16:28]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil byrja á því að þakka formanni íslensku þingmannanefndarinnar, 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmi Egilssyni, fyrir ágæta forustu í nefndinni. Hann hefur að mínum dómi, og mér er ljúft að láta það koma hér fram, sinnt því starfi af miklum áhuga. Við erum að vísu ekki sammála um stefnu í Evrópumálum eða hver ætti að vera stefna Íslands en ég vil láta þetta koma fram í upphafi.

Hér hefur verið ofurlítið fjallað um framtíð EFTA og þá er eðlilegt að hugsa líka til framtíðar Evrópsks efnahagssvæðis. Þegar við vorum að ræða þetta mál, samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, í fyrra þá var okkur tamt að tala um tveggja stoða samstarf. Nú held ég að engum detti í hug að taka sér það orð í munn eða þá klisju nema þá í gríni. Önnur stoðin er orðin ansi feyskin. Önnur stoðin er á fallanda fæti. Svíþjóð, Finnland, Austurríki og Noregur eiga í samningaviðræðum við Evrópubandalagið um inngöngu. Nú er að vísu ekki útséð um hvernig þeir samningar fara. Það eru enn þá talsverðir þröskuldar fyrir öllum þessum þjóðum inn í Evrópubandalagið. Í Svíþjóð og Finnlandi eru það fyrst og fremst átök út af landbúnaði, Austurríki út af flutningamálum, Noregi út af fiskveiðum, olíu og landbúnaðarmálum. Menn hafa sett sér daginn 1. mars, nú eftir örfáa daga, þar sem úrslit fáist úr þessum samningum, þ.e. hvort þeir ganga fram eða ekki í þessari lotu.

Vissulega geta stjórnir viðkomandi ríkja látið þessa samninga takast með því að gefast upp og samþykkja það sem Evrópubandalagið fer fram á. En það hefur hins vegar það í för með sér að ólíklegt virðist að viðkomandi þjóðir kyngi því. Horfur eru á því að a.m.k. samningunum við Noreg seinki og það kunna að vera nokkur hernaðarvísindi að láta þá dragast aftur úr vegna þess að þar er andstaðan öflugust og meiri líkur til að hún láti bugast ef Svíþjóð og Finnland eru áður orðin aðilar að Evrópubandalaginu.

Það er of snemmt að spá um hvað þarna verður en eins og horfur eru nú þá er framtíð EFTA ákaflega óviss. Menn hafa verið að velta því fyrir sér hvort sú lausn sé heppileg að Austur-Evrópuríkin, a.m.k. sum, gerðust aðilar að EFTA. Sum þeirra sækja fast að komast inn í Evrópubandalagið en þau búa við mismunandi aðstæður og það er óvíst að Evrópubandalagið vilji taka við þeim, a.m.k. ekki á næstu árum og a.m.k. ekki öllum. Sum þeirra banka því á allar dyr sem liggja til vesturs. T.d. lætur Albanía í ljósi verulegan

áhuga á aðild að EFTA.

Þetta er nokkuð vandmeðfarið bónorð. Ég held að það væri ekki skynsamleg lausn fyrir okkur Íslendinga eða skynsamleg niðurstaða að fara að fjölga í EFTA í bili. Ég held að svarið ætti að vera það að framtíð EFTA sé mjög óljós og ekki tímabært að taka við nýjum þátttökuríkjum. Við þurfum líka að huga að fjármálahliðinni. Okkur hefur þótt kenna nokkurs yfirgangs, sérstaklega af hálfu Svía sem vilja gjarnan mikil umsvif EFTA en eru þó á leiðinni burtu þannig að EFTA kynni að sitja uppi með fjárfestingar og stofnanir sem dýrt yrði að halda úti. Ef svo færi í næstu viku að teningunum yrði kastað og þessar þjóðir væru á hraðri leið inn í Evrópubandalagið þá held ég að ekki sé um neitt annað að gera en dusta rykið af þeirri ályktun sem Alþingi gerði í fyrravor og ríkisstjórnin verður að fara að huga að tvíhliða viðskiptasamstarfi Íslands og Evrópubandalagsins.

Við erum nú búin að fá nærri tveggja mánaða reynslu af þátttöku í Evrópsku efnahagssvæði. Væntanlega eru þeir sem harðast börðust hér fyrir inngöngu Íslands í Evrópskt efnahagssvæði nokkuð hamingjusamir með reynslu þessara tveggja mánaða. Ég er það hins vegar ekki enda var ég ekki fýsandi þess að við gerðumst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Það er áreiðanlega mjög langt síðan Íslendingar hafa haft lakari markaðsaðgang að Vestur-Evrópu en þeir hafa akkúrat þessa dagana. Tollalækkunin sem átti að nema 7 milljörðum þegar utanrrh. var í hvað mestum ham, sumir töluðu alltaf um 2 milljarða á ári sem ættu að bætast í íslenskt þjóðarbú út af tollalækkuninni, hefur ekki skilað sér enn þá. Fiskurinn hefur hríðfallið á Evrópumarkaði. Auðvitað var það aldrei nema barnaskapur að ímynda sér að seljandinn, þ.e. Íslendingar, nytu þessarar tollalækkunar nema í litlum mæli. Að sjálfsögðu gerir neytandinn, þ.e. kaupandi vörunnar á meginlandinu, kröfu til þess að fá hag af tollalækkun þegar hann fellir niður tolla eða hans ríkjasamsteypa. Þar af leiðir að þetta hefur ekki orðið okkur sú féþúfa enn þá sem þeir sem gylltu samninginn hvað mest í fyrra reiknuðu með. Það kann að vera að Eyjólfur hressist en ýmsar blikur eru á lofti.

Hegðun Frakka er náttúrlega algerlega forkastanleg. Langlundargeð íslenskra stjórnvalda er með ólíkindum að þau sýni ekki lit á því að reyna að reka réttar okkar eða standa á rétti okkar. Það nær engri átt hvernig Frakkar hafa farið með okkur. Hér er um mjög mikilvæga viðskiptahagsmuni að ræða. Það er verið að kippa mikilvægri stoð undan íslensku efnahagslífi ef framhald verður á þessu framferði Frakka og reyndar búið að vinna okkur stórtjón nú þegar. Það er verðugt verkefni að taka þá framkomu til meðferðar á Alþingi, frú forseti.

Okkur hefur að þessu leytinu ekki reynst heldur nein stoð í þeim félagsskap sem við sórumst í í fyrravetur, þ.e. að Evrópsku efnahagssvæði. Það er nefnilega skilyrði að EFTA-ríkin tali einni röddu. Að sjálfsögðu tala þau ekki einni röddu höstuglega við bandalagið þegar fjórar af aðildarþjóðunum eru á hnjánum að biðja um inngöngu í bandalagið. Þar af leiðir að við erum nú ekki sérstaklega vel sett.

Mig langar til að gera að umtalsefni hina nýju sameiginlegu þingmannanefnd EFTA og Evrópubandalagsins, eða Evrópuveldisins, sem nýlega var komið á fót, þ.e. með 33 þingmönnum frá þeim EFTA-ríkjum sem aðilar eru að Evrópsku efnahagssvæði og 33 frá Evrópubandalaginu. Það verður að hafa það í huga að í Evrópubandalaginu ráða þingmenn nákvæmlega engu. Þeir geta þvælst pínulítið fyrir, það er allt og sumt því þeir hafa ekki einu sinni almennilegt neitunarvald. Allt afl þessa stórríkis er hjá framkvæmdarvaldinu en ekki hjá löggjafarvaldinu. Hins vegar er þarna tækifæri fyrir okkur Íslendinga til að kynna málstað okkar og þann vettvang verðum við að sjálfsögðu að reyna að nota. Jafnvel þótt við séum að kynna hann fyrir kollegum okkar sem eru þingmenn og enn þá valdalausari og vesælli en nokkurn tímann við, hinir íslensku þingmenn því að við höfum þó enn að nafninu til og reyndar í verulegum mæli í mörgum greinum löggjafarvald og þurfum ekki að sækja allt til framkvæmdarvaldsins.

Ég verð að segja það eins og ég hef margoft látið koma fram í þessum ræðustól að mér finnst ömurlegt að þurfa að taka við tilskipunum úr Brusselfabrikkunni. Við verðum að hlýða þessum tilskipunum. Þær urðu rúmar 400 sem gefnar voru út bara á þeim tíma frá því að samningurinn var fullgerður og þangað til hann var staðfestur og við verðum að hlýða þeim og jafnvel að leiða þær í lög það sem við á og við eigum engan annan kost. Nú segir, frú forseti, í 2. gr. stjórnarskrá lýðveldisins Íslands:

„Alþingi og forseti Íslands fara saman með löggjafarvaldið. Forseti og önnur stjórnvöld samkvæmt stjórnarskrá þessari og öðrum landslögum fara með framkvæmdarvaldið. Dómendur fara með dómsvald."

Þetta var okkur andstæðingum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði tíðrætt um í fyrravetur og vitnuðum til þess að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði samræmdist ekki hinni íslensku stjórnarskrá, hvorki í þessari grein né heldur 60. og 61. gr. sem hljóðar svo, frú forseti:

„Dómendur skulu í embættisverkum sínum fara einungis eftir lögunum. Þeim dómendum, sem ekki hafa að auk umboðsstörf á hendi, verður ekki vikið úr embætti nema með dómi, og ekki verða þeir heldur fluttir í annað embætti" o.s.frv.

Talsmenn samningsins um Evrópskt efnahagssvæði mótmæltu því kröftuglega í fyrravetur í umræðunum um Evrópskt efnahagssvæði að hér væri um stjórnarskrárbrot að ræða þó að við hefðum sannfæringu fyrir því mörg hver að svo væri. Þess vegna þótti mér tíðindi nokkur þegar ég las Morgunblaðið þriðjudaginn 22. febr. 1994 en þar er, frú forseti, staðfest í hinni minni forustugrein blaðsins, þ.e. Staksteinum sem hv. 3. þm. Reykv. hefur m.a. verið húskarl í eða átt einhvern þátt í, þar er staðfest nákvæmlega allt sem við sögðum um þetta mál. Og mér þykir leitt að hafa ekki tíma til þess að lesa þessa klausu fyrir þingheim en þar sem tími minn er búinn mun ég láta hér staðar numið í bili.

[16:44]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og sá þm. hv. sem talaði hér á undan mér, 1. þm. Norðurl. v., þakka fyrir þessa skýrslu og þá sérstaklega formanni þingmannanefndar EFTA fyrir hans starf á þeim vettvangi og get sagt eins og hv. samnefndarmaður minn, Páll Pétursson, að hann hefur sinnt því starfi með mikilli prýði og þótt við séum ósammála um stefnuna almennt í Evrópumálum þá höfum við ekki verið ósammála um það starf sem haldið hefur verið uppi á vettvangi þingmannanefndar EFTA. Þar hafa þingmenn verið mjög samstiga.

Hvað varðar þessa þingmannanefnd þá má segja núna að hún standi á ákveðnum tímamótum. Sl. ár hefur nefndin aðallega varið kröftum sínum í að undirbúa Evrópska efnahagssvæðið, þ.e. að þingmannanefnd hins Evrópska efnahagssvæðis tæki til starfa, og flestir fundir í þingmannanefnd EFTA hafa verið svona nokkurn veginn til undirbúnings því þar sem þar hefur þurft að setja starfsreglur bæði um EFTA-nefndina og EES-nefndina. Hins vegar var nú um áramótin eða í janúar stofnfundur þingmannanefndar EES og við förum þá að starfa samkvæmt þeim samþykktum sem við vorum að vinna að á sl. ári. Það á síðan eftir að reyna á það hvernig EES-samstarfið virkar, hvernig það gengur og hvort þingmenn þeirra ríkja sem hafa sótt um aðild að Evrópubandalaginu sinna því starfi af fullum áhuga og fullri alvöru en líta ekki bara á þetta sem eitthvert tímabundið apparat sem ekki taki því að sinna. Ég hef svo sem ekki orðið vör við að það sé viðhorfið hjá þessum þingmönnum. Þvert á móti sá maður ekki betur en á stofnfundinum ætluðu menn sér að sinna þessu af talsverðri alvöru enda held ég að þingmennirnir geri sér flestir grein fyrir því að það getur brugðið til beggja vona um niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu þegar það er borið upp í þeim ríkjum sem nú eru að sækja um aðild þannig að þetta gæti auðvitað staðið lengur en ýmsir ætluðu sér í upphafi.

Ég sagði að við stæðum á ákveðnum tímamótum í þessum málum í þingmannanefnd EFTA og ástæðan er sú að þessum kafla er þá lokið og EES hefur nú tekið gildi en við tekur innan EFTA að velta fyrir sér hver eigi að verða framtíð þess bandalags eins og menn hafa vikið að á undan mér. Það eru að vissu leyti ákveðin tímamót almennt í heiminum. Við stöndum andspænis breyttri heimsmynd og ýmsar þær alþjóðastofnanir eða fjölþjóðastofnanir sem starfað hafa í Evrópu og víðar þurfa svolítið að breyta störfum sínum eða starfsháttum. Ýmist átti að leggja þær af eða þá að gefa þeim nýtt inntak. Það má segja að flestar þessara stofnana séu í ákveðinni tilvistarkreppu. Það hefur komið fram m.a. með RÖSE. Við vitum um þá tilvistarkreppu sem NATO er í og segja má að það sama gildi um EFTA, það sé í ákveðinni tilvistarkreppu. Það er eins og mál standa mjög líklegt að það fækki verulega þeim ríkjum sem nú mynda EFTA. Ef aðild að Evrópubandalaginu verður samþykkt í öllum þessum fjórum ríkjum, Finnlandi, Svíþjóð, Noregi og Austurríki, þá er orðið ansi fáliðað í þessari EFTA-sveit. Og það skapar auðvitað ákveðna tilvistarkreppu þarna og menn verða að velta því fyrir sér hvert þetta á að þróast. Á að gefa þessu nýtt innihald eins og hér hefur verið minnst á og taka hugsanlega inn Austur-Evrópuríkin eða á hreinlega að leggja þessi samtök af og búa til einhver allt annars konar samtök?

Þetta eru ekki einföld mál, hvorki ef litið er á þau bara út frá einföldum hagsmunum og heldur ekki ef litið er á málin í víðara samhengi og þá sérstaklega út frá Austur-Evrópuríkjunum.

Þau ríki Austur-Evrópu sem kannski helst hafa lýst áhuga á því að ganga í EFTA eru ríki sem hafa mjög takmarkaða samninga við Evrópusambandið núna. Það eru ríki eins og Eistland, Slóvenía og önnur slík sem helst hafa lýst þessum áhuga en hin svokölluðu „vicegrade" ríki, þ.e. Tékkland, Ungverjaland og Pólland hafa öll Evrópusamning svokallaðan við Evrópusambandið og þau hafa ekki lýst þeim sama áhuga á EFTA og þau ríki sem ég gat um hérna áðan. Það sem fyrir þessum ríkjum öllum vakir er, og við skulum vera alveg raunsæ með það, að tengjast Evrópusambandinu með einhverjum hætti. Þau hafa í sjálfu sér afskaplega lítinn áhuga á EFTA. Það er ekki fyrir þeim nein endastöð. Þau eru að hugsa um nánari tengsl við Evrópusambandið og hvernig þau geti komist í þessi tengsl. Þess vegna eru það ríkin sem ekki hafa Evrópusamning sem leita fyrst og fremst á EFTA og þá kannski sjá þau það fyrir sér að þau geti í framtíðinni tengst Evrópusambandinu í gegnum Evrópska efnahagssvæðið. Hin ríkin eru sem sagt með Evrópusamninginn.

Þau ríki innan EFTA sem kannski helst hafa talað fyrir því að Austur-Evrópuríkin yrðu tekin inn í EFTA, eru ef ég má segja ríki sem hyggjast yfirgefa EFTA. Þannig var það utanríkisviðskiptaráðherra Austurríkis sem tók þetta mál m.a. upp og taldi að það væri full ástæða til þess að skoða það að Austur-Evrópuríkin fengju aðild að EFTA og hann virtist líta á EFTA sem einhvers konar æfingabúðir fyrir aðild að Evrópubandalaginu. Þar gætu menn farið í gegnum ákveðnar æfingabúðir áður en þeir færu inn í Evrópusambandið. Það verður að segjast eins og er að ef ríki eins og Austurríki, Svíþjóð, Finnland og Noregur yfirgefa EFTA þá er kannski orðið heldur fáliðað í þeirri sveit sem á að æfa Austur-Evrópuríkin, þá standa eftir í EFTA Ísland, Liechtenstein og Sviss. Með allri virðingu fyrir þessum þremur ríkjum þá sé ég það ekki alveg fyrir mér hvernig þau eiga að sinna uppeldishlutverki á þessum Austur-Evrópuþjóðum þannig að ég hef ákveðnar efasemdir um þessa leið auk þess sem ég óttast líka að okkar hagsmunir mundu falla þar mjög í skuggann vegna þess að þau vandamál sem þessi Austur-Evrópuríki mörg hver eiga við að etja eru svo stórbrotin og svo stór í sniðum að okkar vandamál mundu í samanburði við þau teljast harla lítil og léttvæg þannig að ég óttast að fókusinn yrði kannski svolítið sérkennilegur í þessum málum. En út frá okkar hagsmunum hef ég ákveðnar efasemdir um þetta. Hins vegar verður það að segjast eins og er að ef EES verður ekki lengur til, ef þessi fjögur ríki ganga nú inn í Evr-

ópusambandið og samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði hættir að vera til í þeirri mynd sem hann er núna, þá stendur það eftir að reyna að ná samningum um tvíhliða samning við Evrópusambandið eins og Alþingi hefur ályktað um. Þá vaknar sú spurning: Hvernig á að reka þann samning? Ætlum við Íslendingar að gera það sjálf upp á eigin spýtur hér? Er létt verk að gera það eða ætlum við að reka þennan samning í gegnum einhverja fjölþjóðastofnun eins og t.d. EFTA? Í gegnum þá stofnun höfum við hingað til rekið fríverslunarsamning okkar meðan hann var í gildi við Evrópubandalagið og þá núna samstarfið í gegnum hið Evrópska efnahagssvæði. Og ég held að það sé öllum ljóst að við höfum haft mjög mikið í þetta fjölþjóðasamstarf að sækja og það hefur gagnast okkur mjög vel. Það hefur ekki verið okkur dýrt en við höfum fengið talsvert mikið út úr því þannig að þetta er vandi sem við stöndum andspænis. Getum við bara ein og sér upp á eigin spýtur rekið þennan tvíhliða samning ef til hans kæmi eða þurfum við á einhverjum slíkum fjölþjóðasamningum að halda eins og EFTA? Og hvernig ætlum við þá að tryggja tilveru þessara samtaka? Það má segja að við séum í ákveðinni tilvistarkreppu líka og við þurfum að gera upp við okkur hvernig þessum málum eigi að haga í framtíðinni.

Hér hafa menn aðeins minnst á þá deilu sem við eigum í við Frakka núna eða framferði Frakka, getum við sagt, á frönskum fiskmörkuðum. Ég held að það sé öllum ljóst sem koma að þessu máli að Frakkar eru að brjóta alla samninga með þessu framferði og það hefur m.a. verið samþykkt eftir því sem mér er best kunnugt í framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins að þetta sé brot á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði þannig að það sé ekki neinum blöðum um það að fletta. Spurningin er sú hins vegar hvort það sé hægt að leysa þessa deilu sem upp er komin, og hvernig er hægt að fá Frakka til þess að láta af þessum aðgerðum. Í samningum um hið Evrópska efnahagssvæði eru ákveðin tæki til þess að leysa deilumál sem þá er hægt að nýta sér en vandamálið við þau tæki er að þetta tekur tíma. Ef það er ekki pólitískur vilji hjá Frökkum til að leysa þetta mál þá getur auðvitað ýmislegt gerst og þá getað þeir skaðað mjög okkar hagsmuni á frönskum mörkuðum. Í 111. gr. samningsins um Evrópskt efnahagssvæði eru ákvæði um lausn deilumála og ef maður les þau ákvæði má ljóst vera að það getur tekið allt að því sex mánuði að leysa deilumálin í hinni sameiginlegu EES-nefnd. Og á sex mánuðum getur ýmislegt gerst og hagsmunir okkar geta skaðast verulega og til frambúðar á evrópskum mörkuðum. Það sem þetta mál hlýtur að snúast um er pólitískur vilji til að leysa það frá Frakka hálfu og eitthvert pólitískt tæki sem við verðum að reyna að beita. Ég held að það hljóti að vera aðalatriðið í þessu.

Eins og ég sagði þá virðist sem framkvæmdanefnd Evrópusambandsins sé þeirrar skoðunar að Frakkar séu að brjóta alla samninga með framferði sínu í þessu máli en svo er það auðvitað vandamálið að ef menn vilja brjóta samninga þá geta þeir gert það að vissu marki þar til við getum þá eftir einhverja mánuði farið með þetta í dóm og látið á það reyna og látið dæma á Frakka ef við teljum að það sé óyggjandi. En sú spurning vaknar hins vegar og ég held að það vanti kannski inn í samninginn um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. hvernig tjónið verði bætt sem af hlýst. Ef ég man rétt þá eru engin sérstök ákvæði um það hvernig með það skuli fara og hvort það þurfi þá að bæta það tjón sem þeir valda með framferði sínu og það yrði þá væntanlega eitthvert prófmál í þessum samningi ef þetta færi alla þá leið sem við skulum vonast til að verði ekki.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð lengri. Mig langaði bara aðeins til að leggja orð í belg varðandi þessa skýrslu og varðandi störf þingmannanefndarinnar sem ég held að sé núna á ákveðnum tímamótum og við þurfum hér á Alþingi að taka til alvarlegrar umræðu og til stefnumörkunar hvernig við sjáum fyrir okkur starfið í EFTA á komandi árum.

Útbýting þingskjala:

Forvarnir gegn bjórdrykkju, 425. mál, fsp. AÓB, þskj. 635.

Námsefni í fíknivörnum, 424. mál, fsp. AÓB, þskj. 634.

Skilgreining á heimili manna, 423. mál, fsp. ÓÞÞ, þskj. 633.

[16:57]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þar var ég staddur í ræðu minni þegar tíma mínum lauk áðan að ég var byrjaður að vitna til greinar í Morgunblaðinu frá 22. febr. 1994. Þetta er eins og ég sagði í Staksteinum sem eru sérstök gullkorn sem ritstjórn blaðsins tekur upp og prentar og má líta á það svona sem nokkurs konar aðra forustugrein blaðsins. Nú er ég ekki vanur að gera svo sérstaklega mikið með það sem Morgunblaðið segir. Morgunblaðið er málgagn Sjálfstfl. jafnvel þó það þykist ekki vera það og ég er ekki sammála öllu sem þar stendur. En þessir Staksteinar eru með þeim hætti að ég tel að þeir eigi fullt erindi í Alþingistíðindin og sanni þann málflutning sem við andstæðingar EES-samningsins höfðum uppi og höfum haft uppi og ég fagna þessum öfluga bandamanni, öflugasta fjölmiðli þjóðarinnar. Þetta er tilvitnun eða þýðing á grein í Lov og rett, norsk juridisk tidsskrift. Og síðan segir, með leyfi forseta:

„EES-flóðbylgja. Norskur fræðimaður við Óslóarháskóla, Finn Arnesen, líkir áhrifum EES-samningsins á norskan rétt við flóðbylgju. Segir hann í leiðara Lov og rett að nú verði norskir lögfræðingar að taka sundtökin. Staða Norðmanna á hinu Evrópska efnahagssvæði er sú sama og Íslendinga og því eru hugleiðingar hans fróðlegar.

Í leiðara Lov og rett vitnar norski fræðimaðurinn Finn Arnesen í Denning lávarð sem lét svo ummælt í dómsmáli árið 1974 fyrir lávarðadeildinni, æðsta dómstigi Bretlands, að um leið og mál hefðu evrópska skírskotun væri stofnsamningur Evrópubandalagsins svo kraftmikil réttarheimild andspænis löggjöf heimaríkisins að líkja mætti við flóðbylgju sem flæddi upp

árósa og fljót og ekkert megnaði að stöðva hana. Síðan segir Arnsen:

„Við Norðmenn höfum hingað til fyrst og fremst komist í tæri við EB-réttinn af áhuga fremur en nauðsyn. Þetta hefur nú breyst. 1. janúar 1994 tók EES-samningurinn gildi og þar með þau lög og reglugerðir sem settar voru til að hann yrði hluti af norskum rétti. Þar með urðu breytingar á norsku réttarkerfi sem eiga sér fá eða nokkur dæmi í norskri réttarsögu. Þetta eru meiri en hefðbundnar réttarumbætur því að nú tengist norska réttarkerfið öðru réttarkerfi, EB-réttinum. Sú spurning vaknar hvort EES-samningurinn, líkt og stofnsamningur EB, líkist flóðbylgju sem ekkert heldur í skefjum. Framtíðin verður að leiða það í ljós. Samt má festa eftirfarandi hugleiðingar á blað.

Í fyrsta lagi mun samningurinn hafa mun raunhæfari þýðingu fyrir einstaklinga og aðra lögaðila en aðrir millirríkjasamningar sem Norðmenn eru aðilar að. Þar við bætist að efnissvið samningsins er vítt og hann hefur áhrif á mikinn hluta reglna um atvinnustarfsemi í Noregi. Þetta þýðir að lögfræðingar, hvort sem það eru lögmenn, dómarar eða starfsmenn stjórnsýslunnar eða háskólamenn, munu þurfa að taka á lögfræðilegum álitamálum sem tengjast EES-samningnum sem hluta af norskum rétti. Það virðist því viðeigandi að líkja samningnum við flóðbylgju sem skellur á okkar innlenda regluverki.

Í öðru lagi setur samningurinn löggjafarfrelsi innlendra stjórnvalda skorður bæði hvað varðar það hvort setja skuli í lög eða reglugerðir svo og hvers efnis þau eigi að vera og í hvaða formi. Í samningnum er nefnilega kveðið á um að hann eigi að vera hluti af norskum rétti og einnig hvernig þetta skuli gerast, sbr. 7. gr. samningsins. Þetta þýðir að að norskum rétti bætast réttarreglur sem við munum ekki endilega sjá þörfina fyrir, sem við verðum e.t.v. ekki efnislega samþykk og í formi sem við sjáum ekki hvar ætti heima. Þetta er þróun sem við getum ekki stöðvað án þess að segja samningnum upp. Að þessu leyti er samlíkingin við flóðbylgju ekki að öllu leyti út í hött.

Þriðja athugasemdin lýtur að hinu nána samhengi milli ákvæða EES-samningsins og EB-réttarins. Eitt meginmarkmið samningsins er réttareining EB-réttar og EES-réttar. Eitt af því sem á að stuðla að þessu er ákvæði 6. gr. samningsins en af henni leiðir að dómar EB-dómstólsins varðandi EB-rétt eru mikilvægt gagn við skýringu samningsins. Með öðrum orðum: Dómar EB-dómstólsins frá 1954 og framvegis skipta máli við túlkun EES-samningsins. Ef við höfum í huga magnið sem hér um ræðir, dómar EB-dómstólsins á árinu 1990 einu saman þöktu um 5 þúsund síður, er kannski of veikt að líkja hinum auknu réttarheimildum, sem norskir lögfræðingar verða að fást við, við flóðbylgju.

Hvaða þýðingu hefur þetta fyrir norska lögfræðinga? Auðvitað margháttaða. Hér verður bara vikið að tvennu: Hið fyrra og augljósara er að tiltækum röksemdum fjölgar. Það verður ekki lengur nóg að halda sig við innlend undirbúningsgögn og innlenda réttarframkvæmd; það verður líka að glugga í dóma EB-dómstólsins, ákvarðanir framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins og EES-samninginn á öðrum tungumálum. Smám saman bætast svo við úrskurðir EFTA-dómstólsins og eftirlitsstofnunar EFTA. Að þessu sögðu er ástæða til að undirstrika að aðalgögnin við skýringu EES-samningsins verða samt norsk undirbúningsgögn og norskir dómar.

Hið síðara varðar það hlutverk EES-samningsins að hann setur löggjafarfrelsi aðildarríkjanna skorður. Reynslan frá Evrópubandalaginu sýnir að ósjaldan beita menn á árangurríkan hátt réttarreglum Evrópubandalagsins til stuðnings annarri niðurstöðu en þeirri sem leiðir af innlendum réttarheimildum. Það má gera ráð fyrir að svipað gerist í kjölfar EES-samningsins ... Það mun einhver tími líða áður en afleiðingar EES-samningsins koma fram að fullum þunga. Ég hygg samt að þróunin verði hraðari en verið hefur í Evrópubandalaginu.

Stíflan brast 1. jan. 1994. Nú ríður á að norskir lögfræðingar taki sundtökin.““

Frú forseti. Ég tel að þrátt fyrir það að ég sé sjaldan sammála því sem stendur í forustugreinum eða Staksteinum Morgunblaðsins að hér hafi Morgunblaðið með ótvíræðum hætti sannað mál okkar og ég taldi þetta sönnunargagn svo mikilvægt að ástæða væri til þess að koma því inn í Alþingistíðindin.

[17:05]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Í því sem hv. þm. las upp kom ekkert nýtt fram miðað við það sem sagt hefur verið hér í þingsölum um þetta mál og áhrif þess að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu. Hann las hér upp úr þýðingu í Morgunblaðinu úr norsku tímariti, Lov og rett, sem er tímarit fyrir norska lögfræðinga og þar er að finna ábendingar til norskra lögfræðinga um það að þeir eigi að búa sig betur undir málaferli og málafylgju með vísan til hins evrópska réttar. Það er einnig þarft fyrir íslenska lögfræðinga að átta sig á þessu og tileinka sér þessar starfsaðferðir. Ég leit því ekki á þetta sem neina stefnumarkandi grein í Staksteinum Morgunblaðsins heldur þvert á móti sem ábendingu til okkar Íslendinga og íslenskra lögfræðinga eins og hinna norsku að þeir yrðu að búa sig undir að nýjar réttarheimildir komu til sögunnar 1. jan. 1994. Það sem mér þótti merkilegast við þessa norsku grein var það að lögfræðingurinn sem skrifaði hana var algerlega sammála okkur sem fluttum mál á síðasta þingi um þetta atriði, bæði varðandi 6. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og aðrar réttarheimildir sem þar koma til álita. Það kemur ekkert nýtt fram í þessu annað en þessi hvatning til norskra lögfræðinga um að búa sig undir að taka sundtökin við nýjar aðstæður og það er full ástæða til að brýna þetta einnig fyrir íslenskum lögfræðingum. Þess vegna þakkarvert að hv. þm. las þetta hér upp.

[17:07]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta er býsna hláleg staða ef nánar er að gáð. Hér stend ég og þarf að verja Staksteina Morgunblaðsins fyrir hv. 3. þm. Reykv. sem iðulega hefur

lesið þá a.m.k. og jafnvel átt hlut að máli í þeim tilskrifum sem þar er frá sagt. Hann sagði að það væri ekkert nýtt að heyra það sem stóð hér í þessari grein í þingsögunni. Nei, það er sko sannarlega ekkert neitt nýtt að heyra það því það er bara nákvæmlega verið að taka undir þau sjónarmið sem við, sem lögðumst gegn samningnum og héldum því fram að hann væri brot á íslensku stjórnarskránni, héldum fram og það er ekkert nýtt hér í þingsölum þó að meiri hluti Alþingis hafi ekki viljað taka mark á því og sjúskað með stjórnarskrána með þeim hætti sem gert var hér í fyrra. Það er sem sagt verið að segja frá því í Staksteinum Morgunblaðsins í tilvitnuninni í Lov og rett þriðjudaginn 22. febr. 1994, það er verið að sanna það að við höfum framselt hluta af löggjafarvaldinu úr landi og hluta af dómsvaldinu.

[17:08]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það stendur ekkert í þessari grein um framsal á löggjafarvaldi eða dómsvaldi. Þvert á móti er verið að tala um lögskýringargögn. Ég andmælti þessu á engan hátt og tel þakkarvert að þetta birtist í Staksteinum Morgunblaðsins. Það kemur heldur hvergi fram í þessari grein að um stjórnarskrárbrot sé að ræða, hvorki í Noregi né á Íslandi. Það sem höfundurinn gerir er að vitna í Denning lávarð, þann kunna dómara í Bretlandi og síðan leggur hann út af hans orðum og bendir norskum lögfræðingum á það að þeir þurfi að taka sundtökin miðað við nýjar aðstæður. Þetta er hvatning til norskra lögmanna að læra nú Evrópurétt-inn vel og tileinka sér þær lögskýringarheimildir sem þeir eiga að taka tillit til miðað við þennan samning. Ég vona að hv. þm. Páll Pétursson lesi með því hugarfari að hann átti sig á því hvað stendur. Það er hvergi vikið að stjórnarskrárbroti, hvergi vikið að framsali á valdi. Það er þvert á móti verið að hvetja lögfræðinga til að vinna heimavinnuna vel og tileinka sér þau lög og þær lögskýringarheimildir sem þeir þurfa að hafa, enda er í 6. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið hvergi vikið að því að verið sé að framselja valdið til evrópska dómstólsins. Þvert á móti er þar talað um að það eigi að nota úrskurði hans sem lögskýringarheimildir í aðildarríkjunum.

[17:10]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var hvatning til norskra lögmanna sem ég var að lesa. Og það er rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. að það er ekki verið að ræða stjórnarskrána sérstaklega í þessari grein. En það er verið að benda norskum lögmönnum á að nú dugi ekki lengur að dæma eftir norskum lögum. Á sama hátt er þetta ábending til íslenskra lögmanna að nú dugi ekki lengur að dæma eftir íslenskum lögum. Það þurfi að taka tillit til dómanna og þessa flóðs sem frá Brussel kemur. Og síðan ef ég mætti endurtaka, frú forseti, úr textanum.

„Þetta þýðir að í norskum rétti bætast réttarreglur við sem við munum ekki endilega sjá þörfina fyrir, sem við verðum e.t.v. ekki efnislega samþykk og í formi sem við sjáum ekki hvar ætti heima."

Hvað þurfum við frekar vitnanna við?

Alþjóðaþingmannasambandið 1993.

Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins, 406. mál. — Þskj. 610.

[17:11]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Skýrsla Íslandsdeildar Alþjóðaþingmannasambandsins fyrir sl. ár liggur frammi á þskj. 610. Þessi skýrsla er ítarleg og tæmandi um störf Íslandsdeildar sambandsins og ég sé ekki ástæðu til þess að fylgja henni neitt sérstaklega úr hlaði við þetta tækifæri.

Ég vil hins vegar geta þess að á síðasta ári og sömuleiðis á þessu ári hefur það komið í hlut Íslandsdeildar sambandsins að annast verkstjórn og stýra starfi hins svokallaða Vesturlandahóps innan vébanda Alþjóðaþingmannasambandsins og í því sambandi hefur verulega reynt á starfskrafta ritara deildarinnar, Þorsteins Magnússonar. Ég vil þakka honum sérstaklega fyrir vel unnin störf á vettvangi þessa starfs því án hans atbeina hefði ekki verið hægt að inna þessi störf af hendi með þeim hætti sem gert hefur verið.

Kannski örlítil viðbót, virðulegi forseti. Alþjóðaþingmannasambandið eru umfangsmestu þingmannasamtök sem þingmenn á vegum Alþingis starfa innan. Það spannar 110 þjóðþing og er þar af leiðandi í eðli sínu nokkuð frábrugðið þeim samtökum sem rædd hafa verið hér á þessum þingfundi en þar er um að ræða ýmis svæðabundin samtök sem við Íslendingar eigum aðild að. Ég tel að það sé vissulega ástæða til þess að taka þátt í starfi sem þessu þó að hinir beinu hagsmunir séu e.t.v. með öðrum hætti en í til að mynda EFTA-samstarfinu. Það er vissulega mikils um vert fyrir Íslendinga og íslenska þingmenn að taka þátt í störfum samtaka sem spanna heiminn allan eins og þetta samband gerir og halda þar uppi merki og málstað Íslands þegar því er að skipta.

Ég vil þakka meðstjórnarmönnum mínum í Íslandsdeildinni fyrir ágætt samstarf á liðnu ári og læt máli mínu lokið.

Vestnorræna þingmannaráðið 1993.

Skýrsla Íslandsdeildar Vestnorrænna þingmannaráðsins, 408. mál. — Þskj. 612.

[17:14]

Árni Johnsen:

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir skýrslu um störf Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir árið 1993. Að vísu er jafnframt búið að leggja fram í þinginu till. til þál. um samþykkt Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir sama ár en hún er ekki komin á dagskrá enn þá og mun ég kannski fjalla aðeins örlítið um hana hér vegna tengsla málsins.

Kjör fulltrúa Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins fyrir sl. ár átti sér stað 21. des. 1992 og síðan var aftur kosið 18. des. 1993 fyrir núverandi starfsár, þar sem eiga sæti hv. þm. Jón Heglason, Petrína Baldursdóttir, Steingrímur J. Sigfússon og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir auk þess sem hér talar.

Það er í stuttu máli um störf Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins að segja og þingmannasambandsins í heild að segja má að starfsemi þess hefur þroskast nokkuð á þeim árafjölda sem það hefur starfað. Það hefur sýnt sig að það eru mörg verkefni sem eru brýn í þessu starfi og mikilvægt að rækta betur en gert hefur verið tengsl þessara norrænu jaðarríkja, Færeyja, Íslands og Grænlands. Raunar má líka viðurkenna að við Íslendingar höfum kannski í raun ekki verið sá stóri bróðir sem skyldi í samstarfi og tengslum við þessar tvær grannþjóðir okkar því að þarna er um margs konar sameiginlega hagsmuni að ræða, sameiginlegan farveg í mörgum þáttum, bæði í atvinnulífi og almennu þjóðlífi og hygg ég að við ættum að leggja mun meiri áherslu á einmitt þetta norræna samstarf á sviði Vestnorræna þingmannasambandsins og þingmannaráðsins en gert hefur verið.

Það voru haldnir 6 fundir á starfsárinu og ég vil nota tækifærið til að þakka ritara ráðsins, Lene Hjaltason, fyrir góð störf því að það byggist mikið á því að ritarar í þessu starfi sinni því vel og það hefur gengið vel eftir. Það má nefna dæmi um smærri mál sem koma til kasta Íslandsdeildar Vestnorræna þingmannaráðsins, fylgni við samgöngur í flugi sem standa mjög illa í dag. Eitt íslenskt félag, Odin air, hefur áætlunarflug á austurströnd Grænlands en Flugleiðir hafa ekki fengið nein vilyrði eða neinar heimildir fyrir áætlunarflugi til Grænlands og má segja að samgöngur milli Grænlands og Íslands séu mjög slæmar. Til að mynda getur komið upp dæmi ef Íslendingur þarf að sækja heim t.d. Qaqortoq á Suður-Grænlandi þá kann sú ferð að taka að lágmarki 14 daga fram og til baka og þá í gegnum Kaupmannahöfn. En þetta er aðeins staðfesting á því að það er að mörgu að hyggja og mörgu að vinna á þessu sviði. Það er ekki boðlegt að ekki skuli nást betri samningar um samgöngur við næstu granna okkar því að það eru Grænlendingar. Það hefur verið aukning í ferðamannastraumi til Íslands og aukning ferðamanna sem vilja um leið nota tækifærið og heimsækja Grænland en það er búið að setja girðingar og þröskulda í veg fyrir þessa þjónustu nema á ákveðnum tímum og við ákveðnar takmarkaðar aðstæður. Þetta er aðeins dæmi um það sem hefur komið til umræðu og ætti auðvitað að ganga lengra inn í Norðurlandaráð og ekki síst á vettvangi ríkisstjórnar beinlínis í samþykktum og uppbyggingu á aukinn hátt á þessum vettvangi.

Samgrh. hefur skrifað undir samning um aukna starfsemi milli þessara landa og það er vel. Hæstv. samgrh. hefur gert það ekki alls fyrir löngu og það er mjög af hinu góða en margt er óunnið og gengur hægt svo vægt sé til orða tekið.

Það var rætt um ýmsar tillögur á sl. ári eða snemma árs sem síðan voru fluttar á ársfundi Vestnorræna þingmannaráðsins í Færeyjum sl. sumar og ætla ég aðeins að víkja að þeim tillögum. En sá fundur, 9. ársfundur Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, var haldinn í Þórshöfn í Færeyjum 21. júní sl. Hann sóttu af hálfu Íslandsdeildar þingmannaráðsins hv. þm. Árni Johnsen, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Jón Helgason, Karl Steinar Guðnason og Steingrímur J. Sigfússon. Alls sóttu 15 vestnorrænir þingmenn ársfundinn, en færeyski þingmaðurinn Lisbeth Petersen tók þá við formennsku í ráðinu af Árna Johnsen.

Á fundinum voru fluttar skýrslur um störf landsdeildanna og fjallað um þær. Þær tillögur sem samþykktar voru og Vestnorræna þingmannaráðið mælti með til landsstjórna Færeyja og Grænlands og ríkisstjórnar Íslands eru í nokkrum liðum.

Í fyrsta lagi að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands auki til muna upplýsingamiðlun í vestnorrænu löndunum, sérstaklega varðandi ferðamál. Með það að markmiði beindi fundurinn þeim tilmælum til ríkisstjórnanna að láta Vestnorræna ferðamálaráðið (Vestnorden Tourist Board) sjá um sérstaka þriggja ára upplýsingaherferð. Með þessu móti var stefnt að því að hrinda af stað frekari aðgerðum í ferðamálum í vestnorrænu löndunum á árunum 1994–1996 og gert ráð fyrir að vestnorrænu löndin veiti aukið fjárframlag til auglýsinga og markaðssetningar í löndunum. Ráðið mælti með að ofangreindar aðgerðir yrðu framkvæmdar í náinni samvinnu ferðamálaráðanna í vestnorrænu löndunum.

Þá var einnig mælt með því að styrkur sá sem veittur var úr Lánasjóði Vestur-Norðurlanda til ofangreindra aðgerða frá 1986 verði tekinn til athugunar og umfjöllunar.

Í öðru lagi var tillaga um það að landsstjórn Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands hefji listræna samvinnu milli landanna þriggja með því að halda listahátíð einu sinni á ári, til skiptis í Færeyjum, Grænlandi og á Íslandi, þar sem listamenn frá Grænlandi og Íslandi fari með verk sín á listahátíð í Færeyjum, t.d. árið 1994, og því næst til annars hinna landanna árið eftir. Þannig er unnt að styrkja sambandið milli landanna á sviði myndlistar, tónlistar, bókmennta og ýmissa annarra listgreina. Haft verði samband við þau listamannasamtök og verkalýðshreyfingar í löndunum þremur þar sem slík listastarfsemi á sér stað. Eðlilegt væri við slíkar listahátíðir að náin samvinna væri við norrænu stofnanirnar í löndunum og best væri ef þær hefðu með höndum framkvæmdina að hluta til.

Í þriðja lagi var samþykkt að landsstjórnir Færeyja og Grænlands og ríkisstjórn Íslands skipi samráðshóp með sex fulltrúum frá menntamálaráðuneytum og verkalýðshreyfingum landanna þriggja til að athuga möguleika á því að koma á nemendaskiptum milli Íslands, Færeyja og Grænlands og niðurstaða ætti að liggja fyrir á ársfundi Vestnorræna þingmannaráðsins sumarið 1994.

Í fjórða lagi að landsstjórnir og ríkisstjórn þessara þriggja landa skipi embættismannanefnd með embættismönnum frá löndunum þremur sem m.a. eigi að vinna hratt að því að:

1. skýra og bera saman þá viðskiptasamninga sem löndin hafa gert við EB og hvaða áhrif norsk, sænsk og finnsk aðild að EB mundi hafa á samskipti Vestur-Norðurlanda og EB,

2. reyna að meta kosti og galla þess fyrir hvert vestnorrænt land fyrir sig ef þau ganga í tollabandalag við EB eða tengjast á svipaðan hátt sem eitt tollsvæði við EB. Aðilar skiptist stöðugt á upplýsingum.

Þá er lagt til að greinargerð slíkrar nefndar verði rædd á fundi í Vestnorræna þingmannaráðinu.

Í fimmta lagi var samþykkt að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands skipi samstarfsnefnd með það að markmiði að minnka áfengisneyslu og berjast gegn misnotkun áfengis og samræmi auk þess meðferð drykkjusjúkra í löndunum.

Þá var og samþykkt að landsstjórn Færeyja, landsstjórn Grænlands og ríkisstjórn Íslands láti athuga kjör barna og fjölskyldna í löndunum þremur.

Þá voru gefnar yfirlýsingar í samræmi við 2. gr. í 1. kafla samkomulagsins um Vestnorræna þingmannaráðið og samþykkt af Vestnorræna þingmannaráðinu að leggja fram eftirfarandi yfirlýsingar:

1. Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum sérstaklega til ríkisstjórnar Íslands og landsstjórnar Grænlands með tilliti til fjárhagsstöðu Færeyja að bjóða Færeyingum öðrum fremur að nýta þá fiskveiðikvóta landanna sem eru ónýttir.

2. Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til ríkis- og landsstjórna vestnorrænu landanna að leggja sitt af mörkum til að ljúka byggingu Grænlendingahússins í Þórshöfn sem fyrst og að þær standi við áður gefin loforð um fjárstyrki, sérstaklega af hálfu Grænlands og Færeyja.

3. Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsstjórnar Færeyja að hún hefji á ný grænlenskar útsendingar í færeyska útvarpinu. Þetta er venja sem grænlenska útvarpið fylgir með því að senda út efni á færeysku í samræmi við áður gerða samninga. En verulegur hluti sjómanna frá báðum þessum grannþjóðum okkar eru á fiskimiðum annars vegar við Grænland og hins vegar við Færeyjar og er þetta fyrst og fremst þjónusta við þá, en þar er fjöldi manna, svo nemur hundruðum.

4. Vestnorræna þingmannaráðið beinir þeim tilmælum til landsdeildanna í vestnorrænu löndunum að þær veiti athygli og styðji það starf sem tengist Vestnorræna kvennaþinginu og auðveldi Vestnorræna þingmannaráðinu störf sín að jafnréttismálum.

Hér hefur verið fjallað um þær tillögur sem voru afgreiddar á 9. ársfundi Vestnorræna þingmannaráðsins sl. ár. Satt best að segja hefur nokkuð dregist að þær kæmu hér á dagskrá. Þær hafa verið í skjalasafni þingsins síðan fyrir jól og hefði verið kostur að hafa þær fyrr til umræðu og afgreiðslu því á því byggist að ná upp tímasetningu sem miðað er við í tillögunum sjálfum sem afgreiddar voru í Færeyjum.

Alþjóðavinnumálaþingið í Genf 1993.

Skýrsla, 416. mál. — Þskj. 623.

[17:28]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í 5. tölul. 19. gr. starfsskrár Alþjóðavinnumálastofnunarinnar er kveðið á um skyldu aðildarríkjanna að kynna löggjafarsamkomunum þær samþykktir og tillögur sem gerðar hafa verið á Alþjóðavinnumálaþinginu. Samkvæmt staflið a skal þetta gert eigi síðar en 18 mánuðum eftir lok þingsins. Þessu ákvæði hefur verið fylgt hér á landi með þeim hætti að félmrh. hefur lagt fyrir Alþingi skýrslur um Alþjóðavinnumálaþingið. Alþjóðasamþykktir sem vinnumálaþingið hefur afgreitt hafa verið birtar sem fylgiskjöl með skýrslunum. Þetta er einnig gert nú með þeirri skýrslu sem hér með er lögð fyrir Alþingi um 80. Alþjóðavinnumálaþingið.

Ég hef áður af sama tilefni greint frá því að sú regla hefur verið tekin upp að gera nokkuð ítarlegri grein í skýrslunni fyrir samskiptum Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina og framvindu Alþjóðavinnumálaþingsins. Hefur m.a. verið fjallað um umræður sem hafa átt sér stað í þingnefnd sem fjallar um framkvæmd aðildarríkjanna á fullgiltum alþjóðasamþykktum ILO. Einnig hefur tækifærið verið notað til að gefa Alþingi upplýsingar um samskipti félmrn. við aðrar alþjóðastofnanir á sviði vinnu og félagsmála. Ég vil sérstaklega í þessu sambandi geta samskiptanna við Evrópuráðið vegna framkvæmdar á félagsmálasáttmála Evrópu.

Einnig má vekja athygli á að í nóvember sl. fjallaði sérfræðinganefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna um fyrstu skýrslu Íslands um framkvæmd samnings um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi. Niðurstöðu nefndarinnar er að finna í viðauka III við skýrsluna.

Eins og áður sagði er markmið skýrslunnar að gera Alþingi með formlegum hætti grein fyrir nýjum samþykktum á sviði félags- og vinnumála sem Alþjóðavinnumálaþingið hefur afgreitt. Áttugasta vinnumálaþingið afgreiddi samþykkt um varnir gegn meiri háttar iðnaðarslysum. Í samþykktinni er sú skylda lögð á herðar atvinnurekanda að skilgreina þætti í starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækis sem gætu valdið stórslysi og bera ábyrgð á tilkynningum um það til stjórnvalda.

Atvinnurekandi skal á sannanlegan hátt koma upp öryggiskerfi með mati á hugsanlegum hættum, tækniupplýsingum, skipulegu viðhaldi og athugunum. Öryggiskerfið skal taka til allrar starfseminnar og fela í sér fræðslu starfsmanna, kaup á öryggistækjum og hlífðarbúnaði, yfirlit yfir stjórnunarsvið starfsmanna og mat á vinnutíma og mönnun fyrirtækisins. Það er lagt á vald atvinnurekenda að gera áætlanir um aðgerðir í neyðartilvikum, reglulega æfingu þeirra og endurskoðun. Stjórnvöldum skulu veittar upplýsingar um þessi atriði. Áætlanir um neyðaraðgerðir skulu samdar í samráði við starfsmenn og trúnaðarmenn þeirra. Gefa skal fulltrúa stjórnvalda tækifæri til að tjá sig þar um. Öryggiskerfið og neyðaraðgerðirnar mynda grundvöll öryggisskýrslu sem reglulega skal endurskoðuð. Hún skal

vera til reiðu fyrir stjórnvöld ef þau óska eftir að kynna sér efni hennar.

Þar sem slys á sér stað skal atvinnurekandi svo fljótt sem auðið er tilkynna það hlutaðeigandi stjórnvöldum. Eftir tiltekinn frest skal atvinnurekandinn einnig taka saman ítarlega skýrslu. Í henni skal m.a. upplýsa um ástæður slyssins og hvað hafi verið gert til að draga úr áhrifum þess. Stjórnvöld skulu einnig eiga aðgang að skýrslum um það þegar hættuástand skapast án þess að slys hafi hlotist af.

Í samþykktinni eru ákvæði um rétt starfsmanna til að fá upplýsingar um skipulag öryggismála og til að tjá sig um þau, enn fremur um skyldu stjórnvalda til að upplýsa almenning um það hvernig skuli brugðist við hættuástandi. Rétt er að upplýsa að umhvrh. hefur skipað nefnd til að semja frv. til laga eða reglur um efni sem samþykktin tekur til. Ekki er lagt til að samþykktin verði fullgilt fyrr en niðurstaða nefndar umhvrn. liggur fyrir.

Ég vil í þessu sambandi geta þess að á undanförnum árum hefur nokkurt átak verið gert í að fullgilda samþykktir Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Á árunum 1990–1992 veitti Alþingi ríkisstjórninni heimild til að fullgilda fjórar alþjóðasamþykktir. Tvo áratugi þar á undan var einungis ein samþykkt fullgilt. Félmrn. hefur nú lokið við að taka saman fyrstu skýrslur um framkvæmd þessara nýfullgiltu samþykkta. Mér finnst því tímabært að hyggja að fullgildingu fleiri samþykkta. Þar eru einkum tvær samþykktir sem koma til álita, annars vegar samþykkt nr. 156, um jafna möguleika á jafnrétti til handa körlum og konum í atvinnu, starfsfólk með fjölskylduábyrgð sem Alþjóðavinnumálaþingið afgreiddi árið 1981 og hins vegar samþykkt nr. 158, um uppsögn starfs af hálfu atvinnurekenda frá árinu 1982. Samráðsnefnd félmrn., ASÍ og VSÍ sem fjallar um samskipti Íslands við Alþjóðavinnumálastofnunina hefur tekið til afgreiðslu báðar þessar samþykktir. Ég hef áður greint frá því að ágreiningur var um það milli samtakanna hvort Ísland skyldi fullgilda þær. ASÍ var því eindregið fylgjandi en VSÍ andvígt. Ég tel að aðstæður í þjóðfélaginu nú séu með þeim hætti að nauðsynlegt sé að hyggja að meiri vernd launafólks gagnvart uppsögnum. Það kemur því fyllilega til álita að taka þetta mál upp að nýju.

Þar sem tími minn leyfir ekki ítarlega umfjöllun um alla þætti skýrslunnar vil ég staldra nokkuð við málefni sem áður hefur borið á góma. Það snertir framkvæmd Íslands á félagsmálasáttmála Evrópu.

Í viðauka I við skýringuna er að finna athugasemdir sem sérfræðinganefnd Evrópuráðsins gerir við framkvæmd Íslands á ákvæðum sáttmálans á árunum 1990–1991. Enda þótt íslensk stjórnvöld hafi ákveðinn fyrirvara í sambandi við sumar athugasemdir eru aðrar þess eðlis að þær þurfa nánari athugunar við. Benda má á athugasemd við framkvæmd 4. mgr. 6. gr. um samningafrelsi. Í skýrslunni segir að sérfræðinganefndin harmi að ákvæði laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, haldi áfram að takmarka rétt opinberra starfsmanna til að boða verkfall í því skyni að ná kjarasamningi. Nefndin minnir á fordæmisrétt í þessu sambandi þar sem slíkar takmarkanir eru óaðgengilegar. Sérfræðinganefndin telur því að aðstæður að þessu leyti séu ekki í samræmi við þetta ákvæði sáttmálans. Hér er fyrst og fremst átt við 17. gr. laganna.

Önnur athugasemd sérfræðinganefndarinnar er óljósari og snertir ákvæði laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Sérfræðinganefndin hefur gert athugasemdir við að réttur til að fara verkfall sé í höndum stéttarfélaga. Hún kveðst harma að sjá í skýrslu Íslands að ríkisstjórnin staðfesti að rétturinn til að boða verkfall sé eingöngu í höndum stéttarfélags. Sérfræðinganefndin minnir á að samkvæmt ákvæðum sáttmálans eigi starfsmenn rétt til að boða verkfall jafnvel þótt þeir séu ekki í stéttarfélagi. Niðurstaða nefndarinnar er sú að aðstæður að þessu leyti haldi áfram að vera í ósamræmi við ákvæði 4. mgr. 6. gr. sáttmálans. Því er ekki að neita að þessi gagnrýni sérfræðinganna er Íslendingum fjarlæg og gengur þvert á gildandi lög og viðhorf hérlendis til verkfallsréttarins sem ætíð hefur verið litið á sem sameiginlega aðgerð í nafni stéttarfélags sem ber á því ábyrgð að fylgt sé settum leikreglum. Það má varpa fram þeirri spurningu hvert þessi stefna leiði.

Annað atriði sem rétt rétt er að vekja athygli á er gagnrýni á framkvæmd Íslands á 5. gr. um félagafrelsi. Þessi gagnrýni er ekki ný af nálinni. Það eru einkum tvö atriði sem nefndin hefur gagnrýnt í sambandi við framkvæmd 5. gr. Í fyrsta lagi ákvæði 1. gr. laga um atvinnuleysistryggingar þar sem aðild að stéttarfélagi er gerð að skilyrði fyrir greiðslu atvinnuleysisbóta. Þessu ákvæði laganna um atvinnuleysisbætur hefur verið breytt. Atvinnulaust fólk sem er utan stéttarfélaga á nú rétt á atvinnuleysisbótum að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Í öðru lagi telur sérfræðinganefnd Evrópuráðsins að forgangsréttarákvæði í kjarasamningum brjóti í bága við ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmálans vegna þess að greinin verndi rétt manna til að standa utan félaga, þ.e. verndi svonefnt neikvætt félagafrelsi. Nefndin fjallar um þetta atriði á tveimur stöðum í skýrslu sinni.

Í almennum inngangi vísa sérfræðingarnir til niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu frá 30. júní 1993 í máli Sigurðar Sigurjónssonar leigubifreiðarstjóra gegn íslenskum stjórnvöldum. Sérfræðingarnir minna á að það hafi ávallt verið skoðun hennar að sá háttur sumra fyrirtækja að ráða aðeins til starfa félaga í tilteknu verkalýðsfélagi jafngilti takmörkun á rétti til að stofna félög og félagafrelsi. Nefndin vísar til almennra athugasemda sinna í 8. skýrslu þar sem segir:

„Engin aðildarþjóð má láta undir höfuð leggjast að hafa til reiðu réttarúrræði eða viðurlög vegna starfshátta sem hefta ótilhlýðilega frelsi til að stofna eða ganga í verkalýðsfélög."

Hún vísar einnig til 11. skýrslu þar sem segir: „Frelsi til að ganga í verkalýðsfélög sem tryggt er í 5. gr. sáttmálans felur óhjákvæmilega í sér að ekki er um að ræða neins konar skyldur til að ganga í eða vera félagi í verkalýðsfélagi."

Þegar sérfræðinganefndin fjallar sérstaklega um

framkvæmd Íslands á ákvæðum 5. gr. segir hún að skýrsla Íslands um framkvæmd greinarinnar varpi frekara ljósi á núverandi reglur sem gilda um lög um stéttarfélög. Það komi skýrt fram að ekki hafi orðið nein breyting á því ástandi sem hún hefur gagnrýnt áður og sé ekki í samræmi við óvefengdan fordæmisrétt hennar. Hún veitir því sérstaka athygli að bæði ríkisstjórnin og Alþýðusamband Íslands eru þeirrar skoðunar að 5. gr. verndi einungis réttinn til að stofna og vera í félögum, en Vinnuveitendasamband Íslands tekur undir skoðun nefndarinnar um að rétturinn til að standa utan félaga njóti einnig verndar. Það kemur því ekki á óvart að sérfræðinganefndin fagnar úrskurði Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar gegn ríkisstjórn Íslands þar sem rétturinn staðfestir að 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu taki einnig til réttarins að standa utan stéttarfélaga. Sérfræðinganefndin hefur nokkuð lengi verið þeirrar skoðunar að 5. gr. félagsmálasáttmálans verndi þennan rétt.

Ég tel hins vegar mikilvægt í framhaldi af ummælum sérfræðinganna um dóm Mannréttindadómstólsins í máli Sigurðar Sigurjónssonar að vekja á því athygli að dómurinn tekur fyrst og fremst afstöðu til lögbundinnar skylduaðildar að stéttarfélagi. Hann kemst að þeirri niðurstöðu að lögþvinguð skylduaðild að stéttarfélagi sé í andstöðu við ákvæði 11. gr. mannréttindasáttmálans. Leggja ber áherslu á það að um forgangsréttarákvæði er samið í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins. Þar er ekki um lögþvingun að ræða. Það skal viðurkennt að í lögunum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, er kveðið á um aðild að stéttarfélagi, en samgrh. lýsti því yfir í framhaldi af dómi Mannréttindadómstólsins í máli Sigurðar Sigurjónssonar að ákvæði um þetta atriði verði breytt.

Á því skal vakin athygli að enda þótt dómurinn hafi komist að þeirri niðurstöðu að 11. gr. mannréttindasáttmálans feli í sér neikvætt félagafrelsi bætir hann við að í því máli sé ekki þörf á að ákvarða hvort þennan rétt beri að leggja að jöfnu við hinn jákvæða rétt. Dómstóllinn gefur þannig í skyn að þær ástæður sem kunna að vera fyrir hendi að jákvæði rétturinn geti notið ríkari verndar en hinn neikvæði. Þar af leiðandi var varað við því af sérfræðingunum sem tóku þátt í ráðstefnu á vegum Evrópuráðsins og dómsmrn., sem haldin var í Reykjavík í ágústmánuði sl., að draga of víðtækar ályktanir af þessum dómi.

Rétt er að árétta að það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda í þessu máli að benda á þá staðreynd að ekki séu ákvæði í lögum sem almennt skylda fólk til aðildar að stéttarfélögum. Lögð er áhersla á að samið sé um forgangsréttarákvæði í kjarasamningum á milli samtaka atvinnurekenda og launafólks. Stjórnvöld hafa einnig haldið því fram að 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu feli einungis í sér að aðildarríki sáttmálans skuli með virkum hætti tryggja að atvinnurekendur og launafólk geti stofnað samtök til að berjast fyrir sameiginlegum hagsmunum.

Þessi túlkun íslenskra stjórnvalda á umfangi 5. gr. félagsmálasáttmálans er ekki sett fram án raka. Í bókun við 2. mgr. 1. gr. sáttmálans, sem fjallar um skyldu aðilarríkjanna til að vernda á raunhæfan hátt rétt verkafólks til þess að vinna fyrir sér í starfi sem það hefur valið sér, er tekið fram að eigi skuli túlka ákvæði þetta þannig að það banni eða heimili nokkur ákvæði eða venju varðandi kröfu um aðild að stéttarfélagi. Hliðstæða bókun er ekki að finna varðandi 5. gr.

Eins og nærri má geta hefur þessi bókun valdið nokkrum heilabrotum þeirra aðila á vegum Evrópuráðsins sem fjalla um framkvæmd félagsmálasáttmálans. Þessir aðilar eru áðurnefnd sérfræðinganefnd og nefnd fulltrúa þeirra ríkisstjórna sem hafa fullgilt sáttmálann, venjulega kölluð embættismannanefndin. Afstaða sérfræðinganefndarinnar hefur verið sú að lögbundin skylduaðild væri ekki heimil samkvæmt ákvæðum 5. gr. sáttmálans. Embættismannanefndin hefur hins vegar verið á annarri skoðun. Á fundi sem hún hélt í mars 1998 var inntak og gildissvið 5. gr. tekið til sérstakrar umfjöllunar. Fyrir fundinum lágu gögn frá nefndinni sem samdi sáttmálann, gögn frá lögfræðinefnd Evrópuráðsins og aðrar réttarheimildir sem leyfilegt er að nota skv. 31. og 32. gr. Vínarsamnings um túlkun alþjóðasamninga.

Eftir ítarlegar umræður komst meiri hluti embættismannanefndarinnar að þeirri niðurstöðu að 5. gr. félagsmálasáttmálans feli einungis í sér þá skuldbindingu aðildarríkisins að tryggja á virkan hátt réttinn til að stofna félög. Með nokkurri einföldum má segja að embættismannanefndin hafi komist að svipaðri niðurstöðu og Hæstiréttur komst að í dómi árið 1988 þegar því var hafnað að neikvætt félagafrelsi njóti almennt verndar af 73. gr. stjórnarskrárinnar. Íslensk stjórnvöld hafa lýst því yfir að þau séu sammála þessari túlkun embættismannanefndar Evrópuráðsins á umfangi 5. gr. félagsmálasáttmálans. Það sem flækir þetta mál er að álit sérfræðinganefndarinnar og embættismannanefndarinnar ganga í þveröfuga átt.

Í sjálfum sáttmálanum, eins og hann er nú, er ekki tekið af skarið með það hvort nefndin hafi vald til að túlka ákvæði hans. Embættismannanefndin taldi að þetta væri hennar viðfangsefni vegna þess að hún er vettvangur samningsaðila. Þó fólki sé ekki meinað lögum samkvæmt að standa utan stéttarfélaga hér á landi þá gera bæði forgangsréttarákvæðin og margvíslegir hagsmunir launafólks það að ýmsu leyti ómögulegt. Hver yrðu réttindi launafólks í slíkum tilvikum? Það yrðu einungis þau lágmarksréttindi sem tryggð eru lögum samkvæmt og með persónubundnum ráðningarsamningum. Hins vegar erum við ekki einir um að hafa slík ákvæði í kjarasamningum. Samkvæmt dönskum lögum eru slík ákvæði ekki ólögleg en danska vinnuveitendasambandið hefur staðið gegn því að slík ákvæði séu í kjarasamningum þannig að slík ákvæði eru á undanhaldi þar.

Félmrn. fjallar um fleiri alþjóðasamninga og samþykktir sem taka til félagafrelsis. Nefna má samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 87 um félagafrelsi. Stofnunin hefur aldrei gert athugasemd við skipan á vinnumarkaði hérlendis. Ef túlka á afstöðu stjórnvalda til þessa máls sem er fjallað um í dag mætti draga hana saman með eftirfarandi hætti:

Stjórnvöld líta á það sem meginskyldu sína að tryggja virka framkvæmd 73. gr. stjórnarskrárinnar og vilja standa við alþjóðlegar skuldbindingar í sambandi við félagafrelsi. Höfuðmarkmiðið er því að skapa samtökum á vinnumarkaði umhverfi sem geri þeim kleift að starfa. Þetta hefur m.a. verið gert með lögum um stéttarfélög og vinnudeilur sem sett voru 1938. Um þessi lög hefur ríkt þolanlegur friður í rúmlega hálfa öld. Raunar má þó segja að á síðustu árum hafi komið fram raddir um að þau bæri að endurskoða. Í athugasemdum ASÍ við niðurstöðu sérfræðinganefndar Evróðuráðsins við framkvæmd Íslands á 5. gr. félagsmálasáttmálans hefur komið fram að krafan um forgangsréttarákvæðin var komin fram í kjarasamningum til að verja tilverurétt stéttarfélaganna og þar með félagafrelsið. Alþýðusambandið bendir á að í öndverðu hafi stéttarfélögin átt í vök að verjast gagnvart atvinnurekendum á litlum stöðum vítt og breitt um landið. Þar af leiðandi hafi forgangsréttarákvæðin verið í upphafi helsta kjölfesta félaganna til að halda uppi félagastarfsemi. Krafan um forgangsréttarákvæðin hafi verið sett fram vegna þeirrar reynslu að ef atvinnurekanda leiðst að halda hluta starfsfólks utan stéttarfélaga reyndist honum auðvelt að brjóta félagið niður með ýmsum ráðum. Spurningin er hvort þessi rök séu í gildi enn þann dag í dag eða ekki.

Álit mitt er það að grundvallarrétturinn eigi að vera sá að menn geti kosið sér félög að frjálsum og fúsum vilja til að starfa í. Menn eiga að geta ef þeir svo kjósa staðið utan félaga. En í slíkum tilvikum verða þeir að sætta sig við að njóta ekki sama öryggis og réttinda og félagsmenn. Ég tel að frá þessari grundvallarreglu geti verið mikilvægar undantekningar sem m.a. geta helgast af samfélagslegum ástæðum.

Með hliðsjón af dómi Mannréttindadómstólsins og gagnrýni sérfræðinganefndarinnar, sem fjallar um framkvæmd félagsmálasáttmálans sem gerð er grein fyrir í viðauka II, er niðurstaðan sú að ekki hafi komið fram rök sem gera það nauðsynlegt að svo komnu máli að taka til endurskoðunar samskiptareglur aðila vinnumarkaðarins.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gera þinginu grein fyrir skýrslu um áttugasta Alþjóðavinnumálaþingið.

[17:46]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. þessa skýrslu og tel mjög mikilvægt það sem kom fram í máli hennar varðandi félagafrelsið og túlkanir á 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópuráðsins sem Íslendingar gerðust aðilar að 1975. Það er ljóst af lestri þessarar skýrslu að um langt árabil hafa Íslendingar staðið frammi fyrir því á vettvangi Evrópuráðsins og innan vébanda þeirra stofnana á vegum þess sem vinna að því að framfylgja félagsmálasáttmálanum að verja málstað sem, eins og lýsingarnar bera með sér í þeirri skýrslu sem fyrir liggur, á æ meira undir högg að sækja ef þannig má að orði komast. Málstaðurinn sem íslensk stjórnvöld eru að verja á þessum vettvangi er á undanhaldi á vettvangi Evrópuráðsins og meðal þeirra þjóða sem aðhyllast það félagsmálakerfi sem við gerum og eru aðilar að félagsmálasáttmála Evrópu. Það kemur fram í skýrslunni að sérfræðingar sem eiga að gæta réttinda borgaranna í félagslegum efnum telja að íslenskri löggjöf sé mjög ábótavant. Ýmislegt hefur verið lagað í því efni eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra og má þar sérstaklega nefna réttinn til atvinnuleysisbóta sem tekið hefur verið á á Alþingi og samþykkt lög um.

Varðandi síðan dóm Mannréttindadómstólsins á síðasta ári í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar leigubílstjóra, þá er ljóst að það þarf að breyta lögunum um leigubifreiðir. Það hefur komið fram að frv. um það efni er væntanlegt til Alþingis og þá getum við rætt það mál sérstaklega og hvernig sú löggjöf hefur brotið í bága við 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og einnig 5. gr. félagsmálasáttmálans þar sem fjallað er um rétt manna til þess að vera í félögum og hefur hann verið túlkaður þannig að hann nái einnig til réttar manna til að standa utan félaga.

Það er rétt sem kom fram í máli hæstv. ráðherra að á það er bent að skylduaðildin að leigubílstjórafélaginu Frama var í lögum og það kann að gilda öðru máli um lögþvingaða aðild, eins og þar er mælt fyrir um, en samningsbundna aðild og forréttindaákvæði eins og gildir hér almennt á vinnumarkaðnum. Ég ætla ekki að fara út í þær deilur um lögfræði en vil aðeins vekja máls á því þar sem hæstv. ráðherra minnti á ráðstefnu sem haldin var í sumar á vegum Evrópuráðsins um þessi málefni að þar kom skýrt fram að ef um skylduaðild að verkalýðsfélögum væri að ræða þá væri hægt að gera og ætti að gera mjög ríkar kröfur til verkalýðsfélaganna um starfshætti þeirra, um það að þau sinntu aðeins því hlutverki að semja um kaup og kjör á hinum almenna vinnumarkaði en væru ekki að sinna pólitískum störfum eða með afskipti af öðrum málum en beinlínis féllu undir starfsemi verkalýðsfélaga eins og þau eru skilgreind með hefðbundnum hætti.

Það kann einnig að vera að þótt við viðurkennum þetta og skoðum í þessu ljósi þá eru stundum óskýr mörk á milli frjálsrar aðildar, ef við köllum það svo, og skylduaðildar sem kann að vera lögfest og má þar t.d. nefna skyldu manna til að borga í sjóði Bandalags starfsmanna ríkis og bæja þótt þeir séu ekki í þeim félagsskap. Þarna eru því mörg álitamál og nauðsynlegt að ræða þau og ég fagna því að hér gefist tilefni til þess og ástæða að ræða þetta mál með hliðsjón af ræðu hæstv. ráðherra.

Það kom fram í máli hennar að ríkisstjórnin teldi sér skylt að standa við 73. gr. stjórnarskrárinnar eins og hún hefur verið túlkuð af hálfu Hæstaréttar þar sem Hæstiréttur hefur komist að þeirri niðurstöðu að hún rúmi ekki rétt manna til að standa utan félaga. Þessi niðurstaða Hæstaréttar Íslands brýtur í bága við niðurstöðu Mannréttindadómstóls Evrópu. Í 11. gr. mannréttindasáttmálans stendur hvergi að menn hafi rétt til að standa utan félaga en dómstóllinn komst að þessari niðurstöðu í máli Sigurðar A. Sigurjónssonar með því að túlka sáttmálann sem lifandi gjörning sem ætti að laga sig að kröfum tímans og þess vegna bæri nú að túlka þetta með þessum hætti. Hins vegar hefur Hæsti-

réttur Íslands ekki notað sömu aðferðir við túlkun á stjórnarskánni. Komi til þess að mannréttindaákvæðum hennar verði breytt, eins og um hefur verið talað, finnst mér sjálfsagt að líta á þetta ákvæði í 73. gr. og rýmka það þannig að það verði ekki talið brjóti í bága við mannréttindi eins og þau eru nú skýrð á alþjóðlegum vettvangi og á þeim vettvangi þar sem mannréttindi eru helst í heiðri höfð.

Varðandi túlkun á 5. gr. félagsmálasáttmálans vil ég láta þess getið að á þingi Evrópuráðsins, það kemur því miður ekki fram í skýrslu ráðherrans — og raunar er á bls. 51 talað um þingmannanefnd og síðan sagt „The Consulative Assembly" og þar á skýrsluhöfundur væntanlega við þing Evrópuráðsins — hefur verið samþykkt að 5. gr. félagsmálasáttmálans skuli breytt á þann veg að tekin séu af öll tvímæli í henni um rétt manna til að standa utan félaga. Ég held því að það sjónarmið sem íslenska ríkisstjórnin heldur í á vettvangi Evrópuráðsins þegar að þessum málum kemur stangist á við réttarþróun, eins og hún kemur fram í dómi Mannréttindadómstólsins, og einnig stangist hún á við pólitíska þróun eins og kemur fram í samþykkt Evrópuþingsins. Hún stangast einnig á við túlkanir sérfræðinga og embættismanna sem fjalla um félagsmálasáttmálann því það kemur fram á bls. 55 og 56 að á árinu 1992 hafði þeim ríkjum fjölgað í embættismannanefndinni sem töldu að 5. gr. félagsmálasáttmálans tæki til réttarins til að standa utan félaga. Ákvörðun nefndarinnar frá 1988 um að túlka 5. gr. á þann veg að hún næði ekki til réttarins til að standa utan félaga virðist því ekki lengur njóta meirihlutastuðnings í embættismannanefndinni. Þannig að hvort sem litið er á sérfræðinganefndina, Mannréttindadómstólinn, embættismannanefndina eða þing Evrópuráðsins, þá nýtur það sjónarmið sem fylgt er af íslenskum stjórnvöldum ekki stuðnings meiri hluta manna sem starfa á þessum mannréttindavettvangi. Þetta er mjög mikilvægt að hafa í huga og minnast þessa þegar við ræðum þau mikilvægu mál sem lúta að rétti manna til að standa utan félaga.

Í umræðum sem fóru fram á Alþingi hinn 11. nóv. sl. um skýrslu forsrh. vegna leiðtogafundar Evrópuráðsins í Vínarborg vakti ég máls á þessu atriði og benti á það í ræðu minni að Ísland sætti gagnrýni á vegum Evrópuráðsins að því er mannréttindi varðar, hvað félagsleg réttindi varðar og einnig hvað varðar rétt manna sem lokaðir eru inni í fangelsum eða á hælum. Á öllum þessum sviðum starfa eftirlitsnefndir sem hafa litið til Íslands og ég spurði hæstv. forsrh. sérstaklega að því í þessum umræðum hvort hann teldi ekki með hliðsjón af þessari þróun, sem ég hef lýst varðandi túlkun á mannréttindasáttmálanum og félagsmálasáttmálanum, að við Íslendingar þyrftum að huga að afstöðu okkar í þessu máli.

Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa það sem hæstv. forsrh. sagði í svarræðu sinni. Hann sagði: „Ég hygg að með nýgengnum dómi og þeim breytingum sem eru að verða varðandi sjónarmið í þessum efnum þá hljóti menn að skoða mjög nákvæmlega afstöðu sína og hugmyndir sem lúta að þessum þáttum sérstaklega. Við skulum þó gera okkur grein fyrir því að þetta eru vandmeðfarin mál og viðkvæm og það er nauðsynlegt að ræða þau í góðri sátt við til að mynda launþegahreyfinguna og ég held reyndar að það sé líka á þeim vettvangi sem vaknar ríkari skilningur á þessu."

Ég tek undir þessi orð forsrh. Að sjálfsögðu ber ekki að fara fram í þessu máli af neinu offorsi en það er nauðsynlegt að við ræðum þau og gerum okkur grein fyrir hver þróunin er. Það fer okkur illa sem þjóð er vill virða lýðréttindi og mannréttindi að dragast aftur úr í þessari þróun.

Það kom fram á ráðstefnunni sem hæstv. félmrh. vísaði til sl. sumar í máli lögfræðings Alþýðusambands Íslands að hann taldi ástæðulaust jafnvel fyrir alþýðusamtökin að lúta forræði löggjafans þegar kæmi að ákvörðun um þetta efni. Mér þóttu þetta furðuleg ummæli en auðvitað verða alþýðusamtökin eins og aðrir að lúta þeim ákvörðunum sem teknar eru á Alþingi og ég tala nú ekki um ef gengið yrði til þess verks við endurskoðun á mannréttindarákvæðum stjórnarskrárinnar að koma í veg fyrir að 73. gr. hennar verði túlkuð á þann veg að brjóta í bága við niðurstöður þeirra sem fjalla sérstaklega um mannréttindi.

Það hefur síðast gerst í þessu máli varðandi umræðurnar um stöðu stéttarfélaganna að mjög róttækar yfirlýsingar voru gefnar um þau málefni á fundi Félags frjálslyndra jafnaðarmanna, ef ég man rétt, ég held ég fari rétt með heiti félagsins, sem efndi til fundar á dögunum um stöðu verkalýðshreyfingarinnar. Þar kom fram í máli manna og hefur vakið athygli í fréttum að það var helst talið standa fyrir þrifum eðlilegri þróun á vinnumarkaði hér hve mikið vald verkalýðshreyfingin hefði. Mér finnst að það eigi ekki að draga deilur um slíkt inn í umræður um mannréttindamálefni. Þótt auðvitað sé hægt að setja þar tengingar á milli þá finnst mér ósanngjarnt að draga sjónarmið af þessu tagi um hlutverk verkalýðshreyfingarinnar og stöðu hennar á vinnumarkaði og afskipti hennar af þróun atvinnu- og launamála inn í umræður um mannréttindamál og að það kunni að spilla fyrir því að mannréttindin nái fram. Engu að síður er þetta athyglisvert sjónarmið sem vakið hefur umræður á almennum vettvangi og lýtur að þessu sama máli: Hvaða hlutverki gegna verkalýðsfélögin? Og er það er svo að þau þurfi að starfa í sérstöku skjóli hér á landi sem menn eru sammála um annars staðar að skuli ekki vera fyrir hendi?

Ég hvet því hæstv. félmrh. eindregið til þess að huga vel að stefnu stjórnvalda í þessu máli. Ég lít þannig á að bréf það sem hæstv. ráðherra ritaði 8. okt. 1992 til framkvæmdastjóra Evrópuráðsins um framkvæmd Íslands á ákvæði 5. gr. félagsmálasáttmála Evrópu sé í andstöðu við þá meginstrauma sem nú leika um Evrópusamstarfið á þessum vettvangi. Ég skora á hæstv. ráðherra að huga að þessum málum í ljósi þeirra breytinga sem eru að verða og hún stuðli að því, ég treysti henni til að stuðla að því, að Ísland sæti ekki ámæli vegna þess að hér hiki menn við að taka ákvarðanir sem miði að því að tryggja sem best mannréttindi og að mannréttindi Íslendinga séu í sem bestu sam-

ræmi við það sem gerist meðal annarra þjóða.

[18:00]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hér varð nokkur umræða um þá skýrslu sem ég hef lagt fram um Alþjóðavinnumálaþingið og að hér sé skipst á skoðunum um atriði sem hafa verið deiluefni um nokkra hríð og snerta þau ákvæði sem hv. síðasti ræðumaður drap helst á um skylduaðild að stéttarfélögum. Ég tel rétt í ljósi orða hans að árétta það að ríkisvaldið hefur ávallt haldið því fram og það er rétt að það eru ekki ákvæði í lögum sem skylda fólk til aðildar að stéttarfélögum. Hins vegar er um forgangsréttarákvæðin að ræða sem sérfræðinganefndin hefur að vísu talið að bryti í bága við ákvæði 5. gr. félagssáttmálans en embættismannanefndin er aftur á móti ekki sammála. Ég tel rétt að árétta það og leggja áherslu á það að forgangsréttarákvæðin hafa komið til í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins og ég tel að þau eigi áfram að lúta slíkum frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins og þau á hvorki að afnema né staðfesta með lögum. Ef alþjóðasamþykktir eða dómar sem Ísland hefur gengist undir ganga gegn slíkum ákvæðum er eðlilegast að aðilar vinnumarkaðarins taki það til eftirbreytni.

Ég vildi þess vegna í ljósi orða síðasta ræðumanns einungis árétta það að stjórnvöld hafa haldið því fram að það séu ekki ákvæði í lögum sem skylda fólk til aðildar að stéttarfélögum. Ágreiningurinn hefur einungis staðið um forgangsréttarákvæðin sem hafa komið til í frjálsum samningum aðila vinnumarkaðarins.

[18:02]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Ég vil taka undir það með hæstv. félmrh. að hér er ekki um lögbundna skyldu til aðildar að stéttarfélögum að ræða heldur er þetta í kjarasamningum. Engu að síður eru gerðar athugasemdir við þetta á þessum vettvangi sem hér er til umræðu. Þeim mun síður skil ég þegar forustumenn í verkalýðshreyfingunni eru að gagnrýna þá sem halda því fram að það beri ótvírætt að hafa skilgreindan rétt í íslenskri löggjöf og í stjórnarskrá fyrir fólk til þess að standa utan félaga. Mér finnst það mjög einkennileg viðbrögð hjá fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar þegar þeir bregðast þannig við þessum sjónarmiðum að þeir leggjast alfarið gegn því. Ef ekki er um lagaskyldu að ræða til að gera slíka samninga, eins og fram hefur komið í máli hæstv. félmrh., er með öllu ástæðulaust fyrir forráðamenn verkalýðshreyfingarinnar að bregðast þannig við hugmyndum um að breyta t.d. 73. gr. stjórnarskrárinnar eða gera aðrar ráðstafanir til að þessi réttur sé ótvíræður að íslenskum lögum eins og um einhverja aðför að verkalýðshreyfingunni sé að ræða.

En því miður hefur þess gætt og ég varpaði því fram að á þessari ráðstefnu sl. sumar kom fram mjög sterk viðvörun, ef ég má orða það svo, frá lögfræðingi Alþýðusambandsins gagnvart Alþingi að ef menn ætluðu eitthvað að fara að hrófla við þessu, þá væri verkalýðshreyfingunni að mæta. Mér finnst að slíkur ótti af hálfu verkalýðshreyfingarinnar sé ástæðulaus því að ég er sammála hæstv. félmrh. um það að löggjafinn hefur í sjálfu sér ekki mælt fyrir um þetta heldur er um ákvæði í kjarasamningum að ræða. Og ég vil taka undir þau hvatningarorð hæstv. félmrh. að aðilar vinnumarkaðarins, sem koma að þessari vinnu á vettvangi Evrópuráðsins, á vettvangi sérfræðinganefndarinnar, hugi vel að sínum málstað í þeim viðræðum og gæti þess vel að rök þeirra stangist ekki á við almennar hugmyndir manna um almenn mannréttindi um alla Evrópu.

Við munum það að á sínum tíma þegar þessi mál voru til umræðu á vettvangi sérfræðinganefndarinnar, ef ég man rétt frekar en embættismannanefndarinnar, þá sá þáv. forseti Alþýðusambandsins og lögfræðingar hans ástæðu til þess að rífa sig upp úr erfiðum viðræðum í launamálum og fljúga með einkavél til Strassborgar til þess að halda fram málstað Alþýðusambandsins fyrir hópi sérfræðinga og til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ég er eindreginn talsmaður þess að þessi frjálsu félagasamtök líti á málefni sín og rök í þessu máli í ljósi þeirrar réttarþróunar sem við höfum gert að umtalsefni og kysi að sjálfsögðu helst að það gerðist í góðri sátt í þjóðfélaginu að breytingar yrðu þannig að við þyrftum ekki að sitja undir ámæli af þessum sökum.

Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði áður. Hér er um málefni að ræða sem er samningsmál en einnig löggjafarmál að því er varðar túlkun á 73. gr. stjórnarskrárinnar eins og vikið hefur verið að og að því málum þurfum við e.t.v. að huga á Alþingi.

Út af dagskrá voru tekin 4.–7. mál.

Fundi slitið kl. 18:07.

98. FUNDUR

mánudaginn 28. febr.,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 217. mál, þskj. 242. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

2. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 393. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

3. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.

Útbýting þingskjala:

Bann dragnótaveiða í Faxaflóa, 434. mál, þáltill. IP o.fl., þskj. 646.

Eignarhlutafélög, 428. mál, stjfrv., þskj. 640.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 429. mál, stjfrv., þskj. 641.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, 431. mál, stjtill., þskj. 643.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, 433. mál, stjtill., þskj. 645.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, 432. mál, stjtill., þskj. 644.

Hlutafélög, 427. mál, stjfrv., þskj. 639.

Löggæsla innan þjóðgarða, 366. mál, svar dómsmrh., þskj. 638.

Neytendalán, 430. mál, stjfrv., þskj. 642.

Sumartími, skipan frídaga og orlof, 435. mál, þáltill. VE o.fl., þskj. 647.

Tollalög, 426. mál, frv. GÁ o.fl., þskj. 636.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 420. mál, frv. StB o.fl., þskj. 629.

Þjóðgarðar, fólkvangar og friðlýst svæði, 340. mál, svar umhvrh., þskj. 632.

Athugasemdir um störf þingsins.

Gerð flugmálaáætlunar.

[15:05]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Á fundi samgn. þann 10. nóv. sl. óskaði ég eftir því við formann samgn. og flugmálastjóra sem þar var staddur að samgn. gæfist kostur á að kynna sér áform flugráðs hvað varðar flugmálaáætlun áður en hún væri sem næst fullmótuð. Síðan hef ég á fundum samgn. ítrekað borið fram þessa ósk án þess að við henni hafi verið orðið.

Nú heyrum við þingmenn og lesum í fréttum að í nýrri flugmálaáætlun sem kynnt er fréttamönnum á undan þingnefnd og þingmönnum sé m.a. ákveðið að leggja niður nokkra flugvelli sem gegnt hafa mikilsverðu þjónustu- og öryggishlutverki árum saman.

Virðulegi forseti. Ég hefði trúlega að öllu eðlilegu átt að biðja um utandagskrárumræðu um þetta mál. En það er erfitt um vik þegar fréttirnar berast þingmönnum aðeins í gegnum fjölmiðla. Annars mun trúlega þó verða óhjákvæmilegt að taka málið upp á þeim vettvangi. Hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn., sagði þegar fréttamaður var að ræða við hann um störf og vinnulag vegna búvörulaga að menn hefðu búið við smákóngaveldi en Alþingi væri nú að styrkja stöðu sína.

Virðulegi forseti. Mér er spurn: Eru vinnubrögð Flugmálastjórnar við gerð flugmálaáætlunar í þeim anda sem breytingar á þingsköpum frá árinu 1991 fólu m.a. í sér, þ.e. það markmið að styrkja stöðu þingnefnda við meðferð mála á Alþingi?

[15:07]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég heyrði ekkert nema þögnina. Var það kannski misskilningur hjá mér að beina fyrirspurn til hæstv. forseta um það hvort þessi vinnubrögð samrýmdust þeim meginmarkmiðum sem sett voru með breytingum á þingsköpum árið 1991 um það að styrkja stöðu þingnefnda? Það var fyrirspurnin. Og úr því að hæstv. forseti svaraði mér ekki þá mundi ég vinsamlegast óska eftir svari við því hvort ég hef ekki verið að tala við réttan aðila.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti leit svo á að hv. þm. væri að beina orðum sínum til þess ráðherra sem fer með þau mál sem hv. þm. var að gera athugasemdir við. En forseti getur tekið undir það að sú breyting sem gerð var hér á sínum tíma á þingsköpum var m.a. gerð til þess að styrkja stöðu þingnefnda.

Ríkisreikningur 1992, frh. 1. umr.

Stjfrv., 217. mál. — Þskj. 242.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, HBl, IBA, ISG, JBH, JVK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 1. umr.

Stjfrv., 294. mál (afskriftareikningur útlána). — Þskj. 393.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, HBl, IBA, ISG, JBH, JVK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Skráning og mat fasteigna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 400. mál (stjórn Fasteignamats ríkisins). — Þskj. 602.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, HBl, IBA, ISG, JBH, JVK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SighB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:11.

---

99. FUNDUR

mánudaginn 28. febr.,
að loknum 98. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til samgönguráðherra:

1. Skráning notaðra skipa, fsp., 309. mál, þskj. 500.
2. Sjálfvirkur sleppibúnaður um borð í skipum, fsp., 374. mál, þskj. 570.
3. Aukin verkefni í pósthúsum, fsp., 386. mál, þskj. 583.
4. Rekstur lóranstöðvarinnar á Gufuskálum, fsp., 387. mál, þskj. 584.

Til landbúnaðarráðherra:

5. Bætur vegna samninga um riðuveiki, fsp., 399. mál, þskj. 601.
6. Héraðsskógar, fsp., 403. mál, þskj. 605.

Til viðskiptaráðherra:

7. Fákeppni og samkeppnishindranir, fsp., 330. mál, þskj. 521.
8. Úttekt á hringamyndun, fsp., 331. mál, þskj. 522.
9. Afurðalánaviðskipti ríkisbankanna, fsp., 393. mál, þskj. 593.

Til utanríkisráðherra:

10. Frísvæði á Suðurnesjum, fsp., 363. mál, þskj. 556.
11. Olíuhöfn varnarliðsins í Hvalfirði, fsp., 383. mál, þskj. 580.

Til félagsmálaráðherra:

12. Atvinnuleysistryggingar, fsp., 364. mál, þskj. 557.

Til dómsmálaráðherra:

13. Barnaklám, fsp., 379. mál, þskj. 575.

Til umhverfisráðherra:

14. Olíuúrgangur, fsp., 381. mál, þskj. 578.
15. Fráveitumál sveitarfélaga, fsp., 395. mál, þskj. 596.

Til heilbrigðisráðherra:

16. Forvarnastarf á sviði áfengis og fíkniefna, fsp., 382. mál, þskj. 579.
17. Varnir gegn útbreiðslu alnæmis, fsp., 394. mál, þskj. 594.
18. Áfengis- og vímuefnavarnir, fsp., 397. mál, þskj. 598.

Til fjármálaráðherra:

19. Eftirlit með pappírslausum viðskiptum, fsp., 384. mál, þskj. 581.
20. Löggilding tölvukerfa, fsp., 385. mál, þskj. 582.

Skráning notaðra skipa.

Fsp. JGS, 309. mál. — Þskj. 500.

[15:12]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fsp. á þskj. 500 sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að hægt verði að skrá þau notuðu skip undir íslenskum fána sem verið er að kaupa til landsins og nota á til úthafsveiða?"

Þessa fsp. lagði ég fram á fyrsta starfsdegi þingsins eftir jólaleyfi. Hún er búin að koma í það minnsta tvisvar á dagskrá en á síðustu stundu hefur ráðherra ekki treyst sér til þess að svara henni en nú er hún komin á dagskrá.

Nú er það svo að menn geta haft deildar meiningar um ágæti þess að kaupa ódýr notuð fiskiskip til úthafsveiða og ég tek ekki afstöðu til þess hér í mínu máli. En það er hins vegar að mínu mati versta staðan sem upp getur komið ef þessi skip verða skráð erlendis og þá líkur á því í framhaldinu að þau verði með erlendri áhöfn og að þau veiðiréttindi sem þau kunna að afla gagnist okkur Íslendingum ekki.

Það hefur margt verið rætt í þessu sambandi, m.a. það að hægt sé að hugsa sér að þessi skip verði skráð í sérstökum flokki og á þann hátt tryggt að þau sigli undir íslenskum fána, verði með íslenskar áhafnir og um borð gildi íslenskar reglur. Mér er kunnugt um það að útgerðaraðilar þessara skipa óska þess helst að svo megi verða.

Mér finnst á stundum núna á síðustu missirum þegar við Íslendingar erum að hasla okkur völl á nýjum sviðum, samanber úthafsveiðarnar í þessu tilfelli, að íslensk stjórnvöld nái ekki að fylgjast með þróuninni og í stað þess að örva á jákvæðan hátt — ég ítreka hér, á jákvæðan hátt þessa starfsemi, þá sé frekar reynt að þvælast fyrir málum.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa fleiri orð um þetta. Hæstv. ráðherra hefur haft fimm vikur til þess að hugsa sig um varðandi svarið þannig að það hlýtur að verða skýrt og ljóst.

[15:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er að vísu aukaatriði en ég minnist þess ekki að ég hafi utan einu sinni óskað eftir því að þessu máli yrði frestað þannig að ég skil ekki alveg hvað hv. þm. var að fara í þeim efnum.

Ég vil jafnframt segja það vegna ummæla hv. þm. að það er ekki nema rétt ár síðan Alþingi samþykkti breytingar á lögum um eftirlit með skipum. Þau lög eru nr. 35/1993 en samkvæmt 2. mgr. 8. gr. þeirra laga má ekki flytja inn fiskiskip sem eldri eru en 15 ára og það var ákvörðun Alþingis að svo skyldi vera og gekk Alþingi þar lengra en samgrn. hafði lagt til.

Mikið framboð er nú á heimsmarkaði af ódýrum, gömlum togurum og hafa ýmsir aðilar á Íslandi sýnt áhuga á kaupum á slíkum skipum fyrst og fremst til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Ýmis rök má færa með og móti því að rýmka núverandi ákvæði. Ákvæðið hefur valdið því að við endurnýjun á íslenska skipaflotanum hefur fram til þessa ekki komið til greina að kaupa aflóga erlend veiðiskip. Ákvæðið hefur því án efa átt sinn þátt í að íslenski fiskiskipaflotinn hefur í alþjóðlegum samanburði staðið sig vel varðandi öryggismál, aðbúnað áhafnar, aðstöðu til góðrar aflameðferðar og beitingu nýjustu veiðitækni.

Að því er úthafsveiðarnar varðar hefur því verið haldið fram að með stækkun úthafsveiðiflotans aukist möguleikar Íslendinga til að bæta sér upp aflabrest á heimamiðum. Margt bendir þó til þess að eins og aflaheimildum innan landhelgi er nú háttað sé þegar til ónotuð afkastageta í íslenska fiskiskipaflotanum til að fullnýta alla þá arðbæru fiskveiðimöguleika sem vitað er um á alþjóðlegu hafsvæði í Norður-Atlantshafi. Fjölgun skipa mundi þar aðeins rýra möguleika þeirra sem fyrir eru. Það má benda á að með því að breyta íslenskri löggjöf nú til að gera mögulega fjölgun íslenskra skipa sem ætluð eru sérstaklega til úthafsveiða sé verið að stigmagna þann ágreining sem uppi er milli Íslendinga annars vegar og Norðmanna og Rússa hins vegar um veiðar í Smugunni. Slíkt er óæskilegt í sjálfu sér og rýrir möguleika til hagfelldrar langtímalausnar á deilunum. Að öllum þeim atriðum metnum verður að teljast næsta hæpið að rétt sé að rýmka skilyrði í lögum um skráningu skipa og heimila skráningu fiskiskipa sem eldri eru en 15 ára.

[15:18]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil láta það koma fram að svo framarlega sem skip er alfarið í íslenskri eigu með íslenskri áhöfn og uppfyllir eðlilegar öryggiskröfur þá tel ég eðlilegt að þau séu tekin á íslenska skipaskrá og sigli undir íslenskum fána. Með því vinnst það að veiðireynsla þeirra sem þau kunna að afla sér við veiðar á fjarlægum hafsvæðum nýtist okkur Íslendingum. Við stöðvum ekkert skipakaup með því að halda þeim undir erlendu flaggi. Reynslan sýnir að menn kaupa skip og flagga skipum út ef þeir fá ekki að hafa þau á íslenskri skipaskrá þannig að röksemd hæstv. samgrh. fannst mér nokkuð langsótt. Ég minni á það að Alþingi hefur að frumkvæði hæstv. samgrh. gengið svo langt að taka skip á skipaskrá sem var sokkið og þar að auki gamalt og lélegt. (**Gripið fram í:** Hvaða skip var það?) Og ég tel að við eigum sem sagt að taka þessi skip á íslenska skipaskrá.

[15:19]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Við erum komnir í töluverða klípu með þessi mál. Það er ekki mjög einfalt að ákveða að það eigi ekki að skrá þau skip á Íslandi sem íslenskir útgerðarmenn eru að kaupa til að gera út á erlend hafsvæði þegar við erum farnir að leyfa skipum sem skráð eru undir hentifánum að athafna sig á Íslandi og landa hér. Ég held að við verðum að gera það upp við okkur hvora leiðina við ætlum að fara. Því miður verð ég að segja það að ég sé ekki annað en að við þurfum að huga alvarlega að því að hverfa frá þeirri ákvörðun okkar að það megi ekki flytja inn eldri skip en 15 ára til þess að við getum boðið Íslending-

um sem gera út á erlend hafsvæði upp á það að skrá hér skip og vera með þau skip undir íslenskum reglu. Ef við ætlum að hafa þetta eins og það er núna þá erum við að bjóða því heim að það verði gerð út hentifánaskip og að við höfum ekkert um það að segja hvers konar reglur eru um aðbúnað eða frágang á þeim skipum í öryggistilliti.

[15:21]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegur forseti. Það er hreyft hér athyglisverðu máli sem vissulega er full ástæða til að gefa betri gaum að, einkum og sér í lagi þegar það er haft í huga að ekki er langt síðan að íslenskt fiskiskip sem hét áður Hjörleifur og er nú komið undir þægindafána var með pólska áhöfn og þar urðu deilur um borð vegna uppgjörsmála. Þá lét ágætur eigandi þess skips sem er Íslendingur hafa það eftir sér að sér þætti miður að hafa ráðið erlenda sjómenn vegna þess að hann sæi muninn á þeim íslensku og erlendu. Hitt er svo annað mál að það er farið að ráða íslenska sjómenn á fiskiskip undir þægindafánum og það er alvarlegur hlutur vegna þess að öryggismálunum er sinnt annars staðar frá en frá Siglingamálastofnun. Þess vegna er það sjálfsagt og eðlilegt að við reynum að gera allt það sem hægt er til þess að koma þessum skipum undir íslenskan fána frekar en að láta þetta ástand vera sem nú er. Það er rétt eins og kom fram hjá síðasta ræðumanni að þegar eru skip undir þægindafánum farin að athafna sig hérlendis þannig að það er eðlilegt að við hugum að þessu máli frekar.

[15:22]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins minna á umræðu sem fór fram fyrir rúmu ári síðan, mig minnir að það hafi verið í janúar í fyrra, að ég stóð hér og deildi við bæði hv. 16. þm. Reykv. og hv. 1. þm. Vestf. sem var raunar varamaður þá og var ekki hv. þm. Matthías Bjarnason. Þá töldu menn hér ekki mikla hættu á ferðum og þetta væri ekki mikið mál. Það er hlálegt að það er eins og það þurfi karlmenn til að segja hlutina til þess að þeir séu teknir alvarlega. Það þýðir næstum ekki fyrir konu á hinu háa Alþingi að tala um svona mál, það tekur enginn mark á því. Þess vegna hlægir mig að hlusta nú á forustumenn sjómannasamtakanna vandræðast yfir þessu máli sem þeir gátu hæglega farið að vinna að fyrir ári síðan hefðu þeir hlustað á konu benda þeim á það.

[15:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er hreyft máli sem þegar hefur komið á dagskrá og verið á dagskrá þessa þings og ég minni á að það liggur tillaga fyrir þinginu að opna fyrir mögulega íslenska skráningu fiskiskipa sem ekki hafa veiðileyfi í innlendri lögsögu. Ég tel að slík skráning, B-skráning fiskiskipa gætum við kallað það, ætti að vera í tveimur flokkum. Annars vegar sá flokkur fiskiskipa sem úreltur er út úr íslenska flotanum og hefur ekki lengur veiðileyfi í innlendri lögsögu en er áfram á íslenskri skipaskrá og svo þá undirflokkur, B-2 eða eitthvað því um líkt, sem væru skip sem keypt eru gagngert til veiða á alþjóðlegum hafsvæðum en tengjast Íslandi og eru gerð út héðan.

Það þarf ekki að tíunda það að það hefur marga kosti í för með sér að ná slíkum skipum inn á íslenska skipaskrá. Það tryggir réttarstöðu og kjör sjómanna. Það tryggir að aflareynslan færist Íslandi til tekna. Það tryggir að öryggismál eru í réttu horfi og eftir íslenskum reglum og það tryggir í fjórða lagi og er það ekki minnst um vert í mínum huga að íslensk yfirvöld hafa möguleika á að hafa áhrif á sókn þeirra skipa og tryggja að þau séu í samræmi við góðar hefðir hvað varðar umgengni við auðlindina.

[15:25]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið og þeim þingmönnum undirtektir sem hér hafa gert athugasemdir. En ég verð að viðurkenna að mér fannst svarið heldur rýrt og miðað við þær aðstæður sem við búum við núna var svarið í þá ætt sem við köllum að stinga höfðinu í sandinn. Það þýðir ekkert að loka augunum og neita að horfast í augu við staðreyndir. Það finnst mér vera að gerast í þessu máli. Hæstv. ráðherra talaði um að það væri verið að flytja inn aflóga erlend fiskiskip. Það eru nokkuð kaldar kveðjur til duglegra athafnamanna á Norðausturlandi sem hafa verið að kaupa skipin núna og eru ekki meira aflóga en það að þau voru endurbyggð í Slippstöðinni á Akureyri árið 1986 og ef ég man rétt var hæstv. ráðherra stjórnarmaður í því fyrirtæki þegar það var gert. Tel ég víst að þar hafi betur verið staðið að hlutum en svo að þau séu orðin aflóga núna sjö árum seinna. Hérna verða menn einfaldlega að horfast í augu við eðli máls en ekki hengja sig í lagakróka og ef þarf að breyta lögum þá verður þeim breytt. Hæstv. ráðherra hikaði ekki við að fara fram á það við Alþingi í fyrra að það samþykkti að inn á skrá væri tekið skip sem var búið að vera í notkun í íslenskri lögsögu og meira að segja sokkið. Þannig að ráðherrann hefur ekkert verið að víla það fyrir sér.

Hæstv. ráðherra nefndi einnig að þau væru næg ónýtt fiskiskip hér núna. Það er nokkuð til í því en vegna þess að ríkisstjórnin kemur engu fram hvað snertir lagabreytingar varðandi fiskveiðistjórnun þá stendur það í íslenskum lögum núna að það er óheimilt að taka af þeim veiðiheimildir og nota þau til úthafsveiða öðruvísi en að skrá þau undir erlendum fána. Þannig er það með þessa blessuðu ríkisstjórn að það er sama hvar er borið niður, það kemst ekkert mál fram sem nauðsynlegt er til þess að bregðast við breyttum aðstæðum.

[15:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ef flett væri upp í þingtíðindum kemur í ljós að andinn var annar í umræðum fyrir ári þegar þessi mál voru til afgreiðslu í þinginu hversu gömul fiskiskip mættu vera sem flutt væru inn til landsins og væri kannski hollt fyrir ýmsa hér að rifja þær umræður upp og kannski fletta því upp líka hvernig viðkomandi alþingismenn hafi greitt atkvæði á þeim tíma um þá lagabreytingu.

Ég vil í annan stað taka fram að það er auðvitað algjörlega út í hött að vera að tala um þann pramma sem fluttur var til landsins, það var erlendur prammi og það er fullkomlega rétt að ég veitti leyfi til þess að hann yrði notaður við framkvæmdir. Ég hygg að það hafi verið vegna skolpræsisgerðar á Reykjavíkursvæðinu og var nauðsynlegt að hafa skip til þeirra hluta til þess að sú framkvæmd gæti náð fram að ganga. Þannig að þar var auðvitað ekki um neitt fiskiskip að ræða, það er algjörlega út í hött, en hitt mun vera rétt að skipið mun hafa sokkið. (Gripið fram í.) Ég hef hins vegar ekki kynnt mér sérstaklega æviskrá þessa skips eða þessa pramma og hef næsta lítinn áhuga á því máli. Aðalatriðið í þessu máli er það að lögum samkvæmt er óheimilt að flytja inn fiskiskip sem er eldra en 15 ára. Rökin fyrir því eru þau að við höfum talið rétt að reyna að halda fiskiskipastólnum í lágmarki og til þess að geta gert það var sú ákvörðun tekin, ég hygg að það hafi verið af Matthíasi Bjarnasyni á árinu 1978, að krefjast þess ef nýtt skip kæmi inn til veiða þá yrði annað úrelt eða selt úr landi. Það er þetta vandamál sem við erum í varðandi fiskiskipin og af þessum sökum eru mörg fiskiskip hér á landi í eigu Íslendinga sjálfra sem ekki hafa fiskveiðiheimildir og við höfum ekki veitt þeim slíkar heimildir. Þar að auki veitum við verulegt opinbert fé til úreldingar á fiskiskipum. Meðan staðan er þannig er auðvitað ekki skynsamlegt að breyta þessum eina þætti sem hér hefur verið til umræðu.

Sjálfvirkur sleppibúnaður um borð í skipum.

Fsp. GHall, 374. mál. — Þskj. 570.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Á umliðnum árum hafa sjóslys hér við land verið þess valdandi að fjölmargir aðilar hafa lagt út í það að útbúa ýmsan búnað til þess að tryggja enn betur öryggi sæfarenda en verið hefur. Það má segja að það hafi gerst líka á árunum áður þegar hinn svokallaði sjálfvirki sleppibúnaður fyrir gúmmíbjörgunarbáta var settur um borð í skip. Þá voru einkum tveir aðilar sem þróuðu þann búnað og virtist mönnum að þarna væri komin nokkuð góð lausn á þann öryggisþátt sem hafði vantað, þ.e. sjálfvirkan sleppibúnað fyrir gúmbáta.

Nú var það svo að nokkur krankleiki kom upp í þessum búnaði og sýndist þar mönnum sitthvað um og fannst mönnum að það öryggi sem menn töldu að væri með þessum sjálfvirka sleppibúnaði væri ekki eins og sýndist. Það leiddi hins vegar til þess, eins og kemur fram í minni fsp. til samgrh., að ákveðið var að Iðntæknistofnun mundi taka þennan sjálfvirka sleppibúnað til frekari athugunar sem var þá framleiddur bæði í Vestmannaeyjum og hér suður með sjó. Það voru tvenns konar tegundir, annars vegar svokallaður Ólsenbúnaður og Sigmundsbúnaður.

Það gerðist 1988 að Iðntæknistofnun tók þennan öryggisbúnað til skoðunar og vita menn ekki frekar hvað eiginlega dvelur orminn langa í þessari athugun í svo mikilvægu öryggismáli sem þessi sjálfvirki sleppibúnaður er. Eitthvað hefur þó heyrst um það að Siglingamálastofnun hafi enn fremur tekið þennan búnað til skoðunar, fengið líka niðurstöður Iðntæknistofnunar og smíðað reglugerð í framhaldi af því. Þess vegna tel ég að það sé mjög nauðsynlegt að fá svar frá samgrh. hvað líði þessu brýna öryggismáli sjómanna.

[15:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Árið 1988 vann Iðntæknistofnun að prófun á þeim sjálfvirka sleppibúnaði sem samþykktur hafði verið í skipum. Þetta voru Ólsen- og Sigmundsbúnaður. Niðurstaða prófunarinnar var m.a. sú að hvorugur búnaðurinn fullnægði þeim kröfum sem gerðar voru samkvæmt reglugerð um björgunar- og öryggisbúnað skipa. Þegar þetta var ljóst ákváðu stjórnvöld að endurskoða reglur um björgunar- og öryggisbúnað skipa og þar á meðal reglur um sjósetningar- og sleppibúnað. Sú endurskoðun fór fram í nánu samráði við hagsmunaaðila. Samvæmt nýju reglunum er kröfum til sleppibúnaðar breytt þannig að búnaður sem til er í landinu fullnægir þeim.

Þá er spurt hvenær von sé á nýrri reglugerð um þetta brýna öryggismál sjómanna. Því er til að svara að undirbúningur nýrrar reglugerðar um björgunar- og öryggisbúnað skipa er á lokastigi og ég get því ekki séð að neitt eigi að vera því til fyrirstöðu að hún verði gefin út innan skamms.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Guðmundur Hallvarðsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. svarið. Það er gott svo langt sem það nær en aðeins í framhaldi af því líka þá er líklega komið á annað ár síðan ég spurðist jafnframt fyrir um reglugerð varðandi aðbúnað og hollustuhætti í vistarverum áhafna fiskiskipa og um reglur um lyfjakistu. Í því svari fólst þá líka að ekki liði á löngu þar til reglugerð um þessi mál kæmi. Ég vona að það sé svo sem ráðherra segir að ekki innan langs tíma verði gefin út reglugerð varðandi sjálfvirkan sleppibúnað gúmmíbjörgunarbáta um borð í skipum.

Bætur vegna samninga um riðuveiki.

Fsp. HG, 399. mál. — Þskj. 601.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 601 ber ég fram til hæstv. landbrh. fsp. um bætur vegna samninga um riðuveiki 1980–1985. Fyrirspurnin er svohljóðandi:

„1. Getur landbúnaðarráðherra upplýst hvort þeir ábúendur á lögbýlum, sem förguðu sauðfé eða misstu stóran hluta bústofns á árunum 1980–1985 af völdum riðuveiki, hafi sætt öðrum og verri kjörum en síðar varð?

2. Um hversu mörg tilvik af slíku tagi er ráðuneytinu kunnugt?

3. Er þess að vænta að landbúnaðarráðuneytið styðji einstaka bændur sem kunna að hafa farið illa út úr samningagerð á þessum árum til að ná rétti sínum?"

Tilefni þessarar fsp. eru kvartanir sem fram hafa verið bornar, m.a. við þann sem hér talar, um það að misjafnlega hafi verið haldið á þessum málum milli ára á nefndu tímabili og fyrirmæli og ákvarðanir af hálfu landbrn. og hlutaðeigandi stjórnvalda hafi verið mismunandi og óskýr þannig að bændur áttu erfitt með á þessum tíma að átta sig á því í rauninni hver var réttur þeirra. Það virðist svo sem að á þessum tíma hafi verið haldið misjafnlega á málum, jafnvel milli einstakra ára. Ég þekki dæmi um ábúanda sem engar bætur fékk og var ekki ljós neinn réttur í því máli og þegar málið var upp tekið af hálfu hans með millgöngu héraðsdýralæknis þá voru þau svör fram reidd að hann hefði engan rétt í þessu máli, það væri ekkert fyrir hann hægt að gera. Nágranni hans hafði áður fengið bætur, að vísu voru bætur á þessum tíma lakari en síðar varð, hálfar skattmatsbætur eða svo, en það er fyrst upp úr 1987 sem nokkuð fastar reglur fara að gilda um þessi efni og telja verður að sæmilega hafi verið skipt við bændur sem þurftu að farga bústofni sínum vegna riðuveiki eftir þann tíma.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra geti varpað ljósi á þessi mál og um hversu mörg tilvik landbrn. er kunnugt og alveg sérstaklega hvort ráðuneytið væri reiðubúið til þess að fara ofan í þessum mál með jákvæðum hætti til þess að fá úr því skorið hvort ekki sé réttmætt að veita þeim úrlausn sem illa fóru út úr málum vegna óskýrrar stöðu sinnar á þessu tímabili.

[15:38]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrstu tvær spurningarnar eru þess eðlis að rétt er að svara þeim samtímis. Spurt er hvort landbrh. geti upplýst hvort þeir ábúendur á lögbýlum sem förguðu sauðfé eða misstu stóran hluta bústofns á árunum 1980–1985 af völdum riðuveiki hafi sætt öðrum og verri kjörum en síðar varð og um hversu mörg tilvik af slíku tagi ráðuneytinu sé kunnugt.

Það virðist rétt að flokka framangreinda aðila í þrjá hópa. Í fyrsta hópi eru aðilar sem staðið höfðu að fjárskiptaaðgerðum á vegum Sauðfjárveikivarna á árunum 1980–1985. Hér er um að ræða aðila á rúmlega 70 lögbýlum og þeim var ákvarðaður fullvirðisréttur þegar þeir hófu framleiðslu að nýju eftir reglum sem landbrn. staðfesti að fengnum tillögum Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Þessar reglur voru í heild rýmri en aðrir framleiðendur bjuggu við, m.a. til að leiðrétta það tjón sem bændur höfðu búið við vegna sjúkdómsins. Almennt má segja að viðkomandi aðilar hafi unað þessum úrskurði þar sem sáralítið var um athugasemdir vegna ákvörðunar á fullvirðisrétti þeirra og mun minni en hjá almennum framleiðendum.

Í öðrum hópnum eru þeir sem bjuggu við riðu í fjárstofni sínum á viðmiðunarárum fullvirðisréttar 1984 og 1985 en niðurskurður var framkvæmdur á árinu 1986 eða síðar. Hér er vafalítið um allstóran hóp framleiðenda að ræða en hins vegar engin skýrslugerð til sem skilgreinir þennan hóp. Þessir aðilar fengu fullvirðisrétt ákvarðaðan árið 1986 hliðstætt og allir aðrir reglulegir sauðfjárbændur. Leiðréttingar á þeim almennu úthlutunum voru samkvæmt reglugerð á vegum búnaðarsambandanna úr potti sem til þess var myndaður. Í þessu sambandi er vert að geta þess að pottur þessi var ákaflega takmarkaður eða 3% af heildarrétti og svigrúm sambandanna til leiðréttinga því lítið. Riðuveikin var auk þess staðbundin þannig að leiðréttingar hafa komið misjafnt niður eftir svæðum. Ekki eru tiltækar neinar upplýsingar sem gera mögulegt að meta áhrif af umræddu tjóni og að hve stórum hluta það hafi verið bætt á einstökum svæðum.

Í þriðja hópnum eru aðilar sem skáru niður fjárstofn sinn á árunum 1980–1985 án samningagerðar við Sauðfjárveikivarnir. Nokkuð mun hafa verið um slíkt en með öllu ógerlegt að fá yfirlit um það þar sem um einstaklingsbundna framkvæmd var að ræða án samráðs við opinbera aðila. Í allmörgum tilvika munu hafa fylgt margvíslegar búháttabreytingar. Nokkrir aðilar sem stóðu að slíkum niðurskurði hafa leitað til landbrn. og/eða Framleiðsluráðs landbúnaðarins til leiðréttingar á framleiðsluréttarmálum sínum. Slík mál hafa fengið jákvæða umfjöllun.

Eins og sjá má af þessu hefur ekki verið fylgt sömu reglu alla tíð hvað varðar bætur fyrir niðurskurð sauðfjár. Það má einnig minna á að á fyrstu árunum var ekki neitt sérstakt fjármagn til ráðstöfunar í þessar aðgerðir. Árið 1987 var ákveðið að gera tilraun til að útrýma riðuveiki í landinu og veitt til þess fjármagn á fjárlögum. Á það skal einnig bent að liðin eru 13 ár frá því fyrstu bætur voru greiddar og allur samanburður því erfiður, en allar bætur hafa verið greiddar eftir gildandi samningum á hverjum tíma. Til að skýra málið enn frekar skal eftirfarandi upplýst:

Bæturnar voru miðaðar við skattmat sauðfjár sem ákveðið var af ríkisskattstjóra og voru slíkir samningar gerðir við ábúendur á 46 lögbýlum. Þar sem skorið var niður í heilu sveitarfélagi, Barðastrandarhreppi, á samtals 21 lögbýli og öðrum jaðarsvæðum á samtals átta lögbýlum voru greiddar afurðatjónsbætur. Þær bætur voru miðaðar við 65% af frálagsverði 15 kílóa dilks samkvæmt verðlagsgrundvelli fyrir hverja vetrarfóðraða kind fyrsta og annað fjárleysisárið en 45% fyrir þriðja fjárleysisárið. Á árunum 1987 til haustsins 1993 voru afurðatjónsbætur greiddar eftir sömu reglum og hér að ofan nema fjárleysistíminn var styttur í tvö ár frá 1990. Á árinu 1986 gerði Framleiðnisjóður landbúnaðarins fjöldasamninga við bændur um leigu fullvirðisréttar og tveggja til þriggja ára fjárleysi. Leigan var miðuð við 5.600 kr. á ærgildi. Frá haustinu 1993 miðast afurðatjónsbætur við greiðslumark á því lögbýli þar sem niðurskurður fer fram.

Svarið við síðustu spurningunni er svohljóðandi: Ráðuneytið hefur ekki í hyggju að gera sérstakan samanburð milli einstaklinga né bera saman bætur til þeirra eftir því á hvaða ári niðurskurður fór fram hjá þeim. Ítrekað skal að allur slíkur samanburður, sem spannar þrettán ára tímabil aftur í tímann, er illmögulegur og

jafnframt skal endurtekið að allar bætur voru greiddar eftir gildandi samningum á hverjum tíma.

[15:44]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hefur verið nokkur losarabragur á þessum samningum í gegnum tíðina. Það hafa verið gerðir mismunandi samningar við einstaka bændur, ekki eftir neinni staðlaðri forskrift eða a.m.k. ekki augljósri staðlaðri forskrift. Einhver mál munu vera fyrir dómi þar sem menn hafa ekki viljað una þeim bótum sem í boði voru og talið að um eignaupptöku væri að ræða. Nú hefur hins vegar verið sett reglugerð og þessi reglugerð er miklu þrengri heldur en samningar hafa verið undanfarið. Mér er kunnugt um einn bónda sem búinn er að lenda í því að skera þrisvar niður og nú stendur honum til boða miklu lakari samningur heldur en þeir sem hann hefur búið við fyrr. Það er svo sem gott og blessað að allir sitji við sama borð í þessu efni en það verður að varast að skera svo niður bótaréttinn að menn fari að leyna riðuveikinni eða að reyna að komast hjá því að skera niður. Það má ekki til þess koma.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir svörin en ég er ekki hress með undirtektirnar að því er varðar svar við 3. lið þar sem ég skildi það sem höfnun af hálfu hæstv. ráðherra og ráðuneytis hans við því að fara yfir þessi mál heildstætt. Ég hafði ekki farið fram á það eða ætlast til þess að það væri gert yfir þrettán ára tímabil heldur fyrst og fremst yfir þessi fyrstu ár þegar meðferð mála var mjög mismunandi og breytileg frá ári til árs og afar erfitt fyrir viðkomandi bændur að átta sig í raun á réttarstöðu sinni.

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra — ítreka spurningu til hans — hvort hann væri ekki reiðubúinn til að líta á þetta tímabil sérstaklega. Og ef ekki er ráðrúm til heildstæðrar endurskoðunar þá a.m.k. að ráðuneytið sé reiðubúið til að líta á mál sem fram væru borin af einstökum bændum sem teldu sig hafa verið órétti beitta á þessu tímabili eða ekki getað leitað réttar síns vegna þess að þeir vissu í rauninni ekki hver rétturinn væri. Hvort ráðuneytið væri ekki reiðubúið að líta með velvilja á slík einstök tilvik ef menn ekki telja sig í stakk búna til að fara yfir málið í heild og draga einhverja almenna reglu um þessi mál.

Ég vil nefna það að stjórn Búnaðarsambands Austurlands, sem hefur fengið dæmi um þessi efni, hefur reynt í einhverjum tilvikum að leita réttar í gegnum málaferli með ærnum tilkostnaði og telur sig eiga mjög örðugt með að vera að sækja þessi mál eftir dómstólaleiðinni vegna kostnaðar og vegna þess hvað um breytileg tilvik er að ræða á hverjum tíma. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra veiti úrlausn við þessari ítrekun minni og fyrirspurn um þetta því hér er sannarlega um réttlætismál gagnvart þegnunum að ræða sem í hlut eiga.

[15:47]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að á þessum tíma og á öllum níunda áratugnum og raunar lengur var mikil — ég veit ekki hvort ég á að segja ringulreið eða mjög breytilegar reglur um framleiðslurétt bænda frá einum tíma til annars og auðvelt að benda á einstök dæmi þess að einstakir bændur hafi farið illa út úr þeim breytingum sem gerðar hafa verið á þessum árum á framleiðslurétti frá einum tíma til annars og við vitum raunar sorgleg dæmi um það að bændur hafa nánast orðið fyrir eignaupptöku af þessum sökum.

Ég vil á hinn bóginn ítreka það sem ég sagði áðan. Ég veit ekki betur en að á hverjum tíma hafi bændur fengið greiðslur samkvæmt gildandi samningum. Það er ekki á fjárlögum gert ráð fyrir neinum sérstökum fjármunum í þessu skyni en á hinn bóginn færist ég ekki undan því að sérstök mál séu athuguð ef upp koma og auðvitað er landbrn. reiðubúið til að ræða þessi mál við Búnaðarsamband Austurlands.

Aukin verkefni í pósthúsum.

Fsp. StB, 386. mál. — Þskj. 583.

[15:49]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 583 hef ég leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. um aukin verkefni póstþjónustunnar.

Fyrirspurnin er borin fram hér á Alþingi til að draga fram þá möguleika sem póstþjónustan kann að hafa. Nú þegar allra leiða er leitað til að styrkja byggðina í landinu er nauðsynlegt að skoða þá kosti sem fyrir hendi eru til að halda úti eðlilegri og góðri þjónustu án þess að of miklu sé til kostað. Á það bæði við um daglegan rekstur stofnana og ekki síður kostnað við húsnæði og þann búnað sem hver stofnun, stór og smá, þarf að ráða yfir.

Póstþjónustan hefur verið byggð upp um allt land. Starfsfólk hennar nýtur trausts og er þjálfað við meðferð verðmætra skjala auk afgreiðslu og margs konar þjónustu á sviði fjármálaumsýslu. Það mætti því ætla að samstarf gæti verið á milli póstþjónustunnar og banka og sparisjóða. Með því mætti fækka bankaútibúum og spara í rekstri bankanna en gera póstþjónustuna hagkvæmari. Til þess að fá fram afstöðu hæstv. samgrh. og póstþjónustunnar í landinu til þessa spyr ég hæstv. samgrh.:

„Hefur verið kannað hvort auka megi hagkvæmni póstþjónustunnar með því að fela henni að sinna frekari opinberri þjónustu í pósthúsum landsins, t.d. með samstarfi við banka og sparisjóði?"

[15:51]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Fyrir því er löng hefð að póstþjónustan taki að sér með sérstökum samningum eða henni sé með lögum falin verkefni sem ekki geta í strangasta skilningi talist til almennrar og venjulegrar póstþjónustu. Ástæður þessa eru fyrst og fremst þær að vart hefur nokkurt fyrirtæki eða stofnun, hvort heldur

opinber eða einkarekin, yfir svo þéttriðnu, víðtæku og samhæfðu þjónustu- og afgreiðslukerfi að ráða. Á Íslandi eru nú 93 pósthús með sjálfstæða reikningsfærslu, 27 svonefndar bréfhirðingar sem eru nokkurs konar útibú hinna fyrrnefndu og á annað hundrað landpósta í dreifbýli, en þeir eru í reynd akandi pósthús sem veita í stórum dráttum sömu þjónustu og er að fá á pósthúsum. Pósthúsin eru eins og gefur að skilja misstór hvað viðskiptaleg umsvif varðar og starfsmannahald. Einnig fer afgreiðslutíminn að sjálfsögðu eftir aðstæðum hverju sinni. Ljóst er að til þess að auðið sé að halda uppi svo viðamiklu kerfi pósthúsa og þar með virkri og góðri póstþjónustu fyrir landsmenn alla verður að búa svo um hnútana að rekstrargrundvöllur sé viðunandi. Af hálfu Póst- og símamálastofnunar hefur því einskis verið látið ófreistað til að skapa aukin verkefni fyrir pósthús landsins. Markvisst hefur verið unnið að því að bæta gæði póstþjónustunnar ekki síst með bættu skipulagi póstflutninga og hefur það með öðru leitt til aukinna viðskipta.

Fleira mætti telja. Á pósthúsum fara nú fram nýskráningar og umskráningar bifreiða og þar hafa verið seld spariskírteini og skuldabréf. Nokkuð er síðan pósthús landsins tengdust um gagnaflutningsnet Pósts og síma og brátt verður tölvuvæddur afgreiðslubúnaður hliðstæður því sem gerist í bönkum landsins kominn til sögunnar á svo til öllum pósthúsum. Það mun gera pósthúsunum enn frekar kleift að taka við auknum verkefnum ekki síst fyrir hið opinbera, svo sem útgáfu hvers konar vottorða fyrir sýslumenn og sveitarstjórnir en einnig t.d. sölu aðgöngumiða, farseðla o.s.frv.

Samkvæmt sérstökum samstarfssamningi frá 1971 hefur verið samstarf milli Póst- og símamálastofnunar og banka og sparisjóða um rekstur sameiginlegrar gíróþjónustu. Með þessu samstarfi má segja að á pósthúsum sé bankaþjónusta að nokkru innt af hendi þar sem fyrir tilstilli hins sameiginlega gírókerfis er unnt að framkvæma innborganir á bankareikninga. Frekari þjónusta í samstarfi við banka og sparisjóði kemur að dómi Pósts- og símamálastofnunar vel til greina og má í því sambandi upplýsa að viðræður um slíkt hafa nú um alllangt skeið farið fram. Svo framarlega sem um eðlilegan samstarfsgrundvöll semst eru engin vandkvæði á því af hálfu Póst- og símamálastofnunar að ganga til slíks samstarfs. Á pósthúsunum er nauðsynlegur búnaður fyrir hendi og starfsfólk póstþjónustunnar vel þjálfað í hvers konar fjármunaumsýslu.

Það verður hins vegar því miður að taka fram að af einhverjum ástæðum hefur pósthúsum verið meinað að tengjast Reiknistofu bankanna beint sem hefur í för með sér að ekki er hægt vegna dráttarvaxtaútreiknings að taka við innborgunum vegna afborgana af lánum ef komið er fram yfir gjalddaga og ekki heldur að koma við samtímabókun á bankatékkum, en það þýðir að tékkar innleystir á pósthúsum lenda oft aftast í röðinni við uppgjör í lok vinnudags.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. samgrh. fyrir ítarlegt svar við þeirri fsp. sem ég bar upp. Í svari hæstv. ráðherra kom mjög greinilega fram að pósthús landsins ættu að geta bætt við sig þjónustu. Þar er öll þekking til staðar og þar er búnaður. Ég fagna því að hér sé upplýst að þessir möguleikar eru fyrir hendi.

Ég fagna því að það skuli eiga sér stað viðræður á milli banka og póstþjónustunnar um hugsanlegt aukið samstarf og ég vil eindregið hvetja hæstv. samgrh. til að beita sér fyrir því að þarna náist niðurstaða, það náist samkomulag á milli banka og sparisjóða annars vegar og póstþjónustunnar hins vegar um það að pósthúsin geti t.d. tengst Reiknistofu bankanna þannig að þau geti alveg á sama hátt og bankaútibúin veitt viðskiptamönnum sínum þá þjónustu sem þar er um að ræða, bæði með móttöku á greiðslu og móttöku í sambandi við tékkaviðskipti.

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka þakkir til hæstv. samgrh. Þetta svar hvetur mig til þess að skoða þetta mál enn frekar og kanna hvaða möguleikar geta verið fyrir okkur hv. þm. að stuðla að því að póstþjónustan taki að sér aukin verkefni.

Rekstur lóranstöðvarinnar á Gufuskálum.

Fsp. StB, 387. mál. — Þskj. 584.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 584 leyfi ég mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. samgrh. um rekstur lóranstöðvarinnar á Gufuskálum.

Að undanförnu hefur komið fram mikil óánægja meðal sjómanna vegna áforma um að hætta rekstri lóranstöðvarinnar á Gufuskálum á Snæfellsnesi. Lóran C kerfið hefur um 30 ára skeið þjónað sjófarendum hér við land og er svo komið að fiskiskip við landið nota nær eingöngu lórankerfið, lórantölur, til að staðsetja skipin á fiskimiðunum. Eftir upplýsingum frá Vita- og hafnamálastofnun hafa Danir, Frakkar, Þjóðverjar, Írar, Hollendingar og Norðmenn ákveðið að byggja upp lórankerfi á því svæði sem það nær til á grunni þess gamla kerfis sem Bandaríkjamenn hafa rekið, þ.e. lóran C kerfisins. Þær þjóðir hafa því komist að þeirri niðurstöðu að nauðsynlegt sé að halda úti lórankerfinu til þess að gæta ýtrasta öryggis fyrir flug og siglingar. Fiskiþing hefur ályktað um þetta mál og lagt áherslu á að lóran C kerfið verði rekið áfram til að tryggja fiskiskipaflotanum fullnægjandi þjónustu og nægjanlegt öryggi. Sjómenn hafa lýst miklum áhyggjum sínum ef lórankerfið verður lagt af og hafa gert grein fyrir því að útgerðir yrðu að leggja í verulegan kostnað til að koma upp nýjum búnaði í skipum sínum til þess að geta nýtt sér hið nýja kerfi, GPS kerfið, sem gert er ráð fyrir að taka upp.

Þá er sú hlið sem snýr að starfsmönnum lóranstöðvarinnar, en starfsmenn hennar hafa ekki enn þá fengið neinar upplýsingar um það hvenær þeir eigi að hætta störfum ef lóranstöðin verður lögð niður. Hins vegar hefur borist bréf frá utanrrn. til heilbrigðisyfir-

valda og sveitarstjórnar í Neshreppi utan Ennis þess efnis að óskað er eftir upplýsingum um það hvar megi urða það sem þyrfti að urða ef svæðið yrði lagt niður og öll hús og mannvirki brotin til jarðar, eins og gert er ráð fyrir þegar Bandaríkjamenn skilja við þau svæði sem þeir hafa fengið afnot af hér á landi.

Það er alveg ljóst að á Gufuskálum eru mikil verðmæti bæði í byggingum og öðrum mannvirkjum og að mati flestra algerlega óforsvaranlegt annað en að nýta þessar byggingar, bæði íbúðarhús og önnur mannvirki, ef lóranstöðin verður lögð niður.

Svo óvissu um þetta mál linni og til þess að fá fram öll rök í málinu hef ég leyft mér, virðulegi forseti, að bera fram fsp. til hæstv. samgrh. í sex liðum:

1. Hefur verið tekin ákvörðun um að loka lóranstöðinni á Gufuskálum?

2. Hvernig hyggst ráðherra tryggja sjófarendum þá þjónustu sem lóran C staðsetningarkerfið hefur veitt?

3. Hvaða svæði innan fiskveiðilögsögunnar verða utan sendinga lóran C kerfisins eftir lokun stöðvarinnar á Gufuskálum?

4. Hvaða aðgang hafa Íslendingar að GPS-staðsetningarkerfinu nú og hvernig verður því háttað í framtíðinni? Liggja fyrir samningar um afnot af GPS-kerfinu?

5. Hver er talinn kostnaður skipa af búnaði fyrir GPS-kerfið?

6. Með hvaða hætti munu mannvirki og búnaður lóranstöðvarinnar á Gufuskálum verða nýtt ef stöðin verður lögð niður?

[16:00]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er í fyrsta lagi: Hefur verið tekin ákvörðun um að loka lóranstöðinni á Gufuskálum?

Svar: Já, íslensk stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að halda ekki áfram rekstri lóranstöðvarinnar þar þegar Bandaríkjamenn hætta fjármögnun hennar í árslok 1994.

Í öðru lagi: Hvernig hyggst ráðherra tryggja sjófarendum þá þjónustu sem lóran C staðsetningarkerfið hefur veitt?

Svar: GPS-kerfið mun veita þá þjónustu sem lóran C kerfið hefur veitt. Til þess að auka nákvæmni GPS-kerfisins verða reistar leiðréttingarstöðvar um land allt. Uppbyggingu þeirra verður lokið í árslok 1994.

Í þriðja lagi: Hvaða svæði innan fiskveiðilögsögunnar verða utan sendinga lóran C kerfisins eftir lokun stöðvarinnar á Gufuskálum?

Svar: Ákveðin svæði við Vestfirði og Snæfellsnes verða utan við þjónustusvæði lóran C eins og fram kemur á korti sem ég mun afhenda fyrirspyrjanda.

Í fjórða lagi: Hvaða aðgang hafa Íslendingar að GPS-staðsetningarkerfinu nú og hvernig verður því háttað í framtíðinni? Liggja fyrir samningar um afnot af GPS-kerfinu?

Svar: Bandarísk stjórnvöld hafa lýst GPS-kerfið opið almenningi til notkunar. Þau hafa einnig lýst því yfir að almenningur fái stöðugan ókeypis aðgang að GPS-kerfinu a.m.k. til ársins 2003. Enn fremur að tilkynnt verði með sex ára fyrirvara verði þeirri tilhögun breytt. Nákvæmni hins almenna hluta kerfisins er innan 100 m.

NATO hefur samið við Bandaríkin um aðgang að GPS-kerfinu til ársins 2016.

Í fimmta lagi: Hver er talinn kostnaður skipa af búnaði fyrir GPS-kerfið?

Svar: Verð búnaðar sem ætlaður er til almennra nota er 70–250 þús. kr. með virðisaukaskatti. Verðið fer eftir gæðum og umfangi búnaðarins. Öll tækin skila þó staðsetningarnákvæmni innan 100 m. Við fisveiðar er stundum krafist meiri nákvæmni en sem nemur 100 m, þess vegna er nú verið að setja upp leiðréttingarkerfi fyrir GPS. Leiðréttingar verða sendar frá sex vitum og munu ná a.m.k. 170 mílur til hafs. Þegar hafa verið settar upp fjórar sendistöðvar en allar sex verða komnar upp seinni hluta ársins. Með leiðréttingarkerfinu verður nákvæmnin innan við 5 m. Verð fyrir viðbótarbúnað sem þarf til viðtöku leiðréttinganna er 60–250 þús. kr. með virðisaukaskatti fyrir hvert skip.

Í sjötta og síðasta lagi: Með hvaða hætti munu mannvirki og búnaður lóranstöðvarinnar á Gufuskálum verða nýtt ef stöðin verður lögð niður?

Svar: Ekki hefur verið tekin ákvörðun um nýtingu búnaðar og mannvirkja á Gufuskálum að svo stöddu.

[16:04]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir fyrirspurnirnar. Varðandi þetta mál ætla ég ekki að halda því fram að ekki sé rétt að taka í notkun það nýja kerfi, GPS-kerfi, sem um er rætt. En ég velti því fyrir mér hvort ekki sé ástæða til að skoða það að viðhalda lóran C kerfinu sem varakerfi eins og er verið að gera í fjölmörgum nágrannalöndum okkar þar sem lóran C kerfið er hugsað sem varakerfi.

Í öðru lagi vil ég vekja sérstaka athygli á því að það er verið að ræða um að leggja niður störf 10 manna sem eru fyrirvinnur jafnmargra fjölskyldna sem er samsvarandi og lögð væru niður störf 3.000 manna í Reykjavík. Ég hygg að þá yrði rekið upp ramakvein. Ég tel að svo mikil félagsleg röskun felist í þessu að ég spyr hæstv. ráðherra: Hefur eitthvað verið gert varðandi þetta mál og í öðru lagi hvað með tekjumissi sveitarfélagsins?

[16:05]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir að hreyfa þessu máli. Ég hef efasemdir um að það sé skynsamlegt að loka lóranstöðinni á Gufuskálum. Staðreyndin er að aðrar þjóðir sem hafa verið að taka upp GPS-kerfið ætla flestar ef ekki allar að halda áfram að reka lóranstöðvar, þar á meðal Bandaríkjamenn sjálfir. Helsta vandamál notenda GPS er að ef Bandaríkjamenn lenda í stríðsrekstri þá munu þeir trufla sendingar þannig að nákvæmni kerfisins stórminnkar. Þess vegna ætla aðrar Evrópuþjóðir og Bandaríkjamenn sjálfir að halda áfram að reka sínar lóranstöðvar samhliða GPS.

Að mati stjórnenda lóranstöðvarinnar á Gufuskál-

um er hægt að reka stöðina áfram í fimm til sex ár með óbreyttum tækjum. Með því að minnka öryggi sendinganna nokkuð, sem er óhætt ef lóransendingar eru samhliða GPS, nokkurs konar varastöð fyrir GPS, þá gæti rekstrarkostnaður orðið 30–40 millj. á ári. Þegar það virðist blasa við að settar verði 200–300 millj. kr. í að jafna mannvirkin á Gufuskálum við jörðu, eins og nú liggur fyrir, þá tel ég að það eigi að reyna að ná samningum við Bandaríkjamenn um að reka stöðina í nokkur ár í viðbót, t.d. til aldamóta, og að Íslendingar taki þá við mannvirkjum og tækjum á Gufuskálum án skuldbindinga fyrir Bandaríkjamenn.

[16:07]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Vesturl. fyrir að hreyfa þessu máli hér á hv. Alþingi. Ég tel að það hafi verið ærin ástæða til. Ég hef orðið var við það hjá sjómönnum að þeir hafa áhyggjur af því að lóran C kerfið verði lagt niður bæði vegna þess að GPS-kerfið sé hvergi nærri nógu öruggt og ekki síður vegna þess að þær upplýsingar sem þeir geyma í fórum sínum um veiðislóðir sem þeir leita á er þeir róa á miðin eru allar samkvæmt lórankerfinu og því getur það valdið þeim erfiðleikum við fiskveiðar ef þeir þurfa að skipta yfir í nýtt kerfi með stuttum fyrirvara eins og nú er.

Ég þakka hv. 5. þm. Vesturl. fyrir þá hugmynd sem hann kom fram með í umræðunum hér rétt á undan og tek undir hana og hvet hæstv. samgrh. til að athuga hvort ekki sé hægt að taka upp þann kost.

[16:08]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær ábendingar sem hér hafa komið. Hér hefur komið fram að það er engin þjóð í Evrópu sem treystir eingöngu á GPS-kerfið og ég vil spyrja hæstv. samgrh.: Hvernig stendur á því að við, fiskveiðiþjóðin Íslendingar, erum eina þjóðin sem ætlar að treysta eingöngu á þetta kerfi? Ég vil líka spyrja hvað sé hugsað að gera við þau mannvirki sem eru á Gufuskálum. Það hefur verið um það rætt að jafna þau við jörðu. Þar eru tvær blokkir, nokkur einbýlishús og atvinnuhúsnæði. Mér finnst það liggja beinast við, ef svo fer að lóranstöðin verður lögð niður sem slík sem hefur komið fram hjá hæstv. samgrh. að verði gert, að tekin verði ákvörðun um að þessi hús verði þarna áfram en ekki rutt í burtu. Það er makalaust að nokkrum skuli detta í hug að leggja jafnvel hundruð milljóna í það að rústa þessum dýrmætu húsum og eignum.

[16:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er flest komið fram sem ég tel að þyrfti að koma fram í þessari umræðu. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hafa borið hana fram en það er eitt sem mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra um. Var sú hugmynd sem starfsmenn lóranstöðvarinnar á Gufuskálum hafa sett fram um að leiðréttingarmerki fyrir GPS-kerfið yrðu send út frá stöðinni nægilega vel skoðuð áður en þessar ákvarðanir voru teknar? Þeir fullyrða að þannig hefði verið hægt að komast hjá þeim kostnaði sem verið er að leggja út í við að setja upp leiðréttingarmöstur allt í kringum landið til að leiðrétta þennan búnað. Var þessi hugmynd nægilega vel skoðuð í samhengi við þessar lausnir áður en þessi ákvörðunvar tekin?

Ég verð að segja að það er í sjálfu sér hlálegt að við sitjum uppi með að lórankerfið verður notað allt í kringum okkur og meira að segja í kringum Ísland nema bara fyrir Vesturlandi. Það þarf kannski að skoða þessi mál dálítið betur áður en endanlegar ákvarðanir verða teknar.

[16:11]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin sem hann gaf við fsp. minni.

Samkvæmt svörum ráðherrans liggur það fyrir að stjórnvöld hafa tekið ákvörðun um að halda ekki áfram rekstri lóranstöðvarinnar. Hins vegar er á það að líta að samkvæmt svari hæstv. ráðherra má búast við því að öll stóru fiskiskipin sem sigla við landið muni væntanlega þurfa fullkomnasta búnaðinn til þess að geta nýtt sér GPS-kerfið og samkvæmt upplýsingum ráðherrans kostar það 500 þús. á hvert fiskiskip að geta nýtt sér þetta kerfi.

Það kom einnig fram hjá hæstv. ráðherra að það er engin trygging fyrir því að við höfum ókeypis aðgang að GPS-kerfinu eftir árið 2003. Það er því verið að fjárfesta í búnaði til þess að nýta sér kerfi sem einungis er öruggur aðgangur að til ársins 2003. Ég tel að það sé alls ekki fullnægjandi fyrir fiskiskipaflotann á Íslandi að leggja út í þvílíkan kostnað án þess að hafa í lengri tíma öruggan aðgang að þessu nýja kerfi. Þess vegna vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vesturl. að ég tel alveg óhjákvæmilegt að hæstv. samgrh. skoði þetta mál að nýju og ég vil hvetja hann til þess að taka upp viðræður við útvegsmenn og fulltrúa smábáta í landinu og kanna hvaða möguleikar séu á því að koma þessum hlutum betur fyrir svo hægt verði að reka lóranstöðina enn um sinn og veita þá þjónustu sem ég tel alveg óhjákvæmilegt að hafa við landið.

[16:13]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta mál er margrætt. Það er búið að ræða þetta mál ítarlega, bæði milli sjútvrn., utanrrn., fjmrn. og samgrn. Þetta mál hefur verið rætt við fulltrúa sjómanna, útgerðarmanna og smábátaeigenda og niðurstaðan er í stuttu máli sú að öllum þykir kannski gott og blessað að við rekum lórankerfið áfram en á hinn bóginn virðist enginn vera reiðubúinn að standa undir þeim kostnaði sem slíku fylgir. Má kannski segja að það sé eðlilegt eftir þeim nýjustu upplýsingum sem fyrir liggja vegna þess að við mundum hafa sáralítil not af því að reka stöðvarnar áfram þar sem ekki er nein móttökustöð á Grænlandi. Við erum því í raun og veru bara að tala um smásvæði vestur af landinu, Breiðafjörð og eitthvað lítils háttar til viðbótar. (**StB:** Alla Vestfirði.) *Eitthvað lítils háttar út af Vestfjörðum. En á hinn bóginn hafa útgerðarmenn ekki verið reiðubúnir til að greiða fyrir þessa þjónustu. Þannig að það er af þeim sökum ekki ágreiningur um það.*

Ég vil líka segja að það er misskilningur sem fram kom áðan, það er óhjákvæmilegt annað en að endurbyggja lórankerfið. Stofnkostnaður við slíkt yrði um 200 millj. kr. og sjófarendur gætu ekki notað þá viðmiðunarpunkta sem þeir hafa núna sjálfkrafa áfram heldur yrðu þeir að merkja þá upp að nýju þó svo að lórankerfið yrði við lýði. Þannig að í þá fyrirhöfn yrði að leggja undir báðum kringumstæðum.

Ég vil segja að síðustu, herra forseti, að þetta mál er mjög athugað. GPS-kerfið er talið fullnægjandi. Það er í rauninni enginn á móti því að hér sé rekið varakerfi en eins og málið er allt vaxið þá sjá menn ekki að það kerfi kæmi að haldi sem fælist í því að endurbyggja lóran C eins og það er núna.

Héraðsskógar.

Fsp. VS, 403. mál. — Þskj. 605.

[16:17]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það hefur verið frekar hljótt um Héraðsskóga á hv. Alþingi síðustu missirin en þó hafa forsvarsmenn verkefnisins og skógarbændur á Héraði beðið nokkuð lengi eftir því að fram komi frv. til breytinga á lögum um Héraðsskóga, nr. 32/1991. Þar er um það að ræða að skv. 5. gr. laganna. eins og þau eru í gildi í dag greiðir ríkissjóður 97% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð en einungis 75% á eyðijörðum. Þetta hefur valdið því að eyðijarðir hafa orðið út undan sem veldur aftur því að ekki verður um samfelldan skóg að ræða og eins fara jaðrar skóga illa. Það er því mikill áhugi á því að þær eyðijarðir, sem að mati Skógræktar ríkisins eru nauðsynlegar til skógræktar frá skógræktarlegu sjónarmiði og frá hagsmunum skógræktar á aðliggjandi jörðum, njóti sömu fyrirgreiðslu og jarðir í ábúð.

Nýlega ritaði framkvæmdastjóri Héraðsskóga, Helgi Gíslason, grein í Morgunblaðið sem bar yfirskriftina „Héraðsskógar skila sér" en það eru nú fimm ár síðan héraðsskógaverkefni var hafið. Þar kom m.a. fram að gerðir hafa verið vel á sjötta tug samninga við bændur um skógræktarsvæði sem er samtals rúmir 5.000 hektarar að flatarmáli. Á árunum 1990 til 1993 voru gróðursettar tæpar 4 milljónir plantnanna á þessum jörðum og ætlast til að gróðursettar verði 1,4 milljónir plantna á árinu 1994. Það kemur einnig fram að afföll plantnanna eru 22% sem verður að teljast nokkuð gott ef borið er saman við stóra skógræktarþjóð eins og Svía þar sem 25% afföll eru talin eðlileg. Einnig hefði mátt reikna með meiri byrjunarörðugleikum við framkvæmdir þar sem öll vinnubrögð voru fyrir flesta ný af nálinni.

En þó svo að í þessu tilfelli sé um einangrað verkefni að ræða sem tengist Héraði þá vonum við svo sannarlega að með tíð og tíma verði skógrækt að atvinnugrein víðar um land. Ég hef því leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. landbrh. á þskj. 605 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á lögum um Héraðsskóga á yfirstandandi þingi?"

[16:20]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Í gildandi lögum um Héraðsskóga, nr. 32 21. mars 1990, er ákvæði til bráðabirgða þess efnis að landbrh. skuli láta fara fram endurskoðun á lögunum og leggja fram frv. til laga um Héraðsskóga fyrir Alþingi haustið 1992. Í samræmi við þetta lagaákvæði lagði ég fram í ríkisstjórn í október 1992 frv. til breytinga á lögum um Héraðsskóga sem þar var samþykkt og sömuleiðis í þingflokki sjálfstæðismanna en dagaði á hinn bóginn uppi í þingflokki Alþfl. og var ekki afgreitt þar fyrr en um mánaðamótin mars/apríl eða svo seint að komið var fram yfir síðasta dag sem frumvörp yrðu lögð fram nema með sérstakri heimild.

Í októbermánuði lagði ég þetta frv. fram að nýju í ríkisstjórninni. Það var þegar í stað samþykkt í ríkisstjórn. 7. okt. sl. var það samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. en situr enn óafgreitt í þingflokki Alþfl. Fyrrv. hæstv. umhvrh., Eiður Guðnason, var mjög andvígur efnisatriðum þessa frv. en mér er hins vegar ókunnugt um hvernig á því stendur að frv. skuli ekki ná fram að ganga nú.

Spurt er hvort ég muni beita mér fyrir þeim breytingum á lögum um Héraðsskóga sem vikið var að hér af fyrirspyrjanda. Svarið er að ég hef fengið frv. þessa efnis samþykkt í þingflokki Sjálfstfl. og í ríkisstjórninni í októbermánuði sl. en á hinn bóginn hefur frv. enn sem komið er strandað í þingflokki Alþfl.

[16:22]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Svar hæstv. landbrh. kemur mér ekki á óvart. Ég vissi að hann hefði hug á því að hrinda fram þessu máli. Það kemur mér ekkert á óvart að Alþfl. stoppi þetta mál því að það heyrir undir landbúnaðarmál og það er upplýst að Alþfl. kemst ætíð í annarlegt ástand þegar þau mál eru til umræðu. Þetta mál er því upplýst, þingflokkur Alþfl. liggur sem sagt á þessu sjálfsagða máli og er fyrirspurninni þá svarað.

[16:23]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Þau mál sem hér eru til umræðu tel ég að flestu leyti mjög til bóta og er rétt að það komi fram að í þingflokki Alþfl. ríkir stuðningur við það. Það er eitt tiltekið smáatriði sem varðar frv. sem er til skoðunar, (**Gripið fram í:** Hvað er það?) en ég geri ráð fyrir því að málinu verði lokið af hálfu Alþfl. innan skamms og jafnvel í þessari viku.

[16:24]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. fyrir hans svör. Þau voru mjög ótvíræð. Hann kom mjög hreinskilinn hér í pontu og sagði okkur alla þessa sögu sem kom kannski engum manni á óvart. En það sem mér þótti ekki síðra var að heyra hæstv. umhvrh. segja okkur að þetta mál horfði til bóta og það væri mér sönn ánægja ef ég skyldi hafa orðið til þess með því að

leggja fram þessa fyrirspurn að gera málinu gagn og verða að liði því að þarna er um mjög mikilvægt mál að ræða. Ég veit ekki hvernig hv. þm. Alþfl. sjá fyrir sér skóg ef hann þarf að vera svona köflóttur, ekkert ræktað á eyðijörðum og allir jaðrar ljótir og annaðhvort röndótt eða köflótt landslag.

En eins og ég segi, mér finnst það mikils virði að hafa fengið þessi svör, einnig frá hæstv. umhvrh. Við munum bara bíða eftir því næstu viku að þetta frv. birtist.

[16:25]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hlýt að lýsa ánægju minni yfir því ef hæstv. umhvrh. ætlar að beita sér sérstaklega í þessu máli. Frv. er mjög einfalt í sniðum. Það er búið að prenta það sem drög. Um leið og samþykki kemur frá Alþfl. mun ég leggja það fram. (**GHelg:** Á það ekki við um mörg frv. nú?)

Frísvæði á Suðurnesjum.

Fsp. ÁRÁ, 363. mál. — Þskj. 556.

[16:26]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um undirbúning að frísvæði á Suðurnesjum. Forsaga þeirrar fyrirspurnar er sú að málið hefur alllengi verið til umfjöllunar á vegum ríkisstjórnar, á vegum hæstv. ráðherra í hans ráðuneyti og til umfjöllunar í nefndum sem hann hefur skipað til að fjalla sérstaklega um framgang þess. M.a. hefur utanrmn. hv. Alþingis verið upplýst um framgang málsins og þar kom fram að svo virðist sem fleiri en einn aðili á vegum ráðuneytisins vinni að stofnun frísvæðis á Suðurnesjum. Því spyr ég, virðulegi forseti:

„1. Hvað líður framkvæmd á tillögum nefndar um undirbúning að stofnun frísvæðis á Suðurnesjum sem ríkisstjórnin samþykkti í apríl sl.?

2. Hvenær er þess að vænta að Alþingi fái til umfjöllunar frv. til laga er setji frísvæði og fyrirtækjum er þar starfa skýra réttarstöðu og kjör í sköttum og tollum?

3. Hvenær er þess að vænta að önnur atriði tillagna nefndarinnar sjáist í framkvæmd?

4. Er samstarf flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli og Sandgerðisbæjar að undirbúningi frísvæðis á landi í lögsögu Sandgerðis í samræmi við þann undirbúning sem til þessa hefur verið sagður miðast við stofnun frísvæðis innan marka lögsögu Njarðvíkur, Keflavíkur og Gerðahrepps? Eru fleiri aðgreindir aðilar innan ráðuneytisins ellegar í stofnunum sem undir það heyra að undirbúa stofnun fleiri en eins frísvæðis er byggi á nábýli við Keflavíkurflugvöll?"

[16:28]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Reykn. beinir til mín nokkrum fyrirspurnum. Í fyrsta lagi hvað líði framkvæmd á tillögum nefndar um undirbúning að stofnun frísvæðis á Suðurnesjum sem ríkisstjórnin samþykkti í apríl sl. Því er til að svara að undirbúningsnefnd hefur haft málið til meðferðar, en sérstakur starfsmaður hefur verið ráðinn í verkefnið. Áætlað er að leggja fram lokatillögur fyrir ríkisstjórnina að stofnun frísvæðis um mitt ár 1994.

Undirbúningsvinna að stofnun íslenska frísvæðisins hf. samanstendur m.a. af eftirfarandi meginþáttum:

1. Viðskiptaáætlun fyrir íslenska frísvæðið hf. Ítarleg viðskiptaáætlun hefur þegar verið samin.

2. Skattalegt umhverfi frísvæðisins. Nefnd á vegum fjmrn. er að vinna að tillögum hvað varðar skattalegar ívilnanir.

3. Framlag sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Viðræður við samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum eru hafnar. Tilgangur þeirra er að ákveða með hvaða hætti sveitarfélög á Suðurnesjum verði þátttakendur og hvaða starfsskilyrði þau geti boðið upp á fyrir sitt leyti.

4. Nefna má að þetta tekur til samninga um betri kjör á orku, fjarskiptum, flutningum og fleiru sem er í undirbúningi á vegum embættismanna.

5. Þá má nefna spurningar um fjármögnun íslenska frísvæðisins hf. en það mál er skammt á veg komið í undirbúningi. Þó er gert ráð fyrir að stefna bæði að opinberri fjárfestingu og einkafjárfestingu.

6. Loks er þess að geta að þegar málið er komið lengra á veg þurfum við að senda greinargerð til EFTA um þau ákvæði frísvæðisins hf. sem teljast ívilnandi sem eftirlitsstofnun EFTA þarf að samþykkja.

Önnur spurning hv. þm. er þessi: Hvenær er þess að vænta að Alþingi fái til umfjöllunar frv. til laga er setji frísvæði og fyrirtækjum sem þar starfa skýra réttarstöðu og kjör í sköttum og tollum? Svarið við því er að þótt unnið sé í samræmi við þá fyrirætlun að nefndin afgreiði málið frá sér á miðju ári er óráðlegt að gera ráð fyrir því að nauðsynleg lagafrumvörp verði lögð fyrir Alþingi fyrr en haustið 1994.

Í þriðja lagi spyr hv. þm. hvenær þess sé að vænta að önnur atriði tillagna nefndarinnar sjáist í framkvæmd og svarið við því er hið sama og við spurningu tvö.

Þá spyr hv. þm. um samstarf flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli og Sandgerðis við undirbúning frísvæðis á landi í lögsögu Sandgerðis í samræmi við þann undirbúning sem til þessa hefur verið sagður miðast við stofnun frísvæðis innan marka lögsögu Njarðvíkur, Keflavíkur og Gerðahrepps.

Samstarf flugvallarstjóra og Sandgerðinga er í því fólgið að á 13. fundi samvinnunefndar um skipulagsmál Keflavíkur, Njarðvíkur og Gerðahrepps, Sandgerðis og Keflavíkurflugvallar — þessi fundur var 23. mars 1993 — kynntu fulltrúar Sandgerðis formlega tillögur sínar og hugmyndir varðandi breytingu á aðalskipulagi sem samvinnunefndin er að vinna að og síðan var bréfað til utanrrn. 24. mars. Sandgerðingar lögðu áherslu á deiliskipulagningu þjónustukjarna á flugstöðvarsvæðinu. Það var fjallað um málið í skipulags- og byggingarnefnd á varnarsvæðinu í framhaldi af þessu og deiliskipulag flugstöðvarsvæðisins tekið til

endurskoðunar. Samráð var haft við Sandgerðinga í samræmi við starfsreglur skipulags- og byggingarnefndar. Niðurstaða umfjöllunar var á þá leið að bætt var inn á gildandi deiliskipulag landsvæði undir fríiðnað. Tillögur um breytt deiliskipulag voru síðan kynntar á 15. fundi samvinnunefndarinnar 21. okt. 1993 og engar athugasemdir þar gerðar við deiliskipulagstillöguna.

Loks spyr hv. þm.: Eru fleiri aðgreindir aðilar innan ráðuneytisins ellegar í stofnunum sem undir það heyra að undirbúa stofnun fleiri en eins frísvæðis á Suðurnesjum er byggi á nábýli við Keflavíkurflugvöll? Svarið við því er nei. Af þeim stofnunum sem heyra undir ráðuneytið er engin að vinna að undirbúningi að stofnun fleiri en eins frísvæðis á Suðurnesjum.

[16:32]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. svörin. Ég tek það fram vegna hinnar síðustu spurningar að ég skildi menn svo sem áttu fund með utanrmn. Alþingis að þessi tvö svæði, þ.e. samstarf flugvallarstjórans á Keflavíkurflugvelli og Sandgerðisbæjar, væri eitthvað annað en starf á vegum ráðuneytisins sjálfs um stofnun frísvæðis á Suðurnesjum við Keflavíkurflugvöll. Af því tilefni fannst mér ástæða til að þessar upplýsingar kæmu fram í hv. þingi.

Ég vil taka það fram að ég er í hópi þeirra manna sem telja nokkuð um liðið síðan við hefðum mátt vænta framkvæmdar á nokkrum af tillögum þeirrar nefndar sem við báðir höfum nefnt. Ég vona að þeirra sjái stað í sumar eins og ráðherrann tók fram og við munum á hausti þessa árs fjalla um frv. og ljúka á næsta þingi því starfi sem Alþingi þarf að gera og síðan ráðuneyti til þess að leggja endanlega drög að frísvæðinu sem við höfum talað um í nokkra áratugi.

Olíuhöfn varnarliðsins í Hvalfirði.

Fsp. StB, 383. mál. — Þskj. 580.

[16:34]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 580 leyfi ég mér að bera fram fyrirspurn til hæstv. utanrrh. um nýtingu olíuhafnar varnarliðsins í Hvalfirði.

Fyrirsjáanlegar eru miklar breytingar á umsvifum varnarliðsins hér á landi. Í Helguvík á Reykjanesi hefur hin mikla olíuhöfn verið fengin höfninni í Keflavík/Njarðvík til rekstrar. Í Hvalfirði eru hafnarmannvirki sérstaklega byggð fyrir olíuskip en eru sáralítið notuð. Mest af olíu sem flutt er til landsins er sett á land í olíubirgðastöðvum í Reykjavíkurhöfn við mesta þéttbýli landsins. Olía, bensín og aðrar olíuvörur eru síðan fluttar með skipum eða bílum til birgðastöðva vítt og breitt um landið.

Öllum olíuflutningum fylgir veruleg hætta á mengun og því er nauðsynlegt að lestun og losun fari fram við bestu aðstæður. Því hafa ýmsir litið til aðstöðunnar í Hvalfirði, ekki síst ef það gæti orðið til þess að spara sérstaka olíuafgreiðsluaðstöðu í höfnum við Faxaflóa og ekki síður ef það gæti orðið til þess að draga úr flutningskostnaði vegna olíuflutninga um landið. Á sama hátt og Helguvíkurhöfnin varð hluti hafnarinnar Keflavík/Njarðvík gæti Hvalfjarðarhöfn þjónað í tengslum við Akranes- og Grundartangahöfn. Til þess að fá fram svör í þinginu hef ég lagt fram svofellda fyrirspurn til hæstv. utanrrh.:

„Hvaða möguleikar eru til að nýta hafnaraðstöðu og búnað í Hvalfirði og dreifa þaðan olíu um Vestur- og Norðurland?"

[16:36]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. spyr hverra kosta er völ að nýta hafnaraðstöðu og búnað í Hvalfirði og dreifa þaðan olíu um Vestur- og Norðurland.

Því er til að svara að olíufélagið ESSO á fjóra olíutanka í Hvalfirði og hefur hafnaraðstöðu fyrir olíuskip. Þessir olíutankar voru áður á leigu Atlantshafsbandalagsins en svo er ekki lengur. Gera má ráð fyrir að nýta megi ofangreinda olíutanka og hafnaraðstöðu ESSO til olíudreifingar um Vestur- og Norðurland vilji fyrirtæki og sveitarfélög semja um það sérstaklega við ESSO.

Að því er varðar olíutanka og hafnarmannvirki Atlantshafsbandalagsins í Hvalfirði, þá eru þau mannvirki í daglegri notkun sem þáttur í föstum samningsbundnum varnarviðbúnaði bandalagsins hér á landi og eru því önnur not af þeim ekki möguleg.

[16:37]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. fyrir þetta svar sem ég er þó nokkuð undrandi yfir. Hins vegar var mér það ljóst að ekki þyrfti að spyrjast fyrir um hvaða möguleikar væru á afnotum á aðstöðu sem olíufélögin eiga og hafa í Hvalfirði. Það fyrst og fremst sá búnaður og sú aðstaða sem tilheyrir varnarliðinu sem ýmsir hafa bent á að væri eðlilegt að kanna með nýtingu á þannig að hægt væri að koma þar upp þeirri aðstöðu sem e.t.v. þyrfti að koma upp annars staðar við Faxaflóann til þess að nýta sem best þá möguleika sem þarna eru fyrir hendi. En, virðulegi forseti, ég hef heyrt svar hæstv. utanrrh. og þakka honum fyrir það.

Atvinnuleysistryggingar.

Fsp. KÁ, 364. mál. — Þskj. 557.

[16:38]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Á undanförnum mánuðum hefur atvinnuleysi farið vaxandi hér á landi svo sem spáð hafði verið. Því miður bendir fátt til þess að úr því muni draga á næstunni nema til komi sérstakar aðgerðir. Samkvæmt upplýsingum sem fram hafa komið eru þess mörg dæmi að fólk hafi verið án vinnu í ár

eða meira en til skamms tíma var slíkt nánast óþekkt hér á landi. Sá galli er á þeirri löggjöf sem hér er í gildi að fólk missir atvinnuleysisbætur eftir eitt ár nema kostur gefist á námskeiðum, en svo dæmi sé tekið voru í janúar 150 félagar í Verslunarmannafélagi Reykjavíkur atvinnulausir og án bóta samkvæmt frétt sem birtist í Morgunblaðinu um þessi mál. Þessi frétt og atvinnuástandið hafa vakið hjá mér spurningar um það hvernig staðið er að þeim námskeiðum sem kveðið er á um í lögunum og einnig hvort ekki sé tímabært að endurskoða lögin að nýju, þó auðvitað sé nýbúið að því, horfast í augu við að atvinnuleysi er orðið varanlegt og afnema regluna um bótamissinn. Af þessu tilefni vil ég beina eftirfarandi spurningum til hæstv. félmrh., sem eru á þskj. 557:

„1. Hversu margt atvinnulaust fólk var án atvinnuleysisbóta í janúar vegna þess að það hafði verið atvinnulaust í ár eða lengur?

2. Hvar á landinu hefur atvinnulausu fólki verið boðið upp á námskeið þannig að það missi ekki atvinnuleysisbætur í 16 vikur?

3. Hversu margir hafa nýtt sér námskeið fyrir atvinnulausa eftir að lögum um atvinnuleysistryggingar var breytt sl. vor?

4. Hvernig hefur verið staðið að kynningu á námskeiðum fyrir atvinnulausa?"

[16:41]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Sem svar við fyrstu fsp. þá vil ég taka fram að það er ekki möguleiki að sjá á einum stað hve margir voru án bóta í janúar vegna þess að þeir voru á 16 vikna bótalausa tímabilinu. Tölvukerfið fyrir sjóðinn er ekki enn komið í gang og því engar slíkar upplýsingar til hjá honum. Það er hins vegar rétt að benda á að nú þurfa í raun engir að vera á slíku bótalausu tímabili vegna þess að gert er ráð fyrir að fólk sæki námskeið og haldi þá atvinnuleysisbótum. Eigi fólk ekki kost á slíkum námskeiðum heldur það bótunum á þessu 16 vikna tímabili.

Í framhaldi af þessari fsp. verður öllum 123 úthlutunarnefndunum skrifað og óskað svara við því hverjir voru án bóta í janúar, en um er að ræða tvo hópa. Annars vegar þann sem ekki hefur áhuga á að sækja námskeiðin þrátt fyrir að þau séu í boði og hins vegar þann sem neitar að taka þátt í átaksverkefnunum. Starfsmenn Atvinnuleysistryggingasjóðs áætla að það taki um 2–3 vikur að safna saman eða fá þær upplýsingar.

Varðandi annan tölulið þá hefur sérstaklega verið boðið upp á námskeið á höfuðborgarsvæðinu, Keflavík, Selfossi, Egilsstöðum, Húsavík, Akureyri, Akranesi og í Borgarnesi og fyrirspurnir hafa borist til Menningar- og fræðslusambands alþýðu frá Hellu, Borgarfirði eystra og Siglufirði um námskeið.

Samkvæmt upplýsingum frá MFA hafa 10–15% atvinnulausra sótt þau námskeið sem í boði hafa verið. Af þeirri ástæðu hefur ekki af þeirra hálfu enn verið talið raunhæft að bjóða námskeið annars staðar en í stærstu byggðarlögunum og í byggðarlagi eins og Húsavík sem hefur ríka hefð fyrir námskeiðahaldi. Hitt er svo annað mál að ásókn í þessi námskeið fer ört vaxandi. Það er rétt að benda sérstaklega á að þar sem ekki er boðið upp á námskeið fyrir atvinnulausa og þeir eiga sannanlega ekki kost á að sækja námskeið missa þeir því ekki bætur á 16 vikna bótalausa tímabilinu samkvæmt ákvæðum 11. gr. reglugerðar um greiðslu atvinnuleysisbóta.

Þá er það þriðji töluliður fsp. Frá því í febrúar 1993, þegar farið var af stað með þessi námskeið, hafa 2.793 einstaklingar skráð sig á námskeið, 1.597 konur og 1.196 karlar.

Og í lokin fjórði töluliðurinn, hvernig hefur verið staðið að kynningu á námskeiðum fyrir atvinnulausa. Menningar- og fræðslusamband alþýðu hefur einu sinni auglýst í Morgunblaðinu. Einnig munu Námsflokkar Reykjavíkur hafa auglýst námskeið í dagblöðum. Einnig hefur MFA kynnt námskeiðin á fundum í Breiðholtskirkju og á Akureyri, auk þess sem fjallað hefur verið um þau í fjölmiðlum. Samkvæmt upplýsingum frá MFA hafa þeir auk þess auglýst námskeiðin með símbréfum til allra vinnumiðlana og skrifstofa stéttarfélaga á höfuðborgarsvæðinu viku áður en skráð er eða þremur vikum áður en námskeiðin hefjast. Utan höfuðborgarsvæðisins hafa heimamenn séð um kynningar og auglýsingar á námskeiðum fyrir atvinnulausa.

[16:45]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þessi svör. Hér er um mjög alvarleg mál að ræða og eins og ég kom að í inngangi að fsp. þá er auðvitað mjög mikilvægt að við áttum okkur á þeim breytingum sem eru að verða á okkar þjóðfélagi og þeim afleiðingum sem fylgja atvinnuleysinu. En mér þótti merkilegt að heyra það að ekki væri hægt að sjá hversu margir eru bótalausir. Ég held að það sé í rauninni mjög mikilvægt að fá þær upplýsingar fram og kanna hvernig á því stendur.

Eins og ég nefndi áðan var tilefni þessarar fyrirspurnar frétt sem birtist í Morgunblaðinu um ástand meðal félaga Verslunarmannafélags Reykjavíkur þar sem haft er eftir formanni þess félags í fréttinni að 150 manns væru atvinnulausir og án bóta. Þetta er býsna há tala þó að þarna sé um mjög stórt félag að ræða og það hlýtur að vakna sú spurning hvernig á þessu stendur, hvort fólk viti ekki af námskeiðunum sem eru í boði eða eins og hæstv. félmrh. nefndi hvort fólk af einhverjum ástæðum geti ekki sótt þau eða vilji ekki. Það leiðir auðvitað hugann að því að það þarf að kanna betur en gert hefur verið aðstæður þess fólks sem er atvinnulaust hér á landi. Mér þykir afar sérkennilegt að svona stór hópur ýmist geti ekki eða hafi ekki áhuga á því að taka þátt í þessum námskeiðum.

Hæstv. félmrh. nefndi líka að það gæti verið um það að ræða að fólk neiti að taka þátt í átaksverkefnum. Eftir því sem ég best veit þá er ekki mikið af þeim í gangi núna og þær tölur sem ég nefndi áðan eru frá því í janúar. Það liggja ekki nýrri tölur fyrir eða ég hef ekki séð nýrri tölur. Ég vil bara hvetja hæstv. félmrh. til að kanna þessi mál betur.

Ég kom líka að því í máli mínu hvort ekki væri tímabært að afnema þetta 16 vikna ákvæði og vil ítreka þá spurningu.

[16:47]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála fyrirspyrjanda um það að það er alveg nauðsynlegt að þær upplýsingar liggi fyrir sem hún biður um, að það sé til fullkomin greining á því hvers vegna fólkið sé án bóta og hvaða ástæður liggi þar að baki. Þær eru einkum tvenns konar, eins og ég nefndi, að mati þeirra sem starfa við Atvinnuleysistryggingasjóð. Það gengur auðvitað ekki öllu lengur að Atvinnuleysistryggingasjóður búi ekki við það tölvukerfi að hægt sé að fá slíkar upplýsingar. En að því er nú verið að vinna.

Það verða gerðar ráðstafanir til þess að afla þeirra upplýsinga sem hv. fyrirspyrjandi bað um í þessu efni, en um er að ræða 123 úthlutunarnefndir og það tekur sinn tíma að afla þeirra upplýsinga. Það er svo sannarlega ástæða til þess þegar það er upplýst að hjá einu stéttarfélagi, Verslunarmannafélaginu, séu eins margir og hún tilgreindi, 150 manns atvinnulausir og án bóta.

Ég vil líka segja að það er fullkomin ástæða til að skoða allt okkar bótakerfi og þjónustukerfi við atvinnulausa og það er verið að gera. Það er nefnd að fara af stað til að skoða það. Það er alveg ljóst að okkar bótakerfi, hvort sem við lítum á Atvinnuleysistryggingasjóð, almannatryggingakerfið eða fjárhagsaðstoð sveitarfélaga, er ekki sniðið að því atvinnuleysi sem við búum við í dag. Þess vegna er ástæða til að taka það til gagngerar skoðunar og reyna að samhæfa ýmsa þá þætti sem eru í bótakerfinu og að því er nú unnið. Mér þykir ekki ólíklegt að í kjölfar þeirrar endurskoðunar, sem ég hef lagt áherslu á að ljúki í maí, verði gerð einhver endurskoðun varðandi þessi atriði og lagðar fram tillögur til úrbóta.

Barnaklám.

Fsp. VS, 379. mál. — Þskj. 575.

[16:50]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 575 til hæstv. dómsmrh. um barnaklám. Fsp. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eru uppi áform af hálfu ráðherrans að leggja fram frv. til laga um breytingu á almennum hegningarlögum sem lýsir refsivert það athæfi að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi?“

Í fljótu bragði virðist e.t.v. sem slík lagasetning mundi ganga of nálægt athafnafrelsi einstaklinganna og friðhelgi heimils og einkalífs. Að mínu mati er barnaklám hins vegar alvarlegur glæpur og fullkomlega réttlætanlegt að uppræta efni sem inniheldur slíkt með þeim ráðum sem löggjafinn telur nauðsynleg.

Mér er ekki kunnugt um að nokkurs staðar í íslenskum lögum sé að finna ákvæði sem snerta barnaklám sérstaklega. Í 210. gr. almennra hegningarlaga er að finna almennt refsiákvæði varðandi þetta efni en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ef klám birtist á prenti, skal sá, sem ábyrgð ber á birtingu þess eftir prentlögum, sæta sektum, varðhaldi eða fangelsi allt að sex mánuðum.

Sömu refsingu varðar það að búa til eða flytja inn í útbreiðsluskyni, selja, útbýta eða dreifa á annan hátt út klámritum, klámmyndum eða öðrum slíkum hlutum, eða hafa þá opinberlega til sýnis, svo og að efna til opinbers fyrirlestrar, eða leiks, sem er ósiðlegur á sama hátt.

Það varðar enn fremur sömu refsingu, að láta af hendi við unglinga, yngri en 18 ára, klámrit, klámmyndir eða aðra slíka hluti.“

Það efni sem hér um ræðir og kallast barnaklám eru einkum tímarit, stuttar kvikmyndir, spil, ljósmyndir og myndbönd. Einnig mætti nefna tölvuefni, en í Svíþjóð hefur komið fram að það geti orðið erfitt að ná til þeirra sem fá þetta efni beint í gegnum dreifingaraðila á tölvuskjám.

Á Norðurlöndum hefur að undanförnu farið fram umræða um það hvernig hægt sé að bregðast við vaxandi umfangi barnakláms. Þessi umræða hefur verið mest áberandi í Svíþjóð. Þar er bannað að framleiða og dreifa barnaklámi en engin ákvæði um það í lögum að bannað sé að hafa slíkt efni undir höndum. Noregur er eina landið meðal Norðurlandanna sem bannar einstaklingum að hafa undir höndum efni með barnaklámi. Samkvæmt d-lið 1. málsgr. 211. gr. í 19. kafla norsku hegningarlaganna varðar það sektum og/eða viðurlögum allt að tveimur árum að hafa undir höndum eða koma á framfæri myndum, kvikmyndum eða þess háttar þar sem einhver, sem reikna má með að sé eða lítur út fyrir að vera undir 16 ára aldri, er sýndur á ósiðlegan eða klámfenginn hátt. — Þetta er nú í lausri þýðingu úr norsku lögunum.

Ég hef sem sagt áhuga á því að heyra það hjá hæstv. dómsmrh. hvort uppi eru áform um að setja í íslensk lög ákvæði hvað þetta varðar.

[16:53]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Að svo stöddu hafa ekki verið teknar neinar ákvarðanir um að flytja á Alþingi frv. um breytingar á hegningarlögum til þess að gera það refsivert að eiga eða hafa undir höndum efni með barnaklámi. Á hinn bóginn hefur ráðuneytið ákveðið að láta gera greinargerð út frá refsiréttarlegu sjónarmiði um þetta álitaefni og síðan verða teknar ákvarðanir um framhald málsins þegar sú greinargerð liggur fyrir.

Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda hafa verið talsverðar umræður um þessi efni annars staðar á Norðurlöndunum og réttarþróun, einkanlega þó í Noregi, gengið lengra heldur en annars staðar. Ætlun ráðuneytisins er að í þeirri greinargerð sem um þetta verður gerð verði reynsla til að mynda Norðmanna metin og tekin hliðsjón af þeirri umræðu sem fram hefur farið og ákvarðanir um framhaldið teknar þegar þessi refsiréttarlega greinargerð liggur fyrir.

[16:54]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir að vekja athygli á þessu alvarlega og jafnframt viðkvæma máli. En mig langar að koma því hér á framfæri við hæstv. dómsmrh. hvort ekki væri ástæða til að kanna það rækilega hvað er af slíku efni í umferð hér eða spyrja hvort slík könnun hafi átt sér stað. Ég tek undir þau sjónarmið sem fram komu hjá fyrirspyrjanda að ég held að það sé nauðsynlegt að grípa hér inn í heldur fyrr en síðar og stemma á að ósi því eftir því sem ég hef lesið er allmikil aukning á því efni sem hefur verið flokkað sem barnaklám og er ákaflega ógeðfellt, svo ekki sé sterkar til orða tekið. Þar er auðvitað verið að misnota börn á ýmsan hátt, einhverjum til óskiljanlegrar ánægju, og ég held að við þurfum að grípa inn í heldur fyrr en síðar.

[16:55]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér, sem gefa til kynna að hann ætlar að beita sér í þessu máli og ráðuneytið. Það er nú einu sinni svo að það sem við verðum vör við að nágrannar okkar og frændur á Norðurlöndum eru farnir að líta á sem vandamál kemur líka hingað þó að það sé kannski örfáum árum síðar. Mér er kunnugt um að í Svíþjóð veldur það erfiðleikum að taka málið fyrir að sænska stjórnarskráin kveður á um að ekki sé hægt að banna orð og myndir og virða skuli prentfrelsi og skoðanafrelsi. Sænskir þingmenn hafa hins vegar látið þá skoðun í ljósi að stjórnarskrárákvæði geti ekki orðið til þess að stoppa mál sem þetta heldur verði þá bara að breyta stjórnarskránni.

Ég hef aðeins skoðað þetta í íslensku stjórnarskránni til að reyna að átta mig á því hvort ákvæði hennar geti orðið okkur einhver fjötur um fót. Ég nefni t.d. 66. gr. en þar er kveðið á um friðhelgi heimilisins og 67. gr. um friðhelgi eignarréttar, en í báðum greinunum er svo mælt að réttindi þessi megi takmarka með lögum. Einnig má nefna 72. gr. stjórnarskrárinnar sem fjallar um tjáningarfrelsi, sem tengist þessu einnig. Þar segir m.a. að ritskoðun og aðrar tálmanir fyrir prentfrelsi megi aldrei í lög leiða. Þetta er því sjálfsagt eitt af því sem verður skoðað af hálfu hæstv. dómsmrh. eða ráðuneytisins, hvort þarna séu ákvæði sem gætu orðið okkur fjötur um fót við það að setja í lög ákvæði sem bókstaflega koma í veg fyrir að heimilt sé að hafa efni sem þetta undir höndum. Það er ekkert annað en óeðli að geta haft einhverja ánægju af því að skoða þetta efni og við eigum bara að vera menn til þess, Íslendingar, að setja í lög ákvæði sem banna það.

Olíuúrgangur.

Fsp. StB, 381. mál. — Þskj. 578.

[16:58]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 578 hef ég lagt fram fsp. til hæstv. umhvrh. um meðferð á olíuúrgangi, en ný mengunarvarnareglugerð gerir kröfu til sérstakra herta aðgerða sem nauðsynlegt er að vekja athygli á og tryggja að hægt sé að framfylgja.

Fiskiskipaflotinn notar trúlega mest af þeim olíuvörum sem fluttar eru til landsins. Frá skipum fellur því til mikið af úrgangsolíu, en einnig frá smurstöðvum vegna bílaflota landsmanna. Víða í höfnum landsins hefur það valdið verulegum vandkvæðum að olíuúrgangi hefur ekki verið komið fyrir á viðunandi hátt, enda búnaður til móttöku takmarkaður og ekki fullnægjandi. Telja verður mikilvægt að upplýsingar liggi fyrir um það hversu mikið megi ætla að falli til af olíuúrgangi svo fylgjast megi með því og tryggja að úrgangsolíu sé komið fyrir á viðunandi hátt.

Í nýsettri reglugerð um mengunarvarnir er sveitarstjórnum ætlað að leggja til móttökustöðvar fyrir hvers konar úrgang, þar á meðal olíuúrgang. Af því má ljóst vera, sbr. 42., 45. og 46. gr. umræddrar reglugerðar, að sveitarfélögin verða að koma upp móttökubúnaði og gera ráðstafanir með stórhertu eftirliti. Því fylgir væntanlega aukinn kostnaður vegna móttöku á olíuúrgangi. Því vil ég spyrja hæstv. umhvrh.:

„1. Hversu mikið fellur til árlega af olíuúrgangi sem ekki er nýtanlegur hér á landi:

a. frá skipum,

b. frá bílum,

c. frá flugvélum,

d. frá öðrum notendum?

2. Með hvaða hætti er olíuúrgangi komið fyrir, fargað eða hann endurunninn?

3. Hversu miklu af olíuúrgangi er skilað og komið fyrir á viðunandi hátt?

4. Hversu mikið af olíu og olíuúrgangi er talið að falli til án þess að vera komið fyrir á fullnægjandi hátt?

5. Eru uppi áform um hert eftirlit með meðferð á olíuúrgangi?“

[17:00]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Sturlu Böðvarssyni fyrir þann áhuga sem hann hefur á þessu brýna máli. Því er til að svara varðandi fyrstu spurningu hans að þá liggja nákvæmar upplýsingar um hvað fellur til af ónýtanlegum olíuúrgangi ekki fyrir, en það er hins vegar vitað að magnið er hverfandi miðað við heildarmagn þess olíuúrgangs sem til fellur hér á landi. Það er hins vegar vitað að magnið er hverfandi miðað við heildarmagn þess olíuúrgangs sem til fellur hér á landi. Ónýtanlegur olíuúrgangur er einungis olíumengaður úrgangur í föstu formi, svo sem olíublandaður tvistur, sag og annað sem hefur verið notað til að hreinsa upp olíu svo og olíuúrgangur sem inniheldur eiturefni í slíkum mæli að honum þarf að farga á sérstakan hátt.

Varðandi aðra spurningu: Með hvaða hætti er olíuúrgangi komið fyrir, fargað eða hann endurunninn, þá er því til að svara að hér á landi er í dag engin endurvinnsla á olíu. Þess má þó geta að það hafa verið kannaðir möguleikar á að endurvinna smurolíu en það hefur hingað til ekki verið talið hagkvæmt. Olíuúrgangur hefur þó verið nýttur talsvert, fyrst og fremst til

brennslu og varmaframleiðslu, svo sem til upphitunar og í fiskimjölsverksmiðjur. Olíufélögin hafa hingað til að mestu séð um söfnun á úrgangsolíu en í 10. gr. laga nr. 32/1986 er kveðið á um að aðilum sem annast dreifingu og sölu olíu sé skylt að taka við olíuúrgangi og tryggja viðeigandi eyðingu hans.

Sú úrgangsolía sem er safnað saman á höfuðborgarsvæðinu eða kemur til höfuðborgarsvæðisins utan af landi er sett á geyma í Reykjavík og síðan grófhreinsuð, þ.e. vatnið er skilið frá o.s.frv. Öll olíufélögin hafa notað hluta af þessari olíu til að hita upp húsnæði í olíustöðvum og hluta af olíunni hefur líka verið blandað saman við svartolíu og brennt með henni. Eitt félaganna, að vísu aðeins eitt þeirra, á og hefur notað sérstakan brennsluofn sem getur brennt vatnsblandaða olíu sem inniheldur allt að 60% af vatni.

Þá má jafnframt nefna að að undanförnu hefur úrgangsolía verið brennd með góðum árangri í Sementsverksmiðjunni hf. á Akranesi. Í þessu felst förgun sem er talin afar heppileg fyrir flestar tegundir olíuúrgangs. Á síðustu tveimur árum hafa rúmlega 1.000 tonn af olíusora verið nýtt á þennan hátt. Það hefur verið fylgst með þessari brennslu mjög nákvæmlega og verksmiðjan hefur leyfi til brennslu á þessum olíuúrgangi. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að úrgangsolíu verði í auknum mæli fargað eða nýtt á þennan hátt.

Í þriðja lagi er spurt hversu miklu af olíuúrgangi sé skilað og komið fyrir á viðunandi hátt.

Hjá Siglingamálastofnun ríkisins liggja fyrir tölur um söfnun úrgangsolíu frá skipum nokkur ár aftur í tímann. Árið 1987 var magnið 1.796 tonn en árið 1992 var það komið upp í 2.941 tonn sem skilað var í land frá skipunum. Olíuúrgangur frá skipum er hins vegar talsvert blandaður vatni og það má gróflega áætla að árið 1992 hafi magn olíu alls numið um 2.000 tonnum. Úrgangsolía sem er safnað frá landi kemur að mestu leyti frá smurstöðum, verkstæðum og olíubirgðastöðvum. Árið 1987 var magnið 777 tonn en var árið 1992 komið upp í 1.289 tonn frá þessum aðilum. Það liggur hins vegar ekki fyrir nánari skipting á þessu magni. En Hollustuvernd ríkisins vinnur einmitt núna að öflun slíkra upplýsinga í tengslum við starf sem miðar að því að fá upplýsingar um magn og förgun allra spilliefna.

Fjórða spurning: Hversu mikið af olíu og olíuúrgangi er talið að falli til án þess að vera komið fyrir á fullnægjandi hátt?

Því er til að svara að það hefur ekki farið fram nákvæm athugun á því hversu miklu magni úrgangsolíu er ekki fargað á viðunandi hátt. Miðað við söfnun árið 1992 er gróflega áætlað að hér gæti verið um að ræða 1.000–2.000 tonn eða um 20–40% af heildarmagni úrgangsolíu.

Í fimmta lagi er spurt: Eru uppi áform um hert eftirlit með meðferð á olíuúrgangi?

Því er til að svara að undanfarið hefur verið unnið að því að styrkja eftirlit með meðferð á olíuúrgangi og leita leiða til að draga úr olíumengun.

Í nýrri reglugerð eru nú í fyrsta sinn sérstök ákvæði um meðferð olíuúrgangs. Þar er m.a. kveðið á um að þeim aðilum sem olíuúrgangur fellur til hjá sé skylt að tryggja að hann sé geymdur á viðeigandi hátt og þeim ber að skila honum til viðurkenndrar móttöku. Þar sem meira en 200 lítrar af olíuúrgangi falla til skal þeim safnað eða fargað. Það þarf að halda skrá yfir magn, ástand, uppruna og geymslustað úrgangsolíunnar. Hollustuvernd ríkisins hefur líka gefið út leiðbeiningar um olíuskiljur og þar er að finna upplýsingar um hönnun, um notkun og viðhald olíuskilja og leiðbeiningar um ráðstöfun olíusora og olíumengaðs sands. Í starfsleyfum fyrirtækja þar sem olía er notuð og fellur til sem úrgangsolía eru ákvæði sem varða einmitt þennan þátt.

[17:05]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér var minnst á nýsetta reglugerð sem lýtur að mengunarvörnum og framkvæmdum sveitarfélaga og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Í hvaða lögum á þessi reglugerð sér stoð? Ég man ekki betur en að hér sé óafgreitt frv. um breytingar á lögum nr. 81, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með síðari breytingum, vegna samnings um Evrópskt efnahagssvæði sem var lagt fram á síðasta þingi og hefur eftir því sem ég best veit ekki verið afgreitt enn. Þess vegna langar mig til að vita í hvaða lögum þessi reglugerð á sér stoð.

[17:06]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þessa fyrirspurn varðandi olíusorann. Mér hefur verið sagt að það sé hægt að safna saman 4.000–6.000 tonnum á ársgrundvelli. En ég vil vekja athygli á öðru. Til landsins er flutt malbik í tugum þúsunda tonna á hverju ári og ég held að menn hafi ekki gert neina athugun á því hversu mikið magn eyðist af olíuefni og malbiki sem er nákvæmlega sama efni og við erum að fjalla um, úrgangsolía, og ég spyr hæstv. umhvrh.: Eru fyrirhugaðar einhverjar framkvæmdir varðandi það að gera athugun á rykmagni í lofti í Reykjavík af þessum völdum?

[17:08]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir svarið. Það er afskaplega mikilvægt að við gerum okkur grein fyrir því að það fellur til töluvert mikill úrgangur bæði í olíu og öðru sem þarf að gæta að fari ekki út í náttúruna og spilli henni. Mér sýnist af þeim tölum sem hæstv. ráðherra nefndi að það sé alveg ljóst að það hafa orðið veruleg viðbrögð. Það kemur meira inn af olíu og olíuefnum sem eru ekki nýtt þannig að það er alveg ljóst að þeir aðilar sem eru með olíuúrgang gæta sín betur en áður. En hins vegar var megintilgangur minn með þessari fsp. að vekja athygli á þessu og heyra afstöðu hæstv. umhvrh. til þessara mála og ég hvet hann eindregið til þess að láta fylgjast grannt með því hvernig móttöku á þessum olíuúrgangi er háttað í landinu. Ég óttast það satt að segja að á mjög mörgum svæðum séu menn illa undir það búnir að taka við þessum efnum eins og reglugerðin um mengunarvarnir gerir ráð fyrir. Það held ég að sé al-

veg nauðsynlegt og ég vil hvetja hæstv. ráðherra til þess að láta ráðuneytið fylgjast náið með þeim málum.

Að öðru leyti vil ég þakka hæstv. ráðherra fyrir ágæt svör og vænti þess að hans ágæta ráðuneyti fylgi þessum málum vel og dyggilega eftir.

[17:10]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Ég hygg að það sé nokkur ofrausn hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni að þakka mér fyrir skýr svör því gjarnan hefði ég viljað að þau hefðu verið skýrari. Staðreyndin er hins vegar sú að allar þær upplýsingar sem hann hefur óskað eftir liggja ekki fyrir. En það er rétt hjá hv. þm. að það er nauðsynlegt að afla þeirra til þess m.a. að vita hversu mikið umfang vandans er. Og eins og ég gat um í mínu fyrra svari þá eru menn farnir í þá vinnu og fsp. hv. þm. mun væntanlega efla vægið á því.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að viðbrögðunum við þessum vanda hefur verið mætt með vaxandi skilningi hjá þjóðinni vegna þess að það er alveg ljóst að menn eru í ríkari mæli að skila inn úrgangi. Það eru líka komnir upp aðilar sem hafa aukinn hag af því, jafnvel atvinnu af því að safna þessum úrgangi og koma honum fyrir.

Að því er varðar fsp. hv. þm. Gísla S. Einarssonar þá er það alveg rétt hjá honum að það er flutt inn til landsins talsvert magn olíu til gatnagerðar. Mér er tjáð að þeir sem það gera, til að mynda gatnagerðardeild Reykjavíkurborgar, telji ekki mikla mengunarhættu stafa af því. Að vísu er það svo að nokkuð af því hlýtur óhjákvæmilega að síga niður í jarðveg og valda einhvers konar staðbundinni mengun. Það eru ekki fyrirhugaðar sérstakar rykmælingar á lofti til að kanna þennan vanda sérstaklega. Hins vegar eru í gangi mengunarmælingar á andrúmslofti og má vera að það væri hægt að gera þetta að einum anga þess og má nefna það líka varðandi aðild okkar að EES að þá eru gerðar hertar kröfur einmitt varðandi þetta.

Hv. þm. Margrét Frímannsdóttir spyr við hvaða lagastoð mengunarvarnareglugerð styðjist. Því er til að svara að hún styðst við gildandi lög. Þær lagabreytingar sem hún gat um hér áðan taka einkum til þriggja atriða, þ.e. að hægt verði að taka tillit til þeirra ákvæða í milliríkjasamningum sem við eigum aðild að og jafnframt um endurskoðun starfsleyfa og varnir gegn stórslysum.

Fráveitumál sveitarfélaga.

Fsp. GE, 395. mál. — Þskj. 596.

[17:13]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég ber hér fram spurningar á þskj. 596 til hæstv. umhvrh. varðandi fráveitumál sveitarfélaga. Tvær þáltill. voru sendar sameiginlega til umfjöllunar til virðulegrar umhvn. haustið 1991. Umhvn. skilaði málum frá sér með þál. 10. mars 1992. Ég vil þakka fyrir hönd okkar flm. fyrir góða afgreiðslu að ég tel nefndarinnar. Sigurður Hlöðvesson hv. varaþm. Norðurlandskjördæmis vestra flutti aðra tillöguna en ég hina ásamt meðflutningsmönnum. Nýlega hefur komið fram frá umhvrn. að það telji að það þurfi að setja sérstök fjárframlög frá ríkinu til þess að kraftur verði settur í þessi mál. Ég vil taka undir þetta sjónarmið og hvetja til aðgerða.

Mínar spurningar eru eftirfarandi:

Hvað líður úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga sem Alþingi ályktaði um 10. mars 1992? Hvað líður vinnslu málsins í ráðuneytinu? Hefur verið unnið í samráði við Samtök sveitarfélaga að framgangi þess? Hefur verið leitað eftir tilnefningu um fulltrúa annarra ráðuneyta í nefnd hvað varðar hönnun búnaðar sem hentar við íslenskar aðstæður?

Ég fylgi þessum spurningum ekki frekar eftir en vona að málið sé á góðri hreyfingu.

[17:15]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Um það bil einum mánuði áður en umrædd þál. var samþykkt skipaði þáv. umhvrh. Eiður Guðnason sérstaka nefnd til að gera úttekt á fráveitumálum í samræmi við stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar sem gefin var út í hinni merku hvítbók en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Ríkisstjórnin mun í samvinnu við sveitarfélögin beita sér fyrir því að gerð verði úttekt á fráveitum í öllum sveitarfélögum landsins og áætlun gerð um úrbætur."

Þessi nefnd var síðan skipuð 12. febr. 1992. Hlutverk þessarar nefndar fólst m.a. í því að gera úttekt á ástandi fráveitumála sveitarfélaga, móta stefnu og gera tillögu um bætta skipan fráveitumála í landinu öllu. Nefndinni var ætlað að kanna ástand fráveitumála og benda á leiðir til úrbóta sem tækju bæði mið af sérstöðu Íslands og líka þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem við höfum tekið á okkur eða er líklegt að við munum gangast undir. Í skipunarbréfi nefndanna er sérstaklega bent á að menn skyldu hafa til hliðsjónar þær tilskipanir EB sem varða vatnsmengun og meðferð á skolpi. Það er rétt að það komi fram að í þessa nefnd voru tilnefndir fulltrúar af Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk þess samtökum tæknimanna sveitarfélaga, Hollustuvernd ríkisins, Siglingamálastofnun ríkisins og umhvrn. Á vegum þessarar nefndar var síðan gerð úttekt á ástandi fráveitumála um landið og starfsmaður nefndarinnar fór ásamt heilbrigðisfulltrúum sveitarfélaganna á flesta þéttbýlisstaði í landinu, kannaði aðstæður, ræddi við sveitarstjórnarmenn og tæknimenn sveitarfélaganna.

Eftir að þáltill. var samþykkt þá óskaði ráðuneytið eftir því við fráveitunefndina að efni hennar yrði haft sérstaklega til hliðsjónar í störfum nefndarinnar. Nefndinni var falið að fara sérstaklega yfir tillöguna með tilliti til þess og sérstaklega var sá hluti tillögunnar þar sem segir að leggja eigi áherslu á, með leyfi forseta, „úrbætur sem leysi fráveitumál byggðanna til frambúðar frá sjónarhóli umhverfisnefndar" hafður að leiðarljósi í starfi nefndarinnar.

Það má líka benda á að kafli skýrslunnar sem kom frá nefndinni fjallar ítarlega um ýmis tæknileg atriði fráveitukerfa og hönnun þeirra. Við hönnun fráveitukerfis er auðvitað nauðsynlegt að afla margvíslegra upplýsinga. Í skýrslunni er fjallað um þau tækniatriði sem þarf að leysa þegar fráveitukerfi eru hönnuð og byggð og enn fremur hvernig einstök kerfi eru mjög nátengd umhverfinu og verndun þess. Þarna er líka fjallað raunar um ný kerfi og endurbætur á fyrirliggjandi kerfum. Og í greinargerð nefndarinnar koma fram tillögur sem má skipta í þrennt: Almenna stefnumótun, því sem er beint til umhvrh. sérstaklega og það sem fellur í hlut sveitarfélaga í landinu. Það er kannski rétt að gera sérstaklega grein fyrir því að nefndin leggur til að sveitarfélögin geri framtíðaráætlun um framkvæmdir í fráveitumálum þar sem tekið sé raunhæft tillit til framkvæmdagetu viðkomandi sveitarfélaga og jafnframt líka hvernig eigi að hátta fjármögnun. Og í því sambandi bendir nefndin á að ríkið verði að styðja sveitarfélögin í landinu svo að úrbætur í fráveitumálum geti hafist sem fyrst vegna þess að sveitarfélögin, einkum þau hin minni, séu einfaldlega ekki búin í stakk til að takast á hendur þetta risavaxna verkefni.

Rétt er að það komi fram að nefndin lagði til að stuðningur ríkisins mundi jafngilda u.þ.b. fjórðungi af kostnaði við framkvæmdir í fráveitumálum sem ætti að greiðast þegar tilteknum verkþáttum væri lokið. Nefndin skilaði skýrslu þar sem tekið var tillit til efnisatriða í þeirri þáltill. sem var samþykkt 10. mars 1992. Hún hefur skilað því til ráðherra ásamt greinargerð og þessi skýrsla hefur verið send þingflokkunum og líka umhvn. Alþingis. Þetta er skýrsla sem er tæknilegs eðlis. Og af því að spurt er sérstaklega um það hvort leitað hafi verið eftir tilnefningu fulltrúa annarra ráðuneyta í nefnd um málið þá þótti það ekki nauðsynlegt á þessum tíma. En eins og ég gat um í mínu svari þá eru þarna ýmsir fulltrúar, m.a. frá Sambandi íslenskra sveitarfélag en hins vegar er nú komið að þeim þætti að taka afstöðu til tillagna nefndarinnar, ekki síst þeirra sem varða fjármögnunina, og þá er nauðsynlegt að það komi til þess verks fulltrúar fleiri ráðuneyta, ekki síst fjmrn.

[17:19]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Umhvrn. hefur tekið sér fyrir hendur að láta skoða ýmis mál og skrifa um þau skýrslur, þar á meðal frárennslismál og málefni sem snúa að sorphirðu. Ég tel að þarna sé umhvrn. að fara út á mjög hála braut. Það liggur alveg fyrir að málefni sem snúa að frárennsli og sorphirðu eru málefni sveitarfélaga. Ég hef þá skoðun að það að ráðuneytið skuli hafa farið að láta vinna að úttektum og skýrslugerð í sambandi við þetta hafi tafið fyrir framförum í þessum tveimur málaflokkum. Það hefur vakið upp ótímabærar væntingar hjá sveitarstjórnarmönnum um fjármuni til þess að ganga til framkvæmda við útrásir og sorphirðumál. Ég er sannfærður um að það hefði verið miklu betra að sveitarfélögin hefðu ekki flækst inn í þá vinnu með umhvrn. vegna þess að það hefur ekkert komið út úr þessu annað en bæklingar og greinargerðir sem liggja uppi í hillum og verður tæplega farið nokkurn hlut eftir.

[17:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég verð að lýsa yfir vonbrigðum mínum með það að í svari hæstv. umhvrh. kom það raunverulega fram að ekki er búið að taka neinar ákvarðanir og það stendur ekki til neitt á næstunni virðist vera að taka ákvarðanir í þessu efni. Það er rétt að það hafa orðið verulegar tafir á því að sveitarfélögin tækju ákvarðanir um að gera það sem þarf að gera. Við vitum hvers vegna. Það er vegna þess að menn hafa verið að bíða eftir því að hér á hv. Alþingi verði teknar ákvarðanir um það með hvaða hætti eigi að koma til móts við sveitarfélögin í sambandi við fjármögnun á þessum stóru verkefnum. Alþingi er búið að taka ákvarðanir um að Íslendingar gerist aðilar að EES og þá bætast verulega miklar skuldbindingar við í þessu efni frá því sem áður var og voru miklar fyrir og nú bíða sveitarfélögin sem sagt eftir rásmerkinu. Og það er alveg rétt að það hafa orðið tafir en það er fyrst og fremst vegna þess að sveitarfélögin eru að bíða eftir því að það komi grænt ljós á það með hvaða hætti opinberir aðilar ætla að koma til móts við sveitarfélögin með fjármögnun þessara verkefna.

[17:22]

Fyrirspyrjandi (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir að taka þátt í umræðum um þetta mál. Svo vil ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans svör. Mér var ekki ljóst að það lægi fyrir skýrsla um þetta mál og úr því að svo er mun ég reyna að nálgast hana. En ég held gagnstætt þeim sem hér hafa talað um að þetta hafi tafið fyrir framkvæmdum sveitarfélaga að það sé alrangt því að staða margra sveitarfélaganna er þannig að þau hafa ekkert bolmagn til að fara í slíkar framkvæmdir. Það þarf frumkvæði og það þurfti rannsókn og það var ekki geta til þess hjá sveitarfélögunum, ég tala nú ekki um þeim smæstu, að fara út í þessar athuganir. Það er e.t.v. hjá stærstu sveitarfélögunum sem þetta var hægt en ég held að það hafi verið nauðsynlegt að fara þessa leið. Þess vegna vil ég mótmæla hv. þm. sem hafa sagt að þetta hafi tafið fyrir framgangi málsins. Nú liggur fyrir allsherjarúttekt um hvernig best verður fyrir komið málum á þennan veg og ég held að það sé grundvöllur að frekari aðgerðum.

Síðan vil ég endurtaka þakkir mínar fyrir svörin.

[17:24]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það að mér fannst skorta allverulega mikið á skilning og hlýhug í garð umhvrn. hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssoni. Sé það rétt að umhvrn. sé farið út á hála braut með því að taka að sér að skoða ýmis mál þá er það svo að það er ekki bara umhvrn. heldur ríkisstjórnin öll sem þar er komin út á hált svell vegna þess að þær skoðanir sem hv. þm. sagði að ráðuneytið hefði tekið að sér, það var ekki hægt að skilja mál hans öðruvísi en svo að hann væri að ýja að því að það væri eitthver sérstök ákvörð-

un núv. eða fyrrv. umhvrh. En staðreyndin er allt önnur. Staðreyndin er sú að umhvrn. er falið að gera þetta með þeirri samstarfsyfirlýsingu sem var samþykkt í upphafi þessa kjörtímabils og sem hv. þm. Sturla Böðvarsson samþykkti í sínum eigin þingflokki. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég er hissa á þessum málflutningi.

Ég kannast heldur ekki við þá bæklinga sem hv. þm. hefur séð liggja uppi í hillum í umhvrn. Eini bæklingurinn eða eina skýrslan sem ég kannast þar við og tengist þessum málum var að koma núna 17. febrúar. Það er mér sannkallað gleðiefni að fá tækifæri til þess að afhenda hv. þm. þessa skýrslu um fráveitumál á Íslandi eigin hendi vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt sem fyrsta skref að kanna ástandið og sjá með eigin augum hvernig það raunverulega er. Menn verða að vita stöðuna áður en þeir fara í framkvæmdir. Alveg eins og hv. þm. Sturla Böðvarsson gat um áðan í fyrri fyrirspurn sinni um olíuúrgang, en þá sagði hann nákvæmlega að það væri heppilegt og þarft að vita umfang vandans áður en ráðist er í að vinna bug á honum. Sama gildir um þetta. Svo einfalt er það nú.

Hafi það verið svo að sveitarfélög hafi hikað við, þá er mér a.m.k. ekki kunnugt um það. Ég þekki ekki þessi viðhorf meðal sveitarstjórnarmanna sem komu fram hér hjá hv. þm. Sturlu Böðvarssyni. (Forseti hringir.) Ég hefði getað sagt hér talsvert meira um ýmis atriði sem komu fram í máli Jóhanns Ársælssonar en ...(**Gripið fram í:** Þú verður bara að gera það seinna.)

Forvarnastarf á sviði áfengis og fíkniefna.

Fsp. StB, 382. mál. — Þskj. 579.

[17:26]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 579 flyt ég fsp. til hæstv. heilbrrh. um forvarnastarf á sviði áfengis- og fíkniefnamála. Samkvæmt fjárlögum þessa árs er veitt um 368 millj. kr. til áfengis- og fíkniefnamála á vegum þriggja ráðuneyta. Að auki eru framlög til Ríkisspítala vegna rekstrar Gunnarsholts og Vífilsstaðaspítala. Það má því ætla að á þessu ári séu veittar a.m.k. 500 millj. kr. til forvarnastarfs og meðferðar vegna ofnotkunar áfengis og fíkniefna.

Þrátt fyrir þennan mikla kostnað og fjölmargar stofnanir hopar þjóðin sífellt fyrir víglínu Bakkusar. Í tengslum við Áfengisvarnaráð starfa áfengisvarnanefndir um allt land og flestar þeirra tengjast með starfi sínu grunnskólum landsins vegna bindindismála og stúkustarfs. Þekkt er sú staðreynd að það ríkir ágreiningur milli þeirra hópa sem vinna að bindindismálum og þeirra hópa sem vinna meðferðarstarf vegna áfengisvandans. Ágreiningurinn er grundvallarágreiningur um hvernig vinna skuli forvarnastarf vegna áfengisvandans.

Þrátt fyrir ágreining um aðferðir verður því ekki á móti mælt að verulegur árangur verður af því starfi m.a. á meðferðarstofnunum. Hins vegar má spyrja þeirra spurninga hvort árangur gæti orðið meiri ef aukin áhersla væri lögð á bindindisstarfið og þá stefnu sem felst í því að auka forvarnir með öflugu starfi innan félagasamtaka, ungmenna og í grunnskólum landsins, e.t.v. undir stjórn og skipulagi Áfengisvarnaráðs. Telja verður eðlilegt að tilraun sé gerð til þess af heilbrrn. að meta árangur af forvörnum og meðferðarstarfi en láta ekki þá eina um það mat sem stofnanir reka. Því leyfi ég mér, virðulegi forseti, að bera upp spurningar í þremur liðum til hæstv. heilbrrh.:

„1. Hve miklir fjármunir voru veittir á vegum ráðuneytisins til forvarnastarfs á sviði áfengis og fíkniefna árin 1990 og 1993?

2. Með hvaða hætti er metinn árangur þeirra aðila sem starfa að forvarnastarfi á sviði fíkniefnamála og njóta til þess styrks úr ríkissjóði?

3. Hvernig er háttað samstarfi þeirra sem sinna forvarnastarfi og þeirra sem reka meðferðarstofnanir?“

[17:29]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint þremur spurningum er lúta að forvarnastarfi á sviði áfengis og fíkniefna.

1. Hversu miklir fjármunir voru veittir á vegum ráðuneytisins til forvarnastarfs á sviði áfengis og fíkniefna árin 1990 og 1993? Árið 1990 var fé fyrir fram ráðstafað til bindindisstarfa eins og sjá má á fjárlögum þessa árs en 8 millj. kr. kom í hlut ráðuneytisins úr gæsluvistarsjóði sem það ráðstafaði með eftirfarandi hætti: Áfengisvarnaráð 1 millj., SÁÁ 0,5 millj., AA-samtökin 300 þús., stoðbýli 1,1 millj., ýmsir styrkir 900 þús., meðferðarstofnanir 1 millj., fært á milli ára 1,3 millj. Alls 8 millj. kr. Rétt er að taka fram að tilfærsla á milli ára helgast af því að reynt er að hafa eitthvert fé inni á þessum lið öllum stundum til að mæta óvæntri þörf. Árið 1993 hafði gæsluvistarsjóður verið lagður niður og kom þar ráðstöfunarfé ráðuneytisins til þessara mála af fjárlagalið 08-62 sem þar er nefndur, Áfengisvarnir og bindindismál, og nam 26 millj. kr. sem var ráðstafað með þessum hætti: Áfengisvarnaráð 1,1 millj., SÁÁ 4,4 millj., AA-samtökin 200 þús., stoðbýli 10,1 millj. ýmsir styrkir 1,3 millj., meðferðarstofnanir 1,5 millj., fært á milli ára 3,4 millj., alls 26 millj. kr.

Í öðru lagi er spurt: Með hvaða hætti er metinn árangur þeirra aðila sem starfa að forvarnastarfi á sviði fíkniefnamála og njóta til þess styrks úr ríkissjóði?

Heföbundið eftirlit með árangri af forvörnum er ekki stundað af heilbrrn., enda hefur Áfengisvarnaráð sem er stærsti lögboðni aðilinn á vegum þess sinnt því hlutverki um áratuga skeið. Um þau umsvif má lesa í skýrslu frá þeirri stofnun og aðilum sem þeir hafa samvinnu við. Aðrir aðilar skila skýrslum og bókhaldi við starfsemi sína en um árangur er afar erfitt að dæma hjá öllum þessum aðilum því þar koma að margir aðrir þættir, svo sem forvarnakennsla í skólum, fjölmiðlun almennt, fjölskylduhagir og margt fleira. Fylgst er

með þeim könnunum sem gerðar eru af hinum ýmsu aðilum og reynt að ráða í hvaða forvarnastarf hafi gengið best frá einum tíma til annars. Langtímavinna er uppistaða í því viðamikla verkefni sem kynnt var af ráðuneytinu á landsvísu áður en það var lagt fram á 115. löggjafarþingi Alþingis í formi lagafrumvarps fyrir tveimur árum. Umræður um það hafa ekki enn hafist og verður það mál raunar til umræðu síðar á þessum fundi.

Í þriðja lagi er spurt hvernig sé háttað samstarfi þeirra sem sinna forvarnastarfi og þeirra sem reka meðferðarstofnanir. Þar er ekki um formlega samvinnu að ræða enda ólíkar vinnuaðferðir notaðar eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á. Aftur á móti hafa sveitarfélög eins og Reykjavík, Hafnarfjörður og Kópavogur haft aukið samstarf við ríkið um þessi mál. Forvörnum er beint að börnum, unglingum og vinnustöðum. Slík vinna fer fram að mestum hluta í skólum og þá með aðstoð kennsluefnisins, svo sem bókinni „Breyting barns í ungling", „Árin sem koma á óvart" og Lions Quest námsefninu sem byggist á því að ná tökum á tilverunni í breiðum skilningi. Þá er einnig námsefni í gangi fyrir þá yngri sem í bókarformi heitir „Venjulegur dagur, hvað finnst þér?"

Vinnustaðina heimsækja heilbrigðisstarfsmenn, leikhópar, starfsmenn í forvörnum og meðferðarstofnunum. Það er nauðsynlegt í þessu sambandi að rugla ekki saman stoðvörnum, samanber forvarnir, því verið er að koma við vörnum til að draga úr eða stöðva neyslu sem farið hefur úr böndum þegar um stoðvarnir er að ræða. Þar eru til að mynda AA-samtökin hljóður kraftaverkahópur. Loks koma neyðarvarnirnar, meðferðarstofnanirnar sem bjarga lífi ofneytandans.

Það er hárrétt hjá fyrirspyrjanda að um þessi mál eru nokkuð skiptar skoðanir, þ.e. hvar skuli grípa inn í þetta ferli, misnotkun áfengis, hvort það eigi að vera á fyrstu stigum með öflugri eða kraftmikilli fræðslu til þeirra sem yngri eru einkum og sér í lagi ellegar hvort eigi að beita þeim aðferðum sem SÁÁ kannski fyrst og síðast standa fyrir, þ.e. að koma til leiks og hjálpa þegar um sannanlega ofneyslu er að ræða og málið er komið á alvarlegt stig. Ég hygg að seint komist menn að algildum stórasannleik í þeim efnum þannig að í því ljósi er reynt að halda til haga þessum tveimur meginstefum skulum við segja sem uppi eru í baráttunni gegn fíkniefnunum. Hitt er svo umhugsunarefni eins og hv. fyrirspyrjandi kom inn á að þegar litið er á þær upphæðir sem varið er til forvarna annars vegar og hins vegar til meðferðarstarfa, þá er auðvitað stór munur þar á og álitaefni sem ég vakti m.a. athygli á hér í fjárlagaumræðunni á sl. hausti, hvort þar væri ekki misvægið orðið það mikið að það þyrfti endurmats við.

[17:35]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Það kom glöggt fram að það hefur orðið verulega mikil hækkun milli áranna 1990 og 1993 á þeim fjárlagalið sem ráðuneytið hefur til umráða til þess að veita þeim aðilum stuðning sem sinna forvarnastarfi m.a. en þar er um að ræða hækkun úr 8 millj. í 26 millj.

Peningar eru auðvitað mikilvægir í þessu sambandi en þeir eru ekki það sem öllu ræður heldur það hvernig að þessum málum er staðið. Þess vegna verð ég að segja að það veldur mér nokkrum vonbrigðum sem kom fram í svari hæstv. heilbrrh. að ekki skuli vera neitt formlegt samráð eða samstarf á milli þeirra aðila sem sinna fyrst og fremst bindindismálum og forvarnastarfi og svo hins vegar þeirra sem standa að rekstri meðferðarheimilanna. Ég er sannfærður um að það er nauðsynlegt og mjög mikilvægt að þessi mál verði tekin til endurmats. Þetta er stórt og vaxandi vandamál í okkar þjóðfélagi og ég held að það sé óhjákvæmilegt, ekki einungis út frá því að það fara miklir fjármunir til þessara stofnana vegna áfengismeðferðar heldur ekki síst vegna þess að ég held að það sé nauðsynlegt að ráðuneyti, að ríkisvaldið beiti sér fyrir því að leitað sé hinna bestu leiða til að koma í veg fyrir það að fólk misnoti áfengi og fíkniefni. Það verður ekki gert ef fyrst og fremst er hugsað um meðferðarúrræðin. Ég tel að allra mikilvægast sé það að sinna forvörnunum og þess vegna hvet ég hæstv. ráðherra til þess að beita sínu ráðuneyti í það verk að samræma vinnu og vinnubrögð þessara aðila annars vegar, Áfengisvarnaráðs og þeirra sem leggja áherslu á bindindisstarfið, og svo hins vegar þeirra sem sinna hinu mikilvæga verkefni á sviðum meðferðarheimilanna.

[17:37]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Sturlu Böðvarssyni í þá veru sem hann talaði hér og ég vil árétta það að í desember sl. fór allnokkur umræða fram einmitt um áfengismálin og fjármál þeim tengd. Þá hygg ég hins vegar að skýrt hafi komið fram að hv. þm., m.a. fyrirspyrjandi, lögðu mjög ríka áherslu á það að í engu yrði breytt þeim rekstri sem hefur einungis með meðferð að gera.

Nú er það þannig að þau ágætu samtök sem ég á hér við, samtök áhugafólks um áfengisvandamálið, SÁÁ, hafa farið eftir hinni svokölluðu bandarísku línu sem margir Íslendingar kannast við frá Freeport og öðrum sambærilegum heimilum þar. Á hinn bóginn hafa margir bent á það til að mynda í þeim efnum að nú hafi Bandaríkjamenn snúið sér í auknum mæli frá þeirri kenningu að meðferðin skuli fara fram í tiltölulega einangruðu samfélagi, lokuðu frá umhverfinu í kring heldur þvert á móti sé í auknum mæli nú farið út á brautir dagdeilda. Með öðrum orðum, viðkomandi sjúklingur er yfir daginn í þessu virka meðferðarprógrammi en er síðan í sínu eðlilega umhverfi á kvöldin og á næturnar. Hann er með öðrum orðum að eiga við þetta vandamál sitt í sínu eðlilega og venjubundna umhverfi.

Þetta vil ég nefna til þess eins að undirstrika að það er kannski auðveldara um að tala en í að komast til þess að gera í raun það endurmat sem sífellt á að fara fram í áfengismálastefnu okkar og þá einnig hitt að

færa fé frá virku meðferðarstarfi til forvarna með það að markmiði að ná sem bestum árangri á hverjum tíma.

Varnir gegn útbreiðslu alnæmis.

Fsp. IP, 394. mál. — Þskj. 594.

[17:40]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Um þessar mundir eru 12 ár síðan sjúkdómurinn alnæmi var uppgötvaður. Sökum þess að hvorki bóluefni né lækning gegn HIV-sýkingu hefur fundist er eingöngu hægt að stemma stigu við sjúkdómnum með því að forðast smit. Til að forðast HIV-smit þarf almenningur að þekkja smitleiðir og jafnframt að læra að forðast smit og fara eftir þeim upplýsingum. Landlæknisembættið og landsnefnd um alnæmisvarnir hafa gengist fyrir könnun á kynhegðun og þekkingu á alnæmi og landlæknisembættið hefur einnig gert könnun um kynfræðslu og fræðslu um alnæmi í grunnskólum Íslands. Sú könnun var gerð á árunum 1990 og 1992. Í þessum tveimur fyrrnefndu könnunum eru margar mjög mikilvægar upplýsingar sem eru góður grunnur undir fræðslu og víðtækari varnarherferð gegn alnæmi. Því er það spurning mín hvernig heilbrigðisyfirvöld hyggjast nota þessar kannanir.

Talið er að 200 einstaklingar smitist daglega í heiminum af þessum illvíga sjúkdómi. Hér á Íslandi greinist að meðaltali einn einstaklingur á mánuði með HIV-smit. Í lok árs 1993 hafa greinst samtals 83 einstaklingar á Íslandi með smit af völdum HIV-veirunnar. Á árinu 1993 greindust þrír nýir einstaklingar með HIV-smit. Sex greindust með alnæmi og átta létust vegna sjúkdómsins. Á Íslandi hefur því greinst samtals 31 einstaklingur með alnæmi, lokastig sjúkdómsins, og þar af hafa 20 látist.

Fyrir fáum árum síðan var gerð mikil fræðslu- og upplýsingaherferð í öllum fjölmiðlum gegn þessum vágesti og spurning mín til hæstv. heilbrrh. er: Hyggst heilbrrh. gangast fyrir nýrri fræðsluherferð? Fsp. mín er á þskj. 594 og er svohljóðandi:

„Hvað eru heilbrigðisyfirvöld að gera í fræðslumálum til varnar útbreiðslu alnæmis?"

[17:42]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint svohljóðandi fsp.: Hvað eru heilbrigðisyfirvöld að gera í fræðslumálum til varnar útbreiðslu alnæmis?

Nokkuð er liðið síðan sjúkdómurinn alnæmi greindist hér á landi. Hér er um alvarlegan og ólæknandi sjúkdóm að ræða og því mikilvægt að fyrirbyggja útbreiðslu hans eins og frekast er unnt. Heilbrigðisyfirvöldum er fullljóst að þar skiptir fræðslan höfuðmáli. Þegar um sjúkdóm eins og alnæmi er að ræða er mikilvægt að fræðslan nái til sem flestra. Því hefur fræðslunni að miklum hluta verið beint til alls almennings. Heilbrigðisyfirvöld hafa hins vegar einnig greint ýmsa sértæka hópa, markhópa, sem þarf að ná til eftir ákveðnum leiðum, með ákveðnar áherslur í fræðslunni í huga. Sem dæmi um slíka hópa eru nemendur, kennarar, heilbrigðisstarfsfólk, löggæslufólk, smitaðir einstaklingar og aðstandendur þeirra.

Nokkrir helstu áherslupunktar í fræðslu um alnæmisvarnir á árunum 1993 og 1994 eru eftirfarandi: Í fyrsta lagi fræðsla í skólum. Stefna heilbrigðisyfirvalda hefur verið sú að alnæmisfræðsla skuli að mestu fara fram samfara annarri heilbrigðisfræðslu í skólum. Sú fræðsla er nú orðið einkum í höndum kennara og starfsmanna heilsugæslustöðva. Í fylgiriti heilbrigðisskýrslu nr. 3/1993 var greint frá könnum sem gerð var á vegum landlæknisembættisins árið 1991. Þar kemur fram að á skólaárinu 1990–1991 var alnæmisfræðsla veitt í 83 þeirra grunnskóla sem hafa nemendur í 9. og 10. bekk. Talið er að þetta hlutfall hafi fremur aukist á þeim árum sem liðin eru frá því að könnunin var gerð þar sem reynt hefur verið að auka stuðning við kennara og heilbrigðisstarfsfólk sem sinnir þessari fræðslu. Í því augnamiði hefur m.a. verið ákveðin samvinna við menntmrn. um áhersluþætti kennslunnar og hafa heilbrigðisyfirvöld t.d. komið fram með tillögur að fræðsluefni í skólum. Annars vegar er um að ræða námsefni fyrir nemendur, hins vegar fræðslu- og stuðningsefni fyrir kennara. Sem dæmi má nefna fræðsluefni sem ber nafnið „Lífsskylduákvarðanir" og hefur nýlega verið þýtt og staðfært til notkunar í grunnskólum hér á landi.

Nú er einnig í athugun að frumkvæði heilbrigðisyfirvalda endurskoðun á stuðningsefni við kennslu sem ber heitið „Alnæmisvarnir" og var fyrst gefið út á árinu 1988.

Í fyrrgreindri könnun koma fram upplýsingar um hvað helst stæði í vegi fyrir því að alnæmisfræðsla færi fram í öllum efstu bekkjum grunnskóla. Nú er reynt að bregðast við þeim ábendingum sem þar koma fram.

Í öðru lagi: Á hverju ári velja margir nemendur grunnskóla, framhaldsskóla og námsleiða, sem leiða til starfa innan heilbrigðisþjónustunnar, alnæmi og alnæmisvarnir sem sérstakt viðfangsefni til umfjöllunar í námi sínu. Til að mæta þörfum þeirra nemenda varðandi fræðsluefni hefur bókasafn landlæknisembættisins og heilbrrn. bætt verulega við bóka- og tímaritakost sinn til að vera betur í stakk búinn við að ráðleggja og leiðbeina nemendum varðandi sértækt efni til að styðjast við í umfjöllun sinni.

Í þriðja lagi: Sífellt er verið að leita nýrra leiða til að ná til ungs fólks með fræðslu um alnæmi og alnæmisvarnir í huga. Á útihátíðum sl. sumar voru farnar nýjar leiðir til að koma upplýsingum til ungmenna. Það þótti gefast vel og er fyrirhugað að það verði gert með hliðstæðum hætti á útihátíðum á þessu ári.

Í fjórða lagi: Sl. tólf mánuði hefur verið reynt að beina upplýsingum um alnæmisvarnir beint til þeirra sem dvelja síðla kvölds og lengi nætur í miðbæ Reykjavíkur.

Í fimmta lagi: Í nóvember 1993 var endurútgefið fræðslurit landlæknisembættisins um kynsjúkdóma. Í

því riti er kafli um alnæmi, ábendingar um hvert fólk geti leitað og listi yfir ítarefni um alnæmi og kynlíf. Þessi bæklingur liggur m.a. frammi á öllum heilsugæslustöðvum og er notaður sem fræðsluefni í skólum.

Í sjötta lagi: Á sl. ári var að frumkvæði landsnefndar um alnæmisvarnir, en sú nefnd er skipuð af heilbrrh., haldin samkeppni um leikrit sem fjallaði um alnæmi. Tuttugu og fjögur leikritahandrit bárust. Heilbrigðisyfirvöld veittu þrenn verðlaun og hefur eitt þeirra verið sýnt á 60 stöðum, einkum á vinnustöðum og í skólum, frá því í október sl.

Í sjöunda lagi: Í lok síðasta árs var að frumkvæði landsnefndar um alnæmisvarnir ákveðið fræðslu- og upplýsingaefni sýnt í ýmsum kvikmyndahúsum í Reykjavík.

Í áttunda lagi: Samkvæmt niðurstöðum athugana sem gerðar hafa verið hér á landi hefur verulegur hluti smitaðra einstaklinga smitast af alnæmi erlendis. Því hefur verið ákveðið að beina fræðslu á þessu ári sérstaklega að ferðamönnum. Í tengslum við það er m.a. hafin samvinna við ferðaskrifstofur.

Í níunda lagi: Á hverju ári reyna heilbrigðisyfirvöld að hafa milligöngu um að sérfróðir aðilar haldi fræðsluerindi í skólum, stofnunum, vinnustöðum og hjá félagasamtökum. Svo verður einnig gert á þessu ári.

Einnig birtast árlega að frumkvæði heilbrigðisyfirvalda upplýsingar um alnæmi í fjölmiðlum.

Í tíunda lagi: Nýlega var þess farið á leit við þá er sinna heilbrigðisþjónustu í fangelsum að þeir beiti sér fyrir því að fangar fái fræðslu um alnæmi og alnæmisvarnir.

Hér hefur í stuttu máli verið greint frá nokkrum atriðum sem heilbrigðisyfirvöld eru að vinna að í fræðslumálum til varnar útbreiðslu alnæmis. Þá er ótalin námstefna fyrir starfsmenn heilbrigðis- og félagslegrar þjónustu sem haldin var sl. haust og sem fyrirhugað er að halda einnig næsta haust, þá með öðru fræðsluefni. Einnig sú umræða sem nú á sér stað hjá heilbrigðisyfirvöldum um möguleika á aukinni þjónustu kynfræðsludeildar og útgáfu fræðirita með niðurstöðum könnunar heilbrigðisyfirvalda á kynhegðun og þekkingu á alnæmi, svo nokkuð sé nefnt.

[17:48]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur fyrir að bera þessar spurningar fram og einnig þá fræðslu sem við fengum frá hæstv. ráðherra. En mig langaði að spyrja að því hvernig háttað er samstarfi heilbrrn. og landlæknisembættisins og samtaka alnæmissjúklinga og Samtökin '78, sem eru samtök homma og lesbía, en bæði þessi samtök hafa sótt um fjármagn til fjárln. og Alþingis á hverju ári. Miðað við þær 26 millj. sem fara í forvarnastarf á árinu 1993, 26 millj. sem fóru í forvarnastarf á sviði áfengis og vímuefna, þá væri fróðlegt að bera saman þær tölur sem hafa farið í þetta forvarnastarf þar sem ég veit að alnæmissamtökin sem vilja gjarnan taka þátt í þessari fræðslu hafa fengið mjög litlar fjárveitingar á undanförnum árum af safnliðum.

[17:49]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er greinilega ýmislegt verið að gera og það er mjög gott og mjög nauðsynlegt vegna þess að fórnarlömb þessa alvarlega sjúkdóms er ungt fólk fyrst og fremst. Og ef hægt er að koma í veg fyrir sjúkdóminn er það afar dýrmætt. Og það er hægt. Upplýst var áðan að 26 millj. kr. er varið til forvarnastarfa fyrir þetta ár og ég efast ekki um að þeim peningum er vel varið því hver sjúklingur kostar mikla peninga fyrir utan það tilfinnanlega tjón sem verður af sjúkdómnum.

Ég ætla aðeins að rifja það upp að þeir sem eru fórnarlömb er fólk á milli 30 og 39 ára í langstærsta hópnum. Það eru 23 einstaklingar sem eru með HIV-veiruna og alnæmi, 10 í þessum aldurshópi. Þannig að það er unga fólkið sem smitast og er komið með alvarleg einkenni á þessum árum.

En ég tek líka undir með hv. þm. Margrét Frímannsdóttur sem sagði áðan að svolítið vantaði á samvinnuna milli aðila sem eru að vinna að forvarnastörfunum. Mikilvægt er að efla þá samvinnu.

[17:51]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda um nauðsyn þess að halda sífellt vöku sinni í þessum efnum. Það er ljóst að fræðsla af þessum toga þarf að vera síbreytileg. Markmiðið liggur ljóst fyrir, að vara við þessari vá. Hitt er annað mál að leiðirnar mega ekki verða leiðigjarnar. Það þarf ævinlega að vera vakandi fyrir nýjum möguleikum til nálgunar, sérstaklega að þeim markhópum sem hvað viðkvæmastir eru, sem rétt er að er kannski ekki síst unga fólkið.

Ég hygg að almennt megi segja að samstarf þeirra aðila sem nærri koma sé býsna náið og gott, eins og ég gat raunar um í svari mínu. Hvað viðvíkur sambandi við samtök alnæmissjúklinga og Samtökin '78 hef ég ekki á reiðum höndum með hversu formlegum hætti það er af hálfu landlæknisembættisins. Hitt veit ég að ég hef átt tal við forsvarsmenn og félaga í þessum samtökum alnæmissjúklinga og þeir hafa leitað stuðnings hjá ráðuneytinu við minni háttar mál. Þeir njóta stuðnings frá borginni við húsnæðismálin og einnig hefur ráðuneytið veitt þeim stuðning og styrk. Hvort það er nægilegt skal ósagt látið en ég tek vitaskuld undir nauðsyn þess að þessi samtök verði virk í þessu fræðsluprógrammi, í þessum tilraunum þeirra fjölmörgu aðila sem að fræðslunni standa. Og án þess að ég geti fullyrt um það þá er mín tilfinning sú, a.m.k. eftir tal mitt við fulltrúa þessara samtaka, að svo sé.

Áfengis- og vímuefnavarnir.

Fsp. IP, 397. mál. — Þskj. 598.

[17:53]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fsp. mín á þskj. 598 til hæstv.

heilbrrh. er svohljóðandi:

„Hvers vegna hefur frv. til laga um áfengis- og vímuefnavarnir, sem kynnt var á ráðstefnu í nóvember 1991 undir yfirskriftinni „Verum vakandi" og lagt var fram á 115. löggjafarþingi, ekki komið til umræðu á Alþingi?"

Dagana 29. og 30. nóv. 1991 var mikil ráðstefna á vegum heilbr.- og trmrn. um mótun framtíðarstefnu í vímuefnavörnum undir heitinu „Verum vakandi". Þessi ráðstefna var gríðarlega vel sótt og vönduð í alla staði. Þessi ráðstefna vakti nokkrar vonir því þá var kynnt efnismikið frv. til laga um áfengis- og vímuefnavarnir. Þetta sama frv. var síðan lagt fram á 115. löggjafarþingi en var aldrei rætt. Síðan ekki söguna meir, nema hvað árlega hefur verið dregið verulega úr því fjármagni sem ætlað er til áfengis- og vímuefnameðferðar. Það virðist því vera eina stefnumörkunin hjá hæstv. ríkisstjórn að draga úr meðferðartilboðum en enginn vísir til nýrra átaka í forvarnastarfi, en forvarnastarf er áhrifamesta og ódýrasta leiðin.

Í dag er ætlað að 19.000 vímuefnaneytendur séu í landinu. Áætlað er að 28.000 íslensk börn séu að alast upp í alkóhólískum fjölskyldum. Í veröld óvissu, hraða og spennu, þar sem einstaklingar eru undir stöðugri áreitni, þarf vel skipulagt forvarnastarf. Því er það spurning mín til hæstv. heilbrrh.: Hyggst hann ekki leggja fram frv. til laga um áfengis- og vímuefnavarnir eins og fyrirheit voru gefin um í upphafi kjörtímabilsins?

[17:55]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Frv. sem hér um ræðir, þ.e. frv. til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir, var lagt fram til kynningar vorið 1992 í lok 115. löggjafarþingsins. Haustið 1992 ákvað þáv. heilbrrh. að leggja frv. ekki fram sem stjfrv., en ritaði þann 2. des. 1992 þáv. formanni heilbr.- og trn., Sigbirni Gunnarssyni, og segir svo í bréfi hans, með leyfi forseta:

„Í frv. eru ýmis nýmæli sem sum hver eru álitamál. Heilbr.- og trmrh. sendir frv. hér með til heilbr.- og trn. Alþingis með beiðni um að nefndin yfirfari frv. og athugi hvort náðst getur samstaða í nefndinni um flutning þess á 116. löggjafarþingi."

Af þessu er ljóst að fyrrv. heilbr.- og trmrh. gerði ráð fyrir að heilbr.- og trn. Alþingis tæki frv. til athugunar og legði það fram ef hún teldi að um það gæti náðst samstaða. Það gekk ekki eftir.

Þetta frv. hef ég kynnt í ríkisstjórn á sl. hausti. Þar var samþykkt að senda það í kostnaðarmat í fjmrn. Það er enn þá óafgreitt á borðum ríkisstjórnar. Ég hef hins vegar mikinn áhuga á að koma málinu fram. Á hinn bóginn er ljóst að álitamál eru nokkur, þverpólitísk, og hef ég samhliða látið yfirfara frv. með það í huga að koma til móts við ábendingar og fækka þessum álitamálum ef það gæti orðið til þess að greiða frv. leið í gegnum ríkisstjórn og síðan hið háa Alþingi.

Um þetta er út af fyrir sig ekki meira að segja. Ég vil hins vegar árétta það að ég hef fullan hug á því að koma frv. fram lítt breyttu. Ég vil hins vegar vísa á bug þeim fullyrðingum sem fram komu í máli hv. fyrirspyrjanda í þá veru að forvarnastarfi væri ekki sinnt. Ég hygg að það hafi komið skýrt fram í umræðu hér fyrr í dag að þar hafa upphæðir þvert á móti margfaldast milli ára og ég hygg að hv. þm. hafi heyrt það af vörum mínum. Þess vegna eru það staðlausir stafir fullyrðingar í þá veru að hér sé allt á hverfanda hveli.

[17:57]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. svörin. Ég ætla fyrst að taka undir það síðasta sem hann sagði, að hér væri allt á hverfanda hveli varðandi þessi málefni. Mér sýnist að allt sé á hverfanda hveli í hæstv. ríkisstjórn. En það sem ég sagði áðan og ætla að endurtaka er að árlega hefur verið dregið verulega úr því fjármagni sem ætlað er til áfengis- og vímuefnameðferðar. Það er rétt hjá mér því árið 1991 voru lagðar 236 millj. kr. til samtaka áhugamanna um áfengisvarnir. Á árinu 1994 er þessi upphæð í kringum 170 millj. kr. Það var það sem ég var að tala um áðan, hæstv. ráðherra.

Ég vil segja það sem mína skoðun að ég tel lítinn tilgang með miklum ráðstefnum, sem ég ræddi um áðan, ráðstefnu um varnir gegn vímuefnum sem gekk undir kjörorðunum „Verum vakandi" því ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi verið gjörsamlega sofandi í þessu máli.

Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. heilbrrh. að heilbr.- og trn. fékk þetta frv. til umfjöllunar en það var aldrei gefinn sá tími sem þurfti til að ræða það innan nefndarinnar, enda kom það fram berlega hjá hæstv. ráðherra að ágreiningurinn í þessu máli er í ríkisstjórninni.

[17:59]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Rétt skal vera rétt. Hér var fyrirspyrjandi að ræða um forvarnamál áðan, ekki meðferðarmál. Og ég vil árétta það að þar hafa upphæðir hækkað milli ára og árétta enn fremur að á því er stigsmunur hvort menn eru að ræða um meðferð á sjúku fólki, stundum mjög sjúku fólki, eða forvörnum sem miða að heilbrigðum og koma í veg fyrir að sjúkdómurinn nái tökum á viðkomandi. Þessi hugtök verða að vera á hreinu þegar þessi mikilvægi málaflokkur er ræddur. Á hinn bóginn er hv. fyrirspyrjandi ekki sá fyrsti og kannski ekki sá síðasti sem ruglar þessu saman.

Hitt vil ég árétta að þau álitamál sem uppi eru í þessu efni eru langt í frá flokkspólitísk, þau eru þverpólitísk eins og ég kom inn á og lúta að efnislegum, faglegum þáttum. Þannig að ég held að það sé af og frá, þótt hv. fyrirspyrjandi vilji leggja þetta mál út á þann veg, að hér sé um mál ríkisstjórnar að ræða annars vegar og stjórnarandstöðu hins vegar, þá er það bara ekki þannig. Þetta mál hefur yfir sér allt annan blæ.

Ég vil líka láta það koma hér fram, þannig að við höfum það á hendi sem sannast reynist í þessum efn-

um, að þó að þessi vágestur, áfengismisnotkun, sé stóralvarlegur og aldrei megi sofna á verðinum þá er það þó þannig að alkóhóllítri á mann 15 ára og eldri hefur farið lækkandi umliðin fjögur ár, frá og með 1990 til ársins í ár, frá því að vera í 5,24 lítrum á mann 15 ára og eldri niður í 4,45 lítra. Það þýðir í raun að menn eru að komast niður á svipað stig og var í kringum 1984–1985, þ.e. á árunum á undan bjórnum. Þannig að við erum að komast á svipað ról eins og var fyrir þann tíma. Það er út af fyrir sig fagnaðarefni þó auðvitað megi aldrei slaka á klónni eitt andartak.

Eftirlit með pappírslausum viðskiptum.

Fsp. StB, 384. mál. — Þskj. 581.

[18:02]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 581 hef ég flutt fsp. til hæstv. fjmrh. um pappírslaus viðskipti. Með aukinni tölvuvinnslu hefur verið hvatt til þess að nota hina öflugu tölvutækni til að draga úr pappírsnotkun og nýta sér samtengingu tölvukerfa og koma þannig á pappírslausum viðskiptum með öllu því hagræði sem því getur fylgt. Þessi nýskipan hefur ekki enn orðið útbreidd en þó hafa nokkur fyrirtæki og stofnanir tekið upp pappírslaus viðskipti. Þá má nefna sem dæmi lottókerfið sem byggir á þessari samtengingu tölvutækninnar og einnig tölvukerfið „Lóðsinn" þar sem fram fer skráning á öllum afla sem lagður er á land í höfnum landsins. Þar er um að ræða samstarf Fiskistofu, sjútvrn. og annarra hafna landsins sem má vekja athygli á og er í rauninni af sama meiði og pappírslaus viðskipti á milli stofnana og fyrirtækja að öðru leyti.

Starfandi er nefnd um bætt verklag í viðskiptum. Þessi nefnd hefur unnið mjög merkilegt starf við að koma á þessum pappírslausu viðskiptum, vinna undirbúningsvinnu og samræma þær aðgerðir sem þurft hefur að standa fyrir til að þessum viðskiptaháttum mætti koma á. Pappírslaus viðskipti eru mikilvæg að mínu mati og ættu að geta sparað og auðveldað öll viðskipti.

Með pappírslausum viðskiptum um tölvukerfi skapast hins vegar möguleiki á misnotkun þegar um er að ræða skattskyld viðskipti og þjónustu nema þar séu notuð fullkomin kerfi sem auðvelt er að endurskoða og fylgjast með.

Því leyfi ég mér, virðulegur forseti, að leggja svohljóðandi fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh.:

„Hvernig er háttað eftirliti og endurskoðun með pappírslausum viðskiptum sem tengjast skattskyldum viðskiptum og þjónustu?"

[18:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að pappírslaus viðskipti eru mikilvægt framfaraskref í viðskiptum. Ég vil hvetja til þess að áfram verði haldið þróun slíkra viðskipta hér á landi. Í gildandi bókhaldslögum svo og í skattalögum, þar með talið lögum um virðisaukaskatt, er gengið út frá því að öll gögn sem bókað er eftir séu úr pappír eða áþreifanleg. Þróunin í bókhaldsmálum sem nú er að ryðja sér til rúms er að nýta möguleika tölvusamskipta og hverfa að einhverju leyti frá pappírsviðskiptum til upplýsingaskipta milli tölva.

Að því er ég best veit hefur ekkert sérstakt eftirlit verið af hálfu skattyfirvalda með pappírslausum viðskiptum. En þar fara fyrir tollstjóraembættin varðandi tollskjöl svo og nokkur innflutningsfyrirtæki, bæði varðandi pantanir sem þau gera erlendis og pantanir frá smásölum til þeirra.

Pappírslaus viðskipti byggjast á tvíhliða samningum milli viðkomandi aðila þannig að ekki getur hver sem er gengið inn í þennan viðskiptamáta. Þar sem endurskoðun bókhaldslaganna stendur yfir, en hún tekur m.a. til þessara atriða, tel ég að skattyfirvöld geri ekki ágreining vegna þessara viðskiptahátta svo fremi sem þau sjá að viðskipti fari eftir þeim samskiptareglum milli aðila sem EDI-félagið hefur beitt sér fyrir.

Eins og ég sagði er unnið að endurskoðun laga um bókhald. Nefnd sem að því starfar vinnur m.a. að endurskoðun þessara ákvæða í bókhaldslögum með það í huga að samþykkja að pappírslaus viðskipti verði viðurkennd sem réttmæt skráning viðskipta. Í þessu sambandi vil ég vekja athygli á að það ber brýna nauðsyn til að yfirvöld, helst skattyfirvöld, taki að sér endurskoðun á hinum ýmsu tölvuforritum sem notuð eru við bókhald fyrirtækja, þar með töldum endurskoðun á kerfum pappírslausra viðskipta. Ég nefni í þessu sambandi að eitt rannsóknarmál af þessu tagi hefur í framhaldi af rannsókn skattrannsóknastjóra komið til kasta dómstóla vegna misbeitingar tölvuforrits við færslu bókhalds.

Ég nefni þetta hér vegna þess að það er kannski ekki beinlínis bundið við pappírslausu viðskiptin sem þarf að efla eftirlit skattyfirvalda heldur einnig þar sem um er að ræða forrit, t.d. forrit vegna virðisaukaskatts, því auðvitað er hægt ef menn vilja að breyta forritum þannig að þau uppfylli ekki gildandi lagaákvæði.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara mörgum fleiri orðum um þetta. Það er ljóst að eftirlit og endurskoðun með pappírslausum viðskiptum er tengjast skattskyldum viðskiptum og þjónustu er ekki nú með þeim hætti sem best verður á kosið og það má búast við að á næstu vikum og mánuðum verði mótaðar reglur um slík viðskipti á meðan þau þróast enda er erfitt að færa í lög ákvæði áður en menn sjá hvernig þróunin verður. Aðalatriði málsins er hins vegar það að pappírslaus viðskipti verða ekki til nema með samþykki beggja þegar um tvo aðila er að ræða og opinberir aðilar munu velja úr þau fyrirtæki sem uppfylla viss skilyrði í þeim efnum.

Ég vil svo að lokum segja frá því að frá því er gengið eins tryggilega eins og hægt er að „skjöl" séu geymd í pappírslausum viðskiptum og þess vegna ætti að vera tiltölulega auðvelt að endurskoða slík skjöl sem þá eru á hörðum diskum eða á segulbandi.

[18:09]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir hans ítarlega svar við fsp. minni. Ég vil geta þess hér um leið og vekja athygli á því að hæstv. fjmrh. hefur sýnt þessari nýju tækni mikinn áhuga. Ég hef lesið um það og séð í fréttabréfum að hann hefur mætt á fundum hjá þeirri nefnd sem hefur unnið að þessu máli og ég nefndi áðan.

Ég vil fagna því sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að í undirbúningi er endurskoðun á bókhaldslögunum þannig að tekið verði á þessum málum og það tryggt að endurskoðun og eftirlit með pappírslausum viðskiptum séu með viðunandi hætti og að skattalög og bókhaldslög taki tillit til þeirra nýju hátta sem eru að ryðja sér til rúms. Það er afskaplega mikið atriði að löggjöf og stjórnvöld séu ekki hemill á þessa mikilvægu þróun sem á sér stað með öflugri tölvuvinnslu og fullkomnum hugbúnaði.

Ég vil eindregið hvetja hæstv. fjmrh. til að sjá svo til að hratt og vel verði unnið að endurskoðun á þeirri löggjöf sem þarf að taka til breytinga. Ég fagna því ef á hinu háa Alþingi sést áður en langt um líður frv. sem gerir ráð fyrir því að við tökum inn í okkar löggjöf þá mikilvægu þætti sem tengjast pappírslausum viðskiptum og á þann hátt geti Alþingi stuðlað að framþróun í viðskiptum með þeim hætti sem pappírslaus viðskipti bjóða upp á.

Löggilding tölvukerfa.

Fsp. StB, 385. mál. — Þskj. 582.

[18:11]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 582 hef ég borið fram fyrirspurn til hæstv. fjmrh. um prófun og löggildingu tölvukerfa.

Opinber þjónusta hvers konar byggir æ meira á notkun tölvukerfa. Álagning hvers konar gjalda, skatta og innheimta byggist á hugbúnaði sem notaður er í stórum og smáum vélbúnaði sem er í notkun hjá ríkisstofnunum. Það skiptir því miklu máli að viðkomandi stofnanir og ekki síður einstaklingar og fyrirtæki sem greiða sín gjöld eftir útskrift frá viðkomandi hugbúnaði geti verið örugg um að rétt sé reiknað í tölvukerfunum og það haldi með réttum hætti utan um þær margvíslegu forsendur sem tengjast álagningu og innheimtu skatta og gjalda.

Traust manna á tölvukerfum er mikið. Oft heyrist svar þeirra sem vinna við afgreiðslu með tölvur „þetta stendur í tölvunni" án þess að geta skýrt það nánar og verður að taka allt gott og gilt sem á tölvuskjánum birtist. Reynsla mín af gerð tölvukerfa er sú að verulegar villur og gallar geta komið upp án þess að það komi í ljós strax. Það er því að mínu mati rík ástæða til að settar séu reglur um prófun þeirra og e.t.v. sett sérstök löggjöf til að verja einstaklinga og aðra sem þurfa að eiga svo mjög undir því að tölvukerfin séu rétt og villulaus.

Því vil ég spyrja hæstv. fjmrh.:

1. Með hvaða hætti eru tölvukerfi prófuð áður en þau eru tekin í notkun hjá opinberum stofnunum?

2. Hyggst fjmrh. beita sér fyrir setningu löggjafar sem tryggi löggildingu þess hugbúnaðar sem í notkun er fyrir stofnanir ríkisins?

[18:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Í útboðslýsingum fyrir innkaup á tölvbúnaði fyrir ríkið er oftast að finna ákvæði þess efnis eins og segir, með leyfi forseta:

„Að lokinni uppsetningu búnaðar framkvæmi verktaki prófanir á öllum vél- og hugbúnaði að viðstöddum verkkaupa."

Um vélbúnað, svo sem tölvur og netkerfi, er reynt að gera sem nákvæmastar kröfur í útboðslýsingu um stærð og afköst. Til er úrval staðlaðra prófa sem oft eru notuð til að sannreyna uppgefin afköst. Þá hefur verið gerð sú krafa í útboðum á vegum ráðuneytisins að búnaðir standist sannanlega kröfur alþjóðlegra staðla um öryggisbúnað og frágang. Prófun við viðtöku felst í því að sannreyna hvort staðið er við gerðar kröfur.

Tölvukerfi ríkisins, bæði hugbúnaðar- og vélbúnaðarkerfi, eru misjöfn að umfangi og þörf fyrir prófun þeirra að sama skapi mismunandi. Auk þeirra almennu reglna um prófun sem fram fer hefur á vegum ráðuneytisins allt frá árinu 1988 starfað ráðgjafarnefnd um upplýsinga- og tölvumál sem hefur haft forgöngu um margs konar samræmingu og setningu staðla í tölvubúnaði. Gefin hafa verið út leiðbeiningaritin Upplýsingakerfi ríkisstofnana, mat á valkostum árið 1991 og Innkaupahandbók um upplýsingatækni sem er að koma út þessa dagana. Í báðum þessum bókum er lögð áhersla á vandaðan undirbúning að kaupum á tölvubúnaði, þar á meðal þarfagreiningu, kostnaðaráætlanir og samskipti við seljendur búnaðar og þjónustu.

Þegar um flókinn hugbúnað er að ræða svo sem fjármálakerfi ríkisins eða grunnskrár eru áætlanir um prófanir hluti af kerfisgerðinni. Auk þess að skilgreina vinnslu kerfis í formi inntaksgagna og útkomu er skilgreint hverjar kröfur skuli gera um öryggi gagna, vernd gegn óheimilum aðgangi og endurskoðunarhæfni. Samin eru kerfisþróf þar sem líkt er eftir öllum hugsanlegum afbrigðum í vinnslu. Látið er reyna á samskipti við önnur kerfi og gætt er að kröfum Ríkisendurskoðunar og ríkisbókhalds. Viðtökupróf felast í því að farið er vandlega yfir það hvort kerfin vinna eins og til var ætlast samkvæmt kerfislýsingu enda byggjast gæði kerfisins endanlega á því að prófunin hafi verið nægilega vönduð.

Vinnuhópur á vegum ráðuneytisins hefur lagt til að fjmrn. hafi forustu um að láta semja reglur um öryggisráðstafanir í upplýsingakerfi hins opinbera er komið yrði í framkvæmd með þeim hætti sem vænlegur þykir til árangurs. Sami hópur hefur mælt með að komið verði á fót formlegu úttektarferli fyrir fjármálakerfi ríkisins og önnur kerfi sem hafi beina fjárhagslega þýðingu fyrir ríkið. Er þá fyrst og fremst átt við úttekt á endurskoðunarhæfni og öðrum öryggisþáttum.

Innkaupahandbók um upplýsingatækni tekur á sum-

um þáttum þessara mála. Bundnar eru vonir við að hún geti orðið að eins konar staðli fyrir opinber innkaup á þessu sviði.

Þá er komið að hinu eiginlega svari við síðustu fyrirspurninni. Það er á þá leið að ákvörðun hefur ekki verið tekin um það nú hvort nauðsynlegt sé að setja löggjöf til að tryggja notkun og öryggi tölvukerfa ríkisins. Málið verður hins vegar til skoðunar í tengslum við þá þróun sem á sér stað í þessum efnum. En fyrirhugað er að setja reglur eins og ég hef getið um fyrr í mínu svari.

[18:18]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svarið. Af því dreg ég þá ályktun að fjmrn. geri ráð fyrir því fyrst og fremst að treysta á stöðluð próf og alþjóðlega staðla til að tryggja það að þau tölvukerfi sem opinberar stofnanir fá uppfylli þær kröfur sem verður að gera til þeirra. Hins vegar vil ég vekja athygli hæstv. ráðherra á því að það hefur komið í ljós að jafnvel hefur verið hægt að „brjótast inn í" tölvukerfi sem eru rekin á vegum opinberra stofnana. Þess vegna held ég að það sé afskaplega brýnt og mikið atriði að settar séu strangar reglur um gerð tölvukerfanna og prófun, eins og ráðherrann reyndar lýsti að væri leitast við að gera. Eftir sem áður tel ég nauðsynlegt að skoða það vandlega hvort ekki sé ástæða til að setja sérstaka löggjöf um það með hvaða hætti eigi að löggilda þennan búnað. Við þekkjum það að Löggildingarstofan á vegum ríkisins fer um allar jarðir og löggildir vigtarbúnað í fiskvinnslustöðvum og í ýmiss konar framleiðslu. Ég held að það sé ekki minni ástæða til að ríkisvaldið tryggi það að tölvukerfi sem eru keypt dýrum dómum séu örugg og fylgi ströngum settum reglum um það hvernig þau séu úr garði gerð.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, ætla ég ekki að lengja þessa umræðu. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir svörin og treysti því og vænti að hann láti vinna vel að þessu máli og skoði hvort ekki sé ástæða til að setja um þetta sérstaka löggjöf.

[18:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessa ræðu hans og ábendingar sem komu fram hjá honum. Ekki síður þakka ég honum þann áhuga sem hann sýnir á þessum málum og þau orð sem hann lét falla í minn garð í fyrri umræðu um fyrri fsp. sína í dag.

Það er mjög fátítt að um þessi mál sé spurt á hinu háa Alþingi og ég skal viðurkenna að ég er ekki sérfræðingur í því efni sem ég er hér að svara. Það liggja þó nokkrir milljarðar líklega í tölvubúnaði ríkisins og rekstri þess. Þess vegna eðlilegt að menn vandi sig mjög þegar þeir eru að velja búnað og mér finnst vel koma til greina að það verði kannað hvort setja skuli lög sem miða að því að tryggja það að búnaðurinn sé prófaður rétt.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að ráðuneytið hefur stuðst við og byggt á stöðluðum prófum og alþjóðlegum stöðlum í þessu efni. Hugmyndin var og er sú að setja um þetta fastar reglur. Hvort hins vegar á innan tíðar eða síðar meir að setja slíkar reglur í lög verður tíminn að leiða í ljós. En vegna hvatningar þingmannsins tel ég eðlilegt að menn skoði það þegar þessar reglur verða útbúnar.

Út af dagskrá voru tekin 7.–9. mál.

Fundi slitið kl. 18:22.

---

100. FUNDUR

þriðjudaginn 1. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Dýravernd, stjfrv., 69. mál, þskj. 72, nál. 620, brtt. 621. — 2. umr.
2. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 285. mál, þskj. 362. — 1. umr.
3. Norðurstofnun á Akureyri, þáltill., 297. mál, þskj. 429. — 1. umr.
4. Mengunarvarnarbúnaður í bifreiðar ríkisins, þáltill., 326. mál, þskj. 517. — Fyrri umr.
5. Vernd Breiðafjarðar, stjfrv., 371. mál, þskj. 566. — 1. umr.
6. Náttúruvernd, stjfrv., 411. mál, þskj. 615. — 1. umr.
7. Stöðvun verkfalls fiskimanna, stjfrv., 302. mál, þskj. 490, nál. 589 og 592. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 437. mál, þáltill. PP o.fl., þskj. 649.

Áhrif af notkun malbiks á umhverfið, 438. mál, fsp. (til samgrh.), GE, þskj. 650.

Áhrif af notkun malbiks á umhverfið, 443. mál, fsp. (til umhvrh.), GE, þskj. 655.

Flugsamgöngur til Vopnafjarðar, 439. mál, fsp. HG, þskj. 651.

Happdrætti Háskóla Íslands, 445. mál, stjfrv., þskj. 658.

Hlutafjáreign banka og innlánsstofnana, 440. mál, fsp. MB, þskj. 652.

Ónýttar aflaheimildir, 441. mál, fsp. EKG, þskj. 653.

Réttur til launa í veikindaforfölum, 444. mál, frv. HG, þskj. 656.

Söfnunarkassar, 446. mál, stjfrv., þskj. 659.
Umferðarlög, 442. mál, frv. LMR o.fl., þskj. 654.
Útflutningssjóður búvara, 436. mál, þáltill. JGS o.fl., þskj. 648.

Dýravernd, 2. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 72, nál. 620, brtt. 621.

[13:34]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti umhvn. um frv. til laga um dýravernd sem er á þskj. 620 og brtt. á þskj. 621.

Nefndin hefur lagt mikla vinnu í að yfirfara frv. sem lagt var fram á 115. og 116. löggjafarþingi í nokkuð annarri mynd en hlaut ekki afgreiðslu þá. Fyrir nefndinni lá því að vinna úr fjölda umsagna frá þremur þingum auk þess sem margir gestir komu á fund nefndarinnar vegna málsins. Þá var aflað upplýsinga í landbrn. um ýmis álitaefni varðandi meðferð búfjár og stuðst var við álitsgerð frá Eiríki Tómassyni hæstaréttarlögmanni, einkum varðandi 20. gr. frv. sem fjallar um þær aðgerðir sem yfirvöld geta gripið til þegar meðferð dýra er talin ábótavant. Mun ég reifa helstu breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. en eins og brtt. bera með sér eru þær allmiklar.

Tekin var sú stefna að birta þær greinar sem taka verulegum breytingum í heild til að þingmenn fengju af þeim gleggri mynd. Menn geta að sjálfsögðu velt því fyrir sér hvernig best er að leggja málin fyrir þegar þingnefnd kemst að þeirri niðurstöðu að breyta verði framlögðum frumvörpum að verulegu leyti og jafnvel í grundvallaratriðum. Þeirri spurningu skal ekki svarað hér en væri þess virði að skoða í ljósi þingskapa.

Eftir ítarlega athugun og umræður er lagt til að lög um dýravernd taki til allra dýra en ekki einungis til hryggdýra eins og frv. gerir ráð fyrir. Meðal þeirra sem mæltu með þessari breytingu eru yfirdýralæknir, Læknafélag Íslands, Tilraunastöð Háskóla Íslands að Keldum, Dýralæknafélag Íslands og Búnaðarfélag Íslands. Nefndin telur eðlilegt að löggjöfin taki til allra dýra enda þótt augljóst sé að ekki sé bókstaflega hægt að uppfylla öll ákvæði laganna gagnvart öllum dýrum. Í því sambandi má nefna ýmsa hryggleysingja, svo sem sníkjudýr sem lifa á öðrum lífverum. Taugakerfi dýra er mjög misþróað og eru lægri hryggleysingjar með einfalt og tiltölulega einhæft taugakerfi þó uppbygging tauga sé sú sama hjá öllum. Þannig virka taugar smokkfisks á nákvæmlega sama hátt og taugar hryggdýra. Hins vegar hafa dýr misvel þróaðan heila og er því ekki hægt að tala um tilfinningu og skynjun á sama hátt og maðurinn upplifir slíkt þegar svokölluð lægri dýr eiga í hlut. Ánamaðkur sem þræddur er upp á öngul finnur ekki til í þeim skilningi sem maðurinn leggur í það hugtak.

Þótt lög um dýravernd væru aðeins látin ná til hryggdýra, eins og frv. gerir ráð fyrir, hefðu eftir sem áður komið upp ýmis álitamál. Má í því sambandi nefna aðferð við fiskveiðar sem ekki eru að sumra mati óumdeildar.

Umhvn. leggur áherslu á þann siðferðislega boðskap sem í lögunum felst og eðlilegt er að taki til umgengni við öll dýr. Nefndin leggur einnig til breytingar á 2. gr. frv. Lagt er til að ákvæði sem er í 7. gr. frv. verði flutt í þessa grein þar sem kveðið er á um ýmis grundvallaratriði í umgengni við dýr og þykir rétt að þau séu í sömu greininni. Gilda sömu röksemdir og að framan voru raktar um þessa grein, bæði að því er varðar þann siðferðisboðskap sem lögunum er ætlað að hafa, sem og þær takmarkanir sem slík ákvæði óhjákvæmilega hafa. Þessar breytingar eru ekki efnislegar. Þeim er ætlað að stuðla að gleggri uppbyggingu laganna. Í frv. ber nokkuð á því að sömu atriðin séu endurtekin í fleiri en einu ákvæði án sýnilegra röksemda. Breytingarnar skýra sig að öðru leyti sjálfar. Af sama toga eru ýmsar málfarsbreytingar sem lagðar eru til m.a. að því er varðar notkun nokkurra hugtaka til þess að gera þau skýrari og samræma þau.

Varðandi breytingar sem lagðar eru til á 3. og 4. gr. frv. er rétt að benda sérstaklega á að nefndarmenn ræddu hugtakið „tæknivætt stórbú" sem ekki hefur verið skilgreint í löggjöf hér á landi, t.d. hvort kúabú félli undir skilgreininguna. Í Noregi hefur hugtakið verið skilgreint út frá tilteknum fjölda búfjár og samkvæmt því geta stór kúabú fallið undir skilgreininguna. Á hinn bóginn er hugtakið stundum notað yfir bú sem eru svo tæknivædd að mannshöndin kemur lítið nærri við daglega umönnun búfjárins. Slíkar skilgreiningar eru hliðstæðar þeirri skilgreiningu sem felst í enska hugtakinu „intensive farming" en það hugtak vísar til þess að um sé að ræða búskap sem hefur mikla framleiðni að markmiði, þ.e. sem mesta framleiðslu afurða á sem stystum tíma. Umhvn. tekur ekki afstöðu til þessa atriðis en telur æskilegt að landbrn. og umhvrn. skilgreini í reglugerð hvað átt sé við með hugtakinu tæknivætt stórbú þannig að ákvæði dýraverndarlaga fái skýrari merkingu.

Þær breytingar sem lagðar eru til við 5. gr. eru m.a. af málfarslegum toga. Nefndarmenn voru sammála um að orðin „að halda til beitar" og „láta liggja við opið" næðu yfir það sem í daglegu tali er kallað útigangur. Lagt er til að sveitarstjórnum sé heimilað að banna dýrahald á tilteknum stöðum að vetri til ef hætta er talin á að ekki verði unnt að búa nægilega vel að dýrum þar. Nefna má sérstaklega í þessu sambandi eyðisveitir og eyjar úti fyrir ströndum landsins.

Hafa ber í huga að illviðri geta komið hér á hvaða árstíma sem er og að búfé er misjafnlega undir það búið. Þannig má nefna að hross í vetrarhárum geta þrifist mjög vel í vetrarveðrum en líðan þeirra getur á hinn bóginn verið slæm í vætutíð á vori eða jafnvel í hretum að sumri til. Í greininni er talað um að sjá þurfi til þess að á staðnum sé húsaskjól eða annað hentugt skjól í öllum veðrum. Þar getur verið um að ræða öruggt afdrep sem jafnvel getur verið klettabyrgi, skútar eða annað frá náttúrunnar hendi.

Nefndin leggur til að gerðar verði nokkrar breyt-

ingar á 10. gr. Ekki þykir unnt að skylda menn afdráttarlaust til að deyða sjúkt eða lemstrað dýr sem þeir kunna að koma að. Ýmsar ástæður, þar á meðal siðferðilegar, kunna að torvelda mönnum að grípa í taumana með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

Verulegar breytingar eru lagðar til við 11. gr. Orðinu „villast" í frv. er talið ofaukið þar eð ekki er hægt að gera sér grein fyrir hvort dýr er að villast eða strjúka úr haldi.

Þá er lagt til að hér og á fleiri stöðum í frv. verði orðið „lögregla" notað í stað „löggæsla". Orðið löggæsla hefur enga lagalega merkingu en er notað sem samheiti yfir starfsemi lögreglu. Þá er lagt til að stytttur verði sá tími í eina viku sem lögreglu ber að geyma dýr sem tekin eru í vörslu, enda þykja 10 dagar óþarflega langur tími. Athugasemdir bárust í þessa veru frá heilbrigðisyfirvöldum nokkurra sveitarfélaga.

Þá er lagt til að felld verði brott úr frv. skylda lögreglu til að auglýsa dýr þar eð gera verður ráð fyrir að sá er saknar dýrs haldi uppi spurnum um það. Hér er fyrst og fremst um gæludýr að ræða. Um búfé gilda sérstök lög að þessu leyti.

Lagt er til að í 12. gr. verði kveðið á um að umhvrh. hafi samráð við yfirdýralækni um setningu reglugerðar um flutning á dýrum. Slíkt samráð er einnig lagt til varðandi önnur atriði sem varðað geta búfé. Auk þess má benda á að í gildi eru reglugerðir um flutning á dýrum sem samdar hafa verið í samráði við yfirdýralækni auk þess sem hann hefur umsjón með að framfylgt sé hér á landi Evrópusamningi sem fjallar m.a. um þetta efni.

Þær breytingar sem lagðar eru til við 13. gr. eru einkum til einföldunar og ætlað að gera ákvæði skýrara. Orðinu „sérstakt" er talið ofaukið. Lagt er til að fella brott ákvæði um að óheimilt sé að temja dýr til sýnis almenningi eða taka af þeim kvikmyndir ef það veldur þeim sársauka eða ótta. Um þetta gilda almenn ákvæði um meðferð dýra, samanber m.a. 2. gr. frv. Þá leggur nefndin áherslu á að enda þótt umhvrh. geti í undantekningartilvikum leyft dýrahappdrætti, þá nái slíkt leyfi ekki til gæludýrahappdrættis þar sem dýr geta komið í hlut einstaklinga sem hvorki hafa áhuga né getu til að halda dýr.

Lagt er til að 14. gr. verði breytt þannig að aðrir en dýralæknar geti framkvæmt minni háttar aðgerðir á dýrum og lyfjameðferð að höfðu samráði við yfirdýralækni. Þessi breyting er í samræmi við tillögur nokkurra umsagnaraðila, þar á meðal yfirdýralæknis. Í 3. mgr. 14. gr. frv. er kveðið á um að umhvrh. setji reglugerð um aðgerðir sem gera má á dýrum án læknisfræðilegra ástæðna. Nefndin gerir tillögu um að í reglugerð verði kveðið á um takmarkanir á slíkum aðgerðum, svo og lyfjameðferð sem áhrif getur haft á útlit dýra. Þá leggur nefndin áherslu á að ekki verði sett í reglugerð á grundvelli laga þessara ákvæði um erfðatæknilegar aðgerðir á dýrum og notkun hormóna eða annarra efna til að hafa áhrif á eiginleika dýra með öðrum hætti en að framan greinir.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta þar sem í athugasemdum við 14. gr. frv. segir að í reglugerð eigi að setja fyrirmæli um erfðatæknilegar aðgerðir á dýrum og notkun hormóna eða annarra efna sem ætlað er að hafa áhrif á eiginleika dýra í öðrum tilgangi en að fyrirbyggja eða lækna sjúkdóma. Tekið skal fram að frjósemisaðgerðir og notkun hormóna til að hafa áhrif á frjósemi telst hins vegar til læknisaðgerða skv. 1. mgr. 14. gr.

Breyting er lögð til varðandi skipan tilraunadýranefndar í 17. gr. frv. Nefndin telur mikilvægt að tilraunadýranefnd sé skipuð sérfróðum mönnum eins og tekið er fram í athugasemdum við frv. Á hinn bóginn er ekki talið rétt að binda í lög að forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræðum á Keldum eigi sæti í nefndinni heldur verði ákvæðið víðtækara þannig að einnig komi til greina að skipa fólk sem hefur próf frá háskóla og reynslu og þekkingu á dýratilraunum, svo sem þá sem starfa eða hafa starfað við læknadeild eða raunvísindadeild Háskóla Íslands eða sambærilegar rannsóknastofnanir.

Í umræðum nefndarinnar kom upp hugmynd um skipun fimm manna nefndar en niðurstaðan varð sú að þriggja manna nefnd yrði virkari. Þá vill umhvn. leggja áherslu á að tilraunadýranefnd hafi við mat á umsögnum í huga ákvæði nýrra stjórnsýslulaga um hraða málsmeðferð.

Þá er lagt til að gerð verði krafa um að þeir sem noti dýr í tilraunaskyni hafi hlotið til þess þjálfun og menntun en ekki verði látið nægja að krefjast þess að þeir hafi fengið upplýsingar á því sviði sem hér um ræðir eins og frv. gerði ráð fyrir að látið yrði nægja. Með orðinu „menntun" er ekki verið að vísa til þess að viðkomandi hafi sérfræðimenntun í meðferð tilraunadýra heldur menntun á sviði líffræði sem nýst geti í starfinu. Ég tek eftir því að niður hefur fallið við frágang brtt. smávægileg orðalagsbreyting á 5. mgr. 17. gr. sem átti að gera hana skýrari. Nefndinni þótti rétt að 5. mgr. hljóðaði svo:

„Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri."

Ég tel að þetta megi lagfæra við 3. umr. málsins. Hér er eingöngu um orðalagsbreytingu að ræða en mun verða heldur skýrara.

Þá erum við komin að einni meginbreytingu sem umhvn. leggur til að gerð verði á frv. Nefndin telur ekki þörf á að setja á fót dýraverndarnefndir eins og frv. gerir ráð fyrir. Nefndin telur að dýraverndarráð eigi að hafa með höndum eftirlit með framkvæmd laganna og geti hafist handa að eigin frumkvæði. Nefndin telur eðlilegt að dýraverndarráð annist þetta hlutverk ásamt lögreglu og héraðsdýralækni og um leið beri að efla starfsemi ráðsins. Umhvn. leggur áherslu á mikilvægi hlutverks héraðsdýralækna sem tengiliða dýraverndarráðs um allt land. Almenningur og dýraverndarfélög hafa jafnframt mikilvægu hlutverki gegna við að koma ábendingum á framfæri við rétta aðila.

Lagt er til að 20. gr. frv. verði breytt að verulegu leyti. Breytingarnar lúta einkum að því að tryggja rétt eigenda betur en frv. gerði ráð fyrir en að hluta til þarf að gera breytingar vegna breytinga á 18. og 19. gr.

Lagðar eru til breytingar m.a. til samræmis við lög nr. 19/1991, um meðferð opinberra mála, og einnig til samræmis við 66. gr. stjórnarskrárinnar og túlkunar á henni. 66. gr. stjórnarskrárinnar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Heimilið er friðheilagt. Ekki má gera húsleit né kyrrsetja bréf og önnur skjöl og rannsaka þau nema eftir dómsúrskurði eða eftir sérstakri lagaheimild."

Þetta stjórnarskrárákvæði hefur verið skýrt þannig að það nái ekki einungis til íbúðarhúsnæðis heldur einnig atvinnuhúsnæðis, farartækja og fleira.

Í stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson segir á bls. 436, með leyfi forseta, varðandi þetta atriði:

„Spurning gæti verið við hvað sé átt með orðinu húsleit. Ef það væri skilið í samræmi við upphaf greinarinnar mundi það einungis eiga við leit í íbúðarhúsum. Svo hefur greinin samt eigi verið skilin. Það er manni ekki síður tilfinnanlegt að leit sé gerð í skrifstofu hans, verslunarhúsnæði, verkstæði, fjárhúsi, verkfærageymslu, bílskúr og þess háttar heldur en þar sem hann sjálfur býr, enda er talið að húsleit taki til alls þessa. Sama máli gegni um skip og önnur farartæki, svo sem bifreiðar og flugvélar, svo að sams konar heimildar er talin þörf til leitar í þeim og í húsi, .."

Nefndin taldi rétt að gera breytingar í samræmi við túlkun Ólafs Jóhannessonar á 66. gr. og annarra fræðimanna sem um hana hafa fjallað.

Þá er lagt til að skýrt verði kveðið á um eftirlitshlutverk lögreglu varðandi dýraverndarlög og vill umhvn. með því leggja áherslu á mikilvægi hennar í því að framfylgja þessum lögum. Það er í samræmi við önnur lög að lögregla sinni þessu verkefni, en þó í samvinnu við héraðsdýralækna og dýraverndarráð. Eðlilegast er talið að lögreglustjóri einn geti lagt fyrir eiganda eða umsjónarmann að gera úrbætur innan tiltekins tíma. Önnur tilhögun gæti valdið erfiðleikum í framkvæmd.

Þá er talið eðlilegt að gefinn sé kostur á að setja tryggingu fyrir geymslu til að koma í veg fyrir að dýr verði t.d. seld öðrum eða aflífuð að ófyrirsynju sé það á annað borð mögulegt. Þá er lagt til að orðið „stjórnsýsluumdæmi" verði notað í stað orðsins „lögsagnarumdæmi" í samræmi við 11. gr. laga nr. 92/1989, um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði. Að öðru leyti eru þær breytingar sem gerðar eru á ákvæðinu í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála og um aðför.

Aðrar breytingar sem lagðar eru til eru einkum orðalagsbreytingar og breytingar á framsetningu og ætlaðar að gera frv. skýrara. Þannig er lagt til að stuðst verði við hugtökin „reglugerðir" og „stjórnvaldsfyrirmæli" bæði til að gæta samræmis innbyrðis og við stjórnsýslulög.

Loks er lagt til að kveðið verði á um tiltekinn dag sem gildistíma en það þykir betra til glöggvunar.

Allir nefndarmenn í umhvn. standa að þeim brtt. sem hér hafa verið kynntar og eru á þskj. 621 og á nál. á þskj. 620.

Ég vil að lokum þakka öllum í umhvn. mikla þolinmæði við vinnu að þessu frv. og þeim mörgu sem til var leitað um meðferð málsins. Sérstakar þakkir vil ég færa Ragnhildi Arnljótsdóttur, ritara nefndarinnar, fyrir hennar þátt.

[13:51]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Erindi mitt hingað í ræðustólinn er fyrst og fremst að færa hv. umhvn. þakkir fyrir hennar mikla starf. Það frv. sem hún fékk í hendur var einstaklega gallað. Þó vafalaust hafi það verið samið í góðri meiningu þá voru á því mjög margir annmarkar, jafnvel svo óvenjulegt má teljast á Alþingi. Nú hefur nefndin lagt fram brtt. á þskj. 621 og eru það hvorki meira né minna en 25 brtt. Ég hygg að það sé einstætt í þingsögunni, að minnsta kosti man ég ekki eftir þvílíkri yfirferð á einu frv. Þegar maður skoðar brtt. veldur það manni nokkrum erfiðleikum að frv. skuli ekki bara hafa verið prentað upp á nýtt því það er dálítið verk að lesa allar þessar brtt. saman við hinn upphaflega texta. En við fljótan yfirlestur sýnist mér að flestallar brtt. séu til góða og þær séu bót frá því sem upphaflega var sett í frv. Ég vil gera örfáar athugasemdir til viðbótar.

Frv. er samið að nokkru leyti a.m.k. með hagsmuni dýralækna í huga og þeirra hagsmuna er ákaflega vel gætt í frv., jafnvel um of. Að sjálfsögðu er ómögulegt að umgangast búfé öðruvísi en að bóndinn eða hirðirinn verði iðulega að grípa til einhverra aðgerða sem eru markatilfelli hvort er læknisaðgerð eða ekki og algjörlega óþarfi að kalla til dýralækni. Það hefur verið dregið úr þessu í frv. en mér hefði þótt meinlaust þó það hefði verið gert enn meira en þarna er gert.

Það er numið úr frv. hið fáránlega ákvæði um það að fara megi án dómsúrskurðar inn í hús sem náttúrlega stangast bæði á við önnur lög og réttarvenjur. Mér finnst að nefndin hefði líka mátt taka til athugunar 8. gr. frv. sem mér finnst vera óþarflega afdráttarlaus. Greinin er að vísu ekki nema tvær línur eða hálf önnur lína en slapp í gegnum nálarauga nefndarinnar einhverra hluta vegna. Það er illt að þeim skuli hafa yfirsést með að breyta einni grein. Greinin hljóðar svona í frv., með leyfi forseta, og mér skilst að það sé hugmyndin að hún standi áfram:

„Eyrnamarka skal dýr sem yngst og á þann hátt að valdi sem minnstum sársauka. Óheimilt er að eyrnamarka fullvaxið dýr án deyfingar."

Fyrri setningin er réttmæt og eðlileg og góð en að krefjast þess að dýr sé í öllum tilfellum deyft ef það þarf að eyrnamarka það fullvaxið er allt of langt gengið. Nú gildir ekki það sama um öll dýr. T.d. er að mínum dómi stórkostlegt afbrot að hugsa sér að eyrnamarka fullvaxið hross eða yfirleitt hross sem er meira en fárra daga gamalt öðruvísi en með deyfingu og veit ég ekki einu sinni hvort deyfing dugir til að bæta hrossinu þann sálræna skaða sem það verður fyrir við eyrnamörkun. En það gildir allt öðru máli með sauðfé. Sauðkindin er miklu harðgerðari og hennar tilfinningakerfi er öðruvísi en t.d. hrossins og mér finnst það fáránlegt að krefjast þess í lögum að ef marka þarf fullorðna sauðkind þá sé hún deyfð. Ég held að það sé algjör óþarfi.

Nú skiptir þetta dálitlu mál. M.a. vegna niðurskurðar vegna riðu og vegna annarra sjúkdómavarna er mjög mikilvægt að það sé ljóst hver á viðkomandi dýr, að menn séu ekki að fóðra dýr af öðrum búum í ógáti og það sé með glöggum mörkum þannig að hver sauðkind lendi hjá sínum eiganda. Þeir sem hafa orðið fyrir því að þurfa að skera niður vegna riðu kaupa sér lömb í öðrum landsfjórðungum eftir tilskildan tíma og reyna að koma sér upp bústofni aftur. Þau lömb hafa verið mörkuð ung og það er ákaflega mikilvægt að þeir sinni þeirri skyldu að marka þau upp þannig að það sé ljóst að þeir eigi lömbin og ekki verði misdráttur á milli manna. Margir bændur geta keypt lömb sama haustið á sama bænum eða haust eftir haust og við gætum hugsað okkur að ef þetta væri ekki gert þá væri kannski á 10 bæjum í Austur-Húnavatnssýslu lömb með markinu frá Hjarðarfelli. Það fyndist mér ekki viskulegt og það væri betra ef það væri vitað fyrir fram hver ætti hvert þannig að ef riða kæmi upp aftur á einhverjum af þeim bæ sem hefur keypt lömb frá Hjarðarfelli þá væri hægt að rekja það hver ætti hina sjúku skepnu. Menn hafa verið að reyna að leysa þetta með eyrnamerkjum eða brennimerkjum en hornin geta brotnað og merkin dottið úr. Eyrnamark er gleggst og ábyggilegast.

Hér er talað um tæknivædd stórbú sem eðlilegt er að menn gefi sérstakan gaum. Ég held að hér á Íslandi séu ekki í hefðbundnum búskap rekin tæknivædd stórbú í þeim skilningi að ástæða sé til að búast við að þess vegna sé dýrum misboðið. Hitt er að vísu rétt að í hinum miklu kjötsöluvandræðum sem nú hafa yfir þjóðina gengið hafa menn ekki fengið slátrað kálfum sínum með eðlilegum hætti og þeir eru e.t.v. orðnir of stórir fyrir þær stíur sem þeim eru ætlaðar. En að öðru leyti held ég að yfirleitt sé þetta í góðu lagi á Íslandi. Ég hef hins vegar komið í nokkur stórbú erlendis, bæði í Danmörku og Svíþjóð sérstaklega, þar sem dýrum hefur ekki liðið vel vegna þrengsla og vegna aðbúnaðar og þar af leiðir er ástæða til að taka þetta fram í lögum.

Ég held að það sem okkur varðar kannski frekast sé meðferð á dýrum sem geymd eru í búrum og á þá sérstaklega við hænsni. Ég er ekki viss um að hv. alþm. væru sérstaklega ánægðir ef þeim væri búinn slíkur aðbúnaður sem hænsnfuglum sums staðar þar sem hænsnarækt er stunduð í hvað áköfustu skyni.

Ég ætla ekki að orðlengja meira um frv. Ég vil endurtaka þakkir mínar til hv. umhvn. fyrir vönduð vinnubrögð og mikla vinnu. Það getur skeð að hægt sé að tína ýmislegt fleira til en ég ætla að láta þetta duga í bili.

[14:01]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir falleg orð í garð nefndarinnar. Varðandi 8. gr. frv. þá kom hún til athugunar eins og aðrar greinar þess og var ákveðið að gera ekki neinar brtt. á þeirri grein. Ég skil vel að það sé nauðsynlegt að marka upp og breyta mörkum á fullorðnu sauðfé og væntanlega gildir það líka um hross og aðrar skepnur. En það er heimilt að gera það nema það þarf bara að gera með deyfingu. Ég á erfitt með að skilja að það geti verið svo mikill munur á því að marka upp hross og sauðfé þó ég hafi ekki kynnt mér það sérstaklega og get ekki dæmt um hvort það hafi meiri sálrænar þjáningar í för með sér fyrir hross en fyrir sauðfé en ég trúi því að hv. þm. Páll Pétursson viti meira um það en ég. Eftir því sem ég kemst næst þá er hægt að deyfa eyru með mjög einföldum hætti, t.d. með kælingu, „spraykælingu" eða þess háttar. Það á því ekki að vera mjög erfitt eða flókið að gera þetta og niðurstaða nefndarinnar var því sú að þarna yrði ekki gerð á nein breyting. Enda reikna ég með að það geti verið jafnsársaukafullt fyrir fullorðið sauðfé að vera markað og fyrir hross og á erfitt með að skilja að það sé mjög flókið fyrir bændur eða þá sem þurfa að marka upp að nota deyfingu þegar slíkt er nauðsynlegt.

[14:03]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er að vísu kannski ekki nógu fróður um deyfingar en ég les það út úr frv. að það þurfi að kalla til dýralækni ef um deyfingu er að ræða. Það kann að vera misskilningur minn en ég held mig við þá skoðun mína, sem ég byggi á nokkurri reynslu, að deyfing sé óþörf við mörkun sauðfjár.

Svo má líka spyrja hvort fullorðin kind finni meira til en lamb, sem heimilt er skv. 8. gr. að marka ódeyft. Hálfsmánaðargömlu lambi, sem alls ekki telst fullvaxið dýr, blæðir alls ekkert síður heldur en fullorðinni kind.

Það er algjör óþarfi að marka hross og það eru til önnur ráð til að merkja þau ef menn endilega þurfa á því að halda. Það er hægt að frostmerkja og það eru sársaukaminni aðferðir en að marka þau upp. Auk þess eru menn ekkert ofgóðir að þekkja hrossin sín ef þeir eru að standa í einhverjum viðskiptum. En ég teldi það mikla goðgá að láta sér detta í hug að marka fullorðið hross öðruvísi en að deyfa það.

[14:05]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. að sjálfsagt finna nýfædd lömb einnig til en hins vegar er það staðreynd að taugar í eyrum nýfæddra lamba og margra annarra dýra, það gildir um kanínur og ýmis fleiri dýr, vaxa reyndar fram eftir að dýrin eru fædd og taugakerfið þróast og reyndar blóðrásakerfið líka eftir því sem dýrin vaxa og þroskast. Það er því munur á því varðandi sum dýr hvort eyrun eru mjög fullkomin þegar dýrin fæðast. Varðandi t.d. lömb er næstum því öruggt að það finnur minna til, ég hugsa að það sé rétt að það finni eitthvað til eins og þingmaðurinn minntist á, en það er miklu minni sársauki sem í því felst þegar taugakerfið er ekki eins þróað og þegar skepnurnar eru orðnar eldri. Það var einungis það sem ég vildi koma á framfæri.

[14:07]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú ber ég mikla virðingu fyrir líffræðiþekkingu hv. 15. þm. Reykv. og ég ætla ekki að fara að deila við hana um taugakerfi en mér er spurn ef

maður yfirfærir þetta á mannfólkið: Finna börn minna til í eyrunum en fullorðið fólk?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Nú hefur hv. 15. þm. Reykv. ekki heimild til þess að koma aftur upp í andsvörum og andsvörum er lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (EES-reglur). — Þskj. 362.

[14:08]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum. Frv. er að finna á þskj. 362 og er 285. mál þingsins.

Þetta frv. er flutt vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið svo íslenska ríkið geti staðið við þær þjóðréttarlegu skyldur sem samningurinn leggur á herðar þess. Frv. var raunar lagt fram á 116. löggjafarþinginu en varð ekki afgreitt þá. Nú er frv. hins vegar lagt fram að nýju og það hafa lítils háttar breytingar verið gerðar á því sem ég mun gera grein fyrir síðar í framsögu minni.

Frv. er einungis tvær greinar. Í 1. gr. þess er lögð til breyting á 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og í 2. gr. frv. er að finna gildistökuákvæði.

Í 74. gr. EES-samningsins er vísað til viðauka sem merktur er XX en í honum eru sérstök ákvæði um verndarráðstafanir sem skulu gilda skv. 73. gr. samningsins. Verndarráðstafanirnar eru byggðar á mikilvægustu meginreglum umhverfisréttarins, þ.e. meginreglunni um að girt skuli fyrir umhverfisspjöll, að áhersla sé lögð á úrbætur þar sem tjón á upphaf sitt, að bótaskyldan sé lögð á þann sem veldur mengun og að umhverfið sé varðveitt, verndað og bætt.

Í þessum tilvitnaða viðauka EES-samningsins er að finna tilskipanir sem varða mengunarmál, t.d. um varnir gegn mengun vatns, viðmiðunarmörk vegna mengandi efna og jafnframt um gæði viðtaka.

Ákvæði þessara tilskipana þarf að setja í mengunarvarnareglugerð. Það þykir nauðsynlegt að styrkja reglugerðarheimild 3. gr. laganna nr. 81/1988 svo hægt verði að fjalla um efni þessara tilskipana í reglugerðum sem verða settar með stoð í tilvitnaðri grein laganna. Þess má geta hér að hinn 27. jan. sl. var gefin út endurskoðuð mengunarvarnareglugerð þar sem birt eru ákvæði þeirra tilskipana þar sem reglugerðarheimildir voru taldar vera fyrir hendi. Með þeirri breytingu sem lögð er til nú er lagður grunnur að því að taka öll ákvæði tilskipana í viðauka, sem merktur er XX, inn í mengunarvarnareglugerð, þ.e. þeirra sem ekki hafa verið sett sérstök lög um og aðrar reglugerðir sem settar verða með stoð í 3. gr. laga. Það er gert ráð fyrir því að þau ákvæði tilskipana sem enn hafa ekki verið sett í reglugerðir verði birt þegar að fengnu samþykki þessa frv. Sérstök athygli er vakin á því að í reglugerðinni sem gefin var út í janúar sl. er ákvæði til bráðabirgða sem segir að reglugerðin skuli endurskoðuð fyrir 1. júlí nk. og hugsunin var sú að endurskoða reglugerðina á nýjan leik þegar frv. yrði að lögum.

Ég mun nú, virðulegur forseti, víkja nánar að þeim breytingum sem frv. hefur í för með sér.

Í fyrsta lagi er lagt til að vísun til alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að verði bætt við 1. mgr. 3. gr. Þetta er einkum gert til þess að styrkja grundvöll reglugerðarheimildarinnar eins og ég vék að fyrr. Þetta þýðir að rúmist ákvæði nýrra alþjóðasamninga eða tilskipana á EES-svæðinu eða breytingar þar á innan laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit þá megi taka þær upp í reglugerð.

Í öðru lagi er nýjum tölul. bætt við 2. mgr. 3. gr. um endurskoðun starfsleyfa. Í nokkrum þeirra tilskipana sem eru taldar upp í XX. viðauka við EES-samninginn eru ákvæði þess efnis að starfsleyfi skuli endurskoðuð ef verulegar breytingar verða á starfsemi fyrirtækja eða vegna tækniþróunar. Þessi breyting þykir líka nauðsynleg burt séð frá aðild Íslands að EES-samningnum.

Á síðustu árum hefur starfsleyfum fjölgað verulega, ekki síst í kjölfar aukinna krafna um mengunarvarnir fyrirtækja og um virkara eftirlit með þeim og innan þeirra. Til skamms tíma voru hins vegar starfsleyfin gefin út til ótiltekins tíma og án þess að í þeim væru sérstök ákvæði um endurskoðun. Þess vegna er það svo, virðulegi forseti, að í mörgum gildandi starfsleyfum eru engar heimildir til endurskoðunar en það hlýtur að teljast eðlilegt að það sé hægt að endurskoða starfsleyfin verði veruleg breyting á starfsemi fyrirtækjanna eða ef til kemur ný tækni sem e.t.v. gerir það kleift að reka þessi fyrirtæki með minni mengun.

Í þriðja lagi er jafnframt lagt til að nýjum tölulið verði bætt við 2. mgr. 3. gr. um áhættumat vegna tilskipunar nr. 82/501/EBE, um hættu á stórslysum í tengslum við tiltekna atvinnustarfsemi. Tilgangur þessarar tilskipunar er að koma í veg fyrir stórslys og umhverfisskaða hjá fyrirtækjum sem hafa með höndum ákveðna starfsemi. Þessari tilskipun fylgja viðaukar þar sem skilgreindar eru aðferðir og talin upp efni sem eru notuð við þá starfsemi sem fellur undir þetta og viðaukarnir marka í rauninni gildissvið hennar. Í tilskipuninni er enn fremur kveðið á um að rekstraraðilar iðnaðarstarfsemi sem þessar reglur gilda um verði að veita ítarlegar upplýsingar um starfsemina og skilgreina hættu á meiri háttar óhöppum með tilliti til framleiðsluaðferða, notkunar hættulegra efna svo og geymslu þeirra ásamt lýsingu á öllum aðstæðum. Þess má geta að samkvæmt þeim viðmiðunum sem eru settar fram í umræddri tilskipun þá er líklegt að aðeins eitt íslenskt fyrirtæki falli undir þetta ákvæði. Má geta þess hér að umhvrn. hefur skipað nefnd til að semja reglugerð til að uppfylla þessar samningsskuldbindingar.

Í fjórða lagi er lagt til að hugtök verði samræmd og

að hugtakið „viðmiðunarmark" verði notað í stað „viðmiðunarreglna" og hugtakið „loftgæði" í stað „loftmengunar". Þessa breytingu er að finna í 7. tölul. 2. mgr. 3. gr. Sömuleiðis er lagt til að við 4. tölul. sömu málsgreinar verði bætt ákvæðum um viðmiðunarmörk vegna losunar tiltekinna efna að því er varðar gæði vatns. En eins og 4. tölul. er nú orðaður er einungis fjallað um meðferð vatns og sjávar í iðnaði en ekki vísað til viðmiðunarmarka. Hér er ekki um efnisbreytingar að ræða heldur fyrst og fremst verið að innleiða hugtök sem hafa verið notuð.

Í fimmta lagi er lagt til að bætt verði við 6. tölul. ákvæðum um hreinsun skolps og viðmiðunarmörk en í gildandi lögum er vísað til ákvæða um frárennsli og skolp. Þó augljóst sé að helstu ákvæði í mengunarvarnareglugerðum um frárennsli og skolp fjalla að sjálfsögðu fyrst og fremst um hreinsun þess og viðmiðunarmörk hreinsunarinnar þá þykir rétt að gera þessa breytingu til samræmis við ákvæði tilskipunar um hreinsun skolps frá þéttbýli sem er hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Að lokum og í sjötta lagi er gerð sú breyting frá frv. sem var lagt fram á 116. löggjafarþingi að nýjum tölulið, tölul. 9, er bætt við. Hann fjallar um varnir gegn vatnsmengun þar sem m.a. viðmiðunarmörk og/eða gæðamarkmið fyrir vatn eiga að koma fram. Í þeim lögum sem nú gilda er hins vegar einungis fjallað um meðferð vatns og sjávar í iðnaði. Þau ákvæði um varnir í vatnsmengun sem eru hluti af umræddum samningi tengjast að mestu leyti iðnaði.

Að öðru leyti er 3. gr. laganna um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit óbreytt nema hvað númer einstakra tölusettra breytast í samræmi við það sem ég hef sagt hér að framan.

Í 2. gr. frv. er lagt til að lögin taki þegar gildi því að eins og kom fram í máli mínu hér í upphafi eru þessar breytingar gerðar vegna gildistöku samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Verði frv. þetta að lögum þá er hægt að halda áfram endurskoðun mengunarvarnareglugerðar, sbr. ákvæði til bráðabirgða sem í henni er að finna.

Virðulegi forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. umhvn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Norðurstofnun á Akureyri, 1. umr.

Þáltill. HG, 297. mál. — Þskj. 429.

[14:17]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um Norðurstofnun á Akureyri. Tillaga þessi var lögð fram hér á Alþingi í desember sl., og er svohljóðandi, svo ég fari hér í upphafi yfir tillögutextann:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að undirbúa að sett verði á fót á Akureyri Norðurstofnun sem hafi það hlutverk að stuðla að sem öflugustum rannsóknum innlendra aðila á norðurslóðum og alþjóðlegri þátttöku Íslendinga í málum er varða heimskautssvæðið.

Meðal verkefna stofnunarinnar verði eftirfarandi:

að vera íslensk miðstöð fyrir norðursamstarf og rannsóknir;

að safna og miðla upplýsingum um heimskautamálefni;

að eiga hlut að og skipuleggja rannsóknir sem m.a. varða umhverfisvernd í norðurhöfum;

að samræma innlenda og alþjóðlega þátttöku Íslendinga í rannsóknum á norðurslóð;

að annast tengsl við hliðstæðar miðstöðvar og stofnanir erlendis og laða þær til samstarfs;

að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld og aðra um norðurmálefni.

Stofnunin heyri undir umhverfisráðuneytið og verði að meginhluta kostuð af íslenska ríkinu. Hún skal rækta tengsl og samvinnu við innlenda og erlenda háskóla og rannsóknastofnanir.

Sett verði á fót föst samvinnunefnd um norðurmálefni skipuð fulltrúum tilnefndum af Háskóla Íslands, Háskólanum á Akureyri, Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Veðurstofu Íslands, Vísindaráði, svo og formanni sem umhverfisráðherra skipi án tilnefningar. Samvinnunefndin velji tvo úr sínum hópi í stjórn Norðurstofnunar auk formanns.

Miðað verði við að Norðurstofnun hefji starfsemi í ársbyrjun 1996."

Þetta er tillögutextinn. Ég mun hér í framhaldi rökstyðja þetta mál nokkuð, m.a. með vísan í greinargerð allítarlega sem fylgir þessari tillögu.

Eins og menn þekkja hér á Alþingi hafa heimskautasvæðin að undanförnu fengið mjög aukna þýðingu í alþjóðasamstarfi, sérstaklega norðurskautssvæðið. Ástæður fyrir þessu eru margar en meðal þeirra þýðingarmestu eru lok kalda stríðsins og sú þíða í samskiptum ríkja á norðurslóð sem fylgdi í kjölfarið. Meðal áfanga í þessari auknu samvinnu heimskautalanda má nefna stofnun Alþjóðaráðs norðurvísinda (IASC) 1990, Rovaniemi-samstarfið á sviði umhverfismála 1991, samvinnu um Barentshafssvæðið frá ársbyrjun 1993 og Norðurráðstefnuna sem haldin var á vegum Norðurlandaráðs í ágúst 1993 hér í Reykjavík.

Í greinargerð með tillögunni er hverjum þessara áfanga gerð nokkur skil og ég vona að sú samantekt um samstarf um norðurskautssvæðið komi ýmsum að gagni þar eð slíkt yfirlit hefur ekki legið fyrir á íslensku mér vitanlega.

Tillagan sem hér er flutt tekur mið af þessum breytingum og nauðsyn þess að Íslendingar taki fastar en hingað til á þeim málum sem snerta norðurslóðir á sviði rannsókna og alþjóðlegs samstarfs með því að koma hér á fót íslenskri miðstöð fyrir norðurmálefni.

Af þeim samstarfsþáttum sem ég gat um áðan er kannski hvað þýðingarmestur sá sem fyrst var getið, þ.e. stofnsetning Alþjóðaráðs norðurvísinda, sem svo er kallað, en undirbúningur að því hófst 1987 og Íslendingar voru þátttakendur í fundum þess frá byrjun,

undirbúningsfundunum einnig. Þetta ráð var formlega stofnað árið 1990 af norðurheimskautslöndunum átta en það er hin formlega tala. Til þeirra teljast átta fullvalda ríki, þ.e. Bandaríkin (vegna Alaska), Danmörk (vegna Grænlands), Finnland, Ísland, Kanada, Noregur, Rússland og Svíþjóð. Að auki eiga nú aðild að Alþjóðaráði norðurvísinda (IASC) sex önnur ríki, þ.e. Bretland, Frakkland, Holland, Japan, Pólland og Þýskaland, sem öll láta sig norðurslóðir miklu varða og hafa um langt skeið átt þar hlut að rannsóknum. Átta ríkja hópurinn myndar svæðisnefnd (Regional Board) sem fjallar um sérhagsmuni norðurskautslandanna en annars starfa löndin fjórtán saman í ráði (Council) sem er aðalvettvangur starfseminnar.

Alþjóðaráð norðurvísinda (IASC) er fjölfaglegt ráð þar sem aðild eiga vísindaakademíur eða rannsóknaráð viðkomandi landa. Hérlendis er Vísindaráð aðili að IASC. Magnús Magnússon prófessor, sem hefur lagt mikið af mörkum til þessara mála frá upphafi, er nú frá hausti 1993 forseti IASC og mun halda því starfi um nokkurt skeið.

Ég vísa til greinargerðar um einstök verkefni þessa Alþjóðaráðs norðurvísinda sem eru fjölmörg og merkileg og fjölmargir sem tengjast þeim rannsóknum sem þetta ráð hefur með höndum.

Í öðru lagi vil ég geta sérstaklega um Rovaniemisamstarf norðurskautsríkjanna í umhverfismálum. En það eru umhverfisráðherrar norðurskautsríkjanna átta sem undirrituðu þetta samkomulag í júnímánuði 1991. Það er kennt við bæinn Rovaniemi í Finnlandi þar sem stofnfundurinn fór fram og felst í víðtæku samstarfi rkisstjórna í umhverfismálum á norðurslóðum. Þar er m.a. gert ráð fyrir samvinnu um vísindarannsóknir vegna umhverfismála, mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda á norðurslóðum, stöðugum upplýsingum um breytingar á umhverfi, sérstöku vöktunar- og matsverkefni vegna mengunar á norðurslóðum — skammstöfun sem notuð er um þetta verkefni er AMAP, sem er stytting úr ensku heiti — svo og verndun sjávarauðlinda og verndun plöntu- og dýralífs á norðurskautssvæðinu. Í undirbúningi er alþjóðleg ráðstefna sem halda á um síðasttalda verkefnið, þ.e. verndun plöntu- og dýralífs á norðurslóðum og hana á að halda hér á landi.

AMAP-verkefnið hefur hingað til að mínu mati skilað mestum árangri af þessu samstarfi en það felst í mælingum og mati á ástandi umhverfis á norðurslóð og magni mengunarefna. Bráðabirgðaskýrslu var skilað til umhverfisráðherra norðurskautslandanna í Nuuk í september sl. en von mun á fyllri skýrslu á árinu 1996, sem á að draga fram ástand umhverfis á norðurslóðum með nokkuð skýrum hætti.

Íslendingar eru þátttakendur í fleiri þáttum þessa norðursamstarfs, þar á meðal í samvinnuverkefninu um Barentssvæðið en til þess var stofnað í ársbyrjun 1993 undirritað af utanríkisráðherrum sex ríkja og raunar svo sérkennilegt sem það er þá var Evrópubandalaginu bætt í hóp þeirra sem undirrituðu — kannski forboði þess sem koma skyldi og við erum að heyra fréttir af um þessar mundir. En ég get svona nefnt það hér að það var afskaplega lítil hrifning í Norður-Noregi af þeirri viðbót sem tengdist þessu samstarfi með formlegri undirritun Evrópubandalagsins undir samstarfið.

Af norrænni samvinnu, svo aðeins sé drepið á hana, þá hefur hún vissulega verið nokkur um norðurmálefni. Þar eru sérstaklega Norðurkollu-nefndin innan ramma Norðurlandaráðssamvinnunnar sem hefur verið allfyrirferðarmikil og varðar nyrstu héruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Og síðan vestnorræna samstarfið milli landanna þriggja í norðvestri sem auðvitað snertir meira og minna norðurmálefni sem gefur að skilja.

Ráðstefnan sem ég gat um, Norðurráðstefnan sem haldin var hér í Reykjavík í ágúst sl., markaði með vissum hætti þáttaskil í starfi Norðurlandaráðs að þessum málum. Hún var haldin eftir að samþykkt hafði verið tillaga í Norðurlandaráði sem Halldór Ásgrímsson flutti þar. Það var ágætt frumkvæði sem þar var tekið og af þessari ráðstefnu hefur ýmislegt sprottið.

Við undirbúning þessa máls sem hér liggur fyrir hefur flm. m.a. horft til starfsemi sem komið hefur verið á legg og reyndar viðgengist lengi hjá nágrannalöndum austan og vestan hafs. Ég hef sérstaklega farið yfir málefni Norsk Polarinstitutt og rætt við talsmenn frá því við undirbúning málsins en 1992 og 1993 fékk norska Stórþingið í hendur sérstaka „meldingu" sem svo er kölluð, stortingsmelding, um málefni Norsk Polarinstitutt og eitt af því sem ákveðið var um málefni þess við endurskoðun var í fyrsta lagi að það skyldi lifa, það skyldi eflt, en það skyldi jafnframt flutt frá Ósló til Tromsö og þeim flutningi á að ljúka í ársbyrjun 1998. Þá á þessi stofnun, sem stendur fyrir ekki minna en um 250 ársverk, að vera komin með miðstöð sína í Tromsö.

Kanadamenn hafa verið að endurskipuleggja sín mál og þess er getið í greinargerð með hvaða hætti það er gert. Það er með talsvert öðrum hætti en í Noregi, enda landið stærra og aðstæður ólíkar en einnig má af því margt læra.

Í greinargerð er vikið að, virðulegur forseti, helstu verkefnum íslenskrar Norðurstofnunar. Þar er vísað til þess sem áður er komið að sterk rök séu fyrir því að sérstök stofnun verði sett á fót hérlendis sem sinni málum er varða norðurslóðir þar eð fáar þjóðir eru jafnnátengdar norðurskautsvæðinu og við Íslendingar. Tillagan gerir ráð fyrir því það að ríkisstjórnin undirbúi að þessari stofnun verði komið á fót á Akureyri innan tveggja ára eða í ársbyrjun 1996. Og eins og kemur fram í tillögutextanum eru verkefnin ærin sem henni er ætlað að sinna. Hér er þó vissulega ekki gert ráð fyrir því að sett verði á fót mjög stór stofnun. Það skal ósagt látið hver vísirinn þurfi að vera, hversu öflugur hann þurfi að vera í upphafi en ég hef sett fram hugmynd til þess að miða við hugsanlegan kostnað af því að koma slíkri stofnun á laggirnar. Væri þarna um að ræða sex manna stofnun með tilheyrandi húsnæði og aðstöðu og búnaði þá mætti ætla að kostnaður við það gæti numið allt að 25 millj. kr. En á móti kemur það beina og óbeina gagn sem menn hljóta að hafa af stofnun af þessu tagi með þátttöku í alþjóðlegu sam-

starfi, með verkefnum sem Íslendingar geta komið höndum yfir og tekið þátt í og ella færu ofan garðs hjá okkur þannig að ég er ekki í neinum vafa um að þeim fjármunum, sem varið yrði til þess að sameina kraftana í málefnum sem varða norðurskautssvæðið, sé mjög vel varið og þeir eigi eftir að koma til baka með margvíslegum hætti okkur til hagsbóta.

Okkur Íslendingum gleymist það oft hversu nátengdir við erum norðrinu, hversu háðir við erum umhverfisskilyrðum norðursins. Á þessu þarf að verða breyting. Það er mikil þjóðhagsleg nauðsyn að hér verði vakning í þessum efnum og við séum ekki eingöngu að mæna í suður þó að ólöstuðu samstarfi sem þar er efnt til á skynsamlegum grundvelli. En þá þurfum við að gæta að okkar hagsmunum að því er varðar okkar landfræðilegu legu, okkar möguleika sem þjóð á norðurslóðum og sem þjóð sem byggir sig öðru fremur á náttúruauðlindum hafsins en vöxtur og viðgangur þeirra náttúruauðlinda er mjög háð því sem gerist til norðurs.

Tillagan um samvinnunefnd er ætluð til þess að auka ekki á umsvif umfram það sem nauðsynlegt er því að vissulega eru ýmsar stofnanir hér sem sinna norðurmálum og með samvinnunefnd, sem er ætlað að kjósa úr sínum hópi stjórn stofnunarinnar eða leggja til hennar ásamt formanni sem umhvrh. tilnefni, er ætlað að sameina kraftana og byggja á þeirri reynslu sem þegar er fengin hér með rannsóknum á ýmsum sviðum. Við undirbúning þessa máls átti ég viðræður við ýmsa á Akureyri en mér finnst vera einsýnt og svo augljós rök fyrir því að setja þessa stofnun niður þar að ég hef ekki eytt mörgum orðum að því, en þar er þegar komið umhverfi sem getur hlúð að þessari stofnun þegar frá upphafi og tengst henni. (Forseti hringir.) Og það þarf ekki að orðlengja það, virðulegur forseti, enda tími minn á þrotum, að undirtektir þar nyrðra við því að taka við þessari stofnun voru ágætar og ég efast ekkert um að þar verði lagst á árar í þessum efnum. En hér er sannarlega um landsstofnun að ræða og þannig þarf að taka málinu frá upphafi.

Ég legg til að að lokinni umræðu verði þessari tillögu vísað til umhvn. þingsins.

[14:33]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég kveð mér aðeins hljóðs hér til að taka undir þessa tillögu og þakka fyrir flutning hennar. Ég held að flm. hafi unnið mjög þarft verk með því að safna saman þeim gögnum sem hér liggja fyrir í formi greinargerðar og fylgiskjala með tillögunni og þá ekki síður með því að leggja til að málin verði tekin þessum tökum, að samræmd verði þátttaka okkar í öllum þessum málum sem lúta að umhverfi, náttúru og rannsóknum og öðrum slíkum verkefnum og tengjast okkur norðlægu breiddargráðu og þeim hluta hnattarins sem er norðan við okkur. Það er í raun umhugsunarvert hvers vegna Ísland hefur ekki fyrir löngu og í miklu ríkari mæli en raun ber vitni haslað sér völl á þessu sviði og sinnt þessum verkefnum meira og jafnvel nýtt sér, bæði í eigin þágu og annarra, betur stöðu sína, þessa norðlægu stöð og það hlið sem við ættum að geta orðið að starfsemi hér í kringum okkur og lengra norður með sambærilegum hætti og ýmsar aðrar þjóðir hafa gert. Reyndar hefur hugmyndum um það verið hreyft með ýmsum hætti á undanförnum árum að Ísland gerði sér mat úr stöðu sinni og reyndi að byggja sig upp sem ákveðna miðstöð á þessu sviði. Mætti þar nefna ýmsar hugmyndir frá umliðnum árum, svo sem eins og um alþjóðlega rannsóknastöð, miðstöð hafrannsókna, miðstöð umhverfismála hér við norðanvert Atlantshaf o.fl. En hvað sem um það má segja, þá er hér lögð til ákveðin aðgerð í því skyni að samræma tök okkar á þessum málum og safna þeim saman, þessum verkefnum, á einn stað og það held ég að sé mjög tímabært og þarft. Þetta er í góðu samræmi við aukna meðvitund eða aukna vitund manna um mikilvægi umhverfismálanna og mikilvægi þess að taka á hlutunum á þessu sviði þannig að að því leyti til einnig eru þetta orð í tíma töluð.

Það er enginn vafi á því að staðsetningin á Akureyri er vel til fundin, bæði vegna þess að þar eru að mörgu leyti ákjósanlegar aðstæður og eðlilegar aðstæður til að vinna að þessum verkefnum af Íslands hálfu, en það er ekki síður mikilvægt í mínum huga að þetta mundi verða til þess að efla mjög þá uppbyggingu á sviði æðri mennta og vísinda og það umhverfi af slíkum toga sem er að byggjast upp á Akureyri í tengslum við háskólann þar og eflingu rannsóknastofnana á svæðinu, einnig og ekki síður þá áherslu sem menn hafa hugsað sér þar að leggja á náttúrufræði og lífrænar greinar, umhverfi og málefni umhverfisins og hinnar lifandi náttúru.

Þetta er einnig í góðu samræmi við ályktun Alþingis um að gera Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið að sérstakri miðstöð rannsókna og fræðslu á sviði sjávarútvegs því að augljóst er að lífríki hafsins hlýtur að verða mjög gildur hluti af öllum viðfangsefnum sem tengjast hinum norðlægu slóðum.

Ég held að tillagan sem slík tali síðan fyrir sig sjálf og rökstyðji sig sjálf og svo sú ágæta greinargerð sem henni fylgir, sem og framsöguræða flutningsmanns þannig að af minni hálfu sé ekki efni til að bæta þar neinu við.

Ég vona svo að þessi tillaga fái vandaða meðferð hér í þinginu og það verði skoðað af fullri alvöru að afgreiða hana á yfirstandandi þingi og hvet eindregið til þess að sú nefnd sem fær hana til umfjöllunar taki hana föstum og jákvæðum tökum. Það væri mjög þarft framlag okkar til þessa málaflokks m.a. ásamt með ýmsum öðru sem hér er á dagskrá þessa þings og fellur undir umhverfismál og náttúruvernd og ber að fagna því að mikil hreyfing er á þeim málum af ýmsum toga eins og m.a. dagskrá þessa fundar í dag ber glöggt vitni um. Því hljótum við að fagna sem höfum látið okkur umhverfismál einhverju varða hvað snertir störf Alþingis.

Ég endurtek svo þakkir mínar til flutningsmanns fyrir þetta framtak sem ég tel mjög þarft og þá myndarlegu vinnu sem lögð hefur verið í málið og vona að það skili góðri niðurstöðu í samræmi við það sem til er stofnað.

[14:39]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að fara hér nokkrum orðum um þessa till. til þál. sem hér er að finna á þskj. 429 um Norðurstofnun á Akureyri, en flutningsmaður, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, gerði rækilega grein fyrir tillögunni í máli sínu áðan.

Hér er um ítarlegt þingskjal að ræða. Greinargerðin er mjög vönduð og efnislega mikil að vöxtum eins og vænta mátti af hálfu þess þingmanns sem stendur að málinu og hugmyndin metnaðarfull. Hún fellur að hugmyndum sem hafa verið í gangi víða, raunar innan Háskólans á Akureyri þar sem hefur verið rætt um það innan stjórnar háskólans að koma á fót sérstakri heimskautastofnun í tengslum við háskólann. Að öðru leyti fellur þessi tillaga afar vel að því starfi sem fram hefur farið á undanförnum áratugum á Akureyri og vil ég sérstaklega geta um það hér að í nokkra áratugi hefur Náttúrugripasafnið á Akureyri í sambandi við Lystigarðinn þar komið sér upp mjög fullkomnu grasasafni, jurtasafni. Þar á yfirleitt að vera flóra Íslands eins og hún leggur sig, en þar er einnig sérstakur hluti garðsins helgaður flóru Grænlands þannig að í langan tíma hafa vísindamenn, sem hafa verið að störfum á Akureyri, en þáltill. fjallar einmitt um að staðsetja þessa stofnun þar, af miklum áhuga og dugnaði sinnt heimskautasvæðunum þrátt fyrir erfiða aðstöðu.

Að sjálfsögðu eru okkar lífskjör hér á landi að miklu leyti ráðin af þeim náttúrulegu aðstæðum sem hafa skapast á norðurslóðum og nánari vitneskja um náttúrufar, í víðustu merkingu þess orðs, kemur okkur til góða í öllu okkar starfi hér á Íslandi. Allar grunnrannsóknir af þessu tagi standa undir þekkingaröflun sem tengist okkar atvinnuvegum og eru nauðsynleg forsenda hagnýtari rannsókna.

Ég tek eftir því að flutningsmaður, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, hefur hér í huga að færa fræðasvið slíkrar stofnunar út fyrir raunverulegar náttúrufræðirannsóknir og færa þar einnig til mannfræði og félagsfræði, eins og segir hér í greinargerðinni. Og þar er einnig minnst á fornminjar en eins og kunnugt er hafa verið uppi um það sterkar raddir að Íslendingar væru eftirbátar annarra þjóða á sviði fornleifafræðinnar og er þó eflaust mjög margt sem forvitnilegt væri að athuga á þeim vettvangi og eflaust mikil vitneskja sem þar á eftir að koma mönnum á óvart við nánari úrvinnslu þess fræðasviðs.

Að sjálfsögðu eru hugmyndirnar sem reifaðar eru í greinargerð með þáltill. þess eðlis að gert er ráð fyrir því að starfsemi Norðurstofnunar verði nánast útvíkkun á starfi þeirra rannsóknastofnana sem hér vinna nú þegar og tillagan um samvinnunefndina byggist á því. Það ber að geta þess, af því að þessi tillaga fjallar sérstaklega um Akureyri, að innan veggja Háskólans á Akureyri hefur komist á mjög gagnlegt samstarf ólíkra rannsóknastofnana sem hefur sýnt fram á það að sundurgreiningin á rannsóknasviðum þessara stofnana er kannski ekki heppilegasta formið og að samstarf þeirra í millum gæti í raun verið hér á höfuðborgarsvæðinu miklu meira og árangusríkara heldur en það er í dag þó að það sé á mörgum sviðum einmitt verið að leita eftir nánara samstarfi og vísindastefna ríkisstjórnarinnar gerir raunar ráð fyrir slíku.

Það er rétt að geta þessi að þessi þáltill. fellur einnig vel að starfssviði Náttúrufræðistofnunar Íslands, en setur hennar á Akureyri var opnað nú fyrir skömmu við hátíðlega athöfn, af hæstv. umhvrh. sem hefur sýnt þeirri stofnun mikinn og lofsverðan áhuga og styrkt hana nú þegar með ákvörðunum sínum.

Ég vil taka það fram að þessi þáltill. er allrar athygli verð. Hún er metnaðarfullt þingskjal og tel ég einsýnt að hún muni fá mjög vandaða umfjöllun í umhvn. og jákvæðar undirtektir.

[14:45]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil koma hér til að lýsa ánægju minni með þá tillögu sem hér er mælt fyrir. Þetta er eins og fram hefur komið mjög vönduð og góð tillaga og sérstaklega vil ég lýsa ánægju minni með greinargerð með tillögunni þar sem skýrt er frá því samstarfi sem Ísland er aðili að, alþjóðlegu samstarfi og samvinnurannsóknir sem Íslendingar hafa tekið þátt í að einhverju leyti. Þetta þykir mér vera mjög vandað og vel undirbúið mál.

Ég vil leggja áherslu á það sem kemur fram í greinargerðinni um það hver helstu verkefni Norðurstofnunar eigi að vera sem í tillögunni er gert ráð fyrir að verði staðsett á Akureyri. Þar yrði um að ræða rannsóknir, ekki aðeins á sviði náttúrufræða, og tel ég það mjög mikilvægt. Ég tel mjög mikilvægt að þarna verði einmitt samþætting ýmissa rannsókna, mannfræði, félagsfræði, fornleifafræði og ýmislegs fleira því að aðeins með því móti er hægt að fá samvinnu og heildstæða yfirsýn yfir málin.

Fyrir nokkrum árum tók ég þátt í starfi norrænu ráðherranefndarinnar um heimskautarannsóknir þar sem undirbúnar voru fyrir ráðherranefndina tillögur um hvernig standa ætti að úthlutun fjár að því er varðaði rannsóknir. Þá var lögð mikil áhersla, bæði af hálfu ráðherranefndarinnar sem og þeirra sem tóku þátt í starfi þeirrar nefndar, að það væru einmitt öll fræðasviðin sem kæmu þar inn í, ekki eingöngu náttúrufræðin heldur kæmi allt þar inn. Þetta held ég að skipti gífurlega miklu máli þegar um að ræða Norðurstofnun eins og hér er gert ráð fyrir, til þess að fá heildstæða sýn á líf og náttúru á norðurslóðum.

Ég þarf svo sem ekki að hafa mörg orð um þetta mál, svo vandað sem það er lagt hér fram, en að sjálfsögðu fær það umfjöllun í umhvn. og sjálfsagt vandaða umfjöllun sem og önnur mál sem þangað koma og fær væntanlega eins og þingmenn hér hafa sagt jákvæða umfjöllun og sanngjarna þar sem þetta mál er lagt fram með þeim vandaða hætti sem hér er gert.

[14:48]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er gjarnan svo að forustumenn stjórnmálaflokka tala á tyllidögum um það að flokkar þeirra og þeir sjálfir styðji umhverfisvernd og allt það sem lýtur að umhverfismálum. Það skýtur dá-

lítið skökku við þegar maður lítur yfir þessa sali í dag að hér er nánast ekki nokkur maður til að hlýða á þessa umræðu, ekki síst vegna þess að það mál, sem hér er til umræðu og borið fram af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, er allrar athygli vert og mér sýnist í fljótu bragði að sé gott mál.

Þáltill. sem hv. þm. flytur hér lýtur að því að setja á laggir sérstaka stofnun sem á að fjalla um rannsóknir á norðurslóðum og reyna að efla rannsóknir innlendra aðila og jafnframt að tengja Íslendinga inn í alþjóðleg rannsóknaferli í málum sem lúta að heimskautssvæðinu. Eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði áðan, þá er það svo að hugmyndir í þessa veru hafa verið á kreiki og þeim hefur verið hreyft á umliðnum árum. Mig langar þess vegna að geta þess hér að ég hygg að það hafi verið í sælli ráðherratíð Júlíusar Sólnes, fyrsta umhvrh., að sérstök nefnd var sett á laggir á vegum umhvrn. sem einmitt vélaði um hugsanlega stofnun alþjóðlegrar rannsóknamiðstöðvar um umhverfi Norður-Atlantshafsins. Sú rannsóknamiðstöð átti að vísu að hafa aðsetur í Reykjavík. Þó þar hafi ekki verið um sambærilega stofnun að öllu leyti að ræða, þá er það eigi að síður svo að þetta sýnir að áhuginn hefur verið til staðar og komið víða fram eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon gat um.

Ég vil líka geta þess að forveri minn, Eiður Guðnason, fyrrv. umhvrh., setti á laggir sérstakan starfshóp í nóvember 1992 til þess að gera tillögur til eflingar umhverfisrannsóknum á Norður-Atlantshafi sem lúta fyrst og fremst að umhverfinu. Það er örskammt síðan þessi starfshópur skilaði tillögum sínum og ég held að meginefni þess álits eigi erindi inn í þessa umræðu. Þar er að vísu ekki gerð tillaga um að komið verði á fót sérstakri stofnun en þar er hins vegar sett fram hugmynd sem kynni að vera undanfari slíkrar stofnunar. Og ég beini því sérstaklega til umhvn. og raunar hv. flm. þegar kemur að meðferð þessa máls í umhvn. að taka nokkurt mið af þeirri skýrslu því að vera má að þar sé hægt að þætta saman ákveðna hluti.

Einn af meginþáttunum í niðurstöðu starfshópsins er að komið verði á fót samstarfsráði innlendra rannsóknastofnana á sviði umhverfismála til þess að tryggja tengsl og samhæfingu þeirra sem búa yfir vísindalegu atgervi og eru þátttakendur í einhvers konar rannsóknum á þessu sviði. Í dag er það svo að þessar rannsóknir eru allt of laustengdar. Það eru fjölmargar stofnanir sem eru að vinna að þessum málum og það hefur nokkuð skort, þykir mér, á samhæfingu þeirra. Hins vegar er það svo að með þátttöku okkar í Rovaniemiferlinu sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson lauk lofsorði á hér fyrr í umræðunni, þá hefur komist á vísir að slíkri samhæfingu. Innan þess ferlis, sér í lagi AMAP-hópsins, hafa menn meiri yfirsýn yfir rannsóknirnar og þær eru hnitmiðaðri en ella, en eigi að síður mætti gera miklu betur þar.

Í þessu áliti starfshópsins sem ég gat um hér áðan var bent á það að samstarfsráði þessara innlendu aðila sem vinna að rannsóknum á sviði umhverfismála væri jafnframt ætlað að vera vettvangur tengsla við erlendar stofnanir og erlendar rannsóknaáætlanir sem sinna umhverfismálum eða umhverfisvöktun. Þar var m.a. bent á nauðsyn þess að koma á virkum tengslum við alþjóðlegar umhverfisvöktunaráætlanir, m.a. um alþjóðleg hafvöktunarkerfi og fjarkönnun, og jafnframt að tryggja vinnuaðstöðu til rannsókna, þjálfunar og úrvinnslu vöktunarmælinga í tengslum við þessar alþjóðlegu rannsóknaáætlanir sem hv. flm. drap einmitt hér á.

Ég held að þessi tvö mál séu alls ekki svo óskyld. Nú er það svo að þetta ágæta mál sem hér er flutt af hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni mun væntanlega eins og svo mörg þjóðþrifamál velkjast nokkurn tíma, því miður liggur mér við að segja, áður en um það næst fullkomin sátt. Það er gjarnan svo þegar lögð eru fram mál sem kannski brjóta í blað að það þarf dálítinn tíma til að opna hug manna til skilnings á gildi þeirra. Ég held að þess vegna gæti hugmyndin um samstarfsráð verið eins konar vísir að slíkri stofnun.

Eðli umhverfisrannsókna er þannig að það eru menn úr mjög ólíkum greinum vísinda sem koma þar að, menn sem stunda grasafræði, veðurfræði, jafnvel sögu. Þess vegna gæti það verið talsvert erfitt að búa til stofnun sem hefði yfir öllu þessu að ráða þannig að þegar henni yndi fram, þegar hún þróast, mundi hún væntanlega byggja slíkt net út í ýmsar stofnanir.

Ég vil líka geta þess, virðulegi forseti, af því að hv. flm. gerir það að nokkrum áherslupunkti í sinni vel unnu tilögu að það sé nauðsynlegt að læsa hina innlendu vísindamenn inn í alþjóðlegar rannsóknaáætlanir sem varða heimskautasvæðið, að í þessari skýrslu er einmitt að finna yfirlit yfir þær áætlanir sem eru í gangi sem tengjast þessu svæði. Það er álit starfshópsins að það ætti að vera tiltölulega auðvelt að verða Íslendingum úti um allnokkrar fjárhæðir til rannsókna einmitt hér á Íslandi eða rannsókna sem tengjast Íslandi en varða þetta svæði og þessu vildi ég koma hér á framfæri.

Ég er líka ánægður yfir þeim hluta tillögunnar sem lýtur að staðsetningu þessarar stofnunar. Ég er þeirrar skoðunar að á Akureyri séu að byggjast upp í kringum háskólann og ýmsar stofnanir sem þar eru, ekki síst styrkt setur Náttúrufræðistofnunar Íslands, akademískt umhverfi sem nú þegar er farið að hafa áhrif á athafnalíf á staðnum og á án efa eftir að styðja það verulega þegar fram líða stundir. Allt nýtt vísindalegt atgervi sem er flutt til Akureyrar styrkir þetta umhverfi, styrkir sköpun nýrra hugmynda, eflir það hugvit sem þar er verið að setja saman í einn sjóðandi pott nýrra hugmynda. Og það er held ég mjög gott fyrir þennan stað og þó að þessi Norðurstofnun sé ekki enn orðin að veruleika, þá er staðsetningin mjög í anda þeirrar stefnu ríkisstjórnarinnar, sem hefur komið glöggt fram, að það ber eftir því sem kleift er að flytja stofnanir ríkisins út um land.

[14:56]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka þá umræðu sem hér hefur farið fram og ágætar undirtektir allra sem hafa talað við þetta mál. Mér finnst það endurspegla það að málið sé ef svo má orða tímabært, e.t.v. komnir vísar

að þessu allvíða, farnir að skjóta rótum, þ.e. menn séu farnir að átta sig á að það þurfi að taka samhæft á málum sem varða norðrið, bæði sjálfstætt út frá okkar eigin landi og umhverfi þess sem og til þess að taka burðugan þátt í alþjóðlegu samstarfi um þessi mál.

Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir að taka þátt í þessari umræðu hér og lýsa þeim stuðningi við þessa hugmynd sem fram kom í máli hans sem og þær upplýsingar sem voru nýjar fyrir mig að það hefði verið unnið að athugun þessara mála á vegum Stjórnarráðsins í sérstökum starfshópi og ég tek undir það að auðvitað er sjálfsagt að líta á slíkar hugmyndir við athugun málsins í nefnd og mjög kærkomið áreiðanlega að fá í þingnefndina þetta álit til skoðunar í tengslum við meðferð málsins þar og umfjöllun alla.

Ég tek undir það mat, sem hér hefur komið fram í umræðunni um staðsetningu á Norðurstofnun, að Akureyri á að hafa alla burði til þess að geta þróað slíka stofnun og hlúð að henni jafnhliða því sem hún ætti að geta orðið til styrktar því sem þar er fyrir og eins og réttilega hefur hér komið fram þá er hugmyndin að tengja verkefnin inn á sem flest fræðasvið, því að það er langt frá því að þar sé það náttúrufræðin ein sem um að ræða. Einnig hin húmanísku fræði og allt þar á milli á sínar rætur á norðurslóðum og býr þar við sérstök skilyrði sem og öll menning norrænna þjóða fyrr og síðar hefur verið mótuð af og einnig þessum þáttum ber að sinna.

Það kemur fram í tillögunni eins og þegar hefur verið rakið að það er ekki hugmyndin að þessi stofnun geti sjálf lagt til vísindamenn og framlög á hinum einstöku sviðum þó að þar þurfi að sjálfsögðu að vera innan veggja þekking og starfskraftar til þess að taka á málum en henni er alveg sérstaklega ætlað að verða miðstöð eða samhæfingaraðili þeirrar innlendu starfsemi sem fram fer í landinu á hverjum tíma í þessum efnum. Og það held ég að sé eins og hér hefur líka verið tekið undir mikil nauðsyn og þar höfum við í rauninni margt meira kannski fram að leggja heldur en við höfum gert okkur grein fyrir sjálf og getum miðlað öðrum af því sem við höfum þegar unnið á þessum sviðum eða erum að sinna á hverjum tíma.

Ég vil nefna það hér að í tengslum við þetta mál eða til hliðar við þetta mál kannski öllu heldur hef ég verið að líta til þessa norðursvæðis á vettvangi Norðurlandaráðs og þar eru nú til meðferðar og skoðunar í umhvn. Norðurlandaráðs um þessar mundir tvær tillögur sem varða norðurslóðir. Önnur þeirra um sjálfbæra þróun á norðurskautssvæðinu þar sem því er beint til norrænu ráðherranefndarinnar að skilgreina forsendur fyrir sjálfbærri þróun í norðri og láta kortleggja nýtingu auðlinda og vinna að því á alþjóðavettvangi að allri losun hættulegra efna verði hætt fyrir árið 2000, þeirra sem skaðað geta norðlægt umhverfi. Þarna er einnig gert ráð fyrir undirbúningi að stóru náttúruverndarsvæði í Barentshafi sem taki m.a. til Svalbarða og Frans Jósefslands en sú hugmynd er vissulega ekki ættuð eða runnin upp hjá flm. heldur hjá norskum náttúruverndarsamtökum sem hafa hreyft tillögum í þessa átt og hugmyndin er að fá stuðning á norrænum vettvangi fyrir þessu myndarlega verndarsvæði sem þarna er um að ræða.

Hin tillagan sem er þarna einnig og ég vil leyfa mér að geta aðeins um af því að hún tengist náið þessu málefni sem hér er til umræðu, að jafnaði erum við ekki að tíunda mikið þau verkefni sem við erum að reyna að sinna á norrænum vettvangi, en hún snertir aðgerðir til að draga úr hættu af kjarnorku á norðurslóðum. Norrænu ráðherranefndinni er ætlað að gefa yfirlit um hernaðarlega og almenna notkun kjarnorku í norðri, að meta hættuna sem henni tengist og Norðurlönd beiti sér á alþjóðavettvangi að því að dregið verði úr ógninni á áframhaldandi kjarnorkuvopnakapphlaupi, losun geislavirks úrgangs og annarri misnotkun heimskautasvæðanna með kjarnorku. Það er gert ráð fyrir því að ríkin átta, norðurskautsríkin, setji sérfræðingahóp á laggirnar til að leggja á ráðin um efni sem tillagan fjallar um, þar á meðal hernaðarmálefnin og möguleika á að styrkja afvopnunarviðræður að því er varðar norðurslóðirnar sérstaklega en það er mikið áhyggjuefni að þær hafa ekki beinst að þeim sérstaklega og jafnvel nú á dögum þíðunnar að loknu köldu stríði þá er ógnarvopnunum að fjölga í Norðurhöfum að margra mati. Allt eru það áhyggjuefni fyrir okkur Íslendinga sem og hitt sem er að gerast á Bretlandseyjum um þessar mundir og hlýtur að vera í okkar allra huga, þ.e. sú starfsemi sem getur hafist hvern dag í rauninni úr þessu, en þar bíða menn spenntir eftir dómum í málum sem höfðuð hafa verið til þess að reyna að stöðva eða fá nánari umfjöllun af starfsemi sem tengist THORP-endurvinnslustöðinni við Sellafield. Þau efni snerta vissulega norðurslóðir og eitt af okkar markmiðum náttúrlega með þátttöku í alþjóðlegum rannsóknum á þessu svæði er að halda því ómenguðu, halda auðlindum þess í sem bestu horfi þannig að þróunin verði sjálfbær á þessu svæði. Fátt skiptir okkur Íslendinga meira og ég vona það að af þeim málflutningi sem felst í þessari tillögu megi nokkuð spretta fyrr en síðar. Á því tel ég allmikla þörf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mengunarvarnarbúnaður í bifreiðar ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. GE og PBald, 326. mál. — Þskj. 517.

[15:05]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mun gera grein fyrir þáltill. sem er 326. mál 117. löggjafarþings á þskj. 517. Tillagan varðar eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnarbúnað í bifreiðar ríkisins og er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela umhverfisráðherra að beita sér fyrir að allar bifreiðar í eigu ríkisins verði búnar eldsneytissparnaðar- og mengunarvarnarbúnaði, svo kölluðum brennsluhvata.“

Sá búnaður sem hér er rætt um er þekktur frá því í

seinni heimsstyrjöld. Bretar notuðu þennan búnað í flugvélum sínum. Það er svo ekki fyrr en fyrir nokkrum árum síðan að búnaðurinn er endurhannaður til notkunar fyrir bifreiðar að hann fer að ryðja sér til rúms. Í nokkrum tilvikum, nánar tiltekið í Ástralíu, Bretlandi og Bandaríkjunum, hafa verið gerðar rannsóknir sem framsetning þessa máls byggist m.a. á. Enn fremur sú rannsókn sem framkvæmd var af tæknideild Fiskifélags Íslands ásamt Vélskóla Íslands sem hvetur beint til aðgerða. Íslenska rannsóknin var framkvæmd með styrk frá LÍÚ og umhvrn. og ég vil láta í ljós ánægju með fagleg vinnubrögð og framlag þessara aðila við vinnslu málsins.

Með ítarlegum prófunum hefur verið sannað að sá búnaður, sem hér er lögð fram tillaga um að settur verði í ríkisbifreiðar, minnkar umtalsvert mengandi efni í útblæstri farartækja ásamt því að draga úr eldsneytisnotkun. Hér er um að ræða búnað framleiddan af þremur fyrirtækjum fyrir mismunandi vélarstærðir. Þessi búnaður er: Powerplus Cleanburn frá Powerplus International Corp. Ltd., Cleanburn frá Ross Marine Ltd. og CEP Cleanburn frá Filter Engineering Ltd.

Það er engin þörf á að flytja mikla langloku með hátæknilegum skýringum um búnaðinn enda sá sem hér talar vart hæfur til þess þó að ég þekki af eigin reynslu góðan árangur af notkun þessa búnaðar. Skýrasta dæmi um aðgerðir stjórnvalda annarra landa er að þar sem mengun í stórborgum er mikil eru stjórnvöld farin að beita sér fyrir ísetningu svona búnaðar. Til að taka dæmi nefni ég Melbourne í Ástralíu og það má nefna Kaliforníufylki, þar var þetta tekið upp sem skylda, og Ankara í Tyrklandi.

Fyrir þá aðila sem eiga eftir að fjalla um málið er rétt að nefna að það eru miklar upplýsingar sem liggja fyrir um árangur af notkun þessa búnaðar og í flestum tilvikum um meiri sparnað að ræða en íslenska rannsóknin segir til um. Og einnig umsagnir ýmissa notenda innlendra sem erlendra.

Ég held að það sé óþarfi að fara nánar í málið í smáatriðum. En ég get ómögulega látið vera að nefna að mikil umræða var hér um að bifreiðar skyldu búnar hvarfakútum. Sá búnaður nýtist ekki fyrr en vélin hefur náð vinnsluhita sem þýðir að bifreið sem gangsett er t.d. í miðborg Reykjavíkur hefur ekki náð vinnsluhita fyrr en í Ártúnsbrekku. Á meðan eyðir vélin meira eldsneyti og mengar umhverfi meira en ella. Ef hvarfakútar eru í bifreiðum breytir það engu um hæfni þess búnaðar sem þessi þáltill. fjallar um. Ég vil, með leyfi forseta, vitna í grein Örnólfs Thorlaciusar í Ökuþór, málgagni Félags ísl. bifreiðaeigenda, um blýlaust bensín, sem hljóðar svo:

„Á bensínstöðvum hér á landi er selt blýlaust bensín með oktantölu 92, 95 og 98 oktana bensín. Það er blandað blýsamböndum. Oktantala bensíns er mælikvarði á hversu mikla þjöppun blanda bensíns og lofts þolir í strokkum sprengihreyfils án þess að til gangtruflana komi.

Nú mætti ætla að allir umhverfishollir bílstjórar ættu að knýja bíla sína blýlausu bensíni ef vélarnar þola það. En Roger Perry, prófessor í umhverfisfræðum við Imperial College í Lundúnum, hefur komist að því að blýbensínið er hollara umhverfinu en það blýlausa ef því er brennt í bifreiðum án hvarfakúta. Í stað blýsambanda er bætt í blýlausa bensínið arómatískum ómettuðum vetniskolum sem brenna ekki fyllilega í bifreiðum án hvarfakúta. Í útblæstrinum verða þá arómatísk efni m.a. bensen sem talið er að valdið geti hvítblæði."

Eldsneytissparnaður reynist mismunandi eftir vélartegundum en liggur á bilinu 4–10% sem leitt getur til sparnaðar sem nemur tugum milljarða kr. hjá ríkinu. Minnkun skaðlegra efna og lofttegunda í útblæstri vegna betri brennslu og þar með lægri útblásturshita liggur á bilinu 15–60% eftir gastegundum. T.d. er minnkun að meðaltali sem hér segir:

HC eða kolvetni um 40%, köfnunarefnisoxíð um 18%, kolmónoxíð um 60% og í kolvetniskeðjum 50%.

CO_2-mælingar sýna að hlutfallið í útblæstri eykst lítillega en gengur til baka vegna þess að brennt er minna magni af olíu eða bensíni til þess að fá sömu orku út úr vélinni. Án þess að framkvæma kostnaðarsamar breytingar geta flestir bílar með notkun Powerplus brennt blýlausu (blýminna) bensíni og þar af leiðandi minnkar blýmengun af völdum fólksbíla um u.þ.b. 20 tonn á ári.

Tæknideild Fiskifélags Íslands, eins og áður gat um, hefur ásamt Vélskóla Íslands gert mjög nákvæma rannsókn á vél togarans Snorra Sturlusonar þar sem niðurstöður sýna fram á að ef íslenski togara- og fiskiskipaflotinn notaði Cleanburn eða CEP Cleanburn brennsluhvatann gæti verið um að ræða 200–300 millj. kr. sparnað á ári. Niðurstöður tæknideildar Fiskifélags Íslands og Vélskóla Íslands staðfesta niðurstöður tæknideildar British Rail sem gert hefur ítarlega prófun á a.m.k. átta hraðlestum síðustu 18 mánuði.

Herra forseti. Ég vil taka hér dæmi um sparnað: Olíukostnaður íslenska fiskiskipaflotans er nálægt 4 milljörðum kr. á ári. Ef 4–5% sparnaður næst mun hann nema um 200 millj. kr. sem svarar til 650–1.120 þús. kr. á togara eftir olíutegundum.

Mér er kunnugt um það að útvegsmenn hafa vaxandi áhuga á Cleanburn og margir þeirra hafa sett þennan búnað í skip sín á grundvelli staðreynda frá þeim sem hafa notað og gert úttekt á búnaðinum undanfarin fjögur ár. Ég tel að það væri eðlilegt að veita úr Fiskveiðasjóði sérstaka fyrirgreiðslu til að flýta fyrir uppsetningu þessa búnaðar í flotann með tilliti til sparnaðar og minni mengunar.

Hæstv. umhvrh. hefur sagt að undir vissum kringumstæðum sé mengun frá útblæstri bifreiða á vissum stöðum í Reykjavík mjög mikil. Sú staðreynd að unnt er að draga svo um munar úr þeirri útblástursmengun er alveg óyggjandi og er hún ein helsta ástæðan fyrir flutningi þessarar þáltill. svo og sparnaður sem kemur ríkissjóði til góða. Það er von flutningsmanna að þessi ályktun hljóti skjóta og góða afgreiðslu í þinginu.

Ég vil síðan, herra forseti, leggja til að eftir umfjöllun fari þáltill. til virðulegrar umhvn. Um leið og ég segi þetta þakka ég meðflutningsmanni mínum, hv. þm. Petrínu Baldursdóttur, fyrir að leggja málinu lið.

[15:15]

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er lagt fram til umræðu mál er snertir eldsneytissparnað og mengunarvarnarbúnað í bifreiðum ríkisins. Ég þakka hv. þm. Gísla S. Einarssyni og Petrínu Baldursdóttur fyrir að telja þetta mál þess virði að veita því athygli því mér er fullkunnugt um að fyrrv. umhvrh., Eiður Guðnason, sýndi þessu hvorki áhuga og þaðan af síður skilning og vakti það reyndar furðu margra er eitthvað þekkja til þessara mála. En það er nú einu sinni þannig með umhverfismálin að þau snerta allt okkar daglega líf og maðurinn sjálfur hefur það í hendi sér hvernig til tekst með umgengnina við náttúruna.

Á seinni árum hefur orðið til umfangsmikil þekking og reynsla víðs vegar um heim á þeirri tækni sem hægt er að beita til að draga úr neikvæðum áhrifum mengunar frá hinu svokallaða velferðarþjóðfélagi. Þessa tækni þarf að sjálfsögðu að nýta til hins ýtrasta því leita þarf allra ráða til að draga úr mengun. Þess vegna er aldrei rétt að hafna nýjungum meira og minna án raka, eins og mér virtist fyrrv. umhvrh. hafa gert á sínum tíma. Oft verður jafnvel að taka áhættu eða láta reyna á það sem sannara reynist.

Eins og kom fram í ræðu 1. flm. tillögunnar þá virðast öll rök hníga að því að hægt sé að hvetja til notkunar á þessum tækjum. Þau munu geta sparað eldsneyti og þar af leiðandi dregið úr mengun. Það er talað um að þau borgi sig upp á skömmum tíma og það er eitt af því sem er kærkomið á þessum tímum. Eins og fram kom verður þessi eldsneytissparnaður m.a. til vegna þess að í þessum tækjum fer bruni fram við lægra hitastig og orkutap verður þar af leiðandi minna. Eftir því sem mér hefur verið tjáð er því hins vegar öfugt farið með hina umdeildu hvarfakúta sem bæði valda meiri kostnaði í innkaupum á nýjum bílum og jafnframt aukinni eldsneytisnotkun og er því vafasamur hagnaður á sviði mengunar.

Ég vil endurtaka þakkir mínar til flutningsmanna tillögunnar, sérstaklega í ljósi þess, eins og áður segir, hve þessu hefur verið sýndur lítill áhugi áður fyrr og vænti jafnframt að núv. hæstv. umhvrh. sýni þessu máli verðskuldaðan áhuga ekki síst vegna góðrar þekkingar sinnar á mikilvægi náttúru- og umhverfisverndar. Jafnframt vil ég taka undir orð hv. þm. Gísla S. Einarssonar að hvetja til þess að það komi sem fyrst sérstök fyrirgreiðsla úr Fiskveiðasjóði til þess að það verði hægt að flýta fyrir uppsetningu þessa búnaðar í flotanum.

Virðulegur forseti. Ég hvet til þess að þetta mál fái skjóta og málefnalega afgreiðslu í þinginu.

[15:19]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. sem hv. þm. Gísli S. Einarsson er 1. flm. að. Tillagan felur það í sér að Alþingi álykti að fela umhvrh. að beita sér fyrir því að allar bifreiðar í eigu ríkisins verði búnar eldsneytisparnaðar- og mengunarvarnarbúnaði, svokölluðum brennsluhvata. Í greinargerð með tillögunni er rökstuðningur hvers vegna flm. telja það ávinning fyrir ríkið að setja þannig búnað í ríkisbifreiðar. Þar kemur fram að með ítarlegum prófunum hefur verið sannað að þess konar búnaður minnki umtalsvert mengandi efni í útblæstri farartækja ásamt því að draga úr eldsneytisnotkun. Einnig kemur fram í greinargerð með tillögunni að minnkun skaðlegra efna og lofttegunda í útblæstri vegna betri brennslu og þar með lægri útblásturshita liggur á bilinu 15–60% eftir gastegundum.

Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar segir að ríkisstjórnin muni vinna að mótun framsýnnar stefnu í umhverfismálum. Sú stefnumótun kemur fram í plaggi sem heitir Á leið til sjálfbærrar þróunar. Þar kemur fram að mengunarvarnir eru einn liður í að ná árangri í umhverfisvernd. Mengun hér á landi er enn sem komið er lítil miðað við víðast hvar erlendis. Við þurfum hins vegar að gæta vel að og halda árvekni okkar í þessum málum.

Á undanförnum árum hefur umtalsverð aukning orðið á eign landsmanna á ökutækjum. Í Reykjavík er undir vissum kringumstæðum mengun frá útblæstri bifreiða mjög mikil. Til að draga úr staðbundinni loftmengun hafa strangar reglur verið settar um varnir gegn mengun frá útblæstri bensínknúinna fólksbíla. Það má hins vegar gera betur til að ná meiri árangri.

Það kemur fram í greinargerð með tillögunni að flestir bílar geta með notkun Powerplus brennt blýlausu bensíni sem myndi leiða til minnkandi blýmengunar af völdum fólksbíla jafnvel upp í 20 tonn á ári.

Það er hægt að draga úr mengun. Ég vona að þessi tillaga fái skjóta afgreiðslu á Alþingi og hæstv. umhvrh. beiti sér fyrir því að allar bifreiðar verði innan skamms búnar brennsluhvata.

[15:21]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Hér er flutt þáltill. tveggja hv. þm. þar sem gert er ráð fyrir að Alþingi feli umhvrh. að beita sér fyrir því að allar bifreiðar í eigu ríkisins verði búnar sérstökum búnaði sem ekki bara spari eldsneyti heldur líka dragi verulega úr mengun.

Nú er það svo að jafnvel hér á hinu ósnortna Íslandi, sem menn hafa jafnan litið svo á að væri svo að segja laust við mengun, þá hefur vandi sprottið vegna útblásturs bifreiða. Það er rétt sem tveir hv. þm. hafa haft eftir mér hér í þessari umræðu. Ég hef sagt og byggt á niðurstöðum mælinga að við vissar kringumstæður geta efni sem koma úr útblæstri bifreiða leitt til þess að heilsa spillist. Þetta gilti sérstaklega á árum áður þegar mun meira af blýi var í útblæstri bifreiða en nú er. Þá lágu fyrir ákveðnar kannanir aðallega erlendis frá um skaðsemi þess, sérstaklega fyrir ung börn. En þetta mál er jákvætt og það sýnir mikinn hug flm. til að draga úr þeirri mengun sem er að finna í útblæstri farartækja hér á landi.

Það er einungis eitt sem ég held að hv. umhvn. ætti að velta fyrir sér þegar að því kemur að hún fer sínum mjúku höndum um þessa þáltill. Það er hvort ekki ætti að bæta inn í tillöguna að ekki einungis umhvrh. verði falið að gera þetta heldur og fjmrh. Þó að ég finni ekki í greinargerðinni hvað þetta kynni að kosta

hið opinbera ef það mundi ráðast í kaup á slíkum búnaði fyrir allar ríkisbifreiðar þá geri ég ráð fyrir að það hlaupi á talsvert háum upphæðum. Og það er reynsla mín, eins og annarra sem hafa vélað um umhverfismál, að þó allir séu ævinlega tilbúnir til að taka undir góðar hugmyndir og góðar tillögur þá dregur stundum úr því þegar að því kemur að reiða fram fjármagn til að hrinda þessum ágætu hugmyndum í framkvæmd. Það er þess vegna sem ég beini því til hv. umhvn. hvort hún ætti ekki að gera örlitla bót á þessari tillögu að þessu leytinu.

[15:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka tillögumönnum fyrir að flytja þessa tillögu. Hún er til áminningar fyrir stjórnvöld að standa rétt að sínum málum. Því er ekki að neita að ríkið er stóratvinnurekandi í landinu sem nýtir sér mikið bæði bíla og önnur tæki sem þurfa eldsneyti og ef það er slíkur sparnaður og slík mengunarvörn í því að nota þessi tæki, eins og hefur komið fram í þeim rannsóknum sem hér hafa verið nefndar, þá er alveg full ástæða til að ríkið ákveði að nýta sér þetta. Ég hef fylgst með þessu máli nokkuð lengi og veit að maður nokkur á Akranesi, David Butt að nafni, hefur lagt mikið á sig í langan tíma til að reyna að koma þessu hér á framfæri og sannast sagna ekki gengið allt of vel. Vegna þess að það virðist ævinlega vera þannig hjá okkur að við erum mjög lengi að taka við okkur í sambandi við suma hluti. Þar mætti nefna margt fleira en þetta.

Mér sýnist að nú sé bærilega búið að rökstyðja að að þessu sé verulegt gagn. Ég veit að þessi búnaður er ekki það dýr að það ætti í sjálfu sér að standa í vegi fyrir mönnum að koma honum upp. Þau dæmi sem ég hef séð um hvað það kosti að setja þetta í bæði skip og bíla hafa öll komið út þannig að þetta eigi að geta borgað sig upp með sparnaði á einu til þremur árum. Slík dæmi eru náttúrlega ekkert mjög erfið úrlausnar ef menn trúa því að þessir útreikningar séu réttir.

Ég tek undir með hæstv. umhvrh. að hvetja umhvn. til þess að taka þetta mál til athugunar strax og senda síðan málið frá sér aftur til þingsins. Ég vil meina að hér þurfi ekki út af fyrir sig nein fyrirmæli. Það hljóti að vera nægilegt að hæstv. ráðherrar geri sér grein fyrir því að það sé sparnaður að því sem hér er á ferðinni og það sé mengunarvörn í þessum búnaði og þá muni menn fjárfesta í þessu vegna þess að þetta er ekki mjög dýr búnaður og arðurinn skilar sér mjög fljótt til baka.

[15:27]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. og hv. þm. Auði Sveinsdóttur, Petrínu Baldursdóttur og Jóhanni Ársælssyni fyrir undirtektirnar við þessa tillögu. Ég vil upplýsa það að kostnaður á bíl getur legið á bilinu 10–15 þús. kr. miðað við þau erlendu tæki sem er verið að nota. En mér er kunnugt um að það er komin heimild til að framleiða þessi tæki á Íslandi. Það er búið að veita heimild til að framleiða þau á Íslandi og það er klárt mál að það mun lækka verðið. Nú veit ég ekki alveg hversu margar bifreiðar ríkið á en ég get ímyndað mér að það kosti sem svari hálfum ráðherrabíl að búa allan flotann með svona mengunarbúnaði.

Ég vil aðeins koma betur inn á þann sparnað sem kom ljós við þær rannsóknir sem gerðar voru á togaranum Snorra Sturlusyni. Þar kom í ljós að það mældist 2,6% aukning við 43% álag. Það var ekki unnt að fá marktækar mælingar á hærra álagi en það má leiða líkur að því að við 64% álag náist allt að 5% ávinningur í olíunotkun, er sagt í frétt. En ég er með undir höndum mikið magn af pappírum þar sem raktar eru rannsóknir sem framkvæmdar hafa verið á skipum og járnbrautalestum og alls konar ökutækjum erlendis. Þær sýna alveg tvímælalaust mikinn sparnað í olíu og mikla minnkun gastegunda út í umhverfið. Og ég hyggst senda formanni umhvn. þessi gögn til þess að létta leitina því ég hef þetta undir höndum.

Ég ítreka þakkir mínar fyrir undirtektirnar við málið og vona að það fái góða umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd Breiðafjarðar, 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 566.

[15:31]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um vernd Breiðafjarðar sem er á þskj. 566. Þetta frv. var samið í umhvrn. að minni tilstuðlan og efni þess borið undir fulltrúa þeirra sveitarfélaga sem málið varðar. Jón Gunnar Ottósson, skrifstofustjóri í ráðuneytinu, hafði umsjón með gerð frv. en honum til aðstoðar voru þeir Ævar Petersen og Haukur Jóhannesson frá Náttúrufræðistofnun Íslands, Gísli Gíslason landslagsarkitekt og Friðjón Þórðarson, fyrrv. alþm., kom jafnframt að verki og veitti góðar ráðleggingar.

Það er langt síðan, virðulegi forseti, að það hófst umræða um að vernda náttúru Breiðafjarðar og menningarminjar í firðinum. Náttúruverndarþing, náttúruverndarsamtök heimamanna í Breiðafirði og fleiri aðilar hafa ályktað um nauðsyn þess að vernda náttúru Breiðafjarðar með einhverjum hætti og svæðið hefur verið á náttúruminjaskrá í hálfan annan áratug. Alþingi ályktaði árið 1978 að tillögu Friðjóns Þórðarsonar, þáv. alþm., með leyfi forseta, „að skora á ríkisstjórn að stuðla hið fyrsta að því að hið fjölþætta lífríki Breiðafjarðar verði kannað og verndað, eftir því sem þurfa þykir, í samráði við heimamenn og náttúruverndarsamtök."

Í greinargerð með þessari framsýnu tillögu Friðjóns segir m.a. að hugmyndir hafi komið fram um setningu sérstakra laga um vernd Breiðafjarðar líkt og gildi um Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Það er jafnframt tekið fram í greinargerðinni að þótt bráður háski vofi ekki yfir Breiðafirði sé eðlilegt og sjálfsagt að athuga þessi mál í tæka tíð og gera viðeigandi ráðstafanir af þurfa þykir.

Í framhaldi af þessari ályktun Alþingis skipaði svo menntmrh. nefnd þriggja manna til að gera tillögur um hvernig skyldi haga könnun og vernd lífríkis fjarðarins. Nefndin hélt marga fundi, aflaði margvíslegra gagna, en lyktir hennar urðu þær að hún lauk aldrei störfum.

Aðdragandi þessa frv. sem ég mæli fyrir er m.a. sá að sl. sumar ræddi ég við ýmsa sveitarstjórnarmenn við Breiðafjörð um það hvernig yrði best staðið að vernd náttúru og menningarverðmæta í firðinum og eflingu byggðarinnar. Í framhaldi af því var ákveðið að kanna möguleika á að setja sérstök lög um vernd Breiðafjarðar þar sem væri höfð hliðsjón af lögunum nr. 36/1974, um vernd Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Það þótti heppilegra, virðulegi forseti, að setja sérstök lög um verndina fremur en stofna þjóðgarð, friðland eða fólkvang samkvæmt gildandi lögum um náttúruvernd og var talað um að vernd byggð á ákvæðum gildandi náttúruverndarlaga gæti orðið erfið í framkvæmd og veitti ekki nægjanlegt svigrúm. Ef Breiðafjörður væri óbyggður væri eflaust fyrir löngu búið að stofna þar þjóðgarð með öllum þeim takmörkunum og reglum um umferð og umgengni sem því fylgir. (**JGS:** Það á sem sagt að eyða byggð þar?) Byggð er hins vegar mikil sem betur fer við Breiðafjörð — og ég var einmitt að lýsa því, hv. þm., sem nú var rétt að ganga í salinn, að það væri ekki tekinn sá kostur heldur annar. — Byggð er hins vegar sem betur fer mikil við Breiðafjörðinn og fólk byggir þar afkomu sína að verulegu leyti á því að nytja gæði náttúrunnar. Ferðamenn sækja jafnframt í vaxandi mæli til Breiðafjarðar til að njóta sérstæðrar náttúru og skapa með því möguleika á margvíslegri atvinnustarfsemi sem tengist ferðamennsku. Það er þess vegna ljóst að að taka verður tillit til margra ólíkra sjónarmiða eigi að vernda náttúru Breiðafjarðar og menningarminjar í firðinum og tryggja jafnframt blómlega byggð þar um ókomin ár. Ég tel að setning sérlaga veiti það svigrúm sem er nauðsynlegt til að samræma þessi ólíku sjónarmið og ólíka hagsmuni og það er þess vegna sem það er lagt til í frv. að sú leið verði farin, ekki síst vegna þess að höfð er hliðsjón af því að vel hefur tekist til um sérlög sem sett voru um Mývatn og Laxá.

Þegar ákvörðun hafði verið tekin um að kanna möguleika á að setja sérstök lög um vernd fjarðarins þá var gagna aflað á vegum ráðuneytisins um náttúrufar á svæðinu, menningarverðmæti, nýtingu hlunninda, atvinnuhætti, umferð ferðamanna og önnur atriði sem varða málið.

Í framhaldi af því var ákveðið að kanna hug íbúa Reykhólahrepps í Austur-Barðastrandarsýslu og íbúa Saurbæjarhrepps, Skarðshrepps og Fellsstrandarhrepps í Dalasýslu til lagasetningar um vernd eyja, hólma og strandlengju í landi þessara hreppa allra. Á fundi sem var haldinn í Vogalandi í Króksfjarðarnesi 20. okt. ræddi ég hugmyndina við fulltrúa hreppsnefnda og náttúruverndarnefnd á þessu svæði. Viðtökurnar voru mjög góðar og fundarmenn voru á einu máli um að það væri þarft að setja slík lög. Það kom fram m.a. í máli heimamanna að þeir telja lagasetninguna ekki aðeins nauðsynlega til að vernda viðkvæma náttúru, heldur veiti hún þeim möguleika til að standa skipulega að uppbyggingu og aðstöðu fyrir ferðamenn og þar með stýra þróun ferðamennsku á komandi árum. Menn voru jafnframt á því að lögbundin vernd mundi lyfta svæðinu eins og sumir orðuðu það, vekja athygli á sögu og náttúru Breiðafjarðar, bæði innan lands og erlendis og skapa þar með nýja möguleika á sviði ferðamála. Og niðurstaða þessa fundar sem ég var að minnast á í Króksfjarðarnesi var að áfram skyldi unnið að málinu með þessum hætti.

Eftir þennan fund var ákveðið að kanna hvort það væri áhugi fyrir því að stækka það svæði sem lögin mundu ná til. Um miðjan desember var síðan fundað með fulltrúum hreppsnefnda, náttúruverndarnefnda og héraðsnefndar í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu til að kanna hvort vilji væri til að stækka fyrirhugað nefndarsvæði þannig að það næði líka til hreppa í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu. Þessi fundur var vel sóttur og það var samstaða um að stefnt skyldi að setningu laga um vernd Breiðafjarðar sem næði til sem flestra eyja, hólma og skerja á firðinum og allrar strandlengju í innri hluta hans. Í bréfi sem ráðuneytinu barst frá Stykkishólmsbæ, dags. 21. des. sl., segir m.a., með leyfi forseta:

„Fagnar bæjarráðið fram komnum hugmyndum umhvrn. um friðun Breiðafjarðar og strandlengjunnar við fjörðinni og lýsir sig reiðubúið fyrir hönd Stykkishólmsbæjar að vinna að áframhaldi málsins."

Þeim sveitarstjórnum í Austur-Barðastrandarsýslu, Dalasýslu og Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu sem málið varðar voru send til umsagnar drög að frv. til laga um vernd Breiðafjarðar skömmu fyrir jól. Í framhaldi af því efndi ég til fundar með fulltrúum þeirra í Stykkishólmi 12. jan. sl. til að ræða þessi drög. Fundarmenn höfðu ekki athugasemdir við drögin og var þá í ljósi samstöðunnar ákveðið að leggja frv. fram á þessu þingi.

Ráðuneytinu barst líka bréf sem er ástæða til að nefna frá sveitarstjóranum í Grundarfirði, dags. 14. jan. Þar segir m.a. að hreppsnefnd Eyrarsveitar hafi fjallað um drögin á fundi sínum 13. jan. og hún gerði ekki sérstakar athugasemdir við það. Í bréfinu kemur fram að hreppsnefndarfulltrúar telja það jákvætt við frumvarpsdrögin að sýnd sé viðleitni til að ná utan um þetta svæði með ákveðnum hætti til þess að á markvissan hátt megi vernda þessa náttúruperlu fyrir ágangi, raski og mengun.

Það er líka sagt frá því í bréfinu að einstakir hreppsnefndarmenn óttist að málið gangi ekki fram eins og til er stofnað. Og þeir nefna sem dæmi að þeir hafi áhyggjur af því að Breiðafjarðarnefnd geti í skjóli verndar lífríkis staðið í vegi fyrir framfaramálum, svo sem brú yfir Kolgrafarfjörð. Þess vegna vil ég nefna það að slík brúargerð er háð staðfestri skipulagsáætlun og mati á umhverfisáhrifum, sbr. lög nr. 63/1993, og það er þess vegna ekki ástæða til að óttast valdsvið Breiðafjarðarnefndar hvað þetta varðar.

Helstu markmiðin með setningu laga um vernd Breiðafjarðar eru:

1. Að vernda landslag, eintakar jarðmyndarnir og lífríki.
2. Að tryggja vernd meningarminja.
3. Að búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu án þess að spjöll hljótist af.
4. Að stuðla að auknum rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar.
5. Að renna styrkari stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði.

Í frv. er gert ráð fyrir að í lögunum verði einungis almenn verndarákvæði sem gilda skulu um allt svæðið sem lögin taki til. Í reglugerð sem sett verði samkvæmt lögunum og í fullri samvinnu við heimamenn verði hins vegar kveðið nánar á um framkvæmdina og reglur settar um þá þætti sem skipta máli.

Í athugasemdum við frv. er fjallað ítarlega um náttúrufar í Breiðafirði og menningarminjar. Þar er einnig sagt frá búsetu við fjörðinn, eignarhaldi á Breiðafjarðareyjum og nýtingu hlunninda. Það er ekki ástæða til að rekja þessi atriði hér enda geri ég ráð fyrir því að fróðleiksfúsir þingmenn lesi sér til fróðleiks og skemmtunar þær athugasemdir. Ég ætla þó að nefna hér nokkur atriði sem er vert að hafa í huga þegar ákvörðun er tekin um framtíð þessa mjög svo merkilega svæðis.

Breiðafjörður er stærsta samfellda votlendissvæði landsins og fjörðurinn er kunnastur fyrir mikinn fjölda eyja, hólma, skerja og boða. Eyjarnar á Breiðafirði hafa löngum verið taldar til þeirra náttúrufyrirbrigða sem eru álitin óteljandi líkt og Vatnsdalshólar og vötnin á Arnarvatnsheiði. Mér er þó sagt af fróðum mönnum að tala þeirra sé líklega um 2.500 á firðinum öllum. Þá eru að vísu ekki taldir með hólmar, sker eða boðar.

Í innanverðum firðinum er mikið grunnsævi og sjávarfalla gætir meira í Breiðafirði heldur en flestum öðrum strandsvæðum við landið og þar er mesti munur flóðs og fjöru á sjötta metra. Vegna þessa og eyjafjöldans er talið að á Breiðafirði sé yfir helmingur strandlengju Íslands. Þarna er t.d. verulegur hluti af öllum þangfjörum á Íslandi með óvenju auðugu lágdýralífi sem þrífst í skjóli víðáttumikilla þang- og þaraskóga. Lífmagn í fjörum og á grunnsævi er mikið og líffræðileg áhrif þessara svæða ná langt út yfir þeirra mörk, hvort heldur upp á land eða út á dýpri hafsvæði. Má líka nefna að stofnar hryggdýra eru yfirleitt stórir í Breiðafirði vegna mikils framboðs á fæðu fyrir fiska, seli, hvali og fugla.

Fuglar eru raunar mjög áberandi í lífríki Breiðafjarðar. Sjófuglar eru algengastir fugla á firðinum og mest áberandi. Þeir hafa verið nytjaðir um aldir og svæðið telst vera með þýðingarmestu sjófuglabyggðum landsins þótt eiginleg fuglabjörg séu þar bæði lítil og lág. Fuglalífið er afar fjölskrúðugt og þar er umtalsverður hluti af stofnum sumra tegunda í landinu, t.d. lunda, æðarfugls, teistu, svartbaks og hvítmávs. Hæsta hlutfallið er e.t.v. í stofnum toppskarfs og dílaskarfs því að það er svo að um það bil 90% af skörfum landsins verpa á Breiðafirði. Og það er líka talið að um 70% af árvissum varpfuglum landsins verpi í Breiðafirði og þar á meðal eru sjaldséðir fuglar. Fimmtungur íslenska þórshanastofnsins er að finna þar og rúmlega helmingur af öllum haförnum landsins eiga sér varplönd í firðinum. Þá er Breiðafjörður líka mikilvægur áningarstaður vor og haust fyrir fargesti á leið til og frá varpstöðvum í norðlægari löndum, þar á meðal margæs og rauðbrystingur, en 60% af þeim 300 þúsund rauðbrystingum sem koma hér við vor og haust nýta sér fjörur á Breiðafirði.

Báðar íslensku selategundirnar, útselur og landselur, kæpa á Breiðfirði og þar er líkast til að finna fimmtung af öllum landselum við Ísland og allt að helming allra útsela. Hvalir eru algengir í Breiðafirði. Þar má oft sjá ýmis smáhveli, svo sem hnísu, höfrungategundir, háhyrning og hrefnu.

Breiðafjarðareyjar eru líka mjög gróskumiklar þótt hrjóstrug og gróðurvana sker séu einnig ótal mörg. Það hafa fundist 229 tegundir háplantna í eyjunum en það mun vera um helmingurinn af náttúrulegri flóru landsins. Ein þessara jurta, flæðarbúi, hefur hvergi fundist hér á landi nema á þessum slóðum og þar er líka að finna aðra mjög sjaldgæfa jurt, villilauk.

Það hefur verið búið í Breiðafirði allt frá því að land byggðist og þar eru líka mjög gamlar mannvistarleifar sem hafa varðveist. Þessar mannvistarleifar bera margbreytilegu mannlífi glöggt vitni og segja sögur sem er nauðsynlegt að varðveita. Hlunnindabúskapur hefur hvergi verið meira áberandi hérlendis en á Breiðafirði og mönnum þótti löngum betra að búa þar en nokkurs staðar annars staðar á Íslandi. En eins og ég sagði áðan þá er í athugasemdum með frv. nánar og ítarlegar greint frá bæði búsetu og hlunnindanýtingu við fjörðinn.

Ég vil nú, virðulegi forseti, víkja að nokkrum atriðum í einstökum greinum þessa frv. Eins og kemur fram í 1. gr. þá er tilgangur laganna að stuðla að vernd Breiðafjarðar sem nái til landslags, einstakra jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Það er stefnt að því að varðveita náttúrufar fjarðarins og menningarminjar eftir því sem hægt er með hliðsjón af æskilegri þróun byggðar og atvinnuháttum þess fólks sem svæðið byggir. Jafnframt eins og kemur fram af öðrum ákvæðum frv. að tryggja blómlega byggð við Breiðafjörð.

Í 2. gr. eru dregin mörk þess svæðis sem ákvæði frv. ná til og er gert ráð fyrir því að Hagadrápssker, Oddbjarnarsker, Stagley og Höskuldsey séu að öllu leyti innan þessa svæðis.

Samkvæmt 3. gr. fer umhvrh. með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar en honum til aðstoðar og ráðgjafar verður Breiðafjarðarnefnd og það er nauðsynlegt að undirstrika að hún verður skipuð heimamönnum úr Breiðafirði að meiri hluta.

Hvernig tekst til með framkvæmdina mun að verulegu leyti velta á skilningi og vilja heimamanna til að laga atvinnuhætti og þróun mannlífs að náttúru fjarðarins og það er þess vegna sem er eðlilegt að þeir hafi meiri hluta í nefndinni. Án virkrar þátttöku þeirra gæti reynst afar erfitt að samræma þau ólíku sjónarmið sem

óhjákvæmilega munu koma upp.

Ég vil jafnframt beina þeim tilmælum til hv. þingnefndar sem fær frv. til meðferðar að umræðu lokinni að skoða sérstaklega hvort það sé ástæða til þess að fjölga fulltrúum í Breiðafjarðarnefnd. Það er ýmislegt sem mælir með því að íbúar úr Breiðafjarðareyjum eða þeir sem nytja eyjarnar tilnefni einn fulltrúa í nefndina. Slíkar athugasemdir komu fram á fundi með okkur. Það kom raunar líka fram að það munu ekki vera nein sérstök samtök með þessu fólki þannig að það er e.t.v. nokkur hængur á því að velja sérstaklega fulltrúa þess, en ég tel að þetta sé atriði sem menn ættu að íhuga vel í nefndinni.

Samkvæmt 4. gr. frv. verður almenna reglan sú að hvers konar mannvirkjagerð og jarðrask er óheimilt nema að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar og í framhaldi af henni samþykki ráðherra. Það þarf hins vegar ekki leyfi ráðherra fyrir byggingum eða gerð mannvirkja sem eru í samræmi við staðfesta skipulagsáætlun né heldur fyrir nauðsynlegum og eðlilegum framkvæmdum vegna búskapar á lögbýlum svo framarlega að þær valdi ekki spjöllum á menningarminjum eða náttúruverðmætum.

Í 5. gr. er kveðið á um að Breiðafjarðarnefnd skuli gera tillögur að reglum um vernd lífríkis á svæðinu, skynsamlegri nýtingu þess sem ráðherra staðfestir með reglugerð. Það er gert ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist og önnur auðlindanýting verði í samræmi við markmið verndarinnar. Ákvæði greinarinnar taka til eyja, hólma, skerja og strandlengju en ekki til grunnsævis eða sjávarbotns í samræmi við 2. gr. frv. Það skal miðað við það að umferð um svæðið verði með þeim hætti að það valdi ekki óþarfa truflun fyrir fuglalíf um varptíma eða hafi önnur neikvæð áhrif á lífríkið.

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. skal setja í reglugerð ákvæði um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem eru viðkvæmir vegna náttúrufars. Ásókn ferðamanna í Breiðafjarðareyjar hefur aukist verulega á undanförnum árum og ég tel afar líklegt að ferðamönnum muni fjölga mikið á næstu árum, ekki síst þegar fjarlægðin milli Reykjavíkur og þessa svæðis minnkar með tilkomu ganganna. (**Gripið fram í:** Þau koma aldrei.) Þau koma víst. Það er þess vegna brýnt að setja reglur um umgengni, (**JGS:** Það er miklu þægilegra heldur en bjóða sig fram ...) ekki síst t.d. yfir varptíma fugla og á öðrum viðkvæmum tímum.

Það er líka afar þýðingarmikið að samkvæmt 6. gr. frv. á að vera heimilt að leyfa starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á Breiðafirði. Lífríki Breiðafjarðar, jarðmyndanir og saga bjóða upp á margvísleg, ég leyfi mér að segja óþrjótandi rannsóknaverkefni. Það eru óvíða jafngóð skilyrði til þess að vinna að margvíslegum náttúrurannsóknum sem hafa ekki aðeins staðbundna þýðingu heldur einnig almennt vísindalegt gildi. Slíkar rannsóknir hljóta að verða sá grunnur sem vernd náttúrunnar og skynsamleg nýting hennar byggist á og þess vegna hlýtur að vera verulegur fengur að slíkri rannsóknastöð. Hún hlýtur að vera bæði heimamönnum og öðrum til ráðuneytis um allt það sem lýtur að vernd svæðisins. Það er gert ráð fyrir að það verði samið við heimamenn um slíka rannsóknastöð, rekstur hennar, skipulag og hlutverk.

Ég vil líka nota tækifærið til að segja frá því að það hefur verið ákveðið að leggja til að Breiðafjörður verði tilnefndur sem rannsóknasvæði í sameiginlegu norrænu verkefni um vöktun náttúru á strandsvæðum. Undirbúningur mun hefjast á þessu ári en það verður ekki ljóst fyrr en á haustmánuðum hversu viðamiklar þessar rannsóknir verða.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum nota þetta tækifæri til að þakka sveitarstjórnarmönnum við Breiðafjörð þá framsýni sem þeir hafa sýnt við umræðu um þetta mál. Reynslan af lögunum um Mývatn og Laxá sem voru sett árið 1974 sýnir vel mikilvægi þess að setja lög um vernd stórra svæða sem þykja merkileg sökum náttúrufars. Þau lög eru fyrirmynd þessa frv. og ég vænti þess að árangur verði jafnmikill eða jafnvel meiri ef þetta frv. verður að lögum.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. umhvn.

[15:49]

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er lagt fram frv. til laga um vernd Breiðafjarðar. Um er að ræða stórt landsvæði sem að mörgu leyti myndar eina landfræðilega og náttúrufarslega heild eins og fram kom í ræðu hæstv. ráðherra. Með lögunum um verndun Þingvalla frá árinu 1928 ásamt lögum um Laxá og Mývatn frá árinu 1974 má segja að mörkuð sé viss stefna um verndun. Þar sem ástæða þykir til að viðurkenna og vernda á einhvern hátt stærri landsvæði og sérstöðu þess er talið rétt að setja sérlög. Sjálfsagt kunna einhverjir að velta því fyrir sér á hvaða hátt gildandi lög um náttúruvernd og önnur þau lög er snerta umgengni við landið séu ekki nægjanleg og hvers vegna þurfi að setja sérlög um slík svæði. Vafalaust má velta þessu fyrir sér, ekki síst í tilefni þess að nú stendur yfir endurskoðun á núgildandi lögum um náttúruvernd. En meðan ekki hefur orðið breyting á tel ég hins vegar nauðsynlegt að fara þá leið sem hér er verið að leggja til. Ástæðurnar eru margar en skki síst að með þessu er mögulegt að samræma reglur, m.a. mismunandi eignarhald á landi, mismunandi áherslur á friðun og nýtingu, verndun og meðferð menningarminja og ekki síst tekur þetta til hins félagslega þáttar, svo sem búsetu og atvinnu. Ekki síst er þetta unnið í samvinnu við heimamenn sem ég tel ákaflega mikilvægt atriði í þessu máli.

Ég styð þetta mál en vil jafnframt koma á framfæri nokkrum athugasemdum við frv. og greinargerðina. Í fyrsta lagi er í 4. gr. talað um staðfest skipulag. Ég tel vanta talsvert á að skilgreina nánar þennan þátt skipulagsins í þessari lagasmíð, ekki síst hvernig þetta tengist núgildandi skipulagslögum og hver lögformleg staða skipulags innan svæðisins verður. Það kann að vera að það verði skilgreint nánar í reglugerð, en ég tel ástæðu til að það komi einnig fram í lögunum. Ég tel þetta mikilvægt vegna þess að tengingar við skipulagsáætlanir þurfa að vera hluti af sérlögunum. En samkvæmt

frv. sem liggur fyrir er ekki hægt að gera sér almennilega grein fyrir þeim þætti.

Í öðru lagi, virðulegi forseti, vil ég benda sérstaklega á eitt atriði sem ég tel að eigi að vera í greinargerðinni en það er þáttur byggingarlistar á svæðinu. Í kaflanum um náttúrufar og menningarminjar eru talin upp fjöldamörg atriði sem rétt er að vekja athygli á, en þar er ekki getið um hina sérstöku byggingarlistasögu, t.d. í Flatey. Byggðin þar á engan sinn líka á öllu Íslandi. Með mikilli natni, virðingu og þekkingu hefur stór hluti húsanna þar verið endurbyggður þannig að heildarsvipur byggðarinnar er alveg sérstakur og á, eins og ég sagði áðan, ekki sinn líka hér á landi. Það sýnir best áhugi þeirra sem sækja eftir dvöl í Flatey og ekki síst áhugi kvikmyndagerðarmanna jafnt erlendra sem innlendra sem leita þangað ef endurvekja þarf eldri tíma í sögu þjóðarinnar. Ég tel fulla ástæðu til að vernda þessa sérstöðu alveg sérstaklega og fara þarf afar gætilega við alla mannvirkjagerð í Flatey til þess að þessari heildarmynd verði ekki spillt.

Með frv. hlýtur að opnast möguleiki á að verja þessa byggð og vil ég leggja til að byggingarlistinni verði gerð sömu skil og öðrum menningarminjum sem talin eru upp í greinargerðinni.

Virðulegur forseti. Þetta frv. til laga er hið þarfasta mál og um leið og ég legg til að því verði vísað sem fyrst til frekari umræðu og afgreiðslu vil ég hvetja til þess að athugað verði nánar um réttmæti slíkra sérlaga fyrir fleiri svæði, t.d. vatnasvið Þingvallavatns.

[15:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. ráðherra fyrir að sýna þessu máli áhuga. Ég tel að þau markmið sem voru höfð til hliðsjónar við samningu frv. séu góð og held að vel hafi tekist til við að setja á blað það sem menn ættu að hafa í huga við þessa markmiðssetningu. Ég get út af fyrir sig ekki sagt um hvort mörk svæðisins séu nákvæmlega eins og best verður á kosið. Þar tel ég að þyrftu að liggja kannski betur fyrir skoðanir þeirra sem þarna þekkja best til og er kannski best að ég komi að því atriði fyrst.

Það er mín skoðun að að þessu máli hafi ekki verið nægilega vel staðið í upphafi og ber reyndar ræða hæstv. ráðherra með sér að hafður hefur verið mjög hraðinn á við undirbúning málsins. Þannig er að hæstv. ráðherra mun hafa sent út bréf um miðjan desember og haldið síðan fund um málið á tveimur stöðum líklega í janúar. Þá voru menn alls óviðbúnir að ræða þetta mál af viti þannig að menn hefðu haft um það samráð á svæðinu. Þeir aðilar sem hafa mestra hagsmuna að gæta og bera hagsmuni svæðisins mest fyrir brjósti hafa að mínu viti ekki fengið tækifæri til að velta þessum hlutum nægilega mikið fyrir sér. Ég tel að út af fyrir sig sé ekki neinn skaði skeður. Það hlýtur að vera hægt að bæta úr þessu. Frv. er komið fram og þar með hafa menn eitthvað í höndunum til að tala um, en ég hvet hæstv. ráðherra til þess að líta ekki þannig á að það sé búið að klára þetta mál gagnvart heimafólki. Það verður bókstaflega að taka málið miklu fastari tökum í framhaldinu og ég tel ekki rétt að afgreiða þetta mál frá Alþingi í vetur einfaldlega vegna þess að það er ekki nægilega vel þroskað.

Hins vegar vil ég endurtaka það að ég þakka hæstv. ráðherra fyrir að setja málið af stað og í fullvissu þess að málið fái góða umfjöllun og verði vel að því unnið, þá efast ég ekkert um að að lokum munu menn finna réttu niðurstöðuna.

En ég hef athugasemdir við sumt af því sem hér er sett fram. Ég hef t.d. athugasemd við hvort það er ekki umhugsunarefni að ráðherra umhverfismála setjist yfir svæðið með þeim hætti sem gert er ráð fyrir hérna því að það er nánast ákveðið að umhvrh. sem slíkur stjórni svæðinu. (**Gripið fram í:** Oddviti Breiðafjarðar.) Hann verði sem sagt með öll þessi mál í sínum höndum og á sínu borði. Þessi svokallaða Breiðafjarðarnefnd, sem er talað um að hafa, er ágætlega skipuð eins og hann leggur til að hún verði skipuð en hún á engin völd að hafa. Hún á einungis að veita umsagnir um þau mál sem ráðherra ætlar að láta framkvæma eða koma að borði hans. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er það einhvers staðar hugmyndin að nefndin hafi frumkvæði? Það kemur ekki fram í þessum frumvarpsdrögum og sjálfstætt vald nefndarinnar er ekki sjáanlegt heldur í frumvarpsdrögum.

Ég spyr líka: Hvert er hlutverk Náttúruverndarráðs og þeirra aðila sem hafa um þessi mál fjallað fram að þessu? Það er ekki sjáanlegt í frv. Ég bið menn að taka þetta ekki þannig að ég sé að mæla gegn því að menn vinni út frá þeim markmiðum sem ég lýsti mig samþykkan hér áðan, þ.e. verndun svæðisins með öllu því sem þar er verið að tala um. Það er ekki þannig sem ég er að tala. Ég tel mig þurfa að láta þetta koma fram við 1. umr. málsins að ég tel að ekki hafi verið nægilega vel að þessu staðið í upphafi.

Ég hef orðið var við það að ýmsir heimamenn hafa hrokkið við eftir að þeir fengu þetta mál í hendurnar. Ég sendi nokkrum aðilum þetta mál strax og ég fékk það í hendur til skoðunar og hef síðan haft samband við aðila sem þekkja vel til þarna. Þeir eru sumir hverjir hálfsmeykir og telja sig lítið geta séð hvað muni breytast, hvaða hömlur og takmarkanir verði settar á þá sem þarna búa og nýta eyjarnar og lífríkið þar. Það er t.d. erfitt að sjá af því sem hér er sett fram hvort menn mega byggja sér einhvers konar vistarverur eða hús til nota í þessum óbyggðu eyjum eða bryggju til að nýta vegna þess að auðvitað þarf báta á þessum svæðum alls staðar. Menn sjá ekki út úr frumvarpsdrögunum hvernig að þessu verður í raun og veru staðið. Það virðist t.d. vera gert ráð fyrir því að bændur á lögbýlum þurfi að spyrja Breiðafjarðarnefnd og ráðherrann að öllu sem þeir ætla að gera. Samkvæmt orðanna hljóðan er það þannig. Í 2. mgr. 4. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Heimilar skuli þó framkvæmdir sem nauðsynlegar og eðlilegar teljast til búskapar á lögbýlum, nema spjöllum valdi á menningar- eða náttúruminjum að dómi Breiðafjarðarnefndar."

Þetta les ég þannig að það þurfi að spyrja um allar framkvæmdir sem t.d. bóndi á lögbýli vill fram-

kvæma því að það þarf að gá að því hvort sú framkvæmd falli nefndinni í geð eða hún telji að einhverju sé spillt með henni.

Svona hlutir þurfa að liggja ljósir fyrir. Fólkið sem þarna á hlut að máli þarf að vita hvað þetta þýðir. Ef við setjum þessar reglur, þá verða þær takmarkandi og eiga að vera takmarkandi en við eigum líka að kynna þær með svo skýrum hætti að menn viti hvað til stendur.

Ég tel að þá þurfi líka að liggja fyrir leiðbeiningar til þeirra sem ganga um svæðið því að t.d. segir í síðari mgr. 5. gr.:

„Í reglugerð skulu einnig sett ákvæði um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu sem viðkvæmir eru vegna náttúrufars."

Þá þarf auðvitað að gefa þær leiðbeiningar út og sjá til þess að allir sem um svæðið fara hafi þær í höndum og viti hvernig þeir mega ganga um þetta svæði og hvað má aðhafast á svæðinu öllu. Ég held að þessi umræða sé ákaflega nauðsynleg til þess að menn gangi þannig frá málum að það verði eitthvert vit í framkvæmdinni.

Í 6. gr. stendur: „Ráðherra er heimilt að leyfa starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á Breiðafirði. Í reglugerð sem ráðherrann setur að fenginni tillögu Breiðafjarðarnefndar skal kveða á um stjórn og starfsemi stöðvarinnar."

Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hyggst hann fyrir með þessa heimild? Það er ekki á ferðinni ákvörðun um að koma þessari rannsóknastöð á fót og mjög nauðsynlegt að menn átti sig á því hvort þetta er einhvers konar framtíðarmúsik sem ráðherrann vill hafa heimild til að koma upp eða hvort hann er með alveg ákveðnar hugmyndir á bak við það að setja þetta í 6. gr. því að það er ekkert auðveldara fyrir hæstv. ráðherra en flytja það mál á Alþingi ef hann ætlar að koma á fót slíkri stofnun í framtíðinni. Það væri mjög fróðlegt fyrir menn að vita hvort eitthvað sé að gerast í þessu núna á næstunni.

Mig langar að spyrja aðeins. Það er sagt að þeim sveitarstjórnum sem málið varðar hafi verið send drögin að frv., og ég endurtek að ég tel að tíminn hafi verið allt of skammur til að vinna að þessu verki. Það er sagt: Sveitarstjórnum sem málið varðar. Og nú spyr ég: Hvaða sveitarstjórnir eru það sem málið varðar? Eru það eingöngu þær sveitarstjórnir sem eru með land innan þess svæðis sem mörkin eru dregin um? Telur hæstv. ráðherra að sveitarstjórnir í öðrum byggðarlögum sem liggja nærri hafi ekkert með þetta mál að gera? Ég tel að það sé rangur skilningur ef þannig er litið á málið og spyr hvort sveitarstjórnir annars staðar, þ.e. utan þessa afmarkaða svæðis, hafi fengið það til umsagnar.

Mig langar síðan til að spyrja hæstv. ráðherra dálítið út í nýtingu lífríkisins í sjónum á þessu svæði. Í umsögn um 5. gr. frv. er talað um óæskileg veiðarfæri eða önnur verkfæri til þess að nýta lífríkið í sjónum. Mig langar til að spyrja í því sambandi hvaða skoðanir hann hafi á því og hvaða möguleika hann telji að umhvrn. eigi að hafa til þess að skipta sér af nýtingu fiskimiðanna í tengslum við það verkefni sem hér er verið að tala um. Er hæstv. ráðherra kannski á þeirri skoðun að umhvrn. eigi að taka upp vörn fyrir fiskimiðin í landinu? Ég trúi því að ýmsir geti verið honum sammála um það, ef hann hefur þá skoðun, að það sé ekki síður verkefni umhvrn. að taka á þeim vandamálum sem fylgja nýtingu fiskimiðanna heldur en annarri umgengni um lífríkið í og við landið.

Í Breiðafirði er verið að nýta mjög margvíslegt dýralíf. Það er náttúrlega verið að nýta fiskstofnana sem þar eru. Það er verið að nýta hörpuskelina og ígulkerin, þangið og fuglana og æðardúninn. Ferðamennskan hefur mikil áhrif á þetta svæði og menn eru þarna að njóta náttúrunnar með ýmsum hætti og auðvitað hefur þetta allt áhrif. En ég vil taka það sérstaklega fram að ég held að menn hafi ekki bent á að núna ættu sér stað einhver spjöll á náttúrunni þarna. Ég held þvert á móti að það fólk sem um þetta svæði hefur mest farið og það fólk sem nýtir lífríkið hafi umgengist það með alveg sérstaklega aðdáunarverðum hætti. Það sjá allir sem fara um þetta svæði að þar er að mörgu leyti vel að hlutum staðið. Ég teldi það hið versta mál ef við fengjum fólk, með því að vinna ekki að svona málum með fullri virðingu fyrir þessu fólki, að einhverju leyti upp á móti ýmsum aðgerðum sem hér er verið að leggja til að verði skoðaðar.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti. Ég legg til að þetta mál verði mjög vandlega skoðað. Þarna eru á ferðinni að mínu viti mjög góðar hugmyndir. Spurningin finnst mér snúast fyrst og fremst um vinnuaðferðir og grundvallarsjónarmið gagnvart því hvernig eigi að standa að verndun slíkra svæða en það er ekki ágreiningur um markmiðin.

[16:08]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hæstv. umhvrh. fyrir það frv. um verndun Breiðafjarðar sem hér er til umræðu. Ég þakka honum sérstaklega fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt með framlagningu þess á verndun fjarðarins og eflingu byggðar á svæðinu eins og fram kemur í greinargerð. Greinargerð með frv. er mjög vönduð og er ástæða til að lýsa sérstakri ánægju með það að með slíku frv. fylgi jafnágæt greinargerð, enda er um að ræða afar viðamikið viðfangsefni þar sem er væntanlega verndun lífríkis fjarðarins og alls þess umhverfis.

Um aldir hefur Breiðafjörðurinn verið matarkista íbúanna sem byggt hafa eyjar og búið við strönd fjarðarins. Þeir sem við fjörðinn búa hafa lært að umgangast náttúruna og þær auðlindir sem í firðinum eru, í sjó og á landi. Það hlaut því að vekja athygli þegar fram kom stjfrv. um verndun Breiðafjarðar. Að vonum var því fagnað af heimamönnum og þeim sem þekkja hið viðkvæma fuglalíf og það flókna og fjölbreytta lífríki sem fjörðurinn, eyjarnar og ströndin býr yfir. En ég held að menn hafi ekki átt von á því að með lögum ætti að flytja verulega mikinn hluta af öllum umráðum til umhvrh. eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég fagna framkomnu frv. eins og ég gat um í upphafi, en ég tel engu að síður nauðsynlegt að gera mik-

ilvægar breytingar á frv. til þess að það nái tilgangi sínum. Auk þess tel ég afar mikilvægt og nauðsynlegt að reglugerð, sem gert er ráð fyrir að sett verði, liggi fyrir í meginatriðum áður en frv. verður samþykkt og verður að lögum frá Alþingi. Reglugerðin skiptir geysilega miklu máli og ég er viss um að þeir sem þetta frv. snertir mest vilja vita með hvaða hætti á að standa að framgangi mála.

Þegar við fjöllum um þetta frv. hljótum við að velta því fyrir okkur í hverju vernd er fólgin Í hverju er vernd Breiðafjarðar fólgin? Er hún fólgin í því að leggja áherslu á nýtingu undir ströngu eftirliti og á ábyrgð heimamanna eða er hún fólgin í því að vernda umhverfið, lífríkið, fyrir hvers konar nýtingu auðlindanna og umgengni um svæðið? Þarna er um að ræða tvö meginsjónarmið og ég er sannfærður um að um þau verða deildar meiningar. Það skiptist mjög í tvö horn, annars vegar sjónarmið hörðustu náttúruverndarsinna sem vilja hefta umgang og nýtingu bæði umhverfis alls og auðlinda og þeirra sem lifa af hlunnindum Breiðafjarðar t.d. og sem kunna og vilja nýta þau og umgangast lífríki hafsins og umgangast dýraríkið og allt sem lýtur að því á þann hátt að sem best megi veiða án þess að gengið sé á náttúruna og auðlindir. Þarna eru, eins og ég sagði, e.t.v. að nokkru leyti tvö andstæð sjónarmið en við þurfum hins vegar að gera okkur grein fyrir því á hvaða leið frv. er. Hvað viljum við leggja megináherslu á með löggjöf? Er það áhersla á að nýta svæðið eða á að vernda það með því að forðast alla nýtingu og umgengni?

Ég tel meginsjónarmið höfunda frv. afar merkileg og vil ítreka það og endurtaka, svo ekki valdi neinum misskilningi, að ég styð að sjálfsögðu verndun svæðisins en ég legg áherslu á að þrátt fyrir verndun þess sé lögð áhersla á að nýta svæðið og leyfa eðlilega umgengni um það.

Vegna þess að um það er getið í grg. með frv. að það m.a. byggi á þeirri hugmyndafræði sem fólst í þáltill. sem Friðjón Þórðarson, fyrrum þingmaður Vesturlandskjördæmis, flutti og var samþykkt á Alþingi, vil ég segja að ég er sannfærður um að meginhugsun þeirrar þáltill. var að vernda og friða fjörðinn og umhverfið með það í huga að fólkið sem þar býr ætti greiðan aðgang að auðlindunum og ætti greiðan aðgang um svæðið til þess að njóta þess og geta nýtt það. Ég tel hins vegar að megingalli, ef hægt er að tala um galla, á frv. sé sá að með því er vald heimamanna yfir málefninu takmarkað. Ég tel að valdið sé skert með frv. og vona svo sannarlega að úr því megi bæta eða þá að hæstv. ráðherra geri nánari grein fyrir því hvernig það er hugsað. Eins og frv. liggur fyrir finnst mér um of vera gert ráð fyrir allsherjarmiðstýringu úr umhvrn.

Ég vona hins vegar að það ríki sami frelsisandi yfir vötnunum hvað varðar þetta stjfrv. eins og önnur og vona að með því að það fari í gegnum hreinsunareld eins og gerist þessa dagana í nefndum þingsins megi bæta svo úr að við hæstv. umhvrh. getum orðið sammála um að þetta frv. nái fram að ganga og nái þeim tilgangi sínum sem ég er sannfærður um að við viljum báðir. (Gripið fram í.) Að vísu, hæstv. umhvrh., treysti ég umhvn. afskaplega vel til að vinna vel að þessu máli. Hún er vel mönnuð sem betur fer.

Virðulegi forseti. Ég vil nefna nokkur atriði sem ég tel að þurfi að huga að. Í 1. gr. frv. er talað um vernd Breiðafjarðar og ég undirstrika það að ég fagna þeirri grein en aðalatriðið er auðvitað hvernig verndin er framkvæmd.

Í 2. gr. er talað um að verndin nái til allra eyja, hólma og skerja ásamt fjörum í innri hluta fjarðarins. Þarna er um geysilega vandmeðfarið viðfangsefni að ræða. Hver á að ráða ferðinni? Hver á að hafa síðasta orðið? Er eðlilegt að ráðherra hafi síðasta orðið um nýtingu svæðisins, um það hvort byggja megi stór eða smá mannvirki í flæðarmáli eða á eyjum eða hólmum? Ég tel eðlilegt að um það fari á svipaðan hátt og varðandi önnur byggð ból að viðkomandi sveitarstjórn ráði ferðinni. Hins vegar verður að gera kröfu til þess að sveitarstjórn láti skipuleggja og fái staðfest það skipulag sem á að vinna eftir og þar hefur umhvrh. möguleika að hafa sín áhrif. Ég held því að það sé alveg nauðsynlegt að skoða þetta frv. með það í huga að valdið sé ekki tekið úr höndum sveitarstjórnanna. Að vísu segir í síðustu mgr. 4. gr. frv.: „Þá eru heimilar án leyfis ráðherra skv. 1. mgr. byggingar og gerð mannvirkja samkvæmt staðfestu skipulagi." Ég tel afar mikilvægt að áhersla sé lögð á að skipulag sé staðfest á þessu svæði og sveitarstjórn vinni á grundvelli þess en ekki þurfi ef framkvæma þarf eða raska einhverju á þessu svæði einatt að ganga til ráðherra og fá til þess leyfi.

Ég er sannfærður um að hæstv. ráðherra er mér sammála og ég vænti þess að sú nefnd sem fjallar um málið muni skoða þetta rækilega.

Það sem ég get ímyndað mér að menn komi til með að hugleiða sérstaklega þegar þeir fara að gera sér grein fyrir því hvernig þetta frv., ef að lögum verður, virki sé hvernig ráðherra ætlar með reglugerð að hafa áhrif á umgengni um svæðið. Í 5. gr. frv. er talað um að ráðherra setji, að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndarinnar, reglugerð um vernd lífríkis á svæðinu og skynsamlega nýtingu þess. Síðan segir í síðustu málsgreininni að í reglugerðinni skuli einnig sett ákvæði um aðgang ferðamanna að tilteknum stöðum á svæðinu. Ég tel eðlilegt að það sé sett reglugerð um þetta og það er afskaplega mikilvægt að það sé gætt að því að ferðamannastraumurinn raski ekki ró fugla og hafi ekki óheppileg áhrif, m.a. með mengun, á lífríki og sérstaklega fuglalíf fjarðarins. Eins og kom fram í ræðu hæstv. umhvrh. er straumur ferðamanna mjög mikill og vaxandi um Breiðafjörð og ég er sammála því að þarna þarf að stemma á að ósi og sjá til þess að ekki verði til vandræða. Þess vegna styð ég það út af fyrir sig og tel nauðsynlegt að sett sé reglugerð. En það skiptir öllu máli um hvað hún fjallar.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, vegna þess að hæstv. umhvrh. vitnaði til þess að bæjarráð Stykkishólms hefði lýst ánægju með frv., og tek ég undir það, að lesa upp smátexta úr bréfi sem barst bæjarstjórn Stykkishólms frá aðila sem sinnir ferðamannaþjónustu

við fjörðinn og hefur gert sínar athugasemdir við þetta frv. og lýsir áhyggjum sínum. Ég tel það nauðsynlegt sem innlegg í þessa umræðu í þinginu. Bréfið er frá Pétri Ágústssyni fyrir hönd Eyjaferða en Eyjaferðir hafa stundað ferðaþjónustu á firðinum og gera enn auk þess sem forsvarsmenn þessa fyrirtækis eru meðal bestu eyjabænda við fjörðinn og hafa m.a. með búsetu í Flatey kynnst eyjalífinu, kynnst nýtingu hlunninda og kynnst því hvernig er að búa við Breiðafjörðinn. Þess vegna er full ástæða til að taka mark á og hlusta á það sem þetta fólk segir. Þar segir, með leyfi forseta:

„Vegna fyrirhugaðs frumvarps til laga til verndunar Breiðafjarðar vill undirritaður koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum:

Almennt er varað við því að setja á stofn nefnd fárra manna sem eiga að hafa alræðisvald í skjóli umhvrh. til að ráðskast með ákvarðanir til verndunar Breiðafjarðareyja. Það getur haft í för með sér stöðnun á uppbyggingu ferðamannaþjónustu og fjölmargra annarra þátta. Skv. 5. gr. frv. er gert ráð fyrir að hugsanlega megi loka svæðum í firðinum fyrir aðgangi ferðamanna. Við teljum að ákvæði eins og þetta gefi einstaka „eyjakóngum" tækifæri til þess að koma fram oft vafasömum hugmyndum um verndun sinna eyjaklasa og oft án nokkurs rökstuðnings. Við þekkjum dæmi þess að upp hafa komið ótrúlegar kröfur og athugasemdir sem menn hafa viljað geta komið í gegn og með þessu sé verið að gera þeim það kleift.

Við erum því hlynnt að Breiðafjarðareyjar geti sem lengst verið óspillt náttúruparadís en hins vegar teljum við reglur um boð og bönn um fram þær náttúruverndarreglur sem fyrir eru í landinu komi ekki til með að þjóna neinu nema einkahagsmunum sumra eyjareigenda.

Við teljum að Breiðafjarðareyjar séu þjóðareign og það sé ekki réttlætanlegt að ætla sér að búa þannig um hnútana að allur almenningur geti ekki notið þess að fara um þetta svæði á skynsamlegan máta."

Ég taldi ástæðu til þess að vekja athygli á þessu. Auðvitað orkar allt tvímælis þá gert er. Ég tel að það megi ekki og eigi ekki að leyfa óheftan umgang alls staðar við allar eyjar Breiðafjarðar. Það þurfi að gæta þess að fuglalífið er viðkvæmt, ekki síst á varptímanum. En ég tel þó ástæðu til að benda á þetta og vekja athygli á því að sú reglugerð sem sett verður þarf m.a. að taka mið af þeim sjónarmiðum sem hér komu fram.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum nefna það að frv. hefur verið kynnt fyrir sveitarstjórnarmönnum á fundum við Breiðafjörðinn og ég tel það af hinu góða. Hins vegar held ég og það hefur komið fram í samtölum mínum við sveitarstjórnarmenn, að menn hafi kannski ekki alveg áttað sig á því að með svo afgerandi hætti væri verið að svipta sveitarstjórnirnar tilteknu valdi. Ég held að þegar farið verður að fjalla nánar um þetta þá kunni þær ábendingar að koma. Ég tel þó að frv. og megininntak þess sé mjög mikilvægt og vil styðja það og legg áherslu á það, en ég tel að það geti ekki orðið óbreytt.

Varðandi 6. gr. frv. sem hæstv. umhvrh. ræddi m.a., en þar segir að heimilt sé að leyfa starfrækslu náttúrurannsóknastöðvar á Breiðafirði, þá tel ég að það sé mjög góð hugmynd og eðlileg og mjög eðlilegt að huga að því. Að vísu er ekki gert ráð fyrir því í mati fjmrn. að þetta verði burðug stofnun ef má marka þær kostnaðartölur sem þar eru nefndar, en mjór er mikils vísir og má minna á það að við Breiðafjörðinn er kannski elsta náttúrurannsóknastöð sem um getur á Íslandi þar sem eru veðurathuganirnar sem hafa verið stundaðar í Stykkishólmi samfellt lengst allra staða á Íslandi eða frá 1845. Það er út af fyrir sig merkilegur hlutur og ber að vekja athygli þannig að vonum seinna kemur fram hugmynd um náttúrurannsóknastöð með formlegum hætti á vegum hins opinbera á þessu svæði og þakka ég hæstv. umhvrh. fyrir þá ágætu hugmynd sem ég vænti að hann eigi í frv. eins og fleira.

Virðulegi forseti. Ég vil svo að lokum taka undir það sem hv. 9. þm. Reykv. gat um og er hárrétt. Það eru hinar byggingarlistalegu menningarminjar sem er að finna við fjörðinn og þá sérstaklega í Flatey og einnig uppi á fasta landinu. Það hefur verið sagt við mig að í rauninni sé óvíða, jafnvel í veröldinni, að finna merkilegri hluti varðandi byggingarlist þótt það sé í smáum stíl og ekki kannski hægt að bera það saman við stórborgir og stórhallir annarra landa. En í Flatey er afskaplega merkilegt safn gamalla húsa á okkar vísu og ég tel ástæðu til þess að vekja sérstaka athygli á því og ég tel að það hefði mátt flytja frv. um að þar yrði þjóðgarður þar sem væri lögð áhersla á kynningu byggingarlistar og kynningu sögu þjóðarinnar svo merkileg sem saga Flateyjar að öðru leyti er.

[16:29]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég efast ekki um góðan hug hæstv. umhvrh. í þessu máli en ég minni á það að góður hugur hefur stundum drepið heilu byggðarlögin, jafnvel eyðilagt efnahag heilla þjóða. Þó ég sé ekki einn af þingmönnum Vesturlands þá er ég eigi að síður staddur hér á Alþingi sem einn af þingmönnum þjóðarinnar og leyfi mér því að blanda mér í umræðu um þetta sérstæða frv. sem hér hefur verið smíðað af mörgum aðilum og á sér göfug og góð markmið. Ég get tekið undir markmiðin. Ég get tekið undir það, eins og segir í greinargerð, að vernda landslag, einstakar jarðmyndanir og lífríki Breiðafjarðar, að tryggja vernd menningarminja, að búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu án þess að spjöll hljótist af. Að stuðla að auknum rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar, að renna styrkum stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði.

Göfug eru markmiðin og skýrt fram sett en þó að ég taki undir þessi markmið þá kemur alltaf að því að menn greinir á um stefnur til þess að ná markmiðinu fram. Menn greinir oft á um leiðir. Þar skilur menn að í pólitík, þar skilur menn stundum að reynslan af lífinu sjálfu svo að ég er sammála þessu ætlunarverki en finnst að aðferðin sé ofstjórnunarleg, eins og segir í frv. eða mér finnst frv. segja, og líkleg til að setja þetta byggðarlag, þessa glæstu matarkistu í gegnum aldir þar

sem allir lifðu og enginn dó, þar sem lífríkið dafnaði og fólkinu fjölgaði, þá finnst mér að frv. boði það að nú ætli menn að setja þessa merku byggð undir járnhæl ofstjórnunar.

Ég hef í nokkur ár gert mér grein fyrir því að kommúnísk hugsun og sósíalísk hugsun er hnignandi um víða veröld. Frjálshyggjan er einnig að veslast upp og talin varhugaverð hvar sem ég fer og á undanhaldi. Allt eru þetta stefnur andstæðar fólkinu sjálfu. (**HG:** Það er verst að Sambandið er farið líka.) (**StG:** Heldurðu að þetta sé komið í umhvrn. núna?) Toppurinn af SÍS féll en grasrótin lifir og heldur áfram að dafna því að það var kerfi sem var sniðið að fólki í upphafi en menn gleymdu sér um sinn. Það er ekki komið til að deyja. Eftir því er spurt um þessar mundir í nýrri mynd. (**ÓRG:** Það er rétt.) Það er rétt, kallar hér hv. formaður Alþb., Ólafur Ragnar Grímsson, fram í og staðfestir það eins og oft áður að ég fer með rétt mál.

Mér sýnist nú, hv. þm., að þetta frv. sé sniðið fyrir herra og kerfið sjálft sem oft er djúpt og fólkið í landinu þekkir að er fjarlægt. Það getur kallað til kerfisins og ef það kallar já, þá kemur það eins og bergmálið og segir já, en því fylgir lítið meira. Það er djúpt á svarinu, spurningunni verður seint svarað. Ég hef nefnilega dáð fornmenn Íslendinga. Þeir voru skynsamir í upphafi löggjafarvaldsins. Þeir sögðu á Þingvöllum: Ein lög og ein regla er farsælust hverri þjóð. Og þeir sögðu líka: Með lögum skal land byggja en ólögum eyða. Mér finnst eins og nútímastjórnmálamaðurinn hafi gleymt mikilvægustu staðreynd þessa boðskapar. Mér finnst að ráðherrarnir þegar þeir koma hér til haustþings, þá komi þeir hlaðnir frumvörpum til þess að girða skóg af nýjum lögum. (**Umhvrh.:** Ekki þessi ráðherra.) Þessi ráðherra gerist nú lagaglaður (**Umhvrh.:** Nei.) og boðar ný lög og sérlög þannig að mér finnst eins og menn hafi gleymt þessum boðskap. Ólög eru auðvitað tákn um það að menn eiga ekki að setja allt of mörg eða flókin lög. Jafnvel gæti okkur dugað boðorðin tíu, kristilegt siðgæði og gott uppeldi. Við þyrftum kannski ekki önnur lög í þessu landi en boðorðin tíu og síðan bara heiðarlega, kapítalista samvinnumenn og náttúrlega jafnaðarmenn. Þetta væri kannski svona til þess að byggja upp réttlátt þjóðfélag þannig að því miður, hæstv. utanrrh., þá — utanrrh. er mér nú ofarlega í huga því að síðustu 10 daga og nætur hef ég verið að vinna í landbúnaðarfrv. sem hann hefur talið sig vera yfirmann yfir svo að honum skýtur hvað eftir annað upp í hugann. En ég finn það í þessari umræðu sem nú fer fram í þjóðfélaginu að ýmsir aðilar telja að sérlög séu það sem eigi að koma, sérlög yfir hina og þessa hópa í þjóðfélaginu, sérlög yfir hin og þessi svæði þjóðfélagsins. Ég heyri t.d. að hv. 9. þm. Reykv., Auður Sveinsdóttir, spurði hér af lotningu í lokin og velti því fyrir sér hvort þessi lagasetning passaði ekki einmitt fyrir Þingvelli hina fornu, hvort það ætti að setja einmitt svona sérlög um það svæði.

Ég hef dálítið í sæti mínu undir þessum umræðum reynt að lesa þetta frv. og velti ýmsu fyrir mér sem mig langar hér að spyrja hæstv. umhvrh. út í. Ég velti t.d. fyrir mér hvort ekki sé varhugavert að setja sérlög til verndar ákveðnum landsvæðum. Er ekki réttara að slíkt sé áfram gert með staðfestu skipulagi eins og hingað til þar sem skipulagsnefndir komu með tillögur að skipulagi til 15–20 ára í senn og ráðherra staðfestir þær eftir atvikum? (**JGS:** Sérlög til að vernda krata.) Er ekki með þessum lögum verið að taka af heimamönnum frumkvæði í þessum málum og færa það til ráðherra eins og hér hefur hvað eftir annað komið fram í þessari umræðu? Mér finnst það verða svo einkennilegt með íslenska ráðherra að stundum eru þeir ráðherrar, stundum vilja þeir vera embættismenn, stundum vilja þeir bara vera þingmenn og svo þegar þeim hentar, þá eru þeir orðnir almenningur sjálfur, saklausir af öllu sem þeir hafa gert og eiga margar stöður til þess að skjóta sér inn í en sækjast eigi að síður eftir miklum völdum oft og tíðum.

Í þessu sambandi vil ég nefna það að hér er talað um Breiðafjarðarnefnd og hún verði umsagnaraðili samkvæmt 1. mgr. 4. gr. og er aðeins ráðgefandi og kemur með tillögur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frv. Það er svo á valdi ráðherra hvort hann fer eftir þessum tillögum og umsögnum eða virðir þær alveg að vettugi. Nefndin getur verið sparinefnd ef ráðherranum hentar svo. Hann virðist vera sá sem er oddviti, hreppstjóri, ráðherra og almenningur Breiðafjarðareyjanna eftir þessa lagasetningu ef hún verður að veruleika sem ég auðvitað efast nú um.

Í 4. mgr. 3. gr. segir: „Þá eru heimilar án leyfis ráðherra samkvæmt 1. mgr. byggingar og gerð mannvirkja samkvæmt staðfestu skipulagi.“ Má Alþingi framselja löggjafarvald sitt til ráðherra skipulagsmála með þessum hætti, spyr ég hv. þm. Hvað ef Alþingi vill síðar láta byggja mannvirki á svæðinu? Fordæmi eru fyrir framsali Alþingis til ráðherra með þeim hætti að ráðherra setji reglugerð um ákveðna þætti, en er ekki hér verið að fara út á nýjar brautir? Skipulagsákvarðanir eru stjórnvaldsákvarðanir þar sem ráðherra staðfestir skipulag á hverju svæði. Staðfest skipulag telst því til framkvæmdarvaldsins og er því nokkurs konar ígildi reglugerðar. Nú er ætlunin að veita skipulagi á þessu svæði einnig lagagildi. Er hér ekki um að ræða brot á meginreglu um þrískiptingu ríkisvaldsins í framkvæmdar-, lagasetningar- og dómsvald? Ég velti þessu fyrir mér.

Sé höfð í huga sú staðreynd að það er umhvrh. sem staðfestir skipulag, er það þá ekki rökleysa að setja í lagagrein ákvæði um að ekki þurfi leyfi ráðherra til að byggja mannvirki sem ráðherra hefur samþykkt að byggja megi eins og lesa má út úr þessari síðustu mgr. 4. gr. frv.?

8. gr. frv. hljóðar svona: „Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, varða sektum og varðhaldi.“ Ef einhver karlinn fer að skjóta fugl er hann fluttur fyrirvaralaust austur í mitt kjördæmi, á sjálft Litla-Hraun? (**HG:** Fer ekki vel um hann þar?) Það vona ég. „Sektir renna í ríkissjóð“ segir svo. „Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð, allt að 10 þús. kr., til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeim er skylt að hlutast til um sam-

kvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt."

Eftir hvaða lögum fer um brot gegn lögunum? Fer það að hætti opinberra mála, hæstv. umhvrh., eða á að fá einhverjum öðrum aðilum í hendur sektarvald samkvæmt lögunum? Miðast 8. gr. við 10 þús. kr. sekt á dag eða eru 10 þús. kr. heildardagsektir sem borga á? Þetta skynja ég ekki alveg í texta frv. Ef mennirnir verða óþægir í 10 daga, hv. þm. Eyjólfur Konráð, þá verður kominn 100 þúsund kall í sektina þannig að þetta er mikil þvinga á menn til að gera kannski eitthvað sem er andstætt bæði náttúru Breiðafjarðar og þjónar hvorki hagsmunum íslensku þjóðarinnar til lengdar né nokkurs aðila. Hver á að fara með þetta dagsektarvald, hæstv. umhvrh.? Hvað um réttarfar í slíkum dagsektarmálum ef dagsektarþoli telur að dagsektarákvörðun sé ekki lögleg? Hvert getur hann þá skotið máli sínu? Þetta er atriði sem menn verða að velta fyrir sér.

Við höfum mjög fjallað um það að réttur almennings verði ekki fótum troðinn og að litli maðurinn í þjóðfélaginu eða þjóðfélagsþegninn hvar sem hann stendur eigi rétt til þess að skjóta máli sínu áfram. Eru menn að leysa upp allt á þessu svæði? Eru menn að leysa upp sveitarstjórnirnar? Eru menn að leysa upp lögboðnar nefndir? Eru menn að leysa upp héraðsnefndina? Eru menn að leysa upp sýslumannsembættin? Þannig mætti spyrja. Og hvað er það að gerast í Breiðafirði sem kallar á að menn leysi þetta allt saman upp og búi til nýja hreppsnefnd þar sem hæstv. umhvrh. er helsti oddviti og fer með öll málefni fólksins á svæðinu með sparibúna nefnd skipaða á fjögurra ára fresti, að vísu af heimamönnum en honum þóknanlega? Þannig mætti spyrja og spyrja.

Ef réttarfar í þessum málum á að vera í höndum Breiðafjarðarnefndar, hvaða trygging er þá fyrir því að í þeirri nefnd sitji menn sem fullnægja þeim skilyrðum sem almennir dómarar þurfa að uppfylla? Ráðherra ræddi það mjög grannt hér að fyrirmynd þessa máls væri Mývatn, þar hefðu allir hlutir heppnast. Hvar er nú meira deilt á Íslandi en við Mývatn, hæstv. umhvrh.? Hvar er nú meira deilt á Íslandi en við Mývatn? Jafnvel ekki í ríkisstjórninni sjálfri þó að þar séu hinar og þessar deilur.

Ég held að það sé mikilvægt allra hluta vegna að í þessu landi ríki ein lög og ein regla og að þegnar þjóðfélagsins hvar sem þeir búa búi við þá reglu og að þegnar þjóðfélagsins séu sem mest settir undir sína sveitarstjórn því að sveitarstjórnina sína geta þeir losað sig við á fjögurra ára fresti. Þeir geta bara neitað að kjósa þá í kosningum ef þeir hafa brugðist þeim, ef þeir hafa troðið á rétti þeirra, ef þeir hafa eyðilagt byggðina. En fólkið sem býr í sveitarfélögunum á svona svæðum ræður lítið við einn ráðherra settan og skipaðan yfir svæðið. Það ræður lítið við embættisskipað vald úr Reykjavík á ýmsum sviðum til að drottna yfir hagsmununum. Og jafnvel þarf ráðherra ekki að skipa þá menn sem heimamenn vilja koma í Breiðafjarðarnefndina. Þannig er þetta nú á mörgum sviðum. Það sem ég óttast núna er það að ýmis öfl telji það til þess að vernda heilu svæðin, aðalatriðið að koma fólkinu í burtu, að fræðimennirnir og þeir sem í fjarlægðinni búa og þykist hafa sérþekkinguna á sviðinu fari að fjalla um málefni byggðarlagsins. Ég er einhvern veginn þannig gerður að ég hef talið að búsetunni fylgi betri hagur og í búsetunni og frelsi fólksins á ýmsum svæðum, auðvitað undir skipulagi og almennum lögum, sé byggðinni betur borgið. Það vil ég láta koma fram.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að leggja fram fleiri spurningar. Ég held að umhvn. hljóti að taka þetta mál mjög til skoðunar og auðvitað er mikilvægt að heimamenn segi enn frekar sitt álit á þessu frv. en ég vil vekja athygli á því að þetta frv. snýr ekki bara að Breiðafirði. Þetta snýr að þróun í lagasetningu og við þingmenn verðum að velta því fyrir okkur hvort við eigum að ganga þessa leið. Við verðum að gera það og þetta snýr náttúrlega að því sem við verðum að spyrja okkur. Þótt góður andi fylgi frv., ef framkvæmdin verður ofstjórnunarleg, þá erum við að valda byggðinni skaða. Og reynslan segir mér að í hverju tilfelli sem valdið verður fjarlægt og menn ætla að gera einhverja stóra hluti í gegnum fjarlæga stjórnun, þá skarast byggðin, frelsi fólksins á svæðinu dvínar og menn nenna ekki að eiga við eða búa undir járnhæl í svo flóknu kerfi.

[16:48]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. þann mikla áhuga sem hann hefur sýnt Snæfellsnesi. Hæstv. umhvrh. hefur ekki setið auðum höndum þann stutta tíma sem hann hefur setið í valdastól. Hann lýsti yfir fyrir skömmu að utanvert Snæfellsnes skuli gert að þjóðgarði og fékk lof heimamanna fyrir þó svo ég telji að það sé ekki fullkomlega búið að útfæra það hvernig sá þjóðgarður eigi að líta út.

En það eru ýmsar spurningar sem vakna hjá heimamönnum einmitt varðandi það hvað það þýði þegar svo stórt landsvæði er gert að þjóðgarði eins og þarna er áætlað. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra í þessari umræðu t.d. um það hvort það sé leyfilegt í þjóðgarði að skjóta ref og mink. Það er mjög mikilvægt fyrir fuglalíf á þessu svæði og reyndar annað dýralíf að það sé leyfilegt að skjóta ref og mink en mér skilst að almennt sé það ekki leyft í þjóðgörðum.

Það frv. sem hér er til umfjöllunar hefur nú þegar fengið mjög mikla og ítarlega umfjöllun, þ.e. vernd Breiðafjarðar. Markmið frv. er gott eins og hér hefur komið fram. Í 1. gr. frv. á að stuðla að vernd Breiðafjarðar. Það er tilgangur lagafrv. þessa og það er gott. Það á um leið að vekja athygli á þessari fallegu og dýrmætu náttúruperlu. Það á að vernda menningarminjar og það á að styrkja ferðamannaþjónustu á svæðinu. Allt eru þetta góð markmið sem ég tek undir.

Í 3. gr. frv. er gert ráð fyrir að skipa fimm manna nefnd, svokallaða Breiðafjarðarnefnd, sem á að vera umhvrh. til ráðgjafar. En umhvrh., eins og fram hefur komið, á að fara með alræðisvald í þessu máli.

Það verður að vera í höndum heimamanna hvernig

þeir ætla að nýta þau hlunnindi sem eru á þessu svæði nú sem áður hefur verið. Það verður æðiþungt í vöfum ef það á að leita til umhvrh. um allt það sem skiptir máli varðandi hlunnindi á þessu svæði. Mér finnst að ráðherra ætti kannski að gera betur grein fyrir því hvernig hann hugsar sér þessa yfirstjórn umhvrh. á öllum málum þessa stóra svæðis. Annars er þetta frv., ef að lögum verður, svona rammalöggjöf sem erfitt er að fylla upp í með reglugerð og ég tek undir með hv. 1. þm. Vesturl. að það er nauðsynlegt að reglugerðin fylgi með frv. áður en lengra er haldið til að fylla upp í þannig að menn átti sig nákvæmlega á hvað þarna við er átt varðandi verndun þessa svæðis. Það mun skipta miklu máli ef þetta frv. verður að lögum hver er umhvrh. hverju sinni og hvaða skilning hann hefur á lífi og starfi Snæfellinga. (**Umhvrh.:** Ert þú ekki kandídat?) Ég svara nú ekki þessari spurningu hæstv. umhvrh. að sinni en mun íhuga hana mjög vandlega. En ég tel sem sagt mjög gott að fá umfjöllun um þetta mikilvæga mál og þakka ráðherra fyrir það en ég er alveg viss um að hv. umhvn. á eftir að koma með margar brtt. við þetta frv.

[16:52]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. „Nú fer að vora um Breiðafjörð" stendur í góðri bók og við skulum vona að sú hugsun sem er að baki þessu þingmáli sem hér er rætt verði til heilla fyrir það svæði sem þar er um fjallað, hvernig svo sem sú verndarlöggjöf lítur út sem Alþingi að lokum tekur afstöðu til, hvort það verður nákvæmlega í þessu formi eða í breyttu formi. Við erum að fjalla um eitt þeirra svæða á Íslandi sem er einkar fjölskrúðugt af landslagi og lífríki og í rauninni ein af okkar þjóðargersemum þó að þær séu vissulega víða ef vel er athugað. Eitt af þessu óteljandi á Íslandi eru eyjarnar á Breiðafirði og margt sem þeim tengist sem og sjávarlífið sem er þar á milli í hafinu. Ég tel það vera ágætt mál að um þetta er rætt á Alþingi í tilefni þessa frv. og þó fyrr hefði verið í raun í ljósi þeirrar þál. sem samþykkt var á þingi 1978, mál sem flutt var af Friðjóni Þórðarsyni sem okkur er enn í fersku minni hér og átti sæti lengi á Alþingi og hafði mikinn áhuga á sínum heimaslóðum. Mér finnst ástæða til þess fyrir þá sem hafa dregið upp heldur dökka mynd af því máli sem hér er á ferðinni að kynna sér það þingmál sem Friðjón Þórðarson, sýslumaður Dalamanna, flutti og fékk samþykkt 1978 og þeirri greinargerð sem fylgdi því máli. Ég vona a.m.k. að það sé svipaður hugur sem býr að baki þessari tillögu sem hér liggur fyrir eins og var í þeirri samþykkt sem Alþingi gerði 1978 um verndun lífríkis Breiðafjarðar og könnun þess.

Um leið og ég mæli þetta er það ekki svo að mér finnist að málið sé kannski upplagt að öllu leyti eins og það birtist okkur hér og þurfi að sjálfsögðu, eins og öll mál sem menn ræða af alvöru, að gaumgæfa og athuga. Ég á sæti í þeirri þingnefnd sem fær væntanlega þetta mál til athugunar.

Ég vil gera aðeins að umtalsefni í tengslum við þetta mál þá stefnu sem hér er uppi og hér er flutt með þessu frv. um að setja sérlög og að ætla umhvrh. það mikið vald og eftirlit með framkvæmd laganna eins og hér er gert ráð fyrir. Ég vil einnig gera lítillega að umtalsefni eins og hv. síðasti ræðumaður þá tillögu sem nýlega er fram komin og kynnt hefur verið sem samþykkt ríkisstjórnar um sérstakan þjóðgarð undir Jökli.

Ég vil líka tengja þetta, þó í lauslegu formi verði, því frv. sem er á dagskrá þessa fundar en ekki er komið til umræðu en væntanlega verður rætt, ef ekki á þessum fundi þá mjög fljótlega, sem er frv. til laga um breytingar á lögum um náttúruvernd. Í því frv. er að finna mjög róttækar breytingar á meðferð friðlýsingarmála almennt séð og skipan náttúruverndarmála frá því sem verið hefur. Með þeim tillögum sem þar liggja fyrir er hugmyndin að taka þau efni úr höndum Náttúruverndarráðs sem lögum samkvæmt á að fjalla um þessi mál og gera um það tillögur, vera meginframkvæðisaðili, og færa það til umhvrh. Mér sýnist að umhvrh. með tillögum sínum, bæði þessu frv. og þó kannski enn frekar og ákveðnar í þeirri tillögu sem hann hefur rætt á vettvangi ríkisstjórnar og fengið þar stuðning við um skipan fimm manna nefndar til að athuga stofnun þjóðgarðs undir Jökli, sé í rauninni að taka forskot á sæluna til að fara að framkvæma friðlýsingarmálin samkvæmt þeim tillögum sem frv. liggur fyrir um en ekki hefur verið rætt enn og ekki hefur fengið samþykkt Alþingis enn sem komið er.

Ég mun að sjálfsögðu ræða það efni þegar frv. kemur til umræðu en ég vil vekja athygli á þessu því þarna á milli er greinilegt samhengi, í þessum tillögum sem hér eru fram komnar af hálfu ráðherrans og inni í ríkisstjórn. Ég vil geta þess, ég er ekki viss um það að þarna séu menn alveg á réttri braut að þessu leyti þó það sé vissulega þörf á því og afar mikils virði að ráðherra þessa málaflokks láti sig þessi efni skipta og sé öflugur stuðningsaðili við aðgerðir til landverndar í hvaða formi sem það er. En þá er ég ekki viss um að það sé í rauninni æskilegt að fá þessi mál með svo ákvarðandi hætti inn á borð ráðherra og inn í fámennt ráðuneyti eins og það er nú í stakk búið til þess að vera leiðandi á þessu sviði.

Ég vil líka vekja athygli á því að þau efni sem varða fjárveitingar og tengjast þessum málum, t.d. þessu frv. hérna, að það er að vísu ekki stórt í sniðum að því er varðar kostnað ef marka má mat fjmrn. á þeim efnum, en ég er ekki búinn að sjá hins vegar að það verði svo laust í hendi það fjármagn ef marka má fjárveitingar til þessa málaflokks á undanförnum árum nema menn breyti um stefnu frá því sem verið hefur. Það gildir þá einnig um þau landakaup sem verða að fara fram undir Jökli til þess að hugmyndin um þjóðgarð þar á ríkislandi, eins og lög standa til, nái fram að ganga. Hætt er við að það kalli á nokkrar fjárveitingar. Ég ætla ekki að vera letjandi þess komi fram tillögur um það. Ég er eindreginn stuðningsmaður þeirrar hugmyndar að fjölga þjóðgörðum í landinu, að það verði tekið á í þeim efnum. Mér sýnist að svæðið undir Jökli sem lengi hefur verið um rætt að þurfi að friðlýsa sé eitt af þeim svæðum sem sé afar vel fallið til þess þó að aðrar leiðir séu einnig opnar lögum samkvæmt til friðlýsingar.

Ég nefni það líka vegna fjárveitingarmálanna að í greinargerð með frv. í markmiði númer fimm stendur að eitt af helstu markmiðum þessa frv. sé að renna styrkum stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði. Hvað merkir þetta? Ætlar ríkisvaldið sem stendur að þessari friðlýsingu að fara að bjóða fram aðstoð sína í formi fjármagns t.d. eða annarra beinna aðgerða af hálfu ríkisvaldsins til þess að treysta byggð í Breiðafjarðareyjum, búskap og umsvif? Þannig finnst mér málið liggja í orðanna hljóðan. En er hér ekki verið kannski að sýna ávísun sem eftir er að fylla út og fá ábekinga á þetta mál til þess að því megi treysta? Það stendur einnig að ljóst sé að taka verði tillit til margra ólíkra sjónarmiða sem erfitt getur verið að samræma í að vernda náttúru Breiðafjarðar og menningarminjar í firðinum og tryggja jafnframt blómlegar byggðir um ókomin ár — stendur þar í greinargerð. Þetta er alveg rétt. Það er best í tengslum við þetta að koma að því máli sem ég vil vekja athygli á, mér fannst ráðherra kannski ekki gera nægilega í sinni framsögu en er hins vegar að finna í grg. með frv., þar sem er rakið hver er staða byggðar í Breiðafirði, á Breiðafirði og við Breiðafjörð. (**ÓÞÞ:** Í Breiðafirði.) í Breiðafirði, segir hv. 2. þm. Vestfjarða. (**ÓÞÞ:** Allt sem er ofan í sjónum hlýtur að vera í honum ...) Ég held að það sé þörf á því að beina sjónum að þessu m.a. vegna þess sem hér hefur komið fram í máli hv. þm. sem hafa rætt þessi mál, eins og hv. 5. þm. Suðurl. Guðna Ágústssonar, þar sem var verið að tala sérstaklega um að það væri hætta á því að verið væri að svipta heimafólk valdi, sveitarstjórnir o.s.frv. Það ber auðvitað að gaumgæfa það. Er verið að svipta sveitarstjórnir valdi með einhverjum óhæfilegum hætti með þessu frv. eða viðlíka ráðstöfunum og hér er verið að tala um?

Í grg. á bls. 6 er rakið hver er staða byggðar við Breiðafjörð. Þar er farið aftur í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns þegar taldar voru um 40 eyjajarðir en nú eru aðeins 2 af þessum 40 í ábúð. Landjarðirnar hafa haldist mun betur í byggð og er heilsársbúseta enn á 36 þeirra, það munu vera jarðir við Breiðafjörð án þess að ég hafi sett mig nákvæmlega inn í hvernig þessu er háttað eða hvernig þessi byggð er tíunduð hér með þessum hætti. Síðan er vikið að sumarbústaðabyggð, landakaupum aðkomumanna og sumarbyggð, uppskiptum á jörðum til útarfa o.s.frv. Allt er þetta nauðsynlegt að hafa í huga, eignarhaldið á landinu á Breiðafirði og Breiðafjarðareyjum. Þá finnst mér að það blasi við að heimabyggðin sem þarna er um að ræða er afskaplega veik og það er í rauninni aðkomufólk sem er orðið meira áberandi og ekki skal ég lasta það og nærveru þess hvort sem er í sambandi við sumarbyggð eða ferðamennsku, hún er orðin meira ráðandi, en heimafólkið er fátt og staða þess er völt. Þá kemur einmitt spurningin um það sem hér hefur verið varpað fram í umræðunni, er það víst að það sé gegn hagsmunum þeirra sem þó eiga búsetu á þessu svæði, að koma til stuðnings einnig skipulagslega séð og verndarlega séð með aðgerðum, jafnvel með sérlögum, með sérstakri löggjöf til þess að bæta stöðuna? Fyrir utan það að vernda það sem þarna þarf að vernda fyrir ókomnar kynslóðir.

Hitt er svo greinilegur veikleiki í þessu máli sem hér er fram borið og það er það sem varðar takmörkuð tengsl við skipulagsþáttinn. Ég hefði viljað hvetja umhvrn. og hæstv. umhvrh. til þess í þessu máli sem og öðrum sem varða verndun lands, þar á meðal friðlýsingar á landi, að horfa mun betur til þess hvernig megi í gegnum gildandi skipulagslöggjöf og í gegnum bætta skipulagslöggjöf sem við bíðum eftir á Alþingi að fram komi frv. sem búið er að tvíflytja ef ég man hér rétt, um breytingar á skipulagslögum sem færa m.a. vald í auknum mæli frá því sem nú er til heimavettvangs, til hérađa, til sveitarstjórna, að nýta sem sagt skipulagslöggjöfina til að ná markmiðum sem menn vilja ná og þar sem tryggð er lýðræðisleg þátttaka þeirra sem í hlut eiga í byggðunum þótt fáir séu. Hér er þetta ákaflega veik tenging í sambandi við þetta mál sem ég tel að þyrfti að styrkja verulega og tek undir það sem bent hefur verið á, m.a. af hv. 1. þm. Vesturl. í þessum efnum.

Að mörgu er að hyggja í sambandi við þetta mál. Eitt af því sem þar þarf að athuga eru þær framkvæmdir sem eru ráðgerðar á þessu væntanlega friðlýsta svæði ef þessi hugsun verður felld í lög og það er ráðgerð vegalagning, svo ég taki eitt dæmi sem mér er kunnugt um, það er ráðgerður vegur yfir Gilsfjörð — og nú vænti ég að hæstv. ráðherra sé hér í seilingu — það liggja fyrir áform um veg yfir Gilsfjörð til að greiða götu manna, umferðar milli Vestfjarða og Vesturlands, þeirra sem þar fara á milli. En það eru nýlega komnar fram afskaplega alvarlegar athugasemdir við þá framkvæmd eins og hún er hugsuð frá náttúruverndarfólki, í þessu tilviki mun það vera Fuglaverndarfélag Íslands sem hefur sent Náttúruverndarráði 21. des. sl. ítarlegt erindi um þetta efni og farið þess á leit við Náttúruverndarráð að það endurskoði mat sitt á verndargildi Gilsfjarðar vegna væntanlegrar vegagerðar og að mál þetta verði tekið fyrir á næsta fundi líffríkisnefndar ráðsins, segir þar í niðurlagi. — „Jafnframt óskum við eftir því að Náttúruverndarráð beini því til Vegagerðar ríkisins að kannaðir verði að nýju aðrir kostir í vegalagningu um Gilsfjörð, m.a. í ljósi nýrra gagna um botngerð fjarðarins sem gæti breytt forsendum fyrir byggingu lengri brúar."

Hér er mjög stórt mál uppi sem snertir þetta svæði sem ráðherra er að fjalla um í þessu frv. að njóti sérstakrar verndar og það er hvorki meira né minna en 5% að því er metið er af þeim sem skoðað hafa, 5% af leirum landsins tengdar ströndum, strandsvæðum, sem eru innan við þessa brú um Gilsfjörð sem menn óttast að verði raskað, þ.e. þessum leirum sem m.a. eru viðkomustaður fyrir fugla sem ég ætla ekki að fjalla nánar um. En ég spyr hæstv. ráðherra um viðhorf hans til þessara mála, þess sem fram er komið að því er varðar vegagerð yfir Gilsfjörð. Mér sýnist mjög brýnt að Náttúruverndarráð í samvinnu við umhvrn. taki á þessu máli mjög ákveðið áður en lengra er haldið í sambandi við ráðgerða framkvæmd og er ég þá ekki með neinar spár um það hvað út úr nánari athugun málsins

kemur því ég þekki málið ekki efnislega umfram það sem að mér hefur borist frá öðrum aðilum.

Þá vil ég nefna það sem mér finnst ekki viðkunnanlegt af hálfu umhvrn. í sambandi við þessa málafylgju og það er bæði varðandi þetta mál, verndun Breiðafjarðar, sem og hugmyndina um þjóðgarð undir Jökli, að sniðganga í greinargerð og geta þar að engu þess sem Náttúruverndarráð á liðnum árum hefur verið að vinna að undirbúningi friðunar á þessu svæði. Ég hef ekki rekist á orðið Náttúruverndarráð í grg. með þessu frv. og ég spyr hæstv. ráðherra: Hvernig má það vera og hvernig stendur á því að þeirrar stofnunar undir umhvrn. sem hefur lögum samkvæmt það verkefni að vinna að friðun lands og verndun lands er hvergi getið þó hún sannanlega hafi komið að þessu máli með margvíslegum hætti á fyrri stigum og hafi verið að ræða þetta mál til skamms tíma þangað til það er tekið upp af hæstv. ráðherra? Við skulum vona að það viti á gott að hæstv. ráðherra sýni málinu áhuga en mér finnst að það eigi að vera í samvinnu við þá stofnun sem hefur verið að vinna að þessu máli á fyrri tíð og alveg fram undir þetta og ekki síður það sem varðar stofnun friðlands undir Jökli. En það er um það mál að segja eins og það birtist m.a. í frásögn Morgunblaðsins 23. febr. sl., það er nú ekki lengra síðan, þar er Náttúruverndarráðs í engu getið. Þar er í engu getið þingmáls, ekki hef ég heyrt það, sem fram kom á Alþingi fyrir ekki löngu síðan, till. til þál. um friðlýsingu svæðisins undir Jökli, 1. flm. Danfríður Skarphéðinsdóttir og aðrir þingmenn Kvennalistans sem stóðu að því máli, ályktuðu að fela umhvrh. í samráði við landeigendur, sveitarstjórnir o.s.frv. og Náttúruverndarráð að hefja nú þegar undirbúning að friðlýsingu svæðisins undir Jökli í samræmi við ályktun náttúruverndarþings frá árinu 1972. Þannig að rætur þess máls liggja nokkuð til baka og mér finnst að það sé nánast skylda stjórnvalds sem er að bera slík mál fram að halda til haga því sem gert hefur verið og lagt hefur til á fyrri stigum, sér auðvitað til fulltingis og stuðnings við góðan málstað.

[17:13]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Málefnið sem hér er rætt er verndun Breiðafjarðar. Ég verð að játa það að þegar ég sá þetta fyrst á dagskrá þá rak ég upp stór augu. Svo vill til að ég er borinn og barnfæddur í Stykkishólmi, er Breiðfirðingur, og var þar til æskuáranna og fór þess vegna að hlusta hvað menn höfðu um þetta svæði að segja því mér hefur auðvitað þótt mjög vænt um það alla tíð. Ég ætla ekkert að lengja málið hér, það er búið að segja svo mikið og margt, bæði vafasamt og neikvætt úr þessu púlti í dag og ég þarf engu að bæta við það og vil ekki neinu við það bæta.

Ég tek innilega undir þessa tillögu. Mér sýnist mjög hyggilegt að friðlýsa og friða eða vernda, hvort orðið sem menn vilja nota. Það er auðvitað hægt fyrir góða lögfræðinga eins og ég er nú að finna einhvern veg til þess að menn gætu sætt sig við þessa ákvörðun í þessu tilfelli og aðra annars staðar og þar að auki eru lög breytileg og ef eitthvað reyndist illa í löggjöf þá er auðvitað hægurinn á að breyta því. Ég held að það þurfi ekki að óttast það að hér séu stór skakkaföll sem hugsanlega gætu orðið.

Ég ætla eiginlega ekki að andmæla einu eða neinu af því sem hér hefur verið sagt, ég hlustaði mjög gaumgæfilega eins og þið getið öll ímyndað ykkur því ég lék mér í fjörunni og þekkti dýrin þar og þetta voru vinir mínir meðan maður var að drepa smáseyðin. En það kvað svo rammt að að ég bjó í bókstaflegri merkingu í og á sjónum af því að faðir minn keypti íshús, ekki frystihús heldur íshús og byggði ofan á það íbúðarhús og þar bjó ég og mín fjölskylda og ég lék mér sem sagt á byttum þar niðri af því að gætti sjávarfalla í kjallaranum. Svoleiðis að ég get vel talað um lífið í Stykkishólmi á þeim tíma og ég veit ekki betur en að það hafi verið varðveitt eins vel í Stykkishólmi og á nokkrum öðrum stað, þessi gæði náttúrunnar, bæði á landinu, í fjöruborðinu og annars staðar. Ég held að menn geti ekki sýnt fram á eða haldið því fram með neinum rétti að neinn annar staður leiki betur við náttúruna heldur en við gerum Hólmarar og Breiðfirðingar.

En það líður á dag og komin sjálfsagt allt of löng umræða um þetta efni þó það sé auðvitað mikilvægt og ég læt mínum orðum lokið.

[17:17]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það frv. til laga sem hér er til umræðu hefur nokkra sérstöðu hvað það varðar að það er ekki deiluefni við Breiðafjörð að menn vilji með lögum vinna að því að vernd lífríkisins og vernd náttúruminja sé lögfest á Alþingi. Vilji er fyrir því og ég hygg að það sé hægt að fara nokkuð langt aftur í söguna til þess að benda á að í Breiðafirði voru fyrr almenn ákvæði um verndun náttúrunnar en annars staðar á Íslandi. Hitt er svo annað mál að lögin eru tvíþætt. Annars vegar er þetta markmið sem samstaða er um og hins vegar er það stjórnunarlega kerfið sem hér er sett upp. Það er eiginlega settur oddviti yfir Breiðafjörð. Það er settur jarl yfir Breiðafjörð og þetta á ekki að vera bundið neinni ætt eða slíku, það er ekki gengið frá því lögformlega á þann hátt, heldur á þetta að sveiflast til eftir því hver situr í stóli umhvrh. (**StG:** Gæti sá sami ekki verið þingmaður?) Það getum við átt undir þingmönnum, dugmiklum þingmönnum, eins og t.d. Agli á Seljavöllum, hv. 3. þm. Austurl., hversu skjótt er skipt um oddvita yfir Breiðafirði og það er spurning hvort það eigi að sveiflast til með þeim hætti.

Því set ég þetta fram að ég hef verið hlynntur þriðja stjórnsýslustiginu en ofurliði borinn af þeim spekingum sem telja það hreina vitleysu. Nú sýnist mér að það eigi að setja upp þriðja stjórnsýslustigið. Það eigi fyrst að vera sveitarstjórn, svo eigi að koma jarl yfir Breiðafjörð og svo eigi að koma ríkisstjórn yfir Íslandi. Ég veit ekki til að þessi uppbygging á þriðja stjórnsýslustiginu hafi nokkurs staðar verið keyrð í Evrópu en auðvitað gæti það tekið yfir ef menn væru almennt þeirrar skoðunar að þannig bæri að standa að þessu. Ég held nefnilega að stjórnsýslulega séð hljóti þetta að vera mikil spurning. Lögin eru t.d. þannig sett upp að

staðfest skipulag heldur velli en ef byggingar eru ekki eftir staðfestu skipulagi þá heyra þær undir umhvrh. Við skulum örlítið fara yfir þetta. Nú er skylda að skipuleggja alla hluti. Nú sækir Jón Jónsson um bygging sem ekki er á staðfestu skipulagi. Umhvrh. neitar og þá tekur Jón Jónsson það til bragðs af því að hann er með þokkaleg ítök í hreppsnefndinni að óska eftir því að umrædd bygging verði sett inn á staðfest skipulag og hengd upp til umsagnar næstu þrjár vikurnar. Svo keyrir hann málið áfram. Þá kemur að þeim þætti hvort umhvrh. vill staðfesta þetta skipulag vegna þess að hann er kannski andvígur byggingunni eins og áður hefur komið fram. Þá er þessi sveitarstjórn raunverulega komin í allt aðra stöðu en aðrar sveitarstjórnir á Íslandi. (**Gripið fram í:** Verður ekki umhvrh. vanhæfur?) Nú er því varpað fram hvort umhvrh. verði bara ekki vanhæfur undir þessum kringumstæðum. Ekki ætla ég að dæma um það. En að mínu viti er þessi stjórnunarlega uppsetning svo sérstæð að hún hlýtur að vera ærið umhugsunarefni. Ef við viljum halda okkur við það sem meginreglu að það sé þrískipting valdsins þá fer það ekki á milli mála að sú ákvörðun að hægt sé að beita dagsektum upp á 10.000 kr. á dag sem hér er sett inn, það er orðin slík refsisekt á venjulegan mann að hann þarf að vera á margföldum ráðherralaunum til þess að mega þrjóskast við. Þetta gerir yfir 3,6 millj. á ári ef hann þrjóskast við í heilt ár. Ég verð að segja eins og er að miðað við hæstaréttardóma þar sem menn hafa verið að fá sektir fyrir alls konar brot þá sýnist mér að þessi sjóður geti orðið nokkuð gildur. Það getur vel verið að mönnum finnist að það sé ekkert um annað að ræða en að leyfa sektartökur á þessu og þó er þetta á tvo vegu. Sekt sem sett er vegna þess að menn eru að brjóta lög er allt annars eðlis en sekt sem sett er á vegna þess að þeir vilja ekki lúta tilskipun um að gera einhverja ákveðna hluti sem ætlast er til að þeir framkvæmi. Ég vil eiginlega líta svo á að hér sé um mjög ólíkan grundvöll að ræða.

Ég held að það þurfi mjög að hugleiða þetta kerfi, að ekki þurfi að fara með brot manna við Breiðafjörð fyrir dómstóla, hvort það sé nóg að framkvæmdarvaldið sé látið tyfta menn til og þannig sé staðið að málum. Það er ærið umhugsunarefni. Ég bið hæstv. ráðherra í fullri vinsemd að taka þetta ekki til sín. Það er ekki verið að ganga frá því í lögunum að það skuli tengt ákveðnum ráðherra heldur hitt að þetta er framtíðarskipulag sem menn eru að setja upp. Og það sem við erum að vinna að á Alþingi síðustu árin er einmitt að reyna með öllu móti að útiloka geðþótta stjórnvaldsákvarðana í landinu. Það var samþykkt mjög merk löggjöf, stjórnsýslulög, sem er sérstaklega ætlað að taka á þessum þætti.

Ég hljóp yfir það dálítið undrandi hvernig menn ræða upp markmiðunum með setningu laga um vernd Breiðafjarðar. Með leyfi hæstv. forseta, er fyrsta atriðið að vernda landslag, einstakar jarðmyndanir og lífríki Breiðafjarðar. Mér finnst nokkuð mikið í lagt að ætla að vernda landslagið. Það hefði ekki verið efnilegt með Heimaey hefði verið búið að binda það í lög að þar ætti að vernda landslagið og svo hefði gosið. Ég er hræddur um að það hefði verið dálítið erfitt að standa á því að þar skyldi allt óbreytt. Hvað sem segja má um þessa hugsun þá er landslagið við Breiðafjörð ekki í neinni bráðri hættu mér vitanlega. Þarna varð jarðsig fyrir löngu síðan. Hitt er annað mál að það sem kemur hér seinna, einstakar jarðmyndanir og lífríki, það er það sem allir venjulegir menn hafa skilning á. Landslagið sem slíkt liggur að sjálfsögðu undir áföllum veðra og vinda og sjávarágangi en að það skuli vera fyrsta markmiðið að segja þessum öflum stríð á hendur og vernda landslagið, það fæ ég ekki séð að sé svona beint rökrétt sem aðalmarkmið í tilganginum. Svo kemur mjög gott markmið að tryggja vernd menningarminja. Þriðja er einnig mjög gott, að búa í haginn fyrir vaxandi fjölda ferðamanna og tryggja almenningi aðgang að náttúru fjarðarins og sögu án þess að spjöll hljótist af. Fjórða: að stuðla að auknum rannsóknum á lífríki og jarðfræði Breiðafjarðar. Fimmta: að renna styrkum stoðum undir eyjabúskap og aðra hefðbundna nýtingu hlunninda á Breiðafirði.

Hér stendur það skýrum stöfum sem hv. 4. þm. Austurl. hnaut að nokkru leyti um. Þessi lög verða ekki skýrð á annan veg en þann að þetta sé stuðningur við landbúnaðinn, það sé ætlunin að styðja við byggðina því það verður varla styrkum stoðum rennt undir eyjabúskapinn nema að það sé stutt við byggðina.

Ég held þess vegna að inn í hinn almenna lagatexta hljóti að vera eðlilegt að setja „að hefðbundnar nytjar svæðisins eigi að haldast". Þar á ég við hvort heldur um er að ræða selveiði, grásleppuveiði eða nytjar af fuglum. Mér fyndist eðlilegt miðað við markmiðin að þetta sé sett inn í lagatextann.

Svo vil ég einnig, af því að ég sé að hæstv. ráðherra hlustar grannt eins og vera ber, vekja athygli hans á því að það er eðlilegra orðalag að setja í 3. gr. sveitarstjórn Reykhólahrepps heldur en héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu vegna þeirrar einföldu ástæðu að Austur-Barðastrandarsýsla er orðin að einu sveitarfélagi.

Jafnframt vil ég vekja athygli á því að miðað við þær markalínur sem hér eru dregnar þá hlýtur það að vera rökrétt að Barðastrandarhreppur eða hið nýja sveitarfélag sem er þar í burðarliðnum fái fulltrúa inn í nefndina. En hér er tilgreint Hagadrápssker og nafnið er að sjálfsögðu dregið af Haga á Barðaströnd og það er mikið svæði af Breiðafirði sem tilheyrir Barðastrandarhrepp. En það fer ekkert á milli mála að stærsti hluti Breiðafjarðar er í Vestfjarðakjördæmi. Flateyjarhreppur hinn forni var náttúrlega sá hreppurinn sem náði yfir mest af þessu svæði en er nú hluti af Reykhólahreppi.

Ég hygg að hæstv. ráðherra, og ég vil trúa því, gangi gott eitt til með tillöguflutningnum, hann sé í eðli sínu vinveittur bæði þessu svæði og eins vilji hann vinna að því að tryggja náttúruvernd sérstaklega og ég held þess vegna að til þess að minnka kvíða manna við tilkomu þessarar lagasetningar sé það mjög stórt atriði að það sé sett inn í lagatextann sem ég gat um hér áðan, að hefðbundnar nytjar séu leyfðar eftir sem áður

og allar hugmyndir um að hrófla við þeim séu settar til hliðar. Það er nefnilega því miður staðreynd að þegar menn hugsa til náttúruverndar, þá er það of oft sem mönnum verður hugsað til þeirra öfgahópa, hvort heldur það eru Greenpeace eða aðrir aðilar, sem neita að viðurkenna þá staðreynd að eins dauði er annars brauð og hringrás lífsins byggist líka á tilvist þeirra sem éta önnur dýr og eitt af þeim dýrum sem það gerir er mannskepnan svo sannarlega.

Ég vænti þess að þetta mál verði skoðað með jákvæðu hugarfari í nefnd og þeir liðir sem ég minntist hér á, þ.e. þeir liðir sem eru stjórnunarlegs eðlis verði skoðaðir út frá því sjónarmiði, m.a. þær sektargreiðslur sem hér eru settar upp hvort ekki sé eðlilegt ákvæði að menn lúti almennum lögum við Breiðafjörð, sæki og verji sín mál fyrir dómstólum þar en búi ekki við svo sterka yfirstjórn að þeim sé ætlað að lúta fyrirskipunum ráðherra og komi illa vörnum við. Þetta er ég að segja af því að ég veit að hæstv. ráðherra mun ekki dvelja mjög lengi í þessu ráðuneyti. Hann sækir ört til mannvirðinga innan flokksins eins og menn vita og allt gott um þær hugrenningar. (**Umhvrh.:** Er eitthvað að losna?) Ég hygg að miðað við afsetningarhraða á þingmönnum Alþfl. á þessu kjörtímabili þá sé hægt að setja það upp í línurit hvenær gera megi ráð fyrir að hæstv. ráðherra sé kominn í mestu mannvirðingarstöðu í flokknum og hann þurfi því ekki að spyrja eins og hann viti ekki hvort eitthvað sé að losna í Alþfl.

Ég hygg líka að ráðherra sé það metnaðarmál að alveg eins og hann hafði einhug manna með sér á fundi í Króksfjarðarnesi þegar rætt var um að setja lög um verndun lífríkisins þá vilji hann að sú lagasetning sé í þeirri sátt við íbúa þessa svæðis að einhverjir stjórnunarþættir sem e.t.v. eru vel meintir en brjóta í bága við venjulega stjórnskipun verði ekki til að sverta þetta mál.

Ég tel að menningin við Breiðafjörð hafi um miðja 19. öld staðið hæst á Íslandi og bakvarðarsveit Jóns Sigurðssonar átti rætur til foringja sem bjó í Flatey og þar er fyrsta almenningsbókasafn á Íslandi. En lestur bóka var að sjálfsögðu það sem færði Íslendinga hvað hraðast inn í þá samtíð sem við búum við í dag. Ólafur Sívertsen var í þeirri sveit Vestfirðinga, forustusveit sem stóð að Kollabúðarfundum við botn Breiðafjarðar þar sem menn réðu ráðum sínum um það hvaða mál það væru sem mesta áherslu bæri að leggja á í þeim bréfum sem þeir sendu Jóni Sigurðssyni. Og þó að þessir fundir hafi verið við Breiðafjörð, bændafundirnir eins og Matthías Jochumsson kallar þetta í kvæði sínu, þá voru menn af Vestfjörðum öllum sem mættu þar og sýslumaður Ísafirðinga var þar fundarstjóri sennilega flest árin. Eitt árið var hann það þó ekki því að þá hafði hann konungsskipun um það ásamt öðrum sýslumönnum Íslands að sjá til þess að bændafundir eins og þeir sem haldnir voru inni á Kollabúðum yrðu ekki haldnir þar sem þar væri verið að hvetja til uppreisnar gegn löglegum stjórnvöldum landsins. En það er kannski þess vegna ekkert skrýtið þó að það sé margt menningarverðmæta sem þarf að vernda við þennan fjörð og eitt af því sem verður að setja fjármuni í sem allra, allra fyrst, það liggur við að segja megi í síðasta lagi strax, er í bókasafnið í Flatey og ég vona að hæstv. umhvrh. hafi meðtekið það.

[17:37]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær málefnalegu umræður sem hér hafa farið fram um þetta frv. til laga um vernd Breiðafjarðar. Það er mikið ánægjuefni fyrir mig og ég vona sannarlega fyrir fleiri að það virðist ekki vera neinn ágreiningur um meginmarkmið frv. Ég held að enginn nema ef vera skyldi einn af þeim sem töluðu og ég vona að ég hafi misskilið þann eina, enginn þeirra hafi í rauninni verið að mæla gegn þeim meginmarkmiðum sem er að finna í þessu frv. Það er hins vegar rætt af flestum þeirra sem hér hafa tekið til máls að það sé of mikið vald sett til ráðherra. Það er bersýnilega ótti hjá mönnum um að það sé verið að fjarlægja vald úr héraði. Menn tala um einræðisvald umhvrh. sem felist í þessu frv. Menn tala um ofurvald Reykjavíkur. Ég get fallist á það að þessi ótti er skiljanlegur en ég get hins vegar fullvissað þingheim um það að markmið mitt var einmitt að reyna að tryggja að þetta vald yrði í héraði.

Fjölmargir sem hér hafa talað, t.d. hv. þm. Sturla Böðvarsson, hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir og raunar fleiri þingmenn, hafa látið þess getið að það sé erfitt að taka fullnaðarákvörðun um frv. sem þetta fyrr en fyrir liggi reglugerðir sem gert er ráð fyrir í frv. að verði samdar. Nú er það svo að það er afskaplega erfitt að reiða af hendi reglugerðir samkvæmt því sem hér stendur áður en frv. verður að lögum vegna þess að það er ekki gert ráð fyrir því að ráðherrann semji þessar reglugerðir. Það er gert ráð fyrir því að hann staðfesti þær en að heimamenn, þ.e. Breiðafjarðarnefndin, semji þessar reglugerðir og þær komi síðan til staðfestingar ráðherra. Svo að ég skýri nákvæmlega hvað fyrir mér vakir, þá er það að frumkvæðið sé algerlega heimamanna og það er þess vegna sem það er rígneglt niður að meiri hluti Breiðafjarðarnefndar á að vera úr héraði þannig að ég held að óttinn sé ástæðulaus við að þarna sé verið að seilast til áhrifa í héraði og rífa þau burt hingað suður til Reykjavíkur. A.m.k. er það ekki ætlun þess ráðherra sem hér stendur. En það kann vel að vera að það þyrfti e.t.v. að njörva betur niður rétt heimamanna í þessu efni. Og ég segi það alveg hreinskilnislega að ég tel að það komi sterklega til greina og leggst ekki geng því. Í þessu atriði fólst obbinn af þeim mótbárum eða viðbárum sem komu fram hjá flestum þeirra sem hér tóku til máls.

Hv. þm. Sturla Böðvarsson gerði hér að umræðuefni hvort það gæti verið svo að það væri um að ræða andstæð sjónarmið þegar menn eru annars vegar að tala um verndun en hins vegar um áframhaldandi nýtingu. Það er ekki svo. Nýting og vernd eru ekki andstæð sjónarmið vegna þess að verndin felur í sér nýtingu ólíkt því sem gerist t.d. með friðun. Það er munur þarna á. Hér er sem sé verið að gera ráð fyrir því að svæðið verði nýtt en án þess að það valdi spjöllum á náttúrunni. Þá vil ég segja það, virðulegi forseti, að ég

er þakklátur þeim hlýja hug sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ber bersýnilega til þess efnis sem felst í frv. Hann gaf hér góð ráð um það hvernig mætti fara að í framhaldinu til þess að reyna að ná enn betri sátt um frv. og nefndi að það þyrfti að koma skýlaust í lögin að hefðbundnar nytjar héldust áfram. Ég er sammála þessu viðhorfi. En ég vil benda hv. þm. á greinargerðina sem fylgir frv. en þar segir um 5. gr.: „Gert er ráð fyrir að hefðbundnar nytjar haldist". Ég hefði talið að þarna væri komið til móts við þetta sjónarmið en segi að öðru leyti að það vakir ekki fyrir mér annað en reyna að ná þeim meginmarkmiðum fram sem felast í frv. og sem nánast allir sem ræddu frv. hér í dag eru sammála um. Ég segi það að ég er reiðubúinn fyrir mitt leyti að fallast á þær breytingar sem gera okkur kleift sameiginlega að ná þessum markmiðum. Og þess vegna lýsi ég því alveg hiklaust hér yfir að ég set mig ekki á móti því. (**PP:** Er þetta ekki stjfrv.? Má breyta þeim?) Ég segi það nú, hv. þm. Páll Pétursson, að þrátt fyrir þann málflutning sem kom hér hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni um þann grimma mann sem nú er sestur í umhvrn. og vill kannski að hætti vafasamrar kommúnistískrar fortíðar taka sér alræðisvald, þá er þetta milt yfirvald. Þetta er stjfrv. en það vakir ekki fyrir mér annað en reyna að ná sátt um þetta mál og ég tel að við séum á góðri leið með það, bæði í héraði og einnig hér í þessum umræðum.

Ég vildi út af því sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson ræddi hér um hvort með Breiðafjarðarnefnd væri í rauninni verið að setja upp þriðja stjórnsýslustigið sem ég hygg að hann hafi látið sér annt um í umræðum hér fyrr, þá er það svo að ég tel að því fari víðs fjarri. En ég bendi hins vegar hv. þm., sem ég veit að er afar fróður um lög og sökkvir sér djúpt niður í pælingar um stjórnsýsluna, á að Breiðafjarðarnefnd á sér fyrirmynd. Við búum t.d. við lög frá 1928 um helgistað á Þingvöllum. Þar er Þingvallanefnd falið mjög mikið vald og mun meira en í þessum lögum. En ég viðurkenni hins vegar að þar er sá munur á að landsvæðið sem Þingvallanefnd hefur stjórn yfir er allt í ríkiseigu, og það er talsverður munur á því. En þá skulum við flytja okkur í annan landsfjórðung, þ.e. í Norðurl. e. Þar er það landsvæði sem sérstök lög gilda um, Mývatns/Laxárlögin, og þar er það svo, hv. þm., að ég lít svo á að samkvæmt þeim lögum hafi Náttúruverndarráð í rauninni sama vægi, sama gildi, sömu þýðingu og Breiðafjarðarnefnd gagnvart þessu frv. Munurinn er hins vegar sá að heimamenn hafi stundum kvartað yfir því að þeim gangi illa að finna æðra vald til þess að skjóta úrskurðum Náttúruverndarráðs til, en það er gert alveg skýlaust ráð fyrir því að það sé hægt í þessu frv. þannig að ég vona að þetta svari hv. þm. í þessu efni.

Það hefur orðið hér svolítil umræða frá tveimur hv. þm. Framsfl., Guðna Ágústssyni og Ólafi Þ. Þórðarsyni, um 8. gr. frv. og að því er hana varðar, þá vil ég upplýsa þingheim um uppruna hennar og fyrirmynd. Ég gat þess í minni ræðu að frv. var byggt á fyrirmyndinni sérlögin um Mývatns- og Laxársvæðið og þar er einmitt 8. gr. svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Brot gegn lögum þessum og reglugerðum sem settar eru samkvæmt þeim varða sektum eða varðhaldi. Sektir renni í ríkissjóð.

Beita má dagsektum er renna í ríkissjóð allt að 2000 kr. til að knýja menn til framkvæmda á ráðstöfunum sem þeir er skylt að hlutast til um samkvæmt lögum þessum og reglugerðum eða láta af atferli sem er ólögmætt."

Þaðan er fyrirmyndin komin. Ef hv. þm. finnst 8. gr. þess frv. sem ég hef mælt hér fyrir í dag ekki standast önnur lög þá verð ég að segja að mér þykir að það hefði þá e.t.v. átt að benda á fyrri lög varðandi þetta. En ég hygg sem sagt að þetta sé fullkomlega eðlilegt.

Það hefur líka verið rætt hér svolítið um skipulagsþáttinn. Hv. þm. Auður Sveinsdóttir, sömuleiðis Hjörleifur Guttormsson og jafnframt hv. þm. Guðni Ágústsson drápu á þetta. Hv. þm. Guðni Ágústsson taldi að það væri í rauninni hægt að kasta þessu frv., hafi ég skilið hann rétt, en beita þess í stað skipulagslögum til að ná fram nauðsynlegri vernd. Það er hins vegar afskaplega erfitt að ná fram nægilegri vernd fyrir lífríkið ef það þarf að grípa til einhverra sérstakra aðgerða í gegnum slík lög. Þess vegna þarf þessi sérlög. En ég er hins vegar ekki alveg sammála því að það sé réttmætt að kvarta undan því að skipulagsþættinum séu ekki gerð nægilega góð skil. Ég lít svo á að 4. gr. sé í rauninni lykilgrein. Þar kemur fram að byggingar eru heimilar samkvæmt staðfestu skipulagi, það þurfi hins vegar leyfi þegar svo er ekki. Ég lít svo á að það ætti náttúrlega að vera hvati til þess að menn drifu sig í það að skipuleggja þetta svæði. Það er sem sagt tilvísun í skipulagið, 4. gr. sem ég tel að sé nægileg en hv. þm. Auður Sveinsdóttir kann að vera á öðru máli. Ég greip ekki alveg hvernig hún taldi að hefði átt að fara frekar að þessu en vísa hins vegar til þess að einn af þeim mönnum sem hefur unnið að undirbúningi þessa frv. er að vinna að svæðisskipulagi fyrir talsvert stóran hluta af því landsvæði sem frv. tekur til og það var einmitt haft til hliðsjónar og raunar má geta þess að hann hafði afskaplega svipaðar skoðanir og þeir og við sem unnum þetta frv. hér. En þetta er auðvitað þáttur sem má skoða og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sem lagði sömuleiðis ríka áherslu á þetta á sæti í umhvn. þannig að ég tel ekkert óeðlilegt að hann komi þar fram þessum hugmyndum sem hér voru ræddar. Ég tel sem sagt að 4. gr. sé lykilgrein, það gerði ég nú.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson taldi að það hefði ekki verið haft nægilegt samráð við Náttúruverndarráð ellegar það hefði ekki verið nægilega nefnt í aðdraganda þessa máls. Og það er best að ég lýsi aðdraganda þessa máls.

Ég var búinn að vera ráðherra nákvæmlega í einn dag þegar ég hafði samband sjálfur við Náttúruverndarráð til þess að ræða hvaða verkefni væru fram undan. Hugmyndin um að taka sérstaklega á vernd Breiðafjarðar kom vitaskuld frá Náttúruverndarráði, frá einstökum fulltrúum þar, enda hefur það legið fyrir mjög lengi að þar hefur verið vilji til þess að ráðast í þetta verk. Ég sendi bréf á þjóðhátíðardaginn til Náttúruverndarráðs og bað um hugmyndir þeirra um ýmsa

hluti, m.a. það hvernig ætti að véla um friðun eða vernd þessa svæðis. Það var einmitt Náttúruverndarráð sem benti á að möguleikarnir væru fjórir, þ.e. friðland, þjóðgarður, fólkvangur eða sérlög. Það að þessi hugmynd um sérlögin var sett fram stafar einfaldlega af því að hún kemur fram í bréfi Náttúruverndarráðs til mín frá 28. júní. Svo snemma hafði ég sem sagt samband og ræddi við ráðið um þetta. Síðan hefur þetta borið á góma á fundum mínum og formannsins og þáverandi framkvæmdastjóra og reyndar með öðrum fulltrúum í Náttúruverndarráði.

Það er alveg klárt að það ætti engum manni að koma á óvart að þetta var hugmynd sem var í vinnslu í ráðuneytinu vegna þess að það kom m.a. fram í fjölmiðlum á síðasta sumri. Á náttúruverndarþingi í byrjun síðasta hausts lýsti ég þessu í mörgum orðum sem fyrirætlan ráðuneytisins. Ég hafði þá líka farið í hérað. Hugmyndin var upphaflega sú að hafa svæðið minna. Ég hafði farið á Reykhóla tvisvar sinnum sl. sumar til þess að ræða þessa hugmynd, ég hafði farið út í Flatey til þess að ræða hana við ábúenda þar og sat með honum heilan eftirmiðdag og át súra selshreyfa ásamt ýmsu öðru sem ekki er þörf á að nefna hér. Þegar því var lokið... (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég á talsvert eftir af mínu máli.

[17:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þótti slæmt að hæstv. umhvrh. komst ekki nema hálfa leið í gegnum ræðu sína þannig að sumt hefði kannski komið fram af því sem ég hefði talið ástæðu fyrir hann að fjalla um í sínu máli.

Ég ætla að veita andsvar vegna þess að hann sagði í fyrri hluta ræðu sinnar að frumkvæðið væri heimamanna. Með þessu fyrirkomulagi sem hann leggur hér til væri hann að leggja það til að frumkvæðið ætti að vera heimamanna og þessi Breiðafjarðarnefnd væri frumkvæðisaðilinn. Það er ekki hægt að sjá það á þeim texta sem hér er lagður fyrir að frumkvæðið sé heimamanna einfaldlega vegna þess að það er sagt skýrum orðum að Breiðafjarðarnefnd sé stjórnvöldum til ráðgjafar. Það er talað um að það skuli að vísu leita tillagna Breiðafjarðarnefndar við setningu reglugerða og annarra ákvæða og síðan að nefndin skuli árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín. Það er svolítið merkilegt að það skuli standa vegna þess að verkefni nefndarinnar eru talin upp og þau eru að það á að leita til nefndarinnar um umsagnir og annað því um líkt. Það er hvergi að sjá í þessum texta að nefndin eigi að hafa frumkvæði.

Síðan tel ég mjög nauðsynlegt að ráðherra geri okkur betur grein fyrir afstöðu sinni til 4. gr. en hann gerði því þar er raunverulega alræðisvald sett á hans hendur gagnvart öllum mannvirkjum og jarðraski og það á líka við um búsetu á lögbýlum þannig að það er ekki hægt að gera eitt eða neitt samkvæmt orðanna hljóðan í lagatextanum öðruvísi en ráðherrann sjálfur samþykki það og veiti til þess sinn stimpil.

[17:55]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði áðan í ræðu minni þá tel ég að eins og frv. lítur út sé þar tryggt frumkvæði heimamanna. Ég lýsti því líka yfir að það væri ekki ætlan mín með þessu frv. að reyna að taka vald úr héraði. Ég lýsti því jafnframt yfir í framhaldinu að ég set mig ekki gegn því að umhvn., til að hægt sé að ná góðri sátt um þetta mál, finni annað orðalag sem tryggi það betur að valdið sé hjá heimamönnum. En ég vek athygli á því að í 5. gr. er talað um að ráðherra setji reglugerð að fengnum tillögum Breiðafjarðarnefndar um vernd lífríkis á svæðinu. Hann veitir sömuleiðis leyfi að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar. Þetta tengist auðvitað saman. Menn ætla sér að efla rannsóknir á svæðinu og ég sagði í minni ræðu að það starf ætti að vera bakhjarl þessarar nefndar. Segjum svo að rannsóknir og vöktun á svæðinu leiði til þess að menn telji að þar sé að birtast einhvers konar mengun. Þá munu þeir vísindamenn sem þar eru láta nefndina vita sem gerir síðan tillögur til ráðherra.

En ég lýsi því enn og aftur yfir að ég hef ekkert á móti því að nefndin finni í umfjöllun sinni betra orðalag sem tryggir betur frumkvæði heimamanna.

Varðandi það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson spyr um með 4. gr. þá er mannvirkjagerð heimil samkvæmt staðfestu skipulagi án þess að til komi nokkurt leyfi ráðherra. Sömuleiðis eru heimilar þær framkvæmdir sem teljast nauðsynlegar vegna búskapar á lögbýlum. Ég er því ósammála honum um það að hvað eina sem bændur framkvæmi geti mögulega verið á mörkum þess að kallast spjöll því þar segir einungis að það þurfi leyfi til framkvæmda á lögbýlum ef um er að ræða spjöll sem kunna að verða á menningar- eða náttúruminjum. Ég er honum því ekki sammála um þetta.

[17:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherranum fyrir það að hann er tilbúinn til að endurskoða þetta orðalag. Það þarf auðvitað að vera þannig að það komi skýrt fram að aðilar á svæðinu eða aðrir geti snúið sér til nefndarinnar ef hún á að geta haft eitthvert frumkvæði. Það stendur skýrt og greinilega í textanum eins og hann er að ráðherra nýtur aðstoðar Breiðafjarðarnefndar. Það getur því ekki verið samkvæmt orðanna hljóðan að menn eigi að snúa sér til nefndarinnar og það er hvergi talað um það í þessum texta að svo sé gert. Ég vil því meina að það sé eitthvað sem menn hljóti þá að skoða.

Síðan um 4. gr. Ég tel að það þurfi þá að víkja þar við orðum líka, einfaldlega vegna þess að þar er talað um að hvers konar mannvirkjagerð sé óheimil, svo og jarðrask nema til komi leyfi ráðherra að fenginni umsögn Breiðafjarðarnefndar. Það er sama þó það standi annars staðar í textanum að það eigi að vera hægt að fara eftir skipulagi. Það er ekki allt skipulagt. (Forseti hringir.) Nú er tíma mínum því miður lokið svo ég ætla að stoppa.

[17:59]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson kvartar undan því að í frv. sé ekkert sem segi að fólk geti snúið sér til nefndarinnar með ýmis mál. Ég tel að það þurfi ekkert að segja það neitt sérstaklega í frv. vegna þess að það speglast í samsetningu nefndarinnar. Menn skulu athuga hvernig nefndin er samansett. Þar eiga að vera fimm menn og þar á að vera einn eftir tillögu héraðsnefndar Dalasýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Austur-Barðastrandarsýslu, einn eftir tillögu héraðsnefndar Snæfellinga. Það liggur því einmitt í samsetningu nefndarinnar að hún er fulltrúi fólksins á svæðinu og það er einmitt þess vegna sem nefndarmenn eru teknir úr þessum héraðsnefndum. Þangað eiga menn að leita með sín mál og það er eðlilegt að fulltrúarnir taki þau síðan upp í þessari nefnd.

Ég er því algjörlega ósammála hv. þm. um þetta tiltekna atriði þó ég sé honum sammála um að valdið á að vera í héraði eins og ég reyndar reifaði í löngu máli í upphafi minnar ræðu sem hann bersýnilega hefur ekki verið viðstaddur.

[18:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hæstv. umhvrh. vil ég vekja athygli hæstv. ráðherra á því að það er ótvírætt að ráðherrann fer með reglugerðarvaldið. Það er alveg sama hversu margra umsagna eða tillagna hann óskar, það er ráðherrann sem fer með valdið. Það hef ég bent á í þessari umræðu og tel að sé óeðlilega mikið, það sé gengið óeðlilega langt inn á valdsvið sveitarstjórnanna.

Ég tók eftir því að hæstv. ráðherra taldi að 4. gr. frv. væri mikilvægust. Ég áttaði mig á því að þar er fjallað um þetta ótakmarkaða vald ráðherrans yfir þessu svæði. Ég vil taka dæmi. Ef sett væri sérstök löggjöf um vatnasvæði Tjarnarinnar í Reykjavík, sem er ein af náttúruperlunum í landinu, væri það talið eðlilegt að ráðherrann réði því hvernig væri unnið á bökkum Tjarnarinnar? Væri það eðlilegt? Getið þið ímyndað ykkur að borgarstjórnarmeirihlutinn, hver sem hann er og verður, mundi sætta sig við að það yrði að sækja um leyfi til hæstv. umhvrh. til þess að leggja gangbrautir meðfram Tjörninni eða annað því um líkt?

Á þetta hef ég verið að benda en ég heyrði sem betur fer að ráðherrann tók mjög mikið tillit til þess sem ég gagnrýndi í frv. og ég fagna því og legg enn og aftur áherslu á það og fagna því að ráðherrann tók undir að það er vald og ábyrgð — ég undirstrika ábyrgð, heimamanna í þessu efni sem gildir. Þannig og því aðeins tryggjum við vernd Breiðafjarðar eins og allra annarra svæða sem við viljum varðveita.

[18:02]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn séu ekki ósammála um markmiðin eins og hér hefur komið fram. Ég hef áður lýst því að ég tel að frumkvæðið sé heimamanna. Það er rétt að reglugerðarvaldið er ráðherrans. Ég vil vekja athygli á næstsíðustu setningu í 3. gr. þar sem segir, með leyfi forseta: „Tillagna Breiðafjarðarnefndar skal leitað við setningu reglugerða og annarra ákvæða er lúta að vernd Breiðafjarðar."

Ég tel því að áhrif heimamanna séu með þessum hætti ótvíræð en lýsi því enn og aftur yfir, eins og ég er búinn að gera þrisvar sinnum í dag, að það er ekki ætlan mín að flytja vald úr héraði. Ég held að það sé hægur vandi, til þess að ná sátt um þetta sem er nær eina ágreiningsefnið í þessari umræðu, að finna hæfilega skipan þessara mála í nefndinni sem menn geta verið sáttir við.

[18:03]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er mjög ánægður með þessa yfirlýsingu hæstv. umhvrh. og tel að í þessum umræðum hafi það komið fram að hann hefur fallist á þau sjónarmið sem ég hef sett fram í mínum athugasemdum við frv. og vænti þess að umhvn. taki þetta til meðferðar þannig að við hæstv. umhvrh. getum sameinast um það við síðari umræðu þessa máls að afgreiða merka löggjöf sem leggur áherslu á verndun Breiðafjarðar undir yfirráðum fyrst og fremst heimamanna.

[18:04]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hann hefur opnað það rækilega að nefnd þingsins fari yfir þetta mál og geri breytingar. Það væri ekki dónalegt fyrir einstaka þingmenn að mega vera formenn í svona nefnd, svo ekki sé meira sagt, þar sem ráðherra sýnir þá víðsýni að lagasetningarstarfið sé *unnið í sölum þingsins*.

Ég tel einnig mjög gott að það er upplýst frá hvaða tíma ákvæði 8. gr. eru. Þau eru frá þeim tíma sem menn settu lög um Mývatn. Satt best að segja er búið að umturna íslenska réttarkerfinu frá þeim tíma. Það er búið að umturna því. Þá voru sýslumenn bæði rannsóknaraðilar og dómarar eins og allir vita. Í dag er þetta orðið á þann veg að það eru komnir dómarar sem dæma í málum og framkvæmdarvaldið situr uppi með sín mál aftur á móti, þ.e. eftirlitsþáttinn. Hér þarf einnig að aðgreina það hver er með eftirlitsþáttinn og hver er með dómsþáttinn. Það er ekki í takt við nýju stjórnsýslulögin að ætla að hafa það á sömu hendi.

Ég vil að lokum geta þess að mér fannst það lofa góðu um þekkingu hæstv. ráðherra á menningu Breiðafjarðar hvað honum varð hugsað stíft til Sturlu Þórðarsonar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 447. mál, frv. IP o.fl., þskj. 660.

Umhverfisstefna og landkynning vegna ferðamála, 448. mál, fsp. ASv, þskj. 661.

Verndun nytjavatns, 449. mál, fsp. ASv, þskj. 662.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 302. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 490, nál. 589 og 592.

[18:07]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég sá að hæstv. forsrh. var í salnum rétt áðan og það sem ég ætlaði að segja á fyrst og fremst erindi til hans. — Þarna er hæstv. forsrh. kominn.

Ég ætla í þessum fáu orðum mínum ekki að ræða almennt um bráðabirgðalög eða setningu þeirra. Ég hef áður sagt að svo getur ástandið orðið alvarlegt að ríkisstjórn neyðist til þess vegna þjóðarhags að leysa mál með bráðabirgðalögum. Ég vildi hins vegar ræða um þau vinnubrögð sem höfð hafa verið við setningu þeirra bráðabirgðalaga sem hér eru til staðfestingar. Mér þykja þau satt að segja mjög ótrúleg.

Þegar í ríkisstjórn þeirri sem ég leiddi voru sett bráðabirgðalög á deilu háskólamenntaðra manna, ég held það hafi verið árið 1990, þá risu upp sjálfstæðismenn á þingi og höfðu um það hin hörðustu orð. Varð það til þess ásamt öðru að reglum um setningu bráðabirgðalaga var breytt þannig að þingið situr nú allan tímann og því miklu auðveldara að ná því saman. Þau voru mörg þung orðin sem féllu þá um, hvað eigum við að segja, þau ólýðræðislegu vinnubrögð sem fælust í setningu bráðabirgðalaga og reyndar hygg ég að flestir þeir sjálfstæðismenn sem þá tóku til máls hafi lýst því yfir að setning bráðabirgðalaga mætti aldrei tíðkast eins og íslenskt lýðræði og stjórnarskrá væri úr garði búin, sérstaklega eftir þá breytingu sem var þá gerð. Þó var við setningu bráðabirgðalaga í þeirri ríkisstjórn gætt ákveðinna grundvallaratriða, t.d. var talið sjálfsagt að ræða við alla þingmenn stjórnarflokkanna og ganga úr skugga um það að fylgi allra þingmanna stjórnarflokka væri við setningu bráðabirgðalaganna. Reyndar ákvað ég að kalla fulltrúa stjórnarandstöðunnar á fund og gerði það við setningu fyrrgreindra bráðabirgðalaga. Formenn þingflokka stjórnarandstöðunnar voru kvaddir á fund forsrh. og fjmrh. og við þá rætt og þeim gerð grein fyrir þessu. Það fór því ekkert á milli mála að leitað var ekki aðeins stuðnings stjórnarsinna heldur einnig stjórnarandstæðinga þó það fengist ekki.

Ég taldi þetta reyndar sjálfsögð vinnubrögð. Ég minnist þess úr fyrri ríkisstjórnum þegar miklir lögspekingar sátu, eins og dr. Gunnar Thoroddsen og Ólafur Jóhannesson, að þá sögðu þessir menn að það væri lágmarksskilyrði við setningu bráðabirgðalaga og ekki fært að fara með slík lög til forseta og biðja um samþykki hans nema unnt væri að tilkynna forseta að meiri hluti væri tryggður fyrir viðkomandi bráðabirgðalögum á þingi. Mér er fullkomlega ljóst að um þetta hefur verið deilt. En þessir báðir menn lýstu því að það ætti að ganga úr skugga um það að stjórnarsinnar og meiri hluti á þingi styddi setningu viðkomandi bráðabirgðalaga.

Þetta taldi ég einnig sjálfsagt og það vekur satt að segja furðu þegar maður heyrir að við setningu þeirra bráðabirgðalaga sem eru til umræðu mun, að mér er tjáð, hafa verið rætt við tvo þingmenn Sjálfstfl. auk ráðherranna. Og mig langar til að spyrja hvort þetta sé virkilega rétt. Er það virkilega rétt að alls ekki hafi verið leitað eftir því að meiri hluti væri á þingi fyrir þeim bráðabirgðalögum sem hér eru til umræðu? Ég spyr hvers vegna. Er gengið út frá því að þingmenn stjórnarinnar fylgi hverju því sem ríkisstjórnin kýs að gera? Það er vitanlega ekki mjög lýðræðislegt.

Þetta tel ég afar ámælisvert og taldi óhjákvæmilegt að koma þessu á framfæri og gera þar lítinn samanburð á því sem áður hefur tíðkast yfirleitt a.m.k. og í þeirri tíð í íslenskri ríkisstjórn sem ég þekki og er orðin nokkuð löng og þeim háttum sem nú eru upp teknir. Eins og ég sagði í upphafi þykir mér enn furðulegra að menn skuli leyfa sér slík vinnubrögð nú eftir öll stóru orðin sem féllu á Alþingi þegar bráðabirgðalögin um BHMR voru sett og þingtíðindi bera glöggt vitni um. Þau voru stór. Og það virtist slík hneykslan á sjálfstæðismönnum þá að það skyldu sett bráðabirgðalög þrátt fyrir að leitað hefði verið eftir öruggum stuðningi á þingi við setningu þeirra.

Hitt er svo líka vitanlega mikið umhugsunarmál að setja bráðabirgðalög átta eða níu dögum áður en þing á að koma saman, þing sem reyndar situr allan ársins hring og unnt er að kalla saman með 24 tíma fyrirvara leyfi ég mér að fullyrða. Svo væri vitanlega fróðlegt að ræða um ýmis efnisatriði þessara bráðabirgðalaga. Mér virðist að hæstv. ríkisstjórn hafi verið tekin algerlega í bólinu, ef ég má orða það svo, með þessari deilu sjómanna og útgerðarmanna um kvótabraskið, eins og það er nefnt sem þó var á allra vitorði að hlyti að leiða til þess að upp úr syði og það fyrr en síðar. Því miður hefur ekki enn tekist að finna lausn á þeirri deilu og ekki ljóst að hún finnist eins og nú standa mál á þingi og eins og þær hugmyndir sem fram hafa komið eru umdeildar. Það vekur satt að segja undrun að í öllu því starfi sem unnið var áður að mótun fiskveiðistefnu skuli þetta atriði ekki hafa verið rætt.

Eins og ég sagði áðan ætla ég ekki að fara út í efnisatriði þess máls. Til þess gefast önnur tækifæri. Ég ætla hins vegar bara að lýsa mjög þungri gagnrýni minni á þau vinnubrögð sem frammi eru höfð við setningu þessara bráðabirgðalaga þó mér detti ekki í hug að taka mér í munn þau þungu orð sem sjálfstæðismenn notuðu minn garð og hæstv. fjmrh. þegar bráðabirgðalögin á BHMR voru sett, en þau geta menn lesið í þingtíðindum.

[18:14]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það var dálítið merkilegt að hlusta á þessi orð og hreint alveg ótrúlegt að menn skuli treysta sér til að tala með þessum hætti. Varðandi bráðabirgðalögin sem sett voru á sínum tíma á BHMR, þá voru menn að setja lög á samninga sem þeir höfðu sjálfir gert. Það var ekki síst gagnrýnisatriði að menn voru að setja lög á samninga sem þeir höfðu sjálfir gert og talið algjöra tímamótasamninga, aldrei aðrir eins samningar verið gerðir og af slíkri sátt eins og þá. Menn muna eftir þessu.

Hv. þm. nefndi það að þess hefði jafnan verið gætt þegar hann sat í ríkisstjórn og leiddi mál að tryggja það að fyrir lægi meiri hluti þingmanna með máli áður en bráðabirgðalög voru sett. Þegar lög voru sett í tíð ríkisstjórnar dr. Gunnars Thoroddsens, þar sem hv. þm. leiddi stærsta flokkinn í þeirri stjórn, þá lá fyrir yfirlýsing stjórnarþingmanna og lá fyrir að það var ekki meiri hluti fyrir þeim bráðabirgðalögum 1982. Þá var eingöngu sagt: Við skulum sjá og láta á það reyna þegar fram líða stundir. En það lágu fyrir fram yfirlýsingar lykilþingmanna stjórnarliðsins þannig að það var ekki hægt að sýna fram á það þá að meiri hluti væri fyrir hendi varðandi þessi lög. Það væri fróðlegt að taka saman öll þau bráðabirgðalög og tilefni, smá og stór, sem hv. þm. stóð fyrir eða tók þátt í á sínum langa ráðherraferli. Þá kæmi sjálfsagt ýmislegt í ljós. En það hefur gerst í tíð þessarar ríkisstjórnar, sem var einmitt markmið með breytingu á stjórnarskrá, að bráðabirgðalögum hefur fækkað. En það er einmitt flokkur hv. þm. sem lagðist fastast gegn því að bráðabirgðalagaheimildin væri numin úr gildi. Ég man ekki betur, ég skal fletta því upp, en það hafi verið sett bráðabirgðalög á tímabilinu 1980–1983, þegar sumir voru formenn þingflokka, þar sem voru sett bannákvæði um hluti sem áttu að gerast í aprílmánuði. Þetta var gert á milli jóla og nýjárs. Þá hefði þing staðið í tvo mánuði áður en sá atburður átti að gerast sem bráðabirgðalögin tóku til.

Það er því með ólíkindum að fjalla um málið með þessum hætti og bregða yfir sig þessum helgisvip vegna þess að ef við förum yfir öll þau bráðabirgðalög sem hv. þm. hefur tekið þátt í sem ráðherra að setja, sem eru fjölmörg, þá mundu menn sjá að tilefni til þeirra hafa verið léttvæg og menn hefðu gjarnan getað komist hjá því. Menn hafa séð meira að segja að skömmu eftir að þing fór heim hafa verið sett lög um efni sem þingið treysti sér ekki til að afgreiða. Skömmu eftir að þing fór heim settu menn slík lög og ég væri tilbúinn til þess að fara annars vegar yfir feril minn við setningu bráðabirgðalaga og hv. þm. og á því er gríðarlegur munur.

[18:17]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig gefst ekki tími til þess að ræða hér um efnisatriði bráðabirgðalaganna í sambandi við BHMR. Ég veit að hæstv. forsrh. er vel kunnugt um að það var mjög viðkvæmt atriði sem um var deilt, samanburður á launum þeirra og annarra aðila í þjóðfélaginu, og ekki náðist samkomulag um og setið var yfir í lengri tíma. Þetta veit hæstv. forsrh. mætavel.

Ég get a.m.k. fullyrt að við setningu bráðabirgðalaga sem ég hef staðið fyrir sem forsrh. hefur ætíð verið leitað eftir því hvort meiri hluti væri fyrir þeim á þingi og það var líka gert í tíð Gunnars Thoroddsens þó að ég gerði það ekki þá. Ég hef þau orð frá Ólafi Jóhannessyni að hann teldi sjálfsagt að leita eftir slíku. Ég sagði hins vegar áðan að nokkuð væri deilt um hvort þetta atriði væri nauðsynlegt. En ég leyfi mér að fullyrða að aldrei nokkurn tíma hefur verið gengið svo skammt að þessu leyti að rætt hafi verið aðeins við tvo þingmenn viðkomandi stjórnarflokks og reyndar svaraði hæstv. forsrh. því ekki hvort það sé rétt að hann hafi eingöngu rætt við tvo þingmenn Sjálfstfl. auk ráðherranna. Það þætti mér satt að segja afar fróðlegt að heyra. Ég vísa því hér með algerlega á bug sem hæstv. forsrh. var að segja.

Hins vegar er rétt að við vorum á móti því að afnema bráðabirgðalagaheimildina, enda hef ég hvað eftir annað sagt að ég telji hana nauðsynlega í ýtrustu tilfellum og ég hef aldrei mótmælt því að bráðabirgðalög megi setja. Ég vil hafa þau ákvæði stjórnarskrárinnar, var á móti því að nema þau úr gildi og ég held að hæstv. forsrh. ætti að þakka okkur framsóknarmönnum fyrir að hafa ekki fallist á það að nema þau úr gildi því að hann hefur sett tvenn bráðabirgðalög í sinni tíð og a.m.k. þau fyrri að margra mati algerlega óþörf.

[18:19]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vakti athygli á því að þegar bráðabirgðalög voru sett sem hv. þm. stóð að lágu fyrir yfirlýsingar af hálfu einstakra stjórnarþingmanna sem dugðu til þess að stjórnin hafði ekki meiri hluta fyrir málinu. Það kom reyndar á daginn mörgum mánuðum síðar, því að þá höfðu menn marga mánuði en því hefur nú verið breytt, að stjórnarandstaðan hljóp undir bagga í þeim efnum. En það hefur hins vegar gerst við þessa smávægilegu breytingu, sem hefur ekki haft í raun áhrif á það að þing situr, að viljinn hefur verið virtur og núverandi ríkisstjórn hefur sett fá bráðabirgðalög og eingöngu þegar mikilvæg tilefni hafa risið. En ég get farið yfir fjölda tilefna og get gjarnan undirbúið mig undir það og tekið það með mér fyrir 3. umr. málsins, þar sem af litlu tilefni og reyndar skömmu eftir að þing fór heim hafi menn sett bráðabirgðalög um efni sem þeir gátu ekki klárað í þinginu sjálfu. Og það er ekki vansalaust að gera það með þeim hætti því það má segja að nánast liggi fyrir vilji þingsins að setja ekki lög og það er beðið eftir að þingið fari heim og þá eru bráðabirgðalögin sett. Það er a.m.k. afskaplega hæpið svo ekki sé meira sagt.

[18:20]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir — já, eins og ég heyri hér úr sal, ótrúlegt að forsrh. skuli stíga tvisvar í pontu og ekki svara þessari spurningu minni við hve marga þingmenn Sjálfstfl. hann ræddi. Ég lýsti því áðan að ég hafði þá reglu að ræða við alla þingmenn sem studdu ríkisstjórn. Ég lýsti því líka áðan að ég ræddi ekki við alla þá þingmenn sem studdu ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen, ég ræddi við þingmenn úr mínum flokki þá og tryggði þeirra stuðning og ég man ekki betur, ég þori ekki að fullyrða það, en að Gunnar Thoroddsen heitinn teldi að hann hefði meirihlutastuðning á þingi. Ég man það vel að hann taldi afar mikilvægt að leita eftir slíkum stuðningi og sá maður var, eins og allir vita, mjög lögfróður og allir meta mikils hans álit að þessu leyti. Þetta sagði ég áðan. Ég þori ekki að svara

því hvernig hann leitaði eftir þeim stuðningi eða hvernig hann tryggði hann.

En mér þykir það hreint og beint ótrúlegt að hæstv. forsrh. skuli ekki svara þessari spurningu og ég endurtek það: Ég tel að ef setja á bráðabirgðalög, þá eigi að ræða við alla stuðningsmenn viðkomandi ríkisstjórnar og ég tel það a.m.k. skynsamlegt að kynna slík bráðabirgðalög fyrir stjórnarandstöðunni einnig. Ég tel þann hátt sem var upp tekinn að mörgu leyti til fyrirmyndar og eigi að halda áfram, en mér þykir satt að segja illt að sú regla skuli hafa verið felld niður.

[18:22]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við 1. umr. þessa máls upplýsti hæstv. sjútvrh. það að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefði eingöngu rætt við tvo þingmenn í Sjálfstfl. fyrir utan ráðherrana um setningu þessara bráðabirgðalaga, hv. þm. Matthías Bjarnason og hv. þm. Geir H. Haarde. Við fulltrúar allra þingflokka stjórnarandstöðunnar reyndum að óska eftir því við þáverandi sitjandi forseta þingsins að beðið yrði með lok 1. umr. til þess að hægt yrði að fá svör hæstv. forsrh. við því hvernig hann ver þá aðferð að tala eingöngu við tvo þingmenn Sjálfstfl. og hvort lýsing hæstv. sjútvrh. væri rétt eður ei þótt við teldum í sjálfu sér ekki ástæðu til þess að vefengja hana hér í salnum. Þessari ítrekuðu ósk þriggja stjórnarandstöðuþingflokka þingflokka var neitað og ég lýsti því yfir þá að ég teldi það vera eindæmi að ósk þriggja þingflokka um frestun á 1. umr. máls væri neitað.

Nú er hins vegar að koma í ljós skýring á því hvers vegna þáverandi sitjandi forseti, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, var í þetta miklum vanda. Vandinn var sá að hæstv. forsrh. vildi ekki svara spurningunni eins og hér hefur verið staðfest í dag. Ég hygg að það sé líka einsdæmi að þegar hér stendur upp í þingsalnum sá þingmaður sem mesta reynslu hefur í embætti forsrh. og spyr sitjandi forsrh. hvort það sé rétt að hæstv. forsrh. hafi eingöngu rætt við tvo þingmenn Sjálfstfl., þá kýs hæstv. núv. forsrh. að svara ekki þessari spurningu fyrrv. forsrh. Steingríms Hermannssonar. Spurningin er ítrekuð í annað sinn og hæstv. forsrh. svarar henni ekki. Og spurningin er ítrekuð í þriðja sinn og hæstv. forsrh. svarar henni ekki. Hvers vegna er það svona viðkvæmt mál fyrir hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að svara þessari spurningu?

Það liggur í augum uppi. Ástæðan er sú að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson veit það að vinnubrögð hans við setningu þessara bráðabirgðalaga voru með slíkum hætti að það er ekki hægt að verja þau, enda treystir hann sér ekki til þess. Það sem hann greip til hér sem svar við ræðu hv. þm. Steingríms Hermannssonar, fyrrv. forsrh., var að ráðast á Gunnar heitinn Thoroddsen, fyrrv. forsrh. og varaformann Sjálfstfl. Því það dæmi sem hæstv. forsrh. hélt sér aðallega við frá ríkisstjórninni 1980–1983 var dæmið sem fól í sér hvort þáv. forsrh. Gunnar Thoroddsen hefði tryggt stuðning þingmanna utan við þingflokk Framsfl. og Alþb. Ásakanirnar sem voru fluttar þá á Gunnar Thoroddsen voru ekki um að það hefði ekki legið fyrir stuðningur frá þingmönnum framsóknarmanna eða stuðningur frá þingmönnum Alþb. heldur spurningin um hvort einhverjir af þingmönnum Sjálfstfl. styddu bráðabirgðalögin.

Það er satt að segja svo sérkennilegt og reyndar út úr öllu korti að hæstv. forsrh. skuli hér ráðast á Gunnar heitinn Thoroddsen fyrir framgöngu hans við setningu þessara bráðabirgðalaga sem svar við spurningu hv. þm. Steingríms Hermannssonar. Þannig að ljóst er, eins og hver maður gat séð í salnum, að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson er mjög viðkvæmur fyrir þessu máli. Ríkisstjórnin er mjög viðkvæm fyrir þessu máli. Embætti forseta þingsins er viðkvæmt fyrir þessu máli vegna þess að embætti forseta þingsins kom í veg fyrir það að þingið gæti spurt forsrh. við 1. umr. málsins: Með hvaða hætti var unnið að setningu bráðabirgðalaganna?

Þrátt fyrir það að hv. þm. Steingrímur Hermannsson, sem lengsta reynslu á í þessum sal í embætti forsrh., óskaði eftir svari við spurningu sem þingið á heimtingu á að fá svar við og sú spurning er ítrekuð þrisvar sinnum, þá kemur hæstv. forsrh. hér upp með stráksskap og dylgjur og árásir en svarar engu því sem hann er spurður um.

Þess vegna skal í fjórða sinn hér í dag, hæstv. forsrh. Davíð Oddsson, spurt að því: Er það rétt sem hæstv. sjútvrh. sagði við 1. umr. að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefði eingöngu rætt við tvo þingmenn Sjálfstfl. fyrir utan ráðherrahópinn áður en þessi bráðabirgðalög voru sett? (**Gripið fram í:** Hvað sagði Geir Haarde?) Hv. þm. Geir Haarde staðfesti með sinni ræðu að lýsing hæstv. sjútvrh. væri rétt.

Enn sem komið er hefur ekkert komið fram í þingsalnum annað en þessi lýsing. Þess vegna er spurt í öðru lagi: Hvernig ver hæstv. forsrh. það að ræða eingöngu við tvo þingmenn Sjálfstfl. um setningu þessara bráðabirgðalaga? Hver eru rökin, hæstv. forsrh., fyrir að tala bara við tvo? Það er mjög mikilvægt að þau rök komi hér fram vegna þess að bráðabirgðalagavaldið í íslensku stjórnskipuninni er með þeim hætti að það er hægt að misfara með það vald á þann veg að það misbjóði eðli þingræðisins og grundvallarreglum okkar stjórnskipunar. Ástæður þess eru margar. Ein er sú að sú hefð hefur skapast að Alþingi sitji ekki á fundum marga mánuði á ári og þess vegna er fullkomlega gerlegt fyrir ríkisstjórn að setja bráðabirgðalög sem efnislega taka eingöngu til þeirra mánaða sem þingið situr ekki og er í reynd efnislega ekki lengur virk þegar þingið kemur saman þannig að spurningin um raunverulegan stuðning við það sem gert var á þeim tíma komi í raun og veru aldrei til greina.

Það er líka alveg ljóst að eðli umræðunnar í þinginu hefur verið á þann veg og í þjóðfélaginu að menn yrðu að gæta sín á setningu bráðabirgðalaga. Og ýmsir hafa talað fyrir því að það vald væri algerlega afnumið. Engu að síður hafa mér vitanlega allir þeir forustumenn í stjórnmálaflokkum sem setið hafa í ríkisstjórn á undanförnum árum og jafnvel áratugum talið það skyldu sína áður en gengið væri til forseta lýð-

veldisins með bráðabirgðalög að gera sitt ýtrasta til að ganga úr skugga um að þingmeirihluti væri fyrir lögunum með því að spyrja þá þingmenn sem á bak við ríkisstjórnina voru. Það hafi að vísu komið tilvik eitt og eitt þegar þingmenn hafi verið í útlöndum og erfitt að ná í þá, að ekki hafi tekist að ná í þá, en ávallt hefur verið reynt að leita eftir viðræðum við alla þá þingmenn sem tilheyra stuðningsliði ríkisstjórnarinnar.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson upplýsti það hér við 1. umr. að Alþfl. hefði við setningu þessara bráðabirgðalaga fylgt þessari venju. Af hálfu ráðherra Alþfl. hefði verið rætt við alla þingmenn Alþfl. til að ganga úr skugga um það að þeir styddu bráðabirgðalögin. Það er venjan sem fylgt hefur verið. Hv. þm. Steingrímur Hermannsson lýst því einnig hér að meðan hann sat í ríkisstjórn sem ráðherra Framsfl. og forsrh. lengst af þeim tíma hefði ávallt verið fylgt þeirri reglu að leita eftir samþykki þingmanna Framsfl. hvers og eins við lögunum. Ég get lýst því hér yfir að þann tíma sem ég þekki til innan Alþb. hvað snertir ríkisstjórnir frá 1978 hefur ávallt verið fylgt þeirri reglu að leita eftir samþykki allra þeirra þingmanna sem unnt var með ítrekuðum tilraunum að ná til áður en lögin voru sett. Þetta er eðlileg hefð. Hún er sjálfsögð vegna þess að ríkisstjórnin sem slík hefur ekki eðli lagasetningarvaldsins hjá sér. Hún verður að byggja á vilja meiri hluta þingsins.

Nú er það hins vegar upplýst að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson á sínum stutta ferli er farinn að taka upp nýja siði. Sá siður er fólginn í því að ræða eingöngu við formann síns eigin þingflokks og formann þeirrar nefndar sem málið kann að heyra undir. Allir aðrir þingmenn Sjálfstfl. sem eru reyndar um þriðjungur þingsins voru ekki spurðir. (**Gripið fram í:** Hvað sagði formaður sjútvn.?) Nú er það þar að auki komið í ljós að þeir þingmenn Sjálfstfl. aðrir sem sátu í sjútvn. og hér töluðu við 1. umr. fóru gagnrýnum orðum um þessa lagasetningu. Og þar að auki er nú komið í ljós að það eru ekki allir fulltrúar Sjálfstfl. í sjútvn. sem treysta sér til að mæla með því að þessi bráðabirgðalög verði samþykkt þannig að hæstv. forsrh. stendur frammi fyrir því á þessum degi að í þeim fámenna hópi, mig minnir að þeir séu fjórir þingmenn Sjálfstfl. í sjútvn., er einn þeirra sem ekki treystir sér til þess að mæla með því að bráðabirgðalögin séu samþykkt. Sjálfstfl. hefur þannig klofnað í nefndinni í þessu máli einn þingflokka. Það rennir auðvitað enn frekari stoðum undir það hve þau vinnubrögð hæstv. forsrh. að ræða bara við tvo þingmenn í þingflokki Sjálfstfl. eru fáheyrð og óverjanleg því það er þegar komið í ljós hér í þinginu að ágreiningurinn um þetta mál er fyrst og fremst innan Sjálfstfl.

Ég veit að ég þarf ekki að lýsa því fyrir þingmönnum hvaða hættur felast í því að sú venja væri hér fest í sessi að formenn stjórnmálaflokka sem sætu í ríkisstjórn gætu leyft sér það að ræða eingöngu við formann síns þingflokks og einn fulltrúa í viðkomandi þingnefnd áður en bráðabirgðalög væru sett. Það er auðvitað venja sem mundi leiða þingræði á Íslandi í slíkar ógöngur að það þarf ekki að lýsa því og þess vegna er mjög mikilvægt vegna framhaldsins, vegna þingræðisins, vegna stjórnskipunarinnar að það komi alveg skýrt fram við þessa umræðu að menn ætli ekki að beita þessum aðferðum aftur, menn viðurkenni það að þetta hafi verið óeðlileg aðferð sem megi alls ekki verða fordæmi.

Mig minnir að ég hafi sagt það við 1. umr. að það væri æskilegt að hæstv. forsrh. kæmi til þingsins og lýsti því yfir að þótt hann hefði beitt þessari aðferð þá hefði það verið gert nánast í nauðvörn og tímaþröng og hann sjálfur hefði frumkvæði að því að telja hana ekki góða. Það hefur hæstv. forsrh. ekki kosið. Hann hefur þvert á móti hlaupið í það skjól að þora ekki að svara. Svo erfitt er málið fyrir hæstv. forsrh. Það þýðir ekkert að sitja hér í forsætisráðherrastólnum og hrista hausinn, hæstv. forsrh., vegna þess að bæði þingtíðindin og við sem erum hér í salnum urðum vitni að því að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson þorði ekki að svara þessari einföldu spurningu fyrrv. forsrh. Steingríms Hermannssonar þótt hún væri þríendurtekin hér í salnum. Vonandi vex ráðherranum kjarkurinn eftir því sem lengra líður á umræðurnar þannig að þingið fái svar við því með hvaða hætti hæstv. forsrh. stóð að setningu þessara bráðabirgðalaga.

Ég skal svo geta þess hér meira fyrir sagnfræðina heldur en þessa umræðu vegna þess að mér finnst umræðan um þátt Gunnars heitins Thoroddsens um setningu bráðabirgðalaga sem hæstv. forsrh. hafði frumkvæði að því að innleiða satt að segja svo ósmekkleg að það tekur því ekki að halda henni áfram. En ég vil engu að síður láta það koma fram vegna þess að ég ræddi við þáv. forsrh. Gunnar Thoroddsen, að mér var fullkunnugt um það að hann hafði rætt við nægilega marga þingmenn Sjálfstfl. til að vita það að fyrir bráðabirgðalögunum var meiri hluti. Í þeim hópi var einn þingmaður Sjálfstfl. sem ekki tilheyrði þeim hópi sem studdi ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens í upphafi. Þótt því hafi verið haldið fram í orrahríð Sjálfstfl. á þeim tíma af Gunnari Thoroddsen að vegna þess að ekki voru allir af hinum upphaflegu stuðningsmönnum sem fylgdu honum í þessu máli væri lýsingin við forseta lýðveldisins hæpin ef ekki röng þá er mér kunnugt um frá þátttöku í atburðum á þeim tíma að hann átti viðræður við annan þingmann Sjálfstfl. sem tilheyrði þeim hluta sem hafði verið á móti myndun ríkisstjórnarinnar sem hafði heitið því að sitja hjá við umræðuna þannig að ég segi það hér með góðri samvisku og traustu minni að Gunnar Thoroddsen, hæstv. fyrrv. forsrh., hafði meiri hluta fyrir þeim bráðabirgðalögum þegar þau voru sett.

Þegar Ólafur G. Einarsson, núv. hæstv. menntmrh., mælti fyrir samkomulagi þingflokka um ný stjórnskipunarlög í febrúarmánuði 1991 þá lýsti hann því að samkomulag hefði orðið um að gera nokkra breytingu á setningu bráðabirgðalaga. Og hann tengdi þá breytingu annarri tillögu sem einnig var samþykkt um breyttan starfstíma þingsins. Þar með var verið að innleiða þann skilning að fyrst þingið sat allt árið ætti það að vera meginreglan að kalla þing saman til lagasetningar. Nú er það alveg rétt að hæstv. forsrh. hefur beitt

sér fyrir setningu tveggja bráðabirgðalaga. Í hvorugt skiptið hefur hann kallað þingið saman. En hann hefur að vísu lýst því yfir varðandi fyrra skiptið að honum hafi þar orðið á mistök og það ber að virða það. Hann hefur lýst því yfir að hann væri nú orðinn þeirrar skoðunar að hann hefði átt að kalla þingið saman. Það kann einnig að verða í þessu tilviki að það komi að því að hæstv. forsrh. lýsi því yfir að honum hafi einnig orðið á mistök í þessum efnum, ekki bara í því að kalla þingið ekki saman, heldur líka í því að ræða bara við tvo þingmenn Sjálfstfl.

Þetta frv. sem hér er rætt og bráðabirgðalögin voru á margan hátt sérkennileg. Þau voru sérkennileg vegna þess að 1. gr. bráðabirgðalaganna fjallar um það að það eigi að skipa nefnd, sjútvrh. eigi að skipa nefnd og hún eigi að skila niðurstöðu fyrir 1. febr. Í ummælum ráðherra eftir setningu bráðabirgðalaganna kom fram að ríkisstjórnin hefði með þessari grein nánast skuldbundið sig til þess að tryggja með lagasetningu á Alþingi og það væri samhengið við bráðabirgðalögin að gagnrýni sjómanna á þátttöku þeirra í kvótakaupum yrði svarað með lagasetningu sem kæmi í veg fyrir þátttöku sjómanna við og í kvótakaupum. Nú blasir það hins vegar við við 2. umr. þessa máls að ríkisstjórninni hefur ekki tekist að standa við þetta fyrirheit og þess vegna þarf hæstv. forsrh. einnig að standa skil á því hér í umræðunni hvernig stendur á því að ríkisstjórnin hefur ekki staðið við það fyrirheit sem er bakgrunnur 1. efnisgreinar þessa frv.

Virðulegi forseti. Ég hef hér ítrekað þær spurningar sem hv. þm. Steingrímur Hermannsson bar fram til hæstv. forsrh. Ég vil eindregið vara við því að þau vinnubrögð sem hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur viðhaft við setningu þessara bráðabirgðalaga festist í sessi. Það er nýjung í íslenskri stjórnskipun. Hún má á engan hátt verða fordæmi og það er mjög mikilvægt að hæstv. forsrh. lýsi því yfir við þessa umræðu að svo verði ekki. Ef hæstv. forsrh. gerir það ekki, ef hann tekur ekki af skarið með það að þessi vinnubrögð megi ekki verða fordæmi þá er hann að innleiða skref fyrir skref þá hefð að ráðherrar geti gengið til forseta lýðveldisins hafandi eingöngu í tveggja flokka ríkisstjórnum rætt við fjóra þingmenn utan við ráðherrahópinn og óskað eftir því að forsetinn skrifi upp á bráðabirgðalög á þeim grundvelli. Það sér það auðvitað hver einasti þingmaður að slíkt getur ekki gengið.

Það kom fram hjá hæstv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni að hæstv. forsrh. hefði greint forseta frá því að ríkisstjórnin hefði ástæðu til að ætla að ríkisstjórnin hefði meiri hluta fyrir lögunum. Ég spyr hæstv. forsrh. Davíð Oddsson: Með hvaða rökum og á grundvelli hvaða upplýsinga hafði hann ástæðu til að ætla að meiri hluti væri fyrir lögunum? Forsrh. sem fullyrðir slíkt við forseta lýðveldisins getur ekki gert það á grundvelli einhverra spekúlasjóna. Hann getur ekki gert það á grundvelli þess að formaður þingflokksins meti það nú þannig að jú, líklegast yrðu þessi lög samþykkt. Hann getur ekki gert það nema hann hafi staðfesta vitneskju um vilja tiltekinna nafngreindra þingmanna. Satt að segja er það þannig ef lögð er saman yfirlýsing hæstv. sjútvrh. og framganga hæstv. forsrh. hér í þingsalnum í dag að í raun og veru er forusta Sjálfstfl. að viðurkenna það að setning þessara bráðabirgðalaga hafi verið óverjanleg og ég ætla að vona að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sjái það nú að það var ærin ástæða til þess að þrír þingflokkar óskuðu eftir því við 1. umr. málsins að fá að ræða við hæstv. forsrh. Loksins þegar við fáum tækifæri til þess, þá voru viðbrögð hæstv. forsrh. þau í fyrsta lagi að vera með skæting í garð manna sem eru horfnir af vettvangi stjórnmálanna, í öðru lagi að svara engu því sem hann er spurður um og í þriðja lagi að flýja salinn. Það er kannski skynsamlegast fyrir hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að flýja bara þingsalinn sem mest. Það er greinilegt að hann á ýmislegt ólært varðandi grundvallareðli þingræðislegrar og lýðræðislegrar stjórnskipunar.

[18:46]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef áður skýrt frá því að það vakti sannarlega athygli mína að þegar bráðabirgðalögin voru til umfjöllunar í nefnd, hv. sjútvn., þá var ekki á það minnst hvernig staðið var að útgáfu bráðabirgðalaganna. Miðað við þær umræður sem fóru fram í þinginu, hér á hinu háa Alþingi og stóðu svo klukkutímum skiptir, þá hefði mátt búast við því að á þetta hefði verið minnst í umfjöllun hv. sjútvn. um málið. Ég skýrði einnig frá því að ráðuneytisstjórinn í sjútvrn. og ráðuneytisstjórinn í forsrn. komu báðir fyrir nefndina og þeir voru ekki spurðir um það sem var meginefni umræðunnar hér við 1. umr., hvernig að útgáfu bráðabirgðalaganna var staðið. Það var því engin alvara sem stóð að baki þeirri umræðu og ég efast svo sannarlega um að það sé einu sinni alvara á bak við þá umræðu sem hér fer fram núna.

Í sambandi við þá ákvörðun mína á forsetastóli að fresta ekki fundi þangað til hæstv. forsrh. kæmi til landsins þá hef ég enn betur sannfærst um það nú að sú ákvörðun var rétt svo ekki sé tekið tillit til þess að ef ég hefði tekið á ákvörðun að fresta fundi, þá væri ég að taka undir pólitíska skoðun sem hér er ríkjandi í þinginu og þar með misbeita valdi forsetans við fundarstjórn. Ég stend ekki þannig að þingstjórn á hinu háa Alþingi.

[18:48]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú líklegast vonlaust að útskýra það fyrir hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni að sá þáttur málsins sem snýr að hæstv. forsrh. og hér hefur verið ræddur í dag er umræðuefni fyrir þingsalinn. Það er umræðuefni fyrir hinn opinbera vettvang þingsins þar sem forsrh. situr fyrir svörum með formlegum hætti. Það er ekki verkefni fyrir lokaða þingnefnd og síst af öllu verkefni til viðræðna við embættismenn. Ábyrgðinni á því sem gerst hefur við setningu þessara bráðabirgðalaga verður ekki vísað neitt annað en á hæstv. forsrh.

Ég ætla í sjálfu sér ekki að reyna enn einu sinni að skýra það út fyrir hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni en ef hann skilur það ekki að ábyrgðinni á því sem hér hefur verið rætt í dag er ekki hægt að vísa á neinn ann-

an en hæstv. forsrh. sjálfan þá skilur hann í raun og veru ekki það grundvallaratriði lýðræðislegrar og þingræðislegrar stjórnskipunar sem við höfum verið hér að ræða um.

Það að fresta ekki fundinum ætla ég heldur ekki að ræða við hv. þm. en ég bið hann að hugleiða og upplýsa mig þá um það einhvern tíma síðar hvort hann man eitthvert fordæmi fyrir því að ósk þriggja þingflokka um frestun umræðu við 1. umr. máls hafi ekki verið sinnt. Hann talar hér um pólitíska afstöðu forsetans. Það er enginn að biðja forsetann um pólitíska afstöðu þegar hann verður við óskum þingflokka. Það er bara form.

Hitt er hins vegar ljóst að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur í dag og þar til annað kemur fram staðfest það að hann treystir sér ekki til að verja setningu þessara bráðabirgðalaga. Það er auðvitað það merkilega sem fram hefur komið og segir kannski sú þögn hæstv. forsrh. meira um þau vinnubrögð en margar ræður.

[18:50]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Einu sinni var sú tíð að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og ég ásamt mörgum fleiri stóðum saman að því með ákveðnum málflutningi að það ætti að efla starf þingnefndanna í þinginu og mér er það afar minnisstætt að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gekk lengst fram í því að þingnefndirnar ættu að starfa sem eins konar rannsóknarnefndir og taka til umfjöllunar ýmiss konar álitamál, sérstaklega þau er snertu grundvallaratriði í stjórnsýslunni. Það kemur mér afar mikið á óvart að nú skuli sami hv. þm., Ólafur Ragnar Grímsson, koma hér fram og tala um að það sé ekki lengur verkefni fyrir þingnefndir að skoða gaumgæfilega mál og ásakanir sem hér koma fram í þingsölum sem hann sjálfur ber fram og eru aldeilis alvarlegar ásakanir, að slíkar ásakanir séu ekki verkefni til umfjöllunar í þingnefndum. Hér verða kaflaskipti, ég segi nú ekki meira. Hér verða aldeilis pólitísk kaflaskipti. Það er nú kominn tími til að hv. þm. mundi upplýsa okkur um þessi skoðanaskipti vegna þess að hér erum við að snerta á sjálfum grundvallaratriðunum í þingræðinu, í stjórnskipuninni, þegar það er ekki lengur verkefni þingnefnda að kanna og skoða og rannsaka svo alvarlegar ásakanir eins og hann sjálfur hefur borið hér fram.

[18:52]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vörn hv. þm. í þessu máli er svo sérkennilega að það tekur því varla að vera að elta ólar við það. Auðvitað er það rétt að fyrir allmörgum árum síðan fórum ég og ýmsir fleiri í þann leiðangur að reyna að fá þingið til að fallast á breytingar lögum og þingsköpum á þann veg að ákveðinn hluti af hinni opinberu umfjöllun þingsins yrði flutt í þingnefndirnar. Þingfundirnir yrðu opnir, allt þar sem þar væri sagt væri skráð, fjölmiðlarnir hefðu að þeim aðgang þannig að þingnefndirnar væru endurspeglun af þeim lögmálum umræðunnar sem gilda í þingsalnum. Þessar tillögur náðu ekki fram að ganga, hv. þm., þær voru einfaldlega ekki samþykktar. Þess vegna eru þingnefndirnar í dag í störfum sínum jafnlokaður og óformlegur vettvangur samráðs og samspjalls og þær hafa verið áratugum saman og engin skrá haldin þar af neinum um það sem fram kemur. (**GunnS:** Og engin breyting 1991.) Sú breyting var gerð 1991 að menn gátu ef þeir vildu fjalla um mál fyrir opnum tjöldum, sú heimild hefur enn ekki verið notuð. Ég benti að vísu núv. hæstv. forseta á það að skynsamlegt væri að halda innréttingunni í efrideildarsalnum og hafa þar vettvang fyrir slíka opna nefndarfundi vegna þess að húsakostur þingsins hindrar slíkt en það var ekki orðið við þeirri tillögu. Staðreyndin er hins vegar sú að hv. þm. treystir sér ekki til þess að nefna neitt fordæmi um það að ósk þriggja þingflokka um að fresta máli við 1. umr. hafi verið neitað. Það er kjarni málsins hv. þm.

[18:54]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég hygg að það séu fá dæmi um það að tveir hv. þingmenn hafi samtímis og á jafnskömmum tíma vaðið jafnmikinn reyk í lagatúlkunum til þess að reyna að koma pólitísku höggi á andstæðinga sína eins og þeir hafa gert hér, hv. 7. þm. Reykn. og hv. 8. þm. Reykn. Svo vill til að báðir þessir hv. þm. eru ekki óbreyttir þingmenn því þeir eru formenn tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna og eru þar að auki ekki að tala um almenn lög eða túlkun á almennum lögum heldur túlkun á stjórnarskrá landsins.

Hér er um nokkuð óvenjulega uppákomu að ræða og ég held að ég hafi ekki í annan tíma heyrt jafnfátækleg og haldlaus rök með lagalegum túlkunum eins og í þessu tilviki. Það kemur hvergi fram í stjórnskipunarlögum landsins og hvergi í fræðiritum um stjórnskipunarrétt að það sé áskilið að bráðabirgðalöggjafinn kanni fyrir fram og tryggi fyrir fram að meiri hluti sé fyrir bráðabirgðalögum í þinginu. Það kann vel að vera að ýmsum þyki það vera góð vinnuregla en góð vinnuregla að mati einhverra á ekkert skylt við stjórnskipunarrétt sem hér er notaður sem uppistaða í gagnrýni og órökstuddum ásökum. Það liggur alveg ljóst fyrir og því hefur í raun og veru ekkert verið mótmælt að það er ekki skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga að gera slíka könnun. Þvert á móti leiðir það af eðli máls að bráðabirgðalög eru þess eðlis að stjórnarskráin gerir ráð fyrir því að ríkisstjórn á hverjum tíma hafi möguleika á því að setja lög án þess að kalla Alþingi saman og um leið án þess að fyrir fram sé vitað hvort á Alþingi sé meiri hluti fyrir þeim. Það liggur í eðli bráðabirgðalaganna. Það kemur líka skýrt fram í ákvæðum stjórnarskrárinnar um það að bráðabirgðalögin eru þeirrar náttúru að þau falla sjálfkrafa úr gildi innan ákveðins tíma ef Alþingi hefur ekki tekið afstöðu til þeirra sem sýnir auðvitað með öðru að stjórnarskráin gerir ekki ráð fyrir því að fyrir fram sé tryggt að meiri hluti sé á Alþingi.

Þetta kemur líka í ljós þegar menn skoða málið og fara ekki aðeins undir yfirborðið heldur líta á hlutina í breiðu samhengi. Það er öllum ljóst og aldrei hefur því verið mótmælt að minnihlutastjórn getur sett bráða-

birgðalög og ekki hefur hún tök á því að tryggja fyrir fram að fyrir hendi sé þingmeirihluti. Og það er meira að segja alveg ljóst að utanþingsstjórn getur sett bráðabirgðalög og stjórnarskráin takmarkar það ekki á nokkurn hátt. Allur málatilbúnaður þessara tveggja hv. þingmanna á því ekkert skylt við stjórnskipunarrétt eða túlkun á stjórnskipunarlögum. Hér er einvörðungu um að ræða pólitíska útúrsnúninga sem verið er að reyna að setja í búning stjórnskipunarréttar eða túlkunar á stjórnskipunarlögum. Og allt þetta upphlaup fellur því um sjálft sig. (**JÁ:** Þetta er allt í fína lagi bara?)

Það kemur enn betur í ljós þegar menn skoða með hvaða hætti þessar ásakanir eru bornar fram á ríkisstjórnina. Hér hafa þessir tveir hv. þingmenn, formenn tveggja stærstu stjórnarandstöðuflokkanna, borið þungar ásakanir á hæstv. forsrh. Ef þessir tveir hv. þingmenn tryðu því sjálfir að þeir væru að byggja gagnrýni sína á rökstuddum túlkunum á stjórnskipunarrétti þá hefðu þeir auðvitað ekki borið gagnrýnina fram með þessum hætti vegna þess að sá ráðherra sem ber ábyrgð stjórnskipulega á útgáfu laganna, leggur þau fyrir forseta Íslands og ber ábyrgð á þeim gagnvart Alþingi, er sá sem undirritar lögin með forseta Íslands. Ef þessir tveir hv. þingmenn hefðu á stjórnskipulegum grundvelli ætlað að bera fram gagnrýni á ríkisstjórnina eða einstaka ráðherra þá hefðu þeir beint gagnrýni sinni gegn þeim ráðherra sem á stjórnskipulegan hátt ber ábyrgð gagnvart þinginu á lögunum. En það gerðu þeir ekki. Með því eru þeir auðvitað að viðurkenna að grundvöllur þessarar gagnrýni eru pólitískir útúrsnúningar en ekki túlkun á stjórnskipunarrétti á nokkurn einasta máta. Að öllu þessu athuguðu er alveg ljóst að þessi gagnrýni og þetta upphlaup hefur ekki við nein stjórnskipunarlög að styðjast og færi miklu betur á því að þessir tveir hv. þingmenn viðurkenndu þetta.

[19:00]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg greinilegt að hæstv. sjútvrh. hefur verið skammaður mjög rækilega fyrir það að segja frá því hvernig staðið var að setningu þessara bráðabirgðalaga og hann er hér að reyna að vinna sig á ný í álit fyrir að hafa orðið það á að upplýsa þingið um það með hvaða fáheyrðu vinnubrögðum hæstv. forsrh. Davíð Oddsson stóð að setningu þessara bráðabirgðalaga. Hæstv. sjútvrh. segir að við hefðum átt að beina orðum okkar til hans. Það var hann sjálfur sem upplýsti það í þinginu 25. jan. að það hefði verið forsrh. sem ræddi við forseta Íslands þannig að það eru orð hæstv. sjútvrh. sem leiða okkur til þess að beina þessum spurningum til hæstv. forsrh.

Hvernig í ósköpunum eigum við að fara að ræða við hæstv. sjútvrh. um þessar fullyrðingar gagnvart forseta lýðveldisins þegar hann sjálfur að eigin frumkvæði kom því á framfæri við þingið að það hefði ekki verið hann sem kom þessum upplýsingum á framfæri við forseta lýðveldisins, heldur hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Hvaða fullyrðingar við forseta lýðveldisins?) Það stendur hér hjá hæstv. sjútvrh., það er greinilegt að hæstv. forsrh. er orðinn svo órór undir þessu að þó hann geti ekki setið í salnum og svarað fyrirspurnum þá getur hann samt kallað fram í. Hæstv. sjútvrh. sagði, með leyfi hæstv. forseta: „Hæstv. forsrh. mun hafa greint forseta Íslands frá því að ríkisstjórnin hefði ástæðu til að ætla að ríkisstjórnin hefði meiri hluta fyrir lögunum.“ Síðan var hæstv. sjútvrh. búinn að upplýsa það að hæstv. forsrh. hefði bara talað við tvo þingmenn. Þess vegna höfum við spurt, bæði í janúar og aftur í dag, hvernig réttlætir hæstv. forsrh. það að ræða bara við tvo þingmenn og á hvaða rökum byggði hann þessa fullyrðingu sína að „hafa ástæðu til að ætla“ sem er hið óbreytta orðalag hæstv. sjútvrh.

En hitt vekur svo athygli að hvorki í ræðum sínum í janúar né í dag reynir hæstv. sjútvrh. með einu orði að verja aðferð hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar að ræða bara við tvo þingmenn. Hann flytur stjórnskipunarteoríu (**Gripið fram í:** Sem er ansi góð.) en hefur aldrei treyst sér til að lýsa því yfir að hann telji þetta góðan sið sem hæstv. forsrh. tók upp við setningu þessara bráðabirgðalaga.

[19:03]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi fáu orð hv. 8. þm. Reykn. staðfesta auðvitað að hann viðurkennir að sú gagnrýni sem hann hefur borið fram er ekki byggð á neinum lagalegum rökum. Hann gerði ekki minnstu tilraun til þess að hrekja þær fullyrðingar sem hafa verið settar fram um það efni en fór í hefðbundna orðaleppa og útúrsnúninga.

Ég er þeirrar skoðunar að það hafi bæði verið rétt mat mitt, rétt hæstv. forsrh. og ríkisstjórnarinnar, að það væri meiri hluti á bak við þá lagasetningu sem ákveðin var og það eru auðvitað góð vinnubrögð að ríkisstjórn sem gefur út bráðabirgðalög meti það áður en hún gefur þau út hvort fyrir hendi er meiri hluti. Það mat var örugglega rétt. Hafi hv. þm. einhverjar áhyggjur af því þá er einfaldasta ráðið að láta á það reyna sem fyrst í atkvæðagreiðslu. Þegar hv. þm. kom fyrst fram með gagnrýni sína um það og hélt því beinlínis fram að það væri ekki þingmeirihluti og gerði því ítrekað skóna þá var hv. þm. boðið upp á að hraða afgreiðslu málsins og láta það ganga þegar í stað til atkvæðagreiðslu þannig að þjóðin fengi að sjá hvort fullyrðingar hans stæðust. Nei, þá hljóp hann á harðahlaupum undan fullyrðingum sínum og vildi ekki fyrir nokkrun mun að frv. kæmi strax til atkvæða. Hvers vegna? Vegna þess að með því móti hefði allur málflutningur hans afhjúpast. Vegna þess að eina tækifærið til að halda lífi í útúrsnúningum af þessu tagi er að hafa nægan tíma áður en það reynir á málið í atkvæðagreiðslu. Þá kemur þetta í ljós og hv. þm. var boðið upp á það að ganga til atkvæðagreiðslu þegar í stað en hann hljóp frá því því þá staðreynd vildi hann ekki fá framan í sig beint ofan í fullyrðingarnar.

[19:05]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er dálítið gaman að því að sjá að það er þó ákveðinn myndarbragur á því hjá hæstv.

sjútvrh. að reyna að taka þátt í umræðunni með þeim hætti sem hann gerir. En það er dálítið sögulega fyndið að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, skuli vera svo illa á sig kominn í þessu máli að það er hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, sem ver þau verk sem eru þó forsætisráðherrans fyrsta verk, að ræða í þinginu um samskipti sín við forseta lýðveldisins við setningu bráðabirgðalaganna. Það sýnir kannski enn á ný hvað málið er viðkvæmt, að það skuli vera Þorsteinn Pálsson sem kemur hér og reynir að slá skildi fyrir hæstv. forsrh. Davíð Oddsson. En það er hins vegar jafnathyglivert í þeirri vörn að þrátt fyrir að ég hafi bent á það áðan þá kom hæstv. ráðherra ekki heldur nú til að segja það að hann teldi þá aðferð hæstv. forsrh. að ræða bara við tvo þingmenn Sjálfstfl. eðlilega. Hann fjallaði um að matið kynni að vera rétt. Þessi umræða hefur ekkert snúist um það. Þessi umræða hefur snúist um þær stjórnskipunarhefðir sem hafa gilt á Íslandi við setningu bráðabirgðalaga. Nú vil ég spyrja hæstv. sjútvrh., Þorstein Pálsson: Þegar hann var formaður Sjálfstfl. fylgdi hann þá þeirri aðferð sem Steingrímur Hermannsson og ég höfum lýst, og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson lýsti að Alþfl. hefði fylgt, að gera sitt ýtrasta til að ræða við alla þingmenn síns flokks áður en lögin voru sett, eða fylgdi hann þeirri nýju aðferð sem hæstv. forsrh. hefur verið að taka hér upp að tala bara við tvo þingmenn? Vill ekki hæstv. sjútvrh. gjöra svo vel að segja þinginu frá því hvaða siðvenju fylgdi hann þegar hann var formaður Sjálfstfl.

[19:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið leitt í ljós í þessari umræðu að hv. þm. þarf einfaldlega að kyngja því af því að hann getur ekki borið á móti því að það eru ekki stjórnskipuleg skilyrði fyrir því að krefjast þess að meiri hluti sé kannaður fyrir fram. Það hefur enginn tekið rétt af minnihlutastjórn eða utanþingsstjórn að gefa út bráðabirgðalög og ég fullyrði að það hefur einfaldlega verið með ýmsu móti hversu mjög eða mikið menn í ríkisstjórn hafa rætt við einstaka þingmenn áður en bráðabirgðalög voru gefin út og ég get alveg fullyrt að það hefur verið með ýmsu móti. En ég er hins vegar þeirrar skoðunar að hv. 8. þm. Reykn. hafi lýst þessari umræðu sem hann hóf hér ásamt hv. 7. þm. Reykn. á þann eina veg sem hægt er að lýsa þessari umræðu af þeirra hálfu, að hún sé sögulega fyndin.

[19:09]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er einn af þeim sem er sannfærður um að það voru ekki vanhugsuð orð hjá hæstv. sjútvrh., Þorsteini Pálssyni, þegar hann lýsti því yfir að aðeins hefði verið haft samband við tvo af þingmönnum Sjálfstfl. Annar þeirra lýsti því reyndar yfir að það hefði verið sjálfsagður hlutur að hafa samband við sig en skildi ekki nauðsyn á að tala við fleiri, en ég hygg að þetta hafi verið viss vísbending að koma vissum skilaboðum á framfæri við þingið og ég hygg að hæstv. forsrh. geri sér grein fyrir því.

En hitt er umhugsunarefni að það efar enginn að hæstv. sjútvrh. sem jafnframt er dómsmrh. hefur fullan skilning á kenningunni um þrískiptingu valdsins. Hann hefur unnið að því hörðum höndum að framkvæmdarvaldið skilaði til dómsvaldsins öllu því sem skila bar til þess að fullnægt væri skilyrðum um aðskilnað framkvæmdarvalds og dómsvalds. En aftur á móti þegar kemur að því sem líka verður skilað þ.e. að framkvæmdarvaldið skili til löggjafarsamkomunnar, til þingsins, löggjafarvaldinu þá er það svo komið að það er ekki talið eðlilegt að virða gamlar leikreglur sem vissulega eru ekki skráðar í stjórnskipunarrétti en eru engu að síður hefðbundnar leikreglur, það er ekki talið rétt að virða þær, bókstafurinn skal blífa og þó er hæstv. ráðherra fulltrúi íhaldsmanna. Á þingi Breta er engin stjórnarskrá aðeins virðingin fyrir hefðunum sem blífur. Og einn forsætisráðherra hafnaði að virða virðinguna fyrir hefðunum og var settur af, ég kem að því síðar.

[19:11]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Menn geta vitaskuld haft á því ólíkar skoðanir hvort rétt sé að geyma í stjórnskipunarlögum ákvæði um það að framkvæmdarvaldið geti við ákveðnar aðstæður gefið út bráðabirgðalög. En það álitaefni er ekki til umræðu hér og þess vegna gjörsamlega út í hött af hv. þm. að vera að draga hugleiðingar um það inn í þessa umræðu því hún hefur ekkert fjallað um þetta atriði. Og enn og aftur minni ég á og bið hv. þm. að gera sér grein fyrir því að það kemur ekki stjórnskipunarvenjum á nokkurn hátt við hvort eða hvernig sá ráðherra sem gefur út bráðabirgðalög hverju sinni reynir að meta hvaða pólitíska stuðning hann á í þinginu. Honum er allsendis óskylt að meta það fyrir fram. Telji hann það nauðsynlegt þá ræður hann því á hvaða hátt hann gerir það, það er pólitískt mat sem lýtur ekki á nokkurn hátt að stjórnskipunarreglum, túlkun á þeim eða stjórnskipulegum hefðum og er allt annar hlutur og allt annars eðlis og athugasemd hv. 2. þm. Vestf. að þessu leyti var þess vegna út í hött.

[19:13]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vonlaust að hlífa fulltrúa Sjálfstfl. hæstv. dómsmrh. við að örlítið sé vitnað til sögunnar. Íhaldsmenn Breta og íhaldsmenn Íslands höfðu sama bakgrunn í skoðunum þar til Frjálslyndi flokkurinn og Íhaldsflokkurinn íslenski voru sameinaðir í Sjálfstfl. Og ég hygg að það sé rétt að einn fjórði hafi viljað halda gamla íhaldsnafninu — ef ég man rétt hlutföllin í atkvæðagreiðslunni. Margrét Thatcher vildi leggja á nefskatt og hún vildi að hver einasti Breti borgaði þennan skatt. Og ef þeir ekki borguðu skattinn þá skyldi svipta þá atkvæðisrétti til þess að kjósa þingmenn fyrir Bretland. Hún braut engin stjórnskipunarlög en hún braut leikreglurnar, hún braut hinar hefðbundnu leikreglur. Íhaldsmenn Breta risu upp og mótmæltu, kosningarréttur inn skyldi vera helgur þó að þeir byggju við Magna Carta en enga stjórnarskrá. Og

þegar hæstv. dómsmrh., sem er mun fróðari um þessi mál en hæstv. sjútvrh. af skiljanlegum ástæðum, hafnar því að hugleiða hefðirnar og stöðuna út frá því en vill halda sig bara við túlkunina, bara við túlkunina að samkvæmt ýtrustu túlkun, þá er það rétt eins og fram hefur komið hjá honum að það er hvergi skráð að þessi skylda sé til staðar að tala við þingmenn. En hvers vegna var hann þá að geta þess að aðeins væri talað við tvo. (**Gripið fram í:** Akkúrat.) Var hann að storka örlögunum? (**Gripið fram í:** Akkúrat.) Var hann að espa upp umræðuna í þinginu eða var hann að senda skeyti til forsrh. um að hann kynni ekki sitt starf? (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu var hann að því.)

[19:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. eru nú nokkuð gleymnir á 1. umr. þessa máls. Þá komu fram fjölmargar fyrirspurnir, m.a. um það við hvaða þingmenn hefði verið talað. Og þó svo að þær spurningar hafi verið algerlega út í hött og ómálefnalegar og ekki á nokkurn hátt í tengslum við efni málsins né heldur þær stjórnskipunarreglur sem gilda um útgáfu laganna þá svaraði ég spurningum af þessu tagi eftir bestu vitund til þess að svala fróðleiksfýsn þeirra sem spurðu, jafnvel þó spurningarnar væru alveg út í hött. Þannig að þó hv. 2. þm. Vestf. í vörn sinni hér, vegna þess að þeir verða að viðurkenna að það eru engin haldbær rök fyrir þeirra árásum, fari að reyna að snúa málinu upp á þann veg sem hann gerði þá fellur hann líka á því prófinu vegna þess að það var einungis verið að svara fyrirspurnum frá stjórnarandstöðunni. En ég skal fúslega viðurkenna það að þær voru tilefnislausar og voru algjörlega úr sambandi við efni og form málsins og hefði þess vegna ekki þurft að svara þeim. En það var gert hér vegna þess að almennt er það nú svo að við reynum að upplýsa um þau mál sem verið er að spyrja um, jafnvel þó þau séu svona til hliðar eins og í þessu tilviki.

[19:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Vriðulegi forseti. Það eru mjög margvíslegar umræður sem hér fara fram þegar verið er að ræða um þetta frv. til laga um stöðvun verkfalls fiskimanna. Ég ræddi það allmjög í 1. umr. hvernig staðið var að þessu máli með bráðabirgðalögum en vil nú ræða frekar um efnisatriði þessa frv.

Ég tel að ekki þurfi að hafa um það langt mál. Ég vil fyrst og fremst minna hæstv. forsrh. — sem raunar er nú ekki í þessum sal þessa stundina en ég vil óska eftir að hann heyrði mitt mál — á það að þegar þessi lög voru sett þá var það eitt aðalmarkmiðið að leysa þá deilu sem ríkisstjórnin taldi að væri komin í óleysanlegan hnút og jafnframt var tilkynnt að það mundu verða undirbúnar tillögur sem yrðu lagðar fram í Alþingi og ættu að miða að því að koma í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir innan árs hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör eins og það var orðað. Í 1. gr. þessa frv. sem við erum að ræða og hlýtur að vera fyrst og fremst tilgangur laganna, þá segir í 2. málslið: „Nefndin skal gera tillögur um hvernig koma megi í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör og undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum.“

Nú er hins vegar svo komið að með þessu frv. er ekki neitt sem segir að það sé tekið á þessu máli. Það er ekkert hér lagt fram sem lofað var samkvæmt þessari 1. gr. Nefndin sem átti að fjalla um þetta átti að skila tillögum fyrir 1. febrúar, það er kominn 1. mars. Nefndin skilaði inn tillögum sem reyndust ónothæfar og samkvæmt bréfi frá hæstv. sjútvrh. þá hefur sú tillaga verið metin ónothæf eða verið dregin til baka og sjútvn. þingsins falið að sleppa því algerlega að fjalla um það að framfylgja eða ræða þær tillögur neitt frekar. Þar á ég við tillögurnar um kvótaþing.

Það liggur sem sagt fyrir að með því að setja þetta frv. nú til 2. umr. og í framhaldi af því trúlega til atkvæðagreiðslu þá er ríkisstjórnin í raun og veru að samþykkja að brjóta eigin lög. Ríkisstjórnin er að brjóta eigin lög. Hún er búin að setja bráðabirgðalög sem hljóða eins og ég var að lesa upp hér áðan og ef það á að samþykkja þessi lög án þess að framfylgt sé þessari 1. gr. þá hlýtur ríkisstjórnin að vera að brjóta eigin lög. Það verður ekkert tekið á þessu, það verður ekki tekið á þessu samkvæmt þessari 1. gr. Það liggur alveg fyrir. Það er auðvitað alveg fáránlegt að koma nú og leggja fram þetta frv. til 2. umr. án þess að það sé búið að framfylgja því sem segir í 1. gr. þess.

Hvernig skyldi þá eiga að leysa úr þessu verkfalli sem ríkisstjórnin er búin að banna? Hverning skyldi eiga að leysa úr ágreiningi sem var orsök verkfallsins? Er það eðlilegt að það komi ríkisstjórn og Alþingi ekkert við hvernig tekið verður á því máli? Hafa menn ekki séð alveg nægilegt fyrir sér jafnvel bara síðustu daga í sambandi við kvótabrask sem sjómennirnir voru að gagnrýna? Hafa menn ekki séð síðustu dagana fréttina sem var í Morgunblaðinu fyrir nokkrum dögum, nánar tiltekið laugardaginn 27. febr., þar sem fyrirsögnin var, með leyfi forseta: „Skráðir í Grindavík í einn dag vegna kvótakaupa.“ Þar var verið að færa kvóta á milli skipa og til þess að Grindvíkingar og sveitarfélagið fengi nú ekkert um það að segja þá var viðkomandi bátur úr Hafnarfirði skráður einn dag í Grindavík og þar færðar yfir á hann aflaheimildir af öðrum bát. Verkalýðsfélagið og sveitarfélagið gátu ekkert gert. Er þetta nokkuð annað en kvótabrask? Þetta er aðeins eitt dæmi. Þetta er aðeins eitt dæmi um það kvótabrask sem viðgengst samkvæmt þessum lögum sem gilda í dag um stjórn fiskveiða.

Það liggur auðvitað fyrir ef svo fer að þetta frv. fer í gegnum þingið sem ég vona þó innilega að ekki verði, það liggur fyrir að þá er ekki hægt að taka neitt á þessu máli nema þá hugsanlega í gegnum frv. um stjórn fiskveiða. En samkvæmt því sem það liggur fyrir núna þá er þar ekkert fyrir sem bendir til þess að þar eigi að taka á því. Það verður þá fróðlegt að vita hvort hæstv. sjútvrh. muni beita sér fyrir því að það verði þar inni einhverjar brtt. sem taki á þessu kvótabraski.

Sjómannasamtökin lögðu fram ákveðnar tillögur um

að leysa þetta mál og hefðu sjálfsagt getað leyst það ef þau hefðu haft frið til þess og ekki hefðu verið sett lög á verkfall þeirra. Þau voru búin að leggja fram ýmsar hugmyndir. En útgerðarmenn tóku ekki í mál að ræða þær vegna þess að yfirvofandi var að lög yrðu sett á verkfallið.

Það er illt til þess að vita að svo mörg mál skuli liggja óafgreidd hér í þinginu og að það skuli ekki vera tekið á því með vitrænum hætti að afgreiða þau mál sem liggja fyrir, rétt eins og þetta frv. sem hér liggur fyrir, það er ekki tekið á því að afgreiða það sem stendur í 1. gr. Það er heldur ekki tekið á því að ræða frekar um stjórn fiskveiða. Ég efast satt að segja um að það mál komi nokkurn tímann aftur út úr sjútvn. Þyrlukaupamálið er eitt málið sem ekki er afgreitt hér. Hæstv. forsrh. lofaði í janúar að það yrði afgreitt eftir nokkra daga. Hæstv. sjútvrh. sagði að það yrði afgreitt í lok febrúar. Það er ekki enn farið að afgreiða það. Og fleiri og fleiri mál liggja hér til afgreiðslu og hæstv. ríkisstjórn rífst um innflutning skinku og kalkúnalæra.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins ljúka þessum orðum hér við 2. umr. um þetta frv. til laga um stöðvun verkfalls fiskimanna með þeirri ósk að ríkisstjórnin dragi þetta frv. til baka. Því að verði þetta frv. samþykkt svona eins og það er þá er ríkisstjórnin um leið að brjóta eigin lög.

[19:26]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil aðeins taka það fram í tilefni af ræðu hv. 6. þm. Vestf. að það stóð aldrei til að efnisákvæði varðandi úrlausn þess máls sem lýtur að þátttöku sjómanna í kvótakaupum yrði ákveðið við afgreiðslu bráðabirgðalaganna. Þau eru í eðli sínu skammtímalög en úrlausn á þeim vanda á að vera til frambúðar en ekki til bráðabirgða þannig að það lá frá upphafi ljóst fyrir að þeim málum yrði skipað samhliða afgreiðslu þingsins á frv. til stjórnar fiskveiða annaðhvort með viðbótarákvæðum eða breytingu á þeim lögum eða með sjálfstæðum lögum. Það hefur í einu og öllu verið staðið við ákvæði bráðabirgðalaganna um að tillögur kæmu fram fyrir tilsettan tíma. Þær fóru til umsagnar bæði hagsmunaaðila í sjávarútvegi og sjútvn. Það er rétt hjá hv. þm. að þær hafa fengið misjafnar móttökur en enn sem komið er hefur sjútvn. ekki tekið formlega afstöðu til þeirra og ég geri ekki ráð fyrir að hún kvarti undan því nú að fá að taka afstöðu til málsins. Miklu fremur hefur hún kvartað undan því áður að hafa ekki fengið tóm til að taka afstöðu til tillagna sem verið hafa í undirbúningi og að sumu leyti með nokkrum rétti hafa þær umkvartanir komið fram. Þannig að ég á ekki von á því að hv. sjútvn. kvarti undan því að fá nú tækifæri til að taka afstöðu til þessara tillagna áður en endanlegar tillögur verða lagðar fram hvort sem það verður í þessu formi eða menn finna aðrar leiðir til að leysa þetta viðfangsefni því auðvitað eru fleiri en einn kostur fyrir hendi í því efni.

[19:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur auðvitað ljóst fyrir að því var lofað með setningu bráðabirgðalaganna að það yrði leyst úr þessu ágreiningsefni mjög fljótlega og eins og segir í 1. gr., „fyrir 1. febr.“ Nú sit ég ekki í sjútvn. þingsins en hef þó haft fréttir af því að þangað hafi komið inn bréf frá hæstv. sjútvrh. þar sem hann dregur til baka tillögurnar um kvótaþing. Nú sé ég að einn hv. þm. í sjútvn. kinkar kolli yfir því þannig að það hlýtur að vera rétt. Það liggur jafnframt fyrir að það eru engar aðrar tillögur á borðinu um hvernig eigi að leysa þessi mál. Og mér þykir þá rétt að hæstv. sjútvrh. láti þá fljótlega í ljós eða komi fljótlega með einhverjar tillögur um það eða að þær muni þá líta dagsins ljós hér um leið og frv. um stjórn fiskveiða kemur til 2. umr. En eins og ég sagði áðan þá óttast ég að frv. um stjórn fiskveiða komi aldrei hér inn í þingið til 2. umr.

[19:29]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er misskilningur að þessar tillögur hafi með bréfi verið dregnar til baka. Ég skrifaði hv. sjútvn. bréf þar sem ég vakti athygli á því sem ég sagði hér fyrr í andsvari við ræðu hv. þm. að það stóð ekki til að afgreiða þau mál efnislega samhliða bráðabirgðalögunum heldur kæmi umfjöllun um þau efni síðar samhliða umfjöllun um fiskveiðistjórnunarlögin. Það var efni þessa bréfs sem var sent hv. sjútvn. en fól ekki í sér neins konar afturköllun á þeim tillögum. Þær hafa ekki verið færðar í lagabúning vegna þess að við höfum talið rétt og skylt að fá viðbrögð þeirra aðila sem fengu tilögurnar til umsagnar. Þær komu fram fyrir tilsettan tíma og þegar umsagnir allra liggja fyrir, þar á meðal hv. sjútvn., þá geta menn tekið afstöðu til þess hvort rétt er að byggja á þeim tillögum eða setja fram aðrar hugmyndir. Ég hef nefnt í því sambandi að það sé ekki útilokað að reyna að byggja á svipuðum grundvelli og samningsaðilar voru að ræða um og áttu satt best að segja ekki langt í land að mínu mati að ná saman þegar þeir ítrekað hrukku frá samningsborðinu þar sem þeir voru að ræða um úrskurðaraðila í þessu efni. Það er annar kostur sem kæmi til álita ef hugmyndirnar um kvótaþing hljóta ekki stuðning.

[19:31]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svolítið einkennilegt að hlusta á hæstv. sjútvrh. sem segir að hann hafi sent þetta bréf en það hafi ekki verið til að draga tillögurnar til baka. Það er samt annað en upplýst var í umræðunum fyrr — ekki fyrr í dag heldur áður þegar þær stóðu yfir. Það er ágætt ef svo fer að það koma fram aðrar tillögur til þess að leysa þetta mál, en það breytir ekki því að ég tel að 1. gr. í frv. sé orðin algerlega marklaus þannig að hún tekur ekkert á því að leysa það mál sem henni var ætlað að gera. Bráðabirgðalögin í heild eru einungis til þess sett að stöðva verkfallið sem jafnvel, eins og hæstv. ráðherra sagði áðan, hefði ekki þurft þó hann segði það ekki með beinum orðum, en

aðilar hefðu verið komnir nokku langt með að ná einhverri lausn. Það er slæmt til þess að vita að þessi bráðabirgðalög skuli hafa verið sett ef hæstv. sjútvrh. telur að það hafi jafnvel ekki þurft. Þá held ég að best væri að hann stæði að því að draga þau til baka.

[Fundarhlé. — 19:33]

[20:31]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Ég vil í upphafi máls míns víkja að nál. 2. minni hluta sem er á þskj. 592 um stöðvun á verkfalli fiskimanna. Enginn vafi leikur á því að dugleysi ríkisstjórnarinnar að hafa ekki lokið endurskoðun laganna um stjórnun fiskveiða eins og skýrt er kveðið á um á stóran og trúlega drýgastan þáttinn í því að til verkfalls kom.

Ríkisstjórnin náði ekki samkomulagi að vinna þá heimavinnu sem henni hafði verið sett fyrir, því miður, vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna um fiskveiðistjórnunina. Við hljótum að reikna með því að við endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða verði þau atriði er deilunni hafa valdið tekin til gaumgæfilegrar skoðunar í sjútvn. Það er með þessa löggjöf um stjórn fiskveiða sem og önnur mannanna verk að ekkert er fullkomið. Ég legg þó áherslu á að við þá endurskoðun sem fram undan er á lögunum sé skynsamlegra að lagfæra núverandi kerfi en bylta því eins og mér finnst sumir tala um að sé nauðsynlegt að gera.

Í mínum huga er það ekki kvótakerfið sjálft sem vandanum veldur í sjávarútveginum. Það er fremur sóknin til hafsins og hve stórkostlega hún hefur verið takmörkuð. Í nál. 2. minni hluta segir svo m.a.:

„Allt frá síðasta vori hefur legið ljóst fyrir að það stefndi í átök milli samtaka sjómanna og útgerðarinnar, einkum vegna þeirra áhrifa sem viðskipti með aflaheimildir hafa á kjör sjómanna ...

Annar minni hluti telur að þessi staða sem upp er komin sé alfarið á ábyrgð ríkisstjórnar og stuðningsmanna hennar. Stjórnarandstaðan hefur ekki átt aðild að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða og lítið sem ekkert samráð haft við hana frekar en hagsmunaaðila.

Annar minni hluti sjútvn. er andvígur setningu bráðabirgðalaganna samkvæmt frv. þessu og munu einstakir nefndarmenn gera nánari grein fyrir afstöðu sinni við umræðu um málið."

Það er ámælisvert hvernig staðið var að þeirri lagasetningu sem hér er til umræðu þó ekki sé fastara að orði kveðið. Það er staðfest að aðeins var haft samráð við tvo af þingmönnum Sjálfstfl. utan ráðherra flokksins um setningu bráðabirgðalaganna eins og rækilega hefur komið fram hjá ræðumönnum sem hafa talað á undan mér í dag. Þegar hæstv. forsrh. gekk á fund forseta Íslands til að fá staðfestingu á lögunum lá því ekki fyrir að meiri hluti alþingismanna styddi lagasetninguna. Það hlýtur að teljast alvarlegt fráhvarf frá öllum fyrri venjum og hefðum þegar svo hefur staðið á.

Það er erfitt að trúa því, svo ekki sé fastara að orði kveðið, að forseti spyrjist ekki fyrir um stuðning Alþingis við slíka lagasetningu áður en forseti staðfestir slíka gerð með undirskrift sinni. Forsrh. skuldar þeim er hlut eiga að máli skýringu á þessu mjög svo alvarlega máli því í mínum huga er þessi gerð með hreinum ólíkindum. Í bráðabirgðalögunum var ákvæði um skipan nefndar sem falið var að gera tillögur um hvernig koma mætti í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hefðu óeðlileg áhrif á skiptakjör. Í tillögum nefndarinnar voru m.a. þessir punktar:

Að koma á tilboðsmarkaði til að annast viðskipti með afla.

Að koma í veg fyrir viðskipti með afla, svokallað tonn á móti tonni.

Að fella niður umsagnarrétt sveitarstjórna og sjómanna áður en aflaréttur er seldur úr byggðarlögum.

Það er skemmst frá því að segja að þessar hugmyndir sem nefndin lagði fram féllu víðast hvar í grýttan jarðveg, enda vandséð að þær tækju á þeim vanda er leiddi til verkfalls sjómanna eins og þeim var þó ætlað að gera. Enda segir svo í lokaorðum nefndarinnar:

„Með skipulagsbundnum markaði er hins vegar ekki hægt að koma í veg fyrir að beinar peningagreiðslur hafi áhrif á skiptakjör sjómanna."

Þetta er lokaniðurstaðan í áliti nefndarinnar, svokallaðrar ráðuneytisstjóranefndar.

Þann 8. febr. skrifaði hæstv. sjútvrh. sjútvn. bréf þar sem málið er nánast tekið frá nefndinni. Hv. 6. þm. Vestf. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir vék að því áðan. Vegna orðaskipta þeirra hæstv. sjútvrh. þykir mér rétt að lesa niðurlag bréfsins sem hæstv. sjútvrh. skrifaði sjútvn. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Eðlilegt er að umfjöllun um áhrif viðskipta með aflaheimildir á skiptakjör sjómanna tengist umfjöllun um frv. til laga um breytingar á lögum nr. 39/1990, um stjórn fiskveiða, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi og tekið verður fyrir til 1. umr. nú á næstunni. Ráðuneytið telur því eðlilegt að fyrrgreint frv. til laga um stöðvun verkfalls sjómanna verði afgreitt úr nefndinni, en" — og ég legg áherslu á það sem hér kemur á eftir — „viðskipti með aflaheimildir og skiptakjör komi til umfjöllunar samhliða afgreiðslu fiskveiðistjórnarfrv."

Þessi lokaorð segja okkur það að meiningin er að tilefni deilunnar, sem var meint þátttaka sjómanna í kaupum á aflarétti, sé dreginn út úr og eigi að koma til umfjöllunar í sjútvn. samhliða frv. um stjórnun fiskveiða.

Það er öllum ljóst að ráðherra hefur tekið í taumana og telur eðlilegast að leysa þessi ágreiningsmál samhliða endurskoðun laganna um stjórnun fiskveiða hvernig svo sem þau verða afgreidd frá Alþingi eða hvort þau verða afgreidd frá Alþingi. Það er líka spurning hvort Alþingi afgreiðir þetta mál, hvort stjórnarflokkarnir ná saman í þessu máli. Yfirlýsingar alþýðuflokksmanna í því sambandi hafa verið á þann veg að ég sé ekki fyrir mér að það náist að afgreiða þetta mál á þeim tíma sem eftir lifir þinghalds. En tíminn mun skera úr um það eins og svo margt annað.

Ég hef þá skoðun enn sem ég talaði fyrir við 1. umr. málsins, að ríkisstjórnin hefði átt að binda í lög þá yfirlýsingu Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambands Íslands frá 26. apríl 1992. Sú yfir-

lýsing sem Sjómannasambandið og Vinnuveitendasambandið undirrituðu hljóðar þannig:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað. Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samning áhafna einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Ég tel, eins og ég gat um þegar þetta mál kom til 1. umr., að ríkisstjórnin hefði þá þegar átt að beita sér fyrir því að binda þessa yfirlýsingu í lög og jafnframt ná sátt um það við sjómenn eða deiluaðila að komið yrði upp þeirri úrskurðarnefnd sem margrædd hefur verið en því miður tókst ekki að koma upp vegna óskiljanlegs ágreinings að mér skilst um tölu nefndarmanna eða ég veit ekki hvað það nú var. Ekki fékkst það upp í sjútvn. hvar endanlega brast í þeim efnum. Ég tel að það hafi verið mikil mistök af ríkisstjórninni að lögbinda ekki þegar í upphafi þá yfirlýsingu sem deiluaðilar höfðu skrifað undir og koma þessari svokölluðu úrskurðarnefnd á laggirnar. Þar var tekið á kjarna deilunnar. Deilan fór síðan að snúast um marga aðra hluti, því miður, um sérkjarasamninga og ýmis önnur mál. Ég tel að það hafi verið miður og þess vegna hefði ríkisstjórnin átt að bregðast skjótt við og binda þetta í lög því að ég hef trú á því að á Alþingi sé mikill meiri hluti fyrir því að tryggja það að sjómenn verði ekki látnir taka þátt í kvótakaupum.

Setning bráðabirgðalaga er vitaskuld ætíð neyðarúrræði sem ekki á að grípa til nema öll önnur sund séu lokuð. Ég tel að ekki hafi verið reynt til þrautar að ná fram sáttum í þessari deilu, því miður. Það er í mínum huga, virðulegi forseti, ámælisvert, svo ekki sé fastara að orði kveðið, hvernig staðið var að þessari lagasetningu. Sú ákvörðun ríkisstjórnarinnar að grípa til þessara gerræðislegu vinnubragða með bráðabirgðalagasetningu vekur upp þá spurningu hvort ekki eigi að takmarka enn frekar rétt stjórnvalda til slíkrar lagasetningar. Mér finnst það verðugt umhugsunarefni fyrir alþingismenn hvort hér þurfi ekki að binda hnútana nokkuð fastar en verið hefur þannig að slíkir hlutir og hér hafa gerst geti ekki endurtekið sig.

Það er umhugsunarefni hvernig komið er fyrir þjóðinni þegar réttur manna til að verja kjör sín með frjálsum samningum er svo freklega brotinn með beinum aðgerðum ríkisvaldsins eins og hér hefur orðið. Virðulegi forseti, ég vil undirstrika það enn og aftur að slíkt mun ég aldrei geta samþykkt.

[20:45]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í nál. 2. minni hluta hv. sjútvn. er hv. þm. Stefán Guðmundsson vitnaði til segir að 2. minni hluti sjútvn. sé andvígur setningu bráðabirgðalaga samkvæmt frv. þessu. Ég hlustaði með athygli á ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar og beið eftir því að fá að heyra hvernig hann mundi greina nánar frá afstöðu sinni við umræðu um málið og hvernig hann mundi greiða atkvæði þegar bráðabirgðalögin koma til atkvæða á hinu háa Alþingi. Það er rétt að minna á að þegar bráðabirgðalögin voru sett, þá lýstu nokkrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar því yfir að úr því sem komið væri væri ekki um annað að ræða en að setja lög á deiluna. Þess er að vænta að þeir hinir sömu hv. alþm. greiði þá atkvæði með bráðabirgðalögunum og þess vegna er mjög mikilvægt að afstaða hv. þm. Stefáns Guðmundssonar, sem er málsvari Framsfl. í sjávarútvegsmálum á hinu háa Alþingi, liggi fyrir, hvernig hann og flokkur hans muni greiða atkvæði þegar bráðabirgðalögin verða afgreidd.

[20:46]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst ég hafa talað alveg skýrt í þessu máli, og er reyndar búinn að gera það margsinnis þegar þetta mál hefur verið hér á dagskrá, hver vilji minn hefur verið til lausnar þessu máli. Hann er alveg skýr. Ég hef margítrekað það við hæstv. sjútvrh., hann hefur tekið undir þann málflutning minn að það væri skynsamlegt og hefði kannski verið sú lending sem menn hefðu átt að taka og einnig er minnst á í svokallaðri ráðuneytisstjóranefnd að lögbinda yfirlýsinguna sem undirrituð var af Sjómannasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Þetta var það sem ég hef alla tíð bent á að hefði átt að gera og einnig að koma upp álitanefndinni.

Hvað varðar afstöðu mína þegar til atkvæðagreiðslu kemur skil ég að hv. þm. Gunnlaug Stefánsson fýsi að fá að vita hver hún verður. En er ekki rétt að bíða með það, hv. þm., þegar að atkvæðagreiðslunni kemur? Því skal ég lofa þingmanninum að ég mun þá gera grein fyrir atkvæði mínu þannig að það verður alveg ljóst hver túlkun mín á því verður. En mér skilst að atkvæðagreiðslan sé ekki núna.

[20:47]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var eins og mig grunaði að hv. þm. Stefán Guðmundsson er ekki búinn að gera upp hug sinn hvað varðar efni bráðabirgðalaganna og hver afstaða hans verður þegar að atkvæðagreiðslu kemur. Ég lít svo á að þessi yfirlýsing hans sé flutt í nafni Framsfl. Það vakti sannarlega athygli þegar bráðabirgðalögin voru gefin út að þá lýstu, að vísu fáir, hv. alþm. á vegum stjórnarandstöðunnar því yfir að úr því sem komið væri væri ekki um annað að ræða þótt þeir lýstu fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni yfir því hvernig komið væri, en það væri ekki um annað að gera en að setja lög á deiluna enda í óefni komið.

Ég kann nú að skilja það í ljósi þeirra umræðna sem síðan hafa farið fram að aðrir hv. þm. stjórnarandstöðunnar séu ekki búnir að gera upp hug sinn. Það er enn tími til þess enda fara umræðurnar fram til þess að reyna að skýra málið. Ég tel samt afar mikilvægt að það liggi fyrir í umræðunum hver væntanlega afstaða stjórnmálaflokka er til jafnmikilvægs máls og þess sem hér er til umræðu.

[20:49]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og ég sagði, þá mun ég gera grein fyrir atkvæði mínu þegar þar að kemur, en til þess aðeins að létta á þannig að hv. þm. hafi sæmilega

nótt, þá vil ég segja honum að það liggur alveg ljóst fyrir að ég mun greiða atkvæði gegn setningu bráðabirgðalaganna. Það liggur alveg ljóst fyrir.

[20:49]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því hefur verið haldið fram hér af hv. þm. að það hafi verið haft samband við þingmenn Framsfl. í hvert sinn sem bráðabirgðalög hafi verið sett og reynt að ná í alla þingmenn. Þetta er kannski hægt að sanna eða afsanna, en afskaplega á ég bágt með að trúa því að það hafi verið gert í hvert skipti sem lög hafa verið sett. Þegar ég horfi á þau lög sem sett hafa verið sem bráðabirgðalög og brýna nauðsyn hefur borið til og eru bara neyðarúrræði, eins og hv. þm. sagði, og les svo lista yfir bráðabirgðalög sem hv. þm. hefur stutt þá metur hann neyðina með mjög sérkennilegum hætti.

Hér eru sett bráðabirgðalög 1980, eftir að þingmaðurinn kemur á þing, um Framleiðsluráð landbúnaðarins, verðskráningu, verðmiðlun og sölu á landbúnaðarvörum. 20 dögum áður en þingið kemur saman eru sett bráðabirgðalög um sérstakt tímabundið innflutningsgjald á sælgæti og kexi. Ætli það hafi verið hringt í alla þingmenn út af þessum sérkennilegu bráðabirgðalögum?

Í júlí 1982 voru bráðabirgðalög um breytingu á Húsnæðisstofnun ríkisins. Hvaða neyð var þetta? Árið 1983 bráðabirgðalög um Áburðarverksmiðju ríkisins. Fjórum dögum síðar bráðabirgðalög um viðauka við lög nr. 44 um Fiskveiðasjóð. Skömmu síðar bráðabirgðalög um breytingu á orkulögum. Hálfum mánuði síðar bráðabirgðalög um húsaleigu sem fylgir breytingum vísitölu húsnæðiskostnaðar. Sama dag bráðabirgðalög um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis. Bráðabirgðalög um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. 10–15 bráðabirgðalög. Menn hafa bara verið í símanum allan þennan tíma hringjandi. Bráðabirgðalög um afnám laga um ferðagjaldeyri. Bráðabirgðalög 10–15 dögum áður en þing kemur saman um heimild til niðurfellingar á endurgreiðslu stimpilgjalda á íbúðarlánum. Samfelldar hringingar í þingmenn út af þessari neyð sem upp er komin.

Þessir menn töluðu hér með heilagsandasvip um lög sem var verið að setja 1985, tíu dögum áður en þing kom saman. Breytingar á lögum um tollskrá, tíu dögum áður en þing kom saman. Það hafa verið neyðarhringingar út af þessu. Svona gæti ég haldið áfram að telja upp neyðarlög sem hv. þm. Stefán Guðmundsson hefur stutt og greitt atkvæði um og væntanlega legið í símanum við forustumenn Framsfl. um kex og stimpilgjöld og allar þessar neyðarráðstafanir sem þeir hafa verið að setja á á örfárra daga fresti, þessir menn sem töluðu hér með heilagsandasvip.

[20:52]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil óróleika hæstv. ráðherra í þessum efnum. Ég dreg ekkert til baka af því sem ég hef sagt í þeim efnum. Mér finnst óeðlilega hafa verið staðið að bráðabirgðalagasetningu. Mér finnst hreint með ólíkindum að hæstv. ráðherrar skuli segja að það komi í ljós við atkvæðagreiðsluna einhvern tímann síðar hvort þingmeirihluti hefur verið fyrir þessu máli eða ekki. Mér finnst það vægast sagt varla boðlegt að fara á fund forseta Íslands og óska eftir staðfestingu forseta á bráðabirgðalagasetningu án þess að geta lýst því yfir við forseta lýðveldisins hvernig staða Alþingis sé gagnvart því máli sem farið er fram á að sé staðfest hverju sinni.

Mér finnst það varla boðlegt og ég á bágt með að trúa því, þó ég þekki það ekki sjálfur svo, að forseti Íslands hverju sinni vilji ekki grennslast fyrir um það hvort þingmeirihluti sé fyrir slíkri lagasetningu.

En að lokum þetta, hæstv. forsrh. Það virðist hafa farið fram hjá forsrh. að það varð breyting á þingsköpum ekki fyrir löngu síðan og nú situr Alþingi allt árið og hægt er að kalla Alþingi saman til starfa hvenær sem er. Það var ein af ástæðunum fyrir breytingum á þingsköpum, að auðvelda það að hægt væri að kalla þing saman til starfa með skömmum fyrirvara.

[20:54]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur engin breyting verið gerð á bráðabirgðalagavaldinu. Ætlar hv. þm. að segja mér að hann hefði heimtað það 16. júní þegar hann stóð að því að sett væru bráðabirgðalög um meðferð og skoðun og mat á sláturafurðum að hann hefði krafist þess að þing yrði kallað saman þegar þau neyðarlög, sem hann studdi, voru sett? Man hv. þm. eftir þessari neyð um mat og skoðun á sláturafurðum sem bráðabirgðalög voru sett um sem á bara að gera í ýtrustu neyð? Er þingmaðurinn að segja mér það að við núverandi aðstæður, vegna breytinga á þingsköpum, þá mundi þing verða kallað saman til að setja lög um meðferð og mat á sláturafurðum?

Auðvitað veit þingmaðurinn að þetta er rangt. Það hefur ekki verið hringt í einn einasta þingmann stjórnarsinna til að fjalla um það hvort setja megi bráðabirgðalög um mat og skoðun á sláturafurðum. Þannig að menn voru að segja hér ósatt og tala gegn betri vitund því menn sjá það á þeim lögum sem menn eru að horfa á sem hv. þm. hefur stutt að þau eru alveg með ólíkindum. Tíu dögum fyrir þing eitt árið er gerð breyting á lögum um tollskrá. Heldur hv. þm. að þingið mundi vera kallað saman núna til að breyta tollskrá tíu dögum fyrir þing? Hv. þm. veit að þetta er rangt. Það er allt rangt sem þessir menn hafa sagt um það og einnig þessir tveir hv. þm., 7. og 8. þm. Reykn., sem sjá ekki ástæðu til að vera hér.

[20:55]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. segir að ég segi ósatt og við sem hér höfum talað fyrir Framsfl. í dag og í kvöld í því máli að við okkur hafi verið haft samráð áður en bráðabirgðalög voru sett. Ég veit ekki hvaðan hæstv. forsrh. hefur það að við segjum ósatt um málið. Ég fullyrði að sá sem segir ósatt í því er hæstv. núv. forsrh. Hann segir ósatt. Staðreyndin er sú að í hvert skipti sem Framsfl. hefur staðið frammi fyrir því að þurfa að setja bráðabirgðalög hefur verið haft sam-

band við þingmenn Framsfl. Þetta hefur komið hér fram. En það er eðlilegt að þetta særi tilfinningar hæstv. forsrh. vegna þess að hann hefur brotið þetta prinsipp og þess vegna er það hann sem talar hér eins og helsærður maður í þessum efnum.

[20:56]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Fyrst um deiluna sem bráðabirgðalögin voru sett til að leysa. Sú deila lýsir vanhæfni ríkisstjórnarinnar til að fara með þessi mál og það ber ekki stjórnarhæfileikum hæstv. sjútvrh. fagurt vitni að deilan skuli hafa þróast með þeim hætti sem hún gerði. Það var augljóst að það stefndi í deilu þegar í sumar. En forustuna vantaði að reyna að leysa deiluna, reyna að koma í veg fyrir það að deilan yrði alvarleg. Það var ekkert rætt við hagsmunaaðila, a.m.k. svo að dygði, og deilan fékk að þrútna afskiptalaust af ríkisstjórnarinnar hálfu. Menn byrjuðu á því að tala um kvótabrask og það var sannarlega ástæða til því einhver dæmi munu vera til þess að útvegsmenn hafi knúið sjómenn til þess að taka þátt í kvótakaupum. Því athæfi er ekki mælandi bót. Það var afskaplega einföld lausn, eins og hv. síðasti ræðumaður var að benda á í skýrri og glöggri ræðu, að koma í veg fyrir það með lagasetningu. Það var réttmæt krafa sjómanna að þeir yrðu fríaðir frá því að standa fyrir kvótakaupum handa útgerðinni og eðlilegt að þeir væru ekkert ánægðir með það.

En af því að málið fékk að vera í friði og ágreiningsmálin hrönnuðust upp þá fór í verkfall. Þá tekur til sinna ráða einn af varaþingmönnum Sjálfstfl., formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, og hann verður mikill fyrirsvarsmaður annars deiluaðilans. Ég held að það sem fyrir formanni Farmanna- og fiskimannasambands Íslands hafi vakað hafi ekki verið fyrst og fremst að koma í veg fyrir kvótabrask. Hann var að reyna að nota þessa deilu og hann sneri þessari deilu upp í það að berjast við kvótakerfið. Hann vildi eyðileggja það fiskveiðistjórnarkerfi sem hér er við lýði. Þróun deilunnar er að töluverðu leyti á ábyrgð Guðjóns A. Kristjánssonar. Ef ríkisstjórnin hefði stoppað þennan varaþingmann Sjálfstfl. þá hefði ekki komið til þess að deilan yrði með þeim hætti sem hún varð. Kvótakerfið er nefnilega komið til að vera og það erum við hæstv. sjútvrh. sammála um. Auðvitað þarf að sníða af því galla. Það eru á því gallar og hafa allan tímann verið. Það voru gerð mistök strax í upphafi þegar kvótakerfið var sett á, þ.e. að láta smábátana vera frjálsa. Það hefur hefnt sín heldur betur síðan og fyrir bragðið var farið út í stórkostlega offjárfestingu í smábátum og menn náttúrlega reyndu að bjarga sér af því að þarna var smuga. Kvótakerfið var upphaflega sett vegna þess að það var það kerfi sem víðtækust samstaða náðist um í þjóðfélaginu meðal hagsmunaaðila. Ég hef þá trú að það sé ekki víðtækari samstaða um aðra lausn þó flestir eða allir geti hugsað sér að breyta einhverju í kvótakerfinu.

Vestfirðingar tóku kvótakerfinu sérstaklega illa og verr en menn í öðrum landshlutum og vissulega hefur þetta kvótakerfi komið illa við Vestfirðinga og það er sorglegt. Að sumu leyti var það ósanngjarnt t.d. hvað varðaði grálúðuna þegar hún var kvótasett o.s.frv. en meginatriðið í þessu er samt það að Vestfirðingar kærðu sig ekkert um að laga sig að kvótakerfinu. Þeir trúðu sínum þingmönnum sem komu með stóryrtar yfirlýsingar og bannfærðu kvótakerfið og létu ekkert tækifæri ónotað til þess að flytja hrókaræður um það þegar þeir komu heim í kjördæmið sitt hvað þetta væri ómögulegt kerfi. Þeir trúðu því ekki að þetta kerfi væri komið til að vera. Þeir hafa reiknað með því sennilega allan tímann að þetta væri bara stundarfyrirbæri og það þýddi ekkert að vera að búa sig undir það að búa við það.

Það hefur ekki verið sama þróun í öðrum landshlutum og aðrir hafa lært að lifa með kvótakerfinu. Meðan Vestfirðingar hafa misst frá sér kvótann vegna þess að þeir voru í endalausri baráttu gegn kvótakerfi þá hafa aðrir komist upp á lag með að búa við það og vegnar tiltölulega vel. Ég tel að ábyrgð þingmanna Vestfjarða sé verulega mikil vegna þess hvernig komið er á Vestfjörðum núna.

Þessi deila stofnaðist á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og hún var orðin illleysanleg eins og hún hafði þróast. Auðvitað kom til álita að setja lög um þessa deilu, fresta henni og reyna að vinna sér einhvern tíma. Það var ekkert hægt að hafa flotann í landi. En að sjálfsögðu var eðlilegt að kalla þing saman og aðferðin við að koma þessari lagasetningu á var kolröng. Það lá fyrir að stjórnarandstaðan mundi ekki fara að standa í miklum málalengingum út af lagasetningu um frestun. Það var stjórnarherrunum fullkunnugt um. Þessi bráðabirgðalög eru um frestun á verkfallinu. Við skulum sjá hvernig þessi frestur hefur verið notaður. Það var sett upp þríhöfða nefnd. Það segir í máltækinu: Því verr gefast heimskra manna ráð sem fleiri koma saman. Við höfum búið við tvíhöfða nefnd, að vísu tveir bráðvitrir hausar en þegar þeirra ráð komu saman þá lánuðust þau ekki neitt sérstaklega vel. Margt er gott í hugmyndum þeirra en ekki hafa þær orðið að veruleika enn þá. Það var sett upp þríhöfða nefnd með a.m.k. jafngóðum hausum eða jafnvel betri. En ekki tókst þeim að höggva á hnútinn. Málið virðist ekki vera að leysast fyrir þeirra tilverknað. Það sorglega við þetta er að málið er allt í klessu enn þá. Og það sér ekkert fyrir endann á þessu máli. Nú er liðinn 1. febr. sem þeir áttu að vera komnir með lausnarorðið.

Síðan segir í 2. gr.: „Allir síðastgildandi kjarasamningar þeirra aðila sem lög þessi taka til skulu gilda frá gildistöku laga þessara til 15. júní 1994 nema aðilar semji um annað."

Reiknið þið með hv. þm. að aðilar semji um annað? Ég reikna ekki með því. Hvað skeður 15. júní? Menn eru nákvæmlega í sama farinu og þeir voru þegar lögin voru sett. Það var fáránlegt að setja bráðabirgðalög og eiginlega sorglegt að hlusta á hæstv. forsrh. með orðbragð eins og hann var með áðan og þann galsa sem var í honum að ræða málin í ræðustól á Alþingi með þessum hætti eins og hann kom fram.

Með því að setja bráðabirgðalög með þeim hætti sem ríkisstjórnin gerði þá var farið illa með bráða-

birgðalagavaldið. Það er ekki um það deilt að skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar er heimilt að setja bráðabirgðalög. Við höfum upplifað það eins og reyndar kom fram í langri romsu hæstv. forsrh. að ríkisstjórnir hafa freistast til að setja bráðabirgðalög. — Og nú langar mig, frú forseti, til að óska eftir nærveru hæstv. forsrh. í salnum áður en ég held áfram að tala um bráðabirgðalög því að ég á við hann lítið erindi.

Ég tel að forsrh. ætti að gefa taflið og koma hér í salinn.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. forsrh. er á skyndifundi í hliðarherbergi en hann kemur innan tíðar.)

Mér þykir það nokkuð alvarlegt ef hæstv. forsrh. má ekki vera að því að vera í þingsalnum vegna skyndifunda.

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. forsrh. er kominn.)

Þakka ég fyrir það. Ég var, hæstv. forsrh., að tala um setningu bráðabirgðalaga. Ég tel að það hafi verið óskynsamlegt að setja lög með þeim hætti sem gert var. Það getur vel verið að það hafi verið ómögulegt fyrir ríkisstjórnina að höggva á deiluna með öðru móti en með lagasetningu, þ.e. að fresta deilunni, en ég held að það hafi verið rangt að kalla ekki Alþingi saman. Það lá fyrir að stjórnarandstaðan vildi fá þingið saman og var tilbúin að greiða fyrir því að lagafrumvarp frestunar efnis hlyti afgreiðslu með skjótum hætti. Með þessu er farið illa með bráðabirgðalagavaldið.

Það er ekki um það að deila að skv. 28. gr. stjórnarskrárinnar hefur ríkisstjórnin vald til að setja bráðabirgðalög þegar brýna nauðsyn krefur. Ég get viðurkennt að það hefur verið farið afar frjálslega og óþarflega frjálslega með þetta vald í undanförnum nokkrum ríkisstjórnum sem ég hef þekkt. Og vegna þess að mönnum þótti of glannalega farið með bráðabirgðalagavaldið, bráðabirgðalögum var beitt óþarflega oft, þá kom það til tals að afnema bráðabirgðalagavaldið. Sá sem gekk harðast fram í því við síðustu stjórnarskrárbreytingu var formaður þingflokks sjálfstæðismanna, Ólafur G. Einarsson. Við framsóknarmenn féllumst ekki á það að afnema bráðabirgðalagavaldið þá. Við vitnuðum til þess að það gætu komið upp þau tilvik í náttúruhamförum t.d. eða styrjaldarástandi að nauðsynlegt væri fyrir ríkisstjórn að hafa þetta vald ef ómögulegt væri að kveðja Alþingi saman. En við breyttum hins vegar þingsköpunum þannig að það yrði óþarfi að beita bráðabirgðalagavaldi. Við vonuðum að það héldi þannig að menn hættu þessum ósið og kölluðu Alþingi saman og settu lög með eðlilegum hætti.

Því miður hefur sú von okkar brugðist. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur að vísu ekki nema tvisvar sinnum, svo ég muni eftir, sett bráðabirgðalög. En í bæði skiptin með mjög umdeilanlegum hætti og í bæði skiptin hefði verið eðlilegt að kalla Alþingi saman. Ég ætla að vona að það eigi ekki fyrir henni að liggja að grípa til þessara óyndisúrræða oftar. Það er hægt að kveðja Alþingi saman með örstuttum fyrirvara.

Þá velti ég því fyrir mér hvers vegna hæstv. ríkisstjórn kallaði ekki þingið saman. Og mér finnst það vera alveg morgunljóst. Það var vegna þess að þeir treystu ekki sínu eigin liði. Þeirra lið var ekki í stakk búið til að taka málið og draga það í gegnum þingið. Það getur ekkert annað verið sem hindraði þá í jafnsjálfsögðum hlut og að kalla þingið saman. Þess vegna er gripið til þessa óyndisúrræðis að setja bráðabirgðalög og láta meiri hlutann, þ.e. þingmenn Sjálfstfl. og Alþfl., standa frammi fyrir gerðum hlut og segja síðan við þá: Ætlið þið að fella ríkisstjórnina með því að fella bráðabirgðalögin? Þannig er farið með vesalings hv. þm. Sjálfstfl.

Ég hygg að ég hafi heyrt það rétt að haft hafi verið samband við þingmenn Alþfl. áður en þessi bráðabirgðalög voru sett. Þingmönnum Sjálfstfl. var hins vegar öðrum en tveimur stillt upp við vegg og þeir látnir standa frammi fyrir gerðum hlut. Í mínum huga er það löglegt og ekkert sem bannar það í stjórnarskrá eða hindrar að forsrh. eða viðkomandi fagráðherra sem fyrir bráðabirgðalögunum stendur fullvissi forseta um það að meiri hluti sé fyrir þeim á þinginu. Þau eru sett á ábyrgð þeirrar ríkisstjórnar og þess ráðherra sem undirskrifar lögin. Þess vegna er ég ekki sammála þeim ádeilum sem á ríkisstjórninni hafa dunið um það atriði. En það breytir hins vegar ekki því að það er náttúrlega engin framkoma við þingmenn Sjálfstfl. að hafa ekki samband við þá og sýna þeim ekki þá virðingu að spyrja þá eða yrða á þá og láta þá bara frétta það í útvarpinu eða lesa það í blöðunum að það væri búið að setja bráðabirgðalög. Það lýsir alveg dæmalausri fyrirlitningu foringja Sjálfstfl. bæði núv. formanns og fyrrv. formanns á þingmönnum Sjálfstfl.

Mér er sérstök ánægja að upplýsa það, því ég efast um að það viti neinn betur en ég, að alltaf í öll þau mörgu skipti sem bráðabirgðalög hafa verði sett síðan ég varð þingflokksformaður 1980, ég hef verið óslitið þingflokksformaður og flokkur minn átt aðild að ríkisstjórn 1980–1991, stóð ég í þeim hringingum að meira eða minna leyti að hafa samband við þingmenn flokksins ellegar þá starfsmaður þingflokksins, Kristján Benediktsson, sem iðulega tók af mér ómakið. Og það er alveg fjarstæða orðbragðið sem hæstv. forsrh. notaði áðan og ótrúlegar getsakir og ósannindi sem hann fór með í ræðustólnum og sorglegt var að heyra hann fullyrða um mál sem hann hefur enga aðstöðu til að vita um. Það er hárrétt sem hér hefur komið fram bæði hjá hv. 7. þm. Reykn., Steingrími Hermannssyni og hv. 4. þm. Norðurl. v. að þessi regla var sjálfsögð á meðan Framsfl. var í ríkisstjórn. Einstöku sinnum kom það fyrir að við náðum ekki í alla. En við hættum aldrei fyrr en það var orðinn tryggur meiri hluti í stjórnarliði.

Mér fannst nú aumleg vörn hjá hæstv. forsrh. fyrr í dag þegar hann dró hæstv. fyrrv. forsrh., Gunnar heitinn Thoroddsen, inn í þessa umræðu. Nú vill svo til að ég var þingflokksformaður Framsfl. meðan ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen sat að völdum. Það var veik ríkisstjórn, hún hafði ekki mikinn þingstyrk en hún var studd heils hugar af þingflokki framsóknarmanna og Alþb. og nokkrum sjálfstæðismönnum, ráðherrunum þremur Gunnari Thoroddsen, Friðjóni Þórðarsyni og Pálma Jónssyni og svona oftast nær af hv. þm. Eggert Haukdal og Albert Guðmundssyni. Mig minnir að þeg-

ar ríkisstjórnin var mynduð þá hafi hv. þm. Albert Guðmundsson heitið því að verja hana vantrausti. Hann stóð að sjálfsögðu með þessari ríkisstjórn í fjöldamörgum málum en ekki öllum. En hæstv. fyrrv. forsrh. og þáv. varaformaður Sjálfstfl., ef ég man rétt, átti fleiri vini í þingflokki Sjálfstfl. heldur en gengu opinberlega til liðs við ríkisstjórnina og mér var kunnugt um það að honum var hlýrra til sumra þingmanna Sjálfstfl. en annarra og sumir voru bókstaflega stikkfrí. Það var tekið óstinnt upp að anka í þá. Mér er í minni fundur sem ég átti í forsrn. haustið 1980 með hæstv. þáv. forsrh., Gunnari Thoroddsen. Á þeim fundi var einnig hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson þar sem við vorum að undirbúa kosningar í þinginu. Að kröfu hæstv. forsrh. Gunnars Thoroddsens þá var hv. þm. Sverrir Hermannsson valinn forseti neðri deildar. Nú var ég mikill vinur hv. þm. Sverris Hermannssonar og hafði á honum hið besta traust en mér fannst þetta nokkuð glannalegt hjá hæstv. forsrh. að krefjast þess að honum yrði falinn forsetastóllinn í neðri deild. Það kom á daginn að þetta var ekkert glapræði hjá hæstv. forsrh. Sverrir Hermannsson gegndi sínu starfi af mikilli prýði sem forseti. Og ég þakkaði honum fyrir stjórn þingsins á hverju vori af mikilli innlifun og með góðri samvisku. Iðulega var hann ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens betri en enginn.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta mikið meira. Ég hef áhyggjur af því hvar við stöndum 15. júní þegar bráðabirgðalögin falla úr gildi. Það var vafalaust að mati ríkisstjórnarinnar nauðsyn að höggva á hnútinn með lagasetningu. Ég held að það hafi ekki verið ólöglega að því staðið. Ég held að ríkisstjórnin hafi haft rétt til að setja þessi bráðabirgðalög en það var ákaflega óskynsamlegt að gera það í þessu formi, þ.e. að fara bráðabirgðalagaleiðina vegna þess að hún var óþörf. En skýringin er sem sagt sú að það þurfti að kúga þingmenn Sjálfstfl. til að styðja þessa aðgerð.

[21:20]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn hafa sagt hér slag í slag að markmiðið með breytingum á þingsköpum hafi verið það að draga úr setningu bráðabirgðalaga. Mér telst til að á tíu ára tímabili fram að þessari stjórn sem nú situr hafi að meðaltali verið sett fimm bráðabirgðalög á ári hverju. Þannig ætti mín ríkisstjórn með sama hætti að hafa sett u.þ.b. 15 bráðabirgðalög. Menn vita hins vegar hver talan er. Hafa sett 15 bráðabirgðalög. Og ég spyr: Náðist ekki akkúrat fram það sem menn voru að biðja um það dregið væri úr, þrátt fyrir að heimild sé fyrir hendi, setningu bráðabirgðalaga? Ég hefði verið búinn að setja í minni ríkisstjórn 15 bráðabirgðalög ef ég hefði hagað mér eins og þær stjórnir sem voru hér á undan og þar með talin stjórn sem fyrrv. forsrh. stóð fyrir og talaði um að það yrði að fara varlega í að setja bráðabirgðalög.

Ólafur Jóhannesson segir þegar hann rekur hina stjórnskipulegu þætti með sama hætti og hæstv. sjútvrh. gerði og koma þessu upphlaupi hér ekkert við því menn eru að tala um pólitík, hann rekur stjórnskipunina en um þennan þátt segir Ólafur Jóhannesson fyrrv. forsrh. og prófessor, með leyfi forseta: „Bráðabirgðalög eru stundum sett í samráði við þingmenn eða þingmeirihluta.“ — Bráðabirgðalög eru stundum sett í samráði við þingmenn eða þingmeirihluta. Stundum. Þetta er öll þessi heilaga venja sem menn eru að tala um og Ólafur getur þess réttilega að hér sé um pólitíska þátt að ræða að ríkisstjórn sem er óviss í sinni sök reynir að tryggja sig. Núv. ríkisstjórn var ekkert óviss í sinni sök. Við skulum sjá hvernig þessi atkvæðagreiðsla fer. En Ólafur Jóhannesson heitinn segir að stundum sé talað við þingmenn. Það er þessi heilaga venja.

Ég dró hins vegar ekki Gunnar Thoroddsen inn í þessa umræðu, hv. þm. Páll Pétursson. Það gerði Steingrímur Hermannsson fyrstur í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem þrír hv. þm. eru á mælendaskrá í andsvörum verða tímamörk í síðari umferðinni stytt.

[21:23]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ég man rétt þá minntist hv. þm. Steingrímur Hermannsson hæstv. fyrrv. forsrh. með mikilli virðingu og vitnaði til hans og það tel ég að hæstv. fyrrv. forsrh. hefði bara kunnað vel við ef hann hefði mátt hlýða á. Hann gerði það ekki í ádeiluskyni leyfi ég mér að fullyrða eins og hæstv. núv. forsrh. hefur blandað honum í málið.

Það hefur vissulega dregið úr setningu bráðabirgðalaga. Ég er ekki að mæla því bót að ríkisstjórnir á níunda áratugnum settu að meðaltali bráðabirgðalög fimm sinnum á ári. Ég er ekki að mæla því bót. M.a. þess vegna var stjórnarskránni breytt, þ.e. þingsköpunum, þannig að Alþingi situr allt árið til að gera óþarft að setja bráðabirgðalög. Ef þau þingsköp sem við búum við nú hefðu verið sett 1980 hefðu ekki verið sett bráðabirgðalög fimm sinnum á ári til jafnaðar.

Síðan lætur hæstv. forsrh. drjúglega yfir því að hann sé búinn að handjárna þingmenn Sjálfstfl. og það getur vel verið. En hann hefur komið dónalega fram við þá og ég er svo sem ekkert að kvarta yfir því. Þeir verða að svara fyrir sig. En í öllum lifandi bænum vil ég biðja hæstv. forsrh. að muna það að við búum við aðrar aðstæður hvað þinghald snertir nú en við gerðum fyrir 1991.

[21:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér kæmi það afskaplega á óvart ef hv. þm. mundi greiða atkvæði gegn bráðabirgðalögunum vegna þess að þá væri hann að greiða atkvæði með því að verkfall hæfist hjá sjómannaflotanum. Það væri afskaplega sérkennilegur gangur í þinginu. En lengi skal nú manninn reyna. En hv. þm. hefur eins og reyndar aðrir þingmenn sagt að ef það hefði verið búið að breyta þingsköpum áður þá mundi þing hafa verið kallað saman og bráðabirgðalög ekki sett. Dettur hv. þm. í hug að Ólafur Jóhannesson, sem sat í forsæti fyrir ríkisstjórn þá, hefði kallað saman þing til að setja bráðabirgðalög eins og hann gerði 1971 um að fella niður námsbókagjald? Ég efast um að hann hefði kallað saman þing af því tilefni.

[21:25]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég var ekki kominn á þing 1971 og er ókunnugur þeirri bráðabirgðalagasetningu. Varðandi það hvernig ég muni greiða atkvæði þá er það ekki mitt að draga þessi lög í gegnum þingið. Þau eru á ábyrgð ríkisstjórnarinnar. Þau eru á ábyrgð ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar og ég ætla sannarlega ekkert að fara að hjálpa honum sérstaklega við það að koma þeim í gegnum þingið. Ég er ekki þar með að greiða atkvæði með því að hefja verkfall. (**Forsrh.**: Jú.) Það er alls ekki. (**Forsrh.**: Jú.) Það er alls ekki. Er ríkisstjórn Davíðs Oddssonar búin að missa meiri hluta? Ég bara spyr? Ég átti kannski hálfpartinn von á því fyrir tveimur til þremur dögum en eftir að Jón Baldvin svínbeygði ykkur þá reikna ég með því að hann ætli að lofa hæstv. forsrh. að vera áfram hæstv. forsrh. enn um sinn eftir að hann var búinn að fá allt sem hann vildi í landbúnaðarmálunum.

[21:26]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það vakti athygli mína þegar ég fylgdist með ræðu hv. þm. Páls Pétursonar að hann talaði eins og hann bæri enga ábyrgð á gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Ef ég man rétt og gott ef ég get þá hresst upp á minni hv. þm. þá var það undir forustu Framsfl. og þáv. sjútvrh. Halldórs Ásgrímssonar sem þessi lög voru sett árið 1990 og þau gilda enn. Nákvæmlega á grundvelli þessara laga eiga sér stað viðskipti með aflaheimildir sem hafa áhrif á kjör sjómanna. Nú sagði hv. þm. Páll Pétursson í ræðu sinni að þetta væru ekki gallalaus lög og það mátti skilja orð hans svo að hann hefði kannski séð fyrir um þessa galla þegar hann greiddi lögunum atkvæði á hinu háa Alþingi árið 1990. Þess vegna er það afar mikilvægt fyrir umræðuna hér að hv. þm. Páll Pétursson skýri okkur frá því hvaða galla hann hafi séð fyrir í lögunum strax árið 1990 og hvort hann hafi þegar hann stuðlaði að setningu þessara laga séð fyrir um allar þær fjölmörgu útgáfur kvótaviðskipta, sem sumir nefna kvótabrask, og leiddu til verkfalls sjómanna sem ríkisstjórnin neyddist síðan til að stöðva með bráðabirgðalögum. Það er því alveg ljóst að hv. þm. Páll Pétursson ber hér mjög mikla ábyrgð þar sem hann er meðal annarra höfundur þessara laga. Þess vegna tekst honum ekki né Framsfl. að hlaupast frá málinu eins og hann hafi aldrei komið nálægt því. Og þess vegna er mjög mikilvægt að það komi fram í umræðunni hvaða galla hv. þm. Páll Pétursson hafi séð fyrir er hann stóð að útgáfu þessara laga árið 1990.

[21:29]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég verð að virða það hv. 5. þm. Austurl. það til vorkunnar þar sem hann í sigurvímu út af sigri í landbúnaðarmálum hugsar ekki mjög skýrt í kvöld. Ég hef ekki borið af mér neina ábyrgð á gildandi lögum. Eins og aðrir þingmenn Framsfl. stóð ég að setningu þeirra á sínum tíma og ég hef greitt þeim atkvæði mitt þegar þau hafa verið endurskoðuð hér. Ég bar á þau lof í ræðu minni hér áðan og held að þetta sé skásta kerfið þó það sé ekki fullkomið. Skásta kerfið sem samstaða getur orðið um í þjóðfélaginu. Ég hef hins vegar ekki séð fyrir allt sem hefur þróast í þessum lögum. Mér fannst það vera eðlilegt þegar lögin voru upphaflega sett að minnstu bátarnir væru utan kvóta, mér fannst það eðlilegt. En ef ég mætti reynslunni ríkari greiða atkvæði aftur, byrja upp á nýtt og snúa klukkunni til baka, þá hefði ég lagt mjög ríka áherslu á að strax hefði verið kvótasett á allar fleytur og eins strax kvótasettar allar nytjafisktegundir. Ég sá það ekki fyrir heldur að útvegsmenn færu að misfara með lögin, örfáir eða einhverjir útvegsmenn kynnu að misfara með lögin og knýja sjómenn til þess að kaupa handa sér kvóta. Það sá ég ekki fyrir og ég átti ekki von á því að menn höguðu sér þannig og ég held að það samræmist heldur ekki þessum lögum og það hefði ríkisstjórnin átt að stoppa strax með valdi og lagasetningu og þá hefði ekki komið til þessarar deilu.

[21:31]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eitt er að segjast bera ábyrgð á lögum, en það er allt annað að þora að bera ábyrgð á þeim þegar til kastanna kemur og það er akkúrat það sem hér er að gerast. Hv. þm. Páll Pétursson segist þora að taka ákvörðun á útgáfu laganna á sínum tíma en hann þorir ekki að taka ábyrgð á afleiðingum laganna og þeirri starfsemi sem af lögunum leiðir vegna þess að í skjóli þessara sömu laga sem hv. þm. vill taka ábyrgð á þróast viðskiptin með aflaheimildir sem hafa áhrif á kjör sjómanna. Þar með ber hv. þm. Páll Pétursson ábyrgð ekki einvörðungu á lögunum heldur á afleiðingum þeirra líka. Og það er á grundvelli þess sem við urðum að bregðast við með útgáfu laga til þess að stöðva verkfall sem hafði ófyrirsjáanlegar afleiðingar.

[21:32]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er stoltur af því að hafa átt þátt í því að greiða fyrir því að þessi lög voru sett í upphafi. Ég sé ekkert eftir því að hafa greitt þeim atkvæði mitt þegar þau hafa verið endurskoðuð síðan og það er náttúrlega dæmalaus þvæla, með leyfi, herra forseti, hjá hv. 5. þm. Austurl. að halda það að vandræði sem hafa hlotist hjá örfáum útgerðum vegna ofbeldis, ég vil segja ofbeldis útgerðarmanna og hrottaskapar við sína sjómenn sé þessu kerfi að kenna. Þetta er bara eins og hver önnur fjarstæða.

[21:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsti með allsérkennilegum hætti hvernig ætti að hans mati að standa að lausn kjaradeilna. Hann hélt því fram að ríkisstjórnin hefði fyrir sitt leyti átt að leysa þessar deilur áður en til verkfallsins kom. Og hver var sú aðferð sem hv. þm. benti á? Hún var sú að taka formann eins af öflugustu launþegafélögum landsins úr umferð eins og hann orðaði það. Ja, það er nokkuð sérkennileg afstaða sem hér er lýst að það sé leið til þess að leysa

kjaradeilur að taka formenn stéttarfélaganna úr umferð. Ég þykist nú vita að hv. þm. hafi í raun og veru ekki meint eitt eða neitt með þessu en ég vona hins vegar að þessi ræða komi ekki fyrir sjónir forustumanna verkalýðshreyfingarinnar því að þeim gæti auðvitað dottið í hug að hv. þm. væri að lýsa stefnu Framsfl., en hvað sem um þann flokk má segja, þá finnst mér nú ekki sanngjarnt að væna hann um það að hafa stefnu af þessu tagi þegar komið er fram undir lok 20. aldarinnar.

Hv. þm. sagði svo að til verkfallsins hefði verið boðað ekki til þess að fara í úrlausn kjaramála heldur til þess að breyta lögum og kollvarpa lögum um stjórn fiskveiða. Þessu sjónarmiði héldu vinnuveitendur fram þegar verkfallið hafði verið boðað og þeir héldu því svo stíft fram að þeir fóru í mál fyrir félagsdómi en þessu sjónarmiði vinnuveitenda sem hv. 1. þm. Norðurl. v. er hér að lýsa var hafnað hjá félagsdómi. Félagsdómur féllst ekki á þessi sjónarmið sem hv. 1. þm. Norðurl. v. er að lýsa og vinnuveitendur héldu fram. Og það hefði verið fullkomlega óeðlilegt að grípa fyrr inn í kjaradeiluna en gert var og stenst ekki að gagnrýna ríkisstjórnina annars vegar fyrir að hafa gripið of seint inn í deiluna og hins vegar fyrir það að hafa gert það allt of fljótt eins og kemur fram í máli sumra hv. þm. hér.

[21:36]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það hefði verið hægt að stöðva þessa kjaradeilu áður en hún varð alvarleg ef hæstv. sjútvrh. hefði ekki setið með hendur í skauti, ef hann hefði ekki látið málið afskiptalaust, ef hann hefði mátt vera að því að tala við menn, m.a. að tala við formann Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Þá hefði formaður Farmanna- og fiskimannasambands Íslands e.t.v. haldið sig við það sem upphaflega var ásetningur þeirra að koma í veg fyrir kvótabrask, þ.e. að sjómenn væru látnir taka þátt í kvótakaupum. Og ég trúi nú ekki öðru en jafnmikill fortölumeistari og hæstv. sjútvrh. er hefði getað fengið þennan varaþm. Sjálfstfl. til þess að taka öðruvísi á málinu. Það sem varaþm. var að gera var það að hann reiddi til höggs og hann ætlaði að láta það lenda á öllu kvótakerfinu, hann ætlaði að kollvarpa kvótakerfinu. Og ég á eftir að sjá það að hæstv. sjútvrh. fái stuðning hans við kvótakerfið hér á komandi mánuðum. Ég horfi til þess með nokkurri eftirvæntingu hvernig hv. stjórnarflokkar fara að lenda því máli.

[21:38]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér þykir vænt um það að hv. 1. þm. Norðurl. v. skuli hafa staðfest það með þögninni að hann meinti ekki það sem hann sagði um aðferð til þess að leysa kjaradeilur. En vegna alls aðdraganda málsins er nauðsynlegt að ítreka það sem áður hefur verið sagt að það var boðið af minni hálfu strax sl. vor að lögfesta ákvæði bókunarinnar sem fylgir kjarasamningunum. En því var þá lýst yfir að það dygði ekki til og ég er reyndar sammála því sem hér hefur komið fram hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að ef það á að vera stofn í lausn aðgerðanna, þá þarf að lögfesta með einum eða öðrum hætti svipað úrskurðarfyrirkomulag og aðilar sjálfir voru að tala um í samræðum sín á milli en náðu því miður ekki saman um þrátt fyrir margítrekaðar tilraunir ríkisstjórnarinnar til að koma þeim að samningaborðinu.

[21:39]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara til að taka af öll tvímæli, þá vonast ég eftir því að þessi varaþm. Sjálfstfl. fari frjáls ferða sinna bæði á sjó og landi og hæstv. sjútvrh. má ekki ætla mér annað. En ég tel hins vegar að það séu ekkert óeðlileg vinnubrögð þó að ríkisstjórn á hverjum tíma eða óeðlileg afskiptasemi eigi orð við aðila vinnumarkaðarins þegar siglir í vandræði og þá eru það eðlileg vinnubrögð af ríkisstjórnar hálfu og raunverulega ber henni skylda til að reyna að lægja öldurnar áður en þær rísa of hátt.

[21:40]

Þuríður Bernódusdóttir:

Virðulegur forseti. Fyrst svo ber til að þessi bráðabirgðalög á sjómenn eru til afgreiðslu á Alþingi þessa daga sem ég á sæti hér sem varamaður vildi ég nota tækifærið til þess að láta í ljós skoðun mína á þeim í nokkrum orðum.

Það var ljóst löngu fyrir áramót að til verkfalls sjómanna kæmi strax í upphafi þessa árs, fiskiskipaflotinn mundi stöðvast og áhrifin á atvinnulífið í landinu yrðu gífurleg. Þrátt fyrir að þetta lægi ljóst fyrir var ekki að heyra á stjórnarherrunum að þeir hefðu tiltakanlegar áhyggjur. Fyrir byggðarlag eins og t.d. Vestmannaeyjar þar sem meginþorri fólksins vinnur við sjávarútveg beint eða óbeint gat þetta raunverulega orðið spurning um líf eða dauða fyrirtækjanna þar.

Í upphafi verkfalls og eftir nokkrar samningalotur deiluaðila kom fljótlega í ljós að deilan snerist fyrst og fremst um meinta þátttöku sjómanna í kaupum á veiðiheimildum og svo um fiskverð vegna þess að fiskvinnslan og útgerð eru að mörgu leyti stærsti fiskkaupandinn í landinu.

Eins og öllum er ljóst geta sjómenn engan veginn sætt sig við það brask sem á sér stað með kvótann. Allir gera sér grein fyrir að það er brot á samkomulagi sjómanna og útgerðarmanna að láta sjómenn taka þátt í kaupum á kvóta, og ekki bara sjómönnum, heldur öllum þorra fólks í þessu landi þykir það auðvitað siðlaust að selja kvótann af skipum og kaupa síðan nýjan kvóta með þátttöku sjómanna en þetta eru staðreyndir engu að síður.

Og það er fleira sem mönnum finnst ekki til fyrirmyndar í þessum höfuðatvinnuvegi okkar. Þess eru dæmi að fiskvinnslan í landi ákveður lágt verð á fiski til sinna báta til þess beinlínis að skapa sér betra svigrúm á fiskmörkuðum og kaupir þar fyrir hærra verð sem svo auðvitað jafnast út í sæmilegu meðalverði yfir árið.

Mér er það ljóst að leyfi til framsals á veiðiheimildum eða kvóta er nauðsynlegt í því kerfi fiskveiðistjórnunar sem nú er við lýði. Langflestir eru á því að

öðruvísi gengi kerfið ekki upp og ég get alveg samþykkt það. En þá verðum við líka að viðurkenna að rætur þessa vanda, sem leiddu til þess að bráðabirgðalögin voru sett, er að finna í fiskveiðistjórnunarkerfinu, kvótakerfinu sjálfu. Vandinn, kvótabraskið, er með öðrum orðum afkvæmi ríkjandi stefnu í stjórn fiskveiða. Þess vegna finnst mér og mörgum öðrum sem hafa hugsað um þetta mál og starfa líka í þessari grein að stjórnvöld hafi vissar skyldur til þess að koma inn í þetta mál og leysa það. Af hverju má ekki bara banna kvótabraskið með lögum? Hvað er það sem kemur í veg fyrir það? Er það ekki einfaldast?

Það kom fram hjá mörgum sjómönnum á opnum fundum að þeir hefðu stutt kvótakerfið á sínum tíma en aldrei órað fyrir því að það ætti eftir að hafa slíkar afleiðingar. Og margir hafa auðvitað áhyggjur af framtíðinni ef festa á aflamarkskerfið endanlega í sessi eins og það er núna. Verður nokkurn tíma friður um það nema lausn finnist á þessum vanda og reyndar ýmsu öðru í kerfinu? Fyrir mörgum blasir það við að fiskvinnslan geti á næstunni algerlega ráðið ein fiskverði á þeim kvóta sem hún eignast og skammtað sjómönnum að vild. Það ætti því engan að undra þótt samtök sjómanna skuli vera farin að tala um lágmarksverð. Viðsemjandi þeirra er orðinn stærsti fiskkaupandinn, hvort sem útgerðarmenn viðurkenna það eða ekki.

Það kom fljótlega í ljós að erfitt yrði að leysa þessa verkfallsdeilu nema stjórnvöld kæmu inn í málið. Eðlilegast hefði verið að kalla Alþingi saman þegar allt var komið í hnút. Alþingi hefði getað afgreitt þetta mál á lýðræðislegan hátt á ekki löngum tíma. Stjórnarandstaðan hafði lýst því yfir að hún væri tilbúin til að mæta til þings.

Það er líka spurning, sem ekki hefur fengist viðhlítandi svar við, hvort öll sund hafi verið lokuð þegar bráðabirgðalögin voru sett. Bráðabirgðalög eru alltaf slæmur kostur og þeim á ekki að beita nema í algerri neyð. Með þeim er verið að brjóta á rétti manna sem vilja verja kjör sín með frjálsum samningum.

Lausnin, sem boðuð er í þeim bráðabirgðalögum sem hér eru til afgreiðslu, var að skipuð yrði nefnd þriggja manna sem kæmi með tillögur um hvernig mætti koma í veg fyrir þátttöku sjómanna í kaupum á aflaheimildum. Ég get ekki séð að þessi nefnd hafi komið með þær lausnir sem menn bundu vonir við. Kannski er það engin furða því fiskveiðistjórnunin er í þroti. Hún hefur ekki gengið upp. Óréttlætið í þessu kerfi, sem kemur svo glöggt fram í því máli sem varð tilefni þessara bráðabirgðalaga, er svo mikið að fólki blöskrar. Þetta kerfi dregur úr öllu frumkvæði og er að færa þröngum lokuðum hópi, sem jafnan eru kallaðir sægreifar, meginhluta kvótans, þ.e. auðlindir hafsins í kringum landið, allt í nafni hagræðingar, sem því miður fáir hafa komið auga á, nema kannski greifarnir sjálfir.

Ég efast ekki um að í upphafi hafi mörg rök verið fyrir því að taka upp kvótakerfið og til þess þurfti mikið þrek og mikla dirfsku. Margt hefur tekist vel en á þessu kerfi eru brotalamir sem við verðum að takast á við. Það þýðir ekki að svara með bráðabirgðalögum þótt það sé svona við hæfi þegar menn eru að baksa með bráðabirgðalausnir í málefnum þessarar atvinnugreinar.

Skuldir sjávarútvegsins eru jafnhá upphæð og fjárlög þessa lands í ár. Mér finnst það óhugnanlegt á sama tíma og draga á saman kvótann ár frá ári. Þótt einhverjir greifar séu vel bjargálna er hætt við því að fátækt sé að hellast yfir aðra í þessari atvinnugrein. Við þekkjum þjóðfélög sem þannig er og var ástatt með, þróunarlöndin og lönd Austur-Evrópu. Viljum við stefna í þá átt?

Það er löngu kominn tími til að taka upp á ný sóknarmarkið sem gefur þeim möguleika sem eru duglegir og skilur þá eftir sem ekkert geta neitt nema verið vinir foringjans.

Sóknarmarkið getur, ef því fylgir líka takmörkun veiðidaga, orðið mun virkara í verndun fiskstofnanna. Í þess konar kerfi kemur allur fiskur að landi, fiskvinnslan gæti mun betur samræmt veiðar og vinnslu. Nýsköpun í sjávarútvegi gæti þá fyrst orðið alvara.

Virðulegi forseti. Það duga ekki lengur bráðabirgðalausnir. Nú eru tækifæri til nýrrar sóknar.

[21:48]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. gat þess réttilega að verkfall sjómanna hefði alvarleg áhrif á atvinnulíf í Vestmannaeyjum eins og reyndar öðrum sjávarútvegsbæjum í landinu. Síðan tók hv. þm. fram að að sínu mati væri framsal aflaheimilda óhjákvæmilegt í núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi en gerði kröfu til þess að ríkisstjórnin hefði leyst málið áður en til verkfalls kom. Átti að banna framsal eins og var krafa verkalýðshreyfinginnar? Átti ríkisstjórnin að ganga að því? Hefði það bætt stöðu útgerðar og fiskvinnslu í Vestmannaeyjum? Er ekki rétt að hv. þm. svari því? Hefði það bætt stöðu útgerðar og fiskvinnslu í Vestmannaeyjum að ríkisstjórnin hefði orðið við þeirri kröfu?

Í annan stað sagði hv. þm. að það hefði verið krafa sjómannasamtakanna að hækka fiskverð. Vill hv. þm. svara því hér hvort það hefði bætt stöðu fiskvinnslufyrirtækjanna í Vestmannaeyjum að ríkisstjórnin hefði orðið við þeirri kröfu og lögleitt hana? Hefði það bætt aðstöðu fiskverkafólksins í Vestmannaeyjum, að ríkisstjórnin hefði orðið við þeirri kröfu og lögfest hana? Er ekki rétt að hv. þm. geri þinginu grein fyrir þessu?

[21:50]

Þuríður Bernódusdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda hæstv. sjútvrh. á það að í máli mínu talaði ég um að til þess að kvótakerfið gengi í dag eins og það væri þá þarf að vera hægt að framselja kvóta, en ég bendi enn fremur á að mér þykir það súrt ef útvegsmenn geta selt sinn kvóta og komið síðan og keypt kvóta og látið sjómenn taka þátt í kaupum á aflaheimildum. Það er þetta sem ég á við.

[21:50]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er enginn ágreiningur um það að nauðsynlegt er að koma í veg fyrir að sjómenn séu neyddir til að taka þátt í kaupum á aflaheimildum, það er enginn ágreiningur um það. En hv. þm. var að halda því fram að ríkisstjórnin hefði átt að leysa þessa deilu fyrir fram og hverjar voru kröfurnar? Krafan var sú að banna framsal sem hv. þm. hefur sagt að sé alveg nauðsynlegt og ég spyr: Hefði það verið útgerð og fiskvinnslu í Vestmannaeyjum til framdráttar að verða við þessari kröfu fyrir fram? Og hv. þm. sagði svo að í annan stað hefði krafa sjómannasamtakanna verið sú að hækka fiskverð. Átti ríkisstjórnin að taka undir þá kröfu og lögfesta hækkun fiskverðs? Hefði það hjálpað fiskvinnslufyrirtækjunum í Vestmannaeyjum í þeirra vanda? Og vegna þess að hv. þm. vitnaði til þess bæjarfélags þá finnst mér eðlilegt að hv. þm. geri grein fyrir því hvort það hefði hjálpað sjávarútveginum og fiskvinnslufyrirtækjunum í Vestmannaeyjum að ríkisstjórnin hefði brugðist við eins og hv. þm. er að krefjast.

[21:52]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mig langar í upphafi ræðu minnar að minnast á þessi síðustu orðaskipti sem fóru hérna fram. Ég verð að lýsa yfir undrun minni á viðbrögðum hæstv. sjútvrh. og það hvernig hann slítur úr samhengi það sem verið var að takast á um í þessari deilu, setur það fram á mjög einfaldan máta sem í raun og veru getur ekki gengið. Hann talaði hér um kröfuna um það að hækka fiskverð og hvort það hefði bjargað fyrirtækjum í Vestmannaeyjum ef það hefði orðið við þeirri kröfu. Hver var krafa sjómanna um hækkað fiskverð? Hún var krafa um að það fiskverð yrði reiknað sem raunverulega lægi á bak við þau viðskipti sem færu fram á milli kaupenda og seljenda, þ.e. að sjómenn yrðu ekki látnir borga í kvótakaupunum sjálfum. Það var ekki verið að fara fram á aðra hækkun fiskverðs heldur en þessa. Og það er útúrsnúningur og ekki sæmandi hæstv. sjútvrh. að koma hér inn í umræðuna með fullyrðingar af þessu tagi sem ég a.m.k. ímynda mér að einhver sem hefði verið að horfa á og hlusta á það sem hér er að fara fram hefði tekið þannig að sjómenn hefðu verið að gera kröfu um almenna hækkun fiskverðs en það var ekki.

Síðan má auðvitað velta fyrir sér hinu sem hæstv. ráðherra var hér að nefna áðan, kröfunni um frjálsa framsalið, um að breyta því. Sjómenn fóru fram á það að annaðhvort yrði frjálsa framsalið tekið af eða með öðrum hætti komið í veg fyrir það að sjómenn væru látnir taka þátt í kvótakaupum. Ríkisstjórnin tók að sér að leysa málið og ég verð nú að segja það eins og er að mér finnst umræðan hér í kvöld hafa verið mjög undarleg. Hér hafa hæstv. ráðherrar leyft sér að tala eins og þeir hafi í raun og veru engu lofað, yfirlýsingar þeirra hafi aldrei verið til neins marks. Þeir hafa meira að segja komið hér ferð eftir ferð í ræðustólinn til þess að segja að það sé nú aldeilis ekki nein þörf á því að tala við þingmenn stjórnarliðsins um þessi bráðabirgðalög, það hefði ekki verið nein ástæða til þess og verið nánast hneykslaðir yfir því að einhverjir þingmenn úr stjórnarandstöðunni væru að gagnrýna þá fyrir að hafa ekki talað við nema tvo af þingmönnum Sjálfstfl., hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. hafa víst ekki gert það.

Mig langar að spyrja hæstv. sjútvrh. Fannst honum engin ástæða til þess að tryggja stuðning við þá lausn sem er verið að biðja þingið um að skrifa upp á með því að fara fram á að þessi bráðabirgðalög verði samþykkt? Það er ekki bara verið að setja lög á verkfall sjómanna. Það er verið að lýsa því yfir í þessum lagatexta að það eigi að leysa vandamál sjómanna með tilteknum hætti. Og hæstv. ráðherrar hafa látið sig hafa það að mælta hér á Alþingi og halda því fram að það hafi ekki verið nein þörf á því að tala við hv. þm. annars stjórnarflokksins um það hvort þeir væru tilbúnir að standa með þessum hætti að þessari lagasetningu, hvort þeir væru tilbúnir að því að standa að lausn ríkisstjórnarinnar á því vandamáli sem þarna væri verið að takast á um.

Ég verð nú að segja það alveg eins og er að mér finnst svona umræða ekki í lagi. Menn geta rifist endalaust um það hvort yfirleitt eigi að tryggja fullkominn meiri hluta fyrir þeim bráðabirgðalögum sem menn ætla að setja. En í þessu tilfelli tel ég að hafi verið á ferðinni þannig einstakt fyrirbrigði, þ.e. það stóð yfir verkfall sjómanna hér, það var búið að fara í gegnum málin, ríkisstjórnin var búin að eiga hlut í samningaviðræðum dögum saman og hún ákvað að leysa málin með tilteknum hætti og ég tel að henni hafi borið skylda til þess að tryggja stuðning við það sem hún ætlaði að gera í málinu.

Hitt er svo annað mál að ég tel að það verði að ræða þessi mál í samhengi og það er ekki hægt að sleppa ríkisstjórninni við þá ábyrgð sem hún ber á þessari deilu. Ríkisstjórnin á alla sök á því að þetta verkfall varð í vetur, og hvers vegna? Það er vegna þess að þetta verkfall varð vegna stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum. Sjómannasamtökin lýstu yfir fullri andstöðu við stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum á sl. vetri þegar skýrsla tvíhöfða nefndar var lögð fram. Þá lýstu sjómenn því yfir að þeir gætu ekki fallist á þessa stefnu og gerðu kröfur um breytingar á henni. Alveg frá þeim degi var það auðséð að það mundi stefna í þessi átök og það var ítrekað rætt í sölum Alþingis að það væri von á þessum átökum. Ríkisstjórnin kaus að láta málið danka og hún ætlaði greinilega að gera þá tilraun að brjóta sjómennina niður í verkfalli. Það var það sem hún ætlaði sér. Og þegar kom fram undir jól urðu umræður um þetta mál og þá kaus hæstv. forsrh. að láta eins og það stæði ekki til að gera neitt í málinu. En það var auðvitað fyrirséð þá að hverju stefndi. Og síðan gekk málið til enda og það er ekki ástæða til þess að rifja það upp í smáatriðum. Allir vita hvernig það gekk til. En að koma hér í ræðustól og tala eins og menn beri enga ábyrgð á þessu máli og tala líka eins og þessi deila hafi næstum því dottið ofan úr himninum og menn hafi

bara ekkert vitað fyrr en svona var komið og þess vegna hafi þurft að setja bráðabirgðalög, það er ekki rétta myndin af þessu máli, einfaldlega vegna þess að við vissum það, allir sem höfum viljað hugsa um þessi mál alveg frá því í fyrravor að það kæmi að þessu. Og það var auðséð að það yrði um þetta verkfall að ræða um áramótin, það var nokkurn veginn vitað alveg í byrjun desember hvenær þessi dagur mundi renna upp. Síðan lýstu sjómenn yfir hvenær verkfall skyldi skella á.

Ríkisstjórnin ákvað það á sömu dögum og þetta blasti við að lengja jólafrí þingmanna. Hvers vegna? Það kom aldrei skýring á því. Ég hef mína skýringu á því. Það var einfaldlega vegna þess að ríkisstjórnin taldi að það væri of þröngur tími frá því að verkfallið skylli á og þangað til þing ætti að koma saman til þess að það yrði hægt að setja bráðabirgðalög. Þeir vildu hafa svigrúm til bráðabirgðalagasetningarinnar því að það hefði varla verið tæknilega mögulegt að koma bráðabirgðalögunum á fyrr en verkfall væri búið að standa í hálfan mánuð. Og þingið átti að koma saman ef ég man rétt 17. jan. Þess vegna var ákveðið að lengja jólafrí þingmanna um eina viku svo að það yrði svigrúm að koma bráðabirgðalögunum á til þess að hér myndaðist lengri tími og til þess að brjóta niður baráttu sjómannanna. Þannig liggur þetta í mínum huga. Og ég verð að segja það alveg eins og er að ég trúi því að ýmsum sem eiga hlut að þessari deilu og líka öðrum landsmönnum sem fylgjast með því sem fer fram á Alþingi finnist undarlega að málum staðið að menn skuli hafa gengið fram með þessum hætti og það skuli ekki hafa verið meira á bak við það sem hæstv. ríkisstjórn var að gera þegar hún setti þessi bráðabirgðalög. Það hefur sem sagt komið í ljós að meiningin var ekkert nema þessi. Og ég verð að segja alveg eins og er að ég tel nú reyndar að hæstv. ríkisstjórn hafi ímyndað sér og hafi ætlað sér að gera það sem stendur hér í texta bráðabirgðalaganna og síðan hafi þær fyrirætlanir breyst því að bréfin sem hæstv. sjútvrh. skrifar sjútvn. benda eindregið til þess. Það var nefnilega gert ráð fyrir því að þríhöfða nefndin skili lagatexta fyrir 1. febr. og síðan sendir hæstv. sjútvrh. sjútvn. þennan texta sem heitir að vísu minnisblað þegar það kemur til sjútvn. En hæstv. ráðherra endar bréf sitt með þessum orðum:

„Var ákveðið að senda þær til umsagnar" — ég endurtek, „til umsagnar sjútvn. Alþingis og fylgja þær hér hjálagðar."

Fram að þessu hafa menn skilið þetta orð „til umsagnar" þannig að þarna væri verið að fjalla um mál sem síðan ætti að vinna annars staðar.

Sextán dögum seinna kemur annað bréf frá hæstv. sjútvrh. og þá lýsir hann því yfir að hann telji að það eigi að afgreiða út úr nefndinni þetta frv. eða þessi bráðabirgðalög og það eigi að taka til meðferðar við umfjöllun um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem hér liggja nú fyrir þinginu til úrlausnar akkúrat þessu málefni sem talað er um í bráðabirgðalögunum. Þarna hefur orðið sem sagt kúvending í þessu máli eins og svo oft áður hjá þessari hæstv. ríkisstjórn og hún hefur séð það þegar hún fór að kanna málið að það var ekki stuðningur við þessa hugmynd og það hefði kannski verið nær fyrir hæstv. ríkisstjórn að kanna málið hjá sínum mönnum og öðrum áður en hún gekk frá þessum bráðabirgðalögunum þannig að þar væru á ferðinni einhverjar raunhæfar hugmyndir um lausn á þessum alvarlegu málum sem við erum hér að ræða um.

Ýmislegt hefur blandast inn í þessa umræðu. Ég hef nú áhuga fyrir því að ræða pínulítið við hv. 5. þm. Austurl. um það sem hann sagði hér áðan. Mig langar til, hæstv. forseti, að biðja þig að athuga hvort hann er í húsinu.

(**Forseti** (StB): Forseti sér að hv. 5. þm. Austurl. er í salnum þessa stundina. Það er kannski rétt að geta þess að það er að sjálfsögðu ekki hægt að gera þá kröfu að einstakir þingmenn séu við þessa umræðu en hv. 5. þm. Austurl. hefur verið við þessa umræðu alla.)

Hæstv. forseti. Mér er það ljóst og nú hefur þennan hv. þm. borið fyrir augu mín um leið og hann gekk hér fyrir stólinn þannig að ég er ánægður með það. En það sem mig langaði til að tala um var að hv. 5. þm. Austurl. gagnrýndi það að menn væru hér að gagnrýna meðferð málsins og það hvernig farið hefði verið að í þinginu og eins hvernig ríkisstjórn hefði farið að í málinu, þ.e. að hafa ekki samband við alla þingmenn stjórnarflokkanna um málið og taldi að þessi gagnrýni hefði átt að koma fram og taka til umræðu í sjútvn. þar sem hann á sæti ásamt mér og fleiri þingmönnum. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég taldi ekki ástæðu til að ræða það mál í sjútvn. af þeirri einföldu ástæðu að ég taldi ekki að hæstv. forsrh. yrði kallaður inn á fund, t.d. til að ræða þetta mál. Það var að vísu rætt um það að fá hæstv. sjútvrh. til að mæta á fundi nefndarinnar en af því varð ekki. Hins vegar kom bréf frá honum eins og ég lýsti áðan. Og ráðuneytisstjórar eins og hv. þm. nefndi sem voru í þessari svokölluðu þríhöfða nefnd hefðu auðvitað engu getað svarað um það af hverju var ekki haft samband við þingmenn og ekki tryggður nægjanlegur stuðningur við þá hugmynd sem þarna var verið að fjalla um þannig að auðvitað var þetta út í hött hjá hv. 5. þm. Austurl. að halda því fram að það hefðu verið einhver mistök okkar að taka málið ekki upp í sjútvn.

Hann leyfði sér að segja hér að hann efaðist um að alvara væri á bak við þá umræðu sem fer fram um þetta mál. Hvernig á að skilja þau orð? Ég skil þau þannig að hann telji að stjórnarandstaðan sé í raun sammála því að það hafi þurft að setja þessi bráðabirgðalög. Ég er á þveröfugri skoðun. Auðvitað þurfti ekki að setja þessi bráðabirgðalög. Það þurfti fyrst og fremst að vinna öðruvísi að málinu og viðurkenna að það þurfti að vinna að þessu vandamáli mikið fyrr. Ríkisstjórnin lét reka á reiðanum. Ég læt mér ekki detta það í hug eitt augnablik að það hafi ekki verið að yfirlögðu ráði. Ég tel að ríkisstjórnin hafi ætlað að reka stefnu sína ofan í sjómenn á Íslandi. Hún ætlaði að brjóta þá niður í verkfalli. Hún ætlaði að gera það, ég er sannfærður um það. Það getur engin önnur skýring verið á því sem þarna gerðist. Og það eiga fleiri aðil-

ar í þjóðfélaginu eftir að taka þátt í þeim átökum sem verða um kvótakerfið í framhaldinu. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér þótti ákaflega vænt um að heyra að meira að segja framsóknarmenn eru farnir að rísa upp gegn þessu kerfi því að ræða hv. 2. þm. Suðurl. bendir eindregið til þess að í Framsfl. séu menn nú farnir að efast um að þarna hafi menn verið á réttum brautum og ég er reyndar sannfærður um það og hef verið það síðan ég fór að velta þessum málum fyrir mér að akkúrat það sem hv. 2. þm. Suðurl. var að segja um það hvernig eigi að breyta þessari fiskveiðistefnu er rétt. Það er engin leið að komast út úr þessari vitleysu sem við höfum lent hér í með stjórnum fiskveiðanna öðruvísi en að skipta algerlega um kerfi. (**Gripið fram í:** Hvaða kerfi?) Við eigum að afleggja aflamarkskerfið og þetta eignarhald á aðganginum að auðlindinni sem nú er í gildi, þ.e. kaupin og salan á aflaheimildunum. Við þurfum að komast út úr því. Og það hefur enginn bent á neina leið til þess aðra heldur en að setja á sóknarstýringarkerfið með einhverjum hætti aftur. (**StG:** Með einhverjum hætti?) Með einhverjum hætti. Ég er alveg tilbúinn í þá umræðu, hv. 4. þm. Norðurl. v., (Gripið fram í.) og ég skal þess vegna tala um það í alla nótt, já. Ég ætla hins vegar ekki að gera það í þessari ræðu. Ég á aðra ræðu eftir ef á þarf að halda.

Hæstv. sjútvrh. bauð okkur upp á það í umræðum hér fyrir nokkru að tala málefnalega um aðrar aðferðir við að stjórna fiskveiðum og ég er tilbúinn til þess að ræða það við hann og vonast til þess að það geti orðið sem allra fyrst. Ég held reyndar að þetta öngstræti sem umfjöllun um stjórn fiskveiða er komin í sé þinginu til mikillar minnkunar. Alþingi Íslendinga hefur sagt og segir í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að þessi auðlind sé sameiginleg auðlind okkar allra og það megi ekki myndast eignarhald einhverra einstaklinga á henni. Alþingi Íslendinga hefur síðan samþykkt lög sem eru þannig að það er ígildi eignarréttar á fiskinum í sjónum sem þeir fá sem hafa þessa úthlutun í sínum höndum. Og það er vissulega ekki hægt að halda því fram með neinum rökum að slíkt standist. Menn hafa verið að leiða fram hér ámátlegar hugmyndir um það eða réttara sagt, verið að reyna að rökstyðja það með ámátlegum hætti að mínu viti að þetta geti gengið upp, að einhver geti keypt og selt það sem þjóðin á. Ég hef sagt það áður og ég segi það enn, ég tel að við höfum verið svikin um þessa umræðu vegna óbilgirni þeirra manna sem hafa viljað halda í eignarhaldið á veiðiheimildunum. Og við hjá Alþb. höfum verið með klofning í okkar röðum um það hvernig ætti að taka á þessu máli og það hefur verið klofningur í öllum flokkum. En við höfum þó verið sammála um að það ætti að taka á þessu máli með sameiginlegum hætti og við lögðum fram þáltill. um það í fyrra. Ríkisstjórnin kaus þessa leið og hún er að uppskera. Hún hefur skorið upp verkfall sjómanna og hún á eftir að fá viðbrögð annars staðar af landinu, ekki bara frá sjómönnum allt í kring um þetta land heldur líka frá öðrum aðilum sem hafa farið illa út úr þessu fiskveiðistjórnunarkerfi.

Ég held að það sé komið að því að menn eigi að viðurkenna að það hafi verið illa staðið að þessum málum og ef menn geta gert það einu sinni að brjóta odd af oflæti sínu og setja af stað almennilega umræðu um þetta mál þar sem menn myndu setja sér leiðarstjörnu, þ.e. þau grundvallaratriði sem eiga að vera bak við einhverja auðlind sem við eigum sameiginlega þá munum við auðvitað finna leið til að framfylgja þeim. En á meðan menn koma fram á óheiðarlegan hátt í þessari umræðu, sem ég vil meina að sé óheiðarlegt, ég ætla t.d. að taka þetta dæmi: Í þessum átökum sem fóru fram núna á milli sjómanna og viðsemjenda þeirra þá sögðu forustumenn LÍÚ annars vegar: Við skulum standa með ykkur í því að útgerðarmenn megi ekki láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. En þeir héldu því hins vegar fram að það mætti ekki ræða um fiskverð í þessu sambandi. Og hvað voru þeir að segja? Þeir voru að segja að það mætti ekki skipta sér af því þó að kaupandi og seljandi kæmu sér saman um fiskverð og tækju inn í þau viðskipti sölu á veiðiheimildum. Og þetta gat forustumaður LÍÚ t.d. látið hafa sig í að halda fram í þessum samningaviðræðum. Hvað var hann að segja með þessu? Hann var að segja að stefnumörkun hjá forustu LÍÚ væri sú að útgerðarmenn í landinu sem ekki tækju þátt í fiskvinnslu ættu ekki að eiga sömu möguleika til að eignast veiðiheimildir og þeir sem tækju þátt í fiskvinnslu. Þetta er það kerfi sem er í gildi núna og það kerfi sem verið er að reyna að verja. Og ég hef ekki heyrt menn tala nægilega skýrt um það hvað þeir eru að meina í þessu. Ég hef t.d. ekki heyrt hv. 4. þm. Norðurl. v., svo ég nefni nú framsóknarmann í þessu sambandi, segja það skýrt og skorinort að hann telji að með því að lögfesta það að sjómenn megi ekki taka þátt í kvótakaupum þá sé hann þar með að segja að það megi ekki halda áfram viðskiptunum tonn á móti tonni. En inni í þeim viðskiptum er verslun með veiðiheimildir. Og ef menn ekki viðurkenna það þá eru þeir að bjóða upp á að það verði aldrei hægt að leysa þetta mál.

Hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði að hann vildi að fram kæmi skýr lagasetning þar sem kvótakaup yrðu bönnuð. Og ég óska eindregið eftir því að hann útskýri það fyrir okkur hérna hvort hann telji að eftir að sú lagasetning væri komin til gildis þá verði hægt að halda áfram verslun tonn á móti tonni með sams konar hætti og gert er núna. Ég held að þessi umræða verði að fá að fara hér fram. Og það þýðir auðvitað ekkert að sleppa Framsfl. út úr þessari umræðu. Hann verður að taka þátt í henni vegna þess að hann hefur talið sig bera mesta ábyrgð á þessu kerfi og hér hefur t.d. 1. þm. Norðurl. v. staðið í stólnum í kvöld og haldið því fram að það þurfi að sníða smávægilega agnúa af þessu kerfi. Ég held að við verðum þess vegna að halda þessari umræðu áfram. Hann talaði líka eins og það hefði verið aðalvandamál þessa kerfis að það væru smábátar sem veiddu svo mikið. Ja, sér er nú hvað. Á meðan menn komast ekki upp úr því farinu þá komast menn ekki langt í þessari umræðu.

Hv. forsrh. hélt margar ræður í slagsmálunum í kvöld um það hvort það hefði verið staðið svona að málum áður. Ég verð að segja það alveg eins og er að

mér fannst þar tala maður sem er að reyna að réttlæta gerðir sínar sem hann er auðvitað óánægður með sjálfur eftir á, það getur ekki annað verið, því að fyrirrætlanir ríkisstjórnarinnar eru að renna út í sandinn. Það er ekkert sem bendir til þess að það verði hægt að klára þessi mál hér í vetur. Menn gætu staðið þess vegna frammi fyrir því hér þegar líður að vori að það verði engan veginn hægt að klára þessi sjávarútvegsmál. Það er ekkert smáverkefni sem er eftir til að leysa þessi mál, menn verða að gera sér grein fyrir því. Það hefur engin vinna farið fram. Öll vinna við þessi mál, sem hefur farið fram, hefur farið farið fram á vegum stjórnarflokkanna og innan þeirra. Það er fyrsti fundur sjútvn. þingsins í fyrramálið þar sem koma menn til að ræða um fiskveiðistjórnunarfrv., fyrsti fundurinn er í fyrramálið. Það eru að verða liðin þrjú ár síðan hæstv. ríkisstjórn tók við völdum. Hún er búin að nota þessi þrjú ár til þess að komast í þennan áfangastað sem nú er. Og halda menn síðan að það sé eitthvað augljóst og víst að það verði lokið við sjávarútvegsmálin fyrir vorið? Ég held að það sé mikil bjartsýni og barnalegt ef menn halda það. Það þarf að leggja a.m.k. mikla vinnu í það. Og ég tel að að þeirri vinnu þurfi að koma miklu fleiri en hafa komið að henni fram að þessu. Það þurfa að koma að þeirri vinnu sveitarstjórnarmenn í kringum landið, það þarf að koma að þeirri vinnu fólk sem vinnur við fiskiðnað og fólk sem býr í sjávarútvegsplássum sem eru að hrynja saman vegna þessa kvótakerfis. Og það þarf að ræða grundvallaratriði stjórnkerfisins sjálfs. Það er nefnilega ekki nóg að ná einhverjum hrossakaupum á milli ríkisstjórnarflokkanna í þessu máli. Ég er sannfærður um það. Það verður ekki friður um þá niðurstöðu sem núna liggur fyrir í gögnum hjá sjútvn. Og ég skora á hv. þm. stjórnarflokkanna og líka stjórnarandstöðunnar að taka þátt í þessari umræðu með opnum hug. Og ég býð fram liðsinni Alþb. með sama hætti og við buðum fram liðsinni okkar í fyrra til að fara í opna umræðu við aðra flokka þar sem við reyndum að vinna út frá þeim stefnumörkunargrundvelli sem raunverulega er lagður með því að Alþingi hefur orðið sammála um það að þetta væri sameiginleg auðlind þjóðarinnar. Að mínu viti segir það bara eitt, að gera þarf stórkostlegar breytingar á því kerfi sem er núna við lýði því eignarhald á veiðiheimildum sem við búum við getur aldrei gengið upp við þetta grundvallarákvæði sem við höfum núna í lögunum um stjórn fiskveiða.

[22:19]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. var að gera því skóna enn einu sinni að ríkisstjórnin hefði ekki verið tilbúin til viðræðna við sjómannasamtökin um þessi mál. Það liggur fyrir og hefur verið margítrekað að slíkt tilboð var gert þegar í fyrravor, þá þegar bauðst ég til að taka þátt í viðræðum um að lögfesta bókunina sem fylgir kjarasamningunum. Það voru hins vegar sjómannasamtökin sem kusu það að fylgja sínum málum fram í samningum við atvinnurekendur frekar en að koma til þeirra viðræðna sem ríkisstjórnin var frá öndverðu tilbúin til að fara í. Þetta er staðreynd málsins og þess vegna alveg fráleitt að vera að halda hér öðru fram um þetta atriði.

Hv. þm. er svo að gera því skóna að ríkisstjórnin hafi ætlað sér að beygja sjómenn og til sannindamerkis um það þá hafi hún ákveðið að framlengja jólaleyfi þingmanna. Staðreyndin í því máli er nú sú að þinghald dróst í desembermánuði fram yfir það sem áætlað var í stafsáætlun þingsins. Þess vegna var ákveðið að framlengja jólaleyfið. Og hverjir gerðu tillögu um það? Sú tillaga kom frá forsætisnefnd þingsins. Og ég veit ekki betur en að sú tillaga hafi komið frá forsætisnefnd samhljóða. Mér er ekki kunnugt um að það hafi orðið ágreiningur um þá tillögu af hálfu forsætisnefndar. Hv. þm. getur ráðist hér á ríkisstjórnina og borið hana ósönnum sökum í þessu efni en það er ósmekklegt af hv. þm. að bera þessar sakir á fulltrúa Alþb. í forsætisnefnd því þegar hann gerir þetta þá hittir hann þann fulltrúa fyrir einnig og kemst ekki hjá því. Ég get skilið freistingar hv. þm. að bera ríkisstjórnina ósönnum sökum. Það er alvanalegt af hans hálfu. En það er ekki stórmannlegt að gera það með þeim hætti að það hitti hans eigin flokksbróður fyrir.

[22:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er kunnugt um það að þessi tillaga forsætisnefndar þingsins kom ekki frá fulltrúa Alþb. þar. Ég hef ekki upplýsingar um það hvaðan sú tillaga kom eða hverjum datt þetta fyrst í hug. Ég er eingöngu að segja mína skoðun á því hvers vegna jólaleyfi þingmanna var lengt. Mín skoðun er sú að það hafi verið lengt til þess að gefa þetta svigrúm. Það var engin ástæða til þess að hafa jólafrí þingmanna svona langt. Þó það hefði dregist í tvo, þrjá daga að komast heim í jólafríið þá gátu menn vel mætt til þings hér á þeim tíma sem áætlað var það var engin ástæða til þess að lengja fríið þess vegna.

En því sem hæstv. ráðherra sagði hér um það að lögfesta yfirlýsingu sjómannasamtakanna vil ég mótmæla. Við vitum alveg nákvæmlega, bæði hæstv. ráðherra og ég, að þessi yfirlýsing sem hæstv. ráðherra er hér að tala um var túlkuð með þeim hætti af atvinnurekendum í sjávarútvegi að það væri hægt að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Og að lögfesta þá yfirlýsingu sem hæstv. ráðherra er hér að nefna var sama og lögfesting á því fyrirkomulagi sem nú hefur verið í gildi með því að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum.

En það er kannski ástæða til þess að nefna það í þessu sambandi að það er líka til önnur yfirlýsing. Í þeirri yfirlýsingu er ekki þessi seinni hluti sem hefur orðið til þess að menn hafa túlkað þetta svona. Sú yfirýsing fylgir samningum Farmanna- og fiskimannasambandsins sem eru í gildi núna.

[22:23]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur hér viðurkennt að tillagan um að lengja jólaleyfið kom frá for-

sætisnefnd þingsins. Hann hefur ekki gert neinar athugasemdir við það að sú tillaga var gerð samhljóða í forsætisnefnd en heldur sig enn við það þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir þessa viðurkenningu að lenging jólaleyfisins sé einhver sönnun á því að ríkisstjórnin hafi ætlað að knésetja sjómenn í þessu verkfalli. Hér hefur málflutningur hv. þm. enn einu sinni verið afhjúpaður. Rökin sem hann færir fram fyrir máli sínu falla, stráfalla, og hann viðurkennir það sjálfur.

Hann hefur fullyrt að ríkisstjórnin hafi skotið sér undan því að taka á þessu máli og lýsa sig reiðubúna til viðræðna við sjómannasamtökin. Það er rangt. Ríkisstjórnin var allar götur frá því í fyrravor að sjómannasamtökin lýstu sinni afstöðu reiðubúin til slíkra viðræðna, reiðubúin til að ræða lagasetningu á bókuninni sem hér hefur verið rædd og ræða um önnur mál því tengd til þess að tryggja það að sjómenn verði ekki látnir taka þátt í kvótakaupunum. Sjómannasamtökin höfðu meiri áhuga á að ræða þessi viðfangsefni beint við sína viðsemjendur en við ríkisstjórnina. Og við getum auðvitað ekki neytt menn til viðræðna við okkur.

En þessar yfirlýsingar af hálfu ríkisstjórnarinnar, bæði í viðtölum við forustumenn sjómannasamtakanna og með opinberum hætti, til að mynda á sjómannadaginn, voru ítrekað boðnar fram.

Ég er ekki að áfellast sjómannasamtökin fyrir þeirra afstöðu nema síður sé. Það er mjög eðlilegt að þau leiti eftir því að finna lausn á sínum málum beint í viðræðum við viðsemjendur, það er hinn venjulegi gangur. En ríkisstjórin var tilbúin frá öndverðu til að taka þátt í viðræðum við sjómannasamtökin og það er rangt að svo hafi ekki verið og hv. þm. getur ekki endurtekið fullyrðingar sínar þar um.

[22:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Jú, ég get endurtekið fullyrðingar mínar þar um. Og það er ekki bara það að jólafrí þingmanna var lengt sem bendir til þess að ríkisstjórnin ætlaði að brjóta sjómennina niður í verkfalli. Hvað gerðist hér rétt fyrir jólin? Það gerðist að hæstv. ríkisstjórn, hæstv. sjútvrh. lagði fram frv. um stjórn fiskveiða og fylgifrumvörpin óbreytt þrátt fyrir að sjómannasamtökin væru búin að mótmæla þessum frv. eins og þau lágu fyrir þannig að það var enginn vafi á því að ríkisstjórnin var að lýsa sinni afstöðu með framlagningu frumvarpanna. Það hafði ekkert breyst. Sjómenn vissu að það var ekki til í þessu máli á sínum tíma annar skilningur á þessum bókunum sem hæstv. ráðherra var hér að lýsa heldur en sá sem þá viðgekkst, þ.e. að það væri hægt að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum þó að þessi yfirlýsing væri í gildi. Þannig var þetta túlkað. Og hæstv. ráðherra getur ekkert skotið sér undan því. Það getur verið að hann sé búinn að skipta um skoðun á þessu máli núna og ég fagna því. Ég fagna því ef hæstv. ráðherra er búinn að skipta um skoðun og er tilbúinn að ganga þannig frá lagatexta í þessu máli að að sé ekki með neinum hætti hægt að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. En á þessum tíma þegar var verið að ræða um þessa yfirlýsingu þá var þetta nákvæmlega svona. Hún var túlkuð af atvinnurekendum í sjávarútvegi með þeim hætti að það væri hægt að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum og það er gert enn.

[22:27]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, vék spurningum að mér í þessari umræðu og mér finnst umræðan vera farin að fara nokkuð út um víðan völl. Ég verð nú að segja það. En við erum farnir að tala almennt um stjórnun fiskveiða og það er ekkert kannski úr veginum, vissulega grípur það inn á þetta ákvæði sem hér er deilt um. En hv. þm. spurði mig um hvort ég teldi það að setja þessi lög sem ættu að staðfesta yfirlýsinguna sem ég hef hér margvitnað til ættu að nægja til þess að koma í veg fyrir viðskipti með afla eða þátttöku sjómanna í kaupum á afla. Ég segi enn og aftur að ég tel að svo muni verða. Ef það væri gert (Gripið fram í.) bíddu við, ég tel að svo muni verða og ég vildi fá að auki fram álit nefndarinnar.

Af því að hv. þm. spurði einnig um það hvort ég teldi að það ætti þá að banna líka þau viðskipti sem menn hafa kallað tonn á móti tonni þá tel ég enga þörf á því. Ég tel að það sé alveg þar fyrir utan og ég er auðvitað fylgjandi framsali á aflarétti til að menn nái þeirri hagræðingu sem þarf.

Það hefur líka verið vikið hér að ræðu hv. 2. þm. Suðurl., það sem hún sagði um stjórnun fiskveiða. Það er mikið rými í Framsfl., og það er alveg ljóst að það eru ekki allir framsóknarmenn endilega sammála nákvæmlega frá orði til orðs því sem stendur í stjórnun fiskveiða. Og við framsóknarmenn biðjumst ekkert afsökunar á því. Ég hef verið mikill talsmaður þessarar stjórnunaraðferðar sem nú er í frammi. En mér er það ljóst og ég sagði það hér í kvöld að þar eru ákveðnir annmarkar á. Og ég tel miklu nær að sníða þá annmarka af og laga kerfið heldur en að kasta því eins og Alþb. vill og enginn veit hvað á að taka við annað en það að Alþb. hefur boðið að taka upp eitthvert annað kerfi og taka upp afnotagjald. Afnotagjald og undirstrikar það enn einu sinni að Framsfl. einn og sér berst gegn auðlindaskatti, allir aðrir flokkar hér á Alþingi hafa lagt til að skattleggja greinina á einhvern hátt fyrir aðgang að fiskimiðunum, allir flokkar nema Framsfl.

[22:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það síðasta sem hv. þm. Stefán Guðmundsson var að segja er rangt. Í þeim tillögum sem hann er að vitna til er talað um aflagjald og það er algerlega sagt fyrir um það hvernig eigi að nýta sér þá fjármuni og þar er talað um að nýta þá í þágu sjálfrar útgerðarinnar í landinu. Þannig að það er ekki hægt að tala um það sem aðgang að fiskimiðunum nema til útgerðarinnar sjálfrar.

En mér finnst gott að það skuli þá vera loksins orðið almennilega skýrt, ég hef ekki skilið hv. þm. nægilega vel fram að þessu þegar verið er að tala um hvort sjómenn eigi að taka þátt í kvótakaupum en ég gat ekki skilið það öðruvísi á orðum hans áðan en að það ætti

að halda áfram að vera mögulegt að versla tonn á móti tonni með svipuðum aðferðum og hefur verið gert fram að þessu sem þýðir að inn í viðskiptunum eru viðskipti með aflaheimildir og það þýðir í raunveruleikanum að sjómennirnir eru að taka þátt í kvótakaupum. Ef menn ætla ekki að sníða þann agnúa af þessu kerfi þá munu menn auðvitað ekki komast lönd eða strönd með sömu vandamálin áfram uppi og smám saman mun þetta flæða yfir allt saman. Þ.e. að kerfið, sem hv. þm. er svona ánægður með, er að verða fyrst og fremst kerfi þeirra sem eiga aflaheimildirnar og þeir innheimta stórkostlega fjármuni fyrir aðganginn að auðlindinni. Og dag innheimtir sá sem á kvóta í þroski 57 kr. af kílóinu fyrir aðganginn að auðlindinni. Og hvað kallar hv. 4. þm. Norðurl. v. það gjald ef það er ekki auðlindaskattur?

[22:32]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki þægilegt að ræða um stjórnun fiskveiða í andsvörum. En ég vil þó segja það og ég trúi því að hv. þm. Jóhanni Ársælssyni sé alveg ljóst hver meginvandinn er í íslenskum sjávarútvegi í dag. Það er ekki kvótakerfið hvað svo sem menn vilja tyggja það oft upp í ræðustól hér á Alþingi. Það sem fyrst og fremst er að er það hversu við megum sárlega draga lítið úr sjó. Það er meginástæðan hversu sárlega við megum draga lítið úr sjó og svo hitt hversu rekstrarafkoma greinarinnar er slæm. Þetta eru meginástæðurnar. Og við þurfum að taka okkur góðan tíma til að ræða það.

Ég vil hins vegar líka segja vegna þess að hæstv. sjútvrh. vék að hv. 2. þm. Suðurl. í máli sínu: Er það ekki alveg ljóst, hæstv. ráðherra, hvert var tilefni verkfalls sjómanna? Það var ekkert um hærra fiskverð. Það var ekki um sérkjarasamninga. Þetta voru mál sem komu síðar upp á borðið. Tilefni verkfalls sjómanna var meint þátttaka þeirra í kvótakaupum. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hamrar á því sí og æ að sjómenn séu látnir taka þátt í kvótakaupum. Þessi hv. þm. hefur samþykkt það að sjútvrh. legði fram frv. um stjórnun fiskveiða þar sem það er bundið í lögum, (**Sjútvrh.:** Við hvern er þingmaðurinn í andsvari?) þar sem það er bundið í lögum að frystihúsin fái afla, sem hver á að fiska? Frystihúsin? Að frystihúsin sæki þennan fisk? Ætli þau þurfi ekki að fá einhvern til að sækja hann fyrir sig? Skilur hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson ekki um hvað málið snýst eða hvað?

[22:34]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að hluta til var hv. þm. ekki að beina orðum til mín. En ég held að það hafi út af fyrir sig verið allt í lagi af því að hann hafði hér tíma til að bæta inn í umræðuna sem er ekkert nema gott um að segja. Ég hafði ekki tíma til að segja það áðan að það er svo langt frá því að ég sé að gagnrýna það að í Framsfl. komi fram aðrar skoðanir á þessum málum heldur en akkúrat falla að þeim hugmyndum sem núna ráða um stjórnun fiskveiðanna. Það er alls ekki þannig. Ég hef margsagt að það er ekki nema eðlilegt að það séu um þetta deilur í flokkunum og við höfum haft deildur í öllum stjórnmálaflokkunum um þessi mál, ég veit a.m.k. ekki betur. Og við höfum ekki farið varhluta af þeim deilum í Alþb. En við höfum þó reynt að halda þeirri umræðu í gangi í flokknum og ég tel að við höfum komist áleiðis. (**Gríðið fram í:** Það er nú umdeilanlegt.) Ég vonast til þess að slíkar umræður séu í gangi í öðrum stjórnmálaflokkum og að það leiði til þess að við tökum á þessu alvarlega vandamáli því að þetta er þjóðfélagsmein þetta vandamál. Og ef menn eru að ímynda sér það að þetta mál verði leyst eins og margir þeirra sem fylgja kerfinu eru að vonast til, þ.e. með þeirri aðferð að þeir geti þrjóskast nokkur ár enn þá áfram, þumbast nokkur ár enn með þetta kerfi eins og það er, þá held ég að þeim verði ekki að þeirri von sinni. Ég held að menn eigi eftir að fá að finna fyrir þrýstingi frá fleiri en sjómönnum og það verði ekki mjög langt í það.

[22:36]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég var farinn að velta því fyrir mér hvort ég ætti ekki að falla frá orðinu í þessari umræðu en nú er farið að brýna okkur framsóknarmenn úr fleiri en einni átt að við stöndum fyrir máli okkar.

Ég get gert síðustu orð hv. síðasta ræðumanns að mínum orðum þegar hann sagði að það vandamál sem við stæðum frammi fyrir hér væri þjóðfélagslegt vandamál. Það er alveg hárrétt. Íslenskt þjóðfélag hefur ekki staðið frammi fyrir stærra vandamáli um áratuga skeið en því aflaleysi sem verið hefur á síðustu árum. Kjarninn í þessu er einmitt það vandamál að það er ekki eins mikill fiskur í sjónum og við hefðum viljað til að draga á land. (**KHG:** Þrátt fyrir tíu ára kvótakerfi.) Þrátt fyrir tíu ára kvótakerfi, segir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Það er alveg rétt þrátt fyrir það og maður svona veltir fyrir sér hvernig ástandið væri ef við hefðum þó ekki haft þá stýringu. Ef við hefðum verið hér með sóknarmark eða ef við hefðum látið undan þrýstingi eins og flestallar aðrar þjóðir við Norður-Atlantshaf hafa gert með þeim afleiðingum að þar hefur þorskstofninn alls staðar hrunið. Hann er þó skástur hér hjá okkur. (**KHG:** Sérstaklega á Barentshafi.) Sérstaklega á Barentshafi, segir hv. þm. Þorskstofninn hrundi þar en hefur verið byggður upp.

En ég hefði áhuga á að varpa til þeirra hv. þm. sem gagnrýna Framsfl. og kalla hann hér til ábyrgðar, og nú hefði ég haft áhuga á að hv. síðasti ræðumaður hlýddi á mál mitt, nokkrum spurningum sem ég hef ekki fengið svar við þótt ég hafi velt því fyrir mér hvort við gætum breytt til og tekið upp önnur kerfi. Það er kannski fyrsta spurning: Væru fleiri aðilar í útgerð á Íslandi í dag en nú er ef hér væri ekki aflamarkskerfi? Eða með öðrum orðum: Hefur aflamarkskerfið í sjálfu sér orðið þess valdandi að það séu færri og stærri aðilar sem stunda útgerð í dag en annars væri? Ég hef oft velt þessu fyrir mér og spurt sjálfan mig þeirrar spurningar: Er ekki hægt að snúa dæminu við og segja að í vissum tilfellum hafi það að aðili hafi lögbundinn aðgang að auðlindinni verið hans trygging fyrir því að geta haldið áfram sinni atvinnustarfsemi? Getur ekki verið að aflamarkskerfið hafi í vissum til-

fellum verið hemill á þá sem eru stærstir og hefðu annars ekki þurft að spyrja kóng né prest um annað en hvaða bolmagn þeir hefðu til þess að afla sér stærri og öflugri tækja til að sækja afla í sjó? Ég held að það sé hollt að horfa á þetta út frá þessu atriði líka.

Ég hlýt einnig að spyrja: Væru kjör sjómanna í dag betri ef við værum með sóknarmarkskerfi sem ætti einnig að stýra með aflagjaldi? Ég hef ekki séð það, það hefur enginn sýnt mér fram á það. Í það minnsta örugglega ekki ef það ætti að vera eingöngu að vera sóknarmarkskerfi sem ætti að stýra aðgangnum? Þá er ég nokkuð viss um það að kjör sjómanna væru ansi mikið lakari en þau eru í dag. Og er hægt að beita sóknarstýringu þannig að ekki sé takmarkaður aðgangurinn að öðru leyti? Og það geti farið ótakmarkaður fjöldi skipa á sjó? Þá komum við að einu grundvallaratriði og ef menn viðurkenna það ekki þá eru menn að berja höfðinu við steininn. Um leið og aðgangur er tamarkaður að auðlind þá tekur rétturinn að aðganginum að auðlindinni verð. Það er ekki hægt að komast hjá því. Það skiptir engu máli hvort þar er um að ræða eins og í sjávarútveginum að við erum með takmarkaða auðlind eða hvort það er til að mynda eins og í landbúnaðinum þar sem er verið að slást við það að hafa takmarkaðan markað.

Þá er næsta spurning. Virðulegur forseti, af því að ég hef áhuga á að hv. þm. geti fylgst með þá doka ég við á meðan hann ræðir við formann sinn og fær línuna.

Þá er það næsta spurning: Væri það tryggt ef ekki væri aflamark að engin byggðarlög töpuðu sinni lífsbjörg eins og getur gerst í aflamarkskerfinu? Gerðist það ekki áður en aflamarkskerfið kom til sögunnar? Staðreyndin er sú að það gerðist alveg eins áður en farið var að stýra fiskveiðunum. Og þar getum við farið frá þorpi til þorps, frá bæ til bæjar sem hafa orðið fyrir þeirri reynslu að missa atvinnutækifæri sín í burtu. Missa þau tæki sem menn höfðu til að draga aflann úr sjó. Það var ekkert auðveldara þá að koma sér á stað aftur en það er nú. Það eru svo margar spurningar í þessu sem verður að svara. Það er ekki nóg bara að gagnrýna það sem við höfum, við eigum að vera gagnýnin á það sem við höfum og við eigum stöðugt að leita nýrra leiða en meðan menn hafa ekki bent á það með óyggjandi hætti hvað við getum haft betra þá hlýt ég að líta svo á að aflamarkið verði um einhverja framtíð en vonandi tekst okkur að betrumbæta það. Ég hlýt einnig að spyrja þá aðila sem svona tala: Eru þeir þeirrar skoðunar að viðskiptin tonn á móti tonni séu að öllu leyti slæm? (**Gripið fram í:** Ekki segir Stefán Guðmundsson.) Nei, ég hneigist til að segja það líka. Ég er alveg viss um það og veit að fjölmargir útgerðarmenn hafa getað haldið í sín skip, haldið áfram sinni útgerð vegna þess að þessi möguleiki var fyrir hendi. Þannig að það eru svo ótal mörg atriði í þessu sem við verðum að fá svör við.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði annars í þessum örfáu orðum mínum að ræða um bráðabirgðalögin og þá starfshætti sem hafa verið teknir upp hvað þetta snertir. (**StG:** Það er nógur tími.) Það er nógur tími segir hv. þm. Stefán Guðmundsson. Það er alveg rétt við höfum nógan tíma. (**Gripið fram í:** Það er spurning hvernig við nýtum hann.) Við höfum enga ráðherra lengur hér í salnum. Ég verð, virðulegur forseti, að segja það að það þjónar engum tilgangi að ræða þann þátt málsins á meðan hér er enginn ráðherra til svara, (**GunnS:** Málið er nú í meðferð þingsins.) því þeirra er ábyrgðin. Ábyrgðin á því að setja bráðabirgðalög er ekki þingsins. Hún var ríkisstjórnarinnar og það hefur meira að segja komið hér fram að ríkisstjórnin hafði ekki einu sinni fyrir því a.m.k. ekki annar stjórnarflokkurinn að ræða við sína þingmenn um það.

Virðulegur forseti. Ég doka aðeins við. Ég hafði álitið að hér væru bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh. En það kann vel að vera að þeir séu farnir úr húsinu.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti vill taka fram að hann hefur gert ráðstafanir til þess að fá ráðherra í þingsalinn og væntir þess að hv. þm. geti haldið áfram ræðu sinni.)

Virðulegur forseti. Ég ætlaði að fara hér örfáum orðum um það sem ég vil kalla þann ósið að setja bráðabirgðalög. Og það var eiginlega afar sérstakt að heyra hæstv. forsrh., sem frekar en venjulega hefur ekki fyrir því að sitja hér í þingsölum þó hann sé kannski einhvers staðar í húsinu. Það var afar sérstakt að heyra hæstv. forsrh. telja saman hvað hefði verið sett mikið af bráðabirgðalögum, annars vegar í tíð þessarar ríkisstjórnar og á fyrri árum. Og hann seildist allt aftur til ársins 1972 til samanburðar. En þá ber nú fyrst að nefna að svo vill til að þetta kjörtímabil er að nokkru leyti sérstætt, í það minnsta fyrri hlutinn, því þá sat Alþingi ekki bara að nafninu til heldur var það starfandi nánast allt árið. Það hefði nú þurft meira en lítið sérstakar aðstæður þá til að koma því við að setja bráðabirgðalög. Ég verð að segja það fyrir mína parta að það urðu mér afar mikil vonbrigði þegar bráðabirgðalögin voru sett núna eftir áramótin. Því ég trúði því að menn meintu eitthvað með því sem hefur verið unnið síðustu ár við breytingar á þingsköpum Alþingis og þá á ég ekki eingöngu við þá breytingu sem varð 1991 þar sem það var vilji Alþingis að þrengja réttinn til bráðabirgðalaganna. Ég á ekki síður við þá breytingu sem varð í haust sem leið með því að stjórnarandstaðan tók formennsku í nokkrum nefndum þingsins og það var yfirlýst stefna þeirra sem að því stóðu að þetta ætti að verða til þess að auka virðingu og vegsemd Alþingis.

Ég hygg að eftirmælin eftir þennan vetur verði þau að hinn almenni þingmaður og ekki síst stjórnarandstaðan hafi staðist þetta próf með ágætum. En sá aðili sem féll hafi verið ríkisstjórnin. Þar hefur engin breyting verið á starfsháttum og sést best á þeirri óskammfeilni sem ég vil kalla að setja þau bráðabirgðalög sem gert var í vetur.

Menn hafa deilt hér um það hvort hæstv. ríkisstjórn hafi haft lagalegan rétt til þessa gjörnings. Ég ætla ekki að deila um það en málið snýst um góða stjórnarhætti. Og það held ég að hæstv. sjútvrh. viti. Hann veit mætavel að málið snerist ekki um lagalegan rétt til að

setja bráðabirgðalög, málið snýst um hvort það er um að ræða góða stjórnarhætti. Og í ljósi þess að hæstv. sjútvrh. hlýtur að vera ljóst að um það snerist umræðan þá hefur hver hans ræða hér í dag verið svona til að nudda salti í sárin hjá hæstv. forsrh. Eftir að hæstv. sjútvrh. hóf þessa ræðu og taldi ástæðu til að geta þess í þingsölum að það hefði ekki verið haft samband við nema tvo þingmenn Sjálfstfl. Enda forðaðist hæstv. sjútvrh. að ræða þennan þátt málsins, hvað væru góðir stjórnarhættir. Þess vegna vil ég nú leyfa mér að bera þá spurningu beint fram til hæstv. sjútvrh. hvort hann telji það góða stjórnarhætti og samrýmast þeim hefðum sem menn hafa viljað starfa eftir að bera setningu bráðabirgðalaga í svo mikilvægu máli sem hér er um að ræða ekki undir þingmenn stjórnarliðsins. Þarna er ekkert verið að setja bráðabirgðalög á verðlagningu á innmat eða eitthvert bókagjald eins og hæstv. forsrh. nefndi í ræðu sinni fyrr í kvöld að hefði verið gert einhvern tímann í kringum 1970. Það voru allt aðrir stjórnarhættir við lýði þá. Það hefur verið um árabil yfirlýst markmið að hverfa frá þeim. Þess vegna hlýtur að mínu mati að vera liður í því ef það er svo að bráðabirgðalög séu ekki sett nema brýnasta nauðsyn krefji og það sé almennur vilji Alþingis að gera það ekki þá hlýtur það að vera enn brýnni ástæða í dag en það kannski var 1971 eins og hæstv. forsrh. teygði sig lengst. Hins vegar hafa þingmenn eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. lýst því yfir að allan þann tíma sem hann var og hefur verið formaður þingflokks framsóknarmanna þá hafi verið leitað til allra þingmanna ef mögulegt var þegar bráðabirgðalögin voru sett.

En ég hlýt að varpa þeirri spurningu til hæstv. forsrh. hvort hann telji það góða stjórnarhætti að setja bráðabirgðalög í svo mikilvægu og viðkvæmu máli eins og hér um ræðir án þess að gera tilraun til þess að hafa samband við alla þingmenn stjórnarliðsins.

[22:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. var að spyrja ýmissa spurninga í sambandi við sjávarútvegsmálin. Það er nú ekki hægt í stuttu andsvari að svara mörgum af þeim. Hann spurði t.d.: Væru fleiri aðilar við útgerð í dag ef þetta kerfi væri ekki í gildi? Því er út af fyrir sig ekki hægt að svara nema svara þeirri spurningu hvernig kerfi kæmi þá í staðinn. Ég tel að það sé ekkert einboðið að menn hefðu eitthvert annað kerfi á hvað varðar leyfi til að sækja sjó. Það er tvöfalt kerfi hér í dag. Annars vegar þurfa menn kvóta og hins vegar þurfa menn líka leyfi til að sækja sjó. Fjöldi skipa er þess vegna ekki í beinu samhengi við þetta kvótakerfi þó að sumir virðist halda það. Hann spurði hvort kjör sjómanna væru betri í því kerfi. Ég tel það næsta víst að þau væru eitthvað betri, einfaldlega vegna þess að í kvótakerfinu hafa menn fundið leiðir til að lækka kjör sjómanna með því að láta þá taka þátt í kvótakaupunum. Og ég geri ekki ráð fyrir því að sú leið væri til staðar í sóknarstýringarkerfi. (**Gripið fram í:** En aflagjaldið?) Aflagjaldið var og er fyrst og fremst hugsað sem gjald til að auka arðsemi í útgerðinni og til þess að koma fram hagræðingu þar og það kæmi auðvitað sjómönnum til góða í því. Ótakmarkaður fjöldi skipa í sóknarstýringarkerfi er ekki það sem við höfum verið að tala um. Við höfum verið að tala um að koma á sóknarstýringarkerfi þar sem menn reyndu að hafa áhrif á skipafjöldann og reyna þannig að fá fram hagræðingu í útgerðinni.

[22:54]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að mínu mati varð fátt um svör og ég hlýt að spyrja í beinu framhaldi af þessu og því sem hv. þm. náði ekki að svara. Hann sagði að menn mundu reyna að takmarka fjölda skipa í sóknarmarkskerfi sem hann vildi taka upp. Hvernig á að reyna það? Og ég benti á það í ræðu minni að öll slík leyfisveiting eða takmörkun gerir það að verkum að aðgangurinn að auðlindinni eða aðgangurinn að markaði eins og ég þekki nú mætavel úr landbúnaði tekur verð. Menn hafa ekki fundið neina leið til að komast hjá því. Ég sat einu sinni tugi funda til að skoða hvernig væri hægt að koma því fyrir í landbúnaðinum að vera með kerfi sem takmarkaði aðgang, hvernig væri hægt að finna leið sem kæmi í veg fyrir það að þessi takmörkun tæki eitthvert verð. Það var alveg sama hvernig við veltum hlutunum upp, sú leið fannst aldrei. Og ég hygg að það sé nákvæmlega það sama í sjávarútveginum. Um leið og farið er að takmarka fjöldann með leyfisveitingum í hverju formi sem það er þá taka þau leyfi verð. Og þau réttindi ganga á milli aðila hvernig sem reynt verður að koma í veg fyrir það. Vonandi eiga menn ekki við það að það eigi að takmarka frelsi í viðskiptum, takmarka frelsi þannig að félög geti ekki gengið kaupum og sölum o.s.frv. Það mundi a.m.k. ekki samræmast þeirri nýju ímynd Alþb. sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er að reyna að koma á, hvað þá útflutningsleiðinni. Þannig að það er svo margt í þessu sem menn hafa ekki svarað og í mörgum atriðum sem menn hreinlega neita að horfast í augu við staðreyndir.

[22:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Auðvitað höfum við svarað þessu. Ég hef svarað þessu áður. Það er hægt að hafa nákvæmlega sams konar takmarkanir á því hvað mörg skip eru hér við landið hvaða kerfi sem við erum að nota. Það er ekki tengt því beinlínis. Og það er svo aftur seinni tíma vandamál þegar menn komast út úr þessari hugsun að þurfa að stjórna sjávarútveginum með einhverjum allt allt öðrum og miklu víðtækari hætti en öðrum atvinnugreinum að það megi þess vegna setja upp alls kyns fyrirtæki af öðru tagi vegna þess að það þurfi samkeppni og frelsi á öðrum sviðum þjóðfélagsins en í sjávarútveginum sé það ekki þannig. Við höfum hins vegar ekki verið að leggja til að það yrði ótakmarkað frelsi í þessu efni, einfaldlega vegna þess að inn í umræðuna í dag held ég að það þýði ekki að fara með þá tillögu.

Hv. þm. spurði líka hvort fyrirtækið mundi ekki fara eins halloka þar sem sóknarstýring væri notuð til að stjórna aðganginum að auðlindinni. Auðvitað gengur

vel og illa í útgerð af ýmsum ástæðum. Það er ekkert sem segir að það mundi ekki koma upp erfið staða í byggðarlögum en hefur hv. þm. gert sér grein fyrir því að það er hvergi verið að stofna ný fyrirtæki í útgerð á Íslandi, það eru örfá fyrirtæki, ungir menn komast ekki í útgerð. Þessir örfáu sem gera það kaupa kvótalausa dalla og eru fyrir fram að fara út í vonlausa útgerð.

Þannig er það í dag að ef lagður eru saman sá kostnaður sem er af því að kaupa skip og sá kostnaður sem er af því að kaupa veiðiheimildir til að það sé hægt að gera skipið út þá er það gjörsamlega vonlaust dæmi. Og það er búið að vera það í mörg ár frá því þetta kvótakerfi kom á. Það er verið að grafa undan framtíð íslenskrar útgerðar með þessu kerfi og eyðileggja hana. Og íslenskir sjómenn urðu ekki þeir afkastamestu í heimi undir þessu kerfi og það mun fara halloka líka fyrir þeim með tímanum ef menn halda þessu áfram.

[22:58]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna að ég skil ekki umræðuna alveg hjá hv. þm. því að hv. þm. segir og þar er ég honum sammála að við getum ekki að óbreyttum aðstæðum látið sömu lögmál að öllu leyti gilda varðandi sjávarútveginn og aðrar atvinnugreinar. Það er svo einfalt mál. Þar greinir okkur hv. þm. ekki á. En vandamálið er ekki kerfið sem slíkt, vandamálið er fyrst og fremst takmörkuð auðlind. Ég hlýt að endurtaka það sem ég hef sagt hér áður í ræðu minni og í andsvari mínu áðan að á meðan svo er þá horfum við ekki fram hjá þeirri staðreynd að veiðileyfin, hvernig sem við stillum þeim upp, hvort sem það er úthlutun einstakra leyfa í sóknarmarki eða aflamarkið eins og nú er, taka ákveðið verð. Fram hjá þessari einföldu staðreynd göngum við ekki nema þá að við ætlum að gefa hreinlega allt saman frjálst. Þá er ég nú hræddur um að það mundi hrikta einhvers staðar og það kannski illilega.

Varðandi það að engir nýir aðilar hafi farið í útgerð og fiskvinnslu á síðustu árum þá held ég að við getum nú verið nokkuð fljótir að tína það saman að það eru ansi margir sem hafa komið nýir inn. (Gripið fram í.) Nýir inn. En ég legg það alveg að jöfnu að menn komi nýir inn að þeir kaupi fyrirtæki sem er í þessum rekstri eins og að þeir stofni nýtt. Og mér fannst fyrr í þessum andsvörum að við hv. þm. værum sammála um að það þyrfti aukna hagræðingu. Ég man ekki betur en hv. þm. segði það í sínu öðru andsvari. Það er erfitt að sjá hvernig það á að gerast meðan það ástand er uppi að það komi mjög mörg ný fyrirtæki. En að sjálfsögðu ganga fyrirtæki í þessu eins og annars staðar kaupum og sölu.

(**Forseti** (StB): Forseti vill minna hv. þm. á að á dagskrá er 7. dagskrármál, stöðvun verkfalls fiskimanna, stjfrv., 302. mál.)

[23:00]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fsp. hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég taka það fram að ég hefði aldrei gefið þessi bráðabirgðalög út sem hér eru til umræðu nema ég væri sannfærður um að þau væru í fullu samræmi við stjórnskipunarlög landsins, við góðar stjórnskipunarhefðir og eðlilega og góða stjórnarhætti.

[23:02]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var ágætt að fá þetta andsvar frá hæstv. sjútvrh. og hann gefur sig hér upp að hann sé á sama báti og hæstv. forsrh. hvað þetta snertir. En ég er ekkert viss um það að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og hv. þm. Einar K. Guðfinnsson, svo ég nefni nú bara tvo þingmenn sem í fyrstu umræðu um þetta mál lýstu yfir nánast vandlætingu sinni á þessum vinnubrögðum, séu þeirrar skoðunar að þarna hafi verið um að ræða góða stjórnarhætti. Ræður þeirra hér bentu til þess að þeir hefðu kannski haft sitthvað að segja við sína ráðherra. Og ég er ekkert viss um það ef ráðherra Sjálfstfl. hefðu farið hringinn og rætt við alla þingmenn Sjálfstfl. miðað við viðbrögð þeirra hér í umræðunni og þá get ég nú bætt sessunaut mínum við Árna R. Árnasyni, 5. þm. Reykn., þetta eru nú bara þeir sem ég man eftir hér af handahófi, ég er ekkert viss um það að ef ráðherrar Sjálfstfl. hefðu hringt í alla sína þingmenn að það hefðu verið gefin út bráðabirgðalög miðað við það hvernig viðbrögð þeirra voru þó hér inni í þingsölum. Allt eru þetta þó þingmenn sem eru ekki þekktir að öðru en að vera dyggir stuðningsmenn þessarar ríkisstjórnar.

[23:03]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegur forseti. Í þessari umræðu hefur það verið staðfest af fulltrúum þriggja flokka sem starfað hafa í ríkisstjórnum á Íslandi á undanförnum áratugum, fulltrúum Framsfl., fulltrúum Alþfl. og fulltrúum Alþb., að ávallt hafi verið viðhöfð sú regla að kynna efnisþætti bráðabirgðalaga fyrir öllum þingmönnum flokkanna og leita eftir stuðningi þeirra við lögin áður en þau hafa verið gefin út. Fyrrv. formaður Sjálfstfl., núv. hæstv. sjútvrh., var spurður um það í þessari umræðu hvort hann gæti lýst því með skýrum hætti hvora aðferðina hann hefði notað þegar hann gegndi formennsku í Sjálfstfl., þá aðferð sem fulltrúar hinna flokkanna þriggja hafa lýst eða þá aðferð sem hæstv. núv. forsrh. hefur tekið upp. Í raun og veru var ekki hægt að skilja svar hæstv. sjútvrh. á annan veg en þann að hann hefði í formannstíð sinni, sem formaður Sjálfstfl., leitast við að fylgja þeirri reglu sem við hinir höfum lýst hér í umræðum.

Það sem hér hefur hins vegar gerst er það að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, hefur í raun og veru ekki treyst sér í efnislega umræðu um það að réttlæta þá aðferð sína að tala eingöngu við tvo þingmenn. Hann hefur í staðinn kosið að hella sér yfir forustumenn annarra flokka með útúrsnúningum og ásökunum um setningu bráðabirgðalaga á undanförnum áratugum og helst um fjölda þeirra án þess að taka á því sem er kjarni þessa máls. Forsrh. hefur enn ekki treyst sér til að fjalla einu orði um það sem hæstv. sjútvrh. sagði hér við 1. umr. að á grundvelli viðtala við tvo þingmenn

Sjálfstfl. hefði hæstv. forsrh. treyst sér til þess að lýsa því yfir við forseta lýðveldisins að hann hefði ástæðu til að ætla að lagasetningin hefði meirihlutastuðning. Ég tel það vera mjög miður að hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, skuli hefja hér þá göngu að búa til nýja hefð í stjórnskipun á Íslandi að kleift sé að setja bráðabirgðalög með þeirri vinnuaðferð að ræða aðeins við tvo þingmenn úr hverjum stjórnarflokki. Það eru ný vinnubrögð, vinnubrögð sem eru hættuleg, vinnubrögð sem ekki er hægt að réttlæta og einu athugasemdir forsrh. um þessa efnisþætti hafa verið frammíköll. En hann hefur ekki reynst hafa dug til að ræða það efnislega hérna í stólnum hvað þá heldur að svara spurningunni sem ítrekað hefur verið borin fram: Við hverja ræddi forsrh. þegar hann setti þessi bráðabirgðalög?

Nú er það þannig að í sjálfu sér er það virðingarvert að forsrh. hafi það markmið að reyna að setja bráðabirgðalög sem sjaldnast. Og hæstv. forsrh. hefur hælt sér af því hér við umræður að hafa sett sjaldnar bráðabirgðalög en fyrirrennari hans. Spurningin er hins vegar um það: Verður þessi umræða hér og vinnubrögðin sem notuð eru við setningu þessara bráðabirgðalaga fordæmi fyrir framtíðina? Hæstv. forsrh. hefur hagað umræðum sínum hér í kvöld á þann veg að reyna að tína upp fordæmi. Þess vegna er ekki hægt að skilja hann á annan veg en þann að hann telji sína vinnuaðferð í þessum málum að tala bara við tvo þingmenn eðlilegt fordæmi. Það er það ekki, hæstv. forsrh., á engan hátt. Og það er ekki hægt að finna efnisleg rök fyrir því.

Auðvitað er hægt eins og hæstv. sjútvrh. hefur reynt að gera hér í þessum umræðum að segja að það sé ekki lögformleg nauðsyn á að ræða við þingmenn og leita eftir stuðningi fyrir fram. En þessir tveir ágætu menn sem báðir hafa nú próf í lögfræði frá Háskóla Íslands vita það ósköp vel að svið stjórnskipunarréttarins er einmitt það svið í lögfræðinni sem er meira samansett af hefðum og hefðaskilningi heldur en önnur svið. Það hefur komið hér fram hvað eftir annað í umræðunum að hefðin hefur verið að leita eftir samþykki. Ég vildi þess vegna undir lok þessarar umræðu ítreka þau tilmæli sem fram komu við 1. umr. þessa máls að þau vinnubrögð sem viðhöfð voru af Sjálfstfl. við setningu þessara bráðabirgðalaga verði ekki fordæmi fyrir setningu bráðabirgðalaga í framtíðinni. Verði það hins vegar venjan að Sjálfstfl. fari að tíðka þessi vinnubrögð þá eru auðvitað rökin fyrir því að afnema bráðabirgðalagaréttinn orðin enn sterkari. Því þá er það eina aðferðin sem dugir til að fyrirbyggja misnotkun valds að taka réttinn úr sambandi.

Annað atriði sem undirstrikar það hve hæpin vinnubrögðin voru við setningu þessara bráðabirgðalaga er að ríkisstjórnin hefur ekki staðið við það efnislega fyrirheit sem hún gaf við setningu þeirra. Efnislega fyrirheitið var að ríkisstjórnin tók að sér að finna lausn á vandanum um þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Í 1. gr. frv. er það tilskilið að tillögur komi fram um það efni fyrir 1. febr. Um það er deilt nú hvort það minnisblað sem lagt hefur verið fram séu formlegar tillögur. Hefur ríkisstjórn Íslands tekið afstöðu til þessa minnisblaðs? Mér er ekki kunnugt um það að fram hafi komið hér, hvorki við 1. umr. né við þessa umræðu, afstaða ríkisstjórnarinnar til þess sem á minnisblaðinu stendur. Það er nánast óhjákvæmilegt að því verði svarað áður en 2. umr. lýkur hver er afstaða ríkisstjórnarinnar nú mánuði eftir að dagsetningin í 1. gr. laganna er liðin til þeirra hugmynda sem fram hafa komið á þessu minnisblaði. Ef ríkisstjórnin styður ekki þessar hugmyndir og ætlar ekki að beita sér fyrir framkvæmd þeirra, hvaða hugmyndir hefur ríkisstjórnin þá? Eða er staðreyndin sú að ríkisstjórnin hafi gefist upp við að efna það fyrirheit sem hún gaf og er grundvöllur 1. gr. þessara bráðabirgðalaga? Ef svo er þá er auðvitað alveg ljóst að eftir stendur eingöngu nakin tilraun til þess að taka verkfallsréttinn af sjómönnum. Allt sjónarspilið um þátttöku ráðherranna, hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., í viðræðunum milli þess sem þeir voru í útlöndum hefur eingöngu haft það í för með sér að fulltrúar LÍÚ töldu sig geta treyst því að að því kæmi að ríkisstjórnin mundi setja lög til þess að láta verkfallið taka enda. Það er auðvitað mikill ábyrgðarhluti að framganga ríkisstjórnarinnar í þessu máli sé með þeim hætti að annar deiluaðilinn neitaði öllum hugmyndum í trausti þess að ríkisstjórnin mundi beita bráðabirgðalagavaldinu. Enda getur LÍÚ fagnað því nú 1. mars að ríkisstjórnin hefur enn ekki komið með eina einustu tillögu til þingsins um þetta efnisatriði og ætlar sér kannski ekki að gera. Það væri fróðlegt að fá svör við því frá hæstv. sjútvrh. eða hæstv. forsrh. hvort ríkisstjórnin sé í raun og veru komin að þeirri niðurstöðu að hún ætli sér ekki að koma með neinar slíkar tillögur. Ef svo er þá er auðvitað samþykkt 1. gr. hér við atkvæðagreiðslu á morgun sérkennilegur atburður. Að þingið ætli að fara að greiða atkvæði um það í 1. gr. frv. að sjútvrh. eigi að skipa nefnd sem eigi að skila tillögum fyrir 1. febr. eða fyrir mánuði síðan.

Sjá menn ekki í hendi sér hvers konar lagasmíð bráðabirgðalögin eru með þessum hætti? Eða ætlar ríkisstjórnin virkilega að láta frv. ganga áfram til atkvæðagreiðslu í þeim búningi og það í 1. gr. frv. sem samkvæmt þinghefð er talin meginefnisgrein laga hverju sinni og þess vegna ávallt greitt atkvæði um hana sérstaklega. Þess vegna er í raun og veru alveg sama hvort litið er á þetta mál út frá aðferðinni sem beitt var eða þessum öðrum meginefnisþætti frv., að þáttur ríkisstjórnarinnar er jafnóverjanlegur eins og fram hefur komið í þessum umræðum.

Ég óska eftir því við hæstv. sjútvrh. að hann gefi um það hér nokkuð skýra yfirlýsingu hvort ríkisstjórnin hyggst leggja fram einhverjar slíkar tillögur eða ekki. Ef hún hefur ákveðið að gera það ekki þá liggur það fyrir. Ef hún er enn að velta því fyrir sér þá er spurningin hvort þær koma fram áður en þingið afgreiðir bráðabirgðalagafrv. endanlega við 3. umr. eða ekki.

Að lokum, virðulegi forseti, þá ætla ég að ítreka þá ósk mína að núv. hæstv. forsrh. viðurkennir það með sjálfum sér að þessi vinnubrögð duga ekki, hann geti ekki orðið forgöngumaður um að mynda þessa nýju hefð í íslenskri stjórnskipan, að setja bráðabirgðalög

með svona óvönduðum hætti. Sjálfsagt kemur að því að þessi ríkisstjórn, ef hún lifir, setji fleiri bráðabirgðalög, þó er það ekki víst, enginn veit hvað hún lifir lengi. En ef hún gerir það þá skulum við vona að þær hefðir sem fulltrúar annarra flokka hafa lýst í ræðustól og fyrrv. formaður Sjálfstfl. í raun og veru lýsti yfir stuðningi við líka verði látnar gilda áfram því bráðabirgðalagavald í íslenskri stjórnskipan sem farið er með með svona óvönduðum hætti er ekki eðlilegt vald í nútíma þingræðis- og lýðræðisríki.

[23:17]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ef hv. 8. þm. Reykn. hefði verið viðstaddur umræðuna í kvöld þá hefði hann ekki þurft að bera fram fyrirspurnina vegna þess að henni hefur verið áður svarað fyrr í kvöld. En það er rétt að endurtaka það að ráðuneytisstjóranefndin sem skipuð var samkvæmt lögunum skilaði tillögum fyrir tilsettan tíma. Ríkisstjórnin sendi þær tillögur til umsagnar, bæði hagsmunaaðila og sérstaklega til hv. sjútvn. Hv. sjútvn. hefur stundum gagnrýnt það að hafa ekki fengið mál af þessu tagi til umsagnar áður en ríkisstjórnin setti fram tillögur og þó að sú gagnrýni hafi stundum verið framsett án þess að fyrir henni væru gild rök þá eru eigi að síður stundum rök fyrir þeirri gagnrýni að það hafa verið ónóg samráð. Við höfum fengið svör frá hagsmunasamtökunum en ekki enn frá hv. sjútvn. Ég tel það vera fullkomlega eðlilegt vegna þess að þetta er býsna flókið mál og hv. nefnd þarf eðlilega nokkurn tíma áður en hún gefur formlegt svar og lætur í ljós sitt álit. Þess vegna held ég að það sé ekki nokkur leið að gagnrýna nefndina fyrir það að hafa dregið það að svara því hér þarf að skoða ýmsa þætti.

Verði ekki á þessar tillögur fallist þá hef ég áður lýst því að við verðum að leysa málið á annan hátt og þá kemur helst til álita að lögfesta bókunina sem fylgdi kjarasamningunum á sínum tíma og styrkja það enn fremur með einhvers konar úrskurðaraðila. En það kemur fyrst til álita þegar við höfum fengið skoðun hv. sjútvn. á þeim tillögum sem fyrir liggja.

[23:19]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi texti sem hér var fluttur er á engan hátt svar við þeirri spurningu sem ég bar fram. Mér er fullkunnugt um það og öllum þingmönnum að sjútvrn. hefur sent vinnuplagg embættismannanefndarinnar til sjútvn. og beðið um álit á því. Mín spurning vék ekki að því. Mín spurning vék að tillögum ríkisstjórnarinnar, hvort ríkisstjórnin hefði gert tillögu í málinu. Við höfum síðustu daga verið að upplifa mikið drama í kringum tillögu ríkisstjórnarinnar í búvörulagamálinu og að lokum kom tillaga frá samstarfsflokkunum til landbn. Það var að vísu nokkuð erfið fæðing en það kom tillaga frá samstarfsflokkunum í ríkisstjórn til landbn. Mín spurning er: Hefur komið tillaga frá ríkisstjórninni varðandi útfærslu efnisþátta 1. gr.? Hæstv. sjútvrh. sagði ekkert um það. Hann hefur hins vegar skrifað bréf til sjútvn. þar sem hann hefur reifað þann möguleika að þessir efnisþættir verði klofnir í sundur og fjallað um suma þeirra í tengslum við lögin um fiskveiðistjórnun. Það svarar heldur ekki spurningunni hvort ríkisstjórn Íslands hafi mótað sér tillögu um það efnisatriði sem er bakgrunnur 1. gr. frv. Það kom ekkert svar við þeirri spurningu í andsvari hæstv. sjútvrh.

[23:21]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er rétt að ítreka það enn einu sinni í þessari umræðu að tillögur þeirrar nefndar sem sett var á fót á grundvelli laganna liggja fyrir og komu fram á tilsettum tíma. Þær hafa verið sendar til umsagnar og afstaða til þeirra verður endanlega tekin þegar allir umsagnaraðilar hafa látið álit sitt í ljós. Ég held að það sé fullkomlega eðlilegt að sjútvn. fái tækifæri til þess að láta álit sitt í ljós á þessum tillögum sem liggja fyrir frá nefndinni.

[23:21]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur nú staðfest það að mánuði eftir að dagsetningin sem kveðið er á um í 1. gr. frv. er liðin hefur ríkisstjórn Íslands ekki enn þá gert tillögu í málinu. Það er viðurkennt hér af hæstv. sjútvrh. Það sem ríkisstjórnin hefur gert er að hún hefur sent vinnuplagg frá þremur embættismönnum til umsagnar þingnefndar án þess að ríkisstjórnin taki afstöðu til þess vinnuplaggs. Þar með liggur það alveg skýrt fyrir að ríkisstjórn Íslands hefur ekki gert neina tillögu í þessu máli. Það er auðvitað það sem máli skiptir, vinnuplöggin í stjórnkerfinu eru mörg eins og við sjáum af deilunni í landbn. og í kringum hana þar sem margs konar vinnuplögg hafa verið sýnd, en að lokum kom þó tillaga frá ríkisstjórninni. Í þessu máli hefur engin tillaga komið fram. Þess vegna blasir það alveg við að það er ætlun ríkisstjórnarinnar að láta afgreiða þessi bráðabirgðalög á Alþingi án þess að hafa gert eina einustu tillögu í málinu sem ríkisstjórnin gaf þó fyrirheit um í ummælum ráðherranna eftir að bráðabirgðalögin voru sett að ríkisstjórnin ætlaði sér að gera.

[23:23]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Fyrr í dag sagði hæstv. sjútvrh. að niðurstaða þeirrar umræðu sem þá hafði farið fram gagnvart hv. 8. þm. Reykn. væri sú að framganga hans í öllu þessu máli væri eins konar sögulegur brandari. Mér fannst þetta býsna vel komist að orði um framgöngu hv. þm. Það er þó athyglisvert að þessi einkunn var gefin áður en seinni kafli hv. þm. hófst þegar hann tók til við að fjalla um það sem hefur gerst og finna að svörum eða svarleysi og umræðum undanfarna tvo og hálfan tíma sem hann hefur bara alls ekki við staddur. Hv. þm. lét sig ekkert muna um það að fjalla um og gagnrýna og finna að því að það vantaði svör, bæði mín og annarra, í þeirri umræðu sem hann hefur ekki verið viðstaddur. Þetta gerðist eftir að mönnum þótti þessi framganga hans vera sögulegur brandari.

Ég hef verið að velta fyrir mér hvernig á því stend-

ur að hv. þm. gengur fram með þessum hætti í umræðunni, ruglar saman viljandi eða óviljandi í samfellu, annars vegar stjórnskipulegum þáttum um setningu bráðabirgðalaga og hins vegar pólitísku mati forsrh. eða viðkomandi ráðherra sem lögin undirritar með forseta á hverjum tíma. Mati á því með hvaða hætti viðkomandi ráðherra eða ríkisstjórnin eigi að tryggja sig pólitískt á þinginu. Hv. þm. hefur ruglað þessu öllu saman slag í slag. Talar um fasta stjórnskipunarvenju um þennan pólitíska þátt. Kannski vegna þess að í þeirri umræðu sem hann var fjarri og hefur þó fjallað um. Þar var m.a. vitnað til Ólafs Jóhannessonar prófessors, fyrrv. forsrh. og þingmanns, sem segir að stundum beri ríkisstjórn sig saman við þingmenn. Stundum. En þá er hann ekki að fjalla um hina formlegu stjórnskipulegu hlið. Þetta er svona til hliðar við þá fræðilegu úttekt, undir lok slíkrar úttektar að stundum sé um slíkt fjallað. Það er hin fasta stjórnskipulega hefð og vinnubrögð sem hv. þm. leyfði sér að nefna áður.

Ég var bara að velta því fyrir mér hvernig stendur á þessu að allur þessi ruglandi er í málatilbúnaði þingmannsins um bráðabirgðalögin. Ég held að það sé fleiri skýring en ein. Ein skýringin er þó sú að hv. þm. var ekki fyrir alllöngu síðan dæmdur í Hæstarétti fyrir að hafa brotið stjórnarskrána við setningu bráðabirgðalaga. Ég býst við því að þessi þingmaður sem hefur verið dæmdur í Hæstarétti fyrir að hafa brotið stjórnarskrána við setningu bráðabirgðalaga telji að það geti sýnt að hann hafi einhverja stefnu og skoðun og síðferði í málinu, að hann geti verið að finna að einhverjum pólitískum vinnubrögðum. Þá gleymi menn því kannski að þessi hv. þm. hefur verið dæmdur í Hæstarétti fyrir að hafa brotið stjórnarskrána við setningu bráðabirgðalaga. Það hefur enginn annar, hygg ég, í þessum þingsal verið dæmdur í Hæstarétti fyrir að hafa brotið stjórnarskrána við setningu bráðabirgðalaga. Síðan hefur hann hins vegar uppi stór orð um að einhver pólitískur þáttur málsins sem ekki reynir á fyrir dómstólum hafi ekki verið með því sniði sem hann kýs að hafa það mál. Eða kannski er það vegna þess að þingmaðurinn mælti fyrir álitum í efri deild 1982 þegar stjórn hafði sett bráðabirgðalög eftir að hafa misst sinn meiri hluta, sem hún hafði rétt til, missti meiri hlutann þegar þingmenn Framsfl. sem voru burðarás þess flokks settu opinberlega fjölmörg skilyrði fyrir stuðningi við þau bráðabirgðalög. Miðað við allt það sem hv. þm. hefur sagt þá væri um forkastanleg vinnubrögð að ræða. Ég er ekki að segja það. En miðað við það sem hv. þm. hefur sagt þá væri hér um forkastanleg vinnubrögð að ræða. Hann tók að sér að mæla fyrir málinu, þessi hv. þm. með alla þessa fortíð.

Það er kannski skýringin á þeim ruglanda, sem hefur verið í málflutningi hans og málatilbúnaði öllum, að rugla saman hinum stjórnskipulegu þáttum sem hæstv. sjútvrh. gerði hér afar glögga grein fyrir og hins vegar því hvort ráðherrar telji öruggara fyrir sig pólitískt til að standa af sér storma í þinginu að hafa samráð við sína samherja.

Ég bendi á að lögum um bráðabirgðalagasetningu var breytt á þann veg að nú ber að leggja bráðabirgðalög fyrir þingið innan sex vikna. Það var ekki svo í þann tíma þegar hv. þm. var að mæla fyrir málatilbúnaðinum og ég var að víkja að áðan. Skyldi það vera nauðsynlegt ef fram kæmi opinberlega að ríkisstjórnin hefði þegar tilkynnt meiri hluta og tryggt sér meiri hluta í einhvers konar utanþingsatkvæðagreiðslu í síma að skylda menn til að afgreiða mál innan sex vikna? Stjórnarskrárgjafinn er að setja upp það dæmi. Það verður að reyna á innan sex vikna hvort það sé meiri hluti fyrir þessum lögum eða ekki. Ef það væri föst stjórnskipunarhefð og það ætti sér stað einhver símaatkvæðagreiðsla og á grundvelli hennar væri meiri hluti tryggður fyrir málinu, ekki í þingsalnum, þá þyrfti ekki slíkt ákvæði. Þetta sýnir allan ruglandann í málinu. Hv. þm. sem er reyndur þingmaður, kennari meira að segja, meira að segja fyrrv. hæstv. ráðherra, leyfir sér að rugla saman stjórnskipulegum þáttum sem eru grundvallaratriði og eru ræddir í dómsölum, m.a. þegar úrskurðað er að ráðherra hefur brotið stjórnarskrána við setningu bráðabirgðalaga og svo pólitískum þáttum sem koma slíku máli ekkert við.

[23:29]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er merkilegt að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson skuli gera þær tilraunir sem hann er að gera hér til þess að reyna að færa rök fyrir því að vinnubrögð hans við setningu þessara bráðabirgðalaga hafi verið eðlileg. Það ber að harma það að hæstv. forsrh. skuli vera á þeirri braut. Hæstv. forsrh. á að vita það að innan íslenskrar stjórnskipunar tíðkast margvíslegar hefðir. Hann talar af fyrirlitningu um svokallaða símaatkvæðagreiðslu. Oft hefur bakgrunnurinn við slík bráðabirgðalög verið staðfestur á fundum þingflokka. Hvernig eru ríkisstjórnir á Íslandi myndaðar? Eru þær myndaðar þannig að þingið sé kallað saman til þess að ganga úr skugga um það með formlegum hætti í þingsalnum hvort ríkisstjórnin hefur meiri hluta? Nei. Það gerist með þeim hætti að formenn flokkanna ganga fyrir forseta lýðveldisins og orð þeirra eru tekin trúarleg að það sé meiri hluti á bak við ríkisstjórnina. Þar eru það orðin sem gilda en ekki formið vegna þess að það er engin hefð fyrir því innan íslenskrar stjórnskipunar að láta reyna á það með formlegum hætti. Við erum líka með þá venju að þingið situr stundum ekki sex mánuði á ári og það er hægur vandi að setja bráðabirgðalög við þær aðstæður þannig að efnisatriði laganna séu í raun runnin út áður en reynir nokkurn tímann á það í þinginu hvort þau hafa stuðning. Það er einmitt þess vegna sem við erum að vara við þeim vinnubrögðum sem greinilega hafa verið viðhöfð í þessu máli að leita bara eftir stuðningi tveggja þingmanna úr þingflokki vegna þess að sú venja á Íslandi að láta þingið ekki sitja hálft árið skapar þar með opnun á því að bráðabirgðalagavaldinu sé misbeitt og það reyni aldrei á það efnislega vegna þess að þegar málið loksins kemur til atkvæða á þinginu þá sé tilefni laganna úr sögunni.

[23:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók í fljótheitum saman fjölda bráðabirgðalaga sem stjórnir hefðu sett og það kom á daginn að sú stjórn sem studdist við þingflokk sem hv. þm. var formaður fyrir skar sig úr í setningu bráðabirgðalaganna. Sú stjórn var líka með veikastan þingmeirihluta en hún skar sig úr. Og samkvæmt því símakerfi sem hv. þm. er að stæra sig af, þá hefur jafnan verið hringt í hann og hann sjálfur staðið í hringingunum og staðið fyrir því að aldrei í annan tíma hafi verið settur annars eins fjöldi af bráðabirgðalögum og þarna, jú reyndar fyrir áratugum þar á undan. Þetta er ríkisstjórn sem hv. þm. var lykilmaðurinn í að styðja, lykilmaðurinn í að koma á og gekk ærið langt í þeim efnum eins og frægt er. Eftir framgöngu hv. þm. þegar hann var að mæla fyrir málinu, eftir dóm Hæstaréttar, eftir að ríkisstjórn sem hann er grundvallarstuðningsmaður að gengur lengst allra í setningu bráðabirgðalaga á undanförnum árum, hvernig getur hann sest í dómarasæti fyrir framan alþjóð í þingsalnum? Það er von að hæstv. sjútvrh. hafi gefið þessari framgöngu þá einkunn sem hann gaf.

[23:33]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja ömurlegur vitnisburður um hve veikan málstað hæstv. forsrh. Davíð Oddsson hefur að verja í þessu máli að hann skuli enn á ný grípa til þess að fara að ráðast á ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens því að sú ríkisstjórn sem hann var að ræða um núna og áðan og kallaði alltaf „þessa ríkisstjórn sem þessi þingmaður átti sæti í" og annað í þeim dúr var ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens.

Það vill svo til, hæstv. forsrh., að ég þekki mjög vel hvernig þáv. forsrh. Gunnar Thoroddsen stóð að setningu bráðabirgðalaga. Ég tók þátt í fundum með Gunnari Thoroddsen þar sem farið var yfir það að bráðabirgðalögin hefðu meiri hluta áður en þau voru sett. Gunnar Thoroddsen vandaði sig mjög vel við setningu bráðabirgðalaga og það var aðdáunarvert að fylgjast með því hvað prófessorinn í stjórnlagarétti og varaformaður Sjálfstfl., Gunnar Thoroddsen, vandaði sig í þeim efnum. Þess vegna mælist ég til þess enn á ný við hæstv. forsrh. að hann fari ekki að grípa til árása á Gunnar Thoroddsen til þess að reyna að verja óverjanleg vinnubrögð sín í þessu máli.

Um þau einstöku bráðabirgðalög sem hæstv. forsrh. gerði að umræðuefni fyrr í þessum umræðum og nokkuð var um deilt hvort hefðu þingmeirihluta, þá get ég ítrekað það sem ég sagði fyrr að mér er kunnugt um það að hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen ræddi við einn af þingmönnum Sjálfstfl., sem ekki var í upphaflegu stuðningsliði ríkisstjórnarinnar, og fékk frá honum þau svör að hann mundi sitja hjá við afgreiðslu bráðabirgðalaganna. Þess vegna er það staðreynd að það eru engin fordæmi í íslenskri stjórnskipun fyrir jafnóvandaðri setningu bráðabirgðalaga og þeirrar sem við erum hér að ræða.

[23:35]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem hv. þm. sagði núna eru staðlausir stafir eins og hann veit örugglega sjálfur innst inni. Hann tók sér fram í smekkleysunni hér áðan, enda tekur honum enginn fram í því að gefa það til kynna að ég hafi verið að ráðast á Gunnar Thoroddsen sérstaklega. Ég er að taka dæmi af því með hvaða hætti hans mat var á heimildum bráðabirgðalöggjafans til þess að setja bráðabirgðalög því að það mat er bersýnilega ekki í samræmi við það sem hv. þm. hefur verið að túlka. En hv. þm. kemst ekki fram hjá því þegar hann er að tala um misnotkun á bráðabirgðalögum og hann forðaðist eins og heitan eldinn að svara því hvernig hann gat stutt jafngríðarlegan fjölda bráðabirgðalaga og sett voru í þessari tíð. Ég er að tala við hann sjálfan. Hann á ekki að vera að skýla sér á bak við Gunnar Thoroddsen heitinn. Ég er að tala við hann sjálfan. Ég er að spyrja hann sjálfan, siðvæðingarpostulann sjálfan, sem stóð sem lykilmaður að öllum þessum fjölda bráðabirgðalaga og hvernig það samrýmist siðvæðingargöngu hv. þm. hingað í pontuna núna. Hvers konar tvöfeldni er þetta eiginlega í þessum málum eins og nánast öllum öðrum málum sem hv. þm. kemur nálægt?

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[23:37]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst og þarf ekki frekar vitna við en framgöngu hæstv. forsrh. í þessum umræðum að hann heldur sér við það sýnishorn á málflutningi og röksemdafærslu sem við höfum séð upp á síðkastið. Ég hef ekki rétt samkvæmt þingsköpum til að fjalla nánar um það og er búinn að verja þeim rétti sem ég hef til umráða við þessa umræðu. En það má vel vera að við getum vikið að því við 3. umr.

Ég vil hins vegar bera af mér þær sakir að ég sé að ganga hér eitthvað með óeðlilegum hætti inn á það svið sem er ríkisstjórn Gunnars Thoroddsens og þáttur Gunnars Thoroddsens forsrh. á árunum 1980–1983. Það var hæstv. forsrh. Davíð Oddsson sem hóf þá umræðu með röngum hætti (**Forsrh.:** Það var Steingrímur Hermannsson.) og ósanngjörnum hætti. Og ég vil ítreka það hér og sit ekki undir neinum dylgjum um það að bæði ráðherrar Alþb. og ég sem formaður þingflokksins vorum knúnir til þess af forsrh. Gunnari Thoroddsen að gefa honum ávallt skýrslu um stuðning þingmanna flokksins við bráðabirgðalög áður en þau voru sett. Það var sú vinnuregla sem hæstv. forsrh. Gunnar Thoroddsen viðhafði og það var lærdómsríkt fyrir mig sem tiltölulega nýjan þingmann á þeim árum og fyrstu árum mínum sem formaður þingflokks að kynnast þeim. Og væri betur að núv. hæstv. forsrh. stundaði jafnvönduð vinnubrögð.

Það sem hann sagði um Hæstarétt og það tiltekna mál sem dæmt var í fyrir nokkrum árum kemur þessari umræðu ekkert við vegna þess að sá dómur fjall-

aði ekki um stjórnskipulega þætti í málinu, hæstv. forsrh., og það veit hæstv. forsrh. Hann fjallaði hins vegar um allt aðra reglu innan stjórnarskrárinnar sem snerti efnisþætti málsins en á engan hátt stjórnskipulegu hliðina. Ég mundi í sporum hæstv. forsrh. tala varlega um þau mál þar til Hæstiréttur hefur kveðið upp úrskurð sinn í máli Geirs Waage.

[23:40]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst eiginlega miður hvað hæstv. forsrh. hefur tekist að hylja sig í reyk í þessu máli í kvöld og fá umræðuna til að snúast um aðra hluti en skipta máli. Hann hefur fengið menn til að tala í löngu máli um bráðabirgðalög fyrri tíma sem voru sett undir öðrum formerkjum, öðrum kringumstæðum en nú eru. Það er búið að breyta reglum um þessa hluti og hæstv. forsrh. hefur tekist það ætlunarverk sitt að fá umræðuna til að snúast um samanburð þessara mála á fyrri tíð og núna.

Þannig hefur hann verið að draga athyglina frá þessu ámátlega máli sem þeir eru tveir einir að verja hér, hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefur að vísu komið í ræðustólinn en mér hefur ekki fundist að hann hafi átt það erindi upp í þennan ræðustól að verja þessi bráðbirgðalög sem slík. Það er alveg æpandi að hér skuli eingöngu vera mættir þessir tveir hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar til að verja þessi bráðabirgðalög. Það hefði farið betur að menn hefðu eytt svolítið meiri tíma í það að fara nákvæmlega yfir það um hvað þau fjalla og hvernig þau liggja fyrir mönnum í dag. Hæstv. forsrh. hefði betur eytt svolítið meiri tíma í að útskýra það fyrir mönnum hvernig í ósköpunum honum gat dottið í hug að koma með lausn á þessu máli sem felst í bráðabirgðalögunum án þess að bera það undir nema tvo þingmenn í sínum þingflokki, hvernig hann taldi að hann gæti þá verið búinn að tryggja stuðning við þetta mál. Það er ekki tilviljun að það skuli liggja fyrir núna að ekki er stuðningur við þessa niðurstöðu. Ryki var slegið í augu manna þegar verið var að ljúka þessari deilu með því að þarna væri lausnin fundin, að með þessum hætti mætti komast fram hjá því vandamáli sem var verið að takast á um í þessari deilu.

Það var annað sem fékk mig til að biðja um orðið í þessari umræðu — ég tel hana vera orðna nógu langa út af fyrir sig — en það var það sem hæstv. sjútvrh. sagði áðan að hann væri að bíða eftir umsögn sjútvn. um minnisblaðið sem hann sendi okkur frá ráðuneytisstjórunum þremur og það stæði á sjútvn. að skila áliti á þessu til hans. Ég verð að segja það alveg eins og er að það eru fréttir fyrir mig að málið skuli snúa svona. Þetta er í fyrsta skipti sem málið er svona lagt fyrir mig a.m.k. Ég hélt að það væri ekki hægt að misskilja seinna bréf hæstv. sjútvrh. til nefndarinnar þar sem hann tekur það mjög skýrt fram að hann ætlist til þess að það verði fjallað um þennan hluta málsins í tengslum við umfjöllunina um lögin um stjórn fiskveiða að öðru leyti. Ég held að það hafi ekki verið hægt að misskilja þann texta sem hæstv. sjútvrh. sendi nefndinni. En síðan mætir hann í ræðustól í kvöld og heldur því fram að hann sé að gefa nefndinni tækifæri til að fara vel yfir þetta mál og skoða það og bíði eftir því að fá niðurstöðu nefndarinnar á þessu máli akkúrat. (**Gripið fram í:** Við skulum biðja um það í fyrramálið. Það er fundur í nefndinni.) Ég held að sjútvn. þurfi að ræða þessa stöðu alveg sérstaklega. Ég trúi því illa að hún hefði beðið mig að svara hæstv. ráðherra ef menn hefðu vitað að málið lægi svona fyrir og ekki ætti að taka mark á síðasta bréfi. Það er kannski von á þriðja bréfinu með þriðju útgáfunni á því hvað hv. sjútvn. á að gera við þetta mál.

Sannleikurinn er auðvitað sá að þarna eru gersamlega áttavilltir menn á ferð. Þeir hafa breytt stefnunni gang eftir gang í þessu máli. Hæstv. sjútvrh. er búinn að skrifa tvö bréf til nefndarinnar og kannski er það þriðja á leiðinni. Menn hrekjast fram og til baka í málinu, mæta í þingsali til þess að verja málið og verja það fyrst og fremst með því að fá umræðuna til að snúast um fortíðina. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég tel að hv. Alþingi standi frammi fyrir afskaplega erfiðu vandamáli, þ.e. að afgreiða bráðabirgðalög sem eru orðin nánast spaugileg í ljósi þess sem gerst hefur síðan þau voru sett og í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um þau.

[23:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. hefur varla haft annað fram að færa í umræðum um sjávarútvegsmál á undanförnum þingum en það eitt að kvarta undan því að hv. sjútvn. skuli ekki hafa fengið tækifæri til að fjalla um þær tillögur sem fram hafa komið um málefni sjávarútvegsins heldur hafi setið uppi með það að fá tillögur sem stjórnarflokkarnir hafi áður komið sér saman um. Þetta hefur eiginlega verið eina málefnalega framlag hv. þm. til umræðu um sjávarútvegsmál. Svo loksins þegar að því kemur að hv. sjútvn. fær sendar tillögur til umsagnar og tækifæri til þess að fjalla um þær og segja sitt álit, þá er kvartað undan því að ríkisstjórnin hafi ekki verið búin að múlbinda nefndina fyrir fram.

Svona hringlandi í málflutningi er auðvitað alveg ótækur. En við erum svo sem orðnir ósköp vanir því af hálfu Alþb. í umræðu um sjávarútvegsmál vegna þess að sá flokkur hefur enga stefnu í því efni og getur ekki annað en kvartað yfir málum eins og þau liggja fyrir á hverjum tíma. En það rekur sig hvað á annars horn í þeim efnum eins og berlega kemur í ljós þegar hv. þm. kvartar nú undan því að hv. sjútvn. fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós áður en stjórnarflokkarnir taka endanlega ákvörðun í þessu máli.

[23:46]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ja, sér er nú hvað. Hæstv. ráðherra var rétt áðan að lýsa því yfir að hann væri að bíða eftir tillögum sjútvn. og það eru fréttir fyrir mig eins og ég sagði. Ég tel að nefndin hefði verið miklu fljótari að afgreiða málið ef það hefði legið þannig fyrir. En hann nefndi það ekki að hann skrifaði nefndinni bréf þar sem hann lýsti því hvernig hann liti á þetta mál. Það

ætti að liggja hjá nefndinni og takast til umræðu í samhengi við afgreiðslu á lögunum um stjórn fiskveiða. Svo kemur hann hér og segist vera að bíða eftir því að fá niðurstöðu í málið. Ég held að það dæmi sig sjálft það sem hann segir um minn málflutning hér. Þeir sem hafa fylgst með honum dæma hann hver eftir sínu höfði.

Hann sagði að Alþb. hefði enga stefnu í sjávarútvegsmálum. En hver er stefna hæstv. sjútvrh. í þessu máli? Hún er út og suður. Það koma bréf til nefndarinnar sem vísa í sitt hverja áttina og ég kannast ekki við það að hæstv. sjútvrh. hafi borið til enda neitt mál sem hægt er að kalla stefnumörkun í sjávarútvegi. Hann er þó búinn að vera sjútvrh. bráðum í þrjú ár. Hvað hefur honum tekist að gera með stefnumörkun í sjávarútvegi? Nákvæmlega ekki neitt. Það er búið að leggja fram tillögur tvíhöfða nefndar en hvenær komast þær til enda? Komast þær til enda í þessari umræðu í vetur? Hv. þm. Stefán Guðmundsson hristir höfuðið. Ég held að það sé alveg rétt hjá honum, þær muni ekki komast til enda. Það eru a.m.k. litlar líkur á því.

[23:48]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Málflutningur hv. þm. er nú orðinn býsna spaugilegur. Hér í kvöld hefur hann verið að gagnrýna mig fyrir að fylgja fram af allt of miklum einstrengingshætti ákveðinni stefnu í sjávarútvegsmálum og þessi ákveðna stefna mín í sjávarútvegsmálum hafi komið í veg fyrir lausn á þeim afmarkaða vanda sem er þátttaka sjómanna í kvótakaupum. Svo kemur hann undir lok umræðunnar og segir: Það hefur ekki bólað á nokkurri stefnu og engin stefnumörkun.

Það er rétt að minna hv. þm. á það að megintillögur tvíhöfða nefndarinnar, sem svo er nefnd, felast í því að byggja áfram í grundvallaratriðum á því kerfi sem fyrir er. Það er sú stefna sem ég mælti fyrir í upphafi þegar ég tók við þessu starfi og ég hef unnið að að tryggja og tel að verði sjávarútveginum á Íslandi til mestrar farsældar í framtíðinni. Ég er sammála því sem fram kemur í nefndarálitinu að það þurfi ýmislegt að lagfæra í þessari löggjöf. En það byggir á því að við höldum áfram óbreyttri stefnu í grundvallaratriðum. Að því hefur verið unnið markvisst og það hefur verið tryggt að þessi grundvallaratriði stefnunnar munu gilda og þeim verður framfylgt. Ég vona að okkur takist að gera nauðsynlegar lagfæringar á þeirri löggjöf en ítreka enn og aftur að hér erum við að tala um það að framfylgja í grundvallaratriðum þeirri stefnu sem við höfum fylgt á undanförnum árum og við ætlum að skapa festu og öryggi þar um. Okkur hefur tekist að gera það og það er kannski fyrst og fremst það sem hefur farið í taugarnar á hv. þm. í ráðleysi sínu í þessum efnum.

[23:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra er að tala um það sem hann langar til. Það hefur ekki farið fram hjá neinum, og það get ég vel tekið undir, hvað hann langar til að festa í sessi hér. Hann langar til að festa í sessi þetta kerfi sem hefur verið við lýði undanfarin ár og hann langar til að gera ákveðnar breytingar á því. Honum hefur bara ekki tekist það. Stefnumörkunin hefur ekki komist til enda hjá honum. Hann hefur ekki haft stuðning við hana. Sjálfstfl. hefur ekki stutt hann í málinu. Hvers vegna voru þessi frumvörp ekki tekin til umræðu á síðasta þingi?

Hæstv. ráðherra er að reyna að breiða yfir vanmátt sinn og þó hann segi hér að hann sé búinn að tryggja stuðning við þetta kerfi þá er hann ekki búinn að því. Hann hefur ekki haft stuðning við þær breytingar sem hann hefur viljað gera á þessu kerfi fram að þessu og það eru ekki miklar líkur á því að honum takist að klóra sig út úr þessu í vetur. En auðvitað vitum við það að hann langar til að gera það. Hann hefur svo sem þá stefnu sjálfur og hefur lýst henni oft en honum hefur ekki tekist að vinna henni það fylgi sem þarf til þess að fá staðfestingu Alþingis á stefnu hans og ég vona sannarlega að það komi ekki til þess að honum takist það.

[23:52]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það er vissulega svo að einn fæ ég ekki ráðið miklu í þessum efnum en ég hef fylgt fram mjög ákveðinni stefnu í þessu efni. Stjórnarflokkarnir hafa, þó að þeir hafi í öndverðu komið að þessu máli með mjög ólíkar skoðanir, sameinast um að fylgja fram óbreyttri fiskveiðistefnu þannig að í þeim efnum er ekki ágreiningur. Um grundvallaratriði málsins er enginn ágreiningur á milli stjórnarflokkanna.

Við vitum líka að þó að skiptar skoðanir séu innan Framsfl. þá hefur hann í meginefnum lýst fylgi við þessi sjónarmið. Í öllum þessum flokkum eru menn sammála um að það þurfi að koma fram lagfæringum. Ef hér væri, eins og óskhyggja hv. 3. þm. Vesturl. stendur til, einhver meiri hluti fyrir öðru þá hef ég ekkert og hefði ekkert afl haft á undanförnum þingum að koma í veg fyrir það. Mitt eina litla atkvæði hér hefði ekki megnað að koma í veg fyrir það. Sannleikurinn er hins vegar sá að það er mikill meiri hluti um að fylgja eftir grundvallaratriðunum þó að menn hafi e.t.v. skiptar skoðanir um þau útfærsluatriði þar sem menn vilja koma fram lagfæringum. Það er nauðsynlegt að gera hér á skýran greinarmun. Það er um þessi atriði sem tókst samkomulag í tvíhöfða nefndinni, sem tókst pólitískt samkomulag á milli stjórnarflokkanna og er víðtækur meiri hluti fyrir á Alþingi.

Hitt vitum við að um einstök útfærsluatriði eru skiptar skoðanir innan allra flokka vegna þess að þar stangast á hagsmunir einstakra landshluta og ofureðlilegt að menn takist þar á með tilliti til hagsmuna sinna umbjóðenda. Það hlýtur alltaf að gerast og gerist í hvaða fiskveiðistjórnunarkerfi sem vera skal. En óskhyggja hv. þm. um að hér sé eitthvað á seyði sem veiki grundvöll þessa fiskveiðistjórnunarkerfis á ekki við nokkur rök að styðjast. Ef svo væri þá hefði ég ekki haft neitt afl til að koma í veg fyrir það. En þessi ríkisstjórn situr á þriðja þingi og ekki nokkur maður hefur komið fram með tillögur um að breyta eða taka upp

annað kerfi. Við höfum verið að fjalla um tillögur um úrbætur á þessu kerfi.

Ég verð því að hryggja hv. þm. í því efni að í grundvallaratriðum verða ekki neinar breytingar gerðar. En ég geri mér fastlega vonir um að við tryggjum nauðsynlegar og eðlilegar lagfæringar á því kerfi sem við búum við en það er allt annar hlutur en hv. þm. er að tala um og á ekkert skylt við draumóra hans.

[23:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sagði að stjórnarflokkarnir hefðu sameinast um grundvöllinn, þ.e. þetta aflamarkskerfi óbreytt. Auðvitað lítur það þannig út. Það er meira að segja búið að leggja fram frumvörp sem ganga út á þetta. En á sama tíma heldur annar stjórnarflokkurinn miðstjórnarfund þar sem hann samþykkir algjöra andstöðu við kerfið. Ég verð að segja að mér þykir holt undir stuðningi Alþfl. við kvótakerfið eins og það liggur fyrir í frumvörpum hæstv. ráðherra þegar á sama tíma liggur fyrir afstaða flokksins með þessum hætti. — Og bíddu við, hæstv. ráðherra nefndi Framsfl. í beinu framhaldi af sínu máli því hann virðist vera að gera sér einhverjar vonir um það að Framsfl. hlaupi undir bagga með honum um það að koma fram þeim breytingum sem hann hefur áhuga á að koma fram á þessu kerfi. Ég ætla ekki að svara fyrir Framsfl. en ég hef ekki orðið var við það að framsóknarmenn væru að lýsa því yfir í ræðustólnum undanfarin missiri að þeir væru mjög hrifnir af tillögum tvíhöfða nefndarinnar. Það er ýmislegt í þeim sem þeir hafa margt við að athuga. Ég býst við því að hæstv. ráðherra, þó að hann geri sér vonir um það eins og hann sagði áðan, að hann geti fengið þessar lagfæringar sem hann kallar í gegnum hv. Alþingi þá sé hreint ekkert vitað hvort Framsfl. fari að hjálpa honum til við það. Alþfl. hlýtur að taka mark á miðstjórn sinni þrátt fyrir þau frumvörp sem liggja hér fyrir. Í ljósi þess að nú virðast stjfrv. geta tekið breytingum í meðferðum nefnda, þá gæti það gerst að það yrðu breytingar á þessu í átt við stefnu Alþfl. sem virðist hafa speglast a.m.k. á þessum síðasta miðstjórnarfundi.

Hæstv. ráðherra ætti því ekki að tala mikið um óskhyggju mína, það gæti vel verið að það væri hægt að kalla það óskhyggju hans sem hann er að lýsa að hann fái þessar breytingar í gegn á hv. Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 6. mál.

Fundi slitið kl. 23:58.

---

101. FUNDUR

miðvikudaginn 2. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Dýravernd, stjfrv., 69. mál, þskj. 72, nál. 620, brtt. 621. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frv., 285. mál, þskj. 362. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Norðurstofnun á Akureyri, þáltill., 297. mál, þskj. 429. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Mengunarvarnarbúnaður í bifreiðar ríkisins, þáltill., 326. mál, þskj. 517. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Vernd Breiðafjarðar, stjfrv., 371. mál, þskj. 566. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Stöðvun verkfalls fiskimanna, stjfrv., 302. mál, þskj. 490, nál. 589 og 592. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 120. mál, þskj. 125, nál. 624. — 2. umr.
9. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391. — 1. umr.
10. Skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, stjfrv., 422. mál, þskj. 631. — 1. umr.
11. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 412. mál, þskj. 617. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 1. mars 1994:

„Þar sem Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv., er erlendis í opinberum erindum og getur ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Reykjavíkurkjördæmi, Þuríður Pálsdóttir yfirkennari, taki sæti á Alþingi í fjarveru hennar.

Þetta tilkynnist yður hér með, virðulegi forseti.

Geir H. Haarde, formaður þingflokks Sjálfstfl."

Þuríður Pálsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Kaup á björgunarþyrlu.

[13:34]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Góð ræða er aldrei of oft flutt. Ég ætla að ræða við hæstv. forsrh. um þyrlukaupamálið sem er að fá á sig nýja mynd. Ég byrja auðvitað ræðu mína á því að vitna í afdráttarlaus fyrirheit hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar fyrir rúmu ári síðan eða hinn 25. febr. í fyrra. Með leyfi forseta sagði hæstv. forsrh.:

„Ég get skýrt frá því og sagt það sem ég þegar hef sagt. Það stendur ekki annað til heldur en ríkisvaldið og ríkisstjórnin geri samninga um þyrlukaup á þessu ári alveg óháð því hvernig þessi hv. þm. lætur." Enn fremur sagði hann: „Þetta er nú skrípaleik líkast. Það er þannig að ég hef margítrekað hér bæði í minni fyrstu ræðu, sem ekkert var loðin í þessum efnum, og í öllum þeim ræðum síðar að ríkisstjórnin muni innan fárra vikna meira að segja ganga til samninga um kaup á þyrlu. Þetta hef ég sagt hér inni. Allir þeir sem vilja heyra, a.m.k. þeir sem þessu máli fylgja af heilindum en ekki af einhverjum pólitískum skrípaleik, hafa skilið það sem sagt er."

Svo mörg voru þau orð. Nú berast fréttir um það í hádegisfréttum að hafin sé ný og nýstárleg deila í þessu máli þar sem hæstv. sjútvrh. segir að hæstv. utanrrh. muni enn ætla að tefja þetta mál og vilji ganga til viðræðna við varnarliðið um björgunarsveitina og samninga þar um. Þess vegna spyr ég hæstv. forsrh.: Hvenær verður staðið við fyrirheitin? Hvernig stendur hæstv. forsrh. í þessari nýju og nýstárlegu deilu innan ríkisstjórnarinnar?

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Eins og hv. þm. gat um, þá hófust samningaviðræður um þyrlukaup sl. vor og stóðu alllengi. Menn hafa verið að fá ný og ný tilboð, breytt tilboð og lækkuð tilboð á sumum sviðum. Reyndar hafa líka þyrlur sem áður voru taldar líklegastar gengið úr skafti, ekki þó í þyrlulegri merkingu heldur í verslunarlegri merkingu og verið seldar öðrum. Síðan gerðist það að gerðir voru viðbótarsamningar tengdir varnarsamningnum íslenska og þar hafði Bandaríkjastjórn frumkvæði að því að opna fyrir þann möguleika og vilja ræða það að Íslendingar tækju með einum eða öðrum hætti yfir þyrluþjónustu varnarliðsins.

Þetta eru töluvert breyttar forsendur frá því sem menn höfðu áður rætt og þennan kost vildu menn skoða nákvæmlega, ekki vegna þess að slík breyting mundi geta komið til á skömmum tíma því að ef af henni yrði, þá er ég viss um að það tæki 1–2 ár að koma henni fram því þar er um flókið og viðamikið verkefni að ræða, en hins vegar gæti hún haft áhrif á það hvaða þyrlutegundir menn vildu kaupa.

Svo hafa menn reyndar bent á að það væri kannski ekki akkúrat viðeigandi að menn séu að standa í stórkostlegum viðskiptum við Frakkland um kaup á franskri þyrlu núna í augnablikinu eins og viðskiptaháttum er háttað þar.

En viljinn hefur staðið til þess að kaupa þyrlu eins og menn vita, bæði hjá þingi og ríkisstjórn, en þessir þættir hafa orðið til þess að endanleg niðurstaða hefur dregist, en viljinn er óbreyttur.

[13:38]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi ekki farið á milli mála í svari forsrh. að hvorki þingið eða þjóðin veit hvar hann stendur í þessu nýja deilumáli. Hann svaraði ekki spurningunni. Hann svaraði því ekki hvernig hann stæði gagnvart þessari nýju deilu sem rædd var í hádegisfréttum í dag, deilunni á milli hæstv. dómsmrh. og hæstv. utanrrh. um þetta mál þar sem hæstv. dómsmrh. gerir kröfu um að málið verði afgreitt en hæstv. utanrrh. vill teygja það inn á nýjar slóðir og tefja það um sinn.

Nú er það ljóst, hæstv. forseti Alþingis, að vilji þingsins er skýr og allar heimildir til kaupa á björgunarþyrlu liggja fyrir. Hvers eiga íslenskir sjómenn að gjalda og fjölskyldur þeirra? Er ekki tímabært að gamalt loforð verði efnt? Meðan menn eru að ræða um Hvalfjarðargöng upp á 5 milljarða, meðan menn eru að ræða um að endurbyggja gamalt fjós uppi í Mosfellsbæ fyrir 2–3 milljarða, þá fæst ekki skýrt úr því skorið hvernig ríkisstjórnin ætlar að fara með vilja Alþingis í þessum efnum.

Aðgerðir ríkisstjórnarinnar á ári fjölskyldunnar.

[13:40]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Nefnd til undirbúnings undir ár fjölskyldunnar hefur starfað í mörg ár og í upphafi þessa árs var haldin ráðstefna um vanda barna og unglinga og allt það sem gera mætti til að styrkja fjölskylduna í þjóðfélaginu. Voru flestir málaflokkar ræddir og ljóst að velferð fjölskyldnanna í landinu tekur til skattamála, heilbrigðismála, skólamála, atvinnumála, dagvistarmála, skipulagsmála og allra þeirra annarra málaflokka sem undir hv. Alþingi heyra.

Þessa dagana stöndum við frammi fyrir því að 7 þúsund manns fá ekki atvinnu í landinu. Fátækt sem við höfum ekki þekkt lengi bíður nú fjölmargra fjölskyldna. Það er því ekki úr vegi að spyrja þegar farið er að líða að sumarhléi og ég beini máli mínu til hæstv. forsrh.: Hvaða ráðstafanir ætlar ríkisstjórnin að gera til þess að efna loforð hæstv. félmrh. um raunhæfar lausnir í málefnum fjölskyldnanna í landinu? Vandann þekkja allir. Er hafin vinna við frumvörp sem bera í sér nýjar hugmyndir og ný tök á nýjum vanda sem við höfum ekki þekkt áður?

[13:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Þessi spurning var reyndar ansi viðamikil því að ég skildi það fyrst í upphafi að hv. þm. væri að ræða um atvinnumálin almennt, það er auðvitað viðamikil spurning, en undir lokin skildi ég spurninguna svo að hún væri að spyrja um einstök

frumvörp sem lúta að málefni fjölskyldunnar. Slíkri spurningu ætti efnislega að beina til félmrh. Eins og hv. þm. veit og ábyggilega gleðst yfir, þá er til meðferðar í þinginu frv. um umboðsmann barna. Það hlýtur að verða að tengjast þessum þáttum. Einnig er unnið að stefnumótun og stefnuáætlun um málefni fjölskyldunnar af hálfu ríkisstjórnar.

[13:42]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að svara en heldur þótti mér svarið lítið upplýsandi. Mér var fullljóst að frv. um embætti umboðsmanns barna er loksins komið inn í þingið og ber að þakka hæstv. félmrh. fyrir það. En er ég virkilega að heyra að ekkert sé í gangi á ári fjölskyldunnar, engin marktæk vinna til þess að horfast í augu við nýtt þjóðfélag og öðruvísi en við höfum áður haft? Eins og ráðstefna sem haldin var í janúar fjallaði um höfum við horft upp á það um skeið að æ fleiri börn og unglingar lenda í umtalsverðum vanda. Fólk er í þúsundatali við að missa íbúðir sínar ofan af fjölskyldunum. Vandinn blasir alls staðar við og ég hélt að til þess hefði ráðstefna þessi verið haldin að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að setjast niður og reyna að leysa þessi mál. Það er ekkert einkamál hæstv. félmrh. Það er verkstjóri hæstv. ríkisstjórnar, hæstv. forsrh., sem ber ábyrgð á framkvæmdum vegna árs fjölskyldunnar svo það verði ekki orðin tóm.

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Nú fór þingmaðurinn reyndar aftur í upphafið að sinni fyrri spurningu. Auðvitað er það svo að á öllum sviðum þjóðlífsins er unnið að málum sem snerta fjölskylduna, bæði á vegum ríkis, sveitarfélaga og reyndar hjá einstaklingunum sjálfum. Fjölmargir þættir sem eru vaxandi viðfangsefni hjá sveitarfélögum, til að mynda íþróttastarfsemi, hafa mikið að segja fyrir fjölskylduna. Uppbygging heilsugæsluþjónustu um landið allt hefur haft mikið að segja. Allir þessir þættir eru mikilvægir.

Varðandi atvinnumálin þá vitum við það líka að atvinnuástandið hjá okkur hefur verið erfitt vegna þess að við höfum lent í utanaðkomandi erfiðleikum. Á hinn bóginn hefur okkur tekist að forða því að atvinnuleysisvofan æddi yfir landið með sama hætti og gerst hefur í okkar nágrannalöndum. Það er árangur sem við getum verið þakklát fyrir meðan við stöndum í þessari dýfu sem við erum núna að komast í gegnum.

[13:44]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst öll þau orð sem hæstv. forsrh. hefur sagt bera vott um að hann hafi ekki hugmynd um hvað er að gerast í þessu þjóðfélagi. Það eina sem hann getur gripið til til uppbyggingar unglingunum í landinu er íþróttastarfsemin. Ég er ekki viss um að hæstv. forsrh. viti að það kostar 17 þús. kr. yfir veturinn að vera í knattspyrnufélagi í Reykjavík og ef fólk á nokkur börn, þá er það allmikill peningur einkum þegar fólk hefur niður í 60 þús. kr. á mánuði. Ég held að hæstv. forsrh. ætti að reyna að skoða sig svolítið um í þjóðfélaginu og reyna að gera sér grein fyrir hver kjör fólki hér í landi eru búin. Það er að stefna í algert ófremdarástand og því fyrr sem hv. þm. gera sér grein fyrir því, að ég ekki tali um hæstv. forsrh., þeim mun betra. Ég held að þjóðin hljóti að bíða eftir einhverjum aðgerðum.

Kostnaður atvinnulausra vegna heilbrigðisþjónustu.

[13:45]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. heilbr.- og trmrh. Það var sagt frá því í kvöldfréttum útvarpsins í gær að Félag geðlækna hefði fundað og ályktað þar á meðal um stöðu atvinnulausra í heilbrigðiskerfinu og bent á að vegna atvinnuleysis þarf fólk oft og tíðum að leita talsvert mikið til lækna vegna þess andlega ástands sem m.a. getur fylgt því að ganga um atvinnulaus kannski mánuðum saman og eins vegna þeirru líkamlegu kvilla sem herja á fólk í því sambandi.

Þeir bentu hins vegar á að atvinnuleysingjar þurfi að greiða heilbrigðisþjónustuna fullum fetum rétt eins og allir aðrir. Þeir njóta ekki sömu afsláttа í heilbrigðiskerfinu og t.d. örorkulífeyrisþegar eða ellilífeyrisþegar. Í dag greiða t.d. örorku- og ellilífeyrisþegar 200 kr. fyrir hverja heimsókn á heilsugæslustöð þegar aðrir greiða 600, þeir greiða þriðjung af því sem almennt þarf að greiða sérfræðingum og þeir fá afsláttarkort þegar þeir eru komnir upp í 3.000 kr. hámarksgjald en aðrir þurfa að komast upp í 12.000.

Nú vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort hann hafi hugsað sér að taka eitthvað á þessum málum í framhaldi af þessari ályktun geðlæknanna um mikilvægi þess að þess hópur bótaþega, sem núna er greinilega afskiptur í heilbrigðiskerfinu og þarf mikið að leita til þjónustu lækna fái einhverja lagfæringu á þessum málum.

[13:47]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Því máli sem hér er hreyft hreyfði raunar landlæknir seint á síðasta ári. Að minni hyggju er hér um að ræða mál sem er fullkomlega skoðunar virði og er það raunar til athugunar í ráðuneytinu. Það er hárrétt hjá málshefjanda að sérstaklega sá hluti atvinnulausra sem hefur verið án atvinnu um langan tíma þarf af ýmsum orsökum að sækja sér læknisþjónustu og sækja til heilbrigðiskerfisins í auknum mæli frá því sem áður var og í ljósi breyttra fjárhagsaðstæðna og hinna félagslegu aðstæðna finnst mér það fyllilega koma til greina að skoða þennan hóp sérstaklega og það mun verða gert mjög fljótlega.

[13:48]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svarið. Ég vissi reyndar ekki að landlæknir hefði hreyft þessu máli seint á síðasta ári en þeim mun ríkari ástæða er þá

til þess að fara að taka á málinu því að nú eru komnir þrír mánuðir síðan þessu máli var hreyft fyrst. Þá eru geðlæknarnir að feta í fótspor landlæknis til þess að reyna að þrýsta á að þarna gerist eitthvað.

Ég vil benda mönnum á að þessi hópur sem ég er hér að tala um og sem er, eins og hv. 14. þm. Reykv. benti á, 7 þúsund manns, sem ganga núna um atvinnulausir, hefur oft og tíðum mjög lítið á milli handanna og hefur orðið fyrir miklum tekjumissi sem er kannski miklu meiri og sárari en ellilífeyrisþegar verða fyrir vegna þess að þeir hafa þó sinn undirbúningstíma að því. Og ellilífeyrisþegar eru almennt ekki búnir að binda sér sömu skuldabagga og þetta fólk, ekki sömu skuldbindingar og ekki með jafnþungan heimilisrekstur. En til þess að menn viti um hvað er verið að tala, þá ætla ég að nefna hérna tölur. Hámarksörorkulífeyrir í dag, og þá er ég að tala um með sérstakri heimilisuppbót, er 48.600 en hámarksatvinnuleysistryggingabætur eru 44.900 kr. Það er nú allt og sumt.

[13:49]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil árétta það sem ég sagði áðan að þessi mál eru til skoðunar. Ástæður þess að það er ekki kannski eins einfalt og ætla mætti við fyrstu sýn að gera þessar breytingar eru þær að sem betur fer geta aðstæður þessa hóps breyst, með öðrum orðum getur viðkomandi fengið vinnu á mjög skömmum tíma. Það er öðruvísi fyrirkomulagið gagnvart örorku- og ellilífeyrisþegum. Þar er varanleikinn til staðar. Þar er það ástand sem verið er að taka á til framtíðar í langflestum og nánast öllum tilfellum, en því er ekki til að dreifa í tilvikum atvinnulausra. Menn hafa staldrað til að mynda við tímabilið eftir 6 mánaða atvinnuleysi og það er þá sú viðmiðun sem menn eru að skoða. Menn eru með öðrum orðum að reyna að nálgast þetta vandamál og finna á því lausnir til þess að geta haldið í praxís, haldið í útfærslu þeirra.

THORP-endurvinnslustöðin fyrir geislavirkan úrgang.

[13:51]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. utanrrh. Tilefnið er það að eins og menn þekkja hefur staðið yfir málarekstur í Bretlandi vegna starfsleyfis fyrir endurvinnslustöðina fyrir geislavirkan úrgang, kennd við THORP hjá Sellafield og málflutningi lauk 17. febr. í máli sem höfðað var af Lancashire County Council og Greenpeace-samtökunum gegn breskum stjórnvöldum og nú er dóms að vænta í þessu máli á föstudaginn.

Alþingi fjallaði um þetta mál tveim dögum eftir eða degi eftir að ákvörðun breskra stjórnvalda var tekin 15. des. sl. og ályktaði einróma 17. des. að tillögu umhverfis- og utanríkisnefnda þingsins og þar segir orðrétt: „Alþingi væntir þess að ríkisstjórnin grípi til skjótra viðbragða í tilefni þessarar ákvörðunar sem ógnar lífshagsmunum íslensku þjóðarinnar vegna áhrifa á lífríki hafsins og nýtingu auðlinda þess."

Nú skal ósagt látið hvernig dómur fellur. En ég spyr: Hafa íslensk stjórnvöld, hefur hæstv. utanrrh. skoðað þetta mál í ljósi þess að þarna er væntanlegur dómur? Hefur ríkisstjórnin borið sig saman um það, ráðherra utanríkismála, við aðra í ríkisstjórn, þar á meðal hæstv. umhvrh. hvernig taka eigi á þessu máli af Íslands hálfu þegar og ef þessi endurvinnsla hefst nú mjög innan skamms?

Ég tel að hér sé slíkt alvörumál á ferðinni að ekkert annað en mjög ákveðin og einörð viðbrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda geti verið svarið strax og þessi starfsemi færi af stað.

[13:53]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tek eindregið undir með hv. 4. þm. Austurl. þegar hann segir að í framhaldi af ályktun Alþingis frá því í desember komi ekki til greina annað heldur en viðbrögð okkar Íslendinga verði einarðleg og ákveðin og við leitum samstöðu annarra þjóða sem svipaðra hagsmuna hafa að gæta og hafa tekið þátt í því með okkur að andmæla þessum áformum Breta harðlega. Það hefur verið gert. Það hefur verið gert að frumkvæði umhvrh. Við höfum að sjálfsögðu rætt þetta mál þótt ég geti ekki á þessari stundu sagt nákvæmlega til um það hver viðbrögðin verða. Það hlýtur að ráðast af því hver verður niðurstaða þessa dómsmáls í Bretlandi milli sveitarfélagsins og stjórnvalda.

En ég árétta það að við umhvrh. höfum rætt málið. Við munum vissulega gera allt sem í okkar valdi stendur til þess að halda fast og einarðlega á því. Við munum leita samstöðu með öðrum þjóðum sem hafa áður komið á framfæri svipuðum mótmælum og hafa svipaðra hagsmuna að gæta og við munum að sjálfsögðu gera það í anda þeirrar ályktunar Alþingis sem fyrir liggur.

[13:54]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. utanrrh. viðbrögð hans og svar við fyrirspurn minni. Ég tel að það sé svo mikið í húfi hér að ekkert annað heldur en mjög hörð og e.t.v. óhefðbundin viðbrögð eigi við. Ég minni í þessu sambandi á grein sem birtist í Morgunblaðinu 29. jan. sl. eftir Davíð Ólafsson, fyrrv. hv. þm. og seðlabankastjóra, þar sem hann ræddi þetta stóra mál og bar það saman við landhelgisdeilu okkar við Breta. Hann sagði í niðurlagsorðum, með leyfi forseta:

„Engin þjóð á eins mikið undir því komið að kjarnorkustöðin THORP verði ekki virk til frambúðar. Hingað til hafa Bretar ekki tekið tillit til mótmæla okkar og nokkurra þjóða sem telja sér hættu búna af þessari starfsemi. Við það má ekki sitja." Og að lokum segir hann: „Hér er mikið verk að vinna og sú skylda hvílir á okkur sem þeirri þjóð sem mest á í húfi að taka forustuna og fá aðrar þjóðir til liðs við okkur. Þetta er mál sem þolir enga bið."

Löggjöf um glasafrjóvganir og réttaráhrif tæknifrjóvgunar.

[13:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. heilbr.- og trmrh. Þann 25. okt. sl. spurði Guðrún Helgadóttir dómsmrh. að því hvort ekki hillti undir starfslok nefndar sem er að undirbúa löggjöf um glasafrjóvganir og réttaráhrif tæknifrjóvgunar. Hæstv. ráðherra sagðist mundu beita sér fyrir því að nefndin hraðaði störfum og upplýsti einnig að ári fyrr hefði fulltrúi frá heilbr.- og trmrn. bæst í hóp nefndarmanna. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála hvort honum sé kunnugt um hvort þessi nefnd sé að ljúka störfum og hvort frv. sé á leiðinni í þingið. Einnig langar mig til að fá að vita hvort í þessu frv. verði skýrð staða deildarinnar sem þegar hefur hafið glasafrjóvganir við Landspítalann.

Það hlýtur að vera mjög til óþæginda, bæði fyrir starfsfólk deildarinnar og það fólk sem bíður eftir að komast til að fá þjónustu hennar að það gilda engin ein skýr lög um starfsemi hennar. Nú veit ég að Landspítalinn hefur sett sér starfsreglur til að fara eftir en þær byggjast ekki á lögum því að þau eru ekki til.

[13:57]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég get ekki svarað fyrir um það hvar þetta nefndarstarf er statt en vænti þó þess að það sé á góðum vegi og tel raunar nauðsynlegt að því ljúki fyrr en síðar því það er hárrétt hjá hv. málshefjanda að sú starfsemi sem fram fer á Landspítalanum í þessum efnum hefur tekist vonum framar og raunar er það svo að árangur hér á Íslandi er langt umfram það sem þekkist í nágrannalöndum okkar og það er áhugi fyrir því í heilbrrn. að bæta enn um betur og færa enn út kvíarnar, ganga á þá biðlista sem fyrir hendi eru. Og raunar eru menn að horfa lengra fram á veg um þá möguleika að við Íslendingar getum boðið útlendingum upp á þá þjónustu sem hér er þegar Íslendingum hefur verið sinnt.

Í húsnæðismálum er þröngur stakkur skorinn þessari deild og það er vilji og menn hafa farið ofan í saumana á því hvernig bæta megi þá starfsaðstöðu með það í huga sem nefndi áðan, að ganga lengra og hraðar fram og veita víðtækari og betri þjónustu, ekki síst vegna þeirrar hvatningar sem liggur í þeim veruleika að árangur hér er langt umfram það sem þekkist annars staðar.

[13:59]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það var fyrst samþykkt um þetta þál. árið 1986 og þá var skipuð nefnd í framhaldi af því. Síðan var reyndar önnur þál. samþykkt árið 1989 um tæknifrjóvganir og enn gerist ekkert í þessum málum, þ.e. nefndin lýkur ekki störfum enn. Ég veit að vísu að þetta er mjög flókið mál, það eru örar og miklar framfarir þessari grein. Það er sífellt verið að auka tæknina sem þessu er samfara. En þarna eru mörg álitamál uppi og það nægir að nefna það nýjasta sem er ekki langt síðan var í umræðu hér í fjölmiðlum og annars staðar að það sé hægt að frjóvga egg úr fóstri sem hefur verið eytt og koma því fyrir í legi einhverrar konu. Barnið sem fæddist síðan úr þessu eggi gæti sagt: Móðir mín var fóstur sem aldrei fæddist. Það eru mörg fleiri svona álitamál sem eru komin upp. Það eru svo örar framfarir í þessu og það er mjög nauðsynlegt að þessi nefnd fari að skila af sér. Það væri fróðlegt að vita hver nefndarkostnaðurinn væri orðinn frá 1986.

[Fundarhlé. — 14:00]

Dýravernd, frh. 2. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 72, nál. 620, brtt. 621.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

Brtt. 621,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JónK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, FI, GB, IP, JÁ, JGS, JBH, JVK, MF, ÓÞÞ, PP, ÞurP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, EH, GB, IP, JÁ, JGS, JBH, ÓÞÞ, PP, ÞurP) fjarstaddir.

Brtt. 621,2 (ný 2. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JGS, JBH, PP, ÞurP) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þar sem breytingartillögur nefndarinnar við þetta frv. eru óvenjumargar og nefndin stendur að þeim einhuga mun forseti, ef enginn hreyfir andmælum við því, bera upp í einu lagi breytingartillögur á þskj. 621, 3.–25. tölul.

Brtt. 621,3–25 (við 3.–25. gr., um nýja grein, brottfall greina, svo og um breytta kaflafyrirsögn) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JGS, JBH, PP, ÞurP) fjarstaddir.

3.–25. gr., svo breyttar, brottfall 4. og 19. gr., ný grein á eftir 25. gr. og breytt kaflafyrirsögn IX. kafla, (verða 3.–24. gr.) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

8 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JGS, JBH, ÓÞÞ, PP) fjarstaddir.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 1. umr.

Stjfrv., 285. mál (EES-reglur). — Þskj. 362.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JGS, JBH, ÓÞÞ) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Norðurstofnun á Akureyri, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG, 297. mál. — Þskj. 429.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]

Till. vísað til síðari umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JGS, JBH) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Mengunarvarnarbúnaður í bifreiðar ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE og PBald, 326. mál. — Þskj. 517.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]

Till. vísað til síðari umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH) fjarstaddir.

Till. vísað til umhvn. án atkvgr.

Vernd Breiðafjarðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 371. mál. — Þskj. 566.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]

Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

6 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JGS, PP) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 302. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 490, nál. 589 og 592.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:19]

1. gr. samþ. með 34:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: ÞurP, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, SalÞ.

nei: MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, ASv. VS, FI, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, ÞBern, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE.

5 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JGS) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:21]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Deilan um meinta þátttöku sjómanna í kaupum á aflaheimildum leiddi til verkfalls sjómanna þann 2. jan. sl. Þann 14. jan. setti ríkisstjórnin bráðabirgðalög sem stöðvaði það verkfall sem sjómenn höfðu boðað til. Ég var og er andvígur setningu þessara bráðabirgðalaga og taldi m.a. eðlilegra að ríkisstjórnin staðfesti í lagafrv. þá yfirlýsingu sem samþykkt var af Sjómannasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands þann 26. apríl 1992 þar sem segir:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað."

Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samninga áhafna einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð. Ég tel einnig nauðsynlegt að koma upp svonefndri álitanefnd til úrskurðar í álitamálum er kunna að rísa vegna þessa máls. (Forseti hringir.)

Ríkisstjórnin hefur ekki tekið raunhæft á þessum vanda, raunverulegum kjarna deilunnar. Ríkisstjórn og stuðningsmenn hennar hafa valið aðra leið í þessu máli sem við þingmenn Framsfl. erum andvígir og þess vegna greiðum við atkvæði gegn þessum lögum.

[14:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram rækilega í umræðum um þetta mál að öll vinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar við setningu þessara bráðabirgðalaga voru forkastanleg og er þetta í þriðja sinn sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., grípur til setningar bráðabirgðalaga við aðstæður þar sem slíkt er undir engum kringumstæðum réttlætanlegt. Í öllu falli ef til lagasetningar þurfti að koma á annað borð hefði átt að kalla Alþingi saman til funda.

Í öðru lagi liggur það fyrir að þau loforð og þær yfirlýsingar sem voru gefnar sjómönnum m.a. af hæstv. utanrrh. sem lofaði lausn á þessu vandamáli með frv. hér í byrjun febrúar hafa nú verið að engu hafðar, sviknar eins og fara gerist og ekkert með þær gert af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er þess vegna bæði af þeim sökum hvernig að lagasetningunni var staðið og eins hvað efndirnar varðar engar forsendur til þess að samþykkja þessi lög. Við erum algjörlega andvíg setningu þeirra og ég segi nei.

[14:24]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það var spurt um það m.a. í umfjöllun sjútvn. um þessi lög hvort menn teldu það, og þá sjómenn, teldu það til bóta að lögfesta yfirlýsingu og úrskurðarnefnd eins og hv. þm. Stefán Guðmundsson fjallaði hér um áðan. Þessir aðilar töldu það ekki vera til bóta. Sú afstaða stjórnarandstöðunnar að greiða atkvæði gegn þessum lögum kemur mér mjög á óvart. Menn geta haft á þeim ýmsar skoðanir en það væri algerlega glórulaust — glórulaust að senda sjómenn í verkfall á þessum tíma. Ég segi því já.

[14:26]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Þegar ríkisstjórnin tók þá ákvörðun að stöðva verkfall sjómanna með lögum þann 14. jan. sl. var deila sjómanna og útvegsmanna komin í óleysanlegan hnút og ekkert útlit fyrir að deiluaðilar næðu samkomulagi. Þrívegis hafði slitnað upp úr viðræðum og forsvarsmenn deiluaðila lýstu því yfir að tilgangslaust væri að halda viðræðum áfram og engin lausn væri í sjónmáli. Málið var því komið í harðan, óleysanlegan hnút. Langvarandi stöðvun fiskiskipaflotans hefði valdið víðtæku atvinnuleysi og haft lamandi áhrif á allt þjóðlífið. Fiskiskipaflotinn hafði legið aðgerðalaus í hálfan mánuð og hefði augljóslega legið í a.m.k. viku í viðbót ef bíða hefði átt eftir að Alþingi kæmi saman, fjallaði um málið og samþykkti lög til að stöðva verkfallið. Með tilliti til atvinnuástandsins í landinu þoldi það enga bið að koma flotanum til veiða og því tel ég að ríkisstjórnin hafi gert rétt þegar hún stöðvaði verkfallið með bráðabirgðalögum að kvöldi 14. jan. Ég segi já.

[14:27]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það er mín skoðun að ekki hafi verið fullreynt að ná kjarasamningum milli sjómanna og útgerðarmanna þá lög um stöðvun verkfalls fiskimanna voru sett 14. jan. sl. Lög á frjálsan samnings- og verkfallsrétt hafa of oft séð dagsins ljós hvar fjölmargar ríkisstjórnir á umliðnum árum hafa beitt sér fyrir slíkri lagasetningu. Á miðju sl. ári hófu fulltrúar útgerðarmanna óskiljanlegar og ótímabærar yfirlýsingar í fjölmiðlum varðandi kjaramál sjómanna sem leiddu af sér hluta þess vanda sem á milli deiluaðila stóð. Það átti að láta reyna á málsmetandi aðila sem í broddi fylkingar kjaradeilunnar stóðu frekar en gert var. Það var þeirra, sjómanna og útgerðarmanna, að standa að lausn kjaradeilunnar í stað þeirrar frestunar á kjarasamningum sem þessi lög kveða á um.

Virðulegi forseti. Ég segi því nei.

[14:28]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það ber út af fyrir sig að virða það að eitthvað nagar samviskan hv. stjórnarliða, svona einn og einn í þessari atkvæðagreiðslu. En vegna orða sem féllu hér áðan frá framkvæmdastjóra Verslunarráðs Íslands og hv. 5. þm. Norðurl. v., þá væri fróðlegt að fá það upplýst eftir þessa atkvæðagreiðslu á hvaða tíma framkvæmdastjóri Verslunarráðsins og hv. þm. telur að það sé glóra í að senda sjómenn í verkfall. Ég segi nei.

[14:30]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi erum við kvennalistakonur alfarið á móti því að setja bráðabirgðalög á verkföll og yfirleitt að beita þessu ákvæði þar sem við teljum ekki neina þörf á því þar sem þingstörf hafa breyst mjög mikið. Í öðru lagi kveður 1. gr. í þessum lögum á um tilgang laganna og það mál er óleyst eins og hér hefur komið fram áður. Þar er kveðið á um að leysa skuli þetta mál og tímafrestur til þess er liðinn. Það er því algjör markleysa að samþykkja lögin eins og þau líta út núna. Við kvennalistakonur munum þar af leiðandi greiða atkvæði gegn þessum öllum greinum og lögunum í heild. Ég segi nei.

2.–5. gr. samþ. með 34:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

nei: ASv, FI, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, VS, ÞBern.

5 þm. (AÓB, GB, IP, JÁ, JGS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

nei: HG, JVK, KHG, MF, ÓRG, RA, StH.

4 þm. (ASv, ISG, KÁ, SJS) greiddu ekki atkv.

7 þm. (AÓB, EKJ, GB, GHall, IP, JÁ, JGS) fjarstaddir.

Lögskráning sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 120. mál (öryggisfræðsla og nýliðanám). — Þskj. 125, nál. 624.

[14:33]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um þetta frv. og fengið á sinn fund Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgrn. Frv. var sent allmörgum aðilum til umsagnar og bárust umsagnir frá Sjómannasambandi Íslands, Slysavarnafélagi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi ísl. kaupskipaútgerða, Slysavarnaskóla sjómanna og Vélstjórafélagi Íslands. Í flestum þessum umsögnum var mælt með því að frv. yrði afgreitt óbreytt. Sú varð og niðurstaða nefndarinnar sem birtist á þskj. 624. Nefndin sem heild mælir með því að frv. verði afgreitt og samþykkt óbreytt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HG, ISG, JóhS, JBH, JVK, KÁ, KE, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

23 þm. (AÓB, EKG, FrS, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, MF, MB, PP, RA, StG, StB, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GunnS, HBl, HG, ISG, JóhS, JBH, JVK, KHG, KÁ, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞurP, ÖS.

20 þm. (AÓB, EKG, FrS, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, MF, ÓRG, PP, StG, StB, ÞBern, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HBl, HG, ISG, JóhS, JBH, JVK, KHG, KÁ, KE, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞurP, ÖS.

20 þm. (AÓB, EKG, FrS, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, MF, MB, ÓRG, PP, RA, StG, StB, ÞorstP) fjarstaddir.

Kennaraháskóli Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (lengd kennaranáms o.fl.). — Þskj. 617.

[14:37]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. er það lagt fram í tvíþættum tilgangi. Annars vegar til að gera nokkrar minni háttar breytingar á lögunum að ósk skólaráðs Kennaraháskóla Íslands og hins vegar til að fresta gildistöku ákvæða er fela í sér lengingu almenns kennaranáms úr þremur árum í fjögur ár.

Skólaráð Kennaraháskóla Íslands samþykkti á fundi sínum 12. jan. 1994 að fara fram á eftirtaldar breytingar á lögunum:

1. Breyting á 3. gr. sem felur í sér að ákvæði um lágmarksþátttöku í rektorskosningum er fellt brott. Til að kjör geti orðið gilt í fyrstu umferð við núverandi skipan er þess krafist að frambjóðandi hljóti meiri hluta atkvæða ⅔ hluta atkvæðisbærra manna. Reynslan sýnir að vegna dræmrar kosningaþátttöku kemur þetta nánast í veg fyrir að kjör geti orðið gilt í fyrstu umferð. Breytingin á sér efnislega hliðstæðu í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

2. Breytingar á 2., 4. og 5. gr. fela í sér að deildarráðum er falin framkvæmd ýmissa atriða er varða próf og mat á námi nemenda úr öðrum skólum. Þetta var áður í höndum skólaráðs. Að mati Kennaraháskóla Íslands samræmist þetta betur verkaskiptingu milli skólaráðs og deildarráða en núverandi skipan. Eftir sem áður mó þó vísa þessum málum sem öðrum til skólaráðs.

3. Felld eru úr 14. gr. ákvæði sem fjalla um skiptingu kennaranáms í faglega þætti og vægi þessara þátta. Slík ákvæði eiga sér ekki hliðstæðu í nýrri lögum um sambærilegar stofnanir, sbr. 9. og 16. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og 9. gr. laga nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri. Ekki þykir ástæða til að binda slík ákvæði í lög, enda eiga sjálfstæðir háskólar að hafa ákvörðunarvald um faglegar áherslur af þessu tagi.

Breyting á 32. gr. laganna, það er í 6. gr. frv., felur í sér að hún verður efnislega hliðstæð 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og verður að teljast eðlilegt að samræmi sé milli stofnana í þessum efnum. Eftirfarandi nýmæli eru í greininni:

Fulltrúar stúdenta skulu ekki hafa atkvæðisrétt er skólaráð fjallar um stöðu- eða embættisveitingar. Í stað þess að leitað skuli álits skólaráðs um umsækjendur er nú kveðið á um að engum megi veita stöðu eða embætti nema meiri hluti viðstaddra á skólaráðsfundi greiði honum atkvæði. Nýmæli er að ef fleiri umsækjendur en tveir eru í kjöri við atkvæðagreiðsluna og enginn þeirra hlýtur meiri hluta við fyrstu atkvæðagreiðslu skal kosið á ný milli þeirra tveggja sem flest atkvæði hlutu. Enn fremur er það nýmæli að ef menntmrh. fellst ekki á tillögur skólaráðs skal auglýsa embættið eða starfið að nýju.

Eins og ég hef nefnt eru framangreindar breytingar lagðar fram að ósk skólaráðs Kennaraháskólans og fela þær fyrst og femst í sér að ákvæði laganna eru samræmd hliðstæðum ákvæðum laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands.

Í annan stað er þetta frv. lagt fram til að fresta gildistöku ákvæða sem fela í sér lengingu almenns kennaranáms úr þremur árum í fjögur ár. Samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða í XI. kafla gildandi laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands, skulu ákvæði 13. gr. um lengingu almenns kennaranáms við Kennaraháskóla Íslands koma til framkvæmda innan 6 ára frá gildistöku laganna. Almenna kennaranámið er enn skipulagt sem þriggja ára nám og 7. gr. þessa frv. felur í sér að ákvæði um að námið lengist í fjögur ár skuli koma til framkvæmda innan 10 ára frá gildistöku laga nr. 29/1988.

Það hafa vissulega verið skiptar skoðanir um lengd kennaranámsins. Þegar gildandi lög um Kennaraháskólann voru sett þótti rétt að stefna að lengingu úr þremur árum í fjögur. Nefnd um framtíðarskipan náms við Kennaraháskóla Íslands, sem skilaði áliti í nóvember 1991, komst að þeirri niðurstöðu að lögum um Kennaraháskóla Íslands skyldi ekki breytt og að fjögurra ára kennaranám skyldi tekið upp ekki síðar en haustið 1993. Af því varð hins vegar ekki.

Í nóvember 1991 var skipuð nefnd til að fjalla um stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri og skilaði hún tillögum sínum í júní 1992. Í vinnu sinni gekk nefndin upphaflega út frá áætlun um fjögurra ára kennaranám eins og kveðið var á um í lögunum um Kennaraháskóla Íslands, en ákvað síðan að stilla einnig upp áætlun um þriggja ára nám. Eftir ítarlega athugun í menntmrn. ákvað ég í desember 1992 að heimila stofnun kennaradeildar við Háskólann á Akureyri þar sem miðað væri við þriggja ára nám á grundvelli fyrrnefndrar skýrslu.

Í febrúar 1993 skipaði ég nefnd til að undirbúa rammalöggjöf um kennaramenntun í landinu og fjallar þessi nefnd m.a. um lengd kennaranámsins. Eins og ég hef nefnt þá hafa verið skiptar skoðanir um lengd kennaranámsins og með hliðsjón af því sem ég hef hér rakið að framan, þá tel ég eðlilegt að bíða eftir niðurstöðum nefndarinnar sem nú er að undirbúa rammalöggjöf um kennaranámið og heimila þá frestun á lengingu námsins sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

[14:45]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er kannski ekki ástæða til að hafa mjög langt mál um þetta frv. Það er alla vega einfalt við fyrstu sýn en þó eru í því nokkur atriði sem vert er að velta fyrir sér. Það er vissulega ástæða til þess að ræða nokkuð um kennaramenntun í landinu, stöðu hennar og framtíð og hvernig beri að skipuleggja menntun kennara hér á næstu árum.

Það er fyrst til að taka í þessu frv. að hér er verið að samræma það sem gildir um Kennaraháskólann við það sem þegar hefur komist á varðandi Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri og snýr að kjöri rektors og skipan námsgreina, stöðuveitingum og slíku. Við fyrstu sýn hef ég ekki mikið við þetta að athuga. Það kann annað að koma í ljós við rannsókn málsins, en það verður auðvitað að taka tillit til þess að hér er það skólinn sjálfur sem fer fram á þessar breytingar, væntanlega að fenginni reynslu. Það er sérstaklega þetta atriði um stöðuveitingar sem vert er að gefa gaum og minnast þess að það hafa oft orðið deilur í kringum þau efni. Það getur auðvitað verið erfitt að meta umsækjendur sem leggja próf sín og vísindaverk fyrir dómnefndir og ekki síst hvernig skipað er í dómnefndir og hvaða viðhorf er þar ríkjandi og þá er nú ekki síst að nefna það sem snýr að konum og það hve gæta þarf þess að konur beri ekki skarðan hlut frá borði þegar stöðuveitingar eiga í hlut. Allt þetta þurf-

um við að athuga ítarlega í menntmn. þegar þar að kemur.

Ég hef ekki kannað sérstaklega það sem t.d. kemur fram í 3. gr., hvað felst í því að ákveða í reglugerð skipan kennaranámsins og skiptingu í svið og skipan æfingakennslu og hvernig framkvæmdin á því er hugsuð. Ég gæti beint þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. að hann skýri nánar 3. gr., hvað felst í þessu og hver á hlutur ráðuneytisins að vera og hver hlutur skólans sjálfs.

Ég staldraði við það í þessu frv. að fulltrúar stúdenta skuli ekki lengur hafa atkvæðisrétt þegar stöðuveitingar eiga í hlut. Þetta er vissulega mál sem vert er að velta fyrir sér hvers hlutverk það er að velja í stöður, og hvort fulltrúar nemenda hafa í sjálfu sér eitthvað síðri aðstöðu eða minni skoðanir á því heldur en kennarar og fulltrúar í skólaráði hvernig rétt sé að fara að þeim málum. Ég set spurningarmerki við þetta, þó að óathuguðu máli. Mér er bara ekki kunnugt um hvernig það er í Háskóla Íslands, hvort fulltrúarnir í háskólaráði hafa ekki atkvæðisrétt varðandi stöðuveitingar. Ef ég man rétt þá fara þeir með ákveðinn hluta af atkvæðum í rektorskjöri. Það er því ekki sjálfgefið að þetta nýmæli sem hæstv. menntmrh. gat um hér áðan sé eðlilegt.

Þá kemur að því atriði sem snýr að því að fresta lengingu kennaranámsins. Eins og hér kemur fram eru núgildandi lög um Kennaraháskóla Íslands frá árinu 1988 og í 13. gr. frv. segir að námið skuli skipulagt sem fjögurra ára kennaranám.

Nú hefur það verið mjög til siðs í umræðu um skólamál á undanförnum árum og ekki síst hjá þeim ríkisstjórnarflokki sem fer með menntamálin að leggja áherslu á styttingu náms, að stytta námsbrautir og gera námið allt hraðvirkara en nú er, en mig langar til að benda á það, og það þarf að athuga að kennaranám er mjög sérstakt nám þegar við erum að miða við háskólanám vegna þess að í því felst starfsþjálfun. Það gildir að vísu um einstakar greinar sem nú eru komnar á háskólastig, við getum tekið sem dæmi hjúkrunarfræði og sjúkraþjálfun, þar er einnig um starfsþjálfun að ræða. En slíkt nám er auðvitað ekki sambærilegt við háskólanám sem eingöngu er bóklegt. Þetta er öðruvísi nám. Þess vegna vil ég vara við því að menn einblíni á það að kennaranám verði áfram þriggja ára nám. Ég vil bæta því við að það er verið að gera sívaxandi kröfur til kennara hvort sem við erum að tala um grunnskóla- eða framhaldsskólakennara. Kröfurnar eru sívaxandi. Það hafa komið fram nýjar námsgreinar, nýjar áherslur. Kennarar þurfa stöðugt að vera að endurmennta sig og eru ákaflega iðnir við það, en það er líka sú hlið sem snýr að heimilunum og þjóðfélaginu sem kennarar verða að taka á sig í síauknum mæli. Ég bendi t.d. á þá umræðu sem orðið hefur um einelti sem börn verða fyrir, ofbeldi í kringum skóla og nú síðast það að við þurfum að taka okkur til og mennta okkar kennarastétt til þess að sinna útlendum börnum, börnum sem flytja til landsins og eru ekki mælt á íslenska tungu. Þannig fara kröfurnar til kennara sífellt vaxandi. Og þá er spurningin: Er hægt að koma öllu þessu námi fyrir með viðunandi hætti í þriggja ára háskólanámi?

Á sínum tíma var Kennaraskólanum breytt í Kennaraháskóla og ég get svo sem ekki lagt mat á það hvort sú breyting var til bóta. Þó held ég að það hljóti að vera að það felist bót í því að fólk fari eldra og þroskaðra út í kennslu og sé í rauninni að bæta ofan á sitt nám. Ég held að þeir kennarar sem útskrifast núna hafi að flestu leyti meira nám að baki heldur en gömlu barnaskólakennararnir þó að það sé auðvitað alltaf erfitt að meta slíkt. Þannig hefur Kennaraháskóli Íslands verið í mikilli þróun á undanförnum árum. Hann hefur tekið upp sérstakt kerfi í sinni námstilhögun, kerfi sem er öðruvísi en það sem tíðkast t.d. í Háskóla Íslands og um það er allt gott að segja. Það er einmitt til góðs að skólar fari sínar eigin leiðir og prófi sig áfram í sínum kennsluháttum.

Þrátt fyrir það vakna auðvitað spurningar varðandi það hvort rétt sé að skipta námi niður með þeim hætti sem við gerum. Við erum með Háskóla Íslands, við erum með Kennaraháskólann, við erum með Háskólann á Akureyri, við erum með Tækniskólann sem líka kennir á háskólastigi, og eflaust gleymi ég einhverjum skóla, já, Bændaskólinn á Hvanneyri kennir líka á háskólastigi, Samvinnuskólinn í Bifröst. Þegar við erum að horfa á okkar skólakerfi, þá hljótum við að spyrja okkur þeirrar spurningar hvort við séum að dreifa kröftunum um of. Ég veit að það eiga sér stað viðræður milli Kennaraháskólans og Háskóla Íslands um nánari samvinnu, m.a. hvað varðar kennaramenntun þannig að þegar við nálgumst þetta mál þá eru ýmsar spurningar sem vakna.

Samkvæmt 7. gr. þessa frv. er verið að fara fram á það að því verði frestað til ársins 1998 að þetta fjögurra ára nám komist á og hæstv. menntmrh. rökstyður það þannig að hann hafi skipað nefnd sem sé að skoða þetta mál. Mér finnst í rauninni að með því sé hann að gefa sér það að þriggja ára nám verði niðurstaðan og ég hlýt af því tilefni að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað líður störfum þessarar nefndar? Hún hefur verið að störfum nú um eins árs skeið. Hvenær er ætlast til þess að hún skili af sér?

Það hefur líka verið í gangi eins og við vitum stór nefnd sem fjallað hefur bæði um grunnskólann og framhaldsskólann. Hún er nú búin að skila hluta af sínu verki. Ég held nefnilega að það sé algjörlega nauðsynlegt að við horfum á þetta allt í samhengi. Kennaramenntunin skiptir ekki litlu máli þegar við hugum að skipan grunnskólans og því hvað á að kenna í honum þannig að það þarf að horfa á þetta allt í samhengi. Ég ætla svo sannarlega að vona að það sé ekki meiningin hjá hæstv. menntmrh. að fara að keyra í gegnum Alþingi bút og bút af þessum lögum án þess að við höfum einhverja yfirsýn yfir hvað fram undan er. Ég gæti svo sem notað tækifærið núna og spurt hæstv. menntmrh. hvernig hann hugsar sér meðferð framhaldsskólafrv. vegna þess að það tengist auðvitað grunnskólafrv. og grunnskólafrv. tengist Kennaraháskólanum þannig að þarna hangir Einbjörn í Tvíbirni o.s.frv. Það er margt sem við þurfum að athuga í okk-

ar skólakerfi en ég held að það sé einmitt mjög hættulegt að taka á einhverjum smábútum.

Hvað varðar þetta frv. þá ítreka ég að það þarfnast nánari skoðunar í nefnd og ég set spurningarmerki við ýmislegt sem hér kemur fram. Við þurfum einfaldlega að fá röksemdirnar fyrir breytingum eins og t.d. það sem snýr að fulltrúum námsmanna þegar stöðuveitingar eiga í hlut og eins set ég mjög stórt spurningarmerki við það að fresta gildistöku 13. gr. núgildandi laga vegna þess að ég tel fulla þörf á því að lengja kennaranám hér á landi, ekki síst í ljósi þeirra miklu breytinga sem við höfum verið að ganga í gegnum á síðustu árum og þeirra vaxandi krafna sem gerðar eru til kennara í landinu.

Útbýting þingskjals:
Vátryggingastarfsemi, 450. mál, stjfrv., þskj. 663.

[14:57]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla að segja nokkur orð um þetta frv. um Kennaraháskóla Íslands sem í flestum greinum gengur fyrst og fremst út á það að verða við óskum skólans. En það er nú svo með 7. gr., hæstv. forseti, að þar gegnir nokkuð öðru máli því þar er kveðið á um það að lengingu skólans í fjögur ár verði frestað enn um nokkuð mörg ár, fjögur ár. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er mál sem er í sjálfu sér ekki eining um í þjóðfélaginu hvort eigi að gera en ég held að það sé mjög slæmt fyrir skólann að vera alltaf með þessa óvissu yfir höfði sér, ákvæði í lögum um það að taka þarna upp fjögurra ára nám og síðan á síðustu stundu eru samþykkt lög á hv. Alþingi um að það skuli ekki gert. Það var t.d. þannig árið 1991 að þá var skólinn búinn að skipuleggja fjögurra ára nám algjörlega frá grunni og fékk síðan að vita af því með þriggja vikna fyrirvara að svo yrði ekki, heldur skyldi áfram verða þriggja ára nám og þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem eiga ekki að eiga sér stað.

Ég var að skoða svolítið gamlar ræður um þetta mál og las m.a. framsöguræðu hæstv. menntmrh. sem þá var Birgir Ísl. Gunnarsson fyrir frv. 1988. Þar færir hann rök fyrir því að þarna eigi að taka upp fjögurra ára nám og gerir það mjög sannfærandi. En í umræðum um skólamál sem fram fóru árið 1991 eftir að ákveðið hafði verið að hér skyldi verða um þriggja ára nám að ræða, a.m.k. til bráðabirgða, þá segir hæstv. menntmrh. sá sem nú situr, með leyfi forseta:

„Það sem einkum réð ákvörðun minni með að kalla aftur þessa ákvörðun var sú staðreynd að við vorum með þessu að skrifa ákveðna reikninga inn í framtíðina og það er nokkuð sem þessi ríkisstjórn ætlar sér ekki að gera." Mér sýnist að hæstv. menntmrh. sé að nota sér það tækifæri að skrifa þann reikning inn í framtíðina að það verði næsta ríkisstjórn sem tekur ákvörðun um það hvort skólinn skuli verða fjögurra ára skóli eða ekki með því að framlengja í svona ótrúlega mörg ár þetta ákvæði að taka upp fjögurra ára nám. Ég hefði skilið það ef það hefðu verið færri ár vegna þess að eins og fram kom í máli ráðherrans, þá er starfandi nefnd sem er að fjalla um kennaranámið í landinu og átti reyndar, eftir því sem ég best veit, að vera búin að skila af sér en hefur ekki gert það, þannig að það segir hæstv. ráðherra að sé ástæða þess að hann kjósi að fresta þessari ákvörðun.

Þetta er eitt af því sem við komum til með að skoða í hv. menntmn. en ég veit að þetta stendur allri framþróun í skólanum fyrir þrifum. Þetta er kannski ekki alveg eins kostnaðarsamt og maður skyldi ætla vegna þess að skólinn hugsar sér þetta fjórða ár þannig að það sé heilt missiri sem kennaranemar eru úti í skólunum í starfsnámi. Eins og kennslan fer fram í dag þá vantar þó nokkuð mikið upp á að starfsnámi sé nógu mikill gaumur gefinn, fyrst og fremst vegna þess að það er svo erfitt að koma náminu fyrir á þeim þremur árum sem skólinn hefur til ráðstöfunar. En ég geri mér samt grein fyrir því að auðvitað hefur þetta einhvern kostnað í för með sér.

Ég vil líka taka fram að ég vil alveg endilega að það sama gildi þá um Háskólann á Akureyri og Kennaraháskólann hvað snertir lengd náms. Ef niðurstaðan verður sú að taka upp fjögurra ára nám í Kennaraháskólanum, þá muni það líka gilda um kennaradeildina á Akureyri. Ég held að það sé mjög mikilvægt.

Hæstv. forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að hafa fleiri orð um þetta. Ég er ekkert sérstaklega ánægð með 7. gr. frv. en ég vildi gjarnan fá frekari skýringar hæstv. ráðherra á því að hann skuli fresta því í svo mörg ár sem raun ber vitni, eða leggja það til, að fjögurra ára nám verði tekið upp við Kennaraháskólann.

[15:03]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð vegna þeirra ræðna sem hér hafa verið fluttar. Ég er alveg sammála hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur um að það sé ástæða til að ræða skipan kennaranámsins í landinu hér á hv. Alþingi og ég vona að við fáum tækifæri til þess sem allra fyrst. Á því er áreiðanlega full þörf.

Hv. þm. spurði hvað breytingin á 14. gr. gildandi laga fæli í sér. Ég hef í sjálfu sér svo sem engu við það að bæta sem ég sagði áðan og er raunar rakið í athugasemdum við greinina, þ.e. að ákvæðið fjallar um skiptingu kennaranámsins í faglega þætti og vægi þeirra og sýnist ekki vera sérstök ástæða til að skipa þessu í lögum og þetta á sér ekki hliðstæðu í lögum um sambærilegar stofnanir. Það er ósk Kennaraháskólans að þessu ákvæði verði svona breytt og mér þótti sjálfsagt að verða við þeirri ósk. Þetta sé sem sagt ákvörðunarvald skólans sjálfs um faglegar áherslur af þessu tagi og ég held að það sé skynsamlegt að hafa þann háttinn á eins og skólinn hefur raunar óskað eftir.

Það sama gildir um atkvæðisrétt fulltrúa stúdenta. Það er rétt að þarna er um nýmæli að ræða. Þetta er annað ákvæði í lögunum um Háskóla Íslands. En þetta er á sama hátt ósk Kennaraháskólans og ég taldi rétt að verða við þessari beiðni um að flytja frv. í þessum búningi. En þetta verður að sjálfsögðu kannað í hv. menntmn.

Um frekari frestun á lengingu kennaranámsins hafa hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og Valgerður Sverrisdóttir gert að umtalsefni. Vissulega er rétt að kennaranámið er sérstakt og í því felst veruleg starfsþjálfun og svo það að þarna er um býsna umdeilt atriði að ræða, þótt það hafi ekki verið hér á hv. Alþingi þegar gildandi lög um Kennaraháskóla Íslands voru sett 1988. Ég veit að um það var góð samstaða að hafa ákvæðið eins og það var, að gera ráð fyrir lengingu kennaranámsins í fjögur ár. Síðan hafa komið upp efasemdir og eins og ég benti á í framsöguræðu minni þá varð það niðurstaðan með Kennaraháskólann á Akureyri. Að vísu voru settir þar upp tveir kostir, en þar var ákvörðun tekin um að kennaranámið skyldi vera þrjú ár.

Í framhaldi af þessu öllu saman setti ég nefnd á laggirnar sem gera skyldi drög að frv., rammalöggjöf um kennaramenntunina, sem sýnist vera full þörf á. Það eru það margir skólar sem sinna kennaramenntun í landinu og hver þeirra hefur sín lög og sýndist full ástæða til að setja um þetta rammalöggjöf og að því er sem sagt unnið. Og af því að einnig var spurt hvað liði störfum nefndarinnar, þá hefur hún fengið leyfi til þess að taka sér lengri tíma heldur en ætlað var þegar hún var skipuð. Það var gert ráð fyrir að hún lyki störfum fyrir sl. áramót, en verkefnið reyndist viðameira en sýndist í fyrstu. Ég get ekki svarað því nákvæmlega hvenær hún muni ljúka störfum en ég vona að það verði núna fyrir vorið.

Það er rangt að ég gefi mér það að kennaranámið verði þrjú ár. Ég gef mér það ekki, en ég vil sem sagt bíða eftir niðurstöðum nefndarinnar. Ég geri mér alveg grein fyrir þessum sívaxandi kröfum sem gerðar eru til menntunar kennara og því kann vel að fara svo að það verði niðurstaða nefndarinnar og þeirra sem hún kemur til með að leita til og hefur leitað til að þessum málum verði ekki skipað með öðrum hætti en þeim að námið verði fjögur ár. Ég ætla ekki á þessu stigi að fullyrða neitt um það. En vegna vafans og vegna þess að málin eru í þessari endurskoðun, þá er mér nauðsynlegt að fá heimildina til að fresta þessu enn. Það hefur svo sem enga dýpri merkingu að farið er fram á þetta langa framlengingu. Ég get ekki spáð í það hversu langan tíma það tekur að koma nýrri löggjöf á hér í þinginu um kennaramenntunina og allur er varinn góður til þess að þurfa ekki að vera sífellt með þetta hér uppi á borðum.

Vegna þess sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði að hún vonaðist til að það væri ekki ætlunin að keyra þessi frumvörp í gegn bút fyrir bút, eins og ég held að hv. þm. hafi orðað það, þá er það ekki ætlunin. Framhaldsskólafrv., sem er núna í kynningu, var sett í kynningu einfaldlega til þess að vinna tíma, en það er auðvitað ætlunin að ræða hér á hv. Alþingi breytingarnar á skólalöggjöfinni í samhengi og það er nokkuð sem hefur þá aldrei verið gert fyrr. Og ég legg mikla áherslu á það að einmitt ný löggjöf um grunnskóla, framhaldsskóla og raunar leikskóla líka verði rædd hér á hv. Alþingi í samhengi. Ég vonast til að frv. um grunnskóla verði tilbúið nú um miðjan mánuðinn og þá verður það kynnt með sama hætti og framhaldsskólafrv. er kynnt núna og þessi frumvörp ættu því að verða samferða hér á hv. Alþingi. Sama er um leikskólafrv. Það er nú til meðferðar í þingflokkum stjórnarflokkanna og kemur væntanlega fyrir Alþingi nú á allra næstu dögum. Allt verður þetta sem sagt rætt í samhengi og ég ítreka að slíkt hefur ekki verið gert fyrr svo undarlega sem það nú hljómar.

Ég held ég hafi engu við þetta að bæta. Ég held að ég hafi komið inn á meginatriðin í ræðum hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og Valgerðar Sverrisdóttur. Ég er sammála því sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði að það er auðvitað óþægilegt fyrir skólann að vera í vafa um framtíðina, hvort námið verður fjögurra ára nám eða áfram þriggja ára. Ég hef hins vegar látið rektor skólans vita af þessum fyrirætlunum sem hér eru uppi á borði í tæka tíð þannig að þetta er ekkert sem kemur þeim á óvart núna öfugt við það sem auðvitað var haustið eða sumarið 1991 þegar horfið var frá því að taka upp nýja námsskrá vegna fyrirhugaðrar lengingar.

Að öðru leyti þakka ég fyrir málefnalegar umræður og legg til, hæstv. forseti, ég held að ég hafi gleymt því áðan, að málið fari til hv. menntmn. að lokinni þessari umræðu.

[15:13]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil sérstaklega fagna því að það sé ekki meiningin að afgreiða á þessu vori þessi stóru, miklu mál sem við munum væntanlega fá hér til meðferðar á næsta vetri. Ég held einmitt að við ættum að læra af sögunni og því hvernig frumvörp, m.a. í skólamálum, hafa verið samþykkt án þess að nokkur undirbúningur hafi átt sér stað. Er mér þá ekki síst minnisstætt þegar samþykkt var að opna framhaldsskólann fyrir alla, eins og það var orðað, án þess að það væri undirbúið á nokkurn hátt.

Hér er einfaldlega um svo stór og flókin mál að ræða, mál sem snerta svo marga og þau verða auðvitað að fá mikla og góða kynningu og mikla umræðu í þjóðfélaginu. Hæstv. menntmrh. gat þess að framhaldsskólafrv. væri í kynningu. Við höfum ekki fengið að sjá það í stjórnarandstöðuflokkunum, alla vega hef ég ekki fengið að sjá það. Ég vona að hæstv. ráðherra bæti úr því og fari nú að leyfa okkur að sjá þetta mál sem þegar er komið í umræðu meðal skólafólks í landinu.

Ég vil bara ítreka það varðandi 3. gr. að ég er ekki alveg viss um hvernig ber að skilja hana. Er það rétt skilið hjá mér að það sé skólinn sjálfur sem eigi að setja þessa reglugerð? Ráðherrann kinkar kolli þannig að hér er líklega um réttan skilning að ræða.

Varðandi lengd kennaranámsins þá er þetta auðvitað svolítið sérstakt ef menn samþykktu mótatkvæðalaust árið 1988 að það væri rétt að hafa kennaranámið fjögur ár en síðan er ákveðið að setja upp kennaradeild á Akureyri nokkrum árum síðar og þá komast menn að raun um að það sé best að hún sé þrjú ár og ég spyr auðvitað: Hver eru rökin? Hvað er það sem hefur gerst þarna á milli sem veldur því að menn taka svona misjafnar ákvarðanir?

[15:15]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrst um framhaldsskólafrv. og það kynningarstarf sem nú fer fram. Ég verð einfaldlega að biðjast afsökunar á því að það skuli ekki hafa verið sent með formlegum hætti til þingflokka stjórnarandstöðunnar. Það eru einfaldlega mistök vegna þess að þetta er að sjálfsögðu ekkert leyndarmál lengur. Það hefur verið sent til kynningar til ýmissa þeirra aðila sem við óskuðum eftir strax í upphafi að eiga sem best samstarf og samráð við. Þar er fyrst og fremst um að ræða hin ýmsu samtök kennara og skólameistara. Þangað hefur sem sagt þetta frv. verið sent og fundir haldnir með fulltrúum þessara aðila. En ég skal bæta úr þessu og koma frv. til þingflokka stjórnarandstöðunnar.

Aðeins frekar varðandi 14. gr. Reglugerð varðandi skólann er að sjálfsögðu sett af menntmrh. en skólarnir sjálfir þurfa að hafa ákveðið frjálsræði og sjálfstæði og þar á meðal ákvörðunarvald um hinar faglegu áherslur. Það er það sem þarna er fyrst og fremst átt við.

Um rökin fyrir þriggja ára náminu við Háskólann á Akureyri. Ég hef ekki tíma til að fara út í það. Það var allt rætt hér á sínum tíma, en það eru nokkuð aðrar áherslur sem eru í kennaranáminu á Akureyri. Ég geri mér hins vegar alveg grein fyrir að það kann að vera vafasamt, og kem þá inn á það sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir sagði áðan, að það yrði að vera jafnlangt námið, bæði við Háskólann á Akureyri og Kennaraháskólann. Það má vel vera. Ég hef ekki mjög ákveðnar meiningar um það en það kann líka að vera réttlætanlegt að mismunandi áherslur séu milli hinna ýmsu skóla.

[15:17]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir síðustu orð hæstv. menntmrh. Ég held að menn séu allt of fastir í þeirri hugsun að það eigi alltaf að kenna öllum það sama og öllum eins og allt það sama í eins skólum. Það er auðvitað löngu kominn tími til að gefa skólum meira frjálsræði í því hvernig þeir skipuleggja sitt nám og það gildir auðvitað um kennaramenntun líka. Það er ekki þar með sagt að þó að námið sé mismunandi langt að það þurfi að vera eitthvað verra. Það geta verið mismunandi áherslur og menn geta líka verið að gera mismunandi kröfur til þess fólks sem kemur til náms. Þannig að ég tek undir það.

En varðandi 3. gr. frv. og þessa reglugerðarsmíð þá finnst mér í raun og veru greinin ekki vera nógu skýr og við í menntmn. þurfum einfaldlega að athuga að það sé alveg ljóst að það sé skólinn sem eigi að sjá um hina faglegu hlið. Þarna er verið að taka úr lögum og færa til reglugerðar hvernig kveðið skuli á um skipan námsins og það þarf að vera alveg skýrt, ef meiningin er að það sé skólinn sem móti þá faglegu stefnu, þá þarf það að vera alveg ljóst í lagagreininni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alferðir, 1. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 391.

[15:22]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þetta frv. er samið í samgrn. og hefur verið leitað umsagnar hagsmunaaðila. Frv. fjallar um aukna neytendavernd í ferðaþjónustu og er flutt í tengslum við samþykkt Alþingis á lögum um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993.

Eins og hv. þm. er kunnugt er samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði meginmál hans. Bókanir við hann og viðaukar eru bindandi að þjóðarétti fyrir samningsaðilana. Þær gerðir sem vísað er til í viðaukunum eru einnig bindandi að þjóðarétti. Til þess að einstaklingur í EFTA-ríkjunum geti byggt rétt sinn á ákvæðum samningsins, þar á meðal þeim gerðum sem vísað er til í viðaukum hans, verða ákvæðin að vera hluti af landsrétti aðildarríkjanna.

Í 7. gr. meginsamnings hins Evrópska efnahagssvæðis er kveðið á um að gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörun hinnar evrópsku efnahagssvæðisnefndar bindi samningsaðila og skuli teknar upp í landsrétt. Í greininni segir einnig að gerð sem samvarar reglugerð Evrópubandalagsins skuli sem slík tekin upp í landsrétt samningsaðila. Gerð sem samsvarar tilskipun Evrópubandalagsins skal veita yfirvöldum samningsaðila val um form og aðferð við framkvæmdina.

Með lagafrv. þessu er lögfest efni tilskipunar ráðherraráðs Evrópubandalagsins nr. 90/314 frá 13. júní 1990 um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka sem tilgreind eru í viðauka með samningi um Evrópska efnahagssvæðið. Tilskipunin er 7. gerð XIX. viðauka með samningnum en hann fjallar um neytendavernd.

Við samningu frv. var ákveðið að fara svipaða leið og hin Norðurlöndin með setningu sérstakra laga sem byggð eru á áðurnefndri tilskipun Evrópubandalagsins og er frv. þetta efnislega samhljóða þeim frumvörpum sem lögð hafa verið fram á löggjafarsamkomum hinna Norðurlandanna. Með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði skuldbinda samningsaðilar sig til að taka upp ýmsar reglur á sviði neytendaverndar og hafa aðildarríkin sett sér það markmið að á hinum innri markaði ríki víðtæk neytendavernd. Aukið frelsi í viðskiptum á því ekki að vera á kostnað nauðsynlegrar neytendaverndar.

Löggjöf Evrópubandalagsins á sviði neytendaverndar er víðtækari en íslensk löggjöf og er nauðsynlegt að setja nýjar reglur á því sviði. Engin sérlög hafa gilt um viðskipti með alferðir hér á landi. Neytendavernd í ferðaþjónustu byggir einkum á IV. kafla laga nr. 79/1985, um skipulag ferðamála. Þar eru ákvæði um ferðaskrifstofur, rekstrarleyfi, tryggingafé og fleira. Reglugerð nr. 266/1978 um almennar ferðaskrifstofur tekur einnig til þessa sviðs.

Þá er og um að ræða tvær auglýsingar, nr. 328/1990, um ferðaskrifstofur, og auglýsingu nr. 23/1990, um tryggingafé ferðaskrifstofa. Einnig er vís-

að til reglugerðar nr. 21/1985, um leiguflug, en þar eru ýmis ákvæði farkaupanum til verndar. Löggjöf um skipulag ferðamála er nú í endurskoðun þar sem m.a. verður lögð aukin áhersla á neytendavernd.

Hjá Félagi ísl. ferðaskrifstofa hafa verið í gildi reglur um almenna ferðaskilmála milli ferðaskrifstofa og þeirra er kaupa ferðir. Ferðaskilmálar þessir voru settir einhliða af Félagi ísl. ferðaskrifstofa og síðast samþykktir með breytingum á fundi hjá þeim 3. febrúar 1993, sbr. fskj. 3 með þessu frv. Breytingar þær er síðast voru samþykktar á fundi hjá Félagi ísl. ferðaskrifstofa eru að mestu í anda þessa frv. enda höfðu forráðamenn samtakanna tilskipun Evrópubandalagsins og drög að lagafrv. þessu til viðmiðunar. Í eldri ferðaskilmálum var m.a. heimilt að undanskilja flugvallaskatta, innlenda og erlenda, svo og forfallagjöld í auglýstu verði. Þess í stað mátti tilkynna fjárhæð þessara þátta sérstaklega. Með síðustu breytingum ferðaskilmálanna skuldbinda ferðaskrifstofur sig til að auglýsa eitt verð ferðar í fjölmiðlum þar sem innifalin eru öll gjöld er farkaupi þarf að greiða í alferðinni. Einnig var sett inn í nýjustu ferðaskilmálana ákvæði um framsal alferðarbókunar til annars aðila. Þá var einnig í samræmi við frv. þetta sett inn ákvæði er bannar verðbreytingar á alferð síðustu 20 daga fyrir brottför.

Með breytingunum var einnig numið brott ákvæði um að ferðaskrifstofur beri ekki ábyrgð á vanefndum sem upp kunni að koma vegna annarra aðila sem veita þjónustu samkvæmt alferðasamningi. Að öðru leyti er vísað til ferðaskilmála Félags ísl. ferðaskrifstofa í fskj. 3 með þessu frv. Er hér einnig vísað til reglna sem fyrrum Verðlagsstofnun setti 1. febrúar 1992, um samræmdar verðupplýsingar og fleira í auglýsingum og ferðum hjá ferðaskrifstofum, ferðafélögum, flugfélögum, skipafélögum og öðrum, sbr. fskj. 4.

Drög að þessu lagafrv. voru send til umsagnar Félags ísl. ferðaskrifstofa og til Verðlagsstofnunar, nú Samkeppnisstofnunar. Félag ísl. ferðaskrifstofa gerði nokkrar athugasemdir og vonast er til að þeim hafi flestum verið komið til skila í frv. Verðlagsstofnun hafði hins vegar engar athugasemdir við frv.

Ástæða er til að fara nokkrum orðum um tvö hugtök í frv., alferð og farkaupi. Í frv. er hugtakið alferð notað þegar ferð er seld eða boðin til sölu á heildarverði og þegar þjónustan tekur til lengri tíma en 24 klukkustunda eða í henni felst næturgisting. Í heildarverði þurfa a.m.k. tvö eftirtalinna atriða að vera innifalin: Flutningur, gisting og önnur þjónusta við ferðamenn, sem ekki er viðbót við flutning eða gistingu og tekur til verulegs hluta af ferðinni. Nánari skýringar á alferð og skilmálum fyrir henni er að finna í frv.

Rökin fyrir því að nota hugtakið „alferð" í stað „pakkaferðar" eru einkum þau að hugtakið „alferð" hefur verið notað í íslenskum rétti um sambærilegar ferðir. Þannig er hugtakið alferð notað í reglugerð um leiguflug nr. 21/1985, en í 7. gr. hennar segir:

„Alferð nefnist leiguflug þar sem allt hið leigða rými skal notað eingöngu til flutnings á farþegum og farangri þeirra."

Síðan eru talin upp í 8. gr. þau atriði sem fram þurfa að koma svo að um alferð sé að ræða. Ég vek athygli á því að hugtakið „alferð" er notað í þrengri merkingu í leiguflugsreglugerðinni en í frv. þessu. Flugorðanefnd samgrn., sem lauk störfum árið 1992, notaði hugtakið alferð einnig með sama hætti og er gert í þessu frv.

Hugtakið farkaupi hefur mjög sambærilega merkingu og hugtakið neytandi hefur í íslenskri málvitund. Hins vegar var talið betra og skýrara að nota hugtakið „farkaupi" og hefur Íslensk málstöð mælt með notkun þess. Vakin er athygli á því að hugtakið nær ekki einungis yfir þann aðila er gerir samning um kaup á alferð eða þann sem aðalsamningsaðilinn semur um kaup á alferð fyrir heldur einnig þann aðila sem aðalsamningsaðili eða sá sem samið hefur verið fyrir hefur framselt alferð til. Hvað varðar önnur hugtök sem notuð eru í frv. vísa ég til greinargerðar með 2. gr. frv.

Frv. þetta fjallar annars vegar um aðdraganda samningsgerðarinnar milli farkaupa og ferðaheildsala eða ferðasmásala, þar með talið auglýsingar og kynningar á ferðum hans, og hins vegar samninga milli sömu aðila. Auk þess fjallar frv. um afleiðingar vanefnda á samningi um alferð. Við það er miðað að óheimilt er að setja reglu sem er farkaupanum í óhag en hins vegar er ferðaheildsala eða ferðasmásala í sjálfsvald sett að veita farkaupa betri vernd. Lögin taka jafnt til alferða sem farnar eru hér á landi og erlendis.

Frv. þetta fjallar almennt um bætta ferðaskilmála fyrir ferðamenn. Eins og áður sagði hafa engin sérlög gilt um alferðir og þjónustu tengdum þeim. Reglusetning ætti að verða neytendunum til verndar þar sem réttur neytandans er skilgreindur nokkuð ítarlega. Helstu efnisþættir í frv. eru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi er skýrt kveðið á um að upplýsingar sem ferðaskrifstofan lætur farkaupanum í té megi ekki vera villandi, hvorki hvað varðar verð né aðrar upplýsingar. Þannig verður að tilgreina ákveðin atriði í kynningarbæklingum, t.d. verð, farartæki sem notuð verða, tegund gistingar og aðra mikilvæga þætti fyrir neytendur.

Í öðru lagi er ákvæði um að upplýsingar ferðaskrifstofa eru með vissum undantekningum bindandi fyrir ferðaskrifstofur og aðra þá er sjá um alferðir.

Í þriðja lagi er skýrt kveðið á um hvaða upplýsingar þurfi að koma fram í samningi og hvaða upplýsingar ferðaheildsali og/eða ferðasmásali verður að veita farkaupanum fyrir brottför.

Í fjórða lagi er ákvæði um að farkaupa sé heimilt að framselja bókun alferðar.

Í fimmta lagi eru talin tæmandi ákvæði um undir hvaða kringumstæðum ferðaheildsali eða ferðasmásali megi hækka verð alferðarinnar. Það má t.d. ekki hækka verð alferðarinnar síðustu 20 dagana fyrir brottför, þrátt fyrir gengisbreytingar, hækkun skatta eða eldsneytishækkanir.

Í sjötta lagi er ákvæði um bætur til handa farkaupa ef alferð er aflýst eða ef ferðin reyndist ekki í samræmi við þann alferðarsamning sem gerður var.

Í sjöunda lagi er ákvæði um ábyrgð ferðaheildsala og ferðasmásala gagnvart farkaupa á því að staðið sé

við framkvæmd samnings.

Í áttunda lagi er ákvæði um skaðabætur til farkaupa verði hann fyrir meiðslum eða eignatjóni meðan á ferðinni stendur.

Þá eru í lokin ákvæði um kvartanir og skyldur farkaupa.

Hvað varðar einstakar greinar frv. fjölyrði ég ekki frekar. Vísa ég til ítarlegrar greinargerðar frv. svo og þeirrar tilskipunar sem frv. þetta byggir á. Frv. setur ramma um alferðir og réttindi og skyldur ferðaskrifstofa og viðskiptavina þeirra en rétt þykir að ýmsum framkvæmdaatriðum verði skipað með reglugerð.

Einnig vísa ég til fskj. með frv. Þar er um að ræða tilskipun ráðherraráðs Evrópubandalagsins um ferðapakka, sumarleyfis- og skoðunarferðapakka, bæði á ensku og íslensku.

Í þriðja lagi er þar um að ræða ferðaskilmála Félags ísl. ferðaskrifstofa.

Í fjórða lagi er um að ræða reglur fyrrum Verðlagsstofnunar, nú Samkeppnisstofnunar, um samræmdar verðupplýsingar og fleira í auglýsingum á ferðum hjá ferðaskrifstofum, ferðafélögum, flugfélögum, skipafélögum og öðrum.

Í fimmta lagi er í fskj. kostnaðarumsögn fjmrn. vegna frv.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. samgn. og 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, 1. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 631.

[15:33]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Með frv. þessu er gerð breyting á skipan skipulagsnefndar fólksflutninga sem starfar á grundvelli laga um skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, nr. 53/1987. Nefndin er skipuð til að vera samgrh. til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur þau mál sem þessum flutningum tilheyra og nánar eru tilgreind í reglugerð er ráðherra óskar eftir áliti nefndarinnar á.

Í 1. gr. frv. er lagt til að fækkað verði um tvo fulltrúa í nefndinni, þ.e. fækkað úr sjö í fimm. Búnaðarfélag Íslands á þá ekki lengur fulltrúa í nefndinni og samgrh. skipar aðeins einn mann í stað tveggja áður. Verði frv. þetta að lögum mun Alþýðusamband Íslands, Félag hópferðaleyfishafa, Félag sérleyfishafa og Samband ísl. sveitarfélaga eiga einn fulltrúa í nefndinni hver og formaður nefndarinnar skipaður af samgrh. án tilnefningar. Ekki er kveðið á um sérstakan skipunartíma nefndarinnar. Miðað er við að nefndin verði skipuð ótímabundið og getur því skipunartími formanns nefndarinnar verið bundinn við embættistíma ráðherra.

Í ljósi þess að nefndinni er ætlað að vera samgrh. til ráðuneytis um leyfisveitingar og önnur mál varðandi fólksflutninga með langferðabifreiðum er eðlilegt að ráðherra hafi eitthvað um það að segja hver sé fulltrúi hans í nefndinni og hafi frjálsar hendur um að skipta um formann í henni. Á sama hátt geta aðilar sem tilnefna í nefndina óskað eftir því að endurskipa sinn fulltrúa.

Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að skipuð verði ný skipulagsnefnd fólksflutninga á grundvelli þessara breytingar sem frv. gerir ráð fyrir. Umboð starfandi skipulagsnefndar fellur þá niður, en skipunarbréf hennar er til 15. apríl 1995.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 15:40.

---

102. FUNDUR

fimmtudaginn 3. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 412. mál, þskj. 617. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, stjfrv., 422. mál, þskj. 631. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lögskráning sjómanna, stjfrv., 120. mál, þskj. 125. — 3. umr.
5. Dýravernd, stjfrv., 69. mál, þskj. 664. — 3. umr.
6. Stöðvun verkfalls fiskimanna, stjfrv., 302. mál, þskj. 490. — 3. umr.
7. Samfélagsþjónusta, stjfrv., 354. mál, þskj. 546. — 1. umr.
8. Tollalög, frv., 254. mál, þskj. 295. — 1. umr.
9. Umferðarlög, frv., 273. mál, þskj. 343. — 1. umr.
10. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 304. mál, þskj. 495. — Fyrri umr.
11. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 368. mál, þskj. 561. —1. umr.
12. Endurnýjun varðskips, þáltill., 370. mál, þskj. 565. — Fyrri umr.
13. Náttúruvernd, stjfrv., 411. mál, þskj. 615. — 1. umr.
14. a. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, stjtill., 431. mál, þskj. 643. — Fyrri umr.

b. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, stjtill., 432. mál, þskj. 644. — Fyrri umr.

c. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, stjtill., 433. mál, þskj. 645. — Fyrri umr.

15. Ræktun íslenska fjárhundsins, þáltill., 390. mál, þskj. 588. — Fyrri umr.

16. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 429. mál, þskj. 641. — 1. umr.

17. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — 1. umr.

18. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 389. mál, þskj. 587. — 1. umr.

19. Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, frv., 237. mál, þskj. 272. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Framsfl. í Austurl. getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti sitt á Alþingi, taki 2. varaþm. Framsfl. í Austurl., Karen Erla Erlingsdóttir ferðamálafulltrúi, Egilsstöðum, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl."

Þá hefur einnig borist eftirfarandi bréf:

„Vegna sérstakra anna sé ég mér ekki fært að taka sæti Halldórs Ásgrímssonar á Alþingi næstu tvær vikur sem 1. varaþm. Framsfl. í Austurl.

Virðingarfyllst, Jónas Hallgrímsson."

Karen Erla Erlingsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og er hún boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjala:

Dýravernd, 69. mál, þskj. 664; brtt. umhvn., þskj. 669.

Innflutningur gæludýrafóðurs, 333. mál, svar viðskrh., þskj. 657.

Samkeppnislög, 239. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 665; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 666.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 260. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 667; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 668.

Lögskráning sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 120. mál (öryggisfræðsla og nýliðanám). — Þskj. 125.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Dýravernd, 3. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 664, brtt. 669.

[10:37]

Frsm. umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Eins og hv. þm. tóku eftir voru mjög margar brtt. við frv. um dýravernd samþykktar við 2. umr. málsins en eins og ég kynnti í ræðu minni þá tók ég eftir því að niður höfðu fallið tvær litlar breytingartillögur sem okkur sást yfir vegna þess að þetta var svolítið flókið þannig að þegar skjalið var komið í heild, þá tókum við eftir að það voru tvær breytingartillögur í viðbót sem ástæða var til að flytja til að gera frv. heldur skýrara.

Það er í fyrsta lagi brtt. við 13. gr. frv. Eins og greinin er orðuð núna, þá hljómar 2. mgr. þannig:

„Dýralæknum einum er heimilt að gelda dýr með þeim undantekningum sem settar verða í reglugerð."

Nefndinni þótti eðlilegt að yfirdýralæknir veitti þessa heimild án þess að það þyrfti sérstaklega að geta um það í reglugerð, það þyrfti ekki endilega reglugerð um þetta ákvæði. Það eru þó nokkrir aðilar sem gelda dýr án þess að þeir séu dýralæknar og það þykir eðlilegt að þeir haldi því áfram og það sé ekki endilega skylda að þetta séu dýralæknar og í þessum undantekningartilvikum sé nægilegt að yfirdýralæknir veiti þessa heimild. Því leggjum við til þessa breytingu á 13. gr.

Einnig leggjum við til brtt. við 16. gr. Það er ekki efnisleg breyting heldur eingöngu til útskýringar. Það er 5. mgr. sem hljómar svo nú, með leyfi forseta:

„Einungis má nota lifandi dýr í þessum tilgangi ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri."

Okkur þykir eðlilegt að í stað orðanna „þessum tilgangi" sem vísar ekki beinlínis til neins sérstaks, þó að það sé kannski eðlilegt miðað við greinina hvað við er átt, þá sé skýrara að segja: „Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri." Einnig er það til skýringar að hafa þessa málsgrein 2. mgr. 16. gr.

Aðrar breytingar leggjum við ekki til, frú forseti. Þetta eru aðeins smávægilegar breytingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Sú ósk hefur verið borin fram að þegar 6. dagskrármálið verður á dagskrá tekið, Stöðvun verkfalls fiskimanna, verði hæstv. forsrh. kominn til þingsalar og verður nú kannað hvort unnt sé að hefja þessa umræðu nú.

Forseti vill spyrja hv. formann þingflokks Alþb. hvort hann geti fallist á að umræðan hefjist þó að hæstv. forsrh. sé ekki kominn, en ég hygg að hann komi innan skamms. — Því er ekki mótmælt.

[10:41]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé illa hægt að hefja umræður um þetta mál án þess að hæstv. forsrh. sé viðstaddur vegna þess að hann hefur í umræðum um þetta mál verið annar af aðalforsvarsmönnum málsins ásamt sjútvrh. Það má reyndar segja að þeir hafi séð um þetta mál fyrir hönd stjórnarflokkanna. Þetta er mjög alvarlegt mál og ég tel að það sé engin ástæða til að hefja hér umræðu um það og ég óska eindregið eftir því að hæstv. forsrh. verði við þegar umræðan hefst.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti telur rétt að verða við þeirri beiðni og því verður frestað um sinn að taka málið á dagskrá.

Samfélagsþjónusta, 1. umr.

Stjfrv., 354. mál. — Þskj. 546.

[10:42]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samfélagsþjónustu. Frv. um þetta efni hefur nokkrum sinnum áður verið lagt fyrir Alþingi. Það var gert á 113. og 115. löggjafarþingi. Ýmsar athugasemdir komu fram bæði í umræðum og eins í umfjöllun hv. allshn. um þetta efni og hlaut málið ekki afgreiðslu. Í framhaldi af því skipaði ég sérstaka nefnd til þess að fara yfir þær athugasemdir og þau sjónarmið sem sett höfðu verið fram í umræðum um þetta nýja úrræði varðandi fullnustu refsingar. Í þeirri nefnd áttu sæti Ari Edwald, aðstoðarmaður ráðherra, Haraldur Johannessen fangelsismálastjóri og Margrét Frímannsdóttir alþingismaður.

Frv. er nú endurflutt og hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar og er nú sjálfstætt frv. um samfélagsþjónustu en áður var gert ráð fyrir því að um væri að ræða breytingar á almennum hegningarlögum. Hér er gert ráð fyrir því að þetta úrræði verði reynt í tilraunaskyni til skamms tíma og jafnframt að um sé að ræða mjög takmarkaða möguleika einungis í þeim tilvikum að dómar séu ekki lengri en þriggja mánaða og óskilorðsbundnir.

Með samfélagsþjónustu er verið að freista þess að í þeim tilvikum þar sem um er að ræða minni háttar brot sé unnt að koma þeim sem lent hafa inn á brotaferli til þess að hverfa af þeirri braut með þjónustu í þágu samfélagsins í stað innilokunar. Þetta úrræði hefur víða verið reynt og gefist vel að áliti flestra sem um þetta hafa fjallað. Vitaskuld er það svo að hér geta komið upp ýmis álitaefni, en það er mín skoðun að eftir þá ítarlegu athugun og umræður sem þetta mál hefur fengið, þær breytingar sem gerðar hafa verið og það tillit sem tekið hefur verið til athugasemda sem fram hafa komið, þá sé skynsamlegt og rétt að gera þessa tilraun og sjá hvernig þetta nýmæli í fullnustu refsidóma gæti gefist hér á landi. Það er byggt á því sem fyrr að hér verði um að ræða fullnustuákvörðun á vegum stjórnvalda. Það er auðvitað álitaefni hvort dómstólar eigi að taka ákvarðanir í þessum málum. Hér hefur það verið lagt til að ákvarðanir verði í höndum stjórnvalda eða sérstakrar nefndar sem um það mun fjalla. Ég held að að loknu tilraunatímabilinu geti menn síðan metið hvort það er heppilegasta aðferðin við að taka ákvarðanir af þessu tagi ellegar menn líti svo til að ákvarðanir um þetta skuli vera í höndum dómstóla. Að loknu tilraunatímabilinu væri eðlilegt að meta það endanlega.

Ég legg til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[10:46]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hér er hreyft nýmæli sem hefur þó áður komið til umræðu hér í þinginu og ég hygg að ég muni það rétt að það hafi verið hv. þm. Ingi Björn Albertsson sem hreyfði þessu máli hér.

Ég tel að það sé mjög til bóta að gefa kost á því að þeir sem hljóta mjög stutta fangelsisdóma eigi kost á því að stunda ólaunaða samfélagsþjónustu í stað þess að vera settir í fangelsi. Ég hygg að undir mörgum kringumstæðum muni það bæði koma þeim og samfélaginu betur.

Það er aftur á móti svo að mér finnst nauðsynlegt að það sé dómstóllinn sem gangi frá því máli. Ég er ekki sáttur við að bæta nýju dómstigi við, þ.e. að Fangelsismálastofnun eða nefnd skipuð af dómsmrh. eigi þar um að véla og í reynd að vera ákvörðunartökuaðilinn um það hvort menn eigi kost á því að vera utan fangelsisins þrátt fyrir dóm eða ekki. Það þarf ekki stóran útreikning til að átta sig á því að 180 klukkustunda vinna í staðinn fyrir þriggja mánaða dóm er mjög hagstæður kostur og ég treysti ekki framkvæmdarvaldinu til að fara með svo viðkvæmt mál að úrskurða hverjir skuli njóta þess og hverjir ekki.

Ég tel að á undanförnum árum hafi orðið mikil réttarframför í landinu af þeirri ástæðu að menn hafa sameinast um það að aðskilja betur en áður var dómsvald og framkvæmdarvald og mér finnst að það þurfi að gá mjög vel að sér að fara ekki að feta þá leið til baka. Ef frv. um samfélagsþjónustu er samþykkt og gert að lögum þá tel ég að það eigi að grípa á því á þann hátt að dómaranum sem kveður upp dóminn í hverju tilfelli verði gefið rými til þess að ef hann telur að dómsvistin þurfi ekki að vera þyngri en þrír mánuðir, þá geti hann kveðið á um það að viðkomandi aðili geti valið á milli að sinna samfélagsþjónustu eða að fara í fangelsi. Auðvitað yrði það svo að koma í ljós þegar hann

sinnti sinni samfélagsþjónustu hvort hann stæði við það að lúta þeim aga sem eftir væri leitað í því sambandi og það væru raunverulega einu afskipti framkvæmdarvaldsins til ákvarðanatöku í því máli.

Ég hygg að hæstv. ráðherra megi vera það ljóst að Alþingi Íslendinga mun taka vel á anda þess sem er í þessu frv. að opna þennan möguleika, en ég held að það verði líka að skoða það af fullri alvöru að sá möguleiki sé ekki misnotaður eftir geðþóttaákvörðunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 254. mál (tollfrjálsar verslanir í höfnum). — Þskj. 295.

[10:53]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég legg hér fram frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Auk mín eru flm. þeir Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Sólveig Pétursdóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Matthías Bjarnason, Einar K. Guðfinnsson, Tómas Ingi Olrich, Svanhildur Árnadóttir og Egill Jónsson.

Í frv. þessu segir svo í 1. gr. að 1. mgr. 79. gr. laganna orðist svo:

„Fjármálaráðherra er heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur, þar á meðal áfengi og tóbak, í flugstöðvum á Reykjavíkurflugvelli, Keflavíkurflugvelli, Akureyrarflugvelli, Sauðárkróksflugvelli og Egilsstaðaflugvelli í tengslum við farþegaflutning milli landa. Heimild þessi gildir einnig um sams konar rekstur í Reykjavíkurhöfn, Ísafjarðarhöfn, Akureyrarhöfn og Seyðisfjarðarhöfn. Birgðir slíkra verslana má geyma í tollfrjálsum birgðageymslum sem eingöngu eru ætlaðar til þeirra nota."

Í 2. gr. gerum við ráð fyrir að lögin öðlist þegar gildi.

Í greinargerðinni segir m.a.:

„Í 1. mgr. 79. gr. tollalaga er að finna heimild til þess að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur í stærstu flugstöðvum landsins. Brýnt er vegna mikillar fjölgunar erlendra ferða-, fiski- og farmanna sem hafa viðkomu með skipum í ýmsum höfnum hér á landi að víkka út heimildina svo að hún nái einnig til helstu hafna landsins. Á síðasta sumri fjölgaði mjög mikið þeim skemmtiferðaskipum sem lögðu leið sína til landsins. Flest þessara skipa hafa skamma viðdvöl í höfn og því er nauðsynlegt að bæði farþegar og áhafnir þeirra hafi möguleika á að versla í tollfrjálsri verslun sem býður upp á fjölbreytt vöruúrval og er í tengslum við hafnarbakka. Enn fremur hefur aukist gífurlega sá fjöldi erlendra fiskiskipa sem leita til hafnar vegna ýmiss konar þjónustu. Það er enginn vafi á að áhafnir þeirra munu nýta sér þann möguleika sem tollfrjáls verslun býður upp á. Þannig munu slíkar tollfrjálsar verslanir auka tekjumöguleika þjóðarinnar og skapa ný atvinnutækifæri þar sem selja mætti, jafnframt erlendum varningi, hvers konar íslenskar vörur sem þá yrðu undanþegnar virðisaukaskatti. Tollfrjálsar verslanir eru víða erlendis í tengslum við hafnir og er varningur, sem keyptur er þar, ekki borinn um borð af kaupanda heldur sér viðkomandi verslun um að flytja varninginn um borð í skipið. Sá háttur mundi einnig verða hafður á hérlendis og rekstrarleyfishafi gerður ábyrgur fyrir því að rétt sé að málum staðið í hvívetna."

Eins og hér kemur fram í greinargerð hefur erlendum skemmtiferðaskipum fjölgað mjög hin síðari ár og á síðasta ári voru nærri 16 þúsund manns sem komu sjóleiðina sem farþegar hingað til lands eða nákvæmlega 15.966 farþegar. Þá má áætla að í áhöfnum þeirra skemmtiferðaskipa sem komu til landsins hafi verið um það bil 10 þúsund manns þannig að um er að ræða um 26 þúsund manns, erlenda aðila sem komu með skemmtiferðaskipum til landsins á sl. ári.

Það má segja það þetta frv. sem hér liggur fyrir skipti verulegu máli einkum og sér í lagi fyrir Seyðisfjörð og enn fremur fyrir Reykjavík vegna þess að á árinu 1992 voru skemmtiferðaskipin 27, en 1993 voru þau 40. Og enn mun einhver fjölgun vera þó að hún sé ekki eins mikil og var á milli þessara tveggja ára sem ég gat hér um áðan.

Nú er það svo að um langan tíma hefur þetta verið rætt hér á landi, en einhverra hluta vegna, hvort sem það er tregðulögmál hjá hinu háa ráðuneyti, fjmrn., þá er það með ólíkindum að menn skuli haga sér svo sem raun ber vitni í þessu viðamikla máli vegna þess að hér er ekkert smámál á ferðinni. Sú tregða sem hér hefur ríkt varðandi þetta mál er nokkuð sérstök þegar til þess er litið að þegar íslenskir farmenn og fiskimenn koma í erlendar hafnir þá hefur þetta viðgengist í tugi ára. Íslenskir sjómenn hafa átt mjög greiðan aðgang að tollfrjálsum verslunum erlendis og mönnum þykir sá háttur sjálfsagður og eðlilegur og skiptir verulegu máli þar ytra hvað varðar verslun og viðskipti.

Það má benda t.d. á það að ýmsan varning eru íslenskir fiskimenn og farmenn að kaupa erlendis, tollfrjálsan, sem með sama hætti gæti sú verslun farið fram hér á landi. Ef horft er á þau tollfrjálsu viðskipti sem flugfarþegum standa til boða þá gerist það með þeim hætti að fólk fer í verslanir sem hafa leyfi til að reka tollfrjálsa verslun. Það er skrifað upp á kvittanir fyrir þessa farþega sem sýna hversu afsláttur ætti að verða mikill vegna tollfrjálsu verslunarinnar og síðan fá þeir tiltekna upphæð endurgreidda þegar þeir koma upp á Keflavíkurflugvöll. En farþegar sem koma með skemmtiferðaskipum geta ekki verslað með sama hætti hér eins og flugfarþegar og það er óviðunandi og það er fráleitt kerfi að við skulum ekki reyna að nýta okkur frekar verslunarhætti og viðskipti þessara erlendu farþega sem ég gat hér um áðan og hafa tíðkast áratugum saman í erlendum hafnarborgum.

Þegar menn velta vöngum yfir því hvers konar varningur ætti að fást í þessari tollfrjálsu verslun, eru menn þá eingöngu að tala um brennivín og tóbak? Nei,

það er ekki meiningin og ekki óeðlilegt að frekar verði færðar út kvíarnar hvað það varðar eins og t.d. með landbúnaðarafurðir, svo mikið sem þær hafa verið í umræðunni undanfarna daga. Þá mætti hugsa sér enn fremur ýmiss konar fatnað og minjagripi sem væru framleiddir hér á landi og mundu þá vissulega verða veruleg lyftistöng fyrir þann iðnað.

Eins og ég sagði áðan þá gerist það með þeim hætti þegar íslenskir farmenn og fiskimenn koma í hafnir erlendis að þá fara þeir í þessar tollfrjálsu verslanir versla þar og síðan er frá þeim hlutum gengið og það er seljandinn sem síðan sér um að koma vörunni um borð undir eftirliti tollgæslunnar. Þar er þessi varningur innsiglaður í sérstakri geymslu þar til skipið hefur farið út úr viðkomandi landhelgi, þá er innsiglið rofið og mönnum eru afhentir þeir hlutir sem þeir hafa keypt. Og undantekningarlaust eru þetta ábyrg viðskipti sem ekki bregðast þannig að menn eru fullvissir þess að þeir hlutir sem þeir versla í tollfrjálsri verslun í landi komast til skila um borð.

Eins og ég sagði áðan er ég sannfærður um það að verslun mundi verulega aukast ef þessi háttur yrði upp tekinn. Ef við lítum t.d. á þau stóru farþegaskip sem hingað hafa verið að koma til Reykjavíkur og Akureyrar, þá er það oftar en ekki að í áhöfn þessara skipa er slíkur fjöldi að það jaðrar við að jafnmargir séu í áhöfn og farþegarnir eru. Þess vegna er þarna hópur sem vissulega er full ástæða til að gefa fullan gaum að og ég er sannfærður um að verslun og viðskipti mundu aukast verulega.

Menn hafa velt vöngum yfir því hvort það gæti verið að smásöluverslun væri í einhverri hættu ef tekin yrði upp tollsfrjáls verslun. Ég hef rætt hér við kaupmenn í Reykjavík t.d. og þeir óttast það ekki. Það sé mikill varningur að sjálfsögðu sem er til boða í verslunum hér vítt og breitt um borgina eins og annars staðar sem ekki verður á boðstólum í hinni tollfrjálsu verslun þó að þar verði auðvitað stór hluti af jafnvel landbúnaðarframleiðsluvöru og öðru þvílíku sem erlendir ferðamenn sækja kannski öðru frekar í, þá mundi þessi tollfrjálsa verslun ekki verða smásöluversluninni til neinna vandræða. Það er alveg ljóst að með þessari breytingu á tollalögunum mundi verslun aukast og síðast en ekki síst mundu skapast mörg atvinnutækifæri hvað þetta varðar.

Það er sagt að það mætti ætla að tekjur af farþegum skemmtiferðaskipa á sl. ári hafi numið á bilinu 300–400 millj., svo að við sjáum að hér eru engar smáupphæðir um að ræða og ætla mætti að með komu tollfrjálsrar verslunar mundi þessi upphæð a.m.k. tvöfaldast. Það má gera enn betur á sviði atvinnulífs okkar Íslendinga. Það má gera betur á sviði verslunar og viðskipta og að því stefnir þetta frv. Ég tel þess vegna, virðulegi forseti, að það sé full ástæða til þess að benda þingheimi sérstaklega á þá möguleika sem skapast með þessu frv. og ég treysti því að þingheimur muni vinna fljótt og vel að þessari breytingu á tollalögum svo koma megi þessu þarfa máli í framkvæmd nú áður en háannatímabil í þjónustuvið erlenda ferðamenn hefst. Ég minni á það aftur að þetta er ekkert smámál fyrir byggðarlag eins og Seyðisfjörð hvar Norræna kemur vikulega með geysilegan fjölda farþega og þar er mikill straumur sem liggur í gegn af farþegum og auk þess sem ég bendi hér á Reykjavík. Það er aukning á skemmtiferðaskipum til Akureyrar og það er að byrja og hefur þó nokkuð orðið enn fremur á Ísafirði. Þess vegna, virðulegi forseti, er lagt til að þessum fjóru höfnum verði gert kleift að vera hér með tollfrjálsa verslun. Það mætti kannski spyrja: Af hverju ekki fleiri hafnir? Ég tel að það sé rétt að fara varlega af stað í málinu og þá horfandi til þeirrar tregðu sem á þessum verslunarhætti hefur ríkt. Það jaðrar við það að ágætir embættismenn í fjmrn. líti svo á að við séum að finna upp hjólið í þessu sambandi. En eins og ég gat um í upphafi máls míns, þá er hvergi höfn erlendis sem komið er í þar sem menn eiga ekki greiðan aðgang að tollfrjálsri verslun með þessum hætti. Og þaðan koma sölumenn og bjóða upp á t.d. landbúnaðarframleiðslu og fleira sem framleitt er í viðkomandi landi með þessum hætti eins og ég gat um áðan. Það eru tollfrjáls viðskipti sem þar fara fram og íslenskir farmenn og fiskimenn og að sjálfsögðu þeir farþegar sem koma í þessar hafnir notfæra sér þessa þjónustu í ríkum mæli. Því er full ástæða til eins og ég gat um hér áðan að flýta þessu máli. Þetta er brýnt mál og ég vænti þess, virðulegi forseti, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu.

Því legg ég þetta mál fram hér og vænti þess eins og ég sagði áðan að það fái skjóta afgreiðslu og legg til að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, 3. umr.

Stjfrv., 302. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 490.

[11:07]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns vil ég spyrjast fyrir um það hvort hæstv. forsrh. sé á staðnum.

(**Forseti** (GHelg): Forseti getur upplýst að hæstv. forsrh. er í húsinu og hlýtur að koma hingað á hverri stundu.)

Já, þá tel ég nú rétt að bíða með að hefja mál mitt þar til hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. eru mættir hér til umræðunnar. Það er fullkomlega óeðlilegt að hefja þessa umræðu, virðulegi forseti, án þess að ráðherrarnir séu mættir hér. — Síðan má gjarnan stöðva klukkuna því að mér er ekki kunnugt um að það séu tímamörk við þessa umræðu.

(**Forseti** (GHelg): Það er rétt hjá hv. þm. að það eru ekki tímamörk við þessa umræðu. Hæstv. forsrh. er áreiðanlega á leiðinni hér upp stigann og hér gengur í salinn hæstv. sjútvrh. svo ég hygg að hv. þm. geti hafið ræðu sína.)

Virðulegi forseti. Frá því að 2. umr. um þetta mál

fór fram hefur ýmislegt gerst sem knýr á um það að hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. geri þinginu nokkra grein fyrir því hvernig ríkisstjórnin hyggst efna það fyrirheit sem hún gaf við setningu þessara bráðabirgðalaga. Fyrirheitið byggðist á því að ríkisstjórnin tók að sér að leggja fram tillögur og síðan hrinda þeim í framkvæmd sem kæmu í veg fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum.

Við 2. umr. málsins var spurt að því hvaða tillögur ríkisstjórnin hefði fram að færa í því efni. Við þeirri spurningu fékkst ekki svar. Hins vegar vísaði hæstv. sjútvrh. til þess að sjútvn. hefði verið send álitsgerð sem þrír embættismenn hefðu tekið saman. Á fundi sjútvn. í gær kom það hins vegar fram að fulltrúar samtaka sjómanna ítrekuðu að ríkisstjórnin hefði ekki staðið við það fyrirheit sem hún hefði gefið við setningu bráðabirgðalaganna og samtök sjómanna litu á þá staðreynd svo alvarlegum augum að sjómannasamtökin á Íslandi væru ekki til viðræðu um endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða fyrr en fyrir lægju tillögur ríkisstjórnarinnar um það hvernig komið yrði í veg fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum.

Sjómannaverkfall er vissulega alvarlegt mál. Það er ekki síður alvarlegt mál að samtök sjómanna á Íslandi telja framgöngu ríkisstjórnar vera með þeim hætti gagnvart sjómönnum að þau neita að taka þátt í viðræðum við þingið um mikilvægasta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar og íslenskrar sjómannastéttar, lögin um stjórn fiskveiða. Það hefur því orðið mjög alvarlegur trúnaðarbrestur milli ríkisstjórnarinnar og sjómannasamtakanna sem leitt hefur til þess að sjómannasamtökin hafa neitað viðræðum við þingið um lögin um stjórn fiskveiða.

Það þarf ekki að rökstyðja það í þessum sal hve alvarlegt það er fyrir alla umfjöllun þingsins um stjórn fiskveiða ef sjómannasamtökin á Íslandi vegna svikinna fyrirheita ríkisstjórnarinnar telja sig ekki hafa stöðu til að ræða við þingið né láta í ljósi álit sitt á fjölmörgum atriðum um skipan stjórnar fiskveiða. Þess vegna er það alveg ljóst, hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh., að framganga ríkisstjórnarinnar í efnisþáttum þessara bráðabirgðalaga er með þeim hætti að hún hefur skapað slíkt óefni í samskiptum þingsins við sjómannasamtökin að umfjöllun þingsins um lögin um stjórn fiskveiða er strand.

Hæstv. sjútvrh. mun hafa skrifað bréf til sjútvn. þar sem hann reifaði þann möguleika að breytingin varðandi þátttöku sjómanna í kvótakaupum verði tengd afgreiðslu þingsins á lögunum um stjórn fiskveiða. Það er sjónarmið út af fyrir sig. En nú hefur það hins vegar gerst að sjómannasamtökin eru ekki til viðræðu um það frv. fyrr en fram koma tillögur frá ríkisstjórninni sem snerta kvótakaupin og um þær hefur verið fjallað hér á þinginu. Þessi atburður sem gerðist eftir 2. umr. málsins sýnir að það efnisatriði sem leiddi til verkfalls sjómanna, efnisatriðið sem var í raun og veru forsenda bráðabirgðalaganna er nú komið í enn alvarlegri hnút vegna stefnuleysis ríkisstjórnarinnar. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh., sem gaf um það fyrirheit við setningu bráðabirgðalaganna að ríkisstjórnin mundi beita sér fyrir lausn þessa efnisþáttar málsins: Hvenær hyggst ríkisstjórnin koma með tillögur í málinu? Og ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Hver er afstaða hans til þess að sjómannasamtökin hafa nú neitað viðræðum við þingið um lögin um stjórn fiskveiða fyrr en ríkisstjórnin kemur með tillögur um lausn á því vandamáli sem hér er fjallað um?

1. gr. þessara bráðabirgðalaga snertir málsmeðferð á kvótakaupavandamálinu. 1. gr. bráðabirgðalaganna snertir vandamálið varðandi kvótakaupin. Þess vegna er það alveg rökrétt að þingið afgreiði ekki í dag þessa 1. gr. fyrr en lýst hefur verið stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu vandamáli, nema enn á ný birtist það þinginu og þjóðinni að ríkisstjórnin er svo vanhæf til ákvarðanatöku eða svo ósamstillt að hún megnar ekki að lýsa afstöðu eða tillögum í máli af þessu tagi. Ég vil þess vegna við upphaf 3. umr. óska eftir því að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. tjái sig um þann alvarlega hnút sem kominn er í ljós í þessu máli nú. Bráðabirgðalögin voru ekki bara sett til þess að ljúka verkfalli sjómanna eftir því sem 1. gr. laganna kveður á um. Bráðabirgðalögin voru sett til þess að leysa það vandamál sem voru orsök að verkfalli sjómanna.

Ég vil einnig við 3. umr. taka nokkuð til umfjöllunar þá atburði sem gerðust við afgreiðslu málsins við 2. umr. Þegar gengið var til atkvæða um bráðabirgðalögin við 2. umr. þá gerðist það í fyrsta sinn, a.m.k. svo langt aftur sem ég hef látið rekja, að tveir þingmenn úr þingflokki forsrh. neituðu að styðja bráðabirgðalögin. Ég hef látið starfsmenn þingsins kanna hvort það hafi gerst áður á síðasta aldarfjórðungi að tveir þingmenn úr þingflokki forsrh. hafi greitt atkvæði gegn bráðabirgðalögum. Svarið er: Það hefur aldrei gerst fyrr. Þessi setning bráðabirgðalaga er þess vegna að verða nokkuð söguleg, ekki bara fyrir það að forsrh. lagði ekki í það að ræða við þingmenn eigin flokks nema þá tvo sem hér hafa verið nefndir heldur kemur í ljós við atkvæðagreiðslu málsins að svo illa er forsrh. staddur í eigin þingflokki að í fyrsta sinn gerist það að þingmenn úr þingflokki forsrh. hafna bráðabirgðalögunum með þeim hætti sem hér hefur gerst. Það sýnir mjög skýrt hve hæpin aðferð var að ræða eingöngu við tvo þingmenn úr flokki forsrh. við setningu þessara bráðabirgðalaga því að atkvæðagreiðslan sýnir að það var megn óánægja og andstaða í þingflokki Sjálfstfl. við bráðabirgðalögin.

Þess vegna er mjög mikilvægt að menn átti sig á því að það afhjúpast við 2. umr. málsins og atkvæðagreiðsluna að ástæðan fyrir því að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson braut allar eðlilegar vinnureglur og allar hefðir við setningu bráðabirgðalaga var andstaða við málið í hans eigin flokki.

Í öðru lagi kom í ljós við atkvæðagreiðsluna, sem líka er einstakt, að nefndarmaður viðkomandi nefndar, í þessu tilviki sjútvn., úr flokki forsrh. lýsti því formlega yfir að meginrök forsrh. fyrir að setja bráðabirgðalögin væru röng. Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson lýsti því skýrt yfir við atkvæðagreiðsluna að ekki hefði verið fullreynt að ná samkomulagi í deilunum sem leiddu til verkfalls sjómanna. Þar með er þessi

sjávarútvegsnefndarmaður Sjálfstfl. að lýsa því alveg skýrt yfir að hann hafni ekki aðeins efnisþáttum frv., hann hafni líka meginrökum forsrh. fyrir því að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög, svo vitnað sé orðrétt í það orðalag sem samkvæmt stjórnskipun lýðveldisins er forsendan fyrir því að hægt sé að gefa út bráðabirgðalög. Sjávarútvegsnefndarmaður Sjálfstfl. hefur með öðrum orðum afhjúpað það við atkvæðagreiðslu að bráðabirgðalögin voru ekki aðeins efnislega röng heldur voru þau að hans dómi sett á fölskum forsendum. Ég fullyrði líka að það hefur aldrei komið fram áður, a.m.k. í þau 25 ár sem ég lét starfsmenn þingsins kanna, að nefndarmaður úr flokki forsrh. lýsir slíku vantrausti á forsendur forsrh. fyrir setningu bráðabirgðalaga.

Í þriðja lagi kaus hæstv. forsrh. Davíð Oddsson að fara í sögulega umræðu um bráðabirgðalög til þess að réttlæta þá aðferð sína óbeint að ræða bara við tvo þingmenn. Ég benti á í því samhengi að ein meginástæðan fyrir því hve hæpið væri að leita ekki eftir stuðningi allra þingmanna sem stæðu að ríkisstjórninni fælist í því að þegar að því kæmi að þingmenn greiddu atkvæði um bráðabirgðalögin væri tilefni þeirra ekki lengur fyrir hendi þannig að það reyndi aldrei á það formlega í þinginu hvort bráðabirgðalögin hefðu meiri hluta efnislega eða ekki.

Í þeirri könnun sem ég hef látið gera síðan 2. umr. fór fram á meðferð þingsins á bráðabirgðalögum á síðustu 25 árum eða svo kemur það í ljós að í 16 tilvikum hafa bráðabirgðalög ekki verið tekin til afgreiðslu í þinginu. Með öðrum orðum hafa bráðabirgðalög 16 sinnum ekki verið útrædd í þinginu og þar með fallið úr gildi við þingslit. Hvað segir þetta? Jú, þetta lýsir því mjög vel að efnisþættir þessara bráðabirgðalaga voru svo tímabundnir að það þurfti ekki að láta reyna á það hvort þingið væri samþykkt þeim eða ekki. Það eru sem sagt 16 tilvik frá síðustu 25 árum sem sýna að hægt er að beita bráðabirgðalagavaldinu með þessum hætti. Sú staðreynd er enn frekari viðvörun um hve hættulegt það er að beita bráðabirgðalagavaldinu á þann hátt að leita ekki eftir stuðningi allra þingmanna ríkisstjórnarflokkanna. Í ljósi þeirrar hefðar sem skapast hefur á Íslandi að þingið sitji ekki 4–6 mánuði á ári er alveg ljóst að með því að taka upp þau vinnubrögð að leita bara til tveggja þingmanna úr stjórnarflokki er verið að leiða lagasetninguna og þingræðið inn á mjög hættulegar brautir.

Mér hefur einnig verið tjáð að forustumenn Alþfl. hafi leitað eftir því við setningu bráðabirgðalaganna að hæstv. forsrh. leitaði eftir afstöðu þingmanna Sjálfstfl. til bráðabirgðalaganna. Það er út af fyrir sig mjög fróðlegt að forustumenn Alþfl. skyldu ekki aðeins fylgja þeirri hefð að hafa samband við alla þingmenn úr sínum flokki heldur skyldu þeir einnig, áður en lögin voru formlega sett, minna hæstv. forsrh. á þessa hefð og spyrjast fyrir um það hvað liði könnun innan Sjálfstfl. á stuðningi þingmanna hans við bráðabirgðalögin.

Allt þetta sem ég hef hér rakið sýnir auðvitað hve hæpin sú aðferð var sem hæstv. forsrh. og ráðherra Sjálfstfl. beittu við setningu þessara bráðabirgðalaga, að taka nú upp þau vinnubrögð að tala bara við tvo þingmenn. Þessi bráðabirgðalög eru þess vegna einstök fyrir margra hluta sakir. Í fyrsta lagi vegna þess að annar meginefnisþáttur frv. og laganna er enn þá óleystur, eins og fram hefur komið og ég rakti áðan, og hefur leitt til þess að sjómannasamtökin hafa sagt sig frá öllum viðræðum við þingið um lögin um stjórn fiskveiða. Í öðru lagi vegna þess að forsrh. hefur brotið allar eðlilegar hefðir um setningu bráðabirgðalaga. Í þriðja lagi vegna þess að einn af nefndarmönnum flokks forsrh. hefur lýst því yfir að forsenda bráðabirgðalaganna um að brýna nauðsyn bæri til hafi ekki verið rétt. Í fjórða lagi vegna þess að í fyrsta sinn gerist það að tveir þingmenn úr flokki forsrh. neita að styðja bráðabirgðalögin og þegar allt þetta er lagt saman er saga bráðabirgðalaganna á þann veg að eðlilegt er að setja fram þá ósk og þau tilmæli að aldrei aftur verði viðhöfð jafnóvönduð vinnubrögð við setningu bráðabirgðalaga og hér hefur verið gert.

[11:26]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hv. þm. og reyndar atkvæðagreiðslan í gær segir manni í hvílíkt óefni hefði farið varðandi sjómannaverkfallið ef þing hefði verið kallað saman, beðið eftir því kannski í nokkra daga að það kæmist á og síðan hafist umræður um það að stöðva verkfall sjómanna, því að stjórnarandstaðan sýndi það í gær að hún var tilbúin til þess með atkvæði sínu að láta sjómannaverkfall skella á fyrirvaralaust í miðri loðnuvertíðinni þegar ekkert má út af bera. Í atkvæði þeirra í gær fólst viljayfirlýsing um það að sjómannaverkfall skylli þegar í stað á nema því aðeins að þeir hafi treyst því að ríkisstjórnin og stjórnarmeirihlutinn kæmi í veg fyrir það. Ég hef ekki séð annað eins ábyrgðarleysi og í stjórnarandstöðunni þegar greidd voru atkvæði um þetta mál því að í atkvæði þeirra fólst ákvörðun hvers þess þingmanns sem þannig greiddi atkvæði að skella á sjómannaverkfalli fyrirvaralaust á nýjan leik. Það fólst í atkvæði þeirra. Menn voru ekki að ræða bráðabirgðalögin sem slík, aðgerðina, formið eða þess háttar. Þetta voru lög að efni til sem þarna voru til meðferðar og ef aðrir nægjanlega margir hefðu fylgt ákvörðun stjórnarandstöðunnar, þá hefði skollið á verkfall sjómanna fyrirvaralaust í miðri loðnuvertíð.

Síðan segja þessir menn að það hefði verið haldreipi að kalla saman þingið og eiga samstarf við stjórnarandstöðuna um sjómannaverkfallið. Þessi framganga öll, röksemdir og reyndar málflutningur hv. þm. segir manni að það verkfall stæði enn ef hefði átt að treysta á það að þessir hv. þm. tækju málefnalega á málinu.

[11:28]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í andsvari sínu svaraði hæstv. forsrh. í engu spurningu minni um það hvenær væri að vænta tillagna frá ríkisstjórninni um þátttöku sjómanna í kvótakaupum, en vanefndirnar á því fyrirheiti hafa leitt til þess að sjómannasamtökin hafa sagt sig frá öllu samráði við þingið um lögin um stjórn fiskveiða.

Hæstv. forsrh. svarar kannski þeirri spurningu í umræðunum á eftir þannig að ég ætla ekki að gera það að stóru máli að hann svaraði því ekki í andsvari.

Það er alveg nauðsynlegt að hæstv. forsrh. svari því þar sem 1. gr. frv. fjallar um það efnisatriði. Og vanefndir ríkisstjórnarinnar á því efnisatriði hafa nú leitt til þess sem ég hef hér lýst og þjóðin þekkir öll, að sjómannasamtökin hafa sagt sig frá viðræðum við Alþingi um mikilvægasta hagsmunamál þjóðarinnar.

Forsrh. hefði því verið nær að svara því heldur en halda áfram hætti sínum í þessum umræðum eins og við sáum við 2. umr. Hann kaus hins vegar að koma hér upp og ráðast á stjórnarandstöðuna. Það er kannski eðlilegt. En öll rökin sem hæstv. forsrh. beitti í okkar garð hitta þá tvo þingmenn úr hans eigin flokki sem sögðu nei við atkvæðagreiðslu í þessu máli. Það er kannski skýringin á því hvers vegna hæstv. forsrh. Davíð Oddsson lagði ekki í að tala við nema tvo þingmenn úr sínum flokki þrátt fyrir það að forusta Alþfl. hvetti hann til þess að fylgja hefðinni og skýringin á því hvers vegna hæstv. forsrh. Davíð Oddsson lagði ekki í að kalla þingið saman, að hann réði ekki við sinn eigin flokk. Ég spurði hæstv. forsrh. hér áðan: Hvað segir hann um þá ásökun þingmanns Sjálfstfl., Guðmundar Hallvarðssonar, við atkvæðagreiðsluna í gær, helsta trúnaðarmanns Sjálfstfl. gagnvart samtökum sjómanna um ára raðir, að meginforsenda bráðabirgðalaganna um hina brýnu nauðsyn hafi verið röng? Forsrh. hefur verið borinn þeim sökum hér af sínum eigin flokksmanni í þingsalnum að meginforsenda bráðabirgðalaganna hafi verið röng. Það væri kannski manndómur í því hjá hæstv. forsrh. að svara því.

[11:30]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er augljóslega ósammála því atriði sem hv. þm. hefur eftir hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Hins vegar skil ég afskaplega vel sérstöðu hans sem formanns Sjómannafélagsins. Á hinn bóginn ef ég þyrfti að reiða mig jafnan á stuðning hv. þm. Inga Björns Albertssonar um mál og láta það varða úrslitum um framgang þeirra, þá gæti illa gengið í þinginu þannig að ég geri ekki mikið með að atriði.

Hins vegar er það sem upp úr stendur þetta mikla ábyrgðarleysi ... (**ÓÞÞ:** Var það ekki hv. þm.?) Hv. þm. — hið mikla ábyrgðarleysi hv. stjórnarandstöðu hér að vera tilbúin til þess í einhverjum pólitískum skollaleik að greiða atkvæði þannig að í atkvæði þeirra felist viljayfirlýsing hvers einasta þingmanns þeirra um það að verkfall í loðnuflotanum og sjómannaflotanum hefjist þegar í stað. Það hefur sennilega ekki nokkur stjórnarandstaða fyrr og síðar sýnt annað eins ábyrgðarleysi og þessi stjórnarandstaða gerði við atkvæðagreiðsluna.

[11:31]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. er farinn að tapa svo áttum í þessu máli að hann er bæði búinn að gleyma þeim ákvæðum þingskapanna að ávarpa þingmenn ávallt með virðingarheitinu háttvirtur og ætti hann þó að nota það sérstaklega um þingmenn úr sínum eigin flokki nema ástandið í Sjálfstfl. sé orðið svo slæmt að forsrh. geti ekki einu sinni fylgt þingsköpum — (**Gripið fram í:** Hæstv.) — hæstv., þegar hann þarf að ávarpa þingmenn úr sínum eigin flokki. En vonandi þarf forseti ekki að áminna forsrh. um þessa siðvenju áfram, hæstv. Ég gleymi þessu aldrei, hæstv. forsrh. (**Forsrh.:** Tvisvar sinnum núna.) En ég þarf stundum smápögn áður en ég herði mig upp í það.

Hins vegar er staðreynd eins og fram hefur komið í þessu máli að hæstv. forsrh. hefur ekki treyst sér til að svara efnislega þeim rökum sem hér hafa verið flutt varðandi með hvaða hætti þessi bráðabirgðalög skapa nýjungar í vinnubrögðum og meðferð. Hann hefur heldur ekki í sínu seinna andsvari fjallað um þann meginþátt sem ég vék að einnig sem er sú staðreynd að sjómannasamtökin hafa sagt sig frá samráði við þingið vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekki efnt 1. gr. frv. Ef það er ekki ástæða m.a. til þess að greiða atkvæði gegn 1. gr. frv., eins og við gerðum, að hún hefur ekki verið efnd, þá veit ég ekki hvað er ástæða. Eða finnst hæstv. forsrh. eðlilegt að þingið samþykki lagagrein sem ríkisstjórnin ætlar sér ekki að efna? Ég er að spyrja um efndir ríkisstjórnarinnar á 1. gr. bráðabirgðalaganna vegna þess að það hefur ekkert komið fram um það að ríkisstjórnin ætli sér að efna hana og nú hefur skapast þetta öngþveiti í samskiptum þingsins við sjómannasamtökin vegna þess að ríkisstjórnin hefur ekkert gert til að efna 1. gr. Finnst hæstv. forsrh. það eðlileg lagasetning að setja lög um atriði sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér efnislega ekki að efna? Nema það hafi verið þannig af hálfu ríkisstjórnarinnar að þetta hafi bara átt að vera form, þetta hafi bara átt að vera 1. gr. um skipun nefndar án nokkurs efnislegs samhengis.

[11:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Málflutningur hv. 8. þm. Reykn. við 3. umr. málsins ber merki þess að hv. þm. virðist ekki hafa fylgst gjörla með þeim umræðum sem fram hafa farið um þessi viðfangsefni og endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða á undanförnum mánuðum. Hann kemur hér upp og belgir sig stórum yfir því að í gær hafi orðið þau tímamót að hagsmunasamtök sjómanna hafi tilkynnt nýja afstöðu af sinni hálfu í þessu máli og umræðum um það og vilji ekki fjalla um efnisatriði varðandi endurskoðun fiskveiðistjórnunar fyrr en endanlega hefur verið gengið frá með hvaða hætti verði komið í veg fyrir þátttöku sjómanna í viðskiptum með aflaheimildir. Þetta er bara ekkert ný afstaða af hálfu sjómannasamtakanna. Það urðu engin tímamót í þessu í gær. Allir þeir sem fylgst hafa með umræðum í þessu efni vita það gjörla. Sjómannasamtökin tóku þessa ákvörðun í aprílmánuði í fyrra. Það kemur fram í ályktun sem þeir gerðu þá og hv. 3. þm. Vesturl. hefur lesið hér upp held ég í hvert skipti sem sjávarútvegsmál hafa borið á góma í þinginu í allan vetur. Hann hefur fylgst með þessum málum, veit nákvæmlega hver staða þeirra er. Þótt ég sé ósammála honum um margt, þá veit hann nákvæmlega hver staða mál-

anna er. En formaður Alþb., hv. 8. þm. Reykn., kemur hér upp og hefur ekki hugmynd um hver eru grundvallaratriðin í stöðu málsins.

Sannleikurinn er sá í þessu efni að Farmanna- og fiskimannasambandið, Vélstjórafélagið og Sjómannasambandið gáfu út sameiginlega yfirlýsingu 16. apríl 1993. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Sjómannasamtökin telja það ekki þjóna tilgangi að fjalla um aðra þætti í tillögum þeirrar nefndar sem fjallar um mótun sjávarútvegsstefnu nema fyrir liggi að öll viðskipti með veiðiheimildir verði bannaðar."

Með öðrum orðum tóku samtökin ákvörðun í aprílmánuði á síðasta ári um að hætta umfjöllun og umræðum um fiskveiðistjórnunarlöggjöfina nema gengið væri að því skilyrði fyrir fram að banna öll viðskipti, eins og hér segir, með veiðiheimildir. Það lá í augum uppi af hálfu stjórnvalda að það gat ekki komið til álita að samþykkja það að öll viðskipti með veiðiheimildir yrðu bönnuð. Hins vegar lýsti ég og ríkisstjórnin því yfir strax í aprílmánuði í fyrra þegar skýrsla tvíhöfða nefndarinnar lá fyrir að við værum reiðubúnir til að ræða við sjómannasamtökin um nauðsynlegar aðgerðir og þar á meðal lagasetningu til þess að koma í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hefðu áhrif á skiptakjör sjómanna.

Við ræddum þann möguleika að lögfesta þá bókun sem oft hefur verið vitnað til og fylgdi kjarasamningunum 1992 og hugsanlega að styrkja hana með enn frekari ákvæðum, hugsanlega um úrskurðarvald og viðurlög. Það var á þeim tíma ekki talið tilefni til umræðu á milli sjómannasamtakanna að ræða málið á þeim grundvelli vegna þess að þau skilyrði höfðu þá verið sett að samtökin neituðu að ræða efnislega um málið nema stjórnvöld mundu fyrir fram fallast á að banna öll viðskipti með veiðiheimildir. Þau kusu að eiga um þetta mál við sína viðsemjendur á grundvelli kjarasamninga eins og reyndar var ekki óeðlilegt með tilliti til þess að þau höfðu gert um þetta sérstaka bókun sem var hluti af kjarasamningum.

Ég er því ekki að gagnrýna sjómannasamtökin fyrir þá afstöðu að hafa fyrst og fremst kosið að reyna að ná niðurstöðu í þessum efnum í viðræðum við sína viðsemjendur, síður en svo. Ég tel það fullkomlega eðlilegt að aðilar á kjarasamningum reyni á þeim vettvangi að gera út um þau mál og í þessu felst engin gagnrýni af minni hálfu. En þetta leiðir aðeins í ljós að hv. 8. þm. Reykn., sem fer hér stórum í umræðunni, hefur ekkert fylgst með og veit ekki hverjar eru einföldustu staðreyndir í meðferð þessara mála og byggir ályktanir sínar og ásakanir á þeim skorti á upplýsingum sem nauðsynlegar eru til þess að menn geti fjallað um málið. Og það er svo sem ekki í fyrsta skiptið hvorki í þessari umræðu né annarri að hv. þm. veður reyk í umræðum með þessum hætti.

Að því er varðar efnislega úrlausn málsins er alveg ljóst að bráðabirgðalögunum er ekki ætlað að kveða á um hina efnislegu niðurstöðu. Þeim var ætlað að fresta verkfalli og koma í veg fyrir vinnustöðvun fram til 15. júní og skapa með því svigrúm til þess að finna lausn á deilumálinu. Það er alkunna að samningsaðilar lögðu mesta vinnu í að finna lausn á þessu deiluefni sem lýtur að þátttöku sjómanna í kaupum á aflaheimildum. Að mínu mati voru þeir ekkert mjög fjarri því efnislega að ná sama en á endapunktinum strandaði alltaf á atriðum beggja megin frá. Ríkisstjórnin reyndi fyrir sitt leyti í þrígang að koma viðræðum á og tókst það en án árangurs. Ríkissáttasemjari gaf út þá yfirlýsingu að hann teldi ekki að í bráð væri neinn möguleiki á að leiða aðila saman til sátta við samningaborðið. Og það var í þeirri stöðu sem ríkisstjórnin komst að þeirri niðurstöðu að óhjákvæmilegt væri að stöðva verkfallið vegna hinna brýnu atvinnuhagsmuna í landinu og nota það svigrúm sem gæfist með því til þess að finna efnislega lausn sem augljóslega þurfti þá lagastuðning. Þess vegna er kveðið á um það í 1. gr. frv. að sett skuli á fót nefnd sem skili tillögum fyrir 1. febr. um það hvernig megi koma í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör sjómanna.

Nefndin kom strax saman og skilaði tillögum um þetta efni fyrir tilsettan tíma og fullnægði þannig í einu og öllu ákvæði laganna. Þær tillögur hafa verið til umfjöllunar hjá samtökum sjómanna, útvegsmanna og fiskvinnslustöðva og eins í hv. sjútvn. Alþingis. Ég tel fullkomlega eðlilegt að sjútvn. taki eðlilegan og góðan tíma til umfjöllunar um svo mikilvægt mál. Það er alveg ljóst að hugmynd ráðuneytisstjóra nefndarinnar er umdeild og getur orkað tvímælis í ýmsu. Eigi að síður er hún komin fram og liggur fyrir og menn þurfa að taka afstöðu til hennar.

Það var frá upphafi ljóst að efnisleg úrlausn á lagagrundvelli væri ekki hluti af afgreiðslu bráðabirgðalaganna. Þess vegna er 1. gr. sett fram eins og gert er. Ef ætlunin hefði verið að afgreiða málið efnislega, þá hefðu tillögur þar að lútandi verið settar inn í lögin og þau samþykkt þannig. Það þurfti hins vegar meira svigrúm til þess að finna þá lausn sem sæmilegust sátt getur orðið um í þessu efni. Bráðabirgðalögin voru sett þegar ljóst var að aðilar málsins gátu ekki komið sér saman og því var augljóst að meira svigrúm þyrfti í þessu efni og eðlilegast að afgreiða það mál í tengslum við afgreiðslu á lögum um stjórn fiskveiða, annaðhvort með breytingum á þeim lögum eða öðrum eða með sjálfstæðri lagasetningu. En allt eru það þó atriði sem tengjast saman og hljóta að ræðast í samhengi þannig að að mínu viti hefur verið staðið eðlilega að undirbúningi þess máls.

Komi það í ljós, sem mér sýnist stefna í, að hv. sjútvn. telji að þær tillögur, sem fyrir liggja og komu fram fyrir þann tíma sem lögin ákveða, séu ekki fullnægjandi, þá mun nefndin koma fram með aðra kosti í því efni. Ég hef lýst því áður að af minni hálfu liggi næst fyrir að reyna að byggja á svipuðum hugmyndum og aðilar sjálfir voru að ræða sín á milli og skera á þá hnúta sem óleystir voru milli aðila í nýjum tillögum. Ég hygg að einhver útfærsla af því tagi sé sá kostur sem eftir er ef ekki tekst samstaða um fyrirliggjandi tillögur um kvótaþing.

Það er kynlegt að hlusta á alþýðubandalagsmenn í þessari umræðu. Þeir hafa kvartað yfir því í hverri einustu umræðu sem fram hefur farið um málefni sjávar-

útvegsins að ríkisstjórnin komi alltaf með fullbúin mál, endanlega ákveðin með samkomulagi milli stjórnarflokkana, og smeygi þeim ofan um hálsinn á hv. sjútvn. Yfir því hefur verið kvartað æ ofan í æ að hv. sjútvn. hafi ekki fengið tækifæri til að fjalla um mál á undirbúningsstigi. Þó að ég hafi ekki alltaf tekið undir þá gagnrýni hefur hún vissulega stundum átt rétt á sér. Nú er staðið þannig að málum að tillögur eru settar fram af hálfu nefndar sem ríkisstjórnin skipaði og þær sendar til umsagnar hv. sjútvn. og hún fær tækifæri til að hafa áhrif á þær á mótunarstigi og þá hafa hv. þm. Alþb. allt á hornum sér að nú skuli þeir ekki fá endanlegar ákveðnar tillögur sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um og hv. sjútvn. geti ekki haft nein áhrif á til að móta af því að ríkisstjórnin sé búin að koma sér saman. Hér rekur sig hvað á annars horn. Þeir rísa upp gegn hverri þeirri málsmeðferð sem höfð er og komast þannig í mótsögn við sjálfa sig. Þetta er ekki sannfærandi málflutningur.

Ég hefði miklu fremur talið að þeir tækju því fagnandi að hv. sjútvn. gæti haft áhrif á þessar tillögur áður en þær eru endanlega orðnar að því samkomulagi sem getur leitt til lagasetningar. En athugasemdir þeirra skiljast vel og verða teknar til greina. Það stendur ekkert í raun og veru á bak við óskir þeirra um þetta víðtæka samráð vegna þess að þeir treysta sér ekki til þess að taka efnislega afstöðu, treysta sér ekki til þess að hafa skoðanir. Það er meginástæðan fyrir því að þeir kveinka sér undan því hvernig á þessu máli hefur verið haldið.

Ég tel með öðrum orðum að hér hafi verið unnið nákvæmlega eftir þeirri forskrift sem gefin var við útgáfu bráðabirgðalaganna. Það liggja fyrir tillögur. Það var auðvitað ljóst í svo viðkvæmu máli að um það gætu orðið skiptar skoðanir. Ef þær leiða ekki til sátta, þá sýnist mér eðlilegast að menn reyni að byggja nýjar tillögur á svipuðum hugmyndum og voru til meðferðar hjá samningsaðilum og reyni að höggva á þá hnúta sem út af stóðu í málinu þeirra í milli. Ef það er niðurstaða hv. sjútvn., þá mun nefndin og ríkisstjórnin undirbúa framhald málsins á þeim grundvelli og afgreiða síðan þau mál og lögin um stjórn fiskveiða í samhengi því að auðvitað tengjast þau eftir að málin eru komin í þennan farveg.

Það var hins vegar mjög eðlilegt að gefa sjómannasamtökunum allan þann tíma sem þau óskuðu eftir að reyna að finna lausn á þessu með sínum viðsemjendum. Á þeim tíma stóð alltaf til boða af hálfu ríkisstjórnarinnar að hún kæmi inn í þær viðræður ef aðilar teldu að það hjálpaði til við lausn málsins. En á því var ekki áhugi af þeirra hálfu eins og sakir stóðu þá og ljóst að það er ekkert nýtt í því af hálfu sjómannasamtakanna að vilja ekki ræða efnisatriði fiskveiðistjórnunarlaganna. Sú yfirlýsing var gefin í aprílmánuði í fyrra.

[11:50]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var nú frekar lítilmannlegt hjá hæstv. sjútvrh. að reyna að setja sig í þessar kennarastellingar hér og halda því fram að þingmenn viti ekki hvað þeir eru að tala um. (**Sjútvrh.:** Einn.) Eða að einn þingmaður viti ekki hvað hann er að tala um. Auðvitað er öllum kunnugt um það, hæstv. sjútvrh., hvaða yfirlýsingu sjómannasamtökin settu fram á sínum tíma. Það nýja í málinu sem hæstv. ráðherra veit auðvitað um er að eftir langvarandi deilur um þetta atriði gaf ríkisstjórn Íslands það fyrirheit að hún mundi koma með tillögur til lausnar á þeim málum. Ríkisstjórnin tók málið út úr þeim farvegi að það væru samningsaðilar sem ættu að fjalla um málið og tók það inn í sinn eigin heimagarð. Og það sem meira er, ríkisstjórnin setti bráðabirgðalög, þar sem í 1. gr. sjútvrh. ber ábyrgð ekki bara á því að skipa nefnd heldur eins og stendur hér líka „...undirbúa nauðsynlega löggjöf í þeim efnum." Og málið er auðvitað í hnút vegna þess að það er hæstv. sjútvrh. sem hefur vísað þeirri lagalegu ábyrgð frá sér í reynd og er að reyna að koma henni yfir á einhverja aðra. Síðan fer hann að tala hér með hrokafullum hætti um að þingmenn Alþb. treysti sér ekki til að hafa efnislega afstöðu svo ég vitni orðrétt í hæstv. ráðherra. Hver er efnisleg afstaða ríkisstjórnar Íslands í þessu máli? Ég hef spurt um það við 2. umr. og ekki fengið neitt svar. Ég spurði um það hér í morgun, bæði hæstv. sjútvrh. og hæstv. forsrh., og hef ekki fengið neitt svar enn, hvorki í þessari ræðu hæstv. sjútvrh. né hjá hæstv. forsrh. Þannig að sá aðili sem með 1. gr. þessa frv. og samkvæmt eigin yfirlýsingu tók að sér að gera tillögur í málinu hefur ekki sinnt því verki. Og þess vegna gáfu sjómannasamtökin þá yfirlýsingu í gær sem var fréttaefni allra fjölmiðla. Svo kemur hæstv. sjútvrh. hér upp og með hrokafullum hætti segir: Það var ekkert nýtt í því og fer að ásaka Alþb. fyrir að hafa ekki tekið efnislega afstöðu. Má ég spyrja hæstv. ráðherra: Hver er efnisleg afstaða ríkisstjórnarinnar í því máli?

[11:53]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að rengja það að hv. 8. þm. Reykn. hafi ekki tekið eftir því hver afstaða ríkisstjórnarinnar er í þessu efni. En sé svo þá er það vegna þess að hann hefur ekki hlustað. Afstaða ríkisstjórnarinnar er afar skýr. Hún hefur gefið fyrirheit um það og er að vinna að því að tryggja með lagalegum hætti að viðskipti með aflaheimildir hafi ekki áhrif á skiptakjör sjómanna. Til þess að ná því markmiði og þeirri stefnu er hægt að fara fleiri en eina leið. Og á grundvelli nefndarálits sem fyrir liggur, álits nefndar sem skipuð var með sérstökum lögum, hefur verið til umsagnar með eðlilegum hætti ákveðin tillaga í því efni. Það hefur verið að koma smám saman fram að þær tillögur eru umdeildar þó að formleg og endanleg ástæða liggi ekki fyrir af hálfu sjútvn. Ég hef lýst því yfir að það sé hægt að fara aðrar leiðir í því efni og hvaða kostur sé líklegastur til þess að ná stefnumarkinu. Og komi það í ljós eftir eðlilegt samráð við hv. sjútvn. þá verður málið unnið á þeim grundvelli.

Ég vona að það eigi ekki að skilja orð hv. þm. á þann veg að hann telji óeðlilegt að hafa samráð við hv. sjútvn. um þetta mál.

[11:54]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vita það auðvitað allir hvers vegna dagsetningin 1. febr. 1994 er í 1. gr. laganna. Ástæðan er sú að fyrirheit ríkisstjórnarinnar fólst í því að ríkisstjórnin kæmi með tillögur, tillögur, tillögur, ég endurtek þrisvar sinnum, tillögur til að leysa þetta mál áður en bráðabirgðalögin yrðu endanlega afgreidd á Alþingi. Hæstv. sjútvrh. staðfesti það auðvitað hér að ríkisstjórnin hefur engar tillögur í málinu. Hann sagði að það væri ákveðin tillaga til umfjöllunar, það vitum við allir, það er ekkert nýtt í því. En ríkisstjórn Íslands hefur ekki gert neina tillögu. Síðan sagði hæstv. sjútvrh. að hann gæti kannski einhvern tímann gert tillögur. Spurningin var ekki um það. Spurningin var um tillögur ríkisstjórnar Íslands. Það vita allir að hæstv. sjútvrh. getur gert tillögur. Hann gerði sem dómsmrh. tillögur fyrir tveimur dögum um að kaupa þyrlu. Við höfum í öllum fjölmiðlum heyrt forsrh. og utanrrh. afmelda þá tillögu. Hún er dauð í dag. Þannig tillögur hæstv. ráðherra Þorsteins Pálssonar þær lifa nú ekki lengi. Þær eru jafnóðum drepnar af hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. Þess vegna spyrja auðvitað sjómannasamtökin og þjóðþingið um tillögur ríkisstjórnarinnar. Hæstv. sjútvrh. verður bara að horfast í augu við það að nú, 3. mars, rúmum mánuði eftir 1. febr., þegar lokið átti að vera undirbúningi nauðsynlegrar löggjafar í þeim efnum, svo vitnað sé í orðalag frv., hefur ríkisstjórn Íslands ekki lagt fram neina tillögu í því máli sem var orsök sjómannaverkfallsins.

[11:56]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Í bráðabirgðalögunum segir skýrt að sú nefnd sem samkvæmt 1. gr. þeirra var sett á fót skuli skila tillögum fyrir 1. febr. Lögin kveða á um það að nefndin skili tillögum. Lögin fjalla ekkert um það að ríkisstjórnin skili tillögum fyrir 1. febr. (**ÓRG:** ...„og undirbúi nauðsynlega löggjöf".) Þau kveða á um það að nefndin skili tillögum. (**ÓRG:** Það er bara fyrri hluti setningarinnar.) Það var gert með eðlilegum fyrirvara og meira að segja nokkru fyrir 1. febr. Það liggur í hlutarins eðli að þegar tillögur koma fram þá þarf í kjölfar þess að taka til þeirra afstöðu. Og ríkisstjórninni þótti rétt að leita umsagnar m.a. hv. sjútvn. Og ég vona enn að hv. þm. sé ekki að gagnrýna það að hún sé höfð með í ráðum við mótun endanlegra tillagna og ákvarðana. En það liggur við þegar ég heyri þingmanninn tala hér aftur og aftur að ég fari að halda að hann sé í raun og veru að gagnrýna þá málsmeðferð.

En að öðru leyti hefur verið staðið að framkvæmdinni með þeim hætti sem ráð var fyrir gert við setningu þessara laga.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir.

[11:58]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil mótmæla þeirri ásökun hæstv. sjútvrh. að ég sé að gagnrýna það að sjútvn. sé höfð með í ráðum. Það hef ég aldrei gagnrýnt. En ég hef hins vegar hlustað á einn helsta fulltrúa Sjálfstfl. í sjútvn., hv. þm. Villhjálm Egilsson, lýsa því yfir að hann og aðrir í nefndinni hafni algerlega þeim tillögum sem embættisnefndin hefur komið fram með. Þannig að það er fulltrúi Sjálfstfl. í sjútvn. sem hefur hafnað tillögum embættismannanefndarinnar og það er það sem maður hefur heyrt opinberlega. Og það er þess vegna auðvitað sem maður knýr á um tillögur ríkisstjórnarinnar.

[11:59]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. var að gagnrýna alþýðubandalagsmenn fyrir það að þeir vikju sér undan þegar þeir fengju tækifæri til að fjalla um málið í sjútvn., þvert ofan í það sem þeir hefðu áður sagt um að þeir ætluðust til þess að þar yrði fjallað um málið. Ég held að málið liggi nú einfaldlega ekki svona. Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh.: Er einhver alvara í því frá hendi hæstv. ríkisstjórnar að sjútvn. þingsins geti fjallað um þau grundvallaratriði sem liggja til grundvallar deilunni milli sjómanna og útgerðarmanna og sé ekki með fyrirmæli á sér um það með hvaða hætti eigi að leysa þessi mál?

Hæstv. ráðherra er orðið það ljóst að hugmynd ríkisstjórnarinnar er ekki brúkleg. Hann er að vandræðast með þetta mál fram og til baka. Og þó hann hafi sagt hér áðan að það hafi farið eftir þeim farvegi sem ríkisstjórnin ætlaðist til þá er það rangt eins og bréf hæstv. ráðherra ber auðvitað með sér og ég mun fara yfir þau hér á eftir enn einu sinni til að rifja þetta upp fyrir mönnum. Málið liggur einfaldlega þannig að ríkisstjórnin er búin að gefast upp á þeirri leið sem hún valdi sjálf og er að reyna að fá sjútvn. þingsins til að taka að sér að fara leið sem hæstv. ráðherra var að marka hér í sinni ræðu áðan, þ.e. að sjútvn. eigi að leggja það til að málið verði leyst með þeim hætti sem ekki náðist samkomulag um milli aðila undir lok deilunnar.

[12:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þarf nú ekki að taka af nein tvímæli um það að ríkisstjórnin ekki bara ætlar sér heldur mun vinna að þeirri lausn sem nauðsynleg er og koma henni fram til þess að standa við þau fyrirheit sem gefin hafa verið. En það kemur auðvitað berlega í ljós hér í umfjöllun hv. 3. þm. Vesturl. um þetta mál að hann er að kvarta undan því að hv. sjútvn. fái málið til umsagnar og þurfi að taka til þess afstöðu. Það er alveg sjálfsagt að taka tillit til slíkra umkvartana en þær ganga þvert á umkvartanir hv. þm. fyrr í umræðum um sjávarútvegsmál. Og það taka allir eftir því og skilja allir þessa nýju umkvörtun og þessa nýju afstöðu þeirra þingmanna Alþb. Ég tel hins vegar að það sé fullkomlega eðlilegt að gefa hv. sjútvn. tækifæri til að taka afstöðu til málsins, og sé hún neikvæð, að vinna tillögur á öðrum grundvelli og leggja fyrir nefndina sem hefur til meðferðar frumvörp til laga um stjórn fisk-

veiða, sem hún eins og auðvitað þingið allt, þurfa að taka afstöðu til. En ummæli hv. þm. verða ekkert skilin á annan veg en að hann sé að kvarta og kveina undan því að þurfa að taka afstöðu til málsins á umsagnarstigi.

[12:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú svo erfitt að tala við hæstv. sjútvrh. um þetta mál. Hann virðist hafa það fyrir sið að reyna að snúa út úr því sem menn segja og svara ekki þeim spurningum sem er beint til hans. Ég spurði hæstv. ráðherra að því hvort sjútvn. gæti unnið að þessu máli með það fyrir augum að leysa það án þess að vera bundin af einhverjum fyrirframhugmyndum ríkisstjórnarinnar eða hæstv. ráðherra sjálfs því þetta mál snýst um grundvöll kvótakerfisins og ef menn ætla ekki að taka á því með þeim hætti að það sé hægt að leysa t.d. málefni sjómannanna sem snúa að eignarhaldi eða ígildi eignarhalds á veiðiheimildunum í sjónum þá eru menn að flýja frá vandanum. Og hæstv. ráðherra hefur komið sér undan því að svara hvort sjútvn. þingsins geti fjallað um þetta mál óbundin af hugmyndum ríkisstjórnarinnar sem hafa verið lagðar fram og þeirri ræðu sem hann hélt áðan um að sjútvn. ætti að leysa málið á þeim grundvelli sem ekki náðist samkomulag um í deilunni sjálfri.

[12:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. er nú í vörn sinni farinn að leiða umræðuna út á víðan völl og um aðra hluti. En honum til upplýsingar þá mun hv. sjútvn. fjalla um þetta frv. með nákvæmlega sama hætti og önnur frv. frá ríkisstjórn og þingmönnum sem þingnefndir fá til meðferðar. Það eru varla mikil tíðindi fyrir hv. þm. og furðulegt að þingmaður sem þó hefur setið þetta mörg ár á þingi skuli þurfa að bera fram fyrirspurn um það með hvaða hætti þingnefndir fjalli um mál. Það liggur bæði fyrir í þingsköpum og langri reynslu og fyrir nefndinni hafa legið ákveðnar tillögur um þetta atriði. Bæði ríkisstjórnin og sú nefnd sem skipuð var á grundvelli laganna er tilbúin til að koma fram með aðrar hugmyndir ef það má verða til þess að frekari sátt náist um niðurstöðu í málinu.

Það er hins vegar ekkert einfalt úrlausnar. Og allir sem til þekkja hljóta að gera sér fulla grein fyrir því að það er vandasamt úrlausnar þetta viðfangsefni og þarfnast nokkurrar skoðunar og ekki óeðlilegt að menn hafi nokkuð mismunandi sjónarmið uppi í því efni. Aðalatriðið er að menn séu sammála um að tryggja að það markmið náist sem við höfum sett okkur að sjómenn þurfi ekki að sæta því að viðskipti með aflaheimildir hafi áhrif á þeirra skiptakjör.

[12:06]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er nokkurt umhugsunarefni þegar hér eru gefnar yfirlýsingar að menn hafa fengið umhugsunarfrest um einn mánuð til að meta það hvernig þeir vilja standa að þeim yfirlýsingum. Og þegar stjórnarandstaðan greiddi atkvæði gegn þessu frv. ásamt tveimur þingmönnum Sjálfstfl. þá kemst hæstv. forsrh. að því að hvorki fyrr né síðar hafi stjórnarandstaðan sýnt annað eins ábyrgðarleysi. Vissulega hefur það verið uppflettiefni að komast að því með fortíðina að það hafi aldri gerst áður. En hitt sýnir náttúrlega yfirburðahæfileika að geta dæmt um það að í framtíðinni um ókomin ár muni það aldrei gerast að stjórnarandstaðan sýni annað eins ábyrgðarleysi. Það verður að segjast eins og er að á meðan umræðan er á þessum nótum þá ná menn ekki landi vegna þess að Sjálfstfl. er í þeirri stöðu að hann var að setja lög á eigin menn, eigin forustumenn. Í fyrsta lagi fjalla þessi lög í 1. gr. um að setja lög á hæstv. sjútvrh. Og nauðsynin var svo mikil að það varð að setja bráðabirgðalög. 1. gr. hljóðar svo: „Sjávarútvegsráðherra skal skipa nefnd ...“, það eru lög á hæstv. sjútvrh. Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvað var það sem hæstv. sjútvrh. hafði gert af sér svo það þyrfti að setja lög á hann, bráðabirgðalög á manninn? Það er ekkert smáræðis vandræðaástand orðið þegar ríkisstjórn býr við þau vandamál innbyrðis að það verður að setja lög, bráðabirgðalög á ráðherrana. Mér er það gjörsamlega óskiljanlegt að það geti verið ábyrgðarleysi af stjórnarandstöðunni að fella slíka lagagrein. Það er þá alveg óupplýst hvað það var sem hæstv. ráðherra hafði brotið af sér. (**StG:** Viðkomandi ráðherra ætti a.m.k. að þakka fyrir.) Hér er nefnilega kjarni málsins sá að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson greiðir atkvæði gegn lögunum vegna þess að hann er einn í forustusveitinni fyrir sjómönnunum. Guðjón A. Kristjánsson lýsir því í útvarpi allra landsmanna að þetta mál snúist um það hvort komið verði lögum yfir þá sem brjóta samninga. Hvort hægt sé að koma lögum yfir þá sem brjóta samninga. Hvort hægt sé að koma lögum yfir þá útgerðarmenn íslenska sem brjóta samninga. Og hann segir að það sé furðulegt að LÍÚ skuli hafa sameinast í þeirri afstöðu að koma í veg fyrir að hægt sé að koma lögum yfir þá sem brjóta samninga. En hérna horfum við alþingismenn á það að það er ekki aðeins LÍÚ sem hefur sameinast um þá afstöðu að koma í veg fyrir það að hægt sé að koma lögum yfir þá sem brjóta samningana heldur hefur ríkisstjórn Íslands líka ákveðið að taka þá afstöðu að koma í veg fyrir það að hægt sé að koma lögum yfir þá sem brjóta samningana. Hæstv. sjútvrh. sagði hér rétt áðan að markmiðið væri að setja reglur sem kæmu í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hefðu áhrif á skiptakjör. Það er aldeilis ekki það sem stendur í frv., hæstv. ráðherra. Ef þetta stæði í frv. þá væri það strax mikil framför. Það stendur nefnilega í frv. að hafa óeðlileg áhrif. Og þá spyr maður: Hver eru hin eðlilegu áhrif sem verið er að tala um? Það er verið að halda því fram að það sé eðlilegt að kvótakaup útgerðarmanna geti haft áhrif á skiptakjörin. Þannig hljóðar greinin. En hún hljóðar ekki þannig eins og hæstv. ráðherra talaði um. Það er nefnilega alveg á hreinu að þarna er mikill munur á. Eru menn að tala um óeðlileg áhrif eða eru menn að tala um áhrif? Er hæstv. sjútvrh. reiðubúinn að leggja til breytingu hér að í stað orðanna „óeðlileg áhrif“ standi „hafi áhrif“? Hér skilur á milli.

Ég hygg að hæstv. ráðherra geri sér grein fyrir því að þeir sem hafa staðið að þeirri skipan í þessu landi að hér skuli vera frjáls starfsemi verkalýðsfélaga geri ráð fyrir því að forustumenn í kjaradeilum verði að bera ábyrgð. Það er vissulega hugsanlegt að setja þá allsherjarreglu að hægt sé að fresta verkföllum vissan tíma. Fordæmið í þeim efnum er frá Bandaríkjunum. En það er umhugsunarefni að ríkisstjórn, sem hóf sinn feril á því að setja bráðabirgðalög til að tryggja það að vissir opinberir embættismenn yrðu ekki lækkaðir í launum, telur nú nauðsyn að setja lög á sjómenn sem ekki voru að fara fram á kauphækkun í þessu tilfelli heldur voru að fara fram á það að útgerðarmenn þyrftu að virða samningana og fara að lögum, að leikreglurnar yrðu þannig. Það er þetta sem okkur er óskiljanlegt. Og það sem við spyrjum um er þetta: Ef hæstv. forsrh. sér jafnlangt fram í tímann og kom fram í ummælum hans hér úr ræðustól sá hann þá ekki líka fram í tímann þegar hann lagði til í desembermánuði að fresta samkomudegi Alþingis, færa hann til um viku, vegna þess að það væri ekki hægt að setja bráðabirgðalög á þetta verkfall ef Alþingi hefði komið saman viku fyrr í janúar? Það væri ekki verjandi að segja undir þeim kringumstæðum að verkfallið hefði staðið svo lengi að það yrði að setja lög? Sú spurning liggur nefnilega á vörum hvers einasta sjómanns í landinu: Var útgerðarmönnum landsins lofað því í desember að það skyldu sett lög í janúar ef þeir ekki færu til veiða?

Nú er það svo að vissulega var þetta verkfall hættulegt veiðum á einni fisktegund við Ísland. Það var hættulegt gagnvart veiðum á loðnu. Það var hægt að veiða allan annan þann kvóta sem ákveðið hefur verið að veiða þó að verkfallið hefði staðið allan janúar vegna þess einfaldlega að það vita það allir að skipin eru á leiðinni í land vegna þess að þau hafa ekki aflaheimildir til þess að stunda veiðar þegar líður á árið. Ég hygg að þegar annar aðilinn telur sig geta treyst því að ríkisvaldið muni setja lög á mótleikarann sem er að semja við hann þá sé enginn grundvöllur til að ná frjálsum samningum, þá er enginn grundvöllur til að ná slíkum samningum. Og það er þess vegna að mínu viti sem þetta hefur ekki verið leyst, vegna þess að það lá áður fyrir og þess mega menn eins og hv. 3. þm. Reykv., Björn Bjarnason, minnast að það var búið að gefa út sameiginlega yfirlýsingu áður milli útgerðarmanna og sjómanna um hvernig ætti að standa að þessum málum. Það er eitthvað seinna sem kemur inn sem er ákvörðun um að það skuli haldið hlífiskildi yfir skúrkunum sem ekki vildu virða samningana.

Ég lít svo á að sú umræða sem hér fer fram hljóti að hafa viss kaflaskil í för með sér. Er svo komið að sú stétt Íslands, sem fyrst ásamt verkamönnum þessa lands fékk verkfallsheimild, er talin svo óábyrg að vonlaust sé að trúa henni fyrir því valdi að semja um þessa hluti? Við vitum að það hefur verið stefna ríkisstjórnarinnar að hækka ekki kaup í landinu. Við vitum að það hefur verið stefna hennar í reynd að lækka kaupið hjá flestum, ekki öllum, eins og ég gat um áðan. En við spyrjum okkur þeirrar spurningar varðandi þetta atriði: Stétt sem ekki er í reynd að fara fram á kauphækkun, stétt sem er að fara fram á samninga við sinn mótaðila á þann hátt að það sem áður var viðurkennt verði viðurkennt áfram með svo skýrum hætti að vonlaust sé að koma við prettum, sú stétt býr við það í dag að verkfallsvopnið var af henni tekið um vissan tíma. Það er hin sögulega staðreynd. Er það ábyrgðarleysi af stjórnarandstöðunni undir slíkum kringumstæðum að segja: Þessar leikreglur eru ekki heiðarlegar gagnvart íslenskri sjómannstétt. Það kostar peninga að fara í verkfall. Það er herkostnaður. Það áttu ekki allir fyrir þessum herkostnaði. En aðgerðin gerir það að verkum að hann tapaðist allur. Allur fórnarkostnaður íslenskra sjómanna í þessu verkfalli tapaðist. Hann var af þeim tekinn. Við höfum séð aðgerðir þar sem samið hefur verið m.a. við opinbera starfsmenn um afturvirkni á ýmsum hlutum sem liggur við undir sumum kringumstæðum að hafi mátt túlka sem launagreiðslur í verkfalli. En allur kostnaðurinn sem íslenskir sjómenn voru búnir að leggja í í þessu verkfalli var af þeim tekinn. Ég segi: Svona leikreglur eins og hér hafa verið notaðar eru ekki heiðarlegar. Og ef það er hægt að skilja Guðmund Hallvarðsson, hv. 16. þm. Reykv., sem neitar að styðja frv., þá hlýtur hæstv. forsrh. að gera sér grein fyrir því að Guðmundur Hallvarðsson, hv. 16. þm. Reykv., er ekki eini þingmaðurinn í þessum sal sem er í tengslum við íslenska sjómannastétt, jafnvel þó að það sé viðurkennt að hann gegni þar meira forustuhlutverki en aðrir sem hér eru inni. Ég neita þess vegna að taka við þeim bikar að það hafi verið óábyrg afstaða að standa með íslenskum sjómönnum í þessari deilu, að standa með því að þeir næðu lögum gagnvart þeim hluta íslenskra útvegsmanna sem vilja ekki virða samninga. En ég vil taka það fram að ég er sannfærður um að það er mikill meiri hluti íslenskra útvegsmanna sem vill virða samningana eins og þeir voru. Og ég veit líka að menn úr röðum íslenskra útvegsmanna sögðu við sjómenn: Ef þið ekki stoppið þetta svindl þá eruð þið að neyða okkur til að taka upp sömu leikreglurnar. Því ef það er þannig að sumir eigi að komast upp með það að borga 25% lægri laun en hinir þá er verið að færa þeim slíkan auð miðað við þá útgerðarmenn sem standa eðlilega að verki að þeir hafa fjármuni til að kaupa hina upp. Og erum við þá að samþykkja að það sé eðlilegt að byggja upp þannig réttarríki að hinir óheiðarlegu hafi möguleika til að kaupa hina heiðarlegu upp? Er það markmiðið með uppbyggingunni? Ég segi nei. Ég er sannfærður um, og það geta íslenskir sjálfstæðismenn kannað, að það eru margir, margir í þeirra röðum sem hafa merkan feril sem íslenskir útvegsmenn og munu ekki standa að því að svíkja sjómenn eins og skúrkarnir hafa gert í þessu sambandi og þeir munu aldrei standa að því að svíkja samninga á þennan hátt. Það er þetta atriði sem er ólíðandi í þessum ákvörðunum sem hér eru teknar.

Ég segi enn og aftur: Ef Alþingi Íslendinga vill taka upp leikreglur sem lýðræðisríkið Bandaríkin hefur notað, að hægt sé að fresta verkfalli, þá á að setja það inn í vinnumálalöggjöfina sem heild. Það á að setja það þar inn vegna þess að þá eru það almennar leikreglur á jafnræðisgrundvelli. En að ákveðin stétt þurfi að búa

við það að þegar hún hefur fært fórnarkostnað í verkfalli til að þvinga fram niðurstöðu sem ekki var kauphækkun, þvinga fram niðurstöðu sem var spurning um réttlæti, þá segi ég: Slík vinnubrögð Alþingis Íslendinga að samþykkja lög á þennan hátt leiða ekkert gott af sér.

Herra forseti. Ég met það svo að hæstv. sjútvrh. hafi skilið málið til fullnustu. Og ég met það svo að hæstv. sjútvrh. hafi líka skilið málið til fullnustu. Ég met það svo að það sé ekki þörf að ræða það frekar. Meiri hluti Alþingis tekur sína ákvörðun. Meiri hluti Alþingis má hæla sér af því að hafa tekið þessa ákvörðun fyrir mér. En ég biðst undan því að þurfa að sitja uppi með að það sé óábyrg afstaða að vilja standa að því að samningar séu virtir og skúrkar komist ekki upp með það að fara í kringum gerða samninga.

Umræðu frestað.

Staðsetning björgunarþyrlu, fyrri umr.

Þáltill. JónK o.fl., 304. mál. — Þskj. 495.

[12:26]

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 495 flyt ég tillögu ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni, Valgerði Sverrisdóttur og Stefáni Guðmundssyni um staðsetningu björgunarþyrlu. Tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram úttekt á hvaða staðsetning björgunarþyrlu þjónar best skipulagi björgunarmála hérlendis. Úttektin fari fram í samvinnu dómsmrn., Landhelgisgæslunnar, Almannavarna, Slysavarnafélags Íslands og Landsbjargar. Niðurstöður liggi fyrir fyrir 1. sept. 1994."

Í greinargerð tillögunnar kemur fram að tillaga þessi er endurflutt en hún var flutt fyrir ári síðan á 116. löggjafarþingi en hlaut þá ekki afgreiðslu, var vísað til nefndar

Í greinargerðinni kemur enn fremur fram að Alþingi hefur ítrekað veitt ráðherra heimild í 6. gr. fjárlaga til að semja um kaup á nýrri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Í umræðum á Alþingi í lok febrúar árið 1992 lýsti forsrh. því yfir að samið yrði um þyrlukaup á næstu mánuðum. Enn hefur ekki orðið af framkvæmdum í þessu efni. Þó er ljóst að það er breytinga að vænta á þeim tækjabúnaði sem Landhelgisgæslan hefur yfir að ráða til björgunar úr lofti. Það hefur verið svo að þyrlukostur Landhelgisgæslunnar er að öðru jöfnu staðsettur í Reykjavík og þar að auki hefur varnarliðið í Keflavík yfir þyrlusveit að ráða. Það hefur komið fram að viðræður eru í gangi við varnarliðið um samvinnu eða hugsanlega yfirtöku á þyrlusveit varnarliðsins og hefur verið nokkur atburðarás í því efni frá því fyrir ári síðan. Af þessu leiðir og það hefur verið svo að allur þyrlukostur landsmanna hefur verið staðsettur á suðvesturhorninu. Það má áætla að það taki þyrlu Landhelgisgæslunnar 1,5–3 klukkustundir að fara t.d. austur fyrir land ef flogið er með ströndinni. Það er því rétt að huga að hentugri staðsetningu á þessum þyrlukosti þegar það stendur til, sem ég vona að standi til enn, að kaupa fullkomna björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna. Sú staðsetning hlýtur að miðast við það að þyrlur og þyrlukosturinn þjóni sem best öryggi allra landsmanna.

Við staðsetningu þyrlukostsins þarf einnig að taka tillit til sívaxandi hlutverks þessara tækja í björgun þegar slysfarir verða á landi og það þarf að flytja slasað fólk m.a. á hálendinu til byggða og undir læknis hendur. Það þykir rétt að þeir aðilar sem um björgunarmál fjalla hér á landi eigi aðild að þessari úttekt vegna þess að það er nauðsynlegt auðvitað að samvinna þessara aðila við Landhelgisgæsluna sé sem best.

Ég hélt ítarlega framsöguræðu fyrir þessu máli fyrir ári síðan sem er skráð í þingtíðindum og ég vísa til þess í ýmsum atriðum. Ég lét þau orð falla fyrir ári síðan að þetta mál sé flutt í trausti þess að þau orð standi sem féllu í umræðu á Alþingi um þyrlumálið og það verði samið um kaup á björgunarþyrlu næstu mánuðum. Ég sagði orðrétt: „Vilji Alþingis í því efni hefur margsinnis komið fram í veitingu heimilda á 6. gr. fjárlaga til að ganga frá slíkum samningum."

Það er liðið ár síðan þetta var. Slík heimild er í gildi enn. Það hefur ítrekað verið spurt eftir þessum málum og síðast í gær en það liggur ekkert fyrir um þau mál enn hvaða þyrla og af hvaða gerð verður keypt.

Ég leyni því ekki að ég hefði auðvitað getað endurflutt þetta mál á síðasta hausti en ég var í það góðri trú að ég dró endurflutning á málinu fram um áramót vegna þess að ég átti von á að þessi mál skýrðust og ætlaði að haga tillöguflutningi samkvæmt því. Þessi mál hafa í raun og veru sáralítið skýrst og ég kaus það og meðflutningsmenn mínir að flytja þessa tillögu óbreytta þess vegna. Því miður verð ég að segja að þessi góða trú er mjög á undanhaldi svo ekki sé meira sagt. Ég furða mig satt að segja á þeim seinagangi sem er í því að ganga frá þessum þyrlumálum. Auðvitað þarf Landhelgisgæslan að hafa yfir fullkominni björgunarþyrlu að ráða hvað sem verður um samninga við varnarliðið um afnot af þeirra þyrlukosti.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um slysfarir eða óhöpp sem sanna gildi þyrlukostsins í landinu, það vita allir landsmenn. Það hafa gerst atburðir síðan þessi tillaga var flutt á fyrra ári sem sanna gildi þess að hafa þyrlur staðsettar víðar um land heldur en á suðvesturhorninu og vitna ég þá til strandsins í Vöðlavík sem var sláandi dæmi um það hvað slík staðsetning hefði getað þýtt í því tilfelli, þó giftusamlega tækist til og nokkrum mannslífum væri bjargað en eitt mannslíf tapaðist í þeim hörmulegu atburðum.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þetta. Rökin liggja á borðinu í þessu máli og í þyrlukaupamálinu. Það eitt sem vantar í þessu máli eru aðgerðir sem Alþingi hefur margsinnis veitt allar heimildir til og ég heiti á ráðamenn þjóðarinnar að láta hendur standa fram úr ermum í þessu efni.

Efling Landhelgisgæslunnar er svo enn einn þátturinn í þessu máli því það hefur orðið mjög hröð at-

burðarás í sjávarútvegi á síðasta ári einmitt. Það kom fram í umræðum um þessa tillögu á fyrra ári að það svæði sem Landhelgisgæslan á að líta eftir með sínum tækjakosti, flugvéla- og skipakosti, er 800 ferkílómetrar. Síðan hafa Íslendingar sótt á enn fjarlægari mið í ríkara mæli og öryggismál þeirra sem stunda úthafsveiðar eru algjörlega óleyst. Það var dálítið nöturlegt þegar skipstjóri sem var á leiðinni í Smuguna var spurður hvernig öryggismálum væri háttað þar. Hann svaraði því til að Norðmenn hefðu öfluga landhelgisgæslu. Það hefur ekki verið neinn möguleiki á því við þennan tækjakost sem Landhelgisgæslan hefur að t.d. eftirlitsskip fylgi skipum á leið í Smuguna.

Einn þátturinn í þessu máli er samstarf um björgunarmál á Norður-Atlantshafi sem ég veit ekki til að hafi verið ofarlega á verkefnalista þessarar ríkisstjórnar þrátt fyrir að tillögur hafi verið fluttar á Alþingi um slíkar athuganir.

Ég ætla ekki að hafa um þetta mál öllu fleiri orð. Þetta staðsetningarmál er eitt lítið skref til meira öryggis fyrir sjómannastéttina í landinu og fyrir þá sem eiga leið um landið, fyrir ferðamennina og fyrir fólkið í landinu sem á leið um landið annarrar vinnu vegna.

Ég bið um að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til allshn.

[12:37]

Karen Erla Erlingsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil leyfa mér að taka undir tillögu hv. 2. þm. Austurl. um að kanna hvaða staðsetning björgunarþyrlu þjónar best skipulagi björgunarmála í landinu. Hins vegar er lítið vit í því að vera að velta fyrir sér mismunandi staðsetningum á þyrlum sem ekki eru til eða við höfum ekki umráðarétt yfir. Í því sambandi er allt í lagi að minna enn og aftur á það að ótrúlegur tími hefur farið í umræður um væntanleg þyrlukaup en því miður, eins og svo oft áður, er minna um framkvæmdir.

Með leyfi hæstv. forseta langar mig að grípa niður í greinargerðina. Þar kemur fram að í umræðum á Alþingi í lok febrúar 1992 lýsir forsrh. því yfir að samið verði um þyrlukaup á næstu mánuðum. Nú 24 mánuðum seinna hefur ekki enn þá verið staðið við yfirlýsinguna. Hvað þarf eiginlega að gerast til þess að stjórnvöld átti sig á alvöru þessa máls? Atvik á við það sem gerðist í Vöðlavík, við bæjardyr okkar Austfirðinga, duga greinilega ekki til.

Ég er á því að þetta mál þoli enga bið. Það er ekki hægt að bjóða t.d. sjómönnum sem stunda undirstöðuatvinnuveg okkar upp á þetta öllu lengur. Ég legg til að stjórnin standi við þá yfirlýsingu sem gerð var fyrir tveimur árum og geri jafnframt úttekt á hentugustu staðsetningu björgunarþyrlna eins og lagt er til í þessari tillögu. Að mínu mati er nauðsynlegt að staðsetja björgunarþyrlu einnig annars staðar á landinu en á suðvesturhorninu þannig að auðveldara verði að þjóna landsvæðunum Norðausturlandi, Austurlandi og Suðausturlandi. Mismunandi staðsetning björgunarþyrlna þýðir í mörgum tilfellum styttri vegalengd á slysstað. Það eru oft mínútur sem skilja á milli lífs og dauða.

[12:39]

Flm. (Jón Kristjánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Austurl. fyrir undirtektirnar við þetta mál. Það er alveg rétt sem kom fram hjá honum að það þýðir náttúrlega lítið að vera að velta fyrir sér staðsetningu á björgunarþyrlu sem ekki er til. Ef það yrði tilfellið að 1. sept. nk. yrði engin þyrla komin til landsins af fullkomnustu gerð þá þýðir lítið að vera að velta fyrir sér staðsetningu hennar.

Mér þykir afar slæmt að hvorki hæstv. forsrh. né hæstv. dómsmrh. skuli vera viðstaddir umræðuna af því að þessi þyrlumál eru nú til umræðu. Það segir sína sögu að þessi mál hafa dregist úr hömlu og það er alveg óljóst enn hvaða lyktir verða í samningum við varnarliðið, hvaða björgunarþyrla verður keypt. Og síðast í gær kom það fram hjá hæstv. forsrh. í umræðum að það er engu líkara en að það eigi að fara að blanda þyrlukaupamálinu í deilur um fisksölu til Frakklands, sem mér finnst mjög einkennilegt svo ekki sé meira sagt.

Ég vil vekja athygli á þessari fjarveru og á því að fjölmörgum spurningum er ósvarað um þessi þyrlukaupamál. Ég vona að það verði svo að hv. allshn. taki þetta mál og afgreiði það og láti það ekki liggja þannig að það verði þó unnið á þessum vettvangi að þessu þarfa máli. Ég hef kosið að láta þessa tillögu fjalla eingöngu um staðsetninguna. Það hafa verið baráttumenn fyrir þyrlukaupum og við erum auðvitað baráttumenn fyrir þeim en ég hef kosið að halda því máli til hliðar en það verður ekki hjá því komist eigi að síður, vegna þessa einstæða framgangs, að minna á það mál um leið og talað er fyrir þessari tillögu.

[12:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir það að þessi tillaga kemur hér til endurflutnings en ég kem fyrst og fremst upp í þennan ræðustól til þess að kvarta yfir því að hæstv. forsrh. eða aðrir forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar eru ekki mættir hér til þess að segja sitt álit á því sem er verið að leggja til. Það er verið að leggja það til að ríkisstjórnin láti fara fram úttekt á því hvar sé best að láta björgunarþyrluna vera á landinu og það skiptir verulega miklu máli. En einmitt á sama tíma og verið er að ræða þetta mál þá liggur það fyrir að hæstv. forsrh. hefur verið að láta í veðri vaka að það geti vel verið að þessar þyrlur verði allar staðsettar í Keflavík. Ef það er skoðun ríkisstjórnarinnar að þyrlurnar eigi að vera staðsettar í Keflavík þá finnst mér æðiundarlegt að vera að ræða mál á Alþingi um að skoða aðrar leiðir ef þetta er stefnumörkun. Mér finnst það ekki Alþingi til sóma ef ekki er hægt að láta umræðuna sem hér fer fram endurspegla raunveruleikann á þeim tíma sem umræðan fer fram. Mér finnst það óvirðing bæði við tillögumenn, sem eru að leggja fram góða og eðlilega tillögu um að við stöndum faglega að því að átta okkur á því hvernig eigi að skipa björgunarmálum, og þingið að menn skuli ekki mæta til þeirrar umræðu og svara því hvort það sé þannig að ríkisstjórn Íslands sé nánast búin að ákveða að það eigi að

sinna björgunarstörfum frá einum stað á landinu og það sé Keflavík.

[12:45]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við höfum fylgst með því síðustu daga að mikill ágreiningur er í ríkisstjórninni um þyrlumálin. Við urðum líka vitni að því fyrr í dag hvernig hæstv. forsrh. fór óvirðulegum orðum, svo nokkuð er einstakt, um hv. þm. Inga Björn Albertsson. Það hefur komið fram að nefnd sem einn helsti embættismaður forsrh., Albert Jónsson, á sæti í er nú í viðræðum við bandarísk stjórnvöld um að framtíðarskipan björgunarþyrlumála verði á þann veg að Íslendingar taki að sér sem verktakar að annast fyrir bandaríska herinn rekstur flugbjörgunarsveitar hersins og þar með verði björgunarmálum sinnt og ekki keypt sérstök björgunarþyrla. Við höfum jafnframt heyrt hæstv. dómsmrh. lýsa því yfir að hann sé staðráðinn í því að beita sér fyrir kaupum á þyrlu. Við höfum heyrt hæstv. utanrrh. lýsa því yfir í sjónvarpi, að mig minnir í gærkvöldi, að það komi ekki til greina að taka slíka ákvörðun.

Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta og flm. þessarar tillögu hvort þeim finnist ekki eðlilegt að umræðunni sé frestað þar til þessir hæstv. ráðherrar geta verið við umræðuna. Ef hv. flm. telur hins vegar að hann vilji fá tillöguna til nefndar án þess að ráðherrarnir tjái sig um málið þá skal ég ekki standa gegn þeirri ósk hans en mér finnst eiginlega ekki, eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði, eðlilegt að taka mál, sem þjóðin hefur jafnmikinn áhuga á og þingið hefur glímt við jafnlengi og þyrlumálin, til loka 1. umr. án þess að ræða það, eins og hv. þm. Jóhann Ársæls
son sagði, á grundvelli þeirra staðreynda sem liggja fyrir.

Það er vel hugsanlegt að þyrlumálið sé með þeim hætti að þingið verði að höggva á hnútinn. Landbúnaðarmálin hafa skipast með þeim hætti að þingið verður að höggva á þann hnút og nú virðist svipað vera í uppsiglingu varðandi þyrlumálin. Þess vegna vildi ég áður en þessari umræðu lýkur, virðulegi forseti, beina þeirri spurningu til flm. hvort hann sé sáttur við að sett sé fram ósk um að umræðunni sé frestað. Ef hann er sáttur við það þá vildi ég setja fram þá ósk að umræðunni sé frestað þar til hæstv. dómsmrh., hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. geta verið viðstaddir.

[12:48]

Flm. (Jón Kristjánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef að sjálfsögðu ekki á móti því að þessari umræðu sé frestað til þess að hægt sé að draga þá ráðherra sem málið varðar til þings og eins ef einhverjir fleiri þingmenn, sem vafalaust er, hafa áhuga á að ræða þyrlumálin í tengslum við þessa tillögu, þá hef ég að sjálfsögðu ekki á móti því þó ég fari þá þess á leit að málið verði fljótlega tekið aftur á dagskrá til þess að tillagan komist til nefndar. En mér er að sjálfsögðu ekkert áhuhjálparatriði að tillagan fari til nefndar fyrir helgi og er ekkert á móti því að beðið sé um slíkan frest.

[12:49]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í ljósi þessarar yfirlýsingar hv. 2. þm. Austurl., Jóns Kristjánssonar, vil ég setja fram þá formlegu ósk að umræðunni verði frestað. Ég tel það einsýnt að forseti hljóti að taka tillit til þeirra óska flm. að málið komi fljótlega til umræðu aftur í næstu viku, m.a. í ljósi þess að flm. sýndi þá tillitssemi að vera reiðubúinn að taka málið til umfjöllunar með skyndingu þegar hæstv. sjútvrh. varð að láta fresta umræðunni um bráðabirgðalögin vegna fjarveru sinnar. Og í trausti þess að hæstv. forseti taki tillit til þeirrar óskar að hafa þetta mál á dagskrá í næstu viku þegar þessir ráðherrar sem hér hafa verið nefndir og fleiri þingmenn geta verið viðstaddir, óska ég eftir því að umræðunni sé frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti stendur frammi fyrir því að það er enginn á mælendaskrá í þessu máli og það er nú venjan að fresta því aðeins máli að einhver sé á mælendaskrá. Hv. flm. tillögunnar hefur nú þegar nýtt sinn ræðutíma og talað tvisvar. En nú hefur hv. 4. þm. Reykv. óskað eftir að taka til máls.

[12:51]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mér sýnist það alveg einsýnt vera að það beri að verða við óskum sem hafa komið fram um að þetta mál fái góða meðhöndlun þegar ráðherrar eru mættir og það komi ekki annað til greina en þjóðin fái nú loksins að sjá hvort það sé hugmyndin yfirleitt að tryggja okkar sjómönnum og raunar fleirum það öryggi sem þyrlan er, sem við höfðum ályktað um að athuga skyldi málið en ekki kannski beint að Alþingi hafi ákveðið hvernig með það skuli fara.

En mér finnst alveg koma til greina að Alþingi ályktí hreinlega um það að keypt skuli þyrla af einhverri ákveðinni tegund og ef það ekki gengur í gegn, að meiri hluti Alþingis geri eitthvað í þessa veru, þá er náttúrlega ekkert við því að gera. Við ráðum ekki við það, óbreyttir þingmenn, en við eigum fullan rétt á því að með málið sé farið að réttum þingsköpum og að alls siðgæðis — ég vona nú bara að ég geti notað það, það sé ósiðlegt að reyna að drepa málinu á dreif með aldeilis hreint óendanlega mikilli tregðu.

Ég veit ekki hvað það er, hvort það er gerð þyrlunnar, hvort það eru einhverjir einstaklingar sem sérstaklega á að hnýta í og hefur verið gert með ósæmilegum hætti, að þetta sé mál einhvers einstaks þingmanns. Ég held að við þessir óbreyttu megum bara hafa okkar skoðun líka og fá málið til atkvæða eins fljótt og unnt er.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Málið hefur verið leyst þar sem tveir hv. þm. eru nú þegar komnir á mælendaskrá. Þá er ekkert því til fyrirstöðu að verða við þeirri ósk sem hér hefur komið fram frá hv. 8. þm. Reykn. Og þar sem hv. 1. flm., 2. þm. Austurl. hefur tekið undir það að hann sé ekki á

móti því að fresta málinu, þá verður umræðu þessari frestað.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 12:54]

Útbýting þingskjals:
Fjáraukalög 1993, 452. mál, stjfrv., þskj. 675.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 302. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 490.

[13:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. forsrh. sagði við þessa umræðu í morgun að hér hefði verið á ferðinni pólitískur skollaleikur frá hendi stjórnarandstöðunnar og ábyrgðarleysi að greiða atkvæði gegn þessum bráðabirgðalögum hér í þinginu.

Ég mótmæli þessum orðum og tel að það sé einsýnt hvar ábyrgðarleysið liggur í þessu máli. Ábyrgðarleysið liggur auðvitað hjá ríkisstjórninni sem missirum saman hafði velkst með þetta mál. Það hafði verið vitað frá því á sl. vetri að sjómannasamtökin myndu ekki getað sætt sig við stefnu ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum eins og hún hafði verið boðuð í tillögum tvíhöfða nefndarinnar. Þannig vissu menn alveg nákvæmlega í hvað stefndi, að það stefndi í átök á milli vinnuveitenda og sjómanna. Auðvitað skýrðist þetta enn betur þegar leið að áramótum og ríkisstjórnin gerði ekki neitt til að koma í veg fyrir að þetta verkfall skylli á og það er ábyrgðarleysi. Það að greiða atkvæði gegn þessum bráðabirgðalögum er að mínu viti eingöngu samviskuspurning til þingmanna, hvort þeir séu tilbúnir að skrifa upp á stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málum, þ.e. þá hluti sem hér liggja fyrir. Ríkisstjórnin lét reka á reiðanum og gerði bókstaflega tilraun til þess að brjóta sjómenn niður í verkfalli með því að reyna ekki að leysa málin áður en verkfall skylli á. Ef það er einhver sem er ábyrgðarlaus í málinu þá er það hæstv. ríkisstjórn og ég tel að það væri í sjálfu sér ekki nema skásta niðurstaðan úr því sem komið er að þessi bráðabirgðalög verði felld hér í þinginu.

Ég efast ekkert um að sjómenn muni velta því fyrir sér hvort þeir ætli að láta verkfall skella á samstundis eða ekki. Það er einu sinni þannig að skip þurfa að sigla í land og menn þurfa að skoða málin í ljósi stöðunnar ef upp kæmi. Ríkisstjórnin er búin að klúðra þessu máli og sjómenn þurfa að horfa á þá stöðu eins og hún liggur fyrir ef hv. Alþingi kæmist að þeirri niðurstöðu, sem að mínu viti ætti að vera sú eina rétta, þ.e. að fella þessi bráðabirgðalög.

Hæstv. sjútvrh. var í morgun að ráðast að Alþb. fyrir það að við höfum verið að spyrja dálítið um það hver meiningin væri á bak við þau orð hans að sjútvn. þingsins eigi að fjalla um þær hugmyndir sem hér liggja fyrir um kvótamarkað eða einhverja aðra leið til þess að koma í veg fyrir að sjómenn taki þátt í kvótakaupum. Það kom síðan í ljós í síðari ræðum hans í morgun að hann ætlar nú ekki sjútvn. mjög mikið hlutverk í þessu því hann lýsti því nánast að það væri eingöngu um tvo möguleika að ræða fyrir nefndina til að fjalla um málið. Í fyrsta lagi hugmyndirnar sem koma fram í bráðabirgðalögunum, þ.e. að koma á þessum kvótamarkaði með einhverjum hætti og í öðru lagi að leysa málin með þeim hætti sem aðilar deilunnar gáfust upp við eða gátu ekki komið til enda í sínum samningaviðræðum. Og það var alveg greinilegt á orðum hæstv. ráðherra að hann ætlaði ekki sjútvn. að fjalla um málið opið, með alla möguleika til skoðunar, í tengslum við endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Ég held að það væri samt rétt að hæstv. sjútvrh. gerði þinginu betur grein fyrir því hvað hann er að meina, hvaða hlutverk hann telur að hv. sjútvn. eigi að fara með við mótun þessa máls, því í bréfi hans frá 8. febr. til nefndarinnar eru lokaorðin þessi, með leyfi forseta:

„Ráðuneytið telur því eðlilegt að fyrrgreint frv. til laga um stöðvun verkfalls sjómanna verði afgreitt úr nefndinni en viðskipti með aflaheimildir og skiptakjör komi til umfjöllunar samhliða afgreiðslu fiskveiðistjórnunarfrumvarpsins."

Þessi orð er ekki hægt að skilja þannig að sjútvn. eigi að halda sig akkúrat nákvæmlega við hugmyndir ráðuneytisstjóranefndarinnar vegna þess að þarna er bara verið að tala um ágreiningsefnin og síðan að það megi ræða þau og leysa í tengslum við afgreiðslu fiskveiðistjórnunarfrv. Ef menn lesa þetta eins og orðin hljóða þá hlýtur sjútvn. að geta leyst eða skoðað allar hugmyndir til lausnar málsins. Ég held að það væri nú gott og upplýsandi fyrir hv. Alþingi að hæstv. sjútvrh. lýsi því svolítið betur sem hann var að segja í morgun, þ.e. að sjútvn. ætli nánast ekki að skoða málið nema út frá tveimur möguleikum, þ.e. í fyrsta lagi hugmyndinni um kvótaþing og í öðru lagi út frá þeirri stöðu sem hafði verið rædd undir lok samningaviðræðna áður en verkfallið skall á.

Ég lýsi því hér yfir að ég er tilbúinn að taka þátt í störfum sjútvn. með það fyrir augum að reyna að leysa þessi mál. En menn verða að gera sér fullkomlega grein fyrir því að þetta fiskveiðistjórnunarkerfi er að hrynja yfir þá sem bera ábyrgð á því og skelfingin er auðvitað farin að koma fram í þeirra gerðum og það er þess vegna sem þessi óskaplegi hringlandi er t.d. á þessu máli að þessir hv. alþingismenn og ráðherrar sem bera ábyrgð á málinu hér inni í þinginu vita ekki sitt rjúkandi ráð. Þeir vita ekkert hvernig þeir komast frá þessu máli. Þessi hugmynd um kvótamarkað virðist vera að gufa upp í höndunum á þeim. Þeim datt ekki einu sinni í hug að kanna stuðning ríkisstjórnarliðsins við þessa hugmynd og þess vegna sitja þeir hér uppi með það að ríkisstjórnin hefur ekki nægilegan stuðning til þess að geta leyst málið og kannski hefði hún aldrei gert það þó að hún hefði verið búin að tryggja stuðning þingmanna sinna við hugmyndina.

Það er vitað að sumir af þingmönnum stjórnarliðsins voru frá upphafi í algerri andstöðu við þessa hug-

mynd um kvótamarkaðinn. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lá t.d. ekkert á því, annar formaður tvíhöfða nefndar, að hann væri gersamlega andvígur því að leysa málin með þessum hætti og mér er ekki grunlaust um að það hafi verið fleiri í þingliði stjórnarflokkanna. Þannig að hæstv. sjútvrh. ferst ekki að tala um að það sé ekki samstaða í öðrum flokkum um þessi mál eins og þau líta út hjá hans eigin flokki og hann kemst hvorki lönd eða strönd með sínar hugmyndir um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og hefur ekki komist fram að þessu. Þannig liggur það nú, enda hefur vingulsháttur þessarar ríkisstjórnar í málinu verið með þvílíkum eindæmum að það hlýtur að vera tekið mjög eftir því með þjóðinni.

Hér eru öll mál sem tengjast fiskveiðistjórnunarmálunum að sigla í strand og menn vita nánast ekki hvað er fram undan á næstu dögum, hvað þá lengra fram í tímann, um þessa hluti. Og hvernig á annað að vera þegar þvílík óheilindi hafa verið og viðgengist í þessum málum sem menn standa hér frammi fyrir. Og að þau óheilindi í sjálfu sér skuli speglast í lagatexta sem ríkisstjórnin leggur hér fram er auðvitað lýsandi fyrir málið. Þar bendi ég á það sem hv. 2. þm. Vestf. var að ræða hér í morgun, að í 1. gr. þessa lagatexta segir að það eigi að koma í veg fyrir að viðskipti með aflaheimildir hafi óeðlileg áhrif á skiptakjör. Hvers vegna skyldi þetta orð óeðlileg áhrif vera inni í lagatextanum? Ég held að allir sem þekkja þetta mál viti hvers vegna. Það er vegna þess að það hefur verið stór og áhrifamikill hópur innan ríkisstjórnarflokkanna sem hefur viljað viðhalda viðskiptum með aflaheimildir og fisk þar sem sjómenn hafa verið látnir taka þátt í kvótakaupum. Það er nákvæmlega þess vegna sem þetta orðalag er inni í lagatextanum. Síðan hafa menn verið að reyna að smokra sér undan þessu og ekki viljað svara því eða túlka hvers vegna þetta orðalag er og hvað það þýði. En það segir auðvitað líka sína sögu.

En þetta er nákvæmlega svona og það er ekki hægt annað en að rifja upp hvernig málin stóðu undir lok deilunnar, þ.e. áður en bráðbirgðalögin voru sett. Þá stóðu málin þannig að forusta LÍÚ sagði að hún væri tilbúin að standa með sjómönnum í því að koma í veg fyrir að þeir tækju þátt í kvótakaupum, þ.e. ef útgerðarmaður keypti kvóta á sinn bát. Þetta var alveg skýrt og greinilegt og kom fram hjá forustumönnum LÍÚ. En síðan sögðu þeir að þeir vildu viðhalda því kerfi sem hefur viðgengist, þ.e. kaup og sala á fiski og aflaheimildum, sem menn hafa t.d. kallað tonn á móti tonni viðskipti. Það átti að vera löglegt áfram. Og það var vísað hér í yfirlýsingu frá síðustu kjarasamningum sjómanna um þessi mál og í þá yfirlýsingu hafa bæði útvegsmenn og sjómenn sótt sinn rökstuðning en túlkað hvor með sínum hætti. Þannig var forusta LÍÚ í raun og veru að lýsa því yfir að hún teldi að það væri eðlilegt að sjómenn tækju þátt í kvótakaupum ef það væri gert með þeim hætti sem ég var að lýsa hér áðan og þeir vildu að því yrði viðhaldið. Og hæstv. ríkisstjórn ákvað að hafa inni í lagatextanum þetta orð, að hafa óeðlileg áhrif á skiptakjör, vegna þess að hún vildi hafa opinn möguleika á því að leysa málið þannig að sjómenn yrðu áfram látnir taka þátt í kvótakaupunum.

Hæstv. sjútvrh. hefur komið sér undan því í þessari umræðu að útskýra fyrir mönnum þetta orðalag og hvað það þýði. Hann hefur hins vegar ítrekað komið í ræðustól og sagt að það eigi að koma í veg fyrir að sjómenn taki þátt í kvótakaupum. Hvers vegna lagði hann þá slíkan lagatexta fram? Ég held að það sé nú kominn tími til að hæstv. ráðherra svari því.

Síðan held ég að það þurfi að ræða betur hlutverk sjútvn. sem virðist nú vera haldreipi ríkisstjórnarinnar, sem bjargi henni út úr málinu. Það er út af fyrir sig ekkert nema gott um það að segja ef ríkisstjórnin meinar þá eitthvað með því að sjútvn. eigi að bjarga þessu máli. Sjútvn. þingsins er að mínu viti besti vettvangurinn til þess að reyna að finna lausn á þessum málefnum sjávarútvegsins. En eigi sjútvn. að leysa þau mál með handjárn á báðum höndum, þá held ég að hún komist hvorki lönd eða strönd. Ef hv. 1. þm. Vestf. á að leiða nefndina í gegnum umræður um fiskveiðistjórnunarmálin með handjárnin á báðum höndum frá ríkisstjórninni, annars vegar um það að setja á einhvers konar kvótamarkað og hins vegar að ekki megi skoða aðrar hugmyndir heldur en þær sem var verið að ræða í sjálfri fiskveiðideilunni, þá sé ég ekki að hann komist langt með að leysa málið inni í sjútvn. En hann svarar því auðvitað svo sem sjálfur. Þetta hljóta menn að skoða í ljósi stöðunnar, þ.e. þess uppreisnarástands sem er núna í landinu og það er ekki síst í kjördæmi hv. 1. þm. Vestf. sem það uppreisnarástand er og ég geri ráð fyrir því að hann sé einn af þeim sem vilji kannski reyna að finna leiðir út úr þessum vanda sem þjóðin stendur frammi fyrir.

Ég segi það alveg eins og ég hef sagt hér áður í Alþingi, ég tel að Alþingi þurfi að taka á þessu máli og það þurfi að gera það af mikilli alvöru vegna þess að Alþingi Íslendinga hefur komið sjávarútveginum og fólkinu sem býr í sjávarútvegsbyggðunum í þennan vanda, þ.e. vandann sem er orðinn til vegna þessa stjórnkerfis fiskveiðanna. Það er ekki boðlegt að Alþingi Íslendinga hafi í gildi fiskveiðistjórnunarlöggjöf sem segir í einu orðinu að þjóðin eigi saman auðlindina en í framkvæmdinni afhendir hún þessa auðlind í hendurnar á einkaaðilum með ígildi eignarréttar. Og það er nákvæmlega þessi grundvallarvandi sem sjómenn eru að takast á við útgerðarmenn um því að útgerðarmenn í landinu vilja nota þessar veiðiheimildir eins og sína eign einfaldlega vegna þess að Alþingi Íslendinga hefur fengið þeim eignarrétt, ígildi eignarréttar á þessari auðlind. Það er ekki nema eðlilegt að útgerðarmenn líti þá á það sem sína eign og vilji hafa allan arð af þessari auðlind. Svona tvískinnungsháttur gengur ekki og hv. Alþingi verður að gera það upp við sig að annaðhvort verður þetta þjóðareign áfram eða menn þurfa þá að horfast í augu við það að gera þetta að einkaeign eins og það er. Ætla menn þá ekki bara að fella niður ákvæðið í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða um að þjóðin eigi þetta. Ég held að það væri a.m.k. meira samræmi í þeirri afstöðu Alþingis Íslendinga ef það væri gert.

Það er mín skoðun og ég endurtek það að lokum,

hæstv. forseti, að það eigi að fella þessi bráðabirgðalög og að ríkisstjórnin eigi að segja af sér.

[13:50]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það er nú komið á daginn sem raunar sveif yfir vötnunum bæði í 1. og 2. umr. þessa máls að það er alvarlegra heldur en hv. stjórnarsinnar vildu vera láta að skilja 1. gr. þessa frv. eftir í lausu lofti og ætla sér að afgreiða málið án þess að það sé kominn nokkur botn í það mál.

Það var ljóst þegar við 1. umr. málsins að hugmyndirnar sem áttu að vera til þess að uppfylla skilyrði 1. gr. áttu ekki upp á pallborðið hvorki hjá öllum stjórnarsinnum né heldur hjá mörgum aðilum þessa máls. Þar af leiðandi stöndum við nú frammi fyrir því að það hefur ekkert verið gert til þess að breyta eða gera þessa grein gilda og nýtilega og það er hreinlega út í hött að fara að samþykkja þetta mál með þessu formi og ekki heldur fyrir þá sem þó hafa með mismikilli ánægju ljáð því stuðning sinn, en eins og fram hefur komið hér í þessu máli og í atkvæðagreiðslunni í gær hafa ekki allir stjórnarþingmenn treyst sér til að gera það. Þetta út af fyrir sig er bara eitt af mörgum dæmum.

Ég hef þegar tíundað mjög rækilega afstöðu okkar kvennalistakvenna en því miður eigum við ekki þá aðild að sjútvn. að hafa tök á því að skila nefndaráliti. Ég hef hins vegar haldið því til haga að við höfum í fyrsta lagi mjög mikið við það að athuga að það séu sett bráðabirgðalög og við höfum sjálfar flutt frumvörp um það að þessa heimild eigi að fella niður. Það hefur margsýnt sig að stjórnvöld hafa misnotað þessa heimild mjög freklega og þetta er eitt af þeim dæmum sem eru hvað alvarlegust og styðja þá skoðun okkar. Í fyrsta lagi er þetta óþarft. Það er hægt að kalla saman þing, það er hægt að taka á málunum á þinglegum vettvangi og það á að sjálfsögðu að gera það. Í öðru lagi hef ég haldið til haga andstöðu okkar kvennalistakvenna við það að setja lög á kjarasamninga eða vinnudeilur og þar með talin verkföll. Þetta er annað atriðið sem ég held að sé ekki síður mjög mikilvægt. Þar er ekki alltaf um bráðabirgðalög að ræða, en það verður kannski tvöfalt brot þegar um bráðabirgðalög er að ræða.

Ég tel ekki ástæðu til þess að fara nánar út í röksemdirnar fyrir þessu. Mér finnst þær það augljósar að mér finnst dálítið dapurlegt að hlusta hér á umræðu um það hver hafi beitt bráðabirgðalagaheimildinni verst og hvenær og hvers vegna. Þetta karp segir bara að í flestum tilfellum hefur einhver við það að athuga að bráðabirgðalög séu yfir höfuð sett og ég tala nú ekki um lög á kjaradeilur. En það fer bara eftir því hvorum megin menn standa, hvaða afstöðu þeir taka hverju sinni. Á meðan býr þjóðin við lagalegt óöryggi og einnig aðilar vinnumarkaðarins, ekki síst þau frjálsu stéttarfélög sem eiga mikið undir því að vinnudeilur fari sinn eðlilega gang. Þetta er sérstaklega mjög lýsandi í því verkfalli sem þetta frv. tekur til þar sem það ætti að vera komið mjög vel í ljós í hvílíkan hnút þetta mál hefur farið einmitt vegna setningar þessarar sérstöku bráðabirgðalaga þar sem gefin voru einhver óljós fyrirheit sem áttu að vera til þess að ljá þessu einhvern málefnalegan blæ. Síðan er auðvitað ljóst að það er ekkert sem gerist með þessum vinnubrögðum og það þýðir ekkert að vera að reyna að hlaupa upp í fangið á sjútvn. þó faðmur hennar sé sjálfsagt breiður og ætla henni að leysa öll málin sem eru búin að vera í hnút alls staðar annars staðar.

Ég tel að aðilar þessarar vinnudeilu hefðu náð miklu meiri árangri ef það hefði ekki blasað við að það væri hægt að setja á verkfallið lög og menn hafi í rauninni ekki haft tækifæri til þess að ræða þetta mál á eðlilegum grunni. Ég er því ekkert undrandi á því að samtök sjómanna hafi gefið út yfirlýsingu í gær þar sem þeir líta svo á að það sé engin ástæða til þess að vera að fjalla yfir höfuð um fiskveiðistefnuna nema fyrir liggi raunhæfar tillögur frá ríkisstjórninni eða sjútvn. til lausnar á málefnum sjómanna, eins og stendur hér, en þar erum við sérstaklega að tala um kvótabraskið sem þessi deila upphaflega snerist um og hefur allan tímann verið hið óleysta mál. Mér er alveg gersamlega óskiljanlegt hvers vegna ekki var hægt að hnýta við lögin yfirlýsingunni sem hér hefur margoft verið vísað til og leysa málið með þeirri sameiginlegu niðurstöðu. Ég held að ef menn hefðu ekki horft til þessa möguleika að setja bráðabirgðalög, þá hefði þessi botn verið kominn í málið. Nú eru stjórnvöld búin að grípa inn í þessa deilu og það er von að samtök sjómanna vísi ábyrgðinni á stjórnvöld, en þannig hefði málið að sjálfsögðu aldrei átt að fara. Það er líka skiljanlegt að fyrst það hefur ekki sést að það væri neinn raunverulegur vilji að taka á kvótabraskinu nema með einhverjum óljósum tillögum um kvótaþing, sem hafa ekki einu sinni stuðning stjórnarsinna, þá sé málið í rauninni komið í enn illleysanlegri hnút en það var áður.

Ríkisstjórnin, þ.e. stuðningsmenn hennar utan þeirra tveggja sem ekki hafa treyst sér til að styðja þetta frv., ber mikla ábyrgð á því í hvaða hnút þessi deila er komin og því miður get ég ekki séð að það sé nein lausn að fara að samþykkja þessi lög með 1. gr. svoleiðis flakandi opna að það má í rauninni spyrja sig: Hver er ábyrgð þeirra sem standa að slíkri lagasetningu? Þarna er sett fram ákveðin starfsaðferð sem menn settu sér að fara eftir, en það er alveg ljóst að það hefur ekki bara með einum hætti heldur með tvennum hætti verið brotið. Í fyrsta lagi hillir ekkert undir neina nauðsynlega löggjöf til þess að hafa áhrif á skiptakjör og í öðru lagi er þessi skilgreining um hvað eru óeðlileg áhrif á skiptakjör í hæsta máta óeðlileg að mínu mati og gera þetta að mun erfiðara máli heldur en ella væri. Það má þó segja að eitt í þessari 1. gr. hafi gengið eftir. Nefndin sem átti að skila tillögum sínum fyrir 1. febr. 1994 gerði það og það mjög tímanlega. En þessar tillögur hafa verið meira og minna að engu hafðar og það er spurning hvort ekki hefði strax þegar það var ljóst í kringum 20. eða upp úr 20. jan. átt að halda áfram að vinna málið. Í stað þess stöndum við frammi fyrir því að það er nákvæmlega ekki neitt að gerast. Við höfum fengið þær upplýsingar frá fulltrúum sjómannasamtakanna og útgerð-

armanna að vissulega hefðu verið ákveðin atriði sem hefði verið hægt að vinna út frá og vinna áfram með og vinna lengur með ef tækifæri hefði gefist til. Og frá öllum aðilum hefur þessi bráðabirgðalagasetning verið fordæmd. Ég skal ekki fara að ráða í blæbrigðamun milli þeirra sem tjáðu sig um þetta en alla vega má segja að í orði kveðnu hafi ekki nokkur þeirra fulltrúa sem komu á fund nefndarinnar réttlætt þessa lagasetningu.

Ég held að það væri ábyrgasta afstaðan að vísa til þess að þeir aðilar sem sannanlega standa að þessari vinnudeilu og sannanlega eiga að útkljá hana komi aftur að þessu máli og ég skil vel að þeir telji sig ekki eiga mikið erindi í að ræða almennt um fiskveiðistefnuna á meðan svona viðamikið og mikið prinsippatriði stendur út af borðinu. Það er sérkennilegt að við skulum enn ekki hafa tekið af skarið með það að menn séu reiðubúnir að fordæma þá lögleysu að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum og ég held að það sé komið að vendipunkti í þessu máli þar sem reyna ætti að knýja þessa aðila til að ná saman um það mál. Þá væri þessi deila úr sögunni. Og ég er viss um að ef deiluaðilar stæðu frammi fyrir þeirri ögrun að þurfa að vinda sér í það að leysa þetta mál þá gætu þeir það mjög vel.

Stjórnvöld hafa ekkert gert nema eyðileggja fyrir þessu máli og tefja fyrir því að niðurstaða fengist í því og ég lýsi fullri ábyrgð á hendur þeim og ég tel það fullkomið ábyrgðarleysi af stjórnvöldum að grípa inn í þessa deilu þegar það var gert vegna þess að reynslan hefur sýnt að það hefur ekki orðið til góðs.

[14:02]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég spyr nú eftir okkar hæstv. ráðherrum, forsrh. og sjútvrh., sem voru hér fyrir stundarkorni, en hafa nú gengið úr salnum. Mér væri þægð í því að helst væru þeir hér báðir eða a.m.k. annar hvor þeirra.

Ég vil byrja á því að láta það í ljósi að ég tel það vera hreinan útúrsnúning hjá hæstv. forsrh. þegar hann heldur því fram að atkvæði okkar stjórnarandstæðinga gegn þessari lagasetningu í gær hafi verið krafa um sjómannverkfall. Það er alger fjarstæða. Nú setti hæstv. ríkisstjórn þessi bráðabirgðalög ekki með atfylgi stjórnarandstöðunnar og hún gat með engu móti skákað í því skjóli að stjórnarandstaðan færi að draga þessi lög hér í gegnum þingið. Eina fyrirheit okkar stjórnarandstæðinga var það að við mundum ekki tefja meðferð málsins á Alþingi, ef það væri kallað saman, þannig að það gæti fengið þinglega meðferð með skjótum hætti. Um það vorum við sammála og þeim skilaboðum var komið til ríkisstjórnarinnar. En það er alger fjarstæða að vera að halda því fram að stjórnarandstaðan sé að krefjast verkfalls þó að við viljum ekki greiða þessu klúðri ríkisstjórnarinnar atkvæði okkar. Ríkisstjórnin valdi þessa leið án nokkurs samráðs við stjórnarandstöðuna og ríkisstjórnin ber ábyrgð á þessu máli og hún hefur haldið illa á því. Það hefur allan tímann legið fyrir að það væri hennar að lögfesta þessi bráðabirgðalög eða láta þau fá þinglega meðferð og það var ekkert upp á okkur að klaga með það.

Ég lét í ljós þegar við 2. umr. málsins og get endurtekið það að ég tel að ríkisstjórnin hafi þrátt fyrir allt sett þessi bráðabirgðalög með lögformlegum hætti og hún hafi staðið þannig að því að ekki verði fundið að lagaforminu. En það var ákaflega heimskulegt að kalla ekki Alþingi saman. Það var löglegt að gera þetta eins og ríkisstjórnin gerði en það var siðlaust.

Með þessari umgengni við þennan neyðarrétt sem bráðabirgðalagaákvæðið í 28. gr. stjórnarskrárinnar á að vera, þá hefur ríkisstjórnin komið því til leiðar að a.m.k. mér hefur snúist hugur um þetta efni. Ég var andvígur því að afnema bráðabirgðalagaréttinn. Ég vildi gera hann óþarfan og tel að það hafi verið gert með síðustu stjórnarskrárbreytingu eða þ.e. þeirri breytingu að Alþingi sæti allt árið. Þá á ekki að þurfa að gefa út bráðabirgðalög. En með þessu framferði sem ríkisstjórnin hefur haft, þá er svo komið að ég tel að það verði að loka þessari leið, það sé ekkert úrræði annað en afnema þennan rétt sem er í stjórnarskránni til bráðabirgðalagasetningar.

Menn hafa deilt um það og deilt á það hvernig staðið var að kynningu málsins í stjórnarflokkunum eða innan Sjálfstfl. Það hefur komið í ljós að þingmenn Sjálfstfl. hafa verið barðir til hlýðni þannig að lögin hafa meiri hluta og eru hér að öðlast gildi sem slík. Það hefur verið farið að mínu mati afar illa með hv. þm. Sjálfstfl., en það er ekki mitt að kvarta fyrir þeirra hönd. Mér er nákvæmlega sama hvers lags valdhroka eða hrottaskap hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. sýna sínum mönnum. Þeir létu þá standa frammi fyrir gerðum hlut og nú hafa þeir látið kúga sig. Það var að vísu einn þeirra, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, sem fékk leyfi til þess að greiða atkvæði gegn lögunum (**Gripið fram í:** Voru þeir ekki tveir?) og hæstv. forsrh. segist skilja hann. Hæstv. forsrh. segist skilja hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, en hann skilur hins vegar ekki stjórnarandstöðuna. Hann gerir hortuga kröfu til stjórnarandstöðunnar að hún greiði atkvæði með frv. sem hann skilur að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson getur ekki stutt. Það kann að vera að hæstv. forsrh. og þeir bræður, hæstv. sjútvrh. og hann, hafi ætlað að komast hjá því að kúga allan þingflokk sjálfstæðismanna til fylgis við málið aðra heldur en hv. þm. Guðmund Hallvarðsson sem var í frii. Reyndar sparkaði svo hæstv. forsrh. í hv. þm. Inga Björn Albertsson, en það er nú ekki nema daglegt brauð. Hann skilur ekki hv. þm. Inga Björn Albertsson, sem reyndar er nú annt um kjörfylgi sitt ekkert síður heldur en hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Það getur vel verið að hæstv. forsrh. hafi vonast til þess að hann þyrfti ekki að beygja hv. þingmenn Sjálfstfl. eins og Einar Kristin Guðfinnsson og hv. þm. Guðjón Guðmundsson svo að ég nefni nú nokkra sem hafa verið andvígir þessum lögum og þeirri aðferð sem beitt var við þau. En hann er búinn að því og mér finnst að hann geti ekki verið óánægður við okkur stjórnarandstæðinga þó hann hafi orðið að beita þessu lagi.

Það er hins vegar deginum ljósara að það hafa ver-

ið brotnar hefðir við setningu bráðabirgðalaganna og ég man eftir a.m.k. tvemur forsætisráðherrum úr Sjálfstfl., hæstv. forsrh. Geir Hallgrímssyni og hæstv. forsrh. Þorsteini Pálssyni, sem stóðu að bráðabirgðalagasetningu hvað eftir annað í stjórnarsamstarfi með okkur framsóknarmönnum. Mér er ekki kunnugt um annað en þeir hefðu kurteislegt samband við þingmenn Sjálfstfl. áður en til bráðabirgðalagasetningar kom í hvert einasta skipti. Þeir tilkynntu a.m.k. okkur framsóknarmönnum ekkert annað og könnuðu vilja sinna liðsmanna fyrir fram.

Það er reyndar mjög undarlegt ósamræmi í málflutningi hæstv. ráðherra. Við höfum verið undanfarna daga að horfa á stjórnarflokkana togast á um búvörulög. Þá var bannorð þegar um búvörulög var að ræða að hafa nokkurn atbeina frá stjórnarandstöðunni. Það lá fyrir að þorri sjálfstæðismanna og stjórnarandstaðan öllsömul var tilbúin til að afgreiða boðleg búvörulög. Það hentaði hins vegar ekki hæstv. utanrrh. Jóni Baldvini Hannibalssyni og öll íhlutun stjórnarandstöðu í þá lagasetningu var algert bannorð og jafnvel hótað stjórnarslitum ef meirihlutavilji Alþingis fengi að koma í ljós. En Sjálfstfl. lét hæstv. utanrrh. kúga sig enda er hið raunverulega forræði landbúnaðarmála í ríkisstjórninni í höndum hæstv. utanrrh.

Svo má líka líta á það að í þessum bráðabirgðalögum eins og því frv. er háttað má ekki víkja við orði. Stjórnarandstaðan hefði orðið að kyngja þeim eins og þau lágu fyrir á þingskjalinu.

Þetta eru kannski ekki stór atriði en það sem mér finnst vera kjarni málsins og alvaran í þessu öllu saman er að kjaradeila sjómanna er óleyst og kjaradeila sjómanna er verri viðfangs en þegar við skildum fyrir jólin. Þríhöfða nefndinni mistókst að höggva á hnútinn og gera tillögur sem sátt gæti orðið um. 1. febr. er liðinn fyrir einum mánuði og það bólar ekkert á neinu lausnarorði. 15. júní er að koma, sem er lokadagur þessara frestunarlaga, og þar af leiðir að 15. júní sitjum við í sömu súpunni og við vorum í 14. jan. Það vill svo til að daginn næst á eftir 15. júní verður Alþingi á fundi. Það kann að vera að hæstv. ríkisstjórn hugsi sér að láta setja lög á sjómenn á hátíðafundi á Þingvöllum á þjóðhátíðardaginn, það væri kannski eftir öðru. Mergurinn málsins er sá að hæstv. ríkisstjórn ræður ekki við lagasetningu um stjórn fiskveiða. Ég hef enga trú á því að það frv. sem fyrir þinginu liggur og komið er til sjútvn. og sjómenn fást ekki til þess að tala um verði afgreitt fyrir vorið. Hæstv. ríkisstjórn ræður ekki heldur við setningu búvörulaga. Það mál er uppnámi því sá bastarður sem hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson kúgaði Sjálfstfl. til að fallast á stenst ekki og það mál er allt í uppnámi enn. Kjaradeila sjómanna er í öngstræti og að öllu þessu athuguðu held ég að það sé lýðum ljóst að hæstv. ríkisstjórn er ófær um að stjórna og ætti bara að segja af sér.

[14:14]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg greinilegt við 3. umr. um frv. að hæstv. ríkisstjórn hefur gefist upp á að leysa þetta mál. Það hefur komið fram í þeim umræðum sem hafa farið fram. Hæstv. sjútvrh. segir að hann sé búinn að vísa málinu til sjútvn. Það væri út af fyrir sig gott mál ef sjútvn. ætti að hafa með að gera mótun fiskveiðistefnu, en það er ekki svo gott heldur virðist henni þarna vera falið eitthvert eitt afmarkað hlutverk sem hugsanlega gæti rúmast innan laganna um stjórn fiskveiða Það veit þó enginn enn.

Hæstv. forsrh. talar um ábyrgðarleysi stjórnarandstöðunnar, minnist raunar ekki á ábyrgðarleysi tveggja stjórnarþingmanna vegna þess að þeir hafi greitt atkvæði á móti tillögunum í gær. Það virðist vera orðið vinsælt hjá hæstv. ríkisstjórn að tala um ábyrgðarleysi þeirra sem þora að segja skoðun sína úr þessum stól eða láta atkvæðin fylgja þar á eftir.

Ég mundi telja mjög æskilegt að rifja upp fyrir hæstv. forsrh. bréf sem honum var sent nokkru áður en ákveðið var að setja bráðabirgðalögin. Hann hefur gagnrýnt það í dag að stjórnarandstaðan hefði ekki getað rætt þessi mál málefnalega eða hraðað afgreiðslu málsins hefði Alþingi verið kallað saman eins og farið var fram á. Ég vil þá minna hæstv. forsrh. á að í bréfi sem honum var sent segir, með leyfi forseta:

„Við höfnum því algerlega að sett verði bráðabirgðalög sem banni verkfall sjómanna en erum reiðubúin til að ræða setningu laga ef það mætti verða til að liðka fyrir lausn deilunnar. Við erum einnig reiðubúin til að hraða afgreiðslu slíkra mála á Alþingi.“ Þetta var skrifað áður en bráðabirgðalögin voru sett. En hæstv. ríksstjórn og hæstv. forsrh. tóku ekki þessum tilmælum en settu bráðabirgðalög.

Það er einnig rétt að rifja aðeins upp sem segir í Reykjavíkurbréfi Morgunblaðsins 16. jan., eftir að lögin voru sett. Þetta var tekið fyrir bæði í leiðara Morgunblaðsins og í Reykjavíkurbréfi þar sem segir, með leyfi forseta:

„Davíð Oddsson forsrh. sagði á blaðamannafundi í gærkvöldi, föstudagskvöld, að sjómenn hefðu náð þeim árangri með verkfallsaðgerðum sínum að ríkisstjórnin hefði ákveðið að taka á málinu.“

En núna við 3. umr. um bráðabirgðalögin er ríkisstjórnin alveg hætt við að taka á málinu.

Í leiðara Morgunblaðsins 15. jan. segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Jafnframt gaf ríkisstjórnin fyrirheit um að fyrir 1. febrúar yrðu lagðar fyrir Alþingi tillögur um leiðir til þess að koma í veg fyrir hið svonefnda kvótabrask...“ Og enn fremur segir: „Barátta sjómanna gegn kvótabraskinu snýst um réttlæti. Er nauðsynlegt fyrir sjómenn að fara í verkfall til þess að ríkisstjórn og Alþingi sjái ástæðu til að tryggja framgang réttlætis í þessu máli?“ Og að lokum segir í leiðaranum: „Það mun ekki duga að setja bráðabirgðalög á almenning í þessu landi þegar hann rís upp gegn óréttlátu kerfi sem skipta mun þjóðinni í tvær andstæðar fylkingar þegar fram líða stundir. Þess vegna m.a. hefði átt að kalla Alþingi saman til fundar til þess að bregðast við þeim vandamálum sem þetta ólánskerfi hefur kallað yfir þjóðina nú og á eftir að gera í auknum mæli í framtíðinni. Bráðabirgðalögin leysa engan vanda. Þau veita einungis flóafrið áður en ný deila rís vegna fiskveiði-

stjórnunarkerfis sem mun valda illdeilum svo lengi sem framsal kvóta er leyft lögum samkvæmt þótt ólög séu og í andstöðu við stjórnarskrá lýðveldisins."

Þetta var sagt í Morgunblaðinu daginn eftir að bráðabirgðalögin voru sett. Og það er að gerast núna. Það er risin ný deila. Og í þessari deilu sem fram undan er munu rísa öldur og þær munu rísa hátt. Það verður ekki liðið í landinu að þau ólög gildi sem stangast á við réttlætiskennd almennings. Kvótabraskið stangast á við 1. gr. laga um stjórn fiskveiða. Með þessum lögum á enn að auka á óvissu í öllum þeim málum sem snerta stjórn fiskveiða. Það er verið að slá öllu á frest. Það eru engar tillögur á borðinu og engin lausn í sjónmáli. Sjómenn neita að ræða frv. um stjórn fiskveiða við þessar aðstæður.

Ríkisstjórnin ber ábyrgð á þessari lagasetningu, ekki stjórnarandstaðan og hún verður að sitja uppi með að taka þá ábyrgð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 412. mál (lengd kennaranáms o.fl.). — Þskj. 617.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, HBl, ISG, JBH, JónK, JVK, KEE, KHG, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, SalÞ, SAÞ, StG, StH, TIO, VS, ÞBern, ÞurP, ÞorstP.

28 þm. (ÁJ, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, RG, SigG, SighB, SP, SJS, StB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Alferðir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 391.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JBH, JónK, JVK, KEE, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, TIO, VS, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, KÁ, ÓE, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skipulag á fólksflutningum með langferðabifreiðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 422. mál. — Þskj. 631.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JBH, JónK, JVK, KEE, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, TIO, VS, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

22 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, KÁ, ÓE, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Lögskráning sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 120. mál (öryggisfræðsla og nýliðanám). — Þskj. 125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]
Frv. samþ. með 31:9 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GHelg, HBl, ISG, JóhS, JBH, JVK, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, StH, StB, TIO, ÞurP, ÞorstP.
nei: GB, JÁ*, JónK, KEE, KHG, RA, StG, VS, ÞBern.

23 þm. (AÓB, ASv, EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JGS, KÁ, ÓE, ÓÞÞ, RG, SighB, SP, SJS, VE, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 678).

Dýravernd, frh. 3. umr.

Stjfrv., 69. mál (heildarlög). — Þskj. 664, brtt. 669.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]
Brtt. 669 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JBH, JónK, JVK, KEE, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, StB, TIO, VS, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (PP) greiddi ekki atkv.

21 þm. (EgJ, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, KÁ, ÓE, ÓÞÞ, RG, SP, StG, SJS, VE) fjarstaddur.

Frv., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JBH, JónK, JVK, KEE, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, KÁ, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 679).

Samfélagsþjónusta, frh. 1. umr.

Stjfrv., 354. mál. — Þskj. 546.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv.

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHelg, ISG, JÁ, JBH, JónK, JVK, KEE, KHG, KE, MF, MB, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (FI, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. GHall o.fl., 254. mál (tollfrjálsar verslanir í höfnum). — Þskj. 295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JBH, JónK, JVK, KEE, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞBern, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (FI, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, KÁ, ÓE, ÓÞÞ, RG, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stöðvun verkfalls fiskimanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 302. mál (staðfesting bráðabirgðalaga). — Þskj. 490.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]

Frv. samþ. með 26:20 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, HBl, JBH, MB, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO, ÞurP, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, ASv, GB, GHelg, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KEE, KHG, KE, MF, ÓRG, PP, RA, StG, StH, VS, ÞBern.

17 þm. (FI, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HG, IBA, JóhS, JGS, KÁ, ÓE, ÓÞÞ, RG, SP, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 680).

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, fyrri umr.

Stjtill., 431. mál. — Þskj. 643.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, fyrri umr.

Stjtill., 432. mál. — Þskj. 644.

og

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, fyrri umr.

Stjtill., 433. mál. — Þskj. 645.

[14:29]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson): Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir þremur tillögum til þingsályktunar sem er að finna á þskj. 643, 644 og 645. Í fyrsta lagi er um að ræða fullgildingu fríverslunarsamnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu, EFTA, og Rúmeníu, sem undirritaður var í Genf 10. des. 1992. Í öðru lagi milli EFTA-ríkjanna og Ungverjalands, sem undirritaður var í Genf 29. mars 1993, og í þriðja lagi EFTA-ríkjanna og Búlgaríu, sem undirritaður var í Genf sama dag.

Á árinu 1990 var ákveðið að hefja samningaviðræður um fríverslun milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Ungverjalands, Tékklands, Slóvakíu og Tyrklands. Ári síðar var hið sama ákveðið milli EFTA-ríkjanna og Ísraels og árið 1992 milli EFTA-ríkjanna og Búlgaríu og Rúmeníu. Samningaviðræðum við öll þessi ríki lauk með gerð fríverslunarsamninga. Samningarnir milli EFTA-ríkjanna og Póllands, Tékklands, Slóvakíu, Tyrklands og Ísraels hafa þegar tekið gildi, þ.e. milli Íslands og þessara ríkja. Nú er leitað heimilda Alþingis um fullgildingu þeirra fríverslunarsamninga sem enn

hafa ekki tekið gildi gagnvart Íslandi, þ.e. við Búlgaríu, Rúmeníu og Ungverjaland.

Allir umræddir fríverslunarsamningar eru mjög hliðstæðir. Þeir fela í sér fríverslun með iðnaðarvörur, fisk og fiskafurðir og nokkrar vörur unnar úr landbúnaðarhráefnum, þó með heimild til verðjöfnunar á síðasttöldu vörunum. Jafnframt gerðu EFTA-ríkin tvíhliða samninga við umrædd ríki um landbúnað. Þeir samningar eru svo til eins hvað Ísland varðar og ná eingöngu til varnings sem ekki er framleiddur á Íslandi, einkum ávaxta. Viðskipti Íslands við þessi ríki eru tiltölulega lítil um þessar mundir. Á undanförnum árum höfum við einkum flutt út kísilgúr til þeirra. Hins vegar hafa utanrrn. borist fyrirspurnir frá íslenskum fyrirtækjum sem hafa áhuga á að kanna þá auknu möguleika fyrir fiskútflytjendur sem fylgja munu í kjölfar gildistöku samninganna.

Með þessum samningum og öðrum fríverslunarsamningum EFTA-ríkjanna við Mið- og Austur-Evrópuríki ættu í framtíðinni að skapast nýir möguleikar til að auka markaðshlutdeild okkar í þessum ríkjum. Af þeim þremur ríkjum sem hér um ræðir verður því ekki neitað að mestar væntingar eru bundnar við aukningu viðskipta milli Íslands og Ungverjalands á næstu árum.

Í þáltill. er gerð nánari grein fyrir samningum við Búlgaríu, Rúmeníu og Ungverjaland og viðskipti Íslands við þau ríki.

Ég leyfi mér að leggja til, virðulegi forseti, að tillögum þessum verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúruvernd, 1. umr.

Stjfrv., 411. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 615.

[14:34]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd, nr. 47/1971, með síðari breytingum. Núgildandi lög um náttúruvernd eru frá 1971, en þó að stofni til mun eldri eða frá árinu 1956. Þau hafa vissulega reynst ágætlega en um langt skeið hefur þó staðið til að endurskoða þau í ljósi breyttra aðstæðna. Þannig lagði þáv. menntmrh. fram á Alþingi á 107. löggjafarþinginu árið 1984–1985 frv. til laga um náttúruvernd sem var samið að tilstuðlan náttúruverndarþings og Náttúruverndarráðs. Frv. varð eigi að síður ekki útrætt á því þingi og var aldrei endurflutt. Umræður héldu eigi að síður áfram um nauðsyn endurskoðunar, m.a. á vettvangi Náttúruverndarráðs.

Eftir stofnun umhvrn. árið 1990 vöknuðu þessar umræður af endurnýjuðum krafti enda einsýnt að það þurfti að endurskoða stöðu Náttúruverndarráðs í stjórnkerfinu þar sem ráðuneytið mundi að verulegu leyti taka við þeim hlutverkum sem Náttúruverndarráði er ætlað sinna samkvæmt lögum. Fæðing ráðuneytisins ein og sér kallar því á endurskoðun laganna, en það er líka ljóst að ný lagasetning á sviði umhverfismála hefur haft mikil áhrif á framkvæmd náttúruverndarmála. Þar má t.d. nefna lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og reglugerðir settar samkvæmt þeim, lög um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, lög um mat á umhverfisáhrifum, sem taka yfir stóran þátt af hefðbundnu starfi Náttúruverndarráðs, og jafnframt lög um upplýsingamiðlun og aðgang að upplýsingum um umhverfismál.

Í janúar 1992 skipaði þáv. umhvrh. nefnd til að endurskoða þá þætti náttúruverndarlaganna sem lúta að hlutverki Náttúruverndarráðs og stjórn náttúruverndarmála með hliðsjón af stofnun ráðuneytisins. Var óskað eftir því að nefndin lyki störfum fyrir 1. ágúst 1992. Það dróst hins vegar og þegar ég tók við embætti umhvrh. í júní 1993 tók ég þann kost að leysa nefndina frá störfum og láta vinna þennan þátt endurskoðunarinnar í ráðuneytinu.

Virðulegi forseti. Náttúruverndarráð hefur mikla sérstöðu í ríkiskerfinu. Það er stjórnvald þar sem náttúruverndarþing kýs sex fulltrúa í ráðið en ráðherra skipar hins vegar formann án kosningar. Ríkissjóður fjármagnar rekstur ráðsins, það heyrir undir ákveðið ráðuneyti og er sem slíkt rekið á ábyrgð ráðherra þó ráðherrann hafi hins vegar mjög takmörkuð áhrif á ákvarðanir þess. Náttúruverndarráð er því í þeirri sérstöðu aðstöðu að sækja umboð sitt bæði til frjálsra félaga og ríkisins. Ráðinu er í raun bæði ætlað að framfylgja stefnu ríkisstjórnar eins og hún er á hverjum tíma en jafnframt að móta sína eigin sjálfstæðu stefnu.

Samkvæmt lögunum frá 1971 er Náttúruverndarráð sjálfstætt og nánast ígildi ráðuneytis í náttúruverndarmálum. Þetta var eðlilegt og raunar skiljanlegt á sínum tíma en fær vart staðist eftir að sérstakt ráðuneyti umhverfismála hefur verið sett á stofn. Skilningur á þessu óvenjulega og að mörgu leyti þversagnarkennda hlutverki Náttúruverndarráðs hefur lengi verið til staðar hjá ráðinu sjálfu. Í þessu sambandi má minna á ræðu sem Elín Pálmadóttir, þáverandi varaformaður ráðsins, hélt á 6. náttúruverndarþingi árið 1987, en hluti þeirrar ræðu er einmitt prentaður í athugasemdum með frv.

Í ræðu sem ég flutti við setningu 8. náttúruverndarþings á sl. hausti setti ég fram tillögur að breyttu stjórnkerfi náttúruverndarmála. Kjarninn í þessum tillögum var að skapa nýjan grundvöll fyrir starfsemi Náttúruverndarráðs en það getur að mínu viti ekki verið bæði háð og óháð ríkinu, haft í senn með höndum umfangsmikinn ríkisrekstur og stjórnsýslu en jafnframt verið sú sjálfstæða og gagnrýna rödd sem ég tel náttúruvernd í landinu þarfnast svo mjög. Með því að færa ríkisrekstur og stjórnsýslu til umhvrn. og stofnana þess, eins og ég tel eðlilegt, þá skapast grundvöllur fyrir sjálfstætt Náttúruverndarráð óháð valdboði ráðherra. Með þessum hætti má ná einfaldari og betri stjórnsýslu, skýrari verkaskiptingu milli stofnana og jafnframt öflugri vinnu við stefnumótun en hingað til.

Það frv. sem nú liggur fyrir er að stofni til byggt á

þessum tillögum. Ákveðið var að skipta heildarendurskoðun náttúruverndarlaganna upp í tvo hluta. Í fyrri hlutanum, sem liggur fyrir í frv., er stjórn náttúruverndarmála endurskoðuð en í þeim síðari verða önnur ákvæði laganna tekin til skoðunar og þá alveg sérstaklega sá hluti laganna sem fjallar um aðgang almennings að náttúru landsins og umgengni. Síðari hluti endurskoðunarinnar er mun flóknara mál og krefst víðtæks samráðs við samtök áhugamanna og hagsmunaaðila. Í frv. er því fyrst og fremst fjallað um stjórn náttúruverndarmála og II. kafli laganna frá 1971 endurskoðaður frá grunni. Auk þess er í frv. tekið á tveimur málum sem afar brýn þörf var talin á að leysa. Hið fyrra varðar gjaldtöku af ferðamönnum, en 8. náttúruverndarþing skoraði á stjórnvöld að marka án tafar skýra stefnu í gjaldtökumálum.

Síðara atriðið varðar náttúruminjaskrá sem gerð eru lítil skil í gildandi lögum. Með skýrum ákvæðum um náttúruminjaskrá er ætlunin að styrkja friðlýsingarþátt laganna verulega. Það er mikilvægt í ljósi reynslunnar og ekki síður til að standa við skuldbindingar þjóðarinnar vegna fyrirhugaðrar aðildar okkar að alþjóðasamningnum um vernd líffræðilegrar fjölbreytni sem umhvrh. undirritaði fyrir Íslands hönd í Rio de Janeiro 12. júní 1992.

Meginmarkmið þeirra breytinga á gildandi lögum sem felast í þessu frv. eru: að laga stjórnun þessa málaflokks að stofnun umhvrn., að styrkja stefnumótun um friðlýsingar og framkvæmd friðlýsinga, að skapa grundvöll fyrir sjálfstætt og virkt Náttúruverndarráð, að skilja ríkisrekstur frá annarri starfsemi Náttúruverndarráðs sem miðar að því að tryggja sjálfstæði þess gagnvart Stjórnarráðinu, að samræma verksvið umhvrn. og stofnana þess, að samræma lög um náttúruvernd nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum, lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands og löggjöf á sviði mengunarvarna.

Samkvæmt frv. mun Náttúruverndarráð ekki sinna stjórnsýslu á vegum ríkisins eða bera ábyrgð á ríkisrekstri. Ráðið verður sjálfstæður en þó lögbundinn ráðgjafar- og umsagnaraðili á sviði náttúruverndar. Gert er ráð fyrir því að Náttúruverndarráð móti sjálfstæða stefnu í náttúruverndarmálum og geti því hvenær sem er sem fulltrúi frjálsra félagasamtaka sem vinna að náttúruvernd gagnrýnt stefnu ríkisins í einstökum málum. Náttúruverndarráð hefur bakhjarl í náttúruverndarþingi þar sem fulltrúar frjálsra félaga koma saman til að ræða stefnuna um náttúruvernd og ekki síður í lögum um upplýsingaskyldu stjórnvalda á sviði umhverfismála.

Í frv. er lagt til að sérstök stofnun, Landvarsla ríkisins, sem að stofni til er núverandi skrifstofa Náttúruverndarráðs, taki við þeim hluta af verkefnum Náttúruverndarráðs sem fellur undir ríkisrekstur. Þungamiðjan í náttúruverndarstarfi hinnar nýju stofnunar verður rekstur friðlýstra svæða og þjóðgarða, en auk þess mun hún sjá um undirbúning og framkvæmd þeirra friðlýsinga sem ráðist verður í.

Eftirlit með framkvæmdum hefur verið veigamikill þáttur í starfi Náttúruverndarráðs. Með bættri löggjöf á sviði mengunarmála og með lögum um mat á umhverfisáhrifum er slíkt eftirlit sett í nýjan farveg sem óhjákvæmilega dregur verulega úr því hlutverki sem Náttúruverndarráð hefur gegnt á þessu sviði og byggist ekki síst á velþekkti 29. gr. gildandi laga. Náttúruverndarráð mun þó eftir sem áður gegna ákveðnu og mjög mikilvægu umsagnar- og eftirlitshlutverki og þannig gæta almannahagsmuna á sviði náttúruverndar.

Sjálft frv., virðulegi forseti, eru sjö greinar og ákvæði til bráðabirgða. Hver grein frv. tekur til einstakra kafla í núgildandi lögum auk gildistökuákvæðis. Hver grein í frv. er því í raun samansafn margra greina. Langviðamesta greinin er hin fyrsta þar sem II. hluti núgildandi laga um stjórn náttúruverndarmála er felldur brott og í stað greina 2–8 í núgildandi lögum koma 15 nýjar greinar. Eins og í núgildandi löggjöf er kveðið á um það í nýrri 2. gr. að umhvrn. fari með stjórn náttúruverndarmála. Nýmæli er hins vegar að kveðið er á um það með skýrum hætti að ráðuneytinu beri að hafa samráð við Náttúruverndarráð, sveitarfélög og samtök áhugamanna um mótun stefnu og framfara á sviði náttúruverndarmála.

Í alþjóðlegri umræðu á sviði umhverfismála síðustu árin hefur æ meiri áhersla verið lögð á það að stjórnvöld hafi samráð við almenning og þá sem besta þekkingu hafi á málunum á hverjum stað. Þetta var m.a. staðfest á umhverfisráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Ríó 1992.

Í greinum 3–7 er fjallað um Landvörslu ríkisins. Landvarslan er að stofni til núverandi skrifstofa Náttúruverndarráðs sem er gerð að sérstakri ríkisstofnun sem heyrir undir umhvrn. Burðarásinn í starfi stofnunarinnar verður eins og fyrr segir umsjón með friðlýstum svæðum og þjóðgörðum auk undirbúnings og framkvæmdar friðlýsinga. Gert er ráð fyrir því að stofnunin hafi þriggja manna stjórn þar sem Náttúruverndarráð tilnefni einn, Ferðamálaráð einn og ráðherra skipa formann án tilnefningar. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Landvörslunnar til fimm ára í senn að fengnum tillögum stjórnarinnar. Framkvæmdastjórinn fer svo með daglega stjórn stofnunarinnar. Hann ræður starfsfólk að starfsmönnum þjóðgarða undanskildum.

Í nýrri 5. gr. er fjallað um hlutverk Landvörslunnar. Þar kemur skýrt fram að stofnunin hafi umsjón með friðlýstum svæðum og þjóðgörðum auk þess sem gert er ráð fyrir því að hún geti tekið að sér umsjón með öðrum náttúruverndarsvæðum í samræmi við ákvæði annarra laga og sé þess óskað með svæðum sem ekki hafa verið friðlýst en þykja sérstök sakir dýralífs, landslags eða gróðurfars. Landvarslan getur með samningum falið öðrum aðilum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða að þjóðgörðum þó undanskildum. Þetta á t.d. við um sveitarfélög, áhugasamtök um náttúruvernd, ferðafélög og einstaklinga. Ákvæði þetta er í samræmi við 4. gr. reglugerðar um náttúruvernd frá 1973. Ég tel hins vegar nauðsynlegt að setja þetta ákvæði í lög til að bæta þannig framkvæmd þessara mála sem hafa ekki verið í nógu góðum farvegi. Í frv.

er skýrt tekið fram að í slíkum samningum Landvörslunnar verði kveðið rækilega á um réttindi og um skyldur samningsaðila hvað varðar umsjón með viðkomandi svæði, mannvirkjagerð þar og aðrar framkvæmdir, móttöku ferðamanna, fræðslu og ráðstöfun tekna af gjaldtöku ef hún er leyfð. Landvarslan mun áfram fylgjast með slíkum svæðum og sjá til þess að aðilar fari að samningum um meðferð landsins.

Ég tel sjálfur nauðsynlegt að Landvarslan sé í góðum tengslum við ferðaþjónustuna, ekki síst vegna þess að stofnuninni ber að sjá til þess að land í hennar umsjá skaðist ekki af völdum ágangs ferðamanna. Raunar getur hún lokað svæðum í vörslu hennar ef hætta er á slíku. Í þessu sambandi má nefna það nýmæli sem er að finna í frv. að Landvörslunni er gert að gefa ráðherra skýrslu um ástand lands í umsjón hennar og aðstöðu þar til að taka á móti ferðamönnum. Hún á jafnframt að gera tillögur til úrbóta og gefa álit sitt varðandi stöðu ferðaþjónustunnar frá sjónarhóli náttúruverndar. Þetta er afar mikilvægt í þeirri viðleitni að draga úr mögulegum hagsmunaárekstrum í framtíðinni og samræma þessa tvo þætti betur sem í raun eru mun háðari innbyrðis en menn gera sér ef til vill grein fyrir. Virk náttúruvernd er nefnilega í raun undirstaða ferðamála hér á landi og þess vegna ekki síst er nauðsyn á samvinnu við ferðaþjónustuna.

Fræðsla er forsenda virkrar náttúruverndar. Fræðsla er einnig ómetanleg til að fólk læri að njóta þess sem náttúran hefur upp á að bjóða. Af þessum ástæðum er gert ráð fyrir að fræðslumál verði stór hluti af starfsemi Landvörslunnar. Hún skal hafa forgöngu um fræðslu á svæðum í hennar umsjón og einnig fyrir skóla og almenning í samráði við umhvrn. Sérstaklega vil ég hér nefna heimild til að setja á stofn svonefndar gestastofur í þjóðgörðum landsins sem eru nýmæli og skýtur lagastoð undir mjög virðingarvert frumkvæði Náttúruverndarráðs á því sviði sem sýnir jafnframt einmitt vaxandi tengsl ferðaþjónustu og náttúruverndar.

Samkvæmt frv. fá þjóðgarðsverðir skýrari stöðu en nú er og gert er ráð fyrir því að ráðherra skipi þá til fimm ára í senn. Það er líka nýmæli að umhvrh. geturfalið þeim víðtækara eftirlits- og stjórnunarhlutverk á svæðum í umsjón Landvörslunnar í viðkomandi landshluta. Í framtíðinni gæti það aukið skilvirkni og hagkvæmni í umsjón og eftirliti með svæðum sem Landvarslan hefur á sinni könnu.

Í nýrri 8. gr. er skotið styrkari stoðum undir friðlýsingarsjóðinn en hingað til. Í skipulagsskrá Þjóðhátíðarsjóðs er kveðið á um það að fjórðungur af árlegu ráðstöfunarfé sjóðsins skuli renna til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs. Auk þess hefur sjóðurinn tekið við gjöfum og fengið tekjur, m.a. vegna fjáröflunarstarfsemi Náttúruverndarráðs. Hingað til hefur Náttúruverndarráð farið með vörslu sjóðsins og jafnframt stjórn hans. Í frv. er gert ráð fyrir því að Landvarsla ríkisins taki við því hlutverki, en hins vegar verði skipuð sérstök stjórn sem úthluti styrkjum úr honum. Það er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð tilnefni formann stjórnar en aðrir verði tilnefndir af Landvörslunni og ráðherra.

Veikasti hlekkurinn í framkvæmd náttúruverndarmála eru náttúruverndarnefndirnar sem hafa ekki gegnt því hlutverki sem þeim var ætlað á sínum tíma. Í frv. er lagt til að þeim verði fækkað og miðist eftirleiðis við kjördæmi þannig að umdæmi þeirra verði mun stærri en nú. Í frv. er einnig gert ráð fyrir tengslum náttúruverndarnefnda við eftirlitsmenn Náttúruverndarráðs og náttúrustofur kjördæma. Með þessum hætti er ætlunin að auka náttúruverndarstarf úti í héruðunum og jafnframt að skjóta styrkari stoðum undir starfsmenn náttúruverndarnefnda og gera þær virkari.

Náttúruverndarþing mun að mestu starfa óbreytt en verða haldið oftar eða annað hvort ár í stað þriðja hvers í dag til að auka tengsl ráðsins við sína umbjóðendur. Lítils háttar breyting er á því hverjir eiga sæti á þinginu en hins vegar er gert ráð fyrir því að eins og hingað til sé hægt með reglugerð að fjölga samtökum sem þar eiga fulltrúa.

Í frv. er gert ráð fyrir því að Náttúruverndarráð verði nú skipað níu mönnum, sjö kosnum af náttúruverndarþingi, einum tilnefndum af Sambandi ísl. sveitarfélaga og einum af Ferðamálaráði. Þetta er gert til þess annars vegar að efla tengsl og gott samstarf ráðsins við sveitarfélögin í landinu og hins vegar til að skapa liprari farveg milli ferðaþjónustu og ráðsins.

Þar sem eitt af markmiðum frv. er að gera Náttúruverndarráð sjálfstæðara nú mun ráðherra samkvæmt frv. ekki lengur skipa formann og varaformann ráðsins heldur verða þeir, eins og aðrir í ráðinu, kosnir af náttúruverndarþingi. Í því skyni að tryggja Náttúruverndarráði óheft svigrúm til að gegna hlutverki sínu sem fulltrúi frjálsra samtaka er gert ráð fyrir því að í lögum verði mælt skýrt fyrir um að hið opinbera tryggi því fjármagn til að halda skrifstofu og framkvæmdastjóra og greiði auk þess þóknun til ráðsliða.

Hvert er þá hlutverk hins nýja Náttúruverndarráðs? Það er einkum þrenns konar:

1. Að stuðla að almennri náttúruvernd og fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt.

2. Að vera stjórnvöldum til ráðgjafar með umsögnum um lagafrumvörp áður en þau eru lögð fram, um reglugerðir og almenna stefnumótun og framkvæmdir á sviði náttúruverndarmála.

3. Náttúruverndarráð hefur mikilvægu eftirlitshlutverki að gegna þó eðlilega muni það breytast frá því sem nú er.

Í fjórða lagi mætti e.t.v. nefna að það eigi að sjá um að tryggja rétt almennings til að njóta náttúru landsins.

Til að ná þessum markmiðum skal Náttúruverndarráð marka sér sjálfstæða og rökstudda stefnu í náttúruverndarmálum og kynna hana almenningi og stjórnvöldum. Hér tel ég vera um afar mikilvægt atriði að ræða sem störfum hlaðið Náttúruverndarráð hefur e.t.v. ekki náð að sinna sem skyldi á síðustu árum. Sé stefnan vel unnin og skýr eiga stjórnvöld erfiðara með að sniðganga hana og Náttúruverndarráð hefur að sama skapi sterkari stöðu til að veita stjórnvöldum virkt aðhald og gagnrýni. Náttúruverndarráði ber þannig að

vera rödd almannahagsmuna í náttúruverndarmálum. Þetta hlutverk er ómetanlegt og því nauðsynlegt að gefa Náttúruverndarráði svo skýra lagalega stöðu sem hér er lagt til.

Til þess að tryggja betur samráðs- og ráðgjafarrétt Náttúruverndarráðs er í frv. kveðið á um a.m.k. tvo fundi á ári með umhvrh. Náttúruverndarráð getur áfram gert tillögur til ráðherra um friðlýsingar, en það verður hins vegar hann sem tekur ákvarðanir um friðlýsingar og stofnanir ráðuneytisins sem undirbúa þær og framkvæma. Ráðherra verður hins vegar að leita álits Náttúruverndarráðs áður en friðlýsing er staðfest. Náttúruverndarráð mun því ekki hafa það beina vald til friðlýsinga sem felst í núgildandi lögum en áhrif þess á friðlýsingar verða mikil eftir sem áður.

Verulegur hluti af starfi Náttúruverndarráðs hefur verið að framfylgja 29. gr. laga um náttúruvernd. Með nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum flyst það hlutverk hins vegar að miklu leyti til embættis skipulagsstjóra ríkisins sem hefur lögum samkvæmt umsjón með matinu. Eftir sem áður er þörf á virku eftirliti Náttúruverndarráðs og er því kveðið á um það í nýrri 13. gr. að ráðið fjalli um framkvæmdir sem eru háðar mati á umhverfisáhrifum.

Náttúruverndarráði ber einnig samkvæmt nýrri 14. gr. að fylgjast með því að náttúru landsins sé ekki spillt með athöfnum sem brjóti í bága við náttúruverndarlög. Ráðinu verður heimilt að ráða til einstakra verka sérstaka eftirlitsmenn til þess að sinna þessu verkefni. Gert er ráð fyrir að samvinna verði höfð við héraðsnefndir og náttúrustofur um ráðningu eftirlitsmanna og skiptingu kostnaðar af störfum þeirra enda hafa þessir aðilar aðgang að eftirlitsmönnum. Það ætti að stefna að því tel ég að flytja þetta eftirlit í ríkari mæli út til héraðanna, til náttúruverndarnefnda og náttúrustofa þegar þær rísa í kjördæmum landsins. Slíkir eftirlitsmenn hafa raunar starfað um langt skeið á vegum Náttúruverndarráðs og haft eftirlit með almennum framkvæmdum. Kostnaður hefur í flestum tilfellum verið greiddur af viðkomandi framkvæmdaraðila og verður áfram.

Í nýrri 15. gr. er framkvæmdaraðila gert að bera kostnað af eftirliti samkvæmt fyrirframgerðri áætlun þegar um er að ræða framkvæmdir sem falla undir ákvæði 13. og 38. gr. laganna eins og þau verða samkvæmt frv. En þessar greinar fjalla annars vegar um umhverfismat og hins vegar um spillingu lands vegna mannvirkja. Þetta ákvæði er í samræmi við gildandi lög og reglugerð um náttúruvernd og nauðsynlegt til að gera Náttúruverndarráði kleift að sinna eftirlitshlutverki sínu af fullum krafti.

Ný 16. gr. er efnislega samhljóða 5., 6. og 7. mgr. 7. gr. gildandi laga. Eina breytingin er að í stað Náttúruverndarráðs mun umhvrn. vinna að gróðurvernd ásamt Landgræðslu ríkisins og skógvernd ásamt Skógrækt ríkisins. Þetta verkefni ráðuneytisins er í samræmi við það samkomulag sem gert var þegar ráðuneyti umhverfismála var sett á sínum tíma á laggir.

Önnur gr. frv. fjallar um III. kafla núgildandi laga, Greiðsla kostnaðar af framkvæmd laganna. Í nýrri 18. gr. verður umhvrh. heimilt að fengnum tillögum Landvörslu ríkisins að ákveða hóflegt gjald fyrir veitta þjónustu í þjóðgörðum og friðlöndum. Heimild þessi er þó bundin því skilyrði að vel sé skilgreint hverju sinni hvað verið er að greiða fyrir. Jafnframt verður ráðherra heimilt að ákveða tímabundið gjald fyrir aðgang að náttúruverndarsvæðum að fenginni umsögn Landvörslu ríkisins ef spjöll hafa orðið af völdum ferðamanna á viðkomandi svæðum eða að hætta talin á spjöllum. Um gjaldtökuna skal gilda sú almenna regla að tekjum skuli varið til eftirlits eða framkvæmda á sama svæði og þeirra er aflað. Þessi regla er nauðsynleg til að tryggja að gjaldtaka verði ekki notuð til almennrar fjáröflunar af hendi ríkisins eða annarra aðila. Þess ber að geta að víða þurfa ferðamenn nú þegar að greiða fyrir veitta þjónustu á friðlýstum svæðum. Þar nægir að nefna greiðslu fyrir tjaldstæði og aðgang að hreinlætisaðstöðu. Slík gjöld eru t.d. innheimt í þjóðgörðunum sem eru ríkisreknir og á svæðum þar sem ferðafélög hafa byggt upp aðstöðu fyrir ferðamenn. Gjaldtaka þessi er ekki nema að litlu leyti samræmd og í sumum tilfellum virðast gjöld hafa verið hærri en nauðsyn hefur verið til að standa straum af kostnaði. Það hlýtur hins vegar að teljast eðlilegt að tekjum sé varið til uppbyggingar og rekstrar á sama svæði og þeirra er aflað en fyrir því er í sjálfu sér engin trygging nú. Gildar ástæður eru fyrir því að setja í lög heimild til sérstakrar og tímabundinnar gjaldtöku fyrir aðgang að svæðum þar sem spjöll hafa orðið eða hætta er á spjöllum. Tilgangur slíkrar gjaldtöku er að draga úr aðsókn sérstaklega stórra hópa ferðamanna og til að afla fjár til fyrirbyggjandi aðgerða. Þess má geta að gjaldtaka á sér vissa fyrirmynd í lögunum frá 1928 um helgistað á Þingvöllum en þar segir, með leyfi forseta:

„Í reglugerð má ákveða að taka gestagjöld á Þingvöllum og verja því fé upp í kostnað við friðunina." Þá má nefna að slík gjaldtaka er heimil skv. 34. gr. um skipulag ferðamála, nr. 79/1985.

Greinar 3, 4 og 5 eru að mestu aðlögun laganna að þeim breytingum sem eru lagðar til í 1. gr. Í stað þess að Náttúruverndarráð setji reglur, veiti leyfi og undanþágur færist slíkt til umhvrh. Veigamesta breytingin í þessum greinum varðar friðlýsingar og náttúruminjaskrá. Eins og lögin eru í daga getur Náttúruverndarráð eitt friðlýst náttúruvætti, lífverur, friðlönd og stofnað þjóðgarða en ráðherra staðfestir friðlýsingar. Ráðherrann hefur aðeins ákvörðunarvald eftir að Náttúruverndarráð hefur fjallað um málið og tekið sína ákvörðun. Það er eðlilegt tel ég að umhvrn. sem æðsta stjórnvald á sínu sviði fari með friðlýsingarmálin.

Í frv. er kveðið á um það í 5. gr. að áður en ráðherra tekur fullnaðarákvörðun um friðun og friðunarákvæði skal leita eftir áliti Náttúruverndarráðs. Ráðið fær þá sex vikur til að fjalla um málið og gera við það athugasemdir. Þetta ákvæði er afar mikilvægt til að tryggja að áhrif Náttúruverndarráðs á framkvæmd friðlýsingar séu til staðar. Samkvæmt frv. verður friðlýsingarferillinn þessi: Umhvrh. getur friðlýst sérstæðar náttúrumyndanir ef telja verður mikilvægt að varðveita

þær sakir fræðilegs gildis þeirra eða þess að þær eru fagrar eða sérkennilegar að mati annars vegar Náttúruverndarráðs og hins vegar Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar.

Umhvrh. getur að fenginni tillögu Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem samkvæmt lögum sem gilda um þá stofnun á að framkvæma rannsóknir á náttúru landsins, friðlýst örverur, jurtir eða dýr sem miklu máli skipta frá náttúrufræðilegu sjónarmiði. Landsvæði sem er mikilvægt að varðveita sakir sérstaks landslags, gróðurfars eða dýralífs, getur umhvrh. friðað í heild að fenginni umsögn Náttúruverndarráðs annars vegar og hins vegar Landvörslu ríkisins eða Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Frumkvæði að friðlýsingum getur legið hjá umhvrh., Landvörslu ríkisins, Náttúrufræðistofnun og Náttúruverndarráði. En það er umhvrh. sem fer með hið beina friðlýsingarvald. Það er gert ráð fyrir því að Landvarslan hafi fyrst og fremst frumkvæði hvað varðar vænlega ferðamannastaði og útivistarsvæði almennings. Náttúrufræðistofnun sinnir fræðilegri hlið friðlýsinga, lýsingarþættinum, sem stundum hefur svo verið nefndur. Náttúruverndarráð getur hins vegar, sem fulltrúi hinna frjálsu félagasamtaka sem vinna að málinu, gert tillögur um hvaðeina sem varðar friðlýsingar og þannig komið á framfæri þeim óskum sem koma fram á náttúruverndarþingum um þá þætti eða í gegnum aðra farvegi til ráðsins.

Til að styrkja friðlýsingarstarfið er nauðsynlegt að efla náttúruminjaskrána. Í frv. er gert ráð fyrir því að umhvrn. gefi skrána út en vinnan við hana verði að mestu í höndum Náttúrufræðistofnunar og Landvörslunnar eftir atvikum. Á náttúruminjaskrá skulu vera upplýsingar um öll náttúruverndarsvæði landsins og um náttúrumyndanir, lífverur og vistkerfi sem friðlýst hafa verið eða æskilegt er talið að friðlýsa eða leggja undir fólkvanga og þjóðgarða.

Í framtíðinni er nauðsynlegt að náttúruminjaskráin verði mun ítarlegri og betur rökstudd en nú er. Þar kemur ekki síst til atbeini Náttúrufræðistofnunar og síðar náttúrustofa sem hafa yfir að ráða sérfræðilegu atgervi til þessa verks sem ekki hefur verið að finna í jafnríkum mæli hjá Náttúruverndarráði. Það hefur eðlilega hamlað t.d. lýsingu friðlýstra svæða og svæða á náttúruminjaskrá. Náttúruverndarráð sem fulltrúi hinna frjálsu félaga getur síðan gert tillögur um hvað eina varðandi náttúruminjaskrána og mun fjalla ítarlega um hana áður en hún verður gefin út.

Virðulegi forseti. Ég hef nú lokið við að fara yfir frv. Eins og ég hef rakið er kjarninn í frv. tímabærar og nauðsynlegar breytingar á stjórn náttúruverndarmála. Náttúruverndarráð sjálft fjallaði ítarlega um drög að þessu frv. á fundi sínum 2. des. 1993 og samþykkti eindreginn stuðning við það. Ráðið hafði efasemdir um nokkur atriði og gerði tillögur um úrbætur. Fallist var á flestar þessar tillögur en ekki allar. Þrjú atriði ber þar helst á milli. Það fyrsta og mikilvægasta varðar friðlýsingarsjóð en Náttúruverndarráð leggur til óbreytta tilhögun frá því sem nú er. Annað atriðið varðar tilnefningu Ferðamálaráðs í Náttúruverndarráð og stjórn Landvörslu ríkisins. Náttúruverndarráð gerði athugasemd við tilnefndingu Ferðamálaráðs í stjórn Landvörslunnar og telur slíkan hagsmunaaðila of áhrifamikinn í jafnfámennri stjórn. Þriðja atriðið varðar kjörgengi og kosningarrétt til Náttúruverndarráðs. Ráðið gerði athugasemd við að svipta framkvæmdastjóra Landvörslunnar, þjóðgarðsverði og landverði kosningarrétti og kjörgengi til Náttúruverndarráðs.

Það er hins vegar svo, virðulegur forseti, að ekkert þessara þriggja atriða varðar megindrætti frv. og ég vænti þess að umhvn. muni komast að sinni niðurstöðu um hvernig rétt sé að standa að þessum atriðum.

Virðulegur forseti. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og hæstv. umhvn. að lokinni þessari umræðu.

Útbýting þingskjala:

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, 378. mál. brtt. JVK o.fl., þskj. 673; brtt. JVK o.fl. þskj. 674.

[14:59]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að komið er fram frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd. Það er öllum ljóst að gildandi lög eru ekki í takt við breytta tíma og breyttar aðstæður í þjóðfélaginu og því þarf að breyta þeim lögum. Hér eru komnar tillögur að breytingum. Það er í sjálfu sér erfitt að gera sér grein fyrir því hvort hér er einmitt um rétta leið að ræða, þá einu réttu, en ég efast ekki um að hv. umhvrn. mun fara vel ofan í þetta mál og leggja til á því breyingar ef henni sýnist svo. Það eru nokkuð skiptar skoðanir um náttúruvernd í landinu og hvernig eigi að taka á þeim málum. Ég skal viðurkenna það að ég óttast það svolítið að með því að fara þá leið sem hér er lögð til sé verið að koma upp tvöföldu kerfi í stjórn náttúruverndarmála eða jafnvel þreföldu. Landvarsla ríkisins fái að verulegu leyti hlutverk núverandi Náttúruverndarráðs en Náttúruverndarráð verði áfram við sama heygarðshornið. Það er yfirleitt með neikvæðan tón í umræðunni um náttúruvernd og síðan verði umhvrn. með yfirstjórn náttúruverndarmála.

Auk þess má nefna að Náttúrufræðistofnun er orðin mjög mikilvæg stofnun í þessu þjóðfélagi með nýjum lögum og ég bind miklar vonir við þau nýju lög sem um hana gilda. Þetta gerir það að verkum að ég óttast svolítið að þarna komi ýmsir hlutir til með að skarast á milli þessara stofnana og þessara aðila og það geti leitt af sér erfiðleika. Ég sat í þeirri nefnd sem hæstv. umhvrh. nefndi og kemur fram í greinargerð að hann leysti upp eða leysti frá störfum og ég hef svo sem ekkert um það að segja frekar. Ég gerði það að umræðuefni áður í þinginu hvernig að því var staðið. En ég græt það svo sem ekkert sérstaklega að sú nefnd var leyst frá störfum því hún hafði haldið marga fundi og niðurstaða var svo sem ekki alveg í farvatninu. En ég vil bara ítreka það að Alþfl. bar fulla ábyrgð á því nefndarstarfi með því að fyrrv. hæstv. umhvrh. skipaði formann og svo skipaði hann náttúrlega nefndina en ekki meira um það.

Ísland er einstakt land hvað snertir náttúrufegurð og hreinleika. Að við Íslendingar berum gæfu til þess að vernda okkar umhverfi er ein helsta forsenda þess að þjóðin njóti hagsældar þegar við horfum fram í tímann. Við sjáum að flestallir framtíðarmöguleikar okkar tengjast hreinleika landsins og fiskimiðanna umhverfis það. Þetta er nokkuð sérstakt fyrir okkur og það er því mjög mikilvægt að vel takist til við það að vernda umhverfið og náttúru okkar og að vel takist til um náttúruvernd.

En hvernig er best að standa að málum? Það hefur verið því miður tilhneiging í þjóðfélaginu til að skipta þjóðinni í hópa. Annars vegar vini náttúrunnar og hins vegar óvini náttúrunnar. Og þeir sem hafa álitið sig hafa einkarétt á að vera vinir náttúrunnar eru ýmsir sérfræðingar á sviði náttúruverndar en þeir hafa síðan haft tilhneiging til að líta á þá sem nytja landið sem óvini náttúrunnar. Við sem tilheyrum bændastétt höfum verið óánægð með þessa svarthvítu umræðu. Við viljum nytja landið án þess að það beri af því skaða. Þetta hefur upp á síðkastið verið kallað sjálfbær þróun. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að bændur eru ekki alsaklausir af því að hafa komið illa fram við landið. Skammtímasjónarmið hafa stundum ráðið ríkjum og það er enginn vafi á því að landið var víða ofbeitt þegar sauðfé var flest í landinu í kringum 1980 ef ég man rétt. Það er hins vegar margt að breytast í bændastétt eins og víðar. Og flestir bændur, ég fullyrði það, gera sér grein fyrir mikilvægi sjálfbærrar þróunar. En það geta hins vegar komið upp deilur um það hvað má bjóða landinu án þess að það beri skaða af.

Ýmsar þjóðir hafa gert sér grein fyrir því að náttúruvernd verður ekki virk með valdboði ofan frá. Það þarf að virkja fólkið sjálft. Ekki síst þá sem nytja landið. Ég rakst í fyrra á ágætis grein um það hvernig staðið er að þessum málum í Ástralíu. Þar er viðtal við Andrew Kampel, ráðunaut og bónda í Ástralíu, sem segir frá stefnubreytingu í viðhorfi til meðferðar á landi og dýrum og yfirskriftin er, með leyfi forseta: Landnotandi ber ábyrgð á ástandi landsins.

Mig langar að lesa örlítið hér í formála að þessu viðtali, með leyfi forseta, og það hljóðar svo:

„Sá sem hefur á hendi umönnun lands ber sjálfur ábyrgð á því að það og lífríki þess hrörni ekki og sé sjálfbært. Þetta er kjarninn af því sem ástralski ráðunauturinn Andrew Kampel, sem *jafnframt er bóndi*, hefur verið að leggja áherslu á í fyrirlestrum, námstefnum og fundum hér á landi. Hann notaði mikið enska orðið „landcare" eða landvernd. En hann segir að í heimalandi hans, Ástralíu, hafi orðið mikil umskipti á viðhorfum til þess hvernig skuli að landvernd staðið. Á undanförnum árum hafi bændurnir sjálfir tekið þar forustu, fjórðungur þeirra í eigin landgræðslufélögum. Viðhorfið nú sé að stefnan og framtakið skuli ekki koma að ofan frá opinberum aðilum og sérfræðingum heldur frá þeim sem yrkja landið sjálfir en með ráðgjöf og aðstoð þaðan."

Ég skal viðurkenna að ég sakna þess svolítið í því frv. sem hér er til umræðu að ekki skuli hafa verið tekið þannig á málum að meira vald sé fært út í umdæmin. T.d. með því að efla frekar náttúruverndarnefndir. Nú kom það fram hér í ræðu hæstv. ráðherra að hann telur sig vera að efla þær með þessu frv. og það er rétt að þeim er fækkað og kannski er það nægilega eða kannski gerir það það að verkum að þær verði sterkari og geti virkilega tekist á við verkefni. En sannleikurinn er sá að þær náttúruverndarnefndir sem að nafninu til hafa verið skipaðar að undanförnu hafa varla starfað. Það er undantekningar ef þær hafa starfað eitthvað að ráði. Og ég segi það hér aftur að mér finnst að það sé alveg grundvallaratriði að það takist að efla þær og ég hefði reyndar viljað ganga lengra og gefa þeim frekari völd. Það getur vel verið að það verði þróunin. Það var ein hugmynd sem kom fram í þeirri nefnd sem áður hefur verið vitnað til og átti að semja frv. um náttúruvernd. Þar kom fram sú hugmynd að landinu yrði skipt í umdæmi og náttúruverndarnefndir störfuðu síðan í hverju umdæmi. Má eiginlega segja að Náttúruverndarráði væri breytt þannig að því væri skipt upp. Og ég skal viðurkenna að mér fannst að þessa hugmynd hefði þurft að þróa frekar og reyna að kafa algerlega ofan í það hvort þetta hefði ekki getað verið aðferð sem hefði getað hentað okkur Íslendingum.

Í nýrri 5. gr. minnst á héraðsfundi um náttúruvernd. Ég man ekki betur en að þeir séu einmitt í lögum, að ákvæði um héraðsfundi sé einmitt í lögum í dag án þess að þeir hafi verið haldnir svo nokkru nemi. Það gerir það að verkum að maður spyr hvort eitthvað breytist þó að það komi fram nýtt frv. sem kveður á um það sama sem ekki hefur komist til framkvæmda. Ég er ekki á móti því að haldnir séu héraðsfundir um náttúruvernd, svo sannarlega ekki, en það er bara að koma því þá í framkvæmd og ég veit ekki hvort hæstv. umhvrh. hefur einhverjar sérstakar aðferðir til þess að svo geti orðið.

Í verðandi 5. gr. frv. um Landvörsluna, með leyfi forseta:

„Landvarslan getur með samningum falið öðrum aðilum umsjón náttúruminja og friðlýstra svæða, að þjóðgörðum undanskildum, t.d. sveitarfélögum, ferðafélögum, áhugasamtökum um náttúruvernd og einstaklingum."

Ég tel að þarna sé um algert nýmæli að ræða og lýsi ánægju með þetta ákvæði. Ég vonast til að það geti leitt gott af sér og ég set þetta ákvæði í samband við það að Náttúruverndarráði er síðan heimilt eins og því hefur reyndar verið að skipa eftirlitsmenn úti í umdæmunum þannig að ég óttast það ekkert að þarna yrði stigið skref vegna þess að það er þá alla vega haft með því eftirlit.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa lengra mál um þetta við 1. umr. Ég ætla hvorki að lýsa stuðningi eða andstöðu við frv. á þessu stigi málsins. Mér finnst gott að það er komið fram og það er nauðsynlegt að taka á þessum málum í tengslum við nýtt fyrirkomulag síðan við fengum umhvrn. sem ég lýsi ánægju með að varð að niðurstöðu en ég veit að hv. umhvrn. mun fara gaumgæfilega ofan í þessi mál. Umhvn. mun finna með því að kalla fyrir nefndina aðila hvort þessi leið

sé hin rétta eða jafnvel einhver önnur.

[15:12]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var sérstaklega eitt atriði í ræðu hv. síðasta ræðumanns sem fékk mig til að bera fram andsvar hér. Það var þar sem hún kom í máli sínu að Náttúruverndarráði og orðaði viðhorf sitt til Náttúruverndarráðs með þeim hætti ef ég hef tekið rétt eftir: „Náttúruverndarráð er yfirleitt með neikvæðan tón í garð náttúruverndar" sagði ræðumaðurinn. „Náttúruverndarráð er yfirleitt með neikvæðan tón í garð náttúruverndar."

Mér finnst þetta mikið sagt og ég hefði nú talið að ræðumaður þyrfti að rökstyðja fullyrðingu af þessum toga. Ég segi nú einfaldlega, það hefði farið um einhverja úr hennar flokki fyrrum sem báru þennan málaflokk fyrir brjósti og áttu hlut að því að móta þá löggjöf sem hér er verið að umturna með þessum tillögum. En meginhöfundur hennar var sá maður á Alþingi á fyrri tíð sem talaði um þessi mál af mestri nærfærni, einnig með sjónarhorn á þá sem nytja landið og ekki síst þá. Þar er ég að tala um fyrrv. forseta sameinaðs þings og formann Framsfl., Eystein Jónsson, sem var formaður Náttúruverndarráðs um sex ára skeið. Mér finnst satt að segja dapurlegt að heyra þann tón sem hér er uppi hjá talsmanni Framsfl. í þessu máli.

[15:14]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, hér kom nú reyndar upp einn af þessum mönnum sem ég skal ekki neita að mér þykir oft og tíðum telja sig hafa einhvern einkarétt á því að hafa skoðun á náttúruverndarmálum. Og það var ekki rétt eftir haft að ég hefði sagt að Náttúruverndarráð hefði neikvæðan tón í garð náttúruverndar. Ég sagði, með leyfi forseta:

„Náttúruverndarráð verður væntanlega áfram við sama heygarðshornið. Það er yfirleitt með neikvæðan tón í umræðunni um náttúruvernd." Og ég meina það og það er ekki það sama. Mér finnst og það eru miklu fleiri sem telja það að Náttúruverndarráð hafi ekki staðið sig sérstaklega vel í stykkinu og það hafi verið ákveðinn hroki í framkomu Náttúruverndarráðs í garð almennings í landinu og sá tónn viðhafður að þeir hafi einir vit á því hvað sé náttúruvernd. Hv. þm. vitnar hér til fyrrv. formanns Framsfl. Eysteins Jónssonar eins og hann hefur reyndar gert áður við svipuð tækifæri eins og ég sé að lítilsvirða hans merkilega starf að náttúruvernd í landinu þó ég leyfi mér að segja þetta um Náttúruverndarráð í dag. Það er síður en svo. Ég ber mikla virðingu fyrir hans baráttumálum varðandi náttúruvernd og það er á engan hátt verið að gagnrýna hans störf að náttúruvernd þó að ég leyfi mér að hafa uppi skoðanir á því hvernig Náttúruverndarráð starfar í dag og ég þarf ekki að taka aftur neitt af því sem ég sagði.

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál, nál. 1. minni hluta landbn., þskj. 671.

[15:17]

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um náttúruvernd, einkum þann þátt er fjallar um stjórn náttúruverndarmála, þ.e. II. kafla. Ég verð að segja að mér finnst áberandi hversu fáir eru í þingsalnum í dag. Hvort það lýsir áhuga manna fyrir þessum málaflokki er kannski dæmigert því að mér telst svo til að hér séu aðeins þrír þingmenn Alþb., tveir þingmenn Framsfl. og tveir nýgengnir inn, þar að auki ekki einn einasti stjórnarliði að undanskildum umhvrh. sem hér er vonandi ekki bara af illri nauðsyn. Ég verð að segja að ég vorkenni umhvrh. að hafa ekki meiri stuðning af sínum mönnum í þessu máli og það að hér skuli ekki vera einn einasti stjórnarliði segir kannski svolítið um það hvernig þessum málaflokki er komið hjá okkur í dag.

Þegar umhvrn. var stofnað var náð mikilvægum áfanga í náttúru- og umhverfisvernd. Það hafði tekið langan tíma að koma þessu máli í framkvæmd þrátt fyrir mikla baráttu og það að þörfin væri augljós. Ég tel rétt að horfa aðeins til baka því að það er nauðsynlegt til að skýra nánar athugasemdir mínar sem ég ætla að koma hér á framfæri um þetta frv. En það verður að segjast eins og er að oft hefur sá grunur læðst að manni að stofnun ráðuneytisins hafi komið flatt upp á þáverandi stjórnvöld því að bæði stefnumörkun og markmiðssetning fyrir þessu nýja ráðuneyti lá engan veginn fyrir og var lítið hirt um að öðru leyti en því að tekist var harkalega á um hvar ætti að vista hinar ýmsu stofnanir og ekki síst Landgræðslu og Skógrækt. Það var þá eins og málefnin skiptu engu verulegu máli heldur eingöngu staða þeirra stofnana sem um væri að ræða. Margar þeirra voru orðnar gamlar og rótgrónar og störfuðu samkvæmt lögum sem voru þá mörg hver orðin börn síns tíma og var svo sannarlega kominn tími til að endurskoða. Það var ein af ástæðum fyrir því að þrýst var á að stofna þetta ráðuneyti að það yrði tekin þarna inn heildarendurskoðun á ýmsum lögum sem snerta þennan málaflokk.

Það tækifæri sem gafst til endurskoðunar á öllu þessu var í mínum huga einfaldlega ekki nýtt. Það var ekki notað tækifærið til þess að einfalda, gera málið skilvirkara og samræma hlutina og það má segja að það sé ekki fyrr en núna að verið sé að reyna að koma málum í þann farveg sem betur hefði verið gert í upphafi. En það sem hins vegar er dapurlegt er að ég tel að hér sé á engan hátt verið að draga upp neina heildarmynd. Það er verið að taka ýmsa búta og reyna að lappa upp á þá til þess að miða við núverandi aðstæður en það vantar að ég tel einhverja heildarsýn í þennan málaflokk. Það eru ekki dregnar upp neinar heildarlínur, það er verið svona að staga í verstu götin. Því er nefnilega þannig varið eins og reyndar oft hefur komið fram að þessi málaflokkur er býsna umfangsmikill og nær yfir nánast öll svið okkar daglega lífs og því er ekki hægt að setja hann í afmarkaðan bás en lagasmíð öll og allt það sem að henni snýr er flókið mál og þarf að vanda það geysilega vel.

Hlutverk umhvrn. er í raun hlutverk varðhunds innan stjórnarinnar. Þetta er eins konar stjórnarandstaða í

stjórninni með það meginverkefni að samræma og reyna að sjá til þess að önnur ráðuneyti standi sig sem skyldi í umhverfisvernd. Og ég verð að segja það að mér finnst lítið hafa borið á því frá því að umhvrn. var stofnað að þessi varðstaða hafi verið staðin. Það hefur alla vega farið lítið fyrir því. En það sem segir kannski talsvert mikið um þennan málaflokk er að í skýrslu OECD um framkvæmdir umhverfismála á Íslandi eru talin upp um 40 lög og reglugerðir sem snerta þennan málaflokk sem segir okkur dálítið að við erum með flókna hluti í höndunum. Það sem við verðum líka að gæta okkar á er að við förum ekki fram úr okkur sjálfum heldur að við gerum raunhæfar áætlanir í samvinnu við alla þá aðila sem koma að þessu, landeigendur, sveitarstjórnir, áhugamannasamtök og fleiri.

Ég verð að segja það að það er löngu tímabært að endurskoða gömlu lögin sem eru núna í gildi. Hér hefur verið gagnrýnd starfsemi Náttúruverndarráðs en ég tel það vera geysilega ómaklega gagnrýni af síðasta ræðumanni, hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur. Það kemur mér eiginlega á óvart að hún skuli ekki sýna þessu starfi meiri skilning og þekkingu vegna þess að Náttúruverndarráð núverandi hefur starfað við mjög slæmar aðstæður. Þeim hefur verið gert að gera marga hluti samkvæmt gildandi lögum sem þeir varla hafa verið færir um vegna fjárskorts og mannfæðar, þannig að mér finnst ósanngjarnt að ráðast þannig á náttúruverndarfólk í sömu orðum og verið er að tala um hvað það sé mikilvægt til þess að halda okkar landi hreinu og ómenguðu að verja náttúru landsins. Þannig að mér finnst þetta vera tvískinnungur í ræðu hv. þm.

Ég minntist á það að við mættum ekki fara fram úr okkur í þessari lagasmíð og gera þetta of flókið en það væri aðalmarkmiðið að reyna að einfalda þetta þannig að það næði til sem flestra. Það er þannig að t.d. skipulagslög og vinna við skipulag sem tengist þessu alveg óhjákvæmilega er reyndar ekkert annað en áætlun og tæki sem hægt er að ná þessu fram í eina heild og það er lítið minnst á þetta tæki í þessu frv. sem hér er til umræðu. Og ég vil endurtaka það að ég hefði frekar kosið að það hefði verið farið öðruvísi í þetta mál, tengja fleiri málaflokka saman, endurskoða þá og samræma fleiri lög. Þess vegna er mér reyndar ekki ljúft að fjalla um einstaka þætti þessa frv. en tel samt af því að ég hef tækifæri hér til að koma ýmsu á framfæri þó að ég hefði viljað að þetta væri nálgun á breiðari grundvelli.

Virðulegur forseti. Ég ætla að koma með nokkrar athugasemdir við einstaka þætti frv. Fyrst af öllu finnst mér skrýtið að það skuli aðeins á einum stað minnst Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins. Það er í tvígang sem það kemur fyrir. Ég held að það sé ekki minnst á Skipulag ríkisins nema einu sinni eða tvisvar í þessu frv. sem mér finnst mjög bagalegt vegna þess að ég get ekki séð að náttúruvernd eða stjórn náttúruverndarmála geti átt sér stað nema þessar stofnanir komi þarna inn í þessa stjórnun.

Ef ég sný mér aðeins að hinum einstöku greinum þá er talað um að eigi að breyta Náttúruverndarráði í dag, efla það með því að kalla það Landvörslu ríkisins sem heyrir undir umhvrn. Það gerir skrifstofa Náttúruverndarráðs í dag þannig að ég skil eiginlega ekki alveg hver breytingin er. Þetta er rekstur á skrifstofu. Það er reyndar verið að breyta verkefnunum en ég sé ekki ástæðu til þess að breyta rekstrarforminu. Hins vegar þyrfti svo sannarlega að fjölga þar fólki og auðvitað að gera störfin þar skilvirkari og full ástæða til þess að skilja að ýmsa þætti eins og er lagt til og ég held að það sé engin ástæða til annars. En ég skil ekki alveg af hverju þarf að vera að flytja þetta undir umhvrn. þar sem þetta er undir umhvrn. í dag meira og minna. Það væri nægjanlegt að halda því svo til óbreyttu.

Í 4. gr. eða þeim lið sem á að verða 4. gr. er einmitt talað um Ferðamálaráð, það á að tilnefna í stjórn Landvörslu einn fulltrúa frá Ferðamálaráði. Ég get ekki séð ástæðu til þess. Hvers vegna ekki fulltrúa frá landeigendum, bændasamtökunum, áhugamannasamtökum? Ég sé ekki ástæðu til þess og ég verð að taka undir þá gagnrýni sem ráðherra talaði um að hefði komið frá Náttúruverndarráði þar sem þeir sjá ekki ástæðu til þess að þarna sé einn fulltrúi frá Ferðamálaráði, sem gæti þá fengið óeðlilega mikil áhrif. Og ég verð að segja eins og er að mér finnst Ferðamálaráð í dag ekki vera það burðugt að það eigi að vera með fulltrúa þarna inni. Ég held að það væri alveg skelfilegt slys ef svo færi, alla vega eins og málum er komið fyrir Ferðamálaráði í dag og viðhorf þeirra til náttúruverndar. Í þessari sömu grein er einmitt Ferðamálaráð nefnt alveg séstaklega og ég set aðeins spurningamerki við það.

Í d-liðnum eða 5. gr. sem á verða er talað um að stofnunin hafi umsjón með öðrum náttúruverndarsvæðum. Ég skil ekki alveg hvað er átt við þar. Hvaða náttúruverndarsvæði í samræmi við ákvæði annarra laga? Ég get ekki alveg áttað mig á þessu en gæti hugsað mér að þetta væri þá svæði sem væri merkt sérstaklega í skipulagi sem náttúruverndarsvæði eða sem væru athyglisverð með einhvers konar verndunargildi og væru þá merkt alveg sérstaklega í skipulagi. En þessi skilgreining þarna, náttúruverndarsvæði, ég átta mig ekki alveg á því og hefði gjarnan viljað fá nánari útskýringu á því.

Síðar í þessari grein er talað um að Landvarslan skuli hafa forgöngu um fræðslu á svæðum. Það er þessi fræðsluþáttur Landvörslunnar sem ég vil líka aðeins setja smáspurningarmerki við. Auðvitað er hann af hinu góða en ég vil bara benda á það að í dag virðist mér vera um 14–15 aðilar sem meira og minna eru með fræðslu í umhverfis- og náttúruverndarmálum á sinni könnu. Ég held að það þyrfti að skoða það alveg sérstaklega að gera þessa fræðslu svolítið skilvirkari. Það virðist vera eins og margir séu að vinna sömu hlutina og þarna sé kröftum og fjármunum dreift á ansi marga aðila, það þyrfti að reyna að nýta bæði fjármuni og krafta betur. Hvort Landvarslan á að sjá um þetta eins og sett er upp þarna — hins vegar tek ég fyllilega undir það að hún fái heimild til að reka gestastofur eða koma þeim í gagnið þar sem ástæða þykir til — ég vil setja aðeins spurningarmerki við þetta og

biðja um að það verði skoðað aðeins nánar í sambandi við þá aðila sem tengjast fræðslu í náttúru- og umhverfisvernd hvernig það er.

Í 9. gr. er talað um náttúruverndarnefndir og ég vil taka undir gagnrýni síðasta ræðumanns, hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur. Ég skil þannig orð ráðherra að það ætti að gera náttúruverndarnefndina virkari en ég get ekki skilið það út frá þessu frv. hérna. Það er verið að gefa þarna eitthvert vald til héraðsnefnda og ég átta mig ekki alveg á hver þeirra staða verður í þessu, hvort þær hafa möguleika til að sýna eitthvert vægi í þessu.

Það stendur líka hér að náttúruverndarnefndir skulu hafa bakhjarl í náttúrustofum kjördæma. Það held ég að sé af hinu góða en ég verð að viðurkenna að ég efast um að eins og talað er um náttúruverndarnefndirnar hérna þá hafi þær nægjanlegan þunga. Það er ekki talað um mannvirkjaeftirlit, ég sé ekki alveg hvernig það á að fara fram, hvort það á að tengjast náttúruverndarnefndunum, ég sé það ekki.

Síðan er í greinum 10–15 meira og minna verið að tala um náttúruverndarþing og Náttúruverndarráð þar sem er boðað að Náttúruverndarráð eigi að vera óháður sjálfstæður aðili og það verð ég að segja, virðulegur forseti, að ég skil ekki hvernig það getur orðið. Ég skil ekki hvernig Náttúruverndarráð getur orðið óháður aðili þar sem það er meira og minna á ríkisframlagi. Ríkið á að sjá um greiðslu launa til eins starfsmanns og sjá um rekstur á þessu. Náttúruverndarráði er gefið talsvert vald þarna. Það á að vera með umsagnir um eitt og annað, en af því sem fram kemur hér og ég les út úr þessu þá get ég ekki séð að Náttúruverndarráð muni þjóna neinum tilgangi og er í raun og veru hissa hvers vegna verið er að eyða svona miklu púðri í þetta í frv. og hvers vegna ráðherra gengur ekki bara skrefið til fulls og leggur þetta alveg niður og fylgir þá þeim tilmælum frá alþjóðasamþykktum, m.a. samþykktum frá ráðstefnunni í Ríó og tilmælum Brundtland-nefndarinnar að gefa meira vald til áhugamannasamtaka því að það er ekki verið að gefa almenningi þarna neinn farveg samkvæmt þessu í að hafa möguleika á að koma skoðun á framfæri því að almenningur hefur það í raun og veru samt sem áður í gegnum umhverfismatið. Almenningur getur beðið um umhverfismat og almenningur getur komið með ábendingar um friðlýsingar hvort sem er þannig að ég tel að þessi skilgreining og þessi lýsing á Náttúruverndarráði, það sé verið að eyða allt of miklu púðri í þetta í frv.

En ef ég gagnrýni aðeins það sem kemur fram einmitt áhrif á Náttúruverndarráð þá er það í fyrsta lagi ríkisframlagið, að þingið ætlar að reka Náttúruverndarráð. Það á að hafa 5% af árlegum tekjuafgangi Endurvinnslunnar. Ég veit ekki hvað það yrði mikil upphæð og væri sjálfsagt í dag lítið hægt að gera fyrir það. (**Umhvrh.:** 350 þúsund kall á síðasta ári.) 350 þúsund kall, segir ráðherra hér. Ég held að það væri ekki mikið sem væri hægt að vinna fyrir það.

Náttúruverndarráð á að fjalla um lögbundið mat á umhverfisáhrifum. Er það sjálft ráðið sem á að gera það eða er það þessi eini starfsmaður sem á að vera á ríkislaunum? Og hver á að borga ef það er ekki hann? Síðan er talað um að Náttúruverndarráði sé heimilt að ráða eftirlitsmann, einn í hverjum landsfjórðungi, ég skil ekki af hverju það er þá ekki í tengslum við náttúruverndarnefndirnar, hvort það væri ekki réttara að vera frekar í kjördæmum. Það getur ráðið eftirlitsmann en hver á samt að borga? Ég átta mig ekki alveg á því í þessu. Og hvers vegna þá ekki í tengslum við heilbrigðiseftirlitið í hinum ýmsu landshlutum? Hvers vegna ekki að tengja það frekar saman við það og gera það miklu virkara, einnig í tengslum við þessar náttúrustofur og náttúrufræðisetur sem koma upp víða um land.

Tími minn er búinn. Ég hef fleiri athugasemdir, virðulegur forseti. Í greinargerðinni segir m.a. ...

(**Forseti** (VS)**:** Forseti vill benda hv. þm. á að henni er heimilt að tala aftur.)

Já, þá ætla ég að fá að koma aftur, virðulegi forseti, og ljúka þá máli mínu.

[15:37]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Auði Sveinsdóttur fyrir mjög málefnalegt framlag í þessa umræðu. Nú er það svo að eins og ég gat um mjög rækilega í minni ræðu og eins og kemur mjög vel fram í frv. og greinargerð með því þá fjallar þetta frv. fyrst og fremst um breytt stjórnkerfi náttúruverndarmála. Þess vegna vildi ég aðeins spyrja hv. þm. Auði Sveinsdóttur hvað hún á við þegar hún talar um að hún hefði viljað sjá þetta frv. og þessa vinnu á breiðari grundvelli. Við erum hér að taka afmarkaðan þátt í náttúruverndarmálum sem er lýst afskaplega rækilega. Hvernig sér hún þá að það hefði átt að taka þetta á breiðari grundvelli?

[15:38]

Auður Sveinsdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra spyr hvernig væri hægt að taka þetta á breiðari grundvelli. Ég reyndi að lýsa því hér áðan að það er svo margt sem kemur að þessu. Ég get ekki séð að stjórn náttúruverndarmála sé eingöngu í gegnum náttúruverndarlög vegna þess að stjórnin er líka í gegnum skipulagsmál, lög um landgræðslu, lög um skógrækt, eignarrétt og margt annað og ég hefði viljað að það kæmi miklu skýrar inn í þennan stjórnunarþátt. Mér finnst þetta vera of þröngur farvegur. Ég hefði viljað að þarna væri lýst betur samstarfi við aðrar stofnanir en bara Náttúrufræðistofnun Íslands og einnig að það færi meira fyrir markmiðum fyrir þessu, að tengja þetta inn í fleiri þætti og fleiri lög sem þá gerðu þetta að þessum stóra málaflokki sem hann er.

[15:40]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég gat þess mjög rækilega í minni ræðu að heildarendurskoðun þeirra laga sem tengjast náttúruvernd er skipt upp í tvo hluta. Þetta er einungis sá fyrri hluti sem liggur hér fyrir í frv. Þar er tekið

á stjórn náttúruverndarmála, en í síðari endurskoðun eru önnur ákvæði laganna tekin til skoðunar og til að mynda alveg sérstaklega sá hluti laganna sem fjallar um aðgang almennings að náttúru landsins eins og hv. þm. drap á í sinni ræðu.

Ég gat þess einnig að þessi síðari hluti endurskoðunarinnar væri miklu flóknara mál, krefðist miklu víðtækara samráðs þannig að ég held að þessi gagnrýni hv. þm. sé ekki á rökum reist.

[15:41]

Auður Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta er bara byrjunin á stóru verki. En ég sný ekki aftur með það að ég sakna þess að þar sem verið er að tala um stjórnun þessara mála skuli ekki vera nánast minnst orði á samskipti við aðrar stofnanir ráðuneytis, t.d. Skipulag ríkisins eða stofnanir sem tilheyra landbrn., Landgræðslu og Skógrækt. Mér finnst sá þáttur ekki nægjanlega skýr í þessu. Mér finnst líka samskipti við áhugamannasamtök ekki nægilega skýr, hvert þeirra valdsvið er eða hvernig er hægt að nýta þátt þeirra og ég hefði séð það skýrt miklu nánar þannig að ég vona að í umfjöllun umhvn. verði það skoðað alveg sérstaklega og reynt að flétta þetta inn í þessi lög, samskiptin við aðrar stofnanir og önnur lög sem tengjast þessum málaflokki, ekki bara eins og ég endurtek, Náttúrufræðistofnun Íslands.

[15:42]

Karen Erla Erlingsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að breytingar á lögum um náttúruvernd líti nú dagsins ljós. Það er löngu orðið tímabært að þau séu endurskoðuð. Það hefði raunar þurft að gera fyrir löngu því með tilkomu sérstaks umhvrn. tel ég vera nauðsynlegt að skilgreina betur verkskiptingu milli umhvrn. annars vegar og Náttúruverndarráðs hins vegar og vona ég að það takist með þessum breyttu lögum.

Í 10. gr. eru þeir aðilar taldir upp sem sæti skulu eiga á náttúruverndarþingi og sakna ég þess að sjá ekki fulltrúa frá ferðamálasamtökum landshlutanna þar. Eitt af veigameiri verkefnum sem ferðamálasamtökin vinna að eru umhverfismál og ekki síst fyrirbyggjandi aðgerðir í umhverfismálum. Því fyndist mér mikilvægt að ferðamálasamtökin ættu fulltrúa á náttúruverndarþingi.

Ég ætla að leyfa mér að bera aðeins niður í 2. gr. varðandi gjaldtöku í þjóðgörðum og á friðlýstum svæðum, en þjóðgarðar og friðlýst svæði eru jafnframt vinsælustu ferðamannastaðir landsins. Ég á sæti í Ferðamálaráði Íslands og þar hefur slík gjaldtaka oftsinnis verið rædd. Henni hefur alfarið verið hafnað nema sem gjaldtaka fyrir þá þjónustu sem veitt er á viðkomandi stöðum eins og reyndar kemur fram hér að skuli vera raunin á. Ég vil því íteka það að gjaldtaka þarf að vera vel skilgreind.

Ég vil aðeins benda á að ferðaþjónustan hefur almennt hafnað gjaldtöku í formi aðgangseyris að slíkum stöðum og bent er á í því sambandi að nóg álög séu þegar fyrir á greininni þó svo sú gjaldtaka bætist ekki við. Mér líst hins vegar mjög vel á þá tillögu að gjaldtaka skuli samræmd yfir landið. Það er ófært annað að mínu mati en hún sé samræmd ef það samræmist þá samkeppnislögum og hún sé notuð eða það sem kemur inn sé notað til uppbyggingar og úrbóta á viðkomandi svæðum eins og umhvrh. benti á.

Í 3. gr. er fjallað um aðgang almennings að náttúru landsins og umgengni. Þar er lagt til að Landvarsla ríkisins geri tillögu um gerð ökuslóða á öræfum landsins og merkingu þeirra. Það sama skuli gilda um akstur á snjó og jöklum. Mér er spurn hvernig hæstv. umhvrh. hugsi sér að framfylgja þessu. Þar vil ég taka Vatnajökul sem dæmi en hann er orðinn eitt vinsælasta útivistarsvæði landsins og stundum er þar umfangsmikil ferðaþjónusta, t.d. á vegum Jöklaferða hf. sem bjóða upp á ferðamöguleika þar þvers og kruss um jökul.

Ég átta mig ekki á því hvernig skuli staðið að þessu, hvort það er sem sagt nauðsynlegt að takmarka umferð um jökla og á snjó og hvernig eftirliti skuli háttað á þeim stöðum eins og t.d. á Vatnajökli.

Hv. 9. þm. Reykv., Auður Sveinsdóttir, talaði um viðhorf Ferðamálaráðs til umhverfismála í ákveðnu samhengi því að það er tillaga um að þeir eigi fulltrúa í ákveðinni nefnd sem er líka tilgreind. Ég sit í Ferðamálaráði og mér finnst hún hafa talað tiltölulega neikvætt um Ferðamálaráð í þessu sambandi og mig langar bara að fá aðeins nánari skýringu á því við hvað hv. þm. átti þar.

[15:46]

Auður Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég skal fúslega verða við ósk hv. þm. sem undrar sig á orðum mínum í garð Ferðamálaráðs á sviði umhverfismála en ég get gefið þá skýringu á því að á vegum Ferðamálaráðs hefur verið starfandi starfsmaður sem hefur verið að sinna úttekt á ferðamannastöðum og umgengni og frágangi á ferðamannastöðum. Ég tel fullvíst að fyrir tilstuðlan þessa starfsmanns hafi verið unnin mjög merk skýrsla og einnig að lögð var fram stefna og markmið í umhverfismálum sem mér skilst að hafi verið samþykkt á ferðamálaþingi á síðasta ári. Það vekur því furðu hvers vegna þetta starf var lagt niður frá 1. jan. sl. þó svo þarna hafi verið um tímabundna ráðningu að ræða, hvers vegna það var ekki hægt að halda hliðstæðu starfi áfram. Og ég get ekki dregið aðra ályktun af því að ef það er ekki áhugi Ferðamálaráðs til þess að hafa þar starfsmann sem sinnir umhverfismálum þá er þetta frekar í orði en á borði sem áhugi er á umhverfismálum og náttúru landsins hjá Ferðamálaráði.

[15:48]

Karen Erla Erlingsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get verið alveg sammála hv. þm. í þessu atriði að það komi mjög flatt upp á fólk að þessari manneskju skuli hafa verið sagt upp. En þingmanninum er kannski fullkunnugt um það að hluti af verkefni Ferðamálaráðs verður fluttur til Akureyrar, skrifstofan verður opnuð 8. apríl með pomp og prakt og þar hefur þegar verið ráðinn aðili til þess að sjá um umhverfismál og honum verða greidd laun af Landgræðslu ríkisins.

[15:49]

Auður Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að þessi orð hv. 1. þm. Austurl. segi eiginlega það sem þarf að segja, það sýni hvers konar rugl er í þessum málaflokki að þarna var starfandi fulltrúi sem sinnti umhverfismálum. Það er verið að flytja starfið norður á Akureyri og er ekkert nema gott um það að segja, en allt í einu er það Landgræðsla ríkisins sem á að fara að borga þetta starf. Er það t.d. á fjárlögum fyrir Landgræðslu ríkisins að hún eigi að borga þetta starf, Landgræðslan sem tilheyrir landbrn.? Ég held að það hljóti allir að sjá í hvers konar ógöngum þessi málaflokkur er og hversu þarft er að reyna að hreinsa svolítið til í þessu og gera þetta kerfi skilvirkara. En það er einmitt mjög gott að fá það staðfest, sem ég hafði reyndar heyrt orðróm um, að það væri ekki Ferðamálaráð sem ætlaði að fara að reka starfsemi um umgengni og frágang á ferðamannastöðum heldur Landgræðsla ríkins. Og samkvæmt hvaða lögum ætlar Landgræðsla ríkisins að gera það? Er það samkvæmt landgræðslulögum eða hvaða lögum? Ég átta mig ekki á þessu.

[15:50]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við erum að ræða hér frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd sem var boðað fyrst á náttúruverndarþingi í haust. Frv. er því ekki alveg ókunnugt þeim sem þar voru og það var einnig kynnt á ráðstefnu sem Náttúruverndarráð hélt ekki alls fyrir löngu.

Það má ýmislegt um þetta frv. segja í heildina. Ég vil byrja á því að segja að það var nauðsynlegt og löngu tímabært að endurskoða lögin ekki síst vegna þess að nú er búið að setja á stofn umhvrn. og eðlilegt að litið verði á lög um náttúruvernd í samhengi við það. Enda var eitt af fyrstu verkum þess umhvrh. sem fyrstur tók við því starfi, ef ég man rétt, að skipa nefnd sem Kvennalistinn var beðinn um að tilnefna fulltrúa í sem við og gerðum. Nefndin átti að hafa það hlutverk að endurskoða lögin. Ég þarf ekki að rekja það nákvæmlega þar sem hæstv. ráðherra gerði það sjálfur og sagði að hann hefði ákveðið að leggja niður þá nefnd og taka ekki mark á því sem hún hafði gert. Alla vega sýnist mér miðað við þær umræður sem fulltrúi okkar lét okkur vita að fram færu í nefndinni að ekki sjái mikið eftir þá nefnd. Það getur vel verið að ráðherranum hafi litist svo illa á allt það sem þau gerðu — ég hef ekki farið í neinar samanburðarrannsóknir á því enda skiptir það í sjálfu sér engu máli því að sú nefnd var leyst frá störfum og engin nefnd skipuð í staðinn heldur var frv. samið innan veggja umhvrn. en ekki af neinni nefnd sem aðrir komu að eftir því sem mér skilst. En frv. er komið og ég tek undir það sem hér var sagt. Ég held að það hafi verið hv. 9. þm. Reykv. sem talaði um að hún saknaði þess að ekki væri litið víðar á málið, þ.e. að tekið væri heildstætt á lögum um náttúruvernd. Ég tek undir þau ummæli hennar og tel að það hefði verið miklu eðlilegra að líta á þetta í víðara samhengi því það er erfitt að sjá annað fyrir sér en það þurfi fljótlega aftur að endurskipuleggja þessi lög og stjórnunina á þessum málaflokki. Það er því spurning hvort ekki hefði verið eðlilegra að gera það með þeim hætti. Alla vega varð ég fyrir vonbrigðum að fá ekki frv. þar sem um var að ræða meiri yfirsýn yfir málaflokkinn en hér er. En gott og vel. Ég ætla ekki að ræða það meira núna þar sem við erum að ræða um þetta eina frv.

Í skemmstu máli má segja að frv. gerir ráð fyrir því að Náttúruverndarráð missi sitt hlutverk. Það kom fram í máli ráðherrans og er lögð áhersla á það í frv. að Náttúruverndarráð verði sjálfstæður umsagnar- og eftirlitsaðili. Það er út af fyrir sig ágætt og auðvitað á Náttúruverndarráð að vera sem sjálfstæðast ef það er til staðar, en það kemur hvergi fram og ég á frekar erfitt með átta mig á því hvernig á að fara með þeirra álit. Það stendur í frv. að það þurfi að leita álits þeirra á ýmsum málum, og síðan hvað? Hvað svo?

Það hafa flestir rétt á því að láta álit sitt í ljós en það er spurning hversu mikilvægt það álit er. Mér þykir mjög mikilvægt að það sé einhver gagnrýnin rödd í umhverfismálum og að tekið sé mark á því sem sú rödd segir. Það hefur einnig verið rætt um að það eigi að efla náttúruverndarnefndir og ég tek undir það sem var bent á varðandi þær. Hvernig eflast þær ef þeim er fækkað? Ég átta mig ekki alveg á því hvernig það tengist þessum lögum. Það er sama með Náttúruverndarráð og náttúruverndarnefndirnar. Ef maður hefur ekkert vald og enga peninga, þá getur maður ekkert gert.

Eitt af því sem hefur verið talað mest um varðandi kvennabaráttu er að það að hafa ekki völd og ekki peninga hamlar mest. Það er þess vegna sem konur hafa engin völd og það gildir nákvæmlega það sama um þá sem eiga að vernda náttúruna. Ef þeir hafa enga peninga og engin völd, þá er ákaflega erfitt að sjá hvernig þeir eiga að koma áliti sínu á framfæri eða hafa þau áhrif sem ég tel mikilvæg að þeir hafi. Þess vegna finnst mér að það þurfi að vera nokkuð ljóst hvernig þetta á að geta farið saman.

Það er eitt atriði af því að hæstv. ráðherra lagði áherslu á það og það kemur fram í 1. gr. k, sem á að verða 12. gr., að leita skuli eftir áliti Náttúruverndarráðs á öllum lagafrumvörpum á sviði náttúruverndar áður en þau eru lögð fram á Alþingi. Ég tel að þetta standist bara engan veginn skoðun, þetta gengur ekki upp. Það getur vel verið að umhvrn. geti haft það fyrir vinnureglu að öll lagafrumvörp sem umhvrn. ákveður að leggja fram á sviði náttúruverndar verði lögð fyrir Náttúruverndarráð, en ég tel útilokað að hægt sé að lögbinda þetta þannig að þingmenn geti ekki lagt fram lagafrv. um náttúruvernd án þess að spyrja Náttúruverndarráð um álit. Þetta er tæknilegt atriði en ekki efnislegt og skiptir kannski ekki höfuðmáli heldur er bara smáatriði. Mér fannst þetta vera eitthvað sem þyrfti að lagfæra og var ekkert að spekúlera sérstaklega í þessu þegar ég sá greinina en af því að hæstv. ráðherra minntist sérstaklega á þetta, þá ætla ég að spyrja hvernig þetta er komið í frv., hvort þetta sé byggt á einhverjum fordæmum. Ég held að það gangi ekki upp að þingmenn og reyndar ráðherra líka, sem eru þingmenn, geti ekki lagt fram frumvörp án þess að

spyrja Náttúruverndarráð um leyfi ef það er á sviði náttúruverndar. Ekki svo að skilja að ég sé eitthvað á móti því að ráðið geti sagt álit sitt og það getur vel verið að margir biðji um álit en að það sé einhver skylda í lögum held ég að standist ekki. En eins og ég segi er þetta tæknilegt atriði frekar en efnislegt í sjálfu sér.

Ég set ákveðið spurningarmerki við það hvernig gert er ráð fyrir að friðlýsingar fari fram. Ég tel að það sé ákaflega óheppilegt að ráðherra, þó að hann geti verið ágætur sem persóna og hafi allar góðar meiningar, geti ákveðið friðlýsingar að eigin geðþótta. Mér finnst það vera kerfi sem ég er ekki alveg viss um að geti gengið upp, þ.e. ekki þurfi að vera ákveðið ferli sem þarna eigi sér stað. Ég er síst af öllu á móti því að lokaákvörðun sé í höndum ráðherra, eins og er gert ráð fyrir og mér þykir eðlilegt, en það sé ekki, ef ég má orða það svo, geðþóttaákvörðun ráðherra. Ég vil taka það fram að ég er ekki þar með að segja að það verði endilega eitthvað óheppilegt en það gæti hugsanlega orðið til þess að einhver ákveðinn ráðherra sem sest í stól umhvrh. ákveður að friðlýsa þetta og þetta og þetta og svo kemur næsti ráðherra og ákveður að friðlýsa þannig að þetta verði kögrað um allt land. Það getur vel verið að við viljum friðlýsa landið í heild með þeim takmörkunum sem það getur haft í för með sér um nýtingu, eins og hv. 3. þm. Norðurl. e. minntist á að væri til mikillar bölvunar að náttúruverndarfólk hefði kannski einhverjar athugasemdir við. En það gæti orðið svolítið vandasamt ef búið væri að friðlýsa landið á einhvern hátt án þess að um ákveðna stefnu væri að ræða í því máli vegna þess að við skiptum um umhvrh. — alla vega höfum við haft þá þrjá núna frá því að umhvrn. var stofnað. (**Umhvrh.:** Er þetta ósk um að þessi sé tekinn ...?) Sú sem hér stendur heyrði ekki athugasemd ráðherrans en hann mun sjálfsagt láta hana í ljós á eftir.

Ég hef efasemdir um ýmislegt sem kemur fram í frv. og vil ég í því sambandi benda á að á fundi um stefnu í náttúruvernd sem ég var á þar sem þetta frv. var m.a. kynnt, raunar var ekki bara verið að ræða þetta frv., komu ýmsar athugasemdir fram og hæstv. ráðherra minntist á álit Náttúruverndarráðs í því sambandi. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að beinar athugasemdir Náttúruverndarráðs voru ekki mjög margar til viðbótar við þær sem þegar hafði verið tekið tillit til miðað við það sem ég hafði undir höndum en við fengum afrit af athugasemdum Náttúruverndarráðs. Beinar tillögur þess sem ekki var tekið tillit til voru ekki mjög margar fyrir utan það sem ráðherrann minntist á nema að því er friðlýsingarsjóð varðaði. Að mínu mati var það stærsta atriðið af þeirra athugasemdum en hitt var t.d. um kjörgengi og kosningarrétt sem eru tæknileg atriði sem má alveg laga ef út í það er farið en efnislega var það fyrst og fremst þetta.

Hins vegar voru nokkrar athugasemdir miklu loðnari sem var sagt að ráðið hefði bent á og umræður urðu um hin og önnur atriði sem þarna komu fram. Það var alveg greinilegt á þessum fundi að í raun og veru höfðu nokkrir aðilar innan Náttúruverndarráðs miklu víðtækari athugasemdir við frv. en kom fram í áliti ráðsins. Það var því tiltölulega erfitt að átta sig á því hvaða þætti menn settu stærstu spurningarmerkin við. Þó held ég að í máli nokkurra sem þar töluðu hafi það nokkuð verið ljóst. Þótt ég hafi ekki skrifað allt hjá mér í smáatriðum, þá reyndi ég að taka það eitthvað niður þar sem við sem erum í umhvn. eigum að fjalla um þetta mál.

Ég vil benda á þessi atriði við 1. umr. málsins. Auðvitað á umhvn. bæði eftir að senda þetta frv. til umsagnar og vinna málið og vonandi getum við fjallað um það, eins og menn hafa talað um, með vönduðum hætti. Ég reikna með að þótt stuttur tími sé til þingloka muni okkur gefast tækifæri til að fjalla um þetta mál. Að vísu erum við búin að fá mörg mál og við erum ekki búin að skipuleggja okkar störf nákvæmlega fram á vorið en auðvitað reynum við að vinna hratt og vel eins og við höfum krafta og getu til.

Mig langar að minnast á nokkur atriði í framhaldi af ræðu sérstaklega hv. 3. þm. Norðurl. e., Valgerðar Sverrisdóttur, sem talaði um að Náttúruverndarráð væri með neikvæðan tón í umræðunni um náttúruvernd. Það má vel vera að það sé rétt, ekki ætla ég að segja neitt til um það. Ég hef ekki verið svo oft á fundum þar sem fulltrúi Náttúruverndarráðs hefur talað fyrir hönd þess. Mér hefur oft fundist vanta nógu framsækna stefnu hjá Náttúruverndarráði ef eitthvað er þannig að það kom mér nokkuð á óvart að heyra þetta. Sjálfsagt má ýmislegt gagnrýna af hálfu Náttúruverndarráðs að því er varðar samskipti við fólk úti um land. Ég skal ekkert um það segja, en ég var frekar ósátt við tóninn sem hv. þm. sendi ráðinu í ræðu sinni. Hún vildi skipta fólki upp í náttúruverndarfólk og notaði orðið náttúruverndarfólk, að mér fannst, í neikvæðri merkingu sem ég á mjög erfitt með að sætta mig við. Ég held að svo margir séu náttúruverndarsinnar þegar að er gáð þó að það séu ekki endilega þeir sem tala hæst og mest og séu að því er mörgum finnst með neikvæðan tón. Mér finnst samt mjög slæmt að heyra það að þeir sem tala um umhverfisvernd og bera hag náttúrunnar fyrir brjósti, kannski með stórum orðum, ég veit ekki hvort það er of stórt fyrir smekk hv. þm., en síðan séu það hinir sem vilji nýta og þá væntanlega bændur. Mér finnst mjög slæmt að skipta fólki upp á þennan hátt. Ég tel mig t.d. vera í hópi þeirra sem kallast náttúruverndarsinnar eða umhverfisverndarsinnar en ég er líka mikil nýtingarmanneskja. Ég hef t.d. talið að hvalur sé nýtanleg auðlind. Mér hefur stundum fundist mjög sérkennilegt að þeir sem vilja ekki nýta hvali eru kallaðir umhverfissinnar og hinir ekki. Mér hefur alltaf fundist það mjög sérkennilegt og mér finnst mjög hættulegt að vera að skipta fólki upp með þeim hætti að það sé náttúruverndarfólk og svo þeir sem vilja lifa af landinu og nýta það með skynsamlegum hætti. Ég er algerlega sammála hv. þm. að umgengni við landið í heild hefur batnað mjög mikið og fólk er orðið miklu meira vakandi fyrir því að ekki megi vaða yfir og ofnýta landið frekar en aðrar auðlindir náttúrunnar. Ég verð því að viðurkenna það að sá tónn sem mér fannst hv. 3. þm. Norðurl. e. senda Náttúruverndarráði og

náttúruverndarfólki heldur neikvæður og þótti mér það miður.

Ég vona að hún líti ekki svo á að þeir sem vilji nýta landið, og þá fyrst og fremst bændur, séu í einum flokki sem geti alls ekki rekist með þeim sem hugsa um náttúruvernd. Ég vil sjálf meina að það sé mjög auðvelt að samræma það og það megi alls ekki stilla þessum hópum upp sem andstæðum hvor öðrum.

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál, brtt. EgJ o.fl., þskj. 672.

[16:07]

Auður Sveinsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég var þar komin í ræðu minni áðan að ég var að ræða um vægi Náttúruverndarráðs eins og það kemur fram í þessu frv. og vil endurtaka það að ég tel að þarna sé verið að fara einhverja leið sem engum þjónar og valdsvið Náttúruverndarráðs verði ekkert að ráði og allra síst þjóni það hag almennings. Í væntanlegri 16. gr. er talað um að umhvrn. eigi að hafa samvinnu við Landgræðslu ríkisins og Skógrækt ríkisins og tel ég vera af hinu góða. Hins vegar hefði ég viljað að í þessu sambandi hefði verið gengið lengra og farið í að kanna grundvöll fyrir því hvernig er hægt að samræma þessi mál enn betur.

Hvað eftir annað hafa komið fram hugmyndir um ákveðna sameiningu á ákveðnum þáttum þessara stofnana og ég hefði fagnað því að það hefði verið skoðað og látið reyna á það vegna þess að því sem lýst er í frv., þ.e. friðlýsingum, rannsóknarþættinum í störfum Náttúrufræðistofnunar og ef ég bæti við Skógrækt ríkisins, starfsemi hennar um skógvernd og Landgræðslu ríkisins, um landvernd þá eru þetta allt þættir í ákveðinni landnýtingu og sú landnýting er einnig hluti af skipulagsmálum. Þetta hefði þurft að skoða í tengslum við skipulagsmál og hvernig þau eru framkvæmd því að skipulag er ekkert annað en áætlunargerð. Við erum með margar tegundir af því hvort sem það heitir landskipulag, aðalskipulag eða svæðisskipulag. Ef við tökum svæðisskipulag sem dæmi, þá falla friðlýsing og umfjöllun um náttúruverndarsvæði, sem ég tel fyllilega vera á sviði Náttúrufræðistofnunar að koma með tillögur um, undir grunnrannsóknir hjá okkur. Síðan er þáttur skógræktar með ákveðna áætlanagerð í sambandi við hvaða svæði á að taka til ræktunar hvort sem það er sem nytjaskógrækt eða fjölnytja skógrækt og síðan einnig hvernig að landgræðslu er staðið. Þetta er það sem tengist inn í skipulag.

Í þessari grein hefði ég því viljað sjá eitthvað nánar um þessa samræmingu sem ég var að tala um áðan og hæstv. ráðherra var ekki alveg viss hvernig hann ætti að túlka en það má kannski segja að það lýsi sér best í þessari grein að hún mætti vera ítarlegri og ná yfir fleiri þætti. Ég geri mér fullkomlega grein fyrir því að samskipti við þessar tvær stofnanir, Landgræðslu og Skógrækt, hefur þvælst fyrir mönnum við stofnun umhvrn. vegna þess að ekki var talið fært að flytja stofnanirnar yfir, en það er spurning hvort einhverjir þættir gætu farið til umhvrn. undir þeim formerkjum að fella þetta meira inn í skipulagsþáttinn. Ég hefði viljað sjá að þessu væri gerð betur skil í frv.

Ég hafði að vísu ekki margar aðrar athugasemdir en ég ítreka að ég er ekki nógu sátt við þetta með Ferðamálaráð. Það kemur fram í greinargerðinni aftur hvaða vægi það á að fá, en mig langar að lokum, virðulegur forseti, að gera að umtalsefni umsögn fjmrn. Þar er talað um að það eigi að efla sjálfstæði og frumkvæði Náttúruverndarráðs. Og ég endurtek enn og aftur að ég tel það ekki vera tilfellið eins og þetta er lagt fram þarna. Síðan segir í umsögn fjmrn., með leyfi forseta:

„Gert er ráð fyrir nokkurri fækkun í öðrum störfum.“ Þ.e. fækkun starfa í Náttúruverndarráði í dag og ég verð að segja að það kemur mér á óvart því ef það er eitthvað sem hefur háð náttúruverndarmálum þá er það einmitt sú mannfæð og þeir erfiðleikar sem Náttúruverndarráð hefur átt í að standa undir þeim skyldum sem því hefur verið lagt á herðar í gegnum löggjöfina. Mér finnst það því ekki verða burðugt ef þetta er túlkað þannig að það eigi að fækka störfum á þessu sviði.

Nokkur síðar segir í umsögn fjmrn., með leyfi forseta: „Í fyrsta lagi munu rannsóknir og vettvangsathuganir við undirbúning framkvæmda verða á hendi Skipulagsstjóra og Náttúruverndarráðs.“ Samkvæmt þessu frv., ef að lögum verður, er það framkvæmdastjóri einn sem á að sinna þessu. Þá er verið að tala um mat á umhverfisáhrifum. Ég átta mig nú ekki alveg á þessu. Þetta þarf að vera nokkuð öflugur starfsmaður ef hann á að komast yfir allt sem honum er ætlað samkvæmt frv.

Að lokum segir í umsögn frá fjmrn. að umhvrn. fyrirhugi að standa þannig að framangreindum breytingum á framkvæmd náttúruverndar að starfsemin rúmist innan ramma núverandi fjárveitinga. Það finnst mér vera dapurleg niðurstaða því að ég hefði vænst þess að með þessu væri verið að gera svo miklar breytingar og efla þennan málaflokk mikið og til þess þurfum við meira fjármagn og fleira fólk til að vinna að þessum málum. Ég hefði því lagt til að það væri farið hægt í sakirnar til þess að aðlaga þetta aðstæðum eins og þær eru í dag og ná meiri samræmingu, efla starfið við Skipulag ríkisins, Landgræðslu og Skógrækt ásamt fleiri aðilum og aðlaga þetta þeim athugasemdum sem hafa komið fram.

Virðulegur forseti. Í greinargerðinni með frv. segir m.a. að vinna að gerð þessa frv. hafi eingöngu verið unnin af tveim embættismönnum innan umhvrn. (**Umhvrh.:** Og ráðherra.) Og ráðherra, að honum ógleymdum. Ég tel það bagalegt því það er ekki hægt að segja að fjallað hafi verið um það á opnum vettvangi. Umfjöllunin sem var á náttúruverndarþingi sem haldið var í haust var um þá stefnu sem Náttúruverndarráð lagði þar til umfjöllunar og hún var að mörgu leyti mjög frábrugðin því sem hér kemur fram.

Hins vegar var boðað til ráðstefnu fyrir nokkrum, mér liggur við að segja dögum síðan, þar sem þetta frv. var til umfjöllunar en það var ekki tækifæri til að koma neinum ábendingum í þetta frv. og þessa vinnu

vegna þess að frv. átti að leggja fram í þinginu strax daginn eftir eða fimm dögum eftir ráðstefnuna. Það finnst mér bagalegt vegna þess að á ráðstefnunni komu margar mjög góðar athugasemdir. Þess vegna vona ég að í þeirri umfjöllun sem þetta á eftir að fá í þinginu verði tekið mið af því sem þar kom fram og reynt að aðlaga frv. þeim athugasemdum og þeim tillögum því ekki veitir af að reyna að hafa samráð við sem flesta og ekki einangra þetta í þröngum hópum.

Virðulegur forseti. Þrátt fyrir þessar athugasemdir mínar hvet ég til þess að frv. verði vísað áfram í þinginu og það fái málefnalega og góða umfjöllun.

[16:19]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Mér fannst nauðsynlegt að koma hér upp og fara betur yfir það sem ég sagði áðan vegna þess að mér sýnist að það hafi misskilist og verið nokkuð sterkt túlkað, svo ekki sé meira sagt, af sumum hv. ræðumönnum.

Hv. 9. þm. Reykv. sagði að ég hefði ráðist á náttúruverndarfólk og með því að segja það finnst mér hún vera að gefa í skyn að það sé bara Náttúruverndarráð sem sé náttúruverndarfólk. Ég skal viðurkenna það að ég sagði hér nokkur orð um Náttúruverndarráð sem mér fannst ekki vera það sterk að þau þyrftu að valda þessari úlfúð en það virðast sumir hafa tekið þau býsna nærri sér. Ég vil ítreka það, og mér finnst það koma fram í máli hv. 15. þm. Reykv., að það á einmitt ekki að skipta þjóðinni upp í náttúruverndarfólk og þá sem nýta landið. Það var það sem ég sagði og var að leggja áherslu á að mætti ekki gera og væri gert of mikið af.

Hún kom t.d. inn á hvalveiðarnar og þá rifjaðist það upp fyrir mér að ég var einmitt stödd í Noregi þegar Norðmenn ákváðu að hefja hvalveiðar að nýju. Þá var sýnt frá umræðuþætti í Bandaríkjunum og þá sögðu náttúruverndarsinnar — sem kalla sig náttúruverndarsinna og telja sig eina hafa rétt á því að vera kallaðir náttúruverndarmenn eins og ég met málið — að það að vera á móti hvalveiðum sé tákn um að vera umhverfissinni.

Þegar umræðan er komin út á þessa braut þá er hún orðin svo vitlaus og hún gerir svo mikið ógagn að manni ofbýður. Auðvitað verðum við að vinna að því öllum árum að gera alla Íslendinga að náttúruverndarsinnum og það er það sem ég vil. Ég vil einmitt að þeir sem nýta landið og nytja það verði líka náttúruverndarfólk og ég tel þá vera það. En mér finnst að þeir hafi ekki fengið tækifæri til að komast almennilega að vegna þess að sumir hafa litið á þá sem óvini náttúrunnar. Ég vil taka það fram að ég tel ekki að það séu skoðanir þeirra hv. þm. sem hér hafa talað, en það fólk er því miður til sem lítur þannig á mál.

Ég verð þó aðeins að segja vegna orða hv. 15. þm. Reykv. að mér fannst hún láta hanka sig á því að það að stjórna ofan frá ætti að vera aðalatriðið þegar hún sagði að peninga og völd þyrfti fyrst og fremst til að geta verndað náttúruna eða eitthvað á þá leið. Auðvitað þurfum við peninga. En með því að við þurfum fyrst og fremst völd til að geta verndað náttúruna erum við að tala um valdboð ofan frá sem er einmitt það sem ég tel ekki vera aðalatriðið til að okkur takist það sem er svo mikilvægt, að vernda okkar stórkostlega umhverfi og okkar fagra land.

[16:23]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er spurningin með valdboð eða ekki og peninga og völd. Ég tel mjög mikilvægt í náttúruverndarmálum að hægt sé að taka á málum. Þess vegna erum við að þessu öllu saman. Þess vegna erum við að setja lög. Við erum að setja okkur reglur til að fara eftir til þess að geta einmitt haft einhver áhrif á það hvernig að þessum málum er staðið. Þetta þarf og þess vegna erum við að setja lög. Annars væri bara jafngott að segja að við slepptum þessu öllu saman ef þetta væri skoðun okkar. Það er ekki mín skoðun. Þess vegna finnst mér mikilvægt að þegar verið er að ákveða eitthvert ákveðið ferli, t.d. það að þú eigir að hafa eitthvað um ákveðið mál að segja, þá verður að skipta máli hvernig á að fara með þá skoðun svo hún sé ekki gerð að engu.

Þess vegna lagði ég mikla áherslu á að það yrði að vera ljóst hvernig ætti t.d. að taka á skoðun Náttúruverndarráðs. Ég er ekki að tala um að Náttúruverndarráð eitt eigi að hafa skoðun á þessu máli, langt frá því, en það er gert ráð fyrir því í frv. og lögð áhersla á að Náttúruverndarráð fari með lykilhlutverk. Það er umsagnar- og eftirlitsaðili og á að gegna mikilvægu hlutverki í þeim efnum. En ég get ekki séð á frv. að þar sé einhver leið til þess að það eigi taka eitthvert mark á skoðun ráðsins.

Ég minni t.d. á að á síðasta ári vorum við að samþykkja mat á umhverfisáhrifum eftir ákveðnu ferli þar sem hver og einn aðili á að hafa eitthvað ákveðið að segja og þar máttu ekki raska umhverfinu nema fá til þess leyfi ef um er að ræða einhverja verulega röskun. Þar er alveg greinilegt hvernig með á að fara og það má enginn gera hlutina nema hann fylgi einhverju ákveðnu ferli. Það er það sem ég er að reyna að segja með þessu að það verður að vera ljóst hvernig með á að fara og það þarf völd og það þarf peninga. Það þarf peninga til að geta haft eftirlit og það þarf eitthvert vald til að geta breytt eins og manni finnst rétt að gert sé.

[16:26]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér hefur verið mælt fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um náttúruvernd. Er frv. þetta unnið í umhvrn. að því er hér hefur verið upplýst af hæstv. ráðherra og starfsmönnum hans tveimur sem getið er í greinargerð, aðstoðarmanni hans og fyrrv. skrifstofustjóra í ráðuneytinu að mér skilst. Það er ekki nema góðra gjalda vert og ágætt að hér sé tilefni til að fjalla um þessi mál, ræða þær tillögur sem hér liggja fyrir um breytingu á lögum um náttúruvernd.

Ég verð hins vegar að segja að það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að sjá þá vinnu sem hér er fram komin í frumvarpsformi vegna innihaldsins. Jafnframt tel ég misheppnað að taka ekki á endurskoðun á lög-

um um náttúruvernd í einu lagi þar sem í frv. er þó fjallað um mjög gildan þátt laganna og áreiðanlega helmingur af lögunum, og raunar kannski meira hvað snertir umfang, samkvæmt þessum áfanga sem hæstv. ráðherra lýsir svo.

Áður en ég kem, virðulegur forseti, að frv. sjálfu og efni þess ætla ég aðeins að fara yfir bakgrunn þessa máls eins og hann blasir við mér. Árið 1990 var með ákvörðun þáv. ríkisstjórnar góðu heilli, a.m.k. 15 árum of seint, sett á fót ráðuneyti umhverfismála. Auðvitað búum við að því að svo illa skyldi til hafa tekist, fyrst og fremst vegna rammrar og eindreginnar andstöðu Sjálfstfl., að koma þessu ráðuneyti á fót hliðstætt því sem orðin var staðreynd í öðrum Evrópulöndum áður. *Ég held að við höfum verið eitthvert allra síðasta land* Evrópu til þess að ná saman um þennan þýðingarmikla málaflokk í Stjórnarráði Íslands. Nú hefur þetta ráðuneyti starfað í um fjögurra ára skeið og þó að stofnun þess hafi verið afar mikilsverð, þá vantar mjög mikið á að staðið hafi verið að þessu ráðuneyti hvað snertir aðbúnað og málasvið sem eðlilegt væri.

Hér er um að ræða mikilvægan málaflokk og verður ekki vefengt að að því er varðar opinbera stjórnsýslu *ætti umhvrn. að vera í fyrsta sæti. En ef það ætti* ekki að vera í fyrsta sæti gæti í mesta falli fjmrn. og sú stýring sem þar fer fram þolað samjöfnuð að því er varðar opinbera umsýslu. Og það er orðið viðurkennt, a.m.k. í orði, því miður ekki á borði, af stjórnmálaflokkum, að umhverfismálin séu orðin það mikið meginmál að þau þurfi að taka með svo burðugum hætti að þau endurspeglist í allri stjórnsýslu og allir þættir stjórnsýslu fái komið að í sambandi við þau.

Ég er ekki þar með að segja að það eigi allt að ráðast í gegnum umhvrn., langt frá því. En umhvrn. þarf að vera stjórnstöð þessara mála í Stjórnarráði Íslands og til þess að geta verið það þá þurfum við annað og burðugra ráðuneyti heldur en tekist hefur að efna til hingað til. Það munu starfa í þessu ráðuneyti u.þ.b. 15 manns. Stöðugildin munu vera um 15, dreifð á margar deildir sem reynt hefur verið að skipa ráðuneytinu í og það eru einn eða tveir í þeim flestum. Einn eða tveir einstaklingar sem eiga að sinna heilu málasviðunum í þessum þýðingarmikla málaflokki og tengslum við þær veiku stofnanir í flestum tilvikum sem undir ráðuneytið heyra.

Ég tel að mikilsverðasta verkefnið nú í sambandi við endurskoðun umhverfismálanna að því er varðar Stjórnarráðið og stjórnsýsluna, langmikilvægasta málið, sé það að koma þessari stjórnstöð í það horf að það sé einhver von til þess að hún geti rækt hlutverk sitt og risið undir nafni. Staðan er sú í þessu ráðuneyti nú að það er t.d. aðeins einum manni ætlað það hlutverk að sinna náttúruverndarsviðinu eins og stendur í þessu ráðuneyti. Og þó að hæstv. ráðherra hafi mikinn áhuga á þessum málaflokki og láti til sín taka í þeim efnum, þá verð ég að segja að mér finnst þetta ekki skaplegt. Mér finnst það mjög langt frá því og ég hefði í stöðu hæstv. umhvrh. lagt á það ríka áherslu að leita samstöðu um það á Alþingi að bæta úr þessari stöðu því á því er knýjandi nauðsyn.

Við sjáum það sem vinnum í umhvn. að það er erfitt fyrir þetta fámenna ráðuneyti að marka þannig stefnu í þessum þýðingarmiklu málum að það sé gengið svona þokkalega frá endunum. Það er ekkert skrýtið. Við vorum að afgreiða í dag og lögfesta frv. til laga um dýravernd, auðvitað samið á ábyrgð nefndar, en sem þurfti mikla yfirlegu af hálfu þingnefndar. Það skal ekki lastað að þingnefndir þurfi að skoða mál og breyta málum en það skiptir auðvitað verulegu máli, a.m.k. hversu hraða afgreiðslu mál geta fengið, hvernig þau eru fram borin. Ég verð að segja það að mér finnst að þetta frv. sem hér liggur fyrir beri vott um þetta, að það hafi því miður verið kastað mjög til þess hendi og það sé langt frá því að það hafi verið reynt í sambandi við skoðun málsins að tengja það við eða kalla til aðila sem gætu lagt fram góð ráð um stefnumótunina.

Og það verður ekki hjá því komist, virðulegur forseti, að nefna það að nú er hæstv. núv. umhvrh. þriðji ráðherra sem gegnir þessu starfi. Á undan honum var annar hæstv. umhvrh. sem Alþfl. lagði til. Áður var það flokkur sem er horfinn af sviðinu sem lagði til þann fyrsta og það var kannski ekki það líklegasta til þess *að undirstaðan yrði sem skyldi að það skyldi* lagt í hendur flokki sem var tekinn svona eins og til uppbóta inn í ríkisstjórn á sínum tíma og hafði lítið sem ekkert um þessi mál fjallað á sínum vegum. En síðan er það Alþfl. sem tekur við ráðuneytinu og ég efast ekkert um það og sagði það oft hér í þingræðum, virðulegur forseti, að þáv. hæstv. umhvrh. hafði góðan hug til þessara mála, hann bar góðan hug til málaflokksins. Hann vildi gera vel. En því miður, hann náði ekki *að tengja þessi mál t.d. inn í þingið og út í þjóð*félagið þannig að það fengist sá styrkur og stuðningur við málaflokkinn sem þarf að vera og er til staðar ef menn leita eftir honum, ef menn kunna að leita eftir honum.

Hæstv. fyrrv. umhvrh. Eiður Guðnason leitaði til þingflokkanna á Alþingi og bað þá um að leggja til fólk í nefnd til endurskoðunar á náttúruverndarlöggjöfinni. Það vildi svo til að ég var beðinn um það af þingflokki Alþb. að fara í þetta verk og hæstv. ráðherra gat um þessa nefnd, þessa stjórnskipuðu nefnd sem var ætlað að endurskoða lög um náttúruvernd, endurskoða náttúruverndarlöggjöfina, sérstaklega stjórnunarþáttinn, en gera tillögur um aðra þá þætti til breytinga á lögunum sem nefndinni þætti viðeigandi. Þessi nefnd hafði starfað í rétt rúmt ár þegar hætt var að kalla hana saman. Síðan verða skipti á ráðherrum í ráðuneytinu og hæstv. núv. ráðherra sníður þessa nefnd af án nokkurra skýringa, án nokkurra viðræðna við nefndina, án nokkurra skýringa í því bréfi sem við fengum seint og um síðir. Ég frétti það utan úr bæ að búið væri að taka ákvörðun um að leggja þessa stjórnskipuðu nefnd af, sem hafði þó haldið 20 fundi, rætt mikið. Og ég tel að það sé ekki nefndarinnar sök að hún hafði ekki skilað sínum tillögum á þeim tíma sem hún hafði þarna haft til umráða. Það skorti eitthvað á það að þau tengsl væru á milli ráðherrans og ráðuneytisins og forustunnar í nefndinni sem þurfti til að skila viðunandi verki á

þessum tíma. Það var það sem á bjátaði og öll þessi málafylgja á ábyrgð ráðuneytisins. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Á þessu ber Alþfl. einn ábyrgð að svona er haldið á málum. Síðan er vent kvæði í kross. Því sem þarna var búið að ræða og fjalla um kastað bara í burtu, kallaðir til starfsmenn í ráðuneytinu ásamt ráðherranum til að setja saman frv. sem við höfum hér fyrir okkur.

Ég á ýmis gögn úr starfi fyrrv. nefndar. Það kom aldrei fram hugmynd um Landvörslu ríkisins eða að leggja niður Náttúruverndarráð inn á þann vettvang, kom aldrei fram hugmynd um það, ekki í skriflegu formi a.m.k., í hugmyndaskipuriti sem lagt er fram í apríl 1992 á borð okkar í nefndinni og margt eftir því. Þannig að þetta er ekki nógu gott. Ég held að hæstv. umhvrh. hefði gert rétt í því, ég er ekki að segja að hann hefði átt að kveðja, hann gat vel lagt þessa nefnd af, en hann þurfti að tengja þetta mál með einhverjum hætti út, til aðila sem hafa sinnt þessum málum og sýnt þeim áhuga, til stuðnings við það ágæta fólk og þá ágætu fulltrúa sem hann setti í verkin innan húss. Þeir sjá ekki til allra átta og þeir hafa auðvitað takmörkuð tengsl eins og gengur og eru yfirhlaðnir verkefnum í þessu fámenna ráðuneyti.

Síðan er það að haldið er náttúruverndarþing sl. haust og fyrir þingið kemur með fremur stuttum fyrirvara tillaga þáv. Náttúruverndarráðs að stefnu í náttúruvernd og það er boðað sem aðalverkefni þingsins. Ég er með þessa tillögu hér á borðinu, að stefnumörkun í náttúruvernd, virðulegur forseti. Og að því er varðar stjórnsýsluna og það efni sem hér er uppi, þá er ýmislegt sem er ágætt, margt gott í þessari stefnumörkun. Þar er m.a. lagt til í VIII. kafla, um skipan náttúruverndarmála, að stofnuð verði sérstök deild, svonefnd landvarsla, undir yfirstjórn Náttúruverndarráðs og annist hún eftirlit, rekstur og viðhald þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða. Sérstök deild undir yfirstjórn Náttúruverndarráðs.

Síðan kemur hæstv. ráðherra inn á þingið og fer að boða sína stefnu sem gengur í veigamiklum atriðum í allt aðra átt heldur en sú stefna sem Náttúruverndarráð er að leggja fyrir þennan vettvang, í allt aðra átt. Látum það nú vera. Síðan ætlast ráðherrann til þess, og sendi sína fulltrúa með það fram á vettvang þingsins, að fá þingið, sem hlýddi á ráðherrann fyrri dag þingsins, til þess að blessa niðurstöðuna í máli ráðherrans daginn eftir. Þetta eru því miður vinnubrögð af þeim toga svo andstætt því sem ég hélt nú að hæstv. umhvrh. mundi viðhafa sem er margsæmdur heiðursmerkjum lýðræðiskynslóðarinnar, að ég best veit, að hann skuli ganga fram með þeim hætti sem þarna um ræðir. Ætla að knýja fram stefnumörkun, sem ekki var búið að lýsa inn í innihaldið af, á einum eða tveimur dögum.

Það varð niðurstaða þessa þings að það þyrfti að fjalla frekar um málin. Það var ákveðið að halda ráðstefnu og hún var haldin 19. febr. sl. Það er mjög skammt síðan. Mót vonum kom þar ekki fram endurskoðuð stefna Náttúruverndarráðs og úrvinnsla hennar, enda ráðið náttúrlega sett í þá úlfakreppu að ráðherrann er að láta vinna að frv. um náttúruvernd á sínum vegum á sama tíma og ráðið ætlar sér að móta stefnuna. Og ráðherrann knýr Náttúruverndarráð með tveggja eða þriggja daga fyrirvara til þess að éta ofan í sig drög að eigin stefnumörkun og blessa afurðina sem menn hafa hér á borðum og heimtar það að ráðið á einum einasta fundi taki afstöðu til þessara tillagna. Á einum degi.

Ég harma vinnubrögð af þessum toga. Þau geta ekki leitt til farsællar niðurstöðu. Þau greiða a.m.k. ekki fyrir því að það takist að afgreiða endurskoðun á lögum á þeim tíma sem er áreiðanlega ætlun umhvrn. að reyna að fá hér í gegn á Alþingi. Þetta eru vinnubrögð sem ég vara mjög eindregið við og ég botna ekkert í núv. hæstv. umhvrh. að standa svona að málum.

Frv. sem við erum með hér á borðum okkar felur í sér breytingar, virðulegur forseti, á þremur meginatriðum, sem lýtur að stjórn náttúruverndarmála. Það er í fyrsta lagi það sem að Náttúruverndarráði snýr, sem ráðherrann boðaði á haustdögum að ætti að verða sjálfstætt og óháð. Úr því hafa nú verið dregnar tennurnar samkvæmt þessum hugmyndum að því er varðar verksvið, en því er samt ætlað að vera á kafi í verkefnum á vegum ríkisins samkvæmt frv. Þannig að það er ekki einu sinni að það sé samhljómur í þeirri stefnumörkun sem ráðherrann dró upp á haustdögum og er að reyna að framfylgja hér samkvæmt þessu frv. að því er Náttúruverndarráð varðar. Því er ætlað heilmikil verkefni en skilið eftir úti í kuldanum með þeim hætti sem þetta frv. ber með sér og sú umsögn sem því fylgir og sem ráðherra leggur blessun yfir þegar hann ber þetta frv. hér fram sem sitt frá fjmrn. Menn ættu að kynna sér það til þess að sjá hvað hér er á ferðinni að því er varðar möguleika þeirra aðila sem eiga að sinna þessum málum, hvort sem það er Náttúruverndarráð, Landvarsla eða aðrir, til þess að ná einhverjum árangri og hafa möguleika til þess.

Síðan er þessu svokallaða óháða Náttúruverndarráði ætlað að innbyrða með lagaboði fulltrúa frá Ferðamálaráði Íslands, einum helsta notanda landsins, sem er ætlað að eiga lögskipaðan fulltrúa á þessum vettvangi og Sambandi ísl. sveitarfélaga, sem er ætlað að skipa mann samkvæmt lögum inn á þennan vettvang. Það er út af fyrir sig annars eðlis heldur en hugmyndin um Ferðamálaráð, en mér sýnist að hún gangi mjög illa upp. Hún rímar ekki saman við það sem ráðherrann þóttist ætla að fá fram í sambandi við þetta frjálsa og óháða Náttúruverndarráð, sem á að vera á kafi í stjórnsýsluverkefnum samkvæmt tillögunum.

Síðan er verið að setja á fót Landvörslu ríkisins. Það er annar meginþáttur, virðulegi forseti, Landvarsla ríkisins sem á að taka við stjórnun friðlýstra svæða og fjölmörgu öðru sem hefur verið á verksviði Náttúruverndaráðs. Hún á m.a. að vera umsagnaraðili og ráðgjafaraðili og tillöguaðili varðandi friðlýsingar, svona fyrir ráðherrann því hann ætlar að taka það allt inn á sitt borð, allar ákvarðanir um þau efni og frumkvæði í friðlýsingarmálum. Það er það sem felst í tillögunum. Og þessari Landvörslu ríkisins er sett þriggja manna stjórn. Það er náttúrlega fulltrúi ráðherra sem er

yfir stjórninni. Þarna kemur einnig fulltrúi tilnefndur af Ferðamálaráði Íslands, aðalnotanda landsins, hliðstætt því að setja einhverja fulltrúa atvinnurekstrar inn í ráðið því auðvitað er ferðaþjónustan mikill og vaxandi atvinnurekstur. Þriðji aðilinn sem þarna á að koma er svo tilnefndur af Náttúruverndarráði, hinu frjálsa og óháða. Hinu frjálsa og óháða Náttúruverndarráði sem á nú að fara að vasast í öllu saman í gegnum Landvörslu ríkisins. Þetta er slíkt furðuverk í lagasmíð sem hér er á ferðinni að ég undrast það að hæstv. ráðherra skuli gera hugmyndir af þessum toga að sínum. Ég undrast það.

Þriðji þátturinn, virðulegi forseti, varðar síðan friðlýsingarmálin og þar er hæstv. ráðherra farinn að praktísera lögin, þ.e. frv. eins og lög væru. Hann er farinn að sýna okkur það í verki hvernig hann ætlar að halda áfram með auknum styrk, með lagabókstaf sér til stuðnings. Það sjáum við í tillögum um þjóðgarð undir Jökli sem hæstv. ráðherra lagði inn á borð ríkisstjórnar hér á dögunum, hristi út úr ermi sinni, nánast án þess að tala við kóng eða prest. En honum verður alltíðlitið til Vesturlands upp á síðkastið og harma ég það út af fyrir sig ekki. Vesturland er alls góðs maklegt. Austur hefur hann horft líka og unnið þar ágætt verk því að það er langt frá því að hæstv. umhvrh. séu mislagðar hendur á öllum sviðum, það er langt frá því. Hann hefur gert margt ágætt og margt gott frá honum komið, en maður líður önn fyrir það þegar tillögur af þessum toga, virðulegur forseti, birtast hér á borðum okkar alþingismanna.

[16:49]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að fagna því að þetta frv. er hér fram komið. Eins og um getur í skýrslu umhvrh. um mótun stefnu í umhverfismálum, sem lögð var fram á 116. löggjafarþingi, þá var það boðað að endurskoðun stjórnunarþáttar náttúruverndarlaga stæði yfir. Þar var jafnframt gert ráð fyrir því, í þeim kafla sem um náttúruvernd fjallar, að það yrði unnið markvisst að fjölgun þjóðgarða og friðlýstra svæða. Stefnt yrði að því að fjármagna eins og kostur er landvörslu, framkvæmdir og þjónustu á friðlýstum svæðum. Þetta er nú komið fram í þessu frv. og ég fagna því sérstaklega.

Hér hafa farið fram ágætar og fróðlegar umræður í dag, en mér þykir hins vegar afar leiðinlegt að heyra hv. 4. þm. Austurl., Hjörleif Guttormsson, gera lítið úr starfsemi ráðuneytis umhverfismála og gera lítið úr þeim ráðherrum sem þar hafa starfað á undanförnum árum. Ég tel slík ummæli algerlega ástæðulaus. Það er aldrei svo að ekki megi eitthvað betur fara, en ég fullyrði að þeir ráðherrar sem þar hafa setið, ráðuneytið og starfsmenn þess, hafi lagt sig alla fram um að reyna að gera umhverfismálum sem hæst undir höfði og bæta úr þar sem frekast hefur þótt vera þörf á.

Hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifur Guttormsson, nefndi einnig nefnd þá er átti að endurskoða náttúruverndarlög. Sú nefnd starfaði um alllangan tíma, langt umfram þann tíma sem henni hafði verið ætlaður. Ég tók sæti í nefndinni á seinni hluta starfstímans, reyndar eftir að hún hefði raunverulega átt að vera búin að skila sínu verkefni af sér. Reynsla mín af setu í nefndinni var sú að það væri afskaplega hæpið að hún mundi nokkurn tímann ná saman um sameiginlegt álit eða sameiginlegt frv. Því held ég að það hafi verið skynsamleg ráðstöfun hjá hæstv. umhvrh. að leggja nefndina af og semja frv. í ráðuneytinu í þeim dúr sem hér er fram komið.

Það er ekki rétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að það hafi ekki komið fram svipaðar hugmyndir í nefndinni sem átti að endurskoða náttúruverndarlögin og eru í þessu frv. Ég minnist þess að hafa sjálfur reifað þar hugmyndir um að aðskilja stjórnsýsluþáttinn frá Náttúruverndarráði og færa hann yfir til umhvrn., eins og ástæða er til að mínu mati eftir að það ráðuneyti er komið til skjalanna og ætti þar með að uppfylla þann stjórnsýslulega þátt sem ráðuneyti fara með í öðrum svipuðum málaflokkum. Ég vil hins vegar ekki ganga svo langt að segja að ég hafi átt allar þær hugmyndir sem eru í þessu frv., en ég get heils hugar tekið undir frv. í flestum atriðum

Mér þykja þær breytingar sem lagðar eru til vera flestar bæði eðlilegar og skynsamlegar og til þess fallnar að styrkja umhvrn. Tillögurnar felast aðallega í því að aðskilja stjórnsýsluþáttinn frá starfsemi Náttúruverndarráðs og færa hann inn í ráðuneytið. Það styrkir þann þátt verulega, það gefur honum meira vægi og styrkir umhvrn. og það hefur þeim mun betri tök á þeim málaflokki sem það á um að fjalla. Jafnframt er tekinn undan Náttúruverndarráði sá þáttur er fjallar um rekstur og umsjón með þjóðgörðum og friðlýstum svæðum. Hér er um hreinan og kláran rekstur að ræða og ég held að það sé betur komið undir stofnun svipaðri Landvörslunni heldur en undir stofnun eins og Náttúruverndarráði, eins og til þess er stofnað og eins og ég ímynda mér að það ætti að starfa. Það mætti auðvitað hugsa sér einhvern annan og jafnvel betri hátt á því að stjórna og stýra svona svæðum heldur en fyrirbæri eins og hugsanleg Landvarsla ríkisins verður, en ég held að sem fyrsta skref í breytingum á þessum málum sé það ágætt og mun ég styðja að það verði gert.

Frv. gerir það hins vegar að verkum að Náttúruverndarráð fær þeim mun meira vægi sem stefnumarkandi og aðhalds- og eftirlitsstofnun. Það sama á við um náttúruverndarþing. Ég held að þeir sem telja að dregið sé úr mikilvægi Náttúruverndarráðs og náttúruverndarþings vaði í villu og svima í þessu efni. Náttúruverndarþing og Náttúruverndarráð fá enn þá meira vægi eftir að þessar breytingar hafa náð fram að ganga heldur en þau hafa í dag vegna þess að ráðið og þingið geta einbeitt sér að því að móta stefnu og veita stjórnvöldum aðhald og hafa eftirlit með því sem er að gerast úti í náttúrunni og við þurfum að fá að vita af.

Þetta frv. styrkir stefnu ráðuneytisins í friðlýsingarmálum. Það styrkir rekstur þjóðgarða og friðlýstra svæða og styrkir tengsl þessa rekstrar við ferðaþjónustuna. Og ég verð að segja að ég er afar hissa á því þegar það kemur hér fram hjá ræðumönnum að þeim þyki miður að ferðaþjónustan, þeir aðilar sem nota

landið einna mest, skuli eiga aðild að þessum stofnunum. Ég held að það sé til framdráttar málefninu að þeir sem mestan hag hafa af því að hlutirnir séu í lagi komi þar að verki.

Ég tel að þetta frv. styrki náttúruverndarþing, gefi því aukið vægi. Náttúruverndarþing kemur oftar saman. Það styrkir Náttúruverndarráð, eins og ég sagði áðan, vegna þess að það styrkir hlutverk þess til að móta stefnu og veita aðhald og hafa eftirlit. Það styrkir þetta grasrótarstarf, sem ég vil kalla, þennan vettvang almennings til að hafa áhrif bæði á stefnumótun og veita aðhald. Ég get hins vegar tekið undir með hv. þm. Auði Sveinsdóttur að það hefði mátt skoða þessa hluti í víðara samhengi. En það er nú svo að við búum ekki í fullkomnum heimi og eitt skref áfram er betra en að stíga ekkert skref áfram, þó það mætti kannski vera heldur stærra. En við eigum þá bara einhver verkefni eftir til að takast á við síðar, til að hlakka til að takast á við, því það er um engin mál eins ánægjulegt að fjalla hér á þinginu eins og umhverfismálin. Þau eru mál sem horfa til framtíðar og þeir sem um þau hugsa eru ekki að hugsa til skamms tíma heldur til lengri tíma og því miður skortir oft á þann hugsunarhátt, ekki bara hér á Alþingi heldur í þjóðfélaginu öllum.

Það hefur einnig verið drepið á að það þyrfti að styrkja umhverfismálin að miklum mun með auknu fjármagni. Sjálfsagt er það rétt að við gætum vel notað meira fjármagn í umhverfismálin heldur en við gerum í dag og að það fjármagn mundi skila góðum arði. En við verðum hins vegar að gæta að þeim aðstæðum sem við búum við í þjóðfélaginu, þ.e. efnahag þjóðarinnar og reyndar efnahag heimsins alls. Og á þeim tímum þegar þjóðarframleiðsla annaðhvort stendur í stað eða dregst saman og við búum við ríkissjóðshalla sem milljörðum nemur, þá er afar erfitt að taka einn málaflokk út úr og auka umsvif hans því það yrði ekki gert nema á kostnað annarra málaflokka.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir fjallaði lítillega um áhrif og völd náttúruverndarþings og Náttúruverndarráðs og talaði um það að engir peningar, engin völd þýddu engin áhrif. Ég er algerlega ósammála hv. þm. því ég tel að Náttúruverndarráð og náttúruverndarþing geti haft veruleg áhrif án þess að þær stofnanir séu að fjalla um stjórnsýsluleg málefni eða að þær séu að vasast í rekstri þjóðgarða og friðlýstra svæða. Ég er hræddur um að Indverjinn frægi Mahatma Gandhi hafi ekki haft mikla peninga eða mikil völd, en það er alveg augljóst að það hefur enginn Indverji alla vega á þessari öld haft eins mikil áhrif á indverskt þjóðlíf eins og Mahatma Gandhi hafði.

[17:00]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var sannarlega vel til fundið hjá hv. síðasta ræðumanni að draga Mahatma Gandhi inn í málið, þar sem hann sat klæðlítill og hugsaði og hafði vissulega sín pólitísku áhrif. En það má segja að það sé skilið ósköp svipað við Náttúruverndarráð og raunar þá sem er ætlað að taka hér á málum að því er varðar aðbúnað, að því er varðar fjármagn, eins og búið var að Mahatma Gandhi á sínum tíma.

En það sem fékk mig til að koma hér upp vegna ummæla hv. þm. eru furðulegar og staðlausar staðhæfingar hans þess efnis að það sé verið að færa stjórnsýsluþáttinn sérstaklega inn í umhvrn. umfram það sem verið hefur. Það er kannski það verkefni að umhvrh. sjálfur eigi að fara að sinna stefnumótun og að ganga í hólf og gólf frá tillögum um friðlýsingar. Er það það sem þingmaðurinn á við? Að hvaða leyti öðru er verið að færa stjórnsýsluþáttinn inn í umhvrn. frá því sem áður var? Enda er svo sem erfitt að sjá hvernig á að hlaða einhverjum viðbótum á það, samkvæmt því sem stendur hér í mati fjmrn. með uppáskrift hæstv. umhvrh., í sambandi við fjárveitingar. Það er ekki að sjá nokkurn skapaðan hlut til viðbótar, ekki nokkurn skapaðan hlut. Það á að gæta þess að það fljóti ekki króna að auki af borði í þeim efnum.

Hv. þm. var að tala um Náttúruverndarráð sem fengi þarna aukin áhrif. Hvernig er búið að þessu Náttúruverndarráði? Hvernig er búið að því samkvæmt þessum tillögum? Ég held að þingmaðurinn ætti að skoða þetta efnislega áður en hann kemur hér upp með staðhæfingar af þessum toga.

[17:02]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það virðist allt hníga í átt til peningahyggjunnar hjá hv. 4. þm. Austurl. Það er ekki stjórnsýsla eða völd nema því fylgi peningar. En ef það er ekki að færa stjórnsýsluna til umhvrn. að umhvrh. hafi meira um umhverfismálin og náttúruverndina að segja heldur en hann hafði áður, þá held ég að það séu fleiri en hv. 3. þm. Reykn. sem þurfi að skoða málefnin betur áður en þeir stíga hér í ræðustól.

[17:03]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að hafa leiðrétt sig. Hann viðurkennir það sem ég hef sagt um hans málflutning hér. Breytingin að því er varðar stöðu umhvrn. og ráðherrans er þetta eitt að í staðinn fyrir að Náttúruverndarráði er nú ætlað að undirbúa friðlýsingar, ganga frá tillögum þar að lútandi, en sem umhvrh. tekur síðan afstöðu til og gengur frá með auglýsingu, það er málið, er nú nánast strípuðu umhvrn. fjárhagslega séð ætlað það að setjast yfir að móta þessar tillögur. Það er það einasta eina. Síðan er stofnunin, Landvarslan, auðvitað ráðuneytisins, eins og ræðumaður benti réttilega á. Og hann ætlar þeim sem að náttúruverndarmálum vinna, að að þeim verði búið með álíka hætti og verið hefur, á sama tíma og málaflokkar eins og ferðamálin fara vaxandi, áníðsla á landið og nauðsyn þess að grípa inn í með eðlilegri stýringu, eðlilegum aðgerðum, sem kosta auðvitað fjármagn og mannafla til að móta og sinna.

[17:04]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Austurl. bregður sér í hlutverk ferðamálafrömuðarins hér í sinni síðustu ræðu, en það var ekki að heyra að hann væri mikill stuðningsmaður þeirrar atvinnugreinar þegar hann talaði hér fyrr í dag. Hv. þm. er frægur fyrir útúrsnúninga. En ef hann heldur að ég hafi verið að viðurkenna það að vera

illa undir þennan málflutning búinn með minni síðustu ræðu, þá er hann líka að viðurkenna að hann væri sjálfur illa undir umræðuna búinn.

Útbýting þingskjala:

Hafnalög, 193. mál, brtt. meiri hluta samgn., þskj. 677; brtt. minni hluta samgn. þskj. 676.

Lyfjaverslun ríkisins, 121. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 681; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 682.

Náttúrufræðikennsla og sveitadvöl nemenda, 451. mál, þáltill., ASv, þskj. 670.

Sala jarða til ríkisins, 453. mál, fsp. HG, þskj. 683.

Samgöngur í sameinuðum sveitarfélögum, 454. mál, fsp. IP, þskj. 684.

Útlánatöp ríkisbankanna, 455. mál, fsp. IP, þskj. 685.

[17:06]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Af því að hér hefur borist í tal Mahatma Gandhi þá er rétt að rifja það upp að hann var líka frægur fyrir að ganga í síðum kufli með rokk og spinna örmjóan þráð. Og ég verð að segja það eftir þær lýsingar sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gefur á þessu frv., sem hann fjallar þó nær ekkert efnislega um, þá finnst mér hans málflutningur líka líkastur örmjóum þærði.

Nú er það svo að umræður um endurskoðun þessara náttúruverndarlaga hafa staðið alllengi. Eins og ég gat um í minni ræðu þá var lagt hér fram frv. á þinginu 1984–1985. Það frv. var ekki afgreitt, það var ekki endurflutt. Síðan hafa staðið yfir umræður um nauðsyn þess að endurskoða náttúruverndarlög. Það gerist síðan að umhvrn. er stofnað og í kjölfar þess er auðvitað ljóst að það er miklu ríkari nauðsyn heldur en áður að endurskoða lögin með tilliti til þess. Jafnframt er það svo að ýmis önnur lög eru samþykkt sem gera þetta verkefni enn þá brýnna. Það var svo, eins og hér hefur borist í tal, að umhvrh. skipaði nefnd. Sú nefnd átti að starfa að því einkum, eins og segir í erindisbréfi hennar, „að koma með tillögur að breyttri stjórnun náttúruverndarmála í landinu". Hv. þm., Árni M. Mathiesen, átti sæti í þeirri nefnd. Hann hefur lýst því hvernig hann mat starf nefndarinnar. Hann hefur, maðurinn sem var á vettvangi, lýst því að það hafi verið rétt hjá umhvrh. að grípa til þess bragðs að leysa þessa nefnd frá störfum eftir að hún hafði verið meira en ári lengur heldur en henni var gert til að skila sinni vinnu. Það er líka rétt að geta þess að þegar ég kom í ráðuneytið þá var mér afhent af formanni þeirrar nefndar frv. sem tók til, ef ég man rétt, fyrstu 15. gr. núgildandi laga. Ég las það frv. og komst auðvitað að því að ef það speglaði rétt vinnuna í nefndinni þá hafi hún verið að gera allt aðra hluti heldur en lögð var mest áhersla á í hennar erindisbréfi.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að umhvrn. er lítið ráðuneyti. Það er ekkert óeðlilegt við það. Það er langyngsta ráðuneytið, en mjór er mikils vísir. Ráðuneytið hefur verið að eflast, m.a. vegna góðs skilnings þingheims. Auðvitað er það alltaf svo að það eru sumir sem skilja ekki nauðsyn nýrra hluta. Nauðsyn þess til að mynda að setja á stofn ráðuneyti eins og þetta. Við vitum það líka og ég þarf ekkert að fjalla neitt djúpt um það að einnig hér í þessum sölum ríkir vanskilningur á gildi þessa ráðuneytis. Það er svo, það á enn erfitt uppdráttar. En ég vænti þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson leggi okkur lið við að efla það og ég veit að það mun ekki standa á hans stuðningi.

En ég vil samt sem áður minna á það að á sínum skamma líftíma hefur það þó eflst töluvert. Það hafa verið færðar undir það stofnanir og það hafa verið sett ný lög. Ég minni á lög um umhverfismat sem skipta verulega miklu máli. Ég minni á það að einmitt núna er verið að flytja til þess nýja stofnun — það liggur fyrir frv. hér í þinginu um það — Hollustuvernd. Ég hlýt í framhaldi af málflutningi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að álykta sem svo að hann sé ákafur stuðningsmaður þess flutnings.

Mig langar aðeins, virðulegur forseti, vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur hér í dag og raunar líka í umræðum fyrir tveimur dögum farið nokkuð harkalegum orðum um þátt umhvrh. til að reyna að efna til þjóðgarðs á utanverðu Snæfellsnesi og talið að þar hafi verið um handahófskennd vinnubrögð að ræða sem voru bara hrist fram úr erminni. Og ekki var hægt að skilja hv. þm. öðruvísi en svo en að þar hafi verið um fullkomna geðþóttaákvörðun að ræða hjá ráðherra sem vaknaði einn morguninn og þótti góð hugmynd að leggja fram tillögu um þjóðgarð á utanverðu Snæfellsnesi. (Gripið fram í.)

Nú er það svo að ég hafði verið nákvæmlega 28 klst. í embætti þegar ég færði þetta fyrst í tal við páv. framkvæmdastjóra Náttúruverndarráðs á hans eigin skrifstofu. Á þjóðhátíðardaginn 17. júní þá skrifaði ég Náttúruverndarráði bréf, bað um áætlanir þess í friðlýsingarmálum og um þjóðgarða, og ég bað sérstaklega um að kannaður væri ítarlega kosturinn að stofna þjóðgarð á utanverðu Snæfellsnesi. Ég fékk síðan svarbréf þann 28. júní þar sem lýst var yfir að ráðið mundi gera áætlun um undirbúing að þjóðgarði á Snæfellsnesi eins fljótt og tími ynnist til. Það er allt í lagi að greina frá því að sökum mikilla anna var sú áætlun aldrei gerð og ekki heldur fékk ég í hendur áætlanir um framkvæmdir í friðlýsingarmálum og er þá rétt að geta þess líka að forveri minn hafði tvisvar sinnum yfir eins árs bil beðið um slíkt hið sama. Þegar kom fram í ágúst þá fól ég starfsmönnum mínum í ráðuneytinu að fara í undirbúningsvinnu sem tengdist þessari þjóðgarðshugmynd. Ég ræddi það nokkrum sinnum við formann Náttúruverndarráðs og það var á slíkum fundum sem sú hugmynd varð til sem ég lagði síðar fram í ríkisstjórn, þ.e. nefnd þriggja ráðuneyta með heimamönnum til að undirbúa þetta.

Ég fól líka Náttúrufræðistofnun Íslands það hlutverk að vinna greinargerð um náttúrufar á svæðinu alveg eins og þeir höfðu unnið fyrir mig greinargerð sem hér í umræðunum fyrir nokkrum dögum hlaut mjög góða dóma og varðaði Breiðafjörð. Ég taldi síðan að það væri betra að í staðinn fyrir að umhvrh. sjálfur skipaði þessa nefnd þá væri betra að fara með málið í

gegnum ríkisstjórnina og fá þar aukið vægi vegna þess að eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson bendir á þá er við ramman reip að draga þar sem eru fjárveitingar. Ég veit það alveg jafnvel og aðrir og kannski ekki síður en aðrir vegna þess að ég hef att kappi við þennan ramma í ríkisstjórninni. Ég er ekkert feimin við að lýsa því yfir eins og ég hef gert hér áður að það er ekki nægilega mikill skilningur á umhverfismálum og það gildir um ríkisstjórn og Alþingi eins og aðra aðila. Og ég taldi líka að í stöðunni væri það mjög mikill áfangasigur að fá ríkisstjórnina til að fallast á þetta og tengja það afmæli lýðveldisins. Þá taldi ég að þarna væri komið verulegt vægi á bak við.

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint ýmsum spurningum. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir kvað í sinni ræðu ekki rétt af sinni hálfu að lýsa stuðningi eða andstöðu við þetta frv. en fór ýmsum lofsamlegum orðum um einstaka þætti þess. Hún kvaðst óttast ofstjórn með því kerfi sem þar er byggt upp, þ.e. Náttúruverndarráð með sinn neikvæða tón í umræðunni eins og hún kaus að orða það þó ég sé því nú ekki sammála og síðan Landvarsla ríkisins og umhvrn. Og hún taldi að það gæti verið að landeigendur og aðrir lentu í því að það væri eins konar þrígildur aðili sem væri að hafa eftirlit með þeim, margfalt eftirlit orðaði hún það. Það er alls ekki svo. Það sem þarna er í rauninni verið að gera er að Náttúruverndarráð er tekið út úr ríkiskerfinu, það er gert að vettvangi frjálsra félagasamtaka. Verkaskipting samkvæmt þessu frv., hvað sem líður þeim aðfinnslum sem hér hafa komið og sumar báru þess vitni að viðkomandi hefði ekki lesið frv. nógu rækilega, er miklu skýrari en áður. Þannig að þetta ætti að draga úr hættunni á ofstjórn. Ég þekki það af reynslunni og veit að stjórnunin sjálf verður miklu liprari. Það verður betra að sækja undir yfirvald sem til að mynda getur tekið ákvarðanir hratt heldur en undir Náttúruverndarráð sem heldur fundi einu sinni í mánuði svo ég nefni dæmi vegna þess að slík vandamál hafa komið upp nú á síðustu vikum.

Hv. þm. tók undir það að í frv. væri með vissum hætti verið að færa vald meira í þessum efnum út í héruðin. Hún taldi það vera forsendur fyrir sínum stuðningi ef af honum yrði við frv. af þessum toga að vald yrði í ríkari mæli fært út í landshlutana. En það er nákvæmlega það sem er verið að gera í þessu frv. Náttúruverndarnefndum sem hafa verið afar veikar og hafa verið veikasti hlekkurinn í þeirri keðju sem kemur nálægt stjórnun náttúruverndarmála í landinu er fækkað og svæðin sem þau ná yfir eru stækkuð. Og það kemur líka fram í greinargerð að ætlunin er að reyna að þætta starf þeirra betur inn í náttúrustofur eftir því sem þær rísa í kjördæmum landsins. Þetta kemur fram í greinargerð með frv. og ég tel að það sé mjög gott vegna þess að þá fæst þar ákveðinn fræðilegur bakhjarl vegna þess að í náttúrufræðistofum verða starfandi náttúrufræðingar.

Hv. þm. Auður Sveinsdóttir kvartaði yfir því að það væri ekki minnst á skipulagsþáttinn og ekki nýtt tækifæri sem hún þekkir manna best í gegnum skipulagslögin til þess að efla náttúruvernd. Hún kvartaði líka yfir því að það væru ekki nægilegar tengingar við Skógrækt ríkisins og Landgræðslu ríkisins en eins og ég hef getið um hér fyrr í dag þá lýtur þetta frv. fyrst og fremst að stjórnkerfinu sjálfu. Það á eftir að fara í viðameiri og flóknari úttekt þar sem fleiri aðilar þurfa að koma að því vegna þess að málið er einfaldlega miklu flóknara og þá geri ég ráð fyrir að nákvæmlega þessi atriði verði tekin til betri skoðunar.

Hv. þm. Auður Sveinsdóttir vildi líka fá skilgreiningu á því hvað er náttúruverndarsvæði. Ég bendi henni á að lesa frv. Ég bendi henni á að lesa 4. gr. og niðurlag hennar á bls. 7. Þar segir:

„Staðir og svæði sem búið er að friðlýsa samkvæmt ákvæðum þessara laga eða eru á náttúruminjaskrá nefnast náttúruverndarsvæði. Til náttúruverndarsvæða teljast einnig afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags."

Þar kemur það alveg skýrt fram. Hv. þm. kvartaði einnig yfir því að bændasamtök eða landeigendur ættu ekki sjálfkrafa aðild að Náttúruverndarráði eins og til að mynda ferðasamtök. Því er til að svara að landeigendur og bændasamtök eiga sína fulltrúa á náttúruverndarþingi. Það er hægt að fjölga fulltrúum þar, fjölga þeim félögum sem þar eiga aðild þannig að í gegnum þann vettvang hafa þau áhrif sín á Náttúruverndarráðið sjálft. Hv. þm. taldi líka að Náttúruverndarráð gæti alls ekki talist óháður aðili og sagði fullum fetum: Hvers vegna ekki að stíga skrefið til fulls og leggja af Náttúruverndarráð? Það er sjónarmið út af fyrir sig og hún hefur áður túlkað það í fjölmiðlum og ég hef ekkert annað um það að segja heldur en að ég tel ekki að það sé rétt. Ég tel að í gegnum Náttúruverndarráð eins og tengslin eru milli Náttúruverndarráðs og náttúruverndarþings þá sé það alveg ljóst að þar á þinginu er vettvangur hinna frjálsu félagasamtaka sem sinna náttúruvernd í landinu. Þau kjósa síðan í ráðið sína fulltrúa þannig að það er ómögulegt annað en að fallast á það að þar er um að ræða óháðan vettvang, óháðan vettvang frjálsra félag. Ríkið hins vegar samkvæmt þessu frv. leggur svo mikla áherslu á aðhaldshlutverk þessa vettvangs að það er reiðubúið til að tryggja skilvirkni í starfi, fjármagn til þess að þetta starf geti átt sér stað. Ég get því alls ekki fallist á það að ef ríkið veitir fjármagn til að styðja vettvang slíkra óháðra félagasamtaka þá séu þau orðin háð ríkinu um stefnumótun. Ég tel það algerlega fráleitt.

Hv. þm. Karen Erla talaði hér snjallt mál og hennar ræða var einmitt þörf að því leyti til að þar talar fulltrúi ferðaþjónustunnar í landinu og sýndi það einmitt með sinni ræðu að þarna er ákveðin spenna á milli annars vegar náttúruverndarsinna og hins vegar þeirra sem starfa að ferðaþjónustu. Ég hef gert mér grein fyrir því á þeim stutta tíma sem ég hef verið umhvrh. að þarna þarf að gera eitthvað til að reyna að draga úr spennunni og það er einmitt þess vegna, til þess að tengja betur ferðaþjónustu og náttúruvernd, sem ég geri tillögu um það með þessu frv. að fulltrúi ferðamennskunnar eigi sæti í Náttúruverndarráði. Og ég geri mér grein fyrir því að það er andstaða við það.

Hv. þm. spurði einnig hvers vegna og hvernig ætti að setja reglur um akstur snjósleða um snjó og jökla og hverjir ættu að framfylgja því. Því er til að svara, sem ég hefði e.t.v. átt að geta í upphafi minnar ræðu, að fjölmargt í þessu frv. er þar eftir samráð við Náttúruverndarráð. Þetta er einn af þeim liðum.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir staðhæfði að með þessum lögum missti Náttúruverndarráð sitt hlutverk. Það er rétt að því leyti að það missir sitt núverandi hlutverk en það fær nýtt hlutverk sem ég hef lýst hér fyrr í dag, það verður vettvangur fyrir frjáls félagasamtök sem sinna náttúruvernd í landinu. Þannig að ég get fallist á það að hlutverkinu er breytt allverulega. Bæði hv. þm. Kristín Einarsdóttir og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson töldu óeðlilegt að umhvrh. væri að sýsla með friðlýsingar. Hvað er óeðlilegt við það? Í dag er það umhvrh. sem staðfestir þessar friðlýsingar. Hvað er óeðlilegt við það þegar komið er upp umhvrn. að þá verði það einnig umhvrh. sem fer með friðlýsingarvaldið? En það er alveg út í hött að halda því fram eins og hv. þm. Kristín Einarsdóttir gerði að einhver friðlýsingarglaður ráðherra gæti farið hér á sínum gæðingi um landið og friðlýst fullt af svæðum. Ja, guð láti gott á vita. Ég er friðlýsingarmaður í eðli mínu. Það fyrsta sem ég gerði þegar ég kom í ráðuneytið, virðulegi forseti, var að óska eftir samstarfi við Náttúruverndarráð um það. Það hefur ekki verið friðlýst eitt einasta svæði á Íslandi árum saman. Hvers vegna? Vegna þess að það er svo erfitt. Jafnvel þungur og náttúruglaður ráðherra sem vildi friðlýsa hann gerir það ekki bara með því að smella fingrum.

Útbýting þingskjals:
Sveitarstjórnarlög, 456. mál, frv. félmn., þskj. 686.

[17:22]

Auður Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sé mig tilneydda til að koma hér upp í ræðustól og skýra aðeins nánar hluta af ræðu minni sem ég er ekki viss um að ráðherra hafi alveg skilið. Ég hef að öllum líkindum ekki tjáð mig nógu skýrt fyrir hann. Hann segir að ég leggi til að Náttúruverndarráð verði lagt niður og ég hafi gert það opinberlega. Það er alveg rétt. Ég legg til að það verði gert með tilliti til þessa frv. sem hér er á ferðinni. Vegna þess að eins og því er búið hlutverk í þessu þá tel ég það ekki eiga rétt á sér. Ég er ekki þar með að segja að Náttúruverndarráð geti ekki haft einhverju hlutverki að gegna en ekki samkvæmt þessu frv. Og þess vegna vil ég bara leiðrétta það og vona að umhvrh. mistúlki ekki þessa skoðun mína.

Ég fagna því hins vegar ef hann túlkar þetta þannig að Náttúruverndarráð verði þá vettvangur fyrir frjáls félagasamtök sem geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri eins og hann segir. En þá spyr ég: Það hlýtur að vera mögulegt fyrir önnur náttúruverndarsamtök að fá hliðstæð framlög frá ríkinu? Því á það að vera einkaréttur Náttúruverndarráðs að fá það ef þetta er fyrst og fremst vettvangur fyrir almenning? Ég get því ekki skilið hvort það á að vera einhver einkaréttur þeirra. En þá hljóta önnur náttúruverndarsamtök líka að geta fengið hliðstæðan stuðning.

[17:25]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Samkvæmt þessu frv. er það alveg skýrt að Náttúruverndarráð er ekki náttúruverndarsamtök, alls ekki. Heldur er um það að ræða að það er vettvangur ýmissa náttúruverndarsamtaka sem starfa í landinu, það er samnefnari. Þess vegna er eðlilegt að það njóti sérstakrar þjónustu af hálfu ríkisins í formi þessarar fyrirgreiðslu til þess að stuðla að því að þessum samnefnara takist að rækja sitt hlutverk. Ég vildi líka geta þess af því að hv. þm. og reyndar fleiri þingmenn sem hér hafa rætt í dag hafa talið þetta vera hið versta frv. þá mega menn ekki gleyma því að sjálft Náttúruverndarráð samþykkti stuðning við þetta fyrirkomulag. Þannig að ekki telja þeir sem núna sitja í Náttúruverndarráði að þetta sé af hinu vonda eins og hér hefur komið fram. Það er líka rétt að geta þess að Hið íslenska náttúrufræðifélag, sem hefur lengst allra íslenskra félagasamtaka starfað að náttúruverndarmálum, það hefur í meginatriðum tekið undir þau sjónarmið sem frv. byggist á og leggur sérstaka áherslu á hlutverk Náttúruverndarráðs sem óháðs tillögu-, umfjöllunar- og eftirlitsaðila. Þannig virðist það bara vera afskaplega fámennur hópur nokkurra þingmanna sem finnur þessu allt til foráttu. Ekki þeir sem um þetta véla í landinu.

[17:26]

Auður Sveinsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir slæmt ef ráðherra túlkar það þannig að ég hafi fundið þessu frv. allt til foráttu. Ég held að það sé líka smávegis mistúlkun því að ég sagði að það væru þarna athugasemdir sem ég vildi koma á framfæri, og ég held að ég hafi gert það. Hins vegar talar hæstv. ráðherra um að Náttúruverndarráð verði vettvangur fyrir frjáls félagasamtök. Í því sambandi vil ég bara benda á að þessi vettvangur fyrir frjáls félagasamtök er til í samtökum landgræðslu- og náttúruverndarfélaga sem heitir Landvernd. Og annað líka að hann talar um að Náttúruverndarráð sé samþykkt þessu frv. en ég tel rétt að það komi fram að það hefur lýst yfir stuðningi við þetta en þó með breytingum. Það sagði ráðherrann sjálfur í ræðu sinni í upphafi þessa máls. Þannig að við megum ekki gleyma því að það gerði athugasemdir við þetta frv. Það var með breytingar alveg eins og þeir sem töluðu í dag hafa verið að koma á framfæri og ég held að það megi ekki gleyma því.

[17:28]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef það færi nú svo að formanni Landverndar yrði að ósk sinni og samtök hennar fengju líka þennan stuðning sem ætlast er til með frv. að Náttúruverndarráð fengi er þá Landvernd orðið háð ríkinu? Er þá allt í einu Landvernd hætt að vera skipulögð samtök þeirra sem sinna frjálsu starfi innan þessa geira og allt í einu komin undir hælinn á ríkisvaldinu? Menn

verða nefnilega að hugsa þetta mál rökrétt. Hv. þm. hefur haldið því fram hér að vegna ýmiss konar stuðnings sem ríkið veitir Náttúruverndarráði samkvæmt þessu frv. þá séu þarna komin tengsl hæðis á milli. Það sama mun þá gilda um Landvernd en mér fannst hv. þm. vera að segja það í rauninni að ef þetta ætti að verða að veruleika þá ætti Landvernd líka að fá.

Hv. þm. hefur líka hér í ...(Gripið fram í.) Ég hef kannski misskilið það eða túlkað það of sterkt, ég fellst á það — en hv. þm. hefur hér líka í dag að mér hefur fundist fundið að því að í frv. er verulega dregið úr núverandi hlutverki Náttúruverndarráðs, mér hefur fundist það, ég skildi mál þingmannsins svo. Ég nefni þetta hér vegna þess að nú hefur hv. þm. flutt hér till. til þál. og þar er lagt til að Alþingi álykti að fela menntmrh. í samvinnu við landbrh. að leita leiða til að efla náttúrufræðifræðslu í tengslum við íslenskan landbúnað. (**ASv:** Í grunnskólum.) En Náttúruverndarráði er nú ekki aldeilis gert hátt undir höfði hér. Eða umhvrn. sem hv. þm. hefur þó mært hér í dag og óskað alls góðs. Ekki birtist sá góði vilji hér. (**ASv:** Lestu tillöguna.)

[17:29]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að bæta hér nokkru við vegna þess sem hér hefur fram komið í umræðum og aðeins að nefna viss atriði í frv. sem ekki vannst tími til að víkja að og verður þetta þá allt í kröppu formi tímans vegna að sjálfsögðu.

Í fyrsta lagi þetta með stjórnskipuðu nefndina. Ég skal ekki vera að spinna þann lopa mikið meira en ég held að hæstv. ráðherra eigi eftir að íhuga það hvort það hafi ekki verið heldur óheppilegt að standa svona að verki. Ég ítreka það að hér var allt unnið undir forustu ráðherra og ráðuneytis sem skipaði nefndina og formann hennar og varaformann þannig að umhvrn. verður náttúrlega að tala við sjálft sig um þetta mál þar sem það veitti þessu starfi forustu. Síðan gerðust ýmsir skrýtnir hlutir í tengslum við málið sem ráðherrann nefndi. Hann fékk drög að frv. tekin saman af aðila sem hafði aldrei nálægt nefndinni komið en þó sent inn af formanni. Ég kann engar skýringar á vinnubrögðum ráðuneytisins eða trúnaðarmanna þess í þessa átt. Þetta er allt hið kynlegasta mál satt að segja. Ég gerði ítarlega grein fyrir því í bréfi til ráðherra 14. okt. sl. þar sem ég frábið mér alla ábyrgð á þeirri afurð sem var kynnt fyrrv. umhvrh.

Ég ætla aðeins að koma að þeim þætti málsins sem snýr að friðlýsingarmálum sem ráðherrann hefur gert hér að umtalsefni og ber verulega fyrir brjósti. Allur áhugi í þeim efnum þykir mér lofsverður en ég vil í fyrsta lagi minna á að það er ekki svo að þessi mál hafi ekki verið á ábyrgð ráðuneytis áður en umhvrn. var stofnað. Þá var þessi málaflokkur undir menntmrn. Það var í rauninni ekki gert neitt í þessum efnum við stofnun umhvrn. annað en að færa umsýsluna sem var í menntmrn. varðandi friðlýsingarmál yfir í umhvrn. Þetta var því á forræði menntmrh. áður en umhvrn. kom að. Menn láta í umræðum um þetta eins og þetta hafi bara verið að gerast úti í bæ og þessi mál hvergi komið ráðuneyti við. Það er nú eitthvað annað.

Breytingin sem hæstv. ráðherra er að leggja til er að taka þetta verkefni inn á borð ráðuneytis sem er þannig hlúð að í sambandi við þessi efni, eins og stendur í yfirliti sem ég fékk fyrir fáeinum dögum frá ráðuneytinu, að í náttúruverndar- og vísindadeild umhvrn. undir umhverfisskrifstofu þess er einn einasti starfsmaður og síðan ráðherrann. Þessir aðilar eru að taka til sín friðlýsingarmálin sem frumkvæðisaðilar og benda síðan á þrjá aðila úti í bæ eftir hugmyndum ráðherrans því að hann lítur greinilega á Náttúruverndarráð sem aðila úti í bæ. En tillögurétt og umsagnarrétt um þessi efni hafa síðan stjórn Landvörslu ríkisins, Náttúruverndarráð og Náttúrufræðistofnun Íslands sem dregin er inn í þetta frv. á nokkrum stöðum, sem er hægt út af fyrir sig að setja spurningarmerki við en ég ætla ekki að ræða hér sérstaklega. Þetta er mjög þýðingarmikil rannsóknastofnun sem á að renna stoðum undir málasvið náttúruverndar og sjálfsagt að athuga það efni sérstaklega. En þetta er ekki skynsamlegt og ég tel að embættisferli hæstv. ráðherra að því er varðar hugmyndina um þjóðgarð undir Jökli beri einmitt vott um að þetta gengur ekki upp svo vel fari. Ráðherrann er með ósæmilegum hætti í sambandi við þá tillögu að ganga fram hjá Náttúruverndarráði sem lögum samkvæmt á að gera tillögur um stofnun þjóðgarða, hafa frumkvæði að því. Það er ekki búið að breyta þessum lögum, hæstv. ráðherra. Hvað stendur ekki í viðkomandi grein náttúruverndarlaga, sem 25. gr. í þeirri útgáfu sem ég hef undir höndum, svo ég leyfi mér að vitna í það:

„Sé landsvæði sérstætt um landslag, gróðurfar eða dýralíf eða á því hvíli söguleg helgi þannig að ástæða sé til að varðveita það með náttúrufari sínu og leyfa almenningi aðgang að því eftir tilteknum reglum getur Náttúruverndarráð lýst það þjóðgarð, enda sé svæðið ríkiseign.“ Síðan segir um þá aðstöðu sem þar skal koma upp og að þar skuli starfa þjóðgarðsvörður.

(**Forseti** (GHelg)**:** Með leyfi forseta.)

Með leyfi forseta, ég bið velvirðingar. Enn ætla ég, með leyfi forseta, að vitna til frásagnar af tillögugerð hæstv. umhvrh. um þjóðgarð undir Jökli í Morgunblaðinu 23. febr. Þar er nú ekki verið að biðja Náttúruverndarráð um tillögur, ó nei, sem lögum samkvæmt er ætlað að sinna þessu hlutverki heldur segir í þessum tillögum:

„Með tillögunni er ég líka“, segir ráðherrann „að standa við yfirlýsingu í hvítbók ríkisstjórnarinnar um að þjóðgörðum verði fjölgað á kjörtímabilinu. Formaður undirbúningsnefndarinnar verður tilnefndur af umhvrh., einn verður tilnefndur af samg.- og landbrh., einn af forsrh. og tveir fulltrúar úr héraði.“

Náttúruverndarráð er hvergi nefnt á nafn. En hvað segir Náttúruverndarráð um þetta efni sem hæstv. ráðherra er að vitna til og mætti ætla að hugmyndin um þjóðgarð undir Jökli sé sprottin út úr höfðinu á honum og tengd ágætum áhuga hæstv. umhvrh. á Vesturlandi, sem er vissulega lofsverður. Ég er alveg viss um að ráðherrann á eftir að hlaupa oft upp á Snæfellsjökul á næstunni til þess að innsigla þetta. Ég vona bara

að hann sjái til þess að það verði meiri friður en nú ríkir á Jökli. En um þetta segir framkvæmdastjóri, vel að merkja Náttúruverndarráðs í bréfi til mín 28. febr. Ég tel rétt að það komi hér fram vegna þessarar umræðu:

„Undanfarin ár hafa málefni svæðisins undir Jökli verið til umfjöllunar hjá friðlýsingarnefnd Náttúruverndarráðs. Hafa nefndarmenn m.a. haft hug á því að stækka svæðið miðað við lýsingu í náttúruminjaskrá. Friðlýsingarnefnd fjallaði um till. til þál. um friðlýsingu svæðisins undir Jökli sem lögð var fram á 113. löggjafarþingi, 457. mál." — Ég man ekki betur en það sé 117. sem stendur yfir. — „Voru nefndarmenn sammála um að notfæra sér þann meðbyr sem var á Alþingi og leggja meiri áherslu á undirbúning friðlýsingar svæðisins.

Í framhaldi var haft samband við náttúruverndarnefnd svæðisins og óskað eftir umsögnum um mögulega friðlýsingu þess. Náttúruverndarnefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu fjallaði um málið á fundi sínum 27. ágúst 1991 og var þar samþykkt að lönd býla vestan Snæfellsjökuls frá Dagverðará að Skarðsvík og Móðulæk að norðan yrðu lýst friðland. Umhvrn. spurðist fyrir um hvort Náttúruverndarráð teldi ráðlegt að stefna að friðlýsingu á svæðinu undir Jökli í samræmi við ályktun Náttúruverndarráðs frá 1972." — Það er raunar fyrsta ráðið sem starfaði eftir breytingu á gildandi lögum. — „Náttúruverndarráð svaraði því til að unnið væri að friðlýsingu á svæðinu undir Jökli. M.a. fylgdi bréfi ráðsins gömul tillaga um friðland undir Jökli sem lögð var fyrir Náttúruverndarráð 30. júní 1977.

Að ósk ráðherra" — það mun vera núverandi umhvrh. — „var væntanlegt þjóðgarðssvæði undir Jökli kortlagt og gagna aflað um eignarhald og fleiri þætti sem hér skipta máli, þar á meðal upplýsingar um landeigendur og fasteignamat jarða og mannvirkja samkvæmt upplýsingum frá Fasteignamati ríkisins og sýslumannsembættinu í Stykkishólmi."

Já, m.a. upplýsingar um landeigendur og fasteignamat. Við skulum vona að þetta frumkvæði í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins verði til þess að það fé verði framreitt sem þarf lögum samkvæmt til þess að kaupa þær landareignir í einkaeigu sem eru á þessu svæði sem ráðherrann hefur fengið stuðning við í ríkisstjórn að verði lýst þjóðgarður. Við skulum vona það þó að hér sé gengið fram hjá þeim aðilum sem lögum samkvæmt er ætlað að véla um þetta efni, þ.e. Náttúruverndarráði sérstaklega sem samkvæmt gildandi lögum er algerlega gengið fram hjá í þessari tillögugerð.

Virðulegur forseti. Mér finnst það hvernig að þessu er staðið ekki vita á gott um þá nýskipan sem hæstv. ráðherra er að innleiða í sambandi við friðlýsingarkafla laganna. Ég óttast, eins og hv. 14. þm. Reykv. nefndi, að það gæti verið að reynt yrði að hrista eina og aðra tillöguna fram úr ermi hjá ráðherrum sem vilja safna sér merkimiðum á ágæt mál hér og þar um landið, en gæta ekki að því að standa að því máli með þeim hætti sem auðvitað er nauðsynlegt og m.a. að tengja þetta skipulagi, sem virðist ekki vera mjög ofarlega í huga ráðherrans miðað við það að frv. til laga um skipulagsmál hefur ekki verið endurflutt á þinginu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Af marggefnu tilefni vill forseti minna á 58. gr. laga um þingsköp Alþingis, en þar segir:

„Eigi má, nema með leyfi forseta, lesa upp prentað mál."

[17:41]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Þegar ég fyrir mörgum árum fór að hafa afskipti og efla með mér áhuga um náttúruvernd, þá var það ekki síst vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, sem þá var yngri maður en hann er núna, hafði kvatt sér hljóðs á vettvangi þjóðarinnar með bók um náttúruvernd, bók sem mun væntalega og heldur nafni hans á lofti. Þetta var góð bók sem reif til fylgis við náttúruverndarstefnu margt æskufólk eins og sjálfan mig. Og ég spyr sjálfan mig, virðulegi forseti: Hvað er orðið um þann mann sem skrifaði þá bók? Þegar í stól umhvrh. er sestur maður sem hann ef til vill gróðursetti fyrsta fræið í til þess að vinna náttúruvernd í landinu vel og þegar sá hinn sami tekur sig til eftir að Náttúruverndarráð og fleiri aðilar hafa árum saman haft á sinni stefnuskrá að stofna þjóðgarð á utanverðu Snæfellsnesi, en ekkert hefur gerst, og fær eftir ærið erfiði samþykki ríkisstjórnar til þess að hrinda því máli af stað, þá kallar hann það að safna merkimiðum um landið.

Virðulegi forseti. Ég segi það bara að þessi málflutningur hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar er honum til vansa. Það er honum til vansa að ætla umhvrh. eða einhverjum öðrum sem er af góðum hug að reyna að vinna þessum málum vel að annarlegar hvatir liggi þar að baki. Það er nákvæmlega það sem þessi hv. þm. gerði hérna áðan. Aftur og aftur kom hann að því en þó skýrast með því að nota þetta orð „merkimiðar". Og hann kom að því að sá ráðherra sem hérna stendur og er allur af vilja gerður til að efla náttúruvernd í landinu og þykist hafa sýnt örlítil merki um það er ekki að gera það af einskærum áhuga eða góðum vilja. Nei, virðulegi forseti. Hann er að safna sér merkimiðum. Hvers konar málflutningur er þetta og það frá þeim manni sem hefur staðið í fylkingarbrjósti náttúruverndar í landinu, sem hefur haft forgöngu um það á mörgum náttúruverndarþingum að koma fram með hugmyndir, m.a. um þjóðgarða þó að á öðrum svæðum sé? Góðar hugmyndir. Ekki ætla ég hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að einhverjar undarlegar hvatir liggi því til grundvallar að hann hefur góðu heilli aftur og aftur vakið athygli á því að til að mynda í hans kjördæmi eru fjölmörg svæði sem nauðsynlegt er að friðlýsa. Ég hef hingað til talið að bæði ég og hv. þm. stjórnuðumst af sömu hvötum, einlægum vilja til náttúruverndar. Ég er hissa á þessum málflutningi. Ég get ekki sagt annað.

Það er alveg af og frá þegar hv. þm. Hjörleifur Guttormsson heldur því fram að í því máli sem varðar þjóðgarð á Snæfellsnesi hafi verið gengið fram hjá

Náttúruverndarráði. Hversu oft á ég að þurfa að tyggja upp aftur og aftur þann feril sem málið hefur farið í gegnum? Ég upplýsti hv. þm. um að hugmyndin að þessari tillögu sem var samþykkt í ríkisstjórninni kom fram í samtali mínu og formanns Náttúruverndarráðs. Ég man því miður ekki dagsetninguna. Þaðan er hugmyndin komin. Er það að hundsa vilja Náttúruverndarráðs? Ég skrifaði Náttúruverndarráði, og hv. þm. getur fengið afrit af því bréfi, á þjóðhátíðardag síðasta árs og spurði: Hvaða forgangsverkefni hefur ráðið?

Breiðafjörður. Utanvert Snæfellsnes. Þetta kom fram í samtölum mínum við formenn og starfsmenn Náttúruverndarráðs oftar en einu sinni. Þetta mál hefur oft borið á góma. Hitt er rétt að ég hef ekki mikla nennu til þess að sitja á mínum afturenda og skrifa skýrslur eða bíða eftir því að einhverjir aðrir skrifi skýrslur og samþykki tillögur. Ég bað um áætlun. Hún kom ekki. Þá hrinti ég málinu sjálfur af stað. Er eitthvað að því? Er það ekki bara það sem við viljum báðir? Ekki minnist ég þess að þegar hv. þm. sat í stóli iðnrh., þá hafi hann orðið frægur fyrir að gera ekkert annað en skrifa skýrslur og skýrslur. Hann kom mörgu góðu til leiðar eins og menn vita.

Varðandi friðlýsingar og breytt friðlýsingarvald, þá segi ég: Það er einboðið þegar komið er umhvrn. með umhvrh., þá sé valdið hjá honum. Ekki bara staðfestingarvald eins og er í dag heldur geti hann haft frumkvæði að því. En ég vek athygli á því að það kemur mjög glögglega fram í frv. að Náttúruverndarráð, sem vettvangur hinna frjálsu félagasamtaka í landinu, getur komið með allar þær tillögur sem það vill. Og það er eðlilegt að Náttúrufræðistofnun Íslands komi að þessu máli. Eins og hv. þm. veit, hann sat í nefnd sem samdi lög um Náttúrufræðistofnun Íslands þar sem henni er gefið aukið vægi og hún á að rannsaka náttúrufar Íslands, hefur engin stofnun innan stokks vísindalegt atgervi sem er betur í stakk búin til að mynda til að gera tillögur að friðlýsingu örvera, jurta eða dýra sem kunna að vera í bráðum háska eða jafnvel ekki einu sinni bráðum. Ég vil líka að það komi fram, virðulegi forseti, að hluti af þessum tillögum felst í því að Náttúrufræðistofnun, sem þessi ráðherra hefur unnið að því að efla og er að gera enn þá með tillögum sem hv. þm. á eftir að sjá, er auðvitað best í stakk búin til þess að lýsa náttúru Íslands. Henni ber að gera það. Það sem hefur skort á hjá Náttúruverndarráði vegna fjárskorts og mannfæðar er einmitt lýsingarþátturinn. Hann hefur legið eftir á hinum friðlýstu svæðum. Ég ætla mér með þessari verkaskiptingu að fá Náttúrufræðistofnun til þess að sinna honum. Þar eru þeir menn sem best þekkja, enda hefur þar verið gerður að forstjóra hámenntaður náttúrufræðingur sem ég veit að við hv. þm. Hjörleifur Guttormsson berum fullt traust til báðir.

[17:47]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. umhvrh. hefur gert tillögu varðandi þjóðgarð undir Jökli, fengið hana samþykkta á vettvangi ríkisstjórnar og það eru komnir fulltrúar þriggja ráðherra í nefnd og tveir aðrir úr héraði. Þetta er allt saman gott og blessað, en þetta er að vísu dálítið fram hjá því stjórnkerfi sem gildandi lög um náttúruvernd gera ráð fyrir. En við skulum vona að þó að gengið sé fram hjá þeim aðila sem hefur verið ætlað þetta hlutverk samkvæmt gildandi lögum, þá sjáum við þess merki fyrir 17. júní að þessi þjóðgarður undir Jökli sé kominn á sem þjóðgarður í minningu 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi. Látum gott á vita og ég vænti þess að hæstv. ráðherra standi við það. Það mun aðeins taka í pyngjuna, en það hlýtur að vera hægt að gera það í minningu 50 ára afmælis lýðveldisins.

Síðan skulum við vænta þess að þetta frv., sem er athyglisvert í ýmsum greinum þó að ég hafi lýst athugasemdum við marga þætti þess og fundið að undirbúningi málsins sem mér finnt ekki vera nógu vandaður, fái þá þinglegu skoðun sem vert er. Ég á sæti í þeirri nefnd sem um málið fjallar þannig að ég á eftir að koma að því á þeim vettvangi.

[17:48]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nákvæmlega ekkert á þessu stigi málsins sem varðar þennan þjóðgarð sem segir það að Náttúruverndarráð verði sniðgengið. Ég vek athygli hv. þm. á því að það er umhvrh. sem samkvæmt samþykkt ríkisstjórnarinnar skipar formann þessarar nefndar og þangað til hann sér hver verður formaður þeirrar nefndar, þá held ég að hann ætti að spara sér hin stóru orð.

Síðan mætti rifja það upp fyrir hv. þm. að það hafa áður verið gerðar tilraunir til þess að búa til þjóðgarð á einmitt þessu svæði fyrir mörgum árum. Þær strönduðu. Nú hefur þessi umhvrh. m.a. til þess að auðvelda málið rætt við hluta af landeigendum þarna sem voru erfiðir á sínum tíma og ekki síst vegna þess að úr þeim hópi komu jákvæð orð, þá var ráðist í þessa tillögugerð. Ég tel alveg nauðsynlegt að það komi hér fram. Síðan má líka geta þess að nú er þetta svæði breytt að því leyti til að það er innan eins sveitarfélags sem gerir þetta allt miklu betra.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, bara segja það að ef hv. þm. hefur þótt ég vera fullæstur í ræðu minni áðan, þá er það svo að mér þykir að mér vegið þegar frumkvöðull í náttúruvernd á Íslandi kemur í þennan stól og heldur því fram að mér gangi það eitt til með þessari tillögu að búa mér til merkimiða. Ég þarf engan merkimiða.

[17:50]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið. Ég hef fylgst með henni á þessu síðdegi og undraði mig kannski á því hversu hvöss hún varð á tímabili því ég er sannfærður um að þeir sem hafa um þetta mál rætt eiga það sameiginlegt að vilja sjá árangur í náttúruvernd og ýmsum þeim málum sem að því lýtur í landinu.

Ég get sagt það hér að í meginatriðum sýnist mér að þetta frv. sem hér er lagt fram sé eðlilegt framhald af því sem gerst hefur og mikilvægt í framhaldi af stofnun umhvrn. Mér sýnist að margt í frv. sé þess virði að

fá þinglega meðferð og muni gera þessi mál markvissari í framtíðinni en þau hafa verið hingað til. Mér finnst því að hér sé lagt fram af hæstv. umhvrh. gott efni til umfjöllunar í nefndinni og vænti þess að þeir menn sem unna náttúru landsins og vilja sjá árangur nái saman um málið og það verði afgreitt á þessu þingi.

[17:52]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Því miður átti ég þess ekki kost að vera viðstaddur þessa umræðu fyrr en nú. Í fyrsta lagi vegna þess að ég þurfti að vera við jarðarför og síðan var boðaður fundur í utanrmn. klukkan fjögur sem hefur staðið þar til nú fyrir skömmu.

Ég vildi hins vegar fyrst umræðan stendur enn nota tækifærið, sem ég ætlaði mér ef ég hefði haft aðstöðu til þess að vera við umræðuna fyrr, til þess að lýsa því með almennum orðum að ég tel að í frv. sé á ferðinni athyglisverð og nauðsynleg tilraun til að þróa íslenskt stjórnkerfi áfram með markvissum hætti að þeirri staðreynd að annars vegar er búið að stofna umhvrn., sem þarf að styrkja með margvíslegum hætti, en hins vegar er nauðsynlegt líka að efla sjálfstæði og skapa grundvöll fyrir óháða álitsgerð og óháða gagnrýni af hálfu þeirra almannasamtaka og fulltrúa á sviði náttúruverndar sem vilja veita stjórnvöldum aðhald.

Sá sem hér stendur hefur sem einstaklingur verið áhugamaður um náttúruvernd og umhverfismál án þess að taka kannski virkan þátt í því stjórnkerfi náttúruverndar sem verið hefur starfandi á Íslandi á undanförnum árum. Þess vegna er ég ekki í sjálfu sér bundinn af einhverjum ákveðnum viðhorfum sem ég hef mótað mér varðandi þá þróun mála. Á hinn bóginn hef ég nokkuð í þeim störfum sem ég hef sinnt á alþjóðavettvangi kynnst viðhorfum sem þar hafa verið að mótast og skýrast á undanförnum árum varðandi nauðsyn þess að efla starfsemi sjálfstæðra stofnana og ráða sem veitt geta stjórnvöldum aðhald og hins vegar að styrkja umhverfisráðuneyti í glímu þeirra við önnur ráðuneyti innan stjórnkerfa. Í flestum ríkjum eru umhverfisráðuneyti mjög ný af nálinni. Þau hafa víða þurft að heyja nokkuð harða glímu til þess að skapa sér áhrifasess til hliðar við og ásamt hinum hefðbundnu ráðuneytum sem eðli málsins samkvæmt vilja gjarnan vera nokkuð heimarík.

Ég fann það mjög í tíð síðustu ríkisstjórnar að bæði innan stjórnkerfisins og eins á Alþingi var það nokkuð hörð glíma að heyja nægilegan verkefnaforða til umhvrn. til þess að það gæti verið burðugt ráðuneyti. Það hafði lengi verið stefna Alþb., allt frá því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson fyrstur manna vék á því máls í okkar flokki að nauðsyn væri að stofna umhvrn. á Íslandi, að stuðla að því ekki aðeins að umhvrn. væri stofnað heldur einnig að það yrði öflugt. Því miður var það þannig að þegar verið var að vinna að breytingu stjórnarráðslaganna og koma umhvrn. á fót þá voru fjölmargir, bæði embættismenn og pólitísk öfl, sem vildu setja sem minnst í þann heimanmund sem umhvrn. fengi.

Það er þess vegna nokkuð síðan ég gerði upp þá afstöðu mína að ég mundi reyna að stuðla að því á fyrstu starfsárum umhvrn. að leggja því lið að ráðuneytið væri eflt og styrkt. Það fengi á tiltölulega skömmum tíma bæði nægilegt fjármagn og nægilega sterka stöðu í stjórnkerfinu til þess að geta starfað með áhrifaríkum hætti. Ég tel að þó að mig greini á við hæstv. umhvrh. í ýmsum málum þjóðmála, þá hafi hann hins vegar á þeim stutta tíma sem hann hefur starfað sýnt virðingarverða viðleitni til þess að reyna að styrkja umhvrn. og ég er alveg tilbúinn til að leggja viðleitni hans lið.

Ég held líka að hæstv. umhvrh. beri sem betur fer enn þá slík merki pólitísks uppeldis síns að hann skilji vel mikilvægi þess að frjáls félagasamtök áhugamanna og ákafafólks um málefni fái sterkan sess. Það hefur satt að segja aldrei verið hefð Alþfl. að efla mjög slík sjálfstæð og gagnrýnin samtök. Hins vegar hefur það mjög verið hefð Alþb. að reyna að styrkja starfsemi slíkra sjálfstæðra og gagnrýninna samtaka. Mér sýnist fljótt á litið þegar litið er yfir þetta frv. að í því sé að finna ýmsar ánægjulegar vísbendingar um það að þessi viðhorf um mikilvægi frjálsra, gagnrýninna og óháðra samtaka eigi að hafa árif á umræðu og afstöðu í umhverfisvernd og náttúruvernd og þess vegna beri að skoða með jákvæðum huga hvernig því er fyrir komið.

Í sjálfu sér er það með þetta eins og margt annað að það er hægt að hafa ýmis sjónarmið varðandi það hvernig það eigi að gerast nákvæmlega en ég held að það sé mjög brýnt að við notum tímann sem við höfum núna á fyrstu starfsárum umhvrn. til þess að styrkja það. Af því að það er enginn fulltrúi Sjálfstfl. í salnum þá ætla ég að segja það alveg skýrt og það er ekkert leyndarmál að sterk öfl innan Sjálfstfl. hafa viljað veikja umhvrn. Sjálfstfl. barðist hatrammri baráttu á Alþingi gegn stofnun umhvrn. Ég hef talið að það væri mikilvægt að meðan hægt er að mynda bandalag manna úr öðrum flokkum, hvað sem líður afstöðu til ríkisstjórnar hverju sinni og ég hef tekið eftir því að núv. hæstv. umhvrh. hefur ekki talað mikið um þjóðmálin upp á síðkastið, að meðan aðstæður eru til þess að mynda bandalag þvert á skiptilínu stjórnar og stjórnarandstöðu um að styrkja umhvrn. sem hefur möguleika á því að byggja inn í löggjöfina í friði fyrir Sjálfstfl. slíka þætti þá eigum við að gera það. Ég er ekkert að móðga Sjálfstfl. með þessum yfirlýsingum, ég tel að þetta sé bara lýsing á staðreyndum byggð á reynslu minni á síðasta kjörtímabili. (**GÁ:** Er þér ekki sama um það?) Nei, það er ástæðulaust að vera að gera það að óþörfu, og eins ýmsu því sem maður heyrir frá þeim hagsmunasamtökum utan þings sem eiga sterka áhrifaaðila innan Sjálfstfl., m.a. á þingi. Ég hef þess vegna nokkra löngun til þess að túlka þetta frv. sem ákveðið samstarfstilboð til okkar í stjórnarandstöðunni sem og annarra þingmanna til að reyna að festa í löggjöfinni annars vegar ákveðna styrkingu umhvrn. en hins vegar réttmæta og lögbundna aðild óháðra, gagnrýninna félagasamtaka til þess að þau geti veitt stjórnvöldum aðhald. Það held ég að sé mjög mikilvægt.

Ég hef haft vissar áhyggjur af því á undanförnum

árum að Náttúruverndarráð hefur verið dálítið tviátta í þessum efnum. Ég vil nefna t.d. umfjöllunina um háspennulínur og línulagnir á Norðausturlandi. Þar fannst mér Náttúruverndarráð einum of mikið ganga inn í hlutverk stjórnsýsluaðilans sem væri að taka tillit til ýmiss konar innri lögmála nánast eins og ráðuneyti. Þannig var komið í veg fyrir að gagnrýnið og óháð aðhald, sem Náttúruverndarráð hefði eðli málsins samkvæmt að mínum dómi átt að veita í þessu stórmáli sem línulagnirnar eru á Norðausturlandi ef til stórvirkjana kemur á því svæði, fékk ekki þann framgang sem nauðsynlegt var. Svo þeir einstaklingar eða þau samtök sem með gagnrýnum hætti vildu taka á því máli fengu ekkert skjól hjá Náttúruverndarráði. Ég held að það sé nokkuð rétt lýsing hjá mér að þau fengu ekkert skjól hjá Náttúruverndarráði. Það var óeðlilegt. Ef hægt er með þessari löggjöf að tryggja það að Náttúruverndarráð þurfi ekki að haga sér nánast eins og ráðuneytisangi, eins og mér fannst það gera í því máli, þá er það vel.

Virðulegi forseti. Ég vona að við sem sitjum í umhvn. getum tekið þetta frv. til ítarlegrar skoðunar og náð að ljúka afgreiðslu þess fyrir lok þessa þings áður en til óvissu sumarsins kemur og enginn veit hvað þessi ríkisstjórn lifir lengi eða hver skipar þetta umhvrn. eða hvaða flokkur fer með það og meðan við, sem viljum veg þessara mála vel hvað sem líður afstöðu okkar til ríkisstjórnar, höfum þetta nokkurn veginn í okkar hendi þá getum við reynt að ganga frá þessari löggjöf þannig að við séum sæmilega sátt við það áður en við stöndum upp í vor.

[18:04]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrri hluti ágætrar ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar mætti e.t.v. draga saman í orðtækið fjórðungi bregður til fósturs. Að öðru leyti, virðulegi forseti, vil ég segja það að ræða hv. þm. kom mér nokkuð á óvart vegna þess að hann hefur getið sér gott orð fyrir sérfræðiþekkingu á ýmsum málum eins og utanríkismálum en ræðan sýnir að hann hefur líka djúpan skilning á umhverfismálum og hvernig náttúruverndarmál hafa þróast á síðustu árum. Ég tel að það sé þessu máli afskaplega mikilsvert að formaður Alþþ., eins af stjórnarandstöðuflokkunum, skuli með þessum hætti lýsa yfir vilja sínum til þess að styðja meginmál frv., ekki síður en sá ágæti stuðningur sem kom fram í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar. En að öðru leyti vil ég segja um ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar: Mæl þú manna heilastur.

[18:05]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil af tilefni ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar segja það að ég hef ekki fundið þann þátt í þessu frv. sem lýtur að sérstakri styrkingu umhvrn. sem slíks. Ég flutti í upphafi míns máls í dag einmitt ádrepu um það hver nauðsyn það væri alveg sérstaklega að styrkja innviði umhvrn. þannig að það ráðuneyti geti orðið sú stjórnstöð í yfirstjórn umhverfismála með tengingu inn í aðra stjórnsýslu sem brýn þörf er á. Ég vakti athygli á því að við höfum einmitt séð að það skortir eðlilega talsvert á það að ráðuneytið í rauninni valdi því sem við þurfum að ná fram með störfum þess.

Síðan bætist við þegar lesin er umsögn um fjármálaþátt málsins er þar ekki að finna neitt, ekki nokkurn skapaðan hlut. Þar á bara að halda áfram sömu sveltistefnunni. Þegar stórvaxandi þörfin er á að auka fjárveitingar til umhverfismála þá les fjmrn., án þess að athugasemdir séu við það frá hæstv. umhvrh., að það eigi að búa við hið sama og áður. Það er nú öll uppskeran.

[18:06]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í sjálfu sér er kannski ekki mikið um þetta að segja. Ég vildi þó aðeins geta þess hér að ég átti á árum áður aðild að því að fjmrn. sendi frá sér ýmsa svona munkalatínutexta eins og er í þessu fskj. frá fjmrn. Það er einfaldlega þannig að það hefur verið, og ég reikna með að sé enn, dagskipun á þeim bæ að ganga yfirleitt frá öllum fyrirvörum um ný frv. að það eigi ekki að breyta neinu um fjárveitingar til viðkomandi málaflokks vegna þess að fjmrn. getur einfaldlega ekki lofað viðbótarfjárveitingum í fylgiskjali með frv. af þessu tagi. (**HG:** Það á ekki að lofa, það á að meta ákvæði frv.) Já, já, eins og ég sagði hef ég oft átt aðild að svona textum og ég veit alveg hvað liggur á bak við þá. Þeir eru settir vegna þess að það er skylda að setja þá í frv. og þeir eru allir eins. Hins vegar sé ég ekki að það þjóni neinum jákvæðum tilgangi fyrir eflingu umhvrn. að fara að lyfta eitthvað sérstaklega þessum texta frá fjmrn. Það er miklu skynsamlegra að taka bara ekkert mark á honum vegna þess að þeir eru ekki skrifaðir til þess að taka mark á þeim, þessir textar sem fylgja svona frv. því það er tekin glíma um það við fjárlögin sjálf hvaða peningar eru látnir í einstök verkefni. Ég hef aldrei á minni setu í fjmrn. orðið vitni að því að svona fylgiskjal væri einhvern tímann notað sem málflutningsgagn í því.

Varðandi það hins vegar hvort það sé misskilningur hjá mér að stjórnsýslulega séð sé verið að efla umhvrn. í þessu frv. þá munum við skoða það mál vel í nefnd undir hinni ágætu forustu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, formanns nefndarinnar.

[18:08]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég fagna þessu frv. og held að það horfi til bóta. Að vísu má finna sitthvað í því sem hægt er að reka hornin í en ég efast ekki um að það sé samið af góðum hug. Það eru miklir heimsvaldasinnar í umhvrn. og ég tel að þeir hafi gætt þess í þessu frv. að styrkja umhvrn. Það er þörf á því. Þetta er ungt ráðuneyti og sett upp í miklum átökum á Alþingi þar sem Sjálfstfl. barðist daga og nætur við að reyna að hindra stofnun þessa ráðuneytis, barðist um á hæl og hnakka og gekk svo langt að hæstv. núv. frú forseti Alþingis las upp bókina „Raddir vorsins þagna" í efri deild til þess að reyna að tefja málið, ekki bara að fara með fallegan og góðan texta.

Það er verið að búa hér til nýja stofnun undir um-

hvrn., Landvarsla ríkisins heitir sú silkihúfa, og það er ágætt í atvinnuleysinu því það eina sem dafnar í þessu þjóðfélagi er eftirlitsiðnaðurinn og þarna er verkefni fyrir allmarga ef vel er á haldið.

Ég verð að játa að persónulega finnst mér Náttúruverndarráði enn þá falið helst til mikið hlutverk. Undanfarið hefur það starfað fyrst og fremst sem stimpilstofnun fyrir þá sem hafa viljað vinna hervirki á náttúrunni. En þá er komið upp til hliðar við Náttúruverndarráð öðru apparati og vonandi að það reynist betur en Náttúruverndarráð og gæti tekið við hlutverki þess þegar fram líða stundir. Ég vænti þess að hv. umhvn. líti vandlega á þetta mál og e.t.v. skilar hún um það einhverjum brtt. Væntanlega ekki 27 eins og síðasta frv. hæstv. utanrrh. — umhvrh. — Þetta er alveg dæmalaust, þetta er alveg dæmalaus forsögn. (Gripið fram í.) Mér er eiginlega ómögulegt að nefna hæstv. umhvrh. sínu rétta starfsheiti. Mér verður alltaf á að kalla hæstv. umhvrh. utanrrh. nema ég hugsi mig alveg sérstaklega um. Þetta hlýtur að vera „freudískt slipp."

En ég vonast eftir því að þetta frv. verði heldur til að laga ástandið og það er sannarlega ekki vanþörf á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ræktun íslenska fjárhundsins, fyrri umr.

Þáltill. GÁ, 390. mál. — Þskj. 588.

[18:12]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja hér fram till. til þál. um að Alþingi álykti að fela landbrh. að skipa nefnd sem gerir tillögur um aðgerðir til að vernda íslenska fjárhundinn og hreinrækta stofninn. Með þessari þál. fylgir greinargerð og þar segir:

„Íslenski fjárhundurinn er þjóðararfur og þjóðargersemi Íslendinga, hann er lifandi listaverk sem okkur ber að varðveita.

Nú er í gangi á vegum Hundaræktarfélags Íslands skráning á íslenska hundinum og nær fullmótað er ræktunartakmark. Þar mun mest hafa unnið Guðrún Guðjohnsen og telur hún að nú séu skráðir á fjórða hundrað hundar, reyndar mismunandi að gerð, þar sem starfsemi þessi á ekki langa sögu að baki. Vegna þess hve íslenski hundastofninn er fáliðaður og sundurleitur er nauðsynlegt að hafa sem flesta einstaklinga með í ræktuninni, ekki síst vegna þess að duldir erfðagallar eru til staðar hjá sumum einstaklingum. Hefur það valdið verulegum áhyggjum og vanda við val undaneldisdýra og nauðsynleg grisjun af þeim sökum ávallt verið erfið. Hér við bætist að ekki hefur gengið auðveldlega að ná samkomulagi um þau tegundareinkenni sem hundar þurfa að hafa til að teljast „íslenskir" en þar sem skipulögð ræktun hefur verið fátækleg til þessa er brýn þörf á að hafa slíkan staðal til viðmiðunar ef skipuleg ræktun með nauðsynlegri ættbókarfærslu verður tekin upp fyrir alla „íslenska" hunda.

Hér er um mikilsvert mál að ræða sem allt of lengi hefur verið látið reka á reiðanum. Íslenski fjárhundurinn er vissulega í útrýmingarhættu og stafar hættan sennilega mest af síauknum innflutningi til landsins af erlendum hundakynjum. Af nýjungagirni taka margir Íslendingar þessa erlendu hunda fram yfir íslenska hundinn og áhuginn á íslenska hundinum dvínar. Reynslan undanfarna áratugi hefur sýnt að það eru tiltölulega fáir sem lagt hafa sig fram um ræktun og uppeldi íslenska hundsins en því miður hefur samstarf þessara aðila ekki ávallt gengið sem skyldi. Fjárskortur hefur einnig háð þessari ræktunarstarfsemi enda þótt flest störf séu unnin í sjálfboðavinnu.

Útlendingar hafa sýnt íslenska hundinum mun meiri sóma en við sjálf. Íslenski hundurinn er nú kominn í ræktun víða um lönd þar sem hann nýtur mikillar virðingar og síaukinna vinsælda. Bæði Norðmenn og Danir rækta stofninn og þar fjölgar ört í stofninum. Einnig hefur hann vakið mikla athygli á hundasýningum bæði í Evrópu og Ameríku.

Hreinræktaðir íslenskir hvolpar hafa verið seldir á háu verði úr landi." — Ég vil nefna það hér að þar tala menn um verð fyrir nokkurra vikna hvolp upp á 50–100 þús. kr. og þarna getum við auðvitað náð miklu meiri árangri ef okkur tekst að festa ræktunarstarfið í sessi. — „Eftirspurn er eftir hvolpum í fjölmörgum löndum eins og Bandaríkjunum, Sviss, Þýskalandi, Kanada og annars staðar á Norðurlöndunum. Það hefur víða orðið að tísku að eiga íslenskan hest og íslenskan hund og klæðast íslenskri lopapeysu. Hugsanlegt er að þessar tvær búgreinar, hundarækt og hrossarækt, kunni að styrkja hvor aðra og ef vel tekst til með markvissu átaki, sem stjórnað væri af okkar besta ræktunarfólki og sérfræðingum, yrði íslenski hundurinn enn betri auglýsing á erlendum vettvangi og skapaði þannig gjaldeyristekjur.

Fyrir nokkrum árum þegar Hundaræktarfélagið varð 20 ára gáfu hundaræktunarfélögin annars staðar á Norðurlöndunum félaginu peningagjöf sem verja skyldi til að gera myndband um íslenska hundinn. Allt ber þetta að sama brunni. Hugsjónafólkið, sem er að reyna að vernda íslenska hundastofninn frá útrýmingu, fær oftar aðstoð frá áhugafólki erlendis meðan íslenskir aðilar láta sér fátt um finnast. Einnig voru fluttir hingað til lands fyrir fáeinum árum þrír hvolpar frá Danmörku til undaneldis. Það er ekki vansalaust að miðstöð um ræktun íslenska hundsins skuli ekki vera rekin með glæsibrag hér á landi og þegar ræktendur hundsins óska eftir erfðaefni til að bæta stofninn hjá sér sæki þeir það ekki hingað heldur öfugt. Á þessu þarf að verða breyting til batnaðar sem fyrst."

Hæstv. forseti. Hér fylgir svo í greinargerð ágrip af sögu íslenska fjárhundsins, sem ég hirði ekki um að lesa upp við flutning málsins, en hún er mjög ítarleg frá upphafi til enda.

Það er nú svo sérstætt að líklega er íslenski hundurinn einn besti varðhundur í veröldinni, jafnvel talinn númer tvö hvað það varðar. Hann er glöggur og hann er næmur og hann geltir og lætur vita ef eitthvað er í aðsigi, en hann er skaðlaus. Þetta er það sem ger-

ir hann kannski að enn dýrmætari vöru en við höfum gert okkur grein fyrir ef við viljum á annað borð eignast gjaldeyri fyrir hann eftir að við höfum komið hér öflugu ræktunarstarfi í gang.

Í ár er 50 ára afmæli lýðveldisins og það er kannski ekki lítil ástæða að huga að þeim gersemum sem við eigum. Hundurinn er ein sú gersemi sem af mestri tryggð hefur fylgt forfeðrum okkar í gegnum blíða og stríða sögu þessarar þjóðar. Mér finnst því vel við hæfi að minnast þessa vinar okkar á þessu ári og gefa þeim sem fullir eru áhuga ný tækifæri til þess að efla þetta ræktunarstarf. Ég tel t.d. sjálfsagt að Búnaðarfélag Íslands með sína tölvuþekkingu, með sín búnaðarsambönd út um allt land og starfsemi, með sína ráðunauta, yrði virkjað inn í þetta starf með áhugafólkinu og þannig næðum við að koma þessu ræktunarstarfi í gang. Það þarf að meta hundana og stiga og gera skrá um bestu kynbótadýrin þannig að fólkið nái að nýta sér bestu hundana sem til eru í landinu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti, en legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til síðari umr. og landbn.

[18:20]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Í gegnum aldirnar hefur það jafnan verið hlutverk íslenskra bænda að viðhalda menningararfleifðinni og þegar á hefur bjátað í sögu þjóðarinnar hafa það verið íslenskir bændasynir sem hafa varðveitt logann og stundum líka orðið til þess að fara utan og sækja sér nýja strauma sem þeir hafa fært inn í íslenskt þjóðlíf. Enn í dag er engin stétt íslenskra manna sér jafn vel meðvituð um söguna og nauðsyn þess að hlúa að henni og hlúa að tengslunum við fortíð okkar en einmitt íslenskir bændur.

Nú hefur einn af foringjum íslenskra bænda, hv. þm. Guðni Ágústsson, flutt tillögu um skipulega ræktun íslenska fjárhundsins. Ég tel, virðulegi forseti, að þetta sé mjög góð tillaga og lýsi við hana fullum stuðningi. Ég held að þetta mál sé mjög þarft og mér liggur við að segja afar brýnt. Við vitum öll að í vaxandi mæli hafa menn, vegna þess að áhugi hefur aukist, ekki síst meðal borgarbúa, á að hafa hunda, þá hefur áhugi aukist á því að flytja inn hunda frá útlöndum. Ég hygg að óhætt sé að halda því fram að þessi innflutningur nýrra eða sjaldgæfari tegunda hafi stóraukist á síðustu árum. Um leið er það svo að blöndun við það hundakyn sem er í landinu hefur líka aukist. Þó e.t.v. sé ofmælt að halda því fram að það stappi nærri því að íslenski fjárhundurinn sé í útrýmingarhættu, þá er það nú svo að áður en bráður háski vofir yfir þá eiga menn að taka í taumana. Eins og hv. þm. Guðni Ágústsson gat um áðan, þá búa menn nú yfir þaulreyndri tækni til þess einmitt að fara í svona verk. Ég hygg, þó að ég sé e.t.v. ekki mjög fróður t.d. um íslenska hestinn, að innan Búnaðarfélagsins eða í tengslum við það sé tölvubúnaður sem hafi reynst afskaplega vel, auk þess sem íslenskir bændur hafa í gegnum aldir og a.m.k. skipulega sums staðar síðustu áratugina ræktað íslensku sauðkindina og á seinni árum tekið það líka yfir á tölvuvætt form. Þannig að ég hygg að þetta sé afskaplega auðvelt mál. Þess vegna fagna ég því að hv. þm. flytur þessa tillögu og mun styðja hana ef hún kemur hér eftir umfjöllun landbn. til í afgreiðslu í þinginu.

Það er nefnilega svo að Ísland á margar auðlindir. Það eru ekki bara þær sem synda í hafinu, það er ekki bara hin ósnortna náttúra landsins, sem í vaxandi mæli hefur reynst okkur tekjulind og þar með auðlind, heldur eru það ýmiss konar önnur atriði sem er líka hægt að kalla auðlind þó ekki beinlínis gefi þær af sér hreinar tekjur, enda á ekki að leggja þann mælikvarða á þann auð sem Ísland á. Það er t.d. svo að arfberarnir, þessi örsmáu flóknu völundarhús, sem bera milli kynslóða forskriftina að nýjum einstaklingum, eru líka auðlind. Erfðir eru auðlind. Það má nefna íslenska hundinn, það má nefna íslenska hestinn. Þetta eru auðlindir sem aðrar þjóðir búa ekki yfir í jafnríkum mæli og við, þó að það sé að vísu svo að áhugi erlendra þjóða á þessum tveimur tegundum hafi valdið því að þær séu í vaxandi mæli fluttar til útlanda. Í samskiptum þjóða, ekki síst samskiptum þjóða norðursins og hins fátækara suðurs, hefur það í vaxandi mæli orðið áberandi í umræðunni að hinar fátækari þjóðir, sem svo vill til að búa margar yfir mestum líffræðilegum fjölbreytileika, hafa á hinum alþjóðlega vettvangi sett fram kröfu um það að þær erfðir sem þær leggja inn í arfberasjóð veraldarinnar séu þeim metnar til tekna og upprunaréttur þeirra sé varðveittur og metinn.

Í alþjóðlegum samningi um vernd líffræðilegrar fjölbreytni, sem Ísland hefur undirritað, eru þannig ákvæði um rétt þjóða á sínum erfðaauðlindum og m.a. líka hvernig skuli fara með hagnað af þeim þó að þessar erfðir séu nýttar í öðrum löndum. Og þar er einmitt fjallað sérstaklega um rétt upprunaþjóða. Nú er það svo að undir þetta fellur einmitt íslenski fjárhundurinn, sem er einstæð tegund sem hefur verið hér frá því land byggðist, íslenski hesturinn og útflutningur á sæði úr íslenskum hrossum fellur líka undir þetta, sem og annað íslenskt erfðaefni sem kann að verða flutt út.

Þetta vil ég nefna hér vegna þess að það tengist þessu efni og þessi samningur um vernd líffræðilegrar fjölbreytni verður senn lagður fyrir þingið, á næstu vikum, og verður auðvitað okkar hagur að fullgilda hann. Og ég tel að þessi tillaga um skipulega ræktun íslenska fjárhundsins falli einmitt inn í þá skyldu sem við öxlum með því að gerast aðilar að þessum samningi um líffræðilega fjölbreytni. Því segi ég það í rökréttu framhaldi af því að við gerumst aðilar með undirskrift okkar að þessum samningi að þá sé eðlilegt að við förum í það verk sem hér er lagt til. Ég lýsi fullum stuðningi við þessa ágætu tillögu.

[18:26]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir hans ræðu, sem var ekki síst í restina stórmerkilegar upplýsingar um auðlindir sem við hirðum kannski ekki um. Við erum kannski að láta aðra stela af okkur eignum. Þarna minnist hann á að til sé möguleiki á að undirskrifa samning þar sem við eigum einkarétt á þessari skepnu hvar sem hún er ræktuð í heiminum. Ég vil

því þakka hæstv. umhvrh. fyrir þessar upplýsingar og einnig fyrir það sem hann hefur sagt um þessa tillögu. Það kom kannski ekki á óvart því vissulega er það nú svo að dýravernd heyrir undir hæstv. ráðherra og ég velti því vissulega fyrir mér að þetta mál gæti þess vegna átt heima í tveimur nefndum þingsins, ekkert síður umhvn. heldur en landbn. En ég kaus að gera þetta um sinn að landbúnaðarmáli þó ég skilji það enn betur eftir ræðu ráðherrans að þetta er auðvitað miklu meira en landbúnaðarmál þannig að... (Gripið fram í.) Mér snýst ekki hugur, ég held mig við hið fyrra og bið um að málið fari til landbn.

En ég held að það sé mikilvægt fyrir okkur að gera okkur einmitt grein fyrir því sem hér hefur komið fram að auðlindirnar eru margar sem við eigum og það er hesturinn og hundurinn og auðvitað fleiri dýr sem hljóta að teljast til auðlinda þessarar þjóðar. Og eins og ráðherrann gat um þá er vert að taka í taumana áður en í óefni er komið. Það er kannski með þessi tvö húsdýr, hestinn og hundinn, að það eru engin dýr fremur sem geta með afli sínu og vináttu sameinað þessa þjóð. Þá á ég við það að þéttbýlisbúinn, borgarbúinn, hann ræktar hunda og hann ræktar hesta og hann er sveitamaður við þau störf og öll erum við sveitamenn. Þetta eru því miklar auðlindir og mér finnst einmitt mikilvægt, vegna þeirrar ráðstefnu sem haldin var í Ríó og þar sem þetta kom fram sem ráðherrann minntist á, að við Íslendingar fylgjum eftir rétti okkar í þessum efnum og tryggjum okkur rétt á þessum auðlindum og vinsælu dýrum sem eru að nema land í svo mörgum þjóðlöndum og það verði viðurkennt að þetta sé íslenskur uppruni sem þar er á ferðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 9., 11., 12., 16.–19. mál.

Fundi slitið kl. 18:31.

103. FUNDUR

þriðjudaginn 8. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Náttúruvernd, stjfrv., 411. mál, þskj. 615. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, stjtill., 431. mál, þskj. 643. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, stjtill., 432. mál, þskj. 644. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, stjtill., 433. mál, þskj. 645. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Ræktun íslenska fjárhundsins, þáltill., 390. mál, þskj. 588. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 563, brtt. 395,9, 676 og 677. — 3. umr.
7. Jarðalög, stjfrv., 200. mál, þskj. 222. — 1. umr.
8. Sjávarútvegsskóli, 142. mál, þáltill., þskj. 157. — Fyrri umr.
9. Fjárframlög til stjórnmálaflokka, þáltill., 147. mál, þskj. 163. — Fyrri umr.
10. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 231. mál, þskj. 259. — Fyrri umr.
11. Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, frv., 237. mál, þskj. 272. — 1. umr.
12. Verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins, þáltill., 259. mál, þskj. 307. — Fyrri umr.
13. Þingsköp Alþingis, frv., 288. mál, þskj. 365. — 1. umr.
14. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 322. mál, þskj. 513. — Fyrri umr.
15. Lagaráð Alþingis, þáltill., 338. mál, þskj. 530. — Fyrri umr.
16. Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, þáltill., 355. mál, þskj. 547. — Fyrri umr.
17. Heilbrigðisátak á ári fjölskyldunnar, þáltill., 357. mál, þskj. 549. — Fyrri umr.
18. Heilbrigðisþjónusta, frv., 358. mál, þskj. 550. — 1. umr.
19. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 368. mál, þskj. 561. — 1. umr.
20. Endurnýjun varðskips, þáltill., 370. mál, þskj. 565. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.,
Kristinn H. Gunnarsson, 5. þm. Vestf.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 4. mars 1994:

„Þar sem ég er á förum utan á þing Norðurlandaráðs óska ég eftir því að 1. varaþm. Alþfl. í Vestf., Pétur Sigurðsson, taki sæti á Alþingi.

Sighvatur Björgvinsson viðskrh."

Pétur Sigurðsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá hefur borist annað bréf sem er dags. 2. mars 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþm. Alþb. í Austurl., Einar Már Sigurðarson kennari, Neskaupstað, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl."

Einar Már Sigurðarson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Menntun á sviði sjávarútvegs og matvælaiðnaðar, 457. mál, þáltill. ÁRÁ o.fl., þskj. 687.

Hafnalög, 193. mál, brtt. samgrh., þskj. 693.

Málflytjendur, 461. mál, stjfrv., þskj. 692.

Varðveisla tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands, 458. mál, þáltill. ÞurP o.fl., þskj. 688.

Veiting ríkisborgararéttar, 460. mál, stjfrv., þskj. 691.

Náttúruvernd, frh. 1. umr.

Stjfrv., 411. mál (stjórn náttúruverndarmála o.fl.). — Þskj. 615.

[13:36]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JÁ, JGS, JBH, JónK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

25 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHH, GE, GHall, GÁS, IBA, ISG, IP, JóhS, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PS, RG, SAÞ, StG, StH, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til umhvn. án atkvgr.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 431. mál. — Þskj. 643.

[13:37]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JÁ, JGS, JBH, JónK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, PS, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

24 þm. (ÁMM, DO, EH, EgJ, GHH, GHall, GÁS, IBA, ISG, IP, JóhS, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StG, StH, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, frh. fyrri umr.

Stjtill., 432. mál. — Þskj. 644.

[13:37]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JÁ, JGS, JBH, JónK, KEE, KÁ, MB, PP, PJ, PBald, PS, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

25 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, IBA, ISG, IP, JóhS, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StG, StH, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, frh. fyrri umr.

Stjtill., 433. mál. — Þskj. 645.

[13:38]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EMS, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, JÁ, JGS, JBH, JónK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, PS, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

23 þm. (ÁMM, DO, EgJ, EKJ, GHH, GHall, GÁS, IBA, IP, JóhS, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StG, StH, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Ræktun íslenska fjárhundsins, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁ, 390. mál. — Þskj. 588.

[13:39]

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JBH, JGS, JónK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, PS, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

21 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHH, GÁS, GÁ, IBA, JóhS, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StG, StH, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Hafnalög, 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 563, brtt. 395,9, 676, 677 og 693.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Leita þarf afbrigða um að brtt. samgrh. á þskj. 693, sem of skammt er síðan útbýtt var, megi koma á dagskrá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Afbrigði samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, PS, RA, SalÞ, SigG, SP, SJS, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

21 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GHH, GÁS, IBA, JóhS, JBH, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, RG, SAÞ, StG, StH, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

[13:41]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Með samþykkt þeirra afbrigða sem voru veitt hér áðan til að taka á dagskrá brtt. á þskj. 693 er verið að taka nýja hugmynd inn í breytingarnar á hafnalögum sem hafa verið til umfjöllunar lengi. Ég vil snúa mér til hæstv. forseta og fara fram á það að þessari umræðu verði frestað og að nefndin fái tækifæri til þess að ræða þetta mál og fara yfir það. Það hafa ekki farið fram neinar umræður í nefndinni um þá tillögu sem hæstv. ráðherra hefur nú lagt fyrir og ég óska eftir því að forseti svari því og ég fái síðan að fresta ræðu minni þangað til afgreiðslu þessa máls verður haldið áfram hér í þinginu eftir að nefndin hefur tekið til umfjöllunar þessa nýjustu tillögu.

(**Forseti** (SalÞ): Það eru fleiri á mælendaskrá en hv. þm. hefur möguleika á að tala í annað sinn ef málinu verður frestað eða hvort sem er. Forseti vildi spyrja hv. þm. hvort hann þurfi þá að fresta ræðu sinni, hvort hann geti ekki lokið þessari ræðu.)

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé kannski ekki ástæða til að eyða tíma þingsins í það að ræða þetta mál. Ef umræðunni verður frestað, þá er tíma þingsins betur varið til annars en fara að ræða þetta mál áfram áður en nefndin tekur til starfa að nýju. Ég óska eftir því að fá svar við því hvort þessu máli verði frestað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill fá að heyra í hæstv. samgrh. sem flytur þessa brtt. áður en afstaða er tekin til slíks.

[13:43]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessar athugasemdir hv. þm. Jóhanns Ársælssonar, 3. þm. Vesturl., eru afskaplega óvenjulegar hér í þingsölum og satt að segja hef ég aldrei fyrr heyrt jafnástæðulausa beiðni fyrir því að fresta umræðum. Málið er alveg þrautrætt.

Ástæðan fyrir því að þessi brtt. mín er flutt er sú að nú er rætt um að sameina sveitarfélögin á Patreksfirði, Tálknafirði og Bíldudal en áður hafði verið rætt um það þeirra á milli að stofna þar hafnasamlag og höfðu umræður farið fram á milli samgrn. og sveitarfélaganna þar um þetta efni. Ég hygg, hæstv. forseti, úr því að þessum hv. þm. er svo mjög í mun að drepa niður möguleikana fyrir því að hægt sé að semja við sveitarfélögin þar fyrir vestan um að þau megi njóta þeirrar sömu fyrirgreiðslu við sameiningu sveitarfélaganna eins og gert yrði ef um hafnasamband yrði að ræða, þá hygg ég að það sé alveg sjálfsagt nú meðan umræður halda áfram hér í dag um þetta mál, ég tók eftir því að það hafa afskaplega margir þingmenn stjórnarandstöðunnar kvatt sér hljóðs af þessu litla tilefni, að athuga það sérstaklega hvort nægilegar heimildir séu ekki fyrir hendi þó svo þessi brtt. sé tekin til baka. (**ÓRG:** Til baka?) Ég sagði til baka. Ef þessi brtt. er svo flókin eins og mér heyrðist á flokksbróður hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar að erfitt sé fyrir hann að skilja hana í einni svipan og það þurfi kannski að fresta málinu til haustsins til þess að hv. þm. geti skilið það, þá má vel vera að það sé ýmislegt annað í þessu frv. sem veldur því að ástæða sé til þess að lögfesta. (Gripið fram í.)

En hér er um mjög einfalt mál að ræða. Ég hygg, hæstv. forseti, að það sé einsdæmi að jafnástæðulaus beiðni er fram sett. (Gripið fram í). Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson er málþola nú og (Forseti hringir.) ég verð að segja það, hæstv. forseti, að ég er feginn því að hann skuli grípa svona fram í fyrir mér því að hann hafði ekki kvatt sér hljóðs og ég var hræddur um að fá ekki að heyra í honum í dag. Það eina sem ég mest óttast, hv. þm., er að hann tali ekki nægilega hátt til að þeir sem hlusta í viðtækjum sínum á heimilunum fái að heyra unaðsblíða rödd þingmannsins. En þeim til mikilla vonbrigða verð ég þó að segja að þó að röddin heyrist, þá verða áhorfendur samt sem áður að sætta sig við að sá sem hér stendur er ekki jafnvel greiddur og sá sem hér yrði ef hv. þm. væri hér í stólnum. Þannig er nú það mál vaxið. Má þó vera að einhvers staðar leynist greiða ef vel væri að gáð. (Forseti hringir.)

Hæstv. forseti. Ég tel ástæðulaust að fresta þessari umræðu núna og legg áherslu á að henni megi ljúka hér í dag. (**Gripið fram í:** Maður fer nú að kannast við gamla takta frá því ráðherrann var stjórnarandstöðuþingmaður.)

[13:47]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Eins og ég hafði boðið upp á við 2. umr. þessa máls var málið enn tekið til athugunar á milli 2. og 3. umr. og hafði ég skýrt það þegar við 2. umr. hvaða atriði það væru sem ég hygðist fyrir hönd nefndarinnar beita mér fyrir að tekin væru þar til athugunar. Þetta var einkanlega að því er lýtur að vörugjöldum á ferjur. Enn fremur kallaði ég til baka þá brtt. sem lá fyrir við 2. umr. er laut að setningu reglugerðar um framkvæmd laga þessara því að þrátt fyrir það að ég teldi að nefndin sem heild væri sammála um markmið varðandi heimildir hæstv. ráðherra til að setja reglugerð við lögin, þá kom í ljós að ekki var full eining um orðalag og ástæðulaust að halda til streitu einhverju orðalagi þar sem menn eru í raun sammála en ná þá orðalagi sem allir geta staðið að.

Í samræmi við þetta var málið tekið fyrir á milli umræðna og fyrir liggja á þskj. 677 brtt. frá meiri hluta samgn., þ.e. frá fulltrúum stjórnarflokkanna sem sæti eiga í þeirri nefnd. Þessar tillögur lúta að þeim efnum sem hér hefur verið gerð grein fyrir að tekin höfðu verið fyrir. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að e-liður 1. tölul. í 11. gr. falli brott en sá texti er „Gjöld af ferjum“ sem er stafliður undir 1. tölulið. Þess í stað

verði þessi liður, Gjöld af ferjum, gerður að sérstöku tölulið og fær þannig meira vægi og er textinn þar: Gjöld af ferjum og flóabátum, eins og segir í brtt. meiri hluta nefndarinnar. Þetta er gert til þess að undir þessum tölulið verði ákveðin með gjaldskrá staðfestri af samgrh. öll þau gjöld sem hafnarsjóðir innheimta af ferjum.

Á hinn bóginn er b-liður 1. brtt. meiri hluta nefndarinnar þannig að við 2. tölul. bætist: „Þó skulu flutningar með ferjum og flóabátum, sem njóta styrks samkvæmt vegalögum, undanþegnir vörugjaldi.“ Með þessum hætti leggur meiri hluti nefndarinnar til að vörugjöld séu ekki innheimt af flutningum með ferjum og þá enn þá síður hið sérstaka vörugjald sem er álag á þennan gjaldstofn. Með því svo aftur á móti að gera það sem áður var stafliður að sérstökum tölulið um gjöld af ferjum sem greiðast til hafnarsjóða fyrir þá þjónustu sem hafnir veita ferjum og ferjusiglingum þá er þeim gjaldskrárlið gert nokkru hærra undir höfði og er á valdi í fyrsta lagi hafnarstjórna að gera tillögur um hversu há þau gjöld skuli vera. Síðan er um það fjallað í hafnaráði eins og aðra liði gjaldskrár og gjaldskráin síðan staðfest af ráðherra eins og tillögur hafnaráðs greina ellegar þá hæstv. ráðherra hver sem er hverju sinni getur auðvitað breytt því ef honum þykir það við þurfa. Með þessu er tekið upp einfaldara fyrirkomulag að því er varðar gjöld af ferjum og ferjusiglingum til hafnanna en áður var gert ráð fyrir í frv. Það hafði komið í ljós þó ekki fyrr en á þessu ári að vörugjöld af flutningum með ferjum voru tekin mjög misjafnlega eftir því hvaða ferja í hlut átti og siglingaleið var farin og slíkt skipulag var ruglingslegt og gat orðið ósanngjarnt. Okkur þótti réttara að fella þetta í fast form sem hér hefur verið skýrt sem er einfalt og ekki margbrotið í vöfum. Þetta lýtur að innheimtu hafnargjalda af ferjusiglingum og tel ég að það sé þá fullskýrt.

2. brtt. nefndarinnar er við 12. gr. frv. þar sem í 12. gr. frv. um innheimtu og skil á hinu sérstaka vörugjaldi segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.“

Það hefur verið nokkuð rætt hér við 1. og 2. umr. að vörugjöld og hið sérstaka vörugjald sem er 25% álag á vörugjöldin geti lagst oftar en einu sinni á hverja vöru. Einn hv. nefndarmaður, hv. 4. þm. Norðurl. v., hefur haldið því fram í þessum ræðustól að þessi vörugjöld geti lagst 5–6 sinnum á sömu vöru, þ.e. sérstaka vörugjaldið. Ég tel að það sé ofsagt en við gerum tillögu um að þessari málsgrein sem ég las hér upp verði breytt þannig að hún hljóði eins og segir hér í brtt. nefndarinnar:

„Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þar á meðal hversu oft það getur lagst á sömu vörusendingu og ákveða hvernig skuli fara með vörslu og daglega afgreiðslu sérstaks vörugjalds samkvæmt lögum þessum.“

Með þessu er fært í lög að ráðherra hefur heimild til þess að takmarka hversu oft hið sérstaka vörugjald leggst á sömu vörusendingu og það er hægt að gera það t.d. með því að vörugjald eða hið sérstaka vörugjald skuli ekki innheimtast nema tvisvar sinnum af vöru þegar hún er flutt í framhaldsfrakt, þ.e. á einu farmbréfi á milli áfangastaða þrátt fyrir það að henni kunni að vera einhvern tíma millitíðinni skipað upp. Þetta er hægt en slík atriði eru að mínum dómi og meiri hluta nefndarinnar ekki þess efnis að það sé löggjafaratriði heldur hljóta slík atriði, er lúta að meðferð gjaldheimtu, að verða reglugerðaratriði. En því er þessi brtt. flutt að gera það skýrara í lagatextanum að ráðherra hafi heimild til að ákveða slíka hluti með reglugerð.

3. brtt. nefndarinnar er við 24. gr. sem er um tilteknar framkvæmdir sem geta notið framlags úr ríkissjóði. Þar er um eins konar heimildargrein að ræða, en gert er ráð fyrir að við þá grein bætist einn töluliður sem verði 7. tölul. og orðist svo með leyfi hæstv. forseta: „Tollaðstaða fyrir farþegaferjur er halda uppi reglulegum áætlanasiglingum til landsins.“ Með þessu er tekin upp í lögin heimild til þess að greiða úr ríkissjóði eða greiða af hafnarfé kostnað við að koma upp tollaðstöðu fyrir ferjur sem halda uppi reglubundnum áætlunarsiglingum til landsins. Ein slík farþegaferja siglir til landsins nokkra mánuði á hverju ári, þ.e. til Seyðisfjarðar, og væri þar með hægt samkvæmt lögunum að greiða a.m.k. hluta af þeim kostnaði sem er við það að sú tollafgreiðsla geti verið þar í lagi. Þessi ábending hafði borist til nefndarinnar eftir að hún hafði mótað tillögur sínar fyrir 2. umr. Ábendingin var að okkar dómi réttmæt og við tökum það hér upp í þessari brtt. sem við væntum að verði samþykkt.

Í fjórða lagi endurskrifuðum við hér brtt. sem áður hafði verið flutt um heimildir ráðherra til að setja reglugerð og þarf sú brtt. ekki skýringa við.

Hv. fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, minni hluti nefndarinnar, hefur flutt nokkrar brtt. sem ég get lýst yfir að ég er andvígur og mun greiða atkvæði gegn þeim. Hæstv. samgrh. hefur flutt litla brtt. í dag við frv. sem kom til umræðu og urðu hér orðaskipti um þegar umræðan hófst. Hún er við 33. gr. frv. en í 33. gr. frv. segir í 4. tölul., með leyfi hæstv. forseta:

„Sjóðnum“ þ.e. Hafnabótasjóði „er heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga umfram það sem segir í 3. tölul.“

Nú hefur hæstv. ráðherra lagt til að þessum tölul. verði breytt þannig að ekki verði einungis heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga heldur einnig sameiningu sveitarfélaga. Hæstv. ráðherra hefur frá því greint að ósk um þetta efni hafi komið frá hæstv. félmrh. og ég tel ekkert því til fyrirstöðu að taka inn þessa viðbót, heimildargrein varðandi heimildir Hafnabótasjóðs og tel þessa brtt. svo auðskilda og svo einfalda að allir hv. alþm. eiga að geta gert sér grein fyrir því þegar í stað hvort þeir vilja að slík heimild sé inni eða ekki. Ég sé ekki ástæðu til þess að óska eftir að fresta þessari umræðu og ég mun ekki kalla nefndina saman til þess að fjalla um þetta mál. Ég lýsi því hins vegar yfir að ég get stutt þessa

litlu brtt. sem hæstv. samgrh. hefur hér flutt og vænti þess að hún verði samþykkt. Hún er svo auðskilin að hv. þm. geta gert sér ljósa grein fyrir því þegar í stað hvort þeir vilja styðja slíka heimild eða eru henni andvígir og greiða að sjálfsögðu atkvæði í samræmi við það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram að forseti misskildi það þegar þrír hv. þingmenn báðu um orðið áðan, þeir voru ekki að biðja um að setja sig á mælendaskrá heldur ætluðu þeir að tala um fundarstjórn forseta og biðst forseti velvirðingar á því og gefur að sjálfsögðu hv. þingmönnum tæki færi til þess.

[14:02]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir miður hvernig hefur tiltekist með stjórn fundarins í þessu efni vegna þess að ég taldi að það væri full ástæða til þess að nefndin fengi tækifæri til að fara yfir þessa brtt. og brtt. sé talin lítil þá er samt verið að leggja til að Hafnabótasjóður geti beitt sér í því að styrkja sveitarfélög til sameiningar og ég tel fulla ástæðu til þess að nefndinni sé gerð full grein fyrir því hvaða fjármunir eru í Hafnabótasjóði til þess að gera þessa hluti, með hvaða hætti eigi að standa að þessu. Það voru samþykkt afbrigði fyrir því að taka brtt. á dagskrá, og mér finnst að hér sé ekki nægilega vel að málum staðið. Að segja þingmönnum að það sé ekki ráðrúm eða tími til að nefndin geti komið saman svo það sé hægt að gera mönnum grein fyrir því hvað standi á bak við tillögu sem er dreift hér mínútunni áður en fundur hefst finnst mér ekki boðlegt. Ég vek athygli á því að allt þetta mál hefur gengið svona fram. Það er búið að leggja hér fram 30 breytingartillögur við málið og þegar á síðan að fara að ljúka við 3. umr. þá er komin brtt. í lokin og það er ekki einu sinni hægt að kalla nefndina saman til að ræða hana, það er ekki einu sinni haft samband við nefndarmenn um þessa brtt. Mér finnst þetta engin framkoma. Ég get sagt það alveg eins og er. Ég er ekki þar með að segja að ég komi ekki til með að samþykkja þessa tillögu að lokum. Það er ekki það sem um er að ræða. Svona eiga menn bara ekki að fara að við störf þingsins.

[14:04]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég fyrirgef hæstv. forseta að misskilja hlutina svona öðru hverju. Það verður að sætta sig við það. En hitt er annað mál að ég geri kröfu til þess að sá hluti þingsins sem heitir stjórnarandstaða og gegnir hér ákveðnu hlutverki eigi einhvern rétt bæði til að tala og fá sín mál afgreidd af hálfu hæstv. forseta. Þeirri beiðni frá einum sem situr í minni hlutanum um að þessu máli verði frestað, það fái á nýjan leik að koma inn í nefndina, hefur ekki verið svarað. Ég sit í samgn. Ég fer fram á nákvæmlega sama hlutinn. Við erum búnir að sitja yfir þessu máli í tvo vetur og það hefur gengið með endemum eins og hér hefur komið fram. Nú liggur allt í einu fyrir ný og mikil brtt. frá hæstv. samgrh. og mér finnst eðlilegt, hæstv. forseti, að við fáum að fjalla um þessa brtt. í nefndinni. Ég sé nú ekki hvað einn dagur skiptir sköpum í þessu margra mánaða þrefi sem staðið hefur yfir. Ég vænti þess að hæstv. forseti verði við þessari beiðni því að samgn. á sinn löglega fundardag í fyrramálið og okkur þætti vænt um, hæstv. forseti, ef málið mætti koma inn í nefndina á nýjan leik áður en umræðu er lokið hér í þinginu. Ég bið því hæstv. forseta um að virða þessar óskir stjórnarandstöðunnar og verða við því að málinu verði frestað. Ég sé að hæstv. samgrh. ærist svona í stólnum undir þessum beiðnum. En hvaða máli skiptir einn dagur fyrir mann sem er búinn að vera að burðast með þetta mál í tvo vetur? Ég get ekki séð að hæstv. ráðherra eigi neitt að ærast yfir því, hæstv. ráðherra.

[14:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að viðbrögð þriggja aðila hér hafi verið ákaflega sérkennileg við þeirri sjálfsögðu og eðlilegu ósk að tími gæfist til að skoða efni brtt. sem lögð er fyrir í skyndingu rétt fyrir upphafi fundar og tekin á dagskrá með afbrigðum og er ekki einu sinni á prentaðri dagskrá þessa fundar. En þá ærist hæstv. samgrh. og ólmast mjög í ræðustólnum, vægast sagt úfinn í geði og á ég þá ekki við hárgreiðsluna heldur skapsmunina og hæstv. forseti hleypir svo að hér framsögu um brtt. án þess að hleypa þeim mönnum að sem beðið hafa um orðið um stjórn fundarins. Í þriðja lagi kemur svo formaður samgn. og segist neita því að boða til fundar í nefndinni. Síðan hvenær var það sérstakt hlutskipti formanna þingnefnda að koma í veg fyrir það að þær sinntu þinglegri meðferð mála? Ég spyr bara.

Staðreyndin er auðvitað sú að það er fullkomlega eðlileg og réttmæt ósk að fá tíma til að skoða efni brtt. sem er lögð hér fram við upphaf umræðu, er ekki á prentaðri dagskrá fundarins því að þetta er þskj. 693 og leiti menn að því á dagskrá fundarins. Ef hæstv. forseti hefur fundið það þar þá þætti mér vænt um að hann sýndi mér hvar það stendur. Nei. Þegar þannig er í pottinn búið og tillagan býður upp á að spurt sé um hvað fyrir flutningsmanni vakir sem er í þessu tilviki hæstv. ráðherra sem er sömuleiðis óvenjulegt að við 3. umr. máls flytji hæstv. ráðherra óvænta brtt. af þessu tagi, þá tel ég það með öllu óeðlilegt að við stjórn fundarins og framgöngu bæði nefndarformanns og ráðherra sé komið svona fram. Ég lít á það sem eðlilega afleiðingu af breyttum starfsháttum hér á þinginu og einni málstofu Alþingis þar sem mál ganga eingöngu til þriggja umræðna að við sanngjörnum óskum af þessu tagi sé orðið. Og hvað liggur eiginlega á? Er ekki 8. mars í dag? Á að slíta þingi á morgun? Er hæstv. forsrh. ef til vill kominn í þannig að skap að það megi búast við honum hér upp í ræðustólinn hvenær sem er? Er það eitthvað slíkt sem rekur svona á eftir hæstv. samgrh.?

Að lokum frábið ég mér svo útúrsnúninga um það að óskir um að þetta mál sé skoðað eigi eitthvað skylt við efnislega afstöðu manna til tillögunnar. Að sjálf-

sögðu er það allt annar handleggur hvort menn svo eru fylgjandi brtt. eftir að hafa fengið á því útskýringar hvað í henni felst. Og það væri ástæða til þess að fá almennt talað útskýringar hjá hæstv. ríkisstjórn hvert hún er að fara með alls konar skilyrðum um sameigingu sveitarfélaga svo sem eins og í sértækum ráðstöfunum gagnvart atvinnuvanda Vestfirðinga, þá eru hengdar þar einhverjar gulrætur eða þvinganir um sameiningu sveitarfélaga á spýtuna. Og það kemur aftur fram hér í þessari brtt. við hafnalög. Hvað er á ferðinni, hæstv. forseti?

Ég ítreka þær óskir að umræðunni verði frestað og fer fram á að forseti úrskurði í því máli en hleypi mönnum ekki að til að flytja hér efnislegar ræður fyrr en forseti hefur tekið afstöðu til skýrra óska sem fram hafa komið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti taldi sig hafa gert skýra grein fyrir því áðan að forseti hafi misskilið beiðni hv. þm. um orðið og sett þá á mælendaskrá og frábiður sér að forseti sé að sýna stjórnarandstöðunni einhverja lítilsvirðingu og leyfi henni ekki að komast að með að flytja sín mál. Forseti frábiður sér slíkar ávirðingar. (**SJS:** Forseti skeri þá úr.)

[14:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er svolítið sérkennilegur málflutningur hv. þm. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar. Hann frábiður sig að talað sé efnislega um það mál sem hér liggur fyrir eftir að hann hefur sjálfur snúið út úr þeirri tillögu sem hér liggur fyrir og sjálfur komið að málinu. Það lá alveg ljóst fyrir þegar hv. 5. þm. Suðurl., Guðni Ágústsson, kvaddi sér hljóðs fyrr á fundinum, þá var verið að ræða um málið sjálft, það var ekki þingskapaumræða, og þess vegna var óhjákvæmilegt að skilja beiðni hv. þm. um að taka til máls og hann var að óska eftir því að taka til máls í sjálfri efnisumræðunni eins og hæstv. forseti gerði og ósmekklegt og ómaklegt að vera að reyna að snúa út úr úrskurði hæstv. forseta í þessum efnum. (Gripið fram í.)

Í þriðja lagi vil ég segja vegna þess að það hefur verið talin efnisástæða að fulltrúi Alþb. í samgn. sem heitir Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., talaði um það áðan að nauðsynlegt væri að athuga í tengslum við þá brtt. sem ég flutti hvaða fjárhagslega bolmagn Hafnabótasjóður hefði til að svara þeim skuldbindingum sem í tillögunni fælust. Hv. þm. hlýtur þegar að hafa gert það því eins og ég gerði grein fyrir hér fyrr á þessum fundi þá er einungis verið að tala um það að þau sveitarfélög sem áður voru að hugsa um að stofna hafnasamband geti notið sömu fyrirgreiðslur úr sjóðnum þó svo að ekki verði úr stofnun hafnasambandsins heldur gengið beint til þess að viðkomandi sveitarfélög sameinist. Þetta mál hefur því sérstaklega verið rætt ítarlega í nefndinni. Ég get tekið sem dæmi Suðurfirði, þ.e. Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hlýtur að hafa glöggvað sig á því máli. Ég get líka tekið byggðirnar norðar á Vestfjörðum, Flateyri og Þingeyri, þannig að allar þessar upplýsingar liggja glöggt fyrir og einungis útúrsnúningur að tala um að málið sé vitlaust fram lagt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið ef það má verða til að leysa þetta mál að hún mun gera hlé á umræðu um þetta mál, a.m.k. um sinn á þessum fundi, og taka annað mál á dagskrá.

[14:13]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Fyrst út af orðalagi hæstv. samgrh. þá verð ég að minna hann á að nú er ekki lengur heimilt að kveðja sér hljóðs um þingsköp en hæstv. samgrh. var einu sinni duglegur við það og datt í gamalt far. Ég tel að það sé algjörlega útilokað og gegn anda þingskapanna að afgreiða brtt. ef nefndarmenn óska eftir því að fá að skoða hana í nefnd. Það er hér lögð fram brtt., tekin á dagskrá með afbrigðum, brtt. frá ráðherra við stjfrv. eftir að nefnd hefur fjallað um það og nefndin á auðvitað heimtingu á því að fá að fjalla um þessa brtt. eins og aðrar brtt. og frv. sjálft. Fyrir því eru náttúrlega mörg fordæmi að mál hafi verið tekið til umfjöllunar í nefnd milli 2. og 3. umr. og það er auðvitað útilokað að formaður hv. samgn., hv. 2. þm. Norðurl. v., ég trúi því ekki að hann haldi til streitu þeirri afstöðu sinni að neita að kalla nefndina saman til þess að fjalla um þessa tillögu. Þessi tillaga lætur svo sem ekki mikið yfir sér en hún opnar fyrir víðtæka heimild til þess að það sé hægt að nota Hafnabótasjóð í sameiningarmútur sveitarfélaga. Þetta er langt seilst og ég tel það álitamál hvort þetta eigi að vera hlutverk Hafnabótasjóðs alveg eins og sameiningarárättan kemur fram í hinum sértæku aðgerðum sem ríkisstjórnin fyrirhugar við Vestfirði. Þar á að setja sum byggðarlög hjá að mér skilst (Forseti hringir.) ef þau ekki vilja sameinast öðrum. Ég tel sem sagt að það sé útilokað, frú forseti, annað en að verða við þeim óskum sem hér hafa komið fram að nefndin fái tækifæri til þess að fjalla um þetta mál hvort sem það er gert í dag eða á morgun eða hvenær sem er og útilokað að ljúka þessari umræðu á þessu stigi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun nú fresta þessari umræðu og taka fyrir 7. dagskrármálið.

[14:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hélt að það væri ekki venjan að meina mönnum að koma sínum athugasemdum á framfæri um fundarstjórn í umræðu sem þegar er hafin um það áður en henni væri þá frestað. Ég vil taka það skýrt fram að ég var ekki að áfellast forseta fyrir að hafa misskilið það þegar við báðum um orðið og slíkt getur að sjálfsögðu alltaf gerst. Ég hefði haldið að miðað við andrúmsloftið sem var undir ræðu hæstv. samgrh. þá hefði forseti mátt láta detta sér það í hug að menn óskuðu eftir því að fá að gera athugasemdir við fundarstjórn en væru ekki að koma á mælendaskrá.

Hins vegar heyrði ég engan úrskurð í framhaldi af beiðni 3. þm. Vesturl. um það að umræðunni yrði frestað og það var það sem ég átti við og það sem ég fór fram á að forseti gerði, að fella úrskurð, svara beiðninni um að umræðunni yrði frestað þannig að tími gæfist til að koma henni til nefndar. Svo gerðust að vísu þau fáheyrðu tíðindi að hv. formaður samgn. kvaðst neita því að kalla nefndina saman, þá vil ég benda hv. formanni samgn. að lesa 15. gr. þingskapa og hugleiða hvort það er mjög skynsamleg afstaða af nefndarformanni að vera með yfirlýsingar af þessu tagi. Í 15. gr. þingskapa stendur að þriðjungur nefndarmanna getur krafist þess að þingnefnd komi saman til fundar. Vill hv. formaður samgn. fá þannig kröfu í hausinn? Finnst honum skemmtilegra að neyðast til að halda fundi í samgn. um málið heldur en að gera það sjálfviljugur? Ég verð nú að segja alveg eins og er að svona stirðbusahátt skil ég ekki. Hvaða tilgangi þjónar það fyrir stjórnarliðið, hæstv. ráðherra, hv. formann samgn. og hæstv. forseta að koma fram með þessum hætti? Stirðbusaháttur af þessu tagi auðveldar mönnum ekki samstarfið í þinginu. Ég hef engin rök heyrt fyrir því að þetta mál bíði sér einn sólarhring til óbóta, bara engin rök og það megi ekki halda eins og einn stuttan fund í samgn. og fá um það upplýsingar hvers vegna þessi tillaga er flutt og það svona seint og hvað á bak við hana stendur. Ég sé ekki að það geti gert mikið tjón að þetta yrði frekar tekið á dagskrá á morgun að loknum slíkum fundi. (Forseti hringir.) En auðvitað verða þeir sem valdið hafa að ráða því hvernig þeir beita því hér.

[14:18]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta sérstaklega fyrir að fresta málinu og þannig gefist eitthvert ráðrúm til þess að skoða það. Hins vegar er mér sem óbreyttum þingmanni ekkert létt að horfa á þetta rugl sem hér viðgengst. Hér var hæstv. samgrh. í hlutverki forseta rétt áðan. Mér finnst þeir stundum misskilja sitt hlutverk og gleyma því að forsetinn er forseti alls þingsins, stjórnarandstöðunnar líka. Ég sætti mig ekki við það að hæstv. forseti í hverju tilfelli frábiðji sér gagnrýni. Hæstv. forseti situr á stól sem er gagnrýniverður og það verður að sætta sig við það að þingmenn gera miklar kröfur til forsetans og sem betur fer í flestum tilfellum þá sinnir forseti sínu lýðræðislega hlutverki. En ég á dálítið bágt með að þola framferði ráðherranna sem eru í framkvæmdarvaldinu hér hvernig þeir yfirganga forsetann og tefja fyrir heiðarlegum svörum sem nú hafa komið fram og fyrir það er ég þakklátur.

[14:19]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Út af þeim ummælum sem hér hafa komið fram þá ítrekast það sem ég sagði áður, það er ekki um það að ræða að verið sé að bera fé á menn eins og gefið var í skyn af hv. þm. Húnvetninga, Páli Péturssyni. Það er um það að ræða að það standi sem ég hef sagt við fulltrúa sveitarfélaga fyrir vestan, á Suðurfjörðum, að þó svo að sveitarfélögin þar sameinist, Patreksfjörður, Tálknafjörður, Bíldudalur, þá muni þau njóta hinnar sömu fyrirgreiðslu í Hafnabótasjóði og þær hinar sömu hafnir nytu ef um hafnasamlag yrði að ræða. Þetta er mjög einfalt mál og það er satt að segja furðulegt að hv. þm. skuli vera að nota þetta mál sem ástæðu (Gripið fram í.) til þess að efna til illinda (Gripið fram í.) í þinginu og gera það mál sem hér er til umræðu tortryggilegt. (**SJS:** Á ekki greinargerð að fylgja tillögunni og mæla fyrir henni?)

[14:20]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Forsetaembættið hefur þegar tekið ákvörðun að fresta þessu máli sem hér er á dagskránni. Við nefndarmenn vitum ekki hvort það er hægt að ná því fram að fá fund í nefndinni. Hv. formaður nefndarinnar hefur sagt að hann vilji ekki kalla nefndina saman. Ég segi alveg eins og er að ég held að menn ættu að teygja sig til sátta í þessu og hittast og sameinast um það að reyna að taka málið heldur aftur á dagskrá í dag og reyna að fara yfir það. Ég tel að hæstv. ráðherra hafi ekki gefið fullnægjandi skýringar á því hvernig þetta mál liggur fyrir í stólnum. Það er heldur svo sem ekki tími til þess að gera slíkt. Ég ætla ekki að fara út í efnislega umræðu hér, ég hef spurningar sem ég óska eftir að hann svari nefndarmönnum áður en við tökum þetta mál fyrir aftur í þinginu og ég fer fram á það að hæstv. forseti beiti sér í því að kallaður verði saman fundur í nefndinni. Við munum auðvitað geta lagt fram skriflega beiðni um það, minnihlutaáðilarnir í samgn., en ég tel að það sé kannski betra að fara ekki fram með neinum þvingunum í þessu og menn hljóti að geta náð saman um það að halda þennan fund.

[14:22]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég lét þess getið að ég teldi þessa brtt. það auðskilda og ekki það veigamikla að ástæða væri til þess að halda um málið fund í samgn. Nú hefur hæstv. forseti frestað umræðunni og er velkomið að stuðla að því að nefndin geti hist hér í þinghúsinu á meðan það hlé stendur á þessari umræðu og önnur mál eru tekin fyrir.

Útbýting þingskjals:

Sjóvarnir, 459. mál, frv. StB o.fl., þskj. 689.

Jarðalög, 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 222.

[14:23]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í umræðunni um aðild Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði hafa ýmsir orðið til að lýsa áhyggjum sínum yfir því að samningur sá leiði til þess að erlendir aðilar fái aukin tækifæri til að kaupa fasteignir hér á landi. Áhyggjur af þessu tagi hafa m.a. heyrst úr þessum ræðustól. Af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur jafnan verið bent á að þrátt fyrir þær skyldur sem Ísland tekur á sig með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði sé unnt með innlendri löggjöf að hafa stjórn á slíkum fjárfestingum og tryggja hagsmuni þjóðarinnar. Hins vegar kann menn að greina á hversu langt beri að ganga í þessu efni, jafnt í átt til frjálsræðis sem takmarkana. Á grundvelli þess frv. sem hér er lagt fram er það hlutverk Alþingis að segja til um hvort og þá hvar beri að draga mörk í þessu efni hvað varðar þær fasteignir og þau fasteignaréttindi sem jarðalögin taka til.

Haustið 1991 óskaði ég eftir því við Tryggva Gunnarsson hæstaréttarlögmann að hann kannaði hvaða áhrif þá fyrirhugaður samningur um Evrópska efnahagssvæðið hefði á löggjöf um eignarhald og nýtingu jarða og annars lands og landsréttinda sem jarðalög, nr. 65/1976, og önnur lög sem ráðuneytið annast framkvæmd á taka til. Að lokinni frumathugun þeirra mála og í tilefni af hliðstæðri athugun í dóms- og kirkjumálaráðuneyti vegna laga um eignarrétt og afnotarétt á fasteignum, nr. 19/1966, var það niðurstaða mín og dóms- og kirkjumrh. að láta sameiginlega taka saman álitsgerð um áhrif samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði á íslenska löggjöf um eignarhald á fasteignum og fasteignaréttindum. Til verksins voru fengnir Ólafur Walter Stefánsson, skrifstofustjóri dóms- og kirkjumrn., Stefán Már Stefánsson prófessor og Tryggvi Gunnarsson hæstaréttarlögmaður.

Álitsgerð þeirra lá fyrir í júlí 1992 og var m.a. dreift til þingmanna en kafli úr niðurstöðu álitsgerðarinnar varðandi jarða- og ábúðarlög fylgir með frv. sem fskj.

Álitsgerð þessi og þær athugasemdir sem fylgja frv. ættu að auðvelda þingmönnum að taka afstöðu til þess hvaða breytingar þeir kjósa að gera á þessari löggjöf í tilefni af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði.

Þó að þetta frv. sé flutt sem eitt af svonefndum fylgifrumvörpum samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði þá hefur tækifærið einnig verið notað til að leggja til breytingar á nokkrum ákvæðum jarðalaga í ljósi fenginnar reynslu. Verður nánar gerð grein fyrir þeim ákvæðum hér síðar.

Með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði skuldbinda samningsríkin sig til að koma á auknu frjálsræði milli landanna á tilteknum sviðum viðskipta. Þannig skuldbinda ríkin sig til að heimila frjálsa för launþega milli landa og veita aðilum frá hinum samningsríkjunum sama rétt og innlendum aðilum til að stofna til atvinnurekstrar og reka þjónustustarfsemi. En þessi réttindi eru til lítils ef ekki er jafnframt heimilað að flytja fjármagn milli landa og fjárfesta þar í þágu þeirra. Launþegi fær þannig rétt til þess að leigja eða kaupa sér nauðsynlegt húsnæði og sama gildir um atvinnurekstur. Það er líka grundvallaratriði í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði að hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs sé bönnuð á gildissviði samningsins nema annað leiði af einstökum ákvæðum hans. Eins og lýst er í álitsgerð þeirri sem ég vísaði til hér áður er hvað varðar fjárfestingarreglur á hinu Evrópska efnahagssvæði verið að taka upp hliðstæðar réttarreglur og gilda innan Evrópubandalagsins. Þessi breytta staða girðir hins vegar ekki fyrir að Íslendingar geti í innlendri löggjöf sett ýmis efnisleg skilyrði fyrir því að innlendir og erlendir aðilar eignist fasteignir hér á landi enda séu slík skilyrði í eðlilegum tengslum við nýtingu eignarinnar.

Tilkoma samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði leiðir til þess að sá hópur einstaklinga og fyrirtækja sem á þess kost að fjárfesta hér á landi í fasteignum stækkar til muna og í vissum tilvikum ber að veita erlendum aðilum sama rétt og Íslendingum. Þessi breytta staða er því tilefni til að hugað sé að endurskoðun íslenskra laga um þessi mál. Það heyrist gjarnan haft á orði að okkur Íslendingum sé annt um land okkar og að landsins gæði séu í eigu og forræði Íslendinga sjálfra. Reyndar er það svo að í stjórnarskránni er sérstaklega tekið fram að ákveða skuli með lögum hvaða heimild útlendingar hafi til að eiga fasteignaréttindi hér á landi. Hér má líka minna á að aukin ásókn erlendra aðila til að kaupa hér fossa og vatnsföll í byrjun aldarinnar varð tilefni til þess að sett voru í lög skorður við slíku og síðar kom til löggjöf varðandi veiði.

Barátta okkar fyrir landhelginni er á sinn hátt af sama meiði. Það þarf því fáa að undra þó að andmæli séu höfð uppi þegar Íslendingar undirgangast skuldbindingar um að veita erlendum aðilum sama rétt og Íslendingum til kaupa á fasteignum þegar ákveðin skilyrði eru uppfyllt. Á móti kemur hins vegar að þetta er ekki einhliða réttur því við Íslendingar fáum með sama hætti rétt til að fjárfesta sem launþegar og í þágu atvinnurekstrar í þeim löndum sem aðild eiga að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Með vaxandi samstarfi þjóða og tengsl milli landa ætti líka að draga úr þeirri tortryggni sem eignarhald útlendinga á fjárfestingum hefur valdið víða um lönd. Það er síðan á færi stjórnvalda í hverju landi að tryggja með innlendri löggjöf að nýting fasteignanna og meðferð þeirra sé með þeim hætti að innlendir hagsmunir séu tryggðir. Þar koma t.d. til ákvæði skipulagslaga, náttúruverndarlaga og jarðalaga sem einmitt er viðfangsefnið hér.

Í samræmi við áðurgreindan áskilnað stjórnarskrárinnar hafa verið í gildi hér á landi sérstök lög um heimildir útlendinga til að eignast og fá afnot af fasteignum hér á landi. Núgildandi lög um það efni eru lög um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, nr. 19/1966,

en viðamiklar breytingar voru gerðar á þeim lögum nr. 23/1991 og lögum nr. 133/1993 og réttur útlendinga til að eignast fasteignir hér á landi vegna atvinnurekstrar rýmkaður.

Samkvæmt nefndum lögum er áfram gert ráð fyrir því að meginreglan verði sú að aðeins íslenskir ríkisborgarar eða þeir sem hafa átt lögheimili á Íslandi samfellt í a.m.k. fimm ár geti öðlast eignarrétt á afnotarétti yfir fasteignum hér á landi. Til að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði er hins vegar sett sú undanþága að erlendur aðili sem nýtur réttar hér á landi samkvæmt reglum samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði um frjálsa fólksflutninga, staðfesturétt eða þjónustustarfsemi fær rétt til að eignast hér og fá til afnota fasteignir sem nauðsynlegar eru til að nýta þessi réttindi.

Af framansögðu leiðir að aðili samkvæmt samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði fær ekki rétt til þess að kaupa hér fasteignir eingöngu til að fjárfesta í þeim nema hann hafi átt hér lögheimili í fimm ár. Það er skilyrði að aðili samkvæmt samningi hins Evrópska efnahagssvæðis ætli að nýta fasteignina sem launþegi hér á landi eða nýta hana í þágu atvinnurekstrar. Óski slíkur aðili, sem ekki er búsettur hér á landi, eftir að kaupa sumarbústað hér á landi til hefðbundinna einkanota, þá verður slíkt ekki heimilt nema viðkomandi fái til þess leyfi ráðherra samkvæmt þessum lögum.

Jarðalögin hafa að geyma ýmsar heimildir sem veita stjórnvöldum, einkum sveitarstjórnum og jarðanefndum, færi á að hafa áhrif á aðilaskipti og nýtingu þeirra fasteigna sem lögin taka til en gildissvið þeirra er skv. 3. gr. laganna markað svo að þau taka til alls lands utan þéttbýlissvæða sem skipulögð eru fyrir fasta búsetu manna sem ekki stunda landbúnað. Í jarðalögunum eru líka ákvæði um forkaupsrétt sveitarfélaga. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sem slíkur kallar ekki á breytingar á ákvæðum jarðalaga og hið sama gildir um ábúðarlögin. Okkur er heimilt að viðhalda reglum sem áskilja að stjórnvöld þurfi að samþykkja aðilaskipti að eignum sem jarðalögin taka til og hið sama gildir um forkaupsrétt opinberra aðila. Við verðum hins vegar að framkvæma þessa reglu með þeim hætti að hið sama gangi yfir Íslendinga og aðila samkvæmt samningi hins Evrópska efnahagssvæðis.

Jarðalögin voru vissulega umdeild á þeim tíma þegar þau voru sett og ýmsir töldu að með þeim væri verið að setja óeðlilegar hömlur á viðskipti manna með jarðir og jarðnæði. Við megum hins vegar ekki gleyma því að löggjöf hliðstæð íslensku jarðalögunum er til staðar í flestum nágrannalöndum okkar. Löggjafarvald í þessum löndum hefur með sama hætti og Alþingi talið rétt og nauðsynlegt að hafa strangar reglur um meðferð og nýtingu landbúnaðarlands og veita stjórnvöldum í ýmsum tilvikum færi á að hafa áhrif á aðilaskipti að því. Það sýnir sig líka nú þegar menn hafa áhyggjur af hugsanlegri ásókn erlendra aðila í að eignast fasteignir hér á landi að ákvæði jarðalaga fela að óbreyttum lögum í sér ákveðna vernd. Spurningin er síðan sú hvort menn telja hana nægilega.

Við samningu á því frv. sem hér liggur fyrir um breytingu á jarðalögum var af hálfu landbrn. lögð á það áhersla að draga fram þá möguleika og leiðir sem hægt er að fara innan þess ramma sem samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði setur til að tryggja rétt íslenskra stjórnvalda til að hafa áhrif á eignarhald og nýtingu þeirra fasteigna sem jarðalögin taka til. Þær raddir höfðu heyrst að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði útilokaði setningu slíkra reglna en í umræðum um þessi mál hafa menn hins vegar orðið til að lýsa áhyggjum sínum yfir því að með frv. væri mönnum settar of þröngar skorður. Það hefur alltaf legið fyrir að þær reglur sem við settum í þessu efni þyrftu að ganga jafnt yfir Íslendinga sem erlenda aðila er byggja rétt sinn á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég legg hins vegar áherslu á að Alþingi taki afstöðu til þess í hvaða mæli sé þörf á að setja reglur af þessu tagi þannig að ekki sé um of gengið á íslenska hagsmuni. Ég geng ekki til þess leiks með þeim orðum að svona skuli þetta vera og alls ekki öðruvísi heldur er þetta frv. tillaga sem sýnir hversu langt ríkisstjórnin og þeir sérfræðingar sem hún hefur kallað til aðstoðar í þessu máli telja að hægt sé að ganga í þessum efnum. Það er síðan verkefni Alþingis að taka afstöðu til þess hvar setja beri mörkin eða velja girðingarstæðið, eins og sagt er, og hversu þétt verður girt, svo notað sé orðalag sem mönnum hefur orðið tamt að nota í umræðum um þessi mál.

Eins og ég nefndi fyrr, þá eru tillögur samkvæmt frv. tvíþættar. Annars vegar er lagt til að jarðalögunum verði breytt í tilefni af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og hins vegar eru lagðar til breytingar á einstökum ákvæðum í ljósi fenginnar reynslu við framkvæmd laganna. Þau ákvæði frv. sem lúta beint að breytingum vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði er í 3., 5., 8. og 14. gr. frv. Samkvæmt núgildandi lögum er í 6. gr. þeirra mælt fyrir um að sveitarstjórn og jarðanefnd þurfi að samþykkja fyrirhuguð aðilaskipti að réttindum yfir fasteignum sem lögin taka til. Tekið er fram að ef sveitarstjórn og jarðanefnd telja ráðstöfun fasteignar andstæða hagsmunum sveitarfélags sé þeim rétt að synja um áformaða ráðstöfun eignarinnar.

Í 1. gr. jarðalaganna segir að tilgangur þeirra sé að tryggja að nýting lands utan skipulagðra þéttbýlissvæða sé eðlileg og hagkvæm frá þjóðhagslegu sjónarmiði og að eignarráð á landi og búsetujörðum sé í samræmi við hagsmuni sveitarfélaga og þeirra sem landbúnað stunda. Í samræmi við þennan tilgang laganna hafa sveitarstjórnir og jarðanefndir m.a. litið til þess við afgreiðslu beiðna um samþykki á aðilaskiptum hver væru áform um búsetu á eigninni og nýtingu hennar. Núgildandi lög heimila hins vegar ekki sveitarstjórn og jarðanefnd að setja búsetu í tiltekinn tíma og ákveðna nýtingu sem skilyrði fyrir samþykki á aðilaskiptum.

Í 3. gr. frv. er lagt til að sveitarstjórn og jarðanefnd fái heimild til að binda samþykki sitt skv. 6. gr. laganna, þ.e. er við sölu eða önnur aðilaskipti, því skil-

yrði að sá sem öðlast réttindi yfir fasteign hafi í allt að fimm árum fasta búsetu á eigninni eða innan eðlilegrar fjarlægðar frá henni til að nýta hana. Lagt er til að með sama hætti verði heimilt að binda samþykki skilyrðum um að eignin verði nýtt til landbúnaðar eða annarrar atvinnustarfsemi í samræmi við þau áform sem lýst er í beiðni um samþykki. Síðan er lagt til að sett verði regla um viðbrögð ef aðili fullnægir ekki þessum skilyrðum.

Ég legg áherslu á að þetta er fyrst og fremst heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir og jarðanefndir og því óvíst í hvaða mæli því verður beitt. Ég lít á þetta sem öryggisákvæði til að tryggja að markmiði jarðalaganna verði náð. Það þótti ekki fært að binda þetta skilyrði í öllum tilvikum við búsetu á fasteigninni og því er bætt við heimildinni um búsetu innan eðlilegrar fjarlægðar. En eins og tekið er fram í athugasemd með greininni, þá verður við mat á því hvað sé eðlileg fjarlægð í merkingu greinarinnar fyrst og fremst að líta til þess hvort sá sem öðlast réttindi yfir eigninni geti annast búreksturinn eða þá atvinnustarfsemi sem hann ætlar að vera með á eigninni frá heimili sínu.

Í 5. gr. frv. er sett fram tillaga um reglu sem felur í sér verulega breytingu frá núgildandi heimildum til að eignast fasteignir sem nýta á til landbúnaðar. Á síðustu árum hafa komið fram hugmyndir um að gera það að skilyrði fyrir kaupum á jörðum að kaupandi hafi hlotið ákveðna menntun á sviði landbúnaðarfræða líkt og gert er t.d. í Danmörku. Þessar tillögur hafa ekki náð fram að ganga. Með tilkomu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði stöndum við frammi fyrir því að erlendir aðilar sem njóta réttar samkvæmt samningnum fá heimild til að stofna til atvinnurekstrar hér á landi og öðlast réttindi yfir nauðsynlegum fasteignum vegna þeirrar atvinnustarfsemi. Þessi regla gildir m.a. um þá erlendu aðila sem vilja koma hingað til lands og reka hefðbundinn landbúnað eða nýta að öðru leyti jarðir og hlunnindi þeirra til atvinnustarfsemi, svo sem útleigu á veiði og ferðamannaþjónustu. Ég hygg að við sjáum ekki fram á að erlendir aðilar muni í stórum stíl sækja í að reka hefðbundinn búskap hér á landi á næstu árum og fjárfesta í kaupum á jörðum af þeim sökum.

Ég sé líka ekki hvaða hætta væri því samfara að danskur eða þýskur bóndi flytti sig um set og færi að stunda kúabúskap hér á landi og höfum við reyndar góða reynslu af því fyrir norðan ef svo vill til að það gerist.

Við athugun á þessum málum staðnæmast menn hins vegar við þau tilvik þar sem jarðir og einstök lönd eru nýtt til annarrar atvinnustarfsemi en hefðbundins landbúnaðar. Dæmi um slíkt væri t.d. kaup á jörð til að leigja út lax- og silungsveiði eða fuglaveiðiréttindi eða kaup á landi þar sem náttúra er sérstæð til að reka þar ferðaþjónustu. Slík starfsemi fellur almennt undir atvinnustarfsemi og þeir sem njóta réttar hins Evrópska efnahagssvæðis eiga því að geta komið upp slíkri starfsemi hér á landi, enda uppfylli þeir sambærileg skilyrði og sett eru varðandi Íslendinga sjálfa. Þess var áður getið að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði útilokar ekki að sett séu almenn málefnaleg skilyrði sem menn þurfa að uppfylla til að kaupa fasteignir, enda séu slík skilyrði í eðlilegum tengslum við nýtingu eignarinnar. Samkvæmt gildandi lögum eru ekki gerðar neinar sérstakar kröfur varðandi menntun eða starfsþjálfun þeirra sem öðlast réttindi yfir fasteignum til að reka þar landbúnað og er raunar að ýmsu leyti óljóst hvaða starfsemi fellur undir hugtakið „landbúnaður" á hverjum tíma. Niðurstaðan varð því sú að setja fram tillögu um ákvæði þar sem annars vegar væri farin sú leið að túlka hugtakið landbúnaður í þessari merkingu rúmt og láta það m.a. ná til nýtingar og/eða útleigu á veiði og öðrum hlunnindum sem fylgja landi, svo og húsum sem ætluð eru til dvalar um takmarkaðan tíma án lóðarréttinda. Hins vegar er lagt til að í þeim tilvikum sem fá þarf samþykki til að öðlast réttindi yfir fasteign skv. 6. gr. jarðalaga og ætlunin er að nýta hana til landbúnaðar þurfi viðkomandi að hafa starfað við landbúnað í fjögur ár og þar af tvö hér á landi. Fyrirmynd þessarar reglu er reyndar sótt í danskar reglur um hliðstæð efni, en þar er starfsreynsla af þessu tagi látin koma í stað tiltekinnar lágmarksmenntunar í landbúnaðarfræðum. Rétt er að benda sérstaklega á að þessari reglu er ætlað að taka til þeirra tilvika þegar nýta á eignina til atvinnurekstrar á sviði landbúnaðar. Sé það eingöngu ætlun þess sem kaupir jörð eða fasteign, sem jarðalögin taka til, að fjárfesta í eigninni eða nota hana til eigin dvalar og tómstunda, á reglan ekki við. Íslendingar munu því áfram geta fest kaup á jörðum í því augnamiði en heimildir erlendra aðila í því efni ráðast hins vegar af ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna eins og áður sagði.

Samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði veitir útlendingum sem búsettir eru erlendis ekki rétt til að kaupa hér eignir til að fjárfesta í þeim eða til sumardvalar. Ég vek líka athygli á því að þessi regla á aðeins við í þeim tilvikum þegar fá þarf samþykki skv. 6. gr. og því á hún m.a. ekki við í fyrsta lagi ef eigandi ráðstafar fasteignarréttindum til maka síns, barna sinna, barnabarna, kjörbarna, fósturbarna, systkina eða foreldra. Í öðru lagi ef aðilaskipti verða að eignarréttindum fyrir lögerfðir eða ráðstöfun slíkra réttinda til annars hjóna við búskipti. Þessi nýja regla, verði hún tekin upp, mun því ekki hafa áhrif þegar um hefðbundin ættliðaskipti er að ræða á jörðum.

Í annan stað er gert ráð fyrir að ráðherra geti veitt undanþágu frá þessu ákvæði að fenginni umsögn sveitarstjórnar og jarðanefndar. Það er líka ljóst að gildissvið þessarar reglu mun mjög mótast af þeim ákvæðum sem sett verða í reglugerð um hvaða starfsemi telst til landbúnaðar í merkingu ákvæðisins, til hvaða fasteigna ákvæðið tekur og hvaða aðili eða aðilar þurfa að uppfylla skilyrði ákvæðisins þegar félög og aðrir lögaðilar eða einstaklingar fleiri saman öðlast réttindi yfir fasteign. Tilvikin sem þarna er verið að fást við eru margbreytilegri en svo að hægt sé að leysa úr þeim öllum í lagatextanum og þessar reglur verða að einhverju leyti að mótast af þeirri þörf sem uppi er á hverjum tíma.

Þær raddir hafa heyrst að með þessu ákvæði muni verð á jörðum falla og þær verði lítt seljanlegar. Ég minni á að sjónarmið af þessu tagi heyrðust einnig þegar jarðalögin voru sett árið 1976, en ég fæ ekki séð að þau hafi haft áhrif í þá átt. Eins og ég nefndi fyrr er líka ljóst að þessi regla mun ekki hafa áhrif í öllum tilvikum þegar jarðir skipta um eigendur. Ég tel líka að of snemmt sé að spá fyrir um hvaða áhrif þessi regla muni hafa á meðan ekki er búið að útfæra nánar skilgreininguna á hugtakinu landbúnaði og öðru sem ákveða skal í reglugerð. Ég játa það fúslega að það er ekki góð aðferð við lagasetningu að hafa þennan hátt á, en ég hef áður skýrt ástæðu þess að sú leið er farin hér.

Áður en ég skil við þetta ákvæði vil ég ítreka að ákvæði 5. gr. frv. er sett fram sem tillaga um leið í þessu efni. Hafi menn hins vegar aðrar tillögur er sjálfsagt að þær verði teknar til skoðunar í þingnefnd.

Þau ákvæði frv. sem að öðru leyti eru sett fram í tilefni af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eru ákvæði 8. og 14. gr. um heimild sveitarstjórnar til að framselja forkaupsréttinn til Jarðasjóðs ríkisins. Við athugun á þessum málum var sérstaklega hugað að því hvort setja ætti í lög almenn ákvæði um forkaupsrétt ríkisins að öllum eignum sem falla undir jarðalögin. Slíkt hefði hins vegar haft í för með sér mikla skriffinnsku og því var niðurstaðan að leggja til þá leið sem frv. gerir ráð fyrir um heimild sveitarstjórnar til framsals á forkaupsréttinum.

Almennt er það verkefni sveitarstjórnar að taka afstöðu til þess hvort aðstæður séu með þeim hætti að það sé í þágu hagsmuna sveitarfélagsins að neyta forkaupsréttar að eign. Hugsanlega kann verð eignar að vera sveitarfélagi ofviða, en líklegt er að það verði einkum í þeim tilvikum þegar um sérstæðar eignir er að ræða vegna hlunninda, sérstæðs náttúrufars eða staðsetningar. Í slíkum tilvikum gæti sveitarstjórn framselt rétt sinn til Jarðasjóðs ríkisins og það væri þá háð mati landbrh. og fjárhagsstöðu sjóðsins hvort ríkið notaði forkaupsrétt sinn, t.d. vegna þess að það væri talið mikilvægt vegna samfélagslegra sjónarmiða að ríkið eignast tiltekna fasteign eða réttindi eða eignarhöld ríkisins væru að öðru leyti talin í þágu hagsmuna viðkomandi sveitarfélags. Hvaða áhrif þessi ákvæði hafa er ekki síst háð því hvaða fjárveitingar Jarðasjóður ríkisins fær og það er verkefni Alþingis að taka ákvarðanir þar um.

Aðrar breytingar sem lagt er til að gerðar verði á jarðalögunum með þessu frv. lúta fyrst og fremst að því að skýra og taka af öll tvímæli um framkvæmd einstakra ákvæða. Ég tel rétt á þessu stigi að vekja sérstaka athygli á tveim atriðum. Við gildistöku jarðalaganna 1976 var sett sú regla að ekki mætti taka land sem þá var nýtt til landbúnaðar til annarra nota nema heimild væri til slíks í lögum eða með leyfi ráðherra. Ekki var í lögunum tekið sérstaklega fram hvaða þýðingu það hefði að öðru leyti ef slíkt leyfi væri veitt. Með breytingu á jarðalögunum 1984 var sett sú regla að hefði sumarbústaðalóð verið tekin úr landbúnaðarnotum þyrfti ekki framvegis að afla samþykkis við aðilaskiptum skv. 6. gr. laganna. Formlega stóð forkaupsréttur sveitarfélags og í vissum tilvikum ábúanda áfram. Þetta hefur skapað óvissu um framkvæmd laganna.

Með ákvörðun um að taka land úr landbúnaðarnotum hafa stjórnvöld átt þess kost að leggja mat á hvort slíkt sé í samræmi við þá hagsmuni sem jarðalögunum er ætlað að vernda. Verði það niðurstaða stjórnvalda að veita slíkt leyfi sýnist ekki ástæða til að leita þurfi eftir leyfi sveitarstjórnar og jarðanefndar við síðari aðilaskipti að eigninni eða forkaupsréttur sveitarfélags og ábúanda verði virkur við slíkar sölur. Er því lagt til að breytingar verði gerðar á jarðalögunum í samræmi við þetta. Telji sveitarstjórn þörf á forkaupsrétti vegna skipulagsástæðna hefur hún heimildir í skipulagslögum til að setja sérstakar samþykktir um slíkt.

Eins og áður sagði miðaðist bannið við töku lands úr landbúnaðarnotum við það land sem nýtt var til landbúnaðar við gildistöku jarðalaganna árið 1976. Af hálfu stjórnvalda hefur jafnan verið litið svo á að þessi regla tæki til þess lands sem nýtt hafði verið til landbúnaðar og unnt var að nýta til slíkrar starfsemi árið 1976. Þar með tók þetta ákvæði m.a. til eyðijarða. Í ljósi hæstaréttardóms frá árinu 1991 er talið rétt að taka af öll tvímæli í þessu efni og því er lagt til að bætt verði við ákvæði 12. gr. laganna, sbr. 6. gr. frv.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að fjalla um það frv. sem hér liggur fyrir og vísa til þeirra athugasemda sem fram koma í greinargerð með frv. Ég hygg að í hópi þingmanna megi bæði finna þá menn sem telja að með þessu frv. sé of skammt gengið í að reisa svonefndar girðingar og einnig hina sem telja að með þessu sé gengið of langt í því efni. Frv. er fyrst og fremst ætlað að sýna hversu langt ríkisstjórnin hefur treyst sér til að ganga í þessu efni sé það á annað borð vilji Alþingis að setja girðingar af þessu tagi. Ég tel nauðsynlegt að þingmenn taki afstöðu til þess hversu langt þeir vilja ganga í þessum efnum. Hér hafa menn efnisviðinn og geta tálgað hann til eins og einn þingmaður hefur komist að orði í blaðaviðtali.

Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. landbn.

[14:49]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér erum við að ræða um viðkvæmt atriði í EES-samningunum sem mikið voru til umræðu í fyrra, þ.e. að 380 millj. manna eiga nú sama rétt og við á Íslandi, m.a. til eignarhalds á landi. Við umfjöllun talsmanna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði var því lofað að sett yrðu girðingafrumvörp sem varðveittu einkarétt Íslendinga til þess að eiga land. Ég dró þá í efa að hægt væri að setja upp girðingu sem dygði varðandi jarðeignir á Íslandi. Nú liggur þetta frv. fyrir frá ríkisstjórninni og mér sýnist að þessi girðing sé gagnslítil. Bújarðir, hlunnindajarðir og náttúruperlur geta alveg tvímælalaust runnið í hendur útlendinga eins og fara gerir.

Frumvarpsdrög voru á ferðinni í fyrra. Þar voru jarðir gerðar verðlausar, en þar voru reyndar settar upp

strangari girðingar en mér sýnist vera í þessu frv. Þetta er breytt frv. frá upprunalegum drögum en það er gagnslítið og engar tryggingar.

Fyrst er það að sé land tekið úr landbúnaðarnotum, sem í mörgum tilfellum getur verið eðlilegt, þá þegar opnast nú ansi mikil gátt. Síðan er þetta með forkaupsrétt sveitarstjórnar. Það má telja fremur ólíklegt að sveitarstjórn sé þannig innstillt að hún treysti sér til að neyta forkaupsréttar að dýrustu jörðunum. A.m.k. sé ég það ekki fyrir mér í því kjördæmi þar sem ég þekki best til að sveitarstjórnir eða sveitarsjóðir hefðu bolmagn til að leysa til sín þær jarðir sem kunna að verða eftirsóknarverðastar. Það þarf líka að koma til vilji hjá sveitarstjórninni til að leysa til sín jarðir. Það er ekkert víst að hann sé fyrir hendi í hverri einustu sveitarstjórn. Það getur vel verið að einhverjar sveitarstjórnir telji heppilegt og gott að fá ríka útlendinga í sveitarfélagið hluta úr árinu og telji það bara af hinu góða.

Það þarf ákvörðun sveitarstjórnar til þess að framselja forkaupsréttinn til Jarðasjóðs, en það tekur lítið betra við hjá Jarðasjóði því að sjóðurinn hefur a.m.k. fram að þessu verið peningalítill, er reyndar í landbrn. iðulega kallaður í hálfkæringi jarðarfarasjóður því að hann er ekki til neins og hálfdauður. Við þetta bætast svo þau viðhorf að hugsanlega sé Evrópskt efnahagssvæði á síðasta snúningi og búið að vera. Ef af inngöngu þeirra landa verður sem hafa staðið í samningum undanfarið, þá liggur það fyrir að Ísland og Liechtenstein halda ekki úti Evrópsku efnahagssvæði með Evrópubandalaginu og þá kann að vera að það sé ástæðulaust af þeirri ástæðu að breyta löggjöf miðað við Evrópskt efnahagssvæði. Við erum reyndar búin að gera það í mörgum greinum á Alþingi og höfum verið að afgreiða lög á færibandi þar um, en það kynni að vera ástæða til að hinkra aðeins við og sjá hvernig fer með Norðmennina, Svíana og Finnana og Austurríkismenn.

Það sem fram undan virðist vera hjá okkur núna er að undirbúa samkvæmt sameiginlegri ályktun Alþingis tvíhliða samning við Evrópubandalagið og undirbúa okkur undir þá umræðu. Ég tel að við eigum að standa þannig að henni að við reynum að gera viðskiptahliðina að viðskiptasamningi. Síðan eigum við að reyna að finna einhverja viðunandi lausn á stofnanaþættinum. Það kann að vera nokkuð flókið en þó hafa komi fram hugmyndir, m.a. frá Birni Friðfinnssyni, sem sæti á í eftirlitsstofnun EFTA, um umboðsmann sem gæti tekið við a.m.k. verulegum hluta af verkefnum þess mikla fjölda sem búið er að byggja upp í stofnanaþættinum. Ég tel að við eigum að hugsa okkur um tvisvar. Náttúrlega er sjálfsagður hluti af slíkum tvíhliða samningi og það sem við þurfum að hafa á oddi er að reyna að endurheimta eitthvað af því fullveldi sem við afsöluðum með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Síðan eigum við að sníða löggjöf okkar að þessum tvíhliða samningi þegar við sjáum hvernig hann verður.

Það hefur held ég komið rækilega í ljós og því skýrar með hverri vikunni sem líður að Evrópskt efnahagssvæði var mistök. Ávinningurinn sem fiskvinnslan taldi sér í þessum samningi hefur látið á sér standa fram að þessu. Fiskverðið féll, tollalækkunin skilaði sér náttúrlega ekki, enda var það ekkert nema barnaskapur að ímynda sér að hún mundi gera það því auðvitað gerir kaupandinn kröfu til þess að fá tollalækkunina í sinn hlut en líklega ekki seljandinn. Þar á ofan hefur hið siðlausa innflutningsbann Frakka orðið okkur til mikils miska og sannaðist að ekkert hald var í aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði til þess að fá því aflétt. Það voru Bandaríkjamenn sem hafa fengið tilslökun á því, ekki stofnanir Evrópsks efnahagssvæðis. Það hefur orðið okkur að stórtjóni og ekki séð fyrir endann á því.

Frú forseti. Ég lít svo á að með þessu frv. sé ekki girt fyrir þannig að fullnægjandi sé. Það er allt galopið þrátt fyrir að frv. verði lögfest og ég held að við eigum að hinkra við og þetta mál fari til landbn., hún geti hugleitt það vandlega og lofað því að liggja í nefndinni þangað til útséð er um hvernig fer með Evrópskt efnahagssvæði, hvort það heldur áfram að lifa eða ekki.

[14:59]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu, frv. til laga um breytingu á jarðalögum, er eitt af mörgum vandræðamálum sem fylgt hafa í kjölfar aðildar Íslands að svokölluðu Evrópsku efnahagssvæði. Með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði voru sérréttindi íslenskra ríkisborgara í mörgum greinum afnumin. Þetta á við hin ýmsu lög sem veittu íslenskum ríkisborgurum forgang umfram erlenda borgara.

Vissulega er ekki víst að hætta sé á ferðum í öllum slíkum tilvikum, en þó hafa menn sérstaklega staðnæmst við að hér gæti verið mikil hætta á ferðum þar sem er annars vegar kaup og sala á fasteignum, landi og náttúrugæðum, en einnig viðskipti með orku og aðrar auðlindir, svo og aflaheimildir og framleiðslutæki í sjávarútvegi. Í stað þess að hafa skýran fyrirvara í samningnum hvað varðar viðskipti með fasteignir og land, þá valdi hæstv. ríkisstjórn þá leið að boða lagasetningu sem átti að tryggja það að ekki yrði hætta á ferðum að erlend stórfyrirtæki keyptu upp land í stórum stíl á Íslandi.

Það hefur hins vegar liðið alllangur tími síðan vilyrði voru gefin um að slík lög yrðu sett án þess að mál hafi mikið skýrst. Óhætt er að segja að þetta vandræðamál hefur mjög flækst fyrir núverandi ríkisstjórn. Eins og öllum er kunnugt var samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði afgreiddur hér á Alþingi á fyrri hluta síðasta árs og hafði reyndar verið talað um það að lagasetning af þessu tagi yrði þá þegar fyrir hendi og afgreidd, þ.e. á árinu 1992. Það kom fram frv. um þetta efni í nóvembermánuði 1992 og héldu menn þá að málið yrði tekið fyrir og afreitt, en á seinasta þingi fór svo að aldrei var mælt fyrir frv., það aldrei tekið til umræðu á þinginu og þar af leiðandi aldrei sent til nefndar.

Frv. er svo aftur lagt fram á sl. hausti, þ.e. nánar tiltekið 9. nóv. 1993 og er fyrst nú í marsmánuði mælt fyrir frv. Ég held að það hljóti að vera misskilningur hjá hv. seinasta ræðumanni að frv. hafi tekið einhverj-

um breytingum frá því sem var þegar það kom fyrst fram í nóvember 1992. Eftir því sem ég sé best, þá er frv. flutt óbreytt. (**Landbrh.:** Það er flutt óbreytt.) Ráðherra staðfestir það hér og nú með orðum sínum, enda er það meira að segja svo að í athugasemdum við 1. gr. er tekið til orða eins og EES-samningurinn hafi alls ekki verið samþykktur sem að sjálfsögðu flokkast undir misritun og stafar af því að frv. hefur ekki neitt breyst frá því að það var flutt fyrir einu og hálfu ári síðan.

Nú er talað um það að málið verði til skoðunar hjá Alþingi og gefið undir fótinn um það að þetta sé það sem lengst sé hægt að ganga, en að sjálfsögðu sé hægt að tálga eitthvað af þeirri girðingu sem hér er verið að setja upp. Vel má vera að svo sé. En hitt held ég að sé flestum ljóst að sú lausn sem menn eru hér að kynna er heldur vandræðaleg. Það er verið að opna leið fyrir erlenda ríkisborgara til að kaupa upp land en það kostar aftur hitt að það er verið að loka leiðum fyrir íslenska ríkisborgara til að kaupa land. Það er verulega verið að þrengja aðstöðu Íslendinga til þess að eignast land og mun það vafalaust hafa sínar afleiðingar. Afleiðingarnar gætu orðið þær að land yrði verðminna og verr nýtt og ég er ekki í neinum vafa um það að sú lausn sem hér er gerð grein fyrir á eftir að vekja mikla óánægju. En þetta stafar af því að ekki var settur skýr fyrirvari hvað varðar landakaup útlendinga heldur valin sú leið að reyna að bjarga málinu í horn með innlendri lagasetningu sem síðan virðist ætla að ganga nokkuð úr böndum og tíminn líður án þess að mál skýrist eða séu tekin föstum tökum.

Ég hef ekki orðið var við að bændasamtökin hafi tekið skýra afstöðu til þessa máls. Í öllu falli kemur það ekki fram í greinargerð frv. og mér er alveg óljóst hvaða augum bændur líta á þetta mál. Ég hygg að þeir hafi á tilfinningunni að þetta sé vandræðamál. En hvort þeir vilja samþykkja það í þessu formi eða ekki er mér ekki alveg ljóst. Ég ætla því að bíða með að taka afstöðu til þessa máls og þeirrar lausnar sem hér er kynnt þar til ég hef átt þess kost að ræða málið við hagsmunaaðila og sjá umsagnir bændasamtakanna um það. Ég tel hins vegar að það eigi ekki og megi ekki dragast miklu lengur en orðið er að málið sé tekið föstum tökum og menn ræði það til botns hvort menn vilja una lausn af þessu tagi og fagna því að nú loksins er málið tekið fyrir og mælt fyrir því einu og hálfu ári eftir að það var hér fyrst flutt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjávarútvegsskóli, fyrri umr.

Þáltill. FI og HÁ, 142. mál. — Þskj. 157. [15:09]

Flm. (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um stofnun sjávarútvegsskóla sem er 142. mál þingsins á þskj. 157. Flm. þáltill. eru sá sem hér stendur og hv. þm. Halldór Ásgrímsson. Till. hljóðar svo með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að undirbúa sameiningu Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði, Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands í einn sjávarútvegsskóla á framhaldsskólastigi. Skal undirbúningurinn miða að því að skólinn verði til húsa í Sjómannaskólanum í Reykjavík. Stefnt skal að því að skólinn taki til starfa haustið 1994."

Þáltill. þessi hefur áður verið lögð fram á þingi eða á 116. löggjafarþinginu en fékkst þá ekki útrædd og er því aftur lögð hér fram. Síðan tillagan var fyrst lögð fram, þá veit ég að að þessu máli hefur verið unnið hjá hæstv. menntmrh. og hæstv. sjútvrh. þar sem þeir hafa skipað nefnd til þess að gera tillögur um það hvernig sjávarútvegsfræðslunni í landinu skuli fyrir komið. Sú nefnd er nú að störfum og eftir því sem ég veit best eru að mörgu leyti mjög svipaðar hugmyndir uppi í nefndinni og till. þessi til þál. gerir ráð fyrir. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem að þessu máli er unnið því í janúar 1986 komu þáv. menntmrh. og sjútvrh. sér saman um að skipa fjögurra manna starfshóp um sjávarútvegsskóla sem hefði það hlutverk að gera tillögur um hvernig sjávarútvegsfræðslunni í landinu skyldi fyrir komið. Meginniðurstöður starfshópsins frá 1986 eru eftirfarandi, með leyfi forseta:

Í fyrsta lagi var gert ráð fyrir því að stofnaður yrði sjávarútvegsskóli í Reykjavík er taki við hlutverki Stýrimannaskólans, Vélskólans og Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.

Í öðru lagi að gildandi lögum um sjávarútvegsfræðslu verði breytt og sett rúm rammalöggjöf er veiti svigrúm fyrir breytilegt námsframboð í takt við þróun atvinnulífs og þarfir einstakra greina sjávarútvegsins.

Í þriðja lagi að sjávarútvegsskólinn fái til umráða húsnæði Stýrimannaskólans í Reykjavík og Vélskóla Íslands og hið nýja verknámshús Fiskvinnsluskólans í Hafnarfirði.

Í fjórða lagi að kannað verði vandlega hvort stefnt skuli að því að sjávarútvegsskólinn starfi í þremur önnum, þ.e. haustönn, vetrarönn og sumarönn og starfi þannig árið um kring.

Núverandi skipulag sjávarútvegsfræðslunnar er þannig að þessir skólar allir heyra undir menntmrn. og starfa allir sem sjálfstæðar stofnanir en í litlum tengslum og í litlu sem engu samstarfi sín á milli þó svo að í mörgum tilfellum og sérstaklega er snýr að Vélskólanum og Stýrimannaskólanum í Reykjavík þá eru þessir skólar í sama húsinu.

Það hefur orðið verulegur samdráttur í nemendafjölda Vélskólans og Stýrimannaskólans síðustu árin. Á níu árum hefur nemendum þessara skóla fækkað um

helming. Skýringar á þessari þróun eru væntanlega margþættar. Nemendum hefur fækkað í hverjum árgangi og áhugi fyrir bóknámi er almennt meiri en fyrir verknámi. Fjölbreytileiki náms á framhaldsskólastigi hefur aukist verulega og jafnframt samkeppni um nemendur.

Kennsla við Stýrimannaskólann í Reykjavík og Vélskóla Íslands í Reykjavík fer fram í húsakynnun Sjómannaskólans. Húsnæðið er því stórlega vannýtt sem stendur. Auk þess er kennsla skólanna tveggja algjörlega aðskilin, þó svo að almennar námsgreinar séu 30–45% námsefnis þeirra. Samræming þessa hluta námsins gæti bætt nýtingu hússins og kennslukrafta verulega. Sama máli gegnir um húsnæði fyrir stjórn skólanna sem er algjörlega aðskilið. Sameiginleg stjórn gæti enn bætt nýtingu húsnæðisins og einnig dregið verulega úr kostnaði við rekstur þessara stofnana.

Þessi þáltill. felur það í sér að lagt er til að sjávarútvegsskólinn heyri undir menntmrn. enda verði hann sérskóli á framhaldsskólastigi. Menntmrh. skipi sérstaka skólanefnd fyrir skólann, skólanefnd sem marki stefnu í skólahaldinu og ákveði námsframboð að fengnu samþykki menntmrn.

Á bls. 5 í þáltill. og fskj. hennar er gert ráð fyrir ákveðnu skipulagi fyrir sjávarútvegsskólann þar sem yfirstjórnin sé í höndum menntmrn. Til hliðar við menntmrh. sé starfandi fræðsluráð sem gerir tillögur um námsframboð, menntmrh. skipi skólanefnd og sérstakur skólastjóri stjórni stofnuninni í heild sinni. Gert er ráð fyrir að Vélskólinn og Stýrimannaskólinn starfi sem sérstakar deildir innan þessa skóla og sama gildi um fiskvinnsludeild. Einnig er gert ráð fyrir því að fiskeldisdeild verði starfandi við stofnunina sem og endurmenntunardeild en hún er í dag ekki til í þessum skólum. Aftur á móti er sérstök nefnd starfandi á vegum sjútvrn. sem heitir starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar og hefur því hlutverki að gegna að vera endurmenntunardeild fyrir sjávarútveginn í heild. Það er gert ráð fyrir því í þáltill. að þessi starfsfræðslunefnd færist undir stjórn skólans.

Gera má ráð fyrir að sjávarútvegsskóli sem ein stofnun verði sterkari eining en þrír minni skólar og þar af leiðandi betur í stakk búinn til að takast á við verkefni sín. Sérstaklega má nefna þróunarstörf við endurnýjun námsefnis og skipulag nýrra námsbrauta.

Ætla má að betur verði séð fyrir fjárveitingum til skólans njóti hann óskipts stuðnings allra hagsmunaaðila.

Líklegt er að styrkur og atkvæðamikill sjávarútvegsskóli muni almennt njóta meira álits en minni sérskólar og verða fýsilegri kostur efnilegum nemendum en verið hefur.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þáltill. verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 237. mál. — Þskj. 272.

[15:16]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga á þskj. 272 um skipun nefndar til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar.

Ég hefði kosið að annað hvort fjmrh. eða viðskrh. væru viðstaddir umræðuna og vil að það komi fram að mér finnst það ekki goðgá að ráðherrar sitji stundum á ráðherrabekknum og hlusti á þingmenn mæla fyrir sínum málum. Ég tel að það væri fyllsta ástæða til.

(**Forseti** (VS): Forseti vill taka fram að hún hefur sent boð til hæstv. fjmrh. um að hann verði viðstaddur umræðuna.)

Ég þakka forseta fyrir það. Ég ætla hins vegar að hefja mína framsögu fyrir þessu máli þó fjmrh. sé ekki kominn. Ástæðan er einfaldlega sú að þetta mál hefur verið a.m.k. þrisvar ef ekki fjórum sinnum á dagskrá þingsins og staðið út af á fimmtudegi þegar þingfundum hefur verið lokið og ég vil ekki bíða öllu lengur með mál sem er búið að liggja svo lengi í þinginu.

Frv. fjallar sem sagt um það að við leggjum til að það verði skipuð nefnd til að kanna útlánatöp innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar.

Aðdraganda þessa máls má rekja til sl. vors þegar Alþingi samþykkti lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að veita Landsbankanum tiltekinn stuðning til að bæta eiginfjárstöðu bankans. Í þeirri umræðu vaknaði m.a. sú spurning hver væri ábyrgð bankastjórnenda á þeirri stöðu sem þá var uppi í bankakerfinu. Lýstum við kvennalistakonur því þá sem okkar skoðun að full ástæða væri til að fara ofan í þau mál og kanna orsakirnar fyrir útlánatöpum bankanna. Með öðrum orðum að skoða útlán bankans á umliðnum árum. Vísuðum við m.a. til þess að sambærilegar kannanir hefðu verið gerðar á öðrum Norðurlöndum. Þá vísaði hæstv. forsrh. þessari hugmynd á bug m.a. á þeim forsendum að bankakreppan hér á landi væri allt annars eðlis en á hinum Norðurlöndunum.

Reyndar eru þessi rök forsrh. ekki nema að litlu leyti rétt enda eru mörg einkenni kreppunnar hér sameiginleg og í raun alþjóðleg, eins og rakið er í grein eftir Ragnar Hafliðason í 1. tölublaði Fjármálatíðinda 1993. Það er t.d. sameiginlegt einkenni að höft á lánamörkuðum hafa smátt og smátt verið afnumin, þó aðallega á níunda áratugnum. Í kjölfarið sigldi mikið framboð á lánsfé og aukin skuldsetning bæði heimila og fyrirtækja. Frá því að auknu frjálsræði var komið á á íslenskum lánamarkaði um miðjan síðasta áratug hafa heildarútlán lánakerfisins aukist jafnt og þétt og á árinu 1993 námu þau 190% af vergri landsframleiðslu en námu 120% árið 1984. Á síðustu tíu árum hafa skuldir atvinnuveganna aukist um 40% að raungildi og skuldir heimilanna tæplega fjórfaldast. Þessi skuldsetning gerðist þrátt fyrir þá staðreynd að aukið frelsi

banka og sparisjóða til að ákveða útlánsvexti árið 1984 leiddi þá þegar til verulegrar hækkunar vaxta. Enn frekari hækkun varð svo þegar vextir voru gefnir frjálsir árið 1987. Það ár hækkuðu vextir verðtryggðra bankalána úr 6% í upphafi árs í 9,5% undir lok ársins og hafa í grófum dráttum haldist þar síðan.

Útlánaaukningin átti m.a. rætur að rekja til kaupa og bygginga á fasteignum, sérstaklega atvinnuhúsnæði, en með niðursveiflunni í efnahagslífinu hefur fasteignaverð á atvinnuhúsnæði lækkað verulega og sums staðar er það verðlítið eða verðlaust. Bæði í Svíþjóð og Finnlandi hefur þetta átt stóran þátt í tapi bankanna og mér segir svo hugur um að þær séu ekki ófáar fasteignirnar sem bankarnir hér á landi sitja uppi með og geti ekki gert sér neinn pening úr.

Í Noregi telja menn að hluta af skýringunni sé að leita í skorti á virku bankaeftirliti. Hefur norska bankaeftirlitið verið gagnrýnt fyrir að vara ekki fyrr við þeirri þróun sem var undanfari bankakreppunnar. Finnst mér fyllsta ástæða til að athuga hvort svipað er upp á teningnum hér á landi, þ.e. hvort bankaeftirlit Seðlabankans hefði átt að nema og vara fyrr við hættumerkjum og veikleikum í útlánaframkvæmd innlánsstofnana.

Fram til ársins 1990 virðast útlánatöp íslenskra innlánsstofnana hafa verið heldur lítil borið saman við önnur lönd. Síðan hefur sigið verulega á ógæfuhliðina hér á landi og mikil útlánatöp og rekstrarerfiðleikar hafa verið hjá innlánsstofnunum og fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna. Á síðustu fimm árum hafa innlánsstofnanir lagt samtals 18,9 milljarða kr. á afskriftareikning og fjárfestingarlánasjóðir atvinnuveganna 16,3 milljarða kr. Hámarki náði þetta árið 1991 og 1992 en hvort árið um sig lögðu innlánsstofnanir og fjárfestingarlánasjóðir samtals um 9,5 milljarða kr. inn á afskriftareikning. Þá lagði Byggðastofnun og Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina (nú atvinnutryggingardeild Byggðastofnunar) 5,5 milljarða kr. inn á afskriftareikning útlána á árunum 1988–92 en tölur fyrir árið 1993 liggja ekki fyrir. Hæst var framlagið árið 1991 en hjá Byggðastofnun nam það 1 milljarði 930 millj. kr. það ár og hjá atvinnutryggingardeild 1 milljarði 775 millj. kr. Var framlagið m.a. aukið samkvæmt ábendingu Ríkisendurskoðunar sem komst að þeirri niðurstöðu í skýrslu í ágúst 1991 að framlög í afskriftasjóðina hefðu fram til þess tíma ekki verið nógu há og væntanleg útlánatöp vanmetin.

Þegar allt þetta er saman tekið, þ.e. framlög innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða og Byggðastofnunar á afskriftareikning á sl. fimm árum, er um að ræða rúmlega 40 milljarða kr. á síðustu fimm árum sem að stærstum hluta er tapað fé. Skrifað og sagt, 40 milljarðar kr. Í því sambandi má geta þess að þetta eru rúmlega 600 þús. kr. á hverja fjögurra manna fjölskyldu í landinu eða um 150 þús. kr. á ári og munar um minna.

Kostnaðinn af þessum útlánatöpum greiðir fólkið í landinu nú þegar í formi vaxtamunar á inn- og útlánum sem hefur átt sinn þátt í því að halda uppi háum raunvöxtum. Þarf varla að tíunda hér hvaða áhrif heljargreipar hárra vaxta hafa almennt haft á stöðu fyrirtækja og heimila í landinu og þar með þjóðarbúsins í heild sinni.

Kostnaður vegna tapaðra útlána hefur jafnframt verið greiddur með beinum fjárframlögum úr sameiginlegum sjóði allra landsmanna — ríkissjóði. Þannig samþykkti Alþingi síðasta vor lög sem heimiluðu ríkisstjórninni að veita Landsbankanum stuðning, allt að 4,25 milljörðum kr., til að tryggja eiginfjárstöðu bankans. Ríkissjóður lagði bankanum til 2 milljarða kr. sem eigið fé, Seðlabankinn veitti 1,25 milljarða kr. víkjandi lán og Tryggingasjóði viðskiptabanka er heimilt að veita allt að 1 milljarðs kr. lán. Þá hefur tryggingasjóðum banka og sparisjóða verið veitt ríkisábyrgð fyrir 3 milljarða kr. láni og heimilað að veita bönkum og sparisjóðum víkjandi lán í því skyni að styrkja eiginfjárstöðu þeirra. Þá er skemmst að minnast þess að árið 1991 létti ríkissjóður af Byggðastofnun skuldum að fjárhæð 1,2 milljörðum kr. samkvæmt heimild í lánsfjárlögum 1991.

Þá má geta þess að það er sameiginlegt öllum fjárfestingarlánasjóðum atvinnuveganna, ef frá er talinn Verslunarlánasjóður og erlendar skuldir Fiskveiðasjóðs, að ríkissjóður ábyrgist sjálfkrafa skuldbindingar þeirra. Það gildir því sama um þá og viðskiptabankana — fari allt á versta veg verður reikningurinn lagður fram á Alþingi til greiðslu úr ríkissjóði.

Án efa eru ýmsar samverkandi ástæður fyrir miklum útlánatöpum og auðvitað liggur stór hluti vandans í þeirri slæmu stöðu í efnahags- og atvinnumálum sem hér hefur ríkt á undanförnum árum. Það má reyndar geta þess hér að á Norðurlöndunum segja menn að það séu þrjár meginástæður fyrir því hvernig farið hefur í bankamálunum og fyrir bankakreppunni. Svo ég sletti ensku þá segja þeir að það sé „bad luck, bad policy and bad banking". Það er spurning hvort það sama eigi við hér á landi að það séu þessar þrjár samverkandi ástæður, þ.e. óheppni, slæm stjórnmálastefna og slæmur rekstur banka.

Um þetta efni hafa verið skrifaðar fjölmargar greinar í blöð og tímarit og bent á ýmsa orsakavalda. Þá skilaði nefnd sem skipuð var af ríkisstjórninni til að gera úttekt á svokölluðum fortíðarvanda, áfangaskýrslu um fjárhagsvanda Byggðastofnunar, Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina og Hlutafjársjóðs Byggðastofnunar. Að mati flutningsmanna þessa frv. eru þessi skrif og skýrslugerð þó ekki fullnægjandi. Til þess eru vítin að varast þau og þess vegna nauðsynlegt að skoða þessi mál ofan í kjölinn, ekki síst þegar haft er í huga hvað útlánatöpin hafa verið mikil og íþyngjandi fyrir þjóðarbúið. Er tæplega hægt að láta hjá líða að rannsaka hvort þessi útlánatöp megi að einhverju leyti rekja til þess að um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða milli lánveitenda annars vegar og helstu skuldunauta þeirra hins vegar. Má í því sambandi geta þess að sambærilegar rannsóknir hafa verið gerðar bæði í Svíþjóð og Noregi í kjölfar bankakreppunnar þar.

Í Svíþjóð hafa bæði uppsagnir og málaferli gegn stjórnendum bankanna siglt í kjölfarið. Í fréttum Rík-

isútvarpsins þann 30. des. sl. var t.d. sagt frá því að átta fyrrverandi stjórnendum sænska Götabanken hefði verið stefnt fyrir rétt fyrir afglöp í starfi. Er krafist jafnvirðis tæpra 3 milljarða íslenskra kr. í skaðabætur fyrir töpuð útlán sem þeir eru taldir bera ábyrgð á. Í sömu frétt var sagt frá því að fimm stjórnendur Nordbanken hafi fallist á að greiða sænska ríkinu samtals um 140 millj. íslenskra kr. í skaðabætur fyrir afglöp í starfi. Viðurkenna þeir að bera ábyrgð á milljarða kr. tapi Nordbanken með ábyrgðarlausri lánapólitík og slöku eftirliti með skuldunautum.

Í umræðum um útlánatöp hér á landi hafa einstakir ráðherrar, þingmenn og reyndar skýrsluhöfundar látið að því liggja að innlánsstofnanir, fjárfestingarlánasjóðir og Byggðastofnun hafi sýnt gáleysi í útlánum og í mörgum tilfellum veitt lán vegna þrýstings frá stjórnvöldum. Slíkar ásakanir eru mjög alvarlegar en um leið algerlega óábyrgar ef rétt stjórnvöld láta þær sem vind um eyru þjóta. Flutningsmenn frv. vilja ekki una því og leggja því til að þessi þáttur málsins verði skoðaður sérstaklega.

Þrjú nýleg dæmi eru um slíkar ásakanir. Í fyrsta lagi kom fram nokkuð afdráttarlaus gagnrýni á pólitísk afskipti stjórnvalda í skýrslu nefndar um fortíðarvanda ríkissjóðs sem út kom í desember 1991. Þar segir, m.a. um Framkvæmdasjóð Íslands, sem þá var enn starfandi:

„Nefndin telur að afskipti stjórnvalda af útlánum sjóðsins hafi leitt til þess að afkoma hans varð verri en ella hefði orðið. Stjórnvöld geta ekki vikist undan ábyrgð af afskiptum sínum og þrýstingi á stjórn sjóðsins."

Um Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina og Hlutafjársjóð Byggðastofnunar segir:

„Talið er að hagræðingarhlutverk sjóðanna hafi verið vanrækt af stjórnendum þeirra. Engar hagræðingarkröfur, svo sem um sameiningu og samvinnu fyrirtækja í sjávarútvegi, voru settar sem skilyrði fyrir aðstoð sjóðanna. Ef svo hefði verið gert er það álit nefndarmanna að stórlega hefði mátt draga úr þeirri áhættu sem fylgdi aðgerðum sjóðanna og þar með þeim fjárhagsvanda sem þeir standa frammi fyrir."

Við 1. umr. um fjárlög í vetur gagnrýndi fjmrh. stjórnendur Byggðastofnunar fyrir frjálsleg útlán og sagði þá, með leyfi forseta:

„Mér finnst í fullri alvöru, og ég er ekki að gagnrýna einn eða neinn í því sambandi, að stjórnendur Byggðastofnunar, þar á meðal stjórnarmenn kjörnir af Alþingi, skuldi hinu háa Alþingi nokkrar skýringar á gerðum sínum."

Þetta sagði fjmrh. Og hann hélt áfram:

„Ég hygg að almenningur taki eftir því þegar þarf að afskrifa kannski hjá einu fyrirtæki hálfan milljarð. Ég er hræddur um að það hefði eitthvað sungið í ýmsum ef ríkisstjórnin hefði átt í hlut."

(**JSG:** Þetta var fyrir aðgerðir á Vestfjörðum.) Þetta var fyrir aðgerðir á Vestfjörðum, það er rétt. Það kann að kveða við annan tón hjá hæstv. fjmrh. núna en við getum ekki spurt hann þar sem hann er ekki staddur hér. En hann segir áfram:

„Ég ætla því ekki að gagnrýna neinn en menn verða að átta sig á að það er búið að moka miklum fjármunum inn í Byggðastofnun. Og mér finnst nú að þeir sem þar hafi stjórnað hafi verið býsna duglegir við að moka þeim síðan út og því miður hafa heimtur í mörgum tilvikum ekki verið góðar."

Þetta sagði hæstv. fjmrh. í umræðum um fjárlög í vetur.

Hv. 1. þm. Vestf. og stjórnarformaður Byggðastofnunar brást ókvæða við þessu og sagði í viðtali við fréttastofu sjónvarps að þarna væri um „...getsakir og rugl að ræða í fjmrh." Þá sagði hann að fjmrh. væri „...nær að líta sér eitthvað nær í fjmrn. sjálfu", eins og formaðurinn sagði. „En Ábyrgðarsjóður fiskeldis væri líklega dýrasta lánastofnun sem til væri í veröldinni. Þar væri fjármagnskostnaður á milli 27 og 30%." Þarna gengu sem sagt ásakanirnar á víxl.

Í þriðja lagi er svo skemmst að minnast hnútukasts á milli hæstv. viðskrh. og sjútvrh. í fjölmiðlum í vetur í framhaldi af gagnrýni sjútvrh. á bankana á aðalfundi Sambands fiskvinnslustöðva. Sagði sjútvrh. að lélegur rekstur þeirra, ónóg hagræðing og gáleysisleg útlán hefðu leitt til mikilla útlánatapa og hárra raunvaxta.

Þetta eitt er út af fyrir sig alvarleg ásökun á stjórnendur bankanna og full ástæða til að taka hana alvarlega þegar í hlut á ráðherra í ríkisstjórninni.

Hæstv. viðskrh., sem er ráðherra bankamála, brást við þessu með eftirfarandi hætti í Morgunblaðinu þann 27. sept. sl. Með leyfi forseta vitna ég í Morgunblaðið:

„Sighvatur Björgvinsson viðskiptaráðherra sagði við Morgunblaðið að það mætti til sanns vegar færa að bankar þyrftu að hagræða meira í rekstri, hefðu verið of djarfir í lánveitingum og skapað sér erfiðleika af þeim sökum. En hinn ágæti sjávarútvegsráðherra gleymir því að meiri hlutinn af þessum lánum hefur farið til fyrirtækja í sjávarútvegi, í mörgum tilvikum fyrir beinan eða óbeinan þrýsting frá stjórnvöldum, m.a. honum sjálfum." Þar er hann að vitna beint í persónu sjútvrh. að það hefði verið beinn og óbeinn þrýstingur frá honum að veita lán sem síðan hefðu tapast. Þarna gengu sem sagt ásakanirnar líka á víxl á milli þessara tveggja ráðherra. Með þessum hætti hafa stjórnmálamenn vísað ábyrgðinni hver á annan á undanförnum missirum og látið þar við sitja. Enginn hefur í raun axlað hana og ekkert hefur verið gert til að komast til botns í því hvar og hjá hverjum ábyrgðin liggur.

Eins og fyrr sagði vilja flm. ekki una þessu lengur og leggja því til að sett verði á fót fimm manna nefnd til að kanna útlánatöp helstu innlánsstofnana, fjárfestingarlánasjóða atvinnuveganna og Byggðastofnunar á undanförnum árum. Nefndin kanni bæði viðskiptalega og pólitíska þætti málsins, þar á meðal hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða. Í frv. er það lagt í hendur nefndarinnar að ákveða hversu langt árabil hún skoðar og hún metur þar af leiðandi sjálf lengd þess tímabils sem mestu skiptir í þessu sambandi.

Gert er ráð fyrir að nefndin hraði störfum og skili

skýrslu um málið til viðskrh. sem gerir Alþingi grein fyrir niðurstöðu nefndarinnar.

Um ástæður þess að hér er valin sú leið að flytja frv. til laga um skipun slíkrar rannsóknarnefndar er það að segja að flutningsmenn töldu mjög mikilvægt að nefndin ætti sér stoð í lögum. Þær tillögur sem hingað til hafa verið fluttar á Alþingi um skipan rannsóknarnefnda hafa flestar stuðst við 39. gr. stjórnarskrárinnar, en þar er að finna heimild til Alþingis til að skipa þingnefndir til að rannsaka mikilvæg mál sem almenning varða. Flutningsmenn tillögunnar vildu ekki fara þá leið, enda mætti þá segja að þingmenn væru farnir að rannsaka sjálfa sig. Í því sambandi má benda á að bankaráðin hljóti að koma til sérstakrar skoðunar auk þess sem lagt er til í 3. gr. frv. að nefndin kanni sérstaklega hvort stjórnvöld eða aðrir aðilar hafi í einhverjum tilvikum beitt óeðlilegum pólitískum þrýstingi eða hagsmunatengslum til að greiða fyrir lánveitingum.

Það var því ákveðið að fara sömu leið í þessu máli og gert var í svokölluðu Hafskipsmáli, en þá voru samþykkt lög á Alþingi um skipun nefndar til að kanna viðskipti Útvegsbanka Íslands og Hafskips hf. Þeirri vinnu lauk með skýrslu til viðskrh. í nóvember 1986 en niðurstöður hennar voru í stuttu máli þær að lánafyrirgreiðslan við Hafskip hafi hvorki verið í eðlilegu samræmi við starfsemi í þágu fyrirtækisins né eiginfjárstöðu þess og tryggingu fyrir skuldum hafi verið mjög ábótavant. Þá var lánafyrirgreiðslan heldur ekki talin í eðlilegu samræmi við eiginfjárstöðu Útvegsbankans. Var miklum aðgæsluskorti af hálfu Útvegsbankans m.a. kennt um hversu viðskiptin fóru öll úr skorðum.

Þó að fyrirmyndin að nefndarskipaninni sé sótt í Hafskipsmálið er ekki þar með verið að leggja tap Útvegsbankans á sínum tíma og útlánatöpin núna að jöfnu. Þá var um eitt afmarkað mál að ræða, gjaldþrot eins tiltekins fyrirtækis, en nú er um víðtækt ástand að ræða og gjaldþrot fjölmargra fyrirtækja. Eftir stendur að ýmislegt bendir til að forráðamenn innlánsstofnana og fjárfestingarlánasjóða hafi ekki sýnt þá aðgát í meðferð fjármuna sem þeim ber og sem eigendur fjármunanna, almenningur í landinu, á kröfu á.

Um einstakar greinar frv. er það að segja að í 1. gr. er lagt til að viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands tilnefni einn mann, en Ríkisendurskoðun og Hæstiréttur Íslands tvo menn hvor í nefndina. Annar fulltrúi Hæstaréttar verði jafnframt formaður nefndarinnar. Með helstu innlánsstofnunum er átt við alla viðskiptabankana og stærstu sparisjóðina, svo sem Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóð Hafnarfjarðar, Kópavogs, Keflavíkur og Sparisjóð Mýrasýslu. Rannsókn nær með öðrum orðum ekki bara til ríkisbankanna heldur líka til hlutafélagabanka og sparisjóða.

Nú kann vel að vera að einhverjum þyki óeðlilegt að ríkið sé að hlutast til um rekstur einkafyrirtækja, svo sem hlutafélagabanka, en þá er þess að gæta að lög um viðskiptabanka og bankaeftirlit horfa eins við viðskiptamönnum allra banka. Þá vil ég benda á grein Ragnars Hafliðasonar í Fjármálatíðindum sem ég gat um áðan, en þar segir hann, með leyfi forseta:

„Almennt er viðurkennt að opinber stjórnvöld séu ábyrg fyrir því að fjármálakerfið starfi á eðlilegan hátt. Seðlabanki hvers lands er ábyrgur fyrir því að styðja við banka sem lenda í lausafjárerfiðleikum og er þannig „lánveitandi til þrautavara" (lender of last resort). Þegar um eiginfjárvandamál er að ræða er talið að ríkisvaldið sé ábyrgt fyrir því að mikilvægustu hlutar fjármálakerfisins starfi eðlilega þar sem gjaldþrot t.d. stórs banka gæti haft keðjuverkun í för með sér, bæði innan efnahagskerfis landsins og gagnvart erlendum viðsemjendum. Þess vegna er ekki undarlegt að ríkisstjórnir þeirra þriggja landa sem hér um ræðir" — þar er hann að vísa í Noreg, Svíþjóð og Finnland — „hafi gripið til víðtækra ráðstafana til að verja fjármálakerfið hruni í þeirri bankakreppu sem þar hefur riðið yfir."

Í 1. gr. frv. eru jafnframt sett skilyrði um hæfi sem nefndarmenn þurfa að fullnægja til að geta tekið sæti í nefndinni og mega þeir ekki vera verulega fjárhagslega tengdir þeim félögum, sjóðum og stofnunum sem lögin ná til. Það er svo viðskrh. að meta hvenær menn eru verulega fjárhagslega tengdir þeim aðilum sem lögin ná til. Þarna er verið að tala um verulega en auðvitað er ekki hægt að setja absalút kröfu um að þeir séu ekki fjárhagslega tengdir þessum stofnunum vegna þess að við vitum að flestir eiga ávísanahefti eða bankabækur og eru með þeim hætti fjárhagslega tengdir bönkunum en það eru svo óverulegir hagsmunir sem í því felast að það kemur ekki að sök.

Í 2. gr. er hlutverk nefndarinnar afmarkað. Það er að kanna hvort um óeðlilega viðskiptahætti hafi verið að ræða í viðskiptum þeirra lánveitenda sem lögin taka til við helstu skuldunauta sem ekki hafa getað staðið í skilum með lán sín. Þá verði, eins og fyrr var sagt, jafnframt skoðað hvort töpuð útlán megi í einhverjum tilvikum rekja til þess að beitt hafi verið óeðlilegum pólitískum þrýstingi eða hagsmunatengslum til að greiða fyrir útlánum. Í hlutverki nefndarinnar felst að henni beri jafnframt að leggja mat á þau atriði sem undir verksvið hennar falla.

Í 3. gr. eru heimildir nefndarinnar afmarkaðar og jafnframt kveðið á um að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli veita nefndinni aðstoð við upplýsingaöflun eftir því sem þörf er á. Þagnarskylda nefndarmanna tekur til þeirra upplýsinga sem þeir komast yfir við störf sín og ekki eru settar inn í skýrsluna — sem yrði þá skilað til ráðherra — en gildir eðli máls samkvæmt ekki gagnvart þeirri skýrslu sem nefndin skilar til viðskrh.

Aðrar greinar frv. þarfnast ekki skýringar.

Að lokum, virðulegi forseti, legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og til skoðunar í hv. allshn.

[15:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Hér er hreyft nokkuð stóru máli og vekur kannski athygli að ekki fleiri þingmenn skuli vera viðstaddir og sjá ástæðu til þess að taka þátt í umræðu um það. Ég mun ekki fara hér ofan í einstakar

greinar frv. en ræða miklu frekar almennt um stöðuna á íslenskum peningamarkaði og við hvaða aðstæður við búum þar.

Hv. 1. flm. ræddi það hvort við kynnum að vera á leið inn í sömu bankakreppuna eins og hefur gengið yfir á hinum Norðurlöndunum. Nú hlýt ég að vona að svo sé ekki, að við tökum ekki dýfuna eins djúpt og þar var gert þó að vissulega séu ýmis einkenni hér svipaðs eðlis. Einmitt þessi þáttur í stjórn efnahagsmála, þ.e. peningakerfið og hvernig það vinnur með eða móti atvinnulífinu eftir atvikum, hefur að mínu mati orðið út undan í þeim breytingum sem hér hafa orðið á síðustu árum. Frá því 1989, og nú geri ég engan greinarmun á ríkisstjórnum, höfum við verið að ná ákveðnum tökum á vissum þáttum í efnahagslífinu, á verðlagsþróuninni en peningakerfið hefur orðið út undan með þeim afleiðingum sem við stöndum frammi fyrir núna.

Ég er þeirrar skoðunar að ein höfuðástæðan fyrir því hvernig ástatt er hjá okkur í dag sé sú að allt of hátt hlutfall af fjármagni í rekstri hér á landi sé lánsfé. Hlutföllin á því fjármagni sem fyrirtækin þurfa til að geta byggt sig upp og rekið sig eru einfaldlega snarvitlaus. Eigið fé er allt of lítið og í öðru lagi er skiptingin á lánsfénu þannig að maður sér í efnahagsreikningum nokkuð stórra fyrirtækja að meiri hluti lánsfjárins eru skammtímalán sem menn verða að velta á undan sér í það minnsta einu sinni á hverju ári með tilheyrandi kostnaði sem þýðir að hér á landi borga fyrirtæki miklu hærri vexti en í okkar nágrannalöndum einfaldlega út af því hvernig lánamarkaðurinn hér er samsettur.

Þetta er þeim mun alvarlegra í okkar atvinnulífi þar sem við þurfum að takast á við markaðssveiflur eins og atvinnulíf alls staðar í iðnaðarlöndunum í kringum okkur sem okkur er með réttu eða röngu svo tamt að bera okkur saman við, en til viðbótar tekur efnahagslíf okkar náttúrulegar sveiflur beint inn á sig. Þar á ég við sveiflurnar í sjávarútveginum sem eru tengdar ástandinu í hafinu og fiskigengd. Við þær aðstæður þyrfti miklu hærra hlutfall af fjármagni fyrirtækja að vera í formi eigin fjár, hlutafjár eða annars eigin fjár sem gæti tekið á sig þessar sveiflur og menn beðið með ávöxtun þess þar til betur áraði.

Við þessar aðstæður hafa menn verið að glíma á síðustu árum og út frá því eflaust oft á tíðum tekið ákvarðanir í stjórn peningastofnana sem orka vissulega tvímælis.

Hv. flm. nefndi, ef ég tók rétt eftir, að 40 milljarðar væru tapað fé sem búið væri að leggja til hliðar í afskriftir og væri áætlað að þyrfti að leggja til hliðar í afskriftir á næstunni. Það er alveg rétt. Þessir 40 milljarðar eru til bókfærðir en þá varpa ég fram spurningu: Voru þessir fjármunir einhvern tíma til? Ég held ekki. Þessir 40 milljarðar eru að stórum hluta til komnir á þann hátt að gerð hefur verið krafa um ávöxtun fjármagns sem alls ekki er raunhæf. Það var engin verðmætasköpun á þessum árum í þjóðfélaginu til að standa undir þessum 40 milljörðum og við erum einfaldlega að fá það í höfuðið núna. Það er svo aftur annað mál að lántakendur sem hafa staðið í skilum hafa verið rukkaðir fyrir þessa milljarða, þó svo, eins og ég sagði áðan, að engin verðmætasköpun hafi staðið á bak við þá. Það er ekkert mikið þó að eitthvað fari úr skorðum við þessar aðstæður.

Í nágrannalöndum okkar virðast menn almennt vera að komast að þeirri niðurstöðu að raunávöxtun fjármagns geti aldrei orðið meiri en sem nemur vexti þjóðartekna. Ef menn ætla að fara að taka meira, þá eru menn einfaldlega að ganga á höfuðstólinn í atvinnulífinu og það hefnir sín fyrr eða síðar og það er einmitt að gerast hjá okkur núna. Með óhóflegri vaxtatöku síðustu árin höfum við verið að ganga á höfuðstól atvinnulífsins og það er það sem við stöndum frammi fyrir núna. Það er sá vandi sem öðru fremur hrjáir íslenskt atvinnulíf í dag.

Það er svo annað mál, og það er angi af því sem hefur komið illa við bankastofnanir í nágrannalöndum okkar, að hér hefur trúin á steinsteypuna oft og tíðum verið nánast ótrúleg og forsvarsmenn bankastofnana og fjármálastofnana hafa talið að það væri allt í lagi bara ef hægt væri að setja steinsteypu að veði. Þetta er að mínu mati mikill misskilningur því að steinsteypa í sjálfu sér skilar engum arði nema innan þeirra steyptu veggja sé framleiðsla eða atvinnustarfsemi sem skili arði og geti fleygt okkur fram á við.

Það er svo sérkapítuli í þessu öllu saman sá Vestfjarðaþáttur sem nú er í gangi af hálfu ríkisstjórnarinnar. Það litla sem í það minnsta við stjórnarandstæðingar höfum séð af þeim aðgerðum þá er þar um að ræða aðgerðir sem eru sértækari en allt sem sértækt er nema, eins og einhver sagði, að í ákveðnum landshlutum séu menn bara svona miklu almennari en annars staðar og þetta séu þá almennar aðgerðir eftir allt saman. En að öllu gríni slepptu, þá eigum við eftir að sjá framan í þær aðgerðir og væntanlega er það ástæðan fyrir því að hæstv. fjmrh. sér sér ekki fært að fylgjast með umræðunni að hann sé semja um það lagafrv. með hæstv. utanrrh. Verður afar fróðlegt að sjá þann gjörning þegar hann kemur fyrir augu okkar alþingismanna í þingsalinn. Mér býður í grun að það verði ansi lítið úr stóru orðunum um sértækar aðgerðir fyrri ríkisstjórna sem aldrei eigi að grípa til aftur þegar við sjáum þær tillögur á okkar borðum. Mér sýnist að þarna séu menn að ganga inn í þá sjálfsblekkingu í sjávarútvegi að með því að taka hundruð milljóna, eða ef þetta er útfært á allt landið milljarða, og setja inn í verst stöddu fyrirtækin og þá geti þar eftir allir unað glaðir við sitt og það verði allt saman í lagi og menn horfi fram hjá grundvallarþáttum eins og þeim að það sem við er að etja er fyrst og fremst samdráttur í veiðiheimildum, samdráttur í þorskafla sem við getum dregið á land. Og að við horfumst í öðru lagi, eins og ég sagði hér áðan, við þá milljarða sem búið er að setja í afskriftasjóði en aldrei var nein innstæða fyrir og við öfluðum aldrei, því miður.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa hér fleiri orð í þessu máli, en ég get út af fyrir sig tekið undir að það er ástæða til að könnun sem þessi fari í gang. En ég hef leitt að því nokkur rök að afar margir þættir

standa þarna á bak við og hafa leitt af sér þá stöðu sem við stöndum frammi fyrir í dag. Hins vegar finnst mér verst að það sem er að gerast núna og þær aðgerðir sem ríkisstjórnin er að grípa til núna, sem virðast eiga að vera mjög sértækar, segja mér að menn hafa engan lærdóm dregið af göngu síðustu ára ef menn trúa því í dag að vanda atvinnulífsins sé hægt að leysa með víkjandi lánum. Það vantar ekki meira lánsfé inn í íslenskt atvinnulíf í dag. Það vantar leiðir til þess að gera atvinnulífinu bærilegt að standa undir því lánsfé sem það hefur í dag og vísa mönnum leiðina út úr þeim ógöngum.

[15:51]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé töluverð þörf á því að frv. sem þetta sem nú er rætt komi fram. Við það hef ég ekki aðrar athugasemdir að gera en að mér finnst óljóst til hversu margra ára sú könnun sem hér er farið fram á á að taka og vil þess vegna benda hv. þm. á að um það eru nokkrar upplýsingar sem komið hafa fram í þinginu og aðrir þingmenn hafa fengið svör við ýmsum spurningum um hvernig þessi töpuðu útlán hafa vaxið. Í greinargerð hv. 10. þm. Reykv. segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fram til ársins 1990 virðast útlánatöp íslenskra lánastofnana hafa verið heldur lítil borið saman við önnur lönd (sjá töflu 1 í fylgiskjali)." En á þskj. 24 lagði ég fram í október í vetur fsp. sem hljóðaði svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Hvert var tjón ríkissjóðs, ríkisbanka og sjóða í eigu hins opinbera vegna gjaldþrota á árunum 1990, 1991 og 1992?"

Ég fékk svar við þessu eftir margra mánaða bið. Það liggur því fyrir að það eru fyrst og fremst þessi ár frá 1990 sem ástæða er til að skoða verulega þó að vissulega mætti fara lengra aftur í tímann. Ég held að það sé næstum ógerlegt og af nógu að taka síðan. Í svari hæstv. fjmrh. við fsp. minni segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Upplýsingar um afskriftir opinberra gjalda er að finna í tekjubókhaldi ríkisins. Sundurliðun þeirra er þó háð nokkrum takmörkunum. Það var ekki fyrr en á síðasta ári að innheimtumenn hófu með skipulögðum hætti að greina kröfurnar eftir tilefni taps. Fram til þess tíma liggja ekki fyrir handhægar upplýsingar um tapaðar kröfur ríkissjóðs vegna gjaldþrota sérstaklega. Þá er ekki mögulegt að flokka afskriftirnar eftir fyrirtækjum eða eftir gjaldþroti nema yfirfara bókhald hvers innheimtumanns og greina það sundur. Slík athugun yrði dýr í framkvæmd og tafsöm."

Það er reyndar afar sérkennilegt að sjá texta eins og þennan í svari frá sjálfum hæstv. fjmrh.

Nú er mér ljóst að töp þurfa ekki endilega að vera bundin gjaldþrotum en gríðarlegt fé hefur tapast vegna þeirra. Og sem dæmi um það leyfi ég mér að nefna, af því að ekki hefur farið fram umræða um þetta svar, að hér er um að ræða heildartap vegna gjaldþrota eingöngu hjá ríkisbönkum og opinberum sjóðum um 14 milljarða þessi þrjú ár. Þetta er auðvitað alveg óhugnanlegt. Þetta er hærri upphæð en fjárlagahallinn. Með leyfi hæstv. forseta vil ég upplýsa að beinn kostnaður ríkissjóðs af gjaldþrotum er árið 1990: Ríkisábyrgð á launum vegna gjaldþrota 195 millj., árið 1991 490 millj. og 1992 137 millj. Ábyrgðasjóður launa í gjaldþrotum er eðlilega enginn 1990 og 1991 en 360 millj. árið 1992. Kostnaður innheimtumanna er árið 1992 46 millj. eða samtals árin 1990, 1991 og 1992 195 millj., 490 millj. og 543 millj. Síðan kemur skipting afskrifaðra og tapaðra útlána vegna gjaldþrota og þá fara tölurnar að hækka. Þar er hægt að sjá sundurliðað að þar er um að ræða landbúnað og loðdýrarækt, fiskeldi, sjávarútveg, iðnað og verktaka, þjónustu og samgöngur, annað og óskylt eins og það heitir. Þar er samtalan árið 1990 1 milljarður 484 millj., 1991 3 milljarðar 444 millj. og 1992 3 milljarðar 944 millj. Þetta er alveg skelfilegt á að horfa. Síðan segir hæstv. fjmrh. í niðurstöðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Af upplýsingum hér að framan má ætla tjón ríkissjóðs, ríkisbanka og sjóða í eigu hins opinbera vegna gjaldþrota hafi numið rúmlega 2 milljörðum kr. árið 1990, allt að 5,5 milljörðum kr. árið 1991 og allt að 7 milljörðum kr. árið 1992." Síðan segir: „Áhersla er lögð á að óvarlegt er að draga sterkar ályktanir af þessum niðurstöðum þar sem talnagrunnurinn er veikur og um er að ræða endanlega afskrifaðar kröfur vegna gjaldþrota sem áttu sér stað allöngu áður."

Þetta er aðeins gjaldþrotahlutinn. Þegar menn spyrja sig í forundran: Hvernig má þetta vera? hver ber ábyrgð? þá er svarið eiginlega ekkert. Það kemur fram í upplýsingum frá hæstv. fjmrh. að yfirgnæfandi hæstar tölur vegna gjaldþrota eru í fiskeldi. Það kemur líka á óvart að landbúnaður og loðdýrarækt er mjög lítill hluti. Hér á hinu háa Alþingi er gjarnan talað eins og um sambærilega hluti sé að ræða. Því fer fjarri. Sjávarútvegurinn er ekki hálfdrættingur á við fiskeldið. Hins vegar kemur á óvart að iðnaður og verktakar eru heilar 980 millj. árið 1992 í töpum vegna gjaldþrota. Það má því ýmislegt út úr þessum upplýsingum lesa og ég vil mælast til að nefnd sú sem frv. gerir ráð fyrir, ef hún verður að veruleika, styðjist við þær upplýsingar sem þó liggja fyrir.

Hitt er annað mál að staðreyndin er sú og það þekkjum við í hv. fjárln. að upplýsingar af þessu tagi eru ekkert aðgengilegar. Um það hefur þess vegna staðið stríð að fá ríkisreikning þannig útbúinn að hann sé samlæsilegur við fjárlögin og skýrslur opinberra sjóða en því fer fjarri að svo sé. Mín skoðun er sú að hér hafi oft á tíðum verið um misbeitingu valds að ræða og alls kyns hagsmunagæslu.

Þá erum við komin að allt öðru sem er þó nátengt þessu og það er að auðvitað er það fjarri öllu lagi að hv. alþm. sitji í stjórnum opinberra sjóða og bankaráðum. Þar eiga þingmenn ekki að vera. Það er alveg ljóst að það er alltaf pressa á hv. alþm. sem sitja í slíkum stjórnum að útvega peninga, eins og það heitir, heim í kjördæmin, til alls kyns þrýstihópa og það er áreiðanlegt að fæstir hv. alþm. standast þá raun. Þess vegna held ég að það þyrfti að gera miklu meira en þetta frv. gerir ráð fyrir og er ekki hægt að ætlast til að það rúmist allt í því. En ef um einhverja tiltekt ætti að vera

að ræða í því litla samfélagi sem við búum í, þá þyrfti að taka á öllu peningakerfi þjóðarinnar eins og það leggur sig því að meðferðin á fjármunum á Íslandi er með hreinum ólíkindum.

Það er nefnilega, hæstv. forseti, engin kreppa á Íslandi. Það er bara þvættingur. Menn moka gullinu upp úr sjónum þessa dagana, meira en þeir geta heim borið og það er ekki að við þénum ekki nóg. Vandamálið er hvernig er með fjármunina farið. Höfuðborgin er gott dæmi um það. Heilu hverfin eru full af galtómu iðnaðar- og skrifstofuhúsnæði og einhverjum skrauthöllum sem byggðar hafa með verið meira og minna fyrir opinbert fé og enginn hefur minnstu þörf fyrir.

En það er erfitt að komast að þessum hlutum og ég hygg að þessi nefnd sem yrði skipuð ef svo ólíklega vildi til að þetta frv. næði fram að ganga, sem ég er ekki tilbúin til að vera bjartsýn á, yrði ekki of sæl af því að komast í bækur þessara ágætu fyrirtækja. Því svo undarlegt sem það má vera, þá þekkjum við mörg dæmi um að það er hellt milljónum hvort sem er til landsfjórðunga, einstakra byggðarlaga eða eintaklinga án þess að svo sem mikið biðja um að fá að sjá bókhaldið þannig að menn hafa ekki nokkra einustu tryggingu fyrir því að þessir peningar verði notaðir í það sem þeir áttu að notast í. Upplýsingar hafa komið fram í blöðum um að opinbert fé upp á hundruð milljóna hafi runnið beint í hlutafjárkaup, hvort sem er í Eimskipafélagi Íslands, Olís eða einhverju ábatavænlegra en fiskvinnsla og útgerð virðist vera orðin og skal nú enginn segja mér það nokkru sinni að sú iðja sé hætt að borga sig.

En víst er það að þetta frv. er tilraun til þess að ná einhvers staðar utan um það sukk sem á sér stað í fjármálum þjóðarinnar sem með hverjum mánuði færast á æ færri hendur. Og vil ég nú minna á af því að hér situr að venju hv. 4. þm. Reykv., Eyjólfur Konráð Jónsson, að ég man ekki betur en það sé aðeins ár síðan að við leyfðum okkur að halda því fram hér að sala á Skipaútgerð ríkisins yrði fljót að renna í hendur þeirra sem peningana hefðu. Nú blasir við okkur í dagblöðum landsins að Samskip skuldar hálfan milljarð en afkoma Eimskipafélags Íslands er með afbrigðum góð og græða þeir nú að sama skapi, enda þegar búnir að taka yfir mikinn hluta þeirra verkefna sem Samskip, hið nýja fyrirtæki, átti að hafa. Svo geta menn sett spurningarmerki við það hver gætir hagsmuna hverra í íslensku athafnalífi. Ég vildi að ég gæti sagt það hér að Alþingi gæti hvítskúrað sig af þeirri hagsmunagæslu. Ég er hrædd um að svo sé ekki og er langt í frá.

Ég þakka þess vegna þeim hv. þm. Kvennalistans fyrir að hafa lagt frv. fram. Ég minni á þær upplýsingar sem þó liggja fyrir á þskj. 493, sem er svar við 24. máli þingsins. Það tók nú tímann sinn að berja það saman með afsökunum um að það sé þó ófullkomið en það liggja þó fyrir upplýsingar um litla 14 milljarða sem íslenskt alþýðufólk er búið að þræla fyrir og er svo tapað vegna gjaldþrota. Sú þjóð sem hefur efni á þessu býr ekki við neina sérstaka kreppu. Það segir sig sjálft að peningar hverfa ekki, 14 milljarðarnir eru þar sem þeir voru fluttir. Þeir eru ekkert horfnir.

Ég skal svo ekki hafa þessi orð fleiri, frú forseti, en ég mun gera það sem ég get til að þetta frv. nái fram að ganga.

Útbýting þingskjals:
Hafnalög, 193. mál, brtt. samgn., þskj. 695.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Forseti vill geta þess að til að þessi brtt. megi koma á dagskrá þarf að veita afbrigði og mun forseti leita eftir afbrigðum að lokinni þeirri umræðu sem nú fer fram.

[16:04]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):
Virðulegur forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa lagt hér orð í belg í þessari umræðu um frv. sem var einmitt flutt til þess að reyna að skapa ákveðið aðhald að innlánsstofnunum og fjárfestingarlánasjóðum og töldu flutningsmenn þess enga ástæðu til annars en reyna að láta rannsaka þessa hluti hér á landi rétt eins og í löndunum í kringum okkur. Eins og ég sagði í minni framsögu að þó að það séu sértækar ástæður í hverju landi sem skapa vanda, þá eru mjög mörg sameiginleg einkenni á þeirri bankakreppu sem hefur nú verið ríkjandi um alllangt skeið á Norðurlöndunum og hér á landi. En ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, og hv. 14. þm. Reykv., Guðrúnu Helgadóttur, fyrir sitt innlegg í þetta mál sem var að mínu mati mjög gott.

Það komu fram hjá hv. þm. Jóhannesi Geir efasemdir um að þessir 40 milljarðar kr., sem hafi verið lagðir á afskriftareikning hjá sjóðum og bönkum á sl. 5 árum, hafi yfirleitt einhvern tíma verið til. Hann sagði að í rauninni hafi hann efasemdir um að það hafi nokkurn tímann verið verðmætasköpun til að standa undir þessu. Það kann vel að vera rétt að sú verðmætasköpun hafi aldrei átt sér stað, en þá bendir það til vafasamrar lánastefnu hjá sjóðunum og hjá bönkunum ef það hafa aldrei verið nein verðmæti sem bjuggu að baki þessum útlánum sem síðan hefur þurft að afskrifa. Ég lít því á þetta sem rök og innlegg í þá umræðu að ástæða sé til þess að skoða þessa hluti.

Þingmaðurinn benti jafnframt á að þeir sem standa í skilum hafi orðið að greiða þennan reikning. Þetta fé hefur ekkert horfið. Þeir sem standa í skilum og þeir sem borga vexti hafa þurft að greiða þennan reikning og reyndar hafa skattgreiðendur líka þurft að gera það með framlögum sem hafa verið samþykkt hér á Alþingi. Þetta hefur sem sagt sýnt sig í þeim háu vöxtum sem hér hefur verið haldið uppi m.a. vegna útlánatapa. Þá komum við að þeirri víxlverkun sem er í þessum málum. Þ.e. við erum annars vegar með útlánatöp og útlánatöpin gera það að verkum að raunvextir eru háir. Háu raunvextirnir gera það aftur að verkum að það verða útlánatöp vegna þess að einhverjir geta ekki staðið í skilum með þessa háu raunvexti. Þarna er því komin ákveðin skrúfa sem mjög erfitt er að eiga við og þetta er kannski svipað og var með verðbólguna þegar hún geisaði hér. Það er mjög erfitt að breyta þessu ástandi, brjótast inn í það eða

rjúfa það nema með einhvers konar handafli. Það var kannski það sem var gert með verðbólguna þó ég ætli ekki að mæla því bót hvernig það var alltaf gert. Við munum t.d. eftir leiftursókninni, sem ég vil kalla svo, 1983 þegar kjörin voru rýrð um 30% til þess að reyna að ná niður verðbólgu, og svo aftur í þjóðarsáttinni, þá var í rauninni gripið til ákveðinna handaflsaðgerða til þess að ná verðbólgunni niður. Ég held að það sé mjög erfitt að brjótast inn í þessa víxlverkun á milli útlánatapa og vaxta sem við er að glíma í þjóðfélaginu.

Þingmaðurinn vék líka að aðgerðum á Vestfjörðum sem hefur verið fjallað nokkuð um að undanförnu. Nú er allt í einu orðið réttlætanlegt að grípa til sértækra aðgerða á Vestfjörðum og greiða þangað 300 millj. kr. til ákveðinna fyrirtækja sem standa höllum fæti. Þær aðgerðir hafa verið útskýrðar af hæstv. fjmrh. með samdrætti í þorskafla og það standi til bóta, menn gefi sér það að þorskafli aukist og þess vegna muni þessar aðgerðir væntanlega skila sér í framtíðinni. En auðvitað hafa menn alltaf getað útskýrt sértækar aðgerðir með ýmsum hætti og það hafa alltaf verið ákveðin rök fyrir þeim. Hins vegar virtist fjmrh. og ríkisstjórnin vera þeirrar skoðunar, a.m.k. þegar þeir settust inn í Stjórnarráðið, að þær ættu almennt ekki rétt á sér. Ég las áðan upp úr ræðu sem hæstv. fjmrh. flutti við fjárlagaumræðuna í vetur þar sem hann taldi að Byggðastofnun hefði verið um of útausandi á fé og ekki gert kröfur á móti. Það er náttúrlega nákvæmlega sama gagnrýni og beinist nú að fjmrh. ásamt ríkisstjórnarflokkunum að litlar kröfur séu gerðar á móti þessum 300 millj. sem talað hefur verið um að leggja til Vestfjarða.

Varðandi útlánatöpin almennt, þó að maður geti kannski gælt við þá von að bankarnir séu komnir yfir erfiðasta hjallann, þá er reyndar mjög fátt sem bendir til þess. Er skemmst að minnast aðalfundar Landsbankans sem var haldinn í síðustu viku þar sem kom fram að á þessu ári, 1994, er reiknað með því að bankinn þurfi að leggja 200 millj. á mánuði inn á afskriftareikning þannig að það er ekkert lát á þessu. Þrátt fyrir að hér hafi verið gripið til aðgerða sem voru kannski ekki stórar í sniðum, þá er ekkert lát á þessum málum. Mér segir svo hugur að sumt af því sem Landsbankinn er núna að afskrifa séu ekkert mjög gömul lán. Það sé jafnvel verið að afskrifa ný lán sem eru að tapast. Menn virðast því ekki enn hafa áttað sig alveg á því að það þurfi að sýna ákveðna varúð.

Auðvitað eru ýmsar ástæður, eins og ég gat um, fyrir þessum útlánatöpum og ekki ætla ég að kveða upp úr um það hvað veldur. En sú skuldaaukning sem verið hefur á undanförnum árum á sinn stóra hlut. Skuldsetning hefur aukist mjög í kjölfar þess að frjálsræði á lánamarkaðnum var aukið, vextir voru gefnir frjálsir og frjálsræði almennt aukið á lánamörkuðum. Það er meginástæðan fyrir erfiðleikunum hér eins og annars staðar að menn virtust ekki alveg getað fótað sig í því frjálsræði sem ríkt hefur a.m.k. sl. áratug á lánamörkuðum og hafi farið of geyst í því að veita fólki lán.

Í því sambandi vil ég benda á athyglisverða samantekt Neytendasamtakanna um fjárhagsvanda heimilanna. Þar sér maður mjög glöggt hvernig útlán hafa farið úr böndunum því þar kemur fram, eins og ég sagði hér áðan, að skuldir heimilanna hafa fjórfaldast. Menn hafa gjarnan viljað tala um að það sé fyrst og fremst í húsnæðismálum og auðvitað er það rétt. Í grein frá Sólrúnu Halldórsdóttur, hagfræðingi hjá Neytendasamtökunum, segir að ef litið er á síðustu sjö árin hafi skuldaaukning heimilanna verið 143,5 milljarðar og lánveiting til húsnæðiskaupa á þessu sama tímabili var 87,4 milljarðar. Þarna erum við því að tala um rúma 50 milljarða sem hafa verið til neyslu en ekki til fjárfestinga í íbúðarhúsnæði og þetta eru ekki síst lánveitingar út úr bönkunum.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir taldi að kannski væri fyrst og fremst ástæða til að skoða frá árinu 1990 og þyrfti kannski ekki að fara mikið aftar. Ég er sammála henni í því að það hljóta öðru fremur að vera þessi ár eftir 1990 þegar útlánatöpin aukast verulega sem komi til skoðunar. Hins vegar getur lánið sem þarf síðan að afskrifa átt sér eldri sögu þannig að nefndin getur þurft að fara talsvert aftar til þess að skoða forsendurnar fyrir lánveitingunni á sínum tíma. Mér fannst ekki ástæða til að sníða henni ákveðinn stakk í því hvaða árabil hún ætti að skoða heldur hefði nefndin ákveðið frjálsræði um það, en ég hygg að hún muni hljóta að verða að fara aftur til ársins 1990 og jafnvel enn aftar til að skoða þessi mál, en mér fannst ekki ástæða til þess að kveða nánar á um þetta.

Ég vil bara þakka þeim sem hér hafa lagt til umræðunnar fyrir þeirra innlegg og vonast til, þó ég viti reyndar að miklar annir séu í allshn., þá geti hún gefið sér tíma til að skoða málið og flýta þessu nokkuð, a.m.k. þannig að það komist út úr þinginu fyrir vorið.

[16:14]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. sagði að það sem mér taldist vera á bak við þá 40 milljarða sem búið er að setja afskriftasjóð, að sú verðmætasköpun hefði aldrei átt sér stað, staðfesti bara að það hefði verið farið óvarlega í útlánum. Nú ætla ekki að leggja mat á það og sjálfsagt hefur verið farið óvarlega í útlán á vissum sviðum og í vissum tilfellum. En hv. þm. svaraði því sem ég ætlaði að svara í ræðu sinni í framhaldi af þessu þegar hún nefndi skrúfuna: háir vextir, útlánatöp og vaxtamunur. Það er náttúrlega það sem hefur skrúfað þetta áfram. Og til að menn átti sig á stærðunum í þessu þá skoðaði ég það í fyrra — ég átti í umræðum við þáv. hæstv. viðskrh. um þetta mál — að ef við gæfum okkur það, sem ég held að allir séu sammála um núna, að ef raunvextir síðustu ár hafi að meðaltali verið þrem prósentustigum hærri en eðlilegt var, og ég held að það sé síst ofáætlað, þá þýðir það á sex ára tímabili 80 milljarða sem færast til þeirra sem eru skráðir fyrir peningunum, helmingi hærri upphæð en þá 40 milljarða sem hv. þm. nefndi að væri búið að setja inn á afskriftareikninga. Þetta segir mér að það sé ekki lánið sem slíkt sem sé vandamálið heldur hitt að það hafi verið á því allt of háir vextir og það hafi í mjög

mörgum tilfellum orðið þess valdandi að lántakandinn gat ekki staðið í skilum, enda sýnir reynsla nágrannaþjóða okkar, bæði Svía og Norðmanna, að eftir að vextir voru lækkaðir þar verulega og vaxtamunur líka versnaði ekki afkoma bankanna heldur batnaði hún. Við eigum bara svo mikið eftir að vinna í þessu máli hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hafnalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 563, brtt. 395, 9, 676, 677, 693 og 695.

[16:16]

Brtt. 695 var of seint fram komin. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EH, EMS, FI, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, KEE, KÁ, MB, PP, PJ, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, VS, ÞBern, ÞurP.

31 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GÁS, IBA, JóhS, JBH, JVK, KHG, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, PS, RA, RG, SAÞ, StH, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddur.

[16:18]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. kom saman meðan hlé var gert á umræðu um frv. til hafnalaga til þess að fjalla um tillögu sem lögð var fram af hálfu hæstv. samgrh. Eftir nokkra athugun varð nefndin sammála um að leggja til að flytja svohljóðandi brtt. sem er á þskj. 695, með leyfi hæstv. forseta:

„4. tölul. 1. mgr. 33. gr. orðist svo: Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki umfram það sem segir í 3. tölul. til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga og vegna hafnarframkvæmda þar sem sveitarfélög eru sameinuð, enda sé um tvær eða fleiri hafnir að ræða í hinu nýja sveitarfélagi."

Með þessum hætti er að dómi nefndarinnar nokkuð skýrar kveðið á í brtt. heldur en var í tillögu hæstv. ráðherra og er ekki ástæða til að hafa um það fleiri orð annað en það að nefndin stendur sem heild að þessari tillögu.

[16:24]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þar sem brtt. samgn. kemur í sama stað niður þá dreg ég til baka brtt. á þskj. 693.

[16:24]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að fagna því að við náðum samkomulagi um meðferð þessarar brtt. sem var lögð fram fyrr í dag og ekki var vel tekið í sjálfu sér. Ég held að sú breyting á orðalagi sem þarna hefur komið fram hafi verið nauðsynleg til þess að skýra nákvæmlega hvað fyrir mönnum vakti. Það var ekki ágreiningur þegar það hafði verið skýrt fyrir nefndarmönnum hvað menn ætluðu sér með þessari tillögu en með breytingu á orðalagi er fyrst og fremst verið að afmarka það nákvæmlega að það sé verið að tala um að veita styrki til þeirra sveitarfélaga sem sameinast vegna þess að þau eru með fleiri en eina höfn og hefðu þess vegna, ef þau hefðu ekki sameinast, átt rétt á því að fá styrki vegna stofnunar hafnasamlaga. Um þetta voru menn út af fyrir sig alveg sammála. Ég tel að það hafi ágætlega til tekist með þessa breytingu.

Mig langar til þess að fara síðan örlítið yfir þær breytingar sem meiri hluti samgn. leggur til við frv. til hafnalaga eins og það lá fyrir eftir 2. umr. Þær eru allar til bóta. Ég get lýst yfir ánægju minni með sumar hverjar af þessum breytingum. Ég vil fara yfir það í stuttu máli en þó gera grein fyrir því að við munum flytja brtt. sem eru á borðum þingmanna og eru á þskj. 676. Á því þskj. eru fimm brtt. sem minni hluti samgn. stendur að og ég ætla að fara yfir það með fáum orðum áður en ég fer yfir brtt. meiri hlutans.

Fyrsta brtt. er við 2. gr. Við leggjum til að orðin „og skipaður til fjögurra ára í senn" í 4. málsl. falli brott og að orðið „Tvo" í upphafi 5. málsl. falli brott.

Þetta hljómar þá svona ef við byrjum á viðeigandi setningu í miðri 2. gr.: „Þrír fulltrúar eru skipaðir af samgrh. og skal einn þeirra vera starfsmaður samgrn. og er hann jafnframt formaður ráðsins. Fulltrúa samgrh. skal skipa að nýju við ráðherraskipti."

Það sem við erum að leggja til er einfaldlega þetta: Hæstv. samgrh. á að hafa rétt til þess að skipa alla þá þrjá aðila sem hann skipar í ráðið þegar hann tekur við embætti sínu. Það er óeðlilegt finnst okkur að hann hafi einungis leyfi til að skipa tvo og að sá ráðherra sem á undan honum sat hafi skipað formann nefndarinnar til lengri tíma eins og þarna er ráð fyrir gert. Við teljum ef að ráðherrann á á annað borð að hafa þennan möguleika að skipta um menn í stjórn þá sé langmikilvægast fyrir hann að hann skipti um formann nefndarinnar og er skrýtið að hafa akkúrat þann mann undanþeginn. Við höldum okkur því við þessa brtt.

Síðan erum við með brtt. við 8. gr. um það að 2. málsl. falli brott og það er kannski eitt af aðaldeilumálunum allan tímann sem hefur verið fjallað um þetta mál og það eru orðin tvö ár. Upphaflega var þetta þannig að það var lagt til að hafnir gætu verið hluthafar í fyrirtækjum og að hafnir gætu líka verið hlutafélög. Þessu hefur verið breytt eins og ýmsu öðru í þessu frv. til batnaðar en enn er inni þetta að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra og skilgreiningin á því í hvers konar fyrirtækjum hafnirnar geti tekið þátt er ákaflega óljós og óskýr. Ég er sannfærður um það að í framtíðinni eiga menn eftir að lenda í vandræðum vegna þessa ákvæðis þegar öflugar hafnir fara að beita sér sem eignaraðilar í fiskmörkuðum eða öðrum fyrirtækjum tengdum sjávarútvegi sem þarna er verið að opna fyrir með þessum hætti. Þetta held ég að menn hefðu átt að skoða svolítið betur. Við leggjum sem sagt til að þessi málsliður sem ég las þarna upp falli brott.

Við 11. gr. erum við líka með brtt. og þær eru í

raun og veru hluti af andstöðu okkar við þetta 25% álag á vörugjöld sem er í frv. Við leggjum til að 6. töluliður 11. gr. falli brott og að síðari málsgrein 11. gr. falli líka brott. 6. liðurinn í fyrri málsliðnum er um þetta sérstaka vörugjald sem ég nefndi áðan og ég fer nánari orðum um það á eftir. En síðari liðurinn hljóðar svo í frv.:

„Nú á annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðisins og skal þá greiða vörugjöld í hafnarsjóð af þeim farmi sem um þá bryggju fer. Eiganda slíkrar bryggju er óheimilt að innheimta til sín vörugjöld af vörum sem fara um bryggjuna nema hafnarstjórn samþykki."

Þarna teljum við að það sé nánast verið að leggja alfarið í vald hafnarstjórnanna hvaða gjaldskrá sé notuð ef annar aðili á bryggju innan hafnarsvæðisins. Við teljum það óeðlilegt og erum með brtt. sem tekur á þessu máli og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Eigi annar aðili en hafnarsjóður bryggju innan hafnarsvæðis skal gera samkomulag milli viðkomandi aðila og hafnarsjóðs um innheimtu gjalda. Skal í því samkomulagi miða við að eigandi mannvirkisins fái eðlilegan hlut gjaldanna til sín miðað við umfang og mat mannvirkja. Náist ekki samkomulag milli aðila skal ráðherra skera úr deilunni."

Þarna erum við að leggja til að aðilar verði jafnsettir og ef ekki næst samkomulag um það hvernig eigi að skipta þessum gjöldum sem tilheyra viðkomandi hafnarmannvirkjum þá skeri ráðherra úr deilunni og þarf út af fyrir sig ekki nánari útskýringar við þetta.

Við leggjum síðan til að við 12. gr. verði sú breyting að 4.–6. mgr. falli brott. Þar er á ferðinni þetta 25% álag á vörugjöld sem við höfum gert ágreining um allan tímann eins og ég sagði áðan og við leggjum hreinlega til að það falli út. Það hefur ekki áhrif á fjárhag Hafnabótasjóðs á þessu ári vegna þess að það eru lög í gildi sem tryggja þá peninga eins og er en auðvitað þurfa menn síðan að taka öðruvísi á þessu máli við fjárlagagerðina í haust.

Þá er einungis ein brtt. eftir og hún er í einfaldleika sínum þannig að við leggjum til að þær breytingar sem gert er ráð fyrir í þessu frv. á 26. gr. laganna verði ekki, þ.e. við leggjum til að ákvæðin um skiptingu þátttöku ríkissjóðs í hafnargerðum verði óbreytt. Það er sú brtt. sem við hér gerum.

Eins og ég sagði áðan eru einnig á ferðinni brtt. í fjórum liðum frá meiri hluta samgn. og ég nefndi það í upphafi máls míns að ég gæti fallist á ýmislegt sem þar stendur og margt væri til bóta. Þar vil ég fyrst segja að þær breytingar sem þarna eru gerðar vegna ferja og flóabáta eru að mínu viti mjög vel útfærðar og eðlilegar og ég tel að þar hafi verið tekið alveg hárrétt á málinu. Mér sýnist að það hafi verið gert og ég tel líka eðlilegt að ferjurnar séu teknar út úr eins og þarna er lagt til, þ.e. að hafnarstjórnirnar geti ákveðið sérgjaldskrá fyrir ferjur og flóabáta í ljósi þess sem hér er gert á undan, þannig að ég tek undir þá breytingu.

Síðan er önnur brtt. hjá meiri hlutanum um það að ráðherra skuli kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þ.e. 25% álaginu á vörugjald. Það sem þar er sagt er út af fyrir sig að mínu viti til bóta en þetta er ákaflega óljós frágangur á málinu. Þetta er sem sagt alfarið lagt í hendur ráðherra að meta, bæði hve oft megi leggja þetta álag á og hvernig eigi að fara með innheimtu þess. Ég verð því að segja að ég er ekki alveg ánægður með fráganginn á því máli en tek þó skýrt fram að ég trúi því að þarna muni verða reynt að koma til móts við þá gagnrýni sem við höfum sett fram á þetta og að reynt verði að leysa þetta þannig að það mismuni ekki byggðarlögum eða fólki eins og það gerir í dag, þetta mismunandi álag á vörugjöld eins og það er núna lagt á.

Þriðja tillagan frá meiri hlutanum er um tollaðstöðu fyrir farþegaferjur og ég ætla ekki að hafa um það önnur orð en þau að við samþykkjum það, það er a.m.k. engin fyrirstaða frá okkar hendi í sambandi við það mál.

Fjórði liðurinn er um það að ráðherra setur reglugerð um framkvæmd þessara laga og það er breyting frá því sem lá fyrir áður og við höfðum verið með ágreining um. Ég tel að þessi frágangur á málinu sé góður og tek undir það.

Þegar við stöndum í þeim sporum að vera að ljúka frágangi á hafnalögum þá er kannski ástæða til að fara örfáum orðum um það hvernig þetta hefur gengið fyrir sig. Ég verð að segja það eins og er að ég tel að þarna hafi verið á ferðinni frv. sem þurfti mikilla endurbóta við og auðvitað hefur reyndin verið sú að það hefur þurft að gera fjölmargar brtt. Meiri hlutinn hefur nú flutt 30 brtt. við frv. og við erum með brtt. hér til viðbótar. Það segir ekki nema eitt, það segir að menn hafa ekki staðið nægjanlega vel að upphafi málsins. Og sá hvellur sem varð í dag út af nýjustu brtt. sem kom upp með þessari skyndingu sem við sáum fyrr í dag segir kannski út af fyrir sig ekkert um það hvernig málið var undirbúið að öðru leyti en það var kannski svolítið skemmtilegur lokapunktur við þetta mál af því það hefur gengið svona fyrir sig að það hefur ekki verið betur undirbúið en staðreyndirnar sýna okkur.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég mun eftir atvikum sitja hjá eða greiða atkvæði með þeim brtt. sem nú liggja fyrir frá meiri hlutanum eftir að okkar tillögur hafa verið afgreiddar.

[16:37]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson hefur gert hér ágæta grein fyrir nál. minni hlutans þannig að ég get sparað mér það að fara yfir það í einstökum þáttum en það eru þó ákveðin atriði sem mig langar aðeins til að drepa á. Ég hef að vísu gert það áður en núna við lokaafgreiðslu málsins langar mig til þess enn og aftur að reyna að vita hvort ég gæti fengið frekari og gleggri upplýsingar hvað varðar málið.

Ég fagna því auðvitað að breyting var gerð á þeirri brtt. sem hér var lögð fram um hafnalög á þskj. 693 þar sem stóð m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Sjóðnum er heimilt að veita sérstaka styrki til að greiða fyrir stofnun hafnasamlaga eða sameiningu sveitarfélaga umfram það sem segir í 3. tölul."

Þarna var sem sagt verið að gefa Hafnabótasjóði heimild til þess að veita framlag til þess að sameina sveitahreppa þar sem engar hafnir voru til. Hvers konar ásókn er þetta í sameiningarmálunum? Er þarna ekki seilst einum of langt? Þess vegna fagna ég því auðvitað að það náðist samkomulag um miklu skýrara og afmarkaðra orðalag í þessum efnum og við styðjum það eins og það er nú orðið á þskj. 695. En þetta sýnir okkur hvernig allt þetta mál hefur þróast. Það er ljóst og ég held ég fari nokkurn veginn rétt með það að breytingartillögurnar sem búið er að gera við þetta mál munu líklega losa 30. Þannig að það var vissulega verk að vinna.

En núna við lok afgreiðslu langar mig til að gera enn eina tilraun til þess að spyrja hæstv. samgrh., sem ég vona að sé hér og heyri mál mitt, hvort hann geti engan veginn fallist á það að hér sé vægast sagt óljóst að orði kveðið þar sem segir í brtt. á þskj. 677 frá meiri hluta samgn., þar sem talað er um þetta 25% álag á vörugjald:

„Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þar á meðal hversu oft það getur lagst á sömu vörusendingu...“ Ráðherra á sem sagt að ákveða það hversu oft gjaldið á að leggjast á ákveðnar vörusendingar. Ráðherra á að ákveða það hvort þetta vörugjald á að leggjast einu sinni á vöruna sem fer vestur á firði eða fjórum sinnum. (Gripið fram í.) Er það vitavonlaust verk að fá — ég heyri það að hv. formaður samgn. segir úr sæti sínu að þetta sé rangt með farið, en hér stendur: „Ráðherra skal kveða nánar á um innheimtu og skil á gjaldinu, þar á meðal hversu oft það getur lagst á sömu vörusendingu.“ (**PJ:** Það er hámark.) Hvað er hámark? Ég var að segja það og sagði ekkert rangt, hv. þm., ég sagði að það væri fært í vald ráðherrans að ákveða það hvort vörugjaldið ætti að leggjast einu sinni á vöruna sem færi til Vestfjarða eða fjórum sinnum. (**PJ:** Gæti lagst fjórum sinnum.) Gæti lagst fjórum sinnum. Það er ekkert ofsagt í því.

(**Forseti** (GHelg)**:** Ég bið hv. þm. að vera ekki með samtöl í þingsalnum.)

Að minnsta kosti ætti forseti að vita að það ætti ekki að gerast, hv. 6. varaforseti þingsins. En hann er fúsari til að ræða þetta mál hér úr sæti sínu heldur en við okkur úti í samgn. þingsins.

En finnst hæstv. samgrh. þetta eðlileg málsmeðferð? Að við skulum færa honum það vald að ákveða hvort 25% álag á vörugjald skuli lagt einu sinni á vöruna sem flutt er út á land eða fjórum eða fimm sinnum? Því getur ekki hæstv. samgrh. fallist á þá einföldu ósk ef einhver meining er í þessu og einhver sanngirni og réttlæti að það sé tekið skýrt fram að óheimilt sé að leggja þetta vörugjald, 25% álagið, oftar en einu sinni á hverja vörusendingu. (Gripið fram í.) Auðvitað væri það best, hv. þm., að það væri aldrei lagt á en mér dettur ekki í hug að ætlast til þess að ríkisstjórninni detti það í hug, svo skattaglöð er þessi ríkisstjórn. En hvernig má það vera að hæstv. samgrh., þingmaður úr dreifbýliskjördæmi, skuli ekki geta fallist á að það sé kveðið skýrt á um það að óheimilt sé að leggja þetta 25% álag á nema einu sinni á hverja vörusendingu þannig að við sitjum við sama borð og aðrir hvað þessa skattheimtu varðar. Og því geri ég það einu sinni enn í umræðu um þetta mál að ég bið hæstv. ráðherra að koma hér upp og segja okkur hvernig hann ætlar að fara með þetta vald sitt sem honum er hér fært. (**JGS:** Ráðherrann er kominn upp á Lágheiði.) (**Gripið fram í:** Þá frestum við þessu máli.) Já, ég held að það væri þá ástæða til að fresta þessu máli ef hæstv. ráðherra er ekki hér við til þess að svara fyrirspurn.

Það er annað sem mig langar einnig til þess að víkja að og vil eiga líka orðastað við hæstv. ráðherra um þar sem segir í 8. gr.:

„Eigendur hafna samkvæmt lögum þessum eru sveitarfélög ...“ — Síðan kemur: „Hafnir geta verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra.“

Mér finnst þetta klúðursleg lagasetning frá Alþingi. Hvað erum við hér að tala um? Hvernig ætla menn að skýra þetta heima hjá sér og hvar sem menn eru spurðir? Um hvað er verið að tala? Um hvaða fyrirtæki? Hvaða fyrirtæki eru með starfsemi sem tengist starfsemi hafnanna? Ég þykist vita að menn séu að tala um m.a. fiskmarkaði, hafnirnar eigi að geta verið hluthafar í fiskmörkuðum. Ég skil að til þess muni menn ætlast. En þá spyr ég: Hvað með ferjur? Hvað með ferjuskip? Tengjast ekki ferjuskipin starfsemi hafnanna? (**StB:** Hvað leggur hv. þm. til?) Ég held að höfundurinn sem grípur hérna fram í, höfundur frv. sem hefur verið lagt fram ...

(**Forseti** (GHelg)**:** Ekki samtöl í salnum.)

...og unnið er af gæðingum ríkisstjórnarinnar — og ekki veit ég hvað þeir höfðu marga mánuði til þess að vinna þetta — og þegar hafa verið gerðar á yfir 30 brtt., ætti að koma hér upp í ræðustólinn og nota tíma sinn þar til þess að ræða þetta mál frekar en úr sæti sínu. Til þess hefur hann allan rétt.

En ég spyr: Tengist þetta einnig möguleikum til þess að eignast hlut t.d. í frystitogurunum? Vinnslunni í landi? Ég spyr um olíufélögin þar sem athafnasvæði olíufélaganna er á hafnarsvæðunum. Og ég spyr enn og aftur: Hvað er hér verið að tala um? Hvaða fyrirtæki eru það, sem ráðherrann er hér að tala um og höfuðsmiður þessa frv., sem tengjast starfsemi viðkomandi hafnar?

Þegar ég sé hér hv. 1. þm. Vestf. þá spyr ég hann: Getur hann virkilega sætt sig við það að ráðherra samgöngumála hafi heimild til þess að ákveða hvort 25% álag á vörugjald skuli lagt einu sinni á vöruna sem hingað kemur til Reykjavíkur en fimm sinnum til Vestfjarða? Ég trúi því ekki að hv. 1. þm. Vestf. geti sætt sig við slíkt og þess vegna held ég að þetta mál væri betur komið aðeins lengur í meðferð þingnefndar til þess að við getum bætt um betur því eins og ég segi hafa þegar verið gerðar á frv. yfir 30 brtt. og ég held að enn sé stórlega hægt að laga þetta mál.

En ég harma það, virðulegi forseti, ef hæstv. samgrh. fer burtu úr þingsalnum þegar þetta mál er tekið á dagskrá og getur alls ekki orðið við því að svara þeim fyrirspurnum sem ég hef borið fram og einnig hv. þm. Jóhann Ársælsson, talsmaður minni hluta nefnd-

arinnar. Ég sé því enga ástæðu til annars en að hinkra við þangað til ráðherrann getur komið hér og svarað þeim spurningum sem við berum réttilega fram. Ég vil því biðja virðulegan forseta að sjá svo til að við fáum að eiga orðastað við ráðherran áður en þetta mál fer lengra.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti skal láta kanna hvort möguleiki sé á að hæstv. ráðherra geti verið hér í umræðunni. — Forseti biður hv. þm. að doka við meðan athugað er hvort hæstv. ráðherra sé innan seilingar. — Meðan beðið er eftir svari við því hvort hæstv. samgrh. geti verið hér tekur til máls hv. 1. þm. Vesturl.

[16:49]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. til hafnalaga er til 3. umr. og vil ég, virðulegi forseti, fagna því að frv. skuli vera komið til lokaafgreiðslu í þinginu. Og ég verð nú að segja eins og er, virðulegi forseti, að ég vænti þess að það verði hægt að ljúka þessari umræðu hér því að svo rækilega hefur þetta mál verið skoðað í hv. þingnefnd og farið yfir öll atriði þess.

Vegna orða sem hv. 4. þm. Norðurl. v. lét falla um að það hefðu verið gerðar margar breytingar á því frv. sem hér var lagt fram af hæstv. samgrh. þá vil ég geta þess að í engu er um að ræða verulegar efnisbreytingar. Í mjög mörgum tilvikum var um að ræða mismunandi smekk manna á orðalagi sem í rauninni var breyting á orðalagi núgildandi hafnalaga þannig að um verulegar efnisbreytingar á upphaflegu frv. var ekki að ræða.

Ég vil við þessa umræðu fara nokkrum orðum um þær brtt. sem liggja fyrir við 3. umr. málsins og þá fyrst vil ég nefna þær brtt. sem meiri hluti samgn. flytur en þær eru á þskj. 395. Í fyrsta lagi var gerð sú breyting á 8. gr. frv. að þar var fellt út það ákvæði sem var í upphaflegu frv. þar sem var gert ráð fyrir að eigendur hafna gætu verið hlutafélög. Nú vil ég segja það að það var af minni hálfu aldrei sérstakt sáluhjálparatriði að þarna þyrfti endilega að vera þessi möguleiki. Hins vegar taldi ég og tel enn að það væri æskilegur kostur að hlutafélag gæti verið eigandi hafnar og það er í rauninni svo í dag. En vegna þess að fram kom í umræðum í nefndinni og reyndar hér við 2. umr. efasemdir um skattalega meðferð þá var ekki talin ástæða til að halda þessu til streitu og þess vegna er í þessum brtt. gert ráð fyrir því að eigendur hafna samkvæmt þessu frv. séu sveitarfélög.

Í 2. lið var gerð breyting á 10. gr. þar sem fjallað er um setningu reglugerðar fyrir hafnirnar og ég vil taka það sérstaklega fram að þarna er gerð breyting á orðalagi til þess að uppfylla skilyrði vegna stofnunar hafnasamlaga svo að það væri ekki ástæða til þess að setja nema eina reglugerð fyrir hafnasamlögin þó að fleiri en ein höfn væri innan hvers samlags þannig að þar er verið að bregðast við þeim breytingum sem verða ef stofnuð verða hafnasamlög.

Á þskj. 677 eru brtt. frá meiri hluta samgöngunefndar og það er um að ræða brtt. við 11. gr. frv. sem fjalla um það að ferjur og flóabátar sem njóta styrks samkvæmt vegalögum séu undanþegin vörugjöldum. Nú er að þannig að samkvæmt núgildandi lögum var gert ráð fyrir því að vörugjöld væru greidd af öllum flutningi sem færi um hafnir landsins. Hins vegar kom í ljós þegar verið var að fjalla um frv. í nefndinni að vörugjöld höfðu tæplega verið innheimt af flutningi ferju- og flóabáta og vegna þess að 25% álagið var sett á þá voru viðbrögð tiltekinna hafna þau að hefja innheimtu á vörugjaldinu sem hefði leitt til þess að ferjur og flóabátar sem njóta styrks úr Vegasjóði hefðu þurft að greiða vörugjöld og þá 25% álagið til viðbótar sem ferjurnar og flóabátarnir höfðu ekki gert áður. Af þessum ástæðum þótti nauðsynlegt að taka þennan þátt frv. sérstaklega til skoðunar og hafa það alveg á hreinu að það væru ekki greidd og yrðu ekki greidd vörugjöld af ferjum og flóabátum en hins vegar settur inn sérstakur liður, 8. liður í 11. gr., þar sem gert er ráð fyrir að sett séu með gjaldskrá sérstök ákvæði um hafnargjöld af ferjum og flóabátum. Ég tel að þetta sé eðlileg og mjög ásættanleg niðurstaða og vænti þess að svo verði og þetta ákvæði nái hér fram að ganga.

Í brtt. á þskj. 677 er eitt afar mikilvægt ákvæði þar sem er breyting á 24. gr. frv. Þar kemur inn 7. liður sem segir:

„Tollaðstaða fyrir farþegaferjur er halda uppi reglulegum áætlunarsiglingum til landsins."

Þarna er um það að ræða að úr ríkissjóði sé heimilt að veita styrk til þess að byggja upp tollaðstöðu og það er ástæða til þess að undirstrika þetta sérstaklega þegar hv. 4. þm. Austurl. gengur í salinn vegna þess að þetta varðar sérstaka höfn á Austfjörðum en árum saman hefur verið reynt að fá fram styrk til þess að byggja upp tollafgreiðslu á Seyðisfirði. Það hefur ekki tekist og sá aðili sem hefur stundað áætlunarsiglingar til og frá landinu, skipulegar áætlunarsiglingar, orðið af eigin rammleik að byggja upp aðstöðu fyrir tollafgreiðslu þannig að lögleg íslensk yfirvöld gætu athafnað sig þegar straumur erlendra og innlendra ferðamanna fer um höfnina.

Hv. samgn. taldi ástæðu til þess eftir að hafa gengið úr skugga um að ekki yrði úr bætt með öðrum hætti að taka þetta mál sérstaklega upp og ég vil vekja sérstaka athygli á því að fyrst við afgreiðslu hafnalaganna er tekið á þessu máli og vænti ég þess að þar með verði því lokið á viðunandi hátt fyrir þá aðila sem hafa af miklum dugnaði og elju stundað þennan atvinnurekstur sem hefur stóreflt ferðamannaþjónustu í landinu.

Virðulegi forseti. Minni hluti samgn. hefur flutt brtt. við þetta frv. en ég tel ástæðu til þess að fara nokkrum orðum um þær. Í fyrsta lagi er brtt. á þskj. 676 þar sem gerð er tillaga um breytingu á skipun hafnaráðs og tel ég ástæðu til þess vegna þess að ég var í þeirri nefnd sem samdi frv. að skýra það örlítið. Það sem vakir fyrir höfundum frv. þar er að þegar verða ráðherraskipti (**Gripið fram í:** Hvenær verða þau?) þá geti viðkomandi ráðherra endurskipað að hluta í hafnarráði, þ.e. tvo af þeim þrem fulltrúum sem ráðherra skipar án tilnefningar en meginhugsunin var sú að í

fyrsta lagi væri það ekki á valdi ráðherra hverju sinni hverjir sætu þarna fyrir hönd Hafnasambands sveitarfélaga þannig að það væri ekki eftir pólitískum geðþótta ráðherra hver sæti sem fulltrúi Hafnasambands sveitarfélaga í hafnaráði. Í öðru lagi töldum við að það væri eðlilegt að það væri skipað til fjögurra ára án þess að nýr ráðherra gerði þar á breytingu.

Að hinu leytinu var talið eðlilegt að einn fulltrúi skipaður án tilnefningar af samgrh. væri skipaður til fjögurra ára og sæti sem fastur punktur í þessari tilveru og væri e.t.v. starfsmaður ráðuneytisins þannig að það væri tiltekinn stöðugleiki í hafnaráði og ég tel að það sé afar mikilvægt.

Síðan er brtt. frá minni hluta samgn. sem fjallar um 8. gr. og hv. 4. þm. Norðurl. v. gerði að sérstöku umtalsefni og hefur reyndar gert það æðioft við þessa umræðu og sakna ég þess að hann skuli nú ekki vera hér í salnum og hlýða á mál mitt en það varðar það að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtækjum sem tengjast starfsemi þeirra. Hvað er hér á ferðinni? Jú, í dag er það þannig að samkvæmt núgildandi lögum geta hafnir ekki verið eigendur að atvinnufyrirtækjum eða atvinnustarfsemi þannig að raun hefur verið um að ræða lögbrot á grundvelli núgildandi hafnalaga að hafnir eignuðust t.d. hlut í fiskmörkuðum. En það hefur verið afar mikilvæg þátttaka hjá höfnunum og hafnirnar hafa viljað með því undirstrika það hversu mikilvægt það er að sjávarútvegurinn hafi þróast með þeim hætti að fiskur færi á fiskmarkaði. Hins vegar er það og við teljum enga ástæðu til þess, meiri hluti samgn. og höfundar frv., að hefta hafnarstjórnirnar þannig að við viljum opna þann möguleika að það sé heimilt að hafnirnar séu eigendur í atvinnufyrirtækjum án þess að telja upp hvaða fyrirtæki það megi vera. Og ég verð að segja alveg eins og er, virðulegi forseti, að ég treysti hafnarstjórnum og eigendum hafnanna alveg fyllilega til þess að velja þarna og hafna. Ég tel ekki líklegt að einstaka hafnarstjórnir velji þann kost að gerast hluthafar í einu af fjölmörgum samkeppnisfyrirtækjum, t.d. skipafélögum eða olíufélögum eins og hv. 4. þm. Norðurl. v. nefndi hér alveg sérstaklega. En aðalatriðið er það að hafnarstjórnirnar hafi þennan möguleika án þess að það sé niður njörvað hvaða fyrirtæki njóti þess að hafnirnar megi gerast eigendur að þeim.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta atriði í brtt. minni hluta samgn. en ég tel enga ástæðu til þess að tína upp hvaða fyrirtæki megi koma þarna til greina.

Síðan er í 3. lið brtt. minni hlutans gerð tillaga um breytingu á 11. gr. sem ég get ekki fallist á en þar er um það að ræða að þeir aðilar sem eiga hafnarmannvirki innan hafnarsvæða á því verði breyting frá núgildandi lögum og gjaldskrá, þeir séu undanþegnir hafnagjöldum. Það er þannig að víða hafa verið settar upp bryggjur. Þær bryggjur hafa síðan verið notaðar t.d. af Síldarverksmiðjum ríkisins eða þvílíkum aðilum en þær njóta að öllu öðru leyti þjónustu hafnarsvæðisins og ég vil bara vekja athygli hv. þm. meiri hluta samgn. á því að hafnarsvæðin eru meira en einstakar bryggjur. Það er innsigling, það þarf víða að dýpka vegna innsiglinga. Það þarf skjól sem er myndað með hafnarmannvirkjum og síðan er á landi byggð upp alls konar aðstaða, samgönguleiðir og annað því um líkt og sú þjónusta sem er veitt frá þessum einkabryggjum er veitt m.a. í skjóli þessarar mannvirkjagerðar að öðru leyti. Þess vegna hefur það verið niðurstaða að þeir sem eiga slíkar bryggjur verði að sætta sig við það að hafnirnar innheimti hafnargjöld eins og af umferð sem fer um aðra hluta hafnarsvæðisins. Þess vegna get ég alls ekki fallist á brtt. minni hlutans að þessu leyti.

Í þessari umræðu hefur verið nokkuð deilt á það að 25% álag væri lagt á vörugjöldin og það er deilt um það á milli hafna og m.a. hafa verið mjög skiptar skoðanir innan Hafnasambandsins á þessu. Þess vegna vil ég, virðulegur forseti, vitna hér til texta, með leyfi forseta, sem mér hefur borist í hendur þar sem er umfjöllun ágæts virts lögfræðings um þetta atriði þar sem hann gefur vandvirkum hafnarstjórnarmanni úti á landi umsögn um þetta ákvæði. Þar segir, með leyfi forseta:

„Samkvæmt minni athugun hefur þetta sérstaka álag á vörugjald tvíþættan tilgang. Annars vegar er augljóst að það mun verða til þess að aðstaða hafna er jöfnuð og mun sem slík verða til að bæta aðstöðu minni og meðalstórra hafna, sérstaklega á landsbyggðinni sem eru sérstaklega tekjulágar og hafa litla möguleika til að gefa afslætti. Hins vegar mun álagið verða tekjustofn ríkisins, sbr. lög nr. 1/1992, um sérstakar ráðstafanir í ríkisfjármálum. Ljóst má vera að tillagan um álagið er til hagsbóta fyrir flestar hafnir landsins."

Þarna kemst þessi ágæti lögmaður að sömu niðurstöðu og þeir sem hafa stutt þetta 25% álag á vörugjaldið. Það er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir litlu fiskihafnirnar allt í kringum landið sem njóta framlaga úr Hafnabótasjóði og munu njóta þess enn frekar eftir að þetta frv. til laga hefur náð fram að ganga. Og ég sakna þess nú satt að segja, virðulegi forseti, alveg sérstaklega að hv. 4. þm. Norðurl. v. skuli ekki hafa hlýtt á þennan texta vegna þess að sá hafnarstjórnarmaður sem á í hlut er úr hans kjördæmi.

Í brtt. minni hluta samgöngunefndarinnar er síðan í 5. lið brtt. við 26. gr. Ég verð að segja alveg eins og er og ekki síst með tilliti til þess að þar er m.a. hv. 3. þm. Vesturl., þar er gerð tillaga um að breyta frv. á þann veg að lækka framlög til upptökumannvirkja skipa. Hv. 3. þm. Vesturl. gerir tillögu á þskj. 676 um að lækkað verði hlutfall í framlögum vegna upptökumannvirkja skipa og það verður satt að segja fróðlegt fyrir hv. þm. að skýra það fyrir kjósendum t.d. á Akranesi og mun ekki standa á mér að upplýsa þá um það. Þetta er út af fyrir sig afar athyglisvert, ekki síst vegna þeirrar stöðu sem skipasmíðaiðnaðurinn í landinu er í, þá skuli þingmenn gera tillögu um að ríkið minnki framlagið til upptökumannvirkja skipa frá því sem frv. það sem hér er til umfjöllunar gerir ráð fyrir. Frv. gerir ráð fyrir 60% hlutdeild en brtt. minni hlutans er um að þetta falli niður í 40% og verði eins og það er í núgildandi lögum sem við töldum ekki ástæðu til að væri þannig vegna þess að skipasmíðaiðnaðurinn þarf svo sannarlega á stuðningi og styrk að halda.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Ég tel að hér sé til afgreiðslu mjög mikilvægt frv. og ég fagna þeirri tillögu sem samgn. sameinaðist um að flytja hér í lokin þar sem gert er ráð fyrir því að Hafnabótasjóður geti veitt sérstaka styrki þegar um er að ræða stofnun hafnasamlaga eða sameiningu sveitarfélaga. Ég tel að þessi breyting sé mikilvæg og nauðsynleg og ég styð hana að sjálfsögðu.

Ég ítreka það síðan bara, virðulegur forseti, að ég fagna því að þetta frv. skuli vera til lokaafgreiðslu og ég tel að það muni styrkja hafnirnar í landinu þegar til lengri tíma er litið alveg á sama hátt og það styrkir þær nú þegar og ég hef fært rök fyrir því og þá sérstaklega minni hafnir og þá einkum og sér í lagi hafnir í sjávarbyggðunum.

[17:10]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir því óláni að tapa fyrri ræðu minni í orðaskiptum í dag og verð því að nota tímann til andsvars til að fara yfir þessar athugasemdir hv. 1. þm. Vesturl. og ætla þess vegna, af því að tíminn er stuttur, að byrja á því sem hann talaði um síðast, þ.e. upptökumannvirkin og það að við skulum leggja til að 26. gr. í lögunum verði óbreytt. Vil ég leggja til að þetta verði eins og það hefur verið vegna þess að við erum með í höndunum fjölmörg mótmæli frá sveitarfélögum allt í kringum landið vegna þessara breytinga og það er full ástæða til þess að taka tillit til þeirra athugasemda sem hafa komið fram og að skoða þetta mál mikið betur heldur en hefur verið gert. Um það að ég skuli setja mig gegn því að styrkur til upptökumannvirkja skuli vera hækkaður og þar sem hv. þm. vísaði til þess að ég væri frá Akranesi og þar væri kannski von til að menn fengju peninga út á þetta, ætla ég bara að segja það að mér finnst það undarlegur hlutur að á sama tíma og sumir eru að halda því fram að hér sé of mikið af upptökumannvirkjum og skipasmíðastöðvum, þá skuli menn renna sér af stað með þá hugmynd í Alþingi að auka styrk til upptökumannvirkjanna. Ég held að það sé ekki endilega tími til þess að gera þá hluti núna. Hins vegar held ég að menn mættu styrkja skipasmíðastöðvarnar með mörgum hætti og ekki verri aðferðum en hér er lagt til.

Hv. þm. talaði um það að við ráðherraskipti hefði þurft að halda í einhvern stöðugleika og þess vegna ætti ráðherra bara að skipa tvo en ekki formanninn. Ég tel að ef ráðherrann á annað borð á að hafa einhver áhrif á það starf sem er verið að vinna í stjórn þessa sjóðs þá sé kannski eðlilegast að það sé formaðurinn sem hann skipi og sé hans hægri hönd.

[17:13]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Út af fyrir sig get ég tekið undir það að ekki er ástæða til að fjölga skipasmíðastöðvum og ég tel að það séu engar líkur á því eins og allt er í pottinn búið á þeim vettvangi að það gerist. Hins vegar er það alveg ljóst að þær skipasmíðastöðvar sem eru til í landinu nú þegar þurfa endurbyggingar við og þær þurfa að fylgja kröfum tímans og þess vegna tel ég eðlilegt að það sé veittur styrkur úr ríkissjóði til skipasmíðastöðva að því leyti sem varðar upptökumannvirkin sem eru í eigu hafnarsjóðanna. Ég held að það sé mikilvægt innlegg fyrir þá hafnarsjóði sem standa að uppbyggingu skipasmíðaiðnaðarins með byggingu upptökumannvirkja að þeir fái styrk úr ríkissjóði. Ég tel að það sé þess vegna fullkomlega eðlilegt að það sé veittur styrkur sem nemur 60% af þessum kostnaði og það muni skila sér í sterkari fyrirtækjum sem stunda skipasmíðaiðnað vegna þess að hafnarsjóðirnir geta þá einbeitt sér að því að skapa skilyrðin þar sem þau eru til staðar í dag og muni með þeim hætti geta staðið betur við bakið á þeim fyrirtækjum sem eru starfandi í viðkomandi höfnum.

En varðandi það atriði sem hv. þm. nefndi síðast um skipun formanns í hafnaráð þá fer ég ekkert leynt með þá skoðun að ég tel nauðsynlegt að það sé nokkur stöðugleiki og góð tengsl milli samgrn. og hafnaráðsins og sé eðlilegt að formaður hafnaráðs sé starfsmaður þess ráðuneytis.

[17:15]

Frsm. minni hluta samgn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það sé annaðhvort að treysta hæstv. ráðherra fyrir því að skipa þessa menn eða ekki og hann hlýtur þá að meta það hvort þessi stöðugleiki sem þarna er verið að tala um er nauðsynlegur og þess vegna tel ég að hann eigi þá að skipa sína þrjá menn, sem hann skipar þá hvort sem er, alla í einu. Hvort hann heldur áfram að hafa þá menn í nefndinni eða stjórninni sem voru fyrir er auðvitað hans val.

Mig langar síðan vegna þessa tals um upptökumannvirkin að segja það að ég tel að hvort það eru sett 40 eða 60% í styrk til kaupa á upptökumannvirkjum skipti ekki höfuðmáli í þessu sambandi. Ég tel að það hafi komið fram það mikil mótmæli við öllum þessum breytingum sem verið er að gera á þátttöku ríkisins í hinum ýmsu hafnarframkvæmdum að við hefðum átt að gefa okkur tíma til að fara betur yfir það mál. En það var ekki gert og þess vegna leggjum við til að þetta verði óbreytt þangað til menn hafa skoðað málið betur.

Síðan langar mig að segja vegna orða hv. þm. um það að hafnir geti verið hluthafar í fyrirtækjum að það er nánast óframkvæmanlegt að mínu viti vegna þess að um leið og hafnir fara að taka þátt í atvinnulífinu með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, þá eru menn að skekkja samkeppnisaðstöðu við önnur fyrirtæki. Þarna er á ferðinni ríkisstyrkt fyrirtæki, þ.e. hafnirnar, sem hafa fengið gífurlega mikla peninga frá ríkinu til sín í framlögum og eru síðan að nota þennan styrk til þess að taka þátt í atvinnulífinu. Ég held að það sé ekki til góðs að fara svona fram eins og þetta er sett á blöð hér og ég tel að það hefði alla vega verið mjög nauðsynlegt að menn hefðu skilgreint nákvæmlega hvaða fyrirtæki það eru sem hafnirnar fá tækifæri til að taka þátt í.

[17:17]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel alls ekki, vegna orða hv. 3. þm. Vesturl., óframkvæmanlegt að standa að 8. gr. eins og hún er. Það er val hafnarstjórnanna og þá eigenda hafnanna hvenær hafnarsjóðir leggja í það að setja peninga í einstök fyrirtæki. Ég ítreka það að ég treysti viðkomandi sveitarstjórnum og hafnarstjórnum til að taka þær ákvarðanir.

Varðandi það að athugasemdir hafi komið fram frá einstökum sveitarfélögum um að það ætti að styrkja upptökumannvirki og það ætti að gera breytingar á styrkhlutfalli vegna hafnarmannvirkjanna þá verð ég að segja að í mörgum tilvikum var um misskilning að ræða. Í fyrsta lagi þann að menn áttuðu sig ekki á því að með breytingunum á Hafnabótasjóði var hann efldur og það var gert ráð fyrir því að hann veitti frekari styrki. Það að lækka styrkjahlutfallið í einstökum hafnarmannvirkjum segir ekki alla söguna. Þar sem hafnirnar eru veikastar og þurfa helst á stuðningi að halda verður 60% hlutfall í bryggju og getur orðið til viðbótar 15% styrkur úr Hafnabótasjóði og síðan 15% lán úr Hafnabótasjóði einnig. Þannig að þar sem um er að ræða litlar hafnir, tekjulágar, þá verður engin breyting með þessu frv.

En varðandi upptökumannvirkin þá er það alveg rétt, það komu athugasemdir. Ég tel að þær athugasemdir hafi verið mjög óeðlilegar og hafi beinst að einstökum höfnum sem hafa upptökumannvirki skipa á sínum vegum. Þannig að ég hef satt að segja ekki gert mikið úr þeim athugasemdum sem þar komu fram hjá ágætum fulltrúum sveitarfélaga.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Merking þilfarsfiskiskipa, 462. mál, þáltill. GHall, þskj. 694.

Verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins, fyrri umr.

Þáltill. SvÁ o.fl., 259. mál. — Þskj. 307.

[17:21]

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 307 um að færa verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins til sveitarfélaga. Flm. eru Svanhildur Árnadóttir, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson og Árni Johnsen.

Fyrsti flm. þessarar þáltill., hv. 5. þm. Norðurl. e., situr ekki lengur á þingi, var hér sem varamaður og mæli ég því fyrir þessari þáltill., en hún hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri úttekt á með hvaða hætti megi færa verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins til sveitarfélaga."

Í greinargerð segir: „Í stefnu og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, segir svo í kaflanum um sveitarstjórnarmál:

„Sveitarfélögin verða efld og aðstaða þeirra til að veita íbúum sínum félagslega þjónustu bætt." Enn fremur segir: „Áfram verður unnið að tilfærslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga."

Tilfærsla verkefna frá Húsnæðisstofnun til sveitarfélaga er í samræmi við þessi markmið ríkisstjórnarinnar. Margt bendir til að slík tilfærsla njóti vaxandi fylgis í þjóðfélaginu og eru hér á eftir tilgreind dæmi þar um. Þingsályktunartillaga þessi er flutt í því skyni að fá fram vandaðar og ígrundaðar tillögur um breytta skipan mála varðandi hlutverk ríkis og sveitarfélaga á vettvangi húsnæðismála og um nauðsynlega tilfærslu tekjustofna í því sambandi.

Núverandi kerfi hefur legið undir vaxandi gagnrýni, ekki síst af hálfu sveitarstjórna vegna mikils miðstýringarvalds Húsnæðisstofnunar, einkum á sviði félagslegra húsnæðismála. Ákvarðanir, sem varða hagsmuni og málefni einstakra sveitarfélaga, hvarvetna á landinu, og einstaklinga og fjölskyldna sem þar búa, eru teknar af sjö manna stjórn og embættismönnum einnar stofnunar í Reykjavík. Afgreiðsla mála þarf í ríkum mæli að fara fram í Húsnæðisstofnun þótt málefnið varði hin ýmsu byggðarlög og íbúa þeirra. Eðlilegt verður að telja að efasemdir komi fram um að stofnunin og stjórn hennar hafi forsendur til að meta aðstæður í hverju byggðarlagi.

Gagnrýni af þessu tagi kemur greinilega fram í skýrslu nefndar sem félagsmálaráðherra skipaði 25. febrúar 1992 og falið var að meta reynsluna af framkvæmd laga nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir, og koma með tillögur til úrbóta ef nauðsyn krefði. Í skýrslu nefndarinnar, sem skilað var 19. maí 1993, er greint frá því að nefndin hafi haldið fundi með 27 húsnæðisnefndum víða um land og er í skýrslunni að finna greinargóða samantekt á viðhorfum sveitarstjórnarmanna og allmargar tillögur og ábendingar um umbætur sem m.a. eru byggðar á þessum viðtölum.

Nefndin dregur saman meginniðurstöður sínar, svohljóðandi: „Greina má tillögur nefndarinnar í þrjá meginflokka:

Í fyrsta lagi þá stjórnsýslulegu breytingu að sveitarfélög axli enn meiri ábyrgð, taki að sér fleiri verkefni en nú er. Húsnæðisstofnun dragi að sama skapi úr vinnu við einstök mál en beiti sér fremur að eftirliti, upplýsingum og fræðslu.

Í öðru lagi að tekið verði upp sveigjanlegra fyrirkomulag, ekki síst með minni sveitarfélög í huga.

Að lokum, tillögur og ábendingar um fjölmörg einstök atriði sem sum þarfnast lagabreytingar við en önnur einungis nýjar venjur við framkvæmd mála."

Sveitarfélaganefnd, skipuð 26. febr. 1992, segir í áfangaskýrslu sinni, Aukið hlutverk sveitarfélaga, dags. 22. okt. 1992, á bls. 68:

„Stækkun sveitarfélaga skapar forsendur fyrir verulegri hagræðingu í félagslega húsnæðiskerfinu og eykur möguleika á því að vægi sveitarfélaga aukist til muna og að dregið verði úr eftirlitshlutverki Húsnæðisstofnunar. Hér má nefna eftirlit með úthlutun félags-

legra íbúða (tekju- og eignarmörk), greiðslumark og kostnaðareftirlit. Stækkun sveitarfélaga gerir þeim kleift að verða í ríkara mæli sjálfum sér nóg um sérþekkingu í málaflokkum í stað þess að þurfa að leita til Húsnæðisstofnunar. Auk þess verður mögulegt að færa ýmis verkefni frá Húsnæðisstofnun til sveitarfélaganna. Ráðgjöf og uppgjör vegna byggingarkostnaðar eru dæmi um slíkt. Einnig kemur til álita að upphæð lána til sveitarfélaganna verði miðuð við fastar fjárhæðir frekar en fjölda íbúða. Aukið sjálfstæði um ráðstöfun lánanna gæti leitt til betri nýtingar fjármagns og jafnvel kaupa á fleiri íbúðum."

Eftir að niðurstöður kosninga um sameiningu sveitarfélaga 20. nóv. sl. lágu fyrir er ekki ljóst hver framvinda mála verður varðandi stækkun sveitarfélaga. Því er ekki unnt að binda flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga því skilyrði að svo komnu máli, enda má ætla að í einstökum málaflokkum sé unnt að koma á virku samstarfi sveitarfélaga eins og þegar hefur verið gert á mörgum sviðum víða um land.

Húsnæðismál, ekki síst félagsíbúðamál, eru viðamikill málaflokkur og gæti reynst litlum sveitarfélögum ofviða að takast á við hann að öllu leyti án utanaðkomandi aðstoðar. Eins og málum er nú háttað geta sveitarfélögin leitað til Húsnæðisstofnunar og hafa reyndar í fá önnur hús að venda þegar þörf er á ráðgjöf og aðstoð. Þetta hefur reynst vera svifasein þjónusta eins og fram kemur í umsögnum húsnæðisnefndanna sem um getur hér að framan. Vandamál lítilla sveitarfélaga á þessu sviði ætti að vera unnt að leysa með samvinnu við fleiri sveitarfélög og stærri.

Nefnd sú, sem hér er lagt til að verði skipuð, þarf að kanna og leggja fram tillögur um með hvaða hætti verkefni verði færð frá Húsnæðisstofnun til sveitarfélaga, hver verkefnin yrðu, hvernig þau yrðu fjármögnuð, hvar vald og ábyrgð eigi að liggja, hvernig rétt sé að skipa samstarfi sveitarfélaga þar sem þess gerist þörf og hvert hlutverk Húsnæðisstofnunar eigi að vera að þessum breytingum gerðum. Afar mikilvægt er að nefndin verði þannig skipuð að sjónarmið lítilla og stórra sveitarfélaga nái að koma fram í starfi hennar og niðurstöðum."

Virðulegi forseti. Ég mun ekki gera í lengra máli grein fyrir þessari till. til þál. Ég vænti þess að lokinni þessari umræðu verði henni vísað til síðari umr. og félmn.

[17:29]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sú tillaga sem hér er mælt fyrir gerir ráð fyrir því að dreifa þjónustu Húsnæðisstofnunar og færa hana nær fólkinu og er það markmið í sjálfu sér gott og gilt. Ég ætla ekki að hafa mörg orð um þessa tillögu enda fer hún til viðkomandi nefndar og ég hef þar tækifæri til þess að fjalla um hana á þeim vettvangi. Hins vegar vil ég minna á það af því það kemur ekki fram í greinargerðinni að í gangi er verkefni á vegum félmrn. um svokölluð tilraunasveitarfélög. Ég vil að það komi fram í þessari umræðu að það verkefni hefur tekið allmiklum breytingum. Það er vilji félmrn. að fjölga þeim sveitarfélögum verulega sem koma til greina sem tilraunasveitarfélög og svokölluð verkefnisstjórn ráðuneytisins hefur kynnt fyrir félmn. hugmyndir þar að lútandi. Einn af þeim þáttum sem þar hefur komið til greina um verkefni tilraunasveitarfélaga eru einmitt húsnæðismálin svo að maður spyr sig hvort þessi mál séu ekki komin dálítið á víð og dreif með skipun sérstakrar nefndar til að fjalla um þessi mál. Síðan er fjallað um þessi mál á vettvangi tilraunasveitarfélaga og síðan er sitjandi enn svokölluð sveitarfélaganefnd á vegum félmrn. sem m.a. hefur og á að fjalla um verkefnatilfærslu. Ég vildi aðeins minna á þetta áður en þessi tillaga, sem að efni til er góðra gjalda verð og markmiðið er gott og gilt, fer til nefndar að dreifa nú ekki þessum athugunum út um allt stjórnkerfið þannig að enginn viti af öðrum, að þessir þættir verði samræmdir aðgerðum ríkisstjórnarinnar í þessu máli.

[17:32]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt um þetta mál. Ég leyfi mér að taka undir meginefni þessarar tillögu þó að ég taki reyndar undir málflutning síðasta ræðumanns um að það verði að passa upp á dreifa umræðum ekki of mikið og menn þurfa að gá vel að sér. Það liggja þegar fyrir hugmyndir um verkefnatilflutning út á land frá þessari stofnun og ég veit ekki hversu mikið þarf að skipa af nefndum til viðbótar í því máli.

Ég vil samt taka undir þá meginhugsun sem þarna er að það megi flytja verkefni frá húsnæðismálastjórn út til sveitarfélaganna. Það er það sem þarna er verið að fjalla um. Mörg þau verkefni sem húsnæðismálastjórn annast nú falla alveg ágætlega að ýmsum verkefnum og að ýmsum málum sem er verið að leysa t.d. hjá sýslumannsembættum úti á landi þannig að það er út af fyrir sig kjörinn vettvangur til að taka á ýmsu sem þarna þarf að fara fram. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að bankar og sparisjóðir og sveitarstjórnir fara núna með og leysa ýmis mál sem tengjast Húsnæðisstofnun og það er auðvitað bara af hinu góða.

Ég tek undir þetta vegna þess að ég held að það fari betur á að stjórn ýmissa mála sé úti á landi hjá heimamönnum, hjá aðilum sem þekkja glöggt til einstaklinga og málefna sem þurfa á fyrirgreiðslu að halda. Ég held að þetta liggi betur hjá einstökum stofnunum úti á landsbyggðinni heldur en hjá Húsnæðisstofnun á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Ég lýsi yfir ánægju með þessa ályktun en tek samt undir að það ber að forðast að drepa þessu of mikið á dreif.

[17:34]

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þær undirtektir sem hafa orðið við þessa tillögu og ég er viss um það að hv. 5. þm. Norðurl. e., 1. flm. tillögunnar, frú Svanhildur Árnadóttir, hefði orðið ánægð með að heyra þær undirtektir þó að mér fyndist að vísu nokkur undirtónn í þeim um það að mönnum þætti víða verið unnið að þessum málum.

Tilgangur flm. er hins vegar sá að herða á því að eitthvað sé gert. Það er ekki nóg að hafa góð orð uppi og góðan vilja ef ekkert gerist.

Varðandi það sem hv. 4. þm. Vesturl. nefndi að það lægju fyrir tillögur, þá veit ég ekki til þess að það liggi fyrir nokkur tillaga um það að flytja verkefni Húsnæðisstofnunar eða kanna það sérstaklega að verkefni Húsnæðisstofnunar verði flutt nema þá e.t.v. í þeim hugmyndum sem komu fram hjá hv. 2. þm. Austurl. um að það gerðist á vegum verkefnisstjórnar um tilraunasveitarfélög og vil ég þá segja nokkur orð um það.

Hér í þinginu hefur ekki verið gerð nein grein fyrir því með hvaða hætti verkefni eigi að flytjast til hinna svokölluðu tilraunasveitarfélaga. Það er allt saman hulið mikilli þoku enn, fyrir mér a.m.k. Það á vonandi eftir að skýrast, en ég mundi fagna því alveg sérstaklega ef það yrði nú ofan á að svokölluð tilraunasveitarfélög fengju þau verkefni sem Húsnæðisstofnun hefur á sinni könnu að hluta. Ég tel að hinn eðlilegi gangur væri sá, ef verkefnum Húsnæðisstofnunar yrði skipt upp, að þá væri það annars vegar með því að fela sveitarstjórnunum að sinna þjónustuhlutverkinu á hverjum stað og sveitarfélögin gætu þá leitað eftir því til margs konar aðila, ráðgjafa og annarra sem tækju að sér þá þætti fyrir sveitarfélögin eftir aðstæðum á hverjum stað. Og hins vegar væri það svo eðlilegt að lánastofnanirnar tækju að sér hinn fjármálalega þátt þessara verkefna sem Húsnæðisstofnun hefur með að gera, þá í umboði og í samstarfi við viðkomandi sveitarfélög eða samtök sveitarfélaga á svæðunum. Ég tel t.d. að það sé ekki eðlilegt að sýslumannsembættum yrði falin eins konar fjármálaleg umsýsla eða bankaleg umsýsla, eins og hv. 4. þm. Vesturl. nefndi, ég tel að það sé ekki eðlilegt. En það má hins vegar líta til þess hvort eitthvað af þessu gæti farið inn á þær skrifstofur.

Hv. 2. þm. Austurl. velti því fyrir er hvort það væri óþarfi að skipa nefnd sem sú tillaga sem hér er til umræðu gerir ráð fyrir. Ég held að það sé full þörf á því að skoða þetta. Þó að verkefnisstjórnin um tilraunasveitarfélögin sé með þetta á sinni könnu þá þurfi að taka þessi húsnæðismál, þjónustuþátt Húsnæðisstofnunar til gagngerrar endurskoðunar. Ég vænti þess að sú tillaga sem hér er til umfjöllunar geti orðið mikilvægt innlegg í þá vinnu sem því miður er ekki í gangi, svo ég viti til, í neinni alvöru nema þá einhverjar lauslegar hugmyndir sem kunna að vera á sveimi í tengslum við tilraunasveitarfélögin.

Það er svo aftur annað mál og sérstakt sem væntanlega á eftir að ræða heilmikið hér í þinginu hvernig staðið verður að þessum svokölluðu tilraunasveitarfélögum og tilflutningi verkefna til þeirra. Mér heyrist úr öllum áttum vera hrópað á tilraunasveitarfélög og menn hafa miklar væntingar um þau. Ég vona að menn verði ekki fyrir vonbrigðum þegar þær tillögur koma fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjárframlög til stjórnmálaflokka, fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 147. mál. — Þskj. 163.

[17:40]

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 163. Flm. ásamt mér eru aðrar þingkonur Kvennalistans, Kristín Ástgeirsdóttir, Kristín Einarsdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa níu manna nefnd til að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka og stjórnmálasamtaka. Jafnframt verði nefndinni falið að leggja mat á það hvort nauðsyn beri til að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka að öðru leyti.

Nefndina skipi fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi, fulltrúi félagsvísindadeildar Háskóla Íslands, fulltrúi Rannsóknastofnunar í siðfræði og fulltrúi Lögfræðingafélags Íslands auk fulltrúa frá fjármálaráðuneyti sem jafnframt sé formaður nefndarinnar."

Öðru hverju gýs upp sú umræða hér á landi hvort setja eigi lög um starfsemi stjórnmálaflokka. Síðast var lagt fram hér á þingi frv. um það efni veturinn 1975–1976 af hv. þáv. þm. Benedikt Gröndal. Þann sama vetur voru reyndar lögð fram fjögur þingmál sem öll tengdust starfi stjórnmálaflokka. Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson lagði fram tvö frumvörp í neðri deild um það efni og voru þau tengd. Annað var um breytingu á lögum nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt. Efnislega var það sama breyting, eða svipuð, og samþykkt var núna rétt fyrir jólin, að framlög fyrirtækja til stjórnmálaflokka væru skattfrjáls, þ.e. að þau teldust til rekstrarkostnaðar fyrirtækja svo sem auglýsinga og fleira. En einnig að stjórnmálaflokkar væru framtalsskyldir þó þeir væru skattfrjálsir. Þar nefndi Eyjólfur Konráð einnig að hvergi væri skilgreint í íslenskum lögum hvað stjórnmálaflokkur væri.

Hitt frv. var flutt samhliða. Það var um breytingu á lögum nr. 51/1968, um bókhald, þar sem tekin voru af öll tvímæli um það að stjórnmálaflokkar væru bókhaldsskyldir. Nokkuð skiptar skoðanir voru í umræðum og athyglisvert að þá lýsti hv. þáv. þm. Sighvatur Björgvinsson, núverandi viðskrh., yfir algerri andstöðu við það að framlög til stjórnmálaflokka væru flokkuð með framlögum til líknarmála. En hann samþykkti það síðan nú fyrir jólin og hafði þá greinilega skipt alveg um skoðun. En hvorugt þessara frumvarpa var samþykkt á þinginu 1975–1976.

Þriðja málið var þáltill. frá Alþb. þar sem lagt var til að Alþingi skipaði fimm manna nefnd til að rannsaka fjárreiður stjórnmálaflokka, svo og fjármál fyrirtækja, fasteigna og blaða sem þeim væru tengd. Og síðasta þingmálið þessa efnis var eins og áður sagði frv. til laga um stjórnmálaflokka sem Benedikt Gröndal flutti í neðri deild. Í greinargerð með því frv. segir m.a., með leyfi forseta:

„Undanfarin ár hefur komið fram hörð gagnrýni á það valdakerfi sem íslenska þjóðin býr við. Hafa stjórnmálaflokkarnir orðið mjög fyrir barðinu á þeirri gagnrýni, en þeir hafa verið kenndir við misrétti, misbeitingu valds, samtryggingu hagsmuna, annarlega fjáröflun og lélega frammistöðu í því meginhlutverki að stjórna landinu. Oft hefur það viðkvæði heyrst að setja þurfi lög um stjórnmálaflokka og hafa margir forustumenn flokkanna sjálfra tekið undir það."

Síðan rekur Benedikt hverja nauðsyn hann telur á því að starfandi séu stjórnmálaflokkar þó þeir geti verið ærið ólíkir. Sumir séu baráttutæki hagsmunahópa eða þjóðarbrota, aðrir séu flokkar bænda, verkamanna eða auðmagns, sumir baráttutæki fyrir einstaka menn eða einstök stefnumál. Og allt sem þarna er sagt er í raun og veru í fullu gildi enn í dag.

Meginefni frv. var í þá veru að opna stjórnmálaflokkana, tryggja lýðræðislega starfshætti þeirra og jafnrétti alls flokksfólks. Það átti að draga úr tortryggni í garð flokkanna og gera þá hæfari til að gegna sínu mikilvæga hlutverki í stjórnskipun lýðveldisins.

Ekkert af þessum fjórum þingmálum hlaut fullnaðarafgreislu þingsins, en segja má að þeim hafi lokið með því að samþykkt var þingsályktun þess efnis að kjósa milliþinganefnd sjö manna til að undirbúa frv. til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka. Sú nefnd skilaði af sér og samdi frv. til laga um réttindi og skyldur stjórnmálaflokka en það var aldrei lagt fram á þingi. Þar er enn á ný vakin athygli á því að engin lög eru til um flokkana, stöðu þeirra, hlutverk, fjárreiður og innra starf.

Nú í sumar og haust, má segja síðustu missirin, hefur komið fram hörð gagnrýni á það valdakerfi sem íslenska þjóðin býr við. Stjórnmálaflokkar eru þar ekki undanskildir og hefur gagnrýnin ekki síst beinst að því að um þá gilda ekki nein skýr lög eða reglur, hvorki varðandi fjárreiður né annað, og er skemmst að minnast áskorunar átta háskólakennara frá 15. sept. sl. sem birt er sem fylgiskjal með þessari þáltill. Þar sem stjórnmálaflokkar og -samtök eru tæki almennings til að hafa áhrif á stjórnkerfið er nauðsynlegt að eyða allri tortryggni um óeðlileg fjárhagsleg hagsmunatengsl flokkanna við fjársterk fyrirtæki eða hagsmunasamtök.

Í bréfi þessara átta háskólakennara segir m.a., með leyfi forseta: „Við undirritaðir kennarar í hagfræði og stjórnmálafræðum við Háskóla Íslands beinum því þeirri áskorun til formanna stjórnmálaflokkanna að

þeir geri grein fyrir því fé sem flokkarnir hafa tekið við undanfarin sjö ár, þar á meðal fjárframlögum í kosningasjóði flokkanna fyrir alþingiskosningarnar 1987 og 1991 og sömuleiðis fyrir sveitarstjórnarkosningar á sama tímabili;

þeir hlutist síðan til um að t.d. Ríkisendurskoðun ásamt óháðum endurskoðendum utan stjórnkerfisins verði falið að kanna hvort fjárframlög til flokkanna bendi til óeðlilegra fjárhags- og hagsmunatengsla að einhverju leyti og

þeir beiti sér loks fyrir því [þ.e. stjórnmálaflokkarnir eða formenn þeirra] að setja skýrar reglur eða lög um fjárframlög til flokkanna til samræmis við lög og reglur í öðrum löndum með niðurstöður Ríkisendurskoðunar að leiðarljósi.

Í lögum nr. 62/1978 er kveðið á um bann við fjárhagslegum stuðningi erlendra aðila við íslenska stjórnmálaflokka. Ekkert er hins vegar að finna í lögum um fjárframlög íslenskra aðila til stjórnmálaflokka annað en þá lagagrein sem samþykkt var með fjárlögum nú fyrir jólin. Þar sem það er eðlileg krafa að bókhald og fjárreiður stjórnmálaflokka og félagasamtaka þeirra séu öllum landsmönnum opin og aðgengileg er hér lagt til með þessari þáltill. að Alþingi beiti sér fyrir því að lög og reglur kveði skýrt á um það.

Virðulegi forseti. Að loknum þeim umræðum sem hér verða e.t.v. um þetta mál, þá legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umræðu og hv. allshn.

[17:48]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég styð það að sjálfsögðu að þessari þáltill. sé vísað til hv. allshn. en ef svo færi að hv. allshn. færi í að afgreiða þessa tillögu, þá held ég að best færi á því að hún stytti tillögugreinina talsvert mikið. Ég held að allt í lagi sé að skipa níu manna nefnd til að undirbúa löggjöf um fjárframlög til stjórnmálaflokka eða stjórnmálasamtaka. Ég tel að Alþingi ætti að kjósa þessa nefnd en ekki að fela ríkisstjórninni að skipa hana eingöngu því að það yrði bara til þess að í henni yrðu sjálfstæðismenn, kannski einn krati eins og í 18 manna nefndinni sem endurskoðaði framhaldsskólann svo eitthvert dæmi sé nefnt, en það hefur verið vinnuregla ríkisstjórnarinnar að hafa ekkert samráð við stjórnarandstöðu þegar skipað hefur verið í nefndir.

Ég held að það væri allt í lagi að slík þingkjörin nefnd legði mat á það hvort nauðsynlegt væri að setja lög um starfsemi stjórnmálaflokka og í nefndina yrðu að sjálfsögðu valdir fulltrúar stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi og eðlilegast að það væru alþingismenn. Hitt finnst mér alveg fráleitt að ætla félagsvísindadeild Háskóla Íslands, rannsóknastofnun í siðfræði eða Lögfræðingafélagi Íslands eða fulltrúa frá fjmrn. að taka þátt í því starfi.

Ég er satt að segja undrandi á hv. flm. að hrökkva svona við það bréf sem mér sýnist vera undirrót að þessum tillöguflutningi, þ.e. áskorun til stjórnmálaflokkanna, sem dags. er 15. sept. 1993, og prentað með sem fylgiskjal. Ég tel að Alþingi sé fullfært um að setja lög um þetta efni og það sé alls ekki ástæða til að fara að blanda þessu liði sem undir þetta bréf skrifar í lagasetningu af þessu efni.

Ég geri engar athugasemdir við það að svona lög verði sett eða athugað hvort það eigi að setja svona lög. Ég tel hins vegar alveg fráleitt að ætla að skipa nefndina með þeim hætti sem hér er lagt til. Ég tel að Alþingi sé fullfært um að ráða því máli til lykta.

Nú kann það að vera að siðapostularnir í háskólanum telji sig sjálfsagða til að segja Alþingi hvað það á að gera. En ég tel að það sé ekki þeirra hlutverk og Alþingi, löglega kjörið, eigi að ráða þessu máli til lykta.

[17:52]

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir að taka undir þetta. Hann gagnrýnir að vísu að ég skuli hafa sett í tillöguna að í þessari nefnd séu jafnframt fulltrúar frá háskólanum. Ég taldi það rétt miðað við það hvernig þessum málum hefur verið varið undanfarin ár og m.a. það að ekkert hefur í raun og veru gerst í þessum málum í níu ár frá því þau voru til umræðu á þinginu. Í framhaldi af því, eins og ég sagði áðan, var kosin milliþinganefnd sem skilaði af sér frv. Í henni áttu eingöngu sæti fulltrúar flokkanna sem þá sátu á þingi, það var sjö manna nefnd. En það var ekkert gert með það frv. Ég hygg að aðallega hafi ágreiningurinn stafað af hvernig fara skyldi með ýmis fjárframlög. Ég hef einnig lagt til að í nefndinni skuli vera fulltrúar þeirra stjórnmálaflokka sem sæti eiga á Alþingi. Þannig taldi ég tryggt að þó ríkisstjórninni væri falið að skipa nefndina væru í henni fulltrúar allra flokka en hún væri ekki bara skipuð, eins og hv. þm. sagði áðan, fulltrúum frá stjórnarliðunum. Að sjálfsögðu tek ég undir að það er algjörlega ófært að fara þannig að.

Það var eftir nokkra skoðun sem ég taldi að það væri eins gott að ríkisstjórninni væri falið þetta og að Alþingi skipaði nefndina. En að sjálfsögðu getur það allt saman skoðast í allshn. hvernig mönnum sýnist að með þetta sé best að fara. Tillagan er til umræðu og hægt að breyta nefndarskipun ef mönnum sýnist það fara betur.

Eins og við vitum þá eru þingflokkar hér á landi styrktir með framlögum á fjárlögum. Framlögin voru hækkuð umtalsvert og einnig gerð breyting á lögum um tekjuskatt og eignarskatt fyrir síðustu jól. Það er raunar ekki alveg rétt að það sé ekkert til í lögum um fjárframlög íslenskra aðila til stjórnmálaflokka. Það eru til lög um sérfræðilega aðstoð við þingflokka, lög nr. 56/1971, og síðan, eins og ég sagði, sú breyting sem gerð var núna á lögunum um tekju- og eignarskatt rétt fyrir jólin þar sem framlög fyrirtækja til stjórnmálaflokka eru gerð skattfrjáls.

Það er annars mjög misjafnt hvernig fjárframlögum af opinberu fé til stjórnmálaflokka er háttað í ýmsum löndum. Nefndin sem séð hefur um skiptingu framlaga til þingflokka hér gerði athugun á því hvernig þessum málum væri háttað í nokkrum löndum Evrópu árið 1989. Þá kom í ljós að styrkur er veittur bæði þingflokkum og stjórnmálaflokkum og ekki alls staðar gert að skilyrði að flokkar eigi menn á þingi heldur fer þá styrkurinn eftir fjölda atkvæða í síðustu kosningum. Til stjórnmálaflokka í Finnlandi er gert að skilyrði að rúm 8% fari til starfsemi kvenna innan flokkanna. En á Íslandi er ekki um styrki til stjórnmálaflokka að ræða og sker Ísland sig þar úr hinum Norðurlöndunum þar sem aðeins er um styrki til þingflokka að ræða. Það er einnig athyglisvert að þingflokkar stjórnarandstöðu í Þýskalandi t.d. fá viðbótarstyrk sem nemur 25% af grunnupphæðinni og 7% viðbót af framlagi á hvern þingmann.

Á grundvelli þeirra upplýsinga sem koma fram í þessari skýrslu nefndarinnar er ljóst að Ísland sker sig frá þessum löndum hvað varðar að viðurkenna mikilvægi stjórnmálaflokka með því að tryggja starfsemi þeirra með framlögum af opinberu fé. Hér hafa ekki enn verið teknir upp styrkir til stjórnmálaflokka þó slíkt sé talið eðlilegt í löndunum í kringum okkur. Öll Norðurlöndin veita beina styrki til stjórnmálaflokka jafnframt því sem þau styrkja starfsemi þingflokka og blaðaútgáfu. Hér á landi er veittur styrkur til blaðaútgáfu samkvæmt tillögu stjórnskipaðrar nefndar, veitt sérfræðiaðstoð til þingflokka í formi fjármuna og heimild er til að kaupa allt að 100 eintök af dagblöðum eða málgögnum þingflokka.

Virðulegur forseti. Mikil undirbúningsvinna hefur farið fram hvað varðar setningu löggjafar um fjárframlög til stjórnmálaflokka eins og ég hef rakið bæði í minni fyrri ræðu og núna. Það þarf að ljúka þeirri vinnu með því að koma betri skipan á þessi mál heldur en nú er. Þess vegna tel ég að samþykkt þessarar tillögu sem hér er lögð fram væri spor í rétta átt.

[17:58]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér fannst ræða hv. 6. þm. Vestf., hin síðari, vera miklu betri en sú fyrri. Ég var mjög sammála mörgu því sem hún sagði. Það er alveg ljóst að fé þarf til stjórnmálastarfsemi. Ég tel heppilegast að stjórnmálaflokkarnir fái starfsfé úr ríkissjóði eða á fjárlögum. Lýðræðinu er það ákaflega nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir geti starfað með sæmilegum hætti og stjórnmálastarf sé ekki einskorðað við auðuga flokka eða flokka sem eru e.t.v. á framfæri fjársterkra fyrirtækja. Aðstaða stjórnmálaflokka er náttúrlega mjög mismunandi að þessu leyti.

Ég tel það mjög til fyrirmyndar að athuga hvernig þetta er í öðrum löndum. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar skipaði þingmenn úr öllum flokkum í nefnd til að athuga þetta mál og reyna að koma sér saman um lagasetningu í þessu efni. Ég var formaður þeirrar nefndar. Nefndin lauk ekki starfi sínu, þ.e. við náðum því ekki að koma okkur saman um formið á þessum lögum. En nefndin var leyst frá störfum jafnskjótt og ríkisstjórn Davíðs Oddssonar tók við stjórnartaumunum.

Ég tel að stjórnmálaflokkarnir séu fullfærir um að leysa þetta mál. Það kostar auðvitað tíma og samkomulagvilja. En ég held að það sé mjög nauðsynlegt að svona lög verði sett og þessu fundinn eðlilegur farvegur. Ég er sammála því. Ég er ekkert hræddur við að ef þetta er gert með opinberum hætti og allir sitja við sama borð þá passi stjórnmálaflokkarnir ekki hver annan þannig að ekki sé mikil hætta á að um spillingu verði að ræða eða misnotkun á peningunum.

Ég er sem sagt hlynntur, eins og ég sagði áðan, því að Alþingi vinni að þessu máli og í því efni má e.t.v. byggja á því starfi sem nefnd sú sem ég veitti forstöðu var búin að vinna. En ég tel að allshn. ætti að breyta tillögugreininni ef tillagan verður afgreidd.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 322. mál. — Þskj. 513.

[18:01]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum. Meðflutningsmenn mínir eru Sólveig Pétursdóttir og Vilhjálmur Egilsson.

Tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sem leiði til afnáms tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum og jafnræðis í skattalegri meðferð vaxtahluta lífeyrisins."

Í greinargerð segir, m.a.:

Þegar staðgreiðslu skatta var komið á var um leið tekin upp tvísköttun lífeyrisgreiðslna. Þær höfðu áður verið undanþegnar tekjuskatti. Eftir breytinguna var tekjuskattur lagður á þær tekjur sem launþegi greiddi sem iðgjald í lífeyrissjóð (4%) og síðan er lífeyririnn skattlagður á nýjan leik þegar hann er greiddur út. Eins kom upp skattaleg mismunun hvað varðar ávöxtun launþegahluta lífeyrisiðgjaldsins þar sem tekinn er tekjuskattur af lífeyrisgreiðslunum á sama tíma og ávöxtun annars sparifjár er skattfrjáls. Hér er um óviðunandi ástand að ræða. Tvísköttun tekna af þessu tagi er óþolandi og sömuleiðis mismunun í skattlagningu fjármagnstekna með þeim hætti sem hér er bent á.

Það skal áréttað að hér er eingöngu farið fram á breytta skattalega meðferð iðgjaldshluta launþega í lífeyrissjóði.

Á 113. löggjafarþingi var samþykkt tillaga frá Guðmundi H. Garðarssyni svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að gera könnun á skattalegri meðferð lífeyrissparnaðar og undirbúa nauðsynlegar lagabreytingar til að slíkur sparnaður njóti ekki lakari kjara en annar sparnaður í landinu."

Í greinargerð með þingsályktunartillögu Guðmundar H. Garðarssonar er vakin athygli á margsköttun iðgjalda sjóðfélaga til lífeyrissjóðanna. Iðgjaldið er skattlagt sem tekjur þegar launþeginn vinnur til þeirra, í annað skiptið þegar lífeyrir er greiddur til sjóðfélaga og síðan má segja að þessar tekjur séu skattlagðar í þriðja sinn þegar þær valda skerðingu á tekjutryggingu frá Tryggingastofnun ríkisins.

Mikið hefur um þetta mál verið rætt og ritað og vil ég vitna til þess sem sá flutningsmaður sem flutti þetta mál fyrst á Alþingi, Guðmundur H. Garðarsson, skrifaði í blaðagrein í mars 1991, með leyfi forseta. Þar segir hann m.a. um mikilvægi lífeyrissjóða:

„Það er augljóst að við óbreyttar aðstæður grefur ríkisvaldið undan starfsemi þeirra lífeyrissjóða sem það hefur skyldað með lögum til aðildar að. Þessu verður að breyta. Lífeyrissjóðir eru grundvallarforsenda nútíma ellilífeyristryggingakerfis samhliða örorkutryggingum og maka- og barnalífeyristryggingum þar sem það á við. Í lýðfrjálsum þjóðfélögum eru lífeyrissjóðir jafnframt mikilvægasti peningasparnaðurinn í penninga- og fjármálakerfum viðkomandi þjóða. Þessi sparnaður er nýttur í þágu atvinnulífs og þess fólks sem myndar sjóðina, þ.e. sjóðfélaganna. Gott dæmi þess á Íslandi eru framlög lífeyrissjóðanna í þágu húsnæðismála. Það er eigi ofsagt þótt sagt sé að nú standi lífeyrissjóðirnir svo til 100% undir fjárframlögum til húsnæðismála á Íslandi. Hlutverk sjóðanna í uppbyggingu atvinnulífsins er að verða stöðugt þýðingarmeira á Íslandi. Er það sambærilegt við það sem nú þekkist og á sér stað í háiðnvæddum þjóðfélögum, svo sem í Vestur-Evrópu, Norður-Ameríku og í Japan.

Hlutverk Alþingis er að tryggja réttlæti. Aðförinni að sjóðfélögum lífeyrissjóðanna, lífeyrisþegum, verður að linna ef ekki á illa að fara fyrir viðkomandi aðilum og þjóðfélaginu í heild."

Þetta var tilvitnun í Morgunblaðsgrein frá því í mars 1991 sem Guðmundur H. Garðarsson, fyrrv. alþm., ritaði varðandi þetta mál.

Virðulegur forseti. Með sama hætti hafa komið fram athugasemdir frá Samtökum aldraðra. Með leyfi forseta, vildi ég grípa niður í grein eftir Ingvar Hallgrímsson, sem, ef ég fer með rétt mál, er varaformaður Landssambands aldraðra. Þar segir hann m.a.:

„Lífeyrissjóðirnir eru viðamesta sparnaðarform Íslendinga. Greiðendur eru nánast þeir einu sem standa undir sparnaði í þessu eyðslunnar samfélagi en eru samt grátt leiknir af landsfeðrunum, bókstaflega blóðmjólkaðir.

Við greiðslu af launum í lífeyrissjóð eru greiðslurnar skattaðar eins og hver önnur laun. Mætti nú halda að menn væru lausir allra skattamála og ættu fé, þann sparnað sem eftir stæði. En það er nú eitthvað annað. Þegar menn eru orðnir aldraðir og fá þennan sparnað sinn, lífeyri, greiddan sér til lífsviðurværis er hann skattaður á nýjan leik.

En hér láta landsfeðurnir ekki staðar numið. Hinum öldruðu er refsað fyrir sparnað sinn á þann veg að sparnaðurinn verður til þess að skerða stórlega eða jafnvel afnema ýmsar bætur almannatrygginga og er það í raun þriðja skattlagningin sem lífeyrisþegar verða að sæta vegna sparnaðar síns."

Enn fremur talar hann um sparnað og lífeyrissjóðinn. Þar er hann að vitna til þess sem Hrafn Magnússon, forstjóri Sambands almennra lífeyrissjóða, sagði á fundi sem hann hélt með félögum aldraðra:

„Hann tók dæmi um einhleypan mann sem hættur er vinnu og fær eftirtaldar mánaðarlegar bætur:

Frá lífeyrissjóði 25.300 kr., frá almannatryggingum 42.700 kr. eða samtals 68.000 kr. Að frádregnum sköttum fær hann útborgað 63.500 kr. Annar einstaklingur sem fær helmingi meira greitt úr lífeyrissjóði eða 50.600 kr., fær frá almannatryggingum 27.700 kr. eða samtals 78.300 kr. Að frádregnum sköttum og skerðingu á tekjutryggingu, sem er dulbúinn skattur, fær hann útborgað 69.500 kr. Þannig fær hinn síðarnefndi aðeins 6.000 kr. hærri nettólífeyri samtals frá lífeyrissjóði og almannatryggingum þótt greiðslur úr lífeyrissjóði hans séu 25.300 kr. hærri en hjá hinum fyrrnefnda

Hinn mikli sparnaður hins síðarnefnda skilar sér

ekki til baka. Sparnaður hans telst refsiverður og er nær allur tekinn upp í skatta.

Hrafn Magnússon telur að svona tryggingakerfi gangi ekki og taki reyndar út yfir allan þjófabálk."

Þetta var tilvitnun í greinar Ingvars Hallgrímssonar í Morgunblaðinu frá 27. okt. 1993.

Landssamband aldraðra hefur sent frá sér minnispunkta vegna þáltill. þeirrar sem hér er til umræðu. Með leyfi forseta, segja þeir m.a. um þetta mál:

„Fyrir daga hins nýja skattgreiðslukerfis voru inngreiðslur launþega í lífeyrissjóði tekjuskattsfrjálsar. Mönnum hefur nú dottið í hug að taka það form upp að nýju en það er ótækt og allsendis óviðunandi af tveimur ástæðum.

Í fyrsta lagi: Núverandi ellilífeyrisþegar greiða ekki lengur inngreiðslur, iðgjöld, til lífeyrissjóðs og yrði því engin breyting á þeirra högum þótt inngreiðslur yrðu skattfrjálsar. Tvísköttun sparifjár núverandi lífeyrisþega stæði óbreytt.

Í öðru lagi: Með því að gera inngreiðslur, eða iðgjöld, í lífeyrissjóði skattfrjálsar næðist ekki það jafnræði í skattalegri meðferð vaxtahluta lífeyris eins og þáltill. gerir ráð fyrir þar sem ávöxtun alls annars sparifjár er skattfrjáls. Til þess að ná því jafnræði sem rætt er um í tillögunni er því nauðsynlegt að útgreiðsla lífeyrissjóðanna, þ.e. lífeyririnn sjálfur, sé skattfrjáls á sama hátt og önnur sparnaðarform í landinu."

Hér er, eins og tillagan segir til um, eingöngu átt við iðgjaldshlut launþega, þ.e. 4/10 hluta eða 40% af útborguðum lífeyrisgreiðslum.

Þetta telja þeir nauðsynlegt þeir heiðursmenn í Landssambandi aldraðra að taka fram varðandi þetta mál. Og við flm. erum sammála þeim að því leytinu til að eins og málum er nú háttað með þessa tví- eða þrísköttun, sem margoft hefur verið rædd á Alþingi, er heldur að síga á ógæfuhlið hvað áhrærir lífeyrissjóðina. Menn sjá að það er eðlilegt að fara yfir í annað form sparnaðar, t.d. með skuldabréfakaupum og öðru því um líku, og spyrja eðlilega: Er það sjálfsagt og eðlilegt í lýðfrjálsu landi að við séum skikkaðir til þess að greiða í einhverja ákveðna tiltekna lífeyrissjóði þegar málum er þannig komið, eins og ég gat um áðan, að nánast er um þrísköttun að ræða.

Ég trúi því, virðulegur forseti, að þetta mál fái þá umfjöllun sem þarf til þess að skattálögum á hina öldruðu linni eins og greinargerðin gefur tilefni til, svo og með þeim tilvitnunum sem ég hef verið með í blaðaskrif og einkum skrif þess sem ýtti þessu máli úr vör, Guðmundar H. Garðarssonar, og var það vel að þetta mál komst inn í sali Alþingis.

Miðað við það sem almennt gengur og gerist í landinu hvað áhrærir sparifjáreign og vaxtamál er nánast óeðlilegt að Alþingi skuli láta þetta mál við svo búið vera miklu lengur en orðið er.

Virðulegi forseti. Ég legg þetta mál fram til 2. umr. og legg til að það fari til efh.- og viðskn.

[18:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir flest allt það sem hv. þm. sagði þegar hann mælti fyrir þáltill. en vil þó minna á það, þar sem í tillögunni er vitnað í greinargerð til samþykktar tillögu frá Guðmundi H. Garðarssyni á 113. löggjafarþingi, að á 115. löggjafarþingi var einmitt lagt fram frv. til laga sem gekk í þessa veru. Það var frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Flm. frv. var Kristín Sigurðardóttir, varaþingkona sem þá sat á þingi ásamt öðrum þingkonum Kvennalistans. Það frv. er í raun og veru það sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson er að leggja til nú að verði gert því í frv. segir, með leyfi forseta, að 1. gr. verði svohljóðandi:

„Við A-lið 1. mgr. 30. gr. laganna [um tekjuskatt og eignarskatt] bætist nýr töluliður er verði 1. tölul. og orðist svo:

1. Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til viðurkenndra lífeyrissjóða."

Í lögunum um tekjuskatt og eignarskatt er 30. gr. um frádrátt frá tekjum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Frá tekjum manna samkvæmt II. kafla laga þessara, sem ekki eru tengdar atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi, má draga:" — Við greinina sem ég var að lesa upp áðan bætist þá nýr töluliður og þar standi: „Iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga til viðurkenndra lífeyrissjóða."

Það þarf því ekki annað að gera til þess að koma þessari tvísköttun lífeyrisgreiðslna af en að dusta rykið af þessu frv. frá því á 115. löggjafarþingi og samþykkja það eins og það er því frv. gengur akkúrat í sömu átt og hv. þm. var að leggja til.

Í grg. með því frv. eru tilteknar nokkrar ástæður þess að fremur er valið að hafa skattfrelsi við myndun lífeyrissjóðsins, þ.e. af þeim 4% sem sjóðfélagar greiða, m.a. sú að ekki muni allir sem greiða í lífeyrissjóð fá greiðslur úr honum aftur. Svo er spurning um hvernig fer með lífeyrissjóðina. Við vitum að staða þeirra er erfið og það er spurning hvernig verður með þá eftir nokkra áratugi, hvort þeir verði jafnvel til eða hvort breyting verði á sparnaði. Þá er einnig nefnt að betri nýting persónuafsláttar á efri árum sé vegna nokkuð lægri tekna þá.

Það eru því mörg atriði sem benda til þess að það sé mun hagstæðara og eðlilegra að þetta skattfrelsi komi strax þegar iðgjaldið er tekið af launum.

Á þetta vildi ég minna og ekki hvað síst vegna þess að í þessu frv., sem er 37. mál á 115. löggjafarþingi, er einmitt líka vitnað í þá ályktun Guðmundar Garðarssonar sem var samþykkt á 113. löggjafarþingi eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerir í sinni þáltill.

[18:17]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég kem hér upp aðeins til að þakka hv. flm. þessa máls fyrir að koma því í umfjöllun. Mér var ekki ljóst að fram hefði komið frv. til laga um þetta mál en ég hefði talið ástæðu til að því hefði verið hreyft þá, endurflutt þing eftir þing úr því að svo er en þar sem það var ekki gert þá tel ég að þetta sé það skref sem sé rétt að taka.

Ég get nærri því tekið undir hvert einasta orð sem hv. 1. flm. tillögunnar sagði áðan. Tvísköttun lífeyris eins og nú er er einhver mesta ósanngirni sem er finnanleg í skattalögunum. Bæði það að 4% hluti tekna launþeganna er skattlagður þegar tekna er aflað í upphafi, og síðan að lífeyririnn er skattlagður við útborgun. Ég hafði hugsað mér sjálfur að setja þetta mál fram en ég náði því ekki áður en þessi tillaga kom fram, en ég fagna henni sérlega.

Það er auðvitað fleira sem þarf að gera breytingar á í skattalögunum, svo sem hækka frítekjumarkið og fleira. En þetta mál þarf að hafa forgang og ég vona að því verði tekið þannig. Lífeyrissparnaðurinn þarf að njóta sérkjara í ávöxtunarkerfi landsmanna.

Virðulegur forseti. Þetta er örstutt hjá mér, ég lýsi enn yfir ánægju með þetta mál og hvet til afgreiðslu á greiðan hátt í hv. efh.- og viðskn.

[18:19]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er meðflm. á þessari tillögu og eindreginn stuðningsmaður hennar. Oft hafa verið lagðar fram tillögur á hinu háa Alþingi sama efnis, m.a. að frumkvæði sjálfstæðismanna og ekki síst að þeirra frumkvæði, en ekkert hefur breyst í þessum málum. Þessi tillaga fer núna til hv. efh.- og viðskn. en þar á ég sæti. Sú nefnd hefur verið að kynna sér lífeyrissjóðsmálin og m.a. fundað með fulltrúum fjmrn. en þar eru menn að skoða þessi mál í heild sinni.

Varðandi þetta atriði um tvísköttun þessara greiðslna er það álit þeirra í fjmrn. að það feli ekki í sér sérstaklega háar fjárhæðir en til þess hins vegar að ráða bót á tvísköttun iðgjalda og lífeyris hefur verið bent á að gera þurfi framlög í lífeyrissjóði frádráttarbær. Það sé hins vegar miklu stærra mál fjárhagslega séð og erfiðara í framkvæmd. Við þessu er það að segja að viljinn þarf að vera fyrir hendi til að breyta þessu og fyrir því vil ég beita mér.

Ég tel fulla ástæðu til að löggjafarvaldið hugi sérstaklega að málefnum aldraðra og stöðu þeirra varðandi lífeyrisgreiðslur, bæði úr lífeyrissjóðum og frá Tryggingastofnun ríkisins, og því misrétti sem þar viðgengst.

Ég hef hér undir höndum verklagsreglur frá Tryggingastofnun um tekjutryggingu frá því um haustið 1993 þar sem m.a. kemur fram varðandi einstaklinga að ef aðrar tekjur elli- eða sjómannalífeyrisþega en lífeyrir almannatrygginga, vextir, verðbætur eða gengishagnaður, sem frádráttarbær eru frá tekjum við ákvörðun tekjuskattsstofns og arður af hlutabréfum, fari ekki fram úr 217.390 kr. á ári, þ.e. 18.110 kr. á mánuði, skal greiða óskerta tekjutryggingu að upphæð 22.684 kr. í september. Hafi bótaþeginn hins vegar tekjur umfram 217.390 kr. skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru. En tekjutryggingin fellur alveg niður við 822.227 kr. tekjur á ári.

Sá sem fær greiðslur úr lífeyrissjóði má nú hafa 315.695 kr. á ári án þess að tekjutrygging skerðist, þ.e. 26.308 kr. á mánuði. Þetta eru því ekki háar fjárhæðir.

Það mætti halda áfram, virðulegur forseti, að rekja fleiri dæmi. Það hefur líka verið bent á þá ósanngirni sem gildir varðandi hjón þar sem tekjur þeirra skerðast hlutfallslega meira en einstaklingar og finnst mörgum það vera mjög óréttlátt.

Ég vil bara að lokum fagna því að þessi tillaga hefur komið fram og vona svo sannarlega að þetta mál fái framgang á hinu háa Alþingi.

[18:23]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hafa tekið til máls og lýst stuðningi sínum við þáltill. Eins og ég gat um í upphafi máls míns er sú skattalega meðferð sem iðgjaldagreiðslur og útgreiðslur í lífeyrissjóðum hafa fengið í hæsta máta óeðlileg og vissulega nauðsyn á að breytt sé. Því er ekki að neita að oftar en ekki hefur komið upp sú hugsun hvort ekki væri rétt að létta af löggjafanum með ákvarðanatöku varðandi þessa tvísköttun og ganga svo frá kjarasamningum við vinnuveitendur að þau 10% sem greidd eru í lífeyrissjóðina séu alfarið þeirra. Eins og menn vita er 6% iðgjald atvinnurekandans ekki skattlagt og til að komast fram hjá þessari skattalegu mismunun og þeirri óeðlilegu skattaðferð sem beitt er væri þetta möguleiki til að komast fram hjá löggjafanum. Verkalýðshreyfingin hefur hins vegar ekki tekið á því máli með neinum hætti og hefur verið í biðstöðu í þeirri von að löggjafinn taki sér tak og gangi svo frá málum að ekki sé slík óáran viðhöfð varðandi þennan sparnað lífeyris eins og ég gat um áðan.

Ég endurtek þakkir til þeirra sem hér hafa tekið til máls og lýst stuðningi við þetta mál og vona, eins og þeir sem hafa líka talað úr þessum stóli, að þetta mál fái skjóta afgreiðslu á hinu háa Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lagaráð Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. PP, 338. mál. — Þskj. 530.

[18:25]

Flm. (Páll Pétursson):

Herra forseti. Ég hef á þskj. 530 leyft mér að flytja till. til þál. um lagaráð Alþingis. Tillögugreinin hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að setja á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt verði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kann á ákvæði stjórnarskrár.

Lagaráð skal skipað þremur mönnum, einum tilnefndum af Lagastofnun háskólans, einum tilnefndum af Lögfræðingafélagi Íslands og einum tilnefndum af Dómarafélagi Íslands. Skulu þeir fullnægja skilyrðum um embættisgengi hæstaréttardómara.

Nefndir Alþingis og þingflokkar geta leitað álits lagaráðs.

Kostnaður við störf lagaráðs greiðist af Alþingi."

Svona hljóðaði tillögugreinin, herra forseti. Það hefur ítrekað komið í ljós að það skortir mjög á að Alþingi hafi óháðan aðila til að kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta var mjög bagalegt í fyrra þegar við eyddum löngum tíma í að deila um EES-samninginn og hvort hann bryti í bága við stjórnarskrá. Þetta var viðkvæmt deilumál í fyrra og menn voru ekki á eitt sáttir. Mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar eru mál sem við megum ekki hrapa að þegar um lagasetningu er að ræða.

Nú hefur það bæst við að Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að Alþingi hefði orðið á í messunni og ekki gætt lagasamræmis. Búvörulög væru ekki í þeim stíl að þau héldu þar sem þau áttu að halda og mikill tími hefur farið í það á þessu þingi að reyna að bæta þar úr. Það er mjög sterk röksemd sem er komin ný inn í málið en þetta mál flutti ég upphaflega á síðasta þingi.

Við síðustu endurskoðun þingskapalaga var rædd sú hugmynd að setja á stofn sérstaka stjórnlaganefnd skipaða alþingismönnum sem að hluta til hefði getað leyst þann vanda sem hér er við að glíma en sú hugmynd hlaut ekki byr að því sinni.

Alþingismenn geta leitað ráðgjafar hjá starfsmönnum Alþingis eða annars staðar og ráðuneytin hafa á sínum snærum lögfræðinga og það er út af fyrir sig góðra gjalda vert. En það er alls ekki nægilegt þegar um mjög viðkvæm og flókin úrlausnarefni er að ræða og það er enginn óháður aðili til þess að fást við slík mál. Sumir starfsmenn þingflokka eru löglærðir en þeirra úrskurðir hljóta að vera gagnrýndir af fulltrúum annarra stjórnmálaflokka. Lögfræðingar ráðuneytanna lúta að sjálfsögðu húsbóndavaldi síns ráðherra og þar af leiðir að ekki er hægt að skapa nægilegt traust. Það sama kann að gilda þegar ráðherra velur tiltekna lögfræðinga til að kanna ákveðin mál. Það leiðir af sjálfu sér að stjórnarandstaða kann að tortryggja álit sem ráðherra eða starfsmenn annarra flokka gefa.

Ríkisendurskoðun er nokkuð hliðstæð. Hún var deild í fjmrn. þangað til 1987 og laut stjórn fjmrh. Þessu var breytt að tilhlutan ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og Ríkisendurskoðun gerð að sjálfstæðri og óháðri stofnun undir Alþingi. Það blandast engum hugur um það að þetta var mikið framfaraspor. Ríkisendurskoðun öðlaðist sjálfstæði við að verða óháð fjmrh. og hefur eftir breytinguna getað beitt sér af öryggi og jafnvel beint gagnrýni að fjmrh. þannig að Ríkisendurskoðun er orðin öflug og þörf stofnun í stjórnkerfi okkar. Það er einmitt hliðstæð aðferð sem ég tel að við eigum að beita í þessu efni með lagaráðið.

Meðal grannþjóða okkar er lögfræðilegri ráðgjöf við þjóðþingin háttað með ýmsu móti. Danska þingið hefur látið taka saman yfirlit um lögfræðilegt eftirlit og sérfræðiráðgöf í ýmsum þjóðþingum Evrópuríkja og það fylgir með þskj. sem fskj. og ég hvet hv. nefnd til þess að kynna sér fskj. vandlega.

Í öllum þeim ríkjum sem þar eru tiltekin hvílir sú skylda á þingforseta að athuga hvort frumvörp séu í samræmi við stjórnarskrá áður en þau eru tekin á dagskrá. Ef samt sem áður koma upp efasemdir um meðferð máls hvort það sé í samræmi við stjórnarskrá, þá er mismunandi úrræðum beitt í einstökum ríkjum. Danir hafa til þessa beitt þeirri aðferð að forseti þingsins hefur í samráði við þingskapalaganefndina notið ráðgjafar lagadeildar og nefndadeildar þingsins og lagadeildar dómsmálaráðuneytisins. Þetta hefur valdið gagnrýni og uppi eru hugmyndir um stofnun sérstaks lagaráðs þar sem álit dómsmálaráðuneytis gætu verið vilhöll.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnar Pouls Nyrups Rasmussens var beinlínis kveðið á um stofnun lagaráðs, en þar segir í lauslegri þýðingu að ríkisstjórnin muni í samráði við þingflokkana leggja fram frv. til laga um lagaráð. Lagaráðið skal vera ráðgefandi um meginálitamál, sérstaklega hvað varðar túlkun stjórnarskrár, skyldur vegna mannréttinda og aðrar alþjóðlegar skuldbindingar.

Það kom fram nokkur gagnrýni í danska þinginu á því að ríkisstjórnin sem slík færi að taka þetta mál upp á sína arma. Það væri eðlilegra að þingið hefði um það forustu og ég er því sammála.

Herra forseti. Það er algerlega ófullnægjandi skipan sem Alþingi býr við. Ef maður ber það saman við hvernig staðið er að málum í öðrum löndum þá er það gert með miklu markvissari hætti víðast hvar heldur en hér. Sem betur fer á Hæstiréttur síðasta orðið endanlega í slíkum málum, en það gerist ekki fyrr en lög hafa verið sett og mál höfðað og það er óskynsamleg skipan. Það væri hægt að koma í veg fyrir marghátt uð slys ef réttur og óháður aðili leiðbeindi þinginu við meðferð mála. Að sjálfsögðu girti þetta ekki fyrir að Hæstiréttur kynni að þurfa að dæma í slíkum málum og ef svo færi t.d. að Alþingi samþykkti lög sem ekki stæðust eða einhver teldi fara í bága við stjórnarskrá og hæfi málarekstur.

Á þskj. er líka prentað sem fskj. lög um laganefnd, nr. 48 14. júní 1929. Þau lög hafa aldrei orðið virk og sú skipan sem þar er lögð til er ekki nægilega markviss að mínum dómi. Nú þarf Alþingi að stunda mikla færibandavinnu við að leiða í lög tilskipanir frá Evrópubandalaginu og það styður enn þörf þess að setja lagaráð á stofn.

Ég tel, herra forseti, að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða. Við þingmenn höfum stundum leitað til Lagastofnunar háskólans en það er ekki fullnægjandi. Hún hefur í sumum tilfellum t.d. neitað þingnefndum um álitsgerðir og borið við tímaskorti og líka erindum frá þingflokki.

Ég legg til, herra forseti, að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. allshn. og ég treysti því að hv. allshn. sjái nauðsyn þess að koma lagaráði á fót og geri sitt til þess að tillagan megi hljóta afgreiðslu á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 355. mál. — Þskj. 547.

[18:36]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til ál. um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar. Ég vil byrja á því að þakka meðflm. mínum, hv. þm. Kristínu Einarsdóttur. Guðjóni Guðmundssyni, Árna R. Árnasyni, Ingibjörgu Pálmadóttur, Svavari Gestssyni og Jóhanni Ársælssyni, fyrir að vera með mér í þessu máli og ég þakka þeim góða umfjöllum og hvernig málið var unnið í þeirra þingflokkum. Ályktunin sjálf kveður á um það að fela samgrh. að beita sér fyrir aukinni notkun steinsteypu til slitlagsgerðar þar sem álagsumferð er meiri en 5 þús. bílar á dag, jafnframt til brúargerðar og á vegi við þéttbýli þar sem umferð er 5–8 þús. bílar á sólarhring og meira. Vegagerð ríkisins hafi að markmiði við nýlagningu og endurnýjun slitlags að nota steinsteypu þar sem umferðarþungi og álag er mikið.

Virðulegur forseti. Íslenskt — já takk hefur verið viðkvæði á undanförnum vikum. Þetta er viðkunnanlegt og þyrfti að festast þannig að menn skoði og athugi íslenskt áður en verslað er, hvort heldur er úti á landi, í heimabyggð eða í höfuðstaðnum.

Ríkissjóður og ýmsir aðilar hafa stutt þetta átak og ber að þakka það. Ætla mætti að þeir sem standa að svona átaki héldu það í heiðri. En því miður er það svo að jafnvel þeir sem næst átakinu standa kaupa óhikað og að óathuguðu máli erlendar vörur og jafnvel dýrari á sama tíma og viðkomandi aðilar óska eftir kaupum á sinni eigin vöru. Þessu verður að breyta.

Ég ætla að segja hér frá dæmi sem er satt og rétt. Það hefur gengið yfir alda breytinga á verslunum bakaría og a.m.k. sjö bakarí í Reykjavík hafa keypt fullbúnar verslanir frá Þýskalandi og státa af því að vera með glæsilegt „konditorí" eins og það er kallað.

Hörður Pálsson bakarameistari á Akranesi hugðist fylgja tískunni og setja upp verslun með kaffiaðstöðu, borðum, stólum og þess háttar. Hann var nærri fallinn í sömu gryfju og aðrir að ganga inn í erlent tilboð af því að allir hinir gerðu það. En hann ákvað þó að kanna hvort Íslendingar gætu smíðað svona verslun og réðu ef til vill við áætlað verð. Það er skemmst frá því að segja að Hörður Pálsson fékk sína verslun á 30–40% af verði innfluttu verslananna og ef eitthvað er, þá er handbragðið á vinnunni fallegra og betra en í þeim innfluttu verslunum sem ég vitnaði til áðan.

Ég segi þessa sögu vegna þess að tillaga sú sem ég geri grein fyrir fjallar allt í senn um gæði, atvinnusköpun, íslensk efni og hagstæðari verð. Það eru mörg dæmi sem unnt er að gera grein fyrir á sama máta á nánast öllum sviðum íslensks atvinnulífs sem valda atvinnuleysi. Það á ekki síst við hvað varðar innflutt alls konar viðgerðarefni sem uppfylla ekki viðlíka kröfur og íslensk viðgerðarefni til steinsteypuviðgerða. En allt um það, Íslenskt, já takk, er lofsvert framtak sem ber að styrkja og halda áfram.

Mig langar, með leyfi forseta, að vitna í eitt af þeim bréfum sem ég hef fengið sem stuðning við flutning þessa máls. Þar segir:

„Kannski okkur sem þjóð vanti að trúa meira á okkur sjálf, mátt okkar og megin. Það er ekki úr vegi að nýta þetta ár til þess sem er hálfrar aldar afmæli lýðveldis okkar og að minnast þess dags sem við fengum fullt sjálfstæði og gátum byrjað að sýna það sem í okkur býr." Og enn segir í bréfinu: „Á ýmsan hátt má segja að við höfum unnið kraftaverk. Við erum með hæsta lífaldur í heimi, við erum sjöunda tekjuhæsta þjóð í heimi miðað við höfðatölu samkvæmt Alþjóðabankanum og við erum talin vera með mestu menntun í heimi miðað við höfðatölu. Það er alls ekki ónýtt. Þegar við byrjuðum verkið 1944 hefði þetta getað farið alla vega. Við höfðum allt eins getað farið á fyllerí og lagt okkur í rúst, eins og sumir aðrir hafa lent í, eða lent í gjaldþrotum eins og hefur komið fyrir í nágrannalandi okkar."

Mig langar enn að vitna í áskorun til stjórnvalda frá starfsmönnum Sementsverksmiðjunnar, með leyfi forseta:

„Þó að mikill samdráttur hafi verið í íslenskum byggingariðnaði þennan tíma sem liðinn er frá byggingu Sementsverksmiðjunnar eða frá því að samdrátturinn hófst og sala á síðustu fimm árum hefur minnkað um 35% en um leið hefur fjöldi starfsmanna minnkað einnig um 35%. En samdrátturinn á þessum tíma á ekki alla sök á minnkandi sölu sements og steinsteypu. Stöðugt vaxandi innflutningur á tilbúnum byggingarhlutum og vörum sem koma í stað steypu og múrhúðar er stór hluti samdráttarins. Lítið eftirlit er með innflutningi eins og nýlegar upplýsingar Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins sýna um innfluttar byggingarvörur sem ekki standast kröfur. Starfsmannafélagið hefur hér sérstaklega í huga mikla þróunarstarfsemi sem stunduð er á vegum Sementsverksmiðjunnar á vörum og tækni sem byggist á notkun sements. Sementsverksmiðjan stofnaði um þessa starfsemi sérstakt fyrirtæki, Sérsteypuna sf., ásamt Íslenska járnblendifélaginu og starfa þar nú um sjö manns. Þá hefur notkun á sementi og steinsteypu í vega- og gatnagerð lagst af þó að steinsteypa sé umhverfisvænni en malbik og slitþol hennar margfalt eins og reynsla af götum á Akranesi sannar."

Greinargerð með þáltill. er svohljóðandi:

„Mjög ítarlegar og markvissar rannsóknir hafa verið unnar á síðustu tveimur áratugum á notkun steinsteypu til vega- og gatnagerðar. Fyrir liggur að mun hagkvæmara er að nota steypu þar sem umferð og álag af völdum veðurfars og þungaflutninga er mikið. Í þessari greinargerð er vísað til meðfylgjandi gagna um rannsóknir sem unnar hafa verið og kynntar af Íslendingum. Notkun íslenskra efna til vegagerðar er kappsmál þar sem saman fara atvinnuskapandi og gjaldeyrissparandi þættir, auk meiri gæða.

Kostir frá umhverfissjónarmiði eru ótvíræðir. Í stað olíuefna, sem gufa upp og menga jarðveg og andrúmsloft eða er komið fyrir í náttúrunni þegar gömul olíuslitlög eru fjarlægð, kemur umhverfisvænt efni, alíslenskt, sem er steinsteypa.

Góða sönnun fyrir hagkvæmni steinsteypu sem bundins slitlags má finna á Akranesi. Allt frá fyrstu tíð, þ.e. frá árinu 1960, hafa steyptu slitlögin reynst þar eins og best verður á kosið. Engum fjármunum hefur verið varið til viðhalds steyptra gatna á Akranesi þau 33 ár sem þau hafa verið í notkun. Tæknimenn Akranesbæjar reikna með að steypt gata endist a.m.k. þrisvar sinnum lengur en malbikuð og er það byggt á framansögðu. Við mat á hagkvæmni slitlags kemur það enn frekar í ljós. Tilboð í 5 sm þykkt malbik á síðasta ári var ekki nema 40% ódýrara en 12 sm þykk steypa. Verðtilboð í steypu var á Akranesi á árinu 1993 1.891 kr. á fermetra miðað við 12 sm þykkt, en verðtilboð í malbik á sama tíma var 1.150 kr. á fermetra miðað við 5 sm þykkt.

Rétt er að geta þess að sementsverð er það sama á öllu landinu vegna verðjöfnunar. Á malbiki er engin verðjöfnun sem gerir það þeim mun dýrara sem flutningsleið þess er lengri frá löndunarhöfn. Enn fremur ber að hafa í huga að til lagningar malbiks þarf sérhæfð tæki og mannskap. Nær alls staðar á Íslandi er til verkþekking til gatna- og vegagerðar með steinsteypu. Eftirfarandi atriði mæla sérstaklega með steinsteypu til gatna- og vegagerðar:

Meiri ending og minna viðhald, ekki síst við álag nagladekkja.

Minni erlendur kostnaður, en kostnaður er óháður olíuverði sem er u.þ.b. 11% af stofnkostnaði malbiks.

Fleiri störf hérlendis, steypustöðvar, efnisvinnsla, sementsverksmiðja.

Minni eldsneytisnotkun (10–20%) einkum vegna harðara yfirborðs steypu og minna vatns í hjólförum.

Minni efnamengun vegna slitryks.

Að jafnaði grynnri hjólför og þar af leiðandi minna um slys.

Minni kostnaður við lýsingu þar sem steypa er ljós en malbik dökkt.

Á allt of mörgum sviðum hefur hagkvæmum og atvinnuskapandi möguleikum, þar sem um hefur verið að ræða íslensk efni, verið hafnað. Erlend efni hafa verið tekin fram yfir vegna auglýsinga og áróðurs í krafti fjármagns þeirra sem hlut eiga að máli. Oft eru ákvarðanir teknar með skammtímasjónarmið í huga og án þess reikna hagkvæmnidæmið til enda og þegar haft er í huga að eingöngu opinberir aðilar standa að slitlagagerð gefur það vissulega tilefni til sérstakrar rannsóknar og úttektar. Hliðstæð dæmi má nefna þar sem íslensk byggingarefni, sambærileg að verði og gæðum, hafa lotið í lægra haldi fyrir innfluttum byggingarvörum sem oft eru niðurgreiddar eða ríkisstyrktar. Þetta á t.d. við um eldhúsinnréttingar, fjölmarga innanstokksmuni, gipseiningar og margs konar loft- og veggplötuklæðningar. Annað dæmi, sem rétt er að nefna, er íslenskur skipasmíðaiðnaður sem er nánast rjúkandi rústir sökum samkeppni við ríkis- og atvinnubótastyrktan sambærilegan iðnað í nágrannalöndum okkar, svo sem Noregi, Danmörku, Svíþjóð og fleiri vestrænum ríkjum.

Íslensk yfirvöld verða að stemma stigu við því að verkþekking og atvinnutækifæri glatist sökum andvaraleysis þegar vegið er að starfsgreinum í atvinnulífi landsmanna."

Virðulegur forseti. Ég mælist til að tillaga þessi fari til hv. samgn. til umfjöllunar. Ég legg einnig til að iðnn. fái þessa þáltill. til umfjöllunar. Ég veit ekki hvort það er reglan, en ég tel að þetta mál eigi erindi í báðar þessar nefndir. Að lokum vil ég sérstaklega geta um þau fylgiskjöl sem fylgja með tillögunni. Það er í fyrsta lagi fylgiskjal frá Háskóla Íslands þar sem Páll Jensson hefur tekið saman erindi um það hvort eigi að gefa steypu tækifæri í gatna- og vegagerð þar sem sérstaklega er tekið á um þá kosti sem mæla með steypu.

Einnig vil ég geta um erindi frá Nordisk Veibetong þar sem dregnir eru fram fjölmargir kostir þess að nota steinsteypu til vegagerðar og meira að segja þar sem er minna álag heldur en mjög víða gerist hér á landi og þá ekki síst í höfuðborginni okkar, Reykjavík. Þar ber nánast skylda til að taka upp notkun steinsteypu.

Virðulegur forseti. Ég hef hér að lokum myndband sem er sönn saga um hugvit og þróun notkunar steinsteypu í 33 ár og ég legg þetta að lokum fram sem síðasta gagn í þessu máli og bið um að á móti því verði tekið þannig að málið fái þá umfjöllun sem ég vona að það geti fengið og það verði til þess að skapa íslenska atvinnu í miklum mæli.

[18:51]

Guðjón Guðmundsson:

Herra forseti. Á undanförnum mánuðum hefur verið rekinn öflugur áróður fyrir því að Íslendingar velji íslenskar vörur og íslenska þjónustu í ríkara mæli en gert hefur verið. Þetta átak til að efla íslenska framleiðslu er mjög tímabært og á ekki síst við þegar um er að ræða íslenskt byggingarefni sem allt of oft hefur orðið undir í samkeppninni við innflutning og oft mjög óverðskuldað. Þessi tillaga um notkun steinsteypu til slitlagsgerðar fellur vel inn í þessa umræðu um eflingu íslenskrar framleiðslu en að áliti flm. er það ótvírætt mun hagstæðara að nota steypu en malbik eða olíumöl þar sem umferðarþungi er mikill. Fyrir því eru færð rök í greinargerð með tillögunni.

Sementsverksmiðja ríkisins sem nú heitir reyndar Sementsverksmiðjan hf. hefur í mörg ár staðið að ýmsum tilraunum með nýja tækni og aukin steypugæði við notkun steinsteypu í slitlög vega og gatna. Það hefur háð nokkuð þessum tilraunum að búnaður er ekki til í landinu til niðurlagningar á steinsteypu í vegi. Oft hefur því verið leitað til Íslenskra aðalverktaka á Keflavíkurflugvelli sem hafa yfir slíkum útbúnaði að ráða en það fyrirtæki hefur framkvæmt stórverk á þessu sviði á Keflavíkurflugvelli.

Það hefur einnig skort tækifæri í vegagerð hérlendis þar sem steypan hentar sem slitlagsefni. Forsenda fyrir notkun steinsteypu frekar en annarra efna er mikil umferð og áraun vegarborðsins. Reynslan af steinsteyptum slitlögum er orðin bæði löng og góð. Þar má nefna Reykjanesbraut en elsti hluti hennar er orðinn meira en 30 ára gamall og einnig Vesturlandsveg upp í Kollafjörð en sá vegur verður 22 ára á þessu ári. Síðan þessir vegir voru steyptir hafa gæði steinsteypunn-

ar aukist verulega og tækni við útlagningu hefur verið endurbætt. Aðalframkvæmd Vegagerðar ríkisins á næstunni verður tenging Vestur- og Suuðurlandsvegar og breikkun Vesturlandsvegar frá gatnamótum þessara vega að Höfðabakka. Þessi framkvæmd er tvímælalaust mjög vænleg fyrir steinsteypu, en gert er ráð fyrir að vinna verkið á þessu ári og því næsta. Verkið verður sjálfsagt boðið út og yrði þá væntanlega gert frávikstilboð sem yrði skoðað í samanburði við önnur tilboð.

Rætt hefur verið um að breikkun Vesturlandsvegar á næsta ári verði gerð með steyptu slitlagi og sett upp sem tilraunaverkefni sem nýtt yrði til þess að kanna hagkvæmni steypunnar sem slitlagsefnis, en Sementsverksmiðjan hefur lengi beðið eftir að slík könnun yrði framkvæmd á verkefni sem þessu. Sementsverksmiðjan hefur nú myndað samstarfshóp með steypustöðvunum tveimur í Reykjavík til að athuga möguleika á að steypa slitlagið á tenginguna. Rætt hefur verið um að bjóða Vegagerðinni að fjármagna mismuninn á malbiki og steypu með láni til þess tíma sem útreikningar sýndu að ending steypunnar hefði vinning á malbikið. Rekstraraðstæður Sementsverksmiðjunnar hafa versnað mjög á síðasta ári eða síðustu árum. Sementssalan hefur dregist saman um 35% á örfáum árum vegna þess mikla samdráttar sem orðið hefur í byggingariðnaðinum. Þetta hefur leitt til þess að afkastageta verksmiðjunnar nýtist illa og á þessu ári verður að stöðva hana í allt að fjóra mánuði. Það hlýtur að vera íhugunarefni fyrir ríkið sem á þessa verksmiðju hvort ekki megi auka notkun steinsteypu við vegagerð og jafnvel flýta framkvæmdum á því sviði meðan lægð er í byggingariðnaðinum og með því að bæta nýtingu þessarar ágætu verksmiðju sem undanfarin ár hefur verið rekin með verulegum halla.

Steinsteypa hefur sannað ágæti sitt í gatnagerð í nokkrum kaupstöðum landsins, ekki síst á Akranesi þar sem byrjað var að steypa götur árið 1960, en drjúgur hluti af gatnakerfi bæjarins hefur síðan verið steyptur. Reynslan af steinsteypuslitlagi á þessum götum hefur verið framúrskarandi góð og má segja að viðhald hafi nánast ekkert verið öll þessi ár.

Hv. þm. Gísli Einarsson nefndi í ræðu sinni erindi sem Páll Jensson frá Háskóla Íslands flutti á steinsteypudegi á síðasta ári en þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Fjárhagslegur ávinningur þjóðarinnar af hagkvæmari slitlögum ef þau finnast er mikill. Nærri mun láta að einn milljarður fari á ári í lagningu og viðgerðir slitlaga á götum og vegum á vegum sveitarfélaga og Vegagerðarinnar. Hver hundraðshluti sparaður þýðir því 10 millj. á ári svo að það er vissulega þess virði að spara ekki til rannsókna á þessu sviði."

Síðar í þessu sama erindi þar sem Páll gerir grein fyrir niðurstöðum sínum segir hann m.a., með leyfi forseta: „Í heild verður því að segjast að ef þær forsendur sem hér er gengið út frá um endingu hástyrkleika steypu miðað við malbik standast þá er vissulega tímabært að gefa steypunni tækifæri þegar leggja skal slitlög á götur og vegi með mikilli umferð."

Herra forseti. Ég ætla ekki að tíunda hér öll þau fjölmörgu rök önnur sem eru fyrir notkun steinsteypu til slitlagsgerðar. Ég vísa þar í þau rök sem eru rækilega skýrð í greinargerð með þessari tillögu en ég ítreka það sem ég sagði hér í upphafi þessarar ræðu að takist að auka þessa notkun er það stórt skref til eflingar íslenskri framleiðslu og stuðningur við átakið Íslenskt, já takk.

[18:57]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir tvær síðustu ræður sem hér hafa verið fluttar. Hér er um mjög þarft mál að ræða, tillaga um að auka notkun steinsteypu til slitlagsgerðar. Kostir steinsteypu eru ótvíræðir eins og hér hefur komið fram. Það er í fyrsta lagi betri ending gatna, það er minni mengun og fleiri störf á Íslandi. Þetta vil ég taka undir og minna á að um þessar mundir eru margir sveitarstjórnarmenn að taka ákvarðanir um það að leggja í varanlega gatnagerð og það er gott að minna þessa sveitarstjórnarmenn á það að nota steypu og horfa til þess sem hefur verið gert annars staðar í bæjarfélögum, t.d. á Akranesi þar sem steypa hefur verið notuð til gatnagerðar í meira en 30 ár með sérstaklega góðri reynslu.

Þar hefur lítið viðhald átt sér stað á götum sem eru 32 ára gamlar. Steinsteypa er dýrari í upphafi en hún er margfalt endingarbetri þannig að það þarf ekki einungis að vekja samgrh. til vitundar um að nota meiri steinsteypu heldur líka sveitarstjórnarmenn. Mér finnst rétt að það komi hér fram.

Ég talaði um minni mengun og hér hefur verið rætt um að olía rýkur upp við malbikun en ekkert slíkt á sér ekki stað þegar steypt er. Það þarf að leggja götur á mörgum útivistarstöðum og útivistarsvæðum. Ég minni t.d. á að í Heiðmörk er nauðsynlegt að leggja göngustíga, en þar er útilokað að nota malbik vegna þess að malbikið mundi menga vatnasvæðin þar í kring, en þar er aftur á móti upplagt að nota steinsteypu. Mér finnst rétt að minna á það hér. En það er merkilegt með okkur Íslendinga að við gleymum oft að nýta það sem okkur er næst. Hér hafa menn talað um að velja íslenskt og það verður fylgst með því núna þessar vikur hvernig verður farið með útboð í Þjóðarbókhlöðuna. Þar á að bjóða út framkvæmd fyrir 250 millj. Þar er verið að innrétta Þjóðarbókhlöðuna eins og margsinnis hefur verið auglýst en það verður áhugavert að fylgjast með því hvort það verða innlendir aðilar sem þar verða valdir til. Þar er um mikla upphæð að ræða og mér finnst rétt að það sé rætt í þessu samhengi þegar verið er að tala um að nýta það sem íslenskt er vegna þess að hér eru menn líka að tala í sömu andrá um skipasmíðaiðnaðinn sem er á hverfanda hveli og þá er mikilvægt að láta ekki fljóta fram hjá sér þær framkvæmdir sem við getum haldið utan um hér á Íslandi. En ég vona að þessi þáltill. fái góða umfjöllun og hraða í þinginu því að þetta er mjög mikilvægt fyrir íslenskan iðnað að eflast og það er hægt að efla íslenskan iðnað ef við erum vakandi.

[19:01]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þessari þáltill. sem hér liggur frammi og er til umræðu. Hún er allrar athygli verð, einkum og sér í lagi þegar litið er til þess atvinnuástands sem við búum við hér á landi.

Ég verð að segja það að í margri umræðunni undangengna daga þar sem menn hafa verið að deila um mál sem eru kannski svo fjarri okkur Íslendingum, þá er það alltaf svo að þegar komið er inn á atvinnumálin að það er það mál sem mest brennur á í þjóðfélaginu í dag. Þess vegna er þáltill. sem þessi mjög athyglinnar verð og sérstaklega skulum enn hafa það í huga að eins og fram kom hér hjá 1. flm., hv. þm. Gísla S. Einarssyni, þar sem hann gat um það að vissulega er steinsteypan nokkuð dýrari en malbik. Steinsteypan er talin vera 40% dýrari en þrefalt endingarmeiri en malbikið. Þá er náttúrlega þess líka til að geta að í þéttbýli getur malbikið valdið mengun, bæði þegar það er lagt og svo enn fremur þegar á því er ekið, einkum og sér í lagi þegar nagladekk eru notuð.

Ég sé það fyrir mér að nái þessi þáltill. fram að ganga, þá mun það bæta atvinnuástandið að nokkru leyti, en vissulega þurfa fjölmörg önnur atriði að koma til sem við höfum verið að ræða um og hv. síðasti ræðumaður kom inn á tvö atriði sem ég get alveg heils hugar tekið undir. Það er einkum og sér í lagi hvað varðar skipasmíðaiðnaðinn og oftar en ekki kemur þetta í huga mér þegar við höfum samþykkt þau lög að auðlind hafsins í kringum Ísland er eign þjóðarinnar og þá spyr maður sjálfan sig: Eiga þá þeir sem eiga aðgang að henni engum skyldum að gegna gagnvart íslenskum skipasmíðaiðnaði? Fleira í þeim dúr mætti tiltaka en þetta mál er allrar athygli vert. Við eigum hráefnið. Það er þegar á heildina er litið ekki mikið dýrara en það sem við höfum verið að flytja inn í formi malbiks og þá vaknar sú spurning: Því í ósköpunum liggja ekki enn frekari og betri rannsóknir fyrir um gatnagerð með þessum hætti eins og þáltill. felur í sér? Við eigum sementsverksmiðju, við höfum hæft fólk, við höfum unnið að vegalagningu á Akranesi. Keflavíkurvegurinn hefur reynst vel. Að vísu hafa menn verið að setja þar ofan á slitlag sem heitir malbik og það er kannski umhugsunarefni hvers vegna það var gert. Liggja einhverjar sögulegar eða rannsóknalegar forsendur að baki þess að það var gert? Getur það verið að steinsteypan valdi meiri hálku heldur en malbik eða hvað er það og hvers vegna?

Allt það sem má verða til þess að efla atvinnu hér Íslandi hljóta alþingismenn hvar í flokki sem þeir standa að taka fegins hendi og ég vænti þess og ég vonast til þess að Alþingi beri gæfu til þess á þessum erfiðu tímum atvinnuástands víðast hvar á landinu að afgreiða öll þau mál sem nú liggja fyrir Alþingi og eru atvinnuskapandi, þau leysist og þau verði afgreidd hér frá Alþingi fyrir lok þessa þings.

[19:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir að flytja þessa þáltill. Ég held að hún sé tímabær og kannski fyrir löngu. Ég vil taka undir með hv. 16. þm. Reykv. sem talaði hér á undan að ég lít á þetta sem lið í því að halda uppi atvinnu á Íslandi og það sé kannski númer eitt að gera það með því að nýta okkur allt sem hægt er að framleiða á Íslandi og við eigum þessa sementsverksmiðju. Hún hefur átt undir högg að sækja undanfarin ár, það hefur verið minnkandi eftirspurn eftir sementi, vitanlega vegna þess samdráttar sem er í þjóðfélaginu. Ég tel að ekki síst þess vegna þurfi að standa við bakið á því fyrirtæki. Það gæti lent í erfiðleikum eins og önnur fyrirtæki í landinu sem við höfum horft upp á lenda í miklum fjárhagserfiðleikum. Samdráttur Sementsverksmiðjunnar er það mikill að það er ekki séð fyrir endann á því með hvaða hætti hún kemst frá þeim erfiðleikum. Ég lít sem sagt á þetta sem lið í atvinnustefnu og ég vil meina það að við eigum að samræma áherslur okkar í atvinnuskapandi verkefnum. Við eigum auðvitað að nota steinsteypuna okkar fram yfir innflutt olíuefni. Við eigum auðvitað að smíða skipin okkar og við eigum að rækta hér grænmeti og framleiða landbúnaðarvörur handa okkur. Allt er þetta liður í að halda uppi atvinnu. Sumt af þessu og örugglega flest er dýrara en við getum fundið í löndunum hér í kringum okkur. Við erum með litlar einingar. Þetta er minnsta sementsverksmiðja sem finnst á Norðurlöndum og þó víðar væri leitað sem hér er á Íslandi og ég hef lengi haft ótta í brjósti með það að einhvern daginn muni menn finna það út að það borgi sig ekki lengur að framleiða sement á Íslandi og telji það þjóna betur stundarhagsmunum vegna þess að það sé hægt að fá hráefni til sementsgerðar á það lágu verði um einhvern tíma að leggja Sementsverksmiðjuna niður. Ég hef óttast það að t.d. þær hugmyndir sem hafa nú náð fram að ganga að gera Sementsverksmiðjuna að hlutafélagi geti valdið því í framtíðinni að hún verði seld og þessi sjónarmið verði ofan á. Það var gerð tilraun til þess við síðustu fjárlagagerð að fá í gegn heimild til þess að selja hlutafé í þessari verksmiðju og ég tel að það hafi verið full meining þar á bak við. Það þarf að verja þetta fyrirtæki. Það verður ekki varið og það verður ekki framleitt til lengdar sement á Íslandi nema menn séu að líta á það sem langtímamarkmið að framleiða hér sement. Og fari menn að reka fyrirtæki með það hugarfar sem er á bak við það að versla með hlutabréf og annað slíkt, þá horfa menn oft ekki lengra en 4–5 ár fram í tímann, það er staðreynd. Þess vegna gætum við lent í þessum vanda með Sementsverksmiðjuna ef hún verður seld.

Þetta var nú kannski útúrdúr og þó ekki því að ég tel að það sé ekki síst verið að styðja Sementsverksmiðjuna með þessari þáltill. og atvinnu í landinu yfirleitt. Það var eiginlega þetta sem ég vildi, hæstv. forseti, koma að í þessari umræðu.

Það er líka ástæða til að taka undir það sem hefur komið hér fram um það að auðvitað er ástæða til að taka þátt í því sem Íslendingar með öðrum jarðarbúum að draga úr mengun og liður í því er auðvitað að nota þau efni sem menga ekki eða menga minna en önnur og það er ekki vafamál að sementssteypa eða

steinsteypa mengar umhverfið örugglega margfalt minna en þessi olíuefni sem notuð eru í malbik. Og þó það væri ekki nema af þeim ástæðum þá ættum við að horfa á þetta út frá umhverfisvænum sjónarmiðum en líka vegna þess að það eru til rannsóknir sem sanna það að menn sem vinna við olíumöl og þessi olíuefni sem eru notuð til slitlagsgerðar á vegi hafa orðið fyrir heilaskaða. Rannsókn sem hefur farið fram á þessu og hv. þm. Gísli S. Einarsson sýndi mér áðan bendir til þess að þriðji hver maður sem vinnur til lengdar við þessi verkefni verði fyrir skaða. Þetta er alvarlegt ef svona er en þessi rannsókn er vel gerð og engin ástæða til að vefengja að þau tilfelli sem þar hafa verið rannsökuð eru rétt og þetta hefur verið niðurstaðan af rannsókninni.

Ég ætla nú ekki að hafa þetta lengra, hæstv. forseti, ég mun taka þátt í því að fjalla um þessa tillögu í samgn. ef hún kemur þar til umfjöllunar eins og hv. flm. leggur til. Ég mun auðvitað reyna að hafa áhrif á að þessi tillaga verði afgreidd.

[19:12]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Herra forseti. Ég vil þakka hv. þm. sem hér hafa tekið undir flutning þessa máls kærlega fyrir þeirra umfjöllun og þeirra góðu ábendingar um margt sem þeir koma með í sínum ræðum varðandi þetta mál. Hér var rétt áðan nefnd rannsókn á heilsufari starfsmanna sem hafa unnið við malbik til lengri tíma. Það kemur fram í þeirri skýrslu sem fylgir með þáltill. og þetta er einhver besta rannsókn sem gerð hefur verið á notkun og hæfni steinsteypu til slitlagsgerðar. Í sambandi við það var þessi rannsókn gerð og tíu af þrjátíu rannsökuðum starfsmönnum hafa orðið fyrir varanlegum heilaskaða vegna uppgufunarefna úr malbiki. Það stendur hér svart á hvítu og engin ástæða er til að draga það í efa því þessi rannsókn er unnin af mjög þekktum aðilum.

Hv. þm., Guðmundur Hallvarðsson, kom hér með spurningar sem ástæða er til að svara. Hann nefndi það að á Keflavíkurvegi er verið að leggja malbik og hvers vegna? Er það eitthvað betra? (**GHall:** Ofan á steypuna.) Ofan á steinsteypuna. Ég verð að segja að það er ákaflega merkileg aðgerð sem Vegagerð ríkisins hefur gripið til í því máli vegna þess að það eru a.m.k. 10 ár síðan að Bandaríkjamenn fóru að fræsa og valsa út steypu með sérstökum styrk þar sem slit verður á þennan veg eins og var vitnað til. Viðloðun dekkja við steypu er miklum mun meiri, það er rannsakað líka, miklu meiri en við malbik. Þannig að viðgerðin — það verður nánast að segja að hún er einhver tilraun sem menn hafa viljað gera til að reyna að sanna eitthvað nýtt eða jafnvel að menn haldi að þeir séu að finna upp hjólið aftur. Eins og ég sagði þá er til tækni til að fræsa upp sem nemur hjólfari og valsa út steypu og það er mjög fljótleg aðgerð og má aka á steypunni nánast strax á eftir að búið er að valsa út steypuna.

Að sjálfsögðu er þessi hugmynd eða þessi þáltill. hugsuð sem atvinnumálaályktun en hún er líka hugsuð til þess að nota íslenskt, já takk. Þess vegna lagði ég á það mikla áherslu í upphafi míns máls hvernig íslenskt hefur farið halloka fyrir erlendu að óathuguðu máli.

Varðandi malbik þá er það ljóst að það eru þúsundir tonna, þúsundir tonna af olíuefnum sem fara út í umhverfið í formi ryks eða uppgufunar og það er allt annað efni heldur en steinefnin sem koma beint frá íslensku grjóti og sem íslensk efni og í miklu minna mæli heldur en malbiksrykið.

Ég lýk þessu með því að endurtaka mínar þakkir til þeirra þingmanna sem hér töluðu og þeirra ágætu hv. þm. sem unnu þessu máli framgang í sínum þingflokkum og læt máli mínu lokið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurnýjun varðskips, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 370. mál. — Þskj. 565.

[19:17]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt hér till. til þál. um endurnýjun varðskips. Meðflutningsmenn mínir á þessari þáltill. eru Matthías Bjarnason, Guðjón Guðmundsson og Árni R. Árnason.

Tillagan hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta nú þegar fara fram athugun á endurnýjun varðskipsins Óðins sem er 34 ára gamalt skip. Verði þá athugað hvort sé hagkvæmara að smíða nýtt skip eða kaupa notað."

Greinargerðin er svohljóðandi:

„Nauðsynlegt er talið að Landhelgisgæslan eigi fjögur stór varðskip og að þau séu í fullum rekstri allt árið. Eitt skip er ávallt í höfn vegna leyfa skipverja, viðhalds og lagfæringa. Nú er svo ástatt að þrjú skip eru úti yfir hávetrartímann, janúar, febrúar og mars, en á öðrum árstímum eru aðeins tvö skip við vörslu landhelginnar. Þá er oftar en ekki aðeins eitt skip við eftirlit á Íslandsmiðum yfir hluta sumartímans.

Fimm togarar frá löndum Efnahagsbandalagsins munu samkvæmt EES-samningi fá heimild til veiða innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar á tilteknum svæðum sem mjög náið eftirlit þarf að hafa með. Enn fremur ber að geta þess að ástandið við miðlínu Íslands og Grænlands þarf lítið að breytast til að nauðsyn verði á mjög aukinni gæslu. Það fer m.a. eftir fiskgöngum. Sama gildir um landhelgina í átt til Jan Mayen.

Meðalaldur íslensku varðskipanna er 26,3 ár, en aldur þeirra er eftirfarandi: vs. Óðins 34 ár, vs. Ægis 26 ár og vs. Týs 19 ár. Viðhaldskostnaður varðskipanna eykst með hverju árinu sem líður, og þótt nú þegar yrði byrjað á smíði nýs varðskips yrði það varla tilbúið fyrr en eftir þrjú ár í fyrsta lagi.

Íslenska landhelgin er 750 þúsund ferkílómetrar. Á sama tíma og skipum og starfsmönnum Gæslunnar hefur fækkað hefur landhelgi Íslendinga margfaldast að stærð. Það þarf ekki mikil rök að hafa varðandi nauðsyn þess að Íslendingar reki öfluga landhelgisgæslu,

minnkandi afli og nauðsynleg fiskvernd auk ásælni erlendra fiskiskipa segja allt hvað þetta nauðsynlega mál varðar.

Allir sem þekkingu hafa á málefnum Landhelgisgæslunnar telja mjög brýnt að hefja þegar undirbúning að endurnýjun varðskipa. Stærð landhelginnar við Ísland er svo mikil að ekki má hætta á neitt er dregið gæti úr strangri gæslu. Þess verður að gæta að eðlileg endurnýjun fari fram á skipastól Gæslunnar og því er þessi þingsályktunartillaga borin fram. Núverandi ástand er óviðunandi."

Núverandi ástand á skipaflota Landhelgisgæslunnar er óviðunandi og einkum þegar litið er til aldurs elsta varðskipsins, Óðins. Eins og mönnum er kunnugt hefur danska landhelgisgæslan verið með skip á svæðum hér, bæði við Grænland og Færeyjar og skipin þeirra voru komin nokkuð til ára sinna en nú hafa þeir endurnýjað sinn varðskipaflota með mjög myndarlegum og glæsilegum hætti.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að nái þessi þáltill. fram að ganga muni starfsemi Landhelgisgæslunnar mjög eflast og við þurfum á eflingu hennar að halda. Bæði litið til landhelginnar, gæslu hennar, svo og til öryggisþátta hvað varðar hina dreifðu byggð og síðast en ekki síst sjómanna sem eru nú að sækja æ lengra til hinna fjarlægu miða heldur en áður hefur þekkst og í ríkari mæli.

Það má líka ljóst vera eins og umræðan var hér áðan um atvinnuskapandi tækifæri fyrir Íslendinga þá yrði þetta vissulega lyftistöng fyrir íslenska skipasmíðaiðnaðinn ef svo færi að menn teldu það eðlilegt og rétt að endurnýja varðskipið Óðinn með þeim hætti að hér færi fram nýsmíði þess varðskips sem þessi þáltill. fjallar um.

Ég sagði í upphafi greinargerðar að hér á árum áður hefðu varðskipin verið fjögur og jafnvel fimm, starfsmenn margfalt fleiri og þá jafnvel taldi Alþingi og þjóðin öll að ekkert ætti til þess að spara að Landhelgisgæslan væri svo í stakk búin að hún gæti sinnt þeim verkefnum sem af henni væri krafist og einkum og sér í lagi var þetta oftar en ekki viðhaft í ræðum og riti þá við vorum að færa landhelgina út, fyrst í 50 sjómílur og síðan í 200 sjómílur. Nú virðist sem álit almennings hafi dagað uppi hvað áhrærir Landhelgisgæsluna og þykir þá um leið rétt enn að skerpa á því og minna á að við erum eyþjóð, við lifum af fiskveiðum og við þurfum að gæta landhelginnar. Það má hverjum manni ljóst vera að mikil ásókn á eftir að verða í mið landsins og þegar hefur borið á því hér út af Reykjanesskaganum.

Ég hef þessi orð ekki fleiri, virðulegur forseti, en legg þessa þáltill. hér fram til 2. umr. og hv. viðskn.

[19:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir að flytja þessa þáltill. Ég tel að við höfum dregið allt of lengi að endurnýja varðskipakostinn. Ég út af fyrir sig hef ekki upplýsingar sem ég tel nógu haldbærar til að geta sagt fyrir fullt og fast hvað hér eigi að vera mörg varðskip en ég tel þó að það sé nokkuð augljóst að færri geta þau ekki verið en við höfum núna. Og að meðalaldur þessara skipa skuli vera orðinn yfir 26 ár segir okkur bara að við þurfum að taka þarna til hendinni því annars munum við auðvitað lenda í gífurlegum kostnaði við endurnýjunina þegar við þurfum kannski að endurnýja tvö skip í einu. Þess vegna held ég að það sé einmitt rétt að hefja þetta starf nú og kannski væri tíminn aldrei betur valinn heldur en núna á meðan íslenskur skipaiðnaður er í þeirri lægð sem hann er í. Og við megum búast við því að við þurfum að leggja töluvert á okkur til þess að rétta þann iðnað við og skapa atvinnu í skipasmíðum hér í landinu.

Ég er ekki í nokkrum vafa um að Íslendingar geta vel smíðað þessi skip. Það er næg tækniþekking og möguleikar til þess að gera þessa hluti alveg jafn vel og gert er annars staðar. Það hafa íslenskir skipasmiðir sannað og ég tel að það sé ástæða til að hraða þessari athugun einmitt vegna þess atvinnuástands sem við höfum verið að tala um.

Það hefur orðið mikil tæknibylting í kringum siglingar og útgerð skipa. Þannig að auðvitað verður framtíðin öðruvísi við eftirlit en hún hefur verið. En það getur þó aldrei neitt komið í staðinn fyrir örugg og góð skip og þau verðum við að hafa. Ég held að þeir sem hafa haldið því fram að færri geti skipin ekki verið en þau eru núna hafi rétt fyrir sér. Þess vegna eru röksemdirnar fyrir þessu mjög sterkar að við þurfum að leggja af stað í þessa endurnýjun.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri en ég vonast til að efh.- og viðskn. afgreiði þetta mál fljótt frá sér og það komi til endanlegrar meðferðar í þinginu fyrir vorið.

[19:26]

Gísli S. Einarsson:

Herra forseti. Hér er enn eitt mál sem er verið að hreyfa sem er mjög athyglivert. Það er mál sem á að taka á sem atvinnuskapandi verkefni og ég held að þetta sé kjörið verkefni til að færa í hendur íslenskra skipasmíðastöðva og þau eigi að taka þetta verkefni að sér sem samstarfsverkefni við smíði svona varðskips.

Ég held að engin spurning sé um hæfni, þekkingu og að það sé til nægur starfskraftur til að vinna þetta á Íslandi. Og ég held líka að á öllum sviðum sé íslenskur skipasmíðaiðnaður samkeppnishæfur við skipasmíði erlendis. E.t.v. gæti verið réttlætanlegt að kaupa skrokk erlendis þar sem unnt er að fá heilan skrokk tilbúinn smíðaðan á lægra verði en stálið kostar innflutt til Íslands, það er hugsanlegt. En það væri ærið verkefni fyrir margar skipasmíðastöðvar að annast alla innréttingu, brúarsmíði og annað sem þarf á svona skip og það mundi bæta verkefnastöðuna verulega.

Ég vil þakka hv. 16. þm. Reykv., Guðmundi Hallvarðssyni, fyrir að hefja máls á þessu verkefni. Ég tel að það sé tímabært að hefja endurnýjun varðskipaflotans, hann er mjög þarfur og nauðsynlegur til þjónustu við skipin okkar og til eftirlits á öllu því stóra svæði sem við höfum undir í fiskveiðilögsögunni og ég tala nú ekki um til aðstoðar í slysatilvikum eins og allt of oft gerast hér við Íslandsstrendur.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, herra forseti, en ég tek eindregið undir þá hugmynd sem sett er fram í þessari þáltill.

[19:29]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka þeim þingmönnum sem hér hafa talað í máli þessu og tekið undir þessa þáltill. sem við flm. teljum að sé full ástæða til að alvarlegur gaumur verði gefinn þó ekki sé litið nema til tveggja þátta.

Í fyrsta lagi það að skip Landhelgisgæslunnar eru að verða með þeim eldri ef litið er á meðalaldur skipa, eru að verða eldri en fiskiskipastóll og kaupskipastóll Íslendinga þó það séu að vísu orðin nokkuð fá skip þar. En engu að síður í öðru lagi er það nú orðið svo að fiskiskipastóllinn er að breytast, skipin eru að stækka sem þýðir um leið að varðskipin þurfa auðvitað að taka þeim breytingum í samræmi við stækkun fiskiskipaflotans og einkum og sér í lagi þegar litið er til þeirra stóru og miklu frystitogara sem eru hér á miðum okkar þá þarf auðvitað stór og öflug varðskip til að vera þeim til aðstoðar einkum og sér í lagi ef þarf að draga þau til hafnar vegna vélarbilunar eða annars.

Ég endurtek þakklæti mitt til þingmanna sem hér hafa talað í máli þessu. Ég þykist vita að Alþingi taki þessa þáltill. til skjótrar afgreiðslu með tilliti til stöðu Landhelgisgæslunnar, nauðsyn þess að landhelginnar sé gætt svo eitthvert vit sé í og síðast en ekki síst með tilliti til þess atvinnuskapandi tækifæris sem þessi þáltill. hefur að geyma.

Virðulegi forseti. Við athugun á því hvert ætti að vísa þessari þáltill. mun það rétt vera að þessi þáltill. eigi heima í allshn. og því er eðlilegt að henni sé vísað þangað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 10., 13. og 17.–19. mál.

Fundi slitið kl. 19:31.

---

104. FUNDUR

miðvikudaginn 9. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Jarðalög, stjfrv., 200. mál, þskj. 222. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Sjávarútvegsskóli, þáltill., 142. mál, þskj. 157. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, frv., 237. mál, þskj. 272. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 563, brtt. 395,9, 676, 677, 693 og 695. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins, þáltill., 259. mál, þskj. 307. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Fjárframlög til stjórnmálaflokka, þáltill., 147. mál, þskj. 163. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, þáltill., 322. mál, þskj. 513. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Lagaráð Alþingis, þáltill., 338. mál, þskj. 530. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, þáltill., 355. mál, þskj. 547. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
10. Endurnýjun varðskips, þáltill., 370. mál, þskj. 565. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
11. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 452. mál, þskj. 675. — 1. umr.
12. Sveitarstjórnarlög, frv., 456. mál, þskj. 686. — 1. umr.
13. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 231. mál, þskj. 259. — Fyrri umr.
14. Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frv., 268. mál, þskj. 323. — 1. umr.
15. Þingsköp Alþingis, frv., 288. mál, þskj. 365. — 1. umr.
16. Útvarpslög, frv., 305. mál, þskj. 496. — 1. umr.
17. Heilbrigðisátak á ári fjölskyldunnar, þáltill., 357. mál, þskj. 549. — Fyrri umr.
18. Heilbrigðisþjónusta, frv., 358. mál, þskj. 550. — 1. umr.
19. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 368. mál, þskj. 561. — 1. umr.
20. Framhaldsskólar, frv., 373. mál, þskj. 568. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál, nál. 2. minni hluta landbn., þskj. 696.

Jöfnun á símkostnaði, 463. mál, fsp. KEE, þskj. 697.

Snjómokstur, 465. mál, fsp. KEE, þskj. 699.

Virðisaukaskattur, 464. mál, fsp. KEE, þskj. 698.

Um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill geta þess áður en gengið er til dagskrár að atkvæðagreiðsla um 4. dagskrármál, Hafnalög, verður tekið fyrir að loknu 10. dagskrármáli.

Jarðalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 200. mál (EES-reglur o.fl.). — Þskj. 222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.
26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, GHH, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, KE, MF, ÓE, PS, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Sjávarútvegsskóli, frh. fyrri umr.

Þáltill. FI og HÁ, 142. mál. — Þskj. 157.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GHH, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, KE, MF, ÓE, PS, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 237. mál. — Þskj. 272.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.
27 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GHH, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, KE, MF, ÓE, PS, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.*

[*Sjá tilkynningu forseta síðar á fundinum um vísun þessa máls til nefndar og endurtekna atkvæðagreiðslu.]

Verkefni Húsnæðisstofnunar ríkisins, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvÁ o.fl., 259. mál. — Þskj. 307.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, ÞBern, ÞurP.
28 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, GHH, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, KHG, KE, MF, ÓE, PP, PS, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjárframlög til stjórnmálaflokka, frh. fyrri umr.

Þáltill. JVK o.fl., 147. mál. — Þskj. 163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, GHH, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, KHG, KE, MF, ÓE, PS, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Afnám tvísköttunar af lífeyrisgreiðslum, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 322. mál. — Þskj. 513.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, GHH, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, KHG, KE, MF, ÓE, PS, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lagaráð Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. PP, 338. mál. — Þskj. 530.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, GHH, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, KHG, KE, MF, ÓE, PP, PS, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Notkun steinsteypu til slitlagsgerðar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 355. mál. — Þskj. 547.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KEE, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, GHH, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, KHG, KE, MF, MB, ÓE, PP, PS, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Endurnýjun varðskips, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 370. mál. — Þskj. 565.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Till. vísað til síðari umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SP, StG, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, GHH, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, KHG, KE, MF, ÓE, PS, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Tilkynning frá forseta.

Vísun máls til nefndar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar til varðandi 3. dagskrármál, Skipun nefndar til að kanna útlánatöp, 237. mál, að því var reyndar vísað til allshn. án atkvæðagreiðslu áðan, en nú hafa komið fram athugasemdir í þingsalnum að e.t.v. væri eðlilegra að vísa þessu máli fremur til efh.- og viðskn. Ég sé að hv. varaformaður efh.- og viðskn. kinkar kolli, telur það eðlilegt.

Forseti telur að það sé rétt að taka þetta mál upp og ...(Gripið fram í.) (**ÓÞÞ:** Málið er afgreitt á fundinum.) (**Gripið fram í:** Það má leysa þetta með því að vísa því milli nefnda.) (**VE:** Eðlilegast að flytja um það sérstaka tillögu að málið fari til efh.- og viðskn.) (**ÓÞÞ:** Það er búið að afgreiða málið.) Forseti ætlar að láta fara fram um það atkvæðagreiðslu að vísa málinu til efh.- og viðskn. (**GHelg:** Forseti. Þetta mál snýst aðeins um það að skipa nefnd. Allshn. er fullfær um að fjalla um það mál.) Þetta er ákvörðun forseta að láta hér fara fram atkvæðagreiðslu um að málinu verði vísað til efh.- og viðskn. (**ÓÞÞ:** Samkvæmt hvaða grein þingskapa starfar forseti þessa stundina? Er hægt að fá það upplýst?) Forseti hefur mikil völd í þingsalnum eins og hv. þm. er kunnugt og hefst nú atkvæðagreiðsla um það að vísa málinu til efh.- og viðskn.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GunnS, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KEE, KÁ, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, SigG, SP, StH, StB, VS, VE, ÞBern, ÞurP.

1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, GHH, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, IBA, JóhS, JBH, KHG, KE, MF, ÓE, ÓÞÞ, PS, RG, SalÞ, SAÞ, SJS, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[13:45]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér í salnum sitja tveir þingritarar. Mér skilst að það sé reglan að þeir bóki jafnharðan það sem fram fer. Hafi þeir sinnt þeirri skyldu sinni hefur það þegar verið bókað að málið er komið til allshn. Það hefur ekki farið fram samþykkt um að taka málið úr allshn. Það hefur aftur á móti farið fram samþykkt um að senda málið til fjárhags- og viðskn. (**VE:** Efh.- og viðskn.) Efh.- og viðskn. og er nú hv. 5. þm. Norðurl. v. nokkuð órótt og ruggar sér mikið í stólnum. Ég skil ekki hvers vegna talið er að málið þurfi að vera hjá tveimur þingnefndum og mér er ekki ljóst samkvæmt hvaða grein þingskapa hæstv. forseti starfar þessa stundina. Ég óska eindregið eftir því að fá skýr svör við því og það verði bókað af riturum þannig að ég geti farið yfir fundargerðabók þingsins. Samkvæmt hvaða grein þingskapanna er starfað þegar ákveðið er að vísa máli til tveggja nefnda?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það hefur nú verið samþykkt að vísa þessu máli, 3. dagskrármálinu, til hv. efh.- og viðskn. og forseti hefur ekkert frekar um það að segja.

Forseti vill taka fram um 4. dagskrármálið að atkvæðagreiðsla um það fer ekki fram fyrr en í lok fundarins undir kl. 4. Þá hefur orðið um það samkomulag að taka 12. dagskrármál á undan 11. máli.

[13:47]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Nú háttar svo til mínum degi að ég er búinn að ráðstafa honum svo að ég á erfitt með að vera hér viðstaddur rétt fyrir kl. 4. Mér þykir miður ef forseti ætlar sér ekki að láta greiða atkvæði um 4. dagskrármálið fyrr en þá. Hitt er mér kunnugt um að óskin um að flytja 12. dagskrármálið fram fyrir 11. er af svipuðum ástæðum annars þingmanns og ég vænti þess að hæstv. forseti taki tillit til beggja þingmanna þegar svona stendur á.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta er nokkur vandi á höndum en það er ætlan forseta að láta fara fram atkvæðagreiðslu um 4. dagskrármálið undir kl. 4, sem sagt á fjórða tímanum og er vonast til að hv. þm. geti tekið tillit til þess og verið viðstaddir. (**ÓRG:** Hver er ástæðan fyrir því?) Það hefur komið fram beiðni um það frá hv. starfandi formanni þingflokks Sjálfstfl.

Sveitarstjórnarlög, 1. umr.

Frv. félmn., 456. mál (kjörskrár, framboðsfrestur). — Þskj. 686.

[13:49]

Frsm. félmn. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Frv. það sem ég mæli hér fyrir er flutt af félmn. en er samið af hagstofustjóra að höfðu samráði við félmrn. og nefndina. Frv. er flutt vegna breytinga sem gerðar voru á lögum um alþingiskosningar árið 1991 og skipta máli við sveitarstjórnarkosningarnar nú í vor.

Þær breytingar sem bregðast þarf við eru tvíþættar. Annars vegar var ákvæðum um kjörskrá breytt þannig að í stað þess að miða skráningu manna á kjörskrá við lögheimili á tilteknum tíma er miðað við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár. Við þetta skapast misræmi milli kjörskrárákvæða alþingiskosningalaga og sveitarstjórnarlaga. Hins vegar var framboðsfrestur styttur úr fjórum vikum í tvær. Vegna tengsla sveitarstjórnarlaga og alþingiskosningalaga hefur síðari breytingin það í för með sér verði ekkert að gert að framboðsfrestur við sveitarstjórnarkosningar verður tvær vikur. Skráning manna á kjörskrá miðast við sama frest og er það óraunhæft.

Í lögum um alþingiskosningar var allt fram til ársins 1991 kveðið á um að menn skyldu eiga kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem þeir áttu lögheimili 1. des. næst á undan þeim tíma er kjörskrá skyldi lögð fram. Sams konar ákvæði um kosningarrétt í sveitarstjórnarkosningum voru í sveitarstjórnarlögum fram til ársins 1986 er núgildandi ákvæði voru tekin upp. Í 4. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga segir nú að hver maður eigi kosningarrétt í því sveitarfélagi þar sem hann á lögheimili þegar framboðsfrestur rennur út í þeim sveitarfélögum þar sem sveitarstjórnarkosningar fara fram í maí.

Í athugasemdum með frv. því til sveitarstjórnarlaga sem varð að lögum nr. 8/1986 kemur fram að með þessari breytingu var að því stefnt að færa tímamörk fyrir ákvörðun um staðsetningu manna á kjörskrá sem næst kjördegi.

Með lögum nr. 10/1991, um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, var ákvæðum um hvar menn skyldu eiga kosningarrétt breytt, bæði í þeim tilgangi að færa tímamörkin sem við er miðað sem næst kjördegi og til að einfalda vinnu við kjörskrárgerð. Þessi ákvæði eru nú í 1. mgr. 15. gr. kosningalaga. Samkvæmt þeim skal taka á kjörskrá þá sem uppfylla almenn kosningarréttarskilyrði og skráðir eru með lögheimili í sveitarfélaginu samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár sjö vikum fyrir kjördag. Þessum ákvæðum var fyrst beitt í alþingiskosningunum í apríl 1991. Þá var það talið til bóta að hætta að miða búsetu manna við 1. des. og færa viðmiðunartímann nær kjördegi. Hins vegar var það talið mjög til einföldunar að hætta að tengja kosningarrétt manna við lögheimili þeirra og binda hann þess í stað við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár.

Eftir fyrri tilhögun varð oft ágreiningur um hvar lögheimili manna skyldi í raun og veru talið standa. Ýmis álitamál risu af þessu tilefni og leiddu til vandkvæða við kjörskrárgerð og til fjölda kjörskrárkæra og dóma. Tenging kosningarréttarins við skráð lögheimili samkvæmt íbúaskrá þjóðskrár veldur því að litið er fram hjá álitamálum um lögheimilisfesti. Þess í stað er skráning manna á íbúaskrá látin ráða, en með því eru bæði einstaklingarnir sjálfir og sveitarstjórnir gerðar ábyrgar fyrir því að menn standa á kjörskrá í réttu sveitarfélagi. Í alþingiskosningunum 1991 kom glöggt fram hvílíkt hagræði var að þessum ákvæðum, kjörskrárgerðin varð mun öruggari og einfaldari en áður og kjörskrárkærum og dómum fækkaði til mikilla muna. Þess má fastlega vænta að slíkur málarekstur hverfi nær alveg þegar festa hefur skapast um framkvæmd þessa ákvæðis.

Auk þess sem að framan er rakið skal á það bent að í reynd sýnist ekki unnt að kjósa til sveitarstjórna að óbreyttum ákvæðum um tímamörk fyrir kjörskrárgerð. Samkvæmt 12. gr. sveitarstjórnarlaga gilda ákvæði alþingiskosningalaga um framlagningu kjörskráa, kærur og framboðsfrest í sveitarstjórnarkosningum. Þegar sveitastjórnarlögin voru sett kváðu alþingiskosningalög á um að framboðsfrestur rynni út fjórum vikum fyrir kjördag. Með breytingu alþingiskosningalaga árið 1991 var framboðsfrestur styttur í tvær vikur. Allir kærufrestir miðast við þessi tímamörk. Ef kosið yrði til sveitarstjórna samkvæmt gildandi lögum hefði þetta því í för með sér að miða ætti kjörskrá við lögheimili manna tveimur vikum fyrir kjördag. Ætla verður að við svo skamman frest færi frágangur kjörskráa úr böndum. Ekki ynnist tími til að gera kjörskrárstofna og kjörskrár svo að viðunandi væri. Enginn tími yrði til að láta kjörskrár liggja frammi en samkvæmt alþingiskosningalögum skal leggja kjörskrár fram almenningi til sýnis eigi síðar en 24 dögum fyrir kjördag. Ekki yrði unnt að koma við kjörskrárkærum nema með dómi því kærufrestur rynni út þann sama dag og skráning manna á kjörskrá miðast við.

Í frv. þessu er lagt til að fyrrnefndum kosningarréttarákvæðum sveitarstjórnarlaga verði breytt til samræmis við ákvæði alþingiskosningalaga. Er það ótvírætt til bóta að sömu ákvæði gildi í þessum tvennum lögum þannig að sveitarstjórnir þurfi ekki að beita einni reglu við alþingiskosningar og forsetakjör og annarri við sveitarstjórnarkosningar.

Hins vegar telur félmn. að tímamörk fyrir kjörskrá, sem ákveðin voru sjö vikur í alþingiskosningalögum, séu óþarflega rúm og óhætt sé að færa þau nær kjördegi. Er því lagt til að skráning manna á kjörskrá miðist við skráð lögheimili fimm vikum fyrir kjördag í stað sjö vikna í alþingiskosningalögum.

Sem fyrr segir var framboðsfrestur til kosninga til Alþingis styttur úr fjórum vikum í tvær árið 1991. Tilgangurinn var sá að nægur tími gæfist til undirbúnings framboða þótt kjósa þyrfti til Alþingis með skömmum fyrirvara. Þetta á ekki við um sveitarstjórnarkosningar sem haldnar eru reglulega fjórða hvert ár. Kjördagur er jafnan þekktur og því nægur tími til undirbúnings framboða. Því þykir skynsamlegt að halda ákvæðum um framboðsfrest við sveitarstjórnarkosningar óbreyttum, þ.e. miða hann við fjórar vikur en ekki tvær eins og gildir um alþingiskosningar.

Aðrar breytingar, sem gert er ráð fyrir í þessu frv. eru ýmist leiddar af megintillögunni eða fela í sér minni háttar leiðréttingar á gildandi lögum.

Að lokum legg ég til, virðulegur forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. en tel óþarft að vísa því til nefndar þar sem það er flutt af félmn. sem var samhljóða um þetta mál.

[13:57]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér flytur þingnefnd frv. en fremur fátítt er að slíkt sé gert. Ég vil vegna þess segja örfá orð um mína afstöðu til þess hvernig standa eigi að málatilbúnaði og tillögugerð þegar svo stendur á að flutningsmaður málsins er þingnefndin sem á að fá málið til athugunar og skoðunar á milli umræðna.

Af eðlilegum ástæðum hefur það orðið venja í þau skipti sem þingnefnd hefur flutt mál á sínu málasviði að því hefur ekki verið vísað til nefndarinnar á milli umræðna þannig að í reynd hefur málið farið óathugað milli umræðna frá 1. til 3. umr. Þetta er auðvitað ekki góður gangur, sérstaklega þegar tekið er tillit til þess að þing starfar núna í einni málstofu. Ég beitti mér fyrir því að menn ræddu þetta sjónarhorn á málinu áður en það var flutt og tók það upp innan þingflokks Alþb. og óskaði eftir viðhorfum manna til þess hvernig að málum skyldi standa þegar mönnum þætti ástæða til þess að nefnd stæði að flutningi máls sem auðvitað getur verið.

Þau sjónarmið komu fram að þegar svo stæði á þá væri rétt að standa þannig að undirbúningi málsins að í fyrsta lagi skyldi málið athugað af málsflytjanda eða nefndinni fyrir flutning og fengnir sérfróðir aðilar til þeirrar athugunar, aðrir en þeir sem sækja á um að málið sé flutt. Í öðru lagi yrði málið sent út til umsagnar fyrir flutning málsins. Í þriðja lagi mundi málið fara til þingnefndar milli umræðna ef einhver ábending eða athugasemd kæmi fram um það.

Á þessum þremur forsendum hef ég fallist á það að málið yrði flutt af þingnefndinni og hef beitt mér fyrir því að sérstök athugun hefur farið fram á málinu umfram það sem áformað var í upphafi. Það hefur leitt til þess að málið tók breytingum og er því flutt núna öðruvísi en áformað var þegar það var sent nefndinni og óskað eftir flutningi þess. Ég tel því að þessi þrjú meginsjónarmið sem fram komu í umræðu um málið innan þingflokks Alþb. hafi verið virt og set það fram sem mitt sjónarmið að þingnefndir ættu að hafa þessi atriði að leiðarljósi í framtíðinni við athugun máls því auðvitað orkar það mjög tvímælis að þingnefnd taki upp þingmál og afgreiði það tiltölulega hratt í gegnum þingið án nokkurra athugunar á milli umræðna.

Málið er hins vegar komið í búning sem ég get fyllilega sætt mig við en ástæða þess að málið er flutt rökstyður kannski fyrst og fremst að þörf er á að vanda undirbúning málsins. Því reynist nauðsynlegt að flytja frv. vegna þess að mínu mati að menn gættu ekki að

sér þegar þeir gerðu síðustu breytingu á lögum um kosningar til Alþingis vorið 1991. Miðuðu þá breytingu einvörðungu við lögin um kosningar til Alþingis en gættu ekki að því að þá gerðu menn samtímis breytingu sem varðaði sveitarstjórnarkosningar og af þeirri ástæðu er óhjákvæmilegt að flytja lagafrv. til að rétta af málið eins og það stendur eftir þá lagabreytingu sem varð 1991. Að mínu mati unnu menn þá lagabreytingu ekki nógu vel og framkalla þá í staðinn þörf á nýju frv. sem nauðsynlegt er að flytja til þess að leiðrétta það sem þá gerðist.

Enn fremur kemur fram í 3. gr. frv. að þar er verið að leggja til breytingu á sveitarstjórnarlögum sem er nauðsynleg til að leiðrétta það sem misfórst við lagasetninguna á sínum tíma. Þannig að þarna höfum við tvær ástæður sem segja okkur að því miður er það ekki reglan að menn vandi sig nægjanlega vel við málatilbúnað á þessu sviði og kalla á að menn ættu að ígrunda vel og athuga málin áður en þau eru flutt. Það eru þau sjónarmið sem ég hef staðið fyrir við undirbúning þessa máls.

Virðulegur forseti. Ég vil geyma mér frekari umfjöllun um efnisatriði frv. til 2. umr.

[14:03]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Þær breytingar sem hér eru lagðar til á sveitarstjórnarlögum flytur félmn. Alþingis sameiginlega að beiðni Hagstofu Íslands og með samþykki félmrh. eins og hér hefur komið fram.

Deila má um hvort slík frv. eigi að koma beint frá félmn. eða fagnefndum almennt. En þar sem þetta mál er í eðli sínu ópólitískt og þar að auki mjög brýnt þá varð það að samkomulagi innan nefndarinnar að við flyttum það sameiginlega. Það er rétt sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf., Kristni H. Gunnarssyni, að það var lögð töluverð vinna í þetta frv. í nefndinni, ekki hvað síst að beiðni hans, og þær breytingar sem eru hér lagðar fram sem eru öðruvísi en fyrst var lagt upp með, þ.e. að fresturinn væri sjö vikur en nú er lagt til að fresturinn sé fimm vikur varðandi framlagningu kjörskrár, má þakka hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni. En að öðru leyti er þetta frv. algjörlega í samræmi við önnur kosningalög til Alþingis og forsetakjörs og því nauðsynlegt að það væri samræmt. Og til að flýta fyrir þessu máli þá fannst mér og öðrum í hv. félmn. rétt að það gengi þannig fyrir sig að félmn. Alþingis flytti þetta frv. Enda er þetta gert í samkomulagi við Samband íslenskra sveitarfélaga sem samband hefur verið haft við um þetta mál.

Ég vona að þetta geti gengið greiðlega fyrir sig. Þetta er orðið aðkallandi og áríðandi mál eins og fram hefur komið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EKG, EMS, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KEE, KHG, KÁ, MB, PP, PJ, SigG, SP, StG, StH, SJS, StB, VS, ÞBern, ÞurP.

26 þm. (ASv, ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FI, GHH, GÁS, HBl, JóhS, JBH, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SAÞ, TIO, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram varðandi 4. dagskrármál, Hafnalög, að atkvæðagreiðsla um það mál fer ekki fram í dag að ósk formanna þingflokka stjórnarflokkanna.

Fjáraukalög 1993, 1. umr.

Stjfrv., 452. mál (niðurstaða greiðsluuppgjörs). — Þskj. 675.

[14:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993, svokallaðra uppgjörsfjáraukalaga. Þetta er 452. mál þingsins og er að finna á þskj. 675.

Með frv. þessu eru lagðar fyrir Alþingi niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1993 umfram þær heimildir sem veittar voru af Alþingi í fjárlögum 1993 og lögum nr. 115/1993, fjáraukalögum fyrir árið 1993.

Frv. að fjáraukalögum var lagt fram á Alþingi í október 1993 og með því fylgdi ítarleg greinargerð um framvindu ríkisfjármála á því ári og þær heimildir sem óskað var samþykktar á umfram heimildir fjárlaga. Þá var hinn 23. febr. sl. lögð fyrir Alþingi skýrsla um ríkisfjármál fyrir árið 1993 þar sem afkoma ríkissjóðs eftir endanlegt greiðsluuppgjör ríkisbókhalds er skýrð með samanburði við áform samkvæmt fjárlögum.

Ónýttar fjárheimildir í árslok 1993 námu alls 3 milljörðum 558 millj. kr. en greiðslur umfram heimildir námu 759 millj. kr. Endanleg útgjöld ríkissjóðs reyndust þannig vera 2,8 milljörðum kr. lægri en heimildir fjárlaga og fjáraukalaga samanlagt. Af óhöfnum fjárveitingum í árslok 1993 tengjast 870 millj. kr. fjmrn., 830 millj. kr. menntmrn. og 690 millj. kr. heilbrigðis- og trmrn.

Ég mun hér á eftir í ræðu minni gera grein fyrir innihaldi frv. í stórum dráttum. Í frv. er sótt um greiðsluheimildir vegna fyrrnefndra 759 millj. kr. umframgreiðslna. Þar vegur þyngst 315 millj. kr. greiðsla til Ábyrgðarsjóðs launa sem skýrist nær alfarið af breytingum á bókhaldi þannig að greiðslurnar eru nú færðar á gjaldahlið en ekki færðar til lækkunar á tekjum eins og áður var. Þetta hefur áður komið fram þegar þessi mál hafa verið til umræðu hér á hinu háa Alþingi. Einnig má nefna kostnað vegna innheimtu opinberra gjalda, umframgjöld hjá Gjaldheimtunni í Reykjavík og umframgreiðslur uppbóta á lífeyri. Hver þessara liða nemur um 40 millj. kr.

Með gildistöku laga um aukatekjur ríkissjóðs á miðju ári 1992 fóru innheimtumenn ríkissjóðs og gjaldheimtur að greiða gjöld til ríkissjóðs fyrir útgáfu á stefnum, þingfestingum og fleira, auk þess sem hætt var við að fella niður stimpilgjöld þegar ríkissjóður átti í hlut.

Þó svo að hér sé um að ræða aukningu rekstrargjalda kemur breytingin einnig fram á tekjuhlið ríkissjóðs og hefur í för með sér meiri tekjur fyrir ríkissjóð en útgjöld. Þess hefur ekki verið gætt sem skyldi að áætla fyrir þessum breytingum á gjaldahlið fjárlaga. Á móti nýjum greiðsluheimildum er lagt til að felldar verði niður óhafnar fjárheimildir samtals að fjárhæð 1.414 millj. kr. Þar vegur þyngst 449 millj. kr. fjárheimild til Atvinnuleysistryggingasjóðs sem ekki þurfti að nýta þar sem atvinnuleysi á síðasta ári reyndist minna en áætlað hafði verið við framlagningu fjáraukalaga sl. haust. Einnig er lagt til að greiðsluafgangur að fjárhæð 617,9 millj. kr. falli niður hjá fjmrn., fjárhæðin sundurliðast þannig að 268 millj. kr. er vegna vaxtagreiðslna, 209,5 millj. kr. vegna heimildarákvæða í 6. gr. fjárlaga, 133,4 millj. kr. vegna ríkisábyrgða og 7 millj. kr. er afgangur af kostnaði við framkvæmd EES-samninga. Af öðrum óhöfnum fjárveitingum sem lagt er til að falli niður má nefna 115 millj. í lífeyris- og slysatryggingum og 107 millj. kr. sem var ofáætlað til að standa undir samningsbundnum greiðslum í landbúnaði.

Ég vil geta þess hér að gert er ráð fyrir að í frv. til fjáraukalaga 1994 verði sótt um flutning óhafinna heimilda til ársins 1994 sem nemur 2 milljörðum 150 millj. kr. og skerðingu á framlögum í fjárlögum 1994 sem nemur 227 millj. kr. vegna umframgreiðslna á árinu 1993. Af þessum óhöfnu heimildum eru um 1.100 millj. kr. rekstrarfjárveitingar og um 1.050 millj. kr. viðhalds- og stofnkostnaðarfjárveitingar.

Það hefur sýnt sig að sú nýbreytni ríkisstjórnarinnar að óska eftir flutningi á greiðsluheimildum fyrir áramót hvetur til aukins aðhalds og sparnaðar í rekstri þar sem stofnanir hafa möguleika á að haga rekstri sínum með sveigjanlegri hætti en áður hefur verið.

Ég vil þá geta þess að af þeirri 1.045 millj. kr. fjárveitingu sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir sl. sumar í kjölfar almennra kjarasamninga og ætlað var til atvinnuskapandi aðgerða voru 719 millj. kr. nýttar á árinu 1993. Það sem eftir stendur um sl. áramót, 326 millj. kr., verður flutt til þessa árs og að auki verður sótt um flutning annarra óhafinna stofnkostnaðarheimilda frá fyrra ári að fjárhæð 723 millj. kr. Nánari sundurliðun þessara fjárhæða er að finna í fskj. með frv. þessu.

Þetta sem hér er sagt gefur mér tilefni til að segja að ég tel að fyllilega hafi verið staðið við þann samning, það samkomulag sem gert var við forustumenn Alþýðusambandsins á sínum tíma. Því var lýst frá upphafi að sá milljarður, sem ákveðið hafði verið að veita til stofnkostnaðar og viðhalds á sl. ári, hefði ekki að öllu leyti nýst en það sem eftir er verður nýtt á yfirstandandi ári og til viðbótar gerist það að yfir 700 millj. kr. sem ekki tókst að nýta á sl. ári en fóru til verkefna sem voru á fjárlögum síðasta árs verða jafnframt nýttar á yfirstandandi ári og þarf það að sjálfsögðu að koma fram á fjáraukalögum næsta haust. Þetta vil ég að hér komi fram ekki síst vegna þess að í fréttum að undanförnu hefur hinu gagnstæða verið haldið fram af nokkrum aðilum á fundi eins stjórnmálaflokks hér í bænum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að fara mörgum orðum um frv. Þetta frv. skýrir sig að mestu sjálft. Það er sett upp með hefðbundnum hætti. Í skýringum með 3. gr. frv. er tekið fram undir einstökum ráðuneytum hvaða skýringar liggja að baki fjárupphæðunum. Í greinargerðinni er síðan vandlega farið yfir yfirfærslu heimilda og gjalda á milli ára. Það er skýrt mjög rækilega hvernig sundurliðunin er á milli gjalda umfram fjárlög og fjáraukalög, hvað séu óhafnar fjárveitingar og hvaða rekstur sé fluttur milli ára og hvaða rekstur sé fluttur sem umframgjöld í millj. kr. Loks er þetta sundurliðað á milli rekstrar- og stofnkostnaðar.

Í fskj. sem fylgir frv. er síðan langur listi yfir yfirfærðar heimildir og umframgjöld milli áranna 1993 og 1994. Þar kemur fram í lokin það sem ég hef fyrr sagt í ræðu minni að samtals er gert ráð fyrir því að yfirfærður rekstur þar sem eru óhafnar fjárveitingar séu liðlega 1.100 millj. kr. þar sem ætlunin er að stofnanir, fyrirtæki undir A-hluta í ríkisreikningi greiði á þessu ári af sínum fjárveitingum vegna skulda sem mynduðust á síðasta ári eru 226 millj. kr. og síðan er sýnt hvernig stofnkostnaður og viðhald samtals eru rúmur milljarður. Þetta þýðir að nettó færist á milli ára upphæð sem er rúmlega 1.900 millj. kr. Þessi upphæð hefur aðeins vaxið á milli ára sem ekki er óeðlilegt en það kemur mjög glöggt fram sem ég hef áður sagt og áður hefur verið rætt hér í umræðum um fjáraukalög og fjárlög að sú nýbreytni að færa heimildir milli ára með þessum hætti hefur leitt til þess að stjórnendur í ríkisrekstri fara að með meiri gát en áður í útgjaldaákvörðunum sínum.

Það er hins vegar deginum ljósara að það þarf að gera hinu háa Alþingi grein fyrir þessu á hverjum tíma þannig að öllum sé nákvæmlega ljóst hvernig skuldbindingar standa enda þjóna fjáraukalög þeim tilgangi fyrst og fremst að vera brú á milli annars vegar fjárlaga og ríkisreiknings hins vegar.

Virðulegur forseti. Í fyrrnefndri skýrslu um ríkisfjármál árið 1993 er vikið að höfuðatriðunum í niðurstöðu greiðsluuppgjörs um tekjur, gjöld og lánahreyfingar ríkissjóðs. Ég vil að lokum vísa til þessa rits um nánari upplýsingar og legg að lokum til að frv. verði vísað til hv. fjárln. að lokinni 1. umr. og síðan til 2. umr.

[14:19]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér er nú til umræðu, frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993, er eins og fram kom í framsöguræðu hæstv. fjmrh. nokkurs konar uppgjörsfjáraukalög, þ.e. hér er verið að fjalla um niðurstöðutölur um greiðslur úr ríkissjóði á árinu 1993 eins og þær endanlega líta út.

Um þetta frv. má út af fyrir sig ýmislegt segja en þó kannski fyrst og fremst það að með því er auðvitað einu sinni enn staðfest hversu algjört skipbrot efnahagsstefna og ríkisfjármálastefna hæstv. ríkisstjórnar hefur hlotið. Ef við lítum aðeins á þessar tölur sem hér birtast sem niðurstöðutölur þá kemur í ljós að halli fjárlaganna hefur aukist um 54,4% frá því sem áætlað hafði verið þegar fjárlögin voru samþykkt í árslok 1992, fjárlögin fyrir árið 1993. Þá var gert ráð fyrir halla upp á 6,2 millj. kr. Hér er með þessum fjáraukalögum endanlega staðfest að hallinn verður 9,6 milljarðar eða 3,4 milljörðum meiri en fjárlögin höfðu gert ráð fyrir. Þetta getur nú vart talist góður dómur yfir efnahagsstefnunni eða ríkisfjármálastefnunni. Og þó eru ekki öll kurl komin til grafar við lestur þessara talna.

Eins og menn rekur sjálfsagt minni til voru um mánaðamótin nóvember/desember samþykkt fjáraukalög fyrir árið 1993 þar sem fjallað var um greiðsluheimildir og áætlun um tekjur ríkissjóðs. Þá var gert ráð fyrir að hallinn kynni að aukast um 7,8 milljarða og niðurstaða þeirra fjáraukalaga var upp á 14 milljarða rúma sem átti að vera niðurstaða sl. árs.

Nú geta menn auðvitað hælt sér af því að ástandið hafi þó ekki orðið svo slæmt, niðurstaðan sé 9,6 milljarðar en ekki 14 milljarðar eins og hér hefur áður komið fram. En ef við lítum á það sem fram kemur í greinargerð frv., og reyndar ítarlega einnig í máli hæstv. ráðherra, þá er gert ráð fyrir því að yfirfæra til ársins 1994 verulegar upphæðir. Og ef við leggjum þær saman og bætum þeim við þessa 9,6 milljarða sem fjáraukalög sem hér eru nú til umræðu gera ráð fyrir, þá sýnist mér að það séu tæpir 2 milljarðar kr. Hugsað er að yfirfæra heimildir upp á 2 milljarða 151 millj. kr. Frá því dregst að vísu skerðing á nokkrum stofnunum sem hafa farið umfram og ekki er gert ráð fyrir að verði bætt upp á 227 millj. kr. þannig að nettótalan er þá 1.924 millj. kr. sem kemur í viðbót við hina 9,6 milljarða, þannig að raunveruleg niðurstaða gæti þá orðið 11 milljarðar 567 millj. kr. ef allt er talið til. Þá hefur halli fjárlaganna hækkað úr 6,2 milljörðum í 11,5 milljarða eða um 5,3 milljarða eða 85,2% og það er kannski sú tala sem raunhæfust er og raunverulegust af þeim sem við erum að fjalla hér um, hæstv. fjmrh. Talan 9,6 milljarðar er aðeins greiðslustaðan um áramót, loforð og vilyrði hæstv. ríkisstjórnar um yfirfærslur. Út af fyrir sig tel ég að það sé góð vinnuregla að heimila stofnunum að flytja nokkuð af þeim fjármunum sem þeim eru áætlaðir til reksturs og stofnkostnaðar eða viðhalds yfir áramótin þannig að stjórnendur stofnana séu ekki bundnir við það nákvæmlega að hafa eytt öllum sínum fjármunum á áramótum eða eigi það þá ekki nokkuð tryggt að geta fengið eitthvað af þeim flutt yfir áramót. Ég tel að það sé góð stefna út af fyrir sig en það sýnir að talan sem við erum hér að höndla með segir í raun ekki alla söguna eins og ég hef reynt að draga fram og hinn raunverulegi halli er kannski um það bil 11,5 milljarðar kr.

Þetta er nú sagan um það hvernig ríkisfjármálastjórnin hefur gengið. Og ef við lítum aðeins nánar á þessa tölu þá er svo merkilegt með það að ýmsar stofnanir, kannski nánast flestar stofnanir hins opinbera, ráðuneytin og undirstofnanir þeirra, þar sem menn eru að glíma við að standa við fjárlög, hafa farið nokkuð eftir þeim ramma sem þeim var áætlaður og gert ráð fyrir. Þannig að það hefur því betur orðið breyting á hvað varðar fjármálastjórn hjá opinberum stofnunum. Forstöðumenn og forsvarsmenn ríkisstofnana reyna mjög að halda sig við þann fjárlagaramma sem þeim er ætlaður í fjárlögum hverju sinni.

Breytingarnar sem hafa hins vegar orðið hér upp á rúma 5 milljarða kr. eða 85% hækkun á hallanum sem ráðgerður var í fjárlögum fyrir árið 1993 má hins vegar að mestu leyti rekja til ýmissa afleiðinga af efnahagsstefnunni og stefnu ríkisstjórnarinnar hæstv. Þar vil ég t.d. nefna ástandið í atvinnumálunum. Enda segir hér í skýrslu sem hæstv. fjmrh. vitnaði til um ríkisfjármálin fyrir árið 1993, sem lögð var fram hér á Alþingi hinn 23. feb. sl., að þessar breytingar megi að stærstum hluta rekja til skuldbindinga stjórnvalda m.a. í tengslum við gerð kjarasamninga, vegna meira atvinnuleysis en forsendur fjárlaga fólu í sér, vegna þess að tekjur hafa ekki gengið eftir eins og áætlað var og allt stafar það af efnahagsstefnunni. Það eru sem sagt þessar stóru tölur sem breytast sem er vegna þess hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur farið með stjórn í landinu.

Ég sagði í upphafi að það mætti ýmislegt af þessu læra og ýmislegt ræða um þessar niðurstöðutölur eins og þær liggja hér fyrir. Það eru einmitt þessir þættir, hvernig staðið er að stjórnuninni af hálfu hæstv. ríkisstjórnar, sem mestu skiptir. Ríkisstjórnin hæstv. hefur meðal annars hælt sér af því að tekist hafi að ná niður vöxtum í lok síðasta árs. Það er vissulega rétt að vextir lækkuðu verulega og hafa nú nálgast nokkuð það sem gerist í löndunum hér í kringum okkur þó enn séu samkvæmt upplýsingum í þessari sömu skýrslu, sem ég vitnaði til áðan, vextir hér taldir vera 1,5–3% hærri en er í nágrannalöndunum. Lækkunin hefur kannski fyrst og fremst verið að ná til baka þeim vaxtahækkunum sem hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir í upphafi síns starfsferils. Um það höfum við margsinnis rætt hér í hv. Alþingi og þarf ekki út af fyrir sig að eyða mörgum orðum um það nú í viðbót við það sem áður hefur komið fram. Þar var um að ræða handaflsaðgerðir og betra er seint en aldrei, ríkisstjórnin sá að sér í þessu máli og knúði vextina niður aftur í lok seinasta árs. En óbætt stendur auðvitað öll sú gífurlega tilfærsla á fjármunum sem af þessu vaxtaokri leiddi frá veikum atvinnuvegum, frá atvinnufyrirtækjum sem áttu vissulega í erfiðleikum, voru skuldsett mjög og þoldu ekki þessa háu vexti, þessa hávaxtastefnu frá fjölskyldum og heimilum og frá einstaklingum sem skuldugir voru til hinna sem þetta fjármagn eiga. Þar er auðvitað um að ræða marga tugi milljarða sem hafa verið fluttir til á tveggja og hálfs árs valdaferli þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Þetta eru stóru tölurnar, virðulegur forseti, og stóru þættirnir sem standa upp úr þegar reynt er að lesa út úr þeim tölum sem þessi fjáraukalög og hin raunverulega niðurstaða ríkissjóðs ber

með sér ef litið er yfir sviðið allt.

Ástandið sem skapast hefur í atvinnulífinu hefur síðan leitt til gjaldþrota, til þess að fyrirtæki hafa lagt upp laupana, til þess að atvinnuleysi hefur stórvaxið, til þess að tekjur ríkissjóðs hafa dregist saman og ríkissjóður hefur auðvitað líka tapað miklum fjármunum á gjaldþrotum og erfiðleikum í atvinnulífinu. Þar eru breytingarnar, þar er misvægið á því sem fjárlög annars vegar gerðu ráð fyrir og því sem hin raunverulega niðurstöðutala segir okkur þegar upp er staðið.

Það má svo auðvitað velta aðeins vöngum yfir því hvernig stendur á því að Alþingi samþykkir í desembermánuði fjáraukalög með 14 milljarða kr. halla þegar ekki eru nema 3–5 vikur til áramóta og ætti að vera nokkuð ljóst að hverju stefndi og hefði þess vegna sú fjáraukalagagerð getað verið nokkuð nákvæmari en raun ber vitni. Hér er um að ræða endurtekna sögu frá fyrra ári. Þá voru í árslok 1992 samþykkt fjáraukalög og síðan aftur fyrri hluta árs 1993 ný fjáraukalög sem voru hin endanlegu fyrir árið 1992. Þá stóðum við frammi fyrir alveg sömu sögunni eins og nú að fjáraukalögin, sem samþykkt voru í desember 1992, eins og þessi sem samþykkt voru í desember 1993, voru afar óraunhæf og langt frá hinni raunverulegu endanlegu niðurstöðu.

Það er umhugsunarefni bæði fyrir okkur hv. þm. sem sæti eigum í fjárln. og fyrir hæstv. fjmrh. og fjmrn. eða starfsmenn þess ágæta ráðuneytis að reyna að færa sig nær þeim niðurstöðutölum sem mega nú vera nokkuð ljósar þegar svo nærri er komið áramótum.

Vissulega er það svo að þegar frv. er lagt fram, sem er á haustin, kannski í þingbyrjun í októbermánuði, þá er e.t.v. ekki gott að sjá nákvæmlega hvert stefnir en þegar þingið fjallar um frv. eða málið í kannski 2–3 mánuði þá ætti að vera hægt að færa það nær raunveruleikanum en raun ber vitni.

Mig langar síðan aðeins að fara örfáum orðum um það hvernig tekist hefur að nýta þær fjárveitingar sem ætlaðar hafa verið til viðhalds og stofnkostnaðarframkvæmda á sl. ári vegna þess að eitt af því sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir í tengslum við kjarasamningana á síðasta ári var einmitt að auka fjárveitingar til opinberra framkvæmda til að reyna að bæta atvinnuástandið. Nú er það ljóst að af þeim rúma milljarði sem þá átti að úthluta til þessara verkefna var ekki eytt nema um 700 millj. kr. og 326 millj. standa enn út af. Við ræddum það bæði við gerð fjárlaganna sjálfra og við afgreiðslu fjáraukalaganna á seinasta ári að það hefði mátt standa betur að úthlutun þessara fjármuna og sjá til þess að þeir nýttust betur til þeirra verkefna sem þeim var ætlað.

Í lista sem lagður hefur verið fyrir fjárln. um óhafnar fjárveitingar af þessum eina milljarði kemur fram að þar er um að ræða í mörgum tilfellum stórar upphæðir sem ekki hafa verið notaðar en hefðu sannarlega mátt nýtast betur í því atvinnuástandi sem bæði var og er og ég trúi því illa að ef farið hefði verið að þeim hugmyndum og þeim óskum sem minni hluti fjárln. setti ítrekað fram í fjárln. og hér í þingsölum að þessi fjárveitingalisti yrði tekinn til endurskoðunar og reynt að finna verkefni sem unnt væri að vinna án tafar til þess að bæta atvinnuástandið, það hefði mátt gera og nýta fjármunina þá strax betur en raun ber vitni.

Það er e.t.v. ekki ástæða til þess að vera að nefna eða telja upp þessar tölur en þó má nefna nokkrar umtalsverðar upphæðir eins og t.d. fjárveitingu til Framhaldsskólans í Grafarvogi sem áætlað var að verja til rúmum 40 millj. en þar eru enn ónotaðar 36 millj. og þær 4 sem greiddar voru á sl. ári hafa trúlega farið í einhvern kostnað eða hönnun eða undirbúningsvinnu. Auðvitað er ljóst að framkvæmdir lágu þá ekki þegar ljóst fyrir og því ólíklegt að hægt væri að nýta alla þá fjármuni til verksins. Sömu sögu er að segja um ýmsar aðrar framkvæmdir. Ég nefni t.d. Hæstaréttarhús sem áætlað var til af þessum margumræddu milljarði 25 millj. kr. og eru enn þá ónýttar og samkvæmt þeim væringum sem eru í kringum þá byggingu og er út af fyrir sig ekki til umræðu hér, þá má hafa uppi efasemdir um það hvenær þessar fjárveitingar nýtast.

Enn má nefna fjárveitingar til fjmrn. sem ætlaðar voru til stjórnarráðshúsnæðis upp á 35 millj. kr. eru enn þá ónýttar svo að ég taki nú aðeins nokkra stærstu liðina af þessum 326 millj. Við erum t.d. nokkrir þingmenn úr Norðurl. e. sem vitum að þar eru ýmsar framkvæmdir sem hefði mátt ráðast í og tillögur voru um að ráðast í strax á seinasta sumri, viðhaldsverkefni við skólamannvirki og aðrar opinberar stofnanir og hefðu þá þessir fjármunir sannanlega nýst vel á því svæði þar sem atvinnuástand er kannski einna verst af öllu á landinu um þessar mundir. Þetta höfum við gagnrýnt áður og í viðbót við þetta að þessar fjárveitingar hafa ekki nýst og viðbót við þennan lista, sem ég hef verið að vitna til, þá er auðvitað eins og fram kom í máli hæstv. fjmrh. um það bil 700 millj. kr. aðrar enn þá ónotaðar í ýmsar stofnkostnaðarframkvæmdir. Nú kann að vera að á því séu ýmsar skýringar sem eigi sér eðlileg rök og auðvitað er það svo að þegar úthlutað er fjárveitingum á fjárlögum til ýmissa verkefna, þá er ekki alltaf sýnilegt að hægt sé að nýta þær allar og lofsverð fyrirheit hæstv. ríkisstjórnar og hæstv. fjmrh. að ætla að standa við það að þessum fjárveitingum verði eftir sem áður varið til þegar ákveðinna og umsaminna verkefna. En fyrst og fremst er gagnrýnisvert að þær fjárveitingar sem ætlaðar voru til að auka atvinnu og bæta atvinnuástandið skyldu ekki vera betur nýttar á seinasta ári.

Í skýrslunni frá 23. febr. um ríkisfjármál fyrir árið 1993, sem ég vitnaði til áðan, er m.a. getið um það að rekstur sjúkrahúsa á Reykjavíkursvæðinu hafi frá árinu 1991 lækkað um rúmlega 400 millj. kr. að raungildi eða 4,1%. Ég hef beðið um það í fjárln. að fá upplýsingar um það hvaða fjárveitingar það eru sem hafa lækkað og hvaða sjúkrahús það séu sem þarna hafa fyrst og fremst verið að taka til í sínum rekstri og hverjir hafa mest lagt á sig í því efni. Við höfum oft heyrt um það rætt að með hagræðingu og breytingu á rekstri sjúkrahúsanna, m.a. með tilfærslu á verkefnum frá Landakoti til Borgarspítala, hafi náðst veruleg og umtalsverð hagræðing og sparnaður í ríkisútgjöldum

sem ég leyfi mér að hafa uppi efasemdir um. Ég ætla ekki að eyða löngum tíma í umræðu um það hér eða nú en ég vil beina því til hæstv. fjmrh. að hann láti nú athuga það nánar hvernig að því hefur verið staðið og hvaða stofnanir það eru sem sýna raunverulegan árangur í rekstraraðhaldi ríkisstofnana.

Mér býður í grun að meginhlutinn af þessari upphæð hafi sparast á Ríkisspítölunum þar sem stjórnendur og starfsfólk hafa lagt verulega hart að sér að standa við fjárlögin eða halda sig innan fjárlagarammans eins og þeim hefur verið gert, en allt það brölt, allar þær breytingar sem gerðar voru á rekstri hinna sjúkrahúsanna sem ég nefndi áðan hafa sparað minna eða skilað minnu en efni stóðu til og margsinnis hefur verið rætt um eða ályktað um.

Virðulegur forseti. Tími minn við þessa 1. umr. er nú senn liðinn og ég sé ekki ástæðu til að orðlengja um þetta frv. frekar. Þetta kemur til meðferðar í fjárln. þar sem ég á sæti og mun auðvitað fjalla um málið þar nánar og ég get þá út af fyrir sig fengið allar þær upplýsingar sem við þurfum frekar á að halda. En niðurstaða mín af þessu frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu er fyrst og fremst sú að það er enn þá einu sinni rækileg staðfesting á því hve illa hefur tiltekist í efnahagsstjórn og stjórn ríkisfjármála hjá núv. hæstv. ríkisstjórn.

Aðeins að lokum í þá einu mínútu sem ég sé að ég á hér enn eftir, þá langar mig að nefna það og undirstrika að hér er dregið fram að þær 300 millj. kr. sem ríkisstjórnin hefur þó stært sig af að hafa sett til rannsókna- og þróunarverkefna í fjárlögum á seinasta ári eru endanlega dregnar til baka. Við héldum því fram við afgreiðslu fjárlaganna fyrir þetta nýbyrjaða ár í umræðunum í desembermánuði að svo mundi fara að fjárveitingar til þróunar- og rannsóknaverkefna yrðu skornar niður. Þau voru út af fyrir sig skilyrt sölu ríkisfyrirtækja upp á 1.500 millj. kr. sem ekkert stendur eftir af. Ég held að eignasalan hafi numið 50 millj. kr. í staðinn fyrir 1.500 millj. samkvæmt lista frá fjmrn. og þá þýðir það það að 300 millj. sem átti að verða til rannsókna- og þróunarverkefnanna eru nú með þessum fjáraukalögum sem hér liggja fyrir endanlega skornar niður og það verður þá líka að segjast að það stendur lítið eftir af þeim stóru og merku fyrirheitum sem ríkisstjórnin hafði þó uppi við fjárlagaafgreiðslu fyrir sl. ár um það að þessa starfsemi skyldi sérstaklega styrkja.

Útbýting þingskjals:

Fjárhagsleg samskipti ríkis og sveitarfélaga, 350. mál, svar félmrh., þskj. 690.

[14:40]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið farið allvel í gegnum þetta frv. til fjáraukalaga hér af hv. 1. þm. Norðurl. e. og get ég tekið undir það sem hann hefur hér lýst. Mér finnst líka sérstaklega rétt að vekja athygli á því sem einnig kom fram í hans máli að við vorum að samþykkja frv. til fjáraukalaga í desember sl. þar sem gert var ráð fyrir að halli fjárlaga mundi aukast um rúmlega 7 milljarða kr. Það kemur síðan í ljós hér með þessu frv. að hallinn lækkar allmikið. Það kemur fram í þessu frv. að það sé um rúma 4 milljarða sem hallinn hafi lækkað en ef við bætum við þeim 2 milljörðum sem eru yfirfærðir þá lækkar hallinn um 2 milljarða kr. frá því sem áætlað hafði verið í desember. Hér erum við enn og aftur með frv. til fjáraukalaga við að loka fjárlögum ársins. Það gerist það sama hér við fjárlög fyrir árið 1993 eins og gerðist við fjárlög 1992 að það virðist vera erfitt af einhverjum ástæðum að koma með raunhæfar tölur um lok fjárlaganna nokkru áður en fjárlagaárinu lýkur og verða það að teljast vera vinnubrögð sem við verðum að fá nánari skýringar á, hvernig á því stendur að ekki er hægt að áætla þetta betur rétt áður en fjárlagaárinu lýkur. Þarna tel ég að sé um allt of mikinn mismun að ræða.

Hæstv. fjmrh. lagði mikið út af því áðan að það hefði unnist fyrir þann milljarð sem ákveðinn var til atvinnuskapandi verkefna á síðasta ári, náðst hefði að vinna fyrir rúmar 700 millj. kr. svo að ekki muni nema 300 millj. verða færðar á milli ára af þeim atvinnuskapandi milljarði sem talað hefur verið um. En jafnframt kemur það einnig fram í þessu fjáraukalagafrv. að 759 millj. af viðhaldi eða því sem átti að fara til viðhalds- og stofnkostnaðar er líka fært á milli ára. Og þó að ég sé út af fyrir sig líka sammála þeirri vinnureglu að menn þurfi ekki að keppast við það að eyða þessum fjármunum án þess kannski að skoða það nægilega vel hvernig þeim er eytt fyrir áramót bara til þess að missa ekki fjárveitinguna, þá tel ég að hér sé um nokkuð háa upphæð að ræða og ef við leggjum saman þessar tvær upphæðir, þ.e. það sem fært er á milli ára af stofnkostnaði og viðhaldi samkvæmt fjárlögum og því sem eftir stóð af milljarðinum, þá er hér í raun og veru um milljarð að ræða, þ.e. sá milljaður sem ákveðinn var til atvinnuskapandi verkefna á síðasta ári er í raun færður á milli ára ef við leggjum saman þær tölur sem hér um ræðir. Og maður spyr sjálfan sig að því hvort ekki hafi verið nægilega vel staðið að þessum undirbúningi sl. vor hvernig þessum milljarði til atvinnuskapandi verkefna skyldi varið eða hvað er hér á ferðinni.

Í því sambandi langar mig enn og aftur að minna á það að ekki fóru eða áttu að fara af þessum milljarði nema 60 millj. kr. til atvinnusköpunar fyrir konur og það kom raunar fram í fréttum í sjónvarpinu í gærkvöldi að þeim 60 millj. kr. hefði verið mjög vel varið eins og sagði í þeirri frétt, með leyfi forseta:

„Formaður starfshóps félmrn. sem sá um að úthluta milljónunum 60 til að skapa konum störf hefur ekki mikla trú á svokölluðum átaksverkefnum. Þau séu dýrar skammtímalausnir, skapi vinnu í nokkra mánuði og svo taki atvinnuleysið við á ný. Þá telur hún einnig að þau séu frekar sniðin að þörfum karla en kvenna. Starfshópurinn hafi því lagt áherslu á að skapa konunum vinnu til frambúðar."

Jafnframt segir í þessari frétt að það hafi tekist að skapa um 200 atvinnutækifæri, 200 ný störf hjá konum fyrir þessar 60 millj. og þeir sem stóðu í þessum vinnuhóp notuðu þá vinnureglu að reyna með því að

úthluta því að skapa vinnu til framtíðar.

Ég get að sumu leyti tekið undir það að þau átaksverkefni sem efnt var til voru að mörg hver bara skammtímaverkefni. Það var verið að vinna einhver ákveðin verkefni sem ekki skiluðu sér sem framtíðarstörf. Það bætti að vísu úr atvinnuástandinu á ákveðnum tíma og gerði það að verkum að atvinnuástandið fyrir árið í heild varð ekki jafnslæmt og útlit var fyrir en það breytir ekki því að í dag er atvinnuástandið mjög slæmt og atvinnuleysið hefur vaxið meira en gert var ráð fyrir samkvæmt þjóðhagsspánni í desember sl. og það sýnir að það hefur ekki tekist með þeim peningum sem áætlað var að veita til atvinnuskapandi verkefna, það hefur ekki tekist að skapa störf til framtíðar nema þessi 200 störf. Líklega hefur þar tekist að skapa störf til framtíðar. Þess vegna verður enn og aftur að átelja það að því skuli ekki hafa verið meira sinnt að leggja meira til atvinnuskapandi verkefna fyrir konur og það er heldur ekki gert í fjárlögum yfirstandandi árs þar sem t.d. var 15 millj. kr. sjóðurinn sem hefur verið inni í félmrn. nú í nokkur ár, þrjú ár að ég held, hann var hækkaður um einar 5 millj. kr. þannig að í ár er hann 20 millj. kr. til atvinnuverkefna fyrir konur. En í staðinn var bætt inn stórum hópi þar sem áður átti þessi liður í fjárlögunum að vera til atvinnusköpunar fyrir konur á landsbyggðinni, en nú er hann til atvinnusköpunar fyrir konur þannig að allt suðvesturhornið, allt Reykjavíkursvæðið er komið inn í þetta. Það hefur sem sagt verið meira en tvöfaldaður sá hópur sem nú á að sækja um þennan styrk og hann var aðeins hækkaður um einar 5 millj. kr. Ég held að það sé vert að gagnrýna það hér enn og aftur. En eftir stendur að milljarður er eftir af því sem átti að fara til atvinnuskapandi verkefna.

Ég ætla ekki endilega að fara nákvæmlega í þær tölur sem hér eru. Það hefur hv. 1. þm. Norðurl. e. gert mjög vel hér á undan. Ég vil aðeins nefna það að auðvitað endurspeglar fjáraukalagafrv. nokkuð ástandið í þjóðfélaginu þar sem Ábyrgðasjóður launa vegna gjaldþrota er sú upphæð sem mest fer fram yfir fjárlög eins og þau stóðu áður en þetta fjáraukalagafrv. var gefið út, þ.e. hann fer 314 millj. fram yfir heimildir. Og það endurspeglar auðvitað ástandið í þjóðfélaginu.

Það er líka vert að vekja athygli á annarri stórri upphæð í fjmrn. sem hæstv. fjmrh. nefndi að nokkru leyti hér áðan, þ.e. gjaldheimtu- og innheimtukostnaður sem fer 85 millj. kr. fram úr heimildum og það er kostnaður m.a. vegna gjaldþrotabeiðna, en eins og menn muna trúlega, þá var kostnaður við að biðja um gjaldþrot hækkaður allverulega á síðasta ári og það kostar í dag 150 þús. kr. að biðja um að gjaldþrot sé gert hjá einhverjum. Þetta kemur auðvitað líka niður á ríkinu því að ríkissjóður þarf líka að fara fram á að einhver sé tekinn til gjaldþrotaskipta þannig að þessi kostnaður hefur þess vegna aukist allmikið hjá gjaldendum líka og það kemur fram í þessari tölu.

Að öðru leyti er hér verið að stemma af sjóðbók ríkissjóðs við síðustu áramót. Það segir ekki alla söguna um það hvernig ríkisreikningur fyrir árið 1993 mun koma til með að líta út svo ég held að við getum geymt okkur að ræða það hvernig endanlegur halli fjárlaganna fyrir árið 1993 muni koma til með að líta út. Ég ætla ekki að nefna enn einu sinni þann ágreining sem er uppi um það hvað skuli færast í fjáraukalögum, fjárlögum eða ríkisreikningi. Ég held að menn séu búnir að fá alveg nóg af umtalinu um það í bili, enda var samkvæmt nýjustu fréttum haldinn fundur sl. föstudag þar sem ríkisreikningsnefnd kom sér saman um ákveðnar tillögur til framtíðar í þeim efnum og þær tillögur eigum við enn eftir að sjá.

Að öðru leyti geri ég ráð fyrir að frekari umræður um fjáraukalagafrv. verði við 2. umr. og mun ég því geyma mér að fjalla frekar um það.

[14:52]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér um ræðir, fjáraukalagafrv., og er til 1. umr. er afstemningarfrv. en ég vildi eigi að síður áður en frv. fer til fjárln., þar sem ég hef tækifæri til að fá nánari upplýsingar um einstaka þætti þess, koma inn á örfá atriði varðandi málið.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. ræddi um halla fjárlaga sem hefur aukist verulega frá áætlun. Það hefur margsinnis komið fram, bæði í umræðum um fjárlög og fjáraukalög að stór hluti af þessum halla á rætur að rekja til þeirrar niðursveiflu sem hefur verið í efnahagslífinu. Hann á rætur að rekja til minnkandi tekna ríkissjóðs og aukinna útgjalda, m.a. vegna vaxandi atvinnuleysis. Það er því að vonum að það sé rætt þegar fjárlög og fjáraukalög eru til umræðu hvernig ríkisvaldið geti haft áhrif á þessa hagsveiflu, hvort það sé hægt að hafa áhrif á hana bæði til þess að auka atvinnu og auka tekjur ríkissjóðs og veltu í þjóðfélaginu. Það hefur verið baráttumál verkalýðshreyfingarinnar í landinu að auka opinberar framkvæmdir m.a. í þessu skyni. Og þetta baráttumál var þungamiðjan í kjarasamningum bæði í maí sl. og við framlengingu kjarasamninga í nóvember. Mig undrar það satt að segja nokkuð að heyra hæstv. fjmrh. halda því fram hér áðan þegar hann talaði fyrir þessu máli að við þessa samninga hefði verið staðið. Það stendur einfaldlega deila um það milli verkalýðshreyfingarinnar og ríkisstjórnarinnar hvort það hafi verið staðið við þetta ákvæði kjarasamninga eða ekki.

Það hefur farið fram mikil leikfimi með þennan 1 milljarð, sem er vissulega mikið fé, hvernig honum hefur verið varið á síðasta ári og hvað hafi verið nýtt. Það kom fram að rúmlega 500 millj. voru gamlar heimildir frá árinu 1992. Afgangurinn voru nýjar heimildir, 700 millj. er upplýst hér, ég rúnna þetta af í hundruð milljóna, voru notaðar á síðasta ári þannig að eftir stendur að 100 millj. af nýjum heimildum voru notaðar til framkvæmda á árinu 1993. En kannski skiptir þetta ekki öllu máli því að í kjarasamningum var því lýst yfir af hálfu ríkisstjórnarinnar að viðhald og stofnkostnaður á árinu 1993 ætti á verðlagi ársins að verða 17 milljarðar kr. og 16,4 milljarðar á verðlagi ársins 1994. Um það stendur deilan að forustumenn Alþýðusambands Íslands halda því fram að það standi upp á ríkisvaldið að framkvæma fyrir 1,7 milljarða kr. á þessu ári áður en samningstímabilinu lýkur til að

standa við þessa samningsgerð.

Það er satt að segja undarlegt hvað hæstv. ríkisstjórn hefur verið seinheppin í þessum málum eins og þetta mál er brýnt vegna afkomu ríkissjóðs, vegna atvinnustigsins í landinu því að atvinnuleysið er eitt hið versta og ég fullyrði að það er langalvarlegasta þjóðfélagsvandamálið um þessar mundir. Og þegar á annað borð er búið að semja um aukningu opinberra framkvæmda sem þar að auki koma ríkissjóði sjálfum til góða í minnkandi útgjöldum vegna atvinnuleysis og vegna aukinnar veltu sem því fylgir, þá skuli ekki takast betur til en þetta í vali á verkefnum að þessi verkefni skuli endalaust færð á milli ára. Ég undrast þetta satt að segja nokkuð og er enn meira undrandi á þeirri yfirlýsingu fjmrh. að við samningana hafi verið staðið í ljósi þeirrar deilu sem stendur við forustumenn verkalýðshreyfingarinnar um þessi mál.

Ég þarf reyndar ekki að hafa ýkjamörg orð um þetta fjáraukalagafrv. við 1. umr. Það hefur verið farið nokkuð ítarlega í gegnum það af hv. 1. þm. Norðurl. e. og hv. 6. þm. Vestf. Ég vil eigi að síður undirstrika sérstaklega þetta atriði varðandi opinberu framkvæmdirnar og vil að það komi fram við þessa umræðu. Hér þarf að hafa hraðar hendur að bæta úr og endurskoða þau verkefni sem fram undan eru og hvaða verkefnum er hægt að koma í gang nú þegar til þess að bæta úr atvinnuástandinu sem er hörmulegt um þessar mundir. Þar að auki vil ég benda á það skipbrot einkavæðingarinnar og eflingu rannsókna í þjóðfélaginu sem þetta frv. sýnir. Það hafa aðeins selst ríkisfyrirtæki fyrir 148 millj. á síðasta ári þannig að öll þau fögru fyrirheit um eflingu rannsókna í þjóðfélaginu fóru þar með í vaskinn vegna þess að þau voru skilyrt því að selja ríkisfyrirtæki til þess að setja fallega grímu á einkavæðingaráformin til að selja þjóðinni þau áform. Það er svo aftur sérmál að eftir áramótin var gerð atrenna í þessu og eitt ríkisfyrirtæki selt ákveðnum aðilum á sanngjörnu verði en það kom í ljós og verður síðar rætt — ég ætla ekki að gera það að umræðuefni í þessari umræðu — um sölu Síldarverksmiðja ríkisins sem kom ekki til reiknings á árinu 1993 heldur árinu 1994. En þessi atriði vildi ég undirstrika við 1. umr. en hef að öðru leyti tækifæri til þess að vinna að málinu í fjárln. þegar það kemur þangað.

[15:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég þakka þeim hv. þm. sem tóku til máls við þessa umræðu en þeir munu allir eiga sæti í hv. fjárln. þannig að það er auðvelt að halda áfram umræðum þar um þetta mál. Það hleypur ekki frá okkur og verður þar til umfjöllunar á næstunni. Mig langar þó að nefna hér örfá atriði sem komu fram í máli hv. ræðumanna. Í fyrsta lagi kom það fram, sem er ekki nýtt þegar rætt er um ríkisfjármál, að stefna ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum hefði beðið skipbrot, eins og það var orðað. Þetta er nánast orðið viðlag í ræðum hv. stjórnarandstæðinga nema nú fundu þeir fyrst og fremst að því að hallinn hefði ekki orðið eins mikill og við var búist og það var okkur reiknað heldur til vansa og þetta væri annað árið í röð.

Sannleikurinn er sá að það er minni munur að undanförnu á niðurstöðutölum og fjárlagatölum heldur en oftast áður. Um þetta hef ég látið gera skrá og það kemur í ljós að það er minni munur á niðurstöðutölum þegar fjárlögunum er lokað með fjáraukalögum og niðurstöðutölum fjárlaga. Ástæðan fyrir því að ekki er hægt að segja nákvæmlega fyrir um niðurstöðutölur við gerð fjáraukalaga þegar nýjar heimildir eru sóttar til þingsins eru þær að ekki liggur endanlega fyrir hverjar tekjur verða og ýmis uppgjör eiga sér stað mjög seint á árinu. Í desember þegar við ræddum þessi mál var hamrað á því af hálfu hv. stjórnarandstæðinga að greiðsluhallinn yrði milli 13 og 14 milljarðar. Hann er reyndar ekki nema — ekki nema segi ég og ætti að hafa þetta nema í gæsalöppum að sjálfsögðu — 9,5 eða 9,6 milljarðar eða þar um bil.

Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. e. að yfirfærslur eru tæpir 2 milljarðar. En við megum þá ekki gleyma því sem hv. 2. þm. Austurl. nefndi réttilega í sinni ræðu að yfirfærslur hafa orðið talsverðar á milli ára og ég á ekki von á því að þær hverfi á mili áranna 1994 og 1995. Það verður þá að sjálfsögðu einnig að taka tillit til þess að yfirfærslan er ekki eingöngu nú um síðustu áramót heldur má gera ráð fyrir því að svo verði einnig um næstu áramót. Þess vegna mundi ég ráðleggja hv. stjórnarandstæðingum að leggja ekki þessar tvær tölur saman og fá út úr því að hallinn sé svo og svo mikill. Ég skal hins vegar lofa þeim því að þeir fái nægan efnivið til að fást við í gagnrýni sinni því að mér sýnist eins og flestum öðrum að það verði mjög erfitt að halda fjárlögum yfirstandandi árs innan þess ramma sem hv. Alþingi samþykkti í desember. Á því eru eðlilegar skýringar, sem ekki er ástæða til að nefna nú, en auðvitað sjást vísbendingar mjög snemma á árinu hvort hægt er að halda ríkisútgjöldunum innan heimilda.

Það sem gerðist á sl. ári og eru gleðitíðindi er það að landsframleiðslan varð heldur meiri en við hafði verið búist, en á móti kom að sá bati í efnahagsmálum, sem stundum er kallað að ná jafnvægi í viðskiptum við útlönd, kom einnig niður á ríkissjóði. Efnahagsbatinn sem birtist í því að við erum hætt að auka skuldasöfnun við útlönd gerir það með öðrum orðum að verkum að það verða ekki tekjur af þeim halla sem myndast þegar flutt er meira inn til landsins en úr landinu. En það er tekjustofn eins og allur innflutningur. Það hefði t.d. stórbætt ríkisfjármálin ef hallinn hefði orðið talsverður með miklu meiri innflutningi því að ríkið fær verulegar tekjur af innflutningi. Þessi efnahagsbati, sem er ákaflega mikilvægur fyrir íslenska þjóðarbúið kemur á vissan hátt niður á ríkisfjármálunum. Þetta verðum við að huga.

Þegar rætt er um fjárfestingarlistann sem hv. ræðumenn ræddu talsvert um, þá verðum við að hafa það í huga að gengið var út frá því allan tímann að ekki yrði farið í viðhald og fjárfestingu nema þar sem um arðsemi væri að ræða, þar sem fjárfestingarnar hefðu varanlegt gildi. Ég held að það sé hárrétt hjá hv. 6. þm. Vestf. að auðvitað á ríkisvaldið eins og aðrir, sveitarfélögin og aðrir þeir sem eru að berjast við atvinnu-

leysisvandann, að reyna að finna verkefni sem eru varanleg. Það er lærdómur sem við getum dregið af viðbrögðum flestra annarra að reyna að leita varanlegra lausna en forðast skammtímaátök. Því miður er það svo að menn freistast til þess að halda úti vinnu sem er tímabundin og þegar slíkt er gert, sem ég ætla síst að útiloka, þá verðum við að velja þau verkefni sem eru þannig vaxin að þau geti verið til þess fallin að auka hagvöxt þjóðarinnar. Verkefni, t.d. samgöngur sem leiða til stækkunar atvinnusvæða, til samvinnu fyrirtækja, meiri hreyfanleika í efnahagslífinu, slíkar framkvæmdir eigum við að láta ganga fyrir. Þess vegna er alls ekki sama til hvaða framkvæmda á að grípa.

Undir þetta vil ég taka og benda á að með reglugerðarbreytingu Atvinnuleysistryggingasjóðs eru möguleikar á að fá úr sjóðnum fjármuni einmitt til verkefna svo fremi sem þau verkefni spilla ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja hér á landi. Þetta hefur auðvitað líka þýðingu.

Ég vek einnig athygli á öðru. Það er þegar menn eru að leggja þessar tölur allar saman og segja síðan: Ríkisstjórnin stóð ekki við samninga sína við aðila vinnumarkaðarins. Þá vil ég benda á að fyrir fáeinum árum hefðum við bara strikað þessar tölur út. Þá hefðum við eftir áramótin sagt: Það tókst ekki að nýta fjárfestingartölurnar í menntamálunum, þá látum við það bara niður falla. Það er nýtt að við séum að teygja þessar fjárfestingar á milli ára og það er sérstaklega gert núna vegna þess að það stendur þannig á í atvinnumálum þjóðarinnar. Á þetta vil ég leggja áherslu því að ég tel það í meira lagi ósanngjarnt að halda því fram að við höfum engan veginn staðið við samninga okkar og samkomulag við verkalýðshreyfinguna. Það var farið yfir málið á sl. hausti. Fyrir fáeinum vikum átti ég fund með forustumönnum Alþýðusambandsins í fjmrn. þar sem farið var yfir þetta mál aftur. Þær viðræður standa yfir enn þá.

Við megum heldur ekki gleyma því að sumt af því sem var á fjárfestingu sl. árs og ársins þar áður voru ekki framkvæmdafjármunir heldur fjármunir til þess að borga gamlar skuldir svo sem þegar verið var að gera upp við sveitarfélögin. Slíkir fjármunir gátu aldrei myndað fjárfestingar því að það var löngu búið að byggja fyrir þá peninga. Það þurfti auðvitað að taka tillit til þess einnig. Ég vonast satt að segja til þess að eðlileg niðurstaða fáist í viðræður milli fjmrn. og Alþýðusambands Íslands og ég vísa því á bug að það hafi ekki verið staðið við þetta samkomulag. Þvert á móti hefur ríkisstjórnin við öll hugsanleg tækifæri reynt að lýsa því yfir að ef ekki tekst að nýta fjármunina á tilteknu bili þá verði þeir nýttir síðar jafnvel þó það kosti að ríkisstjórnin verði að sækja sér nýjar fjárheimildir og að auka þannig hallann á því ári. Og það er auðvitað hárrétt að við erum með þessu að auka hallann á yfirstandandi ári og það gerum við þrátt fyrir að við fáum á okkur pólitíska hrinu þess vegna því að við viljum standa við þessa samninga. Þannig er ekki bæði hægt að skamma okkur fyrir það að hallinn vaxi af þessum sökum og svo hitt að við stöndum ekki við samningana eins og mér heyrist hins vegar stundum hv. stjórnarandstæðingar gera. En ég skil það vel að þeir verði að fara í lúsarleit til þess að finna eitthvað sem er að okkar fjármálastjórn og þakka ég þeim auðvitað hjálpina í þeim efnum en ekki viljum við lúsugir vera.

Við höfum í þessari ríkisstjórn kappkostað að hafa sem best samband við aðila vinnumarkaðarins. Ég er ekkert uppnæmur fyrir því þegar flokksbundnir menn, t.d. í Alþb., eða hvaða flokki sem er, fara þar á fund og halda fram pólitískum skoðunum sínum. Ég hef aldrei gert kröfu til þess að Alþb. styddi þessa ríkisstjórn, aldrei, mér hefur ekki dottið það í hug. Og verkalýðsforingjar sem eru alþýðubandalagsmenn hafa auðvitað að sönnu rétt til þess að taka undir á fundum Alþb. þann söng og í þeim söng sem sunginn er gegn ríkisstjórninni. Fyrr mætti nú vera, út á það gengur pólitíkin í þessu landi og Alþb. er í stjórnarandstöðu.

Hv. 2. þm. Austurl., Jón Kristjánsson, sagði síðan að nú væri þurrkaður út sá munur sem ríkisstjórnin hefði sagt vera á stefnunni í rannsókna- og þróunarmálum frá því sem áður var. Þetta er ekki að fullu rétt. Því þrátt fyrir að einkavæðingin hafi ekki gengið eins hratt eftir og við vonuðumst til þá fóru fjármunir til þessa verkefnis umfram, umfram það sem áður var. Þannig greiddi ríkissjóður hluta af þeirri prósentu sem hefði átt að koma til þessara verkefna af sölu ríkisfyrirtækja. Og vegna orða hv. þm. um einkavæðinguna þá vil ég nú óska okkur öllum til hamingju með að það gerðist í síðustu viku að allir flokkar á Alþingi skrifuðu undir nál. um einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins. Það tel ég vera sögulegan atburð og sýna að allir pólitískir flokkar eru tilbúnir til að einkavæða og ég vil óska bæði Alþb., Kvennalistanum og Framsfl. til hamingju með að taka þátt í því. Ég held að það sé hluti af því sem á að gerast í nútímarekstri ríkisins að standa að slíkri einkavæðingu. (**GB:** Ég lýsti nú stuðningi við það, virðulegur hæstv. ráðherra, úr þessum ræðustóli fyrr á þessu þingi. Það er ekki nýtt.) Nei, ég skal taka það fram til að það komist alveg skýrt til skila að fulltrúi Framsfl., hv. 1. þm. Norðurl. e., Guðmundur Bjarnason, lýsti skýrlega yfir stuðningi við það frv. og er ég honum ævinlega þakklátur fyrir stuðninginn í því efni sem og öðrum.

[15:15]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nú hreinn útúrsnúningur hjá hæstv. fjmrh. að segja að fulltrúrar stjórnarandstöðunnar hafi með ræðum sínum og málflutningi hér áðan lýst óánægju sinni eða vonbrigðum með það að fjárlagahallinn skyldi ekki verða meiri heldur en hann er. Okkur þykir nú reyndar 9,5 eða 9,6 milljarðar, sem hæstv. fjmrh. leggur hér fram, vera alveg nóg og höfum reyndar efasemdir um að það sé rétt og að allt sé á uppleið.

Ég reyndi að færa rök fyrir því hér áðan að það væri líklega nær 11,5 milljörðum sem væri hinn raunverulegi halli þegar upp væri staðið og við skulum bara bíða og sjá hvað setur í því efni. Ég hygg að það sé sú tala sem verður næst lagi þegar upp er staðið og við höfum þetta allt fyrir framan okkur.

Hins vegar er það athyglisvert að hæstv. fjmrh. skuli telja 10–12 milljarða halla 70–80% halla umfram áætlun fjárlaga eins og lús, það var ekki einu sinni eins og mús, eins og menn segja nú stundum, heldur var það bara eins og lús. Þetta var bara eins og hver annar tittlingaskítur — leyfist mér, virðulegur forseti, að orða þetta svona hér úr ræðustóli því að það er haft eftir hæstv. forsrh., þegar hann er að tala um deilumál stjórnarliðanna, Alþfl. og Sjálfstfl., þá er deilumálunum líkt við tittlingaskít og lá þó við að stjórnin spryngi út af því smáræði. Nú er 10–12 milljarða halli á fjárlögum ríkisins eins og lús í huga hæstv. fjmrh.

Það er vissulega rétt að yfirfærslur fara vaxandi og við þurfum að hafa það í huga þegar við erum að tala um endanlegan halla á ríkissjóði eins og kom fram í máli hæstv. ráðherra og það er eðlilegt að þessar yfirfærslur fari vaxandi á fyrstu árum nýrra starfsreglna þegar það er tekið upp að breyta þeim háttum sem áður hafa verið viðhafðir og ég hef lýst stuðningi mínum við það.

Að lokum, virðulegur forseti, þá var það dálítið merkilegt að fá þá yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. að það væri þegar ljóst, nú í marsbyrjun, að fjárlög ársins 1994 séu óraunhæf og stefni langt fram úr áætlun.

[15:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég lýsti því ekki yfir að fjárlögin færu langt umfram áætlun. Ég sagði það hins vegar að það væri ljóst að það væri erfitt að halda fjárlögum innan þess ramma sem markaður var í fjárlagagerðinni í desember sl.

Ég kem hins vegar hér upp einungis til þess að ítreka það að ég tel óvarlegt og ekki rétt að leggja yfirfærsluféð sem eru 1.900 millj. kr. við hallatöluna og segja að það sé hin raunverulegi halli. Menn verða að taka tillit til þess, einnig hv. þm., að við verðum að gera ráð fyrir því að það verði yfirfall um næstu áramót og þá þarf a.m.k. í góðu bókhaldi að draga þá fjármuni frá. Þetta vildi ég að kæmi mjög skýrt fram við þessa umræðu.

[15:18]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt. Ég tek það fram að ég er út af fyrir sig sammála hæstv. fjmrh. að það verður að skoða þessar yfirfærslur í sérstöku ljósi. En það sem ég tel að sé hægt að gera nú og ég bendi á er að þær auka hallann vegna þess að þær eru svo mikið vaxandi einmitt á þessum tíma, fyrstu árunum eftir að við tökum upp þessi breyttu vinnubrögð sem ég hef lýst stuðningi mínum við. Þegar komið verður nokkurt jafnvægi á það og það eru einhverjir kannski 2 milljarðar eins og nú meira eða minna sem kemur til með að verða viðvarandi yfirfærsla þá er auðvitað að sjálfsögðu rétt hjá hæstv. fjmrh. að þá ber ekki að leggja það við eða draga það frá þeirri endanlegu reikningstölu sem við stöndum frammi fyrir um áramót.

[15:19]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vara hæstv. fjmrh. við því að ávarpa forustumenn verkalýðshreyfingarinnar þannig að þeir séu að leika leikrit þó þeir mæti á miðstjórnarfundi í þeim flokki sem þeir fylgja. Þessir menn eru fulltrúar verkalýðshreyfingarinnar í landinu og réttkjörnir. Þessir menn líta svo á að þeir hafi verið að semja um ákveðin atriði í kjarasamningum. Þeir hafi verið að semja um ákveðnar framkvæmdir á ákveðnu árabili og þeir hafi verið að semja um framkvæmdir sem ætti að ljúka áður en samningstímabilinu ljúki um næstu áramót. Og þeir telja að á þessu ári þurfi að framkvæma um 1,7 milljarða kr. til að standa við þetta. Þetta er ekki flókið reikningsdæmi og þeir líta ekki svo á að það eigi að flytja þessar upphæðir á milli ára. Þetta er ekki flóknara en þetta.

Ég vil vara við því að tala þannig um þessa samninga og þá sem þá gerðu að þeir séu að einhverjum leikaraskap þó þeir minni á þetta á þeim vettvangi þar sem þeir koma fram á fundum. Jafnvel þó það sé hjá flokknum þeirra.

Ég veit ekki hvort það er þannig á miðstjórnarfundum Sjálfstfl. að menn séu að leika leikrit sem þar halda ræður. Það getur vel verið að svo sé. En ég vil vara sérstaklega við þessu.

[15:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Fyrir skömmu var fundur í fjmrn. með fulltrúum Alþýðusambandsins þar sem farið var yfir þessi mál. Það kann vel að vera að menn séu ekki nákvæmlega sammála um það hvort staðið hafi verið við samningana eða ekki. Ég hef margoft sagt að ég tel að svo hafi verið. Ég hef einnig látið það koma fram margoft í mínu máli að það hefur orðið töf á vissum framkvæmdum og þá er það yfirlýst að því verður mætt með þeim hætti að framkvæmdirnar færast til, færast yfir á þetta ár, af því að ég held að það sé óskynsamlegt sem stundum heyrist að taka fjármuni til bygginga, til samgöngumannvirkja, sem geta komið að gagni og setja þá í eitthvað sem skapar vinnu um tímabundið skeið. Þannig megum við ekki hugsa. Og ég vil nú bara segja að ég held að það hafi á margan hátt verið heppilegt að það fluttist af sl. ári yfir á þetta ár því ég býst við að þetta ár verði erfiðara hvað atvinnuleysi snertir.

Þetta vil ég að komi fram. Ég vil einnig að það komi fram að það var rætt ítarlega um það hvernig átti að skilja þetta samkomulag. Þá var tekið tillit til nokkurra þátta sem ég ætla ekki að tala um hér sérstaklega.

Það sem ég sagði opinberlega og hv. þm. eru að gera hér athugasemdir við var það að ég gerði ekki kröfu til þess að skrifa handrit verkalýðsforingjanna þegar þeir stigu á fjalirnar í leikritum Alþb. Ég orðaði þetta svona og ég sagði það m.a. vegna þess að forseti Alþýðusambandsins sagði það mjög skýrlega í útvarpi þegar hann var spurður um tillöguflutning Alþb. að hann hefði talað þar sem alþýðubandalagsmaður. Og ég var spurður af fréttamanninum hvort ég hefði at-

hugasemd að gera um það og ég var að svara því með mínum hætti að ég gerði það að sjálfsögðu ekki vegna þess að forseti Alþýðusambandsins tók það sérstaklega fram að hann talaði þar sem alþýðubandalagsmaður.

[15:24]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að forseti ASÍ hafi talað sem alþýðubandalagsmaður, ekki ætla ég að þrátta við hæstv. ráðherra um það. Hins vegar var hann að tala um samskipti Alþýðusambands Íslands við ríkisstjórnina. Og ég ætla ekkert að orðlengja það frekar, heldur var það mitt innlegg í þetta mál með því að vekja athygli á þessu í þessari umræðu að það þarf auðvitað að vinda að því bráðan bug að standa við þessa samninga. Og endurskoða þá verkefnaáætlun sem fyrir liggur ef það er ljóst að það er ekki hægt á þessu ári. Það er alveg rétt sem hæstv. fjmrh. sagði að atvinnuástandið verður áreiðanlega enn verra á þessu ári en á því síðasta. Enda spáir Þjóðhagsstofnun því. Hennar síðasti spádómur hljóðar upp á að það verði 5,5% atvinnuleysi á yfirstandandi ári. Þannig að það veitir ekkert af að láta hendur standa fram úr ermum til að við það verði eitthvað ráðið og dregið úr sárasta sviðanum.

[15:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil að það komi skýrt fram hér af minni hálfu að samstarf fjmrn. og Alþýðusambands Íslands hefur að mínu áliti verið mjög gott. Það standa núna yfir viðræður um það hvernig staðið hefur verið að fjárfestingum af hálfu ríkisins og við teljum að þær viðræður eigi að haldi áfram. Og ég vænti þess satt að segja að samstarf okkar verði héðan í frá með svipuðu sniði og það hefur verið hingað til. Ég vil hins vegar láta það koma fram að ég geri mun á því þegar fyrirliðar Alþýðusambandsins koma fram í krafti síns embættis á vegum Alþýðusambands Íslands til viðræðna við ríkisstjórnina annars vegar og hins vegar þegar þeir á vegum stjórnarandstöðuflokks taka þátt í yfirlýsingum sem eru yfirlýsingar um það að ríksstjórnin eigi að fara frá. Og ég er að segja að mér þykir það ekkert óeðlilegt að flokksbundnir alþýðubandalagsmenn í forustusveit Alþýðusambandsins taki þátt í því á þeim vígstöðvum.

Ég verð að gera mun á því hvort þeir tala í krafti síns embættis sem forustumenn Alþýðusambandsins eða hvort þeir tala sem fulltrúar stjórnarandstöðuflokks sem eðli máls samkvæmt hlýtur að fara gegn ríkisstjórninni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þingsköp Alþingis, 1. umr.

Frv. JGS, 288. mál (framlagning skattalagabreytinga). — Þskj. 365.

[15:29]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, með síðari breytingum, á þskj. 365.

Frvgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Aftan við 2. mgr. 36. gr. kemur ný málsgrein, svohljóðandi:

Lagafrumvörp, sem varða breytingar á skattalöggjöf, skal leggja fram eigi síðar en sex mánuðum áður en þau eiga að taka gildi.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð með frv. er það rakið að um langt árabil hefur sú óheppilega venja ríkt á Alþingi að breytingar á lögum um skattheimtu ríkisins og sveitarfélaga eru unnar í tímaþröng rétt fyrir gildistöku laganna. Oftast er þetta bein afleiðing þess að frumvörp eru ekki lögð fram fyrr en á síðustu stundu.

Það má öllum vera ljóst að hér er um ófullnægjandi vinnubrögð að ræða. Kemur þar bæði til að Alþingi gefst ekki tóm til þess að vinna að málunum sem skyldi og oft er hér um að ræða flókna löggjöf sem gerir miklar kröfur til þeirra sem eiga að vinna eftir henni.

Hér er lagt til að frumvörp til laga um skattalagabreytingar verði lögð fram eigi síðar en sex mánuðum fyrir gildistöku þeirra. Þetta þýðir í raun að frumvarp að skattalagabreytingu, sem taka á gildi um áramót, verður að fá þinglega meðferð á næstliðnu vorþingi og frumvörp, sem verða að lögum á haustþingi, taka í fyrsta lagi gildi 1. apríl á næsta ári.

Með þeim breytingum, sem hér eru lagðar til, yrði höfuðverkefni Alþingis á haustþingi, hvað varðar fjármál ríkisins, að vinna að fjárlögum samkvæmt fyrirliggjandi tekjuramma.

Frv. þetta var lagt fram í desember þegar afgreiðsla skattalagafrumvarpa ríkisstjórnarinnar var í hvað mestri óvissu. Það er reyndar þekkt að um árabil hefur verið mikill seinagangur í framlagningu skattafrumvarpa í tengslum við fjárlagagerð. Ríkisstjórnir hafa verið að stoppa í fjárlagagötin fram á síðustu stundu. Afleiðingin af þessu er sú að skattastefnan er ómarkviss. Hún ræðst fyrst og fremst af því hvar fjmrh. finnur matarholur í hvert skipti. Þar ætla ég að nefna sem dæmi bifreiðaskatta en það er dæmi um skattlagningu sem er komin út yfir allt velsæmi og ræðst meira af tilviljun en markaðri stefnu. Þar vil ég nefna kílóagjald sérstaklega sem lagt var á bíla, fyrst 1987 en er nú orðið gildur eignarskattsstofn sem er lagður á ekki eftir verðmæti eignarinnar heldur þyngd. Með sömu vinnubrögðum býður maður eftir því að hér verði lagður á nefskattur á einstaklinga landsins, ekki eftir efnum og aðstæðum eða jafnt heldur eftir þyngd manna. Þetta er svona álíka gáfuleg ráðstöfun.

Síðan má nefna þá þróun í bensíngjaldi sem hefur orðið langt um fram það sem rennur til vegagerðar án þess að þar liggi nokkur mörkuð stefna að baki.

Síðast en ekki síst vil ég nefna þær handahófskenndu breytingar sem voru gerðar í kringum þær breytingar að virðisaukaskatturinn var settur í tvö þrep um síðustu áramót. Svo ég nefni bara dæmi sem ég þekki af því hvernig þessi vinnubrögð komu niður, þá hringdu í mig tveir kunningjar mínir að morgni gamlársdags. Þeir eru framkvæmdastjóri og skrifstofustjóri í matvælafyrirtæki innan lands. Þeir höfðu heyrt það í fréttum að í tengslum við þessar breytingar ætti að leggja vörugjald á þá vöru sem þeir framleiddu. Þetta var á síðasta degi ársins og eftir því sem þeir höfðu frétt, þá áttu þeir að fara að vinna eftir þessum nýju lögum á fyrsta degi næsta árs en höfðu ekki fengið nokkurn skapaðan hlut í hendurnar um það hvernig þeir ættu að vinna að þessu, hvað þetta gjald hefur verið hátt, hvað þá að búið væri að setja um þetta reglugerð.

Nokkrum dögum seinna kom ég við í kaupfélagi úti á landi sem rekur fjölþætta þjónustu, selur m.a. ís úr vél eins og víða er gert. Þar voru menn búnir að fá reyndar reglugerðina í hendurnar en þar var þeim upp á lagt að leggja 14% virðisaukaskatt á ísinn en ef þeir seldu sósu með skyldi hún bera 24,5% virðisaukaskatt. Þarna stóðu menn algerlega ráðþrota og höfðu engar leiðbeiningar um framkvæmd. Þetta er óhjákvæmileg afleiðing þess þegar skattalög eru unnin í eins miklum flýti og hér hefur átt sér stað.

Nú ætla ég ekki að halda því fram að þetta sé neitt einsdæmi hjá þessari ríkisstjórn. En ég man þó að á haustþingi 1989, þegar var verið að undirbúa að virðisaukaskatturinn tæki gildi, þá vorum við í stjórnarliðinu að fá inn á þingflokksfundi hjá okkur í byrjun desember, og fannst það að vísu nokkuð seint, þær reglugerðir sem átti að vinna eftir þegar breytingin tæki gildi en því var ekki að heilsa að þessu sinni.

Það er mín skoðun að hér verði að taka upp markvissari vinnubrögð. Það þurfi að vera meiri tími til að kanna áhrif skattkerfisbreytinga og hvernig þær falli inn í þá skattastefnu sem menn telja sig vera að framfylgja á hverjum tíma. Ég verð að segja í þessu sambandi að mér finnst flestar breytingar og aðgerðir þessarar ríkisstjórnar hafa gengið í þá átt að gera skattkerfið flóknara og óskilvirkara. Þessi ríkisstjórn tók við til þess að gera einföldu skattakerfi með einni prósentu bæði í virðisaukaskattinum og einnig í tekjuskattinum. Það er að vísu sagt að menn megi ekki láta skattastefnu ráðast af tæknilegum atriðum eins og þeim hvernig sé hægt að framfylgja henni. En ég hef reyndar þá trú að það skipti svolitlu máli, að það skipti máli fyrir trúverðugleika skattastefnu að hún sé sett upp svo skýr og skilvirk að með góðu móti sé hægt að framkvæma hana og skattþegnarnir hafi þá trú að verið sé að framfylgja henni.

Ég vil einnig tengja þetta umræðu um starfshætti Alþingis og menn hafa alla vega sagt að þeir hafi verið að vinna að því að styrkja þingið á kostnað framkvæmdarvaldsins. En ýmislegt finnst mér ganga í þveröfuga átt í vinnubrögðunum. Ef þessi grein sem ég legg til væri lögfest, þá held ég að það væri örugglega í þá átt að styrkja þingið, þó svo það gangi út yfir það mikla vald sem framkvæmdarvaldið fer með í dag.

Virðulegur forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til allshn. Það varð sú niðurstaða sem ég komst að. Það hefur að vísu verið umdeilt á þessum degi að vísa málum til allshn. en það var reyndar mín skoðun að breytingar á þingsköpunum ættu heima hjá allshn. frekar en efh.- og viðskn. en ég vildi biðja virðulegan forseta að skoða það með mér áður en þetta mál kemur til atkvæðagreiðslu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti er sammála hv. þm. en er að sjálfsögðu tilbúin til að skoða það.

[15:39]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja það í upphafi máls míns að ég hefði talið eðlilegt að hæstv. fjmrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Þetta mál varðar hann og hans ráðuneyti. Að mínum dómi er hér um mjög þarft mál að ræða þótt auðvitað mætti velta því fyrir sér hvort hér sé um eðlilegan tímafrest að ræða. Í frv. er lagt til að lagafrumvörp sem varða breytingar á skattalöggjöf skuli lögð fram eigi síðar en sex mánuðum áður en þau skuli taka gildi. Þetta þýðir í raun að ef við miðum við það að breytingar á skattalögum taki gildi um áramót, þá þarf að vera lokið við að afgreiða þau á þingi að vori til.

Það sem hér liggur að baki eru auðvitað þau makalausu vinnubrögð sem við höfum horft upp á ár eftir ár þegar verið er að koma með stórar og miklar breytingar á skattalögum á allra síðustu vikum þings fyrir jól og enginn tími gefst til að vinna málin almennilega, hvað þá að þeir sem eiga að fara eftir lögunum, hvort sem það er ráðuneytið sem á að útfæra þau í reglugerðum eða skattayfirvöld eða almenningur eða þeir sem reka fyrirtæki. Það er auðvitað ekki hægt að haga málum með þessum hætti. Ég held að þessi vinnubrögð séu arfur frá verðbólguárunum þegar menn sáu aldrei nema rétt fram á næstu mánuði og voru alltaf að reyna að bjarga hlutunum á síðustu stundu. En þetta þarf ekki að vera svona. Það er ekki nokkur hemja að það sé farið með jafnalvarleg og mikilvæg mál og skattalög með þessum hætti.

Fyrsti flm. frv. rakti hér nokkur dæmi sem sneru að breytingum á virðisaukaskattslögunum fyrir jólin, en mér eru ýmis mál minnisstæð frá fyrri árum á þessu kjörtímabili þar sem menn voru nánast daglega að koma með nýjar útfærslur á skattalagabreytingum eftir því hvernig við samdist við aðila, oft á dag jafnvel, úti í bæ. Það leiðir hugann að því hvernig það hefur þróast hér á undanförnum árum að sífellt er verið að semja við aðila vinnumarkaðarins um skattalagabreytingar og mér þykir hafa verið gengið nokkuð langt í þeim efnum. Það er að vísu hægt að semja við ríkisvaldið um að létta af álögum en þegar kjarabætur felast í því einu að senda reikninginn til ríkisvaldsins þá er langt gengið.

Þetta frv. snýr að mínum dómi ekki síst að þinginu sjálfu og þeim vinnubrögðum sem hér tíðkast og þeim verði hagað þannig að mál séu almennilega unnin og það gefist góður tími til að skoða þau og skattalagabreytingar séu samþykktar með góðum fyrirvara þannig að menn viti að hverju þeir ganga. Eins og ég nefndi hér áðan, þá gengur það ekki, hvort sem fyrirtæki eða einstaklingar eiga í hlut, að vita ekki nema kannski með hálfsmánaðarfyrirvara hvaða breytingar eigi sér stað á skattalögum fyrir næsta ár.

Það sem ég hef hér sagt þýðir það að ég tek undir efni frv. en án þess að hafa hugsað það nákvæmlega, þá finnt mér ekki eðlilegt að vísa málinu til allshn. og er ég þá ekki að hugsa til þeirrar deilu sem hér var í dag. Við erum að tala hér um breytingar á þingsköpum Alþingis og við erum að tala um mál sem heyra undir efh.- og viðskn. og það er fyrst og fremst sú nefnd sem hefur reynslu af því að vinna með skattamál sem raun hefur borið vitni á undanförnum árum. Ég held að efh.- og viðskn. sé langsamlega best til þess fallin að leggja dóm á réttmæti þessarar tillögu þannig að ég skora á hæstv. forseta að íhuga það alvarlega að senda málið til efh.- og viðskn.

[15:45]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það sem kom fram hjá síðasta ræðumanni að það hefði verið æskilegt að hæstv. fjmrh. hefði verið við umræðuna en við erum að verða vanir því þingmenn að hæstv. ráðherrar séu ekki í þingsölum nema það sem þeir nauðsynlega þurfa og að þeir fylgist ekki með þingmannamálum þó að þau snerti þeirra ráðuneyti. Þetta er kannski eitthvað sem við verðum að búa við þó vissulega finnist manni þetta hvimleitt. Sjálfsagt er hæstv. ráðherra farinn úr húsinu, virðulegur forseti, er ekki svo?

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. fjmrh. er í húsinu samkvæmt töflu í borði forseta og forseti hefur nú þegar látið gera honum viðvart og meira veit forseti ekki á þessari stundu.)

Já, ég heyri að virðulegur forseti hefur gert það sem í hennar valdi stendur hvað þetta varðar.

En það er varðandi þau tímamörk sem hér eru sett. Ég hugsaði þetta atriði töluvert og bar það undir þó nokkra aðila, en niðurstaðan varð sú að setja þetta fram í þessu formi sem í raun þýðir, eins og hv. síðasti þingmaður sagði, að skattalagabreytingar sem taka gildi um áramót verða að vera lagðar fram og fá afgreiðslu á vorþinginu.

Ég held í sjálfu sér að þetta sé eðlilegt þannig að þegar kemur að aðallotu vinnunnar við fjárlagagerðina og hjá fjárln., þá hafi menn fyrir sér þann tekjuramma sem eftir verði unnið og það verði þá meginverkefni þingsins hvað snertir ríkisfjármálin á haustþinginu að skipa útgjöldunum. Síðan verði það aftur vorþingið sem taki á tekjumálunum og geri þær breytingar sem menn telja að þurfi að gera í skattamálum. Þessi málsmeðferð á að gera það að verkum að mínu mati að öll meðferð ríkisfjármála getur orðið markvissari.

Ég sé að hæstv. fjmrh. er kominn í salinn en ég ætla ekki að endurtaka mína framsöguræðu í þessu máli. Hún var ekki löng, en ég vil þó nefna það hér, sem ég sagði í minni fyrri ræðu, að afleiðing þeirra vinnubragða sem hafa tíðkast á Alþingi varðandi skattamál, og nú er ég ekkert endilega að tala um hjá þessari ríkisstjórn, er sú að skattastefnan er ómarkviss og hún ræðst fyrst og fremst af því hvar fjmrh. finnur matarholur í hvert skiptið. Ég nefndi í því sambandi einn skatt sérstaklega, kílóagjaldið á bíla. Ég hef ekki þá trú að það hafi verið mörkuð stefna núv. hæstv. fjmrh. eða núv. hæstv. ríkisstjórnar að ganga þar út fyrir öll velsæmismörk í skattlagningu á bifreiðaeigendur. Eins og málið bar að mér, þá sýndist mér það þannig að menn væru að leita að einhverri holu til þess að finna eitthvað í til að hægt væri að stoppa upp í gatið þegar ákveðið var að lækka vaskinn á matarskattinum. Þá fundu menn það snjallræði að hækka bifreiðagjaldið um svona eins og 30%. Þarna er ekki um að ræða neina markvissa skattastefnu.

Sama má segja um bensíngjaldið. Innkaupsverð á bensíni er nánast það sama í dag og það var fyrir þrem árum síðan. Bensínlítrinn kostar 66 eða 67 kr., ég man það ekki, en kostaði þá 49 kr. Ég hef ekki vitað til að það hafi nokkurn tíma mörkuð verið sú stefna, í það minnsta ekki af hálfu Alþingis, að nota bensíngjaldið sem almennan skattstofn í ríkissjóð. Þetta er bara dæmi af handahófi um það hvernig skattheimta þróast og það virðist ekki vera mikil vinna á bak við.

Virðulegi forseti. Varðandi þá — ég vil ekki kalla það deilu en þær umræður sem hér hafa orðið um það hvort frv. ætti að fara til allshn. eða efh.- og viðskn., þá held ég að það sé eðlilegt að ég fái að ræða það við forseta áður en kemur að atkvæðagreiðslu um málið. Það eru rök bæði með og móti og spurningin er sú hvort hin eðlilega málsmeðferð sé ekki sú að málinu verði vísað til allshn. en allshn. sendi það til umsagnar í efh.- og viðskn. Ég sé að hv. 18. þm. Reykv. hristir höfuðið þannig að það virðist vera erfitt að ná samkomulagi um mál af þessu tagi úr ræðustól í það minnsta í dag.

[15:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þessum frumvarpsflutningi er full ástæða til að taka til máls og segja örfá orð. Ég tel að þetta frv. hljóti að fara til nefndarinnar og verða skoðað það. Til hvaða nefndar það fer verður þingið að ráða að sjálfsögðu.

Ég vil þó fyrst segja að það er ekki rétt sem kom fram hjá hv. þm. að það hafi upphaflega verið tillaga fjmrh. að hækka kílóagjaldið á bíla. Þvert á móti er þetta ekki sá skattur sem ég hefði kosið að hækka. Í fjárlagafrv. sem lagt var fram á sl. hausti var lagt til að það yrði 0,5% sem yrði lagt á launamenn og gengi til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Alþýðusamband Íslands, í tengslum við framhald kjarasamninganna, afþakkaði það boð og benti á að það væri eðlilegra að leggja þetta á bíla. Þannig gerðust þessir hlutir og niðurstaðan varð sú að koma þessu aukakílóagjaldi en að hætta við þennan nýja launaskatt sem um var að ræða.

Reyndar er það þannig að álögur á bíla og bensín

hafa verið að aukast í okkar nágrannalöndum og eru ekki hér á landi tiltakanlega hærri og meiri en í okkar nágrannalöndum.

Varðandi efni frv. þá held ég að það sé gagnlegt að það komi fram að í Bretlandi fjallar fjármálaráðherrann og þingið í fyrsta skipti um tekjur og gjöld samtímis og það þótti mikið framfaraspor að ræða um fjárlögin með þeim hætti. En áður hafði það tíðkast að fyrst var rætt um útgjöld og síðan tekjur. Þessu var breytt.

Í Bandaríkjunum fer núna fram umræða um það hvort ástæða sé til þess að láta fjárlög ná til tveggja ára eða þriggja ára og hverfa frá árlegum umræðum um fjárlög, aðeins verði um leiðréttingar eða nokkurs konar fjáraukalög að ræða á árinu sem líður á milli. Þetta er gert til þess að ná betri tökum á fjárlagagerðinni og er tillaga sem aldrei hefur verið rædd hér þó menn hafi hins vegar rætt hér um að gera áætlun til fleiri ára sem er allt annað mál.

Ég minni á að þegar við fjöllum um skattalög þá hefur áherslan legið á því að ekki mætti vera um afturvirkni að ræða. Menn hafa reynt í seinni tíð a.m.k. eða allt frá árinu 1978, hygg ég, að koma í veg fyrir það að um eiginlega afturvirkni væri að ræða. Þá hafa farið fram umræður víða um lönd um það hvort það eigi að skylda hv. þm. sem koma með tillögur um útgjöld úr ríkissjóði að koma með niðurskurðartillögur á móti. Og á undanförnum árum og áratugum hefur þess gætt mjög í okkar nágrannalöndum að rætt sé um það að stjórnarþingmenn eigi ekki að hafa heimild til þess að breyta fylgifrumvörpum fjárlaga. Með öðrum orðum felist í stuðningi þeirra stjórnarþingmanna sem styðja fjárlög einnig stuðningur við öll þau fylgifrumvörp sem fylgja fjárlögum í þessum löndum. Það hefur því miður stundum gerst hér, bæði nýlega og einnig fyrir mörgum árum, að menn samþykkja fjárlög en þegar síðan kemur að því að greiða atkvæði með erfiðum frumvörpum, sem eru nauðsynleg fylgifrumvörp fjárlaganna, þá hafa menn brugðist í því og frumvörp ekki náð fram að ganga.

Allt eru þetta atriði sem tengjast umræðu á borð við þá sem hér er verið að ræða, þ.e. hvort það eigi að krefjast þess að sex mánuðir líði þar til skattalög taka gildi frá því að frv. er lagt fram. Ég tel og skal ítreka það að það væri góð regla. Sú regla þýðir þó væntanlega talsvert breytt vinnubrögð. Ég held að þetta væri hægt í meginatriðum en tel þó að það sé með þessa reglu eins og svo margar aðrar að það yrði að vera möguleiki til undanþágu. Eins og við þekkjum þá gerist það oft á síðustu vikum og mánuðum, jafnvel eftir að fjárlagafrv. er lagt fram, að mál, einkum skattamál, geta tekið nýja stefnu. Ég tel ekki ráðlegt nema í tengslum við mun stærri og viðameiri breytingu en þá sem hér er verið að tala um að hefta og binda hendur þingsins með þeim hætti sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Hitt er svo annað mál, hæstv. forseti, að ég held að það sé full ástæða til þess að hv. Alþingi og fastanefndir þingsins velti fyrir sér breytingum á þingsköpum á borð við þá breytingu sem hér er verið að leggja til til þess að þingstörfin megi ganga sem eðlilegast fyrir sig og til þess að lög, sem fólk á að geta treyst á, taki sem minnstum breytingum og þegar þau taka breytingum þá sé það gert með talsverðum fyrirvara. Ég deili satt að segja, þrátt fyrir mína reynslu af öllum þessum málum, áhyggjum með hv. þm. af því að skattalög hafa stundum tekið breytingum með örstuttum fyrirvara. Ég held hins vegar að lækkun á matarskattinum sé ekki gott dæmi vegna þess að ákvörðunin um það lá fyrir sex mánuðum, eða sjö mánuðum líklega, áður en gildistaka laganna átti sér stað með yfirlýsingu ríkisstjórnar sem styðst við meiri hluta á Alþingi. Þetta vil ég að komi fram og breytingar á virðisaukaskatti til hækkunar á sumum sviðum hafði verið í lögum í rúmt ár áður en gildistakan átti sér stað. Þetta eru dæmi um vinnubrögð sem ég hygg að hv. þm. sé að sækjast eftir.

[15:58]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir góðar undirtektir við málið. Varðandi það sem ráðherra sagði um að það yrðu að vera undanþágur frá þessu þá get ég verið ráðherranum sammála um það enda er þarna um að ræða einföld lög, þingskapalögin, og Alþingi getur samþykkt afbrigði gagnvart þeim. *Í sjálfu sér er því þarna um viljayfirlýsingu að ræða, ef* þetta yrði samþykkt, en vissulega mundum við reikna með því að eftir því yrði í flestum tilfellum unnið.

Hæstv. ráðherra nefndi dæmi um kílóagjaldið og óvart væntanlega kom hæstv. ráðherra með skólabókardæmi um ómarkviss vinnubrögð. Ég skildi ekkert í hæstv. ráðherra að neita því að þetta hefði verið tillaga hans. Að sjálfsögðu var þetta frv. sem borið var fram af hæstv. fjmrh. en það sýnir bara hvað vinnubrögðin eru ómarkviss að hæstv. ráðherra lét aðila úti í bæ segja sér fyrir verkum á síðustu stundu. Það var ekkert staðið við þá stefnu sem búið var að marka. Þetta sýnir kannski betur en mín framsöguræða að það er full ástæða til að taka á þessum málum.

[16:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar ég sagði að þetta væri ekki mín tillaga þá átti ég við upphaflegu tillöguna sem fram kom. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég flutti að sjálfsögðu það frv. inn í þingið en mín upphaflega tillaga kom fram í fjárlagafrv. og þar var gert ráð fyrir *því að leggja 0,5% gjald á launamassann sem er um* 200 milljarðar. Það verður hins vegar að rifja það upp að í kjarasamningum um vorið hafði verið gengist inn á það að lækka virðisaukaskattinn um rúma 3 milljarða á ársgrundvelli en jafnframt var það tekið fram í fullu samkomulagi við þá aðila að það yrði að ná í tekjur til þess að vega að einhverju leyti upp á móti þessu tekjutapi. Sú var ástæðan, eins og reyndar hv. þm. gat um. Þetta var meginskýringin á því hvernig þetta mál æxlaðist.

Ég vil hins vegar að lokum segja að það kann að vera að það sé skynsamlegt, einmitt á tímum eins og við lifum nú, að grípa til þess ráðs að hreyfa til skatta-

lögin. Þó að markmiðið hljóti að vera að hafa sem mestan stöðugleika í tekjumálum ríkisins og í sköttum og fólk eigi rétt á því að vita hvernig skattar séu frá ári til árs, þá kann að vera sá tími að það þurfi að gera undanþágur á þessu ef við erum að sækjast eftir enn eftirsóknarverðari markmiðum. Það varð niðurstaðan. Stöðugleiki á vinnumarkaði, lítil sem engin verðbólga og betri afkoma fyrir þjóðarbúið. Það var það sem menn sögðu, því viljum við ná fram, það er markmiðið, þess vegna skulum við víkja til skattalögum til þess að ná fram þessu samkomulagi jafnvel þó að það hafi verið gert með tiltölulega litlum fyrirvara en sá fyrirvari var reyndar rúmir sex mánuðir.

[16:02]

Flm. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi röksemdafærslu hæstv. ráðherra varðandi þær breytingar sem gerðar voru á skattalögum rétt fyrir jólin þá vil ég minna hæstv. ráðherra á það að fulltrúar Framsfl. og Kvennalistans í efh.- og viðskn. sýndu fram á það með tillöguflutningi að þessum verðlagsmarkmiðum var hægt að ná og betur ef eitthvað var eftir mun einfaldari leið en þeirri sem ríkisstjórnin kaus að fara.

Varðandi hins vegar vinnubrögðin þá er kannski einmitt aðdragandi þessara breytinga skólabókardæmi um það hvernig ekki á að vinna. Auðvitað á stefnumörkun í þessum málum að fara fram í Alþingi og hjá ríkisstjórn en ekki hjá aðilum úti í bæ, með fullri virðingu fyrir þeim aðilum og alveg sama hversu mikilvægir þeir eru í okkar þjóðlífi.

Varðandi sex eða sjö mánaða fyrirvarann sem hæstv. ráðherra nefndi þá get ég bara rifjað upp fyrir honum dæmi sem ég nefndi í minni fyrri ræðu sem ég vissi persónulega af þar sem aðilar í framleiðslugrein, sem tengdist þessum breytingum og þurfti að leggja þar á vörugjald til þess að ná einhverjum ballans í verðlagsáhrifum, höfðu ekki fengið stafkrók um það að morgni gamlársdags eftir hvaða reglum þeir ættu að vinna þegar þeir kæmu til vinnu á fyrsta degi á nýju ári og náðu ekki einu sinni sambandi við nokkurn aðila í ráðuneytinu til þess að fá um það upplýsingar. Þetta eru náttúrlega vinnubrögð sem eru algjörlega óviðunandi og mega ekki eiga sér stað.

[16:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þekki ekki þetta dæmi um vörugjaldið. Það má vera að það sé satt en það eru þá mistök vegna þess að ráðuneytið á auðvitað að senda frá sér reglugerð í tíma.

En hv. þm. minntist á skólabókardæmi — það er í annað skipti sem hann segir skólabókardæmi í sínum ræðum — um það að valdið sé tekið af Alþingi og fært út í bæ til aðila sem ekki séu kjörnir til þess að fara með löggjafarvaldið. Ég vil taka það fram að sem betur fer er ríkisstjórnin ekki eini aðilinn í landinu sem fer með völd. Það eru aðrir sem hafa völd. Þar á meðal verkalýðssamtökin, vinnuveitendur og fjöldamargir aðrir sem taka það stórar efnahagslegar ákvarðanir að þær geta haft úrslitaáhrif á efnahagslíf þjóðarinnar. Það kann að vera eðlilegt fyrir ríkisstjórn á hverjum tíma að taka mark á þessum samtökum. Því ræður ríkisstjórnin, því ræður auðvitað hv. Alþingi og meiri hluti þess.

Ég held að það sé hyggilegt þegar við erum að sækjast eftir markmiðum á erfiðum tímum, markmiðum sem hafa þýðingu fyrir efnahagslífið og við teljum að geti komið okkur til góða, við viljum vinnufrið, við viljum lága verðbólgu og stöðugleika í efnahagsmálunum, þá kann það að vera klókt og rétt að eiga samstarf við aðila sem kallaðir eru aðilar úti í bæ. Það verður hins vegar aldrei gert öðruvísi en þannig að meiri hluti Alþingis vilji eiga slíkt samstarf. Við lifum sem betur fer ekki í svo einföldum heimi að alþingismenn ráði einir öllu um allt sem gerist í landinu. Ég segi: Sem betur fer.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4., 13., 14. og 16.–20. mál.

Fundi slitið kl. 16:06.

---

105. FUNDUR

fimmtudaginn 10. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 452. mál, þskj. 675. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Þingsköp Alþingis, frv., 288. mál, þskj. 365. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Sveitarstjórnarlög, frv., 456. mál, þskj. 686. — 2. umr.
4. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 341. mál, þskj. 533, nál. 671, 696 og 701, brtt. 672 og 702. — 2. umr.
5. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 231. mál, þskj. 259. — Fyrri umr.
6. Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frv., 268. mál, þskj. 323. — 1. umr.
7. Útvarpslög, frv., 305. mál, þskj. 496. — 1. umr.
8. Heilbrigðisátak á ári fjölskyldunnar, þáltill., 357. mál, þskj. 549. — Fyrri umr.
9. Heilbrigðisþjónusta, 358. mál, þskj. 550. — 1. umr.
10. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 368. mál, þskj. 561. — 1. umr.
11. Framhaldsskólar, frv., 373. mál, þskj. 568. — 1. umr.
12. Náttúrufræðikennsla og sveitadvöl nemenda, þál-

till., 451. mál, þskj. 670. — Fyrri umr.

13. Varðveisla tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands, þáltill., 458. mál, þskj. 688. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.

Útbýting þingskjala:
Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál, brtt. 3. minni hluta landbn., þskj. 702.

Skilgreining á heimili manna, 423. mál, svar dómsmrh., þskj. 700.

Um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess áður en gengið er til dagskrár, að fyrirhugað er að taka ekki 4. dagskrármálið fyrir fyrr en kl. hálftvö í dag vegna fjarveru hæstv. ráðherra fram að þeim tíma.

Þar sem ekki eru enn nógu margir mættir í þinghúsið er ekki hægt að taka fyrir 1. og 2. dagskrármálið fyrr en síðar á fundinum.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Frv. félmn., 456. mál (kjörskrár, framboðsfrestur). — Þskj. 686.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 268. mál. — Þskj. 323.

[10:36]

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. á þskj. 323 um stofnun sjóðs til að styrkja efnilega íþróttamenn. Flm. ásamt mér eru þingmenn úr öllum flokkum utan Kvennalistans.

Mál þetta er flutt hér í þriðja ef ekki fjórða sinn og er ósk flm. að það fái nú að njóta sín í nefnd og fái afgreiðslu þaðan og þingið fái að taka afgreiðslu til málsins. Ég mun fjalla örlítið nánar um það síðar hvernig á þessu máli hefur verið tekið á fyrri þingum. Í greinargerð segir, með leyfi forseta, eftirfarandi:

„Íþróttir eru sívaxandi hluti daglegs lífs hjá almenningi hér á landi. Daglega leggja þúsundir manna á öllum aldri stund á íþróttir um land allt, bæði innan dyra og utan. Með auknum frítíma og áhuga á einstökum greinum íþrótta hefur mikilvægi íþrótta margfaldast fyrir fólkið í landinu. Íþróttahreyfingin og keppnisíþróttirnar eru aflvakinn að íþróttaiðkuninni og fullyrða má að almenningur ætti þess ekki kost að iðka ýmsar íþróttagreinar í hinum fjölmörgu íþróttamannvirkjum ef ekki hefði notið við dugmikilla og fórnfúsra einstaklinga sem lagt hafa á sig ómælt erfiði og oft og tíðum mikil útgjöld.

Jafnframt aukinni íþróttaiðkun hefur geta íslenskra íþróttamanna í keppni aukist ár frá ári og árangur þeirra vakið athygli víða um heim.

Afreksíþróttir eru viðurkenndur og þýðingarmikill þáttur í almennri uppbyggingu íþrótta. Flestar þjóðir telja afrek á alþjóðavettvangi bestu og ódýrustu landkynningu sem völ er á og þar með hlýtur að vera tímabært fyrir okkur Íslendinga að meta að verðleikum kynningar- og áróðursgildi afreksíþrótta. Gott dæmi um kynningar af þessu tagi er frábær árangur fatlaðra íþróttamanna.

Það hefur háð markvissri uppbyggingu og langtímaþjálfun afreksmanna okkar að þeir hafa ekki getað gefið sig óskipta að æfingu, t.d. fyrir Ólympíuleika og heimsmeistarakeppni, vegna baráttu fyrir daglegu brauði. Óhugsandi er að í framtíðinni verði unnt að treysta alfarið á dugnað og atorku nokkurra forustumanna íþróttahreyfingarinnar til þess að unnt verði að ná afreksárangri. Við verðum að gera átak í þessum efnum.

Fjárframlög ríkisins til íþróttahreyfingarinnar eru sáralítil og hafa verið skorin rösklega niður sl. ár. Ef við berum okkur saman við aðrar Norðurlandaþjóðir geta alþingismenn ekki litið kinnroðalaust framan í æskufólk sem leggur sig í líma við að hefja nafn Íslands til vegs á erlendum vettvangi. Nú er og komið fordæmi fyrir því að afreksmenn njóti náðar Alþingis, en með samþykkt stjórnarfrumvarps um Launasjóð stórmeistara í skák er brautin rudd og ber að fagna því. Frumvarp þetta er af sömu rótum runnið og sniðið að þörfum íþróttahreyfingarinnar."

Þannig hljóðar hin stutta greinargerð með þessu frv.

Frv. er sex greinar. Í 1. gr. er farið yfir stofnun sjóðsins og hversu hár hann skuli vera. Þar er talað um að stofnfé sjóðsins skuli samsvara árslaunum fjögurra háskólakennara, en í upphaflega frv. sem flutt var fyrir 3–4 árum var farið fram á árslaun 40 háskólakennara. Það hefur því verið dregið verulega úr þeirri kröfu og farið fram á mjög lágar upphæðir í þennan sjóð, enda meginhugsunin að koma honum á laggirnar og síðan vonandi að vinna að því að styrkja hann þegar fram líða stundir. Það er einnig talað um tilgang sjóðsins en hann er sá að skapa efnilegum íþróttamönnum fjárhagslegan grundvöll til að helga sig íþrótt sinni.

Í 2. gr. er fjallað um það að fjárveiting til sjóðsins eigi að koma í fyrsta sinn á fjárlögum fyrir árið 1995, þ.e. næsta ár, og síðan skuli áætluð á fjárlögum fjárveiting ár hvert sem nemur eigi lægri fjárhæð en greinir í 1. gr.

Í 3. gr. er talað um hverjir hafi rétt til að öðlast styrk eða greiðslu úr sjóðnum en það eru þeir sem sýna ótvíræða hæfileika í íþróttagrein sinni og eru líklegir til afreka á því sviði. Einnig er fjallað um hverjir senda inn tillögur um aðila sem styrkhæfir þykja en það eru sérsambönd ÍSÍ, en þar fyrir utan hljóta auðvitað að vera kennarar, íþróttakennarar, íþróttaþjálfarar og foreldrar og jafnvel hugsanlega einhverjir fleiri.

Síðan er talað um í 4. gr. hvernig skipan stjórnarinnar á að vera en hún á að vera til þriggja ára og það er menntmrh. sem skipar stjórn sjóðsins. Gert er ráð fyrir að í henni skuli sitja þrír menn, einn tilnefndur af ÍSÍ, einn af Íþróttanefnd ríkisins og einn skipaður án tilnefningar og skuli hann jafnframt vera formaður en varamenn skulu hins vegar skipaður á sama hátt.

Í 5. gr. er síðan reglugerðarheimild fyrir menntmrh. um framkvæmd laga þessara, um vörslu sjóðsins og um úthlutun úr honum.

Eins og ég sagði í upphafi þá er frv. endurflutt að ég hygg í fjórða sinn og ég verð aðeins að fá að fjalla um það hvernig á þessu máli var tekið í upphafi, hvernir mál eru kannski oft meðhöndluð í nefndum. Ég hef áður lýst því yfir að það er mín skoðun að öll mál eigi að fá afgreiðslu í nefndum, þau eigi að koma inn í þingið og það sé þingið sem eigi að taka afstöðu til málanna en ekki þeir 9 menn sem sitja í þingnefndunum. Þeir eigi ekki að taka atkvæðisréttinn af hinum þingmönnum 54 sem hér sitja.

Þannig var með þetta frv. að þegar það var flutt fyrst þá voru hátt í 30 flm. að frv. Það var mikill meiri hluti almennra þingmanna stjórnarliðsins og mikill fjöldi þingmanna einnig úr stjórnarandstöðunni utan Kvennalista. Þrátt fyrir það fékk þetta mál ekki að koma út úr nefnd. Ég segi það alveg berum orðum að slík meðferð þingnefndar á máli er hreint og klárt ofbeldi. Það er hreint og klárt ofbeldi. Vilji þingsins er nokkuð ljós. Þegar hátt í 30 þingmenn og meiri hluti almennra þingmanna stjórnarliðsins flytja frv., þá er alveg klárt hver vilji þingsins er, þá er alveg klárt að vilji þingsins stendur til þess að samþykkja það frv. sem þessi fjöldi þingmanna skrifar upp á. Því er mér algerlega hulin ráðgáta hvers vegna virðuleg menntmn. hefur ekki treyst sér til að afgreiða þetta mál út úr nefnd, hvers vegna nefndin beitir slíku ofbeldi í máli sem þessu að leyfa þá ekki þingheimi í heild sinni að taka afstöðu til málsins. Nú man ég ekki hverjir sitja í virðulegri menntmn. en ef einhver fulltrúi menntmn. er hér í salnum, þá mundi ég gjarnan vilja óska eftir skýringu á því hvers vegna slíkt mál kemur ekki út úr nefnd. Er það andstaða við íþróttahreyfinguna í landinu? Ég neita að trúa því. Er það hugsanlega andstaða við 1. flm.? Það er trúlegri skýring.

Mér finnst þetta mál, þó að það sé ekki stórt í sniðum og það skipti engum sköpum fyrir þjóðfélagið, vera þess eðlis að forsætisnefnd þingsins á ekki að láta slíka hluti viðgangast. Hún á ekki að láta þingnefnd komast upp með slíkt ofbeldi eins og beitt er í þessu máli. Það er fyrir neðan allar hellur og það er fyrir neðan virðingu þingsins að svona sé tekið á málum.

Ég hef viljandi skorið niður fjölda flm. Ég taldi óþarft, ég veit um stuðning þeirra sem voru í upphafi. Ég hef talað við þá alla. Sá stuðningur er enn til staðar og það var óþarfi að hafa alla aftur sem meðflm.

Þetta frv. fjallar m.a. um þá sorglegu staðreynd að við hugsum ekkert og hlúum ekkert að okkar íþróttafólki, því fólki sem á einhverja möguleika á að ná langt í sinni íþrótt, á möguleika á að vinna til afreka og verða afreksfólk. Ég fullyrði það að við týnum langflestu efnilegu íþróttafólki á leiðinni vegna þess að það fær ekki tækifæri til að helga sig íþrótt sinni. Allir viljum við styðja þetta fólk á tyllidögum úti um allt land þar sem menn eru að mæta við hinar og þessar uppákomur í kringum íþróttahreyfingina. Þá setja menn upp geislabauginn og vilja allt fyrir íþróttahreyfinguna gera. En þegar hér er komið inn þá hefur greinilega hugur ekki fylgt máli. Mér þykir það sorglegt og mér þykir það röng stefna. Menn þurfa ekki annað en líta í kringum sig í heiminum. Hvað var að ske síðast í íþróttaheiminum? Það voru vetrarleikarnir í Lillehammer. Vilja menn reyna að leggja mat á það hvers konar gífurleg landkynning það var fyrir Noreg að halda þá keppni, hvers konar gífurleg landkynning og hver hagnaður, bara beinn peningalegur hagnaður hefur verið af því fyrir norsku þjóðina og verður í náinni framtíð? Vilja menn leggja mat á það hvað norskir íþróttamenn sem stóðu sig frábærlega vel, hvers konar gífurleg landkynning þeir eru fyrir þjóðina? Vilja menn reyna að leggja peningalegt mat á það að reikna út dálkaverð í auglýsingum, tíma í sjónvarpi eða tíma í útvarpi? Þetta vanmeta menn algerlega hér.

Við getum bent á hestaíþróttirnar okkar, hvers konar gífurleg landkynning það er fyrir okkur og þeirra árangur á erlendri grund, enda er útflutningur á íslenskum hrossum að verða stór útflutningsgrein og fer vaxandi og mun skila verulegum peningum í tóman ríkissjóð. Svona er hægt að telja upp marga, marga þætti íþróttanna sem eru afar mikilvægir. Við getum minnst á HSÍ, handknattleikssambandið, sem nú ætlar að standa fyrir heimsmeistarakeppni. Það mun ekki verða nein smálandkynning fyrir Ísland og mun afla okkur tekna í leiðinni.

Hvað mundu menn þá segja um KSÍ, knattspyrnusambandið? Knattspyrnusambandið er núna að fara að leika í Bandaríkjunum, þeir eru að fara að leika í Japan, þeir eru að fara að leika í Brasilíu. Hvað halda menn að margir Brasilíubúar þekki Ísland eða viti yfir höfuð nokkurn skapaðan hlut um það? En hjá þjóð eins og Brasilíu þar sem annar hver maður lifir fyrir knattspyrnu mun nafn Íslands verða á allra vörum, milljónatuga. Þessa þætti eiga menn ekki að vanmeta. Og enn getum við haldið áfram. Fatlaðir íþróttamenn hafa slegið í gegn hvar sem þeir hafa farið, slegið met, heimsmet, Evrópumet, hvaða nafni sem ber að nefna. Allt er þetta gífurleg landkynning, en við erum ekki tilbúnir að styðja við bakið á þessu fólki af neinu viti.

Hér er eitt lítið frv. sem getur orðið stofninn að því að við verðum öflug íþróttaþjóð. Við getum vel eignast íþróttamenn á heimsmælikvarða ef við sinnum þeim, ef við týnum þeim ekki alltaf á leiðinni og það er það sem þetta mál hér snýst um, að ógleymdum öðrum þáttum svo sem forvarnastarfi sem veitir nú ekki af að virkja og styrkja og það er ekkert til sem er betra forvarnastarf gagnvart neyslu vímuefna, hvort sem það er áfengi, tóbak eða eitthvað annað verra heldur en öflugt íþróttastarf. Það er ekkert til. Um það hefur verið gerð mikil, stór og merkileg könnun af prófessor Þórólfi Þórlindssyni þar sem þetta er leitt mjög skýrt í ljós. Og það kemur fleira í ljós í þeirri könnun. Það kemur í ljós m.a. það að námsárangur íþróttamanna er til muna betri en þeirra sem ekki stunda íþróttir þannig að það er nánast alveg sama hvar borið er niður. Þar sem íþróttir eru öflugar og þar sem þær eru stundaðar, þá eru þær af hinu góða. Þess vegna á Alþingi Íslendinga að viðurkenna slíkt. Það á að viðurkenna það í verki með því að styðja duglega við bakið á íþróttahreyfingunni og það höfum við ekki gert. Ég heyrði að vísu hæstv. forsrh. segja það úr ræðustól um daginn að við værum að styrkja íþróttastarfið í landinu. Ég veit ekki með hvaða hætti það er, það er ekki á fjárhagslegum grunni. Menn geta flett upp í fjárlögunum og séð að þar hafa hlutirnir ekkert breyst. En það er hins vegar gott ef sú hugmynd er uppi en þá vildi ég gjarnan kalla eftir því með hvaða hætti það á að vera en það hefur ekki verið gert.

Uppeldisþáttur íþróttanna er líka gríðarlegur og menn vita það hvernig ungviðið lítur upp til afreksmannanna, af hverju ungt fólk hópast í ákveðnar íþróttir. Það er vegna þeirra afreksmanna, þeirra sem eru að ná árangri á því sviði og að þeir menn eru góðir fulltrúar sem hafa fengið þetta íþróttalega uppeldi sem er gífurlega mikilvægt.

Virðulegi forseti. Ég hef, eins og ég sagði í upphafi, talað fyrir þessu máli nokkrum sinnum áður og tel óþarfa að hafa mikið lengra mál um þetta. Ég vona að einhver fulltrúi menntmn. sé hérna inni og svari fyrir það hvers vegna þetta mál hefur verið beitt þinglegu ofbeldi vil ég kalla það, af hverju það hefur ekki fengið að koma úr út nefnd þrátt fyrir mikinn fjölda flm. En ef enginn er til staðar til að svara fyrir það þá vona ég þó í lokin að vilji þingsins fái að koma fram. Ég vona að nefndin hafi það í huga að það er skýr vilji fyrir þessu máli og frv. verði afgreitt út úr nefnd.

Að lokinni þessari umræðu þá óska ég eftir að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[10:52]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð sem ég vil flytja og þakka flm. fyrir hans ræðu og baráttu í þágu íþróttanna. Ég held að það sé alveg ljóst að Íslendingar hafa unnið afrek á sviði íþrótta og eru að vinna slík afrek. Við getum ekki betur gert fyrir þetta unga vaska fólk en það að veita því a.m.k. nauðsynlegasta fjárstuðning og aðstöðu til þess að beita kröftum sínum í þágu líkamsræktar og drengilegrar baráttu á íþróttasviðinu.

Ég þakka fyrir það að þetta mál er flutt og ég trúi því ekki að Íslendingar allir sem hér eiga sæti fáist ekki til að greiða götu þessa máls og gera það svo kröftuglega að lögin verði samþykkt áður en þingi lýkur og raunar á ekki að þurfa marga daga til þess að afgreiða það úr þinginu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, fyrri umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 231. mál. — Þskj. 259.

[10:54]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að flytja till. til þál. um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd ásamt hv. þingmönnum Sigbirni Gunnarssyni og Gísla S. Einarssyni. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, og miði sú endurskoðun m.a. að því að gefa fleiri aðilum kost á því að vinna að markaðsöflun og útflutningi á saltsíld."

Í greinargerð með tillögunni segir m.a.:

„Í lögum um síldarútvegsnefnd segir að hún skuli hafa eftirlit með verkun saltaðrar síldar, svo og með útflutningi hennar. Í 4. gr. laganna er kveðið á um að enginn megi „bjóða til sölu, selja eða flytja til útlanda saltaða síld sem íslensk skip veiða eða verkuð er hér á landi eða lögð á land verkuð, nema löggilding síldarútvegsnefndar komi til". Enn fremur segir í 8. gr.: „Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum síldarútvegsnefndar, að veita heildarsamtökum síldarsaltenda eða síldarútvegsnefnd einkarétt til útflutnings á saltaðri síld eða einkarétt til útflutnings á saltaðri síld sem verkuð er með tilteknum verkunaraðferðum eða seld til ákveðinna landa."

Ljóst má vera að heimild er í lögum um að aðrir flytji út saltaða síld en síldarútvegsnefnd. Sú hefur hins vegar ekki orðið raunin, heldur hefur síldarútvegsnefnd alfarið séð um útflutning saltaðrar síldar í krafti einkaréttar er lögin kveða á um.

Enginn efast um að síldarútvegsnefnd hefur unnið gott starf bæði við stjórnun síldarsöltunar og við útflutning á síldarafurðum. Þótt einkaréttur á útflutningi saltsíldar verði afnuminn mun síldarútvegsnefnd hafa mikilvægu hlutverki að gegna, en með því að gefa fleiri útflytjendum kost á að flytja út saltaða síld hlýtur það að efla markaðsleit, tryggja betur sölu og verð og nýtingu markaða. Lagaákvæðin eru hins vegar úrelt orðin og tímabært að endurskoða þau.

Vaxandi erfiðleikar við útflutning og sölu saltsíldar á erlendum mörkuðum hljóta að kalla á endurskoðun laga er kveða á um þessi mál. Miklir hagsmunir eru í húfi. Síldarsöltun er stór þáttur í atvinnulífi lands-

byggðarinnar og í þjóðartekjum. Brýnt er að leitað verði allra leiða til þess að tryggja hámarksafrakstur atvinnugreinarinnar. Efling útflutningsstarfseminnar er löngu brýn og gæfi fleiri útflytjendum kost á að spreyta sig. Að veita fullt frelsi í útflutningi saltsíldar er tímabær aðgerð sem nú verður að framkvæma eins fljótt og auðið er."

Þannig segir m.a. í grg. með þessari till. til þál. um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd.

Ég held að það leynist engum er les yfir lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar er síðast voru endurskoðuð árið 1962 að kominn er tími til að þau verði endurskoðuð. Þar er að finna fjölmörg ákvæði er hamla og takmarka eðlilega starfsemi við útflutning saltsíldar. Eins og kunnugt er hefur þessi útflutningur átt í miklum erfiðleikum nú á síðustu árum. Fyrst þegar hefðbundnir markaðir hrundu og verð á mörkuðum samhliða og einnig nú síðast þegar ekki hefur tekist að salta upp í þá samninga sem fyrir hendi eru, fyrst og fremst vegna þess að verðið er lágt og þolir ekki samkeppni við það verð sem býðst fyrir síld í bræðslu. Ég hef undir höndum bráðabirgðatölur um það hvernig verkun síldar gekk fyrir sig á þeirri vertíð sem nýlokið er eða á síðustu vertíð. Þar kemur fram að það veiddust á vertíðinni um 102 þús. tonn en veiðiheimildir alls voru 111.300 tonn þannig að til næstu vertíðar flytjast 9.300 tonn. En það sem mesta athygli vekur er að stærstur hlutinn af þessum afla fer til bræðslu, eða 76 þús. tonn af síld fer í bræðslu. Einungis 18 þús. tonn fara í salt og 8 þús. tonn í frystingu. Þessar tölur vekja sannarlega athygli, sérstaklega fyrir það hve stór hluti af þessari ágætu afurð fer til bræðslu andspænis lágum tölum í söltun og í frystingu.

Þá hef ég einnig upplýsingar um það sem hefur komið fram áður að það vantaði að salta í um 10 þús. tunnur í fyrirframgerða samninga og er það sannarlega áhyggjuefni og er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að verðið í söltuninni þolir ekki samkeppni við verðið í bræðslunni og einnig vegna þess að í þessar veiðar eru komin stærri skip en áður sem byggja afkomu sína fyrst og fremst á miklu magni á stuttum tíma sem fullnægir ekki þeim skilyrðum sem gerð eru þegar um söltun er að ræða.

Það er því sannarlega við mikinn vanda að etja í sambandi við síldarmálin og ekki síst síldarsölumálin. Það ætti m.a. að hvetja okkur til þess að endurskoða lög um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar. Ég held að allir geti verið sammála um að það geti ekki skaðað útflutningsstarfsemina að opna möguleika fyrir fleiri til að komast að þessari starfsemi, leita nýrra markaða og reyna að efla útflutningsstarfsemina eins og kostur er. Fyrir utan eins og ég sagði í upphafi þá eru lögin frá árinu 1962 orðin æðiúrelt. Það hefur verið deilt um það hvort síldarútvegsnefnd hafi beitt hinum svokallaða einkarétti sem ákvæði laganna gefur henni möguleika til. Því hefur verið lýst yfir að síldarútvegsnefnd hafi aldrei þurft að nýta sér þessa heimild en þessi heimild er eigi að síður til staðar í lögunum og auðvelt til hennar að grípa ef svo ber undir.

Þá er einnig rétt að benda á að í lögunum eru mjög sterk ákvæði um að öll útflutningsstarfsemin skuli fara fram undir eftirliti síldarútvegsnefndar. Í 6. gr. laganna segir m.a., með leyfi forseta:

„Útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir að gefa nefndinni allar upplýsingar sem hún óskar um hvað eina sem snertir söltun, sölu og útflutning síldar, og hefur nefndin frjálsan aðgang að verslunarbókum og skjölum þeirra hér að lútandi. Nefndin og starfsmenn hennar eru bundnir þagnarheiti um viðskiptamál útflytjenda er þau verða áskynja um á þennan hátt."

Þannig hljóðar 6. gr. og það má alveg ljóst vera að útflutningsfyrirtæki á frjálsum markaði hikar við að fara í samkeppni við síldarútvegsnefnd um útflutning á saltaðri síld ef samkeppnisaðilinn, síldarútvegsnefnd, hefur alla möguleika á því að koma fyrirvaralaust og sjá öll gögn viðkomandi samkeppnisaðila. Það er vel skiljanlegt að þetta hindri að ný útflutningsfyrirtæki hasli sér völl á þessum markaði og leggi í alvöru á sig kostnað og áreynslu til þess að ná árangri á þessum markaði.

Það má einnig vísa á 5. gr. þessara laga sem er eitt tilefnið til þess að réttlæta endurskoðun þessara laga. Þar segir í 5. gr., með leyfi forseta:

„Síldarútvegsnefnd löggildir útflytjendur saltaðrar síldar með þeim skilmálum sem nefndin telur nauðsynlega um löggildartíma, framboð og lágmarksverð, um skiptingu markaðsstaða, útflutningstíma og annað það sem tryggir sem öruggasta sölu saltsíldarframleiðslu landsmanna. Nefndin gerir þær ráðstafanir sem hún telur við þurfa til að tryggja að löggildingarskilmálum sé fullnægt." — Þannig lýkur þessari grein.

Ef ekki felast einokunar- og einkaréttarákvæði í þessari grein einni saman þá veit ég ekki hvernig hægt er að orða þau betur. Þar sem útflytjandinn, síldarútvegsnefnd, sem yrði samkeppnisaðili einhvers annars fyrirtækis sem ætlaði að hasla sér völl á þessum markaði, síldarútvegsnefnd, útflutningsaðilinn og samkeppnisaðilinn setur leikreglurnar. Setur alla skilmálana um það hvernig hinn samkeppnisaðilinn skuli standa að verki. Ég held að það þurfi ekki að lesa meira upp úr þessum annars ágætu lögum frá árinu 1962 til þess að sannfærast um að það er kominn tími til að þessi lög verði endurskoðuð og ég held að það sé ekki mikil áhætta fólgin í því þó að sú endurskoðun miði að því að gefa fleiri aðilum kost á að komast inn á þennan markað og spreyta sig.

Ég hef áður bent á að það er við mikinn vanda að etja í þessari atvinnugrein, í þessari útflutningsgrein, og það eitt út af fyrir sig ætti að hvetja okkur til að opna nú fyrir nýjum fyrirtækjum til þess að þau gætu lagt sitt af mörkum svo að þarna megi ná meiri árangri en okkur hefur tekist núna allra síðustu árin. Á hitt vil ég aftur leggja áherslu að síldarútvegsnefnd hefur unnið mjög gott starf í áranna rás og það skal sannarlega þakka. En í ljósi nýrra tíma og nýrra aðstæðna þá er ekki þar með sagt að lög um síldarútvegsnefnd megi ekki endurskoða þó að sú ágæta nefnd eigi góða sögu að baki.

Á það má einnig benda að með því að gefa fleiri

aðilum kost á að komast inn í þessa starfsemi þá gæti það um leið eflt starfsemi og skilvirkni síldarútvegsnefndar og gert hana hæfari til þess að takast á við þau nýju vandamál sem við okkur blasa núna og hafa gert núna allra síðustu ár.

Hæstv. forseti. Að lokum langar til að leggja áherslu á það að hér er um gríðarlega mikla hagsmuni að ræða, sérstaklega á þeim tímum þegar við blasir atvinnuleysi víða um land og margir hafa áhyggjur af því að það sé orðið viðvarandi og stöðugt, þá er sannarlega ástæða til þess að við reynum að grípa til allra ráða sem geta treyst atvinnulífið um landið. Þessi tillaga er skref í þá átt að treysta betur stöðu okkar á erlendum síldarmörkuðum með því að gefa fleiri aðilum kost á því að spreyta sig. Ef árangur verður af slíkri tilraun þá mun hann strax skila sér í því að treysta atvinnulífið hvað varðar síldarsöltunina í byggðum landsins.

Að lokum, hæstv. forseti, legg ég til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til hv. sjútvn. og síðari umræðu.

[11:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. flm. fyrir að flytja þetta mál inn í þingið en segja það samt um leið að ég tel að sú þáltill. sem við fluttum í haust, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon og hv. þm. Ragnar Arnalds, gerir ráð fyrir því að þessi mál verði endurskoðuð. Þó það sé ekki sagt í þeirri tillögu í rauninni að það eigi að endurskoða lögin um síldarútvegsnefnd þá er þar lagt til, með leyfi forseta: „... að fela ríkisstjórninni að skipa þriggja manna nefnd til að móta stefnu nýtingu síldarstofna við Ísland. Nefndin á að gera tillögur sem miða að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðunum og vinnslu síldar."

Í grg. er einmitt lögð sérstök áhersla á markaðsmálin og með hvaða hætti eigi að endurskoða þau. Þannig að ég tel að það sé í raun og veru verið að flytja tillögu sem á að taka á sömu atriðum og okkar tillaga á að taka á. Þessari tillögu var vísað til sjútvn. og hefur verið send til umsagnar en ekki verið tekin til meðferðar í nefndinni.

Nú vill þannig til að hv. flm. á sæti í sjútvn. ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni sem var flm. að hinni tillögunni sem ég nefndi áðan og ég tel að það sé greinilegt að menn hafi þarna sameiginlegt áhugamál að það verði tekið á þessum málum. Ég held að það væri mjög þarft að við beittum okkur að því að fá fyrri tillöguna afgreidda út úr sjútvn. þannig að þetta starf geti hafist og menn sameinuðust um það að vinna að þessu. Það eru fjölmörg atriði sem þarf að taka á í sambandi við nýtingu síldarstofnanna. Það var mikið rætt um okkar tillögu þegar hún var til fyrri umræðu í hv. Alþingi og áhugi alþingismanna á þessu máli sýndi sig vera mjög mikill. Ýmislegt sem þar kom fram mætti kannski rifja upp í tengslum við þessa umræðu, m.a. stjórnun veiðanna, ígildi eignarhaldsins á kvótanum eins og það virkar og að það verður t.d. til þess að miklu meira af síld fer til bræðslu en annars væri. Það kom t.d. fram í upplýsingum með þáltill. að þeir sem fá úthlutað síldarkvóta veiða alls ekki kvótann. Bátar fengu úthlutað 101 þús. tonnum af síldarkvóta fyrir síðustu vertíð en loðnuskipin, sem fengu úthlutað 8.500 tonnum eða tæpum 8% af kvótanum, veiddu 83% af aflanum. Nánast öllum síldaraflanum var vísað yfir til loðnuskipanna til veiða. Þar með myndast það vandamál að þessi stóru skip hafa meiri hagsmuni af því að moka síldinni í land á stuttum tíma og þá í bræðslu.

Það er ýmislegt sem gæti komið til skoðunar í þessu sambandi til að breyta ástandinu. Ég tel að fyrst og fremst ætti að skoða þá möguleika að veiði á síld til manneldis yrði gefin frjáls og ekki bundin við þá kvótasetningu sem er þannig að þeir aðilar sem væru að fiska síld til manneldis hefðu forgang fram yfir hina sem eru að fiska til bræðslu. Það er ekkert ótrúlegt að það þurfi að gera breytingar á lögunum um síldarútvegsnefnd. Þau eru orðin gömul og úrelt á ýmsan máta og ástæða til að þau verði skoðuð. Ég tel að það sem skipti mestu máli sé að við snúum okkur að því að endurskoða allan ferilinn í sambandi við bæði stjórn veiðanna og möguleika fyrirtækjanna til að fá hráefni. Það kom fram í þeim athugunum sem ég gerði áður en þessi þáltill. var flutt að síldarútvegsnefnd hefur ekkert þvælst fyrir aðilum sem hafa getað selt síldarafurðir. Það kom ekki fram neitt í umræðunum hér síðast þegar þetta var til umræðu sem bendir til þess að síldarútvegsnefnd hafi gengið þannig fram þó hún hafi þennan einkarétt. Það er auðvitað spurning hvort það á að afnema hann en ég held að það hafi ekkert komið fram sem bendi til að hann hafi verið misnotaður með neinum hætti og líklega er hann óþarfur. Hins vegar er það enginn vafi að síldarútvegsnefnd hefur oft á tíðum tekist að selja miklu meira af afurðum en líklegt er að hefði verið hægt að selja ef við hefðum ekki verið með sameiginlegan aðila til að vinna að þessum málum. Ég ætla ekki að endurtaka þær umræður sem fóru fram við okkar þáltill., en leggja áherslu á að ég tel það sjálfsagt mál að lögin um síldarútvegsnefnd verði endurskoðuð en legg jafnframt mikla áherslu á að það sem felst í þáltill. sem við fluttum í haust komist sem allra fyrst til framkvæmda, þ.e. að öll þessi mál verði tekin til endurskoðunar og að gerðar verði tillögur um breytingar á meðferð þessara mála.

[11:16]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Framsaga hv. þm. Jóhanns Ársælssonar fyrir tillögu sinni og annars þingmanns um nýtingu síldarstofnsins fyrr á þessu ári var hin ágætasta. Það er út af fyrir sig þarft að fá upprifjun á henni. En eigi að síður liggur hér fyrir till. til þál. um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd. Það er kannski ekki rétt að gera kröfu til þess við fyrri umr. að hv. þm. hafi skoðun á málinu. Eigi að síður mátti ráða af máli hans að hann teldi að sú tillaga sem hann flutti fyrr í haust fjallaði um afskaplega skylt efni og næði e.t.v. yfir þessa tillögu. Ég er ekki þeirrar skoðunar. Ég tel að þessi tillaga standi alveg sjálfstætt og það sé löngu kominn tími á að endurskoða þessi lög. Þess

vegna vildi ég biðja hv. þm. Jóhann Ársælsson að skýra það hvort ég skilji það rétt að hann styðji tillöguna.

Hv. þm. sagði jafnframt að þessi lög væru orðin gömul og úrelt og það væri tími til að þau yrðu skoðuð. Hann ræddi jafnframt örlítið um 8. gr. laganna, þar sem fjallað er um að ráðherra geti veitt nefndinni einkarétt, og sagði: Þessi einkaréttur er óþarfur. En eigi að síður sagði hv. þm. að þrátt fyrir að þessi einkaréttur væri óþarfur þá kynni svo að vera að síldarútvegsnefnd hefði tekist að selja meira en okkur Íslendingum hefði tekist væri nefndin ekki til. Ég skil ekki alveg þennan málflutning hjá þingmanninum. Ég vildi gjarnan fá útskýringu á honum.

En númer eitt, virðulegi forseti, þá vildi ég gjarnan fá það upplýst hvort þingmaðurinn styður þessa tillögu eða ekki. Fyrri hluti ræðu hans gaf það til kynna en sá síðari dró fremur úr því. En það má vel vera að hann sé á leið í Framsfl. og telji þess vegna nauðsynlegt að hafa tvær skoðanir á þessu máli.

[11:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er engin hætta á að ég sé á leið í Framsfl., ég get svarað því strax. Ég get líka svarað því að ég mun styðja þá tillögu að endurskoðun á lögunum fari fram. Hins vegar tel ég að ástæða sé til að hafa af því ótta þegar tillaga er flutt sem er svo lík þeirri tillögu sem við fluttum hér í haust að það geti kannski orðið til að tefja framgang fyrri tillögunnar og að menn vilji þá slá þessum hlutum saman. Ég var farinn að vonast til að við fengjum afgreiðslu á fyrri tillögunni út úr sjútvn. og að það yrði farið að vinna eftir henni. Ég held því að við ættum að sameinast um það vegna þess að ég efast ekkert um að við höfum sama hug í þessu máli, þ.e. að við fáum sem mesta atvinnu út úr síldveiðum og vinnslu síldar og það verði unnið sem mest af síld til manneldis í landinu. Það er það sem við erum sameinuð um að vilja og þá þurfum við auðvitað að vinna þannig að málunum að það gangi sem allra fyrst það sem þarf að gera. Það sem þarf að gera kemur fram í fyrri tillögunni. Hitt var ég líka að segja að ég held að það hafi komið skýrt fram, a.m.k. tel ég mig hafa upplýsingar um það eftir að hafa kannað málið í sambandi við okkar tillögu, að síldarútvegsnefnd hefði ekki staðið vegi fyrir nýjum aðilum sem hefðu viljað selja síldarafurðir. Þess vegna taldi ég að það hastaði kannski ekki afskaplega miklu í sambandi við endurskoðun laganna.

[11:19]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil samgleðjast forustu Alþb. með þessa yfirlýsingu sem hv. þm. gaf um það að hann er ekki á leið í Framsfl. Það tel ég þroskamerki hjá honum.

Ég vil líka lýsa ánægju minni með það að í raun-inni lýsti hv. þm. yfir stuðningi við þessa tillögu sem þrír þingmenn Alþfl. hafa flutt. Ég vil líka taka undir það að ég hygg að þetta mál sé þess eðlis að það sé nauðsynlegt að hv. sjútvn. afgreiði það frá sér. Hér hefur þingmaðurinn lagt fram tillögu um að þessar tvær tillögur sem lúta að svipuðum efnum verði skoðaðar saman og ég tel að það sé flótur á því að afgreiða þær með sameiginlegum hætti út úr nefndinni. Ég er hjartanlega sammála því markmiði sem hv. þm. lýsti hér varðandi nýtingu á síldarstofninum. Ég er hjartanlega sammála því.

[11:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er einmitt þetta sem ég óttaðist. En kannski þarf ég ekki að óttast neitt í þessu. Ég tek þetta þannig að ef þessi þáltill. á ekki að verða til að tefja framgang fyrri tillögunnar, að tillögumenn fallist þá á það að þessi tillaga verði ekki send út til umsagnar. Hún verði tekin til afgreiðslu með hinni tillögunni í nefndinni og þá á þetta ekki að þurfa að tefja fyrir framgangi málsins. Við ættum að sameinast um það. Ég ætla þá ekki að hafa fleiri orð um það en fagna því að við getum sameinast um að reyna að reka þetta mál áfram.

[11:21]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Það er að miklu leyti komið fram það sem ég ætlaði mér að fjalla um. Það var hvort ekki mætti taka þessar tillögur sameiginlega til umfjöllunar og afgreiðslu. En sú tillaga sem við ræðum núna lýtur fyrst og fremst að því að afnema að nokkru, að því er ég tel, einokun sem er á útflutningi saltsíldar.

Síldarstofninn er í góðu ástandi og það er ástæða til að gera átak í sölumálum síldar til manneldis. Það er staðreynd að á þeim árum þegar síldarstofninn var í lægð þá töpuðum við mörkuðum. Viðskiptaaðilar okkar í austri, þ.e. gamla Sovét er fallið og það er ljóst að það verður örðugt fyrir þá að gera kaupsamninga við okkur og kannski fyrir okkur að gera kaupsamninga við þá þar sem engir fjármunir eru þar til að gera við okkur verslunarsamninga því þeirra fjárhagur er í rúst.

Ég tel að einstaklingar eigi að hafa fullt frelsi til að afla markaða. Ég tel að í kjölfar alþjóðasamninga eigum við að veita meira viðskiptafrelsi í útflutningi íslenskra sjávarafurða en nú er. Það má reyndar segja um fleiri íslenskar afurðir. Mér eru landbúnaðarmálin hugleikin. Útflutningshöft varðandi landbúnaðarafurðir eru óviðunandi. Við erum með sprengfullt land af kjöti. Svína-, nauta-, fugla- og lambakjöti. En samt þarf að klífa þrítugan hamarinn hafta til að geta fengið leyfi til útflutnings afurða sem eru vandamál vegna þess að markaðurinn innan lands nægir ekki.

Almennt sagt varðandi þessi mál þá á ég þá ósk að markaðssetning íslenskra afurða verði tekin til sérstakrar endurskoðunar og samræmt verði átak um markaðssetningu án þess að hefta frelsi einstaklinga til framtaks á þessum sviðum.

Ég vona að þetta mál fái góða meðferð hjá hæstv. sjútvn. og síðan hjá hæstv. ríkisstjórn. Það sem menn eru að fjalla um er að sjálfsögðu atvinnulífið í landinu. Þetta er nátengt þeirri umræðu sem hér hefur verið í gangi á undanförnum dögum og vikum. Menn eru að tala um atvinnumálin.

Ég vil taka undir þá skoðun hv. 3. þm. Vesturl., að

það þurfi að móta stefnu til nýtingar síldarstofnanna. Það er auðvitað verið að fjalla um það í þeirri tillögu sem hér er til umræðu. Ég vil einnig taka undir þá skoðun, sem kom fram og mér þótti góð, að veiðar síldar til manneldis verði frjálsar. Ég er með efasemdir um að rétt sé að leyfa loðnuskipum að moka upp síld til bræðslu í þeim mæli sem gert hefur verið. Við eigum að láta veiðar á nytjastofnunum okkar til manneldis ganga fyrir eins og hugsunin er almennt hjá þjóðinni.

En ég kom fyrst og fremst upp í stólinn til að tjá hug minn um það hvernig ætti að fara með þessar tillögur tvær sem hafa hér verið nefndar og vona að menn nái saman um farsæl málalok.

[11:26]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sú tillaga sem hér er til umræðu og umfjöllunar er flutt í annað skipti. Og eins og hv. síðasti ræðumaður sagði er þetta tillaga um aukið frelsi til útflutnings á síldarafurðum. Nú langar mig að spyrja hv. þm. Gísla S. Einarsson: Hverjir hafa ekki þetta frelsi í dag? Hverjir mega ekki selja síldarafurðir í dag?

[11:26]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hvers vegna heldur hv. 2. þm. Vestul. að það sé verið að flytja hér tillögu um endurskoðun laga? Það er vegna þess að lögin kveða á um að þetta eigi að fara í gegnum síldarútvegsnefnd. Það er einfaldlega þess vegna. Og þetta svar er nægjanlegt. Þó svo það hafi verið látið afskiptalítið þegar einstaklingar hafa verið að reyna að klóra í bakkann þá er frelsið ekki til staðar.

[11:27]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er á miklum misskilningi byggt hjá hv. þm. Hingað til hefur engum verið neitað um útflutning á síld sem um það hefur beðið. En aftur á móti er ýmislegt í lögum um síldarútvegsnefnd sem kemur í veg fyrir undirboð. En að öðru leyti er hverjum og einum frjálst að flytja út síldarafurðir og engum hefur verið neitað um það hingað til. Þannig að ég held að menn eigi að skoða þetta aðeins betur áður en þeir halda langar ræður um þetta mál hér.

[11:28]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegur forseti. Ég stend nú hér upp til að ítreka andstöðu mína við þessa þáltill. eins og ég gerði raunar á sínum tíma þegar þessi mál voru rædd í nóvember 1992. Ég tel að þessi þáltill. sé gjörsamlega óþörf og það sé ekkert í skipulagi útflutnings á saltsíld sem geri það að verkum að það kalli á einhverja sérstaka endurskoðun á lögunum.

Í raun og veru hefur þetta kerfi sem við búum við varðandi útflutning á saltsíldinni reynst mjög vel. Við sjáum það m.a. á því að hvergi nokkurs staðar í heiminum fer hærra hlutfall af síld til manneldis en einmitt á Íslandi. Menn gleyma því líka að mál hafa verið að þróast með þeim hætti á síðustu árum að stærri hluti af síld sem á annað borð fer til manneldis fer í frystingu og er seldur af hinum og þessum aðilum úti um allan heim. Og það hefur einfaldlega verið þannig á síðustu árum a.m.k. að þó menn hafi ætlað að með hruni Sovétmarkaðarins yrðu vandræði við að koma manneldissíldinni á markað þá er staðreyndin sú að það hefur ævinlega skort síld á manneldismarkaðinn á undanförnum vertíðum og það hefur frekar verið vandamálið.

Ég held að það sé nefnilega ekkert í skipulagi núverandi útflutnings á síld sem kalli á einhverjar sérstakar breytingar. Þetta kerfi hefur reynst prýðilega. Það er athyglisvert í þessu sambandi að framleiðendur á síld, hagsmunaaðilarnir, þeir sem best þekkja til, þeir sem hafa mesta hagsmuni af því að þetta skipulag sé sem best og leiði til sem hæsts verðs eru allir sammála um að þetta fyrirkomulag sem menn hafa búið við árum saman sé hið besta. Og sannleikurinn er sá að menn fara hér mjög út um víðan völl og vaða um í villu og svima. Vegna þess að það hefur aldrei staðið á því vegna skipulagsins að menn gætu flutt út síld sem hafa óskað eftir því.

Það er rangt, sem hefur verið haldið fram, að síldarútvegsnefnd hafi hér einhverja einokun. Það er að vísu tekið fram í lögum um útflutning saltsíldar að sjútvrh. sé heimilt að veita síldarútvegsnefnd þetta einkaleyfi til eins árs í senn. Þetta einkaleyfi hefur aldrei verið veitt nema með samþykki allra samtaka síldarsaltenda, útvegsmanna og sjómanna og það hefur verið veitt til eins árs í senn. Síldarútvegsnefnd hefur ekki sótt um þetta einkaleyfi í mjög mörg ár þannig að menn eru einfaldlega að glíma við eitthvað sem ekki er til. Menn eru að berja hér á meintri einokun sem ekki er til. Einokunin felst ekki í öðru en því að það er frjáls niðurstaða þeirra aðila, sem ég hef hér verið að nefna, útvegsmanna, sjómanna og síldarsaltenda að þeir vilja hafa þetta kerfi og hvers vegna í dauðanum skyldi þá löggjafinn fara að beita sér fyrir því að endurskoða kerfi sem allir vilja viðhalda sem gleggst þekkja til, hafa mesta hagsmuni af því og vita auðvitað best í hverju hagsmunirnir liggja? Það er ekki verið að girða fyrir það að menn geti flutt út síld sem það hafa viljað. Ég nefni það að oft og tíðum hafa komið upp tilvik þar sem menn hafa verið að vekja athygli á því að þeir gætu selt síld og það væri kannski fróðlegt að rifja upp hvernig sá útflutningur á saltsíld hefur síðan tekist þegar til kastanna kom. En það er kannski önnur saga.

Aðalatriðið er sem sagt þetta. Það er ekki rétt að það sé einokun á útflutningi á saltsíld. Það er í öðru lagi þannig að við búum við skipulag sem er mjög góð sátt um og í þriðja lagi er þessu skipulagi komið á með frjálsu samstarfi aðila. Og ég held að annað atriðið sem ég nefndi, að um þetta mál er mjög góð sátt, sé mjög athyglisvert vegna þess að því er einmitt þannig varið að um aðra þætti útflutningsmála okkar í sjávarútvegi, t.d. útflutning á frystum fiski á sínum tíma til Bandaríkjanna, útflutning á saltfiski svo ég taki sem dæmi, tókust menn á. En varðandi saltsíldina hefur verið mjög góður friður. Menn hafa viljað standa vörð um þetta fyrirkomulag. Og ef við undanskiljum þessa

þáltill., sem er nú flutt í annað sinn að ég hygg, var flutt hér í fyrra í lok árs 1992, þá virðist mér að áhugi manna á því að breyta þessu ágæta fyrirkomulagi sé bara afskaplega lítið til staðar. Þess vegna tel ég að þetta sé ástæðulaus þáltill. Ég íteka það sem ég sagði á sínum tíma í umræðunni um þetta mál og tel þess vegna að það sé ekki tilefni til að samþykkja hana.

[11:33]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ævinlega litið svo á að hv. þm. Einar Kristinn Guðfinnsson sé einn af þeim sem bera hingað nýja og ferska strauma inn í þessi salarkynni. Því miður verð ég að segja það að ræða hv. þm. afsannaði það. Ég kýs að vísu að líta svo á að það sé undantekningin sem sanni þá reglu sem hann mun væntanlega fylgja í framtíðinni eftir að honum hefur verið veitt leiðsögn af öðrum félögum hans í stjórnarliðinu.

Hann heldur því fram, virðulegi forseti, að um þetta mál ríki mjög góð sátt. Eigi að síður er það svo að hér hefur þessi tillaga verið flutt af þingmönnum úr tveimur kjördæmum, m.a. því kjördæmi þar sem síldarverkun er hvað umfangsmest. Ekki bendir það til þess að hér ríki mjög góð sátt. Það hefur líka verið vitnað til þess að tveir hv. þm. annars flokks hafa flutt svipaða tillögu og benda á það í tillögunni að margt hefur farið úrskeiðis einmitt í þessum greinum. Hv. þm. kom hámenntaður frá Englandi á sínum tíma og talaði um að það væri nauðsynlegt að leggja af höft og bönn. Hvað er orðið um þann þingmann? Þekkir hv. þm. ekki þau lög sem gilda um síldarútvegsnefnd? Þar segir til að mynda í 3. gr., með leyfi forseta: „Síldarútvegsnefnd veitir leyfi til söltunar á síld fyrir innlendan og erlendan markað." Er það í takt við þá stefnu sem Sjálfstfl. hefur fylgt að fara að verja þetta kerfi?

Það kemur líka fram í 6. gr., virðulegi forseti, að útflytjendur og síldarsaltendur eru skyldir til að gefa nefndinni allar upplýsingar sem hún óskar um hvað eina sem snertir söltun og útflutning síldar og hefur nefndin frjálsan aðgang að verslunarbókum og skjölum þeirra þar að lútandi.

Hvers konar kerfi er þetta sem hv. þm. er að verja? Er hann viss um að hann muni í hvaða flokki hann er? Er hann ekki í þeim flokki sem ætlar að afnema höft og bönn? Hér stendur hann upp, hinn frjálsborni foringi Vestfirðinga og er að verja höft? Hvað er að gerast? (**SJS:** Hún er svo léleg, þessi enska menntun.)

[11:36]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við eigum það sameiginlegt ég og hæstv. umhvrh. að við komum frá Englandi með mjög ákveðnar skoðanir á fornri tíð. En það hefur ýmislegt breyst síðan og líka í skoðunum okkar hæstv. umhvrh. sem betur fer því ekki byði ég í okkur tvo, okkur hæstv. umhvrh., ef við á 20 árum hefðum enn þá nákvæmlega sömu skoðanir, ekkert breyst nema allt í kringum okkur. Ég byði ekki í það háttalag frjálsborinna manna, svo ég noti orðalag hæstv. umhvrh., ef við værum með sömu skoðanir og við vorum með fyrir 20 árum. En ég man ekki eftir því sérstaklega að ég hafi haft mjög stríðar skoðanir um síldarútvegsnefnd þegar ég kom frá Bretlandi, enda man ég ekki eftir því að við höfum mikið verið að ræða um málefni síldarútvegsnefndar úti í Bretlandi en það hefur kannski verið þannig aðeins norðar í Englandi þar sem hæstv. umhvrh. var að þar hafi menn verið að ræða um framtíð síldarútvegsnefndar.

Aðalatriði þessa máls er nákvæmlega það sem ég sagði hér áðan. Um skipulag þessara mála er afskaplega góð sátt. Ég nefndi að vísu þá undantekningu sem fælist í þessari þáltill. en að öðru leyti væri um þetta mál afar góð sátt. Og ég vakti á því athygli að þegar eftir því hefur verið leitað meðal framleiðenda, útflytjenda, sjómanna og útvegsmanna, þá er niðurstaðan alltaf sú sama. Það er þetta kerfi, það er þetta skipulag, sem er réttara orðafar, þetta skipulag útflutningsmála sem menn vilja viðhalda í frjálsum samningum sín á milli. Það er þess vegna ekki einokun þegar þeir aðilar sem eiga að búa við tiltekið skipulag komast að tiltekinni niðurstöðu í óþvinguðum samningum sín á milli, þá er ekki verið að tala um einokun. Það hefur líka verið vakin á því athygli og það kom rækilega fram í umræðum hér í nóvember 1992 að það er nákvæmlega þetta kerfi og þetta skipulag sem menn vilja hafa og þess vegna er engin ástæða til að vera að taka það upp og breyta því.

[11:38]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er afar sjaldgæft að það gerist að sá ágæti þingmaður sem talaði hér áðan neiti að horfast í augu við rök og ég vænti þess að það sé einungis vegna þess að hann sé illa fyrirkallaður í dag. En það er eigi að síður svo að ef menn settu þetta kerfi yfir til að mynda útflutning á þorski, hvað mundi þá hv. þm. segja? Nú vænti ég þess að þegar hann hefur unnið sinni þjóð vel í sölum Alþingis, þá muni hann e.t.v. beita sinni miklu þekkingu sem hann hefur á sjávarútvegi t.d. í því að fara að flytja út þorsk. Kerfið væri þá þannig að það væri einhver nefnd sem hann þyrfti að sækja um til að fá leyfi til að fá að flytja út þorsk og nefndin gæti gert það að skilyrði að hún, sem væri líka samkeppnisaðili, gæti farið í allar bækur viðkomandi fyrirtækis. Það er auðvitað aldeilis fráleitt og ég er hissa á því að hv. þm. skuli koma hér upp til að verja þetta úrelta kerfi.

Hann hefur sjálfur oft talað í þessum stól í þá veru að það sé í takt við tímann að ýta burt einokun. Hér er lögverndað einokun og það er ekki rétt sem hv. þm. sagði í fyrri ræðu að það væri hægt að veita þetta ráðherraleyfi einungis til eins árs í senn, það kemur a.m.k. ekki fram í lögunum. Auðvitað eigum við sem höfum verið sammála um að það eigi að eyða höftum af þessu tagi að snúa saman bökum og berjast gegn því en ekki að berja okkar viðkvæmu höfðum við stein í þessu máli.

[11:39]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hæstv. umhvrh. erum að sjálfsögðu sammála um það eins og ævinlega að við viljum ýta burtu höftum, en það verður ekki gert með því að brjóta niður það skipulag sem aðilar hafa komið sér saman um að sé heppilegt. (**Umhvrh.:** Viltu ekki SÍS aftur?) Ég hef ekkert á mót því að samvinnuhreyfing sé til staðar í landinu og ég vona að hæstv. umhvrh. sé ekki sérstaklega á móti því að samvinnuhreyfing, frjáls hreyfing, sé til staðar í landinu. Ég hef ekkert við það að athuga. (Gripið fram í.) Aðalatriðið er að ég fái að komast að fyrir frammíköllum hæstv. umhvrh. og skrafi hans í þingsalnum og ef ég mætti komast að, þá vil ég einfaldlega vekja athygli á því að þetta mál snýst ekkert um spurninguna um höft eða ekki höft, einokun eða ekki einokun. Þetta mál snýst einfaldlega um það hvort við viljum leggja stein í götu þess skipulags sem þeir aðilar sem við það eiga að búa vilja hafa. (**GunnS:** Nei.) Þessir aðilar vilja hafa þetta skipulag með þeim hætti að síldarútvegsnefnd annist um útflutning á þeirra saltsíld. Skipulag útflutningsmála á saltsíld hefur aldrei staðið í vegi fyrir því að fleiri menn gætu komið að sem það kjósa og þess vegna er tilefnislaust að vera að taka til endurskoðunar lög sem menn vilja búa við óbreytt og hafa tryggt það að þeir aðlar sem vilja koma að sölunni á saltsíldinni hafa getað átt að henni frjálsan aðgang. Þess vegna er þetta algerlega ástæðulaus endurskoðun á lögum sem hafa reynst vel.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa áður en lengra er haldið að forseti hefur fyrirhugað að láta fara fram hér atkvæðagreiðslu, sem þurfti að fresta í morgun, klukkan hálftvö í dag.

[11:41]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég lofa því að vera stuttorður, enda hef ég ekki nógu mikinn tíma til að halda áfram til klukkan hálftvö. Ég þarf þess ekki heldur því að það eru aðeins örfá orð sem ég vildi leggja inn í þessa umræðu.

Hér liggur fyrir till. til þál. að endurskoða lög um síldarútvegsnefnd og miðist sú endurskoðun m.a. að því að gefa fleiri aðilum kost á því að vinna að markaðsöflun og útflutningi á saltsíld. Síðan segir í greinargerðinni: „Ljóst má vera af heimildum í lögum að aðrir flytja út saltaða síld en síldarútvegsnefnd."

Nú er í sjálfu sér ekkert að því að endurskoða löggjöf. Ég hef í sjálfu sér ekki á móti því. En ég er sammála hv. 3. þm. Vestf. Ég held að það sé ástæðulaust að vera að eyða kröftum í að endurskoða löggjöf nema sú löggjöf hafi reynst eitthvað sérstaklega illa sem verið er að endurskoða. Satt að segja tek ég alveg undir það að þessi löggjöf hefur alveg reynst bærilega. Síldarsala er nefnilega dálítið sérstök og það er engu saman að jafna eins og hæstv. umhvrh. er að koma hér inn á að það sé eitthvað líkt með útflutningi á þorski og síld. Útflutningur á síld hefur byggst á fyrirframsölu að meira og minna leyti og verður að gera það. Og síldarútvegsnefnd hefur haldið utan um þá hluti og það fyrirkomulag hefur satt að segja reynst alveg bærilega og ég vil koma því að varðandi þessa umræðu og þá endurskoðun sem er lagt til að fari fram.

Ég hygg að þessi tillaga fari til sjútvn. sem fer sjálfsagt yfir þessi mál, fer yfir rök og gagnrök og hvort ástæða sé til að endurskoða þessa löggjöf. En það er engin ástæða til að endurskoða hana vegna þess að það séu einhverjir sérstakir erfiðleikar í útflutningi á síld sem mundu batna með því að síldarútvegsnefnd t.d. yrði lögð niður eða starfsemi hennar skert á einhvern hátt. Ég held að þeir aðilar sem vinna í þessu hafi látið vel af starfi síldarútvegsnefndar og það sé ekki mikil ástæða til þess að breyta þar mikið um.

Hæstv. umhvrh. telur að þeim sem námu í Bretlandi og komu heim ungir og efnilegir menn hafi farið aftur síðan. (**Umhvrh.:** Það sagði enginn efnilegir.) Ég held að hv. 3. þm. Vestf. hafi þroskast síðan hann kom heim frá námi en ég get varla sagt hið sama um hæstv. umhvrh. vegna þess að síðan hann kom heim frá námi hefur það gerst að hann hefur gengið í Alþfl. og ég tel það ekki þroskamerki.

[11:46]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég hef það sterklega á tilfinningunni að hér sé einhver misskilningur á ferðinni og þess vegna er ástæða til að lesa aftur þá till. til þál. sem hér liggur fyrir. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 62 21. apríl 1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, og miði sú endurskoðun m.a. að því að gefa fleiri aðilum kost á því að vinna að markaðsöflun og útflutningi á saltsíld."

Þannig hljóðar þessi tillaga. Þetta er ekki tillaga um það, eins og hér hefur verið gefið í skyn í umræðum, að leggja síldarútvegsnefnd niður. Þetta er heldur ekki tillaga, eins og gefið hefur verið í skyn í þessum umræðum, um að brjóta síldarútvegsnefnd niður eða leggja stein í götu starfsemi hennar. Það má langtum fremur ef einhver vill leggja mat á það líta svo á að þetta sé tillaga sem miði að því að efla starfsemi síldarútvegsnefndar. Ég er viss um það að þessi endurskoðun muni ekki miða að því að veikja síldarútvegsnefnd. Þvert á móti gæti það eflt síldarútvegsnefnd ef hún mundi starfa í eðlilegu nútímalegu umhverfi þar sem ríkti samkeppni. Með öðrum orðum mundi endurskoðunin opna lögin þannig að það yrði aðgengilegra fyrir fleiri fyrirtæki, fleiri aðila að koma að markaðsöflun og útflutningi á saltsíld.

Ég trúi því ekki að nokkur maður á hinu háa Alþingi sé á móti svo verðugu markmiði sem hefur ekkert annað í för með sér en að reyna að efla atvinnulífið í landinu. Eða er mönnum meira umhugað um að halda í úrelt verndunar- og haftakerfi til þess að gæta af misskilningi hags einhvers konar miðstýrðs kerfis á kostnað atvinnulífsins í landinu? Ég trúi því ekki. Og ef nokkur maður á hinu háa Alþingi mundi taka sér fyrir hendur að lesa lögin um síldarútvegsnefnd, þá

hlýtur hann að sjá að það verður að endurskoða þau og færa til nútímalegs horfs.

Þegar efast er um að síldarútvegsnefnd njóti einkaleyfis, einokunar- eða einkarétts, og því haldið fram að síldarútvegsnefnd hafi aldrei beðið hæstv. ráðherra um þetta einkaleyfi, þá er ekki þörf á því vegna þess að einkarétturinn felst í ákvæðum laganna, 5. gr., 6. gr. og jafnvel 3. gr. líka þar sem síldarútvegsnefnd er veitt víðtækt umboð til þess að hafa svo nákvæmt eftirlit með samkeppnisaðila sínum að það dettur engu fyrirtæki í hug að hasla sér völl á þessum markaði í samkeppni við fyrirtæki, síldarútvegsnefnd sem nýtur slíkrar lögverndaðrar stöðu umfram hugsanlegan keppinaut.

Ég trúi því ekki öðru en hv. þm. Einar Guðfinnsson vilji stuðla að því að þeir aðilar sem starfa að því að flytja út saltaða síld njóti jafnrar samkeppnisstöðu þó ekki sé beðið um meira, að fyrirtæki sem starfi á þessum markaði njóti jafnrar samkeppnisstöðu. Ég er viss um að það hljóti enn að vera stefna Sjálfstfl., ekki bara í orði heldur í verki. Og nú reynir á þolið gagnvart stefnunni.

Ef hv. þm. ræða við frjálsa útflytjendur um afstöðu þeirra til útflutnings á saltsíld þá er það kristaltært í hugum þeirra að þetta er lokaður og einokaður markaður fyrir síldarútvegsnefnd. Sú afstaða hlýtur að segja nokkuð um það viðhorf sem gildir í þessari starfsemi, enda þarf ekki annað en að lesa lögin til þess að sjá það að lögverndin sem síldarútvegsnefnd nýtur virkar á hugsanlegan keppinaut og samkeppnisaðila sem hindrun, sem lokun, sem einkaréttur, einokun, einkaleyfi. Ekki trúi ég því að hv. þm. Einar K. Guðfinnsson mundi vilja fara út í starfsemi, út í rekstur, m.a. með því að leggja út í dýrar stofnfjárfestingar við það að leita að mörkuðum fyrir síld vitandi um að samkeppnisaðilinn, síldarútvegsnefnd, nýtur þeirrar lögverndaðrar stöðu sem hún gerir samkvæmt lögum.

Þessi tillaga fjallar ekki um neitt annað en það að endurskoða lögin með það að markmiði að fleiri aðilar fái tækifæri til að spreyta sig. Það er ekki verið að leggja það til að brjóta niður síldarútvegsnefnd, leggja stein í götu starfsemi hennar og þaðan af síður að leggja þá stofnun niður. Mér segir svo hugur að ef það næði fram sem hér er boðað gæti það orðið starfsemi síldarútvegsnefndar mjög til góðs. Af því að ég veit að hv. þm. Einar Guðfinnsson vill þeirri stofnun allt hið besta enda þekkir hann starfsemi hennar mjög gjörla, þá veit ég að þegar hann hefur kynnt sér alla málavöxtu mun honum snúast hugur og styðja þessa tillögu um endurskoðun á lögunum.

Það kom ekki á óvart að hv. þm. Jón Kristjánsson skyldi mæla gegn tillögunni og ræða um hana með svona neikvæðum hætti. Það hefur sjaldan farið mikið fyrir framsýni og krafti umbóta í hans flokki. Ég veit eigi að síður að þessi tillaga gæti verið mjög í anda hans og ég er viss um að hann persónulega mundi vilja þessu máli allt hið besta, en í Framsfl. virðast gilda álíka leikreglur og í lögunum um síldarútvegsnefnd frá árinu 1962 að þar eru menn bundnir höftum aga og njörvaðir niður með sínar persónulegu skoðanir. Þar sem ég veit að hann talaði fyrir hönd síns flokks þá virði ég það þó hann hafi kannski talað þvert um sinn persónulega hug af því að hann vill auðvitað að hér verði haldið áfram að reyna að efla atvinnulífið í landinu með því að gefa fleiri aðilum kost á því að koma þar að, afnema höft og fjötra eins og frekast má sem halda öllum framförum niðri. Viss er ég um að þegar þessi tillaga kemur til umræðu í hv. sjútvn. þá verður hann búinn að leggja sitt af mörkum til þess að hún fái þar mjúka meðhöndlun af hálfu Framsfl. og ekki síst þegar hún hefur verið skoðuð betur þar í flokki.

Hæstv. forseti. Hér er mál að linni. Ég legg áherslu á að þetta mál geti fengið farsælan framgang á hinu háa Alþingi. Það má segja að hér sé um hið síðasta svið að ræða á útflutningsmarkaði sjávarafurða þar sem enn ríkir einokun í skjóli ákvæða laga. Það er löngu kominn tími til að þessi lög verði endurskoðuð með það að markmiði að fleiri aðilum verði gefinn kostur á að leggja sitt af mörkum.

[11:56]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sagði í upphafi ræðu sinnar að hann hefði það sterklega á tilfinningunni að hér væri um einhvern misskilning að ræða hjá þeim sem gagnrýndu þáltill. hans. En eftir ræðu hans áðan þá hef ég sterklega á tilfinningunni að það sé um mikinn misskilning að ræða hjá hv. þm. þegar hann talar um einokun á sölu síldar. Það er engin einokun á sölu síldar á Íslandi.

Mig langar að leggja fyrir hann eina spurningu: Hefur einhver þjóð í heiminum betri sölusamninga en Íslendingar? Getur hann svarað þeirri spurningu?

Það er nefnilega þannig að þrátt fyrir gífurlega harða samkeppni á síldarsölumarkaðinum og þrátt fyrir offramboð á síld í heiminum þá hefur Íslendingum tekist að selja miklu meira magn af síld á betra verði en nokkur önnur þjóð í heiminum. Það sem flm. þessarar till. ræðir hér um er að brjóta þessa sölusamninga niður og jafnvel eyðileggja þann árangur sem við höfum náð varðandi verð og magn á sölu síldar.

[11:57]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálmadóttir, sé að fjalla um þá till. til þál. sem ég var að reyna að mæla fyrir áðan. Það er hvergi kveðið á um það í þeirri tillögu né heldur í þeirri ræðu er ég flutti að tilgangurinn sé að brjóta síldarútvegsnefnd niður og þaðan af síður að brjóta þá samninga niður sem síldarútvegsnefnd hefur náð. Þvert á móti lagði ég áherslu á það að síldarútvegsnefnd hefði unnið mjög gott starf í áranna rás. Ég benti líka á það að við ættum við vandamál að stríða núna varðandi þessa útflutningsstarfsemi og ég sé ekki að það eyðileggi nokkurn skapaðan hlut heldur þvert á móti eigi að geta bætt að gefa fleiri aðilum kost á því að koma að útflutningsmálunum. Svo einföld er sú tillaga. Ég get ekki séð að það eigi að skaða neitt síldarútvegsnefnd. Ef hún stendur sig svona vel og gerir jafn vel og raun ber vitni, þá mun reynslan leiða það í ljós að fleiri að-

ilar munu ekki gefa kost á sér í þetta. En það má alla vega gera tilraun með því að afnema þau höft sem lögin kveða á um og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir verður að kynna sér áður en hún fer að ræða þessi mál með sleggjudómum og fordómum úr ræðustól á hinu háa Alþingi.

[12:00]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. svaraði ekki spurningum mínum. Hann talaði um sleggjudóma en svaraði ekki spurningum mínum. Hann hefur trúlega ekki getað svarað þeim þannig að ég spyr annarrar spurningar: Hefur einhverjum útflytjanda síldar verið bannað að flytja út síld á Íslandi? Hefur einhver fengið bann við útflutningi? Það er spurning sem hann verður að svara.

[12:00]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spyr og ég verð aftur að biðja hv. þm. um að kynna sér, í það minnsta lesa lögin um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar nr. 62 frá 21. apríl frá árinu 1962. Ef hún kynnir sér þessi lög þá hlýtur henni að verða það ljóst að engu fyrirtæki, engum aðila dettur í hug að gera tilraun til þess að fara fram á leyfi hjá síldarútvegsnefnd, tilvonandi samkeppnisaðila um að flytja út síld. Það yrði aldeilis ábyrðarlaus ofurhugi sem ætlaði að leggja í kostnað við markaðsöflun á síld í ljósi þeirra laga sem um þennan markað gilda. Lögin eru slík að þau fæla alla frá þessum markaði enda er það yfirlýstur tilgangur laganna að vernda starfsemi síldarútvegsnefndar sem á að hafa beinan og óbeinan einkarétt og einokun á þessum markaði. Það þarf því ekki að spyrja svona. Hv. þm. getur frekar spurt af hverju fyrirtæki hafa ekki óskað eftir því að hasla sér völl á þessum markaði í ríkari mæli eins og á öðrum mörkuðum sjávarafurða við útflutning fisks.

Varðandi þá spurningu hvort við getum fengið betri samninga, ég ætla ekkert að fullyrða um það fyrr en við erum búin að opna lögin og gefa fleiri aðilum kost á að spreyta sig. Þá liggur svarið fyrir. Þess vegna er ég að leggja þessa tillögu fram, til þess að það svar geti legið fyrir hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur og þar með geta kannski bætt lífskjör fólks í landinu og eflt atvinnulífið sem hlýtur að vera meginspurningin. Mér finnst hv. þm. vilja fórna miklu fyrir höft og fórna jafnvel árangri í atvinnulífinu til mótvægis.

[12:03]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að raunveruleikinn sem blasir við sé sá, ef hv. 5. þm. Austurl. kynnti sér hann, að síldarútflytjendur hafa ekki áhuga fyrir öðru skipulagi heldur en gildir. Það getur vel verið að það megi fara yfir þessi lög en ég hef efasemdir um það að vera að eyða tíma í það ef þessi lög eru góð og skila árangri.

Hitt þykir mér leitt að hv. 5. þm. Austurl. skuli vera búinn að læra úr orðabók frjálshyggjunnar og slá í kringum sig orðatiltækjum eins og „höftum“, „bönnum“ og „frelsi“ og öðru þess háttar sem hann hefur lært í stjórnarsamstarfinu við Sjálfstfl. og frjálshyggjumennina þar. En ég hélt að hann væri félagshyggumaður eins og við framsóknarmenn erum. Hann er að berjast fyrir ákveðnu skipulagi í olíusölu, ef ég hef lesið blöðin rétt, sem rímar ekki alveg við þessar frjálshyggjuklisjur sem hann er að slá um sig í þessu máli. Hann á samleið með okkur framsóknarmönnum þar og ég bið þess bara að honum gangi vel í þeirri baráttu sem hann á í á þeim vígstöðvum en þessi ræðuhöld í morgun og það að slá í kringum sig þeim orðatiltækjum sem hann hefur notað mest í þessari umræðu hjálpar honum ekkert í þeirri baráttu.

[12:05]

Flm. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var alveg eins og ég vissi að um leið og hv. þm. Jón Kristjánsson var búinn að brjótast út úr oki fjötra Framsfl. og farinn að tala frjálsum huga þá opnaðist sýn til nýrra viðhorfa eins og svo greinilega kom fram í máli hv. þm. Auðvitað má endurskoða þessi lög og það er kjarni málsins. Um það fjallar umræðan. Þar snerti hv. þm. Jón Kristjánsson við kjarna málsins. Auðvitað má endurskoða þessi lög þrátt fyrir allt. Ég veit ekki hvort það er frjálshyggjunni að þakka eða kenna að þarna hefur orðið stefnubreyting í Framsfl. af því að enn trúi ég að hv. þm. Jón Kristjánsson sé svo sterkur í Framsfl. að hann geti þó beygt flokkinn til sinnar niðurstöðu og sinna viðhorfa.

Það má endurskoða þessi lög. Það er kjarni málsins og ég þakka hv. þm. Jóni Kristjánssyni fyrir sitt framlag til þessa máls. Ég veit að hann á eftir að styðja við baráttu þessa máls innan Framsfl. og þar með reyna að efla atvinnulífið á Íslandi.

[12:07]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst dálítið merkilegt, af því að hv. 5. þm. Austurl. er í forsætisnefnd Alþingis, ef hann hefur álitið nauðsynlegt að flytja þáltill. til þess að fá samþykkt þingsins fyrir því að það megi endurskoða lög. Það má auðvitað endurskoða öll lög, til þess erum við hér og það eru engin tíðindi út af fyrir sig. Hins vegar tel ég og hef oft látið það koma fram að framkvæmdarvaldið á hverjum tíma, og þá ætla ég ekkert að taka þessa ríkisstjórn sérstaklega fyrir, hefur verið dálítið duglegt við það að róta um og umbylta lagabálkum sem hafa reynst ágætlega. Það gæti verið að það væri svoleiðis í þessu tilfelli.

Það var aðeins það sem ég vildi láta koma fram við þessa umræðu. En að það sé bannað að endurskoða lög, því fer fjarri. Við erum hér til þess að endurskoða lög sem hafa reynst illa en ekki til að endurskoða lög sem hafa reynst vel.

[12:08]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins fáein orð vegna þess að mér finnst þessi umræða hafa að sumu leyti verið undarleg. Þeir sem hafa brugðist hart við gegn þessari tillögu hv. þm. hafa talað eins og þessi lög væru mjög góð en lýst því jafnframt að skipulag þessara mála fari ekki eftir laganna bókstaf heldur væri gott samkomulag um framkvæmdina. M.a. væri það þannig að það væri frjálst skipulag að því leyti til að menn sem vildu

flytja út síld fengju að flytja hana út. En lögin ganga út á það að á þessu er einokunarréttur. Ég tek undir með hv. flm. að auðvitað er ekkert athugavert við það að endurskoða þessi lög og skoða hvort það eigi að breyta þeim.

Ég vek athygli á því að hv. flm. er stjórnarþingmaður og það bendir eindregið til þess að hann hafi ekki komist áfram með þetta mál í stjórnarflokkunum að hann skuli bera það inn í þingið í formi þáltill. Það má kannski leiða að því þau rök að það sé ekki líklegt að það sé stuðningur við málið.

Ég tel að það hljóti að vera ástæða til að endurskoða sumt af því sem er í lögunum, t.d. að síldarútvegsnefnd hafi aðgang að bókhaldi þeirra fyrirtækja sem hugsanlega kæmu nærri útflutningi á síld og fleira. Ég ætla ekki að fara út í að ræða það neitt frekar en tel að það sé aðalatriði málsins að menn sameinist um að taka á í skipulagi veiða og vinnslu með það fyrir augum að atvinna aukist vegna nýtingar síldarinnar og hvet eindregið til þess að við stöndum saman um þá hluti. Ég held að lögin eigi gjarnan að yfirfara og skoða og það er ekkert í því að óttast. Ef þetta skipulag, sem nú er í gildi, hefur orðið til með frjálsum samningum milli aðila hvað eru menn þá smeykir við það þó lögunum verði breytt?

[12:10]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það hafa allmiklar umræður farið fram um þetta mál nú þegar og ég skal ekki taka langan tíma til viðbótar. En það sem er kannski merkilegast við þáltill. er að það er ekki tekið á í sambandi við veiðar og vinnslu eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni. Það er auðvitað aðalatriðið að meira fari til manneldis og minna í bræðslu. Það er auðvitað aðalatriðið. En það sem hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði líka í blárestina: Hvað eru menn hræddir við? Menn eru hræddir við undirboð. Og eins og kom fram í fyrri ræðu minni þá hefur engri þjóð tekist betur í sölu saltsíldar en Íslendingum. Þess vegna viljum við ekki breyta lögum sem hafa reynst vel, ekki bara vegna sýndarmennsku, ekki bara vegna þess að það séu einhverjir aðilar sem geta velt sér upp hafta — ég vil meina kjaftæði.

Og vegna þess að inn í þessa umræðu hafa blandast fleiri lagasetningar þá hefur það komið fram að hv. 1. flm. er á móti því t.d. að verðjöfnun á olíu verði afnumin. En sami hv. þm. er meðmæltur frv. til lyfjalaga sem gerir það að verkum að lyf á Íslandi verða á mismunandi verði. (**GunnS:** Hækka ekki.) Þau verða á hærra verði úti á landsbyggðinni heldur en á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Það er þetta sem mér finnst vera að í málflutningi hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Það er þessi tækifærismennska og það er þessi tækifærismennska á flestum hlutum sem ég óttast mest. Þess vegna hef ég allan varann við þegar slíkir aðilar leggja fram þáltill. sem þessa.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál, nál. 3. minni hluta landbn., þskj. 701; nál. 4. minni hluta landbn., þskj. 703.

Útvarpslög, 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 305. mál (ábyrgð á útvarpsefni og tafarbúnaður). — Þskj. 496.

[12:14]

Flm. (Ingi Björn Albertsson):

Hæstv. forseti. Á þskj. 496 er flutt frv. til laga um breytingu á útvarpslögum, nr. 68/1985, með síðari breytingum. Flm. ásamt mér eru hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon.

Í greinargerð segir eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Það hefur mjög færst í vöxt að útvarpsstöðvar hafi í dagskrám sínum útvarpsþætti sem byggjast á símtölum við fólk úti í bæ í beinni útsendingu og hafa þessir þættir oft náð töluverðum vinsældum. Það er hins vegar áhyggjuefni að í slíkum þáttum er hætta á að viðmælendur, sem komnir eru í beina útsendingu og ná eyrum þúsunda manna, geri ekki grein fyrir sér og flytji ávirðingar og óviðurkvæmileg ummæli um nafngreint fólk án þess að nokkrum vörnum verði við komið.

Eitt það dýrmætasta, sem hver einstaklingur á, er gott mannorð. Og það getur tekið drjúgt skeið á ævi hans að ávinna sér þann orðstír. Hins vegar tekur það óvandaðan mann ekki nema sekúndubrot að skemma mannorð annars manns ef hann fær tækifæri til þess í útvarpi. Þess vegna á löggjafinn að gera það sem í hans valdi stendur til þess að vernda menn fyrir slíku. Það virðist sem svo að virðing fyrir mannorði og tilfinningum annarra fari þverrandi eftir því sem þjóðfélagið verður opnara og frjálslegra og er það miður.

Í þessu frumvarpi er lagt til að beinar útsendingar útvarps í gegnum síma eða á sambærilegan hátt séu háðar ákveðnum skilyrðum sem sett eru til þess að vernda mannorð og reyna að koma í veg fyrir að ærumeiðandi ummælum sé útvarpað yfir landslýð. Skilyrðin eru þau að stjórnanda útvarpsþáttar er skylt að fá uppgefið nafn viðmælanda og fyllri upplýsingar ef mögulegt er. Aðalatriðið er þó að skylda útvarpsstöðvar til þess að nota búnað er tefur útsendingar í örfáar sekúndur (delay system) þannig að hægt sé að koma í veg fyrir að mannskemmandi ummælum sé útvarpað. Það má geta þess að slíkur búnaður er víðast hvar notaður erlendis við útsendingar af þessu tagi. Fari hins vegar ærumeiðandi ummæli engu að síður „í loftið" er eftir frumvarpinu sá er ummælin viðhafði ábyrgur fyrir þeim, en náist ekki til hans einhverra hluta vegna þá er stjórnandi þáttarins ábyrgur."

Svo hljóðar greinargerðin með frv. sem er aðeins tvær greinar, ein efnisgrein og önnur um gildistökuna.

1. gr. orðast svo, með leyfi forseta:

„Á eftir 2. mgr. 35. gr. laganna kemur ný málgrein svohljóðandi:

Eigi almenningur kost á að taka þátt í beinni útvarpssendingu, svo sem í gegnum síma eða á annan sambærilegan hátt, skal hver og einn segja til nafns og bera ábyrgð á því sem hann segir. Stjórnandi slíkrar útsendingar skal enn fremur tryggja sér fyllri upplýsingar um sérhvern þátttakanda en ber ella sjálfur ábyrgð á framlagi hans takist ekki að hafa upp á honum. Skylt er stjórnanda útvarpsþáttar með samtöl við hlustendur, sem útvarpað er samtímis, að nota útbúnað sem tefur útsendingu í stutta stund svo að unnt sé að koma í veg fyrir að útvarpað sé ærumeiðingum um nafngreinda menn eða óviðurkvæmilegum ummælum að mati stjórnanda."

Þetta frv. er endurflutt. Það hefur verið flutt tvisvar áður og náðist þá ekki að ljúka vinnu í nefnd og skila því þar út. Ég vona, þó skammt sé eftir af þinginu, að þá vinnist tími til þess núna, enda tel ég að menn séu nokkuð sáttir við efni þessa frv. þó vafalaust þurfi kannski að laga það eitthvað til.

Þetta frv. hefur vakið töluverða athygli hjá fjölmiðlunum og kemur það reyndar flm. á óvart þar sem það er flutt í þriðja sinn og í hin tvö skiptin náði það ekki augum né eyrum fjölmiðlamanna. Sumir vilja líta svo á að með þessu frv. sé verið að skerða málfrelsi í landinu og jafnframt að eyðileggja þá þætti sem byggja á slíkum aðferðum við útsendingar, en hvort tveggja er að mínu mati alrangt.

Í fyrsta lagi er þessi tafarbúnaður, sem er kallaður á ensku „delay system", mjög víða notaður erlendis, ekki bara í útvarpi heldur er hann einnig notaður í sjónvarpi og er alveg viðurkenndur þar. Þar að auki liggur það fyrir að ein af stærstu útvarpsstöðvunum hefur ákveðið að taka upp slíkan búnað. Ég veit ekki hvort þeir hafa þegar gert það, en útvarpsstöðin Bylgjan hefur ákveðið að fara þessa leið sem er virðingarvert átak af þeirra hálfu og sýnir virðingu þeirra fyrir mannorði.

Þetta tel ég að eigi skilyrðislaust að koma á í öllum fjölmiðlum sem hafa slíka útvarpsþætti með beinum símtölum við fólk þannig að mannorð megi vernda.

Það er reyndar þannig að mér er það algjörlega hulin ráðgáta hvernig menn geta fundið það út að útvarpsþáttur skemmist á einhvern hátt við það að setja upp slíkan búnað vegna þess að hlustandinn sem slíkur verður aldrei var við það. Gagnvart hlustandanum er um beina útsendingu að ræða og hefur þar af leiðandi engin áhrif á þáttinn sem slíkan.

Ég tel þrátt fyrir það að þá eigi auðvitað að kalla fjölmiðlafólk til og þá sem málið snertir. Þeir eiga auðvitað að koma og gefa sínar umsagnir, hvort sem þær eru munnlegar eða skriflegar, fyrir virðulegri nefnd og málið sé unnið í fullri sátt við alla aðila málsins og alla sem að því koma.

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé óþarft að hafa fleiri orð um þetta endurflutta mál, en ég óska eftir því að að lokinni umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heilbrigðisátak á ári fjölskyldunnar, fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 357. mál. — Þskj. 549.

[12:21]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef ásamt hv. þingmönnum Finni Ingólfssyni og Ingibjörgu Pálmadóttur lagt fram till. til þál. svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að beita sér fyrir sérstöku heilbrigðisátaki í samráði við heilsugæslustöðvar, sveitarstjórnir og íþrótta- og ungmennafélög um allt land í tilefni af ári fjölskyldunnar."

Í greinargerð segir svo:

„Flutningsmenn hreyfa hér þeirri hugmynd að á ári fjölskyldunnar verði gert sérstakt heilbrigðisátak og einkum hugað að ýmsum innri málefnum fjölskyldunnar, svo sem heilsufari, frítíma og tómstundum, aðbúnaði barna og ungmenna svo eitthvað sé nefnt.

Gert er ráð fyrir að ríkisstjórnin beiti sér fyrir myndun starfshópa með fulltrúum heilsugæslustöðva, sveitarstjórna, íþrótta- og ungmennafélaga um allt land sem skipuleggi og leiði átakið. Þeim sem taka þátt í heilsuátakinu verði jafnframt boðið upp á læknisskoðun á heilsugæslustöð og hljóti fræðslu um mikilvægi hreyfingar og útivistar, kjörþyngd og hollt mataræði. Eðlilegt er að vinnuhóparnir gegni því hlutverki að skipuleggja og hvetja fjölskyldurnar til samveru og tómstundaiðju á íþrótta- og útivistarsvæðum, að ganga, skokka, hlaupa, synda o.s.frv. Einn liður af hálfu sveitarfélaganna gæti t.d. verið að allir fengju frítt í sundlaugar landsins á sunnudögum" — á þessu ári fjölskyldunnar. — „Slíkur hvati mundi skila sér í stóraukinni aðsókn að sundlaugum á næstu missirum. Vellíðan hvers manns fer mjög eftir líkamlegu atgervi og heilsufari. Forvarnarstarf er verkefni sem heilbrigðiskerfið þarf að sinna í ríkari mæli. Fólk, sem temur sér þá reglu frá ungum aldri að stunda einhverja íþrótt, er í miklu minni áhættu en hinn og lifir jafnframt reglusamara lífi.

Staðreyndin er sú að þrátt fyrir langlífi Íslendinga deyja margir eða verða fyrir alvarlegum áföllum í blóma lífsins vegna menningarsjúkdóma nútímans sem rekja má til hreyfingarleysis og tóbaksreykinga." — Svo ekki sé nú talað um þá vá sem margt ungt fólk stendur frammi fyrir og hefur tamið sér, áfengi og eiturlyf. — „Ríkisvaldið má kosta nokkru til í svona átaki því að sparnaðurinn kemur til baka í færri aðgerðum á sjúkrahúsum og betra heilsufari. En þessi tillaga gengur ekki síst út á það að með samstilltu átaki verði fjölskyldan sameinuð í leik og starfi."

Flm. er þeirrar skoðunar að svona tilefni, ár fjölskyldunnar, eigi einmitt að nýta til að skapa samstöðu á milli kynslóða og taka upp breytta lifnaðarhætti sem stuðla að heilbrigði og hamingju fólksins í landinu.

Ég ætla ekki við þessa umræðu að hafa þessi orð fleiri, hæstv. forseti, en legg til að málinu verði vísað til síðari umr. og heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varðveisla tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands, fyrri umr.

Þáltill. ÞurP o.fl., 458. mál. — Þskj. 688.

[12:26]

Flm. (Þuríður Pálsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 688 um varðveislu tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands. Meðflm. mínir að tillögunni eru hv. þingmenn Valgerður Sverrisdóttir, Geir Haarde, Auður Sveinsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir, Petrína Baldursdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir og Árni Johnsen.

Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að skipa nefnd tónlistar- og safnamanna sem setji fram tillögur um það hvernig best verði staðið að varðveislu tónlistarefnis í Þjóðbókasafni Íslands. Jafnframt setji nefndin fram tillögur um hvað til þurfi til að sá menningararfur nýtist sem best komandi kynslóðum í sérstakri tónlistardeild innan safnsins.“

Í greinargerð segir: „Senn líður að því að merkum áfanga í sögu bókasafna hér á landi verði náð. Innan skamms munu Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn flytja alla sína starfsemi og jafnframt allan safnkost sinn í nýja byggingu sem lengi hefur verið í smíðum. Sú bygging hefur fram til þessa verið þekkt undir nafninu Þjóðarbókhlaða. Í Þjóðarbókhlöðunni verður til húsa og undir einu þaki langstærsta og merkasta bókasafn hér á landi sem hingað til hefur verið í tveimur stofnunum og varðveitt á mörgum geymslustöðum víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu vegna húsnæðisörðugleika.

Hér á Alþingi verður bráðlega lagt fram frumvarp til laga um þessa nýju stofnun og mun að því stefnt að það verði samþykkt sem lög fyrir þinglok í vor. Efni frumvarpsins og fyrirhuguð starfsemi safnsins hefur verið kynnt í fylgiriti með Fréttabréfi Háskóla Íslands, 6. tölublaði 15. árgangs. Í því riti ber hin nýja stofnun nafnið Þjóðbókasafn Íslands — bókasafn Háskóla Íslands.

Samkvæmt lýsingu í áðurnefndu riti háskólans verður Þjóðbókasafninu ætlað mikið og víðtækt hlutverk:

„Safnið er í senn þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Það er til komið við sameiningu Landsbókasafns og Háskólabókasafns.

Safnið er rannsóknarbókasafn sem sinnir jöfnum höndum hlutverki þjóðbókasafns og háskólabókasafns og heldur uppi ávirkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs.“

Hlutverki safnsins er síðan nánar lýst í 19 tölusettum liðum.

Í hinu nýja safni verður varðveittur margvíslegur safnkostur, handrit á skinni og pappír sem spanna alla ritöld Íslendinga, allar prentaðar bækur frá upphafi prentlistar hér á landi á 16. öld, tímarit, hljóðrit, nýsigögn af ýmsu tagi (filmur, örfilmur o.fl.) svo og tölvugögn. Þessi safnkostur er til kominn með þrennum hætti: Skylduskilum (gildandi lög um skylduskil eru nr. 43/1977), kaupum og gjöfum.

Þjónusta Þjóðbókasafns verður einnig margþætt. Safnið gegnir skyldum þjóðbókasafns og háskólabókasafns, meðal annars með söfnun, varðveislu, útlánum og millisafnalánum.

Það sem athygli vekur í því sem fram hefur komið um fyrirhugað hlutverk og þjónustu Þjóðbókasafnsins samkvæmt frumvarpinu er hversu lítil áhersla er lögð á hlutverk slíkrar stofnunar á sviði menningarmála og listalífs. Í aðalgrein um hlutverk safnsins er verksvið þess skilgreint á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs. Þar er ekki minnst á tónlist né aðrar listgreinar eða menningarmál.

Í þessu nýja safni verða varðveitt ómetanleg gögn um íslenska menningar- og listasögu, ekki síst tónlistar. Þar verða á einum stað:

1. Tónlistarhandrit sem ná til allrar sögu þeirrar listgreinar hér á landi, frá skinnhandritum með kirkjusöng miðalda, þau elstu frá um 1100, og fram til tónsmíða íslenskra tónskálda á 20. öld. Í handritadeild Landsbókasafns eru nú þegar varðveitt handritasöfn margra helstu og þekktustu tónskálda Íslendinga allt frá dögum Sveinbjörns Sveinbjörnssonar.

2. Allar prentaðar bækur, þar á meðal nótnabækur íslenskar frá sálmabók Guðbrands Þorlákssonar 1589 og messusöngsbók hans („grallarans“) frá 1594 og fram til nótnabóka sem gefnar hafa verið út með íslenskri tónlist fyrir söngraddir og hljóðfæraleik á okkar dögum.

3. Öll tímarit sem um íslenska tónlist fjalla og hafa að geyma efni sem varðar tónlist hér á landi fyrr og síðar.

4. Öll hljóðrit (hljómplötur, segulbönd, snældur og geisladiskar) sem gefin hafa verið út frá því að skylduskil á slíkum safnkosti komu til sögunnar með lögum árið 1977, jafnframt mjög mikið safn eldri hljóðrita allt frá því að útgáfa á hljómplötum með íslenskri tónlist hófst. Stórt safn verðmætra hljóðrita er þó enn þá utan stofnunarinnar og bíður flokkunar og fullkominnar“ — og öruggrar — „varðveislu“.

5. Í Landsbókasafni og Háskólabókasafni er til umtalsverður safnkostur með heildarútgáfum þekktustu tónskálda sögunnar, meðal annars verkum eftir Johann Sebastian Bach, Wolfgang Amadeus Mozart og Ludwig van Beethoven.

Það má öllum ljóst vera að þessi fjölþætti og stórmerki safnkostur, þar sem varðveittar eru allar helstu heimildir um íslenska tónlistarsögu frá upphafi ritaldar og til okkar daga, auk erlendrar tónlistar, mun ekki nýtast eins og hann á skilið nema til komi sú aðstaða og þjónusta sem nauðsynleg er. Til að svo geti orðið er óhjákvæmilegt að í Þjóðbókasafni verði sérstök tónlistardeild með þeim búnaði, tækjakosti og aðstöðu sem til þess þarf að tónlistarefni safnsins nýtist sem best. Notendur þessa efnis verða á ókomnum tímum innlendir og erlendir fræðimenn, tónlistarfólk, nemendur í skólum landsins, ekki síst tónlistarskólum, og allur almenningur sem áhuga hefur á tónlist. Tónlistarefni Þjóðbókasafnsins munu þessir notendur þurfa til rannsókna, vísindastarfsemi á sviði tónlistar, útgáfu, tónlistariðkunar í söng og hljóðfæraleik og síðast en ekki

síst til ánægju og gleði.

Tilgangur flutningsmanna þessarar tillögu er sá að menntamálaráðherra, fyrir hönd íslenskra stjórnvalda, skipi nefnd með hæfustu fulltrúum úr röðum íslenskra tónlistarmanna og þess fagfólks sem vinnur að málefnum safna hér á landi. Þeirri nefnd verði falið að setja fram tillögur um hvernig sá dýrmæti þjóðarauður á sviði tónlistar, sem áður var lýst, verði best varðveittur. Jafnframt setji nefndin fram tillögur sínar um þá aðstöðu sem til þarf að Íslendingar geti nýtt sér þennan menningarsögulega þjóðararf með myndarlegum hætti þegar Þjóðbókasafnið nýja tekur til starfa síðar á þessu ári í þeirri glæsilegu byggingu sem svo lengi hefur verið beðið eftir."

Hæstv. forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað til síðari umr. og hv. menntmn.

[12:34]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu till. til þál. um varðveislu tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands. Ég tel að þessi till. til þál. sé athyglisverð og ætla ekki að fara nánar yfir þá ágætu grein sem 1. flm. hefur gert fyrir máli sínu að öðru leyti en því og ég vil vekja athygli á því sem stendur í seinni hluta þessarar þáltill., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Jafnframt setji nefndin fram tillögur um hvað til þurfi til að sá menningararfur nýtist sem best komandi kynslóðum í sérstakri tónlistardeild innan safnsins."

Ég held að þessi þáltill. sé hluti af mjög stóru máli sem við Íslendingar þurfum að taka á með miklu ákveðnari hætti og af meiri gjörhygli heldur en við höfum gert hingað til. Sannleikurinn er sá að arfleifð okkar á sviði tónlistar, ekki síður en á sviði annarra menningarmála, finnur sér einhvern veginn ekki farveg inn í nútímann með eðlilegum hætti. Finnur sér ekki farveg inn í það með hvaða hætti við mótum okkar nútíð og með hvaða hætti við nýtum okkur menningararfinn til að skapa okkur ímynd fyrir okkur sjálf og einnig gagnvart öðrum þjóðum. Ég vil nefna þetta sérstaklega, þó ég hyggi að það komi kannski flm. tillögunnar á óvart, í tengslum við atvinnusköpun á Íslandi. Þá minnist ég sérstaklega á ferðaþjónustuna. Ferðaþjónustan byggir á því með hvaða hætti við tengjum hugmyndir okkar sjálfra um okkur hugmyndum annarra þjóða um Ísland. Það skiptir mjög miklu máli hvernig við skynjum okkar eigin hugmyndir um þjóðina og sögu hennar og tengjum það því hvernig við ætlum að markaðssetja okkur erlendis á sviði ferðamála.

Við höfum ekki verið mjög duglegir við það Íslendingar að draga upp þá mynd af þessari þjóð að hún sé kannski fyrst og fremst frá upphafi síns ferils menningarþjóð. Við höfum miklu frekar látið til leiðast að draga upp af okkur nokkuð útjaskaða mynd, af afkomendum víkinga, hermanna og yfirgangsseggja sem óðu yfir Evrópu, og þessi mynd sem þannig hefur verið upp dregin er í fyrsta lagi ekki í samræmi við sögu þjóðarinnar og eðli okkar menningar og hún vekur ekki heldur upp mjög jákvæð viðbrögð hjá þeim þjóðum sem ýmissa hluta vegna ættu að eiga erindi til okkar og ættu að sækja til okkar ýmsar upplýsingar um það hvernig við rekum okkar þjóðfélag og hvernig saga okkar hefur verið í gegnum tíðina.

Ef við berum saman, af því að hér er minnst sérstaklega á tónlistararfleifð okkar frá fornri tíð, allt frá 12. öld, þá ímynd sem við höfum skapað okkur á erlendum vettvangi með því að leggja áherslu á það að Íslendingar hafi verið mikil hernaðarþjóð og umsvifamiklir á því sviði og berum svo saman við þá vitneskju sem við höfum um það menningarsamfélag sem hér var á 11. og 12. öld, miðaldasamfélagið, þá kemur í ljós að þetta samfélag hefur verið háþróað menningarsamfélag. Okkur hefur ekki á einhvern hátt tekist að nýta heimildir okkar um þetta menningarsamfélag okkur til framdráttar í dag.

Ég tek sem dæmi að Íslendingar voru ekki aðeins hámenntaðir í tónlist á miðöldum, þeir voru líka hámenntaðir í stjarnfræði, þeir voru hámenntaðir í hljóðfræði. Það eru til lærðar greinar frá 12. öld í hljóðfræði sem eru vísbending um það að þessi þjóð, sem oft vill kenna sig við víkinga og hermenn og yfirgang og ofbeldi, hefur verið með fremstu menningarþjóðum á miðöldum á ýmsum sviðum menningarmála og þar á meðal tónlistar eins og hv. flm. þessarar þáltill., hv. þm. Þuríður Pálsdóttir, hefur bent réttilega á. Við eigum að sjálfsögðu að reyna að gera okkur mat úr þessum verðmætum og reyna að nýta okkur þau í nútímanum. Hvernig getum við gert það? Við getum gert það með ýmsum hætti. Ég vil leyfa mér að fara yfir víðan völl og bið flm. að umbera mér það vegna þess að þessi menningarmál hafa tengsl í mjög margar áttir.

Setjum sem svo að Íslendingar kjósi í atvinnuuppbyggingu að vekja athygli á sér fyrir þekkingu, hátækni, t.d. á sviði heilbrigðismála. Hvort er þá skynsamlegra fyrir okkur að markaðssetja okkur erlendis með því að leggja áherslu á menningu okkar, þjóðmenningu, tónlistarmenningu, miðaldamenningu okkar í sem breiðustum stíl, ellegar á eitthvað annað? Að sjálfsögðu er það mjög æskilegt fyrir okkur að leggja áherslu á að kynna okkur erlendis sem menningarþjóð öðru fremur. Þessi tillaga er grein á þessum meiði. Hún er grein á þessum meiði vegna þess að hér er komið inn á það á hvern hátt við getum sýnt þessari menningararfleifð sóma, varðveitt hana með þeim hætti að við getum sótt til þessarar þekkingar, sótt til þessara verðmæta og notað það til uppbyggingar í nútímanum.

Ég vil því undirstrika það og leggja á það mikla áherslu að ég tel að þessi þáltill. sé þörf og tímabær og vil lýsa eindregnum stuðningi við hana og tel að það sé raunar merkilegt að hugmyndir af þessu tagi skuli ekki vera komnar fram fyrir löngu. Það er svo að við Íslendingar höfum ekki nægilegar upplýsingar um okkar eigin arfleifð og við nýtum hana ekki okkur til framdráttar í dag. Ég held að þessi þáltill. sé spor í þá átt að efla þessa vitund með okkur og nýta okkur þessa þekkingu betur.

[12:41]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum nú mjög merkilegt mál sem að mínu mati hefur legið í allt of miklu þagnargildi á undanförnum árum og hefur ekki hlotið þá athygli sem því ber. Ég fagna því sérstaklega að hv. þm. Þuríður Pálsdóttir hefur borið fram þessa þáltill. og fengið til liðs við sig þingmenn úr öðrum stjórnmálaflokkum, sem undirstrikar að þegar frumkvæði er sýnt í þessum málum vilja þingmenn standa að því að efla þætti eins og tónlistina, sem er mjög merkilegur þáttur í okkar menningarlífi og á fyllilega skilið þann sess sem gert er ráð fyrir í þáltill. að henni sé skipaður í Þjóðarbókhlöðunni, Þjóðbókasafni Íslands, eins og eðlilegra er að kalla þá byggingu og þá stofnun.

Ég hef kynnst því nokkuð í starfi mínu í fjárln. að í raun og veru eru þessi mál alls ekki á þeim vegi sem þeim ber. Við höfum orðið þess áskynja að margar af okkar merkustu perlum í tónlistarlífinu eru á hálfgerðum vergangi. Það er alls ekki hugað að því með nægilega skipulegum hætti og alls ekki með áreiðanlegum hætti að varðveita þessar tónlistarperlur sem eru svo ríkur þáttur í okkar þjóðararfleifð og okkar sögu og verða auðvitað að hafa eðlilegan sess í Þjóðbókasafni Íslands, eins og hér er verið að leggja til.

Það er einhvern veginn þannig núna, eins og þessum málum er háttað, að tilviljun ræður því nánast hvað hefur varðveist af tónlistarefni í gegnum tíðina. Það eru dæmi um það að hreinustu tónlistarperlur hafa hafnað í glatkistunni og ekki fundist nema stundum fyrir hreina tilviljun og það er auðvitað ekki hægt að búa við slíkt ástand. Þess vegna er nauðsynlegt, eins og hér er verið að leggja til, að þessum málum sé skipað með öðrum hætti og vegur tónlistarinnar í Þjóðbókasafninu verði gerður meiri og aðgangur almennings í landinu að tónlistinni sé gerður auðveldari.

Sannleikurinn er sá að í okkar menningarlífi er tónlistinn ekki síst vaxtarbroddur. Úti um allt land eru þúsundir, einkanlega ungs fólks, í tónlistarskólum og á þessu hefur orðið mikil breyting á undanförnum árum. Þúsundir fólks úti um allt land eru að njóta náms í tónlistarskólum og það er auðvitað nauðsynlegt ekki síst þeirra vegna að aðgangur þeirra að upplýsingum um tónlist og aðgangur þeirra að tónlist, ekki síst íslenskri tónlist, sé sem greiðastur og þess vegna er ástæða til að fagna þeirri þáltill. sem hér er verið að ræða í dag.

Ég held að við ættum af þessu tilefni að nefna það hversu glæsilegum árangri margir af okkar tónlistarmönnum hafa verið að ná út um allan heim, sem örugglega er afraksturinn af því skipulega tónlistaruppeldi sem veitt hefur verið einkanlega í tónlistarskólum landsins, þó að miður hafi tekist til í skólakerfinu sjálfu vegna skorts á lærðum tónlistarkennurum. Það sem hér er verið að leggja til mun auðvitað verða til þess að efla þessa starfsemi og treysta í sessi virt og öflugt tónlistarlíf þannig að það geti áfram verið vaxtarbroddur í okkar menningarlífi.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að orðlengja þessa umræðu. Ég vildi einungis taka til máls til að láta í ljósi stuðning minn við þetta mál. Það er ekki oft sem þingmenn gefa sér tíma til að ræða mál af þessu tagi og ég held að það sé gott fyrir okkur sem erum oftast önnum kafnir við önnur mál að doka aðeins við og ræða slík mál og fagna slíku frumkvæði eins og hv. þm. Þuríður Pálsdóttir hefur sýnt. Ég vænti þess að það komi fram í afgreiðslu Alþingis sá mikli stuðningur og almenni stuðningur sem greinilega hefur komið fram við málið og má sjá af því að flm. að þessu máli eru úr öllum stjórnmálaflokkum.

Ég vænti þess því að þetta mál fái hraða og góða og eðlilega þinglega meðferð þannig að það sé ljóst hver sé vilji Alþingis í þessu merka máli sem of lítið hefur verið rætt á undanförnum árum.

[12:46]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég heyrði því miður ekki framsöguræðu hv. 1. flm. fyrir þessari tillögu. En ég kem hér upp til að lýsa því yfir að mér finnst þetta góð tillaga og tímabær og vil lýsa stuðningi við hana og vona að hún fái afgreiðslu hér á Alþingi.

Það skiptir miklu máli fyrir hverja þjóð, ekki síst smáþjóð eins og okkur Íslendinga, að varðveita þjóðararfinn og sérkenni þjóðarinnar. Þjóðernishyggja lifir góðu lífi á tímum alþjóðahyggju, það vitum við. Það þarf að beina þjóðernishyggjunni í þann jákvæða farveg að hún beinist að varðveislu þjóðlegra verðmæta í stað yfirgangs og sérhagsmuna, eins og vill nú svo oft verða því miður, og tilhneigingu til einangrunar. Við lifum á tíma vaxandi alþjóðahyggju og á þeim tímum er nauðsynlegt fyrir okkur að varðveita okkar sérkenni og það er nauðsynleg undirstaða undir því að styrkja söfnin og skapa þeim ákveðinn farveg bæði á sviði tónlistar og annarra listgreina. Ég held að við varðveitum ekki þennan þjóðararf til næstu kynslóðar nema búa um þessi mál eins vel og unnt er.

Ég sagði að þessi tillaga væri þörf og tímabær og ég verð að viðurkenna að ég gerði mér ekki fulla grein fyrir að þessi mál, varðveisla tónlistararfs Íslendinga, væri í eins óskipulegum farvegi og hún virðist vera. Þannig að tilgangur minn með því að segja hér nokkur orð var að lýsa eindregnum stuðningi við þessa tillögu og ég vona að hún hljóti samþykki héðan frá Alþingi.

[12:49]

Flm. (Þuríður Pálsdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm., Tómasi Inga Olrich, Einari Guðfinnssyni og Jóni Kristjánssyni, fyrir þeirra góðu undirtektir við tillöguna.

Mig langar til að segja það að ég er hjartanlega sammála hv. þm. Tómasi Inga að vissulega var menningin á háu stigi hér ekki síst á landnámsöld og miklu hærra heldur en fólk vil vera láta.

Ég held fyrst og fremst að Ísland sé sjálfstæð og sterk þjóð vegna okkar sterka menningararfs og eins og góður maður sagði: „Það eitt gerir smáþjóð stóra að leggja rækt við sína menningu.“

Mig langar til að segja það að í formála þessa fréttabréfs frá Háskóla Íslands hafa skrifað Einar Sigurðsson háskólabókavörður og Þorsteinn I. Sigfússon

prófessor, formaður stjórnar háskólabókasafnsins, góðan formála og þeir segja m.a.: „Safnið sem byggingin mun hýsa er í raun hugsað sem bókasafn 21. aldar og á að geta valdið byltingarkenndum umskiptum til hins betra bæði varðandi starfsaðstöðu háskólans og umönnun þjóðarverðmæta."

Mér þótti merkilegt þegar ég las þetta að ég skyldi hvergi finna stafkrók um þessi þjóðarverðmæti okkar, sem ég þekki nú svolítið vel til vegna þess að ég hef sjálf þurft að afla mér mikilla gagna í minni kennslu og það hef ég þurft að gera út um bæ og víðan völl. Sem betur fer hef ég þekkt gott fólk, en þetta er mjög erfitt og seinlegt verk að hafa ekki sérstaka tónlistardeild í slíku safni þar sem allir þeir sem þurfa að rannsaka og skrifa vísindalegar greinar um tónlist geti hreinlega leitað á sama stað — ég hélt kannski að nýsigögn væru undir tónlistarmálum því að það er svo gott úrval af geisladiskum. En það virðist ekki vera því að útskýrt er að hver þeirra getur innihaldið allt að 300 þús. blaðsíður. Þannig að ég sá ekki að þetta ætti heldur við tónlistina. Ég vil þó geta þess að það er talað um sérsöfn í Þjóðbókasafninu svo sem safn Benedikts S. Þórarinssonar, safn Jóns Steffensen og Nonnasafn, sem áreiðanlega er mjög þarft verk, en tónlistin verður að eiga þarna stóran og góðan sess. Og það er mjög erfitt fyrir okkur sem þurfum að vinna við þetta og þá sem eru að vinna í safninu og einlægur vilji þeirra til að þetta verði allt sett á einn og sama staðinn og við höfum sérstaka deild með alla þá þjónustu og alla þá aðstoð og starfslið sem við þurfum á slíkan stað. Þakka ykkur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Náttúrufræðikennsla og sveitadvöl nemenda, fyrri umr.

Þáltill. ASv, 451. mál. — Þskj. 670.

[12:52]

Flm. (Auður Sveinsdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. á þskj. 670, 451. mál, um náttúrufræðikennslu og sveitadvöl nemenda í 4.–6. bekk grunnskóla.

Virðulegur forseti, tillagan hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra í samvinnu við landbúnaðarráðherra að leita leiða til að efla náttúrufræðifræðslu í 4.–6. bekk grunnskólans í tengslum við íslenskan landbúnað. Skipaður verði starfshópur er í eigi sæti, auk fulltrúa ráðherra, fulltrúar bændasamtakanna og náttúruverndarsamtaka. Starfshópurinn geri tillögur um nám tengt dvöl í sveit. Jafnframt verði athugað sérstaklega hvort hægt sé að tengja þetta verkefni ferðaþjónustubæjum og nota" — jafnframt — „ sem lið í atvinnuátaki í dreifbýli. Gera skal ráð fyrir fimm ára reynslutíma."

Með þessari tillögu fylgir ítarleg greinargerð. Ég ætla að leyfa mér að lesa hluta af henni:

Staðreyndin er sú að áhrifa þéttbýlisins gætir sífellt meira og meira, þannig að fjöldi barna, unglinga og jafnvel fullorðinna er án nokkurra tengsla við sveitir landsins.

Sífellt færri börn fara til sumardvalar og er það af sem áður var þegar börn flykktust á hverju vori til hinna ýmsu starfa sveitarinnar. Þar komust þau í snertingu við landið, náttúru þess, söguna og störfin. Sú reynsla sem þannig fékkst var þeim síðan gott veganesti, bæði við nám í skólum að vetri og síðan þegar fullorðinsárin komu. Í dag hafa þær kynslóðir sem vaxa úr grasi ekki þessa sömu möguleika á tengslum við sveitirnar og því þarf að miða náttúrufræði og jafnvel Íslandssögukennslu við þá staðreynd. Því miður er það að koma æ oftar í ljós að þessari fræðslu er víða mjög ábótavant og almennt er viðurkennt að kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum þarf að auka því að þessi tengsl við landið, náttúru þess og sögu eru hverfandi. Staðreyndin er sú að þekkingin á þessum málum, störfum fólksins til sveita og sjávar, sögu og menningu er jafnframt undirstaða skilnings á ferli náttúrunnar og jafnframt umgengni við landið.

Ég veit að mjög víða er kennslan í mjög góðu lagi og að margir kennarar leggja sig alla fram, en því miður er því líka þannig farið að kennslunni er víða ábótavant og auk þess er það vitað að fræðsla í náttúru- og umhverfisfræðum getur aldrei farið fram svo að vel verði innan veggja skólastofunnar.

Ég vil enn fremur benda á könnun sem gerð var á sl. ári af Alison McDonald og það var könnun sem var gerð á kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum en niðurstöður könnunarinnar voru á þá leið að full ástæða var til að endurskoða og endurbæta þennan þátt námsins því að satt að segja voru þetta fremur dapurlegar niðurstöður.

Í þeirri tillögu sem hér er mælt fyrir er lagt til að menntmrh. í samvinnu við landbrh. verði falið að vinna að þessu. Það kann e.t.v. að vekja þá spurningu hjá einhverjum og jafnvel hæstv. umhvrh. hvers vegna þessu er ekki beint til hans og honum falið að vinna að þessu máli ásamt hinum ráðuneytunum en ég vil færa eftirfarandi rök fyrir því.

Hér er verið að fjalla um nám í grunnskólum sem heyrir undir menntmrh. og því er eðlilegt að þær breytingar sem gerðar eru á grunnskólakennslu séu í samræmi við aðra þætti hennar. Auðvitað hlýtur umhvrh. og hans ráðuneyti að koma almennt að fræðsluþáttinum í náttúru- og umhverfisfræðum en þá að sjálfsögðu á miklu breiðari grundvelli eða við að móta heildarstefnuna og það hlýtur að vera samstarfsverkefni þessara tveggja ráðuneyta. En það sem hér er verið að leggja til er aðeins hluti af þeirri náttúrufræðifræðslu sem nú fer fram í skólunum og það hlýtur auðvitað að vera í samræmi og verða í samræmi við þessa heildarstefnu sem þeir móta í sameiningu. Hér er lögð til samvinna við landbrh. og er til þess að þetta sé framkvæmanlegt því samvinna við bændur og þeirra samtök er nauðsynleg.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál öllu meira en bendi á að í nágrannalöndum okkar er almennt viðurkennt að náttúrufræðikennsla fari sem mest

fram utan skólastofunnar og þar eru ferðalög ýmist til dagsdvalar eða lengri tíma mikilvægur þáttur í skólastarfinu og skipulögð sem hluti þess. Víða hafa risið svokallaðir „lærskoler" sem ýmist eru reknir af sveitarfélögum eða ríki og eru jafnvel í einkaeign og markmið þeirra er að stunda náttúrufræðifræðslu og þeir hafa á margan hátt sérhætti í fræðslunni eftir því hvað þeir eru staðsettir, hvort sem það er til fjalla eða niður við ströndina eða þá inni í sveitum landsins. Hér á landi eru slíkir skólar eða staðir ekki til aðrir en Alviðra í Ölfushreppi í eigu Árnessýslu og Landverndar en þar hefur á undanförnum árum verið að byggjast upp fræðslusetur í náttúru- og umhverfisfræðum. Þar er nú starfandi einn starfsmaður og aðsóknin er mjög mikil.

Í Reykjaskóla í Hrútafirði hafa verið í nokkur ár reknar skólabúðir á vegum menntmrn. við miklar vinsældir. Hins vegar gerir þessi tillaga sem hér er lögð fram ráð fyrir því að starfsemin verði meira í tengslum við bændur og heimafólk þar sem áhersla er lögð á störfin á sveitaheimilinu. Þá getur jafnframt orðið um fastan lið í rekstri ákveðinna ferðaþjónustuaðila eða ferðaþjónustubænda og væri þá hægt að nýta svokallaðan dauðan tíma, þ.e. að vori og að hausti.

Í þessari tillögu eða greinargerðinni er lagt til að það sé gert ráð fyrir ef þetta nær fram að ganga að leik og störfum verði fléttað saman, börnin fengju öll mismunandi verkefni við sitt hæfi og verkefnin yrðu háð aðstæðum á hverjum stað. Það væri um að ræða aðstoð við landgræðslu, skógrækt, matjurtaræktun og hreinsun auk ýmissa sveitastarfa. Auk þess fengju þau fræðslu í ýmsum þáttum náttúrufræði, landafræði, þ.e. um staðhætti, sögu og íslensku. Áhersla yrði lögð á heilbrigða útiveru og hreyfingu. Einnig yrði lögð áhersla eftirfarandi verkefni: Örnefni, veðurfar, fuglaskoðun, plöntur, gróður, gróðurlendi, fjöruna, þjóðsögurnar, áhrif mannsins á landið, svo sem framræslu, ræktun, vegagerð, byggingar og almenna umgengni. Og það má ekki gleyma því að þeir möguleikar sem felast í þessari sveitadvöl barnanna eru ekki síst hagstæðir bændum og þeirra fólki og eins og ég sagði áðan, þarna skapast möguleikar að tímabundinni atvinnu og þar með aukatekjum, bæði hjá ferðaþjónustubændum sem og öðrum með heföbundinn búskap sem þá gætu tengst þessari starfsemi á einhvern hátt. Og síðast en ekki síst stuðlar þetta að víðari skilningi og þekkingu á högum fólksins, bæði í þéttbýli sem í dreifbýli að ógleymdri aukinni virðingu fyrir landinu, gæðum þess, sögu og menningu.

Til að byrja með er rétt að um verði að ræða fyrirkomulag til t.d. fimm ára sem síðan verði endurskoðað með hliðsjón af þeirri reynslu sem fæst á þeim tíma. Að lokum er lagt til að það verði athugað sérstaklega hvernig hægt verði að tengja þetta við sérstakt atvinnuátak í sveitunum.

Virðulegi forseti. Ég legg þessa till. til þál. hér með fram til nánari umfjöllunar og vænti þess að hún fái skjóta og góða afgreiðslu. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að tillögunni verði vísað hv. menntmn. og síðari umræðu.

[13:01]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er erfitt að ræða þessa tillögu og málflutning hv. flm. öðruvísi en tengja það við umræður sem hér hafa farið fram í þinginu upp á síðkastið og varða einmitt umhverfismál. Ég vil rifja það upp í upphafi máls míns að hv. flm. hafði hér langt mál og snjallt í málefnalegu innleggi sínu í umræðum um frv. til náttúruverndar þar sem hv. þm. lagði ríka áherslu á að það þyrfti að styrkja umhvrn. Og í umræðum um það frv. sem þá var verið að fjalla um til nýrra laga um náttúruvernd taldi hv. þm. líka því frv. til foráttu að það drægi um of úr vægi Náttúruverndarráðs og skildi eftir lítið vald hjá því.

Nú er það svo, virðulegi forseti, að hér er lögð fram till. til þál. um náttúrufræðikennslu og það sem auðvitað sker í augu er að það eru tveir aðilar sem koma með mjög sterkum hætti að náttúrumálum og náttúrufræðslu í landinu sem eru algerlega skornir frá málinu. Það er umhvrn. sem hv. þm. hefur áður lýst yfir að þurfi að styrkja einmitt hér í þessum sölum og það er Náttúruverndarráð sem hv. þm. hefur líka talið að ætti að koma að fræðslu um náttúrumál.

Það er alveg ljóst að í lögum hafa þessir aðilar með höndum sérstakt hlutverk hvað varðar fræðslu og hv. þm. ræddi það einmitt hér fyrir einhverjum dögum að það væri nauðsynlegt að styrkja fræðsluhlutverk Náttúruverndarráðs. Ég sé ekki hvernig það rímar við þessa tillögu sem þingmaðurinn leggur nú fram.

Mér finnst það algerlega fráleitt, virðulegi forseti, að samþykkja tillögu um náttúrufræðikennslu ungra barna sem byggist á þeirri forsendu að börn hafi ekki í sama mæli og áður, eins og kemur fram í greinargerð, forsendur til að upplifa náttúruna ef hvorki Náttúruverndarráð eða umhvrn. koma að því. Ég tel að hv. flm. hefði átt að stíga skrefið til fulls og leggja til að þessari þáltill. væri vísað til landbn. Mér er það alveg gersamlega hulið hvernig forustumaður í náttúruverndarmálum á Íslandi eins og hv. flm. er fær það til að koma heim og saman við fyrri afskipti sín af náttúruverndarmálum og fyrri málflutning sinn að leggja til (**KHG:** Er ráðherrann ósáttur við málið?) að það verði farið í sérstakan undirbúning að náttúrufræðikennslu án þess að þeir aðilar í landinu sem lögum samkvæmt eiga að fjalla um slík mál komi að því. Ekki mun ég samþykkja slíka tillögu. Það er alveg ljóst.

Það er líka merkilegt að þeir skólar sem hv. þm. nefnir hér í sinni greinargerð sem mögulegan vettvang fyrir slíka náttúrufræðslu eru t.d. staðir á borð við Alviðru í Ölfushreppi sem er í eigu Árnessýslu og Landverndar. Það vill nú svo til að ein af þeim fyrstu heimsóknum sem ég fékk eftir að ég varð umhvrh. var einmitt frá fræðslustjóranum á Suðurlandi sem falaðist eftir því að umhvrn. veitti liðveislu og fjárstyrk til að byggja upp Alviðru í þessum tilgangi. En það á sem sagt að koma til umhvrn. og fá fjármagn frá því, en síðan á landbrn. og menntmrn. að skera úr um það hvernig með málið á að fara. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég leggst auðvitað ekki gegn því að þessi tillaga fái þinglega umfjöllun en ég mun ekki

samþykkja hana. Það er alveg ljóst. Ég mun beita mér gegn henni.

[13:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ósköp þótti mér hæstv. umhvrh. verða viðkvæmur fyrir því að þessi tillaga er sett fram með þeim hætti sem hér er gert og hæstv. umhvrh. víst ekki getið í henni. Ég held að það hljóti að vera til umfjöllunar þegar nefndin sem fær þetta mál til skoðunar fer að starfa hvort það eigi að tengja þetta eitthvað meira við aðra aðila. Ég er sannfærður um það að það er fullur skilningur hjá flm. á því að það þurfi að gera þetta í góðu samkomulagi og tengslum við alla þá aðila sem koma þarna að málum, en vitanlega hlýtur hæstv. menntmrh. að vera fremstur í flokki þegar um er að ræða skóla eða tengingu þessarar kennslu sem hér er verið að tala um við aðrar greinar. Og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst að það væri illa komið ef menn af einhverri afbrýðissemi milli ráðuneyta færu að spilla góðu máli. Mér finnst þetta nefnilega vera gott mál sem hér er á ferðinni. Ég tel að við þurfum að leggja töluvert á okkur til að unga fólkið í landinu, börnin, fái tækifæri til þess að verða að Íslendingum með svipuðum hætti og við höfum verið fram að þessu, þ.e. að næstum allir Íslendingar hafi öðlast þá reynslu að hafa tengst við atvinnulífið, við sveitina, við sjávarútveginn og nánast allt þjóðlífið er opið fyrir þeim í uppeldinu en borgarlífið og breytingar á þjóðfélagsháttum eru að verða til þess að þetta unga fólk okkar fær ekki þau tækifæri sem við fengum og við þurfum auðvitað að koma til móts við það. Þess vegna megum við ekki gera að aðalatriði í þessari umræðu hér um þessa þáltill. með hvaða hætti það er lagt til að með málið verði farið gagnvart umhvrh. Ég er alveg sannfærður um að það verður hlustað á allar góðar tillögur um það með hvaða hætti eigi að tengja saman ráðuneyti og stofnanir til þess að þetta mál geti fengið góðan framgang.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri að öðru leyti en því að ég verð að segja það til viðbótar að ég tel að það að tengja saman annars vegar þessar þarfir sem ég var hér að lýsa áðan, unga fólksins, og hins vegar nauðsynina á styrkingu atvinnulífsins í sveitum og það held ég að geti orðið til þess að við getum frekar náð árangri í þessu upphafsátaki sem hér er verið að leggja til að verði gert. Við ætlum hvort sem er að reyna að standa á bak við bændur í þeim erfiðu aðstæðum sem þeir eru núna í og ég held að það sé alveg upplagt tækifæri að tengja saman þessa hluti sem hér eru lagðir til í þáltill.

[13:10]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er nákvæmlega sammála hv. þm. Jóhanni Ársælssyni um að það er nauðsynlegt að efla náttúrufræði og umhverfisfræðslu í skólum landsins. Ég er líka þeirrar skoðunar að það sé út í hött að ætla sér að fara í þá vinnu nema umhvrn. komi að því máli.

Nú vill svo til af því að hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði að það væri ábyggilega fullur skilningur á einmitt því hjá hv. flm. og hann hefur því bersýnilega ekki hlustað á ræðu flm. vegna þess að það var útskýrt og rökstutt í nokkuð greinargóðu máli hvers vegna umhvrn. eða stofnanir þess ættu einmitt ekki að koma að þessu máli. Það vill svo til að þó að Alþb. sé á þeirri skoðun að umhvrn. eigi ekki að koma að þessari tegund fræðslu, þá eru aðrir flokkar í landinu sem skilja nauðsyn þess eins og til að mynda Sjálfstfl. Fulltrúi hans, menntmrh., skilur nauðsynina á þessu. Hann skilur að það er nauðsynlegt að hafa samstarf við umhvrn. einmitt um uppbyggingu á þessari fræðslu.

Það er auðvitað rétt að bæði námsefnisgerð og í framhaldi af því kennslu í umhverfisfræðum í skólakerfi landsins er mjög ábótavant. Sú tillaga sem hér er flutt er að hluta til lögð fram til að bæta úr þeim skorti. Það er virðingarvert. En það er jafnóskiljanlegt að ætla sér með svo markvissum hætti sem kemur fram í þessari tillögu að skera umhvrn. frá því. Það er gersamlega út í hött, kemur aldrei til greina að þessi umhvrh. eða aðrir þeir menn sem hann hefur einhver áhrif á, styðji þetta mál meðan það er í þessum búningi.

Auðvitað er það svo eins og hv. þm. gat um hér, að umhvrh. er viðkvæmur fyrir sínu ráðuneyti. Það er ungt ráðuneyti, það sætir árásum, það hefur jafnvel komið fyrir að það hefur verið rætt um það á þingum annarra stjórnmálaflokka hvort það hafi tilveru- og tilvistargrundvöll. Það kom fram í snjöllu máli hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni hér fyrir einum 10 dögum að það þyrfti að gera allt sem hægt væri til að styrkja það og ég hélt að flokkur þess þingmanns væri því allur sammála. Það kemur í ljós að a.m.k. einn varaþm. er það ekki.

[13:12]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir ráðherrann vera viðkvæmur, ég segi það bara enn og aftur. Ég held að það sé ekki ástæða til þess að reyna að drepa málið í upphafi þess vegna þessa ágreinings og vegna þess að hann hefur líka lagt áherslu á að það sem verið er að leggja til sé nauðsynlegt og það þurfi að styrkja þessa fræðslu. Hann hefur líka lýst því yfir úr ræðustól að hæstv. menntmrh. skilji þörfina á því að tengja þetta við umhvrn. og ég held þess vegna að það hljóti að vera hægt að leiða saman sjónarmiðin og trúi því ekki að menn ætli að fara að gera hér eitthvert veður út af þessum málum eins og þau liggja hér fyrir. En það getur vel verið að hæstv. umhvrh. sé svona óskaplega hræddur um sitt ráðuneyti að hann bókstaflega fyllist skelfingu ef hann er ekki nefndur á nafn í einhverri tillögu sem kemur hér fyrir. Ég held að þetta hljóti bara að geta verið til umræðu og menn hljóti að sameinast um það að láta ekki ágreining af þessu tagi eyðileggja fyrir málinu.

[13:14]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta mál og sú viðkvæmni sem umhvrh. sýndi því varðar ekki með nokkru móti persónu umhvrh. Það varðar hins vegar þá stofnun sem

honum er trúað fyrir og hann á að varðveita og bera fram hag hennar. Þetta er stefnumótandi og þess vegna skiptir þetta máli. Hér er farið í það í þáltill. að leggja til ákveðna framkvæmd á sviði náttúrufræðslu og það kemur ekki til greina að umhvrh. eða hans flokkur muni undir nokkrum kringumstæðum styðja tillöguna meðan umhvrn. kemur ekki að henni. Ef það er til umræðu að breyta því þá er það sjálfsagt mál.

Ég leggst auðvitað ekki gegn því að þessi tillaga fái þinglega meðferð. Það er alveg sjálfsagt mál. En þegar kemur til fullnaðarafgreiðslu ef til hennar kemur sem ég veit ekkert um, ef það verður í þessum búningi, þá er það alveg ljóst að Alþfl. mun ekki styðja þá tillögu.

[13:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég endurtek það. Ég tel að við þurfum að halda okkur rólegum yfir þessu máli. Ég er sannfærður um það að hæstv. menntmrh. mundi örugglega með framgangi sínum í málinu í framhaldinu eftir að þessi tillaga hefði verið samþykkt snúa sér til þess ráðuneytis líka og skapa samstarf á milli ráðuneyta og annarra aðila sem eiga að koma að þessu máli. En ég tel að það sé einsýnt að menn hljóti að vera til viðræðu um það að skoða tillögugreinina með það í huga að þetta mál fái framgang.

[13:15]

Flm. (Auður Sveinsdóttir):

Virðulegur forseti. Þessi viðbrögð umhvrh. koma mér reyndar ekki svo ýkjamikið á óvart. Ég hef fengið það á tilfinninguna að undanförnu að öll þau mál sem byrja á náttúru- eða umhverfi- og ekki er vísað beint til hæstv. umhvrh., það liggur við að þau séu ómerkileg og það sé ekki þess virði að ræða þau. Og ég verð að viðurkenna að ég fæ þá tilfinningu hér að þetta mál sé þess eðlis og að hæstv. ráðherra skuli ekki fagna þessu máli og vera fyrsti aðili til að styðja þetta mál kemur mér í raun og veru á óvart. Ég hélt að hæstv. ráðherra yrði sá fyrsti sem kæmi hér upp í ræðustól og fagnaði því að þetta yrði lagt fram.

Ég hélt að ég hefði fært rök fyrir því af hverju hann er ekki tekinn með í þessa þáltill. eða hans ráðuneyti, og ég get reynt að fara yfir það aftur og skýra það nánar, umhvrn. fer einfaldlega ekki með menntamál. Hér er verið að tala um einn þátt í náttúru- og umhverfisfræðslu og þann þátt af þessari fræðslu sem fer fram utan skólastofunnar. Ég veit að það er margs að gæta í sambandi við umhvrn. og ég hef rætt það hérna áður að þetta eigi að vera öflugt ráðuneyti og hafa sem breiðastan vettvang. Ég talaði um það fyrir nokkrum dögum við umræður um stjórn náttúruverndarmála að það væru 14 aðilar sem kæmu að fræðsluþættinum og ég held að umhvrn. eigi fullt í fangi með að reyna að ná utan um þessa aðila í dag og reyna að samræma það sem verið er að gera þó að það fari ekki að taka þennan þátt líka, einn lítinn þátt af þessri náttúrufræðikennslu sem það að sjálfsögðu hlýtur að koma að á breiðari grundvelli í samvinnu við menntmrh.

En af því að hæstv. ráðherra talaði um og furðaði sig á viðbrögðum mínum út af Alviðru í Ölfushreppi þá vil ég benda hæstv. ráðherra á það að ef hann les greinargerðina, sem fylgir með þessari tillögu, þá er verið að tala um allt aðra hluti hér og það er full ástæða til þess að byggja upp staði eins og Alviðru út um allt land og þar hlýtur umhvrh. að þurfa að hafa forustu. Í sambandi við fullorðinsfræðslu og alls konar fræðslu aðra í náttúrufræðum og umhverfisfræðum, þá á hann að sjálfsögðu að hafa forustu um það. En þessi eini þáttur náttúrufræðifræðslunnar sem tengist inn í grunnskólann samkvæmt grunnskólalögum hlýtur að fara inn í menntmrh. og umfjöllun svo að ég vona, virðulegur forseti, að umhvrh. sjái sig um hönd og beiti áhrifum sínum til þess að þetta mál nái fram að ganga og stöðvi það ekki vegna þess að þetta er til heilla fyrir náttúrufræðifræðslu í landinu og öflugri skilning barna á landinu. Ég á bágt með að trúa því að tillagan verði ekki send til umfjöllunar í umhvrn. eða til umhvrh. þegar menntmn. fjallar um hana.

[13:20]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa menn lagt sig fram um að greiða fyrir því að varaþingmenn geti flutt mál og að þau hlytu vinsamlegar undirtektir og á það auðvitað við um varaþingmenn úr öllum flokkum. Sú nýlunda hefur nú gerst að einn ráðherra, hæstv. umhvrh., hefur gert sér sérstaka ferð hér upp í ræðustól til þess að leggjast gegn því að mál fái framgang strax í fyrri umræðu þess, áður en það er tekið til athugunar í þingnefnd og ber við þeirri einu ástæðu að ráðuneyti hans er ekki ætlað það hlutverk í málinu sem honum þykir sómi að eða hann vill vera hafa.

Ég verð að segja það að oft hefur maður séð ýmislegt skrýtið til ráðherra Alþfl. en ég held að hæstv. umhvrh. slái út flest það sem þeir hafa sýnt af sér hér í sölum Alþingis hvað varðar pólitíska afbrýðisemi og fleira því skyldu að leggjast gegn máli á þeirri einu forsendu að það er ekki nokkur rök hægt að færa fyrir því að menntamál heyri undir umhvrh. Mér þætti gaman að fá að heyra það frá hæstv. umhvrh. hvernig honum gengur að fá því framgengt að breyta lögum um Stjórnarráð þannig að þau mál á menntasviði sem ráðherrann kann að eigna undir umhvrn. verði flutt frá menntmrh. til umhvrh., ekki bara á grunnskólastigi heldur líka á framhaldsskólastigi og háskólastigi. Ég held að umhvrh. ætti að muna eftir því þegar hann fer hér með frýjunarorð í garð alþýðubandalagsmanna að það er sá flokkur sem hvað einarðlegast barðist fyrir því að umhvrn. yrði stofnað. Hins vegar er sá flokkur sem er hans pólitíski meðreiðarsveinn um þessar mundir, Sjálfstfl., sá flokkur sem barðist hvað harðast gegn því að það yrði stofnað. Og það var einn af þingmönnum Sjálfstfl. sem hefur flutt lengstu þingræðu sögunnar einmitt í þeim tilgangi að koma í veg fyrir það að umhvrh. yrði stofnað. Mér virðist því hæstv. umhvrh. veðja þar á vitlausan hest ef hann ætlar að halda uppi samstarfi við Sjálfstfl. og vilja jafnhliða auka og efla hlutverk umhvrn. Ég held að hann sé þar á röngu hrossi til að ná fram því ætlunarverki sínu.

Ég vil nú brýna hæstv. umhvrh. til þess að taka sér tak og draga til baka þessi hvatvíslegu orð hans hér

áðan og stráksskap, að menn eiga ekki að gera mikið af því í þingsölum að vera með strákslæti umfram það sem tilefni er til og hér var ekki tilefni til neins slíks. Og ekki trúi ég því að hæstv. umhvrh. láti pólitíska fortíð sína blandast inn í málið og draga það hér upp og hafa áhrif á afstöðu sína til málsins hver í hlut á.

Ég vil, virðulegi forseti, ítreka það að bæði tillögugreinin og meðferð málsins eins og hún er lögð til af flm. er fullkomlega eðlileg, ekkert að málatilbúnaði að finna né tillögu um málsmeðferð og ég tel að hæstv. umhvrh. hafi orðið sér til minnkunar með framgöngu sinni hér áðan.

[13:24]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er nú svo að ég þarf ekki að kvarta undan mínum pólitíska uppruna í þessu máli. Þegar ég komst til pólitísks vits og ára, þá var það í Alþb. og það var þar sem ég fyrst drakk í mig náttúruverndarstefnu. Og það vill svo til að þó að ég hafi farið úr Alþb. þá hefur áfram eflst skilningur á náttúruverndarmálum innan Alþb. Ég bendi á það að eitt af stærstu frumvörpunum sem ég hef lagt fram á þessu þingi og varðar einmitt breytta skipan náttúruverndarmála hlaut afar góðan hljómgrunn hjá forustu Alþb. sem kom hingað í ræðustól og lýsti yfir fullum stuðningi við frv. þó að vísu einstakir þingmenn Alþb. hafi verið örlítið annarrar skoðunar. En að því er varðar minn samstarfsflokk, Sjálfstfl., þá get ég sagt það að ég hef eftir að ég kom í umhvrn. ekki undan neinu að kvarta varðandi Sjálfstfl. Ég hef átt þar gott samstarf við einstaka menn og ef maður ætti nú að fara að telja hér upp þá sem e.t.v. hafa gleggstan skilning á náttúruverndarmálum, þá mundi ég taka til að mynda hv. þm. Tómas Inga Olrich og skipa honum þar framarlega á bekk. Það er nefnilega svo að eins og mál þróast og það er mín reynsla úr pólitísku starfi að skilningur á umhverfismálum fer ekki eftir flokkum. Hann fer miklu frekar eftir kynslóðum. Ég varð var við það t.d. þegar ég sat fyrir Alþb. í borgarstjórn Reykjavíkur um nokkurra ára skeið sem varamaður að þeir sem ég átti þar mest sálufélag um varðandi náttúruverndar- og umhverfismál, en ég var þá í umhverfismálaráði Reykjavíkurborgar, voru ekki síst sjálfstæðismenn sem voru á svipuðu reki og ég. Þetta er held ég mál sem tengist kynslóðum sem alast upp saman í svipuðu umhverfi fremur en pólitískum skoðunum.

Af því að hv. þm. Egill Jónsson er nú hér í salnum, þá get ég líka minnt á það að millum landbrn. og umhvrn. hefur fyrir milligöngu hans tekist mjög ágætt samstarf og vísir að góðu samstarfi í tilteknum málum, þ.e. landgræðslu. Menn geta komið hingað og núið mér því um nasir að það sé pólitísk afbrýðisemi eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson gerði að ég skuli ekki vilja fallast á það að þáltill. um náttúrufræðslu taki bæði til landbúnaðar og menntamála en ekki umhvrn. Menn geta ef þeir vilja dregið þá ályktun að það liggi einhver pólitískur misþroski eða annarlegar hvatir þar að baki en það er ekki svo. Allir vita að það hefur staðið styr um verksvið umhvrn. Það vita það allir að við upphaf þessarar ríkisstjórnar stóðu deilur milli um stjórnarflokkanna um hvaða stofnanir ættu að fara undir umhvrn. Ég minnist þess að Alþb. á þeim tíma hafði svipaðar skoðanir og forveri minn í embætti, Eiður Guðnason. Þessi tillaga gengur hins vegar í þveröfuga átt. Vegna þess að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kom hér og bað mig um að rökstyðja það hvers vegna menntamál ættu að falla undir umhvrn. þá skal ég gera það.

Hér er verið að tala um þann afmarkaða anga menntamála sem heitir fræðsla um umhverfis- og náttúrumál. Það vill svo til að í reglugerð um Stjórnarráðið segir beinlínis að umhvrn. fari með mál er varða fræðslumál um umhverfismál. Það segir það þar. Og mér er afskaplega illa við það eftir það sem á undan hefur gengið á skammvinnum ferli umhvrn. að láta breyta því í einu vetfangi með einni þáltill. Ég tel að það sé einfaldlega út í hött að ætla að fara að véla um náttúrufræðikennslu án þess að það ráðuneyti sem fer með náttúruvernd og umhverfismál komi þar að. Ég er alls ekki að gera neina kröfu til þess að umhvrn. hafi þar eitthvert forræði en ég tel algerlega fráleitt annað en umhvrn. komi þar að. Og ég verð þó að segja það samstarfsflokki mínum til hróss andpænis Alþb. að hann hefur skilning á þessu. Hann hefur meiri skilning á því heldur en þeir alþýðubandalagsmenn sem hér hafa talað í dag og ég furða mig á því.

Ég get sagt það eins og hefur komið fram hér fyrr að málið sem slíkt er gott. En mér er trúað fyrir því að sjá til þess að hagur umhvrn. verði sem bestur. Ég er umhvrh. Ég á að sjá til þess að það sé ekki gengið á rétt þess ráðuneytis og það kemur alveg skýrt fram í reglugerð um Stjórnarráð Íslands að ráðuneytið fer með þessi mál. Ég hef ekkert á móti því að landbrh. og menntmrh. véli um þessi mál, síður en svo. Ég hef átt gott samstarf við báða. Ég segi það hins vegar að ef menn ætla að fara að leita leiða til að efla náttúrufræðifræðslu og fræðslu um umhverfismál fyrir æskufólki á Íslandi þá er óhjákvæmilegt annað heldur en umhvrn. komi að því. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson kallar það stráksskap hjá mér. En ég segi það enn og aftur, þessi umhvrh. mun aldrei samþykkja þessa tillögu svona. Fyrir mér er þetta nefnilega ekkert grín, hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Þetta snýst um grundvallaratriði, grundvallarþætti sem varða verksvið umhvrn. Ég er ekkert að reyna að slá einhverjar pólitískar keilur gagnvart Alþb. út af minni pólitísku fortíð. Mér þykir vænt um það eins og hverja aðra stofnun sem ég hef komið nálægt á mínum ferli. Það er partur af mínu lífi. Hv. þm. Jóhann Ársælsson beindi til mín spurningu. Hún var tvíþætt:

Í fyrsta lagi hvort ég væri samþykkur efni tillögunnar. Ég svara því svo að ég er í grundvallaratriðum sammála efninu.

Í öðru lagi þóttist ég skilja að hann væri að spyrja hvort ég gæti veitt málinu stuðning ef því yrði breytt þannig að umhvrn. kæmi til málsins með sama hætti og menntmrh. og landbrh. Svar við því er líka já. En í óbreyttu formi kemur það ekki til greina.

[13:31]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. umhvrh. hefur nú dregið býsna mikið í land í þessari síðari ræðu sinni. Hann hefur lýst því yfir að tillagan sé góð, hann styðji efni hennar en hins vegar ætlar hann að halda áfram að berjast á móti henni. Ástæðan er nú ekki merkileg. Hún er einfaldlega sú að hann telur að umhvrn. fari með allt er lúti að fræðslu í umhverfismálum. Ég varð nokkuð hugsi yfir þessari yfirlýsingu og reyndi að skilja hvað hæstv. umhvrh. væri að meina. Og ég held að ég hafi fundið svar við því. Því auðvitað hvarflar það ekki að nokkrum manni og ekki að hæstv. umhvrh. að halda því fram að hann geti fengið eða að þingið muni breyta hlutum þannig að fræðslumál í grunnskóla, málefni grunnskólans heyri að einhverju leyti undir annan ráðherra en menntmrh. að það hljóti að búa þarna að baki sambúðarerfiðleikar á milli menntmrn. og umhvrn. Það er það sem hæstv. umhvrh. er undir rós að benda á að er fyrir hendi. Og hann treystir því ekki að menntmrn., sem mun auðvitað fara með forræði þessa máls samkvæmt eðli þess, hafi nauðsynlegt samráð og eðlilegt við umhvrn. Ég verð bara að segja við hæstv. umhvrh. að það hryggir mig að hann skuli fyrst núna vera að uppgötva þetta eftir þrjú ár í setu með Sjálfstfl. í ríkisstjórn.

[13:33]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Núna þykir mér sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sé búinn að steypa yfir sig kufli þess sem vill fara með stráksskap og slá ódýrar pólitískar keilur.

Í fyrsta lagi, virðulegur forseti, þá hélt ég því aldrei fram að umhvrn. ætti að fara með allt sem lyti að umhverfis- eða náttúrufræðslu. Það sem ég sagði var einungis þetta: Umhvrn. hlýtur að koma að málinu eins og þau ráðuneyti sem nefnd eru í umræddri tillögu.

Í öðru lagi, virðulegur forseti. Það má vel vera að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson sé gæddur einhvers konar pólitískri skyggnigáfu og geti séð einhverja hluti sem engir aðrir sjá eða skilja. Það er hins vegar algerlega fráleitt af mínu máli að ætla að reyna að túlka það með þeim hætti að það séu einhverjir sérstakir sambúðarerfiðleikar á milli umhvrn. og menntmrn. Þau samskipti hafa verið afskaplega góð. Þau mættu gjarnan vera meiri. Það er út í hött að skilja það svo af mínu máli að ég hafi verið að áfellast hæstv. menntmrh. Okkar ágreiningsefni í gegnum tíðina hafa verið öllum ljós og þar hafa engin undirmál verið og ég segi það bara af samstarfi mínu við hann þá treysti ég honum fullkomlega til að geta ráðið þessu máli mjög vel til lykta í nánu samstarfi við landbrh. og umhvrh.

Virðulegi forseti. Nú vil ég biðja hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson aðeins að rifja upp málflutning Alþb. varðandi umhverfismál. Það er einmitt Alþb. sem hefur aftur og aftur lagt áherslu á að umhvrn. eigi að koma að slíkri fræðslu. Nú ég vísa í endalausar ræður hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ætti að lesa vegna þess að hann mundi þá öðlast dýpri og betri að ég ekki segi farsælli skilning á umhverfismálum heldur en hann hefur birt hér í umræðunni í dag.

[13:35]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Málið er ákaflega einfalt þó hæstv. umhvrh. reyni að þyrla upp moldviðri. Það segir í tillögugreininni að það eigi að fela menntmrh. að efla náttúrufræðikennslu í 4.–6. bekk grunnskóla. Auðvitað heyra þessi málefni undir menntmrh., þau geta ekki heyrt undir neinn annan. (**Umhvrh.:** Lestu ...) Hins vegar er það svo sjálfsagt að það ráðuneyti leiti álits og umsagnar annarra ráðuneyti sem málið kann að varða. Það á ekki að þurfa að hafa um það deilur hér á Alþingi nema það sé vegna þess eins og ég var að giska á að það væru samstarfsörðugleikar á milli umhvrh. og menntmrn. Það er eina skynsamlega skýringin á því hvers vegna hæstv. umhvrh. er svona hvumpinn og vill fá inn í textann að það eigi að hafa samráð við hann. Af því að hann treystir ekki menntmrh. (**Gripið fram í:** Þetta er níð ...) til að hafa nauðsynleg samráð og eðlilegt við sig í þessu máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1993, frh. 1. umr.

Stjfrv., 452. mál (niðurstaða greiðsluuppgjörs). — Þskj. 675.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GE, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

29 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, HBl, IBA, JGS, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til fjárln. án atkvgr.

Þingsköp Alþingis, frh. 1. umr.

Frv. JGS, 288. mál (framlagning skattalagabreytinga). — Þskj. 365.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GE, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

28 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, GÁ, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.

Frv. félmn., 456. mál (kjörskrár, framboðsfrestur). — Þskj. 686.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að fyrirhugað er að að lokinni atkvæðagreiðslu um önnur dagskrármál verður settur nýr fundur til að hægt verði að afgreiða þetta frv., þ.e. ljúka 3. umr. og atkvæðagreiðslu um þetta frv. ásamt öðrum málum sem á dagskránni eru enn óræddd, ef leyft verður. Væntir forseti að það geti gengið eftir.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, frh. fyrri umr.

Þáltill. GunnS o.fl., 231. mál. — Þskj. 259.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Till. vísað til síðari umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KEE, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

27 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, HBl, IBA, JónK, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frh. 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 268. mál. — Þskj. 323.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Till. vísað til síðari umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Útvarpslög, frh. 1. umr.

Frv. IBA o.fl., 305. mál (ábyrgð á útvarpsefni og tafarbúnaður). — Þskj. 496.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, StB, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHH, GHall, GÁS, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Heilbrigðisátak á ári fjölskyldunnar, frh. fyrri umr.

Þáltill. GÁ o.fl., 357. mál. — Þskj. 549.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, StB, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHall, GÁS, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Náttúrufræðikennsla og sveitadvöl nemenda, frh. fyrri umr.

Þáltill. ASv, 451. mál. — Þskj. 670.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, ÓÞÞ, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, StB, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHall, GÁS, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Varðveisla tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÞurP o.fl., 458. mál. — Þskj. 688.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SJS, StB, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHall, GÁS, HBl, IBA, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PS, RA, RG, SAÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til menntmn. án atkvgr.

Út af dagskrá voru tekin 4. og 9.–11. mál.

Fundi slitið kl. 13:49.

---

106. FUNDUR

fimmtudaginn 10. mars,
að loknum 105. fundi.

Dagskrá:

1. Sveitarstjórnarlög, frv., 456. mál, þskj. 686. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

2. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 341. mál, þskj. 533, nál. 671, 696, 701 og 703, brtt. 672 og 702. — 2. umr.

3. Heilbrigðisþjónusta, frv., 358. mál, þskj. 568. — 1. umr.

4. Framhaldsskólar, frv., 373. mál, þskj. 568. — 1. umr.

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Frv. félmn., 456. mál (kjörskrár, framboðsfrestur). — Þskj. 686.

Of skammt var liðið frá 2. umr. — Afbrigði samþ. með 36:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KEE, KHG, PP, RA, SalÞ, SigG, SJS, StB, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

nei: ÓÞÞ.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

25 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHall, GÁS, HBl, IBA, JónK, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ASv, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KHG, PP, RA, SalÞ, SigG, StB, TIO, VS, ÞurP, ÖS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GHall, GÁS, HBl, IBA, JBH, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, PS, RG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 707).

Framleiðsla og sala búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 341. mál (innflutningur búvara, tollskrárviðauki). — Þskj. 533, nál. 671, 696, 701 og 703, brtt. 672 og 702.

[13:51]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég vek athygli forseta á því að hæstv. landbrh. er ekki kominn til fundar. Mér skilst að hann hafi verið eða sé á leiðinni frá Akureyri og mér finnst alveg ófært að taka þetta mál til umræðu að hæstv. landbrh. fjarstöddum. Ég sé að bæði hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. eru hér viðstaddir og það tel ég einnig vera mjög nauðsynlegt, að þeir séu viðstaddir þessa umræðu, einnig hæstv. fjmrh. En ég tel algera grundvallarforsendu til að hægt sé að taka málið til 2. umr. að hæstv. landbrh. sé á fundinum. Ég bendi á að það eru fleiri mál á dagskrá svo að það þyrfti ekki að leysa fundinn upp þó að dokað væri þangað til hæstv. landbrh. kemur í salinn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hæstv. landbrh. er rétt ókominn til fundarins og frsm. 1. minni hluta nefndarinnar hefur ekki gert athugasemdir við það og vill hefja sína framsögu þó að hæstv. ráðherra verði ekki kominn til fundar þá þegar. Að sjálfsögðu mun forseti taka tillit til þess ef ráðherra verður ekki kominn hingað áður en þeirri framsöguræðu lýkur, en forseti væntir þess að ekki líði margar mínútur áður en hæstv. ráðherra kemur í þinghúsið.

[13:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel ekki nokkra leið að gera þann mannamun hér að gefa til kynna að framsöguræða formanns landbn. sé svo miklum mun ómerkilegra innlegg í málflutningi að það sé í lagi þó að hæstv. landbrh. sé ekki mættur þegar hún er flutt, en hins vegar verði umræðunni frestað áður en aðrir menn fá orðið ef hæstv. landbrh. verður ekki kominn. Ég held að það sé ekki síður ástæða fyrir hæstv. landbrh. að hlusta á framsöguræðu formanns landbn. og 1. minni hluta heldur en aðrar ræður sem hér verða fluttar, leyfi ég mér að segja, því hér mun nú hefjast mjög merk umræða.

Auk þess vek ég athygli hæstv. forseta á því að það hefur ekkert hádegisverðarhlé verið gefið og nú er klukkan að verða tvö. Ég gef mér það að menn séu hér að sjálfsögðu almennt óétnir, þeir hafi ekki verið að skrópa hér og setið í þingsalnum. Þannig að ég held að það væri mjög heppilegt að slá tvær flugur í einu höggi, gefa hádegisverðarhlé og bíða eftir því að hæstv. landbrh. komi til leiks þannig að formanni landbn. og frsm. fyrir 1. minni hluta verði allur sómi sýndur og ráðherra sé mættur þegar hann flytur ræðu sína.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur ekki hugsað sér að gera hádegisverðarhlé á þessum tíma þar sem búið er að loka matstofu og forseta er kunnugt um að hv. þm. hafa nú þegar bjargað sér að þessu leyti. Forseti hefur ákveðið að þessi umræða hefjist nú og væntir þess að tekið sé tillit til þeirrar ákvörðunar forseta þingsins á þessari stundu.

[13:56]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mig langaði aðeins til að gera athugasemd við það sem fram kom hjá forseta að þingmenn hefðu bjargað sér í þeim efnum að fá sér að borða. Ég er hér með fundarboð í félmn. þar sem boðaður er fundur kl. 13 eða þegar fundarhlé átti að verða samkvæmt því sem áður hafði verið upplýst. Það fundarhlé hefur enn ekki orðið og ég var hér í þingsal og tók þátt í umræðum þar til forseti kom, sleit fundi og setti nýjan. Þetta tel ég ákaflega bagalegt því að ég vænti þess að hv. félmn. hafi ekki getað haldið fund. Ég á ekki von á því að fundur hafi verið haldinn þegar nefndarmenn geta ekki mætt, enda gerði ég athugasemd við það að haldinn yrði fundur meðan þingfundur stæði yfir. Ég tel að forseti ætti að gefa ráðrúm til þess að hægt sé að halda umræddan nefndarfund.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur ekki verið haft samráð við forseta um það að halda nefndarfund á þingfundartíma. Hér var nýttur tíminn milli kl. eitt og hálftvö sem ætlaður var til hádegisverðarhlés þar sem þingmenn voru að flytja mál og reynt að ljúka umræðu um þau. Sú sem hér talar gerði engar athugasemdir við það að forseti sem þá sat hér í stól leyfði hv. þm. að ljúka því máli.

[13:58]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þetta er að verða alveg einstakt hér í þinginu. Ég hef bæði átt aðild að ríkisstjórn á þeim 6–7 árum sem ég hef verið hér og verið í stjórnarandstöðu. Venjan var sú að forsetar sem sátu í því virðulega sæti sem hæstv. forseti situr nú í urðu við slíkum tilmælum. Hér er skýrt kallað á þá beiðni að hæstv. landbrh. verði við þessa umræðu frá upphafi til enda og hef ég aldrei heyrt að hæstv. forseti neiti slíkri beiðni. Hér er heit umræða sem er búin að standa vikum saman og

við hljótum að gera skýlausa kröfu til þess að hæstv. landbrh. hlusti á nýjasta boðskap hv. þm. Egils á Seljavöllum því hann hefur nú verið breytilegur síðustu vikurnar. (**Gripið fram í:** Nýársboðskap.) Og ég geri kröfu um það, hæstv. forseti, að við beiðni stjórnarandstöðunnar í þessum efnum verði orðið.

[13:59]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Vegna þess að áðan var minnst á, af einum hv. þm., fund félmn. sem boðaður var núna í hádeginu, þá vil ég að það komi fram — og eins vegna orða forseta hér áðan um að ekki hefði verið haft samráð við forseta um þá fundarboðun — að það var sérstaklega kannað í gær hvaða möguleikar væru á því að boða fund í félmn. í dag og þá upplýstist það að hér yrði gert fundarhlé milli kl. eitt og hálftvö og nefndin gæti þá skotið á fundi í því hléi. Annað vissum við ekki í gær þegar fundurinn var boðaður og það kom síðan ekki í ljós fyrr en á fundinum að hér væri enn verið að funda í þingsalnum. Þannig að þetta vissum við ekki betur í gær og boðuðum þess vegna þennan fund.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti gerir ekki athugasemdir við þessar upplýsingar hv. 10. þm. Reykv. En þetta hefur æxlaðst svo til, er orðinn hlutur, og ekkert við því að segja.

Forseti hefur hugsað sér að hefja þessa umræðu og hefur nú þegar upplýst að hæstv. ráðherra er rétt ókominn. Hv. 3. þm. Austurl. sem er frsm. ...(Gripið fram í.) — Forseti ætlar að ljúka því sem hún hefur að segja áður en hún gefur hv. 5. þm. Suðurl. orðið til að gera athugasemdir við fundarstjórn. Það sem forseti vildi segja er að hv. 3. þm. Austurl., sem er frsm. 1. minni hluta, mun hefja sína ræðu og er þess vænst að ráðherrann komi áður en henni lýkur.

[14:01]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er margt breytilegt í heiminum og um þessar mundir mun hæstv. landbrh. vera hér í háloftunum einhvers staðar í vitlausu veðri svo að það getur verið tilviljun hvort hann heyri boðskap hv. þm. Egils Jónssonar. En ég spyr hæstv. forseta í mesta bróðerni, ef ég má orða það svo, þegar maður fer nú að efast um að hæstv. forseti sé forseti alls þingsins: Hvað gerir það að verkum að hér er ekki hægt að hnika til og taka fyrir 3. dagskrármálið? Ég vænti þess að ég fái svör við því. Hvers vegna má ekki nú hinkra við með 2. dagskrármálið og taka á dagskrá um stutta stund 3. dagskrármálið? Hér eru fjögur mál á dagskrá fundarins. Ég spyr um þetta, hæstv. forseti, og vænti að ég fái svör.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur nú þegar svarað því og boðað að þessi umræða mundi hefjast kl. hálftvö að lokinni atkvæðagreiðslu og hefur ekki hugsað sér að breyta því.

[14:03]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel það skyldu mína að benda á fordæmi og ekki síst þar sem í hlut átti í því tilviki núv. hæstv. samgrh. Sú sem hérna stendur sat á forsetastóli á fjórða tímanum nótt eina fyrir nokkrum árum og krafðist þá núv. hæstv. samgrh. að páv. hæstv. samgrh. yrði sóttur heim í rúm því hann þyrfti að eiga við hann orðastað. Við því var að sjálfsögðu orðið og hingað í hús geystist þegar klukkan var langt gengin fjögur hæstv. páv. samgrh. en mætti þá núv. hæstv. samgrh. á tröppunum þar sem hann kvaðst ekki hafa áhuga lengur á að tala við hann. Ég hygg þess vegna, hæstv. forseti, að núv. hæstv. samgrh. verði fyrsti maður til að skilja að beðið verði með umræðuna þar til hann kemur í hús og orðið við óskum stjórnarandstöðu um að hann verði hér viðstaddur og fundinum frestað þangað til.

[14:04]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég skil eiginlega ekki þessa afstöðu hæstv. forseta. Ég kom hér rétt áðan með hógværa ábendingu og beiðni um að umræðan hæfist ekki fyrr en hæstv. landbrh. gæti verið við. Ég benti jafnframt á að að sjálfsögðu eru fleiri mál á dagskránni og hægt að taka annað hvort þeirra eða jafnvel bæði til umræðu meðan beðið er eftir hæstv. landbrh. Mér sýnist á öllu að frú forseti ætli ekki að verða við þessari beiðni. Ég er því algerlega ósamþykkur. Ég tel enga ástæðu til að hlífa hæstv. landbrh. við að hlusta á hv. 3. þm. Austurl. taka eina vendinguna enn.

[14:05]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þar sem ég er 1. flm. 3. máls á dagskrá, þá vil ég upplýsa það að af minni hálfu er ekkert að vanbúnaði að fara í þá umræðu. Ég hnikaði aðeins til vegna annarra mála á fyrri fundi hér í dag og vissulega þætti mér alveg ljómandi gott að komast að með þetta mál. En það stóð þannig af sér að það þurfti að taka tillit til óska annars vegar stjórnarliða og hins vegar stjórnarandstæðings sem þurftu að fá að komast að með sín mál þar sem fer að styttast í að þær fari út af þingi þar sem þær eru varaþingmenn. Þannig að ég sé út af fyrir sig ekki hvað ætti að vera í vegi fyrir því að taka einnig tillit til annarra óska sem hér hafa skýrlega komið fram og ég held að það ætti ekki að þurfa að tefja þingstörf með einum eða öðrum hætti, alla vega er 1. flm. 3. máls á dagskrá reiðubúinn með sitt efni.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur nú upplýst að vélin sem hæstv. samgrh. kom með frá Akureyri er þegar lent. Ef forseti hefði talið að það mundi líða langur tími þangað til hann kæmi til fundarins, þá hefði forseti að sjálfsögðu nýtt tímann og tekið fyrir 3. dagskrármálið. En nú vill svo til að vélin er lent — og hæstv. ráðherra er nú þegar kominn til húss þannig að það ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hefja þessa umræðu.

[14:07]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti á þskj. 671 og brtt. á þskj. 672. Við skildum þannig við búvörulögin rétt fyrir þinglok í desember að við vorum í þeirri góðu trú að undirréttardómur, sem þá hafði nýlega gengið og var staðfesting á þeim almenna skilningi sem var í landinu að innflutningstakmarkanir væru í gildi á landbúnaðarvörum sem landbrh. hefði forræði fyrir, og að sjálfsögðu þær breytingar sem gerðar voru þá á búvörulögunum byggðu á þessari niðurstöðu. Hins vegar varð raunin önnur því þann 20. des. féll dómur í Hæstarétti þar sem fjmrh. og landbrh. voru dæmdir vera í órétti gagnvart Hagkaupum og undirréttardómnum var þannig hnekkt. Þar með lá það fyrir að innflutningur á landbúnaðarvörum var í þeim skilningi orðinn frjáls gagnstætt því sem almennt hafði verið álitið og afgreiðsla hér á hinu virðulega Alþingi gekk út á þegar mál voru afgreidd í desember, þar á meðal breyting á búvörulögunum. Af þessari ástæðu flutti svo hæstv. landbrh. frv. til laga um breytingar á búvörulögunum sem hér er sérstaklega til umfjöllunar.

Þetta frv. felur í sér miklar breytingar frá því sem áður var í þessari löggjöf. Það byggist nú reyndar á ákveðinni reglu sem landbrh. fær til að hindra innflutning á landbúnaðarvörum, hliðstætt og talið var að hann hefði haft, en aftur á móti er það bundið við sérstakan viðauka, viðauka sem fylgir frv., þar sem tilgreind eru þau tollskrárnúmer sem heimildir landbrh. að þessu leyti taka til.

Í tillögum á þskj. 672 eru ekki gerðar efnislegar breytingar við frv. sem slíkt. Þó er reyndar vert að geta þess að þar er vikið frá í tveimur efnum. Í fyrsta lagi er textinn sjálfur gerður víðtækari og orðaður með tilliti til þeirra breytinga sem eru að verða í sambandi við okkar viðskiptamál á sviði landbúnaðar. Hann er sem sagt kominn með alþjóðlegra yfirbragð. Að auki er bætt við annarri málsgrein þar sem þess er sérstaklega getið að ef tilfærsla verður á tollskrárnúmerum, þá nái ákvæði laganna til þeirra breytinga. Þetta var raunar sú eina aðferð sem fundin var til þess að leitast við að tryggja að hugsanlegar breytingar á tollskrá mundu ekki raska því meginefni sem hér er um fjallað. Þetta er það sem snýr að efni frv. og 52. gr. laganna þar um leið.

Eins og ég sagði áðan, þá fól þetta frv. í sér aðrar breytingar. Lögin eins og frá þeim var gengið í desember sl. byggðu m.a. á því að landbrh. fengi tilteknar heimildir í 72. gr. og þær voru að grundvelli til í 52. gr. Þessar heimildir voru hvort tveggja víðtækar, eins og ég geri ráð fyrir að hv. þm. viti, en þær voru hins vegar þrengdar eins og frv. ber með sér þar sem heimildir ráðherrans náðu einungis til þess viðauka sem þar var lagður til grundvallar.

Jafnframt þessu opnaðist sá möguleiki að líta svo á að heimildir ráðherrans næðu einungis til þessa tilgreinda viðauka og að auki þeirra samninga, fríverslunar- og milliríkjasamninga, sem Íslendingar eru nú aðilar að. Aðrar vörur voru þess vegna eftir þessa breyttu skipan orðnar frjálsar. Þetta er ástæðan fyrir því að umræðan um 72. gr. hófst. Það var sem sagt skilið þannig við þetta mál að það voru ákveðnar vörur sem innflutningur hefði trúlega verið frjáls á eftir þessar breytingar. Meginbreytingin sem hefur verið gerð er einmitt sú að tryggja að svo verði ekki og skilgreina með skýrum hætti hvert verksvið og hvert valdsvið landbrh. er í þessum efnum. Með leyfi hæstv. forseta, er 1. mgr. þannig:

„Landbúnaðarráðherra er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra."

Þarna er skýrt kveðið á um hvað er átt við. Af þessu tilefni og eins og þarna er komið fram, þá fylgja nú tveir viðaukar sem með þessu frv. fá lögfestingu. Í fyrsta lagi viðauki I sem fylgir 52. og 72. gr. og færir landbrh. heimild til þess að hindra innflutning á landbúnaðarvörum og síðan viðauki II sem færir landbrh. rétt til að leggja á þær vörur verðjöfnunargjöld, auk þess sem sá réttur nær líka til viðauka I.

Ef menn líta á lögin eins og frá þeim var gengið í desember, þá er hér um að ræða skýrt afmarkaðar ákvarðanir svo að varla þarf lengur um það að deila hvaða rétt og skyldur landbrh. hefur í þessum efnum.

Það er líka mikilvægt að hér er kveðið á um það að þessi heimild er við það miðuð að jafna samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar og er orðalagið að þessu leyti miklu skýrara heldur en það áður var. Það má segja að í þessum efnum felist grundvallarákvörðun og þessi málsgrein ein út af fyrir sig hefði átt að geta nægt til þess að tryggja að engar smugur væru opnaðar með lagabreytingunni með tilliti til þess sem ég hef áður lýst. Fyrir því væri sem sagt séð að landbrh. hefði þessa heimildir. Það kom hins vegar í ljós við umfjöllun þessa máls í landbn. að frv. eins og frá því var gengið í desember, reyndar nokkuð hliðstætt því sem gerðist með tillögur okkar frá því í fyrravor og ég átti mikinn hlut að því að semja þær, stóðst tæplega að lögum þegar betur var að gáð. Heimildir til landbrh. voru þar víðtækar og það hefur verið sýnt fram á að í hliðstæðum tilfellum hefur fallið hæstaréttardómur þar sem tilteknar heimildir sem ráðherra hafði stóðust ekki og hér þótti um samsvörun að ræða. Því varð það að ráði að skerpa á þessum texta, enda hafði þá reyndar þegar komið í ljós þegar beita átti þessum ákvæðum að uppi var ágreiningur í þessum efnum.

Af þessari ástæðu voru gerðar tvær breytingar á 72. gr., tvær aðalefnisbreytingar. Það má þá segja að sú fyrri hafi verið um það að ákveða hvernig gjöldunum skyldi fundinn staður, þ.e. eins og fram kemur í frv. Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð. Álagning verðjöfnunargjalds skal vera í samræmi við þá skilmála sem kveðið er á um í fríverslunar- og milliríkjasamningum og takmarkast hverju sinni af því að verðjöfnunargjald að viðbættum innflutningsgjöldum sé innan þeirra marka sem skilgreind eru í fríverslunar- og milliríkjasamningum.

Hér er um að ræða ótvírætt orðalag og umtalsverða breytingu frá því sem áður var í lögunum þar sem sagt var að ráðherrann hefði þessa heimild. Með sama hætti er lagt til að setja skýrar reglur um það hvernig útreikningar fari fram þegar verðjöfnunargjöldin eru ákveðin. Þetta kemur hér fram með tvennum hætti, þ.e. það er bæði ákvörðun um það hvernig innanlandsverðið er fundið, viðmiðunarverð við álagningu jöfnunargjaldanna og eins hvernig erlenda viðmiðunarverðið er fundið. Hér segir:

„Áður en ákvarðanir eru teknar um innflutning samkvæmt þessari grein skal leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins."

Hér er að vísu um tilfærslu að ræða og breytingar frá því sem var í fyrri lögum, en það er hins vegar áréttað hér eftir sem áður að Framleiðsluráð er umsagnaraðilinn. Innanlandsverðið er fundið með þrennum hætti eins og ég sagði áðan. Það er umsamið innlent viðmiðunarverð. Það er samkvæmt IV. kafla þessara laga, búvörulaganna, og í samræmi við reglur 6. gr. laga um vörugjöld. Þetta eru sem sagt þær viðmiðunarreglur sem landbrh. ber að fara eftir að því er varðar hámarksálagningu verðjöfnunargjaldanna. Svo koma aftur fjórir liðir sem tilgreina með hvaða hætti á að finna lágmarksverðið.

1. Á grundvelli bókunar 3 við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

2. Á grundvelli bókunar 2 við samninga milli Íslands og Efnahagsbandalags Evrópu.

3. Á grundvelli fríverslunarsamninga sem við höfum gert við fjölmargar þjóðir.

4. Svo er það varðandi þær vörur sem kunna að verða fluttar inn frá öðrum löndum og utan við þá sérstöku samninga sem hér eru tilgreindir og þar er jafnframt greint frá því við hvaða verð þá á að miða.

Þetta eru þær grundvallarbreytingar sem hér hafa orðið á og ég vænti að sérstaklega muni auðvelda það að vinna eftir þessum lögum og framkvæma þau með þeim hætti að bærilega trúverðugt geti talist.

Það er vert að geta þess í þessu sambandi að við það var jafnan miðað að efnislega tækju þessar breytingar mið af þeim ákvörðunum sem voru teknar hér í desembermánuði, en yrðu settar fram með skýrari hætti til að auðvelda sérstaklega frágangsmáta þessara mála. Ég vil svo til viðbótar við þetta leggja á það mikla áherslu að í þessu frv., reyndar lögunum eins og er, er sérstök grein, 73. gr., sem fjallar um heimild landbrh. til þessa endurgreiða eða gefa út reglugerð sem heimili endurgreiðslu á verðjöfnunargjöldum. Það er afskaplega mikilvægt að þessi reglugerð verði gefin sem fyrst út og þessi skipan mála komist sem allra fyrst í eðlilegt horf. Í þessu felst mikilvæg ákvörðun sem tryggir jafnræði í framkvæmd þessara mála og er í rauninni grundvöllur þess að við getum tekið þátt í alþjóðlegum samskiptum um þessi mál.

Það er líka afar þýðingarmikið að nú hefur við framkvæmd þessara mála mikilli óvissu verið eytt og þó að út af fyrir sig sé tilefni til þess að óttast kannski að ekki hafi verið með tæmandi hætti gengið frá viðaukum I og II, sem ég vona nú að sé ekki, þá er hitt þó alveg ljóst að þeir eru á valdsviði landbrh. sem auðveldar náttúrlega stórkostlega mikið framkvæmd þessara mála. Þetta vona ég að skýri þessi mál að því er varðar brtt. og mun ég eftir því sem tilefni kann að gefast til skýra þær svo aftur nánar.

[14:30]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá liggur það fyrir í þingsögunni að hv. formaður landbn. kaus að standa yfir sundruðu liði, lítilli landbn. í fjórum pörtum, hefur kokgleypt öll sín stóru orð og fallist á það að áfram skuli ríkja réttaróvissa í málefnum landbúnaðarins eins og glöggt kemur fram í áliti félaga hans, hv. þm. Egils Jónssonar. Ég vil eigi að síður spyrja hér hv. þm. hvað hann átti við þegar hann þegar hann var spurður um það í blaðaviðtali 25. febr., með leyfi forseta:

„Egill var spurður hvort til greina kæmi að fella út umdeildasta ákvæði frv. sem lýtur að GATT. Svar Egils var alveg skýrt: Nei."

Hvað meinti hann á þessari stundu og hvað fékk hv. þm. til að breyta þessari afstöðu sinni?

[14:31]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta ákvæði er nú reiknisregla að því er varðar GATT. En það sem ég átti einfaldlega við í þessum efnum er það að ef menn vega saman tolla og verðjöfnunargjöld eins og skýrt er áréttað í nefndaráliti því sem ég hef nú mælt hér fyrir, þá þarf ekki að breyta krók eða staf í búvörulögunum til þess að ná því markmiði að verðjafna á grundvelli tollígilda eins og GATT-reglur segja fyrir um. Frv. og lögin eins og þau kunna að verða halda þar af leiðandi fullu gildi sínu verði horfið að því ráði eins og lagt er til í nefndarálitinu að vinna samtímis með hvort tveggja, verðjöfnunargjöld og tolla.

[14:32]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú detta af mér allar dauðar lýs. Ég sé ekki betur en hv. formaður landbn. haldi því enn fram að GATT sé inni í frv. og undrunarsvipurinn leynir sér ekki á hv. sessunaut hans, þingmanni Alþfl. Það er undarlegt hvernig hv. formaður landbn. hefur umturnast í þessu máli. Hann kemur annað slagið af fjöllum, hitt slagið úr álfheimum að mér sýnist og mætti kannski segja um hann eins og sagt var í ævintýrinu: „Aldrei hef ég séð svo langan gaur í jafnlítilli grýtu" eins og þennan hv. þm. nú.

Hv. þm. Eggert Haukdal bendir á það réttilega, hv. formaður landbn., að það eru þrjú veigamikil atriði sem formaður landbn. féllst á að færu út til þess að ríkisstjórnin gæti lifað. Hann segir í fyrsta lagi að þá snúi það að GATT-samningunum. Í öðru lagi sé þrengt að því hvaða landbúnaðarvörur landbrh. er heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á. Og í þriðja lagi að sett séu ákvæði um það hvernig erlend viðmiðunarverð skuli fundin. Getur hv. formaður landbn. hrakið þessi orð samþingmanns hans? Og fyrir utan hitt að lögfræðingar og margir þingmenn halda því fram að hv. formaður landbn., svo ég tali nú ekki um hæstv. landbrh. sem

hér er loksins kominn á nýjan leik, hafi enn sett þessi mál í þá réttaróvissu að það verði deilt um þau í þjóðfélaginu næstu missirin.

[14:34]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Menn hafa nú orðið vitni að því að þó að pólitísk sinustrá liggi undir gaddi og ís geta þau enn þá skrækt. En það sem skiptir hér meginmáli er til hvaða efnis heimildir landbrh. taka. Þær taka ekki til neinna sérstakra samninga. Þær taka til þeirra viðauka, þeirra vöruflokka sem tilgreindir eru í viðaukum I og II. Heimildir landbrh. eru bundnar við þessa vöruflokka algjörlega án tillits til þess með hvaða hætti og á hvaða grundvelli þeir eru fluttir til landsins.

Það er svo annað mál að reiknisaðferðirnar eru grundvallaðar á því hvaða samningum slíkur vöruinnflutningur er háður og að því er varðar GATT-vörur sem fluttar eru reyndar til landsins núna á grundvelli gildandi GATT-ákvæða, þá gilda um það tveir/fjórir. Og alveg það sama mundi gerast ef þetta væri óbreytt eftir að við höfum tekið upp nýjar GATT-viðmiðanir. Það er engin breyting á þessu. Þar væri þó einungis hægt að verðjafna upp að þeim heimildum sem verðjöfnunin kveður á um. En eins og ég sagði áðan, ef horfið verður að því ráði, sem mér þykir raunar trúlegast, að beita samtímis tollum og verðjöfnunargjöldum eins og mikið var rætt um í þessari umræðu, þá nægði það til þess að ná tollígildunum líka.

[14:37]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Þetta mál sem hér er í umræðu hefur valdið mér nokkru hugarangri, valdið mér mikilli undrun á því hvernig unnið er að málum á hv. Alþingi. Ég held að ég hefji mitt mál með því að segja: Mínar ættir má rekja beint til bænda og sjómanna og mér rennur blóðið til skyldunnar. Það er undarlegt út af fyrir sig að standa hér í þessum stól og verja arftaka ættfeðra minna og vera neyddur til að keyra ofan í menn, sem mér út af fyrir sig líkar ekkert illa við, mistúlkun og rangfærslur, enn fremur vinnubrögð sem samræmast hvorki mínu uppeldi né upplagi. Ég get sagt það hér að meðan ég vinn að málum á æðstu stofnun þjóðarinnar skal ég vinna minni sannfæringu þann framgang sem ég get, óháð pólitík og kerfispredikun hvaða flokks sem er.

Virðulegi forseti. Ég geri nú grein fyrir nefndaráliti mínu á þskj. 696.

Það varð samkomulag hjá fjórum fulltrúum stjórnarflokkanna um þær breytingartillögur á frumvarpi ríkisstjórnarinnar sem koma fram á þskj. 672. Ég neyddist til þess að gera sérstakt álit og ég mun nú gera grein fyrir þeim breytingum, enda er sumt sem kemur fram í nál. 1. minni hluta landbn. ekki í samræmi við efni frv.

Eins og frumvarp ríkisstjórnarinnar bar með sér var það flutt í kjölfar dóms Hæstaréttar 20. jan. sl. í Hagkaupsmálinu svokallaða. Dómurinn staðfesti það sem hæstv. utanrrh. hefur haldið fram að búvörulögin feli ekki í sér sjálfstæða heimild til þess að banna innflutning. Þetta þýðir að innflutningur á landbúnaðarvörum hefur í raun verið frjáls að mestu frá hausti 1992 þegar innflutnings- og gjaldeyrislöggjöfinni var breytt.

Virðulegur forseti. Ég tel nauðsynlegt að ræða samkomulag stjórnarflokkanna. Það var gert samkomulag milli stjórnarflokkanna um að tryggja óbreytt ástand í innflutningi landbúnaðarvara til bráðabirgða fram að gildistöku nýs GATT-samnings sem tekur væntanlega gildi á næsta ári. Með breytingu á búvörulögunum í desember sl. hafði áður náðst samkomulag um að landbrh. væri heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á innflutning landbúnaðarvara í samræmi við millilríkjasamninga sem Ísland er aðili að. Jafnframt skyldi nefnd fulltrúa fimm ráðuneyta gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um breytingar á innflutningslöggjöfinni í samræmi við skuldbindingar GATT. Þetta er orðað svo í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, með leyfi hæstv. forseta:

„Gildistaka Úrúgvæ-samnings GATT leiðir m.a. til kerfisbreytinga í innflutningsmálum landbúnaðarins. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að skipa nefnd með fulltrúum fimm ráðuneyta til að endurskoða í heild ákvæði innflutningslöggjafar í því skyni að tryggja að hún verði í samræmi við skuldbindingar GATT."

Hæstv. landbrh. útskýrði þetta svo, með leyfi forseta, þegar hann kynnti frumvarpið:

„Við erum að tala um það að GATT-samningar gangi í gildi um næstu áramót, kannski á miðju næsta ári. Undirbúningur þeirrar löggjafar er auðvitað hafinn. Við erum þess vegna ekki með þessum lögum að skapa ástand sem eigi á að vara til langs tíma heldur erum við að tala um skamman tíma."

Þessi orð hæstv. landbrh. eru í samræmi við það sem hann sagði í desember sl. þegar hann kynnti búvörulagabreytinguna sem þá var gerð. Hann sagði m.a., með leyfi forseta:

„Þar eð ekki liggur endanlega fyrir hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að geta uppfyllt þær skuldbindingar sem felast í væntanlegum GATT-samningi var ákveðið að frekari endurskoðun á innflutningsákvæðum búvörulaganna eigi sér stað á árinu 1994 með hliðsjón af þeim samningi." Og enn frekar sagði hæstv. landbrh.:

„Það má vera að hv. þm. kunni að gagnrýna að frv. skuli ekki taka á þeim atriðum sem lúta að væntanlegum GATT-samningi. Skýringin er auðvitað sú að þeir samningar í einstökum atriðum liggja ekki endanlega fyrir enda þurfa þeir meiri undirbúning en svo að unnt hafi verið að setja saman fullnægjandi lagagreinar um þau efni fyrir jólin."

Síðar sagði hann við sama tækifæri:

„Það hefur verið mjög áberandi í þeim umræðum sem hér hafa farið fram að GATT hefur verið dregið inn í þær. Það kemur alveg skýrt fram í greinargerð með frv. og líka í framsöguræðu minni að þessu frv. er ekki ætlað að taka til þeirra samninga heldur verður unnið að samningu nýs lagafrv. með fyllri ákvæðum og heimildum jafnóðum og það skýrist hvernig GATT-samningarnir munu vera í einstökum atriðum. Auðvit-

að hlýtur slíkt frv. að vera afgreitt samtímis GATT-samningunum á Alþingi."

Hvað eru menn svo að gera? Ég spyr.

Það frumvarp, sem ríkisstjórnin lagði fram, er byggt á framangreindum forsendum, þ.e. óbreyttu innflutningsbanni, verðjöfnunargjöldum í samræmi við milliríkjasamninga og skipun nefndar til þess að endurskoða innflutningslöggjöfina vegna nýrra GATT-samninga.

Ég kem nú að breytingum þeim sem hv. formaður landbn. hefur verið að vinna að á undanförnum fjórum vikum og hefur ætlað að taka út úr landbn. (**JGS:** Einu sinni í viku.) á hverjum þriðjudegi og mér er það minnisstætt að hæstv. dómsmrh. blessaði það að ekki skyldu verða tveir þriðjudagar í hverri viku.

Þær breytingar, sem hv. formaður landbúnaðarnefndar, lagði upphaflega til gengu þvert á samkomulag stjórnarflokkanna. Þar má nefna sem dæmi að reynt var að miða gjaldaheimildir landbúnaðarráðherra við aðstæður eftir gildistöku GATT-Úrúgvæ samningsins sem á eftir að útfæra nánar; gjaldaheimildir skyldu miðast við GATT-hámarkstolla, þ.e. að lagðir skyldu á tollar auk verðjöfnunar; sett var inn í drögin ákvæði um 50% „jöfnunarálag"; reynt var að skilgreina hugtakið landbúnaðarvörur rúmt þótt samkomulag hafi orðið um að notast við upptalningu á tollskrárnúmerum. Loks var bætt inn nýjum hugtökum eins og „tilsvarandi vörum" sem einnig útvíkkuðu heimildir landbúnaðarráðherra til gjaldtöku af öllum hugsanlegum vörum sem gætu komið í stað landbúnaðarvara þótt þær innihéldu engin landbúnaðarhráefni.

Það eru að sjálfsögðu ekki eðlileg vinnubrögð hjá stjórnarþingmanni að leggja til, eins og ég hef áður sagt, breytingar á stjórnarfrumvarpi án þess að eiga samráð við þá aðila sem hlut eiga að máli. Því síður er eðlilegt að gera slíkar breytingartillögur án þess að tryggja að þær séu í samræmi við það samkomulag sem stjórnarflokkarnir gerðu sín á milli og að skoða þá fjölmörgu milliríkjasamninga sem málið varðaði.

Alþfl. lýsti sig hins vegar strax reiðubúinn að gera tæknilegar breytingar á frv. svo framarlega sem efni þess væri ekki breytt. Enda hefur hann ætíð verið reiðubúinn að standa við það samkomulag sem hann hefur gert.

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til að rifja örlítið upp það sem gerðist vegna starfshátta landbn. Í febrúarbyrjun var lagt fram frv. ríkisstjórnarinnar. Þá var samþykkt í landbn. að óska eftir áliti þriggja virtra lögfræðinga, þeirra Gunnlaugs Claessens, Tryggva Gunnarssonar og Sveins Snorrasonar. Á þeim sama degi ræddi hv. formaður landbn. við þann sem hér stendur og talar og sagði: „Ég ætla að segja þér það, vinur, að það munu skiljast leiðir." Þetta var í upphafi febrúar. Þetta var tveim dögum eftir að frv. ríkisstjórnar kom fram. Við fengum álit þessara aðila. Það bar verulega í milli hjá þeim þremur ásamt með fjórða lögfræðingnum sem kom í heimsókn til landbn. um túlkun á ýmsum atriðum sem lágu í frv.

8. febrúar var samþykkt að fela þessum þremur virtu lögfræðingum að koma með sameiginlegt álit eða það var það sem ég skildi að þeir ættu að gera. En mánudaginn 14. febr. komu þeir með í stað álits ný drög að frv. til laga með greinargerð sem sitt álit til nefndar og það kynnti ég í mínum þingflokki og lýsti strax andstöðu við í landbn. Ég óskaði eftir fulltrúum frá utanrrn. og frá viðskrn. þegar verið væri að fjalla um milliríkjasamninga. Ég spurði þessa ágætu lögmenn hvort þeir hefðu haft samband og samráð við þá aðila sem hafa annast milliríkjasamninga. Þeir kváðu nei við. Og það var mér nægjanlegt því ég hafði ræður hæstv. landbrh. undir höndum og við þær hélt ég mig. (**Landbrh.:** Það er nú eitthvað ...)

Það var óskað eftir fulltrúum frá utanrrn. til fundar og þeir komu þriðjudaginn 15. febr. Þeir lýstu verulegum meinbug við frv. sem við vorum með í höndunum. Á sama tíma kom lögfræðingur Neytendasamtakanna og hann hafði miklar efasemdir um það sem þarna var verið að gera. Ég mun koma að því nánar síðar. Á sama þriðjudegi, 15. febr., lýsti ég andstöðu við fjölmörg atriði sem var búið að draga inn í nýtt frv. og taldi ekki unnt að sætta mig við þá punkta sem voru komnir inn og ég kem nánar að á eftir.

Mönnum er kunnugt um þá fjölmiðlasyrpu sem hefur verið í gangi síðan 15. febr. og menn eru orðnir vinsælustu menn þjóðarinnar fyrir að fjalla um þessi landbúnaðarmál á þann veg sem þeir hafa gert og kynnt sig sem harmónikkuleikara ofan í kaupið.

Eftir að tillögur formanns landbúnaðarnefndar voru lagðar fram fóru sérfræðingar fjármálaráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins og utanríkisráðuneytisins yfir þær og í kjölfarið voru gerðar fjölmargar leiðréttingar. Kjartan Jóhannsson, sendiherra Íslands í Genf, var kallaður heim og sýndi hann fram á að þær væru í ósamræmi við GATT og milliríkjasamninga Íslands. Hann gerði m.a. skýran greinarmun á verðjöfnunargjöldum annars vegar sem eru lögð á iðnaðarvörur til þess að jafna samkeppnisstöðu með tilliti til mismunandi verðs á landbúnaðarhráefnum og tollum hins vegar sem eru lagðir á almennan innflutning og má beita til þess að vernda innlenda framleiðslu.

Ég nefni nú í tíu atriðum þá liði sem hafa náðst fram með breytingum sem ég er ánægður með:

1. Hugtakið „tilsvarandi vörur" var fellt niður.

2. Skilgreining á hugtakinu „landbúnaðarvörur" var felld niður.

3. Verðjöfnun á unnum vörum var látin miðast við hráefnisþáttinn.

4. Tekið var fram að verðjöfnunargjöld skyldu eingöngu lögð á vegna hráefna sem eru framleidd á Íslandi.

5. 50% jöfnunarálag var fellt niður.

6. Gjaldaheimildir upp að GATT-bindingum voru felldar niður og komið var í veg fyrir gjaldaálagningu upp fyrir innanlandsverð.

7. Viðaukanum var skipt í tvennt í samræmi við upphaflega tillögu Alþýðuflokksins og fjöldi vöruflokka var strikaður út.

8. Hugtakið „heimsmarkaðsverð" var skilgreint.

9. Landbúnaðarráðherra var gert skylt að birta viðmiðunarverð.

10. Kveðið var á um að álagning verðjöfnunargjalda skyldi vera í samræmi við skilmála millirikjasamninga.

Ég bendi á fylgiskjal sem er með nál. þar sem er að finna upphaflegar brtt. formanns landbn.

Niðurstaðan í máli þessu er sú að upprunalegt samkomulag stjórnarflokkanna stendur óbreytt. Landbúnaðarráðherra er heimilt að stöðva innflutning landbúnaðarvara, sem hefur ekki verið leyfður hingað til, fram að gildistöku nýs GATT-samnings að svo miklu leyti sem millirikjasamningar leyfa. Honum er heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á þær vörur ef til innflutnings kemur fram að þeim tíma. Honum er einnig heimilt að leggja verðjöfnunargjöld á innflutning samkvæmt fríverslunarsamningum að svo miklu leyti sem þær vörur eru tilgreindar í viðaukum með frumvarpinu.

Ef reynt er að leggja eitthvert mat á áhrif frv. á vöruverð þá er rétt að gera greinarmun á því hvort verðjöfnunargjöld eru lögð á hreinar landbúnaðarvörur eða unnar/samsettar vörur.

Hreinar landbúnaðarvörur eru t.d. óunnið kjöt, mjólk, smjör og nýtt grænmeti. Frumvarpið heimilar að leggja gjöld á þessar vörur sem nemur mismuninum á heimsmarkaðsverði og innanlandsverði. (**Landbrh.:** En unnin kjötvara, er hún ekki ...?) Samkvæmt núgildandi GATT-samningi eru engin hámarksgjöld á framangreindum vörum þannig að þau geta verið mörg hundruð prósent, jafnvel mörg þúsund prósent, ef munurinn er nægilega mikill á milli heimsmarkaðsverðs og innanlandsverðs og heimildum er að fullu beitt. Með tilkomu hins nýja GATT-samnings, sem tekur gildi eftir áramót, er sett hámark á þessa tolla. Í prósentum talið geta þeir mest orðið 397% á kindakjöti, 538% á svínakjöti, 467% á kjúklingum, 586% á mjólk, 674% á smjöri, 445% á kartöflum, 240% á tómötum, 377% á gulrótum og 719% á sellerii, svo að dæmi séu tekin. Eru menn að segja að íslenskur landbúnaður sé ekki verndaður? Eru menn að segja að Alþfl., sem stendur að þessu, vilji ekki vernda íslenskan landbúnað? (**JGS:** Er hann tilbúinn að beita þessu?) Ef miðað er við krónutölu á kíló gætu þessar prósentutölur orðið enn hærri. Það er til marks um hversu ótæpilegar þessar hámarkstollaheimildir eru að hæstu rauntollar á matvöru í núgildandi tollskrá eru 30%. Ég endurtek: Það er til marks um hversu ótæpilegar þessar hámarkstollaheimildir eru að hæstu rauntollar á matvöru í núgildandi tollskrá eru 30%. Verður að vona að svo rúmar skattlagningarheimildir til handa ráðherra fái samrýmst þeim ákvæðum stjórnarskrárinnar sem við eiga.

Virðulegur forseti. Ég hef áður minnst á minnisatriði og minnisblöð virtra lögfræðinga þar sem þeir einmitt tóku á þessum þætti og fjölluðu um með okkur í landbn. Ég tel ástæðu, með leyfi forseta, til að gera grein fyrir umsögnum sem borist hafa til landbn. frá nokkrum aðilum.

Hér hef ég undir höndum plagg Neytendasamtakanna frá 9. febr. 1994 og vitna í það, með leyfi forseta:

„Með frv., verði það að lögum, er ekki eingöngu innflutningur búvara háður leyfi landbrh. heldur verða einnig fjölmargar iðnaðarvörur sem í einhverjum mæli innihalda landbúnarvörur háðar sama leyfi. Neytendasamtökin hafa aldrei mælt með hömlulausum innflutningi búvara. Samtökin hafa talið eðlilegt að veita íslenskum landbúnaði nauðsynlegan aðlögunartíma til að mæta erlendri samkeppni. Einnig að samkeppni erlendis frá með búvörur þurfi að vera hluti af alþjóðlegum samningum. Því hafa Neytendasamtökin lýst yfir eindregnum stuðningi við nýgert GATT-samkomulag þó svo að gagnrýnivert sé að ekki skuli í samkomulaginu lengra gengið í því að draga úr innanlandsstuðningi og útflutningsbótum á búvörum í einstökum löndum."

Ekki er það Alþfl. sem segir þessi orð.

Í lokin segir í blaði Neytendasamtakanna, með leyfi forseta:

„Það er skoðun Neytendasamtakanna að frv. í heild brjóti gegn GATT-samningum frá árinu 1968. Einnig er ljóst að seinni hluti viðauka með frv. brýtur gegn EFTA-samningum og fríverslunarsamningum við EB og fjölmörg önnur lönd. Samkvæmt þessum samningum er óheimilt að leyfisbinda og banna innflutning eins og frv. gerir ráð fyrir."

Álit Neytendasamtakanna á frv. hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar og Guðna Ágústssonar er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Neytendasamtökin leggjast eindregið gegn því frv. sem Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Guðni Ágústsson hafa lagt fram um breytingu á sömu lögum. (**GÁ:** Góður áttaviti.) Neytendasamtökin telja að 1. mgr. frv. sé með öllu óásættanleg og vísa til röksemda hér að framan. Það væri verið að fara mörg ár aftur í tímann með samþykkt þess, t.d. að leyfi landbrh. þyrfti til að flytja inn tilsvarandi búvöru." (**JGS:** Þetta skrifaði umhvrh. upp á í fyrra.)

Virðulegur forseti. Ég er hér með stjórnarályktun frá félaginu Röst, sem eru samtök um eflingu landbúnaðar og byggðar í landinu og vil, með leyfi forseta, vitna í þá ályktun. Þar segir:

„Hart er ef alþingismenn reynast svo óvandir að vinnubrögðum og skeytingarlausir gagnvart stjórnarskrá lýðveldisins sem raun ber vitni við að ná fram þeim vilja sínum." O.s.frv. Ég læt þessa tilvitnun nægja frá þessu ágæta félagi en vitna, með leyfi forseta, í annað bréf frá Neytendasamtökunum, svohljóðandi:

„Stjórn Neytendasamtakanna kom til fundar í dag, 16. febr., og gerði eftirfarandi samþykkt:

Stjórn Neytendasamtakanna telur að Alþingi gangi gegn hagsmunum almennings veiti það landbrh. nánast alræðisvald til að ráðskast með innflutning matvæla og verðlagningu þeirra að eigin geðþótta eins og virðist vera vilji landbn. þingsins. Verði hugmyndir nefndarinnar að veruleika óttast Neytendasamtökin að það muni geta leitt til hækkunar á verði fjölmargra tegunda matvæla, jafnt innfluttra sem innlendra, enda er ljóst að breyting á verði einnar tegundar matvæla getur haft veruleg áhrif á verð annarrar. Svo dæmi séu nefnd er rætt um að veita landbrh. heimild til að hækka verulega innflutningsjöld af grænmeti, ráðskast með

innflutning og verðlagningu á pasta, pitsum og sælgæti, tómatsósu, niðursoðnu grænmeti, kexi, matarolíu, smjörlíki, sultu, grautum og ýmsum vörum sem teljast vera tilsvarandi við landbúnaðarvörur. Jafnvel er rætt um að gera innflutning og verðlagningu blóma og jólatrjáa háðan geðþótta landbúnaðarráðherra. Samkvæmt heimildum Neytendasamtakanna er rætt um að veita landbrh. heimild til að hækka innflutningsgjöld um hundruð prósenta, jafnvel þúsundir prósenta.

Hér er um að ræða mjög teygjanlega heimild til eins ráðherra til að hafa veruleg áhrif á matvörumarkaðinn, hvað neytendur skuli leggja sér til munns og hvað það skuli kosta. (**ÓÞÞ:** Hvað mundi jólatréð kosta ef þetta væri?) (**Gripið fram í:** Hverjir éta jólatré?)

Neytendasamtökin telja að framsal Alþingis á slíku valdi til framkvæmdarvaldsins sé með öllu óeðlilegt og efast um að það standist stjórnarskrá landsins. Með því er vegið að valfrelsi neytenda og stuðlað að hækkun vöruverðs." — Og til að svara hv. 2. þm. Vestf. þá legg ég til að hann spyrji hæstv. landbrh.

„Neytendasamtökin hafa ítrekað lýst yfir stuðningi við GATT-samkomulagið sem tekur gildi um næstu áramót þar sem gert er ráð fyrir eðlilegri samkeppnisháttum í verslun með landbúnaðarvörur. Samtökin telja ekki óeðlilegt að þar til GATT-samkomulagið tekur gildi verði óbreytt ástand varðandi innflutning á búvörum. Hins vegar telja samtökin fráleitt að stjórnvöld gangi lengra en hefur tíðkast í átt til þess að takmarka innflutning matvara.

Neytendasamtökin lögðust gegn búvörufrv. ríkisstjórnarinnar enda er tilgangur þess að takmarka enn frekar en áður innflutning á algengum matvælum til landsins með breytingum þeim sem unnið er að í landbn. Er landbrh. þó veitt enn víðtækari heimild til að ráðskast með innflutning matvæla, ekki aðeins búvörur heldur einnig fjölmargra annarra tegunda matvæla, jafnvel matvæla sem ekki eru framleidd hérlendis."

Ég hef hér undir höndum álit Samtaka iðnaðarins sem ég ætla að vitna í, með leyfi hæstv. forseta:

„Samtökin telja fyllilega eðlilegt að íslenskur landbúnaður þurfi aðlögun að erlendri samkeppni. Hins vegar getur sú aðlögun vart hafist með því að banna innflutning landbúnaðarafurða í ljósi þess að við Íslendingar erum aðilar að GATT-samningum sem taka munu gildi um næstu áramót og þar með fellur þetta bann um sjálft sig. Heimildir til álagningar verðjöfnunargjalda ætti að gera skýrar og skilvirkar en þar með verður innflutningsbann líka óþarft.

Með breytingu á búvörulögunum, nr. 126/1993, var landbrh. veitt opin heimild til að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarafurðir, þar með taldar iðnaðarvörur sem innihalda landbúnaðarhráefni ef sams konar landbúnaðarafurðir eru framleiddar hér á landi. Í ljós kemur þegar bæta á um betur og fela landbrh. alræðisvald um það hvað má flytja til landsins, og undir þetta falla margs konar iðnaðarvörur og hráefni til iðnaðar, þetta kemur skýrt fram í þeim vörulista sem fylgir í sérstökum viðauka við lögin, að í lögin vantar skilgreiningu á því hvernig og við hvaða verð á að verðjafna."

Þarna lýkur tilvitnuninni sem reyndar er lengri en hér kom fram. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, vitna í grein sem heitir GATT-samkomulag, vörn smáþjóða:

„Þeim 116 þjóðum sem eru aðilar að GATT, sem er almennt samkomulag um tolla og viðskipti, tókst loks að ná saman um veigamiklar viðbætur við samkomulagið 15. des. sl., þann dag sem lokafresturinn rann út. Meginmarkmið GATT er að aðildarríkin opni markaði sína hvert fyrir öðru. Þetta gerist í raun þannig, til að skýra það betur, að þegar tvö lönd semja um tollalækkanir, þá gildir lækkunin jafnt gagnvart öllum aðildarríkjum með sjálfvirkum hætti. Þannig hafa lítil lönd eins og Ísland búið við mun greiðari aðgang að mörkuðum stórþjóða en þau hefðu getað náð í tvíhliða samningum.

Fríverslun hefur verið drifkraftur aukinnar velmegunar og velferðar í heiminum undanfarna áratugi en heimsverslunin hefur tólffaldast á gildistíma samkomulagsins. Undanfarna tvo áratugi hefur árlegur hagvöxtur í heiminum verið um 3%, en heimsverslunin aukist um 4%. Grundvöllur þessarar þróunar var GATT-samkomulagið en með því hefur náðst sá árangur að lækka tolla á vörum í heiminum úr 40% þegar GATT var stofnað fyrir tæplega hálfri öld eða 1948 í um það bil 5% eins og þeir eru nú að meðaltali.

Fram á síðustu stund ríkti óvissa um hvort samningar tækjust og strandaði aðallega á deilum Bandaríkjamanna og Frakka um niðurgreiðslur í landbúnaði. Landbúnaður er smámál sé litið til alls samningsins en þrátt fyrir það var í fyrsta sinn tekið á málefnum hans á þessum vettvangi og landbúnaðarmál eru sérstaklega viðkvæm í pólitískri umræðu eins og menn hér hafa almennt orðið varir við.

Ótti manna við það að ef samningar tækjust ekki mundi öfugþróun hefjast í átt til aukinnar verndarstefnu hefur eflaust átt drjúgan þátt í að samningar náðust loks eftir allan þennan tíma. Í efnahagslægðinni sem ríkt hefur undanfarin ár með meðfylgjandi atvinnuleysi og aukinni samkeppni frá löndum Suðaustur-Asíu hefur málflutningur verndarsinna fengið aukinn hljómgrunn. Óttinn við afleiðingar víxlhækkandi tolla milli landa knúði forustumenn þjóðanna til samninga. Næðust þeir ekki væri óbreytt ástand útilokað. Þjóðirnar mundu annaðhvort smám saman hverfa frá fríverslun og þeim alþjóðareglum sem hún byggðist á eða hefja viðskiptastríð að hætti kreppuáranna á fjórða áratugnum.

Það þarf ekki að fjölyrða um það hvernig slík þróun mundi leika okkur Íslendinga. En nú er þessi ótti að baki. Og nú er búist við að heimsverslun aukist um 5% árlega en hagfræðingar GATT hafa metið áhrif nýja samningsins til 200 milljarða dollara tekjuaukningar jarðarbúa innan 10 ára. Tollar lækka úr 5% að meðaltali í 3%. Viðskipti með landbúnaðar- og vefnaðarvörur verða frjálsari. Leikreglur frjálsrar samkeppni ná nú yfir allt viðskiptasviðið og greiðfær leið er fyrir ríki sem telja sig beitt óréttmætum viðskiptaþvingunum að leita réttar síns hjá GATT-dómstólnum."

Ef fluttar eru inn unnar vörur eða samsettar vörur má leggja á þær verðjöfnunargjöld í hlutfalli við þátt

landbúnaðarhráefna í verði þeirra. Upphæð gjaldanna takmarkast við muninn á lægsta verði innan EES-svæðisins og innanlandsverði ef um er að ræða vörur sem falla undir bókun 3 við EES-samninginn. Sú bókun tekur væntanlega gildi um mitt þetta ár. Ef hinar unnu vörur falla ekki undir bókun 3 má hins vegar verðjafna allt niður í heimsmarkaðsverð viðkomandi hráefnis sem er jafnan lægra en lægsta EES-verð.

Af framangreindum dæmum sést að frumvarp þetta veitir landbúnaðarráðherra allverulegar heimildir til gjaldtöku á innfluttar landbúnaðarvörur og vörur unnar úr þeim. Nauðsynlegt er að marka stefnu á næstu vikum og mánuðum um hvernig þessar heimildir verða nýttar, enda er það sjálfsögð krafa af hálfu framleiðenda landbúnaðarvara að stjórnvöld kynni það með fyrirvara hvernig þessum málum verði háttað.

Nefnd fimm ráðuneyta mun gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um útfærslu á ýmsum álitamálum sem koma upp við framkvæmd GATT-samningsins. Nefndin mun endurskoða innflutningslöggjöfina í heild, m.a. ákvæði búvörulaga og tollalaga. Í því sambandi verður m.a. að hafa í huga þau markmið GATT-samningsins að innflutningsgjöld verði að vera sýnileg, fastákveðin og fyrirsjáanleg.

Þau álitaefni eru bæði mörg og flókin sem verður að taka afstöðu til áður en innflutningur getur hafist samkvæmt þeim samningi, m.a. útdeilingar tollkvóta á grundvelli svokallaðs lágmarksmarkaðsaðgangs, óbreytts markaðsaðgangs o.fl. Þessi atriði munu hljóta nánari umfjöllun þegar GATT-Úrúgvæ samningurinn verður lagður fyrir Alþingi. Samningurinn hefur enn ekki verið undirritaður — ég endurtek: samningurinn hefur enn ekki verið undirritaður — og er margt enn óljóst varðandi það hvernig hann verður framkvæmdur.

Ég tel eðlilegt að fjalla nokkuð nánar um efni frv. og ég ætla að ræða það eins og það lítur út núna miðað við breytingartillögur fjögurra fulltrúa stjórnarflokkanna. Neðangreindar athugasemdir byggjast að verulegu leyti á skýringum sérfræðinga fjármálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og utanríkisráðuneytis.

Breytingarnar, sem við fjórir fulltrúar stjórnarflokkanna höfum orðið sammála um gera greinarmun á, eru á tveimur tegundum landbúnaðarvara, annars vegar svokölluðum bannlistavörum, í viðauka I, og hins vegar vörum sem ekki eru háðar innflutningsleyfum en heimilt er að verðjafna fyrir, í viðauka II.

Varðandi 52. gr. Samkvæmt núgildandi 1. mgr. 72. gr. þarf ekki að leita álits Framleiðsluráðs landbúnaðarins varðandi innflutning samkvæmt milliríkjasamningum. Telja verður að nýtt orðalag 52. gr. breyti þessu ekki vegna heimildar landbúnaðarráðherra til þess að ákveða að innflutningur skuli tímabundið vera frjáls. Landbúnaðarráðherra gæti uppfyllt samningsskuldbindingar Íslands með því að ákveða í reglugerð að innflutningur samkvæmt fríverslunarsamningum skuli vera frjáls og þannig ekki háður umsögn Framleiðsluráðsins.

Varðandi 4. mgr. 53. gr. Þetta ákvæði leiðir til hliðstæðrar niðurstöðu og að framan, þ.e. að ekki þurfi meðmæli nefndar skv. 53. gr. til þess að uppfylla skuldbindingar milliríkjasamninga.

Tekið skal fram að þótt í orðalagi 52. og 53. gr. búvörulaga felist að landbúnaðarráðherra geti leyft innflutning á þar til greindum vörum verður að líta svo á að honum sé það skylt ef um er að ræða vörur sem heyra undir fríverslunarsamninga. Ákvæði 6. gr. tollalaga hafa verið skilin á sama veg. Þar segir að ráðherra sé heimilt að láta koma til framkvæmda ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Litið hefur verið svo á að honum sé skylt að fella niður tolla og að öðru leyti fara eftir milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að.

Um 72. gr. Skýrt er tekið fram að heimild landbúnaðarráðherra til álagningar verðjöfnunargjalda er bundin við vörur í viðauka I og II. Heimildin takmarkast við að jafna megi samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara með tilliti til verðs á hráefnum sem þýðir að verðjöfnunargjöldin ættu ekki að leiða til þess að innflutningur verði dýrari en innlendar vörur.

Varðandi t.d. grænmeti gæti landbúnaðarráðherra lagt gjöld yfir sumarið á innflutta tómata sem mundu jafna verð þeirra og innanlandsverð, að teknu tilliti til 30% tolls sem nú er á grænmeti. Verðjöfnunargjöldin mættu ekki hækka verð tómatanna upp fyrir innanlandsverðið.

Heimildir landbúnaðarráðherra til þess að leggja á verðjöfnunargjöld ná ekki til allra vara í viðaukum I og II heldur eingöngu þeirra sem jafnframt eru framleiddar hér á landi. Þessa niðurstöðu leiðir einnig af hugtakinu „verðjöfnunargjöld“, en í því felst að jafna megi verðmun á innfluttum vörum sem jafnframt eru framleiddar innan lands. Ekki er því heimilt að beita verðjöfnunargjöldum á vörur sem eru ekki framleiddar hér á landi, t.d. erlendar grænmetistegundir. Ekki væri heldur eðlilegt að beita verðjöfnunargjöldum á grænmetistegundir sem hér eru framleiddar á þeim árstímum sem þær eru ekki á markaðnum. Ef um unnar eða samsettar vörur er að ræða mætti ekki beita verðjöfnunargjöldum á hráefni sem eru ekki framleidd hér á landi, t.d. jurtaolíur í smjörlíki.

Þær heimildir til handa landbúnaðarráðherra til álagningar verðjöfnunargjalda á unnar landbúnaðarvörur, sem falla undir fríverslunarsamninga og útfærðar eru í breytingartillögum okkar fjögurra fulltrúa stjórnarflokkanna við frumvarp þetta, höfðu áður verið veittar fjármálaráðherra með breytingu á tollalögum, nr. 18, 7. apríl 1993, þ.e. í 120. gr. A. Þessar sömu heimildir fjármálaráðherra eru nú felldar niður með því ákvæði sem verður 9. mgr. 72. gr. búvörulaga. Flokka má þetta undir lagalega snyrtimennsku. Á sama hátt hefði verið snyrtilegra að fella niður heimild landbúnaðarráðherra til þess að leggja jöfnunargjald á innfluttar kartöflur og vörur unnar úr þeim skv. d-lið 30. gr. búvörulaga vegna þess að með frumvarpinu yrði sú heimild orðin tvöföld. Væntanlega verður þessu atriði kippt í liðinn við næstu breytingu á búvörulögum.

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið hjá líða að gera

athugasemdir við álit 1. minni hluta landbúnaðarnefndar sem neyddi mig til þess að fara út í þá vinnu sem ég hef innt af hendi við að koma saman áliti ásamt með þeim sérfræðingum sem ég naut aðstoðar hjá. Ég tel rétt að endurtaka það sem ég sagði hér í upphafi. Ég óskaði eftir því að fá að gera breytingar á nefndaráliti sem ég fékk afhent hjá lögfræðingunum í mínar hendur og ég sá strax að það passaði ekki við lagatextann. Ég óskaði eftir því og var kominn til Tryggva Gunnarssonar með hv. formanni landbn. og var verið að skoða hvort hægt væri að ná samkomulagi. (**Gripið fram í:** Með formanni nefndarinnar?) Með hv. formanni landbn. (**Gripið fram í:** Agli Jónssyni?) Þegar þar var komið að verið var að skoða hvernig mætti samræma þetta, þá var sagt: Nei, nei, nei. Það á engu að breyta. Við ætlum bara að hlusta á athugasemdir þínar. Þess vegna lagði ég í alla þessa vinnu.

Það er ýmislegt sem þar kemur fram sem er byggt á misskilningi og er ekki í samræmi við efni frv. Við slíkar aðstæður er álitið til þess fallið að ala á réttaróvissu og gæti orðið hvati að óþarfa málshöfðun.

Í nefndaráliti 1. minni hluta segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sú breyting, sem frumvarpið [ríkisstjórnarinnar] gerir ráð fyrir að verði á 52. gr. búvörulaganna frá því viðhorfi sem uppi var á Alþingi við setningu laga nr. 126/1993 í desember sl. varðandi heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum, yrði til að þrengja verðjöfnunargjaldaheimild landbúnaðarráðherra."

Þessu vildi ég fá breytt. Hér er um misskilning að ræða. Við setningu laga nr. 126/1993 var gengið út frá því að landbúnaðarráðherra gæti lagt verðjöfnunargjöld á landbúnaðarvörur sem fluttar yrðu inn í samræmi við ákvæði í fríverslunar- og milliríkjasamningum. Ekki stóð til að hann legði á nein önnur gjöld vegna þess að ekki stóð til að opna fyrir innflutning á landbúnaðarvörum sem hafði ekki mátt flytja inn. (**Landbrh.:** Þetta er rangt.) Enda var 52. gr. búvörulaga ekki breytt, en hún kveður á um að innflutningur landbúnaðarvara skuli því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni innan lands.

Þær landbúnaðarvörur, sem mátti ekki flytja inn, voru skilgreindar í auglýsingu viðskiptaráðherra um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi, nr. 313/1990, sem byggðist á lögum um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála. Þessi sami vörulisti skilgreindi jafnframt hvaða vörur landbúnaðarráðherra mætti leggja á verðjöfnunargjöld ef til innflutnings hefði komið fyrir gildistöku nýja GATT-samningsins, þ.e. landbúnaðarráðherra hefði getað lagt verðjöfnunargjöld á þessar bannlistavörur og vörur sem fluttar voru inn samkvæmt ákvæðum fríverslunarsamninga en engar aðrar.

Það stóð ekki til að veita landbúnaðarráðherra heimild til að leggja gjöld á allar landbúnaðarvörur og vörur unnar úr þeim, enda hefði slík ákvörðun kallað á mun meiri umfjöllun, skoðun á því hvort svo víðtækar skattlagningarheimildir stæðust stjórnarskrá, áhrif á vöruverð í landinu o.s.frv. Þess vegna er ekki rétt sem segir í áliti 1. minni hluta að það hafi verið „markmið setningar laga nr. 126/1993 í desember sl. að fela landbúnaðarráðherra að fara alfarið með álagningu verðjöfnunargjalda á innfluttar landbúnaðarvörur." Það er heldur ekki rétt að frumvarp ríkisstjórnarinnar hafi þrengt verðjöfnunargjaldaheimildir landbúnaðarráðherra. Mikil vinna var lögð í að tryggja að í viðaukanum við lögin yrðu allar þær vörur sem landbúnaðarráðherra mundi hugsanlega vilja leggja verðjöfnunargjöld á. Landbúnaðarráðherra hefur reyndar viðurkennt að listinn sé tæmandi.

Ég tel að stjórnarflokkarnir hafi gert með sér pólitískt samkomulag sl. haust, þegar gengið var frá GATT-tilboði Íslands í landbúnaðarmálum, um að engin innflutningsgjöld yrðu lögð á innfluttar landbúnaðarvörur sem voru þá í frjálsum innflutningi.

Loks verður að hafa í huga í þessu sambandi að í nýja GATT-samningnum, sem ekki er samþykktur, eru ákvæði sem er ætlað að tryggja óbreyttan markaðsaðgang („current access") miðað við tímabilið 1986–1988. Það er viðmiðunartímabilið. Í þeim tilfellum þegar GATT-hámarkstollarnir hafa verið hækkaðir við það að innflutningstakmarkanir hafa verið umreiknaðar í tolla verður að heimila innflutning á sama magni og var á viðmiðunarárunum og á sömu kjörum og þá. T.d. ef flutt voru inn að meðaltali 10 tonn árlega af tómötum með 30% tolli á viðmiðunarárunum mættu innflutningsgjöld ekki fara upp fyrir það á fyrstu 10 tonnunum sem flutt eru inn árlega eftir gildistöku nýja GATT-samningsins.

Í nefndaráliti 1. minni hluta segir enn fremur að breytingartillögur hans feli „ekki í sér efnislega breytingu á því forræði landbúnaðarráðherra á verðjöfnunargjöldum á innfluttar landbúnaðarvörur sem á var byggt við breytingu á búvörulögunum í desember sl." Þetta er ekki rétt með vísan til þess sem að framan segir. Einnig skal bent á að bætt hefur verið vörum í viðauka II sem hafa verið í frjálsum innflutningi, bætt hefur verið á listann vörum sem hingað til hafa verið í frjálsum innflutningi og ekki falla undir fríverslunarsamninga.

Virðulegur forseti. Ég tel ástæðu til að velta því fyrir sér hvort GATT heimili innflutningsbann. Nefndarálit 1. minni hluta vísar til c-liðar 2. mgr. 11. gr. GATT sem heimilar innflutningstakmarkanir í vissum tilvikum. Orðalag greinarinnar er fremur torskilið, en hugsunin er í stuttu máli þessi:

Í fyrsta lagi er ekki heimilt að takmarka innflutning nema einnig séu takmarkanir á innlendri framleiðslu. Þessi regla er nauðsynleg til að koma í veg fyrir notkun magnkvóta í venjulegum verndartilgangi. Í öðru lagi verður innlenda framleiðslan að vera takmörkuð að svipuðu marki og innflutningurinn. Þetta skilyrði, sem tengist fyrra skilyrðinu, er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að lönd beiti innflutningstakmörkunum til að auka innlenda framleiðslu með því að skera niður innflutning. Loks verður að tilkynna með opinberum hætti hvaða innflutningur verður leyfður og það ríki sem beitir takmörkun verður að eiga samráð við önnur aðildarríki sem kvarta yfir því að takmörkunin uppfylli ekki þau skilyrði sem lýst er hér að ofan.

Þetta þýðir að núgildandi GATT-samningur setur ströng skilyrði fyrir því að beita megi innflutningstakmörkunum á landbúnaðarvörur. Ísland var undanþegið þessari samningsskuldbindingu með ákvæði í bókun um aðild sína að GATT (svokölluðu „afaákvæði" eða „grandfather clause"). Þar segir að Ísland skuli beita II. hluta samningsins (þar á meðal framangreindri 11. gr.) að svo miklu leyti sem hann er ekki í ósamræmi við lagaákvæði í gildi við dagsetningu bókunarinnar (þ.e. 30. júní 1967). Á þeim tíma var innflutningur á flestum landbúnaðarvörum bannaður með reglugerð nr. 3/1967, sbr. lög nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

Framangreind undanþága féll niður 23. nóv. 1992 með gildistöku laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992. Þau felldu úr gildi lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63/1979, sem komu í stað fyrrnefndra laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Ekki er heimilt samkvæmt GATT að endurvekja innflutningstakmarkanir sem hafa verið felldar niður.

Samkvæmt þessu er eingöngu heimilt samkvæmt núgildandi GATT-samningi að takmarka innflutning á landbúnaðarvörum sem eru háðar framleiðslustýringu, þ.e. hrárri mjólk og kindakjöti. Ekki er heimilt að takmarka innflutning á öðrum mjólkurvörum en mjólk eða öðru kjöti en kindakjöti. Fjölmargir GATT-úrskurðir hafa fallið sem skýra þetta nánar. Nægir að nefnda deilu Bandaríkjanna við Kanada varðandi innflutningstakmarkanir á ís og jógúrt. GATT-panelúrskurður féll í málinu í október 1989.

Málið snerist um það að Kanada beitti innflutningstakmörkunum á jógúrt og ís. Kanada bar m.a. fyrir sig að takmarkanirnar réttlættust af 2. mgr. 11. gr. GATT vegna þess að framleiðslustýring væri á mjólk. Kanada hélt því fram að innflutningur á ís og jógúrt drægi úr neyslu á innlendum ís og jógúrt. Þar með skapaðist hætta á offramleiðslu á mjólk sem torveldaði framleiðslustýringu hennar. Kanada taldi að jógúrt og ís væri í raun mjólk í öðru formi. Framleiðslustýring á mjólk fæli þar með í sér einnig framleiðslustýringu á jógúrt og ís.

Þessu hafnaði GATT-panellinn sem taldi að jógúrt og ís væru hvorki tilsvarandi vörur eða vörur sem geti beint komið í staðinn fyrir kanadíska mjólk í skilningi 11. gr. GATT. Innflutningstakmarkanir Kanada á ís og jógúrt voru því taldar samningsbrot.

Framangreindur úrskurður hefur beina þýðingu fyrir aðstæður hér á landi. Hann staðfestir það að landbrh. væri óheimilt að takmarka innflutning á öðrum landbúnaðarvörum en mjólk og kindakjöti. Annað væri brot á núverandi skuldbindingum GATT.

Alþfl. hefði kosið að fara aðra leið að sama marki sem ekki bryti í bága við núgildandi GATT-samning. Sú leið er fær að hækka tolla, hv. formaður landbn., hæfilega mikið til bráðabirgða á þeim vörum sem hafa verið bannaðar hingað til fram að gildistöku nýja GATT-samningsins. Flestar þessar vörur eru ekki háðar GATT-hámarkstollum. Ekki náðist hins vegar samkomulag um að beita þessari aðferð heldur varð niðurstaðan að stöðva innflutninginn til bráðabirgða með leyfisveitingarvaldi til handa landbrh.

Alþfl. benti á að þessi aðferð skapaði í raun fleiri vandamál en hún leysi og má benda á dæmi um vöru sem nú stendur á hafnarbakkanum í Reykjavík. Kanadamenn hafa spurst fyrir um þetta mál á fundi í Genf nýlega þegar viðskiptastefna Íslands gagnvart GATT-samningnum var í fyrsta sinn til skoðunar. Íslensk stjórnvöld fullyrtu að umrædd sending yrði afgreidd þegar viðeigandi heilbrigðisvottorð hefðu verið lögð fram. Kannast hv. þm. við þetta orðalag? Kannast hv. þm. við að eitthvað gengur á í Frakklandi þar sem er verið að ræða um heilbrigðisvottorð? Þau héldu því ekki fram að innflutningsbann væri fyrir hendi, enda hefur það verið afnumið. Spyrja má hvernig Kanadamenn bregðist við ef landbrh. beitir þeim heimildum sem hann fær með því frv. sem nú er lagt fram til þess að stöðva þennan innflutning. Lítil von er til þess að Kanadamenn láti þetta mál gleymast, enda hafa þeir nú sent viðskiptafulltrúa sinn í Ósló til Íslands til þess að spyrjast fyrir um gang málsins. (**Gripið fram í:** Er þetta hótun?)

Ísland flutti út sjávarafurðir fyrir 150 millj. kr. til Kanada árið 1992, hv. formaður landbn., (**Gripið fram í:** Var þetta hótun?) landbúnaðarvörur fyrir 9 millj. kr. og iðnaðarvörur fyrir 140 millj. kr. Kanada er okkar tuttugasti mikilvægasti útflutningsmarkaður þannig að það gæti reynst dýrkeypt ef ekki verður staðið við GATT-samninginn í þessu tilfelli. — Hv. þm. mega skilja þessa tilvitnun sem hótun ef þeir vilja, en þá lít ég svo á að hv. þm. sem hér eru að grípa fram í taki ekki á þeirri alvöru sem Ísland býr við varðandi það að koma sínum vörum á markað erlendis. — Það er ekki síður mikilvægt að stilla gjaldtöku í hóf á útflutningsvörum Kanada til Íslands eins og frönskum kartöflum, sem nú eru 90%, ef það getur orðið til þess að auðvelda útflutning á verðmætri vöru eins og á tölvuvogum frá fyrirtækinu Marel svo eitthvað sé nefnt. Sem kunnugt er hafði landbrh. notað heimildir í 30. gr. búvörulaga sem heimilar gjaldtöku á kartöflur upp að 200% til þess að leggja 120% gjald m.a. á franskar kartöflur. Gjaldtaka þessi var í andstöðu við núverandi GATT-samningsskuldbindingar og voru því lækkaðar í 90% eftir kvörtun frá Kanada. Ég hygg að menn muni þessar gjörðir. Þær eru nýlegar. Þetta dæmi sýnir hversu varhugavert það er að atvinnuvegaráðuneytin sjálf fari með innflutningsgjöld á vörur sem falla undir þeirra svið og það ætti að vera þannig að enginn skyldi dæma í eigin sök.

Tekið skal fram að það heyrir til undantekningartilfella að landbúnaðarráðuneytin fari með verðjöfnunargjaldaheimildir í nágrannalöndunum. Að vísu er það svo í Noregi og Sviþjóð, en í Sviss er það utanríkisviðskiptaráðuneytið. Í flestum öðrum löndum eru það fjármálaráðuneytin, m.a. í Austurríki, Finnlandi og, fram til þessa, á Íslandi.

Það að færa atvinnuvegaráðuneytunum innflutningsgjaldaheimildir býður tvöfaldri hættu heim, að hagsmunum í utanríkisviðskiptum verði stefnt í hættu og að hagsmunir neytenda verði fyrir borð bornir. Mun skynsamlegra er að slíkar heimildir séu á annarri hendi,

t.d. hjá því ráðuneyti sem fer með útflutningsmál. Þannig væri best tryggt að haftasjónarmiðum verði haldið í skefjum og að útflutningshagsmunir verði settir öðrum framar, enda er aukinn útflutningur eina vonin til þess að bæta lífskjör á Íslandi á næstu árum.

Varðandi takmörkun á innflutningsvaldi Framleiðsluráðs landbúnaðarins. Með breytingartillögum fjögurra fulltrúa stjórnarflokkanna er lagt til að vald Framleiðsluráðs landbúnaðarins til þess að stöðva matvælainnflutning til landsins á vörum, sem innlend framleiðsla fullnægir eftirspurn á, skuli afnumið. Í staðinn fái Framleiðsluráð umsagnarrétt um innflutning tilgreindra landbúnaðarvara. Sérstök ástæða er til að fagna þessari niðurstöðu því að hún er í samræmi við þá stefnu sem Bjarni Benediktsson barðist fyrir í þessu máli árið 1956. Í frv. til laga nr. 40/1956 stóð að leita þyrfti „samþykkis" Framleiðsluráðs fyrir innflutningi landbúnaðarvara. Því var breytt í meðförum þingsins í að leita skyldi „álits og tillagna Framleiðsluráðs". Um þetta sagði Bjarni Benediktsson, fyrrv. dómsmálaráðherra, m.a. með leyfi hæstv. forseta:

„En í ljós kom, að það synjunarvald á innflutningi og útflutningi allra landbúnaðarafurða, einnig annarra en grænmetisafurða, sem í frumvarpsgreininni er fengið þeirri stofnun, sem hér um ræðir, er algerlega nýtt. Slík heimild hefur ekki áður verið í lögum, og ég og nokkrir fleiri þingmenn deildarinnar vorum ákveðnir í því, að ef þessu ákvæði fengist ekki breytt, þá mundum við ekki treysta okkur til þess að fylgja frumvarpinu. Nú hefur málum svo skipast, að landbn. með þessa vitneskju í huga hefur orðið sammála um að færa greinina í það horf, sem ég tel aðgengilegt, að Framleiðsluráð hafi hér umsagnarrétt. Það er mjög eðlilegt, að fulltrúar bændanna eigi rétt á því að láta uppi sitt álit um þetta. Hitt gat ekki komið til mála, að fela þeim úrslitaákvörðunarvaldið í svo víðtæku málefni."

Eins og kunnugt er urðu sjónarmið Bjarna Benediktssonar undir árið 1985 þegar núverandi ákvæði um vald Framleiðsluráðs landbúnaðarins var sett í búvörulög.

Umfang gjaldaheimilda landbrh. Í nefndaráliti 1. minni hluta er ítrekað að við samþykkt búvörulagabreytingarinnar í desember sl. hafi verið gengið út frá því að landbrh. fengi vald til að leggja verðjöfnunargjöld á allar landbúnaðarvörur. Jafnframt segir að ekkert hámark hafi verið sett á þessar skattlagningarheimildir. Þetta er rangt með vísan til þess sem fyrr segir um þetta mál. Með nefndarálitinu er gefið í skyn að greinargerðir, nefndarálit og þingræður skipti nánast ekki máli varðandi túlkun laga nr. 126/1993 og eru það nýstárlegar lögfræðikenningar. Hann segir svo orðrétt, með leyfi forseta: „Var við það miðað að landbrh. fengi með þeim lögum vald til að leggja verðjöfnunargjöld á allar innfluttar landbúnaðarvörur. Deilan um hvort lög nr. 126/1993 hafi átt að ná til Úrúgvæ-samnings GATT hefur ekki snúist um þetta atriði, heldur hvort ákvæði laganna um ákvörðun um fjárhæð gjaldanna hafi einnig átt að ná til þeirra sérstöku heimilda sem veittar verða með hinum væntanlega GATT-samningi vegna umreiknings innflutningstakmarkana yfir í heimildir til álagningar gjalda á innfluttar landbúnaðarvörur. Hvað sem líður ummælum í greinargerðum, nefndarálitum og í þingræðum við afgreiðslu þeirra laga er ljóst að texti laga nr. 126/1993 takmarkar ekki heimild landrh. að þessu leyti."

Þessi fullyrðing stenst ekki. Gjaldaheimildir landbrh. eru skýrt afmarkaðar í milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Alþingi hefur samþykkt alla þessa samninga. Ekki stóð til að beita verðjöfnunarheimildum fram að gildistöku GATT varðandi aðrar landbúnaðarvörur, en ef á það hefði reynt takmörkuðust gjöldin við „verðjöfnunargjöld til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara í samræmi við 3. mgr. 72. gr." Skattlagningarheimildir ber ætíð að túlka þröngt. Þetta kom fram í áliti virtra lögfræðinga sem komu inn til landbn. Í þessu orðalagi felst að ekki er heimilt að leggja gjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem mundi gera þær dýrari en innlendar.

Ef fullum gjaldaheimildum væri beitt samkvæmt væntanlegum nýjum GATT-samningi væri einmitt hætta á því að innlenda framleiðslan nyti verndar vegna þessara nýju GATT-hámarkstolla sem taka mið af 6–9 ára gömlu verði, þ.e. þegar innflutningsverndin var meiri en hún er nú.

Varðandi tilsvarandi vörur segir í nefndaráliti virðulegs 1. minni hluta, með leyfi forseta:

„Við val á vörum, sem taldar eru upp í viðaukunum, hefur verið fylgt því sjónarmiði að um sé að ræða samkeppnisvörur íslensks landbúnaðar hvort sem viðkomandi landbúnaðarhráefni er framleitt hér á landi eða ekki. Er þá byggt á mati á því í hvaða tilvikum íslenskur landbúnaður þarfnist samkeppnisjöfnunar af því tagi sem verðjöfnunargjöld geta veitt."

Þessi lýsing er villandi. Hún er röng vegna þess að vörurnar, sem eru í viðaukum I og II, miðast ekki sérstaklega við samkeppnisvörur íslensks landbúnaðar. Þar eru fyrst og fremst bannlistavörur, þ.e. vörur sem bannaður var innflutningur á, og vissar unnar/samsettar vörur sem fríverslunarsamningar heimila að lögð verði verðjöfnunargjöld á, fyrst og fremst vörur sem innihalda kjöt, egg, ost, mjólkurduft, mjólkurfitu eða kartöflur. Þetta eru hráefnin sem hingað til hefur verið verðjafnað fyrir og koma fram í bókun 3 við EES-samninginn. Ekki hefur staðið til að fjölga þeim hráefnistegundum sem verðjafnað hefur verið fyrir hingað til. Annað væri brot á pólitísku samkomulagi stjórnarflokkanna sem áður er lýst.

Ég tel að framangreind lýsing í áliti 1. minni hluta sé enn fremur villandi vegna þess að samkvæmt frv. er eingöngu hægt að verðjafna fyrir landbúnaðarhráefni sem jafnframt eru framleidd hér á landi. Skýrt er tekið fram í 1. mgr. 72. gr. að þetta sé eitt skilyrði verðjöfnunar. Þar að auki væri ekki um verðjöfnun að ræða nema viðkomandi hráefni væri framleitt hér á landi heldur verndartolla á samkeppnisvörur. Aldrei hefur staðið til að veita slíkar heimildir.

Virðulegur forseti. Ég ætla að fjalla örlítið um heimildir eftir gildistöku væntanlegs nýs GATT-samnings.

Formaður landbúnaðarnefndar telur að heimildir til

álagningar verðjöfnunargjalda eigi að haldast eftir gildistöku GATT-Úrúgvæ samningsins. Með öllu er óvíst að þetta gangi upp. Upplýsingar liggja ekki fyrir um það að hve miklu leyti megi beita breytilegum gjöldum eftir gildistöku nýs GATT-samnings. Svo virðist sem heimilt verði að beita verðjöfnunargjöldum á unnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni innan fríverslunarsamninga, en ekki liggur fyrir hvort beita megi breytilegum gjöldum á hreinar landbúnaðarvörur almennt eins og frv. gerir ráð fyrir. Að þessu leyti er óheppilegt að ekki náðist samkomulag um að gera skýran greinarmun þar á milli eins og eðlilegt hefði verið, þ.e. annars vegar á eiginlegum verðjöfnunargjöldum sem leggjast á framleiðsluvörur sem innihalda landbúnaðarhráefni og hins vegar á breytilegum tollum sem leggjast á hreinar landbúnaðarvörur. Ástæðan er sú að heldur óheppilegt orðalag var notað í lagabreytingunni sem var gerð á búvörulögum sl. desember og var talið rétt að halda því.

Ekki er ólíklegt að heimildin til álagningar verðjöfnunargjalda á landbúnaðarhráefni í unnum/samsettum vörum sé innan leyfilegra marka, enda oftast um tiltölulega litlar fjárhæðir að ræða, t.d. þau gjöld sem leggjast á 10% kjötinnihald í pitsum. Þegar beita á þessum sömu verðjöfnunargjöldum á hreinar landbúnaðarvörur gegnir hins vegar öðru máli. Ef gjöldin eru tiltölulega lág, t.d. innan hæstu marka samkvæmt núgildandi tollskrá, sem eru 30% á matvæli, gæti það verið í lagi. En verðjöfnunargjaldaheimildir frv. hlaupa á mörgum hundruðum prósenta og geta farið yfir 1.000% eins og áður sagði. Spurning er hvort svo rúmt framsal á skattlagningarvaldi standist stjórnarskrána og vitna ég þá til virtra lögfræðinga háttvirtra, Gunnlaugs Claessens, Tryggva Gunnarssonar og Sveins Snorrasonar — og Neytendasamtakanna að auki.

Væntanlega mun ekki á þetta reyna þar sem þessi skipan er ætluð til bráðabirgða og nefnd skipuð fulltrúum fimm ráðuneyta mun hafa það verkefni hverning málum verði tryggilega fyrir komið eftir gildistöku GATT-Úrúgvæ samningsins á næsta ári.

Hér eru síðan nokkrir hæstaréttardómar sem ég vil benda á að menn lesi og kynni sér rækilega og vel.

Í því frv. sem nú liggur fyrir er hámark verðjöfnunargjaldanna skilgreint sem mismunur á tilteknu innanlandsverði og erlendu viðmiðunarverði. Að vísu er reynt að afmarka skattlagningarheimildina með því að skilgreina þetta verð en á hitt ber að líta að það verð getur verið mismunandi fyrir sömu vörutegund. Í annan stað er m.a. miðað við verð samkvæmt IV. kafla búvörulaga. Það verð er ákveðið af verðlagsnefnd búvara, sem er skipuð sex mönnum, og fimmmannanefnd sem ákveður heildsöluverð búvara. Sú spurning vaknar hvort skattlagningarvaldið sé þar með í raun framselt þessum nefndum og gæti það verið brot á stjórnarskránni, sbr. ofangreinda dóma sem ég vitnaði til. (Gripið fram í.) Hæstv. landbrh., það er langt í land.

Samantekið, virðulegi forseti, eru þau atriði, sem ekki verður fallist á í nefndaráliti 1. minni hluta, í meginatriðum eftirfarandi:

1. Frumvarp ríkisstjórnarinnar þrengdi ekki heimildir landbrh. til álagningar verðjöfnunargjalda frá því sem var ákveðið með búvörulagabreytingunni í desember sl. Þvert á móti voru þær heimildir heldur auknar.

2. Aldrei hefur staðið til að veita landbrh. heimild til að leggja gjöld á allar landbúnaðarvörur og vörur unnar úr þeim.

3. Ekki er rétt að breytingartillögur fjögurra fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna feli ekki í sér efnislega breytingu á því forræði landbrh. á verðjöfnunargjöldum á innfluttum landbúnaðarvörum sem var byggt á við breytingu á búvörulögunum sl. desember. Þær eru nokkuð útvíkkaðar miðað við þau lög, en þrengdar miðað við skilning formanns landbúnaðarnefndar.

4. Það er á misskilningi byggt að núgildandi GATT-samningur heimili innflutningstakmarkanir á öðrum vörum en hrámjólk og kindakjöti.

5. Það er rangt að í frumvarpi ríkisstjórnarinnar hafi ekki falist hámark á verðjöfnunargjaldaheimildum landbrh.

6. Álit 1. minni hluta er villandi að svo miklu leyti sem gefið er í skyn að með frv. sé veitt heimild til að leggja gjöld á landbúnaðarvörur eða landbúnaðarhráefni sem ekki er framleitt hér á landi.

7. Það er rangt að frv. heimili að miða verðjöfnunargjöld við innflutningsverð sem eru undir skráðu heimsmarkaðsverði áður en þrír mánuðir eru liðnir frá því að slíkur innflutningur fyrst átti sér stað.

7. Það er með öllu óvíst hvort verðjöfnunargjaldaheimildir frv. standist nýja GATT-samninginn. (**Landbrh.:** Hver er skoðun þingmannsins?)

Virðulegi forseti. Ég er búinn að hlusta á mikið af þeirri umræðu sem fram hefur farið á þingi frá sl. hausti um landbúnaðarmál. Það verður að reikna með að allir þeir sem um málin fjalla geri það með bestu meiningu og með hag landsmanna fyrir brjósti hvort sem þeir eru bændur eða aðrir neytendur. En það er með ólíkindum hvað ber mikið í milli í þeim forsendum sem menn gefa sér fyrir umræðuna. Það vekur athygli að þeir alþingismenn sem helst eru taldir verjendur hagsmuna landbúnaðarins eru háðir því ráðstjórnarkerfi sem þeir hafa sjálfir komið á og virðist vera að koma frumframleiðandanum, bóndanum, á kaldan klaka. Ég er sannfærður um að réttur frumframleiðandans er mikill og hann verður að virða. Ráðstjórnarkerfið sem er verið að verja er afleiðing ákvarðana sem teknar hafa verið og ágallar sem komið hafa í ljós eru ekki viðurkenndir og lagfærðir. Þann tíma sem ég hef verið með í umfjöllun um landsmálin hefur stöðugt verið rætt um vanda sauðfjárbænda sem er að sjálfsögðu mikill. En það er lítill vilji til að ræða um annað það sem að er. (Gripið fram í.) Ég vil í þessu sambandi, hv. þm. Guðni Ágústsson, vekja athygli á að það hefur aldrei verið framleitt meira kjöt í landinu en nú. Nautakjöt er framleitt óháð allri stýringu, hvers kyns fuglakjöt án stýringar, svínakjötsframleiðslan stóreykst án takmarkana og svo er sett stjórnun á framleiðslu lambakjöts og síðan gala allir einum rómi: Sauðfjárvandamál, sauðfjárræktarvanda-

mál. En það sem gleymist er að ég held að það hafi sjaldan verið neytt svo mikils kjöts á Íslandi sem nú og aldrei hefur verið framleitt jafnmikið kjöt á Íslandi og nú. Og hvað er þá að? Hvað er þá að, hv. þm. Guðni Ágústsson? Er það Jón Baldvin? Er það stefna Alþfl. sem beinist að upptöku kerfisins? Er það bóndinn? Eða er það eitthvað annað? (**GÁ:** Er það Halldór Blöndal?)

Mitt svar er það að ráðstjórnarkerfið sem við berum ábyrgð á og þurfum að breyta er ástæðan. Þeim breytingum verða menn að ná saman um að vinna viðurkenningu. Ég vek athygli á því að landbúnaður hefur lotið stjórn Framsfl. fyrst og fremst, að Sjálfstfl. ógleymdum og svo garminum honum Allaballa með hv. þm. Steingrím Sigfússon í fararbroddi. Eftir þessa stjórnun standa eintóm vandamál og spyrjið hvaða bónda sem er hvort þessi útlistun sé ekki sú sem á við meiri hluta bænda. Þeir eru flestir á hungurmörkum, hv. þm. Guðni Ágústsson. Menn verða að vilja taka á vandamálunum með hag frumframleiðandans í huga því að hagur þeirra fer saman við hag þeirra sem njóta framleiðslunnar.

Umræðan um það frv. sem hér er til afgreiðslu er með ólíkindum. Það hefur verið deilt um hvor hafi forræði á innflutningi landbúnaðarvara. En þó er afdráttarlaust tekið fram í frv. að það sé landbrh. Menn deila um hver hafi búið þetta frv. úr garði og það er verið að leita með logandi ljósi. Hvar er dulbúningurinn? Og menn vita ekki hvers þeir eru í rauninni að leita. (**GÁ:** Erum við ekki sammála um frv.?)

Ég verð að játa að þegar ég sá upptalningu vörunúmeranna og hvað það er sem er unnt að leggja gjöld á fannst mér nóg um. En í trausti þess sem sagt hefur verið, að vörur sem hafa verið innfluttar á viðmiðunartíma GATT verði áfram óheftar og einnig að það sem ekki hefur verið leyfilegt verði svo áfram, þá tel ég að frv. þjóni því sem því er ætlað varðandi forræði og stjórnun.

Virðulegur forseti. Mér finnst við hæfi að vekja á því athygli hæstv. landbrh. að við 1. umr. þessa máls var aðeins einn aðili sem kveikti smávonarljós varðandi vanda landbúnaðarins. Sá aðili taldi að við yrðum að breyta kerfinu, við yrðum að vinna markað fyrir okka vöru sem hreina og vistvæna á háu verði. Og það sem ekki er unnt að selja í landinu verði flutt út. Og hver var svo þessi aðili, hæstv. landbrh.? Hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson.

Ég endurtek að það var hæstv. utanrrh. Jón Baldvin Hannibalsson en svonefndir varðmenn kerfisins nefndu ekki við þá umræðu einu orði möguleika til lausnar heldur ræddu þeir um hvernig þeir gætu styrkt ráðstjórnarkerfið sem þeir höfðu komið á og sem hefur sett landbúnaðinn í þann vanda sem raun ber vitni. Það finnst kannski einhverjum hart vegið en ég tel að þeim vopnum sem menn hafa beitt til að viðhalda ráðstjórnarkerfinu verði að beita til að koma á nauðsynlegum breytingum og umbótum. Með þessari framsetningu viðurkenni ég að það er þörf á stjórnun en sú stjórnun verður að gera bændum jafnhátt undir höfði og koma verður í veg fyrir að sala heimaslátraðs kjöts og annað það sem ráðstjórnarkerfið er valdur að verði aflagt. (**GÁ:** Hvernig?) Og störfum bænda verði komið í viðunandi horf. (**GÁ:** Hvernig þá?) Það er ástæða til, virðulegur forseti.

(**Forseti** (**VS**): Forseti vill ítreka það og biðja hv. þm. að vera ekki með svona mikið af frammíköllum.)

Framleiðnisjóður landbúnaðarins er eitt apparat sem hér ætti að ræða. Ég minnist þess ekki að það hafi verið dregið fram í dagsljósið að Ríkisendurskoðun gaf út skýrslu sem fjallar um starfsemi hans og sú gagnrýni sem þar er þarf að koma fram í dagsljósið. Haldið þið að bændum sé ljóst að af þessum sjóði, sem ætlaður var til búháttarbreytinga, hefur aðeins verið varið 12% af þeirri upphæð sem úthlutað hefur verið eða 456 millj. af 4,3 milljörðum? Ég er ekki að halda því fram að um misferli sé að ræða með þessa fjármuni heldur að þeir hafi ekki verið notaðir eins og til var ætlast. Ég held að rétt sé í þessu sambandi að geta um stöðu sjóðsins 1992. Þá nam eigið fé 287 millj. kr., eignir námu 339 millj. en skuldir sjóðsins voru 53 millj. Þetta segir sína sögu. Tekjur sjóðsins eru frá ríkinu og einnig af sérstöku fóðurgjaldi sem auðvitað bændur borga.

Virðulegur forseti. Ég hef hér undir höndum ritgerð eftir Sigurð Líndal sem fjallar um stjórnkerfi búvöruframleiðslunnar og stjórnskipun Íslands og í hana ætla ég mér að fá leyfi til að vitna á eftir, en áður en ég geri það vil ég, með leyfi forseta, vitna í bréf frá félaginu Röst sem eru samtök um eflingu landbúnaðar og byggðar í landinu. Og hlustið nú vel á, háttvirtir bændur hér, hvað þar stendur:

„Er rétt að stunda landbúnað á Íslandi? Ef svar þitt er nei, þá hefur þú vissulega ekki ástæðu til að lesa þetta rit. Þeir sem að þessari útgáfu standa eru hins vegar á öndverðum meiði. Þeir telja Íslendinga vissulega ekki hafa efni á að láta auðæfi landsins eða auðlindir landsins ónýttar. Þeir vilja ekki að Íslendingar verði öðrum þjóðum háðir við öflun nauðþurfta og telja íslenskan landbúnað fyllilega samkeppnisfæran við erlendan verði honum tryggð sambærileg rekstrarskilyrði. Þeir telja að landbúnaður sé fullgildur atvinnuvegur og þeir sem að honum standa séu ekki baggi á ríkisbúinu heldur menn sem vinna samfélagi sínu gagn, að bændum beri full mannréttindi. Þá telja þeir að málefnum landbúnaðar, helsta atvinnuvegarins, eigi að skipa í samræmi við það stjórnarfar sem ákveðið var í öndverðu fyrir lýðveldið Ísland. Það er þeirra eindregna skoðun að málefnum landbúnaðarins og bænda sé ekki og hafi ekki á undanförnum árum verið skipað með þeim hætti að viðunandi sé. Um það vitnar saga fjölmargra bænda sem misst hafa jafnvel allar eigur sínar vegna handahófskenndrar framleiðslustjórnunar og samdráttar í landbúnaði."

Það voru menn með framangreind sjónarmið sem komu saman að Álftanesi í Aðaldal á haustdögum 1988 og hófu það starf sem grundvallað hefur það rit sem ég er nú með undir höndum og ætla mér að vitna í, með leyfi forseta:

„Markmið þessa félags er að vinna að auknum skilningi á þjóðhagkvæmu mikilvægi landbúnaðar svo að hann megi á ný hefjast til vegs og virðingar í vitund þjóðarinnar."

Meginverkefni félagsins til þessa hefur fyrst og fremst verið að vinna að útgáfu ritgerðarinnar, sem ég vitnaði í áðan og prófessor Sigurður Líndal hefur tekið saman. Sigurður Líndal er löngu landskunnur sagnfræðingur og lögfræðingur og hafa birst eftir hann fjölmörg ritverk um þau efni. Þá hefur hann á starfsferli sínum gegnt ýmsum trúnaðarstörfum, m.a. verið forseti Hins íslenska bókmenntafélags síðan 1968. Hann var skipaður ritari Hæstaréttar árið 1964 og gegndi því starfi í nokkur ár. Frá árinu 1972 hefur hann starfað sem prófessor í lögfræði við Háskóla Íslands og verið forstöðumaður Lagastofnunar háskólans sl. áratug. Í þessari ritgerð kemst Sigurður Líndal að þeirri niðurstöðu að ýmsu sé alvarlega áfátt í lögum, og reglur eftir þeim, sem að stjórnun landbúnaðarframleiðslunnar lýtur. Vona ég að hæstv. landbrh. heyri það sem ég nú hef sagt. Einkum með tilliti til þeirra ákvæða stjórnarskrárinnar er eignar- og atvinnuréttindi varða og þeirra grundvallarsjónarmiða sem að baki þeim búa.

Hér stendur: „Áhugamannafélagið Röst er öllum opið sem með því vilja starfa og aðhyllast stefnu þess. Það er einlæg von félagsins að þessi ritgerð prófessors Sigurðar Líndals megi verða bændum landsins og málsvörum þeirra til gagns."

Svo mörg voru þau orð og vil ég nú, með leyfi forseta, vitna í ritgerð prófessors Sigurðar Líndals sem fjallar um það sem hér hefur verið á vörum manna lengst af undanfarnar vikur, þ.e. um framsal valds.

„Þegar gerð var grein fyrir lögum nr. 15/1979 var því sérstakur gaumur gefinn hvort löggjafinn framseldi vald umfram það sem stjórnvöld leyfðu. Athygli var vakin á því að margs konar rök mæltu með slíku framsali og þau rakin. Eftir því sem viðfangsefnin í þjóðfélaginu urðu margbrotnari knúði nauðsyn fastar á um að löggjafinn léti stjórnvöldum í té meira svigrúm til að setja almennt bindandi reglur. Greint væri á milli lagasetningareglugerða og lagaframkvæmdarreglugerða, svigrúm væri meira til að setja hinar síðarnefndu. Einnig var á það minnst að dómstólar hefðu skilgreint valdsvið sitt þröngt og almennt talið sér rétt að fara gætilega við að taka fram fyrir hendur löggjafans. Eigi að síður hefði Hæstiréttur reist skorður við valdaframsali.

Í dómi í svokölluðu kjarnfóðurgjaldsmáli var skattlagningarvald talið framselt til hagsmunaaðila þannig að í bága færi við 40. gr. stjórnarskrár og í dómi í svokölluðu þungaskattsmáli varð niðurstaðan sú að skattlagningarvald væri framselt til ráðherra umfram það sem 40. gr. stjórnarskrár leyfði.

Önnur var meginniðurstaða í svokölluðu gengismunamáli. Í lögum var ákvæði sem fékk ríkisstjórn mjög rúmt vald talið standast með því að undanþágur sem ríkisstjórnin veitti hefðu einungis numið tiltölulega litlum hluta gengismunarins, enda bæri að skýra það svo að með því hefði ríkisstjórn verið veitt heimild til að veita undanþágu á einstökum tegundum sjávarafurða eftir málefnalegu mati. Það vekur þó athygli að í greininni er hvergi minnst á þessi viðmið.

Af þessum dómum má leiða nokkrar reglur. Ekki er heimilt að framselja skattlagningarvald til hagsmunaaðila. Sama hlýtur að gilda almennt um lagasetningarvald. Víðtækt framsal skattlagningarvalds til ráðherra er óheimilt. Það hlýtur einnig að eiga almennt við um lagasetningarvald. Ákvæði sem veita ríkisstjórn mjög rúmar heimildir til íhlutunar um eignir manna ber að túlka þröngt og þá væntanlega með hliðsjón af grundvallarreglum stjórnsýsluréttarins."

Virðulegur forseti. Ég hóf mitt mál á því að ræða um það hversu undarlegt það er að standa í þessum ræðustól og keyra ofan í menn ýmsa ágalla ráðstjórnarkerfis sem bændabændur nota á bændur. Ég hef alist upp við búskap frá barnsaldri og tel að ég þekki nokkuð til hans og lífskjara, hæstv. landbrh., sem bændur búa við. Alþfl., minn flokkur, hefur frá upphafi aðeins farið með stjórn bændamála í átta mánuði. (**Gripið fram í:** Sem betur fer.) Áróðursmaskínur ráðstjórnarkerfis Framsóknar og íhalds hafa skellt ábyrgð á Alþfl. á því ástandi sem nú er (**GÁ:** Ráðið þið ekki þessu frv.?) að kvótakerfi bændabænda úr höllinni á Hagamel er búið að koma miklum fjölda bænda á hungurmörk. Hv. þm. Guðni Ágústsson, í mínum huga er þetta ekki aðhlátursefni. Þeir bændur sem vilja hætta geta það ekki. Þeir sem vilja stækka mega það ekki. Þetta er ástandið í hnotskurn sem landbúnaður og reyndar einnig sjávarútvegur býr við.

Virðulegur forseti. Ef menn halda að við sem viljum hverfa frá þessum ráðstjórnar- og sovétisma kvótakerfanna sem nú er búið við svörum ekki þeim árásum sem við verðum fyrir, þá er það alger misskilningur. Bændur og sjómenn þessa lands og verkafólkið í landinu er að finna fyrir ógn kerfanna í formi atvinnuleysis og ef ekki verða breytingar, þá munu þjáningarsystkin þessara kerfa rísa upp fyrr en varir og þá duga engin slagorð varðmannakerfisins.

Virðulegur forseti. Aðeins nokkur lokaorð. Það verður að telja miður að á sama tíma og önnur lönd eru að færa sig frá miðstýringu í landbúnaði, sem Evrópusambandið er mikið gagnrýnt fyrir og gengur í berhögg við anda nýja GATT-samningsins, er verið að taka upp á Íslandi hliðstætt kerfi og Evrópusambandið notar. Það verður einnig að harma með hvaða hætti þessi ákvörðun er tekin. Það hefði verið heppilegra að taka ákvörðun um skipan þessara mála í kjölfar ítarlegrar þjóðfélagsumræðu og að vandlega athuguðu máli og í samráði við alla hagsmunaaðila. Það kerfi sem nú er verið að boða er bæði flókið og dýrt í rekstri og það hlýtur að kalla á mikla yfirbyggingu og fjölgun starfsmanna í landbrn.

Virðulegur forseti. Ég hef lokið máli mínu.

[16:14]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér hafa mjög sérkennilegar ræður verið fluttar. Þær hafa verið til þess að mæla fyrir sama frv. sem þeir eru flm. að, hv. þm. Gísli Einarsson og Egill Jónsson. Nú er það svo að nefndarálitin eru síðan misvísandi og þeir deila þar. Því vil ég spyrja hv. þm. hvort hann telji að Sjálfstfl. sé í sínu nefndaráliti að reyna að blekkja þær staðreyndir sem í frv. liggja. Ég vil enn fremur spyrja hv. þm. hvort hann

telji ástæðu til þess að leita álits Lagastofnunar háskólans á því hvort nefndarálitið styðji frv. sem hér er lagt fram. Enn fremur vil ég spyrja: Hinn 28. febr. setti Alþfl. fram skýra kröfu um það að ríkisstjórnin færi frá ef ekki yrði fallist á tillögur hans í því frv. sem hér liggur fyrir.

[16:16]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson er búinn að vera hér í salnum, og ég þakka honum það, allan tímann sem ég flutti mína ræðu og mínar skýringar. Ég hélt að skýringarnar lægju ljósar fyrir. Mitt nefndarálit er sett fram vegna þess að ég tel að nefndarálit 1. minni hluta standist ekki miðað við þá lagasetningu sem sett er fram og ég stend að. Þar að auki fékk ég engu þar um breytt þó ég sýndi fram á með rökum að þar þyrfti að lagfæra svo að það félli að lagatextanum. Þess vegna set ég mitt álit fram og ég tel að bæði nefndarálitin hafi lagatúlkunargildi. (**GHelg:** Það verður erfitt að dæma.)

[16:17]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér staðfestir þingmaðurinn að hann telur réttaróvissu ríkja eftir að þetta hefur komið fram. Ég spurði reyndar að því hvort hann teldi rétt að leita til Lagastofnunar háskólans um túlkun á nefndarálitinu og hvort styddi frv. Síðan vil ég að hv. þm. í trúnaði segi okkur frá því hvernig svona agnarlítill flokkur fer að því að beygja stóran flokk eins og Sjálfstfl. í hverju stórmálinu á fætur öðru.

[16:17]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ákaflega litlu að bæta við það sem ég sagði áðan. Hér hefur enginn beygt einn eða neinn. Það hefur aðeins verið staðið við það samkomulag sem gert var milli formanna stjórnarflokkanna og það liggur fyrir núna og er til umræðu og annað ekki.

[16:18]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nefndarálit 1. minni hluta landbn. lýsir út í hörgul hvaða samkomulag var gert um landbúnaðarmálin milli stjórnarflokkanna og lá til grundvallar lagasetningunni í desembermánuði. Þær skýringar, sem eru á brtt. sem fjórir þingmenn leggja fram og hefur verið hér til umræðu, eru samdar af þeim lögfræðingum sem sömdu lagagreinarnar og hlýtur því nefndarálit 1. minni hluta að liggja til grundvallar við skilning á brtt.

Í þriðja lagi er óhjákvæmilegt að spyrja hv. þm. vegna ummæla hans hér áðan þegar hann taldi að hans eigin brtt. brytu í bága við GATT-samninga og stæðust varla stjórnarskrá, þá hvarflaði að mér hvort ég ætti að spyrja hann að því hvort hann mundi greiða atkvæði með breytingartillögunum.

[16:19]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir ákaflega leitt ef hæstv. landbrh. fylgist ekki með því sem sagt er hér, enda var hann ekki mikið við. Það var vitnað til frv. sem hangir við álit 2. minni hluta. Það var það sem ekki stóðst, það samkomulag sem formenn stjórnarflokkanna gerðu sín á milli.

[16:19]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir gott að heyra hjá hv. þm. að hann telur að brtt. eins og þær eru skýrðar af 1. minni hluta standist samkomulagið. Á hinn bóginn veldur það furðu ef hv. þm. er þeirrar skoðunar að frumvarpstexti sem saminn er af ríkislögmanni brjóti í bága við þá alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að og væri fróðlegt líka að fá upplýsingar um hvar það hafi komið fram að sendiherra Íslands erlendis, Kjartan Jóhannsson, sé sömu skoðunar að við séum með þessum hætti að brjóta í bága við alþjóðlega samninga. Ég hef ekki fengið slíkar upplýsingar frá þeim sendiherra. Hann kom hér til landsins fyrir skömmu og hafði ekki samband við mig um þau efni og væri fróðlegt að fá frekar um það að heyra.

[16:20]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þykkar eru hljóðhimnur hæstv. landbrh. þar sem hann ekki skilur það sem ég var að skýra, að lagatextann erum við fjórmenningar sammála um. Nefndarálitið sem skýrir lagatextann vorum við ekki sammála um og það skýrir þá löngu ræðu sem áðan var flutt. Ég hef ekkert samþykkt í nefndaráliti 1. minni hluta. Ég hef samþykkt lagatextann eins og hann er settur fram.

[16:21]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt líklega, eins og flestir sem hlýða á umræðuna, að verið væri að eyða réttaróvissu með framlagningu þessa frv. En til hvers er ríkisstjórnin að setja fram svona frv. og breytingartillögur við það og skýra þær breytingartillögur með tveimur nefndarálitum? Ef hv. þm. sem hér hefur nýlega lokið máli sínu er eins mikill vinur bænda og hann lýsti í upphafi máls síns hvernig getur hann þá staðið að slíku nefndaráliti sem tætir niður nefndarálit 1. minni hluta? Hann hlýtur að sjá það að staðan í þessum innflutningsmálum er enn öll í lausu lofti og búast má við því fljótlega að dómsmál verði höfðað til að skera úr um það hvernig eigi að skýra þessi lög þar sem greinargerðir nefndarmanna í landbn. um sömu breytingartillögur stangast á. Eða getur hv. flm. þessarar greinargerðar, sem hann er nýbúinn að ljúka, fulltrúi Alþfl., sagt það hér að þetta frv. eyði þeirri réttaróvissu sem til var ætlast? Hvaða nefndarálit á þá að nota sem lögskýringu?

[16:22]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 6. þm. Vestf. spyr hvort nefndarálitið eigi að nota við lagaskýringu. Því get ég ekki svarað en nefndarálitin eru mismunandi hvað varðar heimildir til innflutnings þegar GATT-samningurinn tekur væntanlega gildi. Þar liggur fyrst og fremst mismunurinn á nefndaráliti 1. og 2. minni hluta. Og ég hygg að það verði ekki neinn vandi fyrir lögmenn að fara yfir það. Eins og ég sagði áður í minni ræðu, þá óskaði ég ítrekað eftir að fá fund með þeim fjórum sem fylgja lagafrv. Það gekk trauðlega en hafðist þó. Og þegar byrjað var að skoða ágreiningsmálið, þá kom það fram að því var hafnað og ekki skyldi breytt einu orði. Það er skýringin á nefndaráliti 2. minni hluta.

[16:24]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú veit hv. þm. Gísli Einarsson að nefndarálit eru notuð sem lögskýringar þegar kemur til þess að dæma eftir einhverjum lögum. Hér eru tvö nefndarálit sem stangast algerlega á við það að skýra það frv. sem hér á að samþykkja. Eða kannski á ekki einu sinni að samþykkja það. Kannski er ríkisstjórnin ekki sammála um að það eigi að samþykkja þetta frv. þar sem hún getur ekki verið sammála um nefndarálit. Það eru alveg fáheyrð vinnubrögð sem hér eru stunduð. Og mér sýnist það vera komið fram þó ekki sé búið að lesa upp nema þessi tvö nefndarálit.

[16:24]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það koma að sjálfsögðu nýir siðir með nýjum mönnum. Þeir ágætu nýju menn láta ekkert ganga yfir sig með þá vinnu sem þeir telja að eigi að fara fram á hv. Alþingi og þess vegna liggja þessar skýringar svona eins og þær eru. Við erum sammála um lagatextann en ósammála um nefndarálitin.

Útbýting þingskjals:

Safnahúsið, 466. mál, fsp. VS, þskj. 704.

[16:25]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Út af fyrir sig þyrfti ekki að hafa lengri umræðu um það mál sem liggur fyrir. Við höfum nú hlýtt á fulltrúa stjórnarflokkanna fara yfir og útskýra samkomulag sitt í landbúnaðarmálum. Og maður verður eiginlega að rifja það upp með sjálfum sér að framsögumenn 1. og 2. minni hluta voru að mæla fyrir sömu breytingartillögunum. Maður hefði getað álitið að hér stæði harður slagur á milli stjórnar og stjórnarandstöðu, en hér er ekki einu sinni um smávægilegan ágreining að ræða milli aðila innan ríkisstjórnar heldur er um að ræða, eins og ég sagði áður, að það er verið að mæla fyrir sömu brtt. á þennan sérstaka hátt. Og til að kóróna allt saman kom hæstv. landbrh. í andsvar við fulltrúa 2. minni hluta sem var að túlka það samkomulag sem stjórnarflokkarnir höfðu gert sín á milli í landbúnaðarmálum. Þetta er ... (**Gripið fram í:** Revía.) Þetta er revía já, þetta er sirkus og staðfestir í mínum huga að sú ríkisstjórn sem situr núna getur ekki tekið á nokkru máli þar sem um er að ræða erfið pólitísk úrlausnarefni. Hún hefur gefist upp. Hæstv. landbrh. hefur gefist upp. Hæstv. landbrh. hefur algerlega mistekist að ná nokkurri sátt um landbúnaðarmál í þessu þjóðfélagi. Það kannski skýrir það best að meðan deilur stóðu og meðan samkomulag var gert sem þeir tveir hv. þm. voru að lýsa áður, þá var hæstv. landbrh. hvergi nærri. Hann var á Vestfjörðum að sprengja. Hann var á ráðstefnu norður í landi. Þetta segir betur en nokkur orð þá sögu að það er búið að skáka hæstv. landbrh. út í horn. Hann hefur ekkert lengur um þennan málaflokk að segja.

Ég mun spyrja hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. og væntanlega hæstv. forsrh. seinna í minni ræðu hvað fólst í því samkomulagi sem var gert milli stjórnarflokkanna fyrr í vetur til að fá það staðfest. Það gerðist reyndar og hefur verið dregið fram að að því samkomulagi gerðu átti hæstv. landbrh. og hv. formaður landbn. enga leið aðra en að bakka stöðugt út úr sínum málflutningi. Í því samkomulagi fólst nefnilega sú einfalda staðreynd að forræði yfir umfjöllun landbúnaðarmála, því sem mestu skiptir fyrir framtíð íslensks landbúnaðar á næstu árum, hvernig við ætlum að framfylgja GATT-samkomulaginu, var tekið frá landbrh. Það var sett í fimm ráðuneyta nefnd undir forustu hæstv. forsrh.

Það er nefnilega alveg rétt sem hv. þm. Gísli Einarsson sagði hér áðan að upphaflegt samkomulag stjórnarflokkanna stendur óbreytt. Eftir að hæstv. landbrh. hafði samið um þetta fyrr í vetur við Alþfl., þá átti hann enga aðra leið. Hann hafði málað sig út í horn og hæstv. ráðherra er fastur í því horni.

Það er síðan afar sérstakur þáttur í þessu máli sem var framganga hv. form. landbrh. á síðustu þrem vikum. Það var afar sérstakt að fylgjast með því hvernig því peði var teflt fram í þeirri skák sem þá stóð á milli stjórnarflokkanna. Því peði var hlíft á meðan sú hugmynd var enn uppi í báðum stjórnarflokkum að nota þetta mál til stjórnarslita. En eftir að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. komust að þeirri sameiginlegu niðurstöðu eitt sunnudagskvöld fyrir nokkrum vikum að þeir væru enn saman í ríkisstjórn þá var því peði umsvifalaust fórnað. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þátt form. landbn. í þessu máli.

Menn verða að átta sig á því og það verða talsmenn Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum að fara að átta sig á að sá málflutningur að ætla að baða sig í einhverju ljósi yfir því að standa í stöðugum slag við Alþfl. um landbúnaðarmál gengur einfaldlega ekki lengur. Það sjá allir hugsandi menn sem vilja skoða það mál að Alþfl. er ekki nema tíu manna þingflokkur. Alþfl., þar á meðal hæstv. utanrrh., vinnur í umboði Sjálfstfl. hér á Alþingi. Ef hæstv. landbrh. getur ekki sætt sig við þá stöðu mála sem þar er uppi og telur að hann komi ekki málum fram vegna andstöðu Alþfl. á hann ekki nema eina leið og það er að segja af sér sem ráðherra.

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá 3. minni hluta á þskj. 702 og nál. á þskj. 701.

Þriðji minni hluti landbúnaðarnefndar leggur áherslu á að það er algjörlega óviðunandi fyrir íslenskan landbúnað að búa við það óvissuástand varðandi framtíð sína sem nú ríkir.

Þriðji minni hluti leggur áherslu á að því einu er um að kenna að ríkisstjórnarflokkarnir koma sér ekki saman um nokkurn skapaðan hlut hvað þetta mál snertir. Við minnum á að hjá þeim farsa sem var í gangi milli stjórnarflokkanna og milli einstakra ráðherra sl. ár hefði verið hægt að komast ef sú brtt. sem hér var lögð fram á vordögum á sl. ári af meiri hluta landbn. hefði verið samþykkt. Sú brtt. við stjfrv. sem þá tók það afdráttarlaust fram og án nokkurra skilyrða að það væri landbrh. sem færi með þetta forræði óskilyrt. Það væri hægt og það væri freistandi hér en ég sleppi því að rekja lið fyrir lið hvernig hæstv. landbrh. og Sjálfstfl. hafa verið á fótta í þessu máli frá því.

Það lá alveg ljóst fyrir strax á haustdögum þegar þing kom saman að það varð að gera breytingu á lögum. Við stjórnarandstöðuþingmenn gengum ítrekað eftir því hvernig á því stæði að ekki bólaði á frv. til að taka á þessum málum. Hæstv. landbrh. hafði nánast staðlað svar, frv. væri á leiðinni, það mundi koma á næstu dögum. En það var síðan ekki fyrr en á síðustu dögum fyrir jól að frv. kom fram byggt á því samkomulagi stjórnarflokkanna sem ég lýsti áðan og m.a. hæstv. utanrrh. hefur staðfest úr þessum stól í hverju var fólgið.

Þetta mál var síðan keyrt í gegnum þingið og það kom fram hjá landbúnaðarnefndarmönnum stjórnarflokkanna að þetta byggðist á samkomulagi og þar mætti ekki breyta stafkrók. Það mátti ekki breyta stafkrók. Enda kom það í ljós að þetta var afar haldlítið plagg. Ekki var nú vandað meira til við samningu þess frv. en svo að þeir lögfræðingar sem hér hefur verið títt vitnað til bentu á það strax og þeir fóru að vinna með nefndinni að það væri m.a. vafasamt að sú breyting stæðist stjórnarskrána. Þrátt fyrir það sagði hv. formaður landbn. að hún væri góð, miklu haldbetri en sú tillaga sem ekki fékkst samþykkt á síðustu vordögum. Þar var einnig lögfest það sérstaka ákvæði, sem lögfræðingar sem heimsóttu okkur voru afar hissa yfir og sögðust ekki muna eftir hliðstæðu þess, að sett var inn í lagatextann að menn skyldu tala saman í ríkisstjórn um málið.

Ég hygg án þess að ég hafi leitað það algerlega uppi að það sé einsdæmi að inn í lagatexta sé sett ákvæði þar sem sé kveðið á um að menn skuli tala saman í ríkisstjórn ef ágreiningur sé um mál.

Ég þarf ekki að rekja í löngu máli það sem hefur gerst síðustu vikurnar. En strax á fyrsta degi eftir að þing kom saman spurði ég hæstv. forsrh. eftir því í utandagskrárumræðu hvað liði framlagningu nýs frv. eftir að dómur hafði fallið í skinkumálinu margfræga. Bæði hæstv. forsrh. og hæstv. landbrh. svöruðu því til að frv. væri í smíðum, það væri nánast tilbúið og það yrði lagt fram daginn eftir.

Við þekkjum öll þá sögu. Það leið hálfur mánuður þar til frv. kom fram og það var ekki burðugra en svo að hæstv. landbrh. sá ástæðu til þess í framsögu um málið að fara fram á það við landbn. að hún reyndi nú að berja í verstu brestina í frv. því hæstv. ráðherra virðist hafa gert sér grein fyrir því þá strax að frv. var meingallað. Það sýndi sig líka í meðferð nefndarinnar að þeir lögfræðingar sem nefndin kallaði til sáu strax á því ýmsa galla. Það er alltaf þannig þegar menn eru að reyna að lögfesta pólitíska málamiðlun þar sem aðilar túlka hlutina sitt á hvað og meira en það. Það hefur ítrekað komið fram í þessari vinnu nefndarinnar að menn eru að reyna að lauma einhverju í gegn og menn eru hlakkandi yfir því að þarna sé nú þetta atriði inni og hinn flokkurinn sé nú ekki búinn að átta sig á því hvernig hægt sé að túlka það. Þetta segir kannski meira en nokkuð annað um það hvernig samstarfið er og samstarfsgrundvöllurinn á stjórnarheimilinu.

Við fórum yfir málið með lögfræðingunum og þeir lögðu fram drög að brtt. og nál. sem að okkar áliti í stjórnarandstöðunni hafði ýmsa galla og átti eftir að vinna miklu meira. Þeir lögðu síðan fram betur unnar tillögur sem við fulltrúar Framsfl. lýstum strax yfir og mjög fljótlega á eftir aðrir fulltrúar minni hlutans að þeir gættu sætt sig við og myndu styðja. Það kom hins vegar strax yfirlýsing frá Alþfl. að hann sætti sig ekki við málið í þeim búningi og það varð þess valdandi að aftur fór málið inn til stjórnarflokkanna, inn á borð til formanna stjórnarflokkanna, á meðan hæstv. landbrh. stundaði sprengingar á Vestfjörðum. Út úr því kom síðan sú málamiðlunarsamsuða sem var lögð fram í formi endanlegrar brtt. meiri hluta nefndarinnar en að vísu treystu sér ekki nema fjórir af fimm til að skrifa undir nefndarálitið.

Það er skemmst frá því að segja að við fulltrúar í stjórnarandstöðunni gátum ekki sætt okkur við þessar tillögur. Þessar tillögur byggðust á því samkomulagi stjórnarflokkanna að hér væri eingöngu um að ræða bráðabirgðaúrræði sem væri í gildi þar til GATT kæmi til og byggðist á því að úrlausnarefni GATT-samkomulagsins væri slegið á frest.

Í breytingartillögu þeirri sem þriðji minni hluti leggur fram og að standa auk þess sem hér talar, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir og hv. þm. Guðni Ágústsson.

Í þeirri breytingartillögu sem er tekin upp úr því sem var tillaga nr. 2 frá lögfræðingunum er skýrt tekið fram að það útreikningsverð sem lagt var til grundvallar við umreikning innflutningstakmarkana samkvæmt ákvæðum hins almenna samkomulags um tolla og viðskipti, GATT, og bókunum við það að það sé tekið inn sem fullgilt viðmiðunarverð við álagningu innflutningsgjalda á búvörur. Þar með eru tekin af öll tvímæli um það að eftir þessa breytingu er hægt að beita tollígildum samkvæmt GATT. Ég vil að það komi hér fram ef það getur eitthvað útskýrt málið að þeir fulltrúar utanrrn. sem við ræddum við voru á seinni stigum sammála um að það væri ekkert sem mælti á móti því að við settum inn í lagatexta núna ákvæði sem hægt væri að vinna eftir eftir að GATT-samningurinn tæki gildi. Það er þess vegna ekki

lagatæknilegs eðlis eða þess eðlis að það brjóti í bága við alþjóðasamninga að þetta ákvæði var tekið út. Það er hrein pólitísk ákvörðun og staðfesting þess að Alþfl. hafði sitt fram í málinu og Sjálfstfl. átti enga vörn. Hann var búinn að semja af sér í samningum um málið fyrir áramót. Hann var þar búinn að gera það samkomulag við Alþfl. að hér væri eingöngu um að ræða bráðabirgðaákvæði þar til GATT tæki gildi og öll ákvæði um GATT-samninginn ættu að fara í fimm ráðuneyta nefndina.

Til að staðfesta þessa skoðun mína þarf ekki annað en að líta á framsöguræðu hæstv. landbrh. þegar hann mælti fyrir breytingunni á búvörulögunum núna fyrir jólin. Þar sagði hann, með leyfi forseta:

„Eins og segir í athugasemdum við lagafrv. er það lagt fram í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert og varða m.a. verslun með landbúnaðarafurðir. Þar eð ekki liggur endanlega fyrir hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að geta uppfyllt þær skuldbindingar sem felast í væntanlegum GATT-samningi var ákveðið að frekari endurskoðun á innflutningsákvæðum búvörulaganna eigi sér stað á árinu 1994 með hliðsjón af þeim samningi."

Í þessu sambandi vil ég taka það fram til að það misskiljist ekki af því að hér er talað um fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert að GATT-samkomulagið er ekki fríverslunarsamningur.

Síðar í ræðu sinni segir hæstv. ráðherra, með leyfi forseta:

„Það má vera að hv. þm. kunni að gagnrýna að frv. skuli ekki taka á þeim atriðum sem lúta að væntanlegum GATT-samningi. Skýringin er auðvitað sú að þeir samningar í einstökum atriðum liggja ekki endanlega fyrir enda þurfa þeir meiri undirbúning en svo að unnt hafi verið að setja saman fullnægjandi lagagreinar um það efni nú fyrir jólin. Ég hygg að örugg framkvæmd þeirra samninga, jafnviðurhlutamiklir og þeir eru fyrir íslenskt atvinnulíf þurfi nánari skoðunar við."

Eftir að hafa vitnað í þetta þá er það afar sérstakt að hafa hlustað á þá túlkun sjálfstæðismanna, m.a. hæstv. landbrh., að breytingartillögur númer tvö þar sem tekið var skýrt fram að hægt væri að verðjafna samkvæmt GATT væru í anda lagabreytinganna frá því í desember. Að sjálfsögðu gat hæstv. ráðherra ekki staðið á þessu. Að sjálfsögðu varð hann að bakka og taka tillit til þess samkomulags sem hann hafði gert við Alþfl. fyrr í vetur. Þegar maður skoðar málið í þessu ljósi, þá er á engan annan hátt hægt að útskýra framgöngu, m.a. hæstv. forsrh., í málinu á millistigum en þann að ráðherrann hafi verið tilbúinn til að nota málið í þeim pólitíska tilgangi að láta brjóta á því við stjórnarslit. Það var nefnilega í þeim herbúðum ýmislegt annað en umhyggja fyrir íslenskum landbúnaði sem lá að baki. Enda var hv. formanni landbn. fórnað þegar ákveðið var að viðhalda stjórnarsamstarfinu.

Í breytingartillögum þriðja minni hluta er einnig lagt til að úr 72. gr. sé fellt niður það ákvæði sem ég nefndi áðan og lýtur að því að ráðherrar skuli tala saman í ríkisstjórn. Þar leggjum við til að niður sé felld eftirfarandi málsgrein. Ég ætla að lesa, með leyfi forseta, hvernig sú málsgrein er í þeim lögum sem samþykkt voru fyrir jólin. Hún er þannig:

„Við ákvörðun verðjöfnunargjalda skal ráðherra hafa sér til ráðuneytis nefnd þriggja manna. Skal einn skipaður án tilnefningar, annar af fjmrh. og hinn þriðji af viðskrh. Nefndin skal afla upplýsinga um verð sem álagning gjaldanna miðast við en jafnframt tryggja nauðsynlegt samráð milli ráðuneyta þannig að þess sé gætt að samanlögð álagning innflutningsgjalda sé innan þeirra marka sem greinir í 6. mgr. Náist ekki samkomulag í nefndinni skal ráðherra bera málið undir ríkisstjórn áður en ákvörðun er tekin um upphæð verðjöfnunargjalda."

Við leggjum til að eftir af þessari málsgrein standi fyrsta setningin, sem fjallar um að það skuli haft samráð við viðskrn. og fjmrn., það teljum við eðlilegt, en leggjum síðan til að seinni hlutinn, sem fjallar um málsmeðferðina og um að það skuli fara með ágreining inn í ríkisstjórn, sé felldur niður.

Virðulegur forseti. Það væri hægt að hafa um þetta mál langa ræðu. En ég mun stilla mig um það enda veit ég að hér eru margir sem munu taka til máls í þessari umræðu. Ég get þó ekki stillt mig um að fara nokkrum orðum um ræðu hv. 4. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssonar. Það var til að mynda afar sérstakt að hlusta á hvernig hv. þm. ýmist vitnaði í GATT-samkomulagið eða Úrúgvæ-þáttinn, þuldi upp prósentutölurnar fyrir tollígildin eins og þær lægju fyrir sem staðreyndir sem þær vissulega gera en byggði síðan aðalþátt málflutningsins á því að það væri ekki hægt að setja inn í íslensk lög ákvæði um milliríkjasamning sem ekki væri búið að gera. Þetta er að mínu mati ekki hægt. Annaðhvort liggur þessi samningur fyrir eða ekki og staðreynd málsins er sú að hvað varðar landbúnaðinn, hvað varðar tollígildin, þá liggur þessi samningur fyrir. Það er hins vegar rétt að það er ekki vitað enn þá hvenær hann tekur gildi. Tilboð Íslands liggur fyrir og það liggur ekkert fyrir annað en að því verði gengið. Ef það er svo eins og hv. þm. segir hér í frammíkalli að ekki sé enn þá búið að samþykkja þá er það óheiðarlegur málflutningur hér úr ræðustól á Alþingi að tíunda prósentutölurnar í tollígildunum þannig að menn verða að vera eilítið sjálfum sér samkvæmir í málflutningi hér.

Ég vil einnig nefna það að þær tölur sem hv. þm. nefndi um tollígildin allt upp í 500 eða 600%, ég veit ekki hvað hv. þm. var að reyna að sanna með því, en í mínum huga segja þessar tölur fyrst og fremst eitt. Þær segja þvílíkur fáránleiki þau heimsmarkaðsverð eru sem eru lögð til grundvallar því að ef hv. þm. á ferðalögum sínum um Evrópu færi inn í matvöruverslun og keypti þar í matinn þá fyndi hann engan verðmun upp á 500–600%. Hann mundi vissulega finna verðmun en úr þeim verðmun hefur dregið á síðustu árum.

Ég get sagt hv. þm. til upplýsingar að ég gerði smátilraun í sumar og tók mér á leigu litla íbúð í Þýskalandi. Ég hélt að það væri ágætt að láta á það reyna hvernig væri að búa í fyrirheitna landinu, í Evr-

ópusamfélaginu og ég gekk eins og hver annar innfæddur í verslunina á horninu sem var frá einni af stóru matvörukeðjunum í Þýskalandi og keypti í matinn. Vissulega býst ég við að heildarkarfan væri eitthvað ódýrari en hér á landi en sumar landbúnaðarvörur voru þar á nákvæmlega sama verði og hér heima. Þar voru engin 500 eða 600% sem skildu á milli. Það er nefnilega svo að þessar tölur eru eingöngu reiknitölur. Þetta eru eingöngu reiknistærðir sem hafa ekkert með það að gera hvernig verðlag endurspeglast milli einstakra landa og þetta verða menn að taka inn í reikninginn þegar um þetta er rætt.

En ég vil benda hv. þm. á að það eru þessar tölur, það eru þessar viðmiðanir sem m.a. hæstv. ráðherrar Alþfl. nota, m.a. hæstv. viðskrh. notar þegar hann fær Hagstofustofnun háskólans til að reikna út fyrir sig hvað íslenskir neytendur gætu grætt á því ef allar landbúnaðarvörur væru fluttar inn. Það finnast hvergi í heiminum neytendur sem njóta þess verðs sem notað er til viðmiðunar. Þetta er allur heiðarleiki Alþfl. þegar kemur að umræðu um landbúnaðarmál. (**GÁ:** Nefndu ekki heiðarleika í þessu sambandi.) Það kann að vera rétt að það sé hálfgerður glannaskapur eins og hér kom fram í frammíkalli að nefna heiðarleika í tengslum við umræðu og ummæli Alþfl. um landbúnaðarmál. (**Umhvrh.:** Þið gætuð kannski látið Seðlabankann reikna þetta betur út.) En því miður er þetta staðreynd málsins. Ég sá fyrir nokkru þær tölur sem þarna eru lagðar til grundvallar. Í mjólkinni er það lagt til grundvallar að mjólkurlítinn kosti 10 kr. íslenskar hvort heldur um er að ræða nýmjólkina eða fullunnar vörur. Síðan leika hagfræðingar vestur í háskóla sér að því að umreikna og framreikna hvað fjölskyldur á Íslandi gætu hagnast á því á þessum verðum en þetta eru verð sem hvergi eru til. Það er ekkert mikið þó að við sem teljum okkur vilja íslenskum landbúnaði vel höfum áhyggjur af því ef svo er komið að yfirstjórn landbúnaðarmála hér á landi er komin í hendur þessara aðila.

Það var mikið rætt um það í síðustu viku að við Íslendingar kynnum að vera að einangrast á alþjóðavettvangi og vissulega er hætta á því ef búið er að breyta utanrrn. í landbrn. og þeir sérfræðingar sem þar eiga að vera að verja okkar hagsmuni eru settir í það að semja langlokunefndarálit. Það er lítið gert í að verja hagsmuni okkar í Frakklandi á meðan. (**EgJ:** Þeir voru nú frá fjórum ráðuneytum.) Hv. formaður landbn. segir að þeir hafi verið frá fjórum ráðuneytum. Það kann að vera en ætli handbragðið sé nú ekki að mestu frá utanrrn. Það kann ekki góðri lukku að stýra þegar þjónusturáðuneyti eins og utanrrn. telur að það eigi að vera, og kemst upp með það, yfirráðuneyti landbúnaðarmála einnig.

Virðulegi forseti. Ég mun hér að lokum leggja nokkrar spurningar fyrir þá hæstv. ráðherra sem hér sitja, fyrst til hæstv. landbrh.

1. Hvað fólst í samkomulagi stjórnarflokkanna sem lagabreytingin í desember var byggð á? Hvað fólst í því samkomulagi varðandi yfirráð innflutningsmála og þá sérstaklega varðandi Úrúgvæ-lotu GATT?

2. Hvað líður starfi fimm ráðuneyta nefndarinnar sem á að vinna að lagabreytingum vegna Úrúgvæ-lotu GATT-samninganna?

3. Hvernig hyggst ráðherrann, ef hann hefði eitthvað um það að segja, beita tollígildum samkvæmt GATT? Hvað líður vinnu innan ríkisstjórnarinnar um það hvernig eigi að framkvæma lágmarksaðganginn samkvæmt GATT?

Ég minni á að að öllu öðru óbreyttu getur hæglega svo farið að þessi samningur taki gildi um næstu áramót, eftir níu og hálfan mánuð.

Spurningar til hæstv. utanrrh. eru svipaðs eðlis:

1. Hvað fólst í samkomulagi stjórnarflokkanna frá því fyrir jól um forræði landbrh. og í öðru lagi um það hvernig verði tekið á Úrúgvæ-lotu GATT-samninganna?

2. Hver er stefna ráðherrans varðandi beitingu tollígilda samkvæmt Úrúgvæ-lotu GATT-samninganna og hvernig sér hæstv. ráðherra fyrir sér að ákvæðunum um lágmarksaðgang verði beitt?

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til þess að halda hér lengri ræðu en það verður afar fróðlegt að fylgjast með framvindu þessa máls, fylgjast með því hvernig það „samkomulag" verður haldið sem þeir þingmenn, hv. formaður landbn. Egill Jónsson og hv. þm. Gísli Einarsson „innsigluðu" með ræðum sínum hér áðan. Málið er væntanlega það eins og hv. 5. þm. Suðurl. Guðni Ágústsson sagði þegar þetta lá fyrir. Samkomulagið fólst ekki í neinu öðru en því að vera sammála um að deila áfram. Ég hygg að reynslan muni sýna að hér standa áfram sömu deilurnar og verið hafa fram að þessu milli stjórnarflokkanna. Á meðan er landbúnaðurinn í algerri óvissu um það starfsumhverfi sem hann á að fara að vinna eftir, hugsanlega eftir níu og hálfan mánuð.

[17:02]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson bar mig þeim sökum að ég væri óheiðarlegur. Ég vil skýra mitt mál með tiltekinni vöru sem kostar 90,150 ECU 100 kg sem þýðir að það eru 72,40 kr. á skráðu EES-verði. Það þarf auðvitað að bæta einhverju við þetta verð til að fá þessa vöru hingað í smásölupakkningu. En þó er það með staðfestingu Gísla Karlssonar að það mætti reikna með 10% í viðbót þannig að varan yrði komin í um það bil 80 kr. Á sama tíma, viðmiðunartímanum frá því í ágúst varð heildsöluverð á viðkomandi vöru 275,80 kr. Til þess að jafna verðið hefði þurft á þessari tilteknu vöru að jafna með 246%. Sams konar útreikninga mætti að sjálfsögðu nota varðandi aðrar vörur. En þarna er um að ræða verðjöfnun upp á 196 kr. á kíló af vöru sem kostar 72,40 kr. Svona dæmi má taka um margar vörur, hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, um margar vörur. Og að bera mig þeim sökum að ég sé óheiðarlegur er nánast óþolandi.

[17:04]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. tiltók hér í sinni ræðu áðan verðjöfnunartolla upp á 500–700%, vitnaði þar í Úrúgvæ-lotu GATT-samningsins og tilboð Íslendinga sem hann sagði síðan í sömu ræðunni að ekki væri búið að gera. Ég sagði einfaldlega að við aðra hvora fullyrðinguna verður hv. þm. að halda sig, enda fór það svo að þegar hann í gögnum sínum tiltók þá mestu verðjöfnun sem hann fann væntanlega, þá var hún ekki upp á 500 eða 700% heldur upp á 250% sem vissulega er hátt, helmingi lægri. Staðreyndin er nefnilega sú að þau verð sem er miðað við þegar tollígildin í okkar tilboði voru reiknuð út eru ekki þau verð sem þú finnur á markaði í Evrópu í dag. Það er lægsta heimsmarkaðsverð, það er lægsta verð sem hægt er að finna á árunum 1986–1988. Það er í flestum tilfellum verð á „spottmörkuðum" þar sem ekki var hægt að kaupa inn í magni heldur það sem menn voru að losa sig við afgangsvöru í til þess að gera litlu magni, enda fór það svo að hv. þm. gat ekki fundið hliðstæðu í því viðskiptaumhverfi sem við búum við í dag.

Ef hv. þm. er maður til að koma hér upp og útlista hvað stóð á bak við tölurnar um 500–700% tolla þá skal ég vera fyrstur manna til að draga það til baka að málflutningur hans hafi verið óheiðarlegur.

[17:06]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það virðast fleiri vera með einhvern takmarkaðan skilning hér í dag.

Þegar reynt er að meta áhrif frv. sem við erum með á vöruverð er rétt að gera greinarmun á því hvort verðjöfnunargjöld eru lögð á hreinar landbúnaðarvörur eða unnar samsettar vörur, þetta sagði ég áðan. Hreinar landbúnaðarvörur eru óunnið kjöt, mjólk, smjör og nýtt grænmeti. Frv. sem við erum að fjalla um heimilar að leggja gjöld á þessar vörur sem nemur mismuninum á heimsmarkaðsverði og innanlandsverði samkvæmt — hlustaðu nú vel — samkvæmt núgildandi GATT-samningi. Það eru engin hámarksgjöld á þessum framleiðsluvörum sem ég hef verið að telja upp þannig að þau geta verið mörg hundruð prósent, jafnvel 1.000% ef munurinn er nægilega mikill á milli heimsmarkaðsverðs og innanlandsverðs og heimildunum er að fullu beitt. Það er rétt hjá hv. þm. ef til kemur að samþykkt verði þau tilboð sem ég var að vitna til þá gæti verðjöfnun í prósentum talið orðið á kindakjöti 397%, 538% á svínakjöti, 467% á kjúklingum, 586% á mjólk, 674% á smjöri, 445% á kartöflum, 240% á tómötum, 377% á gulrótum og 719% á sellerí. Bara til að taka dæmi. Þetta var það sem ég ræddi og þetta stendur.

[17:08]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður harla lítið úr þeim mærðarorðum sem hv. þm. mælti hér áðan til íslenskra bænda og frammistöðu þeirra þegar hann kemur síðan upp í ræðustól og ber fram tölur þess efnis að menn séu að framleiða vöru og selja hana á allt að 10 sinnum hærra verði, eins og kom fram í andsvari hv. þm., en hér gerist. Þær tölur finnast ekki nema, eins og ég sagði hér í mínu fyrra svari, menn séu að bera saman við lægstu afsláttarverð á árunum 1986–1988 við verð sem neytendum hvergi í heiminum stendur til boða.

[17:09]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Vegna spurninga hv. þm. vil ég ítreka það sem ég sagði áðan. Það er gerð ágæt grein fyrir því samkomulagi sem gert var í desember milli stjórnarflokkanna í nefndaráliti 1. minni hluta landbn. og skýrir það mál mjög glöggt. Það kom líka fram í umræðum hæstv. utanrrh. þá að það er ekki deila um það milli Alþfl. og Sjálfstfl. hvar valdið til að leggja verðjöfnunargjöld á liggur eins og hægt er að fletta upp í þeim umræðum.

Í öðru lagi er spurt um yfirráð innflutningsmála. Yfirráð innflutningsmála eru í höndum landbrh. eins og hv. þm. er kunnugt. Hinar spurningarnar viku að GATT og um þær er það að segja að í því samkomulagi sem gert var fólst að nefnd fimm ráðuneyta mun hefja störf til undirbúnings á breytingum á löggjöf sem nauðsynlegt yrði að samþykkja vegna aðildar okkar að hinum nýja GATT-samningi, sem raunar hefur ekki verið lagður fyrir Alþingi. Það verður m.a. verkefni þessarar nefndar að gera sér grein fyrir því og leggja fram tillögur um hvernig rétt sé að beita tollígildum samkvæmt GATT-samningum. Ekki hefur verið rætt um það hvernig framkvæmd lágmarksaðgangs verði háttað.

Ég vil líka taka fram að nú standa yfir þessa dagana, í gær og í dag, yfirheyrsla í Genf varðandi tilboð okkar vegna GATT-samningsins. Þar hafa komið fram lítils háttar athugasemdir varðandi fóðurgjöld auk tæknilegra ábendinga. Að öðru leyti er mér ekki kunnugt um að athugasemdir hafi verið gerðar við tilboð Íslands vegna GATT-samninganna.

[17:12]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ber að skilja andsvar hæstv. ráðherra á þann hátt að það sé ekkert byrjað á neinni vinnu varðandi það hvernig við ætlum að beita tollígildunum gagnvart GATT, hvað þá lágmarksaðgangi? Ber að skilja orð hæstv. ráðherra á þann hátt að þessi margfræga fimm ráðuneyta nefnd hafi ekki hafið störf enn þá, níu og hálfum mánuði áður en það er líklegt að GATT-samningarnir taki gildi?

Ég vil einnig benda hæstv. ráðherra á það, af því að hann fór að vitna í ræðu hæstv. utanrrh. frá því fyrir jól, að hæstv. utanrrh. tók það skýrt fram þá að samkvæmt samkomulagi stjórnarflokkanna væru þær lagabreytingar sem nú væri verið er að vinna að eingöngu til bráðabirgða þangað til GATT tæki gildi. Það væri, eins og ég man að hæstv. utanrrh. sagði, síðan sjálfstætt pólitískt úrlausnarefni hvernig GATT-bindingunum yrði beitt sem ríkisstjórnin ætti eftir að taka á. Og

beri menn þetta nú saman við nefndarálit 1. minni hluta. Þar er nefnilega enn þá í gangi sami leikurinn milli aðila í Stjórnarráðinu. Menn eru alltaf að reyna að plata hvern annan í lagatexta og setja það þá inn í nefndarálit sem ekki er hægt að ná samkomulagi um í lagatexta. Ég er ekki löglærður maður, en ég held að það sé nokkuð einsýnt hvernig lögfræðingar mundu túlka það þegar þeir fara yfir sögu þessa máls núna þegar ákvæði um GATT eru tekin út úr brtt. Lögfræðingar munu örugglega túlka það þannig að það hafi verið vegna þess að það var vilji þingsins að þessi löggjöf fjallaði ekkert um GATT. Og það er hætt við því að nefndarálit breyti þar engu og ekki síst þar sem það koma tvö nefndarálit frá þeim sem standa að þessum brtt. og þau upphefja hvort annað? Hvað hafa þá dómarar eftir? Ég vil biðja hæstv. ráðherra að velta því fyrir sér.

[17:14]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins bæta því við svar mitt áðan að varðandi lágmarksaðganginn þá var tilboð okkar í samræmi við tilboð Norðmanna eins og hv. þm. er kunnugt.

Varðandi hið síðara atriði, þá er það ekkert leyndarmál hér að það er allt annað yfirbragð og allt annar tónn í Sjálfstfl. í sambandi við GATT-samninga og hvernig að þeim skuli staðið heldur en í Alþfl. Við viljum standa að þeim samningum með þeim hætti að það verði breitt samkomulag um þá og verði traust á framkvæmdinni. Við sjálfstæðismenn höfum ekki notað GATT-samningana til að efna til óeirða, hvorki með eða móti ríkisstjórninni eða til tortryggni meðal þegna þjóðfélagsins, enda teljum við að nauðsynlegt sé þegar við erum að stuðla að frjálsari viðaskiptum en áður, greiða fyrir frjálsari viðskiptum, að menn undirbúi slíka framkvæmd vel og standi vel að henni.

Ég vil líka segja við hv. þm. að sú mikla vinna sem ríkislögmaður hefur nú innt af hendi í samvinnu við landbn. og raunar forsrh. lýtur m.a. að því að gera sér grein fyrir sumum þáttum þeirra mála sem lúta að því hvernig við þurfum að undirbúa löggjöfina fyrir gildistöku hugsanlegs GATT-samnings.

Það er alveg ljóst að það mun ekki endurtaka sig sem gerðist á þinginu 1992–1993 að hlaupið verði svo hratt með einstaka þætti löggjafarinnar eða alþjóðlegra samninga að fyrir vangá komi annað út úr löggjafarstarfi þingsins en til er ætlast. Það er alveg ljóst að eftir GATT-samninga verður innflutningur landbúnaðarmála áfram í höndum landbrn. og það er alveg ljóst að frá þeim málum verður gengið með þeim hætti að engin hætta er á því að slys verði, enda er það í samræmi við þá samþykkt sem ríkisstjórnin gerði í janúarmánuði 1992, sem öll ríkisstjórnin stóð saman og hefur verið kynnt, bæði af mér og hæstv. utanrrh. um allt land og við þau orð hljótum við báðir að standa.

[17:17]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra sagði að það yrði að vera mikil sátt í þjóðfélaginu um framkvæmd GATT-samninganna og mæli hann manna heilastur. En það er einmitt það sem hæstv. ráðherra hefur algerlega brugðist í. Það fer ekki fram hjá nokkrum manni sem hefur fylgst með gangi þjóðmála síðustu vikurnar að innan stjórnarheimilisins er allt upp í loft vegna þessa máls og það er kjarni málsins.

Við fulltrúar Framsfl. í landbn. höfum teygt okkur eins langt og okkur hefur verið mögulegt til þess að ná samkomulagi og sátt. Það hefur ekki strandað á okkur.

Varðandi hitt atriðið hvernig sú lagabreyting sem nú er verið að framkvæma verði túlkuð og varðandi það að Alþingi, landbn., meiri hlutinn hvarf frá því að hafa ákvæði um GATT inni í textanum, þá ætla ég að nefna við hæstv. ráðherra eina hliðstæðu sem tengist okkar kjördæmi. Nú treystir hæstv. sjútvrh. sér ekki til að veita undanþágu fyrir landanir Mecklenburger-togarana sem Útgerðarfélag Akureyrar á meiri hlutann í. Vegna hvers? Hann hefur heimildir til þess, en hann treystir sér ekki til þess vegna þess að Alþingi sneri ákvæðinu við í umfjöllun sinni frá því að það væri leyft, eins og frv. frá ráðherra var, nema það sem væri bannað, þá væri það bannað nema það sem væri leyft. Þetta túlka lögfræðingar þess ráðuneytis þannig að þarna hafi vilji Alþingis komið skýrt fram og ég er nánast viss um að það sama yrði uppi á teningnum þegar farið yrði í lögskýringar á bak við þá breytingu sem hér er verið að vinna við núna.

[17:19]

Frsm. 4. minni hluta landbn. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti 4. minni hluta landbn. eða þess sem hér stendur.

Fyrir landbúnaðarnefnd hefur legið frumvarp frá ríkisstjórninni um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Yfirlýst markmið með þessu frumvarpi hefur verið að koma innflutningsmálum landbúnaðarins í það horf að ekki komi til nýr dómur Hæstaréttar eins og sá er féll í máli Hagkaupa hf. gegn landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra. Þar sem flestum nefndarmönnum leist ekki of vel á tillögur ríkisstjórnarinnar eftir atburði síðustu mánaða beitti formaður landbúnaðarnefndar sér fyrir að mál þetta yrði skoðað ofan í kjölinn. Hann stóð þar myndarlega að verki og ber að þakka honum það. Til að færa hugmyndir í lagabúning naut landbúnaðarnefnd aðstoðar lögfræðinganna Gunnlaugs Claessens ríkislögmanns og hæstaréttarlögmannanna Tryggva Gunnarssonar og Sveins Snorrasonar. Þeir kynntu síðan fyrir nefndinni drög að breytingartillögum sem miðuðu að eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að færa fulla heimild til landbúnaðarráðherra til að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem væru framleiddar hér á landi eða vörur tilsvarandi þeim til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra landbúnaðarvara.

Í öðru lagi að landbúnaðarráðherra væri heimilt að leggja á verðjöfnunargjöld að því marki sem fríverslunar- og milliríkjasamningar heimila.

Eftir að fyrstu drög voru kynnt og þar til að þau fengu á sig endanlegan búning hafa orðið breytingar á þeim sem víkja frá upphaflegu markmiði sem gerir það að verkum að ekki er unnt að fallast á frumvarpið ásamt þeim breytingartillögum sem liggja fyrir af hálfu annarra fulltrúa stjórnarflokkanna og er miður að svo skyldi fara.

Í fyrsta lagi er landbúnaðarráðherra ekki gert mögulegt að jafna samkeppnisstöðu landbúnaðarins að þeim mörkum sem leyft verður samkvæmt framlögðu tilboði Íslands í GATT-Úrúgvæ samningunum.

Í öðru lagi er þrengt að því á hvaða landbúnaðarvörur landbúnaðarráðherra er heimilt að leggja verðjöfnunargjöld með því að binda það við upptalningu vara eftir tollalista. Enn fremur er sú heimild skert með því að takmarka álagningu á verðjöfnunargjöldum og við að varan skuli jafnframt vera framleidd hér á landi. Þessi ákvæði kalla á endalausan ágreining því að möguleikar til að jafna samkeppnisstöðu íslenskra bænda eru undir því komnir hvernig skilgreina ber hvað heitið „landbúnaðarvara" felur í sér. Markmið þessarar lagasetningar var að eyða öllum vafa um framkvæmd laganna en hér eru á ný sett inn vafaatriði sem hafa munu grundvallarþýðingu og halda deilunum áfram. Í þessu sambandi er rétt að undirstrika að fyrir 4. minni hluta vakir ekki að fara eigi að leggja ný gjöld á matvörur sem fluttar hafa verið inn. Hins vegar þarf að tryggja að gætt sé fyllstu sjúkdómavarna og að milljarðaniðurgreiddar landbúnaðarvörur frá EB flæði ekki hömlulaust inn í landið. Á þessum erfiðu tímum eigum við ekki að flytja vinnuna út úr landinu.

Í þriðja lagi er sett inn ákvæði um hvernig erlent viðmiðunarverð skuli fundið sem eru eingöngu til þess fallin að fjarlægja framkvæmdina frá því að landbúnaðinum verði tryggð samkeppnisjöfnun. Inn eru sett ákvæði um að miða skuli við birt heimsmarkaðsverð af Evrópusambandinu eða fríverslunarsamtökum. Til að unnt sé að taka mið af öðrum verðum, þar sem verð er lægra, þarf sá kostur að vera til staðar í þrjá mánuði eða lengur. Þetta gerir það að verkum að landbúnaðurinn stendur berskjaldaður fyrir tilfallandi undirboðum vegna offramleiðslu sem standa í skamman tíma en eru mjög algeng einkum fyrir ferskar vörur með lítið geymsluþol. Hér er því enn m.a. vegið að garðyrkjunni í landinu.

Þau þrjú atriði, sem upp eru talin að ofan, gera það óaðgengilegt að samþykkja umræddar breytingartillögur.

Að lokum undirstrikar 4. minni hluti þá sérstöðu sína að hafa verið á móti EES og hrópa heldur ekki húrra fyrir GATT.

En ef til vill getum við Íslendingar lifað með þessu hvorttveggja. Alger forsenda þess er þó sú að af Íslands hálfu sé á hverjum tíma farið með samningsmálin með þeim hætti að munað sé eftir því hvað íslenskt er. Hingað til hefur þess ekki verið gætt og það hefur komið fram hjá undirrituðum áður að hann treystir ekki núverandi hæstv. utanríkisráðherra til að fara með þessi mál. Til staðfestu þessum orðum og sem fylgiskjal með þessu nefndaráliti er grein sem undirritaður skrifaði í Morgunblaðið 13. nóvember sl. undir heitinu: „Innflutningsárátta utanríkisráðherra". Enn fremur er í fylgiskjali vitnað til minnispunkta garðyrkjubænda nú í mars um EES og GATT.

Ég vil næst hlaupa aðeins á nokkrum punktum í þeirri grein er ég skrifaði í Morgunblaðið. Þar segi ég svo í upphafi:

„Þann 25. október sl. var felldur dómur í svokölluðu skinkumáli þar sem á reyndi hvort ákvæði búvörlaga um rétt til takmörkunar á innflutningi landbúnaðarvara væri gagnslaus. Sú skoðun var studd af utanríkisráðherra sem hvatti eindregið til innflutningsins. Þegar fyrir lágu skýrar ákvarðanir landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra um meðferð þessa máls gekk hann svo langt að lýsa yfir í fjölmiðlum að hann mundi heimila innflutning landbúnaðarafurða gegnum Keflavíkurflugvöll yrði eftir því leitað."

Í framhaldi af því leyfði hann svo innflutning á kalkúnalærum sem allir muna. (**GÁ:** Þú styður þennan mann.) Rétt er að minna á að það var staðfest í umræðum á Alþingi að innflutningur kalkúnalæranna, sem utanríkisráðherra leyfði gegnum Keflavíkurflugvöll, hafi verið lögbrot. Já, hafi verið lögbrot var upplýst af öllum og það er von að hv. þm. Guðni Ágústsson spyrji og veki athygli mína á að ég sé að styðja mann sem fremur lögbrot. En einn maður í þingflokki fær litlu við ráðið þó hann veiti hæstv. ráðherra takmarkaðan stuðning.

Allt skal galopið, vitnaði ég næst í þessari grein minni.

„Í sumar fór þó að bera á því að utanríkisráðherra teldi sig hafa gert samning við EB sem bæri að virða umfram íslensk búvörulög og að hann þar með og með hjálp viðskiptaráðherra væri búinn að koma svo málum fyrir að innflutningur landbúnaðarvara unninna sem óunninna væri galopinn. Þar með væri hann búinn að ná þeim árangri að koma í framkvæmd stefnu Alþýðuflokksins með hjálp erlendra aðila þó svo ljóst sé að það flokksbrot, sem hann veitir formennsku, hefði enga möguleika á að koma henni fram eftir lýðræðislegum leiðum heima fyrir."

Ég minnti í þessari grein á fórnarkostnað garðyrkjunnar, hvernig hæstv. ráðherra fór með hana.

„Þann 14. apríl sl. átti að koma til framkvæmda algjörlega tollfrjáls innflutningur tiltekinna blómategunda. Aðdraganda þess máls má m.a. rekja í skýrslu utanríkisráðuneytis frá 20. maí 1991. Þar er sagt að Evrópubandalagið hafi lagt fram lista um 72 suðrænar garð- og gróðurhúsaafurðir sem það krefst afnáms tolla á og það verði bundið í samningum í tengslum við EES-samninginn. Samkvæmt skýrslunni má sjá að þessi krafa fékk misjafnar undirtektir EFTA-þjóðanna. Sumar þjóðir svo sem Sviss (sem þá var þátttakandi í samningaumleitunum) og Austurríki höfnuðu þessari kröfu. Af hálfu íslenska utanríkisráðuneytisins var hins vegar tekið þannig á málinu að skýrt var tekið fram að yrði tilboð EB í sjávarútvegsmálum viðunandi yrði

unnt að fallast á að fella niður öll innflutningsgjöld á garð- og gróðurhúsaafurðum samkvæmt kröfum EB með árstíðabundnum takmörkunum á nokkrum tegundum í innflutningi. Þetta tilboð var gert án nokkurs samráðs við landbúnaðinn."

Hæstv. ráðherra hafði ekkert upp úr þessum fórnarkostnaði. En það breytir ekki því hvað hann ætlaði sér. Hann fékk ekki niðurfellda tollana sem hann hafði beitt sér fyrir með þessum hætti. Fórnarkostnaður garðyrkjunnar var hins vegar mikill vegna aðgerða ráðherrans.

„Og enn er vegið í sama knérunn," segir hér á einum stað. Þegar kom að undirskrift EES-samningsins, í lok júlímánaðar 1991, lá fyrir samningur um stórfellda innflutning á unnum landbúnaðarafurðum. Samningurinn hljóðaði upp á að við skyldum hefja fríverslun með mjólkurafurðir svo sem létt og laggott, smjörva og mjólkurís. Einnig voru tvímælalaus ákvæði í samningnum sem hindruðu okkur í að taka upp verðjöfnunargjöld á meginhluta þeirra unnu landbúnaðarvara sem samið var um fríverslun á þar sem við höfðum ekki nýtt okkur rétt til verðjöfnunar á viðmiðunartímunum eins og aðrir samningsaðilar. — Þarna tókst landbrn. aðeins að bjarga frá afglöpum hæstv. utanrrh. Það fékk þetta lagað. Af þessum orðum er sýnt fram á að íslenskur landbúnaður hefur í samningaferlinu alltaf verið settur til hliðar.

Virðulegi forseti. Fyrir lá í landbn., eftir að lögfræðingar nefndarinnar skiluðu henni öðru áliti sínu, að þar væru komnar tillögur sem öll nefndin gæti staðið að utan alþýðuflokksmaðurinn og er leitt til þess að vita að jafnágætur maður og hv. þm. Gísli Einarsson gat ekki staðið með okkur, þetta ágæta og fagra blóm í Alþfl., en það er of mikið af illgresi í kringum þennan ágæta þingmann. (**Gripið fram í:** En hvað með þessa þrjá í þínum flokki?) Á þeim punkti lá og fyrir að átta nefndarmenn, bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar, höfðu náð saman um málið eftir góða vinnu ágætra lögfræðinga. Á þeim punkti hefði verið eðlilegt fyrir nefndina að staðnæmast og skila af sér svo að segja samhljóða til þingsins. Á þeim punkti hefði verið sæmst fyrir ráðherra að hætta að slást í þessu máli. Á þessum punkti hefði verið eðlilegt að skilja Alþfl. eftir í málinu. Hann átti enga aðra leið en að fylgja með í málinu, 10% flokkur sem engan hljómgrunn hefur fengið fyrir stefnu sinni í þessu máli gat ekkert annað. Það þurfti aðeins að sýna honum myndugleik. Vildi hann hins vegar sigla mátti um það segja að farið hefði fé betra.

En málinu gat því miður ekki lokið í landbn. og þar með í þinginu með þeim farsæla hætti að flestir hefðu verið sammála. Nei, nú hófst enn framhaldsfarsi sem lauk með nýrri útgáfu lögfræðinga sem hér liggur fyrir í nefndaráliti 1. minni hluta og nú hafði enn einu sinni verið gefið eftir fyrir krötum.

Eins og kom fram í nefndaráliti mínu styð ég ekki þær brtt. 1. minni hluta sem urðu til frá öðru uppkasti lögfræðinganna þar til þriðja uppkast lá fyrir, en þá kom í ljós að látið hafði verið undan Alþfl. Ég mun hins vegar greiða atkvæði með þeim tillögum 1. minni hluta sem allir nefndarmenn voru sammála um eins og kom fram í áliti 3. minni hluta. Jafnframt styð ég brtt. 3. minni hluta en þær eru í samræmi við miðuppkast lögfræðinganna sem við nefndarmenn tókum vel strax í upphafi.

Virðulegi forseti. Ég hef nú greint frá mínu nefndaráliti og skoðun minni á þessum málum. Við landbúnaðarumræðu sl. vor þar sem við áttum tal saman hæstv. utanrrh. minnti ég á gömul orð sem svo hljóða:

Hossir þú heimskum gikki,
hann gengur lagið á
og ótal asnastykki
af honum muntu fá.

Við sjálfstæðismenn erum vissulega búnir að fá mörg asnastykki frá hæstv. utanrrh. og þar áður höfðu vinstri menn, framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn, notið góðs í þeirra samvistum í stjórn. En mest hefur þó þjóðin sem heild fengið af slíku. Hún á lengi eftir að súpa seyðið af því.

[17:34]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það er upphaf þessa máls að 20. jan. sl. féll dómur Hæstaréttar sem skipti sköpum um langdregnar þrætur manna um skilning á búvörulögum. Dómur Hæstaréttar var á þá leið að skilningur minn og samstarfsmanna minna um það að búvörulögin hefðu ekki að geyma sjálfstæðar heimildir til að banna innflutning búvöru væri réttur, en hefðbundinn skilningur landbrn. og sérfræðinga þess í því máli rangur. Þessi niðurstaða Hæstaréttar þýddi að þar með hefði hömlulaus innflutningur búvara átt greiða leið inn í landið án nokkurrar gjaldtöku af nokkru tagi eða annarra verndaraðgerða.

Um leið og þessi dómur féll var það sammæli forustumanna stjórnarflokkanna að við það yrði ekki búið því að menn voru sammála um það að enginn hefði stefnt að hömlulausum innflutningi. Samkomulagið var þess vegna um það að endurreisa óbreytt ástand eins og það hafði verið fyrir dóm Hæstaréttar til skamms tíma þar til væntanlegur Úrúgvæ-samningur GATT tæki gildi. Og hvers vegna til skamms tíma? Vegna þess að GATT-samkomulagið, þegar það tekur gildi, leggur af innflutningsbönn og leyfisveitingavald. Það var því eðli málsins samkvæmt svo að það var ekki hægt að leysa málið nema til skamms tíma.

Hið pólitíska samkomulag sem gert var innan stjórnarflokkanna er ekki bara samkomulag formanna flokkanna. Það var gert annars vegar af hálfu forsrh., fjmrh. og landbrh. fyrir hönd Sjálfstfl. og okkar utanrrh. og viðskrh. fyrir hönd Alþfl. En þetta samkomulag var staðfest í ríkisstjórn, því hér var um að ræða stjfrv., og það var staðfest og samþykkt af þingflokkum stjórnarflokkanna.

Það er til marks um þá sanngirni sem Alþfl. hefur sýnt í þessu máli að við féllumst á að auka þann bannlista sem í gildi hefur verið með vísan til laga um gjaldeyris- og innflutningsmál og að taka inn í viðauka með stjfrv. nokkrar vörutegundir sem aldrei hafa heyrt undir landbrn., sem hafa verið í frjálsum innflutningi, jafnvel tollfrjálsum innflutningi. Við gerð-

um það einfaldlega vegna þess að við vildum stuðla að því að landbrh. fengi heimildir til verðjöfnunargjalda. Samkomulag stjórnarflokkanna var þess vegna þetta: Að endurreisa þær bannheimildir sem landbrh. hafði áður haft sem voru birtar í auglýsingu frá viðskrn. og því til viðbótar vörum sem honum var skylt að leyfa innflutning á samkvæmt milliríkjasamningum, hvorki meira né minna. Í annan stað að hann skyldi hafa heimildir til þess að leggja á verðjöfnunargjöld samkvæmt ákvæðum milliríkjasamninga, þ.e. til þess að leggja verðjöfnunargjöld á hráefnisþátt innfluttra landbúnaðarafurða, enda væri um að ræða innlenda framleiðslu á þeim vörum. Þetta er vel skilgreint mál. Þetta eru ekki há gjöld. Þau eru afmörkuð bæði í vöruflokkum við viðauka og þau eru með skýru hámarki samkvæmt EES-reglum.

Þriðji þáttur samkomulagsins var síðan sá, eins og stóð í athugasemdum með frv. ríkisstjórnarinnar, að framtíðarskipan tollamála eftir gildistöku GATT skyldi vísað til sérstakrar nefndar. Sú nefnd skyldi vera undir forustu forsrn., en að því máli skyldu síðan koma öll þau fimm ráðuneyti sem að málinu þurfa að koma vegna þess að nefndin þarf að fjalla um endurskoðun á innflutningslöggjöfinni í heild sinni, búvörulöggjöfinni sérstaklega og þar með tollalögum sérstaklega, til þess að undirbúa gildistöku GATT. Með þessum hætti var lagt fram stjfrv. sem samkomulag var um í ríkisstjórn og samþykkt í þingflokkum stjórnarflokkanna.

Það sem er sérkennilegt við meðferð málsins síðan, þegar þessu stjfrv. er vísað til landbn., er það að nokkrir af samflokksmönnum hæstv. landbrh., einkum og sér í lagi hv. formaður landbn. sem og hv. 6. þm. Suðurl. sem þar á sæti, vildu ekkert kannast við þetta frv. hæstv. landbrh. og réðu sér verktaka til þess að breyta því. Aðspurður um það hvort formanni landbn. væri kunnugt um samkomulag stjórnarflokkanna og þetta væri stjfrv. lýsti hann því yfir oftar en einu sinni að honum væri alls ókunnugt um þetta samkomulag og þótt það væri eitthvert slíkt samkomulag, þá kæmi honum það ekkert við og reyndar kæmi honum ríkisstjórnin heldur ekkert við. (**Gripið fram í:** Hann beygði sig nú.) Já, að vísu er það rétt, hv. þm. En hann hafði uppi stór orð og digurbarkaleg og kvaðst engu breyta og taka málið út alveg án tillits til þess hvert væri samkomulag stjórnarflokkanna.

Að því er varðar þann þátt sem er stærsta atriði málsins, nefnilega það að framtíðarskipan tollamála eftir gildistöku GATT skyldi vísað til nefndar, þá var ágreiningurinn fyrst og fremst við hæstv. landbrh. vegna þess að hann hefur hvorki meira né minna en fjórum sinnum í ræðum sínum tekið það mjög skýrt og skilmerkilega fram, bæði í desember þegar hann fylgdi úr hlaði stjfrv. þá og í febrúar þegar hann fylgdi þessu stjfrv. úr hlaði, að framtíðarskipan tollamála eftir GATT kæmi þessu máli ekkert við, væri sérstakt mál og ætti ekki að rugla saman við þetta. Hv. þm. Gísli Einarsson las þessar tilvitnanir fjórar talsins þannig að ekki fer milli mála. Þannig var ágreiningur hv. formanns landbn. þá fyrst og fremst við hæstv. landbrh. og það stjfrv. sem hann mælti fyrir.

Hér hefur verið rakið í löngu máli hvernig málið breyttist í meðförum hv. formanns landbn. Í fimm meginatriðum gerði hann breytingar á frv. og fékk lögfræðinga til þess að semja nýtt frv. Lögfræðingarnir hafa náttúrlega margsinnis tekið það fram að þeim hafi ekkert verið kunnugt um neitt pólitískt samkomulag stjórnarflokkanna, enda var þeim ekki frá því skýrt, þannig að sú athugasemd að lögfræðingarnir hafi unnið í anda þess er með öllu villandi. Þeir fóru einfaldlega eftir fyrirsögn verkbeiðandans sem var formaður landbn. (**Gripið fram í:** Og forsrh. líka.) Það er mér ekki kunnugt um. (Gripið fram í.) Mikið rétt.

Það kom fljótlega á daginn að því er varðaði verk þessara lögfróðu manna að það hafði láðst að gera tvennt sem hefði verið nauðsynlegt til að þeir gætu unnið sitt verk. Hið fyrra var að sjálfsögðu að kynna þeim á hvaða pólitísku forsendum frv. var byggt samkvæmt samkomulagi stjórnarflokkanna, en hið seinna var að kynna þeim skuldbindingar og ákvæði milliríkjasamninga sem við höfum tekist á herðar. En hvorugt var gert. Þetta leiddi til þess að þau frumvarpsdrög og álitsgerð sem þessir lögfræðingar lögðu inn til formanns landbn. reyndust í veigamiklum atriðum og í sumum grundvallaratriðum á misskilningi byggð. Þetta er náttúrlega gagnrýni vert sem vinnubrögð að ráðnir séu lögfræðingar til þess að fjalla um stjfrv. en ekki gætt að því að þeir afli sér upplýsinga hjá sérfræðingum þeirra ráðuneyta sem að málinu koma sem eru utanrrn., landbrn., viðskrn. og fjmrn. til þess að kynna sér áður en þeir fara að smíða lagatexta í hverju þessar skuldbindingar eru fólgnar. (**Gripið fram í:** Þeir þekktu þetta allt saman.) Því miður er það ekki rétt svo sem glögglega kemur fram þegar borin eru saman þessi fyrstu drög hv. lögfræðinga, sem eru birt hér með nefndaráliti hv. þm. Gísla Einarssonar, og það frv. sem nú liggur fyrir. Því niðurstaðan er sú að það þurfti í ekki færri en 10 atriðum að leiðrétta þessi upphaflegu drög. Það var talið upp hér áðan. Ólögfræðilegt hugtak, tilsvarandi vörur, var strikað út. Reyndar hafði það líka verið strikað út í samkomulaginu í desember. Tilraun þeirra til að skilgreina hugtakið landbúnaðarvörur var vísað á bug, enda var samkomulag um að útkljá það mál með því að gefa viðaukalistunum lagagildi.

Misskilningur þeirra að því er varðaði muninn á breytilegum verðjöfnunargjöldum og hins vegar tollum eftir gildistöku GATT þurfti að leiðréttast í mörgum greinum og sér í lagi þurfti að vanda miklu betur skilgreininguna á viðmiðunarverðum og ekki síst að því er varðaði hráefnisþáttinn.

Tekið var fram að verðjöfnunargjöld skyldu að sjálfsögðu eingöngu lögð á vegna hráefna sem framleidd er á Íslandi. Það segir sig sjálft, og hefði ekki þurft lögfræðinga til, að menn beita ekki verðjöfnunargjöldum til þess að jafna mun á erlendu og innlendu verði ef engin er innlenda framleiðslan. En jafnvel þetta vafðist fyrir þeim. Upphafleg tillaga þeirra um 50% jöfnunarálag ofan á verðjöfnunargjöld var fleygt út.

Hugmyndir þeirra um að setja inn í aukamálsgrein

í búvörulögum, sem í þeirra frv. hét grein 2.4, gjaldaheimildir upp að svokölluðum GATT-bindingum, voru felldar niður og þannig komið í veg fyrir reginskyssu sem hefði verið brot á gildandi GATT-samningum, þ.e. að Alþingi veitti einum aðila framkvæmdarvaldsins, landbrh., gjaldtökuheimildir sem hefðu leitt til, ef þær hefðu verið nýttar að fullu, hækkunar á gjöldum umfram innanlandsverð. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á þessu og sá misskilningur kom fram í ræðu hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar hér áðan í orðaskiptum við hv. þm. Gísla Einarsson. Hann vildi bregða Gísla Einarssyni um óheiðarleika að því er varðaði túlkun hans á þessum víðtæku gjaldaheimildum. Þetta er áreiðanlega á misskilningi byggt.

Það sem vakti fyrir formanni landbn. var þetta: Samkvæmt grein 2.4, sem búið er að fleygja út úr frv., vildi hann miða við tilbúið heimsmarkaðsverð á viðmiðunarárunum 1986–1987. Það átti að vera grunnur gjaldaheimildanna og upp að fullu innanlandsverði. (Gripið fram í.) Nú vil ég biðja hv. þm., af því að hann gaf tilefni til þessara orða, að hlusta. Þetta var tillaga formanns landbn. Þetta svokallaða heimsmarkaðsverð er hvergi til í veruleikanum. Það var eingöngu notað sem grunnur til þess að reikna út tollígildin, þ.e. heimildir til tolla eftir GATT. Ef þetta hefði verið samþykkt, þá hefði hæstv. landbrh. verið búinn að fá gjaldtökuheimildir á innflutningi sem hefðu verið langt umfram innanlandsverð og ekki nokkur vafi á því að út frá sjónarmiðum lögfræðinganna sjálfra sem lögðu á það höfuðáherslu að það yrði að vera tryggt að þetta væri í samræmi við millirríkjasamninga og að þetta framsal á gjaldtökuvaldi bryti ekki í bága við stjórnarskrá samkvæmt fordæmum, þá hefði þetta ekki staðist. Þannig að það voru engin rök fyrir þessu. Það var engin leið að setja í búvörulög nú einhverja skilgreiningu á því hvernig verður háttað tollamálum eftir GATT. Þau rök þurfti að fara nokkuð oft með fyrir þessa lögfræðinga áður en þeir skildu, en að lokum var þessu að sjálfsögðu fleygt út.

Hitt er svo minni háttar. Viðaukanum var skipt í tvennt, sem var okkar upphaflega tillaga, þannig að sér væru annars vegar bannlistavörur og hins vegar þær vörur sem eru í frjálsum innflutningi en sæta verðjöfnunargjöldum samkvæmt millirríkjasamningum. Það þurfti að bæta mjög skilgreininguna á heimsmarkaðsverði. Það þyrfti að taka fram sérstaklega skyldu landbrh. til þess að birta opinberlega viðmiðunarverð og það var kveðið á um að álagning verðjöfnunargjalda skyldi vera í samræmi við skilmála millirríkjasamninga nákvæmlega. (**Landbrh.:** Og hver var þessi glöggi maður sem benti á þetta?)

Þetta sem ég hef nú farið með sýnir að það var dálítið sérkennilega að málunum staðið. Hv. formaður landbn. vann að þessu máli þannig að í fyrsta lagi sagði hann: Mér kemur ekkert við á hvaða pólitísku forsendum frv. ríkisstjórnarinnar er byggt.

Í annan stað gekk hann í berhögg við margendurteknar yfirlýsingar hæstv. landbrh. um það að framtíðarskipan tollamála hlyti að bíða síns tíma eins og hæstv. landbrh. margsagði í sínum ræðum og seinast með þessum orðum, með leyfi forseta:

„Það hefur verið mjög áberandi í þeim umræðum sem hér hafa farið fram að GATT hefur verið dregið inn í þær. Það kemur alveg skýrt fram í greinargerð með frv. og líka í framsöguræðu minni að þessu frv. er ekki ætlað að taka til þeirra samninga heldur verður unnið að samningu nýs lagafrv. með fyllri ákvæðum og heimildum jafnóðum og það skýrist hvernig GATT-samningarnir munu vera í einstökum atriðum. Auðvitað hlýtur slíkt frv. að vera afgreitt samtímis GATT-samningunum á Alþingi."

Þetta voru orð hæstv. landbrh. og þau geta ekki skýrari verið. Gegn þessu hins vegar stóð hv. formaður landbn. sem reyndi fram á seinustu stund að troða þarna inn ákvæði sem átti að veita hæstv. landbrh. opnar heimildir til gjaldtöku eftir gildistöku GATT. Þannig að sú sérkennilega staða hefur komið upp að það eru samflokksmenn hæstv. landbrh. sem reyndu af fremsta megni að umturna því frv. sem hann, hæstv. landbrh., átti fulla aðild að, var stjfrv. samþykkt í þingflokkum og hæstv. landbrh. hafði mælt fyrir. Þetta hafði ekkert að gera með ágreining við Alþfl. Þessi ágreiningur var einfaldlega innbyrðis í Sjálfstfl. (**ÓRG:** Þannig að þú varst að bjarga landbrh.?) (**Landbrh.:** Að bjarga Sjálfstfl.?) (**ÓRG:** Já.)

Að svo miklu leyti sem við ræðum hér vinnubrögð, þá skal undir það tekið að það er óvenjulegt, svo ekki sé meira sagt, að þegar loks er búið að ná pólitískri samstöðu um frv. sjálft, þá skuli synjað um allt samstarf um túlkun frv. í greinargerð með frv. Að vísu munu vera til nokkur fordæmi þess á hinu háa Alþingi. Enda fá einsdæmi að ekki megi finna fordæmi í sögu Alþingis fyrir þeim en þau eru fátíð. En sér í lagi get ekki annað en sagt að þegar þannig er á málum haldið að þegar samkomulag hefur tekist um sjálfan frumvarpstextann og búið er að henda út tilraunum formanns landbn. til þess að fara á svig við samkomulag flokkanna, og reyndar að brjóta í bága við millirríkjaskuldbindingar, þá verður það að teljast óvenjulegt að þá sé synjað um að í sameiginlegri greinargerð komi fram ábendingar og rök sem eru leiðréttingar á augljósum rangfærslum og misskilningi. En eins og fram kom í máli hv. þm. Gísla Einarssonar þá neyddist hann til þess að leggja fram sérstaka greinargerð vegna þess að synjað var um samstarf um túlkun á þeim texta sem fyrir liggur. (**JGS:** Hvað vakir fyrir Alþingi?) Það er nauðsynlegt upp á framgang málsins þótt hér sé um að ræða skammtímalausn að rétt rök í málinu komi fram í greinargerðum og einhvern tíma hefði nú einhver sagt að það bæri vott um nokkurn hroka þegar fram kemur í greinargerð lögfræðinganna að engu máli skipti hvað þingmenn segi í þingræðum sínum eða hvað sagt sé í greinargerðum með frumvörpum, þeir einir hafi seinasta orðið um að túlka hvað rétt sé. Það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir réttaróvissu. Það er nauðsynlegt til þess, sérstaklega ef tilefni gefst til einhverrar málshöfðunar út af þessu á þeim tíma sem líður fram að áramótum, að rétt rök séu sett fram í greinargerð með frv. þannig að þeir sem um málið fjalla og við málið eiga að búa þurfi ekki að

velkjast í vafa um hverjar staðreyndir málsins eru.

Niðurstaða málsins er síðan sú að eftir allan hamaganginn, eftir þessi handarbakavinnubrögð, eftir allar stóru yfirlýsingarnar, eftir fullyrðingarnar um að málinu skyldi í engu breytt, eftir yfirlýsingarnar um að málið skyldið tekið út, eftir yfirlýsingar um það að engu varði hvað samstarfsflokkurinn hafi til málanna að leggja, þá liggur hér fyrir frv. sem er í öllum grundvallaratriðum óbreytt stjfrv. með *smávægilegum* tæknilegum breytingum sem vandræðalaust var fyrir Alþfl. að ganga að, enda lýstum við því strax yfir að ef fram kæmu tillögur um eitthvað sem betur mætti fara í lagatexta, og það voru nokkur atriði, þá mundum við að sjálfsögðu fúslega fallast á slíkt.

Það er nauðsynlegt að rekja þessar staðreyndir málsins og undirstrika það að af hálfu Alþfl. hefur verið sýnd fyllsta sanngirni í þessu máli og þær deilur sem vaktar hafa verið upp um það hafa verið af hálfu formanns landbn., ekki gegn Alþfl. heldur gegn frv. sem var stjfrv., samþykkt í ríkisstjórn og samþykkt af þingflokkum stjórnarflokkanna.

Í nefndaráliti hv. þm. Gísla Einarssonar eru sérstaklega leiðréttar ýmsar fullyrðingar í nefndaráliti formanns landbn. sem ekki eru í samræmi við lagatextann sjálfan og gætu reynst villandi og rangvísandi, bæði fyrir þá sem við þetta eiga að búa og eins ef þannig kynni að fara að dómstólar þyrftu að skera úr um málið. Ég ætla ekki að tíunda það aftur en ég ætla bara að nefna nokkur atriði.

Því er haldið fram að heimildir landbrh. til álagningar verðjöfnunargjalda taki til allra innfluttra landbúnaðarvara, hverju nafni sem nefnast og í reynd líka einhverja tilsvarandi vara án tillits til þess hvort viðkomandi vörutegundir séu framleiddar hér á landi. Það er einfalt mál og auðvelt að rökstyðja að þetta er staðleysa og hvað fyrir mönnum vakir að setja slíka staðleysustafi í nefndarálit meiri hluta er mér hulin ráðgáta. Það er alveg augljóst mál að vörusviðið er takmarkað. Það er í fyrsta lagi takmarkað við viðaukana sjálfa. Það er í annan stað takmarkað við þær vörur eða þau hráefni sem jafnframt eru framleidd hér á landi. Það er í þriðja lagi takmarkað af þeim ástæðum að það er ein grundvallarreglan að ef varan var í frjálsum innflutningi eða á lágum tollum fyrir, þá verður að halda þeirri skipan eftir GATT ef um sama magn er að ræða. Loks er þess að geta að það er pólitískt samkomulag í þessari ríkisstjórn um það að á þær landbúnaðarvörur, landbúnaðarhráefni, sem voru í frjálsum innflutningi á viðmiðunarárunum eða á lágum tollum, skuli ekki lögð frekari gjöld. Með öðrum orðum er sú fullyrðing að vörusviðið sé ótakmarkað staðleysustafir.

Í annan stað stenst að sjálfsögðu ekki sú tilraun hv. formanns landbn. að reyna að halda því fram að þetta frv. taki til þess hvernig tollamálum verður háttað eftir gildistöku GATT. Í fyrsta lagi eru athugasemdir í stjfrv. sem taka það fram að það mál fari í sérstaka nefnd. Í annan stað eru fjórar tilvitnanir í ræðu hæstv. landbrh. sem tekur það fram að það mál sé sérstakt mál sem eigi að fara í nefnd og sé ekki efni frv. Í þriðja lagi vita svo allir, sem eitthvað þekkja til þessara mála, að það er tæknilega ógerningur, hver svo sem vilji manna er, að setja í lagatexta núna endanlegan bindandi texta sem kveður upp úr um það hvernig tollamálum eftir GATT verður skipað. Það er einmitt vegna þess sem samkomulag var í ríkisstjórninni, í stjfrv. og samþykkt af þingflokkum að þetta skuli sett í nefnd fimm ráðuneyta.

Ég bið hv. þm. að hugleiða að þetta er ekki einfalt mál. Það eru allmargir mánuðir liðnir frá því að upp var sett nefnd. Hún var sett upp í september sl. til þess að fara yfir innflutningslöggjöfina og skila áfangaskýrslu um það hverju helst þyrfti að breyta. Sú áfangaskýrsla liggur fyrir. Þar benda menn á að í fimm eða sjö lagabálkum sem varða innflutningslöggjöf, einkum búvörulög, sé augljóst mál að það þurfi að fella niður allar heimildir sem lúta að banni við innflutningi og leyfisveitingavaldi ráðherra. Um þetta er enginn ágreiningur.

Síðan er það að meginreglan innan GATT er að sjálfsögu sú að það verður að taka pólitíska ákvörðun um það — og þá kem ég að spurningu sem hv. þm. Jóhannes Geir beindi til mín — hversu langt viðkomandi ríki, í þessu tilfelli okkar ríki, vill ganga í því að nýta þær tollaheimildir sem felast í GATT-tilboðinu. Það eru hámarksheimildir en spurningin er um það að hve miklu leyti menn ætla að nýta þær. Þess vegna m.a. hlýtur þessi nefnd ekki aðeins að skoða innflutningslöggjöfina heldur alveg sér í lagi tollalöggjöfina.

Að meginstefnu til gerir GATT þá kröfu til tollalöggjafar að hún sé í föstum skorðum, þ.e. að tollar séu birtir, þeir séu fast mótaðir og það sé hægt að hafa með þeim eftirlit vegna þess að hin nýja stofnun mun hafa aukið eftirlit með framkvæmd samninganna. Tollar af þessu tagi eru allt annað fyrirbæri heldur en breytileg verðjöfnunargjöld. Þó ætla ég ekkert að útiloka það, það er ekki á mínu færi á þessari stundu, að í einhverjum mæli og í einhverjum undantekningartilvikum megi beita verðjöfnunargjöldum. Það er t.d. ekki óhugsandi að það megi gera þegar um er að ræða vörur sem eru bundnar fríverslunarsamningum, t.d. bókun 3 EES, þegar það er algerlega skilgreint hvert viðmiðunarverðið er og skilgreint hámark á gjöldunum. Enn liggur það ekki fyrir innan GATT hver niðurstaðan verður þó margt bendi til þess að meginreglan verði fastmótaðir tollar. Alla vega er ljóst að breytileg verðjöfnunargjöld af því tagi sem eiga að vera breytileg frá vörusendingu til vörusendingar munu ekki standast GATT-reglur, þau munu nánast flokkast undir viðskiptahindranir vegna þess að ekki er unnt að koma við neinu eftirliti með slíkri framkvæmd.

Því næst skyldu menn gjarnan líta á það grundvallaratriði íslenskrar lagasetningar að tolla, eins og skatta, má enga á leggja né af taka nema með lögum. Alþingi hlýtur í ljósi hæstaréttardóma sem fyrir liggja að skoða vandlega hversu langt það vill ganga í þá áhættuátt að framselja vald sitt til skattlagningar eða tollaákvarðana í hendur einum aðila framkvæmdarvaldsins og reyndar skal það sagt lögfræðingunum þremur til hróss að þá lexíu kunnu þeir vel og lögðu á það áherslu að undir engum kringumstæðum mætti um slíkt framsal á

valdi vera að ræða að því er þessi lög varðar. Á það má líka benda að fyrir liggur heil bók eftir virtan lögfræðing, Sigurð Líndal prófessor, þar sem hann bendir einmitt á að þessi grundvallarveila er eins og rauður þráður í gegnum landbúnaðarlöggjöfina og hefur verið það áratugum saman. Hún einkennist af allt of miklu, víðtæku og þaklausu framsali á gjaldtökuvaldi til óæðra stjórnvalds. Reyndar heldur hann því fram í mörgum greinum að þessi löggjöf sé af þeim sökum brot á stjórnarskránni.

Virðulegi forseti. Ég dreg enga dul á það að ég harma það að þessum vinnubrögðum skuli hafa verið beitt af hálfu formanns landbn. Ég tel þau hafa verið friðarspilli, þau hafi spillt samkomulagi um málið að óþörfu og gefið undir fótinn með rangtúlkanir á málinu. T.d. standa margir í þeirri trú að það hafi staðið eitthvað á Alþfl., og það hafi verið kjarni þessarar deilu, að endurreisa heimildir til landbrh. um bann á innflutningi búvara eða synja um lagaheimildir til hans um álagningu verðjöfnunargjalda. Hvort tveggja er rangt. Alþfl. var reiðubúinn til þess og sýndi mikla sanngirni í því máli. Þannig að deilan stóð ekki um það. Deilan stóð um það að ákveðið var af hálfu formanns landbn. að ganga miklu lengra en unnt var að fallast á miðað við samkomulag stjórnarflokkanna, lengra en hægt var að gera tæknilega í ljósi þess að það er ekki hægt á þessari stundu að ákveða tolla eftir gildistöku GATT og lengra en góðu hófi gegnir miðað við góða stjórnsýslu og stjórnskipan landsins.

Allt er gott sem endar vel og það er fagnaðarefni að þessu var öllu hnekkt þannig að eftir stendur að búið er að leiðrétta þetta frv. og þessar álitsgerðir í öllum grundvallaratriðum þannig að frv. stendur í stórum dráttum eins og það kom frá ríkisstjórninni með nokkrum tæknilegum breytingum. Það er niðurstaða málsins.

Síðan er auðvitað mjög mikilsvert mál að sú nefnd fimm ráðuneyta undir forustu forsrn. sem hefur fengið það verkefni að endurskoða innflutnings- og tollalöggjöfina hefji nú þegar störf. Hún skilaði áfangaskýrslu meðan þessi nefnd var fjögurra ráðuneyta nefnd og gerði það fyrir áramót, en síðan hefur verið ákveðið að fjölga í nefndinni og umfram þessa áfangaskýrslu hefur hún ekki enn unnið neitt svo mér sé kunnugt um.

Sumir hafa haft á orði að það sé hið versta mál að íslenskir bændur þurfi að búa við óvissu um það hvernig staðið verði að framkvæmd tollamála eftir að GATT tekur gildi. Nú er það svo að tilgangurinn með þessu frv., með því að endurreisa bannheimildir landbrh., með því að taka af tvímæli um heimildir hans til álagningar verðjöfnunargjalda, þá er auðvitað verið að reyna að binda enda á réttaróvissu og skapa vissu og öryggi, bæði fyrir framleiðendur og innflytjendur um hvað er heimilt og hvað ekki. Það er ekki hægt að gera þá kröfu hins vegar að til þess að binda enda á óvissu um eitthvað í framtíðinni, þá setji menn í lagatexta eitthvað sem ekki fær staðist. Það er einfaldlega ekki hægt — þetta er miklu flóknara og viðameira mál en svo — með einni aukasetningu í búvörulögum að ráða skipan tollalöggjafar eftir að GATT tekur gildi. Það dettur engum óvitlausum manni í hug.

Mikið meira er út af fyrir sig ekki um efni þessa máls að segja, en ég vil að lokum víkja að spurningum sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson beindi til mín. Hann spurði í fyrsta lagi á hverju samkomulag stjórnarflokkanna hefði byggst sem lá til grundvallar breytingartillögum við búvörulögin í desember að því er varðaði forræði landbúnaðarafurða. Ég tel mig hafa svarað því. Ég minni á að á þeim tíma stóðu menn enn í þeirri trú að búvörulögin hefðu sjálfstætt banngildi að því er varðaði innflutning. Það stóð því ekki til að efna til einhvers innflutnings sem þar var bannaður eða var á valdi Framleiðsluráðs landbúnaðarins, lægra setts stjórnvalds, að banna. Það sem verið var að gera með frv. í desember var þetta:

1. Að gera landbrh. skylt að efna milliríkjasamninga, þ.e. heimila innflutning á búvörum sem okkur var skylt samkvæmt milliríkjasamningum.

2. Að heimila honum að leggja verðjöfnunargjöld á hráefnisþátt þeirra landbúnaðarafurða sem þannig yrðu fluttar inn í landið og síðan nánar útskýrt um framkvæmd þess með þriggja manna nefnd o.s.frv.

Þetta var desembersamkomulagið og að því er varðar hinar pólitísku forsendur stjfrv. frá því í febrúar, þá hef ég þegar rakið það. Það var um það að endurreisa þessar bannheimildir. Þær voru alveg skýrar því að þær voru samkvæmt auglýsingum frá viðskrn. Þær voru hins vegar auknar vegna þess að við vorum svo sanngjarnir að bæta á þennan bannlista vörum sem höfðu aldrei verið þar áður og síðan var tryggilega frá því gengið að verðjöfnunargjaldaheimildirnar væru innan þeirra marka sem milliríkjasamningar kveða á um þannig að þær væru ekki opnar heimildir eða brytu í bága við lög eða stjórnarskrá.

Önnur spurning hv. þm. var, að vísu nokkuð óljóst orðuð, hvernig tekið yrði á tollamálum, ef ég skildi hann rétt, eftir Úrúgvæ-lotu GATT. Ég tel mig hafa svarað því. Það getur enginn fullyrt það á þessari stundu nákvæmlega. Það er nákvæmnisvinna. En rétt stjórnsýsluvinnubrögð eru af því tagi að öll ráðuneyti sem að því koma hljóti að koma að því máli. Það er augljóst mál ef menn ætla að endurskoða tollalöggjöfina, þá er ekki hægt að sniðganga fjmrn. Hvað er eftir af fjmrn. sem hefur ekki tollalöggjöf? Dettur einhverjum í hug að fara að búta tollalöggjöfina og dreifa henni á hin ýmsu fagráðuneyti? Telja menn það vera í anda góðrar stjórnsýslu? Telja menn að það sé líklegasta leiðin til þess að tryggja að við efnum milliríkjasamninga? Eða eru menn virkilega þeirrar skoðunar að það eigi að fela hverju fagráðuneytum um sig sinn bút tollalöggjafarinnar til þess að afhenda tollskrána og tollalöggjöfina sem verndarstefnutæki fyrir hvert fagráðuneyti? Það væri með ólíkindum. Það væri fróðlegt að heyra álit lögvitringanna þriggja á þvílíkum skoðunum. (**Gripið fram í:** Hvað gera þeir á Norðurlöndum?) Það gegnir allt öðru máli um það. Það er mikil mistúlkun á því. Það er mjög ólíkt eftir hinum ýmsu löndum að því er varðar þau kerfi sem menn nota. Ísland hefur ekki notað verðjöfnunargjöld, það

hafa Norðurlöndin gert. Og ákveðinn þáttur þeirra, sem beinlínis varðar framkvæmd framleiðslustýringar viðkomandi landa, er í tveimur tilvikum hjá landbrn. En það breytir engu um að forræði fjmrn. yfir tollalöggjöf og tollskrá er að sjálfsögðu óskert.

Þá spurði hv. þm. um beitingu tollígilda þegar að því kemur. Svarið er þetta: Endurskoðuð tollskrá liggur ekki fyrir. Að því mikla og flókna viðfangsefni er verið að vinna í þessari margnefndu fimm ráðuneyta nefnd. (Gripið fram í.) Nei, því miður, ég tek undir með hv. þm. að það er auðvitað mjög brýnt að hún byrji þetta verk hið fyrsta. Og að því varðar framkvæmdina á lágmarksmarkaðsaðgangi, 3% sem á að vaxa í 5% eða 6%, þá er mér ekki kunnugt um að fyrir liggi neinar ákveðnar tillögur um framkvæmdina. Vel má vera að þær séu til í landbrn. þó mér sé ekki um það kunnugt. Ég legg á það áherslu að vegna þess hve vægt er farið í sakirnar að innleiða smá vott af verðsamkeppni á sex árum þá er þessi þáttur GATT-samkomulagsins, þessi takmarkaði lágmarksmarkaðsaðgangur, hugsaður til þess að gefa stöðnuðum einokunarkerfum svolitla „sjokk"-meðferð svo sem eins og gerist í Sovétríkjunum. Þess vegna tel ég mjög æskilegt að neytendur fái að njóta hagkvæmninnar af þessum mjög takmarkaða innflutningi á lágum tollum til þess líka að framleiðendur vöru og þjónustu standi þar frammi fyrir eðlilegum örvunaráhrifum samkeppni.

Þetta er hins vegar erfitt í framkvæmd vegna þess að eiginlega er ekki nema tvennt til, annaðhvort að bjóða þennan innflutning út til lægstbjóðanda eða þá að úthluta honum til einhverra aðila sem viðamestir eru í innflutningi nú þegar.

Að lokum, virðulegur forseti, af því að hér var farið með endalausar rangfærslur um þann litla þátt EES-samninganna sem varðaði heimildir til innflutnings á grænmeti og blómum. EES-samningurinn, þótt hv. 6. þm. Suðurl. hafi ekki tekist að skilja það enn, er alls ekki um landbúnaðarmál. Hins vegar var gert samkomulag um það að draga upp lista yfir 77 tegundir af blómum og grænmeti. (**Gripið fram í:** Það á að fórna garðyrkjunni.) Þvættingur. Af þeim voru yfir 70 tegundir alls ekki framleiddar hér á landi. Það sem eftir stendur er heimilað í tollfrjálsum innflutningi fjóra eða fjóra og hálfan mánuð á ári hverju. Þ.e. á þeim tíma sem innlend framleiðsla á þessum vörum er yfirleitt ekki á markaðnum. Að þetta hafi verið gert án samráðs við bændur er alrangt. Þetta var að sjálfsögðu gert í fullu samráði við landbrn. og þetta var gert að undangengnum viðræðum við Samtök garðyrkjubænda. (**GÁ:** Hvaða menn?) Þetta var gert að undangengnum viðræðum við forsvarsmenn Samtaka garðyrkjubænda. Ástæðan fyrir því að þetta var gert var sú að hin EFTA-löndin höfðu gengið miklu lengra í því að opna fyrir innflutning á búvörum. Sum EFTA-ríkin sóttust beinlínis eftir því vegna þess að þau eru jafnvel verulegir útflytjendur á búvörum. Ísland gekk þarna langsamlega skemmst. Það eina sem hæft er í þessu er það að takmarkaðan tíma á árinu, þegar ekki er innlend framleiðsla á markaðnum, þá er þetta heimilt. Það sem hins vegar fékkst í staðinn voru meiri háttar hagsmunir vegna þess að þetta var gert til að hnykkja á því eða brjóta á bak aftur andstöðu Suður-Evrópuþjóða, einkum Spánverja, við tollalækkanir varðandi okkar fiskafurðir. Það er algerlega út í hött að fara hér mörgum árum að orðnum hlut með rangfærslur og staðleysustafi um svo lítið mál.

Síðan ber að sjálfsögðu að líta á það, að því er varðar þær líklega sex eða sjö tegundir af blómum eða grænmeti sem er leyft að flytja inn yfir háveturinn. Meira að segja var hliðrað til um það tímabil í samráði við samtök garðyrkjubænda að höfðum samtölum við þá. Að segja að þetta sé einhver aðför að innlendri garðyrkjuframleiðslu er að sjálfsögðu út í hött.

Menn geta ef þeir vilja rannsakað verðmyndun á þessum vörum og velt því fyrir sér hvar væri sanngjörn málamiðlun á milli eðlilegra hagsmuna neytenda við innflutning eða innlenda framleiðslu. Þetta litla samkomulag, sem augljóslega var til að tryggja meiri háttar íslenska þjóðarhagsmuni, mun ekki hnekkja íslenskum landbúnaði hvað þá heldur innlendri garðyrkjuframleiðslu.

Á það má benda að það er yfirleitt 30% rauntollur á innflutningi á landbúnaðarvörum eða jafnvel tollfrelsi. Þannig hefur það verið á undanförnum árum. Og 30% tollur á innflutning er í skilningi flestra landa umtalsverð tollvernd. Það er reyndar hæsti rauntollur í tollskránni íslensku að því er varðar matvæli og reyndar er alhæsta tollprósenta sem þar er nefnd á tóbaki 50%. Það er með öðrum orðum tollvernd ef um það væri að ræða að flytja inn að vetrinum.

Nú er það svo að þessi innflutningur, sem stýrist af 53. gr. búvörulaganna, kom t.d. ekki til álita í desember. Hvers vegna ekki? Vegna þess að Framleiðsluráð landbúnaðarins hefur í hendi sér að heimila engan innflutning ef hún telur að innlend framleiðsla fullnægi markaðseftirspurn. Með öðrum orðum: Hæstv. landbrh. og undirstofnun hans, Framleiðsluráð, hefur fullt forræði og heimildir til að banna innflutning. Ef þeir vilja gera undanþágu og heimila einhvern innflutning þá gerist það á 30% tollum. Það er því út af fyrir sig ekki yfir miklu að kvarta í þeim efnum.

En ég er orðinn svo vanur því af hálfu sumra hv. þm. að þeir hirða ekkert um hvort þeir fari með rétt mál eða rangt. Þeim nægir að fara með áróðursklisjurnar sínar og endurtaka þær í síbylju eða landráðabrigsl eða eitthvað í þeim dúr, sem endar auðvitað með því að það tekur enginn neitt einasta mark á málflutningi slíkra manna. (**GÁ:** Við hverja áttu?) Það segir sig sjálft.

[18:18]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er fyrst ein spurning til að ég skilji betur mál hæstv. ráðherra varðandi meðferð tollígilda vegna GATT. Hvaða ráðherra mun hafa forræði með tollígildin þegar þar að kemur?

Í öðru lagi af því að hæstv. ráðherra talaði um gamlar klisjur áðan. Hæstv. ráðherra sagði: Verðin sem eru notuð til viðmiðunar við GATT eru ekki raunveru-

leg, þau eru ekki til og þess vegna er ekki eðlilegt að leggja á hámarkstollígildi út frá þeim.

Nú vil ég benda hæstv. ráðherra á að þetta eru sömu verð og ráðherrar Alþfl. nota þegar þeir reikna út hvað innflutningsvernd landbúnaðarvara kostar. Og sömu ráðherrar eru svo ósvífnir að þeir leyfa sér að reikna það út á hvað þetta kosta hverja fjölskyldu í landinu. Hvað er lagt til grundvallar, hæstv. ráðherra? Verð sem hæstv. ráðherra sagði réttilega áðan að eru hvergi til. Svona eru nú klisjur Alþfl.

[18:19]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir leitt að hv. þm. skuli enn láta sem hann skilji ekki þetta mál (**JGS:** Ég skil það ekki.) og leyfa sér þess vegna útúrsnúninga. (**JGS:** Þetta er ekki útúrsnúningur.) Það er alveg laukrétt hjá honum að tollígildin eru byggð á grunni sem er tilbúið heimsmarkaðsverð sem hvergi er til á markaði lengur, það er sjö eða átta ára gamalt. Það er hins vegar grunnur fyrir heimildum til verðjöfnunargjalda upp að innlendu verði. Það er ekki Alþfl. heldur var það formaður landbn. sem vildi troða slíku ákvæði inn í grein 2.4 í búvörulagafrv. Ef honum hefði tekist það þá hefði hann haft svo víðtæka heimild byggða á grunnverði, sem hvergi er til, heimildina samt sem áður jafnháa, sem hefði leitt til þess að ef henni hefði verið beitt að fullu þá hefði verið farið yfir innlent verð og þar með búið að beita hvoru tveggja, verðjöfnunargjöldum og verndartollum.

Varðandi það sem Alþfl. er að segja er flokkurinn einfaldlega að vara við því að veita svo víðtækar heimildir og það má bæta einu við að. Því hefur verið haldið fram í alvöru af fulltrúum landbrn. að landbrh. sé skuldbundinn til þess samkvæmt búvörusamningi að beita þessu að fullu. Þá væri það orðinn verulega hrollvekjandi veruleiki ef það stæði til.

[18:21]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú staðfesti hæstv. ráðherra það sem ég sagði áðan. Hann staðfesti að þessi viðmiðunarverð eru hvergi til. Það sem ég sagði í mínu andsvari var að þetta eru sömu tölurnar og ráðherrar Alþfl. nota þegar þeir reikna hvað innflutningsverndin kostar íslenska neytendur og leyfa sér að skipta út á hverja fjölskyldu. Það hefur hæstv. viðskrh. gert og, eins og hæstv. utanrrh. er hér búinn að upplýsa, lagt til grundvallar verð sem hvergi er til. Þetta er málflutningur sem er ekki ráðherrum sæmandi.

Ég vil síðan ítreka spurninguna sem ég bar fram. Hún var sú: Hver fer með tollígildi eftir að GATT-samningurinn er kominn á? Hvar verða þær heimildir vistaðar í stjórnkerfinu að mati ráðherrans?

[18:22]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt menn greini á jafnvel um tæknileg atriði þá beini ég því eindregið til hv. þm., sem er góður og gegn maður, að leggja af þann ósið að bregða mönnum alltaf um óheilindi eða óheiðarleika alveg að ósekju.

Það sem um er að ræða hérna er tvennt. Tollígildin eru reikningsdæmi miðað við grunnverð sem var til fyrir 6–7 árum síðan. Það er ekki til lengur. Síðan var gerð tillaga um að veitt yrði gjaldtökuheimild á grundvelli þessa tilbúna verðs sem hefði ekki staðist milliríkjaskuldbindingar og þegar við leggjum fram þessar tölur þá er tvennt að segja: Þær tölur endurspegluðu á sínum tíma verðmuninn sem var á heimsmarkaðsverðinu og hámarksvernd innan lands. Þær gera það ekki lengur og munu ekki gera það í framtíðinni. Það sem við vorum að andmæla og förum með réttar tölur um er að það væri gefin heimild til að misnota þessi heimildarákvæði í formi verðjöfnunargjalda sem hefðu, ef þeim hefði verið beitt að fullu, brotið í bága við samninga og bitnað á neytendum með þeim hætti sem ekki hefði verið við unað.

Að því er varðar forræði á tollum eftir gildistöku GATT þá get ég ekki svarað því með öðru en þessu: Nefndin mun skila sínum tillögum og það mun síðan koma til kasta Alþingis að útkljá það á grundvelli tillagna um breytingar á tollalögum hvar þau verða vistuð.

[18:23]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. sagði með réttu hér áðan að tilefni þessa lagafrv. hefði verið að eyða réttaróvissu. Hann kvað einnig svo að orði að nauðsynlegt væri að eyða réttaróvissunni.

Nú vil ég spyrja hæstv. utanrrh. þegar meiri hluti stjórnarþingmanna í landbn. hefur flutt nefndarálit sem túlkar breytingartillögurnar á þann veg sem hæstv. utanrrh. hefur fordæmt jafnharðlega og allir urðu vitni að hér áðan og lið fyrir lið rakið sem staðlausa stafi er hæstv. utanrrh. þá ekki sammála mér um það að réttaróvissan sé enn þá fyrir hendi? Það hafi því mistekist enn sem komið er í þinginu að eyða réttaróvissunni? Hvernig hyggst ráðherrann og ríkisstjórnin haga gerðum sínum á næstu dögum til að tryggja það sem var hið upphaflega markmið, að eyða réttaróvissunni?

[18:25]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. spyr um hvort tekist hafi að eyða réttaróvissu. Mitt svar er þetta: Með þessum lagatexta hefur tekist að draga úr réttaróvissu. Það er engin réttaróvissa uppi um það hverjar eru bannheimildir gagnvart innflutningi til hæstv. landbrh. Það hefur tekist með leiðréttingum á þeim frumvarpsdrögum, sem formaður landbn. var að velkjast með, að skýra og skilgreina inntak og hámark verðjöfnunargjaldanna. Að þessu leyti hefur dregið úr réttaróvissu. Það hefði hins vegar orðið til þess að valda réttaróvissu ef rangar fullyrðingar um að þetta tæki til tollaskipunar eftir GATT hefðu fengið að standa. Þess vegna þurfti að setja fram nefndarálit til að leiðrétta það. Ef á þetta kynni að reyna þá treysti ég dómend-

um við íslenska dómstóla til þess að fara í gegnum lögskýringargögn eins og nefndarálit, ræður og greinargerðir og greina þar kjarnann frá hisminu og komast að því hverjir fara með rétt rök alveg eins og Hæstiréttur gerði á sínum tíma.

[18:26]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vandinn er sá, hæstv. ráðherra, að þrír af fjórum flutningsmönnum þessara tillagna túlka tillögurnar á allt annan veg en hæstv. utanrrh. gerir hér. Það liggur einnig fyrir að hæstv. landbrh. og hæstv. forsrh. túlka tillögurnar á sama veg og hv. þm. Egill Jónsson. Annað hefur a.m.k. ekki komið fram enn sem komið er. Þess vegna hljóta dómendur í sinni túlkun að fara eftir fagráðherranum og forsrh. og meiri hluta þeirra sem flytja tillögurnar frekar en að fara eftir einum þingmanni Alþfl. og einum ráðherra úr ríkisstjórninni sem er ekki með málið á sínu faglega umráðasviði. Þess vegna spyr ég ráðherrann enn á ný þar sem hann hlýtur að viðurkenna það að orð forsrh. og landbrh. og formanns nefndarinnar vega þungt í lagaskýringunni: Hvernig hyggst hann ganga frá málinu hér í þinginu áður en umfjölluninni er lokið?

[18:28]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég árétta það að réttaróvissu hefur verið eytt um þýðingarmestu mál. Bannheimildir landbrh. skráðar í viðaukum, sem hafa lagagildi, eru ótvíræðar. Skilgreining á heimild til verðjöfnunargjaldtöku á þessu tímabili eru sæmilega skýrar. Á framtíðina, þ.e. framtíð tollamála eftir gildistöku GATT, mun ekki reyna fyrr en GATT-samningar hafa verið útkljáðir á Alþingi og þeir tekið gildi. Ég tel því að réttaróvissan sé ekki mikil að því er varðar framkvæmdina fram að gildistöku GATT eftir að það tókst að leiðrétta frumvarpið sjálft. Þótt menn leggi réttilega áherslu á það að greinargerðir og þingræður séu lögskýringargögn þá er náttúrlega meginatriðið lagatextinn sjálfur. Um hann er samkomulag. Þess vegna held ég að menn þurfi ekki að mikla þetta fyrir sér.

Að því er varðar það hvort hæstv. forsrh. túlki þetta á einhvern annan veg þá hef ég ekki séð eða heyrt hans túlkun í þessum álitamálum. En ég hygg að dómarar og dómstólar, ef á reyndi, sem myndu fara ofan í saumana á því hvað væri rétt túlkun á framkvæmd milliríkjasamninga myndu kanna það mjög vendilega og ekki byggja bara á greinargerðum formanns landbn.

[18:29]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikið deilt um það hér hvort réttaróvissan sé enn þá fyrir hendi. Hæstv. utanrrh. hefur ýmist sagt að það hafi dregið úr réttaróvissunni eða að það hafi tekist að miklu leyti að eyða henni.

Á fyrsta fundi hv. landbn. þegar skoðuð voru drög að því frv. sem lagt var fram í febrúar komu tveir lögmenn sem fóru yfir hæstaréttardóminn með hliðsjón af lagabreytingunni frá því í desember. Þeir voru ósammála um niðurstöðu dómsins en sammála um það að þetta frv., sem þá var verið að skoða drög að, mundi ekki eyða réttaróvissunni. Nú hefur hæstv. ráðherra fullyrt það að þetta frv., sem við erum nú að ræða með brtt., sé nánast orðið eins og það frv. sem lagt var fram í febrúar sem þýðir það að enn er uppi sama réttaróvissan og var. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. ráðherra enn og aftur: Hvernig ætlar hann að halda áfram ríkisstjórnarsamstarfi ef tortryggnin er svo mikil á milli stjórnarflokkanna að þeir valda ekki því verkefni sem þurfti að vinna hér?

[18:31]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um hvað gæti réttaróvissa staðið? Vörusviðið? Nei. Þar kom fram ein gagnleg ábending, sem skipti að vísu engum sköpum, hjá títtnefndum lögfræðingum, nefnilega að gefa viðaukanum lagagildi, áður hafði hann verið settur fram sem fylgiskjal. Verðjöfnunargjöldin, gætu þau valdið réttaróvissu? Ef hér hefði verið lagt fram það frv. sem lögfræðingarnir stóðu að fyrir landbn. þá hefði það valdið mikilli réttaróvissu því að þeir skildu ekki hvað verðjöfnunargjöld voru. Eftir að búið er að leiðrétta þann texta þá er alveg ljóst að það er unnt að framkvæma álagningu verðjöfnunargjalda þannig að þau séu innan skilgreindra marka milliríkjasamninga og þá hefur þeirri réttaróvissu verið eytt og þakkað sé ekki þessum hv. lögfræðingum. (Gripið fram í.) Þakkað sé ekki, vegna þess að þeirra upphaflegi texti að því er það varðaði skýrði ekki, hann var villandi, hann var rangur og hefði ekki verið framkvæmanlegur. (**ÓRG:** Forsrh. lýsti því yfir að hann hefði verið mjög ánægður með þann texta.) Ég hygg að í þessum björgunarleiðangri hafi tekist að bjarga fyrir horn þannig að það verði ekki mikil réttaróvissa af framkvæmd þessara laga. Standist það þá held ég líka að það sé ekkert því til fyrirstöðu að menn haldi áfram stjórnarsamstarfi um önnur og þýðingarmeiri mál.

[18:33]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það lá alveg ljóst fyrir sl. vor að hefði það frv. sem þá var lagt fram verið samþykkt þá hefði allt það málavafstur sem hér hefur verið ekki þurft að koma til. Það vildi að sjálfsögðu ekki Alþfl. og alls ekki hæstv. utanrrh. eins og menn muna frá liðnu vori. Þetta frv. sem hér á að koma áfram í gegnum þingið mun enn þá valda sama ágreiningnum úti í þjóðfélaginu og bændur og þeir sem þurfa að styðjast við þetta vita ekkert hvar þeir standa.

[18:33]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Jú, sem betur fer vita bændur nú betur hvar þeir standa. Þeir vita það að tilteknar landbúnaðarvörur birtar í viðaukum með lögum eru bannaðar í innflutningi. Þeir vita ef undanþága er gerð eða ef vara er flutt inn samkvæmt milliríkjasamningum þá eru lögð á verðjöfnunargjöld sem eru þekkt stærð og rétt skilgreind. Í þessum skilningi hefur réttaróvissu

verið eytt. Ég vil hins vegar taka undir það með hv. þm. að það væri æskilegt að menn legðu síðan þessar deilur að baki eða hættu þeim leik að skemmta skrattanum með því að búa til deilur (Gripið fram í.) og færu að snúa sér að aðalatriði málsins sem er þetta: Að undirbúa bæði bændur og framleiðendur í matvælaiðnaði á Íslandi undir samkeppni sem kemur smám saman á næstu sex árum og það yrði helst gert með því að koma með heildstæðar og skynsamlegar tillögur um það með hvaða hætti megi létta af fjötrum kvótakerfisins á íslenskum bændum.

[18:34]

Frsm. 4. minni hluta landbn. (Eggert Haukdal) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er merkileg lokaniðurstaða sem nú blasir við, en umræðunni er víst senn að ljúka í kvöld. Hæstv. utanrrh. stendur hér berstrípaður eftir ræðu og spurningar hv. þm. Ólafs Ragnars. Sú er staðreynd málsins sem hér liggur fyrir eftir hans miklu ræðu í kvöld. Það er svo alveg merkilegt sem hér blasir við að hv. sjálfstæðismenn allt of margir sitja hér og taka ekki til máls eftir þessa löngu ræðu hæstv. utanrrh. áðan þar sem hann tónaði aldeilis til samstarfsflokksins. Það er geðleysi að sitja undir þessu.

Hæstv. ráðherra svarar mér aldrei málefnalega. Hann víkur alltaf að landráðum, það sé það eina sem ég hafi að segja. Ég hef sagt um störf hæstv. ráðherra, m.a. í garðyrkjunni sem hann var að segja að væri á grænni grein, hann er nánast búinn að ganga frá henni. Hæstv. ráðherra man ekki hvað íslenskt er. Það er vandamálið. Forráðamenn annarra þjóða berjast með kjafti og klóm fyrir sínu landi, fyrir sinni þjóð. Það er óskaplegt til þess að vita að hér gleymir utanrrh. því, að því er virðist, að hann er Íslendingur.

[18:36]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er upphaf þessa máls að eftir stjórnarskiptin síðustu 30. apríl 1991, í maímánuði eftir þau stjórnarskipti, þá kom það upp á ríkisstjórnarfundi að fulltrúar landbrn. hefðu ekki verið hafðir með í ráðum í sambandi við þær samningaumleitanir og samningaviðræður sem farið höfðu fram milli Íslands innan EFTA við Evrópubandalagið. Það var ákveðið þegar á þeim fundi að til engra skuldbindinga gæti komið, engar viðræður gætu orðið þjóða á milli um landbúnaðarmál nema fulltrúar landbrn. ættu þar fulltrúa og slíkar ákvarðanir væru teknar, ekki í samráði við landbrn. sem er fagráðuneytið, heldur yrði það samkvæmt ákvörðun landbrn., að öðrum kosti ríkisstjórnar, hvernig staðið yrði að þeim skuldbindingum sem við Íslendingar gerum í sambandi við alþjóðlega samninga. Því miður voru dæmi þess frá síðustu ríkisstjórn að slíkar skuldbindingar voru teknar fyrir hönd íslenska ríkisins án þess að um það væri samkomulag innan ríkisstjórnar eða jafnvel kunnugleiki en fyrir það á að hafa verið girt með ríkisstjórnarfundinum sem haldinn var í ráðherrabústaðnum í maímánuði 1991. Það er upphaf þessa máls.

Það var rétt sem fram kom hér áðan að við stóðum gagnvart garðyrkjubændum upp við vegg vegna þess að það hafði verið samið og gengið nánast frá svokölluðum cohesion-lista án þess að landbrn. og án þess að grænmetisbændur eða ylræktarbændur gætu komið þar nokkurs staðar nærri. Ef til samningsgerðar milli EFTA og Evrópubandalagsins hefði komið þá á miðju sumri eins og menn spáðu fyrir kosningarnar varð 1991 þá hefðum við orðið að sæta þeirri niðurstöðu sem náðist í síðustu ríkisstjórn. Þetta mál var síðan tekið upp af okkur í landbrn. Við héldum fund með garðyrkjubændum, ylræktarbændum, eins og þingmönnum á að vera kunnugt og þeir áttu síðan fund með utanrrn. og það var mest vegna vinsemdar þýska landbrh., Kiechle, sem okkur tókst að ná fram leiðréttingum nokkrum á þeim cohesion-lista sem lá fyrir um stjórnarskiptin síðustu. Þetta er sagan á bak við það.

Ég vil líka segja út af þeim ummælum sem hafa fallið hér í dag, ekki aðeins frá hæstv. utanrrh. heldur ýmsum öðrum, út af stöðu ylræktarinnar og grænmetisins þá stöndum við frammi fyrir því núna gagnvart þeim vörum sem eru á cohesion-listanum að við verðum að leyfa innflutning á niðurgreiddum vörum frá Hollandi og ýmsum öðrum þjóðum. Það er talið að niðurgreiðslan á hinum hollensku samkeppnisvörum sem eru fluttar hingað inn til landsins nemi um 10% af verðinu en samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eins og ég skil hann, ég er að vísu að láta athuga hvort einhvers staðar sé smuga sem við getum lætt okkur inn samkvæmt samningunum eins og þeir eru túlkaðir en ég tek það fram að ég er að láta gera sérstaka athugun á því, er okkur ekki heimilt að leggja á verðjöfnunargjöld til að mæta niðurgreiðslum Evrópubandalagsins á þeim vörum sem fluttar eru inn til landsins nú á þessum vetri. Þetta er þeim mun óþokkalegra sem það liggur fyrir að við Íslendingar sjálfir höfum skattlagt í innflutningi aðföng til garðyrkjunnar. Garðyrkjan er ekki niðurgreidd um eina einustu krónu hér á landi. Það er auðvitað alveg ljóst að á sama tíma og orka er niðurgreidd til okkar samkeppnisþjóða þá getum við ekki okrað á orkunni til hinnar íslensku framleiðslu. Þessir hlutir eru algjörlega ljósir. Þegar verið er að tala um það að á þessum vörum sé 30% tollur þá erum við að byrja á því að tala um það að vega upp niðurgreiðslurnar erlendis frá. Það sem er kannski alvarlegast í þessu máli er að framkvæmdin með innflutningnum er ekki öruggari en svo að fyrir hefur komið að í krafti þessara samninga við Evrópska efnahagssvæðið hafa verið fluttar inn vörur sem eru frá Suður-Ameríku sem er utan svæðisins sem er auðvitað hreint samningsbrot. Það er þess vegna mjög mikilsvert þegar við erum að ræða milliríkjasamninga almennt og við erum að ræða um meira frjálsræði milli landa þá erum við ekki bara að ræða um rétt innflytjandans íslenska til þess að koma með erlendar vörur inn í landið heldur erum við líka að ræða um það hvernig við getum tryggt að íslenskir framleiðendur, íslenskir keppinautar, geti treyst þeim ákvæðum sem eru í milliríkjasamningunum þeim til trausts og halds.

Ég vil líka segja af þessu tilefni að það lá alveg ljóst fyrir samkvæmt samkomulaginu í desember að heimild til verðjöfnunargjalda á grænmetisvörum var

færð til landbrn. og samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir gildir sú hin sama regla hvað sem milliríkjasamningum líður.

Ég vil af þessu tilefni rifja það aðeins upp að í 1. gr. laga ... ég er nú ekki með rétt lög (**Gripið fram í:** Ertu með vitlaus lög?) Ég er að vísu með breytingu á búvörulögum, en það er sama, ég er ekki með rétt lög við höndina en þess í stað ætla ég að rifja upp það sem ég sagði í framsöguræðu minni fyrir lagabreytingunni þann 17. des. sl. og ég vil minna á að það var Sighvatur Björgvinsson, hæstv. ráðherra, sem stóð að þeirri samningsgerð fyrir Alþfl. og það hafa engar athugasemdir verið gerðar um þann skilning og þá túlkun sem ég hafði á lagafrv. þá og því sem að því vék. En þá sagði ég, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er kveðið á um að ráðherra skuli við innflutning landbúnaðarvara vera heimilt að leggja á þann innflutning verðjöfnunargjöld sem nauðsynleg eru til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara og skuli ráðherra ákveða með reglugerð á hvaða landbúnaðarvörur, þar með taldar unnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni og sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, skuli leggja verðjöfnunargjöld við innflutning.

Það er ljóst samkvæmt þessum orðum lagatextans að hér er bæði fjallað um unnar og óunnar innfluttar búvörur. Það er skýrt tekið fram í greinargerð og er þessi texti alveg afdráttarlaus í þeim efnum.

Ef við veltum fyrir okkur samningnum um Evrópska efnahagssvæðið þá er þar verið að tala um smjörlíki með 10–15% mjólkurfitu m.a. svo og júgúrt og raunar allar unnar búvörur sem fluttar eru til landsins og falla undir búvörulögin."

Ég vil líka segja af þessu tilefni að þegar við erum að setja löggjöf í tengslum við það að við erum að fella niður hömlur og við erum að greiða fyrir viðskiptum þá erum við ekki að velta fyrir okkur hvort Alþfl. eða Sjálfstfl. hafi unnið í einhverju orðaskaki sín á milli. Málið snýst ekki um það. Málið snýst ekki um það hvort ég hef rétt fyrir mér þegar við erum að tala um samkomulagið í desember eða hvort hæstv. utanrrh. hefur rétt fyrir sér. Þeir menn sem standa fyrir utan okkur verða bara að velta fyrir sér, hvorum trúi ég betur? (**Gripið fram í:** Nei.) Við tveir verðum að sætta okkur við þann dóm að fólk hlýtur að vega það og meta hvor okkar sé trúverðugri í þeim efnum (**JGS:** Þú eða?) hæstv. utanrrh. (Gripið fram í.) Hitt skiptir auðvitað höfuðmáli að við áttum okkur á því að hverju við stefnum, hvað við séum að gera. Það sem við erum að gera er að tryggja íslenskri framleiðslu þann rétt sem henni er áskilinn, ekki aðeins í fríverslunarsamningum, heldur líka í almennum samskiptum þjóða á milli. Ef einhver maður heldur að það séu frjáls viðskipti, t.d. með landbúnaðarvörur, og sé einkenni frjálsra viðskipta að önnur þjóðin geti niðurgreitt sína framleiðsluvöru en hin þjóðin megi ekki leggja á verðjöfnunargjöld sem því nemur þá er hvorki hægt að kenna það við fríverslunarsamninga né heldur frjálsa verslun. En sú er staðan sem við stöndum nú í dag frammi fyrir í sambandi við innflutning á grænmeti. En við því var ekki gert, þessar skuldbindingar höfðu verið gerðar, inn á þetta hafði verið gengið fyrir síðustu stjórnarskipti. Það má raunar segja að viðleitni okkar núna í landbrn. sé sú að reyna að ná fram vissum tökum á þessum innflutningi, ákveðnum hlutum, til þess að við getum ekki aðeins styrkt undirstöður íslensks landbúnaðar, heldur líka þess iðnaðar sem byggist á landbúnaði og ég vil líka til þess að við getum tryggt það að íslenskar hendur fái einhverju að sinna hér á landi. Því þó ég sé sammála því að það væri æskilegt ef við getum fjölgað t.d. eins og heildsalar sögðu um 3.000 í verslunarstétt þá erum við auðvitað ekki reiðubúnir að gera það ef tilgangurinn með því er eingöngu að fjölga þeim sem vinna að verslun innan lands eða fjölga þeim sem vinna að innflutningsversluninni. Við getum því aðeins sætt okkur við að markmið af því tagi sé æskilegt að þessi aukni fjöldi verslunarmanna spreyti sig á erlendum mörkuðum til að koma íslenskum framleiðsluvörum þangað á markað, til sölu, að atorkan snúist að því.

Ég get tekið fullkomlega undir það sem utanrrh. segir þegar hann talar um það að í frjálsum viðskiptum þurfum að greiða fyrir innflutningi þá viljum við auðvitað reyna að greiða fyrir því að bændur hafi tök á því að framleiða ódýrar sína vöru. Bændur hafa staðið við sinn hlut. Þeir hafa lækkað sínar vörur miklu meira en ákvæði voru um í þeim búvörusamningi sem þeir þrír fyrrv. ráðherrar stóðu að sem eru í þingsalnum, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og sá sem er á milli þeirra, fyrrv. og núv. hæstv. utanrrh. Þegar hann var að tala um það áðan að við verðum að losa landbúnaðinn úr þeim höftum sem hann er í þá vil ég taka undir það. Ég tek undir að við erum að reyna að finna leiðir til þess. Þá verður líka Alþfl. að vera opinn fyrir því að þær leiðir, sem ég treysti mér til að fara í þeim efnum af því að ég ber ábyrgð á stefnumörkun í landbúnaði, að vera opinn fyrir því að greiða fyrir því að slík frumvörp nái fram að ganga, a.m.k. til þingsins, til þess að það geti skorið úr þeim málum. Og þá vil ég raunar líka segja, þeir eru alveg afdráttarlausir búvörusamningarnir um sauðfé, alveg afdráttarlausir um það að ef raskað verði innanlandsmarkaðinum á kjötvöru þá beri að taka þann samning til endurskoðunar og það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en svo að bændur verði skaðlausir. Þetta er samningur við bændur og við verðum að gera svo vel að hlíta því, við verðum að standa við skriflegan samning sem ríkisstjórn hefur gert við bændasamtök landsins.

Þetta er auðvitað alveg ljóst. Það er líka alveg ljóst þegar við erum að þrátta um það í hvaða ráðuneyti verðjöfnunargjöldin eiga að vera. Það er þannig á Norðurlöndum að þau eru í höndum landbrn. Mér er ekki kunnugt um hvernig þessi mál fóru Finnlandi. Málið var fyrir þinginu, ég athugaði ekki að gá hvernig málin standa þar rétt í augnablikinu. Þar voru menn og eru að tala um það að færa þetta vald yfir til landbrn. Þróunin er öll þannig og þróunin er þannig vegna þess að þar er fagþekkingin á því sem við erum að tala um.

Þegar menn eru að tala um það og reyna að gera mig tortryggilegan með því að í minni baráttu fyrir landbúnaðinum þá vilji ég ekki hugsa um neytendur, þá er það algjörlega út í hött. Bændur eru sjálfir neytendur. Hvernig stendur á því að slíkur verðmunur er á ýmsum aðföngum bænda sem frjáls innflutningur er á? Að við getum bent á tífaldan og fimmtánfaldan mun á sumum hlutum? Hvernig stendur á að bændur eru t.d. að kaupa varahluti í dráttarvélar sínar erlendis? Biðja kaupmenn eða flugfreyjur eða ferðalanga að kaupa varahlutina í búð erlendis nema vegna þess að kostnaðurinn sem leggst á við innflutninginn hér á landi er óheyrilegur. Að sumu leyti á þetta rætur sínar að rekja til þess að við erum að reyna að ná tekjum í ríkissjóð með óréttlátum og röngum sköttum. Sumpart er þetta vegna þess að álagningin er of há. Það er minna um það talað. Og jafnvel sömu mennirnir og tala um það að hér sé verð á svínakjöti og kjúklingakjöti hátt og hafi verið hátt hin síðustu ár hafa ekki viljað ganga jafnlangt og ég í því að lækka skattheimtuna einmitt á þessi matvæli til þess að gera hana lægri til neytenda og þá er ég að tala um innlenda framleiðslu en ekki innflutta. Þegar við erum að tala um stuðning við landbúnaðinn, eins og menn gera oft, þá man ég ekki betur en hæstv. viðskrh. hafi notað það heimsmarkaðsverð, sem nú er búið að segja að sé ekki til, til þess að gera mig tortryggilegan hjá barnafólki og ýmsum öðrum með því að segja að ég vildi koma í veg fyrir það að fátækt fólk fengi kjöt að borða og það var meira að segja upp á þúsund króna tiltekið sem ég tók frá fjögurra manna barnafjölskyldu hér á landi. (**JGS:** Er þessi maður með í ríkisstjórn?) Þetta var byggt á könnun frá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands og þykir sú skýrsla ekki merkilegur pappír þegar komið er út fyrir landsteinana.

Auðvitað má því tala um þessi mál í margvíslegum tóni. En það er alveg ljóst að við erum ekki bara að tala um bændur, við erum að tala um neytendur, við erum að tala um íslenskar hendur, við erum að tala um íslenskan matvælaiðnað og við erum líka að tala um útflutning. Það væri hörmulegt nú þegar við sjáum hilla undir það að við Íslendingar höfum kannski möguleika á því að standa fyrir hollustuútflutningi á hollustukjöti, hollustufæði, til annarra landa — af því að menn vilja greiða meira fyrir þau matvæli sem eru héðan en annars staðar af því að við notum aðferðir við að framleiða okkar matvæli sem eru í samræmi við fyllstu kröfur sem gerðar eru í veröldinni sem leggja upp úr heilbrigði í dýrum og góðri meðferð matvæla og að við notum ekki lyf til þess að örva vöxtinn — ef við einmitt á þessari stundu brygðumst gagnvart þessari atvinnugrein. Auðvitað gengur það ekki, auðvitað getur slíkt ekki gengið og við hljótum að standa fast á okkar rétti.

Um GATT-samningana er það að segja sem ég sagði áðan. Það mun ekki endurtaka sig að Alþingi samþykki slíka alþjóðlega samninga nema áður liggi alveg skýrt fyrir hvaða áhrif þeir muni hafa á íslenskt atvinnulíf og íslenskt efnahagslíf. Ég er alveg sannfærður um það að það eru fleiri þingmenn en ég sem munu ekki geta unað slíku. Þess vegna var það alveg sjálfsagt af minni hálfu og ég var ekki að hætta hagsmunum bænda að einu eða neinu leyti né Íslendinga sjálfra, því í þessum efnum fara hagsmunir Íslendinga og hagsmunir bænda saman og neytenda líka, þegar ég samdi um það að við skyldum setja í nefnd fimm ráðuneyta hvernig við skyldum undirbúa löggjöfina vegna GATT-samninga og standa að þeim. Okkur liggur ekkert á, við höfum nógan tíma og aðalatriðið er að við vitum hvað við erum að gera og menn koma ekki hér upp og segi að það megi túlka þann lagastaf sem við ætlum að setja með mismunandi hætti.

Ég vil líka segja að í þeirri merkilegu vinnu sem landbn. hefur unnið í sambandi við sínar brtt. og sitt nefndarálit, þá tók ég það alveg skýrt fram í frumræðu minni að það væru efasemdir um það að frv. stæðist eins og það væri. Ég bað hv. nefnd sérstaklega um að ganga úr skugga um að þar væru ekki einhver vafaatriði sem væri hægt að teygja og toga eftir á. Um leið og ráðist er að Agli Jónssyni, formanni landbn., um það hvernig hann stóð að vinnubrögðum í þessu máli er vegið að mér sjálfum því ég er mjög þakklátur honum fyrir það hvernig hann stóð að verki og efast um að aðrir hefðu gert það betur.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að þeir lögfræðingar sem sömdu lagatextann eru sömu mennirnir og skrifa skýringar í nefndaráliti 1. minni hluta um lagatextann. Þeir eru að skýra það sem þeir sjálfir segja og meiri hluti flm. skrifar undir. Þannig að í mínum huga er það alveg ljóst að við erum að fjalla um brtt. með þeim skilningi sem í því nefndaráliti segir. Það er minn skilningur og sem landbrh. mun ég fylgja málinu eftir með þeim hætti.

Ég vil hins vegar láta í ljósi þá skoðun mína og vil líka lýsa yfir fyllsta trausti á þessum lögfræðingum, ríkislögmanni og hæstaréttarlögmönnunum Tryggva Gunnarssyni og Sveini Snorrasyni Ég tel raunar að þessir tveir hæstaréttarlögmenn, Tryggvi Gunnarsson og Sveinn Snorrason, séu meðal virtustu lögmanna landsins.

Ég sé ekki, herra forseti, að ég hafi ástæðu til að segja um meira þetta á þessu stigi, en taldi nauðsynlegt að þetta kæmi fram.

[18:58]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ótrúlegt að það séu samstarfsflokkar í ríkisstjórn sem halda uppi málflutningi og gefa lýsingar á því hvernig hvor um sig sé afglapi og svikari. En það verður rætt síðar.

Ég vildi andmæla því sem hæstv. landbrh. sagði að það liggi ekkert á því fyrir bændur að vita við hvaða skilyrði þeir eiga að búa á næstu árum. Það er auðvitað alveg lífsnauðsynlegt að þeir viti það sem allra fyrst. Hæstv. ráðherra rakti einu sinni enn söguna um samninginn um cohesion-listann og reyndi einu sinni enn að sannfæra áheyrendur um það (**JGS:** Aðallega sjálfan sig.) að þeir sem greiddu atkvæði á móti þessum samningi, eins og öðrum EES-málum og bæru ábyrgð á honum. Ég held að hæstv. ráðherra ætti að hætta slíkum málflutningi.

[19:00]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil minna hv. 2. þm. Suðurl., Jón Helgason, á það að sú ríkisstjórn sem var á undan þessari var í miðjum klíðum varðandi GATT-samninga og sömuleiðis samninga um Evrópska efnahagssvæðið. Ég man ekki eftir því að það álitaefni sem við erum nú að tala um hafi komið mjög upp á borðið fyrir síðustu kosningar. Ég minnist þess sérstaklega úr mínu kjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra, að þegar hv. þm. Tómas Ingi Olrich kom inn á þessa sálma þá þótti það vera af ýmsum óþarft mál. (Gripið fram í.) Ég sé að hv. þm. Jóhannes Geir talar um að Tómas Ingi hafi ekki nefnt cohesion-listann, ég minnist þess ekki að þessi hv. þm. hafi heldur gert það. Það voru því ýmsir sem gleymdu grænmetisbændum þá um stundir.

[19:01]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. landbrh. sérstaklega fyrir þá lýsingu sem hann gaf í ræðu sinni á aðdraganda cohesion-listans. Hann sagði að hæstv. utanrrh. hefði ekki látið aðra vita af því, alls ekki landbrn., fyrr en eftir stjórnarskiptin. Í fyrri ríkisstjórn hafði hæstv. utanrrh. engar heimildir til samninga. Honum var veitt heimild strax eftir núverandi stjórnarskipti í maí og eftir það dregur hann upp þennan samning. Það hefði þá verið marklaust plagg fyrir aðra sem stóðu að fyrri ríkisstjórn þegar þannig er á málum haldið. En í lokin hljóta það að vera þeir sem samþykkja samning sem bera ábyrgð á honum en ekki þeir sem greiða atkvæði á móti.

[19:02]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Út af hinu síðasta sem hv. þm. sagði þá minnist ég þess ekki að hann hafi fyrir síðustu kosningar lýst því yfir að hann yrði á móti samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði, þvert á móti barðist formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, mjög fyrir því að þeir samningar tækjust.

Ég vil líka segja, hv. þm., að það er ekki hægt að kenna utanrrh. um það að í síðustu ríkisstjórn átti landbúnaðurinn ekki fulltrúa í samninganefndum því sú ákvörðun var tekin í janúarmánuði 1991, frekar en í febrúarmánuði, að Íslendingar mættu ekki þar sem landbúnaðurinn var til umræðu og það var gert í þeim tilgangi að reyna að þrýsta á samninga um sjávarútvegsmálin. Það var því tekin ákvörðun um það af síðustu ríkisstjórn, ekki af hæstv. utanrrh. einum, eins og ég skil það, heldur ríkisstjórninni sjálfri að það skyldi ekki mætt í þeirri nefnd. Það var tilkynnt erlendis eins og hv. þm. á að vera kunnugt.

[19:03]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þótt ég hafi að vísu hæstaréttardóm upp á vasann um það að ég hafi réttari skilning á völundarhúsi búvörulaganna en þeir landbúnaðarráðuneytismenn þá held ég seint að Hæstiréttur muni fara í manngreinarálit milli okkar landbrh. til þess að kveða upp einhverja úrskurði eða eyða réttaróvissu. Hæstiréttur eða hvaða dómstóll sem er mun líta á texta laganna, hann mun að sjálfsögðu þrautkanna ákvæði milliríkjasamninga þar sem þau eiga hlut að máli en að öðru leyti nota nefndarálit sem lögskýringargögn og ekki kvíði ég þeim dómi, svo vel rökstutt sem okkar nefndarálit er.

Örfá orð að því er varðar þetta grænmetismál. Ég þarf að bera blak af fyrrv. hæstv. landbrh. og taka af tvímæli. Ég ætla einfaldlega að segja það alveg fullskýrt að það var mjög fullkomið og náið samráð um samsetningu á þessum cohesion-lista í fyrrv. ríkisstjórn. Ég gæti reitt hér fram greinargerðir sem lagðar voru fram á ríkisstjórnarfundum um það mál. Það var að sjálfsögðu unnið í samráði við landbrn. Það fóru líka fram viðræður við fulltrúa garðyrkjubænda. Hæstv. landbrh. hefur staðfest að þetta hefur líka gerst í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hann hefur líka staðfest að þrátt fyrir það að eitthvað kunni að vera niðurgreitt af þeim fáu tegundum sem fluttar eru inn um háveturinn þá gerir 30% tollur meira en að vega það upp. En hæstv. landbrh. sagði að framkvæmdin væri í skötulíki vegna þess að upprunareglur væru ekki virtar og hér væri verið að flytja inn tollfrjálsar slíkar afurðir frá þriðju löndum. Það er mjög hörð gagnrýni úr munni hæstv. landbrh. á fjmrn. og tollayfirvöld. **(Gripið fram í.:** Á samninginn.) Á tollayfirvöld.

[19:05]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ræða hæstv. utanrrh. var þríþætt. Í fyrsta lagi þá tek ég það ekki sem góða og gilda vöru að ríkislögmaður og þessir þrír lögfræðingar hafi ekki lagt sig fram um að orða texta fyrir landbn. með þeim hætti að hann væri samræmi við þær skuldbindingar sem við höfum tekið á okkur vegna milliríkjasamninga. Ég hygg að það orðalag sem hæstv. utanrrh. notaði hafi þess vegna verið óskýrt því ekki dettur mér í hug að hann hafi verið að brigsla þeim ágætu lögmönnum um það með vilja. Ég hygg að þeir hafi alveg fulla hæfni til þess að skilja skuldbindingar okkar gagnvart slíkum hlutum, að öðru leyti held ég að það sé rétt að fara að segja ríkislögmanni upp.

Ég vil í öðru lagi segja að það er fróðlegt að heyra það úr munni hæstv. utanrrh., ég hefði betur spurt hann fyrr, ég hafði borið blak af ríkisstjórninni í heild sinni varðandi cohesion-listann. Nú er það komið fram að eins og að honum er staðið þá stóðu fyrri stjórnarflokkar að því og þá hefur hann væntanlega verið undirbúinn og sendur með þeim hætti þannig að Framsfl. ber þá fulla ábyrgð á honum eins og hann leit út við stjórnarskiptin síðustu.

[19:06]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í nokkrar vikur fylgdist þjóðin með hörðum deilum ríkisstjórnarflokkanna um það mál sem hér er til umræðu. Þjóðinni var síðan sagt á mánudagskvöldið í síðustu viku að samkomulag hefði náðst.

Ræður hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. í kvöld sýna það að sá grundvallarágreiningur sem þjóðin fylgist með vikum saman er enn þá í fullu gildi innan ríkisstjórnarinnar. Það er alveg ljóst. Hér hafa tveir ráðherrar talað fyrir hönd ríkisstjórnarinnar og þeir eru í grundvallaratriðum ósammála í þessu máli.

Ég ætla þess vegna að beina þeirri spurningu til þessara tveggja hæstv. ráðherra og þeir þurfa ekki að svara því fyrr en eftir helgi þegar umræðan heldur áfram: Ætla þeir virkilega að standa að afgreiðslu málsins á þinginu með þessum hætti? Það er Alþingi ekki samboðið.

[19:08]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að það komi fram eins og við höfum báðir sagt, ég og hæstv. utanrrh., að við erum að tala um hvernig staðið skuli að málum þangað til og ef Alþingi ákveður að samþykkja GATT-samningana. Við erum þess vegna að tala um tímabundið ástand. Við getum ekki á þessari stundu sagt hversu langt það verður en hitt er ljóst að samkvæmt GATT-samningum þá getum við notað jöfnunargjöld ef okkur býður svo við að horfa.

Hitt veit hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson fullvel eins og ég að innan ríkisstjórna er oft blæbrigðamunur um ýmis mál. Menn eru ekki alltaf sammála því hvernig eigi að taka á einstökum málum. Svo var í þeirri ríkisstjórn sem hann sat í nú síðast að í ýmsum tilvikum var hann ekki sammála Alþfl. og heldur ekki Framsfl. Skýrasta dæmið um slík efni er auðvitað, hvað á ég að segja, hin tvöfalda afstaða Alþb. fyrr og síðar til varnarliðsins og NATO.

[19:09]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. landbrh. er illa á sig kominn í þessu máli þegar hann fer að tala um NATO. NATO kemur þessu máli ekkert við, hæstv. landbrh. En skildi ég hæstv. landbrh. rétt að hann væri með þessu andsvari nú að afneita öllum þeim skilningi sem fram kemur í nál. hv. þm. Egils Jónssonar? Það var í raun og veru ekki hægt að skilja hæstv. landbrh. á annan veg. — Hv. þm. Egill Jónsson hristir hér höfuðið.

Þessar uppákomur hér, ræður ráðherranna tveggja, andvar landbrh. nú og viðbrögð hv. þm. Egils Jónssonar úti í sal þegar hann hristir höfuðið, eru dæmi um það að þetta mál er í nákvæmlega jafnmiklu uppnámi í dag og það var fyrir hálfum mánuði síðan. Ég endurtek: Það er Alþingi Íslendinga ekki samboðið að ætla sér að eyða réttaróvissu, svo notuð séu orð þessara ráðherra, með þeim hætti sem hér hefur komið fram í dag. Ráðherrarnir eru ekki sammála og hv. þm. Egill Jónsson er ekki sammála síðasta andsvari hæstv. landbrh.

[19:11]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er auðvitað hægt að endurtaka þau orð að réttaróvissu eigi ekki að eyða. Það er þvert á móti verið að eyða réttaróvissu með þessu frv., lagatextinn liggur skýr fyrir. Túlkun hans liggur skýrt fyrir af þeim mönnum sem settu hann saman og kemur fram í áliti 1. minni hluta landbn. þannig að réttaróvissu er eytt.

Ég ítreka hins vegar eins og ég sagði áðan að það hefur verið uppi ágreiningur um það milli Sjálfstfl. og Alþfl. með hvaða hætti skuli tæknilega staðið að því að greiða fyrir því að við getum aukið frelsi og viðskipti með landbúnaðarvörur. Ég hef haft það að leiðarljósi að reyna að gera það þannig að íslenskir bændur hafi svigrúm og tíma til þess að laga sig að breyttum aðstæðum. Það þarf að gefa þeim aukið svigrúm, meira frelsi til framleiðsluathafna og það er að því sem við viljum vinna.

[19:12]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég grennslast fyrir um hvernig framhaldi á umræðum um þetta mál verði háttað. Nú hagar svo til að hér er verið að ræða stjfrv. við 2. umr. og upp er komin sérstök staða, sem ég hygg að þurfi að leita lengi í þingtíðindum til að finna hliðstæðu þó, eins og hæstv. utanrrh. sagði, einsdæmin eigi sér oftast hliðstæðu. Þessi umræða hófst upp úr hálftvö í dag, henni verður frestað korter yfir sjö og einn stjórnarandstæðingur hefur komist að í umræðunni, sá sem hér stendur og mælti fyrir 3. minni hluta. Allur hinn tíminn hefur farið í stöðugt rifrildi milli stjórnarsinna og endaði með því að hér hnakkrifust tveir ráðherrar í andsvörum, hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. Ég hlýt því, virðulegi forseti, að grennslast eftir því hvernig framhaldið verður á þessu máli því það bendir allt til þess að hér séu stjórnarliðar komnir í bullandi málþóf til að hefta framgang þessa máls.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram að gert hafði verið ráð fyrir því að þessari umræðu yrði frestað núna og fram haldið eftir helgi samkvæmt dagskrá sem þá verður lögð fram.

[19:14]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég geri í sjálfu sér enga athugasemd um að þessari umræðu sé frestað nú en það er hins vegar alveg rétt sem hv. þm. Jóhannes Geir sagði, hún er athyglisverð fyrir margra hluta sakir og sérstaklega fyrir það að allur fundartíminn síðdegis hefur að frádreginni einni ræðu farið í deilur milli ráðherra og stjórnarþingmanna.

En ástæðan fyrir því að ég bað um orðið er sú að óska eftir því að framhald umræðunnar verði með þeim hætti að hæstv. forsrh. Davíð Oddsson geti verið viðstaddur. Það var nefnilega hvorki hæstv. landbrh. né heldur hv. þm. Egill Jónsson sem endanlega sömdu um þennan frumvarpstexta við utanrrh. heldur var það forsrh. Davíð Oddsson. Þeir tveir sem hér hafa talað í dag, hv. þm. Egill Jónsson og hæstv. landbrh., eru þess vegna ekki höfundar þess texta af hálfu Sjálfstfl. sem þeir hafa verið að lýsa hér í dag. Þess vegna vil ég bera fram þá ósk, virðulegi forseti, að forsetar hugi að

því að framhald umræðunnar verði með þeim hætti að hæstv. forsrh. geti verið viðstaddur.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1991, 68. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 709; nál. minni hluta fjárln., þskj. 705.

Fjáraukalög 1992, 67. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 706.

Meðferð opinberra mála, 197. mál, nál. allshn., þskj. 712.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 4. mál.

Fundi slitið kl. 19:16.

107. FUNDUR

mánudaginn 14. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:
Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 563, brtt. 395,9, 676, 677, 693 og 695. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:
Fjáraukalög 1992, 67. mál., nál. meiri hluta fjárn., þskj. 708.
Hæstiréttur Íslands, 196. mál, nál. allshn., þskj. 710; brtt. allshn., þskj. 711.
Mannréttindasáttmáli Evrópu, 102. mál, nál. allshn., þskj. 715; brtt. allshn. 718.
Meðferð einkamála, 198. mál, nál. allshn., þskj. 713; brtt. allshn., þskj. 714.
Tekjuskattur og eignarskattur, 467. mál, frv. JVK o.fl., þskj. 716.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 10. mars 1994:
„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþingmaður Sjálfstfl. í Norðurl. v., Hjálmar Jónsson prófastur, Sauðárkróki, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.
Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v."

Hjálmar Jónsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Það er aðeins eitt mál á dagskrá þessa fundar og hefur verið óskað eftir að afgreiðslu þess verði frestað. (**Gripið fram í:** Hver óskaði eftir því?) Það er formaður þingflokks Sjálfstfl. Forseti verður að sjálfsögðu við þeirri beiðni.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla hafnalaga.

[15:08]

Ólafur Ragnar Grímsson:
Virðulegi forseti. Fyrir nokkrum vikum síðan, við 1. umr. um eitt þingmál, óskuðu þrír þingflokkar, þingflokkur Framsfl., þingflokkur Alþb. og þingflokkur Kvennalistans, eftir því að 1. umr. yrði frestað. Forseti neitaði að verða við þeirri ósk og lýsti því yfir að það yrði haldið áfram með málið þrátt fyrir ósk frá þremur þingflokkum. Nú gerist það hins vegar hér að í annað sinn er atkvæðagreiðslu um hafnalög frestað samkvæmt ósk eins þingflokks, þingflokks Sjálfstfl. Þessi atkvæðagreiðsla átti að fara fram fyrir helgi. Þá hafði stjórnarflokkunum ekki tekist að tryggja það að nægilega margir stjórnarþingmenn sinntu vinnuskyldu sinni og væru í þingsalnum. Atkvæðagreiðslunni var frestað og það var ekki gerð athugasemd við það. Nú gerist það hins vegar í annað sinn að mistekist hefur að tryggja það að nægilega margir stjórnarþingmenn séu í vinnu sinni og óskað er eftir því að málinu verði frestað. Ég vil þess vegna spyrja forseta hver eru rökin fyrir því að neita ósk þriggja þingflokka um að fresta 1. umr. um mál en verða ítrekað við ósk frá einum þingflokki um að fresta atkvæðagreiðslu um það mál sem hér er til umfjöllunar. Er forseti þingsins að mismuna þingflokkum með þeim hætti sem hér kemur fram vegna þess að þrátt fyrir það að fyrri ákvörðunin um að neita ósk frá þremur þingflokkum hafi ítrekað verið til umræðu hefur forseti þingsins ekki lýst yfir ágreiningi við þá ákvörðun sem þá var tekin.
Það er mjög mikilvægt að það sé samhengi og samræmi í því hvernig forseti bregst við óskum þingflokka. Ég ætla í sjálfu sér ekki að gera athugasemd við það að þessari atkvæðagreiðslu sé frestað ítrekað að ósk þingflokks Sjálfstfl. en ég skil ekki samhengið að neita óskum annarra þingflokka varðandi meðferð mála en verða ítrekað við óskum þingflokks Sjálfstfl.

[15:10]

Geir H. Haarde:
Virðulegi forseti. Hv. síðasta ræðumanni er það að sjálfsögðu vel kunnugt að það er rík hefð fyrir því að verða við óskum þingflokka um að fresta atkvæðagreiðslum ef þannig stendur á og slíkar óskir koma fram. Að því er varðar frestun á umræðum gegnir hins vegar öðru máli og í því tilfelli sem hv. þm. er að tala um var um það að ræða að það var borin fram ósk um að hér væri til staðar ákveðinn ráðherra, hæstv. forsrh., sem var þá í útlöndum og það jafnvel þó að ráð-

herrann sem flytti málið og gaf út þau bráðabirgðalög sem það mál snerist um væri viðstaddur, hæstv. sjútvrh. Hér er þess vegna gjörsamlega ólíku saman að jafna og það er ómaklegt að gera forseta Alþingis upp einhverjar sakir eða einhverja mismunun í þessu efni. Ég hef ekki orðið var við það að forseti Alþingis mismuni þingflokkum en hitt er annað að það er föst venja að verða við óskum um að fresta atkvæðagreiðslum. Sú ósk var fram borin af mér sem formanni þingflokks sjálfstæðismanna og hún er tilkomin vegna þess eins og hv. þm. gat um að ekki eru nægilega margir mættir til að taka þátt í atkvæðagreiðslunni, þess vegna er farið fram á frest og við því hefur verið orðið nú eins og ævinlega áður.

[15:12]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að það sé alveg hárrétt ákvörðun forseta sem frú forseti tók áðan að verða við þeirri beiðni formanns þingflokks Sjálfstfl. að fresta atkvæðagreiðslu um hafnalög. Um hitt málið gildir auðvitað öðru máli, þar var auðvitað æðibunugangur í forseta að knýja fram lok umræðunnar og verða ekki við eðlilegum óskum um að forsrh. væri við látinn. Ég minni á að það lá svo mikið á í umræðum um hafnalögin fyrir nokkrum dögum síðan þegar málið var að ganga til 3. umr. að það mátti ekki skoða í nefnd ákaflega fljótfærnislega tillögu sem hæstv. samgrh. slengdi fram á síðustu stundu og þurfti töluverð átök að fá tillöguna til nefndar. En ég tel sem sagt að það hafi verið hárrétt ákvörðun hjá forseta að fresta núna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og hér hefur komið fram er það venjan að verða við þeirri ósk að fresta atkvæðagreiðslum þegar um það er beðið og sérstaklega stendur á.

[15:13]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er fagnaðarefni að fá það mjög skýrt af forsetastóli að atkvæðagreiðslu er frestað þegar þingflokkur óskar eftir því. (**Gripið fram í:** Einn þingflokkur.) Einn þingflokkur. Það er mjög skýrt og ánægjulegt að hafa það fordæmi skýrt þannig að nú þarf ekki að deila um það framvegis að setji einn þingflokkur fram ósk um frestun atkvæðagreiðslu þá verður forseti við henni. Ég ætla ekki að gera neina athugasemd við þá ákvörðun.

Ég vil hins vegar vegna ræðu hv. þm. Geirs Haarde ítreka það að ég hef óskað eftir því ítrekað að forseti nefni fordæmi fyrir því að ósk þriggja þingflokka um frestun 1. umr. máls sé neitað. Forseti hefur enn sem komið er ekki treyst sér til þess að nefna slíkt fordæmi. Ég ítreka þess vegna ósk mína um að það fordæmi sé nefnt því alveg á sama hátt og ég tel nauðsynlegt að hafa það skýrt að óski þingflokkur eftir frestun á atkvæðagreiðslu sé orðið við þeirri ósk, þá er auðvitað líka nauðsynlegt að hafa það skýrt að óski þingflokkur eftir frestun á 1. umr., ég tala ekki um ef þrír þingflokkar óska eftir frestun á 1. umr. þá sé orði við þeirri ósk. Það var hins vegar ekki gert, hv. þm., og það er í því sem mismununin liggur. Og þar til hægt er að nefna mér fordæmi um það að forseti neiti ósk frá þremur þingflokkum um frestun 1. umr. held ég mér við það að ákvarðanir forsetadæmisins á undanförnum vikum feli í sér mismunun. Ég vona satt að segja að sú ákvörðun forseta á sínum tíma að fresta umræðunni ekki þrátt fyrir ósk þriggja þingflokka verði ekki fordæmi í störfum þingsins. Ég tel það betra ef forseti getur tekið af skarið um það líkt og forseti gerði nú varðandi atkvæðagreiðslu að óski þingflokkur, ég tala nú ekki um fleiri en einn þingflokkur, eftir frestun á 1. umr. þá verði líka orðið við þeirri ósk því það er mjög nauðsynlegt að leikreglur í þingsalnum séu skýrar.

[15:16]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það væri fróðlegt að spyrja hv. þm. og formann þingflokks Sjálfstfl. hvort þessi frestun atkvæðagreiðslu, sem ég skil svo að eigi ekki að fara fram í dag, einhvern tímann í vikunni trúlega, þýði það að Sjálfstfl. sé að vinna að breytingum á þessu frv. en við í minni hluta samgn. höfum margsinnis lagt til að menn reyndu að koma meira viti í þetta mál. Ef svo er, sem ég vil trúa að hv. þm. Geir Haarde sé að gera, að hann hafi lagt þetta mál fyrir þingflokk Sjálfstfl. og þau varnaðarorð sem við höfum haft uppi við þá heiftarlegu mismunun sem þetta frv. leiðir yfir landsbyggðina með skattlagningu, margfaldri skattlagningu á byggðirnar og einnig það óljósa orðalag sem í þessu frv. felst um það að hafnir megi gerast hluthafar í fyrirtækjum með skylda starfsemi án þess að þingið hafi fengið svör við því hvað hér er verið að tala um. Ítrekað hef ég borið þessar óskir fram í þingnefnd og ítrekað hef ég óskað eftir því við hæstv. ráðherra að hann gerði okkur grein fyrir því hvað hér væri verið að tala um áður en gengið yrði til atkvæða. Því fagna ég því, hv. þm. og formaður þingflokks Sjálfstfl., Geir Haarde, að þingmaðurinn skuli hafa tekið málið upp að nýju í þingflokki Sjálfstfl. til þess að bæta það og að sjálfsögðu munum við þingmenn Framsfl. fagna því og mæla með því að málinu verði frestað.

[15:18]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er ekki svigrúm til þess að ræða þetta mál efnislega undir þeim lið sem hér er í gangi, þ.e. umræðum um fundarstjórn forseta, enda er það þannig að efnisumræðu um þetta mál er lokið. Málið er komið til lokaafgreiðslu, það er atkvæðagreiðslan ein sem bíður. Málið hefur ekki verið rætt frekar í þingflokki sjálfstæðismanna svo ég upplýsi það nú bara en það stendur hins vegar þannig á að ýmsir þingmenn eru ekki viðstaddir. Sumir eru veðurteppt-ir. Ég veit að hv. þm. Stefán Guðmundsson veit hvað það er að vera veðurtepptur heima í sínu kjördæmi. Einhver frægasta „veðurteppa" í þingsögunni hin síðustu ár var þegar hann var bundinn í fyrra í janúar og mikilvæg atkvæðagreiðsla beið og sérstakar ráðstafanir voru gerðar til þess að hann gæti komið til þeirrar atkvæðagreiðslu. Það stendur þannig á með nokkra okkar menn að þeir geta ekki verið hér við þessa atkvæðagreiðslu, það er af þeim sökum sem ég hef ósk-

að eftir frestun. Það hefur ekkert að gera með efnisinnihald frv.

[15:19]

Fjármálaráðhera (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Hér er um að ræða frv. sem á að greiða atkvæði um, umræðum er lokið. Það er næst á dagskrá að hafa atkvæðagreiðslu. Ég vil láta það koma fram frá mínum sjónarhóli að ég tel að það sé á engan veg verið að skapa það fordæmi að hvaða formaður í þingflokki sem er eigi kröfu á því að atkvæðagreiðslu sé frestað þegar hann biður um. Þvert á móti er það svo að forseta ber að ákveða þetta sjálfur á grundvelli þess sem hann telur rétt og skiptir engu máli hvaðan beiðnin um frestunina kemur. Þetta segi ég vegna þess að forseta ber í sínum úrskurði eins og allir vita ... (Gripið fram í.) Ég er að ræða hér um stjórn forseta og ég bið hv. alþýðubandalagsmenn að vera ekki viðkvæmir fyrir því þó þeim sé sagt til af og til jafnvel. Þótt ég viðurkenni það að í þeirra hópi séu gamlir aflóga kennarar úr háskólanum sem kunna sitthvað fyrir sér, þá er það svo að sá sem hér stendur hefur lært í þeim skóla líka, þar á meðal lögfræði sem fjallar um mál eins og það sem er til umræðu. Og ég vil halda áfram og segja að það er sjálfstæð ákvörðun forseta á hverjum tíma, skiptir ekki máli hvaðan beiðnin kemur eða hvort engin beiðni kemur fram, einfaldlega vegna þess að forseti hlýtur að meta hvað sé eðlilegast fyrir niðurstöðuna og við vitum að hér gildir þingræði. Það er meiri hluti sem ræður hér, það á að taka tillit til þess og það á að taka tillit til minni hlutans líka.

Ég mótmæli því, virðulegi forseti, mjög ákveðið að að lagt sé út af þessum umræðum með þeim hætti sem hv. 8. þm. Reykn. gerði, að hér skapaðist fordæmi fyrir að formaður þingflokks, hvaða þingflokks sem væri, gæti beðið um frest og þá yrði að verða við þeim óskum. Það er misskilningur að sjálfsögðu. (**ÓRG:** Þú ert bara einn um þessa skoðun).

15:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er líka spurning, hæstv. forseti, hvort orðalagið „aflóga" er þinglegt. Forseti gerði ekki athugasemdir við þessi orð varaformanns Sjálfstfl. hér áðan sem flutti sérstakar leiðbeiningar til forsetans sem er alveg nýr dagskrárliður. Ég hef aldrei heyrt áður að forustumenn stjórnarflokks telji sig þurfa að flytja leiðbeiningaerindi til forseta á þennan hátt.

Það sem ég vil segja er það, virðulegi forseti, að ég vil mótmæla þessari túlkun varaformanns Sjálfstfl. Jafnvel þó að hann sé varaformaður Sjálfstfl., þá tel ég ekki ástæðu til að taka mark á hv. þm. og hæstv. ráðherra í þessu máli. (**ÁJ:** Er túlkunin aflóga?) Vegna þess að ég tel að túlkunin sé aflóga, eins og hv. þm. Árni Johnsen kallar hér. (**Landbrh.:** Má ég heyra aftur?) Málið er ósköp einfaldlega þannig að með því að fallast á þessa beiðni hefur forseti skapað það fordæmi að á þinginu hljóta menn að hafa það þannig að þegar einstakir forustumenn þingflokka óska eftir að máli eða atkvæðagreiðslu sé frestað, þá verði það gert. Ef forseti Alþingis mótmælir ekki þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh., þá er óhjákvæmilegt að þessi vinnubrögð hæstv. forseta verði tekin fyrir á réttum vettvangi, þ.e. í forsætisnefnd Alþingis eða meðal formanna þingflokkanna. Eða ætla þeir og þessir aðilar að sitja undir því að forseti Alþingis Íslendinga mismuni þingmönnum með þeim freklega hætti sem hv. varaformaður Sjálfstfl. var að krefjast af forseta Alþingis Íslendinga hér áðan? (**Fjmrh.:** Það er rangt.) Það er rétt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti leggur sig fram um að taka tillit til bæði stjórnar og stjórnarandstöðu þegar þarf að vega og meta atriði sem menn eru að biðja um hverju sinni eins og t.d. atkvæðagreiðslur. Þegar færð eru rök fyrir því að nauðsynlegt sé að fresta atkvæðagreiðslu, þá metur forseti það og tekur tillit til þess og verður við þeirri ósk ef ástæða er til.

[15:24]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér ofbýður alveg viðhorf hæstv. fjmrh., varaformanns Sjálfstfl. Ég vona að hann eigi ekki eftir að endurtaka aðra eins vitleysu úr ræðustólnum og hann var að fara með áðan. Ég treysti hæstv. forseta fullkomlega til þess að gæta réttsýni. Iðulega hefur frú forseti orðið við tilmælum frá mér um það að fresta atkvæðagreiðslum. Ég treysti því að svo verði enn og mér dettur ekki í hug að fara að væna frú forseta um það að hún mismuni okkur. Ég tel alveg víst að hún taki tillit til réttmætra óska okkar hér eftir sem hingað til.

Hins vegar ætla ég að biðja varaformann Sjálfstfl., hæstv. fjmrh., að láta aðra um stjórn þingsins. Hann á erfitt með að stilla sig en ég held að forsetadæminu væri það ekki til framdráttar að hæstv. fjmrh. væri að vesenast í að stjórna þinginu líka.

[15:25]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Mér þykir leitt hvað þetta hleypur allt fyrir brjóstið á hv. stjórnarandstæðingum. Það eina sem hér hefur verið sagt, og ég tek það fram að ég hlýt að hafa sama rétt á því að túlka þingsköp og segja mitt álit á stjórn forseta og aðrir hv. þm. í salnum, er að þótt þetta mál sé út af dagskrá tekið, þá skapar það, að mínu áliti, ekkert fordæmi því að það er tekið skýrt fram í þingsköpum, nánar tiltekið í 63. gr. þingskapa, með leyfi forseta, þar sem stendur: „Forseti getur breytt röðinni á þeim málum sem eru á dagskrá og einnig tekið mál út af dagskrá."

Það er forseta Alþingis að ákveða þetta og það skiptir engu máli hvort um það kemur beiðni eða hvort forseti tekur þetta upp hjá sjálfum sér. Hv. þm. Geir Haarde, formaður þingflokks sjálfstæðismanna, hefur ekkert vald umfram aðra þingmenn til þess að fara þess leit við forseta og það skapar ekki heldur fordæmi því að ákvörðunin er alfarið í höndum forseta þingsins og um það snýst þetta mál. Meira var ekki sagt, meira átti þetta ekki að þýða og þetta held ég að sé auðskilið flestöllum mönnum og vona ég nú að það hafi komist rækilega til skila hvað sagt var.

[15:27]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt sem kom fram hjá formanni þingflokks Sjálfstfl. Ég lenti í erfiðleikum með það að komast til þings á sínum tíma og þá var atkvæðagreiðslu frestað og ég þakka fyrir það. En ég vil endurtaka þá ósk mína til formanns þingflokksins að hann noti þennan tíma sem núna gefst, sem ég skil að hann sé að vinna að, til að reyna að koma meira viti í þetta mál sem átti að fara til atkvæðagreiðslu. Ég trúi því að það sé það sem vaki fyrir mönnum að reyna að koma í veg fyrir það m.a., sem í frv. stendur, að 25% álag á vörugjaldið sem leggst einu sinni á íbúa Reykjavíkur en getur lagst 3–4 sinnum á íbúa á Vestfjörðum og allt að 5 sinnum á íbúa í Norðurlandskjördæmi eystra. (**Gripið fram í:** Þetta er rangt.) Þetta er rétt. Ég trúi því að það sé þetta sem formaður þingflokks Sjálfstfl. sé m.a. að reyna að leiðrétta í flokknum. Dreifbýlisþingmenn hafi kallað á málið aftur til meðferðar í þingflokknum og auðvitað erum við fúsir til að gefa þann frest. Allt sem ég hef hér sagt er rétt, hv. þm. Sturla Böðvarsson, sem samdi þetta frv. og á er búið að gera 30–40 breytingartillögur en enn þá er greinilega þörf á að laga það.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram hefur komið hefur verið óskað eftir því að fresta atkvæðagreiðslu um eina dagskrármálið sem fyrir liggur á þessum fundi. Forseti hefur orðið við þeirri ósk og er því atkvæðagreiðslunni frestað og málið tekið út af dagskrá.

Fundi slitið kl. 15:29.

---

108. FUNDUR

mánudaginn 14. mars,
að loknum 107. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Námsefni í fíknivörnum, fsp., 424. mál, þskj. 634.

Til heilbrigðisráðherra:

2. Forvarnir gegn bjórdrykkju, fsp., 425. mál, þskj. 634.

Til fjármálaráðherra:

3. Virðisaukaskattur, fsp., 464. mál, þskj. 698.

Til samgönguráðherra:

4. Jöfnun á símkostnaði, fsp., 463. mál, þskj. 697.

5. Snjómokstur, fsp., 465. mál, þskj. 699.

Forvarnir gegn bjórdrykkju.

Fsp. AÓB, 425. mál. — Þskj. 635.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Áður en ég ber fram fsp. mína til hæstv. heilbr.- og trmrh. vil ég aðeins gera athugasemd varðandi heiti fsp., Forvarnir gegn bjórdrykkju. Hér er að sjálfsögðu átt við forvarnir gegn áfengisdrykkju almennt, en í tilefni þess að bjór var lögleiddur hér á landi þann 1. mars 1989. Fsp. er að finna á þskj. 635 og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

1. Hvernig hefur verið staðið að átaki í forvörnum sem boðað var í kjölfar lögleiðingar bjórs á Íslandi þann 1. mars 1989?

2. Hve miklu fé var varið til slíks átaks árin 1989–1993?

3. Hverjir sáu um framkvæmd þessa átaks?

4. Hefur verið lagt mat á árangurinn og ef svo er, hver er hann þá talinn vera?

Svo hljóðar fsp. Það ætti öllum að vera ljóst hvers vegna þessi fsp. er borin fram. Það var margítrekað í umræðu sem átti sér stað á vordögum árið 1988 og reyndar árið áður líka að yrði bjór lögleiddur hér á landi, þá ætti og væri nauðsynlegt að fylgja því eftir með góðu forvarnastarfi. Margir vildu ganga frá tryggilega slíku og með skipulegum hætti, en það varð ofan á að almenn fyrirheit voru gefin. Ég vil m.a. vísa til ummæla hæstv. þáv. heilbr.- og trmrh. þann 23. mars í lok 2. umr. um þetta frv. í neðri deild og afgreiðslu þar. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk heilbrigðisyfirvalda er að halda uppi öflugri fræðslu og forvarnastarfi um hvers konar heilsusamlegt líferni sem dregið getur úr sjúkdómum og slysum. Það eiga yfirvöld m.a. gera með því að efla ábyrgð einstaklingsins á eigin heilsu með markvissu upplýsinga- og fræðslustarfi. Ég tel markvisst forvarnastarf ekki felast í því að banna einstakar neysluvörur sem þó kunna að vera minna skaðlegar en aðrar sem neysla er leyfð á. Í slíkri afstöðu finnst mér felast tvískinnungur. Ég mun leggja þunga áherslu á aukið fræðslu- og upplýsingastarf um hættuleg og skaðleg áhrif áfengis og tóbaks á heilsufar fólks og styðjast í því sambandi við markmið Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og íslenskrar heilbrigðisáætlunar."

Hæstv. núv. heilbrrh. er hér með beðinn um að upplýsa það hvort þessum fyrirheitum hafi verið framfylgt og þá á hvern hátt. Það er ljóst, og hefur komið fram m.a. hjá fræðslumiðstöð í fíknivörnum, að áfengisneysla meðal íslenskra barna og ungmenna fer vaxandi og munstrið er að breytast nokkuð. Um þetta eru til allmiklar tölur sem ég hef ef til vill möguleika á að tíunda í seinni ræðutíma mínum í þessari fsp. En ég bið hæstv. heilbr.- og trmrh. að upplýsa það sem beðið er um í fsp.

[15:34]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi: Hvernig hefur verið staðið að átaki í forvörnum sem boðað var í kjölfar

lögleiðingar áfengs bjórs á Íslandi 1. mars 1989?

Auk lögboðinna starfa Áfengisvarnaráðs og sjálfboðaliðavinnu áhugamannasamtaka, svo sem átaks gegn áfengi, vímulausrar æsku og Rauða krossins svo eitthvað sé nefnt, tók fyrrv. heilbr.- og trmrh., Guðmundur Bjarnason það ráð að skipa sérstaka nefnd um Átak í áfengisvörnum þegar árið 1988 vegna komu bjórsins hinn 1. mars 1989. Sú nefnd beindi forvörnum sínum til allra hugsanlegra áhættuhópa, svo sem æskunnar, eftirlaunafólks auk heimavinnandi og þungaðra kvenna. Ýmis útgáfustarfsemi var innt af hendi og fé beint til þeirra sem líklegastir voru til að vinna forvörnum gagn, eins og menntmrn. vegna Lions Quest-efnisins sem nú er eitt hið bitastæðasta sinnar tegundar í skólakerfinu. Þá sem síðar voru margir áfengismálasjóðir ráðuneytisins notaðir til að styrkja meira og minna alla þá sem þessum málum sinna, sýna verðugan áhuga og líklegir eru til að vinna gagn. Átaksnefndin vegna bjórkomunnar starfaði í eitt ár frá nóvember 1988 og veitti 6,6 millj. kr. til ýmissa verktaka í forvörnum, bæði þeirra sem fyrir voru og annarra sem störfuðu tímabundið. Þá var stofnað til sérstakrar auglýsingaherferðar það ár. Í nefndinni sátu Hafsteinn Þorvaldsson, Aldís Ingvadóttir, Höskuldur Jónsson, Ólafur Walter Stefánsson og Óttar Guðmundsson en starfsmaður hennar var Árni Einarsson.

Í öðru lagi er spurt: Hve miklu fé var varið til slíks átaks árin 1989–1993? Því er til að svara að 1989 var það 21 millj. kr., 1990 20,6, 1991 21,7, 1992 21,2 og 1993 21,5 millj. Rétt er að vekja athygli á því að árið 1992 var hætt að veita fé í gæsluvistarsjóð og áfengismálum komið fyrir með öðrum hætti á fjárlögum.

Í þriðja lagi er spurt um það hver árangur hafi verið og beðið um að lagt verði á það mat. Það er út af fyrir sig huglægt hvernig menn nálgast þetta mat. En ef horft er á sölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins frá 1993 er augljóst að neyslumynstrið hefur breyst verulega hvað varðar áfengisneysluna. Það er ljóst að dregið hefur mjög verulega úr neyslu sterkra vína. Ef horft er á tölur frá 1988, sem er síðasta heila árið fyrir tilkomu bjórsins, var um að ræða heildarneyslu sem lítra á mann 15 ára og eldri upp á 9,11 lítra en er nú í 5,68 lítrum. Þar hefur verulega dregið úr neyslu. Í annan stað var heildarneysla á mann 15 ára og eldri 8,16 lítrar 1988 í léttum vínum en hefur farið niður í 6,31 lítra.

Ef horft er á bjórinn sérstaklega, þá liggur það fyrir að fyrsta árið frá 1. mars til ársloka 1989 seldust 36,65 lítrar á mann 15 ára og eldri en í dag er þessi sala á 12 mánuðum 1993 29,58 þannig að þar hefur einnig brugðið út frá því sem í upphafi var. Þegar þetta er saman vegið og reiknaðir eru út alkóhóllítrar á mann 15 ára og eldri samkvæmt sölutölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, þá kemur í ljós að alkóhóllítrar 1988 voru 4,48 en eru núna 1993 4,45. Ég minni á að 1988 er ártalið fyrir tilkomu bjórsins. Þegar allt er í saman dregið, þá virðist í heild og breidd a.m.k. ekki vera um umtalsverða heildaraukningu að ræða, aukin heldur hefur dregið úr neyslu sterka drykkja. Ýmsir geta haft á því ólíkar skoðanir hvort þessi þróun sé góð eða vond en þessar tölur tala þó engu að síður sínu máli.

[15:39]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Það segir kannski mest um það hvað heildarmagntölur segja í raun litla sögu og hvað mat manna er misjafnt að í skýrslu félmrh. um velferð barna og ungmenna sem liggur fyrir þinginu á þskj. 567 segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Nýleg rannsókn hefur sýnt að neysla áfengis er mikil hjá unglingum hér á landi. Margar rannsóknir hafa einnig sýnt að ofbeldi er nátengt áfengisnotkun. Til að ná tökum á ofbeldi unglinga telur nefndin að einfaldast væri að byrja á því að taka drykkjuvandamálið fastari tökum. Nefndin telur að áfengis- og vímuefnavarnir gagnvart unglingum hafi brostið og telur að það ætti að vera eitt af forgangsverkum opinberra aðila að hrinda af stað öflugu forvarnastarfi gegn neyslu áfengis og vímuefna.“

Af því að ég gat um upplýsingar um mynstrið í áfengisneyslu barna og ungmenna, þá vil ég taka það fram að í upplýsingum frá fræðslumiðstöð í fíknivörnum kemur fram að áfengisneysla meðal íslenskra barna er almenn og fer vaxandi og nær til sífellt yngri barna samkvæmt könnunum. Þarna eru geigvænlegar tölur eins og þær að rúmlega 20% barna í 8. bekk grunnskóla neyta áfengis og tæplega 10% þar af mánaðarlega eða oftar. Tölurnar eru hærri eftir því sem ofar kemur í skólastigann og þegar að framhaldsskóla er komið, þá eru 84% framhaldsskólanema sem neyta áfengis og þar af 56% mánaðarlega og oftar. Þetta og ummælin í skýrslu hæstv. félmrh. tel ég að sýni að það þarf að gera betur. Lions Quest-verkefnið hefur sýnt að það er ýmislegt hægt að gera með góðri fræðslu en tölurnar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. las fyrir okkur sýna að það hefur ekki verið veitt til þessa málaflokks það fjármagn sem ástæða væri til.

[15:41]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrirspyrjanda fyrir þessa fyrirspurn sem er vissulega þörf. Öll höfum við áhyggjur af áfengisneyslu unglinga og ungmenna en ég vil leyfa mér að benda á eina leið til þess að auka forvarnastarfið og gera það enn virkara en það er í dag og það er sú leið að veita aukið fjármagn til íþróttahreyfingarinnar því að þar fer fram hið mesta og besta forvarnastarf sem til er gegn neyslu vímuefni hvaða nafni sem ber að nefna.

Þetta vildi ég að kæmi fram. En mig langar einnig að bæta við einni spurningu til hæstv. ráðherra. Ég hlustaði á þær tölur sem hann fór með áðan og kannast reyndar við þær flestar. Ég hef aldrei skilið það hvers vegna ÁTVR tekur saman sölutölur á grundvelli þess að neyslan sé frá aldrinum 15 ára og upp úr. Þar sem menn þurfa að vera orðnir tvítugir til að mega kaupa áfengi þá hef ég aldrei skilið þessa úttekt þar sem gert er ráð fyrir 5 ára bili undir lögaldri í neyslu og vildi gjarnan, ef ráðherra hefur þau svör hvers vegna er svona staðið að upplýsingaöfluninni, fá það fram.

[15:42]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi vegna 15 ára viðmiðunar, þá get ég því miður ekki svarað fyrir um það. Ég vil hins vegar, vegna orða fyrirspyrjanda í þá veru að það mætti skilja orð mín þannig að þær tölur sem ég rakti hér áðan væru þess eðlis að nú gætu menn sest rólegir og látið þróunina sjá um sig sjálfa, taka fram að það má alls ekki skilja orð mín þannig. Og til viðbótar vil ég nefna það og rifja enn á ný upp að í umræðum um fjárlög í desember sl. þá lagði ég einmitt mikla áherslu á nauðsyn þess að breyta áherslum í okkar áfengispólitík og auka stórkostlega fjármagn til forvarna, en draga kannski að sama skapi eða að litlu eða einhverju leyti úr fjármunum til meðferðar því að það liggur ljóst fyrir að 500 millj. kr. fara til þessa málaflokks eða þar um bil. Langstærsti hlutinn eða á 5. hundrað millj. fer til að lækna, fer til að bregðast við afleiðingum þessarar drykkju og ég tek undir með hv. fyrirspyrjanda í þá veru að unga fólkið í landinu nýtur ekki þeirra fjármuna. Þar þurfa forvarnir að koma til, fræðsluprógramm, taka á málinu á frumstigi. Ég verð hins vegar að lýsa því yfir að það olli mér nokkrum vonbrigðum hversu lítill áhugi var hjá ýmsum hv. þm. um það einmitt að fara í þetta forvarnastarf en héldu fast við hin gömlu úrræði sem að mörgu leyti eru ágæt með en eiga auðvitað ekki að taka til sín þennan stóra þátt áfengismálaumræðunnar eins og raun hefur borið vitni um. Þess vegna get ég tekið undir það að meðaltalstölur eins og þær sem ég rakti hér áðan eru vísbending. Þær segja okkur að hér sé ekki allt í öfuga átt þó að hér séu sértækir hópar sem við þurfum að gefa miklum mun meiri gaum og ég vil taka undir með hv. fyrirspyrjanda í þá veru.

Virðisaukaskattur.

Fsp. KEE, 464. mál. — Þskj. 698.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Hæstv. forseti. Í þeirri orrahríð sem átti sér stað í þingsölum fyrir jól var það ógæfuspor stigið að setja á tvö virðisaukaskattsþrep og jafnframt var ákveðið að skattleggja hluta ferðaþjónustunnar með því að leggja 14% virðisaukaskatt á sölu gistinga. Ferðaþjónusta hefur verið ört vaxandi atvinnugrein hér á landi og einn af fáum vaxtarbroddum í atvinnulífi síðari ára. Víst er þó að markaðurinn þolir ekki verðhækkanir og því er ljóst að þessi skattlagning verður tekin úr vösum þeirra sem selja þjónustuna og rýrir þar með afkomu þeirra. Hugsanlega breytir hún einnig grundvelli þeirrar fjárfestingar sem lagt hefur verið í á síðustu árum.

Vegna baráttu stjórnarandstæðinga var í lokaumræðu um virðisaukaskattslögin samþykkt að heimila hæstv. ráðherra að endurgreiða hluta af innskatti og því spyr ég hæstv. fjmrh.:

„Hvenær og með hvaða hætti hyggst ráðherra nýta sér heimild í lögum nr. 122/1993 til að leiðrétta innskatt vegna fjárfestingar á árunum 1990–1992 í fasteignum og búnaði í gistirými sem notað er til skattskyldrar starfsemi eftir 1. jan. 1994?"

[15:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Austurl. ber fram fyrirspurn sem hv. þm. gerði grein fyrir hér áðan. Í máli hv. þm. kom fram að gisting sem ekki bar virðisaukaskatt ber nú 14% skatt en það þarf að geta þess jafnframt að innskattur verður þá frádráttarbær og innskattur gistingar er oftast 24,5% þannig að verðáhrifin eru ekki eins mikil og sýnist.

Það var hv. efh.- og viðskn. sem breytti að sjálfsögðu í fullu samráði við fjmrn. lagafrv. þannig að inn í lögin kom ákvæði til bráðabirgða þar sem þessi heimild var gefin sem hv. þm. vitnar til. Nýting umræddrar heimildar mun koma fram í reglugerð sem kveður nánar á um endurgreiðslur og endurgreiðslurétt. Reikna má með að sú reglugerð verði gefin út í næsta mánuði. Þess skal getið að fulltrúar Samtaka veitinga- og gistihúsaeigenda komu á fund ráðuneytisins í janúar þar sem farið var yfir þetta mál og um það fjallað í einstökum atriðum.

Þegar setja þarf reglugerð um þetta mál þarf að hafa til skoðunar ýmsa þætti og vil ég geta um nokkra þeirra hér til þess að sýna að málið er ekki alveg einfalt. Í fyrsta lagi þarf að átta sig á því hvernig á að haga endurgreiðslubeiðnum. Á t.d. að láta alla aðila skila inn endurgreiðslubeiðnum áður en endanlegar reglur um úthlutun hámarksfjárhæðar liggja fyrir og hvaða formskilyrði þurfa að koma fram í umsókninni?

Í öðru lagi þarf að ákveða hve hratt eigi að greiða til baka og hvenær endurgreiðsla eigi að fara fram, en í lögunum er tiltekið að hún skuli eiga sér stað á árunum 1994, 1995 og 1996 og vera að hámarki 75 millj. kr. Þá er ástæða til að velta fyrir sér hvernig túlka eigi ákvæði laganna sem kemur fram í 2. mgr. bráðabirgðaákvæðis III við lögin um 6% veltuþak. Ábendingar Samtaka veitinga- og gistihúsaeigenda lúta að því að það sé ósanngjarnt gagnvart smáum aðilum og af ýmsum fleiri ástæðum að láta þakið skerða endurgreiðslurétt hvers og eins. Hugsunin var sú þegar þetta ákvæði var sett inn í lögin að takmarka hugsanlegar greiðslur úr ríkissjóði við það að fyrirtæki í litlum rekstri fengju ekki fulla endurgreiðslu. Segja má að þessu skilyrði hafi mátt sleppa þegar sett var inn í heimildina krónutöluþak sem var upp á 75 millj. kr.

Það mætti hugsa sér samkvæmt orðanna hljóðan að nota 6% þakið á heildarupphæðina en ekki á hvert fyrirtæki fyrir sig. Þetta er eitt af því sem þarf að athuga við gerð reglugerðarinnar.

Þá hafa komið fram fyrirspurnir um hvort þeir sem kaupa eða leigja gistirými af viðkomandi fjárfesti hafi endurgreiðslurétt. Lagatextinn gerir ekki ráð fyrir því að svo verði, a.m.k. ekki að svo stöddu. Til þess þyrfti að mínu mati að breyta lögunum. Í lagaheimildinni er kveðið á um að fjmrh. setji m.a. reglur um hlutfall af fjárfestingarkostnaði eins og sést á texta laganna. Þessi atriði eru einmitt til skoðunar nú. Ég geri ráð fyrir því

að í næsta mánuði verði reglugerðin gefin út en um reglugerðina er fjallað í lok greinarinnar til bráðabirgða og hugmyndin er að eftir að skattframtöl og skil og niðurstaða liggur fyrir í ágúst verði hægt að greiða fyrirtækjunum sem í hlut eiga út fyrsta skammtinn og síðan tvo þá næstu á tveimur næstu árum, á árunum 1995 og 1996. Því miður get ég ekki verið nákvæmari að svo stöddu því að endanleg gerð reglugerðarinnar liggur ekki fyrir.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegur forseti. Mér er ljóst að þetta er alls ekki einfalt mál en hins vegar eins og hæstv. ráðherra bendir á eiga endurgreiðslur að hefjast á þessu ári. Því tel ég mjög mikilvægt mál að þetta skýrist sem fyrst og ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið.

Jöfnun á símkostnaði.

Fsp. KEE, 463. mál. — Þskj. 697.

[15:52]

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegur forseti. Allt frá því að sú sem hér stendur fór að fylgjast með stjórnmálum og sjálfsagt mikið lengur hefur eitt aðalbaráttumál dreifbýlisþingmanna verið hvers kyns jöfnun á aðstöðumun dreifbýlis og þéttbýlis. Árangurinn hefur að sjálfsögðu orðið misjafn og í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur heldur sigið á ógæfuhliðina í þeim málum. Nærtækt er að vitna í þá snilldarhugmynd að leggja virðisaukaskatt á húshitunarkostnað en sú ráðstöfun kemur að sjálfsögðu harðast niður á dreifbýlinu, þ.e. hinum köldu svæðum.

Annar nærtækt dæmi er í burðarliðnum hjá ríkisstjórninni en það er afnám á flutningsjöfnunargjaldi til olíufélaganna. Sú niðurfelling mun hafa í för með sér að verðmunur á bensíni og olíu milli einstakra staða mun nema allt að 6–8 kr. á lítra. Þetta er því og verður dreifbýlisfjandsamleg ráðstöfun.

Dreifbýlisbúar sækja mikla þjónustu til höfuðborgarsvæðisins. Í því sambandi má nefna að flestar ríkisstofnanir eru staðsettar hér á höfuðborgarsvæðinu og þrátt fyrir yfirlýsta stefnu ríkisstjórnarinnar um flutning ríkisfyrirtækja út á land hefur eins og svo oft áður minna orðið um efndir. Í ljósi þess að sú þjónusta sem dreifbýlisbúar sækja til höfuðborgarinnar er ærin og í síauknum mæli stunda fyrirtæki viðskipti og flutning gagna símleiðis, vaknar sú spurning hvort ekki sé tímabært að jafna símkostnað landsmanna með því að sama gjald sé greitt fyrir símþjónustu hvar sem notandinn er staðsettur á landinu. Því spyr ég hæstv. samgrh.:

„Eru áform uppi um að jafna til fullnustu símkostnað landsmanna í kjölfar þeirra breytinga sem gerðar verða á símanúmerakerfinu um mitt ár 1995?"

[15:54]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er rangt hjá hv. fyrirspyrjanda að það hafi hallað á einhverja ógæfuhlið í sambandi við símkostnað á langlínum eða öðru slíku. Það er ekki rétt. Á hinn bóginn er það rétt að síðan ég varð samgrh. hefur verið lögð meiri áhersla á að lækka símtöl til annarra landa sem er mjög brýnt mál eins og hv. þm. á að vera kunnugt og nauðsynlegt vegna þeirrar alþjóðlegu samkeppni sem komin er upp í sambandi við símtöl á milli landa.

Vegna þessarar fsp. er þetta að segja. Sú breyting sem verður á símanúmerakerfi landsmanna á árinu 1995 er gerð til að einfalda númerakerfið og að opna möguleika á að hafa sérstök númer fyrir nýja þjónustu. T.d. er ekki unnt að taka upp neyðarnúmerið 112 fyrr en eftir breytinguna en öll Evrópulönd ætla að sameinast um það númer. Númerabreytingin hefur hins vegar ekkert með gjaldamál að gera og hafa engar ákvarðanir um breytingar á gjaldskrá verið teknar í tengslum við númerabreytinguna. Af tæknilegum ástæðum væri raunar óheppilegt að láta gjaldskrárbreytingu og númerabreytingu fara saman þar sem númerabreytingin er mjög viðamikil og því ástæðulaust að framkvæma aðrar breytingar sem tengjast henni samtímis.

Ég vil að lokum segja að eins og nú standa sakir eru ekki uppi áætlanir um að jafna símkostnað á öllu landinu til fullnustu.

[15:55]

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég sagði aldrei að það hefði hallað á ógæfuhliðina í sambandi við símkostnað heldur almennt á jöfnun milli dreifbýlis og þéttbýlis. En í sambandi við þetta nýja fyrirkomulag á númerum þá sögðu þeir mér hjá Pósti og síma að það væri ekkert því til fyrirstöðu að stíga skrefið til fulls og jafna símkostnað á milli dreifbýlis og þéttbýlis í leiðinni.

[15:56]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það sem er því til fyrirstöðu að jafna símkostnað til fulls eru annars vegar tæknileg atriði og hins vegar er ástæðan sú að til þess vantar fjármagn. Þetta sígur alltaf í rétta átt og er minni munur nú en áður á slíku. Ég vil taka fram að það er verið að stækka þau svæði sem eru undir sama númeri sums staðar þar sem þannig stendur á og það er alltaf verið að draga úr þessum mismun og gengur vel vil ég segja en við getum ekki fengið allt í einu.

Snjómokstur.

Fsp. KEE, 465. mál. — Þskj. 699.

[15:57]

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegi forseti. Umræðan síðustu ár og missiri hefur öðru fremur snúist um hvers kyns hagræðingu og sameininu, m.a. sameiningu sveitarfélaga, þar sem ýmsar aðgerðir, svo sem úrbætur í vegamálum, hafa verið notaðar sem nokkurs konar gulrót á fólkið. Einn er sá hlutur sem virðist þó hafa gleymst í þessari umræðu, sérstaklega á þeim svæðum þar sem vetrarsamgöngur eru erfiðar, að þrátt fyrir stórbætt vegakerfi og

afkastamiklar vinnuvélar hafa snjómokstursreglur ekki verið færðar til nútímalegra horfs með það fyrir augum að mæta auknum kröfum og aukinni þörf fyrir tíðari opnun vega.

Ef ég tek dæmi úr þeim fjórðungi sem ég bý í, Austurlandsfjórðungi, þá hljóða núverandi snjómokstursreglur upp á opnun þrisvar sinnum í viku um Oddsskarð og Fjarðarheiði, tvisvar sinnum í viku um Vatnsskarð, hringvegurinn um Breiðdalsheiði er ekki á áætlun um opnun en það má teljast furðulegt að svo sé. Sama gildir um veginn yfir Hellisheiði til Vopnafjarðar.

Mig langar í þessu sambandi til að vitna í skýrslu sem m.a. var gerð um snjómokstur á Austurlandi og kom út í mars 1992. Þar er sýnt fram á að miðað við þær endurbætur sem gerðar hafa verið á helstu vegum er sáralítill munur á þriggja daga opnun vega fyrir endurbætur og svo sjö daga opnun eftir þær endurbætur sem þegar hafa verið gerðar hvað kostnað varðar. Þar er einnig sýnt fram á að tíðari opnun vega er hlutfallslega ódýrari kostur fyrir Vegagerðina miðað við þá auknu þjónustu sem hún veitir íbúum slíkra svæða. Því spyr ég hæstv. samgrh.:

„Eru uppi áform um að auka vetrarþjónustu í snjómokstri með það fyrir augum að opið verði alla daga vikunnar milli byggðarlaga?"

[15:59]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er rétt sem hv. þm. segir til að mynda um Hellisheiði. Vegurinn yfir Hellisheiði var ekki hannaður sem heilsársvegur og við það verður að sitja sem komið er. Sú ákvörðun var tekin áður en ég kom í embætti samgrh. Nýr vegur hefur ekki verið lagður yfir Breiðdalsheiði og það er laukrétt hjá hv. þm. að það er svo um ýmsar þær heiðar þar sem gömlu vegirnir eru enn að ákvörðun hefur verið tekin um það og ég held að menn hafi í stórum dráttum unað við það að snjómokstur sé ekki þar með sama hætti og á uppbyggðum og góðum vegum. Það má nefna ýmsa vegi aðra en þá sem eru í Austurlandskjördæmi sem ég heyri að hv. þm. er mjög kunnugur. Við getum talað um Öxarfjarðarheiði, við getum talað um Lágheiði, við getum talað um veginn eftir Barðaströndinni. Það má svo sem tína ýmsa vegi til. Við getum líka talað um veginn yfir Öxi. Það eru svo sem ýmsir vegirnir.

Um þessa fsp. er það að segja að nú hittist svo á að endurskoðun á snjómokstursreglum er rétt að ljúka og hefur raunar verið tekin ákvörðun um að nýjar reglur taki gildi í lok þessa mánaðar, þ.e. fyrir páska. Þar verði gert ráð fyrir því að fjölga snjómokstursdögum á aðalleiðum og einnig innan samgöngusvæða. Það er unnt að gera þetta vegna þess að vegakerfið er að verða fullkomnara en áður. Auðvitað þýðir það um leið að vegfarendur gera meiri kröfur en áður. Gott dæmi um þetta er auðvitað leiðin milli Akureyrar og Reykjavíkur. Það má líka minna hv. þm. á að eftir þær vegabætur sem gerðar voru á Mývatnsheiði nú á sl. ári hefur versti snjóakaflinn á því svæði verið byggður upp.

Á hinn bóginn er ekki hægt að horfa fram hjá því að víða þarfnast vegakerfið verulegra endurbóta áður en hægt er að búast við því að unnt sé að moka þar reglulega og tryggja þannig samgöngur.

Hv. þm. nefndi þar tvö dæmi. Ég bætti við nokkrum dæmum sem sýnir að við erum ekki komin jafnlangt í vegamálunum og við höfum kosið en allt er þetta á réttri leið.

[16:02]

Fyrirspyrjandi (Karen Erla Erlingsdóttir):

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að heyra að nýjar snjómokstursreglugerðir munu nú líta dagsins ljós og ég er viss um að Austfirðingar munu fagna því að það eru hugmyndir uppi um aukna þjónustu og kannski helgarþjónustu þar inni. Hæstv. samgrh. minntist á að vegurinn yfir Hellisheiði væri ekki byggður uppi sem heilsársvegur en hann er töluvert mikið notaður líka að vetri til og hefur reynst ein besta samgöngubót sem við Austfirðingar höfum fengið núna á síðari árum og þess vegna teldi ég nauðsynlegt að fylgjast með því hvort ekki væri möguleiki að opna hann oftar eða nokkrum sinnum í viku. En eins og staðan er í dag þá er ekki um neitt slíkt að ræða.

Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin.

[16:03]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það var í tíð síðasta samgrh. að hafin var rækileg endurskoðun á snjómokstursreglum og hrint í framkvæmd þeirri endurskoðun að hluta til og ég fagna því að hæstv. samgrh. skuli hafa haldið áfram á sömu braut og taki næsta áfanga fyrir og hrindi honum í framkvæmd nú fyrir páska.

Mig langar til að forvitnast aðeins nánar um það hjá hæstv. ráðherra í hverju þessar nýju reglur eru fólgnar, hvað þær þýða, hversu oft verður opnað eða mokað í vikunni, hvort það verður fjórum sinnum í viku eða fimm daga í viku. Hins vegar vil ég láta í ljós ánægju mína með að ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra talaði um þessar reglur og endurskoðun þeirra sem almennan rétt sem íbúarnir mundu eiga og fá án tillits til þess hvort sveitarfélög hefðu verið sameinuð eða ekki. Og ég fagna því að hæstv. ráðherra skuli taka svo málefnalega á málinu.

[16:04]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Varðandi það sem hv. fyrirspyrjandi sagði áðan um Hellisheiði þá er það svo að vegurinn fyrir Hellisheiði er ekki fullnægjandi fyrir þungaflutninga að vetrarlagi milli Norðurlands og Austurlands og það er augljóslega líka rétt að Vopnfirðingar hljóta að óska eftir því að leiðir þangað séu opnar eftir öðrum vegum. Maður áttar sig ekki alveg á því eftir að búið er að byggja upp vegakerfið milli Norðurlands og Austurlands, ef það fer um Háreksstaðaleið, hvert verður hlutverk vegarins yfir Hellisheiði í framtíðinni en það er greinilega góður ferðamannavegur yfir sumarið.

Á þessari stundu er ekki tímabært að tala nánar um það í hverju breytingarnar á snjómokstursreglunum verða fólgnar. Þetta mál verður afgreitt á allra næstu dögum og tilkynnt í næstu viku.

Útbýting þingskjala:
Flugmálaáætlun 1994–1997, 469. mál,, stjtill., þskj. 723.
Hæstiréttur Íslands, 37. mál, nál. allshn., þskj. 730.
Þjóðarbókhlaða, 470. mál, stjfrv., þskj. 724.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 16:07.

---

109. FUNDUR

þriðjudaginn 15. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:
1. Hæstiréttur Íslands, stjfrv., 196. mál, þskj. 218, nál. 710, brtt. 711. — 2. umr.
2. Meðferð einkamála, stjfrv., 198. mál, þskj. 220, nál. 713, brtt. 714. — 2. umr.
3. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 197. mál, þskj. 219, nál. 712. — 2. umr.
4. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 102. mál, þskj. 105, nál. 715, brtt. 718. — 2. umr.
5. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40, nál. 730. — 2. umr.
6. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 460. mál, þskj. 691. — 1. umr.
7. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 445. mál, þskj. 658. — 1. umr.
8. Söfnunarkassar, stjfrv., 446. mál, þskj. 659. — 1. umr.
9. Málflytjendur, stjfrv., 461. mál, þskj. 692. — 1. umr.
10. Framleiðsla og sala búvörum, stjfrv., 341. mál, þskj. 533, nál. 671, 696, 701 og 703, brtt. 672 og 702. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.

Útbýting þingskjala:
Aðgerðir til að draga úr kynjamisrétti, 471. mál, þáltill. KÁ, þskj. 725.
Aðgerðir til stuðnings íbúum Austur-Tímor, 473. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 727.
Aðstoð við bændur vegna harðinda á síðasta ári, 476. mál, fsp. JGS, þskj. 731.
Foreldrafræðsla, 472. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 726.
Kílóagjald á bíla, 474. mál, fsp. JGS, þskj. 728.
Orkuöflun og orkudreifing, 202. mál, svar iðnrh., þskj. 720.
Setur íslenskra fræða, 475. mál, þáltill. KÁ, þskj. 729.
Skólamannvirki á Laugarvatni, 396. mál, svar menntmrh., þskj. 722.
Umhverfisstefna og landkynning vegna ferðamála, 448. mál, svar samgrh., þskj. 719.
Vísinda- og tækniráð Íslands, 477. mál, stjfrv., þskj. 732.

Hæstiréttur Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (tala fastra dómara, varadómarar, afgreiðsla kærumála). — Þskj. 218, nál. 710, brtt. 711.

Meðferð einkamála, 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 220, nál. 713, brtt. 714.

og

Meðferð opinberra mála, 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 219, nál. 712.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Þannig háttar til með 1., 2. og 3. dagskrármál að komið hefur fram ósk um það frá hv. formanni allshn. að þau þrjú dagskrármál verði tekin sameiginlega til 2. umr. og mun forseti heimila það ef engin athugasemd kemur fram úr þingsal.

[13:35]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):
Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd allshn. sameiginlega fyrir nál. um þrjú frumvörp. Í fyrsta lagi nál. á þskj. 710, um frv. til laga um breyting á lögum um Hæstarétt Íslands og brtt. á þskj. 711. Í öðru lagi nál. á þskj. 713, um frv. til laga um breyting á lögum um meðferð einkamála og brtt. á þskj. 714. Í þriðja lagi nál. á þskj. 712, um frv. til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála.

Allir nefndarmenn í allshn. skrifa undir þessi álit en Þuríður Bernódusdóttir var varamaður Jóns Helgasonar.

Þessi þrjú frumvörp fela í sér heildarendurskoðun á reglum um rekstur mála fyrir Hæstarétti en eins og er getið í almennum athugasemdum með frumvörpunum hafa þau verið flutt sem eins konar framhald af þeirri yfirgripsmiklu endurskoðun sem átti sér stað á árunum 1989–1991 á reglum um meðferð dómsmála á héraðsdómstigi. Allshn. hefur fjallað um frumvörpin í einu lagi og hafa þau fengið þar rækilega skoðun, samtals á ellefu fundum nefndarinnar. Hefur m.a. víða verið leitað umsagna um frumvörpin og nefndin fengið ýmsa

á sinn fund til upplýsinga en um þetta vil ég vísa til þess sem fram kemur í nál. um frumvörpin. Af þessari athugun hafa nefndarmenn orðið einhuga um að leggja til að frumvörpin verði samþykkt en með vissum breytingum.

Virðulegi forseti. Áður en komið verður sérstaklega að tillögum allshn. um breytingar á frumvörpunum vil ég minnast þess að í athugasemdum sem fylgdu þessum frumvörpum er fjallað ítarlega um þann vanda sem steðjar nú að dómskerfinu vegna mikils málafjölda fyrir Hæstarétti. Þessi málafjöldi hefur verið slíkur á undanförnum árum að verulegur biðtími er orðinn eftir afgreiðslu mála fyrir Hæstarétti. Tafir af þessum sökum hafa einkum komið niður á áfrýjuðum einkamálum þar sem hátt í þrjú ár líða frá því að þau eru tilbúin til málflutnings þar til þau komast að og dómur gengur en áður en málin eru tilbúin til flutnings taka málflytjendur yfirleitt um hálft til eitt ár til að undirbúa þau fyrir flutning. Tafa hefur hins vegar síður gætt í sakamálum sem hafa verið látin njóta ákveðins forgangs við afgreiðslu. Þessi biðtími í einkamálum er með öllu óviðunandi og er reyndar skýrt brot á skuldbindingum ríkisins samkvæmt mannréttindasáttmála Evrópu þar sem í 6. gr. er kveðið á um skýlausan rétt manna til að fá úrlausn dómstóla um mál sín innan hæfilegs tíma.

Markmið þessara frumvarpa er m.a. að ráða bót á þeim mikla vanda eins og er skýrt út í athugasemdum við þau. Úrræðin í þessu skyni í frumvörpunum eru aðallega þrenns konar:

Í fyrsta lagi er þar leitast við að draga nokkuð úr fjölda nýrra mála fyrir Hæstarétti með mun strangari skilyrðum en nú gilda fyrir rétti til áfrýjunar og nýmælum um einfaldar aðferðir til að afgreiða þar minnstu málin.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir fjölgun dómara við Hæstarétt um einn en eins og er vikið að í athugasemdum við 1. gr. frv. til laga um breyting á lögum um Hæstarétt er miðað við að þessi aðgerð geti aukið afköst dómstólsins langt umfram þá hlutfallslegu fjölgun sem er lagt til að verði á dómurum við hann.

Í þriðja lagi, en ekki síst, fela frumvörpin í sér tillögur um mikla einföldun á undirbúningi og meðferð mála fyrir Hæstarétti sem mun ekki aðeins geta dregið úr seinagangi í rekstri mála heldur einnig gert hann ódýrari fyrir málsaðila og ríkið.

Tillögurnar í frumvörpunum sem falla undir þriðja flokkinn sem ég gat hér um hafa yfirleitt fengið mjög góðar undirtektir hjá þeim sem nefndin hefur leitað umsagna hjá enda hlýtur einföldun í verklagsreglum varðandi meðferð dómstóla og aukin skilvirkni að vera til mikilla framfara. Má einnig hafa í huga að núgildandi reglur um meðferð mála fyrir Hæstarétti eru að stofni til margra áratuga gamlar og hafa sætt litlum breytingum af tilliti til þarfa nútímans en nauðsynlegt er að huga að endurnýjun á slíkum reglum með einhverju minna millibili en gert hefur verið. Hin atriðin tvö sem ég nefndi hér áður eru á hinn bóginn af nokkuð öðrum meiði. Tillögur um að takmarka rétt manna til að fá rækilega athugun á málum sínum fyrir tveimur dómstigum með því að þrengja skilyrðið fyrir áfrýjun hljóta alltaf að þarfnast vandlegrar athugunar. Slíkar tillögur verður þó að skoða með tilliti til þess að fyrir Hæstarétti veldur mikill fjöldi smámála sem skipta stundum litlu sem engu fyrir aðilana sjálfa miklum töfum við afgreiðslu á mikilvægari málum, töfum sem geta með augljósum hætti valdið miklu tjóni.

Um fjölgun dómara við Hæstarétt geta einnig verið skiptar skoðanir því þótt hún geti aukið mjög afköst dómstólsins þá getur hún um leið m.a. boðið heim hættu á að misræmi verði á milli niðurstaðna í samkynja málum. Í því sambandi verður að minnast þess að Hæstiréttur hefur í meira en áratug starfað í tveimur deildum sem málum er deilt á og yrði svo einnig áfram ef þessi frumvörp ná fram að ganga. Í nokkurn fjölda ára hafa verið uppi raddir hér á landi um að lausnir á borð við þessar muni ekki bera árangur til langframa því ekki muni takast að draga með viðunandi hætti úr álagi á Hæstarétti nema með því að koma hér á millidómstigi. Í athugasemdum með frumvörpunum er minnst á að við undirbúning þeirra hafi verið hugað sérstaklega að því hvort leggja ætti til stofnun millidómstigs en það hafi ekki þótt ráðlegt. Um þetta var fjallað sérstaklega í allshn. og get ég tekið undir þessa skoðun sem ég vænti að aðrir nefndarmenn geri einnig.

Í þessu sambandi vil ég nefna að stofnun millidómstigs mundi að vísu óneitanlega létta álagi af Hæstarétti en ljóst er af reynslu í nágrannalöndum okkar þar sem dómstigin eru þrjú eða jafnvel fleiri að álagið færist einfaldlega yfir á annað dómstigið og þar tefjast mál mjög vegna milkils fjölda þeirra. Lausn af þessum toga mundi þannig ekki ráða bót á þeim vanda sem seinagangur á að fá niðurstöðu í máli veldur þeim sem verða að leita til dómstóla heldur aðeins færa vandann á milli stofnana og jafnvel auka tafirnar á endanlegri afgreiðslu mála. Annars staðar á Norðurlöndum eru komin upp veruleg vandræði vegna tafa á málum á millidómstigi og þykir mjög erfitt að finna þar viðunandi lausnir á vandanum. Erlendis munu ýmsir sérfræðingar á sviði réttarfars hafa horft með nokkurri öfund til Íslendinga vegna þess hversu einfalt dómskerfi okkar er og viðráðanlegt að sníða af því vankanta. Einnig má hafa í huga að stofnun millidómstigs mundi óhjákvæmilega leiða til verulegra útgjalda ríkisins á þessu sviði. Ég tel því óráðlegt að stefna að fjölgun dómstiga hér á landi í ljósi reynslunnar erlendis og stóraukins kostnaðar nema allar aðrar leiðir hafi verið reyndar án árangurs.

Aðferðirnar sem eru lagðar til í þessum frumvörpum til að draga úr seinagangi á rekstri mála á æðra dómstigi eru að mínum dómi vænlegri til árangurs og geta þannig forðað okkur frá því að þurfa að fjölga hér dómstigum.

Allshn. var einhuga í afstöðu sinni til þessara frumvarpa en komst þó að þeirri niðurstöðu að rétt væri að gera vissar breytingar á þeim einkum til að draga nokkuð úr fyrirhuguðum takmörkunum á rétti til áfrýjunar og til að tryggja betur festu í störfum Hæstaréttar ef til fjölgunar kemur þar á dómurum.

Vil ég nú, virðulegi forseti, víkja sérstaklega að brtt.

nefndarinnar og minnast þá um leið á helstu atriðin í frumvörpunum.

Ef hugað er fyrst að frv. sem snýr að lögum um Hæstarétt Íslands þá eru lagðar til þrenns konar breytingar frá núgildandi reglum. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir að fjölga dómurum við Hæstarétt um einn, eins og ég minntist á fyrr, eða úr átta í níu. Í öðru lagi er lagt til að heimilað verði að einn dómari leysi úr alminnstu málunum sem koma fyrir Hæstarétt en þetta eru nánar tiltekið kærumál vegna úrskurða héraðsdómara um formsatriði. Í þriðja lagi er svo lagt til að rýmka aðeins um heimildir Hæstaréttar til að kveðja til svokallaða varadómara til þátttöku í meðferð einstakra mála en regla um þessa rýmkun á þó aðeins að gilda í takmarkaðan tíma eða um tvö og hálft ár.

Allshn. hefur fallist á þessar tillögur en telur þó nauðsynlegt að grípa um leið til aðgerða til að draga úr þeirri hættu á misræmi á milli úrlausna Hæstaréttar sem fjölgun dómara getur haft í för með sér. Til að skýra þetta nánar vil ég nefna að samkvæmt núgildandi 3. mgr. 3. gr. hæstaréttarlaganna setur dómstóllinn sér sjálfur reglur um verkaskiptingu á milli dómara við hann. Á þeim grundvelli hefur Hæstiréttur ákveðið að starfa í tveimur deildum þar sem fimm dómarar sitja í annarri og þrír í hinni. Hefur verið leitast við að láta mál um mikilvæg stefnumarkandi atriði eða mikla hagsmuni koma til meðferðar fyrir stærri deildinni. Eftir núverandi starfsreglum Hæstaréttar sitja dómarar ekki varanlega í annarri hvorri deildinni heldur færist einn þeirra á milli deilda á tveggja mánaða fresti. Hvorug starfsdeildin í Hæstarétti er þannig eins skipuð nema í tvo mánuði í senn á margra ára bili og meiri hluta í þeirri stærri er skipt út í heild sinni á sex mánuðum en í þeirri minni á fjórum mánuðum. Að auki hefur Hæstiréttur oft farið þá leið ef dómari í stærri deildinni hefur forföll eða reynist vera vanhæfur til að fjalla um mál að kveðja til utanaðkomandi varadómara til að taka sæti hans í stað þess að kalla þar til skipaðan dómara sem á sæti í minni deildinni. Meiri hluti dómara í þýðingarmiklum málum getur þannig ráðist af afstöðu eins eða jafnvel fleiri varadómara sem Hæstiréttur velur sjálfur til að taka þar sæti vegna forfalla skipaðra dómara.

Bæði atriðin í verklagsreglum Hæstaréttar sem ég hef nú nefnt hafa sætt nokkurri gagnrýni. Í nokkrum umsögnum um frv. til breytinga á lögum um Hæstarétt sem bárust allshn. var sérstaklega varað við að fjölgun dómara mundi enn auka á þann óstöðugleika í úrlausnum sem hefur stundum verið rætt um að leiði af reglubundinni tilfærslu dómara á milli deilda við dómstólinn. Á undanförnum áratug hafa sést margvísleg dæmi af því að niðurstöður í dómum Hæstaréttar hafa orðið mismunandi um sömu atriði í tveimur eða fleiri málum þar sem dómurinn hefur ekki verið eins skipaður í báðum eða öllum tilvikum. Má í því sambandi vísa til misræmis sem var á milli dóma um atriði varðandi vexti af skuldakröfum áður en vaxtalög voru sett á árinu 1987. Í seinni tíð hafa einnig sést ólíkar niðurstöður um réttarfarsleg atriði í málum svo annað dæmi sé nefnt. Að mínum dómi er full ástæða til að löggjafinn taki á þessum vanda og þá ekki gagngert vegna tillagna í fyrirliggjandi frv. til breytinga á lögum um Hæstarétt þótt ráðagerð í því um fjölgun dómara geri lausn á þessu enn frekar aðkallandi.

Af þessum ástæðum hefur orðið eining innan allshn. um að leggja til að ákveðnar reglur verði lögfestar um hvernig dómurum við Hæstarétt yrði skipað í deildir. Samkvæmt tillögum nefndarinnar um breytingar á frv. yrðu reglur um þetta nánar tiltekið þær að þeir fimm dómarar sem hafa lengst átt sæti í Hæstarétti skipi alltaf dóm í málum sem hljóta umfjöllun þess fjölda dómara. Í þeim sjaldgæfu tilvikum þar sem sjö dómarar leysa úr máli miða brtt. að því að það verði þá einnig sjö elstu dómararnir við Hæstarétt eftir starfsaldri. Komi sú staða upp að einhver af þessum fimm eða sjö dómurum hafi forföll eða sé vanhæfur til að fjalla um mál er lagt til að bundið verði í lög að fyllt verði í slík skörð úr röðum þeirra hæstaréttardómara sem eru yngri að starfsaldri en ekki með kvaðningu varadómara líkt og stundum er gert nú nema ekki takist á annan hátt að ná fullri tölu dómara. Með þessu er gengið út frá að sömu dómarar fjalli að staðaldri um öll mikilvægari eða vandasamari mál og ætti þetta af augljósum ástæðum að draga mjög úr hættu á misræmi á niðurstöðum.

Virðulegi forseti. Ég held að ég fari ekki frekar út í þetta frv. um breyting á lögum um Hæstarétt. Það koma fram mjög góðar upplýsingar í frv. sjálfu og enn fremur vísa ég til nál.

Ég vil þá snúa mér að frv. um breyting á lögum um meðferð einkamála þar sem eru gerðar margvíslegar tillögur sem miða aðallega að tvennu.

Annars vegar er ráðgert að draga úr fjölda áfrýjana í einkamálum með hækkun á svokallaðri áfrýjunarfjárhæð en áfrýjun í málum þar sem hagsmunir ná ekki þeirri fjárhæð yrði eins og hingað til háð leyfi Hæstaréttar.

Hins vegar er með frv. stefnt að því að gera málatilbúnað fyrir Hæstarétti markvissari og skýrari og að einfalda og flýta undirbúningi máls fyrir munnlegan flutning. Um nokkur atriði í frv. hefur allshn. orðið sammála um að leggja til breytingar og vil ég nú gera grein fyrir þeim tillögum um leið og ég vík nánar að nokkrum meginatriðum í frv.

Í fyrsta lagi er ástæða til að minnast hér á tillöguna í frv. um hækkun áfrýjunarfjárhæðar. Samkvæmt 4. gr. frv. er gert ráð fyrir að hún verði 500 þús. kr. sem er umtalsverð hækkun frá núgildandi reglum þar sem miðað er við að áfrýjun sé háð leyfi Hæstaréttar ef hagsmunir í máli ná ekki 150 þús. kr. Samkvæmt tölulegum upplýsingum í athugasemdum við frv. sem voru unnar upp úr málum fyrir Hæstarétti á árabilinu 1988–1992 voru hagsmunir í liðlega 16% mála innan 150 þús. kr. markanna en í tæplega 47% tilvika náðu hagsmunir ekki 500 þús. kr. Við fyrstu sýn virðist hér vera stefnt að mjög verulegri takmörkun á rétti til áfrýjunar í einkamálum. Sú mynd er þó ekki rétt því að í frv. er einnig stefnt að því að rýmka talsvert um rétt manna til að fá áfrýjunarleyfi í málum sem ná ekki áfrýjunarfjárhæð. Er þá nánar tiltekið ráðgert að áfrýj-

unarleyfi verði veitt ef einhverju af þrennu er fullnægt: Í fyrsta lagi að úrslit máls hafi mikið almennt gildi, í öðru lagi að úrslitin skipti miklu fyrir þann sem leitar leyfis til áfrýjunar eða í þriðja lagi að málstaður þess aðila sé slíkur að tilefni sé til að ætla að héraðsdómi kunni að verða breytt svo einhverju skipti. Beiðni um áfrýjunarleyfi yrði eins og hingað til beint til Hæstaréttar þar sem þrír dómarar taka ákvörðun um hvort það verði veitt, sbr. 5. mgr. 3. gr. hæstaréttarlaga.

Í athugasemdum við frv. er skýrt ítarlega út að með þessu er stefnt að því að eins konar grisjun eigi sér stað á minni málum með því að láta þau ganga á fyrstu stigum í gegnum leyfismeðferð. Telji dómararnir sem taka afstöðu til leyfisumsóknar engu af áðurnefndum þremur skilyrðum fullnægt er ætlast til að þeir láti af hendi skriflega synjun um leyfið þar sem niðurstaðan yrði rökstudd stuttlega.

Allshn. telur unnt að fallast á þessar tillögur í frv. í meginatriðum, en leggur þó til vissar breytingar á þeim. Í tillögu nefndarinnar er ráðgert að áfrýjunarfjárhæðin verði 300 þús. kr. En þess má geta að samkvæmt fyrrnefndum tölulegum upplýsingum í athugasemdum við frv. mundu tæplega 30% mála þarfnast þessarar leyfismeðferðar á fyrstu stigum. Þá hefur nefndin tekið tillit til þess að í nokkrum umsögnum um frv. hefur verið bent á að varasamt geti verið að ætlast til að dómarar við Hæstrétt láti uppi með veitingu áfrýjunarleyfis, að þeir telji að héraðsdómi kunni að verða breytt svo að einhverju nemi eins og kemur fram í c-lið 4. mgr. 5. gr. frv. Hefur verið bent á að í kjölfar slíkrar yfirlýsingar geti hæfi dómaranna til að fjalla frekar um málið orkað tvímælis. Nefndin leggur því til að orðalagi um þetta verði breytt á þann veg að áfrýjunarleyfi verði veitt ef ekki þykir útilokað eftir fyrirliggjandi gögnum að héraðsdómi kunni að verða breytt svo einhverju nemi. Með þessu má telja að komist verði hjá öllum vafa um hæfi dómara þótt þeir fallist á að veita áfrýjunarleyfi á þessari forsendu.

Loks má benda á að fyrst stefnt er að því með frv. að meðferð nokkurs fjölda mála geti lokið fyrir Hæstarétti með synjun um veitingu og áfrýjun leyfis má telja óeðlilegt að afgreiðsla dómsins á málinu felist í skriflegri tilkynningu þar sem aðeins er greint stuttlega frá ástæðum fyrir synjuninni eins og segir í 5. mgr. 7. gr. frv. Nefndin leggur til að orðið „stuttlega" falli niður í þessu ákvæði þannig að ekki orki tvímælis að málsaðili fái nægilegar upplýsingar um ástæðurnar fyrir þessum málalokum. Með þessu er þó engan veginn ætlast til að rökstuðningur verði jafnítarlegur undir þessum kringumstæðum og yrði í dómi í málinu.

Í öðru lagi er ráðgert í frv. að undirbúningur mála verði miklu vandaðri en eftir núgildandi reglum, en í því sambandi skiptir mestu að ætlast er til að aðilarnir geri rækilega grein fyrir ágreiningi sínum í skriflegum gögnum strax á fyrstu stigum málsins fyrir Hæstarétti. Er þannig ráðgert í 8. gr. frv. að áfrýjandi geri mjög ítarlega áfrýjunarstefnu en strax eftir þingfestingu máls fyrir Hæstarétti gefist gagnaðila hans kostur á að koma sínum sjónarmiðum á framfæri í skriflegri greinargerð skv. 12. gr. frv. Þetta er mikil breyting frá núgildandi reglum því að samkvæmt þeim þurfa aðilarnir ekki að gera rækilega grein fyrir kröfum sínum og röksemdum fyrr en við munnlegan flutning máls og þá án þess að vita endilega áður um kröfur og röksemdir hins aðilans. Þessa breytingu má telja mjög þarfa en að einu leyti hefur nefndin þó talið ástæðu til að leggja til breytingar. Þær snúa nánar tiltekið að því að samkvæmt 8. gr. frv. er eins og ég nefndi hér áður ráðgert að áfrýjunarstefna verði mjög ítarleg og má telja sýnt að tekið geti nokkurn tíma að semja hana. Áfrýjun verður að eiga sér stað innan þriggja mánaða frá uppkvaðningu héraðsdóms og er ætlast til að undanþágur verði ekki veittar frá þeim fresti nema að fullnægðum fremur ströngum skilyrðum.

Sú staða getur komið upp að málsaðili ákveði ekki að áfrýja fyrr en komið er nærri lokum þess frests og jafnvel leiti hann þá til annars lögmanns en þess sem annaðist málið af hans hálfu fyrir héraðsdómi. Nefndin telur að það geti verið varhugavert að ætlast til að alltaf geti tekist að semja svo ítarlega áfrýjunarstefnu á þeim tíma sem kann að vera til umráða. Nefndin leggur því til að frv. verði breytt á þann veg að áfrýjunarstefnan verði til muna styttri og í raun aðeins tilkynning áfrýjanda til gagnaðila síns um að hann áfrýi máli en í kjölfarið verði áfrýjandi að leggja fram skriflega greinargerð fyrir sitt leyti þar sem fjallað verði af nákvæmni um kröfur hans og röksemdir. Slíka greinargerð yrði áfrýjandinn að leggja fram við þingfestingu máls eða með öðrum orðum fáeinum vikum eftir samningu áfrýjunarstefnu í skemmri mynd. Til samans mundu þessi tvö skjöl geyma sama efni og er ætlast til í frv. að felist í áfrýjunarstefnu en með breytingunni fæst sá ávinningur að áfrýjandinn fengi mun rýmri tíma til að gera grein fyrir málinu og þá án þess að neinar tafir á því bitni á gagnaðilanum eða Hæstarétti. Þessi breyting, sem byggist á tiltölulega einföldum grunni, kallar á ýmsar orðalagsbreytingar á frv. en þær koma nánar fram í nokkrum liðum við brtt. nefndarinnar á þskj. 714.

Í þriðja lagi verður að vekja athygli á því að í frv. er gert ráð fyrir að mál verði að meginreglu ekki tekin fyrir í þinghaldi fyrir Hæstarétti fyrr en komið er að munnlegum málflutningi þeirra. Þess í stað miða reglur í frv. að því að framvindu máls á fyrstu stigum verði stýrt á skrifstofu Hæstaréttar og að aðilarnir skili þangað gögnum sínum. Þetta er talsverð breyting frá núgildandi reglum sem leiða til þess að mál eru margsinnis tekin fyrir á dómþingi Hæstaréttar til framlagningar á gögnum þar til þau eru tilbúin til málflutnings. Þetta leiðir til talsverðra útgjalda fyrir málsaðilana sem verða að greiða lögmönnum sínum fyrir hvert mót á dómþingi auk þess að leggja óþarfa erfiði á lögmennina. Þessa breytingu tel ég mjög þarfa því að hún flýtir fyrir rekstri mála og dregur úr kostnaði aðilanna.

Í fjórða lagi miða reglur í frv. að talsverðum breytingum á frágangi skjala frá meðferð máls í héraði fyrir Hæstarétti. Um þetta er fjallað sérstaklega í athugasemdum við frv. sem er ástæðulaust að endurtaka hér. Ég vil þó vekja athygli á að þessar breytingar eiga að

stuðla að því að aðilarnir leggi aðeins fram fyrir Hæstarétti þau gögn sem skipta einhverju um rekstur máls þar og þá í hóflegum fjölda eintaka. Þetta er veruleg breyting frá núgildandi reglum sem verður til að einfalda undirbúning máls og gera það skýrar úr garði auk þess að spara málsaðilum umtalsverðan kostnað af áfrýjun.

Í fimmta lagi má minnast þess að með frv. er ætlast til að munnlegur málflutningur verði hnitmiðaður og til muna styttri en eftir núgildandi reglum. Núverandi reglur helgast aðallega af því að aðilarnir gera litla sem enga grein fyrir málinu í skriflegum gögnum heldur fyrst við munnlegan málflutning þess en fyrir vikið getur málflutningur orðið óþarflega langdreginn og getur misst marks. Breytingarnar að þessu leyti mundu draga úr þeim tíma sem dómarar verja til að hlýða á málflutning og stuðla að því að málflutningur komi að betri notum.

Ég hef nú stiklað á stóru á þeim breytingum sem frv. felur í sér frá núgildandi reglum. Margar þeirra eru tæknilegs eðlis og óneitanlega erfitt fyrir aðra en staðkunnuga að gera sér grein fyrir afleiðingum þeirra án þess að kynna sér nokkuð vel skýringar á þeim sem má m.a. finna í athugasemdum við frv. Mestu tel ég skipta að þessar breytingar mundu létta mjög meðferð mála fyrir Hæstarétti og gera undirbúning þeirra ólíkt skýrari og markvissari en nú er, auk þess að draga með ýmsum hætti úr óþarfa álagi á Hæstarétt og kostnaði málsaðila. Í heild geta þessar breytingar enn fremur stuðlað að talsverðum sparnaði á tímanum sem tekur að undirbúa mál til flutnings fyrir Hæstarétti. Þessi undirbúningur tekur núna yfirleitt 6–12 mánuði en eftir ákvæðum frv. mundi tíminn styttast í 2–4 mánuði.

Þá er hér komið að þriðja frv., virðulegi forseti, en það er frv. til laga um breytingu á lögum um meðferð opinberra mála, en það er í raun og veru ekki ástæða til að fara um það mörgum orðum. Í því eru lagðar til reglur sem í flestum atriðum svara til ákvæða í frv. um breyting á lögum um meðferð einkamála og get ég því vísað til ýmissa þeirra atriða sem ég gat um hér áður í sambandi við það frv. Allshn. leggur ekki til að neinar efnisbreytingar verði gerðar á frv. um meðferð opinberra mála.

Um brtt. nefndarinnar vil ég að endingu geta þess að lagt er til að ákvæðunum um gildistöku í öllum þremur frumvörpunum verði breytt á þann veg að þau taki gildi 1. júlí nk. Er þá gert ráð fyrir að þeim sem starfa við rekstur og meðferð mála fyrir Hæstarétti gefist nokkurt ráðrúm til að kynna sér þessar nýju reglur nægilega og laga vinnubrögð sín að þeim.

Virðulegi forseti. Allshn. hefur orðið sammála um nefndarálit og brtt. á þessum þremur frumvörpum sem ég hef nú mælt fyrir. Hér er um að ræða afar mikilvæg mál með tilliti til réttaröryggis og því er það von okkar að þeim verði vel tekið hér á hinu háa Alþingi.

Útbýting þingskjala:

Sala ríkisins á SR-mjöli, 468. mál, beiðni ÓÞÞ o.fl. um skýrslu, þskj. 717.

Þjóðminjalög, 478. mál, stjfrv., þskj. 733.

[14:02]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að bæta mörgum orðum við ítarlega framsöguræðu hv. formanns allshn. Ég var utan þings þegar þessi mál voru afgreidd út úr allshn. en hafði tekið þátt í athugun á þeim og er samþykkur þeim nefndarálitum sem allshn. gaf um þessi mál.

Í mínum huga eru flestar þær brtt. sem lagðar eru fram með þessum frumvörpum tvímælalaust til bóta en örfá atriði orka e.t.v. meira tvímælis þó að þar hafi ég eða aðrir ekki getað bent á önnur betri til þess að ráða bót á þeim vanda sem nú er við að eiga hjá Hæstarétti vegna mikils málafjölda.

Samkvæmt brtt. nefndarinnar er lagt til að það verði komið á fastari skipan í deildaskiptingu Hæstaréttar til að skapa meira réttaröryggi. Ég hefði talið að það væri æskilegt að ekki þyrfti að lögbinda þannig starfshætti Hæstaréttar, en verð að viðurkenna að rökin fyrir því að gera það nú eru miðað við reynslu síðustu ára það sterk að ég get fallist á það. Hins vegar kemur það fram í þessum frumvörpum eða greinargerðum með þeim að lög um dómskipan séu nú í endurskoðun og væntanlega verður komin einhver reynsla á þessar breytingar þegar þeirri endurskoðun lýkur þannig að þá verði hægt að meta strax árangurinn af þeim.

Hitt atriðið sem ég vildi sérstaklega vekja athygli á er vegna fréttaflutnings nú í hádeginu af þessum málum þar sem sagt var að samkvæmt brtt. nefndarinnar yrði ekki hægt að áfrýja máli til Hæstaréttar ef fjárkrafa þess sem þar er lögð fram væri lægri en 300 þús. kr. Nefndin leggur reyndar til eins og kom fram hjá hv. frsm. að talan sem er 500 þús. í frv. lækki í 300 þús. En það kom líka fram í máli hv. frsm. að það er hægt að fá mál tekið fyrir í Hæstarétti þó að um lægri upphæð sé að ræða ef lögð er fram beiðni um það. Ég vildi sérstaklega vekja athygli á þessu atriði að gefnu tilefni. Slík beiðni sem send er til Hæstaréttar er tekin fyrir af þremur dómurum og fær þar ítarlega skoðun af þeirra hálfu út frá þeim forsendum sem hv. frsm. gat um þannig að það má segja að þessi mál fái dómsígildi án þess að vísu að málflutningur fari fram. Ég tel mjög mikilvægt að það sé haft í huga að ekki er verið að útiloka neinn ef hann á sanngjarna kröfu til þess að Hæstiréttur fjalli um hans mál ef hann hefur svo sterk rök fyrir þeirri beiðni að dómarar Hæstaréttar telja að það sé rétt. Það kom fram á fundum hjá nefndinni að þar mundi Hæstiréttur láta þann sem óskaði eftir áfrýjun fremur njóta vafans.

[14:07]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki miklu við að bæta í þessari umræðu. Ég tel að það sem fyrst og fremst skiptir máli hafi komið fram í máli hv. formanns allshn. og að hún hafi gert mjög góða grein fyrir þeim breytingum sem þessi þrjú mál tóku í meðförum nefndarinnar, en þær breytingar eru allar settar fram eftir ítarlega skoðun og að fengnum umsögnum og ábendingum. En þó er ástæða að geta þess að í upphafi ársins var haldin ráðstefna um þessi frumvörp hjá Lög-

mannafélagi og tveir fulltrúar allshn. sóttu þá ráðstefnu. Hún var mjög fróðleg og ég held að það hafi verið til hjálpar við vinnslu málsins að fá þær ábendingar sem þar komu fram og þann rökstuðning sem fylgdi enda var tekið tillit til einnar mjög veigamikillar ábendingar sem ég held að hafi átt nokkurn rétt á sér en það er varðandi áfrýjunarfjárhæðina. Það er nokkuð stórt stökk að fara frá 150 þús. í 500 þús. þegar verið er að athuga hvaða mál eiga sjálfkrafa rétt á að vera tekin fyrir ef áfrýjað er til Hæstaréttar, en ég vil einnig taka undir með hv. síðasta ræðumanni og frsm. nefndarinnar að vissulega segir áfrýjunarfjárhæðin ekki allt ein og sér. Það geta verið mikilsverðir hagsmunir sem varða e.t.v. aðeins lága upphæð og til eru dæmi um mál sem hafa fengið meðferð fyrir Hæstarétti sem hafa e.t.v ekki varðað nema eina krónu en mikilvæga almannahagsmuni. Og þetta á ekki síður við einkahagsmuni eða einstaklingshagsmuni. Ég vil vekja athygli á því að 500 þús. kr. geta verið býsna stór fjárhæð fyrir einstakling þótt stór fyrirtæki muni ekki mikið um slíka upphæð þannig að hér held ég að hafi verið rétt að gera ákveðna breytingu eða réttara sagt að fara varlega í sakirnar. Eftir sem áður, og það ber að ítreka, þá er að sjálfsögðu mögulegt að fá tekin upp mál ef rökstuðningur fylgir og Hæstiréttur getur fallist á að taka mál þótt áfrýjunarfjárhæð sé lægri eða upphæð málsins sem áfrýjað er vegna.

Hér held ég að hafi verið gerð breyting sem rök voru fyrir að þyrfti að gera. Jafnframt vona ég að sú breyting sem verður nú á óformlegri deildaskiptingu innan Hæstaréttar verði til góðs. Það hefur komið upp á liðnum árum ákveðið misræmi milli deilda í Hæstarétti og sú breyting sem allshn. flytur tillögu um er til þess ætluð að reyna að draga úr hættunni á því að slíkt muni gerast því það skapar engum réttaröryggi ef slíkt kemur upp. Það er jafnframt gert ráð fyrir að þeir sem hafa lengstan starfsaldur innan Hæstaréttar fjalli um viðamestu og flóknustu málin þar og ég held að það eigi að geta merkt að eins vel sé vandað til mála og hægt er. En vissulega var allshn. nokkur vandi á höndum að finna lausn á þessu máli og þeim ábendingum sem komu að vera fjölga annars vegar og hins vegar að reyna að koma ákveðinni festu á þá deildaskiptingu sem er.

Ég vona að þetta nýmæli, sem mun vera nýmæli ekki bara á Íslandi heldur einnig í nágrannalöndum, reynist vel og henti vel við þær aðstæður sem eru á Íslandi og ég hef þá trú að svo muni verða. Að svo mæltu vona ég að þessi þrjú frv. fái greiða ferð hér í gegnum þingið þar sem ég tel að hér sé um mikilsverða almanna- og einkahagsmuni að ræða og lögin geti stytt þann málahala sem nú er fyrir hendi og tryggt málsmeðferð eins vandaða og hægt er fyrir Hæstarétti.

[14:12]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vildi við lok þessarar umræðu fyrst og fremst færa hv. allshn. þakkir fyrir mjög gott og vandað starf við meðferð þessara mikilvægu mála. Það er ljóst að hér er um mjög vandasöm og viðkvæm mál að tefla en um leið mjög mikilvæg og brýn úrlausnarefni. Það hefur tekist að koma málum með skipulagsbreytingum í betra horf á héraðsdómsstigi og að því er varðar meðferð sakamála en verulegur vandi steðjar að varðandi meðferð áfrýjunarmálanna. Þau frv. sem hér eru til meðferðar miða að því að bæta þar úr. Það eru miklir hagsmunir fyrir þá sem leita úrlausnar dómstóla að fá skjóta niðurstöðu og eins og hér hefur komið fram í raun og veru hluti af eðlilegum mannréttindum að dómstólar tryggi tiltölulega skjóta niðurstöðu.

Ég fagna því að nefndin hefur farið mjög vandvirknislega yfir frv. og gert breytingartillögur sem ég tel flestar vera til bóta. Auðvitað má deila um atriði eins og hvar mörk eiga að liggja varðandi áfrýjunarfjárhæð en ég vil leggja á það ríka áherslu sem kom fram hjá hv. 2. þm. Suðurl. að hér er ekki um að ræða takmörkun á áfrýjunarrétti heldur fyrst og fremst viðmiðunarmörk varðandi það hverjir geta með sjálfkrafa hætti áfrýjað málum til Hæstaréttar en eftir sem áður fer fram í öllum tilvikum sjálfstætt mat á því þó að áfrýjunarfjárhæð sé lægri hvort þeim megi áfrýja.

Ég geri ekki ágreining við þá breytingartillögu sem nefndin leggur til. Það er vandasamt að meta hvar mörkin eiga að liggja og ekki óeðlilegt að menn vilji fara varfærnislega af stað. Varðandi skipun réttarins með enn fastari hætti í deildir þá fagna ég þeirri breytingartillögu. Ég tel að hún sé ótvírætt til bóta og styrki mjög þá nýju skipan sem hér er verið að mæla fyrir.

Frú forseti. Ég vil að lokum íteka þakkir mínar til nefndarinnar allrar fyrir þá samstöðu sem um þetta mál hefur tekist og sérstaklega til formanns nefndarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 2. umr.

Stjfrv., 102. mál. — Þskj. 105, nál. 715, brtt. 718.

[14:16]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd allshn. fyrir nefndaráliti á þskj. 715 um frv. til laga um mannréttindasáttmála Evrópu og brtt. á þskj. 718. Allir nefndarmenn undirritað álitið og leggja einróma til að frv. verði samþykkt. Nefndin leggur þó til eina smávægilega breytingu á frv. en hún er ekki efnisleg heldur lagatæknileg og hljóðar þannig:

„Við 1. gr. Orðin „á íslensku, ensku og frönsku“ í lok 2. mgr. falli brott.“

Á þetta atriði hafði verið bent í bréfi sem mér barst sem formanni nefndarinnar frá Helga Bernódussyni, starfsmanni Alþingis, þar sem hann vekur athygli á því að það sé ekki í samræmi við venju að taka í lög texta á erlendum málum nema slíkt hafi sérstaka þýðingu. Í þessu bréfi segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Ekki er að sjá á mannréttindasáttmálanum sjálfum, sbr. niðurlagsákvæði hans í 66. gr. þar sem segir að sáttmálinn sé gerður á ensku og frönsku og þeir

textar séu jafngildir báðir, að þau ákvæði skipti nokkru máli fyrir lögtöku sáttmálans á Íslandi. Eðlilegt hlýtur því að vera að lögtaka hann á íslensku í þýðingu sem gerð er af löggiltum þýðendum og sérfræðingum. Hin enska og franska gerð sáttmálans er birt í frv. og eru sem slíkar eðlileg skýringargögn en eiga ekki erindi í Stjórnartíðindi og lagasafn. Í athugasemd við 1. gr. frv. á bls. 90 segir að sérfræðingar hafi af þessu tilefni farið yfir þýðinguna eins og hún var birt á sínum tíma í Stjórnartíðindum og henni verið breytt og hún lagfærð í ýmsum atriðum."

Því er þessi brtt. lögð hér fram.

Engu að síður leggur allshn. áherslu á að það sé mikilvægt að sérfræðingar og allur almenningur eigi greiðan aðgang að sáttmálanum á frummálum hans jafnt sem íslensku og leggur nefndin því áherslu á að í sérprentunum á sáttmálanum verði enski og franski textinn einnig birtur. Er þessa sérstaklega getið í nefndaráliti allshn.

Virðulegi forseti. Í athugasemdum með þessu frv. eru m.a. upplýsingar um uppruna mannréttindasáttmála Evrópu, stofnanir Evrópuráðsins sem fjalla um kærur um brot á sáttmálanum og hvernig kærum er beint til þeirra. Þá er einnig vikið þar að stöðu sáttmálans í íslenskum rétti, hvernig honum hefur verið beitt í dómsmálum hér innan lands og hvaða áhrif lögfesting sáttmálans hefði ef frv. nær fram að ganga. Auk þess er samantekt um kærur á hendur íslenska ríkinu til mannréttindanefndar Evrópu og hvaða niðurstaða hafi fengist um þær.

Umfjöllun í athugaemdum um þessi atriði eru nokkuð ítarleg og sé ég því ekki ástæðu til að rekja þau öll hér heldur vil ég minnast aðeins á nokkur meginatriði í þessu sambandi. Mannréttindasáttmáli Evrópu varð til fyrir atbeina Evrópuráðsins á fyrstu starfsárum þess eða síðla árs 1950. Sáttmálinn var þannig gerður skömmu eftir lok seinni heimsstyrjaldar og var markmiðið með því að ná samstöðu milli flestra ríkja Vestur-Evrópu um að tryggja mannréttindi til að koma í veg fyrir óhæfuverk á borð við þau sem voru drýgð í stríðinu og gætu endurtekið sig í þeim heimshluta. Við gerð sáttmálans var tekið ríkt tillit til mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna sem hafði verið samþykkt á allsherjarþingi þeirra nokkuð fyrr. Mannréttindasáttmáli Evrópu var þó frábrugðinn yfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna að því leyti að sáttmálinn fól í sér þjóðréttarlegar skuldbindingar aðildarríkja Evrópuráðsins til að virða þær mannréttindareglur sem voru teknar upp í sáttmálann meðan mannréttindayfirlýsingin var aðeins stefnumarkandi samþykkt aðildarríkjum Sameinuðu þjóðanna var óskylt að hlíta.

Jafnframt var sá munur á að með mannréttindasáttmálanum var komið upp alþjóðlegri stofnun til aðhalds fyrir Evrópuráðsríkin um að þau virði reglur sáttmálans og til að leysa úr kærumálum á hendur þeim vegna brota á reglunum.

Í frumgerð mannréttindasáttmálans eða samningsins um verndun mannréttinda og mannfrelsis eins og hann heitir fullu nafni er í fyrstu 18 greinum fjallað um þau réttindi sem aðildarríkin að sáttmálanum hafa skuldbundið sig til að tryggja á yfirráðasvæðum sínum en að öðru leyti geymir samningurinn reglur um kærurétt einstaklinga vegna brota á réttindum þeirra og stofnanir Evrópuráðsins sem leysa úr slíkum kærum.

Frá því að samningurinn var upphaflega gerður hafa verið samþykktir hátt í tug viðauka við hann en ýmist er mælt fyrir um frekari réttindi í viðaukunum eða þeir hafa verið gerðir til breytinga á málsmeðferðarreglum frumsamningsins.

Íslenska ríkið fullgilti samninginn um verndun mannréttinda og mannfrelsis ásamt fyrsta viðauka við hann þann 19. júní 1953 og hefur síðan fullgilt sjö aðra samningsviðauka. Við fullgildingu sáttmálans virðist ekki hafa komið sérstaklega til tals að veita honum lagagildi hér á landi og hefur það í för með sér nokkuð flókna lagalega aðstöðu. Nánar tiltekið er íslenska ríkið skuldbundið gagnvart öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins til að virða mannréttindi samkvæmt sáttmálanum og ríkið hefur einnig undirgengist lögsögu stofnana Evrópuráðsins til að leysa úr kærum á hendur því fyrir brot á sáttmálanum en engu að síður eru reglur sáttmálans ekki bindandi réttarreglur hér innan lands. Sú staða getur því komið upp og hefur reyndar komið upp að aðili í dómsmáli sem er rekið fyrir dómstólum hér á landi telji innlenda lagareglu sem úrlausn málsins veltur á stangast á við réttindi sín samkvæmt sáttmálanum. Undir slíkum kringumstæðum geta íslenskir dómstólar ekki að réttu lagi leyst úr málinu á grundvelli reglna mannréttindasáttmálans og geta þurft að komast þar að niðurstöðu sem felur sýnilega í sér brot á sáttmálanum. Í kjölfarið er síðan hugsanlegt að aðili að því máli kæri íslenska ríkið fyrir að brjóta með löggjöf sinni gegn sáttmálanum og fyrir stofnun Evrópuráðsins kann að vera fallist á þá kæru.

Þessi aðstaða er ein helsta röksemdin sem verður færð fyrir því að veita mannréttindasáttmálanum lagagildi hér innan lands því með slíkri lögfestingu væri aðilum að dómsmálum gert kleift að halda sáttmálanum fram sem gildandi innlendri réttarheimild fyrir dómstólum hér á landi. Með þessu væri komist hjá þeirri annarlegu aðstöðu að íslenskir dómstólar geti verið nauðbeygðir til að fella dóm á mál í augljósri andstöðu við þau mannréttindi sem sáttmálinn tryggir. Lögfesting mannréttindasáttmálans gæti þannig komið í veg fyrir að Íslendingar þurfi að kæra ríki sitt til alþjóðastofnana fyrir brot á þjóðréttarlegri skuldbindingu sinni.

Fleiri röksemdir en þessar má færa fram fyrir því að veita eigi mannréttindasáttmálanum lagagildi hér á landi. Í því sambandi má m.a. vekja athygli á að mannréttindaákvæði stjórnarskrár okkar eru komin mjög til ára sinna og kunna um sumt að veita ófullnægjandi vernd fyrir sjálfsögðum réttindum. Sem dæmi um þetta má vísa til þess að við 72. gr. stjórnarskrárinnar er tryggt prentfrelsi en þar er ekki vikið að tjáningarfrelsi í víðtækari mæli.

Í 10. gr. mannréttindasáttmálans er á hinn bóginn kveðið á um fortakslausa vernd tjáningarfrelsis án tillits til þess miðils sem maður kann að kjósa að notfæra sér til að koma skoðunum sínum á framfæri. Lög-

festing mannréttindasáttmálans mundi þannig veita tjáningarfrelsi víðtækari vernd en stjórnarskrá okkar felur í sér og mundi jafnframt geta orðið til þess að stjórnarskráin yrði skýrð til samræmis við reglu um þetta í sáttmálanum.

Fyrir lögfestingu mannréttindasáttmálans má einnig færa þau rök að hún hefði í för með sér að reglur í eldri íslenskum lögum sem kunna að stangast á við sáttmálann mundu sjálfkrafa verða að víkja fyrir reglum í yngri löggjöfinni. Lögfesting sáttmálans fæli þannig í sér eins konar lagahreinsun þótt eldri reglur sem yrði þokað þannig til hliðar mundu allt að einu standa í löggjöfinni en þeim væri þá ekki unnt að beita. Með þessum hætti kæmi í hlut dómstóla að leysa úr því hvort eldri lagareglur hefðu tapað gildi sínu vegna lögfestingar mannréttindasáttmálans. Um þetta má reyndar halda fram með nokkrum rétti að heppilegra væri að fella formlega úr gildi reglur í núgildandi lögum sem geta talist andstæðar ákvæði mannréttindasáttmálans. Þörfin á því er þó ekki teljandi því að ætla má að þetta geti aðeins átt við um sárafáar reglur í núgildandi lögum og er ekki að efa að þær hverfi smám saman úr löggjöf án þess að flytja þurfi sérstakt lagafrv. á þessu stigi til að koma fram breytingum á þeim.

Loks má benda á að lögfesting mannréttindasáttmálans hér á landi getur átt við þau rök að styðjast að í velflestum öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins hefur sáttmálinn lagagildi. Með þessari röksemd er ég ekki að halda því fram að við þurfum endilega að líkja eftir nágrannaþjóðum okkar í þessum efnum en á hinn bóginn verður ekki horft fram hjá því að í alþjóðlegu samstarfi getur slík sérstaða okkar verið til erfiðleika og álitshnekkis. Hún getur einfaldlega vakið upp spurningar meðal ríkja sem við eigum margs konar samstarf við hvort einhverjar annarlegar ástæður komi í veg fyrir að við tryggjum mannréttindi með sama hætti og þau.

Þessu til viðbótar vil ég fara hér nokkrum orðum um aðrar afleiðingar sem lögfesting mannréttindasáttmálans gæti haft. Með því á ég þá við álitaefni um það hvort við séum á einhvern hátt að stíga skref í þá átt að leggja aukið vald í hendur alþjóðastofnana um okkar málefni. Svarið við því er afdráttarlaust neikvætt. Mannréttindasáttmálinn veitir ekki stofnunum Evrópuráðsins vald til að hnekkja ákvörðunum íslenskra dómstóla eða yfirvalda heldur eingöngu að taka afstöðu til þess hvort íslenska ríkið hafi á einhvern hátt brugðist skyldum sínum gagnvart öðrum aðildarríkjum Evrópuráðsins til að haga löggjöf sinni á þann veg að hún samrýmist reglum mannréttindasáttmálans. Í þessu sambandi verður fyrst og síðast að hafa í huga að mannréttindasáttmálinn er skuldbinding íslenska ríkisins gagnvart öðrum ríkjum eða með öðrum orðum þjóðaréttarleg skuldbinding og stofnanir Evrópuráðsins leysa eingöngu úr um það hvort Ísland eða önnur ríki hafi brotið gegn henni.

Til að koma fram kæru fyrir stofnunum Evrópuráðsins verður sá sem telur brotið á rétt sinn að tæma algerlega úrræði sín til að rétta hlut sinn innan lands eins og skýrlega er tekið fram í 26. gr. sáttmálans. Viðkomandi verður því með öðrum orðum að hafa látið reyna á mál sitt fyrir innlendum dómstólum áður en hann getur borið það upp á erlendum vettvangi. Bíði hann lægri hlut í dómsmáli hér á landi getur hann kært íslenska ríkið til mannréttindanefndar Evrópu en fallist hún á kæruna höfðar hún annaðhvort mál gegn ríkinu fyrir mannréttindadómstóli Evrópu til að fá brotið staðfest eða beinir málinu til ráðherranefndar Evrópuráðsins til afgreiðslu. Hvorki dómstólinn né ráðherranefndin hafa vald til að hnekkja íslensku dómsúrlausninni sem stæði þannig óhögguð jafnvel þótt niðurstaða þessara stofnana væri á þann veg að hún fæli í sér brot gegn manréttindasáttmálanum. Mannréttindadómstóllinn getur í slíku tilviki dæmt þeim sem brotið hefur verið gegn bætur úr hendi ríkisins samkvæmt 50. gr. sáttmálans en lengra verður ekki komist á þeim vettvangi og er úrlausn dómstólsins ekki aðfararhæf hér á landi.

Viðurlög á hendur ríkinu fyrir brot gegn sáttmálanum geta því ekki orðið önnur en þau að það verði álitshnekkir í alþjóðasamstarfi ef það lagar sig ekki að niðurstöðum þessara stofnana og eftir atvikum greiðir skaðabætur samkvæmt ákvörðun þeirra eða gerir nauðsynlegar breytingar á innlendri löggjöf.

Lögfesting mannréttindasáttmálans mun á engan hátt breyta því sem ég hef nú rakið í stuttu máli. Í 2. gr. frv. er hnykkt sérstaklega á þessu með því að þar er tekið fram að úrlausnir stofnana Evrópuráðsins séu ekki bindandi að íslenskum landsrétti en með þessu er undirstrikað að þessar stofnanir hafa ekki lögsögu til að hrófla við innlendum úrlausnum.

Virðulegi forseti. Að endingu vil ég nefna það sérstaklega að lögfesting mannréttindasáttmálans yrði til að bæta mjög réttarstöðu manna og tryggja enn frekar að mannréttindi séu virt hér á landi. Íslendingar hafa löngum og réttilega verið stoltir af því að mannréttindi séu óvíða betur höfð í heiðri en hér á landi. Til marks um það má m.a. benda á að í nýlegri úttekt mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna var komist að þeirri heildarniðurstöðu að grundvallarréttindi samkvæmt mannréttindasamningi Sameinuðu þjóðanna væru virt hér á landi þótt bent hafi verið á fáein minni háttar atriði sem betur mættu fara. Mannréttindi eru orðin alþjóðlegt viðfangsefni og reglur um þau í örri þróun. Við megum ekki láta þá þróun fram hjá okkur fara og eiga á hættu að vakna einn daginn upp við það að við höfum dregist aftur úr öðrum á þessu sviði. Að mínu mati og okkar í allshn. er lögfesting mannréttindasáttmálans merkilegt skref til að tryggja stöðu okkar að þessu leyti og stuðla að því að við getum í framtíðinni talið okkur standa meðal þeirra sem hlúa best að mannréttindum í alþjóðlegum samanburði.

Útbýting þingskjals:

Aðgerðir til að sporna við vaxandi atvinnuleysi, 339. mál, svar forsrh., þskj. 721.

[14:31]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki miklu við að bæta eft-

ir svo ítarlega framsöguræðu formanns allshn. að ástæða sé til að hafa langt mál um þetta efni, en ég vil þó aðeins hnykkja á fáeinum atriðum.

Ég vil fyrir það fyrsta undirstrika það sem fram kemur í lokaorðum nefndarálitsins að talið er mikilvægt að samningur þessi og löggjöf liggi fyrir með aðgengilegum hætti á erlendum tungumálum, þeim sem þar eru tilgreind, ensku og frönsku. Þar er verið að hugsa um hagsmuni þeirra sem ekki eru Íslendingar en kunna að vera hér staddir eða koma hingað af ýmsum mismunandi ástæðum. Það er að mínu viti nauðsynlegt ef við eigum að láta taka okkur alvarlega í mannréttindamálum í heiminum að hafa rit af þessu tagi aðgengileg á öllum þeim stöðum þar sem ætla má að útlendingar komi til landsins. Ég vil undirstrika þetta ákvæði í nefndarálitinu og beina því til hæstv. dómsmrh. að hann taki vel á móti þessum ábendingum nefndarinnar og hrindi þessu í framkvæmd hið fyrsta.

Hvað varðar efnisinnihald frv. þá vil ég undirstrika það að hér er að mínu viti ekki um að ræða neinn lokaáfanga á þessari leið heldur miklu frekar upphaf ef við lögfestum þessi mannréttindaákvæði. Að mínu viti eigum við hiklaust að stefna að því að taka inn í stjórnarskrá lýðveldisins myndarlegan mannréttindakafla og færi vel á því að mínu viti að menn gerðu það á 50 ára afmæli lýðveldisins. Hvort sem menn ná saman um það sjónarmið eða ekki, þá tel ég að menn eigi að stefna að því í framtíðinni að koma ýmsum mikilvægum mannréttindaákvæðum inn í stjórnarskrá lýðeldisins og sú löggjöf sem væntanlega verður að veruleika innan skamms er að mínu viti áfangi á þeirri leið en ekki leiðarendinn sjálfur.

Þá vil ég beina fyrirspurn til hæstv. dómsmrh. í tilefni af lagafrv. Eins og fram kemur í athugasemdum við lagafrv. er það afrakstur nefndarstarfs. Nefndin var skipuð 8. júlí 1992 í framhaldi af dómsniðurstöðu í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn ríkinu og hlutverk nefndarinnar var að gera tillögur um viðbrögð við þeim dómi eins og segir í bréfi sem dómsmrn. sendi allshn. 23. nóv. 1992 í tilefni af því að nefndin hafði til umfjöllunar frv. frá mér og hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur um breytingu á almennum hegningarlögum. Frv. var lagt fram á síðasta þingi og er í því lagt til að fella niður 108. gr. hegningarlaganna. Það frv. var í raun viðbragð, getum við sagt, við dómi mannréttindadómstólsins en varð ekki útrætt. Í bréfinu, sem ég vitnaði til, segir svo, með leyfi forseta:

„Af þessu tilefni vill ráðuneytið taka fram að í framhaldi af dómi mannréttindadómstóls Evrópu 25. júní sl. í máli Þorgeirs Þorgeirssonar gegn Íslandi skipaði dómsmrh. hinn 8. júlí sl. nefnd sem falið var að gera tillögur til ráðuneytisins um viðbrögð við dóminum. Var nefndinni sérstaklega falið að kanna hvort þörf sé á sérstakri vernd opinberra starfsmanna eins og gert er ráð fyrir í 108. gr. almennra hegningarlaga. Jafnframt var nefndinni falið að kanna hvort ekki sé tímabært að mannréttindasáttmáli Evrópu verði lögtekinn hér á landi."

Þetta bar á góma í umfjöllun allshn. um málið og fram kom að umrædd nefnd hafði ekki þá skilað áliti um þetta efni en þó var samkvæmt bréfi ráðuneytisins meginhlutverk nefndarinnar að gera tillögu um breytingu á ákvæðum almennra hegningarlaga, einkum og sér í lagi 108. gr. þeirra. Ég vil því spyrja hæstv. dómsmrh. hvað líði tillögu nefndarinnar um þetta efni og hvort hennar sé að vænta á næstunni, en af þeim upplýsingum sem fram komu í allshn. mátti ráða að svo gæti orðið ef menn legðu sig fram.

Ég vil jafnframt láta það koma fram af minni hálfu að ég tel rétt og vel við hæfi að ráðherra gangi eftir því að fá tillögu nefndarinnar og koma henni til þingsins og ef ekki mundi hv. allshn. taka málið og flytja það til að hraða því í gegnum þingið.

Fleiri orð er ekki ástæða til að hafa um þetta efni og vísa ég til ítarlegrar framsöguræðu formanns sem hefur unnið þetta mál af miklum ágætum og vil ég færa honum og öðrum nefndarmönnum þakkir fyrir samstarfið í þessu máli.

[14:38]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það eru ekki mörg orð sem ég þarf að bæta við þá ágætu framsögu sem hér var flutt fyrir hönd allshn. af hv. frsm. og formanni allshn. Það sem mér finnst fyrst og fremst ástæða til að geta um er það sem kemur fram aftarlega í nefndarálitinu en það varðar 11. gr. sáttmálans um rétt einstaklinga til að stofna og ganga í félög. Það varð nokkur umræða um hið svokallaða neikvæða félagafrelsi, sem nokkuð hefur verið til umræðu núna að undanförnu. M.a. komu á fund nefndarinnar Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, Svanhildur Halldórsdóttir, fræðslufulltrúi sömu samtaka, og frá Alþýðusambandi Íslands Bryndís Hlöðversdóttir lögfræðingur.

Það er skemmst frá því að segja að þessir aðilar töldu að 11. gr. sáttmálans væri á engan hátt til þess að ýta undir þær ákveðnu kröfur sem hafa verið um hið neikvæða félagafrelsi og mundi ekki torvelda á nokkurn hátt að hægt væri að standa vörð um þá mikilvægu hagsmuni eintaklinga sem stéttarfélög vissulega eru.

Ég vil taka það sérstaklega fram að það sem fyrst og fremst er tryggt í 11. gr. sáttmálans er jákvætt félagafrelsi og þar af leiðandi frelsi manna til að stofna félög, ganga í þau og starfa í félögum og þar með sá réttur að þeim verði ekki mismunað á nokkurn hátt fyrir það að vera t.d. í stéttarfélagi. Þetta er mjög mikilsvert atriði þar sem nokkuð hefur borið á því að atvinnurekendur hafa á síðari árum eitthvað verið að gæla við þá tilhugsun að sneiða hjá fólki innan stéttarfélaga og ráða frekar í vinnu þá sem ekki eru félagar í stéttarfélögum. En það er samkvæmt slíkum mannréttindaákvæðum ekki heimilt. Þar sem um félagafrelsi er að ræða þá er jafnframt um það að ræða að ekki er heimilt að láta menn gjalda þess að þeir séu í félögum, hvorki stéttarfélögum né öðrum. Og þetta held ég að sé fyrst og fremst mergurinn málsins og það sem skiptir mestu máli hér.

Ég vil taka undir það að mjög skortir á að í stjórnarskrá Íslands séu ákvæði sem tryggja mannréttindi og það er í rauninni nokkur skuggi sem fellur á það plagg, en vissulega er umræða um að bæta þar úr og ekki síst hefur sú umræða verið hávær í tengslum við lýðveldisafmælið á þessu ári. Ég held að ég verði að taka undir með þeim sem segja að við þurfum að ganga lengra í því og vera metnaðarfyllri í því að færa mannréttindaákvæði inn í stjórnarskrána. Jafnframt þurfum við líka á alþjóðavettvangi að vera metnaðarfyllri því þótt mannréttindasáttmáli Evrópu sé hið mætasta plagg og mjög mikilsvert, þá er það engu að síður svo að þar eru ýmis réttindi ekki tryggð sem skyldi. Ég nefni þar t.d. ákveðin mannréttindi samkynhneigðra. Ég vil líka benda á að það má alveg hugsa sér að fara betur ofan í það á hvern hátt má gera mannréttindaplögg á borð við mannréttindasáttmála Evrópu þannig úr garði að þau tryggi réttindi kvenna betur en gert hefur verið því að það er viðurkennt mál að enn eiga konur því miður undir högg að sækja, jafnvel í Evrópulöndum sem telja sig þó standa frekar framarlega í þeim efnum.

En ég fagna því að mannréttindasáttmáli Evrópu hefur nú fengið afgreiðslu og verður lögfestur á Íslandi. Jafnframt vona ég að Íslendingar munu bæði innan lands og erlendis vera framsæknir og réttsýnir í mannréttindamálum.

[14:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil ítreka þakklæti mitt til hv. allshn. fyrir einstaklega vönduð vinnubrögð sem koma skýrt fram í meðförum hv. nefndar á þessu máli eins og öðrum.

Varðandi þær fyrirspurnir sem hafa komið fram frá hv. 5. þm. Vestf. er það að segja að ég tel sjálfsagt að við sérprentun á mannréttindasáttmálanum og lögunum þegar þar að kemur verði bæði enski og franski textinn birtur í þeirri sérprentun þó að ekki hafi þótt ástæða til að birta annað en íslenska textann í lagasafninu. Ég tel að þau sjónarmið sem hv. þm. setti þar fram séu mjög eðlileg og ætlunin er að á þann veg verði staðið að sérprentun sáttmálans.

Varðandi síðari fyrirspurn hv. þm. um lok nefndarstarfsins og einkanlega það álitaefni sem nefndin fékk til umfjöllunar, hvort ástæða væri til að veita opinberum starfsmönnum þá sérstöku vernd sem fram kemur í 108. gr. hegningarlaganna, er það að segja að ég vænti þess að nefndin ljúki störfum alveg á næstunni. Því miður hefur það dregist að nefndin lyki störfum. Ég átti von á því að það gerðist fyrir lok síðasta árs en það hefur dregist á langinn og ég hygg að endanleg niðurstaða nefndarinnar komi alveg á næstunni og þá verði hægt að kynna þær tillögur fyrir Alþingi.

Sjálfur er ég þeirrar skoðunar varðandi álitaefnið um 108. gr. hegningarlaganna að flest bendi til þess að þau sjónarmið sem lágu til grundvallar þessari sérstöku vernd opinberra starfsmanna á sínum tíma séu ekki lengur fyrir hendi án þess að ég ætli á þessu stigi að segja nokkuð fyrir um niðurstöðu nefndarinnar eða á nokkurn hátt að reyna að taka fram fyrir hendurnar á henni en ég hef áður látið þau sjónarmið koma fram af minni hálfu. Ég vænti þess að það dragist ekki öllu lengur að unnt verði að kynna þinginu niðurstöðu nefndarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hæstiréttur Íslands, 2. umr.

Frv. SvG o.fl., 37. mál (skipun dómara o.fl.). — Þskj. 40, nál. 730.

[14:46]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir hönd allshn. fyrir nefndaráliti á þskj. 730, um frv. til laga um breytingu lögum um Hæstarétt Íslands.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á fund sinn til viðræðna Markús Sigurbjörnsson prófessor, Hrafn Bragason, forseta Hæstaréttar, Valtý Sigurðsson, formann Dómarafélags Íslands, og Magnús Thoroddsen, formann laganefndar Lögmannafélags Íslands. Þess má geta sérstaklega að þetta mál var skoðað um leið og þau mál er voru á dagskrá fundarins hér áðan, þ.e. breytingarnar á lögum um Hæstarétt, meðferð einkamála og meðferð opinberra mála.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, réttarfarsnefnd, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Hæstarétti, Neytendasamtökunum, Stéttarsambandi bænda, Lögmannafélagi Íslands og Eiríki Tómassyni hæstaréttarlögamanni.

Frv. er tvíþætt. Í því felst annars vegar að Alþingi staðfesti tillögur ráðherra um skipun dómara í Hæstarétt. Hins vegar er gert ráð fyrir að hæstaréttardómari geti ekki horfið tímabundið til annarra starfa í sex mánuði eða lengur eða stundað önnur dómarastörf.

Í umfjöllun nefndarinnar hefur komið fram að frv. kallar á ítarlega skoðun, þar á meðal á stjórnskipun landsins í heild, og kann efni þess að kalla á stjórnarskrárbreytingu. Réttarfarsnefnd hefur nú til sérstakrar skoðunar lagaákvæði varðandi dómara og skipulag dómstóla og er ætlunin að nefndin semji sérstakt frv. að dómstólalögum. Allshn. leggur áherslu á að í þeirri vinnu verði efnistriði þessa frv. tekið til sérstakrar athugunar. Með hliðsjón af fyrrgreindu telur nefndin að ekki sé tímabært að taka afstöðu til þessa frv. eins og sér, en í trausti þess að efnisatriði þess verði tekin til athugunar við endurskoðun dómstólareglna leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita nöfn sín allir aðrir nefndarmenn í allshn.

[14:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. allshn. fyrir afgreiðsluna á því máli sem hér liggur fyrir sem er 37. mál þingsins og fjallar um breytingu á lögum um Hæstarétt Íslands. Nefndin leggur til að málinu verði vísað til meðferðar hjá ríkisstjórninni eða eins og segir, með leyfi forseta: „Með hliðsjón af fyrrgreindu tel-

ur nefndin að ekki sé tímabært að taka afstöðu til þessa frv. eins og sér, en í trausti þess að efnisatriði þess verði tekin til athugunar við endurskoðun dómstólareglna leggur nefndin til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Ég tel að miðað við það hvað hér er hreyft stórum og róttækum brtt. við lögin um Hæstarétt Íslands sé engin ástæða til að finna að því þó málið sé ekki afgreitt strax á fyrsta þingi heldur tekið til nánari skoðunar.

Eins og kunnugt er eru efnisatriðin í frv. tvö. Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að Alþingi fjalli um skipan hæstaréttardómara þannig að ráðherra dómsmála þurfi að leggja þá tillögu, sem hann hyggst leggja fyrir forseta Íslands, um skipan hæstaréttardómara til samþykkis eða synjunar Alþingis Íslendinga.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir að hæstaréttardómari geti ekki fengið leyfi í nokkra mánuði til að gegna öðrum störfum og bindast þannig hagsmunalegum venslum við einhvern annan aðila. Þess vegna verði hæstaréttardómari sem vill fara í lengri tíma í vinnu fyrir annan að gera það upp við sig hvort hann vill vera hæstaréttardómari áfram eða ekki þannig að það verði komið í veg fyrir að óhæfi hæstaréttardómara verði með þeim hætti sem gerst hefur reyndar að undanförnu þar sem þess eru dæmi að hæstaréttardómari hafi farið til langframa m.a. til að gegna dómarastörfum annars staðar á vettvangi sem jafnvel fjallar um niðurstöður hans sjálfs. Það er óeðlilegt og það er brot á þeim anda sem Alþingi hefur verið að móta á undanförnum árum, m.a. í lögunum um stjórnsýsluna.

Ég tel út af fyrir sig að þau mál sem hér hafa verið rædd að undanförnu og á þessum fundi, hæstv. forseti, séu öll nokkuð merkileg og alveg sérstaklega kannski mannréttindaþátturinn sem var síðasta dagskrármál og ég leyfi mér að nefna hér. Ég tel að þar hafi verið skynsamlega á hlutum haldið. Og ég tel ástæðu til að þakka hæstv. dómsmrh. fyrir það hvernig á því máli hefur verið haldið. Ég vil einnig nota þetta tækifæri, þó það sé ekki beint sami dagskrárliður, til að taka undir þau sjónarmið sem fram koma hjá hv. 5. þm. Vestf. varðandi mannréttindaþáttinn sem ég tel sjálfsagt að endurskoða í stjórnarskránni og væri glæsilegt ef það tækist að gera það í tengslum við 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins nú í sumar.

Varðandi Hæstarétt, sem hér er á dagskrá, mætti margt um að segja. Saðreyndin er sú að því verður ekki með góðu móti haldi fram að Hæstiréttur hafi verið að styrkja stöðu sína á undanförnum missirum. Satt að segja er það alveg með ólíkindum hvernig menn hafa haldið á málefnum Hæstaréttar í þjóðfélaginu. Þá er ég ekki bara að tala um athyglisverð dreifibréf sem forseti Hæstaréttar hefur sent frá sér fyrir hönd Hæstaréttar á bréfhaus réttarins, heldur eitt og annað af ýmsu öðru tagi sem menn hafa látið frá sér fara í tengslum við Hæstarétt og um Hæstarétt núna að undanförnu.

Staðreyndin er sú að það er afskaplega nauðsynlegt að fara rækilega yfir það hvaða ráðstafanir má gera til að efla virðingu Hæstaréttar og treysta hana svo sem kostur er. Alþingi hefur út af fyrir sig gert ýmislegt í þeim efnum. Hér fyrr í dag var afgreitt til atkvæðagreiðslu frv. sem er heldur til bóta til að treysta faglega meðferð mála í Hæstarétti. Ég verð þó að segja að mér finnst stundum sem viss sjálfvirkni renni á Alþingi, þau ár sem ég hef setið hér, þegar mál frá dómsmrn. eru annars vegar. Þá er ég ekki að tala um allshn. því hún vinnur sín mál yfirleitt vel. Það er eins og það renni ákveðið meðvitundarleysi á löggjafarsamkomuna að öðru leyti satt best að segja þegar þessi mál koma upp svo ótrúlegt sem það nú er. Menn hyllast til að líta á allshn. eins og gjarnan er gert á landsfundum stjórnmálaflokka en þangað fer allt sem ekki fer í hinar nefndirnar. Mönnum hættir til að meðhöndla allshn. og líta á hana með svipuðum hætti og gert er þar sem er rangt og ósanngjarnt.

Þess vegna finnst mér mikið álitamál hvort ekki þarf að tengja þær sjálfvirku sérfræðinganefndir, sem eru starfandi á vegum dómsmrn. um réttarfar, um dómstóla og um þetta og um hitt, betur við það starf sem unnið er á Alþingi með einum eða öðrum hætti þannig að það verði gangvegir á milli til að tryggja það að alþingismenn séu allir með varðandi mótun á grundvallarreglum þjóðfélagsins sem allar snúast um, svo að segja, þær samskiptaleikreglur sem við á annað borð kjósum að setja utan um okkur sjálf.

Ég vil hreyfa þeirri hugmynd eftir nokkra umhugsun í allmörg ár hafandi horft á þessi mál sem koma frá nefndunum í dómsmrn., sem mér finnst alltaf að séu sömu mennirnir í alla tíð, svo að segja, það eru smábreytingar en þeir eru upp í áratugi þeir traustustu. Ég skora á hæstv. dómsmrh. að beita sér fyrir að laga þetta og það verði reynt að koma þessu þannig við að alþingismenn komi þarna við sögu með greiðari hætti en verið hefur í seinni tíð.

Ég vil þessu næst, virðulegur forseti, víkja aðeins að þeim umsögnum sem fram komu um þetta mál frá ýmsum aðilum og þakka nefndinni fyrir að hafa sent málið til umsagnar. Þá vík ég fyrst að sjálfsögðu að umsögn frá réttarfarsnefnd en undir hana ritar Hrafn Bragason, sem er líka forseti Hæstaréttar um þessar mundir og skrifar bréf talsvert, eins og kunnugt er. Hann segir hér, með leyfi forseta:

„Fréttir af umræðum á Bandaríkjaþingi um bandarísk hæstaréttardómaraefni eru þó til þess fallnar að vekja með mönnum ótta um að líkt fyrirkomulag hérlendis mundi veikja Hæstarétt, hræða menn frá því að sækja um dómarasæti og jafnvel skaða embættisferil hæfileikaríkra manna."

Það er ekki mikið álit sem menn hafa á Alþingi verð ég að segja. Að umfjöllun um mál af þessu tagi gæti orðið til að skaða embættisferil hæfileikaríkra manna. Ég geri nú lítið með hina sem eru hæfileikalitlir, það er minna mál. En hina hæfileikaríku, að það megi ekki einu sinni taka þau mál upp á Alþingi er nokkuð athyglisvert sjónarmið frá formanni réttarfarsnefndar.

Hins vegar segir formaður réttarfarsnefndar að réttarfarsnefnd muni taka efni frv. til umræðu ásamt öðru efni til dómstólalaga. Vil ég fagna því og þakka fyrir þá yfirlýsingu. Ég vil einnig vekja athygli á því að það

barst um málið umsögn frá Hæstarétti Íslands, dags. 14. jan. 1994. Hún er hins vegar ekki undirrituð af forsetanum heldur varaforsetanum. Það er Haraldur Henrýsson varaforseti sem skrifar undir þá umsögn og þar segir, með leyfi forseta:

„Varðandi það efni frv. sem varðar þátt Alþingis í skipun hæstaréttardómara er þó rétt að láta koma fram að hæstaréttardómarar telja slíka tilhögun ekki vera heppilega. En að öðru leyti telja þeir ástæðu til að fara yfir málið í nefnd sem fjalli um frv. um sérstök dómstólalög."

Það er einnig rétt að geta þess áður en ég læt nokkuð koma fram af minni hálfu beint um þessar umsagnir að það barst líka umsögn frá Lögmannafélagi Íslands þar sem segir, með leyfi forseta:

„Það skiptir miklu máli að friður ríki um störf Hæstaréttar og dómara réttarins. Hætt er við að sá friður yrði úti ef þessi skipan frv. yrði að lögum. Það verður að telja það nægilega tryggingu fyrir því að hæfir menn séu skipaðir hæstaréttardómarar að Hæstiréttur sjálfur hefur um það bindandi umsagnaraðild til dómsmrh. Laganefnd Lögmannafélags Íslands mælir því gegn þessari fyrri breytingu."

Hins vegar vil ég vekja athygli á því og spyrja hv. formann allshn. að því sérstaklega af hverju síðari breytingartillagan var ekki tekin beinlínis og bara afgreidd með tillögu nefndarinnar. Vegna þess að hún fær í raun og veru mjög góðar undirtektir, t.d. frá laganefnd Lögmannafélags Íslands, en þar segir:

„Laganefnd telur hina fyrirhuguðu breytingu til bóta og er henni meðmælt."

Það er því augljóst að laganefnd Lögmannafélags Íslands er hlynnt þessu þó svo að ýmsir hér inni hafi lagst gegn þessari breytingu. Og ég vil spyrja hv. 6. þm. Reykv. og frsm. allshn. hverju það sætir að nefndin tók ekki þessa tillögu út úr til sérstakrar skoðunar.

Eiríkur Tómasson lögmaður fór yfir þessi frumvörp og segir svo, með leyfi forseta:

„Um frv. þingmanna Alþýðubandalagsins get ég verið stuttorður. Þar er lagt til að gerð verði grundvallarbreyting á skipun í embætti hæstaréttardómara. Þessi tillaga er að mínum dómi athyglisverð en kallar á mun nánari skoðun, þar á meðal á stjórnskipan landsins í heild. Eðlilegast væri því að ræða hana í tengslum við endurskoðun á sjálfri stjórnarskránni, enda sýnist mér í fljótu bragði að hún kalli á stjórnarskrárbreytingu."

Út af fyrir sig getum við rætt það ítarlegar hvort þetta er rétt hjá lögmanninum en ég tel í sjálfu sér að þetta sjónarmið sé allrar athygli vert og ástæða til að hlýða á það.

Vinnumálasamband samvinnufélaganna fékk þetta mál til umsagnar. Þar er m.a. fjallað ítarlega um fyrra aðalefnisatriði frv. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er lítill vafi á því að í Bandaríkjunum hefur þetta fyrirkomulag komið í veg fyrir mistök." Hins vegar segir að ekki sé ljóst að þetta ákvæði yrði jafngóð vörn og í Bandaríkjunum þar sem það hefur þó ekki reynst nægileg vörn. Því sýnist vera full ástæða til að hugleiða þetta mál betur og leita annarra lausna.

Síðan segir í þessari umsögn, eins og reyndar frá Lögmannafélaginu líka:

„Önnur grein frv. virðist vera mjög til bóta frá því sem nú er."

Neytendasamtökin senda frá sér umsögn um þetta frv. og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Neytendasamtakanna hefur fjallað um frv. og telur það mjög til bóta og mælir því með samþykkt þess. Virðingarfyllst, fyrir hönd Neytendasamtakanna, formaður."

Stéttarsamband bænda fékk þetta frv. líka til umsagnar. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Stéttarsamband bænda hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um Hæstarétt, 37. mál. Stjórn Stéttarsambands bænda telur þær breytingar sem lagt er til að gerðar verði á skipan dómara við Hæstarétt horfi til bóta og geti orðið til að treysta stöðu Hæstaréttar. Því er mælt með því að frv. verði samþykkt. Fyrir hönd Stéttarsambandsins, Hákon Sigurgrímsson."

Vinnuveitendasamband Íslands mun hafa fengið þetta mál til meðferðar en ég hef ekki séð umsögn frá þeim varðandi þetta mál heldur aðeins um stjórnarfrumvarpið sem var afgreitt fyrr á fundinum, hæstv. forseti.

Þá hefur borist umsögn um þetta mál frá miðstjórn Alþýðusambands Íslands og hef ég satt að segja ekki séð umsögn frá Alþýðusambandinu sem ég er jafnmikið ósammála í langri sameiginlegri sögu minni og Alþýðusambandsins við að lesa og yfirlesa það sem frá þeirri stofnun hefur komið. Er það út af fyrir sig athyglisvert og ekkert í sjálfu sér nema gott um það að segja. Þetta er nokkuð ítarlegt plagg og ber að þakka fyrir að Alþýðusambandið hefur lagt vinnu í það að skrifa skjalið. Halldór Grönvold, skrifstofustjóri Alþýðusambands Íslands, skrifar undir.

Eins og hv. þm. sjá af þessum yfirlestri þá hafa fjölmargir aðilar farið yfir þessar hugmyndir. Ég vil í fyrsta lagi segja að seinni hugmyndin varðandi skipan hæstaréttardómara hefur fengið ágætar undirtektir. Og ég endurtek spurningu mína til formanns nefndarinnar um hana.

Fyrri hugmyndin, varðandi það að Alþingi staðfesti eða synji um tillögu þá sem dómsmrh. geri til forseta Íslands varðandi hæstaréttardómara fær dræmar undirtektir, að ekki sé meira sagt. Og ég er í sjálfu sér ekkert hissa á því vegna þess að það er í fyrsta sinn sem máli af þessu tagi er hreyft.

Það er nokkuð athyglisvert að í umsögn Vinnumálasambands samvinnufélaganna, sem er undirrituð af Árna Benediktssyni, er hreyft þeirri hugmynd að yfirvald dómsmála verði kosið sérstaklega beinni kosningu með þjóðinni. Það getur vel verið að ég sé illa lesin í þessum fræðum en ég man ekki eftir að ég hafi séð þetta víða áður beinlínis í þessu samhengi. Hugsunin mun vera sú að með þessum móti sé hægt að tryggja það að dómsvaldið fái umboðsvald sitt frá þjóðinni beint og milliliðalaust rétt eins og alþingismenn hafa það eða t.d. forseti Íslands. Þetta leiðir auðvitað hugann að því að fyrir nokkrum árum voru uppi hugmyndir um það, m.a. flutt um það stjórnarskrár-

frumvarp ef ég man rétt, að framkvæmdarvaldið yrði í raun og veru kosið beint líka. Í frumvörpum sem hv. þm. Vilmundur Gylfason flutti var gert ráð fyrir því minnir mig að forsrh. eða hvort það var forsetinn, sem átti að hafa forsætisráðherravald, yrði kosinn beinni allsherjarkosningu af þjóðinni.

Allt leiðir þetta hugann að því í sjálfu sér hvort við þyrftum ekki að fara dálítið yfir þessi mál í grundvallaratriðum á nýjan leik núna í framhaldi af því að við höfum verið að reyna að bæta okkar löggjöf og samskiptareglur eins og best verður á kosið á undanförnum árum. Ég held að það sé mikið áhyggjuefni hvað okkur hefur tekist miður að halda á málum varðandi endurskoðun stjórnarskrárinnar þannig að við hefðum getað haldið því í eðlilegum farvegi. Við hefðum þurft að vera hér með fastanefnd sem fjallaði um stjórnarskrármál. Auðvitað ætti að vera til á Alþingi stjórnskipunarnefnd eða stjórnlaganefnd sem ævinlega væri til taks til að fjalla um stjórnarskrármál. Hún gæti þá fjallað bæði um þau mál sem frá þingmönnunum koma en líka um mál sem hún ákveður sjálf að taka fyrir. Þetta segi ég vegna þess að ég held að núverandi fyrirkomulag þar sem stjórnarskrármál eru því aðeins tekin fyrir að flutt séu um þau sérstök frumvörp sé óheppilegt fyrst og fremst vegna þess að það setur málið í óþarflega hátíðlegan og stífan búning. Ég held að það væri miklu líklegra að það væri hægt að fá menn til víðtækrar samstöðu um málin ef svona nefnd væri stöðugt að störfum til að fjalla um ýmis mál sem upp koma, m.a. aðgreiningu dómsvalds, löggjafarvalds og framkvæmdarvalds.

Um það hefur mjög margt verið sagt og fjarska misjafnlega viturlegt eins og gengur. En það er spurning hvort ekki er nauðsynlegt að slík nefnd verði til með breytingum á þingsköpunum þannig að það verði í raun og veru alltaf til farvegur til að fjalla um stjórnarskrármál.

Virðulegur forseti. Ég taldi rétt að fara hér yfir þær umsagnir sem borist hafa um þetta frv. um leið og ég þakka fyrir þá tillögu sem gerð er um að vísa málinu með tiltölulega jákvæðum hætti eftir atvikum til ríkisstjórnarinnar og spyr hv. 6. þm. Reykv. hverju það sætir að 2. gr. frv. fékk ekki sérstaka og sjálfstæða meðferð í meðferð málsins í hv. allshn.

[15:08]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar áðan að það er vissulega mikill munur á þeim ákvæðum frv. sem eru annars vegar í 1. gr. þess og hins vegar í 2. gr. Hann spyr sérstaklega um 2. gr.

Þetta atriði var rætt sérstaklega í allshn. og kom þar fram, m.a. upplýsti Markús Sigurbjörnsson, prófessor í réttarfari við lagadeild Háskóla Íslands, okkur um það að nú þegar væru fyrir hendi í aðskilnaðarlögum ákveðin skilyrði varðandi þau atriði sem 2. gr. tekur á hér í frv. en þau giltu um héraðsdómara. Samt sem áður þá mætti gera ráð fyrir að þessi atriði ættu einnig að gilda um hæstaréttardómara. Þess vegna var það mat nefndarinnar að það þyrfti að skoða þessar tillögur frv. betur og athuga hvernig þær væru best úr garði gerðar og taldi því nefndin rétt að báðar tillögurnar í 1. og 2 gr. yrðu skoðaðar í réttarfarsnefnd.

[15:10]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að þessar skýringar hv. 6. þm. Reykv. séu fullnægjandi í þessu máli. Það kemur fram að að hennar mati sé það svo að í aðskilnaðarlögunum séu ákvæði sem eigi við um héraðsdómara sem í rauninni séu að efni og anda lík því sem hér er verið að gera tillögur um að því er varðar hæstaréttardómara. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að þetta komi fram. Sérstaklega vegna þess að málið fékk ekki sérstaklega efnislega meðferð í þeim skjölum sem komu frá nefndinni að ég held. Ég þakka fyrir þetta svar. Ég tel það fullnægjandi miðað við aðstæður og mikilvægt að það hafi komið fram miðað við það hvernig þessi mál liggja. Ég lít reyndar þannig á eftir svar hv. þm. að það sé skoðun hennar og nefndarinnar að það sé full ástæða til þess að íhuga þessi mál með hliðsjón af þeim lagaákvæðum í aðskilnaðarlögunum sem gilda um héraðsdómara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 1. umr.

Stjfrv., 460. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 691.

[15:13]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar. Í fyrstu grein frv. er lagt til að 15 þar til greindir einstaklingar öðlist íslenskan ríkisborgararétt. Frv. er flutt venju samkvæmt. Þegar líður að vori er flutt frv. sem mælir fyrir um tillögur varðandi þá sem sótt hafa um að öðlast íslenskt ríkisfang og uppfylla þau skilyrði sem reglur þar að lútandi mæla fyrir um. Þingið hefur fyrr á yfirstandandi þingi samþykkt frv. um veitingu ríkisborgararéttar þannig að þetta er annað frv. um það efni sem lagt er fyrir þingið svo sem venja er til um.

Ég legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 341. mál (innflutningur búvara, tollskrárviðauki). — Þskj. 533, nál. 671, 696, 701 og 703, brtt. 672 og 702.

[15:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að vænta þess að þeir séu að mæta til leiks hæstv. landbrh. og reyndar fleiri hæstv. ráðherrar sem hafa tekið þátt í umræðunni og ég

vænti þess að þeir muni þar af leiðandi sitja undir henni. Ég óska eindregið eftir því að fyrir utan hæstv. landbrh. verði hér hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. þar sem ég hyggst leyfa mér að leggja spurningar fyrir þá ágætu hæstv. ráðherra sem þegar hafa talað í umræðunni og hæstv. utanrrh. sem ábyrgðaraðila ríkisstjórnarsamstarfsins. Einnig væri ekki verra að hv. formaður landbn., sem nokkuð hefur orðið heimsfrægur á Íslandi af þessu máli, yrði hérna viðlátinn svo ekki sé meira sagt. Er nú úr vöndu að ráða, hæstv. forseti, þar sem enginn þessara nefndu sómamanna er í salnum.

(**Forseti** (GunnS): Forseti vill upplýsa hv. þm. um það að áður en hann hóf sína ræðu gerði forseti ráðstafanir til þess að þrír hæstv. ráðherrar er hv. þm. nefndi yrðu viðstaddir umræðuna. *Ég hef þær fréttir að* færa að landbrh. er staddur í húsinu en það er ekki nóg, við óskum eftir því að hann sé staddur hér í þingsalnum og ég vænti þess að hann komi innan fáeinna sekúndna. Hæstv. utanrrh. er á leið til þinghússins. Hann var lagður af stað úr sínu ráðuneyti fyrir stuttu síðan og sama gildir um hæstv. forsrh. Þess má því vænta að þeir verði hér mjög bráðlega. Það hefur forseta verið tjáð. Af hv. 3. þm. Austurl. hefur forseti ekki *fréttir að færa en getur leitað frétta af því hvort* hann getur verið viðstaddur umræðuna.)

Hæstv. forseti. Það er mjög fróðlegt að fá upplýsingar um þessi ferðalög ráðherranna og hvar þeir eru á vegi staddir og væri náttúrlega enn betra ef við vissum t.d. hvort þeir væru komnir niður fyrir Lönguhlíð eða hvar þeir væru staddir á Miklubrautinni. Eins er það með hv. þm. Egil Jónsson að við erum auðvitað mjög spennt að vita var hann er á ferðalögum um þessar mundir, en það út af *fyrir sig breytir ekki hinu að* enginn þessara manna er kominn í þingsalinn. Hér er að vísu mættur hv. 2. minni hluti landbn. og er ekki lítið að hann skuli vera mættur hér og ber að sjálfsögðu að fagna því. En enn er oss vant margra mikilvægra málsaðila í þessu sambandi, hæstv. forseti. Ætli það sé ekki vænlegast að við hinkrum bara eftir því að þeir birist hér, þessir sómamenn.

(**Forseti** (GunnS): Ef hv. þm. óskar eftir því að gera *hlé á ræðu sinni meðan við bíðum eftir að* hæstv. landbrh. og aðrir hæstv. ráðherrar komi til þings, þá verður forseti við því en mundi óska eftir því ef hægt væri að halda ræðu áfram eftir að hæstv. landbrh. kemur ef hann verður fyrstur til að koma.)

Ég skal gera það og byrja þá á því að eiga orðastað við landbrh. En ég óska samt eindregið eftir því að þeir tveir hæstv. ráðherrar sem ég nefndi komi einnig til umræðunnar og vonandi verður það innan skamms. (**Landbrh.:** *Við viljum endilega fá að heyra hvað* hv. þm. segir.) Já, að sjálfsögðu. Nú verður hæstv. landbrh. að ósk sinni að hann fær einmitt að heyra það.

Ég hygg, hæstv. forseti, að það sé ekki of fast að orði kveðið að hér hafi orðið næsta sögulegir atburðir á fimmtudaginn var þegar þetta mál var til umræðu og harla óvenjulegt að verða vitni að umræðu eins og þeirri sem þá fór fram og stóð mestallan daginn. Nóg tíðindi voru það í sjálfu sér þegar birtust nefndarálit 1. og 2. minni hluta landbn., skrifuð og flutt af stjórnarsinnum í báðum tilvikum, annars vegar hv. þm. Agli Jónssyni og fylgisveinum hans, tveimur öðrum hv. þm. Sjálfstfl., og hins vegar nefndarálit flutt að 2. minni hluta landbn. en það undirritar hv. þm. Alþfl. Gísli S. Einarsson. Ég held að það hljóti að sæta nokkrum tíðindum að inn á spjöld þingsögunnar fari nefndarálit af þessu tagi flutt af stuðningsmönnum einnar og sömu ríkisstjórnarinnar sem túlka með jafngjörsamlega gagnstæðum hætti fyrirliggjandi brtt. við lagafrv. eða í raun og veru nýtt lagafrv. því að þannig er upp sett brtt. sem meiri hlutinn í landbn., að undanskildum hv. þm. Eggert Haukdal, flytur allur samanlagður. Þetta er brtt. á þskj. 672, en hana flytja hv. þm. Egill Jónsson, Gísli S. Einarsson, Árni M. Mathiesen og Einar K. Guðfinnsson. Maður skyldi nú ætla að úr því að samkomulag tókst, að kalla, í ríkisstjórninni um þessa sameiginlegu brtt., þá mundi það endurspeglast í sameiginlegu áliti viðkomandi þingmanna en því er aldeilis ekki að heilsa. Og eins og ég segi held ég að þessi nefndarálit sem túlka með jafngjörsamlega ólíkum hætti einn og sama lagatextann hefðu þótt tíðindum sæta jafnvel þó að hörðustu andstæðingar í stjórnmálum, stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar, hefðu átt í hlut. Mönnum hefði væntanlega þótt það nokkrum tíðindum sæta að mönnum tækist að lesa svo gjörsamlega gagnstæða merkingu út úr einum og sama frumvarpstextanum. En því er nú ekki að heilsa heldur er hér á ferðinni, að okkur er sagt, aðilar að sérstöku samkomulagi um málið innan hæstv. ríkisstjórnar.

Það vekur auðvitað margar spurningar um það hvers eðlis það samkomulag sé, hvort það sé yfir höfuð eitthvert samkomulag og hvort það sé í raun og veru nokkur niðurstaða fengin í málinu. Um þessi atriði er óhjákvæmilegt að ræða við hæstv. forsrh. því að hann sem ábyrgðaraðili ríkisstjórnar og aðili sem beitti sér sérstaklega í þessari deilu milli stjórnarflokkanna verður að vera til svara um það hvar þessi mál eru á vegi stödd í stjórnarsamstarfinu.

Út af fyrir sig má segja að þessi nefndarálit og ræður sem um þau voru flutt á fimmtudaginn var séu í rökréttu framhaldi af niðurstöðu formanna stjórnarflokkanna, þeirra hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. En eins og kunnugt er áttu þeir með sér fund laugardaginn, mundi það ekki hafa verið 19. febr. eða 20. sem bar upp á laugardag, og eftir því sem best er vitað er þetta í síðasta sinn sem þeir töluðu saman, hæstv. ráðherrar a.m.k. svo vitað sé og sannað sé. Þeir urðu sammála um eina tiltekna niðurstöðu á þeim fundi. Mér er mjög minnisstætt að sjá hæstv. utanrrh. koma út úr fundarherberginu og mæla af munni fram niðurstöðuna inn í sjónvarpsvélarnar en hún var sem sagt sú að þeir höfðu að vísu ekki náð samkomulagi í deilunni en þeir höfðu orðið sammála um að sitja. Og þar með voru allir ánægðir og fór hver til síns heima, fréttamennirnir og hæstv. utanrrh. Þessi gagnmerka niðurstaða náðist fram á fundinum laugardaginn 19. eða 20. febr.

Þessi málatilbúnaður í hv. landbn. og tillöguflutningur stjórnarliða er í rökréttu framhaldi af þessu. Stjórnarflokkarnir urðu sammála um það að vera áfram

ósammála í landbúnaðarmálum, en sitja engu að síður og það er síðan leyst með þeirri einstöku snilld að stjórnarliðar flytja sameiginlega brtt. við frv., eða í raun nýtt frv., en túlka það svo gersamlega sitt í hvora áttina þannig að efnislega er deilan algerlega óleyst. Og stjórnarflokkarnir og þingið og þjóðin, ef menn vilja taka svo hátíðlega til orða, á núllpunkti, á upphafspunkti aftur hvað það snertir að málið er galopið, deilan á fullri ferð. Og það er auðvitað með ólíkindum í ljósi forsögu málsins og alls þess sem á undan er gengið að niðurstaðan skuli vera þessi.

Ég ætla, hæstv. forseti, að fara yfir það í nokkrum atriðum hver eru, eins og það kemur mér fyrir sjónir, aðalágreiningsmálin sem eru óleyst milli stjórnarflokkanna og sem vegna mismunandi túlkana á lagatextanum eru jafnframt í óvissu sem enginn getur leyst úr nema dómstólar verði þetta lögfest eins og það er hér fram borið af hálfu ríkisstjórnarflokkanna í ótal pörtum. Er það sú niðurstaða sem menn vilja hafa í þessu máli eftir allt sem á undan er gengið að afgreiða hér frumvarpstexta sem er túlkaður gersamlega sitt í hvora áttina, í norður og suður af stjórnarþingmönnum, viðurkennandi í þeirra nefndarálitum að því fylgir réttaróvissa og láta þá dómstólana halda áfram að móta landbúnaðarstefnuna með sambærilegum hætti og Hæstiréttur gerði fyrir jólin? Er það sem sagt niðurstaða ríkisstjórnarinnar? Er það metnaður hæstv. landbrh. að þannig sé ásættanlegt að ganga frá málinu?

Ég segi það, hæstv. forseti, að ég held að nefndarálit, og þá ekki síst nefndarálit 2. minni hluta landbn., sé sögulegt plagg í þingsölum. Mér er ekki kunnugt um það að nefndarálit frá einum þingmanni sé í grófum dráttum fyrst og fremst svar við nefndaráliti samstarfsaðila í ríkisstjórn, en nefndarálit 2. minni hluta er í raun fyrst og fremst svar við nefndaráliti 1. minni hluta hv. þm. Egils Jónssonar og fleiri. Og það er með ólíkindum að lesa orðalag af því tagi sem hér er sett á blað af hálfu 2. minni hluta, fulltrúa Alþfl. Svo nokkur dæmi séu tekin, hæstv. forseti og með þínu leyfi, segir á 1. síðu nefndarálits 2. minni hluta, fulltrúa Alþfl.:

„Ástæða þykir til að gera nánari grein fyrir þeim breytingum [brtt. stjórnarflokkanna] í sérstöku áliti enda er sumt sem kemur fram í nefndaráliti 1. minni hluta landbn." — samstarfsaðilans og meðflutningsaðilans — „ekki í samræmi við efni frv."

Það er ekkert minna sem verið er að segja. Það er fullyrt að útlistun 1. minni hluta á texta lagafrv. sé ekki í samræmi við frv., sé vitleysa, sé rugl. (**GE:** Það er líka rétt.) Það er rétt, segir svo hv. þm. Gísli S. Einarsson, hvergi banginn. Og hvar er nú kempan Egill á Seljavöllum, hv. þm.? En það er sagt meira. Hér er trekk í trekk farið yfir það í nefndaráliti 2. minni hluta að nauðsynlegt sé að hrekja þessar eða hinar rangfærslurnar í nefndaráliti 1. minni hluta. Það segir t.d. á bls. 2 í nefndarálitinu, hæstv. landbrh. (**Landbrh.:** Það þarf fara vel yfir þetta.) Já, nú þarf að fara nokkuð rækilega yfir þetta því það er mikilvægt að ekkert sé óljóst í þessu. Það segir t.d. á bls. 2:

„Það eru að sjálfsögðu ekki eðlileg vinnubrögð hjá stjórnarþingmanni að leggja til breytingar á stjórnarfrumvarpi án þess að eiga samráð við þá aðila sem hlut eiga að máli. Því síður er eðlilegt að gera slíkar breytingartillögur án þess að tryggja að þær séu í samræmi við það samkomulag sem stjórnarflokkarnir gerðu sín á milli og að skoða þá fjölmörgu milliríkjasamninga sem málið varðaði."

Í þriðja lagi segir t.d. á bls. 5: „Ástæða þykir til að gera nokkrar athugasemdir við álit 1. minni hluta landbn." — ég minni aftur á að þetta eru stjórnarliðar sem eru að tala saman í þingskjölunum og sitja svo þarna hlið við hlið, hv. þm. Egill Jónsson og Gísli S. Einarsson og fer vel á því — „þar sem ýmislegt sem þar kemur fram er ýmist byggt á misskilningi eða er ekki í samræmi við efni frv."

Þetta er dálagleg frammistaða, ýmist byggt á misskilningi eða bara er tómt rugl og vitleysa og ekki í samræmi við efni frv. (**Gripið fram í:** Hver segir þetta?) Þetta segir hv. þm. Gísli S. Einarsson um hugarverk hv. þm. Egils Jónssonar. Þeir fóstbræður stjórnarmeirihlutans í landbn. eru að talast við í þingskjölunum.

Enn segir á bls. 6 og enn er 2. minni hluti að svara 1. minni hluta, Alþfl. að ræða við Sjálfstfl. í þingskjölunum:

„Þess vegna er ekki rétt sem segir í áliti 1. minni hluta að það hafi verið „markmið setningar laga nr. 126/1993 í desember sl. að fela landbrh. að fara alfarið með álagningu verðjöfnunargjalda á innfluttar landbúnaðarvörur.""

Það er ekki rétt, segir 2. minni hluti við 1. minni hluta. Það er heldur ekki rétt að frv. ríkisstjórnarinnar hafi þrengt verðjöfnunargjaldaheimildir landbrh. Þetta er bara allt rugl, misskilningur og vitleysa, segir hv. þm. Gísli S. Einarsson við hv. þm. Egil Jónsson.

Ég veit ekki, hæstv. forseti, hvort ég á að nenna að lesa meira upp úr þessum snilldarverkum, það eru nærri óteljandi tilvitnanir af þessu tagi. Á bls. 10 segir t.d. og nú vitnar 2. minni hluti í 1. minni hluta: „Í nál. 1. minni hluta segir:

„Við val á vörum, sem taldar eru upp í viðaukunum, hefur verið fylgt því sjónarmiði að um sé að ræða samkeppnisvörur íslensks landbúnaðar hvort sem viðkomandi landbúnaðarhráefni er framleitt hér á landi eða ekki. Er þá byggt á mati á því í hvaða tilvikum íslenskur landbúnaður þarfnist samkeppnisjöfnunar af því tagi sem verðjöfnunargjöld geta veitt."

Framangreind lýsing er í senn röng og villandi."

Það er ekkert annað. Lýsing hv. þm. Egils Jónssonar er að mati Gísla S. Einarssonar í senn röng og villandi. Þetta eru fínar einkunnir, dálaglegar einkunnir sem hv. þm. Egill Jónsson er að fá hér frá samstarfsaðila sínum. Hún er röng vegna þess að vörurnar sem eru í viðaukum I og II miðast ekki sérstaklega við samkeppnisvörur íslensks landbúnaðar o.s.frv. og nenni ég nú ekki að fara að rekja þá þvælu alla. Svona er þetta blaðsíðu eftir blaðsíðu og svo langt gengur að á síðu 12 telur 2. minn hluti sig knúinn til þess að tölusetja rangfærslurnar, misskilninginn og vitleysurnar

sem samstarfsflokkurinn í ríkisstjórn sé haldinn í sambandi við landbúnaðarmálin. Það eru átta tölusettir liðir og segir þar undir fyrirsögninni Samantekt.

„Þau atriði, sem ekki verður fallist á í nál. 1. minni hluta, eru í meginatriðum eftirfarandi:" og svo er talið upp 1, 2, 3, 4, 5, 6, 7, 8 og tekið fram að þetta sé ekki tæmandi upptalning. Það eru átta meginatriði sem eru misskilningur, sem eru villandi, sem eru röng, sem er bull og vitleysa að mati Alþfl. og talar þar til Sjálfstfl.

Svona er þetta. Og nú má reyna að sigta svolítið úr þessu. (**Gripið fram í:** Hvar stendur bull?) Ég man ekki hvort bull stendur einhvers staðar en miðað við minn málsskilning, þá er verið að segja það á máli sem krakkarnir mundu skilja a.m.k. að þetta séu ekki mikil vísindi hjá hv. þm. Agli Jónssyni.

En ég held, hæstv. forseti, að það sé gagnlegt fyrir umræðuna að reyna að sigta aðeins út hvað það er í raun og veru í grundvallaratriðum sem stjórnarflokkarnir eru aðallega ósammála um. Hvað er það sem er í óvissu eftir þessa lendingu ef lendingu skyldi kalla hjá stjórnarflokkunum? (**Gripið fram í:** Allt.) Það má kannski segja að það sé allt en ég held að þrennt sé mikilvægast af því. Þrennt held ég að standi algerlega út af og sé þannig frá gengið í þessum texta með vísan til lagaskýringa í mismunandi nefndarálitum að það sé gjörsamlega óboðlegt að ganga þannig frá málinu, það gangi ekki.

Það er í fyrsta lagi að það er bullandi ágreiningur milli stjórnarflokkanna um valdssvið landbrh. samkvæmt frv. og reyndar samkvæmt gildandi lögum því það kemur í ljós í þessum nefndarálitum að stjórnarflokkarnir eru bullandi ósammála um það hvaða vald landbrh. fékk með breytingunum í desember. Það er bullandi ágreiningur uppi um það ef marka má nefndarálit 2. minni hluta. (**EH:** Jón Baldvin á að ráða öllu.) Þannig eru flokkarnir sem sagt — ef það er skoðað og við tökum það fyrsta af þremur aðalatriðunum sem ég held að standi upp úr þessum illindum stjórnarflokkanna og sé nauðsynlegt til skilnings á málinu að átta sig á — algerlega ósammála um valdsvið landbrh. eins og það yrði samkvæmt þessum lagatexta ef frv. verður að lögum.

Í nál. 1. minni hluta segir á bls. 4 um valdsviðið eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Væru ákvæði 72. gr. látin standa óbreytt takmarkaðist verðjöfnunarheimild landbrh. við þær vörur sem hann heimilar innflutning á, þ.e. vörur samkvæmt viðauka með 52. gr. og 53. gr. búvörulaga. Sú niðurstaða er ekki í samræmi við það sem miðað var við er lög nr. 126/1993 voru sett í desember sl. Var við það miðað að landbrh. fengi með þeim lögum vald til að leggja verðjöfnunargjöld á allar innfluttar landbúnaðarvörur."

Sem sagt, hv. þm. Egill Jónsson, 1. minni hluti landbn., segir í sínu nál.: Valdsvið landbúnaðarráðherrans eins og það átti að vera samkvæmt lögunum í desember eru allar innfluttar landbúnaðarvörur. Og það verður að skilja þetta þannig að með túlkun 1. minni hluta á frv. núna eigi að varðveita þetta ástand eða festa það í sessi. Sem sagt, að valdsvið landbrh. sé til verðjöfnunar á öllum innfluttum landbúnaðarvörum. — Eða á ekki að taka nál. alvarlega, hv. þm. Egill Jónsson? Ég geri ráð fyrir því.

En hvað segir þá 2. minni hluti um þetta sama atriði? Hvert er að mati Alþfl., sem fer með utanríkisviðskipti og reyndar líka viðskrn. og þar með innflutningsverslunina, hvert er mat þessara aðila sem væntanlega standa á bak við álit fulltrúa Alþfl., eða hvað? Hæstv. utanrrh. getur staðfest það á eftir. Hvað segja þeir um þetta sama atriði? Jú, í nál. 2. minni hluta segir um þetta á bls. 5, og reyndar aftur á bls. 6 og víðar í álitinu. Það segir:

„Heimildir landbúnaðarraherra til þess að leggja á verðjöfnunargjöld ná ekki til allra vara í viðaukum I og II heldur eingöngu þeirra sem jafnframt eru framleiddar hér á landi." — Alveg gjörsamlega gagnstæð skoðun, gjörsamlega gagnstæð túlkun. Alþfl. fullyrðir: Verðjöfnunargjaldheimildirnar ná einungis til þeirra vara sem framleiddar eru hér á landi ekki allra innfluttra landbúnaðarvara. Og hæstv. utanrrh. staðfestir góðfúslega með frammíkalli að þetta sé afstaða Alþfl. og lagatúlkun hans. Ég held ég þurfi ekki að rökstyðja það frekar en það er fjallað um þetta með sama hætti á bls. 6 en þar segir: „Þess vegna er ekki rétt sem segir í áliti 1. minni hluta að það hafi verið „markmið setningar laga nr. 126/1993 að fela landbrh. að fara alfarið með álagningu verðjöfnunargjalda á innfluttar landbúnaðarvörur.""

Ég held ég hafi með þessum tilvitnunum leitt nægjanlega skýrt í ljós að þarna eru stjórnarflokkarnir í fyrsta lagi algjörlega ósammála um grundvallaratriði lagatúlkunar á þessu sviði. Hv. þm. Egill Jónsson, hvaða stuðning sem hann svo hefur til þess í sínum flokki hefur ekki komið í ljós, segir: Verðjöfnunarheimildir landbrh. taka til allra innfluttra landbúnaðarvara hvaða nafni sem þær nefnast og af hvaða tagi sem eru. Alþfl. segir nei, eingöngu þeirra sem framleiddar eru hér. Og ætla menn að ganga svona frá málinu? Hæstv. forsrh., er það ætlunin að lögfesta þennan texta með þessar mismunandi lagaskýringar uppi af hálfu stjórnarflokkanna? Að annar stjórnarflokkurinn segi: Verðjöfnunargjaldaheimildir taka til allra innfluttra landbúnaðarvara. Hinn stjórnarflokkurinn segi: Nei, eingöngu til þeirra sem framleiddar eru hér á landi.

Ég óska eftir því að hæstv. forsrh. punkti þetta hjá sér og svari svo spurningunni síðar í umræðunni.

Í öðru lagi kemur upp afar skýr ágreiningur milli stjórnarflokkanna um það í hvaða mæli landbrh. geti verðjafnað gagnvart þeim vörum sem þó eru fluttar inn og hann verðjafnar gagnvart vegna þess að hv. þm. Egill Jónsson reynir að færa fyrir því rök í sínu nál. að þá geti landbrh. verðjafnað fyrir öllum landbúnaðarhráefnisþáttum í vörunum. En Alþfl. segir: Nei, eingöngu þeim landbúnaðarhráefnisþáttum sem jafnframt eru framleiddir á Íslandi. Og það er best að fara í tilvitnanir ef menn halda að hér sé verið að fara með eitthvert fleipur. Á bls. 4 segir 1. minni hluti um þetta atriði:

„Lagt er til að þessi heimild" — það er átt við verðjöfnunarheimildir — „takmarkist við þær vörur sem til-

greindar eru í viðaukum I og II, enda séu þær vörur framleiddar hér á landi. Miðað er við hugtakið „landbúnaðarvörur ... og jafnframt eru framleiddar hér á landi" taki til einstakra vöruflokka sem felldir eru undir viðkomandi tollskrárnúmer, t.d. osta, en ekki þurfi að vera um að ræða sömu merkjavöru eða afbrigði af vöru, t.d. tiltekna ostategund."

Og enn segir um þetta neðst á bls. 4 og efst á bls. 5: „Heimild landbrh. til að leggja verðjöfnunargjöld á þær landbúnaðarvörur, sem tilgreindar eru í viðaukunum, takmarkast því ekki af því að hráefni í unna og/eða samsetta vöru sé framleitt hér á landi. Sé vara unnin og/eða samsett takmarkast heimildin til verðjöfnunar við þátt landbúnaðarhráefna, innlendra og erlendra, í verði vörunnar." — Innlendra og og erlendra í verði vörunnar. Þetta er álit hv. þm. Egils Jónssonar. Að verðjöfnunargjaldaheimildin taki til allra landbúnaðarhráefna í vörunni, hvort sem þau eru innlend eða erlend að uppruna, framleidd hér eða ekki.

Hvað segir Alþfl. um þetta? Er hann sammála þessari túlkun? Aldeils ekki því í nál. 2. minni hluta segir á bls. 5 og aftur á bls. 10: „Ekki er því heimilt að beita verðjöfnunargjöldum á vörum sem eru ekki framleiddar hér á landi, t.d. erlendar grænmetistegundir. Ekki væri heldur eðlilegt að beita verðjöfnunargjöldum á grænmetistegundir sem hér eru framleiddar á þeim árstímum sem þær eru ekki á markaðnum. Ef um unnar eða samsettar vörur er að ræða mætti ekki beita verðjöfnunargjöldum á hráefni sem eru ekki framleidd hér á landi, t.d. jurtaolíur í smjörlíki." Algjörlega gagnstæð túlkun.

Hv. þm. Egill Jónsson segir: Ef um er að ræða innflutning á viðbiti, t.d. blöndu af jurtafeiti og dýrafeiti, smjöri, Létt og laggott eða Smjörva eða einhverju slíku, þá má landbrh. verðjafna fyrir öllum landbúnaðarhráefnisþáttum, en Alþfl. segir nei, bara mjólkurfitunni af því að hún er framleidd hér á landi.

Svona er þetta. Ætla menn að ganga svona frá málinu? Ætla menn að hafa þetta svona? Hver á að eyða óvissunni? Það getur þá bara einn aðili gert ef Alþingi lætur þá niðurlægingu yfir sig ganga að afgreiða málið með þessum hætti og það eru dómstólarnir. Á Hæstiréttur að taka til við að móta landbúnaðarstefnuna í einstökum atriðum í dómum um svona óvissuatriði? Það er það sem verið er að bjóða upp á hér.

Ég bið hæstv. forsrh. í öðru lagi að nótera þetta hjá sér. Telur hann eðlilegt að Alþingi afgreiði málið með þessum hætti og undir þessum kringumstæðum? Að annar stjórnarflokkurinn fullyrði að verðjöfnunargjaldaheimildir landbrh. takmarkist við að hráefnisþættirnir sjálfir séu innlendir, hinn stjórnarflokkurinn segi að þetta gildi um allt landbúnaðarhráefni, innlent sem erlent. Hér er á ferðinni annar grundvallarágreiningur flokkanna um það hvernig beri að túlka þetta svokallaða samkomulag eða þessa svokölluðu niðurstöðu. Og það gengur auðvitað ekki að hafa málið í þessum farvegi.

Í þriðja lagi er greinilega á ferðinni mismunandi mat stjórnarflokkanna á því hvort eða í hve miklum mæli frv., eins og það er nú úr garði gert, taki til þess ástands sem kemur til sögunnar ef GATT-samningarnir, Úrúgvæ-niðurstaðan, verða lögfest hér á landi því í nál. 1. minni hluta á bls. 6 er greinilega gefið til kynna, að vísu með svolítið lopalegu orðalagi, að heimildir landbrh. muni að breyttu breytanda gilda svo langt sem þær ná með tilkomu Úrúgvæ-samninganna því þar segir:

„Taki hinn nýi Úrúgvæ-samningur gildi að því er Ísland varðar á næsta ári mun verðjöfnunargjaldaheimild landbrh. með sama hætti taka til innflutnings hinna tilgreindu landbúnaðarvara sem falla undir þann samning innan þeirra marka sem hámark verðjöfnunargjalda segir til um."

Þarna er hv. formaður landbn. að gefa í skyn með orðalaginu að þetta muni að breyttu breytanda og svo langt sem það nær jafnframt taka til niðurstöðu GATT-lotunnar verði hún lögtekin hér eins og annarra alþjóðlegra samninga. — Og svo kinkar hv. þm. kolli til að staðfesta það.

En hvað segir þá 2. minni hluti? (**Gripið fram í:** Hann hristir hausinn.) Eða hristir þá hausinn. Þannig er það. Annar kinkar kolli, hinn hristir hausinn í gríð og erg úti í þingsalnum. Það er niðurstaðan í málinu, það er taktík stjórnarflokkanna. Þegar hv. þm. Egill Jónsson kinkar kolli þá hristir Gísli Einarsson hausinn og „omvent". Þegar hv. þm. Gísli Einarsson kinkar kolli þá hristir hv. þm. Egill Jónsson hausinn. Hvorum á nú að trúa í hverju einstöku tilviki?

Annar minni hluti segir um þetta GATT spursmál í sínu áliti, og er þá ekki verið að skafa utan af hlutunum, á bls. 10:

„Formaður landbn." — þá er ekki verið að tala við neinn annan. Þar ávarpar varaformaður landbn., er það ekki rétt munað, hv. þm. Gísli S. Einarsson, formann landbn. í nefndaráliti sínu og segir, með leyfi forseta:

„Formaður landbn. telur að heimildir til álagningar verðjöfnunargjalda eigi að haldast eftir gildistöku GATT-Úrúgvæ samningsins. Með öllu er óvíst að þetta gangi upp." — Og enn fastar er nú að orði kveðið þegar svo eru í samantektinni tíundaðar helstu rangfærslur eða helsti misskilningur og villandi umfjöllun 1. minni hluta. Þá er það sagt að það sé með öllu óvíst hvort verðjöfnunargjaldaheimildir frv. standist nýja GATT-samninginn.

Svona er þetta, hæstv. forseti. Nú ætla ég að leyfa mér að biðja að hæstv. forsrh. að punkta hjá sér í hið þriðja sinnið hvort hann telji það ganga að lögfesta texta við þessar kringumstæður þar sem stjórnarflokkarnir túlka í gjörsamlega gagnstæðar áttir þriðja grundvallaratriðið í röð, þ.e. hvort og þá í hve miklum mæli lögfesting þessara ákvæða komi til með að halda gildi sínu og hafa fordæmisgildi fyrir verkaskiptingu milli t.d. fjmrh. og landbrh. þegar GATT-Úrúgvæ niðurstaðan yrði lögtekin hér.

Hæstv. forseti, ef ég leyfi mér að rifja upp aftur þessi þrjú grundvallaratriði sem ég hef með tilvitnunum í textann, og væri hægt að vitna í ræðurnar frá því á fimmtudaginn einnig, sýnt fram á að stjórnarflokkarnir eru gjörsamlega gagnstæðrar skoðunar í túlkunum sínum, þá er það í fyrsta lagi um valdssviðið þar

sem annar flokkurinn segir: Valdssviðið eru allar influttar landbúnaðarvörur. Hinn flokkurinn segir: Nei, einungis þær sem framleiddar eru á Íslandi.

Í öðru lagi segir annar stjórnarflokkurinn um samsettu vörurnar: Jöfnunargjaldaheimildir landbrh. taka til allra landbúnaðarhráefna í vörunni, hvort heldur sem er innlendar eða erlendar. Hinn stjórnarflokkurinn segir nei, eingöngu til innlendu hráefnisþáttanna. Dæmi: Eingöngu til mjólkurfitu ef um væri að ræða viðbit þar sem blandað væri saman jurtafeiti og mjólkurfitu.

Þriðja er svo þetta síðasta með gildissvið þessa frv. gagnvart GATT-samningunum.

Nú vil ég jafnframt spyrja hæstv. forsrh., vegna þess að það hefur komið fram í fjölmiðlum að hæstv. forsrh. hafi látið lesa upp í þingflokki Sjálfstfl. sérstakan fyrirvara af sinni hálfu — spurningu fjögur, hæstv. forsrh. — um það að nauðsynlegt væri í meðferð þingsins að taka af öll tvímæli og eyða allri réttaróvissu sem kynni að vaka enn þá í málinu. Þegar hæstv. forsrh. á þeim tíma sem deilur stjórnarflokkanna voru hvað illvígastar á dögunum var spurður út í framgöngu hv. formanns landbn. og hvort það væru eðlileg vinnubrögð í stjórnarsamstarfi að vera að ráðskast svona með stjfrv., þá varði hæstv. forsrh. sig sérstaklega fyrir ásökunum um að þeir væru að brjóta samskiptaheiðir í stjórnarsamstarfi gagnvart samstarfsflokknum með því að vísa til fyrirvara sem hann, hæstv. forsrh., hefði látið lesa upp í þingflokki Sjálfstfl. um nauðsyn þess að eyða óvissu.

Nú vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Sýnist honum að það hafi tekist vel til? Telur hann í ljósi fyrirliggjandi nál. 1. og 2. minni hluta og gjörsamlega gagnstæðrar túlkunar stjórnarflokkanna á a.m.k. þremur grundvallaratriðum í þessu máli að það sé í góðum farvegi?

Nú er hæstv. forsrh. löglærður maður. Telur hann að dómendum séu lagðar í hendur eðlilegar og skýrar forsendur með þeim gögnum sem liggja fyrir framan okkur? Ég á ákaflega erfitt með að trúa því að hæstv. forsrh. svari spurningunni játandi en áskil mér að sjálfsögðu rétt til þess að bregðast við þegar svörin hafa komið.

Ég sé ekki annað en málin séu komin að mörgu leyti í enn meira óefni heldur en þau hafa nokkurn tímann verið ef þetta yrði lögfest með þeim lögskýringargögnum fylgjandi sem nú er verið að leggja hér fyrir okkur. Allt svo hvorn skilninginn væru hv. alþm. að styðja með atkvæði sínu? Eru þeir að greiða atkvæði skilningi hv. þm. Gísla S. Einarssonar um að landbrh. megi eingöngu verðjafna innlendu hráefnisþættina? (**Utanrrh.:** Það segir sig sjálft.) Það segir sig sjálft, segir hæstv. utanrrh. Eða eru þeir að greiða atkvæði skilningi hv. þm. Egils Jónssonar um að landbrh. megi verðjafna þetta allt saman? Það sjá allir menn að svona er ekki hægt að gera þetta. Þetta gengur ekki. Þetta eykur á óvissuna og ringulreiðina sem þó er ærin fyrir í þessum málum. Þetta er gjörsamlega óboðlegt eins og er, gjörsamlega óboðlegt. Og það að þeir sem bera málið fram, þ.e. flutningsmenn tillögunnar, túlki hana svona gjörsamlega í gagnstæðar áttir gerir þetta auðvitað enn alvarlegra en ella. Ég er nokkuð viss um það að dómstólar hefðu tilhneigingu til þess að láta það ráða miklu ef hér væri á ferðinni einhvers konar pólitísk snerra milli stjórnar og stjórnarandstöðu, stjórnarandstöðu á einhverjum tíma sem væri þá náttúrlega óábyrgari en sú sem nú situr sem er eins og kunnugt er alveg sérlega ábyrg í sínum efnistökum og málflutningi. En segjum nú svo að kratar eða íhald væri komið í stjórnarandstöðu og væru að reyna að barna einhverja niðurstöðu ríkisstjórnar með því að skila svona gagnstæðri lagatúlkun á frumvarpstexta, þá mundu dómstólar væntanlega láta það vega nokkuð þungt að það væri þó þrátt fyrir allt vilji þeirra sem bera málið fram sem hefði þarna allt að segja. En hvað ætla menn að gera í þessu tilviki, þegar flm. tillögunnar sjálfir túlka hana gjörsamlega í gagnstæðar áttir? Þá vandast málið.

Ég veit ekki hvort menn hefðu tilhneigingu til að beita hlutfallareikningi eins og hæstv. landbrh. gerði hér með mikilli snilld þegar hann komst að þeirri niðurstöðu að af því að á samanlögðum dómstigunum í undirrétti og Hæstarétti hefðu 6 dómarar af 10 haft sömu skoðun og hann, þá væri það svona 6/10 rétt en hitt ekki nema að 4/10 rétt. Og kannski væri þá með sömu hlutfallskúnstum fundið út af því að sjálfstæðismennirnir eru þrír en hv. þm. Gísli S. Einarsson einn, að þá hefðu þeir þrisvar sinnum réttara fyrir sér en hv. þm. Gísli Einarsson, en það er varla sú formúla sem við ætlum að fara að taka hér upp við lögskýringar og dóma almennt talað í landinu. (Gripið fram í.) Já.

Nei, hæstv. forseti. Auðvitað liggur málið þannig að þetta gengur ekki svona. Ég held að stjórnarflokkunum hljóti að verða það ljóst með þessi nefndarálit í höndunum og eftir umræður hér á Alþingi sl. fimmtudag að málið er náttúrlega ekki á nokkurn hátt tækt til afgreiðslu, ekki á nokkurn hátt. Ég held að stjórnarflokkarnir eigi í raun og veru engan annan kost og Alþingi allt, ef það vill reyna að einhverju leyti að hysja upp um sig í þessu máli, að kalla þessi mál öll aftur, kalla aftur þessi nefndarálit, kalla aftur brtt., setja málið á nýjan leik til nefndar eða kalla aftur frv. í heild sinni og reyna að ná samkomulagi um alveg ný efnistök frá byrjun en svona er ekki hægt að afgreiða þetta. Ég trúi því ekki að stjórnarflokkarnir ætli frv. til atkvæðagreiðslu við þessar kringumstæður. Það er þá meira ábyrgðarleysi, það er meiri ræfildómur gagnvart þessari stöðu sem upp er komin heldur en maður hefur horft framan í í annan tíma.

Það er auðvitað alveg ljóst að réttaróvissan, sem mjög er í tísku að tala um í dag og vitna til, vex með þessum hætti vegna þess að nú er þessi ágreiningur og þessar gjörsamlega gagnstæðu túlkanir þó komnar upp á yfirborðið og inn í þingskjöl sem rökstuddar túlkanir stjórnarflokkanna á þessu máli þannig að þetta eru ekki bara einhverjar prívatskoðanir sem einhverjir og einhverjir hafa úti bæ á að það sé hægt að túlka lögin svona og hinsegin. Nei, þetta eru orðin skjalfest lögskýringargögn. Og þar af leiðandi er óvissan meiri en ekki minni ef svo heldur fram sem horfir.

Þess vegna er það nú, hæstv. forseti, að það varð niðurstaða stjórnarandstöðunnar í landbn. að flytja

þann lagatexta, sem orðin var þokkaleg sátt um í nefndinni að slepptum fulltrúa Alþfl., áður en stjórnarflokkarnir fóru að sjóða saman þessa moðsuðu sem nú er flutt og túlkuð með þessum hætti af hv. þm. Agli Jónssyni, Gísla S. Einarssyni og fleirum.

Út af fyrir sig er það svo að það má líka deila um það hvort sá frágangur sé nógu skýr, sérstaklega í ljósi þessara tilburða til lögskýringa. Að einu leyti er hann þó frábrugðinn því að er alveg ljóst, bæði samkvæmt orðanna hljóðan og af texta þess frv., sem lögfræðingarnir unnu fyrir landbn. og upphaflega var dags. 24. febr., að það er skýrt að það tekur til ástandsins eftir tilkomu GATT jafnt og fyrir. Það er algjörlega skýrt. Í greinargerð með því frv. sem fylgdi frá lögfræðingunum var alveg ljóst að því er ætlað að taka til þess með því að það er vitnað til útreikningsverðsins sem er einn af grundvöllum Úrúgvæ-GATT samninganiðurstöðunnar.

Það er í öðru lagi ljóst að með því að fallast á kröfu Alþfl. um að inn í brtt. á þskj. 672 komi orðin „og jafnframt eru framleiddar hér á landi" er verið að gefa lagatúlkun Alþfl. rökstuðning. Væri ekki fallist á þá breytingu eins og við leggjum til í okkar brtt., þá hrynur auðvitað sú lagaskýring eða túlkun, sem fulltrúi Alþfl. í nefndaráliti 2. minni hluta er að halda fram, að verðjöfnunargjaldaheimildir landbrh. taki eingöngu til innlendu búvörunnar og eingöngu til þeirra hráefnisþátta sem jafnframt eru framleiddir hér. Sú lögskýring Alþfl. byggir á því að hv. þm. Egill Jónsson fellst á það að flytja þessa brtt. með hv. þm. Gísla S. Einarssyni og opnar þar með leið fyrir þá lagatúlkun Alþfl. að valdsvið landbrh. sé þrengt með þessum hætti.

Í öðru lagi fellst hv. þm. Egill Jónsson á það að tölul. 2.4 í brtt. um útreikningsverðið samkvæmt GATT falli brott og þar með sömuleiðis að auka á óvissuna um að þetta frv. haldi gagnvart því þegar GATT-Úrúgvæ niðurstaðan kemur til framkvæmda.

Það er því enginn vafi á því að gagnvart þessum grundvallarágreiningsmálum sem ég hef farið hér yfir, þremur meginatriðum, þá ganga brtt. meiri hlutans — eða þeirra hv. þm. sem reyndar náðu ekki að mynda meiri hluta því að hv. þm. Eggert Haukdal styður ekki málið eins og það er nú orðið — í þá átt að undirbyggja málflutning Alþfl. um þessi þrjú atriði. Það er alveg ljóst. Því getur hv. þm. Egill Jónsson ekki neitað. Að því leyti til eru brtt. stjórnarandstöðunnar miklu betri því að þær eyða þó óvissunni í grundvallaratriðum hvað þetta snertir. Síðan má auðvitað um ýmislegt deila í því sambandi.

Ég held, hæstv. forseti, að ég þurfi í sjálfu sér ekki að fara út í frekari rökstuðning um þetta. Þetta liggur alveg skýrt fyrir. Ég hvet menn til þess að bera saman brtt. á þskj. 702 og 672. Þær eru fyrst og fremst ólíkar um tvennt, þ.e. að inn í brtt. stjórnarliðanna fjögurra koma að kröfu Alþfl. þessi orð í upphaf 72. gr.:

„... viðauka I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi."

Og töluliður 2.4 í 2. gr. breytist þannig að í staðinn fyrir „Útreikningsverð samkvæmt GATT" kemur: „Viðmiðunarverð sem birt er sem heimsmarkaðsverð einstakra landbúnaðarhráefna ..." Þar með er fallin út tilvísunin til útreikningsverðsins á viðmiðunarárunum sem GATT-Úrúgvæ tekur til, 1986–1988, og tilvísunin týnd í lagatextann sem auðvitað hlýtur að veikja stöðu landbrh. þegar þar að kemur að vísa í þennan texta sem fordæmi um það að hann skuli hafa þetta verk jafnframt þó að GATT komi til framkvæmda. Ég hirði ekki um að rökstyðja þetta frekar. Ef menn hafa áhuga á því, þá er ég tilbúinn og albúinn í það en ég hygg að þess þurfi ekki.

Þetta mál, hæstv. forseti, eins og ég hef nú farið yfir það er alveg með ólíkindum. Það eru búnar að standa stanslausar illdeilur milli stjórnarflokkanna um þessi landbúnaðarmál auðvitað meira og minna. Þær náðu vissu hámarki hér í fyrravor þegar hæstv. forsrh. komst inn á spjöld Íslandssögunnar með því að rjúka upp úr sæti sínu svo að segja í miðri ræðu forseta Alþingis og slíta þinginu og reka menn heim til þess að afstýra því að ríkisstjórnin spryngi í loft upp eins og kunnugt er. Síðan er búið að ganga á með endalausum uppákomum í þessum málum sem hafa verið niðurlægjandi, ekki bara fyrir ríkisstjórnina heldur fyrir stjórnkerfið og í raun fyrir löggjafann. Allir eiga þarna orðið um sárt að binda að mínu mati. Ráðherrarnir hafa beitt löggæslunni hver á annan, utanrrh. heimilar innflutning einn daginn sem fjmrh. lætur löggæsluna, tollgæsluna upphefja daginn eftir. Er þetta réttarríki sem við búum í? Og stjórnarliðar talast svo við eins og raun ber vitni hér í nefndarálitunum.

Ég náði mér í til gamans ef svo má að orði komast því að margt er nú gamanið, blaðaúrklippurnar um þessa búvörudeilu núna bara síðustu vikurnar. Það er þessi bunki hér. Þetta er Dagblaðið, Morgunblaðið, Alþýðublaðið, Dagur, Tíminn og Vikublaðið, allt úrklippur um búvöruþrætu ríkisstjórnarinnar og er alveg kostuleg lesning á köflum. (Gripið fram í.) Það væri nú gaman að renna aðeins yfir það. Það er auðvitað fjallað hérna um ýmislegt fleira eins og hita yfir frostmark o.s.frv. miðvikudaginn 14. febr. en það kemur málinu ekki mikið við. (**Gripið fram í:** Það má taka það líka.) Það var hins vegar ekki hiti yfir frostmark í stjórnarsamstarfinu.

Skemmtilegastar eða kannski ætti maður að segja grátbroslegastar eru þó hetjuyfirlýsingar hv. þm. Egils Jónssonar þegar hann var á sem mestu flugi og sem mestri siglingu og ætlaði aldrei að renna undan krötunum og er það satt best að segja í ljósi þess sem síðar varð harla ólánlegt að fara yfir það. Hér segir t.d. hv. þm. Egill Jónsson um búvörufrv. og þetta er 22. febr.:

„Engar efnislegar breytingar. Tillögurnar taka til allra alþjóðlegra samninga. Það verða engar efnislegar breytingar gerðar á búvörulagafrv." sagði Egill Jónsson, bara sisvona. Niðurstaðan er sú sem ég hef hér rakið. Brtt. meiri hlutans ganga í þá átt að verða við kröfum Alþfl. en hvort sem mönnum líkar það betur eða verr, þá er það nú þannig að Alþfl. vill greinilega frekar en ekki viðhalda sem mestri óvissu um málið og tefla síðan áfram í þeirri stöðu að það sé óútkljáð. Það

er greinilega tilgangurinn hjá Alþfl. Að svo miklu leyti sem hann fær ekki sitt beinlínis fram þá vill hann viðhalda þessari óvissu, t.d. um valdsvið landbrh. til að geta áfram fiskað í því vatni og róið á þau mið. Og ég tel að með uppgjöf sinni sé hv. formaður landbn., hv. þm. Egill Jónsson, að leggja Alþfl. lið í þessu efni, ekki viljandi, það hvarflar ekki að mér eitt augnablik að ætla hv. þm. Agli Jónssyni það. En því miður er það svo að þrátt fyrir góðan hug hans til landbúnaðarins, sem ég dreg ekki í efa, þá er þetta að verða niðurstaðan ef þessi ósköp verða lögfest hér. Því hvað gerist? Menn láta reyna á þetta með einum eða öðrum hætti á næstu mánuðum og það verða hérna bullandi dómsmál og átök um þetta áframhaldandi. Það er borðleggjandi. Að sjálfsögðu munu þau fyrirtæki og þeir hagsmunaaðilar sem telja sig vera þannig stadda í málinu láta reyna á möguleika sína til að fá dæmt sér í hag í ljósi þeirrar óljósu stöðu og óvissu sem uppi er í málinu. Skárra væri það nú.

Auðvitað er það alveg augljóst mál að ríkisstjórnin sem slík er óstarfhæf í þessu máli. Hafi það verið einhver vafi, þá liggur hann núna fyrir. Ríkisstjórnin er með skjalfestum hætti að gefast upp. Nú fer það inn í þingtíðindin, bæði umræðuheftin og þingskjalaheftin, að ríkisstjórnin hefur gefist upp við að reyna að ná samkomulagi í þessu máli. Hún afgreiðir það einfaldlega frá sér í bullandi ágreiningi og kýs að túlka niðurstöðuna gjörsamlega í gagnstæðar áttir í veigamiklum atriðum og ætlar bara að halda áfram þannig, það verður ekki annað séð. Og svo verður væntanlega framtíðin sú að dómstólarnir verða dæmandi sitt á hvað, og þeim er mikil vorkunn að ætla að reyna að greiða úr þessari flækju eins og hún er orðin, og þá kemur upp sú staða sem varð hér í haust að þegar landbrh. veitti betur í undirrétti þá kom hann í fjölmiðlana hinn hróðugasti og sagði: Sjáið þið, ég hafði rétt fyrir mér. Fjmrh. kom og sagði: Sjáið þið, ég hafði rétt fyrir mér. Innflutningur kjúklingalappanna eða hvað það nú var sem utanrrh. heimilaði um Keflavík var ólöglögur, var lögbrot, sagði hæstv. fjmrh. hér í svari við fyrirspurn rétt fyrir jólin. En hvað gerist svo? Kemur ekki Hæstiréttur og dæmir alveg „omvent" og þá fer utanrrh. í fjölmiðlana heldur en ekki hróðugur og segir: Ég hef rétt fyrir mér. Landbrh. og fjmrh. eru lögbrjótar. Þeir voru að brjóta á þessum ágætu mönnum sem eiga sér þá hugsjón að flytja kalkúnalappir inn til Íslands þannig að menn geti hér brutt kalkúnalappir fyrir atvinnuleysisbæturnar sínar. Og það er náttúrlega við hæfi í tíð þessarar ríkisstjórnar að það fari saman.

En ætla menn að hafa þetta bara svona áfram? Já. Svarið er já. Þeir ætla nefnilega að hafa þetta svona áfram. Niðurstaða málsins eins og það kemur út úr landbn. er skýr að einu leyti. Að einu leyti er hún skýr. Stjórnarflokkarnir ætla að hafa þetta svona áfram. Þeir ætla bara að lofa því að ráðast tilviljanakennt í einstökum dómsmálum, í undirrétti eða Hæstarétti hver landbúnaðarstefnan verður í hinum einstöku atriðum. Ganga frá lagatextanum með gjörsamlega mismunandi túlkunum og láta þetta bara hafa sinn gang. Og það er, hæstv. forseti, eins og ég sagði í upphafi, í rökréttu samhengi við eitt sem flokkarnir urðu þó sammála um og það var það að sitja. En eins og kunnugt er var það hin merka niðurstaða af fundi hæstv. forsrh. og utanrrh. laugardaginn 19. febr. að þrátt fyrir það að þeir væru ósammála um landbúnaðarmálin og flesta hluti reyndar orðið og tali lítið saman eins og kunnugt er, þá voru þeir þó sammála um eitt og það er að sitja. Það er merkisniðurstaða og mjög í anda þessa stjórnarsamstarfs eins og það er nú orðið.

Hæstv. forseti. Síðan þarf ég aðeins í lokin að víkja lítillega að orðaskiptum sem urðu milli hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. um málefni garðyrkjunnar og svonefndan cohesion-lista, en ég ætlaði eiginlega fyrst að eiga aðeins betur orðastað við hv. þm. Egil Jónsson. Það er spurning hvort hann er mjög vant við látinn. (Gripið fram í.) Mér heyrðist að Egill á Hnjóti væri að biðja um hann í símann og það er út af fyrir sig mjög mikilvægt að Egill á Seljavöllum tali við nafna sinn á Hnjóti. Ekki ætla ég svo sem að leggjast gegn því. En samt er það nú svo að ég á aðeins eftir að eiga orðastað við hv. þm.

Ég geymi það þá bara og sný mér aðeins að þessu sem þeir voru að ræða, hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh., um svonefndan cohesion-lista og reyndar ber þá vel í veiði að svara aðeins áburði sem uppi hefur verið á ýmsum vígstöðvum af og til um það að vondir menn í tíð fyrri ríkisstjórnar hafi borið hagsmuni Íslands alveg sérstaklega fyrir borð á öndverðu ári 1991 og þar hafi sú ógæfa orðið sem núna sé að verða garðyrkjunni í landinu þyngst í skauti og er þá gjarnan svona óbeint og stundum beint eins og í blaðagrein eftir hv. þm. Árna Johnsen með meiru, látið að því liggja að sá sem hér talar hafi alveg sérstaklega brugðist landbúnaðinum við þessar aðstæður. Málflutningurinn gengur í grófum dráttum út á það að varðandi samning sem tók ekki gildi fyrr en 1. jan. 1994, þá hafi orðið einhver þau slys í könnunarviðræðum um þann samning strax snemma á árinu 1991 að þeir menn sem þá sátu í ríkisstjórn séu sökudólgarnir jafnt þótt þeir hafi síðan metið viðkomandi samning það óhagstæðan að þeir hafi lagst gegn honum og greitt atkvæði gegn honum. Nei, en þeir skulu samt bera ábyrgðina. En hinir sem studdu hann þvo hendur sínar og segja: Það voru einhverjir vondir menn fyrr á öldinni sem stóðu í viðræðum við Evrópubandalagið og klúðruðu þessu öllu. Þetta er málflutningurinn. Þess vegna eigið þið, góðir garðyrkjubændur, nú um sárt að binda. Þetta er náttúrlega í fyrsta lagi að hafa algjöran viðsnúning á hlutunum því að þeir sem bera hina pólitísku og efnislegu ábyrgð á þessum samningi eru þeir sem greiddu honum atkvæði hérna á Alþingi að lokum og ekki aðrir. Þeir sem greiddu atkvæði gegn honum tóku þar með afstöðu og standa ábyrgir að því að hafa gert það en ekki öðru og vilji menn skamma okkur fyrir eitthvað sem lögðust gegn þessum samningi, þá er það fyrir þá afstöðu. Það geta menn gert og verið okkur ósammála eins og þeir vilja. Ég ætla ekki að fara út í að ræða hérna um moðsuðuliðið sem sat hjá. Það geta aðrir séð um. Það stendur öðrum nær en

mér, en svona er þetta um garðyrkjuna.

Í öðru lagi er það svo þannig að það er rangt, það er lygi að landbrn. í minni tíð hafi nokkurn tíma í nokkru tilviki gefið nokkuð eftir gagnvart innflutningi á grænmeti eða suðrænum ávöxtum eða öðrum vörum sem undir landbúnaðinn heyra. Frá þeim málum var gengið miklu síðar og mér þætti vænt um að hæstv. utanrrh. legði eyrun við og vonandi er hæstv. landbrh. einhvers staðar nálægur því mér er satt best að segja farinn að leiðast þessi málflutningur. Ég hef ekki nennt mikið að svara þessum fáránlegu tilburðum stjórnarliða sem nú eru með vonda samvisku út af því að garðyrkjan er að hrynja en þegar ég sé að þetta er farið að ganga aftur í blaðagreinum á Suðurlandi og víðar, þá er líklega tími til kominn að fletta svolítið ofan af þessu. Og hver er staðreynd málsins? Það var ekki gengið frá neinu í þessu máli fyrr en núv. ríkisstjórn var búin að sitja í marga mánuði og hún ber ábyrgðina. Og ef hæstv. utanrrh. vill að ég fari í skjalasafnið, þá skal ég gera það. Þá kemur ýmislegt í ljós líka um samningatækni utanrrn. Staðreyndin er sú að í minni tíð í landbrn. var aldrei ljéð máls á því að opna innflutning á neinum vörum sem bannaðar voru á þeim tíma. Það kom aldrei til álita að fallast á slíkt á meðan ég var í landbn. Ég skrifaði undir búvörusamning við bændur 11. mars. Í þeim búvörusamningi er gengið út frá því að hagsmunum íslensks landbúnaðar sé ekki raskað með nýjum ákvörðunum um innflutning, það er 9. gr. samningsins. Hún er alveg ótvíræð.

Og hvernig var staða þessara mála í október 1991, hálfu ári eftir að núv. ríkisstjórn settist að völdum? Það er best að fara yfir það og vonandi dugar það, þau skjöl sem ég hef þar í höndunum til þess að menn hætti þessum útúrsnúningum og hætti að reyna að bjarga sér gagnvart íhaldsmönnum á Suðurlandi með því að kenna mér um það að garðyrkjan í landinu sé að hrynja því að það er lygi. Ég ber enga ábyrgð á því. Það gera hins vegar þeir sjálfstæðismenn sem styðja þessa ríkisstjórn og greiddu atkvæði með samningnum og aðrir slíkir.

8. okt. 1991 skrifaði utanrrn. landbn. bréf sem var svar við bréfi frá þeim aðila dags. daginn áður, 7. okt. Og hvað stendur í því bréfi? Hæstv. forseti, það upplýsir talsvert um stöðu málsins. Hálfu ári eftir að núv. ríkisstjórn tók við og yfirtók ábyrgðina á því sem eftir var í málinu, þá er staða þessa máls, cohesion-listans og viðræðnanna um landbúnaðinn eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Í bréfi landbrn. dags. 7. þessa mánaðar er spurst fyrir um stöðu svonefnds cohesion-tilboðs af hálfu Íslands í EES-viðræðunum."

Takið eftir. Landbrn. er 7. okt. 1991 að spyrja utanrrn. um stöðu þessa lista og svo svarar utanrrn.:

„Það er skemmst frá að segja að framan af samningaviðræðum var ekkert tilboð lagt fram af Íslands hálfu vegna þess að EB hafði ekki lagt fram tillögur um tollfrjálsan aðgang sjávarafurða." — Samningatækni hæstv. utanrrh., gott og vel. — „Munnlega var þó gefið til kynna að hægt væri að koma til móts við kröfur EB að verulegu leyti ef viðunandi lausn fengist fyrir sjávarútveg, enda var aðallega um að ræða afurðir frá Suður-Evrópu sem ekki eru í beinni samkeppni við íslenskan landbúnað.

Í síðustu samningalotu fyrir sumarleyfi" — og þar er átt við mitt sumar 1991, takið eftir. — „Í síðustu samningalotu fyrir sumarleyfi var þó ákveðið að reyna að greiða fyrir samningum með því að gefa skriflega vísbendingu um það hversu hagstætt tilboð Ísland gæti lagt fram ef ýtrustu kröfum þess á sjávarútvegssviðinu væri fullnægt."

Um mitt sumar er verið að gefa EB til kynna hversu hagstætt tilboð Ísland gæti lagt fram ef gengið yrði að ýtrustu kröfum okkar um sjávarútvegsmál. Bendir það til þess að málið hafi verið afgreitt? Nei. Og síðan segir:

„Þar er tekið fram að Ísland geti veitt tollfrjálsan aðgang án magntakmarkana fyrir þær afurðir sem EB hafi tilgreint sem sérstök áhugamál Suður-Evrópuríkja." — Fram að þeim tíma hafði þessi listi aldrei verið annað en krafa Evrópubandalagsins. Ísland hafði ekki svarað honum samkvæmt þessu skjali frá utanrrn. nema munnlega gefið í skyn hluti ef gengið yrði að ýtrustu kröfum okkar um sjávarútvegsmál.

Og áfram segir: „Þar er tekið fram að Ísland geti veitt tollfrjálsan aðgang án magntakmarkana fyrir þær afurðir sem EB hafi tilgreint sem sérstök áhugamál Suður-Evrópuríkja. Þetta mundi þó aðeins gilda árstíðabundið fyrir blóm og ýmsar tegundir grænmetis. Ljósrit þessa skjals fylgir hér með."

Og enn segir, og þetta er 8. okt. 1991: „Það verður að meta það sérstaklega á lokastigi samninga hvort EB getur boðið svo vel á sjávarútvegssviðinu að formlega verði gengið frá samningum samkvæmt þessum vísbendingum."

Síðan hef ég þetta skjal undir höndum sem Evrópubandalaginu var sent — hvenær? 10. júlí 1991. Og þetta var ekki tilboð, það kemur skýrt fram hér í gögnum utanrrn. Þetta er ekki tilboð, nei. Það er verið að gefa Evrópubandalaginu í skyn hvað Ísland kunni hugsanlega að geta fallist á ef viðunandi úrlausn fáist um sjávarútveginn og þetta er 10. júlí 1991. Ég veit ekki hvort það er viðeigandi, hæstv. forseti, að fara að lesa þetta upp á ensku, enda skiptir það ekki máli því að í þýðingunni í bréfi utanrrn. kemur þetta í raun og veru efnislega fram, en það segir þó á frumtextanum sem fór til íslensku sendinefndarinnar í Brussel og þaðan til Evrópubandalagsins:

„Iceland would be prepared to offer duty-free access without quantitative restrictions for all products listed in the paper tabled by the EC in the EEA negotiations dated 13.11.1990. The products marked with an asterisk however only during the months specified in the enclosed copy of the EC request paper."

Síðan fylgir sá listi hér með merktur með svigum og þar eru tómatarnir og gúrkurnar og paprikurnar og hvað það nú er. Með öðrum orðum, þegar Ísland er að skiptast á skjölum við Evrópubandalagið um mitt sumar 1991 og þegar utanrrn. er í október 1991 að svara landbrn. þá líta þeir svo á að það hafi aldrei verið neitt tilboð gert af Íslands hálfu um þessa hluti. Hvernig í

ósköpunum má það þá vera að landbrh. sem yfirgaf það ráðuneyti 30. apríl beri alla ábyrgð á þeirri stöðu sem garðyrkjan er í í dag? Það er auðvitað rugl og þvættingur að vera með svona dellumakarí og útúrsnúninga. (**Utanrrh.:** Hv. þm. má til með að snúa þessu á íslensku.) Það getur hv. þm. gert. Ég æfði mig nú einu sinni í því að þýða beint af dönsku hér í þessum ræðustóli við mikla hrifningu í salnum eins og kunnugt er. En ætli þetta skiljist nú ekki samt og dugi. Auðvitað má fá löggiltan skjalaþýðanda til að fara í þetta ef menn vilja, þ.e. ef menn nenna að halda þessu áfram. Og nú ætla ég bara að leggja spurningu fyrir hv. sjálfstæðismenn: Nennið þið að halda þessu áfram? Viljið þið halda þessu áfram? Það er bara í góðu lagi af minni hálfu. Ég hef þegar undir höndum meira en nóg af skjölum sem sýna að það var ekki gengið frá þessu máli á einn eða neinn hátt fyrr en löngu eftir að ég fór úr ráðuneytinu. Fyrir nú utan það sem ég byrjaði á að minna menn á að sá sem hér stendur greiddi atkvæði gegn þessum samningi með góðri samvisku. (**StG:** Það eru engir sjálfstæðismenn í salnum, þetta eru allt framsóknarmenn.) Ég tel ágætt að hv. þm. Eggert Haukdal, sem er með ógurlegt samviskubit yfir því (**Gripið fram í:** Hann er ekki sjálfstæðismaður.) að Sjálfstfl. leiddi Alþfl. inn í Stjórnarráðið, viti nú hvernig í pottinn er búið. (**EH:** Þegar hann var búinn að nota ykkur, þá tók hann Sjálfstfl.) Jú, en eins og ég minni hv. þm. gjarnan á, þá byrjuðu þessi ósköp því miður fyrr, 1987. Þá gekk Sjálfstfl. í það óþurftarverk með Framsfl. að taka Alþfl. inn í Stjórnarráðið þannig að sá veldur miklu sem upphafinu veldur, hv. þm. Eggert Haukdal. (Gripið fram í.) Og er það nú ekki þannig að hv. þm. Eggert Haukdal hafi stutt á ríkisstjórn? Við tókum hins vegar við þrotabúinu og Alþfl. fylgdi með og það var ekki úr góðu að ráða haustið 1988 eins og uppleggið hafði verið. Þannig er þetta nú, hv. þm.

Hæstv. forseti. Ég mátti til með að taka hér aðeins tíma í að svara þessu af því að þeir hæstv. landbrh. og síðan hæstv. utanrrh. fóru út í orðaskipti um þennan cohesion-lista. (**Utanrrh.:** Ég var að verja þig.) Og hæstv. utanrrh. reyndar — já, vék góðum orðum að mér og mínu starfi á þessu sviði á sínum tíma og það þótti mér út af fyrir sig vænt um því að ég reyndi að sinna þessum málum vel á meðan ég var í ráðuneytinu. Ég t.d. lagði mikla vinnu í það að landbrn. fylgdist með GATT-viðræðunum eins og ég veit að hæstv. utanrrh. man. Ég taldi þá þegar ljóst á árinu 1990 að niðurstaða GATT-viðræðnanna gæti skipt miklu fyrir íslenskan landbúnað og ég var t.d. eini íslenski ráðherrann sem sat allan áætlaðan lokafund GATT-viðræðnanna í Brussel haustið 1990. Þar varð hins vegar ekki niðurstaða og er það önnur saga.

En sem sagt, ég er hér með allmikinn skjalabunka, hæstv. forseti, með bréfum úr landbrn., utanrrn., gögnum frá Stéttarsambandi bænda og fleiri aðilum sem taka yfir þennan tíma frá því haustið 1990 og fram á mitt ár 1991 og reyndar út það ár og ég er alveg albúinn í þessa umræðu ef menn vilja halda henni áfram. Ef Sjálfstfl. með móral út af því að vera að leggja garðyrkjuna í rúst vantar sökudólg, þá sting ég upp á því að hann leiti hans annars staðar en hjá undirrituðum.

Og því ekki að líta í eigin barm augnablik og gæti það ekki líka verið að sumir forsvarsmenn garðyrkjunnar þyrftu að hugsa sig um hvort þeir brugðust e.t.v. skynsamlega við því þegar þeim voru kynnt áform um stóraukinn innflutning á grænmeti sumarið 1991. Og ætli það sé ekki fullseint fyrir þá menn að koma nú og ætla að finna nýjan sökudólg í fyrrv. landbrh.

Að lokum, hæstv. forseti, var ætlunin að gerast hér bókmenntalega sinnaður sérstaklega til heiðurs hv. þm. Agli Jónssyni því þannig er að ég tel að hann hafi farið nokkuð slæma ferð í þessu máli og varð þá fyrir mér að góðra manna ábendingu Eyrbyggja. Og verður nú lesið úr Eyrbyggju. Þar segir frá því að Þorbrandur bóndi í Álftafirði átti þræl þann er Egill sterki hét. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að fá Egil í salinn?) Væri nú mikið gagn að því að hv. þm. Egill á Seljavöllum kæmi í salinn ef hann er þá ekki í símanum að tala við Egil á Hnjóti. (Gripið fram í.) En sem sagt, þetta er svona og tel ég að dæmisaga þessi úr Eyrbyggju sé nokkuð lýsandi fyrir það sem hér hefur gerst að Þorbrandur bóndi í Álftafirði átti þræl þennan er Egill sterki hér.

Nú er það þannig að í Eyrbyggju segir nokkuð af deilum Þorbrands og sona hans við þá Breiðvíkinga og voru það miklar deilur. Breiðvíkingar voru menn rammir að afli, t.d. þeir bræður Björn og Arinbjörn. Þeir þóttu eigi hæfir að leikum fyrir afls sakir nema þeir lékust við sjálfir. Þeir voru svo aflrenndir að það var ekki öðrum við þá eigandi. Nú segir þar að þetta sama haust ræddu þeir Þorbrandssynir við Egil þræl sinn að hann skal fara út til knattleikanna og drepa nokkurn af Breiðvíkingum, Björn eða Þórð eða Arinbjörn með nokkru móti en síðan skal hann hafa frelsi. Með öðrum orðum, hann skal vinna sér það til frelsis að drepa nokkra af þeim Breiðvíkingum og segir ekki af því meir að Egill eftir nokkra umhugsun tekst á hendur ferðina. En það er að segja af ferð Egils að hann fór út um fjörðu og upp á fjall fyrir innan Búlandshöfða og svo suður yfir fjallið og stefndi svo að hann gekk ofan í skarð að Leikskálum. Leyndist hann þar um daginn og sá til leiksins en þeir Breiðvíkingar voru að leikum þegar þetta gerist. Bíður nú Egill þræll uppi í fjallinu og leynist á meðan leikurinn gengur lengi dags. En svo fer hann að lengja eftir þessu og kemur þar sögunni að enn er eigi lokið leiknum, en dagurinn var mjög áliðinn og tóku nú eldarnir mjög að brenna. (**Gripið fram í:** Var það þriðjudagur?) En skálinn var fullur af reyk — ekki kemur nú skýrt fram hvort þetta var þriðjudagur, einn af þessum óláns-þriðjudögum sem hæstv. sjútvrh. harmar svo mjög. En skálinn var fullur af reyk og stefnir Egill þangað en hann hafði stirðnað mjög á fjallinu.

Egill hafði skúfaða skóþvengi sem þá var siður til og hafði losnað annar þvengurinn og dragnaði skúfurinn. Gekk þrællinn þá inn í forhúsið. En er hann gekk í aðalskálann vildi hann fara hljóðlega því að hann sá að þeir Björn og Þórður sátu við eld og ætlaði Egill nú á lítilli stundu að vinna sér til ævinlegs frelsis. Og er

hann vill stíga yfir þröskuldinn, þá sté hann á þvengjarskúfinn þann er dragnaði. Og er hann vildi hinum fætinum fram stíga, þá var skúfurinn fastur og af því reiddi hann til falls og fell hann innar á gólfið. Varð það svo mikill dynkur sem nautsbúk flegnum væri kastað niður á gólfið. Þórður hljóp upp og spurði hvað fjanda þar færi. Björn hljóp upp og að honum og fékk tekið hann áður en hann komst á fætur og spyr hver hann væri. Hann svarar: „Egill er hér, Björn félagi," segir hann. Björn spurði: „Hver er Egill þessi?" „Þetta er Egill úr Álftafirði," segir hann. Þórður tók sverð og vildi höggva hann. Björn tók þá Þórð og bað hann eigi svo skjótt höggva manninn. „Viljum vér áður hafa af honum sannar sögur." Settu þeir þá fjötur á fætur Agli. En um kveldið er menn komu heim til skála segir Egill svo að allir menn heyrðu hversu ferð hans hafi ætluð verið. Sat hann þar um nóttina en um morguninn leiddu þeir hann upp í skarðið — það heitir nú Egilsskarð — og drápu hann þar.

Verður nú ekki meira lesið úr Eyrbyggju (**StG:** Enda hefur sessunautur Egils gengið úr sæti sínu.) enda gerast nú ýmsir órólegir í salnum. En ég tel að þessi för Egils sem var ekki góð og hlaut illan endi sé nokkuð lýsandi um það sem hér hefur gerst. Við vonum að sjálfsögðu að hún gangi ekki að öllu leyti eftir, en þó er það nú þannig samt að ekki verða allar ferðir til fjár. Og ég hygg nú að þetta ferðalag Sjálfstfl. með Alþfl. í landbúnaðarmálum verði ekki til mikillar blessunar fyrir okkur ef svo heldur sem horfir og ætla ég ekki að orðlengja þetta frekar, enda vandi að komast betur að orði en hér hefur verið mælt upp á síðkastið og þakka gott hljóð. (**JGS:** Var þingmaðurinn að vísa í eigin ræðu?) Nei, nei. Eyrbyggju.

[16:28]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Mér væri þökk á því ef hæstv. ráðherrar, forsrh., utanrrh. og landbrh., yrðu hér í salnum og viðlátnir meðan ég flyt mitt mál sem tekur ekki langan tíma og ég mun ekki lesa hér upp úr snilldarbókmenntum eða segja dæmisögur.

Það er búið að ræða þessa deilu í alllöngu máli og fara efnislega yfir hana, sérstaklega af síðasta ræðumanni, mjög ítarlega. Kjarni deilunnar er forræði um álagningu verðjöfnunargjalda. Ég held að í umræðunni manna á meðal og líka hér í þinginu hafi menn rugl að saman tollum og verðjöfnunargjöldum en á þessu tvennu er ekki lítill munur. Tollar eru í eðli sínu fjárheimta í ríkissjóð. Eðli verðjöfnunargjalda er allt annað. Eðli verðjöfnunargjalda er ekki tekjuöflun fyrst og fremst, heldur er það jöfnun á samkeppnisstöðu innfluttrar vöru og innlendrar. Það er eðlilegt að ákvörðun tolla og tollskráin heyri undir fjmrn. og það er jafneðlilegt að jöfnunargjöld séu ákvörðuð í fagráðuneytinu. Það er heila málið. Það er eðlilegt að landbrn. ákvarði verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur og vörur sem þeim geira heyra og það er jafneðlilegt að það sé iðnrn. sem ákvarði verðjöfnunargjöld á iðnaðarvörur til þess að jafna samkeppnisstöðu innlends iðnaðar.

Því miður komst meiri hluti Hæstaréttar að þeirri niðurstöðu að innflutningslögin væru æðri búvörulögum. Það verður að viðurkennast að Alþingi hefur ekki gætt lagasamræmis. Því miður hefur Alþingi ekki enn komið sér upp lagaráði eins og ég hef lagt til. Ef lagaráð hefði verið að störfum á vegum Alþingis þá hygg ég að þetta slys hefði ekki komið fyrir. Það er mikill ábyrgðarhluti að gæta þess ekki við lagasetningu að lög stangist á og það er nauðsynlegt að lög séu skýr þannig að hægt sé að dæma eftir þeim og fara eftir þeim.

En það sem ég vil gera fyrst og fremst að umræðuefni er hin pólitíska hlið þessa máls sem mér finnst að skipti verulegu máli. Hún skiptir verulegu máli fyrir lýðræðið og fyrir þingræðið í landinu. Það liggur fyrir að u.þ.b. 50 af 63 þingmönnum hafa ákveðna skoðun á hvernig þessu máli skuli hagað. Hins vegar eru 10–13 þingmenn annarrar skoðunar. Mér sýnist að þeir séu í miklum minni hluta í löggjafarsamkomunni. Eiga þessir 13 að ráða niðurstöðu Alþingis? Eiga þessir 13 að ákveða það hvernig lögin hljóða? Ég tel að það sé ekki og það sé gagnstætt eðli þingræðisins og farið aftan að siðunum. Og með því að láta þá komast upp með það þá er verið að grafa undan þingræðinu í landinu, hvorki meira né minna. Ef lítill minni hluti ræður niðurstöðu þvert ofan í vilja aukins meiri hluta.

Nú er ég ekki að gera lítið úr þessum minni hluta, þar eru stæltir og öflugir menn, þingmenn Alþfl. plús fjmrh. og e.t.v. einn eða tveir sjálfstæðismenn sem hugsanlega gætu fylgt fjmrh. í eyðimerkurgöngu hans með Alþfl. En Alþfl. á öflugan og ráðsnjallan foringja, hæstv. utanrrh., og hann tók til sinna ráða. Hæstv. utanrrh. er ekkert mjög hollur landbúnaði og iðulega hefur maður það á tilfinningunni þegar maður athugar verk hans að hann vilji íslenskan landbúnað feigan. Verkin hans tala nefnilega. Hann gortar af því í fjölmiðlum og þar sem hann kemur orði að að hann hafi komið stefnu Alþfl. í landbúnaðarmálum í framkvæmd í gegnum starf sitt sem utanrrh., í gegnum samninga um Evrópskt efnahagssvæði, í gegnum samninga Úrúgvæ-lotu GATT-samninganna. Hann hefur í þessum störfum fórnað hagsmunum íslensks landbúnaðar og hann hefur gengið miklu lengra í því að ganga gegn hagsmunum íslensks landbúnaðar heldur en samningamenn, utanríkisráðherrar og utanríkisviðskiptaráðherrar annarra Norðurlanda t.d. hafa gengið gegn hagsmunum landbúnaðar í sínum löndum. Yfirleitt hafa ráðherrar þeirra þjóða sem hafa verið með okkur í samfloti í þessum samningum reynt að gæta hagsmuna landbúnaðar landa sinna. Og það tel ég að þeim hafi borið skylda til. Mér er það minnisstætt að í utanrmn. spurðum við starfsmann utanrrn., sem heitir Pétur Thorsteinsson, hvers vegna Íslendingar hefðu ekki haldið fram tiltekinni kröfu eins og aðrar Norðurlandaþjóðir í samningunum um Evrópskt efnahagssvæði. Hann gaf þá skýringu að það hafi „ekki þótt taktískt". Það þótti ekki taktískt að mati utanrrn. að halda fram hagsmunum íslensks landbúnaðar.

Alþfl. segist vera að gæta hagsmuna neytenda með framferði sínu. Við skulum gá aðeins að því. Ég tel að það sé síður en svo. Stórfelldur innflutningur landbúnaðarvara hefur að sjálfsögðu í för með sér atvinnuleysi

í landbúnaði, bæði í sveit og í þéttbýli. Ef menn missa vinnuna og hafa ekkert fyrir sig að leggja þá er það auðvitað skylda þjóðfélagsins að taka við framfærslu þeirra sem ekkert hafa fyrir sig að leggja. Og að fara að framfæra, taka á opinbert framfæri einhvern verulegan hluta þeirra sem sýsla við landbúnað, þ.e. framleiða eða vinna úr framleiðsluvörum eða þjónusta landbúnaðinn með einum eða öðrum hætti, krefst auðvitað skattahækkana og stórfelldrar gjaldtöku af neytendum. Það eru hagsmunir neytenda að hér sé blómlegt atvinnulíf og fólk geti keypt neysluvörur sínar fyrir vinnutekjur sínar fremur en atvinnuleysisbætur. Það er deginum ljósara að Alþfl. vinnur í þessu efni neytendum tjón en ekki gagn.

Við skulum velta fyrir okkur hvort það er hætta á verulegum innflutningi landbúnaðarvara. Ég tel að svo sé og það er auðvitað enginn vafi á því. Menn básúna hér sýknt og heilagt að heimsmarkaðsverð sé þetta og þetta lágt, þetta og þetta miklu lægra en sú framleiðsla sem er á markaði af innanlandsframleiddum búvörum. Nú er þess að gæta að einungis 3% heimsframleiðslunnar myndar þetta svokallaða heimsmarkaðsverð, þ.e. fólkið í viðkomandi löndum borgar landbúnaðarafurðir miklu hærra verði heldur en þetta svokallaða heimsmarkaðsverð. Það er bara kúfurinn af framleiðslunni, þ.e. það sem er fram yfir neysluna og fram yfir eðlilega sölumöguleika sem er niðurgreitt og verðbætt og sett á útsölu. Þessa offramleiðslu vill hæstv. utanrrh. flytja inn í landið þó að það kosti fjöldaatvinnuleysi, bæði í dreifbýli og þéttbýli. Stórkostleg útlánatöp banka, gjaldþrot afurðastöðva og heimila. Svo þykjast þessir herrar vera að vinna fyrir neytendur.

Ég gerði það að umtalsefni áðan hvort sjötti hluti Alþingis ætti að ráða málalyktum. Því miður sýnist mér allmiklar horfur á að svo fari. Það er ástæða til að staldra aðeins við og sjá hvernig hæstv. utanrrh. fór að því að koma málum svo fram. Hann tók sig til eftir langt þóf, sverar yfirlýsingar og reiptog milli flokkanna og raunverulega sleit hann stjórnarsamstarfi í beinni útsendingu í sjónvarpi. Þegar hæstv. forsrh. og núv. formaður Sjálfstfl. steypti Þorsteini Pálssyni, hæstv. sjútvrh., þáv. formanni Sjálfstfl., þá var það ekki vegna valdagræðgi eða hégómaskapar hjá hæstv. núv. formanni Sjálfstfl. sem hann sótti eftir því embætti heldur tók hann svo til orða að það hefði verið mesta auðmýking Sjálfstfl. þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar var sællar minningar slitið í beinni útsendingu og það væri óþolandi fyrir Sjálfstfl. að hafa Þorstein Pálsson, hæstv. núv. sjútvrh., fyrir formann.

Hæstv. utanrrh. sýndi nefnilega hæstv. forsrh. í tvo heimana í gegnum sjónvarpsskjáinn um áttaleytið mánudaginn 28. febr. Á tíunda tímanum lét hæstv. forsrh. undan og utanrrh. kom í sjónvarpsfréttir klukkan ellefu um kvöldið þann 28. febr., sigri hrósandi eftir að hafa svínbeygt Sjálfstfl., niðurlægt og gjörsigrað hæstv. forsrh. Ég tala nú ekki um landbrh. eða hvernig búið er að fara með hv. formann landbn., þ.e. aðalformann landbn. hv. 3. þm. Austurl., Egil Jónsson. Sigur Alþfl. í þessu máli virðist vera algjör og niðurlæging Sjálfstfl. tilsvarandi algjör.

Ég er þeirrar skoðunar að þarna eigi við hin gömlu sannindi að skamma stund verði hönd höggi fegin. Sigur Alþfl. á Sjálfstfl. í þessari deilu er nefnilega of stór. Hann er pýrrhosarsigur. Hann er keyptur því verði að það er útilokað að það grói um heilt í sálum sjálfstæðismanna, allra síst í jafnviðkvæmum og geðríkum manni og hæstv. forsrh. Minningin um þennan ósigur Sjálfstfl. safnast í sjóð margra annarra minninga um aðra ósigra í samskiptum flokkanna og bráðum verður sjálfstæðismönnum það ljóst að svona er ekki hægt að láta fara með sig. Það sýður upp úr áður en langt um líður vegna þess að ríkisstjórnin er helsærð eftir þessa deilu. Ef þeir sitja áfram þá sitja þeir náttúrlega aðeins vegna óttans við kjósendur. En það sem hefur gerst er að forræði landbúnaðarmála hefur færst úr landbrn. yfir í utanrrn.

Þegar þetta frv. var lagt fram þá hafði ég þau orð um að það væri bastarður og hét á hv. landbn. að breyta því. Það var vesælt þegar það fór til nefndar og þegar það kemur frá nefnd þá er það enn þá bastarður. Hann er að vísu breyttur og kannski svolítið meira hald í frv. lögfræðilega heldur en þegar það fór til nefndar og er ég þá að gera ráð fyrir því að brtt. meiri hlutans verði samþykktar en brtt. minni hlutans felldar. Það leysir engan vanda, eins og hér hefur verið mjög rækilega bent á í umræðunum og ég hirði ekki að orðlengja um, þegar Úrúgvæ-lotan gengur í gildi, þá er málið enn þá óútkljáð. Landbúnaðurinn býr enn þá við óvissu og þá er eftir að sjá hvort Alþfl. takist að „terrorísera" réttkjörinn stóraukinn meiri hluta Alþingis. Ég vona þjóðarinnar vegna að svo fari ekki.

Hér liggja fyrir, herra forseti, fjögur nál. um málið. Þau eru mjög sérstæð og hvert með sínum hætti. Sérstaklega vil ég gera að umtalsefni bæði álit 1. og 2. minni hluta. Nú er það deginum ljósara að nál. geta haft þýðingu við túlkun laga en ef svo fer sem horfir og brtt. 1. minni hluta verða samþykktar þá eru bæði nál. 1. og 2. minni hluta gagnslaus. Fyrir það fyrsta fjallar nál. 1. minni hluta um allt annað efni en breytingar þær sem fluttar eru á breytingartillöguskjali 1. minni hluta plús hv. þm. Gísli Einarsson. Nál. fjallar að verulegu leyti um atriði sem hafa verið tekin út úr brtt. eins og þær litu út viku áður en brtt. komu úr nefnd. Þetta nál. er nánast eftirmæli um tillögur sem Alþfl. var búinn að drepa. Verði hins vegar brtt. hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, Guðna Ágústssonar, Steingríms J. Sigfússonar og fleiri samþykktar þá gæti þetta nál. haft gildi.

Það er enn þá furðulegra að skoða hið einstæða nál. 2. minni hluta sem er mestallt mótmæli við nál. 1. minni hluta. Það er upp á 14 blaðsíður og einungis fimm fjalla um málið, tæpar níu blaðsíður fjalla um álit 1. minni hluta þar sem gerð er tilraun til að bera til baka þær skoðanir sem fram koma í áliti 1. minni hluta. Nú vill svo undarlega til að sá sem skrifar undir þetta nál., hv. þm. Gísli Einarsson, hann skrifar líka upp á brtt. Þetta rímar ekki saman, þetta er dæmalaus samsetningur. Það er ekki líkt því að sá sem skrifar undir brtt. hafi skrifað þetta nál. Það er eins og það sé ókunnugur maður. Það er meira að segja eins og það

sé maður sem ekki eigi sæti á Alþingi. Það er eins það sé skrifað af manni sem er ókunnugur starfsháttum hér og láti bara gamminn geysa um allt annað efni heldur en er til umræðu. Nál. á að vera til skýringar á brtt. eða til skýringar á máli en ekki mótmæli við öðru nál. Ég verð að segja að mér koma í hug orðin í Biblíunni „hendurnar eru Esaús en röddin er Jakobs".

Ef við svo búið stendur þá upphefja þessi nál. hvort annað og lagagreinarnar einar eru það sem eftir stendur og dómarar framtíðarinnar hafa til að styðjast við.

Nú er að vísu einn möguleiki til að bæta úr þessu. Alþingi gæti tekið af skarið, gæti enn tekið af skarið um það hvort nál. gilti. En annars er engri óvissu eytt og átök stjórnarflokkanna halda áfram út af málinu.

Það væri freistandi að ræða vanda landbúnaðarins í þessari umræðu. Ég ætla ekki að eyða í það löngum tíma samt sem áður en vandi íslensks landbúnaðar er ákaflega mikill. Grundvallaratriðið er kannski það að okkar landbúnaðarpólitík passar ekki við landbúnaðarpólitík umheimsins. Við höfum mjög stranga framleiðslustjórnun bæði í mjólk og á dilkakjöti en önnur framleiðsla er frjáls. Þetta hefur næstum því riðið sauðfjárræktinni að fullu og af því að það er hægt að breyta mjólk í kjöt þá er hægt án teljandi harmkvæla að nota offramleiðslu í mjólk til þess að búa úr henni kjöt með því að gefa hana kálfum. En allt þetta kemur niður á markaðshlutdeild sauðfjárafurðanna og nú er svo komið að sauðfjárbændur eru almennt vegna hinnar rosalegu skerðingar sem þeir hafa orðið fyrir, algjörlega að komast í þrot. Ég hygg að það sé orðið þjóðhagslega hagkvæmt að flytja út búvörur. Það verður auðvitað að verja peningum til markaðsöflunar af almannafé og til að byrja með er óhjákvæmilegt að verðbæta nokkuð ef framleiðsla til útflutnings á að geta staðið undir sér í fyrstu. En ég tel að eina úrræðið sem gæti komið til bjargar sauðfjárbændum sé að heimila þeim að framleiða. Þeir hafa fjárfestinguna og þeir kunna verkið og ég held að það sé miklu skynsamlegra að leyfa sauðfjárbændum að framleiða og nýta jarðir og fjárfestingu heldur en að taka þá á opinbert framfæri. En ef svo fer fram sem horfir þá liggur leið þeirra hvers af öðrum þangað. Ég geri ekki ráð fyrir því að hæstv. landbúnaðar- og utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, beiti sér fyrir þessu.

Ég styð ekki þetta frv. eins og það lítur út núna með brtt. hv. 1. og 2. minni hluta, þeirra formanns landbn. og varaformanns landbn. Ég mun að sjálfsögðu greiða atkvæði brtt. 3. minni hluta og tel að þær væru það mikið til bóta að málið væri brúklegt í þeim búningi. En það sem hryggir mig mest í þessu er hvernig farið er með Alþingi í sjálfu sér þegar lítill minni hluti tekur svo gjörsamlega völdin og meiri hluti Alþingis lætur með þeim hætti kúga sig sem hér eru horfur á að verði gert.

[16:54]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get ekki látið vera að svara ræðu hv. þm. Páls Pétursonar þar sem hann segir að Alþfl. sé að stefna að fjöldagjaldþroti í landbúnaðargeiranum. Ég skýrði hér í minni ræðu sl. fimmtudag að það kerfi sem bændur búa við er að koma mörgum þeirra á kaldan klaka, ég sagði þetta mörgum sinnum og í skýrum orðum. Ég sagði líka: Þeir sem bera ábyrgð á stöðu landbúnaðarins í dag eru framsóknarmenn, ekki hvað síst með hv. þm. Pál Pétursson í fararbroddi. Ég hef áður sagt að Alþfl. hefur aldrei — hefur aldrei haft með stjórn landbúnaðarmála að gera og sú eymdarstaða sem landbúnaðurinn er í í dag er á ábyrgð hv. þm. Páls Pétursonar ekki síst en ekki laga sem hér er verið að fjalla um.

[16:55]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru margar orsakir til þeirra erfiðleika sem eru landbúnaði og ég er ekkert að skorast undan ábyrgð á þeim mistökum sem gerð hafa verið og ég hef tekið þátt í. Ég hef að vísu ekki tekið þátt þeim öllum og er ekki ábyrgur fyrir þeim öllum. Það landbúnaðarkerfi sem við búum við á hluta af vandanum. En ekki batna nú horfurnar ef vinnan er tekin frá bændum með því að flytja inn. Út á það gengur pólitík Alþfl. að flytja inn sem allra mest af búvörum til landsins. Út á það gekk hin langa, langa, langa ræða sem hv. 4. þm. Vesturl., Gísli S. Einarsson, flutti hér um daginn, frá upphafi til enda. Meining hans og barátta öll og þeirra utanríkisráðuneytismanna og allt það þrastarkvak gengur út á það að opna allar gáttir fyrir innflutningi landbúnaðarvara. Ef við flytjum landbúnaðarvörurnar inn, þá erum við jafnframt að taka vinnuna frá þeim sem hafa hingað til framleitt þessar vörur og auka á atvinnuleysi í landinu og gera bæði bændur og ekki bara bændur heldur afurðastöðvarnar gjaldþrota og taka vinnuna frá því fólki sem framleiðir, meðhöndlar vöruna og þjónustar landbúnaðinn.

[16:57]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir að vera sá maður að taka á sig mistökin með öðrum af því kerfi sem við búum við. Ég er fús til þess að taka á með hv. þm. Páli Pétursyni um það að breyta því kerfi til þess að bændur eigi möguleika að komast af.

Ég hef sagt hér áður í ræðu að Alþfl. er tilbúinn til að verja íslenskan landbúnað og ég skal standa við það. En ef menn ætla að gefa heimildir til álagningar, eins og var komið í frv., að gefa heimildir til álagningar á allar landbúnaðarafurðir, það þýðir hveiti, sykur, kaffi, te og hvaða afurðir sem er, ef það á að fara að veita þannig heimildir til einhvers aðila, þá segjum við stopp og um það snýst málið, hv. þm. Páll Pétursson. En að verja vinnu og landbúnað á Íslandi erum við tilbúnir á þann máta sem ég hef lýst.

[16:59]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að sjálfsögðu ef hv. þm. Gísli S. Einarsson er tilbúinn að verja íslenskan landbúnað. Það lít ég á sem yfirlýsingu um það að hann ætli að samþykkja þær brtt. sem hv. þm. Jóhann-

es Geir, Guðni Ágústsson, Steingrímur J. Sigfússon og fleiri fluttu hér við þetta mál. Hann hlýtur að vera fallinn frá hinum vitlausu brtt. sem hann skrifaði upp á sjálfur með hinum formanni landbn.

[16:59]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það hefur verið mikið umrót í veröldinni varðandi landbúnaðarmál, viðskiptamál öll á undanförnum missirum og árum. Þar er tekist á um grundvallaratriði og meginþróunin er sú í öllum þessum samningum og öllu þessu umróti að það stefnir í frelsisátt í viðskiptum hvarvetna, á öllum sviðum. Íslendingar hafa viljað taka fullan þátt í þessu, að stuðla að því að frelsi í viðskiptum megi aukast og jafnframt að reglur séu skýrar og ljósar og um þær sé hægt að véla og skera úr með tryggum og öruggum hætti. Íslendingar hafa talið þetta mikilvægt fyrir sig sem smáa þjóð, smáa í viðskiptum við miklu stærri aðila. Ég held að það sé ekki verulegur ágreiningur um það hér í þingsalnum að þetta er skynsamleg stefna og það hefur náðst einmitt hér í þingsalnum á milli stjórnmálaflokka miklu meiri samstaða um þessa meginstefnu heldur en margvíslegar deilur gætu gefið fólki tilefni til að halda.

En við vitum jafnframt að í öllu þessu umróti, öllu þessu samningaferli þykir öllum þjóðum, forráðamönnum allra þjóða, smárra sem stórra, afskaplega mikilvægt að réttindi sinnar þjóðar séu ekki í neinu skert og að í viðleitninni til þess að teygja viðskiptasamninga og almennar viðskiptareglur í frelsisátt, sé ekki gengið frekar á rétt einnar þjóðar en annarrar og menn haldi sínu.

Auðvitað er það svo að innan þjóðanna eru margir sem hafa hagsmuna að gæta og hagsmuni að verja og það reynir mjög á þolrif stjórnmálamanna og hagsmunagæslumanna — og þá segi ég það í góðri merkingu þess orðs því að hagsmunagæslumenn eru ekki allir af hinu vonda eins og stundum er gefið til kynna.

Ég tel afar mikilvægt fyrir Ísland sem lítið land og fámenna þjóð sem þarf að búa að sínu að hennar hagsmunir séu í slíkum samningum tryggðir, að Íslendingar geri kröfu til þess að svigrúm þess lands sé ekki minna en annarra sem taka þátt í viðskiptasamningum á mótun almennra viðskiptareglna í veröldinni. Síðan geta Íslendingar rétt eins og aðrar þjóðir innan borðs hjá sér, á sínum rétta vettvangi, hvort sem það er á löggjafarþingi eða í frjálsum samningum milli aðila notfært sér þann ramma sem þeir hafa tryggt sér í hinum alþjóðlegu samningum. En það hlýtur að vera afskaplega mikilvægt fyrir Íslendinga að gæta þess og berjast fyrir því að okkar svigrúm innan slíkra samninga sé ekki lakara heldur en annarra. Það er hins vegar sjálfstæð ákvörðun okkar sjálfra síðar meir eða þeirra sem við störfum okkar taka að meta það hvort við ætlum að nýta slíkt svigrúm til fulls á hverjum tíma eða ekki.

Ég held að það hafi verið mjög mikilvægt að það hefur verið bærileg samstaða um það í þessu landi og þessu þingi að Íslendingar eigi að taka þátt í þeim niðurstöðum, þeim umræðum fyrst, viðræðum, samningum og síðan niðurstöðum sem tengjast síðustu lotu GATT-samninganna. Það er afskaplega mikilvægt einnig að aðilar sem þar eiga mikilla hagsmuna að gæta hafa haft víðsýni til að bera til þess að vilja taka þátt í slíkri samningagerð. Ég tel afskaplega mikilvægt að engar flokkspólitískar deilur eða deilur milli manna verði þess valdandi að það skapist tortryggni um þessa mikilvægu samninga. Það er afskaplega mikilvægt að þessi samstaða sem náðist þrátt fyrir það að menn geri sér grein fyrir því að heilar atvinnugreinar geti átt í erfiðleikum og þurfi að búa við aukna samkeppni, það sé mikilvægt að þessari sátt sé ekki raskað vegna deilna um einstök og smærri atriði. Ég vil sem inngang að mínu máli láta þessa getið þannig að mitt viðhorf í þessum efnum og míns flokks sé algerlega ljóst.

Það vill vera þannig að þegar menn deila og deilurnar dragast á langinn að menn gleyma hvaðan sú deila er sprottin, hvaðan hún er runnin og hvert var upphaf hennar og menn týna sér í smáatriðum sem síðar hafa komið til og fara svo að fjalla um upprunann með allt öðrum hætti en hann var eða efni stóðu til. Lögfræðilega vandamálið nú sem við höfum verið að fást við að undanförnu er ekki lögfræðilegt klúður núv. ríkisstjórnar eins og menn gætu haldið af umræðunni, og ég skal svo sannarlega ekki afsaka talsmenn ríkisstjórnarinnar í því að hafa komið umræðunni í þann farveginn. Menn gætu haldið að það væru lögfræðileg vandamál við lagasetningu sem rekja mætti til núverandi ríkisstjórnar sem væri upphafið að öllu þessu vandamáli, en það er ekki.

Það féll nefnilega dómur um það að lög sem voru sett fyrir níu árum síðan um landbúnaðarmál voru ekki nægjanlega vel úr garði gerð að mati Hæstaréttar. Það voru ekki lög sem núv. ríkisstjórn hafði sett, heldur lög sem voru sett fyrir níu árum síðan og menn höfðu í góðri trú talið að héldu og fjölmargir lögvísir menn höfðu talið, bæði frjálst starfandi lögfræðingar og dómendur, að héldu. Meiri hluti Hæstaréttar, þar með hæstaréttarniðurstaðan komst að því máli — og Hæstiréttur á að vera endir allra deilna þó hann hafi ekki orðið það í þessu falli — að þessi lög héldu ekki og þar með var óvíst um hvort lög, sem sett voru á þessum lagagrundvelli fyrir ekki allt of mörgum mánuðum síðan í bærilegri sátt hér í þinginu, héldu. Þetta er undanfari málsins og orsök þessara miklu deilna sem að mínu viti eru miklu minni að efni til heldur en umfang þeirra hefur orðið. Það var kynnt eftir að þessi niðurstaða Hæstaréttar hafði orðið og fyrir því var ríkur vilji, ég hygg allra flokka hér í þinginu, að láta ekki þessa dómniðurstöðu Hæstaréttar, sem var á aðra lund en menn höfðu í góðri trú horft á, breyta um vilja þingsins, annaðhvort alls þingsins eða a.m.k. mjög mikils meiri hluta þingsins. Og það var kynnt að lagt yrði fram frv. sem styrkti lögfræðilega stöðu þess þingvilja sem þá lá fyrir en Hæstiréttur úrskurðaði að menn hefðu ekki búið svo vel í pottinn sem þeir höfðu talið um það efni. Þannig bar málið að þinginu í þetta sinn.

Það er síðan auðvitað svo að það er til fleiri en ein aðferð til að tryggja lagastöðu þess þingvilja sem menn höfðu viljað tryggja í desember sl. Það var farin til-

tekin leið til þess en það var jafnframt áskilið og hlaut auðvitað að vera að vilja allra sem að málinu komu að ef það kæmi fram við meðferð málsins að mati færustu lögfræðinga að frv. eins og það var þá í pott búið tryggði ekki þessa lögfræðilegu stöðu svo fullnægjandi gæti talist, þá yrði úr því bætt. Þetta var stjórnmálalegi og reyndar lögfræðilegi veruleikinn sem menn höfðu við að glíma.

Það var mat þeirra lögfræðinga sem komu fyrir hv. landbn. að frv., eins og það var lagt fram, tryggði ekki með fullnægjandi hætti það sem fyrir ríkisstjórninni vakti og það sem fyrir þingmeirihlutanum vakti. Og þá var verkefnið það að leitast við að tryggja þetta þannig að einhlítt væri og enn þyrftu ekki að hefjast upp deilur úti í þjóðfélaginu — við getum aldrei komið í veg fyrir að deilur hefjist hér — um þessi efni. Ég tel að þær brtt. sem nú liggja fyrir tryggi þetta og að Alþingi geti þess vegna verið sátt við verk sín, sátt við það sem var farið af stað með eftir að hæstaréttardómurinn lá fyrir, að sú vinna sem þar var haldið af stað með hafi verið kláruð með réttum hætti og Alþingi geti í góðri trú afgreitt þetta frv. og þar með talið að réttaróvissa sé ekki í landinu.

Menn hafa gert mikið úr því að um þessar brtt., ekki um frv. sjálft heldur um brtt., hafi staðið stórstyrjöld á milli stjórnarflokkanna. Það er fráleitt að halda því fram að staðið hafi stórstyrjöld um þau atriði á milli stjórnarflokkanna. Ég dreg ekki úr því að það hafi hins vegar gengið meira á í þeim efnum heldur en ástæða hefði verið til. Ég tel að milli stjórnarflokkanna hafi eftir brtt. og þá vinnu sem landbn. setti í málið aðeins verið rætt um tvö efnisatriði. Aðeins tvö efnisatriði, ekki fleiri. Það var um atriði sem annars vegar snerti tilfærslu eða sérstaka viðmiðunartengingu við GATT í brtt. sem þá var númeruð 2.4 í tillögunum og hins vegar varðandi það hvort nefna ætti sérstaklega þann þátt og hafa með í textanum hugtakið „landbúnaðarvörur sem jafnframt eru framleiddar hér á landi". Þetta atriði var tilfært í desemberlögunum, að vísu með nokkuð öðrum hætti en þó tilfært þar og því þótti mér eðlilegt að það væri þarna inni.

Í umræðunum um GATT-samninginn hins vegar kom í ljós eins og mennirnir höfðu nefnt að ekki var fullskapað með hvaða hætti yrði tekið á öllum þáttum sem að þeim samningum lúta eða þeirri röð samningsþátta GATT sem að þeim samningum lúta enn þá og menn höfðu jafnvel uppi skoðanir á því hvað væri fært og hvað væri heimilt og hvað væri bannað eftir GATT-umræðuna. Haft var á orði að það væri óheimilt að nota verðjöfnunargjöld til að mynda eftir GATT-samninginn nýja. Þær upplýsingar hafa þó fengist að bæði Svíar og Norðmenn hafa ekki þennan skilning og ætla að nota verðjöfnunargjöld eftir sem áður og telja sig hafa fullar heimildir fyrir því. Að því leyti til væri okkur sú leið fær. Þó er eitt vandamál þar á fyrir okkur að gera það. Það er það vandamál að hér landi hafa dómstólar túlkað með nokkuð öðrum hætti skattlagningarheimildir og verðjöfnunarheimildir heldur en gert hefur verið í hinum norðlægu, nálægu löndum og því þarf að haga með nokkuð öðrum hætti þessum þáttum en þeir geta gert, frændur okkar á Norðurlöndum.

Ríkisstjórnin hafði ákveðið fyrir sitt leyti að allir þessir þættir sem snúa að GATT og fyrirkomulagið sem þar yrði á eftir að þeir samningar hefðu fengið viðurkenningu, annars vegar alþjóðlega viðurkenningu sem er gerð með tilteknum hætti, þ.e. þannig að þjóðir gerast aðilar að GATT þegar þær kjósa og hins vegar með þeim hætti að þá á sér stað annars vegar innlend ákvörðun um að gerast aðilar að GATT og hins vegar að laga útfærslu í tilefni af þeirri ákvörðun.

Auðvitað er það svo að öll lög sem sett eru og snerta okkar viðskiptasambönd og viðskiptasamninga halda gildi sínu, um það er enginn vafi, þrátt fyrir GATT nema því aðeins að menn breyti þeim lögum hér í þinginu. Ég hygg að það haldi enginn því fram að lög breytist við það eitt að Ísland gerist aðili að alþjóðasamningum. Hins vegar getur hvílt á okkur sú skylda til að efna samninginn að laga okkar lagaramma og lagasetningu að slíkum alþjóðlegum samningum, en það þurfa menn að gera sjálfir og hafa fullt frelsi til en geta hins vegar lent í því, geri þeir það ekki, að sæta þeim viðurlögum sem alþjóðasamningar kunna að gefa til kynna hverju sinni.

Ég tel að þessi tvö atriði sem ég nefndi sem út af stóðu hafi ekki verið veigamikil og ekki tilefni veigamikilla deilna. Hins vegar fannst mér rétt og ástæðulaust annað en að það væri svo að ekki væri bein tilvísun í GATT-samninga þar sem ríkisstjórnin hafði ákveðið sjálf að sérstök nefnd, ráðherranefnd, ráðuneytanefnd skyldi um það mál fjalla. En síðan eru aftur tilfærðar eins og nú er gert með tilteknum hætti þær reiknireglur sem menn munu styðjast við og þegar menn velta fyrir sér hvort þessi breyting á því að GATT var tilfært sérstaklega og ekki gert með orðanna hljóðan nú, breyti forræði landbúnaðarmála, þá er það auðvitað alveg fráleitt því að það þarf sérstaka ákvörðun um það og sérstakan vilja Alþingis um það að breyta því fyrirkomulagi sem nú er á. Það liggur ekkert fyrir um það að okkar fyrirkomulag sem nú er á sé óheimilt í þeim efnum. Svíar og Norðmenn telja þvert á móti að það fyrirkomulag sé ekki óheimilt. En þetta munu menn skoða og þetta hlýtur Alþingi að skoða sérstaklega um leið og Alþingi skoðar aðildina að GATT. Og þó að GATT-viðbótin sé ekki sú bylting sem stundum hefur verið látið í veðri vaka, þá tel ég afskaplega mikilvægt að sá friður og sú eining sem náðist um GATT-tilboðið raskist ekki og menn geti haldið því sem frekast er kostur.

Hv. þm. Páll Pétursson ræddi það sérstaklega hér áðan að Alþfl. hefði svínbeygt Sjálfstfl. í þessu máli og það hefði hlaðið upp sárindum í þeim efnum. Ég tel það ekki vera og ég tel reyndar ekkert tilefni til þess að annar hvor flokkurinn hafi beygt hinn í þessum efnum. Ég hef viljað vekja athygli á því út á við að það hefur verið ótrúleg samstaða um það á þessu þingi að laga framleiðslu íslensks landbúnaðar að breyttum háttum og gera honum skylt að taka á og búa sig undir aukna samkeppni. Ég tel að íslenskur landbúnaður hafi fyrir sitt leyti sýnt í verki, reyndar bæði orði og verki,

að hann biðst ekki undan því. Á hinn bóginn biður hann eðlilega um það að fá ekki lakari aðlögunartíma að því verki heldur en aðrir og auðvitað hljóta íslensk yfirvöld, þingkjörin ríkisstjórn og Alþingi allt reyndar, að tryggja það að þessi breyting í átt til bætts hags fyrir neytendur sé gerð í góðu samkomulagi við framleiðendur sem þeir hafa svo sannarlega ljéð máls á.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Þrír hv. þingmenn hafa óskað eftir því að veita andsvar og verður þá sá háttur hafður á að það verða tvær mínútur í fyrri umferð og þá ein mínúta í seinni umferð.

[17:19]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get tekið undir það með hæstv. forsrh. að það er nauðsynlegt að lög og reglur um túlkun alþjóðasamninga séu skýr. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh. hvort það stuðli að því að lögin séu skýr að við brtt. ríkisstjórnarmeirihlutans í landbn. komi fram tvö nefndarálit sem ganga sitt í hvora áttina. Og ég spyr hæstv. forsrh.: Ef þetta er afgreitt á þennan hátt, eru menn þá að sinna þinglegum skyldum sínum um að setja lög sem eru skýr? Getur það staðist eið þann sem við þingmenn sverjum að setja lög sem vísvitandi er gengið þannig frá að þau eru óskýr og dómstólar fá enga leiðsögn í nefndarálitum um hvernig á að túlka þau því að að mínu mati upphefja þessi nefndarálit hvort annað.

Í öðru lagi vil ég nefna við hæstv. forsrh. það sem hann í fortíðarvandaviðleitni sinni vitnaði í lagasetninguna 1985, þá vil ég benda á að þegar hæstv. ríkisstjórn lagði fram frv. til breytinga á búvörulögum á síðasta ári, þá sagði þar í greinargerð ríkisstjórnarinnar, með leyfi forseta:

„Eftir gildistöku laga nr. 88 17. nóvember 1992, um innflutning, er nauðsynlegt að skilgreina upp á nýtt forræði fyrir innflutningi búvara."

Þannig lá það fyrir fyrir hálfu öðru ári síðan að *þetta þurfti að skilgreina upp á nýtt en ríkisstjórninni* tókst ekki að koma þeirri breytingu fram. Staðreyndin er nefnilega sú að fram að þeim tíma byggði innflutningsbannið ekki á búvörulögunum heldur á innflutningslögunum og að viðskrh. þyrfti að veita leyfi hverju sinni.

[17:22]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í sambandi við þetta síðasta þá minni ég hv. þm. á það að efh.- og viðskn. hefur sérstaklega bókað um það að ekki hafi staðið til að gera breytingu í þessum efnum varðandi landbúnaðarþáttinn þegar sú breyting sem hv. þm. nefndi var rædd í þeirri nefnd og það hefur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson jafnframt gert grein fyrir.

Varðandi hins vegar hitt atriðið sem hv. þm. nefndi, um það hvort það væri til þess fallið að afgreiða lög með skýrum hætti að nefndarálit stönguðuðust á að einhverju leyti, þá er það þannig að í þessu tilfelli flytja þeir aðilar sem hv. þm. á við sameiginlegar breytingartillögur, nálgast þær breytingartillögur nokkuð úr annarri átt eða sinn úr hvorri áttinni. Það breytir ekki því að lagagreinin, brtt. er skýr og ljós og þegar lagatexti er ljós, þá þarf ekki lögskýringargögn við að því leyti sem lagagreinin er ljós. Og ég segi líka: Er það virkilega svo að aðrar lagagreinar sem við höfum afgreitt héðan, hv. þm., hafi fengið jafnrækilega skoðun frá orði til orðs af jafnmörgum þingmönnum eins og þessar greinar? Þekkjum við mörg dæmi þess? Ég hygg ekki. Og því miður er það nú svo varðandi landbúnaðarlagasetningu eins og prófessor Sigurður Líndal hefur bent rækilega á að þar hefur ekki alltaf og ætíð, og kannski sjaldnar en menn hefði grunað fyrr, fyrir samantekt Sigurðar Líndals prófessors, verið vandað jafnrækilega til og nauðsyn krafði. Og það var kannski þess vegna að lögin frá 1985 voru ekki í nógu vönduðum búningi. Ég vek athygli hv. þm. á því að lögfræðingar höfðu verið að deila um þessi efni og sent álitsgerðir til fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar löngu fyrir breytingarnar 1992. Það lágu fyrir slík gögn í herbúðum ríkisstjórnarinnar.

[17:24]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar lögunum var breytt 1985 þá voru menn sammála um það að með breytingunni á innflutningslögunum væri ekki verið að breyta efnisþáttum varðandi innflutning búvara, en þá var nauðsynlegt að fara í gegnum þá löggjöf og skilgreina hana upp á nýtt, en þar brást núv. hæstv. ríkisstjórn.

Í öðru lagi varðandi skýrleika þeirra laga sem hér er verið að vinna í, þá er ég viss um að þar eiga menn eftir að túlka þau í allar áttir út frá þeim nefndarálitum sem fyrir liggja og í annan stað, hæstv. forsrh., er það mín skoðun að það að í meðförum þingsins var tekið út úr frv. bein skírskotun til GATT muni dómstólar túlka á þá vegu að Alþingi hafi verið að hverfa frá því að sú lagasetning sem hér væri verið að setja gilti og tæki til GATT-samninganna og Alþingi hafi á þann hátt í meðferð sinni og meiri hluti ríkisstjórnarinnar verið að staðfesta samkomulag stjórnarflokkanna um það að þetta sé eingöngu bráðabirgðasamkomulag þangað til GATT tekur gildi.

[17:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. forsrh. verður nú að reyna að gera betur en hann gerði hér áðan ef það eiga að kallast svör af hans hálfu við skýrum spurningum sem fyrir hann voru bornar.

Hæstv. forsrh. sneiddi algjörlega hjá því að tjá sig í raun um hina gagnstæðu lagatúlkun sem hér er uppi og ég held að hæstv. forsrh. verði að reyna að útskýra það betur fyrir okkur heldur en hann gerði með einfaldri fullyrðingu að með þessum texta væri gengið með nægjanlega vönduðum og skýrum hætti frá málinu þegar fyrir liggja þessar gjörsamlega gagnstæðu túlkanir á innihaldi textans sem skipta ekkert litlu máli eins og t.d. það hvort landbrh. hafi þetta valdsvið gagnvart öllum búvörum eða bara þeim sem framleiddar eru í landinu.

Í öðru lagi hvort landbrh. hafi þetta verðjöfnunargjaldavald gagnvart eingöngu þeim hráefnisþáttum sem til eru og framleiddir hér innan lands eða gagnvart öllum landbúnaðarhráefnum í samsettum vörum. Það munar nú um minna heldur en bullandi óvissu um þetta atriði.

Í þriðja lagi þetta um réttaráhrif frv. gagnvart GATT. Það er einfaldlega ekki boðlegt, hæstv. forsrh. að læðast hér upp og segja: Þetta er nú í grófum drættum í lagi og ég er þokkalega sáttur við þetta og jafnvel að þetta sé meira og minna í samræmi við vilja hæstv. forsrh. Og þá hlýtur maður náttúrlega að spyrja: Um hvað var þá deilan, ef frágangurinn núna er svo bara í þokkalega góðu lagi miðað við viðhorf hæstv. forsrh.? Var þetta þá bara allt einn reginmisskilningur frá upphafi? Og hefur þó hæstv. forsrh. viðurkennt að honum hafi komið stjórnarlið í hug í málinu. Eða man ég það ekki rétt að hæstv. forsrh. hafi í yfirheyrslu í sjónvarpinu gengist við því? Og var það þá bara allt saman misskilningur um ekki neitt? Nei, hæstv. forsrh. Ég fer nú fram á það að hæstv. forsrh. fari hér á mælendaskrá og svari þeim spurningum sem fyrir hann voru bornar.

[17:28]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fór kannski fram hjá hv. þm. að ég var á mælendaskrá og ég veit ekki með hvaða hætti ég fór í þennan ræðustól. Hv. þm. taldi að ég hefði læðst í ræðustólinn, ég held að það sé nú ekki rétt. Það var tilkynnt með eðlilegum hætti. Ég er fyrirferðarmikill maður af ýmsum ástæðum og tel að ég hafi ekki læðst hér í ræðustólinn.

Ég vil líka vekja athygli á því, hv. þm., eins og fyrirrennari minn einn gerði, dr. Gunnar Thoroddsen, að þetta er ekki sérstakur fyrirspurnatími til ráðherrans. Þetta eru umræður og ráðherrann kemur fram með sín viðhorf og sín sjónarmið gagnvart málinu eins og ég gerði og tel mig hafa skýrt mín sjónarmið mjög rækilega í ræðu minni hér áðan.

[17:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vitnaði hér í tvö nefndarálit, 1. og 2. minni hluta, nefndarálit þriggja þingmanna Sjálfstfl. og fulltrúa Alþfl. í landbn. Þau ganga í gjörsamlega gagnstæðar áttir hvað varðar ekki minna en þrjú veigamikil grundvallaratriði þessa máls. Hæstv. forsrh. hefur sjálfur sagt að það sé nauðsynlegt að eyða allri réttaróvissu í þessu máli. Hvernig á að útskýra það fyrir okkur að afgreiðsla málsins á þessum grundvelli geri það? Það er ekki hægt. Það sér hvert mannsbarn að deilan var ekki sett niður. Stjórnarflokkarnir urðu eingöngu ásáttir um það að halda áfram að vera ósammála og það er skjalfest, þessi gagnstæði skilningur stjórnarflokkanna liggur nú hér fyrir á Alþingi skjalfestur. Og hvernig ætlar ríkisstjórnin í raun og veru að halda áfram með málin á þessum grundvelli? Þetta gengur ekki svona, hæstv. forsrh. Aldrei hefur ríkisstjórn hæstv. forsrh. lagst lægra en einmitt nú ef hún ætlar að bjóða Alþingi og sjálfri sér upp á það að ljúka málinu með þessum hætti. Ég trúi því ekki fyrr en ég tek á því að hæstv. forsrh. hafi ekki betri svör en þetta fram að færa í málinu.

[17:30]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að óska hæstv. forsrh. til hamingju. Hann flutti mál sitt með nokkuð nýjum hætti. Hann var yfirvegaður og tiltölulega málefnalegur og ekki með neina útúrsnúninga. Hann svaraði að vísu ekki því sem hann hafði verið spurður nema óbeint og lítið en batnandi mönnum er best að lifa.

Hæstv. forsrh. reyndi að breiða yfir þann mikla ósigur sem Sjálfstfl. hefur beðið í þessu máli og lagði því mikið upp úr gildi samstöðunnar. Nú virðist ekki vera um samstöðu að ræða við Alþfl. en við stjórnarandstæðingar erum fúsir til samstöðu með honum um skynsamleg vinnubrögð. Hagsmuna Íslands var ekki gætt við gerð GATT-samninganna hvað landbúnaðarþáttinn varðar og við viljum samstöðu um skýran og afdráttarlausan texta í búvörulögum sem ekki er hægt að skapa um réttaróvissu. Það er það sem við erum að biðja um. Og ef hæstv. forsrh. vill fá samstöðu með okkur þá á hann að sjá sóma sinn í því að leggjast á sveif með og greiða atkvæði þeim brtt. sem 3. minni hluti flytur.

[17:31]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Landbn. eða a.m.k. formaður landbn. fékk til verks færustu lögfræðinga á því sviði sem völ er á til að fjalla um það mál sem hér er til umræðu. Þeir fengu það verkefni að gera lagatextann svo skýran og ljósan sem verða mætti og jafnframt að öllu sem fram kom í desemberlögunum skyldi til skila haldið. Ég tel að þessir lögfræðingar hafi unnið vel að sínu verki og þess vegna sé lagatextinn skýr og ljós og réttaróvissu eytt.

[17:32]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þarna kom einmitt mergurinn málsins. Það voru fengnir til færir lögfræðingar, þeir færustu sem við eigum sjálfsagt á þessu sviði jafnvel þó að hæstv. utanrrh. láti sér sæma að kalla þá í lítilsvirðingarskyni verktaka, ekki bara einu sinni og ekki bara tvisvar heldur þráfaldlega, þeir settu fram skynsamlegar brtt. og það var að skapast meiri hluti í landbn. að undanteknum varaformanninum um þessar brtt. Það hefði verið gott og vel að afgreiða málið og þar með hefði málið verið leyst ef það hefði verið á þeim grundvelli. Hins vegar voru verk þeirra skemmd með þeim breytingartillögum sem nú eru fluttar af 1. minni hluta.

[17:33]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel reyndar að hv. stjórnarandstæðingar í landbn. hefðu getað fallist á þær tillögur sem liggja fyrir en þeir vildu leitast við að slá pólitískar keilur í málinu og reyna að skapa tortryggni um þá vinnu og þær tillögur sem þar lágu fyrir og þess vegna kusu þeir eins og hinn stynjandi þingmaður veit að fara þá leið sem þeir fóru.

[17:34]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefur verið ævintýralegt að fylgjast með þessu máli nú um tæplega eins árs skeið. Það var á vormánuðum sem frv. um breytingu á búvörulögunum kom fyrst fram og við erum hér að fást við þriðju gerð þessa máls.

Hæstv. forsrh. gat þess hér áðan að efni þessara deilna sem við höfum orðið vitni að svo vikum skipti hafi verið meira en efnið gaf tilefni til. Það hefði verið svona eins konar ys og þys út af engu og við hljótum að spyrja okkur hvað liggur þar á bak við, hverjar eru skýringarnar. Ein skýringin er auðvitað sú hvað ástandið hefur verið bagalegt í Sjálfstfl. og sá flokkur slæmur á taugum, ekki síst eftir þá atburði sem gerst hafa hér í Reykjavík og við urðum vitni að í gær kannski síðasta þætti þess taugastríðs. Eins og hér hefur komið fram þá hugleiddi Sjálfstfl. stjórnarslit á grundvelli þessa máls, ekki vegna efnisins sem hér er um að ræða heldur fyrst og fremst til þess að reyna að finna leið út úr þeim mikla vanda sem hann stendur nú frammi fyrir.

Ég hygg að við séum að fást við eitthvert sérkennilegasta mál sem komið hefur á dagskrá Alþingis um árabil og hér hefur framganga stjórnarliðsins verið með þvílíkum hætti að ég minnist þess ekki að hafa heyrt eða séð annað eins. Það var makalaust að fylgjast með umræðunum hér sl. fimmtudag og að hlusta á þau mismunandi sjónarmið sem þar komu fram hjá stjórnarliðinu og ekki síst að heyra þau skot sem gengu á milli ráðherranna og þær mismunandi túlkanir sem þeir höfðu á þessum málum. Annars vegar sagði hæstv. landbrh. að í þessum drögum hér væri ekki að finna neina tengingu við GATT-samkomulagið en síðan lýsti hann sig algerlega sammála túlkun formanns landbn. á lögunum. Þá vaknar auðvitað sú spurning út af þessu: Hvað telja menn sig eiginlega vera að samþykkja hérna? Við stöndum frammi fyrir því að það hefur verið skilað hvorki meira né minna en fjórum nefndarálitum í þessu máli og þar af koma þrjú frá stjórnarmeirihlutanum. Hér eru málin túlkuð út og suður og hvert í sína áttina svo að ég ítreka þá spurningu, hvað telja menn sig eiginlega vera að samþykkja? Hæstv. forsrh. sagði áðan að lagatextinn væri skýr en menn túlka hann í margar áttir. Hvað eru menn eiginlega að samþykkja hér?

Þessi framganga stjórnarliðsins vekur spurningar um það hvers konar verkstjórn er á ferð í þinginu og ekki síst innan ríkisstjórnarinnar. Hvernig hefur hæstv. forsrh. beitt sér í þessu máli? Hvernig hefur hann reynt að leita sátta? Ég gat ekki betur séð en hann stillti sér mjög ákveðið upp með öðrum arminum og gott ef hann var ekki að ýta undir deilurnar meðan hann var að hugsa það hvort hann gæti notað þetta mál til að slíta stjórninni, en svo tók hann á sig rögg og viðurkenndi að það lægi ákveðið samkomulag fyrir í stjórnarflokkunum og það yrði víst að fylgja því.

Ég túlka nú þessar skammir og skot sem gengið hafa á milli stjórnarflokkanna þannig að þetta lýsi fyrst og fremst þeirri miklu þreytu sem komin er í stjórnarsamstarfið og þeirri uppgjöf sem á þeim er að finna, á þessu þreytta liði, og ég get ekki sagt annað en að þegar svo er komið fyrir stjórnarsamstarfi eins og raun ber vitni þá eiga menn auðvitað að segja af sér. Ég tel að það sé algerlega ófært að afgreiða þetta lagafrv. með þeim hætti að fyrir liggi mismunandi túlkanir og ef þessi mál fara fyrir dómstóla þá hljóta menn að lenda þar í vandræðum. Og hvað er það sem ræður? Hvaða túlkun er það sem ræður? Ég verð að segja það sem mína skoðun að að sumu leyti er túlkun Alþfl. nær lagi. Það er ljóst að Alþfl. fór með sigur af hólmi í þessu máli, þeir fengu sínu framgengt. Það er býsna sérkennilegt að lesa skýringar 1. minni hluta.

Ég ætla að fara stuttlega í gegnum sögu þessa máls vegna þess að mér finnst hún vera mjög lýsandi fyrir þetta mál allt saman og ágætt að rifja það upp hér. Mergurinn málsins er sá að eftir að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var gerður og undirritaður 2. maí 1992, þá lá ljóst fyrir að í honum fólust breytingar sem snerta íslenskan landbúnað. En eins og mönnum er kunnugt þá er samkvæmt EES-samningnum heimilt að flytja inn ákveðnar blóma- og grænmetistegundir yfir ákveðna vetrarmánuði sem áður var óheimilt og auk þess koma þarna nokkrar mjólkurvörur við sögu, jógúrt af einhverju tagi. Í kjölfar þessa samnings var það auðvitað alveg ljóst að það yrði að gera breytingar á búvörulögunum til þess að við gætum uppfyllt þennan samning en á þeim tíma stóðu menn í þeirri trú að hér væri innflutningsbann á ákveðnum tegundum landbúnaðarvara í samræmi við það sem stóð í búvörulögunum. Á þessum tíma var mönnum jafnframt ljóst að ýmsar frekari breytingar kynnu að vera fram undan ef viðræðum lyki um nýjan GATT-samning sem þá stóðu yfir í Úrúgvæ.

Það var ekki fyrr en undir vor 1993, sem frv. frá ríkisstjórninni leit dagsins ljós og þá sem enn eitt EES-málið sem við vorum að fást við hér á þingi og ég held að þegar það frv. kom fram, þá hafi enginn gert sér ljóst hvílíkt sprengjuefni var þarna á ferð og þetta mál ætti eftir að snúast upp í stórpólitíska deilu milli stjórnarflokkanna. En eins og menn minnast þá var svo heitt í kolunum í fyrravor að hæstv. forsrh. rauf þing með sögulegum hætti á laugardagskvöldi öllum að óvörum vegna þess að honum fannst komið þarna í mikið óefni. En þar með var ekki sagan öll því að málið hélt áfram sl. sumar og blossaði upp hvað eftir annað þegar innflytjendur voru að gera tilraunir og láta reyna á gildandi lög með því að flytja inn kalkúnalappir, skinku og kjúklingabita og ráðherrar gáfu leyfi eða bönnuðu sitt á hvað eftir því hver þeirra átti í hlut.

Þegar þetta mál er skoðað þá snýst það í hnotskurn um það í fyrsta lagi hvaða lög hafa gilt um innflutning. Eftir þá breytingu sem gerð var á gjaldeyrislögunum 1992 og við stöðum hér öll að, þá var ljóst að þarna hafði orðið breyting á en það túlkaði enginn þá breytingu með þeim hætti sem Hæstiréttur síðar gerði.

Í öðru lagi snerust þessar deilur um það hvernig bæri að túlka milliríkjasamninga sem við erum aðilar að og í því samhengi vil ég geta þess hér að það er

ekki bara um að ræða gildandi GATT-samning og EES-samninginn heldur hafa komið til sögu sérstakir millirikjasamningar, viðskiptasamningar, fríverslunarsamningar við ýmsar þjóðir. Þar er auðvitað að finna ákvæði sem snerta viðskipti Íslendinga og þar á meðal með landbúnaðarvörur. Mér þóttu mjög athyglisverð ummæli formanns Stéttarsambands bænda þar sem hann sagði í mín eyru að það væri hægt að lifa með GATT-samkomulaginu en hann hefði meiri áhyggjur af ýmsum millirikjasamningum sem búið væri að gera og menn hefðu ekki áttað sig á að fela í sér ýmiss konar erfiðleika gagnvart íslenskum landbúnaði. Hann nefndi þar sérstaklega fríverslunarsamninginn við Ísrael sem hér fór í gegn að ég held athugasemdalaust í fyrra. Og af því tilefni vil ég hvetja þingmenn til að líta betur á þá fríverslunarsamninga sem við höfum nú til meðferðar á þinginu. Það er erfitt og út í hött að vera að setja á innflutningsbann og reglur um verðjöfnunargjöld ef síðan eru utan við það samningar sem leyfa innflutning án þess að slíkum heimildum sé hægt að beita, þá er komið ákveðið ósamræmi í málin. En þetta þarf auðvitað að skoðast betur.

Í þriðja lagi hafa þessar deilur snúist um það hvar valdið til að leggja verðjöfnunargjöldin á skuli liggja og hversu víðtækt það vald skuli vera og ég held ég komi nánar inn á það efni hér á eftir. En eins og ég rakti í 1. umr. um þetta mál, þó að hæstv. forsrh. segi að þetta sé ys og þys út af engu, þá er mismunandi hugmyndafræði og mismunandi skoðanir sem liggja hér á bak við. Þær skoðanir varða m.a. afstöðu manna til landbúnaðarins, mikilvægis hans, hvernig og hvort skuli standa vörð um hann, hvernig hann skuli skipulagður og hvort og hvernig stuðningur ríkisins við þessa atvinnugrein skuli vera. Þessar hugmyndir hafa auðvitað stungið upp kolli hér í þessari umræðu.

Þarna eru líka á ferð mismunandi hugmyndir um viðskiptasiðferði, viðskiptareglur eða viðskiptafrelsi eða takmarkanir á því frelsi. Og loks eru hér líka mismunandi hugmyndir um það hvernig hagur neytenda verði best tryggður.

Þegar þing hófst í haust biðu menn eftir að frv. til breytinga á búvörulögunum liti dagsins ljós en vikurnar liðu án þess að það kæmi og stjórnarandstæðingar fóru hér margsinnis í pontu og spurðu um þetta mál en fátt var um svör. En síðan gerðist eiginlega sá makalausi atburður að frv. til breytinga á búvörulögum leit dagsins ljós nokkrum dögum fyrir jólaleyfi þingmanna. Aðeins nokkrum dögum fyrir jólaleyfi kom þetta frv. loksins, enda höfðu verið endalausar deilur um þetta í ríkisstjórninni hvernig það skyldi líta út og það var ekki nóg með að málið kæmi svona seint fram heldur var þess krafist að það yrði afgreitt á nokkrum dögum. Og þar mátti ekki orði hagga. Það mátti ekki breyta einu einasta orði í því frv. vegna þess að það var verið að lögfesta samkomulag á milli ríkisstjórnarflokkanna. En þegar farið var að skoða þessa lagasetningu betur nú eftir áramótin kom í ljós þegar þeir ágætu lögfræðingar sem hér hafa komið við sögu í þessari umræðu fóru yfir efni þessarar greinar, 72. gr. laganna, þá var bent á það að hana mætti túlka á þrjá mismunandi vegu og þar að auki væri hæpið að lagagreinin eins og hún var orðuð stæðist stjórnarskrána vegna þeirrar víðu heimildar sem landbrh. er þar veitt til þess að leggja á verðjöfnunargjöld. Ráðherra ákveður upphæð gjaldanna, segir í greininni. Það verður bara að viðurkennast að þetta fór fram hjá okkur í hita leiksins og þeim mikla hraða sem var á afgreiðslu þessa máls. Og það er auðvitað ekki hægt að standa svona að verki eins og þarna var gert.

Hér hefur mjög mikið komið við sögu deilan um það að hve miklu leyti hægt er að beita þessum lögum og þeim breytingum sem verið er að gera á lögunum á GATT-samninginn væntanlega en það er algerlega ljóst í mínum huga að meiningin af hálfu ríkisstjórnarinnar var aldrei sú að þessi lög næðu til GATT-samningsins. Það var það sem fólst í samkomulagi stjórnarflokkanna að láta þennan væntanlega GATT-samning bíða og hæstv. landbrh. sagði í sinni framsöguræðu 17. des. 1993, það var 17. des. sem mælt var fyrir frv., þá sagði hann, með leyfi forseta:

„Þar eð ekki liggur endanlega fyrir hvaða lagabreytingar eru nauðsynlegar til að geta uppfyllt þær skuldbindingar sem felast í væntanlegum GATT-samningi var ákveðið að frekari endurskoðun á innflutningsákvæðum búvörulaganna eigi sér stað á árinu 1994 með hliðsjón af þeim samningi".

Það var því alveg ljóst í desember að GATT-samningurinn var ekki inni í dæminu og þarf nú ekki að vera að deila um það mál.

Næsti þáttur þessa máls voru svo þau óvæntu tíðindi þegar dómur Hæstaréttar féll í skinkumálinu. Sá dómur gekk þvert á dóm undirréttar og það verður ekki annað sagt en þessi dómur hafi komið allverulega á óvart. Niðurstaða Hæstaréttar varð sú að innflutningsbanni hefði verið aflétt með þeim breytingum sem gerðar voru á gjaldeyrislögunum, innflutningslögunum 1992, þó að eins og hér hefur komið fram hafi það verið alveg ljóst að löggjafinn, hið háa Alþingi, taldi sig ekki vera að nema úr gildi þau lög, enda stendur í lagagreininni: Innflutningur er heimill nema önnur lög kveði á um annað. Þetta er ekki orðrétt hjá mér, ég man þetta ekki nákvæmlega, en meiningin er þessi að innflutningur er að öllu jöfnu frjáls nema kveðið sé á um takmarkanir í öðrum lögum.

Hæstv. forsrh. orðaði það svo að þessum lögum hefði verið laumað í gegnum þingið en ég mótmæli enn og aftur þeim ummælum því a.m.k. töldum við nefndarmenn í hv. efh.- og viðskn. okkur vita nákvæmlega hvað við vorum að gera. Það var verið að breyta neikvæðu ákvæði í jákvætt. Allt er frjálst nema það sem er bannað í staðinn fyrir að áður stóð: Allt er bannað nema það sem er frjálst. Þetta er bara ákveðin framsetning á lögum.

En Hæstiréttur tók hins vegar ekki mið af þessum vilja Alþingis í sínum dómi og það er kannski ekki síst það sem kemur á óvart. Það var ljóst hver vilji löggjafans var en í sínum dómi túlkar Hæstiréttur það á annan hátt. Það var í kjölfar þessa dóms sem þetta frv. sem hér er til umræðu kom svo fram og enn einu sinni eftir langar og strangar deilur í ríkisstjórninni. Þegar

þetta frv. kom fram var það ljóst að enn var verið að lögfesta samkomulag milli ríkisstjórnarflokkanna og að þessu sinni var meiningin að gera það þannig að telja upp hverja einustu vöru sem hæstv. landbrh. hefði vald yfir þannig að hans vald væri ljóst. Við 1. umr. gagnrýndum við stjórnarandstæðingar þessa framsetningu málsins og þótti afar einkennilegt en það sem hefur gerst í meðferð málsins er að það er ekki bara einn viðauki heldur eru þeir orðnir tveir og upptalningin orðin enn þá ítarlegri. Ég túlka þessa meðferð málsins þannig að þarna komi enn einu sinni í ljós það vantraust sem ríkir á milli stjórnarflokkanna. Og enn og aftur kom það fram þegar ráðherra lagði málið fram að það var ekki meiningin að ná utan um nýja GATT-samninginn og ég ætla enn að vitna í það sem hann sagði við 1. umr. um þetta frv., með leyfi forseta:

„Það er óhjákvæmilegt í lokin á þessari ræðu að láta í ljós von um það að hv. þingmenn telji að sú niðurstaða sem hér er fengin sé tryggileg og nægileg. Við erum að tala um það að GATT-samningar ganga í gildi um næstu áramót, kannski á miðju næsta ári. Undirbúningur þeirrar löggjafar er auðvitað hafinn. Við erum þess vegna ekki með þessum lögum að skapa ástand sem eigi að vara til langs tíma, heldur erum við að tala um skamman tíma."

Þetta var skilningur ráðherrans á því hvað væri verið að gera og það var ljóst að í samkomulagi ríkisstjórnarflokkanna fólst það að skipuð yrði nefnd fjögurra ráðuneyta sem mundi koma með tillögur um framtíðarskipan þessara mála. Og þess vegna var þetta frv. sem lagt var fram í janúar og mælt fyrir 3. febr., það var og er eins konar vopnahlé á milli ríkisstjórnarflokkanna, vopnahlé til skamms tíma. Við erum því að fjalla um tímabundið ástand. (**JGS:** Vopnahléið stóð ekki lengur en í Sarajevó.) Nei, vopnahléið hefur verið rofið margsinnis en það ríkir friður þessa stundina. Átök blossuðu reyndar upp enn einu sinni sl. fimmtudag. En ég er nú að rekja þetta hér vegna þess sem á eftir gerðist. Það sem gerðist var einmitt það að þegar hv. landbn. hóf skoðun málsins, þá kom tvennt í ljós, reyndar var fleira en tvennt sem skipti kannski mestu máli. Það voru fleiri atriði sem þeir lögmenn sem við kölluðum til bentu á en það var tvennt sem skipti þarna mestu máli. Það var annars vegar þetta að það væri nauðsynlegt að endurskoða hina nýsettu 72. gr. laganna þrátt fyrir samkomulag stjórnarflokkanna vegna þessara mismunandi túlkana sem menn gátu sett fram á þessari grein vegna þessarar opnu skattlagningarheimildar sem ég gat um hér áðan. Þetta var annað atriðið en hins vegar gerðist það að það kom strax fram mikill vilji allrar nefndarinnar til þess að kanna það hvort ekki væri með einhverjum hætti hægt að ná utan um GATT-samninginn, hinn nýja GATT-samning. Ég skildi það þannig. Við vildum leita leiða til þess að gera lögin þannig úr garði að allri réttaróvissu yrði eytt og jafnframt að í honum fælist heimild til landbrh. til þess að vinna að því sem fram undan er. Það má svo aftur um það deila hvort það er hægt í raun og veru. Það er kannski hluti af þeim deilum sem hér eru á ferð hvort í rauninni er hægt að setja í lög ákvæði um samning sem ekki er búið að ganga frá og Ísland ekki orðið aðili að. En það sem við vildum reyna var að finna einhverja leið í málinu þannig að hægt væri að þróa málin áfram eftir því sem GATT-samningurinn skýrist. Okkar vilji var sá að staða landbúnaðarins gagnvart því sem koma skal væri sem allra skýrust og það væri ljóst hvernig þessum heimildum til gjaldtöku gagnvart GATT-samningnum yrði háttað. Og ég ítreka það enn að það var nefndin sem heild sem tók þessa stefnu. Það var ekki hv. formaður nefndarinnar Egill Jónsson sem réð þar alfarið ferðinni. En hins vegar gerðist það þegar lögfræðingarnir fóru að vinna og tillögur fóru að koma fram að tillögur þeirra voru ekki í samræmi við það sem mér alla vega fannst vera rétt og ég var ekki alls kostar sátt við þá stefnu sem tillögugerðin tók.

Að mínum dómi eru það þrjú meginatriði sem skipta máli varðandi þessa lagasetningu. Þar er fyrst að nefna að lögin standist þá milliríkjasamninga sem Íslendingar eru aðilar að hvað sem okkur svo annars finnst um efni þeirra samninga. Ég get ítrekað það enn einu sinni að ég er andstæðingur samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði en úr því að hann er orðinn að lögum þá eigum við að standa við þann samning enda grundvallaratriði að við stöndum við gerða samninga hvort sem þeir eru innlendir eða erlendir.

Í öðru lagi tel ég það vera meginatriði og þarf varla að nefna að valdið til skattlagningar, því eins og hér hefur komið fram þá erum við að tala um skattlagningu — íslenskir dómstólar hafa túlkað gjaldtöku af þessu tagi sem skatt — þessi skattlagning þarf að vera í samræmi við gildandi lög og reglur. Það gengur ekki að við séum að samþykkja breytingar á lögum sem jaðra við stjórnarskrárbrot. Það gengur auðvitað ekki, það sér hver maður.

Í þriðja lagi finnst mér vera meginatriði þessa máls að vald landbrh. sé vel skilgreint og að því verði beitt á þann hátt að það valdi hvorki hækkun verðlags í landinu né óeðlilegum takmörkunum á innflutningi og það verður að segjast eins og er að á tímabili stefndi í allsérstæðar heimildir landbrh. í þeim efnum en sú varð ekki raunin á.

Varðandi þessi efnisatriði vil ég geta þess og ítreka það að ég hef haft vissar efasemdir um þá skipan mála sem hér er lögð til. Ég gat þess í ræðum þegar við vorum að ræða þessi mál fyrir jólin en þessi skipan var þá lögfest. Það sem einkum hefur vakað fyrir mér er það að ég átt þátt í því að vinna að breytingum á tollalöggjöfinni í hv. efh.- og viðskn. þegar það var samþykkt í ljósi EES-samningsins og í ljósi bókunar 3 að veita fjmrh. heimildir til álagningar verðjöfnunargjalda. Þar var sú breyting gerð. Síðan var tekin sú stefna að færa þetta vald yfir til landbrh. að hluta til, þ.e. það sem snýr sérstaklega að þessum milliríkjasamningum og mér finnst það ekki gefið að það sé rétt að skipan mála sé með þessum hætti þó að bæði Norðmenn og Svíar hafi þann hátt á. Ég vil benda á að þessum málum er háttað öðruvísi í ýmsum öðrum ríkjum. Sem dæmi má nefna Bandaríkin. Þar hefur annars vegar verið hald-

ið uppi miklum verndartollum en hins vegar verið talað fyrir frjálsum viðskiptum og frjálum innflutningi. Þar háttar málum þannig að sérstök stofnun eða ráðuneyti fer með þessi mál, US Trade Representative, og sú stofnun fer með forræði tollamála en landbrn. hefur umsagnarrétt um þau mál sem snerta landbúnaðinn. Þessum málum er því háttað á ýmsan veg og ég hefði kosið að við hefðum einfaldlega skoðað það betur hvernig og hvað hentar okkur best hér.

Ég get tekið undir þau sjónarmið að það er eðlilegt að landbrn. komi að þessum málum en það er líka eðlilegt að þar komi önnur sjónarmið að og ekki síst sérfræðiþekking á sviði alþjóðaviðskipta og þeirra samninga sem við erum aðilar að og þar geta auðvitað hagsmunir og hugmyndir rekist á. Ég held að það þurfi að huga mun betur en gert hefur verið að því fordæmi sem þessi skipan mála felur í sér gagnvart stjórnsýslunni. Við þurfum að hafa það í huga að þessi breyting getur haft ýmislegt annað í för með sér nema menn séu einfaldlega þess fullvissir að sérstaða landbúnaðarins sé svo mikil að hún réttlæti þessa skipan ein og sér án þess að setja nokkur spurningarmerki við það hvort það á að koma sama skipulagi á annars staðar, að innflutningur á sjávarafurðum fari til sjútvrn. og iðnaðarvörum fari til iðnrn. o.s.frv.

En hvað um það, það er alveg ljóst að við erum að tala um tímabundið fyrirkomulag og það verður farið yfir þessi mál öllsömul þegar kemur að því að fjalla um GATT-samninginn hvort sem það verður gert af þessari ríkisstjórn eða einhverri annarri og ég ætla að láta þetta gott heita í bili. Ég féllst á þetta fyrir jól og ég ætla að standa við það þó að ég hafi vissulega efasemdir hvað þessi mál varðar.

Varðandi þau tvö önnur mikilvægu atriði sem ég nefndi áðan, skattlagningarvaldið og það hvort þessar breytingar standist þá milliríkjasamninga sem við erum aðilar að, þá fæ ég ekki betur séð en að búið sé að skilgreina skattlagningarvaldið með fullnægjandi hætti þó að sé allt óljóst um framkvæmdina, allt óljóst um það hvernig þessi álagning verðjöfnunargjaldanna verður í raun.

Varðandi það hvort þessar breytingar standast milliríkjasamninga vil ég rifja upp að í hv. landbn. kom fram og eru lagastoðir fyrir að samkvæmt gildandi GATT-samningi er ekki heimilt að taka upp þrengingu á innflutningi eða innflutningsbann. Eftir að dómur Hæstaréttar féll er ljóst að hér ríkir ekki innflutningsbann, ef þessi lög verða samþykkt þá er auðvitað verið að taka bannreglu upp að nýju. En það var hins vegar túlkun þeirra sérfræðinga sem við kölluðum til að hér væri um tímabundið ástand að ræða og ákaflega ólíklegt að nokkur fari að fetta fingur út í það þó að við bregðumst þannig við meðan þessi mál eru til endurskoðunar enda var ljóst að löggjafinn stóð í þeirri trú að hér væri innflutningsbann. Þetta er sennilega ekki atriði sem þarf að hafa miklar áhyggjur af en þetta er ekki samkvæmt laganna hljóðan.

Hér hefur miklum tíma verið varið til þess að bera saman nefndarálit 1. og 2. minni hluta og mér þykir að Alþfl. hafi fengið liðsmann í Morgunblaðinu sem gerði úttekt á þessum málum 3. mars sl. Ég ætla aðeins að vitna í þá úttekt en þar var dregið mjög rækilega fram hvernig þróun málsins var í nefndinni og hvernig þessar brtt. þróuðust, hverju var bætt við og síðan hvað var tekið út. Það er alveg ljóst að Morgunblaðið er sammála túlkun Alþfl. og reyndar okkar stjórnarandstæðinga á því að öll tenging við GATT-samninginn hafi verið felld út úr þessum brtt. Það segir hér, með leyfi forseta:

„Öll tilvísun til fyrirkomulags tollamála eftir gildistöku GATT er felld út."

Ég er á þeirri skoðun að þessi túlkun sé rétt og eins og reyndar ráðherrar hafa margítrekað hér.

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins í lokin að koma að því um hvað þetta mál snýst í raun og veru þegar á allt er litið. Í fyrsta lagi snýst það um vinnubrögð í ríkisstjórninni. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að þetta mál hefur opinberað vægast sagt furðuleg vinnubrögð í þeirri ríkisstjórn sem nú situr og ekki er annað hægt að segja en það er makalaust að horfa upp á það hvernig menn hafa verið að reyna að komast hér fram hjá því samkomulagi sem gert hefur verið. Málið hefur líka snúist um verkaskiptingu milli ráðuneyta og það er óútkljáð hvernig þeim málum verður á endanum háttað.

Í þriðja lagi snýst þetta mál, og það er kannski það langmikilvægasta, um það hvernig hægt verði að búa íslenskan landbúnað undir þær breytingar sem fram undan eru og hvernig hægt verði að standa vörð um íslenskan landbúnað. Það er mergurinn málsins. Og mín meginspurning í framhaldi af þessu öllu saman er auðvitað sú: Hvernig er verið að undirbúa íslenskan landbúnað undir þær miklu breytingar sem fram undan eru? Þó að hæstv. forsrh. geri lítið úr GATT-samningnum þá felur hann auðvitað í sér töluverðar breytingar. Hann felur í sér aukinn innflutning og allt hefur þetta áhrif á atvinnugrein sem nú þegar stendur mjög illa að vígi og hefur gengið í gegnum mikinn samdrátt. Það þarf enginn að segja manni það að þessir samningar hafa sín áhrif. Að mínum dómi hafa menn verið að verja tímanum í endalaust þras um tímabundið ástand í stað þess að snúa sér að því verki að skapa íslenskum landbúnaði viðunandi samkeppnisstöðu og þar þarf svo sannarlega fleira að koma til en þau verðjöfnunargjöld sem okkur hefur orðið svo tíðrætt um. Það þarf í fyrsta lagi að snúa sér að því að endurskoða búvörusamninginn, ekki síst í ljósi fenginnar reynslu og þeirra breytinga sem við höfum horft upp á, ekki síst varðandi sauðfjárbændur. Þar þarf að fara rækilega í gegnum skipulag landbúnaðarins. Á því eru bændur reyndar byrjaðir sjálfir en þar þarf miklu meira að koma til. Það þarf að skoða verðmyndunarkerfið, það þarf að skoða milliliðina og afurðastöðvarnar og það þarf að fara í gegnum lagabáknið sem reyrir landbúnaðinn niður og það þarf að skapa honum meira svigrúm og sjálfstæði þannig að hann geti sjálfur tekið á sínum málum. Og það þarf að skoða allt umhverfi landbúnaðarins í ljósi nýrra aðstæðna þannig að hann standist þá samkeppni sem fram undan er og hann fái notið þeirrar sérstöðu sem felst í hinum miklum gæð-

um íslenskra landbúnaðarvara.

Þetta er það verk sem er fram undan, að fara í gegnum stöðu landbúnaðarins og að finna leiðir til þess að bæta stöðu hans og búa hann undir samkeppnina. En ég heyri ákaflega lítið frá hæstv. landbrh. hvað þessi mál varðar, enda kom það fram á búnaðarþingi, sem er nýlokið, að fulltrúar landbúnaðarins eru mjög uggandi um sinn hag og þykir erfitt að búa við það að vita ekkert hvernig starfsumhverfi landbúnaðarins verður á komandi árum. Ég skora á hæstv. landbrh. að snúa sér að því að taka á þessum málum, fara í gegnum stöðuna og finna leiðir til þess að bæta stöðu landbúnaðarins. Það má ekki bíða að landbúnaðurinn hér á landi hefji stórsókn á öllum sviðum til þess að tryggja betur stöðu sína. Það þarf virkilega að taka á öllum þáttum hans.

Virðulegi forseti. Að lokum er mín niðurstaða sú að í þessu máli hafi öll vinnubrögð verið aldeilis fráleit. Við stöndum frammi fyrir því að túlkanir á þeim lagatexta sem hér liggur fyrir eru afar misvísandi sem leiðir auðvitað til þess að réttaróvissu, sem meiningin var að eyða, verður ekki eytt. Meðferð GATT-málsins er jafnóljós og áður og verður kannski illa við ráðið og mín lokaniðurstaða er sú að þannig hafi verið staðið að þessu máli að rétt sé að á endanum beri ríkisstjórnarflokkarnir ábyrgð á því þó að við kvennalistakonur *munum samþykkja einstaka þætti málsins.*

[18:12]

Jón Helgason:

Herra forseti. Ég vil fyrst spyrja hæstv. forseta hvort *yfirlandbúnaðarráðherrarnir tveir,* hæstv. *forsrh.* og hæstv. utanrrh., séu ekki viðstaddir þessa umræðu.

(**Forseti** (StB)**:** Forseti mun láta kanna hvort hæstv. ráðherrar eru í húsinu og mun fá upplýsingar um það innan tíðar.)

Takk fyrir, herra forseti, það eru nokkrar spurningar sem ég vildi beina til þeirra líka.

Nú eru að verða liðin þrjú ár síðan núv. hæstv. ríkisstjórn tók við völdum og samkvæmt verkaskiptingu hennar var það Sjálfstfl. sem tók að sér að annast landbúnaðarmál. Þessi 2. umr. um frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum sýnir í hnotskurn hvernig Sjálfstfl. hefur því miður farið með það vandaverk sem hann tók þar að sér. Af hálfu stjórnarflokkanna hefur umræðan einkennst af illindum og ásökunum um svik og aðrar vondar hvatir. Málflutningurinn hefur snúist um eitthvert pólitískt samkomulag þeirra á milli þó aðrir geti ekki fundið að það sé um að ræða samkomulag um neitt annað en að halda áfram að rífast. En málefni landbúnaðarins, atvinnuvegarins sjálfs, virðist vera aukaatriði. Þau vinnubrögð hafa einkennt meðferð landbúnaðarmála hjá hæstv. ríkisstjórn og staðfestir þessi málsmeðferð nú að það á að halda áfram með sama hætti.

Í þessari orrahríð er gengið svo langt að ekki er hikað við að beita þar aðferðum sem augljóslega geta valdið landbúnaðinum óbætanlegu tjóni. Það er slæmt að gera landbúnaðinn að bitbeini stjórnarliðsins, hitt er enn þá verra að beita slíkum hættulegum vinnubrögðum. Skýrt dæmi um það kemur m.a. fram á bls. 7 í nál. hv. 2. minni hluta landbn., en þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þetta þýðir að núgildandi GATT-samningur setur ströng skilyrði fyrir því að beita megi innflutningstakmörkunum á landbúnaðarvörur. Ísland var undanþegið þessari samningsskuldbindingu með ákvæði í bókun um aðild sína að GATT (svokölluðu „afaákvæði" eða „grandfather clause"). Þar segir að Ísland skuli beita II. hluta samningsins (þar á meðal framangreindri 11. gr.) að svo miklu leyti sem hann er ekki í ósamræmi við lagaákvæði í gildi við dagsetningu bókunarinnar (þ.e. 30. júní 1967). Á þeim tíma var innflutningur á flestum landbúnaðarvörum bannaður með reglugerð nr. 3/1967, sbr. lög nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

Framangreind undanþága féll niður 23. nóv. 1992 með gildistöku laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992. Þau felldu úr gildi lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63/1979, sem komu í stað fyrrnefndra laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Ekki er heimilt samkvæmt GATT að endurvekja innflutningstakmarkanir sem hafa verið felldar niður.

Samkvæmt þessu er eingöngu heimilt samkvæmt núgildandi GATT-samningi að takmarka innflutning á landbúnaðarvörum sem eru háðar framleiðslustýringu, þ.e. hrárri mjólk og kindakjöti. Ekki er heimilt að takmarka innflutning á öðrum mjólkurvörum en mjólk eða öðru kjöti en kindakjöti. Fjölmargir GATT-úrskurðir hafa fallið sem skýra þetta nánar. Nægir að nefna deilu *Bandaríkjanna við Kanada varðandi innflutningstakmarkanir* á ís og jógúrt. GATT-panelúrskurður féll í málinu í október 1989."

Það hefur verið minnt á það í umræðum að undanförnu að þegar hæstv. fyrrv. viðskrh. lagði fram frv. um gjaldeyrismál 1992 þá fullyrti hann að gildistaka þess breytti í engu skipan innflutningsmála á landbúnaðarvörum og var það rakið í umræðu áðan. Það var furðulegt að heyra hæstv. forsrh. halda því fram að það væri vegna þess að lögin um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum frá 1985 hefðu ekki verið nægilega skýr. Þau voru að sjálfsögðu fullnægjandi miðað við þau önnur lög sem þá voru í gildi hér á landi um innflutning enda kemur það fram í nál. hv. 2. minni hluta landbn. þar sem segir skýrt það sem ég las áðan, með leyfi forseta: „Framangreind undanþága féll niður 23. nóv. 1992 með gildistöku laga um gjaldeyrismál."

Það er a.m.k. enginn vafi hjá Alþfl. að fram að þeim tíma héldu ákvæði búvörulaganna en gildistaka þessara laga sem hæstv. þáv. viðskrh. lagði fram og, eins og hæstv. forsrh. sagði, smeygði í gegnum þingið á þeirri röngu forsendu að þau breyttu ekkert skipan á innflutningi landbúnaðarvara. Þau breyttu þessu. Það var reyndar hæstv. utanrrh. ljóst áður en hæstaréttardómurinn féll því á sl. sumri reyndi hann að koma inn í landið landbúnaðvarvörum vegna þessa. Það var sem sagt utanrrm. ljóst löngu áður að málið hafði breyst við lagasetninguna 1992 þó hæstv. viðskrh. héldi þá öðru fram.

Í nál. hv. 2. minni hluta landbn. gengur fulltrúi Alþfl. enn þá lengra. Hann reynir að rökstyðja að ekki megi taka aftur upp í íslensk lög ákveðnari ákvæði um bann við innflutningi úr því að fyrrv. hæstv. viðskrh. tókst að læða fyrrnefndum lögum í gegnum þingið og reynir í þeirri tilvitnun sem ég las hér upp að rökstyðja það að með því að taka það upp aftur þá værum við að brjóta núverandi GATT-samning. Með öðrum orðum er í nál. 2. minni hluta landbn. — sem enginn mun vera í vafa um hvaðan er ættað eins og fram hefur komið í fréttum — verið að koma því á framfæri við aðrar aðildarþjóðir að GATT-samningnum að það frv. sem hér liggur fyrir og önnur lög sem Alþingi kynni að setja til að herða á innflutningstakmörkunum brjóti í bága við GATT-samninginn og þannig, a.m.k. óbeint, verið að hvetja aðrar þjóðir til að kæra það.

Ég býst við að flest okkar séu sammála um hvaða orð á við um slík vinnubrögð og alveg ótrúlegt að þingmaður á Alþingi skuli leggast svo lágt í málflutningi.

Það er ekki síður alvarlegt að Sjálfstfl. skuli taka þessu með auðmýkt og lotningu því hæstv. landbrh. andmælti ekki því sem sagt er í nál. hv. 2. minni hluta. Hann andmælti því ekki einu orði í ræðu sinni sem hann flutti fyrr við þessa umræðu. Ég vil því spyrja hæstv. landbrh. að því hvort hann ætlar með þögninni að taka fulla ábyrgð á þessum vinnubrögðum samstarfsflokksins þar sem ekki hefur farið fram hjá neinum að hæstv. utanrrh. hefur ráðið stefnunni. Ef svo er staðfestir það enn einu sinni sem, eins og ég sagði áður, kom í ljós eftir myndun ríkisstjórnarinnar að í verki er utanrrn. orðið að yfirlandbúnaðarráðuneyti. Það er að sjálfsögðu algjörlega öfugt við það sem áður hefur verið og er í öllum öðrum löndum þar sem utanrrn. er þjónusturáðuneyti atvinnuveganna. Þessi skipan er líka rækilega staðfest hjá núv. hæstv. ríkisstjórn með þessu frv. sem hér liggur fyrir til umræðu og allri málsmeðferðinni í kringum það.

Hæstv. forsrh. sagði áðan í ræðu sinni að það væri eðlilegt að þjóðir reyndu að vernda sinn landbúnað í þeim alþjóðasamningum sem verið er að gera en það vakti furðu annarra þjóða, t.d. Norðmanna, hvernig afstaða íslensku sendinefndarinnar í þessari samningagerð var stundum, að þeir álitu, gagnvart hagsmunum íslensks landbúnaðar.

Hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni sl. fimmtudag að þetta frv. hefði verið byggt á pólitísku samkomulagi flokkanna og margítrekaði að út frá því sjónarmiði einu ætti Alþingi að fjalla um málið en ekki að sníða það að þörfum atvinnuvegarins. Það kom líka fram í ræðu hæstv. landbrh. við 1. umr. málsins að ekki hefði verið unnið að undirbúningi frv. á réttum forsendum því hann ítrekaði að á því kynnu að vera ýmsir vankantar og óskaði sérstaklega eftir að hv. landbn. tæki það til rækilegrar skoðunar og lagfæringar. En svo gerist það þegar hv. formaður landbn. hafði látið vinna það verk mjög vel út frá hagsmunum atvinnuvegarins og með tilliti til viðunandi lögfræðilegrar framsetningar að þá kemur hæstv. utanrrh. og segir að það standist ekki þetta pólitíska samkomulag og gerir kröfur um að því sé breytt í tíu atriðum sem tíunduð eru í nál. hv. 2. minni hluta og bæði framsögumaður þess, hv. 4. þm. Vesturl., og hæstv. utanrrh. ítrekuðu í ræðum sínum sl. fimmtudag.

Það hefur þegar verið rakið hvernig þessar breytingar hafa augljóslega alvarlegar afleiðingar fyrir landbúnaðinn. Með því að fella niður orðin „eða tilsvarandi vörur“ úr 72. gr. frv. má búast við að upp komi endalausar deilur um það hvaða vörur eru framleiddar hér á landi, enda virtist hæstv. utanrrh. reikna með því í ræðu sinni að slíkar deilur mundu koma upp því hann sagði eitthvað á þá leið að „ef tilefni gefast til málshöfðunar út af þessu á þeim tíma sem líður fram að áramótum“. Lengur taldi hann að þessi lög mundu ekki standa virðist vera miðað við það orðalag. En reynslan hefur sýnt að innflytjendur reyna að finna vörutegundir sem hægt er að koma fram hjá ákvæðum um há gjöld og falla ekki undir takmarkanir og á þá leið er hv. frsm. 2. minni hluta landbn. líka að benda á í nál. sínu þegar hann segir á bls. 7 í framhaldi af því sem ég las áðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Málið snerist um það að Kanada beitti innflutningstakmörkunum á jógúrt og ís. Kanada bar m.a. fyrir sig að takmarkanirnar réttlættust af 2. mgr. 11. gr. GATT vegna þess að framleiðslustýring væri á mjólk. Kanada hélt því fram að innflutningur á ís og jógúrt drægi úr neyslu á innlendum ís og jógúrt. Þar með skapaðist hætta á offramleiðslu á mjólk sem torveldaði framleiðslustýringu hennar. Kanada taldi að jógúrt og ís væri í raun mjólk í öðru formi. Framleiðslustýring á mjólk feli þar með í sér einnig framleiðslustýringu á jógúrt og ís.

Þessu hafnaði GATT-panellinn sem taldi að jógúrt og ís væru hvorki tilsvarandi vörur né vörur sem geti beint komið í staðinn fyrir kanadíska mjólk í skilningi 11. gr. GATT. Innflutningstakmarkanir Kanada á ís og jógúrt voru því taldar samningsbrot.

Framangreindur úrskurður hefur beina þýðingu fyrir aðstæður hér á landi. Hann staðfestir það að landbúnaðarráðherra væri óheimilt að takmarka innflutning á öðrum landbúnaðarvörum en mjólk og kindakjöti. Annað væri brot á núverandi skuldbindingum GATT.“

Með þessu er hv. frsm. 2. minni hluta að setja fram fullyrðingu um að ef hægt er að finna einhverja sérstaka vinnsluvöru sem ekki er framleidd hér á landi, enda þótt hún sé að miklu leyti unnin úr landbúnaðarhráefni, þá sé landbrh. ekki heimilt samkvæmt skilgreiningu GATT að leggja verðjöfnunargjald á slíkar vörur og þar með að ómerkja lista sem búið er að fá samþykktan í GATT-samningunum og staðfesti þar með rétt okkar. Þennan lista virðist hv. frsm. 2. minni hluta landbn. vera að reyna að gera tortryggilegan og hvetja til að sé gagnrýndur af öðrum þjóðum. (**Gripið fram í:** Það er misskilningur.)

Ég vil spyrja hæstv. landbrh. hvort það sé líka landbúnaðarstefna Sjálfstfl. að með því að fella niður orðin í 72. gr. um þetta atriði, hvort það sé í samræmi við stefnu Sjálfstfl. að gera þær breytingar sem gætu haft þessar afleiðingar. (**Landbrh.:** Ég náði ekki alveg

spurningunni.) Það er það að fella niður orðin „enda séu þær framleiddar hér á landi" með tilliti til þess rökstuðnings sem fram kemur í nál. hv. 2. minni hluta landbn. um að það brjóti í bága við GATT-samninginn nú þegar á að leggja á vinnsluvörur.

En það atriði sem mest hefur verið rætt um í sambandi við þetta mál er að Sjálfstfl. styður það að í frv. og brtt. við það er ekkert fjallað um framkvæmd íslenskra stjórnvalda á hinum nýju GATT-samningum sem eftir orðum hæstv. utanrrh. eins og ég las áðan eiga að hans mati að ganga í gildi um næstu áramót.

Bændur hafa lagt mikla áherslu á að fá nú þegar vitneskju um hvernig hæstv. ríkisstjórn ætlar að halda á þeim málum. En með þeim tíu atriðum sem breytingar voru gerðar á upphaflegum tillögum hv. formanns landbn. að kröfu Alþfl. voru felld niður öll ákvæði um að þetta næði einnig til GATT-samninganna væntanlegu. Það er að vísu í samræmi við margítrekaðar yfirlýsingar hæstv. landbrh. sem lesnar hafa verið upp í þessari umræðu, bæði af hv. frsm. 2. minni hluta landbn. og hæstv. utanrrh. og einnig hér í dag. Samkvæmt því er það vilji hæstv. landbrh. að sérstök fimm manna nefnd taki þessi mál til skoðunar. Þá yfirlýsingu gaf hann þegar hann mælti fyrir frv. um breytingar á búvörulögunum í desember og ítrekaði það svo aftur í framsöguræðu sinni með þessu frv. En í því sambandi er það athyglisvert að sú nefnd var fyrst skipuð nú í síðustu viku, enda þótt ákvörðun um að hún ætti að fara með þessi mál hafi verið tekin á síðasta ári og þau vinnubrögð sýna að það virðist ekki vera mikill áhugi á því að hraða undirbúningi að því máli.

Það kom fram í máli hæstv. utanrrh. og einnig frsm. 2. minni hluta landbn. að sú athugun sem á að fara fram í sambandi við GATT-samninginn mundi fyrst og fremst snerta breytingu á búvörulögunum. Ég þori að fullyrða að það er algjörlega ný stefna að landbrh. skuli fela öðrum ráðherrum forustu um breytingar á svo afdrifaríkum ákvæðum landbúnaðarlöggjafarinnar sem þetta atriði er og yfirlýsingar hæstv. landbrh. um að hann telji sig ekki vera að afsala sér neinu með þeirri ákvörðun getur aðeins táknað að hann sé fyrir löngu búinn að sætta sig við að aðrir ráðherra hafi mikilvægt ákvörðunarvald í málefnum landbúnaðarins innan hæstv. ríkisstjórnar.

Fullyrðingar hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. stangast reyndar algjörlega á við þá skoðun hv. 3. þm. Reykv. Björns Bjarnasonar, formanns utanrn., sem fram kom í sjónvarpi fyrir hálfum mánuði síðan þegar Sjálfstfl. hafði tekið þá ákvörðun að taka þetta atriði ekki inn í brtt. Í því viðtali sagði hv. 3. þm. Reykv. að hann teldi mjög mikilvægt að ákvörðun um þessa framkvæmd yrði tekin nú áður en GATT-samningurinn yrði lagður fyrir Alþingi. Það væri mjög óheppilegt að deilur um framkvæmdina stæðu yfir á meðan verið væri að fjalla um það hvort ætti að samþykkja samninginn eða ekki. Jafnframt kemur það fram í þessum orðum hans að hann telur að ekki sé eftir neinu að bíða fyrir Alþingi að taka slíka ákvörðun.

Hitt er þó að mínu mati enn þá alvarlegra að hæstv. utanrrh. skuli halda því fram að ekki sé hægt að taka ákvörðun um það nú vegna þess að það séu svo mörg atriði í sambandi við samninginn sem hann hafi ekki hugmynd um hvernig séu. Hann viti svo lítið um það hvað í þessum samningi felst fyrir íslenskan landbúnað að ekki sé hægt að taka neina ákvörðun um þetta málefni eða móta stefnu ríkisstjórnarinnar og lagasetningu á Alþingi. Mér finnst það alveg furðuleg yfirlýsing af hæstv. utanrrh. að hafa staðið fyrir og staðið að slíkri samningsgjörð án þess að gera sér til hlítar grein fyrir því hvaða áhrif samningurinn komi til með að hafa fyrir íslenska atvinnuvegi.

Nágrannaþjóðir okkar eru nú í óðaönn að búa sig undir þá breytingu sem samningurinn mun hafa í för með sér fyrir þær en hér virðist ekkert vera aðhafst enn þá og hæstv. ráðherrar segja að þeir viti ekki hvað þarna er um að ræða.

Í nágrannalöndunum er málefnið í höndum landbúnaðarráðuneytanna og það viðurkenndi hæstv. utanrrh. í ræðu sinni og reyndar hæstv. forsrh. líka hér áðan. Hæstv. utanrrh. gaf hins vegar enga skýringu á því af hverju þetta grundvallaratriði í starfsskilyrðum íslensks landbúnaðar eigi ekki að vera í verkahring landbrh. eins og í nágrannalöndum okkar. Eina svarið var að það gegndi allt öðru máli hér. Er skýringin þá sú að í núv. ríkisstjórn sé það samkomulag að hæstv. landbrh. fari ekki með þessi mál?

Hæstv. utanrrh. sagði að það yrði að taka pólitíska ákvörðun um það hversu langt hvert ríki, í þessu tilfelli okkar ríki, vill ganga til að nýta þær tollaheimildir sem felast í GATT-tilboðinu. Það sama sagði hæstv. forsrh. hér áðan, það séu hámarksheimildir en spurningin sé eftir um það að hve miklu leyti menn ætla að nýta þær heimildir. Það er einmitt spurningin sem fyrst og fremst er beint til hæstv. ríkisstjórnar og bænda gera kröfu til að fá svar við þeirri spurningu.

Hv. 18. þm. Reykv. spurði áðan hvernig verið sé að breyta landbúnaðinum í samræmi við gerða samninga. Á meðan enginn veit eða bændur vita ekki hvaða áhrif þeir munu hafa þá er að sjálfsögðu ákaflega erfitt að búa sig undir þá breytingu sem samningarnir kunna að hafa í för með sér.

Ég vil því beina því til hinna þriggja ráðherra og bið þá að svara því hver fyrir sig. Hvenær ætlar hæstv. landbrh. að taka þá pólitísku ákvörðun hvernig á að beita samningum? Ég vil einnig spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær vill hann og ætlar að taka ákvörðun um það hvernig á að beita ákvæðum samninganna? Hvenær eiga bændur að fá að vita það? Ég ætla einnig að spyrja hæstv. utanrrh. að því hvenær hann telur að bændur eigi að fá að vita það hvernig þeir eigi að búa við GATT-samningana. Jafnframt vil ég biðja hæstv. ráðherra að svara því hvernig þeir ætli að beita þeim ákvæðum, að gefa yfirlýsingu um það hvernig þeir hyggist gera það þó ekki sé hægt að setja á blað öll einstök smáatriði. Það er allt, allt annað atriði.

Það hlýtur að vera nauðsynlegt fyrir fimm manna nefndina, fimm ráðuneyta nefndina, þessa yfirnefnd yfir hæstv. landbrh. að vita eftir hvaða meginlínum hún á að vinna þegar hún fer að gera tillögur um fram-

kvæmdaratriði. Að öðrum kosti hlýtur það að vera marklaust starf og fálm. Því er nauðsynlegt fyrir nefndina að fá svör við þessum spurningum sem ég var að bera fram. Ég vil sérstaklega spyrja hæstv. landbrh. að því hvort hann geti ekki lýst því yfir afdráttarlaust. Eða er því eins varið með hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. að hann viti ekki hvað þessi samningur felur í sér sem ég býst við að við flest öll teljum að útilokað sé fyrir okkur annað en gerast aðilar að? Eða er hann sammála hæstv. utanrrh. sem sagði í ræðu sinni á fimmtudaginn að allt sé gott sem endar vel eftir að hafa lýst því yfir að það væri mikið fagnaðarefni að öllum efnisbreytingum sem komið höfðu fram í fyrstu brtt. hv. formanns landbn. hafði verið hnekkt.

Ég hef hér nefnt örfá atriði sem sýna þann algjöra glundroða sem er því miður á stjórn landbúnaðarmála hjá hæstv. ríkisstjórn en mörg fleiri hafa verið rakin af öðrum hv. þm. í umræðunni á undan.

Hér er verið að fjalla um rekstrarskilyrði íslensks landbúnaðar á næstu árum. Það er því algjörlega útilokað að láta framtíð landbúnaðarins halda áfram að reka á reiðanum. Það getur ekki verið að nokkur þingmaður, sem hugsar eitthvað um hagsmuni íslensks landbúnaðar, ætli sér að bera ábyrgð á þessum vinnubrögðum. Það getur ekki verið að þeir hv. þm. sem það ætla að gera viti hvað þeir eru að gera en sú afsökun gagnar landbúnaðinum lítið. Ég vil því eindregið taka undir áskorun hv. 4. þm. Norðurl. e. um að þessari umræðu verði frestað og landbn. fjalli aftur um málið og þá út frá þörfum atvinnuvegarins en ekki út frá einhverju pólitísku samkomulagi eða réttara sagt pólitísku ósamkomulagi stjórnarflokkanna.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill koma því á framfæri að það er hugmyndin að gera hlé á fundinum um það bil á milli klukkan hálfátta og hálfníu.

[18:48]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Í framsöguræðu minni fyrir þessu máli gerði ég grein fyrir frv. og þeim brtt. sem við það hafa verið gerðar. Það hefur ekki komið neitt sérstakt fram í þessari umræðu sem hnekkir þeirri framsetningu sem ég viðhafði þá. Hins vegar hefur verið fjallað um málið vítt og breitt, eins og menn hafa orðið vitni að og með ýmsum hætti hafa spjótin beinst að mér í þessari umræðu þannig að það hlýtur að vera eðlilegt að ég upplýsi nokkuð þetta mál.

Það er þá í fyrstu það sem kom fram í ræðu hjá hæstv. utanrrh. Hann talaði mikið um samkomulag milli stjórnarflokkanna um frestun á vinnubrögðum í sambandi við væntanlegt GATT-samkomulag. Hann hafði það m.a. að orði að þar hefðu menn verið að svíkja samkomulag. Hann gat þess meira að segja að þetta svokallaða samkomulag, sem hann talaði þar um, hafi verið staðfest af þingflokkunum, eins og hann komst að orði. Ég hef ekki orðið vitni að því samkomulagi og það er enginn misskilningur á milli mín og hæstv. forsrh. um það að ég hafi ekki verið þátttakandi í neinu samkomulagi af þessum toga. Ég held að það væri mjög mikilvægt að utanrrh. reyndi að huga að því hvernig hann heldur sitt samkomulag í þessum tilvikum sem öðrum og hann ætti hvorki að bera það á mig né aðra þingmenn að ég sé að bregðast einhverju samkomulagi í þessum efnum.

Það er þá vert að geta þess í þessu sambandi að hann fór mörgum sinnum yfir að hvað landbrh. hefði talað um þegar hann flutti framsögu fyrir frv. ríkisstjórnarinnar í desember um það að GATT-málefni biðu. Auðvitað bíða GATT-málefni að stærstum hluta. Það er mikið verk óunnið til þess að undirbúa þau mál. Það er svo annað atriði að ekki má á þau minnast. Þetta frv. hefði ekki gengið öðruvísi fram en það næði til GATT eins og annarra milliríkjasamninga og það gerir það vissulega í þeim búningi sem það er í núna. Þannig er þetta allt með nokkuð sérstæðum hætti hjá hæstv. utanrrh.

Þá sagði hæstv. utanrrh. líka, og eins og fram kemur í nál., að formaður landbn. hafi viðhaft óeðlileg vinnubrögð við undirbúning þessa máls. Í nál. segir, með leyfi virðlegs forseta:

„Það eru að sjálfsögðu ekki eðlileg vinnubrögð hjá stjórnarþingmanni að leggja til breytingar á stjórnarfrumvarpi án þess að eiga samráð við þá aðila sem hlut eiga að máli. Því síður er eðlilegt að gera slíkar breytingartillögur án þess að tryggja að þær séu í samræmi við það samkomulag sem stjórnarflokkarnir gerðu sín á milli og að skoða þá fjölmörgu milliríkjasamninga sem málið varðaði. (**Utanrrh.:** Hvar er þetta?) Þetta er í nál. 2. minni hluta.

Nú er það spurning út af fyrir sig hvaða vinnubrögð á að viðhafa í samskiptum við Alþfl. og þá á ég við í nefndarstarfi. Þannig er nefnilega mál með vexti að á sl. vori var gengið frá nefndaráliti í landbn. Alþingis sem stór hluti nefndarinnar undirritaði, þar á meðal fulltrúi Alþfl. (**JGS:** En af hverju var það ekki samþykkt?) Þessi fulltrúi Alþfl. fór meira að segja með frv. til skoðunar í utanrrn. og líklega viðskrn. líka og hann fékk þrjár ábendingar úr utanrrn. um smávægilegar breytingar að vísu á nál. Þær voru allar teknar til greina. Samt sem áður varð eins og menn væntanlega muna eftir að rjúfa þingið til þess að þetta mál kæmi ekki til umræðu. Að kröfu fyrst og fremst formanns Alþfl. varð að rjúfa þingið til þess að þetta mál kæmi ekki til afgreiðslu. (**ÓÞÞ:** Var það að kröfu Alþfl.?) (**Landbrh.:** Fresta því.) Samt sem áður var nál. undirritað af fulltrúa Alþfl. í landbn. og staðfest af ráðuneyti formanns Alþfl. Svo kemur þessi ráðherra núna og er að tala um það — og þess er sérstaklega getið í nefndarálitinu — að það séu einhver óeðlileg vinnubrögð af minni hendi í samskiptum við Alþfl. (**JGS:** Ráðherrann skrifaði ekki þetta álit.) (**GE:** Þetta er frá mér.)

(**Forseti** (VS)**:** Ég vil biðja hv. þm. að vera ekki með frammíköll.)

Það er spurningin hvort hvolparnir norðan heiða ættu ekki að leyfa mönnum að tala hér í ró og næði. Það vill nú svo til að einn þingmaður Framsfl. hefur flutt sérstaka þáltill. um ræktun á íslenska hundinum og það hefur alltaf verið mikið vandamál að fá hann til

þess að þegja á réttum tíma (**Gripið fram í:** Hvern?) og það getur vel verið að það gætu fleiri lært af þessum tillöguflutningi. (Gripið fram í.)

Þetta er þá um þessi efni. Og þó að hv. þm. Gísli Einarsson segi að hann eigi þennan texta og hafi skrifað hann, sem út af fyrir sig skiptir ekki neinu máli í þessum efnum, þá er hann reyndar ættaður úr utanrrn. Og þegar verið er að kvarta hér um það að ekki hafi verið haft samráð við málsaðila, þá vildi svo til að fulltrúi Alþfl. í landbn. gat þess sérstaklega við mig að hann sendi alla pappíra jafnóðum upp í utanrrn. sem nefndinni bárust. (**GE:** Eftir að þeir komu fram.) Eftir að þeir komu fram, já, þannig að það var ekki þannig að menn þar á bæ fylgdust ekki með málinu, enda hafði hann fullar heimildir til þess að sjálfsögðu. (**JGS:** Hvert fóru pappírar formannsins?)

Þá ætla ég eftir að hafa farið með þetta mál gagnvart utanrrh. að víkja ofurlítið að nál. 2. minni hluta. Ég verð að segja eins og er að eins og mikið hefur verið fjallað um það álit, þá er ég hissa því að landbúnaðarnefndarmenn skuli ekki hafa bent á veilurnar í þessu nál. Sérstaklega er ég reyndar hissa á því að hv. 2. þm. Suðurl., sem talaði hér rétt áðan, notaði þetta nál. til þess að rökstyðja sitt mál með að því er varðaði ávinning Alþfl. í samskiptum við Sjálfstfl. Sannleikurinn er sá í þessum efnum að þeir menn sem sömdu þetta nál. hafa búið sér til leið til þess að ná fram tilteknum niðurstöðum í málinu. Það fylgir hér sérstakt fylgiskjal sem prentað er með frv. og það er á marga vegu afskaplega einkennilegt og einkennilega tilkomið. Í fyrsta lagi er þetta vinnuskjal sem slíkt. Látum það nú vera en í öðru lagi sem er öllu alvarlegra mál, þá er heiti á þessu vinnuskjali breytt. Hér var um að ræða vinnuskjal sem reyndar var unnið fyrir landbn. og var merkt „Breytingartillaga, vinnuskjal 14.02.1994" og síðan komu skammstafanir á nöfnum höfundanna. Þessu er sleppt, heldur er valin sú leið að gefa þessu fylgiskjali sérstaka fyrirsögn. Og það er reyndar ekki nóg með það að tekið er annað vinnuskjal án þess að nokkrar skýringar séu gefnar og því er skeytt aftan við hitt vinnuskjalið og þannig eru tvö vinnuskjöl gerð að einu fylgiskjali og breytt um fyrirsagnir. Ég hef ekki orðið vitni að því hér í þinginu að menn yfirleitt notuðu og túlkuðu vinnuskjöl með þessum hætti og allra síst að menn fölsuðu yfirskriftir á slíkum skjölum.

Það er sérstakt hlutverk sem hv. þm. Gísli Einarsson fær í þessum efnum hjá aðstoðarmönnum sínum í utanrrn. Að vera þátttakandi í þessari vinnu í landbn., hafa þessi skjöl og gögn fyrir framan sig en síðan að skila þeim inn þingtíðindin með því að breyta þeim með þessum hætti. Og mér er satt að segja ekki ljóst hvernig hægt er að niðurlægja þingmann meira heldur en hér er gert. Tillitsleysi gagnvart þessum hv. þm. frá sínum yfirboðurum er nánast óskiljanlegt að þessu leyti. En eitthvað þurftu menn að nota. Síðan er þetta vinnuskjal, þetta fylgiskjal notað til þess að sýna fram á árangur Alþfl. við breytingar á frv. og hér eru settar inn allra handa frásagnir um sérfræðinganefndir og sérfræðingastörf. Það er sagt frá því að Kjartan Jóhannsson hafi verið kallaður frá útlöndum til þess að vera til aðstoðar við þetta verk. (**Gripið fram í:** Er það ekki rétt?) Jú, jú, ég er ekki að bera neinar brigður á það.

Nú er það auðvitað svo að nefndir sækja sér upplýsingar í hina ýmsu stjórnsýslu og það gerði að sjálfsögðu landbn. nú sem áður. Reyndar fór hún tvöfalda umferð í umræðu um þessi efni við ráðuneytin og það var auðvitað eins með undirbúninginn að þessum tillögum að það var sótt eftir upplýsingum í ráðuneytin. En það brá reyndar svo við, eins og hefur komið fram í fréttum, að embættismenn utanrrn. fengust ekki til þess að mæta til fundar við sérfræðingana þegar eftir því var leitað. Þetta er væntanlega öllum kunnugt af því sem komið hefur fram í fréttum um þessi efni. Nú segja menn hins vegar að það hafi verið gerðar að tilhlutan þessarar sérfræðinganefndar 10 breytingar á frv. Það voru auðvitað gerðar breytingar á frv. frá fyrstu drögum þess. Flestar þessar ábendingar komu fram í landbn. Ég geri ráð fyrir því að menn geti bent á sérstakar áherslur frá einstökum landbúnaðarnefndarmönnum í þeim efnum. Auðvitað urðu til breytingar í meðförum málsins hjá landbn. Það gerist í öllu nefndarstarfi. Það komu þrívegis fram plögg sem sérstaklega voru tengd tillögugerð auk reyndar margra annarra gagna sem fyrir nefndina voru lögð. Ég man t.d. sérstaklega eftir áherslum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar í sambandi við forræðismálin svo að ég bara taki eitt dæmi, forræði landbrh. yfir þessum málum. Þetta er auðvitað hlutur sem gerist í störfum nefndarinnar og menn tóku þátt í nema þá helst fulltrúi Alþfl. Það er kannski rétt að það komi hér fram að það var sá eini nefndarmaður sem hafði bara ekkert til málanna að leggja í þessum efnum (**GE:** Þetta er alrangt hjá þér.) þannig að það er náttúrlga einstakt þrek, ekki síst með tilliti til þess sem þarf til að setja slíkar fullyrðingar fram sem þessar, búa til fylgiskjöl og síðan að leitast við að byggja röksemdir sínar um breytingar og árangur á grundvelli slíkra fylgiskjala upphaflegs vinnuplaggs í þessum efnum. Og satt að segja ber að horfa á þetta nál. í heild sinni út frá þessu. Á grundvelli þessa m.a. er verið að leitast við að túlka breytingarnar sem urðu á þessum tíma af mönnum sem sögðu ekki eitt einasta orð um þær né heldur tóku þátt í umræðunni um þær. Það er sérstök sviðsetning í kringum túlkun 2. minni hlutans á nál. Ég verð nú að segja það alveg eins og er að þegar maður flettir upp þessum bakgrunni á nál. og þessari vinnu allri saman og með hvaða hætti hér er reynt að efna til blekkinga, þá lít ég ekki stórum augum á þær skýringar sem þannig eru fengnar því að þær eru fengnar á grundvelli þessarar uppsetningar. Lagatúlkunin er fengin á grundvelli þessarar uppsetningar sem er tilbúningur.

Þetta er náttúrlega mikið grundvallaratriði og það getur hver láð mér sem vill þó að ég hafi ekki viljað láta ritstýra nál. 1. minni hluta með þessum hætti. Það varð reyndar sameiginleg niðurstaða okkar sem skrifuðum undir þetta nál. að á því yrði ekki gerð breyting með sama hætti og lagt var til af hv. þm. Gísla S. Einarssyni, m.a. vegna þess að nál., sem var raunar samið

af okkar sérfræðingum í þessu máli, það er í beinum tengslum við lagagjörðina sjálfa. Þar af leiðandi hefði það verið fráleitur kostur að láta utanrrh. eða einhverja aðra slíka fara að ritstýra nál. sem samið var og til orðið með þessum hætti eins og ég hef áður getið um.

Það er náttúrlega nauðsynlegt að menn virði fyrir sér málið að þessu leyti. Það var reyndar athyglisvert að það hafði nú ekki nema einn ræðumaður, hv. 2. þm. Suðurl., fallið á þessu blekkingarprófi í nál., en hann eins og menn urðu hér vitni að áðan, var mikið að tala um árangur Alþfl. og annað út frá því. Þessa vildi ég nú sérstaklega geta af þeim tveimur ástæðum að að mér hefur verið beint æðimiklum ásökunum af hendi Alþfl. Ég held að þessi umfjöllun og þær skýringar sem ég hef gefið í þeim efnum séu þess efnis að þeir sem þeim penna stýra eigi nú að passa sjálfa sig og í öðru lagi hitt að hér hefur verið sögð sagan af því hver sé bakgrunnur þessa nál. og það geta reyndar allir séð sem vilja skoða þetta mál með þessum hætti.

Þá er kannski eðlilegt að víkja að því hver varð í rauninni niðurstaða þessa máls. Það er mönnum væntanlega nokkuð kunnugt að síðari drög sérfræðinganna voru lögð fram miðvikudaginn 23. febr. Hæstv. utanrrh., og hið sama kemur fram í nál. og eins í framsöguræðu hv. þm. Gísla S. Einarssonar, talaði alltaf um þessar breytingar sem hluta af einhverju samkomulagi. Brtt. sem var lögð fram þennan umrædda miðvikudag, gekk til þingflokkanna að því er ég hygg a.m.k. til stjórnarflokkanna. Á þingflokksfundi sem haldinn var þennan dag kom sú tilkynning frá Alþfl. að þessari tillögu væri hafnað. Ég var beðinn um að fresta fundi í landbn. daginn eftir og annað eftir þessu. Með öðrum orðum, þær breytingar sem taldar eru upp í tíu liðum höfðu verið gerðar og voru grundvöllur m.a. að breytingartillögunni 23. febr. en þrátt fyrir það hafnaði Alþfl. þessum tillögum í heilu lagi. Auðvitað er þetta ekki neitt sérstakt mikilvægt málefnalegt atriði. En það sýnir hins vegar bakgrunninn í þessari umræðu og hvernig þessi niðurstaða fékkst. Og á þessum tillögum sem þarna voru kynntar, eins og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði alveg réttilega frá í sínu máli, voru síðan gerðar tvær breytingar. Þeim lýsti ég hér í framsöguræðu og þarf ekki að endurtaka það að neinu sérstöku marki. Þó vildi ég nú minna á það að orðalagið sem bætt var inn í 1. mgr. 72. gr. var í lögunum eins og frá þeim var gengið í desember. Ekki man ég hvort það voru 54 eða 56 alþingismenn sem greiddu þeirri tilvitnun atkvæði þá. Og ekki einn einasti alþingismaður greiddi atkvæði þar á móti.

Ég er hins vegar afar þakklátur fyrir það að ekki eru gerðar að tilhlutan minni hluta landbn., þ.e. stjórnarandstöðunni, tillögur til breytinga á þessari 1. mgr. Þar held ég að menn hefðu þó helst getað náð sér fyrir ef vilji hefði verið fyrir hendi því að eins og ég sagði við fyrri umræðuna að þó það hafi verið sameiginleg niðurstaða í umfjöllun í nefndinni að bæta við öðrum viðauka með tilliti til verðjöfnunarheimilda — ég held að mér sé líka óhætt að segja að það hafi verið niðurstaða nefndarinnar að túlka þau efni einvörðungu miðað við hagsmuni landbúnaðarins eða samkeppnisvörur landbúnaðarins — þá ætla ég ekkert að leyna því að gagnvart þessum viðaukum getur verið fólgin ákveðin hætta og það er erfitt að breyta þeim í grundvallaratriðum nema með löggjöf þótt við höfum reynt í lagatextanum að gera þar nokkrar umbætur á frá því sem áður var.

En um þessi efni vil ég aðeins segja að það er náttúrlega alveg ljóst að nú getur landbrh. gengið frá reglugerð um þessi efni. Hann þarf ekki að vera að þrátta við önnur ráðuneyti að því er varðar þessa skilgreiningu. Þarna er hans réttur og þarna eru hans skyldur og það er auðvitað gríðarlega mikill kostur. Með því að menn eru að tala hér um GATT og GATT-vörur og viðskiptasamninga sem við tökum þátt í þá tekur þessi réttur landbrh. ekki neitt mið af slíkum samningum, ekki við ákvarðanatöku. Það eru þessir listar sem eru verksvið landbrh. og þangað nær hans valdsvið. Og það gildir alveg einu hvaða vörur sem þar eru tilgreindar eiga hlut að máli, hvort sem þær kunna að koma frá GATT-þjóðum, EES eða öðrum slíkum að það eru viðaukarnir sem ákvarða rétt landbrh. í þessum efnum en ekki samningarnir sem slíkir.

Eins og ég hef áður sagt þá er hér tilvitnun um það að landbrh. beri að fara eftir viðskiptasamningum sem við erum aðilar að við ákvörðun á verðjöfnunargjöldum eða öðru því sem að því lýtur. Þetta er nú um þessi efni.

Þá kem ég að hinu efninu sem réttilega var tilgreint hér af hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um reikniregluna í sambandi við fjögur/tvö eins og menn hafa gjarnan kennt þetta við. Það er fyrir það fyrsta að í þessari grein er talað um reiknireglu. Það er bara textinn sem um er talað. Reiknuregla. Og auðvitað hefur hún ekki sem slík grundvallaráhrif á þá samninga sem við kunnum að eiga í í sambandi við GATT. Eins og ég hef reyndar tekið fram áður þá komu margsinnis upp í þessari umræðu ábendingar um aðrar aðferðir. M.a. eins og bent er á í nál. 1. minni hluta að vega saman tolla og verðjöfnunargjöld og ná þannig valdi á tollígildunum. Ef sú leið kann að reynast fær, sem ég hef reyndar ríka ástæðu til að ætla, þá þarf ekki að þessu leyti að breyta einum einasta staf í búvörulögunum. Slík breyting, þ.e. álagning tolla, yrði að sjálfsögðu gerð í tollalögunum en ekki búvörulögunum og þá stæðu búvörulögin að þessu leyti alveg fyrir sínu ef þessi aðferð kynni að verða notuð sem reyndar komu skýrar ábendingar fram um frá ýmsum sérfræðingum í starfi nefndarinnar.

Þá er nú búið að skýra þetta öðru sinni. Það er rík ástæða til að vekja athygli á því einu sinni enn að þessar breytingar eru skýrar, raunar eru þær með þeim hætti að frv. sjálft, þar orkar ekki mikið tvímælis hvernig vinna skuli. Til viðbótar er nál. að sjálfsögðu afar skýrt líka enda eins og ég sagði unnið af okkar sérfræðingum og beinlínis með tilliti til þess að staðfesta þá túlkun og þá hugsun sem er í frv.

Það er svo annað mál að ég held að það sé nokkuð ljóst að í þessum efnum hefur fengist æðimikil reynsla, í umræðunni um þessa breyttu hætti í sambandi við skipan landbúnaðarmála í framtíðinni. Má þá

reyndar minna á það sem gerðist á sl. vori og satt að segja hefði maður nú haldið að þeir sem þar véluðu sérstaklega um mundu leitast við að ná sameiginlegri niðurstöðu í þessum málum. Svo varð nú ekki. Níu mánuðir liðu án þess að ríkisstjórnin kæmi sér niður á haldbæra lausn í þessum efnum. Og nú hafa menn orðið vitni að því sem hefur gerst hér síðustu daga. Þess vegna hlýtur það nú að vera spurningin hvað kann að taka við næst. Fimm ráðuneyta nefnd á að setjast að störfum. Framkvæmdarvaldið ætlar að setja saman tillögur og ég verð nú að taka því nefndarstarfi með fyrirvara að því leyti að sumir þeirra sem þar ganga til verka hafa samið þetta nál. hv. þm. Gísla S. Einarssonar. Svoleiðis að ekki spáir það góðu með framhaldið og sameiginlega niðurstöðu í þessum málum.

Við höfum áreiðanlega öll orðið vitni að því að um það hefur verið talað að þetta tilefni til þeirra deilna sem yfir hafa gengið væri erfitt að skilja. Og þó ég skilji út af fyrir sig stjórnarandstöðuna vel, þá er alveg ljóst að þar er um afar lítilvægar breytingar að ræða frá því sem er í okkar tillögum. Þegar málið er skoðað í hnotskurn þá er alveg ljóst að hér er um mjög mikinn ágreining að ræða, kannski ekki sérstaklega hér innan Alþingis, nema þá við Alþfl. Það er alveg óhætt að tala opnum munni um þá hluti. Og það verð ég að segja eins og reyndar kom fram í máli hv. 2. þm. Suðurl., Jóns Helgasonar, að ýmislegt í þessu nál. finnst mér með alveg hreinum ódæmum. Ég get ekki séð annað heldur en það sé meginþemað að reyna að leitast við að rýra sem allra mest samningsstöðu Íslendinga í þessum málum. (**Gripið fram í:** Það er gott hjá þér.) Það þarf ekki annað en að lesa þetta nál. til að sjá að svo er. (Gripið fram í.) Þar er t.d. talað um það að frjáls innflutningur frá 1992 sé staðreynd og við verðum að lúta því í sambandi við GATT. Það vekur náttúrlega sérstaka undrun í þessum efnum að samt sem áður leggur ríkisstjórnin fram frv. sem hér er verið að fjalla um sem er þá brot gagnvart GATT. Þar er, eins og menn vita, kveðið á um það að landbrh. hafi miklu víðtækari heimildir til að hindra innflutning en tilgreint er í nál. hv. þm. Gísla Einarssonar. Þar segir beinlínis að hindranir geti ekki gilt nema gagnvart hrámjólk og kindakjöti. Þetta segir alveg skýrum orðum. Menn geta lesið sér til um þetta. Það þýðir ekkert að vera að tala um að hlutirnir séu alrangir þegar menn hafa textann beint fyrir framan sig. Spurningin er: Hvaða hagsmunum þjónar þetta? Þjónar það íslenskum hagsmunum að setja málin fram með þessum hætti á sama tíma og ríkisstjórnin er að flytja frv. sem gengur þvert á þessi efni? Það sætir alveg einstakri furðu að menn skulu sýna slíkt ábyrgðarleysi sem þetta.

Eins er um ýmsar tilvitnanir, sem auðvitað er ekki hægt að skoða öðruvísi en sem hótanir. Hv. 2. þm. Suðurl. fór greinilega yfir þau mál. Öll samningsstaða okkar veikist því í þessum efnum. Það er afskaplega erfitt að finna það út hvað mönnum gengur til með að setja mál fram með þessum hætti. Auðvitað undirstrikar þetta betur en nokkuð annað þann ágreining sem er í þessu máli.

Að síðustu er rétt að minna sérstaklega á það sem segir um forræðismálin í nál. þar sem það er sett fram sem stefna Alþfl. að forræðismálin eigi ekki að vera í höndum landbrn. heldur utanrrn. Allt saman er þetta skráð í nál. Ég hef ekki tafið tímann með því að vera að lesa þetta sérstaklega upp, en allar þessar mikilvægu áréttingar sem ég bendi á eiga það sameiginlegt að rýra stöðu okkar Íslendinga í samningum og í samskiptum við aðrar þjóðir. Er þá einhver furða þó að upp úr sjóði í þessum efnum?

Hv. þm. Gísli Einarsson hafði í ræðu sinni yfir persónuleg samtöl sem á milli okkar höfðu farið þar sem ég aðvaraði hann um það að leiðir mundu skilja í þessu máli mjög snemma í þessari umræðu. Ég gerði þetta vegna þess að þingmaðurinn fylgdist ekki með því sem fram fór hér í fyrravor. Reyndar sleppti hann því sem ég sagði til viðbótar við þetta, ég vildi segja honum þetta til þess að við vissum hvor af öðrum og það þyrftu ekki að verða þannig brestir í okkar samskiptum. Hv. þm. sleppti því að segja frá þessu í sinni framsöguræðu. En ætli flestir hafi ekki mátt búast við því miðað við reynsluna í vor og miðað við samskipti stjórnarflokkanna í landbúnaðarmálum að það mundi sjóða upp úr með harkalegum hætti? Skyldu ekki þeir sem tóku þátt í þeirri umræðu sem fram fór á sl. vori hafa mátt búast við því? Auðvitað lá alveg ljóst fyrir að hv. þm. Gísla Einarssonar yrði vel gætt í þessari umræðu og afgreiðslu, enda ber nál. það með sér og textinn í langri ræðu sem hann flutti sem framsöguræðu var náttúrlega til kominn annars staðar en frá honum sjálfum.

En það þarf ekki að vera af hinu verra. Menn sækja sér auðvitað aðstoð og upplýsingar og það gerði m.a. formaður landbn. fyrir hönd sinnar nefndar. Ég vek athygli á því að það var ekki að ófyrirsynju að leitað var til mjög hæfra lögmanna til aðstoðar við landbn. Það var ekki að ófyrirsynju. Og það liggur náttúrlega nú ljóst fyrir að það var afskaplega mikið happaverk því að ég held að það muni reynast erfitt að hnekkja þeim lagatexta sem hér er settur fram og rökstuddur af þessum hæfu mönnum. Og satt að segja óttast ég ekki samanburðinn við þann texta sem 2. minni hlutinn leggur fram eins og ég hef nú skýrt hvernig hann er tilbúinn, hvernig sú uppsetning er, hvernig menn hafa þurft að breyta yfirskrift og búa til fylgiskjöl til þess að geta fengið fram eitthvern þráð í þá frásögn. Ég held að það sé alveg ljóst að það skjal verði ekki hátt skrifað ef einhvern tíma verður til þess litið. Þetta tel ég mikið grundvallaratriði í umræðunni. Auðvitað er ekki neitt við það að athuga þó að menn beri þetta saman, en það er hins vegar grundvallaratriði og grundvallarniðurstaða hvernig þessi plögg eru til orðin, hvaða bakgrunn þau eiga. Og þar held ég að allir hv. þm. geti verið sammála um að nál. 1. minna hluta er að þessu leyti afar vel unnið og ef um það væri að ræða afar trúverðugt plagg til að sækja frekari túlkanir ef þörf er á, fram yfir það sem fram kemur í lagatextanum. Svo þakka ég fyrir mig.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Tveir hv. þm. óska eftir að veita andsvar. Forseti

hefur ákveðið að hafa aðeins eina mínútu í síðara sinn ef hv. þm. óska eftir að taka tvisvar til máls.

[19:39]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að standa í löngum andsvörum hérna en ég hlýt samt að spyrja samkvæmt hvaða grein þingskapanna þetta er ákveðið því að þar er sagt að þingskapaumræða megi standa allt að 15 mínútum en sjálfsagt hefur forseti allt úrskurðunarvald um það.

(**Forseti** (VS): Forseti ætlar þá að gera kunnugt að samkvæmt þingskapalögum er forseta heimilt að leyfa þingmönnum að veita andsvar og getur því ákveðið sjálf hversu langan tíma hún veitir til andsvara.)

Þá hlýt ég, virðulegi forseti, að spyrja hvaða rök eru fyrir því að núna — ég hef ekki orðið fyrir þessu áður — að stytta andsvaratímann þegar svo stendur á að einungis tveir hafa beðið um andsvar því að þetta hlýtur að hafa fordæmisgildi varðandi störf forseta.

(**Forseti** (VS): Forseti ætlar að gera kunnugt að hún hafi þegar tilkynnt að hér yrði gefið kvöldverðarhlé um klukkan hálfátta til hálfníu og þar sem klukkuna vantar núna 20 mínútur í 8, þá er orðið þröngt um tíma og þess vegna var þetta ákvörðun forseta.)

Virðulegi forseti. Ég skal taka þessa skýringu gilda en fara fram á að tíminn verði stilltur upp á nýtt.

Virðulegi forseti. Það er fyrst til að taka að eftir að hv. formaður landbn. hafði haldið sína löngu varnarræðu fyrir sínu nál, þá dró hann niðurstöðu málsins saman í eina setningu og sagði: Síðan er framhaldið þar, og þar á ég við GATT-málið, að framkvæmdarvaldið er að taka málið úr höndum þingsins og setja það í fimm ráðuneyta nefnd sem hv. þm. gat ekki orða bundist um að hann bæri ekki mikið traust til. Þarna kom hv. þm. að kjarna málsins, sem við stjórnarandstæðingar höfum verið að segja, að stjórnarflokkarnir eru búnir að semja um þessa málsmeðferð og hv. þm., formaður landbn., er að átta sig á því núna að það er ekki líklegt að út úr því starfi komi niðurstaða sem getur orðið hv. þm. að skapi. Þetta er samandregin niðurstaða formanns landbn.

Í öðru lagi vil ég spyrja hv. þm. Hann talaði um að vega saman verðjöfnunargjöld og tolla og sagði að að sjálfsögðu yrðu tollarnir í tollalögum. Þarna er verið að ræða um hvernig við förum með þau tæki sem við höfum til varnar íslenskum landbúnaði vegna GATT-samninganna. Þá hlýt ég að spyrja hv. þm.: Verði þessi háttur hafður á hver fer þá með tollaþáttinn? Er það landbrh. eða fjmrh.? Af því að hv. þm. telur þetta viðunandi niðurstöðu, þá hlýtur þingmaðurinn að hafa kannað hvert yrði hlutfall tolla og hvert hlutfall verðjöfnunargjalda í þessari meðferð.

[19:42]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Það er nú fyrir það fyrsta, virðulegi forseti, að ég sagði það ekki að framkvæmdarvaldið væri að taka málið úr höndum þingsins. Ég sagði hins vegar að framkvæmdarvaldinu væri falið að undirbúa málið. Eins og menn vita gjörla, þá hefur ríkisstjórnin komið sér saman um að skipa fulltrúa fimm ráðuneyta til þess að gera breytingar um tillögur í þessum efnum. Niðurstöðurnar koma auðvitað til Alþingis eigi að síður.

Að því er varðar hver mundi fara með forræði tollamála, þá er því til að svara að það er Alþingi Íslendinga. Alþingi Íslendinga afgreiðir. Tollar eru lögbundnir eins og menn vita, en innheimta þeirra fer auðvitað fram í gegnum fjmrn. eins og menn væntanlega vita.

[19:43]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nú ætla ég ekki að deila við hv. þm. um það hvað hann sagði í sinni ræðu og ef til vill hef ég ekki haft það orðrétt eftir, en ég hygg samt að meiningin hafi verið sú sem ég sagði í mínu andsvari áðan að hv. þm. nefndi að framkvæmdarvaldið væri að taka málið yfir. Við skulum bara lesa það þegar málið kemur úr vinnslu ræðudeildar.

Hitt var athyglisvert að heyra hv. þm. lýsa því yfir áðan að undanhaldið væri komið á það stig að hv. þm. væri búinn að sætta sig við það að álagning hluta þeirrar verndar sem við höfum vegna GATT verði ekki í höndum landbrh. eins og hv. þm. hafði haft heitstrengingar um fyrir einungis nokkrum vikum síðan.

[19:45]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Um fyrri hluta þessarar fyrirspurnar þarf ég ekki að orðlengja. Málið er að það eru fullar heimildir til þess að leggja á 30% tolla og til viðbótar stendur verðjöfnunargjaldaheimild landbrh. óhögguð þannig að hér er ekki um það að ræða að þetta haggi eitthvað við rétti eða skyldum landbrh. að þessu leyti. Ef til þess kæmi að það yrði gerð tollabreyting sem tæki neðsta hlutann af þessum álagningarheimildum, þá teldi ég að það hefði út af fyrir sig ýmsa aðra kosti för með sér. Ég held að það sé ekki neinn sérstakur kostur að verðjöfnunargjöld verði sérstaklega há ef þau bara þjóna þeim tilgangi sem til er ætlast og lögbundnar heimildir eru um, að verðjafna erlendar og íslenskar framleiðsluvörur. Það er auðvitað aðalatriðið.

[19:46]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er mjög friðsamur maður, en stend hér í deilu sem ég komst ekki hjá. Ég fagna því að það kom ekkert fram í ræðu hv. formanns landbn. sem hnekkir þeim lagatexta sem við stöndum saman að.

Það stendur ekki steinn yfir steini í ræðu hv. þm. Egils Jónssonar um gagnrýni mína á hans vinnubrögð. Hann kom með samtals þrjú breytileg frumvörp í landbn. á jafnmörgum þriðjudögum til viðbótar við frv. hæstv. landbrh. Á það fjórða var fallist og settur fram sá lagatexti sem sá sem hér stendur samþykkti. Það var ítrekað reynt að fá formann nefndar til samstarfs en án

árangurs. Sama gilti um nál.

Þetta tel ég nægjanlegt að nefna eftir þá löngu þulu sem hér var flutt, ef svo má nefna þá ræðu sem hv. þm. Egill Jónsson flutti hér. Honum var margboðið upp á að semja nál. með mér og lögfræðingunum eða starfsmönnum nefndarinnar en því var gersamlega hafnað af formanni virðulegrar landbn.

[19:48]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom hér fram afskaplega mikilvæg yfirlýsing af hendi hv. þm. Gísla Einarssonar þar sem hann sagði að það hefði ekkert komið fram í máli mínu sem hefði hnekkt breytingartillögum sem við erum flm. að. Þetta er náttúrlega mikið grundvallaratriði vegna þess að ræða mín fól það í sér að styrkja þessar breytingartillögur. Ég var í því að hafna skýringum Gísla Einarssonar og því sem kemur fram í nál. hans. Niðurstaðan og þessi orð eru því afskaplega mikilvægt innlegg í þessa umræðu.

[Fundarhlé. — 19:49]

[20:30]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um breytingar á búvörulögum hefur verið til umfjöllunar í hv. landbn. og er hér til 2. umr. Það vekur vissulega athygli að nefndin skuli skila fjórum minnihlutaálitum en tveimur nál. fylgja brtt. Starf landbn. hefur orðið vandasamt, ekki síst það viðfangsefni að ná sáttum við fulltrúa Alþfl. sem virðast hafa fengið það verkefni hjá flokki sínum að hamla gegn löggjöf sem gæti auðveldað íslenskum landbúnaði og þeim sem eiga allt sitt undir þjónustu við landbúnaðinn að takast á við þær miklu breytingar sem hafa orðið og verða með búvörusamningnum og þeim milliríkjasamningum sem við hljótum að undirgangast.

Eftir að hafa hlýtt á fulltrúa Alþfl. í hv. landbn. flytja nál. sitt, hv. 4. þm. Vesturl., er ljóst að Alþfl. vill halda áfram þeim skylmingum í landbúnaðarmálum sem flokkurinn hefur tíðkað síðustu mánuði.

Með nál. fulltrúa Alþfl. er gerð tilraun til þess að halda réttaróvissunni áfram, gera brtt. tortryggilegar með því að halda því fram að nál. sé ekki í samræmi við frv. án þess að gera grein fyrir með fullnægjandi hætti í hverju það felist. Slík vinnubrögð gætu með góðum vilja flokkast undir pólitísk skemmdarverk en eru hins vegar svo augljós að ekki verður litið á nál. Alþfl. öðrum augum en þeim að það verður að teljast marklaus tilraun til þess að slá ryki í augu fólks og koma inn tortryggni hjá almenningi.

En um hvað hefur verið deilt? Er það um forræðið, sem á að verða hjá landbrn., eða er það um þá framkvæmd að takmarka innflutning landbúnaðarvara og koma í veg fyrir óvissu?

Eins og margoft hefur komið fram náðist samkomulag í desember innan ríkisstjórnarinnar um að landbrh. færi með það vandasama viðfangsefni að stýra innflutningi landbúnaðarafurða. Vegna deilu um innflutning sem sprottið hefur upp var nauðsynlegt að vanda mjög umfjöllun Alþingis og tryggja sem best þá meginframkvæmd sem frv. gerir ráð fyrir.

Hv. landbn. undir forustu hv. 3. þm. Austurl. hefur vissulega staðið undir þeim miklu kröfum sem hafa verið gerðar til landbn. og tek ég það sérstaklega fram.

Þær breytingar sem 1. minni hluti landbn. leggur fram á þskj. 672 eru rækilega skýrðar í nál. Í nál. segir m.a., sem er mjög mikilvægt og ég vil vekja sérstaka athygli á, með leyfi forseta:

„Við athugun á málinu taldi 1. minni hluti rétt með hliðsjón af ákvæðum núgildandi GATT-samnings að taka fram í greininni að tilefni takmarkana á innflutningi landbúnaðarvara eru þær aðgerðir sem beitt er hér á landi við stjórn á framleiðslu og sölu landbúnaðarvara."

Eins og fram kemur í nál. 1. minni hluta er frv. ætlað að tryggja það markmið sem kemur skýrt fram í frv. að innflutningur landbúnaðarafurða sé óheimill nema með leyfi landbrh. Þá skipan höfðu ráðherrar Alþfl. og þingflokkurinn samþykkti. Vissulega er slík heimild vandmeðvarin og það skiptir miklu máli að hæstv. landbrh. komi á skipulegri og vandaðri framkvæmd þeirra mála en frv. gerir ráð fyrir að nefnd þriggja ráðuneyta komi að því verki áður en ráðherra tekur ákvörðun. Með því er tryggt, að mínu mati, að sjónarmið þeirra sem óttast að um of verði gætt sérhagsmuna landbúnaðarins komist til skila og er það fullkomlega eðlilegt að mjög vandlega sé komið að þessum undirbúningi áður en ákvarðanir eru teknar.

En spurt hefur verið: Hvers vegna þarf þessar takmarkanir á innflutningi landbúnaðarafurða? Í mínum huga eru ástæðurnar aðallega þrenns konar. Í fyrsta lagi vegna sjúkdómahættu sem gæti komið hingað til landsins og orðið mikill skaðvaldur. Í öðru lagi til þess að tryggja á íslenskum matvörumarkaði innlenda úrvalsframleiðslu landbúnaðarvara. Í þriðja lagi til þess að gefa bændum færi á aðlögun breyttra viðskiptahátta.

Við blasir að miklar breytingar eru fram undan í skipan viðskipta milli landa. Við trúum því mörg að samningar okkar t.d. innan GATT tryggi hagsmuni okkar á mjög mörgum sviðum og því verði að aðlaga margt þeim samningum, m.a. skipan landbúnaðarmála.

Á sama hátt blasa við þær stórfelldu breytingar sem hafa orðið og verða á högum íslenskra bænda vegna samdráttar í framleiðslu og sölu, harðnandi samkeppni milli greina, einkum í kjötframleiðslunni, og ekki síður vegna breytinga hjá afurðastöðvum og í viðskiptum með landbúnaðarvörur þegar spilaborg Sambandsins er hrunin yfir bændur landsins með ófyrirsjáanlegum afleiðingum.

Það er við þessar aðstæður sem við sjálfstæðismenn höfum viljað fara varlega og tryggja sem mest má verða hagsmuni þeirra þúsunda Íslendinga sem byggja afkomu sína á landbúnaði, bæði beint og óbeint. Er það ekki síst vegna þeirrar erfiðu stöðu sem nú um sinn er á vinnumarkaði að við leggjum svo ríka áherslu á það að hagsmunir þessa fólks séu tryggðir sem mest og best má verða.

Það hefur því valdið miklum vonbrigðum að Alþfl.

skuli hafa valið þann kost að vega úr launsátri að landbúnaðinum þegar verst gegnir og hvetja til þess að aðilar notfæri sér smugur í löggjöf eða óljósa túlkun til þess að auðvelda innflutning þrátt fyrir að gert hafi verið samkomulag um að takmarka innflutning innan þeirra heimilda sem við höfum í millirikjasamningum.

Við þessa umræðu hafa verið fluttar tvær ræður af hálfu Alþfl. sem verða að teljast mjög óvenjulegar, svo ekki sé meira sagt. Sú fyrri var ræða hv. 4. þm. Vesturl., Gísla S. Einarssonar, þar sem hann gerði grein fyrir nál. sínu sem hann stendur einn að. Ræðan var vissulega löng og efnismikil og eins og fram kom hjá hv. 3. þm. Austurl. var alveg augljóst að þar hafði verið gengið ríkulega í smiðju, svo sem eðlilegt er, hjá utanrrh. en í persónulegu ívafi þingmannsins voru að mínu mati óvenjulegar og tilefnislausar árásir á Sjálfstfl. Þessi málflutningur kemur mér mjög á óvart og er ekki í samræmi við ágæt vinnubrögð þingmannsins sem ég þekki mjög vel til. Það er augljóst að hv. þm. hefur fengið það hlutverk að vera talsmaður þeirra sjónarmiða innan Alþfl. sem vilja ganga lengra við að opna fyrir óheftum innflutningi iðnaðarvara, þar á meðal landbúnaðarvara, en nokkur önnur þjóð í Evrópu gerir. Meðal þeirra atvinnugreina sem nú blæðir fyrir þessa stefnu er skipasmíðaiðnaðurinn og ætti það að vera hv. þm. nokkurt umhugsunarefni.

Seinni ræðan var ræða hæstv. utanrrh. sem flutti varnarræðu þess sérstaka málstaðar sem Alþfl. hefur verið að verja og skýra fyrir þjóðinni bæði til sjávar og sveita. Það fór ekki á milli mála að hæstv. utanrrh. var í mikilli vörn er hann reyndi að gera nál. 1. minni hluta tortryggilegt með því að tala um höfunda lagatextans sem lögvitringana þrjá, en sagði síðar í ræðunni að enginn hefði stefnt að hömlulausum innflutningi og átti þá vafalaust við Alþfl. þegar hann reyndi að draga í land í umræðunni.

Þegar litið er á nál. 2. minni hluta, þ.e. hv. 4. þm. Vesturl., er af ýmsu að taka í undarlegum málflutningi. Þar er rakinn gangur málsins eftir að lýst hefur verið stuðningi við brtt. sem hv. þm. er meðflm. að ásamt fulltrúum Sjálfstfl. í nefndinni. En síðan er á 14 blaðsíðum í nál. reynt að gera breytingartillögurnar tortryggilegar. Það er t.d. ótrúlega barnalegt að halda því fram í nál. í kaflanum um vinnu sérfræðinga, sem þingmaðurinn virðist leggja mikið upp úr, að það hafi þurft Kjartan Jóhannsson sendiherra og fyrrv. formann Alþfl. til þess að skýra það út fyrir nefndarmönnum í hv. landbn. að jöfnunargjöld væru annað en tollar.

Á grundvelli þessara mikilvægu sanninda Kjartans Jóhannssonar er síðan gerð grein fyrir þeim breytingum sem alþýðuflokksmenn telja sig hafa náð fram. Og hverjar skulu þær nú vera? Þar má nefna sem dæmi í 10 liðum, sem sagt er að séu breytingar á tillögum formanns landb., í fyrsta lagi að skilgreining á hugtakinu „landbúnaðarvörur" er felld niður. Ég verð að segja eins og er að það getur vart verið mikilvægt innlegg eða mikill áfangi að það skyldi hafa tekist að fella þá skýringu út úr tillögum. Í öðru lagi að viðauka er skipt í tvennt í samræmi við upphaflegar tillögur Alþfl. og fjöldi vöruflokka var strikaður út. Ég hef ekki heyrt í þessari umræðu að nokkur ágreiningur hafi komið fram eða athugasemdir um þá vöruflokka sem eru hluti af frv. og hafa lagagildi. Í þriðja lagi er svo tíundað sérstaklega að hugtakið „heimsmarkaðsverð" var skilgreint. Ég get rétt ímyndað mér að það sé ekkert hlaupið að því að skilgreina það hugtak út af fyrir sig en a.m.k. hefur orðið sá árangur, ef marka má þennan lið í nál., að það hafi tekist. Og í fjórða lagi að kveðið var á um að álagning verðjöfnunargjalda skyldi vera í samræmi við skilmála millirikjasamninga. Ég get ekki ímyndað mér það að nokkur af hv. þm. landbn. hafi látið sér detta annað í hug en að verðjöfnunargjöldin yrðu að vera í samræmi við skilmála millirikjasamninga.

Virðulegi forseti. Þetta voru nokkur atriði af brtt. Alþfl. sem varaformaður landbn. náði fram gagnvart tillögum hv. formanns landbn.

En hverjir skyldu trúa því að slíkar breytingar gætu næstum því valdið stjórnarkreppu? Með þessum hætti eru leiktjöld þessa ævintýris sett upp og það er nauðsynlegt að draga þau fram svo að flestir átti sig á þeim hættulega leikaraskap því miður sem ræður för Alþfl. þegar þeir hv. þm. fjalla um landbúnaðarmál.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum inna hv. 4. þm. Vesturl. eftir nokkrum atriðum sem varða frv., brtt. og nál. fulltrúa stjórnarflokkanna. Þegar skoðaðar eru athugasemdir í nál. Alþfl. vakna upp spurningar sem við hv. þm. þurfum auðvitað að gera okkur grein fyrir og velta rækilega fyrir okkur. Má þá í fyrsta lagi nefna hvað það er í nál. 1. minni hluta, sem hv. þm. Egill Jónsson hefur mælt fyrir, sem ekki er í samræmi við frv. Ég hef því miður ekki getað komið auga á að það sé skýrt eða gerð nægilega grein fyrir því í nál. hv. 2. minni hluta landbn.

Í öðru lagi mætti velta því fyrir sér og væri fróðlegt út af fyrir sig að heyra um það, hvort skýringar í nál. 2. minni hluta feli í sér líkur á annarri framkvæmd laganna en skýringarnar í nál. 1. minni hluta. Þetta er nokkuð sem skiptir máli og þarf að velta fyrir sér og skoða. Í lokaorðum nál. 2. minni hluta segir, með leyfi forseta:

„Telja verður miður að á sama tíma og önnur lönd eru að færa sig frá miðstýringu í landbúnaði, sem Evrópusambandið er mikið gagnrýnt fyrir og gengur í berhögg við anda nýja GATT-samningsins, er verið að taka upp á Íslandi hliðstætt kerfi og Evrópusambandið notar."

Það er ekki skrýtið þó spurt sé hvort það sé óeðlilegt að við beitum svipuðum leiðum til þess að verja framleiðslu okkar þegar þær aðgerðir samrýmast samningum okkar við aðrar þjóðir. Eða eigum við að ganga enn lengra með þeim afleiðingum sem við vissulega þekkjum og mörg okkar óttumst gagnvart íslenskri framleiðslu, íslenskum iðnaði?

Ég hef verið talsmaður þess innan míns þingflokks, virðulegi forseti, að leita allra leiða til þess að ná samkomulagi milli stjórnarflokkanna í landbúnaðarmálum. Ég tel afskaplega mikilvægt að þessir flokkar, sem hafa náð svo miklum árangri sem raun ber vitni í stjórnarsamstarfinu, láti ekki berast af leið í stjórnarsamstarf-

inu vegna ágreinings í landbúnaðarmálum, ekki síst þegar ágreiningurinn er í rauninni tilbúinn. (**Gripið fram í:** Um hvað var þá þingmaðurinn að tala?) Ég tel að það sé afar mikilvægt að þessi sjónarmið komi fram við þessa umræðu en, eins og ég sagði fyrr, hefur það valdið mér vonbrigðum og hefur vakið upp margar spurningar um stjórnarsamstarfið og framtíð þess þó sem betur fer hafi náðst niðurstaða núna í þessu máli og ég vona að hún standi. En lengi má manninn reyna og langlundargeð okkar sjálfstæðismanna er mikið en allt hefur sín takmörk í pólitík sem öðru.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum lýsa yfir eindregnum stuðningi við brtt. sem hv. 3. þm. Austurl., frsm. 1. minni hluta landbn., hefur gert mjög rækilega grein fyrir og fulltrúi Alþfl. stendur að og ég fagna því. En ég vænti þess og vona satt að segja að hv. 4. þm. Vesturl. kalli aftur það nál. sem hér hefur verið lagt fram og halli sér að þeim traustu ráðgjöfum sem formaður hv. landbn. hefur leitað til í starfi nefndarinnar.

[20:48]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er afar ánægð að heyra það að hv. þm. ræddi það sérstaklega að hann hefði viljað teygja sig langt til samstarfs á milli flokkanna, sérstaklega í landbúnaðarmálum. Þess vegna vil ég aðeins geta þess að mér finnst að þetta hafi í því ljósi verið vond ræða. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við ræðum málin hér helst nokkuð átakalaust. Það er alveg ljóst að það er eining á milli stjórnarflokkanna um lagatextann og það hefur komið hér fram. Hv. þm. sem eru hér hvor með sitt nál. hafa gert mjög vel grein fyrir sjónarmiðum sínum þar.

Það er hins vegar alveg út í hött að gera Alþfl. upp skoðanir umfram það sem hér hefur komið fram og það fannst mér þingmaðurinn gera. Við höfum ekki verið að fjalla um innlenda úrvalsvöru. Ég tek undir það að íslensk landbúnaðarvara er úrvalsvara og ég trúi því að hún verði það áfram og það verði frekar tryggt að hér verði boðið upp á góða fyrsta flokks vöru og að menn verði hæfir í samkeppni. Við höfum ekki viljað veikja stöðu íslensks landbúnaðar varðandi sjúkdómahættu.

Og annað, stjórnarflokkarnir eru báðir sammála um að taka þátt í samningum GATT. Þetta frv. snýr ekkert að því máli. Þetta frv. snýst um að halda óbreyttu ástandi eins og menn voru með fest í lög fyrir hæstaréttardóm. Um það var samkomulag á milli flokkanna, að því stöndum við. Það á að vera aðlögun fyrir íslenskan landbúnað varðandi viðskiptahætti alveg eins og í öðrum löndum og stjórnarflokkarnir hafa komið sér saman um með hvaða hætti þeir ætla að hafa þá aðlögun, hvernig þeir ætla að skipa málum sínum varðandi innflutning samkvæmt GATT. Þetta eru staðreyndir málsins, herra þingmaður.

[20:50]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Rannveigu Guðmundsdóttur fyrir hennar innlegg í andsvari. Ég er sannfærður um það að hún mun sem formaður þingflokksins leggja sig alla fram um það að þetta mál nái farsælli niðurstöðu. Ég gat ekki betur heyrt á hv. þm. og ég er sannfærður um að miðað við hennar orð um landbúnað ætti ekki að þurfa að vera nokkur ágreiningur, en því miður hefur hann komið upp og ef hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir hefði hlustað á ræðu fulltrúa Alþfl. í landbn. þegar hv. þm. mælti fyrir nefndaráliti sínu, þá hefði þingmaðurinn komist að raun um að það var mjög harkalega deilt á fulltrúa Sjálfstfl. Þingmenn Alþfl. þurfa því ekki að undrast það þó að við verjumst. Það á ekki nokkur að vera undrandi á því. Ég legg hins vegar áherslu á það fyrst og síðast að það verði náð niðurstöðu en sú niðurstaða á að vera á grundvelli þeirra breytingartillagna sem hér liggja fyrir og þess nefndarálits sem hv. 1. minni hluti landbn. hefur lagt fram.

[20:52]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef vissulega sem formaður þingflokks Alþfl. tekið þátt í allri umræðu um málamiðlun á milli flokkanna, hvort heldur er í landbúnaðarmálum eða öðrum málum. Ég hef starfað í meiri hluta þann tíma sem ég hef verið í stjórnmálum og geri mér fulla grein fyrir hve mikil þörf er á slíku samkomulagi, að koma sér saman um málamiðlun. Pólitíkin er þetta. Ég hef hlustað bæði á fréttir og hef tekið þátt í umræðu í þingflokki, málamiðlunum og fylgst með allri samningagerð í þessu máli sem öðrum. Það er samstaða um lagatexta. Þeir tveir sem voru hvor með sitt nefndarálit voru ósammála. Ég þekki þá sögu og ég þekki það innihald og ég skil og styð sjónarmið sem kom fram hjá fulltrúa Alþfl. varðandi hvernig hann lítur á þetta mál.

Hitt er svo annað hvort við ætlum að reyna að koma okkur saman um þessi mál eða hvort þingmenn stjórnarflokkanna ætla að standa hér eins og hríðskotabyssur og skjóta hver á annan og til að karpa og takast á. (**ÓÞÞ:** Og hvaða byssur skjóta nú?) Í því ætla ég ekki að taka þátt. Ég er að tala um vopnin, ég er ekki að beita þeim og ég vil bara leggja áherslu á að það er samkomulag um lagatextann, það er samkomulag milli stjórnarflokkanna hvernig skuli taka á málum gagnvart GATT og annað það sem kom fram í máli þingmannsins er mjög mikið ranghermi að mínu mati.

[20:54]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég harma satt að segja það niðurlag sem hv. þm. hafði hér um mína ræðu. Mér hefði satt að segja þótt eðlilegt að þær fullyrðingar hefðu verið rökstuddar. Sú ræða sem ég flutti hér var svar við mjög harðri gagnrýni og þetta tengist auðvitað allt atvinnulífinu í landinu, atvinnustefnunni og því með hvaða hætti við getum tryggt það að íslensk framleiðsla sé í heiðri höfð. Við getum ekki reiknað með því að flytja inn og kaupa fyrir gjaldeyri ef ekki er unnt að framleiða í landinu með öllum tiltækum ráðum. Við hv. þm. hljótum að vekja athygli á því að landbúnaðurinn hefur þar mikilvægu hlutverki að gegna og það kom fram í minni ræðu.

[20:55]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Frú forseti Hv. 1. þm. Vesturl. byrjaði á að ræða um að gerðar hefðu verið ítrekaðar tilraunir til að ná sáttum við undirritaðan. Ég lýsi þessu sem helberum ósannindum vegna þess að sá sem hér stendur hefur ítrekað leitað eftir að fá samstarf bæði um lagatexta og nefndarálit og því hefur verið hafnað. Alþfl. vill halda þeim lagatexta og þeirri túlkun sem úr honum má lesa og láta þar við sitja.

Nefndarálit 1. minni hluta, hv. þm. Sturla Böðvarsson, á við lagatextadrög nr. 2. Lagatextinn sem við erum með er nr. 4. Alþfl. hefur marglýst því yfir að hann stendur ekki á móti neinu hvað varðar lög um hollustu eða dýrasjúkdóma né samsvarandi vörur sem fluttar eru hingað til lands. Við stöndum að fullu og öllu að því sem íslensk lög gera ráð fyrir og ég tel að það sé óþolandi að vera brugðið um svona lagað eins og hv. þm. gerði hér. Og það kalla ég, hæstv. landbrh., að vega úr launsátri þegar menn eru að læða svona löguðu inn.

Varðandi skipasmíðaiðnaðinn þá hélt ég að hv. þm. Sturla Böðvarsson væri betur heima í málum skipasmíðaiðnaðarins en raun ber vitni. Það hefur staðið á fulltrúum flokks hans að framkvæma þær aðgerðir sem hæstv. iðnrh. hefur lagt til, en það hefur ekki staðið neins staðar annars staðar fast og stendur enn þar. Það væri fróðlegt að heyra þær tillögur sem hv. þm. hefur fram að færa í málefnum skipasmíðaiðnaðarins.

[20:58]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hefja sérstaka umræðu um skipasmíðaiðnaðinn hér. Það gefst væntanlega gott tækifæri til þess. En ég veit ekki betur en að hæstv. núv. iðnrh. hafi tekið við af Jóni Sigurðssyni, sem nú er bankastjóri Seðlabankans og var iðnrh. í nokkuð langan tíma. Ég minnist þess ekki að það hafi verið kvartað undan því að þeir hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og Jón Sigurðsson hafi ekki komið sér saman um í fyrri ríkisstjórn með hvaða hætti ætti að taka á vanda skipasmíðaiðnaðarins. Það þýðir því ekki að varpa þeim bolta til hæstv. núv. fjmrh. En þá umræðu getum við tekið síðar.

Ég get út af fyrir sig kannski dregið í land með að það hafi verið erfitt að ná sáttum við Alþfl. við það að ná fram niðurstöðu í landbn. En eitthvað vafðist þetta nú fyrir mönnum og niðurstaðan varð sú að hv. 4. þm. Vesturl. reif sig frá stjórnarmeirihlutanum til þess að skapa sér sérstöðu með afar einkennilegum og athyglisverðum hætti sem er sá að skila sérnefndaráliti til þess að skýra breytingartillögur sem hann flutti með félögum sínum úr landbn.

Varðandi það atriði að ég hafi ekki haft réttan lagatexta, hv. þm. nefndi að ég hafi átt að fjalla um fjórða lagatextann. Hér erum við að fjalla um breytingartillögur og það frv. sem lagt er fyrir þingið. Ég hef ekki aðgang að einhverjum bakskjölum landbn. sem síðan kunna að vera prentuð sem fskj. með nefndaráliti einstakra hv. þm., því miður. Ég get því ekki fjallað um önnur þingskjöl en þau sem eru lögð fyrir okkur á borð þingmanna.

[21:00]

Frsm. 2. minni hluta landbn. (Gísli S. Einarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er tíundað í nefndaráliti 2. minni hluta mjög greinilega í hverju mismunur liggur á milli 1. og 2. minni hluta og það þarf ekki annað en lesa það. Ég gæti gefið mér tíma til þess ef hv. 1. þm. Vesturl. hefur tíma á móti til að setjast niður og lesa bæði nefndarálitin. Það er alveg sjálfsagt. En ég lýsi því hér yfir að ég vil ganga svo langt sem samningar og lög heimila varðandi túlkun þessa lagatexta sem við erum að fjalla um. Og hafi það eitthvað farið á milli mála varðandi lagatextann sem nefndarálit 1. minni hluta á við, þá er sá lagatexti hengdur sem fylgiskjal við nefndarálit 2. minni hluta.

[21:01]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Vesturl. fyrir skýringarnar. Ég legg hins vegar enn og aftur áherslu á það að meginatriðin eru að þær breytingartillögur sem hér eru til umfjöllunar og eru tillögur 1. minni hluta hv. landbn. eru tillögur stjórnarflokkanna. Þær eru skýrðar mjög ítarlega og með vönduðum hætti í nefndaráliti 1. minni hlutans. Ég legg bara áherslu á það í umræðunni að það er sú skýring á bak við breytingartillögurnar sem ber að taka gildar. Yfirklór og sögulegt yfirlit Alþfl. að öðru leyti í þessu máli er ekki innlegg til að styðja þær breytingartillögur sem hér eru til umfjöllunar.

[21:02]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það væri bæði til ánægju og eins í von um að fá svör við því sem ég mun leggja fram ef hæstv. forsrh. gæti verið í salnum. Ég tel að hér stefni í mikið óefni með störf Alþingis, en Alþingi er, eins og allir vita, ætlað að starfa eftir þingsköpunum og eðli málsins samkvæmt erum við hér að glíma við 36. gr. þingskapanna.

Það er mjög algengt að ríkisstjórnir séu samsteypustjórnir og þurfi að koma sér saman um frumvörp en öll stjórnarfrumvörp verða að hafa eina greinargerð, hversu margir sem flokkarnir eru sem að henni standa. — Mér þætti vænt um það ef hæstv. forseti reyndi að gera ráðstafanir til þess að hæstv. forsrh. yrði kallaður í salinn.

(**Forseti** (VS): Forseti getur greint frá því að hæstv. forsrh. getur ekki verið viðstaddur umræðuna næsta klukkutímann eða svo. Ef hv. þm. vill ekki flytja sína ræðu að honum fjarstöddum, þá býður forseti þingmanninum upp á það að fresta ræðunni og þá mun forseti taka annað mál á dagskrá.)

Herra forseti. Mér sýnist að þetta sé líka tilboð um að tala meira en klukkutíma og óvíst hvor kosturinn verður valinn í stöðunni, en það hallar degi og spurning hvort ég verð jafn vel upplagður þegar líður á kvöldið og í trausti þess að hæstv. forsrh. lesi það sem hér verður sagt hyggst ég halda áfram ræðu minni.

Með leyfi hæstv. forseta hjóðar 36. gr. þingskapanna á þennan veg:

„Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum."

Þetta er forsenda þess að hægt sé að leggja fram lagafrv. Þetta er ekki sagt út í bláinn. Þetta er sagt til þess að hægt sé við mat dómstóla á lögum að átta sig á því með auðveldum hætti hvað býr á bak við lagasetninguna því að íslenskt mál, eins og svo mörg önnur, er tvírætt þannig að það er margt sem má túlka á ýmsa vegu.

Það gerist gjarnan að það koma breytingartillögur við frumvörp í þinginu. Sumar breytingartillögur eru viðamiklar að efni til, sumar eru það stórar að í reynd er orðið nýtt frv. sem er komið fyrir þingið. Hér blasir það við að búið er að leggja fyrir þingið breytingartillögur sem raunverulega tvær greinargerðir fylgja, sem eru kallaðar nefndarálit, í báðum tilfellum mjög vel unnar. Það verður að segja um hv. 4. þm. Vesturl., Gísla S. Einarsson, að það er ekki aðeins að hann hafi flutt hér alveg magnaða fjallræðu fyrir sínu nefndaráliti á sínum tíma, heldur er hann með svo fræðilega greinargerð að maður stendur eiginlega gáttaður og spyr sjálfan sig hvort maður gæti leikið það eftir að skrifa svona niður á svo sem hálftíma og koma þessu á framfæri. Það eru engir smáhæfileikar sem búa í mönnum sem hrista svona fram úr erminni. (Gripið fram í.) Auðvitað kallar þetta á það að hv. þm. verður eftirleiðis að reyna að halda sama status, bæði í nefndaráliti og ræðuflutningi.

Ég tel rétt að koma þessu á framfæri því að hv. þm. er eins og allir vita búinn að vera hér í stuttan tíma og þetta er hans harðasta busavígsla í þinginu til þessa.

En ágreiningurinn milli stjórnarflokkanna og þeirra sem skila nefndaráliti er, herra forseti, á þann furðulega hátt að því er haldið fram af hv. 4. þm. Vesturl. að hv. 3. þm. Austurl. hafi bara skilað inn vitlausu nefndaráliti, hvorki meira né minna. Hann hafi bara tekið rangt nefndarálit upp úr töskunni og skilað því inn, hitt sé einhvers staðar. Þetta er alveg stórkostleg staða. Maður hefur heyrt talað um presta sem varð það á í misgripum að flytja ranga ræðu við jarðarfarir. Þeir reyndu yfirleitt að leiðrétta það, í það minnsta þegar kom að nöfnum. Hér er ekkert gefið eftir. Það er haldið stíft við þá kenningu fram á lokaumræðu 2. umr. að það sé bara vitlaust nefndarálit komið inn í þingið. Og nú er svo komið að hv. 3. þm. Austurl. er kominn út úr salnum. Hvort hann er að leita að réttu áliti veit ég ekki eða hvað hefur gerst. (**JGS:** Hann er í vitlausum sal.)

En allt kallar þetta á þá áleitnu spurningu: Hvers vegna skyldi nú 36. gr. þingskapanna gera ráð fyrir þeirri kvöð að það sé skýring á höfuðákvæðum í greinargerðinni? Hvers vegna skyldi það vera sem skilyrði? Hvers vegna er ekki stjórnarflokkum uppálagt það að hvert einasta stjfrv. sem komi fram sé með tveimur greinargerðum? Í þessu tilfelli gæti Alþfl. haft sína stefnu í sinni greinargerð og Sjálfstfl. haft sína stefnu í sinni greinargerð með öllum frumvörpum. Þetta er bara bannað skv. 36. gr., hvorki meira né minna. Það stenst ekki þingsköpin að vinna þannig. Auðvitað er miklu þægilegra að hafa það í tveimur greinargerðum. Þá er hægt að tala sitt á hvað. Þá getur Alþfl. á öllum flokksfundum hjá sér boðið upp á sérstakan texta, texta sem passar og er ekkert að móðga menn með einhverjum röngum skoðunum á fundum, túlkað bara lögin eins og Alþfl. vill hafa þau og Sjálfstfl. getur gert það sama út um allar sveitir.

Þetta er nú niðurstaðan. Og það er merkilegt að það þurfti sérfræðing ofan af Skaga til þess að koma þessum boðskap á framfæri við Alþingi Íslendinga, hvorki meira né minna. Það hafa verið margir mætir menn á þingi. Það hefur enginn séð hvílíkt hagræði það er fyrir stjórnarsamstarfið áður að geta boðið upp á þennan valkost: Tvö nefndarálit. Ég verð að segja eins og er að það er alveg stórkostlegt að þetta skuli geta gerst yfirleitt. Og hér tala menn svo bara um slæmar ræður og góðar ræður. Ef til vill er farið að miða þær allar við framsöguræðu hv. 4. þm. Vesturl. fyrir nefndarálitinu.

Það var að vísu einu sinni sagt á velmektardögum Olofs Palme þegar hann var aðstoðarmaður hjá Erlander að röddin væri Erlanders en textinn væri Palmes og það þótti vera viss vísbending um það hvernig ákveðnar kennisetningar væru til komnar því að menn voru ekki alltaf vissir um það að Erlander hefði haft nákvæmlega sömu skoðanir en ekki lesið grannt yfir textann áður en hann fór í það að þylja hann upp.

Ég hygg að Alþingi Íslendinga standi frammi fyrir þeirri spurningu að taka stefnuna eins og hæstv. landbrh. boðaði úr þessum stól af miklum skörungsskap. Það minnti helst á það þegar frægur rithöfundur sagði: Mitt er að yrkja, ykkar að skilja, (**Landbrh.:** Hver var það aftur?) því að hæstv. landbrh. sagði einfaldlega: Það verður bara að koma í ljós hvorum dómararnir trúa betur. Að sjálfsögðu hv. 3. þm. Austurl. eða hv. 4. þm. Vesturl. Og það er mikileg staða ef það á að vera trúaratriði fyrir dómstólunum hvaða texti og hvaða skýringar eigi að duga.

Ég veit að hæstv. landbrh. telur sig hafa vinninginn í þessum efnum. En það er aðeins ein leið hjá Alþingi Íslendinga til að ganga frá málinu þannig að það sé verjandi fyrir þingið sem slíkt. Það verður að gera upp á milli nefndarálitanna í atkvæðagreiðslu á þinginu. Annað kemur ekki til greina. Annaðhvort standa sjálfstæðismenn á því sem þeir hafa sagt að bókstafurinn blífi, eins og hv. 3. þm. Austurl. hefur lagt skýringarnar til, eða þá að hin niðurstaðan verður ofan á að meiri hluti Alþingis samþykki það með því að vísa slíku frá að það sé rétt sem hv. 4. þm. Vesturl. hefur haldið fram að það hafi verið tekið rangt nefndarálit upp úr töskunni, nefndarálit sem passaði mjög vel við ákveðna útgáfu á textanum hjá landbn. (**Gripið fram í:** Passar.) Passar er sagt hér. Það er greinilegt að enn er haldið áfram með sömu kenningu. Og að við atkvæðagreiðslu komi í ljós hvað þingið meinar í þessum efnum.

Þetta er náttúrlega sá hausverkur sem þingmenn

hafa og verða að búa sig undir að taka afstöðu til. Það er ekki boðlegt að segja sem svo: Ekkert frv. má koma fram án þess að greinargerð fylgi þar sem höfuðákvæði séu skýr en hafa svo nefndarálit og það enga smásmíði. Fyrst kemur inngangur, hæstv. forseti. Svo kemur dómur Hæstaréttar, svo kemur samkomulag stjórnarflokkanna. Þetta er allt með stóru svörtu letri. Svo koma forsendur frv., breyting formanns landbn., sérfræðingavinna hefst, breytingar gerðar, niðurstaða, mat á áhrifum frv. og vöruverð, framtíðarskipan eftir gildistöku nýs GATT-samnings, nánari um efni frv. Þetta er bara forspil eins og hjá Sinfóníuhljómsveitinni áður en kemur að kjarnanum. (**Gripið fram í:** Svo kemur lagið.) Svo kemur lagið. Undir það tekur hv. 4. þm. Vesturl. og hver skyldi vera yfirskriftin þar: „Athugasemdir við nefndarálit 1. minni hluta." Það fer ekkert á milli mála að hv. 4. þm. Vesturl. hefur lesið nefndarálit 1. minni hluta yfir áður en hann samdi þetta plagg. (**GE:** Að sjálfsögðu.) Hér er ekki um neinn misskilning að ræða. Og sé það skoðað, hæstv. forseti, þá kemur í ljós að þeim texta er helgað allt annað nema lokaorðin í nefndarálitinu.

Hér er þess vegna nefndarálit á ferðinni sem er nákvæmlega eins byggt upp eins og greinargerð með frv. Það er í reynd verið að fara á bak við 36. gr. þingskapanna. Auðvitað er hægt að taka öll stjórnarfrumvörp svona, setja bara fram mjög lítið og ómerkilegt frv. sem tilheyrir ákveðnum lagabálki með stuttri og skemmtilegri greinargerð, koma svo með alla vinnuna inn í þingið þar sem stjórnarflokkarnir geta haft tvö nefndarálit og skoðanir flokkanna geta farið algerlega út og suður, að maður ekki tali um að það sé beinlínis fullyrt að það hafi verið rangt nefndarálit sem hafi verið notað af öðrum aðilanum.

Mér þykir skaði að því að hv. 3. þm. Austurl. er ekki í salnum. Það styrkir ekki hans stöðu í þessu sambandi. Menn gætu haldið að hann væri að leita að hinu nefndarálitinu eftir síendurteknar ásakanir um að hafa verið með rangt nefndarálit. (**Gripið fram í:** Þú stendur nú með frænda þínum.)

Ég verð að segja eins og er að ég held að þeir sem sömdu þingsköpin hafi bara ekki haft hugmyndaflug til að láta sér detta það í hug að lagaskýringar með þessum hætti yrðu sendar út úr þinginu. Ef Alþingi Íslendinga samþykkir frv. eins og þetta með tveimur nefndarálitum, þá er það endanleg yfirlýsing um það að dómstólar Íslands geta aldrei nokkurn tíma vitnað í nefndarálit til að styðja ákvörðun um skýringu á lögum vegna þess að ef þau geta stundum verið tvö og verkað út og suður og það sé ekki hægt að taka mark á þeim undir þeim kringumstæðum, þá verður almennt að líta á þau sem ómarktækt rugl sem komi málinu ekkert við.

Það er sú stóra alvara sem blasir við. Allur lagaskýringaþátturinn sem settur er inn í 36. gr. þingskapanna er þar með úr sögunni, hvorki meira né minna. Segjum nú að svona frv. dagaði uppi vegna þess að hæstv. forsrh. ryfi þingið og ný ríkisstjórn eða sú sama þyrfti að koma með stjfrv. aftur inn í þingið, tæki textann nákvæmlega eins og samkomulag varð um hann í nefndinni, hvaða greinargerð ætti þá að fylgja? Er það greinargerð hv. 4. þm. Vesturl. eða hv. 3. þm. Austurl.? Eða væri bara ekki hægt að flytja frv. vegna þess að það vantaði greinargerðina? Það væri alveg nýtt í sögunni ef menn stæðu frammi fyrir því að það væri samkomulag um lagatextann en næðist ekkert vitrænt samkomulag um greinargerð með frv. Hafa menn heyrt minnst á annað eins rugl og þetta? (**Gripið fram í:** Það verður að fá ráðherrarnir til að hlusta á þetta.) Ég verð að segja eins og er að ég teldi það alvarlegan skaða fyrir Alþingi Íslendinga ef við stæðum frammi fyrir því að ekki væri hægt að líta á greinargerð með frv. sem verður að lögum sem lögskýringaratriði á helstu ákvæðum. (**Landbrh.:** Varla er nú hægt að eyðileggja góðan lagatexta með vitlausri greinargerð.) Hæstv. ráðherra er orðinn hugsi og það er ekkert skrýtið. Efinn er upphaf endurskoðunar. (**Landbrh.:** Við hljótum að vera sammála um það, er það ekki?) Efinn er upphaf endurskoðunar. Um leið og menn fara að efast, þá fara menn að hugsa og um leið og menn fara að hugsa, þá komast þeir að niðurstöðu fyrr eða síðar. (**Landbrh.:** Svo er það höfundarrétturinn á breytingartillögunni.) (Forseti hringir.) Ekki veit ég hvort hæstv. forseti er að hasta á þann sem hér er eða salinn.

(**Forseti** (VS): Forseti er að hasta á þann sem kallar fram í.)

En ég ítreka aftur: Er Alþingi Íslendinga reiðubúið að afsala sér þeim rétti sem það hefur og þeim skyldum sem það hefur skv. 36. gr. að gera grein fyrir höfuðákvæðum frv. í greinargerð? Það liggur nefnilega ljóst fyrir að nefndarálitin sem hér eru eru jafngildi greinargerðar með öllum venjulegum lagatexta. Ágreiningurinn er aðeins uppi um það að annar aðilinn segir: Þetta nefndarálit passar ekkert við lagatextann. (**GE:** Skoðaðu það.) Og enn og aftur er ítrekað og nú er hv. 4. þm. Vesturl. farinn að hvetja þann sem hér stendur til að skoða hvort það passi. Ég er þeirrar skoðunar að nefndarálit þess minni hluta sem, með leyfi hæstv. forseta, er skrifað undir af hv. þm. Agli Jónssyni, hv. þm. Árna M. Mathiesen og hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni, standist þennan lagatexta hvort sem það hefur verið samið fyrir eitthvað annað tækifæri. Það er náttúrlega svo með mörg góð ljóð að þau geta passað við ýmis tækifæri og nú sé ég að hæstv. landbrh. er í essinu sínu því að þarna erum við komin inn á það svið sem honum er kærast.

Það er nefnilega svo að þó að listamenn geti leyft sér að segja: Mitt er að yrkja, ykkar að skilja, þá getur Alþingi Íslendinga í lagatextasmíði ekki leyft sér að segja við dómstóla landsins: Okkar er að setja lög, ykkar að skilja þau og senda svo frá sér tvær tegundir af skýringum. Það væri alveg eins hægt að setja lögin upp í krossgátuformi og segja: Annaðhvort leysið þið krossgátuna og eruð færir um að sinna ykkar starfi eða þið verðið bara að fá ykkur aðra atvinnu. Það væri aldeillis meðferð á lögfræðistéttinni. (**Gripið fram í:** Nú er ráðherrann hissa.) (**Gripið fram í:** Nú fyrst fór hann að hugsa.)

Ég skal játa það að það minnti mig á orrustuna um

Stalingrad þegar þær fréttir bárust í gegnum fjölmiðlaheiminn að það væri búið að nást samkomulag um lagatextann en það yrði að draga nefndarálitið til baka, það væri vitlaust. Það var ekki af innlendum vettvangi, það var af vettvangi utanríkismála sem þær fréttir bárust. Og ágætur Íslendingur sem hefur starfað á erlendri grund alllengi, var sendur þangað til starfa af núverandi formanni Alþfl., hæstv. utanrrh., var kallaður heim eins og þegar styrjaldarástand skellur á milli stórvelda. Og eitt af því sem hann þurfti að útskýra var hugtakið landbúnaður. Ekki veit ég á hvaða forsendum er hægt að líta svo á að sá ágæti maður, Kjartan Jóhannsson, sem, ef ég veit rétt, hefur stundum kennt rekstrarhagfræði, sé orðinn sérfræðingur í málatilbúnaði sem hv. 3. þm. Austurl. leggur fyrir þingið. Það er dálítið fjarskyld fræðigrein, annars vegar resktrarhagfræði og hins vegar lagasmíð sem hv. 3. þm. Austurl. lætur vinna og stendur myndarlega að því það verður að segja um hv. 3. þm. Austurl. að hann kallaði til mjög hæfa lögfræðinga til að fara yfir þetta mál vegna þess að hann trúði því að markmið ríkisstjórnarinnar hefði verið að eyða réttaróvissu. Það hljóta að hafa verið agaleg vonbrigði þegar hann áttaði sig á því að þeir vildu hafa Austfjarðaþoku og það svo dimma að helst greindi ekki í veggina í þessu máli áfram. Það væri ekki markmiðið að eyða óvissunni. Kompásinn skyldi ruglaður af seguláhrifum og lóranninn tekinn niður. Það verður að segjast eins og er að það væri fyrirgefanlegt undir þeim kringumstæðum þó að þingmanni yrði það á að draga upp vitlaust nefndarálit. En að neita að viðurkenna það og neita að koma með það rétta er það stórfurðulega og það er það sem hv. 4. þm. Vesturl. skilur bara alls ekki.

Ég tel að Alþingi Íslendinga þurfi að gera það upp við sig hvort það vill afsala sér ákvæðum 36. gr. um að lagaskýring fylgi frumvörpum frá þinginu, brjóta raunverulega 36. gr. þingskapanna eða hvort Alþingi Íslendinga vill úrskurða í atkvæðagreiðslu á milli þess hvort nefndarálitið á að túlka sem greinargerð með frv. Það hlýtur að verða það sem menn verða að hugsa um í kvöld og vega og meta ef þannig fer að tillögur stjórnarandstöðunnar verða felldar í þessu máli og lagatexti samþykktur með nefndarálitum sem vísa út og suður. Það er ekki skrýtið þó það gangi erfiðlega í skipasmíðaiðnaðinum þegar einhugurinn í ríkisstjórninni er á þennan veg eins og hér er verið að lýsa.

En efnislega er aðeins eitt atriði sem raunverulega stendur upp úr allri umræðunni. Um það eru átökin. Hvaða stjórnmálamenn á Íslandi vilja verja íslensk störf í landinu, hvort heldur þau eru í landbúnaði, við skipasmíðar eða annað? Hverjir telja að það sé nóg til af gjaldeyri til að kaupa allt inn til landsins án þess að gera grein fyrir því hvernig eigi þá að afla þess gjaldeyris? Um það snýst málið. Um það verður hv. 4. þm. Vesturl. spurður á Vesturlandi. Það er eins gott að hafa það á hreinu. Hvaðan á að afla alls gjaldeyrisins ef við ætlum að hætta að nota íslenska menn til þess að gera við skip eða byggja skip, hætta að nota þá til að framleiða landbúnaðarvörur? Og það er þá orðin spurning: Í hvaða verk ætlum við að nota þá? Viljum við fá tannlækna inn til landsins sem kunna kannski ekkert nema ungversku? Svo er þeim sagt fyrir hvaða tönn eigi að taka og ef til vill fer vitlaus tönn vegna þess að sjúklingur og tannlæknir eru ekki alveg á einu máli um það hver túlkunin á textanum hefur verið. Þetta lækkar kostnaðinn, það liggur alveg ljóst fyrir. Það liggur alveg ljóst fyrir að það er hægt að lækka kostnaðinn við tanndrátt með slíkum aðgerðum.

Nei, ef menn vilja sópa Íslendingum úr störfum og segja: Við höfum nægan erlendan gjaldeyri til þess að flytja allt inn sem okkur dettur í hug og við getum fundið að er ódýrara einhvers staðar erlendis vegna þess hvað vinnuafl er ódýrt, þá er hægt að hreinsa til þannig að atvinnuleysið vaxi um fleiri prósent á ári í stað þess að minnka og við getum auðveldlega komist í 10–20% um aldamótin. Um það snýst þetta mál. Og nú sitja þeir saman, hv. 3. þm. Austurl. og hv. 4. þm. Vesturl., (**Gripið fram í:** Og brosa báðir.) (**Gripið fram í:** Hvernig sýnist þér skyggnið?) báðir stjórnarsinnar að eigin sögn, báðir búnir að setja Alþingi upp við vegg hvað það snertir að skila einum lagatexta með tveimur nefndarálitum sem eru það mikil að efni til að í reynd eru nefndarálitin greinargerðir með þessum lagatexta, greinargerðir sem eiga samkvæmt 36. gr. þingskapanna að greina frá höfuðákvæðum laganna. Og hæstv. landbrh. gerir sér alveg grein fyrir því að einhvers staðar verður að höggva á þennan hnút, einhvers staðar verður að koma niðurstaða. Einhvers staðar verður að fást úr því skorið hvort nefndarálitið eigi að ráða. Það sem hæstv. ráðherra greinir á við þann sem hér stendur er aðeins eitt atriði. Eru það dómstólarnir sem eiga að setja lögin eða Alþingi Íslendinga? Því ef við færum að senda lagatexta í stórum stíl með þessum hætti til dómstólanna þá eru þeir orðnir aðilinn sem raunverulega skýrir höfuðatriðin sem samkvæmt 36. gr. á að ganga frá á Alþingi Íslendinga.

Ég tel að Alþingi Íslendinga geti ekki sóma síns vegna gengið svona frá þessu máli. Það er gersamlega vonlaust. Það er afsal slíkra réttinda af hendi þingsins að það gengur ekki upp. Hér verður að ganga frá því máli við 3. umr. Ef tillögur stjórnarandstöðunnar falla verður að ganga frá því máli hvor textinn eigi að ríkja. Og ég trúi því ekki að sá flótti sé brostinn í lið sjálfstæðismanna sem hafa fylgt forskrift hæstv. landbrh. sem lýsti því yfir að nefndarálit hv. 3. þm. Austurl. væri kórrétt miðað við þetta frv., væri hin rétta lögskýring, hv. 1. þm. Vesturl. talaði á þann veg einnig og þannig hafa fleiri gert. — Nú sækir svefn á hv. 4. þm. Vesturl. (**Gripið fram í:** Það er eðlilegt, hann fór snemma á fætur.) og það er spurning hvort dagdraumar hafa truflað eða hvort hv. þm. hefur sofið illa sl. nótt og skynjað að þetta gekk ekki upp með þessum hætti. Auðvitað væri málið leyst ef hv. 3. þm. Austurl. lýsti því yfir að sér hefðu orðið á mistök, hann hefði lagt fram rangt nefndarálit, væri með það rétta skrifað, færi fram á skrifstofu þingsins og afturkallaði það sem hér hefur komið fram og léti það rétta fylgja. Þannig túlkar hv. 4. þm. Vesturl. málið. (**Landbrh.:** Hann segir satt.) Það má vera. En ég er sannfærður um það að svo fast er setið í stólnum af hv. 3. þm. Aust-

url. að hann hyggst ekki gerast neinn hlaupastrákur í þessum efnum og mun standa við það nefndarálit sem hann hefur lagt fram. Og auðvitað hlýtur að reyna á það í atkvæðagreiðslu hér í þinginu hvort nefndarálitið eigi að fylgja sem lögskýring.

[21:35]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er ég sammála hv. þm. um það að Benedikt Gröndal var gott skáld og oft auðskilið. Ég minnist þess raunar að hann sagði í annan tíma: Stafsetning þessarar bókar er með ýmsum hætti til að þóknast öllum þeim sem aldrei komu sér saman, sem auðvitað kemur þessu máli ekki við sem við erum hér að fjalla um.

En ég vil á hinn bóginn ítreka það sem ég sagði fyrr við þessa umræðu að sá lagatexti sem liggur fyrir í brtt. er fluttur af fjórum nefndarmönnum í landbn. en er saminn af þrem kunnum hæstaréttarlögmönnum og þeirra skýringar liggja fyrir í nefndaráliti 1. minni hluta, þeirra skilningur á þessum lagatexta og það er alveg ljóst að það ber að skilja lagatextann með þeim hætti.

[21:36]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fagna mjög þessari yfirlýsingu hæstv. landbrh. Ég lít svo á að það sé alveg ótvírætt hvernig hæstv. ráðherra muni greiða atkvæði hér í þinginu ef til atkvæða kemur um þessar greinargerðir hvor eigi að gilda og það er mjög ánægjulegt að hæstv. ráðherra skuli hafa gefið hér svo afdráttarlausa yfirlýsingu.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald umræðu um búvörulög.

[21:38]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil óska eftir því að umræðan haldi áfram. Hér eru mættir framsögumenn nefndar og sá ráðherra sem með þessi mál fer og það er ástæðulaust annað en umræðan geti haldið viðstöðulaust áfram.

[21:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegi forseti. Nú háttar þannig til að sá sem hér stendur er næstur á mælendaskrá og það sem gerði það að verkum að ég bað um orðið í dag var túlkun hæstv. forsrh. í umræðum hér á skoðunum og vilja okkar stjórnarandstæðinga í landbn. Ég hlýt þess vegna og fór fram á það við forseta að minni ræðu yrði frestað þar til hæstv. forsrh. væri kominn af krýningarathöfninni sem nú ku fara fram vestur á Hótel Sögu. Og einhvern tíma hefur hæstv. landbrh. farið fram á frestun á umræðu af minna tilefni en því sem hér er sagt af.

[21:39]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er svo að þingmönnum gefst tækifæri á að gera athugasemdir þegar ræðumenn hafa lokið máli sínu. Á hinn bóginn er fyrir því löng hefð að eðlilegt sé að þeir ráðherrar sem viðkomandi lagafrv. fellur undir séu viðstaddir og eins framsögumaður meiri hluta ef meiri hluti er fyrir hendi, í þessu tilviki framsögumenn stjórnarflokka, og ég minnist þess ekki að það hafi verið talin ástæða til þess að slá umræðum á frest ef þessum skilyrðum er fullnægt.

Á hinn bóginn hef ég oft heyrt það á stjórnarandstöðu nú að hún talar mikið um það að ég hafi stöðvað umræður á þeim rökum sem þeir eru nú að bera hér fyrir sig. Ég minnist þess ekki að sá hafi háttur verið í tíð síðustu ríkisstjórnar að það væri nóg að óska eftir því að einhver ráðherra sem málið varðaði ekki yrði kvaddur til og síðan yrði umræðu slegið á frest. Það var ekki þannig og eru þá alveg nýir siðir ef það verður nú upp tekið.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram áður en lengra er haldið að hún hafði þegar frestað umræðu um 10. dagskrármál og er það vegna þess að hæstv. forsrh. getur ekki verið viðstaddur umræðuna nú um sinn en honum er kunnugt um það að hans er óskað á fundinn og mun hann koma eins fljótt og verða má.

[21:41]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hæstv. landbrh. sagði að honum þætti það sérkennilegt að fresta umræðu vegna þess að til væri kallaður einhver ráðherra sem fjallaði ekki um málið. Nú vill það svo til að sú brtt. sem við erum með til umfjöllunar er afsprengi samkomulags formanna stjórnarflokkanna, afsprengi samkomulags hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sem var gert að hæstv. landbrh. fjarstöddum. Hæstv. landbrh. var að sinna ráðstefnuhaldi norður í landi og sprengingum á Vestfjörðum meðan þeir hæstv. ráðherrar sem hafa tekið hér við yfirstjórn landbúnaðarmálanna, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., gengu frá því sem samkomulagi sem hér er verið að fjalla um þannig að ég hlýt að telja það fullkomlega eðlilegt að nærveru þeirra sé óskað.

[21:42]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég ítreka það sem ég hef áður sagt. Þótt forseti hafi frestað umræðu þá er á hans valdi að hefja umræðuna að nýju þegar honum sýnist.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Ákvörðun forseta liggur fyrir um að fresta þessari umræðu að beiðni hv. þm. sem hér eiga eftir að taka til máls og óska eftir að hæstv. forsrh. verði viðstaddur umræðuna.

Happdrætti Háskóla Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 658.

[21:43]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands. Frv. þetta er flutt samhliða frv. til laga um söfnunarkassa. Í frv. til laga um söfnunarkassa er gerð sú tillaga að dómsmrh. verði heimilt að veita Íslenskum söfnunarkössum, félagi í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, landssambands björgunarsveita, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélagi Íslands, leyfi til að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Því er nauðsynlegt að afmarka þá starfsemi gagnvart happdrættisvélum Háskóla Íslands, en svo sem kunnugt er hefur Háskóli Íslands einkaleyfi til rekstrar happdrættis með peningavinningum og hefur nýlega hafið rekstur peningahappdrættis með vélum sem ekki er rekið sem flokkahappdrætti.

Í 1. gr. þessa frv. er tekið fram að happdrættisvélar megi samtengja, einstakar vélar og á milli sölustaða. Slíka heimild er ekki að finna í frv. til laga um söfnunarkassa og er á því byggt að þetta atriði verði helsta greinimark á milli söfnunarkassa annars vegar og happdrættisvéla hins vegar. Er enda ljóst að samtenging milli véla og milli sölustaða skapar möguleika á að byggja upp happdrættisvinninga sem eru ólíkir þeim kostum sem fyrir hendi eru varðandi einstaka söfnunarkassa.

Frv. er stutt, aðeins tvær greinar, og er efni þess í raun aðeins einvörðungu það að afmarka gagnvart söfnunarkössum hvað skuli vera happdrættisvélar.

Ég legg svo til, frú forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[21:45]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er nú svo að Íslendingar eru mikil happdrættisþjóð og miklir spilamenn. Ég hygg að það frv. sem hér er sett fram beri þess nokkurt vitni að menn vita um þessa fíkn og e.t.v. má segja sem svo að það sé ekki meira eða verra fyrir Alþingi að samþykkja það að menn megi tapa sínu fé í spilakössum heldur en leggja á skatta og taka peninga af mönnum hvort sem þeim líkar það betur eða verr.

Ég taldi það mikla gæfu á sínum tíma þegar Íslendingar leyfðu lottóstarfsemi hér að íþróttafélög landsins og ungmennafélög náðu samkomulagi við öryrkja um rekstur á lottóinu. Ég er þeirrar skoðunar og hef verið að á Íslandi muni að sjálfsögðu Háskóli Íslands verða flaggskip háskólamenntunar í þessu landi. En það er á fleiri stöðum sem kennsla fer fram á háskólastigi og ég tel óásættanlegt annað en að það náist niðurstaða í því máli að eitthvað af þeim fjármunum sem Háskóli Íslands fær í gegnum sína starfsemi fari til þess að efla háskólamenntun annars staðar á landinu. Ég tel að það væri mjög óskynsamlegt ef hver háskóli fyrir sig eða hver stofnun fyrir sig sem er með menntun á háskólastigi færi að standa að rekstri á hvort heldur það eru vélar, spilakassar eða happdrætti. Það hlýtur að vera skynsamlegra að reka þetta í einhverri stórri einingu en skipta svo með einhverjum heiðarlegum hætti þeim ávinningi sem af þessu hlýst.

Nú er það hárrétt að Háskóli Íslands hefur einkaleyfi á peningahappdrætti. Það var á sínum tíma Jónas Jónsson frá Hriflu sem kom því til leiðar að svo varð og ég tel að það hafi verið háskólanum mikil lyftistöng að forsvarsmenn hans stýrðu þessu happdrætti með þeirri skynsemi sem þeir gerðu og það fjármagn hefur verið notað til uppbyggingar háskólans. En ég er jafnsannfærður um hitt að fyrir heildarhagsmuni íslenskrar þjóðar þurfum við að styðja við bakið á háskólamenntun í landinu, líka hjá þeim aðilum sem eru með slíka menntun þó að stofnanirnar séu miklu minni. Ég vænti þess að hæstv. dómsmrh. taki því ekki illa þó að slíkt komi upp í allshn. að umræða fari fram um þá hlið málsins.

Á sínum tíma var það allshn. sem hóf þá umræðu hvort ekki væri rétt að hafa eitt lottó þegar Öryrkjabandalagið og íþróttahreyfingin voru farin að takast á um þessa hluti. Það náðust sættir í því máli og það varð að mínu viti mikið gæfuspor.

Ég vænti þess og vil undirstrika það að lokum að ég tel að það eina sem þurfi að gæta vel að varðandi þessa kassa sem hér er verið að setja af stað er að börn og unglingar eigi ekki aðgang að þeim. Það er óverjandi ef það verður, það verður að gæta þess að slíkt gerist ekki, við eigum að standa að þessu með þeirri reisn að það sé ekki hægt að segja að Háskóli Íslands skaðist á því að þessi starfsemi sé af hinu illa gagnvart börnum og unglingum, við eigum að gæta þess að það séu aðeins fullorðnir sem spili í þessum kössum.

Ég vænti þess að hæstv. ráðherra líti svo á að með þessum orðum sem ég hér læt falla þá tek ég jákvætt undir þetta mál og tel að við þurfum að afgreiða það helst á þessu þingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarkassar, 1. umr.

Stjfrv., 446. mál. — Þskj. 659.

[21:51]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um söfnunarkassa. Það er flutt samhliða frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands en þetta frv. kallar á að mismunandi heimildir varðandi rekstur annars vegar söfnunarkassa og hins vegar happdrættisvéla séu afmarkaðar nánar. Eins og menn rekur sjálfsagt minni til risu nokkrar deilur á síðast liðnu ári í framhaldi af beiðni Happdrættis Háskóla Íslands um að hefja rekstur á sérstökum samtengdum happdrættisvélum en þeim deilum lauk með samkomulagi Happdrættis Háskóla Íslands annars vegar og hins veg-

ar Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Slysavarnafélags Íslands og Samtaka áhugafólks um vímuefnavandann en þessi fernu samtök hafa staðið að rekstri söfnunarkassa. Ein forsenda þess samkomulags var að dómsmrh. mundi beita sér fyrir því að lagagrundvöllur undir rekstri söfnunar- og spilakassa Rauða kross Íslands og samstarfssamtaka þeirra yrði treystur og er frv. þetta samið að því tilefni. Í almennum athugasemdum við frv. er rakin saga leyfisveitinga til reksturs spilakassa Rauða kross Íslands en slíkt leyfi var fyrst veitt 1972. Frá þeim tíma hafa gerðir spilavéla tekið breytingum svo og tegund myntar, vinningshlutfall og fleira, auk þess sem þrír aðilar hafa fengið leyfi til þess að reka söfnunarkassa.

Frá 1990 hafa Rauði kross Íslands, Landssamband hjálparsveita skáta og Landssamband flugbjörgunarsveita, síðar Landsbjörg eftir sameiningu þessara tveggja landssambanda, Slysavarnafélag Íslands og Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandamálið, haft með sér samstarf um starfrækslu söfnunarkassa, sem jafnframt hafa veitt peningavinninga. RKÍ annaðist þennan rekstur fram til 1. jan. 1994, en aðilar sömdu um skiptingu tekna af kössunum.

Hinn 19. okt. 1993 gerðu Rauði kross Íslands, Landsbjörg, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélag Íslands með sér samning um stofnun félags um rekstur söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflun. Heiti félagsins er Íslenskir söfnunarkassar (ÍSK) og tók það til starfa 1. jan. 1994. Stofnsamningur Íslenskra söfnunarkassa er birtur sem fskj. I með frumvarpi þessu. Í framhaldi af gerð stofnsamningsins hafa þau samtök, sem aðild eiga að Íslenskum söfnunarkössum, komið sér saman um skiptingu ágóða af rekstri söfnunarkassa og vísast um það til almennra athugasemda við frv.

Með frv. er lagt er til að dómsmálaráðherra fái heimild til að leyfa þessu félagi, Íslenskum söfnunarkössum, að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Verði þessi heimild lögleidd leiðir af henni að ráðherra getur ekki án sérstakrar lagaheimildar heimilað öðrum aðilum rekstur söfnunarkassa af því tagi sem frumvarpið tekur til.

Lagt er til að það verði skilyrði fyrir leyfinu að dómsmálaráðherra hafi staðfest samstarfssamning þeirra samtaka sem standa að félaginu þar sem m.a. er kveðið á um skiptingu tekna af söfnunarfénu. Samkvæmt þessu er það verkefni samtakanna að semja sín í milli um skiptingu tekna af söfnunarfénu og það er aðeins hlutverk ráðherra að staðfesta slíkan samning, en í því felst að hann hefur eftirlit með að ákvæði samningsins séu í samræmi við ákvæði laga og þeirra reglna sem sett eru á grundvelli þeirra. Hefur slíkur samningur þegar verið gerður svo sem áður hefur verið greint frá og er hann fylgiskjal með frv.

Í frumvarpinu er ekki farin sú leið að binda heimildina til að veita leyfi við tiltekinn árafjölda eins og gert er í lögum um einstök happdrætti og lögum nr. 26/1986, um talnagetraunir (lottó). Hér er hins vegar farin hliðstæð leið og gert er í lögum nr. 59/1972, um getraunir. Það er því á valdi Alþingis að ákveða síðar með breytingu á lögunum hvort leyfið verður fellt niður og þá hvenær.

Tekjum af söfnunarkössum samkvæmt lögunum skuli varið til starfsemi þeirra samtaka sem rétt hafa til reksturs þeirra. Öll hafa þau fernu samtök, sem standa að Íslenskum söfnunarkössum, það að markmiði að starfa að mannúðar-, líknar- og björgunarmálum. Þeim fjármunum, sem samtökin afla, er því varið til að sinna slíkum verkefnum og er ekki tilefni til þess að lögbinda frekar ráðstöfun á tekjum af söfnunarkössunum.

Með lögum þessum er þeim fernum samtökum, sem standa að Íslenskum söfnunarkössum, veitt leyfi til að reka tiltekna gerð af söfnunarkössum. Eðlilegt er því að stjórnvöld hafi möguleika á því að fylgjast með og hafa eftirlit með fjárreiðum og uppgjöri vegna þess fjár sem safnast í söfnunarkassana. Lagt er til að dómsmálaráðherra tilnefni annan tveggja löggiltra endurskoðenda reikninga fyrir innkomið söfnunarfé og að dómsmálaráðherra skuli fá eintak af ársreikningi afhent að lokinni endurskoðun. Hinn tilnefndi endurskoðandi er því trúnaðarmaður ráðherra.

Rétt þykir að ráðherra setji í reglugerð nánari ákvæði um ákveðin atriði varðandi starfrækslu söfnunarkassanna, en þar er m.a. um að ræða atriði sem geta verið breytileg frá einum tíma til annars, svo sem um fjölda söfnunarkassa, notkun mynta og fjárhæð vinninga. Að mestu eru þetta sömu atriði og áskilnaður hefur verið gerður um í leyfisbréfum um rekstur söfnunarkassanna, en nýmæli er að lagt er til að ráðherra ákveði aldur þeirra sem nota mega kassana til að leggja fram framlög. Með því að tiltaka þau atriði, sem nefnd eru í greininni, eru tekin af tvímæli um að ráðherra sé heimilt í reglugerð að mæla nánar fyrir um þessi einstöku atriði í starfsemi Íslenskra söfnunarkassa, en ekki er í öllum tilvikum víst að almenn reglugerðarheimild veitti ráðherra vald til að skerða það leyfi sem lögin miða við að hann veiti Íslenskum söfnunarkössum.

Eins og fram er komið hefur félagið Íslenskir söfnunarkassar þegar verið stofnað og fyrir liggur samstarfssamningur milli þessara aðila í samræmi við 1. gr. frumvarpsins. Að lokinni birtingu laganna, staðfestingu ráðherra á samstarfssamningi, sbr. lok 1. mgr. 1. gr., og útgáfu reglugerðar skv. 4. gr. á ráðherra að geta gefið út leyfi skv. 1. gr., en slíkt leyfi kæmi þá í stað núverandi leyfa þeirra samtaka sem standa að félaginu, en þau eru ótímabundin.

Varðandi önnur atriði frv. og efni samnings um rekstur spilakassa er vísað til athugasemda með frv. og fskj. með því.

Verði frv. þetta að lögum hefur hinni sameiginlegu fjáröflun til starfsemi þessara fernu samtaka verið búinn lagagrundvöllur með hliðstæðum hætti og nú er varðandi rekstur getrauna og lottós en tekjur af þeirri starfsemi renna til íþróttasamtaka og Örykjabandalags Íslands. Rekstur söfnunarkassa sem jafnframt gefa möguleika á peningavinningum hefur verið mikilvæg fjáröflun fyrir starfsemi Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Slysavarnafélagsins og SÁÁ og hefur átt mikinn þátt í að gera þessum samtökum kleift að halda

uppi öflugri starfsemi í þágu landsmanna.

Herra forseti. Ég legg því til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málflytjendur, 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging). — Þskj. 692.

[21:58]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um málflytjendur, nr. 61/1942, með síðari breytingum.

Frv. er samið af sérstakri nefnd sem skipuð var að ósk Lögmannafélags Íslands til þess að gera tillögur að breytingum á lögum um málflytjendur en mjög brýnt þykir orðið að endurskoða nokkur ákvæði þeirra sem lítið hafa breyst í rúmlega hálfa öld. Koma þar ekki síst til gjaldþrot nokkurra lögmanna á síðustu árum sem kalla á að hugað sé að öryggi viðskiptamanna þeirra. Nefndina sem samdi frv. skipuðu þau Gunnlaugur Claessen ríkislögmaður, sem jafnframt var formaður nefndarinnar, Anna Guðrún Björnsdóttir deildarstjóri og Gestur Jónsson hæstaréttarlögmaður.

Nefndin stóð frammi fyrir þeim kostum að semja frv. til nýrra heildarlaga um málflytjendur eða frv. til breytinga á þeim ákvæðum laganna þar sem þörfin til úrbóta er brýnust og varð síðari kosturinn fyrir valinu. Að athuguðu máli þótti rétt að gera ekki að þessu sinni tillögur um breytingar á ýmsum grundvallaratriðum sem mjög skiptar skoðanir eru um svo sem einkarétti lögmanna til málflutningsstarfa, skylduaðild lögmanna að Lögmannafélagi Íslands og fleira er að því lýtur. Var talið að tillögur þar að lútandi gætu tafið fyrir að brýnni endurbætur næðu fram að ganga. Í frumvarpinu eru því fyrst og fremst gerðar tillögur um breytingar sem snúa að öryggi viðskiptamanna lögmanna, þ.e. ákvæði um vörslu á fé viðskiptamanna á sérstökum reikningum og um skyldu lögmanna til að kaupa starfsábyrgðartryggingar, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Starfsábyrgðartryggingin á að tryggja viðskiptamanni lögmanns bætur ef hann verður fyrir tjóni sem lögmaðurinn ber skaðabótaábyrgð á vegna lögmannsstarfa sinna. Vátryggingin á að veita viðskiptamanninum vernd af hvaða ástæðu sem skaðabótaskylda lögmannsins stofnast ef það skilyrði er uppfyllt að ábyrgðin hafi stofnast vegna lögmannsstarfa. Ekki skiptir máli gagnvart viðskiptamanninum hvort skaðabótaskyldan stofnast vegna ásetnings eða gáleysis.

Lagt er fyrir Lögmannafélag Íslands að setja reglur í samþykktum sínum um skyldu félagsmanna til að kaupa starfsábyrgðartryggingar. Þessi háttur er á hafður vegna þess að æskilegt þykir að nýta sérþekkingu félagsmanna til þess að móta skynsamlegar reglur í þessu efni. Ráðherra hefur vald til þess að grípa inn í telji hann reglurnar ekki fullnægjandi vegna hagsmuna viðskiptamanna lögmanna, sbr. 4. mgr. 2. gr. Í 2. málsl. 2. mgr. er tilgreint að í samþykktunum skuli kveðið á um lágmark vátryggingafjárhæðar og hámark eigin áhættu. Gengið er út frá því að félagið setji sjálft reglur um önnur atriði starfsábyrgðartryggingarinnar sem nauðsynleg eru að mati félagsins. Vátryggingin og skilmálar hennar eru lögum samkvæmt háð eftirliti Tryggingaeftirlitsins.

Varðandi vörslu fjár á sérstökum reikningum er í 3. mgr. 2. gr. lagt til að lögmönnum verði gert skylt að aðgreina peninga viðskiptamanna sinna frá eigin fjármunum. Enn fremur að fé viðskiptamanna skuli varðveitt á sérstökum bankareikningum, einum eða fleirum. Þannig á að vera unnt að staðreyna að innstæða á bankareikningi samsvari öllum þeim fjármunum sem lögmaður varðveitir fyrir hönd umbjóðenda sinna. Inneign viðskiptamanns á slíkum vörslufjárreikningi stæði utan skipta við gjaldþrotaskipti á búi lögmanns.

Ég tel ekki efni til að hafa þessa lýsingu á efni frv. lengri enda frv. ekki mikið að vöxtum og má vísa til athugasemda við einstakar greinar þess til nánari skýringa. Ég tel hins vegar að hér sé um mjög brýnt úrlausnarefni að ræða til öryggis fyrir viðskiptamenn lögmanna og mælist því sérstaklega til þess við hv. allshn. að hún hraði svo sem kostur er afgreiðslu þessa máls á yfirstandandi þingi. Ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 341. mál (innflutningur búvara, tollskrárviðauki). — Þskj. 533, nál. 671, 696, 701 og 703, brtt. 672 og 702.

[22:03]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það væri synd að segja að þessi framhaldsumræða hafi bætt einhverju sem máli skiptir við þá umræðu sem þegar hefur farið fram. Þó vil ég taka það fram að mér féll afar vel sá friðar- og sáttartónn sem einkenni ræðu hæstv. forsrh. hér áðan. Þegar ég segi friðar- og sáttatónn þá meina ég það og ég held að hann hafi alveg rétt fyrir sér þegar hann segir að ef menn eru reiðubúnir til þess að standa að þessum málum á þann veg sem pólitískar forsendur ríkisstjórnarinnar stóðu til, þ.e. eftir dóm Hæstaréttar að endurreisa bannheimildir landbrh., fallast á heimildir til verðjöfnunargjalda álagningar eins og forsendur stóðu til í desember en fara síðan að síðaðra manna hætti og vitiborinna, þ.e. að vísa umfjöllun um framtíðarskipan tollamála eftir GATT í nefnd eins og samkomulag stóð til, þá eru engar ástæður til og engin efni til neinna illdeilna.

Ég tek sérstaklega undir það með hæstv. forsrh. að það var ástæða til að gera sér vonir um að sá mikli meiri hluti sem er á Alþingi Íslendinga og varðar

stuðning við hina breyttu skipan sem felst í Úrúgvæ-lotu GATT-samninganna. Um hana er mikil samstaða. Rökin fyrir því eru eftirfarandi: Þessir samningar hafa verið í undirbúningi árum saman, reyndar meira en sjö ár. Í tíð fyrri ríkisstjórnar, en að þeirri ríkisstjórn stóðu sem kunngt er stjórnarandstöðuflokkarnir, Framsfl. og Alþb., auk núverandi stjórnarflokks Alþfl., var samstaða um það mál. Eins og fram kom í máli hæstv. fyrrv. landbrh. Steingríms Sigfússonar þá rifjaði hann upp að fyrsta raunverulega tilboð af hálfu íslenskra stjórnvalda í GATT-samningum var gert af hálfu þeirrar ríkisstjórnar og hæstv. fyrrv. landbrh., Steingrímur J. Sigfússon, áréttaði að hann hefði fylgt því eftir og það er rétt hjá honum með fullum áhuga og eindrægni og var sjálfur fulltrúi í sendinefnd Íslands þegar vonir stóðu til að það samkomulag næðist.

Þegar hæstv. forsrh. flutti sinn friðarboðskap þá vísaði hann honum ekki bara til samstarfsflokksins heldur til Alþingis Íslendinga og á þessum forsendum. (**JGS:** Aðallega til samstarfsflokksins.) Gott og vel, en einnig til Alþingis Íslendinga á þessum forsendum. Það er fullkomin ástæða til að ætla hvað svo sem líður deilum í fortíðinni um misheppnaða landbúnaðarstefnu og vanhugsað landbúnaðarkerfi sem bitnað hefur hvað þyngst á bændum sjálfum, að þá sé samstaða um þá nýskipan sem taka mun við, þ.e. að við föllum frá innilokunar-, bann- og leyfisveitingarstefnu, föllumst á þá nýskipan sem felst í grundvallarreglunni um frjáls viðskipti og föllumst á það að veita okkar landbúnaði, líkt og grannlönd okkar gera, vernd í upphafi þannig að hann mæti nýjum tímum og nýjum samkeppnisskilyrðum og nýjum starfsháttum í skrefum, þ.e. eins og allir góðir sósíaldemókratar vita að sígandi lukka er best og umbætur eiga að gerast í áföngum og um það er GATT. Ég tek undir það með hæstv. forsrh. að það var full ástæða til að ætla að um þetta gæti tekist bærileg samstaða og ég árétta það, ég hef enga ástæðu til að ætla að ekki geti náðst samstaða við stjórnarandstæðinga í röðum framsóknarmanna um þetta mál, þeir sýndu að þeir voru reiðubúnir og menn til þess að vinna að því af heilindum í fyrrverandi stjórnarsamstarfi. Ég hef heldur ekki ástæðu til þess að ætla að af hálfu Alþb. sé nein andstaða gegn því. Ég hygg því að hæstv. forsrh. hafi haft lög að mæla þegar hann segir að við gerðum okkur vonir um það með því pólitíska samkomulagi sem gert var milli stjórnarflokkanna að við gætum leyst til bráðabirgða þessi ágreiningsmál þangað til hin nýja skipan tekur gildi, væntanlega um áramót. Ég vil undirstrika það eins og fram kom í mínu máli fyrr í þessum umræðum að af hálfu Alþfl. hefur í allri málsmeðferðinni verið gætt fullkominnar sanngirni. Það hvarflaði ekki að okkur alþýðuflokksmönnum eftir dóm Hæstaréttar sem að vísu staðfesti það að við hefðum haft rétt fyrir okkur í lagaþrætum við landbúnaðarkerfið að láta þar við sitja. Þvert á móti vorum við fúsir til þess frá fyrstu stundu að gera samkomulag við okkar samstarfsflokk um það að við skyldum engu að síður endurreisa óbreytt ástand eins og samkomulag hafði orðið um í desember. Það á ekki að þurfa að endurtaka það í hverju það samkomulag var fólgið. Það var fólgið í því að endurreisa bannheimildir landbrh. gagnvart innflutningi á landbúnaðarvörum slíkar sem hann hafði áður haft eins og þær voru tíundaðar í auglýsingum af hálfu viðskrh. á grundvelli laga um gjaldeyrismál.

Í annan stað þá féllumst við á það að landbrh. skyldi hafa heimildir til þess að leggja á verðjöfnunargjöld að svo miklu leyti sem við vorum skuldbundnir til samkvæmt milliríkjasamningum að veita undanþágu frá bannreglunni. Það er mjög takmarkað vöruúrval sem það á við en sjálfsagt þótti af því að við erum ekki þeirrar skoðunar að heimila hömlulausan innflutning að landbrh. hefði þær verðjöfnunargjaldaálagningarheimildir. Enda var tryggilega frá því gengið að þær væru í samræmi við skuldbindingar okkar í milliríkjasamningum og skýrt skilgreindar, nánar tiltekið samkvæmt því kerfi sem gildir innan EES, bókun 3, þar sem ekkert fer á milli mála hver verðjöfnunargjöldin eru. Verðjöfnunargjöldin eru á hráefnisþáttinn í innfluttum vörum og eru til þess að vernda innlenda matvælaframleiðslu og þau eru ekki ofurhá. Engu að síður eru þau nauðsynleg og skynsamleg.

Þriðji þáttur þess samkomulags sem við gerðum með okkur var um framtíðaskipan tollamála eftir GATT. Frá því var gengið svo tryggilega að það stóð í greinargerð með því frv., sem kom sem stjórnarfrv. á borð hv. form. landbn., að í ljósi þess að GATT-samningarnir tækju væntanlega gildi á næsta ári annaðhvort í upphafi árs eða um mitt árið hefðu stjórnarflokkarnir komið sér saman um það að vinna að endurskoðun innflutnings og tollalöggjafar eftir gildistöku GATT skyldi fara fram í nefnd sem forsrn. stýrði en öll ráðuneyti sem að þessum málum koma ættu fulltrúa í.

Ef við þetta samkomulag hefði verið staðið hefði enginn ófriður skapast um málið, enginn. Þá hefði ekkert tilefni verið til deilna, ekkert, heldur málið verið leyst að síðaðra manna hætti. Með öðrum orðum, það var engin ástæða til þess að efna til ófriðar um málið. Það var jákvæð afstaða ríkjandi um málið, af hálfu míns flokks var fullkomin sanngirni. Og eins og ég undirstrika úr því að gengið var eftir því af hálfu hæstv. landbrh. og hans ráðuneytis að útvíkka þann vörulista sem um var að ræða þá féllumst við á það af sanngirnisástæðum. Það hefur að vísu aldrei verið svo að iðnaðarvörur með landbúnaðarhráefni féllu undir búvörulagaákvæði. Við samþykktum það af sanngirnisástæðum vegna þess að við vildum fallast á verðjöfnunargjaldaheimildir þótt það væri að vísu ofætlan að bæta vörum á bannlista sem aldrei höfðu verið á bannlista og höfðu verið á frílista. Það undirstrikar bara að við gengum til þessa máls af fullkominni sanngirni. Það er rétt sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh. að það var engin ástæða til að ætla frá þeim punkti að um þetta hefðu orðið einhverjar meiri háttar deilur. Það er líka rétt að úr því að búið var að fallast á það fyrir löngu síðan á vettvangi stjórnarflokkanna að GATT-málin yrðu sett í vandlega skoðun svo sem efni standa til.

Ég minni á að það var snemma á sl. hausti sem ríkisstjórnin samþykkti að setja upp nefnd fulltrúa fjögurra ráðuneyta til að gefa okkur áfangaskýrslu til að svara spurningunni um það hverju þyrfti að breyta í innflutningslöggjöfinni til að standa við skuldbindingar GATT. Það nefndarálit liggur fyrir og er ekkert mjög flókið. Í einföldustu mynd sinni er það svo að núverandi skipan sem felst í banni eða leyfisveitingarvaldi verður aflögð og við tekur viðskiptafrelsi samkvæmt almennum grundvallarreglum GATT. Það er hins vegar mjög flókið að útfæra það í framkvæmd eins og öllum er ljóst sem að málinu koma og það er ekki hægt að gera það með því að framselja einfaldlega geðþóttavald í hendur einu ráðuneyti heldur hlýtur það að afgreiðast með þeim hætti að að því komi t.d. fjmrn., sem fer með tollamál, viðskrn., sem fer með innflutningsmálefni, og utanrrn. sem ber ábyrgð á þeim milliríkjaskuldbindingum sem um er að ræða. Þetta er það sem ég kalla vinnubrögð að siðaðra og vitiborinna manna hætti. Og ef málin hefðu verið í þessum farvegi hefðu engar deilur komið upp. Og meira að segja það hefðu ekki einungis komið deilur upp milli stjórnarflokkanna, það hefði ekki verið ástæða til að ætla að það hefðu orðið neinar deilur á Alþingi Íslendinga vegna þess sem ég sagði fyrr, nefnilega að það er engin ástæða til að ætla annað en að það sé meiri hluti a.m.k. fjögurra flokka svo ég fullyrði nú ekki meira en ég veit um það að standa að GATT-samkomulaginu. Á bak við það hljóta að standa samkvæmt því sem áður hefur gerst á Alþingi Íslendinga, stjórnarflokkarnir Sjálfstfl. og Alþfl., Framsfl. og Alþb. Mér er ekki kunnugt um persónulega afstöðu Kvennalistans og ætla ekkert að gera þeim upp skoðanir. En vegna þess að menn hafa verið að fara heldur geyst í ræðum sínum hér um það að hér sé einhver gríðarlegur meiri hluti allra flokka að því er mér skilst annarra en Alþfl. fyrir óbreyttu ástandi þá held ég að það sé á misskilningi byggt og hef enga ástæðu til að ætla að það sé rétt.

Eitt undirstrika ég einu sinni og enn og aftur: Allir þeir sem halda því fram að af hálfu Alþfl. höfum við gengið fram í þessu máli á þann veg að synja um framgang þeirrar meirihlutaskoðunar að endurreisa til bráðabirgða fram að gildistöku GATT óbreytt ástand, það er er rangt. Á því stóð vissulega ekki. Þvert á móti sýndum við fullkomna sanngirni í því máli. Þar á móti treystum við því náttúrlega að við þetta pólitíska samkomulag yrði staðið. Og eins og fram kom í máli hæstv. forsrh., þá sagði hann: Það eru aðeins tvö mál sem að lokum ollu ágreiningi og þau eru þessi: Annars vegar sú krafa sem sett var fram að blanda inn í lausn þessa máls einhverjum tillögum og lagatexta um framtíðarskipan tollamála eftir gildistöku GATT. Þrátt fyrir það að hæstv. landbrh., sem átti fullkomna aðild að stjfrv., hann átti auðvitað aðild að því sem stjfrv. í ríkisstjórn og var framsögumaður þess, hafði hann í ræðum sínum strax í desember margsinnis áréttað að það væri óskylt mál. Þá er spurningin þessi: Hvers vegna var verið að setja upp slíka kröfu af hálfu formanns landbn. gegn því pólitíska samkomulagi sem gilti milli stjórnarflokkanna og gegn því sem landbrh. sjálfur hafði skuldbundið sig af með stjórnarfrv.? Auðvitað er ekki hægt að afsaka það með því að menn hafi verið að finna einhverja lögfræðinga sem voru að finna einhverja tæknilega meinbugi á málinu eða styrkja gerð frv. þannig að það héldi lagalega. Það hefur aldrei staðið á neinum manni og allra síst okkur alþýðuflokksmönnum að fallast á slíka hluti. Það voru fimm slík minni háttar lagalega tæknileg atriði sem við féllumst á strax. Þetta mál er ekki um það. Þetta mál er um það hvort menn ætluðu að standa við það pólitíska samkomulag sem ríkisstjórnin, stjórnarflokkarnir, höfðu gert með sér eða ekki. Hitt málið er jafnvel, þegar menn líta til baka, enn þá furðulegra að skyldi vera gert að deiluefni. Í desemberfrv. stóð skýrum stöfum þegar verið var að fjalla um verðjöfnunargjaldaheimildir til landbrh. að það ætti við um hráefnisþáttinn í landbúnaðarafurðum sem inn væru fluttar enda væri um að ræða vörur sem framleiddar væru hér á landi. Og mig undrar satt að segja að þurfa að standa hér enn og útskýra það eða reyna að útskýra það að menn leggja ekki á verðjöfnunargjöld, menn jafna ekki gjöld á eitthvað sem flutt er inn ef það er ekki til innan lands. Jafna hvað? Verðjöfnunargjöld eru um það að jafna aðfangaþáttinn við innflutning þegar um er að ræða vörur sem framleiddar eru hér á landi. Það er samkvæmt skilgreiningu. Menn leggja ekki verðjöfnunargjöld á eitthvað sem ekki er framleitt í landinu, þá leggja menn á verndartolla, svo einfalt er það.

En þessi tvö atriði, að halda til streitu af einhverjum ástæðum sem mér eru huldar kröfum sem gengu þvert á það samkomulag sem stjórnarflokkarnir höfðu gert með sér að því er varðar það að hlaupa fram fyrir sig með aukasetningu í búvörulögunum til að ráða til lykta tollamálum eftir GATT, þetta annars vegar og svo hitt, sú fádæma ósanngirni að neita að fallast á hlut sem búið var að gera samkomulag um í desember, að verðjöfnunargjaldaþátturinn sé að sjálfsögðu til að jafna mun, verðmun á innfluttum vörum og þeim sem framleiddar eru innan lands, olli deilum. Það er rétt sem fram kom í máli hæstv. forsrh. að þetta voru þau tvö mál sem voru þess eðlis að ekki var unnt að una við. (**Gripið fram í:** Forsrh. studdi þau.) Það hefur hvergi komið fram svo ég viti til að svo sé og ég hef enga ástæðu til að ætla það og það eru þín orð en ekki mín.

Ég sagði í upphafi að ég harma það virkilega og meina það einlæglega að efnt skuli hafa verið til þessara deilna. Það var ekki efnt til þeirra deilna af okkur alþýðuflokksmönnum heldur voru okkur settir kostir sem verður að segja eins og er að eru vægast sagt óvenjulegir í samstarfi. Það er ekki við neinn að sakast í því efni annan en þann sem á því ber fulla ábyrgð, þ.e. formann landbn. sem flutti hér ræðu áðan þar sem hann reyndi að klóra í bakkann og ég ætla að sýna þá rausn og það veglyndi að fjalla ekki frekar um þá ræðu. En ég endurtek, það er ákaflega mikið miður að það skuli að ástæðulausu hafa verið efnt til þessa óvinafagnaðar, ég veit ekki í þágu hvers það er. Það er ekki í þágu íslensks landbúnaðar, það voru engin efni

til þess, það voru engin rök að baki því. Það var einhver óbilgirni, einhver tortryggni kannski, ef við viljum reyna að skýra þetta en óþarft var það með öllu.

Kjarni þessa máls að mínu viti er þessi: Þar sem það er svona víðtæk samstaða um þá grundvallarbreytingu sem fram undan er og felst í GATT-kerfinu þá er ástæða til að ætla að við hefðum getað litið fram til þess tíma með nokkrum létti. Það hafa verði alvarlegar deilur uppi um réttmæti gildandi landbúnaðarstefnu. Sú deila er ekkert einskorðuð við Alþfl. versus aðra flokka. Ég minni á að það eru jafnvel til skipulagðir hópar bænda sem hafa leitað sjálfir þjónustu hinna færustu lögfræðinga til að leita réttar síns frammi fyrir þessu kerfi sem þeir saka um valdníðslu, eignaupptöku og brot á mannréttindum varðandi atvinnufrelsi manna. Sá lögfræðingur sem tók þetta verk að sér hefur gefið út um það heila bók og heitir Sigurður Líndal. Um hann er hægt að segja með fullri vissu að hann er í hópi hinna virtari lögfræðinga. Hver sá hv. alþm. sem lesið hefur það rit hlýtur, hvað svo sem líður hugsanlegum álitamálum, að gera sér grein fyrir því að það er stór hluti íslenskrar bændastéttar sem hefur orðið fyrir barðinu á þessu kerfi. Og ég veit persónulega af samtölum mínum við hæstv. landbrh. að það er miklu, miklu minni ágreiningur milli mín sem formanns Alþfl. og hans en kannski einhverjir áhorfendur að þessu stríði myndu ætla vegna þess að ég er alveg sannfærður um að það er samstaða um það okkar í milli þegar við horfum til framtíðarkerfisins að það sé nauðsynlegt að setjast nú niður með hinum bestu mönnum og leggja fram ærlega vinnu við að skoða til rótar hvernig við getum losað bændur undan núverandi framleiðslustýringar- og kvótakerfi vegna þess að á sama tíma og við segjum og allir taka undir það að hið nýja kerfi er nánast óhjákvæmilegt en það felur í sér smám saman að opna fyrir samkeppni bæði gagnvart framleiðendum, bændum sjálfum, og úrvinnsluaðilum matvælaiðnaðinum, þá verðum við náttúrlega að mæta því á sama hátt með því að losa þessa aðila undan spennitreyju slíkra kvaða að þeir geti ekki mætt samkeppni með eðlilegum hætti með þeim sveigjanleika sem þarf.

Um þetta væri, held ég, víðtæk samstaða á Alþingi Íslendinga. Það er tiltölulega fámennur hópur manna sem af misskilinni, ja ég mundi kalla það fundamentalisma, það er notað um múslima sem af einhverjum grundvallartrúabragðarástæðum þar sem menn eru að reyna að gerast kaþólskari en páfinn, meiri framsóknarmenn en framsóknarmenn, (**JGS:** Það er ekki hægt.) jú, það er hægt — beittu sér í þessu máli af þvílíkri óbilgirni að ekki var hægt við að una. Það bera að harma, það er mjög miður. Það var ástæðulaust og óþörf sú ganga.

Nú er það svo að um þetta frv., sem við erum að afgreiða, hefur tekist samkomulag milli stjórnarflokkanna eftir að búið var að leiðrétta það aftur þannig að það væri í samræmi við það sanngjarna og eðlilega samkomulag sem gert hafði verið. Að endurreisa bannheimildirnar til landbrh., að veita honum verðjöfnunargjaldaheimildirnar en að setja GATT-málið eins og öll rök standa til í nefnd. Allt hitt sem vakið var upp voru óþarfa afturgöngur og draugar sem búið er að kveða niður, sem betur fer, enda voru þeir friðarspillar.

Ég vil undirstrika það sem fram kom í ræðu hæstv. forsrh., þegar hann sagði: Það voru einkum tvö mál sem stóðu upp úr um þetta sem þurfti að leysa til að fá um það friðsamlega og sanngjarna lausn. Það var í fyrsta lagi að menn ætluðu sér ekki meira en þeir gátu með það að ætla að setja inn í búvörulög ákvæði um framtíðartollaskipan GATT, það er einfaldlega tæknilega ekki hægt. Hitt var að fallast á þau eðlilegu málsrök að verðjöfnunargjöldum yrði ekki beitt á vörur sem ekki eru framleiddar í landinu. Að því leystu var málið leyst. Þá getum við svo sem sleppt að ræða aðra þætti vinnubragða úr því að málið er komið þó til farsællar niðurstöðu. (**Gripið fram í:** Hvað með greinargerðirnar?)

Um vinnubrögðin er síðan það að segja að það hlaust af þessum óþarfa belligerens, þ.e. af þessum óþörfu styrjaldartilefnum. Hv. þm. spyr: Hvað með greinargerðirnar? Auðvitað ber að harma það að þeir aðilar í hv. landbn., sem hafa náð saman niðurstöðu um lagatextann sjálfan, skuli ekki setjast niður að síðaðra og vitiborinna manna hætti, svo ég endurtaki það, og ganga frá sameiginlegri álitsgerð. Auðvitað ber að harma það. Auðvitað ber að harma að þegar búið er að gera leiðréttingar á lagatextanum sjálfum þá er sett fram greinargerð sem lætur eins og lagatextanum hafi ekkert verið breytt. Þetta er allt saman upplýst og það þarf ekkert að orðlengja um það annað en úr því að boðið er upp á það þá verður að taka því. Fyrir því er að vísu fordæmi en engu að síður af því að þetta er ekki bara leikaraskapur og menn hafa stundum verið að segja: Bændur á Íslandi eiga rétt á því að vita hver staða þeirra er, þá endurtek ég og það skiptir máli: Bændur á Íslandi vita núna samkvæmt þessum lagatexta að landbrh. hefur jafnmiklar heimildir og hann hafði áður til að banna innflutning og reyndar rýmri vegna þess að sanngirni okkar alþýðuflokksmanna var slík að veita honum meiri heimildir.

Í öðru lagi. Ef innflutningur verður, og nú skulu menn ekki ýkja það fyrir sér, hann verður afar takmarkaður á þessu ári fram að GATT. Menn láta hér eins og EES-samningurinn hafi verið um innflutning á landbúnaðarvörum, hann er ekkert um landbúnaðarmál, ekki neitt. Menn minnast á bókun 3 en láta þess gjarnan ógetið að hún hefur ekki tekið gildi enn og mun kannski taka gildi um mitt ár og fjallar um vörur í einum fimm tollflokkum. Síðan tala menn reiðinnar ósköp og setja á langar ræður um tvíhliða samning við Evrópubandalagið um nokkra kálhausa og blómategundir og láta eins og allur landbúnaður á Íslandi sé í lífshættu út af þessu ósköpum. Við erum einfaldlega að tala um það að landbrh. hefur heimildir til þess, reyndar kvöð, til að efna millirikjasamningana sem eru komnir í gildi og það varðar óskaplega litlu, óskaplega litlu. Stóra breytingin kemur þegar við tökum upp viðskiptafrelsi í staðinn fyrir bann varðandi GATT. Og allir sanngjarnir menn hljóta að fallast á að það er óbilgirni af verstu sort að ætla að keyra fram

einhverjar vafasamar skoðanir og skilgreiningar um það mál með gjörsamlega ótímabærum hætti.

Hv. formaður landbn., sem nú gekk í salinn, las eitthvað upp úr greinargerð lögfræðinga sinna um það að víst gæti vel verið að verðjöfnunargjöld yrðu leyfð í GATT. (Gripið fram í.) Já, já víst getur það vel verið. (**EgJ:** Ég las ekki eitt bofs.) Hv. formaður landbn. reyndar gerði sig sekan um einn hlut sem ég ætla að minna hann á og það var það að hann reyndi að leggja það út á hinn versta veg að því er varðar varaformann landbn., samstarfsmann hans, að hann hefði látið semja fyrir sig, jafnvel ræðu og greinargerðir, en það varð að koma út af hans eigin vörum áður en lauk að sjálfur hafði hann ráðið sér sérfróða menn í sína þjónustu sem sömdu fyrir hann bæði frv. og greinargerðina. Að vísu eftir hans eigin forsögn. En menn líti í eigin barm þegar þeir eru að reyna að gera lítið úr samstarfsmönnum sínum með þessum hætti. Það var ekki drengilegt og ekki stórmannlegt.

Um GATT er það eitt að segja að ég spyr — forsh. hefur sagt: Það var sjálfsagður hlutur að taka það út úr frv. í ljósi þess samkomulags sem gert hafði verið. En á sínum tíma virtist það ekki vera mjög sjálfsagt mál fyrir formann landbn. sem sagði að það skyldi aldrei verða. Sem sagði á hverjum þriðjudagi að hann skyldi taka þetta mál út hvað svo sem liði samkomulagi við samstarfsaðila sem neitaði samstarfsflokknum um eðlilegt samstarf um samninga og greinargerð þrátt fyrir það að samkomulag hefði tekist milli forustu flokkanna um frv. sjálft. Hver efndi til þessa óvinafagnaðar? (**Landbrh.:** Alþfl.) Nei. Reynið að vera sanngjarnir, það er ekki svo. (**Landbrh.:** Það er víst svo.) Það er ekki svo. (**Landbrh.:** Það er víst.) Það er rangt. Ég get vel skilið það þótt hæstv. landbrh. vilji bregða skildi fyrir samflokksmann sinn, formann landbn., ég get vel skilið það, það er vafalaust drengilega gert af honum enda veitir ekki af. En staðreynd málsins er samt sem áður sú, það hefur verið fullkominn friður um þetta mál ef vinnubrögðum af þessu tagi hefði ekki verið beitt. Mikið meira þarf ekki um það að segja annað en þetta og það skulu vera mín lokaorð: Það var samstaða, víðtæk samstaða á Alþingi Íslendinga um þetta GATT-mál. Að því máli hafa komið auk stjórnarflokkanna bæði Framsfl. og Alþb. Það er enginn ágreiningur um það tilboð sem við gerðum af hálfu stjórnvalda um þá upphaflegu tollvernd sem landbúnaðurinn á að njóta. Ríkisstjórnarflokkarnir standa að því og það er ekki ástæða til þess að ætla að um það sé ágreiningur. Hvers vegna er það þá að menn haga vinnubrögðum sínum á þennan veg? Hljóta ekki allir menn að viðurkenna einföldustu staðreyndir málsins? Þær eru: Það liggur ekki endanlega fyrir á þessum tímapunkti hver verður túlkun á ýmsum grundvallarreglum eða hver verður endanleg niðurstaða um það hvernig þessum málum verður háttað. Það er grundvallarregla að því er varðar GATT að tollar verða að vera fastákveðnir samkvæmt íslenskum lögum, settir að lögum, skýrir með þeim hætti að það sé hægt að hafa eftirlit með þeim, og það liggur líka fyrir að breytileg verðjöfnunargjöld byggð á hráefnisþáttum og breytilegri afgreiðslu eftir vörsendingu til vörusendingar hafa hingað til í GATT-samkomulaginu verið skilgreind sem viðskiptahindrun. Menn tala eins og þeir viti alla hluti um þetta, fullyrða að hlutirnir séu svona í Noregi og Svíþjóð og hjá Evrópubandalaginu en segja þar venjulega hálfan sannleikann. Þessi mál þurfa nákvæma rannsókn. Í íslenskri stjórnsýslu er það eðlilegt að að þeim komi fulltrúar allra ráðuneyta, að það sé lögð fram vinna við að gera þetta, binda um þessa hnúta tryggilega og réttilega en ekki fara fram með offorsi, óbilgirni og ósanngirni. Þeir einir sem það gera eru að efna til stríðs. Það er ástæðulaust og það er sérstaklega illt vegna þess að með þeirri nýju skipan sem nú er að koma gerði ég mér vonir um og ég veit að margir sjálfstæðismenn og ég vona að margir framsóknarmenn og stjórnarandstæðingar geri sér líka vonir um það og þá getum við lagt af deilur sem hafa verið of harðvítugar í fortíðinni, að við getum náð samkomulagi í stórum dráttum um þetta nýja kerfi og að það gerist með þeim hætti að saman fari eðlileg samkeppnisvernd fyrir íslenskan landbúnað, að samkeppni verði hleypt á í áföngum. Það mun vera gott bæði fyrir bændur og neytendur og það er hægt ef menn vilja skoða málin hleypidómalaust, að beita þeim vinnubrögðum að leita til þeirra sem þekkja þessi mál nákvæmlegast, láta alla koma fram sínum sjónarmiðum, þá er ég ekki í nokkrum minnsta vafa um að það tekst sátt og friður um niðurstöðu þeirra mála. Það eina sem þarf er að menn temji sér svona á ári umburðarlyndisins — ég held að það sé það núna ef ekki í kínverska almanakinu þá a.m.k. hjá mannréttindasamtökunum, (**Gripið fram í:** Það er ár hundsins þar.) að menn temji sér eðlilegt umburðarlyndi og eðlileg vinnubrögð við að reyna að ná samstöðu um mál fremur en að leggja sig fram um að efna til illdeilna um mál að óþörfu.

[22:36]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Mér fannst hæstv. utanrrh. fara vel af stað í sinni ræðu þegar hann byrjaði að tala um frið, sáttartón forsrh. og annað í þeim efnum og má vera hins vegar að mér hafi fullfljótt fundist sem liðkaði um málbeinið hjá hæstv. utanrrh. því svo fór undir lokin að hann brigslaði mér, og skildi ég til hvers var talað, um fullkomna óbilgirni af verstu sort. Talaði um að Sjálfstfl. hefði ekki viljað standa við sáttarboð síðan í desembermánuði og skildi ég fullvel af hans málflutningi að þar var beinlínis átt við þann málflutnings sem ég hef uppi haft og vísaði til þeirra sjónarmiða sem ég hef haldið fram í ríkisstjórninni m.a. Þannig að það leikur enginn vafi á að þau ummæli sem hæstv. utanrrh. hafði hér áðan voru ekki hugsuð fyrir formann landbn. heldur var þeim beint til þess sem hér stendur og þá hygg ég líka að það sé best að sá sem hér stendur verði til þess að íhuga ummælin. Það er þá ekki í fyrsta skipti sem það kemur í minn hlut að svara hæstv. utanrrh.

Vegna þess að hæstv. utanrrh. vék mjög tali sínu að formanni landbn. þá held ég að það sé óhjákvæmilegt af því tilefni — ég hafði raunar ætlað að gera það á

öðrum vettvangi — að ég leiðrétti missagnir og rangtúlkanir sem hafa komið fram hjá fulltrúa Alþfl. í landbn. þar sem hann gerir tilraunir til þess að ófrægja eða a.m.k. varpa skugga á íslenskt réttarfar og gera lítið úr þeirri framkvæmd sem á því er og þá á ég við nokkrar kalkúnabringur sem sendar hafa verið til landsins með reglulegum hætti. Síðast þegar ég vissi voru sendingarnar orðnar tólf, alls 170 kíló, allar með vitlausu tollnúmeri, komu reglulega og ég hygg að það sé komið á annað ár síðan þær fyrstu fóru af stað og má kannski hugsa sér að það sé gott geymsluþol í þvílíkum mat sem hann ber mjög fyrir brjósti, hv. þm. Alþfl. á Vesturlandi, að íslenskir neytendur megi láta á sína diska án þess að innflytjandinn fullnægi þeirri skyldu að leggja fram nauðsynleg gögn um uppruna þessa matar, nauðsynleg gögn sem fylgja landbúnaðarvörum hvarvetna og er ekki talið til tíðinda.

Þessi fulltrúi Alþfl. í landbn. segir m.a. um þetta mál í sinni ræðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþfl. benti á að þessi aðferð skapaði í raun fleiri vandamál en hún leysti og má benda á dæmi um vöru sem nú stendur á hafnarbakkanum í Reykjavík. Kanadamenn hafa spurst fyrir um þetta mál á fundi í Genf nýlega þegar viðskiptastefna Íslands gagnvart GATT-samningunum var í fyrsta sinn til skoðunar."

Ég vil skjóta því hér inn að þeir fylgjast vel með viðskiptafulltrúar Kanadamanna að þeir skuli vita um 170 kílóa sendingu af kjúklingum til Íslands. Ég veit ekki alveg hvort fulltrúar utanrrh. fylgjast jafn vel með því sem er að gerast í landbúnaðinum og Kanadamennirnir. — Síðan segir áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Íslensk stjórnvöld fullyrtu að umrædd sending yrði afgreidd þegar viðeigandi heilbrigðisvottorð hefðu verið lögð fram. Kannast hv. þm. við þetta orðalag?"

Hér gerir fulltrúi Alþfl. lítið úr heilbrigðiskröfum og heilbrigðisvottorðum. — Áfram heldur lesturinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Þau héldu því ekki fram að innflutningsbann væri fyrir hendi, enda hefur það verið afnumið. Spyrja má hvernig Kanadamenn bregðist við ef landbrh. beitir þeim heimildum sem hann fær með því frv. sem nú er lagt fram til þess að stöðva þennan innflutning. Lítil von er til þess að Kanadamenn láti þetta mál gleymast enda hafa þeir nú sent viðskiptafulltrúa sinn í Ósló til Íslands til þess að spyrjast fyrir um gang málsins." — Svo mörg voru þau orð.

Þetta varð til þess að landbrn. spurðist fyrir um það hjá hinum kanadíska fulltrúa um þessar kjúklingabringur. Og þótt skrýtið sé þá var kanadíska viðskiptafulltrúanum fullkomlega ókunnugt um kjúklingabringurnar og Hauk Hjaltason og lét þar að auki í ljósi mikla undrun yfir því að innflytjendur hér skyldu ekki vilja fara að lögum og reglum. Þannig að allt er þetta mál sviðsett og tómur tilbúningur. Ég geri mér hins vegar ekki grein fyrir því af hvaða sökum fulltrúi Alþfl. í landbn. taldi nauðsynlegt að draga þetta mál upp hér.

Það er laukrétt sem hæstv. utanrrh. segir að það var samkomulag um það í ríkisstjórninni að eftir að hinn dæmalausi hæstaréttardómur féll ...(**Gripið fram í:** Dæmalausi?) Ég sagði dæmalausi já. Eftir að hinn dæmalausi dómur Hæstaréttar féll að hið fyrra réttarástand yrði skapað, um það var ekki sagður neinn ágreiningur. Nú skulum við aðeins reyna að átta okkur á því um hvað við vorum að tala. Við vorum að tala um það að landbrh. fengi á nýjan leik heimild til að leggja verðjöfnunargjöld á landbúnaðarvörur, ekki aðeins þær sem milliríkjasamningar og fríverslunarsamningar kveða á um heldur yfir höfuð landbúnaðarvörur. Og það er fullkomlega rangt og fullkomlega í mótsögn við lagatextann frá því í desember ef því er haldið fram að allur hamagangurinn fyrir þau lög hafi einungis snúist um jógúrt og (**JGS:** Smjörfitu.) smjörfitu. Það var ekki svo. Hamagangurinn hefði ekki verið slíkur ef einungis væri verið að tala um jógúrt og þetta veit hæstv. utanrrh. (Gripið fram í.) Það er kannski nauðsynlegt til þess að fylgja þessum ummælum mínum eftir að lesa upp lagagreinina eins og hún var samþykkt í desembermánuði. En við skulum jafnframt rifja upp að á þeim tíma var litið svo á að í gildi væri 52. gr. búvörulaga svohljóðandi:

„Áður en ákvarðanir eru teknar um inn- og útflutning landbúnaðarvara skulu aðilar, sem með þau mál fara, leita álits og tillagna Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Innflutningur landbúnaðarvara skal því aðeins leyfður að Framleiðsluráð staðfesti að innlend framleiðsla fullnægi ekki neysluþörfinni."

Sá lagatexti sem var samþykktur í desembermánuði var borinn undir mjög mæta lögfræðinga, hæstaréttarlögmenn, virta hæstaréttarlögmenn og þeir mátu það svo eins og lagatextinn leit út þá að það væri útilokað annað en þessi grein mundi halda. En því miður fór nú svo að Hæstiréttur dæmdi á annan veg sem hefur valdið þeim mikla glundroða í þessum málum sem hefur orðið síðan og hefur valdið því að menn eru mjög að setja landbúnaðarmálin í heild sinni í spéspegil og verið með útúrsnúninga, lagaþrætur, tilbúning.

53. gr. fjallar um að landbrh. veiti leyfi til að flytja til landsins kartöflur, nýtt grænmeti, sveppi og blóm. Það er auðvitað alveg ljóst að samkvæmt lögunum í desember þá hafði landbrh. fulla heimild til að leggja verðjöfnunargjöld á innflutning slíkra vara. Það er algjörlega ljóst og alveg nýr lagaskilningur og ný lögfræði ef það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði að lögin í desember hefðu ekki heimilað slíkt.

Nú skulum við aðeins líta á hvað þar stendur. Fyrsta málsgrein er svohljóðandi:

„Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara [þá er vísað til 52. og 53. gr. fyrst og fremst] veitir landbrh. heimild til innflutnings á landbúnaðarvörum í samræmi við ákvæði fríverslunar- og milliríkjasamninga sem Ísland er aðili að."

Þessi fyrsta málsgrein lýtur vitaskuld að 52. gr. fyrst og fremst og að sumu leyti að 53. gr.

Síðan segir, með leyfi hæstv. forseta: „Nú heimilar ráðherra innflutning landbúnaðarvara og er honum þá heimilt að leggja á þann innflutning verðjöfnunar-

gjöld til að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara í samræmi við 3. mgr."

Það er alveg ljóst að í þessari 2. mgr. er ekki bara verið að tala um jógúrt. Það er algjör útúrsnúningur að halda slíku fram og alveg ljóst að hæstv. viðskrh. hefði ekki beðið um sérstakan fund í þingflokki Alþfl. bara til þess að ég fengi að ákvarða verðjöfnunargjald á jógúrt.

Síðan segir í 3. mgr.: „Ráðherra ákveður með reglugerð á hvaða landbúnaðarvörur, þar með taldar unnar vörur sem innihalda landbúnaðarhráefni, sem jafnframt eru framleiddar hér á landi" — þetta vísar til „unnar vörur" ef menn kunna íslenskt mál — „skuli leggja verðjöfnunargjöld við innflutning."

Þessi lagatexti er algjörlega skýr. En það er auðvitað rétt að menn verða að rýna í textann til að skilja hann.

Ég vil líka að það komi fram vegna þess að það mál hefur verið tekið oft þannig upp að það hafi verið eins og gefið hafi verið í skyn að það hafi verið mín hugmynd sem landbrh. að búa til hinn langa vörulista sem fylgir þessu frv. Það er ekki svo. Það er krafa Alþfl. að frv. er lagt fram með þessu hætti. Í upphaflegri gerð Alþfl. var minnst á það að banna innflutning á jólatrjám í þessu samhengi. (**Gripið fram í:** Það er nú bannað með lögum.) Okkur tókst þó í landbrn. að koma út af borðinu ákvæðum um það að mér væri heimilt að banna innflutning á froskalöppum og gat ég nú ekki séð hvaða tilgangi það þjónaði satt að segja. Þannig að hugmyndin að textanum er Alþfl. og það er þess vegna hálfundarlegt þegar því er haldið fram hvað eftir annað í ræðu hæstv. utanrrh. að það hafi verið af einhverjum sérstökum sanngirnisástæðum sem við fengum pínulítið að krota í listann, sjálfstæðismenn. (Gripið fram í.) Það er þannig að ef tveir menn eru saman í ríkisstjórn þá verða auðvitað báðir aðilar að hafa eitthvað um málin að segja en ekki bara annar aðilinn.

Ég vil líka að það komi fram og sé alveg skýrt, við höfum talað um það og það var gerð samþykkt um það í janúarmánuði 1991 hvaða kröfur og hvaða tilboð við Íslendingar gerðum í sambandi við GATT-samningana. Það er ekkert á þessari stundu sem bendir til annars en þess að GATT muni samþykkja tilboðið eins og það liggur nú fyrir. Það hafa engar alvarlegar athugasemdir komið fram um okkar tilboð svo mér sé kunnugt og má búast við því að í næsta mánuði muni það liggja fyrir hvort skrifað verði undir samkomulagið eins og það liggur nú fyrir hinn 25. apríl.

Það má auðvitað tala um það langt mál, menn geta auðvitað rætt um það hér, framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn og alþýðuflokksmenn og hverjir sem er hvernig á því stendur að undirbúningurinn fyrir hugsanlega GATT-samninga skuli ekki hefjast fyrr en nú á *síðustu missirum. Þó var það þannig að forveri minn,* hv. þm. Steingrímur Sigfússon, ef ég hef réttar heimildir, brá sér úr landi vegna GATT-samninganna þegar á árinu 1990 þegar upp úr slitnaði þannig að á þeim tíma bjuggust menn við að GATT-samningar tækjust. Sú ríkisstjórn sem þá sat gat að sjálfsögðu undirbúið löggjöf til þess að mæta þeim skyldum og þeim samningsákvæðum sem við þá bjuggumst við að verða að ganga að.

Hið sama á vitaskuld við um hið Evrópska efnahagssvæði. Það var búist við því, ef ég man rétt, að undir það yrði skrifað hinn 30. júlí. Undirbúningurinn að því að mæta þeim skuldbindingum og hvernig við viljum undirbúa landbúnaðinn fyrir þá nýju samkeppni sem þar verður hefði vitaskuld átt að geta hafist fyrr. Það er satt að segja grátlegt nú þegar í það stefnir að nýr GATT-samningur verði undirritaður jafnvel eftir mánuð rúman, þá skuli á Alþingi Íslendinga vera deilur um það með hvaða hætti okkur takist að styrkja þann atvinnuveg okkar, landbúnaðinn, sem ásamt sjávarútvegi aðaluppspretta er þeirra nýju atvinnutækifæra sem við getum búist við að fá í nánari framtíð ef undan er skilin ferðaþjónusta því að því miður hefur reynslan sýnt okkur að iðnaður sem ekki styðst við landbúnað eða sjávarútveg hefur ekki verið í færum um að vaxa þannig að hægt sé að tala um að hann hafi orðið að slíkri útflutningsatvinnugrein að okkur sé mikill styrkur í. Einungis skinnaiðnaðurinn hefur á sumum árum þegar verð hefur verið gott gefið okkur um milljarð í gjaldeyristekjur. Ef við horfum til þess iðnaðar sem mestur vöxtur er í nú og mestur árangur, þá *er það kjötiðnaður og matariðnaður hvers konar, sem* styðst bæði við landbúnað og sjávarútveg, sem hefur m.a. gert það kleift að lækka matarverð verulega til fjölskyldna og á þátt í þeirri miklu bjartsýni sem þrátt fyrir að mörgu leyti dökkt útlit blasir nú við í landbúnaði.

Við skulum aðeins velta fyrir okkur hvort það megi verðjafna fyrir hráefni í unnum landbúnaðarvörum sem er ekki framleitt hér á landi. Um það vil ég segja þetta:

Í viðbætum 2–7 og bókun 3, sem fjallar um verðjöfnun á unnum landbúnaðarvörum, eru settar fram vinnureglur um hvernig skuli framkvæma bókunina. Þær fjalla m.a. um hvernig verð skuli ákveðin, hvaða hráefni verðjafna megi fyrir og frágang tollskjala. Í þessum vinnureglum eru sérstök ákvæði um Ísland sem Evrópubandalagið hefur samþykkt. Í þeim segir að þrátt fyrir tilteknar takmarkanir í samningnum um möguleika landanna á að verðjafna fyrir fitu, svo sem mjólkurfitu, jurtaolíum og kjöti, skuli Íslandi heimilt að verðjafna fyrir fitum og jurtaolíum öðrum en fiskolíum og fyrir kjöti af svínum, nautgripum, sauðfé og alifuglum. Í samræmi við þetta hefur af Íslands hálfu þegar verið tilkynntur verðmunur á jurtaolíum til jöfnunar í fríverslunarsamningi EFTA/EB, svokallaðri bókun 2. Það verður að teljast fráleitt hafi verið hugmyndir manna um að setja þrengri ákvæði í íslenska löggjöf um verðjöfnun og á framkvæmd bókunar 3 en við höfum þegar samið um við Evrópubandalagið. Ég vil að þetta liggi alveg ljóst fyrir.

Ég vil að síðustu segja að þegar við erum að ganga frá þessari löggjöf, ljúka þeim kafla sem lýtur að landbúnaðinum í tengslum við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði finnst mér ekki rétt að drukkna í löngum orðræðum um GATT og hvernig að undirbúningi þess skuli staðið að við göngum til slíks sam-

komulags. Ég vil aðeins ítreka það sem ég hef sagt hér áður að það er skoðun mín að samhliða því sem við losum um viðskiptahöft í landbúnaði og í öðrum atvinnugreinum er nauðsynlegt að fullkomið traust sé á framkvæmdinni hjá öllum þeim sem koma að viðkomandi atvinnugrein og öllum þeim sem hafa lífsframfæri sitt af að þjónusta viðkomandi atvinnugrein og, ég vil líka segja, sem eiga fjölskyldumeðlimi sem þessar fyrri skilgreiningar falla undir.

Við Íslendingar stöndum nú frammi fyrir því í fyrsta skipti síðan ég man eftir að verulegt atvinnuleysi er orðið viðloðandi hér og meira en viðloðandi, hefur verið hér alllengi, og við sjáum ekki fram á með hvaða hætti við getum kveðið það niður. Það er þess vegna alveg ljóst að í hverju því sem við tökum okkur fyrir hendur í öllum þeim fríverslunarsamningum sem við samþykkjum og göngum að, öllum þeim milliríkjasamningum sem við samþykkjum og göngum að, þá verður að vera vel fyrir því séð að íslenska atvinnugreinin, í þessu tilviki bændastéttin, geti treyst því að ekki verði á henni níðst, að ekki verði á henni gengið.

Því miður var það svo á síðasta þingi að Alþingi samþykkti breytingu á innflutningslöggjöfinni. Páv. hæstv. viðskrh. Jón Sigurðsson og Alþfl. fullvissaði mig um að vilji þeirra stæði ekki til þess að opna fyrir allar gáttir í sambandi við innflutning á landbúnaðarvörum. Ég spurði Jón Sigurðsson þessarar spurningar raunar eftir að hann hætti sem ráðherra og vona að það verði fyrirgefið þó að ég vitni í einkasamtal að þessu sinni, en hans skilningur var sá hinn sami. Á hinn bóginn kemur það fram í dómnum og var undarlegt, og undir það get ég tekið sem sumir hafa bent á, að eftir að hin nýju lög voru gengin í gildi, þá var án þess að landbrn. vissi um, án þess að ríkisstjórnin vissi um, felld úr gildi reglugerð í sambandi við bann við innflutningi á landbúnaðarvörum. (**Gripið fram í:** Hver gerði það?) Páv. viðskrh.

Það er líka alvarlegt í þessu sambandi að rifja það upp að Alþfl. dró það allan sl. vetur að ganga frá frv. sem laut að landbúnaðinum í sambandi við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði eftir að samningurinn hafði verið samþykktur í þinginu. Það er rétt sem formaður landbn. sagði hér fyrr að þó svo að samkomulag hefði tekist milli Alþfl. og Sjálfstfl. í landbn., þá vorum við ekki að tala um einhvern aukvisa. Það var ekki verið að tala um neitt smápeð í Alþfl. Það var verið að tala um mann sem hafði farið sömu leiðina í Alþfl. og formaður hans og það var verið að tala um mann sem er núna ráðherra. Þá stóðu sakir þannig að ráðherrar Alþfl. vildu ekki standa við það sem þeir höfðu samið um við mig í sambandi við þessi mál þegar gengið var frá samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Ég tek því þess vegna ekki þegjandi þegar verið er að brigsla mér um það hér að ég hafi ekki staðið við samninga. Ég tek því ekki þegjandi.

Það er talað um óvinafagnað, óbilgirni af versta tagi. Það getur vel verið að ég hafi sýnt óbilgirni í þessu máli, en ég vil þá segja að það hefur ekki verið að ástæðulausu. Og ef menn vilja hafa það þannig að ég hafi sýnt óbilgirni, þá skal ég fúslega viðurkenna að ég sé ekki eftir því. En að ég hafi ekki staðið við samkomulag er ekki rétt. Því vísa ég til föðurhúsanna.

Ég vil líka segja út af því sem utanrrh. sagði um það að nauðsynlegt væri að átta sig á því hvað tæki við af búvörusamningi, þá er það laukrétt hjá honum og ég hef þegar hafið þá vinnu og mun leggja þær tillögur fram í ríkisstjórn þegar þær eru tilbúnar og ræða það við bændasamtökin.

Ég ætla aðeins líka að segja þegar verið er að tala um óbilgirni og vegna þeirra hörðu orða sem hæstv. utanrrh. hafði um formann landbn. að ráðherrar geta haft sínar aðferðir við það að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Við erum stundum að tala um það að spara í ríkisrekstri og ég hef frá fornu fari bent á að það gerði svo sem ekkert til þótt ríkissjóður hætti að halda uppi Alþýðublaðinu. En það málgagn er mjög notað til þess að skýra viðhorf leiðtoga flokksins. Á hinn bóginn sjáum við stundum á síðum Morgunblaðsins aðstoðarmenn ráðherra koma fram, bæði aðstoðarmann utanrrh. og aðstoðarmann umhvrh. Það er auðvitað ekki hægt að líta svo á að slíkir menn skrifi þrásinnis í blöðin ónot um samstarfsflokkinn á bak við sinn ráðherra. Það er því alveg ljóst að þau skrif sem haldið er uppi af Alþfl. um landbúnaðarmálin af aðstoðarmönnum ráðherra og sú reiðiræða sem hæstv. utanrrh. flutti hér áðan, beindi til formanns landbn. en var ætluð mér, er ekki tilviljun og þjónar ákveðnum tilgangi. Það vill líka svo til að framkvæmdastjóri Alþfl. hefur gert grein fyrir því í Alþýðublaðinu þegar hann skrifaði um það hvernig Alþfl. ætti að búa sig undir þær sveitarstjórnarkosningar sem færu fram á næsta vori að formúlan væri sú að gera landbrh. tortryggilegan í þéttbýlinu og planið var þannig lagt fyrir. Á hinn bóginn þegar viðskrh. var um það spurður á fundi norður á Akureyri fyrir skömmu, út af því að menn vissu að hann hefur verið að tala um lágt verð á landbúnaðarvörum, hvort hann væri á móti jöfnunargjöldum tók hann mjög djúpt í árinni og gekk lengra en ég í þeim efnum því að hann sagðist reiðubúinn til að leggja 300–700% jöfnunargjöld á landbúnaðarvörur. En þetta var ræðan á Akureyri, hún passaði þar. Þetta mál er því svona.

Ég taldi óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að víkja nokkrum orðum að þessu máli. Í fyrsta lagi stendur vilji minn til þess að nýta þær heimildir sem við höfum, bæði í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og í öðrum samningum til þess að íslenskur landbúnaður haldi sinni stöðu.

Í öðru lagi er það alveg ljóst að heimildir samkvæmt því frv. sem hér liggur fyrir eru ekki, þótt þær séu verulegar, eins miklar og þær heimildir sem fólust í lögunum frá því í desember og það var að frumkvæði Alþfl. en ekki Sjálfstfl. að vörulistarnir voru upp teknir.

Í þriðja lagi vil ég að það sé alveg ljóst að frá minni hálfu er það ekki úrslitaatriði hvort ákvæði varðandi GATT-samningana eru í þessu frv. nú. Í þeim efnum er aðalatriðið að þegar við gengum til samkomulags

um frv. í desember var ákveðið að halda GATT-samningunum utan við og við það vildum við standa. Hins vegar er verið að vinna að nauðsynlegum lagabreytingum vegna þess samkomulags undir verkstjórn forsrh. Það er alveg ljóst í mínum huga að það getur ekki komið til þess að nýtt GATT-samkomulag verði samþykkt hér á Alþingi nema áður sé tryggilega frá því gengið hver verði staða landbúnaðarins og það er alveg ljóst að um það hefur tekist samkomulag í ríkisstjórninni að færa verðjöfnunargjöldin yfir í landbrn. og við það verður að standa, líka eftir GATT. (**Gripið fram í:** Samkomulag, já.)

[23:07]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri synd að segja að það hefði verið sáttar- eða friðartónn í þessari ræðu hæstv. landbrh. Ég ætla að láta liggja á milli hluta tilvitnanir hans í einkasamtöl eða með hvaða hætti hann veitist að fjarstöddum mönnum. Ég ætla bara að halda honum við eina spurningu og hún er þessi: Um hvað gerðum við samkomulag, hæstv. landbrh., um lausn þessa máls? Það var í fyrsta lagi að endurreisa til hæstv. ráðherra þær bannheimildir varðandi innflutning sem hann hafði áður haft. Við stóðum við það.

Það var í annan stað að við gengum lengra og settum inn á bannlista í febrúar fleiri vörutegundir sem þar höfðu ekki verið áður þannig að við jukum við bannheimildirnar af sanngirnisástæðum.

Í þriðja lagi var samkomulagið um það að veita landbrh. heimildir til að leggja verðjöfnunargjöld á innflutning. Á hvaða innflutning, hæstv. ráðherra? Að sjálfsögðu á þann innflutning sem ráðherra er skylt að heimila samkvæmt fríverslunar- og milliríkjasamningum, það var vandi sem þurfti að leysa. Í annan stað stendur skýrt og skilmerkilega hvað samkomulagið var um. Það var um það að ráðherra getur með reglugerð ákveðið á hvaða landbúnaðarvörur, þar með taldar unnar vörur sem jafnframt eru framleiddar hér á landi að sjálfsögðu. Það þýðir að það er ósatt mál sem haldið hefur verið fram af hv. formanni landbn. og í greinargerð þeirri að allar landbúnaðarvörur, hvaða nafni sem nefnast, séu undir þessa sök seldar. Fyrr væri nú.

Í fjórða lagi gerðum við með okkur samkomulag um það að framtíðarskipan tollamála í GATT skyldi fara í nefnd, forsrh. skyldi hafa forustu fyrir þeirri nefnd og *fjögur ráðuneyti koma að því.*

Þetta var okkar samkomulag. Alþfl. stóð við það samkomulag upp á punkt og prik, er reiðubúinn til þess að standa við það samkomulag. Hæstv. landbrh., ef ráðherrann sem flutti þetta frv., sem samdi við þann sem hér stendur um þetta mál, sem stóð að því í ríkisstjórn, fékk það samþykkt í þingflokki en kemur síðan og segir að sá sem rauf þetta samkomulag túlki rétt eða hafi rétt fyrir sér, þá skil ég ekki ærlegheit í því samstarfi.

[23:10]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gladdi mig að sjá hæstv. utanrrh. hér áðan. Ég sá að það er svolítill eldur enn þá í gömlu glæðunum.

Ég get ekki séð að ég hafi veist að fjarstöddum manni þó ég reki hans stjórnarathafnir. (Gripið fram í.) Það er undarlegt ef ekki má rekja stjórnarathafnir manna. Ég hef ekkert gert nema rakið þær og er þess vegna ekkert að veitast að fjarstöddum manni og vísa því heim til föðurhúsanna.

Ég vil í annan stað segja að það liggur alveg ljóst fyrir, hæstv. utanrrh., að í ríkisstjórninni var samþykkt eftir að hæstaréttardómur féll að hið fyrra réttarástand yrði skapað sem var í desember. Um það varð okkar samkomulag. Og það var skýrt tekið fram áður en frv. mitt var lagt fram að það skyldi athugað í nefnd, rækilega, hvort það stæðist skoðun hinna hæfustu lögmanna enda hefði ekkert þýtt fyrir ríkisstjórnina eða okkur tvo eða neina aðra menn að ætla að fá Alþingi til þess öðru sinni að samþykkja lagafrv. sem jafnóðum yrði dæmt ónýtt af Hæstarétti þannig að virðing þingsins var í húfi. Við vorum að tala um að hið fyrra réttarástand yrði skapað. Það þarf ekki neina mælsku um þetta. Þetta var samkomulagið.

[23:11]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það liggur nú við að það gusti enn hérna í ræðustólnum eftir þær atlögur sem fóru hér fram milli ráðherranna tveggja. Ég skal ekki tefja þessa umræðu mikið en mig langar að bera fram örfáar spurningar varðandi þetta frv. Ég geri mér grein fyrir því að það hefur mikið starf verið unnið í nefndinni eins og alþjóð veit, en það eru nokkrar einfaldar spurningar sem ég tel að alþingismenn þurfi að fá svar við til þess að geta gert sér betur grein fyrir því hvað þeir eru að greiða atkvæði um og hverjar hugsanlegar afleiðingar þess eru.

Ég ætla að láta hjá líða að minnast á hluti eins og nefndarálitin tvö sem vissulega má segja að auki ekki á réttarvissuna, frekar hið gagnstæða en snúa mér að brtt. og þá að viðauka I og II, en þar eru öll tollskrárnúmerin sem eru á bannlistunum tveim. Ég verð nú að segja að það að á árinu 1994 skulum við hér í hinu háa Alþingi vera að ræða bannlista á innfluttar matvörur þykir mér hálfskondið og hálfsorglegt í leiðinni. Alla vega þykir mér það sorglegt að við skulum vera að bæta við þann bannlista sem fyrir var. Nóg var fyrir þó ekki sé bætt á hann.

Ég hef nokkra reynslu af því að fletta í tollskránni og hef verið í því að flytja svolítið inn vörur og kannast svolítið við tollskrárnúmer og þegar ég lít yfir þennan lista sem hér er í brtt. við viðauka I og II, þá eru þar fjöldamörg númer sem segja í rauninni nánast ekkert um það hvað er verið að flytja inn undir þessu númeri. Það segir úr hverju viðkomandi vara getur verið en ekkert meira um það, hverslags samsetning þar er á ferðinni, hvaða vöru er í raun og veru verið að banna að flytja inn. Það eru öll númer sem enda á 900 yfirleitt. Það má nefna hér nokkur númer, t.d. undir svínakjöt, 0203.1900 heitir Annað, í næsta kafla 0204.4209 heitir Annað. Svona er hægt að tína upp hér alla flokkana þar sem þetta kemur fram, vörurnar annað eða úr

öðru, annað pasta, önnur súpa eða annað slíkt, en það fylgir því enginn listi hvað við erum í raun og veru að banna. Þetta eru 74 tollnúmer sem er ætlast til að þingmenn samþykki án þess að vita í raun og veru hvað þeir eru að samþykkja. Eftir allt það starf sem hefur farið fram í nefndinni, þá held ég að það hljóti að liggja fyrir listi yfir hvað felst í þessum númerum þó að það væri ekki nema í ljósi reynslunnar því að mörg af þessum númerum hafa verið á bannlista fyrr þannig að það er kannski ekki mikil reynsla á því, en menn vita þó engu að síður hvað fellur þar undir. Ég tel að þeir sem standa að innflutningsverslun í landinu eigi skýlausan rétt á því að vita hvað er verið að banna að flytja inn. Ég vil spyrja, hvort sem það er hæstv. ráðherra eða formaður landbn. sem svarar: Hvað felst í þessum númerum?

Nú er ég ekki viss um að þessi listi sé endilega á borðum þessara tveggja heiðursmanna akkúrat þessa stundina en ég tel að það eigi skilyrðislaust að birta þann lista þá fyrir 3. umr. þannig að það sé fullkomlega ljóst út í hvað við erum að fara. Ég tel líka að það eigi að birta hann opinberlega eftir samþykkt frv. þannig að mönnum sem standa í innflutningi sé það líka ljóst hvað þeir mega og hvað þeir mega ekki, ekki að menn þurfi að reka sig á, að þeir lendi í að panta einhverja matvöru, kannski kæfu til að mynda, og svo reka þeir sig á það að það er allt bannað hér og vörur látnar skemmast eða það þarf að reyna á það fyrir dómstólum, m.a. vegna þess að við höfum tvö álit sem vísa í sitt hvora áttina og koma menn þá að réttaróvissunni. Ég tel því að það sé alveg skilyrðislaust að ef menn eiga að fara að samþykkja þetta plagg, þessar brtt. þá verði menn að gera sér fulla grein fyrir því hvað í þeim felst. Og ég trúi ekki öðru eftir allt það starf sem fór fram í nefndinni en menn hafi farið yfir þennan lista. Það væri með ólíkindum ef svo hefði ekki verið því offorsið að vernda má náttúrlega ekki vera það mikið að menn sjáist ekki fyrir. Ég óska eftir því að það verði birtur listi yfir það hvað felst í öllum þessum tollnúmerum. Ég hef merkt þau öll hérna út og get afhent formanni landbn. þetta plagg á eftir, en ég get líka lesið öll þessi númer er upp þannig að það sé þá til í þingtíðindum. (**Gripið fram í:** Þú ættir nú að gera það.) Já, það getur vel verið að ég ætti að gera það, hv. þm. Ég á aðra ræðu eftir þannig að ef stíf krafa kemur um það hér á eftir, þá skal ég íhuga það nánar. (**Gripið fram í:** Ábending.) Já.

Hv. varaformaður landbn. kom hér inn á m.a. jöfnunargjöld á franskar kartöflur sem hafa verið mikið í umræðunni undanfarin missiri og ég held að hann hafi sagt að jöfnunargjöldin í dag væru 90%. — Hann kinkar kolli sem samþykki. — Mig minnir að þau hafi verið allverulega hærri á tímabili. (**Gripið fram í:** 200%.) Já. Jafnvel um 200%. Mér hefur borist það til eyrna að þær frönsku kartöflur sem framleiddar eru hér á landi séu framleiddar úr innfluttum kartöflum. Ég óska eftir því að fá skýr svör við því annaðhvort frá hæstv. landbrh. eða formanni landbn. hvort þetta er rétt. Og ef þetta er rétt, hvað erum við þá að vernda? Erum við að vernda erlenda kartöflubændur? Og hvað er þá verið að verðjafna, ef þetta er rétt? Ég vildi gjarnan líka vita hvaðan þessar kartöflur koma. Frá hvaða landi koma þær? Hvers lenskir eru þá þeir bændur sem við erum að vernda? Hvað er þetta mikið magn? Og af hverju er þetta ekki framleitt úr íslenskum kartöflum? Ég flyt allar þessar spurningar hér í framhaldi af vangaveltum mínum um hvort þetta eru innfluttar kartöflur eða ekki vegna þess að ég hef þessar upplýsingar frá innlendum kartöflubónda og ég trúi ekki öðru en hann viti hvað hann er að segja, og það meira að segja úr Þykkvabænum. Ég óska eftir skýrum svörum við þessu líka. Hvað erum við að verðjafna þarna og hverja erum við að vernda?

Mitt í öllu þessu fári sem hefur verið í kringum þetta frv., þá minnist ég þess að hæstv. viðskrh. kom í sjónvarpið og var þar með einhverja albestu auglýsingu fyrir dýrafóður sem sú vara hefur fengið. Hann hélt þar uppi tveimur dósum af hunda- og kattamat og spurði hvernig stæði á því að þessu væri hleypt inn í landið, hvort það ætti virkilega að gera mun á því hvort matur væri til manneldis eða dýraeldis? Og að þetta næði ekki nokkrum áttum, sagði hann, þetta yrði auðvitað að banna. Þarna væri um kjötvöru upp á 780 tonn að ræða. Svo þegar maður flettir þessum mikla lista eftir þessi stóru orð hæstv. ráðherra, þá er auðvitað dýraeldismatur, hunda- og kattamatur, ekki þarna inni. Auðvitað hlýtur maður að spyrja sig: Hvers lags auglýsingamennska er þetta eiginlega? (**SJS:** Það er sennilega að kröfu Alþfl.) Og maður hlýtur líka að spyrja sig: Hvernig stendur á því að bændastéttin fer ekki út í framleiðslu á þessu? 780 tonn er ekkert smáræði. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt talað um þetta á búnaðarþingi eða neinar ályktanir í þessa veru og samt erum við alltaf að leita leiða til að koma kjötinu okkar í lóg. (**Gripið fram í:** Það er nú ekki hunda- og kattamatur.) Það má framleiða hann úr þessu, það var það sem viðskrh. var að segja og ég tek alveg undir með honum. Það á auðvitað ekki að gera greinarmun á því hvort það er maður eða skepna sem borðar matinn. Þá ættu innflytjendur að fara út í það að biðja hina erlendu framleiðendur að merkja skinkuna eða kalkúnalappirnar fyrir hunda. Svo gæti komið svona lítil greinargerð með vörunni þar sem segði að hún dygði reyndar líka fyrir manneldi.

Um gjaldtökuna í það heila vil ég segja það að að mínu viti á hún auðvitað að vera hjá fjmrh. og hvergi annars staðar. Hún á ekki að vera hjá fagráðherra. Að mínu viti á öll gjaldtaka í tolli við innflutning að vera hjá fjmrh. Mér er alveg sama hvaða vara það er. (**Gripið fram í:** Að sjálfsögðu.) Hjá fjmrh. eru tollavöldin, hann sér um vörugjöldin, jöfnunargjöldin, verðjöfnunargjöld, kílóagjald, almanaksgjald, hvað sem þetta heitir allt. Þetta á allt að vera þar því að á þeim rökum sem hér eru borin fram ættu iðnaðarvörur að vera hjá iðnrh. Mengandi vörur ættu að þá vera hjá umhvrh., bílarnir jafnvel. Það er spurning. Hvar eigum við þá að stoppa? Auðvitað á þetta að vera hjá fjmrh. og hvergi annars staðar nema menn vilji þá fara þá leið að brjóta þetta allt saman upp. Og hvar eru menn þá staddir? Í beinu framhaldi af því langar mig að

spyrja: Í hvaða löndum er þetta svona? Ég held að það sé ekki í mörgum löndum, hugsanlega tveimur eða þremur löndum. Ef þau eru fleiri, þá mundi ég gjarnan vilja heyra það. Ég held að þetta sé jafnvel svona í Noregi og Svíþjóð. En hvort það er einhvers staðar annars staðar veit ég ekki um og ég efast um það. Ef svo er þá vildi ég gjarnan fá upplýsingar um það.

Ég sakna þess líka mjög í þessari umræðu að orðið neytandi heyrist ekki. Það bara heyrist ekki. Menn eru svo uppteknir við að verja landbúnaðinn í landinu að orðið neytandi heyrist ekki. Ég held að þetta geti farið saman, neytandinn og landbúnaðurinn getur vel farið saman og á að gera það, miklu betur heldur en það gerir í dag. Og þó að við opnum hér fyrir aukinn innflutning, þá held ég að það sé bara af hinu góða fyrir landbúnaðinn, bara af hinu góða að hann fái aukna samkeppni því að við vitum hver gæðin eru og við vitum hver þjóðernishyggjan er. Hún mun sjá til þess að það lifir. Við þurfum ekki annað en rifja upp hvernig fór fyrir bökurunum þegar sætu kökunum var hleypt hér inn. Hvað skeði í framhaldi af því? Við erum sennilega með einhver bestu bakarí í heimi og innflutningurinn á ekki séns, hann á ekki möguleika vegna þess að þarna kom aukin samkeppni og menn fóru að hugsa á annan hátt og það er nákvæmlega það sem ég held að muni gerast. Það sem ég held að landbúnaðurinn eigi fyrst og fremst að gera er að skera ofan af sjálfum sér hina gríðarlegu yfirbyggingu.

Menn geta horft ef þeir vilja á Bændahöllina eða Mjólkursamsöluna. Hvernig fór hún að því að reisa allar þessar byggingar án þess að slá eina krónu að láni? (**Gripið fram í:** Það er ekki rétt.) Er það ekki rétt? (**Gripið fram í:** Nokkurn veginn.) Nokkurn veginn. Þá breyti ég þessari staðhæfingu í án þess að slá stór lán.

Ég tel að þessu megi breyta og ég held að menn eigi að hugsa aðeins í áttina að neytendum, menn eigi að reyna að leita leiða til að lækka matarverð og það gerir aukin samkeppni. Og ég held að það veiti ekki af. Kaupmátturinn er ekki það mikill hér á landi þrátt fyrir harða baráttu framsóknarmanna fyrir því að halda uppi háu matarverði hér um jólin, háu matarverði og mikla baráttu. Það mátti ekki lækka matarverðið með því að setja tvö stig í virðisaukaskattinn. (**JónK:** Lækka verslunarálagninguna líka.) (**SJS:** Það er of seint fyrir SÍS.) Ég held að hv. þm. viti ekki alveg hvað hann er að segja þegar hann er að tala um að lækka verslunarálagninguna, ekki ef hann er að tala um landbúnaðarvörurnar. Það getur vel verið að hún sé há á einhverjum glysvarningi, en það er ekki sú umræða sem hér fer fram núna. (**Gripið fram í:** Hún er ekkert há á þeim?) Á matvörunum er hún ekki há, það þekki ég vel. Og ég get vel sagt þingmanninum það að framlegð í matvörum á Íslandi er 19%, nákvæmlega. Og ef það þykir há álagning þá erum við ekki sammála.

Það hefur verið rætt hér um heimsmarkaðsverð og alla þessa gríðarlegu verðjöfnun, allt upp í 1.000% eða jafnvel meira held ég að hafi verið talað um hér í umræðunni. Það hæsta sem ég man í augnablikinu eru 719% á sellerí og það er auðvitað eðlilegt að spyrja eins og hæstv. utanrrh.: Hvað er verið að verðjafna þegar við erum að verðjafna sellerí? Hvar er sellerí framleitt á Íslandi? Hvergi nokkurs staðar. En ég vildi spyrja í framhaldi af því: Hafa verið teknir út einhverjir tilteknir vöruflokkar, t.d. einhverjar 10 matvörur og þær reiknaðar út miðað við gildandi heimsmarkaðsverð á deginum í dag eða deginum sem landbn. var að fjalla um málið og fengið út hvað þær hefðu raunverulega kostað hér á markaði? Ef nefndin hefur unnið eins vel og sagt er, þá hlýtur þetta að hafa verið gert því að menn verða að gera sér grein fyrir því hvaða gjöld þeir eru að leggja á. Fleiri hundruð prósenta gjaldtaka hlýtur að hækka verð verulega og hún hlýtur að sjá til þess að innflutta varan verður aldrei samkeppnishæf. Menn mega ekki að halda að það sé verið að kaupa inn vöru á einhverja aura og menn mega ekki gleyma því hvar við búum. Það er ekki aldeilis ókeypis að flytja vörur til landsins. Ekki aldeilis. Og það verkar líklega allt inn í verðjöfnunargjaldið. — Hv. formaður landbn. hristir höfuðið við því að það reiknist inn í vöruverðið. Mig langar þá að spyrja: Hvernig er verðjöfnunargjaldið reiknað vegna þess að það hlýtur auðvitað líka að hafa verið farið yfir? Það er tekið í tolli. Hvar í tolli er það tekið? Er það notað sem stofn fyrir tollverðgengi þar sem vöruverð kemur inn, þar sem frakt kemur inn, þar sem trygging kemur inn, þar sem annar kostnaður kemur inn, uppskipun, vörugjald og annað slíkt? Er það reiknað þar inn í eða kemur það eftir þennan lið sem sértala? Kemur vaskurinn inn í það? Hvernig er þetta reiknað út? Það hlýtur líka að liggja fyrir vegna þess að annars hefði ekki verið hægt að reikna út dæmið um vöruverðið.

Þetta finnst mér vera grundvallarspurningar um hvernig á að standa að þessu, hvað við erum að samþykkja. Og mér finnst ég ekki ósanngjarn að spyrja þessara spurninga. Ég sit ekki í landbn., ég bý ekki yfir þessum upplýsingum en ég vil taka afstöðu til þessa máls. En þá vil ég líka vita hvað í því felst. (**KÁ:** Það veit enginn.) Nei, það veit enginn. — En ég verð að segja það eins og er að í allri þessari baráttu þá skil ég bara ekki af hverju ullarvörum er hleypt inn í þetta land. Það er jú landbúnaðarvara. Og hvernig er staða prjónaiðnaðarins? Af hverju stígum við ekki bara skrefið til fulls og lokum og læsum, setjum bara alla tollskrána á bannlista og svo sjáum við bara til í hvert og eitt sinn? Þetta er nánast fyrsta skrefið í þá átt.

Sú hugmynd kom fram í dag, ég held hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni, að það væri sennilega skynsamlegast að nefndin tæki málið aftur og ynni það upp á nýtt og kæmist að sameiginlegri niðurstöðu því að menn skynja auðvitað að það er ekkert langt í að menn geti náð saman. (**Gripið fram í:** Þeir geta ekki unnið saman. Það er gallinn.) Það er svo allt annað mál, en ég held að það væri sennilega það skynsamlegasta sem væri gert að nefndin tæki málið aftur til baka.

Ég vil aðeins minnast á það af því að menn eru svo hræddir við innflutninginn að það eru t.d. fluttar inn norskar fiskibollur. Ég hef ekki orðið var við að ORA-verksmiðjurnar sem framleiða íslensku fiskibollurnar

hafi verið að emja eða grenja yfir því eða að það hafi nokkur einustu áhrif. Ég held að það sé bara ágætis dæmi um að þannig mun þetta verða. Að sjálfsögðu mundi slæðast hér inn ein og ein vara á þokkalegu verði, vonandi alla vega, vonandi. En að menn haldi að hér hrynji allt saman þó það sé aðeins hleypt inn erlendum matvörum, það er bara hreinasta fjarstæða. Ég held að það sé ekki mikil hætta fólgin í því að opna hér örlítið fyrir innflutning og minnka þá um leið byrðarnar á íslenskum landbúnaði.

Ég þvældist töluvert um landið þegar ég var þingmaður Vesturlands og ég get sagt það að ég hef ekki séð jafnmikið bil innan einnar stéttar eins og hjá bændum. Menn sjá slíka örbirgð og slíka fátækt að það er með ólíkindum og manni tekst ekki einu sinni að lýsa því fyrir fólki hvað sumir bændur hafa það bágt. Svo getur maður komið á aðra bæi þar sem þetta er algjörlega „omvent". Þetta er auðvitað afleiðing þess kerfis sem við búum við. Menn lentu kannski mismunandi í því hvar þeir voru staddir á þeim viðmiðunarárum sem notuð voru þegar fullvirðisrétturinn var settur á.

Virðulegi forseti. Ég lofaði því í upphafi að hafa ekki langt mál og ég held að ég sé meira að segja búinn að tala lengur en ég hafði ætlað mér. En ég óska eftir því að fá svör við þeim einföldu spurningum sem ég hef hér lagt fram.

[23:32]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þar sem hv. þm. nefndi gjaldtöku á innfluttar franskar kartöflur þá rann mér blóðið til skyldunnar því ég hef spurt eftir þessu núna í þrígang þegar fjárlög eru afgreidd. Vegna þess að þegar ég hef skoðað tekjugreinina þá er þetta vandlega tíundað þar sem gildur tekjupóstur í ríkissjóð, hefur ef ég man rétt gefið svona frá 120–150 millj. kr. á ári. Það er hins vegar rétt hjá hv. þm. að um árabil hefur hráefnið í franskar kartöflur sem hér á landi eru unnar verið flutt að langsamlega mestu leyti inn. Þannig að niðurstaða mín í þessu máli hefur verið sú að hér sé eingöngu um að ræða fjáröflunartoll fyrir ríkissjóð sem hæstv. fjmrh. í umboði hæstv. utanrrh. hefur lagt á. — Vonandi hefur hæstv. utanrrh. lesið tekjugrein fjárlaganna. Gjaldtaka af þessu tagi er að mínu mati ekki til neins góðs fyrir íslenskan landbúnað. Ég ítreka það sem ég sagði að þessu virðist vera haldið þarna inni til fjáröflunar fyrir ríkissjóð og ekkert annað.

Í öðru lagi það sem hv. þm. sagði um að íslenskur landbúnaður hefði gott af samkeppni — ég vil í sjálfu sér ekkert draga úr því og auðvitað er hann í bullandi samkeppni við alls konar matvæli. En ég vil benda hv. þm. á að kynna sér þróun matvælaverðs úr innlendum landbúnaðarhráefnum og innlendum landbúnaðarvörum síðustu þrjú árin í samanburði við annað verðlag. Þá mun hv. þm. væntanlega komast að því að það er enginn einn þáttur í vísitöluþróun hér á landi síðustu ár sem hefur gert meira í því að lækka verðlagið heldur en búvörurnar. Þær hafa í raun hækkað langt umfram almennt verðlag sem þýðir á mæltu máli að þær hafa lækkað í verði.

[23:34]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Ég stend nú upp hér að gefnu til og þó aðallega fyrir forvitnissakir um vinnubrögð. Ég stend í þeirri trú að hv. 5. þm. Reykv. sé í þingflokki Sjálfstfl. Og ég spyr að gefnu tilefni: Hefur hann aldrei heyrt orðið neytendur nefnt þar í umræðu um þessi mál? Hann sagði að það hefði enginn nefnt það á nafn. Hefur hv. þm. ekki notað tækifærið til þess að beina spurningum sínum til hæstv. landbrh. samþingflokksmanns síns eða hv. formanns landbn., sem tók við stjfrv. sem fékk umfjöllun í þingflokknum og umturnaði því eins og hér hefur verið lýst rækilega? Hv. þm. spyr um hvað felist í viðaukunum, bannlistunum, og þótti nú nóg komið að það væri verið að endurreisa bannlistana en ekki bæta við þá. Er hv. þm. ekki upplýstur um það í þingflokksumræðunni að það var krafa landbrn. að bæta við níu þéttvélrituðum síðum af þessum bannvörum? Veit hv. þm. ekki hvað á þessum listum stendur? Veit hann eftir hverju var verið að slægjast til þess að fá að banna líka eins og t.d. að bæta við grænmeti og blómum? Hefur ekki verið rætt um það, hefur ekki verið farið ofan í saumana á þeirri frumvarpsgerð sem formaður landbn. mælti með, og stjórnarandstaðan mælti með líka, sem hefði falið í sér að hækka hámarkstolla á matvælum sem nú eru um 30% upp í þessi hundruð og jafnvel þúsundir prósenta sem hv. þm. nefndi? Hvar var hv. þm. í þingflokknum þegar málið var til umræðu? Það er búið að deila um þetta hér í opinberu þjóðlífi, takast á um þetta vegna þeirrar óbilgirni sem sýnt var í málsmeðferðinni. Var málið aldrei rætt í þingflokki Sjálfstfl.? Á hv. þm. kannski einhverja bandamenn í þingflokki Sjálfstfl. sem hafa heyrt orðið neytendur og gera sér grein fyrir því að ef þetta frv., eins og formaður landbn. gekk frá því, hefði gengið fram þá hefði verið hér um að ræða framsal á opnum gjaldheimildum til hæstv. landbrh., hverju nafni sem hann nefnist og hver sem kemur síðar, upp á mörg hundruð prósent sem hefði m.a. þýtt það að gjaldtakan hefði yfirleitt alltaf farið yfir innlent heildsöluverð? Þetta var vissulega kjarni málsins. Þetta mál snerist ekki um lögfræði, það snerist um líffskjör. Það snerist um málefni neytenda.

[23:37]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég sagðist hafa saknað þess að heyra orðið neytendur í þessari umræðu. Ég er að tala um umræðuna hér í dag, um þennan dagskrárlið sem núna er til umræðu. Ég skal viðurkenna að ég hef ekki náð að hlusta á hverja einustu ræðu. Ég man aðeins eftir einum þingmanni sem hefur notað orðið neytendur í einhverjum mæli og það er hv. þm. Gísli S. Einarsson. Ég minnist þess ekki annars. Ég minnist þess að hafa heyrt hér talað um tvö nefndarálit meira og minna í ræðum hjá mönnum.

Það er vissulega gott að heyra að hæstv. ráðherra hefur áhyggjur af því hvar ég er staddur þessa og hina stundina, hvort ég er á þingflokksfundi eða ekki. Ég get upplýst hann um það að mínum málum hefur hag-

að þannig að það er orðið nokkuð síðan ég hef getað setið fundi í þingflokknum. Það er vafalaust rétt hjá honum að það er ástæðan fyrir því að ég er að spyrja þessara spurninga. En úr því að ráðherra kemur hér upp og fer yfir tollskrárnúmerin og furðar sig á því að ég sé að leita svara við þessum spurningum þá vill hæstv. ráðherra kannski gera mér þann greiða að svara þeim. Hvað felst í þessum númerum? Ég er ekki viss um að það hafi verið farið yfir þau hvorki í þingflokki Alþfl. né Sjálfstfl. Ég efast stórlega um það. En hafi verið farið yfir þau í þingflokki Alþfl., þá ætti ráðherra að vera það létt mál að fara yfir þau fyrir mig svona í fljótheitum því þetta eru 74 númer, ég læt mér duga svona kannski 20 eða 30. Þannig að það væri ágætt að spara þá formanni landbn. eða hæstv. landbrh. sporin hér upp í ræðustól, alla vega hvað það varðar. Hitt er annað mál að auðvitað er ég alveg sammála því að þetta snýst að miklu leyti líka um lífskjör. Ég tel að það hafi nú verið þráðurinn í ræðu minni hér áðan.

[23:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég verð eiginlega að lýsa því yfir að mér er nokkur vandi á höndum, tel ég vera, stjórnarandstæðingi að koma hér inn í þessa umræðu eins og hún hefur þróast og staðið í mestallan dag. Og reyndar mátti sama segja um fimmtudaginn en þá stóð hér linnulaus umræða í nálægt fimm klukkustundir ef ég man rétt og í henni tók þátt einn stjórnarandstæðingur. Að öðru leyti voru það framsögumenn mismunandi nefndarálita stjórnarsinna og hæstv. ráðherrar sem stóðu fyrir umræðunni. Þetta hefur þróast mjög á svipaðan veg hér í kvöld. Upp að vissu marki hefði verið fróðlegast að fá að halda áfram að hlýða á skoðanaskipti og tjáskipti hv. stjórnarsinna um málið því allt er það nú upplýsandi svona á sinn hátt, bæði það sem efnislega kemur fram en þó ekki síður jafnvel orðbragðið sem gripið er til. Ég vil segja það strax, hæstv. forseti, að ég teldi að mörgu leyti eðlilegast í ljósi þess hvernig umræðan hefur þróast og í ljósi þess sem hér hefur komið fram að henni væri nú frestað eða a.m.k. væri séð til þess að 2. umr. um málið lyki ekki við þessar aðstæður. Það kemur til af því að margt nýtt hefur gerst síðan málið var tekið út úr landbn. þingsins. Fyrir það fyrsta lágu þá ekki fyrir nál., a.m.k. ekki nál. 2. minni hluta landbn., þó drög að nál. 1. minni hluta hefðu verið sýnd. Það er alveg ljóst að tilkoma nál. 2. minni hluta eru veruleg tíðindi í málinu sem landbn. sem slík hefur ástæðu til að fara yfir. Í öðru lagi hafa síðan orðið hér um málið miklar umræður. Í þær hafa blandað sér hæstv. ráðherrar með yfirlýsingum stórum. Margt af því hlýtur að teljast til tíðinda. Þegar þetta er lagt saman, bæði það sem komið hefur fram svona efnislega og sögulega um málið þá held ég að það gefi meira en næg tilefni til þess að landbn. taki málið til sín á nýjan leik og fari yfir það. Menn fái útskrift af ræðum og yfirlýsingum hæstv. ráðherra og geti borið þetta saman og reynt að átta sig á því hvernig málið stendur. Ég vek t.d. athygli á því að hér kom í ræðustólinn stjórnarsinni, hv. 1. þm. Vesturl., og hvað hafði hann fram að færa m.a.? Þá kröfu að 2. minni hluti landbn. dragi nál. sitt til baka, kallaði það aftur því það væri villandi og beinlínis rangt og ætti ekki heima í umræðunni.

Ég held, hæstv. forseti, að málið standi þannig að það sé bersýnilega alveg óhjákvæmilegt að farið verði yfir það mjög vandlega á nýjan leik og það verður væntanlega hæstv. landbn. að gera nema hæstv. ríkisstjórn hafi áhuga á að reyna að taka málið fyrir með einhverjum öðrum hætti. En svo virðist reyndar ekki vera. Ég hlýt þess vegna í fyrsta lagi, hæstv. forseti, að óska eftir því að hæstv. forsrh. komi hér til umræðunnar áður en henni lýkur og okkur gefist tækifæri til að leggja þá spurningu og mér gefist tækifæri til að leggja þá spurningu fyrir hæstv. forsrh.: Telur hann að það sé eðlilegt að umræðunni ljúki nú og málið tekið til afgreiðslu og atkvæðagreiðslu hér við svo búið? — Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. forsrh., sem lofað var að mundi reyna að vera viðstaddur umræðuna, sé í húsinu?

Að öðru leyti vil ég segja það um svör hæstv. forsrh. í dag að þau voru ákaflega rýr í roði, svo ekki sé nú meira sagt, bera náttúrlega keim af því að þar talaði beygður maður eftir átökin í ríkisstjórninni, fram úr hófi hógvær, miðað við það sem við eigum að venjast af hálfu hæstv. forsrh. og hann reyndi að gera sem minnst úr þessum deilum á allan hátt. En ég tel að umræðan eins og hún hefur síðan þróast hafi nokkuð ómerkt þau orð hæstv. forsrh., að þarna væri svo sem engin deila á ferðinni sem orð væri á gerandi milli stjórnarflokkanna. Ætli það sé ekki svo að orðaskipti hæstv. ráðherra og stjórnarsinna hér, þar á meðal þingmanna Vesturl, 1. og 4. þm. Vesturl., hafi sannfært okkur um að þetta er nú býsna djúpstæður og alvarlegur ágreiningur sem þarna er á ferðinni og illvígur orðinn. Ég set því bara sviga utan um tilraunir hæstv. forsrh. hér um miðjan dag til að breiða yfir þetta allt saman og slá á þá strengi að þarna væri ekki um neina deilu að ræða. Ég vísa til þess sem ég áðan sagði að það er að mínu mati gjörsamlega óhjákvæmilegt að málið verði skoðað á nýjan leik í ljósi þeirra upplýsinga sem nú liggja fyrir.

Í öðru lagi hélt hv. 3. þm. Austurl., formaður landbn., eina af sínum gagnmerku ræðum. Hún gekk að verulegu leyti út á það að svara hv. varaformanni landbn., hv. þm. Gísla S. Einarssyni. Hv. þm. taldi að sér vegið þar sem hann væri sakaður um að brjóta samkomulag stjórnarflokkanna og taldi alveg sérstaklega að hæstv. utanrrh. hefði ekki efni á að viðhafa slíkt orðbragð. Síðan talaði hv. formaður landbn. mjög í véfréttarstíl um tengingu þessa frv. við GATT. Því hv. þm. sagði orðrétt, ég held að ég hafi náð því rétt niður: „Auðvitað bíða GATT-málefnin að stærstum hluta.“ Að stærstum hluta, sagði hv. þm. En svo bætti hann við: „En þetta frv. tekur til þess [þ.e. GATT-samningsins] eins og annarra milliríkjasamninga.“ Þetta kalla ég nú véfréttarstíl. Og í raun og veru er hv. formaður landbn. bæði að reyna hið ómögulega í þessum orðum, bæði að sleppa og halda.

Síðan hafði hv. þm. mörg orð og stór um það

hvernig væri að vinna með Alþfl. og ætla ég ekki að blanda mér í þau orðaskipti því að er nú gæfa Sjálfstfl. um þessar mundir að vinna með Alþfl., að hafa valið sér hann að samstarfsaðila. Þess vegna er meira og minna marklaust fyrir þá hv. sjálfstæðismenn að bera vandræði sín á torg við aðra í þeim efnum. Það er þeirra húsböl og heimiliskvöl að vinna með Alþfl. og verður að auðvitað að skoðast sem slíkt.

Svo komu hér fram ýmsar merkilegar upplýsingar eins og þær að hv. þm. Egill Jónsson fullyrti að það hefði verið að kröfu Alþfl. í fyrravor sem þinginu var slitið með þeim ætti sem sögufrægt varð. Það hafi verið að kröfu Alþfl. (**Utanrrh.:** Fráleitt.) Fráleitt, segir formaður Alþfl. og er nú ekki aldeilis sammála. Ja, svona stendur þetta þá. Formaður landbn. fullyrðir hér án þess að blikna í ræðustólnum (**EgJ:** Þú varst nú vitni að því.) að þetta hafi verið að kröfu Alþfl. Formaður Alþfl. harðneitar því hér í frammíkalli og segir fráleitt.

Ekki ætla ég að elta ólar við allt það sem hv. formaður landbn. sagði hér t.d. um nál. 2. minni hluta. Hann eyddi löngu máli í það að útskýra að fylgiskjal með nál. væri falsað, væri beinlínis falsað og eru það nú nokkuð þung orð og stór að bera mönnum nánast skjalafals á brýn en það var eiginlega ekki nokkur leið að leggja öðruvísi út af orðum hv. þm. Egils Jónssonar. (**Gripið fram í:** Það er allt á sömu bókina lært.) Hann taldi að hv. þm. Gísli S. Einarsson hefði verið niðurlægður hroðalega með því að þjóna utanrrn. í störfum sínum, vera málpípa utanrrn. Og fleiri ummæli féllu reyndar í svipaðan farveg. Þannig viðhafði hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson í framhaldi af þessum orðaskiptum í skáldlegri tilvitnun þá speki yfir að sitt væri að yrkja en annarra að skilja og taladi þar í orðastað þeirra sem hlut eiga að máli.

Eitt vil ég þó taka fram að þegar hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn., gerir úr því mikið mál að höfundar nál. séu lögfræðingarnir þrír sem jafnframt unnu frumvarpstextann fyrir landbn., ja, þá er mér ekki alveg ljóst hvað þar er verið að fara. Vegna þess að þessir lögfræðingar geta ekki borið sem slíkir ábyrgð á nál. á Alþingi. Nál. á Alþingi er flutt af þeim sem undir það skrifa og þeir bera ábyrgð á því sem þar stendur. Ef menn hins vegar vilja lýsa inn í bakgrunn málsins og fara yfir söguna þá hygg ég að það sé nokkuð til í því sem hv. þm. Gísli S. Einarsson segir og þetta byggi ég á því að ég sat þessa fundi í landbn. þegar þetta mál var til umfjöllunar eins og kunnugt er, að drög að þessu nál. séu tengd eldri útgáfum af frumvarpstexta en þeirri sem varð svo niðurstaðan eftir samkomulag stjórnarflokkanna. Ég spurði að því, eins og ég veit að hv. formaður landbn. getur staðfest, á næstsíðasta fundinum í landbn. sem ég sat hvenær einstakir kaflar í þessu nál. hefðu orðið til og hvaða breytingum það hefði tekið eftir samkomulag stjórnarflokkanna sem tekist hafði þá um eða eftir helgina. Því var þá svarað að nál. væri í öllum aðalatriðum óbreytt og hefði verið tilbúið fyrir helgina. Þetta er staðreynd og ég vona að ég verði ekki sagður fara rangt með þessa hluti. (**EgJ:** Rétt.)

Nú ætla ég ekki að hafa um þetta önnur orð en þessi en auðvitað skiptir það máli út frá hverju höfundarnir, sem hér er verið í raun og veru að gera lögfræðingana þrjá, gengu þegar þeir settu þennan texta niður á blað. Ég eyddi nokkrum tíma í það í ræðu minni í dag að útskýra það sem öllum má ljóst vera sem fara yfir gögn í málinu að breytingarnar á frv., þessar tvær breytingar að taka inn orðin „og jafnframt eru framleiddar hér á landi“ í upphafsmálsgrein 72. gr. og sú breyting að fella út viðmiðunarverðið eða útreikningsverðið og tenginguna við GATT í tölulið 2.4, eru síðan undirstaða málflutnings 2. minni hluta. Það er þannig og þess vegna hlýtur það auðvitað að þurfa að skoðast í samhengi og það mun verða gert í fyllingu tímans ef svo fer að þetta verði lögfest óbreytt og verði síðan að lögþrætum hvernig þessi mál standi. Þetta held ég að sé rétt að hafa aðeins í huga.

Síðan er það þannig, hæstv. forseti, að hafi menn verið í einhverjum vafa um það að niðurstaða stjórnarflokkanna væri ekki sú að ná utan um þetta mál og eyða um það óvissu þá geta menn ekki verið það lengur. Þessi umræða er búin að standa á fimmtudaginn var og í dag, linnulaust, samtals líklega í eina 10–14 klukkutíma, borin uppi af stjórnarsinnum í þrætum um það hvað í málinu felist. Það er auðvitað ekki nokkur leið að horfa lengur fram hjá því að það er bullandi ágreiningur um málið í stjórnarflokkunum. Það er uppi algjörlega gagnstæð lagatúlkun og það þýðir ekkert að segja við okkur endalaust að textinn sé skýr. Það dugar ekki. Hins vegar er út af fyrir sig hægt að gera hann skýran og ég ætla að varpa fram þeirri hugmynd til umhugsunar fyrir menn sem ég held að væri ágætt að menn færu með í bólið og svæfu svo á þessu máli og ræddu það ekki mikið meira að sinni, að einhver laginn maður taki það að sér að útbúa í breytingartillöguformi texta sem gerir Alþingi kleift að greiða atkvæði um þessa mismunandi lagatúlkun. Það er enginn vandi og ef ekki verða aðrir til þess þá skal ég taka það að mér að útbúa um það brtt. (**JGS:** Ólafur Þ. Þórðarson er búinn að því.) Ég get tekið sem dæmi að það er afar einfalt mál að útkljá í lagatextanum sjálfum þá þrætu hvort jöfnunargjaldaréttur landbrh. skuli eingöngu taka til innlendra hráefnisþátta í samsettum vörum eða allra landbúnaðarhráefna. Það er enginn vandi. Er þá ekki best ef menn vilja ganga skýrt og klárt frá málinu að það sé gert með atkvæðagreiðslum um slík álitamál hér á þinginu en lagaþræturnar og nefndarálitin túlkandi þetta í 180 gráður séu ekki látin standa eftir? Það er niðurlægjandi fyrir Alþingi. Það er ekki frágangur sem sæmir eftir alla þá umræðu sem orðin er um óvissuna í þessum efnum. Ef menn taka brtt. annaðhvort á þskj. 672 eða þskj. 702 og skoða 1. mgr. b-liðar 2. gr., þ.e. upphaf 72. gr. laganna eins og lagt er til að hún orðist, þá stendur þar, með leyfi forseta:

„Landbúnaðarráðherra er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum“ — og svo kemur breytingin að kröfu Alþfl. — „og jafnframt eru framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unn-

um og/eða samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra."

Þarna má bæta inn orðunum „miðast við þátt landbúnaðarhráefna innlendra og erlendra í verði þeirra". Um þetta má flytja brtt. og um hana má greiða atkvæði og þá ræður meiri hluti Alþingis því hvor skilningurinn verður ofan á og fer inn í lagatextann og þannig á auðvitað að gera þetta. Ég segi það ef menn fara ekki svona í málið eftir þrætuna sem hér er orðin og í ljósi nefndarálitanna, þá eru menn viljandi að ganga frá þessu máli í óvissu. Er hv. þm. Egill Jónsson tilbúinn til að standa að því að útbúa brtt. sem eru í samræmi við hans túlkun á textanum og gera hann afdráttarlausan? Um það snýst spurningin. Ég legg til að landbn. taki málið aftur til sín áður en 2. umr. lýkur og fari yfir það svona því þetta gengur ekki. Það er ekki hægt að bjóða okkur upp á það eina ferðina enn að dulbúa ósamkomulag stjórnarflokkanna í óljósum lagatexta af því að það er rétt að það er hægt að túlka hann í báðar áttir. Það er því miður rétt. Ég verð að segja það sem mína skoðun, menn geta gert það með hana sem þeir vilja, að því miður óttast ég að sú framsetning og túlkun sem Alþfl. stendur hér fyrir í málinu gæti reynst mönnum skeinuhætt, t.d. í meðferð málsins fyrir dómstólum.

Þröng túlkun af hálfu dómstóla gæti leitt til þess að valdsvið landbrh. yrði takmarkað og verðjöfnunargjaldaheimildin eingöngu við innlenda hráefnisþáttinn. Og það vitum við að getur þýtt að verðjöfnunarsvigrúmið er allsendis ófullnægjandi til að varan verði á samkeppnisfæru verði miðað við innlenda framleiðslu. Ef menn skilja ekki við hvað er átt þá nægir að nefna viðbit þar sem mjólkurfitan er orðin mjög lágt hlutfall. Það er auðvitað alveg ljóst ef við tökum vöru eins og Létt og laggott og ef mjólkurfitan er kannski orðin 25%, aðeins einn fjórði af vörunni, afgangurinn jurtaolía, og ef svigrúm landbrh. til verðjöfnunar er bundið við þennan fjórðung þá dugar það ekki nema að mjög litlu leyti til að ná vörunum upp á samkeppnishæft verð. Þess vegna er þetta úrslitaatriði efnislega og það þýðir ekki að stinga hausnum í sandinn og láta hendingu ráða því, þó það megi kannski ekki kalla dómsniðurstöðu hendingu sem kynni að verða einhvern tímann á næstu mánuðum, hvort verður ofan á, túlkun hv. þm. Egils Jónssonar eða fulltrúa Alþfl. Allt svo, þetta er ekki hægt og ég tala hér í mikilli alvöru. Við getum ekki, hv. alþm., látið málið fara svona í gegn. Það mun þykja nóg á spjöldum sögunnar að samstarfsaðilar í ríkisstjórn hafi sent frá sér nál. með þessum hætti sem raun ber vitni þó að hitt bætist ekki við að það liggi alveg fyrir að menn hafi dulbúið efnislegan ágreining í óljósum texta og látið sig hafa það að sulla því í gegnum þingið. Það er ekki boðleg afgreiðsla á málinu. — Hæstv. forseti. Ég var að inna eftir því hvar hæstv. forsrh. væri. Er djúpt á honum?

(**Forseti** (VS): Forseti fékk þær fréttir að hæstv. forsrh. hlýði á mál hv. þm. í þinghúsinu.)

Má hann illa við því að koma hér í þingsalinn eða vera einhvers staðar í sjónmáli?

(**Forseti** (VS): Forseti á von á því að hæstv. forsrh. birtist innan tíðar í þingsalnum.)

Ég vil ekki ljúka máli mínu fyrr en ég hef átt færi á því að eiga aftur orðastað við hæstv. forsrh. um þetta af því að ég held að málið sé á því stigi að ef það á annað borð er til einhvers að ræða það yfir höfuð þá hlýtur það að vera að ræða það við hæstv. forsrh. sem á þó að heita, er það ekki, að nafninu til, enn þá verkstjórinn í þessari ríkisstjórn. Þetta er þannig — hæstv. forsrh., velkominn í salinn. Síðan við ræddum þessi mál í dag hefur enn bæst í sarpinn bullandi, bullandi ágreiningur hæstv. ráðherra í ríkisstjórn hæstv. forsrh. um málið og hörð skeyti sem hér gengu á milli manna. Ég tel þess vegna að málið sé, hafi það verið í óvissu og ljóst orðið að ágreiningur var uppi í því eftir umræður á fimmtudaginn var, eftir þessi nefndarálit sitt í hvora áttina þá hafi enn bæst við í þeim efnum í kvöld af því að það er alveg ljóst að það harðnaði mjög í orðaskiptum hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. um þetta mál. Það virðist vera fyllsta harka í því af hálfu beggja aðila skulum við segja að túlka málið gjörsamlega á sínum ýtrustu forsendum. Hæstv. landbrh. gekk svo langt að segja að hefði hann sýnt einhverja óbilgirni í þessu máli í samskiptum við Alþfl. þá sæi hann ekki eftir því og verður nú varla öðruvísi skilið en hæstv. landbrh. telji þá eiga það inni hjá sér og rúmlega það jafnvel að hann hafi sýnt þeim óbilgirni eða hörku í þessu máli.

Sama má auðvitað segja um orðaskipti hv. þm. Sturlu Böðvarssonar og síðan svör þeirra hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur og Gísla Einarssonar, þau orðaskipti voru ekki beint systkinaleg og hv. þm. Sturla Böðvarsson ítrekaði þá kröfu sína að nál. 2. minni hluta yrði kallað aftur og að það væri skilningur hv. þm. Egils Jónssonar og ekkert annað sem ætti að ríkja í þessu máli.

Ég vil aðeins vekja athygli á því að hæstv. landbrh. kom hér með ýmsar merkar upplýsingar, þar á meðal sakaði hann — ég vissi ekki nema ég ætti að skilja það svo að það væri einhvers konar sameiginlegt samsæri utanrrn. og e.t.v. fjölmiðla um að hafa sviðsett áhyggjur Kanadamanna af innflutningi af nokkuð öldruðum kjúklingabringum sem munu vera að þvælast einhvers staðar í reiðuleysi út af þessum deilum og eru komnar nokkuð til ára sinna ef marka má orð hæstv. landbrh., þar sem í ljós hefði komið þegar málið var kannað við kanadísk yfirvöld að þau hefðu ekkert af þessu vitað og hefðu af þessu engar áhyggjur. Margt er merkilegt sem hér er að koma fram.

Einnig tel ég að það hafi verið gagnlegt að fá þær upplýsingar fram og þær staðfestar, sem ég er reyndar ekki hissa á, að sú aðferð að setja fram tollskrárnúmerin sem viðauka með frv. sé krafa Alþfl. í málinu. Þá liggur það væntanlega þannig að hæstv. landbrh. eða Sjálfstfl. hefur gefið það eftir að forræði landbrh. yrði orðað með almennum orðum og í staðinn fallist á og þá væntanlega til samkomulags að þessi tollalisteleið yrði valin sem væri þá afmarkandi með einhverjum hætti umfram það sem almennt orðað forræði landbrh. yfir þessu verkefni hefði verið. Auðvitað er gagnlegt að hafa það skjalfest í þingtíðindunum að það

hafi verið að kröfu Alþfl. sem þessi tolllistar litu dagsins ljós með öllum froskalöppunum og öllu „gúmelaðinu" sem þarna var boðið upp á. Hins vegar er mér mjög til efs að þarna hafi verið valin skynsamleg leið og ég lét það koma fram strax þegar farið var að skoða málið í landbn. að ég teldi að stjórnskipulega væri eina fullnægjandi aðferðin sú að ganga frá með almennu orðalagi verkaskiptingu landbrn. annars vegar og viðskrn. og utanrrn. hins vegar hvað viðskiptaþættina snertir, fjmrn. hvað gjaldtökuna snertir og það væri gert með sambærilegum hætti og verkum er skipt milli ráðuneyta á grundvelli laga um Stjórnarráð Íslands og reglugerð sem þeim lögum fylgir. Auðvitað ætti að gera þetta þannig. Auðvitað á niðurstaðan, ef hún er einhver niðurstaða, að ganga inn í verkaskiptingu ráðuneytanna með sama hætti og öðrum verkefnum er skipt og koma inn í reglugerð um Stjórnarráð Íslands þannig að þar sé tekið fram hvert forræði hvers er í þessum efnum. En þessi klúðursleið, þessi vandræðaleið, vegna þess að stjórnarflokkarnir hafa ekki náð saman á nokkurn hátt í málinu er sem sagt niðurstaðan, þessi tolllistaleið og hún er, segir hæstv. landbrh., að kröfu Alþfl.

Aðrir geta, ef þeir hafa á huga á því, farið svo yfir stóryrði ráðherranna, hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh., þegar þeir fóru vítt um völlinn og ræddu ólíklegustu hluti, samkomulag sem þeir hefðu gert sín í milli og sökuðu hvorir aðra um að hafa svikið, greinarskrif aðstoðarmanna ráðherra og ég veit ekki hvað og hvað og var þá víða farið yfir völlinn og reyndar get ég tekið undir það með hæstv. landbrh. að mér þykja nokkuð sérkennileg þessi atvinnuskrif, liggur mér við að segja, pólitískt ráðinna aðstoðarmanna ráðherra og vaknar upp sú gamla spurning sem borin var fram fyrr á öldinni: skjóta byssurnar sjálfar? — þegar aðstoðarmennirnir eru að skrifa níð um samstarfsmenn ráðherra sinna í ríkisstjórn. Skjóta þá byssurnar sjálfar eða er það e.t.v. þannig að það sé eitthvað fitlað við gikkinn af húsbændunum, hæstv. ráðherrum?

Já, það eru nýir siðir auðvitað sem fylgja nýjum herrum og þeir um það.

Ég vildi gjarnan ef hæstv. landbrh. á eftir að tala meira í umræðunni sem sjálfsagt verður nú, ekki síst ef henni yrði frestað, að hann talaði bara afdráttarlaust. Út af fyrir sig kýs ég gjarnan að skilja að hann hafi gert það þegar hann ræddi um GATT og forræði hvers í þeim efnum, að það sé skoðun hæstv. landbrh. að það sé frágengið í ríkisstjórninni að þegar það verður lögfest með skýrum hætti hver fari með það verkefni að leggja á jöfnunargjöld í samræmi við heimildir Úrúgvæ-niðurstöðu GATT-samninganna þá verði það landbrh. Ég held að það sé í sjálfu sér mjög mikilvægt þó að það sé ekki að koma inn í lagatextann sjálfan ef hér liggur fyrir yfirlýsing frá hæstv. landbrh. sem mætti vera skýrari um að hann líti á það sem samkomulag í ríkisstjórninni að það verði landbrh.

Hæstv. landbrh. sagði langleiðina þetta undir lok ræðu sinnar áðan en þó kannski ekki alveg með þeim afdráttarlausa hætti sem ég hefði viljað heyra. Orðaði það eitthvað á þann veg að komið væri samkomulag um að færa jöfnunargjöld yfir í landbrn. og það mundi gilda fyrir og eftir GATT eins og hæstv. landbrh. orðaði það. Ef það er svo þá er fróðlegt að það sé staðfest og einnig fróðlegt ef hæstv. utanrrh. mótmælir ekki þessari túlkun landbrh. Þá hefur það auðvitað nokkurt gildi.

En eftir standa fullyrðingar ráðherranna sem ganga alveg gjörsamlega þvert hver gegn annarri og undir lok ræðu sinnar áðan klykkti hæstv. utanrrh. út með því að ítreka að það væri ósatt eins og hann reyndar kaus að orða það að valdsvið landbrh. hvað jöfnunargjöldin snerti næði til allra innfluttra landbúnaðarvara, það næði eingöngu til vara sem framleiddar væru hér innan lands og þar stendur fullyrðing gegn fullyrðingu í þessu grundvallarmáli.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að fara að ljúka máli mínu, ég ítreka þær óskir mínar til hæstv. forseta að hæstv. forseti taki það til skoðunar að umræðunni verði frestað áður en henni ljúki nú við 2. umr. þannig að ef það kynni að verða niðurstaðan, sem ég mundi eindregið hvetja hæstv. forsrh. til, að málið verði tekið til skoðunar á nýjan leik og jafnvel látið ganga til landbn. áður en þessari umræðu lýkur þannig að hugsanlega yrði unnt að útbúa nýjar brtt. og eyða þessari óvissu sem bersýnilega er verið að framlengja í málinu, þá gefist kostur á því áður en 2. umr. lýkur um málið. Það yrði þá hægt að skila framhaldsnefndarálitum og nýjum brtt. og ganga þannig með alveg skýrum hætti og afdráttarlausum frá lagatextanum að menn gætu eftir atvikum, ef ekki næðist samkomulag, greitt atkvæði um álitamálin. Greitt einfaldlega atkvæði um álitamálin þannig að það lægi þá fyrir skýr niðurstaða meiri hluta Alþingis, t.d. um þetta tvennt sem aðallega hefur verið umfjöllunarefnið í orðaskiptum manna, hvert valdsvið landbrh. nákvæmlega er gagnvart álagningu jöfnunargjaldana. Eru það allar innfluttar landbúnaðarvörur eða bara þær sem jafnframt eru framleiddar innan lands? Og hvort heimild ráðherrans nær gagnvart álagningu verðjöfnunargjalda, samsettra eða unninna vara, úr landbúnaðarhráefnum, tekur það eingöngu til innlendu hráefnisþáttanna eins og Alþfl. túlkar það eða til allra landbúnaðarhráefnisþátta?

Þetta er hægt að gera með þeim einfalda hætti að útbúa um það brtt., fella þær inn í lagatextann á þeim stöðum sem viðeigandi er og ef ekki er um það samkomulag og hvort sem heldur er út af fyrir sig yrði svo greitt um það atkvæði og Alþingi hefði þar með tekið af skarið.

Ég veit að hæstv. forsrh. getur í hjarta sínu ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að þetta væri hinn besti frágangur málsins. Ég vona að hæstv. forsrh. sé ekki svo illa farinn af deilunum í ríkisstjórninni og áhyggjum sínum yfir því að þetta óskabarn og hugarfóstur hæstv. forsrh. sé að liðast í sundur í höndunum á honum að hann gangi yfir samvisku sína í þessu efni. Ég treysti því að svo sé ekki komið því ég trúi því ekki að hugsandi maður og löglærður í ofanálag, eins og hæstv. forsrh. er, láti sér detta það í hug að bera það á borð fyrir okkur lengur að hér sé verið að ganga frá málinu með einhverjum fullnægjandi hætti,

sem taki af allan vafa, eyði allri réttaróvissu o.s.frv. því það er auðvitað borin von að halda slíku fram lengur. Hafi það einhvern tímann verið hægt á grundvelli textans þá er það alla vega ekki nú eftir að nefndarálitin og yfirlýsingar ráðherranna og umræður hafa hnigið í þann farveg sem raun ber vitni.

Ég óska þess vegna eftir því að hæstv. forsrh. taki þetta til umhugsunar, svari þessu eftir atvikum eftir því sem honum sýnist hér núna og jafnframt að hæstv. forseti taki til skoðunar þá ósk mína að umræðunni verði nú eða áður en mælendaskrá er tæmd og henni lýkur frestað þannig að tóm gefist til að fara yfir þessi mál og athuga þau áður en lengra er haldið.

[00:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í ræðu minni fyrr í dag þá er ég þeirrar skoðunar að frv. þetta eins og það mun breytast samkvæmt tillögum sem fjórir nefndarmenn landbn. standa að sé skýrt og ljóst og öllu sé til skila haldið sem lagt var fyrir þingið að gert skyldi, að sá lagagrundvöllur sem menn ætluðu sér að setja í desember væri tryggður, skýr og ljós. Ég tel svo vera. Þess vegna sé ég ekki efni til þess að taka málið til frekari meðferðar hjá landbn. Ég býst ekki við að aðrar nefndir hafi í annan tíma farið betur ofan í mál og fengið með öruggari hætti vísbendingar og mat færustu lögfræðinga á því hvað í lagafrv. fælist. Þannig að ég tel að landbn. megi vel við þetta una, þingið megi vel við þetta una og þeirri réttaróvissu eytt sem varð eftir dóm Hæstaréttar, en eins og menn vita er hugsunin sú að Hæstiréttur sé endir allra deilna í lögfræðilegum skilningi. Því miður varð það ekki. Ég tel að þingið hafi með þessum hætti tryggt að það sé kominn endir á þá lögfræðilegu deilu. Ég vek athygli á því að þó að yfirlýsingar í þingsal, jafnvel í nefndarálitum, kunni að ganga á víxl þá hefur það ekkert með málið að gera ef lagatextinn er skýr. Menn geta verið með yfirlýsingar hér eins og þeir vilja, hver og einn, en ef lagatextinn er skýr þá breyta slíkar yfirlýsingar ekki neinu.

[00:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er satt best að segja afar dapurlegt að heyra hæstv. forsrh. svara með þessum hætti. Varðandi hina vönduðu vinnu landbn. þá er rétt að það komi fram að það voru strax t.d. deildar meiningar um það hvernig verðjöfnunargjaldavaldsviðið yrði skilgreint miðað við þennan texta. Það er að vísu rétt að lögfræðingarnir höfðu sína skoðun á því og reyna að rökstyðja hana en það komu strax fram önnur sjónarmið. Ég spurði t.d. strax að því hvort öruggt væri að þetta taki til allra hráefnisþátta í samsettum vörum. Þeir geta haft sína skoðun á því þessir ágætu lögfræðingar.

Það er líka misskilningur hjá hæstv. forsrh. að aðalatriði þessa máls eins og það er nú orðið og deilurnar nú snúist um það atriði sem Hæstiréttur fjallaði um í skinkudóminum. Hæstiréttur fjallaði þar eingöngu um einn afmarkaðan þátt þessa máls, þ.e. hvort búvörulögin frá 1985 fælu í sér sjálfstæða bannheimild og niðurstaða meiri hlutans varð að svo væri ekki. Við erum að ræða fyrst og fremst um aðra þætti deilunnar milli stjórnarflokkanna, það er þetta um valdsvið landbrh. gagnvart verðjöfnunargjöldum. Ef þetta er svona, hæstv. forsrh., að lagatextinn sé algjörlega skýr þá óska ég eftir því að hæstv. forsrh. svari tveimur spurningum:

Felur lagatextinn í sér að landbrh. hafi heimild til að verðjafna gagnvart öllum innfluttum búvörum eða bara þeim sem framleiddar eru hér á landi? Ég óska eftir svari frá hæstv. forsrh. Hver er þá hans skilningur á textanum?

Í öðru lagi: Felur lagatextinn í sér, eins og hann er núna, að landbrh. hafi heimild til að verðjafna fyrir bæði innlendum og erlendum hráefnisþáttum í samsettum vörum? Úr því að hæstv. forsrh. er orðinn svona sannfærður um að textinn sé skýr og afdráttarlaus og ljós þá hlýtur hann að geta svarað þessum einföldu spurningum sem stjórnarflokkarnir deila um.

[00:17]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef stundum tekið eftir því að þegar menn eru að svara spurningum hv. þm. Alþb., þegar menn koma með sín sjónarmið, þá koma þeir hér gjarnan upp og segja að það hafi verið sorglegt og dapurlegt að heyra hin og þessi svör. Ég veit ekki af hverju þeir eru alltaf svona daprir þessir menn þegar þeir heyra svör. Þetta er viðtekin venja. Það væri gaman að láta þetta orð út úr ræðum þessara hv. þingmanna sem alltaf verða svona daprir þegar þeim hefur verið svarað.

Ég hef sagt að sá lagatexti sem hér liggur fyrir sé skýr og glöggur. Ég hef líka sagt að ákvæðið þar sem tilgreint var að vörur þessar skyldu janframt vera framleiddar hér á landi var ákvæði sem var inni í desember, var ákvæði sem ég greiddi atkvæði og hv. þm. greiddi atkvæði og við hljótum að hafa okkar skilning á þessu ákvæði. Ég tel að þessi skilningur hafi komið glöggt fram í þingsalnum og um þann skilning sé enginn vafi. Textinn er skýr.

[00:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað einfaldlega svona. Ég segi dapurlegt að hæstv. forsrh. kemur hér upp, hann er tekinn hér upp í tveimur grundvallaratriðum deilunnar og hann neitar að svara, kemur sér undan því að svara með einhverjum útúrsnúningum um það að þetta hafi líka staðið svona í desember og hann hafi sinn skilning og ég minn skilning á því. Ég er að spyrja um það hvað forsrh. í þessari ríkisstjórn, hverrar ráðherrar deila hér eins og hundur og köttur um það hvernig eigi að túlka þennan sama lagatexta. Hvað segir þá forsrh. ef t.d. kemur til þess að hæstv. forsrh. eigi að fella úrskurð á grundvelli laganna um Stjórnarráð Íslands? Hver verður þá niðurstaðan? Það hlýtur að mega spyrja um það, það skiptir máli. Er valdsvið landbrh. til að leggja á verðjöfnunargjöld samkvæmt lagatextanum, úr því að hann er svona skýr og ljós hverjum manni, að mati hæstv. forsrh. þannig að land-

brh. geti lagt þetta á allar innfluttar búvörur? Hæstv. utanrrh. hristir hausinn. Hv. þm. Egill Jónsson kinkar kolli. Hvorum er hæstv. forsrh. sammála? Einfaldari getur spurningin ekki verið. Hristir hæstv. forsrh. hausinn eða kinkar hann kolli? (**Utanrrh.:** Lögin svara því.) Já, að þínu mati, hæstv. utanrrh.

Í öðru lagi, hæstv. forsrh., er þetta mjög einföld spurning með hráefnisþættina. Þetta er grundvallarspurning, skiptir sköpum um það hversu víðtækar í raun jöfnunargjaldaheimildir landbrh. eru gagnvart samsettum vörum. Má hann verðjafna fyrir bæði innlendu og erlendu hráefnisþáttunum eins og hv. þm. Egill Jónsson segir og kinkar kolli, eða bara innlendu þáttunum eins og hæstv. utanrrh. segir. Getur ekki hæstv. forsrh. nú tekið af skarið og komið upp og a.m.k. afdráttarlaust lýst sinni skoðun hvorum megin deilunnar hann stendur? Hvorum er hann sammála, hæstv. utanrrh. eða hv. þm. Agli Jónssyni? Þetta hljóta að vera nógu einfaldar og skýrar spurningar til þess að hægt sé að svara þeim.

[00:21]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég vil hugga hæstv. utanrrh. með því að þetta eru fyrningar sem ég er með frá löngu ferli í þessu máli þannig að ég hef ekkert endilega hugsað mér að nota þessi gögn öll sömul og hef í sjálfu sér ekki uppi áform um mjög langa ræðu. Ég bað um orðið í þessari umræðu í dag þegar hæstv. forsrh. tók sér það fyrir hendur að túlka úr ræðustól skoðanir okkar stjórnarandstæðinga í landbn. á þeim vinnubrögðum sem ríkisstjórnin viðhefur hér og þeim tillögum sem þar voru lagðar fram.

Það var annars afar sérstakt að hlusta á þá friðarræðu sem hæstv. forsrh. flutti í dag og taldi sig greinilega vera að sauma málið saman endanlega og þaðan í frá mundi allt falla í ljúfa löð á stjórnarheimilinu. Hann benti á það að gagnvart til að mynda GATT-þættinum þá væri mjög víðtæk samstaða á Alþingi um það að auðvitað séum við GATT-þjóð og munum verða GATT-þjóð áfram og getum ekki annað og undir það tek ég með hæstv. ráðherra. Ég hef reyndar á undanförum vikum engan þingmann eða ráðherra heyrt mæla á annan hátt nema hæstv. forsrh. í sjónvarpsviðtali fyrir hálfum mánuði eða svo þar sem hann lét að því liggja að þetta GATT skipti okkur ekki svo miklu máli og við hefðum það alveg í hendi okkar hvenær og hvort við mundum samþykkja Úrúgvælotuna. Mér fannst hæstv. forsrh. sleppa því þá að GATT er meira en Úrúgvæ-lota og á grundvelli tollabandalagsins GATT þá byggjum við m.a. samninga okkar við Japani, Bandaríkjamenn og fleiri þjóðir um tollfrjálsan aðgang okkar á fiskafurðum þannig að það er dálítið mikið í GATT og verulega mikið í húfi fyrir okkur að við stöndum við okkar skuldbindingar þar. Ég hef hvergi fengið það staðfest þó svo að menn hafi velt vöngum yfir því hvort við gætum leyft okkur að sleppa því að staðfesta Úrúgvæ-lotuna en halda eftir sem áður öllu því sem við höfum náð á eldri ákvæðum GATT-samkomulagsins. Ég tel reyndar að það sé afar vafasamt og ég hlýt eiginlega að leita eftir því við hæstv. forsrh. hvað hann átti við með þessu sjónvarpsviðtali eða hvort þetta hafi bara verið einn leikurinn í því valdatafli sem þá fór fram milli stjórnarflokkanna þar sem báðir aðilar virtust vera tilbúnir að tefla þessu máli til stjórnarslita.

En þetta var nú útúrdúr. Ég var að ræða um friðarræðu hæstv. forsrh. í dag. Því miður þá missti hæstv. forsrh. að mestu leyti af viðbrögðum aðalleikara í ríkisstjórninni í þessu máli, hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh., þar sem þeir rifust úr ræðustól og brigslyrðin gengu á víxl, það gróf á stundum að ég er nánast viss um það að ef við stjórnarandstæðingar hefðum haft slík orð um ráðherra í ríkisstjórninni þá hefði verið búið að glymja í bjöllu forseta áður en yfir lauk. En bara svo að hæstv. ráðherra fái smásýnishorn þá kallaði hæstv. utanrrh. þá sjálfstæðismenn sem að þessu máli hafa unnið „ódrengi og lítilmenni". Hæstv. utanrrh. sagði einnig að þessir aðilar hefðu ekki farið að hætti siðaðra manna eða viti borinna og er nú bara borið niður á tveimur stöðum í ræðu hæstv. utanrrh. Og snemma í sinni ræðu sagði hæstv. landbrh. að málflutningur Alþfl. byggðist á útúrsnúningum, lagaklækjum og tilbúningi. Á þennan hátt gengu brigslyrðin á milli ráðherra í núv. ríkisstjórn. á annan klukkutíma.

Hæstv. utanrrh. byrjaði reyndar sína ræðu á því að segja að í GATT-málinu bæri ekki svo mikið á milli. Framsfl. og Alþb. hefðu unnið að þessu með Alþfl. í fyrri ríkisstjórn og hann ynni að þessu máli nú með Sjálfstfl. Og mikill meiri hluti Alþingis, eins og ég hef bent á, væri sammála því að að þessu ættum við að vinna og við ættum líka að vinna að því að tryggja íslenskum landbúnaði ákveðinn aðlögunartíma. En hvað er þá að? Mín niðurstaða hvað það snertir er ósköp einföld. Hún er einfaldlega sú að það er ekki hægt að draga af þessu nema eina ályktun: Þeir aðilar sem fara með þessi mál innan og utan núverandi ríkisstjórnar á Alþingi og í ríkisstjórninni virðast vera ófærir um að vinna saman. Þeir virðast vera ófærir um að koma fram lagatexta í máli sem allir eru þó sammála um að ekki beri mikið á milli alþingismanna í. Að mínu mati er þetta fyrst og fremst áfellisdómur yfir ríkisstjórninni, yfir þeim ráðherrum sem með þetta fara, yfir forustumönnum stjórnarliðsins, formanni og varaformanni í landbn. og yfir hæstv. forsrh. sem verkstjóra í ríkisstjórninni.

Það hlýtur að vera þrúgandi fyrir eina ríkisstjórn að hafa slíkt mál hangandi yfir sér, ekki vikum saman, heldur mánuðum saman og í hvert skipti sem hæstv. forsrh. kemur fram og segir að nú sé búið að ná samkomulagi, nú sé búið að setja deilurnar niður, þá blossa þær upp enn þá illvígari en nokkru sinni áður og fyrir því höfum við staðfestingu í þingsölum í kvöld. Ég nefndi aðeins nokkur af þeim brigslyrðum sem gengu á milli ráðherra í ríkisstjórninni.

Ef þetta er svona að hér er um að ræða mál, sem er til þess að gera samstaða um meðal þingmanna, en ríkisstjórninni tekst ekki og forustumönnum flokkanna á Alþingi tekst ekki að búa það í það form að hægt sé að afgreiða það, hvernig fer þá með hin stærri mál þar

sem um er að ræða verulegan ágreining svo ég nefni bara sjávarútvegsmálin sem einn málaflokk?

Ríkisstjórn sem svona er komið fyrir hlýtur að teljast algjörlega vanhæf á að takast á við pólitísk erfið úrlausnarefni. Það flaug um huga manns eftir að hafa hlustað á ræðu hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. hér í kvöld að einhvers staðar í einhverju landi hefði forsætisráðherra væntanlega tekið á sig rögg og leyst þessa menn frá embætti því það er á þessu sem steytir. Það steytir á því að landbrh. og utanrrh. geta ekki unnið saman. Það hlýtur þá að vera skylda hæstv. forsrh. ef hann vill halda þessu stjórnarsamstarfi og hann telur að það sé nauðsynlegt að það fáist lausn í þessu máli, lausn sem byggi á þeim sameiginlega skilningi og vilja sem vissulega er til hér innan þingsins, þá hlýtur sú lausn að felast í því að leysa þessa tvo hæstv. ráðherra frá embætti og setja þar inn menn í staðinn sem geta unnið saman.

Ég minnist þess ekki í tíð fyrri ríkisstjórnar að það kæmi upp önnur eins krísa eins og hér er núna. Það var hægt að gera þar búvörusamning þó viti að Alþfl. var ekki sammála honum í öllum atriðum. En það hefði verið ósköp lítill vandi að æsa þá til álíka óvinafagnaðar og nú er.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að mér finnst oft á tíðum ósköp fróðlegt að skoða atburðarás síðustu vikna og það sem er að gerast innan ríkisstjórnarinnar í ljósi ummæla sem hæstv. forsrh. hafði ítrekað um Alþingi og alþingismenn eftir að hann kom hér fyrst inn. Alþingi hefur staðið sína plikt í vetur, það er ekkert upp á Alþingi að klaga. Sá aðili sem hefur brugðist er hæstv. ríkisstjórn. Það var sameiginlegur vilji þingmanna í haust að breyta starfsháttum Alþingis, að stjórnarandstæðingar fengju meiri þátttöku í stjórn þingsins, formennsku í nefndum, til að breyta starfsháttum Alþingis. Að mínu mati hafa stjórnarandstæðingar og almennir þingmenn, eins og ég sagði áðan, staðið sína plikt hvað þetta snertir, en aðilinn sem hefur brugðist er ríkisstjórnin.

Ég er sammála þeim þingmönnum sem hafa komið fram fyrr í kvöld og sagt að það sé ekki samboðið Alþingi að afgreiða þetta mál í því formi sem það er núna. Það eru til fleiri virtir hæstaréttarlögmenn heldur en þeir sem voru fengnir til starfa með hv. landbn. Ég hef rætt við lögmenn úr þeim hópi í dag og þeir eru þeirrar skoðunar að það sé ekki samboðið Alþingi að afgreiða mál í því formi sem nú stefnir í. Það er þeirra skoðun að ef það sé gert þá séu alþingismenn að bregðast skyldu sinni og í raun að bregðast þeim eið sem þeir sverja þegar þeir setjast hér inn á þing. Það sé skylda Alþingis að setja lög sem séu skýr og það ríki enginn vafi um túlkun þeirra. (**Forsrh.:** Vill ekki þingmaðurinn nafngreina þessa lögfræðinga?) Það getur vissulega komið til að Alþingi yfirsjáist í lagavinnu, en það má ekki gerast að Alþingi afgreiði lög vísvitandi, með opnum augum, þannig að það sé óvissa um túlkun þeirra. Það hlýtur að vera skylda alþingismanna að vinna þannig að það gerist ekki.

Hæstv. forsrh. spurði: Vill ekki þingmaðurinn nafngreina þessa lögmenn? Það geri ég ekki hér og nú. Ég mun hins vegar ef málið verður afgreitt og ríkisstjórnarmeirihlutinn knýr fram að málið verði afgreitt í þessu formi, með tveim nál. sem ganga sitt í hvora áttina, þá mun ég að sjálfsögðu fara fram á það að málið verði tekið aftur inn í landbn. á milli umræðna eins og heimildir eru til í þingsköpum og þar fáum við virta menn á sviði lögfræði til að segja álit sitt á þessum vinnubrögðum.

Ég tek alveg undir orð hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar frá því fyrr í kvöld þar sem hann sagði að það væri náttúrlega ekki hægt að Alþingi afgreiddi málið á þennan hátt. Hv. þm. sagði að Alþingi yrði að skera úr um það við hvora túlkunina ætti að styðjast þegar farið væri að skýra lögin. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að það væri textinn, lagatextinn sjálfur, sem gilti. Það er út af fyrir sig alveg rétt. En oft er nú gripið til greinargerða og nál. til frekari skýringa. Það var hins vegar afar athyglisvert að heyra hæstv. forsrh. lýsa því yfir að í raun, eins og málið væri núna, þá væri það bara lagatextinn strípaður sem gilti en nál. tvö frá fyrsta og öðrum minni hluta hefðu ekkert að segja. Ég skildi það þannig að þau upphefðu hvort annað og þar með hefur Alþfl. væntanlega náð fram sínum tilgangi með því að setja fram sérálit. Þá stendur bara lagatextinn strípaður og ef menn skoða hann í umgjörð atburðanna áður en þessar brtt. voru lagðar fram þá fer ekkert milli mála að textinn sem slíkur liggur miklu nær því sem Alþfl. hélt fram heldur en því sem hv. formaður landbn. hélt fram og var studdur af hæstv. forsrh. varðandi þá túlkun sína. Þá fer það ekkert á milli mála að textanum var breytt frá því formi að vera með GATT-viðmiðanir inni og í það að þær voru teknar út. Og það verður þá væntanlega það sem lögspekingar og dómarar líta á þegar þeir fara að velta fyrir sér hver var vilji Alþingis ef það er eins og hæstv. forsrh. segir að það sé ekkert á greinargerðunum að græða.

Ég held þess vegna að það sé alveg rétt sem kom fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að Alþingi verði að skera úr um hvort nál. hafi greinargerðarígildi þegar kemur að þessu frv. Það vill svo til að á síðasta vetri voru tekin upp hliðstæð vinnubrögð. Í tengslum við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði var sett inn í lagatexta að við túlkun laga skyldi ekki taka tillit til textans eins eða greinargerðarinnar eða nál. heldur skyldi taka tillit til EB-dóma í viðkomandi málum. Þannig að það væri ekkert nýmæli að inni í nýrri lagagrein skýrði Alþingi út og segði alveg ákveðið hvort nál. það væri sem bæri að taka tillit til þegar kæmi að því að skýra lögin.

Virðulegur forseti. Það hefur verið deilt um hvort hægt væri að setja í lög núna ákvæði sem tækju á GATT-samningunum þegar þeir tækju gildi. Að mínu mati liggur alveg ljóst fyrir eftir þær viðræður sem við áttum við m.a. fulltrúa utanrrn. — sem ég vil taka fram, til að taka af öll tvímæli, að ég hef ekkert upp á svör og þau samskipti sem ég hef sem þingmaður þurft að hafa við fulltrúa utanrrn. sem hafa komið að þessu máli að klaga. Þeir hafa að mínu mati gefið skýr og greinargóð svör og ég get þar alveg nefnt nöfn eins og

Gunnar Snorra og Pétur Thorsteinsson í því sambandi. Þeir hafa að mínu mati á allan hátt skilað þeirri vinnu sem við höfum farið fram á. Það kom hins vegar einu sinni fyrir að hæstv. utanrrh. bannaði þeim að taka þátt í vinnu landbn. en það tel ég að hafi ekki verið við þá að sakast sem slíka. — En það sem hefur komið fram í máli þessara manna og þar er bæði um að ræða það sem ég hef heyrt inni í landbn. og ég hef einnig hlustað á þá á öðrum vettvangi, og allt sem þar hefur komið fram segir mér að við höfum mjög víðtækar heimildir til að beita tollígildunum sem þar verða tekin upp. Og það staðfestir það sem ég hef alla tíð sagt í þessu máli að það hvernig GATT kemur við íslenska atvinnuvegi, við íslenskan landbúnað og matvælaiðnað er ekki utanríkismál, það er innanríkismál. Það ræðst af þeirri löggjöf sem við setjum um málið og hvernig við stöndum að því hér innan lands en ekki vegna krafna erlendis frá. Það er þess vegna sem sú umræða sem hér fer fram og afgreiðsla Alþingis á þessu máli er svo mikilvæg sem raun ber vitni og þess vegna verður fall ríkisstjórnarinnar enn þá meira á þessu prófi.

Landbn. breytti 52. gr., banngreininni, í almennara orðalag sem getur að mínu mati staðist eftir að GATT tekur gildi. Það er einnig að mínu mati alveg ljóst að við getum strax í nótt ef fyrir því væri pólitískur vilji sagt til um það hverjir innan stjórnkerfisins hefðu forræði hvað þetta snertir. En það er ekki pólitískur vilji til þess og það byggist kannski öðru fremur á því að það er ekki samstaða í ríkisstjórninni, menn treysta ekki hver öðrum.

Ég hef stundum sagt í þessari umræðu að það vanti kannski bara eina grein, það vanti bara kannski eina grein og hún mundi hljóða svona: Ráðherrar treysti hver öðrum.

En málsmeðferðin byggist á því að hæstv. ráðherrar ríkisstjórnarinnar eru alltaf með þetta mál í pólitískum hráskinnsleik. Hæstv. ráðherrar og einstakir þingmenn stjórnarliðsins eru að guma af því að nú sé búið að koma textanum í það form að það sé hægt að túlka hann á þennan eða hinn háttinn en hinn flokkurinn viti bara ekki af því enn þá.

Virðulegur forseti. Mér finnst alveg nauðsynlegt að það komi fram og hæstv. forsrh. viti hvernig vinnubrögðum er háttað í því liði sem honum er ætlað að halda saman. Menn eru stöðugt í þeim leik að búa til lagatexta sem sé svo loðinn að það sé hægt að plata hinn flokkinn. Og ef menn koma sér saman um lagatexta þá á að búa til a.m.k. tvö nál. sem gangi sitt í hvora áttina. Hér er náttúrlega um að ræða vinnubrögð sem eru algjörlega óviðunandi. Niðurstaða mín hlýtur því að vera sú að það sem á strandar hér er ekki það að við höfum ekki forsendur til að breyta lögum þannig að hægt sé að vinna eftir þeim þegar GATT tekur gildi, að við höfum ekki forsendur til að geta sagt á allra næstu vikum hvernig við ætlum að standa að því máli. Við höfum allar þær forsendur. GATT-tilboðið er löngu útbúið af okkar hálfu og það bendir ekkert til annars en að það verði samþykkt í því formi.

Nú hefur hins vegar verið ákveðið að setja þetta í fimm ráðuneyta nefnd. Það var rætt um það strax um miðjan desember. Þá vissu menn að GATT mundi væntanlega taka gildi um áramótin 1994–1995. Er nefndin farin að starfa enn þá? Ég spyr hæstv. forsrh., hefur sú nefnd hafið störf? Ég þarf kannski ekki að spyrja því hún var ekki skipuð fyrr en fyrir nokkrum dögum. Nefndin sem rætt var um í desember að ætti að fara að vinna að undirbúningi lagagerðar vegna GATT-samkomulagsins, sem tekur væntanlega gildi um næstu áramót, er ekki skipuð fyrr en um miðjan mars. Hvað tafði? Það er ekki fyrr búið að skipa þessa nefnd en hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn., lýsir því yfir hér úr ræðustól á Alþingi að hann hafi nú ekki mikla trú á þeirri nefnd og hann hafi ekki mikla trú á því sem komi út úr því nefndarstarfi. Og hann lýsti nánast fyrir fram hér í kvöld ágreiningi við störf nefndar sem er rétt búið að skipa og er ekki farin að starfa. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Hvers konar traust ríkir hér á milli manna?

Virðulegur forseti. Ég þori nánast að ábyrgjast að þetta mál fer þannig að við verðum að því síðustu daga fyrir jól, ef það verður þá komið nokkuð frá þessari nefnd, að fjalla um þær reglur sem þá eiga að fara að taka gildi. Það liggur alveg ljóst fyrir að það verður ekkert afgreitt áður en þing verður sent heim í vor hvað þetta snertir. (**Forsrh.:** Hvað hvað snertir?) Hvað snertir frekari lagagerð vegna GATT. Það liggur alveg fyrir. (**Forsrh.:** Það hefur aldrei staðið til.) Það hefur aldrei staðið til, segir hæstv. forsrh. Þetta var afar athyglisverð yfirlýsing frá hæstv. forsrh. Nú segir hæstv. forsrh. hér: Það hefur aldrei staðið til að á þessu vorþingi væri afgreitt neitt hvað snertir lög sem varða GATT. Ég vona að hv. 3. þm. Austurl., formaður landbn., hafi hlustað vel. Nú geta menn borið þetta saman við digrar yfirlýsingar formanns landbn. á síðustu vikum. Það hefur aldrei staðið til að afgreiða nokkuð hvað þetta snertir á þessu vorþingi. Það hefur aldrei staðið til af hálfu hæstv. núv. ríkisstjórnar að fyrir mitt ár 1994 vissu menn nokkuð skapaðan hlut um það við hvaða aðstæður íslenskur landbúnaður og íslenskur matvælaiðnaður ætti að fara að vinna um næstu áramót. Og miðað við fyrri vinnubrögð hæstv. núv. ríkisstjórnar í þessu máli þá sjáum við ekkert um þetta mál þegar þing kemur saman í haust. Það þurfti að kalla eftir þeirri breytingu sem var alveg ljóst að þurfti að gera á búvörulögum á síðasta hausti. Það þurfti að kalla eftir henni vikulega frá því í byrjun október og fram yfir miðjan desember úr þessum stól áður en hún kom fram.

Það er ekki furða þó að hv. form. landbn. aki sér í stól sínum þegar hæstv. forsrh. er búinn að lýsa því hér yfir að það hafi aldrei staðið til að samþykkja eitt né neitt, setja eitt né neitt í lagaform hvað snertir GATT á þessu vorþingi. Þetta er kannski merkasta niðurstaðan úr þessari umræðu hér í kvöld.

Virðulegur forseti. Það væri freistandi að ræða við hæstv. utanrrh., taka í það svolítinn tíma, almennt um landbúnaðarmál og stöðu þeirra og það kerfi sem við búum við þar og þá yfirbyggingu sem menn hafa rætt um í kvöld að það þurfi að skera niður hjá landbún-

aðinum. Nú skal ég verða fyrstur manna til að taka undir það að við eigum að skera niður yfirbyggingu hvar sem við getum, eins og við getum. Við eigum að einfalda stjórnkerfin og að því hef ég unnið þar sem ég hef komist að því máli innan bændasamtakanna. Það er prinsippmál. En ef við förum síðan að skoða hvað allt þetta kerfi kostar, þá veltir það engu um matvælaverð hér á landi. Það hleypur ekki á þeim upphæðum að það breyti þar neinu um. Það er hins vegar rétt og mikilvægt að á þeim málum sé tekið fyrst og fremst til þess að allt stjórnkerfi sem atvinnugreinin þarf að búa við sé einfalt og skilvirkt. Það þjónar þeim tilgangi fyrst og fremst en ekki því að þar séu menn að skera niður einhver þau ósköp að það skipti sköpum í innlendu matvælaverði.

Hæstv. utanrrh. vill að landbúnaðurinn sé losaður úr því miðstýrða kerfi sem hann er í. Mér finnst stundum að það umhverfi sem hæstv. ráðherra tali um sé kannski það umhverfi sem var fyrir 5, 6, 7 árum síðan og hæstv. ráðherra hafi ekki fylgst almennilega með þessum málaflokki. Því að ef við tökum hefðbundnu greinarnar, hvað er þá eftir af því miðstýrða stjórnkerfi? Það sem stendur eftir er að íslenskir sauðfjárframleiðendur og íslenskir mjólkurframleiðendur hafa rétt til þess að skipta innlenda markaðnum á milli sín. Þeir bera fulla ábyrgð á allri framleiðslu. Þessu er skipt niður með framleiðslukvótum sem eru að fullu framseljanlegir.

Hæstv. ráðherra nefnir einnig, og þar ég ég honum sammála, *að við hljótum að nýta okkur þá möguleika* sem íslenskur landbúnaður á, m.a. varðandi útflutning á hágæðavöru. Hárrétt hjá hæstv. ráðherra. Hitt er svo annað mál að við höfum enga möguleika á að nýta okkur þetta á skipulegan hátt samkvæmt nýtísku markaðsfræði öðruvísi en menn hafi á því eitthvert skipulag og menn skipuleggi á einhvern hátt hvernig menn nýta innlenda markaðinn annars vegar og hinn erlenda hins vegar. Þetta gildir jafnt þegar við erum að þreifa okkur áfram á þessari braut og erum í þeirri stöðu að fá lægra verð á erlendum mörkuðum heldur en við fáum nú innan lands. Þetta gildir sömuleiðis ef það gerðist, sem við skulum vona, að við næðum því að fá hærra verð fyrir okkur útflutning heldur en það sem við erum að selja inn á okkar íslenska markað fyrir íslenska neytendur. Ég bendi einnig, hæstv. ráðherra, á það að það sem hefur haldið innlendri vísitölu niðri öðru fremur frá þjóðarsáttinni 1990 er lækkun á innlendum búvörum langt umfram aðra verðlagsþróun.

Það er svolítið sérstakt að hlusta á fulltrúa Alþfl. þegar þeir eru annars vegar að lýsa því hvernig við eigum að standa að okkar útflutningi í sjávarútvegi, þar sem við eigum að brjóta niður kerfin til þess að framleiðendurnir geti keppt hver við annan og fengið hærra verð. Þegar kemur aftur að innanlandsmarkaðnum þá á að brjóta niður skipulagið vegna þess að skipulagið heldur uppi verðinu. Það er svo margt í þessum málflutningi sem rímar ekki og stemmir ekki. Ég treysti mér ekki til þess að deila við hæstv. ráðherra um tæknileg atriði í framkvæmd utanríkisþjónustunnar, um tæknileg atriði í framkvæmd milliríkjasamninga. Ég get haft þar almenna pólitíska skoðun, en ég eftirlæt þeim sem vit hafa á um að úttala sig í smáatriðum um tæknilega útfærslu. En það virðist bara stundum að mönnum finnist svo auðvelt að tala um hluti sem þeir þekkja lítið til og grípa til þess að ræða um einhverja stöðu sem var kannski fyrir einhverjum árum síðan. Í það fellur Alþfl. m.a. og það ræddi ég við hæstv. utanrrh. í síðustu viku þegar hæstv. viðskrh. lét Reiknistofu háskólans reikna út hvað hver fjögurra manna fjölskylda á Íslandi gæti sparað ef innflutningshömlum *væri sleppt af búvörum. Þar fékk hæstv. ráðherra* út háar tölur. En hvernig fékk hann þær? Hann fékk þær með því að nota reiknitöluna, grunntöluna, verðin sem voru lögð til grundvallar tollígildunum vegna GATT, lægstu heimsmarkaðsverð sem fundust, ekki verð út úr búð heldur lægstu verð á hráefninu sem fundust á árunum 1986–1988. Síðan kemur hæstv. utanrrh. hér og lýsir því yfir með mikilli vandlætingu að þennan grunn sé ekki hægt að nota til að leggja á verðjöfnunargjöld eða tollígildi vegna þess að þetta sé verð sem hvergi er til.

Hæstv. ráðherra hristir höfuðið, en þetta er staðreynd. (**Gripið fram í:** Nei.) Þetta er staðreynd, hæstv. ráðherra. Mér þætti gaman að hæstv. ráðherra kæmi hér upp og mundi hrekja þessi orð mín. (**Gripið fram í:** Búinn að því.) Hæstv. ráðherra er ekki búinn að því.

Virðulegur forseti. Ég held að ég láti hér staðar numið og láti stjórnarliðana um það að taka við sviðinu. Ég hefði kosið að málið væri tekið aftur inn í *nefnd og við reyndum að fá botn í það áður en* þessari umræðu lýkur, hvað menn meina með þeim málflutningi sem hér er hafður í frammi. Að öðrum kosti hlýtur það að vera á ábyrgð stjórnarliðsins að afgreiða málið í því formi sem hér er.

Hæstv. forsrh. sagði í dag þegar hann var að túlka skoðanir okkar stjórnarandstæðinga í landbn. að við hefðum kosið að fylgja ekki tillögum formanns nefndarinnar til þess að slá einhverjar pólitískar keilur, eins og hæstv. ráðherra sagði. Ég vildi nú biðja hæstv. ráðherra að skoða feril þessa máls. Skoða það að fulltrúar Framsfl. í landbn. stóðu að brtt. með stjórnarflokkunum í vor sem leið til þess að reyna að eyða þeirri óvissu sem ríkisstjórnin í það minnsta þá vissi að þyrfti að eyða varðandi túlkun á búvörulögunum. Í öðru lagi, þrátt fyrir að sú lagabreyting sem kom hér fram á síðustu dögum fyrir jól væri þannig unnin, eins og lögfræðingarnir þrír sem títt er vitnað hér til sögðu, að hægt var að túlka það í þrjár áttir, þá teygðum við okkur þar eins langt og við gátum til samkomulags og studdum meginefni þeirrar lagagreinar að undanskildu því ákvæði sem sneri að málsmeðferð innan ríkisstjórnar. Þegar hins vegar kom í ljós að enn á ný eftir áramótin blossuðu upp illvígar deilur á milli stjórnarflokkanna um málið þá sögðum við einfaldlega: Hingað og ekki lengra. Nú verður það að vera stjórnarmeirihlutans að vinna úr þessu máli. En við stóðum ekki við það að fullu því þegar önnur útgáfa af breytingartillögum unnum — eða þriðja útgáfa, ég er farinn að ruglast í þessu — næstsíðasta útgáfa af breytingartillögum unnum af lögfræðingum landbn. kom

fram, þá sögðum við: Við skulum til þess að ná samkomulagi samþykkja þessa tillögu og standa að þeim með stjórnarmeirihlutanum. En hvernig fór? Það stóð nánast eldurinn aftur af hæstv. utanrrh. þegar hann geystist út úr þinghúsnu eftir að hafa séð þessar tillögur til þess að leita að hæstv. forsrh. til að tilkynna honum að hann gæti alls ekki sætt sig við þetta. Og eftirleikinn þekkja menn. Og er einhver hissa á því að við skulum ekki vilja standa að málinu í því formi sem það er komið í núna? Ég held að svo sé ekki.

[01:02]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. nefndi hér til einhverja leynilögfræðinga sem voru að fella stóra dóma um störf þingsins og þá eiða sem þingmenn hafa gert en treysti sér ekki af einhverjum ástæðum til að nefna þá. Ég býst við að virtir lögfræðingar eins og hv. þm. nefndi hefðu ekkert á móti því að vera frekar fyrir opnum tjöldum heldur en einhverjir leynilögfræðingar. Séu þeir ekki nefndir hér af einhverjum ástæðum, þá hlýt ég að halda mig við þann grunn að þessi lögfræðilegi hjúpur sem þarna var slegið upp hafi verið þau ummæli sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að fjalla um í lögfræðinni, en hv. þm. ekki talið það nógu virðulegt og þess vegna sagt að það væri hópur virtra lögfræðinga sem hann treysti sér er ekki til að nefna. En það má vel vera að hv. þm. komi hér á eftir og greini frá þessum virtu lögfræðingum, hvað þeir heita, því ég er viss um það að þessir kollegar mínir vilja ekki vera einhverjir leyndarmenn hér í salnum heldur er ég fullviss þess að hv. þm. megi nefna þá sem stóðu fyrir þeim stóru dómum sem hann sérstaklega nefndi.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. nefndi að væri stórfrétt kvöldsins að ekki hefði staðið til hér að staðfesta GATT-samninga eða ljúka nefndarstörfum fimm manna nefndar og klára þau mál fyrir þinglok — sem er nú ekki nema einn og hálfur mánuður eftir og páskarnir í mínus — þá er ég hræddur um að hv. þm. hafi ekki fundið neina stórfrétt þar. Þetta held ég að allir hafi vitað hér í þingsalnum nema þá kannski hv. þm. Hann hafi ekki vitað það.

Í þriðja lagi þá tek ég eftir því bæði af orðum hv. þm. og hv. þm. Páls Péturssonar hér fyrr í dag að báðir þingmennirnir sjá eftir því og líta á það sem mistök, þó þeir vilji ekki viðurkenna það beint, að hafa ekki skrifað upp á nefndarálit hv. formanns landbn. Það kemur glöggt fram að þeir líta á þetta sem mistök af sinni hálfu. En ég skil mjög vel að þeir hafi lent í þessum ógöngum af því að þeir ætluðu að reyna að verða sér úti um smávegis pólitískan ávinning og ég skil það.

Varðandi GATT sem nefnt er, þá býst ég við að ég verði að koma hér í seinna andsvarinu ef ég fæ tækifæri til, það reynir á hv. þm. og bæta því við því tíma mínum er lokið.

[01:04]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég nefndi áðan að ég mun fara fram á það milli 2. og 3. umr. að við fáum lögfræðilegt mat á þeim vinnubrögðum sem hér eru viðhöfð við þessa afgreiðslu og við skulum láta það tala.

Það er afar sérstætt að heyra hæstv. forsrh. koma hér upp hvað eftir annað, fyrst í dag og aftur núna, og gera bæði þeim sem hér stendur og öðrum upp skoðanir um hvað þeir vildu hafa gert. Nei, svo sannarlega vildi ég ekki hafa tekið þátt í þeim skrípaleik sem meiri hluti Alþingis er hér að setja á svið varðandi lagasetningu. Það hefur aldrei staðið til.

Ég hlýt hins vegar að lokum að ítreka þá spurningu til hæstv. ráðherra hvað hann átti við í sjónvarpsfréttum fyrir nokkrum vikum þegar hann sagði að það væri afskaplega lítið í þessum GATT-samningum fyrir okkur Íslendinga og það væri alveg undir okkur komið hvenær og ef ég man rétt nánast hvort við mundum samþykkja Úrúgvæ-lotu GATT-samninganna. Þetta fannst mér skjóta algerlega skökku við alla þá umræðu sem hafði farið fram hér á Alþingi. Það er bara einn þingmaður sem ég man eftir sem hefur opinberlega lýst því yfir að hann sé á móti GATT og hann er reyndar í þingflokki hæstv. forsrh., hv. 6. þm. Suðurl. sem hefur lýst því yfir úr þessum ræðustól.

[01:06]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er merkilegt að þingmanninum hafi komið það á óvart að ég hafi sagt að það væri undir okkur sjálfum komið hvort við staðfestum GATT. Vissi þingmaðurinn ekki að þingið verður að staðfesta GATT? Þar með er það undir okkur komið. Síðan er aftur annað mál hvort menn vilja gera það eða ekki. Það er önnur saga. Ég var að útskýra að það væri undir okkur komið, það yrði að staðfesta GATT hér í þinginu, það vissu ekki allir. Það kom fram í hinni opinberu umræðu að menn vissu það ekki og ég nefndi það sérstaklega.

Í öðru lagi vakti ég athygli á því fyrirkomulagi sem er varðandi GATT-samningana því þar hafði líka verið misskilningur í hinni opinberu umræðu. Tímasetningin um GATT er ekki bindandi í sjálfu sér fyrir okkur. Við getum samþykkt hér í þinginu að gerast aðilar að GATT-samkomulaginu í samræmi við hina nýju lotu GATT. (Gripið fram í.) Hv. þm. á ekki að vera að snúa út úr þessu, hann á að vita betur. Við getum ákveðið þetta sjálfir og án þess að það sé í sjálfu sér stórkostlegur skaði skeður. Menn eru ekki að brjóta þann viðræðugrundvöll sem menn hafa farið í gegnum, hvort sem menn gera það mánuðinum fyrr eða síðar eða missirinu fyrr eða síðar. Það er frjálst. Á hinn bóginn eru þær upplýsingar sem ég hef núna, sem ég hef ekki náð að kanna, að ef það dregst lengur en tvö ár, þá kunni að þurfa að ræða það sérstaklega, þá staðfestingu. Við drógum það síðast í 19 ár að staðfesta þá samninga sem við höfum tekið þátt í varðandi GATT, þannig að það er mönnum frjálst. En ég hygg, eins og ég sagði í fyrri ræðu minni, að það sé mikill vilji til þess að Íslendingar taki almennt þátt í þeim alþjóðlegu samningum sem um er að ræða. Menn verða hins vegar að átta sig á því hvaða tímamörk eru í þessum efnum. Menn verða að þekkja það sem þeir eru að ræða.

[01:08]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. forsrh. svaraði því ekki sem ég spurði hann að, hvað hann átti við þegar hann sagði í umræddu sjónvarpsviðtali að í þessum GATT-samningum fælist afskaplega lítið fyrir okkur Íslendinga. Mér er fullkomlega ljóst að Alþingi Íslendinga þarf að staðfesta Úrúgvæ-lotuna. Mér er jafnljóst að þó að það hafi dregist í 19 ár að samþykkja hina fyrri lotu, þá er hún afar mikilvæg fyrir okkur fyrir margra hluta sakir og ég hef enga trú á því að það sé nokkur vilji fyrir því á Alþingi að láta reyna á einhvern tveggja ára frest sem við höfum til þess að staðfesta Úrúgvæ-lotuna. Ég er þeirrar skoðunar að þar sé það mikið í húfi að við hljótum að fullgera hann svo fljótt sem hann liggur fyrir og við munum ganga til þess samstarfs eftir því sem við getum á sama tíma og aðrar þjóðir. Um þetta hélt ég að væru ekki deilur, í raun ekki pólitískar deilur hér á landi og þess vegna kom mér afar mikið á óvart þessar yfirlýsingar hæstv. forsrh. á opinberum vettvangi um gildi GATT fyrir okkur og að okkur lægi ekkert á að samþykkja hann.

[01:10]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málsins vegna er nauðsynlegt að svara þó ekki væri nema einni spurningu hv. þm. Hann vekur máls á því hvort Alþingi sé með samþykki frv. sem hér liggur fyrir að skilja við málið í fullkominni réttaróvissu. Er einhver vafi á því yfir hvaða vörusvið bannheimildir hæstv. landbrh. ná? Nei, enginn vafi. Það er tíundað í viðauka sem hefur lagagildi. Er einhver vafi sem leikur á því yfir hvaða vörusvið verðjöfnunargjaldaheimildir hæstv. landbrh. ná? Svar við því er líka alveg skýrt. Nei, það nær yfir þær vörur, þá tollflokka, sem tíundaðir eru í viðaukum og hafa lagagildi, þó með þeim fyrirvara að það nær ekki til annarra innfluttra vara en þeirra sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, af sjálfu leiðir, verðjöfnunargjöld eru ekki lögð á aðrar vörur.

Er þá einhver vafi á hvert er forræði hæstv. landbrh. varðandi hvort heldur er leyfisveitingarbönn og verðjöfnunargjaldaheimildir? Svar: Nei, það er enginn vafi á því vegna þess að það er tíundað í viðauka með þessu lagafrv. sem hefur lagagildi. Er einhver vafi á að þetta frv., breyting á búvörulögum, tekur ekki til framtíðarskipunar tollamála að því er varðar GATT? Svar við því er líka alveg skýrt. Nei, það er engin vafi á því. Það var í ákveðnu frv., sem var til umfjöllunar í nefnd, grein, kölluð grein 2.4, um framsal á slíkum verðjöfnunargjaldaheimildum til landbrh. en hún var tekin út. Þannig að enginn vafi leikur á því, enda staðfest í athugasemdum með stjfrv., yfirlýst af ráðherrum, landbrh., forsrh. og utanrrh., að það mál fer í nefnd sem samkomulag er um milli stjórnarflokkanna. Það er því ekki rétt að verið sé að bjóða upp á réttaróvissu fyrir þá sem eiga að búa við þessi lög sem eru til bráðabirgða þangað til af gildistöku GATT verður.

[01:12]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil bara biðja menn að bera þetta andsvar hæstv. utanrrh. saman við nál. 1. minni hluta. Og spyrja svo hvort það sé enginn vafi. Því það nál. gengur í öllum atriðum þvert á þá túlkun sem hæstv. utanrrh. viðhafði hér rétt áðan. Hins vegar get ég verið sammála hæstv. utanrrh. hvað það snertir að ef við tökum inn í þetta orð hæstv. forsrh. áðan sem sagði: Nál. segja ekkert, lagagreinin segir allt. Ef við tökum þessa túlkun þá liggur hin strípaða túlkun á lagatextanum eins og hann kemur fyrir miklu nær því sem hæstv. utanrrh. sagði í sínu andsvar núna heldur en hv. formaður landbn. og hæstv. landbrh. og reyndar einnig hæstv. forsrh. hafa haldið fram þangað til hann kom með hina nýju skýringu sína hér áðan að það væri ekkert mark takandi á nefndarálitunum.

Í mínum huga er það enn þá skýrara eftir þetta andsvar en áður að ef á að vera hægt að túlka þessa lagabreytingu eitthvað í líkingu við það sem kemur fram í nál. 1. minni hluta, þá verður það ekki gert á annan hátt en þann að Alþingi skeri úr um það. Ef Alþingi gerir það ekki þá hlýtur túlkun á þessum lögum að vera mjög nálægt því sem hæstv. utanrrh. lýsti í sínu andsvari.

[01:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég bar fram ósk til forseta fyrir nokkru síðan og óskaði eftir að forseti svaraði því hvort ekki væri rétt að fresta umræðunni a.m.k. áður en mælendaskrá væri tæmd og henni lyki þannig að mönnum gæfist tóm til að vega og meta og yfirfara ýmis tíðindi sem hafa orðið í umræðunni áður en umræðunni lyki og þar með talið að taka til umfjöllunar óskir um að landbn. tæki málið til skoðunar á nýjan leik og fari yfir nýjar upplýsingar því tengdar. Ég óska nú eftir því að forsetar svari óskum af þessu tagi og auðvitað helst verði við þeim. Það er nú búinn að standa hér allmikill fundur þannig að að breyttu breytanda væri ekki óeðlilegt að fara að láta nótt sem nemur og taka frekar upp þráðinn í umræðunni aftur á venjulegum fundartíma á morgun. Auk þess tel ég að fyrir því séu vel grunduð efnisleg rök að verða við þessari ósk núna, ekki síður en t.d. því að verða ítrekað við óskum Sjálfstfl. um að fresta atkvæðagreiðslu um hafnalög.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur hugsað sér að reyna að ljúka þessari umræðu og minnir á að þetta er ekki síðasta umræða um málið, 3. umr. er eftir. Hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi að það væri hugsanlegt að taka málið til nefndar á milli umræðna. Þó forseti ætli ekki að hafa afskipti af því þá vill forseti endilega reyna að ljúka þessari umræðu og það virðist vera að það sé kannski ekki svo óskaplega langt í land eins og málið lítur út þessa stundina.

[01:17]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég nefndi þann möguleika að það væri hægt að skoða þessi mál á milli 2. og 3. umr. En það var reyndar að frágengnu því sem ég nefndi einnig að auðvitað væri eðlilegast að nefndin liti á þetta mál frekar áður en þessari umræðu lyki. Ekki minnkaði ástæðan til þess eftir andsvar hæstv. utanrrh. áðan ef við skoðum það í ljósi ræðu og andsvara hæstv. forsrh. hér í kvöld. Ég tel því afar mikilvægt að við náum einhverjum botni í þetta mál.

[01:18]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram í dag fór af stað með sérkennilegum hætti og sérkennilegum nefndarálitum eins og fram hefur komið. Ég hygg nú samt að hv. þm. sem ekki eru hér staddir hafi ætlað að umræðunni mundi ljúka í kvöld og hafi ekki séð fyrir þá sérkennilegu umræðu sem hér hefur átt sér stað eftir kvöldmatarhléið. Sannleikurinn er sá að málið hefur tekið enn eina nýja stefnu núna eftir að hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. hafa farið í stórorrustu um túlkun málsins og þeirra nál. sem fyrir liggja. Málið er því enn þá óljósara eftir þessa lotu og vil ég nú skora á forseta að fresta umræðunni þannig að það gefist tími til að ræða málið til hlítar í 2. umr. svo það skýrist eitthvað við 2. umr. þó 3. umr. sé eftir.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill ítreka það sem hún hafði áður látið koma fram að hún hefur hugsað sér að leitast við að ljúka umræðunni á þessari nóttu.

[01:20]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hef verið að fylgjast með þessum umræðum hér í dag og fram eftir kvöldinu til að reyna að átta mig á því hvað stæði á bak við það að við höfum fengið mál með svona sérkennilegum hætti inn í þingið. Og mér finnst ég vera nokkru nær en það er eitt sem ég hef sannfærst um og það er að þingið getur ekki afgreitt málið frá sér eins og hér er fyrir lagt. Það er þinginu til svo mikillar niðurlægingar að ég trúi því ekki að svo muni fara. Það hlýtur að vera krafa til Alþingis að það gangi þannig frá málum að það sé ekki augljós ágreiningur þar sem þingmenn hnakkrífast um hvað það þýði sem þeir hafa lagt fyrir þingið. Ég tek þess vegna undir þá kröfu að hér verði látið staðar numið í umræðunni og að menn taki þetta mál aftur til skoðunar með það fyrir augum að reyna a.m.k. að ná samkomulagi um hvað það þýði sem verið er að fjalla um í þinginu en séu ekki að koma með lagatexta sem þeir eru sammála um en ósammála um hvað þýði.

[01:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég er afar ósáttur við þennan úrskurð forseta ef forseti ætlar sér að halda við hann.

Ég tel að við stjórnarandstæðingar verðum ekki sakaðir um að hafa lagt stein í götu þessa máls og yfirgnæfandi meirihluti ræðutímans, sem hefur staðið á tveimur fundardögum, á fimmtudaginn var og í allan dag og í kvöld og í nótt, hefur fallið í hlut stjórnarsinna sem hafa deilt hart í málinu. Ég tel það vera tiltölulega hógværa ósk og jafnframt vel ígrundaða og rökstudda að fara nú fram á það þegar klukkan er að verða hálftvö að nóttu og hér er búinn að standa fundur stanslaust síðan hálftvö í dag og þar af umræður um þetta mál síðan klukkan hálffjögur, nánast sleitulaust, að umræðunni verði nú frestað. M.a. vegna þess að hér eru mjög margir fjarverandi sem myndu þá eiga þess kost að kynna sér það sem hér hefur fram komið.

Það eru sömuleiðis, hæstv. forseti, ærin rök fyrir því að taka til athugunar og fyrirgreiðslu óskir af þessu tagi nú þegar Alþingi starfar í einni málstofu og einungis tvær umræður eru til þess að flytja breytingartillögur og skila nefndarálitum við mál. Sá er munurinn ef hæstv. forseti verður við þessari ósk að þingið á þá þess kost að kalla til baka þau nefndarálit sem nú liggja fyrir og/eða skila framhaldsnefndarálitum og flytja nýjar breytingartillögu, eftir atvikum draga þá til baka sem nú liggur fyrir og flytja nýja, betur útfærða og skýrari og afdráttarlausari. Menn myndu þar með forða sér frá þeirri niðurlægingu að ganga til afgreiðslu á málinu undir þeim kringumstæðum sem hér hafa skapast í umræðunni. Er það virkilega þannig að það hvarfli ekki að fleirum en ræðumanni að það gæti verið þess virði að velta því fyrir sér hvort ekki væri hægt að hafa aðeins meiri reisn yfir afgreiðslu Alþingis á málinu en nú stefnir í?

Nú síðast fyrir nokkrum mínútum kom hæstv. utanrrh. upp og gerði hvað? Hann túlkaði með gjörsamlega gagnstæðum hætti grundvallaratriði málsins borið saman við það sem kemur fram í áliti 1. minni hluta og er það bara ekkert mál? Hæstv. forsrh. situr með fingur á vör og starir út í tómið eins og ekkert sé sjálfsagðara en að stýra ríkisstjórn þar sem ráðherrar gangast á með þessum hætti. (**Forsrh.**: Á ég að horfa á þingmanninn?) Til dæmis. Að minnsta kosti sýna að hæstv. forsrh. væri með meðvitund undir umræðunum.

Ég tel satt best að segja, hæstv. forseti, að þetta séu þvílík tíðindi, mér liggur við að segja í þingsögunni, sem eru að verða með þessum nefndarálitum og þessum orðaskiptum stjórnarsinna og hæstv. ráðherra að það sé með hreinum ólíkindum ef menn sjá ekki ástæðu til að verða við ósk af því tagi að fresta umræðunni og halda henni þá frekar fram á venjulegum tíma á morgun. Þó mér segi svo hugur um að þá kynni að verða lengri frestun á ef menn fengju að sofa á málinu eins og eina nótt.

Ég er óánægður með þennan úrskurð forseta og fer fram á að hann verði endurskoðaður.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. þm. hefur fullan rétt á að vera óánægður með úrskurð forseta en hann er engu að síður endanlegur hvað þetta varðar. (**SJS**: Endanlegur?) Forseti hyggst ljúka umræðunni á þessari nóttu eins og komið hefur fram. Það eru tveir hv. þm. á mælendaskrá þessa stundina.

[01:25]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegur forseti. Ég hef nú í tveimur ræðum við þessa umræðu gert grein fyrir þessu máli og ætla ekki að endurtaka það sem áður hefur komið fram í þeim efnum enda held ég að það sé allt saman nokkuð skýrt. (**SJS:** Sammála utanrrh.)

Hins vegar er tvennt sem mér finnst ástæða til að taka hér fram. Það er í fyrsta lagi að hér hefur verið talað um að nefndarálit okkar sjálfstæðismanna hafi verið samið og gengið frá því með því plaggi sem lagt var fyrir nefndina 14. febr. Það er rétt að það voru lögð fram drög að nefndarálitinu en endanlega var ekki frá því gengið fyrri heldur en mánudaginn fyrir síðasta fund okkar. Ég veit að hv. þm. Gísli S. Einarsson veit það vel því hann fékk nefndarálitið þá um kvöldið og þurfti reyndar eftir því að bíða vegna lokafrágangs eftir að breytingartillögur voru gerðar. Það var því búið að ganga frá tillögunum í endanlegu formi áður en gengið var frá nefndarálitinu. Þetta vil ég að liggi alveg ljóst fyrir.

Síðan er það annað atriði sem ég vildi líka undirstrika. Ég veit ekki hvort hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon heyrir mitt mál. (**SJS:** Ég heyri.) Ég geri það nú m.a. vegna þess að eins og ég hef áður sagt þá voru hans áherslur í landbn. skýrar að þessu leyti. Þá á ég við 1. mgr. 72. gr., sem reyndar var grundvöllur að því að ekki var annað hægt en að fara inn í 72. gr. eftir að búið var að leggja drög að breytingum að 52. gr. eins og frv. landbrh. gerði ráð fyrir.

Til viðbótar við það sem kom fram hjá hæstv. landbrh. áðan þá vildi ég taka það alveg sérstaklega fram að heimild landbrh. í þessari grein er með öðrum hætti en hefur komið fram áður í frv. eða lagabreytingum að því er varðar 72. gr. 72. gr. verður núna sjálfstæð nema að því að hún vitnar til viðauka I sem tilheyrir 52. gr. en að öðru leyti verður hún sjálfstæð. Þar segir: „Landbrh. er heimilt til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur.“

Þetta er heimild landbrh., þ.e. að tryggja samkeppnisaðstöðu innlendrar landbúnaðarframleiðslu. Þessi merking er alveg skýr. Mér finnst ástæða til að taka það fram sérstaklega í þessu sambandi og veit að aðrir landbúnaðarnefndarmenn geta vitnað þar um að skýringin við þessa lagagrein kom strax fram 14. febr. í þeim drögum sem þá lágu fyrir og fylgdi málinu í allri umræðunni í landbn. Það kom aldrei fram í nefndinni önnur túlkun eða annar skilningur en sá sem um getur í þessum drögum að nál. Það er því algjörlega ljóst að landbn. var fullkomlega meðvitandi þess strax 14. febr. hvað fólst þessu ákvæði.

Þetta vildi ég líka að kæmi hér skýrlega fram. Að þessu var ekkert hrapað í afgreiðslu málsins og það er afar þýðingarmikið að það skuli liggja fyrir að skýringartextinn í drögum að nál. frá 14. febr. er alveg ótvíræður að þessu leyti. Þetta segi ég til viðbótar við þær áherslur sem komu fram hjá hæstv. landbrh. að þessu leyti. (**SJS:** Hvað segirðu um ræðu utanrrh.?)

Að endingu vildi ég gjarnan aðeins mæla örfá orð til hæstv. utanrrh. Það er þá í fyrsta lagi að því er varðaði ummæli hans út af því sem ég talaði til hv. þm. Gísla Einarssonar, þá tók ég það sérstaklega fram að það væri auðvitað ekkert við það að athuga þó að menn sæktu sér texta og ráð í annarra manna hús, enda er það hárrétt að grundvöllur að tillögugerð okkar fjórmenninganna og nál. okkar sjálfstæðismanna er vissulega sóttur til þeirra lögfræðinga sem voru okkur til aðstoðar. Hitt sagði ég að þetta nál. væri að því leyti niðurlægjandi fyrir þingmanninn að hann hlyti að vita betur um það hvað í því fælist en efni þess gæfi tilefni til. Þetta var það sem ég sagði.

Meðan hæstv. utanrrh. var með sáttatón í ræðu sinni, þá hafði hann reyndar orð á því að það væri fyrst og fremst einn alþingismaður, formaður landbn., sem spillti friði í þessum málum. (Gripið fram í.) Þetta vil ég kalla grjótkast úr glerhúsi. Ef maður fer aðeins yfir þetta ferli þá var það ekki fyrir atbeina formanns landbn. Alþingis að það varð að fresta þingi án þess að afgreiða þessi mál í vor sem leið og ég minni á það sem ég sagði að allar undirskriftir voru í góðu lagi, m.a. var nál. meiri hlutans þá undirritað af fulltrúa Alþfl. í landbn. Þessu greindi ég frá áðan. Síðan kannast menn við ferlið í fyrrasumar og fyrrahaust allt til jóla og þar var formaður landbn. hvergi á ferli. Það var ekki hann sem veitti heimild fyrir tollafgreiðslu á kjúklingalærum á Keflavíkurflugvelli, svo dæmi séu nefnd, né hafði sérstök áhrif á það t.d. gagnvart stórfyrirtækjum hér í bænum að það yrði hafinn innflutningur af þessum toga. Það var ekki formaður landbn. sem egndi til ófriðar að þessu leyti.

Það frv. sem var lagt fram og er til umræðu og er tilefni til breytinganna á 72. gr. var ekki flutt af formanni landbn. En það var skýrlega um það talað, m.a. í þingflokki Sjálfstfl., m.a. af forsrh., að það væri fullkomlega eðlilegt að leiðrétta þá annmarka sem þegar voru komnir fram á löggjöfinni. Þetta eru staðreyndir málsins í þessum efnum. Það er svo aðeins við þetta því að bæta, sem hv. alþm. er væntanlega öllum ljóst, að á milli stjórnarflokkanna er ágreiningur um þessi efni. Það hafa fleiri stjórnmálaflokkar, held ég, lent í því í samstarfi við Alþfl. Ég vona satt að segja, ef menn ætla að komast hjá brotlendingu þegar málið verður tekið til meðferðar næst í þinginu, að menn hafi þá fengið þá reynslu af þessari umræðu sem leiðir til þess að tillögur verði með þeim hætti að þær þjóni þeim íslensku hagsmunum sem við viljum sérstaklega leggja til grundvallar. Ég trúi því að eftir að málið hefur verið upplýst með þessum hætti, m.a. með nál. hv. þm. Gísla Einarssonar, átti menn sig á því að það verði ofraun fyrir ríkisstjórnina að ætla að taka þriðju lotuna í ágreiningi um þetta mál þegar það verður tekið til umfjöllunar og afgreiðslu síðar á þessu ári.

Að síðustu vil ég bara rétt undirstrika það, sem hefur komið hér fram hjá hæstv. landbrh. og reyndar líka hjá hæstv. forsrh. að í þessum efnum er best að haga málum þannig að menn kunni fótum sínum forráð. Það er alveg ljóst að þegar fjallað verður um staðfestingu á væntanlegu GATT-samkomulagi þá þurfa þessi mál að liggja skýrlega fyrir því það gæti farið svo að það

hefði áhrif á afstöðu manna til málsins ef svo væri ekki. Þetta vildi ég allt saman taka fram í þessum efnum um leið og ég lýk máli mínu, virðulegi forseti.

[01:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Egill Jónsson hafði um það þau orð í ræðu fyrr í kvöld að margt í nál. 2. minni hluta væri með ódæmum. Nú kom hv. þm. hér upp og taldi að málin væru nú að nokkru leyti fullskýrð en vék sér hins vegar með öllu undan því að svara síðustu tíðindaræðunni í umræðunni sem var andsvarsræða hæstv. utanrrh. Málið er nákvæmlega á byrjunarreit, ágreiningur stjórnarflokkanna er með öllu óleystur, kristallast undir lok umræðunnar eins og hann liggur fyrir og er lýst í gagnstæðum nefndarálitum og nú í ræðum trekk í trekk. Síðast kom þessi grundvallarágreiningur fram í mjög skýrri og stuttri andsvarsræðu hæstv. utanrrh.

Hv. þm. Egill Jónsson getur flutt eins margar ræður og fara gerist. Það mun ekkert breiða yfir það úr þessu að það er ætlun stjórnarflokkanna, að því er best verður séð, studd af forsetum sem hafna óskum um að fresta umræðunni, að knýja þetta mál til afgreiðslu við þessar aðstæður. Er það framtíðin sem á að bjóða okkur upp á hér að stjórnarflokkarnir skili bara gagnstæðum nefndarálitum og það verði kannski bara venjan í meiri háttar málum að stjórnarflokkarnir skili hver sínu nefndarálitinu sem fylgiskjölum með stjórnarfrumvörpum og túlki niðurstöðurnar út og suður? Er það þannig sem menn vilja ganga frá þessu? Er ekki sæmst að viðurkenna að þetta hefur mistekist með öllu, það stendur ekki steinn yfir steini í samskiptum og svokölluðu samkomulagi stjórnarflokkanna um þessi mál? Við erum komin aftur á byrjunarreit. Sláum striki yfir allt sem reynt hefur verið fram að þessu og tökum málin upp á nýjan leik. Það er eina vitið.

Ég ítreka ósk mína til hæstv. forseta um að hann leggi lið sóma Alþingis með því að fresta umræðunni, sjái til þess að henni ljúki ekki og haldi því opnu að unnt sé að flytja brtt. við 2. umr. málsins og reyna að bjarga því sem bjargað verður.

Forseti (Sturla Böðvarsson:

Forseti minnir á þann úrskurð sem hér hefur verið kveðinn upp varðandi umræðuna og væntir þess að henni megi ljúka.

[01:42]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta andsvar gefur ekki tilefni til mikilla svara af minni hálfu. Ég hef áður skýrt þetta mál og túlkað það með skýrum hætti hvað efnislega felst í brtt. okkar fjórmenninganna. Ég mundi kannski rétt til viðbótar mega benda á það, svo það tapaðist ekki alveg niður, að stjórnarandstaðan hefur líka flutt brtt. og þær eru svo að segja sama efnis og brtt. okkar fjórmenninganna þannig að þegar menn eru að spyrja út og suður um það hvað þetta mál þýði þá vitna ég til þess að á borðum manna eru tvær tillögur, svo að segja alveg sama efnis, þannig að menn geta farið í eigið hús til þess að meta það hvað felst í slíkum tillögum.

[01:44]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrra lagi þá þýðir náttúrlega ekki fyrir hv. þm. Egil Jónsson að láta eins og það skipti engu máli að skýr og afdráttarlaus túlkun hæstv. utanrrh., sem fer með viðskiptamál að hluta til því utanríkisviðskipti heyra undir það ráðuneyti, og sem jafnframt er formaður annars stjórnarflokksins, á þessum lagatexta skipti engu máli þegar hún er alveg í gagnstæða átt við það sem hv. þm. er í sínu nál. og ræðum að rembast við að halda fram. Allt svo, það er ekki hægt að ganga fram hjá því sem atriði sem engu máli skiptir þegar ráðherra í ríkisstjórn gefur yfirlýsingar af þessu tagi sem hér var gert af hálfu hæstv. utanrrh. Nú er ég ekki bandamaður hæstv. utanrrh. hvað afstöðu í málinu varðar. Það breytir engu um að það væri mikill barnaskapur að ímynda sér að menn gætu bara látið sem ekkert væri og það sé ekkert mál, grúfa sig bara ofan í textana sem voru skrifaðir fyrir löngu síðan og halda sig við þá og hanga eins og hundar á roði á því. Málið er ekki svona einfalt. Það mun koma á daginn, jafnvel þó að menn olnbogi þessu í gegnum Alþingi með þessum hætti, að hér hafa orðið heilmikil tíðindi sem munu draga dilk á eftir sér.

Í öðru lagi varðandi það sem hv. þm. segir um brtt. okkar stjórnarandstæðinga þá eru þær í tveimur grundvallaratriðum frábrugðnar því sem varð niðurstaðan af moðsuðu stjórnarflokkanna. Þarna er ekki þessi tilvísun til innlendrar vöru, sem samkvæmt túlkun Alþfl. þrengir valdsvið landbrh., og GATT-tengingunni er haldið inni.

Þetta veit hv. formaður landbn. og á auðvitað ekki að reyna undir lok umræðunnar að fara að koma með einhverjar barnalegar túlkanir um það að þetta sé nánast sami hluturinn. Við vitum það báðir allt of vel að brtt. sem nokkuð góð sátt var að skapast um í landbn. voru eyðilagðar þegar látið var undan kröfum Alþfl. í tveimur veigamiklum atriðum.

[01:46]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bændur jafnt sem neytendur eiga á því rétt að fá að vita hvort hér sé verið að bjóða í lagatexta upp á einhverja réttaróvissu eða skýr svör. (Gripið fram í.) Það vill svo til að þeir þurfa ekki að óttast það. Með leyfi forseta hljóðar textinn svo:

„Landbrh. er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðauka I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi."

Skýrara þarf það ekki að vera. Bannheimildirnar eru skýrar, þær eru í viðaukum sem hafa lagagildi. Verðjöfnunargjaldaheimildirnar eru skýrar, þær eru í viðaukum sem hafa lagagildi en eiga við vörur sem jafnframt eru framleiddar hér á landi, að sjálfu leiðir. Um GATT þarf ekkert að vera að þvæla, textinn sem var í

upphaflegu frv., sem landbn. hafði til umfjöllunar, grein 2.4, um það mál var tekinn út. Fyrir liggja yfirlýsingar um það hvernig um það mál verður fjallað í framtíðinni og sem betur fer er rík ástæða til að ætla að um það geti orðið góð samstaða.

Það er ekki verið að bjóða upp á óvissu og þess vegna geta hv. þm. greitt lagatextanum, sem hér liggur fyrir, atkvæði með góðri samvisku. Það hefði verið fullkominn friður um þetta mál frá upphafi vega ef sú niðurstaða hefði verið eins og var í stjfrv. frá upphafi.

[01:48]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér var reyndar ekki um andsvar að ræða af hendi hæstv. utanrrh. Í lagatextanum frá upphafi, sagði hæstv. utanrrh. Um þetta var ekki fjallað í frv. eins og það var lagt fram og eins og ég hef áður sagt og skýrlega hefur reyndar verið tekið fram af öðrum landbúnaðarnefndarmönnum þá skapaði óvissu sú breyting gagnvart upphafi 72. gr. þannig að það kom af sjálfu sér að það þurfti að rétta kúrsinn í þeim efnum.

Það er alveg ljóst að hér er skýrlega frá sagt hvað felst í þessari grein. Landbrh. er heimilt, til þess að jafna samkeppnisstöðu innlendra og innfluttra vara, að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur.

Eins og ég hef áður sagt þá gildir það einu hvort þar er um að ræða erlendar eða innlendar landbúnaðarvörur ef þar er fylgt ákvæðum samninga sem við erum aðilar að.

Það sem ég vildi hins vegar árétta sérstaklega í þessum efnum, af því að ég sé hér sitjandi hv. þm. Ingi Björn Albertsson, er að ég hef alltaf og það hefur komið fram áður, vissar áhyggjur af þessum viðaukum I og II og minni enn einu sinni á það sem hefur komið fram reyndar í þessari umræðu áður af minni hálfu að í þessum efnum og sérstaklega gagnvart þeim fæst reynsla þegar farið verður að vinna eftir þessum lögum sem vonandi og þarf að verða hið bráðasta.

[01:50]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta mál, sem hér er komið til 2. umr. eftir fádæma skrautlegan feril í gegnum tíðina, var flutt til þess að eyða réttaróvissu um innflutning landbúnaðarafurða. Málið hefur snúist um það í kvöld hvort það hefur gerst. Hvort þetta mál, ef það verður samþykkt við 2. umr. og hlýtur síðan samþykki við 3. umr., eyðir réttaróvissu um þetta mál. Málið hefur löngum þótt illskiljanlegt og hæstv. forsrh. lét svo um mælt í sjónvarpsviðtali frekar en útvarpsviðtali ef ég man rétt að það skildu þetta mál fáir, hann varla sjálfur, og satt að segja hafi það verið illskiljanlegt áður þá er það ekki frekar skiljanlegt eftir þessa umræðu sem farið hefur fram hér í kvöld eða það hafi lokið upp þeim leyndardómum hver er endanleg lagatúlkun í þessu máli. Satt að segja hafa staðið um málið stórdeilur, það hafi verið túlkað sitt í hvora áttina. Það er auðvitað skylda ef hv. þm., hæstv. ríkisstjórn og forsn. bera einhverja virðingu fyrir þingstörfum að kalla málið inn til nefndarinnar aftur eða að öðrum kosti að fresta þessari umræðu svo það sé hægt að ræða þetta mál til hlítar og fá skýringu á þeim atriðum sem hér hafa komið fram í kvöld.

Ég vil minna á að það hafa verið bornar fram málefnalegar fyrirspurnir um málið af hv. 5. þm. Reykv. Því er svarað á þann veg af hv. formanni landbn. að hann hafi vissar áhyggjur af því máli sem fyrirspurnin var um. En ef ég skildi hann rétt þá sagði hann að það yrði að koma í ljós hvernig þetta reyndist. Ég vil minna á það að við 2. umr. málsins er atkvæðagreiðsla um einstaka þætti þess. Atkvæðagreiðslan við 3. umr. er allt annars eðlis. Þá er tekin afstaða til málsins í heild þannig að það er alls ekki viðunandi að keyra þetta mál áfram þannig að umræðu verði lokið um það. Ég vil nú skora á hæstv. forseta að endurskoða þá ákvörðun forsn. að ljúka umræðunni á þessari nóttu. Það væri ekkert athugavert við það að gera örstutt fundarhlé til að láta þá endurskoðun fara fram ef forsn. hæstv. þarf að bera saman ráð sín um málið þá er auðvelt að gera fundarhlé í tvær til þrjár mínútur til að tóm gefist til þess. Ég þekki það af fyrri reynslu að það getur verið þörf á slíku samráði og miðað við breyttar aðstæður. Því það er satt að segja móðgun við bændur landsins og það fólk sem vinnur í landbúnaði og atvinnugreinina sem heild að afgreiða málið frá þinginu með þessum hætti. Það er náttúrlega gjörsamlega óþolandi að það verði gengið til þessa verks eins og hér er ætlunin og raunin á.

Það hafa fallið ýmis gullkorn í þessari umræðu og það væri að æra óstöðugan að tína það allt saman upp. Hæstv. sagði landbrh. á þá leið að landbrh. eigi að leggja á verðjöfnunargjöld og við það verði að standa líka eftir GATT. Síðan kemur hæstv. utanrrh. og segir hér nokkurn veginn orðrétt: Um GATT þarf ekki að vera að þvæla. Hvað á óbreyttur þingmaður sem hefur þó verið að reyna að fylgjast með umræðum um þetta mál að álykta? Hvað á fólkið í landinu sem er að hlusta og horfa á og reyna að fylgjast með því sem hér fer fram og reyna að komast til botns í þessu máli að álykta um slíkar umræður? Þetta er satt að segja alveg með eindæmum og ef ætti að rekja sögu þessa máls, það hefur reyndar verið gert hér í stórum dráttum, þá efast ég um að nokkurt mál í þingsögunni hafi verið með sama hætti og þetta. Ég stórefa það. Það var einu sinni samin mjög vinsæl revía og leikrit um innflutning á ávöxtum þar sem kom til tals að fresta jólunum til að það væri hægt að flytja inn ávexti. Það væri verðugt verkefni og þeir hefðu ábyggilega verið fullfærir um það þeir bræður sem sömdu það ágæta leikrit Deleríum Búbónis að semja kalkúnalapparevíu og fá hv. 4. þm. Vesturl. og þá harmónikkuleikarana báða í landbn. til að mynda þar hljómsveit. En þetta er nú útúrdúr sem helgast af því að hér er komið nokkuð fram á nótt en þetta er alvörumál sem hér er um að ræða og er ekki til að hafa í flimtingum. Satt að segja er það alveg með ólíkindum að það skuli vera ætlunin hjá hæstv. ríkisstjórn að keyra þetta mál í gegn með þeim

hætti sem hér á að fara að gera. Og að hæstv. forsn. skuli taka það í mál að að henni verði lokið án þess að hér verði krufnar til mergjar þær ræður sem hafa verið haldnar í kvöld því þær eru satt að segja alveg með ólíkindum.

Þessi afgreiðsla er eins og hnefahögg framan í bændur og bændafólk þessa lands og reyndar almenning í þessu landi sem ég fullyrði að er þó enn að reyna að bera virðingu fyrir þeim störfum sem eru unnin í þessari stofnun. En hvað það verður lengi með svona vinnubrögðum, um það vil ég ekki spá. En það getur ábyggilega brugðið til beggja vona.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð öllu fleiri en ég vil að lokum beina enn þeim orðum til forseta að gera nú fundarhlé og ráðgast við forsn. um það að fresta þessari umræðu þannig að henni geti lokið á skikkanlegum tíma þegar fundi er fram haldið t.d. á morgun.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram vegna óska hv. 2. þm. Austurl. að forsn. hafði farið yfir stöðu mála og gert sér grein fyrir þeim umræðum sem væntanlega yrðu hér í kvöld. (**JGS:** Sá nefndin fyrir umræðurnar?) Hv. þm. heyrðu þá niðurstöðu sem hér var kveðin upp af forsetastóli fyrr í kvöld að þess yrði freistað að ljúka þessari umræðu. En eins og fram hefur komið hjá hv. þm. þá hefur gefist allgóður tími til þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram og forseti telur því ekki ástæðu til að fresta umræðunni heldur vill freista þess að ljúka henni eins og gert var ráð fyrir.

[02:02]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér líkar það afar illa að ekki skuli fást frestun á þessu máli. Ég tel að það sé full ástæða til þess og hafi verið rökstuddar mjög vel ástæður fyrir því að það eigi að fresta þessu máli. Ég tel reyndar að það eigi að fresta því það lengi að þingflokkarnir geti komið saman út af þessu máli og rætt þá stöðu sem er komin upp. Það getur ekki verið að alþingismenn telji það eðlilegt að mál gangi fram með þeim hætti sem hér er nú. Að hér hafi komið fram rökstutt nál. á málum þar sem menn hafa hver sína skoðun og það hafi síðan verið innsiglað jafnrækilega eins og gert hefur verið hér í kvöld ágreiningur um grundvallaratriði sem varðar þetta mál sem hér hefur verið til umræðu. Að þingið geti síðan haldið áfram eins og ekkert hafi í skorist við meðferð þessa máls án þess að stefna að því að breyta því með neinum hætti er nokkuð sem ég get ómögulega sætt mig við. Mér finnst það mjög óeðlilegt að forsetaembættið eða þeir sem gegna hér forsetastörfum vilji ekki taka til endurskoðunar ákvarðanir sínar um að vilja ekki fresta málinu, það tel ég vera óbilgirni í forsetum þingsins. Ég mælist nú til þess að menn skoði hug sinn vandlega og fari hreinlega yfir þetta mál sameiginlega, þeir forsetar sem hér eru á staðnum, og gefi sér til þess smá stund vegna þess að þetta er þannig mál og ber þannig að að það er ekki að hér sé farið fram með einhverju offorsi af þeim sem hér eru staddir. Menn eru vinsamlega að biðja um að menn átti sig á þessu máli eins og það liggur fyrir eftir þær umræður sem hafa farið fram í dag. Ég held að það sé fátt eðlilegra en að menn bregðist við þegar mál kemur upp með þeim hætti sem hér er.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vegna orða hv. 3. þm. Vesturl. taka fram að á fundi með formönnum þingflokka í dag var farið yfir stöðu mála þar sem kynnt var að þessari umræðu yrði lokið í kvöld. Engar athugasemdir voru gerðar við það og forseti telur þess vegna ekki ástæðu til að kveða upp annan úrskurð um það.

[02:05]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það hefur reyndar margoft komið fram í þessum umræðum hvernig þær hafa þróast. Menn fóru til þessarar umræðu í þeirri trú að komið væri samkomulag um málið milli ráðherra þó hv. þm. vissu að nál. þeirra harmónikkuleikaranna beggja gengju sitt í hvora áttina. (**Landbrh.:** Dúr og moll.) Já, þeir voru í dúr og moll eins og hæstv. landbrh. tekur réttilega fram. Það er því alveg ljóst að fjöldi þingmanna var fjarverandi og hér kom fram í gær þegar atkvæðagreiðslu var frestað um hafnalögin að þá var tekið tillit til þess að menn voru veðurtepptir hingað og þangað. Hér voru okkar menn sem skruppu austur fyrir fjall veðurtepptir í kvöld og ætluðu að mæta til þessa fundar áður en honum lyki. Þannig að það er með ólíkindum sú stífni að fresta ekki þessari umræðu. Ég vil mótmæla því.

[02:07]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það eru vonbrigði okkur þingmönnum, a.m.k. þeim sem hér talar, ef ekki er hægt að ræða við forseta þingsins með rökum um atburði sem hafa gerst í starfi þingsins. Maður fær bara aftur og aftur sömu þuluna um að það hafi verið ákveðið einhvern tímann og einhvern tímann við allt aðrar aðstæður snemma í dag að stefna að því að ljúka þessari umræðu. Það er ekki hægt að bera á móti því að það hafa orðið stórpólitísk tíðindi í þessum umræðum, stórpólitísk tíðindi þar sem ágreiningur stjórnarflokkanna hefur kristallast og aldrei með skýrari hætti en undir lokin í umræðunni eftir hörð orðaskipti ráðherra í dag og kvöld og skeytasendingar stjórnarliða þá kristallast ágreiningurinn hér undir lokin þannig að hann er alveg skýr, grundvallarágreiningur stjórnarflokkanna um málin. Þess vegna er það að mínu mati vel rökstudd ósk að umræðunni verði ekki lokað þannig að það sé enn svigrúm til þess að flytja brtt. við 2. umr. málsins og draga þær sem fyrir liggja til baka eftir atvikum.

Nú þarf vonandi ekki að fara yfir það hjá hæstv. forseta að það er ekki hægt að koma við brtt. við umræðu máls eftir að henni lýkur. (**Landbrh.:** En við 3. umr.) Já, en þá kemur að því sem hér hefur verið bent á að nú fara mál einungis í gegnum þrjár umræður í þinginu og það er eðlilegt að reyna að stefna að efnislegri atkvæðagreiðslu um einstök atriði mála við 2. umr. Vegna þess að við 3. umr. eru málin borin upp í heild sinni. Það þarf ekki að rökstyðja að það er auðvitað langeðlilegast að gera það. (**Landbrh.:** Brtt. eru

bornar fram sérstaklega.) Mér er það líka í huga, hæstv. forseti, að með því megi afstýra því að fara að láta menn ganga til afgreiðslu og atkvæðagreiðslna um það sem fyrir liggur í málinu. Ég held að það sé nokkuð í húfi hvað það snertir ef mætti verða eitthvað til að afstýra því að þingið þurfi að ganga við þessar aðstæður til atkvæðagreiðslu um málið.

Ég spurði að því í dag hvorn skilninginn alþingismenn eiga að styðja með því að greiða málinu atkvæði sitt. Skilning Egils Jónssonar hv. þm., eða skilning Gísla S. Einarssonar hv. þm. (**GE:** Minn, minn.) Hvort eru þeir að styðja túlkun landbrh. eða utanrrh.? Átta menn sig á því í hvaða aðstæður á að fara að setja þá? Gerir hæstv. forseti sér grein fyrir því að það er á þessum grundvelli sem við erum að rökstyðja beiðni okkar um að umræðunni verði nú frestað. Það er ekki til þess að hér standi til viðbótar löng umræða um málið, enda erum við flestir búnir með okkar ræðurétt, heldur eingöngu til þess að málið verði opið fram á morgundaginn. Þess vegna væri ég tilbúinn til að semja um það að síðan mundi þeirri umræðu ljúka á korteri ef því væri að skipta. En hún væri höfð opin þannig að svigrúm gæfist til að meta nýjar forsendur í málinu og eftir atvikum hugsanlega bregðast við þeim. Mér finnst þetta hógvær ósk og ég er satt best að segja sannfærður um að ef forseti vor mundi nú hugleiða málið þá gæti hann ekki komist að annarri niðurstöðu en þeirri að það væri skynsamlegt og stjórnarflokkunum reyndar sjálfum fyrir bestu að verða við henni.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti væntir þess að hv. þm. hafi skilning á þeirri niðurstöðu sem forseti hefur kynnt hér að umræðunni ljúki í nótt.

[02:11]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að tala aftur nema þá í ljósi þeirra svara sem ég var að vonast eftir að fá við þeim spurningum sem ég bar fram í minni fyrri ræðu. Ég verð að segja það að ég lagði þær spurningar ekki fram að tilefnislausu. Ég skýrði frá því að til þess að geta tekið afstöðu til málsins þá vildi ég fá svör við þeim spurningum sem ég bar fram þar sem ég á ekki sæti í landbn. og er því málinu að fullu kunnur.

Það hefur komið fram að mikið starf hefur farið fram í nefndinni og vitringar þrír hafa verið nefndinni til aðstoðar, virtir lögfræðingar, þannig að þar hefði ekki átt að vera neitt því til fyrirstöðu að mínum einföldu spurningum hefði verið svarað.

Nú er það svo að það er enginn ráðherra í salnum og ekki hv. formaður landbn. en í ljósi reynslunnar eftir fyrri yfirferð þá sé ég ekki að það skipti nokkru einasta máli. Það er alveg ljóst að eftir 2. umr. fer fram atkvæðagreiðsla um málið og brtt. og ef ekki fást svör við jafneinföldum spurningum og ég lagði fram í minni fyrri ræðu þá verður auðvitað mín afstaða til málsins að bera keim af því. Einnig í ljósi þess að ég fæ engin svör þá hlýt ég auðvitað að styðja þá tillögu að þessari umræðu sé frestað. Ég get ekki annað vegna þess að ég óska eftir svörum við þessum spurningum til að geta myndað mér skoðun á málinu. Ég tel að 2. umr. sé til þess að menn geti átt orðastað við nefndarmenn sem eru að vinna að máli, spurt þá spurninga sem þeir eiga að hafa svör við í gegnum vinnu úr nefndinni og þar af leiðandi geti þingheimur almennt mótað sér endanlega skoðun á máli. Því miður þá hef ég ekki fengið svör við þessum spurningum.

Ég get hæglega farið yfir þær aftur. Ég var reyndar hvattur til þess hér fyrr í kvöld að fara svolítið ítarlegar ofan í tollskrárnúmerin sem hér eru. Mér er hulin ráðgáta hvers vegna ýmsir hlutir eru hér inni á bannlista. Hér er t.d. kafli 0402, mjólk og rjómi, kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni, síðan koma þar undirflokkar. Þetta eru flokkar, fyrsti flokkurinn t.d., 0402.1000: „Í formi dufts, korns eða í öðru föstu formi, með fituinnihaldi" o.s.frv. Síðan kemur þessi sígildi flokkur, Annað, sem ég var að spyrja sérstaklega um fyrr í kvöld. Ég sé ekki betur en t.d. undir þetta Annað mundi falla t.d. kakóduft sem börn nota mikið og eykur mikið mjólkurneyslu í landinu. Ég fæ ekki annað séð en að það falli þarna undir. Ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum er verið að setja svona hluti þarna inn. Mér er það algjörlega hulin ráðgáta hvers vegna er verið að setja bann á innflutning á pasta eða pastavörum eða pitsum eða bökum eða sósum eða súpum. Ég fæ engan botn í hvers vegna þetta er sett hérna inn. Ég hélt kannski að ég fengi botn í það með því að fá svör við mínum spurningum hér fyrr í kvöld.

Hér er kafli 1517 sem er um smjörlíki o.fl. Þar segir í undirlið: „Í smásöluumbúðum 2 kg eða minna." Þýðir þetta þá að það má flytja inn 2,1 kg og meira? Ég spyr. Eða fellur þetta númer kannski niður í Annað, flokkinn þar? Það eru svona spurningar sem vakna og ég var að fara lauslega yfir áðan að það þyrfti að skýra út hvað er undir þessum liðum „Annað". Ég þekki það vel af eigin reynslu að þetta eru svona ruslakistur oft, vandmálin eru oft sett í þessa tollflokka ef þau falla ekki skýrt og skorinort undir einhvern tiltekinn tollflokk. Þess vegna fór ég fram á að fá að vita hvað í raun félli undir þessi númer og ég fór líka fram á að það yrði birtur listi yfir það, tæmandi listi, og að hann yrði birtur almenningi með auglýsingu í blöðum þar sem aðilar í innflutningi gætu gengið að því sem vísu hvað má flytja inn og hvað má ekki flytja inn. Ég vil þá einnig spyrja áfram um þessar bannvörur eða hindranir eins og þetta var líka orðað. Það þarf væntanlega að sækja um leyfi til að fá að flytja þetta inn. Ég vil spyrja: Hvernig á að standa að því? Á að sækja um leyfi fyrir fram? Eða eiga menn að taka séns og flytja það inn og sækja svo um leyfið? Hvernig ætla menn þá að taka á vörum sem eru með dagsetningu og stuttan lifitíma? Eiga þær að liggja hér á bakkanum og liggja jafnvel undir skemmdum vegna þess að kerfið virkar hugsanlega ekki nógu hratt? Ég sé ekki að tekið sé á þessum liðum. Það er algjör óvissa í þessu. Hv. nefndarmenn í landbn. geta kannski skýrt þetta fyrir mér. En ég sem innflytjandi mundi gjarnan vilja vita svona hluti. Er mér óhætt t.d. að panta inn pitsur? Á ég það á hættu að þær liggi hér

hafnarbakkanum í margar vikur á meðan þetta veltist um í kerfinu? Eru til svör við þessu? Liggur framkvæmdin fyrir? Reynslan liggur fyrri í dag. Það liggur hér t.d. vara í dag á hafnarbakkanum og er búin að liggja sennilega á annað ár. (**Gripið fram í:** Þú verður að prófa.) Ég er ekki Bónus eða Hagkaup, hv. þm., ég hef ekki efni á að prófa, ég verð að vita. Og sennilega verða 99% af innflytjendastéttinni að vita að hverju hún gengur í þessum efnum.

Ég get líka tekið undir það að eftir kvöldið í kvöld er náttúrlega slíkt hyldýpi á milli manna í þessu máli að það er eðlilegt að málið sé tekið aftur og það sé reynt að ná lendingu í því þó það sé ekki nema fyrir virðingu Alþingis. Það er auðvitað ekki sæmandi fyrir Alþingi sem stofnun að afgreiða málið með tveim álitum sem ganga annað norður og hitt suður. Það er bara ekki sæmandi. Og það er ekki það langt á milli manna að ég held að það sé vel hægt að ná lendingu í þessu. Ég held það. Þess vegna setur enginn niður þó málinu sé frestað eitthvað örlítið. Það skeður ekkert stórt.

Hæstv. utanrrh. las upp 72. gr. laganna áðan. Ég get ekki annað en verið manninum sammála. Hún er alveg skýr eins og hún er orðuð þarna. Hún er alveg skýr. Á móti hverju ætla menn að jafna sellerí, sem var ein spurningin hjá mér í fyrri ræðu. Á móti hverju? Á móti agúrku? (**Gripið fram í:** Salat frekar.) Já, salat kannski. Nei, ég held að það sé alveg frumskilyrði að menn reyni að svara þeim spurningum sem eru lagðar hér fram. Að öðru leyti geta menn auðvitað ekki myndað sér skoðun. (**SJS:** Það gæti verið hundasúrur og skarfakál.) Ég spurði um jöfnunargjöldin á frönskum kartöflum og hvort það sé virkilega verið að blekkja fólk. Fólki er talin trú um það þegar það kaupir „íslenskar" franskar kartöflur, Þykkvabæjar franskar, að það sé að kaupa íslenskt. En það er bara alls ekki að kaupa íslenskt, það er að kaupa innfluttar erlendar kartöflur. Hvaða erlendu kartöflubændur erum við þá að vernda? Er það svo að hinar íslensku kartöflur séu ekki nógu gott hráefni í franskar kartöflur eða skífur?

Ég spurðist fyrir um það með hvaða hætti þetta væri reiknað út í tolli. Ég vil enn fá svör við því, ég vil gjarnan vita hvað ég á að samþykkja hér eða hafna. Ég vil fá að vita hvernig verðjöfnunin fer fram. Hún fer fram í tolli en á hvaða stigi tollmeðferðar er hún tekin inn? Hvernig er þetta reiknað út? Ég óskaði líka eftir því að fá dæmið um hvernig verð á innfluttum matvörum yrði. Einhver tiltekin dæmi, einhverja ávexti, eitthvert grænmeti, einhverja osta. Það hlýtur að hafa verið reiknað út þannig að menn gerðu sér grein fyrir stöðu málsins. Það er ekki hægt að hafa bara upphrópanir um að við eyðileggjum íslenskan landbúnað en reikna svo dæmið ekki til enda.

Ég spurði líka um forræði þessara mála í öðrum löndum. Ég hef heyrt að það sé eingöngu í Noregi og Svíþjóð þar sem þetta er hjá landbrh. En það er yfirleitt látið í veðri vaka eins og þetta sé alls staðar svona. Mín skoðun er sú að þetta eigi hikstalaust að vera hjá fjmrh. eða að menn stigi þá skrefið til fulls og brjóti þetta algerlega upp eftir vörutegundum og ráðuneytum. Ég spurðist líka fyrir um hunda- og kattamat. Kjöt er meginuppistaðan í þeim innflutningi, 780 tonn af kjöti, en munurinn er bara sá að ef það fer í hundskjaft þá er það löglegt en ef það fer í mannskepnuna þá er það ólöglegt. Ég hélt að okkur vantaði að losna við svolítið af kjöti. Ég minntist á að ég hefði ekki heyrt minnst á þetta frá bændastéttinni, sem eina af þeirra hugmyndum, þeir eiga kannski að fara sjálfir út í þessa framleiðslu, kannski að beita sér fyrir því og koma hugmyndinni af stað. Ég held að það væri gott fyrir atvinnulífið í landinu.

Ég sakna þess líka að hafa ekki heyrt talað um neytendur í þessu máli. Neytendur eru jú stór þáttur þessa máls. Og það er alveg rétt hjá hæstv. utanrrh. að þetta er spurning um lífskjör fyrst og fremst. Fyrst og fremst. (**JGS:** Það er rétt hjá þingmanninum. Þetta er spurning um lífskjör.)

Ég kom ekki hér upp, hæstv. forseti, til að reyna að draga þessa umræðu eitthvað á langinn. Ég kom hér fyrst og fremst upp vegna þess að það fór í taugarnar á mér og það fer enn í taugarnar á mér að fá ekki svör við jafneinföldum spurningum og ég ber hér fram. Þær eru ekki ósanngjarnar, þær eru afar einfaldar, og þær eru stór hluti þessa máls. Ég tel að menn geti ekki afgreitt mál frá sér án þess að vita hvað í þeim býr. Þess vegna lagði ég fram þessar litlu spurningar og vona að ég fái svör við þeim.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, virðulegi forseti. Ég held að ég hafi farið yfir allar meginspurningarnar sem ég bar fram. Ég vona að ég fái svör við þeim. Ef svo er ekki þá verður það að hafa sinn gang og mín afstaða mun þá mótast af því.

[02:25]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hefur náttúrlega sjálfræði um sína afstöðu til þessa máls. En ég vildi mega aðeins lesa hér upp fyrir þingmanninn það sem stendur hér í lagatextanum, með leyfi virðulegs forseta:

„Landbúnaðarráðherra skal jafnan við ákvörðun verðjöfnunargjalds birta í reglugerð það innlenda og erlenda viðmiðunarverð sem notað er við ákvörðun gjaldsins."

Svo segir enn fremur:

„Ráðherra ákveður álagningu gjalda samkvæmt þessari grein í reglugerð."

Það er sem sagt kveðið á um það í þessum texta að nánari ákvarðanir eins og títt er um í svipuðum efnum og þessum eigi að ákveða í reglugerð, vinnulagið á að ákveða í reglugerð. Og það kemur ekki fram í lagatextanum að öðru leyti en sem tilvitnun að þessu leyti.

Þannig að með því að hæstv. landbrh. er hér staddur þá vænti ég þess að það verði sem fyrst unnið að gerð þessara reglugerða þannig að menn fái að sjá hvernig þessi mál verða unnin.

[02:27]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að ég hef sjálfræði um mína afstöðu og það hafa allir kjörnir

þingmenn sem betur fer. Sumir beita því en aðrir ekki og það er þeirra mál. Ég spurði einfaldlega hvernig gjaldtakan fer fram. Í svari hv. þm. kom það fram að ráðherra á að ákveða það í reglugerð. Þar með er það í mínum huga staðfest að nefndin hefur ekki hugmynd um hvernig þessi gjaldtaka á að fara fram. Það hefur ekkert verið farið yfir það svið og það þykir mér alvarlegt mál. Ég spurði hvar inn í tollaferlið kemur þetta? Hvað reiknast inn í þetta? Það hlýtur að skipta verulegu máli um verðlagið á vörunni hvar þetta kemur. Hvort þetta kemur inn í tollverðgengið, þann stofn, eða hvort það kemur seinna og á hvaða stigi það kemur. Kemur vaskurinn inn í það og þar fram eftir götum. Þetta skiptir verulegu máli. Það var það sem ég var að spyrja um. Mér þykir leitt að heyra að framkvæmdin er með öllu óljós. Mér þykir framsalið til embættismannakerfisins vera orðið alveg nógu mikið. Þingið á að taka á þessum málum og setja alveg skýrar reglur um það, alveg skýrar reglur. Þannig að mér þótti eiginlega leitt að heyra þetta svar. En það var svar og ég þakka fyrir það.

[02:29]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég undirstrika það sem ég sagði áðan að framkvæmd þessara mála er í höndum landbrh. og þar af leiðandi hefur ekki verið farið sérstaklega ofan í það í smáatriðum hvernig þeirri framkvæmd verður háttað. Það er reglugerðarákvæði, landbrh. fær heimild samkvæmt þessum væntanlegu lögum til að gefa út slíka reglugerð og þá verður málið upplýst. Það er framkvæmdarvaldsins að gefa út reglugerðir en ekki Alþingis.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 02:30.

---

110. FUNDUR

miðvikudaginn 16. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Sala ríkisins á SR-mjöli, beiðni um skýrslu, 468. mál, þskj. 717. *Hvort leyfð skuli.*
3. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 460. mál, þskj. 691. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 445. mál, þskj. 658. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Söfnunarkassar, stjfrv., 446. mál, þskj. 659. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Málflytjendur, stjfrv., 461. mál, þskj. 692. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Hæstiréttur Íslands, stjfrv., 196. mál, þskj. 218, nál. 710, brtt. 711. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Meðferð einkamála, stjfrv., 198. mál, þskj. 220, nál. 713, brtt. 714. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 197. mál, þskj. 219, nál. 712. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 102. mál, þskj. 105, nál. 715, brtt. 718. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
11. Hæstiréttur Íslands, frv., 37. mál, þskj. 40, nál. 730. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 341. mál, þskj. 533, nál. 671, 696, 701 og 703, brtt. 672 og 702. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
13. Hafnalög, stjfrv., 193. mál, þskj. 563, brtt. 395,9, 676, 677, 693 og 695. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
14. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 450. mál, þskj. 663. — 1. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 266. mál, þskj. 319. — 1. umr.
16. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494. — 1. umr.
17. Heilbrigðisþjónusta, frv., 358. mál, þskj. 550. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhanna Sigurðardóttir félmrh.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Lára Margrét Ragnarsdóttir, 13. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 479. mál, fsp. SvG til forsrh., þskj. 735.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 480. mál, fsp. SvG til utanrrh., þskj. 736.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 481. mál, fsp. SvG til dómsmrh., þskj. 737.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 482. mál, fsp. SvG til félmrh., þskj. 738.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 483. mál, fsp. SvG til fjmrh., þskj. 739.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 484. mál, fsp. SvG til heilbrrh., þskj. 740.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 485. mál, fsp. SvG til iðnrh., þskj. 741.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 486. mál, fsp. SvG til landbrh., þskj. 742.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 487. mál, fsp. SvG til menntmrh., þskj. 743.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 488. mál, fsp. SvG til samgrh., þskj. 744.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 489. mál, fsp. SvG til sjútvrh., þskj. 745.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 287. mál, brtt. landbn., þskj. 746; nál. landbn., þskj. 747.

Ónýttar aflaheimildir, 441. mál, svar sjútvrh., þskj. 734.

Varðveisla arfs húsmæðraskóla, 490. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 748.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur bréf, dags. 15. febr. 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun 1. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að 1. varaþm. Alþfl. í Austurlandskjördæmi, Hermann Níelsson íþróttakennari, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl."

Hermann Níelsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Beiðni Íslendinga um aukafund í Parísarnefndinni um THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield.

[13:35]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég ætla að beina máli mínu til hæstv. forsrh. Nú er ljóst orðið að bresk stjórnvöld hafa ekkert mark tekið á mótmælum, m.a. okkar Íslendinga, vegna THORP-endurvinnslustöðvarinnar fyrir kjarnorkuúrgang í Sellafield. Eins og kunnugt er, þá lýsti írska ríkisstjórnin því yfir að hún ætlaði að krefjast aukafundar í Parísarnefndinni sem fjallaði um mengun sjávar. Íslendingar lýstu því yfir að þeir styddu þessa kröfu og tóku bæði hæstv. umhvrh. og hæstv. forsrh. undir kröfuna eða lýstu reyndar áhyggjum sínum vegna THORP-endurvinnslustöðvarinnar á þingi Norðurlandaráðs nú fyrir skömmu og vöktu ummæli þeirra athygli þeirra sem hafa barist gegn þessari endurvinnslustöð. Þess vegna ætlaði ég að spyrja hæstv. forsrh. hvort búið sé að fara fram á það að þessi aukafundur verði haldinn í Parísarnefndinni, þ.e. hvort búið sé að fara fram á það formlega af Íslands hálfu.

[13:36]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég veit að vilji hefur staðið til þess en ég þori ekki að fullyrða hvort formleg beiðni hefur verið borin fram. Ég vissi ekki annað en umhvrh. yrði hér, en ég þori ekki að fullyrða það en vilji hefur staðið til þess.

Það er rétt sem hv. þm. nefndi að við ræddum þetta á fundi Norðurlandaráðs. Það var líka athyglisvert, þar sem það kom í minn hlut að ræða eða flytja upphafsræðu af hálfu allra forsætisráðherranna, að þar stóð ekki vilji til þess í þeim hópi að inni í þeirri ræðu yrði vitnað beint í þetta mál þó að vilji Íslands hefði staðið til þess, en ég taldi mér hins vegar heimilt þegar ég var að svara undir lok umræðnanna að taka sterkar til orða eins og vilji stóð til að gera í þessari upphafsræðu. Ég veit ekki annað en til að mynda Svíar hafi sjálfir áhuga á því að senda til vinnslu kjarnorkuúrgang til stöðva af þessu tagi og þess vegna er kannski skiljanleg þeirra afstaða og reyndar voru aðrir kollegar mínir sama sinnis, þ.e. að þetta ætti ekki að vera með þessum hætti inni í ræðunni sem bein athugasemd eða áskorun á til að mynda Bretland.

Því miður get ég ekki svarað þessu betur en ég skal afla upplýsinga um það.

[13:37]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. svörin. Ég tel hins vegar mjög mikilvægt að þetta sé gert nú þegar, þ.e. að farið verði fram á þennan aukafund vegna þess að endurvinnslustöðin tekur væntanlega til starfa núna 18. mars. Það getur vel verið að okkur takist ekki að koma í veg fyrir það, en ég tel hins vegar mjög mikilvægt að við sýnum staðfestu í þessu máli og fylgjum því fast eftir. Ég tók eftir því vegna fyrirspurnar minnar til umhverfisráðherra Norðurlanda, þ.e. Svíþjóðar, Noregs og Danmerkur, að þeir töldu þó að þeir segðu það ekki beint að ef Ísland og Írland krefðust þessa fundar, þá mundi vera ákaflega erfitt fyrir þá að styðja ekki Ísland. Sérstaklega held ég að þetta gildi um Noreg og Danmörku og þess vegna tel ég mjög mikilvægt að Ísland og Írland krefjist þessa fundar því það vantar þá bara einn til þess að hægt sé að halda þennan fund. Þess vegna er það grundvallaratriði að við gerum þetta hér og nú.

Arðgreiðslur SR-mjöls hf.

[13:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. fjmrh. Ég vil spyrja hann í framhaldi af þeim fréttum að nýir eigendur fyrirtækisins SR-mjöls hf. hafa ákveðið á aðalfundi þess fyrirtækis að greiða sjálfum sér 10% arð eða 65 millj. kr. vegna góðrar afkomu fyrirtækisins á síðasta ári, hvort hæstv. fjmrh. telji eðlilegt að arður sem myndaðist vegna góðrar afkomu fyrirtækis-

ins á árinu 1993, en þá er fyrirtækið í eigu ríkisins í 364 daga af 365, gangi til hinna nýju eigenda.

Ég vil í öðru lagi spyrja hvort hæstv. fjmrh. telji að rétt sé eða skynsamlega að þessari sölu staðið í því ljósi að arðgreiðslan mun væntanlega nýtast fyrirtækinu til frádráttar frá hagnaði þegar til skattgreiðslna kemur þannig að í fljótu bragði verður ekki annað séð en málið snúi þannig að hinir nýju eigendur fái arð upp á 65 millj. kr. vegna rekstrarafkomu fyrirtækisins í rekstri á síðasta ári þegar það var í eigu ríkisins og jafnframt dragi svo þær arðgreiðslur frá væntanlegum eða mögulegum tekjuskattsgreiðslum fyrirtækisins til ríkisins á þessu ári. Og þá væri í einnig fróðlegt að heyra hvort hæstv. fjmrh. getur staðfest að það sé rétt að vélar og tæki SR hafi verið endurmetin við breytingu fyrirtækisins í hlutafélag og hækkaðar um á sjöunda hundrað millj. kr. og myndi þar með afskriftarstofn frá skattgreiðslum fyrirtækisins á komandi árum. — Ég sé að hæstv. sjútvrh. hvíslar hér mikið að fjmrh. en ég er að spyrja hæstv. fjmrh., ekki sjútvrh. og mér þætti vænt um að hæstv. sjútvrh. léti hæstv. fjmrh. í friði þannig að hæstv. fjmrh. heyrði spurningarnar sem er beint til hans en ekki sjútvrh.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég skil vel að menn eru viðkvæmir sem hafa sofið lítið í nótt vegna umræðna sem áttu sér stað hér langt fram eftir nóttu og skil það vel að menn séu dálítið órólegir og vilji fá svör.

Ég vil í fyrsta lagi segja frá því að þetta mál er að dálitlu leyti viðkvæmt vegna þess að það hefur birst stefna í málinu og það kann að fara svo að það sem ég segi hér verði notað gegn mér í réttinum þannig að ég verð að tala dálítið gætilega um þetta mál og vona ég að hv. þm. skilji það.

Ég vil í fyrsta lagi segja frá því að það var gert ráð fyrir því í verðinu á fyrirtækinu að það mundi hagnast á sl. ári og það er ekkert óeðlilegt við það að fyrirtækið skili eigendum sínum arði.

Í öðru lagi vil ég geta þess að það voru uppi hugmyndir um að fara af stað með efnahagsreikning fyrirtækisins öðruvísi en niðurstaðan varð. Málið var kannað af endurskoðendum sem vel þekkja til verka, en það er rétt sem ýjað var að í fyrirspurninni að það urðu nokkrar deilur um það hvernig átti að stilla upp efnahagsreikningnum. Þetta varð niðurstaðan sem menn þekkja og við því er ekkert að segja. Það hefur hins vegar kannski tiltölulega litla þýðingu þegar rætt er um skatta. Það sem hefur aðallega þýðingu er að við áttum okkur á því að fyrirtækið hefði ekki borgað skatta ef það hefði verið í opinberri eign, en borgar skatta þegar það er komið í einkaeign. (**Gripið fram í:** Nei.) Það gerir það í prinsippinu. Það kann hins vegar að hafa áhrif á skattgreiðslur hvernig efnahagsreikningnum er stillt upp eins og hv. þm. veit.

[13:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég skil út af fyrir sig vandræði hæstv. fjmrh. og þau eru meiri en dálítil. En ég held að þau starfi meira af sessunautnum heldur en stefnunni.

Það er alveg rétt að fyrirtækið hagnaðist mikið á síðasta ári, upp á 220–240 millj. En sá hagnaður var skilinn eftir inni í fyrirtækinu og afhentur hinum nýju eigendum (**ÓÞÞ:** Að gjöf.) að gjöf. Var það ekki nóg? Er líka eðlilegt að hinir nýju eigendur sem áttu fyrirtækið í einn dag á sl. ári, fái allan arðinn af hagnaðinum á því ári? Ríkið var eigandi fyrirtækisins þangað til á gamlársdag og ég var að spyrja um það hvort hæstv. fjmrh. teldi eðlilega að þeim málum staðið.

Jafnframt var eiginfjárreikningur fyrirtækisins hækkaður með meðgjöf ríkisins og endurmati eigna úr 21 millj. við áramót 1992 í 1.311 millj. við áramót 1993. Það er að stærstum hluta til, rúmlega helmingi til bein meðgjöf frá ríkinu til hinna nýju eigenda. (Forseti hringir.) Og maður skyldi ætla að það hefði verið nóg, hæstv. fjmrh. þótt þessar skattfrjálsu arðgreiðslur vegna afkomu á því ári sem fyrirtækið var í eigu ríkisins bættust nú ekki við.

[13:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það er nú alveg öruggt þegar maður hlustar á hv. þm. að hann hefur aldrei komið nálægt bisniss. (Gripið fram í.) Ef ég fæ frið fyrir svefndrukknum þingmanninum til að tala, þá skal ég svara þessari fyrirspurn. Það er ljóst, það er alveg kristaltært að þegar fyrirtækið var selt, þá vissu menn um hagnaðinn sem gat orðið af fyrirtækinu og söluverðið mótaðist af því og þannig gengur og gerist í viðskiptum manna á meðal með fyrirtæki að menn vita hvort fyrirtæki standa vel, hvort þau hafa grætt eða tapað og það er tekið tillit til þess í söluverðinu.

Varðandi hitt atriðið skal það tekið fram að matið var lækkað. Það er umdeilanlegt hvert matið átti að vera og hvernig átti að setja upp efnahagsreikninginn. Það er viðurkennt og það liggur fyrir (Gripið fram í.) en menn skulu átta sig á því að það er umdeilanlegt hvernig á að setja upp efnahagsreikninginn. (Forseti hringir.) En öllum er ljóst og vonandi flestum þingmönnum, jafnvel þeim sem hafa ekki stundað viðskipti, að það liggur fyrir í þessu máli að tekið var tillit til hagnaðarins þegar fyrirtækið var selt.

[13:46]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil fullvissa hæstv. fjmrh. um að ég er prýðilega sofinn, svaf vært eftir umræðurnar í nótt, en það kann að vera að einhverjir stjórnarliðar hafi átt ónotalegar draumfarir eftir þau orðaskipti sem hér fóru fram.

Í öðru lagi held ég að hæstv. fjmrh. ætti ekki að taka það að sér að kenna öðrum mönnum bisniss. Er þetta ekki sami hæstv. fjmrh. og hafði það að stefnumáli að selja Búnaðarbankann á hálfvirði? Og er þetta ekki sami hæstv. fjmrh. sem hefur staðið fyrir einkavæðingaraðgerðum ríkisstjórnarinnar sem hafa afhent hvert fyrirtækið á fætur öðru á silfurfati með bullandi meðgjöf? Og er það góður bisniss að selja fyrirtæki sem er með 1.311 millj. kr. í eigið fé samkvæmt ársreikningi á 725 millj. þegar svo nýju kaupendurnir geta að stórum hluta látið fyrirtækið borga sig sjálft með

arðgreiðslum og skattafrádráttum sem ríkið er búið að leggja þeim upp í hendur? Og er það góður bisniss fyrir ríkið að taka á sig á sjöunda hundrað millj. kr. áður en það selur fyrirtæki og fá ekkert út úr sölunni? Ég held, hæstv. fjmrh., að einkavæðingarsnillingar ríkisstjórnarinnar ættu ekki að reyna að kenna öðrum mönnum bisniss, hæstv. forseti.

[13:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það er alveg ljóst að þetta fyrirtæki var selt eins og fram hefur komið með afskaplega eðlilegum hætti. Það var auglýst til sölu og það voru umsækjendur um þá sölu og það var farið eftir reglum sem voru birtar og það tók þetta að sér fyrirtæki sem er þekkt fyrir það að vanda sinn undirbúning. Þetta liggur allt fyrir. Það er alveg öruggt mál að sá aðili sem tók að sér að selja fyrirtækið fyrir ríkið hefur meira vit á viðskiptum heldur en hv. þm. þó að ég ætli ekkert að væna hann um það að hann hafi ekkert vit á bisniss, þá hugsa ég að þeir hafi það a.m.k. betra.

Það liggur líka fyrir að þetta fyrirtæki sem um ræðir hefur ekki safnað stórum eignum í gegnum tíðina vegna stórkostlegs gróða. Það hefur ekki borgað mikla skatta, en væntanlega mun fyrirtækið gera það í framtíðinni. (Gripið fram í.) Hv. þm., ef hann getur eitt andartak setið á sér og hætt að kalla hérna fram í, ætti líka að vita það þegar hann segir hvað sé góður bisness og slæmur, hann ætti að átta sig á því að það er hægt að rifja ýmislegt upp úr hans embættisfærslu sem sýnir það að ríkissjóður hefur ekki alltaf hagnast á hans gjörningum.

Veiting dýralæknisembætta.

[13:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég beini spurningu til hæstv. landbrh. um það hvort fyrirhugaðar séu einhverjar breytingar á umdæmaskipan dýralæknisembætta í landinu. Nú veit hæstv. ráðherra að ekki hefur verið ráðið í embætti dýralæknisins á sunnanverðum Vestfjörðum og reyndar ekki einu sinni auglýst nú í 2–3 ár. Því hefur verið svarað til að þetta væri allt saman í skoðun, það standi jafnvel til að stækka embættin, umdæmi embættanna. En hinn 1. febr. sl. rann einnig út umsóknarfrestur um starf dýralæknis í Borgarnesi og það hefur enn ekki verið ráðið í það þó að einn og hálfur mánuður sé liðinn síðan og því spyr ég: Er ekki fyrirhugað að veita þetta embætti fljótlega og gildir ekki enn sú punktaregla sem hefur verið viðhöfð um veitingu dýralæknisembætta?

[13:50]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það eru ekki áætlanir um eða fyrirætlanir um að breyta skipan dýralæknisumdæma. Um dýralæknisembættið á sunnanverðum Vestfjörðum er það að segja að það embætti hefur verið auglýst. Ég veit ekki betur en yfirdýralæknir hafi gert tilraunir til að ráða dýralækna þangað vestur en ekki tekist.

Um hið síðara er það að segja að það hefur dregist vegna þess að forföll hafa verið að ganga endanlega frá veitingu þeirra dýralæknaembætta en það verður gert öðru hvoru megin við helgi.

[13:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er ánægð að heyra að það skuli eiga að ganga eitthvað í þetta mál núna fljótlega. Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði að ekki hefði unnist tími til að ganga frá þessum málum, þá skil ég það ósköp vel þar sem hann hefur haft mjög mikið að gera í sambandi við landbúnaðarmál og frumvörp og breytingartillögur undanfarnar vikur. Það er kannski rétt að spyrja svona í lokin að því hvort það muni e.t.v. þurfa samþykki Alþfl. fyrir því að ráða í þetta starf.

[13:51]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mér þætti það mjög gott að fá stuðning Alþfl. í þessu máli eins og öðrum þeim góðu verkum sem ég beiti mér fyrir.

Fjárskortur sjúkrastofnana 1994.

[13:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina orðum mínum til hæstv. heilbr.- og trmrh. Þannig háttar til að þegar gengið var frá fjárlögum fyrir árið 1994 vantaði bersýnilega verulega fjármuni til rekstrar sjúkrastofnana hér í landinu. Í fyrsta lagi var það alveg ljóst að samkvæmt greinargerð fjárlagafrv., eins og hún kom frá fjmrn., vantaði 100 millj. kr. upp á það að Landakotsspítali gæti náð saman endum á þessu ári. Það var einnig ljóst að það voru verulegir erfiðleikar fram undan í rekstri Borgarspítalans. Í þriðja lagi var það ljóst að ekki höfðu verið teknar ákvarðanir um barnaspítalann og barnadeildina, sem hafði verið á Landakoti, hvert hún ætti að fara og það hefur ekki verið tekin endanlega ákvörðun enn.

Nú liggur það einnig fyrir að Ríkisspítalarnir standa frammi fyrir halla á þessu ári upp á 200–400 millj. kr. Ég vil beina þeirri fyrirspurn til hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort hann hefur hugsað sér að gera tillögu í fjáraukalögum áður en þinginu lýkur um nokkur hundruð millj. kr. sem bersýnilega vantar upp á það að unnt sé að reka heilbrigðisstofnanir með eðlilegum hætti á þessu ári.

[13:53]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Það liggur ekkert fyrir um tillöguflutning af þessu tagi. Vegna staðhæfinga hv. fyrirspyrjanda, hv. þm. Svavars Gestssonar, um vöntun upp á fleiri hundruð millj. kr. þá er það orðum aukið. Það er hins vegar alveg ljóst og var ljóst við fjárlagagerðina í desember sl. að stóru sjúkrahúsin í Reykjavík höfðu áhyggjur af því að naumt væri skammtað. Það er ekkert nýtt og verður sennilega ævinlega til staðar. Hitt vil ég gjarnan upplýsa að tillaga mín til verkaskiptingar stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík og þróun þeirra mála er nú til umfjöllunar hjá ríkisstjórn-

inni og mun væntanlega verða kunngerð innan mjög skamms tíma. Þar er t.d. tilflutningur verkefna og þar á meðal framtíð barnadeildar sem er núna hýst í Landakotsspítala.

Ég vil enn fremur minna á það að óskiptum lið upp á 200 millj. kr. er enn óráðstafað til stóru sjúkrahúsanna í Reykjavík í samræmi við þennan tilflutning og aðra starfsemi spítalanna og munu tillögur þar að lútandi koma frá ráðuneytinu og verða kunngerðar í samráði við fjárln. eins og forsendur fjárlaga gera ráð fyrir.

[13:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég skora á hæstv. heilbr.- og trmrh. að kynna sér fjárhagsvanda Ríkisspítalanna. Samkvæmt blaðafréttum hefur hann möguleika til þess og sérstakan aðgang að formanni stjórnarnefndar Ríkisspítalanna. Ég tel að þar sé um að ræða margfalt meiri vanda en hefur verið á undanförnum árum. Það er ekki hægt að bera því við að vandinn sé svipaður og verið hefur á undanförnum árum.

Okkur þingmönnum hefur hins vegar borist frá landlæknisembættinu listi yfir aðgerðir sem hugsanlega eigi að grípa til í heilbrigðismálum. Það er kannski það sem menn eru með hugmyndir um þar sem talað er um að fækka hjartaaðgerðum um 15%, láta reykingafólk borga fyrir kransæðaaðgerðir, fækka mjaðmaliðaaðgerðum, minnka framlög til skólaheilsugæslu, hætta rekstri vinnuheimilis fyrir ólæknandi alkóhólista, láta fólk sjálft borga ungbarnavernd, láta greiða fast komugjald fyrir skammtímalegu, láta það borga mat á sjúkrastofnunum, hætta við áform um framlög til byggingar barnaspítala, leggja niður réttargeðdeild á Sogni, láta konur greiða að fullu leit að leghálss- og brjóstakrabbameini, láta konur greiða fullt gjald fyrir glasafrjóvgun. Þetta eru þær tillögur sem hv. þingmönnum hafa borist og við erum beðnir um af landlæknisembættinu að taka afstöðu til. Kannski eru svörin þarna, hæstv. ráðherra.

[13:56]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvaðan hv. þm. kemur þetta blað þarna nema það sé upprunnið úr hans eigin tölvu. Mér er það fullkomlega ókunnugt. Þetta eru þá hans tillögur. (**Gripið fram í:** Allir þingmenn fá þetta.)

[13:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. og trmrh. er jafnframt hv. 6. þm. Reykn. og hann hefur örugglega fengið í hólfið hjá sér þetta bréf frá landlæknisembættinu eins og allir aðrir þingmenn þar sem beðið er um afstöðu þingmanna til þeirra niðurskurðaraðgerða sem hér eru taldar upp á þessu blaði og ég las upp áðan. Þetta er krossapróf sem lagt er fyrir þingmenn. Þetta eru einu tillögurnar um aðgerðir í heilbrigðismálum sem við höfum séð frá opinberum stofnunum undanfarna daga og ég spyr: Er þetta tillaga heilbrrh.? Hann getur ekki afneitað henni.

[13:57]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Hv. þm. Nei. Þetta er ekki tillaga heilbrrh. (**SvG:** Gott.)

Stjórnarfrumvarp um Héraðsskóga.

[13:57]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það kom fram á hv. Alþingi fyrir um það bil hálfum mánuði hjá hæstv. landbrh. að frv. sem hann hefur verið með í sinni umsjón og hefur ætlað að reyna að leggja fyrir hv. Alþingi og snertir Héraðsskóga hefur tvívegis strandað í þingflokki Alþfl. Þá kom hæstv. umhvrh. í pontu með þá yfirlýsingu að þetta frv. kæmi fram einhvern næstu daga, hann skyldi sjá til þess að það strandaði ekki lengur í þingflokki Alþfl. Nú langar mig til að spyrja hæstv. landbrh. þar sem hæstv. umhvrh. er ekki mættur hvað sé að frétta af þessu máli. Ég veit að hann hefur unnið mjög náið með þingflokki Alþfl. upp á síðkastið og ætti því að geta svarað því hvað sé þaðan að frétta.

[13:59]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Frv. er sennilega í Prentsmiðjunni Gutenberg og ég vonast til að hægt verði að dreifa því á morgun.

[13:59]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þá hefur þingmaðurinn ekki meira um það að segja og er ánægður að heyra þessar fréttir.

Tvíhliða viðræður um stöðu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu.

[13:59]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. forsrh. Í viðtali við dagblaðið Tímann þann 8. mars sl. segir hæstv. utanrrh. að tvíhliða viðræður um stöðu Íslands gagnvart Evrópubandalaginu muni hefjast á næstu vikum.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Það er of mikil ókyrrð í salnum.)

Í morgun segir síðan hæstv. utanrrh. á morgunfundi Verslunarráðs að það sé að stinga höfðinu í sandinn að hefja ekki umræður í alvöru í þjóðfélaginu um aðild að Evrópubandalaginu. Ég vil því spyrja hæstv. forsrh. af því að hæstv. utanrrh. er ekki hér við: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu máli? Hvenær hefjast þessar tvíhliða viðræður?

[14:00]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig eðlilegt að þeir atburðir sem hafa verið að gerast á Norðurlöndum og hafa verið mjög í sviðsljósi varðandi Evrópubandalagið og aðgengi Noregs, Svíþjóðar, Finnlands og Austurríkis að Evrópusambandinu komi róti á hugi manna hér eins og um þetta er fjallað en rétt er að hafa í huga

að það hefur þó ekkert gerst sem ekki var vitað að kynni að gerast þegar Íslendingar tóku sína ákvörðun. Að vísu var um hana deilt hvort við mundum eins og menn muna hér í hv. Alþingi samþykkja EES-samninginn en það hefur ekkert gerst gagnvart þeirri meginniðurstöðu þingmanna eins og ég hef skilið það að vilji þingsins stæði ekki til þess að við gerðumst aðilar að Evrópusambandinu. Það hefur ekkert gerst annað en þessi umræða. Og ég tel ekki að neitt í þessum tilboðum Evrópubandalagsins til að mynda í garð Noregs breyti þeirri stöðu.

Á hinn bóginn liggur fyrir samþykki Alþingis sem var bærileg sátt um hér að þegar ljóst væri hvernig þessar viðræður kynnu að ganga, þá yrði auðvitað að fara í tvíhliða viðræður við Evrópusambandið. Sú afstaða hefur verið kynnt Evrópusambandinu og ég hef hugsað mér og beðið mína embættismenn að undirbúa það að ég muni fara í heimsókn til þessa sambands og gera frekari grein fyrir okkar sjónarmiðum. Ég vek þó athygli á því að EES-samningurinn stendur og hann er í gildi og gildir þrátt fyrir það að menn þurfa auðvitað að ræða fyrirkomulag á stofnanaþáttum þess samnings. Sumir hafa látið í veðri vaka að EES-samningurinn sem slíkur hyrfi á braut og legðist af. Svo er ekki. Samningurinn stendur fyrir sínu, en auðvitað þurfa menn að ræða um þessa þætti við Evrópusambandið. Ég vek hins vegar athygli á því að það eru umræður í þinginu á morgun og þá gefst okkur lengri tími til að fjalla um þetta áhugaverða efni.

[14:02]

Jón Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir svörin þó að það hefði vissulega verið áhugaverðara að spyrja hæstv. utanrrh. sem er kominn í salinn. En ég vil vekja athygli á því að það kom ekki hreint svar við minni spurningu hvenær tvíhliða viðræður mundu hefjast að öðru leyti en því að hæstv. forsrh. sé á förum til Evrópubandalagsins. Hér var samþykkt fyrir ári síðan um það bil eða tæpu ári með góðu samkomulagi á Alþingi ályktun þar sem ríkisstjórninni var falið í ljósi þess að EFTA-ríkin hefðu sótt um aðild að Evrópubandalaginu að undirbúa tvíhliða viðræður um stöðu Íslands í ljósi þessara aðildaumsókna. Ég hef ekki orðið var við að ríkisstjórnin hafi gert neitt annað en biðja Háskóla Íslands að athuga kosti og galla aðildar að Evrópubandalaginu. Ég vil benda á og við höfum betri tíma til að ræða það á morgun að það er ætlast til þess að þingsályktanir séu framkvæmdar en það sé ekki reynt að skjóta sér undan því.

[14:04]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Ég tel, hæstv. forseti, að eftir efni ályktunar hafi það verið eðlilegt að kynna þá niðurstöðu fyrir Evrópusambandinu. Þessi afstaða okkar hefur líka verið kynnt rækilega á fundum með okkar samstarfsaðilum innan EFTA og innan Norðurlandaráðs og ég tel að þetta sé allt saman í réttum og eðlilegum farvegi. Það var auðvitað nauðsynlegt að sjá hvernig þessi mál þróuðust varðandi aðildarumsóknir hinna ríkjanna og ekki líklegt að kæmi neitt fast út úr viðræðunum við Evrópusambandið fyrr en menn sæju hvernig þeim viðræðum mundi lykta og sæju þar með hver yrði líkleg staða EFTA-ríkjanna á allra næstu árum.

[14:05]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi aðeins árétta það að hæstv. ríkisstjórn ber að framkvæma samþykktir Alþingis en ég hef grun um það að þeir sem vilja stefna okkur inn í Evrópubandalagið vilji nota það óvissuástand sem hér hefur komið upp til að beina okkur inn í umræður um aðild að Evrópubandalaginu, samanber ræðu hæstv. utanrrh. á fundi Verslunarráðs í morgun.

[14:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á vegna þessara orða að ríkisstjórnin hefur nýlega kynnt þinginu skýrslur um það með hvaða hætti ályktunum Alþingis hefur verið fylgt eftir og ég tel að þessi ríkisstjórn geti í samanburði við aðrar sæmilega við unað í þessum efnum og það mun auðvitað gerast varðandi þetta mál sem hv. þm. gerði að umtalsefni eins og önnur.

Um fundarstjórn.

Tillögur landlæknis um niðurskurð í heilbrigðismálum.

[14:06]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er nú slaklegum þingskapalögum að kenna að liðurinn heitir þetta. Ég ætla ekki að finna neitt að fundarstjórn forseta. En vegna þess að hv. 9. þm. Reykv. gerði hér að umtalsefni áðan plagg, sem okkur hv. þm. hefur borist frá landlæknisembættinu þar sem okkur er gert að krossa við ýmsa þá möguleika á sjúkdómum sem mætti draga úr að lækna og hæstv. heilbr.- og trmrh. kvaðst ekki kannast við þetta plagg og segir að það sé honum óviðkomandi, þá hlýt ég að upplýsa hinn unga og nýja hæstv. heilbrrh. um lög nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Landlæknir er ráðunautur ráðherra og ríkisstjórnar um allt er varðar heilbrigðismál og annast framkvæmd tiltekinna málaflokka fyrir hönd ráðherra samkvæmt lögum, reglum og venjum er þar um gilda. Hann hefur eftirlit með starfi og starfsaðstöðu heilbrigðisstétta. Aðstoðarlandlæknir skal vera landlækni til aðstoðar og staðgengill hans." Þetta er 3. gr., 1. liður.

Þetta held ég að sé nauðsynlegt að hæstv. heilbrrh. viti áður en hann þvær af sér tillögur landlæknis um þessa dæmalausu kosti sem okkur eru settir að velja úr svo sem hvort við viljum heldur að dregið verði úr lækningum geðsjúkra eða hjartasjúklinga.

Þetta minnir mig á gamla sögu frá bæjarfélagi okkar hæstv. heilbrrh. Þar var einu sinni maður sem þótti heldur klaufalegur í umgengni við konur. Einu sinni herti hann sig þó upp og bauð konu upp í dans og velti lengi fyrir sér hvað hann gæti nú sagt við hana svo henni leiddist ekki. Á endanum datt honum það snjall-

ræði í hug að hvísla í eyrað á henni: Hvort viltu heldur deyja úr krabbameini eða berklum?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tekur undir það með hv. þm. að þetta heyrir nú ekki beinlínis undir fundarstjórn forseta en ekki verður hjá því komist að gefa hæstv. heilbrrh. tækifæri til að taka til máls um fundarstjórn forseta.

[14:08]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Það er alveg ástæðulaust af hálfu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur að upplýsa ráðherra um stöðu landlæknis. Hún er mér fullkunn. Ég vil enn fremur leiðrétta orðalag hv. þm. varðandi tillögur landlæknis. Hér er ekki um að ræða neinar tillögur. Hér er um að ræða könnun á afstöðu þingmanna og ég gef mér að velflestir þingmenn annaðhvort merki ekki við eitt einasta atriði í þessari könnun ellegar láti hana fram hjá sér fara. Það geri ég a.m.k. því hún er ekki með velþóknan heilbrrh. Það tók ég fram áðan og árétta hér. (**GHelg:** Er það nú ráðunautur.)

Útbýting þingskjals:

Eignarskattur af íbúðarhúsnæði, 491. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 749.

Sala ríkisins á SR-mjöli.

Beiðni ÓÞÞ o.fl. um skýrslu, 468. mál. — Þskj. 717.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]

Beiðni leyfð með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EKG, EMS, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RG, SalÞ, StG, StH, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EgJ, EKJ, GB, GHall, HBl, HN, JóhS, JHelg, KHG, MB, ÓE, PS, RA, SigG, SAÞ, SP, SJS, TIO, ÖS) fjarstaddur.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 460. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 691.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:11]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, GB, HN, JóhS, JHelg, KHG, ÓE, SAÞ, SP, StH, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 445. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 658.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (ÁMM, GB, HN, JóhS, KHG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Söfnunarkassar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 446. mál. — Þskj. 659.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

6 þm. (GB, HN, JóhS, KHG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Málflytjendur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 461. mál (fjárvarsla, starfsábyrgðartrygging). — Þskj. 692.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]

Frv. vísað til 2. umr. með 56 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

7 þm. (FI, GB, HN, JóhS, KHG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Hæstiréttur Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 196. mál (tala fastra dómara, varadómarar, afgreiðsla kærumála). — Þskj. 218, nál. 710, brtt. 711.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:14]

1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 711,1 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 711,2 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, PBald, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Meðferð einkamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 198. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 220, nál. 713, brtt. 714.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]

1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 714,1 (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald,

PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (GHelg, HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 714,2–11 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

5.–24. gr. (verða 6.–25. gr.), svo breyttar, samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.
6 þm. (GB, HN, JóhS, KHG, VS, ÖS) fjarstaddir.

Meðferð opinberra mála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 197. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 219, nál. 712.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]
1. gr. samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

2.–22. gr. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (HN, JóhS, KHG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. í nál. 712 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EMS, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
9 þm. (EH, FI, FrS, HN, ISG, JóhS, KHG, PBald, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (HBl, HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 102. mál. — Þskj. 105, nál. 715, brtt. 718.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]
Brtt. 718 samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG,

GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (EKJ, HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Fskj. 1 (mannréttindasáttmálinn sjálfur og samningsviðaukar 1, 2, 4, 6 og 7) samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (HBl, HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.

Hæstiréttur Íslands, frh. 2. umr.

Frv. SvG o.fl., 37. mál (skipun dómara o.fl.). — Þskj. 40, nál. 730.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]
Till. í nál. 730 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 59 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
4 þm. (HN, JóhS, KHG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við flm. þessa frv. erum prýðilega sátt við þá tillögu sem hér er gerð um að vísa þessu máli til nánari skoðunar. Hér er gerð sú róttæka brtt. af okkar hálfu að tillaga dómsmrh. um skipan hæstaréttardómara þurfi að leggjast fyrir Alþingi til meðferðar. Okkur þykir að það sé sanngjarnt og eðlilegt að það mál fái nánari skoðun á vettvangi ríkisstjórnar og réttarfarsnefndar og þess vegna styðjum við þessa tillögu um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 341. mál (innflutningur búvara, tollskrárviðauki). — Þskj. 533, nál. 671, 696, 701 og 703, brtt. 672 og 702.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Brtt. 672,1 (ný 1. gr.) samþ. með 56 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (GHelg, IBA) greiddu ekki atkv.
5 þm. (HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er þannig að verki staðið að þingið veit í raun ekkert hvað á að fara að samþykkja hér. Fyrir liggja tvær greinargerðir, tvö nefndarálit með afar misvísandi túlkunum stjórnarsinna á því hvað þessar lagagreinar þýða. Svona er ekki hægt að standa að málum og sæmir ekki Alþingi Íslendinga.

Við kvennalistakonur teljum rétt að ríkisstjórnarflokkarnir beri ábyrgð á afgreiðslu þessa máls ef svona verður að verki staðið, en í trausti þess að málið verði skoðað nánar á milli 2. og 3. umr. munum við styðja tvo fyrstu liði þeirra tillagna sem hér verða greidd atkvæði um, enda eru þær í samræmi við þær tillögur sem landbn. taldi sig geta fallist á meðan málið var til

meðferðar í nefndinni. Við viljum hins vegar breyta 72. gr. en takist það ekki verður meiri hlutinn að bera ábyrgð á henni, svo og þeim viðaukum sem á eftir fylgja.

[14:29]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þingmenn Framsfl. munu styðja þennan lið, 1. liðinn, svo og a-lið 2. liðar. Það gerum við vegna þess að þetta er hluti af þeim tillögum sem við treystum okkur lengst til að samþykkja til þess að ná samstöðu um þetta mál hér á þingi. Eins og brtt. við 52. gr. var breytt í meðförum landbn., þá er hún orðin almennari. Hið ákveðna bannákvæði var tekið út þannig að við teljum að þessi grein geti staðið eftir þær breytingar sem verða þegar Úrúgvæ-lota GATT-samninganna tekur gildi.

[14:30]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hlýt að láta það koma fram hér í upphafi að við stjórnarandstæðingar hörmum að forsetar urðu ekki við óskum okkar í nótt um að fresta þessari umræðu og sjá til þess að unnt yrði að skoða málið. Ég er þeirrar skoðunar að æskilegast hefði verið að draga þessar brtt. allar til baka og landbn. hefði unnið í málinu og reynt að ná ásættanlegri niðurstöðu í því. En úr því að svo var ekki gert og hér er knúin fram atkvæðagreiðsla um þetta mál, þá er það okkar afstaða að styðja 1. tölul. brtt. á þskj. 672, sömuleiðis a-lið 2. tölul. og leggja síðan til að okkar brtt. á þskj. 702 verði samþykkt. Með því móti teljum við að sæmilega traustlega sé frá málinu gengið, en verði það hins vegar fellt er alveg augljóst mál að ágreiningur stjórnarflokkanna mun þá ganga hér inn í textann sem afgreiddur verður á þskj. 672 með lagaskýringum sitt í hvora áttina og þá er auðvitað óhjákvæmilegt að þetta mál verði skoðað frekar og tekið til umfjöllunar á milli 2. og 3. umr. Við munum sem sagt styðja þessa brtt., hæstv. forseti, sem nú kemur til atkvæða og a-lið 2. tölul. og síðan leggja til að okkar brtt. á þskj. 702 verði samþykkt.

Brtt. 672,2.a (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, HBl, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (GHelg, IBA) greiddu ekki atkv.

6 þm. (GHall, HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 702 felld með 31:26 atkv. og sögðu

já: AÓB, EH, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

1 þm. (IBA) greiddi ekki atkv.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 672,2.b (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, EH, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:34]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það er afstaða þingmanna Framsfl. að eins og þetta mál er lagt fyrir, þá getum við engan veginn tekið þátt í afgreiðslu þess. Með þeirri brtt. sem hér er lögð til eru tvö nefndarálit sem ganga í sitt hvora áttina. Til viðbótar gerðist það hér í gærkvöldi og nótt að tveir hæstv. utanríkisráðherrar, afsakið ráðherrar, þ.e. hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh., komu með túlkanir á þessari grein sem gengu algjörlega misvísandi. Það er skoðun okkar að þingmenn geti ekki tekið ábyrgð á vinnubrögðum sem þessum og í raun séu þingmenn að bregðast þinglegri skyldu sinni með því að samþykkja með opnum augum lagatexta sem er vitað áður en hann kemur til atkvæðagreiðslu að er túlkaður í allar áttir.

Virðulegur forseti. Ég biðst afsökunar á að hafa nefnt hér áðan að hér væru tveir utanríkisráðherrar. (Forseti hringir.) Það væri miklu nær að segja að hér væru tveir landbúnaðarráðherrar sem virðast vera jafnréttháir innan ríkisstjórnarinnar en koma sér ekki saman um nokkurt mál.

[14:35]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er þannig að þegar þeir greiða atkvæði um þessa grein, hv. þm. Egill Jónsson og hv. þm. Gísli S. Einarsson, þá telur hv. þm. Egill Jónsson sig vera að samþykkja það að landbrh. fái heimildir til að verðjafna fyrir samsettum vörum, bæði gagnvart innlendum og erlendum landbúnaðarhráefnum í vörunni og greiðir því atkvæði. En hv. þm. Gísli S. Einarsson telur sig vera að samþykkja það að landbrh. fái eingöngu heimild til að verðjafna fyrir innlendu hráefnisþáttunum í samsettum vörum. Það er það sem hér er að gerast. Lagatúlkun Alþfl. er önnur en Sjálfstfl. en síðan ætla báðir að greiða eins atkvæði.

Þetta er ekki hægt. Þetta gengur ekki svona. Þetta er einhver mesta niðurlæging sem ríkisstjórn og stjórnarliðar hafa nokkurn tíma sýnt sjálfum sér að bjóða mönnum upp á afgreiðslu við þessar aðstæður. (**Gripið fram í:** En þeir spila nú báðir á harmoníku.) Þeir kunna að vísu báðir eitthvað á harmoníku, en það

hjálpar þeim ekki mikið í þessu efni og það verður ekki tekið sem málsgagn í hæstaréttardómum framtíðarinnar að þeir geti gutlað eitthvað á harmoníku, formaður og varaformaður landbn. (Forseti hringir.) Þetta er algjör hneisa, hæstv. forseti, og þinginu til skammar. Við munum ekki taka þátt í afgreiðslu tillögunnar eins og hér er að málum staðið, en munum að sjálfsögðu krefjast þess að landbn. taki málið til umfjöllunar á nýjan leik milli umræðna.

Brtt. 672,2.c (ný grein, verður 4. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, EH, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að gera grein fyrir því að samkvæmt þeim tillögum sem við stjórnarandstæðingar vorum tilbúnir til að samþykkja fylgdu með þessir viðaukar með vörulistanum. Það er hins vegar okkar mat að eftir að búið er að samþykkja brtt. stjórnarmeirihlutans, sem er túlkuð á misvísandi hátt, séu þessir viðaukar ónýtt gagn og ekkert á þeim að byggja. Við getum því ekki tekið þátt í að lögfesta þá. Það var fyrir fram nógu mikið vafamál hvort það væri rétt að lögfesta viðauka á þennan hátt, en þegar búið er áður en að þeirri lögfestingu kemur að eyðileggja gildi þeirra, þá er það algerlega út í hött að setja þá inn í lög.

2. gr. (verður 5. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, EH, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 672,3.a (nýr viðauki, verður viðauki I) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, EH, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 672,3.b (nýr viðauki, verður viðauki II) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

27 þm. (AÓB, EH, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 58 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, KE, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:42]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu mun stjórnarandstaðan ekki standa í vegi fyrir því að málinu sé vísað til 3. umr. en það er þó gert í trausti þess, og ég treysti hv. formanni landbn. til þess að svo verði, að málið verði tekið til nefndar á milli 2. og 3. umr. eins og heimildir eru til samkvæmt þingsköpum. Við hljótum að skoða það í landbn. hvað þessi afgreiðsla sem hér hefur farið fram núna þýðir í raun og hvernig afgreiðsla Alþingis á máli með þeim eindæmum, sem hér hefur farið fram, þýðir. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt, ekki síst fyrir stöðu Alþingis, að við fáum mat hinna færustu lögfræðinga á því hvað það mundi hafa í för með sér ef Alþingi færi að stunda afgreiðslu mála með þeim hætti sem hér hefur verið gert.

[14:43]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Lagatextinn eins og hann hefur verið samþykktur liggur skýr fyrir. Það liggur alveg skýrt fyrir einnig hvernig hann er skýrður af þeim mætu lögfræðingum sem hann sömdu, en hitt vekur athygli mína að helstu fulltrúar Framsfl. í þessum málum, hv. 6. þm. Norðurl. e., gerir það sem hann getur til þess að reyna að viðhalda óvissu í málefnum landbúnaðarins og hafði ég satt að segja ekki búist við að hann mundi beita sér með þeim hætti hér á Alþingi.

[14:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég vildi segja frá því að mín skoðun er sú gagnvart þessum misvísandi álitum að nauðsynlegt er að taka málið upp í landbn. Það verður gert því að stjórnarflokkarnir fara ekki þar með meiri hluta

lengur. Þar sem stjórnarandstaðan og Eggert Haukdal mynda hinn nýja meiri hluta, þá munum við í landbn. koma saman og fara yfir nefndarálitin og taka síðan ákvörðun í framhaldi af því.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil gefa þá skýringu á mínu atkvæði að ég styð þessa vísun milli umræðna í trausti þess að landbn. og hinn nýi meiri hluti hennar, sem við setjum nú allt traust okkar á, muni taka þetta mál til rækilegrar skoðunar, bæði þau misvísandi nefndarálit sem hér liggja fyrir, en þó er ekki síður nauðsynlegt að fá útskrift af umræðum í gær, í nótt og á fimmtudaginn var og þar á meðal afdráttarlausum yfirlýsingum hæstv. ráðherra sem ganga gersamlega til gagnstæðrar áttar um það hvað felist í hinum nýsamþykkta lagatexta. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá álit hlutlausra, sérfróðra aðila á því hver réttarstaðan sé, ef til árekstra kæmi eða dómsmála kæmi í ljósi fyrirliggjandi gagnstæðrar túlkunar á lagatextanum. Það er ekki nokkur leið að sætta sig við það eftir allt sem á undan er gengið í þessum málum og allri þeirri umfjöllun sem orðin er um frammistöðu löggjafans og stjórnsýslunnar í landbúnaðarmálunum annað en að unnið verði með sómasamlegum hætti að þessu máli og til þess þarf tíma og skoðun nú milli umræðna.

[14:46]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég hef haft þá stöðu frá því að ég kom fyrst á þing og til þessa dags að halda fullkomnu sjálfstæði mínu og sannfæringu. Það geri ég og í þessu máli og finnst engin skömm að því ef stjórnarandstaða tekur réttan pól að fylgja henni sem ég geri í þessu máli. En þannig var að þegar annað uppkast lögfræðinganna lá fyrir, þá var nánast öll landbn. með því. Það sem svo gerist er að frá öðru uppkasti til hins þriðja breyttust hlutir og þá skildu leiðir. Eftir það fylgi ég stjórnarandstöðunni í málinu að hún tók upp breytingartillögur eins og þær lágu fyrir aftur annað uppkast. Þess vegna mun ég að sjálfsögðu — (Gripið fram í.) en svo aftur sem hv. 5. þm. Suðurl. er að tala um út af fyrir sig að það sé kominn nýr meiri hluti, jú, það er meiri hluti út af fyrir sig í nefndinni í þessu máli. (Forseti hringir.) Ég skammast mín ekkert fyrir að taka mína afstöðu hér á hv. Alþingi eftir sannfæringu minni og mun aldrei beygja mig fyrir krötum.

Um fundarstjórn.

Atkvæðagreiðsla um búvörulagafrumvarp.

[14:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að í atkvæðaskýringu hér áðan frá hæstv. landbrh. notaði hann ekki tímann til þess að gera grein fyrir sínu atkvæði og er það út af fyrir sig í stíl við annan málflutning hæstv. ráðherra í þessu máli. Hann notaði hins vegar tímann til að snúa út úr afstöðu og málflutningi þess sem hér stendur í þessu máli og ég hlýt, virðulegur forseti, að benda á það að sá tími sem er ætlaður til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu er ekki ætlaður til árása á aðra þingmenn.

Hæstv. ráðherra veit mætavel og það staðfesti ræða hv. 5. þm. Suðurl. hér áðan að hefðu tillögur 3. minni hluta verið samþykktar, þá væri engin óvissa um þau tvö atriði sem hæstv. landbrh. og hæstv. utanrrh. hnakkrifust um hér í gærkvöldi og spöruðu ekki fúkyrðin hvor við annan. Ef hæstv. landbrh. telur að sú málsmeðferð sé að eyða óvissu, þá held ég að hann hljóti að vera einn um þá skoðun. Og ég get upplýst hæstv. ráðherra um það til viðbótar að við þingmenn Framsfl. munum flytja hér tillögu fyrir 3. umr. sem getur eytt óvissunni og sem yrði í þá veru að þá verður Alþingi að taka afstöðu til þess hver túlkunin á brtt. stjórnarmeirihlutans er gild. Þá skulum við taka eftir hvernig hæstv. landbrh. greiðir atkvæði og hvort hann vill í raun og hefur getu til þess að eyða einhverri óvissu í þessu máli.

Hafnalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 193. mál (heildarlög). — Þskj. 563, brtt. 395,9, 676, 677, 693 og 695.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]

Brtt. 676,1 felld með 33:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 676,2 felld með 33:25 atkv. og sögðu

já: AÓB, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

5 þm. (HN, JóhS, KHG, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 676,3 felld með 32:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

8 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, PBald, StH, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 677,1 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 676,4 felld með 32:24 atkv. og sögðu
já: AÓB, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
7 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, StH, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 677,2 samþ. með 33:1 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, HBl, HjálmJ, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: IBA.
23 þm. (AÓB, EMS, FI, GB, GÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
6 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 677,3 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 676,5 felld með 33:24 atkv. og sögðu
já: AÓB, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
6 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 693 kölluð aftur.

Brtt. 695 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, StH, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 395,9 kölluð aftur.

Brtt. 677,4 samþ. með 57 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EMS, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HjálmJ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, StH, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, IBA, JBH, LMR, MB, ÓE, PBald, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EMS, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.
7 þm. (HN, JóhS, KHG, MF, StH, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 757).

Vátryggingastarfsemi, 1. umr.

Stjfrv., 450. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 663.

[14:58]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér um ræðir, frv. til laga um vátryggingastarfsemi er að grunni til það frv. til laga sem lagt var fram fyrir Alþingi á 116. löggjafarþinginu og samið var af nefnd sem þáv. trmrh. skipaði til að endurskoða í heild gildandi löggjöf á því sviði, þ.e. lög nr. 50/1978, en löggjöfin er mjög komin til ára sinna og orðið tímabært að heildarendurskoðun fari fram. Gildandi lög eru í raun að meginstofni til fyrsta heildarlöggöfin hér á landi um vátryggingastarfsemi sem sett var 1973. Þau voru endurskoðuð 1978 í fáeinum atriðum, en heildarendurskoðun hefur ekki átt sér stað fyrr en núna.

Frv. var ekki útrætt á 116. löggjafarþinginu. Það var lagt fram lítið breytt nú á haustþingi en hlaut ekki afgreiðslu fyrir síðustu áramót. Afleiðingar þess voru að Ísland hafði ekki uppfyllt ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið á þessu mikilvæga þjónustusviði við gildistöku samningsins 1. jan. sl. Hafa þegar borist athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA vegna þessa enda litið alvarlegum augum þegar ekki hefur verið staðið við skuldbindingar samkvæmt alþjóðasamningum á þjónustusviði í heild sinni þegar heild-

arlöggjöf samrýmist ekki ákvæðum slíkra samninga í grundvallaratriðum.

Það frv. sem hér er lagt fram er hins vegar í veigamiklum atriðum breytt frá eldra frv. Myndun eins sameiginlegs vátryggingamarkaðar á Evrópska efnahagssvæðinu var tiltölulega skammt á veg komin samkvæmt EES-samningnum eins og hann lá fyrir 1. jan. sl. Hann nær aðeins lagareglur sem samþykktar voru fram að 1. ágúst 1991. Veigamiklar breytingar hafa orðið á Evrópulöggjöfinni síðan og EFTA-ríkin sem eru aðilar að EES-samningnum verða að lögbinda þessar breytingar efnislega á fyrri helmingi þessa árs og hrinda þeim í framkvæmd eigi síðar en 1. júlí nk. Skortir mikið á að það frv. sem lagt var fram á seinasta þingi sé í samræmi við þá löggjöf sem nú hefur verið samþykkt og gildir á Evrópska efnahagssvæðinu. Frv. hefur því verið endurskoðað af starfshópi á vegum ráðuneytisins þar sem áttu sæti fulltrúar frá Tryggingaeftirlitinu, vátryggingafélögunum og samtökum þeirra. Er það lagt fram hér sem nýtt frv. með þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til samræmis við þá löggjöf sem samþykkt hefur verið hjá Evrópusambandinu og verður hluti EES-samningsins í svonefndum viðbótarpakka lagareglna sem taka munu gildi nú í marsmánuði.

Heildarendurskoðun laganna er í raun tvíþætt. Miklar breytingar hafa orðið á ýmsum sviðum frá því að lögin voru sett fyrir 20 árum og aðlögun að Evrópulöggjöfinni er nauðsynleg til að staðið verði við gerða alþjóðasamninga og ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Sérstök löggjöf er hvarvetna í gildi um vátryggingastarfsemi undir eftirliti stjórnvalda. Löggjöf Norðurlandaþjóða stendur á gömlum merg og var hún að verulegu leyti höfð til hliðsjónar við lagasetningu hér á landi á sínum tíma. Einnig er tekið mið af sambærilegri löggjöf nágrannaþjóða og einkum Norðurlanda. Sér í lagi hefur verið litið til dönsku laganna og lagasmíðar sem þar á sér nú stað vegna breytinga á Evrópulöggjöfinni. Hér er þó um sjálfstætt frumvarp að ræða sem á sér ekki nákvæma fyrirmynd neins staðar annars staðar en tekur mið af íslenskum veruleika.

Sérstök löggjöf er sett um vátryggingastarfsemi og opinbert eftirlit með henni vegna hins félagslega hlutverks vátrygginga. Þeim er ætlað að veita vernd og fjárhagslegt öryggi gegn ófyrirsjáanlegum áföllum og tjónum sem eiga sér stað í mannlegu samfélagi. Nauðsynlegt er að starfsemi vátryggingafélaga sé rekin á heilbrigðum og traustum grundvelli og gætt sé hagsmuna þeirra sem sækja til þeirra þjónustu og rétt eiga á bótum úr þeirra hendi. Vátryggingafélög hafa með höndum vörslu fjár vátryggingataka sem lagt er í sameiginlegan sjóð og til greiðslu bóta til þeirra sem verða fyrir tjóni. Þau bera mikla ábyrgð. Starfsemin lýtur flóknum lögmálum og hinir vátryggðu hafa yfirleitt ekki aðstöðu til að meta fjárhagsstöðu þeirra er þeir skipta við og oft og tíðum getur verið erfiðleikum bundið að átta sig á því sem í boði er og samið er um. Af þessum ástæðum er hvarvetna talið nauðsynlegt að opinbert eftirlit sé með starfsemi vátryggingafélaga og ríkar lagaheimildir fyrir hendi til að taka í taumana ef eitthvað fer úrskeiðis.

Áherslumunur er á milli ríkja hversu langt skuli ganga í opinberum afskiptum af starfseminni en almennt má líta á löggjöf um vátryggingastarfsemi löggjöf í þágu neytenda.

Þróunin í Evrópu í átt til eins sameiginlegs markaðar á sviði vátrygginga hefur verið hægari en á öðrum sviðum fjármála- og þjónustustarfsemi sem hefur verið komin lengra í þá átt að aflétta ýmsum hömlum og rýmka og samræma reglur milli ríkja og opna landamærin þannig að heimilt verði að veita þjónustu í öðrum ríkjum og sækja sér slíka þjónustu. Breytingar í þessa veru hafa þegar orðið hér á landi á bankasviði í samræmi við Evrópulöggjöfina, m.a. með lögum um viðskiptabanka og sparisjóði sem tóku gildi 1. júlí 1993. Segja má að vátryggingastarfsemin hafi ekki fylgt annarri þjónustustarfsemi vegna andstæðra sjónarmiða sem togast á í þessum efnum meðal aðildarríkja sambandsins. Annars vegar er það sjónarmið að aukið frelsi og samkeppni, fleiri valmöguleikar og dregið sé úr afskiptum hins opinbera af starfseminni sé vátryggingartökum til einna mestra hagsbóta, þ.e. að lögmál markaðarins sjái til þess að hagstæðustu kjör verði í boði og að hæfustu og best reknu vátryggingafélögin og þau sem geta boðið lægstu iðgjöldin lifi og dafni.

Á hinn bóginn er haldið á lofti sjónarmiðum um nauðsyn þess að hið opinbera hafi hönd í bagga. Hér sé um svo flókið svið að ræða sem erfitt er fyrir almenning að hafa yfirlit yfir. Nauðsyn sé neytendaverndar í ríkum mæli og að opinbert eftirlit sé haft á vátryggingaskilmálum og iðgjöldum, svo og með fjárhag og viðskiptaháttum, markaðslögmálin ein ráði ekki við að skipa málum svo að viðhlítandi sé. Yfirgnæfandi hluti iðgjaldatekna vátryggingafélaga fer til greiðslu bóta vegna tjónstilvika sem ráðast af ytri aðstæðum og vátryggingafélög geta ekki ráðið við nema að takmörkuðu leyti þannig að samkeppnislögmálin gildi ekki með sama hætti á þessu sviði og mörgum öðrum. Beggja sjónarmiða gætir í lagareglum Evrópusambandsins en segja má að til þessa hafi meiri áhersla verið lögð á markaðssjónarmiðin en neytendahliðina. Neytendalöggjöf og lög um vátryggingasamninga hafa ekki verið samræmd í Evrópu og hafa aðildarríkin því að verulegu leyti frjálst val um að setja ákvæði í lög heima fyrir til eflingar neytendavernd.

Í því frv. sem hér liggur fyrir gætir þessara sjónarmiða beggja. Vátryggingamarkaðurinn hér á landi er af eðlilegum ástæðum mjög lítill og hefur verið mjög einangraður vegna legu landsins. Hann er allsérstæður vegna þess hvernig hann er uppbyggður á ýmsum sviðum. Af 25 aðilum sem nú hafa starfsleyfi hér á landi eru 12 starfandi samkvæmt sérstökum lögum á sviði brunatrygginga og sjótrygginga þar sem opinberir og hálfopinberir aðilar hafa haft einkaréttaraðstöðu á sumum sviðum og notið forréttinda svo sem skattfríðinda. Vátryggingaskilmálar voru löngum staðlaðir og iðgjaldataxtar samræmdir í flestum greinum vátrygginga með beinum eða óbeinum afskiptum og ákvörðunum

hins opinbera fyrir fram, samkeppni takmörkuð og samstarf og samráð náið milli félaga í markaðsmálum. Starfsemin bjó lengi vel við ýmis þröng ytri skilyrði, t.d. varðandi fjárfestingar, ávöxtunarmöguleika og skattlagningu. Þetta hefur verið að breytast á undanförnum árum. Samkeppnislög hafa komið til. Vátryggingastarfsemi tengist nú æ meira öðrum sviðum viðskipta, fjármála- og þjónustustarfsemi í kjölfar rýmkunar reglna og þess að hömlum hefur verið aflétt innan lands og milli landa á fjármálasviðinu. Samkeppni eykst og fjölbreyttari tegundir vátrygginga eru á boðstólum. Þrátt fyrir þann mikla fjölda félaga sem hér hefur starfsleyfi er starfsemin að yfirgnæfandi hluta á hendi fárra félaga. Tvö stærstu félögin hafa um ⅓ hluta markaðarins og fjögur félög tæplega 90% hluta markaðarins. Engin erlend félög eru starfandi hér nú en þrjú lítil félög eru í eigu útlendinga, þar af tvö að öllu leyti.

Meginbreytingin með tilkomu EES-samningsins varðandi markaðsaðstæður og starfsskilyrði vátryggingafélaga er að Evrópska efnahagssvæðið verði nú einn sameiginlegur vátryggingamarkaður í öllum greinum vátrygginga. Starfsleyfi er gefið út í einu aðildarríki og gildir alls staðar á svæðinu og það veitir vátryggingafélögum heimild til að stofna útibú hvar sem er innan þess eða veita þjónustu án þess að hafa starfsleyfi í því aðildarríki þar sem þjónustan er veitt. Að uppfylltum einföldum formskilyrðum geta íslensk vátryggingafélög veitt þjónustu í öðrum aðildarríkjum og erlend vátryggingafélög á sama hátt sótt á hinn smáa íslenska vátryggingamarkað. Einstaklingar og fyrirtæki geta einnig haft frumkvæði um að leita eftir þjónustu í öðrum aðildarríkjum og það gildir um allar tegundir vátrygginga.

Samkvæmt eldra frv. og eldri gerðum EES-samningsins náði starfsleyfi af þessu tagi fyrst og fremst til vátrygginga sem tengjast stærri atvinnurekstri og greinum eins og flug-, farm- og sjótryggingum.

Samkvæmt frv. eru felld niður ákvæði gildandi laga um kerfisbundna fyrirframskoðun vátryggingaskilmála og iðgjaldataxta og staðfestingu eftirlitsstjórnvalda á þeim. Þó er gert ráð fyrir því í samræmi við reglur EES-samningsins að skilmálar lögboðinna vátrygginga verði ávallt lagðir fram sem og tæknilegur grundvöllur líftrygginga. Er hér um mikla breytingu að ræða frá gildandi lögum, en nú er skylt að senda Tryggingaeftirlitinu alla vátryggingaskilmála fyrir fram til staðfestingar og það hefur heimild til að krefjast þeirra breytinga sem það telur nauðsynlegar. Hliðstætt er í lögum um iðgjöld og iðgjaldaákvarðanir. Hugsunin er sú að frelsi skuli ríkja á markaðnum um það sem í boði er og verðsamkeppni. Opinbert eftirlit er þó ekki alfarið fellt niður. Í stað eftirlits fyrir fram kemur eftir á eftirlit með því sem í boði er og eftirlitsaðilar munu áfram hafa ríkar heimildir til eftirlits með skilmálum og til afskipta standist þeir ekki lög og reglur eða samrýmist ekki góðum viðskiptaháttum.

Samkvæmt gildandi lögum geta einstaklingar og fyrirtæki ekki vátryggt erlendis eignir og hagsmuni nema sérstakt leyfi trmrh. komi til og óheimilt er að miðla vátryggingum til félaga hafi starfsleyfi ekki verið gefið út hér á landi. Þessum ákvæðum er breytt í frv. til samræmis við þær reglur sem gilda eiga á Evrópska efahagssvæðinu. Þá verður að afnema einkarétt félaga og ójafna aðstöðu á markaðnum samkvæmt gerðum EES-samningum og samkeppnisreglum hans. Aðilar verða að starfa á þessu sviði við sömu rekstrarskilyrði og á jafnréttisgrundvelli við önnur vátryggingafélög á markaðnum. Ákvæði þess efnis eru ekki í þessu frv. en taka verður á þeim málum í sérlögum sem gilda á hinum ýmsu sviðum vátryggingastarfsemi. Hins vegar er sú breyting samkvæmt frv. saman borið við gildandi lög að kveðið er á um að vátryggingafélög skuli vera í hlutafélagsformi, gagnkvæmu formi eða öðru lögmæltu félagsformi. Er því gert ráð fyrir að í framtíðinni verði ekki stofnuð félög á óskilgreindu félagsformi til að reka vátryggingastarfsemi eins og tíðkast hefur. Gert er ráð fyrir að opinberir aðilar sem reka vátryggingastarfsemi verði, svo sem verið hefur, háðir eftirliti eins og aðrir sem reka þessa starfsemi.

Sú veigamikla breyting á sér stað í kjölfar útgáfu starfsleyfa í heimaríki, sem gilda alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu, að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis bera ábyrgð á eftirliti með allri starfsemi félagsins alls staðar á svæðinu. Eru það nýmæli að erlend vátryggingafélög sem hér fá að starfa í útibúi eða án starfsstöðvar verði að miklu leyti undir eftirliti erlendra eftirlitsstjórnvalda. Tryggingaeftirlitið hér á landi ber hins vegar ábyrgð á eftirliti með allri starfsemi félaga sem það hefur veitt starfsleyfi.

Gert er ráð fyrir nánu samstarfi eftirlitsstjórnvalda vegna ýmissa formskilyrða sem þurfa að vera uppfyllt og vegna upplýsingaskyldu og aðgerða sem nauðsynlegt kann að vera að grípa til gagnvart erlendum aðilum í landinu. Skilyrði starfsleyfis, fjárhagsskilyrði og ýmsar eftirlitsreglur, hafa verið samræmdar að miklu leyti og kemur þar til með að auðvelda alla framkvæmd eftirlits á Evrópska efnahagssvæðinu. Tekið skal fram að útgefið starfsleyfi veitir ekki sjálfkrafa rétt til starfsemi annars staðar á svæðinu. Viðkomandi félag verður ávallt að tilkynna eftirliti heimaríkis að það hyggist veita þjónustu í gistiríki og eftirlit heimaríkis á að tilkynna eftirliti gistiríkis og leggja fram tiltekin gögn og upplýsingar um félagið.

Sérstakir kaflar í frv. fjalla um málefni sem varða Evrópska efnahagssvæðið, starfsemi erlendra félaga hér á landi og starfsemi félaga erlendis, sem hér hafa fengið starfsleyfi, og um samskiptareglur eftirlitsstjórnvalda á svæðinu.

Önnur breyting samkvæmt frv. miðað við gildandi lög sem hefur áhrif á markaðsaðstæður vátryggingafélaganna eru heimildir þeirra til að reka hliðarstarfsemi við vátryggingastarfsemi. Þær eru auknar verulega. Vátryggingafélög mega samkvæmt því eiga meiri hluta eða hafa yfirráð í félagi sem rekur skylda starfsemi, sem hingað til hefur verið óheimilt, og reka ýmiss konar umsýslu sem er í eðlilegum tengslum við vátryggingastarfsemi. M.a. er gert ráð fyrir að þau geti stundað fjármálastarfsemi í sérstökum félögum, þar með talið að reka bankastarfsemi. Þetta er í samræmi við

þróunina víða annars staðar og styrkir samkeppnisaðstöðu íslenskra vátryggingafélaga á markaðnum. Einkum er samkeppnin mikil víða milli lánastofnana og fjárfestingarfélaga annars vegar og vátryggingafélaga hins vegar um sparifé þegar líftryggingar og ýmis sparnaður og fjárfestingarform er annars vegar. Bankar hafa heimild til að reka vátryggingastarfsemi í dótturfélögum samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði og þróunin hefur víða orðið sú að félagasamstæður hafa verið myndaðar um að reka margháttaða fjármálastarfsemi. Þessi ákvæði um rýmkun á starfssviði vátryggingafélaga var einnig að finna í eldra frv.

Neytendaþættinum eru gerð skil með ýmsum hætti í frv. Í gildandi lögum um vátryggingasamninga, sem eru frá 1954, eru engar sérreglur um samninga sem gerðir eru við erlenda vátryggingaaðila. Réttarstaða vátryggingataka getur því orðið óviss geri hann slíkan samning og ef til þess kemur að hið erlenda félag á að greiða honum bætur vegna tjóns eða ágreiningur kemur upp af einhverju tagi.

Sérstakur kafli er í þessu frv. og nýr miðað við eldra frv. um upplýsingaskyldu vátryggingafélaga og um val á þeirri löggjöf sem getur gilt um vátryggingasamninga sem gerðir eru um að það skuli koma fram í samningnum hvaða löggjöf gildir um hann og heiti og aðsetur þess félags sem ber vátryggingaáhættuna og fleira. Ekki síst er þörf slíkra ákvæða um líftryggingar þar sem samningar eru oft gerðir til mjög langs tíma og skal veita mjög ítarlegar upplýsingar um samning um líftryggingu áður en frá honum er gengið, svo og á samningstímanum. Skilmálar skulu vera á íslensku eða á máli sem sá sem vátryggingu kaupir skilur og samþykkir og á það ekki eingöngu við um vátryggingasamninga sem gerðir eru í aðildarríkjum EES. Víkja má frá þeirri skyldu ef um er að ræða vátryggingar sem teljast til stóráhættu, þ.e. vátryggingar í stærri atvinnurekstri og í greinum eins og flug-, sjótryggingum og fleiri greinum.

Erfitt er að spá um hvort miklar breytingar verði hér á landi á þessu sviði þegar landamæri opnast og miklu meiri fjölbreytni býðst í vali á vátryggingum. Búast má við að margt verði í boði á markaðnum sem ef til vill verður ekki einfalt fyrir neytandann að átta sig á þegar boðin er þjónusta á svo flóknu sviði sem vátryggingar eru. Töluverður munur mun t.d. vera á milli ríkja á vátryggingaverndinni samkvæmt skilmálum í hinum ýmsu greinum vátrygginga. Iðgjöld geta verið mismunandi af því einu að gildissvið vátryggingannna eru mismunandi. Þegar boðin eru lægri iðgjöld í harðri samkeppni kann skýringin að vera sú að vátryggingaverndin sé lakari og vátryggingataka verði það fyrst ljóst ef til tjóns kemur og krefjast þarf bóta. Undantekningar í skilmálum kunna að vera fleiri en búist er við eða skyldur vátryggingataka ríkari og iðgjöld lág af þeim sökum.

Þau ákvæði sem er að finna í frv. um upplýsingaskyldu félags og um val á löggjöf um vátryggingasamninga eru í samræmi við lágmarksákvæði gerða EES-samningsins. Sérstök neytendalöggjöf hefur víða verið sett upp er snertir vátryggingasviðið sérstaklega sem gengur lengra í átt til neytendaverndar og upplýsinga- og kvörtunarþjónusta starfar víða sem fjallar um ágreining sem upp kunni að koma. Einnig starfa úrskurðaraðilar utan dómstóla á þessu sviði. Nefna má Norðurlöndin sérstaklega í þessu sambandi, en hér á landi hefur mjög skort úrræði í þessum efnum. Eini aðilinn sem hefur rekið sérstaka upplýsinga- og kvörtunarþjónustu á þessu sviði er Tryggingaeftirlitið þar sem frá árinu 1981 hefur verið að finna ráðgjafar- og kvörtunarþjónustu fyrir aðila sem skipta við vátryggingafélögin. Hafa ekki verið bein ákvæði í lögum um þennan þátt í starfsemi eftirlitsins en hún hefur verið rekin á grundvelli almennra markmiða laganna.

Í þessu frv. er kveðið á um að við Tryggingaeftirlitið skuli starfa sérstök neytendamáladeild og að eftirlit skuli haft með viðskiptaháttum, sölumennsku og tjónsuppgjöri vátryggingafélaga. Gert er ráð fyrir að ráðherra setji reglugerð um starfsemi deildarinnar. Hliðstæð ákvæði voru í eldra frv.

Sérstakur kafli er í frv. um vátryggingamiðlun sem sjálfstæða atvinnustarfsemi en engin ákvæði eru í gildandi lögum um þá starfsemi. Ljóst er talið að miðlun vátrygginga mun gegna æ mikilvægara hlutverki á vátryggingamarkaði í náinni framtíð í framhaldi af myndun sameiginlegs innri vátryggingamarkaðar. Neytendur munu í auknum mæli þurfa á upplýsingum og aðstoð að halda um kjör og innihald við kaup vátrygginga og við tjónsuppgjör. Er því mikilvægt að settar verði regur um þessa starfsemi og eftirlit með henni og að sett verði hæfisskilyrði og kröfur gerðar, m.a. til faglegrar þekkingar.

Reglur aðildarríkja Evrópska efnahagssvæðisins í þessum efnum eru mjög mismunandi. Sums staðar eru mjög vægar kröfur gerðar og starfsemin ekki háð sérstöku starfsleyfi, annars staðar hafa verið sett sérstök lög. Hér á landi hefur miðlunin, a.m.k. hin síðari ár, verið rekin í mjög litlum mæli sem sjálfstæð atvinnustarfsemi en engar reglur hafa verið til á þessu sviði eða eftirlit með slíkri starfsemi. Gerður er greinarmunur á miðlurum sem starfa algerlega óháðir vátryggingafélögum að því undanskildu að þeir geta þegið þóknun fyrir samninga sem þeir koma á og aftur miðlurum sem starfa í tengslum við einstök félög án þess að vera umboðsmenn þeirra eða starfsmenn. Hér er lagt til að vátryggingamiðlun verði háð starfsleyfi ráðherra og eftirlit með henni verði í höndum Tryggingaeftirlitsins. Sett eru hæfisskilyrði og kröfur gerðar um fagþekkingu.

Mörg nýmæli eru í frv. varðandi hina fjárhagslegu hlið starfseminnar, um eignarhald á vátryggingafélögum, um stjórnendur þeirra og endurskoðun og ítarleg ákvæði eru sett um það hvernig staðið skuli að stofnun vátryggingafélags. Felld eru niður skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt stofnenda og búsetu hér á landi þegar aðilar búa á Evrópska efnahagssvæðinu. Kveðið er á um hæfisskilyrði stofnenda og stjórnarmanna og framkvæmdastjóra, að viðkomandi hafi óflekkað mannorð og hafi aldrei misst forræði á búi sínu. Auk þess eru gerðar kröfur til framkvæmdastjóra um menntun,

starfsreynslu og starfsferil þannig að tryggt sé talið að hann geti gegnt stöðu sinni á viðhlítandi hátt. Endurskoðandi má samkvæmt frv. ekki starfa í þágu félags að öðru en endurskoðun. Þessi ákvæði eru öll í samræmi við reglur EES-samningsins.

Nýmæli er einnig miðað við eldra frv. að tilkynnt skal fyrir fram til Tryggingaeftirlitsins þegar einstaklingur eða lögaðili hyggst eignast virkan eignarhlut í vátryggingafélagi, þ.e. yfir 10% hlut, eða vill breyta virkum eignarhlut sínum yfir viss mörk og getur eftirlitið synjað beiðni hlutaðeigandi um að eignast hlutinn og jafnvel ógilt ákvarðanir sem gerðar hafa verið á grundvelli slíks eignarhlutar telji eftirlitið viðkomandi ekki hæfan til að fara með þennan hlut með tilliti til þess að tryggja heilbrigðan og traustan rekstur félagsins. Tryggingaeftirlitið getur einnig gripið til ráðstafana fari hluthafi þannig með hlut sinn að það teljist skaða félagið. Þessar reglur eru samhljóða reglum í gerðum EES-samningsins og er að finna í lögum nr. 43/1993, um viðskiptabanka og sparisjóði.

Sú stefna er mörkuð með þessu að efla stórlega eftirlit með eignaraðild að vátryggingafélögum. Í frv. eru alfarið tekin upp þau skilyrði starfsleyfis sem verða að gilda alls staðar á Evrópska efnahagssvæðinu um lágmarksfjárhagsstyrk vátryggingafélaga. Eru kröfurnar auknar miðað við núgildandi reglur hér á landi, einkum á sviði líftrygginga. Níu félög sem nú hafa starfsleyfi hér á landi, líftrygginga- og bátaábyrgðafélög, munu ekki uppfylla þessi skilyrði og hafa þau fengið sérstakan aðlögunartíma til loka þessa árs til að uppfylla þau. Ákvæðin miða að því að tryggja enn frekar en nú er að vátryggingafélög geti staðið við skuldbindingar sínar, bæði gagnvart hinum vátryggðu og öðrum.

Mikilvæg breyting samkvæmt frv. og einnig nýmæli miðað við eldra frv. eru fólgin í því að vátryggingafélag skal á hverjum tíma tilgreina sérstakar eignir sem samsvara vátryggingaskuldinni, þ.e. óuppgerðum skuldbindingum vátryggingafélags vegna gerðra vátryggingasamninga. Settar eru mjög ítarlegar reglur í gerðum EES-samningsins um þær tegundir eigna sem hér koma til greina, hlutdeild þeirra í vátryggingaskuldinni í heild og samsetningu með tillliti til áhættu, dreifingar og greiðsluhæfis. Í tilskipunum um þetta efni eru sett fram lágmarksskilyrði og er lagt til í frv. að nánari útfærsla þessara tæknilegu atriða verði í reglugerð. Vátryggingafélög skulu halda sérstaka skrá yfir þær eignir sem eru til jöfnunar vátryggingaskuldinni. Ekki eru á hinn bóginn settar sérstakar reglur um aðrar eignir nema almennar varúðarreglur. Markmiðið með þessum reglum er að tryggja að ávallt séu fyrir hendi eins öruggar eignir og unnt er til að mæta skuldbindingum vegna gerðra vátryggingasamninga. Og á hinn bóginn að aflétta að vissu marki hömlum á ávöxtun eigna sem ekki þarf til að mæta vátryggingaskuldbindingum.

Í gildandi lögum eru gerðar kröfur í þessu efni á sviði líftrygginga með fyrirkomulagi sem er mjög þungt í vöfum en á sviði skaðatrygginga hafa engar slíkar reglur verði í gildi nema að því er starfsemi erlendra félaga varðar hér á landi. Hinar nýju reglur þjóna betur þeim tilgangi að tryggja öryggi og hagsmuni vátryggingataka og vátryggðra og að til staðar séu á hverjum tíma tryggðar eignir til að mæta skuldbindingum vegna væntanlegra bótagreiðslna.

Vegna EES-samningsins er nauðsynlegt að setja nokkur ný ákvæði um flutning vátryggingastofna frá einu félagi til annars og um samruna félaga og ítarlegri ákvæði er að finna í frv. um þetta efni en nú er að finna í lögum. Veita má erlendum félögum, sem aðsetur hafa á Evrópska efnahagssvæðinu, heimildir til flutnings vátryggingastofna vegna starfsemi hér á landi. Meginreglan er að eftirlitsstjórnvöld heimaríkis félags, sem tekur við stofninum, skulu staðfesta að gjaldþol þess félags sé fullnægjandi að teknu tilliti til hins nýja stofns. Samþykki Tryggingaeftirlitsins þarf ávallt að liggja fyrir um flutning stofns vegna vátrygginga hér á landi. Auglýsa skal flutning stofns í Lögbirtingablaði og tilkynna vátryggingatökum eftir reglum sem hér gilda. Tryggingaeftirliti ber að gæta þess að réttarstaða vátryggingataka og vátryggðra verði eigi lakari eftir flutning stofnsins. Vátryggingasamningar halda sjálfkrafa gildi sínu og vátryggingatakar eru ekki sjálfkrafa lausir frá samningi sínum við flutning stofns en þeir hafa hins vegar heimild til að segja upp samningi sínum skriflega innan eins mánaðar frá flutningsdegi vilji þeir eigi vera hjá því félagi sem stofninn er fluttur til.

Nánast engin ákvæði eru í gildandi lögum nema á sviði líftrygginga um þátt Tryggingaeftirlitsins og afskipta ef grípa þarf til sérstakra ráðstafana, t.d. vegna þess að félag uppfyllir ekki fjárhagsskilyrði og getur ekki rétt við hag sinn og eftir að starfsleyfi er fellt niður. Í frv. er nánar skilgreint hvað skuli gera við hinar ýmsu aðstæður, hvenær eftirlitið skuli setja félagi fresti eða grípa skuli til ráðstafana þegar í stað og hvenær lagt skuli til við ráðherra að starfsleyfi verði afturkallað. Í frv. er kveðið á um að Tryggingaeftirlitið skuli í öllum tilvikum þegar starfsleyfi er afturkallað gegna því hlutverki að ráðstafa vátryggingastofni og meta vátryggingaskuldbindingar í því skyni að gæta hagsmuna vátryggingataka og vátryggðra. Sérstök ákvæði eru um meðferð líftryggingastofns og í nokkrum atriðum eru þau ákvæði einnig ítarlegri en í gildandi lögum.

Nýmæli er að þegar frjáls slit vátryggingafélags eru fyrirhuguð skuli Tryggingaeftirlitið einnig hafa hönd í bagga með uppgjöri vátryggingaskuldbindinga og er félaginu gert að leggja fyrir eftirlitið greinargerð um þær og hvernig þeim skuli lokið. Þá eru nýmæli að Tryggingaeftirlitinu eru fengnar heimildir til að gera ráðstafanir gagnvart félagi, stjórnendum eða þeim sem yfirráð í félaginu hafa þegar grípa þarf í taumana vegna þess sem úrskeiðis hefur farið.

Í frv. er sérstakt ákvæði um hvernig brugðist skuli við þegar erlent félag með staðfestu á Evrópsku efnahagssvæði og sem hér starfar uppfyllir ekki tilskyldar fjárhagskröfur og eru ráðstafanir þá gerðar í samráði við eftirlitsstjórnvöld heimaríkis. Getur Tryggingaeftirlitið gripið til ráðstafana gagnvart slíku félagi sé það talið nauðsynlegt vegna hagsmuna hinna vátryggðu.

Sérstök ákvæði eru í frv. um þagnarskyldu og upp-

lýsingaskyldu eftirlitsaðila með tilliti til aukinna samskipta og upplýsingamiðlunar til eftirlitsstjórnvalda annarra ríkja eða frá þeim og eru ákvæði þess efnis í gerðum EES-samningsins.

Þegar um er að ræða starfsemi erlendra félaga hér á landi með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins eru Tryggingaeftirlitinu fengnar mjög víðtækar heimildir til afskipta og til að grípa til ráðstafana fari eitthvað úrskeiðis. Útibú slíkra félaga hér verða alfarið undir eftirliti hérlendra stjórnvalda og m.a. eru settar sérstakar reglur um geymslufé sem skal lagt fram hér á landi. Meðal nýmæla er að Tryggingaeftirlitið getur útnefnt nýjan aðalumboðsmann til að ljúka viðskiptum og uppgjöri vegna starfseminnar hér og heimilað honum að ráðstafa eignum félagsins sé þannig komið málum að hagsmunum hinna vátryggðu sé talið stefnt í hættu og tilskyldar ráðstafanir hafa ekki verið gerðar. Nýmæli er einnig að Tryggingaeftirlitinu eru veittar heimildir til að takmarka eða jafnvel banna ráðstöfun félags yfir fjármunum sínum þegar það er liður í nauðsynlegum aðgerðum til að koma fjárhag félags á réttan kjöl og á það jafnt við um innlend sem erlend félög sem fengið hafa starfsleyfi hér á landi. Þá getur Tryggingaeftirlitið ákveðið ráðstöfun vátryggingastofnana til innlendra félaga við aðstæður þegar starfsemi er hætt eða starfsleyfi er afturkallað.

Áður en útibúum erlendra félaga með aðsetur utan Evrópska efnahagssvæðisins er veitt starfsleyfi hér á landi er skylt að hafa samráð við önnur aðildarríki þar eð starfsleyfið veitir aðgang að öllu svæðinu. Sama gildir ef aðilar utan EES eignast hlut í vátryggingafélagi sem hér hefur starfsleyfi þannig að félagið verði dótturfélag. Aðildarríkin geta sett eigin reglur um heimildir slíkra vátryggingafélaga til vátryggingastarfsemi á markaðnum heima og jafnvel takmarkað aðgang að eigin markaði, t.d. ef réttindi til vátryggingastarfsemi eru ekki gagnkvæm og því er nauðsyn samráðs milli eftirlitsstjórnvalda aðildarríkja þegar umsóknir aðila utan svæðisins um starfsleyfi eru til skoðunar. Eru því ákvæði í frv. sem eru í samræmi við sérstök ákvæði EES-samningsins um þetta efni.

Í eldra frv. var gert ráð fyrir sérstakri yfirstjórn Tryggingaeftirlitsins. Hér er sú leið ekki farin, en gert er ráð fyrir óbreyttu fyrirkomulagi þannig að starfsemi eftirlitsins heyri beint undir ráðuneytið og yfirstjórn þess. Hins vegar er gert ráð fyrir að forstöðumaður verði ráðinn til sex ára í senn í stað ótímabundinnar ráðningar eins og í gildandi lögum. Þá er lagt til að ábyrgð ríkissjóðs á útgjöldum eftirlitsins umfram álagðar sértekjur verði felld niður þannig að rekstur stofnunarinnar verði alfarið reistur á sértekjum. Rætt hefur verið um að eðlilegt sé nú á tímum að vátryggingastarfsemin heyri undir sama ráðuneyti og önnur fjármálaþjónustustarfsemi og samkeppnis- og neytendamálum sé þar með almennt komið fyrir og hafa komið fram tillögur þessa efnis. Hér er ekki gert ráð fyrir slíkum tilflutning og ekki tillögur uppi í þá veru.

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið er þörf mikilla breytinga á gildandi löggjöf um vátryggingastarfsemi vegna gerbreyttra aðstæðna og vegna aðlögunar á ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Nánast allir þættir gildandi laga þurfa gagngerðrar endurskoðunar við og ný ákvæði í frv. eru fjölmörg, m.a. á sviðum sem ekki hafa verið nein ákvæði um í lögum hér á landi. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, sem gerir ráð fyrir einu markaðssvæði aðildarríkja, gerbreytir öllum aðstæðum á vátryggingamarkaðnum, bæði vátryggingafélaga og þeirra sem vátryggingar kaupa. Sú stefna er mörkuð í frv., virðulegi forseti, að á sama tíma og svigrúm vátryggingafélaga er aukið og heimildir þeirra til starfsemi á sviðum er tengjast vátryggingastarfsemi eru rýmkaðar og ýmsum hömlum og takmörkunum er aflétt og þar með stuðlað að aukinni samkeppni, þá sé um leið nauðsynlegt að efla eftirlit með fjárhagslegri hlið starfseminnar og öllum rekstri hennar.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[15:29]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér liggur fyrir, sem er 450. mál þingsins, er viðamikið mál og þekkt frá fyrri þingum að nokkru leyti, en þó er það nú í talsvert nýjum búningi. Það er augljóst mál að fyrir utan almenn atriði sem hér þarf að taka til umræðu, þá eru menn að stíga hér skref til verulegra breytinga á íslenskri löggjöf vegna aðildar Íslands að hinu Evrópska efnahagssvæði og margt er þar forvitnilegt og sérkennilegt.

Í framsöguræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. komst hann þannig að orði að það hefðu borist athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA þar sem ekki hefðu verið sett ný lög um vátryggingastarfsemi hér á landi. Mér þykir þetta satt að segja nokkuð merkileg tíðindi og vil biðja hæstv. heilbr.- og trmrh. um að gera gleggri grein fyrir því í hverju þessar athugasemdir fólust, athugasemdir við hvað nákvæmlega komu frá eftirlitsstofnun EFTA. Ég vil líka spyrja að því hvort hæstv. ráðherra sé kunnugt um að á öðrum sviðum stjórnsýslunnar séu þegar farnar að berast athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA af þessu tagi. Satt að segja finnst mér það mjög merkilegt ef það er svo að menn séu svo fljótir til á þeim vettvangi að núna þegar liðnir eru tveir og hálfur mánuður af árinu 1994 skuli þegar farnar að koma inn athugasemdir frá sjálfri eftirlitsstofnun EFTA.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvernig á því stendur að þessar athugasemdir séu farnar að koma og alveg nákvæmlega um hvað þessar athugasemdir voru. Ég held að það sé nauðsynlegt að bæði þingið og hv. þingnefnd sem fjallar um þetta mál fái málið til skoðunar með hliðsjón af þessu sérstaklega.

Það er einnig mjög athyglisvert að lesa einstakar greinar frv. og sjá hvernig það er. Það er verið að þýða erlendar tilskipanir og þýðingarnar ganga í gegn. Hér eru atriði sem á að taka í tryggingalöggjöfina sem engum lifandi manni hefur nokkru sinni dottið í hug að nefna á nafn í löggjöf á Íslandi. T.d. er gert ráð fyrir

því í þessu frv. að það megi hafa sérstaka grein vátrygginga starfrækta á Íslandi sem eru húftryggingar skipa og báta sem nái m.a. til síkjabáta, báta sem fara eftir síkjum. Mér fyndist fróðlegt ef hæstv. ráðhera vildi upplýsa mig um hvort það er endilega nauðsynlegt að vera með ákvæði um síkjabáta sem eru fágætir á Íslandi síðan Vanadísin fór 1. apríl forðum upp Ölfusá að Selfossi undir skipstjórn Stefáns heitins Jónssonar fréttamanns. Ég held að það sé eina dæmið um síkjabáta í sögu Íslands. Ég geri ekki ráð fyrir því að starfsmenn heilbrrn. séu svo miklir húmoristar þó þeir séu skemmtilegir að vera beinlínis að leggja það til að tryggðir séu bátar sem bara sigla 1. apríl upp að Selfossi eða hvað er hér eiginlega á seyði? (**Gripið fram í:** Ölfusá er ekki síki.) Nei, en ég var bara að reyna að finna eitthvað, hv. þm., sem gæti verið hliðstætt þessu. (**Heilbrrh.:** Það eru líka járnbrautalestir í þessu frv.) Járnbrautalestir? Spurningin er sem sagt hvort það er nauðsynlegt að hafa þessi ákvæði í frv. varðandi síkjabátana alveg sérstaklega.

Ég vil einnig benda á það að í frv. eru krónur ekki lengur gildar reikningseiningar enda eru krónur auðvitað gömul og hallærisleg fyrirbrigði og ættaðar eins og kunnugt er frá danska kónginum og eiga rætur að rekja a.m.k. orðafarslega til kórónu hans. Í 33. gr. frv. er ekki gerð tillaga um það að einingar séu í krónum taldar heldur er allt reiknað út í eins og stendur í frv. ECU, sem á íslensku ætti auðvitað að bera fram „esu", en ég geri ráð fyrir því að á þessari evrópulatínu sem menn vilja að sé töluð hér þá er þetta kallað því nafni „ekju" upp á franska tungu þar sem u-ið verður kringt í framburði. Ég kann satt að segja ekki að meta þetta og vil beina því til hv. nefndar, sem ég sit ekki í, að kanna það hvort ekki mætti hugsa sér að breyta þessu þannig að þarna verði tekin upp íslensk reikningsviðmiðun úr því að menn eru að burðast með krónuna enn þá.

Ég geri t.d. ráð fyrir því að í tryggingalögum í Stóra-Bretlandi sé enn þá svo langt gengið að menn leyfi sér að tala um sterlingspund. Og ef ég þekki Þjóðverja vini mína rétt, þar sem ég á marga vini og kunningja, geri ég ráð fyrir því að þeir tali gjarnan um mörk.

Það er því spurning hvort ekki mætti skoða þetta og þetta nefni ég hér, virðulegi forseti, fyrst og fremst vegna þess að það er svo bersýnilegt að hér eru óíslenskar aðstæður að móta löggjöf. Hér er verið að taka við tilskipunum annars staðar að frá öðrum aðilum en þeim sem hafa ráðið úrslitum um tryggingalöggjöf eða aðra löggjafarstarfsemi yfirleitt í landinu á undanförnum árum og ég tala ekki um áratugum. Hér er verið að ganga inn í hinn nýja fjölþjóðlega heim sem meiri hluti Alþingis samþykkti á síðasta þingi og ég geri ráð fyrir því að menn séu reyndar ekki búnir að sjá fyrir endann á hvaða afleiðingar hefur fyrir Íslendinga.

Varðandi frv. að öðru leyti má ýmislegt um það segja. Hér eru á ferðinni drög að nýrri grundvallarlöggjöf um vátryggingastarfsemina í heild á Íslandi. Það hefur áður verið gerð atlaga að slíku verki, ég hygg reyndar í fyrsta sinn svo marktækt sé, 1973. Og 1978 var sú löggjöf endurskoðuð og má segja að við höfum búið við ágætlega trausta löggjöf í þessu efni þó svo að menn hafi talið um nokkurt skeið að það væri eðlilegt að endurskoða hana. Ég er sammála því því að á þessu sviði, eins og öðrum sviðum viðskipta, hafa orðið gríðarlega miklar breytingar.

Þessi frumvarpsdrög, sem hafa verið til meðferðar í ráðuneytinu um nokkurt skeið, ég hugsa um nokkurra missira eða ára skeið, eru svo, eins og ég hef getið um þegar, endurskoðuð með hliðsjón af þeim tilskipunum, eins og það heitir líka sem er reyndar ættað frá kónginum, tilskipanir, sem samþykktar hafa verið á vegum hins Evrópska efnahagssvæðis. Ég hygg að hér sé fyrst og fremst um það að ræða að menn hafi verið að aðlaga þetta að skaðatryggingatilskipuninni nr. þrjú sem er þriðja kynslóð tilskipana á tryggingaréttasviðinu.

Mér er kunnugt um það að fjölmargir aðilar hafa komið að undirbúningi þessa frv., m.a. Samband íslenskra tryggingafélaga og fleiri aðilar og ég tel mikilsvert að þannig er að málinu staðið og ég tel ástæðu til að þakka heilbrrn. og hæstv. heilbr.- og trmrh. fyrir að standa þannig að málum að hagsmunaaðilar hafa verið dregnir inn í meðferð málsins á undirbúningsstigi þess. Ég tel það til fyrirmyndar en hygg að það sé út af fyrir sig ekki nýbreytni sem hefur verið tekin upp í tíð núv. heilbrrh. heldur sé það siður sem hafi tíðkast alllengi í því ráðuneyti en er hins vegar sjaldgæfari í seinni tíð í ýmsum öðrum ráðuneytum.

Hér er um gríðarlega miklar breytingar að ræða frá því sem verið hefur í löggjöf og m.a. er gert ráð fyrir því að lögin um vátryggingastarfsemi verði að magni til tvisvar sinnum stærri, a.m.k. að greinarfjölda, en gömlu lögin. Hér er því um gríðarlega mikið frv. að löggjöf að ræða og þess vegna nauðsynlegt að skoða það mjög rækilega í þessari virðulegu stofnun.

Það er eitt og annað sem væri ástæða til að fara sérstaklega yfir, virðulegi forseti, en ég ætla þó að staldra bara við örfá atriði núna. Í fyrsta lagi það að gert er ráð fyrir því samkvæmt frv. að eftirlitsstjórnvöld þess ríkis þar sem vátryggingafélag hefur aðalstöðvar hafi eftirlit með allri starfsemi félagsins á Evrópsku efnahagssvæði. Þetta er það sem kallað er eftirlit heimaríkis og hæstv. ráðherra gerði ítarlega grein fyrir í greinargóðri ræðu sinni hér áðan. Hér er um að ræða verulegt nýmæli sem leggur talsverðar byrðar á þau eftirlitsstjórnvöld sem við höfum hér á landi. Þetta gerir það að verkum að okkar eftirlitsstjórnvöld þurfa að búa sig undir það að eiga náið, að ég segi ekki meira, samráð við eftirlitsstjórnvöld annars staðar að á hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég tel ekkert nema gott um það að segja og eðlilegt að menn reyni að koma þessu eins skynsamlega fyrir og mögulegt er en þetta er eitt allra stærsta atriðið í þessu frv. að mínu mati og ég vil fyrir mitt leyti hvetja til þess að menn vandi sig eins og kostur er við að ganga frá því.

Annað atriðið sem ég vil sérstaklega nefna og tel fulla ástæðu til að skoða vandlega, m.a. með hliðsjón af annarri löggjöf á Íslandi og þá sérstaklega bankalöggjöfinni, er sú heimild sem hér er gert ráð fyrir, að

vátryggingafélög taki þátt í eða reki hliðarstarfsemi af ýmsu tagi m.a. fjármálastarfsemi. Það má hugsa sér að þessir aðilar reki verðbréfafyrirtæki eða eigi hlut í verðbréfafyrirtækjum. Ég minnist þess að þegar við ræddum um þessi mál hér að frumkvæði hæstv. viðskrh., sem þá var sá sæli Jón Sigurðsson sem hér sat um skeið eins og kunnugt er, þá nefndum við það nokkrir þingmenn hvort ekki væri hugsanlegur hlutur að fjármálaþjónusta á öllum sviðum væri í einni löggjöf en ekki sundurgreind í marga lagabálka eins og hér horfir til að verði.

Ég held að menn megi ekki í þessu sambandi horfa bara á vátryggingaeftirlitið vegna þess að hér eru þeir möguleikar uppi að starfsemi vátryggingaeftirlitsins skarist á einhvern hátt við starfsemi bankaeftirlitsins, sem á að hafa eftirlit með því hvernig bankar standa, m.a. fjárhagslega. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt að skoða það mjög rækilega hvort ákvæði okkar laga um bankaeftirlitið, eins og þau eru nú, ríma við þær tillögur sem hér er verið að gera varðandi vátryggingastarfsemina og heimild hennar til þess að eiga í öðrum eignum.

Í þriðja lagi varðandi einstök atriði sem ég vil vekja sérstaka athygli á eru iðgjöld. Það er þannig, ef ég man rétt, í gildandi lögum að opinberir aðilar hafa eða geta haft með það að gera hver iðgjöld eru. Það var í fyrri tíð þannig að ráðherrar réðu því meira og minna hvernig iðgjöld tryggingafélaganna breyttust. Sem betur fer er sennilega búið að taka þennan kaleik í meginatriðum frá ráðherrum því þetta var ekki einfalt verk. Nú er hins vegar gert ráð fyrir því að þetta verði alfarið á markaðinum þannig að tryggingafélögin ráða því algjörlega hvaða iðgjöld þau hafa, auðvitað innan þess ramma sem lögin setja, þessi lög og reyndar önnur lög sem þarna er um að ræða, en þetta er gríðarlega mikil breyting. Við þekkjum frá undanförnum árum þá geysilegu umræðu sem oft hefur verið um iðgjöld bifreiðatrygginga. Sú umræða hefur ekki alltaf verið mjög vísindaleg, satt best að segja, en engu að síður held ég að það sé nauðsynlegt fyrir menn að átta sig á því að það er komið að kaflaskilum í þessu efni. Ef þetta frv. verður að lögum þá hafa stjórnvöld ekki á sama hátt og áður vald yfir iðgjöldum tryggingafélaga. Það er tekið af stjórnvöldum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og það er gríðarleg breyting, að ég segi ekki bylting, í starfsemi tryggingafélaganna í landinu.

Í fjórða lagi vil ég svo nefna það atriði hér sérstaklega sem lýtur að neytendamálunum og upplýsingaskyldu vátryggingafélaga. Þar tel ég að sé hreyft mjög merkilegum nýmælum og ég vil spyrja hæstv. ráðherra að því — ég heyrði ekki hvort það kom fram í ræðu hans, það gat hafa farið fram hjá mér — hvort þessi mál hafa sérstaklega verið skoðuð í samvinnu við Neytendasamtökin, en í öðrum löndum er það þannig samkvæmt grg. frv. að þar mun vera, a.m.k. á Norðurlöndum, sérstök neytendalöggjöf á sviði vátrygginga. Ég vil spyrja ráðherrann að því hvort það er hugsanlegur hlutur að það verði skoðað sérstaklega í hv. heilbr.- og trn. að setja sérstaka neytendalöggjöf á sviði vátrygginga. Ég tel skynsamlegra að hafa það sérstaka löggjöf fyrst og fremst vegna þess að þar kann að vera nauðsynlegt að taka tillit til annarra hagsmuna og sjónarmiða en þeirra sem eru kannski talin óhjákvæmileg vegna hagsmuna tryggingafélaganna, hagsmuna tryggingatakanna og vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði. Neytendalöggjöf á þessu sviði ætti að vera sérstakt og sjálfstætt mál og þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra um hana sérstaklega.

Að lokum mun það vera svo, ef ég skil það rétt, að í frv. er gert ráð fyrir því að á Íslandi fari af stað tryggingamiðlarar, sem er nýjung og hefur ekki verið áður. Ég sé enga þörf á því að setja lög fyrir tryggingamiðlara, þeir hafa ekki verið mikið í gangi í landinu og er svo sem bættur skaðinn. En það getur verið að menn séu hérna að uppfylla allar þessar Evróputilskipanir sem menn eru með hugmyndir um að aðlaga okkar tryggingalöggjöf að en ég sé í sjálfu sér ekki að það sé endilega nauðsynlegt að setja á þessi ákvæði um tryggingamiðlara.

Þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var settur í gang á sínum tíma þá töluðu menn mikið um það að ein megingæfan yrði sú að eftir aðild að honum gætu menn verið með viðskipti við hvaða tryggingafélag sem væri og það væri alveg sérstök gæfa að geta verið með viðskipti við tryggingafélög niðri í Róm eða Hamborg. Það voru skrifaðar um það langar greinar, m.a. forustugreinar í Alþýðublaðið, stórblaðið það, og Morgunblaðið, enn þá stærra blað, hvað það væri mikil gæfa fyrir þjóðina að geta tryggt sér svo að segja alveg taumlaust frelsi á tryggingamarkaðinum eftir að menn væru orðnir aðilar að hinu Evrópska efnahagssvæði. (**Heilbrrh.:** Kom ekkert í Þjóðviljanum um þetta?) Nei, enda kom hann lítið út eftir að þetta hófst.

Niðurstaðan er svo sú, hæstv. forseti, að það er enginn ávinningur fyrir hina almennu tryggingataka á Íslandi í þessu EES-máli, ekki minnsti. Það er ekkert í þessu EES-máli sem hefði ekki verið hægt að tryggja tryggingatökum á Íslandi jafnvel með sjálfstæðum hætti utan aðildar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Sú beita, sú gulrót sem átti að nota og var notuð í stórum stíl í alls konar greinum, ég man eftir einum langhundi í Lesbók Morgunblaðsins um þetta mál, reynist því allt saman vera tóm vitleysa vegna þess að auðvitað verða tryggingafélög að starfa eftir tilteknum viðskiptareglum, m.a. til að tryggja það að allir tryggingatakar eigi örugga hagsmuni.

Að lokum, virðulegi forseti, það frv. sem hér var mælt fyrir af hæstv. heilbrrh. mun vera hluti af frumvarpasmíð sem í gangi er á vegum hæstv. ríkisstjórnar og í framhaldi af máli mínu vil ég spyrja hæstv. heilbrrh. tveggja spurninga.

Í fyrsta lagi: Hvenær er þess að vænta að frv. um brunatryggingar fasteigna á Íslandi, sem komi í stað laga um brunatryggingar í Reykjavík og utan Reykjavíkur, sjái dagsins ljós á Alþingi?

Í öðru lagi: Hvenær er þess að vænta að frv. til breytinga á lögum um Brunabótafélag Íslands komi hingað í þingið? Vegna þess að það er augljóst mál að það er óhjákvæmilegt að öll þessi tryggingastarfsemi

verður tekin til heildarskoðunar núna, m.a. með hliðsjón af ákvæðum þessa frv. Þó hefðum við getað lifað ágætu lífi nokkuð vel við þessi lög, mikið til eins og þau eru, um margra ára skeið í viðbót ef ekki vildi svo til að meiri hluti Alþingis hefði samþykkt að setja okkur inn í hið Evrópska efnahagssvæði og ef ekki vildi svo til að farið væri að snjóa inn athugasemdum frá eftirlitsstofnun EFTA vegna þess að við séum ekki nógu nútímaleg í tryggingalöggjöf í þessum efnum.

Útbýting þingskjala:

Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál, brtt. ÓÞÞ o.fl., þskj. 758.

Varnir gegn mengun hafsins, 495. mál, stjtill., þskj. 761.

[15:49]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umfjöllunar um vátryggingastarfsemi má segja að sé afleiðing af samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og með því er verið að lögfesta þriðju kynslóðina í tryggingamálum á evrópska markaðinum. Þess vegna kom það mér örlítið á óvart þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. lýsti því áðan í sinni framsöguræðu að eftirlitsstofnunin hafði gert athugasemdir við það að við skyldum ekki hafa gert breytingar á okkar tryggingalöggjöf vegna þess að ef ég veit rétt þá á þessi þriðja kynslóð tryggginganna ekki að taka gildi fyrr en 1. júlí á þessu ári. Við erum því í sjálfu sér ekki eftir á í þessum efnum hvað það snertir. Hins vegar eru nokkur atriði sem menn hefðu þurft að lögfesta fyrr er snúa að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði en ég stóð í þeirri trú að það hefði verið frágengið að þetta mætti bíða.

Verði frv. að lögum hefur það alveg gríðarlegar breytingar í för með sér á vátryggingamarkaðnum á Íslandi. Mér finnst margt í frv. vera þess eðlis að það gefi mönnum möguleika, ágæta kosti og margar mjög jákvæðar breytingar að mínu viti alveg burt séð frá því hvort þetta frv. hefði nokkuð með samninginn um Evrópskt efnahagssvæði að gera eða ekki. Mikið af því sem þarna er verið að taka upp hefði verið nauðsynlegt að taka upp í íslenskri löggjöf um vátryggingastarfsemi, bara það er snýr að eftirliti og upplýsingaskyldu til almennings og eftirliti með tryggingafélögunum. Ég tek því undir margt sem í þessu frv. er.

Varðandi þær ábendingar sem hv. þm. Svavar Gestsson var með áðan varðandi síkjabáta og járnbrautir — hæstv. heilbrrh. benti á að það sé ein afleiðing af því að menn þurfi að lögfesta slíka hluti hér á landi. Það þarf, held ég, engum að koma á óvart að slíkt þurfi vegna þess að með frv. er að opnast möguleiki fyrir íslensk tryggingafélög til þess að taka þátt í að tryggja á evrópska markaðnum. Það er einnig verið að gefa íslenskum tryggingafélögum kost á því að færa út kvíarnar.

Þær breytingar sem hér eru lagðar til snúa þó fyrst og fremst að mínu viti að kröfum þeim sem gerðar eru í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og eru í raun og veru eftir á miðað við margt annað, eins og hér hefur verið komið inn á, varðandi fjórfrelsið í viðskiptum, fjármálum og þjónustusviði. En það sem er dálítið merkilegt þegar maður les frv. er að það koma glöggt fram örlítil átök á þessum markaði milli landa um það hvernig þessari vátryggingastarfsemi skuli fyrir komið. Hvort frelsið og samkeppnin skuli ríkja eða ríkisafskiptin vera allsráðandi, þ.e. eftirlit opinberu aðilanna.

Ég skynja það svo að í þessu frv., sem er auðvitað afleiðingin af samningnum, hafi sú niðurstaða orðið að það sé frelsið og samkeppnin sem eigi að ríkja yfir landamæri. Þar eru gefnir auknir valmöguleikar. Fólk og fyrirtæki hafa möguleika á því að leita hagstæðustu kjara, leita til best reknu fyrirtækjanna og lifa í þeirri trú að verið sé að tryggja hjá sterkum aðila.

Aftur á móti finnst mér líka vera að mörgu leyti í frv. nálgun við þá kröfu að það sé tryggt að neytandinn, hvort sem það eru fyrirtæki eða einstaklingar, hafi aðgang að upplýsingum um stöðu fyrirtækjanna, um tryggingaskilmálana og hver iðgjöldin í raun og veru eru. Mér finnst því hafa tekist þarna ágætis samspil á milli. Auðvitað skipta vátryggingar í nútímasamfélagi mjög miklu máli, bæði vátryggingatakana og þann vátryggingarétt er þeir hafa keypt sér.

Með frv. er verið að opna fyrir þá möguleika sem í þessu felast en auðvitað skapast hættur um leið, menn mega ekkert horfa fram hjá þeim. Um leið og menn hafa, bæði einstaklingar og fyrirtæki, þá möguleika sem þarna er opnað fyrir, þá felast í því hættur. Eins og hv. 9. þm. Reykv. kom inn á áðan er tryggingafélögunum ekki lengur skylt að bera iðgjöldin og vátryggingaskilmálana undir Tryggingaeftirlitið eins og nú er. Aftur á móti geta menn boðið þessa þjónustu og þetta verð á markaðinum en þá er sú skylda lögð á fyrirtækin í frv. að þau hafi upplýsingar um stöðu fyrirtækjanna og sú deild við vátryggingaeftirlitið verði efld. Mér finnst VI. kafli frv. um eftirlitið hjá vátryggingafélögunum einmitt vera mjög sterkur og ég fagna því að hann skuli vera settur fram með þessum hætti. Ég trúi því að um leið og verið er að tryggja fólki möguleika á lægri iðgjöldum en það býr við í dag sé hægt að skapa íslensku tryggingafélögunum samkeppnisstöðu erlendis, skapa fyrirtækjum nýja möguleika til þess að leita sér lægri iðgjalda á tímum taprekstra og mér finnst um leið að eftirlitsskyldunni sé að mörgu leyti ágætlega sinnt.

Það er eitt atriði í þessu frv. sem er algert nýmæli og hv. þm. Svavar Gestsson spurði um áðan. Það eru vátryggingamiðlarnir sem gert er ráð fyrir að geti starfað hér. Nú hafa vátryggingamiðlar starfað í mjög litlum mæli á undanförnum árum. Þeim hafa verið settar mjög þröngar skorður í íslenskri löggjöf. Ég spyr hæstv. ráðherra, án þess að ég ætli að úttala mig um að það sé alveg sjálfsagt að það sé allt opið fyrir þessa miðlara á markaðinum, vegna þess að aðalatriðið er það að tryggingatakinn hafi allar upplýsingar og sem réttastar upplýsingar um stöðu þeirra fyrirtækja sem hann er að tryggja hjá í gegnum þessa miðlara. En það er gert ráð fyrir því að vátryggingamiðlunin verði háð starfsleyfi ráðherra og að eftirlit með henni verði í höndum vátryggingaeftirlitsins og því spyr ég hæstv.

heilbr.- og trmrh.: Hafa vátryggingamiðlarar á íslenska markaðinum ekki sama rétt og miðlarar annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu? Það er á engan hátt hægt, er það, hæstv. ráðherra, að þrengja þá kosti eða þau starfsskilyrði sem miðlararnir þurfa að búa við í því starfsleyfi sem á að gefa út af hæstv. heilbr.- og trmrh.?

Það er gert ráð fyrir því að frv. þetta verði að lögum 1. apríl 1994, eftir tæpan hálfan mánuð. Hér er um gríðarlega flókið mál að ræða, ekki bara torskilið heldur líka tæknilega flókið að fara í gegnum í nefnd og í gegnum þingið. Krafan er sú að fyrir 1. júlí 1994 skulum við hafa lögfest þetta, það er krafa samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði, en það er líka krafa um það, ef ég veit rétt og nú spyr ég hæstv. ráðherra, að fyrir 1. júlí séum við búin að gera hreint fyrir okkar dyrum í því hvernig við ætlum að hátta brunatryggingum íbúðarhúsnæðis, bæði utan og innan höfuðborgarinnar. Ég ber því fram sömu spurningu og hv. 9. þm. Reykv. gerði áðan: Hvenær er það frv. væntanlegt inn í þingið og af hverju er það ekki hluti af því frv. sem núna liggur fyrir?

Ég geri mér grein fyrir því að það er ekki möguleiki á að tilgreina í þessu frv. eignarhald og réttarstöðu Brunabótafélags Íslands, það er örlítið annað mál. En ef við ætlum okkur að standa við samninginn og vera búin að lögfesta vátryggingaskilmálana og brunatryggingaskilmálana fyrir 1. júlí þá er ekki vanþörf á að við förum að fá þau mál til meðferðar í þinginu. Eftir því sem ég heyrði í sjónvarpi haft eftir hæstv. forsrh. fyrir fáum dögum, þá er ekki nema hálfur mánuður eftir af þinginu þegar páskarnir eru dregnir frá. Ég sé ekki hvernig menn ætla að komast í gegnum þetta á svo skömmum tíma með svo flókin mál sem hér eru á ferðinni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er forseta nokkur vandi á höndum. Klukkan er orðin fjögur og þingflokksfundir að hefjast. Þó vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort hann kysi að ljúka þessari umræðu þar sem ekki eru aðrir á mælendaskrá og vildi þá gefa hæstv. ráðherra helst ekki meira en fimm mínútur ef hann gæti komist af með það.

[16:00]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. almennt góðar undirtektir við það frv. sem hér liggur frammi og ég gerði allítarlega grein fyrir í inngangi. Það er að sönnu rétt hjá báðum hv. þm. að hér er um umtalsverðar breytingar á löggjöf um vátryggingastarfsemi að ræða frá því sem við höfum búið við og hárrétt líka að í raun og sanni er ekki nema rúmlega 20 ár síðan við fengum heildarlöggjöf um vátryggingastarfsemi hér á landi, eða árið 1973 og lítils háttar breytingar síðan gerðar 1978. Að öðru leyti búum við að þessari löggjöf sem áður var nefnd.

Eins og fram kom í mínum inngangi þá eru nokkur höfuðatriði sem taka hér breytingum. Í fyrsta lagi er óhætt að segja að þetta frv. beri það með sér að við séum að sigla inn í fyrirkomulag sem hafi í för með sér frelsi sem vonandi og væntanlega leiðir til þess að samkeppnin lækki iðgjöld og bæti þar með hag neytenda. En á sama tíma er þess vandlega gætt að öflugt og tryggt eftirlit með fjárreiðum viðkomandi félaga og starfsemi þeirra yfirleitt verði haft með höndum.

Á sama hátt er ráð fyrir því gert sem raunar er í gildandi lögum um banka og sparisjóði að vátryggingafélög geti á sama hátt víkkað út sína starfsemi, farið út í fjármálastarfsemi ýmiss konar. Þótt menn kunni að greina á um það í hve miklum mæli það eigi að vera og hversu æskilegt það sé þá hygg ég að þar skuli jafnræðisreglan gilda. Á sama hátt og bankar hafi heimildir til þess að ráðast í vátryggingastarfsemi, þá hljóti eðlilega vátryggingafélögum á sama hátt að vera heimilt að hafa fjármálastarfsemi og lánastarfsemi ýmiss konar á hendi.

Raunar finnst mér á stundum að vátryggingafélögin hér á landi, svo öflug sem mörg þeirra eru, hafi í of litlum mæli tekið þátt í ýmiss konar atvinnustarfsemi, þ.e. með ábyrgðarveitingu og öðru slíku. Mér er auðvitað fullkunnugt að mörg þeirra hafa komið til skjalanna og veitt verktakafélögum mörgum hverjum ábyrgðir en í kannski allt of litlum mæli og verið of íhaldssöm að leggja til fjármagn til fjárfestinga til styrktar atvinnulífi en þörf hefur verið á nýju fjármagni í landi okkar.

En allt um það. Þetta hygg ég vera til bóta. Hér hafa menn staldrað örlítið við vátryggingamiðlara og það er að sönnu rétt að að mörgu leyti er þar um að ræða nýja stétt manna og kvenna og þó ekki alveg nýja því auðvitað þekkja Íslendingar tryggingasölumenn, nánast eins og húsasala sem fara á milli og bjóða gull og græna skóga, eru yfirleitt gerðir út af tilteknum tryggingarfélögum en þó ekki alltaf, sumir hafa jafnvel umboð fyrir fleiri en eitt. Þeir eru því ekki alveg nýir fyrir íslenskum vátryggingatökum. Hins vegar eru þeir betur þekktir víða erlendis og í þessari löggjöf er reynt að búa þannig um hnúta að vettvangur þeirra verði ekki takmarkaður heldur að þröngir skilmálar og hæfisskilyrði séu lögð til grundvallar rétti þeirra til að starfa hér. Ég hygg að þar sé um að ræða gagnkvæmni milli aðildarþjóðanna.

Hv. þm. Svavar Gestsson og raunar hv. þm. Finnur Ingólfsson líka stöldruðu við þá setningu ræðu minnar að hér snjóaði eða rigndi inn athugasemdum frá eftirlitsstofnun EFTA vegna þess að hér hafa ekki tekið gildi lög sem við höfum gengist undir að ættu að hafa lagastoð frá og með síðustu áramótum. Það voru ekki mín orð að hér rigndi eða snjóaði inn athugasemdum. Hitt er ljóst að íslensk yfirvöld, eins og önnur sem undirgengust EES-samninginn, gerðu auðvitað grein fyrir stöðu mála um síðustu áramót hvað varðaði hin fjölmörgu atriði, m.a. þetta, og það lá ljóst fyrir um síðustu áramót að við gátum ekki að fullu og öllu fullgilt þau ákvæði EES-samningsins sem lutu að vátryggingum. Við þessu fengum við almennt svar og á það var bent að það þyrfti að bæta úr þessu. Annað var það ekki. Þessi var öll rigningin og öll snjókoman hvað lýtur að afskiptum eftirlitsstofnunar EFTA.

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi örlítið um þennan alþjóðlega blæ sem á frv. er og í raun og veru hefur hv. þm. Finnur Ingólfsson svarað því og ég tel óþarfa að orðlengja það frekar.

Varðandi iðgjaldamálin og iðgjaldaþróun þá er það að sönnu rétt að það léttir mjög af afskiptum opinberra aðila í þeim efnum. Ég hef þá trú, þó að menn geti verið mér ósammála um það, að sú samkeppni og sú víkkun starfsemi sem í frv. felst muni leiða til lækkunar iðgjalda. En vissulega er á sama hátt brýn nauðsyn á því að gera íslenskum tryggingatökum það mjög rækilega ljóst að tryggingataka er lífsins alvörumál, ekki síst nú þegar tilboðunum fjölgar, málin verða kannski að sumu leyti flóknari en áður var og þar af leiðandi er mjög mikilvægt að upplýsingamiðlun til handa íslenskum tryggingatökum verði mjög í heiðri höfð og á lofti haldið.

Í frv. er tekið á neytendamálum og þau færð til mun betri vegar þó vafalaust megi þar enn úr bæta og ég vænti þess að gagnlegar ábendingar í þá veru komi fram í nefndinni og raunar einnig um önnur atriði sem þörf er á að taka.

Ég hygg að ekki sé efni til þess, virðulegi forseti, að orðlengja þetta. Ég vil hins vegar segja það að ég tel þetta frv. til mjög mikilla bóta að öllu leyti fyrir íslenska tryggingataka, fyrir íslenskt launafólk, sem þarf nauðsynlega að kunna skil á mikilvægum tryggingum sér til handa. Vonir standa til þess að með auknu framboði og auknum valmöguleikum lækki iðgjöld. Auðvitað mun reynslan skera úr um það. En á sama hátt minni ég á að í frv. eru einnig stigin framfaraskref til aukinnar neytendaverndar, til aukinnar upplýsingamiðlunar og það er einnig að minni hyggju til verulegra bóta.

Í bláendann vil ég upplýsa það að spurningar viðvíkjandi frv. til brunatrygginga í og utan Reykjavíkur eru nú til umfjöllunar í þingflokkum stjórnarflokkanna og það sama gildir um frv. um eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hv. 11. þm. Reykv. hefur óskað eftir að veita andsvar. Vill nú forseti leita samstarfs við hv. þm. (**FI:** Bara eina mínútu.) Þar sem hv. 11. þm. Reykv. er í nefndinni sem málið fær til vinnslu þá vil ég biðja hv. þm. að taka eins lítinn tíma og mögulegt er.

[16:08]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bara ein spurning til hæstv. ráðherra: Hefur farið fram einhver úttekt á því hver er munur á iðgjöldum tryggingafélaga á hinu Evrópska efnahagssvæði, þ.e. samanburður á því hver iðgjöldin eru hjá íslenskum vátryggingafélögum eftir tryggingaflokkum, áhættu og ábyrgð sem því er samfara og svo aftur hjá þeim tryggingafélögum sem starfandi eru annars staðar á Evrópska efnahagssvæðinu?

[16:09]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ekki kunnugt um vísindalega og heildstæða úttekt af þessum toga þó ég geti ekki fullyrt um það. Hún kann að hafa farið fram. Hitt hef ég heyrt og séð einstaka upplýsingar sem lúta að því að þegar hægt er að bera saman, sem stundum er býsna erfitt, þá standi íslenskir tryggingatakar ekki mjög sterkt þegar litið er til ECU eða króna eða marka eða punda eftir því hvernig menn vilja nálgast það mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15.–17. mál.

Fundi slitið kl. 16:10.

111. FUNDUR

fimmtudaginn 17. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 450. mál, þskj. 663. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Vísinda- og tækniráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 732. — 1. umr.
3. Þjóðarbókhlaða, stjfrv., 470. mál, þskj. 724. — 1. umr.
4. Þjóðminjalög, stjfrv., 478. mál, þskj. 733. — 1. umr.
5. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 389. mál, þskj. 587. — 1. umr.
6. Hæstiréttur Íslands, stjfrv., 196. mál, þskj. 752. — 3. umr.
7. Meðferð einkamála, stjfrv., 198. mál, þskj. 753. — 3. umr.
8. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 197. mál, þskj. 754 (sbr. 219). — 3. umr.
9. Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

Fjarvistarleyfi:

Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Áhrif af notkun malbiks á umhverfið, 443. mál, svar umhvrh., þskj. 751.

Fullorðinsfræðsla, 496. mál, fsp. EMS, þskj. 763.

Hæstiréttur Íslands, 196. mál, þskj. 752.

Kaup á slökkvibílum fyrir Flugmálastjórn, 493. mál, fsp. SJS, þskj. 759.

Meðferð einkamála, 198. mál, þskj. 753.

Meðferð opinberra mála, 197. mál, þskj. 754.

Samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, 494. mál, fsp. SJS, þskj. 760.

Skólastarf í grunn- og framhaldsskólum sl. þrjú ár, 498. mál, beiðni EMS o.fl. um skýrslu, þskj. 765.

Starfsþjálfun iðnnema, 188. mál, svar menntmrh., þskj. 762.

Uppbygging verknámsaðstöðu í framhaldsskólum, 492. mál, þáltill. EMS, þskj. 750.

Vátryggingastarfsemi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 450. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 663.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EKG, EMS, FI, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, IBA, JGS, JónK, JVK, KEE, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, PS, RG, SP, SJS, SvG, VS, VE.

30 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EKJ, FrS, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, KHG, MB, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, StB, TIO, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Vísinda- og tækniráð Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 477. mál. — Þskj. 732.

[10:38]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands.

Vísindi verða sífellt mikilvægari hverju þjóðfélagi. Til vísindalegrar hugsunar og athafna getum við ekki aðeins rakið bætta afkomu okkar í efnalegum skilningi heldur einnig þann skilning og hugmyndir sem við höfum um okkur sjálf, umhverfi okkar og menningu. Aðalsmerki vísindanna er gagnrýnin hugsun og leit þekkingar til skilnings á manninum sjálfum, umhverfi hans og menningu. Vísindi og tækni hafa áhrif á atvinnuhætti, samgöngur, samskipti og heilsufar svo að fátt eitt sé nefnt. Í dag leggja því flestar þjóðir vaxandi áherslu á vísinda- og rannsóknastarf.

Það frv. sem hér er mælt fyrir er liður í umfangsmiklu starfi sem staðið hefur yfir nokkur ár og miðar að því að efla vísindastarfsemi í landinu. Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stefnu í vísindamálum sem samþykkt var 21. sept. 1993 er lögð áhersla á að um leið og ákveðið er að efla vísindastarfsemi í landinu verði gerðar auknar kröfur um vinnubrögð og árangur. Áhersla er lögð á að íslensk vísinda- og fræðistörf standist alþjóðlegan samanburð og reglulega verði lagt mat á þessa starfsemi. Ýmsar skipulagsbreytingar verði gerðar á stjórn þessara mála og treysta þurfi samstarf stjórnvalda, fyrirtækja og stofnana.

Helstu atriði frv. er sameining Vísindaráðs og Rannsóknaráðs, aukið ráðstöfunarfé rannsóknasjóða, að gera mat og úttektir á virku stjórntæki í vísinda- og tæknistarfi, lögfesting Rannsóknanámssjóðs og heimild til þess að setja á stofn embætti prófessora sem einungis munu sinna rannsóknum.

Íslendingar verja nú um 1,2% af vergri landsframleiðslu til vísinda- og tæknistarfsemi. Í krónum talið er um að ræða rúma 4,5 milljarða á ári. Meginhluti þessa fjár kemur úr sjóðum hins opinbera, um 75%, en fyrirtækin í landinu bera rúman fimmtung kostnaðarins við þessa starfsemi. Þetta hlutfall atvinnulífsins í fjármögnun vísinda- og tæknistarfsemi er mun lægra hér á landi en gerist í þeim löndum sem við berum okkur saman við. Skýringarnar liggja að mestu leyti í því að íslensk fyrirtæki eru jafnan lítil. Um það bil 1.200 ársverk eru unnin í vísinda- og tæknistarfsemi hér á landi á hverju ári. Einnig þetta hlutfall er lægra hér á landi en í löndunum í kringum okkur. Ef sambærilegur fjöldi ynni við þessi störf hér á landi væru ársverkin nálægt því að vera 1.700. Hér er það sama upp á teningnum og hvað fjármögnun starfseminnar varðar. Hlutur atvinnulífsins er lítill í samanburði við það sem er í nálægum löndum. 75% þessara ársverka eru unnin hjá opinberum stofnunum.

Brýnt er að ýta undir að íslenskt atvinnulíf taki kröftugri þátt í vísinda- og tæknistarfseminni, enda má ljóst vera að hún skiptir verulegu máli í samkeppni við önnur lönd og sú samkeppni mun fara harðnandi á næstu árum. Þess vegna verðum við að gæta afar vel að því hvernig takmarkaður mannafli og fjármagn er notað í þessari starfsemi. Það skiptir í raun mun meira máli en fjármagnið og ársverkin að vel sé vandað til þess sem gert er í vísinda- og tæknistarfsemi. Rík áhersla er lögð á þetta í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um stefnu í vísindamálum sem samþykkt var 21. sept. 1993. Þetta viðhorf birtist nú þegar í starfsemi þeirra stofnana og fyrirtækja sem vinna að vísindum og tækni. Í starfi þessara aðila er nú lögð ríkari áhersla en áður á öguð vinnubrögð og sífellt eru gerðar meiri kröfur í þessum efnum til þeirra sem starfsemina stunda. Mestu máli skiptir að ströngustu kröfurnar um frammistöðu og árangur eru gerðar af þeim sjálfum, en einnig af hálfu stjórnvalda og ekki síst af þeim sem nýta niðurstöður og árangur vísinda- og tæknistarfseminnar, hvort heldur er til frekari vísindastarfa eða til efnahagslegs ávinnings og nýsköpunar í atvinnulífi.

Frá því að sú ríkisstjórn sem nú situr tók til starfa hafa vísinda- og tæknimálefni verið í kerfisbundinni endurskoðun. Jafnframt hefur margt af því sem lagt hefur verið til þegar komið til framkvæmda. Áður en ég vík að frv. ætla ég að nefna nokkur atriði í því sambandi.

Fjármunir Rannsóknasjóðs Rannsóknaráðs ríkisins hafa verið nær tvöfaldaðir frá árinu 1992. Það ár hafði sjóðurinn 110 millj. kr. til ráðstöfunar. Árið 1993 var ráðstöfunarfé Rannsóknasjóðs aukið í 160 millj. kr. og í fjárlögum þessa árs er 200 millj. kr. varið til sjóðsins, sem hefur það verkefni að styðja við rannsókna- og þróunarverkefni af margvíslegum toga, einkum með

hagsmuni atvinnulífs að leiðarljósi. Með þessum framlögum til Rannsóknasjóðs hefur náðst að rétta hag hans við, en framlög til sjóðsins höfðu farið stiglækkandi að heitið getur á hverju ári frá því að hann var stofnaður árið 1985. Ráðstöfunarfé sjóðsins árið 1993 var reyndar í fyrsta sinn meira en það var árið 1985 og enn er bætt um á þessu ári. Vísindasjóður sem er í vörslu Vísindaráðs fær auk fjárveitingar í fjárlögum framlag úr arðsjóði Seðlabanka Íslands. Samkvæmt fjárlögum yfirstandandi árs er framlag Seðlabankans til Vísindasjóðs 120 millj. kr. Nauðsynlegt er að auka ráðstöfunarfé sjóðsins svo sem gert hefur varðandi Rannsóknasjóð. Það höfum við rætt ég og hæstv. iðnrh. og viðskrh. og hefur hann nú til athugunar að flytja frumvarp um að breyta seðlabankalögunum að því er tekur til hversu hátt framlag skuli renna í arðsjóð og hver hluti hans fari til Vísindasjóðs.

Sl. haust beitti ég mér fyrir því að settur var á stofn Rannsóknanámssjóður til þess að styrkja nemendur í framhaldsnámi til meistaragráðu eða doktorsprófs. Eins og nafn sjóðsins gefur til kynna er áhersla lögð á rannsóknaþjálfun í þeim verkefnum sem styrkja njóta úr sjóðnum. Rannsóknanámssjóði voru tryggðar 8 millj. kr. árið 1993 og í fjárlögum þessa árs er 25 millj. kr. varið til sjóðsins. Tilurð Rannsóknanámssjóðs er fagnaðarefni, enda hefur styrkveitingar af þessu tagi skort í stuðningi stjórnvalda við framhaldsmenntun. Afleiðingin hefur því jafnan verið sú að nemendur hafa flestir sótt framhaldsnám erlendis og rannsóknastarfsemin við menntastofnanir hér á landi orðið minni fyrir vikið.

Í fyrstu mun Rannsóknanámssjóður styrkja rannsóknatengt framhaldsnám við Háskóla Íslands, en ég vænti þess að sjóðurinn eflist svo á komandi árum að unnt verði að styrkja íslenska námsmenn sem leggja stund á framhaldsnám við fleiri mennta- og rannsóknastofnanir innan lands sem utan.

Síðla árs 1993 samþykkti ég að úr Rannsóknasjóði yrðu veittir styrkir sem bera nafnið Tæknimenn í fyrirtæki. Nýbreytnin er fólgin í því að veittir verða styrkir til fyrirtækja sem eru að hasla sér völl í vísinda- og tæknistarfsemi til nýsköpunar. Með þessu móti er reynt að hvetja fyrirtækin til þess að efla vísinda- og tæknistarfsemi sína og leggja þannig grunn undir starfsemi sína í framtíðinni. Styrkir þessir verða veittir í fyrsta sinn nú í vor.

Til skamms tíma var samstarf við Norðurlöndin fyrirferðarmest í alþjóðasamstarfi um vísindi og tækni. Þetta samstarf hefur verið okkur Íslendingum afar heilladrjúgt. Jafnframt hefur samstarf við önnur Evrópulönd farið hraðvaxandi á síðustu árum. Aukin áhersla á alþjóðlegt samstarf á sviði vísinda og tækni á sér tvær meginskýringar. Annars vegar er vísindasamfélagið í eðli sínu alþjóðlegt. Það er grundvallaratriði að þekkingu sé miðlað, m.a. til að gefa öðrum vísindasmönnum kost á því að sannreyna vísindalegar niðurstöður. Hins vegar eru mörg verkefni sem unnið er að þess eðlis að ekkert eitt land er þess megnugt að sinna þeim án samstarfs við önnur lönd. Íslendingar hófu þátttöku í EUREKA-samstarfinu árið 1986, en þar er um að ræða samstarf yfir 20 þjóða og er viðfangsefnið fyrst og fremst hagnýtt vísinda- og tæknistarf og að nýta kosti samvinnu til þess að koma niðurstöðum til þeirra sem geta fært sér þær í nyt. Fyrirtæki eru áberandi þátttakendur í þessu samstarfi. Árið 1990 gerðist Ísland aðili að European Science Foundation. Hér er um að ræða samstarf á sviði grunnrannsókna á fjölmörgum og áhugaverðum sviðum. Síðla árs 1991 varð Ísland aðili að COST-samstarfi Evrópuríkja um vísindi og tækni.

Með undirritun samningsins um Evrópskt efnahagssvæði opnaðist Íslendingum greiðari leið til þátttöku í rammaáætlun Evrópubandalagsins um vísinda- og tæknisamstarf. Árið 1993 lagði menntmrn. rúmar 30 millj. kr. af mörkum til að tryggja íslenskum vísindamönnum beina þátttöku í allmörgum verkefnum innan rammaáætlunar Evrópubandalagsins. Á þessu ári verður aðildargjaldið sem menntmrn. greiðir fyrir aðgang að rammaáætluninni um 48 millj. kr. Með þessu tryggir ráðuneytið rannsóknastofnunum sem heyra undir önnur ráðuneyti aðgang að þátttöku í þessu samstarfi. Nú er unnið að því að skipuleggja fjórðu rammaáætlun Evrópusambandsins sem standa mun 1994–1998. Í henni er allt vísinda- og tæknisamstarf á vegum Evrópusambandsins sett undir einn hatt og er gert ráð fyrir að heildarkostnaður við áætlunina muni nema um 972 milljörðum íslenskra króna. Árlegt framlag okkar Íslendinga til þátttöku er ætlað að verði nálægt 90 millj. kr.

Þrátt fyrir að hlutur okkar sé ekki stór í heildinni er engu að síður á ferðinni verulegt fjármagn sem við verðum að leggja fram vegna þátttöku okkar í samstarfinu. Það ríður mikið á því að við samhæfum kraftana til þess að geta sótt a.m.k. þessa fjárhæð til baka frá Evrópusambandinu í formi styrkja til rannsókna- og þróunarverkefna. Í aukinni Evrópusamvinnu felast margvísleg tækifæri sem Íslendingar þurfa að notfæra sér. Vísindaráði og Rannsóknaráði var veitt sérstök heimild ráðuneytisins til þess að ráða starfsmann til að sinna Evrópusamstarfi á sviði vísinda og tækni. Þá hefur sérstakur vísindafulltrúi menntmrn. tekið til starfa við sendiráð Íslands í Brussel.

Í lögum um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð, sem sett voru árið 1987, er ákvæði um að endurskoðun fari fram þegar nokkur reynsla er fengin af því að starfa innan þess ramma sem lögin setja. Einn liður í undirbúningi að þessari endurskoðun var að kalla til sérfræðinga frá OECD til þess að gera úttekt á vísinda- og tæknistarfseminni hér á landi. Íslendingar hafa áður notið aðstoðar OECD af þessu tilefni, fyrst árið 1965 og síðan í upphafi hvers áratugar sem hefur gengið í garð. Í skýrslu sérfræðinganefndar OECD, sem birt var í nóvember árið 1992, var bent á mörg atriði sem betur mættu fara. Margt í skýrslu OECD vakti okkur til umhugsunar um hvernig að þessum málum hefur verið staðið hér á landi.

Skýrsla sérfræðinganefndar OECD er hins vegar ekki gallalaus. Í henni er nánast ekkert fjallað um hugvísindi, félagsvísindi, rannsóknir í læknisfræði og vart

er vikið orði að rannsóknum sem miða að því að efla þekkingu og skilning án þess að hugsað sé um hagnýtingu. Þrátt fyrir þessar takmarkanir eru í skýrslu OECD settar fram athugasemdir og ábendingar sem varða vísindi og tæknistarf af hvaða toga sem er. Engu að síður þarf svipuð athugun að fara fram á stöðu raunvísinda, hug- og félagsvísinda og læknisfræði. Að undirbúningi slíkrar athugunar er nú unnið í menntmrn. eftir tillögum Vísindaráðs.

Í kjölfar skýrslu OECD skipaði ég nefnd til að gera tillögu til ríkisstjórnar um vísinda- og tæknistefnu. Í nefndinni áttu sæti Ólafur Davíðsson, ráðuneytisstjóri í forsrn., og Þórólfur Þórlindsson, prófessor við Háskóla Íslands. Skýrsla nefndarinnar var reifuð í ríkisstjórn í apríl sl. og kynnt Alþingi í maí á síðasta ári. Leitað var umsagna um efnisatriði skýrslunnar og var hún aðlöguð sjónarmiðum og ábendingum sem bárust í umsögnum ráðuneyta og fleiri aðila sem til var leitað. Á grundvelli skýrslu vísindastefnunefndar gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um stefnu í vísindamálum þann 21. sept. 1993, sem ég vitnaði til fyrr í máli mínu.

Eitt mikilvægasta atriðið í vísindastefnu ríkisstjórnarinnar er að ákveðið hefur verið að efna til samráðs milli ráðuneyta og fjalla sérstaklega um vísinda- og tæknimálefni í heild við undirbúning fjárlaga. Árlega skal gera tillögur til ríkisstjórnarinnar um fjárveitingar til málaflokksins og leggja drög að fjárveitingu til fleiri ára. Brýnt er að áætla fé til málaflokksins til lengri tíma en nú er gert. Með ramma að fjárveitingu til fleiri ára er tekið mið af því að vísinda- og tæknirannsóknir taka lengri tíma en fjárlagaárið og nauðsynlegt er að tryggja fjárveitingar til þess að ljúka verkefnum. Í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá í september er gert ráð fyrir því að slíkur rammi fjárlaga verði samþykktur til þriggja ára í senn. Þessu samráði milli ráðuneyta er ætlað að tryggja að samhengi verði milli stefnumótunar um vísinda- og tæknimál og fjárveitingar til þeirra frá hinu opinbera og verður starfað í náinni samvinnu við hið nýja Vísinda- og tækniráð sem mælt er fyrir í þessu frv.

Á síðasta ári starfaði sérstök nefnd á vegum iðnaðar- og viðskiptaráðherra að skýrslu um nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Unnið er að gerð tillagna á grundvelli þeirrar skýrslu og þar eru á ferðinni hugmyndir sem efla munu nýsköpun og styrkja forsendur fyrir öflugri þátttöku atvinnulífs í vísinda- og tæknistarfi.

Þegar stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar lá fyrir var vísindastefnunefnd kölluð saman að nýju til þess að semja frumvarp til laga um yfirstjórn vísinda- og tæknimála sem kæmu í stað laga nr. 48/1987, um Vísindaráð og Vísindasjóð, Rannsóknaráð ríkisins og Rannsóknasjóð. Til þess að fá álit þeirra sem starfa að vísinda- og tæknimálum í landinu boðaði ég til málþings um vísindastefnu ríkisstjórnarinnar þann 21. nóv. 1993. Málþingið sóttu um 100 manns og flutt voru 10 erindi sem vörðuðu lykilatriði hinnar nýju stefnu og þær áherslubreytingar sem ríkisstjórnin boðaði. Meginniðurstaða málþingsins var stuðningur við aðalatriði stefnunnar. Hjá málshefjendum kom m.a. fram almennur stuðningur við eitt Vísinda- og tæknirráð í stað tveggja, eflingu rannsóknasjóða, að komið yrði á fót sérstökum stöðum rannsóknaprófessora og að átak yrði gert í útgáfu fræðirita. Einnig var almennur stuðningur við þá stefnu að efla forustu og samráð innan vísindasamfélagsins um málefni er varða vísindi og tækni. Í framhaldi af málþinginu voru haldnir fundir með ýmsum sérfræðingum um einstök atriði stefnunnar og nánari útfærslu á henni.

Á málþinginu í nóvember og á fundum síðar komu fram ýmsar ábendingar og sjónarmið sem unnið hefur verið úr. Á fundum þessum kom glöggt í ljós að stefna ríkisstjórnarinnar, eins og hún birtist í því frumvarpi sem hér er lagt fram, er vel kynnt þeim sem málið varðar mest og nýtur víðtæks stuðnings þeirra sem vinna að vísinda- og tæknimálum í landinu. Helstu álitaefnin vörðuðu úthlutun styrkja og hlutverk fagráða. Sumir vildu viðhalda fyrirkomulagi Vísindaráðs þannig að fagráðin í hinu nýja skipulagi sæju alfarið um úthlutun styrkja en aðrir lögðu áherslu á að skilja á milli mats á umsóknum og ákvarðana um styrkveitingar. Í samræmi við nýleg stjórnsýslulög og starfsaðferðir sem þróast hafa í alþjóðlegu samfélagi vísindamanna er farin sú leið í þessu frumvarpi að skilja á milli mats á verkefnum og ákvarðanatöku um styrki. Þá voru látnar í ljós áhyggjur af því að hlutur hug- og félagsvísinda yrði ekki réttur sem skyldi gagnvart öðrum vísindum í hinu nýja fyrirkomulagi en ýmsir telja að þessar greinar eigi undir högg að sækja í núverandi skipulagi. Hvað þetta varðar má segja að sameining ráðanna sé stórt skref í þá átt að tryggja að allar greinar vísinda sitji við sama borð.

Eins og rakið hefur verið hér að framan hefur margt verið gert á undanförnu missirum til þess að efla vísinda- og tæknistarfsemina í landinu. Segja má að þessi atriði séu hluti af samræmdu átaki sem m.a. birtist í því frv. sem hér er lagt fram.

Við undirbúning laganna frá 1987 var töluvert rætt um það hvort ráðin skyldu verða eitt eða tvö. Ekki náðist samkomulag um eitt ráð og ákveðið var að koma á fót Vísindaráði annars vegar til þess að fjalla um grunnrannsóknir og Rannsóknaráði ríkisins hins vegar til þess að fjalla um hagnýtar rannsóknir. Með lögunum var einnig sett á laggirnar sérstök samstarfsnefnd ráðanna. Starfsemi ráðanna hefur að ýmsu leyti tekist vel. Sérfræðinganefnd OECD benti hins vegar á ýmislegt sem betur mætti fara í yfirstjórn vísinda- og tæknimála hér á landi og var höfð hliðsjón af ábendingum sérfræðinganefndarinnar við gerð þessa frumvarps. Í áliti OECD segir að í raun sé engin samræmd stefna, hvorki í bráð né lengd, sem stýri því hvernig mannafli og fjármagn nýtist í rannsókna- og þróunarstarfi hér á landi. Nokkur ráðuneyti bera stjórnsýslulega ábyrgð á rannsóknastarfsemi. Undir menntamálaráðuneytið heyrir það starf sem fer fram við menntastofnanir og yfirstjórn þessara mála, þ.e. Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins og sjóðir sem undir ráðin heyra. Starfsemi rannsóknastofnana atvinnuveganna heyrir undir atvinnuvegaráðuneytin, umhverfisrannsóknir eru á ábyrgð umhverfisráðuneytis og á vettvangi heilbrigðisráðuneytis fara fram rannsóknir í læknis- og

heilbrigðisfræðum í stofnunum sem tengjast Háskóla Íslands.

Efla þarf starfsemi innan menntmrn. á þessum vettvangi þannig að unnt verði að sinna á viðunandi hátt verkefnum sem lúta að stjórnsýslulegum þáttum þessara málaflokka. Stærsti hluti vísinda- og tæknistarfseminnar, yfirstjórn málaflokksins þar með talin, fellur undir menntmrn. Því er eðlilegt að menntmrh. hafi sameiningarhlutverki að gegna eins og fram kemur í samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 21. sept. 1993. Þetta er mikilvægt í ljósi þess hve vísinda- og tæknistarfsemi og hagnýting hennar dreifist á stjórnsýslusvið margra ráðuneyta.

Grunnhugmyndin að baki núv. skipulags rannsókna- og þróunarstarfsemi hérlendis er sú að hagnýtar rannsóknir séu stundaðar á vegum stofnana sem heyra undir atvinnuvegaráðuneyti, en rannsóknir sem ekki tengjast beint efnahagslegum markmiðum séu stundaðar á vegum aðila sem heyra undir menntamálaráðuneytið. Í greinargerð með samþykkt ríkisstjórnarinnar frá í september 1993 er hins vegar sýnt fram á að skýrum mörkum milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna verður ekki auðveldlega fylgt, hvorki í áherslum rannsóknastofnana né í verkefnum sem ganga þvert á verksvið ráðuneyta og stofnana. Skilin á milli grunnvísinda og hagnýtra rannsókna eru oft óljós. Skiptingin í grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir, sem er undirstaða núverandi kerfis, gefur vart raunsanna mynd af rannsóknarstarfseminni og hún verður aðeins tæplega heimfærð upp á læknavísindi, hug- og félagsvísindi. Það er ekkert sem segir að öll hugvísindi séu grunnrannsóknir og jafnhæpið er að fullyrða að engin félagsvísindi séu hagnýt.

Grunnvísindi eru oft undirstaða hagnýtra rannsókna og tækniþróunar en tækninýjungar og hagnýtar þarfir leiða oft til nýrra uppgötvana í grunnvísindum. Hér á landi vinna margir vísindamenn jöfnum höndum að grunnvísindum og hagnýtingu rannsókna. Slíkum verkefnum fer fjölgandi. Nefna má umhverfisrannsóknir sem dæmi um rannsóknir sem sækja sérfræðiþekkingu jöfnum höndum til grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, raunvísinda, tæknivísinda og félagsvísinda. Eitt ráð hefur betri yfirsýn en tvö yfir þessar þverfaglegu rannsóknir og getur þar af leiðandi gætt þess að tillit sé tekið til þeirra í stefnumótun. Undir þessi sjónarmið er tekið í nýrri skýrslu umhverfisráðuneytis um eflingu umhverfisrannsókna á Norður-Atlantshafi. Í tillögum í skýrslunni kemur fram að skipulagið sem lagt er til í þessu frumvarpi er vel fallið til þess að efla umhverfisrannsóknir í landinu.

Um mörg viðfangsefni hagar þannig til að ekki er fjallað um þau af einum aðila í stjórnkerfinu. Þetta getur leitt til þess að togstreita myndist um einstaka málaflokka vísinda og tækni, en einnig er hætt við að tiltekin svið verði vanrækt vegna þess að ekki er fjallað um þau sérstaklega og að mannafli, aðstaða og búnaður nýtist ekki sem skyldi. Um matvælarannsóknir, fiskeldisrannsóknir eða umhverfisrannsóknir, svo dæmi séu tekin, fjallar enginn einn aðili í stjórnkerfinu, hvorki um stefnumörkun né fjárveitingar. Samræma þarf vinnubrögð við rannsóknir og huga að verkaskiptingu milli stofnana.

Til viðbótar því sem hér að framan er nefnt er rétt að það komi skýrt fram að á undanförnum árum hefur samstarf vísinda- og tæknimanna hér innan lands vaxið hröðum skrefum. Ástæða þess er m.a. að verkefnin sem unnið er að kalla eftir færni og þekkingu sem aðrir búa yfir, en einnig starfræksla sjóða sem veita styrki til rannsókna og þróunarverkefna þar sem hvatt er til samvinnu milli stofnana, bæði innbyrðis og við fyrirtæki. Þannig riðlast mörk sem dregin hafa verið milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna, svo og markalínur milli stofnana sem tilheyra ólíkum ráðuneytum og sviðum. Þrátt fyrir að yfirstjórn þessara mála hér á landi sé klofin í toppinn með því að hafa tvö ráð, Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins, hafa ráðin í vaxandi mæli reynt að auka samvinnu sín í milli. Þannig hafa þau í sameiningu gefið út fréttabréf, sameiginlegir starfsmenn hafa verið ráðnir, einkum til þess að sinna vaxandi starfsemi í alþjóðlegum samskiptum, ráðin deila með sér ábyrgð á framkvæmd þátttöku Íslendinga í rammaáætlun Evrópubandalagsins og hafa auk þess haft samráð í mörgum málum. Ráðin hafa því í starfi sínu tekið undir þá skoðun að farsælt sé að hafa eitt ráð, Vísinda- og tækniráð eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Hitt er þó jafnljóst að þrátt fyrir vaxandi samstarf á milli ráðanna hafa þau ekki megnað að taka á einum stærsta vanda sem við er að etja í vísinda- og tæknistarfseminni hér á landi. Starfsemi þeirra hefur ekki gagnast sem skyldi til þess að gefa stefnu um það innihald sem æskilegt hefði verið, enda heyra vísinda- og tæknimálefni undir mörg ráðuneyti í stjórnsýslu okkar eins og ég hef þegar getið og verulega hefur skort á samráð milli þeirra í þessu efni. Á þetta var lögð áhersla í skýrslu sérfræðinganefndar OECD. Það skipulag sem nú ríkir í yfirstjórn þessara mála er barn síns tíma og byggir í grundvallaratriðum á viðhorfum sem ekki eru lengur kjarninn í vísindastefnuumræðu. Það er því afar mikilvægt að skipulagið sem notað er í yfirstjórn þessara mála verði ekki fjötur um fót þeim vaxtarbroddum nýrrar hugsunar og verklags sem eru að ryðja sér til rúms í vísinda- og tæknistarfsemi okkar Íslendinga. Í frv. þessu er lagt til að úr þessum vanda verði bætt. Þar er tímabær úrbót á ferð.

Nýju Vísinda- og tækniráði er ætlað aukið hlutverk í því að fylgjast með framvindu í vísinda- og tæknistarfi, meta árangur rannsóknastarfs, leita leiða til þess að efla rannsóknastarfsemi í landinu og efla alþjóðlegt samstarf. Þá er ráðinu ætlað að vera ríkisstjórn, Alþingi og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um stefnumörkun á sviði vísinda, tækni og nýsköpunar. Með einu ráði er viðurkennd nauðsyn þess að vísinda- og tæknisamfélagið, atvinnulífið og stjórnvöld verði samstiga í þessum efnum.

Gert er ráð fyrir að níu einstaklingar eigi setu í ráðinu til þriggja ára í senn. Ætlast er til þess að þar sitji hæfustu einstaklingar sem séu verðugir fulltrúar vísinda- og tæknisamfélagsins alls en ekki fulltrúar þröngra hagsmunasjónarmiða heldur taki mið af hags-

munum heildarinnar. Tilnefning í ráðið verður í tveimur þrepum. Fyrst tilnefna skólar á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar 10 einstaklinga. Rannsóknastofnanir tilnefni á sama hátt 9 einstaklinga. Úr þessum 19 manna hópi velur ráðherra 6 einstaklinga til setu í ráðinu þannig að þrír verði úr hvorum hópi. Ríkisstjórnin velur síðan þrjá fulltrúa að tillögum menntmrh. Þetta fyrirkomulag býður upp á að samsetning ráðsins spanni sem flest svið þannig að flest sjónarmið komi fram í ráðinu. Hér er vissulega um vandasamt val að ræða en takist tilnefningar helstu vísinda- og menntastofnana vel ætti val ráðherra að vera tiltölulega auðvelt. Aðferð þessi eykur líkurnar á því að aðeins verði tilnefndir hæfustu einstaklingar til setu í ráðinu.

Vísinda- og tækniráð mun starfrækja tvo sjóði er styrkja rannsókna- og þróunarverkefni. Við úthlutun úr þeim verður sérstaklega að taka tillit til þess að markmiðin með starfrækslu þeirra eru mismunandi. Enginn þarf að fara í grafgötur um það að kröfur um vísindaleg gæði verða ráðandi fyrir úthlutunum úr báðum sjóðunum. Áhersla verður lögð á að meta þann árangur jafnt fræðilegan sem efnahagslegan sem næst í vísinda- og tæknistarfseminni. Mat á frammistöðu verður gert að virku stjórntæki, bæði í starfsemi sjóðanna svo og ráðsins sjálfs.

Á vettvangi vísinda og tækni sem annars staðar fara kröfur um hlutlæg vinnubrögð vaxandi. Þess er krafist að faglega sé staðið að undirbúningi ákvarðana og ekki komi til hagsmunaárekstra í ákvarðanatöku. Vísinda- og tækniráði Íslands er ætlað að skipa þriggja til fimm manna fagráð til tveggja ára á helstu sviðum vísinda og tækni og á öðrum athafnasviðum þjóðlífs til þess að veita faglega ráðgjöf og meta umsóknir um styrki. Skipan í fagráð til tveggja ára veitir möguleika til að endurnýja þau reglulega en ekki er ákvæði sem kemur í veg fyrir endurskipun einstaklinga í fagráð. Þannig getur vísinda- og tækniráð tryggt samfellu í störfum fagráða.

Menntamálaráðherra setur reglugerð um störf fagráða, en Vísinda- og tækniráð Íslands setur fagráðum erindisbréf þar sem kveðið er á um starfshætti. Í reglugerð er eðlilegt að fjallað sé m.a. um þær kröfur um vísindalega hæfni og skilning á hagnýtingu vísindalegrar þekkingar við nýsköpun sem gera verður til þeirra sem sitja í fagráði. Þau fagráð, sem vænta má að hið nýja Vísinda- og tækniráð skipi, fjalla um hug- og félagsvísindi, líf- og læknisfræði, náttúruvísindi, tækniþróun, þar með talin verkfræði, svo og önnur mikilvæg athafnasvið sem að mati ráðsins gætu orðið heilladrjúg í starfi að verkefnum fyrir ráðið.

Gert er ráð fyrir að Vísinda- og tækniráð skipi sérstakar úthlutunarnefndir. Þeim er ætlað að velja á milli faglega hæfra umsókna og gera tillögur um afgreiðslu umsókna með hliðsjón af stefnu ráðsins og þeim fjármunum sem til ráðstöfunar eru. Mikilvægt er að þeir sem sitja í Vísinda- og tækniráði taki ekki beinan þátt bæði í undirbúningi og afgreiðslu einstakra umsókna og er gert ráð fyrir að sami einstaklingur geti ekki átt sæti bæði í Vísinda- og tækniráði og í fagráði á þess vegum. Þannig er skilið á milli mats á vísindalegu gildi umsókna í sjóði, vörslu Vísinda- og tækniráðs og ákvarðana um styrkveitingar. Enn fremur er skilið á milli umfjöllunar fagráða og þess sem skrifstofu ráðsins annast í umfjöllun um umsóknir í þessa sjóði. Í þriðja lagi er svo val milli styrkhæfra umsókna í höndum úthlutunarnefndanna sem ráðið kemur á laggirnar.

Meðal annarra nýmæla sem er að finna í frv. um Vísinda- og tækniráð Íslands er ákvæði um að efla rannsóknatengt framhaldsnám og heimild til að stofna stöðu ransóknaprófessora. Hvort tveggja er lagt til í vísindastefnu ríkisstjórnarinnar frá því í september á sl. ári. Þá er gert ráð fyrir að mat og úttektir verði gerðar að virku stjórntæki í vísinda- og tæknistarfseminni. Úttektir og mat á frammistöðu og árangri er ört vaxandi þáttur í vísindastarfsemi erlendis. Reglubundið mat á vísinda- og tæknistarfsemi má m.a. nota til þess að stýra og forgangsraða fjárveitingu til stofnana og verkefna, lagfæra skipulag stofnana og breyta verklagi og viðfangsefnum, meta tillögur um stór rannsóknaverkefni, meta árangur af rannsókna- og þróunarverkefnum eftir að þeim er lokið, svo og gagnsemi þessarar starfsemi fyrir þá sem nota niðurstöðurnar.

Hér á landi hefur mat á vísindastarfsemi ekki verið mikið notað til að stýra fjármagni og mannafla að frátöldu mati sem tengist úthlutun styrkja til einstakra verkefna. Í vísindastefnu ríkisstjórnarinnar kemur fram að samhliða því að marka ramma að fjárveitingum til rannsókna til lengri tíma er stefnt að því að kröfur til verkefna sem kostuð eru að hluta eða öllu leyti af opinberu fé verði auknar og sjóðum verði gert að meta vísindalegt og hagrænt gildi og framvindu rannsókna- og þróunarverkefna. Tilgangur með úttektum er ekki einvörðungu að nýta aðföng á sem bestan hátt heldur einnig að gera samanburð á vísinda- og tæknistarfsemi hér á landi við sambærilega starfsemi í öðrum löndum. Slíkt stöðumat er ein af forsendum þess að hægt verði að efla vísinda- og tæknistarfsemi hér á landi. Hinu nýja Vísinda- og tækniráði verður falið veigamikið hlutverk í að skipuleggja slíkar úttektir. Ráðinu er ætlað að gera áætlanir um úttektir á einstökum vísinda- og tæknisviðum auk þess að semja við innlenda og erlenda aðila um framkvæmd þeirra.

Í þessu frv. er Rannsóknanámssjóður lögfestur og gert er ráð fyrir að hið nýja Vísinda- og tækniráð fari með málefni sjóðsins í umboði stjórnar hans. Gert er ráð fyrir að reglur sjóðsins verði endurskoðaðar þegar nokkur reynsla er fengin af starfrækslu hans.

Samkvæmt frumvarpinu fær menntamálaráðherra heimild til að stofna sérstakar stöður prófessora sem einungis sinni rannsóknum. Rætt hefur verið um að stöðurnar yrðu t.d. veittar til 5–7 ára og þeim sem stöðunum gegna verði ætlað að byggja upp rannsóknir á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg. Í stöðu rannsóknaprófessors yrði aðeins ráðinn einstaklingur sem metinn hefur verið hæfur til að gegna stöðu prófessors og aflað hefur sér viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknastörf sín. Að ráðningartíma liðnum þyrfti að fara fram úttekt á starfseminni og ákvörðun tekin um framhaldið.

Í tengslum við undirbúning þessa frv. átti ég fjölmarga fundi með vísinda- og tæknimönnum. Á þessum fundum gætti vissulega ólíkra sjónarmiða, en eftirminnilegt er hversu málefnalegar þessar umræður voru. Allar meginhugmyndir frv. voru ræddar af helstu talsmönnum vísinda og tækni í landinu og það er mat mitt að samstaða ríki um þær. Eitt af meginmarkmiðum þessa frv. er að stjórnvöld, atvinnulíf og vísindamenn vinni saman að því að nýta betur starfskrafta og aðföng sem varið er í þessu skyni og að skilvirkari vinnubrögðum verði beitt í stjórnun þessara mála.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. þessu verði að lokinni þessari umræðu vísað til hv. menntmn.

[11:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni eitt af stærstu málum þingsins að mínu mati, þ.e. lög um rannsóknir og tækniþróun hér á land og hefði auðvitað verið ástæða til að taka alllangan tíma í að ræða þetta mál. Ég neyðist til að gagnrýna hversu seint frv. er fram komið miðað við það að á síðasta þingi lágu fyrir þau drög að stefnumótun sem eru undirstaða þessa frv., en þau drög komu hér fram í skýrsluformi frá menntmrh. sem svar við skýrslubeiðni frá mér og öðrum þingmönnum Alþb. á því þingi.

Ríkisstjórnin samþykkti hins vegar þær tillögur menntmrh. sem ég hygg að hafi verið tilbúnar í febrúar í fyrra, febrúar 1993 eða svo, voru ekki samþykktar í ríkisstjórninni fyrr en að mig minnir í september 1993. Þannig að bersýnilegt er að það tók langan tíma að koma þessu máli áleiðis en enn þá lengri tíma virðist hafa tekið að koma saman frv. um þessi efni. Hæstv. ráðherra greindi frá því í lok ræðu sinnar áðan að það hefði verið haft mjög ítarlegt samráð við vísindasamfélagið á Íslandi um málið og það er rétt. Ég kannast við það og veit það. Hitt er hins vegar ljóst að frv. í þeim búningi sem það er hér er ekki að öllu leyti í samræmi við þær niðurstöður sem ýmsir þeir sem tóku þátt í þessu samráði af hálfu hins íslenska vísindasamfélags bjuggust við að sjá. Á frv. hafa verið gerðar allt til síðustu stundar sýnist mér talsvert miklar breytingar frá því sem menn gerðu ráð fyrir.

Það er svo sérstakt umhugsunarefni, virðulegi forseti, að núv. ríkisstjórn tók við stefnumótun í vísinda- og rannsóknarmálum frá fyrri ríkisstjórn sem var afgreidd í henni árið 1990 og tekin fyrir hér á Alþingi 1991. Meginþráðurinn í þeirri stefnumótun var aukið fjármagn til vísinda- og rannsóknastarfsemi sem m.a. birtist í fjárlögum ársins 1991. Þegar núv. ríkisstjórn tók við kaus hún a.m.k. á sviði menntamála og ég hygg á fleiri sviðum að ýta til hliðar allri þeirri stefnumótun sem unnin hafði verið af fagaðilum í aðdraganda stjórnarskiptanna. Það var flokkspólitísk ákvörðun sem þá var tekin af Sjálfstfl. að hafna þeirri stefnumótun sem unnin hafði verið af fyrri ríkisstjórn, en þar áttu sæti eins og kunnugt er fulltrúar Alþb., Alþfl., Framsfl. og Borgaraflokks.

Það er í raun og veru dálítið umhugsunarefni fyrir vísindamenn á Íslandi og þá sem starfa að rannsóknum að hver einasta ný ríkisstjórn skuli ævinlega byrja á því að finna upp hjólið, svo að segja. Að menn skuli aldrei geta tekið þá stefnumótun og þá faglegu vinnu sem unnin hefur verið með skynsamlegum hætti og flutt hana inn í nýja ríkisstjórn á eðlilegan hátt. (Gripið fram í.) Ég vil hins vegar segja varðandi þessa tillögu sem hér er uppi að ég tel að hún sé að mörgu leyti skynsamleg og ég er þeirrar skoðunar að það sé að mörgu leyti hægt að nýta þá vinnu sem unnin hefur verið á undanförnum síðustu missirum áfram eftir stjórnarskipti. Ég tel með öðrum orðum að menn eigi ekki að sýna þann flokkspólitíska nánasarskap og þröngsýni að þurfa ævinlega að henda öllu því sem vel er gert af fyrri stjórnum þegar þeir taka við verkum í Stjórnarráði Íslands.

Ég vil síðan, virðulegi forseti, í tengslum við málið segja það almennt að ég tel að sú hugsun, stefnumótunarhugsun, að sameina í einum lögum grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir, sé út af fyrir sig skynsamleg. Ég tel að í sjálfu sér sé eðlilegt að menn staldri við það. Ég verð hins vegar að segja það sem mína skoðun að það er vandmeðfarið í framkvæmd vegna þess að það er auðvitað alltaf hætta á því að grunnrannsóknirnar séu bornar ofurliði af hinni hörðu frekju augnabliksins til fjár á hverjum tíma. Þess vegna verður að útbúa lög um Vísinda- og tækniráð ef þau verða sett þannig að það sé tryggt að grunnrannsóknirnar og hagsmunir þeirra verði af þörfum augnabliksins, ekki síst á niðurskurðartímum, aldrei bornar ofurliði.

Þetta vil ég segja almennt um frv. og þess vegna finnst mér að það þurfi að skoða mjög vandlega í nefnd hvort grunnrannsóknirnar eru nægilega vel tryggðar og hlutur þeirra í því stjórnkerfi sem hér er verið að tala um.

Í öðru lagi varðandi almenn atriði kringum frv. vil ég segja að ég tel að það hefði þurft að felast í því stefnumörkun um fjármögnun rannsóknanna, fjármögnun vísinda- og tækniþróunar hér á komandi árum, skýrari stefnumótun en í frv. felst eins og það er.

Í þriðja lagi verð ég að segja að ég tel einstök atriði í frv., sérstaklega stjórnunarþátt þess, þ.e. 3. gr., ótrúlega flækju, alveg ótrúlega flækju og ég hef aldrei séð svona hugmyndir að stjórn nokkurrar stofnunar í frv. hér í þinginu fyrr eða síðar. Þá er ég ekki að segja að þetta sé endilega ómögulegt en ég held að það taki dálítinn tíma allavega fyrir einhverja að átta sig á því hvernig þetta er hugsað.

Ég vil einnig, áður en ég fer yfir einstök atriði, nefna það að ég vil boða brtt. af minni hálfu við þetta frv. sem gengur út á að það verði unnt fyrir fyrirtæki að draga frá fjármuni sem þau verja til rannsókna- og þróunarstarfsemi þannig að það verði ekki bara dregið frá sem venjulegur kostnaður heldur verði dregið frá í rekstrarkostnaði fyrirtækja eða jafnvel beint frá sköttum, fjármunir sem þau hyggjast leggja til rannsókna- og þróunarstarfsemi umfram hinn beina kostnað sem liggur í verkefninu hverju sinni.

Ég held að það sé alveg nauðsynlegt fyrir Íslendinga, ef við ætlum mér liggur við að segja að lifa af sem sjálfstæð þjóð hér inn í næstu ár og áratugi, að þá

verðum við að stórauka framlög okkar til rannsókna- og þróunarstarfsemi og til menntunar hvers konar. Og þó að bætt hafi verið við nokkrum fjármunum, t.d. 8 millj. kr. á síðasta ári, í Rannsóknanámssjóð, þá hrekkur það skammt á móti þeim mikla niðurskurði sem hefur orðið til menntamála á síðasta ári og síðustu árum og mun að sjálfsögðu koma okkur í koll, þjóðinni, í versnandi lífskjörum þegar fram í sækir ef menn taka ekki í taumana tafarlaust.

Ég ætla næst, virðulegi forseti, að víkja að einstökum greinum og þá fyrst að 3. gr. Þar er gert ráð fyrir því að það verði níu einstaklingar í Vísinda- og tækniráði Íslands. Það verði þrír frá skólum á háskólastigi, þrír að tillögum Rannsóknastofnunar atvinnuveganna og þrír aðrir aðilar.

Ég ætla fyrst að segja um þessa grein sjálfa. Hér stendur í c-lið: „Þrjá sem tilnefndir eru af ríkisstjórn ...“

Þetta hefur aldrei staðið í lögum á Íslandi áður. Ríkisstjórn er ekki til sem fjölskipað stjórnvald. Ríkisstjórn í þessum texta er menntmrh. Menntmrh. er ríkisstjórnin í mennta- og rannsóknamálum. Þess vegna getur þessi texti ekki staðið svona.

Í öðru lagi stendur í þessari grein, með leyfi forseta:

„Aðilar er tilnefna menn til setu í Vísinda- og tækniráði Íslands, samkvæmt liðum a) og b) hér að ofan, skulu hver tilnefna tiltekinn fjölda einstaklinga samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.“

Þetta verður að vera nákvæmar í lagatexta heldur en þarna er gert ráð fyrir.

Í greinargerðartextanum er mjög sérkennilega farið í þetta mál, verð ég að segja, eins og fram kemur í greinargerðinni um 3. gr. þar sem segir að í fyrsta lagi eigi að tilnefna tíu aðila frá háskólum og slíkum stofnunum, tíu aðila. Menntmrh. velur svo þrjá af þessum tíu í stjórnina, alveg án þess að það séu settar um það neinar sérstakar reglur. Þó er allra kostulegast að þegar á að velja einn af þessum níu þá eru það aðilar sem eru fulltrúar Þjóðarbókhlöðu, Þjóðskjalasafns, Stofnunar Árna Magnússonar, Þjóðminjasafns og Listasafns Íslands. Þessir aðilar eiga að velja einn af þessum níu í þennan níu manna hóp. Og hvernig á það að gerast? Það á að gerast á fundi með menntmrh., eins og stendur hér í greinargerðinni.

Þetta er ekki hægt að búa stjórn nokkurrar stofnunar, það gengur ekki neitt. Ég held að það sé líka nauðsynlegt að átta sig á orðalaginu á bls. 11 í grg. frv., síðustu málsgrein um 3. gr., þar sem stendur:

„Tilnefning fleiri einstaklinga en geta átt sæti í ráðinu gefur menntamálaráðherra svigrúm til þess að skipa í ráðið þannig að sem flest sjónarmið eigi þar málsvara.“ — Hvaða sjónarmið? Ekki eru það flokkspólitísk sjónarmið eða hvað? Nei. Eru það sjónarmið úr rannsóknasamfélaginu eða hvað? Kannski. En það þarf að skýra nánar.

Síðan segir áfram, með leyfi forseta, um 3. gr.: „Skýrt er tekið fram að þeir sem taka sæti í Vísinda- og tækniráði Íslands eru ekki sérstakir fulltrúar þeirra sem hafa tilnefnt þá.“ — Hvar er það tekið fram? Það er hvergi tekið fram. Það er ekki tekið fram í greininni eins og hún lítur hér út. — „Jafnframt er sú skylda lögð á menntamálaráðherra að gæta þess við val á meðlimum að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni.“ — Hvar er það tekið fram? Það er hvergi tekið fram. Þannig að ég sé ekki betur en að greinargerðin eigi við grein sem ekki er lengur í frv. Mér sýnist að fljótaskriftin á pappírnum, svo ótrúlegt sem það er miðað við hvað þetta kemur ofboðslega seint hér inn, sé þannig að menn hafi verið að semja frv. til síðustu stundar og gleymt að breyta greinargerðinni jafnóðum og þeir breyttu lagafrv. Ég sé ekki betur en það sé þannig. (**KÁ:** Þetta er bara eins og í búvörlögunum.) Eins og í búvörulögunum segir hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sem hefur reynslu á öllu þessu litla sviði, alveg frá menntun og yfir í búvörur.

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, ég tel þetta ekki ganga. Það þarf að útskýra þessa grein miklu betur.

Í öðru lagi vil ég síðan gera sérstaka athugasemd við fjárveitingagreinarnar og þó kannski í fyrsta lagi við 9. gr. sem er um Vísindasjóð. Þar segir í greinargerðinni, með leyfi forseta: „Í undirbúningi er að styrkja þennan tekjustofn og auka þannig ráðstöfunarfé sjóðsins“ — þ.e. Vísindasjóðs — „án þess að útgjöld ríkissjóðs aukist að sama skapi.“

Þetta á að gera hvernig? Með því að breyta reglum um arðgreiðslur Seðlabankans og reglum um arðsjóð Seðlabankans. Hvað þýðir það ef reglum um arðsjóð Seðlabankans er breytt? Það þýðir lægri skatttekjur ríkissjóðs. Það er augljóslega verið að tala um, en reyna að fara í kringum það og án þess að ræða það við fjmrh., að gert er ráð fyrir að auka greiðslur úr ríkissjóði ef þetta fer svona. Þetta er óljóst, þetta er óskýrt og ég spyr: Hvað þýðir þetta í raun og veru?

Síðan vil ég nefna sérstaklega Byggingar- og tækjasjóðinn en hann á að yfirtaka Byggingasjóð rannsóknastarfsemi í þágu atvinnuveganna. Hvaða peninga hefur hann haft? Hann hefur haft einkaleyfisgjald. Um það mál hefur verið rætt í þessari virðulegu stofnun einmitt í vetur um að fella niður einkaleyfisgjaldið. Ég bendi hér á frv. sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir flytur ásamt tveimur öðrum þingmönnum um að fella niður einkaleyfisgjaldið af augljósum ástæðum miðað við þær aðstæður sem nú eru í þessum happdrættismálum landsmanna. Ef við skoðum aðeins hvað um þetta er sagt í greinargerðinni, hæstv. forseti, þá er það mjög skrýtið. Það er í raun og veru annars vegar sagt: Sjóðurinn á að fá einkaleyfisgjaldið. Hins vegar er sagt: Það er auðvitað spurning hvort það er sanngjarnt að Happdrætti Háskólans sé að borga þetta gjald. Þannig að aftur kemur það fram í sambandi við þessa grein að það er eins og greinargerðin hefi verið samin á öðrum tíma eða kannski í öðru húsi en frv. sjálft.

Ég held sem sagt að þetta þurfi að skýra aðeins betur og mér finnst vera alveg ótrúlega mikil fljótaskrift á þessu af hálfu hæstv. menntmrh.

Þá vil ég einnig leyfa mér, virðulegi forseti, þar sem það saxast nokkuð á tímann, að spyrja um það hvað er gert ráð fyrir að verði um núverandi starfsmenn Rann-

sóknaráðs og Vísindasjóðs. Hvernig er hugsunin að fara í það? Í frv. er gert ráð fyrir því að það taki gildi 1. júlí. Núna er 17. mars. Frv. verður tæplega að lögum fyrr en eftir þó nokkurn tíma þannig að það er bersýnilegt að þessi gildistökutími er nokkuð knappur, m.a. með tilliti til starfsfólksins. Ég hlýt að spyrja: Hvað hyggst ráðherrann gera og hvernig hyggst hann taka á málum starfsfólksins?

Í greinargerð Fjárlaga- og hagsýslustofnunar kemur fram að það er í raun ekki gert ráð fyrir neinum viðbótarútgjöldum vegna þessa frv. Það eru engir auknir fjármunir til rannsókna samkvæmt þessu frv. að mati Fjárlaga- og hagsýslustofnunar og er hún nú vön að finna það sem lítið er þannig að það virðist ekki vera neitt sem á að fara til aukningar á þessum framlögum.

Að þessum töluðum orðum, með tilliti til þess knappa tíma sem við höfum, þá vil ég ljúka máli mínu með þessu, virðulegi forseti: Frv. er seint fram komið og það verður erfitt að ná á því málefnalegri meðferð á þeim stutta tíma sem eftir er af þinginu. Ríkisstjórnin hefur skorið stórkostlega niður fjármagn til menntamála á undanförnum árum. Það er ekki gert ráð fyrir því samkvæmt þessu frv. að bæta þar neinu við. Í frv. eru flókin, illskiljanleg ákvæði um stjórn verkefnisins og fjármögnun einstakra stofnana. Það er ekkert tekið á málum starfsmanna sem vinna hjá Vísindasjóði eða Rannsóknasjóði. Loks er það þannig að mér finnst að frá hlut grunnrannsóknanna þyrfti að ganga miklu betur heldur en gert er í frv. eins og það liggur hér fyrir.

Þar sem ég á sæti í hv. menntmn. á ég kost á því að fjalla nánar um málið, hæstv. forseti, og mun þá láta máli mínu lokið að sinni. Ég hef komið á framfæri nokkrum athugasemdum en bendi á að síðustu daga hefur snjóað hér inn frv. frá hæstv. menntmrh. Við sem erum í menntmn. og þurfum að setja okkur inn í þau mál höfum fengið þau í bunkum alveg á síðustu sólarhringum. Okkur hefur ekki gefist mikið færi á því að fara yfir þau mál. Mér er sem ég sæi t.d. að Sjálfstfl. í stjórnarandstöðu hefði unað því að menn hefðu tekið fyrir mál með þeim hraða sem stjórnarandstæðingar ætla að una hér virðist mér í dag. Það er slæmt vegna þess að umræðan verður þá kannski ekki eins góð og hún hefði ella orðið. Þau vandamál sem eru í þessu frv. liggja hins vegar í augum uppi, en ég vona að ég hafi tínt þau til og vona að seinagangurinn og handarbakavinnubrögðin við frágang á frv. verði ekki til þess að spilla mjög verulega fyrir vísindastarfsemi og þróunarverkefnum á Íslandi í framtíðinni.

[11:26]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson hefur þann kost umfram marga þingmenn að hann er vanur að tala mjög skýrt. Ég hlustaði með nokkurri eftirvæntingu eftir skoðunum hv. þm. sem eru mikilvægar að því leyti til að þar fer fyrrv. menntmrh. og sá maður sem væntanlega hefur að nokkru leyti forustu fyrir stjórnarandstöðunni í þessu máli. (Gripið fram í.) Að nokkru leyti a.m.k. fyrir sinn flokk, vænti ég, virðulegir þingmenn.

Hér er verið að ræða frv. sem brýtur í blað. Hér er í rauninni verið að stokka upp vísinda- og rannsóknastefnu íslensku þjóðarinnar. Hér liggur fyrir frv. sem er byggt á mikilli vinnu erlendra og innlendra sérfræðinga og það nýtur held ég afgerandi stuðnings íslenska vísindasamfélagsins. Samt sem áður er það svo að hv. þm. Svavar Gestsson, sem bersýnilega hefur kynnt sér frv. mjög vel, kemur upp og það sem hann hefur fram að færa eru einungis smávægilegar athugasemdir sem varða einstaka minni þætti. Það kemur ekkert fram í máli fyrrv. menntmrh., hv. þm. Svavars Gestssonar, sem varðar meginþætti frv., þ.e. að hér er lagt til að Vísindaráð og Rannsóknaráð verði sameinað undir einn hatt. Hér er líka lagt til að lögfest verði rannsóknatengt framhaldsnám við Háskóla Íslands sem getur orðið aðdragandinn að meistaraprófi og doktorsprófi við íslenskan háskóla. Hér er líka lagt til að það verði settar upp stöður rannsóknaprófessora, mál sem íslenska vísindasamfélagið hefur barist fyrir mjög lengi. Hér er líka lagt til að sett verði upp fagráð innan einstakra vísindasviða, mál sem er mjög þarft og mjög brýnt. Hér er líka lagt til að það verði gengist fyrir mati á árangri rannsóknastarfsemi. Með öðrum orðum, virðulegi forseti, hér er verið að gera vísindastarfsemi á Íslandi miklu straumlínulagaðri, miklu hnitmiðaðri heldur en fyrr og ég spyr: Hvaða skoðun hefur hv. þm. Svavar Gestsson á þessum grundvallarbreytingum sem verið er að gera? Það er eftir því leitað.

[11:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni taka fram að ég hef enga forustu fyrir stjórnarandstöðunni í þessu máli og örugglega ekki hv. 3. þm. Norðurl. e., sem kvartaði sérstaklega undan þessu ávarpi

Það sem ég vil segja í sambandi við mál hæstv. ráðherra er auðvitað fyrst og fremst það að ég fór yfir þessi grundvallaratriði sem ráðherrann lýsti eftir. Ég tel að sú stefnumótun almennt séð að færa saman eins og kostur er grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir, sé skynsamleg stefnumótun. Það sagði ég. Hins vegar sagði ég að ég teldi að það væri kannski ekki nægilega vel búið um grunnrannsóknirnar sem slíkar inn í frv. eins og það lítur út. aðalgagnrýni mín laut þó að því, hæstv. ráðherra, að ég sé ekki að í frv. séu tryggðir auknir fjármunir til rannsókna- og þróunarverkefna miðað við það sem verið hefur. Og loks það sem ráðherrann nefndi í sambandi við meistaranám og doktorsnám við Háskóla Íslands sem er opnað fyrir út af fyrir sig en það er búið að því fyrir löngu. Það var gert í tíð síðustu ríkisstjórnar með breytingu á lögum um Háskóla Íslands og þar er auðvitað rétt að byrja. Ég skil hins vegar hæstv. umhvrh. vel. Honum hefur leiðst í þessari ríkisstjórn. Hún hefur verið vond við menntun og menningu þannig að hann er öllu feginn, líka þessu litla frv.

[11:30]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt til getið hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að ég er feginn öllu því sem fleyt-

ir áfram rannsóknum og vísindum á Íslandi og þar hygg ég að ég deili áhuga mínum með hv. þm. Það er hins vegar mikilvægt að fá fram þá afstöðu sem birtist í þessu svari hv. þm. Svavars Gestssonar vegna þess að ég tek mark á honum, ekki bara vegna þess að hann er ágætur þingmaður og á sæti í menntmn. heldur líka vegna þess að hann hefur áður haft forustu á þessu sviði. Hann er fyrrv. menntmrh. og það er horft til hans afstöðu í þessum málum, umfram afstöðu annarra manna. Og ég tel, virðulegi forseti, að það sé afskaplega mikilvægt að fá það fram eins og birtist í svari hv. þm. Svavars Gestssonar (Gripið fram í.) að hann er í rauninni samþykkur grundvallaratriðunum í þessu frv. sem birtir stefnu ríkisstjórnarinnar í þessu máli. Og vegna frammíkalla hv. þm., m.a. hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, þá vil ég segja það að þessi afstaða kom ekki fram í máli hv. þm. Svavars Gestssonar áðan. Það er rétt að hann drap lítillega á það í sinni fyrstu ræðu að það væri gott að sameina þessi tvö ráð. En það voru ýmis önnur atriði sem líka brjóta í blað í frv. sem ég a.m.k. tel nokkuð mikilvægt að fá afstöðu hv. þm. Svavars Gestssonar til.

[11:32]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af fyrir sig allt í lagi að ég endurtaki það sem ég sagði hér áður í sambandi við frv. og meginstefnu þess. Þessi stefna sem hér er verið að tala um, þ.e. sú stefna að sameina yfirstjórn vísinda og rannsókna og reyna að gera þær straumlínulagaðri, eins og ráðherrann orðaði það, og markvissari, sú stefna er í raun og veru stefna íslenska vísindasamfélagsins að mínu mati. Það er sú stefna sem unnið hefur verið að í mörg, mörg, mörg ár, m.a. þegar lögin voru sett á sínum tíma um Vísindaráð og Rannsóknaráð. Þáv. menntmrh. Sverrir Hermannsson mælti fyrir því máli og ég man mjög vel eftir þeirri umræðu og er allt gott um það að segja. Um þessa stefnu er í sjálfu sér samstaða. Það sem ég verð hins vegar að segja er það að ég óttast að frv. eins og það lítur út núna dugi ekki til að tryggja þessa stefnu í framkvæmd eins og ég vildi sjá hana og mér skilst að hæstv. umhvrh., sem lætur sér annt um þessi mál, vilji sjá þessa stefnu þróast líka.

[11:33]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla að geyma mér þar til í síðari ræðu að svara beinum fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint og kannski að gera ákveðnar athugasemdir við það sem hér hefur komið fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar. En vegna orða hv. þm. um að nú snjóaði inn frumvörpum frá mér og þau kæmu seint fram þá er það vissulega rétt að ég hef flutt á síðustu dögum fjögur frumvörp sem ég hefði gjarnan viljað koma fyrr fram í þinginu en raun hefur orðið á, en ég legg áherslu á í þessu sambandi að þar er um að ræða frumvörp sem hafa verið mjög vandlega undirbúin og það hefur tekið tíma einmitt það samráð sem haft hefur verið við þá aðila sem sérstaklega eiga við þetta búa. Og þá nefni ég alveg sérstaklega þetta frv. sem hér er nú til umræðu.

Allt samráð tekur tíma en ég held að það borgi sig þegar upp er staðið og það út af fyrir sig mun spara okkur nokkurn tíma við meðferð málsins á hv. Alþingi og sérstaklega við meðferð málsins í hv. menntmn.

[11:34]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég sé ástæðu til þess að fagna því að þetta frv. er fram komið og komið til umræðu á hv. Alþingi, frv. til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands. Ég tel að hér sé í sjálfu sér ekki um flokkspólitískt mál að ræða. Það eru á því eitthvað mismunandi skoðanir í þjóðfélaginu og einnig á meðal vísindamanna. Hér eru lagðar til breytingar sem þarf auðvitað að velta vel fyrir sér og skoða gaumgæfilega í hv. menntmn. og það vona ég að við fáum tíma til að gera þó að ég taki undir það með hv. síðasta ræðumanni að frv. er seint fram komið. En ég met það mikils að haft hafi verið samráð við vísindamenn sem málið varðar og ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir það en hann hefur ekki endilega verið þekktastur fyrir það að hafa mikið samráð við hagsmunaaðila og nefni ég þá t.d. málefni skólanna í því sambandi en unnið er að breytingum á lögum bæði hvað varðar framhaldsskóla og grunnskóla, ekki fleiri orð um það.

Við tölum oft um það á hátíðarstundum að stærsta auðlindin sem við eigum sé fólkið sjálft í landinu og auðvitað er það rétt. Það verður líka að vera rétt en þannig háttar til með okkar náttúruauðlindir að það verður ekki eins auðsótt hér eftir sem hingað til í þær og þegar við horfum fram í tímann og ég tala nú ekki um fram á næstu öld þá sjáum við það að þjóðin verður að leggja nýjar áherslur og það er raunar dapurlegt að hugsa til þess hvað það hefur gengið ótrúlega illa að fjölga störfum sem eru á sviði hátækni hér í landinu, að það skuli vera svo þrátt fyrir þann samdrátt sem hefur verið í fiskveiðum að hlutfall sjávarfangs í okkar verðmætasköpun hefur ekki lækkað. Þá sér maður nú hvernig ástandið er á öðrum sviðum.

Þessar nýju áherslur, sem ég nefndi hérna áðan, verða að vera þjóðin sjálf og þekking hennar. Við verðum að hasla okkur völl á sviði vísinda frekar en orðið hefur og þá er ég ekki síður að tala um vísindi sem búa til störf. Það hefur eitthvað mistekist hvað þetta snertir á síðustu árum. Ég vil alveg leyfa mér að halda því fram þó að ég hafi í sjálfu sér stutt flestallar þær ríkisstjórnir sem hér hafa verið síðustu 20 árin þá hefur okkur ekki tekist að móta þarna stefnu sem hefur leitt nógu mikið jákvætt af sér og kannski gæti það að einhverju leyti hafa verið vegna þess að við höfum ekki verið með rétt fyrirkomulag hvað varðar stjórnun þessara mála. En í úttekt OECD er því haldið fram að Íslendinga skorti sýn um sína efnahagslegu framtíð og þá skorti líka forsendur til að samhæfa verk sín, láta samvinnu stofnana og fyrirtækja, ríkisvalds og einkageira, leysa úr læðingi þann kraft sem þarf til þess að móta nýtt og efla vísindin. Þetta er áminning sem við verðum að taka alvarlega og reyna að bæta úr. En e.t.v. er samt sem áður skortur á fjármagni ein

ástæða þess að ekki hefur gengið betur en raun ber vitni og ég tek undir það að ég get ekki séð að með þessu frv. sé endilega verið að tala um meira fjármagn til þessa málaflokks. Það er að vísu talað um samráðsnefnd sem eigi að móta stefnu til nokkurra ára um fjárveitingar og ég efast ekki um að hún muni leggja til að meira fjármagn fari í þennan geira, en síðan er það þegar til kastanna kemur alltaf ákvörðun stjórnvalda hvernig málum er raðað í forgangsröð. Eins og hér hefur komið fram hefur fjármagnið verið nokkuð dreift hvað varðar vísindarannsóknir og ábyrgðin líka.

Eitt af því sem er athyglisvert og kom m.a. fram í ræðu hæstv. ráðherra er það að atvinnulífið hefur ekki lagt það fjármagn til rannsókna- og vísindastarfs sem tíðkast hjá öðrum þjóðum sem við berum okkur gjarnan saman við og að um 75% af því fjármagni sem er varið til þessara verkefna sé á vegum opinberra aðila en aðeins 25% frá atvinnulífinu, frá einkageiranum. Það er náttúrlega lítið og eftir því sem ég best veit þá er þetta algjörlega á hinn veginn hjá öðrum þjóðum. Þarna koma náttúrlega til m.a. erfiðleikar sem hafa verið í okkar atvinnulífi núna, alla vega síðustu árin og kannski fleiri ástæður. En ég hef trú á því að með þessu frv. sé verið að reyna að búa til skilvirkara stjórnkerfi og fyrirkomulag með því að sameina Vísindaráð og Rannsóknaráð ríkisins undir nafninu Vísinda- og tækniráð Íslands. Nafnið er kannski atriði út af fyrir sig sem þyrfti að velta fyrir sér í hv. nefnd hvort er rétt nafn á frv. en það er kannski ekkert aðalatriði. Með þessu er verið að leggja það til að öll sjónarhorn verði með, allar greinar vísindanna sitji við sama borð og það verður sjálfsagt tíminn að leiða í ljós hvort sá árangur næst ef þetta frv. verður að lögum, en ég get ekki séð annað en það sé alla vega það sem lagt er til. Og að það sé ekki lengur rétt að skipta rannsóknum í grunnrannsóknir og hagnýtar rannsóknir er í sjálfu sér athyglisvert og ekkert í sjálfu sér um það að segja nema ég held að það sé af hinu góða.

Hæstv. menntmrh. talaði um fjárlagagerðina, að nú sé hugmyndin að koma upp samstarfi ráðuneyta hvað það varðar til þess að sameina áherslur og ég endurtek þá bara það sem ég sagði áðan að þetta er fyrst og síðast spurning um fjármagn, en ég tel þó að það fyrirkomulag sem verið hefur hafi þó kannski ekki verið nógu skilvirkt hvað það snertir að við séum vel á varðbergi gagnvart öllum þeim möguleikum sem við eigum hvað varðar erlenda sjóði og þar aukast möguleikar einmitt nú um þessar mundir og snertir það aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði en eins og komið hefur fram þá hefur fram að þessu það norræna samstarf sem við höfum tekið þátt í og átt möguleika á að fá fjárveitingar í gegnum verið okkur ákaflega mikils virði.

Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að það væru yfir 900 milljarðar sem væri varið til þessa starfs innan Evrópubandalagsins og við leggjum fram 90 millj. Nú eru það náttúrlega dálitlir fjármunir, 90 millj., þannig að það reynir mikið á að við verðum þarna virk og skoðum alla möguleika sem eru til staðar og nýtum okkur þá eins og mögulegt er. En þar sem hér er verið að sameina ráðin, ef svo má að orði komast, þá veltir maður því fyrir sér hvort það væri ekki ástæða til þess að stíga skrefið til fulls og sameina sjóðina. Kannski hefur það verið of stór biti að kyngja en ég hefði gjarnan viljað fá upplýsingar um það hjá hæstv. ráðherra hvað veldur því að það skref er ekki stigið.

Ég get tekið undir það með hv. 9. þm. Reykv. að mér finnst 3. gr. vera dálítið sérkennileg og þarfnast nákvæmrar yfirferðar í hv. menntmn. þó ég ætli ekki í sjálfu sér að kveða upp úr um það hér og nú að það sé ekki hægt að hugsa sér það fyrirkomulag sem þar er lagt til. Eins langar mig að spyrja hæstv. menntmrh. hvað varðar úthlutunarnefndir, bæði Vísindasjóðs og Tæknisjóðs. Þar er kveðið á um að það sé sérstakt fagráð sem leggi faglegt mat en síðan aðrir einstaklingar sem séu í úthlutunarnefnd sem fá hæfar umsóknir til úrvinnslu. Ég geri mér ekki alveg grein fyrir hvaða sjónarmið eiga fyrst og fremst að ríkja hjá þessari úthlutunarnefnd umfram það sem gerist í fagráðum. Nú eru náttúrlega fagráðin mörg en ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvort þau hefðu ekki getað gengið frá málum endanlega, en það er ekki það sem lagt er til heldur séu það aðrir einstaklingar, aðrir aðilar sem taka þessa lokaákvörðun. Og hverjar eru þá fyrst og fremst áherslur úthlutunarnefndar? Á hún að vera með einhverja pólitíska stefnu um að einhver tiltekinn málaflokkur eigi að fá einhverja sérstaka áherslu umfram annan þetta eða hitt árið eða hvað? Hvað hefur hæstv. menntmrh. að segja um þetta fyrirkomulag frekar en kom fram í hans framsöguræðu?

Það er mikil tilhneiging í þjóðfélaginu að sameina og reyna á þann hátt að búa til skilvirkara stjórnkerfi og e.t.v. spara. Þetta er það sem verið er að gera innan bændasamtakanna t.d. eða a.m.k. eru tillögur uppi um það þó að ekki hafi verið tekin endanleg ákvörðun. Fyrst málefni bænda eru okkur svo ofarlega huga hér á hv. Alþingi og ekki að tilefnislausu, þá er þetta ákveðin tilhneiging sem á sér stað og í sjálfu sér er hún af hinu góða.

Ég vil að síðustu segja það, hæstv. forseti, að ég tel að við Íslendingar þurfum að taka okkur á á þessu sviði og ég trúi því ekki að hér sé skortur á góðu vísindafólki heldur sé eitthvað annað fyrst og fremst sem hafi verið að og ég tel að með þessu frv. sé ætlað að reyna að taka á því máli þó að ég taki undir það með hv. 9. þm. Reykv. að okkur gafst ekki langur tími til að fara yfir öll þau frumvörp sem sett voru á dagskrá hér í dag og komast kannski ekki öll að en þar sem ég sitt í hv. menntmn. þá hef ég tækifæri þar til að skoða málið miklu betur. Ég álít þó og vil hafa það mín lokaorð að hér sé stigið skref í rétta átt.

Útbýting þingskjala:

Héraðsskógar, 499. mál, stjfrv., þskj. 766.

Lax- og silungsveiði, 500. mál, stjfrv., þskj. 767.

[11:48]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér hafa komið fram varðandi þetta merkilega mál sem við

erum að ræða hér að það er býsna seint fram komið og ég get ekki leynt þeim ótta mínum að okkur muni ekki takast að afgreiða þetta mál fyrir þinglok vegna þess hve stuttur tími er orðinn til stefnu. Ég harma það að málið skyldi ekki koma fyrr fram vegna þess að að mínum dómi er hér um ákaflega brýnt mál að ræða. Það er ákaflega brýnt að við tökum á okkar vísindamálum og hér sé mörkuð vísindastefna og unnið að því að styðja og styrkja stöðu vísindanna í landinu, en eins og ég segi, það verður auðvitað að koma í ljós hvað okkur tekst að komast yfir hér á þessum tæplega 5 vikum sem eftir eru af þinginu.

Það verður að segjast eins og er að þó að margt gott sé að finna í þessu frv. þá er þetta svolítið sérkennilegt að vera með annarri hendinni að vinna að því að skipuleggja vísindin á hinn betri veg en með hinni að skera niður sjálfa undirstöðuna sem er menntunin í landinu, framlög til menntaskólanna, framhaldsskólanna og að maður talin nú ekki um fjárframlag til Háskóla Íslands sem auðvitað er meginstoðin undir þeirri vísindastarfsemi sem á að skipuleggja samkvæmt þessu frv. Í því samhengi get ég ekki látið hjá líða að minnast á alla þá íslensku vísindamenn sem búsettir eru erlendis, hafa ýmist neyðst til eða finnst að miklu betur sé að þeim búið erlendis en hér og það tengist auðvitað stórmáli í þessu samhengi sem eru launakjör vísindamanna. Það verður að horfa á þetta allt í samhengi. Ef við ætlum að efla rannsóknir og vísindi í landinu, þá er ekki nóg að endurskipuleggja starfsemina og þá sem eiga að úthluta peningum, heldur verður að huga að því hvernig búið er almennt að vísindamönnum í landinu. Ég vil vekja sérstaka athygli hæstv. menntmrh. á þessu atriði. Það er áhyggjuefni hversu margir íslenskir vísindamenn búa erlendis og hafa flust þangað á síðustu árum eða skila sér ekki heim. Ekki það að þeir gera merkilega hluti og leggja heiminum lið með sínum störfum en okkur veitir ekkert af því fólki sem hefur eitthvað til málanna að leggja hér.

Ef ég á að fara nokkuð frekari almennum orðum um þessa stefnu sem hér er verið að marka þá er ég sammála því að við þurfum að gera mikið átak í hagnýtum rannsóknum, rannsóknum sem skila sér í atvinnusköpun, en við megum ekki gleyma undirstöðunni sem eru grunnrannsóknir og mér finnst þegar ég les þetta frv. í gegn að áherslan á hið hagnýta, á það hvernig fyrirtæki geti komið inn í sé gegnum gangandi á kostnað þess að byggja upp grunninn. Einnig vil ég lýsa áhyggjum yfir því hver áherslan er hér á tækni og raunvísindi og menn gæti þess að hugvísindin beri ekki skarðan hlut frá borði. Ég hef vissar áhyggjur af því. Það er ákaflega lítið minnst á þau í þessu frv. og ég vildi gjarnan að í þeirri framhaldsvinnu sem fram mun fara í hv. menntmn. yrði hugað betur að því hvort það er hægt að treysta hlut hugvísindanna í sjálfu frv.

Þetta frv. gengur út á það að hér er verið að sameina og færa í einn farveg þau ráð og þá sjóði sem hingað til hafa annast styrki til vísinda og móta hér vísinda- og tæknistefnu og þetta held ég að sé af hinu góða. Eins og hlutverk Vísinda- og tækniráðs er skilgreint hérna í frv. þá er það mjög víðtækt, ákaflega víðtækt, og við getum auðvitað velt þeirri spurningu fyrir okkur hvort e.t.v. sé skynsamlegra að hafa hlutverkið þrengra, hvort við séum að dreifa kröftunum um of. Þetta er svona huglæg spurning. Er betra að dreifa sér yfir víðan völl eða ætlum við fyrst og fremst að beina okkur að ákveðnum sviðum? Við erum ákaflega lítið samfélag og höfum takmarkað fjármagn og við hljótum að þurfa að hafa ákveðna forgangsröð. Það eru ákveðin svið sem liggja betur við okkur en önnur, þar á meðal er það sem snýr að sjávarútvegi svo að dæmi sé nefnt, það er það sem snýr að jarðfræði og jarðfræðirannsóknum og síðast en ekki síst liggur okkar sérstaða ef við horfum til hugvísindanna í íslenskum fornbókmenntum sem eru auðvitað einstakar í veraldarsögunni. Þessi þrjú svið eru okkar sérsvið og ég bara velti því upp hérna hvort eðlilegra sé að þrengja sviðið þó að ég í sjálfu sér hafi ekki gert upp minn hug í því.

Eins og ég skil þá skipan sem hér er lögð til, þá er það í fyrsta lagi að þarna verði yfir þessu sviði stefnumótandi Vísinda- og tækniráð. Síðan verða skipaðar fagnefndir, einhver ótiltekinn fjöldi fagnefnda, sem eiga að fylgjast með því sem gerist á hverju sviði og síðan verða sérstakar óháðar úthlutunarnefndir sem eiga að annast úthlutun á styrkjum. Þetta er töluvert kerfi sem þarna er verið að koma upp og í mínum huga er býsna óljóst hversu margt fólk er verið að tala um, það verður á verkefnasviði ráðsins að ákveða það hversu mörg þessi fagráð verða.

Það sem er ákaflega mikilvægt í þessu sambandi er hvernig staðið verður að því að skipa fólk í þessi ráð og þessar úthlutunarnefndir og að tryggja það að þar komi að fólk úr ýmsum áttum frá hinum ýmsu sviðum vísindanna og einmitt að raunvísindi verði ekki alls ráðandi. Þau munu auðvitað ráða miklu en hitt sviðið má ekki gleymast. Og ég tek undir það sem hér hefur komi fram í umræðunni varðandi 3. gr. að þetta er svolítið sérstök framsetning á lagatexta, þetta sem áður hefur verið vitnað til að það skuli tilnefna tilekinn fjölda einstaklinga. Þarna væri auðvitað betra að setja einhverja fasta tölu og við þurfum sérstaklega að athuga þessa grein í hv. menntmn.

Sama gildir um þessa stofnun. Þarna er verið að sameina stofnanir og ef maður lítur í umsögn fjmrn., þá telja þeir að það verði ákaflega lítil breyting á fjárframlögum til þessarar stofnunar, hún verði álíka dýr í rekstri og þau ráð sem nú eru starfandi, þ.e. Vísindaráð og Rannsóknaráð og það er í rauninni ekki um það að ræða að þarna verði einhver fjárhagsleg hagræðing, heldur er fyrst og fremst um að ræða samræmingu á stefnumörkun. Ég skil þetta þannig að það sé ekki um að ræða það sem við nefnum í daglegu tali hagræðingu heldur sé fyrst og fremst um samræmingu að ræða.

Ef við víkjum svo aðeins að fjármögnun þessara tveggja sjóða þá vakna spurningar í því sambandi, ekki síst þegar maður horfir til stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Hún ætlaði sér að efla vísindin. „Vísindin efla alla dáð" eins og þar stendur og það var meiningin að afla fjár til vísindarannsókna með einka-

væðingu ríkisstjórnarinnar. Einkavæðingin átti að skila tugum milljóna til vísindanna en eins og menn minnast runnu þau áform meira og minna út í sandinn. Það er auðvitað svo að fjárveitingar til vísindarannsókna verða að vera tryggar. Þær verða að vera öruggar þannig að starfið haldi áfram og mér sýnist að það sé að mestu leyti gert í þessu frv. en þeir liðir sem hér eru nefndir, gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum, eru óráðin stærð og sérstök verkefni að reyna að sjá til þess að íslensk fyrirtæki veiti meira fjármagn bæði inn í þessa sjóði og líka til rannsókna sem þau sjálf stunda. Það er allt of lítið um það að íslensk fyrirtæki standi fyrir rannsóknum enda eru þau mörg hver afar illa stödd fjárhagslega. En þarna er mjög mikilvægt að fjármagnið til vísindastarfsemi sé tryggt.

Ég ætla aðeins að víkja að þessu atriði sem fram kemur í 22. gr. um tímabundnar stöður prófessora. Það vakna spurningar hjá mér varðandi þessa grein hver sé hugsunin á bak við þetta. Þetta hefur verið svolítið reynt. Bæði hafa verið stöður hjá Háskóla Íslands og eins t.d. rannsóknastaða á Þjóðminjasafninu í fornleifafræði. Þetta hafa sannast að segja verið svolítið dularfullar stöður og verið veittar með dularfullum hætti og ýmsir góðkunningjar menntmrh. verið þar fremstir í flokki eða fyrrv. menntmrh., ég ætla nú ekki að nefna nein nöfn, en það eru þessir sem gagnrýna nú ríkiskerfið mest en koma sér svo á ríkisspenann um leið og þeir geta. Í sjálfu sér er þetta góð hugmynd en maður spyr sig auðvitað til hvers. Hver er tilgangurinn með þessu? Hvar á að koma þessu fólki fyrir? Hvar á það að fá aðstöðu og er það eðlilegt að þessar stöður séu veittar með þessum hætti? Væri ekki nær t.d. að Háskóli Íslands eða Háskólinn á Akureyri, Kennaraháskólinn, hefði slíkar stöður, skólinn sjálfur hefði slíkar stöður og þær væru veittar með ákveðnum hætti? Ég velti þessu upp hér.

Hér var aðeins komið inn á námssjóðinn sem er ætlaður til þess að styrkja fólk til framhaldsnáms. Það atriði beinir sjónum að þeim breytingum sem gerðar hafa verið á Lánasjóði ísl. námsmanna. Þegar frv. um breytingar á Lánasjóði ísl. námsmanna kom fram höfðu stjórnarliðar uppi mikil áform um það að efla styrkjakerfi en sannast að segja hefur ákaflega lítið verið um efndir í þeim efnum og það hefur gerst að fólki hefur einfaldlega verið gert erfiðara fyrir að stunda framhaldsnám en áður var. Ég tek undir það að mér finnst mikilvægt að hér sé til styrkjakerfi þannig að fólk geti sótt eitthvert eftir styrkjum til að stunda ákveðið nám. Ég held að Ísland sé eitt af örfáum löndum ef ekki eina ríki Evrópu sem ekki hefur slíkt styrkjakerfi. Það er nauðsynlegt og gott að hafa almennt námslánakerfi, en það á líka að vera til styrkjakerfi sem ýtir undir fólk og ýtir undir það að góðir vísindamenn geti haldið áfram sínum rannsóknum.

Ég get ekki látið hjá líða að nefna aðeins Evrópusamstarfið sem menntmrh. kom inn á í sinni ræðu en þar er það að nefna að það er vaxandi samstarf og í ýmsar áttir að sækja í þeim efnum og margt merkilegt að gerast á því sviði. En það er ekki nóg að við sækjum út. Við þurfum að hafa upp á eitthvað að bjóða líka. Eftir því sem ég hef heyrt þá eru vandræðin m.a. þau að Háskóli Íslands, sem er öflugasta stofnunin á þessu sviði, er svo fjársvelt að skólinn á afar erfitt að bjóða á móti. Við erum að tala um gagnkvæm nemendaskipti, gagnkvæmt samstarf og við verðum að geta boðið eitthvað á móti og við eigum ekki að vera í þeirri stöðu að vera einungis þiggjendur. Þetta tengist því sem ég sagði áðan að við getum sett upp bæði fögur og glæsileg áform um að efla vísindi og rannsóknir en ef undirstaðan er ekki góð, ef ekki er staðið nægilega vel að því að byggja upp grunnmenntun og framhaldsmenntun hér og að sjá til þess að Háskóli Íslands og aðrir háskólar geti sinnt sínu starfi þá er til lítils unnið. Þetta er allt saman samhangandi og þetta er spurning um hugarfar, þetta er spurning um forgangsröð og ef við ætlum að efla hér vísindin og vísindarannsóknirnar, ekki síst til að stuðla að atvinnusköpun í okkar landi — það er eitt brýnasta verkefni sem við stöndum frammi fyrir að skapa vinnu hér og að sjá til þess að hér verði ekki viðvarandi og mikið atvinnuleysi á komandi árum og áratugum — þá verðum við að setja upp forgangsröð, við verðum að veita fjármagn til menntunar vegna þess að það ber öllum saman um það að þróun og framtíðin og það að standa sig í heimi framtíðarinnar byggist á því að hafa gott menntakerfið. Menntakerfið er algert grundvallaratriði í þessum efnum og við verðum að veita fjármagn til þess. Þetta verður að hanga saman.

[12:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að fagna því að þetta mál er komið fram. Ég held að þarna sé hreyft mjög tímabærum hlutum. Það er hins vegar umhugsunarefni að svona stór mál skuli vera að koma fram nánast á síðustu dögum þingsins því að samkvæmt starfsáætlun eru ekki margir dagar eftir hér til vinnu.

Ég mundi hins vegar þrátt fyrir það hversu málið kemur seint fram styðja að það yrði gert allt sem hægt væri til að ná að afgreiða það fyrir vorið og ég vildi beina því til menntmn. sem minni skoðun að hún reyndi að setja þetta mál í forgangsröð. Af þeim málum sem hafa verið að koma inn frá menntmrh. núna síðustu dagana þá tel ég að þetta sé það sem í raun liggur mest á að afgreiða, ekki síst til þess að hægt sé að fylgja eftir þeirri vinnu sem nú hefur staðið yfir, ekki bara í tíð þessarar stjórnar heldur fyrri stjórnar líka og ég tel reyndar að hljóti að vera nokkur samfella í að það verði hægt að fylgja eftir því starfi strax á þessu ári.

Svona í upphafi máls míns ætla ég að benda á nafnið á frv., þ.e. Vísinda- og tækniráð Íslands. Mér finnst þetta alveg afleitt nafn. Hið eðlilega nafn á þessu væri náttúrlega Rannsóknaráð en e.t.v. er það hluti af „dílnum“, hluti af samkomulaginu milli aðila í þessu mál að það hefði þurft að leggja niður bæði gömlu nöfnin. En þá sting ég því nú að menntmn. sem vinnur að þessu, ef hún hefði hug á að gera brtt. um þetta, að þegar að því kemur, sem ég tel víst að gerist áður en langt um líður, að sjóðirnir tveir verði sameinaðir, sem heita hér Vísindasjóður og Tæknisjóður, þá heiti sá sjóður Vís-

indasjóður og hvort menn geta ekki fundið einhverja málamiðlun í þessu. Mönnum finnst þetta kannski ekki stórt atriði en mér finnst það skipta máli að nöfn á svona stofnun séu einföld og hljómi í samræmi við það sem menn ætla sér að gera. Mér skilst að ef það héti Rannsóknaráð væri það mjög í stíl við þau nöfn sem eru á hliðstæðum stofnunum í nágrannalöndum okkar.

Ef ég byrja á því að fara ofan í hina einstöku þætti frv. og enda kannski svolítið almennt þá hafa menn rætt nokkuð um 3. gr. og um stjórnina. Þetta er ekki árennilegt eins og þetta stendur í greininni og e.t.v. kann að reynast nauðsynlegt að breyta því á einhvern hátt en mér finnst hins vegar hugmyndin eða hugsunin á bak við þetta bæði frumleg og skemmtileg, því að hugsunin á bak við þetta, eins og ég hef skynjað þetta og fengið upplýsingar um, er sú að reyna að skapa pressu á að þeir sem tilnefndir verða verði þeir sem hafi besta yfirsýn og hæstan vísindalegan „standard" en ekki endilega þeir aðilar sem viðkomandi stofnanir mundu telja að yrðu duglegastir að skaffa fyrir sig. Ég held að þessi hugsun sé allrar virðingar verð og nefndinni beri að kanna hvort þetta sé ekki fær leið. Og eins og ég skynja þetta þá er hugsunin sú að ráðið verði á sem hæstum menntalegum og vísindalegum „standard" frekar en það að þeir sem fái rétt til að tilnefna tilnefni þá aðila sem þeir teldu að væru duglegastir að skaffa styrki og fjármagn fyrir sig. Ég vil að menn hugsi það rækilega áður en þeir henda þessari hugmynd út.

Mér sýnist sömuleiðis það módel sem hér er sett upp varðandi styrkveitingar, að hugmyndin þar á bak við sé sú að auka og skerpa faglegu kröfurnar og það verðum við að gera í öllu vísinda- og rannsóknastarfi. Þetta eru þeir efnislegu þættir sem ég hef viljað koma hér fram.

Menn hafa rætt hér svolítið um íslenska vísindasamfélagið. Það er náttúrlega eingöngu hugtak og er allrar virðingar vert en það er mín skoðun að í okkar hraða og flókna samfélagi séu hlutirnir ekkert lengur þannig að það sé eitthvert vísindasamfélag sem sé sér út af fyrir sig, síðan sé atvinnulífið einhvers staðar annars staðar. Þessir þættir eru orðnir svo samverkandi að það er orðið miklu erfiðara heldur en kannski var að skipta þessu upp á þennan hátt.

Almennt um þennan þátt er það náttúrlega svo að um langt árabil hefur í raun stærsti hluti þess fjármagns sem varið er til vísindastarfa og rannsóknastarfa verið tilkominn í gegnum rannsóknaskyldu og vísindaskyldu kennara við Háskóla Íslands. Ég varpaði þeirri spurningu til hæstv. menntmrh. hvaða eftirlit hafi verið í gegnum tíðina með því hvernig það mikla fjármagn, sem í raun er varið til vísinda- og rannsóknastarfa, hefur skilað sér.

Ég hef svolítið þá tilfinningu, þó að það sé vissulega að breytast núna á síðustu árum, að kröftunum í Háskóla Íslands hafi verið of mikið dreift og starfsemi þar ekki alltaf verið mjög markviss. Ég nefni í því sambandi að þar hafa stór svið til skamms tíma orðið nánast útundan. Allar rannsóknir á sviðum okkar grunnatvinnuvegs, sjávarútvegsins, hafa verið hornreka í Háskóla Íslands þangað til núna á allra síðustu missirum og það vekur athygli að menn skuli ekki hafa haft metnað til þess að skapa sér nafn sem akademísk stofnun á því sviði þar sem að mínu mati menn hafa langsamlega mestu möguleikana. Í þessu sambandi er ekki hægt annað en nefna það að þangað til fyrir örfáum árum var nánast ekkert samstarf á milli líffræðideildar háskólans og síðan stofnana sjávarútvegsins, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og Hafrannsóknastofnunar. Þetta er því betur að breytast og við sáum það nokkrir þingmenn sem heimsóttum Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins í vetur að þetta er að aukast, en þetta var svona. Og á þeim tíma þegar íslenskur sjávarútvegur og íslenskir sjómenn voru að sigla hraðbyr í allri þróun fram úr stéttarbræðrum sínum í nágrannalöndunum, þá sat hið akademíska umhverfi eftir og tók nánast ekki eftir því hvað þarna var að gerast.

Ég vil hins vegar að það komi alveg skýrt fram svo að það misskiljist ekki að eftir því sem ég hef fylgst með þessu þá eru þessir hlutir að breytast mjög til betri vegar nú á allra síðustu missirum og á mörgum sviðum í Háskóla Íslands er unnið mjög gott starf og hann stendur þar fyllilega jafnfætis öðrum skólum. Ég nefni bara í því sambandi mat sem var gert af erlendum aðilum á verkfræðideild Háskóla Íslands á síðasta ári.

Það er nokkuð rætt hér í frv. um faglegar kröfur og það er mín skoðun að við verðum að gera hér sömu faglegu kröfur til vísinda- og rannsóknastarfs og gerðar eru í okkar nágrannalöndum. Það er einfaldlega ekki hægt annað því að þetta umhverfi, hvort sem okkur líkar betur eða verr, er alltaf að verða alþjóðlegra og það er alltaf að verða algengara, sérstaklega í framhaldsnámi til meistaraprófs, að þó að námsmenn séu vistaðir í einu landi þá vinni þeir sitt starf meira og minna í samvinnu og undir handleiðslu prófessora annars staðar þar sem menn finna að hin faglega þekking á sviðinu er best. Og ef við Íslendingar ætlum að eiga okkur framtíð á þessu sviði, þá gerist það ekki nema við náum að byggja þetta upp á þann hátt að það standist þær kröfur þar sem best er gert annars staðar.

Ég er þeirrar skoðunar að með því að gera þessar kröfur þá gerist það í raun sjálfkrafa að rannsókna- og vísindastarf hér fari meira inn á þær brautir sem við höfum sérstöðu á, bæði í atvinnulegu og náttúrulegu tilliti, þessar kröfur muni beina þessu starfi inn á þau svið atvinnulífsins þar sem við höfum mesta möguleikana og inn á þau svið þar sem okkar náttúrufarslega sérstaða skapar okkur möguleika. Í þessu nýja umhverfi geta menn ekkert leyft sér lengur, eins og því miður staðreyndin hefur verið á sumum sviðum, að vera að dútla á einhverjum sviðum þar sem við stöndum langt að baki því sem best er gert annars staðar og menn koma aldrei til með að vera að gera neitt sem eftir verður tekið.

Þetta tengist líka því sem hér hefur komið fram um það að grunnrannsóknirnar og hagnýtu rannsóknirnar eru meira og minna að renna saman í eitt. Og við sjáum þetta m.a. á því að öflug fyrirtæki — við eigum því miður ekki mörg dæmi þess enn þá hérlendis — sem eru í fararbroddi á sínum sviðum eru farin að

verja glettilega háu hlutfalli af sínum ráðstöfunartekjum í rannsókna- og þróunarstarf og oft og tíðum rannsóknastarf sem eru hreinar grunnrannsóknir. Það líður ekki lengur sá langi tími sem oft var áður frá því að gerðar eru grundvallaruppgötvanir á vísindasviði og þar til atvinnulífið fer hagnýta sér þær og tileinka. Þetta er allt saman meira og minna að renna saman í dag.

Menn hafa rætt hér út frá þessu um það að það sé kannski hætta á því að í þessu nýja umhverfi gleymist grunnrannsóknirnar. Ég óttast það kannski ekki svo mikið út frá því sem ég var að segja rétt áðan, hvernig þetta hefur runnið meira og minna saman, en vissulega er það svo að þar eru ákveðin svið sem menn verða að halda utan um og sjá til þess að haldi sínum hlut.

Ég er þeirrar skoðunar að á sínum tíma hafi verið ákveðin rök fyrir því að taka upp þessa skiptingu hér á landi milli annars vegar Vísindaráðs og Rannsóknaráðs. Rannsóknaráð var þá meira á hinum hagnýta vettvangi. En það var hins vegar á þeim tíma eins og ég sé það gert á þeim rökum að það þyrfti sérstaklega að styðja við hagnýtu rannsóknirnar. En í dag, eins og kom fram í ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar, eru menn kannski farnir að velta þessu fyrir sér akkúrat þá á hinn veginn, að það þurfi að verja ákveðin svið í grunnrannsóknum. Og þó ég sjái ekki á þessu stóra hættu, þá get ég tekið undir það að þetta þurfi menn að skoða, að að þessu verði staðið á þann hátt að báðir þættirnir geti unað við sitt, þó, eins og ég hef verið að reyna að færa rök fyrir, að þetta sé meira og minna að renna saman í dag.

Virðulegi forseti. Þetta er svið sem ég hef vissulega haft og hef áhuga á og hef reynt að fylgjast með og stuðla að þar sem ég hef getað komið því við. Þess vegna ítreka ég það sem ég sagði í upphafi minnar ræðu, þau tilmæli til hv. menntmn. að menn skoði nú hvort ekki sé hægt að setja þetta mál í forgangsröð og að menn noti þann tíma sem er til vorsins til þess að fullvinna málið, því vissulega er rétt að það kemur seint fram. Og það sýnir kannski hvernig vinnubrögð eru, kannski ekkert endilega hjá þessari ríkisstjórn, að bara á meðan hæstv. menntmrh. flutti sína framsögu þá komu tvö stjórnarfrumvörp inn á borð til okkar því nú er akkúrat kominn sá tími undir þinglok sem stjórnarfrumvörpunum fer að rigna inn og það er alveg ljóst að það verður ekki afgreiddur nú nema lítill hluti af þeim.

[12:23]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í minni ræðu fyrr í dag, þá tel ég að þetta sé eitt af allra stærstu málum þingsins og þetta er svona framtíðar-„attest" fyrir þessa þjóð hvað hún leggur af fjármunum til vísinda- og rannsóknastarfsemi. Ég tek undir það með hv. þm. að þetta er mikilvægt mál, en hv. þm. nefndi þann möguleika að þetta yrði gert að forgangsmáli á þeim dögum sem eftir eru af þinginu.

Ég bendi á að það eru að ég held þrjú mál önnur frá menntmrn. nokkuð stór, eða tvö þeirra alla vega nokkuð stór, sem hér eru til meðferðar og ég held að það sé mikilvægt einmitt að fá það nokkuð fljótt upp frá ráðuneytinu hvaða forgangsröð það vill hafa á málum. Ég fyrir mitt leyti tek undir það að ég er alveg tilbúinn til þess að taka þetta mál út úr og helga því mikla vinnu. En mér sýnist t.d. að frv. um þjóðarbókhlöðu sé í raun algerlega óhjákvæmilegt til afgreiðslu hvað sem öllu öðru líður með fullri virðingu fyrir þessu máli.

Útbýting þingskjals:

Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál, þskj. 756.

[12:24]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að það er ánægjulegt að fá frv. eins og þetta til umræðu á Alþingi Íslendinga. Það hefur aftur á móti oft gerst í sögu þingsins að ráðherrar hafa viljað leggja fram mál sem þeir hafa sagt að væru lögð fram til kynningar vegna þess að þeir vissu að það lifði það stutt eftir af þingtímanum. Í virðingarskyni við Alþingi Íslendinga töldu þeir að það væri rétt að leggja málið fram til kynningar, en fráleitt að láta sér detta í hug að þingið gæti lagt eðlilega vinnu í málið til þess að klára það á því þingi.

Mér er það ærið umhugsunarefni þegar ég sé frv. eins og þetta hvort mönnum yfir höfuð detti það í hug að hægt sé að gera ráð fyrir því að lög þessi öðlist gildi 1. júlí 1994. Alþingi Íslendinga er nefnilega í ákaflega sérstæðri stöðu, svo sérstæðri að maður spyr sjálfan sig: Hvert stefnir þetta?

Okkur hefur verið kennt það í skóla að stjórnarfyrirkomulagið á Íslandi sé þingbundin stjórn, sem þýðir að Alþingi Íslendinga ber ábyrgð á ríkisstjórninni og hún er bundin af þinginu. Það er það kerfi sem hér ræður ríkjum. Svo gerist það að ráðherra, hæstv. utanrrh., lýsir því yfir við umræðu að hann hafi gert samkomulag — og leggur hendur á brjóst sér í staðinn fyrir helga bók — við ákveðinn ráðherra, í því tilfelli var það landbrh., um að svona skyldi þetta mál vera og þá ætlar einhver maður í þinginu að fara að koma með breytingar. Í því tilfelli var það formaður landbn. Þess vegna er það mín spurning til hæstv. menntmrh.: Lítur hæstv. menntmrh. þannig á þetta mál að það eigi að vinna það í þinginu, eins og ég tel að sé eðlilegt, sem þýðir að það yrði þá farið yfir málið með skipulegum hætti, lögð vinna í það? Eða er það tilfellið að það sé búið að semja um þetta mál á milli stjórnarflokkanna á þann hátt að það sé nánast til málamynda sem eigi að vísa því til nefndar, en í reynd megi nefndarmenn ríkisstjórnarinnar í viðkomandi nefnd eiga von á svívirðingum ef þeim detti í hug að breyta þar einhverju atriði?

Þetta er raunverulega grundvallaratriði að fá að vita þetta, alveg grundvallaratriði, því að ef niðurstaðan er sú að menn geta leyft sér að koma hér í ræðustól og tala eins og hæstv. utanrrh. gerði, þá búum við við það stjórnarfyrirkomulag að hér er stjórnbundið þing. Þá er stjórnbundið þing. Þá erum við með þing bundið af ríkisstjórninni og það eru bara skrautsýningar að vera með nefndastörf í þessu þingi, hvorki meira né minna. Þá er út af fyrir sig hægt að kalla menn á fund í nefnd

með prúðmannlegum hætti, hlusta á hvað þeir hafa að segja, taka ekkert mark á því hvað þeir segja ef þeir telja að einhverju þurfi að breyta heldur afgreiða bara málið nákvæmlega eins og það er.

Nú veit ég að hæstv. menntmrh., 1. þm. Reykn., er þingreyndur maður. Það er ekki aðeins að hann hafi setið lengi á Alþingi, hæstv. menntmrh., heldur hefur hann einnig stjórnað þingflokki lengi og gerir sér fulla grein fyrir því að allar nefndir þingsins þurfa tíma til að vinna. Í dag er þannig staðið að stjórn þingsins að allir þingflokkar eiga fulltrúa í forsætisnefnd og okkar fulltrúi hefur borið þær óskir fram við þingflokkinn að hann fari að gera sér grein fyrir því að það sé orðið ef seint að flytja mál vegna þess að það lifir svo lítið eftir af þingtímanum. Það er ekkert óeðlilegt þó vakin sé athygli á slíku, ekkert óeðlilegt. Þess vegna tel ég að það sé mjög mikils virði að hæstv. ráðherra geri grein fyrir því hvort þau vinnubrögð sem ég lýsti hér áðan eru hugsuð á þann veg að við búum við þingbundna stjórn eða stjórnbundið þing. Sé það túlkunin að við eigum að búa við stjórnbundið þing, þá eru Íslendingar að þokast frá öllum hefðbundnum leikreglum á Alþingi Íslendinga.

Ég segi eins og er að efnislega sýnist mér að það sé á margan hátt vel að þessu staðið sem hér er sett fram. Ég tel reyndar eðlilegt að úthlutunarnefndin eigi það ekki undir stjórn þessarar stofnunar hvaða þóknun hún fær fyrir sín störf. Ég tel eðlilegt að ríkisvaldið hafi eina þóknunarnefnd sem ákveði greiðslur fyrir nefndarstörf en það sé ekki sett inn í stofnanir. Ég tel líka að það þurfi að skoða það mjög gaumgæfilega í þessum texta sem hér er þegar kemur að úthlutun. Við vorum að samþykkja mjög vönduð stjórnsýslulög og það er spurning hvort einhver atriði þeirra laga eigi ekki erindi inn í þennan texta. Einnig finnst mér að það sé nokkuð mikil nauðsyn að reyna að setja fyrir þann leka í lagatexta að það sem aðrar þjóðir eru búnar að rannsaka og fyrir liggja vísindalegar niðurstöður um sé ekki verið að sækja um peninga til þess að rannsaka aftur, það sem aðrir telja sig hafa verið búna að fá fulla niðurstöðu með. Ástæðan fyrir því að ég segi þetta er sú staðreynd að í umræðum um tölvubankann, sem er upplýsingabanki á vegum háskólans, hefur það komið fram að menn sem hafa fengið vísindastyrki á Íslandi hafa farið beinustu leið þangað til að kanna hvort búið væri að framkvæma viðkomandi rannsókn erlendis og fá gögnin heim í sínar hendur. Ákaflega skynsamleg vinnubrögð miðað við það að vera búnir að fá peningana en aftur á móti ekki víst að það sé þjóðhagslega skynsamlegt að setja ekki fyrir þann leka. Ég held að það atriði sé eitt af því sem líka eigi að leggja á herðar úthlutunarnefndarinnar. Það er að það fari fram athugun á því, m.a. með aðstoð tölvubankans, hvort vísindaleg rannsókn hefur verið framkvæmd á þeim atriðum sem verið er að leita eftir fjármagni til.

Þetta segi ég vegna þess að ég hygg að það sé enginn ágreiningur í þessum þingsal um það að við Íslendingar þurfum að standa með sem skipulegustum hætti að því að stunda rannsóknastarfsemi í landinu og við þurfum að verja okkar fé, sem er af skornum skammti, á þann hátt að það nýtist sem best. Og þegar maður hefur fengið svona athugasemdir frá mönnum sem að þessum verkum vinna, eins og ég er að tala hér um, þá held ég að maður geti ekki lokað augunum fyrir því að auðvitað er þetta leið sem hægt er að fara. Það eru menn í öllum stéttum okkar lands, hvaða stétt sem er, sem leitast við að komast með auðveldum hætti frá þeim verkefnum sem þeir eru að glíma við.

Ég hygg að það sé eitt og annað sem rétt væri að fara yfir í sambandi við þetta frv., sérstaklega þá staðreynd að við erum vissulega núna komnir með háskólanám á Íslandi á nokkrum stöðum, sem betur fer segi ég, og vissa rannsóknastarfsemi. Það leiðir til þess að einhver verkaskipting þyrfti helst að vera milli þessara stofnana. Með því að hafa einn aðila, eins og hér er verið að leggja til, má vissulega heimfæra það með réttu að það ætti að koma í veg fyrir að á tveimur stöðum á Íslandi væri verið að vinna að nákvæmlega því sama. Það er af hinu góða. En ég verð að segja eins og er að miðað við þann málafjölda sem liggur fyrir t.d. í menntmn. og í flestum nefndum þingsins, þá finnst mér að þegar svona mál kemur fram, sem á að vera ástæðulaust að verði eitthvert stórdeilumál, eigi að gæta þeirrar víðsýni að segja sem svo: Þetta mál er lagt fram til kynningar á þessu þingi en við gerum ráð fyrir því að afgreiða það sem lög á haustþinginu t.d., enda miðast fjárlög að sjálfsögðu við næsta ár. Aðalatriði málsins væri þess vegna að þessi stofnun sæi dagsins ljós það tímanlega að hún kæmist inn á næstu fjárlög.

[12:38]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði hvort ætlunin væri að vinna þetta mál í þinginu eða hvort samið hefði verið milli stjórnarflokkanna um að málið yrði afgreitt svona og ekki öðruvísi. Það er auðvelt fyrir mig að svara því. Að sjálfsögðu verður þetta mál unnið í þinginu í hv. menntmn. Mér er alveg ljóst að tíminn er naumur og það er til mikils mælst þegar ég óska eftir því að þetta mál hljóti afgreiðslu fyrir þinglok. Mér er það alveg ljóst. En ég bendi á að það fer að sjálfsögðu eftir undirbúningi flókinna mála, eins og þetta verður sjálfsagt að teljast, þetta verður sjálfsagt að teljast flókið mál þó að frv. sé ekki margar greinar í sjálfu sér. Það fer eftir undirbúningnum hversu mikla vinnu þingnefnd telur sig þurfa að leggja í málið. Eins og kom fram í minni ræðu áðan, þá hefur verið haft mjög náið samstarf við alla þá sem að vísindum og rannsóknum vinna í landinu þannig að það mun ekki taka langan tíma fyrir menntmn. að fá álit allra þessara aðila. Einhver liggja þegar fyrir og t.d. er mér kunnugt að þetta mál verður rætt sérstaklega á fundi háskólaráðs nú í dag. Ég læt því í ljós þá von að það megi takast að ljúka, ég vil segja, eðlilegri meðferð málsins í þinginu þrátt fyrir þennan nauma tíma vegna þess hvernig unnið hefur verið að undirbúningi.

[12:40]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka fyrir það að hæstv. menntmrh. lýsir því hér yfir að ekki sé búið að geirnegla þetta mál þannig að nefndin hefur eðlilegt svigrúm til að koma með athugasemdir. Ég hygg að það sé okkur þó nokkuð umhugsunarefni hvort einmitt þessir þættir varðandi skiptingu fjár, eins og hér er verið að tala um þegar verið er að veita styrki, séu uppbyggðir með þeim hætti að menn séu ekki fyrir fram nánast vanhæfir til að fjalla um málið vegna persónulegra tengsla við þá sem sækja.

Við höfum fengið mikla gagnrýni á hvernig Alþingi útbjó Kvikmyndasjóðinn. Það hefur leitt til þess að menn hafa deilt um það hvort menn væru ef til vill vanhæfir til að standa að úthlutuninni. Við höfum reynslu af því með fleiri sjóði að það er sótt mjög fast á það að þeir sem eiga að fá féð fái sjálfir að deila því út. Ég held að þessir þættir hljóti að skoðast af enn þá meiri alvöru en oft áður eftir að nýju stjórnsýslulögin tóku gildi og af þeirri ástæðu tel ég að það þurfi að fara út fyrir þann ramma að ræða aðeins við þá sem standa að vísundunum. Ég held að þetta hljóti að kalla á það að þegar svona frv. er afgreitt verði kallað á menn sem eru í stjórnsýslufræðum háskólans til þess að leggja mat á það hvort þessi uppbygging sé með nægilega öruggum hætti til að viðunandi sé.

[12:42]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram að hin nýju stjórnsýslulög voru að sjálfsögðu höfð sérstaklega til hliðsjónar þegar rætt var um og komist að niðurstöðu um hvernig úthlutun úr þessum sjóðum skyldi fara fram. Ég tel að það sé einmitt vel séð fyrir því að þarna verði gætt fyllsta hlutleysis og hagsmunaárekstrar ættu ekki að eiga sér stað.

Varðandi spurningu hv. þm., sem ég hafði ekki tíma til að svara áðan í andsvarinu, hvort menn létu sér í raun og veru detta í hug að lögin öðluðust gildi 1. júlí 1994, þá er sú gildistaka að sjálfsögðu miðuð við það í fyrsta lagi að málið verði afgreitt í þinginu núna, en 1. júlí er valinn vegna þess að þá er þetta úthlutunarferli einmitt í gangi í ráðunum þannig að gildistími síðar getur valdið ákveðnum vanda við úthlutunina í ár. Þetta er sem sagt ástæðan fyrir því og ég held að ég viti það rétt að þegar núverandi lög tóku gildi varð að setja bráðabirgðalög vegna þess að úthlutunin var í fullum gangi. Þetta er ástæðan fyrir því að 1. júlí er valinn.

Ég nefni einnig í þessu sambandi að undirbúningur að gildistöku fjórðu rammaáætlunarinnar, sem ég gat um áðan, er í fullum gangi.

[12:44]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir lýsa ánægju minni með það að þetta frv. skuli fram komið, en um leið verð ég að lýsa óánægju minni með að það skuli svo seint fram komið og minnka þannig líkurnar á því að unnt sé að vinna að málinu þannig að viðunandi sé á þessu þingi og það geti verið lögfest fyrir lok þingsins. Það breytir ekki því að það er mjög gott að fá það fram og ég er viss um að hv. menntmn. reynir að vinna að þessu máli með þeim hætti að það geti verið sem fyrst lögfest en vanda á sama tíma yfirferðina. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli.

Í tilefni orða hv. 2. þm. Vestf. vil ég taka undir það sem hann sagði að mér hefur fundist bera allt of mikið á því hér að frumvörp séu lögð fram og það megi ekki hnika til orði, það sé búið að samþykkja það einhvers staðar annars staðar úti í bæ hvernig frumvörpin eigi að líta út. Hann orðaði það þannig að það væri nánast skrautsýning að vísa því til nefndar og koma því í gegnum þing og ég vil taka undir það. Mér þykir of mikið um slík mál undanfarið og hef ég t.d. þurft að taka þátt í einni slíkri skrautsýningu en að vísu er henni ekki lokið. En það er allt of oft og ég trúi ekki öðru en hæstv. menntmrh. sé sammála því að slík vinnubrögð eru ekki við hæfi og að auðvitað verður þetta unnið í nefnd. Ég er ekki þar með að segja að það þurfi að kollvarpa þessu frv. á neinn hátt heldur er ég bara almennt að segja að á margan hátt finnst mér vel hafa til tekist þó að það sé eðlilegt að það séu nokkrar athugasemdir við frv. Ég get að vísu tekið undir margar þær athugasemdir sem hér hafa komið fram af hálfu þingmanna sem eiga sæti í menntmn. og þar með þarf ég kannski ekki endilega að endurtaka þær þar sem þeirra athugasemdir eru í samræmi við það sem ég hef haft ákveðnar efasemdir um eða athugasemdir við.

Það sem skiptir hins vegar máli varðandi vísinda- og tæknistefnu Íslendinga almennt er fjármagnið eins og menn hafa hér komið að. Það er mikilvægasti þátturinn og eiginlega alveg sama hversu gott skipulag er á þessum hlutum, þó að það sé auðvitað mjög mikilvægt, fjármagnið er það sem skiptir máli til að eitthvað sé gert.

Hér hefur verið minnst á launakjör í háskólanum og fjárveitingar til Háskóla Íslands sem er auðvitað undirstaðan og reyndar allt menntakerfið í heild, ekki bara háskólinn. Það þýðir ekki að standa þannig að málum að þeim sem vinna að undirstöðunum sé gert það nánast ókleift.

Ég hef verið ein af þeim sem hafa stundað rannsóknir og kennslu við Háskóla Íslands og það verður að segjast eins og er að það er stundum ákaflega erfitt að þurfa að vera í þeirri stöðu, ekki síst vegna þess að allt of lítill tími er veittur til þess að stunda rannsóknir og kannski það sem verra er, allt of lítið fjármagn hefur verið veitt til þess, ekki bara til þeirra sem eru með fasta stöðu við háskólann heldur ekki síður til þeirra sem aðstoða við rannsóknir.

Þá hefur löngum vantað peninga í Vísindasjóð. Það hefur vantað peninga í Vísindasjóð Háskóla Íslands og má segja að Rannsóknasjóður Háskóla Íslands hafi nánast runnið út í sandinn. Það hefur því verið mjög erfitt varðandi alla rannsóknastyrki og kannski ekki síst að það eru pínulitlar upphæðir á hverjum stað. Sjóðirnir sem þarf að sækja í eru mjög margir þannig að það fer gífurlega mikil vinna í það bara að sækja um.

Og eitt af því sem ég óttast varðandi þessar 90 millj., sem voru nefndar til Evrópusamstarfsins, er að það verði bara vegna tímaskorts erfitt að sækja í þetta. Það er ekki bara að það vanti peninga á móti og það þurfi aðstöðu hér heima heldur er það líka það að fólk er að sækja um aura hingað og þangað. Þess vegna verður þetta oft og tíðum dálítið erfitt á þeim knappa tíma sem t.d. margir háskólakennarar hafa. Það er kannski ekki síst vegna þess að það hefur verið allt of mikið af því að þeir hafa verið að reyna að sækja sér peninga til að lifa af með því að bæta á sig aukakennslu sem er að mínu mati algerlega óviðunandi. En það er nú einu sinni þannig að launakjörin eru með þeim hætti að það hefur verið eina leiðin til þess að fólk geti lifað af. Þetta segi ég fyrst og fremst til að leggja áherslu á að þó að stjórnkerfið sé gott, þá verður að hafa fjármagn til að standa að rannsóknum.

Ég vil taka undir það, ég held að það hafi verið hv. 6. þm. Norðurl. e. sem talaði um það, að kröftunum hafi verið dreift. Það er alveg rétt. Kröftunum er ekki bara dreift innan Háskóla Íslands heldur er þeim líka dreift um allar mögulegar rannsóknastofnanir og það hefur oft og tíðum vantað samþættingu þar á milli.

Hv. 6. þm. Norðurl. e. minntist sérstaklega á að það hafi verið allt of lítið samstarf milli Háskóla Íslands og t.d. Hafrannsóknastofnunar og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins. Það er áreiðanlega alveg rétt þó að ég þekki það ekki neitt sérstaklega, en það má ekki líta svo á að ef skortur er á samráði eða samstarfi, þá sé við háskólann einan að sakast. Það er hins vegar aukaatriði í þessu máli í sjálfu sér.

Ég vil lýsa sérstakri ánægju minni með það að nú hafi verið ákveðið að búa til eitt vísinda- og tækniráð eins og hér er gert ráð fyrir, þ.e. að sameina Vísindaráð og Rannsóknaráð. Ég hef oft velt því fyrir mér hvers vegna í ósköpunum það var gert að aðskilja það á sínum tíma vegna þess að mér hefur fundist fáir mæla því bót. En eins og ég segi skiptir kannski ekki öllu máli að horfa til baka heldur verður að horfa fram á við og er ég mjög ánægð með að tillaga hafi komið fram um að sameina þessi tvö ráð. Ég sé að í frv. er talað um tvo sjóði, þ.e. Vísindasjóð og Tæknisjóð í III. kafla frv. og velti því fyrir mér og vil eiginlega beina því til menntmn. að hún kanni sérstaklega hvort ekki sé ástæða til að sameina þessa sjóði.

Ég vara mjög við því að skipta rannsóknum í hagnýtar rannsóknir og grunnrannsóknir, eins og hefur verið tilhneiging hingað til og reyndar hafa margir talað um það hér. Það er nánast útilokað að gera það. Það er hægt að benda á ákveðnar rannsóknir sem greinilega eru grunnrannsóknir og það er hægt að benda á ákveðnar rannsóknir sem greinilega eru hagnýtar rannsóknir, en mjög mikinn hluta rannsókna er ómögulegt að flokka niður á þennan hátt. Og í raun og veru verða þær rannsóknir sem hafa verið taldar hagnýtar rannsóknir annars vegar og grunnrannsóknir hins vegar að vera saman. Það er ekki hægt að búa til rannsóknaverkefni, stórverkefni, sem ekki hafa að geyma hvoru tveggja. Það er nánast útilokað ef það á að vera eitthvað af viti. Þar af leiðandi tel ég mjög mikilvægt að þetta sé sameinað og ég held að það sé ekki um grunnrannsóknum til framdráttar að flokka rannsóknir þannig að hafa þær í sitt hvoru lagi. Ég get alveg tekið undir það sem hér hefur komið fram að það vantar kannski skilning á því hversu mikilvægar þessar svokölluðu grunnrannsóknir eru, þ.e. rannsóknir sem ekki er alveg greinilegt að hafi tengingu við eitthvað hagnýtt daginn eftir eða á næsta ári, rannsóknir sem afla almennrar þekkingar sem oft á tíðum — án þess að menn geri sér grein fyrir þegar verið er að gera áætlun um rannsóknirnar eða meðan á þeim stendur — kemur mjög fljótlega í ljós að nýtist mjög vel, t.d. beint í þágu atvinnuveganna eða einhverrar nýsköpunar, en talað er um í frv. að verði á sitt hvorum staðnum innan þessara sjóða.

Ég tel því mjög mikilvægt að kanna hvort ekki sé rétt að sameina sjóðina í einn og að það sé ekki gert með þeim hætti sem hér lagt til. Ég veit að þetta er enn þá stærra skref en stigið hefur verið, en ég tel mjög til athugunar að gera það. Ég veit að tíminn er naumur en ég tel mjög mikilvægt að menntmn. athugi þetta og ef til vill að menntmrn., ef frv. verður ekki að lögum núna, fari sérstaklega í þetta atriði. Ég vil ganga enn þá lengra en frv. gerir ráð fyrir. Ég held að það sé ekki síst mikilvægt með tilliti til samvinnu atvinnulífsins og Háskóla Íslands að þetta verði meira samþætt.

Eins og aðrir vil ég minnast á 3. gr. sem mér finnst vera dálítið mikill grautur. Það getur vel verið að eitthvað sé hægt að skilja þann graut og komast að betri niðurstöðu en mér sýnist þarna vera. Ég sé að samkvæmt athugasemdum við frv. er gert ráð fyrir að svo og svo margir séu tilnefndir í ráðið og síðan velji ráðherra úr. Það á að vera til þess að ekki sé bein tenging á milli stofnana, þ.e. það á að kljúfa þarna á milli svo þeir sem valdir eru í vísindaráðið séu ekki beint að þjóna hagsmunum ákveðinna vísindastofnana. Ég er ekki viss um að þeir sem valdir hafa verið í Vísindaráð eða Rannsóknaráð hingað til séu að því. Ég hef ekki orðið vör við að þeir hafi endilega verið þar með að þjóna hagsmunum einhverra ákveðinna stofnana þó að þeir séu frá þeim stofnunum. Það getur vel verið að eitthvað hafi borið á því. En ef þetta verður niðurstaðan að skipa í ráðið með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í frv., sem ég tel rétt að athuga sérstaklega, þá vildi ég spyrja ráðherrann um þá aðila sem gert er ráð fyrir að menntmrh. tilnefni, ég vil eiginlega orða það þannig því að ríkisstjórnin tilnefnir þá varla, en það skiptir kannski ekki öllu máli, þetta er tæknilegt atriði. Það er gert ráð fyrir að menntmrh. tilnefni þrjá og þá velti ég því fyrir mér hvort þar með er búið að útiloka alla hina, sem ég ekki búinn að telja saman hvað eru margir (**SvG:** 19 mínus 6.) 19 mínus 6 já, eru þeir þá samtals. Svo eru valdir 6 af þeim í lið a og b en er þá afgangurinn útilokaður í c-lið?

Ég átta mig ekki á því, því að ég býst við að ef þetta gengur eftir þá sé búið að velja hæfustu menn eða hafi verið reynt alla vega að gera það og þar með sé kannski menntmrh. ákveðinn vandi á höndum að velja ef hann má ekki fara í þennan hóp, ef ég get sagt svo. Þetta vildi ég nú bara spyrja um því að ég gat

ekki almennilega fundið út úr því. Það getur vel verið að ég sé ekki búin að lesa þetta nægilega vel. En þetta fannst mér dálítið sérkennilegt þannig að ég held að það þurfi kannski að kíkja pínulítið betur á þessa grein. Eins og ég segi getur vel verið að þetta sé ágætis niðurstaða en hún virkar dálítið sérkennilega á mig nema ég fái betri rök fyrir því af hverju þessi leið er valin.

Eitt er enn sem mig langaði til að minnast á sem er 16. gr. og 23. í samhengi. Það er Rannsóknanámssjóður. Ég ætla ekki að taka það sérstaklega nema í tengslum við eitt atriði, en þó langar mig í tilefni af orðum hæstv. umhvrh. sem talaði áðan, reyndar í mjög stuttu andsvari, og taldi, að því er mér skildist, að þetta frv. markaði stefnubreytingu að því er varðaði rannsóknatengt framhaldsnáms til meistara- og doktorsgráðu við Háskóla Íslands, ef ég tók rétt eftir. Ég fór þá að velta því fyrir mér af hverju það væri af því að ég vissi að alla vega núna væri Rannsóknanámssjóður til og eins og stendur í athugasemdum við 16. gr.: „Sjóðurinn styrkir nú einungis rannsóknatengt framhaldsnám til meistara- eða doktorsgráðu við Háskóla Íslands." Síðan segir, með leyfi forseta: „Fyrirhugað er að sjóðurinn geti í framtíðinni einnig styrkt framhaldsnám við aðra æðri skóla og íslenska stúdenta til framhaldsnáms við erlenda skóla."

Þetta var í samræmi við það sem ég var reyndar búin að lesa mér til þegar ég var að skoða þetta frv. og var að hugsa að það væri ágætt að víkka út þennan sjóð, en það kom mér nokkuð á óvart þegar hæstv. umhvrh. sagði að frv. markaði alveg nýja stefnu og átta ég mig ekki alveg á því. En að því er varðaði meistara- og doktorsnám við Háskóla Íslands, þá hélt ég að þetta væri að einhverju leyti í gildi núna. En það er kannski líka misskilningur af minni hálfu. Þetta vildi ég að hæstv. menntmrh. skýrði, alla vega fyrir mér. Ég á ekki sæti í menntmn. en þar er kannski hægt að athuga þetta betur.

En það sem ég var aðallega að velta fyrir mér varðandi þetta var reyndar fram yfir það sem stendur í athugasemdum við greinina en tengist þó og útilokar það ekki sem ég hef verið að hafa áhyggjur af. Það er að ég tel mikilvægt að nemendur, t.d. við Háskóla Íslands, sem fara í slíkt framhaldsnám geti líka verið undir handleiðslu manna sem eru annars staðar, t.d. á rannsóknastofnunum sem tengjast atvinnuvegunum svo sem Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Hafrannsóknastofnun eða annars staðar, þannig að þó þeir taki þá kúrsa sem um er að ræða við háskólann, þá séu þeir beinlínis undir handleiðslu annarra og vísindamenn við aðrar rannsóknastofnanir en háskólann geti tekið nemendur til framhaldsnáms með þeim hætti sem gert er ráð fyrir. Ég geri mér grein fyrir því að það er yfirleitt miðað við að menn taki svo einhverja ákveðna kúrsa við háskólann og svo verði áfram. Mér finnst mikilvægt að þessi sjóður sé ekki eingöngu miðaður við rannsóknatengt framhaldsnám beint við Háskóla Íslands heldur séu líka veittir styrkir og reynt að gæta þess, bæði við þetta frv. og kannski ekki síður að því er varðar háskólann, að nemendur geti raunverulega notið handleiðslu annarra en bara þeirra sem eru ráðnir við Háskóla Íslands. Ég veit að það hefur verið samvinna þarna á milli, en það hefur stundum verið dálítið erfitt fyrir nemendur að fá að njóta handleiðslu vísindamanna á öðrum vísindastofnunum en Háskóla Íslands.

Þetta er nú bara ábending og ég held að lagagreinarnar takmarki þetta ekki. Eins og 16. gr. er orðuð sé ég ekki að hún takmarki þetta en mér fannst eiginlega að skýringarnar væru frekar takmarkandi en hitt.

Annað ætlaði ég ekki, virðulegi forseti, að segja að svo komnu máli, en vil ítreka það að ég tel mjög mikilvægt að frv. sem þetta verði afgreitt sem fyrst. Ég geri mér grein fyrir tímaskortinum, en þá vonandi sem fyrst á næsta þingi ef ekki tekst núna að vinna þetta með þeim hætti sem hv. menntmn. telur nauðsynlegt að gera.

[13:02]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í stuttu máli lýsa eindregnum stuðningi mínum og míns flokks við þetta frv. sem hér liggur fyrir. Ég tel að þetta sé með merkari málum sem hér hafa verið flutt af hálfu menntmrh. Undirbúningur málsins er með þeim hætti að það er ekki hægt að segja annað en frv. sé mjög vandað og ég hafna því algerlega sem hefur komið fram í máli nokkurra hv. þm. að hér sé um einhverja fljótaskrift að ræða. Ég hef sjálfur tengst talsvert vísinda- og rannsóknastarfi hér á landi um nokkurt skeið þó minni áhersla hafi verið lögð á það af minni hálfu nú upp á síðkastið en áður og það er bjargföst sannfæring mín að það er nauðsynlegt að gera þá uppstokkun á skipan vísindamála sem lögð er til í frv.

Það er svo að við höfum veitt takmarkað fjármagn allt of víða, smurt allt of þunnt og ekki lagt nægilega langar áætlanir fram í tímann. Við höfum ekki tekið fyrir ákveðin rannsóknasvið og sagt sem svo: Það er nauðsynlegt að byggja hér upp þetta tiltekna vísindasvið og gera það með því að beina þangað fjármagni og vísindalegu atgervi.

Þó að hér hafi komið fram í máli ýmissa hv. þm. að ekki sé gefinn nægilegur gaumur að fjármagnshliðinni, þá er það samt sem áður svo að ramminn sem settur er með þessu frv. þjónar einmitt því að hægt verði að gera áætlanir til langs tíma. Í frv. er gert ráð fyrir því að Vísinda- og tækniráð geri tillögur um framlög úr ríkissjóði til tækni- og vísindamála til þriggja ára í senn. Þetta tel ég vera mjög gott og þetta ákvæði tengi ég jafnframt öðru nýmæli sem er að finna í frv. og lýtur að stofnun tímabundinna staða prófessora. Ég lít svo á að þessir prófessorar eigi að vera settir upp við stofnanir, þess vegna í atvinnulífinu eða innan menntageirans, einmitt til þess að treysta stoðir nýrra greina.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir benti réttilega á það í máli sínu fyrr í dag að því miður hefðu orðið til allt of fá störf innan þess sem hún kallaði hátækniiðnað. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að við höfum vanrækt að leggja áherslu á rannsóknir sem tengjast hátækniiðnaði. Við höfum ekki haft svigrúm innan þess ramma sem vísindum á Íslandi er markaður til þess að

leggja áætlanir sem leiða til þess að hægt sé að byggja upp nýjar greinar. Það er hins vegar gert með þessu frv. Með því að búa til vísinda- og tækniráð sem getur gert áætlanir og tillögur til ríkisstjórnarinnar til nokkurra ára í senn er það hægt. Þessar áætlanir eru síðan treystar með því að það er líka hægt að setja upp þessar tímabundnu stöður prófessora. Ég tel þetta vera mjög af hinu góða.

Ég tel að það sé vonum seinna að hér kemur fram frv. sem steypir saman í einn farveg Vísindaráði og Rannsóknaráði. Þessi tvö ráð hafa starfað meira og minna óháð hvort öðru og þau hafa ekki haft nægilegt samráð og ekki nægilega yfirsýn yfir starfsemi hvors annars og ég segi það af eigin reynslu að ég tel að þetta hafi háð vísindastarfsemi á Íslandi.

Sú uppstokkun sem liggur hér fyrir kann að hafa verið í bígerð um langa hríð. Hv. þm. Svavar Gestsson upplýsti þingið um það fyrr í morgun að ýmislegt sem væri að finna í frv. hefði jafnvel vaxið upp sem kímblað undir traustri handleiðslu fyrrv. menntmrh. Sverris Hermannssonar. Vafalaust hefur hann sjálfur líka komið hér eitthvað að verki. En þær hugmyndir sem liggja í frv. eru upphaflega sprottnar úr umræðu sem kviknaði eftir að ákveðin sérfræðinganefnd OECD kom hingað til lands og skilaði feiknamerkri skýrslu. Í framhaldi af því fóru menn í það verk að vinsa úr bestu hugmyndirnar sem þar komu fram og þær voru síðan ræddar innan hins íslenska vísindasamfélags. Ég treysti mér til að fullyrða það að langflestar af þeim hugmyndum sem hérna koma fram njóta mikils stuðnings þeirra manna sem starfa að vísindum og rannsóknum hér á landi.

Ég tel sem sagt að það sé merkt nýmæli og mjög tímabært að steypa þessum tveimur ráðum saman í eitt Vísinda- og tækniráð. Ég tel að þær tillögur sem hér eru gerðar til að mynda um mat á árangri rannsóknastarfsemi séu mjög þarfar og ég tel að þær leiði til þess að þau aðföng sem berast að vísindastarfsemi í landinu muni nýtast betur. Ég tel líka að það sé hægt með þessum ramma að byggja upp nýjar greinar og það er nákvæmlega það sem við þurfum í dag.

Það hefur verið kvartað undan því í röðum vísindamanna að það fjármagn sem í heild rennur til rannsókna á Íslandi skiptist allt of ójafnt. Það er allt of stór hluti rannsóknafjármagnsins sem fer í greinar sem við getum kallað — kannski ekki deyjandi greinar en a.m.k. hrörnandi greinar. Á sama tíma fer allt of lítið fjármagn einmitt í ýmsar þær nýju greinar sem við væntum að í framtíðinni geti skapað verulegan fjölda starfa fyrir vinnufúsar hendur.

Einhver sagði hér fyrr í umræðunni að stærsta auðlind okkar sé mannauðurinn. Til þess að geta beislað kraftinn, til þess að getað dregið ávöxt af þeirri auðlind, þá þarf auðvitað að skapa ákveðið umhverfi og það er verið að reyna að gera það með þessu frv. og þess vegna fagna ég því.

Ég tel líka mjög þarft að leggja til að Vísinda- og tækniráð geti innan hinna ýmsu sviða vísinda skipað fagráð. Ég nefni sem dæmi að umhverfisrannsóknum er hvergi skipaður sérstakur sess innan íslenska menntageirans. Umhverfisrannsóknir eru þess eðlis að til þeirra koma fjölmargir vísindamenn úr mjög ólíkum greinum og þess vegna hefur enginn vettvangur verið þar sem þeir geta hist til þess að marka stefnu umhverfisrannsókna fram í tímann.

Ég hef nýlega fengið í hendur skýrslu nefndar sem var skipuð af forvera mínum og átti að gera tillögur um hvernig haga bæri umhverfisrannsóknum. Það er afskaplega merkilegt að sú nefnd gerði tillögur sem smella mjög inn í 4. gr. frv. Ég held líka að það sé mjög þarft að í frv. er traustum stoðum skotið undir það rannsóknartengda framhaldsnám sem er þegar hafið við Háskóla Íslands. Nú gerir frv. ráð fyrir því að Vísinda- og tækniráðið muni hafa sérstakan Rannsóknanámssjóð í sinni vörslu. Hæstv. menntmrh. beitti sér fyrir því, að ég hygg á síðasta ári, að í þennan sjóð var veitt 8 millj. kr. Nú er gert ráð fyrir 25 millj. kr. framlagi. Það er því alveg ljóst að það er verið að treysta þetta.

Það er líka þarft að með þessum nýja sjóði fylgir greinargerð þar sem kemur fram að hann mun starfa í framtíðinni eftir sérstökum reglum og það er gefið upp í greinargerðinni að sjóðurinn sem í dag styrkir einungis rannsóknatengt framhaldsnám við Háskóla Íslands á líka að geta styrkt framhaldsnám við aðra æðri skóla í landinu. Ég tel að þetta sé mjög þarft. Ég held að þetta geti nýst sérstaklega nýjum greinum. Ég þekki það af eigin reynslu og eigin þekkingu af svona starfi að það er ekki síst námsfólk í blóma lífsins sem er að vinna sína fyrstu þrekraun á sviði vísindanna sem býr til hugmyndir sem oftar en ekki verða eldsneytið sem knýr þróun vísindanna. Það er stundum sagt að þeir sem fara í það að gera doktorsritgerðir fái á því skeiði ævi sinnar allar þær hugmyndir sem þeir eru að vinna úr ævina á enda. Ég tel þess vegna að þetta rannsóknatengda framhaldsnám, sem er verið að treysta með þessu frv., muni nýtast mjög vel íslensku atvinnulífi í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Það hefur verið kvartað yfir því að þetta frv. sé seint fram komið og hv. menntmn. sé störfum hlaðin. Ég er sannfærður um að það er hvort tveggja rétt. Ég hygg hins vegar að þetta frv. sé það merkilegt og það brýnt að nefndin hljóti að setja það mjög ofarlega á sinn forgangslista. Sínum augum lítur hver silfrið. Það silfur sem ég lít í þessu frv. er það þungt að ég tel að það ætti að fara einna fremst á forgangslista hv. nefndar.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 13:12]

Útbýting þingskjala:

Efnahags- og viðskiptaumhverfi Íslands, 502. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 773.

Fjöleignarhús, 143. mál, nál. félmn., þskj. 770; brtt. félmn., þskj. 771.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 102. mál, þskj. 755.

Sveitarstjórnarlög, 156. mál, nál. félmn., þskj. 768.

Um fundarstjórn.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

[13:46]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hér á dagskránni er 9. liður skýrsla utanrrh. um utanríkismál. Nú er ætlunin að hefja umræður um hana innan tíðar. Ég vil spyrja forseta: Hvaða skýrsla er það sem verður hér til umræðu undir þessum lið?

Þannig er mál með vexti að utanrrh. dreifði skýrslu í desember. Hún var aldrei tekin til umræðu. Síðan er dreift í byrjun þessa fundar skýrslu um efnahags- og viðskiptaumhverfi Íslands og það eru nokkrar mínútur síðan hún var lögð á borð þingmanna og er tæpar 200 blaðsíður. Er virkilega ætlunin, virðulegi forseti, að fara að ræða þá skýrslu í þessum umræðum eða er það skýrslan frá í desember sem er hér til umræðu eða er það munnleg skýrsla, sem ráðherrann ætlar að flytja hér í ræðu sinni á eftir, sem er til umræðu?

Það hafa gilt hér ákveðnar venjur um skýrslur utanrrh. sem greinilega er verið að breyta út af nú á þessu þingi og af því að ég er nú frekar þeirrar skoðunar að nokkur festa eigi að ríkja í meðferð utanríkismála, þá verð ég að játa það að mér finnst mjög miður þessi ruglandi sem er um þennan dagskrárlið, skýrslu utanrrh. Og ég vil þess vegna spyrja forseta áður en umræðan hefst: Hvaða skýrsla utanrrh. verður til umræðu undir 9. dagskrárlið?

[13:48]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Sú umræða sem hér fer fram er almenn umræða um utanríkismál. Af því tilefni hefur verið dreift í hendur þingmanna ræðu utanrrh. í byrjun vikunnar. Skýrsla sú sem liggur nú á borðum þingmanna um viðskiptalegt umhverfi Íslendinga er umræðunni sem slíkri óviðkomandi. Þetta byggist á því sem fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda að það var gerð breyting í samráði við forseta þings og það hefur verið rætt í utanrmn. að í stað einnar meiri háttar skýrslu sem utanrrh. leggi fyrir þingið þar sem fjallað yrði um allt málasviðið, þá fari fram tvennar umræður um utanríkismál, haust og vor, en jafnframt verði því fylgt eftir að utanrrh. leggi fyrir þingið fleiri skýrslur um hina ýmsu málaflokka. Þannig er í undirbúningi að dreifa í hendur þingmanna skýrslu sem lýsir niðurstöðum nefndar sem hefur undirbúið viðræður um gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin og reyndar má vísa til þess að fleiri slíkum skýrslum hefur áður verið dreift á starfstíma þessa þings.

En til þess að svarið sé alveg skýrt: Umræðan sem nú fer fram er almenn umræða um utanríkismál. Henni til stuðnings hefur ræðu utanrrh. verið dreift en ræða mín mun vegna þingskapaákvæða um ræðutíma vera í styttu formi.

[13:50]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt að það komi alveg skýrt fram hjá hæstv. utanrrh. að þessi dagskrárliður sem hér á að hefjast senn er byggður á munnlegri skýrslu utanrrh., ræðu sem hann dreifði til manna og hefur reyndar birt obbann af í Morgunblaðinu í dag. Og það er nú reyndar svona sér á báti að ráðherrann sé að birta slíkar ræður í Morgunblaðinu áður en hann flytur þær á Alþingi. En þá liggur það alveg fyrir að það hefur engin umræða farið fram um þá skýrslu sem utanrrh. dreifði hér í haust, sú umræða hefur ekki farið fram. Ég tel það vera miður, veit að vísu að henni var frestað einu sinni vegna þess að ég var ekki viðstaddur og óskaði eftir því að henni yrði frestað og verð að taka á mig vissa ábyrgð á því að henni hafi verið frestað um einhverja daga. En ég tel það vera mjög miður að sú skýrsla hafi ekki komið til umræðu í þinginu sérstaklega því að það var margt í henni sem mikilvægt er að fjalla um og það væri spor aftur á bak ef þessar skýrslur eru ekki teknar formlega til umræðu í þinginu eins og skýrslurnar voru hér áður fyrr.

Fljótt á litið sýnist mér einnig að sú skýrsla sem er lögð fram í dag um efnahags- og viðskiptaumhverfi Íslands sé þannig að hana þurfi einnig að ræða sérstaklega í þinginu. Ég vil þess vegna beina þeim tilmælum til forseta þingsins að það verði skapað svigrúm til að ræða báðar þessar skýrslur áður en þingi lýkur því að það væri óneitanlega mikið spor aftur á bak ef þessi nýi siður fæli það í sér að ráðherrann dreifir skýrslum sem aldrei eru ræddar á þinginu og síðan flytti hann ræðu og umræðan eingöngu byggð á henni. En ég þakka fyrir skýr svör um það að þessi umræða í dag er ekki byggð á þessum skýrslum og óska þá eftir því að áður en þingi lýkur verði skapað svigrúm til að ræða þær.

[13:52]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. að það var miður að ekki gafst ráðrúm til að efna til umræðu um þá ræðu sem dreift var um utanríkismál fyrir jól. Þar er ekki við mig að sakast heldur var annríki hér í þinginu slíkt að því var ekki við komið og eins og fram kom í máli hv. þm. þá var óskað eftir frestun á því vegna fjarveru hans í eitt skipti.

Að því er varðar skýrslu þá sem hér liggur á borðum þingmanna um viðskiptaumhverfi, þá tek ég undir það með hv. þm. að það væri vissulega æskilegt að um hana yrði umræða en það er á valdi þingsins að óska eftir því og af minni hálfu væri það æskilegt ef hægt er að koma því við á þeim annatíma sem fram undan er.

Ég vil leiðrétta að lokum þann misskilning að ég hafi birt obbann úr þeirri ræðu sem ég hér flyt í blaðagrein í Morgunblaðinu. Eins og menn geta séð sem kynna sér efni ræðu minnar þá fjallar hún um a.m.k. 28 efnisþætti en blaðagreinin í Morgunblaðinu var eingöngu um Evrópumálin, vissulega um sama efni og hér verður fjallað um en mun ítarlegri.

[13:53]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst það nú dálítið sérkennileg vinnubrögð að afhenda okkur alþingismönnum ræðu sem trúnaðarmál en birta svo kjarnann úr þeirri ræðu sem blaðagrein í Morgunblaðinu og hún kom mér fyrir augu fyrir hádegi fimmtudaginn 17. mars. En það

var skýrt tekið fram á þeim blöðum sem ég fékk að það mætt ekki birta þau fyrr en eftir hádegi 17. mars. Ég lít svo á, frú forseti, að sú ræða sé hér undir í þessari umræðu ásamt með skýrslu utanrrh. á þskj. 351 og dreift var fyrir jól, dags. 10. des. 1993, það sé umræðuefni dagsins. Síðan hefur okkur borist á þskj. 773 nú í dag skýrsla um efnahags- og viðskiptaumhverfi Íslands. Ég tel að þetta sé skýrsla sem er þess eðlis, efnismikil og ítarleg, að hún sé þess makleg og reyndar nauðsynlegt að fá um hana sérstaka umræðu þó að sú umræða geti að sjálfsögðu ekki farið fram í dag. Og ég vil árétta þá ósk sem hér kom fram um það að skýrslan sem dreift var í dag, þ.e. um efnahags- og viðskiptaumhverfi Íslands, verði tekin til ítarlegrar umræðu í þinginu við hentugt tækifæri og endilega fyrir þinglok.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur heyrt þessar óskir og munu þær verða teknar til athugunar.

[13:55]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Sem einn af forsætisnefndarmönnum sit ég ekki undir því að einhver samþykkt hafi verið gerð við einn eða annan um að breyting yrði á framlagningu skýrslna hæstv. ráðherra. Það sem talað var um á forsætisnefndarfundi á sínum tíma var að æskilegt væri að hæstv. utanrrh. kæmi oftar en einu sinni með skýrslu um utanríkismál en það var aldrei ýjað að því orði að slík skýrsla lægi ekki fyrir sem þingskjal. Þetta eru sannindi hæstv. ráðherra sem ég get ekki setið undir ef enginn annar forsætisnefndarmanna ætlar að svara því. Og vitaskuld er ekkert hér á dagskrá nema annars vegar skrifleg skýrsla frá því í desember í vetur og síðan geta þeir sem lesið hafa ræðu hæstv. ráðherra og Morgunblaðsgrein gert hana að umræðuefni. En það er einungis ein skýrsla hér til umræðu og það er að sjálfsögðu skýrslan frá því í desember.

[13:56]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Mál hafa nú enn flækst frá því að ég bað um orðið fyrir einum tveimur mínútum síðan þar sem ég hafði litið svo á að umræðan í dag yrði fyrst og fremst tengd ræðunni sem dreift var hér sl. mánudag og átti að vera innlegg hæstv. utanrrh. og eftir því sem ég heyrði munnleg skýrsla hæstv. ráðherra. Það var það orðalag sem ég heyrði. Þetta skýtur nokkuð skökku við ef ekki er hægt að fá það á hreint um hvað á að ræða og ég vil sérstaklega vekja athygli á því að það er mikill munur á því annars vegar hvort rætt verður um þessa ræðu sem bæði felur í sér umræður um efnahags- og viðskiptaumhverfi Íslendinga og önnur efni er varða utanríkismál eða hvort einungis á að ræða þann þátt sem ekki kemur við utanríkisviðskiptum sérstaklega vegna þess að ræðan ber það fyllilega með sér að það hafi í rauninni verið hvort tveggja undir. Aftur á móti eru þær tvær skýrslur sem hafa verið lagðar fram sem þingskjöl að mörgu leyti aðskildar að efni til þannig að áður en þessi umræða hefst held ég að það sé lágmarkskurteisi gagnvart þingmönnum, og er þá ekki mikið í lagt, að þetta komist á hreint.

[13:58]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég átti ekki von á því satt að segja að vera vændur um lygi, ósannindi gagnvart þinginu við upphaf þessarar almennu umræðu. Ég vil rifja það upp og beini því til virðulegs forseta að af hálfu utanrrn. var óskað eftir breytingum á málsmeðferð um skýrslu utanrrh. Því var beint til forsætisnefndar þingsins og það hefur verið rætt í utanrmn. og vafalaust eru bréf sem farið hafa á milli þessu til staðfestingar.

Í stað einnar skýrslu sem var orðin mjög viðamikil og þýddi það að ýmsir veigamiklir málaflokkar sættu almennt afgangi í umræðunni þá var það faglegt mat okkar að sækilegra væri að það færi fram fleiri en ein umræða um utanríkismál. Þetta átti að gera með því að efna til slíkra umræðna a.m.k. haust og vor en að því er varðaði formlega skýrslur þá var það okkar ósk að þeim yrði fjölgað og það yrði fjallað sérstaklega um hina ýmsu málaflokka og þær skýrslur lagðar fyrir Alþingi en það væri síðan undir Alþingi sjálfu komið og vilja alþingismanna hvort efnt yrði til sérstakra umræðna um þær.

Þetta er eftir því sem ég best veit hið sanna og rétta í málinu og mér þykir miður ef upphaf þessarar umræðu einkennist af slíkum svigurmælum að verið sé að fara með ósannindi.

Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess áður en umræðan hefst að það hefur orðið samkomulag milli þingflokka, skv. 48. gr., um að lengja ræðutíma talsmanna flokkanna, þannig að þeir hafa allt að hálftíma hver í fyrri umferð en að öðru leyti er ræðutíminn óbreyttur samkvæmt þingsköpum.

[14:01]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Á 50. afmælisári lýðveldisins bíða Íslendinga umfangsmikil úrlausnarefni í utanríkismálum. Fæstum blandast hugur um að innganga þriggja Norðurlanda í Evrópusambandið, ef af henni verður um áramótin, mun hafa rík áhrif á stöðu Íslands jafnt í norrænu sem evrópsku samstarfi. Brýnustu viðskiptahagsmunum okkar Íslendinga er borgið með EES-samningnum. Í samræmi við samhljóða ályktun Alþingis frá 5. maí í fyrra mun ríkisstjórnin taka upp tvíhliða viðræður um samskipti Íslands og Evrópusambandsins í framtíðinni. Frá því að sú samþykkt var gerð hefur þróunin orðið í vaxandi mæli á þá leið að Evrópusambandið verði í framtíðinni allsherjarsamtök Evrópuþjóða á sviði efnahags- og öryggismála. Þeir sem fylgst hafa með yfirlýsingum t.d. forustumanna Þýskalands og forustumanna hinna nýfrjálsu ríkja Mið- og Austur-Evrópu, reyndar allt til Eystrasaltsríkja, hafa orðið

þessa áþreifanlega varir. Með hliðsjón af því verður ekki undan því vikist að meta kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusambandinu enda hefur ríkisstjórnin nú þegar ákveðið að fela Rannsóknastofnun Háskóla Íslands það verkefni.

En gæta þarf mikilvægra hagsmuna víðar en á evrópskum vettvangi. Sérstaka áherslu ber að mínu mati að leggja á samstarfið um öryggis- og varnarmál innan Atlantshafsbandalagsins og við Bandaríkin, á norræna samvinnu, á frekari þróun hafréttarins varðandi úthafsveiðar, að forðast aðsteðjandi háska í umhverfismálum, að tryggja vernd mannréttinda og leysa flóttamannavandann fyrir utan samstarfið innan Evrópuráðsins, þróunarsamvinnuna og síðast en ekki síst vaxandi friðargæsluverkefni á vegum Sameinuðu þjóðanna.

Í tilefni af nýafstöðnu þingi Norðurlandaráðs höfðu Íslendingar tækifæri til að minnast þess að norræn samvinna hefur löngum verið ein af máttarstoðum íslenskrar utanríkisstefnu allt frá því að íslensk stjórnvöld tóku meðferð utanríkismála í eigin hendur. Nú þegar horfur eru á því að Norðurlöndin að Íslandi undanskildu verði aðilar að Evrópusambandinu hefur orðið vart við áhyggjur hérlendis um að markmið norrænnar samvinnu breytist þannig að samnorrænir hagsmunir víki fyrir hagsmunum þeirra Norðurlanda sem verða innan Evrópusambandsins. Að norræn aðildarríki Evrópsambandsins verði bundin af sameiginlegri utanríkis- og öryggismálastefnu þess líkt og önnur aðildarríki og þetta leiði til aukinnar einangrunar Íslands, ekki einungis í norrænu samhengi heldur einnig í Evrópusamstarfi og jafnvel á öðrum vettvangi. Slíkar áhyggjur eru skiljanlegar og að sumu leyti réttmætar. Stjórnvöld annarra Norðurlanda munu vissulega ekki vísvitandi draga úr norrænni samvinnu. Hins vegar mun aðild fjögurra Norðurlanda að Evrópusambandinu hafa það í för með sér að það verður forgangsverkefni þeirra að stilla saman strengi innan vébanda víðtækara Evrópusamstarfs. Þessi mun einnig verða þróunin á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, innan GATT og fleiri alþjóðastofnana þar sem Norðurlöndin hafa jafnan hingað til talað einum rómi.

Virðulegi forseti. Sl. tvö ár hafa öryggis- og varnarmál verið í brennidepli hérlendis. Hinn 4. jan. sl. var gert sérstakt samkomulag Íslands og Bandaríkjanna um fyrirkomulag varnarsamstarfs ríkjanna á grundvelli varnarsamningsins frá 1951. Samkomulagið sem undirritað var í Reykjavík bindur endi á þá óvissu sem ríkt hefur um íslensk varnarmál um nokkurt skeið. Einnig festa niðurstöður samkomulagsins í sessi þá grundvallarreglu að fyrirkomulag varnarsamstarfs ríkjanna skuli háð sameiginlegu mati þeirra beggja á íslenskum öryggis- og varnarhagsmunum svo lengi sem varnarsamningurinn varir. Það rýrir á engan hátt mikilvægi samkomulagsins að gildistími þess sé bundinn við einungis tvö ár. Örar breytingar hafa sett svip á öryggismál í Evrópu á undanförnum árum og óvissa ríkir um hvað framtíðin kann að bera í skauti sér. Mestu skiptir að veigamestu þættir íslenskra landvarna eru áréttaðir. Virkar loftvarnir, starfsemi flotaflugstöðvar, ratsjárkerfið og reglubundnar æfingar á vörnum landsins. Jafnframt er samkomulagið til marks um að Íslendingar vilja aðlaga starfsemi varnarliðsins breyttum aðstæðum að loknu kalda stríðinu.

Í samkomulaginu kemur fram að leitar- og björgunarsveit varnarliðsins verði haldið en að ríkin tvö munu fyrir lok tímabilsins takast á hendur viðræður til að kanna möguleika á að Ísland axli aukna ábyrgð á sviði þyrlubjörgunarstarfa. Sérstakur starfshópur sem ríkisstjórnin skipaði í febrúar til að ganga úr skugga um hvað nákvæmlega fælist í tilboði bandarískra stjórnvalda um aukna ábyrgð á þyrlubjörgunarstörfum Íslendinga leiddi m.a. í ljós að til greina kæmi að Ísland yfirtæki þyrlubjörgunarþjónustu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Slík yfirtaka gæti þó ekki átt sér stað Íslendingum að kostnaðarlausu. Óskað hefur verið eftir ítarlegri upplýsingum um málið frá bandarískum stjórnvöldum með það fyrir augum að ríkisstjórnin geti þegar á næstu dögum tekið ákvörðun um hvort efnt verði til formlegra samningaviðræðna við bandarísk stjórnvöld.

Auk tvíhliða varnarsamningsins verður aðildin að Atlantshafsbandalaginu áfram önnur meginstoð íslenskra öryggishagsmuna. Fyrir leiðtogafund Atlantshafsbandalagsins í janúar sl. var vart við vaxandi væntingar um tímamótaákvarðanir varðandi hugsanlega stækkun og ný verkefni þess. Því var víða haldið fram að nú þyrfti bandalagið að hrökkva eða stökkva, ella biði þess hæg hrörnun. Niðurstöður leiðtogafundarins staðfesta að grundvallartilgangur Atlantshafsbandalagsins, sem er trygging sameiginlegs öryggis og varna aðildarríkjanna, er óbreyttur en að aðlögun samtakanna haldi áfram með raunhæfum hætti. Afgerandi áhrif Atlantshafsbandalagsins nýlega á þróun mála í Bosníu-Hersegovínu sýna að það getur haft úrslitaáhrif á þróun mála ef það beitir sér og er þess megnugt að takast á við ný verkefni við breyttar aðstæður í Evrópu.

Á leiðtogafundinum var mikilvægi tengslanna yfir Atlantshafið, líftaugar bandalagsins, áréttað. Samþykkt áætlunar um samstarf í þágu friðar ber þó einna hæst í niðurstöðum fundarins. Útfærslan hefur leitt í ljós að þessi skipan er mjög sveigjanleg og getur gagnast öllum ríkjunum með misjöfnum hætti eftir efnum þeirra og áhuga. Hverju þeirra er í sjálfsvald sett hvernig þátttöku í samstarfinu verði hagað. Þótt samstarfið sé án varnaskuldbindinga gefur það þátttökuríkjunum rétt til að óska eftir sérstöku pólitísku samráði við bandalagið ef þörf krefur. Þetta skiptir miklu máli í núverandi öryggistómarúmi í Mið- og Austur-Evrópu.

Við núverandi kringumstæður er hæpið að gera ráð fyrir að horfið verði aftur til fyrra ástands í Bosníu-Hersegovínu áður en átökin brutust út eða að bætt verði fyrir allt það ranglæti og þann harm sem hundruð þúsunda manna þar hafa orðið fyrir á undanförnum árum. Eftir stendur að atburðir hafa gerst í Evrópu sem engan óraði fyrir og ekki varð látið á fyrr en vestræn lýðræðisríki létu að sér kveða á afgerandi hátt. Þessi harmleikur ber heim sanninn um að enn fyrirfinnast í okkar heimsálfu þjóðarleiðtogar sem eru

reiðubúnir til að beita hervaldi til þjóðarmorða og landvinninga. Þótt kalda stríðinu sé lokið mega vestræn lýðræðisríki því ekki sofna á verðinum.

Þrátt fyrir að íslensk stjórnvöld hafi ætíð lagt áherslu á stuðning við friðarumleitanir í fyrrverandi Júgóslavíu komust þau fljótlega að sömu niðurstöðu og stjórnvöld annarra Atlantshafsbandalagsríkja um að ekki yrði bundinn endir á átökin nema með hótun um beina hernaðaríhlutun bandalagsins. Íslensk stjórnvöld fögnuðu því tillögum sem fram komu innan bandalagsins í ágúst á sl. ári þess efnis að því yrði veitt heimild til loftárása á valin skotmörk í Bosníu-Hersegovínu á grundvelli ályktana öryggisráðsins og í samvinnu við Sameinuðu þjóðirnar. Þróun undanfarinna vikna hefur staðfest að mínu mati að þessi afstaða átti við rök að styðjast.

Ástand og horfur í Mið- og Austur-Evrópu, þar á meðal í Rússlandi, hafa sem fyrr áhrif á öryggi og stöðugleika á norðurslóðum. Þótt skammt sé liðið frá þingkosningum í Rússlandi undir lok sl. árs er ljóst að þá urðu nokkur tímamót. Lýðræðisleg framkvæmd kosninganna og samþykkt nýrrar stjórnarskrár sýndu að stjórnmálalegar umbætur hafa þrátt fyrir allt þokast í rétta átt og fjölflokkaskipan hefur náð að skjóta nokkrum rótum í Rússlandi. Frá því að Sovétríkin liðu undir lok hafa samskipti Íslands og Rússlands verið vinsamleg en regluleg samskipti fulltrúa ríkisstjórna og viðskipti hafa dregist nokkuð saman. Tímabært er að tvíhliða samskiptum Íslands og Rússlands verði meiri gaumur gefinn og byggt til framtíðar á þeirri ágætu samvinnu sem tekist hefur á undanförnum áratugum. Ríkin tvö eiga sameiginlega hagsmuni á sviði sjávarútvegs og geta Íslendingar lagt frekari skerf af mörkum til samstarfs, einnig á sviði jarðhita. Í þessu skyni hefur um skeið verið ráðgerður tvíhliða fundur utanríkisráðherra Íslands og Rússlands og er vonast til að af honum geti orðið á síðari hluta þessa árs.

Eftir upplausn Varsjárbandalagsins og brottflutning sovéskra hersveita hafa samskipti Rússlands og nágrannaríkja í Mið- og Austur-Evrópu almennt þróast á jákvæðan hátt. Það er því miður að lengi vel hefur nokkuð annar bragur verið á samskiptum Rússlands og Eystrasaltsríkjanna, einkum Eistlands og Lettlands, vegna deilna um áframhaldandi völ rússnesks herliðs og stöðu rússneskra þjóðernisminnihluta í ríkjum þessum. Samkomulag stjórnvalda í Litáen og Rússlandi um brottflutning rússnesks herliðs frá landinu er fagnaðarefni og eðlilegt að margyfirlýstur og réttmætur vilji stjórnvalda í Eistlandi og Lettlandi og fjölmargra samtaka í Evrópu verði virtur með svipuðum hætti. Nýleg yfirlýsing rússneskra embættismanna um að ekki yrði af rússneskri hálfu staðið við fyrri fyrirheit um algeran brottflutning frá ríkjunum tveimur fyrir 31. ágúst nk. veldur íslenskum stjórnvöldum vonbrigðum. Vonast er til að rússnesk stjórnvöld endurskoði afstöðu sína hið fyrsta. Virðingu fyrir fullveldi ríkja verður ekki blandað saman við óskyld mál, svo sem réttindi rússnesku þjóðernisminnihlutanna í Eystrasaltsríkjum.

Virðulegi forseti. Tvennt ber hæst þegar hugað er að framtíðarþróun Evrópusambandsins fram til aldamóta. Annars vegar stækkun þess, væntanleg viðbót fjögurra EFTA-ríkja þegar um næstu áramót, en hins vegar ríkjaráðstefnuna 1996. Henni er ætlað að endurskoða allt stjórnkerfi Evrópusambandsins og aðlaga það nýjum aðstæðum. Við bæjardyrnar bíða síðan hópar nýrra umsækjenda sem sumir hverjir gera sér vonir um skjótari afgreiðslu. Þessi tvö atriði tengjast. Nú er svo komið í sögu Evrópusambandsins að stjórnkerfi það sem ætlað var til að halda utan um samstarf 6 aðildarríkja Kola- og stálbandalagsins og Efnahagsbandalags Evrópu sýnir þegar nokkra bresti með 12 aðildarríki innan sinna vébanda. Hætt er við að enn frekar reyni á þolrif þess þegar aðildarríkin eru orðin 16, tungumálin 12 og framkvæmdastjórarnir 21. Frekari stækkun er vart hugsanleg án endurskipulagningar.

Á leiðtogafundinum í Lissabon var ákveðið að slá á frest frekari hugleiðingum um endurskipulagningu Evrópusambandsins, en bjóða áhugasömum EFTA-ríkjum til viðræðna um aðild að óbreyttu Evrópusambandi. Fjögur þeirra þekktust boðið og hafa nú lokið samningaviðræðum. Mörg núverandi aðilarríki hafa þegar efasemdir um að frekari stækkun þjóni hagsmunum þeirra.

Evrópusambandið er og verður um fyrirsjáanlega framtíð langsamlega stærsti og þýðingarmesti viðskiptamarkaður Íslands. Samskiptin við sambandið hlýtur því að vera eitt mikilvægasta viðfangsefni íslenskra stjórnvalda í utanríkismálum hvernig sem þeim verður háttað. Ákveðið var á sínum tíma að láta ekki reyna á það að sinni hvort aðild væri raunhæfur kostur. Óvíst er enn hvort og hvenær gefst aftur tækifæri til að leita aðildar og enn óvissara er hvort eða hvenær hugur þings og þjóðar stendur til þess. Án EES-samningsins væri markaðsaðgangur okkar að þessum langsamlega mikilvægasta markaði okkar með öllu óviðunandi.

Í skýrslu til Alþingis árið 1992 lagði ég til að hafin yrði úttekt á kostum og göllum aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Á það var bent að með því að sækja ekki um ásamt með öðrum Norðurlandaþjóðum og EFTA-þjóðum væri tekin ákvörðun um að hafna aðild. Slíka ákvörðun þyrfti ekki síður að rökstyðja en aðrar. Ekki varð þó úr því að Stjórnarráðið væri virkjað til slíkrar athugunar þrátt fyrir að áfram hefði verið að því unnið, m.a. innan utanríkisþjónustunnar, að bera saman stöðu EES-samningsríkja við stöðu aðildarríkja Evrópusambandsins.

Nú liggja fyrir niðurstöður aðildarviðræðna EFTA-ríkjanna fjögurra sem fyrr segir. Þær gefa til kynna hvaða sveigjanleika Evrópusambandið getur sýnt á þessu stigi þróunar sinnar og hvernig reglur Evrópusambandsins má laga að aðstæðum í nýjum aðildarríkjum. Athyglisvert er t.d. hvernig sérstakar reglur eru látnar gilda um landbúnað á norðurslóðum og aukið svigrúm er gefið til þess að styrkja byggð í strjálbýli. Útfærsla og framkvæmd boðaðra lausna í deilum sambandsins og Noregs um rekstur sjávarútvegsstefnu norðan 62. breiddargráðu verður forvitnilegt rannsóknarverkefni fyrir Íslendinga. Af þeim textum sem fyrir liggja má þó ráða að verulegt tillit hefur verið tekið til

norskra sjónarmiða. Hugtakið „hlutfallslegt jafnvægi", relavitive stability, er fest í sessi í samningunum en það tryggir að við úthlutun kvóta sé tekið mið af veiðum undanfarin ár. Yrði þessu hugtaki beitt til hins ýtrasta yrðu núverandi veiðar Norðmanna innan norskrar lögsögu áfram í þeirra höndum. Enn fremur tekur Evrópusambandið yfir reglur og verklag Noregs við stjórn fiskveiða norðan 62. breiddargráðu. Svigrúm er veitt til að setja hömlur á svokallað kvótahopp þar sem fjárfestingar erlendra aðila gefa aðgang að fiskveiðum. Niðurstöður þessarar lotu aðildarviðræðna gefa nýjar forsendur til að meta kosti og galla aðildar. Ríkisstjórnin hefur því ákveðið að fela óháðum aðila, Háskóla Íslands og rannsóknastofnunum hans, að leggja hlutlægt mat á kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusambandinu og bera saman stöðu Íslands sem samningsaðila að EES við Evrópusambandsaðild.

Virðulegi forseti. Með lögfestingu allra gerða EES-samningsins og viðbótarpakkans svokallaða við hann er íslenskum fyrirtækjum tryggð full þátttaka í hinu fjórþætta frelsi. Mikilvægt er að frá þessu verði gengið sem fyrst því tafir og slæleg framkvæmd mundi verulega veikja samningsstöðu Íslands í framtíðinni gagnvart Evrópusambandinu. EES-samningurinn tryggir því sem næst fullan aðgang að mörkuðum Evrópusambandsins. Aðild að sambandinu mundi litlu breyta um markaðsaðgang iðnvarnings og tollar þeir sem enn eru á sjávarafurðum eru í flestum tilvikum það óverulegir að þeir teljast naumast markaðshindrun. Viðamesta breytingin á viðskiptaháttum sem yrði við aðild snertir landbúnaðarafurðir en innflutningur á þeim yrði sem næst óheftur við aðild. Aðild yrði einnig til þess að tekin yrði upp sameiginleg viðskiptastefna Evrópusambandsins gagnvart öðrum ríkjum. Henni fylgir sú hagsbót að íslenskar afurðir nytu góðs af öllum viðskiptasamningum Evrópusambandsins en á móti kemur að fylgja yrði eftir öllum verndaraðgerðum sambandsins og taka þátt í hugsanlegum viðskiptaerjum þess hvort sem þær yrðu við Japan, Bandaríkin eða önnur ríki. Samræming óbeinna skatta og afnám landamæraeftirlits mundi leiða til einhvers tekjutaps ríkissjóðs eða a.m.k. uppstokkunar skattkerfis. Hvort framlag Íslands yrði hærra en þær greiðslur sem féllu aftur inn í íslenskt hagkerfi mundi ráðast af því hverjar samningslyktir yrðu um landbúnað og sjávarútveg.

Til þessa hefur þátttaka í norrænu samstarfi, Atlantshafsbandalaginu, EFTA, OECD og Evrópuráðinu að ógleymdum Sameinuðu þjóðunum þótt gefa ærin tækifæri til að gæta íslenskra hagsmuna og koma íslenskum sjónarmiðum á framfæri. Þær skyldur sem fylgja Evrópusambandsaðild hafa þótt of þungbærar, einkum að því er varðar aðgang að auðlindum. Eftir því sem aðildarríkjum sambandsins fjölgar rýrnar samstarfsvettvangur allra ofangreindra stofnana og tækifærum sem þar gáfust til samráðs og samstarfs fækkar. Fari svo að ríki Mið- og Austur-Evrópu nái samningum um aðild að Evrópusambandinu í kjölfar EFTA-ríkjanna fjögurra, stefnir í það að Evrópusambandið verði að raunverulegum samevrópskum samtökum innan fárra ára. Sú framtíðarsýn kallar að sjálfsögðu á endurmat á stöðu Íslands. Þótt full ástæða sé til þess að efla samskiptin við Norður-Ameríkuríkin eins og að er stefnt og auka viðskipti við Austur-Asíu, verður Evrópa um fyrirsjáanlega framtíð mikilvægasti viðskiptavinur Íslands og það svæði sem tengist landinu nánustum menningarlegum og sögulegum böndum. Þær Evrópuhugsjónir friðar og framfara sem lágu að baki þegar drög voru lögð að Rómarsáttmálanum á sínum tíma undir forustu þeirra Roberts Schumans og Jeans Monnets eru enn teknar upp og dustað af þeim rykið á hátíðastundum. En eftir því sem ógnir heimsstyrjaldarinnar seinni fölna í minningunni hefur krambúðarhugsun og hagsmunatogstreita stundum orðið meira áberandi í starfi Evrópusambandsins en hugsjónaglóð. Frjóustu og athyglisverðustu hugmyndir um framtíð Evrópu koma ekki frá höfuðstöðvum Evrópusambandsins heldur frá Mið-Evrópu. Hinir sönnu arftakar hugsjónastofnenda Evrópusamvinnunnar eru menn á borð við Václav Havel, forseta Tékklands. Í nýlegri ræðu á Evrópuþingi sagði hann einmitt Maastricht-sáttmálann vera vissulega haganlega smíð en skorta lífsanda og siðferðilega framtíðarsýn. Þar lýsti hann eftir nýrri stofnskrá Evrópu sem íbúar álfunnar gætu sameinast um. Aðild Mið- og Austur-Evrópu gæti einmitt leitt til þess að beina Evrópusamstarfinu inn á nýjar brautir. Fyrir því þykir mér rétt og skynsamlegt að nýta næsta ár fram að ríkjaráðstefnu Evrópusambandsins 1996 til raunverulegrar umræðu um það meðal íslensku þjóðarinnar hvert við teljum hlutverk okkar vera innan Evrópu og hvert beri að stefna í framtíðinni. Út frá hagsmunum íslensku þjóðarinnar væri óhyggilegt að mínu mati að afsala þjóðinni fyrir fram þegnrétti í samfélagi Evrópuþjóða.

Þó svo að fjögur EFTA-ríki hafi vistaskipti og færi sig frá EFTA til Evrópusambandsins eru þau eftir sem áður samningsaðilar að EES þótt á öðrum forsendum sé. Ekki ber formlega nauðsyn til að segja EES-samningnum upp vegna þessa. Samningurinn stenst þótt hlutföll milli EFTA og Evrópusambandsins breytist að vísu verulega. Stofnanir EFTA-stoðasamningsins miðast við að vera reknar á fjölþjóðlegum grunni en ekki sem útibú frá stjórnsýslu eins lands. Væntanlegar viðræður um framtíðarsamskipti Íslands og Evrópusambandsins á grundvelli þingsályktunar frá 5. maí sl. hljóta að beinast að því hvernig sannfæra megi Evrópusambandið um að hægt sé að tryggja viðhlítandi framkvæmd samningsskuldbindinga, eftirlit og lausn deilumála. Í viðræðum við fulltrúa framkvæmdastjórnar og aðildarríkja Evrópusambandsins hefur ítrekað komið fram að þau réttindi sem íslensk fyrirtæki og ríkisborgarar hafa áunnið sér á grundvelli EES-samningsins munu haldast hvernig sem samningurinn þróast. Það hefur verið byggt á þeirri forsendu að viðunandi stofnanalausn fyndist.

Virðulegi forseti. Innganga Íslands í EFTA var á sínum tíma gæfuspor. Þar með var stigið stórt skref frá hefðbundinni haftastefnu og landið tengt fríverslunarsamstarfi Vestur-Evrópuríkja. Nú er framtíð samtakanna óviss eftir að flest aðildarríki hafa lokið samningum um aðild að Evrópusambandinu. Á næsta ári

gætu aðildarríkin orðið aðeins Ísland og Sviss/Liechtenstein. Ekki er tilefni til að óttast að fjárhagslegar skuldbindingar EFTA verði Íslandi óbærileg byrði þótt aðildarríkjum fækki. Hins vegar verða verkefni íslenskrar stjórnsýslu erfiðari viðfangs þegar sá bakhjarl sem starfslið EFTA og önnur aðildarríki hafa verið er á braut.

Í næsta mánuði verður skrifað undir lokatexta Úrúgvæ-viðræðnanna í Marrakech og lýkur þar með 7–8 ára samningaferli með þátttöku á annað hundrað aðildarríkja. Ekki er ákveðið hvenær Úrúgvæ-samningurinn tekur gildi, en ráðgert er að það verði á bilinu 1. jan. til 1. júlí 1995. Bandaríkin leggja áherslu á að samningurinn taki gildi um næstu áramót og fara nú fram formlegar viðræður um það.

Úrúgvæ-samningurinn hefur grundvallarþýðingu, bæði fyrir heimsbúskapinn og fyrir Ísland. Áætlað er að tekjuaukning í heiminum vegna samningsins muni nema allt að 270 milljörðum Bandaríkjadala árlega innan 10 ára. Nauðsynlegt er að tryggja hlutdeild Íslands í þessum búhnykk sem gæti orðið einn helsti hvatinn til að leiða heimsbyggðina úr ríkjandi efnahagslægð. Stofnun sérstakrar alþjóðaviðskiptastofnunar sem mun bæði sjá um framkvæmd þeirra alþjóðaviðskiptasamninga sem undir hana heyra og hafa eftirlit með framkvæmd þeirra er helsta nýmæli Úrúgvæ-viðræðnanna. Til þessa hafa verið takmarkaðir möguleikar á að framfylgja úrskurðum GATT í deilumálum. Stofnanaþáttur Úrúgvæ-samningsins hefur mikla þýðingu fyrir smærri ríki eins og Ísland sem hafa takmarkað svigrúm til þess að knýja á um efndir samninga af þessu tagi. Þau aðildarríki sem draga það að samþykkja nýja Úrúgvæ-samninginn taka mikla áhættu. Bandaríkin hafa lýst því yfir að við inngönguna í alþjóðaviðskiptastofnunina muni þau jafnframt segja núgildandi GATT-samningi upp. Með því hyggjast þau þrýsta á önnur ríki að fullgilda samninginn strax í upphafi. Talið er líklegt að fleiri ríki muni fylgja Bandaríkjunum eftir hvað þetta varðar. Þannig hafa þær hugmyndir verið uppi innan Norðurlandahópsins að rétt sé að fylgja fordæmi Bandaríkjanna í þessu efni. Þau ríki sem staðfestu ekki Úrúgvæ-samninginn hefðu þar með enga tryggingu fyrir því að þau njóti þeirra kjara sem tryggð eru með núgildandi GATT-samningi, hvað þá heldur að þau njóti þeirra auknu réttinda sem Úrúgvæ-samningurinn mundi skapa þeim.

Skrifstofa GATT hefur reiknað út til bráðabirgða hversu miklar tollalækkanir felast í tilboðum þeirra ríkja sem Ísland gerði kröfur á í viðræðunum. Þar kemur fram að tollar á sjávarafurðum þeim sem fluttar hafa verið frá Íslandi til Bandaríkjanna hækka um 99% en tollar til Kanada, Japan og Suður-Kóreu lækka á bilinu 30–40%. Varðandi áhrif Úrúgvæ-samningsins á landbúnaðarmál setur samningstextinn nýjar leikreglur í viðskiptum með landbúnaðarafurðir og mun í fyllingu tímans draga úr þeim óeðlilegu viðskiptaháttum sem þar hafa tíðkast með niðurgreiðslum og undirboðum. Textinn hefur hins vegar mjög rúmt svigrúm til verndar þótt ætlast sé til þess að markaðir opnist frá því sem nú er.

Virðulegi forseti. Ríkisstjórnin ákvað í október 1992 að skipa starfshóps til þess að gera forkönnun á gerð fríverslunarsamninga við Bandaríkin. Starfshópurinn skilaði áfangaskýrslu í maí sl. Bráðabirgðaniðurstöður benda til þess að fríverslunarsamningur við Bandaríkin sé vænlegur kostur og geti vel fallið að aðild Íslands að EES. Tollar eru ekki háir á útflutningsvörum Íslands til Bandaríkjanna og Kanada en möguleikar á auknum útflutningi við gerð fríverslunarsamnings við þessi ríki felast fyrst og fremst í frekari vinnslu fiskafurða og annarra framleiðsluvara sem nú bera tiltölulega háa tolla. Áhugi þessara ríkja á samningum við Ísland ræðst væntanlega frekar af pólitískum forsendum en ásókn á hinn örsmáa íslenska heimamarkað.

Framtíðarþróun NAFTA hefur verið rædd við fulltrúa Bandaríkjanna og Kanada. Svo virðist sem NAFTA-ríkin munu taka þau mál til endurskoðunar síðari hluta þessa árs. Bandaríkin segjast tilbúin til að kanna möguleika á fríverslunarsamstarfi eftir að Úrúgvæ-samningurinn hefur hlotið þingmeðferð í Bandaríkjunum. Hins vegar verði Ísland fyrst að ákveða hversu náið samstarf það vilji eiga í framtíðinni við Evrópusambandið áður en hægt sé að meta möguleika á tvíhliða fríverslunarsamningi eða tengingu við NAFTA.

Virðulegi forseti. Fjöldi aðildarríkja Sameinuðu þjóðanna hefur nú meira en þrefaldast frá upphafi auk þess sem sætum í öryggisráðinu hefur verið fjölgað um fjóra kjörna aðila. Með þessari miklu fjölgun aðildarríkja hafa jafnframt komið fram síðustu árin raddir um nauðsyn þess að stækka öryggisráðið þannig að það endurspegli betur ríkja- og fólksfjölda í heiminum. Heyrast þessar raddir einkum frá þriðja heiminum sem jafna vill metin í alþjóðastjórnmálum milli iðnríkjanna í norðri og þróunarríkjanna í suðri.

Allmikil umræða varð á síðasta allsherjarþingi um endurskoðun starfsþátta og fjölgun í öryggisráðinu og lauk henni með samþykkt ályktunar um sérstakan vinnuhóp sem skila á af sér störfum fyrir upphaf næsta allsherjarþings. Stefnt er að því að skipulagsbreytingar á öryggisráðinu komi til framkvæmda á 50. afmælisári Sameinuðu þjóðanna árið 1995.

Á síðustu árum hafa Sameinuðu þjóðirnar og fleiri fjölþjóðlegar stofnanir og samtök haft æ stærra hlutverki að gegna á sviði friðargæslu og eflingar lýðræðis víða um heim. Ísland hefur til þessa einungis tekið takmarkaðan þátt í verkefnum af þessu tagi en hefur greitt skyldubundinn hlut sinn í kostnaði við framkvæmd þeirra. Eðlilegt er að Ísland geri sér far um að taka virkari þátt í slíku starfi. Þess vegna samþykkti ríkisstjórnin í september sl. að verja fjármunum til þess að standa straum af kostnaði við að senda allt að tvo lækna og fjóra hjúkrunarfræðinga til starfa við friðargæslu með norskri heilsugæslusveit sem er hluti norrænu friðargæsluherdeildarinnar undir yfirstjórn friðargæslusveitar Sameinuðu þjóðanna í Bosníu-Hersegovínu.

Í byrjun þessa árs var undirritaður samningur íslenskra og norskra stjórnvalda um framkvæmd þátttökunnar og hafa tveir íslenskir læknar og einn hjúkr-

unarfræðingur þegar haldið til Noregs í þjálfunarskyni og mun taka til starfa í Tusla í Bosníu-Hersegovínu í byrjun maí.

Virðulegi forseti. Mikilvægt skref í átt til endanlegs afnáms kynþáttaaðskilnaðarstefnunnar í Suður-Afríku verður stigið með sögulegum hætti þann 27. apríl nk. þegar fyrstu lýðræðislegu þingkosningarnar verða haldnar í landinu. Bráðabirgðasamstjórn hvítra og þelþökkra sem formlega tók til starfa í desember hefur yfirumsjón með undirbúningi kosninganna. Eitt af fyrstu verkefnum stjórnarinnar var að fara þess á leit við Sameinuðu þjóðirnar, önnur samtök og einstök ríki að leggja starfsmenn til kosningaeftirlits til að fylgjast með því að framkvæmd kosninganna verði í samræmi við lýðræðisreglur og stuðla að því að þær fari friðsamlega fram. Íslensk stjórnvöld hafa tekið vel þessari málaleitan og munu tilnefna fulltrúa til hugsanlegrar þátttöku í kosningaeftirliti á vegum Sameinuðu þjóðanna í Suður-Afríku.

Þátttaka Íslands í umhverfisnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur haft í för með sér aukin verkefni fyrir íslensk stjórnvöld á sviði umhverfismála á alþjóðavettvangi. Auk starfa í umhverfisnefndinni hefur Ísland tekið virkan þátt í samstarfi sem sett var af stað í framhaldi af ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun. Í þessu samstarfi hefur höfuðáhersla verið lögð á málaflokka sem snerta sérhagsmuni Íslands og verndun hafsins. Á Ísland þátt í að umhverfisráðstefna Sameinuðu þjóðanna samþykkti að halda alþjóðlega ráðstefnu í Washington árið 1995 um aðgerðir til þess að efla varnir gegn mengun sjávar frá landsstöðvum. Íslensk stjórnvöld hafa miklar áhyggjur af vaxandi endurvinnslu á geislavirkum úrgangi Breta, bæði í Sellafield og Dounreay. Áætlanir gera ráð fyrir að á næstu árum verði unninn geislavirkur úrgangur í Sellafield frá öðrum löndum, þar á meðal frá Þýskalandi og Japan og benda fyrirliggjandi gögn til þess að um talsverða losun geislavirkra efna í sjó geti orðið að ræða. Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað mótmælt þessum fyrirætlunum. Þau benda á þá hættu sem aukin geislamengun á Norður-Atlantshafi hefði í för með sér fyrir nýtingu auðlinda hafsins auk þess sem neikvæð áhrif þessarar vinnslu ógnuðu fyrst og fremst hagsmunum ríkja sem engan hag hefðu af þessari vinnslu.

Á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna árið 1992 var samþykkt að halda ráðstefnu um fiskveiðar á deilistofnum, þ.e. stofnum sem veiddir eru bæði innan sérefnahagslögsögu og á úthafinu, og á miklum fartegundum, þar á meðal túnfiski. Samkvæmt viðeigandi ályktun allsherjarþingsins á úthafsveiðiráðstefnan að ljúka störfum fyrir næsta allsherjarþing. Jafnframt var ákveðið að störf og niðurstöður ráðstefnunnar skyldu vera í fullu samræmi við hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á árinu 1993 voru haldnar tvær fundalotur ráðstefnunnar og sú þriðja stendur nú yfir og boðað hefur verið til þeirrar fjórðu á komandi sumri.

Á undanförnum árum hefur átt sér stað mikil ofveiði á flestum úthöfum. Markmið ráðstefnunnar er að setja leikreglur fyrir veiðar á öllum úthöfum. Fullsnemmt er að fullyrða hver niðurstaða ráðstefnunnar kann að verða. Málið er fjölþætt og ólíkir hagsmunir í húfi auk þess sem viðeigandi ákvæði ýmist vantar eða eru óljós í hafréttarsáttmálanum. Samræmd veiðistjórnun á sama stofni innan og utan lögsögu ríkja og samvinnuform varðandi veiðar á úthafinu eru meðal þeirra þátta sem fjallað er um auk þess sem ákveða þarf hvort ráðstefnan eigi að leiða til bindandi þjóðréttarsamnings eða leiðbeiningarreglna. Líklegt er að ráðstefnan komist að þeirri niðurstöðu að kvótar skuli ákveðnir fyrir allar veiðar á úthafinu á grundvelli svæðisbundinnar samvinnu og alþjóðlegar reglur verði settar til að tryggja að farið verði eftir kvótum og öðrum reglum sem ákveðnar verða innan vébanda hinnar svæðisbundnu samvinnu. Úthafsveiðihagsmunir Íslands eru margvíslegir. Nægir að nefna úthafsveiðar á Reykjaneshrygg, veiðar á norsk/íslensku síldinni á úthafinu milli Íslands og Noregs og veiðar Íslendinga í Smugunni sem er opið alþjóðlegt hafsvæði.

Virðulegi forseti. Mannréttindi voru eitt af helstu viðfangsefnum allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna á liðnu hausti en mannréttindamál eru mjög ofarlega á baugi í alþjóðasamstarf um þessar mundir. Alheimsráðstefna um mannréttindi var haldin í Vín sl. sumar og mannréttindamál voru meginviðfangsefni leiðtogafundar Evrópuráðsins í Vín sl. haust. Eitt af mikilvægustu málum allsherjarþingsins í þetta sinn var stofnun sérstaks embættis mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna. Í umræðum um málið á þinginu kristallaðist málþóf um þá togstreitu sem ríkt hefur milli iðnríkja og þróunarríkja síðustu ár í mannréttindamálum. Ísland sem og önnur vestræn ríki lögðu þunga áherslu á að með stofnun embættisins mundu Sameinuðu þjóðirnar öðlast nýtt og sjálfstætt verkfæri til að bregðast skjótt og á markvissan hátt við grófum og skipulögðum mannréttindabrotum. Enn á þó eftir að koma í ljós hverju þetta nýja embætti fær áorkað. Starfi allsherjarþingsins að mannréttindamálum eru gerð skil í sérstakri skýrslu um öryggisráðið og 48. allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sem dreift hefur verið hér á Alþingi Íslendinga.

Þjóðir heims hafa á undanförnum árum lagt aukna áherslu á samtöðu um lausn vanda sem ógnað getur jafnvægi heimsbyggðarinnar, svo sem mannfjölgunar- og flóttamannavandamál. Mannlegar þjáningar og mannréttindabrot eru höfuðorsök þess gífurlega flóttamannavanda sem við er að etja um þessar mundir í heimsbyggðinni. Engin fullvalda þjóð getur með góðu móti skorast undan ábyrgð og neitað að axla hluta af byrðunum vegna þessa vandamáls. Í nóvember sl. lagði ég til við ríkisstjórn að tilnefndir yrðu fulltrúar utanrrn. og dómsmrn. til að gera tillögur um heildarstefnu Íslendinga í málefnum flóttamanna og endurskoðun íslenskrar löggjafar um réttarstöðu flóttamanna. Nefndin hefur ekki lokið störfum og er því ekki hægt á þessu stigi að kynna niðurstöur hennar í einstökum atriðum. Þess má þó geta að nefndin hefur gert ítarlega könnun á framkvæmd flóttamannaaðstoðar á Norðurlöndum og hefur í störfum sínum haft hliðsjón af henni.

Virðulegi forseti. Starfsemi á vegum Evrópuráðsins einkennist um þessar mundir mjög af þeim um-

brotum sem eiga sér stað í Evrópu og stefnumörkun leiðtogafundar Evrópuráðsins í Vín í október sl. Ísland tekur nú aukinn þátt í störfum Evrópuráðsins er lúta að aðstoð og ráðgjöf við lýðræðisuppbyggingu í Mið- og Austur-Evrópu. Þannig hóf Ísland þátttöku í svokallaðri Feneyjanefnd Evrópuráðsins á þessu ári en nefndin er ráðgefandi sérfræðinganefnd á sviði stjórnlagaréttar. Feneyjanefndin hefur m.a. annast ráðgjöf við samningu nýrrar stjórnarskrár fyrir Rússland og síðar Suður-Afríku. Utanrrn. stefnir einnig að virkari þátttöku í störfum fagnefndar ráðherranefndar Evrópuráðsins um samstarf við ríki Mið- og Austur-Evrópu. Ein mikilvægasta niðurstaða leiðtogafundar Evrópuráðsins var samþykkt sérstakrar framkvæmdaáætlunar um víðtæka upplýsingaherferð meðal evrópsks æskulýðs gegn kynþattahatri og útlendingahatri, gyðingahatri og skorti á umburðarlyndi. Unnið er að undirbúningi áætlunarinnar sem m.a. felur í sér að stofnaðar verði landsnefndir í hverju aðildarríki og sérstök aðalnefnd á vegum Evrópuráðsins.

Virðulegi forseti. Ég sé að tíma mínum eru skorður settar. Ég hafði í næstu málsgreinum ætlað að fjalla um samstarf okkar á norðurslóðum, um þróunarsamvinnu okkar og um ástand og alþjóðlegt samstarf varðandi málefni Miðausturlanda sem og aukna áherslu sem við erum sammála um að leggja á samskipti við ýmis ríki Austurlanda fjær. Því miður gefst mér ekki tími til þess en vísa þá þingmönnum á þann texta sem dreift var í upphafi vikunnar.

Virðulegi forseti. Í ár er þess minnst að 50 ár eru liðin frá stofnun íslenska lýðveldisins hinn 17. júní 1944 er tengslum var endanlega slitið við konungsríkið Danmörku. Hátíðahöldin verða einkum innan lands og hefur þjóðhátíðanefnd sem tilnefnd var af forsrh. verið falinn undirbúningur þeirra. Utanríkisþjónustan mun einnig taka þátt í undirbúningi afmælisins. Væntanlegir eru sérstakir gestir frá nágrannaríkjunum og þeim ríkjum sem hér áttu fulltrúa árið 1944 auk sendiherra margra erlendra ríkja. Er vert að minnast sérstaklega þáttar Bandaríkjanna, Bretlands, Frakklands, Rússlands og Kanada sem sendu fulltrúa sína til Þingvalla fyrir 50 árum og veittu mikilvægan pólitískan stuðning við stofnun hins íslenska lýðveldis.

[14:37]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Í ræðu hæstv. utanrrh. og ekki síður í þeirri sem dreift var til þingmanna fyrr í vikunni kennir margra grasa og fjölmargt þess eðlis að nauðsynlegt er í raun að ræða þau mál ítarlega á Alþingi. Ég vil strax í upphafi lýsa efasemdum mínum um það form sem nú er upp tekið að takmarka svo mjög ræðutíma og umræður um skýrslu utanrrh. og skil það mætavel að hæstv. utanrrh. gat alls ekki gert Alþingi grein fyrir þessum mörgu og mikilvægu málum eins og hann hafði ætlað sér og kosið.

Ég verð sömuleiðis að takmarka mjög mál mitt. Ég hefði mjög gjarnan vilja ræða hluti eins og t.d. framtíð varnarliðsins hér á landi, framtíð Atlantshafsbandalagsins, þróun mála í fyrrverandi Sovétríkjum, fyrrverandi Júgóslavíu, þátttöku okkar Íslendinga í umhverfismálum, þróunaraðstoð og fjöldamargt fleira gæti ég nefnt.

Staðreyndin er vitanlega sú að þátttaka okkar Íslendinga í alþjóðlegu samstarfi er mjög hratt vaxandi. Við erum í miðdepli þess og hefur þar orðið afar mikil breyting og það er ákaflega mikilvægt fyrir smáþjóð að fóta sig vel og rétt í þessu mjög svo breytta umhverfi og umhverfi sem breytist stöðugt með meiri hraða.

Hér er einnig afar nauðsynlegt að ræða um málefni GATT sem hæstv. utanrrh. kom inn á. Ég vil aðeins í örfáum orðum lýsa þeirri skoðun minni að við Íslendingar hljótum að taka mjög virkan þátt í því starfi öllu og ég er þeirrar skoðunar að með stöðugt vaxandi mikilvægi innflutnings og útflutnings fyrir okkur Íslendinga hljóti frelsi í viðskiptum að vera ákaflega mikilvægt. En það þýðir hins vegar ekki að við eigum að taka við öllu sem þaðan kemur óskoðuðu. Þvert á móti hygg ég að við þurfum að fara mjög vandlega í allt það sem þar er rætt og allt sem þar er samþykkt og við þurfum að beita öllum þeim ráðum sem við Íslendingar höfum til þess að sporna við slysum sem af slíku frelsi geta vissulega orðið.

Ég tek undir það sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. að vissulega var þátttaka okkar Íslendinga í EFTA nauðsynleg en ég held því miður að við höfum alls ekki haldið vel á okkar innri málum í framhaldi af því, langt frá því. Okkur var gefinn ágætur tími til þess að aðlagast breyttu umhverfi fyrir íslenskan iðnað. Við nýttum það illa satt að segja og ég óttast að við séum ekki síst að uppskera nú hvernig við unnum að þessum málum þegar enn er aukið frelsi til samskipta á öllum sviðum atvinnulífs. Og sannarlega er það afar mikið áhyggjuefni hvert stefnir með íslenskan iðnað, íslenskan skipaiðnað, íslenskan húsgagnaiðnað, íslenskan byggingariðnað sem verið hefur í fréttum upp á síðkastið. Ég nefni þetta vegna þess að þrátt fyrir þessa samninga leggja allar þjóðir á það mjög mikla áherslu að vernda í raun sínar innlendu atvinnugreinar með öllum þeim ráðum sem leyft er í þessum samningum og reyndar hygg ég að margir gangi þar töluvert lengra. Ég vona að aðgerðir sem nú eru boðaðar fyrir íslenskan skipaiðnað beri árangur. Ég óttast að þær komi nokkuð seint og ég óttast að þær þurfi að vera töluvert víðtækari en enn er til boðað. Ég vona að sama megi segja um íslenska framleiðslu t.d. á húsgögnum og innréttingum. Ég heyrði nýlega að auglýst er eftir tilboðum bæði innan lands og erlendis í húsgögn og innréttingar í Þjóðarbókhlöðuna. Ég ætla að leyfa mér að láta þá skoðun koma hér fram að ég teldi það hina mestu skömm fyrir okkur Íslendinga að fylla þá þjóðargjöf af erlendri framleiðslu á þessum sviðum svo góða iðnaðarmenn sem við höfum. Staðreyndin er vitanlega sú að með því að haga útboðum rétt, ég nefni þetta sem dæmi, getum við Íslendingar ráðið því að slíkt verði framleitt innan lands. Um allt slíkt væri þörf að ræða hér en því miður leyfir tíminn það ekki eins og ég hefði kosið og ég kýs því að koma fyrst og fremst að því máli sem hvað efst er á baugi núna, þ.e. breytingar sem orðið hafa í Evrópu.

Ég las í einu dagblaðinu í dag að meiri hluti þjóðarinnar telur að við Íslendingar eigum að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Satt að segja kemur þetta mér ekki á óvart miðað við þann málflutning sem hefur verið upp á síðkastið. Þessum samningum var t.d. alls ekki lokið þegar hæstv. menntmrh. lýsti því yfir að við Íslendingar hefðum átt að sækja um aðild að Evrópusambandinu og ættum reyndar að drífa í því sem allra fyrst. Ég heyrði ekki betur en hæstv. fjmrh. lýsti yfir einhverju svipuðu og mér þótti satt að segja afar ótrúlegt þegar opinber talsmaður okkar Íslendinga erlendis, sendiherra okkar í Genf, lýsti því yfir fyrir alheim að nú hefðum við Íslendingar aðeins örfá daga til að gera upp hug okkar um að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Ég ætla ekki að gera að umræðuefni hér þá glýju sem hefur verið í augum manna eins og framkvæmdastjóra Verslunarráðsins eða framkvæmdastjóra VSÍ, sem reyndar hafa lengi boðað það að við ættum að sækja þarna um aðild. En ég fagna því sem kom fram hjá hæstv. utanrrh. í upphafi þessa máls þegar samningar virtust vera í höfn og hann var held ég einn þeirra örfáu sem minntist þess að Alþingi hefði mótað stefnu á sl. ári um tvíhliða samning. Ég verð hins vegar að lýsa mikilli undrun með þá breytingu sem er orðin í málflutningi hæstv. utanrrh.

Nú dregur hann upp einhverja glansmynd af framtíð Evrópu, vissulega byggða á skemmtilegum hugmyndum sem forseti Tékka setti fram á Evrópuþinginu, en eiga áreiðanlega ákaflega langt í land og telur nú vel koma til greina að við Íslendingar hugleiðum aðild að Evrópusambandinu. Ég vil hins vegar fagna því sem ég hef heyrt koma fram bæði hjá hæstv. forsrh. og hv. formanni utanrmn. að í raun og veru hafa þessir samningar ekki breytt neinu gagnvart okkur Íslendingum. Hver er þá skýringin á þeirri skoðun sem kemur fram hjá Íslendingum sem spurðir eru? Ástæðan fyrir þessari skoðun er tvímælalaust sá málflutningur sem hefur verið hafður í frammi. Þeir samningar sem Norðmenn hafa gert hafa t.d. verið rómaðir svo að það er afar eðlilegt að menn hugsi sem svo: Fyrst Norðmenn hafa náð svona gífurlega góðum samningum í sjávarútvegi, getum við ekki náð þeim sömu samningum og er ekki rétt fyrir okkur Íslendinga að sækja um aðild?

Ég hef ekki tekið eftir því að þess hafi verið getið í fréttum fyrr en í gær að samningar Norðmanna í sjávarútvegsmálum eða því sem Norðmenn ná fram í sjávarútvegsmálum er allt saman tímabundið. Ég er með þennan samning hérna fyrir framan mig og tími minn leyfir ekki að ég fari í mörg atriði hans, en ég ætla aðeins að fara yfir eins konar lokaorð þessa samnings, sem felst í því sem kallast sameiginleg yfirlýsing um sjávarútveg norðan 62. breiddargráðu og ég legg á það áherslu að það er náttúrlega töluvert svæði þar sunnar. Þar segir í lélegri þýðingu minni skulum við segja, með leyfi forseta:

„Norðmönnum er heimilað að halda þeim samningum við Rússa um veiðar sem gerðir hafa verið fram til 1. júlí 1998. Eftir það verða þeir samningar í höndum Evrópusambandsins.“ Þá segir jafnframt: „Norðmönnum er heimilað að hafa þær tæknilegu takmarkanir á veiðum sem í gildi eru í eitt ár.“ Ég skil það svo að þarna séu hlutir eins og t.d. möskvastærð og fleira þess háttar. Þarna segir einnig: „Norðmönnum er heimilt að hafa reglur sem núna gilda um að kasta úrgangi í hafið og þess háttar hluti í þrjú ár.“ Þarna segir jafnframt að stjórnunarleiðir sem Norðmenn nýta nú til verndar á viðkvæmum svæðum, þ.e. lokun og opnun viðkvæmra svæða, eru leyfilegar í þrjú ár. Ég spyr: Eru þrjú ár eitthvað sem við Íslendingar kaupum fyrir íslenskan sjávarútveg? Eru þrjú ár eitthvað sem er einhvers virði fyrir okkur Íslendinga? Hér hefur verið sagt að eftir þennan tíma verði teknar upp norskar aðferðir við stjórnun fiskveiða. Það segir hér að framvegis verði tekið tillit til norskra aðferða og þær skoðaðar, en allt saman í ljósi hinnar sameiginlegu stefnu Evrópusambandsins í sjávarútvegsmálum, þ.e. allt þetta fellur undir Rómarsáttmálann, það er bara svo einfalt. Það fellur undir Rómarsáttmálann og það er ekki verið að breyta honum. Án þess að ég geti farið ítarlegar í þetta, þó að það væri þess virði, er niðurstaða mín sú eftir að hafa lesið það sem ég fékk hér í hendur í gær, að Norðmenn hafi gert ákaflega lélegan samning fyrir norskan sjávarútveg, ákaflega lélegan samning. Í Noregi er norskur sjávarútvegur um það bil 2% af þjóðarframleiðslu Norðmanna ef ekki minna, því að þetta eru nokkuð gamlar tölur, en á Íslandi vegur íslenskur sjávarútvegur 20% af íslenskri þjóðarframleiðslu. Í raun og veru lít ég svo á að Norðmenn séu að fórna því sem þeir telja minni hagsmuni fyrir meiri.

Það hefur einnig verið sagt að Norðmenn hafi náð góðum samningum í landbúnaði. Ég hef þá að vísu ekki í upphaflegri mynd en ég hef nokkrar upplýsingar um þá hér og ég fæ ekki séð það, þó þeir séu að öllum líkindum eitthvað skárri heldur en í sjávarútvegi. Norðmenn fá í raun fimm ára aðlögunartíma í landbúnaði. Verð á landbúnaðarafurðum verður strax hið sama í Noregi og annars staðar í Evrópu. Hins vegar fá Norðmenn aðstoð frá Evrópusambandinu í fimm ár í sambandi við fjárhagsaðstoð til landbúnaðarins á norðlægari svæðum til að bæta upp þann verðmismun sem verður á norskri landbúnaðarframleiðslu og þeirri sem kemur erlendis frá. Og aðeins til að geta þess hvað þarna er mikill munur á, þá er t.d. mjólkurlítri í Noregi nú talinn vera 4,80 kr. norskar á lítrann eða bændur í Noregi fá 4,80 kr. á lítrann, en bændur í Danmörku 2,50. Þannig að þarna er afar mikill verðmunur sem leitast er við að brúa með aðstoð sem kemur annars vegar frá norska ríkinu og hins vegar frá Evrópusambandinu. Aðstoð Evrópusambandsins hverfur að fimm árum liðnum og stuðningsaðgerðir sem nú tíðkast í Noregi en tíðkast ekki hjá Evrópusambandinu eiga allar að hverfa á fimm til sjö árum. Þannig að þó ég hafi ekki um þetta eins ítarlegar upplýsingar, eins og ég sagði, þá þykir mér satt að segja sá samningur vera einnig mjög svo til skamms tíma.

En hvers vegna allt þetta upphlaup núna þegar Alþingi samþykkti 5. maí á sl. ári þingsályktun, sem flutt var af þeim sem hér stendur ásamt Halldóri Ásgrímssyni í upphaflegri mynd, síðan yfirfarin í utanrmn. og

gerðar á henni þar nokkar breytingar, flutt af nefndinni og samþykkt hér á Alþingi með öllum greiddum atkvæðum. Í þessari þáltill. um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Alþingi ályktar að í framhaldi af gerð samnings um Evrópska efnahagssvæðið skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þess og Íslands, einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafa sótt um aðild að bandalaginu. Því felur Alþingi ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning og tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þennan vilja Alþingis."

Þetta eru afar skýr orð. Mér þykir að vísu að ekki hafi verið nægilega mikið gert til að kynna þessa ályktun Alþingis. Þó má geta þess að á fundum sem utanrmn. og EFTA-nefnd hafa átt með þingmönnum frá Evrópusambandinu hefur að ég hygg í báðum þeim tilfellum þessi tillaga verið vandlega kynnt. Ég hlýt að spyrja: Hafa talsmenn Íslands erlendis ekki séð þessa tillögu? Sá t.d. fyrrnefndur sendiherra, sem ég nefndi áðan, ekki þessa tillögu? Hefur hann ekki séð hana? Ég vildi gjarnan fá að vita það frá hæstv. utanrrh. hvort hún hafi ekki verið vandlega kynnt þeim mönnum sem gæta okkar hagsmuna, ekki síst á svæði hins Evrópska efnahagssvæðis. Þetta er stefna Alþingis og henni verður ekki breytt nema með samþykkt Alþingis. Því vil ég taka undir það með hæstv. forsrh. að það á þegar að snúa sér að því að framkvæma þessa stefnu Alþingis og hætta þeim skollaleik sem hér hefur viðgengist því miður hjá ýmsum mönnum sem hlustað er á um æskilegheit þess að Íslendingar sæki nú um aðild að Evrópusambandinu.

Hvað er það í raun og veru sem felst í því að sækja um aðild að Evrópusambandinu? Ég greip með mér afar gott yfirlit sem birtist í Evrópa á döfinni frá nóvember 1991 þar sem rakið er á mjög skilmerkilegan hátt hvað felst, eins og þá var talið, í aðild að EES og hvað til viðbótar fælist í aðild að EB eða ES eins og það heitir nú. Ég ætla að leyfa mér, með leyfi forseta, að hlaupa aðeins yfir það.

Með því að ganga inn í ES þá mundum við til viðbótar því sem við höfum fengið nú í samningum afnema eftirlit með vörum á landamærum, við mundum gangast undir sameiginlega viðskiptastefnu, sameiginlega orkustefnu, sameiginlega þróunaraðstoð, sameiginlega byggðastefnu, sameiginlega landbúnaðarstefnu, sameiginlega sjávarútvegsstefnu, samræmingu í skattamálum, sameiginlega tollskrá, sameiginlega utanríkisstefnu og ef Maastricht nær fram, einn gjaldmiðil fyrr eða síðar.

Mér er ljóst að á þessu kunna að hafa orðið einhverjar breytingar þannig að menn eru í vafa um það að sumt af því nái sem hér er gert ráð fyrir. En grundvallaratriði Rómarsáttmálans eru a.m.k. skýr og hefur réttilega verið bent á t.d. af hæstv. utanrrh. í viðtali að til viðbótar þeim viðskiptasamningum sem við höfum nú gengist undir, þá yrðum við að gangast undir auðlindastefnu Rómarsáttmálans. Það getur vel verið að við getum fengið þriggja ára aðlögunartíma, tíu ára aðlögunartíma, jafnvel fimmtán, en ég segi fyrir mitt leyti, það skiptir mig ekki nokkru máli hvort aðlögunartíminn er þrjú eða fimmtán ár eða jafnvel lengri. Og það er náttúrlega ljóst að með því að gangast undir þá stefnu, þá missum við fyrr eða síðar gersamlega yfirráð yfir þeim auðlindum sem við byggjum okkar efnahagslega sjálfstæði á.

Ég gat þess ekki áðan að Norðmenn fengju þriggja ára aðlögunartíma í sambandi við svokallað kvótahopp þar sem Spánverjar og Portúgalar og fleiri þjóðir hafa komist inn fyrir fiskveiðilögsögu Noregs með því að kaupa skip í Noregi og nota rétt sem þeir hafa haft til veiða. Þeir fá þrjú ár. Eftir þrjú ár í Noregi hafa Norðmenn engar reglur og enga möguleika til að koma í veg fyrir það að fjármagnssterk útgerðarfélög á meginlandi Evrópu eða sunnar í Evrópu kaupi sig inn í norskan sjávarútveg. Við höfum verið fullkomlega sammála um það á Alþingi að koma í veg fyrir slíkt. Og mér þykir satt að segja undarlegt ef málin eru lögð fyrir þjóðina á þennan máta að við mundum alls ekki geta stöðvað slíka innrás erlendra aðila í íslenskan sjávarútveg, íslenskan landbúnað, íslenskar auðlindir almennt, að íslensk þjóð samþykki það að meiri hluta að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Mín niðurstaða er því sú að hér sé um að ræða fljótfærnislegt upphlaup því miður nokkra ágætra einstaklinga og fréttamanna, sem hafa ekki kynnt þessi mál á þann máta sem vitanlega á að gera áður en leitað er álits þjóðarinnar. En álit Alþingis liggur fyrir, enda sitja hér menn sem eiga að þekkja þetta í kjölinn og álit Alþingis birtist í þeirri þáltill. sem ég hef þegar rakið og farið yfir og hún er það sem við eigum að fara eftir.

En það er fleira sem vert er að minnast á ef menn eru virkilega að hugleiða það að sækja um aðild að Evrópusambandinu, m.a. sem kemur fram í ræðu hæstv. utanrrh., a.m.k. þeirri sem hann dreifði hér á borð alþingismanna. Þar segir að áður en gengið yrði af hálfu Evrópusambandsins til viðræðna um fulla aðild, þá gengur Evrópusambandið úr skugga um það hvort alvara fylgi umsókninni og hvort umsækjandi geti axlað þær byrðar sem á hans herðar yrðu lagðar. Þar segir meira að segja líka að það séu mörg dæmi um það að Evrópusambandið hafi bókstaflega ýtt til hliðar slíkum aðilum sem það treystir ekki til þess að taka á sig fullar byrðar af aðild að Evrópusambandinu. Þetta er alveg hárrétt. Það má nefna t.d. Möltu sem hefur lengi verið með umsókn og hefur ekki fengið hana tekna fyrir. Og telja menn einhverjar líkur til þess að Evrópusambandið vilji Ísland sem aðila? Ég segi náttúrlega: Ég vona ekki miðað við þær umræður sem hér hafa orðið og kannski — ég vil hins vegar segja það að mér þykir illt að þurfa að treysta á Evrópusambandið í því að við álpumst ekki þarna inn. En hvernig mundum við Íslendingar taka á okkur þessar skyldur? Ætli það sé ekki töluvert til í því sem skólameistari Menntaskólans á Akureyri sagði nýlega í fjölmiðlum að eina leiðin fyrir okkur Íslendinga til að taka á okkur þær skyldur sem fylgja t.d. formennsku í hinum ýmsu stofnunum Evrópusambandins væri að leita aftur á náðir Dana og gangast undir þeirra utanríkis-

þjónustu. Ég trúi því varla að nokkur aðili ætlist til þess. Ég trúi því ekki að nokkur aðili ætlist til þess.

Ég get ómögulega séð í hreinskilni sagt hvernig við Íslendingar ættum að taka að okkur þátttöku í þessu mikla bákni í Brussel. Ég get ekki séð það. Og ég vildi mjög gjarnan spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann hefur hugleitt þetta nánar. Getur hann t.d. sagt okkur hve margir starfa þar frá hinum ýmsu löndum í hinum fjölmörgu nefndum? Og getur hann sagt okkur hvernig við Íslendingar mundum axla þá miklu ábyrgð að taka á okkur formennsku í æðstu stofnunum Evrópusambandsins? Ég held að það yrði satt að segja ákaflega erfitt.

Ég nefndi áðan að Norðmenn hefðu fórnað því sem þeir telja minni hagsmuni fyrir meiri. Þeir hagsmunir sem forsrh. Noregs hefur einkum nefnt hefur verið þátttaka Norðmanna í mótun Evrópu, þ.e. þátttaka inni í þessari stofnun í Brussel og geta þar haft áhrif á það sem fram undan er. Og ég ætla út af fyrir sig ekki að gera lítið úr því. En vita menn hve mörg atkvæði Norðmenn fá í ráðherraráðinu? Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið fá þeir þrjú atkvæði af 90. Það er að vísu deilt um það núna hve mörg atkvæði þurfi til að beita neitunarvaldi, en jafnvel Norðurlöndin öll saman hafa hvergi nærri þann þunga sem þau þurfa til að stöðva almenn málefni í Evrópuráðinu. Danir hafa, ef ég veit rétt, fjögur atkvæði, Svíar eiga að fá fimm og Finnar hygg ég að eigi að fá þrjú, Lúxemborg er með tvö og hvað ætli við Íslendingar fengjum mörg? Ég trúi varla að við fengjum meira en eitt. Hver yrðu áhrif okkar Íslendinga t.d. í slíku samstarfi? Þau eru náttúrlega engin. Svo ég hygg að það sé á fleiri sviðum heldur en aðeins í þátttöku í þessu bákni þarna úti sem við Íslendingar yrðum að ganga á mála hjá Dönum eða einhverjum slíkum til að geta almennt látið okkur verða gildandi í þessu sambandi.

Að lokum vil ég aðeins segja fáein orð um það sem ég tel að við Íslendingar eigum að gera núna. Ég sagði áðan að við Íslendingar ættum vitanlega að skoða mjög vandlega þær miklu breytingar sem eru í heiminum í dag og við verðum að átta okkur vel á því hvar við stöndum best í þessum nýja heimi sem við búum í í dag. Ég hef út af fyrir sig ekkert á móti því að biðja háskólann um að kanna hvaða kostir og gallir fylgi aðild. Það er sjálfsagt að skoða slíka hluti vandlega. Ég hef að vísu ekki mikla trú á því að háskólinn geti í raun og veru leyst það verkefni, það eru það miklar breytingar á öllu fram undan. Og ekki veit ég hvort hann á að taka þar inn í bollaleggingar hæstv. utanrrh. um framtíðarsýn forseta Tékka í þessu sambandi. En ég held að það sé allra mikilvægast að gera okkur grein fyrir því hvernig eigum við að standa að þeim tvíhliða samningum sem fram undan eru samkvæmt ákvörðun Alþingis. Hvað viljum við í því sambandi? Hér eru menn að velta upp þeim möguleika að Evrópusambandið komi til okkar og segi: Við skulum taka þetta að okkur, við höfum allan mannskapinn til þess. Ekki trúi ég því að Íslendingar sætti sig við það að fela öðrum samningsaðilanum að taka að sér allt eftirlitið. Vitanlega eru þarna margar fleiri hugmyndir, margar fleiri leiðir eins og umboðsmenn á báðum stöðunum fyrir hvort ríki eins og ég sá einhvers staðar nefnt af einum manni sem um þetta fjallaði. En það mikilvægasta núna er, og hefði reyndar þurft að gerast áður en hæstv. forsrh. fer til Brussel hvort sem hann fer með eða án hæstv. utanrrh., að gera sér grein fyrir því ...(Gripið fram í.) Mér datt ekki í hug að fara til Brussel án hæstv. utanrrh. og ræddi þetta við hann áður og ræddi það meira að segja í ríkisstjórninni en þar eru aðrir starfshættir.

En sem sagt, ég tel mikilvægast að vinda nú bráðan bug að því að gera sér grein fyrir því hvernig við ætlum að standa að þessum tvíhliða samningi. Ég hef af því sáralitlar áhyggjur og ég tel að við Íslendingar höfum margsinnis leyst miklu, miklu erfiðari mál en þau hvernig við ætlum að standa að eftirliti. Fyrirtækin sjálf standa út af fyrir sig að eftirliti en það er aðallega að finna stað þar sem fyrirtækin geta leitað til ef þau telja að á þeim sé brotinn samningur. Það ætti að gera það á miklu aðgengilegri hátt en að fela Evrópusambandinu að annast slíkt eftirlit. Þetta á vitanlega að leggja hina stóru áherslu á í dag.

Ég vil einnig að lokum leggja mikla áherslu á það að til þess að við getum staðið okkur í þessari samkeppni sem þarna er vitanlega orðin með inngöngu þá verðum við Íslendingar að skoða miklu betur þann grundvöll sem við byggjum á sjálf í okkar landi og ég get alls ekki neitað því að ég hef hvað mestar áhyggjur af því hvað mér þykir það hafa verið látið reka á reiðanum. Ég tel að við Íslendingar verðum að leggja miklu meira fjármagn þó að við höfum það af skornum skammti til að treysta grundvöll nýsköpunar í okkar atvinnulífi, ráðast gegn atvinnuleysinu sem hér fer nú vaxandi þó að það hafi minnkað þennan mánuð, stuðla að því að fjárfesting í atvinnulífinu fari vaxandi. Fjárfesting í íslensku atvinnulífi í dag er orðin minni en afskriftir í íslensku atvinnulífi í dag. Og heildarfjárfestingin í landinu eins og komið hefur fram hjá Þjóðhagsstofnun er komin niður undir 15% sem er langt fyrir neðan öll hættumörk.

Ég tel að í þessum gerbreytta heimi sem ég er búinn að nefna svo oft sé það mikilvægasta verkefnið fyrir okkur Íslendinga nú að skoða sjálf hvar við stöndum, styrkja þær stoðir sem við þurfum að hafa því að þetta er óvæginn heimur og það verða engum veitt grið í þessum heimi. Það er enginn annars vinur í þessum heimi. Og fyrst og fremst verðum við að byggja á okkur sjálfum, hvort við stöndumst þessa samkeppni, hvort við getum staðist það að vera sumir segja einangraðir, ég blæs á það, við erum ekkert einangraðir, ég tel að við verðum meira einangraðir ef við flækjumst inn fyrir tollmúra ES, en engu að síður þurfum við að vera sterkir til þess að geta samið við Bandaríkjamenn, við Japani, við fjölmargar aðrar þjóðir sem hæstv. utanrrh. hefur reyndar verið að ýja að. Og ég veit ekki betur en bæði hann og hæstv. forsrh. ætli nú til Japans og Kína og ég veit ekki hvert og hvert, líklega vonandi til að opna dyrnar þar. En við gerum það ekki með því að láta draga okkur inn í ES.

Virðulegi forseti. Ég skal ekki hafa þessi orð fleiri.

Eins og ég sagði áðan er fjölmargt annað í skýrslunni sem ég hefði viljað minnast á en ég vil ljúka þessu með því að leggja ríka áherslu á það að menn snúi sér nú að því að framkvæma þá þingsályktun sem hér var samþykkt og menn verði ekkert með hangandi hendur í því og engan uppgjafartón. Það er algerlega óþarfi. Ég er sannfærður um að engin þjóð í Evrópu á sér betri framtíð en sú íslenska ef við tökum rétt á þeim miklu kostum og þeim manndómi sem hér er til.

[15:05]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í upphafi aðeins örfá orð um form þessara umræðna. Það er rétt hjá hæstv. utanrrh. að ráðuneytisstjórinn í utanrrn. sendi bréf í septembermánuði í fyrra til þingsins þar sem hann kynnti hugmyndir um nýtt form á umræðum um utanríkismál. Vandinn er hins vegar sá, hæstv. ráðherra, að sú ræða sem þingmönnum var afhent fyrir nokkrum dögum síðan liggur hvergi fyrir í skjölum þingsins. Hún mun ekki verða í þingtíðindum, hún er ekki lögð fram sem þingskjal. Hún er þess vegna engum ljós nema okkur hér 63 þingmönnum sem fengum hana í ljósriti svo að okkur sem hér tölum er sá vandi á höndum, eigum við að leggja út af þeim texta sem við fengum í hendur fyrir nokkrum dögum síðan eða þeim texta sem hæstv. ráðherra flutti hér og skiljanlega vegna tímatakmarkana gat ekki lesið allan hinn textann? Þetta er tæknilegt vandamál sem verður að leysa, virðulegi ráðherra, ef þessar umræður eiga að geta verið með eðlilegum hætti. Ég ætla hins vegar að kjósa að halda mér við þann texta sem ráðherrann dreifði í þinginu til þingmanna og vona þá að það verði séð til þess að þessi ræða komi fram sem þingskjal með einhverjum hætti svo að hún liggi fyrir á opinberum vettvangi. Í sjálfu sér er ég fylgjandi því að utanrrh. flytji Alþingi oftar skýrslur en gert hefur verið á undanförnum árum en það verður þá að vera í því formi að bæði þing og þjóð hafi þann texta sem lagt er út af.

Síðustu daga hafa ýmsir rætt þá atburði sem orðið hafa þegar EFTA-ríkin fjögur, Svíþjóð, Finnland, Austurríki og Noregur, hafa náð niðurstöðu í samningum við Evrópusambandið eins og þar væru að koma fram ný tíðindi, sérstakir atburðir sem kölluðu á nýjar ályktanir af hálfu Íslands. Þetta er grundvallarmisskilningur. Það er búið að vera ljóst í rúm tvö ár að Evrópusambandið og þorri EFTA-ríkjanna stefndu að því að leggja Evrópska efnahagssvæðið niður með því að þorri EFTA-ríkjanna gengi í Evrópusambandið. Þegar Alþb. mótaði afstöðu sína í júnímánuði 1992 til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þá var þar grundvallarþáttur í afstöðu okkar eins og segir í hinni sérstöku samþykkt sem þingflokkur og framkvæmdastjórn og miðstjórn Alþb. gerðu í júnímánuði 1992, að EES-samningurinn væri ekki lausn á framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins eins og segir orðrétt í þessari samþykkt. Þar sagði síðan, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er rétti tíminn nú að hefja samninga við EB um varanlegt form þeirra samskipta. Í raun eru valkostirnir um framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins aðeins tveir: Aðild að EB eða sjálfstæður viðskiptasamningur milli Íslands og EB. Alþb. hafnar fyrri kostninum, aðild Íslands að EB. Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur er því hin raunhæfa leið og eina úrlausnin sem dugað getur Íslandi í framtíðinni."

Þessi stefnumótun sem Alþb. lagði fram í júnímánuði 1992 hefur reynst mjög raunsæ. Hún felur í sér afdráttarlaust og rétt mat á því hver staðan var í samskiptum Íslands við Evrópusambandið. Það var síðan mjög ánægjulegt að tæpu ári síðar sameinuðust þingflokkar hér á Alþingi um að samþykkja ályktun sem fól það í sér að sú stefna Íslands var mörkuð að vegna viðræðna Austurríkis, Finnlands, Noregs og Svíþjóðar um aðild að Evrópubandalaginu ályktaði Alþingi að teknar skyldu upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þess og Íslands og fól ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður. Ég vil hér í dag þakka þeim mönnum sem í maí 1993 og í apríl 1993 höfðu forgöngu um það að þessi ályktun var gerð. Það var mjög mikilvægt vegna þess mikla ágreinings sem var meðal þings og þjóðar um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði að það náðist jafnafgerandi samstaða eins og kom í ljós á þessum degi í fyrra á Alþingi um framtíðarstefnumótun. Þar áttu hlut að máli bæði upphaflegir flutningsmenn tillögunnar, formaður og varaformaður Framsfl., en ekki síst formaður utanrmn. Björn Bjarnason sem hafði forgöngu um það í nefndinni að ná samkomulagi fulltrúa allra flokka um það orðalag sem var síðan á samþykktinni sem gerð var. Það er mjög dýrmætt fyrir okkar þjóð að ná jafnbreiðri samstöðu, afgerandi samstöðu um mikilvægt utanríkismál og það er þess vegna mikil ábyrgð hjá þeim ráðamönnum, bæði í ríkisstjórn og hér á þingi, sem síðustu daga hafa talað eins og þessi stefnumörkun væri nánast marklaus og alls ekki skýr. Í þeirri ræðu sem hæstv. utanrrh. leggur til grundvallar í þessum umræðum segir á bls. 13 minnir mig í því eintaki sem við þingmenn fengum:

„Óvíst er enn hvort og hvenær gefst aftur tækifæri til að leita aðildar og enn óvissara er hvort eða hvenær hugur þings og þjóðar stendur til þess."

Það er alveg ljóst, virðulegi utanrrh., að þessi setning í ræðunni er í algerri mótsögn við bæði sannleikann og afstöðu þingsins vegna þess að það er engin óvissa um hug þingsins. Hugur þingsins er alveg skýr. Hann kemur fram í ályktuninni 5. maí 1993.

Þeir menn sem segja að eitthvað nýtt hafi gerst síðustu daga eru að gefa það til kynna að þeir sem stóðu að þessari samþykkt hér á Alþingi, forsrh., utanrrh., ríkisstjórnin öll, formenn allra stjórnmálaflokka, formaður utanrmn., utanrmn. öll og allir þingmenn sem greiddu þessari samþykkt atkvæði hafi ekki vitað hvað þeir voru að gera, að öll þessi sveit hafi þurft einhverja sérstaka könnun frá Háskóla Íslands til að fá upplýsingar um það hvað fælist í aðild að Evrópusambandinu. Auðvitað ekki, hæstv. utanrrh. Það sem hér er að gerast er hins vegar það að utanrrh. er að endurtaka þá tilraun sem hann fór af stað með fyrir nokkrum

árum síðan í skýrslu til Alþingis að reyna að fá það fram að Ísland sækti um aðild að Evrópusambandinu, Evrópubandalaginu eins og það hét þá. Þá gerðist það hér í umræðum að hæstv. forsrh. kom og gaf yfirlýsingu um það að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar ætlaði ekki að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Við hinir, forráðamenn flokkanna hér á Alþingi, að utanrrh. frátöldum, fögnuðum þeirri yfirlýsingu og það myndaðist mjög breiður og skýr meiri hluti á Alþingi þar sem vilji þingsins var samdóma þessari yfirlýsingu. Þess vegna liggja staðreyndirnar alveg ljósar. Hvorki ríkisstjórnin né þingið hefur það á stefnuskrá sinni að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Hvort einhverjir lærimenn í Háskóla Íslands fá það verkefni að rekja upp úr gögnum sem legið hafa fyrir árum saman kosti og galla þess og sumir þessara lærimeistara nú þegar á undanförnum árum gefið út slík rit, læt ég liggja á milli hluta. Ég fullyrði, hæstv. utanrrh. að það mun ekkert koma fram í þessum úttektum starfsmanna Háskóla Íslands sem ekki er vitað nú þegar.

Þá eru eftir tvenn rök, rökin um einangrun og rökin um það að Noregur hafi náð svo miklum árangri. Hver eru þessi rök um einangrun? Ég hef ekki heyrt þau. En ég vil spyrja þá sem þau flytja: Er Sviss einangrað? Er Sviss einangrað í efnahagskerfi Evrópu? Er Sviss einangrað í viðskiptalífi Evrópu, fjármálaheimi Evrópu, bankaheimi Evrópu? Auðvitað er svarið nei. En Sviss er ekki einu sinni í EES, hvað þá heldur að Sviss sé í aðildarviðræðum við Evrópubandalagið. Það er nefnilega mjög merkilegt að huga að því, t.d. fyrir framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins sem talaði um þessa einangrun og fyrir hæstv. utanrrh. sem stundum hefur ýjað að hinu sama að svara spurningunni: Er Sviss einangrað? Og það væri dálítið fróðlegt fyrir hæstv. utanrrh. að rifja upp þær hrakspár sem hann var með á Alþingi fyrir tveimur árum síðan um hvað mundi gerast hjá Sviss þegar það hafði hafnað aðild að EES og bera þær hrakspár hans sjálfs saman við lýsingar viðskiptajöfra, sérfræðinga í efnahagsmálum og annarra kunnáttumanna um efnahagslíf í Sviss við það sem gerst hefur síðan. Staðreyndin er nefnilega sú að Sviss er eitt af fáum löndum í Evrópu þar sem hefur verið veruleg uppsveifla í efnahagslífi á undanförnum missirum, þar sem kauphöllin, markaðurinn sjálfur, virðulegi ráðherra, sem er að dómi margra hinn öruggasti mælikvarði á staðreyndir efnahagslífsins, hefur sýnt slíka uppsveiflu fyrir fyrirtæki í Sviss að kauphöllin í Sviss sker sig úr kauphöllum í Evrópu hvað varðar uppsveiflur fyrirtækja viðkomandi lands. Það er nefnilega mjög merkileg staðreynd að þrátt fyrir það að Sviss hafnaði EES, ég ætla ekki að segja vegna þess, hæstv. utanrrh., en þrátt fyrir það hefur efnahagslíf í Sviss staðið með miklum blóma og blómgast mun meir en annarra ríkja í Evrópu, þar með talið ríkja Evrópusambandsins og þeirra ríkja sem eru í EES. Þess vegna ættu þeir ágætu menn sem tala um þessa einangrun að nema staðar og skýra út fyrir okkur hinum tilfellið Sviss.

Hin röksemdin er um ávinning Noregs. Um það er í sjálfu sér ekki mikið að segja. Ég tek undir það sem fram kom hjá hv. þm. Steingrími Hermannssyni að ég sé ekki þann ávinning sem Noregur á að hafa fengið í sjávarútvegsmálum í þessum viðræðum. Mér sýnist þvert á móti það vera niðurstaða viðræðnanna að eftir nokkur ár verður Noregur að gangast undir sameiginlega auðlindastjórnun framkvæmdastjórnarinnar í Brussel innan norskrar fiskveiðilögsögu. Ég vil spyrja hæstv. utanrrh.: Er þetta ekki svona? Er það ekki alveg afdráttarlaust að eftir nokkur ár verður Noregur að ganga undir sameiginlega stjórn og það sem meira er, þegar á að semja um veiðar í Barentshafinu, þá eru það ekki Norðmenn sem semja við Rússa. Það verður framkvæmdastjórnin í Brussel sem semur við Rússa fyrir hönd Noregs. Og hæstv. utanrrh. og hæstv. sjútvrh. Þeim fer að fækka, ferðum sjútvrh. Íslands til Noregs til þess að ræða um sameiginlega hagsmuni Íslendinga og Norðmanna af sameiginlegum fiskstofnum. Sá maður sem verður sjútvrh. á Íslandi árið 1998 eða 1999 fer ekki til Óslóar til þeirra viðræðna, hann fer til Brussel. Ég sé það á höfuðhreyfingum hæstv. sjútvrh. að hann samþykkir þessa lýsingu, enda er hún rétt. Íslenskir ráðherrar vera að fara að búa sig undir það að eiga viðræður áður en aldamótin renna upp við kommisarana í Brussel um sameiginleg hagsmunamál Íslendinga og Norðmanna í sjávarútvegsmálum. Og það eitt út af fyrir sig að flugmiði íslenska sjútvrh. til viðræðna um þessi mál verður til Brussel eftir árið 1998 segir auðvitað kjarna málsins. Ég vil líka biðja hæstv. utanrrh. að tala ekki eins og hann er búinn að gera síðustu daga í fjölmiðlum, að Norðmenn telji að niðurstaðan sé góð. Hvaða Norðmenn, hæstv. ráðherra? Jú, einhverjir ráðherrar. (**Utanrrh.:** Norsk stjórnvöld.) Já, norsk stjórnvöld kallar hann hér fram í, en það er bara ekki það sem ráðherrann hefur sagt undanfarna daga. Ráðherrann hefur sagt: Norðmenn. Ríkið, það er ég, sagði einn góður maður hér fyrr á öldum. En auðvitað verður ráðherrann að gæta sín að Noregur er lýðræðisríki. Þar eru margir annarrar skoðunar og þjóðin á eftir að kveða upp sinn dóm. Þannig að ég bið ráðherrann að gæta orða sinna og fara rétt með.

Þess vegna er það sem betur fer þannig að þetta mál er tiltölulega einfalt. Það hefur ekkert gerst í þessu máli sem kallar á einhverjar dramatískar vendingar og ég vil taka undir þá fordæmingu sem kom fram hér áðan að sendiherra Íslands hjá EFTA, Kjartan Jóhannsson, skuli vera að gefa út pólitískar þrýstiyfirlýsingar um það að nú hafi Íslendingar nokkra daga til þess að hugsa um hvaða stefnu þeir ætla að móta þegar það liggur alveg ljóst fyrir hver stefnan er. Málið er alveg skýrt. Það sem íslenskri ríkisstjórn ber að gera og hefði reyndar átt að vera búin að gera samkvæmt tillögum okkar alþýðubandalagsmanna og samþykkt Alþingis er að hefja viðræður við Evrópusambandið um eðli þess tvíhliða samnings.

Svo vissir vorum við alþýðubandalagsmenn um það að greining okkar væri rétt árið 1992 að ég fékk nokkra sérfræðinga til þess að setja saman sýnishorn af tvíhliða samningi Íslands og Evrópusambandsins og hæstv. utanrrh. lét sér sæma að gera grín að þeirri vinnu. Það væri kannski rétt að ég afhenti honum ein-

takið aftur, ef hann er búinn að týna því sem hann fékk fyrir tveimur árum síðan, vegna þess að hér liggur fyrir sýnishorn af því hvernig slíkur tvíhliða samningur gæti litið út, þar sem tekið er á öllum þeim helstu vandamálum sem upp kunna að koma í þessum samskiptum og vikið er að því að fela eftirlitið, sem nokkuð hefur komið til umræðu, þeim aðila að sett verði á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samninganna, en pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum. Hér eru lagðar til þrjár aðferðir um að leysa það sem nú er komið fyrir í flóknu stofnanavirki EES-svæðisins. Það er í fyrsta lagi samstarfsnefnd um eftirlit, í öðru lagi gerðardómur þegar deilumál um framkvæmd samningsins verða ekki útkljáð og í þriðja lagi að pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraviðræðum.

Þess vegna er dálítið merkilegt að það skuli hafa verið á vettvangi Alþb. og samkvæmt beiðni formanns þess flokks fyrir tveimur árum síðan sem unnin var sú vinna sem ríkisstjórnin hefði auðvitað átt að vera búin að vinna og er núna mjög brýn. Þegar forsrh. fer innan tíðar til viðræðna í Brussel, þá verður hann auðvitað spurður að því: Hvernig hyggist þið hafa þennan tvíhliða samning, í hvaða búningi á hann að vera? Hver eru helstu atriðin þar og hvernig á að leysa þau? Og ég ítreka bara að hér er þetta sýnishorn sem sérfræðingar unnu að minni beiðni fyrir tveimur árum síðan og ríkisstjórninni er velkomið að nota í þeim undirbúningi sem þar þarf að fara fram fyrir heimsókn forsrh.

Hitt er svo annað mál að ríkisstjórn sem er orðin þannig á sig komin að forsrh. ætlar að halda til einhverra mikilvægustu viðræðna sem munu fara fram á þessu ári um hagsmuni Íslands hirðir ekki um að láta utanrrh. vita að hann hafi ákveðið slíka för og sé hafinn undirbúningur að henni og sá undirbúningur sé í höndum minna manna, eins og mig minnir að hæstv. forsrh. hafi orðað það. Er það virkilega þannig að utanrrn. komi ekki formlega að því að undirbúa þessar viðræður við Evrópusambandið? Er það virkilega þannig að þessi búvörudeila sé bara myndbirting á öllum öðrum samskiptum innan þessarar ríkisstjórnar? Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að mér finnst alvara utanríkismála þessarar þjóðar vera miklu meiri en svo að skapsmunir, persónuleg óvild og pólitískur ágreiningur innan ríkisstjórnarinnar megi birtast í þeim vinnubrögðum sem við urðum vitni að í þingsalnum í gær. Það verður auðvitað að vera ákveðin samfella í samskiptum Íslands við Evrópusambandið hver svo sem stjórnar, hver svo sem er forsrh. og hver svo sem er utanrrh. og hvað illa sem forsrh. kann að vera við utanrrh. í það og það sinnið. Viðræður Íslands við Evrópusambandið eru ekki vettvangur til þess að menn skeyti skapi sínu á samstarfsmönnum sínum í ríkisstjórn.

Virðulegi forseti. Ég hef hér nokkuð vikið að því máli sem er einna brýnast. Ég endurtek það sem ég sagði áðan. Málið er alveg skýrt, afstaða Alþingis er skýr og utanrrh. ber að fylgja fram samþykkt Alþingis. Ég vil í fullri vinsemd benda hæstv. utanrrh. á það að utanrrh. sem farinn er að fylgja allt annarri stefnu en yfirgnæfandi meiri hluti Alþingis þarf auðvitað að hugsa sinn gang. Og ég tel að yfirlýsingar hæstv. ráðherra síðustu daga séu í mótsögn við yfirlýstan vilja Alþingis. Vilji ráðherrann láta þau sjónarmið sem koma fram í þessum texta hér og yfirlýsingum hans síðustu daga vera ráðandi í framgöngu utanrrh., þá ber honum að fá stefnu Alþingis breytt. Það hefur ekki gerst og mér sýnist á yfirlýsingum forsrh., yfirlýsingum formanns Framsfl. og ég þekki afstöðu míns eigin flokks, að það sé enginn meiri hluti hér á Alþingi fyrir að breyta samþykktinni frá í maí 1993. Og ef það er enginn meiri hluti hér á Alþingi fyrir að breyta þeirri samþykkt, þá verður utanrrh. auðvitað að fylgja henni eftir.

Það hefði einnig, virðulegi forseti, verið ákjósanlegt að svigrúm þessarar umræðu væri á þann veg að hægt væri að taka ýmislegt fleira til umfjöllunar. Ég hefði t.d. kosið að gera hér nokkuð að umtalsefni þau sjónarmið sem fram komu þegar gerður var samningur milli Íslands og Bandaríkjanna til tveggja ára um umsvif Bandaríkjanna á Íslandi. Ég tel að bæði í yfirlýsingum forsrh. og yfirlýsingum utanrrh. þegar sá samningur var gerður komi fram ný kenning, sem mér vitanlega hefur aldrei heyrst, til réttlætingar dvöl bandaríska hersins á Íslandi. Kenningin var sú að vegna þess að ekki sé vitað um neina þjóð sem ekki hafi loftvarnir, þá verði Íslendingar einnig að hafa loftvarnir. Með öðrum orðum, réttlætingin fyrir varnarsamningnum við Bandaríkin er orðin þörfin, hin almenna þörf, fyrir loftvarnir. Ekki vegna þess að vitað sé um einhvern sérstakan óvin, áður Sovétríkin, nú einhvern annan, heldur bara almennt séð, vegna þess að það kunni kannski einhvern tíma einhver að koma fljúgandi eftir brautum himinhvolfanna og gera árás þó enginn geti nafngreint hver það kunni að vera. Þessi kenning eins og hún var sett fram af hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. hefur það eingöngu í för með sér að hér eigi að vera her um alla framtíð. Ég get ekki rökrétt séð neina aðra niðurstöðu. Það er í mótsögn við yfirlýsingar Bjarna Benediktssonar, Eysteins Jónssonar og Emils Jónssonar þegar varnarsamningurinn var gerður og Íslendingar tóku upp aðild að Atlantshafsbandalaginu og það er að mínum dómi í mótsögn við yfirlýsingar nánast allra íslenskra utanrrh. þar til nú.

Enn fremur var því fagnað alveg sérstaklega af hálfu utanrrh. og einnig forsrh. að í þessum samningstexta kemur fram það orðalag að allar breytingar á umsvifum Bandaríkjanna hér á Íslandi þurfi að byggjast á sameiginlegu mati samningsaðilanna. Þetta er líka ný kenning. Kenningin undanfarna áratugi hefur verið sú að Íslendingar ættu einhliða rétt á því að segja varnarsamningnum upp. Nú virðist núv. ríkisstjórn hafa hafnað þeirri kenningu og vera farin að setja fram þá kenningu að Íslendingar geti því aðeins sagt varnarsamningnum upp að um sé að ræða sameiginlega niðurstöðu í viðræðunum við Bandaríkin. Þess vegna er það þannig því miður að málflutningur forsrh. og utanrrh. í tengslum við þessa samningsgerð fól í sér, hvað sem líður ágreiningi manna hér um langan tíma bæði um herinn og NATO, nýjar kenningar af hálfu ís-

lenskra stjórnvalda um eðli þessa samstarfs. Kenningar sem ég tel satt að segja mun hættulegri og hæpnari heldur en þær kenningar sem ýmsir fyrirrennarar þeirra voru með.

Ég hefði reyndar líka kosið að geta varið hér nokkrum tíma til að lýsa því að ég tel að Íslendingar hefðu átt að segja við Bandaríkin: Það er ljóst að þið viljið draga hér verulega saman í ykkar umsvifum. Þess vegna skulum við nú þegar breyta mörkum varnarsvæðanna. Íslendingar tækju strax yfir ýmsar byggingar sem væru á þessu svæði, bæði skála og íbúðarhús, breyttu þeim í alþjóðlegt athafnasvæði og viðskiptasvæði og byðu fyrirtækjum innan lands og erlendis þátttöku í því. Það er fullkomlega óeðlilegt þegar Bandaríkin vilja greinilega draga saman, eins og fram kemur á þeim gögnum sem lögð hafa verið fram í þessu máli, að Íslendingar taki þá ekki upp viðræður um það að minnka varnarsvæðin allverulega.

Ég vil einnig vekja athygli á því að á fyrstu síðu ræðu utanrrh. sem okkur þingmönnum var afhent, þá er ítrekað hvað eftir annað að ein af ástæðunum fyrir því að nú þurfi að meta að nýju afstöðuna til aðildar að Evrópusambandinu séu áhrifin á varnarmál og áhrifin á öryggismál. Þetta er ekkert rökstutt í ræðunni. En þetta er auðvitað mjög mikilvæg yfirlýsing ef það er einhver meining á bak við það hjá hæstv. ráðherra að aðildarviðræðurnar séu nauðsynlegar að hans dómi, a.m.k. könnunin, vegna einhverra nýrra þátta í öryggis- og varnarmálum.

Virðulegi forseti. Ég hefði einnig kosið að ræða hér nokkuð ítarlega þá þróun á sviði alþjóðlegra öryggismála sem hefur einkennt störf Sameinuðu þjóðanna á undanförnum missirum, einkennt sameiginlega ákvarðanatöku Sameinuðu þjóðanna og ýmissa annarra stofnana varðandi málefni fyrrum ríkja Júgóslavíu. Það er því miður ekki tími til þess að ræða það hér og nú, þó ég telji að það sé mjög brýnt, satt að segja eitt af brýnustu verkefnum utanrrh., að stofna til umfjöllunar hér á Íslandi bæði meðal þingmanna og þjóðarinnar um þau nýju sjónarmið sem þar hafa verið að koma fram.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég varpa fram eftirfarandi spurningu: Er hægt að draga þann lærdóm af þróun mála í Evrópu á síðustu missirum að Evrópusambandið sé öflugur og traustur forustuaðili í málefnum álfunnar? Mér sýnist þvert á móti að þegar litið er á atburði í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu, þegar litið er á samninga við Rússland, þegar litið er á forustu í efnahagsþróun í veröldinni, hafi Evrópusambandið í öllum þessum efnum fallið á forustuprófi. Þvert á móti hafi Bandaríkin í öllum þessum atriðum reynst hafa meiri forustu í málefnum Evrórpu heldur en Evrópusambandið sjálft. Þess vegna er að mínum dómi ekki hægt að færa nein pólitísk rök fyrir því, eins og hæstv. utanrrh. er að reyna að gera hér í sinni ræðu, að það sé að myndast í Evrópu eitthvert nýtt, öflugt, traust og varanlegt forustuafl sem hættulegt sé fyrir Íslendinga að einangrast frá.

Útbýting þingskjala:

Flutningsráð ríkisstofnana, 501. mál, frv. EMS, þskj. 769.

Rekstur minni sjúkrahúsa í dreifbýli, 497. mál, þáltill. GB o.fl., þskj. 764.

[15:36]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi biðja hæstv. forseta að sjá til þess að hæstv. utanrrh. verði hér á meðan ég flyt mál mitt þar sem ég hef bæði spurningu fram að færa til hans og einnig mun ég að sjálfsögðu beina máli mínu til hans. Þannig að ég bið um að þurfa ekki að hefja mál mitt fyrr en hann er kominn í salinn.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess, en vildi benda á að hæstv. ráðherra hefur setið hér alllengi og ætla verður að hann hljóti að mega víkja sér frá. Það er ljóst að hann er húsinu og kemur hér áreiðanlega innan tíðar.)

Að sjálfsögðu virði ég það, hæstv. forseti, en það er dálítið bagalegt þar sem ég sá að hann hvarf hér frá í þann mund sem ég ætlaði að hefja mitt mál, en ég ætlaði að byrja á því að ræða við hann og ég hafði hugsað mér að halda mig nokkurn veginn við það skipulag á minni ræðu sem ég hef hér og ég treysti því að hann verði hér innan stundar.

Virðulegi forseti. Í upphafi fundar varð umræða um það hvort ræða ætti þá ræðu sem hæstv. utanrrh. lét dreifa sl. mánudag eða skriflega skýrslu frá því fyrir jól. Nú er komið í ljós að hvorugt plaggið er til umræðu, a.m.k. ef haldið er strangt við texta þar sem athugasemdir hæstv. ráðherra um kosti samnings Norðmanna við Evrópusambandið er að finna í hvorugu plagginu. Þetta vil ég gjarnan að komi fram í upphafi máls míns.

Þar sem ég sé að hæstv. utanrrh. er kominn, þá vil ég hefja ræðu mína. Utanríkisstefna Íslands hefur snúist að miklu leyti um Evrópumálin í þröngum skilningi undafarin ár. Svo er enn og hafa yfirlýsing hæstv. utanrrh. á fundum og í fjölmiðlum gefið fullt tilefni til. Vissulega eru viðskipti okkar við ríki Vestur-Evrópu mikilvæg, en við megum ekki falla í þá gryfju að horfa á heiminn nærsýnum augum og sjá ekki það sem er fyrir vestan okkur eða sunnan eða handan Miðjarðarhafsins og austan Finnlands, Þýskalands og Ítalíu. Við þurfum að taka til athugunar alvarlega þá grundvallarspurningu hvernig við lítum á heiminn og samskipti þjóða. Ætlum við að skipa okkur í hóp þeirra sem líta á heiminn sem viðskiptasvæði einvörðungu, þar sem lögmál markaðarins eru æðri öllum? Ætlum við að skipa okkur í hóp þeirra þjóða sem líta á heiminn sem valda- og þar með hernaðarsvæði, þar sem mestu máli skiptir að tilheyra valdamestu blokkinni eða ætlum við að skipa okkur í hóp þeirra sem líta á heiminn sem heimkynni ólíks fólks og ólíkra þjóða, sem eiga fjölskrúðuga menningu en þá sameiginlegu hagsmuni að varðveita gæði jarðarinnar og búa öllum þegnum heimsins sómasamleg lífskjör, aðgang að nauðþurftum, frið og mannréttindi? Mín skoðun er sú að við eigum að skipa okkur á bekk með síðasttalda hópnum en

ekki að keppast við að komast í þann sem ég nefndi fyrst, sem lítur á heiminn sem viðskiptasvæði þar sem hagsmunir stórra fjármagnseigenda og sterkra fyrirtækja ráða ferðinni.

Það gerist ekki af sjálfu sér með frjálsræði í viðskiptum að hagur allra sé tryggður, frelsi, mannréttindi, hagsæld, góð lífskjör, lágt vöruverð eða umhverfisvernd. Þetta mætti hins vegar stundum ætla á málflutningi þeirra sem eru haldnir Evrópuglýjunni hvað harðast. Þeir sem líta á heiminn sem viðskiptasvæði eingöngu miða fyrst og fremst að aukinni neyslu og það er ósköp eðlilegt miðað við þær forsendur sem þar eru gefnar. Aukin neysla hlýtur á hinn bóginn að ganga nærri gæðum jarðar og varla þyrfti að sjóða saman allar þær tilskipanir sem frá Evrópusambandinu streyma um lögmæta viðskiptahætti, atvinnuréttindi, vöruverndun, hámark eiturefna í matvælum, félagsleg réttindi, umhverfismál og eftirlit með öllu eftirlitinu ef markaðurinn leysti þetta allt af sjálfu sér.

Það er mikil einföldun og blekking að halda því fram að lögmál markaðarins tryggi hag fólks. Þar sem hagsmunir markaðarins ráða ferðinni er það fyrst og fremst hagur stórfyrirtækja sem vænkast svo mjög að grípa verður í taumana og senda út nýjar tilskipanir um hve stórir og sterkir þeir sterkustu mega verða. Hagur stórfyrirtækja byggist m.a. á því að keyra niður verð á aðföngum og hráefnum í krafti stærðar. Þannig ráða t.d. tíu stærstu verslanakeðjur Frakklands lögum og lofum í viðskiptum á neysluvörum þar og eru með nær alla markaðshlutdeildina. Þetta þrýstir á fyrirtæki í framleiðslu og þjónustu að keyra niður launakostnað og fækka starfsfólki. Hvort tveggja merkir rýrari lífskjör, laun geta jafnvel lækkað í kjölfar slíks þrýstings og atvinnuleysi eykst. Hins vegar hefur minni tilkostnaður fyrirtækja ekki skilað sér sem skyldi í lækkuðu vöruverði og það út af fyrir sig er mjög athyglisvert. — Bið ég nú hæstv. forseta að hjálpa mér í því að haldast á hæstv. utanrrh. Ekki trúi ég því að hann fari langt. Hann er orðinn eitthvað órólegur og vona ég að það sé vegna þess að ríkisstjórnin sé orðin eitthvað tæp, en ég óttast að það sé bara almennur órói. Ég treysti því að forseti liðsinni mér í þessum efnum.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti hefur þegar kallað til aðstoð.)

Atvinnuleysi er geigvænlegt í ríkjum Evrópubandalagsins og fátt bendir til að það standi til bóta. Ég var að fletta nýjasta hefti The Economist og það blasir við hér. Atvinnuleysi í Belgíu er 12,3%, í Bretlandi um 10%, 11% í Danmörku og svipað í Frakklandi, í Þýskalandi 7,5%, í Hollandi um 6% og á Ítalíu yfir 10%, en Spánn sker sig úr með tæplega 20% atvinnuleysi. Það eru því ekki bara Írland eða Spánn sem eru með háar atvinnuleysistölur innan Evrópusambandsins, þetta ástand er nánast alveg yfir línuna og það er mjög alvarlegt. Sviss er á hinn bóginn með 4,1% atvinnuleysi, þrátt fyrir allar hrakspárnar og þrátt fyrir þá staðreynd að þar er ótrúlega stór hluti vinnuafls erlendis frá án þess að það hafi þurft þetta flókna batterí Evrópusambandsins.

Atvinnuleysi er dýrt, það er mannskemmandi og spurningin er hvort tilkostnaðurinn við hagræðinguna og viðskiptafrelsið er ekki orðið æðimikill og skili litlu. Og þá er enn ósvarað mörgum spurningum um það hvaða áhrif söun á hráefni og aukin neysla hefur á lífskjör almennt þegar til lengri tíma er litið. Þrátt fyrir þessar staðreyndir reka ýmsir menn úr atvinnulífinu og óábyrgir stjórnmálamenn nú upp ramakvein og segja að við séum að missa af Evrópuhraðlestinni og tækifærið komi ekki aftur í bráð. Þessi viðbrögð eru undarleg ekki aðeins í ljósi þess að löngu var vitað að stjórnir annarra Norðurlanda stefndu að samningum nánast hvað sem það kostaði. Það má segja, alla vega um frændur okkar Norðmenn, að þeir hafi einmitt náð þessum samningum hvað sem þeir kostuðu og þeir eru dýru verði keyptir. Framsal á forræði yfir miðunum er alvarlegast, í hvaða dularbúning sem það er klætt. Þeir gefa líka eftir gríðarlegar veiðiheimildir og sjálfsákvörðunarrétt í mikilvægum málum. Allt þetta var fyrirsjáanlegt því það var aldrei boðið upp á annað en nauðungarsamninga. Það skýtur hins vegar skökku við að menn rjúka nú upp til handa og fóta hér á Íslandi og láta eins og eitthvað nýtt hafi gerst. Það er líka undarlegt að heyra það fullyrt að Norðurlandaþjóðirnar séu gengnar inn í Evrópusambandið. Hafa menn ekki áttað sig á því að enn á eftir að láta fara fram þjóðaratkvæðagreiðslur um málið í þessum löndum?

Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann taki undir þau ummæli sem höfð eru eftir og sem komu beint fram hjá sendiherra Íslands, Kjartani Jóhannssyni, í fréttaþætti nýverið, á Rás 1 þann 12. mars sl., en þá er haft eftir honum að hann telji nauðsynlegt að reikna með því fastlega eins og staðan er nú að Norðurlönd að Íslandi undanskildu gangi í Evrópusambandið. Annað væri ábyrgðarleysi þótt þjóðaratkvæðagreiðslur hafi ekki farið fram í löndunum enn þá. Fréttakonan segir í þessum þætti: „Hver hefur sagt að það sé of seint að sækja um aðild að Evrópusambandinu? segir hann [Kjartan Jóhannsson]. Og hvað vita Íslendingar um áhuga sambandsins á samningum nema það sé spurt? Og Kjartan lýsir eftir ákveðinni stefnu í Evrópumálunum fyrr en síðar."

Síðan segir sendiherrann, Kjartan Jóhannsson, í þessum þætti: „Menn hugsi vandlega sitt ráð í fáeina daga og taki síðan ákveðna stefnu." Er ekki miðað við þetta, hæstv. utanrrh., að falla á tíma? Eru ekki liðnir heilir fimm dagar síðan? Mig langar að spyrja hæstv. utanrrh. hvort hann sé sama sinnis og sendiherrann. (**Utanrrh.:** Nei.) Ég hef fengið svar. Ég bað um skýr svör og ég fékk skýrt svar. Það var nei. Ég vek sérstaka athygli á því að það er þó alla vega gott að fá að heyra þetta.

Þessa dagana heyrist oft sú setning að við séum að missa af Evrópuhraðlestinni. Mér finnst þetta myndmál að mörgu leyti mjög athyglisvert vegna þess að menn hafa væntanlega gleymt því hér í ákefðinni yfir öllu sem evrópskt er að hér á landi eru engar lestir, hvorki hraðlestir né aðrar lestir, því hér er myndmálið að vísa til þeirra lesta sem ganga eftir teinum en ekki þeirra gömlu lesta þar sem hestar gengu einn á eftir öðrum. Það er táknrænt að menn skuli sækja svo

fast í það sem ekki fæst hér á landi, að horfa á það með þeirri glýju í augum að myndmálið er jafnvel farið að bera þess mjög merki. Það er einnig táknrænt að menn skuli vilja fara inn í það ósveigjanlega kerfi sem Evrópusambandið er þar sem allir fara eftir sömu teinunum hvort sem þeir eiga erindi þar um eður ei.

Alþingi samþykkti fyrir ári síðan í mikilli eindrægni að stefna að tvíhliða samningum við Evrópusambandið út frá hagsmunum okkar og án stofnanaþátta EES. Undirbúningur slíkra viðræðna ætti að vera löngu hafinn þar sem ljóst var hvert gæti stefnt. Ég skora á hæstv. utanrrh. að kynna sér samþykktir Alþingis og stefnu ríkisstjórnarinnar og framfylgja henni og hætta öllu daðri við Evrópusambandsaðild.

Evrópumálin hafa tekið meiri tíma að þessu sinni en ég hefði óskað. En hjá því varð ekki komist að bregðast við þar sem þrýstingur frá tiltölulega fámennum hópi að mínu mati er kominn upp. Hann kemur úr óvæntustu áttum og menn eru að reyna að telja þjóðinni trú um að hér stefni allt til glötunar ef við hoppum ekki upp á lest á fullri ferð, lest sem við vitum ekki einu sinni hvert er að fara.

Ég sagði í upphafi máls míns að ég teldi að við ættum að skipa okkur í hóp þeirra þjóða sem líta á heiminn sem heimkynni ólíks fólks og ólíkra þjóða, sem eiga fjölskrúðuga menningu en þá sameiginlegu hagsmuni að varðveita gæði jarðarinnar og búa öllum þegnum heimsins sómasamleg lífskjör, aðgang að nauðþurftum, frið og mannréttindi. Við höfum fjölmörg tækifæri til að marka okkur slíka stefnu á alþjóðavettvangi. Afstaða okkar í málum eins og þróunaraðstoð, hafréttarmálum, umhverfismálum, friðarmálum og mannréttindamálum, svo og í alþjóðaviðskiptum, ræður því hvar í flokki við skipum okkur. Allar þjóðir, smáar sem stórar, hafa skyldum að gegna við þessa málaflokka á alþjóðavettvangi. Við getum best rækt þá skyldu okkar með því að afla okkur þekkingar og skilnings á þessum málaflokkum og marka á þeim grunni ákveðna og réttsýna stefnu. Þar tel ég að við eigum mikið verk óunnið. Það er ekki nóg að vera hlynntur þróunaraðstoð og leggja einhverja summu til hennar. Við verðum að vinna eftir áætlunum og marka okkur ákveðna stefnu í því skyni. Vissulega hafa stofnanir svo sem Þróunarsamvinnustofnun og frjáls samtök á borð við UNIFEM, Hjálparstofnun kirkjunnar og Rauða krossinn, unnið gott og skipulegt starf. En í skýrslu Þróunarsamvinnustofnunar fyrir árið 1994 kemur þó fram að það sé erfitt að skipuleggja þróunarverkefni vegna sveiflukennds fjárhags og mismunandi krafna sem gerðar eru. Einnig kemur þar fram að á þessu ári er greiðsluvandi fyrirsjáanlegur vegna verkefna stofnunarinnar.

Ég hef áður lýst þeirri skoðun minni að við ættum að beina þróunaraðstoð í auknum mæli um hendur kvenna. Það hefur reynst vera sú þróunaraðstoð sem mestu hefur skilað. Það hefur m.a. komið fram í ársskýrslu Alþjóðabankans að fé veitt um hendur kvenna til þróunar og uppbyggingar hefur nýst einkar vel. Ég ítreka enn nauðsyn þess að skipulega verði staðið að þróunaraðstoð og þessi staðreynd m.a. tekin til athugunar. Ástæður þess að þróunaraðstoð nýtist vel í höndum kvenna eru einkum þrjár: Konur gegna lykilhlutverki í fæðuöflun í mörgum þróunarlöndum. Fræðsla og aðstoð veitt konum hefur reynst skila sér vel til barnanna, þ.e. til næstu kynslóðar. Í þriðja lagi hafa konur reynst nýta fé og tæki einkar vel og það gildir raunar ekki eingöngu í þróunarlöndunum heldur víðast hvar, enda er það reynsla Lánatryggingarsjóðs kvenna, alþjóðlegs nets sem styður útlán kvenna í samvinnu við banka, að þarna hafi verið meiri skil en nokkur önnur lánastofnun getur sýnt fram á.

Ástandið í lýðveldum fyrrum Júgóslavíu hefur verið ofarlega á baugi undanfarin ár, eins og tvö árin þar á undan. Einkum hefur það verið ástandið í Bosníu-Hersegovínu sem hefur hrært við samvisku heimsins nóg til þess að þar hefur nú loks náðst einhvers konar friður, að vísu eftir leiðum sem ég tel að hafi verið óþarflega áhættusamar. Þeirri spurningu er sem betur fer ósvarað hvernig hefði farið ef loftárásir hefðu orðið á Sarajevó. Eftir sem áður er ljóst að þörf er mikils mannafla í friðargæslu og uppbyggingu í Sarajevó, fjölda sem hefði þurft að koma þangað miklu fyrr og hefur verið margítrekað af starfsmönnum bæði pólitískum og einnig starfsmönnum alþjóðastofnana, svo sem hjálparstofnana. Samkvæmt fréttum í morgun þá hillir undir að 4.500 af þeim 10.000 mönnum sem sóst var eftir að fá til Sarajevó muni fara þangað og m.a. hafa það hlutverk að tryggja áframhaldandi þróun í átt til friðar á þessu stríðshrjáða svæði.

Það má hins vegar ekki gleyma öðrum svæðum ríkja fyrrum Júgóslavíu. Í Bosníu eru enn töluverðar viðsjár m.a. á Bihac-svæðinu. Við Banja Luka er síður en svo orðin kyrrð. Önnur viðkvæm svæði eru í norðri, bæði Vojvodina þar sem mikill stórungverskur minni hluti hafði áður sjálfstjórn en er nú hluti Serbíu. Hættulegasta ástandið er þó væntanlega þar sem albanski minni hlutinn hefur aðsetur, einnig í fyrrum sjálfstjórnarsvæði Kosovó, en þar gætu orðið mjög alvarleg átök og ég held að þjóðir heims verði að hafa andvara á sér að þarna sé ekki annar suðupottur á Balkanskaganum sem menn eru ekki reiðubúnir til að horfast í augu við að sé þar. Einnig er Makedónía ákveðið áhættusvæði sem full ástæða er til að gefa gaum.

Mér finnst fyrst og fremst rétt að ítreka þetta vegna mannréttinda og þeirra atriða sem varða aðstoð við þær þjóðir sem búa þarna og lúta að friðargæslu ef til átaka kemur, mannréttindum og hreinni neyðaraðstoð.

Hæstv. utanrrh. ræddi hér nokkuð um mannréttindi og ég treysti því að hann sé í hópi þeirra sem sætta sig ekki við glæpi á borð við þjóðarmorð og þær hryllilegu pyndingar sem m.a. voru nauðganir á konum og börnum. Einnig og ekki síður finnst mér mjög sérkennilegt hve átökin í ríkjum fyrrum Júgóslavíu virtust koma Vesturlöndum í opna skjöldu og hversu lengi var reynt að loka augunum fyrir því sem þarna var að gerast. Vísbendingarnar voru til um það í hvað stefndi og það má ekki gerast að slíkir hildarleikir komi mönnum á óvörum. Bandaríski blaðamaðurinn Roy Gutman sem vann til Pulitzer-verðlaunanna á sl. ári spyr þjóð-

ir heimsins í bók sinni A Witness To Genocide, eða Vitni að þjóðarmorði, hvernig það megi vera að hann, blaðamaður, hafi gefið ríkisstjórnum upplýsingar um hryðjuverk í Bosníu og annars staðar í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu, hvers vegna alþjóðlegt öryggisnet sé ekki meira. Hver svaf á verðinum? Við erum að horfast í augu við að það eru átök og jafnvel blóðug stríð háð sem heimurinn virðist meira og minna reiðubúinn að gleyma. Við erum líka að horfa upp á það að allar vísbendingar ættu að geta sagt okkur að það þurfi að hafa gát á, það þurfi jafnvel að koma til neyðaraðstoð og það þurfi jafnvel að styðja við bakið á fólki innan þeirra ríkja sem sérstaklega hefur unnið að mannréttindum. Á þann hátt á að vinna að alþjóðamálum að mínu mati.

Miklar vangaveltur hafa verið hér á landi sem annars staðar um framtíð hernaðarbandalaga. Varsjárbandalagið er úr sögunni. NATO leitar með logandi ljósi að hlutverki og ekki er ljóst hvert hlutverk Samstarfs um frið á að vera, né heldur Vestur-Evrópusambandsins sem er hernaðarbandalag Evrópuríkja. Þetta er lítt þekkt stærð enn sem komið er og ég held að ég segi sem betur fer. Hlutverk RÖSE er orðið fastmótaðra en fyrr og það gæti ef vel tækist til orðið valkostur í öryggis- og friðarmálum á móti hernaðarbandalögum.

Friðsamleg alþjóðleg samvinna held ég að sé alltaf af hinu góða, en ég set mikið spurningarmerki við þau hernaðarbandalög sem til hafa verið, um árangur þeirra, tilgang og hvort þau hafa ekki frekar verið til þess að halda við ógnarástandi heldur en friði.

Með breyttri skipan heimsmála yrði það dapurleg niðurstaða ef hernaðarbandalög reyndu að viðhalda sjálfum sér og þar með þörfinni fyrir sig. Enn dapurlegra yrði það ef stjórnvöld einstakra landa stæðu í vegi fyrir þeim niðurskurði sem hernaðarríki og hernaðarbandalög vilja þó að verði. Þetta segi ég vegna þeirrar stöðu sem kom upp hér síðsumars, í haust og vegur, vegna samdráttar á umsvifum Bandaríkjahers í Keflavík. Einn angi þess máls er raunar framtíð þyrlusveitar varnarliðsins og hugsanleg yfirtaka Íslendinga á einhverjum hluta þeirrar starfsemi. Svo gæti farið að sú umræða mundi tefja enn frekar en orðið er kaup á nýrri björgunarþyrlu fyrir Íslendinga og það teldi ég mjög alvarlegt mál.

Ég tel að íslensk stjórnvöld eigi í verki að vinna að því að draga saman eftir fremsta megin öll umsvif hernaðarbandalaga bæði á Íslandi og eftir því sem hægt er með afstöðu sinni á alþjóðavettvangi. Það sem þau geta gert innan lands er að byggja upp ný atvinnutækifæri í stað þeirra sem hverfa í tengslum við herstöðvar á Íslandi. Ísland á samleið með friðelskandi lýðræðisríkjum og á að sinna því hlutverki utan hernaðarbandalaga að mínu mati.

Kvennalistinn fagnaði því þegar það lá ljóst fyrir að ástæður þættu fyrir samdrætti á hernaðarsviðinu hér á landi sem annars staðar og hvatti jafnframt til þess að ábyrg afstaða yrði tekin til atvinnumála í nágrenni Keflavíkurflugvallar. Það er svo sem engin ný bóla. Má þar bæði minna á þáltill. okkar kvennalistakvenna og einnig fyrirspurn sem ég bar fram vorið 1991 til þáv. forsrh. um það hvað stjórnvöld hygðust gera í kjölfar þess niðurskurðar sem þá þegar var fyrirsjáanlegur. Því miður hefur umræðan fyrst og fremst snúist um það af Íslands hálfu að tryggja að ekki yrði um eins mikinn niðurskurð umsvifa á Keflavíkurflugvelli að ræða og Bandaríkjamenn hugsuðu sér. Þar er borið við varnarhagsmunum. En ég tel það fullljóst að efnahagshagsmunir og staða atvinnumála hafi veruleg áhrif á umræðuna.

Samningaviðræður áttu sér stað síðsumars og fram í janúar með mikilli leynd. M.a. var nánast alveg hundsað að hafa lögbundið samráð við utanrmn. um málið þrátt fyrir ítrekaða beiðni og kröfu um það. Það var í rauninni ekki fyrr en samkomulag var gert milli Íslands og Bandaríkjanna þann 4. jan. sl. að málið lá alveg ljóst fyrir utanrmn. sem öðrum. Þessi vinnubrögð vil ég gagnrýna.

Virðulegi forseti. Ég gat þess í upphafi máls míns hvert ég teldi vera hlutverk okkar Íslendinga í utanríkismálum. Ég lít svo á að við Íslendingar höfum sinnt því hlutverki okkar að vera vakandi í umhverfismálum m.a. með baráttu okkar gegn THORP-endurvinnslustöðinni og það sé barátta sem við verðum bæði að standa vel að og einnig að nýta okkur öll tækifæri sem við höfum til þess að koma á framfæri. Þar munum við ekki njóta neins nema okkar eigin þekkingar, frumkvæðis og samstarfsríkja sem eiga ekkert skylt við það samstarf viðskipta sem margir vilja koma á laggirnar.

Ég tel einnig að hlutverk okkar í hafréttarmálum sé mikilvægt og hafi þegar skilað umtalsverðum árangri á alþjóðavettvangi, ekki síst vegna þess að í alþjóðlegum málum höfum við getað teflt fram þekkingu og vönduðum vinnubrögðum sem við munum vonandi bera gæfu til að fylgja eftir í framtíðinni.

Ég vek athygli á því að í þessum málum verðum við að nýta krafta allra okkar bestu manna og við eigum ekki að láta neina persónulega andúð eða einhverjar undarlegar skilgreiningar útiloka neinn sem þar getur orðið okkur að gagni. Þetta segi ég að gefnu tilefni.

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hæstv. utanrrh. hyggst taka til hendinni varðandi flóttamenn, ef marka má orð hans hér áðan, en ég vil minna á það að sl. vor spurði ég hæstv. forsrh. sérstaklega um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum flóttamanna. Vona ég að hæstv. utanrrh. hlusti á því að ég var að geta um það er ég spurði hæstv. forsrh. um stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum flóttamanna. Ég spurði m.a. um það hvert okkar hlutverk ætti að vera og ég get ekki heyrt að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. tali einum rómi í þessu nema eitthvað mikið hafi breyst. Ég mæli þess vegna með því við hæstv. utanrrh. að hann spjalli við hæstv. forsrh. um þetta mál frekar en vera að senda einhverjum óskilgreindum mönnum skeyti í blaðagreinum eins og gerðist fyrir síðustu jól. Ég veit að vísu ekki hvernig háttað er samstarfi innan ríkisstjórnarinnar um þessar mundir og það getur vel verið að sú stund sé liðin hjá að hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. yfirhöfuð geti talað saman. Sé svo, þá erum við í al-

varlegum vanda því að fyrr eða síðar hlýtur að reyna á það að þetta er að sjálfsögðu ekki líðandi.

Virðulegi forseti. Það hefur margt orðið afgangs í þessari umræðu eins og vænta má þegar tími er takmarkaður. Við höfum þegar rætt GATT á öðrum vettvangi í þingsölum og ég hygg að sú umræða muni verða mikil þegar yfir lýkur. Það skiptir miklu máli að standa vörð um hagsmuni íslensks landbúnaðar, sem er um margt sérstæður, og þar ættum við með réttu að geta snúið vörn í sókn svo framarlega sem við búum okkar landbúnaði viðunandi skilyrði.

Virðulegi forseti. Ég lýk máli mínu með því að ítreka það að ég tel að utanríkisstefna sú sem kemur fram í þeirri skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði fram og einkum þó í máli hans áðan hafi rangar áherslur og ég hvet hann til þess að hlusta og íhuga þá stöðu sem við erum í og endurskoða sína afstöðu og það frekar fyrr en síðar.

[16:05]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég vil hefja þessa ræðu mína á því að þakka hæstv. utanrrh. skýrslu hans eða ræðu hans. Ég tek undir það sem fram hefur komið fyrr í umræðunum að það þarf ef til vill að huga betur að því formi sem við höfum á þessu. Við erum að þreifa okkur áfram með breyttar aðferðir í þessum umræðum og ef til vill er nauðsynlegt að skoða það betur og vonandi tekst gott samkomulag um það hvernig að þessu máli verður staðið framvegis.

Þegar litið er yfir stöðu okkar nú finnst mér að það séu kannski þrjú höfuðatriði sem þurfi að huga að. Í fyrsta lagi samskiptin við Bandaríkin, í öðru lagi þróunin í Rússlandi og í þriðja lagi samskipti okkar við Evrópusambandið og samningsstaða okkar gagnvart því. Í máli mínu mun ég ekki fjalla ítarlega um tvö fyrri atriðin sem ég nefndi heldur aðallega um það þriðja, þ.e. stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu. Þó vil ég segja það um samskiptin við Bandaríkin að ég tel að mjög vel hafi tekist til í byrjun ársins þegar ritað var undir samkomulag á milli ríkisstjórnar Íslands og Bandaríkjanna um varnarsamstarfið við breyttar aðstæður og þar hafi verið tekið mið af þeirri stefnumótun sem kynnt var á Alþingi á sl. ári og kom fram í skýrslu sem lögð var fram 10. mars 1993 um stöðu Íslands í varnar- og öryggismálum við breyttar aðstæður. Ég vil í ljósi þeirra orða sem hv. 8. þm. Reykn. lét falla um það samkomulag taka fram þá skoðun mína að ég tel að þegar rætt er um sameiginlega niðurstöðu í því samkomulagi sé ekki átt við varnarsamninginn sjálfan, þ.e. uppsagnarákvæði hans. Við honum er ekki hróflað í þessu samkomulagi. Hann stendur eins og fram hefur komið óbreyttur. Hins vegar er verið að tala um sameiginlega niðurstöðu varðandi fyrirkomulag og viðbúnað á Íslandi vegna varnarsamstarfsins og á grundvelli varnarsamningsins. Þetta held ég að menn verði að hafa í huga þegar um þetta er rætt.

Einnig vil ég taka undir það sem kom fram í ræðu hæstv. utanrrh. um nauðsyn þess að við könnum til hlítar hvernig staða okkar verður gagnvart hinu nýja fríverslunarsamstarfi sem er hafið í Norður-Ameríku. Ég tel mjög brýnt að þar verði staðið þannig að málum að við getum notið sem mestra réttinda.

Með þetta allt í huga hefur verið unnið að því á vettvangi utanrmn. að skipuleggja ferð nefndarmanna til Bandaríkjanna og til Washington nú í vor og nú liggur fyrir samþykki forsætisnefndar þingsins við því að sex nefndarmenn fari til Washington í vor og þegar liggja fyrir drög að dagskrá viðræðna sem nefndarmenn geti átt við stjórnvöld og þingmenn í Bandaríkjunum. Ég vona að sú ferð beri þann árangur að okkur takist í senn að kynna okkar sjónarmið og einnig kynnast viðhorfum Bandaríkjamanna til Íslands við þær aðstæður sem nú eru, bæði varðandi öryggismálin og ekki síður varðandi viðskiptamálin.

Þróunin í Rússlandi er mjög óljós og mjög erfitt að spá í það hvað kann að gerast á þeim vettvangi en þróunin þar mun óhjákvæmilega hafa mjög mikil áhrif á framvindu stjórnmála, efnahagsmála og öryggismála í okkar heimshluta og er ástæða til þess að fylgjast mjög náið með því sem þar er að gerast. Því miður lítur svo út sem þau öfl séu að ná undirtökunum í Rússlandi sem telja að halda beri merki Rússlands þannig á loft að það kunni að skapa hættur fyrir nágranna ríkisins. Það eru alvarleg teikn sem þarna eru á lofti og full ástæða fyrir okkur til að velta því fyrir okkur hvernig að þessum málum verður staðið. Við þurfum að gera það upp við okkur hér eins og annars staðar hvaða mat við leggjum á þróunina í Rússlandi og hvernig við viljum standa að því að eiga samskipti við þetta mikla ríki og þau ríki sem áður tiheyrðu Sovétríkjunum fyrrverandi. Það er ljóst, eins og sagt hefur verið, að svo lítur út sem Rússland geti annaðhvort valið þann kost að vera lýðræðisríki eða heimsveldi og velji Rússland þann kost að vera heimsveldi, þá eru nágrannaríkin í verulegri hættu. Mest er hættan að sjálfsögðu ef til vaxandi spennu kemur á milli Rússlands annars vegar og Úkraínu hins vegar, þessara tveggja stóru ríkja, kjarnorkuvelda. Það kann að vera það vandamál sem ríkin í vesturhluta Evrópu og við Atlantshaf standa frammi fyrir sem viðkvæmu viðfangsefni í alþjóðastjórnmálum á komandi mánuðum og missirum. Ég vil nefna þetta hér án þess að ég vilji draga upp of dökka mynd af því sem er að gerast í Rússlandi. Engu að síður tel ég að þróunin þar og aðstæður séu þess eðlis að það muni hafa mjög mikil áhrif á afstöðu okkar Íslendinga og hvernig við tökum á um mótun utanríkisstefnu okkar. Það er óhjákvæmilegt og hefur verið þannig í raun allt frá því að við stofnuðum lýðveldi fyrir 50 árum og tókum utanríkismálin alfarið í okkar hendur.

En brýnasta verkefnið á vettvangi utanríkismálanna er það sem menn hafa helst gert hér að umtalsefni, þ.e. að velta fyrir sér stöðu okkar gagnvart Evrópusambandinu nú þegar fjögur EFTA-ríki hafa náð samkomulagi við Evrópusambandið um aðild og stefna ótrauð að því að efna til þjóðaratkvæðagreiðslu um þessa samninga á komandi mánuðum. En við skulum jafnframt hafa í huga að það stendur í vegi fyrir því að þessir samningar komist til framkvæmda að deilur eru

innan Evrópusambandsins um það hvernig með völdin skuli fara þar, hvert skuli vera vægi einstakra ríkja í samstarfinu og innan ráðherraráðs þess, eins og ég mun koma að síðar í máli mínu. Ég tel tvímælalaust rétt þegar við ræðum þessi mál hér og annars staðar sem Íslendingar að taka mið af þeirri ályktun sem við samþykktum á Alþingi 5. maí 1993. Það er það grundvallarplagg sem við eigum að leggja fram þegar við kynnum okkar stefnu og afstöðu og ég tek undir með þeim sem segja að það sé algerlega fráleitt að líta þannig á að það skorti stefnu af hálfu Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Hún liggur skýr og ótvíræð fyrir og nýtur óskoraðs stuðnings á Alþingi eins og fram hefur komið.

Ég minni á það að tillaga þessi var túlkuð þannig í umræðum á Alþingi að hún útilokaði ekki umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu en yrði hins vegar ákveðið að leita eftir slíkri aðild þyrfti ríkisstjórn að fá umboð Alþingis til þess. Með öðrum orðum yrði ekki sótt um aðild að Evrópusambandinu nema meiri hluti þingmanna styddi ákvörðun um það. Það er mjög mikilvægt að hafa í huga þegar menn ræða um þessa ályktun Alþingis að hún var túlkuð á þennan veg og það er algerlega skýrt að það hefur engin ríkisstjórn, miðað við þessa ályktun, umboð til þess að sækja um aðild að Evrópusambandinu án þess að njóta til þess stuðnings á Alþingi.

Ef við lítum á það hvernig staðan var þegar við samþykktum þessa ályktun, þá ber að minnast þess að það lá ljóst fyrir á fyrri hluta árs 1992 að þrjú EFTA-ríki, Austurríki, Finnland og Svíþjóð, hefðu áhuga á aðild að Evrópusambandinu. Hinn 5. mars 1992 ávarpaði Helmut Kohl, kanslari Þýskalands, Norðurlandaráð og boðaði að aðildarviðræður við þessi þrjú EFTA-ríki og hugsanlega fleiri gætu hafist fyrri hluta árs 1993. Forráðamenn Evrópusambandsins töldu þá að hugsanlega mundi Noregur slást í för með EFTA-ríkjunum þremur og það gerðu Norðmenn með formlegri aðildarumsókn 25. nóv. 1992. Hinn 1. febr. 1993 hófust síðan aðildarviðræður milli fulltrúa Evrópubandalagsins og Austurríks, Finnlands og Svíþjóðar um aðild og hinn 5. apríl 1993 við Norðmenn. Þegar þetta gerðist, og enn er staðan sú, hafði enginn stjórnmálaflokkur á Íslandi aðild að Evrópubandalaginu á stefnuskrá sinni og það er yfirlýst stefna ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar að aðild að Evrópubandalaginu eða Evrópusambandinu er ekki á dagskrá.

Það ber einnig að hafa í huga þegar menn ræða um þessa ályktun að hinn 12. maí 1992 var efnt til „semínars" um það á vegum framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins hvaða afstöðu skyldi taka til stækkunar bandalagsins. Þessu „semínari" stjórnaði Frans Andriessen, sem þá fór með stjórn utanríkismála í framkvæmdastjórninni, og í gögnum sem þá voru kynnt kemur hvergi fram að framkvæmdastjórnin hafi talið nauðsynlegt að búa sig undir aðildarumsókn frá Íslandi. Jákvæð afstaða Helmuts Kohls, sem kom fram á þingi Norðurlandaráðs í mars 1992 til aðildar EFTA-ríkjanna, var staðfest á leiðtogafundi Evrópubandalagsins í Lissabon í júní 1992. Þar var ályktað á þann veg að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið hefði lagt grunninn að því að unnt væri að hefja viðræður um stækkun með það í huga að með skjótum hætti mætti ljúka samningum við þau EFTA-ríki sem kysu aðild að Evrópusambandinu. Var sagt að þessar viðræður hæfust opinberlega strax eftir að Maastricht-sáttmálinn hefði verið samþykktur og samkomulag tekist um langtímafjárlög Evrópusambandsins.

Á leiðtogafundi Evrópubandalagsins í Edinborg í desember 1992 var staðfest að opinberar samningaviðræður við þau EFTA-ríki sem óskuðu eftir aðild yrðu hafnar strax eftir að skilyrðunum frá Lissabonfundinum hefði verið fullnægt. Með það í huga væri stefnt að því að hefja viðræður við Austurríkismenn, Finna og Svía snemma árs 1993. Síðan hittust leiðtogar Evrópubandalagslandanna á fundi í Kaupmannahöfn í júní 1993 og þar var einnig rætt um aðildarviðræður við EFTA-löndin fjögur. Var ákveðið að unnið yrði að þeim samhliða svo framarlega sem þess væri nokkur kostur. Þá lýstu leiðtogarnir því yfir að fyrsta stækkun Evrópusambandsins í samræmi við ákvarðanirnar í Lissabon og Edinborg kæmu til sögunnar 1. jan. 1995. Þetta var ítrekað á aukafundi leiðtoganna í Brussel í október 1993 þegar Maastricht-sáttmálinn var formlega staðfestur. Þá lá jafnframt fyrir að samningaviðræðunum yrði að ljúka fyrir 1. mars 1994 til að Evrópuþingið gæti fjallað um það á þingi sínu í maí 1994 sem væri forsenda þess að samningar gætu tekið gildi 1. jan. 1995, svo framarlega sem þeir væru samþykktir í þjóðaratkvæðagreiðslum í löndunum.

Það verður að skoða ákvarðanir íslenskra stjórnvalda í ljósi þessarar atburðarásar. Þetta lá fyrir þegar Alþingi mótaði stefnuna 5. maí 1993 og það var litið þannig á að síðasti frestur til að vera með í þessari samningalotu um stækkun Evrópusambandsins hefði runnið út um það leyti sem Norðmenn lögðu inn umsókn sína í nóvember 1992. Þá stóðu deilur um aðild Íslands að EES sem hæst hér á Alþingi og þótti jafnvel tvísýnt um hvort meiri hluti væri fyrir henni meðal þingmanna. Ég tel að eins og málum var háttað þá hefði það verið vísasti vegurinn til að sigla samningnum um Evrópska efnahagssvæðið í strand á Alþingi að hefja á þeim tíma umræður um aðild að Evrópusambandinu. Fyrir því voru ekki pólitískar forsendur hvað sem leið efnisþáttum málsins.

Ég þarf ekki að gera hv. þm. grein fyrir efnisþáttum EES-samningsins, en eins og við vitum er hann á milli 12 aðildarríkja Evrópusambandsins og fimm EFTA-ríkja og nær yfir mjög víðtækt svið, bæði að því er varðar fjórþætta frelsið og einnig svonefnd jaðarmálefni sem við þingmenn höfum kynnst. Eins og við vitum einnig, þá þurfa EFTA-ríkin og samþykktu á sínum tíma að lögfesta hjá sér um 1.600 gerninga Evrópusambandsins og er það gert með setningu laga eða reglugerða eða á annan þann hátt sem tryggir að tillit sé tekið til þessara gjörninga innan einstakra ríkja. Höfum við alþingismenn fjallað um marga þessa löggjörninga nú þegar og erum að skoða þá enn frekar með hliðsjón af þeirri viðbótarbókun sem liggur nú

fyrir varðandi samninginn og í tengslum við hann.

Einnig er okkur þingmönnum ljóst hvernig staðið er að æðstu stjórn þessara mála á Evrópska efnahagssvæðinu þar sem er ráðherraráð annars vegar og EES-nefndin hins vegar þar sem sitja sendiherrar og fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar. Síðan hefur verið komið á þingmannasamstarfi og einnig starfa saman aðilar er sinna efnahags- og félagsmálum. EFTA-ríkin skuldbundu sig til að koma á fót eigin eftirlitsstofnun, þar sem nú situr fyrir Íslands hönd Björn Friðfinnsson í Brussel, og EFTA-dómstóli, þar sem Þór Vilhjálmsson er meðal dómara og hefur dómstóllinn aðsetur í Genf. Þessar stofnanir eiga að tryggja framkvæmd þess sem um hefur verið samið. Um þessar stofnanir og dómstólinn voru gerðir sérstakir samningar milli EFTA-ríkjanna sem gilda aðeins á milli þeirra.

Það stendur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið að gerist nýtt ríki aðili að Evrópusambandinu er því skylt að sækja um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu og gerast aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Eins og fram hefur komið er samningurinn hluti af löggerningum Evrópusambandsins sem öll aðildarríki þess verða að gangast undir og gerast aðilar að. Hins vegar er það svo að ef EFTA-ríkjunum fjölgaði þá yrðu hin nýju ríki ekkert sjálfkrafa aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og yrðu að semja um það sérstaklega. Eins og við vitum eiga ekki öll EFTA-ríkin aðild að þessu samstarfi því Sviss stendur utan við það.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið er gerður á grundvelli 238. gr. Rómarsáttmálans. Þeir samningar sem þannig eru gerðir eru sagðir fela í sér tvíhliða aukaaðild að Evrópusambandinu. Formi slíkra samninga við einstök ríki er lýst þannig í bók Stefáns Más Stefánssonar, Evrópurétti, með leyfi frú forseta:

„Í sambandi við aukaaðild eru oft sett á laggirnar bæði ráð, framkvæmdastjórn og jafnvel þing. Ráðið er þá valdamest, þar eiga sæti bæði fulltrúar frá Evrópubandalaginu og því ríki sem í hlut á. Ákvarðanir verða ekki teknar nema báðir aðilar séu sammála. Deilumál aðilanna eru þá oft leyst með heföbundnum hætti, t.d. með gerðardómsmeðferð. Því er meginmunur á heimild þessara stofnana til að taka ákvarðanir og á þeirri heimild til ákvarðantöku sem stofnanir Evrópubandalagsins hafa. Af því leiðir að mikill munur er á fullri aðild og aukaaðild."

Þetta er hin formlega staða sem samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið lýtur innan lagakerfis Evrópusambandsins. Sérstaða samningsins felst í því að hann er gerður við mörg ríki en er ekki tvíhliða samningur milli Evrópusambandsins og eins ákveðins ríkis.

Innan Evrópusambandsins eru nú miklar deilur um það hvernig haga skuli stjórn þess þegar fram líða stundir og birtast þær m.a. í ágreiningi nú um það hvaða vægi þurfi innan ráðherraráðsins til að stöðva þar framgang mála. Nú þarf þar 23 atkvæði af 76 en tillaga er um að framvegis þurfi 27 atkvæði af 90. Á móti þessari tillögu um breytingu standa fast, bæði Spánverjar og Bretar og ekki síst í Bretlandi veldur tillagan um að hækka þrepið úr 23 í 27 mjög hörðum deilum innan ríkisstjórnarflokksins, Íhaldsflokksins, og eru að spretta þar upp deilur sem eru sambærilegar við það sem var þegar ágreiningur var mestur innan flokksins um aðild Bretlands að Maastricht-sáttmálanum. Það virðist því ljóst að Bretar muni eins lengi og þeir telja sér frekast fært standa gegn því að þessi mörk verði hækkuð og á meðan ekki næst samkomulag um það eru nýju aðildarsamningarnir strandaðir í stjórnkerfi Evrópusambandsins og Evrópuþingið mun neita að taka þá fyrir nema úr þessum ágreiningi verði leyst og kann það að verða til þess að aðildardagsetningin frestist frá því 1. jan. nk. og eitthvað fram á næsta ár.

Við skulum minnast þess að EES-samningurinn var undirritaður í Óportó 2. maí 1992. Eins og fram hefur komið efndi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til „semínars" um afstöðuna til stækkunar bandalagsins 12. maí 1992. Hinn 22. maí 1992 kom hingað til lands Frans Andriessen, sem stjórnaði þessum viðræðum, og umræðum og hann lagði mat sitt á það hver yrði staða Íslands ef EFTA-ríkin fjögur færu inn í Evrópusambandið. Það kemur skýrt fram í sjónvarpsviðtali við hann 22. maí 1992 að hann taldi Evrópusambandið hafa þeim skyldum að gegna gagnvart þeim EFTA-ríkjum sem eftir stæðu að þeirra hagur spilltist að engu. Hann segir einnig að efnisþættirnir mundu auðvitað varðveitast að því er varðar efnahagslega og pólitíska þætti samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Það liggur því fyrir pólitísk yfirlýsing af hálfu forustumanns Evrópusambandsins, sem stjórnaði viðræðunum á sínum tíma innan þess um stækkun bandalagsins, um það að Íslendingar þyrftu engu að tapa varðandi efnisatriði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þótt einhver EFTA-ríkjanna færu inn í Evrópusambandið.

Í kvöldfréttatíma Ríkisútvarpsins í fyrradag, 15. mars, er vitnað til sir Leons Brittans, sem er varaforseti framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, þar sem hann segir að hann sjái enga knýjandi ástæðu til að breyta samningnum um Evrópskt efnahagssvæði í tvíhliða samning við Ísland. Í frétt Ríkisútvarpsins segir, með leyfi frú forseta:

„Sir Leon sagði í samtali við fréttamann Ríkisútvarpsins á Norðurlöndum að tæknilega séð a.m.k. stæði EES-samningurinn eftir sem áður, hvort sem eitt ríki eða fimm ættu aðild að honum auk Evrópusambandsins. Hann segist enga ástæðu sjá til að semja um breytingar á honum þó ekki væri því að neita að heldur virtist vera að fækka í EFTA-hópnum."

Evrópusambandið stendur einnig frammi fyrir því að það ætlar á ráðstefnu árið 1996 að breyta allri sinni stjórnskipan og það hefur verið kappsmál þeirra fjögurra EFTA-ríkja sem eru að sækja um aðild að Evrópusambandinu nú að komast inn í það áður en sú ráðstefna verður haldin.

Það kemur hins vegar fram í álitum sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur gefið varðandi umsóknir Kýpur og Möltu að sambandið telur

ekki æskilegt að ríki með ekki fleiri íbúa en þessar eyjar, 700 þúsund á Kýpur og 400 þúsund á Möltu, komi til samstarfsins fyrr en eftir ríkjaráðstefnuna 1996, enda þurfi að huga sérstaklega að því hvaða stöðu svo fámenn ríki hafi innan Evrópusambandsins.

Þegar á þetta er litið sést að af hálfu Evrópusambandsins hefur verið staðið við allar dagsetningar sem varða EFTA-ríkin fjögur og fram komu í ræðunni sem Helmut Kohl flutti á þingi Norðurlandaráðs 5. mars 1992 þar sem Ísland var ekki inni í myndinni þá og hefur aldrei verið inni í þessari mynd þegar rætt hefur verið um stækkun Evrópusambandsins, hvorki af þess hálfu né Íslands hálfu. Þetta finnst mér nauðsynlegt að menn hafi í huga þegar um það er rætt nú og látið í veðri vaka að okkar staða hafi gjörbreyst við þær niðurstöður sem nú hafa fengist í samningaviðræðum Evrópusambandsins við þessi fjögur EFTA-ríki.

Mér finnst að við þurfum að velta því rækilega fyrir okkur og það þurfi að vera liður í undirbúningi viðræðna okkar við Evrópusambandið á þessum forsendum, sem kynntar eru og lagðar í ályktun Alþingis frá 5. maí í fyrra, hvort það sé svo að formhlið samningsins um Evrópska efnahagssvæðið þurfi að breytast vegna þess að efnisþættirnir í þessum samningi eru víðtækari heldur en í nokkrum öðrum samningi sem Evrópusambandið hefur gert við þriðju ríki. Ég tel ekki að það eigi að líta þannig á að þótt samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sé jafnvíðtækur og raun ber vitni, þá eigi það að vera túlkað á þann veg að formhlið samskiptanna þurfi að vera með einhverjum öðrum hætti heldur en um er getið í 238. gr. Rómarsáttmálans, sem ég vísaði til hér áður, og það þurfi þess vegna ekki að finna upp neitt nýtt stjórnkerfi í samskiptum okkar og Evrópusambandsins þótt þessi samningur breytist að formi til í tvíhliða samning og standi efnislega óbreyttur bæði að því er varðar fjórfrelsið og öll hin jaðarmálin og allt það sem við höfum samið um við Evrópusambandið.

Mér finnst að menn mikli fyrir sér í senn að Ísland hafi enga stefnu í þessu máli og einnig hvað í þessari stefnu felst og hvernig hægt er að hrinda henni í framkvæmd á grundvelli þessa mikilvæga samnings sem við gerðum og samþykktum á sl. ári. Ég vil brýna menn til þess að ræða þetta mál á okkar forsendum, á íslenskum forsendum, í ljósi þeirrar samningsstöðu sem við höfum, þeirrar yfirlýsingar sem við höfum frá Evrópusambandinu um okkar stöðu í sambandi við það en ekki í ljósi þeirra samninga sem önnur ríki hafa gert á sínum forsendum. Ég tel að Norðmenn hafi náð samningum við Evrópusambandið á sínum forsendum með allt það undir sem þeir hafa og það lúti öðru ef við færum í aðildarviðræður við Evrópusambandið. Þá yrði auðvitað litið á annan veg á enda á ekki allt það sama við um Ísland og Norðmenn þótt hluti Norðmanna eigi ef til vill jafnmikið undir sjávarútvegi og við eigum. Að sjálfsögðu er eðlilegt að skoða þessa samninga og velta þeim fyrir sér en ég sé ekki endilega að þeir hafi verið og geti verið fyrirmynd að aðildarsamningum okkar við Evrópusambandið. Hver þessara samninga er sérstaks eðlis og tekur mið af sérstökum aðstæðum hvers umsóknarríkis fyrir sig og getur ekki verið annað en rannsóknarefni fyrir okkur og verður aldrei algild fyrirmynd. Þess vegna finnst mér ekki ástæða til að draga af því of miklar ályktanir.

Frú forseti. Ég tel stöðuna skýra af okkar hálfu gagnvart Evrópusambandinu. Ég tel að við höfum góðan málstað þar sem er samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið. Við höfum einnig reglur Evrópusambandsins til að styðjast við þegar við göngum til viðræðna við það um okkar framtíðarsamband og af okkar hálfu liggur hin pólitíska stefna skýrt fyrir. Hins vegar er ljóst af umræðum að í huga fólks er töluverð óvissa og ótti við það að þjóðin kunni að vera að einangrast ef Evrópusambandið stækkar. Ég tel að sá ótti sé ástæðulaus. Við eigum náið samband við þessi ríki á margvíslegum öðrum vettvangi og víða annars staðar og það er því ástæðulaust að ala á þeirri tilfinningu hér að Íslendingar séu að einangrast þótt Evrópusambandið stækki. Að sjálfsögðu höfum við okkar hagsmuna að gæta og þeir hagsmunir kunna að breytast við það að bandalagið og Evrópusambandið stækki. Við þurfum að halda öðruvísi á okkar málum. Það er ljóst að EFTA-dómstóllinn leggst niður, EFTA-eftirlitsstofnunin leggst niður og EFTA kann að hverfa. Við þurfum að taka öðruvísi á málum en við höfum gert sem EFTA-ríki í samstarfi við Evrópusambandið en ég hef nú aldrei litið á EFTA sem slíkan hornstein í utanríkisstefnu Íslands að öll sú stefna muni riðlast þótt EFTA verði úr sögunni. Sérstaklega ekki þegar við höfum þegar gert efnislega samninga sem tryggja okkur þá aðild að Evrópumörkuðunum sem EFTA-aðildin gerði á sínum tíma og stöndum jafnvel betur að vígi efnislega heldur en þá var.

Ég vil ítreka að lokum að mér finnst ekkert að óttast í þessum efnum fyrir okkur Íslendinga en hins vegar þurfum við að halda vel á málum. Ég vil hvetja ríkisstjórnina til að taka sem fyrst upp þráðinn í viðræðum við fulltrúa Evrópusambandsins og fagna því sérstaklega að forsrh. hyggur á ferð til viðræðna í Brussel til að skýra þennan góða málstað okkar Íslendinga.

Útbýting þingskjala:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 272. mál, brtt. félmn., þskj. 774; nál, meiri hluta félmn., þskj. 775.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill vekja athygli þingmanna á að hér eftir er ræðutíminn allt að fimmtán mínútum.

[16:35]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Sú ræða sem hæstv. utanrrh. flutti hér áðan fannst mér vera ömurleg, þó var hún hið besta flutt. En mér fannst hún gegnsýrð af aumingjaskap. Meginefni og tilgangur þessarar ræðu var að tala fyrir innlimun í Evrópusameininguna. Það er nú reyndar vandræðaástand með þetta fyrirbrigði sem við höfum fram undir þetta kallað Evrópubandalag. Eftir Maastricht þá breyttu þeir nafninu enska nafninu „community" í „union" sem er að sjálfsögðu sterkara en bandalag. Ég felli mig ekki við þessa skammstöfun

ESB, ég tel að hér eigi frekar við samruni eða jafnvel bandaríki Evrópu.

Framsóknarmenn töldu fyrir kosningarnar 1991 að á yfirstandandi kjörtímabili, þ.e. þessu kjörtímabili sem við upplifum núna, mundi ráðast afstaða okkar til Evrópubandalagsins. Við hlutum ákúrur fyrir þennan málflutning, m.a. af hæstv. núv. utanrrh., Jóni Baldvin Hannibalssyni, þar sem hann taldi að þetta væri fjarstæða. Það hefur reyndar komið á daginn að við höfum haft rétt fyrir okkur.

Ég hélt því fram í fyrra þegar við vorum að ræða EES-samninginn að hann væri fyrra skrefið inn í Evrópubandalagið. Menn eru sem óðast að koma úr felum núna og því miður hef ég haft rétt fyrir mér, þar ætla menn ekki að láta staðar numið.

Hv. 3. þm. Reykv. sagði hér rétt áðan að ef menn hefðu lagt það til að sækja um innlimun eða inngöngu, eins og ég held að hann hafi orðað það, í Evrópusambandið í fyrra þegar við vorum að ræða um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði þá hefði það verið til að sigla samningnum um Evrópskt efnahagssvæði í strand og það hefðu ekki verið pólitískar forsendur þá, sagði hv. þm., til að sækja um aðild. Ég er honum alveg sammála og ég tel að hv. 3. þm. Reykv. hafi mælt margt mjög vel í ræðu sinni og tekið skynsamlega á málum. Þó ég hafi athugasemdir við sumt af því sem hann lét sér um munn fara hér í ræðustólnum áðan þá virðist mér eins og hann hafi enn þá það jafnvægi hugarfarsins sem er nauðsynlegt til að geta tekið á málum með ábyrgum hætti.

Hæstv. utanrrh. ber höfuðábyrgð á atburðarás sem fór á stað föstudaginn áður en Norðurlandaráðsþing hófst í Stokkhólmi fyrir hálfum mánuði. Þá byrjaði þetta skyndiáhlaup til að koma okkur inn í Evrópusamrunann. Ríkisstjórnin samþykkti að tillögu hæstv. utanrrh. að fela þremur deildum háskólans að kanna kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusamrunanum. Í kjölfarið hefur fylgt mikil umræða þar sem menn hafa tjáð sig með eiginlega ótrúlegum hætti sumir. Menn sem við höfum fram að þessu talið að væru í sæmilegu jafnvægi virðast vera komnir í einhverja panikk og tala um að við séum að missa af strætisvagninum. Þetta gerist þrátt fyrir það, eins og síðasti ræðumaður ítrekað minnti á í máli sínu og hefur komið fram í umræðunum hvað eftir annað í dag, að Alþingi ákvað með ályktun 5. maí 1993 hver stefna Íslands skyldi vera. Mér fyndist að í þessari ræðu hæstv. utanrrh. hefði hann átt að biðja Alþingi afsökunar á því að vera ekki farinn að vinna að því máli, fyrir að hafa ekki orðið við ályktun Alþingis enn þá. Það er bráðum ár síðan þessi ályktun var samþykkt og ríkisstjórnin hefur ekkert aðhafst í málinu. Það stóð nú á þessari afsökunarbeiðni hjá hæstv. ráðherra, því miður.

Þá virðist, eins og fram kom í ræðu hv. 7. þm. Reykn., eins og utanríkisþjónustan hafi ekki kynnt, a.m.k. ekki öllum, sendiherrum okkar þessa ályktun Alþingis því óðruvísi er ekki hægt að skilja afskipti sendiherrans Kjartans Jóhannssonar sem nú er orðinn embættismaður — ég vek athygli á því að hann er embættismaður núna en ekki stjórnmálaforingi eins og hann var einu sinni. Hann tók með mjög óviðeigandi hætti afstöðu í þessu máli og reyndi að beita áróðri fyrir þeim málstað og er þar reyndar samferða hæstv. utanrrh. en ég held að það sé ekki hlutverk sendiherra okkar að blanda sér í þjóðmál með þeim hætti sem Kjartan Jóhannsson sendiherra gerði í því tilfelli.

Ég hef stundum velt því fyrir mér af hverju hæstv. utanrrh., sem að mörgu leyti er vel gefinn maður, tekur þá afstöðu sem hann hefur tekið í þessum Evrópumálum. Ég finn satt að segja ekki mjög ljósar skýringar á því. Hann ætti að þekkja Evrópubandalagið manna best og hefur ýmislegt sagt um Evrópubandalagið í gegnum tíðina. Hann ætti að þekkja þá ókosti sem því fylgja að eiga þar aðild að eða láta það ráða yfir sér. Sú skýring sem ég finn eina fyrir þessari undarlegu afstöðu hæstv. utanrrh. er að kratar eru frekar fáir og smáir í þessu þjóðfélagi, eins og menn vita, en hins vegar ráða þeir miklu í Evrópubandalaginu eða Evrópusamrunanum. Þar er allt löðrandi í krötum, meira og minna af kratakontóristum. Íslendingar hafa reyndar lagt þó nokkuð marga til úr því fjósinu. En aðrar þjóðir hafa gert það líka og mjög öflugar sumar og kratarnir ráða býsna miklu í Brussel. Það kann að vera að hæstv. utanrrh. vilji hefna þess frá Brussel sem hallast hér á Alþingi.

Menn hafa gert mikið veður út af því samningsuppkasti sem norska ríkisstjórnin hefur gert við Brussel. Ég sé ekki að þetta samningsuppkast breyti svo miklu fyrir okkur og alls ekki á þann veg að það geri það nokkuð fýsilegra fyrir okkur að gerast aðilar að Evrópusamrunanum. Það hræðir fremur en hitt. Það er ákaflega óaðgengilegt fyrir sjávarútveginn í Noregi, hvað þá fyrir sjávarútveginn hér ef það væri yfirfært og staðfært á okkur. Það er þriggja ára frestur, eins og hér hefur glögglega komið fram, og það er óaðgengilegt. Þeir hafa einungis þriggja ára biðtími þangað til þeir fara algerlega út í óvissuna og þrjú ár er ekki langur tími í lífi þjóðar. Ég ætla að biðja menn að hugleiða það hvort þeir væru tilbúnir að afsala sér rétti yfir íslenskri fiskveiðilögsögu eftir þrjú ár. Ég er a.m.k. ekki þeirrar skoðunar að það væri skynsamlegt.

Þetta samningsuppkast er líka afar óaðgengilegt fyrir íslenskan landbúnað. Ríkisstjórn Noregs berst um á hæl og hnakka til þess að gylla þetta samkomulag sem hún hefur gert. Það er okkur öllum kunnugt en hún eða baráttumenn málsins í Noregi eru ekki með mjög gild rök. Þeir seilast svo langt að slá því upp í morgun í pressunni sem höfuðröksemd fyrir því að Norðmenn eigi að gerast aðilar að þessum samningi að utanrrh. á Íslandi, sjálfur Jón Baldvin Hannibalsson, hæstv. utanrrh., telji þetta vera góðan samning fyrir Noreg. Það eru kannski sterkustu rökin sem vesalings kratarnir í Noregi hafa til þess að reyna að berja það inn í sína þjóð að þeir hafa ekki orðið sér til skammar í Brussel.

Sjávarútvegsráðherrann í Noregi, sem er búinn að standa í þessum samningum, sagðist einu sinni vera á móti innlimun Noregs í Evrópusamrunann. Ég veit ekki hver alvara lá að baki, en hann hefur ekki verið stórhuga a.m.k. þessi maður úr því að hann sættir sig við það sem sjávarútvegsráðherra að koma heim til Nor-

egs með slíkan samning því að hann hefur auðvitað, eins og allir sjá, selt hagsmuni Noregs í Brussel. Hvað fær hann svo í staðinn, Jan Henry T. Olsen eða hvað hann heitir? Jú, hann fær vilyrði frá Evrópubandalaginu um að koma Íslendingum úr Smugunni. Það er nákvæmlega það eina sem norskur sjávarútvegur getur talið sér til tekna í þessu samningaferli. Þarna fær Noregur að vísu bandamann til þess að berja á Íslendingum og það kann að vera einhvers virði fyrir þá og kann að koma illa við okkur, en ég hef ekki verulegar áhyggjur af því enn þá.

Svo er það röksemdin um einangrun. Menn hafa verið að blása það upp að Ísland muni einangrast eitthvað ef það gerðist ekki aðili að Evrópusamrunanum. Carl Bildt talaði á Norðurlandaráðsþinginu um Róbinson Krúsó, Íslendingar væru komnir í stöðu Róbinsons Krúsós. Carl Bildt var ekki að mæla þessi orð af umhyggju fyrir Íslendingum, síður en svo. Hann var að tala við þjóðina sína. Hann var að reyna að hræða Svía til að samþykkja þann gerning sem hann var búinn að gera. Það er hlálegt að hlusta á þá röksemd frá mönnum eins og hæstv. utanrrh. sem aldrei hafa viljað skítnýta norrænt samstarf að vera allt í einu farnir alveg forlyftir að telja að við eigum að elta hin Norðurlöndin til Brussel og það sé einhver röksemd.

Það er líka fjarstæða þegar menn eru að halda að þeir séu þeir stólpakarlar að þeir hafi einhver marktæk áhrif ef þeir væru innan samrunans, einhver marktækari áhrif heldur en utan. Auðvitað hefur sá sem frjáls er meiri möguleika á því að setja skilyrði og berjast fyrir rétti sínum en sá sem er bundinn eins og við værum ef við Íslendingar værum innlimaðir.

Svo er röksemdin um það að sækja um aðild og sjá svo hvað kæmi út. Þetta finnst mér líka ansi langsótt. Ef við sækjum um innlimun, þá auðvitað gerum við það í alvöru. Ríkisstjórnin mundi fylgja eftir umsókninni eins og hún gæti, færi þangað til þegar hún fyndi fyrirstöðu og þá náttúrlega gæfi hún eftir og gæti ekkert annað. Síðan kæmi hún heim og reyndi að berja í gegn samning með hverjum hætti svo sem hann væri. Það liggur alveg í augum uppi og þetta sannast skýrt í Noregi núna þar sem þeir koma með lélegan samning en ætla samt að reyna að fá hann fullgiltan af þjóðinni, þeir eru reyndar ekki búnir að því.

Nei, brautin var mörkuð hjá Íslendingum þann 5. maí 1993 þegar við samþykktum þál. um tvíhliða samskipti við Evrópubandalagið. Það er alveg rétt hjá hv. 3. þm. Reykv. sem hann sagði rétt áðan að við hefðum þar með markað stefnu. Það er líka rétt hjá honum að vissu leyti ... (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, frú forseti. Það er rétt hjá honum að vissu leyti að þessi ályktun útilokaði ekki aðild okkar að Evrópusamrunanum einhvern tíma síðar. En það er ekkert í þessari ályktun sem gefur tilefni til að ætla það að við ætlum að sækja um og engin ríkisstjórn hefur samkvæmt þessari ályktun heimild til að sækja um aðild nema samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Þessi tími sem hér er ætlaður til umræðna um þessa viðamiklu skýrslu og þessa aumlegu ræðu er allt of stuttur. Ég verð að ljúka máli mínu, frú forseti, í bili.

[16:51]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það sem ég benti á áður að fyrir þá sem síðar lesa þingtíðindi fer ég fram á það að ræða hæstv. utanrrh., sem við hljótum að byggja málflutning okkar á, verði gerð að skýrslu þannig að hún liggi fyrir sýnileg í þingskjölum því annars munu menn ekkert vita um hvað við erum að tala þar sem hæstv. ráðherra flutti ekki þá sömu ræðu munnlega hér áðan. Ég vil biðja hæstv. forseta að sjá svo til að þessi ræða verði gerð að skýrslu og formlegu þingskjali.

Ég mun hins vegar og á ekki marga aðra kosti en að miða mál mitt við umræddu ræðu og mun því hlaupa í gegnum hana í þeirri röð sem atriði koma þar fram. Ég vil byrja strax á fyrstu síðu þar sem svo segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af því verður ekki undan því vikist að meta kosti og galla aðildar Íslands að Evrópusambandinu, enda hefur ríkisstjórnin nú þegar ákveðið að fela rannsóknastofnunum Háskóla Íslands það verkefni.“ Síðan segir: „Í því efni vonast ríkisstjórnin til að geta átt málefnalegt samstarf við Alþingi um stefnumótun.“

Ég hef aldrei séð setningu sem þessa. Ef ekki hæstv. ráðherrar eða starfsmenn ráðuneytanna vita það, þá er það Alþingi sem mótar stefnuna og framkvæmdarvaldinu ber að gera það sem Alþingi ákveður og Alþingi hefur þegar tekið ákvörðun í þessu máli og eftir henni ber að fara, ályktun Alþingis frá 5. maí 1993. Um það verður ekkert deilt. Það verður því að koma fram nýtt mál frá hæstv. ríkisstjórn til mats Alþingis ef á að breyta þeirri stefnu. Og auðvitað er vítavert að svo virðist sem ekkert hafi verið gert til að framkvæma ályktun Alþingis. Síðan segir enn og aftur á bls. 2, með leyfi hæstv. forseta:

„Á öðru sviði sjávarútvegs, hvalveiða, nálgast einnig sá tími að taka þurfi stefnumarkandi ákvarðanir. Á báðum þessum sviðum er þörf náins samráðs milli ríkisstjórnar og Alþingis.“

Að heyra þetta. Auðvitað hefur hið háa Alþingi líka markað stefnu í hvalveiðimálum og að henni ber að sjálfsögðu að fara.

Þá vekur það athygli og er ánægjulegt að sjá þá góðu hugarfarsbreytingu sem orðið hefur hjá hæstv. utanrrh. varðandi norræna samvinnu og væri rannsóknarefni fyrir ýmsa fræðimenn að fara ofan í feril hæstv. utanrrh. um fleiri mál og ég skal koma síðar að öðru atriði. En sú var tíðin að hæstv. núv. utanrrh. hafði allt á hornum sér varðandi norræna samvinnu. Nú talar hann um að það sé óþarft að fjölyrða um menningarlegan og félagslegan ávinning allra Norðurlandanna vegna þessa samstarfs og það er vel. Sannleikurinn er nefnilega sá að norræn samvinna er engri annarri alþjóðasamvinnu lík vegna þess að sú samvinna fjallaði aldrei um fjármagn, hún fjallaði um fólk, um velferð norrænna borgara frá degi til dags. Norðurlöndin hafa aldrei verið í sérstaklega miklum viðskiptum hvert við annað. Íslendingar hafa átt meiri viðskipti við flesta aðra. En norræn samvinna byggðist á gagnkvæmri virðingu milli þessara þjóða án tillits til stærðar. Hún

fjallaði nefnilega ekki um hagsmuni hinna stóru og ríku heldur allra norrænna borgara. Og svo sannarlega er ég sammála því, sem hæstv. ráðherra segir nú, að mikil nauðsyn sé að efla norræna samvinnu og veitti nú ekki af að koma einhverju af hugsjónunum bak við hana inn í hið Evrópska efnahagssvæði og Evrópusambandið. Það er ágætt að hæstv. ráðherra hefur uppgötvað þetta seint og um síðir.

Á bls. 3 er farið að hafa áhyggjur af því að ekki sé ólíklegt að val staðar og tíma norrænna funda verði miðað við innri fundi Evrópusambandsins og undirbúningur og vinnsla samnorrænna ákvarðana fari fram fyrir og eftir fundi Evrópusambandsríkjanna. Hvaðan í ósköpunum er þetta komið? Hvernig dettur mönnum í hug að vera með svona óra í opinberri ræðu hæstv. utanrrh.? Ætli Norðurlöndin ákveði ekki sjálf hvar þau haldi sína fundi og þar á meðal Íslendingar. Svona er því tæplega hægt að taka alvarlega.

Þá er hér atriði á bls. 4 sem ég vildi gera að umræðuefni sem er endalaus umræða um yfirtöku Íslendinga á þyrlubjörgunarstörfum á Keflavíkurflugvelli. Enn er rætt um að það geti þýtt að við þurfum að festa kaup á þeim tækjabúnaði, þar á meðal þyrlum, og vitaskuld er enn verið að reyna að færast undan því að kaupa þá þyrlu sem menn hafa orðið sammála um að henti best á Íslandi. Þingið hefur marglýst yfir hvað það vill í þeim efnum og ríkisstjórninni ber að fara eftir því og er ekki meira um það að segja. Það er margsannað hér og sagt á hinu háa Alþingi að þyrlukostur Bandaríkjamanna hentar ekkert sérstaklega vel til björgunarstarfa á Íslandi.

Það er ekki skemmtilegt fyrir íslenskan alþingismann að sjá það á bls. 7 að íslensk stjórnvöld hafi fagnað tillögum um loftárásir á valin skotmörk í Bosníu-Hersegovínu. Ég vil ekki vera einn af þeim þingmönnum sem fagnaði því sérstaklega. Það má deila um nauðsynina en ástæðulaust er að nota orðalag sem þetta.

Almennt eru skýrslur frá utanrrn. gjarnan alveg einstaklega hrokafullar og kjánalegar og mætti þessi litla þjóð fara að finna sér stað í tilverunni án þess að vera með nokkra minnimáttarkennd og er óþarfi að tala við stórar og merkar þjóðir, milljónaþjóðir, sem voru menningarþjóðir í þúsundir ára á undan Íslendingum, eins og einhver móðir Teresa og verður þetta oft afar hlægilegt, ekki síst þegar menn fara að tala um Austur-Evrópuríkin. Bendi ég hér á grein um meðbyr rússneskra afturhaldsafla á bls. 8. Vel má það vera að ýmislegt hafi mistekist í Rússlandi og í Sovétríkjunum almennt. En það sakaði ekki að þeir sem semja samsetning eins og þennan, sem er miðjugreinin á bls. 8, geri tilraun til að lesa sér ofurlítið til um þessar þjóðir. Ég vil benda þessum ágætu mönnum á grein sem birtist í sunnudagsblaði Morgunblaðsins 13. mars sl. eftir Jón Ólafsson sem hefur búið um árabil í Sovétríkjunum og á þar raunar fjölskyldu. Það sakar ekkert að reyna að ræða um þessi mál af einhverju skynsamlegu viti. Með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa ofurlítið upp úr þessari grein. Hún hefst þannig:

„Stundum er eins og framvinda sögunnar hætti að vera á valdi manna en taki að lúta eigin lögmálum. Þá breytast þeir sem fram að því hafa framkvæmt og stjórnað í peð og málin taka stefnu sem ekki er hægt að skýra með einstökum gjörðum eða misgjörðum. Í einu vetfangi breytast grundvallarreglur og siðferðisafstaða manna, skoðanir þeirra, skilningur og trú. Allt í einu er heimurinn allur annar en hann var." — Það er auðvitað nákvæmlega þetta sem er að gerast í heiminum í dag.

Síðan segir Jón Ólafsson, með leyfi hæstv. forseta: „Eftir að hafa lifað í furðulegu tómarúmi í nokkur ár, sköpuðu af því að ríkið sem þeir réðu liðaðist í sundur og með því vitundin sem Rússar höfðu um sinn stað í heiminum, eru að verða til nýjar hugmyndir gerðar úr gömlum en mótaðar af nýjum aðstæðum.

Og hverjar eru þessar hugmyndir? Í fyrsta lagi er það sú skoðun að Rússland geti aldrei samsamað sig Vesturlöndum. Það hljóti að hafa menningarlega sérstöðu og þess vegna eigi vestræn þjóðfélagsskipan ekki við nema að litlu leyti í Rússlandi. Í öðru lagi að Rússland hafi sérstakt hlutverk í heiminum og einkum meðal slavneskra þjóða sem fylgja rétttrúnaðarkirkjunni. Í þriðja lagi að Rússar hafi sérstakan rétt til þeirra landa sem áður tilheyrðu Sovétríkjunum, þau og jafnvel löndin sem fyrir byltingu voru hluti Rússlands eigi að vera áhrifasvæði þeirra.

Fyrsta hugmyndin er kannski sú umdeildasta í Rússlandi", segir Jón Ólafsson. Ég get því miður ekki tímans vegna lesið alla greinina sem ég held að hv. alþm. hefðu gott af að heyra. En hann segir annars staðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Síðasttalda hugmyndin kemur til af því að Rússum fannst fráleitt að Rússland eigi að verða eins og hvert annað þjóðríki. Annaðhvort verði Rússland stórveldi eða þurrkist úr. Og þess vegna sé fyllilega réttlætanlegt að Rússar tryggi áhrif sín alls staðar í kringum sig alveg eins og Bandaríkjamenn tryggi sín áhrif í Suður-Ameríku og víðar."

Það er nefnilega þannig að fólkið í Rússlandi hefur ákveðna sjálfsvitund byggða á allri sinni sögu og það eru ekki Vesturlönd sem eiga að breyta henni. Það eiga Rússar að gera sjálfir og Sovétmenn almennt. Það er lágmark að þeir sem þykjast ætla að hjálpa (**ÁMM:** Og Sovétmenn?) Sovétríkjunum og lýðveldunum þar (**BBj:** Hverjir eru Sovétmenn?) áfram til betra lífs geri það ekki eins og einhverjir hrokafullir valdaherrar heldur með einhverjum skilningi á menningu þessarar þjóðar. Þetta er orðið afskaplega hvimleitt og hlægilegt að sjá samsetning eins og þennan. Á sömu síðu má ég til með að geta þess að ég skil ekki almennilega hvernig fundur tveggja ríkja getur verið nema tvíhliða. Ég held að það hljóti að vera óþarfi að taka það fram að það sé tvíhliða fundur á milli utanrrh. Íslands og Rússlands en það skiptir kannski litlu máli.

En það er alveg lágmark að krefjast þess að þeir sem fara með utanríkismál í landinu geri það af einhverri alvöru, séu ekki gasprandi um málefni annarra þjóða án þess að hugsa þannig að menn hlusti á þetta furðu lostnir um heimsbyggðina og botni ekki í hvað þetta dvergríki okkar er að þenja sig þarna norður frá.

Það skiptir miklu máli hvernig á utanríkismálum er haldið. Og minnast menn nú hvernig hæstv. utanrrh. talaði um utanríkisþjónustuna á sínum tíma.

Það er því miður skammur tími og því verð ég að stytta mjög mál mitt þar sem þeir sem kalla sig talsmenn flokka hafa fengið lengri tíma, en við megum nú víst tala aftur. En á tólftu síðu er reyndar kannski í hnotskurn um hvað Evrópusamvinnan snýst. En þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi tvö atriði tengjast. Nú er svo komið í sögu Evrópusambandsins að stjórnkerfi þar sem ætlað var að halda utan um samstarf sex aðildarríkja Kola- og stálbandalagsins og Efnahagsbandalags Evrópu sýnir þegar nokkra bresti með 12 aðildarríki innan sinna vébanda. Hætt er við að enn frekar reyni á þanþol þess þegar aðildarríkin eru orðin 16, tungumálin 12 og framkvæmdastjórarnir 21."

Niðurlagið á þessari grein er það að hinum stærri aðildarríkjum þykir sinn hlutur heldur rýr og tækifærin fá til að leiða starf Evrópusambandsins. Hinir stóru og ríku eiga nefnilega að leiða þetta samstarf. Þetta er samvinna sem skortir alla hugsjón. Þetta eru samtök hagsmunapotara en ekki samvinna eins og norræn samvinna hefur verið þar sem verið er að bera fyrir brjósti fólkið í þessum löndum. Og ég skil vel að forseti Tékklands auglýsi eftir framtíðarsýn fyrir þá Evrópu sem vissulega margir evrópskir stjórnmálamenn hafa óskað eftir. En þessi samvinna öll snýst um fjármagn og auðvitað fjármagn hinna ríku og sterku.

Hvað eftir annað má segja að í þessari ræðu hæstv. ráðherra sé sett fram fullyrðing sem er svo hrakin nokkrum síðum seinna. Hér segir, með leyfi hæstv. forseta, á bls. 16: „Þær Evrópuhugsjónir friðar og framfara sem lágu að baki þegar drög voru lögð að Rómarsáttmálanum á sínum tíma undir forustu þeirra Roberts Schumans og Jeans Monnets eru enn teknar upp og dustað af þeim rykið á hátíðarstundum. En eftir því sem ógnir heimstyrjaldarinnar seinni fölna í minningunni hefur krambúðarhugsun og hagsmunatogstreita stundum orðið meira áberandi í starfi Evrópusambandsins en hugsjónaglóð." Og þetta er alveg rétt.

Nú skilst mér að tími minn sé búinn og ég hlýt að ljúka þá máli mínu en áskil mér rétt til að taka til máls síðar í þessari umræðu þar sem ræða mín er langt frá því búin.

[17:07]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í máli hv. 14. þm. Reykv. kom fram ákveðin afstaða hennar til þess að Rússar og Sovétmenn almennt ættu að ráða meiru um sín mál. Það er svolítið erfitt að átta sig á því hvað hv. þm. á við með þessu. Mig langar því til að spyrja hvort hv. þm. sé með þessum orðum að réttlæta utanríkisstefnu Rússlands sem hefur verið kennd við það sem þeir kalla „The near abroad" eða nálægari útlönd. Að það sé þeirra áhrifasvæði þar sem þeir megi fara sínu fram svona nokkurn veginn eins og þeim líkar og hvort hún sé með þessum orðum sínum að réttlæta veru rússneska hersins, fyrrum sovéska hersins, í Eistlandi og Lettlandi gegn vilja þessara þjóða.

[17:08]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hefja hér kaldastríðsdeilur við hv. 3. þm. Reykn. En það mætti kannski rifja það upp fyrir honum að árið 1945 lauk heimsstyrjöldinni síðari. Sælir sigurherrar skiptu Evrópu á milli sín. Síðan höfum við búið við það þar til fyrir örfáum árum. Ef hv. þm. er að spyrja mig um það hvort ég vilji að ein þjóð níðist á annarri þá er svarið nei. Hins vegar býst ég við að það sé allflókið mál að losna við þúsundir og hundruð þúsunda útlendinga sem beðið hafa í Eystrasaltslöndunum í 50 ár. Ég held að það sé ekkert sem hægt sé að gera á mjög stuttum tíma. Við Íslendingar höfum mótað okkur alveg ákveðan stefnu í þeim málum og haft reyndar frumkvæði um að styðja við bakið á þessum löndum.

En í öllum bænum þegar við erum að ræða um íslensk utanríkismál nú vil ég mælast til að menn hefji ekki upp svartagallsraus kalda stíðsins. Ég held við verðum þá að fá pláss fyrir það í umræðu á Alþingi lengri en svo að hún rúmist í andsvörum og svörum við þeim. En ég get alveg huggað hv. 3. þm. Reykn. að ég vil ekki og hef aldrei stutt að nein þjóð níðist á annarri, ef það var það sem hann spurði um.

[17:10]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 14. þm. Reykv. upprifjun í mannkynssögu. Hana lærðum við væntanlega bæði í Flensborgarskóla í Hafnarfirði. Ég var ekki að spyrja um það hvort hv. þm. væri með eða á móti því svona almennt að þjóðir níddust hver á annarri heldur var ég að spyrja hv. þm. að því hvort hún væri með orðum sínum að réttlæta þá utanríkisstefnu Rússlands að þeir ættu að hafa sérstök áhrif í hinum nálægari útlöndum og hvort hún væri með orðum sínum að réttlæta það að hersveitir Rússa sætu gegn vilja Letta og Eista í þeirra löndum. Ef hv. 14. þm. Reykv. mundi vilja svara þessu með jái eða neii þá væri ég afskaplega glaður.

[17:11]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki svarað þessu með jái eða neii vegna þess að ég var að lesa upp úr grein eftir Jón Ólafsson þar sem hann er að lýsa hvernig Rússar hugsa. Ég var ekki að lýsa mínum skoðunum. Hann minnist hér á þrjú atriði í hugsanagangi hins venjulega Rússa eins og hann er núna. Þannig að hv. 3. þm. Reykn. hefur ekki hlustað grannt vegna þess að þetta voru ekki mín orð heldur lesið úr grein Jóns Ólafssonar. Það sem hann er auðvitað að tala um er hvernig sú þjóð bregst við sem búin er að vera stórveldi, hernaðarveldi, rússnesk æska hefur verið alin upp við að þetta sé merkasta þjóð í heimi, sterkasta og styrkasta, að það er ekkert smámál þegar slík heimsmynd hrynur. Það er um það sem Jón Ólafsson er að skrifa. Ég vænti þess að hv. þm. fari ekki að gera hugsanagang hins venjulega Rússa að mínum. Ég þekki ekki svo vel til þess fólks.

[17:12]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram dag hafa verið fróðlegar og vonandi öllum gagnlegar og að mínu mati málefnalegar að mestu. Það var auðvitað við því að búast að þeir samningar sem náðst hafa milli hinna þriggja Norðurlanda við Evrópusambandið um aðild þeirra hafi tekið svo stóran skerf af umræðunni í dag sem raun ber vitni. Ég er hins vegar undrandi á þeirri mynd sem dregin er upp af stjórnarandstöðunni varðandi umfjöllun utanrrh. um atburði síðustu daga, þ.e. væntanlega aðild Norðmanna að ESB. Hér hafa bæði hv. þm. Steingrímur Hermannsson og hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson gefið til kynna að ekki sé samstaða um ályktun Alþingis frá því í maí 1993.

Vissulega lét sendiherra okkar falla orð sem túlkuð voru sem vanþekking á ályktun Alþingis frá í fyrra. Hins vegar er ekkert það í orðum eða skrifaðri ræðu utanrrh. hér í dag sem gefur tilefni til þeirra viðbragða sem mér fannst hv. þm. sýna, þ.e. að sú staða sé uppi að e.t.v. séu aðeins fjórir flokkar hér á Alþingi sem standi að ályktuninni enn þá. Ef skoðanakannanir sýna breytta afstöðu til aðildar okkar að ESB þá er það athyglivert og til umhugsunar fyrir okkur. En þau viðbrögð eru varla vegna málflutnings stjórnmálamanna eða flokka, miklu fremur vegna fjölmiðlaumfjöllunar um málefni Norðmanna og ástæður þeirra fyrir aðild og þá samninga sem þeir eiga nú kost á.

Ég tek undir að það eru ekki ný tíðindi að fyrrnefnd lönd vilji aðild að ESB. Það eru hins vegar tíðindi að Norðmenn hafa náð fyrir sig svo viðunandi samningum sem raun ber vitni.

Mörg okkar höfðu efasemdir um það að Norðmenn gerðust aðilar að Evrópusambandinu. Ég get út af fyrir sig fallist á að þessi tíðindi kalli ekki á dramatískar vendingar en ég get hins vegar ekki sagt að þau breyti engu fyrir okkur Íslendinga. Ég er ein þeirra sem hef haft miklar efasemdir um að Norðmenn yrðu aðilar að Evrópusambandinu. Og til þessa hef ég fremur reiknað með að við myndum í einhver ár njóta samfylgdar þeirra á Evrópska efnahagssvæðinu. Nú lítur út fyrir að svo verði ekki og því er eðlilegt að hefja framkvæmd ályktunar Alþingis frá í maí í fyrra. Það hefur komið fram hér að í undirbúningi eru slíkar viðræður.

Ég hef stutt aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu með ráðum og dáð og litið þá aðild sem valkost við aðild að Evrópusambandinu og sagt það hvar sem ég hef tekið þátt í umræðu um þessi mál. Engu að síður fannst mér það hárrétt ákvörðun hjá ríkisstjórninni að fela Lagastofnun Háskóla Íslands að gera úttekt á hverjir væru kostir þess og gallar að standa utan við Evrópusambandið eða vera aðilar að því. Ég er því alls ekki sammála sjónarmiði Ólafs Ragnars Grímssonar að það sé allt þekkt sem varðar þessi mál og að slík skoðun sé þarflaus. Það er alveg ljóst að á næstu mánuðum verða í þjóðfélaginu miklar vangaveltur um einmitt kosti og galla þessa. Staðhæfingar munu verða settar fram á báða bóga og það er eðlilegt og sjálfsagt að ríkisstjórnin verði með úttekt og svör við því sem velt verður upp, staðhæft verður eða vangaveltur verða um. Að mínu mati er það því ekkert dramatískt þó ríkisstjórnin biðji um að slík úttekt liggi fyrir fyrir sumarið. Við munum að sjálfsögðu fylgjast með framvindu mála hjá frændþjóðum okkar og reyna að átta okkur á hvort og þá hvaða afleiðingar breytingar á þeirra högum hafa hjá okkur.

Ég tek undir það með hv. 14. þm. Reykv. að eitt mikilvægasta samstarf sem við eigum á vettvangi utanríkismála er Norðurlandasamstarfið. Við eigum reyndar eftir að ræða skýrslu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs og ég ætla ekki að fara inn í efnislega umræðu um Norðurlandasamstarfið hér við þessa umræðu. Því er hins vegar hreyft í ræðu utanrrh. að staða okkar í Norðurlandasamstarfinu breytist. Vissulega er það svo að ekkert okkar getur á þessari stundu séð það fyrir hvaða breytingar verða á hinum ýmsu sviðum þar sem við eigum samstarf, hvort heldur er á Norðurlöndum eða annars staðar.

Á fyrsta Norðurlandaráðsþinginu sem ég sótti sem var í Mariehamn fyrir tveimur og hálfu ári fannst mér gæta mikillar óvissu í umræðunni um framhald Norðurlandasamstarfsins einmitt vegna þeirrar Evrópusamvinnu sem löndin stefndu að. Þær efasemdir sem bærðust með mér þá eru alveg horfnar úr mínum huga. Öll umræða í Norðurlandaráði hnígur að því að styrkja samstarfið og hægt er að segja þrátt fyrir eða vegna Evrópusamstarfs þá er Norðurlandasamstarfið þýðingarmeira en nokkru sinni fyrr. Ég er því þeirrar skoðunar að ef mál fara sem horfir og öll hin Norðurlöndin verða í Evrópusambandinu þá verði Norðurlandasamstarfið okkur mikilvægara en nokkru sinni fyrr.

Það er engin tilviljun að sú ákvörðun hefur verið tekin að gera Norðurlandaráð pólitískara en áður og það er ákvörðun sem var tekin í framhaldi af endurskoðun samstarfsins fyrir tveimur og hálfu ári. Að veita ákveðnum samstarfssviðum meiri forgang en öðrum og að helga haustþinginu utanríkismálaumræðu sem áður þekktist ekki í þessu samstarfi. Allar breytingar sem fjallað hefur verið um sl. tvö ár hafa beinst að því að gera samstarfið í ráðinu skilvirkara og að löndin skiptist á með að bera ábyrgð á samstarfi ríkisstjórnanna er einmitt einn liður þess. Ég er því þeirrar skoðunar að verðum við eina landið utan Evrópusambandsins í Norðurlandaráði þá verði það okkur enn mikilvægara en áður og brýnt að rækta það á öllum samstarfssviðum. Ég tel að þarna geti verið lykillinn að okkar samráði gegnum Norðurlöndin við Evrópu ef sú staða verður uppi.

Þrátt fyrir að umræðan hér í dag hafi snúist fyrst og fremst um Evrópuþátt okkar utanríkismála þá kom utanrrh. víða við og drap á málaflokka sem áhugavert væri að fá nánari umfjöllun um. Áður en ég vík að þeim vil ég nefna það að hv. 14. þm. Reykv. lagði áherslu á að Norðurlandaráðssamstarfið væri ekki viðskiptalegs eðlis. Á þeim tíma sem ég hef starfað þar hefur oft verið rætt um áform manna um Norðurlönd sem heimamarkað á viðskiptasviði og á síðasta þingi kom það fram í ræðum manna og umfjöllun um Evrópusamstarfið sem fram undan væri að það efldi mögu-

leikann á slíku viðskiptaformi og það kom fram í þeirri umræðu að m.a. fiskútflutningur Íslendinga eða réttara sagt stærð hans í útflutningi okkar hefði haft þau áhrif að það væri ljóst að slík einhæfni í útflutningi og stærð hefði verið of stór fyrir Norðurlöndin en að viðskiptasamstarf innan Evrópu og innan Norðurlandanna mundi fléttast saman og það verður ábyggilega mikils virði fyrir okkur.

Ég nefndi að að ég hefði áhuga á að drepa á aðra málaflokka sem komu fram í ræðu utanrrh. og þar vil ég nefna möguleikann á aukinni ábyrgð Íslendinga á þyrlubjörgunarstörfum með því að Ísland yfirtæki hugsanlega þyrlubjörgunarþjónustu varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli. Þetta finnst mér stórt mál og afar mikið hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga og ekki síður hagsmunamál í mínu kjördæmi og ég hvet utanrrh. afar mikið til dáða í þessu máli.

Mér finnst líka áhugavert og of lítið fjallað hjá okkur á Alþingi um mannréttindamál yfirleitt og það væri full ástæða til þess að við fengjum nánari frásögn af ályktunum sem 50. þing mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna gerði, sérstaklega hvað varðar réttindi barna, sölu barna, barnavændi, barnaklám, götubörn og fleira sem getið var. Ég vil því nefna það að á nýafstöðnu Norðurlandaráðsþingi lá einmitt fyrir tillaga um að gera það refsivert að hafa undir höndum barnaklám og að þjóðirnar í Norðurlandasamstarfinu tækju það upp hver hjá sér og þar var samþykkt tillaga um að Norðurlöndin beiti sér mjög í aðgerðum varðandi þetta efni.

Mér finnst líka löngu tímabært að við Íslendingar mótum heildarstefnu í málefnum flóttamanna. Eitt alvarlegasta þjóðfélagsmein sem er að búa um sig víða á Vesturlöndum, líka á Norðurlöndum, er útlendingaandúð. Gegn henni verðum við að bregðast og það gerum við ekki með því að sporna gegn því að flóttafólk eigi skjól hjá okkur til jafns við það sem nágrannaþjóðirnar opna fyrir heldur með því að auka skilning og virðingu gagnvart því fólki sem gegn vilja sínum er hrakið frá ættjörð sinni og leitar ásjár hjá þjóðum sem byggja á hefð lýðræðis og mannréttinda.

Ég er því mjög fylgjandi að við tökum á þessum málum og opnum okkar land meira en hefur verið fyrir þessu fólki og tökum þátt í átaki Norðurlandanna sem fyrirhugað er í málefnum flóttafólks og þeirra sem þurfa á hjálp að halda.

Virðulegi forseti. Ég vona að framhaldið á þeirri umræðu sem hér á sér stað einkennist einmitt af þeirri breidd sem mér fannst framsaga utanrrh. gefa tilefni til en sem ekki hefur enn þá náð verulega inn í umræðuna.

[17:25]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir hennar ágætu ræðu en þar sem hv. þm. vék sérstaklega að samstarfi Norðurlandanna og hlut þeirra í Evrópusamstarfinu og okkar stöðu gagnvart norrænni samvinnu með hliðsjón af stækkun Evrópusambandsins og vísað er til umræðna á norrænum vettvangi um þetta mál þá langaði mig til að spyrja hv. þm. hvað hann segi um þá skoðun sem fram kemur hjá dönskum prófessor í alþjóðastjórnmálum við Árósarháskóla, Nikolaj Petersen, þegar hann heldur því fram að Norðurlöndin kunni að verða andstæðingar innan Evrópusambandsins því að málum sé þannig háttað að hagsmunir þeirra falli síður en svo saman þegar um er að ræða landbúnaðarmál, sjávarútvegsmál og iðnaðarmálefni, og hvort það sé nokkuð sem hv. þm. hefur orðið vör við á fundum Norðurlandaráðs sem ýti undir að þessi skoðun prófessorsins sé rétt að það kunni að koma til þess þegar þessi Norðurlönd öll eru komin inn í Evrópusambandið, þá komi í ljós að þau hafi ekki sameiginlegra hagsmuna að gæta á þessum mikilvægu sviðum alþjóðasamvinnu sem þarna er stunduð innan Evrópusambandsins. Einmitt í ljósi þess kunni norræn samvinna á öðrum sviðum að verða mikilvægari en ella til þess að samstarfið sé þó gott á milli þessara ríkja af því að ágreiningsefnin í þessum efnum séu svo mikil og muni koma í ljós þegar starfað er saman á þessum evrópska vettvangi.

[17:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst þessi staðhæfing prófessorsins fróðleg og ég vona að hún reynist ekki rétt. Ég hef ekki trú á að hún muni reynast rétt. Norðurlöndin hafa vissulega oft verið keppnautar á ýmsum sviðum þar sem þau eru samt í samstarfi, þau hafi verið að keppa um fjármagn til verkefna t.d. í gegnum Norræna fjárfestingarbankann, Alþjóðabankann og á öðrum stöðum þar sem þau eiga samstarf. Engu að síður hafa þau verið eins og samanfléttaður hópur í samstarfi á þeim sviðum.

Í umræðunni á Norðurlandaþinginu sem er nýlega afstaðið var það athyglisvert að þeir þingmenn sem ræddu Norðurlandasamstarfið og þetta væntanlega Evrópusamstarf með tilliti til þess að líklegt yrði að fjögur Norðurlandanna yrðu með í Evrópusambandinu og Ísland eitt stæði utan við, þá var mjög ánægjulegt að allfestir þingmenn sem ræddu um þetta töluðu um að þau yrðu að gæta hagsmuna Íslands þegar svo væri komið. Þau yrðu að sjá til þess að Norðurlandasamstarfið sæi um þann þátt m.a. og að á sama hátt og þegar fjögur löndin voru utan Evrópusambandsins og Danmörk ein innan, að samstarf Norðurlandanna var samt öflugt og gott og hefur verið að eflast enn meir, þá getur þetta eins orðið þegar fjögur verða orðin í Evrópusambandinu og eitt utan við. Ég er fullviss þess að Norðurlandasamstarf verður okkur mjög mikilvægt ef þetta verður staðan og ekkert í ræðum þingmannanna á þinginu gaf tilefni til þess að þessi orð prófessorsins reynist rétt.

[17:28]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Erindi mitt í ræðustól er að víkja að ýmsum atriðum sem mér finnst lítill gaumur hafa verið gefinn í þessari umræðu og síðasti ræðumaður nefndi. Ég ætlaði þó aðeins að koma inn á meginefni þessarar umræðu, þ.e. Evrópumálin. Það er merkilegt að velta fyrir sér þeirri heimsmynd sem lesa má út úr ræðu hæstv. utanrrh. Þessi sýn er afar bundin við Evrópu og hún er jafnframt mjög bundin af viðskiptasjón-

armiðum. Það má kannski segja sem svo að auðvitað skipta viðskipti Íslendinga miklu máli og ef hægt er að tala um hugsjón sem gengur í gegnum íslenska utanríkisstefnu og íslenska hagsmuni alveg frá því um 1300 þá hefur það verið sú hugsjón að selja fisk. Það hefur verið gegnumgangandi skoðun Íslendinga að allt mætti gera og allt mætti réttlæta ef þeir gætu fengið að selja sinn fisk. En það má of mikið af öllu gera.

Hæstv. utanrrh. vitnaði í Václav Havel, forseta Tékklands, en Havel hefur í sínum málflutningi lagt áherslu á að menn eigi hugsjónir, menn sýni ábyrgð gagnvart öðru fólki, gagnvart náttúrunni og heiminum sem við lifum í, menn hafi framtíðarsýn og að stjórnmálin einkennist af húmanisma. Havel er einmitt í sínum málflutningi að undirstrika það að lífið snýst um fleira en verslun og viðskipti, peninga og bandalög þjóða í milli. Ég vil beina því til hæstv. utanrrh. að hann taki sér Havel til fyrirmyndar og gefi gaum að fleiri hugsjónum en Evrópuhugsjóninni einni. Og þó að vissulega séu að gerast atburðir úti í Evrópu sem skipta okkur máli og við þurfum að sinna þá megum við ekki binda okkur við þennan þrönga sjónarhól.

Það er merkilegt að fylgjast með því sem er að gerast úti í Evrópu og þá er ég ekki fyrst og fremst að beina sjónum að þeim samningum sem nú er verið að ganga frá, heldur finnst mér ekki síst athyglisvert að skoða þá miklu þversögn sem Evrópuumræðan og staðan í Evrópu einkennist af þar sem annars vegar er unnið að því að sameina Evrópuríkin en hins vegar einkenna straumar útlendingahaturs, þjóðernishyggju og kynþáttahaturs umræðuna í þessum sömu Evrópuríkjum. Það hefur verið afar athyglisvert að fylgjast með pólitískum umræðum í Evrópuráðinu á undanförnum tveimur árum þar sem þessi ótti, þ.e. óttinn við þessa strauma hefur verið einkennandi og sívaxandi áhyggjur þingmanna og þjóðarleiðtoga af þessum hugmyndastraumum sem engir virðast fá við ráðið og þetta rekst auðvitað hvað á annað. Það er ekki samhljómur í því sem leiðtogar Evrópuþjóðanna eru að vinna að og svo hugmyndum sem einkenna allt of stóra hópa innan þessara sömu þjóða. Útlendingahatrið og ofsóknir gegn fólki af öðrum kynþáttum var eitt meginviðfangsefni leiðtogafundarins í Vín og það voru samþykktar aðgerðir sem einkum á að beina til æskufólks og munu hefjast undir lok þessa árs og væri afar fróðlegt að fá fekari fregnir af því frá hæstv. utanrrh. hvernig Íslendingar ætli að beita sér í þessum efnum og hvernig meiningin er að íslensk stjórnvöld skipuleggi slíkar aðgerðir hér því að ég tek undir það sem hv. 4. þm. Reykn. kom inn á í sinni ræðu að þessi mál koma okkur við og við eigum að bregðast við með því að vera mannúðleg og að opna okkar land fyrir fólki sem á undir högg að sækja.

Ef ég vík aðeins betur að Evrópuhugsjóninni og Evrópuumræðunni þá er eins og hér hafi gripið um sig einhver panik undanfarnar vikur þegar það augnablik rann upp er Norðurlandaþjóðirnar gerðu sína samninga við Evrópusambandið en þessir samningar og þetta ferli hefði ekki átt að koma neinum á óvart. Ég lít þannig á að menn séu frekar að koma út úr skápnum með sínar skoðanir heldur en að hér sé um einhvern sérstakan ótta að ræða því að þetta lá allt saman fyrir. Við getum spurt okkur: Hvað hefur breyst? Hefur eitthvað breyst? Það hefur ekkert breyst. Við vissum þetta allt saman fyrir tveimur árum þegar við hófum umræðurnar um Evrópska efnahagssvæðið í meðförum þingsins. Þá lá þetta allt ljóst fyrir. Við höfum lengi vitað að þessar þjóðir stefndu inn í Evrópubandalagið og við vitum reyndar ekki enn þá hvað úr því verður.

Það hafa hvað eftir annað rifjast upp fyrir mér ummæli Willys Brandts þegar hann kom í heimsókn hingað fyrir nokkrum árum og lét þau ummæli falla að sér sýndist ekki að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði yrði varanlegur eða það ástand sem hann skapaði vegna þess að það yrði svo ófullnægjandi fyrir aðildarríki EFTA að hafa ekki áhrif á þær ákvarðanir sem þyrfti að taka í framhaldi af samningnum og það er nákvæmlega það sem Norðurlandaþjóðirnar hafa ákveðið. Þær vilja hafa áhrif á þessa stefnumótun sem á sér stað innan Evrópubandalagsins samkvæmt því sem mér sýnist. Nú hef ég ekki farið í gegnum þann samning sem Norðmenn voru að gera við Evrópusambandið, en þegar allt kemur til alls eru það þessi áhrif sem skipta mestu máli. Þeir eru orðnir aðilar að hinum innri markaði og það skiptir máli að geta haft þar áhrif. Hins vegar er staða okkar Íslendinga allt önnur og ég tek undir það sem hér hefur verið sagt. Alþingi hefur mótað stefnu í þessum málum og á meðan sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er eins og hún er, á meðan skipulag þess er eins og það er, þá eigum við ekkert erindi þarna inn fyrir dyr.

Það hefur mikið verið rætt um einangrun. Menn óttast einangrun Íslendinga, en einangrun frá hverju? Um hvað eru menn að tala? Eru menn að tala um viðskiptalega einangrun? Við erum búnir að gera þennan samning um Evrópskt efnahagssvæði með því góða og vonda sem honum fylgir og við getum gert tvíhliða samninga. Við erum að ganga inn í nýtt umhverfi þegar GATT-samningurinn verður að veruleika. Ég trúi ekki öðru en Íslendingar verði aðilar að þeim samningi. Erum við að tala um einangrun frá menningarsamskiptum við Evrópuþjóðir? Við erum líka með ýmiss konar samninga um menningarleg samskipti. Við erum með samninga um menntun og hvað er þá verið að tala um? Einangrun frá hverju? Í rauninni er kannski fyrst og fremst um það að ræða að við séum að einangra okkur frá pólitískum áhrifum. En við hljótum að spyrja, hvaða áhrif mundum við hafa innan Evrópusambandsins? Smáþjóð eins og Íslendingar, hvaða áhrif mundum við hafa? Er öllu því fórnandi sem við þyrftum að fórna fyrir einhver örlítil áhrif. Menn verða að skoða þetta frá öllum sjónarhólum og ekki síst kemur þar upp sú spurning sem hæstv. utanrrh. varpaði hér fram um það hvaða stöðu Íslendingar ætluðu sér að taka í Evrópusamstarfinu, hún snýst ekki bara um viðskipti. Hún snýst líka um það í hvaða samfélagi við viljum lifa. Hvers konar samfélag viljum við móta hér á okkar landi? Viljum við ráða eigin för eða ætlum við að taka við tilskipunum um það hvernig okkur beri að

hátta okkar þjóðfélagi? Ég þarf vart að minna á þá þætti sem snúa að Evrópusambandinu og þeirri miðstýringu og því takmarkaða lýðræði sem þar er að finna og því mikla skriffinnskubákni sem það einkennist af og ég tel að við mundum harla lítil áhrif hafa á.

Ég ætla einmmitt að velta þeirri spurningu fyrir mér sem hæstv. utanrrh. varpaði hér fram, hvaða stöðu við ætlum að taka okkur og ekki bara í Evrópu heldur í heiminum öllum. Að mínum dómi eigum við eitt erindi umfram önnur á vettvangi þjóðanna og það er það erindi að tala máli mannréttinda í heiminum. Það vill svo til að við Íslendingar erum meðal örfárra þjóða sem með einhverjum rétti getum talað um mannréttindi og getum gagnrýnt aðrar þjóðir fyrir meðferð á fólki og það eigum við að gera, ekki síst þegar litlar þjóðir eiga í hlut og við getum beitt okkur og við eigum að beita okkur.

Því miður er það svo að í flestum ríkjum heims eru mannréttindi fótum troðin og ég er þar með komin að meginerindi mínu í þennan ræðustól því að mig langar sérstaklega til að vekja athygli hæstv. utanrrh. á tillögu sem við þingkonur Kvennalistans höfum lagt fram á þingi og ég á því miður ekki von á að takist að mæla fyrir áður en þingi lýkur. Það snertir ástand lítillar þjóðar austur í Asíu, þ.e. íbúa Austur-Tímor, og mig langar að beina því til hæstv. utanrrh. að hann kynni sér þessa tillögu og kynni sér ástand á eynni Tímor því að ég hygg að á fáum stöðum í veröldinni sé að finna annan eins harmleik og þar hefur átt sér stað þar sem Indónesíuher hefur verið að murka þessa litlu þjóð niður, ýmist í sérstökum aðgerðum eða árásum. Þeir hafa iðkað það að ráðast inn í þorp og drepa karlmenn en skilja konurnar og börnin eftir, þó að reyndar sé þar líka að finna dæmi um fjöldamorð á börnum. Við þetta ástand hefur þessi litla þjóð búið í 19 ár, en nú er ýmislegt sem bendir til þess að athygli heimsins sé að vakna gagnvart þessu ástandi og það eru hópar starfandi víða um heim sem eru að reyna að vekja athygli á örlögum þessarar litlu þjóðar og þeirri harðstjórn sem ræður ríkjum í Indónesíu. Indónesía er afar ríkt land. Þar eru miklar auðlindir og vaxandi iðnaður. Þar er vaxandi markaður fyrir fjárfestingar og jafnvel ríki eins og Svíþjóð og Finnland hafa látið sér í léttu rúmi liggja þær hörmungar sem Tímorbúar hafa orðið að þola. Ef þingmenn vilja fræðast nánar um þetta, þá bendi ég á greinargerðina sem fylgir þessari tillögu þar sem þetta ástand er rakið. En þarna er dæmi um mál sem við getum beitt okkur í eins og ýmsu öðru.

Þá langar mig líka að nefna annað dæmi, svæði sem er okkur nær eða þjóð sem er okkur nær og það eru Kúrdar. Kúrdar hafa gengið í gegnum miklar hremmingar á undanförnum árum og áratugum, ef ekki öldum reyndar, og það vill svo til að akkúrat þessa dagana eru sérkennilegir atburðir að eiga sér stað í Tyrklandi þar sem hluti Kúrda býr. Þar hefur það gerst að tyrkneska þingið ætlar að aflétta þinghelgi þannig að hægt verði að sækja nokkra kúrdíska þingmenn til saka þar sem þeir eru taldir vera hluti af hryðjuverkasamtökum, en tyrknesk yfirvöld skilgreina baráttu Kúrda í Tyrklandi sem hryðjuverkastarfsemi og kalla nánast öll þeirra samtök hryðjuverkasamtök. Þetta mál verður rætt á næsta þingi Evrópuráðsins og verður fróðlegt að sjá hver viðbrögðin verða þar, en það hefur verið reynt að vekja athygli þingmanna á þessu máli og þetta hefur verið í fréttum og við þurfum svo sannarlega að gefa þessu gaum. Ég skora á hæstv. utanrrh. að kynna sér þetta mál og reyna það sem hann getur til að koma í veg fyrir að það sé verið að níðast á Kúrdum.

Mig langar líka að víkja nokkrum orðum að ástandinu í Palestínu. Menn minnast þess að Shimon Peres kom hér í heimsókn sl. sumar og við utanrrh. voru sammála um það að heiðra hann ekki með nærveru okkar í kokteilboðum. (**Gripið fram í:** Í kokteilboðum?) Í boðum já, okkur gafst ekki tækifæri til að ræða við ráðherrann. En einmitt þá daga virtist vera svo að það væri ... (Gripið fram í.) Nei, ég kærði mig ekki um það, það er rétt hjá þingmanninum, fyrst og fremst vegna þess hvernig hann og hans ríkisstjórn hafa gengið fram gagnvart Palestínumönnum og þverbrotið mannréttindi á þeim, eins og lesa má um m.a í skýrslu Amnesty International. (Forseti hringir.) — Er ég búinn með tíma minn, virðulegi forseti?

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti mun leyfa hv. þm. að ljúka setningunni.)

Það sem ég ætlaði að segja var fyrst og fremst það að vekja athygli á því ástandi þarna. En það kann svo að fara að ég setji mig aftur á mælendaskrá, virðulegi forseti. Það fór fyrir mér eins og þeim forseta sem hér situr að mér tókst ekki að ljúka því sem ég ætlaði að segja.

[17:44]

Björn Bjarnason *(andsvar)***:**

Frú forseti. Ég vil aðeins koma hér upp til þess að andmæla þeim ummælum sem féllu hér um Shimon Peres og störf hans sem utanríkisráðherra Ísraels. Ég tel að þau séu algerlega óréttmæt. Ef hv. þm. hefði lagt það á sig á sl. sumri að koma til þess kvöldverðar, sem mér skildist að hv. þm. hefði verið boðinn til, þá hefði hún fengið tækifæri til að kynnast því framlagi sem hann hefur átt að þeirri friðargerð sem nú er verið að vinna að milli Ísraela og Palestínumanna. Mér finnst algerlega óréttmætt að láta slík orð falla um þennan stjórnmálamann eða aðra stjórnmálamenn í Ísrael sem hafa forustu um friðarumleitanir sem þar fara fram.

[17:45]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það kann vel að vera að þessi ágæti utanríkisráðherra hafi beitt sér mjög í þágu friðaraflanna í Ísrael. En hann er utanríkisráðherra þeirrar stjórnar sem þar situr og hefur setið um nokkurt skeið og hefur þar staðið fyrir miklum mannréttindabrotum, m.a. því að vísa rúmlega 400 Palestínumönnum út í eyðimörkina þar sem þeir voru við illan kost en hafa nú fyrir örskömmu fengið að snúa aftur til síns heima. Vinnubrögð af því tagi og framganga af því tagi sem Ísraelsstjórn hefur sýnt er með þeim hætti að henni verður að mótmæla. Þegar Shimon Peres kom hingað til lands hafði ekkert kvisast um þær friðarum-

leitanir sem yfir stóðu, en það hefði ekki breytt því að ég hefði átt afar erfitt með að sitja til borðs með fulltrúa ríkisstjórnar af þessu tagi.

[17:46]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessi afstaða hv. þm. Kvennalistans kemur mér ekki á óvart því á síðasta þingi þegar til umræðu var fríverslunarsamningur milli Íslands og Ísraels, þá snerist Kvennalistinn gegn því að sá samningur væri gerður og hv. 10. þm. Reykv. lýsti því yfir að hann sæi enga ástæðu til þess að gera yfirleitt samninga við Ísraelsríki. Þannig að svo virðist að hér komi aftur fram sú afstaða Kvennalistans að hann vilji í raun og veru ekki viðurkenna Ísraelsríki eins og hvert annað ríki í alþjóðlegi samstarfi. Það er alveg furðulegt að heyra þennan málflutning og algerlega ástæðulaust að una því í umræðum um utanríkismál hér á Alþingi Íslendinga að slíkur málflutningur sé hafður uppi án þess að honum sé mótmælt.

[17:47]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú verð ég að mótmæla harðlega þessum ummælum því að eitt er að gera athugasemdir við stjórnarfar og starfshætti í ríkjum og annað að afneita öllum samskiptum við þau eða jafnvel tilverurétti þeirra. Það höfum við aldrei gert, heldur höfum við (**BBj:** Það kom fram ...) — Ég get upplýst þingmanninn um það að við höfum staðið í miklum bréfaskriftum við yfirvöld í Ísrael vegna ýmissa atburða sem þar hafa átt sér stað. Við höfum margsinnis skrifað, þ.e. þingflokkur Kvennalistans, ríkisstjórn Ísraels út af atburðum sem þar hafa gerst og við höfum iðulega fengið svör. Ég hef sjálf átt samskipti bæði við konur frá kvennasamtökum í Ísrael og rætt við þingmenn frá Ísrael og átt við þá góð samskipti og ég ber virðingu fyrir því fólki, en það afsakar ekki framferði ísraelsku ríkisstjórnarinnar. En það er sjálfsagt að tala við fulltrúa Ísraels og hefðum við fengið tækifæri til þess þegar Shimon Peres kom hingað, þá hefði það verið gert. En að vera eingöngu boðið til kvöldverðar og vera að skála fyrir þessari ríkisstjórn, sem hefði nú kannski mátt sleppa, ég segi það nú ekki, það er bara ekki í samræmi við mína lífsskoðun.

[17:48]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það er tímanna tákn og tákn um gífurlega mikla umbyltingu í alþjóðamálum að við skulum nú á hálfrar aldar afmæli langþráðrar lýðveldisstofnunar Íslands ræða um utanríkismál á þeim grunni að spyrja okkur sjálf: Hversu langt eigum við að ganga inn í samruna vestrænna ríkja? Og það er einnig eilítið skondið að í umræðum fyrir nokkrum vikum um hvort Íslendingar ættu að velja sér annan þjóðsöng á lýðveldisafmælinu, að sá söngur sem helst þótti koma til greina endar á hendingunum:

Svo aldrei framar Íslands byggð
sé öðrum þjóðum háð.

Ísland hefur allt frá landnámi verið öðrum þjóðum háð að miklu leyti þótt vitund þjóðarinnar um slíkt hafi ekki alltaf verið mikil. En nú sem aldrei fyrr erum við háð samskiptum við aðrar þjóðir í heimi sem minnkandi fer og alþjóðleg samskipti eru hverri þjóð nauðsyn. Þegar Alþingi fyrir rúmu ári síðan samþykkti lög um Evrópska efnahagssvæðið, þá óraði sum okkar ekki fyrir því hversu fljótt samherjar okkar í EFTA mundu banka á dyr Evrópusambandsins og hversu mikilvægt væri að halda vakandi umræðu meðal þjóðarinnar um framtíðarmöguleika okkar og stefnu í því samhengi. Því miður hefur slík umræða verið af skornum skammti og það er því fagnaðarefni að hún sé vakin upp á ný og vonandi á þróttmikinn hátt, jafnt meðal stjórnmálamanna og ekki síst meðal almennings. Virk umræða meðal almennings hér á landi hefur því miður aldrei komist á það skrið sem æskilegt hefði verið miðað við ýmsar aðrar EFTA-þjóðir og við skulum vera minnug þess að Norðmenn hófu umræðuna fyrir meira en tveimur áratugum síðan þegar þeir gengu til þjóðaratkvæðagreiðslu um sameiningu við Evrópubandalagið, að mig minnir 1972. Og það er þess vegna sem mig langar til að leggja fáein orð í belg hér í dag til þess að hamra á mikilvægi umræðunnar.

Hugmyndir um samruna eða nána samvinnu þjóða í milli, m.a. á grundvelli landfræðilegrar legu, eru að ná yfirhöndinni í dag um allan heim. Við sjáum næst okkur Evrópusambandið, NAFTA ef við lítum í vesturátt og framtíðarsýn um slíkt fyrirkomulag má finna meðal fyrrverandi Sovétríkja, í Miðausturlöndum og í Suðaustur-Asíu. Það er því alger lífsnauðsyn að horfast í augu við raunveruleikann og þær breytingar sem við sjáum í kringum okkur og bera saman kosti og galla á öllum þeim möguleikum sem við höfum og það án tillits til þeirrar skoðunar sem við kunnum að hafa í dag. Við verðum að mæta til leiks með opnum huga.

En við verðum einnig að gæta þess að við höfum sérstöðu, sérstöðu sem ýmsar aðrar smáþjóðir hafa ekki og verður að taka tillit til þegar við metum þá stefnu sem við að lokum ákveðum að taka. Við erum ekki bara lítil eyþjóð í stóru og harðbýlu landi. Við eigum okkar menningararf og tungu og við búum fyrirsjáanlega í næstu framtíð ekki eingöngu við afar einhæft atvinnulíf heldur byggir það á mjög viðkvæmum grunni sem fiskstofnarnir vissulega eru. Það er okkur því nauðsyn að halda sjálf utan um verndun okkar afkomugrundvallar en fela slíkt ekki í hendur fjölþjóðlegra samtaka sem aldrei munu skynja til fulls mikilvægi þeirrar verndunar.

Að mínu mati var EES-samningurinn kjörinn vettvangur fyrir samstarf við þær þjóðir sem standa innan Evrópusambandsins. Samningurinn veitir okkur aðgang að mörkuðum þessara þjóða og fjórfrelsið sem í honum felst er nægjanlegt til að hafa þau samskipti sem við þurfum og óskum eftir. Þrátt fyrir að ESB verði fyrirsjáanlega stærsti markaðurinn fyrir útflutningsvörur okkar í framtíðinni, þá verðum við að hafa í huga að við höfum einnig afar góð viðskipti við Bandaríkin og teygjum okkur æ lengra í viðskiptum við Suðaustur-Asíu. EES-samningurinn veitir okkur mun meira frelsi til viðskipta og annarra samskipta við þessi ríki og þau viðskiptabandalög sem þau tilheyra, svo sem NAFTA og heldur okkur utan hugsanlegra

viðskiptaerja ESB við slík bandalög í framtíðinni. Þannig þjónar EES-samningurinn okkar hagsmunum eins og best verður á kosið.

Nú þegar svo bregður við að fjórar EFTA-þjóðir virðast ætla að velja þann kost að ganga í Evrópusambandið, þá er okkur alger nauðsyn að skoða stöðu okkar í því samhengi og meta hana. Það er ljóst að Evrópusambandið hefur ekki þróast á þann hátt sem gert var ráð fyrir í Maastricht-samkomulaginu, heldur hefur verið farið hægar í sakirnar, sem ég tel vera viturlegra, og mun meiri sveigjanleiki er nú fyrir hendi en áður, sem m.a. sést í þeirri sérstöðu sem einangraðar byggðir í Norður-Skandinavíu fá innan ESB.

Hins vegar eru þeir samningar sem Norðurlöndin og þá sérstaklega Noregur hafa náð engan veginn fullnægjandi fyrir Íslendinga. Samkvæmt þeim fregnum sem fengist hafa um sjávarútvegssamninginn við Norðmenn, þá eru í honum ákvæði sem við gætum aldrei fellt okkur við. Hvað sem öllum túlkunum líður, þá eru Norðmenn að gangast undir sjávarútvegsstefnu ESB þó á borði heiti það að sú stefna verði í samræmi við núv. stefnu Norðmanna. Það er einnig ljóst að verið er að gefa eftir kvóta til Spánar, Portúgals og Írlands og enn fremur ekki síst hlýtur það að hafa gífurleg áhrif á norskan sjávarútveg að erlendir ríkisborgarar geti átt fiskiskip í Noregi innan þriggja ára. Hver er kominn til með að segja að þau skip landi öllum eða meiri hluta afla síns í Noregi? Og síðast en ekki síst má spyrja út frá norskum hagsmunum: Hver verður niðurstaða endurskoðunar á sjávarútvegsstefnu ESB eftir 9 ár? Allt þetta hlýtur að vera mikið áhyggjuefni innan norsks sjávarútvegs og meðal Norðmanna almennt. Þó er sjávarútvegur ekki burðarás í heildarafkomu norsku þjóðarinnar eins og hjá íslensku þjóðinni, þótt hann kunni að gegna því hlutverki svæðisbundið. Ég hlýt því að fagna og styðja þann ásetning ríkisstjórnarinnar að leita hófanna á möguleikum á tvíhliða samningi við ESB á grundvelli EES-samningsins í stað þess að stefna á samrunaferli við ESB.

Þrátt fyrir að við stöndum utan ESB getum við átt möguleika á að hafa óbein áhrif á pólitíska umræðu á þjóðþingum ríkjasambandsins og vil ég í því sambandi sérstaklega benda á mikilvægi þátttöku Íslands í Evrópuráðinu þar sem fram fer umræða og ályktað er um flesta þætti hins pólitíska litrófs. Virk þátttaka fulltrúa Íslands á þessum vettvangi hefur sýnt að þar getum við beitt áhrifum okkar. Ég tel ekki að við missum af lest tækifæranna við það að standa utan ESB svo framarlega sem við höldum þeim samningum sem náðust með EES. En ég vil ítreka nauðsyn þess að við skoðum alla möguleika í viðskiptum og samstarfi við þessar þjóðir Evrópu, svo og aðrar viðskiptaheildir, ekki aðeins á næstunni heldur, þar sem breytingar eru örar og forsendur að sjálfsögðu breytast, að við höldum vöku okkar stöðugt og um ókomna framtíð.

[17:56]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Í ræðu minni áðan lagði ég áherslu á það að sú braut sem við Íslendingar ættum að fara og sú braut sem Alþingi hefur ákveðið að við skulum fara felist í því að við leitum eftir tvíhliða samningi um viðskiptahlið EES-samningsins við Evrópubandalagið.

Menn hafa gagnrýnt þessa afstöðu með þeim rökum að það verði torsótt fyrir okkur að ná viðunandi tvíhliða samningi við Evrópusamrunann eftir að félagar okkar í EFTA eru gengnir inn. Þetta eru rök sem ég ekki skil. Búast menn virkilega við því að félagar okkar í EFTA, þ.e. Norðmenn, Svíar, Finnar og Austurríkismenn komi til með að leggja okkur illt þegar þeir eru komnir inn í Evrópusamrunann? Ég held ekki. Ég held að við þurfum ekki að búast við verra af þeim heldur en meðan við höfum átt samstarf við þá í EFTA.

Okkur er engin nauðsyn á því fullkomna fjórfrelsi sem við erum aðilar að með EES-samningnum. Okkur nægir það að viðskiptahlið samningsins verði tvíhliða og stofnanahliðin breytist og það er ekkert afskaplega flókið mál fyrir okkur að breyta þessari stofnanahlið. Björn Friðfinnsson hefur varpað fram athyglisverðri hugmynd um umboðsmannsembætti í Brussel sem gæti tekið við ýmsum þeim verkefnum sem stofnanahliðin starfar að núna. Ég tel að þá hugmynd eigi menn að þróa og velta því fyrir sér hvort það væri ekki fullnægjandi lausn.

Hagsmunir Íslendinga voru út af fyrir sig aldrei tryggðir með þessu mikla stofnanabákni sem komið var upp í kringum EES-samninginn. Við áttum það náttúrlega þá upp á náð annarra EFTA-þjóða, fyrir utan náð Evrópubandalagsins, hvort við næðum rétti okkar. Við áttum þá náð ekkert vísa. EES-samningurinn hefur ekki gefið okkur neitt góða raun. Þó hann sé búinn að vera í gildi í tvo og hálfan mánuð þá hafa ekki þær vonir ræst sem fylgismenn samningsins bundu við hann. Það var gyllt mjög fyrir okkur á síðasta vetri hvers lags sæluríki við værum að gerast aðilar að með EES-samningnum. Gróðinn hefur látið standa á sér. Við höfum t.d. ekki fengið þessa 7 milljarða sem hæstv. utanrrh. taldi að við ættum vísa eða hélt fram úr þessum ræðustól í beinni útsendingu í sjónvarpi landsmanna að við mundum fá. Tollalækkuninni á fiskinum var bara svarað með verðlækkun. Það kemur í ljós að EES-samningurinn er okkur ónýtur eða mjög lítils virði til að reka réttar okkar gagnvart Frökkum sem beita okkur ólögmætum viðskiptahindrunum, enda þyrftu EFTA-ríkin að tala einum rómi til þess.

Ég hef enga trú á því að félagar okkar í EFTA verði okkur nokkuð vitund óvinveittari eftir að þeir eru komnir inn í Evrópusamrunann. Með því að losna undan EES-samningnum og gera tvíhliða samning er möguleiki á því að okkur takist að endurheimta eitthvað af því fullveldi sem við afsöluðum með EES-samningnum. Ég vil brýna hæstv. ríkisstjórn að standa vel að því máli.

Ég tel sem sagt að tvíhliða viðskiptasamningur sé hin rétta lausn og fagna því mjög að hæstv. forsrh. skuli vera á förum til Brussel eins og hann upplýsti mjög óvænt á Alþingi í gær. Ég tel að það sé skynsamlegt hjá honum að vera ekkert að ræða það við hæstv. utanrrh. þó hann ætli að bregða sér bæjarleið og ég tel að það sé hárrétt hjá hæstv. forsrh. að skilja

hæstv. utanrrh. eftir heima, enda eru þeir ekki sömu skoðunar á þessu máli eða það virðist ekki vera eftir því sem þeir láta eftir sér fara opinberlega. Hæstv. forsrh. hefði svo sem getað sagt hæstv. utanrrh. að hann ætlaði til Brussel. Það hefði kannski verið kurteisi af honum en ég er ekkert að harma það þó hann gleymdi að segja honum frá því eða nennti ekki að segja honum frá því, eins og ég býst heldur við að hafi verið tilfellið. Ég held að sjaldan hafi nokkur ráðherra verið auðmýktur annað eins á Alþingi í viðurvist okkar þingmanna af forsætisráðherra sínum og hæstv. utanrrh. sem var að viðurkenna það í sjónvarpinu í gærkvöldi að hann hefði ekki haft hugmynd um að hæstv. forsrh. var með það á prjónunum að fara til Brussel.

Þetta ber náttúrlega vott um samstarfið í ríkisstjórninni og hvað menn tala þar orðið mikið saman. Hæstv. forsrh. fór fræga ferð með hundinn sinn til Þingvalla fremur en að ræða við hæstv. utanrrh. um landbúnaðarmál þegar sú krísa stóð sem hæst eða einn þáttur þeirrar krísu því hún er endalaus. Og ég held að það hafi verið skynsamlegt hjá honum líka.

Ég hef fjölyrt um samskiptin við Evrópusamrunann en það er ýmislegt fleira í þessari ræðu sem væri fullkomin ástæða til að ræða um. Það er t.d. sagt frá samningunum við herinn og ég get ekki stillt mig um að láta í ljósi þá skoðun mína að það hafi verið mjög auðmýkjandi fyrir utanrrh. á Íslandi að þrábiðja, eins og hann gerði, Bandaríkjamenn að halda áfram að hafa hér her. Það tel ég ekki vera virðulega framkomu hjá utanrrh.

Það er líka fjallað óbeint um þyrlukaupin í þessari skýrslu. Sú saga, þyrlukaupamálið allt, er orðin ríkisstjórninni til háborinnar skammar, ekki síst forsrh. sem hefur verið með dagsetningar þar um. Það er að sjálfsögðu lýðum ljóst að hæstv. ríkisstjórn ætlar ekki að beita sér fyrir neinum þyrlukaupum. Það er leitað að hverri undanfærslunni eftir aðra til þess að slá því máli á frest.

Það er lítillega fjallað um GATT-samningana í þessum pistli hæstv. utanrrh. Það væri freistandi að eyða nokkrum orðum að því en ég ætla aðeins að stikla á stóru. Auðvitað viljum við Íslendingar og komumst ekki hjá því að vera aðilar að GATT-samningnum en í þessari Úrúgvæ-lotu gætti hæstv. utanrrh. ekki hagsmuna íslensks landbúnaðar. Hann stóð ekki á rétti Íslands eins og honum bar að gera og þess vegna er þessi útkoma í GATT-samningum óþægileg fyrir Íslendinga.

Það er lítillega drepið á Dounreay-málið í skýrslunni en með allt of vægu orðalagi. Ég vil finna að því við hæstv. ríkisstjórn að hún skuli ekki beita sér meira í því máli. Það er grafalvarlegt mál fyrir okkur að svona skuli vera komið með þessa endurvinnslustöð. Ég tel að ríkisstjórninni beri skylda til og þá ekki hvað síst hæstv. umhvrh. að taka það mál miklu fastari tökum en gert hefur verið.

Það er fjallað í skýrslunni um ráðstefnu á vegum Sameinuðu þjóðanna um veiðar á úthafinu. Ég verð að játa það að ég er nokkuð tortrygginn á þann málatilbúnað sem hæstv. utanrrh. hefur haft í því máli, þ.e. að því leyti að skáka Guðmundi Eiríkssyni þjóðréttarfræðingi, reka hann úr málinu og setja annan mann í það. Ég tel að það hefði verið heppilegra fyrir okkur og líklegra til árangurs á alþjóðavettvangi, jafnvel þó að ágætur maður hafi verið settur í staðinn, að Guðmundur Eiríksson hefði haldið áfram að fylgja málinu fyrir okkar hönd.

Það er út af fyrir sig fullkomin ástæða til þess fyrir okkur að vanda okkur varðandi fiskveiðar á úthafinu. Ríkisstjórn Íslands hefur dregið lappirnar með mjög aumlegum hætti í Smugumálinu, í Svalbarðamálinu, og ekki gætt okkar ýtrasta réttar og það er ámælisvert hjá hæstv. ríkisstjórn. Útgerðarmenn tóku málið í sínar hendur þrátt fyrir andstöðu ríkisstjórnarinnar. Það getur vel verið að þessar Smuguveiðar stöðvist í kjölfar þess bandamanns sem Norðmenn fengu í Evrópubandalaginu í þeirri deilu en ég tel að við Íslendingar eigum að gæta réttar okkar á úthafinu. Það er ekkert fjarlægur möguleiki fyrir okkur að stunda þar arðbærar veiðar.

Það er annað í því sambandi sem við þurfum að laga hjá okkur, þ.e. við verðum að heimila að skrá skip, sem þeir kaupa eða láta byggja til þessara veiða, undir íslenskum fána. Það er alveg fáránlegt að neyða íslenska útgerðarmenn til þess að skrá skip sín undir hentifánum. Ég er ekki að mæla með því að hleypa félögum sem eru í erlendri eigu að hluta eða öllu leyti með skip sín undir íslenskum fána, en það er jafnfráleitt að neyða íslenska útgerðarmenn til þess að skrá skip í hentifánaríkjum og það er sjálfsagt að heimila þeim að skrá þau undir íslenskum fána. Það þarf ekkert að hleypa þessum skipum í veiðar í fiskveiðilögsögunni þar fyrir. Þessum lögum verðum við að breyta og það fyrr en seinna því þetta er mjög óheppilegt og skaðlegt fyrir okkur og við eigum að nýta okkur veiðireynslu þessara skipa á fjarlægum miðum.

Lítillega er minnst á þróunaraðstoð í þessari ræðu hæstv. utanrrh. og einkum þó aðstoðina við Malaví. Nú veit ég ekki hvað hún hefur verið heppileg. En kannski er ljósi punkturinn í henni sá að hæstv. utanrrh. lagði land undir fót og fór til Malaví í fyrra og hitti þar, að hans eigin sögn, ákaflega hygginn mann, dr. Hastings Banda, og hefur það vafalaust verið lærdómsríkur fundur.

Frú forseti. Ég ætla að láta máli mínu lokið. Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að það sé ófært fyrirkomulag um jafnveigamikið mál og skýrslu utanrrh. að hafa einungis tvisvar sinnum kortér til að ræða hana. Ég gæti vel notað eitt kortér enn, ég er búinn að tala það sem ég hef rétt til en ég gæti vel notað eitt kortér enn.

[18:12]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þyrfti að andmæla fleiru í ræðu hv. þm. en ég hef tóm til á tveimur mínútum en tvö atriði vil ég gera athugasemdir við sérstaklega. Í fyrsta lagi þótti mér hv. þm. tala þannig um samningsgerð okkar um Evrópska efnahagssvæðið eins og þar hefði verið illa að málum staðið. Ég er honum gjörsamlega ósammála og tel að við hefðum aldrei náð þeim hag-

stæðu samningum við Evrópusambandið á tvíhliða grundvelli eins og við náðum á þessum fjölþjóðlega grundvelli sem var meðan við áttum samleið með EFTA-ríkjunum í samstarfi og samningagerð við Evrópusambandið.

Í öðru lagi spyr ég hv. þm. hvort hann sé ósammála því sem stóð á forsíðu Tímans 10. mars sl. og haft var eftir hv. þm. Steingrími Hermannssyni, formanni Framsfl., þegar hann sagði, með leyfi hæstv. forseta:

„Ég segi fyrir mitt leyti að eftir að EES-samningurinn er gerður erum við komnir með viðskiptasamning sem okkur dugar fullkomlega."

Mér þóttu ummæli hv. þm. um EES-samninginn þess eðlis að það er full ástæða til þess að spyrja hann hvort hv. formaður Framsfl. og hv. formaður þingflokks Framsfl., sem voru þó samstiga í afstöðu sinni gegn EES-samningnum á Alþingi á síðasta þingi, séu nú orðnir ósammála um það hvort hér sé um góðan og fullkominn viðskiptasamning að ræða eða ekki.

[18:14]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get sagt eins og hv. 3. þm. Reykv., þessi ummæli sem voru höfð eftir 7. þm. Reykn., Steingrími Hermannssyni, stungu mig dálítið. Mér fannst þetta ónákvæmt orðalag. Ég hefði orðað þetta svolítið öðruvísi. Ég hefði sagt að í viðskiptahlið samningsins um Evrópskt efnahagssvæði væru vissulega hlutir sem eru okkur til hagsbóta. Ekki eins mikilla hagsbóta og hv. 3. þm. Reykv. eða hæstv. utanrrh. sögðu okkur í fyrra en þar eru hins vegar atriði sem eru okkur til þæginda.

Hitt er svo annað mál að í samningnum eru yfirgnæfandi gallar og að því leyti var illa staðið að þessari samningagerð og samningurinn ekki nógu góður. Ef ég ætti að ganga til atkvæða um þennan samning núna þá mundi ég haga atkvæði mínu á sama hátt og ég gerði í fyrra.

Í síðasta lagi var fyrirheit frá hendi ríkisstjórnarinnar um að verja auðlindir okkar við samningagerðina. Það átti að gera með girðingarfrumvörpum. Við höfum séð eitt af þessum girðingarfrumvörpum, þ.e. frv. til jarðalaga sem er ónýt girðing og skiptir engu máli, þar er allt galopið eða þá að gera jarðirnar verðlausar. Það vantar boðað frv. um auðlindir í jörðu. Við höfum séð að því uppköst, eitt eða tvö, en ég spyr hvenær von er á þessari lagasetningu frá ríkisstjórninni því eins og stendur er þetta allt saman galopið.

[18:16]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka hv. 1. þm. Norðurl. v. fyrir hreinskilni hans í svörum. Það liggur fyrir að Framsfl. er orðinn þríklofinn í þessu máli. Hann klofnaði í tvennt á þinginu í fyrra en nú hefur komið í ljós að í andstöðuhópnum er einnig orðinn klofningur þannig að hv. formaður flokksins, Steingrímur Hermannsson, talar um þetta sem viðskiptasamning sem okkur dugar fullkomlega en hv. þingflokksformaður, Páll Pétursson, telur að formaður flokksins fari með fleipur og sé allt of mildur í afstöðu sinni til þessa ágæta samnings. Það er því erfitt fyrir okkur hv. þm. að átta okkur nákvæmlega á því hvernig ástandið er í þessum málum innan Framsfl. og ástæða til að fagna því enn að við komum okkur þá saman um ályktun 5. maí 1993 um framtíðarstefnuna í þessu máli og eigum það ekki undir framsóknarmönnum að móta hana.

[18:17]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er síður en svo að Framsfl. sé þríklofinn í þessu máli. Það er enginn ágreiningur á milli okkar hv. 7. þm. Reykn. um þetta mál. Ég taldi hins vegar að þetta orðalag, sem þarna var haft eftir honum, orkaði tvímælis. Við viljum báðir, og ég hef hvað eftir annað haldið því fram á þessum tveimur kortérum sem ég hef fengið til umráða, að við ættum að stefna að því að gera viðskiptahlið EES-samningsins að tvíhliða samningi við Evrópubandalagið. Nákvæmlega það sama leggur hv. 7. þm. Reykn. til.

Ég vil taka það fram að þó innan raða okkar framsóknarmanna hafi í fyrravetur verið ágreiningur um afstöðu til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði þá stendur þingflokkur framsóknarmanna algjörlega heill að því að vilja gera tvíhliða viðskiptasamning við Evrópubandalagið. Við erum búnir að ræða á tveimur fundum nýlega um Evrópumálin og það er engin breyting á afstöðu Framsfl. að við viljum ekki innlimast í Evrópusamrunann.

[18:18]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram að mörgu leyti fróðleg umræða um utanríkismál og þá ekki síst Evrópumálin, enda er það svo sem að vonum þar sem ýmis tíðindi hafa verið í því efni á undanförnum dögum og vikum. Ég kvaddi mér aðallega hljóðs til þess að leggja á það áherslu að ég held að það væri afar vitlaust og með öllu ástæðulaust fyrir Íslendinga að fara á taugum þó að þar hafi orðið þeir atburðir sem hafa um nokkurra missira skeið verið fyrirsjáanlegir. Satt best að segja undrast maður þá tilhneigingu til að blása upp mikla taugaveiklum og reka hræðsluáróður fyrir því að nú séu einhver þau vatnaskil að verða eða stórtíðindi í samskiptum okkar við Evrópu vegna atburða úti í heimi sem kalli á einhver skjót viðbrögð, jafnvel hluti eins og þá sem haft var eftir einum ágætum ónefndum sendiherra og fyrrum starfsfélaga okkar hér á þingi að Íslendingar yrðu bara að taka einhverja stærstu utanríkispólitísku ákvarðanir sögu sinnar á örfáum dögum, ef ekki bara klukkutímum. Menn hefðu bara svona til klukkan hálftólf til þess að ákveða hvort þeir ætluðu að stinga sér inn í Evrópubandalagið.

Þetta er ekki mjög uppbyggilegur málflutningur, satt best að segja. (Gripið fram í.) Þetta er að vísu mjög gáfaður maður og farsæll og duglegur en hann á auðvitað ekki að blanda sínum persónulegu skoðunum, sem kunna að vera í þessu efni, saman við hlutverk sitt sem opinber sýslunarmaður fyrir landið í útlöndum. Það er alvörumál í raun og veru. Og það er alveg nauðsynlegt að bæði sendiherrar okkar sem og aðrir sýslunarmenn okkar heima og heiman viti hver er hin

formlega staðfesta stefna Íslands í þessu máli. Því mitt í öllum ruglandanum um þessi Evrópumál þá gerðist sá merkilegi atburður hér á Alþingi í fyrravor að það náðist algjör þverpólitísk samstaða um það hvert halda skyldi. Og það hefur ekkert gerst síðan, ekkert, sem kallar á endurmat á þeirri stefnumörkun, eins og hæstv. forsrh. hefur réttilega bent á ítrekað, bæði á þingi og í svörum og í fjölmiðlum undanfarna daga. Og reyndar ber að fagna því, því að það sem ég hef heyrt í umræðunni í dag, þá má fullyrða að e.t.v. með einni undantekningu hafi allir lagt áherslu á þetta sama, að ályktun Alþingis frá því í fyrravor um viðræður við Evrópusambandið um tvíhliða samning, sú ákvörðun standi og sú stefnumörkun sé í fullu gildi og rétt.

Það eru að vísu nokkrir aðilar sem eru að skapa óróa um þetta mál einmitt núna og það er óþurftarverk, segi ég. Verslunarráðið stendur fyrir fundum og dregur þar fram þá sem þeir vita af reynslu og kynnum og að eru líklegastir til að taka undir þennan söng, hræðsluáróðurinn um einangrunina. „Stationistahjörðin" í Brussel, með vaxandi stétt manna, er auðvitað að senda heim orðsendingar af því tagi að þetta sé alveg voðalegt og við verðum að drífa okkur inn í Evrópubandalagið því annars einangrumst við hér einhvers staðar úti í geimnum.

Síðan eru vissar veilur í Alþfl. að því er virðist og stóð hann þó heill og óskiptur að samþykktinni á Alþingi í fyrravor og hefur ekki tilkynnt okkur um að hann hafi skipt um skoðun, hæstv. Alþfl. En ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst hæstv. utanrrh. hafa þetta óþægilega opið í sínum málflutningi, ræðum, blaðagreinum og viðtölum við fjölmiðla undanfarna sólarhringa. Ég vona, í og með vegna hæstv. utanrrh. af því að mér er nokkuð hlýtt til mannsins, að hann fari ekki í þá eyðimerkurgöngu að ætla að gerast núna boðberi þess að við skiptum skyndilega um skoðun í brimgarðinum miðjum og gerum það sem algjör samstaða hefur verið um fram að þessu að gera ekki, þ.e. að vera að flækja málin með því að gæla við aðild að Evrópusambandinu að óbreyttu. Þá á ég við að óbreyttu hvað varðar grundvallarstefnu Evrópubandalagsins til auðlindanýtingar og sameiginlegrar stjórnunar á auðlindum þjóðanna, af því að ég held að það væri óþurftarverk, það á ekki að vera að rugla menn í ríminu, það hefur ekkert breyst í þessum efnum. Rökin eru öll hinum megin.

Ef það er eitthvað sem hefur breyst sem mark er á takandi þá er það eitt að mínu mati og það er að samningsniðurstaða Noregs við Evrópubandalagið er verri en menn áttu von á. *Hún er verri.* — *Hún er víst verri,* hæstv. utanrrh. Það er alveg sama hvernig hæstv. utanrrh. hristir höfuðið hér í hliðarsölum.

Ég er hér með samninginn sem Norðmenn gerðu við Evrópubandalagið, að vísu á enskri tungu en hef farið í gegnum hann og lesið m.a. bókanir sem þessir aðilar hafa gert um Smuguveiðar. Ég fullyrði það að þessi samningsniðurstaða er lakari en Norðmenn höfðu gert sér vonir um. Það er ekki nokkur vafi á því. Andstæðingum EB-aðildar í Noregi er stórlega létt. Þeir telja að þeir hafi fengið fljúgandi byr í baráttunni með þessari samningsniðurstöðu. Sjávarútvegurinn er meira og minna allur að leggjast gegn niðurstöðunni og sjávarútvegsráðherrann, hinn borubratti, sem fram að þessu hefur talað gegn aðild, er í bullandi vörn í málinu. Vegna hvers? Fyrst og fremst vegna þess að hann fór í þessa krossferð með tvö meginmarkmið. Hver voru þau? Engan fisk, enda var hann kallaður Mr. no-fish-Olsen í Brussel. Engan fisk. Það er ekki einn einasti fiskur aflögu í Noregi, sagði hann, handa Evrópubandalaginu. Hitt var: Við stjórnum norðan við 62°. Það kemur ekki til greina að láta af fullu forræði Norðmanna yfir auðlindum norðan 62°. Hann varð að gefa eftir hvoru tveggja. Það er ljóst að það eru eingöngu fyrstu þrjú árin sem Norðmenn fara með forræði fyrir auðlindum sjávarins norðan við 62°. Það er hrein uppgjöf. Það er nær að kalla það mjög stuttan aðlögunartíma, þrjú ár, heldur en að þeir hafi haft þetta baráttumál í höfn. Hitt gaf hann líka eftir á lokasprettinum, hann varð að láta meiri fisk. Þannig að það er alveg augljóst mál að samningurinn er mjög mikil vonbrigði fyrir Norðmenn hvað þetta snertir.

Þriðja atriðið er það að Evrópubandalagið tekur strax í byrjun við forræði fyrir hönd Noregs til að semja við aðra aðila um fiskveiðimál að öðru leyti en því sem eru gildandi samningar við Rússa. — En, hæstv. utanrrh., ef við náum ekki samningum við Norðmenn um loðnuna núna á þessu ári þá munum við þurfa að semja um það við Evrópubandalagið vegna þess að Norðmenn missa forræðið fyrir því í hendur EB. Sama mundi eiga við um síld og aðra slíka hluti. Ég tek það til marks um það hversu lélegur samningurinn er í raun fyrir norska sjávarútvegshagsmuni að helsta hálmstrá Jan Henry T. Olsens, skuli vera bókunin um Smuguna. Hvað ætlar hann að nota til að fá menn í Norður-Noregi og Vestur-Noregi til að reyna að kaupa þennan samning? Jú, að hann hafi fengið Evrópubandalagið í lið með sér til þess að koma Íslendingum út úr Smugunni og öðrum vondum mönnum. Og á hverju byggir það? Það byggir á þremur og hálfri línu í viðauka III í samningi Noregs við Evrópusambandið um sjávarútveg. Hvað stendur þar? Þar stendur að samningsaðilar séu sammála um að rannsaka — „to examine" — hvernig óskráðar veiðar á fiski utan kvóta verði stöðvaðar. Það er allt og sumt. Og svo segir að sérstaklega skuli rannsaka aðferðir sem miða að því — parties agree to explore measures aiming at — sem miða að því — að koma í veg fyrir landanir á svæði sambandsins þegar um veiðar utan kvóta er að ræða. Þetta er ekki mjög mergjað orðalag, satt best að segja. Auk þess liggur það auðvitað þannig að Evrópubandalagið er ekki sá sem manni dettur fyrst í hug að fá til að hjálpa sér við að koma í veg fyrir veiðar í smugum, eða hvað? Ætli það sé ekki þannig að Spánverjar og ýmsir aðrir séu frægari fyrir flest annað heldur en það að vera að loka smugum, hvort sem það er við Kanada eða annars staðar. Nei. Það er jú auðvitað þannig að Evrópubandalagið hefur verið einhver harðdrægasti úthafsveiðihagsmunaaðili sem fyrirfinnst og ævinlega og alls staðar staðið gegn því að loka smugum undan landhelgi ríkja. Þannig að auð-

vitað er það næsta broslegt að sjávarútvegsráðherra Noregs skuli í kastþröng sinni hengja núna hatt sinn á það að Evrópubandalagið komi honum til hjálpar við að loka Smugunni. Ég tek það meira til marks um það að þessi klóki stjórnmálamaður veit í hvers konar bullandi vörn hann er með samninginn heima fyrir að hann skuli gera þetta Smuguákvæði upp á þrjár og hálfa línu í viðauka III með samningnum að þessu stórmáli sem hann er að reyna að gera þessa dagana. Það er vegna þess að samningurinn að öðru leyti er svo lélegur fyrir norska sjávarútvegshagsmuni. Meginkrafa Noregs um tollfrjálsan aðgang fyrir allar sjávarafurðir og eldisafurðir strax náðist ekki heldur fram því nokkrar mikilvægar útflutningstegundir Norðmanna eru fyrir utan, a.m.k. fyrsta kastið. Þar er, ef ég man rétt, bæði síld, makríll, rækja og lax. Þannig er nú staðan.

Ég segi því: Það er síður en svo að það sé ástæða fyrir menn til þess að endurmeta stöðu Íslands í ljósi niðurstöðunnar í Noregi og þá enn vitlausara ef menn lesa það út úr að það bendi frekar en áður til þess að við eigum að skoða aðild af einhverri alvöru. Einasta ástæðan sem ég hefði getað séð til þess á sjávarútvegssviðinu að niðurstaða í samningum Noregs við Evrópubandalagið hefði gefið okkur einhver tilefni til að endurmeta stöðu okkar í þessa áttina, hún hefði verið ef Norðmenn hefðu náð fram varanlega fullu forræði á forvöltun sjávarútvegsauðlindanna, þó ekki væri nema norðan við 62°, um aldur og ævi og t.d. því að fara með samninga við önnur ríki sjálfir um deilistofna sem ganga inn og út úr norsku landhelginni. En svo er aldeilis ekki. EB-fáninn verður á samningaborðinu frá byrjun þó Norðmenn geri sér vonir um að þeir verði auðvitað fyrirferðarmiklir í samninganefndunum og þeirra sjávarútvegsstefna muni hafa talsverð áhrif á sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins þegar hún kemur til endurskoðunar 2002. En fyrir því hafa þeir að sjálfsögðu enga tryggingu. Ekki neina. Og við vitum að það er við harðdræga aðila að eiga sunnar í álfunni, svo sem eins og Spánverja, Portúgali og fleiri, sem ætla sér sannarlega sinn hlut.

Þannig að svona lít ég á þetta. Ef það er eitthvað þá er þessi niðurstaða í þá átt að hún sannfærir okkur Íslendinga um að það er borin von fyrir okkur að láta í hendur Evrópubandalaginu auðlindir okkar með þeim hætti sem Norðmenn virðast ætla að gera, enda er auðvitað ólíku saman að jafna þar sem sjávarútvegur er um 10% útflutningsgrein í Noregi en 80% hjá okkur. (**Utanrrh.:** 6%.) 6% hjá Norðmönnum. Þess þá heldur, hæstv. utanrrh., og ég þakka hjálpina. Þess þá heldur. Það er auðvitað svo gjörsamlega ólíku saman að jafna og ljóst t.d. að iðnaðarhagsmunir Noregs, olíuhagsmunir og annað því um líkt, skiptir þarna miklu meira máli. Hitt er svo annað mál að pólitískt, sögulega og menningarlega liggur það þannig í Noregi að sjávarútvegurinn vigtar þungt. Og það skyldi nú ekki fara svo að þessi lélega niðurstaða Norðmanna í samningunum verði það sem ráði úrslitum um að norska þjóðin felli þennan samning? Og það ættu menn að hafa í huga að hann er ekki beinlínis orðinn að samþykktum lögum í Noregi.

Ég held að staða Íslands sé í raun og veru ágæt í þessu sambandi og við þurfum ekki að kvíða því að það sem þarna hafi verið að gerast eða gerist sé neitt sem við þurfum að hafa sérstakar áhyggjur af. Það er engin ástæða til taugaveiklunar að mínu mati, þvert á móti eru að mörgu leyti spennandi möguleikar í stöðunni fyrir Ísland. Við eigum þann möguleika að sjálfsögðu og í hann eigum við að fara að þróa okkar samskipti yfir í tvíhliða form við Evrópusambandið, sem er það form sem ég held að eðli málsins samkvæmt henti okkur best og sé viðráðanlegast fyrir okkur smáþjóðina í samskiptum við þennan mikla risa. Það er sem allra einfaldastur tvíhliða viðskiptasamningur og samvinnusamningur við Evrópusambandið, með sem minnstri stofnanayfirbyggingu og einföldustum framkvæmdamáta. Það mundi henta okkur best og vera viðráðanlegast fyrir okkur. Þess vegna eigum við að setja aukinn kraft í það að skoða möguleika okkar í aðrar áttir með samningum við Ameríku og NAFTA-svæðið og Asíu og fleiri þjóðir.

Það sem ég tel að muni verða mest spennandi viðfangsefni fyrir Ísland á komandi árum, ég tala ekki um ef Noregur fer líka inn í EB, það er sú einstaka staða sem við fáum þá í hendur að verða eina algjörlega sjálfstæða og fullvalda þjóðríkið í vestanverðri Evrópu. Hvaða möguleika býður það okkur upp á? Það kann að bjóða okkur upp á mikla möguleika sem tengipunktur og samskiptamiðstöð þeirra stóru aðila sem liggja báðum megin við okkur, í raun og veru í allar áttir ef við tökum samgöngur yfir pólinn með í reikninginn. Skyldi það ekki fara svo að það sem hefur pólitískt og efnislega nýst mörgum þjóðum vel í gegnum tíðina, eins og Svisslendingum, Svíum og öðrum slíkum, (Forseti hringir.) gæti átt eftir að verða ein af mikilvægum auðlindum Íslands? Það er sjálfstæðið og fullveldið og möguleikinn á því að vinna úr þeirri stöðu. Það held ég, hæstv. forseti, og hef nú lokið máli mínu, sem rétt og skylt er þar sem tíminn er búinn.

[18:34]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. sagði réttilega að staðan fyrir okkur væri ekki mjög flókin nú enda hefðum við góðan grunn að starfa á gagnvart Evrópusambandinu. Mig langaði til að spyrja hv. þm. hvernig hann héldi að staða okkar væri ef hans stefna varðandi EES-samninginn hefði náð fram að ganga og við hefðum ekki gert þann samning og værum ekki aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu.

[18:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þegar ég talaði um hin góða grunn þá átti ég náttúrlega einkum og sér í lagi við hina gleðilegu tímamótasamþykkt Alþingis frá sl. vori, sem ég veit að hv. þm. átti góðan þátt í að koma á. Ég segi það alveg hiklaust að ég tel það mikla gæfu fyrir okkur að hafa þó náð að sameinast um þannig leiðarljós upp á framhaldið. Það hvort við hefðum á einhverju stigi málsins í ferli könnunarviðræðna um EES ákveðið að velja frekar þann kost að fara út í gerð tvíhliða viðskiptasamnings. Það held ég að hefði alveg eins

getað skilað okkur í sambærilega stöðu. Við værum þá e.t.v. búnir að því sem við eigum núna eftir að gera. Við hefðum e.t.v. þá strax sett kraftana í að ganga frá þessum samskiptum í formi tvíhliða samnings, varanlegs tvíhliða samnings, sem væri núna fyrir hendi og hefðum sloppið við þessa lykkju á leið okkar að fara inn í hið Evrópska efnahagssvæði sem líður svo undir lok innan skamms að öllum líkindum.

Þannig að þó að það sé í raun og veru þannig, hv. þm. Björn Bjarnason, að yfirleitt sé ófrjótt að ræða um stjórnmál í páskildagatíð, þ.e. ef, ef, ef, þá getum við auðvitað leikið okkur að því og rætt um hlut hvers og eins í því. Ég minni á að það var stefna Sjálfstfl. þegar hann var í stjórnarandstöðu að það væri betra að fara strax í tvíhliða viðræður. — Eða er það ekki rétt munað, hv. þm.? Flutti ekki meira að segja Sjálfstfl. tillögu um það? (**Gripið fram í.:** Jú, jú, jú.) Við skulum því bara tala varlega. Enda var það á fundi vestur á Flateyri á dögunum að við vorum að rifja þetta upp, ég og bjargvætturinn, og komumst að því að merkileg tík væri nú pólitíkin því Sjálfstfl. hefði viljað tvíhliða samning þegar hann var í stjórnarandstöðu, berðist núna fyrir EES, Alþb. hefði tekið þátt í því sem aðili að ríkisstjórn að standa að könnunarviðræðum um EES, en vildi núna tvíhliðasamning. Svona er þetta nú skemmtilegt, hv. þm., þegar farið er yfir þessa hlið mála. En út af fyrir sig er ég áfram tilbúinn að ræða um pólitík við hv. þm. Björn Bjarnason í páskildagatíð.

[18:37]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þessar umræður eru ekki í neinni páskildagatíð. Þær eru um stöðuna eins og hún er nú og þá staðreynd að hv. þm. vildi ekki að sú staða væri uppi og greiddi atkvæði gegn því á síðasta þingi að við gerðumst aðilar að þessu Evrópska efnahagssvæði. Ég minni hv. þm. einnig á það og bendi honum á að lesa ályktun Alþingis frá 5. maí 1993 og greinargerðina sem fylgdi þeirri ályktun þar sem stendur annars vegar í ályktuninni sjálfri að hún sé gerð í framhaldi af gerð EES-samningsins og síðan er í greinargerðinni minnt á að þetta skuli gert á grundvelli samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Þannig að það er algjör forsenda fyrir þeirri ályktun að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og það er það sem veitir okkur þann styrk í þeirri stöðu sem nú hefur skapast. En hv. þm. var á móti því að við gengjum til þessa samstarfs, eins og menn muna sem fylgdust með umræðum á þingi í fyrra og þeirri atkvæðagreiðslu sem fór síðan fram um aðildina að Evrópska efnahagssvæðinu.

[18:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hv. þm. Þetta er nú þannig að Alþb. mótaði strax á árinu 1992 þá skynsamlegu og framsýnu stefnu að við ættum að stefna að tvíhliða viðskipta- og samvinnusamningi við Evrópubandalagið. Staðreyndin er sú að okkur var þá þegar ljóst og á það hafði verið mikið bent að í raun og veru væri þessi tímamóta EES-gjörningur og þetta mikla ferðalag og þetta framtíðarríki, tveggja stoða lausnin, tveggja stoða höllin mikla í Evrópu framtíðarinnar, byggð á sandi vegna þess að það væri fyrirséð hver yrðu endalok þessa svæðis fyrr eða síðar. Það væri þess vegna tímasóun fyrir Íslendinga, sem ætluðu sér annan næturstað en hinar EFTA-þjóðirnar, að leggja alla þessa óskaplegu orku og ráða alla þessa „stationista" inn í þetta EES-batterí því það væri að gufa upp og verða að engu. Kröftunum, peningunum og tímanum hefði auðvitað verið mikið betur varið í það að leggja strax grunninn að varanlegum tvíhliða viðskipta- og samvinnusamningi við Evrópubandalagið. Nú get ég ekki sagt neitt meira um það en aðrir hér hvort líklegt sé að hann væri þegar í höfn ef við hefðum t.d. á árinu 1992 eða 1993 eða 1991 ákveðið að velja bara þá leið, vera raunsæ og horfast í augu við það, eins og Alþb. gerði strax 1992, Alþingi gerði vorið 1993 og ég held að öll íslenska þjóðin sé núna auðvitað að átta sig á og sannfærast um, að við verðum að fara að vinna í hörðum höndum enda komið árið 1994. Framtíðarríki hæstv. utanrrh., EES, er að gufa upp um næstu áramót að öllum líkindum og þá er staða Íslands þessi. Þannig að ætla að fara að negla okkur sem lögðumst gegn samningnum um EES, kannski einkum og sér í lagi vegna einmitt stofnanaþáttarins og valdaframsalsins sem í honum fólst, en ekki endilega viðskiptahlutans. Það er algerlega ófrjó íþrótt. Við skulum frekar í jákvæðum dúr ræða um framhaldið og beita kröftunum og hugsuninni þangað enda er það það sem okkar bíður í raun að gera.

[18:40]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég ætla á þeim skamma tíma sem okkur er skammtaður að minnast á nokkur fleiri atriði en ég gerði í minni ræðu sem fram koma í ræðu hæstv. utanrrh. Ég minntist m.a. á að alls kyns yfirlýsingar sem standa á einni síðu yrðu að engu á þeirri næstu og skal ég taka dæmi, með leyfi hæstv. forseta, og er þá komin á síðu 19:

„Úrúgvæ-samningurinn hefur grundvallarþýðingu bæði fyrir Ísland og heimsbúskapinn" segir hér. En neðst á næstu síðu segir: „Ekki er unnt að svo stöddu að reikna út þann ávinning sem Ísland hefur af Úrúgvæ-samningnum og beinum tollalækkunum á sjávarafurðum eða öðrum útflutningsafurðum Íslands eins og gert var með EES-samninginn þar sem tilboð aðildarríkjanna hafa ekki enn verið gerð opinber. Þetta mun skýrast á allra næstu dögum."

Það hefði mátt bíða í þá fáu daga með það að fullyrða hvort samningurinn hefði grundvallarþýðingu fyrir Ísland.

Enn vandræðalegri er grein á bls. 21 varðandi áhrif Úrúgvæ-samningsins á landbúnaðarmál og skal nú engin lá hæstv. ríkisstjórn þó að það vefjist fyrir henni að ræða um þau mál eins og þau standa nú hér á hinu háa Alþingi, enda er þessi grein með öllu óskiljanleg og skal ekki farið út í það frekar. En ég ætla að víkja aðeins að því hve ábyrgðarlausir stjórnmálamenn geta verið. Við höfum margsinnis fylgst með því hvernig afstaða manna er höfð að engu. Þeir sem höfðu rétt

fyrir sér fá sjaldan mikið hrós fyrir það. Þeir sem höfðu rangt fyrir sér koma blygðunarlaust nokkrum árum seinna, hafa þá skipt um skoðuð ef nauðsyn þvingaði þá til og eru nokkur dæmi um það hér og ég ætla að víkja aðeins að því, frú forseti.

Hér er minnst á að íslensk stjórnvöld hafi haft miklar áhyggjur af vaxandi endurvinnslu á geislavirkum úrgangi á Bretlandi, bæði í Sellafield og Dounreay. Við þingmenn Alþb. höfum árum saman, bæði á þingum Norðurlandaráðs, t.d. sú sem hér stendur, og hér á hinu háa Alþingi barist fyrir því að eitthvað væri að gert til að stöðva þann ósóma sem þar á sér stað. Við höfum lagt fram skýrslur um óeðlilega háa dánartíðni barna á svæðinu í kringum þessar endurvinnslustöðvar en við höfum ekki orðið vör við mikil viðbrögð. Þó hafa vissulega sumir ráðherrar reynt að mótmæla við bresku stjórnina en það er gott að það er loksins að renna upp fyrir mönnum að hér er alvarlegt mál á ferð og ég treysti hæstv. núv. umhvrh. til þess að taka á því máli af mikilli festu því að losun geislavirkra efna í sjó á þessu svæði gæti skipt Íslendinga miklu máli og verið mikil hætta fyrir fiskstofnana hér við land.

Síðan er sagt frá samþykkt sem gerð var á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna á árinu 1992 um að halda ráðstefnu um fiskveiðar á deilistofnum, þ.e. stofnum sem veiddir eru bæði innan sérefnahagslögsögu og á úthafinu og þar stendur þessi setning: „Og niðurstöður ráðstefnunnar skyldu vera í fullu samræmi við hafréttarsamning Sameinuðu þjóðanna." Það er gott að heyra það því að sú var tíðin að menn fóru létt með hafréttarsáttmála Sameinuðu þjóðanna og vil ég þá aðeins víkja að margumræddu hvalveiðimáli því að það er með það mál eins og önnur að enginn er ábyrgur fyrir þeim skelfilegu mistökum sem þar voru gerð.

Þá skal ég víkja aðeins að hlut Alþfl í því máli. Það var nefnilega þáv. annars ágætur hv. þm. Eiður Guðnason sem bar fram þáltill. hér á hinu háa Alþing um að hafnar skyldu hvalveiðar þvert ofan í bann Alþjóðahvalveiðiráðsins sem einungis átti að standa í fjögur ár. Hið háa Alþingi bar gæfu til að fella þessa tillögu hv. þm. sem var að vísu að gæta hagsmuna, eins og því miður er stundum of mikið gert af, síns kjördæmis sem var Vesturland. Hann gerðist síðan umhvrh. eins og við öll vitum og menn skyldu nú halda að nú yrði farið að veiða hval. En auðvitað hafði þá hæstv. ráðherra þáv. opnað augun fyrir þeim mistökum sem þarna höfðu verið gerð. Og mér þætti gaman að einhvern tíma yrði sett nefnd í það að rannsaka hversu miklum fjármunum Íslendingar töpuðu á heimskulegri framkomu sinni í því máli og þeir ágætu ráðherrar hæstvirtir sem ábyrgð báru á því yrðu kallaðir til ábyrgðar því það var ekki lítið sem við töpuðum, og þá er ég aðeins að tala um peninga, í töpuðum mörkuðum vegna þessa máls og við erum enn tortryggð vegna þess, að ég nú ekki tali um þá virðingu sem við misstum meðal annarra þjóða fyrir kjánalega framgöngu í þessu máli.

Sú sem hér stendur beitti sér í þessu máli við lítinn fögnuð jafnt andstæðinga sem samherja og það er kannski til dæmis um hversu viðkvæmt þetta er enn að minn ágæti þingflokkur setti að sjálfsögðu í nefnd til að fjalla um hvalveiðar þann félaga minna sem ákafast vildi berjast fyrir því að hvalveiðar yrðu hafnar en auðvitað ekki þann þingmann sem hafði rétt fyrir sér í þessu máli. Nú hefur henni sem betur fer bæst góður liðsmaður meðal skynugs fólks og á ég þá við hv. 3. þm. Reykv. Björn Bjarnason sem er fyrir löngu búinn að sjá hvers konar herferð gegn Íslandi var farin í þessu kjánalega máli. Það verður hins vegar mitt eilíft rannsóknarefni hvers vegna enginn hefur sérstakar áhyggjur af pólitískri framtíð hv. 3. þm. Reykv. né nokkurri manneskju detti í hug að leggja hatur á hann fyrir en svo sannarlega varð þess vart hér á árum áður. Við skulum vona að ríkisstjórnir framtíðarinnar geti bætt fyrir þessa hegðun sína í þessu leiðindamáli sem aldrei skipti Íslendinga neinu fjárhagslegu máli, gerði ekkert nema skaða bæði æru Íslendinga meðal annarra þjóða og stórlega varðandi tekjur svo að ég ætla að vona að nefndin sem ég fékk ekki að fara í þó ég sækti eftir því vegna afstöðu minnar í þessu máli beri gæfu til þess að fara að hafréttarsamningnum, greinum 65 og 66 og 122 og vona ég að einhver leiðrétti mig ef ég man ekki lengur númerin. Það er nefnilega þannig í öllum viðskiptum manna á meðal og meðal þjóða að það er ekki stundum hægt að fara eftir þeim samningum sem samþykktir hafa verið heldur þarf alltaf að gera það. Aðeins á þann hátt getum við staðið saman um að vernda jafnt fiskstofna sem stofna annarra jarðarinnar skepna og almennt það umhverfi sem við öll eigum allt undir og skiptir þá ekki máli hvort gróður og dýr eru í okkar landi eða einhverjum öðrum. Þau nýtast okkur öllum sameiginlega eins og menn ættu að vita. En það er það sem er svo niðurdrepandi við að vera í stjórnmálum að hafi menn ákveðna afstöðu í einhverju máli er gjarnan allt gert til að afskræma hana og afflytja til þess að gera þann sem þorir að standa við þá sannfæringu sem hann hefur hlægilegan og kjánalegan og það gleður mig að hv. 3. þm. Reykv. getur óáreittur haft þá afstöðu sem ég hafði í hvalveiðimálinu.

Hér er minnst á, frú forseti, mikilvægar ályktanir um réttindi barna og allt sem mannréttindum barna viðkemur. Það tókst með herkjum að fá ríkisstjórnina til að staðfesta barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og átti ég margar fyrirspurnir um hvað því máli liði og það er gott að það tókst og má þakka það hæstv. fyrrv. ráðherra Jóni Sigurðssyni. En ég sakna þess að sjá ekki áherslur ríkisstjórnarinnar á eitt mikilvægasta málið varðandi barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, að hæstv. utanrrh. ítreki að það sé alvara í því að samþykkja frv. til laga um embætti umboðsmanns barna því að nú er það hæstv. félmrh. sem flytur frv. sem ég hef flutt fjórum sinnum á hinu háa Alþingi og það hlýtur að vera óhætt að samþykkja það nú.

Hér er lítillega vikið að framkvæmdaáætlun frá leiðtogafundi Evrópuráðsins um víðtæka upplýsingaherferð gegn kynþáttahatri, útlendingahatri, gyðingahatri og skorti á umburðarlyndi. Ég hlýt að benda þeim sem þessa ræðu sömdu á að á bls. 4 í hinni fyrri skýrslu ráðherrans frá í vetur sem fjallar um málefni Suður-Afríku er orð sem væri bannað með lögum í Banda-

ríkjunum. Þar er talað um að tekist hafi samningar ríkisstjórnar Suður-Afríku og blökkumanna. Það er bannað að segja svona orð í Bandaríkjunum og má reka mál gegn mönnum fyrir það. Og í bandarískum háskólum er mikil áhersla lögð á að slík orð fari ekki yfir varir nokkurs manns.

Það vill nú svo til að þessir blökkumenn ef ég man rétt, ætli það séu ekki ¾ af íbúum Suður-Afríku og það er fólkið sem átti þar alltaf heima. Það átti þar alltaf heima þangað til hvíti minni hlutinn kom til að kúga það og arðræna þannig að ég vænti þess að við sjáum ekki svona orð í opinberum plöggum frá utanrrn.

Tími minn er sennilega á þrotum en að einu vil ég þó víkja sem er kannski meira fyndið en alvarlegt mál. En svo vill nú til að á sínum tíma fór vaskur og nýskipaður hæstv. utanrrh. mjög niðrandi orðum um allt sem vék að utanríkisþjónustunni. En nú hefur hann breytt um hugarfar og er það gott vegna þess að utanríkisþjónustan gegnir að sjálfsögðu mikilvægu hlutverki. Hann talar um að nú þurfi að efla hana á allan hátt en samdráttur gerir það vitanlega erfiðara en oft áður. En á 50 ára afmæli lýðveldisins, og ég geri ekki ráð fyrir að neinn hv. þm. viti þetta, þá sá utanrrn. ástæðu til að segja upp störfum ræðismanni Íslendinga í Chicagoborg eftir nær 50 ára störf svo smekklegt sem það nú var þar sem hann óskaði eindregið eftir að enda starfsdag sinn þegar lýðveldishátíð hefði farið fram, maðurinn er enda af íslenskum ættum og hefur sterk tengsl við Ísland. Hann var hins vegar hrakinn frá vegna þrýstings góðvina núverandi stjórnvalda. En það sem tók við er allskondið. Við erum að fagna því að vera laus við Dani eftir margra árhundraða áþján. Íslenska konsúlatið í Chicago hefur verið lagt niður með öllu og öll viðskipti Íslendinga falin danska konsúlatinu og vekur þetta mikla kátínu meðal íslenskra íbúa Chicagoborgar. Ekki skal ég amast við því að Danir annist málefni Íslendinga í einni borg í Bandaríkjunum en lágmark væri nú að upplýsa þá sem þar eru um þetta vegna þess að ég held að þó að fólk hafi hið frjóasta hugmyndaflug dytti því satt að segja ekki í hug að leita með sín mál til danska konsúlatsins eða dönsku ræðismannsskrifstofunnar. Ég veit svo sem ósköp vel að þetta er sparnaður sem kannski á fullan rétt á sér en skondið verður það að teljast.

Að lokum, frú forseti. Þessi umræða hefur um margt verið ágæt, málefnaleg og fróðleg á margan hátt. Sannleikurinn er sá að í viðskiptum milli þjóða dugar enginn stráksskapur, engin lítilsigld flokkapólitík. Við erum ein þjóð í þessu landi. Og við erum engar beiningakerlingar. Við erum menntuð þjóð, við erum þjóð með ákaflega sterka þjóðernisvitund, við þekkjum okkar stað í tilverunni, við erum rík þjóð, við búum hér á gullkistu, við þurfum engra beininga að biðja. Við eigum að eiga góð samskipti við allar þjóðir. Við eigum að gera það án alls hroka. Við höfum ekki efni á að kenna neinum neitt, við getum þó ýmislegt til málanna lagt sem vel fer í okkar samfélagi, en aðalatriðið er að við önnumst okkar utanríkisviðskipti og öll samskipti við aðrar þjóðir af ábyrgð.

[18:56]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. 14. þm. Reykv. að þessi umræða hefur um margt verið fróðleg, mestan part málefnaleg og á köflum bráðskemmtileg og ekki síst þótti mér eftirtektarvert framlag Jóns Ólafssonar fréttaritara í Moskvu sem fram kom í ræðu hv. þm. vera athyglisvert. Svo að ég gleymi því ekki, þá má ég til með að leiðrétta ranghermi sem gengur aftur æ ofan í æ á þann veg að utanrrh. Íslands hafi þóst of góður til að hitta að máli flokksbróður sinn, friðardúfuna Shimon Peres á sinni tíð. Það er ekki rétt eins og reynt var nú að bera til baka á þeim tíma, enda gegndi Sighvatur Björgvinsson hæstv. viðskrh. og iðnrh. þá starfi utanrrh. og tók þátt í bæði fundum og mannfagnaði með Shimoni Peresi.

Það eru einkum þrjár spurningar sem mér finnst ástæða til að staldra við að lokinni þessari umræðu. Hin fyrsta er þessi: Hvernig hugsa menn sér að framfylgja ályktun Alþingis frá 5. maí og er efnislega um það hvernig við getum tryggt með varanlegum hætti ávinning okkar af EES-samningnum? Í annan stað er sú spurning: Hafa samningsniðurstöður bandalagsþjóða okkar í EFTA og þá ekki síst Norðmanna engin áhrif, skipta þær engu máli, geta Íslendingar kært sig kollótta um þær eða eru þær með einhverjum hætti þannig að það sé ástæða til þess að kanna þær rækilega og íhuga hvort þær breyti einhverju um stöðu Íslands í samskiptum við Evrópubandalagið? Ég nefni sérstaklega til samningsniðurstöður EFTA-ríkjanna og þá sérstaklega Noregs. Ég nefni líka til þá þróun sem um margt er afar líkleg að frekari stækkun Evrópubandalagsins gæti orðið fyrr, alveg eins og stækkun þess nú hefur orðið með skjótari hætti en flesta óraði fyrir, gæti orðið fyrr og þá einkum og sér í lagi að því er varðaði Mið- og Austur-Evrópuþjóðirnar. Skiptir það okkur engu máli ef þróunin verður á þann veg að Evrópubandalagið þróist frá því að verða sammiðjað sambandsríki og frekar í þá átt að verða allsherjarsamtök lýðræðisríkja í Evrópu og taki bæði til efnahags- og öryggismála? Og ég nefni til í fjórða lagi: Er það okkur ekki umhugsunarefni ef þannig fer að aðild okkar að norrænu samstarfi breytist, að inntak þess minnki ef Norðurlöndin öll sameinast innan Evrópusambandsins sem undir svæði þess? Þá á ég einfaldlega við að samkvæmt grundvallarreglum sameiginlegrar utanríkis- og varnarstefnu bandalagsins þá koma ríki sambandsins fram sem einn hópur, tala einum rómi, undirbúa málflutning sinn á alþjóðlegum vettvangi sameiginlega, en þetta mundi óhjákvæmilega hafa verulegar breytingar í för með sér á eðli og vinnubrögðum í norrænu samstarfi eins og við höfum kynnst því hingað til.

Meðan ég man, norrænt samstarf, af því að hv. þm. Páll Pétursson með sínu orðbragði taldi að ég legði lítið upp úr því, þá er það ekki svo. Ég hef að vísu oftar en einu sinni látið í ljós þá skoðun mína að málskrafsþing væru hvorki mjög skemmtileg né mjög uppbyggileg út af fyrir sig en að ég hafi vanmetið gildi norrænnar samvinnu fyrir Íslendinga er af og frá. Gildi

hennar er mikið, við njótum hennar ríkulega og kannski umfram aðrar Norðurlandaþjóðir, hún nýtur mikils stuðnings með okkar þjóð og menn geta rakið það af ræðum mínum langan tíma aftur að ég hef ævinlega talið norrænt samstarf vera okkur hagkvæmt og vera ein af helstu stoðum íslenskrar utanríkisstefnu.

Þriðja ábendingin sem fram kom í þessum umræðum var af hálfu talsmanna þingmanna Samtaka um kvennalista á þá leið að Íslendingar ættu í vaxandi mæli að leggja á það áherslu í málflutningi sínum og stefnumörkun á alþjóðlegum vettvangi að gerast talsmenn mannréttinda, leggja rækt við mannúðarsjónarmið og að Íslendingar ættu að láta sinn hlut ekki eftir liggja að því er það varðar að gerast griðland flóttamanna. Ég tek heilshugar undir það og þetta er þörf og rétt ábending.

Virðulegi forseti. Má ég þá fara fyrst örfáum orðum um ályktun Alþingis um það að taka upp viðræður við Evrópusambandið til að festa í sessi EES-samninginn. Mér skilst að í danskri tungu sé til orðskviður sem er eitthvað á þá leið að eftirhermun séu stærstu gullhamrarnir og það fer ekkert fram hjá mér að það eru einkum og sér í lagi talsmenn þeirra hér á hinu háa Alþingi sem greiddu atkvæði gegn EES-samningnum sem nú fara fremstir í flokki til þess að árétta það hvílík lífsnauðsyn íslensku þjóðinni er að staðfesta EES-samninginn þannig að við förum ekki á mis við hann. Batnandi mönnum er best að lifa. Það er að sjálfsögðu réttmæt skoðun.

Nú er það svo að EES-samningurinn var gerður af hálfu hvers einstaks EFTA-ríkis við Evrópusambandið og þótt einstök ríki áður í EFTA hafi vistaskipti og gangi í Evrópusambandið, sem þannig stækkar, þá breytir það engu um það að EES-samningurinn heldur gildi sínu. Hann stenst. Honum þarf ekki að segja upp. Það er nauðsynlegt að leggja áherslu á þetta vegna þess að þær hugmyndir hafa birst af hálfu talsmanna ýmissa EFTA-ríkja að þeir standi í þeirri trú að við vistaskiptin muni þeir segja upp EES-samningnum. Það er rétt skoðun sem fram hefur komið hjá Leon Brittan, framkvæmdastjóra Evrópusambandsins, að lögformlega eru engar forsendur fyrir því, samningurinn með öðrum orðum heldur gildi sínu, réttindi og skuldbindingar haldast og það er í samræmi við það sem við höfum verið fullvissaðir um af hálfu utanríkisráðherra framkvæmdastjórnar bandalagsins á sl. tveimur árum, þ.e. bæði af hálfu Andriessens, fyrrv. utanríkisráðherra, og Hans van den Broek sem sem nú gegnir því embætti.

Verkefnið er með öðrum orðum það eitt að tryggja framkvæmd samningsins eftir að þessar miklu breytingar hafa átt sér stað sem verður vandasamt ef niðurstaðan verður sú að Ísland verður eitt samningsaðilinn.

Vandinn er í því fólginn að við sömdum um stofnanalausn sem var fjölþjóðleg í eðli sínu og bundum þannig um hnútana, ekki síst að frumkvæði Íslendinga sjálfra, að eftirlitsstofnun og EFTA-dómstóll brytu með engu móti í bága við íslenska stjórnarskrá og fælu ekki í sér neitt framsal á framkvæmdar- eða dómsvaldi. Það hefur ekki verið gert ráð fyrir því að þessi þáttur starfseminnar, þ.e. eftirlit og lausn deilumála geti orðið með einhliða hætti af hálfu þeirrar þjóðar sem í hlut á. Hins vegar var það svo að Íslendingar gátu ekki fallist á það að framkvæmdastjórn bandalags sem við erum ekki í taki að sér slíkt hlutverk. Þetta er þess vegna vandmeðfarið mál. Hins vegar, af því að menn hafa líka spurt hvers vegna slíkar viðræður eru ekki hafnar þá er svarið þetta: Evrópusambandið gefur ekki kost á því að taka upp formlegar samningaviðræður um slíka hluti fyrr en fyrir liggur að forsendur samninganna liggi fyrir sem eru að EFTA-ríkin nái ekki aðeins óstaðfestum samningum heldur ljúki þeim samningum sínum þannig að þeir séu orðinn hlutur. Því ferli lýkur ekki fyrr en með þjóðaratkvæðagreiðslu og fullgildingarskjölum. Að sjálfsögðu hefur þetta mál verið rætt í millitíðinni, ályktun Alþingis komið á framfæri og málið rætt við ýmis tækifæri en af formlegum samningum getur væntanlega ekki orðið fyrr.

Virðulegi forseti. Hafa samningsniðurstöður Norðurlandaþjóðanna engin áhrif á hag eða viðhorf okkar Íslendinga? Er ekki sjálfsagt mál að rannsaka það vandlega? Það er að sjálfsögðu ákvörðun eitt út af fyrir sig og var á sínum tíma af hálfu íslenskra stjórnvalda að Ísland slóst ekki í hóp annarra Norðurlanda með því að leggja fram aðildarumsókn. Meginástæðurnar fyrir því sem menn höfðu mest að orði voru að okkur þótti og þykir auðlindastefna Evrópusambandsins óásættanleg. Við töldum engar líkur á að unnt væri að leita eftir undanþágum að því er varðaði fiskveiðistefnu sambandsins, fiskveiðistjórnunarstefnu, hinnar sameiginlegu fiskveiðistefnu og fleira var að sjálfsögðu tíundað í þeim efnum, svo sem eins og fullveldishugtakið og fleira. En við höfum ævinlega sagt af hálfu íslenskra stjórnvalda að við mundum fylgjast sérstaklega grannt með þessum samningum og sér í lagi mundum við fylgjast rækilega með fiskveiðisamningum Norðmanna.

Nú er ekki tími til þess út af fyrir sig að gera því máli hér skil m.a. af þeirri ástæðu að allur texti þeirra samninga liggur ekki fyrir og verður ekki birtur að sögn Norðmanna fyrr en um miðja næstu viku. En af því að hingað hefur komið upp í ræðustól hver maðurinn á fætur öðrum með miklar fullyrðingar um þá samningsniðurstöðu þá þykir mér rétt, virðulegi forseti, að koma á framfæri hér sjónarmiðum norskra stjórnvalda sjálfra eins og þau birtust í ræðu norska forsætisráðherrans, Gro Harlem Brundtland, þegar hún gerði norska Stórþinginu grein fyrir niðurstöðu þessa máls í morgun. Þar sagði á þessa leið, með leyfi forseta:

„Eins og búist var við kom til harðra samningaviðræðna um sjávarútvegsmálin. Það gilti ekki eingöngu um Noreg. Að lokum var það ljóst að við fengum góðan árangur einnig á þessu sviði. Ríkisstjórnin mun mæla með úrslitunum og telur að þau gefi áreiðanlegan og öruggan grundvöll og ríka möguleika fyrir sjávarútveg í Noregi. Með samningunum höfum við skapað nýja þróunarmöguleika fyrir sjávarútveg okkar. Við höfum tryggt réttinn til nýtingar auðlinda sjávar, við

höfum fullvissu fyrir því að okkar stefnu í rekstri norðlægra hafsvæða verður fylgt áfram. Við fáum tollfrjálsan aðgang fyrir fisk og sjávarafurðir til mikilvægasta markaðar okkar. Ríkisstjórnin hafði að sjálfsögðu sett sér þann útgangspunkt í samningaviðræðum að ekki ætti að láta af hendi aðgang að fiskimiðum. Viðsemjendur okkar gerðu sér grein fyrir að þetta mál mundi hafa afgerandi þýðingu fyrir það hvort samningar gætu náðst. Sá árangur sem okkar stjórnun fiskimiða hefur náð gerði okkur kleift að sýna sveigjanleika undir lokin þar sem þróun þorskstofnsins er jákvæðari en gert var ráð fyrir þegar gengið var frá EES-samningunum. Munu einnig kvótar norskra sjómanna verða meiri á næstu árum en gert var ráð fyrir fyrir tveimur árum síðan. Þess vegna gátum við sýnt sveigjanleika varðandi EES-fisk með því að láta samninginn koma til framkvæmda heldur fyrr. Fiskurinn sem við látum af hendi rakna kemur af viðbót sem fyrst og fremst Noregur og Rússland njóta góðs af." — Þetta segir forsætisráðherrann um það verð sem þeir greiddu fyrir þetta. — „Grunnurinn er engu að síður traustur, þ.e. að þau fiskveiðiréttindi sem við höfum í dag haldast. Báðir aðilar eru sammála um það að grundvallarreglan um hlutfallslegt jafnvægi liggi til grundvallar fyrir fast kerfi Evrópusambandsins um skiptingu fiskveiðiréttinda. Þetta þýðir að við tryggjum okkar eigin eignarrétt á okkar hluta auðlinda sjávar. Norskir sjómenn munu ekki mæta samkeppni á sínum fiskimiðum, enginn mun veiða fisk sem Noregur á rétt á í dag. Eins og áður munum við eiga 95% af þorski á norðurslóðum en það verður ekki svo að Spánverjar komi inn og ógni þeim auðlindum sem norskir sjómenn byggja líf sitt á.

Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er allt önnur í dag en hún var 1972. Uppistöðureglur í okkar eigin stefnu endurspeglast í reglugerðum Evrópusambandsins. Engu að síður höfum við lagt áherslu á það að tryggja hagsmuni í strandlengju Noregs. Við höfum fengið nægilega tryggingu fyrir því að Evrópusambandið muni áfram halda fiskveiðum innan 12 mílna í höndum strandríkjanna. Enginn hefur rétt á því að koma upp í fjörusteina til okkar. Við höfum fengið nægilega tryggingu fyrir því að þetta haldi áfram, einnig eftir árið 2002 þegar fiskveiðistefna Evrópusambandsins verður endurskoðuð. Það hefur komið í ljós í pólitískum samskiptum við undirbúning samninganna að öll aðildarríkin vilja halda þessu kerfi einnig í framtíðinni.

Samningurinn felur það í sér að sölusamtök okkar halda starfsemi sinni óbreyttri. Þetta á m.a. við mikilvæga þætti eins og skyldu til fyrstu sölu fisks og rétt sölusamtakanna til að fastsetja lágmarksverð. Með ströngum rekstrarákvörðunum og nánu samstarfi milli sjávarútvegssamtaka, rannsóknaraðila og stjórnvalda höfum við byggt upp rekstrarkerfi fyrir norðlæg mið. Við höfum notið verulegrar viðurkenningar fyrir þetta meðal Evrópusambandsins og framkvæmdastjórnar sem telja að norskar reglur henti best og á þessu sviði verður það svo að Evrópusambandið taki yfir reglur Noregs. Samningurinn gefur okkur nauðsynlega tryggingu fyrir því að við getum haldið áfram þeirri stefnu sem við sjálf höfum sett okkur og að núverandi rekstrarkerfi Noregs verði áfram rekið af sambandinu."

Þannig mætti lengi telja, virðulegi forseti. (Forseti hringir.) Þetta er að sjálfsögðu eitt mikilvægasta málið sem hér ætti að vera til umræðu, þ.e. að leggja mat á það hvort samningsniðurstöður (Forseti hringir.) Norðmanna á sjávarútvegssviðinu eru slíkar að það breyti í einhverju mati okkar á þeim möguleikum sem við ættum í framtíðinni.

Virðulegi forseti. Það er eins gott að taka það fram hér að það hefur ekkert verið á dagskrá að flytja neinar tillögur um aðild að Evrópusambandinu. (Forseti hringir.) Það sem ég hef verið að gera er að segja að það er hægt að færa (Forseti hringir.) veigamikil rök fyrir því að forsendur hafi breyst að því leyti að nú sé nauðsynlegt að við látum fara fram rannsókn á þeim kostum (Forseti hringir.) sem völ er á á framtíðarstöðu okkar í samfélagi Evrópuþjóðanna og það er að sjálfsögðu (Forseti hringir.) rétt að gera í ljósi breyttra aðstæðna.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að það gildir um alla að ræðutími einungis 15 mínútur í seinni umferð, líka fyrir ráðherra.

[19:13]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla að byrja á því að fara með vísubrot úr Hávamálum. Það er sisvona:

hraðmælt tunga
nema haldendur eigi,
oft sér ógott um gelur.

Það hefur komið í ljós í þessum umræðum að hæstv. utanrrh. á sér haldendur fáa í afstöðu sinni til Evrópusamrunans og merkustu tíðindi þessarar umræðu eru náttúrlega þau hvernig hv. 3. þm. Reykv., formaður utanrmn., tók hæstv. utanrrh. í nefið. Hann benti réttilega á að Alþingi hefði þegar markað stefnuna og engin ríkisstjórn hefði heimild til þess að bregða frá því óðruvísi en með samþykkt Alþingis og lokaði þar með rækilega munninum á hæstv. utanrrh. og hann er einangraður í málinu. Formaður utanrmn. lokar á honum munninum. Hæstv. forsrh. nennir ekki að tala við hæstv. utanrrh. Sjútvrh. vill ekki koma heim með samning eitthvað líkan þeim sem Jan Henry T. Olsen kom með til Noregs og hann stendur einn uppi, hæstv. utanrrh., í þessu máli með sinn litla flokk en þar er hann að vísu eins og Gúlliver í Putalandi.

Samningsniðurstaða Noregs styður mjög þá skoðun okkar að innlimun Íslands komi ekki til greina og það er spaugilegt að hlusta á hæstv. utanrrh. þegar hann hefur ekki annað að segja í lok þessarar umræðu en að lesa upp áróðursræðu sem Gro Harlem Brundtland, forsætisráðherra Noregs, flutti í morgun.

Varðandi norræna samvinnu þá er hæstv. utanrrh. búinn að segja margt um norræna samvinnu í gegnum tíðina og ég man ýmislegt af því og get flett því upp. Ég minnist þess að við áttum orðastað 1985 í sjónvarpsþætti og það getur vel verið að ég fletti upp á

þeim sjónvarpsþætti og fái útskrift af honum. Væntanlega tekst mér það og get þá borið til baka betur það sem hæstv. utanrrh. var að reyna að sverja af sér, þ.e. um norræna samvinnu.

[19:16]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef þetta eru rökin fyrir því að við eigum að fara að skoða aftur afstöðu okkar til aðildarumsóknar að Evrópubandalaginu, það sem hæstv. utanrrh. hafði eftir Gro Harlem Brundtland, þá held ég að það væri mjög forvitnilegt að fylgjast með umræðum á næstu dögum og vikum í Noregi þar sem mér sýnist að hæstv. ráðherra telji sjávarútvegsstefnu Evrópubandalagsins harla góða. Utanrrh. virðist telja ástæðu til þess að fara að skoða málin eitthvað nánar núna, á grundvelli þess sem haft var eftir hæstv. forsætisráðherra Noregs, að í rauninni væri sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins býsna góð og færi batnandi hér um bil með degi hverjum. Annað var ekki að heyra. Ef þetta er það sem við eigum að byggja á þá er það auðvitað ekki mikið.

Aðeins varðandi það að hér hafi einhverjir verið að lofa og prísa EES-samninginn sem áður voru á móti honum þá vil ég nú leiðrétta það, allavega fyrir mína hönd. Ég vil ekki að það sé ruglað saman tvíhliða viðræðum eða tvíhliða samningi sem hugsanlega gæti sprottið upp úr EES-samningnum ef þarna væru farnar allmargar þjóðir og stofnanaþátturinn út og síðan þessum EES-samningi sem var ekki gagnrýndur nema með býsna miklum rökum.

[19:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir hæstv. utanrrh. ganga allt of langt í einhvers konar málsvörn fyrir samningsniðurstöðu Norðmanna í sjávarútvegsmálum við Evrópubandalagið. Undarlega langt. Það getur ekki verið hlutskipti hins íslenska utanrrh., mér liggur við að segja að fara að blanda sér inn í hönd farandi kosningabaráttu í Noregi um þennan samning þeirra. Það á ekkert að kjósa um hann hér uppi á Íslandi — eða hvað, hæstv. utanrrh.? Hefur hæstv. utanrrh. e.t.v. einhver áform uppi um það að koma þessu máli með einum eða öðrum hætti inn í íslenskar kosningar og er það þess vegna sem hann æfir sig hér í ræðustólnum næstum að segja eins og málsvari samningsniðurstöðu Norðmanna á sviði sjávarútvegs?

Ég er hér með í höndunum t.d. „Pressemelding fra det kongelige fiskeridepartement". Þar er þetta auðvitað fegrað allt saman mjög í þeim anda sem hæstv. utanrrh. gerði hér en það er til heimanota í Noregi og Norðmenn hafa ekki snarað þessu á íslensku. En það var engu líkara en hæstv. utanrrh. væri að lesa upp úr einhverjum slíkum áróðursskjölum sem væru e.t.v. brúkleg sem innlegg í kosningabaráttuna um EB-aðild í Noregi en ekki í rökræður um þetta uppi á Íslandi. Það er alveg á hreinu í mínum huga.

Síðan klifar hæstv. utanrrh. á því að það sé nauðsynlegt að skoða þetta og hitt og láta háskólann rannsaka og svo framvegis, í ljósi breyttra forsendna. Breyttra forsendna hvað? Hæstv. utanrrh. er aleinn um þá skoðun að það séu breyttar forsendur. Það er niðurstaða umræðunnar í dag. Fulltrúar allra annarra flokka hafa í raun og veru talað út frá þeim grundvelli að það séu einmitt óbreyttar forsendur og niðurstaða Norðmanna í samningunum sé akkúrat sönnun þess ef eitthvað er, heldur á hinn veginn að hún hafi enn styrkt þá stefnumörkun Íslendinga að við eigum ekkert erindi inn í Evrópubandalagið. Ég tel að með því að klifa hér á breyttum forsendum sé utanrrh. í raun og veru að skjóta sjálfan sig í lappirnar og viðurkenna skipbrot sinnar eigin stefnu um hina hátimbruðu höll EES og tveggja stoða lausnin er auðvitað hrunin ofan í hausinn á honum.

[19:20]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég taldi rétt að hér kæmi fram í þessum umræðum greinargerð norska forsætisráðherrans, norskra stjórnvalda um þeirra samningsárangur var aðeins ein. Hún var sú að allnokkrir hv. þm. sem hér hafa talað hafa verið með fullyrðingar sem ganga í þveröfuga átt, fullyrðingar um að samningsniðurstaðan sé svona og svona, en af opinberri hálfu hafa verið birtar í Noregi upplýsingar sem afsanna það. Með öðrum orðum, menn hafa verið að rangtúlka samningsniðurstöðuna. Þetta er einfaldlega mál sem varðar tvær sjávarútvegsþjóðir miklu og það er nauðsynlegt að við áttum okkur á því hvað er hið sanna í málinu. Hv. þm. kallaði þetta áróður. Ég leyfi mér að fullyrða það að norski forsætisráðherrann leyfir sér ekki að fara með einhverja staðlausa stafi þegar hún gerir norska Stórþinginu grein fyrir samningsniðurstöðum enda yrði það þá fljótlega rekið til baka. Ég er einfaldlega með þessu að biðja menn um að kynna sér norsku samningsniðurstöðuna betur og láta vera að fara með áróður og fleipur og staðlausa stafi og ég fullyrði að það er ástæða til þess fyrir okkur ef samningsniðurstaðan er þrátt fyrir allt betri en ráð mátti gera fyrir fram, þá mundum við skoða það rækilega og draga okkar eigin ályktanir af því.

[19:22]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það hafi enginn maður hér sakað norsk stjórnvöld um að reyna að blekkja þegna sína í sjálfu sér um þessa niðurstöðu. (**Utanrrh.:** Áróður, var sagt.) En hitt er alveg ljóst, hæstv. utanrrh., að það þarf ekki langa skoðun á þessum skjölum til þess að sjá að auðvitað eru ábyrgðaraðilar samningagerðarinnar, forsætisráðherra Noregs og sjávarútvegsráðherra Noregs, að reyna að gera sinn hlut sem besta í þessum textum, þessum fréttatilkynningum. Auðvitað. Skárra væri það nú.

Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið ástæða til þess fyrir Íslendinga að hafa ekki miklar áhyggjur í sjálfu sér ef Norðmenn hefðu náð einhverri slíkri samningsniðurstöðu sem utanrrh. hefði þá í sínum anda kallað allt fyrir ekkert, Norðmenn hefðu fengið allt fram, allt fyrir ekki neitt eins og hann var nú frægur að semja hérna einu sinn fyrr á öldinni. (**Utanrrh.:** Þetta er fleipur.) Fékk allt fyrir ekkert að sögn. (**Utanrrh.:**

Þetta er fleipur.) En það er ekki svo. (**Utanrrh.:** ...dró þetta allt til baka. Af hverju þora þeir nú ...) Nú óróast hæstv. utanrrh. mjög. (**Utanrrh.:** Mér leiðist að hv. þm. skuli vera að ...) Ég skal ekki orðlengja um það. Sem sagt, ef niðurstaðan hefði samt sem áður orðið sú að Norðmenn hefðu fengið allar sínar kröfur fram, t.d. fullan og tollfrjálsan aðgang fyrir allar fiskafurðir strax en haldið að fullu og öllu samt sem áður forræði sínu fyrir auðlindunum og forvöltun þeirra og ekki þurft að láta einn einasta fisk af hendi o.s.frv. sem var þeirra samningskrafa — en það er aldeilis ekki eins og ég sýndi hér fram á í ræðu minni. Þvert á móti urðu Norðmenn að gefa eftir báðar meginkröfur sínar um fullt forræði norðan við 62 breiddargráðu og þeir urðu að láta meiri fisk þannig að ég held að það þurfi ekki langa rannsókn á þessari samningsniðurstöðu, hæstv. utanrrh., né viðamikinn lestur í þessum pappírum til að sjá það að niðurstaðan varð ekki sú að Norðmenn fengju þarna allt á silfurfati nema síður sé og þess vegna eru forsendurnar óbreyttar. Það er sameiginleg niðurstaða allra í þessari umræðu nema þá hæstv. utanrrh.

[19:24]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er dapurlegur endir á annars ágætum umræðum að þurfa að vera að rífast við hv. þm. um staðreyndir. Hann leyfir sér það meira að segja enn að fara með gamla útslitna klisju sem margsinnis er búið að bera til baka um að sá sem hér stendur hafi einhvern tíma kynnt niðurstöður EES-samninganna á þann veg að við hefðum fengið allt fyrir ekkert. Hv. þm. veit nákvæmlega hvernig þetta er til komið, þetta eru ummæli höfð eftir Frans Andriessen, en þeir eru farnir að trúa lyginni úr sjálfum sér bara af því að hún er endurtekin nógu oft. Og sama er að segja um þessa frásögn hv. þm. af samningsniðurstöðum Norðmanna. Ég veit ekki hvaða tilgangi það þjónar að fara með svona fleipur. Hv. þm. hampaði hér skjölum, sagðist hafa fengið greinargerðir frá norska sjávarútvegsráðuneytinu. Ég hef farið yfir þær, ég hef farið yfir allt sem Norðmenn hafa birt um þetta og það sem hv. þm. segir um samningsniðurstöðuna er rangt. Hvaða tilgangi það þjónar veit ég ekki en staðreyndirnar eru allt aðrar heldur en hv. þm. hefur látið hér í veðri vaka.

[19:25]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Má ég í upphafi ræðu minnar minna hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, á það að hann er utanríkisráðherra Íslands. Umræður um það hvort Gro Harlem Brundtland fari með áróður eða sannleikann í ræðu í Stórþinginu í dag eru út af fyrir sig fróðlegar umræður en þær koma kjarna þess máls sem við erum hér að fást við, hæstv. utanrrh., ósköp lítið við. Það sem hins vegar er alveg ljóst eftir þennan dag er að niðurstaðan er með þeim hætti að utanrrh. Íslands verður að taka mið af henni. Utanrrh. Íslands, Jón Baldvin Hannibalsson, — nú vil ég biðja hæstv. umhvrh. að vera ekki að trufla ráðherrann meðan ég er að tala við hann, klukkan gengur hér og ég ætla ekki að nota minn tíma til að tala við ráðherrann meðan þeir eru að tala saman. — Hæstv. utanrrh. hefur flutt þá kenningu hér síðustu sólarhringa, og hún var meginuppistaðan í ræðu hans hér í dag, að niðurstöður, svo að ég vitni orðrétt í ræðu hæstv. ráðherra, að niðurstöður þessarar lotu aðildarviðræðna gefi nýjar forsendur til þess að meta kosti og galla aðildar, og á þá við aðild Íslands að Evrópusambandinu. Kjarninn í málflutningi hæstv. utanrrh. eins og hann flutti líka í ræðu sinni hér áðan, var sá að það væru veigamikil rök fyrir því að forsendur hefðu breyst og það væru komnar nýjar forsendur, hæstv. utanrrh.

Í þessari umræðu í dag hefur það komið í ljós að hæstv. utanrrh. er einn um þessa skoðun. Fulltrúar fjögurra flokka á Alþingi, Sjálfstfl., Framsfl., Alþb. og Kvennalista, hafa í umræðunni hafnað þessari skoðun, hæstv. utanrrh., alveg skýrt og afdráttarlaust. Það er hin veigamikla og pólitíska niðurstaða þessara umræðna, hæstv. utanrrh. Lærdómur utanrrh. nýtur ekki stuðnings á Alþingi, langt frá því. Og þá er auðvitað kjarni málsins — og ég ber fram þá spurningu hér hvort hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, sé reiðubúinn að draga þann lærdóm af þessum umræðum sem blasir öllum við að hann hefur ekki meiri hluta sem utanrrh. Íslands fyrir þessari afstöðu. Hann getur haft hana persónulega. En hún getur ekki verið afstaða utanrrh. Íslands þegar hann fer á erlendan vettvang eða innlendan vettvang vegna þess að Alþingi hefur hér í umræðunum í dag hafnað þessari skoðun. Utan þings hafa síðan hæstv. forsrh. og hæstv. sjútvrh. alveg skýrt gert það ljóst að þeir hafna henni einnig þannig að það er ljóst að formaður Sjálfstfl., formaður Framsfl., formaður Alþb., fulltrúi Kvennalistans, formaður utanrmn. og sjútvrh. Íslands hafa allir hafnað þessari skoðun. Og í veigamiklu máli af þessu tagi er auðvitað mjög mikilvægt að utanrrh. lúti afdráttarlausum og skýrum vilja meiri hluta Alþingis í grundvallarhagsmunamáli Íslands hvað þetta snertir. Ég spyr hæstv. utanrrh.: Er hann reiðubúinn að draga réttar ályktanir af þessari staðreynd því að þetta er staðreynd, hæstv. utanrrh., veigamikil pólitísk staðreynd sem hér hefur birst í dag og hún er satt að segja svo afgerandi að allt skak um það hvað Gro Harlem Brundtland og hvaða afstöðu menn hafa í Noregi er bara hjóm. Hér erum við að ræða afstöðu Íslands, hæstv. utanrrh., og embætti utanrrh. snýst um það að halda fram þeirri afstöðu og vinna þeirri afstöðu brautargengi. Svo getur hæstv. utanrrh. komið hér með vangaveltur eins og hann gerði í fyrstu ræðu sinni í dag og einnig í ræðu sinni hér áðan þar sem hann hefur margar setningar á orðum eins og þessum: Ef Norðurlöndin gera þetta. Ef Evrópubandalagið gerir þetta og ef þetta og ef hitt. Jú, jú, það er hægt að velta því fyrir sér. En ekkert af þessum efum hefur gerst, hæstv. ráðherra. Ekki eitt einasta. Ef þau koma einhvern tíma til með að gerast, þá skulum við ræða þann veruleika þegar og þá en það hefur bara ekkert af þessum efum gerst. Og það er ekki hægt að reka utanríkisstefnu þjóðar á efum, hæstv. utanrrh.

Ég bendi hæstv. utanrrh. á það að hann hefur hér í þingsal t.d. haldið því fram að samningaviðræður EFTA-ríkjanna mundu taka svo langan tíma vegna eðlis Evrópubandalagsins að EES mundi standa óbreytt í mörg ár. Þetta var kenning sem hæstv. utanrrh. flutti af miklu öryggi og vissu í þessum sal. Þessi kenning hefur nú verið afsönnuð, hæstv. utanrrh. (**Utanrrh.:** Hefur þá eitthvað breyst?) Hefur þá eitthvað breyst? Nei, það hefur ekkert breyst fyrir okkur sem vorum vissir um það að staðfestur pólitískur vilji Evrópusambandsins sem Kohl lýsti á fundi Norðurlandaráðs og hæstv. formaður utanrrn. rifjaði mjög réttilega og ágætlega upp hér í dag og það ber að þakka þá upprifjun vegna þess að hún sýndi fram á það að þetta er allt búið að vera í lógísku ferli. Þetta er engin uppákoma sem var að gerast hérna síðustu daga. Þetta er búið að vera í samfelldu lógísku ferli Evrópusambandsins annars vegar og forusturíkja þess og hins vegar EFTA-ríkjanna og utanrrh. — sem kallar hér fram í núna: Hefur þá ekkert gerst? — er bara að afhjúpa það að hann hafi ekki áttað sig á því lógíska ferli sem hér hefur verið í gangi um nokkur missiri þannig að spásögn hans sjálfs um efið gagnvart EES hvað snertir tíma aðildarviðræðna hefur ekki ræst.

Ég benti einnig á það hér í dag að spásögn hans um einangrun Sviss hefur heldur ekki ræst. Það er nefnilega þannig um utanríkismál, hæstv. utanrrh., og er dálítið leitt að þurfa að minna ráðherrann á það eftir svona langan tíma í embætti að það er ekki hægt að reka utanríkisstefnu á efum. Það er hægt að ræða hana fram og aftur, ef þetta og ef hitt, en það er ekki hægt að reka hana á efum. Það er einmitt þess vegna sem samþykkt Alþingis frá í maí í fyrra er raunsæ vegna þess að hún var líka hluti af þessu lógíska ferli sem búið er að vera í gangi í Evrópu í nokkur missiri þar sem bandalagsþjóðir okkar í EFTA tóku ákveðna afstöðu. Við drógum ákveðinn lærdóm af því. Evrópusambandið fylgdi fram ákveðinni afstöðu. Frans Andriessen lýsti yfir ákveðnum vilja Leons Brittans núna fyrir nokkrum dögum síðan og allt er þetta búið að vera í mjög skynsamlegri samfellu út frá hagsmunum og vilja hvers og eins. Hæstv. utanrrh., sem er eins og Lísa í Undralandi í þessum veruleika, virðist vera eini maðurinn sem ekki vill fylgja þessum veruleika og lifir í einhverjum svipuðum draumheimi og sendiherra Íslands hjá EFTA um að nú sé allt í einu kominn upp einhver krísa þannig að við höfum bara, Íslendingar, nokkra klukkutíma eða fáeina daga til að móta nýja stefnu. Þess vegna segi ég það sama við hæstv. ráðherra og hæstv. forsrh. sagði í sjónvarpinu: Það hefur ekkert breyst. Það sem hefur gerst er það að yfirlýst stefna EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins, sem er búin að vera yfirlýst stefna þessara ríkja í rúmt ár, hefur verið staðfest.

Það er líka mjög athyglisvert, hæstv. utanrrh., að sá eini af þingmönnum Sjálfstfl. sem hefur utan þings reynt að styðja þennan málstað um Evrópusambandsaðild sem hæstv. utanrrh. hefur verið að tala utan í hér í dag, er hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem hefur ekki tekið til máls í þessum umræðum. Það er mjög athyglisvert, ég tel það vera mjög athyglisvert. Það sýnir mér a.m.k. að það er svo afgerandi pólitískur stuðningur innan Sjálfstfl. fyrir þeim málstað sem hv. þm. Björn Bjarnason hefur talað fyrir hér í dag og utanrmn. sameinaðist um í fyrra að þessi eini þingmaður Sjálfstfl. kemur ekki í umræðuna og gerir þannig auðvitað allan málflutning sinn utan þings mjög marklítinn. Síðan segir hæstv. utanrrh.: Er ekki vandi sem er rétt að láta Háskóla Íslands kanna? Ef hæstv. utanrrh. hefði haft áhuga á því að biðja um faglega úttekt háskólans á kostum fyrir Ísland þá hefði mátt biðja um athugun á því hvernig væri skynsamlegast að laga samninginn um Evrópskt efnahagssvæði að þessum nýja veruleika um tvíhliða samþykki, hvernig ætti að breyta stofnanahlutanum, hvernig ætti að tryggja eftirlitið o.s.frv. og biðja þá sérfræðinga í háskólanum sem kunnáttu hafa í þeim greinum að koma með hugmyndir um það svo að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. gætu lagt þær hugmyndir fram í viðræðunum í Brussel. En það er ekki gert. Hæstv. utanrrh. hefur ekki beðið einn einasta mann um faglega vinnu til að útfæra þá stefnu sem Alþingi hefur mótað og staðfest hefur verið í dag að fjórir flokkar á Alþingi styðja, ekki einn einasta mann. En í staðinn hefur hann beðið batterí uppi í háskóla að fara í ef-spekúlasjónir um pólitískan valkost sem enginn vilji er fyrir, hæstv. utanrrh. Það er niðurstaða þessara umræðna. Það er enginn vilji fyrir því.

Ég benti á það fyrr í dag að í þeirri stefnumótun sem Alþb. sendi frá sér í júní 1992 voru settar fram ákveðnar hugmyndir um það hvernig væri hægt að breyta EES-samningnum í tvíhliða samning. Menn kannski veittu þeim atriðum í ályktuninni ekki svo mikla athygli þá af því að menn voru í umræðunni að horfa á aðra þætti. En það var að mjög vandlega athuguðu máli og eftir ítarlega könnun sem við settum þá þætti fram og mig langar í lok þessara umræðna að lesa hér upp, með leyfi hæstv. forseta, lýsingu okkar á því hvers eðlis þessi tvíhliða samningur ætti að vera. Ég held að það væri mjög fróðlegt og gagnlegt fyrir hæstv. utanrrh. að fara nú að skoða veruleikann á grundvelli þess. Niðurlag samþykktar Alþb. í júnímánuði 1992 var á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþb. leggur til að sú niðurstaða verði endurskoðuð þegar í haust með það að markmiði að gera sjálfstæðan tvíhliða viðskiptasamning milli Íslands og EB. Höfuðatriði hans verði:

1. Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og EB verði m.a. byggður á viðskiptaþáttum EES-samningsins, sérstökum sjávarútvegssamningi og bókun 6 í samningum við EB sem verið hefur í gildi síðan 1976.

2. Framkvæmd tvíhliða samnings milli Íslands og Evrópubandalagsins verði einfaldari í sniðum heldur en samkvæmt EES-samningnum. Eingöngu verði sett á fót samstarfsnefnd um eftirlit og gerðardómi beitt verði deilumál um framkvæmd samningsins ekki útkljáð. Pólitísk vandamál verði leyst í ráðherraumviðræðum.

3. Í tvíhliða samningi Íslands og EB verði m.a. byggt á hugmyndum um frjálsa vöruflutninga, fólksflutninga, þjónustustarfsemi, fjármagnsflutninga og al-

menna samkeppni auk þess sem hafðar verði til hliðsjónar reglur Norðurlandanna um vinnumarkað og búseturétt og afdráttarlaus réttur Íslendinga til að skipa forræði og eignarhaldi á auðlindum til lands og sjávar verði tryggður með sérstökum lögum.

4. Í samningum um viðskipti verði einnig fjallað um samvinnu Íslands og EB á öðrum sviðum, svo sem varðandi rannsóknir og þróun, umhverfismál, menntun og menningu."

Alþb. setti þegar árið 1992 fram þessa lýsingu á því hvernig ætti að skipa þessum málum og það væri óskandi að hæstv. utanrrh. hefði varið tíma sínum hér í dag til þess að lýsa viðhorfum sínum til þessa vanda sem þingið vill að farið sé í að leysa á grundvelli ályktunar frá í fyrra, sem fjórir þingflokkar telja enn afdráttarlaust að eigi að gera, í stað þess að verja dýrmætum tíma sínum hér til að lesa gamla ræðu eftir Gro Harlem Brundtland.

[19:40]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil mótmæla þeirri ályktun hv. 8. þm. Reykn. að hér hafi myndast einhvers konar bandalag fjögurra flokka gegn einum við túlkun á ályktun Alþingis frá 5. maí 1993. Það er ekki rétt. Það hefur komið fram í ræðum allra ræðumanna að það er samhuga afstaða manna að það beri að framfylgja þessari ályktun. Hér hafa talað hæstv. utanrrh. og hv. formaður þingflokks Alþfl. og það er algerlega rangt að draga þá ályktun af þeirra ræðum að þau mótmæli þeirri niðurstöðu sem Alþingi komst að í ályktun sinni í fyrra.

Ég vil einnig láta þess getið, vegna þeirra ummæla sem komu fram í máli hv. þm., að ég og hæstv. utanrrh. vorum saman á fundi í gærmorgun sem haldinn var á vegum Verslunarráðs Íslands. Þar flutti ég mál mitt með svipuðum hætti og hér í dag og í pallborðsumræðum sem fram fóru á eftir tók utanrrh. og við báðir það fram að við værum að sjálfsögðu sammála um meginstefnu Íslands í þessu máli við núverandi aðstæður. Ég tel að sá áherslumunur og sá ágreiningur sem hefur komið fram hér í dag, og menn eru að gera of mikið úr finnst mér, sé varðandi samningana sem Norðmenn hafa gert. Að sjálfsögðu geta menn haft mismunandi skoðanir á samningum sem Norðmenn hafa gert um sjávarútvegsmál við Evrópusambandið. Ég hef ekki blandað mér í þær deilur. Ég sagði í minni ræðu að ég teldi að við ættum að ýta því til hliðar. Þegar við værum að ræða um íslenska hagsmuni ættum við að líta á okkar hagsmuni. Hvað Norðmönnum kæmi best að semja um fyrir sig væri að sjálfsögðu þeirra mál. Ég tók það einnig þannig hjá hæstv. utanrrh. áðan þegar hann vitnaði í ræðu hæstv. forsætisráðherra Noregs að hann væri að leggja áherslu á að hann væri að skoða málið frá norskum sjónarhóli og með hliðsjón af því sem Norðmenn hafa samið um en að sjálfsögðu kann annað að gilda þegar við ræðum um málið frá íslensku sjónarhorni.

[19:42]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Virðulegum þingmanni Birni Bjarnasyni er alveg velkomið að nota mig til að ræða við utanrrh. Þetta andsvar var fyrst og fremst innlegg í „díalóg" hv. þm. við hæstv. utanrrh., samanber lokaorðin um það að hæstv. utanrrh. hefði verið að tala hér frá norskum sjónarhóli en við ættum fyrst og fremst að tala frá íslenskum sjónarhóli. Ég sagði það aldrei í mínum málflutningi áðan að það væri ágreiningur um þessa ályktun Alþingis. Það var ekki það sem ég sagði, hv. þm. Það veit þingmaðurinn sjálfsagt því hann hlustar grannt á það sem menn segja. Það sem ég sagði að hefði skilið á milli manna hér í dag var að hæstv. utanrrh. — ég man ekki hvort hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir gerði það einnig — flutti bæði í sinni upphafsræðu og sinni seinni ræðu það mál að forsendur fyrir stefnumótun Íslands hefðu breyst. Hér hefur það komið skýrt fram, m.a. hjá hv. þm. í ágætri ræðu hér í dag, að forsendurnar hefðu ekki breyst. Steingrímur Hermannsson er á sömu skoðun, forsrh. hefur lýst sömu skoðun, ég lýsti sömu skoðun. Ég var að segja það hér að forustumenn fjögurra flokka hefðu greinilega þá afstöðu að forsendurnar hefðu ekki breyst. Ég veit að hv. þm. kann vel að gera greinarmun á þessu en skilur líka mikilvægi þess hvort menn eru sammála því að forsendur hafi breyst eða ekki.

Ég þarf í raun ekki að segja neitt annað út af þessu andsvari. Það var út af fyrir sig ágætt innlegg til þess að skerpa þessa hluti. Vandi okkar er hins vegar sá að hæstv. utanrrh. talar bara ekki sama takt og aðrir sem hafa talað í þessum umræðum.

[19:44]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Við erum sammála um meginkjarna málsins að því er varðar stefnu Íslands. Það hefur komið fram. Varðandi hins vegar forsendurnar er verið að vísa til þess að vegna samninga sem Norðmenn hafa gert við Evrópusambandið séu menn að skoða í því ljósi hvort forsendur varðandi túlkun á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins hafi breyst. Ég skil þetta svo. Og eins og hæstv. utanrrh. hefur lagt upp sitt mál þá hefur hann tekið efnisþættina í hugsanlegum deilum okkar við Evrópusambandið ef við færum í efnislegar viðræður við það. Hann segir: Með hliðsjón af þessum samningi sem gerður hefur verið milli Noregs og Evrópusambandsins kunna forsendur við mat á sjávarútvegsþætti hugsanlegra viðræðna okkar við Evrópusambandið að hafa breyst. En ég hef ekki heyrt að það hafi komið fram í umræðunum að forsendur sem liggja til grundvallar stefnu Íslands og liggja fyrir í ályktun Alþingis hafi breyst. Enda erum við hv. þm. sammála um það, og ég þakka og honum fyrir stuðning hans við þá skilgreiningu sem ég reyndi að draga upp í minni ræðu og tel að hafi gengið upp og þetta sé í réttu samhengi við ákvarðanir sem teknar voru þegar í ársbyrjun 1992.

[19:46]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn ágreiningur við mig hvað þessa lýsingu snertir. Ég tel það vera drengilegt af hv. þm. Birni Bjarnasyni að vera að reyna að draga utanrrh. í lok umræðunnar svona inn í hóp okkar hinna í þinginu.

Hv. þm. Björn Bjarnason er líka það skynsamur að hann veit að það er ekki beint gott fyrir lýðveldið að utanrrh. sé skilinn eftir á þessum berangri sem þessi umræða ber með sér. Þess vegna get ég svo sem alveg verið aðili að því líka og út frá hagsmunum Íslands reynt að draga hann inn í þessa sveit með okkur hinum. (**Utanrrh.:** Mikið er þetta huggulegur selskapur.) Já, hann er það, hæstv. utanrrh., þegar menn haga sér dálítið vel. Það má alveg standa þannig að formaður utanrmn. hafi komið og lýst því að utanrrh. sé ekki í ágreiningi við meiri hluta þingsins í þessum málum. Það er ágætt að formaður utanrmn. segir það. Svo verður bara framþróunin að sýna hvort okkur tekst í sameiningu að halda utanrrh. þar.

[19:47]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 8. þm. Reykn. varð tíðrætt um meiri hluta, meiri hluta Alþingis, hér hefði myndast nýr meiri hluti. Fjórir þingflokkar á móti einum. En eins og hv. formaður utanrmn. sagði í sinni ræðu þá vildi hann nú ekki una þessari söguskoðun prófessorsins á þessum sögulegu atburðum sem hér hefðu gerst og leiðrétti þetta.

Hvaða meiri hluta er hv. þm. annars alltaf að tala um? Stærsta utanríkisviðskiptamál okkar tíma var EES-samningurinn sem var borinn hér undir atkvæði hv. þm. Hver var í meiri hluta um þann samning? Hver var á móti þessum samningi? Það var jú hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson og sá minni hluti hans þingflokks honum að baki. Sumir flokkar klofnuðu í þessu máli en meiri hluti myndaðist um EES-samninginn. Í framhaldi af því var Alþingi sammála og er sammála, það hefur enginn sagt annað, um það að freista þess í viðræðum við Evrópusambandið að tryggja að við höldum ávinningi EES-samningsins. Ályktun Alþingis er ekki um það að fara að spretta upp EES-samningnum, segja honum upp eða fara í nýjar samningaviðræður um inntak hans. Nei. Hún er um að tryggja íslensku þjóðinni þann mikla ávinning sem meiri hluti á Alþingi Íslendinga tryggði henni gegn minni hlutanum sem hv. þm. er hluti af.

[19:49]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Tvisvar á þessu kjörtímabili hefur hæstv. utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, gert tilraun til þess á Alþingi í umræðum um skýrslu utanrrh. að fá stuðning fyrir því á þinginu að það myndist pólitískur vilji til að kanna hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu eins og það var í fyrra skiptið og Evrópusambandinu nú. Fyrra skiptið var í umræðunum 1992 um skýrslu utanrrh., ef ég man þetta rétt, þar sem hægt var að lesa mikla texta í fyrsta hluta þeirrar skýrslu, mjög svipaða texta og lesa mátti í ræðu hæstv. ráðherra í dag. Ráðherrann hefur síðustu daga og hér í dag í annað sinn á þessu kjörtímabili verið að gera tilraun til þess að koma í gang pólitískri atburðarás sem leiddi til aðildarumsóknar Íslands að Evrópusambandinu. Í bæði þessi skipti hafa þessar tilraunir verið stöðvaðar, hæstv. utanrrh. Það er hinn pólitíski veruleiki. Þær voru stöðvaðar í umræðum á Alþingi í fyrra skiptið sérstaklega af hæstv. forsrh. Þær hafa verið stöðvaðar með þessari umræðu í dag. Það er alveg ljóst.

Svo má ræða fram og aftur um EES-samninginn. En ég minni bara hæstv. utanrrh. á að lesa þá afstöðu sem Alþb. mótaði í júní 1992. Grundvallarafstaðan var sú að ljóst væri í ljósi þeirrar stefnu sem Evrópubandalagið hafði þegar tekið upp og flest EFTA-ríkin að Ísland ætti bara tvo kosti varðandi framtíðarskipan samskipta sinna við EB, eins og stendur í samþykkt Alþb. Annaðhvort aðild eða tvíhliða samning. Þessi umræða í dag sýnir að þetta mat var alveg hárrétt. Að EES var skammtímafyrirbæri, mjög flókið skammtímafyrirbæri. Það er misskilningur hjá hæstv. ráðherra að það verði mjög einfalt að breyta EES í tvíhliða samning vegna þess að stór þáttur í EES er stofnanavirkið.

[19:51]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Tilraun hv. þm. til að mynda í andránni nýjan meiri hluta á Alþingi Íslendinga er nú fyrir bí. En þá er næsta kenning að þetta sé í annað sinn sem utanrrh. freisti þess að fá meirihlutasamþykki fyrir því að láta fara fram könnun á kostum og göllum ES-aðildar.

Nú vill svo til að ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt það með stuðningi tveggja þingflokka, meiri hluta á Alþingi Íslendinga, að slík könnun fari fram. Sú könnun mun fara fram. Í framhald af þeirri könnun á vegum Háskóla Íslands munu aðilar atvinnulífs og vinnumarkaðar vera kvaddir að því máli. Umræðan um málið er þegar hafin og verður ekki stöðvuð. Það er enginn meiri hluti um það. Til þess að klykkja nú út með þetta þá er búið að gera tvær skoðanakannanir sem sýna viðhorfsbreytingar af því tagi að meiri hluti þjóðarinnar sé þeirrar skoðunar að hann telji rétt að slík könnun fari fram a.m.k.

[19:52]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að við erum nú svo mildir hér við lok umræðunnar að við erum ekkert að draga það mjög skarpt upp fyrir hæstv. ráðherra hvernig þetta hefur allt saman farið þá ætla ég ekki að eyða miklum orðum að því. Ég veit hins vegar að hæstv. ráðherra man það að tillagan sem hann flutti í skýrslunni fyrir tveimur árum hún var um að Stjórnarráð Íslands gerði þessa úttekt. Öll ráðuneyti og allar ríkisstofnanir, ríkiskerfið allt átti að leggjast í það að meta aðild Íslands að Evrópusambandinu. Það átti því að vera pólitísk vinna undir stjórn þeirra stofnana sem ráðherrarnir stýra að fara í þetta verk. Því var hafnað, hæstv. ráðherra. Það hefur ekki verið samþykkt enn. Í staðinn hafa nokkrir ágætir vinir mínir upp í háskóla fengið það verkefni í aukavinnu að skrifa svona smáskýrslur um kosti og galla dittins og dattins varðandi EB-aðild. Það verða Gunnar Helgi og Gunnar G. Schram og einhverjir svona snillingar og munu senda einhverja texta. Það verður ekki mikið hlustað á þá texta, hæstv. ráðherra, vegna þess að flestir þeirra hafa

skrifað það sem þeir hafa að segja um það mál nú þegar. Ef hæstv. ráðherra telur einhverja huggun í því að búa til aukavinnu handa þeim uppi í háskóla sem einhver meiri háttar pólitísk tíðindi þá má hann það alveg fyrir mér.

Út af dagskrá voru tekin 3.–8. mál.

Fundi slitið kl. 19:54

---

112. FUNDUR

föstudaginn 18. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Skólastarf í grunn- og framhaldsskólum sl. þrjú ár, beiðni um skýrslu, 498. mál, þskj. 765. *Hvort leyfð skuli.*
2. Vísinda- og tækniráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 732. — Frh. 1. umr.
3. Þjóðarbókhlaða, stjfrv., 470. mál, þskj. 724. — 1. umr.
4. Þjóðminjalög, stjfrv., 478. mál, þskj. 733. — 1. umr.
5. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 67. mál, þskj. 70, nál. 706 og 708. — 2. umr.
6. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 68. mál, þskj. 71, nál. 705 og 709. — 2. umr.
7. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 287. mál, þskj. 364, nál. 747, brtt. 746. — 2. umr.
8. Fjöleignarhús, stjfrv., 143. mál, þskj. 159, nál. 770, brtt. 771. — 2. umr.
9. Sveitarstjórnarlög, frv., 156. mál, þskj. 174, nál. 768. — 2. umr.
10. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 272. mál, þskj. 332, nál. 775, brtt. 774. — 2. umr.
11. Samkeppnislög, stjfrv., 239. mál, þskj. 274, nál. 665, brtt. 666. — 2. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 266. mál, þskj. 319. — 1. umr.
13. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494. — 1. umr.
14. Heilbrigðisþjónusta, frv., 358. mál, þskj. 550. — 1. umr.
15. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 389. mál, þskj. 587. — 1. umr.
16. Hlutafélög, stjfrv., 427. mál, þskj. 639. — 1. umr.
17. Eignarhlutafélög, stjfrv., 428. mál, þskj. 640. — 1. umr.
18. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 429. mál, þskj. 641. — 1. umr.
19. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — 1. umr.
20. Varnir gegn mengun hafsins, stjtill., 495. mál, þskj. 761. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjals:
Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, 506. mál, stjfrv., þskj. 779.

Vísinda- og tækniráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 477. mál. — Þskj. 732.

[10:34]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands sem er hið merkasta plagg eins og fram hefur komið í ræðum þeirra þingmanna sem um þetta mál hafa fjallað.

Það hefur verið sagt að þetta frv. kæmi nokkuð seint fram í þinginu. Ástæðan fyrir því er fyrst og fremst sú að aðdragandi málsins hefur verið með eðlilegum hætti og það hefur verið vandað til þess aðdraganda. Málið hefur fengið víðtæka umfjöllun hjá þeim fjölmennu hópum sem að málinu koma og eiga hagsmuna að gæta í tengslum við frv. Frv. er í eðli sínu stefnumarkandi og tekur á ýmsum meiri háttar vandamálum sem hafa komið í ljós við framkvæmd tækni- og vísindastefnu og sem tími var kominn til að gera. Ég hef áður í umfjöllun um önnur mál tekið fram að ég telji að eitt af því allra besta sem ríkisstjórnin hefur verið að gera er að taka upp þennan málaflokk, almennar rannsóknir, vísindastarfsemi og rannsóknir í tengslum við atvinnulífið og móta þá starfsemi í einn traustan farveg.

Helstu annmarkarnir sem hafa komið fram á þessu máli á undanförnum áratugum eru að sjálfsögðu tengdir því að við höfum verið að byggja upp frá grunni okkar vanmáttuga rannsóknaumhverfi. Það hefur farið mikill tími í það hjá okkur að byggja upp rannsóknastofnanirnar og starfsemin hefur oft borið nokkurn keim af því að stofnanirnar hafa komið nokkuð sterkar inn í þetta.

Eitt af þeim atriðum sem gagnrýnd voru í OECD-skýrslunni um þessi mál, sem hér hefur verið vitnað til, var að þessi áhersla á rannsóknastofnanir var talin vera óeðlilega mikil og væri í raun og veru betra að virkja atvinnulífið til þátttöku í rannsóknastarfseminni með sjálfstæðum rannsóknaframlögum þannig að þar færu saman tengd verkefni sem stofnanirnar kæmu að en atvinnulífið einnig. Þetta var eitt af því sem bent var á í skýrslunni og talið eitt af meginatriðunum.

Annað er rétt að minnast á. Það hefur komið í ljós með mjög skýrum hætti að skilin á milli hagnýtra rannsókna og almennra grunnrannsókna eru oft á tíðum ekki mjög skýr. Þetta á ekki síst við þegar grunnrannsóknirnar hafa orðið á eftir. Þá kemur oft fram í tengslum við verkefni sem hafa hagnýtt gildi að þær rannsóknir standa ekki nógu sterkum fótum í grunnrannsóknunum.

Um þetta er hægt að taka nokkur dæmi til þess að þingmenn átti sig á því um hvað er verið að ræða. Ég vil taka sem sérstakt dæmi um þetta þá þróun sem hefur verið í líftæknirannsóknum okkar Íslendinga nú upp á síðkastið. Það er búið að eyða þó nokkru fé í að rannsaka það hvort við getum nýtt okkar mannafla sem hefur sérþekkingu á sviði líftækni og árangurinn er sá að við eigum nú, svo ég nefni eitt dæmi, talsverðan hluta af hitakærum og kuldakærum ensímum sem eru komin á það stig að það er orðið tímabært að kanna markað fyrir þetta. Það er verið að leita núna eftir markaðsþekkingu til þess að skoða möguleika á markaðssetningu þessara hitakæru örvera.

Þegar litið er til baka, og það er einmitt það sem Rannsóknaráð ríkisins hefur verið að gera upp á síðkastið, og verið er að meta árangur af rannsóknum af þessu tagi og átta sig á því hver árangurinn er sem náðst hefur, hefur komið í ljós að af þeim verkefnum sem unnin hafa verið verður að flokka nokkur þeirra undir grunnrannsóknir frekar en hagnýtar rannsóknir. Með öðrum orðum er ég að reyna að segja að við framkvæmd þessarar stefnu eftir svona aðskildum sviðum, grunnrannsóknir annars vegar og hagnýtar rannsóknir hins vegar, hefur komið í ljós að þessi skil eru í mörgum tilfellum alls ekki eins glögg og ætla mætti.

Ég vil taka annað sem gæti í framtíðinni orðið einmitt gott dæmi um þessi óljósu skil. Heilsugæslan styðst að sjálfsögðu við verulegar rannsóknir en það teljast vera grunnrannsóknir og heyra ekki undir Rannsóknaráð ríkisins. Nú er hins vegar eitt af því sem hefur verið skoðað sérstaklega í tengslum við uppbyggingu atvinnulífs á Íslandi að byggja upp svokallaða heilsuferðamennsku þar sem hugsanlega kæmi til greina nýting á heitu vatni, eins og er nú í athugun á Reykjanesi. Þá er að sjálfsögðu mjög æskilegt að nýta til þess þá heilsugæsluþjónustu sem við höfum og gæti komið til greina að verja fjármunum til þess að rannsaka, þá sem hagnýt verkefni í tengslum við atvinnulífið, möguleikana á því að nýta heilsugæsluna betur í tengslum við ferðamennsku. Að sjálfsögðu mundu þá þau rannsóknasvið sem þarna væri um að ræða skarast mjög verulega og það sem hingað til hefur heyrt undir Vísindaráð mundi flytjast að hluta til undir Rannsóknaráð.

Þess er einnig að geta að ferðamennskan sem er vaxandi atvinnugrein hlýtur að geta stuðst við mjög margt í menningu Íslendinga. Það er mjög margt sem við getum rannsakað og skoðað í menningu Íslendinga sem að hluta til mundi falla undir Vísindaráð sem getur fundið farvegi inn í atvinnusköpun í gegnum ferðamennsku.

Með þessu er ég að benda á það að þessi rannsóknasvið, húmanísk fræði og hagnýtar rannsóknir sem tengjast atvinnulífinu, geta orðið og eru í raun og veru mjög oft samtengd með slungnum hætti og það getur því háð rannsóknum að beina þeim mjög í tvær áttir í staðinn fyrir að hafa heildarsýn yfir þær.

Frv. markar þá meginstefnu að sett er á stofn Vísinda- og tækniráð sem á að hafa heildaryfirsýn yfir þessum málaflokki en síðan er gert ráð fyrir því að tveir sjóðir, Vísindasjóður og Tæknisjóður, starfi og að í tengslum við þá verði úthlutunarnefndir og fagráð sem sérhæfa sig hvor á sínu sviði. Í gær var talað um það, ég man ekki betur en það hafi verið hv. 15. þm. Reykv. sem gagnrýndi það að sjóðirnir væru ekki sameinaðir sem átti þá að hans mati að vera nánast útfærsla á því að sett væri á laggirnar Vísinda- og tækniráð. En þarna er um misskilning að ræða. Það er mjög brýnt að sjóðirnir séu aðskildir og fagvinnan sé aðskilin en Vísinda- og tækniráð hafi yfirsýn yfir allan málaflokkinn. (**KÁ:** Af hverju er það svona mikilvægt?) Það er mikilvægt vegna þess að þessi rannsóknasvið eru aðgreind í raun og veru, en það er jafnframt nauðsynlegt að sá sem stýrir þessu í heild geti veitt stjórnvöldum ráðleggingar um það hvorn þáttinn, hvora sjóðstarfsemina, er rétt að efla hverju sinni því það getur verið mjög misjafnt eftir verkefnum. Þetta er einnig í tengslum við það að fagráðin þurfa að hafa einhvern fræðilegan grundvöll og þar af leiðandi tel ég einsýnt að það sé skynsamlegri lausn að fara þá leið að hafa sjóðina tvo með sín fagráð og úthlutunarnefndir en eitt Vísinda- og tækniráð yfir sjóðunum í heild. Að sjálfsögðu kæmi hitt til greina líka en ég held að það sé ekki eins góð hugmynd.

Ég ætla að fara aðeins örfáum orðum við 1. umr. um fáein atriði þessa máls sem ég tel að mættu betur fara í frv. og þyrfti að skoða nánar.

Fyrir það fyrsta þá er það meginatriði í öllu þessu máli að treysta samstarf stjórnvalda annars vegar, vísindamanna hins vegar og atvinnulífsins. Með þetta í huga held ég að sé rétt að líta á skipan Vísinda- og tækniráðs Íslands. Þar er gert ráð fyrir því að tillögur komi frá stofnunum á háskólastigi þar sem rannsóknir eru stundaðar, frá rannsóknastofnunum atvinnuveganna og í þriðja lagi tilnefnir ríkisstjórn fulltrúa í Vísinda- og tækniráð samkvæmt tillögu menntmrh., en menntmrh. skipar alla þá níu einstaklinga sem skipa eiga Vísinda- og tækniráð Íslands.

Ég velti því fyrir mér hvort ekki sé skynsamlegt að íhuga gaumgæfilega hvort aðgangur atvinnulífsins að Vísinda- og tækniráði er nógu vel tryggður með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Auðvitað má segja sem svo að ríkisstjórnin hafi það í hendi sér að nota tilnefningar sínar til þess að styrkja tengsl atvinnulífsins við Vísinda- og tækniráð en ég verð þó að segja eins og er að við fyrstu sýn þá finnst mér að þarna sé hugsanlegt að aðgangur atvinnulífsins, sem á að vera eitt af grundvallaratriðunum í frv., sé ekki nógu augljós og það komi til greina að endurskoða þetta og vil vekja þá umræðu í þingsalnum við hæstv. menntmrh. hvort honum þætti ekki athugandi að hv. menntmn. skoðaði þetta alveg sérstaklega.

Það mun einnig hafa komið fram í máli hv. 15. þm. Reykv. að hann spurðist fyrir um það hvort það væri mögulegt að tilnefningar ríkisstjórnar samkvæmt tillögum menntmrh. gerðu ráð fyrir því að nokkrir af þeim sem tilnefndir væru af háskólastiginu eða rannsóknastofnunum yrðu útilokaðir. Það er mér ekki áhyggjumál. Ég tel miklu eðlilegra að hafa áhyggjur af því með hvaða hætti atvinnulífið finnur sér farveg inn í Vísinda- og tækniráð.

Þetta er eitt af aðalmálunum sem mig langaði til að impra á og vissulega undirstöðuatriði. En ég ætla að stikla á örfáum öðrum atriðum og eitt af þeim er grundvallaratriði. Ef litið er hér á III. kafla frv. um sjóðina í vörslu Vísinda- og tækniráðs og sérstaklega á Tæknisjóðinn, þá stendur þar í 11. gr., með leyfi virðulegs forseta:

„Hlutverk Tæknisjóðs er að styrkja nýsköpun í íslensku atvinnulífi með því að efla tækniþekkingu, rannsóknir og þróunarstarf."

Ég lít ég svo á að þetta sé allt of þröngt vegna þess að hlutverk Tæknisjóðs er miklu víðtækara en að styrkja nýsköpun. Nýsköpun er aðeins hluti af því sem við getum kallað þróunarstarf. Hlutverk Tæknisjóðs er ekki síður að taka á málefnum þess atvinnulífs sem fyrir er og ýta undir þróunarstarf í því atvinnulífi án þess kannski að um beina nýsköpun sé að ræða heldur aðlögun að nýjum aðstæðum, og ýta undir að atvinnulífið taki breytingum miðað við ný viðhorf. Við skulum bara taka sem dæmi að sú breyting sem hefur orðið á umhverfi og kröfum til atvinnulífsins í tengslum við umhverfismál hefur kallað á heilmikið þróunarstarf sem er eðlilegt að Tæknisjóður styrki án þess að beinlínis sé um nýsköpun í atvinnulífinu að ræða.

Þetta held ég að ætti að hafa í huga til þess að orðalagið í þessari grein sé í fullu samræmi við hlutverk sjóðsins og setji honum ekki þrengri skorður en ástæður eru til.

Það sama kemur að sjálfsögðu fram í 13. gr. Þeir sem í úthlutunarnefnd eiga að sitja eiga að hafa víðtæka reynslu af rannsóknum og þróunarstarfi og þekkingu á nýsköpun í atvinnulífi. Þessir aðilar þurfa að sjálfsögðu að hafa þekkingu á nýsköpun í atvinnulífi en þeir þurfa fyrst og fremst að hafa grundvallarþekkingu á atvinnulífinu. Þetta tengist því fyrri athugasemd minni.

Það er ein stutt athugasemd sem snertir ekki efnisatriði frv. en í 2. gr. er tekið fram í 7. tölul. að rannsóknir séu ekki gerðar af Vísinda- og tækniráði Íslands. Ég hefði álitið að svona setning ætti ekki þarna heima. Auðvitað er það augljóst mál að Vísinda- og tækniráð stundar ekki rannsóknir en það er svo augljóst atriði að það á ekki að standa í lögum. Ef farið er yfir hlutverk Vísinda- og tækniráðs, þá liggur í augum uppi að ráðið sjálft stundar ekki vísindastarfsemi og ekki ástæða til að telja upp í smáatriðum hverju það á ekki að sinna. Þar á meðal eru þessi verkefni sem eru rannsóknir. Þetta er það sem ég vildi flokka undir hortitti en þeir eru oft í frumvörpum en óvenjufáir í þessu frv.

Ég vil sérstaklega fagna ákvæðinu í 16. gr., III. kafla, um rannsóknarnámssjóðinn. Sá sjóður, ef hann nær að vinna samkvæmt eðlilegum lögmálum, getur orðið rannsóknastarfi á Íslandi mjög mikil lyftistöng. Það er svo að slíkir sjóðir gegna mjög mikilvægu hlutverki í rannsóknastarfi erlendis og sú skoðun hefur oft heyrst að mesta gerjunin í rannsóknastarfi víða erlendis sé einmitt í tengslum við sjóði af þessu tagi sem skila miklu inn í hið akademíska umhverfi og það næst oft með starfsemi svona sjóða ótrúlega mikill árangur fyrir lítinn tilkostnað. Þetta er því mjög gott ákvæði og eitt af því jákvæða sem hægt er að finna í frv.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín mikið lengri. Ég fagna því að þetta frv. er fram komið. Ég tel þá gagnrýni að frv. komi seint fram óréttmæta því að aðdragandi þess máls hefur verið langur og eðlilegur. Það grípur menn oft einhver óþolinmæði þegar um þetta er rætt. Menn gera sér ekki grein fyrir því hvert eðli málsins er og átta sig ekki á því hversu margra ráðlegginga þarf að leita víða. Ég held að þetta frv. hafi komið fram í eðlilegum farvegi. Ég minnist þess í þessu sambandi að sú nefnd sem ég hef veitt forstöðu, útvarpslaganefnd, hefur verið gagnrýnd fyrir það að gefa sér góðan tíma til að skoða sín mál. Það var að sjálfsögðu gert vegna þess að það þurfti að fara rækilega yfir málin. Það er miklu algengara hér að það sé flaustrað að málum en hitt að þau hafi eðlilegan og góðan aðdraganda.

[10:53]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að í lokaorðum hv. 5. þm. Norðurl. e. hafi gætt nokkurs misskilnings. Það hefur engin gagnrýni komið á það frá þeim sem hér hafa talað, m.a. mér, og lagt áherslu á mikilvægi þessa máls, á að það sé vel unnið og það hefði átt að koma í einhverju flausturslegu formi inn í þingið. Gagnrýnin beinist að því að fyrir svona stórt mál er eðlilegt að Alþingi hafi góðan tíma til að fjalla um til þess að það fái góða meðferð. Eins og ég sagði í minni ræðu eru ekki nema örfáir dagar eftir af þinghaldi í vor og það eru ekki góð vinnubrögð að leggja fram svona stórt mál á síðustu dögum þingsins ef menn ætlast til að það sé afgreitt.

Hins vegar ítreka ég það sem ég sagði í minni ræðu að þrátt fyrir að málið komi svona seint fram, þá legg ég áherslu á að menntmn. taki tíma til að skoða málið þannig að hægt verði að afgreiða það fyrir vorið því að ég tel það afar mikivægt einmitt á grunni þeirrar vinnu sem þarna hefur verið unnin að samfellan haldist.

Það eru hins vegar ekki góð vinnubrögð að svona þurfi að gera og það hlýtur óhjákvæmilega að koma niður á öðru starfi hv. menntmn. ef hún ætlar sér á þeim fáu dögum sem eftir eru að taka þetta mál fyrir og afgreiða. En ég vil leggja á það áherslu að það verði reynt að vinna svo í þessu máli að hægt verði að afgreiða það.

[10:55]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vissulega er það rétt að það væri æskilegt að menntmn. hefði góðan og rúman tíma til

að fjalla um þetta mál. Meginatriðið í mínu máli var það að að þessu plaggi, sem hér er lagt fram, er ákveðinn aðdragandi og hann er eðlilegur að því er ég tel. Á vissum stigum þess máls hafa menn einmitt getað komið og kynnt sér aðdragandann og sett sig inn í þetta mál eins og það var þá í undirbúningi. Það er því ekki svo að skilja að þeir sem sitja í hv. menntmn. hafi ekki getað sett sig inn í málið og komið að aðdraganda þess með ýmsum hætti.

[10:56]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði að það væri æskilegt að menntmn. gæti unnið vel að málinu. Það er ekki bara æskilegt, það er nauðsynlegt. Menn mega ekki vera svo miklir stjórnarsinnar að þeim sé fyrirmunað að sjá það sem miður fer í málsmeðferð og vissulega er það miður að þetta mál komi svona seint fram.

Ég hygg einnig að það sé ekki hin venjulega málsmeðferð og í raun ekki hin eðlilega málsmeðferð að þingmenn séu að fjalla um málin með embættismönnunum á vinnslustigi. Það eru að mínu mati ekki góð vinnubrögð nema þá aðeins að þingmenn séu skipaðir í nefndir til þess að fjalla um málið. En hitt er ekki gott ef það er sagt: Þingmálið kemur svona seint fram en það er allt í lagi því að þingmenn hefðu getað fjallað um það á öðrum stigum meðan það var í vinnslu í Stjórnarráðinu.

[10:57]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að í aðdraganda málsins hefur verið opinber umfjöllun um það á málþingum. Og þingmönnum gefst að sjálfsögðu kostur á því og eiga mjög gjarnan að kynna sér slík málþing og sjá þar í hvaða farvegi þessi mál eru þannig að með ýmsum hætti hefur gefist tækifæri til að fylgjast með því hvernig þessi mál hafa þróast og það hefur að sjálfsögðu gefið mönnum tækifæri til þess að fá innsýn í málið.

[10:58]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þetta sama atriði um vinnubrögð í þinginu og það sem snýr að menntmn. Ég get tekið undir það með hv. þm. Tómasi Inga Olrich að það er of mikið um flaustur í vinnubrögðum og við fáum allt of mörg mál allt of seint og það gildir um þetta mál. Því miður höfum við örskamman tíma til stefnu. Þetta er stórt og mikilvægt mál og ég tek undir það að ég er tilbúin til að leggja mitt af mörkum til að við getum afgreitt það fyrir vorið. Mér finnst það mjög mikilvægt, ég tek undir það, en mig langar að benda á að mér vitanlega hefur lítið verið boðið upp á það að við kæmum að þessu máli í menntmn. Ég kannast ekki við það. Ég man eftir þessu málþingi sem þingmaðurinn minntist á en ég hafði ekki tækifæri til að sinna því. Það er mikið að gera í þinginu og mörgu að sinna.

En mig langar að hugga hv. 6. þm. Norðurl. e. þar sem hann hafði áhyggjur af því að menntmn. hefði mikið að gera. Það er ekki svo. Staðreyndin er sú að af þeim 16 málum sem boðuð voru á lista sem lagður var fram með stefnuræðu forsrh. hafa einungis þrjú skilað sér frá ráðherrunum til nefndarinnar og þau koma öll á einu bretti þegar skilafrestur er að verða útrunninn. Ég óttast það að okkur takist ekki að afgreiða þessi mál, enda eru svo sem þingmannamál líka, mörg hver býsna merkileg og mikilvæg sem við þurfum að sinna. Það er auðvitað ekki viðunandi að mál komi svona seint fram ef áætlunin er að afgreiða þau. Það er ekki viðunandi.

En ég ítreka það að ég er tilbúin til að leggja mikið á mig til þess að reyna að ljúka þessu merkilega og góða máli.

[11:00]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað skiptir það miklu máli hvernig mál eru undirbúin til þingsins. Þegar mál koma vel undirbúin og vel unnin tekur það að sjálfsögu minni tíma fyrir þingið að setja sig inn í þau og afgreiða þau.

[11:00]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mitt andsvar er nokkuð í svipuðum dúr, þ.e. að mér finnst ekki rétt að gagnrýna það að stjórnarandstaðan hafi haft athugasemdir fram að færa við það að frv. væri seint fram komið þar sem við vitum að það er ekki nema í kringum 20 vinnudagar eftir á þinginu. Ég vil einnig minna á að við vinnslu fjárlaga á síðasta ári fyrir árið í ár var tilkynnt að það yrði unnið að þessari sameiningu. Eins og við vitum er byrjað að vinna fjárlög í mars/apríl ári áður en þau koma til framkvæmda og hefur því verið talsverður tími til þess að vinna frv. Það sem við gagnrýnum er að frv. skuli ekki koma fram fyrr á þinginu miðað við að það eigi að ljúka þingstörfum á þeim 20 dögum sem eftir eru. Ekki hitt að vel hafi verið unnið. Það viljum við að sé gert hér.

[11:01]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka fyrir málefnalegar umræður og góðan stuðning við meginefni frv. og vilja hv. þm. sem hér hafa talað til þess að greiða fyrir framgangi málsins.

Fyrst örfá orð um það hversu seint þetta mál er fram komið sem margir þingmenn hafa gert að umtalsefni. Það er vissulega rétt, eins og ég raunar sagði í stuttu andsvari í gær, en ég legg áherslu á það að þessi tími hefur verið notaður til þess að undirbúa málið rækilega. Og ég læt enn í ljós þá von að það nýtist í nefndarstarfi þingsins hversu vandlega málið hefur verið undirbúið. Það er vissulega rétt að það eru kannski ekki nema 20 vinnudagar eftir í þinginu en 6 vikur lifa til þingfrestunar og ég vona að þær verði nýttar vel.

Mér er að að vísu ekki kunnugt um hversu mörg mál eru til meðferðar í hv. menntmn. en ekki hef ég íþyngt nefndinni með of mikilli vinnu. Þar eru ekki mörg frumvörp frá mér en nokkur eru að vísu í vændum.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagð í ræðu sinni í gær að

það væri ekki til fyrirmyndar að ný ríkisstjórn hafnaði yfirleitt stefnumótun fyrri ríkisstjórnar og nefndi vísindamálin sem dæmi. Það kann að virðast svo að því ágæta starfi sem unnið var af Vísindaráði og Rannsóknaráði að stefnumótun í tíð fyrrv. menntmrh. hafi verið varpað fyrir róða, en við nánari athugun er þó augljóst að svo er alls ekki. Það er jafnan samfella í starfi ráðuneytisins að þessum málum sem mörgum öðrum og þó einhverjar áherslubreytingar verði í útfærslum, þá skilar þetta starf sér beint inn í starfsemi þeirra stofnana sem í hlut eiga. Það er mikilvægt að byggja á þeim verkum sem unnin hafa verið.

Hv. 9. þm. Reykv. benti á það í umræðum um frv. í gær að rauði þráðurinn í þeirri stefnumótun sem unnin var í hans tíð í menntmrn. hafi verið að það skyldi auka fjárveitingar til vísinda- og tæknistarfseminnar og mér er ljúft að staðfesta að þessari stefnu hefur einmitt verið fylgt áfram. Ég rakti það raunar í nokkrum liðum í framsöguræðu minni í gær og vænti þess að hv. þm. geti einnig fallist á það að aukið fjármagn eitt og sér er svo sem ekki lausn allra mála. Það skiptir verulegu máli að nýta sem best það takmarkaða fjármagn sem unnt er að veita til þessarar starfsemi. Einn rauðu þráðanna í þessu frv. er einmitt að vanda enn betur en áður til ákvarðana um hvernig þessu fé skuli varið. Ég er honum hjartanlega sammála um að það þurfi að auka það fjármagn sem varið er til þessarar starfsemi.

Í máli nokkurra þingmanna í gær komu fram efasemdir um það að hlutur grunnrannsókna væri nægilega tryggður. Þessu svaraði raunar hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, í umræðunum í gær. Það skiptir mestu máli að aðgreiningin milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna á ekki lengur við í þeim mæli sem fyrr var álitið. Áhersla á hagnýtingu felur jafnframt í sér að grunnvísindum er sinnt vegna þess að í sífellt vaxandi mæli háttar þannig til að ný þekking er tekin til hagnýtingar.

Nokkrir hv. þm. töldu að það vantaði stefnumörkun í þetta frv. um fjármögnunina. Ég tel það ekki réttmæta gagnrýni. Í stefnumótun ríkisstjórnarinnar um vísindastefnu er einmitt lögð höfuðáhersla á það að aukið fjármagn verði veitt til vísindastarfseminnar. En það fer að sjálfsögðu eftir fjárlögum hverju sinni og ákvörðun þingsins árlega hvaða fé er veitt til þessara málaflokka. Ég bendi á í þessu samhengi að í frv. er gert ráð fyrir þriggja ára áætlunum um fjárframlög.

Ég rifja einnig upp hvað gert hefur verið án þess að *ég ætli að fara út í það í smáatriðum á tíma þessarar* ríkisstjórnar. Ég rifja það enn upp að Rannsóknasjóður hefur verið nær tvöfaldaður frá árinu 1992. Rannsóknanámssjóður hefur verið stofnaður og varið til hans 33 millj. kr. og fleira mætti nefna. Í vændum er frv. sem kveður á um hækkun framlaga til Vísindasjóðs og ég trúi því að það muni ná fram að ganga.

Nokkrir þingmenn hafa einnig gert að umtalsefni 3. gr. frv. þar sem kveðið er á um hvernig skipa skuli í Vísinda- og tækniráð. Mönnum þykir það nokkuð flókið. Einnig nefndi hv. þm. Svavar Gestsson að það ætti ekki við það sem segir í c-liðnum að þrír skuli tilnefndir af ríkisstjórn samkvæmt tillögum menntmrh. Hv. þm. tiltók þar að ríkisstjórn væri ekki fjölskipað stjórnvald. Það er vissulega rétt. Ríkisstjórnin er ekki fjölskipað stjórnvald en þarna er ekki verið að gera annað en leita staðfestingar ríkisstjórnar á tillögu menntmrh.

Það má vissulega til sanns vegar færa að val ráðherra sé ekki létt að velja úr þeim hópi sem tilnefndur er, en ég held að það megi fullyrða að ráðherra standi eingöngu frammi fyrir góðum kostum þegar hann er að velja úr hópi þeirra sem tilnefndir eru. Ég held að sú aðferð sem þarna er lögð til veki meiri athygli og umræðu um hæfni einstaklinganna. Þetta skýrði raunar hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson ágætlega í athyglisverðri ræðu sinni í gær.

Þá var spurt í umræðunum í gær, ég held af hv. þm. Svavari Gestssyni, hvað yrði um núv. starfsmenn Rannsóknaráðs og Vísindaráðs, en um það er ekki sérstaklega getið í frv. Í frv. er gert ráð fyrir að viðfangsefnum hins nýja ráðs fjölgi ef eitthvað er og í umsögn fjárlagaskrifstofu, sem er fylgiskjal með frv., segir svo, með leyfi hæstv. forseta: „Í greinargerð frumvarpsins er ekki gert ráð fyrir að starfsmönnum fækki heldur að þeim fjölgi og er þar tekið mið af hlutverki ráðsins samkvæmt þessu frumvarpi."

Það hefur glögglega komið fram í umræðunum hér að verkefnin sem hinu nýja ráði eru ætluð eru ærin og má ljóst vera að það verður ekki hægt að vinna þau verk með færri starfsmönnum heldur en nú eru í þjónustu ráðanna beggja. Hins vegar hefur svo sem heldur ekki verið tekin nein ákvörðun um fjölgun þeirra. Óskir þar að lútandi hlytu að koma frá ráðinu sjálfu þegar nánar hefur verið ráðið um innra skipulag í starfsemi þess.

Sannleikurinn er nú sá að það eru ekki margir starfsmenn hjá þessum tveimur ráðum. Ef ég man rétt þá eru þeir sjö hjá Rannsóknaráði og tveir hjá Vísindaráði. Nokkuð hefur verið rætt líka um nafnið á hinu nýja ráði, Vísinda- og tækniráð Íslands. Ég legg áherslu á að nafnið er í sjálfu sér ekki aðalatriði í mínum huga og sjálfsagt að athuga hvort eitthvað annað nafn kunni að henta betur. Þar hafa menn nefnt bæði Vísindaráð og Rannsóknaráð og mér finnst eðlilegt að hv. menntmn. athugi það sérstaklega.

Sameining sjóðanna kom einnig til umræðu hér í gær, a.m.k. tveir hv. þm. nefndu hvort ekki hefði verið réttara að sameina sjóðina líka. Í undirbúningi að þessu frv. kom sú hugmynd vissulega fram, að það ætti að sameina Vísindasjóð og Rannsóknasjóð, en þetta varð nú ofan á að láta duga í þessum áfanga að sameina ráðin tvö, en sameina ekki sjóðina að svo komnu máli. Vel má vera að mönnum sýnist rök síðar hníga í þá átt að þá eigi að sameina.

Um úthlutunarnefndirnar skal ég ekki hafa mörg orð. Það var spurt hvaða sjónarmið ættu að ráða við úthlutunina. Í frv. er gert ráð fyrir að úthlutunarnefndir hafi það verkefni að velja milli umsókna sem uppfylla skilyrði sem gerð eru til styrkhæfra verkefna að *mati fagráðanna. Ég veit að það hafa komið fram* athugasemdir um úthlutunarnefndirnar og ég tel mjög eðlilegt að hv. mennrmn. athugi þetta mál einnig þótt

ég telji að þarna sé um góða skipan og skynsamlega að ræða.

Þá var einnig spurt í gær, ég held að það hafi verið hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sem var að tala um stöðu rannsóknaprófessoranna, hvort ekki væri nær að háskólinn eða háskólarnir hefðu þessar stöður og sæju alfarið um þær. Eins og segir í greinargerð með frv. þá er þeim sem skipa stöðu rannsóknaprófessora einungis ætlað að sinna rannsóknum. Þeim er ætlað að byggja upp starfsemi á mikilvægum sviðum. Sum þessara sviða hljóta að vera háskólasvið í hefðbundnum skilningi, en önnur kunna að falla betur að verkefnum sem unnin eru af öðrum, annaðhvort á stofnunum eða jafnvel hjá fyrirtækjum. Fyrir nokkrum árum veitti Íslenska járnblendifélagið Háskóla Íslands styrk, ef svo má segja, til tímabundinnar prófessorsstöðu í efnistækni. Þetta starf hefur áreiðanlega skilað háskólanum miklum árangri ekki síður en fyrirtækinu sem lagði fjármunina fram. Þetta dæmi sýnir okkur að viðfangsefni rannsóknaprófessora geta ekki síður orðið til í atvinnulífinu en í háskólaumhverfinu.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi líka í þessu samhengi að ekkert styrkjakerfi væri hjá okkur og nefndi þar Lánasjóð íslenskra námsmanna til sögunnar. Hér er vissulega stigið fyrsta skrefið, en ég vil geta þess að það hefur verið rætt á vettvangi lánasjóðsins að taka þar upp styrkjakerfi. Í eina tíð ræddu menn að það kynni að eiga heima hjá Vísindasjóði, en úr því hefur ekki orðið.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson spurði hvaða eftirlit hefði verið haft með nýtingu fjármagns sem farið hefur til rannsókna. Því er til að svara að til skamms tíma hefur það eftirlit verið næsta lítið, en sl. áratug hefur þetta þó verið að færast í betra horf. Það er eðlilegt að þeir sem njóta styrkja af opinberu fé finni að það sé fylgst með því hvernig það fé nýtist. Sú breyting er einnig að verða að nú er lögð meiri áhersla á að spyrja þess hvað kemur út úr því sem unnið er fyrir fjármagn sem varið er til rannsókna. Þetta er breyting frá því sem var þegar öll áhersla var lögð á að skoða og meta hvað þyrfti til að vinna það verkefni sem sótt var um fjármuni til að vinna.

Hv. þm. Kristín Einarsdóttir spurði hvort menntmrh. gæti tilnefnt í ráðið einhvern þeirra sem tilnefndir hefðu verið af öðrum. Því er til að svara að að sjálfsögðu getur ráðherra valið úr þeim hópi þá sem honum ber að tilnefna. En ég geri ráð fyrir að hann muni gæta þess sem best hann getur að jafnvægis sé gætt milli greina og að atvinnulífið eigi fulltrúa í Vísindaráði.

Ég sé að tími minn er að hlaupa frá mér. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hver væru forgangsmál mín nú á þessu þingi. Því er til að svara að það er að sjálfsögðu þetta frv., það er frv. um Þjóðarbókhlöðu og fleiri mál. Á dagskrá í dag er Þjóðminjasafnið sem ég legg auðvitað áherslu á að nái fram að ganga, en fleiri mál eru svo í meðförum. Kennaraháskólinn er í meðförum hv. þingnefndar og nokkur fleiri mál munu verða lögð fyrir sem ég geri mér þó ekki sérstakar vonir um að nái fram að ganga núna.

[11:17]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður af sérstökum ástæðum gafst mér ekki tækifæri til að taka þátt í þessari umræðu um þetta mikilvæga mál og vildi því hér í andsvörum, þó ég hafi í raun og veru engu að mótmæla hjá hæstv. ráðherra, segja örfá orð. Ég vil í fyrsta lagi fagna því að með þessu frv. er, eins og ég skil það, gerð tilraun til að styrkja okkar rannsókna- og vísindastarfsemi. Það hafa lengi verið efasemdir um réttmæti þess að sameina yfirstjórn þess sem við köllum grundvallar- eða undirstöðurannsóknir og hins sem við köllum hagnýtar rannsóknir. Það hefur verið vegna þess að menn hafa óttast að mikið meiri áhersla á svonefndar hagnýtar rannsóknir — ég vil taka fram að ég hef aldrei verið ánægður með þá nafngift — kynni að draga úr fjármagni til undirstöðurannsókna. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að eftir að háskólinn hefur aukið mjög sína rannsóknastarfsemi og komið á fót sannarlega rannsóknum sem eru ekkert síður hagnýtar en aðrar þá sé þetta réttmætt og get því stutt það.

Ég vil hins vegar taka alveg sérstaklega undir það sem mun hafa komið fram í umræðunum í dag að allt er þetta til lítils nema aukið fjármagn fáist til rannsókna og vísinda. Þar stendur í raun og veru hnífurinn í kúnni, ef ég má orðað það svo. Ég vil vekja athygli á því að það hafa verið í skattalögum, og mér er ekki kunnugt um að það hafi verið fellt út, heimildir til að draga frá skattskyldum tekjum framlög til menntamála. Ég man ekki betur en að þar væru meðtalin framlög til rannsókna. Og ég tek undir það sem kom fram í gær að þetta þarf að tryggja. Það er áreiðanlega eins réttmætt eða réttmætara að draga frá framlög til rannsókna og vísindastarfsemi heldur en t.d. framlög til stjórnmálaflokkanna, sem nú er komið í lög.

Ég hefði að vísu einnig viljað segja nokkur orð um það stjórnunarfyrirkomulag sem hér er gert ráð fyrir. Ég geri mér ekki nógu glögga grein fyrir því hvernig þeir endar nást saman eins og þar er gert ráð fyrir að skipa í Rannsóknaráðið. En til þess vinnst því miður ekki tími.

[11:20]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst hæstv. menntmrh. ekki svara þeim vangaveltum eða koma með sínar hugmyndir varðandi þessar rannsóknastöður sem getið er um í 22. gr. Hann nefndi dæmi um að fyrirtæki hefði komið slíkri stöðu á fót og í sjálfu sér er ekkert nema gott um það að segja. Það er auðvitað gert í samstarfi við viðkomandi skóla. En það sem hér er um að ræða er að í þessum lögum er verið að gefa menntmrh. heimild í samráði við mennta- og rannsóknastofnarnir til að setja á stofn slíkar stöður. Væntanlega yrði það þannig í framkvæmdinni að menn færu þess á leit við hæstv. menntmrh. að hann kæmi slíkri stöðu á fót, þó auðvitað gæti hann líka tekið það upp hjá sjálfum sér að búa til slíka stöðu, eins og dæmi eru um frá fyrri árum og ég nefndi í umræðunni í gær.

Ég er einfaldlega að velta því fyrir mér hvort það sé rétt að hafa þetta með þessum hætti. Hvort það væri

ekki nær að háskólastofnanir hafi heimildir til að setja slíkar stöður á fót og jafnframt að skólunum sé heimil samvinna við fyrirtæki í þeim efnum. Ég sé í sjálfu sér enga ástæðu til að menntmrh. hafi þetta vald og reyndar er það spurning hvort þessi heimild eigi yfir höfuð heima í þessum lögum. Þetta kemur Vísinda- og tækniráði ekki beint við. Þarna er bara verið að veita þessa heimild til menntmrh. og ég hef vissar efasemdir um það hvort þetta fyrirkomulag sé rétt.

[11:22]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst það vera rétt að þessi heimild sé í hendi menntmrh. og að sjálfsögðu yrði staða rannsóknaprófessors ekki sett á laggirnar öðruvísi en í samráði við háskólastofnun. Það finnst mér liggja í augum uppi.

Það sem hv. þm. nefndi hér í gær, ef ég man rétt, þá var það rannsóknastaða í fornleifafræði, var það ekki rétt? (**KÁ:** Jú, jú.) Já, en það er annað, rannsóknastaða heldur en rannsóknaprófessorsstaða. Ég held að það hafi ekki verið nema um eina stöðu rannsóknaprófessors að ræða og það er sú sem ég nefndi og Járnblendifélagið kostaði. Þannig að við þurfum að gera greinarmun á því.

[11:23]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú enginn grundvallarmunur á því hvort viðkomandi er í prófessorsstöðu eða hvort staðan heitir einhverju öðru nafni hjá viðkomandi stofnun. En það sem mig langar til að bæta hér við er líka sú spurning: Hvernig á að fjármagna þessar stöður? Á þetta að verða sérstakur liður hugsanlega á fjárlögum, að það verði veitt fjármagn til þess að stofna slíkar stöður? Eða hvernig hugsar hæstv. menntmrh. sér að framkvæmdir verði á þessu? Ég vil ítreka það sem ég sagði áðan að þess eru dæmi frá fyrri árum að rannsóknastöður hafi verið búnar til fyrir ákveðna einstaklinga til að koma þeim inn í ónefndar stofnanir, sem sagt á ríkisspenann.

[11:24]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu verða ekki stöður rannsóknaprófessora settar á laggirnar öðruvísi en til þess sé veitt fé og þá eðlilega á fjárlögum.

[11:24]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Í tilefni af gagnrýni nokkurra þingmanna á að þetta frv. sé seint fram komið þá vil ég að það komi fram af hálfu formanns menntmn. að mér finnst mjög mikilvægt að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi, enda er ljóst að það hefur fengið bæði langan og vandaðan undirbúning. Menntmn. mun að sjálfsögðu taka málið til vandlegrar umfjöllunar og taka til þess þann tíma sem nauðsynlegur er.

Það hefur komið fram í máli margra þingmanna að hér er um mjög merkilegt og gott mál að ræða og það er ánægjulegt að heyra þær góðu undirtektir sem það hefur fengið hér.

[11:25]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins fara yfir nokkur atriði sem hafa komið fram í þessari umræðu sem hefur nú verið nokkuð ítarleg og ágæt held ég að megi segja.

Ég ætlaði fyrst að víkja að þeim atriðum sem hæstv. menntmrh. nefndi í framhaldi af ræðu minni hér í gær og þá kannski sérstaklega að víkja að 3. gr. Ég vil segja það að í sjálfu sér finnst mér ekki útilokað að skoða einhverja aðferð þvílíka sem þarna er nefnd. Mér finnst það vel hugsanlegt að allmargir séu tilnefndir og síðan sé valið úr þeim hópi, en ég tel að það þurfi þá að vera reglur um það hvernig þeir eru valdir og á hvaða forsendum. Það eru engar reglur í raun og veru um það hér í þessari grein eins og hún er sett fram, þó svo að það komi fram slíkar hugmyndir í greinargerð frv. sem greinilega er, eins og ég sagði í gær, skrifuð með öðru frv. eða öðruvísi frumvarpsgreinum en þeim við erum með hér fyrir framan okkur.

Ég vil því segja það fyrir mitt leyti að ef menn ætla að halda við þá aðferð sem er talað um í 3. gr. þá finnst mér að það þurfi að setja reglur um það hvernig menntmrh. velur úr þessum hópi og á hvaða forsendum hann gerir það. Á hvaða faglegum forsendum hann gerir það. Ég er þá ekkert að tala um núv. menntmrh. frekar en aðra sem kunna að gegna því starfi. Ég held að það sé skynsamlegt fyrir ráðherrann að vera með skýrar verklagsreglur í þessu efni þannig að það sé ekki hægt að væna hann um hlutdrægni til eða frá. Ég vildi gjarnan nefna þetta atriði hér og spyrja að því hvað hæstv. menntmrh. mundi hafa um það að segja.

Í annan stað vil ég segja það og vekja athygli á því að við erum í raun og veru með, þó þetta séu ekki margar greinar, þá eru þetta býsna flókin lög sem hér er ætlunin að setja eins og frv. lítur út. Hér er verið að tala um fjóra sjóði, hvorki meira né minna, í þessu eina frv. plús eitt sjálfstætt ráðningarkerfi, sem er nefnt í 22. gr. Það er náttúrlega dálítið sérkennilegt að horfa upp á það að við erum með lög um Háskóla Íslands, við erum með lög um rannsóknir, við erum með lög um Háskólann á Akureyri, lög um Kennaraháskólann og svo kemur allt í einu ein lagagrein hugsanlega inn í þessi lög þar sem segir að það megi stofna tímabundnar prófessorsstöður sem sinni rannsóknum á sviðum sem eru talin sérstaklega mikilvæg. Og hver telur þessi svið sérstaklega mikilvæg? Það stendur ekkert um það hér. Eru talin. Ef þetta yrði samþykkt svona, þá er nóg að menntmrh. telji það mikilvægt. Mér finnst óeðlilegt að menntmrh. ákveði svona hluti. Ég tel að það eigi faglegar stofnanir að gera. Þessi grein er hér inni í kafla sem heitir Ýmis ákvæði. Ég tek undir það með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur að mér finnst þetta skothent og það þurfi að átta sig á því hvort þessi grein á heima hér.

En það þarf líka að átta sig á því að hér er um að ræða, eins og ég sagði, fjóra sjóði og ég tel út af fyrir sig að þau verkefni sem þar er um að ræða séu öll góð og allt jákvætt í þeim efnum. En talandi hér líka sem yfirskoðunarmaður ríkisreikninga þá bendi ég á að

það er dálítið sérkennilegt að ein lög skuli unga út úr sér fjórum sjóðum ef þetta verður samþykkt nákvæmlega eins og það er. Spurning er: Er hugsanlegt að hafa þetta einhvern veginn öðruvísi, t.d. þannig að hér sé um deildaskiptan einn sjóð að ræða, a.m.k. að hluta til, þó ég taki undir þau orð sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich hafði hér fyrr í dag varðandi aðalsjóðina þarna, sem eru hinn gamli Vísindasjóður og hinn gamli Rannsóknasjóður, þ.e. Vísindasjóður og Tæknisjóður?

Þetta vil ég nefna, hæstv. forseti, líka til umhugsunar, að það verði gegnið vel frá þessum sjóðum vegna þess að það er ekki gott fyrir vísindasamfélagið á Íslandi frekar en aðra að lenda í því að sjóðir séu með óskýr mörk. Sjóðir þurfa að vera með skýr mörk og það þarf að vanda sig við lagasetningu um sjóði, því reynslan er sú að ef það koma þar upp vandamál af einhverju tagi þá kemur það niður á því samfélagi sem á að njóta þessara sömu sjóða. Nýjasta dæmið sem við höfum í þessari virðulegu stofnun í þeim efnum er Kvikmyndasjóður.

Í þriðja lagi vil ég hér í lok umræðunnar nefna það sem hv. 5. þm. Norðurl. e. sagði um atvinnuvegina. Ég tek undir það með honum að mér finnst að það eigi að skoða það mál aðeins betur, hvernig því verður fyrir komið.

Í fjórða lagi vil ég taka undir þær athugasemdir sem komu fram frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni í gær, en hann á einnig sæti í menntmn., varðandi það hvort stjórnir sjóðanna og þau úthlutunarkerfi sem sjóðirnir gera ráð fyrir samrýmist þeim athugasemdum sem gerðar voru í sambandi við Kvikmyndasjóð fyrr á þessu þingi og hvort þessar aðferðir sem hér eru samræmist þeim reglum sem gert er ráð fyrir í nýju stjórnsýslulögunum. Yfir það þarf að fara mjög vandlega í þinginu. Og eins og hv. 10. þm. Reykn., formaður menntmn., gat um áðan þá verður nefndin auðvitað að taka sér dálítinn tíma til að fara yfir þetta mál. Því þó að þetta frv. sé ekki nema 26 greinar þá snertir það hvorki meira né minna en fjóra opinbera sjóði, ef það yrði að lögum svona, og auk þess nýtt ráðningarkerfi sem 22. gr. kveður á um, sem þarf bersýnilega að skoða sérstaklega.

Ég hlýddi nákvæmlega á þær ræður sem hér voru fluttar í gær m.a. af hv. 15. þm. Reykv., sem þekkir vel til þess sviðs sem við erum hér að ræða um, þ.e. rannsóknarmála, og hefur starfað við rannsóknir. Ég tók grannt eftir því sem hv. þm. sagði varðandi það að erfiðara væri nú en áður að skilja á milli grunnrannsókna og hagnýtra rannsókna. Ég tók einnig eftir því sem fram kom hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. um það mál hér í morgun.

Ég hygg út af fyrir sig að það sé margt til í því sem sagt er í þeim efnum, að það sé erfiðara að skilja þar á milli en áður var og kannski hefur aldrei verið auðvelt að skilja þar á milli. Menn voru að reyna hluti sem voru kannski erfiðir því markatilvikin eru að sjálfsögðu mörg, má segja óendanlega mörg í þessu sambandi. Engu að síður held ég að það sé svo að það þurfi að huga að þeim grundvallaratriðum sem ég nefndi hér í mínum athugasemdum og það þarf auðvitað að gæta þess vandlega að grunnurinn, grunnrannsóknir, sem eru ekki aðeins rannsóknir frá almennu sjónarmiði séð heldur eru þær hluti af menningarstarfsemi þjóðfélagsins, verði á sínum stað hvað svo sem frekju augnablikins í hinum hagnýtu fræðum kann að líða. Þessar athugasemdir ætla ég að láta nægja af minni hálfu, hæstv. forseti, en þætti vænt um ef hæstv. menntmrh. gæti hugsað sér núna í umræðunni, til að greiða fyrir meðferð málsins í menntmn., að svara þessari athugasemd, sérstaklega varðandi 3. gr.

[11:35]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Já, það er varðandi 3. gr. Hv. þm. talaði um það og raunar líka í gær að umsögnin um 3. gr. væri eins og hún væri skrifuð um eitthvað allt annað en stendur í lagagreininni sjálfri. Hv. þm. veit náttúrlega að í umsögnum um lagagreinar kemur ýmislegt fleira fram heldur en stendur í greininni sjálfri. Það er ekkert annað sem er að gerast hér heldur en það að verið er að skýra út eftir hverju ætlast er til að ráðherra fari við val á meðlimum í Vísindaráðið. Ég sé ekki neitt óeðlilegt við það. Ég tek hins vegar fram að ég hefði ekkert á móti því að það væru settar einhverjar viðmiðunarreglur um það hvernig skuli skipað í ráðið. Ég hef ekkert á móti því, en ég tel ekkert óeðlilegt við það að í umsögn um greinina komi fram til hvers er ætlast af ráðherra. Það er það sem þarna er gert og það hefur þýðingu í sambandi við framkvæmd laganna.

Hv. þm. taldi eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir að það væri óeðlilegt að það væri í höndum ráðherra að hafa frumkvæði að skipun rannsóknaprófessors. Ég er þessu ósammála. Ég tel eðlilegt að það sé einmitt í hendi ráðherra. En ef menn halda að með því hafi ráðherra alveg frjálsar hendur um það hvern hann setur í stöðu rannsóknaprófessors þá er það auðvitað grundvallarmisskilningur. Ég kæmist t.d. ekki upp með það að setja hv. þm. Svavar Gestsson sem rannsóknaprófessor t.d. á einhverju sviði læknavísinda vegna þess að hann mundi ekki standast hæfnisdóm. Ég er ekki að segja honum það til neinnar lítillækkunar. Rannsóknaprófessor þarf að ganga í gegnum hæfnisdóm og það er t.d. munurinn á því sem er varðandi rannsóknastöðu t.d. í fornleifafræði sem hér var rætt um áðan. Það var mál sem háskólinn tók upp hjá sér og það fór enginn í hæfnisdóm til að hljóta þá stöðu. Það var ákvörðun háskólans. Þetta gæti menntmrh. ekki gert. Á þessu er sem sagt alveg grundvallarmunur.

Varðandi annað atriði sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi líka. Honum þótti undarlegt að í einum lagabálki væri ungað út fjórum sjóðum, eins og ég held að hv. þm. hafi orðað það. Það er ekkert óeðlilegt við það. Þrír þessara sjóða höfðu lagastoð áður og hér erum við að sameina Rannsóknaráð ríkisins og Vísindaráð þar sem þessir þrír sjóðir voru vistaðir. Rannsóknanámssjóðurinn er hins vegar að fá hér lagastoð í fyrsta sinn, en hann var stofnaður í fyrra án sérstakrar lagaheimidar.

[11:38]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi sjóðina fjóra þá ætla ég ekkert að segja meira en það að ég mun fara fram á það við formann menntmn. að Ríkisendurskoðun verði kölluð á vettvang til að fara yfir þetta mál eins og það lítur út. Athugasemd mín laut bara að því að ég vil að það sé tryggilega um hnútana búið varðandi mál af þessu tagi, að lagareglur séu skýrar og framkvæmd sé skýr.

Varðandi 22. gr. þá stendur hér:

„Menntamálaráðherra er heimilt í samráði við mennta- og rannsóknastofnanir að setja á stofn tímabundnar stöður prófessora sem sinni rannsóknum á sviðum sem eru talin sérstaklega mikilvæg."

Ég sé ekki betur en að samkvæmt orðanna hljóðan hér þá geti menntmrh. nánast valið hvern sem er. (**Gripið fram í:** Í samráði við ...) Í samráði við stofnanirnar. En það stendur ekki hér að hann þurfi að hlíta samráðinu. Það er ástæðulaust að nefna jafnvilltar fantasíur og þær að ég stundi rannsóknir í læknisfræði. Það er jafnvel hægt að finna eitthvað sem er nær veruleikanum en það. Ég spyr: Er hugsunin sú t.d. að þessir prófessorar hljóti hæfnismat eftir hinu venjulega háskólakerfi? (**Menntmrh.:** Já.) Ætti þá ekki að segja það, eða hvað, hæstv. ráðherra?

[11:39]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er eitt af því sem menn geta lesið sér betur til um einmitt í umsögn um greinina. Það er nú einu sinni svo að það er ekki venjan að fara í lagagreinum ofan í smáatriði. Í umsögninni um 22. gr. segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Í stöðu rannsóknaprófessors yrðu aðeins ráðnir einstaklingar sem metnir hafa verið hæfir til þess að gegna stöðu prófessors og aflað hafa sér viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknastörf sín."

Þetta skýrir nægilega hvað þarf að gera til þess að efnt verði til stöðu rannsóknaprófessors.

[11:40]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði einmitt tekið eftir þessu í greinargerðinni þar sem talað er um að þessir einstaklingar þurfi að hafa verið metnir hæfir. Það þarf ekki að meta þá sérstaklega hæfa í tilefni af þeirri ráðningu sem hæstv. ráðherra mundi hugsanlega ákveða samkvæmt 22. gr. Ég tel að þetta sé ekki smáatriði. Ég tel að að skipti máli hvernig frá þessu er gengið og bendi á að ákvæði um þetta eru í öllum háskólalögunum sem við eigum, öllum lögum um alla þá þrjá háskóla sem við höfum sett sérstök lög um. Það getur úr af fyrir sig verið ágreiningur um það milli mín og hæstv. ráðherra hvernig á að koma þessu fyrir og það er alveg ástæðulaust að leiða þann ágreining til lykta hér úr þessum ræðustól. Ég tel að þetta sé eitt af þeim málum sem hv. menntmn. hljóti bara að fara yfir og skoða við meðferð málsins af sinni hálfu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir frá Eftirlitsstofnun EFTA, 504. mál, fsp. KE o.fl., þskj. 777.

Innflutningur erlendra kartaflna, 503. mál, fsp. IBA, þskj. 776.

Markaðssetning rekaviðar, 505. mál, þáltill. JVK o.fl., þskj. 778.

Tollalög og vörugjald, 507. mál, stjfrv., þskj. 780.

Þjóðarbókhlaða, 1. umr.

Stjfrv., 470. mál. — Þskj. 724.

[11:41]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir fjallar um þá stofnun sem verður til við sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í Þjóðarbókhlöðu. Þótt um sé að ræða tvö gamalgróin bókasöfn sem þannig tengjast mynda þau í sameiningu nýja stofnun sem þarf að standa á eigin lagagrunni. Raunar er vert að minnast þess að það markmið að sameina eða samtengja söfnin tvö hefur fyrir löngu verið lögfest. Það var gert í lögum um Landsbókasafn Íslands sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1969. Í 8. gr. þeirra laga, sem eru lög nr. 38/1969, segir m.a. svo, með leyfi forseta:

„Háskóli Íslands varðveitir Háskólabókasafn í Landsbókasafni undir yfirstjórn landsbókavarðar, er ný þjóðbókhlaða skapar skilyrði til þess, jafnframt því sem stofnanir Háskólans hafa söfn í sinni vörslu."

Síðan er í sömu grein kveðið á um að undirbúningur þessa fyrirkomulags, þar á meðal sameiginlegrar ritaöflunar og þjónustu í háskólaþarfir, skuli þegar hafin. Þetta var sem sagt vorið 1969. Þetta var þó ekki upphaf málsins því að tólf árum fyrr, í maí 1957, hafði verið samþykkt þingsályktun þar sem svipuð stefna, um að sameina Háskólabókasafn Landsbókasafni, var mörkuð og gert ráð fyrir að þegar í stað yrði hafið náið samstarf safnanna með hliðsjón af væntanlegri sameiningu þeirra.

Frá öndverðu tengdist hugmyndin um sameiningu safnanna tveggja þeirri forsendu að reist yrði yfir þau nýtt bókasafnshús í grend við Háskóla Íslands. Fyrstu drög að byggingarsjóði slíks húss voru lögð árið 1966 og tveimur árum síðar var því ákveðinn staður austan við Birkimel.

Byggingaráform voru staðfest á Alþingi 30. apríl 1970 þegar samþykkt var tillaga frá ríkisstjórninni til þingsályktunar á þessa leið, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar, að í tilefni af ellefu hundruð ára afmæli Íslandsbyggðar 1974 skuli reist Þjóðarbókhlaða, er rúmi Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn."

Sú forsaga sem nú hefur verið tæpt á og framhald hennar, þ.e. byggingarsaga Þjóðarbókhlöðu, er nánar rakin í inngangi athugasemda með frv. því sem hér er mælt fyrir.

Af því sem hér var sagt er ljóst að nú eru nærfellt

37 ár síðan Alþingi lýsti fyrst vilja sínum um sameiningu tveggja helstu vísindabókasafna landsins og bráðum aldarfjórðungur frá því að þingið ályktaði um byggingu Þjóðarbókhlöðu til að hýsa bæði söfnin.

Ýmislegt hefur breyst á þessum tíma ekki síður í bókasafnsmálum en á öðrum sviðum. Háskóli Íslands er líka um margt orðinn harla frábrugðinn því sem hann var upp úr miðri þessari öld. Augljósasta breytingin felst í mikilli fjölgun nemenda og starfsmanna, en einnig í stórfelldri fjölgun kennslugreina og rannsóknasviða. Einhverjir kynnu að spyrja hvort við núverandi aðstæður mundi þykja jafnsjálfsögð ráðstöfun og talin var árið 1957 að sameina bókasafn háskólans Landsbókasafni. Þeirri spurningu skal ekki reynt að svara hér enda vafamál að hún þjóni raunhæfum tilgangi þegar hér er komið sögu. Hitt skal fullyrt að Háskóla Íslands er enn brýnni nauðsyn nú en fyrir fjórum áratugum á þeirri bættu aðstöðu í bókasafnsmálum sínum sem Þjóðarbókhlöðu er ætlað að veita.

Þörf Landsbókasafnsins á meira svigrúmi og betri skilyrðum að því er húsakynni varðar liggur e.t.v. ekki eins í augum uppi en er þó ærin ekki síst að því er geymslurými varðar. Það mun einnig njóta góðs af fjölbreytilegum starfs- og þjónustumöguleikum í hinni nýju byggingu auk þess sem sameining safnanna ætti að gefa færi á ýmiss konar hagræði í vinnutilhögun og aðdráttum.

Í skýrslu um Landsbókasafn og Háskólabókasafn, sem prentuð er sem fylgiskjal með frv., er gerð rækileg grein fyrir högum safnanna, þróun þeirra og stöðu, bæði að því er varðar ritakost og starfslið svo og öðru er að starfsemi þeirra, rekstri og aðstöðu lýtur. Skal hér vísað til þeirra upplýsinga.

Þótt langt sé síðan ákveðið var að tengja saman Landsbókasafn og Háskólabókasafn undir einu þaki er ekki þar með sagt að legið hafi algerlega ljóst fyrir með hvaða hætti það skyldi verða, þ.e. að hve miklu leyti yrði um eiginlegan samruna að ræða. Orðalag sumra þeirra samþykkta Alþingis sem getið var hér á undan gæti bent til þess að gert væri ráð fyrir að söfnin héldust aðgreind að einhverju marki þrátt fyrir sameininguna. Eftir að málið komst á framkvæmdastig hefur sú stefna hins vegar orðið ofan á að leggja beri áherslu á eiginlega sameiningu, eina stofnun, þar sem hlutverk beggja safnanna verði rækt með þeim hætti að hver starfsþáttur styrki annan.

Frv. sem hér liggur fyrir tekur mið af þeirri niðurstöðu. Þjóðarbókhlaðan verður þannig ný stofnun ekki einungis að formi til. Mestu skiptir að þar verður búið í haginn fyrir mun fjölþættari og öflugri starfsemi og þjónustu en kostur er á við núverandi skilyrði í söfnunum tveimur. Þar er m.a. um að tefla þætti í tengslum við nútímaupplýsingatækni sem valdið hefur gjörbreytingu á starfsskilyrðum bókasafna. Einnig ber að hafa í huga það mikla vinnurými sem í húsinu verður fyrir notendur bókasafnsins og ætti ekki síst að bæta mjög námsaðstöðu háskólanema.

Þau atriði sem nú var drepið á skyldu höfð í huga þegar að því kemur að meta kostnað við rekstur bókhlöðunnar. Þrátt fyrir að til hennar sé stofnað með sameiningu tveggja safna sem fyrir eru þá er hinni nýju stofnun ætlað að verða annað og meira en söfnin tvö samanlögð. Auk margþættari starfsemi og þjónustu kemur til mannfrekur rekstur og umsjá hússins sjálfs og tæknibúnaðar þess. Stærðarhlutföllin gefa líka nokkra vísbendingu um hversu ólíku er saman að jafna. Rými Landsbókasafns í Safnahúsinu við Hverfisgötu er rösklega 2.000 fermetrar og Háskólabókasafn hefur afnot af rúmlega 1.100 fermetrum í aðalbyggingu Háskóla Íslands að hátíðarsalnum meðtöldum. Gólfflötur í Þjóðarbókhlöðu er hins vegar um 13.000 fermetrar.

Það er einnig margt sem stuðlar að því að Þjóðarbókhlaða verður fjárfrek stofnun þegar starfsemin verður komin á fullt skrið og kostir hússins nýttir að fullu og öllu. Auðvitað ber að keppa að því að svo geti orðið sem fyrst og láta það ekki á sannast að eftir hinn langa byggingartíma taki við önnur bið eftir því að húsið verður fullnýtt. Það verður þó vitaskuld að ráðast í fjárlagagerð hversu hratt sækist í þessu efni.

Í starfsáætlun núverandi ríkisstjórnar var því lýst yfir að lokið yrði við byggingu Þjóðarbókhlöðu á kjörtímabilinu. Þessari yfirlýsingu hefur verið fylgt eftir með því að hlutast til um það að hinn sérstaki eignarskattur samkvæmt lögum um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarbygginga, nr. 83/1989, rynni óskertur til bókhlöðunnar eins og bráðabirgðaákvæði í lögunum gerir raunar ráð fyrir. Um þetta hefur tekist góð samstaða á Alþingi og ég er þakklátur fyrir það.

Nú eru framkvæmdir það langt komnar að vonir standa til að unnt verði að opna bókasafnið í húsinu að mestu fullgerðu á fullveldisdaginn 1. des. nk. Til að svo geti orðið þarf auk frágangs hússins að ljúka miklum undirbúningi sem tengist starfsemi hinnar nýju stofnunar. Nauðsynlegt er að sá undirbúningur verði á lokasprettinum undir stjórn forstöðumanns stofnunarinnar og taki mið af löggjöf um fyrirkomulag hennar og hlutverk. Þess vegna er það von mín að takast megi að ljúka afgreiðslu þessa frv. hér á hv. Alþingi fyrir þinglok í vor.

Ég mun nú víkja nokkrum orðum að efni og einstökum þáttum lagafrv., en vísa að öðru leyti til athugasemda sem fylgja því. Þar er m.a. skýrt frá því hvernig staðið var að undirbúningi frv., en um veigamestu efnisþætti þess var fjallað af samstarfsnefnd sem skipuð er fulltrúum Landsbókasafns Íslands, Háskólabókasafns og menntmrn. Þegar frv. lá fyrir í endanlegri gerð var það sent háskólaráði til umsagnar í samræmi við ákvæði í lögum um Háskóla Íslands. Umsögn háskólaráðs verður að sjálfsögðu komið á framfæri við hv. menntmn. Alþingis.

Í frv. er einkum fjallað um þrjú undirstöðuatriði er hið nýja bókasafn varðar. Það er hlutverk safnsins, yfirstjórn þess og fjármál. Um skipulag starfseminnar eru hins vegar ekki ítarleg ákvæði, enda ekki talið ráðlegt að fastbinda það í lögum.

I. kafli frv. fjallar að meginhluta um stjórnarfarslega stöðu stofnunarinnar og stjórnartilhögun. Þar kemur í upphafi fram að gert er ráð fyrir að nafnið Þjóðarbókhlaða, sem unnið hefur sér fastan sess sem heiti á safnbyggingunni, verði jafnframt nafn á stofnuninni.

Mér er vel ljóst að um þetta atriði eru skiptar skoðanir og m.a. er í umsögn háskólaráðs mælt gegn þessu heiti. Ýmsum mun þykja brýnt að í nafni stofnunarinnar komi fram hið tvíþætta hlutverk hennar, að vera í senn þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands. Þá mun og sumum þykja eftirsjá að hinu gamalgróna nafni, Landsbókasafn og óþarft að leggja það fyrir róða. Líklegt er einnig að einhverjum þyki bókhlöðunafnið óviðfelldið og fremur lúta að húsinu en safninu. Þess má þó minnast að konunglega bókasafnið í Kaupmannahöfn hefur löngum verið nefnt konungsbókhlaða á íslensku og ekki þótt fara illa á því.

Við undirbúning frv. var haft nafnið Þjóðbókasafn Íslands, bókasafn Háskóla Íslands og þá með hliðsjón af hlutverki safnsins eins og fyrr var vikið að. Þetta heiti á stofnuninni verður að teljast harla óþjált og miður hentugt til daglegrar notkunar. Lagafrv. sjálft tekur hins vegar af öll tvímæli um hið tvíþætta hlutverk safnsins og eins ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að skýringu, sem gæfi þetta hlutverk til kynna, yrði bætt við t.d. í þýðingu á erlendar tungur. Ég skal svo ekki fjölyrða frekar um nafngiftina, en tek skýrt fram að mér þykir eðlilegt að þetta atriði komi til sérstakrar athugunar við meðferð frv. hér á hv. Alþingi og sérstaklega í hv. menntmn. og ekki síst með hliðsjón af athugasemd háskólaráðs.

Samkvæmt 1. gr. frv. er safnið sjálfstæð háskólastofnun með sérstaka stjórn. Hér er bæði tekið mið af tengslum stofnunarinnar við Háskóla Íslands og lögð áhersla á sjálfstæði hennar. Sem dæmi um hliðstæða stöðu stofnunar að nokkru leyti má nefna stofnun Árna Magnússonar á Íslandi. Hinni sérstöku stjórn Þjóðarbókhlöðu er ætlað að sinna stefnumörkun og hafa eftirlit með starfseminni, m.a. með aðild að gerð starfs- og fjárhagsáætlana. Auk fulltrúa Háskóla Íslands og fulltrúa sem menntmrh. skipar án tilnefningar eiga sæti í stjórninni fulltrúar tilnefndir af samstarfsnefnd Vísindaráðs og Rannsóknaráðs ríkisins, eða samsvarandi aðila að breyttum lögum og Bókavarðafélagi Íslands. Síðasttöldu fulltrúunum er ætlað að treysta tengsl bókasafnsins við vísindasamfélag og atvinnulíf og bókasafnakerfið í heild.

Dagleg stjórn stofnunarinnar er í höndum forstöðumanns sem ber starfsheitið þjóðbókavörður og er skipaður til sex ára að fenginni rökstuddri umsögn stjórnar bókasafnsins. Aðstoðarþjóðbókavörður er einnig skipaður til sex ára. Það er til marks um sjálfstæði stofnunarinnar að þjóðbókaverði er ætlað að annast ráðningu annarra starfsmanna. Deildaskiptingu bókasafnsins skal ákveða í reglugerð. Sjálfgefið virðist að um það efni verði aflað tillagna stjórnar og þjóðbókavarðar. Í reglugerð skal einnig setja ákvæði um safnráð, en því er ætlað að vera samráðsvettvangur þeirra sem ábyrgðarstöðum gegna í stofnuninni.

Í II. kafla frv. er fjallað um hlutverk bókasafnsins og markmið og má segja að það sé sá þáttur fyrirhugaðrar löggjafar sem gerð eru rækilegust skil. Í 6. gr. er kveðið skýrt á um að safnið sé hvort tveggja í senn, þjóðbókasafn og bókasafn Háskóla Íslands og meginmarkmið þess skilgreint svo:

„Safnið er rannsóknabókasafn sem skal halda uppi ávirkri og fjölþættri upplýsingaþjónustu á sviði vísinda og fræða, stjórnsýslu og atvinnulífs."

Í 7. gr. eru einstakir þættir í hlutverki bókasafnsins raktir í 18 töluliðum, en þó gefið til kynna að ekki sé allt talið og því gert ráð fyrir nánari ákvæðum í reglugerð. Í greininni er til skila haldið flestu því sem nú telst meðal verkefna Landsbókasafns Íslands annars vegar og Háskólabókasafns hins vegar, en jafnframt dregin fram ýmis atriði sem hin nýja stofnun á að hafa burði til að sinna betur en tök eru á við núverandi aðstæður í söfnunum sem fyrir eru. Þar er m.a. um að tefla upplýsingaþjónustu í þágu atvinnuvega og samstarf við önnur bókasöfn í landinu. Ekki síst kemur þar til ýmiss konar samvinna á sviði tölvutækni sem á að auðvelda stórlega samvirkni bókasafnskerfisins í heild.

Fram kemur þegar í 1. tölul. greinarinnar að söfnun gagna og miðlun er ekki takmörkuð við bækur og önnur rit, heldur er bókasafninu samkvæmt þeim lið ætlað að viða að sér gögnum í prentuðum formi eða á öðrum miðlum, skrá þau og búa í hendur notendum. Þá er og vert að vekja athygli á því verkefni bókasafnsins sem kveðið er á um í 18. tölul. greinarinnar, sem sé að stuðla að fræðslu og menningarstarfsemi, m.a. með því að standa að fyrirlestrahaldi, sýningum og listviðburðum.

Í fjármálaákvæðum frv. sem er að finna í III. kafla þess er gert ráð fyrir að auk beinnar fjárveitingar úr ríkissjóði njóti bókasafnið árlegs framlags frá Háskóla Íslands samkvæmt sérstöku samkomulagi milli safnsins og háskólans. Eðlilegt þykir að ætla Háskóla Íslands með þessum hætti bera fjárhagslega ábyrgð og hafa áhrif á þau skilyrði sem stofnuninni verða búin til að rækja hlutverk sitt sem bókasafn háskólans, bæði að því er varðar gagnaöflun og almenna þjónustu. Ekki er gert ráð fyrir að þessi kostnaðarhlutdeild taki til reksturs og viðhalds bókasafnshússins og búnaðar þess.

Þá er einnig vert að vekja athygli á heimild til að bjóða út ákveðna stoðþjónustuþætti eða semja við aðrar stofnanir um að annast verkefni á vegum bókasafnsins. Þá er og gert ráð fyrir að bókasafnið geti tekið gjald fyrir ýmsa sérhæfða þjónustu sem ekki varðar almennan aðgang að safnkostinum.

Aflað var umsagnar fjmrn. um kostnaðaráhrif frv. ef að lögum verður og er umsögnin prentuð sem fylgiskjal með frv.

Í 14. gr. frv. eru nokkur ákvæði til bráðabirgða sem tengjast því að Þjóðarbókhlaða leysir Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn af hólmi. M.a. er þar gert ráð fyrir að öll störf í Landsbókasafni og Háskólabókasafni teljist lögð niður frá 30. nóv. 1994 að telja, enda er í gildistökugrein frv. kveðið á um að hið nýja bókasafn taki til starfa 1. des. 1994. Öllum fastráðnum starfsmönnum safnanna tveggja hefur verið greint frá því að í drögum að frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu sé gert ráð fyrir þessari breytingu og jafnframt var vakin athygli á þeim rétti sem starfsmenn eiga í slíku tilviki samkvæmt ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Um þann rétt er nánar fjallað í athugasemdum við 14. gr. frv. Bæði

þar og í almennum athugasemdum við frv. kemur fram að í hinu nýja safni verður þörf á síst færri starfsmönnum en í þeim söfnum báðum sem nú starfa.

Í bráðabirgðaákvæðunum er mælt fyrir um að þegar eftir gildistöku laganna skuli stjórn bókasafnsins skipuð og undirbúningur hafinn sem fyrst að skipun þjóðbókavarðar og ráðningu annarra starfsmanna. Þetta er í samræmi við það sem ég vék að fyrr um hversu brýnt væri að takast mætti að ljúka afgreiðslu frv. nú á vorþinginu.

Mér er alveg ljóst að það er líkt farið með þetta frv. og hið fyrra sem við vorum að ræða hér áðan að það er seint fram komið. En það er eins með þetta frv. að það hefur verið mjög vandlega undirbúið. Raunar hefur undirbúningur þess staðið svo árum skiptir og ég vona að það verði til þess að létta störfin hér í þinginu með afgreiðslu málsins og sérstaklega í hv. menntmn.

Um leið og ég ítreka þá von mína að það megi takast að ljúka afgreiðslu frv. nú á vorþinginu, þá leyfi ég mér að leggja til að frv. verði að lokinni 1. umr. vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

Útbýting þingskjala:

Lánasjóður Ísl. námsmanna, 509. mál, fsp. VS, þskj. 782.

Ljósleiðarar, 508. mál, fsp. KEE, þskj. 781.

[12:03]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að segja það að hér er um merkismál að ræða, sem hæstv. menntmrh. hefur mælt fyrir, frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu og í sjálfu sér, þegar maður hugsar um alla söguna sem hæstv. ráðherra fór yfir, þá er það svolítið broslegt að frv. skuli þurfa að fara með síkum hraða í gegnum þingið sem raun ber vitni. En ég tek undir það að mikilvægt er að það geti orðið að lögum á þessu vorþingi og mun leggja mig fram um það, eins og ég get sjálf í hv. menntmn., að svo geti orðið.

Ég vil enn fremur segja það að ég held að það fari vel á því núna á 50 ára afmæli lýðveldisins að Þjóðarbókhlaða verði tekin í notkun og er það þjóðinni eflaust mikið fagnaðarefni.

Eins og fram hefur komið þá er verið að sameina Landsbókasafn Íslands sem stofnað var 1818 og tók til starfa 1825 og Háskólabókasafnið sem stofnað var 1940. En eins og hér hefur komið fram og kom fram hjá hæstv. ráðherra, þá er umdeilt að frv. eða lögin beri þetta nafn þannig að safnið sjálft heiti Þjóðarbókhlaða. Í minni málvitund finnst mér eins og hlaðan sé umgjörðin samanber hey og hlaða en ekki safnið sjálft. En þetta er mál sem við munum eflaust ræða í hv. menntmn. og ég get svo sem tekið undir það að þetta heiti, Þjóðarbókhlaða, er orðið nokkuð fast með þjóðinni og þess vegna er kannski rétt að taka þessa stefnu. En mér finnst eins og það sé verra hvað varðar háskólann að með þessu hefur nafnið ekki bein tengsl við háskólann sem slíkan þar sem það er náttúrlega undirstaða háskóla að hafa háskólabókasafn.

Mig langar, með leyfi hæstv. forseta, til gamans að vitna aðeins í ræðu sem haldin var þegar Hannes Hafstein ráðherra lagði hornstein að Safnahúsinu, sem vígt var 1909. En það er svo, með leyfi forseta. — Þetta er hluti úr ræðu hans sem ber yfirskriftina „Mennt er máttur“:

„Bókasöfn hafa tvenns konar ætlunarverk. Í fyrsta lagi geyma þau bókmenntir og sögu þjóðarinnar og eru þannig varðkastali og forðabúr þjóðernistilfinningarinnar sem aftur er skilyrðið fyrir samheldni, vilja og krafti til þess að efla og hefja þjóðina sem þjóð. Ég vona að þessi bygging sem hér á að rísa verði trúr og tryggur geymslustaður fyrir allt gott í íslenskum bókmenntum að fornu og nýju. Öruggt vígi fyrir minningu þeirra manna sem auka og efla menntir og þar með mátt þessa lands.“ Og svo síðar: „En bókasöfnin hafa einnig annað ætlunarverk og það er að vopna hinn lifandi lýð í framsóknarbaráttunni á hverjum tíma með því að fá inn í landið jafnóðum hinar bestu bækur og rit í öllum vísindagreinum svo að þeir sem menntir stunda geti fylgst með í þeim framförum þekkingarinnar sem fleygja menningu áfram. Hvarvetna og í öllu er það nútímans reynsla að þekkingin er það sem sigrinum ræður.“

Það hefur komið fram í umræðu hér að þetta ágæta hús sé kannski þegar orðið of lítið og víst er að það hefur lengi verið í byggingu og margt hefur breyst á þeim árum. Það er t.d. staðreynd að lestrarborðum hefur verið fjölgað mikið frá því sem áætlað var, úr því að vera 600 í 800 og auðvitað hefur það sín áhrif. Enn fremur kom það fram í ræðu hæstv. menntmrh. að þessu nýja húsi er ætlað miklu meira og merkilegra hlutverk og meiri þjónusta við fólkið í landinu heldur en þau tvö söfn sem nú eru til staðar. En þegar maður heyrir þessar staðreyndir um stærð þeirra safna sem nú eru í notkun og svo aftur stærð Þjóðarbókhlöðunnar, þá finnst manni nú reyndar að það sé með ólíkindum ef sú starfsemi rúmast ekki á þeim gólffleti sem mun vera 13.000 fermetrar. En ég efast ekki um að við munum leita upplýsinga um það í hv. nefnd hvernig þessi mál snúa að safninu.

Svo er annað sem mig langar til að nefna og það er hvort það er ástæða til og hvort það er rétt að — það er kannski óvirðulegt að segja að hrúga öllum bókum, en ég held að ég noti þó það orðalag — inn í eitt hús. Það eru margar mjög verðmætar bækur til á Íslandi og ég hef lagt fram fsp. á hv. Alþingi um Safnahúsið, hver sé fyrirhuguð nýting á því eftir að Landsbóksafnið hefur verið flutt út úr því en ég ætla ekkert frekar að koma inn á það að þessu sinni. Mér er kunnugt um það að t.d. hjá okkar nágrannaþjóðum eru varðveislusöfn annars staðar en sjálf þjóðbókasöfnin. Það kom ekkert fram í ræðu hæstv. ráðherra um það og þess vegna langar mig til að forvitnast um það hvort það er meiningin að varðveislueintök verði líka í Þjóðarbókhlöðu. Þannig háttar til t.d. í Danmörku að Danir eru með sitt varðveislusafn í Árósum en þjóðbókasafnið er í Kaupmannahöfn. Norðmenn hafa varðveislusafn í Mo i Rana en það eru um 2.000 km norðan við það sem þeir hafa sitt þjóðbókasafn sem er í Ósló. Þetta finnst mér mál sem virkilega þarf að huga að og það gæti hugs-

ast að það væri ekki úr vegi að einhver hluti Safnahússins, t.d. kjallari gæti áfram verið nýttur sem varðveislubókasafn.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara ofan í einstakar greinar frv. þar sem ég veit að það er unnið af sérfróðum mönnum á þessu sviði og hef ekki þekkingu til þess að gagnrýna það á þessu stigi málsins en tel að þetta sé fyrst og fremst rammalöggjöf og textinn svona alla vega vel ígrundaður og góður.

Mig langar að síðustu að koma inn í aftur það sem ég ræddi áðan um rekstrarkostnað Þjóðarbókhlöðu. Það kom frétt í einu dagblaðanna hér fyrr í þessum mánuði þar sem það var gert að umræðuefni að rekstrarkostnaður Þjóðarbókhlöðu yrði tvöfalt hærri en Landsbókasafns og Háskólabókasafns og fannst mér í þeirri frétt verið að gagnrýna það. En ég held að alla vega hvað varðar Landsbókasafnið þá hafi öllu verið haldið þar mjög í lágmarki og það sé í sjálfu sér óraunhæft, eða það sé eiginlega óskiljanlegt hversu ódýr rekstur hefur verið á því safni að undanförnu. Bara það hvað þarna er verið að flytja í miklu miklu stærra húsnæði og meiningin er að veita miklu meiri þjónustu, það kemur náttúrlega til með að kosta meira og ekkert um það að segja. En hæstv. menntmrh. orðaði það svo í sinni ræðu að að sjálfsögðu yrði það háð fjárveitingum hv. Alþingis hversu mikið fjármagn færi til Þjóðarbókhlöðu og er það í sjálfu sér rétt en þó finnst okkur sem höfum einhverja reynslu af þingstörfum að ráðuneytin hafi dálítið mikið um það að segja í sínum tillögugjörðum.

En ekki frekar um það, hæstv. forseti. Ég tek undir það að þetta frv. þarf endilega að verða samþykkt sem lög á þessu vorþingi.

[12:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta er eitt af þeim málum sem komið hefur inn síðustu sólarhringana og ég hygg að það verði hægt að merkja það af umræðum hér að menn hafi ekki haft allt of langan tíma til þess að lesa þessi mál í gegn og það er eiginlega alveg afleitt. Ég vildi hreyfa því við hæstv. menntmrh. undir þessu máli þó að það sé kannski ekki nákvæmlega samkvæmt þingsköpum hvort það mætti ekki hugsa sér að frv. um þjóðminjalög sem á að fara að taka fyrir næst á eftir verði tekið fyrir einhvern tímann í næstu viku þannig að það sé þó alla vega þannig að menn hafi sæmilegan tíma til að setja sig inn í málið.

Varðandi þetta frv. þá standa leikar núna þannig að það er hægt að taka Þjóðarbókhlöðuna í notkun í lok þessa árs. Það er fyrst og fremst vegna þess að það voru teknar um það ákvarðanir að veita fjármuni í þetta verkefni og á grundvelli laganna sem sett voru í tíð síðustu ríkisstjórnar um framlög til menningarbygginga af ýmsum toga og þeir fjármunir hafa svo í tíð þessarar stjórnar verið notaðir allir til uppbyggingar Þjóðarbókhlöðunnar en voru á síðasta kjörtímabili einnig notaðir til uppbyggingar og endurbóta á Þjóðleikhúsi og á Bessastöðum.

Það er kannski rétt að nefna það í tengslum við þetta mál að velta því fyrir sér hvernig rétt er að verja þessum fjármunum áfram, í hvaða forgangsröð á að sinna þessum verkefnum áfram. Á að fara næst í það að taka verulegt átak varðandi uppbyggingu og endurbætur Þjóðminjasafnsins? Á að gera verulegt átak til þess að koma í lag húsakynnum Þjóðskjalasafnsins í gömlu Mjólkurstöðinni? Þetta er mál sem væri auðvitað ástæða til að ræða en því miður er ekki tími til að fara ítarlega yfir hér.

Hæstv. forseti. Ég ætla að drepa hér á tíu atriði í tengslum við þetta frv., bæði einstakar greinar þess og almennt um málið. Í fyrsta lagi það, eins og ég gat um, þá eru fjármunirnir sem notaðir eru til að ljúka við Þjóðarbókhlöðuna af hinum svokallaða sérstaka eignarskatti. Nú er það alveg ljóst að bókakostur Landsbókasafns og Háskólabókasafns og tækjakostur þessara stofnana beggja hefur gengið úr sér á undanförnum árum. Það hefur ekki verið hægt að endurnýja þennan bókakost eins og þarf að gera. Það er t.d. svo langt frá því að Háskólabókasafn svari þörfum þess fólks sem jafnvel er á BA-stigi í námi, hvað þá heldur þörfum þess fólks sem er lengra komið í háskólanámi.

Nú er það auðvitað svo að Háskólabókasafnið þarf ekki að svara öllum kröfum allra á hverjum tíma og nú vill þannig til að háskólastúdentar geta fengið aðgang að erlendum bókasöfnum í gegnum sín tölvukerfi með næsta undraverðum hætti miðað við það sem við kynntumst hér forðum og vill nú reyndar þannig til að Alþingi Íslendinga er meira að segja tengt við bókasafn í Sidney í Ástralíu. Það breytir hins vegar ekki því að Háskólabókasafnið sem slíkt og háskólastúdentar og prófessorar við háskólann þurfa að eiga aðgang að góðu gagna- og bókasafni. Þess vegna vil ég hreyfa þeirri hugmynd að tekjurnar af hinum sérstaka eignarskatti verði á árinu 1995 að talsvert miklu leyti notaðar til þess að bæta bókakost, tækjakost og gagnagrunn hins nýja bókasafns þannig að þetta safn verði flaggskip íslenskra rannsókna á háskólastigi með myndarlegum og glæsilegum hætti. Ég held að ef þetta er ekki gert svona með einhverju alveg sérstöku átaki, sem má þá tengja lýðveldisafmælinu líka ef menn vilja, þá verði hið nýja safn svelt um komandi ár og jafnvel áratugi og nái ekki þeim styrk og þrótti og reisn sem það þarf að hafa.

Ég nefni þessa hugmynd hér og mun auðvitað ræða hana í þeirri nefnd sem fær þetta til meðferðar þar sem ég á einnig sæti. Þetta vil ég nefna í fyrsta lagi sem undirstöðu þess að þetta safn verði strax stolt okkar menningarsamfélags yfirleitt.

Í öðru lagi ætla ég aðeins að segja um nafnið á þessu. Ég held að það sé eitthvað sem menn eigi að reyna að semja um við viðkomandi aðila. Ég held ekki að þingmenn eigi að fara að hafa allt of stífar meiningar í þeim efnum út af fyrir sig þó að þeir auðvitað geti það en þá er þetta einfaldlega þannig að þarna er verið að steypa saman tveimur mjög þýðingarmiklum stofnunum og ég er reyndar alveg sannfærður um að það er rétt hjá hæstv. menntmrh. ef við hefðum verið að leggja upp í þessa vegferð núna þá hefðum við ekki látið okkur detta í hug að steypa þeim saman eins og

þær eru en það er verið að hugsa um að steypa þeim saman núna og mér hefur alltaf fundist að það kæmi til greina að hið nýja safn héti Landsbókasafn Íslands — Háskólabókasafnið. En það getur verið að það þyki ekki nægilega gott og mér sýnist að menn hafi verið að glíma við þetta alveg til hinstu stundar og eru í raun og veru komnir með öll nöfnin þarna inn, Þjóðarbókhlaða, Landsbókasafn, Háskólabókasafn, og reyndar líka Þjóðbókasafnið er nefnt þarna vegna þess að í frv. er notað nafnið þjóðbókavörður sem mér sýnist vera úr þeirri gerð frv. þegar menn voru að tala um að þetta ætti að heita þjóðbókasafn. En ég er alveg sannfærður um það að ef Alþingi Íslendinga er líkt sjálfu sér þá muni það verja mjög verulegum tíma einmitt í þetta mál.

Varðandi 2. gr. frv. þá er þar gert ráð fyrir því að menntmrh. skipi fimm manna stjórn safnsins og það er þriðja athugasemdin sem ég geri. Gert er ráð fyrir því að ráðherrann skipi einhvern af stjórnarmönnum formann og annan varaformann. Ég sé nú ekki í fljótu bragði ástæðu til þess að hafa uppi sérstakar athugasemdir við þetta þó mér finnist koma til greina að stjórnin kjósi sér formann en að það sé ekki ráðherrann sem ákveður hver verður formaður úr þessum hópi og það er mál sem ég áskil mér rétt á að taka fyrir í hv. nefnd.

Í fjórða lagi vil ég gera athugasemdir við 3. gr. frv. en þar segir: „Forseti Íslands skipar þjóðbókavörð til sex ára í senn samkvæmt tillögu menntamálaráðherra sem aflar rökstuddrar umsagnar stjórnar bókasafnsins."

Í fyrsta lagi vil ég þakka fyrir það að hér er í raun og veru komið til móts við frv. sem ég flutti ásamt fleiri fyrr í vetur um það að forstöðumenn svona stofnana séu skipaðir til takmarkaðs tíma í senn. En í öðru lagi bendi ég á það að í greininni er ekki gert ráð fyrir neinni sérstakri hæfni sem forstjóri þessarar stofnunar verður að hafa. Það er ekki gert ráð fyrir því t.d. að hann hafi sérstaklega aflað sér þekkingar í sögu þjóðmenningar af neinum toga og ég viðurkenni að það er flókið mál að setja þetta í greinina. Ég viðurkenni það. Þegar ég var að glíma við að setja saman frv. sem flutt var fyrr í vetur um yfirstjórn menningarstofnana þá fann ég að það er verulegur vandi að gera kröfur í lagatexta í þessum efnum. Hins vegar er það svo að ég hygg að þessi uppsetning málsins, forstöðumannsstöðunnar, geri það að verkum að það verði mjög erfitt að líta á safnið sem háskólabókasafn af því að hér er ekki gert ráð fyrir því að þetta sé endilega akademísk staða. Þetta getur í raun og veru verið hver sem er sem kann að stýra fyrirtæki. Ég held að það eigi að búa þannig um hnútana að þetta geti verið akademísk staða og mér er kunnugt um það að á einhverju stigi umræðna um þetta mál, a.m.k. úti í háskóla, voru menn að tala um það að þessi forstöðumaður, þjóðbókavörður er hann kallaður hér, yrði í háskólaráði, ætti seturétt í háskólaráði. Þannig er það í mörgum háskólum erlendis að forstöðumenn háskólabókasafnanna eiga sjálfkrafa seturétt í viðkomandi háskólaráði og það styrkir stofnunina sem slíka og fræðagrundvöll hennar. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt að skoða m.a. vegna þess að það er nauðsynlegt að verði sátt í háskólanum um þessa lendingu núna. Ef það verður ekki sátt um þessa lendingu í háskólanum þá óttast ég það að menn fari í staðinn að verja fjármunum og tíma og húsnæði til þess að efla mjög verulega frá því sem nú er deildarbókasöfnin þannig að menn fáist ekki til sameiginlegs átaks með hinu gamla Landsbókasafni yfir í Þjóðarbókhlöðunni, heldur muni menn efla umfram það sem ella væri deildarbókasöfnin. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. að því hvernig menn sjá það fyrir sér, samspil deildarbókasafnanna annars vegar og háskólabókasafnsins hins vegar, eftir að þessi skipulagsbreyting hefði átt sér stað.

Í fimmta lagi vildi ég nefna 7. gr. Ég sé að þeir í menntmrn. hafa tekið upp nýjan sið eða kannski gamlan, ég man það þó ekki. Það er að 7. gr. er þannig að þar er talið upp hlutverk bókasafnsins og það eru talin upp átján atriði. Það er eiginlega allt milli himins og jarðar. Svo stendur samt þegar búið er að tala um allt milli himins og jarðar neðst: „Kveðið skal nánar á um hlutverk bókasafnsins í reglugerð." Ég held að það sé ekki hægt að hafa mikið í reglugerð eftir að þessi upptalning hefur átt sér stað í lögum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og ég mundi hvetja til þess að nefndin glímdi við það að einfalda uppsetninguna frá því sem er í þessum texta þannig að hann verði skýrari og markvissari.

Í sjötta lagi vildi ég, virðulegi forseti, víkja að fjármálunum eins og þau koma fyrir í frv. neðst á síðu 4 og efst á síðu 5 og síðan aftar í greinargerðinni og spyrja: Hvað eiga þessi þjónustugjöld að þýða sem nefnd eru þarna á blaðsíðu 5? Það er gert ráð fyrir því að fjárhagsgrunnur hins nýja bókasafns verði m.a. þjónustugjöld. Ég sé það ekki í gögnunum, það er kannski vegna þess að ég hef ekki lesið þau nógu vel hvað þau eiga að gera mikið þessi þjónustugjöld en ég hefði aðeins viljað fá nokkur orð frá ráðherranum um það fyrir nefndarvinnuna hvað menn hugsa sér varðandi þessi gjöld og síðan segja að það er nokkuð sérkennilegt hvernig menn hugsa sér að háskólinn fjármagni safnið. Það á að taka minnir mig að ég hafi séð einhvers staðar allt að 6% af rekstrarkostnaði háskólans í rekstur þessa safns. Í fyrsta lagi finnst mér það spurning hvort það er endilega rétt viðmiðun að það eigi að miða við rekstrarkostnað háskólans á hverjum tíma þegar verið er að ákveða svona lagað og í annan stað finnst mér að það væri mikið eðlilegra að háskólinn rétt si svona veitti fjármuni inn í þetta. Ég spyr: Er ekki ætlunin að þessi stofnun verði sjálfstætt fjárlaganúmer? Er þá ætlunin, ef hún er sjálfstætt fjárlaganúmer, að flytja peninga af háskólanum innan A-hluta fjárlaganna yfir í þessa stofnun? Ég sé það ekki alveg nákvæmlega fyrir mér og ég vil segja að mér finnst þetta sérkennileg uppsetning varðandi fjármálin, bæði að því er varðar hlut háskólans í rekstrarkostnaðinum og eins að því er varðar þjónustugjöldin.

Í sjöunda lagi vildi ég, virðulegi forseti, víkja að því að það er gert ráð fyrir því að í Þjóðarbókhlöðuna, þetta bókasafn, fari allmörg sérsöfn af ýmsu tagi og þá langar mig til að spyrja um það, af því að ég sé að það

eru tvö sérsöfn a.m.k. sem eru ekki nefnd í þessari upptalningu í greinargerðinni, ég sakna þeirra. Annað er Handritasafn Halldórs Kiljans Laxness sem hann og fjölskylda hans gáfu Landsbókasafni og íslensku þjóðinni fyrir nokkrum árum og ákveðið var að vista í Þjóðarbókhlöðu. Ég spyr: Hvar er gert ráð fyrir því máli? Hitt safnið sem mér finnst að vanti í þessa upptalningu er Kvennasögusafnið. Það hefur verið talað um það að Kvennasögusafnið verði með einhverjum hætti inni í Þjóðarbókhlöðunni. Ég hélt að það væri alveg frágengið mál en ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvar er það mál á vegi statt úr því að það er hvergi nefnt í þessum yfirlitum?

Í áttunda lagi ætla ég aðeins að víkja að þessu með skilaskylduna. Skilaskyldan er hjá Landsbókasafninu núna og hún er hjá Amtsbókasafninu á Akureyri. Staðreyndin er sú að við erum með þessu frv. ef að lögum verður að breyta stórkostlega aðbúnaði safna á Íslandi, hjartað í safnastarfsemi á Íslandi verður þarna. Þá held ég að við ættum kannski að hafa það í huga að Amtsbókasafnið á Akureyri er gjörsamlega að sligast undan sínum verkum. Í bókstaflegum skilningi. Skilin á öllu prentmáli sem kemur inn í Amtsbókasafnið á Akureyri fyrir utan Landsbókasafnið eru að sliga Amtsbókasafnið með þeim hætti að gólfin eru að bresta undan þunga þeirra pappíra sem settir eru upp á loft í þessari virðulegu stofnun, Amtsbóksafninu á Akureyri.

Nú er það svo að samkvæmt lögum þá á sveitarfélagið, þ.e. Akureyri í þessu tilviki, aðallega að sjá um þetta hús og ganga frá því, en ég spyr: Er ekki hugsanlegt eins og í tilefni af því að við erum að koma hjartanu í safnastarfseminni fyrir með nýjum hætti, er þá ekki hugsanlegt að það verði skoðað aðeins betur hvort ekki má aðstoða þá sem standa að Amtsbókasafninu til þess að þeir geti sinnt og tekið við skilaskyldunni með eðlilegum hætti? Ég held að þeir verði í raun og veru að gera það, það sé eðlilegt að það sé á einhverjum einum öðrum stað í landinu til prentgripir þeir sem hér eru framleiddir á hverjum tíma og ég vil spyrja um þetta vegna þess að ég sé ekki að Amtsbókasafnið sé nefnt í þessu frv. nema á einum stað í greinargerðinni.

Í níunda lagi, virðulegi forseti, langar mig til að nefna það að í framhaldi af því að Landsbóksafn flytur í þessa stofnun, Þjóðarbókhlöðu, eða hvað hún kemur nú til með að heita, þá velta menn því fyrir sér hvað á að verða um Safnahúsið. Mig langar til að segja það sem mína skoðun að ég vil að þarna sé safn með einhverjum hætti. Ég sé það fyrir mér að þarna gæti t.d. verið handritasafn. Þarna gætu verið þau handrit sem eru núna úti í Árnastofnun. Þarna væri hægt að búa um mestu menningargersemar íslenska samfélagsins, hafa þær til sýnir fyrir þá sem þær vilja skoða og ég held að þetta ætti frekar að vera svona, alla vega er ég algjörlega andvígur því að þarna verði dómhús eins og einhverjum hefur dottið í hug. Ég sé að hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hefur flutt skynsamlega tillögu um þetta mál sem mér sýnist vera á svipuðum nótum og það sem ég er að reyna að segja hér. Ég held að það væri skynsamlegt, hæstv. menntmrh., að það verði tekin einhver ákvörðun, helst skynsamleg ákvörðun auðvitað, um Safnahúsið ekki allt of langt frá afgreiðslu þessa máls hér í þessari stofnun. Ég held að þessar ákvarðanir megi helst ekki verða viðskila. Ég held að það væri skynsamlegt og svo ég leyfi mér að nota það orð, taktíst, frá sjónarmiði menntmrn. að það yrði skoðað um leið hvað um þetta hús á að verða.

Ég bendi á það að lokum, virðulegi forseti, að fyrir nokkru var það svo að það var felldur niður virðisaukaskattur á bókum í landinu og svo var hann tekinn upp aftur. Það hefur auðvitað íþyngt þessum stofnunum mjög verulega. Ég vil hreyfa þeirri hugmynd að auðvitað væri hugsanlegt að þessi stofnun, Þjóðarbókhlaðan, nyti sérstakra réttinda í þessu efni og vil benda á þann möguleika að það mál verði skoðað við vinnslu málsins.

Ég er sammála því, hæstv. forseti, að það sé eðlilegt að tekið verði á þessu máli hratt og örugglega í hv. menntmn. Það þarf auðvitað að kalla mjög marga til og fá yfirlit frá mörgum aðilum, t.d. sakna ég þess í greinargerð frv. að það er ekki þar að finna samanburðaryfirlit sem ég hefði viljað sjá varðandi bækur, húsnæði, lestraraðstöðu og fleira sem þyrfti að vera og eins fjármagnsþörf sem þyrfti að vera sett upp í samhangandi töflum. Ég leyfði mér í gær að tala við Egil Skúla Ingibergsson sem hefur haft með að gera undirbúning þessa máls og spurði hann að því hvort svona tafla væri til og hann sagði það vera en því miður tókst mér ekki að afla hennar fyrir þessa umræðu.

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé stóru máli hreyft og þýðingarmiklu og ég legg á það áherslu að það verði reynt að ná um það og afgreiðslu þess sem allra bestri samstöðu í þessari virðulegu stofnun en við þurfum að vanda okkur við það því hér er komið að starfsemi sem vonandi verður lengi til í okkar íslenska menningarsamfélagi.

[12:35]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er enn eitt merkismálið á dagskrá og hér erum við að ræða mál sem nauðsynlegt er að afgreiða á næstu vikum því ef þessi stofnun á að taka til starfa 1. des. nk. þá verður að fara að skýrast eftir hvaða lögum hún á að starfa. En hér er líka um nokkuð flókið mál að ræða, flókið fræðilegt mál og mér segir svo hugur um að þeir sem best þekkja til bókasafna séu kannski ekki alveg samstiga í því hvort hér er verið að fara rétta leið og ég ætla að koma að því síðar. En mér datt í hug þegar hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir var að vitna til Hannesar Hafsteins, fyrst menn voru svona hátíðlegir 1908 eða 1909 þegar verið var að vígja Landsbókasafnið þá megi sá menntmrh., sem lendir í því verki að vígja hina nýju Þjóðarbókhlöðu, aldeilis vanda sig. En það er svolítið svipað á komið með hæstv. menntmrh. sem nú situr og var með Hannes Hafstein á þessum tíma að það geysuðu nokkrir eldar í kringum ráðherrann á þeim tíma og eins og við höfum orðið vitni að þá er líftími þessarar ríkisstjórnar sem nú situr greinilega að styttast og verður fróðlegt að vita hvort hæstv. menntmrh. lendir í því verki að vígja Þjóðarbókhlöðuna.

Það sem mig langaði einkum að gera að umtalsefni er spurning um hvers konar stofnun er hér verið að byggja upp. Það er ljóst að við erum að tala hér um nokkuð stóra ríkisstofnun sem verður með fjölda starfsmanna og mun kosta fleiri hundruð milljónir í rekstri. Samkvæmt því sem fram kemur í umsögn fjmrn. þá er gert ráð fyrir að reksturinn kosti u.þ.b. 242 millj. kr. á þessu ári, þá er verið að tala um framlögin og launakostnað. Það er ljóst að þessi stofnun mun draga til sín verulegt fjármagn. Þetta er stór stofnun. En hvers konar stofnun? Hér segir í 1. gr. að Þjóðarbókhlaðan eigi að verða sjálfstæð háskólastofnun en samkvæmt þessum lögum þá er staða hennar nokkuð sérstök, háskólastofnun en með sérstaka stjórn og síðan á að skipa forstöðumanninn eða þjóðbókavörðinn með nokkuð sérstökum hætti þannig að form þessarar stofnunar er ólíkt því sem tíðkast um aðrar stofnanir háskólans. Ég held að við þurfum að skoða þessi mál í samhengi. Á þetta að vera algjörlega sjálfstæð stofnun eða hvað? Þetta ræðst af því að fyrir allmörgum árum var tekin ákvörðun um það að sameina þessar um margt ólíku stofnanir, Landsbókasafnið og Háskólabókasafnið. Ef maður horfir á þessi tvö söfn frá sjónarhóli bókasafna þá eru þetta gjörólík bókasöfn. Háskólabókasöfn hafa það eðli að þar er veitt gríðarlega mikil þjónusta. Þar þarf að eiga sér stað mjög mikil endurnýjun á bókakosti. Þetta er stofnun þar sem ríkir nokkur hraði og mjög margvísleg þjónusta en í safni eins og Landsbókasafninu ríkir meiri kyrrstaða. Þar er verið að varðveita, þar er verið að safna saman öllum bókaarfinum frá nánast upphafi vega hér á landi og umfang þess er fyrst og fremst takmarkað við íslenskar bækur þó að þar sé allnokkur erlendur bókakostur, þá er hann samt takmarkaður og það er miklu frekar Háskólabókasafnið sem sinnir þeirri þjónustu að útvega erlendar bækur og þá fyrst og fremst fræðibækur.

Samkvæmt frv. er hlutverk safnsins skilgreint á mjög víðfeðman hátt. Þetta er mjög víðtækt hlutverk sem safnið á að þjóna. Ég fæ ekki betur séð en því sé ætlað það hlutverk í fyrsta lagi að vera Háskólabókasafn með alla þessa miklu þjónustu sem því fylgir. Það á líka að vera rannsóknarbókasafn sem m.a. þýðir að það þarf að vera reiðubúið til að útvega gögn frá erlendum bókasöfnum og annast þjónustu við vísindamenn og þá sem stunda rannsóknir. Því er líka ætlað að vera upplýsingasafn af ýmsu tagi og þá tengist það tölvukosti og tölvunetum og öllum þeim samböndum. Jafnframt er safninu ætlað að vera varðveislusafn eins og Landsbóksafnið er núna. Það á líka að vera handritasafn, þar á að varðveita það sem við skilgreinum sem handrit og er þá í rauninni verið að tala um önnur handrit en gömlu skinnhandritin eða uppskriftir af okkar fornbókmenntum. Jafnframt á safnið að vera útlánasafn eða ég skil það þannig, það hlýtur að eiga að vera útlánasafn rétt eins og Háskólabókasafnið er núna.

Síðan vaknar spurning um þjónustu sem tengist myndböndum og tengist þá líka upplýsingahlutverkinu og líka aðrar heimildir sem þarf að varðveita. Þá dettur mér í hug sú tillaga sem liggur fyrir þinginu um varðveislu tónlistararfsins og hvað eigi að gera við öll þau skjöl og reyndar hljómplötur, upptökur og allt slíkt. Við erum því að tala um alveg gríðarlega víðtækt hlutverk. Þar við bætist að inn í þessa stofnun fara mörg sérsöfn. Það eru bæði á Háskólabókasafninu og Landsbókasafninu sérmerktar deildir þar sem er að finna gjafir sem söfnunum hafa borist og hefur verið reynt að halda þessum gjöfum saman. En út frá bókasafnsfræði þá eru slík sérsöfn ákveðið vandamál. Þar við bætist líka Kvennasögusafnið sem væntanlega mun fara inn í þessa stofnun. Spurningin sem ég er að velta fyrir mér er í raun og veru: Fer þetta saman? Er hægt að reka bókasafn með svo gríðarlega víðtækt hlutverk? Þróunin á undanförnum áratugum hefur verið frekar í hina áttina að sérhæfing hefur aukist, menn hafa frekar farið út í það að koma upp sérsöfnum og greina í sundur heldur en að reka söfn með svona víðtækum hætti. En þó eru til söfn mér nokkuð kunnug, t.d. Konunglega bókhlaðan í Kaupmannahöfn, sem í rauninni sameinar það að vera svona víðtækt safn. Þar er að finna mikið af gömlum handritum og bréfum og slíku og jafnframt hafa þeir verið að tengjast myndlist og tónlist og fleira slíku þannig að það er svo sem ýmislegt til í þessum efnum. En samt sem áður vaknar sú spurning hvort þessi mikla þjónusta sem þarf að veita skóla- og rannsóknastofnunum og er býsna sértæk og svo þetta að þjónusta allan almenning og að vera með alla þessa varðveislu og að geyma allan bókakost, hvort þetta fer saman. Ég vil benda á gagnmerka grein sem Einar Bragi rithöfundur birti í Morgunblaðinu fyrir nokkrum vikum, ég tók hana því miður ekki með mér í pontuna, en þar er hann einmitt að rökstyðja það að þetta tvennt fari ekki saman. Þetta eru ákveðnar fræðilegar spurningar sem menn er að velta þarna fyrir sér og við þurfum að rannsaka. En það breytir því ekki að það er búið að taka ákvörðun og byggja þetta hús loksins og inn í það þarf að fara þessi stofnun eða stofnun að einhverju tagi.

Þegar verið var að nefna tölur um stærðir bæði Landsbókasafnsins og Háskólabókasafnsins þá tók ég það þannig að verið væri að tala um Landsbókasafnshúsið eða Safnahúsið og svo það rými sem Háskólabókasafnið hefur í aðalbyggingu Háskólans. En vegna þess sem fram kom hér í máli hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur þá er, eftir því sem ég best veit, Háskólasafnið dreift í nánast allar byggingar Háskólans með sérdeildum og hvað varðar Landsbókasafnið þá er það með töluvert geymslurými á leigu úti í bæ þannig að það er náttúrlega svo langt í frá að það húsnæði sem þau söfn hafa í þessum húsakynnum nægi undir bókakostinn. Ég hygg því að þegar allt verður fært á einn stað þá verði byggingin ekki lengi að fyllast. En samkvæmt því sem ég hef heyrt frá bókasafnsfræðingum á þessum söfnum sem eru að huga að flutningunum þá snúa þeirra áhyggjur ekki síst að þjónusturýminu og þá ekki síst lestrarrými fyrir nemendur Háskólans og menn telja að Þjóðarbókhlaðan muni ekki að nokkru leyti uppfylla þær þarfir þó hún hljóti náttúrlega að bæta úr.

Ég ætla aðeins að koma inn á örlög Safnahússins. Ég hef sjálf sett fram tillögu þess efnis að Safnahúsið

verði gert að setri íslenskra fræða sem þýðir þá það að Stofnun Árna Magnússonar yrði flutt í húsið jafnframt því sem þar yrði önnur þjónusta í kringum rannsóknir á íslenskum fræðum og þar yrði að finna þann bókakost sem tengist því rannsóknasviði. Þarna erum við að tala um okkar merkasta arf á sviði bókmennta sem við þurfum að sýna eins mikinn sóma og við hugsanlega getum. Ég held að staðreyndin sé einfaldlega sú að menn verði að nýta Safnahúsið sem safn einfaldlega vegna þess að húsið er alfriðað og þar af leiðandi eru hugmyndir sem hefur verið varpað fram um að koma þar fyrir Hæstarétti algjörlega út í bláinn. Það er einfaldlega ekki hægt og menn hafa nefnt það í mín eyru, sérfræðingar í varðveislu húsa, að allar innréttingar í Safnahúsinu séu orðnar það sem á erlendum málum heitir „raritet". Það eru orðin vandfundin bókasöfn með svona gömlum og virðulegum innréttingum og því er það þess vegna virkilega þess virði að varðveita innréttingarnar og auðvitað á sínum stað.

Ég hef í sjálfu sér ekki margar athugasemdir við greinar frv., ég hef því miður ekki getað gefið mér almennilegan tíma til að fara í gegnum einstakar greinar en ég vil taka undir athugasemd varðandi skipan þjóðbókavarðar og þetta sem við þurfum að taka sérstaklega fyrir í menntmn. með skilgreiningu á stofnuninni og hvernig tengslum við háskólann skuli háttað.

Það er spurning í mínum huga að mér finnst vera ansi mikið ósamræmi í þeim reglum sem gilda um skipan yfirmanna stofnana. Það er ýmist verið að skipa til fjögurra ára, fimm ára eða sex ára og það er spurning hvort eigi að gilda ein regla í því eða á þetta að vera breytilegt. Ég hef svo sem ekki neina skoðun á því, mér finnst t.d. þegar við erum að tala um leikhúsin eða t.d. Þjóðleikhúsið þá sé það þannig stofnun sem eðlilegt er að skipta nokkuð hratt um, vegna þess að þangað þurfa að koma nýir straumar. En þegar um er að ræða stofnun eins og Þjóðarbókhlöðuna þá er það mín tilfinning að það kannski skipti ekki eins miklu máli en maður þarf auðvitað líka að hugsa þetta út frá því fólki sem verið er að ráða í stöður af þessu tagi. Þetta er eitt af þessu sem við verðum að huga að í ríkisrekstrinum hvernig eigi að vera háttað.

Eins varðandi þau ákvæði í frv. um fjármögnun og það að hægt sé að taka gjöld fyrir ákveðna þjónustu, þá er það þannig í dag. Það eru tekin gjöld á bókasafninu fyrir t.d. ljósritun og annað slíkt. Þar er um óskaplega mikla pappírseyðslu að ræða og mér finnst eðlilegt þegar maður gengur inn á bókasafnið og biður um ljósrit af einhverju að maður borgi fyrir það. Ég sé í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það þegar um sérstaka þjónustu er að ræða, en ég vil helst sjá þeirri stefnu viðhaldið að bókasöfn séu öllum opin og það þurfi ekki að greiða sérstaklega fyrir það að fá að nota þau þegar um ríkisbókasöfn er að ræða.

Virðulegi forseti. Ég ætti kannski aðeins að koma inn á heiti safnsins. Ég hef í sjálfu sér ekki neina sérstaka skoðun á því. Þjóðarbókhlaða er gríðarlega hátíðlegt orð, en eins og hér hefur verið bent á felur það ekki í sér neina tengingu við háskólann. Þetta er mál sem maður þarf að velta svolítið fyrir sér og ef tillaga kemur um eitthvað betra er ég svo sem reiðubúin til að fallast á eða skoða það.

Ég vil gjarnan ítreka þá spurningu sem kom fram hjá síðasta ræðumanni varðandi Kvennasögusafnið, hvort ekki sé út frá því gengið að það safn verði í Þjóðarbókhlöðunni. Þar er um mjög merkilegt og sérstakt safn að ræða sem nauðsynlegt er að varðveita og þar er að finna alveg einstök gögn sem þurfa að vera aðgengileg þeim sem vilja rannsaka kvennasögu eða eru að stunda kvennafræði. Ef til vill kann að vera um fleiri slík söfn að ræða sem eiga erindi þarna inn. Eins vildi ég biðja hæstv. menntmrh., ef hann svarar hér á eftir, að koma inn á það sem snýr að tónlistararfinum því að þar er um geysilega stórt mál að ræða. Þar eru mikil gögn á ferð og mér er sagt að Landsbókasafnið eigi í sínum fórum mjög merkilegt nótnasafn, meira að segja mjög gamlar útgáfur af nótum, sem ég veit reyndar ekki hvernig hafa komist í eigu safnsins. Auðvitað er jafnmikilvægt að varðveita slíkan nótnakost og svo margt annað.

[12:53]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það kemur mér satt að segja á óvart í allri hreinskilni hvað menn eru uggandi um þetta frv. og hafa margar athugasemdir við það að gera. Í fyrsta lagi sýnist mér, og ég hef haft nógan tíma til að kanna málið og lesa frv. rækilega, að það sé mjög vel að þessu verki staðið og frv. hið ágætasta. Það er ekki hægt að búa til lagabálk um svo umfangsmikla stofnun og þjóðarbókhlöðu sem tekur á hverju smáatriði í rekstri stofnunarinnar. Það verður að vera hlutverk þeirra sem þar eiga að starfa, fólks sem hefur mesta þekkingu á þeim störfum. Ég held ekki að það sé skynsamlegt að þingmenn séu að setja því fólki nákvæmar reglur um alla skapaða hluti.

Ég ætla að víkja hér að örfáum atriðum sem ég vil samt bæta í athugasemdasafnið. Í fyrsta lagi held ég að þessi stofnun eigi ósköp einfaldlega að heita þjóðarbókhlaða. Ég hef aldrei vitað til þess að Konungsbókhlaðan í Kaupmannahöfn hafi liðið fyrir það sem háskólabókasafn þó að hún heiti það og ég tel að þetta nafn sé þegar orðið fast í vitund Íslendinga og ekkert athugavert við það sem slíkt. Mér finnst algerlega ónauðsynlegt, vegna þeirra athugasemda sem hér hafa komið fram, að taka það sérstaklega fram að þjóðbókavörður skuli vera háskólamenntaður maður. Ég hélt að það þyrfti ekki að taka það fram. Það er misskilningur hjá hv. 9. þm. Reykv. Það segir í 13. gr., held ég, að hann eigi sæti í háskólaráði. Ég hef ekki vitað til þess hingað til að nokkur maður sem ekki hefur háskólapróf setjist í háskólaráð sem starfandi við stofnunina þannig að ég held að þetta sé bara misskilningur. (**SvG:** Það er ekki misskilningur, hv. þm.) Það er ákvæði um það í 13. gr. að þjóðbókavörður eigi sæti á fundum ráðsins og ég vænti þess að ráðherra staðfesti það.

Það er tvennt varðandi starfsmenn sem ég vil aðeins inna ráðherra eftir. Í 3. gr. segir varðandi endurskipun þjóðbókavarðar einu sinni að sex árum liðnum

„án þess að staðan sé auglýst". Þetta þykir mér dálítið kyndugt vegna þess að ég tel að verði staðan ekki auglýst, þá verði maðurinn beinlínis sjálfkjörinn hverju sinni. Ég á erfitt með að sjá að ráðið fari að taka það upp hjá sjálfu sér stundum og stundum ekki að auglýsa stöðuna. Ég hefði því viljað gera að tillögu minni að þessi orð „án þess að staðan sé auglýst" fari út og vil biðja ráðherra að íhuga það.

Þá finnst mér líka dálítið grimmilegt þetta ákvæði til bráðabirgða að öll störf í Landsbókasafni og Háskólabókasafni verði lögð niður og auglýst eftir öllum starfsmönnum. Sannleikurinn er sá að það vantar mikið á þó að allir þeir starfsmenn héldu áfram, þá vantar mikið á að sá starfskraftur dugi í hinu nýja safni og eftir því sem mér hefur skilist munu störf ekki skarast þarna mikið. Við eigum ekki svo mikið af sérmenntuðu fólki á þessum sviðum að þarna eru allir í störfum. Auðvitað kynni það að gerast að nýir umsækjendur kæmu sem strangt tekið væru kannski með fleiri háskólapróf og meiri menntun en fólk sem hefur verið þarna um árabil og borið hita og þunga starfsins og þá getur maður sett spurningarmerki við hvort sú staða getur komið upp að einhverjum yrði ýtt út og ég held að það sé í raun og veru óþarfi. Það er alveg tvímælalaust þörf fyrir alla þá sem þarna vinna.

Það eru því þessi tvö atriði, ég vona að hæstv. ráðherra heyri það, sem ég vildi setja spurningarmerki við.

Í 7. gr., um hlutverk bókasafnsins, er eitt sem maður rekur augun í. Það segir t.d. í 2. lið, með leyfi hæstv. forseta:

„Að þaulsafna íslenskum gögnum, m.a. með viðtöku skylduskila, svo og að afla erlendra gagna er varða íslensk málefni."

Það er ekki mikið um og eiginlega ekkert um erlendar bækur nema þær fjalli um íslensk málefni og það stenst auðvitað ekki þar sem um er að ræða háskólabókasafn. Nú geri ég ráð fyrir að sami háttur verði á hafður, að menn óski eftir að pantaðar séu erlendar bækur eins og verið hefur eftir því hvaða greinar í háskólanum þarfnast þeirra, en ég vildi aðeins auglýsa eftir hugmyndunum um kaup á erlendum bókum.

Annars þetta: Bókasöfn hafa náttúrlega undirgengist slíka byltingu að ekki er hægt að tala um bókasöfn á sama hátt nú til dags og fyrir örfáum árum. Nú er tölvutæknin slík að það er hægt að fá bækur yfir heiminn þveran án þess að nokkur bók komi til, allt getur þetta gerst gegnum tölvur. Það einfaldar auðvitað mjög öll skipti og alla útvegun bóka. Mér fannst menn tala hér eins og það væri sjálfgefið að öll sérsöfn flyttu í húsið á Melunum. Ég geri t.d. ekki ráð fyrir því að þó að bókasafn Seðlabankans sé komið inn í Gegni og þar með aðgengilegt hverjum sem hafa vill og til þess hafa tækni, verði það flutt í Þjóðarbókhlöðu. Ég vænti að það verði bara á sínum stað.

Vegna þess að hér hefur líka verið kvartað yfir hugsanlegum skorti á rými til að lesa og stunda fræðimennsku í sjálfu húsinu, þá væri ekki úr vegi að athuga það húsnæði sem losnar í háskólanum sjálfum og ég verð að segja að mér finnst það kyndug umræða í meira lagi ef á að taka hana alvarlega að þar séu menn að jagast um hvort kennarar eða nemendur stofni þar til bjórstofu. Ég hélt að nær væri að nýta það pláss til að nemendur geti stundað þar sín störf því allt þetta er hægt að gera ef tölvutæknin er fyrir hendi.

Mér finnst menn því einum of — ég vil leyfa mér að segja neikvæðir. Mér finnst þessi rammi sem hér er gæti átt auðvelda leið í gegnum vorþingið. Ég held að það séu sáralitlar breytingar sem þarf að gera til þess að vel sé hægt að vinna eftir þessum lögum. Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir alla aðila að við samþykkjum frv. á þinginu svo að þetta mikla safn geti nú tekið til starfa. Ég hef hins vegar heyrt áhyggjur manna þar í stofnun af því að erfitt gæti reynst að taka húsið í notkun 1. des. vegna þess að einhver dráttur hefur orðið á útboðum á því sem er nú ekki hvað þýðingarminnst í bókasafni, þ.e. hillunum og menn hafa af því áhyggjur að smíði þeirra geti tekið allmarga mánuði.

Ég held ekki að ég hafi fleiri athugasemdir við þetta frv. Mér þykir það um margt gott og ég tel það verða mikil tímamót í menningarsögu þjóðarinnar þegar Þjóðarbókhlaða tekur til starfa. Hér hefur verið minnst á þær skyldur safnsins að annast varðveislu tónlistarefnis. Safnið gerir það raunar nú þegar og þar er mikið til af slíku. Það hefur einfaldlega staðið á því að ekki hefur verið til fólk til að sinna því vegna fjárskorts og það er auðvitað í höndum okkar að sjá um að svo verði.

Hér var minnst á prentskil og þar vil ég aðeins leiðrétta. Þrír aðilar fá sjálfkrafa sendar allar íslenskar útgáfur og það eru Háskólabókasafn, Landsbókasafn og Amtsbókasafnið á Akureyri. Í frv. er ákvæði um að prentskil til Háskólabókasafns fari nú til Þjóðarbókhlöðu, svo og Landsbókasafns þannig að þá eru aðilarnir, eftir því sem ég skil, einungis orðnir tveir og sýnist mér alveg frá því gengið að það sé ljóst hvernig því verður háttað.

Amtsbókasafnið á Akureyri er svo annað mál sem við ættum einhvern tíma að hafa manndóm í okkur til að gera skil vegna þess að þar er mikill vandi uppi en hann er raunar annað mál.

Aðeins að lokum þetta. Ég vil biðja hv. þm. að leyfa því fólki sem best þekkir til, hefur unnið í þessum stofnunum um ára- og áratugabil að vinna þetta verk án þess að við séum með nákvæmustu lagagreinar um alla skapaða hluti. Vitaskuld verður gefin út reglugerð á sínum tíma þegar þetta frv. er orðið að lögum og ég vona svo sannarlega í samráði við þá sem best vita um þessi mál, en mér fyndist það mikil sorgarsaga ef við færum að tefja framgang þessa máls á vorþingi með smáatriðum sem ég tel hiklaust að fagfólk eigi að leysa.

[13:03]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir mjög jákvæðar undirtektir við þetta frv. Ræður hv. þm. hafa sannfært mig um að frv. mun hljóta afgreiðslu á vorþinginu sem nauðsynlegt líka er.

Aðeins örfá atriði sem ég þarf að nefna og komið hafa fram í máli hv. þm. sem hér hafa talað, sumt

beinar fyrirspurnir til mín sem ég skal reyna að svara.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir talaði um varðveislusöfn og hvort varðveislueintökin eigi að fara í Þjóðarbókhlöðuna. Í því samhengi talaði hv. þm. um að það væri kannski vafasamt að setja allar bækur í eina byggingu. Nú eru þessi skyldueintök auðvitað í söfnunum sjálfum og stendur svo sem ekki til að breyta neinu þar um. Ég veit ekki hvort hv. þm. er kannski að hugsa um nýtingu Safnahússins sem þingmaðurinn hefur borið fram fyrirspurn um og við komum til með að ræða síðar.

Hv. þm. Svavar Gestsson kom aðeins inn á hinn sérstaka eignarskatt sem rennur nú í endurbótasjóð og var að velta fyrir sér hvaða forgangsröð skyldi gilda þegar þessir fjármunir renna ekki lengur til Þjóðarbókhlöðu. Að vísu er það svo að nokkur hluti teknanna í endurbótasjóð sem falla til á næsta ári, 1995, fara til þess að greiða síðustu greiðslurnar vegna Þjóðarbókhlöðunnar en síðan er það stjórnar endurbótasjóðs að koma með tillögur um það hvernig fjármunum skuli varið. Þar er vissulega margt verkið óunnið og ég ætla ekki á þessu stigi að fara að velta vöngum yfir því hvernig þeim peningum verður varið. Hugmyndir hv. þm. um að tekjur endurbótasjóðs rynnu á næsta ári, 1995, til þess að bæta gagnagrunn hljóðbókasafnsins og bókaeign er út af fyrir sig athyglisverð en kallar þá á lagabreytingu ef inn á þá braut ætti að fara.

Hér hefur nafnið þjóðarbókhlaða nokkuð borið á góma og sýnist sitt hverjum eins og við mátti búast. Ég ætla ekki að ræða það neitt frekar. Ef mönnum sýnist ástæða til að breyta þessu frá því sem er í frv., þá tek ég undir með hv. þm. Svavari Geststsyni að það þarf að ræða það við þá aðila sem hafa komið þarna að verki. Ég veit að þeir eru ekki allir sammála því sem hér er sett fram. Ég hef fengið aðrar hugmyndir en þær sem komu frá samstarfsnefndinni og þeim sem sömdu frv., þar á meðal frá einum ágætum manni sem leggur áherslu á að *þetta safn skuli heita Landsbókasafn* áfram. Menn verða trúlega aldrei á eitt sáttir um þetta en sjálfsagt er að kanna það betur.

Ég ætla ekki að fara í gegnum alla þá þætti sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi. Það voru mörg atriði sem gefa svo sem ekki sérstaklega tilefni til athugasemda. Það er sjálfsagt að nefndin taki þó það til athugunar sem hv. þm. kom inn á eins og í 2. gr. hvort til greina komi að stjórnin kjósi sér formann en ekki að ráðherra skipi hann. Það kemur að sjálfsögðu til greina og er í sumum lagabálkum þannig kveðið á um að stjórnir eða nefndir kjósi sér sjálfar formann þótt ráðherra tilnefni kannski einhverja í viðkomandi stjórnir. Ég nefni þar t.d. skólanefndirnar sem kjósa sér sjálfar formenn.

Um hæfiskröfurnar ætla ég ekki að ræða sérstaklega. Mér finnst það liggja í augum uppi að stjórn Þjóðarbókhlöðunnar muni gera ákveðnar kröfur og tillögur til menntmrh. um hver skuli skipaður þjóðbókavörður þurfa að vera rökstuddar frá stjórninni. Mér finnst það liggja í augum uppi að þar verði gerðar ákveðnar kröfur þótt þeirra sé ekki getið í frv.

Um samspil deildanna í bókasafninu get ég svo sem ekki sagt mikið. Ég vísa til umsagnar um 5. gr en þar segir um deildaskiptinguna að hún skuli frekar ákveðin í reglugerð.

Um upptalninguna í 7. gr. sem er í 18 liðum. Um það var vissulega rætt við endanlega gerð frv. hvort upptalningin ætti að vera svo ítarleg og þó tekið fram að hún væri ekki endanleg. Þess vegna endar greinin á þessum orðum: „Kveðið skal nánar á um hlutverk bókasafnsins í reglugerð". Ég held að það skaði ekki út af fyrir sig að hafa upptalninguna þó þetta ítarlega.

Um þjónustugjöldin sem hv. þm. nefndi hef ég svo sem heldur ekkert að segja. Þau eru eðlileg þykir mér. Það segir svo í umsögn um 10. gr. að bókasafninu sé veitt heimild til að taka þjónustugjöld fyrir ákveðna þætti þeirrar þjónustu sem veitt er, svo sem millisafnalán, tölvuleitir, sérfræðilega heimildaþjónustu, fjölföldun, úttak tölvugagna og fleira. Um þetta yrði svo sett gjaldskrá sem stjórn safnsins mundi samþykkja og þar yrði kveðið á um fjárhæð þjónustugjaldanna sem greiða skal fyrir veitta þjónustu. Mér þykir þetta eðlilegt.

Um það hvort 6% af rekstrarkostnaði háskólans féllu til Þjóðbókasafnsins frá háskólanum er það að segja að á einu stigi málsins var það sett inn í greinina en fallið frá því. Hins vegar hefur háskólinn sjálfur sett sér það markmið að 6% skuli renna til Háskólabókasafns og um þetta verður einfaldlega að semja við háskólann og ég held að það sé réttara en að vera að festa einhverja ákveðna prósentu í lög.

Varðandi sérsöfnin sem hér var sérstaklega spurt um þá liggur í augum uppi að handritasafn Halldórs Laxness, sem gefið var Landsbókasafninu, flyst auðvitað til þjóðbókasafnsins og ég þykist vita það með fullri vissu að þegar hefur verið gengið frá því að kvennasögusafnið, sem var spurt um, fari til þjóðbókasafnsins.

Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hvort ekki væri unnt að aðstoða Amtsbókasafnið á Akureyri sérstaklega vegna þess að Amtsbókasafnið tekur við skilaeintökum og er, eins og hv. þm. sagði, í orðsins fyllstu merkingu að sligast undan bókakostinum. Það er einmitt svo. Þar eru gólfin farin að síga. Menntmrn. hefur veitt Amtsbókasafninu sérstaka fjárveitingu, það er ekki á sérstöku fjárlaganúmeri. Á síðasta ári voru það 1,2 millj. og ég geri ráð fyrir að það verði framhald á því að menntmrn. veiti Amtsbókasafninu stuðning.

Um Safnahúsið sjálft ætla ég ekki að ræða núna. Við fáum tækifæri til þess vonandi fyrr en síðar. Hér hafa komið bæði fyrirspurnir í þinginu og tillaga um nýtingu þess. Það er mál sem ég er alveg sammála að þarf að taka ákvörðun um fyrr en síðar og mjög eðlilegt að sú ákvörðun verði samhliða því að Landsbókasafnið flytji þaðan út. Það eru margar tillögur á lofti og í menntmrn. eru til ýmis gögn varðandi framtíðarnotkun Safnahússins og hugmyndir um notkun þess. Þar hafa ýmsir ágætir menn komið að verki á undangengnum árum þannig að menn eru svo sem ekkert að vakna upp núna við það hvað eigi að gera við Safnahúsið en endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin og mér þykir líklegt og raunar víst að það mál verði tekið til sérstakrar athugunar alveg á næstunni.

Ég hef áður og á öðrum vettvangi tjáð mig um og ég held að það mál sé endanlega úr sögunni að Hæstiréttur fari þarna inn. Það var sett í það sérstök nefnd ráðuneytisstjóra fyrir tveimur árum að kanna hvort svo gæti orðið. Fulltrúi minn í þeirri nefnd lagðist gegn því og það var að sjálfsögðu með mínum vilja og ég tel og vona að það mál sé endanlega afgreitt.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir velti því nokkuð fyrir sér hvers konar stofnun yrði hér um að ræða. Þetta er jú háskólastofnun eins og segir í frv. en hún er þó með nokkuð sérstökum hætti og það er ástæðan fyrir því að um skipan þjóðbókavarðar fer líka með nokkuð öðrum hætti en starfsmenn háskólans. Þó þetta sé háskólastofnun þá er þetta ekki nein einkaeign háskólans, ef ég má svo að orði kveða. Það er því rétt hjá hv. þm. að þetta er með nokkuð sérstökum brag.

Það má líka vissulega orða það eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði að það er ósamræmi í reglum um skipan í ýmsar stöður og embætti. Ég er ekki viss um að það sé rétt eða eðlilegt að setja einhverja eina reglu um það að embættismenn í einstaka stofnunum skuli skipaðir til jafnlangs tíma. Mér heyrðist hv. þm. velta því líka fyrir sér að það væri svo sem ekki víst að það væri rétt. Ég veit t.d. að við undirbúning nýrra laga um framhaldsskóla hefur það komið upp að skólameistarar skuli skipaðir til takmarkaðs tíma. Ég hef ákveðnar efasemdir um að það sé rétt en ég hef ekki efasemdir um að það sé rétt að skipa t.d. þjóðleikhússtjóra, sem var nefnt hér, til takmarkaðs tíma. En eins og ég segi er sjálfsagt að ræða þetta og alltaf spurning til hve langs tíma eigi að skipa.

Það hefur verið nefnt hvort geyma eigi í þjóðbókasafni hljóðrit. Það er gert ráð fyrir því einmitt í 7. gr. að svo verði gert.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir nefndi hvort ekki mætti fella brott úr 4. gr. þar sem talað er um að heimilt sé að endurskipa aðstoðarþjóðbókavörð og þjóðbókavörð einu sinni án þess að staðan sé auglýst. Það skiptir kannski ekki máli hvort þetta stendur þarna inni. Það hefur verið svo í einstaka stöðum þar sem ráðið er til takmarkaðs tíma að ef stjórnin hefur ekki óskað eftir að starfið yrði auglýst þá hefur verið endurskipað og talið heimilt. Ég nefni þar t.d. forstöðumann Listasafns Íslands sem er ráðinn til takmarkaðs tíma.

Mér er ekki kunnugt um að það hafi orðið sérstakur dráttur á útboðum varðandi hillubúnað í Þjóðarbókhlöðuna nema þá vegna þess að ég hef lagt sérstaka áherslu á að innlendir framleiðendur komi þar að verki ef mögulegt er. Það kostaði sérstakan undirbúning sem ég veit ekki betur en hafi þó ekki tafið málið meira en svo að ekki sé hætta á að það verk dragist úr hömlu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það kom fram ósk frá hv. 9. þm. Reykv. um að fresta næsta dagskrármáli og ráðherra hefur lýst því að hann sé alveg samþykkur því. Nú er hugmyndin að gera hálftíma hlé og til upplýsingar fyrir þingmenn þá vildi forseti geta þess að þjóðminjalög verða ekki tekin til umræðu á þessum fundi.

[Fundarhlé. — 13:19]

Fjáraukalög 1991, 2. umr.

Stjfrv., 68. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 71, nál. 705 og 709.

[13:53]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál hefur tafist allnokkuð í meðförum þingsins og hafa miklar deilur verið sérstaklega um uppsetningu ríkisreiknings sem þetta mál tengist að nokkru leyti. Hins vegar þykir fjárln. nauðsynlegt að frv. verði afgreitt. Í áliti meiri hluta fjárln. segir að nefndin hefur haft frv. til meðferðar og fengið til viðræðna við sig fulltrúa Ríkisendurskoðunar og fjmrn. og fengið skýringar og svör um einstök atriði. Meiri hlutinn mælir með að frv. verði samþykkt og telur að fullnægjandi skýringar hafi fengist frá þeim aðilum sem nefndin hefur rætt við.

[13:54]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er loks komið til 2. umr. frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 þar sem verið er að loka reikningum og ganga frá greiðsluuppgjöri fyrir það ár. Nefndin varð ekki sammála um niðurstöðu þessa greiðsluuppgjörs og kemur þar margt til sem m.a. mun kristallast í ágreiningi um það hvernig fara skuli með ríkisreikning 1991. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 705 um þetta frv. Það er frá minni hluta fjárln. og er svohljóðandi:

„Um nokkurt skeið hefur verið uppi ágreiningur um uppsetningu fjárlaga og fjáraukalaga. Hefur sá ágreiningur verið milli fjármálaráðuneytis og Ríkisendurskoðunar og einnig milli einstakra þingmanna. Fjárlagafrumvörp hafa verið lögð fram á greiðslugrunni en ekki rekstrargrunni. Við gerð fjáraukalaga hefur síðan verið tilhneiging til að taka inn ýmsar skuldbindingar sem ekki eru komnar til greiðslu en þó ekki allar. Af því leiðir að verið er að blanda saman tveimur aðferðum, þ.e. greiðslugrunni sem á að sýna inngreiðslur og útgreiðslur úr ríkissjóði og rekstrargrunni sem til viðbótar greiðslum sýnir einnig ýmsar skuldbindingar ríkisins.

Við afgreiðslu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1990, sem var þriðja frv. sinnar tegundar það ár og til þess gert að stemma af lokatölur fjárlaga, var tekinn inn nýr liður í 3. gr., Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins, 1.458.283 þús. kr. Hækkaði við það gjaldahlið frv. sem þessu nam. Í nál. fjárln. með frv. segir um það:

„Tillaga þessi á rætur að rekja til laga nr. 39/1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, en samkvæmt

þeim var Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins lagður niður. Í ákvæðum til bráðabirgða í lögunum er kveðið á um að ríkissjóður skuli taka við skuldbindingum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins. Meðal skulda, sem ríkissjóður yfirtók, var yfirdráttur á hlaupareikningi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá Seðlabanka Íslands að fjárhæð 1.458.283 þús. kr. Þann 1. nóv. 1990 undirritaði þáverandi fjármálaráðherra skuldabréf til handa Seðlabanka Íslands að sömu fjárhæð til greiðslu á skuldum Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins hjá bankanum."

Þar var því verið að taka inn í fjáraukalagafrumvarp skuldbindingar ríkissjóðs í formi undirritaðs skuldabréfs." — Þetta var gert fyrir árið 1990. — „Fulltrúar stjórnarandstöðunnar gerðu athugasemd við þessa málsmeðferð í nefndinni og í umræðum en stóðu þó að sameiginlegu nál. með fyrirvara. Ekki var ágreiningur um að upphæðin hlyti að koma inn í ríkisreikning en setja þyrfti skýrari reglur áður en hægt væri að taka einstakar skuldbindingar inn í fjáraukalög.

Hér er verið að afgreiða annað fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 1991. Fyrra frv. var samþykkt með lögum nr. 75/1991. Þar var einnig gerð breyting á 3. gr. til hækkunar um 700 millj. kr. vegna skuldbindingar í fasteignakaupum. Í nál. fjárln. segir þar um afstöðu minni hlutans:

„Fulltrúar stjórnarandstöðunnar í nefndinni telja álitamál hvort á að færa skuldbindingar ríkissjóðs vegna fasteignakaupa sérstaklega með þeim hætti sem hér er lagt til, enda eru þessi uppgjörsmál ríkissjóðs í nánari athugun og hafa þeir því um það sérstakan fyrirvara." — Fulltrúar minni hlutans stóðu að þessu nál. en gerðu athugasemdir við það að þarna væri verið að færa inn skuldbindingar sem ekki væru komnar til greiðslu og þar sem ekki væri raunar um það deilt að skuldbindingar *væru inni í fjárlögum* þá vorum við með á þessu nál. en bentum þó á að verið væri að fara inn á braut sem ekki væri enn fullkomin samstaða um.

Nú ber svo við að við afgreiðslu þessa síðara fjáraukalagafrumvarps fellst meiri hluti nefndarinnar ekki á röksemdir Ríkisendurskoðunar fyrir því að taka inn skuldbindingar sem orðið hafa til með sama hætti og þær sem hér er vísað til, þ.e. með undirritun skuldabréfa fyrir hönd ríkissjóðs. Hér er um að ræða eftirfarandi atriði:

1. Lántökur Hafnabótasjóðs til framkvæmda við Sandgerðishöfn, 275 millj. kr.

2. Yfirtaka lána Byggðastofnunar, 1,2 milljarðar kr.

3. Niðurfelling lána Hitaveitu og Rafveitu Seyðisfjarðar, 100 millj. kr."

Um þetta segir nánar í skýrslu Ríkisendurskoðunar um lántökur Hafnabótasjóðs:

„Þegar frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1991 var til umfjöllunar í fjárln. gerði Ríkisendurskoðun athugasemdir vegna þessa máls og taldi að taka ætti inn í frv. þessa lántöku ríkissjóðs og færa sem framlag til Sandgerðishafnar. Í ríkisreikningi fyrir árið 1991 hefði átt að færa til baka lánveitingu til Hafnabótasjóðs á móti lækkun á ógreiddum gjöldum. Með fjármögnun á framlagi þessu ber að fara með eins og önnur útgjöld ríkissjóðs, þ.e. útborgun úr sjóði og/eða með lántökum. Málsmeðferð þessi er gagrýnisverð [segir Ríkisendurskoðun] enda samrýmist hún hvorki hafnalögum né lögum um gerð rkisreiknings og fjárlaga."

Þetta voru þær athugasemdir sem komið hafa fram um lántökur Hafnabótasjóðs, sem ekki er fært hér inn í fjáraukalög fyrir árið 1991. Hvað varðar yfirtöku lána Byggðastofnunar, sem eru upp á 1,2 milljarða, þá segir, með leyfi forseta, í skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga árið 1991:

„Að mati Ríkisendurskoðunar eru 1,2 milljarðar kr. af viðskiptareikningi ófærðir til gjalda samkvæmt yfirliti frá ríkisbókhaldi. Ástæða þessa er sú að í maímánuði 1991 yfirtók ríkissjóður 1,2 milljarða kr. skuld Byggðastofnunar við Framkvæmdasjóð Íslands. Ríkissjóður hefur greitt af þessum lánum á árinu 1991 tæpar 300 millj. kr., þar af tæplega 100 millj. kr. sem vaxtagjöld. Ljóst er að ríkissjóður á ekki endurkröfu á hendur öðrum aðila og því er ekki hægt að færa mótbókun lánsins sem viðskiptakröfu. Yfirtaka á láni þessu á að mati Ríkisendurskoðunar að eiga sér mótbókun á gjaldahlið sem framlag til Byggðastofnunar en ekki á viðskiptareikning. Rekstrarhalli á A-hluta ríkissjóðs eykst sem því nemur en á móti lækka útgreiðslur um*fram inngreiðslur á viðskiptareikningi um sömu fjárhæð. Það sama á við um eftirgjöf ríkissjóðs á lánum til Hitaveitu og Rafveitu Siglufjarðar að fjárhæð tæpar 100 millj. kr. ..."

Það er vitnað þarna í samkomulag milli fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs og bæjarstjórnar Siglufjarðar frá 5. apríl 1991. Þetta er alveg skýrt að þessi þrjú atriði, sem við í minni hluta fjárlaganefndar nefnum að þurfi að vera inni í fjárlagadæminu, eru einmitt sömu athugasemdir og hafa komið fram um þetta frá Ríkisendurskoðun.

Undirritaðir nefndarmenn í minni hluta fjárln. telja að hér gæti misræmis við uppsetningu fjáraukalaga þar sem ýmist er verið að taka inn skuldbindingar ríkissjóðs eða ekki og virðist faglegt mat ekki ráða þar för. Það er ekki um það deilt að þessar upphæðir verði teknar ýmist inn í ríkisreikning 1991 eða 1992, en það sem við erum hér að ræða um eru fjárlög og fjáraukalög og okkur finnst í minni hlutanum að þar sé misræmi á milli. Það sé ekki alltaf farið eftir faglegum aðferðum í því hvort þær skuldbindingar sem hér um ræðir eru teknar inn í fjárlög/fjáraukalög eða ekki. Síðan er ágreiningur um það hvernig skuli færa þessar lántökur Hafnabótasjóðs.

Það hefur oft verið tekist á um það úr þessum ræðustól hvernig skuli fara með þessar færslur og hvernig *skuli sýna fjárlög og ríkisreikning þannig* að hægt sé að bera þar saman tölur. Ég ætla ekki að eyða miklum tíma í að fara nánar í það. Endanlega er þetta gert upp með ríkisreikningi fyrir hvert ár fyrir sig. Ég tel að það verði frekari umræða um þessi mál, sem okkur finnst skipta verulegu máli, þegar kemur að því að ræða um ríkisreikning fyrir árið 1991 og síðar fyrir árið 1992.

Við teljum að það verði að gilda alveg óumdeildar

og skýrar reglur um uppsetningu fjárlaga og fjáraukalaga. Ríkisreikningsnefnd, sem oft hefur verið vitnað hér til í þessum umræðum, hefur ekki enn skilað formlega af sér, alla vega ekki inn til fjárln., tillögum um breytingar á gerð fjárlaga og ríkisreiknings, þrátt fyrir að hún hafi unnið mikið starf núna á síðustu árum. Við höfum þó um það rökstuddan grun að þó svo að sú nefnd sem hér er vitnað til muni skila tillögum sem gangi þvert á það sem hefur verið niðurstaðan í fjáraukalögum fyrir árið 1991 og ríkisreikningi þá muni það ekki koma til með að breyta neinu í þessu dæmi. Í sjálfu sér er kannski eðlilegt að það sem nefndin er að vinna að í dag komi þá til framkvæmda í framtíðinni en virki ekki aftur fyrir sig.

Að öllu þessu samanlögðu þá tel ég að það sé mjög skýr sú afstaða okkar í minni hluta fjárln. að við viljum ekki taka ábyrgð á svo misvísandi vinnubrögðum og viljum samkvæmt því sitja hjá við afgreiðslu þessa frv., þó hér sé aðeins um lokatölur að ræða og sumum finnist það e.t.v. ekki skipta miklu máli hvernig ríkisbókhald sé stemmt af. En það eru nokkur grundvallarsjónarmið sem þar stangast á og við teljum að meiri hluti nefndarinnar hljóti í þessu tilfelli að taka ábyrgð á þessum vinnubrögðum og þau hafa verið nokkuð misvísandi fyrir árið 1990 og árið 1991.

Undir þetta nál. sem ég hef hér gert grein fyrir skrifa Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Guðmundur Bjarnason, Jón Kristjánsson, Guðrún Helgadóttir og Margrét Frímannsdóttir.

Ég tel að það sé ekki nauðsyn á að fara nákvæmlega í þetta. Hér verða einnig til umræðu fjáraukalög fyrir árið 1992, sem eru nánast framhald af þessu. En eins og ég sagði áðan þá tel ég að sá ágreiningur sem hér er, bæði um uppsetningu fjárlaga og fjáraukalaga og síðan ríkisreiknings í framhaldi af því, muni kristallast enn betur í umræðum um ríkisreikninginn fyrir árið 1991.

[14:07]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Vestf. hefur gert grein fyrir nál. minni hluta fjárln. um þetta mál. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta, vildi aðeins víkja að þeim ágreiningi sem verið hefur um uppsetningu ríkisreiknings og þá misvísun sem hér er á milli ára varðandi þau mál.

Afstaða fulltrúa Framsfl. í fjárln. hefur verið sú að við höfum viljað bíða niðurstöðu ríkisreikningsnefndar um þetta mál. Við höfum ekki tjáð okkur um það á meðan ríkisreikningsnefnd er að störfum. Ríkisreikningsnefnd mun vera komin alllangt í störfum sínum og það er ljóst að álit hennar mun fjalla um hver framtíðin verður í þessum efnum en ekki um fortíðina. Það sem ræður afstöðu okkar í þessu efni er það að fyrst hún er sett út fyrir sviga, ef svo má að orði komast, fortíðin, þá verður auðvitað ekkert hjá því komist að taka tillit til þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram um uppsetningu frá Ríkisendurskoðun. Það er náttúrlega fullkomlega óeðlilegt að afgreiða fjáraukalögin með þeim hætti sem hér er lagt til og við í minni hlutanum getum ekki borið ábyrgð á þeirri afgreiðslu.

Þetta vildi ég láta koma fram þótt hv. framsögumaður nefndarinnar hafi gert ágæta grein fyrir þessari afstöðu í framsöguræðu sinni.

[14:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að þegar ríkisreikningurinn kemur til meðferðar þá fái þetta sérstaka deilumál sem hér er rætt ítarlegri umræðu heldur en kostur er á í þetta skipti, m.a. með hliðsjón af því að hv. 2. þm. Norðurl. v., sem er einn af yfirskoðunarmönnum ríkisreiknings, er fjarverandi núna.

Ég vil hins vegar segja að mér finnst sérkennilega á þessu máli haldið. Ég verð að vísu að játa að áður en ég fór að vinna í þessum ríkisreikningsmálum þá hafði ég ekki áttað mig á þessum málum í einstökum atriðum. En það sem ég á erfiðast með að skilja í málinu er það að fjmrn. skuli ekki beita sér fyrir og knýja fram samkomulag í þessu deilumáli. Hér er fyrst og fremst um að ræða fyrirkomulagsatriði varðandi uppsetningu og frágang á ríkisreikningi á fjárlögum. Um þetta eiga menn ekki að þurfa að vera að rífast árum saman og halda langa fundi um mál af þessu tagi, takandi deilumál af þessu tagi fyrir undir hverju þingmálinu á fætur öðru um ríkisreikning og fjáraukalög. Menn eiga sem sagt að reyna að leysa mál af þessum toga, fyrirkomulagsatriði og uppsetningaratriði. Sérstaklega finnst mér að það sé brýnt að menn átti sig á því að Ríkisendurskoðun, sem er nú aðalráðgjafi Alþingis á þessu sviði, segir hvorki meira né minna en það að færslan á Hafnabótasjóði til framkvæmda við Sandgerðishöfn samrýmist hvorki hafnalögum né heldur lögum um ríkisreikning. Það er nú nokkuð mikið sagt. Það þarf dálítið hrausta menn, karla og konur, hér í þessari stofnun til að láta sem ekkert sé þegar Ríkisendurskoðun lætur frá sér fara þá niðurstöðu að færslan á lántökum Hafnabótasjóðs til framkvæmda við Sandgerðishöfn upp á 275 millj. kr. sé lögbrot. Það er sagt að það sé lögbrot. Það er alveg eins skýrt og það getur verið.

Í tilefni af þessu hafði ég kannski gert ráð fyrir að hæstv. fjmrh. mundi greina okkur frá því hvernig hann hygðist vinna að sáttum í þessu máli. Ég hafði ekki hugsað mér að fara að ræða málið ítarlega hér við þessa umræðu, en ég vildi úr því að hann er hér viðstaddur spyrja hann að því hvernig hann hyggst vinna að sáttum í þessu máli.

Því er einlægt borið við að þessi ríkisreikningsnefnd — ég hefði nú gaman af því að fara að sjá hana — sé alveg stöðugt að endalausum störfum, með gengdarlaus fundarhöld og mikla pappírshauga. Það er nú meiri nefndin. Mér skilst að þessi nefnd hafi verið á fundum árum saman og aldrei tekið sér hlé frá störfum. En það kemur ekkert frá henni. (**Gripið fram í:** Hún byrjaði 1990.) Búin að vera í fjögur ár. Þetta er sennilega einhver allra starfsamasta og erfiðasta nefnd sem um getur í nefndasögu Íslendinga og er það skrautleg flóra orðin eins og kunnugt er. En þessi ríkisreikningsnefnd sem átti að skila í hittiðfyrra og fyrra, fékk tvö termín á árinu 1993, ef ég man rétt, hún er víst ekki búin að skila enn þá. Það er alltaf beðið eftir þessum Godot, sem er þessi ríkisreikningsnefnd. Það

væri kannski sniðugt ef hæstv. fjmrh. vildi t.d. útvega okkur mynd af henni einhvern tímann, þessari ríkisreikningsnefnd, til að vita hvernig þetta er. Helst kvikmynd til að það sæist hvernig þeir bera sig að við störfin í þessari ofboðslega merkilegu nefnd, þessari ríkisreikningsnefnd.

Ég vildi sem sagt inna hæstv. ráðherra eftir því hvað hann hyggst gera áður en hans tímabili lýkur, sem verður nú örugglega á einhverjum tíma. Kannski lifir hann ríkisreikningsnefndina, kannski að hún verði hjá næsta fjmrh. og þarnæsta líka, að menn séu ævinráðnir í þá sjoppu. Það er nú einhver straumur frá ráðherranum að vísu yfir götuna sé ég núna, þarna í svarta húsið hinum megin, Seðlabankann, þeir vilja fara þangað bæði undir nafni og nafnleynd. Óska nafnleyndar. Það ku vera á leiðina þarna yfir götuna einhver maður frá hæstv. fjmrh. sem langar til að verða seðlabankastjóri líka. Þannig að það er brostinn flótti í liðið. En ég vona samt að þessi ríkisreikningsnefnd fái að halda sér, það sé ekki brostinn flótti í þá miklu verkmenn sem eru í ríksireikningsnefndinni, nema þeir séu að fara líka. Þá er nú skarð fyrir skildi og bregður sól sumri ef ríkisreikningsnefnd fer að leggjast af og menn geta hætt að bíða eftir henni.

En hvað hefur hæstv. ráðherra gert til að leysa úr þessum ágreiningi? Hann á auðvitað að gera það. Það er hans embættisskylda, sérstaklega þegar Ríkisendurskoðun kveður upp þann úrskurð að meðferð þeirra á færslum Hafnabótasjóðs sé lögbrot. Hvað hefur hann gert?

[14:16]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þetta mál er til umræðu hér í þinginu. Ég hygg að þetta sé í þriðja ef ekki fjórða skipti sem við ræðum um fjáraukalög fyrir árið 1991 og í öll skiptin hefur þetta tiltekna atriði sem hv. þm. ræddi verið til umræðu.

Ríkisreikningsnefnd hefur haldið fjölmarga fundi. Í síðasta mánuði kom ég á fund nefndarinnar og sá þá að nefndarstarfið hafði gengið það vel að fyrir liggja drög að niðurstöðu, sem reyndar er heil bók og mjög flókin ritsmíð. Ég get lofað hv. þm. því að þrátt fyrir stærð verksins og umfang þá leysir það ekki allar deilur um bókhaldsmál ríkisins. Það verður aldrei gert. Menn geta sýknt og heilagt rifist um reikningshald og bókhald.

Ég hef hins vegar beitt mér fyrir því og ræddi á þessum fundi við bæði formann nefndarinnar, sem jafnframt er núv. ráðuneytisstjóri fjmrn., og ríkisendurskoðanda og við vorum allir þrír sammála um að það væri affarasælast fyrir málið að það fengi afgreiðslu nú. Það skipti ekki öllu máli hver búningurinn væri, því þarna væri um að ræða tilfærslu á milli ára, aðalatriðið væri að fá lausn í þetta mál og ég veit ekki betur en að þau boð hafi borist nefndinni. Það er auðvitað Alþingis að taka endanlega afstöðu til málsins. Það er hægt að gera það með því að breyta frv. En ég hygg að besta leiðin sé sú leið sem meiri hluti hv. nefndar leggur til og styð þá leið að sjálfsögðu.

[14:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að þeir, ráðuneytisstjórinn og „óskar nafnleyndar", hafi komist að sameiginlegri niðurstöðu áður en þeir fara yfir í Seðlabankann þar sem þá langar til að vinna. En ég trúi hins vegar ekki, hæstv. ráðherra, að ríkisendurskoðandi hafi hvatt til lögbrota. Hæstv. ráðherra orðaði það þannig að hann ásamt ríkisendurskoðanda og ráðuneytisstjóranum í fjmrh. hefðu verið þeirrar skoðunar að best væri að Alþingi afgreiddi málið einhvern veginn. Ef það er niðurstaða þeirra og að það sé best að gera það á grundvelli þess sem meiri hlutinn leggur til er meiri hluti Alþingis að leggja blessun sína yfir lögbrot.

Ég get svo sem trúað ýmsu upp á hæstv. fjmrh., en ég trúi því ekki að ríkisendurskoðandi leggi það til að lögin verði brotin með þeim hætti sem hann telur þessa færsluaðferð vera. Hann er þá ekki mjög sjálfum sér samkvæmur, ríkisendurskoðandi, verð ég að segja, ef þetta er rétt eftir honum haft.

[14:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. seilast nokkuð langt í að skýra ræðu þess sem hér stendur.

Ég sagði það eitt að þessir ágætu embættismenn sem ég vitnaði til hefðu sagt að það væri affarasælast fyrir málið að það yrði afgreitt sem fyrst. Ég vek athygli hv. þm. á því, hafi það farið fram hjá honum, að fjáraukalög eru lög og það er Alþingi sem verður að samþykkja fjáraukalagafrv. Þegar það hefur verið samþykkt er það orðið að lögum. Þess vegna er niðurstaðan lög. Það sem er slæmt fyrir þetta mál er það að hér er verið að fara í gegnum fjáraukalög fyrir árið 1991, það er verið að ræða um heimildir sem er löngu, löngu búið að vinna eftir og það eru nokkur ár liðin síðan. Þess vegna skiptir það mestu máli nú að halda ekki áfram þrætum sem ekki er hægt að ná niðurstöðu um samhljóða. Það er samhljóða samt sem áður álit okkar sem um þessi mál fjalla að við fáum niðurstöðu í málið. Og þegar fyrir liggur álit ríkisreikningsnefndar, sem mun verða innan tíðar, þá geta menn rætt þessi mál aftur, farið yfir þau, skoðað og athugað um breytingar. En ég hef lofað hv. þm. því að sú niðurstaða rænir okkur ekki möguleikanum á því að halda áfram að rífast um bókhaldsmál ríkisins því þau eru þannig vaxin að það er hægt að rífast um þau eins og bókhald yfirleitt. (**Gripið fram í:** Þetta er ...) Nei.

[14:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hæstv. ráðherra sagði var það að ráðuneytisstjórinn í fjmrn. og ríkisendurskoðandi hefðu ásamt honum komist að þeirri niðurstöðu að það væri affarasælast að afgreiða málið. Ráðherrann sagðist vera þeirrar skoðunar að það væri heppilegast að það gerðist á grundvelli álits meiri hlutans sem stangast á við hafnalög, lög um Hafnabótasjóð og lög um meðferð ríkisreiknings samkvæmt bókfærðum yfirlýsingum ríkisendurskoðanda. Ég segi það því alveg eins og er að ég trúi því ekki að mál liggi þannig að

ríkisendurskoðandi sé með þessu að leggja á neinn hátt blessun sína yfir þetta mál og þessa málsmeðferð þó að ég geti út af fyrir sig skilið það vel að hann telji það þrifalegast miðað við allar aðstæður að fara að koma þessu máli út úr heiminum og síðan verði tekið á því á öðrum vettvangi. Með hliðsjón af því finnst mér að afstaða minni hlutans í þessu máli sé skynsamleg miðað við allar aðstæður.

[14:21]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð í viðbót við það sem ég sagði áðan. Eftir þær umræður sem hafa orðið er alveg ljóst að verið er að deila um hvenær á að taka inn þær skuldbindingar sem þarna liggja á milli. Þær liggja líka stundum á milli A-hluta og B-hluta og það er spurning hversu mikið á að taka inn af B-hluta ábyrgðum og skuldbindingum yfir í A-hluta þegar verið er að gera upp fjáraukalög ársins.

Ríkisendurskoðun segir t.d. í umsögn sinni um ríkisreikning 1991 og er þar einmitt verið að vitna til þessarar margumtöluðu reikningsnefndar, með leyfi forseta:

„Vinnuhópurinn leggur til að í fjárlögum og ríkisreikningi verði gerð sérstök grein fyrir ábyrgðum utan efnahags. Hér er um að ræða ýmsa sjóði sem eru utan A-hluta fjárlaga en ríkissjóður er í ábyrgð fyrir. Hér er m.a. um að ræða Byggingarsjóð ríkisins, Byggingarsjóð verkamanna, Lánasjóð ísl. námsmanna, Framkvæmdasjóð og Byggðastofnun."

Við vorum einmitt að nefna áðan Framkvæmdasjóð og Byggðastofnun. Auðvitað er spurning hvort það eigi alltaf að vera að taka inn einhverjar skuldbindingar sem hugsanlega falla á ríkissjóð síðar en eru ekki komnar til greiðslu og jafnvel ekki búið að samþykkja þær í lánsfjárlögum eins og var með Framkvæmdasjóðinn. Það er spurning hvort það er nokkuð réttlætanlegt að vera að færa þessar ábyrgðir yfir í greiðsluuppgjör fyrir A-hluta ríkissjóðs.

Ég get svo sem tekið undir það með hæstv. fjmrh. að við getum endalaust haldið áfram að deila um þetta. En strax á árinu 1991 hefur þó ríkisreikningsnefnd komist að þeirri niðurstöðu að hægt væri að gera sérstaka grein fyrir þessum ábyrgðum utan efnahags og maður hreinlega spyr sjálfan sig: Hvers vegna í ósköpunum er ekki búið að taka frekari afstöðu til þessa máls hér og nú árið 1994?

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1992, 2. umr.

Stjfrv., 67. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 70, nál. 706 og 708.

[14:24]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992.

Nefndin hefur haft frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 til athugunar. Frv. þetta er annað fjáraukalagafrumvarpið sem lagt er fyrir Alþingi til samþykktar á umframgreiðslum úr ríkissjóði frá heimildum fjárlaga 1992. Alþingi samþykkti í desembermánuði 1992 fjáraukalög, nr. 118/1992, en þau fólu í sér auknar greiðsluheimildir frá fjárlögum 1992 um tæpa 3 milljarða króna. Með frv. þessu er sótt um heimildir til endanlegs greiðsluuppgjörs A-hluta ríkissjóðs á árinu 1992.

Í fjáraukalögum fyrir árið 1993 er heimild til að flytja milli ára fjárveitingar til viðhalds- og stofnkostnaðar og enn fremur í nokkrum tilvikum rekstrargjöld vegna aðhalds og sparnaðar í rekstri á árinu 1992.

Í frv. kemur fram að greiðslur úr ríkissjóði séu nettó 2.491 millj. kr. lægri en heimildir gerðu ráð fyrir. Sótt er um viðbótarheimildir að fjárhæð 1.330 millj. kr. en á móti eru greiðsluheimildir lækkaðar um 3.821 millj. kr.

Við afgreiðslu nefndarinnar á frv. gerðu fulltrúar fjmrn. grein fyrir einstökum viðbótargreiðsluheimildum sem óskað var eftir frekari skýringum á. Þá kallaði nefndin til fulltrúa Ríkisendurskoðunar sem gerði grein fyrir athugasemdum stofnunarinnar sem fram koma m.a. í skýrslu hennar um framkvæmd fjárlaga árið 1992.

Að lokinni athugun fjárln. á frv. og að teknu tilliti til þeirra skýringa, sem hún hefur fengið frá fjmrn. og Ríkisendurskoðun, leggur meiri hlutinn til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Undir nál. rita Sigbjörn Gunnarsson, Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Árni M. Mathiesen, Gunnlaugur Stefánsson og Árni Johnsen.

[14:26]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Þetta frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1992 endurspeglar áfram sama ágreiningsmálið sem hér hefur verið uppi. Ég geri hér grein fyrir nál. minni hluta fjárln. um frv. á þskj. 706.

Frv. þetta er annað fjáraukalagafrumvarpið fyrir árið 1992 sem lagt er fyrir Alþingi til samþykktar á umframgreiðslum úr ríkissjóði frá heimildum fjárlaga 1992. Alþingi samþykkti fyrri fjáraukalög í desember 1992, lög nr. 118/1992, sem fólu í sér auknar greiðsluheimildir. Þar var gert ráð fyrir að halli fjárlaga 1992 yrði alls 10,058 milljarðar kr. Með þessu frv. er sótt um endanlegar greiðsluheimildir ríkissjóðs á árinu 1992.

Það kemur í ljós í þessu frv. að það frv. til fjáraukalaga 1992, sem samþykkt var í desember 1992, er talsvert langt frá raunveruleikanum. Þannig eru greiðslur nú tæpum 2,5 milljörðum kr. lægri en lög nr. 118/1992 gerðu ráð fyrir og tekjur, sem höfðu verið lækkaðar um 2,4 milljarða kr. með þeim sömu lögum, eru nú hækkaðar um 400 millj. kr. Rekstrarhalli ríkissjóðs var því aukinn með fyrri fjáraukalögum 1992 um tæpa 6 milljarða kr. en er nú lækkaður aftur um tæpa

3 milljarða kr. Er það vægast sagt lítt traustvekjandi að svo miklu geti munað á fjáraukalögum sem samþykkt eru í desember 1992 og raunverulegu uppgjöri nokkrum dögum síðar.

Minni hlutinn telur að með þessu frv. sé það staðfest að ríkisstjórnin hefur engan veginn náð þeim markmiðum sem hún setti sér við gerð fjárlaga 1992. Halli ríkissjóðs árið 1992 tvöfaldast frá því sem fjárlög gerðu ráð fyrir. Minni hlutinn vísar til nál. síns með fyrra fjáraukalagafrumvarpi fyrir árið 1992 á þskj. 407 á 116. löggjafarþingi því til staðfestingar.

Enn er uppi sama staða og var um afgreiðslu fjáraukalaga 1991, þ.e. hvernig færa skuli skuldbindingar ríkissjóðs fyrir árið 1992. Ríkisreikningsnefnd, sem hefur á síðustu missirum verið að endurskoða lög um ríkisbókhald og gerð fjárlaga, hefur ekki enn skilað áliti þegar þetta er ritað.

Samkvæmt framansögðu mun minni hlutinn sitja hjá við lokaafgreiðslu frv.

Undir þetta rita ásamt mér hv. þm. Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Margrét Frímannsdóttir og Jón Kristjánsson.

Um þetta frv. ætla ég ekki að fara mörgum orðum frekar en hið fyrra. Ég tel að hér sé búið að ræða mjög mikið um þetta mál og ekki ástæða til að lengja það mikið. Mér finnst þó ástæða til að nefna eitt atriði til viðbótar því sem áður hefur komið fram. Í sambandi við skýrslu Ríkisendurskoðunar um framkvæmd fjárlaga frá 1992 var gerð grein fyrir því þegar farið var yfir fjármagnsstreymi í A-hluta ríkissjóðs að í febrúar 1992 tók ríkissjóður erlent lán að fjárhæð 5,6 milljarðar kr. sem var ráðstafað til greiðslu á yfirdráttarskuld ríkissjóðs í Seðlabankanum frá árinu 1991. Þessi lántaka er hins vegar ekki meðtalin í erlendum lántökum ríkissjóðs í yfirlitinu sem fylgir með fjárlögum og fjáraukalögum fyrir þetta ár. Má segja að það sé dálítið sérkennilegt hvernig yfirdráttarskuldin í Seðlabanka Íslands verður upp sett. Vextir af henni koma að fullu inn á árið 1991 sem viðbótargjöld á því ári en síðan er þetta lán tekið í febrúar 1992 og vextir af því koma að sjálfsögðu ekki inn á því ári. Þeir greiðast eftir á. Þannig er hægt að sýna fram á að vaxtagreiðslur til Seðlabanka Íslands vegna yfirdráttar á hlaupareikningi árið 1991, þegar stjórnarskipti voru eins og menn vita, hafi farið mjög úr böndunum eða orðið sem sagt 1,5 milljarðar kr. En á árinu 1992 lækka þessar vaxtagreiðslur mikið vegna þess að í febrúar er tekið lán til að standa straum af þessari yfirdráttarheimild og raunar setur ríkisstjórnin sér það markmið að vera ekki með yfirdráttarlán í Seðlabankanum heldur selja víxla fyrir því sem þarf að nota umfram það sem til er. Þar af leiðandi verða vaxtagreiðslur ríkissjóðs miklum mun lægri með þessari aðferð á árinu 1992 en þær voru á árinu 1991.

Ég tel rétt að vekja hér athygli á þessu vegna þess að þetta er eitt atriði í því að lækka halla fjárlaga árið 1992 og er hann þó ærinn fyrir þar sem hann tvöfaldast frá fjárlögum.

Eins og ég sagði áðan, þá sýnist okkur að hér sé enn verið að reyna að ljúka fjáraukalagafrumvörpum án þess að menn séu sammála um hvernig það skuli gert. Jafnframt er verið ýmist að taka inn ýmsar skuldbindingar og lán eða gera það ekki. Við viljum ekki vinna að því að slíkt sé gert og munum þar af leiðandi sitja hjá við afgreiðslu þessa frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjöleignarhús, 2. umr.

Stjfrv., 143. mál (heildarlög). — Þskj. 159, nál. 770, brtt. 771.

[14:34]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um fjöleignarhús frá félmn. Nefndin hefur fjallað um frv. og fékk á fund sinn til viðræðna Sigurð Helga Guðjónsson hrl., Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félmrn., og Hrafnhildi Stefánsdóttur, lögfræðing frá Vinnuveitendasambandi Íslands. Þá studdist nefndin við umsagnir er henni bárust á 116. og 117. löggjafarþingi frá Eiríku Friðriksdóttur, húsfélaginu Æsufelli 2, 4 og 6, Húseigendafélaginu, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, stjórn Samtaka gegn astma og ofnæmi, sýslumanninum í Reykjavík, Húsnæðisstofnun ríkisins, héraðsdómi Reykjavíkur, byggingarfulltrúanum í Reykjavík, Fasteignamati ríkisins, Vinnuveitendasambandi Íslands, Neytendasamtökunum, Arkitektafélagi Íslands, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Félagi fasteignasala, Verkfræðingafélagi Íslands, Búseta sf., Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands.

Frv. þetta var fyrst lagt fram á 116. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Áður en það var lagt fram á 117. þingi voru gerðar á því nokkrar breytingar með tilliti til umsagna sem um það höfðu borist til nefndarinnar.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Lagt til að við 2. gr. bætist ný málsgrein þar sem eigendum fjöleignarhúsa, sem hýsa eingöngu atvinnustarfsemi, verði veitt heimild til að semja á annan veg en frv. gerir ráð fyrir. Mismunandi sjónarmið þykja eiga við um fjöleignarhús eftir því hvort þar fer fram hreinn atvinnurekstur eða um er að ræða íbúðarhúsnæði. Atvinnuhúsnæði, sem frv. gæti tekið til, er mjög fjölbreytt og mismunandi að stærð og gerð og er rekstur sameignar þar oft viðamikill og flókinn, t.d. í verslunarmiðstöðvum. Ekki þykir því ástæða til að lögfesta ákvæði sem takmarka frjálsa samninga um rekstur sameignar hreins atvinnuhúsnæðis. Breytingin á 77. gr. byggist á sömu sjónarmiðum. Ljóst er að í sumum tilvikum gilda þegar ítarlegir samningar milli eigenda um atvinnuhúsnæði, en að óbreyttu mundi ákvæði 77. gr. leiða til að þinglýst samningsákvæði um slíkt húsnæði mundu víkja fyrir ákvæðum laganna. Með þeim breytingum, sem nefndin leggur til, ætti að vera tryggt

að ekki verði hróflað við þeim samningum sem nú þegar gilda um atvinnuhúsnæði.

2. Breytingin við A-lið 41. gr felur í sér að til að mega halda hunda eða ketti í fjöleignarhúsi verði að fá samþykki þeirra eigenda sem hafa hvers kyns sameiginlegt húsrými. Tillagan byggist fyrst og fremst á að nokkuð er um að börn og fullorðnir hafi ofnæmi fyrir þessum dýrum. Getur slíkt ofnæmi haft það alvarleg áhrif að fólk geti jafnvel þurft að flytja úr eigin íbúðarhúsnæði gangi ekki að fá skilning sameigenda á þessu vandamáli. Er breytingunum ætlað að koma í veg fyrir slíkar aðstæður. Til samræmis er einnig lögð til breyting á 5. tölul. 74. gr. þannig að reglur um hunda- og kattahald komi fram í húsreglum fjölbýlishúsa sé það á annað borð heimilað.

3. Lagt er til að við 46. gr., sem geymir frávik frá reglum um skiptingu sameiginlegs kostnaðar, bætist þrjár nýjar málsgreinar. Að óbreyttu þykir 46. gr. ekki vernda nægilega rétt þeirra eigenda sem telja sig misrétti beitta vegna reglna 45. gr. um greiðslu húseigenda á sameiginlegum kostnaði. Sem dæmi má nefna að gert er ráð fyrir jafnri skiptingu kostnaðar við sameiginleg bílastæði en þar sem um verulegan mismun er að ræða á eignarhlutdeild getur slík skipting talist ósanngjörn. Því er lagt til að í nýrri 5. mgr. komi fram að geti eigandi sýnt fram á að skipting kostnaðar skv. 45. gr. sé óeðlileg og ósanngjörn í hans garð og hann fær ekki leiðréttingu sinna mála á vettvangi húsfélagsins geti hann leitað réttar síns með kröfu um ógildingu eða viðurkenningu á sanngjarnari og eðlilegri skiptingu kostnaðar. Þá er lagt til að í 6.–7. mgr. verði reglur um skyldu eiganda til að bera fram mótmæli sín og kröfur um sanngjarna kostnaðarskiptingu strax og tilefni gefst til og kveðið á um málshöfðunarfrest út af kostnaðarskiptingu.

4. Lagt er til að 3. mgr. 51. gr., þar sem mælt er fyrir um lögveðsrétt á skaðabótakröfu, falli brott. Þar sem í raun er verið að mismuna kröfuhöfum með veitingu lögveðsréttar verður að telja eðlilegt að farið sé mjög varlega í að viðurkenna slíkan rétt fyrir kröfum á fasteignum. Til að heimila lögveðsrétt verða mjög knýjandi rök að vera fyrir hendi en svo þykir ekki vera í þessu tilviki.

5. Lögð er til breyting á gildistökuákvæði frv. þannig að lögin taki gildi 1. jan. 1995. Ljóst er að ein höfuðforsenda þess að lögin hafi tilætluð áhrif er að nægur tími gefist til aðlögunar og kynningar á þeim. Meðal annars þarf að semja og setja nýjar reglugerðir og gefa eigendum og húsfélögum tóm til nauðsynlegrar aðlögunar að breyttum reglum. Þykir hæfilegur tími til þeirrar aðlögunar vera til næstu áramóta.

Undir þetta nál. rita allir nefndarmenn í félmn., Rannveig Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Gísli S. Einarsson, Einar K. Guðfinnsson, Eggert Haukdal, Kristinn H. Gunnarsson, Ingibjörg Pálmadóttir með fyrirvara, Jón Kristjánsson og Guðjón Guðmundsson.

[14:40]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um fjöleignarhús er nú komið til 2. umr. eftir allítarlega yfirferð í hv. félmn. Þær breytingar sem hér er mælt fyrir eru breytingartillögur sem við skrifum öll undir í félmn. og eru allar til bóta.

Við 1. umr. málsins gerði ég að umræðuefni ýmis atriði sem mér fannst torskilin í frv. þessu og auðvelt að misskilja. Eflaust hef ég talað nokkuð glannalega við 1. umr. þessa máls en lög sem hafa að geyma jafnmörg svör við álitaefnum sem upp kunna að koma varðandi sameignir þurfa að sjálfsögðu að vera auðskiljanleg og aðgengileg. Í upphafi fannst mér frv. fullítarlegt en umsagnaraðilar um frv. vildu flestir hafa það enn ítarlegra enda hefur fjöleignarhús — sem er nýyrði, gæti eins verið sameignarhús — að geyma ýmiss konar húsnæði, fjölbýlishús, atvinnuhúsnæði, húsnæði til annarra nota, t.d. tómstundastarfa, blandað húsnæði, raðhús o.s.frv. Það þurfa því auðvitað að vera sérgreind mjög nákvæmlega öll þessi húsnæði og það er mjög erfitt að samræma þau mismunandi sjónarmið sem kunna að vera í þessum húsum.

Ég tel þær brtt. sem hér er mælt fyrir mjög til bóta flestar hverjar og þær helstar að það þarf samþykki allra íbúa í sameignarhúsum til að halda dýr, ketti og hunda. Það er mjög mikið atriði því það hafa verið erfiðleikar víðast hvar vegna þess að margir eru með ofnæmi fyrir dýrum. Eins og kom fram í framsöguræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur hefur það jafnvel orðið til þess að fólk hefur þurft að flytja úr sínu eigin húsnæði vegna þess að það hefur ekki þolað þetta dýrahald.

Ég tel líka þær breytingar til bóta sem hér eru lagðar fram varðandi kostnaðarskiptingu. Þegar kostnaðarskipting er talin ósanngjörn hafa aðilar málskotsrétt. Það er líka nýtt.

En það sem ég hef fyrirvara út af er það að mér finnst að þegar á að gera meiri háttar breytingar á fjölbýlishúsi eða sameign, ég nefni sem dæmi að það þurfi að skipta um þak eða klæða blokk að utan, þá finnst mér ekki nægjanlegt að aðeins helmingur eigenda mæti á fund þar sem slík ákvörðun er tekin og það sé aðeins tilskilinn hluti þessa helmings sem geti tekið ákvörðun fyrir alla íbúana um mjög bindandi skuldbindingar. Þarna finnst mér að hefði átt að vera stærri hluti eigenda sem tæki ákvarðanir.

Að öðru leyti ætla ég ekki að elta ólar við ýmislegt sem ég ræddi um við 1. umr. Ég tel að þetta frv. sé orðið ásættanlegt að meginhluta til. Margir þeir sem hafa fengið þetta mál til umsagnar telja að í því felist mikil réttarbót og innan tíðar verður það á munni hvers og eins sem býr í sameignarhúsi að hann búi í fjöleignarhúsi. Við munum venjast þessu því svo má illu venjast að gott þyki. Ég mun styðja þetta frv. þegar það kemur til atkvæðagreiðslu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sveitarstjórnarlög, 2. umr.

Frv. KHG o.fl., 156. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 174, nál. 768.

[14:45]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 768 frá félmn. um frv. til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveimur þingum. Á 116. löggjafarþingi fékk nefndin á fund sinn Vilhjálm Vilhjálmsson, formann Sambands íslenskra sveitarfélaga. Þá bárust henni umsagnir frá hreppsnefndum Öxnadalshrepps, Tjörneshrepps, Hraungerðishrepps, Fellahrepps, Hofshrepps, Borgarhrepps, Stöðvarhrepps og Miklaholtshrepps, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, héraðsnefnd Mýrasýslu og héraðsnefnd Múlasýslna.

Nefndin fellst á það meginatriði frv. að sveitarfélag verði ekki sameinað öðrum sveitarfélögum nema meiri hluti þeirra sem taka afstöðu til sameiningarinnar í atkvæðagreiðslu sé því samþykkur. Á hinn bóginn þykir rétt að fella brott þann þátt frv. sem gerir ráð fyrir að meiri hluti atkvæðisbærra íbúa þurfi að taka þátt í atkvæðagreiðslunni svo að hún sé gild, enda eru slík ákvæði ekki í lögum um kosningar til sveitarstjórna. Er þessi afgreiðsla í samræmi við álit Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Ákvæði núgildandi laga eru þannig að meiri hluti kjósenda á kjörskrá þarf að greiða atkvæði gegn tillögu um sameiningu til þess að hún teljist felld. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með eftirfarandi breytingu: Orðin „enda hafi meiri hluti atkvæðisbærra íbúa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni“ í 1. gr. falli brott.

Lagagreinin eftir tillögu félmn. hljóðar þá svo:

„Sveitarfélag verður eigi sameinað öðrum sveitarfélögum nema fleiri kjósendur í atkvæðagreiðslu skv. 108. gr. séu fylgjandi sameiningu en andvígir.“

Undir nál. þetta rita allir fulltrúar félmn., Rannveig Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Gísli S. Einarsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Eggert Haukdal, Guðjón Guðmundsson, Einar K. Guðfinnsson, Kristinn H. Gunnarsson og Jón Kristjánsson.

[14:48]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki mörgum orðum við að bæta það sem hv. frsm. nefndarinnar sagði. Um frv. hefur tekist góð samstaða í félmn. og ég tel að hér sé um lagfæringu á kosningalögunum að ræða. Það er verið að festa í sessi það fyrirkomulag sem var í sameiningarkosningunum sl. haust og það fyrirkomulag reyndist vel. Þarna er verið að festa í sessi einfalt og lýðræðislegt fyrirkomulag. Ég tel að það greiði fremur fyrir þeim sameiningarkosningum t.d. sem eftir eru og kunna að koma upp á næstu mánuðum og árum en það fyrirkomulag sem var við lýði og var viss óánægja með. Ég er ánægður yfir því að þetta frv. skuli vera komið á lokasprett í hv. Alþingi.

[14:49]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég fagna þeirri samstöðu sem tekist hefur um að afgreiða þetta mál út úr nefnd. Það er ljóst að það er einhugur um þá breytingu sem lögð er til í frv. þó með lítils háttar lagfæringu sem fram kom í áliti Sambands íslenskra sveitarfélaga. Með þessu er verið að afmá úr lögum ákvæði sem sett voru sem sérstök lög árið 1970 og voru ætluð til þess að stuðla að sameiningu sveitarfélaga samkvæmt hugmyndum sem þá voru uppi og komu fram í framhaldi af nefndarstarfi sem fór fram árin 1966, 1967 og 1968.

Það er skemmst frá því að segja að afrakstur þessarar lagasetningar frá 1970 hefur verið annar en til var ætlast. Það ákvæði laganna að knýja fram sameiningu gegn skýrum vilja meiri hluta íbúanna hefur í raun virkað öfugt. Sárafáar kosningar hafa farið fram á grundvelli þessa lagaákvæðis og í sárafáum tilvikum hefur orðið um að ræða sameiningu sveitarfélaga af þeim sökum.

Ein höfuðástæðan að mínu viti fyrir því að ekki hefur verið meiri afrakstur af þessari lagasetningu árið 1970 er einmitt það ákvæði laganna að úrslit skuli ekki ráðast á grundvelli þess hvort fleiri eru með eða á móti heldur skulu úrslitin verða ákvörðuð fyrir fram og íbúum síðan gert skylt að sanna annað. Þ.e. að ákvæði laganna eins og þau eru í dag eru þannig að úrslit í sameiningarkosningu er ávallt talin samþykkt tillaga nema meiri hluti þeirra sem á kjörskrá eru segi nei. Þetta eru afar þröngir kostir og í reynd nánast ómögulegt að uppfylla þá, enda hefur reyndin orðið sú að mínu viti að sveitarstjórnir hafa veigrað sér við því að leggja í sameiningarferli á grundvelli þessa ákvæðis.

Ég vænti þess og tel raunar víst að með þessari breytingu verði burtu tekin þessi hindrun og ég hygg að á næstunni, næstu mánuðum og árum, muni fara fram fleiri kosningar en verið hefur á undanförnum árum og áratugum vegna þess að mönnum mun ekki lengur vaxa í augum sú hindrun sem fyrir er og þykja leikreglur ákvarðaðar með lýðræðislegum hætti. Ég tel því að þessi breyting muni stuðla að því markmiði sem mjög margir hafa sett sér að það þurfi að fækka sveitarfélögum hér á landi. Þessi breyting yrði því prýðilegt innlegg inn í þá ætlan þó svo að meining manna sé ekki endilega sú sama að öllu leyti hvað það markmið varðar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samkeppnislög, 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (hæfniskröfur samkeppnisráðsmanna). — Þskj. 274, nál. 665, brtt. 666.

[14:54]

Frsm. efh.- og viðskn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 665 frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á sam-

keppnislögum nr. 8 25. febr. 1993.

Frv. sem nefndin hefur fjallað um er um breytingu á samkeppnislögum og hljóðar efnismálsgrein 1. gr. svo:

„Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmeðferð."

Ég vil nota þetta tækifæri til að geta um tilurð þessa frv. en í athugasemdum við lagafrv. segir:

„Þann 25. febr. 1993 voru samþykkt ný lög, samkeppnislög, nr. 8/1993, sem leystu af hólmi lög um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, nr. 56/1978.

Í áliti frá 30. ágúst 1993 (mál nr. 806/1993) komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að þrír af fimm aðalmönnum samkeppnisráðs uppfylltu ekki það almenna hæfisskilyrði til setu í samkeppnisráði að vera óháðir fyrirtækjum eða samtökum sem samkeppnislögin taka til. Í álitinu beindi umboðsmaður því til viðskrh. að taka það til athugunar hvort leggja bæri til við Alþingi að endurskoða orðalag þessarar hæfisreglu. Með þeirri breytingu sem hér er lögð til á 1. mgr. 6. gr. hefur viðskrh. ákveðið að verða við þessum tilmælum."

Efh.- og viðskn. hefur fjallað um málið og á fund nefndarinnar um þetta mál komu þeir Atli Freyr Guðmundsson skrifstofustjóri og Páll Ásgrímsson lögfræðingur frá viðskrn. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Neytendasamtökunum og Verslunarráði Íslands.

Nefndin mælir með samþykkt frv. með þeim breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar eru eftirfarandi:

1. Í 1. mgr. 6. gr. samkeppnislaga segir að allir sem sæti eiga í samkeppnisráði skuli vera óháðir þeim fyrirtækjum og samtökum sem lögin taka til. Í því frv. sem hér um ræðir hefur þetta skilyrði hins vegar verið tekið út. Nefndin leggur til að slík almenn hæfisskilyrði verði látin ná til formanns og varaformanns ráðsins en ekki annarra ráðsmanna og jafnframt að þessi skilyrði séu skýrar orðuð en í gildandi lögum. Því er lagt til að talað verði um að þeir hafi ekki „beinna og verulegra hagsmuna" að gæta í stað þess að þeir skuli „vera óháðir". Ástæða þessara breytinga er að margir þeir sem hafa hvað mesta þekkingu og reynslu á þessu sviði eru útilokaðir frá setu í ráðinu eins og málum er nú háttað. Hins vegar þykir nauðsynlegt, þar sem samkeppnisráð fer með þýðingarmikið vald, hefur víðtækt valdsvið og tekur iðulega ákvarðanir þar sem reynir á mat, að setja í lögin markviss almenn hæfisskilyrði varðandi formann og varaformann. Í lokamálslið 1. gr. frv. kemur fram að samkeppnisráð setji sér reglur um málsmeðferð. Nefndin vill taka það fram að þar sem þegar hafa tekið gildi ný stjórnsýslulög sem geyma almennar málsmeðferðarreglur er engin ástæða til að setja slíkt ákvæði í samkeppnislög nema ætlunin sé að þær reglur verði strangari en reglur stjórnsýslulaganna."

1. gr. í tillögu nefndarinnar orðast því svo:

„Ráðherra skipar fimm menn í samkeppnisráð og jafnmarga til vara. Skulu þeir hafa sérþekkingu á samkeppnis- og viðskiptamálum. Ráðherra skipar formann og varaformann ráðsins og skal þess gætt að þeir hafi ekki beinna og verulegra hagsmuna að gæta í atvinnustarfsemi sem lögin taka til. Samkeppnisráð setur sér reglur um málsmeðferð."

Í öðru lagi er lagt til að inn í 9. gr. laganna verði settur fjögurra vikna kærufrestur á ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar. Eins og samkeppnislögin voru afgreidd á síðasta þingi gildir nú hinn almenni þriggja mánaða frestur stjórnsýslulaganna. Hraði viðskiptalífsins er hins vegar orðinn mjög mikill og nauðsyn á að þessi mál séu leidd til lykta sem fyrst. Því þykir nefndarmönnum nauðsynlegt að stytta frestinn niður í fjórar vikur. Þá er lagt til að talað verði um „kærufrest" í stað „áfrýjunarfrests" í samræmi við viðurkennda hugtakanotkun í stjórnsýslurétti og að síðasti málsliður 1. mgr. 9. gr. verði felldur brott. Eftir sem áður mun meginreglan vera sú á grundvelli stjórnsýslulaganna að kæra fresti ekki réttaráhrifum ákvörðunar en áfrýjunarnefndinni er samt heimilt að fresta slíkum réttaráhrifum meðan kæra er til meðferðar á grundvelli 2. mgr. 29. gr. stjórnsýslulaga enda getur slík undanþága verið nauðsynleg í vissum tilvikum.

Í brtt. orðast þetta svo: „Ákvarðanir samkeppnisráðs og Samkeppnisstofnunar sæta kæru til sérstakrar nefndar, áfrýjunarnefndar samkeppnismála. Skrifleg kæra skal berast innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina. Úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála skal liggja fyrir innan sex vikna frá málskoti."

Í þriðja lagi er lagt til að ákvæði 2. mgr. 23. gr. samkeppnislaga verði breytt þannig að þýðingarskyldan nái einungis til þeirra sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi. Samningar milli lögaðila verða þannig undanskildir þýðingarskyldunni. EFTA-skrifstofan í Brussel telur, í áliti sem hún sendi frá sér um þetta mál, að hin afdráttarlausa þýðingarskylda sem nú er í lögunum feli í sér dulda mismunun á grundvelli þjóðernis og sé ekki í samræmi við hina almennu meðalhófsreglu.

Greinin orðast svo að tillögu nefndarinnar:

„Almennir skilmálar þjónustuaðila sem bjóða neytendum þjónustu sína hér á landi skulu vera á íslensku."

Loks er lagt til að þær sérstöku hæfisreglur sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 50. gr. laganna verði felldar brott þar sem þær eru vægari en þær hæfisreglur sem mælt er fyrir um í öðrum kafla stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og víkja því fyrir þeim samkvæmt gagnályktun frá 2. mgr. 2. gr. stjórnsýslulaganna.

Virðulegi forseti. Að þessu nál. standa allir nefndarmenn í efh.- og viðskn. Undir það rita Halldór Ásgrímsson, Rannveig Guðmundsdóttir, Guðjón Guðmundsson, Sólveig Pétursdóttir, Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Ingi Björn Albertsson, Vilhjálmur Egilsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 266. mál (endurgreiðsla ofgreiddra gjalda). — Þskj. 319.

[15:01]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Meðflutningsmenn mínir að þessu frv., sem er 266. mál þingsins á þskj. 319, eru hv. þm. Einar K. Guðfinnsson Árni R. Árnason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Ingi Björn Albertsson.

Frv. er aðeins tvær greinar og tiltölulega einfalt að gerð. Það snertir 2. mgr. 112. gr. laganna og orðast svo:

„Nú verður ljóst þegar álagningu skatta, annarra en tekjuskatts manna, lýkur að gjaldandi hefur greitt meira en endanlega álögðum sköttum nemur og skal þá endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem fé var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem greiddir eru af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma. Komi í ljós við endurákvörðun skatta samkvæmt úrskurði yfirskattanefndar eða samkvæmt niðurstöðu dómstóla að gjaldandi hafi greitt meira en endanlegri álagningu nemur skal endurgreiða það sem ofgreitt var ásamt vöxtum fyrir það tímabil sem fé var í vörslu ríkissjóðs. Skulu vextir þessir jafnháir vöxtum sem gjaldendum opinberra gjalda er gert að greiða skv. 3. málsl. 1. mgr. þessarar greinar. Sama gildir þegar í ljós kemur við endurákvörðun á tekjuskatti manna að um ofgreiðslu hafi verið að ræða að öðru leyti en því að inneignarvextir reiknast aldrei fyrr en frá 1. júlí á álagningarári."

Í greinargerð með frv. er þess getið að gjaldendum beri að greiða dráttarvexti af vangreiddum opinberum gjöldum, sbr. 1. mgr. 112. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, en gjaldandi sem hefur greitt meira en sem nemur endanlega ákvörðuðum sköttum er hins vegar samkvæmt gildandi lögum bætt upp það tímabil sem fé hans var í vörslu ríkissjóðs með vöxtum sem miðaðir eru við vexti af almennum sparisjóðsinnstæðum í Landsbanka Íslands á hverjum tíma.

Í þeim tilvikum þegar um ágreining um opinber gjöld er að ræða milli skattstjóra eða ríkisskattstjóra annars vegar og gjaldenda hins vegar má vísa honum til yfirskattanefndar eða dómstóla. Úrskurði yfirskattanefndar má einnig vísa til dómstóla. Viðbótarálagning skattstjóra eða ríkisskattstjóra á opinberum gjöldum fer þó til innheimtu áður en fjallað hefur verið um hann hjá yfirskattanefnd eða dómstólum. Getur af þessum sökum myndast verulegt misræmi í meðferð vangreiddra opinberra gjalda annars vegar og ofgreiddra opinberra gjalda hins vegar því að verði viðbótarálagning dæmd ólögmæt fær gjaldandi, sem greitt hefur álagninguna, jafnvel með dráttarvöxtum skv. 3. málsl. 1. mgr. 112. gr. ekki bætt það tjón sem hann varð fyrir vegna ólögmætrar álagningar þar sem hann fær aðeins almenna sparisjóðsvexti af því fé sem bundið hefur verið hjá ríkissjóði vegna álagningarinnar, auk þess sem hann kann að hafa orðið fyrir kostnaði af kæru málsins eða annarrar meðferðar þess.

Ekki þykir fært að leiðrétta þetta misræmi með því að láta sömu reglur gilda almennt um vangreiðslur og ofgreiðslur á opinberum gjöldum þar sem hætta væri á að gjaldendur mynduðu hjá sér inneignir til að njóta slíkra vaxtakjara. Hins vegar er hér lagt til að sömu reglur gildi um vaxtagreiðslur af inneignum gjaldenda sem verða til við endurákvörðun áður ofálagðra gjalda vegna ólögmætrar álagningar eða viðbótarálagningar skattstjóra eða ríkisskattstjóra og vaxtatöku af vangreiddum opinberum gjöldum, en ekki í þeim tilvikum þegar inneign myndast af orsökum sem rekja má til gjaldenda sjálfra, svo sem mistaka þeirra við framtalsgerð.

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða mál sem er fyrst og fremst sjálfsagt réttlætismál. Ef þessi mál eru látin óhreyfð þá viðhelst óþolandi misræmi á milli vaxtagjalda sem greidd eru af vanáætluðum opinberum gjöldum og ofáætluðum opinberum gjöldum. Til að varpa nokkru ljósi á þetta mál ætla ég að vitna í raunverulegt dæmi sem er tekið úr viðskiptalífinu.

Málavextir eru þeir í stuttu máli að við álagningu opinberra gjalda hjá ákveðnu fyrirtæki þann 31. júlí 1991 áætlaði skattstjóri í ákveðnu umdæmi á landinu gjöld á fyrirtæki sem búið var að sameina öðru og hafði ekki haft með höndum neinn rekstur á tekjuárinu 1990, enda hafði því verið slitið í byrjun þess árs. Það voru því ekki sjáanlegar neinar forsendur fyrir því að þessi álagning færi fram. Hin áætluðu gjöld námu 4.128.000 kr. Annars vegar skattar til ríkissjóðs 1.794.000 kr. og hins vegar aðstöðugjald til bæjarsjóðs 2.334.000 kr. Með því að setja tryggingar fyrir hinum áætluðu gjöldum tókst gjaldandanum að verjast innheimtuaðgerðum en dráttarvextir voru að sjálfsögðu reiknaðir í hverjum mánuði. Með úrskurði dagsettum 8. sept. 1993 komst yfirskattanefnd að þeirri niðurstöðu að álagning skattstjóra væri ekki á rökum reist og felldi hana niður með öllu og þá felldu innheimtumenn um leið niður dráttarvaxtakröfur sínar.

Þegar úrskurðurinn féll höfðu innheimtumenn reiknað dráttarvexti á kröfuna og nam sú upphæð samtals rúmlega 1,6 millj. kr. Þá vaxtafjárhæð, 1 millj. og 600 þús. kr., hefði þessi gjaldandi þurft að greiða ef hann hefði tapað þessu máli. Ef hann hefði hins vegar greitt kröfuna á réttum tíma, eins og flestir verða að gera, þá hefði hann við úrskurð málsins verið búinn að eiga inni hjá ríkissjóði og bæjarsjóði rúmlega 4 milljónir í tvö ár en fyrir það hefðu þessir aðilar greitt honum í vexti 92.518 kr. Hér er því um vaxtamun að ræða sem er rúmlega sautjánfaldur þar sem bornar eru saman þær vaxtakröfur sem einstaklingar og lögaðilar fá vegna sinna inneigna hjá opinberum aðilum og svo hins vegar þær vaxtakröfur sem opinberir aðilar gera til einstaklinga og fyrirtækja vegna vangreiddra gjalda.

Hér er ekki um tilbúið fræðilegt dæmi að ræða heldur raunverulegt dæmi. Þetta er ekkert einsdæmi heldur eru mörg tilvik sem varpa ljósi á það hversu óviðunandi mismunun á sér stað í þessu máli.

Ég vil geta þess sérstaklega að þetta frv. er flutt með hliðsjón af skýrslu Félags löggiltra endurskoðenda sem var birt í nóvember 1993 en þar er sérstaklega fjallað um þetta vandamál.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér sé um að ræða til þess að gera einfalt leiðréttingarmál sem nauðsynlegt sé að taka á. Ég vil leggja til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um dagskrá.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill geta þess að ekki eru líkur á því að nál. um 10. dagskrármálið verði útbýtt á þessum fundi þannig að það dagskrármál verður ekki tekið fyrir.

Heilbrigðisþjónusta, 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 358. mál (trúnaðarmenn sjúklinga). — Þskj. 550.

[15:10]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

Efni þessa frv. varðar trúnaðarmenn sjúklinga og er að finna á þskj. 550. Auk mín flytja frv. hv. þingkonur Kvennalistans, þær Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Á eftir 29. gr. laganna kemur ný grein er orðast svo:

Við sjúkrahús, sbr. 1.–2. tölul. 1. mgr. 24. gr., skulu starfa trúnaðarmenn sjúklinga. Þeir skulu vera talsmenn sjúklinga og aðstandenda þeirra gagnvart sjúkrahúsum og heilbrigðisyfirvöldum, afla upplýsinga fyrir þá og greiða úr spurningum. Trúnaðarmaður skal efla samvinnu milli starfsfólks heilbrigðisstétta, sjúklinga og aðstandenda þeirra. Trúnaðarmaður skal hafa samband við sjúkling og aðstandendur hans í upphafi sjúkrahússdvalar og veita nauðsynlegar upplýsingar um hana.

Trúnaðarmaður skal hafa menntun á sviði heilsugæslu. Þar sem einn trúnaðarmaður starfar skal hann að öðru jöfnu vera hjúkrunarfræðingur að mennt en séu þeir fleiri skal leitast við að velja þá úr sem flestum heilbrigðisstéttum.

Sjúkrahússtjórn annast ráðningu trúnaðarmanns í nánu samráði við félög sjúklinga eða aðstandendur þeirra. Trúnaðarmaður skal að jafnaði koma úr hópi fastráðins starfsliðs sjúkrahúss og gegna starfi trúnaðarmanns samhliða öðru starfi þar. Laun vegna starfa trúnaðarmanns greiðast úr ríkissjóði.

Við sjúkrahús, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 24. gr., skal trúnaðarmaður vera til taks allan sólarhringinn.

Starfsmönnum heilbrigðisstétta og heilbrigðisyfirvöldum er skylt að veita trúnaðarmanni allar þær upplýsingar sem sjúklingar og aðstandendur þeirra eiga rétt á samkvæmt lögum. Komi upp ágreiningur um hvort upplýsingar skuli veittar má skjóta honum til úrskurðar landlæknis.

Um þagnarskyldu trúnaðarmanns og viðurlög við brotum á starfsskyldum fer eftir ákvæðum þeirra laga eða reglugerða sem trúnaðarmaður hefur starfsleyfi sitt samkvæmt.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess að honum hafi verið falið að gegna starfanum.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um störf trúnaðarmanns.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Frv. þetta er nú flutt í þriðja sinn og ég hef ástæðu til að ætla að það sé vaxandi skilningur á efni þess nú frá því það var fyrst flutt á 112. löggjafarþingi. Umræður um líðan sjúklinga og aðstandanda þeirra hefur tekið stórt skref í rétta átt frá því frv. var fyrst flutt og hafa ýmis samtök sjúklinga, aðstandenda, starfsfólks sjúkrahúsa svo og Samtök um sorg og sorgarviðbrögð opnað augu fólks fyrir þeim margvíslegu erfiðleikum sem upp geta komið í mannlegum samskiptum, ekki síst við alvarlegar aðstæður svo sem langvinn veikindi og dauða. Mikið mæðir á starfsfólki sjúkrahúsa og enginn vafi leikur á því að sífellt er verið að reyna að finna heppilegar leiðir til að bæta úr þar sem miður hefur farið.

Ég dreg ekki í efa að það er mikill vilji hjá starfsfólki sjúkrahúsa að reyna að láta sitt ekki eftir liggja enda kemur fram í greinargerð að alltaf er verið að reyna með einum eða öðrum hætti að taka á þessum málum. Ég vil vekja athygli á því sem kemur fram í Morgunblaðinu í dag. Landlæknisembættið hefur beint þeim tilmælum til lækna að veita sjúklingum ítarlegar upplýsingar um fyrirhugaða læknismeðferð og hugsanlega fylgikvilla hennar. Þetta tel ég mjög til bóta, þar sem eitt af því sem getur haft áhrif á sjúkrahúsdvöl, bæði fyrir sjúkling og aðstandendur, er þekkingarleysi og óvissa um hvað fram undan er. Ég vil einnig vekja sérstaka athygli á grein sem birtist í Tímanum þann 10. mars sl., eftir Kristínu Björnsdóttur, hjúkrunarfræðing og lektor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands. Þar víkur hún að ekki óskyldu máli. Er sú grein að uppistöðu til erindi er hún hélt á málþingi um vanda þeirra sem starfa við heilbrigðismál á vegum siðfræðistofnunar Háskóla Íslands. Málþingið var haldið á vegum siðfræðistofnunar í tilefni af útkomu bókar Vilhjálms Árnasonar, dósents í heimspeki við Háskóla Íslands, Siðfræði lífs og dauða.

Þessi grein fjallar einmitt um mál sem koma inn á þetta þar sem Kristín er sérstaklega að taka fyrir þær kröfur sem gerðar eru til starfsfólks í heilbrigðisþjónustu og benda á að á tíðum er verið að gera kannski ómanneskjulegar kröfur til starfsfólks sjúkrahúsa. Það er held ég ekki meðvituð hugsun neinna þeirra sem

hafa verið að fjalla um þessi mál heldur eru menn að leita að heppilegum aðferðum.

Með leyfi hæstv. forseta langar mig að lesa örstutt úr þessari grein en þar segir Kristín:

„Undirstaða samráðs eru samræður þar sem báðir aðilar kynna sjónarmið sín. Slíkar samræður reynast mörgum erfiðar. Sumir kunna einfaldlega ekki nógu vel að segja hug sinn eða hafa ekki vanist því að á þá sé hlustað. Fólk hefur mjög misgóð tök á tungumálinu og mismikla þjálfun í samræðutækni. Eins má búast við að sjúklingar séu ekki allir tilbúnir að opna sig og ræða þá þætti sem tengjast einkalífinu. Til að samráð geti orðið öflugt samskiptaform innan heilbrigðisþjónustunnar má því ætla að til þurfi að koma verulegar breytingar á viðhorfum starfsmanna og skjólstæðinga til opinskárra samræðna og á samskiptafærni."

Undir þetta get ég vissulega tekið og ég vil bæta við að einnig getur þurft að koma til ákveðin verkaskipting meðal starfsfólks á sjúkrahúsum. Þar er kannski helst um það að ræða að fela einhverjum ákveðnum það hlutverk, samræður við sjúklinga og aðstandendur, því það er mjög vandasamt hlutverk. Ég tel einnig mikilvægt að þarna sé um að ræða aðila sem lifa og starfa í heilbrigðisþjónustunni en ekki utanaðkomandi aðila heldur þá sem eru starfandi á sjúkrahúsunum og í trúnaðartengslum. Ég lít svo á að þrátt fyrir að það geti vissulega komið upp byrjunarerfiðleikar með kerfi af þessu tagi þá hljóti reynslan að geta kennt fólki að það er ekki til höfuðs einum eða neinum ef trúnaðarmaður er starfandi frekar en á vinnustað heldur er það sameiginlegt átak allra að reyna að sjá til þess að sem mestar og bestar upplýsingar séu gefnar og greitt úr vandamálum áður en þau verða óyfirstíganleg. Því miður eru oft á tíðum ósögð orð og e.t.v. ásakanir í garð þeirra sem starfa í heilbrigðisþjónustunni fyrst og fremst vegna þess að upplýsingar og samræður vantar.

Ég held að þetta sé svo stórt atriði að það þurfi að taka á því með einum eða öðrum hætti. Með frv. er leitast við að finna aðferð til þess. Hins vegar vil ég taka það fram sem fyrsti flm. frv. að ég er ekki neikvæð gagnvart því að reynt verði að gera þetta í sem mestri sátt og með sem mestum samræðum við sem flesta aðila. Ég gerði nokkrar breytingar á þessu frv. frá upphaflegri gerð eftir samræður við hjúkrunarfræðinga sem höfðu áhyggjur af því að þetta gæti hugsanlega valdið tortryggni eða úlfúð á vinnustað eins og frv. kom fyrst fram. Til slíkra ábendinga tel ég fulla ástæðu til að taka tillit.

Ég vil vekja athygli nefndarmanna í heilbr.- og trn. sem ég vonast til að fá þetta mál til alvarlegrar athugunar að þær umsagnir sem liggja fyrir um þetta frv. miðast við fyrstu gerð þess og það kann að reynast nauðsynlegt að kanna hug þeirra sem í hlut eiga miðað við þær breytingar sem gerðar hafa verið á frv. En almennt má þó segja að ég hafi fengið mjög góðar almennar undirtektir undir efni þessa frv. og sífellt betri eftir því sem tíminn hefur liðið og umræðan hefur farið vaxandi um þessi mál.

Það er ekkert skrýtið að þegar farið er að drepa á mál eins og hér er á ferðinni að það þurfi nokkra gerjun og nokkra umræðu og ekki síður þar sem verið er mjög víða í heilbrigðiskerfinu að fjalla um hliðstæðar hugmyndir með einum eða öðrum hætti. Þetta hefur hins vegar ekki verið samræmt og ég held að það sé út af fyrir sig umhugsunarefni hvort það sé ekki verið að vannýta krafta með því að vera að þróa mismunandi kerfi á mismunandi stöðum og þar af leiðandi eru svona málþing eins og haldið var þann 19. febr. sl. af hinu góða að mínu mati.

Ég ætla ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál. Ég vil vekja athygli á því að það trúnaðarmannakerfi sem lagt er til að komið verði upp samkvæmt þessu frv. er ætlað að vera einn hluti þess öryggisnets sem þarf að vera til staðar þegar á bjátar. Ég tek það skýrt fram að trúnaðarmanni samkvæmt þessu frv. er ekki ætlað að koma í stað félagsráðgjafa eða sálfræðinga við sjúkrahús né heldur sjúkrahúspresta enda er hlutverk þeirra annað og ekki síður mikilvægt en þeirra trúnaðarmanna sem frv. fjallar um.

Ég tek einnig undir þau viðhorf sem komu fram í svari hæstv. heilbrrh. við fyrirspurn um sálfræðiþjónustu og félagsráðgjöf þann 14. febr. sl. er hann sagði að sálgæsla væri mikilvægur hluti heilbrigðisþjónustu. Ég fagna því að þessi umræða skuli vera vaxandi hér inni á Alþingi. En í ræðu sinni gat hæstv. heilbrrh. þess að sálgæsla gæti verið af ýmsum toga og nefndi til sögunnar, með leyfi hæstv. forseta:

„...áfallahjálp sem lýtur að því að mæta erfiðleikum sem fólk verður fyrir vegna fráfalls ættingja eða eigin sjúkleika og innt er af hendi fyrst og síðast af sjúkrahúsum. En einnig og ekki síður er mikilvægt að bregðast fljótt og skjótt við þegar vandamál koma upp af þessum toga á byrjunarstigi."

Þetta finnst mér einnig mjög mikilvægt og ég fagna því að það skuli vera umræða á þessum nótum hér á Alþingi.

Ég ætla ekki að rekja hér greinargerð þessa frv. enda er það bæði endurflutt og einnig öllum aðgengilegt en ég ætla þó að rekja eina málsgrein í greinargerð, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og skipulagi sjúkrahúsa er nú háttað þykir mörgum, bæði starfsfólki stofnana, sjúklingum og aðstandendum þeirra, að heppilegt væri að koma á einhvers konar kerfi trúnaðarmanna fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra líkt og trúnaðarmannakerfi á vinnustöðum. Starfssvið þessara aðila yrði án efa mjög vítt og mundi þurfa að mótast í samvinnu sjúklinga, aðstandenda þeirra og starfsfólks sjúkrahúsa. Hlutaðeigandi yrði ætlað annað hlutverk en það sem þegar er í höndum félagsráðgjafa og presta sjúkrahúsa, m.a. að leita svara við spurningum sjúklinga og aðstandenda þeirra um læknisfræðilega meðferð, liðsinna sjúklingum og aðstandendum þegar þeim þykir skorta skýringar eða upplýsingar um læknismeðferð eða aðrar ákvarðanir sem teknar eru um málefni þeirra. Einnig væri það hlutverk trúnaðarmanns að vera talsmaður sjúklinga og aðstandenda þeirra í öllum þeim margvíslegu málum sem upp kunna að koma í mannlegum

samskiptum á sjúkrahúsum. Þar koma oft upp viðkvæm mál þegar taka þarf erfiðar ákvarðanir. Slíkt reynir mjög á fólk, bæði líkamlega og andlega."

Ég vil sérstaklega ítreka að það að gefa skýringar er kannski það mikilvægasta sem ég sé sem hlutverk þessa trúnaðarmanns og það jafnvel þótt að það sé svo að ákvarðanir eru teknar í samráði við sjúklinga og aðstandendur, þá skortir þá oft þekkingu til þess að vita hvaða ákvarðanir er verið að taka og á hvaða forsendum. Það er ekki síst af þessum sökum sem ég flyt þetta frv.

En ég læt þessari ræðu minni lokið og að lokinni 1. umr. legg ég til að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

[15:25]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er gott að fá umfjöllun um þetta viðkvæma og mikilvæga mál og það eru margar spurningar sem vakna. Ég tel að það fólk sem er starfandi allan sólarhringinn á sjúkrahúsinu, það hjúkrunarfólk sem vinnur allan sólarhringinn og er með sjúklingum allan sólarhringinn sé best til þessa starfs fallið og þess vegna þurfi að auka svigrúmið hjá því fólki sem vinnur nú þegar þessi störf með því kannski að fjölga hjúkrunarfólki á deildunum. Ég set við það mikið spurningarmerki að það komi ókunnugur aðili inn á deildirnar og ætli að tengjast sem trúnaðarmaður sjúklings — nú hristir hv. flm. höfuðið og ég er kannski eitthvað að misskilja og þá er gott að fá við því svör. En mig langar að spyrja hv. flm.: Er fyrirmyndin fengin erlendis frá?

Mig langar líka að spyrja varðandi ráðningu þessa trúnaðarmanna, það kemur fram í 1. gr. frv. að sjúkrahússtjórn ræður þennan trúnaðarmann að höfðu samráði við félag sjúklinga og aðstandenda þeirra. Ég skil ekki almennilega hver hugsunin er á bak við það og mig langar að fá svör við því hér.

[15:27]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst varðandi það síðasta þá vafðist þetta töluvert fyrir okkur sem unnum að undirbúningi þessa máls og ég vil alls ekki taka af öll tvímæli um að það væri hægt að finna betri leiðir. Þar sem hv. þm. á sæti í heilbr.- og trn., ef ég man rétt, vonast ég til þess að hún komi með betri tillögur, hafi hún þær, því það er alls ekki hafið yfir gagnrýni að þetta sé endilega besta formið. En þetta er hins vegar það sem við lögðum til eftir nokkrar umræður.

Varðandi það hvort hér sé um erlenda fyrirmynd að ræða þá er svarið nei, þessi umræða spratt upp og þróaðist á alllöngum tíma vegna ákveðinna ábendinga og starfsmenn nefndadeildar þingsins hjálpuðu mjög til við að móta frv. Hins vegar er það kannski aðalatriðið að hér er einmitt ekki verið að leggja til að neinn utanaðkomandi aðili komi að málunum heldur hliðstætt því sem gerist á vinnustöðum hafi einn aðili kannski meiri skyldur og ábyrgð en annar. Þarna er líka verið að leggja til að jafnframt sé það viðurkennt sem hluti af viðbótarálagi á deildum, þeim deildum sem lagt er til að þetta kerfi sé reynt á til að byrja með en það er þar sem mjög veikir sjúklingar eru. Það er sérstaklega lögð áhersla á að þetta er viðbót við starf sem innt er af hendi á deildunum. Þetta hlutverk getur verið í hendi eins eða fleiri aðila og það er grundvallaratriði að sá aðili komi ekki utan frá, hann komi innan frá. En eins og Kristín Björnsdóttir segir í sinni grein sem ég vísaði til þá er þeim sem sjá um slík samráð ákveðinn vandi á höndum og það þarf í rauninni að vinna þetta samráð upp með ákveðnum hætti og það er ekki hægt að gera sömu kröfur til allra.

[15:30]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Mér er vel kunnugt um það vandamál sem oft hefur gerst á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum að sjúklingar og aðstandendur þeirra hafi átt í erfiðleikum með að fá fram upplýsingar um líðan, um læknismeðferð og jafnvel hvort batahorfur séu í vændum og ýmislegt annað sem tengist umönnun sjúklings. Þetta vandamál má ýmist telja til samskiptaerfiðleika vegna þess að sjúklingurinn er hlédrægur og aðstandendur jafnvel líka en einnig vegna skipulags innan stofnana þar sem sjúklingurinn hefur stundum ekki verið sjúklingur eins læknis eða eins hjúkrunarfræðings heldur hafa fleiri með hann að gera og samskipti milli þessara aðila ekki jafngóð eða jafnvirk og æskilegt væri. Ég tel hins vegar að mikil bót hafi verið ráðin á þessum vanda á undanförnum árum með meiri og betri teymisvinnu, ef við getum kallað það svo, lækna og hjúkrunarfræðinga og ekki síst félagsráðgjafa og presta sem tengjast mjög vel slíkri vinnu. Þessi jákvæða þróun hefur verið mjög ör og þótt segja megi að enn vanti nokkuð á þá tel ég að þessi góða þróun leiði til þess að innan tíðar verði ráðin bót á þessum vanda.

Ég vil leyfa mér að vísa til umsagnar hjúkrunarfélaganna sem nú hafa sameinast í Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga og læknasamtakanna um fyrra frv. um þetta mál sem, eins og kom fram hjá hv. flm., er nokkuð frábrugðið því frv. sem við erum að ræða en ég tel þó samt sem áður að þessar umsagnir eigi fullan rétt á sér í dag. En það segir í umsögn hjúkrunarfélaganna:

„Eigi trúnaðarmaðurinn að gegna öðrum störfum mundi hann þurfa að vinna á vöktum. Það hefði í för með sér að erfitt gæti orðið að samræma störf hans sem hjúkrunarfræðings og trúnaðarmanns. Ef um skipulagðar vaktir sem trúnaðarmaður yrði að ræða allan sólarhringinn á öllum deildum sjúkrahúsanna krefst það mikils mannafla sem erfitt gæti orðið að uppfylla. Við viljum benda á þá staðreynd að hjúkrunarfræðingar, samkvæmt eðli síns starfs, eru trúnaðarmenn og talsmenn sjúklinga og aðstandendur þeirra þegar þeir eru við störf sín. Jafnframt eru þeir samhæfingaraðili í þeirri meðferð og þjónustu sem veitt er á sjúkrastofnunum. Aðrar stéttir, svo sem læknar, prestar og fleiri, telja sig einnig trúnaðarmenn og talsmenn sjúklinga.

Skipan sérstaks trúnaðarmanns sjúklinga gæti því valdið óþarfa ágreiningi í annars ágætu samstarfi aðila.

Störf heilbrigðisstétta miða að því að líta á mann-

eskjuna sem eina heild með andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir. Á sjúkrahúsum er unnið markvisst að því að þjónustan við sjúklinginn og hans aðstandendur taki mið að því.

Eitt gleðilegasta dæmi þess að beina sjónum að andlegri líðan fólks við erfiðar aðstæður er myndun þverfaglegra stuðningsteyma sem nú eru að skjóta rótum á sjúkrahúsum. Ekki er vafi á því að þar er vettvangur sem í framtíðinni mundi koma til móts við þá hugmynd sem frv. byggist á."

Þetta er einmitt það sem ég vildi leggja fyrst og fremst áherslu á að það er þarna sem þróunin er að verða á sjúkrahúsunum.

Enn fremur segir í umsögn hjúkrunarfélaganna: „...en slíkt krefst aukinna fjárveitinga."

Ef ég vísa til umsagnar Læknafélags Íslands um þetta fyrra frv. þá segir þar:

„Starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar telja sig fyrst og síðast vera trúnaðarmenn sjúklinga og aðstandenda þeirra og talsmenn þeirra inn á við og út á við. Verði ráðinn sérstakur trúnaðarmaður á heilbrigðisstofnanir þær sem um ræðir kynni það með tímanum að hafa í för með sér minnkandi upplýsingamiðlun til sjúklinga og aðstandenda almennt frá öðrum heilbrigðisstarfsmönnum.

Í læknalögum eru ákvæði um að lækni beri að upplýsa sjúklinga og aðstandendur um ástand, meðferð og horfur. Litið er svo á að með lögjöfnun gildi ákvæðið einnig fyrir aðrar heilbrigðisstéttir.

Flm. frv. hafa sennilega ekki gert sér grein fyrir því að eigi trúnaðarmaður að vera til taks allan sólarhringinn samsvarar það þremur starfsmönnum á sólarhring eða u.þ.b. fimm stöðugildum á hverjum stað miðað við 40 klukkustunda vinnuviku. Leiða hugmyndir frv. þannig til allnokkurrar aukningar í mannahaldi sjúkrahúsa ef framkvæmdar verða."

Eins og fram kom hjá flm. þá hefur orðið töluverð breyting á núverandi frv. með tilliti til þessarar framsetningar sem hér kemur fram hjá Læknafélaginu. En að lokum segir í umsögn Læknafélagsins:

„Ef til kæmi eru engin rök fyrir því skilyrði að trúnaðarmaður sé hjúkrunarfræðingur að mennt. Ljóst er að starfsmenn úr öðrum heilbrigðisstéttum kunna að vera jafn vel til starfsins fallnir."

Enn fremur veit ég að hv. flm. hefur tekið tillit til þessara ummæla.

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta frv. sé alls góðs maklegt. Að baki því liggur vilji til að bæta andlega, félagslega og líkamlega líðan sjúklinga sem ekki veitir af því ég tel að vellíðan sjúklings, bæði andleg og félagsleg, sé ekki síður mikilvæg fyrir hann og að mínu mati dágóður hluti af batahorfum sjúklings. Ég mun því gera mitt til þess að skoða þetta frv. á jákvæðan hátt í heilbr.- og trn. en ég á sæti í henni.

[15:36]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær undirtektir sem ég fékk hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 13. þm. Reykv., en eins og fram kom í máli hennar þá er verið að vinna mjög gott starf víða á sjúkrahúsum og það hefur töluvert breyst frá því að þetta frv. var í samningu og kom fyrst fram þannig að hafi umsögn hjúkrunarfræðinga og lækna átt við þá þá á það jafnvel enn frekar við nú þegar þessi mál eru að þróast. Það er raunar tvennt sem ég held að sé vert að hafa í huga varðandi þá útfærslu sem hér er lögð til. Það er í fyrsta lagi að það er ekki verið að tala um að trúnaðarmenn gegni einungis þessum stöðum heldur séu fyrst og síðast valdir úr hópi starfsfólks og eigi náin tengsl og samstarf við allt starfsfólk. Það er ekkert sem mælir gegn því heldur að annað starfsfólk sjúkrahúsa gegni sínum trúnaðarskyldum eftir sem áður. Þetta er hins vegar leið til þess að gefa óframfærnum sjúklingum möguleika á að nálgast einn öðrum fremur. Þetta er í raun inni sú sama líking og á við um trúnaðarmenn á vinnustöðum, þeir sinna sínum starfsskyldum eftir sem áður. Komi hins vegar eitthvað upp á þá eiga starfsmenn rétt á að leita til eins aðila sem á að hafa ákveðna þjálfun í slíkum samskiptum umfram aðra. Það er einungis þessi hugsun sem mér finnst skipta máli en ég geri mér grein fyrir því að andstætt því sem gerist með trúnaðarmenn á vinnustöðum sem hafa yfirleitt ekki aukið starfshlutfall vegna sinna skyldna þá tel ég að það sé nauðsynlegt að bæta við mannskap sem svarar þessum skyldum vegna þess að meðal þess sem trúnaðarmanni er ætlað á sjúkrahúsi er að hafa sérstaklega samband í upphafi sjúkrahússdvalar við sjúklinga og aðstandendur og jafnvel á öðrum tímum til þess hreinlega að láta vita af því að hann sé við. En að öðru leyti er ekki ætlast til þess að trúnaðarmaður grípi með nokkrum hætti inn í þá jákvæðu þróun sem er að verða heldur sé hluti af henni. Þetta held ég að sé hið stærsta mál og í þessu skyni gerði ég nokkrar breytingar á frv. frá upphafi og mig langar að vísa til greinargerðar um það, með leyfi hæstv. forseta.

„Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu eins og það lá fyrir í upprunalegri mynd. Þær miðast við að tryggja að trúnaðarmaður sé í nánum tengslum við annað starf sem fram fer á viðkomandi sjúkrastofnun og gegni starfi trúnaðarmanns samhliða öðrum skyldustörfum á stofnuninni. Einnig er gefið svigrúm til þess að trúnaðarmenn á stærri sjúkrahúsum komi úr fleiri heilbrigðisstéttum en hjúkrunarfræðinga og hafi þá með sér náið samstarf. Þessi háttur er hafður á til þess að hægt sé að mynda teymi trúnaðarmanna sem hafi góða yfirsýn yfir starfsemi sjúkrahússins og bein tengsl við sem flestar heilbrigðisstéttir."

Varðandi vaktavinnu er ekki gert ráð fyrir að það þurfi að vera tiltækur trúnaðarmaður starfandi allan sólarhringinn. Hins vegar gæti þurft að vera einhvers konar bakvaktakerfi í gangi. En það er fyrst og fremst miðað við að trúnaðarmaður hafi góð tengsl við starfssystkini sín á sjúkrahúsum og leiðbeini þeim eða tilkynni þeim ef einhver vafamál eru í gangi og haldi þannig samfellu en ekki að þarna þurfi að að bæta við svo að það sé alltaf einhver á vakt til taks. Það kann að þurfa að útfæra þetta nánar með einhvers konar bakvaktakerfi en ég held að það skipti í flestum tilvikum fyrst og fremst máli að trúnaðarmaður geti leiðbeint ef

einhver áföll koma upp um það hvernig sjúklingur og aðstandandi geta sem best unnið með því teymi sem er til staðar og er að vinna að þessum erfiðu málum.

Ég legg sérstaka áherslu á að þarna er kannski ekki verið að hugsa um það sem fyrirsjáanlegt er og það sem fólk sem hefur unnið í slíkri teymisvinnu sér fyrir og veit vegna þess kannski að batahorfur versna eða það er einhver aðgerð fyrirsjáanleg eða eitt eða annað þar sem starfsfólk sjúkrahúsa hefur frumkvæði að því að hafa samband við sjúklinga. Ég hef rætt við fólk sem hefur starfað í slíkri teymisvinnu og ég tel slíkt frumkvæði eftir sem áður mjög nauðsynlegt og brýnt.

Ég tel það líka mjög nauðsynlegt og brýnt sem gert hefur verið alla vega á einni sjúkrastofnun sem ég veit um þar sem geðhjúkrunarfræðingar hafa sérstaklega reynt að leita uppi fólk bæði úr hópi sjúklinga og aðstandenda sem þeir telja að þurfi á hjálp að halda. Þessi þjónusta er eftir sem áður nauðsynleg. Það sem ég er sérstaklega að tala um er að það sé þarna ákveðin verkaskipting út frá sjónarmiði þeirra sjúklinga sem hafa kannski spurningar sem enginn sér fyrir að séu þarna. Viti að það er einhver ákveðinn úr hópi starfsfólks sjúkrahússins sem hefur það hlutverk og þá skyldu sérstaklega að svara spurningum og hefur ákveðna þjálfun í því líka.

Ég þakka þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls og eru í andsvörum og í ræðu og eru í heilbr.- og trn. Ég hef trú á því að með góðri umræðu þá sé hægt að komast niður á lausn sem tekur tillit til allra þessara atriða sem ég hef nefnt og sem fram komu í þeirra ábendingum og ræðum.

Ég trúi því að hér sé viðbót, þörf viðbót, við það starf sem verið er að vinna og að það sé hægt að leggja þessa viðbót inn í kerfið án þess að til vandræða eða tortryggni komi og þá sérstaklega með því að leyfa þessu að þróast á eðlilegan hátt en skapa þetta svigrúm sérstaklega með þá sjúklinga í huga og aðstandendur sem þessi þjónusta nær ekki til sem þegar er fyrir hendi.

[15:44]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil að mörgu leyti röksemdir hv. flm. í þessu máli. Sérstaklega um nauðsyn trúnaðar. En ég vil enn vekja athygli á þeirri staðreynd og þeirri siðfræði sem gildir innan heilbrigðisstéttanna um það að starfsmenn heilbrigðisþjónustunnar telji sig fyrst og fremst vera trúnaðarmenn sjúklinga og aðstandenda. Að mínu mati er mjög nauðsynlegt að sá trúnaðarmaður sem viðkomandi sjúklingur velur sér að tala við sé sá aðili innan þess stuðningsteymis sem sinnir sjúklingnum daglega en eins og við vitum þá eru mannleg samskipti þannig að það er stundum betra að tala við Pétur en Pál. Ég held að það komi af sjálfu sér þegar meðvitað teymi eins og er að myndast inni á sjúkrahúsunum vinnur vel saman, ekki síst eftir þá umræðu sem orðið hefur um siðfræði og um þessa heildarnálgun við meðferð sjúklings, þ.e. bæði andlegu, líkamlegu og félagslegu hliðina að þá muni þetta þróast á mjög eðlilegan hátt í þeirri þróun sem þegar er hafin innan sjúkrahúsa. En eins og ég sagði áðan finnst mér þetta frv. samt sem áður allrar athygli vert og góðra gjalda vert og ég mun að sjálfsögðu gera mitt til þess að jákvæð útkoma náist í heilbr.- og trn.

[15:46]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. þessa athugasemd. Ég get í rauninni tekið undir flest af því sem hún segir. Það er kannski eitt sem mér sýnist að okkur greini á um og ég held að það sé ekki mjög alvarlegt. Það er á hvern hátt frumkvæði verður til og hvernig slík þróun verður. Það er mat mitt og ástæðan fyrir því að ég flyt þetta frv. hér í þriðja sinn að það þurfi að vera ákveðin festa í þessu kerfi en það útilokar hins vegar alls ekki það að sjúklingur velji sér sinn eigin trúnaðarmann. Það gera margir sjúklingar. Ég hef meiri áhyggjur af hinum, sjúklingunum og aðstandendunum sem kannski verða afgangs þrátt fyrir góðan vilja allra aðila og þar af leiðandi sé ég kannski þessum málum frekar háttað með meiri formfestu. En eins og ég segi ég er opin fyrir öllum hugmyndum og ég er sannfærð um að þessi umræða og sú umræða sem er í gangi um þessi mál miðar að hinu sama og það er alveg áreiðanlegt að það er hægt að fá fólk til að ræða kosti og galla ýmissa hugmynda og þar á meðal þessarar og komast að niðurstöðu sem er þá öllum til hagsbóta.

[15:47]

Lára Margrét Ragnarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. flm. og ég séum að verða nokkuð sammála. En ég vil þó telja að sú þróun eins og ég benti á sem orðið hefur á hópvinnu innan heilbrigðisstofnana á undanförnum árum sé orðin það jákvæð og það góð í dag að það sé ekki ástæða til að óttast að heilbrigðisstarfsfólk taki ekki frumkvæði í þessa veru þ.e. að nálgast sjúklinginn og leita þeirra sjúklinga sem ekki hafa uppburði í sér til að velja sér sjálfir trúnaðarmann.

[15:48]

Flm. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir að í vinnu nefndarinnar þá muni m.a. verða rætt á nýjan leik við fulltrúa þeirra fjölmörgu samtaka sjúklinga og aðstandenda þeirra sem hafa orðið til á undanförnum árum og ég býst við að samanlagt þá muni reynsla og viðleitni allra þessara aðila, sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks heilbrigðisþjónustu leiða okkur áfram á rétta leið. Og ég vona að það sé rétt að þessi þróun hafi orðið eins ör og hv. 13. þm. Reykv. vill meina en ég held að það sé full ástæða til að kanna það, m.a. með því að spjalla við félög sjúklinga og aðstandenda og reyna að komast í sátt að sameiginlegri niðurstöðu um það hvort þörf er á þeirri formfestu sem þetta frv. leggur til eða hvort það er nóg að halda áfram að þróa þá vinnu sem verið hefur. En allt eru þetta eins og við höfum hér fleiri en ein bent á leiðir í átt að sama markmiði, betri líðan allra á sjúkrastofnunum, sjúklinga, aðstandenda og starfsfólks.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 1. umr.

Frv. KE o.fl., 303. mál (bráðabirgðalög). — Þskj. 494.

[15:50]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til stjórnarskipunarlaga sem er á þskj. 494. Flm. þessa frv. eru allar þingkonur Kvennalistans

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem þingkonur Kvennalistans flytja frv. samhljóða þessu. Þetta frv. felur það í sér að afnumin skuli heimild í stjórnarskránni til útgáfu bráðabirgðalaga.

Haustið 1990 fluttu þingkonur Kvennalistans sem þá voru í neðri deild samhljóða frv. en þá höfðu verið gefin út fern bráðabirgðalög það ár og blöskraði okkur þingkonum hversu frjálslega með þessa heimild ríkisstjórnin fór.

Tilefni þess að við ákváðum að flytja aftur frv. núna eru bráðabirgðalög sem gefin voru út 14. jan. sl. um stöðvun verkfalls fiskimanna sem rætt hefur verið á þessu þingi. Satt best að segja þá blöskraði manni algerlega hvernig ríkisstjórnin gekk fram í því máli þegar fyrir lá m.a. yfirlýsing frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar um að ekkert væri því til fyrirstöðu að kalla saman þing og afgreiða mál sem nauðsynleg þættu í tengslum við þessa kjaradeilu með hraði hér á Alþingi.

Mig langar í þessu samabandi að lesa upp hér bréf sem ritað var þann 14. jan. og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ríkisstjórn Íslands, Stjórnarráðshúsinu, 150 Reykjavík.

Í ljósi þeirrar alvarlegu stöðu sem upp er komin vegna kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna og verkfalls af þeim sökum viljum við, fyrir hönd Kvennalista, Framsóknarflokks og Alþýðubandalags, fara fram á það að Alþingi verði þegar kallað saman.

Við höfnum því algjörlega að sett verði bráðabirgðalög sem banni verkfall sjómanna en erum reiðubúin til að ræða setningu laga ef það mætti verða til að liðka fyrir lausn deilunnar. Við erum einnig reiðubúin til að hraða afgreiðslu slíkra mála á Alþingi."

Undir þetta bréf rita Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Steingrímur Hermannson og Ólafur Ragnar Grímsson.

Þetta bréf var afhent í forsrn. áður en ákvörðun var tekin um þessi bráðabirgðalög sem ég minntist á áðan, alla vega áður en yfirlýsing var gefin um að þau yrðu gefin út. Þetta hljóta allir að sjá að gengur auðvitað ekki. Það gengur ekki að ríkisstjórn geti tekið sér löggjafarvald með þessum hætti og setji í raun utanþingslög og jafnvel má leiða að því líkur að ríkisstjórnir reyni, og þá er ég ekki bara að tala um nú í þessu tilviki heldur yfirleitt, að ríkisstjórnir reyni að grípa til slíkra utanþingslaga þegar um óþægileg mál er að ræða og e.t.v. ekki ljóst hvort meiri hluti er til fyrir þeim lögum hér á Alþingi. Að mínu mati og reyndar margra fleiri hafa ríkisstjórnir og þessi sem nú situr einnig tekið sér í vald heimildir sem eru langt út yfir það sem 28. gr. stjórnarskrárinnar gerir ráð fyrir. En ákvæði 28. gr. sem veitir heimild til útgáfu bráðabirgðalaga hefur staðið frá því að landinu var fyrst sett stjórnarskrá árið 1874. Árið 1915 var tveimur nýjum málsgreinum bætt við greinina og smávægilegar breytingar voru gerðar á henni 1920.

Ákvæðið hljóðar nú eftir þær breytingar sem gerðar voru á greininni árið 1991, með leyfi forseta:

„Þegar brýna nauðsyn ber til, getur forsetinn gefið út bráðabirgðalög er Alþingi er ekki að störfum. Ekki mega þau þó ríða í bág við stjórnarskrána. Ætíð skulu þau lögð fyrir Alþingi þegar er það er saman komið á ný.

Samþykki Alþingi ekki bráðabirgðalög, eða ljúki ekki afgreiðslu þeirra innan sex vikna frá því þingið kom saman, falla þau úr gildi.

Bráðabirgðafjárlög má ekki gefa út ef Alþingi hefur samþykkt fjárlög fyrir fjárhagstímabilið."

Þegar þetta ákvæði var sett inn í stjórnarskrána voru aðstæður í íslensku þjóðfélagi allt aðrar en þær eru nú. Alþingi kom saman til fundar annað hvert ár, í upphafi aðeins að sumri til. Samgöngur voru með allt öðrum hætti og alþingismenn höfðu þingmennsku ekki að aðalstarfi. Það þótti nauðsynlegt, þótt umdeilt væri, að setja eins konar neyðarréttarákvæði í stjórnarskrána þannig að konungur og ríkisstjórn gætu gripið til bráðabirgðalaga ef mikið lægi við. Orðin „þegar brýna nauðsyn ber til" eru sett til áréttingar því að ekki megi fara frjálslega með þessa heimild. Reynslan hefur sýnt að túlkun þessara orða hefur verið mjög frjálsleg. Virðist í mörgum tilvikum sem nauðsyn fyrir útgáfu bráðabirgðalaga hafi ekki verið brýn. Þarf ekki annað en að lesa í gegnum þau bráðabirgðalög sem gefin hafa verið út í seinni tíð til að sjá að það er langt frá því að þar hafi verið um brýna nauðsyn að ræða. Fjöldi bráðabirgðalaga hérlendis verður að teljast óeðlilegur, en frá stofnun lýðveldisins hafa verið gefin út um 260 bráðabirgðalög. Það hljóta allir að sjá að þetta gengur auðvitað ekki.

Alþingi starfar nú allt árið og samgöngur hamla því ekki að Alþingi sé kallað til aukafunda með mjög skömmum fyrirvara til þess að fjalla um málefni sem þola enga bið. Kostnaður við að kalla þing saman er mjög lítill. Það er alkunna að ríkisstjórnin boðar oftast þingflokka stjórnarliðsins til funda til þess að bera undir þá efni væntanlegra bráðabirgðalaga. Það hefur hins vegar komið í ljós að það hefur orðið misbrestur á því. Alla vega hefur það komið í ljós við setningu bráðabirgðalaganna sem ég vitnaði til áðan um stöðvun verkfalls sjómanna að ekki var einu sinni haft fyrir því að hringja í þingmenn stjórnarliðsins hvað þá heldur að kalla (**Gripið fram í:** Bara tvo.) þá saman og er það auðvitað ámælisvert. En auðvitað á ekkert að vera að gefa út bráðabirgðalög heldur á að kalla Alþingi saman því það er ekkert því til fyrirstöðu að kalla Alþingi saman með mjög skömmum fyrirvara eins og allir hljóta að gera sér grein fyrir. Auðvitað geta verður alltaf hamlað en það t.d. átti ekki við að því er varðaði bráðabirgðalögin í janúar.

Heimild stjórnarskrárinnar til útgáfu bráðabirgðalaga er því alls ekki nauðsynleg lengur. Ríkisstjórnir hafa farið mjög frjálslega með mat á því hvað sé brýn nauðsyn, en gert var ráð fyrir að útgáfa bráðabirgðalaga væri hrein undantekning. Ríkisstjórnir hafa hins vegar oft gefið út bráðabirgðalög skömmu áður en Alþingi kemur saman og stuttu eftir að hlé hefur verið gert á þingfundum. Þetta var sérstaklega áberandi hér áður fyrr. Í tilvikinu í janúar sl. þá var upphaflega áætlað að Alþingi kæmi saman á mánudeginum, þ.e. 17. jan. en það var ákveðið að lengja þinghléið vegna þess að annir eða þingfundir stóðu lengur fyrir jól en áætlað hafði verið. Það voru því margir sem höfðu gert ráð fyrir að þurfa að koma til fundar hvort sem var þannig að það var engin ástæða og engin afsökun að ekki væri hægt að kalla þing saman enda hef ég ekki heyrt að neinir ráðherrar hafi borið því við.

Alþingismenn hafa ekki verið nægilega á verði gegn ofnotkun þessa ákvæðis og oft samþykkt bráðabirgðalög sem engin ástæða var til að gefa út. Oft eiga alþingismenn ekki annarra kosta völ en að samþykkja bráðbirgðalög þar sem áhrifa laganna er þegar tekið að gæta og mikið tjón kann að verða ef lögin fást ekki samþykkt. Fræðimenn í stjórnskipunarrétti deila um að hve miklu leyti dómstólar geti metið hvort brýna nauðsyn hafi borið til útgáfu bráðabirgðalaga. Margir telja að dómstólar verði að una við mat ríkisstjórna á því hvað sé brýn nauðsyn, en aðrir fræðimenn telja að dómstólum sé heimilt að meta þetta atriði. Um þetta atriði hljóta þó alltaf að vera skiptar skoðanir. Í máli BHMR gegn fjármálaráðherra og menntamálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs út af bráðabirgðalögum, sem sett voru sumarið 1990, lagði Hæstiréttur mat á það hvort brýna nauðsyn hefði borið til að setja þau lög og komst að þeirri niðurstöðu að svo hefði verið.

Í Danmörku og Noregi er útgáfa bráðabirgðalaga heimiluð, en ekki er heimild til útgáfu bráðabirgðalaga í stjórnarskrám Svíþjóðar og Finnlands. Í Danmörku er heimildin nú bundin því skilyrði að ekki sé unnt að kalla þingið saman. Danir hafa þannig mun þrengri skilyrði fyrir útgáfu bráðabirgðalaga. Af sögulegum ástæðum, vegna grófrar misbeitingar Estrups-stjórnarinnar á síðari hluta síðustu aldar á bráðabirgðalagavaldinu, hafa bráðabirgðalög ekki verið gefin þar út í áratugi en þingið kallað saman til stutts fundar ef brýn nauðsyn er til lagasetningar utan venjulegs starfstíma þingsins. Eru þess mörg dæmi á undanförnum árum. — Minnist ég þess t.d. að í fyrrasumar var í tvígang, ef ég man rétt, danska þingið kallað saman til fundar í tvo daga í hvort skipti til að ræða um nauðsynlega lagasetningu. Það vefst því ekki fyrir Dönum að kalla þingið saman út af nauðsynlegum málum. — Telja verður að við Íslendingar getum vel gengið lengra en Danir og fylgt fordæmi Finna og Svía. — Það er skoðun okkar þingkvenna Kvennalistans að nauðsynlegt sé að gera það þar sem ríkisstjórnir ganga svo langt í að misbeita þessu valdi. — Ef ókleift er af einhverjum ástæðum, t.d. af völdum náttúruhamfara eða styrjalda, að kalla Alþingi saman eru til ýmis neyðarréttarsjónarmið í stjórnskipunarrétti sem unnt er og eðlilegra að styðjast við. Í riti sínu „Stjórnskipun Íslands" segir Ólafur Jóhannesson að ekki sé leyfilegt að víkja frá ákvæðum stjórnarskrár nema mikið liggi við og kringumstæður séu mjög óvenjulegar. Þessari heimild eru settar mjög þröngar skorður þar sem engin neyðarréttarregla er í stjórnarskránni sjálfri. Í upphafi heimsstyrjaldarinnar síðari vék Alþingi frá stjórnarskipunarlögum er ráðstafa þurfti valdi konungs.

Ákvæði 28. gr. stjórnarskrárinnar hefur fleiri galla en kosti og er í raun hættulegt lýðræðinu. Það býður upp á þá hættu að ríkisstjórnir beiti ólýðræðislegum vinnubrögðum og skipi málefnum með lögum án atbeina Alþingis ef þær telja það henta. — Í raun þarf ég ekki annað en að horfa til þeirra sjö ára sem ég hef setið á þingi til að geta fullyrt að þessi orð eru oft sönn. Þau utanþingslög sem gefin voru út í janúar eru t.d. gott dæmi um það. — Þetta ákvæði ber því að nema úr stjórnarskránni nú þegar því að það felur ekki í sér það öryggi sem því var upphaflega ætlað að veita. Og ég endurtek að það er í raun hættulegt lýðræðinu.

Haustið 1982 var lagt fram á Alþingi frv. sama efnis og þetta af þingmönnum Alþýðuflokksins í neðri deild en það náði ekki fram að ganga. Þá var á 111. og 112. þingi lagt fram frv. af nokkrum þingmönnum neðri deildar þar sem lagt er til að 28. gr. stjórnarskrárinnar verði breytt þannig að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga verði þrengd.

Haustið 1990 fluttu þingkonur Kvennalistans frv. til stjórnarskipunarlaga samhljóða því frv. sem hér er flutt um að fella brott 28. gr. stjórnarskrárinnar.

Við breytingu á stjórnarskránni, sem staðfest var á 114. löggjafarþingi, var deildaskipan Alþingis breytt þannig að nú starfar Alþingi í einni deild en ekki tveimur eins og áður. Einnig voru sett inn ákvæði um að Alþingi starfaði allt árið. Þetta er mjög mikilvægt atriði. Þótt meginákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar um útgáfu bráðabirgðalaga hafi ekki verið breytt þá er nú enn minni ástæða en áður að beita ákvæðum hennar. Í umræðum á Alþingi vorið 1991 sagði fyrsti flutningsmaður stjórnarskipunarfrumvarpsins, Ólafur G. Einarsson, meðal annars um bráðabirgðalagaréttinn: „Ég sé það fyrir mér að þessi réttur verði ekki notaður nema í hreinum undantekningartilvikum þegar við höfum breytt þessum ákvæðum þannig að auðveldara er en áður að kalla þingið saman til fundar og hefja strax störf að afgreiðslu þeirra mála sem bíða en þurfa ekki að fara að kjósa nefndir og kjósa forseta þingsins sem tekur einn eða tvo daga." Í máli annarra þingmanna, sem tóku þátt í umræðunni um málið, kom einnig fram það sjónarmið að setning bráðabirgðalaga ætti eftir breytinguna nánast að heyra sögunni til.

Ég ætla, virðulegi forseti, ekki að vitna í ummæli margra sem tóku til máls í umræðunni á sínum tíma en hæstv. menntmrh., Ólafur G. Einarsson, sem þá var formaður þingflokks Sjálfstfl., margítrekaði í umræðunni að ástæða væri til að ætla að það þyrfti alls ekki að setja nein bráðabirgðalög eftir að þetta ákvæði væri komið inn í stjórnarskrána, þ.e. að Alþingi væri starfandi allt árið. Það voru margir sem ítrekuðu það. Ég minnist þess sérstaklega að Málmfríður Sigurðardótt-

ir, sem var þingflokksformaður Kvennalistans og var í þeirri nefnd sem undirbjó frv. fyrir hönd Kvennalistans, sagði, með leyfi forseta, þegar hún er búin að lýsa því að hún hafi verið óánægð með að ekki skyldi hafa verið fellt út þetta bráðabirgðalagaákvæði: „...en í ljósi þess að samkvæmt þessu frv. eru verulegar takmarkanir á því að beita þessari heimild gekk ég til samkomulags *við nefndarmenn um þetta atriði.*" Það er því alveg greinilegt að þeir sem voru í þeirri sérnefnd sem fjallaði um breytingu á stjórnarskránni litu svo á að þarna væri verið að þrengja mjög þessa heimild þar sem auðveldara yrði að kalla saman Alþingi og engin ástæða til að heimila ríkisstjórninni að gefa út bráðabirgðalög. En það varð ekki samkomulag um það að ganga svo langt að fella þessa heimild algjörlega í burtu þó greinilegt hafi verið að allir teldu að það yrði óþarfi að beita henni.

Í áramótgrein sem birtist í Morgunblaðinu þann 30. des. 1990 fjallaði Þorstein Pálsson, þáv. formaður Sjálfstfl. sem er núv. hæstv. sjútvrh., um þetta efni einmitt í tilefni af deilum vegna setningar bráðabirgðalaga vegna BHMR, sem ég minntist á hérna áðan. Þar segir hann alveg ákveðið að það sé brýn nauðsyn á að afnema réttinn til útgáfu bráðabirgðalaga. Þess vegna verð ég að draga þá ályktun, bæði af þeim ummælum sem voru látin falla á sínum tíma og því sem sagt hefur verið bæði úr þessum ræðustóli og í greinum og annað um þennan rétt, að meiri hluti sé fyrir því að afnema þessa heimild og alla vega þrengja hana verulega þannig að ekki sé hægt að grípa til hennar nema brýna nauðsyn beri til og það sé algjört neyðarrúrræði. Að mínu mati er hægt að grípa til neyðarúrræða, eins og ég minnist á áðan, ef þannig aðstæður koma upp en það á ekki að heimila ríkisstjórninni að taka sér það vald að setja lög þegar löggjafinn starfar allt árið og ekkert er því til fyrirstöðu að Alþingi komi saman og sinni því löggjafarhlutverki sem því er ætlað og það sé ekki ríkisstjórnin sem setji lögin. Þrátt fyrir þetta hafa þrívegis verið sett bráðabirgðalög eftir breytinguna sem gerð var á stjórnarskránni árið 1991 og það er þrisvar sinnum of oft að mínu mati.

Lögum um Kjaradóm var breytt með bráðabirgðalögum þann 3. júlí 1992 eftir að hann kvað upp úrskurð 26. júní 1992 sem ríkisstjórnin taldi tefla stöðugleika í efnahagslífinu í tvísýnu. Þann 28. maí 1993 voru sett bráðabirgðalög um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga og 14. jan. 1994 vegna kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Í öllum þessum tilvikum var ekkert því til fyrirstöðu að kalla Alþingi saman með örskömmum fyrirvara. Eins og ég sagði var stjórnarandstaðan raunar búin að lýsa því yfir að það væri ekkert því til fyrirstöðu að koma þá þegar til fundar. Ég er alveg viss um að það hefði ekki vafist fyrir stjórnarliðum frekar en okkur hinum að koma hingað og sinna skyldum sínum.

Það er því ljóst, virðulegi forseti, að heimild til útgáfu bráðabirgðalaga er algjörlega óþörf og óeðlileg að mínu mati þar sem ekkert er því til fyrirstöðu að Alþingi komi saman með stuttum fyrirvara og fjalli um þau lagafrumvörp sem nauðsynlegt er talið að fjalla þurfi um og taka afstöðu til þeirra.

Það er grundvallaratriði stjórnskipunar okkar að Alþingi fari með löggjafarvaldið. Frá því á ekki að víkja nema ekki sé unnt af óviðráðanlegum ástæðum að kalla Alþingi saman.

Eins og ég sagði áðan þá er ég viss um að meiri hluti er fyrir því á Alþingi að þetta frv. sé samþykkt.

Virðulegur forseti. Að lokinni þessari umræðu legg ég til að þessu máli verði vísað til 2. umr. Samkvæmt 42. gr. þingskapa skal lagafrv. sem felur í sér tillögu um breytingu á stjórnarskránni vísað til sérstakrar nefndar, sbr. 32. gr. þingskapa, og þess vegna legg ég til að slík nefnd verði kosin og þessu máli verði vísað til slíkrar sérnefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala notaðra ökutækja, 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 587.

[16:12]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir máli á þskj. 587 sem er frv. til laga um sölu notaðra ökutækja.

Verslun með bifreiðar er þýðingarmikill þáttur í lífi þeirra sem nú byggja þetta land. Kostnaður við kaup og rekstur bifreiða er stór þáttur í útgjöldum þeirra þjóða sem hafa vélvætt samgöngur sínar í jafnríkum mæli og við höfum gert á Íslandi. Nú er talið að fimmtungur af útgjöldum íslensks meðalheimilis fari til þessara þarfa.

Þegar menn eiga viðskipti með notaða bíla koma mjög oft upp deilumál eftir á. Iðulega telur kaupandi sig hlunnfarinn sökum þess að bíllinn sé ekki í því ástandi sem hann hefði mátt ætla þegar hann keypti hann. Dæmi eru um að slík mál endi hjá dómstólum en miklu oftar treystir kaupandinn sér ekki til slíkra aðgerða og situr eftir með sárt ennið.

Það er því skiljanlegt að samtök neytenda og bifreiðaeigenda hafi lagt á það áherslu að settur verði öruggari lagarammi um viðskipti með bifreiðar hér á landi. Í viðskrn. hefur það mál verið til athugunar og liggur fyrir í frv. því sem hér er flutt.

Við kaup á notuðum bílum þarf að huga að miklu fleira en bara verði. Það þarf að huga að væntanlegri endingu og rekstrarkostnaði, öryggisbúnaður allur þarf að standast kröfur og bifreiðin þarf að duga til þeirra nota sem hún er fyrst og fremst ætluð til. Bifreiðar byggja á flóknum tæknibúnaði og er því erfitt að meta gæði og ástand þeirra án sérfræðiþekkingar sérstaklega eftir að þær hafa verið í notkun í lengri eða skemmri tíma. Venjulegur neytandi býr ekki yfir slíkri sérfræðiþekkingu að geta dæmt um ástand bifreiðar. Þess vegna eru kaup á notuðum bíl áhættuviðskipti fyrir okkur flest. Einmitt þess vegna er mikilvægt að tryggja að kaupandi fái nauðsynlegar og réttar upplýsingar frá

seljanda og þeim sem kemur fram sem meðalgöngumaður milli hans og kaupanda. Fyrir þurfa að liggja upplýsingar um ástand og fyrir notkun bifreiðarinnar, hvort hún hafi lent í alvarlegum umferðaróhöppum eða hvort búnaður hennar hefur á einhvern hátt verið vanræktur. Liggi slíkar upplýsingar ekki fyrir ber að geta þess sérstaklega við kaupin enda ætti það þá að endurspeglast í verði bifreiðarinnar.

Kaupandinn verður að sjálfsögðu að kynna sér ástand bifreiðarinnar en andvirðið er vandasamt að meta án sérfræðiþekkingar, sérstaklega þegar upplýsingar, sem ég hef þegar nefnt, skortir.

Í íslenskri löggjöf hefur lítið verið fjallað um starfsemi þeirra sem stunda viðskipti með notaðar bifreiðar. Í lögum um sölu notaðra lausafjármuna er þó að finna ákvæði um sölu notaðra bifreiða en þau eru mjög ófullkomin. Almenn ákvæði kaupalaga eiga að sjálfsögðu við um þessi viðskipti en meginvandi kaupandans er yfirleitt fólgin í sönnunarbyrðinni, þ.e. hvaða upplýsingar voru gefnar þegar kaupin áttu sér stað. Oft hefur verið rætt um það á undanförnum árum að besta lausnin væri að setja sérstök lög um viðskipti með bifreiðar sem gætu orðið bæði bifreiðasölum og viðskiptamönnum þeirra til hagsbóta og hefur sú lausn verið valin. Það er þó ekki í samræmi við það sem gert hefur verið á hinum Norðurlöndunum því yfirleitt er fjallað um réttindi og skyldur í bifreiðaviðskiptum í almennum lögum um neytendakaup fremur en í sérlögum um sölu bifreiða. Okkur þótti þó rétt að fara þá leiðina að þessu sinni að setja sérlög um verslun með notaðar bifreiðar.

Þetta frv. sem hér er lagt fram skiptist í fjóra kafla. Í fyrsta lagi er það I. kafli þar sem rætt er um heimild til að hafa með höndum sölu á notuðum ökutækjum. Þar er rætt um að lögin taki til sölu á öllum notuðum skráningarskyldum ökutækjum öðrum en nauðungarsölu á notuðum bifreiðum.

Í 2. og 3. gr. eru ákvæði um hvaða skilyrði sá sem reka vill verslun eða umboðssölu með notuð ökutæki skuli uppfylla.

Í 3. gr. eru talin upp fimm skilyrði þar sem m.a. er gert ráð fyrir að bifreiðasali taki ábyrgðartryggingu frá viðurkenndu vátryggingafélagi, afli sér bankatryggingar og leggi fram aðrar tryggingar sem sýslumaður metur gildar þannig að hann geti bætt viðskiptamönnum tjón er kunna að verða af ásetningi eða gáleysi í reglum við sölu notaðra ökutækja.

Einnig er í 5. tölul. 3. gr. gert ráð fyrir því að ökutækjasali þurfi að sækja námskeið og ljúka prófi samkvæmt prófkröfum sem settar verða í reglugerð sem ráðherra ákveði. Kostnaðinn skuli viðkomandi nemendur greiða með kennslu og prófgjöldum.

Í II. kafla er rætt um réttindi og skyldur bifreiðasala sem fengið hefur til þess leyfi að stunda sölumennsku með notaðar bifreiðar og notuð ökutæki. Hann skal gæta þess að viðskiptamenn njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og viðskiptakjör. Einnig skal hann gæta þess að aðila séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

Bifreiðasalinn eða sá sem með leyfið fer ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við sölu ökutækja eins og hefði hann sjálfur framkvæmt þau. Bifreiðasali skal m.a. áður en kaupin eru gerð ganga frá afsali notaðs ökutækis, greina kaupanda frá þeim rétti hans að láta óháðan aðila meta ástand ökutækis, svo sem faggilta skoðunarstofu eða faggilt endurskoðunarverkstæði, en undir þeim kringumstæðum er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því að bifreiðakaupin greiði þann kostnað sem af hlýst.

Þá skal bifreiðasali annast gerð kaupsamnings, afsals og frágang annarra pappírsgagna, svo og ábyrgjast að tilkynning um eigendaskipti séu send ökutækjaskrá. Ef bifreiðasali, fyrirtæki sem hann starfar við eða aðrir starfsmenn hans hafa til sölu notað ökutæki sem þeir eiga sjálfir eða er í eigu náinna ættingja þá skal það ávallt koma fram í viðskiptunum þannig að það liggi ljóst fyrir hvort sá sem kaupir er að kaupa eign bifreiðasalans, starfsmanna hans eða venslamanna eða eign þriðja aðila.

Þá er gert ráð fyrir því í ákvæði til bráðabirgða að þeir sem stunda sölu notaðra ökutækja við gildistöku laga þessara, ef samþykkt verða, skuli sækja um leyfi til sýslumanns innan sex mánaða frá gildistöku laganna en að níu mánuðum liðnum frá gildistöku laganna sé þeim óheimilt að stunda sölu notaðra ökutækja í atvinnuskyni hafi þeir ekki aflað sér tilskilinna leyfa og þar á meðal gengið undir þau próf sem lögin gera ráð fyrir að fyrir þá verði lögð.

Um þetta mál hefur verið fjallað mjög víða. Flestir aðilar sem koma að viðskiptum með bifreiðar hafa um þau vélað á einn eða annan hátt. Þó skal tekið fram að bifreiðasalar hafa ekki með sér samtök þannig að ekki var hægt að leita til bifreiðasala sem samtaka heldur varð að fá upplýsingar og álit einstakra stórra bifreiðasala sem var gert. Niðurstaðan er frv. það sem hér liggur fyrir og veit ég ekki betur en það njóti almenns stuðnings og skilnings hjá þeim sem hagsmuna hafa að gæta í sölu notaðra bifreiða.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[16:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég tel að hér sé hreyft máli sem er full ástæða að skerpa löggjöf um, ekki síst á Íslandi þar sem bílaeign er — ég held ég muni það rétt að við séum í öðru sæti í heiminum hvað snertir bílaeign. Það er út af fyrir sig mjög eðlilegt miðað við okkar staðhætti og sömuleiðis eru bílaíþróttir og hvers kyns bílaeign sem tengist útilífi og frístundum mjög vaxandi þáttur í okkar þjóðlífi þannig að ég held að það sé mjög æskilegt að um þetta ríki góðar reglur.

Ég vil þó láta það koma fram í því sambandi að að mínu áliti hefur öll umsýsla með sölu notaðra bíla verið að færast í mun betra horf á síðustu árum frá því sem áður var. Maður man þá tíð að það þótti nokkuð vafasamur „bisniss" að reka bílasölu með notaða bíla og þeir ekki hátt skrifaðir sem stunduðu þá vinnu. Þetta hefur mjög verið að breytast á síðustu árum og nú þegar hafa, alla vega þær bílasölur þar sem ég

þekki til, tekið upp hluti eins og getið er um í þessu frv. að sjá um alla pappírsvinnu fyrir viðkomandi aðila sem standa í viðskiptum.

Þá hefur það einnig gerst að stöðugt stærri hluti af bílasölunni fer fram á bílasölum sem eru annaðhvort reknar af eða í beinum tengslum við stóru bílaumboðin og þar fara náttúrlega öll viðskipti fram í mjög ákveðnum og föstum skorðum.

Ég vil að lokum taka það fram og leggja á það áherslu að þó að þarna sé eðlilegt að setja um fastari reglur þá verða menn við alla þá meðferð, bæði í þinginu og ekki síður framkvæmdaaðilinn sem síðan setur reglugerðir um hvernig nánari skipun verður á þessu, alltaf að hafa í huga að reynt sé að sníða reglurnar þannig að ekki hljótist af þeim óheyrilegur kostnaður. Hættan er alltaf sú ef embættismenn fá lausan taumin við reglugerðarútgáfu að það komi niður á neytandanum því hlutirnir séu gerðir svo flóknir og dýrir að kostnaðurinn við það verði óheyrilegur.

[16:23]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. jákvæðar undirtektir. Um þetta síðasta sem hann nefndi vildi ég aðeins upplýsa það að ég er honum sammála að það er óeðlilegt að vera að hengja allt of mikla pappírsvinnu sem kallar á fjárhagsskuldbindingar á svona viðskipti. Við skoðuðum m.a. í því sambandi hvort það ætti skilyrðislaust að taka fram í svona frv. að allir þeir bílar sem færu í endursölu undirgengjust skoðun í löggiltu verkstæði þar sem ástandslýsing yrði unnin. Við hurfum frá því ráði m.a. vegna þeirra ástæðna sem hv. þm. benti á. Það er hins vegar í frv. gert ráð fyrir því að eigandi ökutækisins láti sjálfur frá sér fara skriflega lýsingu á ástandi ökutækisins sem bílasalinn síðan varðveitir í eitt ár hið minnsta svo hægt sé að taka það mál upp aftur hafi eigandi vísvitandi gefið rangar upplýsingar. Hins vegar er gert ráð fyrir því að bílasali bjóði væntanlegum kaupanda að hann geti látið fara fram skoðun en þá á sinn kostnað á löggiltu verkstæði.

Það er því fullur vilji til þess í iðnrn. að reyna að feta þarna hinn gullna meðalveg á milli þess sem þarf að upplýsa væntanlegan kaupanda um og þess sem óþarfi væri að gera ráð fyrir að hann eða seljandi þyrfti að gera og mundi valda óviðráðanlegum kostnaði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 427. mál (aðlögun að ákvæðum EES-samnings). — Þskj. 639.

[16:25]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem ég mæli fyrir er þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, nánar tiltekið ákvæðum samningsins um félagarétt. Auk þessa frv. til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, sem gert er ráð fyrir að gildi í framtíðinni um stærri tegund hlutafélaga hér á landi, verður einnig flutt frv. til laga um eignarhlutafélög sem hentar almennt um smærri tegund hlutafélaga og frv. til laga um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög en öll þessi þrjú frv. tengjast Evrópska efnahagssvæðinu.

Heppilegt þykir að hafa hér sérstök lög um stærri hlutafélög og önnur lög um minni tegund þessara félaga og er byggt á fordæmi fyrir slíku í lögum Danmerkur og annarra ríkja Evrópubandalagsins. Þykir þetta hagkvæmara þar eð meginhersla er lögð á það í Evrópusambandinu að samræma reglur fyrir stærri félögin og ætla má að sama mundi gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Leiðir slíkt til meiri og tíðari breytinga á löggjöf um stóru félögin en á löggjöf um litlu félögin.

Þar eð nokkur munur er á íslensku hlutafélagalögunum og EES-réttinum, sem liggur til grundvallar EES-samningnum, þarf að gera ýmsar breytingar á hlutafélagalögunum. Við endurskoðun laganna er byggt á ýmsum gerðum EES sem eru hluti EES-samningsins. Nánar tiltekið er við endurskoðun þessara laga byggt á átta tilskipunum Evrópusambandsins. Raunveruleg aðlögun bókhalds og endurskoðun ákvæða hlutafélagalaga mun þó tengjast undirbúningsstarfi fjmrn. í tengslum við bókhaldstilskipanir Evrópusambandsins.

Við endurskoðun hlutafélagalöggjafarinnar var til hægðarauka stuðst við dönsk lög um hlutafélög. Sumar breytingar í frv. eiga þó rætur sínar að rekja til dönsku laganna án þess að þær byggist á Evrópusambandsreglum. Þá er nokkrar aðrar breytingar að finna í frv., flestar þó minni háttar tæknilegar breytingar.

Tilskipanirnar sem liggja til grundvallar frv. þessu miða að því að samræma réttarreglur EES-ríkja á sviði félagaréttar. Er einkum reynt að samræma reglur um vernd hluthafa og lánardrottna og auka vernd þeim til handa en slíkt er talið skapa að jafnaði samkeppnisaðstöðu félaga í mismunandi ríkjum á Evrópska efnahagssvæðinu. Það er m.a. vegna ákvæða 2. tilskipunarinnar um mun hærra lágmarksfé í hlutafélögum en eru í gildandi lögum hér á landi að talið hefur verið rétt að stefna að setningu tveggja laga hér á landi, annars vegar um stærri félög, hlutafélög, og hins vegar um minni félög, eignarhlutafélög, eins og áður segir.

Í EES-reglum er ekki kveðið á um lágmarkshlutafé í minni félögum.

Um tilskipanirnar að öðru leyti vísast til almennra athugasemda við frv. þetta. Þar er jafnframt gerð grein fyrir nokkrum tillögum á sviði félagaréttar sem lagðar hafa verið fram í EES, m.a. drög að reglugerð um Evrópufélagið og tillögu um yfirtökutilboð sem gerir ráð fyrir að skylt sé við vissar aðstæður að gera tilboð í öll hlutabréf en ekki einungis ákveðinn hluta þeirra.

Almennur aðlögunartími til að samræma félagarétt EES-ríkja, sem eru ekki í Evrópusambandinu, rennur út tveimur árum eftir gildistöku samningsins. Almennt er þó gengið út frá því að ríkin hafi breytt löggjöf sinni fyrir árslok 1994 og er stefnt að því í frv. þessu

að framkvæmd breytinganna dragist ekki úr hófi hér á landi.

Ég tel rétt að geta hér nokkurra helstu breytinga á gildandi lögum um hlutafélög ef frv. verður samþykkt. Eins og ég hef áður vikið að leiða flestar breytingarnar af EES-réttinum en þó ekki allar.

Í I. kafla hlutafélagalaganna um almenn ákvæði er m.a. gert ráð fyrir því að lágmarkshlutafé þeirra hlutfélaga sem verða áfram hlutafélög en ekki verða umskráð sem eignarhlutafélög svo og lágmarkshlutafé nýrra hlutafélaga skuli tífaldast frá því sem nú er, þ.e. vera minnst 4 millj. kr. í stað 400 þús. kr. eins og nú er.

Í II. kafla laganna um stofnun hlutafélaga er gert ráð fyrir því að felld séu niður búsetuskilyrði á Íslandi gagnvart stofnendum sem eru ríkisborgarar í og búsettir í EES-ríkjum.

Þá er í þessum kafla mælt fyrir um sérfræðiskýrslu, m.a. vegna móttöku félags á verðmætum í öðru en reiðufé í tengslum við stofnun hlutafélags.

Í III. kafla um greiðslu hlutafjár er gert ráð fyrir því að greiða skuli hlutafé að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu í stað þriggja ára.

Í IV. kafla um hluti, hlutabréf og hlutaskrá er m.a. kveðið á um innlausnarskyldu og innlausnarrétt þegar aðili á meira en ⅔ hlutafjár í hlutafélagi í stað þess að binda skylduna og réttinn við eign móðurfélags á slíkum hlut í dótturfélagi. Er með þessu ákvæði höfð hliðsjón af ályktun Alþingis frá 19. mars 1992, um yfirtökutilboð og önnur almenn tilboð í hlutafélög.

Í V. kafla um hækkun hlutafjár er veittur möguleiki á útgáfu áskriftarréttinda til að afla viðbótarfjár en þau gefa rétt til áskriftar að hlutum við hlutafjárhækkun síðar.

Mun ítarlegri ákvæði en nú eru verða í VIII. kafla laganna um eigin hluti og miða ákvæðin að takmörkunum á öflun eigin hluta og meðferð þeirra.

Í IX. kafla hlutafélagalaga um félagsstjórn, framkvæmdastjóra og fulltrúanefnd eru m.a. gerðar kröfur um þrjá menn hið fæsta í stjórn allra hlutafélaga, en ekki minnst einn, enda er gert ráð fyrir að stærri félög velji það félagaform. Þá segir að í félögum án stjórnar skulu þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum formlega skoðast í fyrirsvari uns ný stjórn tekur við. Þá verður skylt að hafa alltaf framkvæmdastjóra í hlutafélögum. Það eru og nýmæli að stjórnarmönnum og framkvæmdastjórum er óheimilt eftir ítrekuð gjaldþrot síðustu þrjú árin að verða stjórnarmenn og framkvæmdastjórar í hlutafélögum í sams konar eða svipuðum rekstri næstu þrjú árin. Þetta er eitt af þeim álitamálum í frv. sem þarf að athuga nánar í þingnefnd og ýmsir stjórnarþingmenn hafa fyrirvara um þetta atriði.

Þá munu skilyrði um búsetu framkvæmdastjóra og minnst helmings stjórnarmanna á Íslandi ekki gilda fyrir ríkisborgara EES-ríkja sem búsettir eru í þeim ríkjum.

Í X. kafla um hluthafafundi er gert ráð fyrir því að stjórn félags sé skylt að gera vissar ráðstafanir þegar félag hefur tapað helmingnum af hlutafé sínu.

Í XII. kafla laganna um ársreikninga, sem tekur litlum breytingum, er gert ráð fyrir almennri skilaskyldu til hlutafélagaskrár á ársreikningum hlutafélaga, þ.e. hinna stærri félaga.

Lagðar eru skorður í XIII. kafla um arðsúthlutun, varasjóði o.fl. við lánum og/eða tryggingum af hálfu hlutafélaga til handa hluthöfum og fleirum.

Þá er í XIV. kafla laganna um félagsslit gefinn kostur á afskráningu hlutafélagaskrár á hlutafélögum með einföldum hætti, m.a. á þeim félögum sem eru án stjórnar.

Ákvæði XV. kafla hlutafélagalaganna um samruna hlutafélaga eru mun ítarlegri en nú er. Þar segir m.a. að matsmenn skuli gefa yfirlýsingu um það að hve miklu leyti samruni kunni að rýra möguleika lánardrottna á fullnustu.

Þá eru sett ákvæði um skiptingu hlutafélaga.

Af XVII. kafla um erlend hlutafélög leiðir að hlutafélög í EES-ríkjum eiga skýlausan rétt á að fá skráð útibú hér á landi mæli lög ekki fyrir um annað. Þá segir m.a. þar að útibússtjórar sem eru ríkisborgarar í og jafnframt búsettir í EES-ríki þurfi ekki að vera íslenskir ríkisborgarar fremur en framkvæmdastjóri íslenskra hlutafélaga samkvæmt gildandi lögum um hlutafélög.

Í XVIII. kafla um skráningu hlutafélaga segir m.a. að hlutafélagaskrá annist skráningu hlutafélaga og einstök verkefni í því sambandi í stað ráðherra. Ákvæði stjórnsýslulaga eiga við. Jafnframt segir að skylt sé en ekki aðeins heimilt að veita almennan aðgang að skránni.

Um breytingar að öðru leyti vísast til almennra athugasemda með frv. svo og athugasemda við einstakar greinar.

Gert er ráð fyrir að um margt verði samsvarandi reglur í lögum um hlutafélög og lögum um eignarhlutafélög í framtíðinni hér á landi samkvæmt frumvörpum þar að lútandi. Þótt greinafjöldi í lögunum um eignarhlutafélög verði svipaður og í hlutafélagalögunum verður margt þó mun auðveldara viðfangs í eignarhlutafélögunum. T.d. þarf ekki að halda aðalfundi eða aðra hluthafafundi í eignarhlutafélögum eins aðila. Þá getur minnst einn maður setið í stjórn eignarhlutafélags en minnst þrír skulu ávallt sitja í stjórn hlutafélaga.

Ég mun nú greina frá nokkrum atriðum sem eru mismunandi í lögum um hlutafélag og lögum um eignarhlutafélög ef áðurgreind lagafrumvörp verða samþykkt.

Lágmarksfjárhæð hlutafjár verður miklu lægri í eignarhlutafélögum (500 þúsund kr.) en hlutafélögum (4 milljónir kr.). Skilur þetta atriði einna skýrast á milli þessara tveggja tegunda félaga.

Að því er varðar stofnun félaga er sá munur að einn aðili getur stofnað eignarhlutafélag en tveir stofnendur hið fæsta skulu vera í hlutafélögum.

Munur er á fjölda hluthafa. Tveir hluthafar eru lágmark í hlutafélögum en um einn hluthafa getur verið að ræða minnst í eignarhlutafélögum. Í hlutafélögum má ekki leggja hömlur á viðskipti með hluti fari fjöldi hluthafa yfir ákveðið mark en slíkum takmörkunum

verður ekki fyrir að fara í eignarhlutafélögum.

Í hlutafélögum verður innlausnarskylda og innlausnarréttur víðtækari og nær til eignarhluta hluthafa almennt í félagi en ekki aðeins til hlutar móðurfélags í dótturfélagi eins og verður í eignarhlutafélögunum. Þá er ekki gert ráð fyrir hlutabréfum í eignarhlutafélögum eins og í hlutafélögum.

Í eignarhlutafélögum er ekki gert ráð fyrir hækkun hlutafjár á grundvelli almenns útboðs eins og í hlutafélögum.

Þá eru mismunandi reglur um stjórn. Þannig skulu, eins og ég hef áður sagt, minnst þrír sitja í stjórn hlutafélags en í stjórn eignarhlutafélags geta stjórnarmenn verið minnst einn eða tveir séu hluthafar fjórir eða færri.

Í eignarhlutafélögum þar sem einn kann að sitja í stjórn þarf ekki að halda stjórnarfundi.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti biður hæstv. ráðherra afsökunar en áður en lengra er haldið þá ætlaði forseti að grennslast fyrir um það hvort hæstv. ráðherra er að mæla fyrir tveimur frumvörpum.)

Virðulegi forseti. Ég er að mæla fyrir einu frv., annað frv. kemur í kjölfarið. Í staðinn fyrir að gera grein fyrir mismun þessara tveggja frumvarpa í lokin þá tók ráðherra þann kostinn að gera það heldur þegar hann mælti fyrir fyrra og meira frumvarpinu. Þetta styttir mjög framsögu fyrir seinna frumvarpinu.

(**Forseti** (VS)**:** Þá gerir forseti ekki athugasemdir en það hefði kannski verið eðlilegra að mæla fyrir báðum í einu og fá til þess heimild þingsins. En úr því sem komið er þá heldur hæstv. ráðherra að sjálfsögðu áfram með sína framsöguræðu.)

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir ábendinguna. Ef mér hefði verið það ljóst að þetta væri mögulegt þá hefði ég farið þess á leit við hæstv. forseta.

Að því er varðar hlutahafafundi er kerfið einfaldara í eignarhlutafélögunum. Þannig kemur hluthafinn í stað hluthafafunda í eignarhlutafélögum eins aðila og þarf því ekki að halda hluthafafundi, þar með aðalfundi, í þessum félögum. Ákvarðanataka er því einfaldari í eignarhlutafélögum en hlutafélögum.

Virðulegi forseti. Ég hef nú gert grein fyrir helstu atriðum sem skipta máli varðandi þetta frv. til laga um breytingar á hlutafélagalögunum. Vænti ég þess að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. og verði tekið til ítarlegrar meðferðar á þessu þingi.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins láta það koma fram að þó það væri ákjósanlegt þá er það ekki alfarið nauðsynlegt að frv. þetta verði afgreitt núna fyrir þinglausnir á vori. Ég mundi óska eftir samstarfi við hv. nefnd um það ef hún tæki þann pól í hæðina að stefna ekki að afgreiðslu þessa frv. og tengdra frv., þá hefði hún samvinnu við ráðuneytið um að senda það út til umsagnar og taka það til umræðu á vorþinginu og vænt þætti mér um það ef nefndin gæti tekið málið óopinberlega til afgreiðslu og skoðunar yfir sumarið þannig að unnt væri að stefna að því að þessi mál gætu fengið afgreiðslu fyrir árslok þessa árs, þó svo að taka yrði málið upp að nýju í haust. Ég held að það sé nauðsynlegt að við stefnum að því en ég ætlast ekki til þess af hv. nefnd ef hún telur rétt að láta afgreiðsluna bíða. Þá mun ég ekki beita mér gegn slíkri ákvörðun, enda tel ég eðlilegt að nefndin fái eðlilegan tíma til að skoða frv.

[16:37]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)***:**

Frú forseti. Það var aðeins smáatriði varðandi þetta frv. Ég hafði ekki hugsað mér að fara í efnislegar umræður um frv. við þessa umræðu, enda hefur ráðherra lýst því að þetta verði e.t.v. kannað nánar og mælt fyrir frv. aftur og þykir mér það ekki óeðlilegt miðað við hversu stórt og viðamikið þetta frv. er. En það var aðeins eitt atriði sem ég ætlaði að spyrja um.

Það kemur fram í athugasemdum og kom reyndar fram í máli hæstv. ráðherra að þetta frv. sé aðallega flutt vegna ákvæða samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Jafnframt tók ráðherra það fram varðandi eitt atriði, þ.e. ef félög yrðu gjaldþrota varðandi stjórn í sambærilegu félagi, væru einstakir stjórnarliðar með fyrirvara að því er það atriði varðar. Þetta kom mér á óvart vegna þess að ég hélt þegar verið var að tala um að aðlaga íslensk lög að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og þeim rétti sem þar gilti þá hefðum við ákaflega lítið val og þess vegna væri mjög nauðsynlegt fyrir þingmenn að vita yfirleitt hvað það er nákvæmlega sem hægt er að breyta og hafa áhrif á og hvað ekki. Það er mjög erfitt fyrir þingnefndir og þingmenn almennt að fara ofan í alla þá lagabálka sem við hugsanlega þurfum að aðlaga okkur að og væri eðlilegra að gefnar væru upplýsingar um það jafnóðum, jafnvel í greinargerð með frv., e.t.v. stendur það hér, en ég hef því miður ekki haft tíma til þess að kynna mér það. Þess vegna spyr ég: Eru fleiri atriði með þessum hætti að hægt sé að gera á þeim breytingar?

[16:39]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er svo að það eru nokkur atriði í þessu frv. sem ekki tengjast samningum okkar um Evrópska efnahagssvæðið. Þetta er eitt þeirra. Annað er um fjölda stjórnarmanna. Þriðja er um lágmarksfjárhæðir. Þetta eru allt atriði sem eru til ákvörðunar alveg laust við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Í athugasemdum við einstakar greinar hygg ég að það komi glöggt fram hvað af þessu er vegna ákvæðanna um EES og hvað af þessu eru breytingar sem viðskrn. telur rétt að gera vegna sérstakra íslenskra aðstæðna og það dæmi sem hv. þm. nefndi er eitt af þeim. Hins vegar er það álitamál hvort það eigi að gera þá kröfu sem þar er gerð um vanhæfi manna til að sitja í stjórnum fyrirtækja eða hvort beita á því ákvæði með einhverjum öðrum hætti. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er alveg reiðubúinn með þau atriði og raunar fleiri í frv. að una þeirri niðurstöðu sem hv. nefnd kemst að í þessu sambandi. Það má segja að þessu dæmi sem hv. þm. tók sé hreyft af hálfu viðskrn. vegna þess að við teljum að það þurfi einhverjar skorður að setja við því að sömu aðilar séu stöðugt að stofna

og setja á höfuðið fyrirtæki með miklu tapi fyrir viðskiptavininn. Það má segja kannski að þegar búið er að lyfta lágmarksfjárhæðinni, stofnfjárhæðinni, upp í 4 millj. úr 400 þús. kr., þá sé umhendis að „leika sér að slíku" að setja á stofn ný fyrirtæki beinlínis til þess að setja þau á höfuðið aftur.

En ég ítreka að ég tel að í athugasemdum með frv. komi það fram hvað af ákvæðum frv. er beintengt við EES-samninginn og hvað ekki og ég mun að sjálfsögðu beita mér fyrir því að ráðuneytið eða höfundar frv. upplýsi hv. nefnd um þau atriði í þaula.

[16:42]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég þakka ráðherranum svörin. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að það komi skýrt fram og reikna með að það sé rétt að það verði farið yfir það og þingmenn munu gera það.

Varðandi efnislega það atriði sem ráðherrann nefndi þá er ég honum innilega sammála og ég tók það einmitt þess vegna sérstaklega upp að ég tel að það þurfi að reisa ákveðnar skorður við því að menn geti sett alltaf næsta og næsta fyrirtæki á höfuðið án þess að hægt verði vörnum við að koma því að auðvitað eru margir sem verða þá illa úti og eru mörg dæmi um það. Það getur vel verið að það séu einhverjar aðrar leiðir til. Ég tel í fljótu bragði að það sé vænlegra að setja skorður við því að menn hafi tækifæri til að gera þetta aftur og aftur. Það verður auðvitað kannað í nefnd. Þó að ég eigi ekki sæti í þeirri nefnd þá býst ég við að það verði vel farið yfir það og ég treysti þeirri nefnd vel með hjálp viðskrn. til þess að fara yfir þessi mál. En ég vil gera svona smáathugasemdir við að auðvitað hefur ráðherrann ekki annan kost en að una við niðurstöðu nefndarinnar en þykir mér samt mjög gott að heyra það frá hæstv. ráðherra því að það hefur stundum ekki verið þannig að hæstv. ráðherrar uni því að nefndir séu að krukka eitthvað í þeirra verk og það má stundum ekki hagga orði í frumvörpum sem ráðherrar hafa lagt fram. Þykir mér það mjög til bóta að heyra slík orð af hálfu hæstv. ráðherra.

[16:43]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hér kemur á borð okkar mikill lagabálkur og mér þykir vænt um að heyra frá hæstv. ráðherra að hann lætur sér ekki detta í hug að það verði hægt að afgreiða þetta á þeim fáu dögum sem eftir eru til vorsins og beindi málinu til fulltrúa í efh.- og viðskn. Þeir eru orðnir fáir í þingsölum undir kvöld á föstudegi. Sá sem hér stendur er nú sá eini úr þeirri nefnd. (**Viðskrh.:** Það er spurning um magn en ekki gæði.) Já, en ég verð nú að segja það, virðulegi forseti, við hæstv. ráðherra að ég held að við hefðum verið alveg til með það í nefndinni að fá þetta frv. fram fyrir svona eins og tveim mánuðum eða svo þannig að við hefðum þá haft eitthvað að gera, en það hefur einhvern veginn farið þannig hjá þeirri blessaðri nefnd í vetur sem vann nánast alla daga í fyrravetur að það hefur ekkert verið fyrir okkur í vetur. Þess vegna finnst mér að tímanum sé illa varið að við skyldum ekki vera búnir að fá eitthvað af þessum málum í hendurnar.

Ég ætla ekki að fara mikið efnislega ofan í þetta mál. Þetta er mikill lagabálkur og þarfnast að mínu mati góðrar yfirferðar af hálfu Alþingis. Þó ég efi ekkert að þetta sé vel unnið af hálfu ráðuneytisins þá er hér um að ræða það stórt mál að bara það eitt fyrir þingmenn í þingnefnd að fara svo í gegnum þetta að þeir átti sig almennilega á hvað við erum að samþykkja getur tekið ærinn tíma. En ég get tekið undir það sem kom fram hjá ráðherra og í andsvari að það er nauðsynlegt að breyta íslenskum lögum um hlutafélög, ekki eingöngu vega EES og ég vil, virðulegi forseti, ef ég má víkja að því frv. sem er ekki komið til umræðu um eignarhlutafélög sem er hér á dagskránni á eftir, þetta tel ég vera til mikilla bóta og hef reyndar spurt eftir því þráfaldlega þegar ég hef haft tækifæri til þess og embættismenn viðskrn. hafa verið inni í nefnd hjá okkur. Þetta held ég að sé mjög til bóta varðandi allan minni atvinnurekstur, að einyrkjar fái félagsform þannig að þeir geti takmarkað sína ábyrgð við það sem þeir eru tilbúnir til að leggja í þá atvinnustarfsemi sem þeir eru að fara í án þess að þurfa að ganga í gegnum allt hið flókna ferli sem er í kringum hlutafélögin.

Þetta hefur gert það að verkum, að þetta form er ekki til, að töluverður hluti af þeim hlutafélögum sem nú eru á skrá eru í raun að þjóna sama hlutverki og þessi eignarhlutafélög eiga að gera og gefa hvorki út hlutabréf né halda hluthafafundi eða aðalfundi þannig að þarna er um að ræða að mínu mati aðlögun að raunveruleikanum eins og hann er í dag að nokkru leyti og á auk þess að geta orðið hvati til þeirra sem hafa hugmyndir, orku og tíma til þess að koma því í framkvæmd og geti fengið til þess einfalt félagsform án þess að þurfa að setja allar eigur sínar að veði eins og væri ef þeir rækju viðkomandi rekstur í eigin nafni. Og ef ég hugsa upphátt í ræðustól, þá veltir maður því fyrir sér hvort þetta form gæti ekki til að mynda hentað í atvinnugreinum eins og landbúnaði. Ef svona form hefði verið til staðar þegar menn voru að fikra sig áfram með loðdýraræktina og loðdýrabúskapinn. Að vísu voru menn á þeim tíma ekki farnir að átta sig eins á þeim skuldbindingum sem þeir voru almennt að takast á herðar. Gamli verðbólguhugsunarhátturinn var kannski enn þá allt of mikið við lýði þá en ég sé ýmsa kosti við þetta form.

Ég get líka tekið undir að það þarf að reisa skorður við því að menn geti hoppað á milli félaga með því að láta eitt fara á hausinn og annað taka við. En þá að vísu vaknar sú spurning hvað eignarhlutafélögin geta verið um stóran rekstur og hvort það getur verið leiðin sem þeir aðilar hefðu eftir að stærri hlutafélög væru orðin þeim lokuð.

Að lokum ein spurning til hæstv. ráðherra. Hér er talað um helstu breytingar á lögum um hlutafélög. Það er I. kafli, almenn ákvæði, með leyfi forseta:

„Lágmarkshlutafé þeirra hlutafélaga, sem verða áfram hlutafélög en eru ekki umskráð sem eignarhlutafélög, svo og nýrra hlutafélaga, tífaldast, skal vera minnst fjórar millj. kr. í stað 400 þús. kr."

Ef maður les þetta alveg eftir orðanna hljóðan, þá

virðist þurfa eftir að þetta er samþykkt að umskrá öll hlutafélög sem ekki ná því að vera með 4 millj. í hlutafé og ég sé að ráðherra kinkar kolli þannig að ég er sem sé búinn að fá svar við þessari spurningu.

[16:50]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er greinilega hreyft mjög stóru máli og nauðsynlegu. Þó að hér sé tilgreint í athugasemdum með frv. að þetta sé vegna EES-samningsins, þá sýnist mér nú að þarna sé líka verið að taka á heilmiklu af réttarbótum sem nauðsynlegt er að koma á hvað varðar hlutafélög og breytingar á þeim. Ég ætla ekki heldur að fara neitt efnislega í allt þetta frv., til þess er það allt of viðamikið og þarf að skoða það, enda er ég í raun og veru hlynnt þeirri skipan mála ef hún væri upp tekin hér í þinginu að menn væru ekki með mjög langa umræðu í 1. umr. um frv. heldur væri það í 2. umr. fyrst og fremst og þar kæmu þá fram þær athugasemdir sem þingmenn hefðu fram að færa eftir að hafa skoðað frv., bæði í nefnd og að öðru leyti.

En ég vildi spyrja að nokkrum atriðum og þá í framhaldi af því sem hv. 6. þm. Norðurl. e. var með áðan, þessu almenna ákvæði varðandi lágmarkshlutafé þeirra hlutafélaga sem verða áfram hlutafélög en eru ekki umskráð. Nú vitum við að það að skrá hlutafélög kostar allmikla peninga í dag, var hækkað mjög mikið fyrir held ég tveimur árum síðan og ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra, nú hef ég ekki kynnt mér það, það getur vel verið að þetta sé einhvers staðar tiltekið hér, en er það þá full skráning sem þar kæmi til þannig að öll þau hlutafélög sem eftir þessa lagasetningu ekki uppfylla þau skilyrði og hafa ekki látið skrá sig sem eignarhlutafélög en verða sem sagt að gera það, þurfa þau að borga fulla skráningu eins og er um hlutafélög í dag?

Í öðru lagi tel ég það gott mál það sem segir um III. kafla að það skuli greiða hlutafé að fullu í síðasta lagi innan eins árs frá skráningu í stað þriggja ára því að það held ég að sé eitt af því sem hefur jafnvel gert hlutafélögum erfitt um vik hversu erfiðlega hefur oft gengið að innheimta hlutafé sem lofað er og það má kannski minna á í því sambandi að það hefur einnig verið reiknað út sem meðaltal að ný fyrirtæki sem sett eru á fót lifi kannski í tvö ár en séu jafnvel farin á hausinn innan tveggja ára og kannski hefur það verið í og með vegna þess að það hafa verið þrjú ár sem menn hafa haft til þess að greiða inn sitt hlutafé og félagið átt erfitt um vik með sinn rekstur einmitt vegna þess. Ég tel því að þetta sé fyllilega til bóta og gæti e.t.v. hjálpað til að þau félög sem stofnuð eru hafi lengri líftíma og eins hitt að það dregur þá úr gjaldþrotum og skapar þeim betri stöðu við eigin fjárútvegun.

Ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um X. kaflann. Það segir hér þar sem eru nefndar helstu breytingar á lögunum:

„Stjórn félags er skylt að gera vissar ráðstafanir þegar félag hefur tapað helmingnum af hlutafé sínu."

Er þá átt við nafnviði hlutafélaga og hvenær nákvæmlega tiltekið er hægt að gera einhverja frekari grein fyrir þessu ákvæði hvað hér er átt við?

Að öðru leyti tel ég það til bóta að það verði um þessi tvö form að ræða svona í fljótu bragði. Með öllum fyrirvara sýnist mér að það sé til bóta að hafa tvö form á hlutafélögum og það má einnig minna á það að sameignarfélög hafa ekki haft sama réttaröryggi má segja eða gilt um það sömu reglur og hlutafélög og hefur fólk talað um það og fundist að sameiginarfélög hefðu skertar heimildir til ýmissa nota í sambandi við skattafrádrátt og fleira sem tekur til sameignarfélaga. Það hefur aftur á móti oft og tíðum verið þrautalendingin að stofna ekki hlutafélög heldur sameignarfélög þegar kannski eru tveir aðilar um að stofna með sér félag um einhvern rekstur.

Mér dettur einnig í hug og kannski í framhaldi af því sem hv. 6. þm. Norðurl. e. sagði áðan um bændur og kannski getur hann svarað því hér á eftir ef hann þekkir þau mál betur að félagsbú hef ég oft heyrt um að bændur reki með sér, hvort það sé þá ekki hugsanlegt að þeir mundu breyta þessum félagsbúum í eignarhlutafélög og hvort það gæti kannski verið betri lausn fyrir bændur en þau félagsbú sem þeir reka í dag.

Eitt hnaut ég einnig um í almennum athugaesemdum með þessu frv. Ég tek það fram að ég hef ekki kynnt mér það nægilega vel, enda er hér um stóran lagabálk að ræða. Hér segir að fordæmi fyrir tvennum lögum, þ.e. sem hér er nú verið að leggja til að verði um hlutafélög, fordæmi fyrir tvennum lögum um mismunandi stór hlutafélög sé að finna í Danmörku og öðrum ríkjum EB. Þyki það heppilegra að hafa sama hátt á hér, þ.e. að meginákvæði verði lögð á það í EB að samræma reglur fyrir stærri félögin og má ætla að sama muni gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Er það þá svo að hér séum við að aðlaga þessi mál alveg sérstaklega að reglum EB án þess í raun og veru að vita hvort nauðsynlegt er að aðlaga þau nákvæmlega að EB-reglum vegna þess að við séum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði?

Ég vildi einnig minna á það að mörg þessi ákvæði sem hér er verið að taka til sýnist mér að komi einnig inn á lög um bókhald og það er orðið mjög nauðsynlegt að endurskoða lög um bókhald. Þau eru frá árinu 1966, held ég að sé rétt hjá mér og einhverjar breytingar hafa þó verið gerðar síðan en þau hafa ekki verið endurskoðuð nægilega vel síðan og ekki komið ný lög. Það hefur verið rætt um það hér á síðustu tveimur þingum að það væri nauðsynlegt að endurskoða lögin um bókhald og ég hygg að ef breytingar yrðu gerðar á lögunum um bókhald í þá veru sem nauðsynlegt er orðið að gera hér því að þetta eru orðin gömul lög þá muni ýmsar lagagreinar í þessu frv. taka breytingum.

Að öðru leyti, virðulegur forseti, ætla ég ekki að tjá mig um þetta en geri ráð fyrir að efh.- og viðskn. muni fjalla að einhverju leyti um það og ég er ánægð að heyra það að hæstv. ráðherra leggur enga sérstaka áherslu á að svo stórum málaflokkum verði lokið á þessum 20 dögum sem við eigum eftir af þingtímanum fram til vors en er nánast frekar að setja þetta hér inn til kynningar og vinnslu áfram.

[16:58]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bað um andsvar þegar hv. þm. ræddi um sameignarfélögin og hvort eignarhlutafélögin gætu komið í staðinn fyrir þau. Ég mundi nú vona að þessi eignarhlutafélög gætu sem mest leyst sameignarfélögin af hólmi því að sameignarfélagsformið er vægast sagt vandræðaform með óskiptri ábyrgð og hafa margir farið flatt á því sem ekki hafa áttað sig á því. Og eftir því sem ég best veit, þá eru ekki til nein lög um sameignarfélög. (**Viðskrh.:** Skattalög.) Þau byggjast væntanlega bara á félagafrelsinu samkvæmt stjórnarskránni en skattalögin í því tilfelli eru að mínu mati afleit lög. Það þurfti að setja í skattalög ákvæði um sameignarfélögin þar sem þau voru orðin staðreynd.

Varðandi það hvort þetta gæti leyst af hólmi félagsbúin frá bændum þá get ég ekki sagt um það núna en mér þykir það ótrúlegt. Ég vil benda á að það eru mjög fá félagsbú sem eru lögaðilar með sjálfstæða kennitölu. Það er miklu algengara þar sem ég þekki til að félagsbú séu óformleg, kannski getur maður ekki sagt óformlegt form, en það var form sem menn höfðu um viðskipti sín við aðila út á við en urðu síðan að skipta því upp aftur á skattaskýrslur þegar kom að því. Það voru ekki til að mynda félagsbúin sem töldu fram. Það er einnig til að bændur reki sameignarfélög um sinn búskap. Reynslan verður því að skera úr um að hvaða leyti þetta gæti nýst fyrir atvinnugrein eins og landbúnað, en ég nefndi það í minni ræðu áðan að ég teldi mjög athugandi hvort það væri hægt.

[17:00]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að ég tel að sameignarfélögin hafi alls ekki verið æskilegt form einmitt vegna þess að þar er fullkomin ábyrgð beggja eigenda fyrir öllu en í hlutafélögum skiptist ábyrgðin meira. Ég held því að einmitt það að skipta þessu upp í stór hlutafélög og minni sem eru eignarhlutafélög sé einmitt af hinu góða og ég hygg að þeir sem í dag eru með sameignarfélög muni velja það form sem eignarhlutafélögin bjóða upp á.

Hvað varðar félagsbú og annað hjá bændum hætti ég mér ekki inn í þá umræðu. Ég þekki það ekki nægilega vel. Þó ég þekki eitthvað til þeirra sem segjast reka félagsbú, m.a. á svæði hv. þm., þá þekki ég það mál ekki nægilega vel en mér datt í hug að það gæti e.t.v. leyst þeirra vanda að einhverju leyti líka. En ég þakka hv. þm. fyrir svörin.

[17:02]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. sem hér hafa kvatt sér hljóðs. Ég er sammála um það að lög um eignarhlutafélög munu væntanlega leysa samvinnufélög af hólmi og þá er búið að setja lagaramma um tvenns konar félagsrekstur, annars vegar eignarhlutafélög, smærri hlutafélög sem munu væntanlega leysa sameignarfélögin af hólmi og einkarekstur, og hins vegar stærri hlutafélögin. Þá vantar út af fyrir sig löggjöf um þriðja rekstrarformið sem hefur verið tíðkað án þess að það hafi nokkurs staðar stoð í lögum, en það eru svokölluð sjálfseignarfélög. Þau eru eiginlega hálfgerður bastarður í rekstri sem vantar öll lagaákvæði um, ekki bara í félagarétti heldur í skattalöggjöf líka. M.a. er algerlega óljóst hvernig ætti að leysa slík félög upp, hver ætti að hafa um það forgöngu og hvernig stjórn slíkra félaga ætti að endurnýja sig.

Um þær spurningar sem hér hafa verið lagðar fram vil ég aðeins taka fram að verði þessi tvö frv. að lögum, þau þurfa þá að verða að lögum jafnhliða, er auðvitað gert ráð fyrir því að þau félög sem ekki ná lágmarkshlutafjárframlagi til þess að geta kallast hlutafélög en eru skráð á hlutafélagaskrá nú yrði gefinn kostur á að láta umskrá sig sem hlutafélög en þá þyrftu þau að hækka lágmarkshlutafé sitt. Verði það ekki gert, þá leiðir af sjálfu að þau yrðu skráð sem eignarhlutafélög. Að sjálfsögðu yrði slík umskráning aldrei á fullu verði eins og er við skráningu nýrra félaga. Það er alveg nauðsynlegt fyrir þá sem eiga viðskipti við þessi félög að þeir geri sér það ljóst hvort um er að ræða hlutafélög með háu lágmarkshlutafé eða lágu lágmarkshlutafé svo þessi umskráning verður að eiga sér stað. Hins vegar vildi ég beina því til nefndarinnar hvort hægt væri að finna eitthvað betra orð en eignarhlutafélög yfir það félagaform. Menn hafa hugleitt orð eins og hlutafélög um það rekstrarform en almenningshlutafélag um hið stærra rekstrarform. Það gengur þó ekki upp, en það væri mjög gott ef menn gætu fundið eitthvað snyrtilegra orð sem lýsti því betur hvað um væri að ræða.

Hv. 6. þm. Vestf. spurði hvað átt væri við með því ákvæði í X. kafla um hluthafafundi þar sem gert er ráð fyrir því að stjórn félagsins sé skylt að gera vissar ráðstafanir þegar félagið hefur tapað helmingnum af hlutafjáreign sinni. Í því sambandi vil ég sérstaklega vísa í skýringar með — ekki finn ég þessar skýringar, en meginatriðið er það að stjórn hlutafélags hefur ekki heimild, verði þetta frv. samþykkt, til þess að taka lán í nafni félagsins sem er umfram helminginn af hlutafjáreign þess þannig að ef til stendur að auka lántökur fyrirtækisins umfram þann hlut, þ.e. að skuldir fyrirtækisins verði meiri en helmingurinn af hlutfjáreign þess, þá verður að leita til hluthafafundar. Sama máli gegnir ef tap fyrirtækisins hefur orðið það mikið að það stefnir í að þetta lánshlutfall verði helmingur af hlutafjáreign fyrirtækisins. Þá ber að kalla til hluthafafundar og taka vandamál fyrirtækisins til meðferðar. Stjórn fyrirtækis getur sem sé ekki skuldsett fyrirtæki að eigin samþykktum fyrir meiru en nemur helmingi af hlutafé fyrirtækisins. Ef um er að ræða meiri skuldsetningu verður að leita til hluthafafundar og fá samþykki hluthafafundar fyrir slíku. Þetta er nýbreytni sem út af fyrir sig á ekkert skylt við EES heldur er til að auka rekstraröryggi slíkra félaga.

[17:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal koma ábendingu hæstv. ráðherra til skila um betra nafn á þessu. Ég get alveg tekið undir að þetta er hálfgert vandræðanafn. Þá spyr ég hæstv. ráðherra í því sambandi að tala um eignarhlutafélög og hlutafélög hins vegar: Hefur það verið

rætt eitthvað í ráðuneytinu? Ég sá það ekki í gögnunum hver væri skammstöfun eignarhlutafélags samanber hf. fyrir hlutafélag.

[17:08]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur út af fyrir sig ekki verið rætt um skammstöfunina. Það gefur auga leið að ekki mætti það vera eh. því að þá yrði það túlkað sem eftir hádegi. Þetta nafnamál hefur þó verið rætt í viðskrn. og er hálfgert vandræðamál þannig að við höfum ekki fundið nein ákjósanlegri nöfn en þau sem eru á þessum frumvörpum, en ég er ekki nógu vel sáttur við þau.

[17:08]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði að þessu að gefnu tilefni því að ég tel alveg nauðsynlegt þegar búið verður að skipta þessu upp í tvö félagsform, þar sem nú stendur ekki almennt nafnið um félag og síðan að það sé hlutafélag heldur stendur bara skammstöfunin, að í nafni félagsins og með þeirri skammstöfun sem fylgir komi fram hvers eðlis viðkomandi félag sé.

[17:09]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér dettur það í hug hvort ekki sé hægt að nota bara nafn eins og a-hlutafélag og b-hlutafélag. Ég varpa því inn í nefndina til að skoða það.

Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann gaf hér áðan. Ég vil vissulega taka undir það að ég held að það sé af hinu góða að stjórn félagsins fylgist betur með því þegar erfiðleikar koma upp í sambandi við hlutafé og sé þá ábyrg fyrir því að tekin sé ákvörðun á hluthafafundi um hvort taka skuli lán til að bjarga félaginu. Kannski er maður einnig að hugsa um þetta vegna þess að allir vita hversu erfið staða sjávarútvegshlutafélaga er og það er spurning hvort þetta mundi verða til þess að veita þar meira aðhald þannig að fleiri verði meðvitaðir um það sem þar er að gerast og hægt sé að gera vissar ráðstafanir áður en í algert óefni er komið og ekki bara örfáir beri ábyrgð á framkvæmdum í sambandi við að afla meira fjár.

Eins og ég sagði áðan er í raun og veru ekki hægt að ræða þetta frv. efnislega og ég hef ekki hugsað mér að gera það neitt frekar. En ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þau svör sem hann hefur gefið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Framhald þingfundar.

[17:11]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég velti því fyrir mér hvort við hæfi sé að halda þingfundi áfram öllu lengur. Nú vill svo til að ekki eru lengur nema tveir hv. þm. í þinghúsinu.

(**Forseti** (VS): Forseti gerir athugasemdir við þetta.)

Já, virðulegi forseti. Ég gleymdi forsetanum. Ég verð að biðja auðmjúklega afsökunar á því. En ég velti því fyrir mér hvort hægt væri að halda þingstörfum áfram ef þessir tveir óbreyttu þingmenn hyrfu á brott og hér væru einungis eftir virðulegur forseti og hæstv. ráðherra sem ekki er á þingi núna. En út af fyrir sig get ég svo sem skilið að það sé æskilegt að mæla fyrir frv. um eignarhlutafélög, en eftir að umræða um það hefur í raun og veru farið fram undir síðasta málslið, þá hef ég trú á að ráðherra geti verið mjög fljótur að því.

[17:12]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig spyrja um það hversu lengi sé hugsað að halda áfram fundi því að á fundi þingflokksformanna með forseta fyrir tveim dögum var lögð mikil áhersla á það að fundi yrði ekki haldið áfram hér eftir kl. 5 Ég vissi ekki annað heldur en við því hefði verið orðið. Ég vil því einnig leggja áherslu á það að við ljúkum nú fundi hér sem allra fyrst ef hæstv. forseti telur það mögulegt, en í ljósi þess sem við höfum verið að ræða skal ég þó heldur ekki leggjast gegn því að hæstv. ráðherra mæli fyrir frv. um eignarhlutafélög ef honum sýnist liggja á því, enda þessi tvö frumvörp alltengd. En ég mundi samt leggja áherslu á það, virðulegi forseti, að síðan færi þingfundi að ljúka.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hafði hugsað sér að taka alla vega fyrir 17. dagskrármál þar sem umræða um það dagskrármál hefur nú farið fram að hluta, en hæstv. viðskrh. hafði ekki formlega mælt fyrir málinu og er því 17. dagskrármál tekið á dagskrá.

Eignarhlutafélög, 1. umr.

Stjfrv., 428. mál. — Þskj. 640.

[17:14]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta og hv. þm. greiðviknina því að ég skil það svo að þeir mótmæli því ekki að höfð sé svona frekar fljótaskrift á því að mæla fyrir þessu frv. svo að frumvörpin geti fylgst að inn í hv. efh.- og viðskn.

Ég skal vera mjög fljótur að mæla fyrir þessu máli. Við höfum þegar rætt það nokkuð. Hér er um að ræða leið sem ekki er tengd neitt EES-breytingunum að öðru leyti en því að það tækifæri er valið til að búa til einfaldara félagaform en fyrirfannst í frv. til laga um hlutafélög, sem ég mælti fyrir hér áðan. Lágmarksfjárhæðin er miklu minni heldur en gert er ráð fyrir þar. Það er gert ráð fyrir því að einn aðili geti verið eigandi. Það er líka gert ráð fyrir því í frv. að þessi eini eigandi geti jafnframt verið framkvæmdastjóri fyrirtækisins og alla reglur og lagarammar sem þessu rekstrarformi eru settir eru miklu einfaldari í sniðum en í frv. til laga um hlutafélög, jafnvel þó að blaðsíðurn-

ar séu ekki færri í frv. og pappírinn lítið léttari sem í það fer. (**JGS:** Enda er þetta er alveg nýtt frv.) Já, enda er þetta alveg nýtt frv.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um það en segi eins og með fyrra frv. að það er mjög ákjósanlegt að þessi tvö frumvörp fái að verða samferða í afgreiðslu hv. nefndar. Ég sé kosti við það að menn taki það nú fljótlega til skoðunar, sendi það m.a. út til umsagnar, en ég ítreka það að ég mun ekki fara fram á það við nefndina að hún taki málið til afgreiðslu á þessu vorþingi ef hún metur það þannig sjálf að það sé réttara að menn gefi sér frekari tíma, en ítreka að ég mundi gjarnan vilja ná um það góðu samkomulagi við nefndarmenn, þó það sé ekki í samræmi við reglur þingskapa, að nefndin skoði málið óopinberlega einhvern tíma í sumar til þess að greiða fyrir gangi þess á haustþingi.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um dagskrá.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill af þessu tilefni lesa hér upp eina málsgrein úr þingskapalögum, 63. gr., en þar stendur:

„Forseti getur heimilað, ef ósk berst um það frá flutningsmanni eða flutningsmönnum og enginn þingmaður andmælir því, að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum.“

Forseti vill taka tillit til þeirra ábendinga sem hér hafa komið fram um fundartímann og hyggst því ekki taka fleiri mál á dagskrá á þessum fundi.

Út af dagskrá voru tekin 1., 4., 7., 10. og 18.–20. mál.

Fundi slitið kl. 17:18.

113. FUNDUR

mánudaginn 21. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Skólastarf í grunn- og framhaldsskólum sl. þrjú ár, beiðni um skýrslu, 498. mál, þskj. 765. *Hvort leyfð skuli.*
2. Vísinda- og tækniráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 732. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Þjóðarbókhlaða, stjfrv., 470. mál, þskj. 724. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 68. mál, þskj. 71, nál. 705 og 709. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 67. mál, þskj. 70, nál. 706 og 708. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Fjöleignarhús, stjfrv., 143. mál, þskj. 159, nál. 770, brtt. 771. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Sveitarstjórnarlög, frv., 156. mál, þskj. 174, nál. 768. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Samkeppnislög, stjfrv., 239. mál, þskj. 274, nál. 665, brtt. 666. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 266. mál, þskj. 319. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Heilbrigðisþjónusta, frv., 358. mál, þskj. 550. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
12. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 389. mál, þskj. 587. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Hlutafélög, stjfrv., 427. mál, þskj. 639. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Eignarhlutafélög, stjfrv., 428. mál, þskj. 640. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Einar Már Sigurðarson, 4. þm. Austurl.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Karen Erla Erlingsdóttir, 1. þm. Austrl.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Útbýting þingskjala:

Áhrif af notkun malbiks á umhverfið, 438. mál, svar samgrh., þskj. 786.

Flugsamgöngur til Vopnafjarðar, 439. mál, svar samgrh., þskj. 785.

Kennsla í iðjuþjálfun, 510. mál, þáltill. KE o.fl., þskj. 784.

Töpuð störf við fiskvinnslu, 511. mál, þáltill. PS og GE, þskj. 787.

Úrbætur í bifreiðamálum ríkisins, 417. mál, svar fjmrh., þskj. 772.

Útlánatöp ríkisbankanna, 455. mál, svar viðskrh., þskj. 783.

Vernd nytjavatns, 512. mál, stjfrv., þskj. 788.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur bréf, dagsett 18. mars 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi í næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Vestfjarðakjördæmi, Pétur Bjarnason fræðslustjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf."

Pétur Bjarnason hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Þá er hér annað bréf, dagsett 18. mars 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Sjálfstfl. í Vestfjarðakjördæmi, Guðjón A. Kristjánsson skipstjóri, Ísafirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf."

Guðjón A. Kristjánsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Skólastarf í grunn- og framhaldsskólum sl. þrjú ár.

Beiðni EMS o.fl. um skýrslu, 498. mál. — Þskj. 765.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Beiðni leyfð með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (HN) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, MF, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Vísinda- og tækniráð Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 477. mál. — Þskj. 732.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, IP, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Þjóðarbókhlaða, frh. 1. umr.

Stjfrv., 470. mál. — Þskj. 724.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JGS, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, SvG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Fjáraukalög 1991, frh. 2. umr.

Stjfrv., 68. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 71, nál. 705 og 709.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]

1. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, JÁ, JóhS, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (AÓB, GB, ISG, IP, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓRG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JGS, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, SvG, VS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, JÁ, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, PB, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, GB, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, SvG, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

2 þm. (IP*, RA) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fjáraukalög 1992, frh. 2. umr.

Stjfrv., 67. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 70, nál. 706 og 708.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]

1. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, PB, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (AÓB, GB, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JGS, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, PB, PS, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (AÓB, GB, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KÁ, KE, MF, MB, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GHall, GÁ, GHelg, IBA, JGS, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Fjöleignarhús, frh. 2. umr.

Stjfrv., 143. mál (heildarlög). — Þskj. 159, nál. 770, brtt. 771.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 771,1 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

3.–40. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,2 samþ. án atkvgr.
41. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
42.–45. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,3 samþ. án atkvgr.
46. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
47.–50. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,4 samþ. án atkvgr.
51. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
52.–73. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,5 samþ. án atkvgr.
74. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
75.–76. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,6 samþ. án atkvgr.
77. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
78.–81. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 771,7 samþ. án atkvgr.
82. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn, kaflafyrirsagnir og greinafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, PP, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Sveitarstjórnarlög, frh. 2. umr.

Frv. KHG o.fl., 156. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 174, nál. 768.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:17]
Brtt. í nál. 768 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Samkeppnislög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 239. mál (hæfniskröfur samkeppnisráðsmanna). — Þskj. 274, nál. 665, brtt. 666.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:18]
Brtt. 666,1 (ný 1. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Brtt. 666,2 (þrjár nýjar greinar, verða 2.–4. gr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

2. gr. (verður 5. gr.) samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GAK, GÁ, GHelg, IBA, JHelg, KEE, KHG, PB, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. TIO o.fl., 266. mál (endurgreiðsla ofgreiddra gjalda). — Þskj. 319.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, FrS, GHH, GÁ, GHelg, IBA, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr.

Frv. KE o.fl., 303. mál (bráðabirgðalög). — Þskj. 494.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:21]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁS, GÁ, GHelg, IBA, JGS, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Samkvæmt 42. gr. þingskapa skal kjósa sérnefnd til að fjalla um frv. til stjórnarskipunarlaga. Forseti telur eðlilegt að gefa þingflokkum ráðrúm til að velja menn í sérnefnd og frestar því málinu þar til það liggur fyrir. Það fer því ekki fram atkvæðagreiðsla um nefnd nú.

Atkvæðagreiðslu frestað.

Heilbrigðisþjónusta, frh. 1. umr.

Frv. AÓB o.fl., 358. mál (trúnaðarmenn sjúklinga). — Þskj. 550.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB,

PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Sala notaðra ökutækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 587.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:22]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, KEE, KHG, SP, StG, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 427. mál (aðlögun að ákvæðum EES-samnings). — Þskj. 639.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, KEE, KHG, RG, SP, StG, StH, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Eignarhlutafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 428. mál. — Þskj. 640.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:24]
Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EH, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PBald, PB, PS, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (ÁJ, DO, EgJ, EMS, FI, GHH, GÁ, GHelg, IBA, KEE, KHG, SP, StG, StH, SJS, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fundi slitið kl. 15:24.

---

114. FUNDUR

mánudaginn 21. mars,
að loknum 113. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):
Til umhverfisráðherra:
1. Kostnaður atvinnufyrirtækja af ákvæðum mengunarvarnareglugerðar, fsp., 410. mál, þskj. 614.
2. Verndun nytjavatns, fsp., 449. mál, þskj. 662.
Til menntamálaráðherra:
3. Námsefni í fíknivörnum, fsp., 424. mál, þskj. 634.
Til félagsmálaráðherra:
4. Samgöngur í sameinuðum sveitarfélögum, fsp., 454. mál, þskj. 684.
Til fjármálaráðherra:
5. Kílóagjald á bíla, fsp., 474. mál, þskj. 728.

Kostnaður atvinnufyrirtækja af ákvæðum mengunarvarnareglugerðar.

Fsp. StB, 410. mál. — Þskj. 614.

[15:25]
Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):
Virðulegi forseti. Á þskj. 614 leyfi ég mér að bera upp fsp. til hæstv. umhvrh. um kostnað atvinnufyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra stofnana af ákvæðum mengunarvarnareglugerðar.
Í janúar sl. gaf hæstv. umhvrh. út mengunarvarnareglugerð sem er að efni til hin merkasta og setur skýran ramma um ýmsa mengandi starfsemi. Reglugerðin fjallar um eftirlit og varnir gegn vatnsmengun, loftmengun, varnir gegn mengun af völdum úrgangs, varnir gegn hávaða og um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
Reglugerðin er mjög viðamikil og er á 22 síðum í Stjórnartíðindum auk þess sem á 101 síðu í Stjórnartíðindum eru viðaukar við reglugerðina. Við lestur þessarar reglugerðar varð mér ljóst að vegna ákvæða í henni hljóti að fylgja og verða verulegur kostnaður í

bráð og lengd fyrir alla þá sem reglugerðin tekur til. Því leyfi ég mér að bera upp svohljóðandi fyrirspurn, hæstv. forseti:

„Hefur í ráðuneyti umhverfismála verið lagt mat á kostnað atvinnufyrirtækja, sveitarfélaga og opinberra aðila við að uppfylla ákvæði mengunarvarnareglugerðar sem sett var 27. janúar sl.? Ef svo er, hver er kostnaðurinn talinn vera:

a. af úrbótum á búnaði og mannvirkjum viðkomandi starfsemi,

b. af árlegu eftirliti með þeirri starfsemi sem er eftirlitsskyld?"

[15:27]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. fyrir þann áhuga sem hann hefur sýnt á þessum málum, bæði nú og með fyrri málflutningi hér í þinginu.

Nú er það svo að hér er um viðamikinn málaflokk að ræða og erfitt að gefa í stuttu svari skýr svör við þessum yfirgripsmiklu spurningum. Umhvrn. hefur frestað að meta kostnað sveitarfélaga og eftirlitsaðila vegna nýrrar mengunarvarnareglugerðar en ítarleg kostnaðargreining hefur ekki farið fram. Það er rétt að undirstrika að í kjölfar breytinganna sem urðu á reglugerðinni var ekki um verulegar breytingar að ræða hvað varðar starfsleyfisskylda starfsemi þó kröfur séu nú að vísu settar fram með beinni og mun ákveðnari hætti heldur en áður. Ákvæðum fyrri reglugerða var hins vegar ekki framfylgt sem skyldi þannig að kostnaðarauki sem mundi hljótast af því að fylgja mjög strangt eftir hinni nýju reglugerð er ekki síst vegna ákvæða sem voru áður í gildi. Í reglugerðinni er fyrst og fremst vísað til þeirra markmiða sem ber að hafa að leiðarljósi þegar unnin eru starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi en í fæstum tilfellum er tilgreindur tiltekinn búnaður eða ákveðnar tæknilegar lausnir og það er þess vegna, virðulegi forseti, sem ítarleg kostnaðarúttekt er erfið og sérstaklega er kostnaður atvinnufyrirtækja óviss.

Það má líka nefna að auk mengunarvarnabúnaðar er komið á bættum aðferðum við vinnslu, endurnýting aukin og það er dregið úr myndun úrgangs þannig að hinar breyttu aðferðir geta skilað sér að einhverju leyti í bættri nýtingu hráefna eða lægri förgunarkostnaði. Þess vegna er erfitt að meta beinar kostnaðarbreytingar fyrirtækja. En það er rétt að upplýsa það, virðulegi forseti, að fulltrúi atvinnulífsins er í þeim hópi sem hefur yfirumsjón með gerð leiðbeininga. Þess vegna er óhætt að segja að það hefur verið haft fullt samráð við atvinnulífið um útfærslu reglugerðarinnar.

Í fsp. er varpað fram tveimur afmörkuðum spurningum. Hvað varðar fyrri spurninguna um úrbætur og kostnað vegna úrbóta á búnaði og mannvirkjum sem tengjast þeirri starfsemi sem fellur undir reglugerðina, þá er rétt að greina frá því að hvað snertir sorp og úrgang þá birtist í reglugerðinni almenn stefnumörkun um úrgang, úrgangsmyndun og meðferð úrgangs og þar er að finna ákvæði um hvað skuli vera í starfsleyfum fyrirtækja sem meðhöndla úrganginn. Afleiðingin er m.a. sú að einungis tæknilega fullkomnar sorpbrennslustöðvar verða löglegar og fá starfsleyfi. Þetta hefur í för með sér verulegan kostnaðarauka fyrir sveitarfélög miðað við fyrri framkvæmd sorphirðu hér á landi. Sem dæmi mun stofnkostnaður við sorpbrennslustöðina í Vestmannaeyjum hafa verið á bilinu 20–25 þús. kr. á íbúa en stofnkostnaður við litla sorpbrennslustöð í Svínafelli var um 50 þús. kr. á hvern íbúa. Rekstrarkostnaður á íbúa liggur á bilinu 6–12 þús. kr. á ári eftir því hvernig förgun á óbrennanlegum úrgangi er háttað, hvort til að mynda sé hægt að nýta varmann sem verður til. Að því er sorpurðun varðar, þá er almennt gert ráð fyrir því að rekstrarkostnaður vegna sorpurðunar sé á bilinu 5–10 þús. kr. á íbúa á ári, ef fjármagnskostnaður er ekki talinn með.

Í reglugerðinni er einnig mælt fyrir um losun mengandi efna í vatn. Þar eru ákvæði um fráveitur og meðferð skolps, bæði frá atvinnustarfsemi og sveitarfélögum. Í ákvæðunum er hins vegar ekki tiltekinn sérstakur búnaður en Hollustuvernd ríkisins falið að gefa út tæknilegar leiðbeiningar vegna fyrirtækja sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna veitir starfsleyfi.

Það er erfitt að gera grein fyrir kostnaði atvinnugreina vegna aukinna mengunarvarna þar sem ekki hafa enn þá verið mótaðar kröfur fyrir nema fáar atvinnugreinar. Ég tek sem dæmi að þegar hafa verið gerðar leiðbeiningar varðandi verkstæði og smurstöðvar og réttingar- og málningarverkstæði og í ljós kemur að kostnaðarauki þessara fyrirtækja er fyrst og fremst fólginn í breyttri meðferð spilliefna. Á litlum verkstæðum til að mynda er helsti kostnaðurinn við aukinn búnað fólginn í olíuskiljum sem kosta innan við 500 þús. kr.

Að því er varðar fráveitur sérstaklega, þá er í nýbirtri skýrslu fráveitunefndar reynt að leggja mat á kostnað við hönnun og byggingu fráveitna. Sá stofnkostnaður sem getur lagst á hvern íbúa getur því verið æðimismunandi eftir aðstæðum á hverjum stað, allt frá 30–80 þús. kr. auk rekstrarkostnaðar. Það má nefna að reynslutölur vegna fráveituframkvæmda á höfuðborgarsvæðinu benda til að kostnaður verði á bilinu 40–45 þús. kr. á íbúa. Kostnaður vegna hreinsibúnaðar sem er nýjung er áætlaður allt að 1,9 milljörðum kr. fyrir landið allt umfram kröfur í fyrri reglugerð, samanber fylgiskjal með frv. sem ég hef nýlega mælt hér fyrir.

Að því er varðar kostnað af auknu eftirliti, þá er það svo að til að framfylgja ákvæðum mengunarvarnareglugerðar þarf að auka eftirlit og mælingar í sambandi við til að mynda loftgæði. Það þarf að setja upp tvær til þrjár mælistöðvar til þess að afla nauðsynlegra gagna. Stofnkostnaður þeirra er talinn fyrir ríkið vera um 20–30 millj. kr. á ári og kostnaður vegna rekstrar er talinn geta verið allt að 5 millj. kr. á ári. Aukið eftirlit vegna loftgæða að öðru leyti mun fela í sér þörf fyrir einn mann í viðbót í starfslið Hollustuverndar ríkisins og vegna vatnseftirlits og fráveitumála a.m.k. einn mann til viðbótar þar.

Að því er varðar fyrirtæki má taka sem dæmi af Reykjavík en þar falla 560 fyrirtæki undir ákvæði reglugerðarinnar. Greiðsla þessara fyrirtækja til Heil-

brigðiseftirlits Reykjavíkur er á þessu ári áætluð 2,5 millj. kr. En það er rétt að taka það fram að eftirlit hefur ekki verið jafnítarlegt og fyrri reglugerðir gáfu tilefni til. Væri haldið uppi fullu eftirliti í samræmi við reglugerðina þá mætti ætla að gjöld fyrirtækja á þessu svæði hér í Reykjavík gætu orðið 7,5 millj. kr. Þetta tek ég sem dæmi vegna þess, virðulegi forseti, að heildartölur liggja ekki alveg fyrir yfir landið.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. fyrir það svar sem hann veitti hér við fyrirspurnum mínum. Það er alveg ljóst af svari hæstv. ráðherra að það er mjög erfitt að meta þann kostnað sem fylgir hertum kröfum samkvæmt reglugerðarákvæðum, hertum kröfum um varnir gegn mengun og það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt. Það ber hins vegar að fagna því að settar skuli vera strangar reglur um mengandi starfsemi og afar mikilvægt að því sé fylgt eftir og að það sé gott eftirlit með því að ákvæðum reglugerða sé fylgt til hins ýtrasta.

Það var hins vegar tilgangur minn með þessari fsp. að fá upplýsingar frá hæstv. umhvrh. með hvaða hætti umhvrn. metur þennan kostnað og af svari hæstv. ráðherra er alveg ljóst að þessi kostnaður verður mjög mikill. Það verður verulega mikill kostnaður af því að koma upp nýjum búnaði, bæta með ýmsum hætti t.d. eins og útrásir frá skolpveitum og þvílíku og undir þetta þurfum við að búa þá aðila sem reglugerðin nær til.

Ég held að það sé afar mikilvægt fyrir okkur Íslendinga að standa vel að mengunarvörnum á öllum sviðum og sjá svo til að við séum fremst í flokki varðandi mengunarvarnir. Ég treysti því að hæstv. umhvrh. láti sitt ráðuneyti fylgja þessari reglugerð rækilega fram en legg þó áherslu á að það verður að gera öllum ljóst sem þetta varðar að þetta er mikill kostnaður og að þeim aðilum sé gert kleift að afla sér tekna til þess að uppfylla þær auknu kröfur sem mengunarvarnareglugerðin felur í sér.

[15:35]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Það er hárrétt hjá hv. þm. að það er talsvert erfitt að meta sérstaklega þann kostnað sem fellur til vegna atvinnustarfsemi í framhaldi af þeirri reglugerð sem sett var 27. jan. sl. og ég vil taka undir með honum að það er ekki óeðlilegt. Hér er um að ræða nýjung hjá okkur. Hér er um að ræða hertar kröfur og ég fagna því að hann hefur skilning á því að það er nauðsynlegt að setja strangar kröfur á þessu sviði og fylgja þeim fast eftir.

Vegna þess að óvissan ríkir nú fyrst og fremst í tengslum við fyrirtæki og atvinnustarfsemi, þá er rétt að geta þess líka að í reglugerðinni sem hv. þm. byggir fyrirspurn sína á er gert ráð fyrir því að fyrirtæki geti einnig komið sér upp innra eftirliti og munu þau þá í framhaldi greiða lægri eftirlitsgjöld og þá er gert ráð fyrir því að mestur eftirlitskostnaðurinn muni tengjast útgjöldum vegna innra eftirlitskerfis. Það tel ég að sé mjög mikilvægt.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að kostnaðurinn verður mikill fyrir einstök sveitarfélög. Sum þeirra eru þannig í sveit sett að það verður erfitt og kostnaðarsamt fyrir þau að fylgja eftir þeim kröfum sem settar eru. Hv. þm. hefur áður bent á nauðsyn þess að þessum sveitarfélögum verði með einhverjum hætti tryggðir tekjustofnar til þess að standa undir þessum útgjöldum. Þess vegna vil ég minna á það að í nýbirtri skýrslu fráveitunefndar eru einmitt lagðar fram tillögur sem framkvæmdarvaldið á eftir að taka afstöðu til um hvernig eigi að hjálpa þessum sveitarfélögum.

Mig langar líka að geta þess, virðulegi forseti, að útfærsla leiðbeininga og ákvæða í mengunarvarnareglugerðinni að því er varðar atvinnustarfsemi og fyrirtæki í landinu hefur verið gerð í nokkuð góðri samvinnu við atvinnulífið og ég vil sérstaklega geta þess að það hefur verið mjög gott samstarf af hálfu ráðuneytisins og Vinnuveitendasambands Íslands. Ég geri það, virðulegi forseti, vegna þess að það er ekki oft sem ég sé ástæðu til þess að hrósa VSÍ úr þessum ræðustól.

Verndun nytjavatns.

Fsp. ASv, 449. mál. — Þskj. 662.

[15:38]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í fjarveru minni flutti Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt fsp. til hæstv. umhvrh. um verndun nytjavatns. Fyrirspurnin er svona:

„Hyggst ráðherra leggja fram frumvarp um verndun nytjavatns?"

Á síðasta þingi var flutt frv. um þetta efni en náði þá ekki fram að ganga. Hér er talið að um sé að ræða hið þarfasta mál sem hefði auðvitað þurft að ná fram að ganga að mati fyrirspyrjanda Auðar Sveinsdóttur. Í þeim töluðum orðum að þetta mál er tekið hér á dagskrá, þá er málið flutt hér sem stjfrv. á nýjan leik sem er 512. mál þingsins á þskj. 788 og þar með má út af fyrir sig segja að svar við fsp. liggi fyrir og ég þakka fyrir það.

Það er hins vegar dálítið sérkennilegt ef ég má bæta því þá við þessa fsp. að frv. skuli ekki koma fram fyrr úr því að það var flutt í fyrra og ég spyr hæstv. ráðherra að því af hverju það er, ef hann mundi geta svarað þeirri fsp. Í annan stað sýnist mér að hvað sem lagasetningu líður, sem er vissulega mjög mikilvæg í þessu máli af því að hún setur einkaeignarrétti á landi vissar skorður og refsiákvæðin í frv. eru mjög skýr, þá er það engu að síður svo að stjórn nytjavatnsverndar sem gert er ráð fyrir í frv. er þannig að ráðherrann gæti skipað þessa samráðsnefnd með þeim verkefnum sem gert er ráð fyrir í 6. gr. án þess að hafa til þess sérstakar og sjálfstæðar lagaheimildir.

En erindi mitt í ræðustólinn er að flytja þessa fsp. fyrir varaþingmann minn og þakka fyrir fram fyrir það að málið skuli hafa verið flutt og um leið að spyrja hverju það sætir að það hefur ekki komið fyrr fram

þessu þingi þar sem það var lagt fram á því síðasta líka.

[15:40]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði vænst þess að þetta yrði e.t.v. eina fyrirspurnin á mínum ferli sem ég gæti svarað með því að taka ekki til máls. En hv. þm. Svavar Gestsson rændi mig þó þeirri ánægju.

Það frv. sem hér er spurt um er frv. sem a.m.k. veitustofnanir í landinu hafa beðið eftir og hafa sýnt mikinn áhuga vegna þess að það tryggir með nokkuð róttækum hætti hagsmuni þeirra og reyndar annarra sem nytja vatn. Ástæðan fyrir því að þetta frv. hefur ekki verið flutt fyrr á þessu þingi er einfaldlega sú að það hefur verið ágreiningur innan stjórnarliðsins sem hefur fjallað um þetta, einkum er varðar þá þætti sem hv. þm. greip á. Í IV. kafla frv., sem ber heitið vatnsvernd, eru ákvæði, t.d. í 22., 23. og 24. gr. sem eru ansi róttæk og ýmsum hefur þótt sem þar sé vegið að eignarréttinum. Þess vegna er það svo að þetta frv. hefur verið í umræðu milli þingflokkanna tveggja eftir að það var afgreitt frá ríkisstjórninni fyrr í vetur, einhvern tíma skömmu eftir jólin ef ég man rétt, en hefur nú séð dagsins ljós í þessu formi. Ég er hins vegar sannfærður um það, virðulegi forseti, að þær greinar sem er að finna í frv. munu verða tilefni til mikilla deilna sem munu skera á öll flokkabönd. En hv. þm. Svavar Gestsson er deilinn vel.

[15:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. umhvrh. fyrir þessi svör. Þau voru nákvæmlega í samræmi við það sem ég hafði ímyndað mér að það hefðu komið upp ágreiningsþættir í þessu máli á vegferð þess. Ég er ekkert undrandi á því vegna þess að þetta mál snertir pólitísk grundvallaratriði sem eru mjög skiptar skoðanir um í a.m.k. tveimur flokkum, sem eiga fulltrúa á Alþingi og eru nokkuð stórir báðir, heita Sjálfstfl. og Framsfl.

Ég vildi hins vegar inna eftir því í tilefni af þessu hvort stjórnarflokkunum hafi tekist að komast í gegnum ágreiningsmál sín varðandi virkjun fallvatna og varðandi eignarrétt á jarðhita en samkvæmt samningnum um EES og yfirlýsingum sem gefnar voru í fyrra um þau mál af forustumönnum Alþfl., þá fullyrtu þeir að þau mál yrðu afgreidd frá stjórnarflokkunum á þessum vetri í tæka tíð þannig að hægt yrði að taka þau til meðferðar á yfirstandandi þingi. Mér sýnist örvænt um það en spyr engu að síður hæstv. umhvrh.: Er það svo að flokkarnir hafi rist fram úr ágreiningi við þessi þrjú frumvörp um leið og þetta frv. um nýtingu vatns var tekið út úr stjórnarflokkunum til flutnings í þinginu?

[15:43]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Nú spyr hv. þm. Svavar Gestsson um mál sem ekki falla undir svið míns ráðuneytis. Mér er hins vegar kunnugt um þessi tvö frumvörp og þar hefur, eins og í umfjöllun um það frv. sem við ræddum hér fyrr, risið ágreiningur sem einmitt varðar eignarrétt. Ég held að ég gefi hv. þm. ærlegt svar þegar ég segi að ég held að það sé nánast alveg búið að jafna þann ágreining. Mér er ekki kunnugt um annað og ég hef verið í þeirri trú að þessi frumvörp verði lögð fram á þessu þingi.

Námsefni í fíknivörnum.

Fsp. AÓB, 424. mál. — Þskj. 634.

[15:44]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég beini fsp. minni til hæstv. menntmrh. en fsp. er að finna á þskj. 634.

Fáum hefur blandast hugur um það að árangur hefur náðst með breyttum áherslum í vímuvarnamálum með kennslu fræðsluefnisins „Að ná tökum á tilverunni". M.a. kemur þetta fram í svari félmrh. við fsp. Valgerðar Sverrisdóttur um málefni barna og ungmenna þar sem segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í grunnskólum hefur um allnokkurt skeið verið unnið að vímuefnavörnum, aðallega með kennslu námsefnisins Lions Quest sem fleiri skólar taka upp í kennslu sinni. Unnið er stöðugt að útbreiðslu efnisins. Nokkur sveitarfélög, Reykjavík, Kópavogur og Hafnarfjörður, hafa veitt sérstakt fé til útbreiðslu efnisins og kennslu. Þá hefur Garðabær veitt fé til fíkniefnavarna í grunnskólum þar."

Þetta námsefni hefur náð mikilli útbreiðslu þótt eflaust megi gera betur. Hins vegar á þetta efni einungis við 7. og 8. bekk grunnskóla og mörgum hefur þótt að þar vanti á nokkra eftirfylgni og tilefni fsp. er einmitt það. Það hefur komið fram á vegum Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum að þar á bæ eru menn tilbúnir með ákveðnar tillögur á hvern hátt mætti koma slíku fyrir. Þarna er um að ræða að vinna á þeim grunni og í kjölfarið á þeim árangri sem náðst hefur með námsefninu „Að ná tökum á tilverunni" og margt af því fólki sem þarna kemur að verki er hið sama. Í markmiðum fræðslumiðstöðvarinnar hefur m.a. komið fram eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Eina nýjungin sem komið hefur fram er námsefnið „Að ná tökum á tilverunni" sem ætlað er 13–15 ára börnum og nær til um það bil 30% grunnskóla í landinu, einkum á höfuðborgarsvæðinu. Eitthvað mun vera um að fíkniefni séu tekin fyrir í klúbbastarfi skóla og félagsmiðstöðva en það er tilviljunarkent það sem þar er gert. Því miður á allt þetta starf það sameiginlegt að vera ómarkvisst án nokkurrar eftirfylgni og engin þróun í samsetningu efnis eða efnismeðferð virðist eiga sér stað. Útgáfa upplýsinga- og fræðsluefnis er lítil. Unglingar eru ekki á nokkurn hátt mótandi í þessu starfi."

Mér er kunnugt um að ákveðnar tillögur liggja fyrir nú þegar varðandi þetta mál og það er eitt af mörgu sem æskilegt væri að gera. Því ber ég fram þessa fyrirspurn til hæstv. menntmrh.:

„Er menntmrn. reiðubúið að styrkja gerð námsefnis í fíknivörnum fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla til að

fylgja eftir góðum árangri sem náðst hefur í yngri bekkjum með námsefninu „Að ná tökum á tilverunni"?"

[15:48]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. spyr hvort menntmrn. sé reiðubúið að styrkja gerð námsefnis í fíknivörnum fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla til að fylgja eftir góðum árangri sem náðst hefur í yngri bekkjum í námsefninu „Að ná tökum á tilverunni". Lions Quest námsefnið „Að ná tökum á tilverunni" hefur nú verið notað í 7., 8. og raunar 9. bekk grunnskóla um nokkurra ára skeið með góðum árangri. Notkun þessa námsefnis er háð því skilyrði að kennarar sæki 25 stunda námskeið í notkun þess. Alls hafa nú 615 grunnskólakennarar sótt slík námskeið og um 4.500 nemendur notað þetta námsefni.

Menntmrn., Lionshreyfingin og foreldrasamtökin Vímulaus æska hafa staðið straum af kostnaði við þýðingu og staðfæringu námsefnisins „Að ná tökum á tilverunni" og kostað námskeið fyrir kennara en kostnaður við útgáfu námsefnisins og dreifingu þess er hjá Námsgagnastofnun. Auk þess stendur Námsgagnastofnun straum af útgáfu námsefnis í fíknivörnum fyrir aðra aldursflokka.

Fræðslumiðstöð í fíknivörnum hefur nýverið sent menntmrn. bréf þar sem lýst er áætlunum um gerð námsefnis fyrir 9. og 10. bekk grunnskóla um áfengi og óskað eftir fjárstyrk frá ráðuneytinu. Hugmyndin að baki þessu námsefni er góð og efnið hentar vafalítið vel til að fræða ungt fólk um skaðsemi áfengisneyslu. Lögum samkvæmt ákveður stjórn Námsgagnastofnunar hvaða námsefni er fengið eða framleitt fyrir það fé sem fjárlög ákveða stofnuninni. Erindi Fræðslumiðstöðvar í fíknivörnum hefur því verið vísað til Námsgagnastofnunar með þeim tilmælum að stofnunin kanni hvort grundvöllur er fyrir útgáfu efnisins í samvinnu við fræðslumiðstöðina.

[15:50]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Á þingi Norðurlandaráðs nú í mars var því beint til viðkomandi ráðherra að láta vinna nýja norræna aðgerða- og framkvæmdaáætlun á mörgum sviðum fíkniefnavarna, m.a. á sviði upplýsinga- og fræðslumála. Við vinnslu viðkomandi tillögu hjá laganefnd kom menningarmálanefnd Norðurlandaráðs því á framfæri við laganefndina að nú gæfist tækifæri til að tengja fræðslu- og áróðursefni af þessu tagi áformum ráðherra og menningarmálanefndar um eflingu gerðar sjónvarpsþátta og myndbandaefnis fyrir börn og unglinga. Það eru forgangsverkefni, bæði ráðherra og menningarmálanefndar, að leggja áherslu á börn og unglinga, tungumál og fjölmiðla. Þau áform er mjög hægt að tengja átaki af þessu tagi þannig að myndbandaefni og fræðsluefni sé tengt þeim áróðri sem Norðurlöndin vilja einmitt koma á framfæri. Við munum fylgja þessum þætti eftir og ég bind miklar vonir við að samþykkt þessarar tillögu komi okkur til góða.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Reykn. og hæstv. menntmrh. kærlega fyrir undirtektirnar sem ég vil leyfa mér að líta á sem afdráttarlaust jákvæðar. Vissulega kom það fram í svari hæstv. menntmrh. að það er hlutverk Námsgagnastofnunar að koma hér að málum, en ég tek orð hans svo, og bið þá um að það verði leiðrétt ef það er ekki réttur skilningur, að hann hafi vísað þessu til Námsgagnastofnunar með það í huga að þar yrði gert eitthvað í þessum málum. Ég vil spyrja hæstv. menntmrh. í framhaldi af því hvort menntmrn. sé ekki jafnframt reiðubúið til þess að taka sérstakt tillit til þess í fjárveitingum til Námsgagnastofnunar því ella þarf að klípa þetta af öðru starfi þar.

Í fyrirspurn sem ég bar fram til hæstv. heilbrrh. í síðustu viku kom fram að ákveðin summa er ætluð til forvarna í áfengismálum á vegum heilbrrn. Hins vegar hefur viljað bera svo við að það væri verið að bæta sífellt fleiri málaflokkum inn í þá föstu summu og það er auðvitað ekki gott ef útgjöld á einu sviði taka frá öðrum sem jafnframt eru mjög brýn. Þess vegna finnst mér nauðsynlegt að þetta komi fram og ekki síður fyrir það að forvarnastarf, þótt það kalli á einhver fjárútlát til skemmri tíma, er tvímælalaust ein besta fjárfesting og einn mesti sparnaður sem hægt er að leggja í á vegum ríkis og sveitarfélaga. Þá á ég bæði við fjárhagsleg og ekki síður ef við lítum á önnur verðmæti sem eru mannleg verðmæti.

[15:54]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og ég gat um var þessu erindi vísað til Námsgagnastofnunar eins og lög segja. Ég vil aðeins segja það að komi jákvæð umsögn frá Námsgagnastofnun, sem ég leyfi mér að ætla að muni verða, þá verður málið tekið til sérstakrar athugunar og ef Námsgagnastofnun telur sig ekki hafa fjármagn til að sinna þessu núna, þá mun ráðuneytið athuga það sérstaklega hvort hægt sé að veita sérstakt fjármagn til þess ef þess þarf nú á þessu ári, ella yrði þetta haft til hliðsjónar við fjárlagagerð fyrir næsta ár.

[15:55]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að þetta skuli vera komið til umræðu hér en vildi í því sambandi gera athugasemd varðandi fíknivarnir. Það sem fyrst og fremst vekur athygli núna er að reykingar í grunnskólanum hafa aukist. Þær hafa aukist verulega. Fyrir svona 10–12 árum var gert verulegt átak, að miklu leyti fyrir tilverknað Krabbameinsfélags Reykjavíkur, og það náðist verulegur marktækur árangur. Einhverra hluta vegna hefur dregið úr þessum áróðri í skólunum þrátt fyrir ákveðna viðleitni. Ég held að það þurfi ekki síður að taka þetta inn í fíknivarnir og þarf eiginlega að byrja þarna. Það er merkjanlegur munur í elstu árgöngum núna og fyrir 2–3 árum hvað reykingar hafa stóraukist svo ég held að þarna þurfi að taka verulega á málinu.

Samgöngur í sameinuðum sveitarfélögum.

Fsp. ÍP, 454. mál. — Þskj. 684.

[15:56]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Fyrirspurn mín á þskj. 684 er til hæstv. félmrh. og er svohljóðandi:

„Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa við fyrirheit sín um bættar samgöngur í sameinuðum sveitarfélögum?"

Nú hafa nokkrar sameiningar sveitarfélaga átt sér stað. Íbúar þessara sveitarfélaga sem sögðu já við sameiningu gerðu það fyrst og fremst í trausti þess að staðið yrði við loforð ríkisstjórnarinnar um bættar samgöngur. Forsenda þess að hagkvæmni verði af sameiningu sveitarfélaga er að sveitarfélögin geti talist eitt atvinnusvæði og dýr mannvirki samnýtist, svo sem skólar, heilsugæslustöðvar, félagsheimili og ekki hvað síst hafnir, svo eitthvað sé nefnt. Ef ófært er meira og minna allan veturinn innan sveitarfélagsins næst lítil hagræðing af sameiningu. Því er þessi fyrirspurn lögð fram: „Hvernig hyggst ríkisstjórnin standa við fyrirheit sín um bættar samgöngur í sameinuðum sveitarfélögum?"

[15:57]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar vegna átaks um sameiningu sveitarfélaga segir að við ákvörðun um fjárveitingar og forgangsröðun framkvæmda í samgöngumálum á næstu árum verður m.a. tekið tillit til sameiningar sveitarfélaga. Ég tel ástæðu til að nefna að eðlilegt hefði verið að beina þessari fyrirspurn til hæstv. samgrh. enda leitaði ráðuneytið eðli málsins samkvæmt upplýsinga vegna svarsins hjá samgrn. Ég vil minna á að hæstv. samgrh. lagði áherslu á það í umræðum á Alþingi um sama efni í október sl. að í kjölfar kosninganna um sameiningu sveitarfélaga og þeirra nýju viðhorfa sem verulegar sameiningar sveitarfélaga hefðu í för með sér væri eðlilegt að á þessum vetri fram til vors hittist sveitarstjórnarmenn og þingmenn hinna ýmsu kjördæma áður en til endurskoðunar vegáætlunar kemur og ræði um það hvort sameining sveitarfélaga valdi því að nauðsynleg áherslubreyting verði að eiga sér stað.

Framkvæmdir við nýbyggingar og endurbætur á vegakerfinu, sem unnar eru samkvæmt vegáætlun, þjóna m.a. þeim tilgangi að tengja saman nálæga þéttbýlisstaði og tengja þéttbýli við aðliggjandi dreifbýli. Hefur mörg undanfarin ár verið samstaða meðal þingmanna um að sú stækkun atvinnu- og þjónustusvæða sem með þessu fæst sé einn af þeim stóru þáttum sem hugsa þarf til við skiptingu fjármagns til framkvæmda. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða með þessum hætti eykur möguleika á sameiningu sveitarfélaga.

Núverandi ríkisstjórn hefur einnig litið svo á að hér sé um mikilvægt atriði að ræða sem taka þurfi fullt tillit til. Við ákvörðun um átak í vegamálum, sem hún beitti sér fyrir haustið 1992 með sérstökum fjárveitingum á árunum 1993–1995, var eitt af þeim atriðum sem haft var í huga m.a. sameining sveitarfélaga. Sum þeirra verkefna sem þar voru ákveðin tóku fyrst og fremst mið af þessu sjónarmiði. Má í þessu sambandi nefna framkvæmdir á norðanverðu Snæfellsnesi, Hálfdán í Vestur-Barðastrandarsýslu og Ólafsfjarðarveg norðan Dalvíkur. Önnur verkefni gera hvort tveggja að stækka atvinnu- og þjónustusvæði og leysa um leið af hólmi samgönguþröskulda á langleiðum. Dæmi um þetta eru vegir um Kúðafljót, Vatnsskarð og Jökulsá á Dal.

Í samræmi við þessa stefnu mun ríkisstjórnin fyrir sitt leyti leggja áherslu á að við næstu endurskoðun vegáætlunar og langtímaáætlunar, sem fram fer veturinn 1994–1995, verði tekið tillit til þessara sjónarmiða þegar kemur að röðun verkefna í ofangreindum áætlunum.

[16:00]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það mætti tala langt mál um þetta efni sem hér er til umræðu og ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli. Þessi mál eru mjög í lausu lofti og væri ekki vanþörf á að bæta þar úr. Ég vil minna á það að þingmenn einstakra kjördæma hafa það hlutverk að skipta vegafé til nýframkvæmda og ég hef ekki orðið var við neitt samráð frá hendi hæstv. félmrh. eða hæstv. samgrh. við þingmenn kjördæmanna um þetta mál. Það er auðvitað alveg ótækt vegna þess að án þess eru þessi loforð öll meira og minna út í bláinn meðan ekki er haft neitt samráð um þessa hluti eða veitt viðbótarfjármagn sérstaklega í þessu skyni.

[16:01]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það að hér er um að ræða mál sem er ástæða til að taka á. Hins vegar hlýt ég að fagna því að hæstv. félmrh. er búinn að átta sig á því að þetta mál kemur bæði samgrh. og þingmönnum einstakra kjördæma við. Það er vægast sagt afskaplega sérstakt þegar okkur þingmönnum er sýnt bréf frá félmrh., eins og gerðist til að mynda varðandi sameiningu sveitarfélaga við Öxarfjörð, þar sem samgrh. lofar að beita sér fyrir því að vinna að því að lagt verði bundið slitlag á veginn nánast endilangan eftir hinu nýja sveitarfélagi.

Það vil nú þannig til að þetta var í tíð fyrri ríkisstjórnar en þá var samgrh. í þingmannahópi kjördæmisins en hvorki hafði verið haft samband við hann né aðra þingmenn kjördæmisins þegar þetta bréf var skrifað.

[16:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að leggja þessa fyrirspurn fram. Mig langar til að spyrja: Er ekki neitt nýtt fjármagn ætlað í þessar bættu samgöngur innan sveitarfélaga sem hafa sameinast? Ég er hræddur um að það komi ýmsum í opna skjöldu ef ekki eru neinar hugmyndir um að fjármagna sérstaklega bættar samgöngur í sveitarfélögum sem hafa ákveðið sameiningu og ég er hræddur um að það muni mælast illa fyrir ef það er niðurstaðan.

Mig langar síðan að spyrja sérstaklega út í það sem hæstv. ráðherra sagði hér áðan um að sums staðar

hefði í sambandi við svokallað atvinnuátak í vegamálum verið farið í framkvæmdir vegna sameiningar sveitarfélaga og Snæfellsnes nefnt í því samhengi. Ef þar er átt við brúna yfir Hraunsfjörð, þá langar mig að spyrja: Sameiningu hvaða sveitarfélaga átti sú framkvæmd sérstaklega að þjóna?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti væntir þess að hv. þm. geri sér grein fyrir því að ekki er hægt að bera fram aðrar fyrirspurnir í fyrirspurnatíma en þá sem viðkomandi þingmaður á.

[16:04]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa fyrirspurn. Í sambandi við samgöngur er það alveg rétt sem hæstv. félmrh. sagði að það hafa verið gerðar ýmsar vegabætur, m.a. á Vestfjörðum eins og kom fram. En samgöngur eru ekki bara vegabætur. Ég vildi aðeins benda á það að eitt af því sem er í ólestri hjá okkur í landinu og varðar kannski ekki síst sameiningu sveitarfélaga eru almenningssamgöngur. Ég vil beina því til þeirra sem með þau mál eiga að fara að það tekur tvö til tíu ár að koma almenningssamgöngum á vegna þess að við höfum ekki búið við almenningssamgöngur úti á landi. Ég gæti nefnt dæmi um að til þess að koma fólki til að nota þær þarf í fyrsta lagi mjög þétt samgöngunet og í öðru lagi þarf að hafa tilraunatíma, til þess að hann verði marktækur, frá tveimur og upp í tíu ár. Manni finnst þetta langur tími en þetta er staðreynd eigi að síður og ég tel að það sé mikil nauðsyn í sameiningu sveitarfélaga að almenningssamgöngur verði bættar.

[16:05]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að hún var undrandi yfir því að þessi fyrirspurn skyldi ekki koma til hæstv. samgrh. en hæstv. félmrh. er ráðherra sveitarstjórnarmála og mælti mjög með því að sveitarfélög skyldu sameinast og mælti einmitt með því að samgöngur yrðu bættar. Mér fannst því rétt að spyrja hæstv. félmrh. að þessari spurningu. En svörin voru afskaplega rýr, það er ekki hægt að segja annað. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra að þingmenn munu koma saman í haust og endurskoða vegáætlun. Varla er ætlast til að þingmenn einstakra kjördæma, þar sem sameining hefur átt sér stað, rústi allri vegáætlun í öðrum sveitarfélögum? Mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra: Er það það sem hún meinar með þessu svari? Á sem sé að færa fjármagn frá þeim sveitarfélögum, sem ekki hafa sameinast, til þeirra sveitarfélaga sem hafa sameinast? Mér finnst að hér hafi verið gefin fölsk fyrirheit ef ekki á að koma nýtt fjármagn til þeirra sveitarfélaga sem nú þegar hafa sameinast.

[16:07]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Því var haldið hér fram áðan af hv. 6. þm. Norðurl. e. að félmrn. hefði gefið loforð varðandi samgöngubætur á tilteknum stað vegna sameiningarmála. Félmrn. hefur aldrei gefið nein slík loforð um tilteknar bætur heldur hefur iðulega verið beint til ráðuneytisins beiðni um úrbætur í samgöngumálum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga. Það sem félmrn. hefur gert þegar slík erindi berast vegna sameiningar sveitarfélaga er að þeirri ábendingu og erindinu er komið áleiðis til samgrh. sem hefur með þau mál að gera. Þannig að í því felst ekkert loforð af hálfu félmrn., enda er það ljóst að þessi málaflokkur heyrir undir samgrh.

Varðandi stefnumörkun ríkisstjórnarinnar, þá kom það fram að ríkisstjórnin mun beita sér fyrir því við ákvörðun um fjárveitingar og forgangsröðun framkvæmda í samgöngumálum á næstu árum verði m.a. tekið tillit til sameiningar sveitarfélaga og því lýsti ég í mínu máli. Það kom reyndar fram einnig hjá samgrh. á hv. Alþingi að hann teldi eðlilegt að inn í endurskoðun vegáætlunar 1995 og 1996 komi breyttar forsendur og breytt viðhorf sem kunni að skapast vegna sameiningar sveitarfélaga. Hæstv. samgrh. lagði áherslu á að um það yrði haft samráð við þingmenn og sveitarstjórnarmenn og ég hef út af fyrir sig engu við það að bæta. Ég nefndi áðan ákveðna staði þar sem m.a. var ráðist í samgöngubætur með það fé sem ríkisstjórnin veitti til þeirra mála sem m.a. tók tillit til sameiningar sveitarfélaga.

Kílóagjald á bíla.

Fsp. JGS, 474. mál. — Þskj. 728.

[16:09]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég ber fram fyrirspurn á þskj. 728 til fjmrh. um kílóagjald á bíla. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hvernig hyggst fjmrh. beita almennri heimild til undanþágu frá kílóagjaldi á bíla sem sett var í lög nú fyrir áramótin?"

Við afgreiðslu skattafrumvarpa ríkisstjórnarinnar nú fyrir áramótin var samþykkt breyting í þá veru að fjmrh. fær heimild til þess að fella niður kílóagjald á bílum. Þetta virðist hafa verið gert vegna þess að ríkisstjórnin áttaði sig á því að með því að hækka kílóagjaldið um heil 30% um síðustu áramót væri þessi gjaldtaka í raun komin út yfir öll skynsemismörk og yrði í það minnsta að vera hægt að koma til móts við þá sem þetta bitnaði á af mestri ósanngirni. Þó svo hér sé um að ræða gjaldtöku sem ekki verður endurgreidd öðruvísi en eftir á, þá er afar mikilvægt að framkvæmdin á fyrirhuguðum endurgreiðslum liggi fyrir sem fyrst þannig að menn geti tekið ákvarðanir út frá því, m.a. um þann tíma sem bílar eru látnir standa án númera.

Þessi breyting og háa gjaldtaka kemur illa við marga aðila. M.a. má nefna þá sem vegna búsetu sinnar þurfa að eiga fleiri en einn bíl og annar þeirra hugsanlega öflugur fjórhjóladrifsbíll. Þarna erum við að tala

um skattheimtu sem er orðin 30–40 þús. á fjölskyldu á ári. Annar hópur sem ég vil nefna er bílaáhugamenn, t.d. eigendur húsbíla, sem oft er ekki ekið nema 2–3 þús. km á ári, en verða að greiða hámarkskílóagjald.

Ég tel að með hækkuninni um áramótin hafi bílaeigendum endanlega ofboðið hvað varðaði kílóagjaldið. Þarna er um að ræða afar óréttlátan skattstofn. Í raun er þetta eignarskattur sem menn greiða fyrir að eiga bíla. Hann leggst hins vegar ekki á eftir verðmæti heldur eftir þunga bílsins.

Það mætti tína til fleiri þætti varðandi skattlagningu á bílum. Hún er í það heila handahófskennd og virðist ekki fara eftir neinni markaðri stefnu. Það virðist enn vera litið á bílaeign sem lúxus sem sé allt í lagi að skattleggja í það endalausa.

Í máli fjmrh. á Alþingi fyrir nokkrum vikum kom fram að Alþýðusamband Íslands kaus að hækka frekar kílóagjaldið en launaskattinn. Það væri afar fróðlegt að velta fyrir sér hvernig þetta kemur niður á einstaka launþegahópum. Þarna voru menn ekki að hugsa um þá lægst launuðu.

Virðulegi forseti. Fjmrh. sagði á opnum fundi að menn hefðu verið að leita að hópi sem þyldi meiri skattlagningu þegar menn fundu það út að hækka kílóagjaldið á bílunum. Ég hlýt því að ítreka mína spurningu: Hvernig á að fara með þessa heimild? Hverjum mun hún nýtast? Nýtist hún m.a. þeim hópi sem ég nefndi hér áðan?

[16:13]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Til að svara þessari fyrirspurn, sem hér er fram borin, og hv. fyrirspyrjanda vil ég fyrst segja frá því að eins og kom fram í hans máli var þetta svokallaða kílóagjald eða bifreiðagjald hækkað um áramótin. Ástæðurnar fyrir því voru, eins og fram kom í hans máli, að í stað þess að samþykkja að lagður yrði skattur á útborguð laun alls launafólks upp á 0,5% var eftir viðræður við Alþýðusamband Íslands ákveðið að fara fremur þá leið að hækka þennan skatt um að giska 400–450 millj. sem þýðir að skatturinn hækkar um 30% eða um það bil.

Í lögin var sett sú heimild sem vitnað er til í fyrirspurninni. Það er rétt sem kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda að mikil gagnrýni hefur verið á þetta gjald, einkum nú eftir að það hækkaði en einnig áður því að hér er um eins konar eignarskatt að ræða án þess að tekið sé tillit til verðmætis eignarinnar né notkunar. Á þeim fundi sem hv. fyrirspyrjandi minntist á var annars vegar bent á að það þyrfti að taka tillit til notkunar og verðmætis eignarinnar og mætti gera slíkt í áföngum, t.d. með því að aldurstengja gjaldið. Hins vegar kom fram það sjónarmið á fundinum að eðlilegt væri að setja gjaldið inn í eldsneytisverðið. Hvort tveggja eru tillögur sem eru verðar athugunar.

Nú skal það tekið fram, hæstv. forseti, að það liggur ekki fyrir reglugerð í þessu máli. Hana á eftir að setja en ráðgert er að það verði gert fyrir 1. júlí og helst fyrir 1. júní vegna síðari hluta ársins. Mín hugmynd er sú, og ég vil taka það fram að það er enn þá einungis hugmynd því að það er unnið að málinu, að framkvæmdin verði þannig að menn fái gjaldið endurgreitt ef þeir sýna vottorð um að númeraplötur hafi verið geymdar um tiltekinn tíma. Helst sýnist mér koma til greina að það verði gert með þeim hætti að ekkert fáist endurgreitt fyrir fyrstu þrjá mánuðina en að fullu fyrir allan þann tíma sem umfram þrjá mánuði er. Þetta þýðir að þeir sem legðu fram númeraplötur sex mánuði á ári gætu fengið þrjá mánuði endurgreidda. Þeir sem leggja inn númer og eru til að mynda að endurnýja gamla bíla, sem getur tekið mánuði og ár, yrðu þá einungis að greiða þrjá mánuði en ekkert umfram það. Það er sú hugmynd sem mér sýnist vera einna skást af nokkrum sem hafa verið skoðaðar.

Ég vil þó, virðulegi forseti, taka fram að hér er einungis um hugmynd að ræða sem ekki er orðin að reglugerð og þess vegna enn tími til að skoða aðrar. Aðalatriðið var þegar þessi heimild var sett og ákvörðun tekin um að nýta hana, en sú ákvörðun hefur þegar verið tekin, að koma til móts við t.d. aldrað fólk sem einungis ekur hluta úr árinu, t.d. að sumri, og hins vegar fólk sem á t.d. sumarhúsbíla sem eru notaðir lítinn part ársins. Þetta er það fólk m.a. sem þarf að koma til móts við en einnig hina sem eru að vinna við að endurgera gamla bíla, bíla sem ekki hafa enn náð 25 ára aldri, en eins og þeir vita sem til þekkja nær þetta gjald ekki til bifreiða sem eru eldri en 25 ára.

Ég vona, hæstv. forseti, að þetta svari því í hvaða farvegi málið er á þessari stundu. Það er stefnt að því að reglugerð verði sett fyrir 1. júní og taki þá gildi fyrir síðari hluta þessa árs.

[16:18]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svarið þó að ég verði því miður að segja að mér fannst ekkert óskaplega mikið á því að græða. Ég verð að segja það að mér líst ekki vel á þá hugmynd sem hér er sett fram um það ef menn leggja bílnum í hálft ár, þá fái þeir ekki nema þrjá mánuði endurgreidda. Svo ég taki dæmi þá nefni ég þetta út frá hagsmunum tveggja hópa. Annars vegar húsbílaeigenda sem ég nefndi áðan. Þetta mundi væntanlega þýða að þeir væru yfirleitt með í mesta lagi þriggja mánaða endurgreiðslu eða eitthvað slíkt og sú endurgreiðsla mundi ekki einu sinni vega upp þá hækkun sem varð á gjaldinu um síðustu áramót og fannst mönnum þó gjaldið nógu hátt fyrir. Ég nefni hins vegar vörubílstjóra víða um land sem stunda sumarvinnu og leggja sínum bílum yfir veturinn og hefur þótt þetta afar óréttlát gjaldtaka.

Það er eitt, virðulegi forseti, í þessu máli sem ég vil leggja áherslu á því svo ótal margir hafa haft samband við mig út af þessu máli, kannski fleiri en nokkru öðru máli eftir að ég hóf mína þingmennsku. Það er ekki eingöngu út af gjaldtökunni sem slíkri heldur vegna þess hvað mönnum finnst þetta kílóagjald óhemju óréttlátur skattur. Ég hef sagt áður við hæstv. fjmrh. að þetta er álíka og ákveðið væri að leggja á nefskatt og hann væri lagður á eftir þunga einstaklinganna. Það er engin lógík á bak við þetta nema sú að þarna fann ríkið skattlagningaraðferð sem var þægileg. Það er að-

gengilegt bæði hverjir eiga bíla og hvað þeir eru þungir. Það virðist hafa verið ákveðið einhvern tíma þegar verið var að loka fjárlagagati að skella skatti þarna á sem hefur síðan stöðugt verið hækkaður.

[16:21]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Til þess að skýra út hvaða þýðingu sú hugmynd hefur sem ég reifaði, þá hefur hún þá þýðingu að húsbílaeigendur, sem hv. þm. benti á, sem nota slíkan bíl í fimm mánuði á árinu mundu fá til frádráttar sem svarar rúmlega þeirri ábót sem lögð var á í skatti í upphafi þessa árs ef þeir legðu númerum um sjö mánaða skeið. Fjórir mánuðir fengjust þá greiddir sem er þriðjungur úr ári, en það er hlutfallslega heldur meira en hækkunin var í ársbyrjun.

Ég skal ekki deila við hv. þm. um réttlæti þessa skatts eða sanngirnina. Það er hárrétt að hann hefur verið gagnrýndur og meira að segja gekk svo langt á þeim fundi sem við vorum á báðir, ég og hv. þm., að einn fundarmanna taldi að skatturinn gæti ekki átt stoð í íslenskum rétti því að það væri hvorki tekið tillit til notkunar né verðmætis eignarinnar í þessum eignarskatti.

Ég hygg nú að ríkið mundi vinna það mál, en ég skil hins vegar vel þá óánægju sem er með skattinn og tek undir það sem hv. þm. sagði að það þætti sjálfsagt óréttlátt ef lagðir yrðu skattar á menn hér á landi eftir þyngd og hæð og slíkum nótum. Þó að ég viti að þeir sem hér eru inni mundu ugglaust greiða atkvæði með slíku, þá er ég viss um að ýmsir þeir sem eru fjarverandi tækju ekki þátt í þeirri atkvæðagreiðslu með því að gjalda henni jáyrði sitt.

Útbýting þingskjals:

Leigubifreiðar, stjfrv., 514. mál, þskj. 794.

Fundi slitið kl. 16:23.

---

115. FUNDUR

þriðjudaginn 22. mars,
kl. 1.30 síðdegis.

Dagskrá:

1. Fjáraukalög 1991, stjfrv., 68. mál, þskj. 71. — 3. umr.
2. Fjáraukalög 1992, stjfrv., 67. mál, þskj. 70. — 3. umr.
3. Fjöleignarhús, stjfrv., 143. mál, þskj. 791 (sbr. 159). — 3. umr.
4. Sveitarstjórnarlög, frv., 156. mál, þskj. 792. — 3. umr.
5. Samkeppnislög, stjfrv., 239. mál, þskj. 793. — 3. umr.
6. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 287. mál, þskj. 364, nál. 747, brtt. 746. — 2. umr.
7. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, stjfrv., 506. mál, þskj. 779. — 1. umr.
8. Tollalög og vörugjald, stjfrv., 507. mál, þskj. 780. — 1. umr.
9. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 272. mál, þskj. 332, nál. 775, brtt. 774. — 2. umr.
10. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126, nál. 681, brtt. 682. — 2. umr.
11. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 429. mál, þskj. 641. — 1. umr.
12. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — 1. umr.
13. Þjóðminjalög, stjfrv., 478. mál, þskj. 733. — 1. umr.
14. Ofbeldi gegn konum á Íslandi, þáltill., 269. mál, þskj. 324. — Fyrri umr.
15. Rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 320. mál, þskj. 511. — Fyrri umr.
16. Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 321. mál, þskj. 512. — Fyrri umr.
17. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439. — Fyrri umr.
18. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 304. mál, þskj. 495. — Frh. fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Davíð Oddsson forsrh.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.

Útbýting þingskjala:

Álitsgerðir frá stofnunum Háskóla Íslands, 515. mál, fsp. KÁ, þskj. 795.

Átak í málefnum barna og ungmenna, 513. mál, þáltill. JVK o.fl., þskj. 789.

Endurbætur á Þjóðminjasafni, 518. mál, fsp. KÁ, þskj. 798.

Fjöleignarhús, 143. mál, þskj. 791.

Framtíðarskipan Hæstaréttar, 517. mál, fsp. KÁ, þskj. 797.

Hæstaréttarhús, 516. mál, fsp. KÁ, þskj. 796.

Samkeppnislög, 239. mál, þskj. 793.

Sveitarstjórnarlög, 156. mál, þskj. 792.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun frá Bandalagi ísl. skáta um frv. um umboðsmann barna.

Bréf Hæstaréttar til Alþingis um afgreiðslu frv. til laga um Hæstarétt.

Fjáraukalög 1991, 3. umr.

Stjfrv., 68. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 71.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]

Frv. samþ. með 21:1 atkv. og sögðu

já: ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, HBl, HN, IBA, LMR, ÓE, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO.

nei: GÁ*.

18 þm. (AÓB, GB, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PB, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, FI, GHH, GHall, GÁS, HjálmJ, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, PP, SalÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 799).

Fjáraukalög 1992, 3. umr.

Stjfrv., 67. mál (greiðsluuppgjör). — Þskj. 70.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. samþ. með 21 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, HBl, HN, IBA, LMR, ÓE, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, StB, TIO.

20 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, PB, RA, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, FI, GHH, GHall, GÁS, HjálmJ, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, ÓRG, PP, SalÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 800).

Sveitarstjórnarlög, 3. umr.

Frv. KHG o.fl., 156. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 792.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, FI, GHH, GHall, GÁS, HjálmJ, ISG, IP, JBH, JónK, ÓRG, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 801).

Samkeppnislög, 3. umr.

Stjfrv., 239. mál (hæfniskröfur samkeppnisráðsmanna). — Þskj. 793.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PBald, PB, RA, RG, SigG, SighB, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS.

2 þm. (GB*, GÁ*) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, FI, GHH, GHall, GÁS, HjálmJ, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, ÓRG, PP, SalÞ, SP, StG, StH, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óska að geta þess að þeir studdu á rangan hnapp í atkvgr.; ætluðu að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 802).

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 2. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 364, nál. 747, brtt. 746.

[13:41]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Hér hefur áður farið fram umræða um þetta mál í þinginu þegar það var lagt fram og skýrt og þess vegna vitna ég í þeim efnum til framsöguræðu landbrh. og athugasemda og skýringa við lagafrv. sjálft. Það er hins vegar vert að minna á það að þetta mál var lagt fyrir þingið í fyrra, sent til umsagna, en hlaut ekki afgreiðslu að öðru leyti. Það var afgreitt frá landbn. til landbrn. með umsögnum og ábendingum um að eðlilegt væri að fara yfir þær og skoða málið út frá því þegar það yrði lagt aftur fyrir Alþingi. Þetta var raunar gert en ekki gerðar á því breytingar af hendi ráðuneytisins, enda voru umsagnirnar með þeim hætti að í þeim fólust ekki efnislegar ábendingar að neinu marki.

Það er líka vert að geta þess að hér er verið að koma á fót sjálfstæðu aðfangaeftirliti og það held ég að sé mikið til bóta. Áður hafði Rannsóknastofnun landbúnaðarins þessi verkefni með höndum en með nýjum og breyttum tímum, sem m.a. koma til af alþjóðlegu samstarfi sem við tökum þátt í, er eðlilegt að

aðfangaeftirlitið fái meira sjálfstæði og hafi einungis að húsbónda landbrh. Þetta er sem sagt grundvallaratriðið í þessu máli.

Að þessu sinni hefur landbn. hins vegar gert ofurlitlar breytingar á frv. eða gert tillögur til breytinga og þær eru einkum til komnar vegna ábendinga búnaðarþings um málið. Þær fela í sér að þær nefndir sem eiga að vera til staðar þegar samdir eru m.a. staðlar eiga samkvæmt tillögu nefndarinnar einungis að vera tvær, þ.e. fóðurnefnd og síðar sáðvöru- og áburðarnefnd og er þar um að ræða breytingu úr þremur nefndum í tvær. Auk þess er kveðið á um það að aðfangaeftirlitið fái skýrari heimildir til þess að stöðva vörur sem eru í umferð eða kæmust í umferð, en uppfylla ekki þá staðla og þau skilyrði sem krafist er.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, með tilliti til þessara skýringa um forsögu málsins að orðlengja þetta frekar og geri tillögu um að málinu verði vísað til 3. umr. að þessari umræðu lokinni.

[13:46]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Þar sem ég skrifaði undir nefndarálit með fyrirvara, þá tel ég ástæðu til þess að gera grein fyrir þeim fyrirvara. Ég styð þær breytingartillögur sem hér eru lagðar fram og tel þær vera til bóta. Minn fyrirvari snýr hins vegar að því að ég sé ekki að það hafi verið þörf á því að stofna nýja sérstaka stofnun um þennan þátt aðfangaeftirlitsins. Það hefði verið hægt að skilgreina þetta starfssvið betur og vista það áfram sem deild innan Rannsóknastofnunar landbúnaðarins. Ég tel þetta í raun að nokkru leyti ganga þvert á þá stefnu sem við þyrftum að fylgja í dag, sem væri sú að samræma og sameina stofnanir frekar en að dreifa þeim. Ég bendi á í því sambandi að þessi stofnun, þegar þetta verður að lögum, mun verða vistuð í Rannsóknastofnun landbúnaðarins uppi á Keldnaholti, en það er hins vegar ekkert sem tryggir að svo geti orðið áfram ef ekki er um það samkomulag við þá stofnun. Ég bendi á í þessu sambandi að ef menn væru sjálfum sér samkvæmir, þá mundu menn búa til aðra stofnun sjálfstæða úr plöntueftirlitinu, sem er deild innan RALA og gegnir nákvæmlega sama hlutverki á því sviði. Þannig að minn fyrirvari í þessu máli er fyrst og fremst varnaðarorð í þá veru að á þessu sviði þurfum við frekar á því að halda að samræma og sameina heldur en að stofna nýjar stofnanir.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:50]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, MB, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, MB, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 746,1 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.

26 þm. (ÁRÁ, DO, FI, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, MB, ÓRG, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.

24 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, MB, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

4.–5. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.

25 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, MB, ÓRG, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 746,2 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.

24 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, MB, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG,

SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.
23 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.
23 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 746,3 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.
23 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.
22 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.
22 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 746,4 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.
23 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, ÓRG, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.
23 þm. (ÁRÁ, DO, FrS, GHH, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PBald, PB, RA, RG, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS.
22 þm. (ÁRÁ, DO, GHH, GHall, GÁS, HBl, HjálmJ, ISG, JóhS, JBH, JHelg, JónK, PP, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, 1. umr.

Stjfrv., 506. mál. — Þskj. 779.

[13:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

Engum dylst að á síðustu árum höfum við Íslendingar búið við erfið ytri skilyrði í efnahagslífinu. Ástæðurnar eru einkum niðursveifla í alþjóðlegu efnahagslífi og samdráttur í þorskveiðum hér við land. Þrátt fyrir þessi erfiðu ytri skilyrði hefur stjórnvöldum tekist að styrkja mjög stöðu atvinnulífsins með almennum aðgerðum á síðustu missirum. Verðbólga hefur ekki verið lægri í áratugi og raungengi er hagstæðara útflutnings- og samkeppnisgreinum en verið hefur í langan tíma. Skattar á fyrirtæki hafa verið lækkaðir verulega til að treysta stöðu þeirra og hamla gegn vaxandi atvinnuleysi. Fyrir atbeina ríkisvaldsins hefur ríkt vinnufriður og stöðugleiki á vinnumarkaði verið festur í sessi.

Með markvissum aðgerðum hafa stjórnvöld skapað skilyrði til að lækka vexti sem hefur í för með sér að fjármagnskostnaður skuldugra fyrirtækja mun lækka verulega. Þrátt fyrir að þessar almennu aðgerðir til styrktar atvinnulífinu hafi komið sjávarútvegi til góða var stjórnvöldum ljóst að hinn mikli samdráttur í aflaheimildum kæmi verr niður á sumum landsvæðum en öðrum og að vert væri að kanna það sérstaklega. Í ljósi erfiðleika atvinnulífs og byggða á Vestfjörðum vegna aflasamdráttarins og yfirvofandi gjaldþrota fyrirtækja skipaði ríkisstjórnin í nóvember sl. starfshóp fjögurra ráðuneyta og Byggðastofnunar til að kanna þennan vanda. Starfshópurinn viðaði að sér margvíslegum gögnum um byggð og atvinnulíf á Vestfjörðum. Niðurstöður hópsins voru þær að Vestfirðir búi við sér-

stöðu vegna einhæfni atvinnulífs og landfræðilegrar einangrunar. Starfshópurinn benti m.a. á eftirfarandi:

Aflaheimildir Vestfirðinga taldar í þorskígildum hafa dregist saman um tæp 30% á sl. tveimur fiskveiðiárum á meðan samdrátturinn var 12–17% í öðrum kjördæmum.

Atvinnulíf á Vestfjörðum er einhæfara en í öðrum landshlutum og byggist að mestu á sjávarútvegi og tengdri þjónustu. Hlutfall sjávarútvegs af ársverkum á Vestfjörðum var 36%, en það er þrefalt hærra hlutfall en landsmeðaltal.

Íbúum á Vestfjörðum hefur fækkað um 8% á síðustu 10 árum, en það er mun meiri fækkun en í öðrum landshlutum. Vestfirðir búa við meiri landfræðilega einangrun en aðrir landshlutar, hún torveldar uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs. Fjárhagsstaða þéttbýlissveitarfélaga á Vestfjörðum er áberandi verri en í öðrum landshlutum og stafar hún fyrst og fremst af stuðningi við atvinnurekstur á undanförnum árum.

Þetta voru þau atriði sem starfshópurinn benti sérstaklega á í skýrslu sem send var forsrh. á sínum tíma. Starfshópurinn lagði áherslu á að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða væri lykilatriðið til að styrkja byggð á Vestfjörðum og efla atvinnulíf í framtíðinni. Í ljósi þess og þeirrar sérstöðu Vestfjarða sem ég gat um áður tók ríkisstjórnin þá afstöðu að vinna að málinu með eftirfarandi fjögur atriði að leiðarljósi:

1. Nú er unnið að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða með því að bæta vegasamband milli þéttbýlisstaða og auðvelda þannig íbúum að sækja þjónustu og atvinnu á milli staða.

Á vegáætlun eru áfram veittir verulegir fjármunir til samgönguframkvæmda sem stækka atvinnu- og þjónustusvæði. Á undanförnum árum hefur ríkissjóður varið miklu fé til að rjúfa einangrun byggða og bæta samgöngur jafnt innan svæða sem milli landshluta. Á Vestfjörðum verður á þessu og næsta ári varið tæpum 2 milljörðum króna í nýframkvæmdir í samgöngumálum og munar þar að sjálfsögðu mestu um jarðgöngin undir Breiðadals- og Botnsheiðar.

2. Áætlaðar samgöngubætur eiga að greiða götu sameiningar sveitarfélaga þar sem vilji íbúanna stendur til þess. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir átaki í sameiningu sveitarfélaga en hún er víða orðin vænlegri kostur en áður vegna betri samgangna. Sameining sveitarfélaga getur haft í för með sér sparnað fyrir ríki og sveitarfélög, bæði í rekstri og framkvæmdum og leiðir til markvissari stjórnunar með hagsmuni svæðisins í heild að leiðarljósi.

3. Þar sem skuldastaða sveitarfélaga er þröskuldur í vegi sameiningar þeirra þarf nokkurn atbeina ríkisvaldsins til að ryðja þeim hindrunum úr vegi. Í samræmi við sveitarstjórnarlög verður fjármagn veitt úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga á árunum 1995–1998 til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga sem sameinast. Þessum útgjöldum Jöfnunarsjóðs verður mætt að hluta með sérstöku framlagi úr ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs á sama tímabili. Enn fremur er á því byggt að Lánasjóður sveitarfélaga veiti sveitarfélögum sem sameinast lánafyrirgreiðslu í formi skuldbreytinga.

4. Sameiningu sveitarfélaga og stækkun atvinnu- og þjónustusvæða ber að nýta til að auka hagræðingu í veiðum og vinnslu og stuðla að nýsköpun í atvinnulífi. Frv. þessu er einmitt ætla að stuðla að samruna sjávarútvegsfyrirtækja.

Samkomulag við helstu kröfuhafa þeirra er forsenda þess að það gangi upp. Jafnframt gæti fyrirtækjunum gefist kostur á að úrelda fiskvinnsluhús og skip með aðstoð Þróunarsjóðs sjávarútvegsins verði frv. um stofnun hans samþykkt, en það frv. liggur fyrir hv. Alþingi.

Þetta eru, hæstv. forseti, þau atriði sem varða veginn í aðgerðum ríkisstjórnarinnar. Á næstu árum þarf að leggja höfuðáherslu á þessi atriði til að styrkja byggð á Vestfjörðum.

Úttekt starfshópsins sem vitnað hefur verið til í þessari ræðu beindist að sjálfsögðu að sérstöðu Vestfjarða vegna einhæfni atvinnulífs, niðurskurðar aflaheimilda og landfræðilegrar einangrunar.

Í framhaldi af því hefur ríkisstjórnin beint til Byggðastofnunar að gera úttekt á byggðarlögum sem kunna að hafa orðið fyrir sambærilegum samdrætti í aflaheimildum, búa við áþekka einhæfni atvinnulífs og einangrun og vinna að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða með sameiningu sveitarfélaga.

Tilgangur þess að stuðla að öflugum atvinnu- og þjónustusvæðum er að auka hagkvæmni í atvinnurekstri og treysta þar með byggð á Vestfjörðum. Til að slíkt takist þurfa fjölmargir aðilar að taka höndum saman um það verkefni. Þar má nefna sveitarstjórnir, forráðamenn fyrirtækja, starfsfólk þeirra og kröfuhafa. Með frv. þessu vill ríkisstjórnin leggja sitt af mörkum til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða og eflingu byggðar á Vestfjörðum.

Ljóst er að lánveitingar ríkisins einar og sér munu ekki bjarga öllu nema síður sé heldur ber að líta á þær sem eitt lóð af mörgum sem leggja þarf á vogarskálar atvinnu- og byggðamála á Vestfjörðum.

Ef búa á í haginn fyrir framtíðina þurfa bæði heimamenn og ýmsir kröfuhafar að leggja sitt af mörkum. Frumkvæði ríkisins á hins vegar að vera til að hvetja menn til dáða og stuðla að nauðsynlegum breytingum.

Í frv. er gert ráð fyrir að heimilt verði að veita allt að 300 millj. kr. á árinu 1994 til þess að styrkja byggð á Vestfjörðum. Aðstoðin er þó bundin ströngum skilyrðum sem eiga að hvetja til varanlegrar hagræðingar. Þar sem sveitarfélög verða sameinuð er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum sem áhuga hafa á sameiningu víkjandi lán. Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á þremur síðustu árum.

Samkvæmt frv. sem hér er til umræðu er gert ráð fyrir að skipaður verði fjögurra manna starfshópur með fulltrúum frá þremur ráðuneytum og Byggðastofnun til að fjalla um lánsumsóknir í samráði við forráðamenn fyrirtækja, banka, sjóði og aðra helstu kröfuhafa.

Hópurinn mun veita umsækjendum aðstoð við endurskipulagningu rekstrar í tengslum við sameiningu. Ráða á rekstrarráðgjafa til að aðstoða hópinn við þá vinnu. Framangreindir aðilar skulu stuðla að sam-

komulagi um víðtæka skipulagsbreytingu á sjávarútvegsfyrirtækjum á viðkomandi atvinnusvæði. Samkomulagið skal einnig taka til skuldbreytinga, hlutafjáraukningar, eignaraðildar og stjórnunar. Þá skal gerð grein fyrir rekstrarhorfum miðað við tilteknar forsendur um aflamagn og rekstrarskilyrði. Þess skal getið að að sjálfsögðu er ekki hægt að miða við það aflamagn sem nú berst að landi á Vestfjörðum því ljóst er og spáð er, sem betur fer, að afli muni aukast eða öllu fremur að leyfður verði meiri afli og leyft verði að taka meiri þorskafla úr sjó einhvern tímann á næstu árum sem auðvitað kemur Vestfirðingum og vestfirskum fyrirtækjum til góða.

Að þessu loknu ákveður starfshópurinn hvort gera skuli tillögu til stjórnar Byggðarstofnunar um lánveitingu. Stjórn Byggðastofnunar samþykkir eða synjar lánveitingu á grundvelli tillagna starfshópsins. Samþykki hún tillögur starfshópsins um lánveitingu óskar hún eftir því við fjmrn. að fá jafnhátt framlag úr ríkissjóði. Skilmálar lánanna verða þannig að þau eru verðtryggð, en vaxtalaus fyrstu þrjú árin. Eftir það bera þau 5% vexti. Fyrstu þrjú árin eru lánin afborgunarlaus, næstu þrjú ár skal einungis greiða vexti, á næstu 10 árum greiðast höfuðstóll, vextir og verðbætur. Þau árin sem fyrirtækin ná ekki tilteknum skilyrðum, m.a. um hagnað og eigið fé, færist greiðsla afborgana og vaxta aftur fyrir lánstímann. Þessi atriði þarf auðvitað að skoða mjög rækilega til þess að þessi aðstoð, þessi víkjandi lán, komi að sem bestum og varanlegustum notum.

Auk aðgerða til að stuðla að hagræðingu í sjávarútvegi er einnig gert ráð fyrir að Byggðastofnun ráðstafi 15 millj. kr. af framangreindum 300 millj. kr. til að styðja við nýjungar í atvinnumálum á Vestfjörðum og auka fjölbreytni atvinnulífs.

Í þessu sambandi hefur fyrst og fremst verið litið til frekari úrvinnslu í sjávarútvegi. Þar kemur auðvitað margt til greina, ekki síst eftir að opnast hafa, ef ég má orða það svo, nýir markaðir með tilkomu Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig hljóta menn að líta til ferðamálanna sérstaklega, en eins og allir vita hafa Vestfirðir upp á margt að bjóða í því sambandi.

Aðgerðir þær sem birtast í frv. sem hér er til umræðu eru að ýmsu leyti frábrugðnar aðgerðum sem áður hefur verið beitt til lausnar á vandamálum atvinnulífs. Hér er ekki verið að dæla út milljörðum á sama hátt og gert var með stofnun Atvinnutryggingasjóðs útflutningsgreina, svo tekið sé dæmi af nýlegri aðgerð. Hér er reynt að stuðla að hagræðingu á markvissari hátt.

Hin ströngu skilyrði fyrir því að fá víkjandi lán, þ.e. að sveitarfélög sameinist og að fyrirtæki sameinist, stuðla einarðlega að því að efla byggð í framtíðinni á þessu svæði. Ef byggð á að halda velli þurfa menn að nýta þau tækifæri sem bættar samgöngur gefa og taka saman höndum í stað þess að hver vinni í sínu horni og nái ekki tilætluðum árangri.

Lausnir á atvinnu- og byggðarvanda felast ekki hvað síst í því að fyrirtæki í sjávarútvegi nýti möguleika til samstarfs og samnýtingar rekstrarþátta. Slíkt samstarf og myndun stærri eininga virðist það sem koma skal. Það á þó ekki við í öllum tilvikum því auðvitað geta smærri fyrirtæki sýnt mjög góða afkomu og til eru dæmi um það, líka á Vestfjörðum, að lítil fyrirtæki hafa hingað til sýnt fádæma góða afkomu og veit ég að ýmsir hér í salnum kannast við fyrirtæki sem nefna mætti í því sambandi.

En slíkt samstarf eins og ég minntist á hér áðan, sem stækkar einingarnar, getur verið heppilegt. Ég tel að nýlegt dæmi um kaup Granda á hlutabréfum í Þormóði ramma sé einmitt dæmi um það sem getur átt að koma og getur verið mjög heppilegt fyrir atvinnuþróun hér á landi. Það hlýtur að vera umhugsunarvert að sterk fyrirtæki vilji dreifa áhættunni í fiskvinnslunni og útgerð með því að kaupa hlutabréf í öðrum fyrirtækjum og styrkja þannig atvinnulífið hvarvetna á landinu. Ég nefni þetta sérstaklega og í raun væri þess virði að bæta því hér við að fyrstu skrefin einmitt varðandi Þormóð ramma og þau næstu voru m.a. tekin af síðustu stjórn og hv. 8. þm. Reykn., fyrrv. fjmrh., sem sýndi þessu máli mikinn skilning. Vænti ég þess að flokksmenn hans sem hér eru staddir í salnum, hv. þm., sýni þessu máli jafnmikinn stuðning og skilning og þá var uppi.

Tilgangur frv. þessa er að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum. Með öflugum atvinnusvæðum verða Vestfirðingar betur í stakk búnir til að takast á við þá tímabundnu erfiðleika sem samdráttur í þorskafla hefur í för með sér. Þegar á þetta er minnst þá er kannski líka ástæða til að geta þess hér að ýmsir hafa bent á að atvinnuleysi sé víðast hvar meira en á Vestfjörðum. En þegar á það er bent er líka rétt að það komi fram að þessi aðgerð er ekki til þess að takast á við núverandi atvinnuleysi á Vestfjörðum heldur er verið að benda á það að hvergi á landinu á fólk í jafnstórum stíl allt sitt undir sjávarútveginum. Það er upp undir 40% af mannaflanum sem vinnur við sjávarútveg þannig að ef fyrirtækin falla, ef skipin flytjast úr fjórðungnum, þá blasir ekkert við nema atvinnuleysi. Og til þess að taka samanburð úr mínu eigin kjördæmi, þá vinnur í mínu kjördæmi hér í Reykjavík líklega milli 2 og 3% mannaflans við sjávarútveg. Þetta er það sem auðvitað sýnir hinn mikla mun sem er á öðrum svæðum heldur en Vestfjörðum þar sem svo gífurlega stór hluti mannaflans vinnur að fiskveiðum og hefur orðið hart úti vegna þess hvernig fiskveiðarnar hafa skipast á undanförnum árum og afli borist á land.

Auk þess að styrkja byggð í sessi getur stækkun atvinnu- og þjónustusvæða haft í för með sér umtalsverðan sparnað í framtíðinni fyrir ríki og sveitarfélög jafnt í rekstri sem framkvæmdum. Ég legg áherslu á það að þessi aðgerð mun örugglega, þegar fram líða stundir, skila sér í lækkuðum útgjöldum ríkisins og væntanlega sveitarfélaganna á þessu svæði.

Virðulegi forseti. Ég veit að hér er á ferðinni viðkvæmt mál og þegar þannig er þá líta hv. þm. venjulega til sinna heimkynna, í eigin barm og spyrja sig að því: Get ég ekki fengið eitthvað fyrir mig eða mitt kjördæmi? Það er afskaplega eðlilegt að þannig sé

hugsað. Ég vil hins vegar taka það fram að það mál sem hér er til umræðu hefur verið skoðað ofan í kjölinn. Það er niðurstaða ríkisstjórnarinnar að þetta sé aðgerð sem komi til með að borga sig. Menn geta kallað þetta sértæka aðgerð og það er auðvitað sjálfsagt að gera það. Ríkisstjórnin sem nú situr hefur fyrst og fremst beitt almennum aðgerðum, en við teljum sjálfsagt að beita í þessu tilliti sértækri aðgerð vegna þess mikla vanda sem menn standa frammi fyrir á þessum stað og vegna þess að við búumst við því að á allra næstu árum muni þorskafli glæðast og þá muni á ný eflast fyrirtæki, byggð og mannlíf á Vestfjörðum.

Það er þess vegna sem ég óska eftir því að þetta frv. fái góða afgreiðslu hjá hinu háa Alþingi. Því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn. Og ég heiti á hv. þm. að sýna stuðning sinn í verki með því að samþykkja frv. sem hér er til umræðu og koma því eins hratt og kostur er í gegnum hið háa Alþingi.

[14:18]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér er um sértækar aðgerðir að ræða vegna mikils vanda á Vestfjörðum. Ég viðurkenni fúslega að það er nauðsynlegt að fara í sértækar aðgerðir vegna þess vanda sem er uppi á Vestfjörðum. En núv. ríkisstjórn hefur aldrei fram að þessu viðurkennt að það gæti komið til þess að það þurfi að fara í sértækar aðgerðir, ekki aðeins á Vestfjörðum heldur jafnframt annars staðar á landinu, sem hlýtur jafnframt að koma til álita. Það er því nokkuð merkilegt að hæstv. fjmrh. notar tækifærið þegar hann mælir fyrir þessu máli að tala um að menn hafi látið milljarða fljóta út í sértækar aðgerðir áður. Er hugmyndin hjá ríkisstjórninni með þessu máli að vekja hér upp deilur enn einu sinni um fortíðina? Getur þessi hæstv. ríkisstjórn ekki viðurkennt að það getur að sjálfsögðu komið til þess, til að bjarga þjóðarhag, að það þurfi að fara í sértækar aðgerðir? Hæstv. fjmrh. talaði mjög fallega um fyrirtækið Granda hf., sem er ekki nema gott. Veit hæstv. fjmrh. að það var fyrsta fyrirtækið sem fékk fyrirgreiðslu samkvæmt þeim ráðstöfunum? Ef hæstv. fjmrh. meinar eitthvað með því að hann vilji koma þessu máli hér fram þá held ég að hann ætti að reyna að hætta að tala um fortíðina og fara að tala um framtíðina. Því ríkisstjórn sem hugsar bara um fortíðina mun ekki komast neitt áfram, enda hefur það komið í ljós með núv. ríkisstjórn.

[14:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var síður en svo ætlunin að æsa menn upp og fyrrv. ráðherra úr fyrrv. ríkisstjórnum með því að flytja þessa framsöguræðu hér. Það sem ég var eingöngu að benda á er að það að senda 300 millj. til Vestfjarða er smáræði miðað við það sem gert hefur verið á undanförnum árum þegar dælt var út milljörðum króna. Það var til að sýna stærðarmuninn og benda á það hvað þetta er lítið mál miðað við margt sem áður hefur verið gert.

Í öðru lagi þá hefur það aldrei verið neitt felumál af hálfu þessarar ríkisstjórnar að hún vildi beita sértækum aðgerðum þegar það á við, en auðvitað í sem allra minnstum mæli. Sú ríkisstjórn sem hér situr hefur nefnilega beitt almennum aðgerðum, öðrum ríkisstjórnum fremur, sem sýnir sig í þeim mikla árangri sem náðst hefur. Árangri sem náðst hefur í verðbólgu, í viðskiptahallanum, sem er nánast enginn á þessu ári og með því að raungengi íslensku krónunnar er með þeim hætti að samkeppnisstaða fyrirtækjanna er sterk. Þetta eru allt afleiðingar þess að ríkisstjórnin hefur beitt almennum aðgerðum og það er meginstefna þessarar ríkisstjórnar. Það þýðir hins vegar ekki að ráðherrarnir í ríkisstjórninni ætli ekki undir nokkrum einustu kringumstæðum að beita sértækum aðgerðum. Þegar það er gert er það gert með ákveðnum og beinskeyttum hætti og notaðir til þess eins litlir peningar og mögulega er hægt að komast af með. Það er munurinn á stefnu og störfum þessarar ríkisstjórnar og hinna sem áður sátu.

Það var hins vegar ekki ætlunin að hefja hér upp deilur og ég vænti þess að hv. 1. þm. Austurl. sé tilbúinn til þess að stuðla að því að þetta mál fái farsælan byr í gegnum þingið.

[14:21]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. fjmrh. segist ekki ætla að upphefja hér deilur. Það hefur verið talað þannig um Atvinnutryggingarsjóð að þar hafi menn sérstaklega verið að hygla vinum sínum. Það hefur forsrh. þessarar ríkisstjórnar sagt. Það hefur ekki verið sagt um þetta mál, enda dettur mér það ekki í hug. Hæstv. ráðherrar halda að þeir geti vaðið hér áfram með hvaða mál sem er og sagt hvað sem er án þess að vekja nokkrar deilur. Hæstv. fjmrh. er að halda því hér fram að þeir ætli sér að fara í sértækar aðgerðir. Hann hefur haldið því fram að allt sem áður hafi verið gert hafi veri tóm vitleysa. Gæti ekki verið, hæstv. fjmrh., að ef það hefði ekki verið gert þá hefði þurft að borga mikið í atvinnuleysisbætur? Gæti ekki verið að ríkisbankarnir og sjóðir hefðu tapað mörgum milljörðum á gjaldþrotum? Hvað hefur ríkissjóður tapað miklu á gjaldþrotum í tíð núv. hæstv. fjmrh.? Hvað hefur ríkissjóður borgað mikið í atvinnuleysisbætur í tíð hæstv. núv. fjmrh.? Gæti ekki verið að það hafi farið út milljarður á milljarð ofan vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar í þessu málum? Þannig að ég held að hæstv. fjmrh. ætti að tala varlega þegar hann er að dæma fyrri aðgerðir og lofsyngja eigin verk. Ef hann meinar eitthvað með því að reyna að ná góðri samstöðu um þetta mál þá held ég að hann ætti að viðurkenna að það hafi verið mistök að grípa ekki inn í þessi mál fyrr á Vestfjörðum og þess vegna sé skaðinn miklu meiri en annars hefði orðið.

[14:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér sagði hv. 1. þm. Austurl. að ríkisstjórnin — eða það mátti skilja að hann ætti við þetta sérstaka mál hér — hefði vaðið áfram með málið, vaðið áfram og ætlað að keyra í gegn þetta mál. En í lok ræðu sinnar sagði hann hins vegar að það væri allt of

seint brugðist við. Hefur hann þar með svarað sjálfur þeirri ásökun.

Það er alveg hárrétt að það hafa orðið gjaldþrot hér að undanförnu. Hv. þm. veit líka að það hafa verið efnahagserfiðleikar að undanförnu. Ég vona að það hafi ekki farið fram hjá hv. þm. að afli hefur verið minni að undanförnu heldur en á mörgum árum þar á undan. Það veit hv. þm. auðvitað. Og hv. þm. hlýtur að gera sér grein fyrir því, ég trúi ekki öðru, heldur en að mikill hluti þeirra fjármuna, þeirra milljarða, sem fóru út m.a. í gegnum Atvinnutryggingarsjóð hafa síðan verið færðir yfir á ríkissjóð. Af þeim þarf að borga afborganir og vexti núna sem takmarkar möguleika okkar, sem stórkostlega takmarkar möguleika okkar, til þess að nota þá peninga í annað. Því þessir peningar verða ekki notaðir tvisvar. Með þessu hefur þó aldrei verið sagt og ég hef aldrei haldið því fram að forverar þessarar ríkisstjórnar hafi gert eintóma vitleysu eins og hv. þm. kom hér upp og sagði að við héldum fram. Því hefur aldrei verið haldið fram. (**HÁ:** Víst hefur því verið haldið fram.) Og ég ætla bara að segja það enn og einu sinni, ef það er til þess að róa hv. þm. niður, og taka það sérstaklega fram að ríkisstjórn hv. þm. Steingríms Hermannssonar og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar gerði ekki eintóma vitleysu þegar hún sat hér. Því skal vera lýst yfir. Það var ekki allt eintóm vitleysa sem hún gerði. Sumt var gott, annað verra.

[14:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var afar merkileg framsöguræða hjá varaformanni Sjálfstfl., einkum í ljósi málatilbúnaðar þess flokks fyrir síðustu alþingiskosningar. En mig langar að bera tvær spurningar fyrir hæstv. ráðherra. Sú fyrri er: Hvernig á aukinn þorskafli að koma mönnum til góða þar sem þeir eru búnir að selja skipin í aðra landsfjórðunga? Hvernig á það að koma Bílddælingum og Tálknfirðingum til góða ef þorskafli verður aukinn þegar skipin hafa verið seld í burtu? Hæstv. ráðherra verður að gefa skýringu á því hvernig aukningin á að koma þar sem hann ætlar henni að lenda.

Í öðru lagi vil ég minna ráðherrann á það að ríkisstjórnin beitti sér fyrir því seint á sl. ári að hér yrðu viðhafðar kosningar um vilja fólks til þess að sameina sveitarfélög, lýðræðislegar kosningar. Niðurstöður úr þeim kosningum liggja fyrir. Samt kemur ríkisstjórnin með skilyrði sem segir við forráðamenn sveitarfélaga: Ef þið ætlið að vera gjaldgengir til að fá peninga frá ríkisstjórninni þá verðið þið að ganga gegn vilja fólksins. Hvers konar lýðræði er þetta, hæstv. fjmrh.? Er verið að bera fé á menn til þess að ganga gegn vilja fólksins í lýðræðislegum kosningum? Hvers konar flokkur er þessi Sjálfstfl. orðinn? spyr ég nú.

[14:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Síðari spurningin hjá hv. þm. var sú hvers konar flokkur þessi Sjálfstfl. væri orðinn. Ég hélt að hv. þm. vissi það og gæti spurt marga þá sem væru honum nær hvers konar flokkur Sjálfstfl. væri orðinn. Sjálfstfl. er sá flokkur sem hann er í dag, var í gær og hefur verið og ætlar sér að vera. (**Gripið fram í:** Þetta er mjög skýrt.) Þetta er mjög skýrt og það sýnir hve skýrt það er að hv. þm. Svavar Gestsson skilur það og ég vona að hann komi því til skila. (**SvG:** Það er ekki þar með sagt.) (**Gripið fram í:** Og það á stundinni.) Og það á stundinni.

En þá snúum við okkur að þorskafla. Ef þorskafli glæðist á ný þá fær hvert skip meiri aflaheimildir. Það ætti að styrkja samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem gera út, þar á meðal á sunnanverðum Vestfjörðum, eins og ég veit að hv. þm. veit, og það ætti þá að styrkja þau fyrirtæki til þess að geta keypt sér aflaheimildir og jafnvel skip á nýjan leik. Þess vegna er það nú svo að ef þorskaflaheimildirnar aukast á Vestfjörðum þá hlýtur hagur fyrirtækja og fólks að batna og þar með samkeppnisstaða þeirra gagnvart öðrum fyrirtækjum. Þetta hélt ég að lægi í augum uppi fyrir mann sem er góður í reikningi.

Varðandi sveitarfélögin þá er það alveg hárrétt, ríkisstjórnin valdi þá leið að rétta þeim fyrst og fremst hjálparhönd sem hafa sýnt í verki að þeir vilja sameinast. Í sumum byggðarlögum á Vestfjörðum háttar þannig til, og ég hugsa jafnvel í byggðarlögum sem hv. þm. þekkir best til, að þar hafi verið settir peningar t.d. til hafnargerðar fyrir hundruð millj. kr. Það er líka aðstoð sem hefur verið veitt af ríkisins hálfu, eins og ég veit að hv. þm. veit og það má ekki heldur vanmeta hana þegar talað er um fjárframlög frá ríki til sveitarfélaga á Vestfjörðum.

[14:29]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta voru býsna loðin svör. Af þeim má þó ráða að það sem ráðherrann er að segja er: Við ætlum að láta ykkur hafa peninga til þess að þið getið keypt kvóta til baka. Hvers konar skynsemi er í svona stjórnarathöfnun? Þegar búið er að selja togarann frá sunnanverðum Vestfjörðum til Grundarfjarðar eða Þorlákshafnar þá eigi síðan að láta menn hafa peninga til þess að kaupa kvótann til baka. Er ekki hægt að úthluta þessum kvóta öðruvísi, þessari aukningu sem á að verða? Er ekki hægt að úthluta henni þangað sem hennar er mest þörf til að jafna skerðinguna? Vandinn er nefnilega sá, hæstv. ráðherra, að menn hafa verið ójafnaðarmenn í aðgerðum sínum. Menn hafa skert byggðarlög og landsvæði misjafnt eftir aflasamsetningu veiðanna í stað þessa að jafna skerðinguna og hafa þetta jafnt í þorskígildum. Þá þyrftu menn ekki að fara í einhverjar sértækar aðgerðir. Þannig að ríkisstjórnin hefur búið sér til sitt eigið vandamál með ójafnaðarstefnu.

[14:30]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég botna ekkert í þessari ræðu lengur vegna þess að fyrirspurn hv. þm. hér áðan var sú hvernig aukinn þorskafli gæti bætt stöðuna hjá fyrirtækjunum á sunnanverðum Vestfjörðum. Ekki hvernig þetta fjárframlag gæti breytt stöðunni, heldur hvern-

ig aukinn þorskafli gæti það. Ég svaraði því skýrt og skilmerkilega að með auknum þorskafla, þorskaflaheimildum, fleiri þorskígildum á Vestfjörðum, þá hlýtur staða fyrirtækjanna að styrkjast. Og ef staða fyrirtækjanna styrkist þá gætu fyrirtækin hugsanlega keypt til baka nýjar þorskaflaheimildir eða þá skip eftir atvikum. Það var það sem ég sagði. Það hafði ekkert með þessa fjármuni ríkisins að gera. Ég var ekki spurður þeirrar spurningar og ég vona að ég hafi heldur ekkert svarað neinu til um það. Það kom glöggt fram í máli mínu áðan, í framsöguræðunni, til hvers aðstoðin er veitt.

Útbýting þingskjals:

Lögheimili, 72. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 790.

[14:32]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Það var augsýnilegt að hæstv. fjmrh. leið heldur illa þegar hann var að mæla fyrir þessu mikilvæga frv. sem hér er til umræðu. Það var greinilegt að hann hafði ekki mikla sannfæringu fyrir því sem hann var þó að leggja til, sem ég tel að sé afar mikilvægt. Það er afar mikilvægt að ríkisstjórnin viðurkenni það nú loksins að það er nauðsynlegt að grípa til aðgerða og stundum verða menn að brjóta í blað. Forsrh. hefur kallað það stílbrot en stundum er það nauðsynlegt þegar atvinnufyrirtæki og heilu byggðarlögin eru í þeim vanda stödd sem nú blasir við á Vestfjörðum. Því tel ég að frv. þetta sé afar mikilvægt og það var hálfaumkunarvert að sjá hæstv. fjmrh., hversu illa honum leið að þurfa nú að framkvæma þetta stílbrot á frjálshyggjunni sem núv. ríkisstjórn hefur þó haft að leiðarljósi.

Mér finnst það varla sæmandi, hæstv. forseti, að hvorki hæstv. félmrh. né hæstv. sjútvrh. skuli vera viðstödd þessa umræðu, ég tel að þau ættu bæði að vera hér. Auðvitað hefði átt að krefjast þess að umræðunni yrði frestað þar til hæstv. forsrh. væri hér viðstaddur en það tefur málið og fyrir því viljum við auðvitað ekki standa. En þetta varðar stefnu þessarar ríkisstjórnar svo mikið að hæstv. forsrh. hefði náttúrlega átt að mæla fyrir málinu. En málið varðar líka verulega hæstv. félmrh. sem á hér þrátt fyrir allt hlut að máli og þá auðvitað einnig stöðu sjávarútvegsins og því sagði ég það, hæstv. fjmrh., að þessir ágætu ráðherrar, samráðherrar þínir, hefðu gjarnan mátt vera við umræðuna og auðvitað ætti að krefjast þess. En ég hefði ekki á móti því að hæstv. félmrh. og hæstv. heilbrrh. og aðrir kollegar þínir væru hér viðstaddir líka, en ég geri ekki kröfu um það.

(**Forseti** (VS): Forseti gerir athugasemd við ávarp til hæstv. fjmrh.)

Ég biðst afsökunar á því, virðulegur forseti, það var ekki meining mín að tala ósæmilega til hæstv. fjmrh. þó mér finnist hann heldur aumkunarverður í augnablikinu. Og hafi mér orðið á mismæli þá biðst ég afsökunar á því.

Þegar núv. hæstv. ríkisstjórn tók við völdum fyrir tæpum þremur árum síðan þá var hún uppi með miklar heitstrengingar um breytingar á efnahagsstefnu. Lögmálin sem átti að fara eftir voru m.a. þau að markaðurinn skyldi ráða, frjálshyggjan skyldi höfð í fyrirrúmi, sértækum aðgerðum skyldi hætt, sjóðasukk lagt af, svo eitthvað sé nefnt af því sem hér var títt dregið inn í umræðuna af hæstv. ráðherrum og hæstv. forsrh. þegar hann gerði grein fyrir stefnu sinnar ríkisstjórnar. Og auðvitað var fortíðarvanda kennt um alla erfiðleika. Það sem ríkisstjórnin sá síðan brýnast að gera og var ein af hennar fyrstu aðgerðum og auðvitað róttækasta og áhrifamesta breytingin, og afleiðing í efnahags- og atvinnulífi hefur heldur ekki látið á sér standa, var auðvitað að hækka vextina. Þetta hafði alvarlegar afleiðingar fyrir atvinnulíf sem vissulega var skuldugt. Það sýndu m.a. aðgerðir fyrrv. ríkisstjórnar þegar gripið var til aðgerða til þess að styrkja stöðu atvinnuveganna m.a. með stofnun Atvinnutryggingarsjóðs útflutningsgreina sem ég ætla aðeins að koma hér að síðar. En það var til að styrkja stöðu þessara atvinnugreina vegna þess hvernig ástandið var orðið á árunum 1987 og 1988 að til þessara aðgerða var gripið. Vissulega var atvinnulífið skuldugt og átti erfitt með og mátti varla við því að fá stórfellda vaxtahækkun. Enda hafa afleiðingarnar verið þær að skuldir atvinnuveganna hafa vaxið frá árslokum 1990 þegar þær voru um 260 milljarðar kr. í nær 330 milljarða kr. í árslok 1993 eða um 23–24% sem hækkunin hefur verið. Það má með einföldum útreikningi leiða líkur að því að um helmingur af þessari skuldaaukningu hafi verið vegna vaxtahækkunar. Helmingurinn af þessari skuldaaukningu hafi verið vegna þeirrar vaxtahækkunar sem kom í kjölfar stjórnarskiptanna. Það er því ljóst að stjórnvöld hefðu þá þegar átt að haga sér með öðrum hætti við að styrkja og aðstoða atvinnulífið en það mátti ekki vegna þess að efnahagsstefnan var sú að markaðurinn skyldi ráða. Ríkisstjórnin skildi ekki þá þörf sem atvinnulífið er ávallt í, ekki bara þá og ekki bara nú heldur alla jafna, að stjórnvöld vinni með atvinnulífinu. Og afskiptaleysið sem ríkti á fyrstu missirum í valdatíð þessarar hæstv. ríkisstjórnar hlaut að enda með þessu.

Það má kannski bæta því hér inn í að þetta hafa auðvitað sveitarstjórnirnar orðið alvarlega varar við. Sveitarstjórnirnar hafa reyndar haft nokkuð önnur viðhorf til atvinnumálanna heldur en hæstv. ríkisstjórn því þær hafa á þessum síðustu árum orðið að leggja verulega fjármuni og aðstoða umtalsvert við það að halda atvinnulífinu gangandi í sínum byggðarlögum, á sínum svæðum og orðið að setja umtalsvert fé af sínum fjármunum, sem eiga þó auðvitað eðli máls samkvæmt að renna til annarra hluta heldur en að veita þá í atvinnufyrirtækin, hafa orðið að grípa til þeirra neyðaraðgerða vegna afskiptaleysis hæstv. ríkisstjórnar. Nú eru þó viðhorf hæstv. ríkisstjórnar eitthvað að breytast. M.a. má minna á þá vaxtalækkun sem ríkisstjórnin beitti sér fyrir á seinustu mánuðum nýliðins árs og ber auðvitað að fagna því að ríkisstjórnin skyldi að lokum átta sig á því að þessi hávaxtastefna gæti ekki gengið og hlyti að ríða atvinnulífinu endanlega að fullu svo og auðvitað einnig bæði fjölskyldum og einstak-

lingum ef ekki yrði gripið til einhverra aðgerða og þá beitti ríkisstjórnin þessari handleiðslu eða handafli að lækka vextina. Og nú er gripið til sértækra aðgerða eins og frv. þetta sem hér er til umræðu gerir vissulega ráð fyrir.

Eins og ég sagði í upphafi þá gagnrýni ég ekki að litið skuli á erfiðleikana sem eru nú að skapast eða kunna að vera fram undan á Vestfjörðum og í einstökum byggðarlögum og hjá einstökum fyrirtækjum þar. Þetta eru vissulega miklir erfiðleikar og frv. fjallar fyrst og fremst um það þó reynt sé að búa það örlítið í annan búning með því að gefa því heitið að þetta séu ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða. Þetta er auðvitað frv. og ráðstafanir ríkisins til að styrkja atvinnulífið á þessu svæði.

Hins vegar tel ég umhugsunarvert hvernig að málum er staðið og hefði talið að sértækar aðgerðir eins og hér er verið að tala um mættu vera og ættu að vera með nokkrum öðrum hætti. Ef hægt er að tala um sértækar aðgerðir yfirleitt þá eru það þessar aðgerðir þar sem hér er gripið til ráðstafana vegna einnar atvinnugreinar í einum landshluta og þar að auki háð því að fyrirtæki séu að sameinast og ekki nóg með það heldur að það séu einnig fyrirtæki í byggðarlögum sem eru að sameinast. Svo langt er gengið að það hljóta að vera sett til hliðar með þessum ströngu skilyrðum bæði fyrirtæki og byggðarlög á Vestfjörðum sem þó hafa sannarlega þörf fyrir aðstoð og ættu hana sannarlega skilið.

Ég mundi nú kannski fremur vilja kalla þetta nauðsynlegt inngrip stjórnvalda í atvinnulífið þegar heil byggðarlög standa frammi fyrir alvarlegum erfiðleikum. Við höfum vissulega fengið athugasemdir frá öðrum byggðarlögum. Við þingmenn Norðurl. e. höfum t.d. átt fund með fulltrúum Eyþings, en það eru landshlutasamtök sveitarfélaga í Norðurl. e., og við höfum einnig átt fund með þingmönnum Norðurl. v., sameiginlegan fund þar sem við ræddum við fulltrúa frá stjórn Útvegsmannafélags Norðurlands þar sem fjallað var um málefni og ástand fyrirtækja og byggðarlaga á þessu svæði. Þar komu auðvitað fram athugasemdir um það hvernig að málum væri staðið að þessu leytinu til og var fullkomin samstaða með þeim þingmönnum sem sátu þessa fundi, bæði þingmönnum stjórnar og stjórnarandstöðu, um að nauðsynlegt væri að koma til aðstoðar við önnur byggðarlög þar sem svipað væri ástatt, sem byggju við svipuð skilyrði og svipað væri ástatt með eins og á ýmsum byggðarlögum og kannski má segja Vestfjörðum í heild því að ég tek vissulega undir það sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. að þar er atvinnulíf afar einhæft. Og ef tekin eru heil kjördæmi önnur þá er það ekki með svipuðum hætti, en vissulega háttar svo til með einstök byggðarlög að þau gætu búið við sambærilegar aðstæður og víðast hvar á Vestfjörðum.

Ég hef komið athugasemdum þessara funda sem ég nefndi á framfæri við hæstv. forsrh., gert honum grein fyrir áliti eða afstöðu þessara funda og ég hafna því alfarið, virðulegur forseti, að sitja undir því sem hæstv. fjmrh. sagði hér áðan að þetta væri einhver sérstök þörf hjá þingmönnum annarra kjördæma að segja, eins og ég held að ég hafi skrifað orðrétt eftir hæstv. fjmrh.: „Get ég nú ekki fengið eitthvað fyrir mig eða eitthvað fyrir mitt kjördæmi.“ Þetta er í raun afar lágkúrulegt og ekki sæmandi af hæstv. fjmrh. að tala svona eða gera þeim, sem hafa fyrst og fremst gert athugasemdir við það að það þyrfti að grípa til aðgerða og koma til aðstoðar byggðum og atvinnulífi víðar, upp þennan hugsunarhátt að þetta sé fyrst og fremst hagsmunapot einstakra kjördæma og kjördæmaþingmanna, og þeir séu ekki að huga að ástandi og aðstæðum atvinnulífs og byggðarlaga í heild. Ég a.m.k. hafna því alfarið fyrir mína parta.

Mig langar að vitna aðeins í máli mínu til bréfa sem lögð voru fram á þessum fundum frá m.a. Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, og eins frá Akureyrarbæ, þar sem greint er frá viðhorfum þessara aðila til málsins. Það eru þau viðhorf sem ég er hér að flytja, hef komið á framfæri við hæstv. forsrh., og vil gera hér einnig við hæstv. fjmrh. og Alþingi. Með leyfi forseta, þá segir m.a. í bréfi frá Eyþingi:

„Stjórn Eyþings minnir á þann mikla vanda sem steðjar að atvinnulífi á Norðurlandi vegna kvótaskerðingarinnar, samdráttar í iðnaði og annarra erfiðleika. Þessi vandi er í mörgum tilvikum sambærilegur við vanda byggðarlaga á Vestfjörðum. Stjórnin varar við þeirri hættu að sértækar aðgerðir sem þessar leiði til mismununar milli landshluta eða jafnvel skapi aukinn vanda í öðrum landshlutum.

Stjórn Eyþings gerir þá kröfu til stjórnvalda að þau miði aðgerðir sínar við stöðu atvinnugreina og sveitarfélaga á landinu öllu.“

Í bréfi og ályktun bæjarstjórnar Akureyrar kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„Vegna þessara áforma“ — þ.e. þeirra aðgerða sem ríkisstjórnin hafði þá boðað — „er ástæða til að benda sérstaklega á mikla erfiðleika í atvinnurekstri og mikið atvinnuleysi um langan tíma víða annars staðar, m.a. á Akureyri. Þar hefur mikill samdráttur í iðnaði bitnað mjög hart á atvinnulífinu og kvótaskerðingar undanfarinna ára hafa valdið sjávarútvegsfyrirtækjum erfiðleikum þótt allra leiða hafi verið leitað til þess að auka aflaheimildir og hagræða í þeim rekstri.

Á undanförnum árum hafa stjórnvöld ítrekað þau áform sína að standa ekki að sértækum aðgerðum eða beinum stuðningsaðgerðum við atvinnulíf eða sveitarfélög. Vegna þess m.a. hefur Akureyrarbær orðið að koma enn frekar að endurreisn og uppbyggingu atvinnulífs á þessu svæði. Stuðningur ríkisins við fyrirtæki eða sveitarfélög til þess að efla atvinnulíf með sértækum aðgerðum má ekki leiða til mismununar milli landshluta eða byggðarlaga. Aðgerðir og stuðningur stjórnvalda verður að miðast við stöðu atvinnugreina og sveitarfélaga og þess sérstaklega gætt að eðlilegur jöfnuður náist á landsvísu.“

Hér er aftur undirstrikað það sem ég gat um í máli mínu í upphafi að sveitarfélögin hafa með einum eða öðrum hætti orðið að koma inn í málin þar sem stjórnvöld hafa alfarið hafnað því að grípa til sértækra að-

gerða eða aðstoðar við einstakar atvinnugreinar eða einstök byggðarlög.

Nú hefur ríkisstjórnin hins vegar beint því til Byggðastofnunar að gera úttekt í öðrum byggðarlögum sem búa við svipaðar aðstæður og á Vestfjörðum og fagna ég því. En ég minni á að ég tel að nauðsynlegt sé að vinna slíka aðgerð hratt. Það er nauðsynlegt að sú athugun og úttekt geti farið fram þannig að ef ástæða þykir til, sem ég efast ekki um að muni koma fram að aðrir staðir búi við svipaðar aðstæður eins og þeir sem hér á sérstaklega að aðstoða, að það sé litið til þeirra — a.m.k. að það dragist ekki lengi að gripið sé til aðgerða sem gætu komið þeim byggðarlögum til stuðnings, að það dragist ekki lengi umfram það sem gert verður eða kanna að verða gert fyrir Vestfirði eða byggðarlög þar.

Það verða að ríkja þessi sömu skilyrði. Ég spyr hvort hæstv. fjmrh. telji að áfram muni verða beitt þessum ströngu ákvæðum sem hér er getið um varðandi sameiningu fyrirtækja í byggðarlögum sem ætla að sameinast. Er það skynsamlegt að, eigum við að segja að þrýsta mönnum, kaupa menn til? Bæjarstjórinn í Bolungarvík hefur talað um að honum virtist sem verið sé að kaupa menn til ákveðinna aðgerða sem íbúar byggðarlaga hafa nú í frjálsum kosningum nýlega hafnað. Er það eðlilegt og réttlætanlegt að menn séu í raun neyddir til þess að ganga þá leið sem hér er sett fram og framfylgja til hins ýtrasta þeim kröfum sem hér eru gerðar um sameiningu sveitarfélaga eða byggðarlaga?

Ég spyr t.d. um stað þar sem allir geta líklega verið sammála um að atvinnulíf sé einhæft og ekki sé um marga aðra kosti að ræða en að sækja sjó og vinna fisk, stað eins og Grímsey. Hvaða fyrirtæki eiga að sameinast þar? Hvaða byggðarlögum á það sveitarfélag að sameinast til þess að framfylgja eða fullnægja þessum skilyrðum? Eða mundi í slíkum tilvikum það vera gert að skilyrði að slíkt sveitarfélag sameinaðist hvað sem tautaði einhverjum sveitarfélögum öðrum á landi? Þannig finnst mér hér vera um óskynsamlega ströng ákvæði að ræða þó að ég geti út af fyrir sig fallist á að það sé leitað leiða til hagræðingar og til samvinnu eða samruna þar sem það á við en það sé ekki gert að svo algjöru og ófrávíkjanlegu skilyrði. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að laga þetta?) Jú, það er auðvitað spurning um það, hæstv. forseti, af því hér er nú gripið fram í, hvort ekki væri skynsamlegt að laga þetta í meðförum þingsins og ekki er ólíklegt að það verði gert.

Ég sé að tími minn er að renna út, virðulegur forseti, en aðeins örfá orð um samanburð á þessum aðgerðum hér og þeim aðgerðum sem gripið var til og ég nefndi aðeins í upphafi þegar Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina var stofnaður árið 1988. Hæstv. fjmrh. hefur margsinnis lýst yfir, bæði hér í ræðustól áðan og eins í fjölmiðlum að nú sé farið með allt öðrum hætti fram og þetta séu ekkert sambærilegar aðgerðir við það sem áður hefur verið gert. Ég held nefnilega að ef þetta frv. og þau lög eru skoðuð saman þá sé margt líkt með skyldum enda er hér um mjög skyldar aðgerðir að ræða. Þar var ákveðið að leggja til 1 milljarð kr. í stofnfé þessa sjóðs, virðulegur forseti. Ég beini því til hæstv. fjmrh., hann segir að þetta séu nú litlir fjármunir, það eru þó 300 millj. kr. sem eiga að koma úr ríkissjóði samkvæmt þessu frv. í aðgerðir fyrir Vestfirði eina sér. Hvað kynni þessi tala að verða þegar upp er staðið? Í öðru lagi hafði Atvinnutryggingarsjóður heimild til þess að hafa milligöngu um skuldbreytingu. Ég man ekki betur en að getið sé um það hér í þessu frv. líka eða í greinagerð eða fylgigögnum sé gert ráð fyrir því að það verði einnig í þessum aðgerðum nú gripið til skuldbreytinga og lánalenginga sem ættu að fylgja í kjölfar þessara aðgerða. Í sambandi við Atvinnutryggingarsjóðinn var gert ráð fyrir að fyrirtæki fengju því aðeins fyrirgreiðslu að þau væru að hagræða í rekstri sínum og grípa til aðgerða sem gætu lett til „endurskipulagningar, hagræðingar og framleiðniaukningar“ svo ég vitni nú beint í frumvarpstextann sem ég er með fyrir framan mig. Það er nákvæmlega það sama sem á að gera samkvæmt þessu frv. sem nú er lagt fyrir okkur, virðulegur forseti. Það er því eins og hver önnur blekking, og ég veit ekki hvort það á að líkja því við einhverja afsökun eða réttlætingu hjá hæstv. fjmrh., að segja að hér sé um eitthvað allt, allt annað að ræða heldur en áður hafi verið gripið til.

Hér er svo einu sinni enn vitnað til þess að samgöngumál og samgöngubætur séu skilyrði fyrir því að efla og styrkja byggðina og sameina sveitarfélögin og fyrirtækin. Vissulega er það rétt að samgöngubætur eru mikilvægt skilyrði fyrir því að styrkja atvinnusvæðin. En hér er ekki gert ráð fyrir neinum nýjum fjármunum í þá veru og er þá enn haldið uppi þeirri blekkingu, sem reyndar var rædd hér í fyrirspurnatíma Alþingis í gær, að sveitarfélögum, eða íbúum sveitarfélaga, eru gefin fyrirheit um stuðning við samgöngubætur ef þau vilji sameinast en síðan er ekki gert ráð fyrir neinum fjármunum til þess að standa við það fyrirheit.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að tefja framgöngu þessa máls. Mér dettur ekki í hug að hv. Alþingi muni gera það og mun verða við tilmælum hæstv. fjmrh. að afgreiða þetta frv. með hraði. En ég undirstrika að það þarf þá líka að vinna með hraði að þeirri úttekt sem gera á í öðrum sambærilegum byggðarlögum þannig að þau geti búið við sömu eða hliðstæð skilyrði og fái hliðstæða fyrirgreiðslu af hálfu opinberra aðila m.a. til þess að mismuna ekki milli byggðarlaga og til þess að skekkja ekki samkeppnisstöðu fyrirtækja sem ég held að sé líka mikilvægt að menn hugi að þegar gripið er til aðgerða eins og þeirra sem hér eru boðaðar.

Ég vona að hæstv. ráðherra og hæstv. ríkisstjórn komist yfir þetta stílbrot sem hér er sjálfsagt verið að fremja á frjálshyggjustefnunni og muni viðurkenna með því og sé í raun að viðurkenna með því að það var og er nauðsynlegt að líta til með atvinnulífinu þegar svo háttar eins og nú blasir við.

[14:52]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það verður nú að segjast eins og

er að þetta er með kyndugri frumvörpum sem ég hef séð á Alþingi og afar einkennilega að málum staðið í alla staði. Hér er verið að leggja fram sérstakt mál til bjargar einu tilteknu kjördæmi. Ég tel rétt af því tilefni að það komi fram að þingmenn kjördæmisins hafa ekki verið hafðir með í ráðum um málatilbúnað nema það sem hæstv. ríkisstjórn kann að hafa ráðfært sig við sína eigin stjórnarþingmenn.

Hv. 1. þm. Vestf. hefur ekki þótt vera ástæða til þess enn þá að kalla þingmenn Vestfirðinga saman til að ræða þetta mál, hvorki á síðari stigum þess né fyrri stigum þess. Þetta mál hefur verið algerlega á borði stjórnarflokkanna og er að öllu leyti á þeirra ábyrgð og unnið af þeim.

Annað sem mér finnst einkennilegt við þetta frv. er að það er bersýnilega þannig unnið að það er skrifað aftur á bak. Það eru sett upp skilyrði sem fyrir fram útiloka ákveðna aðila og fyrir fram þar af leiðandi setja í fókus ákveðna aðila sem eiga að fá að njóta stuðnings. Það eru vond vinnubrögð, virðulegi forseti, að útbúa frv. sem mismunar ekki bara mönnum innan atvinnugreinar heldur mönnum innan atvinnugreinarinnar innan kjördæmisins með skilyrðum sem sett eru og skrifuð inn í þetta frv. Þetta er mismunafrv. og miðað við þær áherslur sem Sjálfstfl. hefur haft og viljað láta bera fram af sinni hálfu um áherslur sínar í atvinnulífi og ábyrgð manna á athöfnum sínum í atvinnulífinu þá kemur þetta vægast sagt afar mikið á óvart og mér finnst frumvarpssmíð af þessu tagi vera á mörkum hins siðlega í mismunandi aðgerðum gagnvart mönnum og fyrirtækjum. Mér þætti fróðlegt að fá rökstuðning fyrir þessu því að ekki kom það fram í máli hæstv. fjmrh. sem átti í miklum vandræðum með að lesa upp textann, hvað þá að hann reyndi að rökstyðja hvers vegna málið er svona útbúið eins og raun ber vitni.

Maður hlýtur að spyrja: Hvernig stendur á því að þeir sem hafa staðið sig vel eiga ekki að fá neitt, en þeir sem miður hefur gengið eigi að fá peninga? Það er fyrsta spurningin. Hvernig stendur á því að þeim sem hefur tekist að reka sín fyrirtæki með tekjuafgangi við þessi erfiðu skilyrði er refsað með því að fá ekki neitt en hinum sem tekist hefur miður er verðlaunað með því að afhenda þeim peninga? Hvernig stendur á því að fyrirtæki eins og Hraðfrystihúsið í Hnífsdal er ekki talið þess virði eða þess verðugt að fá verðlaun frá ríkisstjórninni? Hvernig stendur á því að ríkisstjórnin segir núna 22. mars, mörgum mánuðum eftir að ríkisstjórnin bar undir kjósendur hvað þeir vildu um sameiningu sveitarfélaga: Þið sem ekki viljið sameinast eigið ekki að fá neitt. Þetta finnst mér jaðra við það, virðulegi forseti, að vera óheiðarlegt gagnvart fólkinu að bera upp fyrir það spurningu í lýðræðislegum kosningum, koma svo nokkrum mánuðum seinna og segja: Ja, af því að þið sögðuð annað en við vildum, þá bara sitjið þið í súpunni. Hvernig ætla stjórnarflokkarnir að réttlæta þessa framkomu gagnvart Vestfirðingum svo maður tali nú ekki um öðru landsfólki? Ég treysti mér ekki til að standa að og verja eða styðja slíkan gjörning eins og hér er lagt til. Ríkisstjórnin verður að fá að bera sinn fjanda sjálf í þessum efnum.

Fyrir þá sem eitthvað hafa sett sig niður í atvinnurekstur þá er það öllum mönnum ljóst að afgerandi þáttur í því hvernig mönnum tekst til að reka sitt fyrirtæki er ekki hvernig sveitarfélagaskipanin er á landinu. Fyrirtækjum hefur gengið prýðilega að halda uppi samvinnu og samstarfi þvert yfir fjöll og firnindi ef því er að skipta. Það má nefna dæmið um samstarf milli fyrirtækja á Ísafirði og Þingeyri sem hefur gengið vandræðalaust og þurfti enga sameiningu sveitarfélaga til þannig að það að setja þetta skilyrði er algerlega óháð eðli máls. Þarna eru menn að blanda saman pólitísku markmiði inn í þetta mál. Það gerir gjörninginn slæman, það gerir hann svo slæman að hann er óverjandi.

Það kann að vera markmið sem ég get tekið undir, alla vega rökrætt við menn, hvort það eigi að stuðla að því að stækka fyrirtæki. Það getur verið réttlætanlegt markmið. En þá eiga menn að taka aðgerðir sem gera það en ekki óskyldar aðgerðir eins og sameiningu sveitarfélaga. Hún hefur ekkert með málið að gera. Og ef menn ætla að ræða þetta mál á einhverjum vitrænum forsendum, þá verður ríkisstjórnin fyrir það fyrsta að taka þennan þátt út úr málinu því að hún blandar saman óskyldum atriðum. Hún gæti þess vegna sett önnur pólitísk skilyrði inn í frv. eins og t.d. um sameiningu sparisjóða, sameiningu hafna eða að menn séu í ákveðnum flokki til að fá aðstoð. Það vantar ekki mikið upp á að það gæti gengið í þessu frv. Ég get t.d. ekki, virðulegur fjmrh., ef ég reyni að skoða þetta frv., ímyndað mér hverjir ættu að fá þessa peninga. Ég get bara ekki ímyndað mér að Sambandsfyrirtækin komi til greina. Getur það verið að menn hafi sett forskriftina þannig niður að Sambandsfyrirtæki eigi að vera út undan? Ég vil ekki trúa því. En hæstv. fjmrh. verður þá að koma hér upp og sýna okkur fram á það hvernig fyrirtæki eins og á Hólmavík og Þingeyri eigi að geta komið til greina. Ef hann getur það ekki, þá er hann í erfiðri stöðu.

En ég vil nú almennt segja um þessa ofurtrú manna á sameiningu hluta og hagkvæmni stærðarinnar að það er samt staðreynd sem ég hygg að menn deili ekki um að vaxtarbroddurinn, ekki bara hér á landi heldur í Evrópu líka, liggur í litlum fyrirtækjum. Hann liggur í framtaki einstaklingsins þar sem hann vinnur á gólfinu en ekki í stórum fyrirtækjum þannig að ef menn vildu gera aðgerðir sem styrktu atvinnulífið, fengju fleiri til þess að taka þátt í því og búa til störf, þá ættu menn að stuðla að vexti á þessu sviði en ekki með því að skella öllu saman í eina súpu. Ég hef ákveðnar efasemdir um að það sé yfir höfuð skynsamleg aðgerð. Ég held að það ætti að láta atvinnulífinu sjálfu það eftir að ákvarða það því að menn sem reka fyrirtæki gera það sem er hagkvæmt eða a.m.k. eiga menn að treysta þeim til þess. Ef þeir komast að þeirri niðurstöðu að það sé hagkvæmt að sameina fyrirtæki, þá gera þeir það. Menn komust að þeirri niðurstöðu að búa til sérstakt fyrirtæki um samstarf á útgerð togara milli Þingeyrar og Ísafjarðar af því að það var mönnum nauðsynlegt og menn töldu sér ávinning af því samstarfi. Það komst þar á og þurfti enga lagagrein til, þurfti ekkert að segja

mönnum það í lögum hvernig þeir eiga að haga sér í viðskiptalífinu. Ég held að það sé ástæða til að minna hæstv. fjmrh. á að það er ekki endilega skynsamlegasta ráðstöfun peninga að nota þá til að borga ógreidda reikninga. Ég get ekki fundið það út að það sé skynsamlegt eða æskilegt að nota fé af þessu tagi til þess að borga þegar tilfallinn kostnað sem liggur sem ógreiddir reikningar einhvers staðar á skrifborði. Hvað styrkir það mikið atvinnulífið? Hver er nýsköpunin í því? Þeir sem eru í atvinnurekstri eru það á eigin ábyrgð. Þeir tóku ákvarðanir að reka sín fyrirtæki þrátt fyrir taprekstur og þeir verða að bera ábyrgð á sínum ákvörðunum. Það er kallað pilsfaldakapítalismi þegar menn kalla á ríkið til að borga tapið. Þetta þýðir að það er verið að segja við þau fyrirtæki, sem aðlöguðu sig skilyrðunum og hafa rekið sig réttu megin við núllið: Þið gerðuð vitleysu. — Hvernig má það vera að það styrki atvinnulífið að koma mönnum upp á það að það sé í lagi að aðlaga sig ekki þeim skilyrðum sem eru fyrir hendi í atvinnugreininni? Hvort sem menn eru sáttir við skilyrðin eða ekki er allt annað mál.

Ég hef komið nálægt fyrirtæki þar sem menn hafa lagt sig fram um það að reyna að reka það ekki með tapi af því að menn hafa ekki efni á því að tapa, menn verða að vera ofan á. Það hefur auðvitað verið erfitt en mönnum hefur tekist það og á þá að vera að segja við þá sem það hafa gert: Þá skuluð þið bara sjá um þetta sjálfir. En hinir, sem fóru út í rekstur, tóku þá ákvörðun og hafa rekið fyrirtækið mánuðum saman, jafnvel með tapi, eiga þeir svo að geta labbað til Friðriks Sophussonar, hæstv. fjmrh., og sagt: Þú borgar fyrir mig reikningana. — Ég er ekki viss um að það sé skynsamlegasta aðgerðin að hafa þennan háttinn á, að koma mönnum upp á þetta.

Það sem ég tel að ætti að gera er að menn eiga sem stjórnvald að aðhafast það sem kemur jafnt við alla eða gefur mönnum sömu skilyrðin. Það sem stjórnvöldum hefur mistekist á undanförnum árum er að þau hafa dreift skerðingunni á þorskinum ójafnt. Fyrirtæki hafa orðið fyrir ójafnri skerðingu vegna ákvarðana ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin á því að jafna út þá skerðingu og átti auðvitað strax í upphafi að gera það þannig með því að fara inn í kvótakerfið og jafna skerðinguna þannig að það bæru allir það sama í þorskígildum talið. Það gerði hún ekki. Og það sem hún á að gera er fyrst að jafna þetta.

Í öðru lagi á að mínu viti að grípa til almennra aðgerða sem frysta afborganir og jafnvel vexti af skuldum til móts við það sem stjórnvöld eru að draga úr tekjum fyrirtækja með sínum ákvörðunum. Þegar stjórnvöld taka ákvörðun um aflahámark sem leiðir af sér að vera ákvörðun um tekjur í fyrirtækjum, þá er eðlilegt að stjórnvöld taki á sama hátt ákvarðanir um útgjöldin. En mér finnst það ekki skynsamlegt að vinda málið í þennan búning og nefna það Vestfjörðunum. Það er ekki skynsamlegt fyrir málið og það er ekki skynsamlegt fyrir Vestfirði. Þetta á að vera almenn aðgerð sem kemur sem öllum stendur til boða með sama hætti sem hafa orðið fyrir sams konar skerðingu vegna ákvarðana stjórnvalda.

Þetta tel ég að menn hefðu átt að gera en ég tel líka að stjórnvöld verði að huga mjög alvarlega að því að endurskoða ákvörðun um þorskafla. Allar mínar athuganir á þessu máli hafa leitt til þess sama, að menn verða líka að taka til endurskoðunar ákvörðun um þorskaflahámark ársins. Ég sé ekki að menn komist í gegnum þetta mál með skaplegum hætti án þess að hækka leyfilegan þorskafla. En það er auðvitað ákaflega erfitt að bera fram þá kröfu og ég hef látið það vera, stillt mig um það að hlaupa eftir öðrum sem eru sporléttir og gert kröfu um stórfellda aukningu á þorskveiðum. Hins vegar er mér það ljóst að fiskifræðin er ekki það nákvæm vísindi að það sé hundrað í hættunni eða einhver verulegur munur á hvort menn tala um 165 þúsund tonn eða 175 þúsund tonn. 10 þúsund tonn til eða frá í þessu tölfræðilega mati er ekki stór áhætta þannig að ég gæti alveg talið það eðlilegt eða a.m.k. ekki mikla áherslu fólgna í því að menn taki 10–15 þús. tonn og útdeildu þeim eftir tilteknum leikreglum sem þyrftu ekki að vera og ættu ekki að vera þær sem nú gilda í kvótakerfinu. Þetta er það sem ég hefði talið eðlilegast að gera í stöðunni og talið að kæmi mönnum betur heldur en þessar aðgerðir sem því miður bera það ekki með sér, eða ég sé það ekki, að menn hafi haft þann vilja að öllum standi sama aðgerð til boða. Mér finnst þetta frv. vera þannig skrifað að það er fyrir suma en ekki aðra. Og það er þessi höfuðgalli á þessu máli.

Ég tel, virðulegi forseti, ekki þörf á að útlista frekar efnisatriði eða skoðun mína til þeirra í þessu frv. en ég vil ljúka umfjöllun minni með því að nefna það sem er fskj. II með þessu frv. og hluti af aðgerðunum, en það eru aðgerðir um útdeilingu fjár úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Ég vil fyrir það fyrsta segja að það stendur í stjórnarskrá Íslands að málefnum sveitarfélaga eigi að skipa með lögum og ég tel ekki að það standist stjórnarskrána að skipa málefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með þeim hætti sem gert er í dag, að það er að fullu og öllu á valdi félmrh. að ákvarða hvernig því fé er útdeilt og hvernig þær reglur eru sem notaðar eru til að deila út eftir. Ég tel að þær aðgerðir, sem þarna eru dregnar upp varðandi Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, standist ekki jafnræðisreglu sem menn voru þó að lögfesta í stjórnsýslulögunum um síðustu áramót. Eða hvernig á það að standast jafnræðisreglu gagnvart sveitarfélögum að taka peninga af þeim öllum og láta sum hafa eitthvað til baka eftir skilyrðum sem ráðherrann ákveður? Svo gæti komið annar ráðherra og ákveðið einhver önnur skilyrði og látið önnur sveitarfélög fá. Þetta gengur ekki upp. Þetta er bara gjörsamlega ómögulegt. Ég tel að þetta standist ekki stjórnarskrá. Menn kunna að hafa aðra skoðun á því. Ég skal ekki deila við menn um það, það eru þá bara ólíkar skoðanir, en ég tel það alla vega ekki boðlegt af hálfu stjórnvalda að skipa málum eins og þarna er gert ráð fyrir. Það er hrein mismunun sem á ekki að eiga sér stað. Og ég tel að hæstv. félmrh. ætti að koma hér og gera grein fyrir því hvernig þessar reglur eru ákvarðaðar, af hverju á að verja 220 millj. til sveitarfélaga sem samþykkja að sameinast eftir tilteknu bráða-

birgðaákvæði en bara 80 millj. til sveitarfélaga sem ætla að sameinast eftir almennum ákvæðum laganna. Hvernig finna menn út þessar skiptitölur? Af hverju er það misjafnt? Er ekki sami ávinningurinn af málinu? Eða eiga menn að fá bónus af því að þeir segja já þegar ráðherrarnn vill að menn segi já? Svo er þeim refsað ef þeir segja já dálítið seinna. Þá fá þeir minna. Ég ætla ekkert að halda því fram svo sem en ég spyr því óneitanlega sækja á mann ýmsar hugrenningar þegar maður les svona gjörninga.

Hvaða reglur eiga að gilda um skiptingu þessara peninga? Það kom ekki hér fram. Eiga sveitarfélög, sem eru búin að setja á annað hundrað milljónir króna í atvinnulífið á undanförnum fjórum árum, ekki að fá neitt? En önnur sveitarfélög sem hafa safnað skuldum út af einhverju öðru en þátttöku í atvinnulífinu, slæmri stjórn eða eitthvað slíkt, eiga að fá fullt af peningum. Þannig er málið kynnt í dag. Svo kalla menn sig jafnaðarmenn. Ég spyr bara, hvaða jafnaðarmenn?

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum skora á hæstv. félmrh. að gera grein fyrir hliðarráðstöfunum sem fylgja þessu frv. en eru ekki eiginlegur partur af því, þ.e. aðgerðir til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar. Læt ég þá lokið umfjöllun um þetta mál að sinni.

[15:12]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Vestf. kvartaði undan því að enginn fundur hefði verið haldinn um þetta mál í þingmannahópi Vestfirðinga. Það hefur enginn fundur verið haldinn um þetta mál í þingmannahópi Vestfirðinga. Það hafa verið haldnir margir fundir um þetta og stöðu Vestfjarða í stjórn Byggðastofnunar. Þar eiga allir flokkarnir fulltrúa nema Kvennalistinn. Byggðastofnun skrifaði ítarlegt bréf 16. nóv. 1993, sem allir stjórnarmenn Byggðastofnunar standa að, til forsrh. um þessi mál. Alþb. á sinn fulltrúa í stjórn Byggðastofnunar. Ég er undrandi á viðbrögðum þingmanns Vestfirðinga við þessu máli. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að breyta 2. gr. og hún eigi bara að vera örstutt: Byggðastofnun er heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum, sem ætla að sameinast, víkjandi lán.

Svo ætla ég að minna þennan hv. þm. og fleiri á að þetta er ekki fyrsta sérstæða aðgerðin sem hefur verið gerð. Á meðan Byggðastofnun t.d. hafði úr miklu meira að spila voru tekin mál af ekki minni stærðargráðu en þetta frv. gerir ráð fyrir fyrir einstaka staði annars staðar á landinu sem þurftu þá á því að halda. Menn geta ekki talað þannig eins og hvergi hafi verið gert neitt annars staðar.

Þetta bið ég þennan hv. þm. að hugleiða. Um þetta mál hefur verið fjallað í þeirri stofnun sem fulltrúar allra nema eins flokks eiga sæti.

[15:14]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér fannst ánægjulegt að fá þá yfirlýsingu fram hjá hv. 1. þm. Vestf. að það þyrfti að breyta 2. gr. frv. Ég vænti þess að hæstv. fjmrh. geti tekið undir með flokksbróður sínum.

Hvað varðar umkvörtunarefni mitt þá stend ég við það. Mér finnst óeðlilegt að oddviti þingmannahópsins skuli ekki á neinu stigi málsins kalla þingmenn saman til skrafs og ráðagerða um svo mikið mál að það þarf að flytja sérstakt neyðarfrv. um málefni kjördæmisins. Mér finnst það bara óeðlilegt og að Kvennalistinn sé gjörsamlega afskiptur í þessu máli er enn verra. Mér finnst svo sem gott og blessað að menn geti komið að einhverjum hluta málsins hjá Byggðastofnun en ég er ekkert viss um að þar hafi menn, þó í stjórn sitji, fengið að sjá alla pappíra.

[15:15]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kann illa við svona dylgjur hjá hv. þm. Það hefur engu verið haldið leyndu í Byggðastofnun fyrir stjórnarmeðlimum, ekki nokkru. Það hefur verið fjallað ítarlega um þetta mál og í fullri samvinnu á milli manna þar. Ég skora á þennan þingmann að taka aftur svona dylgjur. En að ég sem oddviti þingmanna eigi að boða til fundar tek ég ekki að mér því við höfum fjallað um mál í þingmannahópnum þar sem menn hafa svo hlaupið út og suður á eftir þegar búið er að tala um samstöðu innan hópsins og alveg sérstaklega þessi hv. þm.

[15:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins segja það við hv. 1. þm. Vestf., af því að hann vill vísa okkur á Byggðastofnun til að fá upplýsingar og komast að málinu, að ég leitaði eftir því við Byggðastofnun að fá upplýsingar um það hvað menn væru að gera og hvaða hugmyndir væru á kreiki. Forstjóri stofnunarinnar sagði mér að hann mætti ekki láta mig hafa þær upplýsingar, þær væru trúnaðarmál.

Á mælendaskrá á eftir er fulltrúi okkar í stjórn Byggðastofnunar og hann getur auðvitað greint frá því hvað var sýnt í stjórn Byggðastofnunar af þessu máli. En hv. 1. þm. Vestf. gæti t.d. sagt mönnum frá því í sínum andsvörum sem hann iðkar hér hvað hafi verið kynnt í stjórninni. (**MB:** Í hvað?) Í stjórn Byggðastofnunar.

[15:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er nokkuð um liðið frá því að fréttir komu um það í fjölmiðlum að nú hygðist ríkisstjórnin veita 500 millj. kr. til bjargar atvinnulífi á Vestfjörðum. Af því áttu 300 millj. að fara til atvinnufyrirtækja og 200 millj. til sveitarfélaga sem væru að sameinast.

Um það vil ég segja þetta: Það er ekki um það deilt að ástandið á Vestfjörðum er alvarlegt. Líklega alvarlegast á suðurfjörðum Vestfjarða. Að tala um Vestfirði sem heild er þó í raun ekki rétt. Staða einstakra fyrirtækja er mjög erfið og sums staðar eru þau fyrirtæki burðarás atvinnulífsins eins og gjarnan er í sjávarplássum. Margoft hefur verið nefnd sérstaða Vestfjarða vegna þorskveiðiskerðingar og þær tölur sem þar hafa verið nefndar eru allrar athygli verðar. Starfshópur hefur látið vinna sérstaka úttekt á þessum málum og fylgir sú úttekt með frv. Í niðurstöðu starfshópsins er bent á að hlutur sjávarútvegs í atvinnustarfsemi á Vest-

fjörðum er þrefalt meiri en landsmeðaltalið. En við skulum samt gera okkur grein fyrir því að hér er ekki verið að tala um að dæla einhverju fjármagni til Vestfjarða eða atvinnufyrirtækjanna þar beinlínis. Þeir peningar sem hér er um að ræða fara beina leið í bankana til að koma til móts við kröfur þeirra. Fyrirtækin hafa ekki getað staðið við sínar skuldbindingar þar sem tekjur þeirra eru skertar svo mjög og ekki síst af stjórnvaldsástæðum. Það má í raun og veru segja að hér sé um stuðningsaðgerðir við bankastofnanir og fjármálastofnanir að ræða.

Það eru stjórnvöld sem ákveða skerðingu veiðiheimilda og þar af leiðandi ætti það líka að vera þeirra sömu stjórnvalda að taka á sig þá ábyrgð sem því fylgir. Það er því rökrétt að það sé allt þjóðfélagið sem verður að bera þann samdrátt í tekjum sem leiðir af þeirri fiskveiðistjórnun sem fylgt er. Það er líka jafnvíst að víðar en á Vestfjörðum þarf að aðstoða atvinnufyrirtæki vegna þessa. Hins vegar er líka rétt að leggja áherslu á að hér er um víkjandi lán að ræða, ekki framlag. En það finnst mér aftur á móti hafa verið mjög áberandi í umræðunni.

Hins vegar hef ég ýmislegt að athuga við það hvernig á að standa að þessum aðgerðum af hálfu ríkisstjórnarinnar.

Í fyrsta lagi er lánveitingin bundin við sjávarútvegsfyrirtæki sem vilja sameinast og jafnframt, eins og segir í 2. gr., að sveitarfélagið þar sem fyrirtæki er sé að sameinast öðru sveitarfélagi. Reyndar upplýsti hv. 1. þm. Vestf. rétt áðan að hann hygðist fá breytingu fram á þeirri grein. Ef þetta yrði eins og stendur í greininni er verið að beita þvingunaraðgerðum til sameiningar fyrirtækja og til sameiningar sveitarfélaga. Það er reyndar merkilegt að þetta skuli vera sett fram af ríkisstjórn sem telur sig vera málsvara frelsis í sinni ýtrustu mynd.

Ef við ræðum um hvernig sjávarútvegsfyrirtæki eigi að sameinast og jafnframt vera í því sveitarfélagi sem ætlar að sameinast öðru þá er hægt að taka eitt „konkret" dæmi. Geta sjávarútvegsfyrirtæki ráðið því hvort sveitarfélag sem það er staðsett í sameinast öðru? Það er dálítið furðulegt að halda því fram vegna þess að það hlýtur að vera sveitarstjórnin sem hefur með það að gera, ekki stjórn fyrirtækisins. Hver segir að það bæti stöðu fyrirtækisins þó svo yrði? Þetta dæmi sem ég er með er Súðavík. Þar er eitt fyrirtæki, sem heitir Frosti hf., sem hefur reyndar unnið allmikið bæði í hagræðingarmálum og eins konar sameiningarmálum þar sem það tók að sér að ásamt Norðurtanganum á Ísafirði að útvega fólki og fyrirtækjum á Suðureyri hráefni. Fyrirtækin keyptu togarann af Suðureyri en skuldbundu sig jafnframt til þess að útvega hráefni til Suðureyrar. Það fór samt ekki fram nein sameining þessara fyrirtækja, aðeins samvinna.

Í þessu sveitarfélagi eru hafnar umræður um sameiningu þriggja hreppa, Súðavíkurhrepps, Ögurhrepps og Reykjafjarðarhrepps í Djúpi. Í báðum þeim hreppum sem eru að ræða um að sameinast Súðavíkurhreppi eru svona 60–70 manns samanlagt. Þetta er dreifð byggð sem tekur yfir líklega upp undir 200 km svæði. Það getur ekki bætt stöðu þessa fyrirtækis í Súðavík þó þessir hreppar sameinist. Og það er ekkert annað sjávarútvegsfyrirtæki í hinum tveimur hreppunum sem þetta sjávarútvegsfyrirtæki getur sameinast. Það er því hvorki um það að ræða að þetta fyrirtæki geti sameinast öðru fyrirtæki hvorki í sínu sveitarfélagi né í hinum tveimur, sem hugsanlega sameinast, né heldur að það verði til neinnar sérstakrar hagræðingar eða bæti stöðu fyrirtækisins þó svo að sveitarfélögin sameinist.

Ég tel að hér sé verið að beita þvingunaraðgerðum til sameiningar sveitarfélaga. Og ég vona svo sannarlega að þetta ákvæði verði tekið út.

Í öðu lagi á sá starfshópur sem á að gera tillögu um afgreiðslu á lánsumsóknum viðkomandi fyrirtækja að vera skipaður af forsrh. Í honum eiga að vera m.a. fulltrúar frá Byggðastofnun, forsrn., fjmrn. og félmrn. Það er enginn fulltrúi frá sjútvrn. þó það séu sjávarútvegsfyrirtæki sem eiga að sameinast og sem á að aðstoða. Og það er enginn fulltrúi frá heimamönnum. Það hefði kannski verið eðlilegt að í starfshópnum væri fulltrúi t.d. frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga sem ætti að hafa yfirsýn yfir stöðu sveitarfélaganna á Vestfjörðum og jafnframt yfirsýn yfir stöðu atvinnulífsins á Vestfjörðum. Það er ekki langt síðan að fundað var með stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga og þingmönnum til þess einmitt að ræða atvinnumál fjórðungsins í heild.

Í þeim starfshópi sem ríkisstjórnin skipaði á sínum tíma til að fjalla um bráðavanda atvinnulífs á Vestfjörðum var fulltrúi frá sjútvrn. en hæstv. sjútvrh. er ekki einu sinni viðstaddur umræðuna hér í dag.

Síðan á að gera tillögur til þessa starfshóps. Starfshópurinn fjallar um málið og fær til þess ráðgjafa. Síðan á starfshópurinn að skila tillögum til Byggðastofnunar. Byggðastofnun á að fjalla um þær og skila tillögum til ríkisstjórnarinnar. Mér sýnist að þetta geti verið nokkuð þungt í vöfum. Ég spyr hvort ekki sé hægt að hafa þetta þannig að það virkaði ekki svona þungt.

Það er jákvætt að starfshópurinn skuli eiga að stuðla að endurskipulagningu fyrirtækjanna. Ég hygg að flest sjávarútvegsfyrirtæki hafi verið að endurskoða og endurskipuleggja rekstur sinn en það má eflaust alltaf gera betur. Ég minni þó á að framleiðni í sjávarútvegi almennt á Íslandi hefur verið mjög góð, jafnvel á þeim samdráttartímum sem gengið hafa yfir. Framleiðni hefur aukist og það bendir til að menn séu alltaf að endurskipuleggja og skoða þessa þætti.

Þá tel ég að þær 15 millj. kr., sem heimilt er samkvæmt frv. að veita til að styðja við nýjungar í atvinnulífi á þessu svæði, sé allt of lág upphæð. Ég hefði viljað hafa stærri hluta af þessum lánum til nýsköpunar sem hefði hugsanlega getað leitt af sér meiri breidd í atvinnulífinu. Það er alkunna að erfiðleikar þeir sem nú steðja að Vestfjörðum eru m.a. og ekki síst vegna einhæfni í atvinnulífi. Það eru ýmsir möguleikar á nýjum atvinnutækifærum, t.d. horfa menn í vaxandi mæli til ferðaþjónustu sem vaxtarbrodds í atvinnulífi eins og raunar annars staðar á landinu. Sú sérstaða er þó á Vestfjörðum að þar er svo til óplægður akur í þeim

málum. Vestfirðir hafa nánast ekki verið á kortinu þegar rætt hefur verið um ferðamál og skipulagningu ferðamála hér á landi. Hin stórbrotna náttúra er mikil auðlind sem nýta má til ferðaiðnaðar af ýmsum toga.

Þá hefur einnig lítið verið um starfrækslu smærri iðnfyrirtækja nema þeirra sem hafa byggt á þjónustu við sjávarútveginn. T.d. eru lítið notaðir þeir möguleikar sem jarðhiti á svæðinu býður upp á, bæði í ræktun blóma og grænmetis. Þá ættu að vera möguleikar á fiskirækt í okkar djúpu fjörðum ekkert síður en t.d. í Noregi.

Fleira mætti nefna sem ástæða væri til að gefa gaum í nýsköpun. En þar er erfitt að fá fjármagn til að byrja og það á auðvitað við bæði fleira fólk og fleiri staði en Vestfirði.

Virðulegi forseti. Ég tel að sú hugsun sem kemur fram í frv. sé að bæta úr til skamms tíma. Hvort það hefur einhver jákvæð áhrif til lengri tíma litið efast ég um. Til þess gengur það of skammt. Ég verð þó að viðurkenna að ég met þá viðleitni sem ríkisstjórnin sýnir með þessu til að standa ábyrg gerða sinna í fiskveiðistjórnunarmálum. En ég tel að það sem þurfi í þessari stöðu til bjargar atvinnulífi á Vestfjörðum séu auknar veiðiheimildir eða hreinlega að kaupa fisk til vinnslu á svæðið. Á því er ekki tekið með þessu frv. og eins og ég sagði áðan, og ég vil leggja áherslu á það, fara þessir fjármunir fyrst og fremst til að þagga niður í lánastofnunum um einhvern tíma.

[15:29]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar þorskafla.

Hér hafa talað þrír hv. þm. Vestfjarða. Ég vil hvetja þá til þess að vinna sameiginlega að lausn mála varðandi Vestfirðina eins og ég held að hv. þm. annarra kjördæma verða að gera í kjölfar þessara aðgerða og taka höndum saman um aðgerðir þær sem mest þarf á að halda í kjördæmunum.

Ég vil taka undir að það þarf að uppfylla mjög þröng skilyrði til að fá þá aðstoð sem verið er að ræða um. Ég vil benda á það sem sagt er á bls. 6 í frv. um vinnuferil vegna hagræðingar í sjávarútvegi á Vestfjörðum. Það þarf að mynda starfshóp fulltrúa ríkisstjórnar, banka, sjóða og annarra kröfuhafa og Byggðastofnunar sem með aðstoð rekstrarráðgjafa starfar að undirbúningi tillögugerðar með þeim fyrirtækjum sem stefna að sameiningu og óskað hafa aðstoðar. Það eru engar smákröfur sem verið er að setja upp og ég er ekki búinn að sjá menn leysa þetta. Þess vegna segi ég að hv. þm. þurfa að standa saman um þá lausn sem hægt verður að finna út úr þessu frv. og þær breytingar sem kannski þarf að gera.

Ég vil aðeins ræða um þetta mál út frá því hvernig atvinnusvæðin eru. Sú stefna hefur verið ríkjandi að stækka atvinnusvæði. Miðað verður við að unnt sé að fara til vinnu daglega á tiltekinn stað frá heimili. Samgöngur eru sá þáttur sem mestu ræður hversu stór atvinnusvæði geta verið samkvæmt framansögðu að teknu tilliti til færðar og vegagæða. Það má minna á það að víða erlendis þykir ekki tiltökumál að sækja vinnu um hálfs klukkustundar eða heillar klukkustundar veg, en hér á landi fara menn vart lengra, nema einhverjir örfáir þingmenn, en 20–30 mínútna veg til vinnu.

Ég hef oft sagt hér að ég tel að ríkisstjórn Íslands verði að grípa til sértækra ráðstafana vegna skerðingar sem einhæfari byggðarlög hvað varðar atvinnu hafa orðið fyrir. Um þær ráðstafanir sem hér er gert ráð fyrir að verði gripið til vil ég upplýsa að ég hefði talið betra, ef menn hefðu treyst sér til á grundvelli aukinnar fiskigengdar, að grípa til ráðstafana sem nú skal farið um nokkrum orðum.

Ég held að hæstv. ríkisstjórn hefði átt að taka þá pólitísku ákvörðun að auka aflaheimildir um 20 þús. tonn og nýta 10 þús. tonn af þeim afla til sértækra ráðstafana til þeirra byggða sem veikastar eru og hafa orðið fyrir mestri skerðingu. Ég vil benda hv. þm. á að sú skerðing nær ekki bara til suðursvæðis Vestfjarða. Hún nær til Snæfellsness. Ég tel að að taka hefði átt ákvörðun um að veiða þessi 20 þús. tonn og það skilyrði átt að fylgja að sá afli yrði unninn allur í landi, ekki um borð í fyrstitogurum jafnvel þó að verið sé að mismuna mönnum. Ég tel að 10 þús. tonnin, sem ég hef ekki getið um hér áður, þ.e. hinn helmingurinn af 20 þús. tonnunum, hefðu átt að fara inn á þann kvótamarkað sem hefði hjálpað til við bráðabirgðalögin sem voru sett til lausnar verkfalls sjómanna.

Ég tel líka að það þurfi að koma því fyrir að 75% úthlutaðs afla á skip verði að veiða á viðkomandi skip. Það verði að minnka frjálst framsal kvóta á milli skipa. Ég tel að grundvöllur fyrir því að byggðirnar eigi einhverja afkomumöguleika sé bundinn við viðkomandi skip a.m.k.

Ég tel nauðsynlegt að leita eftir breytingum á kvótakerfinu. Hver einasta breyting sem gerð verður þýðir í raun nýtt kerfi. Það eru auðvitað tillögur sem vert er að skoða um hvernig ráðgjöf og forsendur fyrir aflaheimildum eru unnar og hvernig þær hafa áhrif á búsetu í landinu.

Ég hef áhyggjur af því að af of mikilli sameiningu fyrirtækja geti orðið. Það er alveg augljóst að smáfyrirtæki verða að eiga tilverurétt. Fjölskyldufyrirtæki ásamt stórum fullvinnslustöðvum er það sem margir telja grundvöll atvinnustarfsemi í fiskveiðibyggðunum og ég vil taka undir það.

Ég tel þetta frv., sem ég reikna með að samþykkja, vera upphaf ferlis sem verður að fara. Þó flestir telji sig vita í grófum dráttum hvað vanti á hinum ýmsu stöðum á landinu þarf nákvæmari tillögur. Þær þurfa að liggja fyrir. Sú skýrsla sem menn helst vitna til, Breyttar áherslur í byggðamálum, er auðvitað ágæt en hún tíundar ekki nákvæmlega þær aðgerðir sem þarf að grípa til. Hún gefur að sjálfsögðu vísbendingu um vilja, en það vantar mikið á að þar séu nákvæmlega útfærðar hugmyndir til að koma í veg fyrir atvinnuleysi.

Mitt sjónarmið er að flestar aðgerðir séu varnarbaráttа og sóknarþunginn sé mjög takmarkaður því að

samdráttur og hrun hefur komið svo kröftuglega fram að ekki hefur verið um sókn að ræða varðandi atvinnusköpun nema í litlum mæli. Við Íslendingar erum óvanir að vera í varnaraðgerðum og við erum í frumbernsku á því sviði. En auðvitað tel ég að við munum snúa vörn í sókn. Ég tel að vaxtaaðgerðir ríkisstjórnarinnar hafi verið annað skref í bættu starfsumhverfi fyrirtækjanna, lagfæring á sköttum hjá fyrirtækjunum var fyrsta skrefið. Núna ætti að vera möguleiki til að grípa til fyrstu sóknaraðgerða.

Virðulegur forseti. Auðvitað munu þingmenn berjast fyrir aðgerðum í sínum kjördæmum. En mín skoðun er sú að rétt hafi verið að hefjast handa á Vestfjörðum. Sérstakar byggðir, eins og ég sagði áðan, aðlægar, eru í sömu sporum og einstök bæjarfélög og sum sveitarfélög eru í meiri vanda þó mikill sé á Vestfjörðum. Það hefur bara ekki verið gripið til ráðstafana þar og það þarf að gera.

Ég hlýt að vera sannfærður um að þeir staðir, t.d. væntanlegt sameinað sveitarfélag á Snæfellsnesi, verði næst í röðinni og síðan koll af kolli. Mikil orsök þess vanda sem landsbyggðin býr við á rætur að rekja til kvótakerfis í sjávarútvegi og landbúnaði. Kvótakerfið í sjávarútvegi er farið úr böndum og þarf ekki að nefna annað en flutning á fiski, venjulega þorski, í vinnslu til byggða sem láta síðan skip sín fiska aðrar tegundir til þess að flytja þær óunnar á markað, alls tiltekið 60–70 þús. tonn á síðasta ári a.m.k. Ég tel að í þessum orðum komi fram meginvandi sjávarbyggðanna allt frá Akranesi til Húnaflóa og reyndar að meira og minna leyti um allt landið. Ég tel að kvótakerfið hafi stuðlað að flutningi fjármagns, fyrirtækja, atvinnutækja og fólks frá veikari byggðunum til þeirra sem betur hafa nýtt sér smugur sem kvótakerfi fiskveiðistjórnunar felur í sér.

Virðulegur forseti. Ég tel að grundvöllur varanlegra aðgerða til jöfnunar sé að feta sig til baka markvissum skrefum í formi aukins kvóta til verst settu byggðanna, eins og ég lýsti í upphafi míns máls, og þannig verði störf endurheimt. Sú neyðaraðgerð sem hér er verið að grípa til er nauðvörn.

Mín lokaorð skulu vera þau að gerbreytt kvótakerfi er grundvöllur endurreisnar byggðanna á Íslandi.

[15:40]

Matthías Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir síðustu orð hv. síðsta ræðumanns því að ég hef ekki verið þeirrar skoðunar og aldrei greitt atkvæði með þeirri stjórnun sem hefur verið viðhöfð. Hins vegar reyndi ég lengi vel að hafa áhrif til hins betra í þeim efnum, en þau meginmarkmið sem þetta kerfi átti að sýna voru að flotinn mundi minnka stórlega og hægt væri að hafa betra eftirlit en flotinn hefur aukist, vélaraflið hefur aukist og nú eru komnir menn á stað sem vilja auka það enn meira og segja að það sé allt of lítið. Þannig eru nú skoðanir manna heldur á reiki eins og fyrri daginn.

Ég vil líka vekja athygli á því að þetta frv. gerir ekki ráð fyrir neinum nýjum sérstæðum ráðstöfunum. Það er búið að taka þær svo tugum skipti á mörgum undanförnum árum og hafa þá verið taldar sjálfsagðar. Ég hef sem þingmaður Vestfirðinga tekið þátt í því að samþykkja byggingu álvers á Reykjanesi, byggingu járnblendiverksmiðju í Hvalfirði og staðið að því að styrkja og renna styrkari stoðum undir byggðarlög í öllum kjördæmum landsins að meira eða minna leyti. Ég hef litið á það sem skyldu mína sem þingmaður að taka þannig þátt í aðgerðum.

Byggðastofnun sem slík er orðin lítil stofnun og hefur verið að minnka á undanförnum árum. Allt frá árinu 1978 hefur hún minnkað. Hún var langstærst, miðað við verðlag hvers árs og miðað við verðlag í árslok 1993, 1987 eða hafði þá um 1.209 millj. til ráðstöfunar á móti 185 millj. á þessu ári. Það sjá allir að þá var hægt að gera margvíslegar sérstæðar ráðstafanir fyrir ákveðin byggðarlög. Ég nefni t.d. byggðarlög á Austfjörðum, Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík, Þórshöfn, ekki gekk nú lítið á þegar það litla kauptún keypti togara og allir ætluðu að rifna af vandlætingu.

Það hefur verið staðið að fjölmörgum aðgerðum hingað og þangað um landið. Ég hef talið það vera skyldu mína. Ég fagna því þegar á heildina er litið að þetta frv. er komið fram. Byggðastofnun hafði forustu um það að vinna að undirbúningi frv. en hún hafði ekkert með það að segja eftir að ríkisstjórnin tók það inn á sitt borð og fulltrúar fjögurra ráðuneyta sömdu það ásamt einum embættismanni Byggðastofnunar. Það var ákvörðun ríkisstjórnarinnar. Og eins og ég hef t.d. sagt fjmrh., þá tel ég að það þurfi að breyta verulega 2. gr. frv. í þá átt að Byggðastofnun sé heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum sem ætla að sameinast víkjandi lán.

Ég tek dæmi. Fyrirtækið Frosti á Súðavík og Norðurtanginn á Ísafirði gerðu ekki skuldbindingu við Súgandafjörð um afla. Þeir keyptu hlutabréfin og fyrirtækið og reka það sjálfstætt og skaffa því hráefni. Ég sé enga ástæðu til annars en þessi fyrirtæki fái fyrirgreiðslu með víkjandi láni. En ég bið hv. þm. í guðanna bænum að halda ekki að þetta frv. sé flutt fyrir bankann því að það er ætlunin að bankarnir semji um lán sín til lengri tíma. Maður hefði ekki staðið í því að berja á því að einhverjar ráðstafanir væru gerðar ef það ætti að vera bara fyrir bankann, en þetta er auðvitað fyrst og fremst fyrir atvinnulífið á þessum stöðum.

Vandi sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum liggur einkum í því að aflaheimildir í kjördæminu hafa dregist saman um 29% á síðustu tveimur árum eða frá 1. sept. 1991 til 1. des. 1993, en um 12–17% í öðrum kjördæmum. Skýringin á því er sú að stjórnvöld hafa talið nauðsynlegt að grípa til aukinna friðunaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegt hrun þorskstofnsins og til að byggja hann upp. Því hefur á tveimur árum orðið 46% samdráttur í þorskveiðiheimildum sem Vestfirðingar hafa byggt mest á. Sú aukning sem orðið hefur í öðrum tegundum nýtist Vestfirðingum verr. Þess ber að geta að stjórnvöld hafa að hluta mætt minnkun þorskveiðiheimilda með því að úthluta aflaheimildum Hagræðingarsjóðs einvörðungu til þeirra sem orðið hafa fyrir mestum samdrætti í aflaheimildum. Sé tek-

ið tillit til þess, þá hefur samdrátturinn á Vestfjörðum verið 25% á síðustu tveimur árum en 10–15% í öðrum kjördæmum.

Mér er alveg ljóst að ákveðnir staðir í mörgum kjördæmum í landinu eiga við svipaða erfiðleika að etja og ég tek alveg undir orð síðasta ræðumanns í þeim efnum að það þarf að taka á vandamálum atvinnulífs á utanverðu Snæfellsnesi. Ég tek líka undir það að það eru staðir austur á fjörðum sem hafa farið á mis við þá miklu uppbyggingu sem þar hefur orðið og það mikla happ sem Austfirðingar urðu fyrir á þessari vertíð miðað við loðnuveiðina. Þar nefni ég Bakkafjörð og Borgarfjörð eystri. Það eru líka erfiðleikar á Seyðisfirði þrátt fyrir að þeir hafi verið þátttakendur í loðnuveiðum. Það eru erfiðleikar líka á Suðurlandi sem við megum heldur ekki gleyma. Það eru erfiðleikar á ákveðnum stöðum við Eyjafjörð, Grímsey, við Húnaflóa, bæði að austan og vestanverðu, svo ég taki upp þessi dæmi.

Mér heyrðist að fulltrúi Kvennalistans, sem talaði áðan, teldi að það þyrfti að auka fiskeldi í fjörðunum á Vestfjörðum. Við höfum aðallega fengið skammir fyrir það í Byggðastofnun og á fleiri stöðum að við höfum veitt allt of mikið fjármagn í fiskeldi. Og heill flokkur hefur flutt núna frv. til laga um að rannsaka öll lán og sá flokkur er Kvennalistinn. Og 1. flm., ef ég man rétt, er borgarstjóraefni stjórnarandstöðunnar og Alþfl. Þær eru ekki alveg á því að þetta hafi gengið allt fyrir sig með eðlilegum hætti og þær vilja láta rannsaka hvert einasta mál.

Við skulum taka Byggðastofnun í þessu sambandi. Hún leggur hér fram reikning á hverju einasta ári þar sem tíundað er hvert einasta lán og hver einasti styrkur. Þetta er endurskoðað af löggiltum endurskoðendum, þetta er undirritað af þingkjörinni stjórn og þetta er endurskoðað af Ríkisendurskoðun. En í frv. leggja flutningsmenn til að Ríkisendurskoðun fái tvo menn af fimm til þess að endurskoða reikninga sem þeir eru búnir að endurskoða á hverju ári. Verður nú ekki að vera eitthvert samræmi í málflutningi? Hvað er það sem hefur verið gert sem er svona nauðsynlegt að rannsaka og það sem Alþingi er búið að fjalla um á hverju einasta ári? Hvað skyldi kosta að láta rannsaka öll útlán bankanna og allra annarra sjóða? Það átti að svipta nafnleyndinni af á meðan nefndin rannsakaði en síðan átti nafnleyndin að koma á þannig að enginn átti að vita neitt nema þessi nefnd. Ég er viss um að þetta eru útgjöld upp á 150–200 millj. Það verður að vera samræmi, dömur mínar, í því sem þið eruð að tala um og veitir ekki af.

Ég spyr hv. 6. þm. Vestf.: Voru það t.d. hræðileg afglöp af Byggðastofnun að veita lán til Kaupfélags Strandamanna á Norðurfirði, þó að það væri vitað að þetta væri tapað lán? Eigum við ekki allir að fara inn á Litla-Hraun sem stóðum að þessu? (**Gripið fram í:** Ef það er pláss.) Er nokkurt pláss þar? (Gripið fram í.) Samkvæmt lögum um stofnunina verður hún að taka tillit til byggðamála. Ég vil í fullri vinsemd fara þess á leit við Kvennalistann að hann rökstyðji betur þetta mál. Því miður var ég ekki við þegar þetta frv. fór í gegn en það hefði verið ástæða til þess að tala ítarlega um það. (**ISG:** Það er nú ekki rétt hjá þingmanninum.) Ég var ekki við, sagði ég. (**ISG:** Það er ekki rétt.) Og það voru fleiri sem ekki voru við sem ætluðu að tala um þetta.

Ég vil nefna annað í þessu frv. ríkisstjórnarinnar. 15 millj. kr. til þess að mæta nýjum verkefnum og skapa ný verkefni er afskaplega gott framlag, a.m.k. miðað við það sem verið hefur. Við Íslendingar höfðum einu sinni Fiskimálasjóð sem veitti til nýjunga í sjávarútvegi en hann fór líka út í lántökur og það var sjálfsagt að taka þær heimildir af. Síðan fór þetta yfir í Fiskveiðasjóð sem ekkert hefur látið í þessa hagræðingardeild. Ég fagna alveg sérstaklega þessu ákvæði í frv. ríkisstjórnarinnar og ég segi ekki að loksins þegar við sjáum og á að ákveða 15 millj.: Nei, þetta er allt of lítið. Ég segi bara að það er mjög gott að fá þessar 15 millj. í staðinn fyrir að fá ekki neitt. Þannig vil ég snúa málflutningnum.

Ég tel að hér sé um að ræða aðgerð sem á fullan rétt á sér. Þessi byggðarlög vestra hafa orðið fyrir þyngsta áfallinu eins og áður hefur verið sagt í þeirri fiskveiðistjórnun sem verið hefur á undanförnum árum vegna þess hversu þorskurinn er hátt hlutfall í heildarafla Vestfirðinga. Ég skil ekki þann þingmann sem segir: Af hverju fær ekki fyrirtæki sem þarf ekki á neinni aðstoð að halda, skuldar lítið, af hverju fær það ekki verðlaun? Þetta sagði hv. 5. þm. Vestf. og nefndi sérstaklega hraðfrystihúsið í Hnífsdal. Ég efast um að sá gamli þar kærði sig um að taka á móti einhverjum verðlaunum fyrir það að skulda lítið og standa sig vel. Það sem verið er að gera hér er að reyna að halda áfram atvinnulífi á sem flestum stöðum til þess eins að fólkið flýi ekki unnvörpum frá þessu kjördæmi og til annarra staða sem bjóða upp á betra. Og það gerum við ekki með því að moka peningum í þá sem hafa nóga peninga fyrir og þurfa ekki á þeim að halda, heldur með því að rétta hina af. Það sem viðkemur sveitarfélögunum þá er fyrst og fremst verið að rétta af þau sveitarfélög sem hafa þurft að leggja mikla fjármuni fram til atvinnulífsins og hafa tapað þeim. Það eru aftur önnur og meðal þeirra stærsta sveitarfélagið á Vestfjörðum sem ekkert hefur þurft að leggja fram til atvinnulífsins. Þarna verður að draga skil á milli feigs og ófeigs.

Þó að menn hafi misjafnar skoðanir og tilfinningar til þessarar ríkisstjórnar þá held ég að hún megi njóta sannmælis hvað þetta snertir. Það kemur vafalaust til með að þurfa að leita til hennar með fleiri atriði vegna þess hvernig fjármunum Byggðastofnunar er komið, vegna þess hvernig pólitík bankanna er rekin. Þeir eru skammaðir fyrir töp á útlánum. Það talar enginn um að það var gulltryggt kannski fyrir 10–12 árum að lána það hlutfall sem lánað var til hraðfrystihúsa en grundvöllur þessara eigna hefur hrunið vegna þess að sjávarútvegurinn hefur hrunið. Það hefur áhrif á þetta þjóðfélag, stjórnunaraðgerðir í sjávarútvegi og það verða alþingismenn a.m.k. að skilja og helst allir Íslendingar.

[15:57]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Vestf. vitnaði til þess að það væri ekki samræmi í því að hér væri verið að tala um það að fiskeldi gæti verið framtíðaratvinnugrein. Það er nú svo að fiskeldi er vaxandi atvinnugrein um allan heim og hefur verið sýnt fram á það með ýmsum tölulegum útreikningum að það muni fara vaxandi á næstu árum og það stefni í það að hlutur Íslendinga verði mjög lítill en að við höfum alla möguleika til þess að taka þátt í því.

Hvað varðar það hvernig fór fyrir fiskeldinu á sínum tíma þá hygg ég að það hafi ekki eingöngu verið Kvennalistinn sem gagnrýndi þá fjárfestingu sem þar hefur ekki nýst í þeim mæli sem til var ætlast. Má þar sjálfsagt kenna um að mörgu leyti eðli Íslendinga sem er að fara mjög hratt af stað í allt sem á að gera og taka ekki nægilega mið af því að fara varlega við slíka nýsköpun. En ég vitnaði til Norðmanna sem eru farnir að hafa talsverðar tekjur af fiskeldi, þeir fóru einmitt varlega af stað en öfluðu sér þekkingar með árunum.

Ég ætla ekki að úttala mig um lán til Kaupfélags Strandamanna, ég þekki það engan veginn. En hvað varðar að Kvennalistinn hafi lagt fram frv. til að skoða útlánatöp finnst mér einkennilegt að hv. formaður stjórnar Byggðastofnunar skuli tala nú þegar eins og þar sé eitthvað óeðlilegt á ferðinni. Ég geri alls ekki ráð fyrir að það sé neitt óeðlilegt við það sem Byggðastofnun hefur verið að gera á undanförnum árum en það má ábyggilega læra af því hvernig hefur verið farið með fjármuni, bæði Byggðastofnunar og annarra sjóða, á sl. árum sem vitnað er til. Við höfum dæmi fyrir okkur í ýmsum þingskjölum síðustu daga sem hafa sýnt fram á töp, bæði banka og sjóða.

[15:59]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef verið talinn einn af þeim sem hafa lengst gengið í því að vilja lána til fiskeldis og halda fiskeldi áfram en ekki að hætta. Norðmenn hafa ekki grætt á fiskeldi þegar á heildina er litið og þeir hafa líka farið geyst eins og við. Þeir hafa tapað milljörðum á fiskeldi en halda samt áfram. Ég vil halda áfram fiskeldi en innan hóflegra marka. Það hefur verið skammaryrði núna hjá ýmsu liði að tala um loðdýrarækt en núna eru skinnin aftur að koma upp og nú heyri ég engan skammast út í loðdýrarækt, ekki svona síðustu tvo mánuðina. En ef markaðurinn fellur þá er alveg öruggt að þessi söngur byrjar aftur. En þannig er það með Íslendinga að ef illa gengur þá þarf alltaf að kenna einhverjum öðrum um, svo þegar eitthvað fer að rofa til þá vilja allir Lilju kveðið hafa. Þannig gengur þetta til. Það var þetta sem ég var að benda á. Og það sem ég var að benda á, frú Jóna Valgerður, hv. 6. þm. Vestf., var að það væri rangsnúið að heimta rannsókn og hálfgerðan rannsóknarrétt yfir því sem hér væri rætt á hverju einasta ári og hvert einasta lán tíundað og hver einasti styrkur. Og leggja svo til að einn endurskoðandinn, aðalendurskoðandi í Ríkisendurskoðun, tilnefni tvo menn til þess að endurskoða aftur það sem þeir áður hafa endurskoðað.

[16:02]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér heyrist hv. þm. vera búinn að skipta aftur um skoðun frá því hér áðan því að hann taldi það einmitt alveg rétt sem ég hef verið að segja, að það væri rétt að halda áfram að skoða og styðja við fiskeldisfyrirtækin. Reyndar var sú stefna tekin að styðja við nokkur þeirra, halda þeim gangandi og ég held að það hafi verið rétt ákvörðun að hætta því ekki alveg og loka fyrir allan stuðning til fiskeldis og ég vona svo sannarlega að það skili árangri á næstu árum.

En ég vænti þess að hv. þm. vandi sig betur í málflutningi þegar hann er að ræða við okkur kvennalistakonur framvegis. (**MB:** Það er varla mjög dónalegt að nefna nafnið.)

[16:02]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að lýsa yfir furðu minni á því að svo þingvanur maður sem hv. 1. þm. Vestf. hlýtur að teljast skuli vera að ræða hér um mál sem löngu er búið að fjalla um, þ.e. nefndarskipun til að kanna útlánatöp hjá bönkum og sparisjóðum og fjárfestingarlánasjóðum því að þingmanninum hefði auðvitað verið í lófa lagið að taka til máls í þeirri umræðu ef hann hefði óskað þess. Við erum ekki hér að ræða um það að kanna útlánatöp. Við erum kannski miklu frekar að ræða um það í dag að reyna að koma í veg fyrir útlánatöp í framtíðinni. Og að gera lítið úr slíkri könnun er náttúrlega mjög sérkennilegt þegar til þess er litið að það hafa verið afskrifaðir 40 milljarðar á undanförnum fimm árum í bönkum, sparisjóðum og hjá fjárfestingarlánasjóðum. Það hafa verið afskrifaðir um 10 milljarðar í fiskeldinu. Þetta eru auðvitað gífurlegir fjármunir og það er full ástæða til þess að kanna hvernig á þessu stendur. Könnunin ein og sér getur ekki verið skaðleg og enginn er sekur fyrr en sekt hans er sönnuð, þar til eru menn saklausir.

10 milljarðar sem hafa verið afskrifaðir í fiskeldinu hafa m.a. verið afskrifaðir vegna þess að það var ekki kannað nógu vel þegar farið var út í fjárfestinguna í fiskeldinu hversu arðbært þetta væri og það var ekki búið að gera þær rannsóknir sem þurfti að gera. Og þetta var gert þrátt fyrir að framkvæmdastjóri Rannsóknaráðs ríkisins, Vilhjálmur Lúðvíksson, varaði við því þegar árið 1985 að farið væri út í alla þessa fjárfestingu og sagði þá m.a., með leyfi forseta:

„Því miður er það svo að þau atvinnutækifæri sem menn tala mest um, t.d. á sviði líftækni og fiskeldis, eru að miklu leyti enn þá óundirbyggð að því er rannsóknir varðar og hafa þegar orðið af því stórfelld skakkaföll. Ég óttast að á næsta leiti sé alda fjárfestinga í fiskeldi sem að miklu leyti verður byggð á sandi."

Þetta sagði hann 1985 og samt héldu menn áfram að fjárfesta í fiskeldinu. Nú er hins vegar búið að afskrifa þessa 10 milljarða en þarna er þessi fjárfesting og það er auðvitað fáránlegt annað en að nýta hana og þess vegna tek ég fyllilega undir það með þeim sem hér hafa sagt að við eigum auðvitað að horfa á fiskeldið sem möguleika.

[16:05]

Matthías Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri gaman að vita hver það hefði verið sem hefði getað upplýst 1985 að verð á eldislaxi í heiminum mundi hrapa úr 100 niður í 27–28 á fimm árum. Það væri gaman að fá upplýsingar um það. Og hver hefði þá getað komið í veg fyrir þetta?

Ef við ættum að taka töpin eftir fyrra stríðið af síldarsöltun þá hefðum við aldrei átt að halda síldveiðum áfram og síldarsöltun því það fór hver einasti maður á hausinn þegar verðhrunið varð. Þetta vil ég biðja hv. þm. Kvennalistans að hafa í huga.

Svo er nú eitt: Kvennalistinn átti fulltrúa í stjórn þeirrar stofnunar sem mest hefur tapað á sl. fjórum árum. Kvennalistinn hefur því getað fylgst mjög nákvæmlega með hvað var að gerast. Hvar var sérstaða Kvennalistans þá?

[16:06]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að hv. 1. þm. Vestf., þó hann talaði ekki mjög skýrt, hafi verið að tala um Landsbanka Íslands og þau útlánatöp sem þar hafa verið. Þar hefur Kvennalistinn átt fulltrúa í bankaráði, það er rétt. Við horfum hins vegar ekkert á það þó að okkar fulltrúi hafi setið þarna og við ætlum ekkert að hlífa henni við rannsókn frekar en öðrum. Þessari nefnd sem ég talaði hér fyrir að sett yrði á laggirnar er ætlað að skoða öll þessi mál, líka Landsbanka Íslands. Okkur dettur ekki í hug annað en að okkar fulltrúi sé þar ábyrgur. Auðvitað eiga stjórnarmenn í stjórnum, nefndum og ráðum og í bankaráðum að vera ábyrgir gerða sinna og eiga að þola skoðun ef allt er með felldu.

Ég reikna með því að í flestum tilvikum sé það svo en við höfum dæmi um það allt í kringum okkur á Norðurlöndunum að bankaráð t.d. stórra banka hafa verið gerð ábyrg fyrir þeim útlánatöpum sem þar hafa átt sér stað vegna þess að þau hafi ekki staðið nægilega vel að lánveitingum og ekki tryggt nógu vel að það væri forsenda fyrir þessum lánveitingum. Hver veit nema það sé einmitt að gerast hér í dag með þessar 300 millj., að það sé í rauninni verið að búa til afskriftavanda í framtíðinni þó að þetta sé ekki stór vandi miðað við þær tölur sem ég nefndi áðan. (**MB:** Er þá þingmaðurinn á móti þessu frv.?) Það sagði ég ekki. (**Gripið fram :** Það lá í orðunum.)

[16:08]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fagna því að þessar aðgerðir skuli vera komnar á dagskrá þingsins og eins og þær voru þegar forsrh. lýsti þeim í upphafi tel ég þær brýnar og bráðnauðsynlegar og kannski má segja þó fyrr hefði verið og það þrátt fyrir orðalag í frv. sem leita þarf skýringa á.

Eins og fram kemur í greinargerð þá búa Vestfirðir við sérstöðu umfram önnur landsvæði vegna samdráttar í þorskveiðiheimildum, einhæfni í atvinnulífi og landfræðilegrar stöðu. Hlutur sjávarútvegs í atvinnustarfsemi á Vestfjörðum er þrefalt meiri en landsmeðaltal. Þjóðhagsstofnun hefur reiknað það út og það hefur komið fram í fréttum að tap Vestfirðinga vegna minnkandi þorskkvóta nemur 4 milljörðum á árunum 1988 til 1993 og enn bætist við þessa tölu í ár. Það hefur verið rætt um það að atvinnuleysi sé minna á Vestfjörðum heldur en annars staðar. Atvinnuleysi þar birtist í minni vinnu, minnkandi tekjum þegar dregur úr aflanum. Hins vegar er vægi sjávarútvegs svo mikið á Vestfjörðum að atvinnulíf hrynur þar í einu lagi við stöðvun fiskiflotans. Nánast öll atvinnustarfsemi, eins og kom fram hér að framan og þjónusta er tengd á einhvern hátt fiskveiðum og vinnslu.

Hjá ríkisstjórninni virðist vera mikill ótti við að kalla þessar aðgerðir sértækar. Forsrh. hefur sitt á hvað í fréttatímum fjölmiðla nefnt þær svo eða borið það til baka. Það hafa verið gagnrýndar sértækar aðgerðir fyrri ríkisstjórna. Það hefur verið talað um sjóðasukk og það hefur verið talað um ráðdeildarleysi þegar fjármunir hafa verið veittir í atvinnulífið. Hvað hefur svo stefna núv. ríkisstjórnar í atvinnumálum kostað þjóðarbúið og hvað á hún eftir að kosta það?

Hinar sértæku aðgerðir í atvinnumálum voru m.a. fólgnar í því að meta stöðu einstakra fyrirtækja, byggðarlaga og landsvæða, gera upp við sig hvað það kynni að kosta að leggja þar af atvinnu og síðan að grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir atvinnuleysi, gjaldþrot og byggðaflótta. Þetta kostaði mikla peninga sem veita þurfti til þessara mála. Mörg þessara framlaga skiluðu sér í endurreisn fyrirtækja og í atvinnu fyrir þúsundir manna. Önnur dæmi og þau eru líka mörg, má finna þar sem ekki reyndist unnt að bjarga fyrirtækjum og þau lentu í þrotum. Það segir þó ekki að allt fjármagnið hafi glatast.

Í frétt frá fjmrn. í júní sl. kemur fram að samdráttur og atvinnuleysi á árinu 1992 og áætlað á árinu 1993 eru talin kosta ríkissjóð um 10 milljarða kr. Miðað við það að atvinnuleysi jókst meira en þar var gert ráð fyrir má ætla að þetta séu enn hærri tölur og þá er ótalinn kostnaður banka og ýmissa sjóða við öll þau gjaldþrot sem átt hafa sér stað síðan. Því hlýt ég að spyrja: Hvor stefnan er betri, svonefndar sértækar aðgerðir sem skila þó atvinnu og hjálpa til þess að halda fyrirtækjum gangandi eða stefna atvinnuleysis sem kostar þjóðarbúið milljarða svo tugum skiptir og skilur eftir sig sviðna jörð, örbirgð og vonleysi?

Þetta frv. felur í sér sértæka aðgerð og m.a. í sjávarútvegsmálum, það er rétt að taka það fram. Og það finnst mér lofsverð stefnubreyting sem ríkisstjórnin ætti að viðurkenna og hefur reyndar fengið stuðning hjá stjórnarsinnum hér í dag og það er vel, en það er mikil spurning í mínum huga hvort þessi aðgerð kemur ekki of seint. Ef ekki næst fram stuðningur við auknar aflaheimildir til viðbótar henni eða nýjar upplýsingar leiða til aukningar afla en nú hafa vonir heldur glæðst um það við nýjustu upplýsingar í fréttum.

Vestfirðingar geta ekki nýtt sér aukningu í loðnuveiðum. Þeim kemur ekki til góða aukinn síldarkvóti. Humar er ekki veiddur frá Vestfjörðum og steinbíturinn er ekki vís auðlind þann eina mánuð sem hann fæst þó að oft hafi hann bjargað miklu.

Þá er rétt að minna á það að frumkvæði í rækju-

veiðum kom frá Vestfjörðum á sínum tíma og það sama má segja um grálúðuveiðarnar sem fyrst voru stundaðar með línuveiðum á miklu dýpi og síðan með togveiðum. Vestfirðingar hafa ekki fengið að njóta þessa frumkvæðis því að þegar ísinn var brotinn og sýnt að þessar tegundir mátti veiða og nýta, þá var aflaheimildum í grálúðu og rækju dreift út, m.a. til þess að leysa vanda loðnuflotans þegar þar varð aflabrestur. Ekkert bendir til að þessu verði skilað þó að góðæri sé nú í loðnunni.

Vestfirðingar hafa verið að hagræða hjá sér. Þeir hafa orðið að selja frá sér skip og kvóta. Ekki færri en sjö togarar hafa verið seldir frá Vestfjörðum á síðustu örfáum árum og menn eru sveittir við að hagræða og bæta vinnsluaðferðir. Ég vil nefna fyrirtæki eins og Fáfni hf. á Þingeyri sem dæmi um viðbrögð við minnkandi afla. Þeir hafa orðið að selja frá sér skip og þeir hafa orðið að breyta rekstri. Þeir hafa tekið upp mjög mikla samvinnu við fyrirtæki á Ísafirði. Þeir eru með þróunarvinnu í gangi hjá sér við fullvinnslu á úthafskarfa og það er brautryðjendastarf og þeir hafa aflað sér markaða fyrir þessar afurðir. Þeir hafa unnið neytendavöru úr smáþorski og fengið markað fyrir þær afurðir í Bretlandi og þeir hafa unnið lausfrysta bita úr Rússafiski.

Þá er ég kominn að þeim annmarka sem ég tel að sníða þurfi af þessu frv. Þetta fyrirtæki sem hér var nefnt er fyrir fram dæmt til að verða af allri aðstoð, ekki vegna þess að þar hafi ekki verið vel að verki staðið heldur vegna staðsetningar sinnar og sérstöðu. Samvinna við önnur fyrirtæki eins og þeir hafa beitt dugir ekki heldur þarf sameining að eiga sér stað. Í 1. gr. frv. stendur, með leyfi forseta:

„Á árinu 1994 er ríkissjóði heimilt að veita Byggðastofnun sérstakt framlag að fjárhæð allt að 300 millj. kr. til að standa straum af víkjandi lánum til sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem vilja sameinast og til að styðja nýjungar í atvinnulífi, sbr. 5. gr."

Í 2. gr. stendur: „Þar sem sveitarfélög verða sameinuð á Vestfjörðum er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum, sem ætla að sameinast, víkjandi lán. Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum."

Þarna er þrenns konar orðalag, þ.e. sem vilja sameinast, sem ætla að sameinast, sem hafa sameinast. Það hefur að vísu komið fram hjá hv. 1. þm. Vestf. vilji hans til breytinga á þessu og þar stæði þá, með leyfi forseta: „Er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum sem ætla að sameinast víkjandi lán." En þó svo að þessi breyting yrði gerð, þá næði hún ekki þeim tilgangi að geta rétt hjálparhönd fyrirtækjum sem hafa sérstöðu eins og Fáfnir á Þingeyri, e.t.v. eins og fyrirtækin á Hólmavík og víðar, að þau hafa ekki ástæðu eða aðstæður til þess að sameinast. Hins vegar hafa þau sýnt vilja og sýnt í framkvæmd að þau hafa átt góða samvinnu við önnur fyrirtæki, þau hafa staðið vel að þróun sinna mála og því skyldi ekki vera ástæða til þess að styðja fyrirtæki með slíkt frumkvæði og með slíka sögu að baki?

Og hvað merkir að vilja sameinast? Hvað merkir að ætla að sameinast? Hvað þarf sá vilji eða sú ætlan að vera sterk og við hvaða rök þarf hún að styðjast? Er alveg sama hvaða fyrirtæki sameinast? Það stendur hvergi, eða ég hef ekki séð það hér í frv. eða í greinargerð með frv., neitt um það hvernig fyrirtækið á að vera. Í fylgiskjali sem hér fylgir er að vísu talað um „stærri sjávarútvegsfyrirtæki". Ég veit ekki almennilega hvað við er átt. Lítum enn á sama dæmið á Þingeyri. Möguleikar þar heima fyrir til að sameinast eru eingöngu að sameinast einhverjum trillukarlinum. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert, en ég sé ekki að það breyti neinu fyrir þetta stóra fyrirtæki þó að það taki inn einn eða fleiri menn með trillur því að þeir hafa hvort sem er fulla samvinnu við þessa menn. Þeir kaupa af þeim aflann og vinna hann. Ég sé ekki að það breytti neinu þó að þarna væri sameining í stað samvinnu. Er kannski nóg að Grandi kaupi hlutabréf í þessu fyrirtæki? Dugar það? Mér heyrðist það vera lofsvert þó að hérna sé verið að tala um sameiningu, vilja og ætlun og það að hafa sameinast, en síðan er talað um það sem lofsvert framtak að Grandi kaupir hlutabréf í öðru fyrirtæki. Kannski er þetta leiðin sem á að fara fyrir vestan að hlutafélögin kaupi hlutabréf hvert í öðru í stað sameiningar? Ég spyr.

En mér finnst að þessir hlutir þurfi að vera skýrir og það sé vænlegt að tala um samvinnu í stað sameiningar og binda þetta ekki of þröngum böndum þannig að það hái framkvæmdinni. Sjávarútvegsfyrirtæki eru mörg stór og þau eru með umfangsmikinn rekstur og mörg atriði sem meta þarf ef á að sameina þau að fullu svo að ljóst sé hver staða þeirra er. Í slík verk má ekki ráðast í flaustri eins og hér virðist hvatt til. Fyrirtæki sameinast ekki fyrirvaralaust án undangenginna athugana, kannana og upplýsingastreymis þeirra á milli.

Þá hefur gleymst vandi margra þessara fyrirtækja sem líta á sig sem forsjáraðila byggðarlaga. Þau geta ekki hagrætt afla skipa sinna eftir geðþótta til þess að fá hæsta verð hverju sinni heldur hafa þau líka haft atvinnusjónarmið heima fyrir í huga þó að það hafi haft í för með sér að ekki var hægt að selja hæstbjóðanda. Þetta er vert að hafa í huga og minnast.

Þarna er heldur ekki hægt að reka markaðsstefnu í atvinnumálum. Fólk á öllum aldri hefur haft hjá þessum fyrirtækjum lífsafkomu sína jafnvel þó að hagkvæmt hefði verið að ráða aðeins frískasta fólkið og láta hitt sitja heima.

Í frv. eru líka ákvæði um sameiningu sveitarfélaga. Ég tel ekkert athugavert við það að þau sveitarfélög sem sameinast og sjá sér hag í því fái aukna fyrirgreiðslu, einkum til þess að auðvelda þeim aðlögun að nýju umhverfi og nýju fyrirkomulagi. Hins vegar man ég ekki betur en því hafi verið lýst yfir í tillögu sveitarfélaganefndar og margendurtekið á fjölmörgum kynningarfundum um sameiningu sveitarfélaga að sameining yrði ekki knúin fram með valdboði eða nauðung. Þetta var margítrekað og margtekið fram og þessu held ég að menn hafi almennt trúað. Beitt yrði upplýsingum, ráðgjöf, beitt yrði kynningu á kostum sameiningar, en íbúarnir fengju að sjálfsögðu svo sem lög mæla

fyrir um að ráða því hvort af sameiningu yrði. Ég vil taka það fram að ég er almennt hlynntur sameiningu og samvinnu sveitarfélaga en ég hef alltaf litið svo á að þetta væri leiðin sem ætti að fara, að beita kynningu, ráðgjöf og upplýsingum en ekki valdboði.

Nú er vitað t.d. að Tálknfirðingar ganga til kosninga á ný um sameiningu við önnur sveitarfélög í Vestur-Barðastrandarsýslu eftir þrjár vikur eða svo. Tæpast er hægt að líta svo á að þeir geri það ekki undir ströngum skilyrðum, að ekki sé kveðið fastar að orði, jafnvel hótunum. Það vill nefnilega svo til að í Tálknafirði er fyrirtæki sem í áranna rás, allt frá stofnun þess 1946, hefur verið tekið sem fyrirmynd annarra fyrirtækja í sjávarútvegi á Vestfjörðum og það hefur ekki legið uppi á opinberum sjóðum með óeðlilegar beiðnir um fyrirgreiðslu eða bjargráð. Nú er þó svo komið að þetta fyrirtæki hefur orðið að selja frá sér togarann en bjargar sér með mikilli samvinnu við nágranna sína, í báðar áttir vel að merkja. Samkvæmt sameiningarákvæðum frv. eru þeir einnig útilokaðir frá stuðningi.

Bolungarvík kaus að hafna samvinnu við Ísafjarðarsvæðið í kosningum í haust á þeim forsendum m.a. að þeir uppfylltu skilyrði um íbúafjölda til þess að vera sjálfstætt sveitarfélag. Það ber enn að sama brunni. Það má geta þess að Þingeyri sem hafnaði sameiningu við Ísafjarðarsvæðið í sömu kosningum er utan þeirra fjarlægðarmarka sem sett voru fram í tillögum umdæmanefndar 1992 auk þess sem jarðgöng eru forsenda sameiningar. En eftir sem áður og það þó jarðgöng komi, verða á milli 50 og 60 km milli Ísafjarðar og Þingeyrar. Það breytir ekki því.

Hverjum á fyrirtæki á Hólmavík að sameinast? Og ef við förum aðeins norðar af því að hér var nefndur Árneshreppur áður, þar eru að vísu engin stór fyrirtæki í sjávarútvegi þar þannig að kannski er ekki um það að ræða. En það er þó verið að baslast við það að vinna sjávarafurðir íbúunum þar, þessum fáu íbúum til hagsbóta, og það gengur ekkert allt of vel. Ef þyrfti að rétta þeim hjálparhönd, þá væri það trúlega í smáum mæli, en þetta frv. sker algerlega á þeirra möguleika. Hverjum ættu þeir að sameinast? Það er ekki mjög auðvelt að sjá það fyrir sér.

Að síðustu verð ég að fara nokkrum orðum um þær 15 millj. sem ætlaðar eru til að styðja við nýjungar í atvinnumálum á Vestfjörðum sem auka fjölbreytni atvinnulífs. Þetta er mjög lofsverður kafli og spurning í mínum huga hvort ekki væri rétt að hækka þessa tölu verulega þar sem hér er unnið að því að breikka undirstöðurnar og það er verið að fara nýjar leiðir sem kannski eru mjög vænlegar. Eins og kom fram áðan hafa menn litið til ferðaþjónustu sem stoðgreinar og það er grein á Vestfjörðum sem ég þekki mjög vel. Ég hef tekið þátt í þeirri uppbyggingu sem þó er að verða í ferðamálum á Vestfjörðum og ég er sannfærður um það að ferðaþjónusta á nokkra framtíð fyrir sér á Vestfjörðum en það er mjög langt í land að hún geti orðið marktækur atvinnuvegur þar og menn mega ekki ganga út frá þeirri forsendu á næstunni. Ég held að enginn vilji sjá Vestfirði sem eyðibyggð með ferðalanga sem einu lifandi verurnar þar á vegum einhverra ferðaþjónustuaðila. Ferðaþjónustan er og verður um næstu framtíð stoðgrein á Vestfjörðum en ekki það sem við getum byggt okkar afkomu fyrst og fremst á. En hún er mikilvæg stoðgrein. Við skulum ekki gleyma því. Sjávarútvegurinn er og verður okkar meginatvinnuvegur og þannig á það að vera. En hann getur verið fleira en þorskur og steinbítur. Meðal þess sem ég tel æskilegt að styðja við eru t.d. kúfiskveiðar og vinnsla sem verið er að vinna að á Flateyri. Það þarf að aðstoða þá ungu menn sem hafa verið að þreifa sig áfram í ígulkeravinnslu sem er mannfrek atvinnugrein og því hentug á samdráttartímum. Það er verið að vinna dýrafóður úr fiskúrgangi vestur í Bolungarvík sem þyrfti að styðja. Það mætti vafalaust aðstoða þörungavinnsluna á Reykhólum við markaðsmál og þróunarstörf. En það má geta þess að á Reykhólum hefur verið sameinað það sem hægt er að sameina. Það eru bara meira en þrjú ár síðan. Hvernig fer með slíkt svæði? Það er ekki hægt að sameina þar meira. Það er allt búið, heil sýsla. En það eru meira en þrjú ár síðan. Útilokar það slík svæði? Ég spyr.

Síðan má ekki gleyma því að í Arnarfirði og í Húnaflóa eru auðug mið af kalkþörungum. Kalkþörungar voru rannsakaðir þarna á árunum 1963 og fram yfir 1970 og þar fór fram frumkönnun, en síðan hefur lítið verið gert og það vantar enn mikið á þekkingu til að nýta þessi mið. Kalkþörunga má nýta til áburðar og að hluta til jafnvel til síunar svipað og kísilgúr og margra annarra hluta vafalaust.

Hér hefur aðeins verið rætt um fiskeldi og loðdýrarækt. Ég tek undir það sem hv. 1. þm. Vestf. sagði og var reyndar stutt af fleirum. Það hafa farið miklir fjármunir í þessar greinar. E.t.v. hefur verið farið allt of geyst. En það fávíslegasta væri að bregðast við því þannig að fella þá niður þá reynslu, þá þekkingu sem þegar hefur náðst svo að ég styð þær aðgerðir sem nú eru í gangi að nýta það sem nýtanlegt er úr þessu tapi og snúa vörn í sókn með tímanum og það mun verða gert því að eins og kom fram hér áðan varð verðfall svo gífurlegt að það gat engan órað fyrir því og ekki bara í fiskeldi heldur líka í loðdýrarækt. Í loðdýrarækt eru farin að sjást batamerki og það hafa komið vísbendingar í fiskeldinu sem eru jákvæðar og gæti farið svo að það yrði framtíð fyrir þessu og er vert að minna á það að fiskeldi er orðið meira í heiminum. Hlutur fiskeldis er orðinn stærri heldur en vinnslu. Það bendir okkur aftur á það að fiskveiðar verða í framtíðinni veiðar á villibráð sem við þurfum þá að meta sem slíka og gera verðmætari í samræmi við það þegar meginhluti neyslu mannkyns verður úr eldinu.

Síðan er það heillaráð, sem ég legg hér með til, að heimila hrefnuveiðar strax í sumar. Það væri stórt og gott innlegg í nýtingu auðlinda sem við höfum við dyrnar, m.a. á Vestfjörðum en fáum ekki að nýta.

Virðulegi forseti. Um þetta mætti hafa miklu lengra mál. Ég lýsi því enn yfir að ég tel anda þessa frv. sýna lofsverða stefnubreytingu ríkisstjórnar og ég vona að það sé til marks um breyttar áherslur í atvinnumálum landsins alls og boði uppbyggingarstefnu í stað atvinnuleysis. Jafnframt vænti ég þess að í umfjöllun um

frv. í nefnd verði tekið á ákvæðum um skilyrðislausa sameiningu og samvinna geti komið til greina á sama hátt en landfræðilegar aðstæður útiloki ekki einstök fyrirtæki eða sveitarfélög.

[16:27]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Ég á sæti í stjórn Byggðastofnunar og ég vil strax taka það fram vegna þeirra umræðna sem fóru fram fyrr á fundinum um þátt Byggðastofnunar í þessu máli að stjórn Byggðastofnunar hefur hvergi komið nærri samningu þessa frv. Hún hefur ekki verið spurð álits um efni þess og á engan þátt í samningu þess. Ég tel því að sjálfsögu mjög fráleitt að vísa á stjórn Byggðastofnunar þegar kvartað er yfir því hér í umræðunum að þingmenn Vestfirðinga hafi ekki verið hafðir með í ráðum við undirbúning þessa máls. Stjórn Byggðastofnunar fékk ekki einu sinni upplýsingar um það hvað ætti að standa í frv., hvað þá meira. Ég er sannfærður um það að þetta frv. væri ekki eins stórgallað að efni og umgjörð og raun ber vitni ef frv. hefði verið sýnt í stjórn Byggðastofnunar og þar hefði verið tækifæri til þess að koma ábendingum á framfæri.

Staða sjávarútvegs á Vestfjörðum var veik og það er þörf aðgerða í málefnum sjávarútvegsfyrirtækja þar. Það er réttlætanlegt að grípa til sérstakra aðgerða af því tilefni. Og að því leyti er hér um jákvætt mál að ræða. En Byggðastofnun kom að þessu máli þannig að ríkisstjórnin óskaði eftir því að stofnunin gerði úttekt á stöðu sjávarútvegs á Vestfjörðum og eftir að sú úttekt hafði verið gerð, þá kom fram af hálfu Byggðastofnunar og stjórnar hennar tillaga um það að veitt yrði 300 millj. kr. til stuðnings sjávarútvegi á Vestfjörðum án þess að það væri á nokkurn hátt frekar skýrgreint hvernig sá stuðningur yrði veittur eða í hvaða formi það yrði og með hvaða skilyrðum. Ég tók það fram þá þegar að ég teldi sjálfgefið að stuðningur við sjávarútveg á Vestfjörðum yrði ekki látinn standa einn og sér heldur hlytu í kjölfarið að fylgja aðgerðir í þágu annarra landshluta. Og ég tel að þannig hefði þurft að undirbúa málið áður en það kom hér inn í hv. Alþingi.

Menn ræða um það hvort sértækar aðgerðir eigi rétt á sér almennt og ég segi það sem mína skoðun að ég tel að sértækar aðgerðir í atvinnumálum eigi oft rétt á sér, tvímælalaust. En ég tek það fram að þær mega ekki koma í veg fyrir það að gripið sé til almennra aðgerða í þágu viðkomandi atvinnugreinar. Auðvitað eru sértækar aðgerðir nokkurs konar undantekningarregla frá almennu reglunni sem gripið er til einkum og sér í lagi til að koma í veg fyrir fjöldagjaldþrot í viðkomandi grein. Ég nefni bara sem dæmi að auðvitað átti fyrir löngu að grípa til sértækra aðgerða í þágu skipasmíðaiðnaðarins í landinu og alveg sjálfsagt mál. Það er þörf á því að grípa til sértækra aðgerða til stuðnings nýjungum í íslensku atvinnulífi. Ýmsar atvinnugreinar eins og ígulkeravinnsla hafa verið að ryðja sér braut en hafa átt við ramman reip að draga vegna þess að þar hefur verið um að ræða mikinn rannsókna- og þróunarkostnað, eins og gjarnan er í nýjum atvinnugreinum, sem enginn hefur verið reiðubúinn að greiða nema fyrirtækin sjálf. Í ígulkeravinnslu eru feikilegir möguleikar eins og hefur sýnt sig víða um land þar sem hvert fyrirtækið hefur tekið í sína þjónustu tugi starfsmanna. En alls staðar er sömu sögu að segja, öll þessi fyrirtæki berjast í bökkum og mikil spurning hvort þau lifa það af. Þarna er einmitt svið þar sem sannarlega væri þörf á sértækum aðgerðum, aðgerðum sem ekki væru bundnar við einn landshluta. Að sjálfsögðu yrði það að vera aðgerð sem snerti allt landið en sértækar aðgerðir væru þær samt af því að þær snerta ekki önnur sjávarútvegsfyrirtæki, ekki sams konar aðgerðir og kannski er þörf gagnvart t.d. þessu sérstaka sviði sem ég núna nefndi.

Í öðru lagi tel ég að þegar um sértækar aðgerðir er að ræða þá megi ekki koma til neins konar miðstýring beint úr Stjórnarráðinu eða frá skrifborði einstakra ráðherra. Það eru vinnubrögð sem verður að fordæma og koma aldrei til greina nema hjá ráðherrum sem haldnir eru alveg sérstakri miðstýringarárátttu eins og virðist gilda um núverandi ríkisstjórn. (**EgJ:** Nei.) Jú, það má svo sannarlega segja það, hv. þm. Egill Jónsson. Við sáum það t.d. í stjórn Byggðastofnunar þegar núv. ríkisstjórn var að reyna að þröngva upp á stjórn Byggðastofnunar að það yrði farið að skipta landinu í svæði þar sem voru annars vegar fyrsta flokks svæði og hins vegar annars flokks svæði, jaðarsvæði annars vegar og hins vegar sérstök þróunarsvæði. (**Gripið fram í:** Vaxtarsvæði.) Vaxtarsvæði. Það var miðstýringarárátta núv. ríkisstjórnar og sem betur fer stóðum við saman við saman, við hv. þm. Egill Jónsson, um það að vísa slíkri árátttu á bug. (**StG:** Hvað segir í 3. gr. frv.?) Það er einmitt það sem ég ætla að víkja að hér á eftir. Að sjálfsögðu er mjög ankannaleg og hættuleg miðstýringarárátta einmitt í þessu frv. og það kemur ekki svo mjög á óvart úr því að frv. kemur beint úr skúffu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég tel að sértækar aðgerðir megi sem sagt ekki vera á nokkurn hátt tengdar miðstýringu úr Stjórnarráðinu og ekki bundnar við einn landshluta. Það má ekki setja slíkum aðgerðum óeðlileg skilyrði sem ekki koma málinu við eins og gert er í frv.

Ég vil því láta það koma strax fram að ég tel það vera meginágalla frv. að það skuli ekki miðast við landið í heild sinni, auk þess sem upphæðirnar sem þar er um að ræða eru svo smávaxnar að þær munu gera fjarskalega lítið gagn og þyrftu þær að vera verulega hærri þegar allt landið væri haft í sigti.

Því miður verður það að segjast eins og er að það er ákaflega ljótur svipur á margri þeirri hugsun sem í þessu frv. felst. Og þá komum við að 2. og 3. gr. frv. þar sem fjallað er um hvernig þessum stuðningi verði háttað. Ég tel það ljótan svip á málatilbúnaði þegar ríkisstjórn ákveður að veita 300 millj. kr. í atvinnulífið og ætlar að fela það fjórum kommissörum, einum úr hverju þriggja ráðuneyta, forsætis-, fjármála- og félagsmálaráðuneyti, ásamt einum manni frá Byggðastofnun og að þessir kommissarar eigi að vera með puttana í því hvernig þessu fjármagni verði ráðstafað. Það er ljótur svipur á þessu.

Ég tel að það eigi að vera föst regla að ráðherrar

séu yfir það hafnir að vera með fingurna í úthlutun fjármagns til atvinnulífsins. Það ætti að vera föst siðaregla í íslenskum stjórnmálum. Ég undrast það mjög að menn skuli ekki hafa lært af liðinni tíð að útiloka slíkt með öllu.

Eins og menn sjá af frv. þá eru afskipti Byggðastofnunar algjört formsatriði. Henni er aðeins ætlað að taka við fjármagninu og úthluta því eftir því sem kommissarar ríkisstjórnarinnar ákveða. Stjórn Byggðastofnunar hefur að vísu neitunarvald en hún getur ekkert frumkvæði haft og hefur lítið með það að segja hvernig þessum lánum verður úthlutað. Það kemur því nokkuð af sjálfu sér að það eru kommissararnir sem eiga að ráða í þessu máli og þá tel ég langbest að halda Byggðastofnun algjörlega utan við þetta mál.

Sú hugsun sem kemur fram í 2. gr. er ákaflega varhugaverð. Þar segir, með leyfi forseta: „Þar sem sveitarfélög verða sameinuð á Vestfjörðum er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum, sem ætla að sameinast, víkjandi lán. Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum."

Hér kemur þessi miðstýringarárátta mjög skýrlega fram. Ef þið sem ætlið að taka þetta lán gerið ekki þetta og hitt, ef þið sameinist ekki öðrum og ef þið eruð ekki staðsettir í sveitarfélögum sem hugsa í sameiningarmálum með svipuðum hætti og ríkisstjórnin gerir, þá fáið þið ekki neitt. Það á sem sagt ekki að spyrja að því hvort verið er að taka skynsamlegar og rökstuddar ákvarðanir. Það á að spyrja að því hvort stefna viðkomandi sveitarfélags í sínum málefnum er að óskum núverandi ríkisstjórnar.

Auðvitað er sameining fyrirtækja oft og tíðum gagnleg en það er alls ekkert einhlítt að það sé gagnlegt að sameina fyrirtæki. Ég hélt að hæstv. fjmrh. væri það klókur maður og þekkti vel til í atvinnulífinu til að vita að enginn algild regla getur sagt okkur það að sameining hljóti alltaf að leiða eitthvað betra af sér en fyrir var. Við skulum bara hugsa okkur tvö fyrirtæki, annað töluvert skuldugt og hitt aftur á móti svo stórskuldugt að það rambar á gjaldþrotsbarmi. Fyrra fyrirtækið kann að bjargast með hæfilegri fyrirgreiðslu. Seinna fyrirtækinu verður bara alls ekkert bjargað. Auðvitað væri það mikill bjarnargreiði við fyrra fyrirtækið að vera að hengja seinna fyrirtækið á það og það gæti orðið til þess að seinna fyrirtækið, sem skuldar mjög mikið, mundi draga hið fyrra með sér í fallinu. Þá væri miklu betra að senda seinna fyrirtækið í gjaldþrot og láta fyrra fyrirtækið lifa. En það á að lögbinda að kommissarar ríkisstjórnarinnar skuli fylgja þeirri meginreglu að slík fyrirtæki verði að sameinast ef þau eiga að fá stuðning. Þetta er hættuleg hugsun og með öllu fráleit.

Í öðru lagi verð ég að taka undir með þeim sem hér hafa talað á undan mér og á það bent að hugtökin sem notuð eru í 2. gr. er ákaflega þvogluleg og óljós og í einu orði sagt verður að segjast eins og er að þetta frv. er óvenjulega illa samið. Ég man varla eftir því, a.m.k. í langan tíma að hingað í þingið hafi komið frv. sem er svo illa samið sem þetta frv. Það eru einkum og sér í lagi þessi þrjú hugtök í 2. gr. sem hljóta að valda vafanum, þ.e. „verði sameinuð", „ætla að sameinast", „hafa sameinast". Hvað þýða þessi hugtök? Ég er hræddur um að það viti ekki nokkur maður og ég er alveg sannfærður um það að ef þetta frv. verður að lögum á það eftir að valda miklum vandræðum í dómskerfinu.

Ég býst við að það megi gera ráð fyrir því þegar fram líða stundir, eftir svona 100 ár, þá verði öll sveitarfélög á Vestfjörðum orðin að einu. Það er mjög líklegt. Í öllu falli er mjög líklegt að öll sveitarfélög hafi sameinast einhverju öðru sveitarfélagi að 100 árum liðnum. Nægir það þá að svo standi á? Það er stóra spurningin. Að sveitarfélög verði sameinuð á Vestfjörðum en það er ekkert um það hvenær það á að hafa gerst og mundi áreiðanlega duga, ef ekki er nánar tiltekið, að það gerðist eftir 100 ár.

Á hvaða stigi málsins á það að ráða úrslitum hvort þetta skilyrði er uppfyllt og hver á að úrskurða um það? Nægir að sveitarstjóri hafi lýst því yfir að sveitarfélag verði sameinað einhvern tímann í framtíðinni? Verður sveitarstjórn að hafa lýst því yfir eða verða kjósendur að hafa lýst því yfir? Það kemur ekkert fram um það. Og hvað ef ekki er unnt að sameina, eins og hér var bent á áðan, vegna þess að sameining hefur farið fram kannski fyrir allmörgum árum síðan? Er þá skilyrði laganna uppfyllt?

Enn óljósara er þó orðalagið „ætla að sameinast" því þar eiga í hlut sjávarútvegsfyrirtæki sem ætla að sameinast. Má þá veita öðru fyrirtækinu eða verður að veita báðum fyrirtækjunum þennan styrk? Ég hygg að samkvæmt orðalaginu yrði að veita þeim það báðum, hvoru í sínu lagi. Það stendur ekki hér að það eigi að veita þetta eftir að þau hafa verið sameinuð heldur áður en þau verða sameinuð. Það stendur hér „sem ætla að sameinast". Þar af leiðandi yrði það ævinlega að vera svo að tvö fyrirtæki fengju þessa fyrirgreiðslu. Hvað svo ef þau hætta við, hver yrðu réttaráhrif þess? Ætti þá að svipta þau þessum lánum? Afturkalla þau? Ég hygg að það yrði erfitt vegna þess að það virðist nægja að á einhverju augnabliki ætli þau að gera þetta. Svo hætta þau við og þá ætla þau ekki að gera það lengur en það skiptir ekki máli.

Þannig má eiginlega toga allt þetta orðalag í allar áttir og sama gildir auðvitað um það orðalag að sjávarútvegsfyrirtækin „hafi sameinast". Er nóg að um sé að ræða einn trillukarl sem gekk inn í stórt fyrirtæki og þannig sameinuðust örlítið rekstarfyrirtæki trilukarls annars vegar og hins vegar stórfyrirtæki sem rekur marga togara? Nægir þetta til? Hvað þýðir það að þetta hafi gerst á síðustu þremur árum? Eru það almanaksárin eða er það frá flutningi frv. eða frá samþykkt frv.? Alls staðar, hvar sem gripið er niður, er jafnþvælulegt orðalag. Ég segi það skýrt og ákveðið: Svona getur lagatexti ekki hljóðað og svona er ekki hægt að bjóða hv. alþm. upp á. (**Gripið fram í:** Þetta er fínt fyrir lögfræðinga.) Ég get vissulega samþykkt að það getur verið gott að fyrirtæki sameinist og það getur vel verið að það sé gott að hafa það að leiðarljósi að svo verði en orðalag af þessu tagi getur ekki staðist í löggjöf.

Virðulegi forseti. Tími minn er senn á þrotum. Ég vek á því athygli að orðalag í frv., sem lýtur að vöxtum og afborgunum, er alveg jafnóljóst og annað sem ég hef nefnt hér. Það stendur í 4. gr.: „Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu þrjú árin. Næstu þrjú ár skal einungis greiða vexti." Afborganir eru ekki vextir eins og allir vita og þá er spurningin: Verður ekki að skilja þetta þannig að þau skuli vera afborgunarlaus fyrstu þrjú árin en það skuli greiða vexti á sama tíma? Eða eru þessi næstu þrjú ár frá þeirri stund þegar frv. er samþykkt eða eru það næstu þrjú ár á eftir hinum þremur árunum sem áður voru nefnd? Þetta er mjög óljóst og má skilja á fleiri en einn veg.

Tími minn er á þrotum, herra forseti. (**Gripið fram í:** Þú verður nú að fá botn í þetta.) Ég segi það aðeins að lokum að það er jákvæð hugsun í þessu frv. en það hefur verið samansett á ákaflega flaustурslegan hátt og þarfnast verulegra endurbóta í þinginu.

[16:47]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er ekki einungis afar sérkennilegt mál á ferð heldur hefur verið sýnt fram á það af síðasta hv. ræðumanni að lagatextinn er illskiljanlegur og má teygja hann og toga á ýmsa vegu. En mig langar til að byrja mál mitt á því að rifja upp kafla úr viðtali sem Morgunblaðið átti við hæstv. forsrh., Davíð Oddsson, undir yfirskriftinni „Hlaupumst ekki undan merkjum" og birtist í Morgunblaðinu 1. nóv. 1992. Þar segir hæstv. forsrh., með leyfi forseta:

„En hlutverk yfirreddarans hér í Stjórnarráðinu á ekki lengur að vera fyrir hendi. Ég finn ekki fyrir öðru en því að það sé vaxandi skilningur á þessu í þjóðfélaginu. Sumir, sem tala um að aðgerðarleysi stjórnvalda sé algert, þeir eru að fiska eftir þessari gömlu aðferð að við breytum Stjórnarráðinu aftur í félagsmálastofnun atvinnulífsins og nánast hverju sem er verði haldið uppi með styrkjum og reikningurinn verði sendur börnum okkur og barnabörnum. Það ætlum við okkur alls ekki að gera. Það er færeyska leiðin."

Þetta sagði hæstv. forsrh. í viðtali en auðvitað vaknar sú spurning hvað ríkisstjórnin er að gera með þessu frv. Er hún ekki að gera nákvæmlega það að gera Stjórnarráðið aftur að félagsmálastofnun atvinnulífsins? Þá er ég í rauninni alls ekki að tala um það í neikvæðri merkingu heldur er raunveruleikinn einfaldlega sá að okkar atvinnulíf á í svo miklum erfiðleikum að það verður að grípa til samhæfðra aðgerða til þess að styðja atvinnulífið. Sú stefna sem ríkisstjórnin boðaði í upphafi kjörtímabils hefur einfaldlega beðið skipbrot. Þetta gengur ekki. Það gengur ekki að sleppa frjálshyggjunni lausri á atvinnulífið og láta markaðslögmálin ráða algjörlega ferðinni. Þegar ástandið er eins og raun ber vitni með samdrætti, mikilli skuldasöfnun og erfiðleikum á erlendum mörkuðum þurfa allir að leggjast á árarnar og það þarf að grípa til samræmdra aðgerða. Það sem ég les út úr þessu er því það að efnahags- og atvinnustefna ríkisstjórnarinnar hefur beðið skipbrot.

En það er ekki þar fyrir að þær aðgerðir sem hér er gripið til hljóta að vekja margar spurningar. Ég dreg ekki í efa að Vestfirðingar standa frammi fyrir miklum erfiðleikum. Ég hef farið þar um með hv. 6. þm. Vestf. og við höfum heimsótt þar ýmis þorp og vorum nýlega á fundi með kvennalistakonum þar vestra þar sem kom mjög greinilega í ljós hve miklar áhyggjur Vestfirðingar hafa af framtíðinni. Það er rétt, sem hér hefur komið fram, að Vestfirðir hafa orðið fyrir mikilli aflaskerðingu, hlutfallslega meiri en aðrir landshlutar. En við hljótum þó að spyrja: Hvaða greining hefur farið fram á vandanum? Hverjar eru orsakir vandans? Er þar eingöngu um að ræða þennan samdrátt eða kemur fleira til?

Útgerðarmenn víðs vegar af landinu sem hafa tjáð sig um þessi mál hafa bent á það að Vestfirðingar hafa kannski ekki haldið nægilega vel á sínum málum, þeir hafa ekki stjórnað sínum veiðum nægilega vel. Ég ætla ekki að dæma um það hvort það er slælegri stjórnun að kenna að Vestfirðingar eru að verða búnir með sinn kvóta en það hlýtur að þurfa að fara ofan í orsakir og sjá til þess að þessi aðstoð komi að raunverulegum notum, að hún verði þá til þess að fleyta fyrirtækjum yfir erfiðleikana.

Það er ekki síður vert að setja spurningarmerki við það hvort hér er rétt að verki staðið. Eins og fram hefur komið í þeim upplýsingum sem við höfum er staðreyndin sú að meðaltekjur eru hæstar á landinu á Vestfjörðum og þar er atvinnuleysi minna en nokkurs staðar annars staðar á landinu. Samkvæmt nýjustu tölum frá vinnumálaskrifstofu félmrn. er atvinnuleysi á Vestfjörðum 3,5% í röðum kvenna og 2,8% í röðum karla, eða að meðaltali 3,1%. Þetta eru mun lægri tölur en annars staðar á landinu. Og ef við horfum á þetta í því samhengi að vera að tryggja áframhaldandi atvinnu þá hljótum við að spyrja: Eru erfiðleikarnir mestir þarna? Eru þeir raunverulega mestir þarna?

Ég þykist reyndar vita og hef það eftir Byggðastofnun að á Vestfjörðum eru fyrirtæki sem ramba á barmi gjaldþrots og við höfum horft þar upp á mikla erfiðleika en þegar gripið er til aðgerða eins og þeirra sem hér um ræðir hljótum við að þurfa að horfa á málið í samhengi. Raunin hefur orðið sú að eftir að þessir tveir þingmenn gengu til yfirreddarans í Stjórnarráðinu og báðu hann um aðstoð og fengu — það reyndist vera sú félagsmálastofnun atvinnulífsins sem þeir þóttust geta leitað til — hefur ríkisstjórnin orðið að bregðast við með þeim hætti að lofa frekari könnun á ástandinu og hugsanlega frekari aðstoð. Það er afar sérkennilegt að nálgast málin með þessum hætti. Einhverjir tveir þingmenn fara og biðja um aðstoð fyrir Vestfirðinga og hún er veitt án þess að fram fari könnun á ástandinu annars staðar á landinu. Það er rétt sem fram hefur komið að atvinnulíf er afar einhæft á Vestfjörðum og þarf þar virkilega að grípa til ráða til að auka fjölbreytnina en samkvæmt þessum tillögum, sem við erum hér með, á einungis að veita 15 millj. kr. til nýsköpunar í öðru en sjávarútvegi og 15 millj. kr. er ekki mikið. Það er meira atvinnuleysi í röðum kvenna á Vestfjörðum en karla og ég hygg að það sé ekki síst fyrir konurnar sem atvinnusköpun og nýjungar í atvinnumálum þurfa að koma fram. Ég held að það megi

öllum vera ljóst að þó við förum að veiða meiri þorsk, sem vonandi verður bráðlega, þá stefnir öll tækni í þá átt að störfum fækki í fiskvinnslu í landi. Tæknin er að fækka störfunum og það eru jú konur sem vinna í miklum meiri hluta við úrvinnslu í fiskvinnslustöðvunum þannig að það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af vaxandi atvinnuleysi kvenna í þeim byggðum landsins sem fyrst og fremst byggja á fiskvinnslu. Þess vegna duga engar 15 millj. til að ráða þar bót á. Mér finnst þetta sýna einmitt áherslur ríkisstjórnarinnar. Eins og ég les frv. er verið að múta bæði sveitarfélögum og fyrirtækjum. Þetta eru ekkert annað. Það er kannski ljótt orð að nota — á ég að segja kannski gulrót? Það er verið að bjóða upp á gulrót til að sveitarfélög sameinist og til þess að fyrirtæki sameinist.

Ég verð að taka undir það sem kom fram í máli síðasta ræðumanns að texti bæði 1. og 2. gr. er afar sérkennilegur. Í 1. gr. segir að þessar 300 millj. kr. megi veita til fyrirtækja sem „vilja sameinast". Síðan á að veita aðstoð sveitarfélögum sem „verða sameinuð" einhvern tíma. Sjávarútvegsfyrirtæki sem vilja sameinast, hvenær sem það verður. Þetta er lagatexti sem ekki gengur að hafa með þessum hætti.

Það kemur fram í frv. að þessum peningum á að hluta til að verja til að létta á skuldum þeirra sveitarfélaga sem vilja sameinast. Það á sem sagt að gera þeim auðveldara að sameinast. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. — ég þurfti að víkja mér frá í umræðunum og kann að vera að spurningin hafi komið fram en ég spyr: Hverjar eru skuldir sveitarfélaganna á Vestfjörðum? Hvernig er staða sveitarfélaganna? Er hægt að ætla sem svo að þeir peningar sem hér um ræðir muni í raun breyta einhverju í stöðunni? Mér finnst þetta sannast að segja ekki vera neitt gríðarlega háar upphæðir. Hvað með skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna? Hversu miklar eru þær? Hvað má ætla að þessir peningar komi að miklu gagni þegar betur er að gáð? Hér er auðvitað um björgunaraðgerð að ræða en ég dreg sannast að segja mjög í efa að hún komi að tilætluðu gagni.

Það sem ég les líka út úr þessu frv. og ég hef nefnt áður er að það er ákveðin stefnubreyting hjá ríkisstjórninni og mikil forræðishyggja á ferð. Það er verið að beita peningum til að fá fyrirtæki til að sameinast og til að fá sveitarfélög til að sameinast en íbúar sveitarfélaganna á Vestfjörðum eru því miður nýbúin að hafna sameiningu. Það sýnir okkur hvað við eigum mikið eftir í þessari umræðu. Ég held að það væri miklu eðlilegra að íbúarnir sjálfir tækju þá ákvörðun eftir ítarlega umræðu að sameina sveitarfélögin. Það er kannski svolítið erfitt fyrir okkur alla vega hér á suðvesturhorninu að skilja þá tregðu sem er á því að sameina sveitarfélög. Þó samgöngur séu erfiðar og þetta séu mismunandi svæði þá er svo augljós kostur að stækka einingarnar. Að mínum dómi er það augljós kostur en það þarf auðvitað að gerast í sátt við vilja íbúanna. Það er ekki rétt aðferð að þvinga fólk í þessu tilviki með því að lofa þeim peningum til að sameinast. Mér þykir því vera mikil forræðishyggja á ferð hjá ríkisstjórninni.

Mín meginspurning er þessi: Hversu langt duga þessar aðgerðir og hvernig ætlar ríkisstjórnin að fylgja þeim eftir? Hvernig ætlar hún að fylgja því eftir að um raunverulega endurskipulagningu verði að ræða? Ef sjávarútvegur á Vestfjörðum, eins og svo sem víðar á landinu, á að ná sér upp úr þessum erfiðleikum þá þarf mikla endurskipulagningu. Hún hefur víða átt sér stað, sem betur fer, menn hafa mjög tekið sig á í rekstri. En við þurfum líka að spyrja um stjórnendur þessara fyrirtækja. Er verið að veita peninga til fyrirtækja sem hefur verið illa stjórnað og verður þeim eitthvað betur stjórnað með þessu sama fólki? Ég spyr. Hvað hefur verið farið djúpt ofan í orsakir þessara erfiðleika? Áður en við tökum almannafé eins og hér á að gera þarf að liggja fyrir nákvæm greining. Í fylgiskjali frv. er að vísu sagt frá helstu niðurstöðum starfshópsins sem fór ofan í þessi mál hjá Byggðastofnun en að mínum dómi þá eru þetta alls ekki nógu greinargóðar upplýsingar til að fara þess á leit við Alþingi að veita fé á þennan hátt. Við getum að vísu í efh.- og viðskn. kallað eftir frekari upplýsingum og það er alveg greinilegt að við þurfum að leggja töluverða vinnu í þetta frv. og gera textann þannig úr garði að hann sé ekki eins loðinn og nú er.

Ég spyr að lokum, virðulegi forseti: Hver er stefna ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum? Er hún sú að grípa til neyðarráðstafana þegar allt er komið í óefni eða á að taka sig á og fara að veita fjármuni til raunverulegrar nýsköpunar? Hér gengur hæstv. iðnrh. um salinn og nýlega skilaði hópur á hans vegum frá sér skýrslu um nýsköpun í atvinnumálum. Ég hef ekki orðið vör við að þeirri skýrslu hafi verið fylgt eftir enn sem komið er en það á kannski eftir að koma í ljós. En við stöndum hérna frammi fyrir tvenns konar vandamálum. Annars vegar eru fyrirtæki landsins, því miður, flest hver í miklum erfiðleikum og hafa orðið að draga saman seglin og spurningin er hvernig hægt verður að fleyta þeim yfir erfiðleikana. Hins vegar stöndum við frammi fyrir því hvernig við ætlum að skapa vinnu í landinu til frambúðar. Hvernig við ætlum að mæta þörfum þess unga fólks og þeirra sem nú eru því miður búnir að missa atvinnuna eða í þann veginn að missa hana? Hvernig ætlum við að mæta þessum þörfum? Það eru engar patentlausnir til á þessu. Það þarf stefnumótun og stöðuga vinnu og sú vinna verður að eiga sér stað. Við verðum að taka á þessum málum en svona skammtímalausnir eins og hér er verið að bjóða ákveðnum hluta landsins upp á duga ákaflega skammt.

[17:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki svarað ýmsum spurningum ræðumanns en mun gera það síðar að sjálfsögðu. Það er fyrst og fremst eitt atriði sem ég vil leggja á áherslu hér og nú, vegna þess að fleiri hv. ræðumenn hafa nefnt það. Það er atvinnuleysi á Vestfjörðum. Ég tek það skýrt fram að þessar aðgerðir eiga ekki við vegna núverandi atvinnuleysis á Vestfjörðum. Það er ekki ástæðan fyrir þessum aðgerðum. Erlent

verkafólk var á Vestfjörðum í stórum stíl. Það er brottflutt. Vestfirðingar hafa flust brott úr sínu kjördæmi í stórum stíl en við vitum að það eru 35–40% af fólkinu sem lifir á sjávarútvegi. Ef atvinnulífið hrynur á Vestfjörðum verður atvinnuleysi ekki 10%, það gæti orðið 40–50% ef ekki meira. Það er sú fyrirbyggjandi aðgerð sem við erum að tala hér um. Þetta er í fyrsta lagi.

Í öðru lagi held ég að það sé mikilvægt að það komi líka fram í umræðunni að það liggur könnun á bak við þessa aðgerð. Þetta mál hefur verið kannað af sérfræðingum frá því í nóvember. Og það eru til skýrslur um það á hverju þessar aðgerðir byggjast.

Í þriðja lagi vegna sveitarfélaganna. Nefndin getur aflað sér upplýsinga um það að Patreksfjörður, Bíldudalur og Bolungarvík eru mjög skuldug sveitarfélög. Önnur sveitarfélög standa misjafnlega vel, sum nokkuð vel.

Varðandi sjávarútveginn þá er staðan sú á Vestfjörðum að að meðaltali er afkoma sjávarútvegsfyrirtækjanna þar 2% verri heldur en landsmeðaltalið. Þær aðgerðir sem verið er að efna til duga ekki til að leysa allan vanda en þeim er ætlað að að brúa bil þar til þorskurinn gefur sig aftur.

[17:05]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir hæstv. fjmrh. vera mjög bjartsýnn. Þó sem betur fer hafi nú borist fréttir af því að betur horfi í okkar fiskveiðimálum þá skilst mér að ekki séu horfur á að þorskkvóti verði aukinn í bráð þó vonandi gerist það. Ég á erfitt með að trúa því að þessar 300 millj. dugi til að brúa það bil þangað til hægt verður að auka kvótann.

Ég viðurkenni alveg eins og ég sagði áðan að vestfirsk fyrirtæki eiga í miklum erfiðleikum og að Vestfirðingar standa frammi fyrir miklum erfiðleikum klárist þeirra þorskkvóti en það breytir ekki meginspurningunni: Er verið að taka á vandanum þar sem hann er mestur? Þarna er mikill vandi en hvað um aðra landshluta? Hvað um önnur svæði? Horfum t.d. á Akureyri þar sem atvinnuleysi hefur verið gífurlegt. Auðvitað má segja sem svo að þarna sé verið að fyrirbyggja enn stærri vanda. En það er erfitt að réttlæta það að grípa þarna til einnar fyrirbyggjandi aðgerðar á meðan við horfum upp á svæði eins og Akureyri og Suðurnes þar sem atvinnuleysi er gífurlegt.

[17:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir fjármunir sem renna til vestfirskra fyrirtækja verða 300 millj. ef allar heimildirnar eru notaðar. Þessu til viðbótar er gert ráð fyrir að á annað hundrað milljóna, kannski nær 200 millj., gætu runnið til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga þannig að þar er um talsverða aðstoð að ræða. Þetta gerist reyndar ekki á einu ári heldur fjórum.

Það sem skiptir máli er að til viðbótar er búist við því að kröfuhafar komi að þessum málum einnig og hjálpi til. Það má ekki gleyma því. Sem betur fer er það þannig í mörgum tilvikum að birgjar og kröfuhafar hafa getað liðkað til, teygt úr lánum, jafnvel breytt viðskiptaskuldum í hlutafé þegar illa hefur árað og afkoma er slæm í fyrirtækjum eins og þessum, ekki síst ef einhver björt von er fram undan.

Varðandi Akureyri er það alveg hárrétt að það eru vandamál á Akureyri og mjög víða á landinu vegna atvinnuleysis. Það eru annars konar vandamál sem þarf að taka á með allt annars konar aðferðum heldur en þarna er verið að beita. Það er það sem m.a. Atvinnuleysistryggingasjóður hefur verið að skoða.

[17:08]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað spurning hversu mikill vandinn er á hverjum stað. En það er einmitt þetta: Við horfum upp á það að tveir þingmenn ganga upp í Stjórnarráð og labba þar út með tæpar 500 millj. kr. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Það veit þingmaðurinn eins vel og ég. En hvað um aðra staði? Er það nægjanleg úrlausn fyrir íbúa Akureyrar og Suðurnesjanna, við skulum ekki gleyma Suðurnesjunum, að bíða eftir einhverjum úrræðum Atvinnuleysistryggingarsjóðs? Hvers vegna fá landshlutar svona mismunandi meðferð af hálfu ríkisstjórnarinnar? Þetta er meginspurningin í þessu. Það sitja ekki allir við sama borð þegar aðstoð ríkisvaldsins er annars vegar.

[17:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. „Tími sértækra aðgerða er liðinn." Þetta var setning sem hv. þm. og þjóðin öll heyrði oft í upphafi valdaferils þessarar ríkisstjórnar. Þeir veltu sér upp úr fortíðinni og aðgerðir af því tagi sem nú hafa verið boðaðar voru úthrópaðar sem sukk og hjálp við vini og vandamenn eða eitthvað því um líkt. Það var ekki líklegt á fyrstu mánuðum þessarar ríkisstjórnar að við fengjum inn á borð okkar frv. af þessu tagi sem hér liggur fyrir til meðferðar í hv. Alþingi. Af öllum ríkisstjórnum var það þessi sem mætti til leiks með slíkt frv. Það sem helst hann varast vann varð þó að koma yfir hann, mætti segja nú um hæstv. fjmrh.

En það er ekki ætlun mín að fara að fordæma tilraun hæstv. ríkisstjórnar til þess að koma eitthvað til móts við Vestfirðinga. Ég tel að vísu að málið sé mjög illa undirbúið og grundvallarafstaðan til þess hvernig eigi að fara að svona hlutum sé röng. Ég tel að vandi Vestfirðinga verði ekki leystur með þessu frv. eða þeim peningum sem hér er verið að tala um að deila út. Ég tel að það séu líka rangar ákvarðanir í frv. um það hvernig eigi að deila út þessum peningum. Ég ætla ekki að þræta fyrir það að á Vestfjörðum sé líkast til versta ástandið ef heill landshluti er tekinn og skoðaður í atvinnulegu tilliti vegna aflasamdráttar. En ég held því fram að það sé alveg jafnvont ástand í sumum landshlutum eða byggðarlögum öllu heldur og það sé auðvitað fáránlegt að taka einn landshluta út úr með þeim hætti sem hér er gert. Hér hefði þurft að kanna ástandið í öllum þeim byggðarlögum sem álíka ástæður voru til til þess að skoða eins og á Vestfjörðum og síðan að bera niður eftir því hvar ástandið var verst og eftir því hve langt menn vildu ganga til þess að jafna upp þessi vandamál.

En mig langar til að ræða um það sem ég hef reyndar rætt oftar en einu sinni hér á hv. Alþingi. Það er sá vandi sem er í sjávarútveginum og er miklu meiri vegna afstöðu ríkisstjórnarflokkanna til stjórnar fiskveiða. Það er miklu, miklu meiri vandi á Vestfjörðum og í byggðarlögum sem álíka er ástatt um en hann hefði þurft að vera. Þegar menn ákváðu að skerða veiðiheimildir í þorski svo mikið sem raun bar vitni þá var hægt að jafna þeirri skerðingu niður. Það var auðvelt að gera það þannig að það hefðu engir orðið fyrir meiri skerðingu en t.d. 3% fyrir tveim árum síðan og álíka mikilli skerðingu á árinu í fyrra. Þetta var sýnt fram á og ég skrifaði um það blaðagreinar og fleiri aðilar sem lögðu til að fara að með svipuðum hætti og í kerfinu sjálfu var þetta vandalaust. Það var vandalaust að útfæra þessa leið í kerfinu sjálfu. Ástæðan fyrir því að menn vildu ekki fara þessa leið var sú að menn þurftu að hanga á þessum eignarréttarhugmyndum sem eru á bak við afstöðu manna til kvótakerfisins. Það hefði verið munur fyrir hæstv. ríkisstjórn að halda sig við það að nota almennar aðgerðir í atvinnulífinu ef hún hefði tekið þá skynsamlegu afstöðu á sínum tíma að jafna skerðinguna niður í þorskígildum talið yfir allan flotann eins og auðvitað átti að gera. En nú sitja menn uppi með það að það er viðvarandi vandamál. Það bregður reyndar fyrir litlum bjartsýnisköflum í ræðum hv. þm. um að það sé betra ástand fram undan og menn sjái kannski fram á bjartari tíð og meiri fisk á miðunum. En bráðabirgðaskýrslan frá Hafrannsóknastofnun sem var verið að dreifa í hólf hv. þm. núna í dag bendir ekkert til þess. Í henni kemur það fram að sú mæling sem Hafrannsóknastofnun gerir nú á þorskinum við landið bendir til þess að hrygningarstofninn hafi aldrei verið minni. Og mælingaraðferðir Hafrannsóknastofnunar sem hafa verið notaðar benda til þess að fréttir af aflabrögðum allt í kringum landið sem hafa verið meiri á undanförnum mánuðum og missirum en undanfarin ár séu bara plat, það sé af einhverjum öðrum ástæðum sem þessar fréttir koma heldur en það sé meiri fiskur. Hafrannsóknastofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að það sé minna af fiski í kringum landið en hefur verið undanfarin ár. Þetta er nú til umhugsunar. Ég held að það sé full ástæða til þess að menn velti því fyrir er hvort þetta séu vísindi sem við eigum að skrifa upp á. Ég tel að það sé a.m.k. ástæða til þess að skoða þessi mál dálítið betur og kanna þá aðferðafræði sem þarna er á ferðinni.

Það er mín skoðun að Vestfirðingum verði lítið bjargað með þessari hjálp. Auðvitað mun þetta koma einstökum stöðum til hjálpar að einhverju leyti en þetta mun ekki ríða baggamuninn um það að á Vestfjörðum bjargist þetta þangað til megi veiða meiri þorsk því að það er töluvert langur tími þangað til má veiða meiri þorsk samkvæmt þeim spám sem Hafrannsóknastofnun hefur uppi um að það megi fara að auka þorskveiði. Það er ekki fyrr en í fyrsta lagi á árinu 1997 og ég er hrædd um að Vestfirðingar verði búnir með þennan skammtinn þegar þar að kemur. Ég tel að það hefði þurft að bæta við veiðiheimildir til þeirra aðila sem svo illa er ástatt um nú á þessu fiskveiðiári og ég tel að fyrir næsta fiskveiðiár þurfi menn að endurskoða afstöðu sína til úthlutunar á veiðiheimildum með það fyrir augum að jafna þessum hlutum niður með svipuðum hætti og ég var að lýsa hér áðan. Og það þurfi þá kannski ekki að koma með nýjar sértækar ráðstafanir til að bjarga byggðarlögum eins og á Vestfjörðum og annars staðar á landinu þar sem álíka ástatt er á næsta ári líka og því þar næsta og alveg fram að 1997 ef ekkert breytist frá því sem nú liggur fyrir. Ég held sem sagt að það sé rangt að fara af stað með aðgerðir sem séu beint tengdar þessum landshluta öðruvísi en menn horfi yfir allan þann tíma sem er fram undan og menn áætla að þessar hörmungar standi. Og samkvæmt spánum standa þær a.m.k. til ársins 1997. Ég hef ekki nokkra trú á því að þessi aðgerð dugi þangað til.

Síðan eru ýmis atriði sem ómögulegt er að taka undir eða skrifa upp á í þessu frv. Hv. 3. þm. Norðurl. lýsti því mjög vel hér áðan hversu illa þetta frv. er undirbúið og gallað. Ég vil benda á t.d. einn galla til viðbótar í 2. gr. frv. en ef maður les hana, með leyfi forseta:

„Þar sem sveitarfélög verða sameinuð á Vestfjörðum er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum sem ætla að sameinast víkjandi lán." Þetta er skýrt og klárt. En svo kemur síðari helmingur þessarar greinar og þar stendur: „Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum." (**Gripið fram í:** Sama hvað?)

Sama hvað? Ef bara þessar setningar eru lesnar kemur í ljós að það megi veita fyrirtækjum sem hafa sameinast á síðustu þremur árum fyrirgreiðslu þó þau hafi ekkert sameinast. Það hafi ekki verið sameinuð sveitarfélög sem þessi fyrirtæki séu í. Lagatextinn er nú svona ófullkominn. En að vísu má lesa í skýringunum að þarna sé átt við fyrirtæki sem séu á svæðum þar sem sameining hafi farið fram. En þá er kannski ástæða til að velta fyrir sér nýliðnum atburðum þar sem hafa komið fram tvö nefndarálit á tilteknum lagatexta og kannski væri þá það ráð í stöðunni að menn leystu málið með góðu nefndaráliti. En lagatextinn er ekki fullkomlega skiljanlegur með þessu móti þannig að það á kannski bæta þessu líka við.

En það er annað sem ég vil koma hér að. Ríkisstjórnin er raunverulega að lýsa því yfir að það sé komin ný forsenda til sameiningar sveitarfélaga á Íslandi. Og hver er þessi forsenda? Jú, forsendan er sú að ef við sameinumst þá getum við notið aðstoðar frá hendi ríkisins með svipuðum hætti og í þessu frv. Og þá held ég að yfirlýsingarnar sem hafa gengið af munnum manna á undanförnum árum sé orðið lítið að marka þegar menn setja fram frv. sem segir í raun og veru skýrum orðum: Ef menn sameinast, þá eiga þeir aðgang að peningum frá ríkinu, en ef menn gera það ekki, þá eru þeir ekki þess verðir.

Síðan er það eins og ég sagði í upphafi þannig að það er ómögulegt að sætta sig við það að einn landshluti sé tekinn fyrir með þessum hætti. Það er bæði fólkinu sem býr í þeim landhluta til leiðinda á ýmsan hátt og það hefði verið miklu skemmtilegra fyrir Vest-

firðinga og alla aðra að það hefði verið tekið á málinu heildstætt og auðvitað hefði það komið þannig út að það hefði orðið mest um þessa aðstoð á Vestfjörðum og gott og vel með það. En þá hefðu menn ekki gagnrýnt þetta eins og hefur verið gert á undanförnum dögum, þ.e. að menn séu að rétta Vestfirðingum sérstaklega peninga. Og mig langar til að spyrja hæstv. fjmrh., af því að hann taldi, hann sagði það hér í sinni ræðu áðan, að hér væri um mjög takmarkaða aðstoð að ræða og mjög afmarkaða, er þá ekki að marka aðra stjórnarliða sem hafa fullyrt að aðrir staðir á landinu verði meðhöndlaðir með svipuðum hætti. Telur hann ekki að það muni leiða af þessu frv. álíka aðstoð við ýmis önnur byggðarlög þó að ekki væru það heilir landshlutar og hefur hann reynt að átta sig á því hve mikið sú aðstoð mundi kosta? Hefur hann reynt að átta sig á því hvort við erum að tala um eitthvað sem héti 600–800 millj. eða 2 milljarðar eða hvað það nú væri þegar hann horfir yfir landið í heild úr því að verið er að tala um þó þetta háa upphæð á þessu landsvæði?

Síðan vil ég aðeins gera athugasemd við það sem hæstv. fjmrh. sagði um Þróunarsjóðinn. Hann taldi að þessi byggðarlög mundu njóta góðs af því að þessi sjóður yrði að veruleika. Það hefur komið í ljós við meðferð þessa máls á undanförnum vikum og mánuðum og ég hef átt þess kost að hlusta á fjöldamarga hagsmunaaðila í sjávarútvegi segja sitt álit á Þróunarsjóðnum og ég hef lesið eftir þá greinar í blöðum og niðurstaða mín af þessum lestri og því að hlusta á þessa menn er sú að það finnst varla nokkur einasti maður sem styður þennan þróunarsjóð eins og ríkisstjórnin hefur komið sér saman um hann. Þessi hrossakaup ríkisstjórnarinnar frá því fyrir hálfu öðru ári eða meira virðast vera að mistakast og það virðist vera langlíklegast að sjóðinn dagi uppi. Ég hef a.m.k. ekki trú á því að ríkisstjórnarflokkarnir gangi í það að þræla honum í gegnum hv. Alþingi ef enginn af hagsmunaaðilunum telur að það sé skynsamlegt að setja á þennan þróunarsjóð eins og hann hefur verið undirbúinn.

Ég tel að hv. Alþingi og hv. nefnd sem tekur við þessu máli þurfi að skoða frv. mjög vel og bókstaflega endursemja það með það fyrir augum að það verði fært í lag sem hér hefur verið gagnrýnt að þetta verði að almennum aðgerðum og að sniðnir verði af því þeir vankantar sem hér eru, að lagatextinn verði gerður skýr og skiljanlegur og að þessi stefnubreyting ríkisstjórnarinnar, þ.e. að hún er farin að viðurkenna að sértækar aðgerðir geti og séu nauðsynlegar stundum, verði skýr og ljós og að þetta verði að almennum aðgerðum. Það vil ég leggja aðalálhersluna á, hæstv. forseti, að lokum að hér verði skapaður lagatexti sem tekur almennt á þeim vanda sem byggðarlögin víða um landið eiga við að etja.

Útbýting þingskjala:

Afréttarmálefni, fjallskil o.fl., 286. mál, nál. landbn., þskj. 804.

Kennaraháskóli Íslands, 412. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 805; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 806.

[17:26]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þær aðgerðir sem þetta frv. gerir ráð fyrir eru tvíþættar. Í fyrsta lagi að stuðla að sameiningu fyrirtækja á Vestfjörðum og stuðla að sameiningu sveitarfélaga þar með stuðningi úr Jöfnunarsjóði. Þessar aðgerðir eru eins og fram hefur komið ætlaðar til að koma til móts við þann vanda Vestfirðinga sem stafar af minnkandi afla og skerðingu þorskafla.

Ég dreg ekki úr því að þessar aðgerðir eru nauðsynlegar og veit að Vestfirðingar eru í miklum vanda vegna þess að eins og fram kemur í athugasemdum og skýringum með frv. að sjávarútvegur er svo stór þáttur í þeirra atvinnulífi. Ég vil undirstrika að það er ekki síður vegna þess hve sjávarútvegurinn er stór þáttur í atvinnulífi á Vestfjörðum sem þessi vandi er upp kominn heldur en hvað þorskur er mikill hluti í afla Vestfirðinga. Vestfirðingar lifa á sjávarútvegi og hafa stærri hluta síns atvinnulífs í honum en víðast hvar í öðrum landshlutum þannig að auðvitað eru þessar aðgerðir nauðsynlegar og ég ætla ekki að draga úr því. En eigi að síður hafa þær hlotið gagnrýni og hvernig að þessum málum er staðið.

Það er náttúrlega fyrst og fremst vegna þess að menn rekur í rogastans þegar þessi ríkisstjórn sem fór af stað með það að það skyldu engar sértækar aðgerðir verða gerðar skuli nú taka upp sértækar aðgerðir gagnvart einum landshluta vegna niðurskurðar kvótans sem bitnar auðvitað á öllum landshlutum.

Á Vestfjörðum hefur fólki fækkað. Það er vandamál sem þar er mjög alvarlegt og ef á að taka upp sértækar aðgerðir gagnvart Vestfjörðum þá eru það auðvitað aðgerðir í byggðamálum vegna fólksfækkunar. Ég held að það sé vafasamt að binda þessar aðgerðir, hnýta þær sjávarútveginum svona fast eins og raun ber vitni og beinlínis hættulegt og býður heim togstreitu milli landshluta sem hefur auðvitað bryddað á í sambandi við þetta mál þó að það hafi reyndar ekki orðið að stórdeilum. Ég vil undirstrika það í þessu sambandi að það eru algerlega tilhæfulausar ásakanir á þingmenn annarra kjördæma að þeir vilji rífa til sín eitthvert herfang í þessu. Það er einfaldlega krafa þingmanna landsbyggðarkjördæmanna yfirleitt og þingmanna alls landsins að staða sjávarútvegsins verði skoðuð, það verði gerð úttekt á stöðu sjávarútvegsins í heild. Það á ekki að útheimta neina togstreitu við Vestfirðinga og ég undirstrika það að ég tel ástæðu til þess að skoða þeirra mál sérstaklega vegna þess að sjávarútvegurinn er svo stór þáttur í þeirra atvinnulífi. Það vildi ég láta koma fram.

Það er náttúrlega eindæma klúður ef svo má að orði komast hvernig að málum sjávarútvegsins hefur verið staðið í tíð þessarar ríkisstjórnar og það er mikill áfellisdómur yfir ríkisstjórninni að ekki skuli nást neitt samkomulag um fyrirkomulag eða rekstrargrundvöll í þessum stærsta atvinnuvegi landsmanna. Ríkisstjórnin byrjaði á því að setja niður nefnd til þess að endurskoða fiskveiðistefnuna. Sú nefnd var að störfum í tvö ár en niðurstaða af hennar starfi er ekki búin að ná í gegnum Alþingi enn þá. Þetta hefur auðvitað verið til

stórtjóns fyrir sjávarútveginn þannig að atvinnugreinin býr við fullkomna óvissu um framtíðina. Og eins og fram hefur komið er ekkert samkomulag um hið mikilvæga mál hvernig á að standa að úreldingu í sjávarútveginum, hvort á að samþykkja löggjöfina um þróunarsjóð eða ekki. Þetta kemur niður á Vestfirðingum og þetta kemur niður á öðrum landshlutum einnig.

Það er náttúrlega ekki vansalaust fyrir atvinnugrein sem skapar 75% af útflutningstekjunum eða þar um kring að málefni hennar skuli vera í fullkominni óvissu eftir þriggja ára valdatíð þessarar ríkisstjórnar og samkomulag um þau mál skuli vera eins langt undan og það var í upphafi ferils hennar. Það kemur fram að Byggðastofnun er ætlað að veita 15 millj. kr. til nýsköpunar og þróunarstarfs á Vestfjörðum samkvæmt 5. gr. frv., til þess að styðja við nýjungar í atvinnumálum á Vestfjörðum sem auka fjölbreytni atvinnulífsins. Ég hef ekki mikla trú á því að það verði miklu til leiðar komi með þessari upphæð. Sannleikurinn er sá að allt þetta stangast á við fortíðina. Það er gallinn í þessu máli. Það var byrjað á því og hæstv. forsrh., sá eini og sanni, það er verst að hann er ekki hér viðstaddur en hér er hans staðgengill, hæstv. fjmrh., hann byrjaði á því að koma í gegn aðgerðum sem skertu mjög hæfni Byggðastofnunar til þess að koma inn í atvinnulíf úti á landsbyggðinni og styrkja nýjungar í atvinnulífi. Byggðastofnun er bannað að taka beinan þátt í atvinnufyrirtækjum, t.d. með hlutafjárframlögum og hjálpa mönnum þannig yfir erfiða hjalla, þeim sem eru að brjótast í nýjungum. Það er dálítið iðrunarfullt hjá ríkisstjórninni að skenkja nú einum landshluta sem á í erfiðleikum 15 millj. svona til þess að klóra í bakkann en það kemur því miður ekki að nógu gagni.

Ég hef tröllatrú á því að sjávarútvegurinn sé ekki kominn á endimörk og sjávarútvegurinn geti veitt mörg atvinnutækifæri ef honum eru sköpuð skilyrði til að sækja fram, ef honum er t.d. sköpuð skilyrði til meiri fullvinnslu afurða en nú er. Það er satt að segja alveg undravert miðað við allan þann samdrátt sem verið hefur í afla hvað útflutningsverðmæti sjávarafurða hefur þó haldist í gegnum tíðina og það sýnir bara hvað er mikill kraftur í þessari grein og hvað menn sækja mikið fram þrátt fyrir allt þannig að öflugur stuðningur við nýsköpun og þróun og meiri fullvinnslu í sjávarútvegi, ég held að það sé ekkert sem mundi skila eins miklum atvinnutækifærum ef rétt er á því haldið.

Ég er alls ekki að vanþakka það eða gera lítið úr því þó að það sé veitt fé í opinberar framkvæmdir upp á milljarða. En mér finnst skjóta dálítið skökku við að það skuli gleymast svo fullkomlega þessi grein og þróunarstarfsemin í henni og það skuli vera svo miklu lægri upphæðir sem eru veittar til þessarar starfsemi.

Ég hef komið að því áður að mér finnst kynning þessa máls vafasöm. Mér finnst að þetta eigi að kynnast sem aðgerðir í byggðamálum en það eigi að setja af stað úttekt á stöðu sjávarútvegsins á landsvísu, á stöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Vafalaust hefði það komið í ljós við slíka úttekt að ástandið hefur verið slæmt á Vestfjörðum og e.t.v. verra en annars staðar og þá hefðu sjálfsagt Vestfirðir notið mests af þeim stuðningi sem í kjölfar slíkrar úttektar hefði komið. En það er bara miklu víðar sem þörf er á að koma inn í sjávarútveginn með aðstoð sem er citthvað í líkingu við það að veita víkjandi lán hvort sem það er bundið skilyrðum um sameiningu fyrirtækja eða ekki. Mér finnst líka komið dálítið aftan að fólki sem var að kjósa í sameiningarkosningum 20. nóv. ef það verður samþykkt á Alþingi núna að ef sveitarfélög og fyrirtæki sameinast og fyrirtæki sem sameinast jafnframt sameiningu sveitarfélaga fái víkjandi lán til þess að bæta sína stöðu. Það hefði áreiðanlega getað breytt stöðunni eitthvað í þessum sameiningarkosningum ef fólk hefði séð fram á það að um leið og það sameinaðist væri það að tryggja stöðu sjávarútvegsins í sínum byggðarlögum. Þó að þessar aðgerðir séu nauðsynlegar, ég mæli ekki gegn þeim, ég mun stuðla að því að þessar aðgerðir nái fram að ganga til stuðnings Vestfjörðum, þá vil ég undirstrika að það er víðar aðgerða þörf og mér finnst hafa verið farið með eindæma klaufaskap í þetta mál allt saman og það er alveg í samræmi við frammistöðu þessarar ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum almennt. Sú frammistaða er þyngsti áfellisdómurinn yfir þessari ríkisstjórn. Þó að hér hafi verið rætt um landbúnaðarmál löngum stundum og farsinn hafi verið mikill þar þá er kannski frammistaðan í sjávarútvegsmálunum enn þá alvarlegri þegar á allt er litið. Af því að það sést ekki fyrir endann á því máli, það er ekkert samkomulag enn þá um málið og það er ekki sjáanlegt að það sé neitt samkomulag milli stjórnarflokkanna um framtíð sjávarútvegsins á Íslandi og hvað þeir ætla að leggja til og ágreiningurinn hefur magnast eftir því sem það hefur dregist meira að ganga frá þessu máli.

Ég vil að lokum undirstrika það sem ég hef sagt áður að það er þörf á úttekt á stöðu sjávarútvegsins á landinu öllu. Ég segi það t.d. varðandi stöðu sjávarútvegsmála á Austurlandi, þá er það vissulega rétt að Austurland hefur notið mjög góðrar loðnuvertíðar. Sú vertíð var hvalreki fyrir mörg fyrirtæki á Austurlandi og það viðurkenni ég fúslega. En hins vegar eru bara alls ekki allir sem njóta þeirrar vertíðar. Það eru byggðarlög þar sem verða út undan í því þó að fjölmörg frystihús hafi haft góða loðnufrystingu þá vil ég benda á að á Austurlandi hafa verið ýmis áföll í sjávarútveginum, t.d. varðandi síldarsöltun á undanförnum árum. Ég vildi því láta það koma fram í þessari umræðu án þess að ég vilji að nokkru leyti fara í neinn samjöfnuð milli Austurlands og Vestfirðinga í þessu máli að það er brýn nauðsyn á því að líta á málefni landsins alls hvað sjávarútveginn snertir.

Það er auðvitað brýn nauðsyn á því einnig að efla Byggðastofnun, efla hana á ný til átaka í stað þess að draga úr mætti hennar. Hér er lögð fram till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun til 1997. Þar stendur:

„Atvinnulífinu í landinu verði búin þau skilyrði að fyrirtækin geti skilað arði.“ Þetta er mergurinn málsins og þetta er tillaga sem ríkisstjórnin leggur fram. (**StG:** Það þyrfti kannski ekki að segja mikið meira en þetta.) Það þyrfti ekki að segja mikið meira en þetta, rétt, hv. þm. Og hér segir:

„Byggðastofnun hafi frumkvæði að því að sam-

ræma nýtingu fjárveitinga úr ríkissjóði til atvinnumála á landsbyggðinni. Byggðastofnun styrki fyrirtæki á landsbyggðinni til að bæta og efla vöruþróun, markaðsmál, hæfni starfsmanna og nýsköpun, samstarf fyrirtækja við önnur fyrirtæki og rannsókna- og menntastofnanir verði styrktar. Áfram verði stutt við verkefni sem efla framtak kvenna í atvinnumálum."

Þetta eru fögur fyrirheit og ég vil ráðleggja hæstv. fjmrh. sem gegnir nú störfum forsrh. að koma því til sinna samstarfsmanna að vinna nú mjög kröftuglega í þessum anda, bæði fyrir Vestfirði og aðra landshluta.

[17:45]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 2. þm. Austurl. virðist ekki hafa fylgst með þegar hann heldur því fram hér að það hafi á skort almennar aðgerðir í þágu sjávarútvegsins í landinu öllu. Við höfum vissulega orðið fyrir miklum áföllum vegna þess að þorskaflinn hefur dregist jafnmikið saman og raun ber vitni og verðlag á erlendum mörkuðum hefur lækkað um meira en 25% frá 1991. Þetta er meiri háttar áfall fyrir sjávarútveginn. Samt er það svo að Þjóðhagsstofnun gefur út tölur um horfur um afkomu sjávarútvegsins á þessu ári sem benda til þess að hann verði ofan við núllið eða með 0,5% hagnaði, eftir að sjávarútvegurinn var ofan við núllið á sl. ári. Þetta er afleiðing af því að ríkisstjórnin hefur gripið til mjög gagngerðra almennra aðgerða með því að fella gengi krónunnar tvisvar, með því að leggja niður aðstöðugjaldið og fella það af sjávarútveginum, með því að grípa til mjög víðtækra skuldbreytinga og lengingar lánanna. Þetta er afleiðing af því að stjórnendur í sjávarútvegi hafa gripið það tækifæri sem þannig hefur skapast með hagstæðustu samkeppnisskilyrðum sem greininni hafa verið búin í þrjá áratugi til þess að hagræða enn frekar og til þess að takast á við ný verkefni, nýjar vinnslugreinar sem hafa skilað meiri verðmætum. Þetta er staðreyndin í málinu. Þrátt fyrir þau miklu áföll sem við höfum orðið fyrir vegna minni þorskveiða og vegna mikils verðfalls á erlendum mörkuðum, þá hefur tekist með almennum aðgerðum að halda þann veg á málum að greinin hefur getað beitt þeim ráðstöfunum og brugðist á þann veg við að hún verður að meðaltali fyrir ofan núllið á þessu ári. Auðvitað horfir þetta misjafnlega við einstökum svæðum eins og til að mynda á Vestfjörðum sem menn eru að fjalla um og einstökum fyrirtækjum. En það er mjög mikilsverður meiri háttar árangur sem hefur náðst við þessar erfiðu aðstæður og furðulegt að hv. 2. þm. Austurl. skuli ekki hafa tekið eftir þessum augljósu staðreyndum.

[17:48]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg nú að hæstv. sjútvrh. hafi ekki hlustað á ræðu mína eða misskilið hana vegna þess að ég minnist þess ekki að hafa sagt það að ríkisstjórnin hefði engar almennar aðgerðir gert í þágu sjávarútvegsins. Ég ásakaði ríkisstjórnina fyrir að vera með skipulag sjávarútvegsins allt í óvissu og eins langt frá því að nást samkomulag um þau mál og var í upphafi. Ég ásakaði hana fyrir það. Og ég ræddi um að það þyrfti að gera heildarúttekt á afkomu sjávarútvegsfyrirtækja. Það er sem betur fer þannig og ég sagði það reyndar að það væri furðulegt hvað sjávarútvegurinn hefði sótt fram miðað við aðstæður og miðað við það að vita ekkert við hvaða aðstæður þeir eiga að vinna í framtíðinni. Ég veit ekki betur en annar stjórnarflokkurinn hafi það leynt og ljóst á stefnuskrá sinni að leggja nýja skatta á sjávarútveginn. (**StG:** Annar? Báðir.) Eða báðir. Það er ekkert ljóst um það. Það var það sem ég var að tala um en ekki hvort gengið hefði verið fellt. Mér er alveg fullkunnugt um það að gengið var fellt og sem betur fer hefur verið gert sitt af hverju sem hefur komið sjávarútveginum til góða. Það er bara hæstv. sjútvrh. sem kýs að snúa út úr þessu vegna þess að sjávarútvegurinn er í óvissu um þau skilyrði sem hann á að búa við í framtíðinni.

[17:50]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt ef hv. 2. þm. Austurl. viðurkennir að þær umfangsmiklu almennu ráðstafanir sem gerðar hafa verið hafa skilað þessum mjög svo umtalsverða árangri við erfiðar aðstæður. Auðvitað er eðlilegt að gera athugun á stöðu sjávarútvegsins í heild í landinu og það hefur verið gert. Þjóðhagsstofnun hefur að minni beiðni unnið slíka athugun, sem ég vænti að komi í hólf þingmanna nú í dag, þar sem gerð er grein fyrir mismunandi afkomu sjávarútvegsfyrirtækja í einstökum kjördæmum, hvernig eiginfjárstaða hefur breyst og hvernig þróun hefur verið í lönduðum afla. Það er vissulega svo að aðstaðan er mismunandi. Á Vestfjörðum hagaði svo til að 1992 var afkoma sjávarútvegsfyrirtækja 0,8% lakari en meðaltalið en núna á þessu ári eru horfur á því að hún verði 2,5% lakari. Og það er ekkert óeðlilegt að menn grípi til sérstakra ráðstafana í þeim tilgangi að treysta byggðir þar sem byggð er veik. En aðalatriðið er þó það að menn hafa með almennum ráðstöfunum skapað sjávarútveginum skilyrði til þess að skila hagnaði í heild við þessar erfiðu aðstæður og það er það sem skiptir máli og er umtalsvert.

[17:52]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að hér hafi komið mikilvægar upplýsingar fram hjá hæstv. sjútvrh. og sýnir að vinnulagið er dálítið skrýtið hjá hæstv. ríkisstjórn. Það hefur verið hlaupið til og fengin úttekt á stöðu sjávarútvegsins og hún er komin frá Þjóðhagsstofnun í hólf þingmanna þegar þessi umræða er langt komin um málið.

Það hefði verið betra, hæstv. sjútvrh., ef þessi úttekt hefði verið sem fskj. með frv. ef hefði átt að vinna það vel og vera innlegg í þetta mál. Ég ætla ekki að ræða það nánar hér í andsvari. En hitt stendur þrátt fyrir allar úttektir að sjávarútvegurinn er í óvissu um framtíð sína og hann er alveg í óvissu um það hvort það verða lagðir á hann viðbótarskattar áður en tímabili þessarar ríkisstjórnar lýkur.

Útbýting þingskjals:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 272. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 808.

[17:53]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta frv. sem hér er til umræðu er fyrir margra hluta sakir nokkuð athyglisvert eða óvenjulegt er nú kannski réttara að orða það. Það er bæði fremur sjáldgæft að með þessum hætti sé byggðamálum eða atvinnumálum sinnt í þannig hólfum að tekið sé fyrir eitt sérstakt landsvæði og í öðru lagi er það náttúrlega mjög athyglisvert í ljósi þeirrar stefnu sem þessi hæstv. ríkisstjórn hefur talið sig hafa í þessum efnum fram að þessu. Nú er það að vísu svo að vígin falla hvert á fætur öðru hjá hæstv. ríkisstjórn og það sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann, var einu sinni sagt og mætti víst heimfæra upp á núv. hæstv. ríkisstjórn því að um fátt var meira talað í árdaga ríkisstjórnartíðar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., en það að tími hinna sértæku aðgerða væri liðinn og svona sjóðasukk og sértækar aðgerðir væri oj bjakk frá tíð fyrri vondra ríkisstjórna og yrði ekki endurtekið. Nú skyldi brotið í blað og lögmálum frjálshyggjunnar og hinnar hörðu samkeppni beitt og fylgt og helst yrði þá látið skína í einhverjar sértækar ráðstafanir sem tengdust byggðamálum eða félagslegum aðstæðum fólks á því forminu að e.t.v. yrði slett peningum í eitt og eitt byggðarlag til þess að hjálpa fólki til að flytja þaðan burtu. En eins og kunnugt er geystist hæstv. forsrh. fram undir merkjum slíkrar stefnu á fyrstu mánuðum valdaferils síns.

Það er auðvitað alveg ljóst að með þessu frv. eru stóryrði hæstv. forsrh. í þessu efni dauð og ómerk. Í raun og veru sömuleiðis allur kórsöngurinn um hinar spilltu og vondu ráðstafanir fyrri ríkisstjórnar. Það er athyglisvert að rifja það upp og minnast þess að hæstv. forsrh. sem er illa fjarri góðu gamni á knattspyrnuferðalagi í Japan eins og kunnugt er ... (**StG:** Veistu hvernig gengur?) Vitum við nú ekki hvernig gengur nema honum virðist hafa tekist þokkalega vel að verja markið í gær því að þeir fengu ekki á sig nema eitt mark, Íslendingar. Að öðru leyti er það auðvitað merkilegt að hæstv. forsrh. gekk fram fyrir skjöldu í því á fyrstu mánuðum valdaferils síns að gagnrýna svo ég segi nú ekki hreyta fúkyrðum í forvera sinn og aðra þá sem komið höfðu að stjórn landsins á undanförnum árum og mér liggur við að segja áratugum, alveg sérstaklega t.d. fyrir það að hafa beitt sértækum ráðstöfunum. Sjálfstfl. réðist mjög harkalega á fyrri ríkisstjórn fyrir sértækar aðgerðir í atvinnumálum haustið 1988 og árið 1989. Hver var gagnrýnin á þær aðgerðir sem gripið var til til að bjarga atvinnulífinu frá algeru hruni sem stefndi í eftir frammistöðu Sjálfstfl. í ríkisstjórn um rúmlega fimm ára skeið? Eins og kunnugt er hafði Sjálfstfl. verið í ríkisstjórn á Íslandi frá 1983 til haustsins 1988 þegar atvinnulífið var að hrynja og það sprakk heil ríkisstjórn á því verkefni að ná saman um ráðstafanir gagnvart yfirvofandi hruni atvinnulífsins. Sú stjórn sem við tók fékk það erfiða hlutskipti að reisa þetta úr rústunum og greip m.a. til mjög víðtækra ráðstafana í því sambandi og kom hjólum atvinnulífsins í gang. Það skilaði þeim árangri að strax haustið 1989 sáust í fyrsta skipti um langt árabil jákvæðar afkomutölur í sjávarútvegi og í hönd fór besta ár sem íslenskur sjávarútvegur og útflutningsgreinar yfirleitt hafa um langt árabil séð framan í, þ.e. árið 1990. Gagnrýni sjálfstæðismanna á þessar ráðstafanir var sérstaklega sú að það væri óþolandi að þær væru sértækar í þeim skilningi að þær tækju aðeins til útflutningsatvinnuveganna. En eins og kunnugt er náðu ráðstafanirnar til fleiri greina en sjávarútvegs. T.d. fengu fyrirtæki í öðrum útflutningsgreinum fyrirgreiðslu þó í minna mæli væri, en þess voru þó dæmi bæði í iðnaði, fiskeldi og fleiri greinum.

En það er þetta, sagði Sjálfstfl., að aðgerðirnar eru sértækar og hvers á iðnaðurinn að gjalda, t.d. samkeppnisiðnaðurinn, spurði Sjálfstfl. árið 1989? En hvað er borið á borð fyrir okkur hér nú? Það eru sértækar aðgerðir, ekki einungis í þeim skilningi að þær taki aðeins til útflutningsgreina, nei. Þær taka bara til sjávarútvegsins og þær eru sértækari en það því að þær taka bara til sjávarútvegsins á Vestfjörðum. (**StG:** Ertu viss um það?) Og þær eru sértækari en það því að þær taka bara til sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum í sveitarfélögum sem ætla að sameinast. Sértækara verður það nú varla, hæstv. fjmrh. Þetta kalla ég að vera sértækur með stórum staf. Og hvað með ræðuhöldin frá árunum 1988–1989 um að það væri óþolandi að stjórnvöld væru að grípa til sértækra ráðstafana og mismuna mönnum í ljósi þess sem hér er fram borið? Auðvitað er þetta með ólíkindum í sögulegu samhengi en þetta er bara eftir öðru, þessi ríkisstjórn er sem kunnugt er í raun og veru dáin fullkomnum heiladauða og lifir sjálfri sér frá degi til dags. Hún étur hvert loforðið, hver stóryrðin á fætur öðrum ofan í sig (**JÁ:** Það er nú til bóta.) og er auðvitað til bóta, það er út af fyrir sig rétt.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að gera lítið úr vanda Vestfjarða. Hann er mikill, hann er ærinn og kemur þar margt til, m.a. óvenju erfiðar aðstæður, einhæft atvinnulíf, það að Vestfirðir eru mjög háðir bolfiskveiðunum og sérstaklega þorskinum og hafa þess vegna fundið mjög fyrir þeim harkalega samdrætti sem orðið hefur í veiðunum þar. Fjölmargar aðrar ástæður mætti nefna, svo sem einangrun og erfiðar samgöngur þó að það standi vissulega til bóta á ákveðnum svæðum eins og kunnugt er. Ég er þess vegna ekki að gerast talsmaður þess að ekki beri að líta á vanda Vestfjarða og reyna að leysa úr honum. Það er tvímælalaust að mínu mati skynsamlegt að reyna það sem hægt er til þess að forða hruni og byggðaröskun þar sem slíkt blasir við, m.a. til að varðveita þá miklu fjárfestingu sem liggur bundin í tækjum og mannvirkjum og uppbyggingu í öllum infrastrúktúrnum á slíkum svæðum og afstýra þeim útgjöldum sem stórfelldir búferlaflutningar fólks í landinu kosta svo að ekki sé nú minnst á hinar mannlegu og félagslegu hliðar málsins sem ég tel að eigi auðvitað ekki að vanmeta eða horfa fram hjá í þessum efnum. En það verður hins vegar að taka þannig á þessum málum að það sé einhver sam-

fella í stjórnsýslunni, að augljósar jafnræðisreglur þegnanna í landinu séu ekki brotnar, en það yrðu þær ef staðið yrði að þessum málum með þessum hætti. Það þarf ekki að fara út fyrir Vestfirði. Ég spyr: Hvers eiga fyrirtæki að gjalda sem eru þannig staðsett í sveitarfélögum á Vestfjörðum þó þau séu ekki í öðrum kjördæmum að þar kemur ekki til sameiningar sveitarfélaga nú eða á allra næstu árum? Hún er kannski ekki beinlínis neitt skynsamleg eða fýsileg vegna landfræðilegra aðstæðna eða annarra aðstæðna. Er það réttlætanlegt að mismuna þá þeim fyrirtækjum þannig? Er það lýðræðislegt að pína menn þá saman í sveitarfélög gegn vilja sínum? Hvað með kosningarréttinn? Til hvers var fólkið í landinu að greiða atkvæði um það hvort það vildi sameiningu í einstökum tilvikum ef stjórnvöld ætla með þvingunaraðgerðum að pína þá slíkt fram? Og ef við horfum burt frá Vestfjörðum þá er auðvitað alveg ljóst að það eru fyrirtæki og byggðarlög í öðrum landshlutum sem eru nákvæmlega jafnilla sett og einstök byggðarlög á Vestfjörðum. Ég þekki úr mínu kjördæmi, og skammast mín ekki fyrir að sækja dæmin þangað, einstök byggðarlög sem eru nákvæmlega jafnháð þorskveiðum eins og Vestfirðirnir eru að meðaltali og eiga í miklum erfiðleikum þar sem fyrirtæki eru jafnvel í greiðslustöðvun eða eru að leita nauðarsamninga. Þau eru mjög háð þorskveiðum og búa að öllu leyti við sambærilega erfiðleika og við erum að tala um og ræða um gagnvart Vestfjörðum. Ég spyr: Hvers eiga þau að gjalda, þau byggðarlög og sveitarfélög að vera þá ekki á Vestfjörðum? Þetta er auðvitað þannig, hæstv. forseti, að þetta mál er þannig fram borið af hæstv. ríkisstjórn að það er ekki frambærilegt. Það stenst ekki lágmarkskröfu um vandaðan málatilbúning. Ég held að það sé alveg borin von að þessi framganga stjórnvalda standist jafnræðisreglur. Ég held að það sé alveg borin von að stjórnvöld geti borið málin fram með þessum hætti auk þess sem málið er stórkostlega gallað tæknilega. Það er auðvitað alveg augljóst mál þegar bornar eru saman og lesnar 1., 2., 3. og 4. gr. frv. og svo bornar saman við athugasemdirnar um þær sömu greinar í greinargerð, þá stangast þar eitt á annars horn eins og mér skilst t.d. að hv. 3. þm. Norðurl. v., Ragnar Arnalds, hafi sýnt mjög ágætlega fram á í ræðu áðan. Það er talað um á einum stað að fyrirtæki vilji sameinast eða sveitarfélög, á öðrum stað að þau verði að sameinast, í þriðja tilvikinu að þau ætli að sameinast eða í fjórða tilvikinu að þau hafi sameinast. Hvað á þessi grautur að þýða? Hvers konar vinnubrögð eru þetta, hæstv. starfandi forsrh.? Frv. sem slíkt er í óboðlegum og ótækum búningi. Það verður a.m.k. að laga þetta til og ég held að það sé alveg augljóst mál að þeirrar þingnefndar sem fær þetta til umfjöllunar bíður mikið starf. Ég lýsi því yfir fyrir mitt leyti að komi það til minna kasta þá vil ég vinna þá vinnu með jákvæðu hugarfari gagnvart því að tekið verði á þessum erfiðleikum. Það verður að gera það á þann hátt að það standist lágmarkskröfur um vandaða stjórnsýslu og framgöngu stjórnvalda, m.a. hvað jafnræði þegnanna, fyrirtækjanna og einstaklinganna í landinu snertir.

Ég tek það skýrt fram að ég tel út af fyrir sig að ráðstafanir ríkisstjórnar á árunum 1988–1989 hafi mátt gagnrýna eins og allar aðrar aðgerðir af þessu tagi þar sem um einhverja mismunun frá almennum leikreglum samkeppni og atvinnulífs er að ræða. Auðvitað eru öll ígrip stjórnvalda af þessu tagi erfið og vandasöm en menn hafa leiðst út í slíkt og menn munu þurfa að grípa til slíks vegna þess að þegar á hólminn er komið þá horfa menn sem betur fer ekki aðgerðarlausir á það að atvinnulíf í einu landi hrynji í rúst. Jafnvel frjálshyggjumennirnir, þeir sem eru í stystu buxunum, eru að brjóta odd af oflæti sínu nú og það er vel að raunveruleikinn er þá að lokum yfirsterkari kennisetningunum og menn fallast á það að svona sé ekki hægt að horfa upp á hlutina ganga fyrir sig.

En það er annað sem verður auðvitað að horfa á í sambandi við erfiðleika atvinnulífsins á Vestfjörðum og í sjávarútveginum hringinn í kringum landið og það eru sambærilegir erfiðleikar annarra atvinnugreina og annarra byggðarlaga af öðrum orsökum en þeim að þorskafli hafi dregist mikið saman. Og ég get ekki annað hér við þessar aðstæður en minnt á það að Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið og Akureyri þá sérstaklega er það byggðarlag landsins sem lengst og mest hefur glímt við erfiðleika í atvinnumálum. Þar hefur atvinnuleysið verið hæst að hlutfalli, nánast undantekningarlaust undanfarin nokkur ár, á sér lengri sögu þar og djúptækari heldur en því miður eða sem betur fer má kannski segja í öðrum byggðarlögum landsins. Einstök svæði eins og Suðurnes hafa tímabundið komist upp í sama hlutfall og Akureyri en þegar við tökum meðaltal undanfarandi ára og yfirstandandi ástand þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að það byggðarlag landsins hefur orðið að mæta langmestum erfiðleikum. Viðkomandi sveitarfélag, Akureyrarkaupstaður, hefur bundið sér gífurlegar byrðar til þess að berjast gegn þessum atvinnuerfiðleikum. Akureyrarbær hefur meira og minna borið hitann og þungann af því að endurreisa heilar iðngreinar í landinu eins og ullar- og skinnaiðnaðinn, ýmist með litlum eða engum stuðningi stjórnvalda og það verður auðvitað að spyrja sig þeirrar samviskuspurningar hér: Gengur það gagnvart aðstæðum af því tagi að fara fram með ráðstafanir af þessum toga nema það sé með einhverjum almennum reglum á grundvelli sanngirnis- og jafnræðissjónarmiða tryggt að menn sitji sæmilega við sama borð? Ég spyr mig að því. Á þá Akureyri t.d. að líða fyrir það að hún skuli ekki sameinast einhverjum öðrum? Það hefur ekki skort vilja manna þar heldur íbúanna í nágrannasveitarfélögum sem hafa talið sínum hag betur borgið í sjálfstæðum sveitarfélögum. Þetta eru allt erfiðar spurningar sem við verðum að bera upp og svara áður en við lokum málum með þeim hætti sem hér er lagt til.

Ég held að þessi skilyrðing ráðstafananna sem hér er lögð upp gangi ekki, hún geti ekki gengið. Það sé auðvitað alveg augljóst mál að í fyrsta lagi verður að taka út þessa þvingunarskilyrðingu gagnvart sameiningu sveitarfélaga burt séð frá aðstæðum. Er það eitthvert lýðræði ef kaupstaður eins og Bolungarvík hef-

ur í atkvæðagreiðslu fellt það að sameinast öðrum, vill vera sjálfstæður, að hann gjaldi þess þá að hafa nýlega í kosningum með lýðræðislegum hætti tekið ákvörðun um sína framtíð og sé úr myndinni varðandi ráðstafanir af þessu tagi? Það gengur ekki. Það er nauðgun á lýðræðinu. Þá hefðu menn betur sleppt þessum kosningum og því að vera yfirleitt að hlusta á vilja fólksins í landinu.

Eins er það að ég held að það geti ekki gengið annað en þessar ráðstafanir verði í reynd almennar gagnvart sambærilegum erfiðleikum annars staðar í landinu. Vissulega eru byggðaaðgerðir í eðli sínu kannski á ýmsan hátt sértækar nema þær taki ævinlega til landsins alls og þá er spurning: Eru það einhverjar byggðaaðgerðir? Þá er svarið væntanlega nei. Það eru þá almennar ráðstafanir í atvinnumálum eða öðru slíku. En þær geta varla orðið sértækari í þeim skilningi að þær taki á tilteknum erfiðleikum á einu svæði en ekki annars staðar ef þeir eru sambærilegir. Ég spyr mig bara að því: Gengur það yfirleitt upp að setja málin þannig fram? Ég held ekki og mér skilst meira að segja að hæstv. ríkisstjórn hafi sjálf áttað sig á þessu þegar hún var að afgreiða málið og óskaði eftir því að Byggðastofnun gerði úttekt á því hvort það fyndust sambærilegar aðstæður í öðrum byggðarlögum heldur en á Vestfjörðum, eins og hér eru til umfjöllunar.

Þetta held ég að sé óhjákvæmilegt að hv. nefnd sem fær frv. til umfjöllunar, hver sem það nú verður, taki til skoðunar og þá eftir atvikum breyti, eigi að geta tekist einhver samstaða um það að ganga frá þessum málum með þessum hætti, sem ég tek fram og ítreka og undirstrika að ég er auðvitað nú sem endranær fylgjandi að sé reynt, skárra væri það nú.

Að lokum, hæstv. forseti, aftur örfá orð um hæstv. ríkisstjórn. Auðvitað er það tímanna tákn að hæstv. fjmrh. skuli þurfa að hlaupa hér í skarðið fyrir forsrh., sem hefur ekki annað þarfara að gera en að þvælast um í Japan á eftir einhverju fótboltaliði á meðan aðstæður eru eins og þær eru í íslenskum stjórnmálum um þessar mundir. Hefði einhver haldið að hans biðu nú nokkur verkefni við að halda liðinu saman eins og það hefur verið undanfarið. (**Gripið fram í:** Fótboltaliðinu?) Á ég þá ekki við fótboltaliðinu heldur ríkisstjórninni. Það er svipaður fjöldi í ríkisstjórn og í fótboltaliði eins og kunnugt er og e.t.v. er hæstv. forsrh. að læra af þjálfara landsliðsins hvernig halda eigi 11 manna hópi saman, a.m.k. inni á vellinum. Manni skilst að það veiti ekki af, þeir hafa ekki talað mikið saman ráðherrarnir undanfarna daga og búvörudeilan og utanfarir þeirra án samráðs hver við annan benda ekki til þess að það sé orðið mikið eftir í þessari ríkisstjórn. Þeim þykir e.t.v. þægilegast að tala saman með faxtækinu milli Japans og Íslands, eins og þeir munu hafa gert og þurftu þó ekki að vera utan lands báðir. Því mér skilst að það hafi verið þannig komið í búvörudeilunni að þeir hafi orðið að nota faxtækin þótt þeir væru hvor í sínu herberginu í Borgartúninu, til að skiptast á skoðunum, því ekki gátu þeir horft framan í ásjónu hvors annars, hæstv. ráðherrar utanríkis og forsætis.

Auðvitað er ekkert gamanmál hvernig komið er fyrir þessari ríkisstjórn við þær aðstæður sem nú er við að glíma í landinu. Það eru örlagatímar uppi á ýmsan hátt í fleiri málum heldur en atvinnumálum Vestfirðinga og erfiðleikum þeirra gagnvart sjávarútvegi. Það eru örlagatímar að ganga yfir í utanríkismálum þessarar þjóðar og á ýmsum fleiri sviðum. Og það er auðvitað alveg hroðalegt að sitja uppi með ríkisstjórn af þessu tagi, sem er óstarfhæf, sem er ónýt, sem kemur hlutunum ekki frá sér fyrr en þá seint og illa og það í óbrúklegu formi. Hefur sá hæstv. ráðherra sem mælir fyrir svona pappír engan móral yfir að bera svona á borð Alþingis? Gjörsamlega ótækt frv., gjörsamlega ótækt. Ja, lítill er metnaðurinn orðinn, það verð ég að segja. Plagg sem hér er auðvitað tætt niður og tekið í nefið af hverjum þingmanninum á fætur öðrum, enda tilefni til.

Það er mikið alvörumál, hæstv. forseti, að þessi ríkisstjórn er óstarfhæf. Við sem erum eitthvað að hugsa um eða sinna sjávarútvegsmálum og sitjum í þeirri nefnd þingsins verðum kannski ekki síst vör við þetta. Það er alveg ljóst að í þeim efnum er allt afvelta, fullkomlega afvelta, gjörsamlega afvelta. Þróunarsjóðurinn er munaðarlaus. Það er alger óvissa uppi um það nú tveimur árum eftir að endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða átti að ljúka hvort hún nær nokkurn tíma landi. Svona getur þetta auðvitað ekki gengið. Alþingi verður þá að taka í taumana. Auðvitað væri nærtækast og eðlilegast og nauðsynlegast að losna við ríkisstjórnina, en á meðan hún hangir verður að reyna að vinna málin með öðrum hætti og þá eftir atvikum í þingnefndum og að því er ég tilbúinn að stuðla.

[18:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. þm. fyrir það jákvæða hugarfar sem hann lýsti hjá sjálfum sér. Ég veit að það kemur að miklu gagni í nefndarstarfinu, en hv. þm. er í þeirri hv. nefnd sem tekur málið að sér.

Í öðru lagi vil ég benda hv. þm. á það að engin ríkisstjórn hygg ég fyrr eða síðar hefur beitt jafnmikið almennum aðgerðum eins og sú sem nú situr. Ég vil benda á nokkur atriði.

Í fyrsta lagi, raungengið. Það er vegna almennra aðgerða. Nú er samkeppnisstaðan betri en hún hefur verið oftast áður.

Í öðru lagi, lækkandi vextir vegna almennra aðgerða.

Í þriðja lagi hafa skattar af fyrirtækjunum lækkað. Það eru almennar aðgerðir.

Í fjórða lagi er viðskiptajöfnuðurinn núna hagstæður, sem þýðir að við erum í raun að greiða niður skuldir erlendis og verðbólgan hefur aldrei verið jafnlítil vegna almennra aðgerða.

Það er hins vegar rétt að það sem hér er verið að fjalla um eru ákaflega sértækar aðgerðir sem á að beita á mjög þröngu sviði, við skilyrði sem sérstaklega hefur verið kannað að geti orðið til gagns, og það er

vegna þess að afkoma fyrirtækjanna á þessu svæði er slæm, verri en alls staðar annars staðar. Þetta er byggðaaðgerð sem kemur til út af því að það er þorskbrestur og ef sjávarútvegsfyrirtækin lifa ekki af, þá hefur fólk á þessu svæði ekki að öðru að hverfa vegna þess hvernig atvinnustarfseminni er hagað á þessum stað. Um þetta hefur verið fjallað. Það hefur verið skýrt frá því að það er ekki atvinnuleysið sem ræður þessari aðgerð, heldur hitt að menn geta búist við því að atvinnulífið hrynji á staðnum og það mundi leiða til atvinnuleysis í þeim dúr sem Íslendingar kannast hvergi við eða upp undir 50% a.m.k. Það er þetta sem gerir það að verkum að ríkisstjórnin telur að það sé við hæfi að beita þessum mjög svo þröngu sértæku aðgerðum til að brúa það bil sem þarf að brúa þar til þorskurinn veiðist á ný.

[18:16]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir að staðfesta að ég er almennt með mjög jákvæðu hugarfari, það er auðvitað ljóst. Í öðru lagi þakka ég honum fyrir að staðfesta að hér er um ákaflega sértækar aðgerðir að ræða eins og hæstv. fjmrh. orðaði það og held ég að það sé tiltölulega mjög góð einkunn að þær eru ákaflega sértækar.

Í þriðja lagi er það hins vegar þannig, hæstv. forsrh., að jafnvel þó að þær væru sértækar og ákaflega sértækar í þeim skilningi að þær taki bara á vanda byggðarlaga í atvinnumálum, sem stafar af slæmri afkomu fyrirtækja vegna samdráttar í þorskveiðum, þá eru þær samt sértækari en það vegna þess að hliðstæð dæmi finnast í öðrum landshlutum sem þessu frv. er ekki ætlað að taka til. Því er jafnframt ætlað að útiloka fyrirtæki sem eru ekki í sveitarfélögum sem eru að sameinast. Þannig að sjálf grundvallarröksemdin í málinu, undirbygging málsins, að það sé flutt vegna hins sértæka vanda á Vestfjörðum, sem stafar af bágri afkomu og samdrætti í þorskveiðum, fellur um sjálfa sig þegar skilyrðing frv. er dregin fram í dagsljósið. Það er það sem ég er sérstaklega að gagnrýna, hæstv. forsrh., að gangi ekki.

Ég held að ef málið væri t.d. þannig upp byggt að öll fyrirtæki sem hefðu fengið á sig samdrátt í veiðiheimildum sem næmi meiru en x% í þorskígildum fengju tiltekna fyrirgreiðslu en önnur ekki. Það væri þá rökrétt aðgreining sem mismunaði mönnum ekki eftir landafræði eða sveitarfélögum heldur á efnislegum grundvelli, en þetta gerir það ekki. Þetta er bara einhver mannasetning, að fyrirtæki í tilteknum sveitarfélögum en önnur ekki komist undir þessa reglu.

Auk þess minni ég á að ríkisstjórnin hefur verið með annars konar sértækar aðgerðir sem m.a. hafa grundvallast á atvinnumálum. Dæmi um það eru Suðurnes.

[18:18]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Það er hárrétt, hæstv. forseti, að ríkisstjórnin hefur beitt beinum aðgerðum. Ég get nefnt fleira. Ég get nefnt t.d. stuðning við Slippstöðina Odda á Akureyri, hún er í kjördæmi hv. þm. Þannig að þetta er ekkert heilagri kennisetning en svo að auðvitað hlýtur ríkisstjórnin að líta til þess vanda sem upp kemur.

Það er gert ráð fyrir því að fram fari úttekt á þeim stöðum sem má jafna saman við það sem gerist á Vestfjörðum. Ég vil minna á að sameining sveitarfélaganna er eitt af hagsmunamálum ríkisins vegna þess að við teljum að við getum sparað framlög ríkisins t.d. til hafnargerðar og fleiri þátta ef sveitarfélög sameinast. Þannig að það er eðlilegt að sett séu slík skilyrði, sem hv. þm. þóttist vera hissa á.

Það sem skiptir þó umfram allt máli er þetta: Á Vestfjörðum hagar þannig til að fólk getur ekki snúið sér að öðru. Mér er kunnugt um Grímsey, sem er í kjördæmi hv. þm. og ég bendi á að sem betur fer er staða atvinnulífsins þar ekki eins slæm og hún er almennt á Vestfjörðum og vonandi er hægt að laga atvinnulíf þar og á einstökum stöðum, sem hægt væri að telja upp, með hjálp kröfuhafanna og lánastofnana og við megum ekki gleyma því að þáttur þeirra verður ríkur í þessum aðgerðum nú sem endranær. Þetta þarf að minna á því að menn líta hér á eins og það eina sem verið sé að gera sé þetta framlag ríkisins. Ég minni líka á að Jöfnunarsjóðurinn kemur til með að leggja sveitarfélögunum lið sums staðar og víðast hvar annars staðar heldur en á Vestfjörðum. Þetta vil ég allt minna á því að hv. þm. virðist ekki hafa skoðað málið í ljósi þessa alls.

[18:20]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef náttúrlega reynt að skoða málið en ég hef ekki annað í höndunum í raun og veru en þetta snifsi hér. Þetta er ekki merkilegur pappír. Og það er nú satt best að segja ekki mjög mikil undirbygging undir þessu. Þetta eru tvær eða þrjár arkir. Það er allt og sumt sem okkur þingmönnum er boðið upp á til þess að grundvalla og rökstyðja þetta mál og undirbyggingu þess og það er ekki merkilegt. Það er það ekki, hæstv. forseti.

Það eru mörg fleiri byggðarlög en Grímsey, þó að hún sé hér nefnd. Hún er vissulega landfræðilega einangruð og nánast alfarið háð sjávarútvegi. Ég get nefnt staði eins og Grenivík, án þess að það sé út af fyrir sig yfirleitt skemmtilegt að vera að nefna einstaka staði. Þar eru menn tiltölulega mjög háðir þorskveiðum. Þar er ekki önnur vinnsla sjávarfangs heldur en heðbundin vinnsla bolfisks. Í eina stóra vinnustað staðarins hafa menn átt í erfiðleikum, eru að leita samninga um að ná niður skuldum. Það eru í raun og veru að öllu leyti sambærilegar aðstæður við þessar, ef ég má leyfa mér að segja það. Sveitarfélagið hefur bundið sér gífurlegar byrðar við að reyna að endurfjármagna atvinnurekstrinn á undanförnum árum og þar er ekki að miklu öðru að hverfa í atvinnumálum a.m.k., nema sækja það um langan veg. Þannig að ég hygg að dæmin séu náttúrlega fleiri og út um allt.

Auðvitað er það svo, hæstv. forseti, að manni finnst stundum að maður sé kominn aftur til áranna 1988–1989 þegar þetta ber á góma vegna þess að þegar hæstv. forsrh. reifaði t.d. í fjölmiðlum rökstuðning-

inn fyrr því að þetta yrði nú gert, þá var það nánast upptalning á sömu rökum og þá voru tíunduð. Fyrirtækin þyrftu að hagræða, þau þyrftu að sjá rekstrargrundvöll eftir endurskipulagninguna o.s.frv. Allt var þetta lagt til grundvallar á þeim tíma, þannig að auðvitað er sagan bara að endurtaka sig.

Ég bakka hins vegar ekki með það, hæstv. fjmrh., að þessi þvingun eða þetta skilyrði án tillits til aðstæðna við sameiningu sveitarfélaga er fullkomlega út úr kú. Það gengur ekki svona.

[18:22]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. e. vék að því í ræðu sinni að sami vandi gæti verið uppi í öðrum kjördæmum, þar á meðal í hans kjördæmi, eins og á Vestfjörðum. Nú kann auðvitað að vera að einstök fyrirtæki víða á landinu séu í svipuðum vanda. En ef horft er á kjördæmin í heild, þá blasa ákveðnar staðreyndir við. Landaður afli á Vestfjörðum á árunum 1992 og samkvæmt þeim horfum sem eru fyrir árið 1994 hefur minnkað um 9,5% meðan horfur eru á að landaður afli í Norðurl. e. minnki um 2,6% á sama tíma. Afkoma sjávarútvegsfyrirtækja í Norðurl. e. hefur verið þeim hætti að 1992 var hagnaður upp á 4,8%, 3,4% 1993 og horfur eru á 1,8% hagnaði á þessu ári meðan taprekstur hefur verið á Vestfjörðum 1992 upp á 1,5%, 0,2% á síðasta ári og 1,9% eins og horfurnar eru fyrir þetta ár. Það eru þessar staðreyndir fyrir kjördæmið í heild sem við blasa og er auðvitað ekki hægt að horfa fram hjá. Hér er þess vegna um að ræða byggðaaðgerð vegna þess að aðstaða Vestfirðinga er lakari en annarra, ekki bara vegna þess að landaður afli hefur minnkað meira þar en annars staðar, heldur líka vegna þess að möguleikar þeirra til að bregðast við eru minni vegna einangrunar og verri samgangna. En aðalatriðið er þó hitt að með almennum aðgerðum hefur tekist að koma, þrátt fyrir erfiðleika, rekstri greinarinnar yfir núllpunktinn og það er meginmunurinn frá þeim samanburði sem hv. þm. var síðan að gera við ráðstafanirnar 1989.

[18:24]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig alveg hárrétt og ef hæstv. sjútvrh. hefði sýnt umræðunni þá virðingu að vera viðstaddur hana hér í dag, þá hefði hann heyrt að í ræðum flestra, ef ekki allra, hefur komið fram skilningur á því að vissulega sé sérstaða Vestfjarðanna að meðaltali umtalsverð. Allir sem einhverja þekkingu hafa á sjávarútvegsmálum vita það. En það breytir auðvitað ekki hinu að meðaltölin fela ýmislegt. Það getur til að mynda gerst að út á sterka stöðu nokkurra fyrirtækja í einu kjördæmi komi hagstætt meðaltal þó að afgangurinn af byggðarlögunum og fyrirtækjunum eigi í miklum erfiðleikum. Það er auðvelt að sjá slíkt fyrir sér og mætti svo sem taka um það dæmi. Eiga þá t.d. þau bágstöddu fyrirtæki og byggðarlög að gjalda þess að einhver sterkur aðili í fjarlægu byggðarlagi, en innan sama kjördæmis, lyftir upp meðaltalinu? Svona landafræði, svona geografía, gengur ekki gagnvart mannlegu og félagslegu og viðskiptalegu vandamáli af því tagi sem við erum hér að tala um. Það þýðir bara ekki að horfa tilfallandi á það að fyrirtæki vestan við Gilsfjarðarbotn eða norðan við skuli akkúrat fá tiltekna ráðstöfun en ekki önnur. Hvers konar stjórnsýsla er það? Það getur ekki gengið þannig fyrir sig. Hæstv. sjútvrh. verður að horfast í augu við það. Og ég tel að það sé auðvitað sjútvrh. til skammar að standa að því sem ráðherra í hæstv. ríkisstjórn að svona mál sé flutt um hans atvinnuveg. Ég tel að hæstv. félmrh. og sjútvrh. hefðu átt að sjá sóma sinn í því að stoppa þessa vitleysu og tryggja það, vegna þess að þeirra málaflokkar eiga í hlut, málefni sveitarfélaga og sjávarútvegsfyrirtækja, að þetta væri ekki flutt svona, heldur tæki til málaflokksins í heild og landsins alls.

[18:27]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mikilvægt að árétta það að hér er um að ræða aðgerð í byggðamálum en ekki sérstaka ráðstöfun í sjávarútvegsmálum. Það kemur m.a. fram í frv. að sjútvrn. tilnefnir ekki einu sinni fulltrúa í þá verkefnisstjórn sem á að fjalla um útdeilingu á þessum peningum sem er undirstrikun á því að þetta er ekki ráðstöfun í sjávarútvegsmálum heldur byggðaaðgerð vegna sérstöðu Vestfjarða sem vissulega hafa orðið fyrir áfalli vegna einhæfni í atvinnulífi og reyndar einhæfni í sjávarútvegi. En að því er varðar ráðstafanir vegna sjávarútvegsins í heild, þá hefur það komið hér mjög skýrt fram í umræðunum að þær hafa við mjög þröng skilyrði skilað umtalsverðum árangri, ekki einar og sér heldur líka vegna þess að stjórnendur og starfsfólk í fyrirtækjunum hefur verið að taka á í hagræðingu, í nýrri verðmætasköpun. Við urðum vissulega fyrir góðum búhnykk með loðnuvertíðinni á dögunum sem gaf okkur mjög aukin verðmæti í frystingu og hrognatöku.

En aðalatriðið er að þrátt fyrir verðfall og minni þorskveiðar þá eru horfur á því að greinin verði í heild rekin yfir núlli og það er sá almenni árangur sem hefur náðst af almennum efnahagslegum ráðstöfunum ríkisstjórnarinnar og viðbragða atvinnufyrirtækjanna sjálfra. Það er umtalsverður árangur í þessari atvinnugrein.

[18:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er geysilegur misskilningur hjá sjútvrh. að góð loðnuvertíð sé ríkisstjórninni að þakka og ég leyfi mér að orða það þannig að það sem gerst hefur í þessum efnum hefur sjávarútvegurinn íslenski gert þrátt fyrir ríkisstjórnina en ekki vegna hennar. Og þegar það er fært fram sem sérstök lofgjörð um almennar aðgerðir ríkisstjórnar, eins og hæstv. fjmrh. gerði hérna, að hún hafi fellt gengið, hvað má þá segja um þá almennustu af öllum almennum sem felldi nú gengið næstum að segja vikulega á árunum? Það er auðvitað harla broslegt þegar menn eru farnir að hrósa sér af slíkum hlutum.

Það er rétt að sjávarútvegurinn hefur kannski aldrei, við þær erfiðu aðstæður sem hann hefur barist í núna,

sýnt betur eða fyrr hversu hann er þó megnugur þrátt fyrir allt. Það er auðvitað alveg undravert hvað menn hafa náð að gera við þessar erfiðu aðstæður og hvernig mönnum hefur tekist að mæta verðfalli og þrauka og halda sjó gagnvart miklum erfiðleikum, aflasamdrætti og verðfalli. Mætti t.d. taka rækjuiðnaðinn sem dæmi, ótrúleg seigla sem menn hafa sýnt í þeirri grein við að auka afköstin, taka upp vinnu á vöktum o.s.frv. til þess að ná að mæta jafnt og þétt fallandi verði yfir langt tímabil.

Hitt er auðvitað eðlilegt að hæstv. sjútvrh. reyni að þvo hendur sínar af þessu máli með því að segja: Þetta er byggðaaðgerð, kemur mér ekki við, ég á ekki einu sinni fulltrúa í stjórninni, þó að frv. gangi út á það að það eru sjávarútvegsfyrirtæki og engin önnur sem eiga í hlut. Þetta er frv. um aðgerðir gagnvart sjávarútvegsfyrirtækjum, hafði hæstv. sjútvrh. ekki tekið eftir því? (**Sjútvrh:** Það er nú bara ekki önnur atvinna . . .) Það er bara ekkert verið að tala um sláturhús eða flugstöðvar eða annað því um líkt í þessu frv. Það eru sjávarútvegsfyrirtæki, hæstv. sjútvrh. Og auðvitað lýsir það betur en margt annað metnaðarleysi hæstv. sjútvrh. að hann skuli standa að því að þetta sé flutt sem stjfrv., með þessum endemum, mismuna mönnum svona eftir landafræði og eiga svo ekki einu sinni fulltrúa í þeirri nefnd sem á að standa að framkvæmd málsins. Auðvitað er það fullkomið metnaðarleysi af hæstv. sjútvrh. Nema það sé þannig að hæstv. sjútvrh. viti sem er að málið er svo meingallað og vont að hann hafi kosið og jafnvel verið feginn að þurfa ekki að koma nálægt því og ekki einu sinni að tilnefna mann í nefndina. Það skyldi nú ekki að vera að það væri skýringin, að þetta sé liður í því hjá hæstv. sjútvrh. að þvo hendur sínar af þessum málatilbúnaði.

[18:31]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það væri freistandi undir þessari umræðu um sértækar aðgerðir í atvinnumálum á Vestfjörðum að rifja upp ummæli hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. varðandi sértækar aðgerðir í atvinnumálum. (Gripið fram í.) En ég læt það liggja milli hluta, hv. þm. Stefán Guðmundsson, af sérstökum ástæðum.

Ég lít á þetta sem fortíðarvanda þessara aðila. Þeirra sem töldu sértækar aðgerðir heyra sögunni til og gerðu orðin sjóður og sértækar aðgerðir að sérstökum skammaryrðum í eyrum þjóðarinnar. Áróðurinn var svæsinn. En allt hefur sinn tíma.

Nú er stefnuyfirlýsing ríkisstjórnarinnar endanlega til moldar borin og farið hefur fé betra. Enda er sú stefnuyfirlýsing löngu komin að fótum fram. Á kveðjustund þessarar stefnuyfirlýsingar skulu því engin leiðindi rifjuð upp. Það er ekki venja á slíkum kveðjustundum. Hér er aðeins verið að viðurkenna staðreyndir. Það þarf að grípa til sértækra aðgerða á Vestfjörðum og fyrir þeim aðgerðum er almennur skilningur. Vonandi koma þessar aðgerðir að gagni þó í litlum mæli sé. Sértækar aðgerðir hafa oft komið að gagni og minni ég þar á Atvinnutryggingarsjóð sem kom mörgum fyrirtækjum að gagni og mörg fyrirtæki sem voru í erfiðleikum áður en sá sjóður var settur á stofn eru blómleg í dag. Í dag var minnt á eitt þeirra fyrirtækja sem fyrst fékk fyrirgreiðslu úr Atvinnutryggingarsjóði en það er Grandi. Það má telja upp fleiri fyrirtæki sem hafa blómstrað eftir að hafa notið slíkra sértækra aðgerða sem þá voru ákveðnar.

Í frv. sem hér er til umræðu eru mjög ströng skilyrði fyrir fyrirgreiðslu fyrirtækja og sveitarfélaga. Annars vegar er sveitarfélögum gert að sameinast og hins vegar er fyrirtækjum gert að sameinast, ef þessi fyrirgreiðsla á að fást. Ekki er að efa að sú nefnd sem skipuð var til að kanna þessi atvinnumál á Vestfjörðum hefur farið mjög ofan í saumana á þessum málum og skoðað þá möguleika sem eru varðandi sameiningu bæði fyrirtækja og sveitarfélaga. En við hljótum að spyrja okkur: Skekkir þetta ekki samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem ekki hafa möguleika á að sameinast? Ég býst við að það verði mjög erfitt að fullnægja þeim skilyrðum sem sett eru í þessu frv., þannig að þetta kemur afar fáum fyrirtækjum til góða.

Því miður eru Vestfirðir ekki einir um þá erfiðleika sem hér hefur verið rætt um í dag. Hæstv. fjmrh. sagði fyrr í dag að þingmenn skoðuðu í eigin barm þegar þeir sæju frv. eins og þetta sem hér er til umræðu og þá átti hann eflaust við að þingmenn skoðuðu sitt eigið kjördæmi. Það gerði ég að sjálfsögðu eins og trúlega allir þingmenn.

Það vill svoleiðis til að í Vesturlandskjördæmi hafa sveitarfélög verið að sameinast. Ef ég tek sveitarfélag sem er mjög líkt því mynstri sem er á Vestfjörðum þá sameinuðust í haust fjögur sveitarfélög á Snæfellsnesi, þ.e. Breiðavíkurhreppur, Staðarsveit, Neshreppur utan Ennis og Ólafsvík og Byggðastofnun var falið að gera úttekt á atvinnutækifærum í þessu nýja sveitarfélagi. Það var í nóvember á sama tíma og þessi athugun fór af stað á Vestfjörðum. Þessari athugun er því miður ekki alveg lokið en það sem er nú þegar komið út úr henni sýnir að þetta er mjög svipað ástand. Þarna lifa menn að mestu á þorskveiðum og landbúnaði. Báðar þessar atvinnugreinar eiga í mjög miklum erfiðleikum og nú horfir svo við að þorskkvótinn er að verða búinn. Þannig að ég sem þingmaður Vestlendinga hlýt að líta svo á að þær aðgerðir sem verða ákveðnar í Vestfjarðakjördæmi gangi líka yfir Vesturlandskjördæmi og er ég þá sérstaklega að tala um þetta sameinaða sveitarfélag sem er einmitt það mynstur sem er um rætt í frv.

En mig langar að ræða áfram svolítið um sameiningu fyrirtækja sem ég tel að sé illa útfært í þessu frv. og maður spyr sig hvort raunveruleikinn sé virkilega sá að það þurfi að koma menn að frá ráðuneytum í Reykjavík og Byggðastofnun til að segja stjórnendum fyrirtækja að það sé hagkvæmt að sameinast. Er verið að segja okkur með þessu að stjórnendur fyrirtækja á Vestfjörðum hafi ekki púlsinn á því sem þeir eru með í kringum sig?

Fjmrh. sagði fyrr í dag í ræðu sinni að ríkisstjórninni hefði tekist að koma á prýðilegum rekstrargrundvelli varðandi ýmis fyrirtæki með almennum aðgerðum. Hann talaði sérstaklega um vaxtalækkun í því sambandi. Ég held að hann hljóti að hafa mismælt sig

því við vitum öll hvert vaxtastigið er hér í landinu og það er ekkert eitt sem gerir fyrirtækjum jafnerfitt fyrir og það vaxtastig sem er hér í landinu. Hann taldi mjög fjálglega áðan ýmsar almennar aðgerðir sem hafi komið fyrirtækjum vel, en hann gleymdi líka að telja upp það sem hefði komið í staðinn í hækkunum. Tökum orkuna. Orkan hækkaði með virðisaukaskattinum, orkuverð hefur hækkað á þessum stöðum úti á landi og það er mikið misræmi í orkuverði úti á landi miðað við Reykjavíkursvæðið. (**Gripið fram í:** Ekki til fyrirtækjanna.) Ef hann lýtur á orkureikninga núna á milli ára þá getur hann séð þessar hækkanir, hæstv. ráðherra. Hafnagjöldin hafa hækkað, tryggingagjöldin hafa hækkað og ef þetta er allt lagt saman með háum vöxtum ... (**StG:** Eftirlits- og skoðunargjöld.) Hv. þm. Stefán Guðmundsson minnir mig hér á einn póstinn enn, eftirlits- og skoðunargjöld, þó það sé ekki stór póstur þá bætist hann við. Ef allt þetta væri lagt saman, auk vaxtastigsins sem hefur verið á tímanum, þá held ég að almenn skilyrði séu mjög slæm. Hæstv. ráðherra sagði líka að almennar aðgerðir mundu koma fyrirtækjum í sjávarútvegi til góða og þá talaði hann sérstaklega um Þróunarsjóðinn. En ef maður skoðar frv. um Þróunarsjóðinn þá eru þetta svo litlir peningar, hæstv. fjmrh., það eru svo litlir peningar þarna að þetta mun koma mjög fáum til góða, því miður. En það sem okkur vantar er stefna í sjávarútvegsmálum, eftir henni höfum við beðið allt þetta kjörtímabil og á því stendur.

Það eru margar spurningar sem ég vildi leggja fyrir hæstv. fjmrh. En mig langar samt áður en ég geri það að ræða svolítið við hæstv. sjútvrh., ef hann er ekki farinn. (**KHG:** Þetta er byggðamál sagði hann.) Virðulegi forseti, er sjútvrh. hér á svæðinu?

(**Forseti:** (StB)**:** Forseti mun láta kanna það hvort hæstv. sjútvrh. getur komið í salinn.)

(**Gripið fram í:** Hann er farinn úr húsinu.) Hér koma upplýsingar um að hæstv. sjútvrh. sé farinn úr húsinu. Það er nú slæmt vegna þess að hann vitnaði hér í andsvari áðan við hv. 2. þm. Austurl. í plagg sem hann sagði að væri almenn heildarúttekt á sjávarútvegi á öllu landinu og það væri frá Þjóðhagsstofnun og í hólfum allra þingmanna. Ef hv. þm. eru ekki þegar búnir að kíkja á þetta plagg frá Þjóðhagsstofnun þá er þetta heildarplagg tvær síður. Það segir auðvitað ekki alla söguna en það sem segir alla söguna er það sem stendur í þessu bréfi frá Þjóðhagsstofnun og ég vil fá að lesa það, með leyfi hæstv. forseta:

Bréfið er svohljóðandi: „Til Þorsteins Pálssonar sjútvrh., frá Þjóðhagsstofnun.

Efni: Lauslegar áætlanir um hag sjávarútvegs eftir landshlutum.

Hér með fylgja samkvæmt umtali lauslegar áætlanir um hag sjávarútvegs eftir landshlutum.

Það liggur í hlutarins eðli að líta ber á útreikninga af þessu tagi sem vísbendingar en ekki nákvæmar niðurstöður. Því meira sem úrtaki er skipt niður þeim mun óvissari verða niðurstöðurnar.

Samkvæmt þessum útreikningum er hagur sjávarútvegs mjög mismunandi eftir landshlutum. Eigið fé fyrirtækja (eiginfjárhlutfall) er minnst á Suðurlandi og Vesturlandi en mest á Norðurlandi eystra. Afkoman er hins vegar lökust á Vesturlandi og Vestfjörðum en best á Norðurlandi vestra."

Þetta er nú þessi heildarendurskoðun á sjávarútvegsfyrirtækjum. Ef við tökum svo þessar niðurstöður um eigið fé fyrirtækjanna, hvernig það hefur breyst á milli ára, þá er eigið fé sjávarútvegsfyrirtækja í Reykjavík árið 1992 20,2% en er aftur á móti orðið 16,4% árið 1994. Á Vesturlandi var það 13,6% árið 1992 og er 8,2% árið 1994. Á Vestfjörðum var eigið fé fyrirtækja 18,1% en er komið niður í 12% árið 1994. Á Norðurlandi vestra 16,4% er 17,7% 1994. — Þarna hafa þeir bætt við sig. — Norðurland eystra er með eigið fé í sjávarútvegsfyrirtækjum árið 1992 21,8% en er komið niður í 21,2% 1994. Austurland 19,1% er í 20,8% 1994. Suðurland 11,8% en er komið niður í 4,6% árið 1994.

Þetta eru niðurstöðurnar en auðvitað eru þetta ekki neinar heildarniðurstöður, þetta er gróf samlagning og ágætt að hafa til hliðsjónar. En þó maður líti jákvætt á frv. sem hér liggur fyrir þá er margt við það að athuga sem verður gert á milli umræðna. En mig langar að spyrja hæstv. fjmrh.: Hvernig hyggst hann láta vinna úttektir, sem þegar er búið að lofa, á öðrum byggðarlögum? Hvernig á að afla lagaheimilda varðandi þær tillögur sem út úr þeim rannsóknum koma? Mig langar að spyrja: Verða þær lagaheimildir þá lagðar fram jafnhliða því að frv. sem hér liggur fyrir verður afgreitt sem lög?

Mig langar einnig að spyrja að því, ef sveitarfélög á Vestfjörðum sem sameinast eiga að fá 200 millj. kr. til að sameinast gildir þetta þá ekki um önnur sveitarfélög sem sameinast eftir að þessi ákvörðun er tekin?

[18:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hafi ég skilið fyrirspurn hv. þm. rétt þá vil ég taka fram að stuðningur við sveitarfélög í gegnum Jöfnunarsjóðinn gildir ekki einungis fyrir Vestfirði heldur fyrir önnur sveitarfélög þar sem sams konar ástand ríkir. Það er því algild aðgerð en ekki sértæk miðað við landafræðina, þ.e. ekki eingöngu vestfirsk aðgerð.

Varðandi úttekt sem getið er um í fskj. með frv. skal það tekið fram að forsrh. hefur beint þeirri ósk til Byggðastofnunar, — ég vil taka fram að það tók fjóra mánuði fyrir starfshópinn að vinna tillögur fyrir ríkisstjórnina varðandi Vestfirði og það getur tekið einhvern tíma að vinna fyrir aðra og það kann að vera að aðgerðir sem grípa þarf til annars staðar séu öðruvísi aðgerðir. Ég bendi á að það er ekki víst að ríkissjóður þurfi að koma að því.

Loks vil ég, virðulegi forseti, ég tel alveg bráðnauðsynlegt að það komi fram, benda á að það er ekki alls kostar rétt sem kom fram hjá hv. þm. um að orkan hefði hækkað vegna virðisaukaskatts. Það er auðvitað alrangt varðandi fyrirtækin því öllum er ljóst að fyrirtækin sem hafa borið innskattinn geta dregið hann frá útskattinum og það gildir um orku eins og annað.

Þannig að þetta er auðvitað misskilningur. Öðru máli gegnir um einstaklinga sem þurfa að bera virðisaukaskattinn, en fyrirtækin hafa ekki þurft að greiða hann til viðbótar því hann er dreginn frá í rekstri, eins og ég veit að hv. þm. áttar sig á þegar hann hugsar málið. Varðandi skatta að öðru leyti þá er alveg ljóst, því getur enginn mótmælt sem hér er inni, að þessi ríkisstjórn, og kannski ber sá sem hér stendur mesta ábyrgð á því, hefur lækkað stórkostlega skatta á fyrirtækjum í landinu, bæði tekjuskattinn og eins aðstöðugjaldið. Þannig að þó að lagt hafi verið á 0,35% tryggingagjald til viðbótar þá er það pínulítið, þá er það smáræði miðað við þær skattalækkanir á fyrirtækjum sem ríkisstjórnin hefur staðið fyrir. Af hverju var það gert? Það var gert til að styrkja fyrirtækin, styrkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna og koma í veg fyrir að atvinnuleysi ykist. Þetta er eitt af því stærsta sem þessi ríkisstjórn hefur gert. Ríkisstjórnin hefur verið sökuð um að koma skattbyrðinni yfir á almenning í staðinn og það er auðvitað nokkuð til í því, enda hefur aldrei verið dregin fjöður yfir það af hálfu ríkisstjórnarinnar.

[18:47]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að rafmagnsverð hefur hækkað meira til húshitunar heldur en til fyrirtækja. Til húshitunar hefur það hækkað almennt um 13% en 8% til fyrirtækja. En ég læt það liggja milli hluta.

En varðandi fyrirgreiðslu til annarra kjördæma þá langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra að því, vegna þess að hann sagði að það tæki langan tíma að gera úttektir líkt og gerðar voru á Vestfjörðum. Það er nánast búið að gera slíka úttekt á Snæfellsnesinu, þeirri úttekt verður lokið fyrir mánaðamót. Þess vegna langar mig til að spyrja hæstv. ráðherra: Fáum við svipað frv. eins og hér liggur fyrir? Mér finnst það vera mest áríðandi spurningin en varðandi skattalækkanir almennt, ef við setjum þetta debet og kredit, þá eru engar skattalækkanir sem hægt er að monta sig af æ ofan í æ hér af ræðustóli. Það er hægt að telja upp nokkur atriði þar sem skattar hafa lækkað, en það er hægt að telja upp jafnmörg atriði þar sem skattar hafa stórkostlega hækkað. Og hann svaraði því ekkert varðandi vextina, hvað vextirnir hafa hækkað á þessu kjörtímabili og hvað þeir einir hafa íþyngt fyrirtækjunum.

[18:49]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú dálítið djarft af hv. þm. að nefna vextina því að öllum er ljóst að eitt af því stærsta sem ríkisstjórnin hefur gert er að beita sér fyrir því með markaðsaðgerðum að lækka vexti. Það er hins vegar ljóst að mörg sjávarútvegsfyrirtæki bera vexti af erlendum lánum eða sem miðast við erlent gengi og hafa þess vegna sloppið tiltölulega betur en önnur fyrirtæki í gegnum tíðina því að vextir hér hafa verið hærri heldur en annars staðar. En ég held að það sé ekki hægt annað en að viðurkenna að vextir nú eru lægri heldur en þeir hafa verið um árabil og þá eru talin með ár fyrrv. ríkisstjórnar, þau eru talin með eins og vaxtastaðan er í dag.

Um skattana, þá er auðvitað ólíku saman að jafna. Tryggingagjaldið skilar ríkissjóði 700 millj. kannski eða þar um bil, en aðstöðugjaldið var 4.000 millj. kr. í heild. Auðvitað eru það alls konar fyrirtæki, ekki einungis sjávarútvegsfyrirtæki. Það er auðvitað alveg ljóst og ekkert hægt að hrekja það að skattar hafa lækkað á fyrirtækjum. Og hjá þeim fyrirtækjum sem borga tekjuskatta þá bætist það við að skatthlutfallið hefur lækkað úr 45% í 33%.

Varðandi Snæfellsnes þá get ég ekki svarað þeirri fyrirspurn, því miður. Það verður að beina henni til forsrh. Ég get þó sagt að aðgerðir Jöfnunarsjóðs munu að sjálfsögðu ganga til þessara sveitarfélaga, sem eru að renna saman í eitt, ef þau falla undir þá reglu sem á að notast við. Svo vil ég geta þess, af því að það þarf að koma mjög skýrt fram, að ríkissjóður hefur hjálpað þessum sveitarfélögum. Ég minni t.d. á skipið Má í Ólafsvík, sem hefur fengið stórfellda hjálp úr ríkissjóði og Ríkisábyrgðasjóði á undanförnum árum. Það verður líka að taka tillit til þess að það voru sértækar aðgerðir sem voru notaðar gagnvart því skipi sem sá þekkir mjög vel sem hér stendur.

[18:51]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er slæmt að hæstv. ráðherra skuli ekki geta svarað þeirri spurningu hvað verður gert við úttektina sem nú þegar er að ljúka varðandi Snæfellsnes, því það er sú spurning sem ég vildi helst fá svör við. En varðandi vextina, hann talar um að það sé djarft að tala um háa vexti. Af hverju eru þessir háu vextir hér á landi? Það er vegna gjaldþrotastefnu hæstv. ríkisstjórnar. Vextir geta að sjálfsögðu ekki komist í eðlilegt horf meðan gjaldþrotahrinan er slík sem hún hefur verið. Og vegna þess að hann er sífellt að tala um að skattar hafi lækkað. Hvað skeði hér um áramót, var ekki verið að leggja sérstakan skatt á skrifstofu- og verslunarhúsnæði? Var ekki verið að hækka fasteignagjöld bæði á fyrirtæki og einstaklinga? Ég man ekki betur.

[18:52]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. um ráðstafanir til að stækka atvinnusvæði og þjónustusvæði á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla. Vissulega er gott í sjálfu sér að þetta frv. skuli fram komið því að vandinn er mikill. En þennan vanda mátti svo sem sjá fyrir þegar á sl. vori.

Ég get ekki látið hjá líða að segja það að ég varaði sérstaklega við því, þegar farið var í það að ákveða þorskaflann jafnneðarlega og raun ber vitni, hvaða ástand mundi koma upp á Vestfjörðum og ég hygg að sams konar ástand geti vissulega verið að koma upp í öðrum landshlutum, þó að það verði kannski eitthvað síðar.

Ég fagna því hins vegar að flestir ræðumenn sem komið hafa í pontu í dag hafa lýst því yfir að þeir mundu styðja þessar aðgerðir. Ég tel að það sé mjög gott fyrir svæði eins og Vestfirði, sem stendur frammi

fyrir þeim miklu vandamálum sem þar eru, að eiga þann stuðning vísan hjá þingmönnum og fagna því auðvitað að ríkisstjórnin skuli hafa beitt sér fyrir því að þessir fjármunir komu til svæðisins. En ég verð að lýsa þeirri skoðun minni einnig að ég tel að 2. gr. frv. sé ekki ásættanleg eins og hún er og þurfi að vera mun opnari og tek undir það sem hv. 1. þm. Vestf., Matthías Bjarnason, sagði hér í dag að það þarf að laga texta hennar verulega.

Það hafa margir þingmenn í dag vikið að því að við værum að fást hér við fortíðarvanda. Það er alveg rétt að mínu viti, við erum að fást við hann. En sá fortíðarvandi tel ég að liggi að stærstum hluta í okkar fiskveiðistjórnarlöggjöf. Það er einfaldlega þannig í fiskveiðistjórnarlöggjöfinni að það er ekki gert ráð fyrir því að taka á vanda sem hlýst af samdrætti í atvinnu þegar um er að ræða annars vegar almennar botnfiskheimildir og hins vegar rækju. Í 9. gr. laga um stjórn fiskveiða er beinlínis tekið á því að það sé ekki hægt að taka á tekjubresti þó að hann sé meira 20% ef það hlýst af samdrætti í almennum botnfiskveiðum eða úthafsrækju, en hins vegar er hægt að taka á vandamálum sem snúa að veiðum annarra tegunda.

Nú er það þannig á Vestfjörðum, eins og margoft hefur komið fram í dag, að þorskurinn skiptir höfuðmáli. Hann er undirstaða þess að sjávarútvegur á Vestfjörðum sé rekinn af einhverjum krafti. Og það er ekki einu sinni hægt samkvæmt 10. gr. fiskveiðilaganna að breyta öðrum tegundum í þorsk að 5%. Þannig að öll sund eru lokuð í þessum málum.

Það er líka sagt í 19. og 20. gr. fiskveiðilaganna þar sem vikið að sektarákvæðum og refsingum og öðru slíku sem leiðir af því að menn fara fram úr þorskafla. Nú ætla ég að ítreka það áður en ég held lengra í máli mínu að sá vandi sem fram undan er á næstu fjórum til fimm mánuðum verður ekki bundinn við Vestfirði eina, langt frá því. Það kann að vera að hann komi fyrst upp á Vestfjörðum en hann mun koma í lok apríl um allt land. Og hann felst í því að það verður ekki hægt að stunda hér fiskveiðar að neinu viti vegna þess að þorskveiðiheimildirnar sem eftir eru í landinu duga ekki til. Menn stunda ekki fiskveiðar hér við Ísland og reyna að veiða upp ufsa, ýsu, kola og aðrar fisktegundir án þess að fá einhvern þorsk. Ég hefði viljað spyrja Ingibjörgu Pálmadóttur áður en hún gengur úr salnum ...

(**Forseti** (StB): Háttvirta.)

— fyrirgefðu, háttvirta — en hún sagði hér áðan að þorskvóti væri að verða búinn í sveitarfélögum á Snæfellsnesi. Hvernig hefur hún hugsað sér sem mikill stuðningsmaður núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis að bregðast við? Ég tel að þetta sé sameiginlegur vandi okkar allra sem hafa á einhverjum tímapunkti komið að því að vinna í þessum fiskveiðistjórnunarmálum og þetta verður sameiginlegur vandi allra þingmanna eftir mjög skamman tíma.

Fiskimönnum okkar verður ætlað að reyna að stunda hér fiskveiðar og halda uppi atvinnu og þeir muni hafa tvo kosti, fiskimennirnir og útgerðin. Þeir munu hafa þá kosti, annars vegar að hætta veiðum og leggja skipunum eða hinn kostinn að reyna að halda áfram veiðum á þeim fisktegundum sem eftir eru. Og þá kemur upp sú staða að menn standa frammi fyrir því, hvað á að gera við þann þorskafla sem kemur í veiðarfærin? Ingibjörg vék réttilega að því hér áðan, hvernig mun ástandið líta út á Snæfellsnesi þegar þorskkvótinn er búinn og hvernig mun hann líta út á Vestfjörðum og hvernig mun hann síðan líta út á Norðausturlandi og Austfjörðum. Þegar 8–9 mánuðir eru liðnir af þessu fiskveiðiári þá mun staðreyndin verða sú, hygg ég, að það verða örfá fyrirtæki hér í landinu sem eiga eftir þorskveiðiheimildir og geta haldið úti veiðum og verið með eitthvert hlutfall af þorski í sínum afla. Hin fyrirtækin og hinar útgerðirnar og sjómennirnir sem hjá þeim vinna verða öll í stökustu vandræðum. Og ég held að það sé ekki hægt að fara í gegnum þessa umræðu hér í dag, þar sem kvótamálin og fiskveiðimálin hafa blandast inn í, án þess að víkja að þessu vandamáli sem fram undan er. Ef við hugleiðum það ekki hér, þá erum við ekki vandanum vaxin. Það þýðir ekkert að fela þetta mál lengur. Við hljótum að standa frammi fyrir því að íslenskir fiskimenn og íslenskir útgerðarmenn eiga þann kost einan, annaðhvort að koma með fiskinn að landi og lenda í sektum og upptökum og sviptingum veiðileyfa eða að reyna að koma honum fram hjá með einhverjum hætti. Það þýðir ekkert að tala neina tæpitungu um þetta mál. Ef Alþingi ætlar ekki að ræða um þetta mál eins og það liggur fyrir, þá erum við ekki vandanum vaxin. Það verður bara að segja hlutina eins og þeir eru. Ég tel að það sé skylda okkar að taka á því með hvaða hætti við ætlumst til þess að þessi atvinnustarfsemi verði stunduð hér á landi eftir að 8–9 mánuðir eru liðnir af þessu fiskveiðiári. Hvernig eiga fiskveiðar að fara fram við Ísland síðustu þrjá mánuði fiskveiðiársins? Og það er ákaflega slæmt að sjútvrh. skuli ekki vera hér því að þetta mál snýr auðvitað mikið að honum.

Við vorum að fá þær fréttir í dag frá Hafrannsóknastofnun að það væru engar líkur fyrir því að þeir mundu leggja til auknar aflaheimildir. Menn höfðu kannski bundið vonir við að það kæmu tillögur frá Hafrannsóknastofnun um einhverja aukningu þannig að hægt væri að sjá fram á með einhverjum hugsanlegum leiðum að þetta dæmi gengi upp það sem eftir er af fiskveiðiárinu. En það er ekki von í því þrátt fyrir að flestum fiskimönnum beri saman um það að ástandið í hafinu við Ísland sé gott og það sé frekar meira af fiski heldur en menn hafi átt von á. Samt held ég að það sé líka rétt að taka það fram að ég held að það sé enginn fiskimaður við Ísland sem heldur því fram að hér sé allt fullt af þorski. Ég held að það sé ekki svoleiðis. En þó að við hefðum kannski aukið þorskaflann um 15–30 þúsund tonn, þá held ég að framtíð þorskstofnins hefði ekki verið hætt, en það hefði kannski verið hægt að halda hér uppi eðlilegu atvinnulífi án þess að menn væru beint knúðir til þess að horfa fram hjá lögum og jafnvel brjóta þau.

Það er ömurlegt hlutskipti sem á að verða hlutskipti íslenskra fiskimanna næstu mánuði ef þeir eiga

að þurfa að standa frammi fyrir því að velta alltaf fyrir sér hvaða refsingar þeir munu nú fá. Fá þeir refsingarnar fyrir að koma með aflann að landi eða fá þeir refsingarnar fyrir að losa sig við hann úti á sjó? Hvernig ætla menn að umgangast þessi mið? Væri nú ekki skömminni skárra í því atvinnuleysi sem við búum við að allur afli kæmi hér á land og það væri reynt að gera eitthvað til þess að slíkt mætti verða?

Ég ætla ekki að hafa þessi orð mín lengri, en ég ítreka það að nokkrir þingmenn hafa hér vikið að því að við byggjum við fortíðarvanda. Sá fortíðarvandi var tekinn í arf í núverandi fiskveiðistjórnarlögum og því er nú verr að það er kannski ekkert mikil áhugi fyrir því í stjórnarflokkunum að breyta þessu fiskveiðistjórnunarkerfi. En ég hefði talið nauðsynlegt að reyna að taka á því og þá er ég ekki þar með að segja að það sé hægt að gefa frjálsar veiðar í þorsk, það er ekki hægt við núverandi aðstæður, né karfann eða grálúðu. Það má hins vegar gefa frelsi til þess að veiða ýmsar aðrar fisktegundir sem ekki hefur náðst að veiða upp í aflamörk á undanförnum árum og þar er kerfið eingöngu kerfisins vegna, ekki vegna þess að við þurfum á því að halda. Og ég held að það sé ákaflega nauðsynlegt að velta því fyrir sér sem Ingibjörg Pálmadóttir vék hér að, hvernig eiga menn að standa að málum þegar þorskvótinn er búinn? Það verður mjög erfitt og það verður illþolanlegt fyrir sjómenn að eiga að stunda fiskveiðar með því lagi sem fram undan er.

[19:02]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. síðasti ræðumaður vék svolítið að því sem ég sagði áðan og spurði mig stórra spurninga, hvernig ætlaði sú sem hér stendur að tryggja það að Vestlendingar og Vestfirðingar fengju nógan þorsk til að veiða. Það er stórt spurt. Þá spyr ég hv. þm. á móti: Hvernig getur hann stutt hæstv. ríkisstjórn sem treystir sér ekki einu sinni til að endurskoða fiskveiðilöggjöfina? En á meðan við megum ekki veiða nema 160 þúsund tonn af þorski, þá erum við auðvitað í vanda. Það er ekki spurning.

Núverandi kerfi er ekki algott. En mig langar að spyrja hv. þm. á móti: Hvaða kerfi telur hann að muni tryggja landsmönnum betur, Vestlendingum, Vestfirðingum, Austfirðingum o.s.frv. að þeir fái að veiða meiri þorsk? Það er auðvitað sú spurning sem hann verður að svara sjálfur.

[19:04]

Guðjón A. Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir spurði mig að því hvaða kerfi ég vildi hafa á stjórnun fiskveiða. Ég sagði það að ég teldi ekki efni til þess að auka frelsi í þorskveiðum, karfaveiðum eða grálúðuveiðum. Ég sagði hins vegar líka að ég teldi að þorskstofninum væri ekki stórkostleg hætta búin þó svo við ykjum þorskveiðarnar um 15–30 þús. tonn. til þess að láta þetta fiskveiðiár ganga upp. Þannig að ég held að það hafi alveg komið skýrt fram mitt svar við því. Og ég þykist alveg fullviss um að hvaða tillögur sem ég hefði svo sem um það að gjörbylta núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi, þá næðu þær sjálfsagt ekki hér í gegnum Alþingi. Þannig að ég reikna alveg með því að menn yrðu nú að sætta sig við það að hafa kvóta á tegundum eins og þorski, karfa og grálúðu sem við vitum og menn eru nokkuð sammála um að sé ekki hægt að gefa frelsi í að veiða. En það hlýtur hins vegar að vera hægt að gefa frelsi í þær fisktegundir sem við höfum ekkert verið að veiða upp í hættumörk á og ekki endilega nauðsynlegt að hafa þær tegundir inni í kvóta og menn skuli þurfa að kaupa þær sín á milli. Ég sé engan tilgang í því.

Vandinn er hins vegar sá að við stundum ekki almennar botnfiskveiðar hér á landi án þess að fá einhvern þorsk. Það er vandamálið sem við stöndum öll frammi fyrir og það þýðir ekkert fyrir okkur að halda að við munum stunda þessar veiðar næstu fjóra mánuði án þess að það veiðist þorskur og við því hefði þurft að bregðast með einhverjum hætti. Mér hefur svo sem dottið í hug aðferð til þess, en ég ætla ekki að opinbera hana hér og nú. En ég er líka alveg viss um að þegar ég opinbera hana, þá munu flestir verða á móti henni, sérstaklega þeir sem eru að vernda núverandi kerfi vegna þess að þeir munu segja: þetta vegur hugsanlega að núverandi stjórnkerfi, þó að það gæti orðið til þess að við næðum að láta þessa fjóra næstu mánuði ganga upp, þó að tillagan hljóðaði ekki upp á annað en að hún dygði út þetta fiskveiðiár. En þetta verður sameiginlegt vandamál okkar allra.

[19:07]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér er í sjálfu sér ekkert að vanbúnaði að taka til máls öðru sinni, en hins vegar hafði ég beint nokkrum fyrirspurnum til hæstv. félmrh. um útfærslu á hliðarráðstöfunum með þessu frv. sem verið er að ræða og tengist því ákvæði þess sem lýtur að sameiningu sveitarfélaga. Ég hafði vænst þess að fá að heyra svör ráðherrans við þeim fyrirspurnum áður en önnur umferð hæfist hjá ræðumönnum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú verður forseti að upplýsa að hæstv. félmrh. er ekki í þinghúsinu og vildi því spyrja hvort hv. þm. væri reiðubúinn til þess að flytja ræðu sína án þess að ráðherrann væri hér við til þess að svara spurningum hv. þm.

[19:08]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að láta uppi þá ósk mína við forseta að ég óska eftir því að hæstv. ráðherra svari þessum fyrirspurnum. Málið er þannig fram borið að það lýtur fyrst og fremst að tveimur ráðherrum og annar þeirra er hæstv. félmrh. Það er nauðsynlegt að ráðherrann upplýsi um þau áform sem að því ráðuneyti lúta í þessari umræðu og ég óska eftir því að ráðherrann verði kvaddur til umræðunnar og svari spurningum áður en ég tek til máls að nýju.

[19:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það hjálpar til að segja frá því að það liggja ekki fyrir í alveg end-

anlegu formi þær tillögur sem leggja á til grundvallar við þann styrk sem Jöfnunarsjóður sveitarfélaga á að veita þeim sveitarfélögum sem ganga til sameiningar. En það hefur verið samið við stjórn sveitarfélagasambandsins eins og kemur fram í fskj. með þskj. Þeir viðmiðunarpunktar sem notaðir voru við árslok 1992 voru að sveitarfélög gætu fengið styrk úr Jöfnunarsjóði, sem greiddur yrði út á fjórum árum, sem næmi um það bil helmingnum af þeim mun sem er á skuldum sveitarfélaganna og árlegum tekjum þeirra. Þetta voru þær viðmiðunarreglur sem menn höfðu milli handa en að sjálfsögðu á eftir að vinna úr þessum reglum því það eru aðeins takmarkaðir fjármunir sem ganga til verkefnisins samkvæmt þar til gerðum samningi og hann kemur fram á fskj. Þá geta menn reiknað út hvert hámarkið verður til þessara nota á næstu fjórum árum.

Ég hygg að hæstv. félmrh. geti ekki á þessari stundu svarað fsp. betur og álít að til nákvæmari upplýsinga og til þess að geta kallað fulltrúa sveitarfélaganna fyrir þá þurfi hv. nefnd að ganga eftir því. En það er ekki ráðgert að það þurfi lagabreytingar né heldur fjármuni á yfirstandandi ári heldur muni fjármunir frá ríkinu til móts við þá fjármuni sem Jöfnunarsjóðurinn hefur úr að spila koma á fjárlögum næsta árs ef Alþingi samþykkir slíkt.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti telur nauðsynlegt að fresta þessari umræðu um 7. dagskrármálið þangað til að loknu matarhléi.

Umræðu frestað.

Tollalög og vörugjald, 1. umr.

Stjfrv., 507. mál (hráefni til garðyrkjuafurða). — Þskj. 780.

[19:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er til umræðu ætti að vera þingmönnum nokkuð kunnugt. Það tengist því að garðyrkjubændur þurfa í auknum mæli að sætta sig við samkeppni erlendis frá. Tilgangur frv., sem kemur fram í greinargerð með frv., er að styrkja samkeppnisstöðu þeirra með því að endurgreiða annars vegar toll og hins vegar vörugjald af tilteknum aðföngum sem notuð eru til framleiðslu á gróðurhúsavörum ýmiss konar.

Ég tel ekki ástæðu, virðulegur forseti, til að hafa mjög mörg orð um þetta frv. Það skýrir sig sjálft. Um þetta hefur hæstv. landbrh. nokkuð fjallað og ég veit að ýmsir hv. þm. hafa haft sérstakan áhuga á þessu máli.

Í athugasemdunum kemur fram að um árabil hafi garðyrkjubændur notið verndar í formi innflutningstakmarkana. Á því verða nokkrar breytingar, fyrst með tvíhliða samkomulagi við Evrópubandalagið og eins má vænta þess að Alþingi samþykki þegar tímar líða að Ísland taki þátt í Úrúgvæ-samningslotunni og samþykki þær ráðstafanir sem gera þarf vegna þess alþjóðlega samkomulags. Þá verða beinar innflutningstakmarkanir felldar úr gildi og eðlilegt að nú séu tekin skref í þá átt að jafna eins og hér er gert ráð fyrir samkeppnisstöðu innlendra framleiðenda miðað við innflutt verð.

Hugmyndin er sú að fjmrh. felli niður þar sem það á við eða endurgreiði tolla og vörugjöld en eins og fram kemur í frv. eru ýmis aðföng sem þarna eru nefnd til sögunnar aðföng sem nota má í öðru skyni heldur en eingöngu fyrir garðyrkjubændur.

Ég tel að sjálft frv. útskýri nokkuð vel út á hvað það gengur efnislega og óska eftir að því verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Þess skal getið að við lauslegt mat fjmrn. má búast við að þessi niðurfelling kosti ríkissjóð um 10 millj. kr. í töpuðum tekjum á heilu ári miðað við innflutning ársins 1992.

[19:15]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég er að sjálfsögðu tilbúin til að greiða fyrir því að hagur garðyrkjubænda verði bættur en vil þó benda á það að hér er komið að því að fjalla um afleiðingar af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði.

Ég minnist þess þegar við í hv. landbn. fórum í gegnum þann hluta EES-samningsins sem snýr að landbúnaðinum var kallað á blómaframleiðendur og þá höfðu þeirra talsmenn ekki miklar áhyggjur af því hvaða afleiðingar EES-samningurinn mundi hafa fyrir þá. Nú hafa þeir gengið á fund m.a. hv. landbn. með langan lista yfir aðgerðir sem þurfi að grípa til og það er eins og þeir hafi nú loksins áttað sig á því hvað er að hellast yfir þá. Þetta er orðinn hlutur og verður að bregðast við í ljósi breyttra aðstæðna.

Vegna þess að hæstv. fjmrh. nefndi Úrúgvæ-lotuna og væntanlegan GATT-samning vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann sé viss um að hér sé ekki í uppsiglingu ný búvörulagadeila. Er það í samræmi við samning ríkisstjórnarflokkanna að nefna GATT-viðræðurnar í frv. sem lögð eru fram á hinu háa Alþingi?

[19:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins taka fram að þetta frv. er samið í mjög góðu samkomulagi fjmrn. og landbrn. Og þetta orðalag um GATT er þekkt því eins og allir vita þá er enginn ágreiningur í ríkisstjórninni um að stefnt sé að því að við getum skrifað undir og tekið þátt í Úrúgvæ-samningi GATT-samkomulagsins. Ágreiningurinn í sambandi við breytingar á búvörulögunum snerist um allt önnur atriði en þau sem hér er verið að nefna.

[19:18]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Á fyrsta degi þingsins eftir áramót kvaddi ég mér hljóðs utan dagskrár til að spyrja hæstv. landbrh. að því hvað liði ráðstöfunum til þess að styrkja stöðu garðyrkjunnar vegna þess áfalls sem hún verður fyrir þegar í gildi er genginn hliðarsamningur

við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið sem opnaði fyrir tollfrjálsan innflutning margra tegunda blóma og grænmetis nærri hálft árið. Ég fékk þau svör frá hæstv. landbrh. að hann vonaðist til að þá næstu viku yrði lagt fram frv. um það efni á hv. Alþingi. Ég lýsi að sjálfsögðu yfir ánægju minni yfir því að nú skuli þessi vika loksins liðin og frv. vera lagt fram.

Hins vegar verð ég að draga í efa að þær ráðstafanir sem hér er lagt til að heimila ráðherra að gera nægi til þess að bæta nema lítinn hluta af því áfalli sem garðyrkjan verður fyrir af fyrrnefndu sökum, enda þótt hæstv. utanrrh. hafi oft ítrekað það hér og síðast fyrir fáum dögum að það séu svo miklir smámunir að það taki því ekki að vera að minnast á það þó garðyrkjan verði fyrir slíku.

Hæstv. fjmrh. nefndi að þær heimildir sem hér er gert ráð fyrir að lögfesta mundu kosta ríkissjóð u.þ.b. 10 millj. kr. á ári ef þær verða notaðar að fullu væntanlega miðað við árið 1992. Þar sem ég veit að gerð hefur verið úttekt á samkeppnisstöðu garðyrkjunnar miðað við innfluttar vörur, þá vildi ég spyrja hæstv. fjmrh. hvað þar komi fram, hvort samkeppnisstaða íslenskrar garðyrkju sé miklu verri heldur en þeirra erlendu framleiðenda sem vörur eru fluttar inn frá.

Það er vitað að hjá Evrópubandalaginu er framleiðsla garðyrkju og blóma greidd niður allt að 20%, a.m.k. í sumum löndum eins og Hollandi. Það er augljóst að þessar 10 millj. kr. vega harla skammt til að bæta upp aðeins þann mismun fyrir utan það svo að ýmis aðföng hafa verið dýrari hér, orka er miklu dýrari og ýmislegt fleira sem er á valdi opinberra aðila að ákveða verðlagningu á. Ég vildi því bera þá ósk fram við hæstv. fjmrh. að hann gæfi nánari upplýsingar um þetta atriði. Mér finnst að í greinargerð frv. komi harla lítið fram um þessi atriði og nauðsynlegt að vita það til þess að hægt sé að halda áfram að fjalla um málið og hvaða ráðstafanir þurfi að gera til viðbótar.

[19:22]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja það vegna þessarar löngu viku sem hv. þm. minntist á að ástæðan fyrir því að málið hefur dregist er að það þarf að finna endurgreiðslunni farveg og mér sýnist að það verði að gera ráð fyrir því að Rannsóknastofnun landbúnaðarins aðstoði við það hvernig fara skuli að við endurgreiðsluna. Það er hreint ekkert einfalt mál. Það er hins vegar bót í máli að lögunum er ætlað að taka gildi með þeim hætti að tollar og vörugjöld sem greidd hafa verið á þessu ári frá áramótum munu verða endurgreidd.

Ég get ekkert sagt um samkeppnisstöðuna gagnvart innflutningi. Þó er það þannig að aðeins hluti af framleiðslu íslenskra garðyrkjubænda er í samkeppni við innflutning. Það er mjög erfitt að reikna þetta út. Mér er þó ljóst að orkan er hér tiltölulega dýr og auðvitað getur íslensk orka, þótt ódýr sé miðað við margt annað, ekki keppt við sólarljós suðlægari þjóða. Ég get þess vegna ekki svarað fyrirspurninni. Það má vera að þessi úttekt sé til í landbrn. og þá getur hv. nefnd kallað eftir henni.

Loks vil ég einungis segja það að ef um niðurgreiðslur er að ræða þá á að vera hægt að beita jöfnunartollum en einmitt í dag fjallaði ríkisstjórnin um reglugerð um jöfnunartolla sem mætti grípa til ef um er að ræða opinbera styrki eða niðurgreiðslur af hálfu ríkis og annarra opinberra aðila.

[19:24]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Eftir svari hæstv. fjmrh. að dæma virðist ekki hafa verið farið að hugsa neitt um þetta mál þegar hæstv. landbrh. gaf þá yfirlýsingu að frv. yrði lagt fram eftir viku úr því að það þurfti svo langan tíma til þess. En það er liðin saga og vonandi gengur þetta mál hratt fyrir sig þó ég vilji leggja áherslu á að það sé skoðað hvort ekki sé hægt að koma meira til móts við íslenska garðyrkju.

Ég átti ekki við sólarorkuna þegar ég var að tala um mismunandi verð því að hún er ekki keypt hér á landi heldur. Við vitum að verð á orku til gróðurhúsaræktunar er hærra hér en víðast hvar annars staðar. Jafnvel í suðlægari löndum er notuð slík orka til framleiðslu á blómum og grænmeti yfir veturinn.

En ég vil að lokum láta í ljós ánægju mína yfir þeirri yfirlýsingu frá hv. fjmrh. að það sé heimild til að beita jöfnunargjöldum vegna þessara niðurgreiðslna sem Evrópubandalagið veitir á framleiðslu þar. Og ég vil spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann muni ekki örugglega beita sér fyrir því að þeim verði beitt þegar í stað.

[19:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi vil ég að það komi skýrt fram að það er ekki rétt sem hv. þm. giskaði á að ekkert hefði verið farið að hugsa um þetta mál í upphafi þessa árs. Strax í fyrrasumar og sérstaklega í fyrrahaust fóru mjög ítarlegar viðræður fram á milli ráðuneytanna um málið og þótt þetta frv. láti lítið yfir sér þá er það svo að þetta mál er ekkert einfalt. Og það er ekkert einfalt m.a. vegna þess að aðföngin eru almennar vörur, sem eru notaðar hvar sem er, og samkeppnin við innflutning er ekki fullkomin. Ýmsar vörur sem framleiddar eru í gróðurhúsum hér á landi eru ekki í samkeppni allt árið við innflutning. Það verðum við að hafa í huga. Þannig að málið er ekki einfalt. Þetta mál gekk heldur hægar en við vildum en við teljum okkur hafa nú fundið lausn.

Í öðru lagi vil ég taka það fram að það eru ekki jöfnunargjöld sem yrðu lögð á samkeppnisvörur heldur jöfnunartollar. Og til að hægt sé að leggja á jöfnunartolla þarf að sanna tjón sem viðkomandi aðili hefur orðið fyrir. Það sem ég sagði áðan í minni andsvarsræðu var að í dag hefði ríkisstjórnin fjallað um bæði lagabreytingar og reglugerðardrög sem varða það mál og geta styrkt stöðu ráðuneytanna en til þess að hægt sé að grípa til slíkra aðgerða verður innlendur aðili, sem í hlut á, að gefa sig fram og geta sýnt fram á að hann hafi borið fjárhagslegt tap af slíkum samkeppnisaðferðum sem byggja á niðurgreiðslum annarra ríkja til útflutnings.

[19:28]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg ég muni það rétt að það hafi verið eftir að ég hóf utandagskrárumræðu sem ég hitti fulltrúa frá garðyrkjubændum og þeir tjáðu mér að þetta mál hefði verið til viðræðu við landbrn. og fjmrn. eins og hæstv. ráðherra segir en hins vegar væri vandræðagangur með að koma tollalækkun fyrir. Þá varpaði ég því fram að mér sýndist að helst væri að framkvæma það með endurgreiðslu eins og hér er lagt til í frv. Mér skildist svo síðar að það hefði þá verið tekið til skoðunar og sem betur fer verið talið framkvæmanlegt.

Ég vil sérstaklega víkja að þeim möguleika að leggja á jöfnunartolla og vildi spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það þurfi einhverjar breytingar á tollalögum. Hér er á ferðinni frv. til laga um breytingu á tollalögum og lögum um vörugjöld og ef það þarf einhverjar lagabreytingar, þá sýnist mér að tækifærið sé hér. Úr því að verið er að breyta tollalögum á annað borð þá sé ekki eftir neinu að bíða með að veita þessa heimild því að ég þori að fullyrða að það muni ekki standa á garðyrkjumönnum sem geta sýnt fram á að þeir hafi orðið fyrir tjóni vegna þessa tollfrjálsa innflutnings sem við erum ...(**Fjmrh.:** Vegna niðurgreiðslna.) Já, vegna niðurgreiðslna sem lækkar verðið að sjálfsögðu ef það er niðurgreitt um 20%, t.d. í Hollandi þaðan sem innflutningurinn kemur. Að vísu er vandamál vegna EES-samningsins að gera kröfur til upprunavottorða ef sendingar eru ekki stærri heldur en þær sem koma hingað til lands. En ég tel nauðsynlegt að reyna að breyta lögum ef eitthvað skortir á.

[19:31]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna þessu frv. sem hér er komið fram. Ég tel að það sýni viðleitni ríkisstjórnarinnar að koma til móts við garðyrkjubændur og vonandi fylgir fleira í kjölfarið því að örugglega mun þetta ekki duga til að bjarga þeirri atvinnugrein.

Ég kem ekki hvað síst upp í ræðustólinn til þess að spyrja hvað það þýði sem stendur í 2. gr. frv. Þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjmrh. er enn fremur heimilt að endurgreiða eða fella niður vörugjald af innlendu hráefni," — það má sem sagt fella niður vörugjöldin af innlendu hráefni. Síðan kemur: „efnivörum og hlutum til framleiðslu innlendra iðnaðarvara og garðyrkjuafurða."

Ég skil þetta svo líka af skýringunum sem með fylgja þar sem stendur, með leyfi forseta: „Gert er ráð fyrir að heimildin verði notuð til að endurgreiða eða fella niður tolla og eftir atvikum vörugjöld af græðlingum sem fluttir eru inn til framhaldsræktunar" o.s.frv. að þarna séu menn í raun og veru að tala um að fella niður vörugjöld af öllum aðföngum. En hvers vegna er þá tekið þannig til orða að fella niður vörugjöld af innlendu hráefni? Er ekki meiningin að fella niður vörugjöld eða tolla af öllu erlendu hráefni sem innflutt er í þessu skyni eða hvað stendur á bak við þetta orðalag?

Síðan langaði mig vegna orða hæstv. ráðherra að fagna því alveg sérstaklega að ríkisstjórnin hefur tekið, eftir því sem ég skil, lokaákvarðanir um það að koma hér á undirboðs- og jöfnunartollum. Mér er það mikil ánægja að geta hælt ríkisstjórninni fyrir það að hafa loks tekið á þessu máli ef ég hef skilið rétt það sem hæstv. ráðherra var að segja. Ég flutti frv. fyrir hálfu öðru ári síðan um undirboðs- og jöfnunartolla sem var vísað til ríkisstjórnarinnar á síðasta þingi og við sem höfum verið að reyna að fylgja því eftir að eitthvað væri gert, t.d. í málefnum skipasmíðaiðnaðarins, höfum beðið lengi eftir því að ríkisstjórnin kæmi frá sér ákvörðunum um undirboðs- og jöfnunartolla. Ég vona að ég sé ekki að fagna of snemma en ætla að segja að ef það er rétt skilið að hæstv. ríkisstjórn sé hér með að taka ákvarðanir um að koma á undirboðs- og jöfnunartollum í skipasmíðum, þá á hún hrós skilið fyrir að hafa þó loksins tekið þessa ákvörðun. Enginn ríkisstjórn sem á undan hefur setið hefur tekið hana fyrr. Ég ætla ekki að lengja þetta að öðru leyti en ég vildi bara koma þessu á framfæri við fyrsta tækifæri eftir að hafa heyrt þessi gleðilegu tíðindi.

[19:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég ætla fyrst að reyna að skýra 2. gr. Það kann að vera að ég skilji hana ekki rétt en mér sýnist að hér sé verið að leita betri lagastoðar heldur en reglugerð sem í gildi er hefur í dag. Jafnframt er nauðsynlegt að vitna í vörugjaldslögin vegna þess að tolli á sumum vörum var breytt í vörugjald á sínum tíma. Þeir tollar eða vörugjald á aðföngum til garðyrkju geta verið hvort tveggja á vörur sem framleiddar eru erlendis eða hérlendis. Ég vek athygli á því að hér er verið að leggja til að gróðurhúsaframleiðendur sem kaupa vörur innan lands þurfi ekki að bera vörugjöld sem aðföngin bera, hvort sem það er af hráefni eða öðrum vörum sem þarna eru nefndar. Ég held að það sé fyrst og fremst verið að undirstrika það auk þess sem verið er að leita nýrrar lagastoðar þegar í ljós kom að gildandi niðurfellingarheimild í reglugerðinni hefur ekki nægt lagastoð. Það skiptir reyndar ekki máli. Þetta er skýrt. Tilgangurinn er sá sami og kemur mjög skýrt fram í athugasemdum með frv. Auðvitað þarf að ganga tæknilega rétt frá frv. og ég veit að hv. nefnd kann á það.

Þá vil ég segja frá jöfnunartollum. Það er rétt að ríkisstjórnin fjallaði í dag um jöfnunartolla og þeim hefur ekki mikið verið beitt. Það er að vísu heimild í tollalögunum og eins heimild til að beita undirboðstollum. Þær heimildir hafa lítið verið notaðar. Undirboðstollaaðgerðir á Evrópska efnahagssvæðinu eru samræmdar þannig að Samkeppnisstofnun mun fjalla um slík mál hér á landi. Hins vegar er hugmyndin að setja upp nefnd til þess að fjalla um undirboðstolla sem snúa að innflutningi frá öðrum ríkjum og jafnframt jöfnunartolla en þá má nota þegar um er að ræða styrki eða niðurgreiðslur af hálfu opinberra aðila. Til þess að geta beitt slíkum tollum með áhrifaríkum hætti þarf að breyta lögum og innan tíðar verður lagt fyrir þingflokka stjórnarflokkanna, væntanlega á morgun á fundi, tillaga þess efnis að breyta tollalögunum þannig að

hægt sé að beita þeim aðgerðum sem má grípa til samkvæmt alþjóðlegum samningum.

Sú breyting sem þar er um að ræða fjallar einmitt um það að reyna að ná til þjónustuviðskiptanna auk vöruviðskiptanna sem hefur auðvitað mika þýðingu, sérstaklega þegar talað er um viðgerðir á fiskiskipum, svo ég nefni til sögunnar mál sem mikið hefur verið til umræðu á hv. Alþingi á undanförnum árum. Að nokkru leyti munu Íslendingar ríða á vaðið verði þessi heimild veitt og mikil vinna hefur farið fram um þetta mál, sem birtist í reglugerð, en að sjálfsögðu get ég ekki annað en sagt frá þessu með þeim fyrirvara að ríkisstjórnarflokkarnir samþykki framlagningu frv. en ég á ekki von á neinni fyrirstöðu af þeirra hálfu.

Allt þetta sem ég hef hér sagt mun hjálpa okkur ef okkur tekst að nýta þessar heimildir með réttum hætti, en lykillinn að því er sá að innlendir aðilar geti sannað að um tjón hafi verið að ræða og ég viðurkenni að það er að sjálfsögðu mjög erfitt í vissum tilvikum. Þó er gert ráð fyrir því að um aðstoð opinberra aðila verði að ræða.

Það sem er þó kannski merkilegast við þetta allt saman er að í þeirri vinnu sem hefur átt sér stað hafa tekið þátt fulltrúar ekki eingöngu fjmrn. og iðnrn. heldur einnig utanrrn., sem fer með samningsvaldið gagnvart erlendum þjóðum, og sjútvn. en eins og allir vita hefur sjávarútvegurinn mikilla hagsmuna að gæta í þessum efnum. Þetta var ekki hugsað gagnvart landbúnaðarvörum vegna þess að landbúnaðarvörur hafa yfirleitt verið mjög vel varðar hér á landi með alls konar innflutningshöftum eða innflutningstollum og -gjöldum en nú er sú tíð að breytast og þess vegna þurfa þessi tæki að vera til ef ríkisstjórnin vildi breyta slíkum tollum. Þetta er allt á undirbúningsstigi og ekki ástæða til að fara að ræða þessi mál núna áður en sjálft frv. kemur fram. Ég kýs að nefna þetta vegna orða hv. þm. og ef ekki verður búið að afgreiða það frv. sem hér er til umræðu út úr nefnd, þá er ekkert að vanbúnaði þegar seinna frv. fer til nefndarinnar að afgreiða þau bæði út úr nefndinni á sama tíma. En ég átti satt að segja von á því að það tæki ekki ýkjalangan tíma að afgreiða það mál sem hér er til umræðu út úr nefnd þegar hún kemst í það verk að fjalla um það.

[19:41]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. þessar yfirlýsingar en mig langaði aðeins að spyrja frekar. Það sem ég var að leggja til var að frv. yrði, ef á þyrfti að halda, breytt þannig að gagnvart garðyrkjunni væri hægt að nýta strax heimildir til jöfnunar tolla ef það þyrfti að breyta lögum. En ég er síður en svo að leggja það til að frestað verði að afgreiða þetta frv. og gera það að lögum en tel þó miklu máli skipta að það verði í þeim búningi að það þjóni garðyrkjunni sem best.

Það sem mér finnst þó skipta mestu máli og ég hélt að ég hefði spurt hæstv. fjmrh. að var hvort ríkisstjórnin muni örugglega beita þeim heimildum sem hún hefur samkvæmt alþjóðasamningum til þess að vernda innlenda framleiðslu og þá ekki aðeins garðyrkju heldur fjölmargt annað sem hæstv. ráðherra minntist hér á. Mér er það ljóst að það er ekki hægt í einu vetfangi að sundurliða það allt en stefnumörkunin er auðvitað það sem mestu máli skiptir. Það er hvort vilji er fyrir hendi hjá hæstv. ríkisstjórn að nýta þessa möguleika.

[19:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er allt of flókið mál að taka jöfnunartollinn til meðferðar með því frv. sem hér er verið að ræða. Þau reglugerðardrög sem nú liggja fyrir eru upp á 46 greinar, mjög flóknar lögfræðilegar greinar, því hér er um að ræða afar flókið viðfangsefni. Lagagreinarnar, sem yrðu í væntanlegu frv. ef og þegar það verður lagt fram, eru hins vegar miklu færri, tvær eða þrjár. Ég væri ekki að leggja þessar lagabreytingar til við þingflokka stjórnarliðsins og síðan væntanlega við Alþingi nema vegna þess að hugur fylgdi máli. Og ástæðan fyrir því að þetta mál hefur ekki komið fram strax er að vinnan hefur tekið mjög langan tíma. Hún er mjög flókin og í vissum tilvikum má búast við því að verði heimildin notuð séu það Íslendingar sem ríða á vaðið í þeim efnum. Menn verða því að fara dálítið varlega af stað og taka hvert skref mjög vel yfirvegað.

En vegna beinnar fyrirspurnar er að sjálfsögðu ekki verið að leggja í það að breyta lögum og setja langa ítarlega reglugerð um það hvernig eigi að fylgja lögunum nema vegna þess að það er alvara á bak við aðgerð ríkisstjórnarinnar og ég hef tryggt það að þau ráðuneyti sem eiga hagsmuna að gæta í þessu máli öllu hafi komið að þessari undirbúningsvinnu sem táknar að mínu viti að það sé fullur hugur af hálfu ríkisstjórnarinnar allrar að beita þessum ákvæðum ef á þarf að halda og hægt er að sanna að um niðurgreiðslur sé að ræða sem valda tjóni hjá innlendum framleiðendum.

[19:45]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir afdráttarlausa yfirlýsingu hans og tel hana vera mjög mikils virði. Jafnframt tel ég að hún sé ekki algerlega að ástæðulausu því að við höfum heyrt það á Alþingi frá öðrum hæstv. ráðherrum að það sé eitt að fá heimildir í alþjóðlegum samningum til að gera hlutina og síðan allt annað að taka ákvörðun um að beita þeim. Þess vegna tel ég það mjög mikils virði að hæstv. fjmrh. skuli gefa svo afdráttarlausa yfirlýsingu. Eins og ég sagði áðan, þá vil ég ekki að neitt sé gert sem tefur afgreiðslu þessa frv. en legg jafnframt áherslu á að það sem við á að éta, þ.e. aðrar breytingar á tollalögum sem eru nauðsynlegar til þess að beita fyrrnefndum heimildum, komi fram sem allra fyrst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 506. mál. — Þskj. 779.

[19:47]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir það að fá tækifæri til þess að koma að nokkrum athugasemdum um frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum. Það vill svo til að eins og kunnugt er hefur verið ákveðið að halda þessari umræðu áfram í kvöld, en þannig hagar til hjá þeim sem hér stendur að hann þarf að mæta á fundi þar sem hann hefur verið boðaður og getur þar af leiðandi ekki tekið átt í umræðunum í kvöld um þetta málefni en vill engu að síður koma á framfæri nokkrum athugasemdum um frv. sem er til umræðu, ekki síst við hæstv. fjmrh. sem málið flytur.

Í þessu frv. til laga er gert ráð fyrir því að veitt sé nokkur hundruð milljónum kr. til þess að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða og gera fyrirtækjum sem geta sameinast það kleift með því að veita þeim víkjandi lán. Hér er að sjálfsögðu ekki um að ræða mjög verulegar upphæðir þannig að þótt ég hafi litið svo á að hér væri um nokkra stefnubreytingu að ræða hjá ríkisstjórninni þá er ekki hægt að jafna þessum ráðstöfunum saman við þær ráðstafanir sem gripið var hér til á árinu 1988 þegar milljarðar kr. voru veittir í sjávarútveginn með sérstökum aðgerðum.

Hinu er ekki að leyna að það hljóta að vakna spurningar þegar þessar ráðstafanir eru kynntar hvort hér eru á ferðinni aðgerðir sem hafa áhrif á stöðu sjávarútvegsins og skekkja samkeppnisstöðu fyrirtækjanna á þeim harða markaði, í þeirri hörðu samkeppni sem fyrirtækin eiga í innbyrðis með hætti sem ekki er hægt að sætta sig við.

Það er ljóst að samkeppnin um kvótann, um hráefnið, er mjög hörð og fyrirtækin hafa fjárfest mjög verulega til þess að tryggja sig í þessari samkeppni. Fjárfesting sjávarútvegsfyrirtækjanna í kvótanum, sem jafnframt er fjárfesting sem stendur undir starfsemi þeirra og markaðstengslum eins og ég hef bent á áður í þingsalnum, er gerð í því trausti að ekki verði höfð af stjórnvalda hálfu truflandi áhrif á þessa samkeppnisstöðu. Þess vegna hefði ég viljað beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. á hvern hátt ríkisstjórnin hugsi sér að tryggja það að þessi víkjandi lán hafi ekki áhrif á stöðu fyrirtækjanna í samkeppni þeirra innbyrðis. Þessar upphæðir, sem vissulega eru ekki háar og hefur verið bent á það af hæstv. sjútvrh. að þær upphæðir sem hér er verið að tala um samsvari eins og mánaðarafskrift Landsbanka Íslands, eru engu að síður fjármunir og ég spyr því hæstv. fjmrh.: Hvernig hugsar ríkisstjórnin sér að koma í veg fyrir það að víkjandi lán af þessu tagi hafi áhrif á samkeppnisstöðu fyrirtækja í sjávarútvegi? Eins og kunnugt er þá er samkeppnin þar mjög hörð.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fá svör við þessu þó að ég undirstriki það að þær fjárveitingar sem verið er að tala um til fyrirtækjanna sem eru að sameinast séu óverulegar, þá geta þær hugsanlega haft áhrif á samkeppnisstöðuna.

Ég vil einnig spyrja hæstv. fjmrh. að því hvernig gengið var í það að skilgreina vanda Vestfjarða sérstaklega og jafnframt annarra byggðarlaga. Ég vil ekki draga úr því að Vestfirðir eiga við mikinn vanda að glíma og ég vil heldur ekki draga úr því að það er sjálfsagt að taka á þeim vanda. En það skiptir þá máli að vandinn sé skilgreindur þannig að af honum fáist rétt mynd. Ef litið er á málið eingöngu frá þeim sjónarhóli að líta svo á hvar kvótinn hefur skerst mest, þá er það ljóst að Vestfirðir hafa farið verr út úr kvótaskiptunum en aðrir landshlutar. En það hlýtur fleira að koma til álita. Það hlýtur líka að skipta máli hvar aflinn er til ráðstöfunar og þá spyr ég hæstv. fjmrh.: Hefur verið tekið tillit til þess þegar aðstæður Vestfjarða hafa verið skilgreindar hvar ráðstöfunaraflinn hefur minnkað mest, hvar hann hefur minnkað minna en annars staðar og hvort Vestfirðir skapi sér sérstöðu með þessum hætti? Hefur ráðstöfunaraflinn þar minnkað meira en í öðrum landshlutum?

Ég hef trú á því að ráðstöfunarafli hafi minnkað minna á Vestfjörðum en í mörgum öðrum landshlutum, en það hlýtur að hafa áhrif á atvinnustigið í þeim landshluta. Það væri einnig athyglisvert að fá svör við því þegar verið er að skilgreina svona vandamál eins og það sérstaka vandamál sem hér er til umfjöllunar hvort litið er eingöngu til þorskkvótans eða hvort litið er almennt til þess hvernig atvinnulíf í einstökum byggðarlögum hefur orðið úti burt séð frá því sem kvótinn segir til um sérstaklega. Ég vil taka það fram að kvótinn snertir náttúrlega beint frumvinnslu. Það er augljóst mál. En hann hefur síðan veruleg áhrif á atvinnustig í ýmsum þjónustugreinum og úrvinnslugreinum og að þessu leyti er rétt að minna á það að frumvinnslugreinarnar hafa margfeldisáhrif í þjónustustiginu þegar þær eru að byggja sig upp en þær hljóta jafnframt að hafa margfeldisáhrif á atvinnuleysið þegar samdráttur er í þeim. Það er einmitt svo að ákveðin byggðarlög sem hafa mjög lengi átt við atvinnuleysi að glíma eru einmitt byggðarlög sem hafa byggt atvinnustarfsemi sína annars vegar upp á úrvinnslu á afurðum frumvinnslugreina okkar í landbúnaði og sjávarútvegi en einnig í þjónustu við þessar greinar. Svo ég taki nú mjög glöggt dæmi um sveitarfélag sem hefur farið mjög illa út úr þeim breytingum sem orðið hafa í samdrættinum sem hefur orðið í landbúnaðinum og í sjávarútveginum, en einnig breytingum sem hafa orðið í umheiminum vil ég nefna Akureyri sem hefur lengi átt við erfiðleika að etja einmitt í þessum hefðbundnu atvinnugreinum.

Það er ekki einatt að samdrátturinn í landbúnaði hafi haft mjög veruleg áhrif á úrvinnslugreinarnar og þjónustugreinarnar sem hafa byggt sitt starf á landbúnaðinum, heldur hafa heilu markaðirnir sem þessar atvinnugreinar hafa verið innstilltar á hrunið með þeim afleiðingum að sjálfsögðu að upp hefur komið alveg ný staða. Aðlögun iðnaðarins að þessari nýju stöðu hefur verið mjög sársaukafull og er ekki enn þá trygg. Markaðir ullariðnaðarins voru mikilvægir í Austur-Evrópu.

Sá markaður hrundi. Markaður skinnaiðnaðarins var einkum á Ítalíu. Þar urðu miklir brestir í markaðnum og mikið uppnám vegna pólitísks ástands á Ítalíu, vegna gengisfellinga bæði á Ítalíu og einnig í helstu samkeppnislöndum Íslendinga á Ítalíumarkaði eins og Spáni og Englandi. Þegar þessar aðstæður eru vegnar saman er alveg ljóst að um langt árabil og raunverulega löngu áður en hæstv. ríkisstjórn tók við var komið upp neyðarástand í þessum atvinnugreinum og hefði verið ástæða til að taka á þróun þessara atvinnugreina og viðbrögðum þeirra við nýjum aðstæðum með sérstökum hætti. Ég tel að svo hafi raunar verið gert að hluta til nú af þessari ríkisstjórn þegar hún hefur lagt sig í líma við að auðvelda ullariðnaðinum að mæta nýjum viðhorfum með því m.a. að styrkja hann beinlínis til þess að taka á þessum aðlögunarvandamálum. En það á ekki síður við um skinnaiðnaðinn þar sem stjórnvöld hafa komið inn í aðlögun þeirrar iðngreinar að þessum nýju viðhorfum með hætti sem verður að teljast afgerandi þó að því fari víðs fjarri að framtíð þessara fyrirtækja sé tryggð.

Það verður einnig að segjast sem svo að skipasmíðaiðnaðurinn í landinu í heild hefur orðið að taka út miklar þjáningar vegna þess að niðurskurðurinn í aflanum hefur verið svo mikill. Þjónustugreinarnar hafa mjög fundið fyrir þessum samdrætti. Þess vegna er spursmálið hvort ekki er nauðsynlegt á sama tíma og þessar ráðstafanir vegna Vestfjarða eru kynntar, þá sé tekið tillit til almennra aðstæðna í atvinnulífinu þar sem það stendur veikast.

Ég vil líka geta þess að það eru til ákveðin byggðarlög sem byggja afkomu sína nánast eingöngu á sjávarfangi sem hafa að vísu ekki fengið eins mikinn hlutfallslegan samdrátt í þorskkvóta og Vestfirðirnir hafa almennt. En þeirra ráðstöfunarafli hefur minnkað mun meira. Þá er spursmálið hvort ekki er rétt að líta til þess líka, hvort skilgreiningin á vandanum þurfi ekki að vera miðuð við eðli vandans frekar en gefa sér það að þröng skilgreining á vandanum sé hin eina rétta.

Það er einnig hægt að geta þess að í vissum greinum eru miklir erfiðleikar. Ég hef nefnt hér skipasmíðaiðnaðinn og ætla ekki að minnast á hann meira í kvöld því að tíminn er naumur og það hefur verið rætt um hann mjög ítarlega í þinginu. En ég vil nefna sérstaklega ferðaþjónustuna. Það eru miklir erfiðleikar í ferðaþjónustunni sem markast af því að lánveitingar til fjárfestingar í ferðaþjónustunni, einkum og sér í lagi hótelbyggingum, er til skemmri tíma hér en víðast í samkeppnislöndum okkar þó svo að vertíðin hjá ferðaþjónustunni sé ekki lengri. Hún er kannski heldur skemmri ef nokkuð er. Það er orðið það ástand í þessari grein, sérstaklega kannski gistiþjónustunni, að gjaldþrot sem þar hafa orðið tíð hafa leitt til þess að nýir aðilar hafa tekið við rekstri. Þeir hafa vegna erfiðleika í stöðunni getað fengið samninga við þrotabú sem veita þeim visst forskot fram yfir þá sem fyrir eru í greininni og er ekki örgrannt um að einmitt á þessu sviði hafi smám saman komið upp samkeppnisstaða í þjónustugreinni sem sé illviðunandi.

Sum byggðarlög byggja afkomu sína mjög verulega á ferðaþjónustu þó að kannski ekkert byggðarlag byggi hana eingöngu á ferðaþjónustu. En þegar það fer saman eins og í Mývatnssveit að þar eru erfiðleikar í atvinnurekstrinum vegna kísilgúrverksmiðjunnar og á sama tíma eru ákveðnar blikur á lofti í sambandi við ferðaþjónustuna, þá ber að skoða það líka sérstaklega. Ég held að það verði ekki hjá því komist að gera einhverjar ráðstafanir til þess að leysa vandamál ferðaþjónustunnar í landinu í heild vegna þess hvernig henni er komið.

Þetta vildi ég að fram kæmi við 1. umr. um frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða. Ég geri að sjálfsögðu ekki ráð fyrir því að ég geti hlýtt á svar hæstv. ráðherra, ég verð ekki hér í kvöld, en ef hann getur veitt mér einhver stutt svör í andsvari, þá er það vel þegið.

[20:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þar sem hv. þm. verður ekki hér í kvöld skal ég reyna að segja örfá orð um þær fyrirspurnir sem hann beindi til mín.

Í fyrsta lagi vegna samkeppnisstöðu þessara fyrirtækja, þá hygg ég að það sé óþarfi að hafa áhyggjur af því. Auðvitað geta áhrif orðið einhver en þessar aðgerðir miða fyrst og fremst að því að halda lífi í ákveðnum fyrirtækjum og brúa bil þar til aftur lifnar yfir atvinnulífinu á nýjan leik vegna væntanlegrar þorskgengdar sem verður einhvern tíma á næstu árum.

Í öðru lagi um skilgreininguna, þá er það rétt sem hv. þm. vjáði að að áherslan lá meira á þorskígildisaflaheimildum heldur en ráðstöfun á afla á svæðinu. Það er rétt hjá honum. En til viðbótar kemur að sjálfsögðu afkoman sem er verri í sjávarútvegsfyrirtækjum á Vestfjörðum heldur en annars staðar og hefur versnað mun meira heldur en í öðrum kjördæmum eins og hæstv. sjútvrh. gat um áðan.

Önnur atriði sem starfshópurinn notaði voru einhæfara atvinnulíf, hlutfall af ársverkum er miklu hærra á Vestfjörðum, íbúum hefur fækkað meira en annars staðar, um er að ræða landfræðilega einangrun og fjárhagsstaða þéttbýlissveitarfélaga er mjög slæm.

Vegna atvinnuleysis á Akureyri m.a. vil ég segja það að hér er ekki um að ræða aðgerð til að bregðast við núverandi atvinnuleysi á Vestfjörðum heldur er verið að bregðast við því að það getur farið svo að byggðin hrynji. Og ef það gerist, þá verður atvinnuleysi ekki 10 eða 20% heldur kannski 50–60%.

Ég vil að lokum geta þess, eins og hv. þm. veit, að ríkið hefur auðvitað styrkt fyrirtæki á Akureyri. Ég nefni Slippstöðina Odda. Ég veit að ríkið hefur komið nálægt Foldu þó að það sé ekki í stórum stíl og í þriðja lagi veit ég ekki betur en hæstv. landbrh. hafi horft til skinnaiðnaðarins þegar blés mest á móti.

[20:03]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hefði kannski viljað ítreka spurningu mína um það sem ég fékk ekki beint svar við hvort það væri rétt, sem ég fullyrti áðan, að ráð-

stöfunarafli hefði minnkað minna á Vestfjörðum en í mörgum öðrum landshlutum.

[20:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Því miður, virðulegi forseti, get ég ekki svarað þessari fyrirspurn beint hér og nú með viðhlítandi hætti. Ég hygg að hv. nefnd geti aflað þessara upplýsinga en mér sýnist á töflu sem ég hef hér að það kunni að vera rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að sé miðað t.d. annars vegar við 1988 og hins vegar við 1992, þá hafi ráðstöfun bolfiskafla, og ég er einungis að tala um bolfiskinn, ég er ekki að tala um loðnuna eða neitt annað, þá hafi samdrátturinn á Vestfjörðum orðið minni en annars staðar, til að mynda á Suðurlandi og á Vesturlandi svo tekin sé viðmiðun, jafnvel á Norðurlandi vestra. Ástæðan er náttúrlega augljós, held ég, og hún er viðbrögð vestfirskra útgerða sem hætta í stórum stíl að flytja fisk til erlendra hafna en taka fiskinn upp í stærri stíl hér á landi. Það gerir það að verkum að ráðstöfunin á staðnum hefur ekki dregist eins mikið saman og aflaheimildir mældar í þorskígildiskílóum. Það hygg ég að sé stærsta skýringin á því hvað gerst hefur á þessu árabili. Annars væri nú fróðlegt að spyrja mann sem er í salnum en getur ekki tekið til máls undir þessum lið, ekki fyrr en síðar í umræðunni, en það er — ég ætlaði að fara að segja minn ágæti, gamli skipstjóri, Guðjón Arnar, sem situr hér sem varamaður hv. 3. þm. Vestf. sem er fjarstaddur. Hann hefði getað svarað þessu og gæti gert það með frammíkalli.

[20:06]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins taka það fram að fyrir utan þá skýringu sem hæstv. fjmrh. hefur veitt á þeirri staðreynd, sem ég hygg að sé, að ráðstöfunaraflinn hafi dregist minna saman á Vestfjörðum heldur en annars staðar byggist ekki síður á því að bátar eru gerðir út frá Vestfjörðum og leggja þar upp afla sinn þó að þeir eigi heimahöfn annars staðar.

[Fundarhlé. — 20:07]

[20:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér eru ekki allfjarri mér tveir ráðherrar sem kosnir voru á þing um svipað leyti og sá sem hér stendur, árið 1978. Þá háttaði þannig til í íslensku þjóðfélagi að þar hafði verið verulegur hagvöxtur um árabil og áratuga skeið og vandamálin voru allt önnur en þau eru nú, að ekki sé meira sagt. Þá kom fyrir að hér voru fluttar tillögur um aðgerðir í sérstökum byggðarlögum. Ég man eftir tillögum á þessum tíma sem snertu t.d. Þórshöfn, ég man eftir tillögum sem snertu einstök svæði t.d. Djúpið, Skeggjafjarðarhrepp og fleiri slíka staði. Þá leiddu sérstakar aðgerðir til einhvers. Hins vegar er það nú satt best að segja því miður liðin tíð. Það er í raun og veru alveg sama hvert við horfum í okkar atvinnu- og efnahagslífi, hlutirnir standa mjög, mjög illa.

Skoðum í fyrsta lagi stöðuna á heimilunum. Hvað voru margir atvinnulausir á Íslandi í síðasta mánuði? Það voru 7.500 Íslendingar atvinnulausir í síðasta mánuði. Þeir voru yfir 9.000 í janúarmánuði. Í skýrslu félmrn., sem hæstv. félmrh. þekkir, er því spáð að atvinnuleysi muni ekki minnka heldur jafnvel vaxa í þessum mánuði, mars 1994. Það er verið að tala um það, m.a. í ræðu hv. þm. Guðjóns A. Kristjánssonar í dag, að ástandið í sjávarútveginum muni fara hríðversnandi eftir því sem líður á árið. Það er verið að tala um það að samdráttaraðgerðirnar í landbúnaðinum, sem menn hafa beitt sér fyrir að undanförnu, muni skila sér með hrottalegum þunga inn á bændaheimilin einmitt á þessu ári og því næsta, þannig að það verði heilu flákarnir af gjaldþrotunum í sveitum landsins síðar á þessu ári og á því næsta. Hér á höfuðborgarsvæðinu einu eru 4.200 atvinnulausir einstaklingar. Það er meira en helmingurinn af öllum þeim sem skráðir eru atvinnulausir á Íslandi. Svo kemur fjmrh. í dag og flytur ræðu þar sem hann segir m.a. að ríkisstjórnin hafi náð stórkostlegum árangri. Ég segi, með leyfi forseta: Mér finnst að það ætti að víta málflutning af þessu tagi af því að hann er til skammar og hæstv. ráðherra ætti að finna til skömmustutilfinningarinnar en ekki að vera stoltur yfir þeim hörmungum sem þessi stjórnarstefna, sem hann og aðrir stjórnarþingmenn hér inni bera ábyrgð á og aðrir í stjórnarflokkunum, hefur leitt yfir alþýðuheimilin á Íslandi. — 7.500 atvinnulausir. Og því er spáð að það muni fara versnandi. Svo kemur hæstv. fjmrh. og segir: Ríkisstjórnin hefur náð gríðarlegum árangri. Í hverju mælir hann árangurinn? Hann mælir hann auðvitað í þessum venjulegu borgaralegu efnahagsmálatölum sem segja ekki neitt um líðan fólksins. Það er mælt t.d. í því að verðbólgan er lítil og það er gott. Það er mælt í því að vextirnir hafa eitthvað aðeins lækkað og það er ágætt. Og það er mælt í því að viðskiptahallinn hafi minnkað og það er gott. En af hverju hefur viðskiptahallinn t.d. minnkað? Það er af því að fólkið hefur ekkert kaup. Kauptaxtarnir eru alltaf að lækka. Kaupmátturinn er alltaf að minnka og tekjurnar eru alltaf að minnka af því að yfirvinnan er að dragast saman og yfirborganirnar eru að hverfa. Það er því auðvitað enginn vandi að sýna litla verðbólgu og lítinn viðskiptahalla þegar fólkið hefur enga peninga til að kaupa vörur til landsins af einu eða neinu tagi. Þá er auðvitað enginn vandi að sýna fram á það að ríkisstjórnin sé að ná einhverjum árangri á þessa köldu, ómanneskjulegu og borgaralegu mælikvarða.

Nei, staðreyndin er auðvitað sú að ef við lítum yfir sögu lýðveldisins, sem fagnar 50 ára afmæli núna á þessu ári, að þá má skipta henni í ýmis tímabil og það má kalla ríkisstjórnirnar ýmsum nöfnum en það er alveg ljóst að ein ríkisstjórn, sem nú hefur setið um skeið, á skilið heitið atvinnuleysisríkisstjórn. Atvinnuleysisríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur setið núna frá 30. apríl 1991. Ríkisstjórnir hafa verið kallaðar nýsköpunarstjórnir, vinstri stjórnir, viðreisnarstjórnir, en þessi stjórn heitir atvinnuleysisstjórn Davíðs Oddssonar sem hefur setið frá 1991. Og svo eru ráðherrarnir með þeim hætti sem hæstv. fjmrh. er að flytja mál sitt

hér í dag að reyna að klóra í bakkann með frv. af þeim toga sem hefur verið rakið rækilega í ræðum hvernig kemur út og hv. 5. þm. Vestf. hefur t.d. farið mjög rækilega yfir en enginn hefur svarað ábendingum hans að ég hafi heyrt og fylgdist ég þó grannt með þessum umræðum í sjónvarpstækinu mínu í dag.

Það liggur einnig fyrir að stjórn Byggðastofnunar var ekki spurð um þetta frv. í einstökum atriðum. Og það liggur líka fyrir að þingmenn Vestfjarða voru aldrei kallaðir saman til að fara yfir þetta frv. í einstökum atriðum. Ég vil leggja fyrir hæstv. fjmrh. eina spurningu í þessu sambandi: Hver skrifaði þetta frv.? Þetta er alveg ótrúlegt afrek satt að segja í ambögu-hætti og er þá langt til jafnað vegna þess að maður hefur séð miklar kúnstir af hálfu núv. ríkisstjórnar í þeim efnum. Ég á þá alveg sérstaklega við 2. gr., sem hefur verið tekin ítarlega fyrir í dag, þar sem „sveitarfélög verða sameinuð á Vestfjörðum", án þess að tiltaka hvenær eða hvernig, „er Byggðastofnun heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum sem ætla að sameinast ...". Og hvað er að ætla? Hver staðfestir þá ætlun? Er það einhver deild í fjmrn. eða í Byggðastofnun sem ætlar að staðfesta að það sé fullgild ætlun af hálfu viðkomandi fyrirtækja að sameinast?

Það sem er kannski alvarlegast við frv. er þó það að það eru engin skilyrði í því að viðkomandi fyrirtæki sem stuðninginn fá tryggi atvinnu. Það er fróðlegt að velta því fyrir sér líka, hæstv. forseti: Hvert fara þessar 300 millj.? Hvert telja menn líklegt að þær fari? Verður það til þess að fjölga atvinnutækifærum á Vestfjörðum? Verður það til þess að tryggja að þar skelli ekki á aukið atvinnuleysi þegar líður á árið eða fara þessir fjármunir fyrst og fremst í skuldbreytingar fyrirtækjanna við bankana og seinka þannig uppgjöf þeirra miklu frekar en þeir leysi nokkurn vanda? Er það ekki í raun og veru svo að menn séu með þessu frv. að taka á atvinnuvandanum á tiltölulega mjög litlum hluta Vestfjarða? Og duga fjármunirnir til þess að taka á atvinnuvandanum þar, þ.e. á suðurhluta Vestfjarða þar sem vandinn er hrikalega alvarlegur eins og allir þekkja?

Ég held að það sé líka nokkurt umhugsunarefni, hæstv. forseti, að velta því fyrir sér hvað á að gera annars staðar á landinu. Ég hef tekið eftir því í þessum umræðum í dag að hv. þm., m.a. hv. þm. Vesturlands, hafa verið að tala um að það væri nauðsynlegt að taka á atvinnuvandamálum á utanverðu Snæfellsnesi. Ekki dreg ég úr því. En ég held að staðreyndin sé hins vegar sú að það er liðin tíð að það eigi að tala um svæðisbundinn atvinnuvanda eins og menn hafa verið að gera. Í raun og veru er það gamall tími, því miður löngu liðinn tími. Hann leið fyrir allmörgum árum og er nú úr sögunni frá og með núverandi ríkisstjórn því þessi vandi er alls staðar. Ég spyr sem þingmaður Reykvíkinga, ég hlýt að hafa leyfi til þess að spyrja sem þingmaður Reykvíkinga: Hvað á að gera að því er varðar atvinnuleysingjana hér í Reykjavík sem eru líka fólk og eru 3.000 talsins? Hvað á að gera varðandi atvinnuvanda þessa fólks sérstaklega? Menn hafa auðvitað vanist því í þessum sölum á undanförnum áratugum að það þyrfti ekki að hugsa um Reykjavík af því að Reykjavík sæi um sig sjálf af því að hingað kæmi fólkið og hingað kæmu peningarnir. Vandinn er hins vegar sá núna að hingað kemur atvinnulausa fólkið og það er misjafnt hvað menn hafa mikið af peningum. Sumir hafa allt of mikla peninga en aðrir hafa allt of litla peninga. Hvað verður gert til þess að koma til móts við vanda þessa fólks í Reykjavík sem er atvinnulaust núna þúsundum saman? Það er aldrei á það minnst. Aldrei nokkurn tímann.

Ég held að það sé nauðsynlegt að fá um það upplýsingar, bæði hjá hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh., hvernig þessir aðilar hugsa sér að taka á þessum vanda. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að þeir svari því vegna þess að það er ekki hægt að skjóta sér lengur á bak við það að menn leysi eitt eða neitt með því að horfa á takmörkuð svæði. Með fullri virðingu fyrir þeim, þá er neyð atvinnuleysisins inni á heimilunum allt í kringum landið. Það er úr sögunni, það er liðin tíð að hægt sé að takmarka lausnir af þessum toga við einstaka litla landshluta eða bæi eða þorp.

Ég hlýt líka að taka undir þá spurningu sem fram kom fyrr hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich og einnig hjá hv. 1. þm. Norðurl. e.: Hvað með Akureyri? Vita menn hvernig staðan er þar? Það vita menn. Ég fór þangað í vetur ásamt öðrum iðnaðarnefndarmönnum og við fórum yfir atvinnulífið á Akureyri. Á Akureyri einni eru atvinnulausir og hafa verið upp í nærri 1.000 manns. Hér eru menn að tala um það að grípa til sérstakra aðgerða upp á 300 millj. kr. vegna þessa hluta Vestfjarða, sem er gott, enda skili það sér til fólksins í fleiri atvinnutækifærum. Það er út af fyrir sig jákvætt en sömu menn neituðu að leggja svo mikið sem eina krónu til viðbótar til skipasmíðaiðnaðarins á Íslandi þegar hann var svo að fótum fram kominn að menn töluðu um að það væri verið að ljúka við að smíða allra síðustu skipin sem nokkru sinni yrðu smíðuð í landinu. Auðvitað hefði það gjörbreytt t.d. atvinnuástandinu á Akureyri ef menn hefðu sett einhverja fjármuni núna í að setja Slippstöðina af stað á nýjan leik. Ég er einnig alveg sannfærður um það að ef menn hefðu sett einhverja fjármuni í t.d. samvinnu og sameiningu skipasmíðaiðnaðar hér við Faxaflóa, frá Njarðvíkum og vestur á Akranes, þá hefði það þýtt verulega innspýtingu og eflingu þessarar iðngreinar.

Það mátti ekki og út af fyrir sig er það þess vegna stórkostlegt gleðiefni að ríkisstjórnin skuli þó flytja frv. af þessu tagi og ætli sér að taka á vanda þessa héraðs, þessa svæðis, þessa hluta landsins, þó svo að það dugi auðvitað engan veginn. Það er náttúrlega alveg ljóst að það getur ekki neitt dugað í þessum efnum annað en það að ríkisstjórnin fari. Það er eina lausnin, eina sértæka og altæka lausnin í senn sem getur í raun og veru leyst nokkurn vanda hér í þessu þjóðfélagi, það er að þessi ríkisstjórn fari og það hið allra fyrsta. (**Gripið fram í:** Og varanlega.) Og varanlega.

Svo koma ráðherrarnir og talsmenn stjórnarflokkanna í sjónvörpin í kvöld og það vildi svo til að heima hjá mér hafði ég fjarstýringu og gat þess vegna skipt á milli þingmanna og ráðherra Sjálfstfl. ótt og títt á

takkanum á þessari galdravél sem heitir fjarstýring. Þar voru á annarri rásinni hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson og hv. þm. Matthías Bjarnason og sögðu að það ætti endilega að spýta í þorskinn, auka verulega við. Ég var ekki fyrr búinn að horfa á þessa hugdjörfu höfuðsnillinga, samþingmenn mína, þegar ég skipti á næstu rás — og hver var þar? Hæstv. sjútvrh., hv. 1. þm. Suðurl. Hann sagði ekki auka heldur minnka kvótann ef eitthvað er. Þannig fá menn alveg ótrúlega mismunandi skilaboð frá þessari ríkisstjórn í atvinnumálum. Staðreyndin er náttúrlega sú að hún hefur þar enga stefnu og það er það sem er að ríða þessum vandamálum öllum og landshlutum á slig.

Ég held þess vegna, hæstv. forseti, að það eigi að breyta frv. mjög verulega og það eigi að bæta þar inn t.d. skilyrðum varðandi úthlutun á fjármununum. T.d. þannig að þeim verði því aðeins úthlutað að það tryggi vinnu og fjölgi atvinnutækifærum. Þannig að þessir fjármunir fari ekki allir í einhverjar peningavélar hjá fyrirtækjunum og verði sendir suður í bankana í Reykjavík. Og ég held að það eigi í öðru lagi að bæta við ýmsum öðrum svæðum ef menn ætla sér að taka á málunum af einhverri alvöru. Ég geri út af fyrir sig ráð fyrir því að niðurstaðan verði að lokum sú að menn segi sem svo: Það er ekki hægt að gera þetta af því að það er ríkisstjórnin sem ber ábyrgð á þessari stefnu sinni og hún þarf að fara frá.

Hæstv. forseti. Ég er hér með fyrir framan mig tölur um atvinnuleysið á Íslandi núna um þessar mundir. Það voru 7.400 atvinnulausir í landinu í síðasta mánuði. Þjóðhagsstofnun tók saman skýrslu fyrir hæstv. félmrh. sem var dreift í þinginu fyrir sennilega nokkrum mánuðum þar sem það kemur fram að hvert atvinnutækifæri sem er ónotað í heilt ár kostar þjóðarbúið eina og hálfa millj. kr. Hvað kostar þá þetta atvinnuleysi á ársgrundvelli sem menn eru hér að tala um núna í síðasta mánuði, 7.400 manns? Það kostar líðlega 11 milljarða kr. Og í þessum tölum sem birtust okkur núna, voru sendar okkur á dögunum frá félmrn. kemur það t.d. fram að á svokölluðu höfuðborgarsvæði eru um 4.200 atvinnuleysingjar, þar af um 3 þúsund í Reykjavík einni. Á Vesturlandi eru 650 atvinnulausir, á Vestfjörðum eru 157 atvinnulausir þegar þessi könnun er tekin, á Norðurl. v. eru 670 atvinnulausir, Norðurl. e. 1505, þar af 830 á Akureyri einni. Á Austurlandi er 861 atvinnulaus, þar af t.d. 155 aðeins á Höfn í Hornafirði, 106 á Eskifirði og 103 á Fáskrúðsfirði. Á Suðurlandi eru 793 atvinnulausir og þar er langhæsta talan í Vestmannaeyjum 165 en á Selfossi 133 og í verkamannafélaginu Þór á Selfossi er um 20% atvinnulausir, 20% félagsmanna í verkalýðsfélaginu Þór á Selfossi. Þetta er því alls staðar allt í kringum landið og það er þess vegna augljóst að það er rangt sem hæstv. fjmrh. heldur fram að ríkisstjórn hans hafi skilað jákvæðum árangri. Hún hefur skilað hörmungum inn á fleiri, fleiri þúsund heimili í landinu, hún hefur skilað tugmilljörðum í gjaldþrotum þegar allt er lagt saman eins og fram hefur komið hér í svörum á Alþingi að undanförnu. Þetta er þannig ríkisstjórn að ef hæstv. fjmrh. ætti kost á því að horfast í augu við sjálfan sig í pólitískum spegli, þá mundi hann segja af sér tafarlaust.

[20:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé full ástæða til að koma hér strax að lokinni þessari ræðu og segja örfá orð. Það getur vel verið að hv. þm. telji það sér til framdráttar og sínum flokki að ræða um atvinnuleysi með þeim hætti sem hann gerði hér áðan. Mig langar til þess að minna hv. þm. á að í tíð síðustu ríkisstjórnar sem starfaði við miklu betri efnahagskjör en sú starfar sem hér situr að völdum nú, varð ekki eitt einasta starf til í atvinnulífinu á Íslandi, ekki eitt einasta starf varð til.

Árin 1988 og 1989 var atvinnuleysi í Finnlandi og Svíþjóð mjög svipað og á Íslandi. Atvinnuleysi í Svíþjóð er líklega um 12% þegar allt er meðtalið og hátt í 20% í Finnlandi en báðar þessar þjóðir hafa átt við svipaða örðugleika að etja og Íslendingar. Og hvernig skyldi síðan hafa farið með ráðstöfunartekjur hér á landi í tíð þessarar ríkisstjórnar og þeirrar síðustu? Er það ekki dálítið kynlegt þegar maður ber saman þær tölur að ráðstöfunartekjurnar hröpuðu jafnmikið ef ekki ívið meira í tíð síðustu ríkisstjórnar heldur en síðan. Hvernig stendur á því að þessi hv. þm. leyfir sér síðan að koma hér upp og segir öðrum að skammast sín og þeir eigi að fá vítur fyrir að segja frá því hvað gerst hefur hér í efnahagslífinu. Ég býð ekki í hv. þm. þegar hann þarf að líta í spegilinn, sinn eigin pólitíska spegil, ef þetta er það sem hann ætlar að hampa í sínum ræðum.

Að lokum langar mig til þess af því að hér gefst ekki tækifæri til þess að svara mörgum ræðum, það geri ég að sjálfsögðu síðar í kvöld, þá ætla ég að spyrja hv. þm. og biðja hann um að lýsa hér í einstökum atriðum hvað síðasta ríkisstjórn sem hann sat í gerði fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Það er gott að fá það dregið saman í liðunum 1, 2, 3, 4 o.s.frv. Ég hlakka til að heyra þá upptalningu.

[20:55]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi síðustu spurninguna, þá hygg ég að síðasta ríkisstjórn hafi mjög lítið gert að því er varðar skipasmíðaiðnaðinn og iðnrh. hennar var sá sami og var í þessari ríkisstjórn til skamms tíma, gerði nákvæmlega jafnmikið sá og iðnrh. sem var á undan honum og heitir Friðrik Sophusson. Það var ekkert gert og það er auðvitað vandi skipasmíðaiðnaðarins í dag. Þessi umræða er ófrjó, verð ég að segja, hæstv. forseti.

Hinn alvarlegi veruleiki íslenskra stjórnmála er sá að það eru 7.500 Íslendingar skráðir atvinnulausir hér í síðasta mánuði. Auk þess vitum við að fjöldi fólks fær sig ekki skráðan á atvinnuleysisskrá. Auk þess vitum við að á fjölmörgum heimilum blasir við stórfelldur, fjárhagslegur vandi, gjaldþrotahætta. Auk þess vitum við að á stórum landsvæðum blasa við veruleg efnahagsleg og atvinnuleg vandamál og m.a. gjaldþrot, t.d. á bændaheimilum víða þar sem samdráttarstefnan

í landbúnaðinum er að koma niður. Allt liggur þetta ljóst fyrir í raun og veru. Og eina svarið við þessu er auðvitað róttæk jafnaðarstefna í verki. Staðreyndin er sú að ríkisstjórnir undanfarinna ára hafa ekki horfst í augu við annað eins verkefni og þetta. Og ég tel að það sé ekki stórmannlegt heldur lítilmannlegt að hlaupa inn í sagnfræðilegan samanburð á handahlaupum til þess að bjarga sér, til ríkisstjórna fyrri tíma sem bjuggu við aðrar aðstæður eða leifar af öðrum aðstæðum. Ég get fúslega tekið undir það að hvorki síðasta né næstsíðasta né ríkisstjórnin þar áður hafi tekið á þeim vanda sem nú blasir við. En hann blasir við núna og það er verkefni stjórnvalda núna að taka á málum af þessum toga en ekki með þeirri forherðingu sem birtist í málflutningi ráðherranna sem segja núna við þetta atvinnulausa fólk á Íslandi: Við erum að ná árangri, stórkostlegum árangri. Þetta er eins og blaut, köld tuska framan í andlitið á þeim 7.500 Íslendingum sem nú eru atvinnulausir.

[20:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. kemur hér öðru sinni og það er ákaflega fróðlegt að hlusta á málflutning hans. Hann dró skipasmíðaiðnaðinn inn í þessa umræðu sjálfur. Nú þegar honum var svarað og hann spurður um hans eigin verk og hans ríkisstjórnar þá heitir það að maður sé á flótta til fortíðarinnar og draga upp einhverja sögu sem komi ekki málinu við. Hefur þessi hv. þm. dottið ofan úr skýjunum bara í gær? Ég man ekki betur en hann væri að segja það hér áðan að hann hefði verið kosinn inn á þing 1978. Auðvitað kemur sagan þessu máli við. Hún kemur þessu máli við vegna þess að m.a. í tíð síðustu ríkisstjórnar við ágætis árferði miðað við það sem nú er á Íslandi, þá varð ekkert einasta starf til í atvinnulífinu, ekki eitt einasta starf varð til í atvinnulífinu. Það eru staðreyndir sem hv. þm. stendur frammi fyrir hvort sem hann skoðar í sinn eigin spegil eða ekki.

Hann gat ekki heldur svarað því sem skiptir miklu máli að á þeim tíma hröpuðu ráðstöfunartekjur ívið meira en þær hafa gert núna á jafnlöngum tíma. Við skulum átta okkur á og þess vegna var ég með alþjóðlegan samanburð, að atvinnuleysi, þetta slæma böl, er hér á landi eins og annars staðar í velferðarríkjum á Norðurlöndum, en okkur hefur tekist betur til en þeim að fást við þennan vanda, m.a. vegna þess að ríkisstjórnin hefur beitt þeim aðgerðum sem hafa leitt til þess að fyrirtækin á Íslandi standa betur en fyrirtækin á Norðurlöndunum sem þurfa að búa til ný störf fyrir fólk og skapa grunn fyrir hagvöxt. Það græðir enginn á því, hv. þm., að berja sér á brjóst og benda á atvinnuleysið nema segja alla söguna, bregða upp allri myndinni, sýna það hvað er að gerast hér miðað við það hvað hefur gerst annars staðar við sömu skilyrði. Það er líka ekki stórmannlegt að koma hér og segja að aðrir séu lítilmannlegir. Það er ekki stórmannlegt að gera það, heldur ætti hv. þm. að sjá sóma sinn í því að ræða þetta mál á málefnalegan hátt.

[21:00]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Er það ekki málefnalegur veruleiki á Íslandi að það séu 7.500 á atvinnuleysisskrá? Er það ekki rétt að þar af séu 2.981 í Reykjavík? Að það séu 4.500 á höfuðborgarsvæðinu? Er það ekki rétt að gjaldþrotum hafi farið fjölgandi og ríkissjóður, bankar, peningastofnanir og fyrirtæki hafi tapað stórkostlegum fjármunum vegna gjaldþrota að undanförnu? Það er veruleikinn. Hann hefur blasað við um skeið.

Það er einnig alveg ljóst og það viðurkenna allir að þær ráðstafanir, sem ríkisstjórnin er núna að kynna að því er varðar Vestfirði, leysa í rauninni engan vanda vegna þess að það er svo illa um hlutina búið. Það er hinn efnislegi, pólitíski, málefnalegi veruleiki.

Það er líka málefnaleg staðreynd að núverandi ríkisstjórn er með slagsíðu íhaldsins þar sem viðhorfin eru þau að það eigi ekki að grípa til neinna félagslegra ráðstafana af neinu tagi, sértækra ráðstafana, helst alls ekki. Og það er ekki fyrr en núna þegar allt er komið í óefni og þegar liðin eru nærri þrjú ár frá því að ríkisstjórnin tók við að menn flytja frv. um litlar 300 millj. til þess að rétta við atvinnuvanda á tilteknum, takmörkuðum hluta Vestfjarða. Ég segi: Ríkisstjórn sem svona seint horfist í augu við 7.500 atvinnuleysingja á Íslandi, á að hætta. Það er mitt málefnalega innlegg í þessa umræðu, hæstv. fjmrh.

[21:02]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það eru út af fyrir sig fróðlegar umræður sem hafa farið fram þó að þær hafi snúist almennt um sjávarútvegsmál og þess vegna kannski er það miður að hæstv. sjútvrh. skuli ekki hafa getað séð sér fært að vera við þessa umræðu og tekið virkan þátt í henni því að svo sannarlega er erfitt að ræða um vanda Vestfirðinga án þess að ræða um sjávarútvegsmál. Svo samofið er það lífi þeirra er þar lifa og starfa.

Ég vil í upphafi máls míns taka það skýrt fram að ég mun styðja eftir mætti þær aðgerðir sem eiga að verða til þess að leysa þann vanda sem nú steðjar að byggðum Vestfjarða, ekki aðeins út af skertum aflaheimildum þó að ég geri mér grein fyrir því að þess vegna er vandinn einna mestur. Það er margt fleira sem kemur þar til í byggðavandanum en Vestfirðingar eiga minn stuðning í þeim efnum og það vil ég draga skýrt fram. En ég er jafnsannfærður um það að þær aðgerðir sem hér er verið að tala um munu ekki duga einar sér til þess að leysa þann alvarlega vanda sem málefni Vestfjarða eru nú komin í. Það eru blindir menn sem halda að það sé svo.

Þingmenn hafa gjarnan vitnað til þess hér í máli sínu þegar reynt hefur verið að kryfja það til mergjar hver ástæðan sé fyrir þessum vanda þá segja hæstv. ráðherrar og berja sér á brjóst að það sé fortíðarvandinn sem tekinn hafi verið í arf frá fyrri ríkisstjórn. Við Íslendingar búum nú samt við betri kjör en flestar aðrar þjóðir. Við höfum brotist frá fátækt til bjargálna og stöndumst nú samanburð við þær þjóðir sem fremstar standa. Hér hefur verið um sigurgöngu að ræða fyrir íslenska þjóð.

Virðulegi forseti. Ég sé að mér hefur orðið það á að ég hef gripið blað sem lent hefur á milli hjá mér. Það eru ekki mín orð sem ég hér hafði, virðulegi forseti. Þetta eru orð hæstv. núv. forsrh., Davíðs Oddssonar, sem hann sagði þegar hann tók við völdum og fór að sækja efnivið í sína fyrstu stefnuræðu sem hann flutti úr þessum stól, hæstv. núv. forsrh., og fór að lýsa því hvernig ástandið væri sem núv. hæstv. ríkisstjórn var að taka við. Því vil ég endurtaka það sem núv. hæstv. forsrh. sagði, með leyfi forseta:

„Við Íslendingar búum við betri kjör en flestar aðrar þjóðir. Við höfum brotist frá fátækt til bjargálna og stöndumst nú samanburð við þær þjóðir sem fremstar standa. Hér hefur verið um sigurgöngu að ræða fyrir íslenska þjóð."

Þetta var þá þessi slæmi arfur sem hæstv. ráðherrar tóku við. Þetta var dómur hæstv. forsrh., Davíðs Oddssonar, á því búi sem hann gekk inn á. (**SvG:** Hvenær sagði hann þetta?) Þetta er hans fyrsta stefnuræða, hv. þm. Svavar Gestsson og fyrrv. hæstv. ráðherra. (**Fjmrh.:** Tímarnir hafa breyst.) Tímarnir hafa breyst. (**SvG:** Friðrik er fyrrv. hv.) Já, en ég vil aðeins úr því að ég er farinn að vitna í hæstv. forsrh. grípa hér niður í helga bók, sem þeir gáfu út og þeir kannast við hæstv. ráðherrar, og var hvít bók, Velferð á varanlegum grunni, en þar stendur m.a. á bls. 8 og þá er verið að fjalla um fortíðina og hvernig málin höfðu verið. Með leyfi forseta segir svo í þessari bók:

„Með víðtækum afskiptum" og ég bið nú hæstv. sitjandi forsrh. að leggja við hlustirnar og vita hvort hann kannast eitthvað við þetta orðalag miðað við þau áform sem ríkisstjórnin er nú með uppi. „Með víðtækum afskiptum af lánveitingum og fyrirgreiðslu fjárfestingarlánasjóða hafa stjórnvöld ráðið miklu um hvar og í hvað fé hefur verið verið. Hér á landi líkt og annars staðar þar sem stjórnvöld hafa tekið sér slíkt vald hafa afleiðingarnar verið slæmar." Hafa afleiðingarnar verið slæmar, hæstv. ráðherrar. Og síðar segir einnig: „Ríkisstjórnin mun hverfa frá miðstýringu og forsjárhyggju sem lengi hefur einkennt stefnu íslenskra stjórnvalda í atvinnumálum." Og hér segir enn þá á sömu síðunni: „Það er ekki hlutverk stjórnvalda að stýra framvindu atvinnulífsins með stöðugri íhlutun."

Það eru margar síður í þessari hvítu bók sem eru í þessum dúr, margar síður í þessari bók. En hver er svo staðan í dag? Hvað kölluðu menn þá sjóði sem menn komu þá upp til varnar og vissulega urðu að gagni. Það blandast engum hugur um það. Það voru sértækar aðgerðir og ég held að menn þurfi ekki að biðjast afsökunar á því að grípa til sértækra aðgerða á Íslandi í atvinnumálum. Þá börðu ráðherrar sér á brjóst þegar þeir komu hér til valda og töluðu um sjóðasukk og aumingjasjóði. Það var nafnið á þeim sjóðum sem fyrrv. ríkisstjórn kom á til þess að bregðast við aðsteðjandi vanda. Það var kallað sjóðasukk og aumingjasjóðir.

Hins vegar leggur nú ríkisstjórnin fram frv. sem ég verð að segja að kemur mér einkennilega fyrir sjónir að menn skulu ekki hafa vandað betur til þeirrar smíðar en raun ber vitni því að svo freklega finnst mér gengið á hlut og mismunað ekki aðeins fyrirtækjum eins og hér er lagt til, ekki aðeins mismunun á milli fyrirtækja heldur einnig vísvitandi og svo greinilega á milli byggðarlaga einnig.

Ég verð að segja það að eins og ég hef lesið frv., þá hefði ég ekkert orðið meira hissa þó að ég hefði séð að það hefði verið tekið fram að það væri jafnvel nauðsynlegt fyrir þessi sjávarútvegsfyrirtæki að flytja afurðirnar sínar með ákveðnu skipafélagi og selja þær í gegnum ákveðið sölufyrirtæki. (**SvG:** Það verður í reglugerð.) Ég hefði í sjálfu sér ekkert verið hissa á því miðað við að lesa þetta frv. og gera mér grein fyrir því hvað það er sem liggur á bak við ýmsar setningar sem hér eru settar á blað.

Hv. þm. Pétur Bjarnason flutti mjög gott mál í dag um stöðu þessara mála. Ég get tekið undir það sem hann sagði en mér finnst hins vegar hafa skort á að þingmaðurinn hafi fengið svör við því sem hann spurði um. Hann nefndi svo dæmi sé tekið oftar en einu sinni og oftar en tvisvar í máli sínu og spurði eftir ákveðnu fyrirtæki, ég get nefnt það aftur, Fáfni á Þingeyri, og það væri fróðlegt að fá að heyra túlkun hæstv. ráðherra á því. Ég vil ítreka þá fyrirspurn hvort ekki sé ljóst að það fyrirtæki megi eiga von á fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum eins og fyrirtæki á nærliggjandi fjörðum.

Það stendur hér í 1. gr. frv. og er illskiljanlegt þar sem verið er að tala um það hverjir eiga möguleika á að fá fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum. Margir hafa farið yfir það og hv. þm. Ragnar Arnalds gerði það mjög ítarlega. Þar stendur „sem vilja sameinast og til að styðja nýjungar í atvinnulífi". Svo kemur í 2. gr.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Með leyfi forseta.)

„ ...sem ætla að sameinast". Svo segir hér í 3. gr.: „Forsendur fyrir lánveitingu samkvæmt lögum þessum eru að sérstakur starfshópur, sem forsrh. skipar, hafi gert tillögur um afgreiðslu á lánsumsóknum viðkomandi fyrirtækja." Hér finnst mér vera margt til umhugsunar. Ég verð að segja að sú ríkisstjórn sem nú situr, mér er spurn: Hvernig getur hún sett annað eins á blað miðað við það sem áður hefur verið sagt? En ég ítreka það að fá greið svör við þeim spurningum sem Pétur Bjarnason beindi til hæstv. ráðherra. Það vill nú svo til að það er eftir að fjalla um þetta mál í Byggðastofnun þar sem ég á sæti. Þess vegna gefst mér tækifæri til þess þegar þetta mál kemur þangað að spyrjast ítarlega fyrir um þetta og ræða málið. En ég mun ekki sætta mig við það að fyrirtækjum og byggðarlögum á Vestfjörðum verði mismunað eins og mér sýnist að hér sé verið að leggja til. Ég vil ekki sætta mig við það og mun vinna af alefli til þess að svo verði. Það er vitaskuld alveg fráleitt, það er alveg fráleitt, ef það er meiningin með þessum aðgerðum.

Hæstv. fjmrh. sagði í dag að sér væri ljóst að þær ráðstafanir sem eru boðaðar muni ekki leysa þann vanda sem við er að fást á Vestfjörðum, þær muni aðeins brúa bil, og það mun rétt vera. Ég velti því þá fyrir mér af hverju við göngum ekki hreint til verks og reynum að leysa vandann til einhverrar framtíðar. Gallinn er sá því miður að í langan tíma hefur það verið

svo að nánast öll umræða um sjávarútvegsmál, hvort sem það er á Alþingi eða hjá samtökum útvegsmanna og sjómanna, hefur snúist um aðeins eitt mál, stjórnun fiskveiða, og þá gjarnan um mjög afmarkað svið sem er um kvótamál. Afkoman í greininni, rekstrargrundvöllurinn sjálfur, hefur gleymst í þessari umræðu, hefur aldrei komist að. Það er það sem er fyrst og fremst vandi Vestfjarða. Byggðir Vestfjarða mundu standa vel ef þær hefðu haft rekstrargrundvöll og haft möguleika á því að græða í þessari atvinnugrein eða a.m.k. að skila þokkalegum árangri. En því miður hefur það ekki verið svo að fyrirtækin hafi getað búið við slíkt og það er áhyggjuefni. Það er öllum hugsandi mönnum ljóst að það eru milljarðar á milljarða ofan sem hafa verið fluttir á undanförnum árum frá þessum byggðarlögum. Auðvitað hlýtur að hrikta einhvers staðar í þegar svo er. Það hlýtur að verða krafa þeirra sem í þessari atvinnugrein standa og miklu fleiri að sjávarútvegurinn fái viðunandi starfsgrundvöll.

Ráðherrann vék einnig að vaxtalækkunum og þeim afrekum sem ríkisstjórnin hefði unnið á því sviði að lækka vexti. En ég velti því fyrir mér undir orðum hæstv. ráðherra hvort vaxtalækkunin vægi ekki nokkurn veginn upp á móti því sem ríkisstjórnin hafði hækkað vextina. Ég efast um að það muni mjög miklu þar á. Hann fór einnig að tala um afrek ríkisstjórnarinnar í því að ná niður verðbólgunni. Það er rétt að verðbólgan hefur náðst niður. En hvar var verðbólgan þegar þessi ríkisstjórn kom til valda? Verðbólgan náðist niður með sáttagjörð milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins sem var ekki í tíð þesarar ríkisstjórnar, var gerð í tíð fyrrv. ríkisstjórnar. Og ætli verðbólgan hafi þá ekki, þó að ég muni það ekki nákvæmlega, verið svona 6% þegar þessi ríkisstjórn tók við. En vissulega er það svo að það er einn okkar besti ávinningur að okkur hefur tekist að halda hér lágu verðbólgustigi.

Hæstv. sjútvrh. kom aðeins í ræðustól í dag og minntist á nýjar afkomutölur í sjávarútvegi. Ég verð að segja að ég fagnaði því mjög þegar ég heyrði þær tölur sem ráðherrann bar fram að sjávarútvegurinn væri rekinn nú réttu megin við strikið, ég man ekki hvað, núll komma eitthvað það var sem ráðherrann gat um samkvæmt útreikningum Þjóðhagsstofnunar. Ég fagna því. En eftir að hafa litið á þessar tölur þá langar mig til að spyrja hæstv. sjútvrh. að því: Hvert er mat Þjóðhagsstofnunar á afkomu veiða og vinnslu í botnfiski? Það finnst mér vera nauðsynlegt að við fáum hér inn í þessa umræðu. Að við drögum botnfiskveiðarnar fram sér og fáum að vita hver afkoman er í botnfiskveiðum og vinnslu.

Það er líka rétt sem kom fram hjá hæstv. ráðherra að ýmislegt hefur verið gert í sjávarútveginum. Það eru mikil sóknarfæri þar enn þá sem eru ónýtt. Menn hafa sótt þar djarflega fram miðað við það hvað sóknin til hafsins hefur verið skert og náð þar ótrúlega miklum árangri. En það sem er verst er að linnulausar kröfur ríkisvaldsins á þessa aðila sem í greininni standa um aukna hagræðingu og bætta afkomu gengur endalaust fram án þess þó að ríkisstjórnin gefi hin minnsta ádrátt um það hver stefnan til frambúðar eigi að vera. Það er vitaskuld alveg vonlaust verka að ætlast til þess að þeir sem í sjávarútvegi starfa geti haldið áfram að hagræða og skipuleggja rekstur sinn fram í tímann án þess að fá að vita hvert starfsumhverfið á að vera. Það er vita vonlaust fyrir ríkisstjórnina að koma sí og æ og gera kröfur á þessa stétt og þá sem í þessari grein starfa án þess að vera komin með það upp á borðið hver starfsgrundvöllurinn á að vera, það verða menn að fá. En ég sé ekki að það hilli undir slíkt. Til okkar í sjútvn. hefur komið mikill fjöldi manna og gefið okkur sitt álit á því frv. sem til meðferðar er um stjórn fiskveiða og Þróunarsjóðinn og ég held að það sé ekkert ofsagt þótt sagt sé að flestir segi að þau væru best komin fyrir utan gluggann. Ég held að það sé engin sátt, svo langt frá að það sé nokkur sátt um þessi frv. Ég sé því ekki fram á það þann stutta tíma sem eftir lifir þingsins hvernig menn ætla að koma því máli í gegn á einhvern vitrænan hátt og í sátt við þá sem við eiga að starfa. Það hlýtur að vera grundvallarmálið.

Við þurfum auðvitað að fá stefnu í sjávarútvegsmál. Menn tala nú mikið um innflutning skipa og menn tala um vanda ýmissa byggðarlaga, menn hafi verið að kaupa ný skip, frystihúsin séu skilin eftir hráefnislaus og vinnslan flutt út á sjó. Er það nú engu að síður staðreyndin að allt hefur þetta gerst nánast tilviljanakennt? Er nema von að þetta hafi gerst? Hver er ástæðan? Ástæðan er einfaldlega sú að afkoman hefur verið góð í rekstri frystitogaranna en afleit í rekstri annarra togara. (Forseti hringir.)

Ég skal ljúka máli mínu, virðulegi forseti. En aðeins að lokum vil ég segja það, virðulegi forseti, að í allri þeirri umræðu sem nú hefur farið fram verðum við að gæta okkar í því að rjúka ekki upp til handa og fóta og fara að auka aflann og sækja í þorskinn að nýju í auknum mæli. (Forseti hringir.) Ég vil velta upp þeirri hugmynd hvort ekki væri leið að ná sátt um að það opinbera kæmi inn í það sem almenna aðgerð, sem almenna aðgerð, að veita fjármagn til þess að okkur takist að ná viðskiptum við erlend veiðiskip og flytja þannig afla til landsins.

(**Forseti** (SalÞ): Tíminn er búinn.)

Virðulegi forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu, ég á örfáar setningar eftir.

(**Forseti** (SalÞ): Tíminn er löngu búinn.)

Ef við gætum flutt inn 25 þús. tonna afla og greiddum niður aflann þó ekki væri nema um 12–13 kr. á kg þá yrði þetta í framleiðsluverðmæti tæpir 4 milljarðar kr. og landsvirðisauki, það sem eftir stæði, væri 1,5 milljarðar kr. Hér þyrfti um 330 millj. kr. til að gera þetta mögulegt. (Forseti hringir.) Þetta mundi skapa um 2.440 ný störf í íslenskum sjávarútvegi.

[21:24]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mikill misskilningur sem kom fram í ræðu hv. 4. þm. Norðurl. v. að ekkert hafi verið hugað að rekstrargrundvelli sjávarútvegsins enda leiðrétti hann það síðar í ræðunni og minnti á þær tölulegu staðreyndir sem þar liggja fyrir. Með mjög um-

fangsmiklum ráðstöfunum eins og áður hefur komið fram í þessari umræðu, gengisbreytingum, afnámi skatta, skuldbreytingum og lækkun vaxta, hefur náðst sá árangur þrátt fyrir gífurlegt verðfall, 25% lægra afurðaverð en 1991 og þann mikla samdrátt sem hefur orðið í þorskveiðum, að koma málum þann veg fyrir að greinin skilaði á síðasta ári um 0,4% hagnaði og horfur eru á að sá hagnaður verði ekki minni á þessu ári. Þessar almennu ráðstafanir hafa þannig skilað sér með umtalsverðum hætti og gefið stjórnendum í atvinnugreininni tækifæri til að auka hagræðingu og gera meiri verðmæti úr því hráefni sem er til vinnslu. Ef við tökum sem dæmi um afkomu sjávarútvegsins til að mynda á Vestfjörðum af því hv. þm. vitnaði til þess að þar hefði skort almennan rekstrargrundvöll var hagnaður að meðaltali í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum 1992 um 1,5%, 0,2% tap á síðasta ári en fer upp í tæplega 2% ef fram heldur sem horfir á þessu ári.

En kjarni málsins er sá að með almennum ráðstöfunum hefur rekstrargrundvöllur sjávarútvegsins verið tryggður og hann býr nú við betri samkeppnisskilyrði en í áratugi. Hitt geri ég ráð fyrir að við getum orðið sammála um að kvótakerfið á mjög stóran þátt í því að stjórnendur atvinnufyrirtækjanna hafa náð að stórauka framleiðni í atvinnugreininni. Og það er eitt lykilatriði í því að við höfum ná þessum árangri.

[21:26]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því vissulega ef um bót er að ræða á rekstrarafkomu sjávarútvegsins. En ég efast um það og bíð eftir svarinu, hæstv. ráðherra, um hver afkoman veiða og vinnslu er í botnfiskveiðum. Og ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hann vilji gefa gaum þeirri hugmynd, sem ég skaut hér fram, að gripið yrði til aðgerða og þeim fyrirtækjum sem vilja og geta keypt afla af erlendum veiðiskipum verði gert það kleift þó ekki væri nema með slíku framlagi eins og ég gat um 12–13 kr. á kg sem myndi kosta rétt um 300–400 millj. kr. Hér er ekki um sértæka aðgerð að ræða. Þetta er aðgerð sem allir sætu jafnt að sem mundi þýða það að ef við næðum hér 25 þús. tonnum til að vinna úr þá þýðir það í framleiðsluverðmæti tæpa 4 milljarða kr. og vinnulaun upp á 875 millj. kr. Ef við þyrftum að borga atvinnuleysisbætur þá er það 334 millj. kr., það er sama tala og ég er hér að tala um. Þetta mundi hins vegar skilja eftir sem landsvirðisauka, hvorki meira né minna en um 1,5 millj. kr. Þessi 25 þús. tonn mundu skapa hér sumarstörf fyrir 2.440 manns. Ég spyr: Er þetta ekki sú aðgerð sem þarf að grípa til? Ríkisstjórnin hefur beðið Byggðastofnun að fara yfir það á hvern hátt megi brúa bilið í öðrum landshlutum. Er þetta ekki sú aðgerð, ekki sértæk aðgerð, heldur aðgerð sem allir myndu njóta. Og ég spyr: Hefur ríkisstjórnin hugleitt eða vill hún hugleiða slíka möguleika í aðgerðum sínum?

[21:28]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er mjög mikilvægt í þessari umræðu að þeir hv. þm. sem hér hafa dregið í efa að það hafi verið tekið á hinum almennu rekstrarskilyrðum í sjávarútveginum geri sér fulla grein fyrir því að ummæli af því tagi eru á misskilningi byggð. Þvert á móti höfum við náð meiri árangri en um langan tíma í að styrkja sjávarútveginn einmitt með slíkum aðgerðum og þær eru að skila árangri og samkeppnisstaðan er betri en í annan tíma. Sjávarútvegsfyrirtæki leita víða fanga. Bæði höfum við sótt í auknum mæli út fyrir okkar lögsögu. Fyrirtæki hafa leitað eftir kaupum á hráefni, stjórnvöld munu reyna að greiða fyrir því eins og kostur er ef áhugi er á því, sem ég reikna með að sé fyrir hendi. Kaup á aflaheimildum erlendis frá liggja nú ekki alveg á lausu en stjórnvöld eru að sjálfsögðu reiðubúin að greiða fyrir því fyrir sitt leyti. Að hinu leytinu þá held ég að sjávarútvegurinn sjálfur hljóti auðvitað að standa undir kaupum á aflaheimildum ef til þeirra kemur. En ég legg svo á það ríka áherslu eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Norðurl. v., að það skiptir auðvitað máli að festa sé í fiskveiðistjórnunarkerfinu og vil ítreka að um það er samkomulag að halda áfram í grundvallaratriðum með það fiskveiðistjórnunarkerfi sem verið hefur við lýði og skapað hefur skilyrði fyrir sjávarútveginn að stórbæta afkomu sína og auka framleiðni í atvinnugreininni. Það eru engin áform uppi um annað og alveg út í bláinn að halda því fram að einhver óvissa sé í því efni þó að menn greini á um einstök framkvæmdaratriði eða hvar brýnast er að leiðrétta eða laga þau lög sem í gildi eru.

[21:31]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt vonlaust að spyrja einu sinni enn um afkomuna í botnfiskveiðunum, við skulum þá sleppa því í dag, við getum spurt um það síðar. Til þess að fyrirbyggja misskilning, hæstv. sjútvrh., vil ég taka það skýrt fram að ég fagna því ef svo er komið að sjávarútvegurinn er orðinn jákvæður. Ég fagna því. Ég segi það að þar komi fleira til en aðgerðir ríkisvaldsins. Ef um hagnað er að ræða þá held ég að það sé greinin sjálf sem á stærstan hlut þar.

En ég bið hæstv. ráðherra sem hér eru að hugleiða það sem ég sagði hér áðan um möguleika þess að liðka til fyrir fyrirtækjum í sjávarútvegi til þess að geta keypt afla af erlendum veiðiskipum. Ég fullyrði að þar er um skjótvirka aðgerð að ræða og sú aðgerð gæti farið fram nú þegar. Ég held að það sé gáfulegra að gera slíkt en fara nú að sækja af einhverjum þunga í auknu magni í þorskinn. Ég held við eigum að hlusta grannt á okkar fiskifræðinga í því, við eigum ekki hæfari og betri vísindamenn í þeim efnum. Það væri mikið slys ef við ætluðum að fara að gera slíkt nú og eyðileggja þann ávinning sem okkur hefur hlotnast þar.

En ég endurtek það enn og aftur að ég bið hæstv. ráðherra að íhuga það, vegna þess að þeir hafa ákveðið það að grípa til annarra aðgerða, að skoða stöðu sjávarútvegsfyrirtækja um allt land, á hvern hátt megi þar koma til aðgerða. Ég held að það sem ég hef hér sagt sé sú aðgerð sem muni koma fljótt og réttlátlega niður og ekki aðeins fyrir útveginn, hún mun einnig

skapa fjölda manns ný atvinnutækifæri.

[21:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá atriði. Ég vil í fyrsta lagi segja frá því að hreinn hagnaður í sjávarútvegi þegar öll fyrirtæki eru skoðuð og ekki einungis botnfiskaflinn heldur fyrirtækin í heild, þá hefur sjávarútvegurinn verið rekinn með hagnaði núna í þrjú ár, 1994, 1993 og 1992. Þetta hefur gerst þrátt fyrir gífurlegt verðfall og þrátt fyrir það að saman hafi dregið í afla. Þetta hefur auðvitað gerst í og með vegna stefnu ríkisstjórnarinnar sem hæstv. sjútvrh. er óþreytandi að minna á.

En ég stóð hér aðallega upp til þess að ræða um vexti annars vegar og verðbólgu hins vegar. Og bara til þess að hafa tölurnar alveg skýrar þá breyttist árið 1990 lánskjaravísitalan á milli ára 15,4%, 1991 7,6% en 1994 er gert ráð fyrir því að breytingin verði 1,5%. Það er tíu sinnum minna heldur en 1990 til að nefna hvaða breytingar við erum að fara í gegnum. Og þegar minnst er á vextina er alveg nauðsynlegt að það komi fram að þeir vextir sem oftast er miðað við, eins og vextir af spariskírteinum, eru nú 5% en voru 6% þegar núverandi ríkisstjórn tók við. Það seldist ekki eitt einasta spariskírteini. Ríkissjóður skuldaði 10 milljarða hjá Seðlabankanum. Nú er þessu öllu saman snúið við. Skuldirnar eru horfnar og vextirnir hafa lækkað 1% niður fyrir það sem þeir voru þegar ríkisstjórnin tók við. Þetta held ég að sé mjög mikilvægt að átta sig á því hvert vaxtastig niður á við hefur gífurlega þýðingu fyrir atvinnugreinar, ekki síst skuldugar atvinnugreinar eins og sjávarútvegurinn er.

[21:35]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort það þarf í sjálfu sér að svara ræðu hæstv. fjmrh. Það sem ég sagði um verðbólguna var að það var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar sem þjóðarsáttarsamningar voru gerðir. Það tókst þá þjóðarsátt á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisvaldsins sem var grundvöllur að því að það tókst að ná niður verðbólgu. Það voru mín orð. Ég sagðist álíta það að þegar sú ríkisstjórn fór frá hafi verðbólgan trúlega verið eitthvað um 6%. Þannig að þar skeikar ekki miklu.

En í sambandi við vextina held ég að hæstv. ráðherra eigi að vita að það var eitthvert alvarlegasta áfall sem sjávarútvegurinn varð fyrir og atvinnulífið almennt þegar núverandi ríkisstjórn kom til valda og lét það verða eitt af sínum fyrstu verkum að hækka vexti. Það var reiðarslag fyrir íslenskt atvinnulíf. Það veit hver einasti maður. Það þarf engin ræðuhöld um það á Alþingi. Það var mikið ógæfuspor að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar skyldi grípa til þess óyndisúrræðis.

[21:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill misskilningur hjá hv. þm. að halda að það hafi verið óyndisúrræði að hækka vextina. Það var gjörsamlega bráðnauðsynleg aðgerð til þess að koma í veg fyrir að allt færi á annan endann því það streymdi fé úr ríkissjóði, lánsfjárþörf ríkissjóðs var margir tugir milljarðar króna, skuldirnar hrönnuðust upp í Seðlabankanum og þetta var brýn nauðsyn vegna þess að fyrrv. ríkisstjórn hafði látið undir höfuð leggjast að gera þetta. Síðan var gripið til aðgerða í ríkisfjármálum sem leiddu til minni lánsfjárþarfar og þá var hægt á markaði að breyta vaxtastiginu. Þetta hélt ég að allir væru sammála um.

Ég er hins vegar alveg sammála hv. þm. um að það var á dögum fyrrv. ríkisstjórnar sem þjóðarsáttarsamningarnir voru gerðir — hverjir gerðu þessa samninga? Það voru Einar Oddur Kristjánsson og Ásmundur Stefánsson sem tóku fram fyrir hendur ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin studdi það. Það gerði Sjálfstfl. líka þótt hann væri í stjórnarandstöðu og mættu hv. stjórnarandstöðuþingmenn kannski temja sér það af og til að standa með ríkisstjórn og standa með því sem gert er á tíma ríkisstjórnar jafnvel þótt þeir séu í stjórnarandstöðu. Það gerði Sjálfstfl. á sínum tíma og ég vænti þess að hv. þm. Framsfl. sjái sóma sinn í því að standa a.m.k. með þeim úrræðum sem þeir telja vera sæmileg og núv. ríkisstjórn leggur til.

[21:38]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óhætt að fullyrða það, hæstv. fjmrh., að þingmenn Framsfl. munu vera ábyrgir í sínum málflutningi, það held ég að sé alveg morgunljóst.

Með hækkun vaxta, hæstv. ráðherra, mun halli ríkissjóðs eitthvað hafa vaxið ef ég skil hlutina rétt. Ætli það hljóti ekki að gefa auga leið. Og hæstv. ráðherra sagði að auðvitað hafði vaxtahækkunin alveg gífurleg áhrif. Það er rétt. Hún hafði gífurleg áhrif. Gjaldþrotaskriðan byrjaði. Fyrirtæki fóru í unnvörpum nokkurn veginn lóðbeint á hausinn vegna þessara aðgerða og okkur hefur ekki enn þá tekist að stöðva þessa gjaldþrotaskriðu. Við erum einmitt í dag m.a. að fjalla um afleiðingar þessa verknaðar.

[21:39]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Í umræðum um frv. ríkisstjórnarinnar varðandi ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum og í kjölfar samdráttar á þorskafla hafa menn farið vítt yfir sviðið. Er það svo sem ekki undarlegt því margt kemur til í slíkri umræðu sem hér á sér stað. Það er engin spurning að mínu mati að ástæða er til að bregðast við vanda Vestfirðinga. Það er ljóst að þar er við rammman reip að draga og vandi sem verður að horfast í augu við og takast á við. Hins vegar er kannski ástæða til að skilgreina nokkuð hvers vegna vandi Vestfirðinga er á borðinu eins og hann er. Hvort það er eingöngu vegna samdráttar í þorskafla, eins og gefið er að nokkru leyti í skyn með frv. ríkisstjórnarinnar, eða hvort fleiri atriði komi til. Að mínu mati eru það margir þættir sem koma til og koma við sögu í þessu efni. Uppsafnaður vandi til langs tíma. Samdráttur í þorskafla kemur til á tiltölulega skömmum tíma en það er nokkur ástæða

til að horfa yfir 25–30 ára tíma á Vestfjörðum og þróun útgerðar og fiskvinnslu þar sem kom mjög bratt inn þá í kjölfar vaxandi tækni, í kjölfara togara sem fjölgaði mjög upp úr 1970 hér við land og breyttu nánast gjörsamlega veiðimunstri við landið og ekki síst á Vestfjörðum og ekki aðeins veiðimunstri heldur einnig menningarlífi til sjávar og sveita á Vestfjörðum.

Það er á þessum nótum sem ástæða er til að velta upp hlutum og skoða vegna þess að ekkert veiðipláss, ekkert veiðisvæði, getur miðað sig við hámarkið eitt. Veiði er eins og gengur upp og ofan og einhvers staðar mitt á milli þess þegar verst gengur og best gengur er meðaltalið sem menn ættu að finna sér farveg í. Það er ljóst að um langt árabil var til að mynda á Vestfjörðum erlendur vinnukraftur í stórum stíl sem þýddi í rauninni að Vestfirðingar bjuggu á þeim tíma við hámark í veiðum og vinnslu. Vestfirðingar eru kappsamir, þeir eru harðskeyttir og fylgnir sér og eru kannski að sumu leyti bundnari við sitt svæði en margir aðrir landsmenn. Ekki eingöngu vegna hinnar svokölluðu náttúrufræðilegu stöðu, heldur einfaldlega vegna skapgerðar. Þetta hef ég lært á löngum tíma sem blaðamaður á ferðinni um allt land.

Það er ástæða til þess nefnilega að kryfja þetta nokkuð til mergjar þegar maður veltir fyrir sér ástæðum fyrir aðgerðum eins og nú er talað um. Aðgerðum sem eru ekkert of í lagðar. Þær eru jákvæðar, þær eiga að liðka til og þær eiga að vera hvetjandi en peningaupphæðin í sjálfu sér er ekki stór miðað við þann vanda sem við blasir.

Skoðum aðeins aðra hluta landsins, til að mynda á árunum 1986 til 1992. Þegar gerður er samanburður á lönduðum afla þá minnkaði landaður afli í Vestmannaeyjum, á Vesturlandi, um nálægt 30%. Það er mesta minnkun á landinu. Hún var minnst á Vestfjörðum á þessum árum, 2%. Það segir ákveðna sögu að ýmis önnur sjávarpláss á landinu þurftu að sveigja af leið, sitja uppi með breyttar aðstæður og breyttar forsendur og reyndu að mínu mati í ríkari mæli en gert hefur verið á Vestfjörðum að bregðast við þeim vanda. Það er einmitt blákalt hægt að segja það að Vestfirðingar hafa því miður síður en aðrir landsmenn brugðist við vanda í þessum efnum. Þeir hafa haldið sínu striki, eru þekktir fyrir það og kannski þess vegna vilja þeir búa þetta harðsækna svæði og það er gott og vel og allt jákvætt um það, en það er ástæða til að horfa á forsendurnar.

Það hefur verið lagt mikið kapp á það víðast um land að skipuleggja veiðar og vinnslu og vissulega hafa Vestfirðingar tekið þátt í því. En ég hygg þó að þeir megi segja það átölulaust að þeir hafa minna en margir aðrir skipulagt veiðar sínar miðað við kvóta og samsetningu.

Í umræðu fyrr í dag fjallaði hv. 3. þm. Vesturl. um að það hefði mátt komast hjá skerðingu á síðustu missirum með annars konar jöfnun en gerð var við kvótaaukningu fyrir tveimur árum. Það var svo sem ánægjulegt að hv. þm. Jóhann Ársælsson kom fram í nafni kærleikans og var tilbúinn að brjóta brauðið til allra, engan átti að skerða en allir áttu að hafa betra.

Ef maður gáir hverjar forsendur þingmannsins kunna að vera á bak við svona gjafapakkningar þá var aukning á kvóta til að mynda í ýsu og ufsa. Kvóta sem vissulega var aukinn á pappírnum en hefur ekki reynst vera annað en pappírskvóti. Menn vissu það reyndar fyrir fram að það yrði aldrei unnt að veiða þann ýsukvóta sem ætlaður var bátum, a.m.k. í þremur landsfjórðungum. Þegar síðan kemur til skerðingar á þorskafla þá kemur ekkert síður til skerðingar hjá þeim bátum sem höfðu hlutfallslega minni þorskafla vegna þess að þeir náðu einfaldlega ekki öðrum tegundum sem þeim var ætlað að veiða og ganga að. Að þessu leyti er sérstaða Vestfjarða lítið á annan veg en annars staðar. Það er mergurinn málsins. Þess vegna verður að krefjast þess þegar gripið er til aðgerða, sem ég vil ekki kalla sértækar aðgerðir, þó þær miðist við þennan landsfjórðung, heldur almennar byggðaaðgerðir í erfiðri stöðu vegna margra þátta sem koma saman og, eins og ég sagði fyrr, þar sem þorsksamdrátturinn er aðeins einn hluti af stóru dæmi að aðrir landsmenn sitji við sama borð.

Það er ekki nóg að mínu mati, eins og segir í fylgiskjali frv. ríkisstjórnarinnar að það eigi að gera úttekt á öðrum byggðarlögum, og svo ég vitni í fylgiskjalið, með leyfi hæstv. forseta:

„Úttektin sem fyrir liggur hefur beinst að sérstöðu Vestfjarða vegna einhæfni atvinnulífs, niðurskurðar aflaheimilda og landfræðilegrar einangrunar. Í framhaldi af því beinir ríkisstjórnin því til Byggðastofnunar að gera úttekt á byggðarlögum sem kunna að hafa orðið fyrir sambærilegum samdrætti í aflaheimildum, búa við áþekka einhæfni atvinnulífs og einangrun og vinna að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða með sameiningu sveitarfélaga að markmiði."

Þetta er svo sem gott og vel en kveður ekki nógu fast að orði að aðrar byggðir landsins skuli sitja við sama borð.

Það er talað um þriggja ára afturvirkni á Vestfjörðum í þessu dæmi og finnst mér skynsamlegt að það gildi fyrir þann tíma sem hæstv. núv. ríkisstjórn ber ábyrgð á, ekki síst í kjölfar og samhliða þeim víðtæku aðgerðum sem hún hefur gripið til til þess að styrkja atvinnulífið í landinu, til að styrkja útveginn og fiskvinnsluna, svo sem afnámi aðstöðugjalds, gengisbreytingum og öðrum þáttum sem hafa gert það af verkum að við höfum þó í landinu mun sterkari stöðu en margir þorðu að vona og öll rök hnigu að. Það þarf að kveða fastar þarna að orði. Það þarf að vera hreinni lína að menn skuli sitja við sama borð. Annað er ekki ásættanlegt að mínu mati til þess að standa að samþykki frv.

Það er nefnilega búið að vinna ekki aðeins á Vestfjörðum heldur nánast í öllum landsfjórðungum aðgerðir og verk sem nú er ætlast til undir þeim formerkjum sem þetta frv. byggir á og setur fram. Ég get nefnt sem dæmi sameiningu fyrirtækja í mínu kjördæmi, í Þorlákshöfn, í Vestmannaeyjum, sameiningu stórra fyrirtækja sem eru mjög skuldsett af mörgum ástæðum ekki síst vegna samdráttar í veiðiheimildum. Þess vegna gengur ekki upp að stilla Vestfirðingum

upp í þessu efni með einhverja sérstöðu. Þeir hafa kannski farið óvarlegast í því að klára þorskinn sinn á undan öðrum og það fer Vestfirðingum svo sem vel að vera á undan öðrum í þessum efnum því þeir eru kappsamir menn, en því miður hefur það leitt til vanda sem þarf að bregðast við og um það snýst þessi umræða og þetta frv.

Í frv. er ákvæði varðandi sameiningu sem þarf líka að skilgreina markvissar. Það er t.d. vart stefnt að því að ætlast til þess að hið öfluga sjávarútvegspláss, Vestmannaeyjar, sameinist endilega öðru sveitarfélagi til þess að ná fram sama rétti og aðrar byggðir á landinu nema menn séu að gera því skóna að ætla sér að vaffin sameinist, Vestfirðir og Vestmannaeyjar, hin gjöfulu fiskimið en ég reikna samt ekki með því að neitt sé á bak við það í sjálfu sér þó að ástæða sé til að skoða allt til hins ýtrasta.

Von landsins er í vöskum veiðimönnum og þetta er vandmeðfarið mál sem þarf að bregðast við, en ég ítreka að það þarf að koma skýrt fram að mínu mati hjá ríkisstjórninni að aðrir landsmenn, önnur fyrirtæki, önnur sveitarfélög muni sitja við sama borð í þessum efnum.

Það eru auðvitað mörg efaatriði í slíku máli. Til að mynda má vitna í skýrslu Byggðastofnunar frá 3. mars sl. um ástand og horfur í atvinnumálum á Vestfjörðum. Þar sem ætti að standa efnisyfirlit stendur efinsyfirlit þannig að efinn kemur fljótt inn í það plagg og er auðvitað ekki í alvöru gert því að prentvillupúkinn hefur skotist þar inn. En það eru mörg ef í þessu máli, en fyrst og fremst verða menn að sitja við sama borð því að sérstaðan er að mínu mati ekki fyrir hendi á þeim formerkjum sem hefur verið stillt upp í þessu máli í umræðunni í heild.

[21:55]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Suðurl. vék að mér nokkrum orðum í ræðu sinni og hélt því fram að ég hefði sagt fyrr í dag að það hefði verið hægt að úthluta veiðiheimildum þannig að enginn hefði orðið fyrir neinum skerðingum. Það sagði ég ekki. Ég sagði það einfaldlega að það hefði verið hægt að úthluta veiðiheimildum þannig að allir hefðu orðið fyrir sambærilegum skerðingum og samkvæmt þeim úthlutunum sem voru í hittiðfyrra og líka í fyrra, þá hefði það verið í kringum 3% að meðaltali. Þá hefðu menn setið uppi með almennan vanda í sjávarútvegi sem hefði verið miklu auðveldara að fást við en er í dag. En vegna þessa ígildis eignarréttar sem menn sjá í veiðiheimildunum hefur ekki mátt taka skynsamlegar ákvarðanir. Það er ekki bara í þessu efni sem við sitjum uppi með þennan vanda heldur er hægt í fjöldamörgum öðrum tilvikum að benda á svona lagað. Það er skemmst að minnast þess að hæstv. sjútvrh. úthlutaði útlendum loðnuheimildum til íslenska loðnuveiðiflotans fyrir nokkrum dögum síðan. Hvernig var farið að því? Það var úthlutað mest til þeirra sem höfðu mestar veiðiheimildir á loðnu og höfðu minnstan möguleika á því að geta veitt. Af hverju? Vegna þess að þau þurftu endilega að halda sig við veiðiheimildaeignina, aflahlutdeildina svokölluðu, þ.e. þann hluta úr fiskstofnunum sem hver og einn útgerðarmaður á. Það er þess vegna sem við höfum ekki lengur yfirráð yfir þessari auðlind að menn eru farnir að líta á hana sem sína eign. Ríkisstjórnin landsins er farin að spila eftir þessari pípu.

[21:57]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, hefur gengið í þá gildru að festast í tölvuprógrammi sem reyndist falla undir það að vera pappírskvóti. Vegna þess að ef til hefði átt að koma jöfnun sem hv. þm. gat um og sem hefði komið jafnt niður á alla, þá hlaut hún eftir á að hafa miðast við veiddan allan þann kvóta sem upp var sett. Annars getur þingmaðurinn engan veginn fært sönnur á að vera trúverðugur í þeim málflutningi því að þá hefði þurft að koma til dreifing til að mynda á hinum mikla ýsukvóta sem útdeilt var af rausn en var ekki veiðanlegur. Slík jöfnun er auðvitað engin jöfnun, hún er falsvon.

[21:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér finnst hv. 3. þm. Suðurl. gera of mikið úr þeim vanda sem hefur myndast vegna þess að menn hafa verið að úthluta veiðiheimildum sem hafa ekki náðst. Það er að vísu ákveðinn hluti en ekki nema mjög lítill hluti af þeirri jöfnun sem við erum að tala hér um. Það sem ég var að tala um var að þorskveiðiheimildum hefði verið úthlutað þannig að meira hefði komið af viðbótunum, sem ákveðið var að veita í þorski, til þeirra sem urðu fyrir mestri skerðingu og síðan Hagræðingarsjóðshluturinn til viðbótar. Þannig hefði verið auðvelt að jafna þessu út. Það hefði síðan lent alla vega niður og það hlýtur hv. þm. að vita. Það kom alla vega niður á flotanum hvað veiddist mikið af ýsunni. Það fer ekkert endilega eftir því hvað menn hafa orðið fyrir miklum skerðingum í þorski eða fengið viðbætur í öðrum tegundum hvað þeir hafa náð af þeirri ýsu sem þeim hefur verið úthlutað. Það þýðir því ekki að setja nein samasemmerki þarna á milli eins og mér virðist hv. þm. gera. Það er engin spurning um að það var hægt að gera þetta með þessum hætti. Það sem stóð í vegi fyrir því að þetta yrði gert var það sem ég var að lýsa hér áðan, því miður. Við erum að missa yfirráðin yfir auðlindinni. Við fáum ekki stjórnvöld í landinu til þess að stjórna fiskveiðum með hagkvæmni heildarinnar í huga. Það verður að horfa á ígildi eignarréttar útgerðaraðilanna á auðlindinni. Þannig hugsa menn orðið í dag, því miður.

[21:59]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat ekki séð að hv. þm. gæti fært sönnur á þá aðferðafræði sem hann stillti upp því að hún byggðist fyrst og fremst á því að ákveða hluti með geðþóttaákvörðunum. Að taka af einum og leggja til annars miðað við það hvort sólin skín í heiði eða ekki, vera í góðu skapi eða ekki, það gengur ekki. Það gilda ákveðnar reglur í þessu kerfi sem menn hafa staðið

nokkuð heilt að frá því að það var sett á fyrir tíu árum. Upp á síðkastið hafa menn reynt að gera þetta kerfi pólitískt, ekki síst Alþb. með samþykkt um það að framsalsréttur á kvóta sé nánast lögbrot. Og þetta er nýtt innlegg flokkslega í dæmið þar sem menn eru að reyna að skapa sér sérstöðu í máli þar sem menn ættu að hafa reisn til að standa saman og taka á sig þá ábyrgð að sinna óvinsælu verkefni því að það hlýtur alltaf að vera óvinsælt verkefni að standa á bak við kvótakerfi í hvaða mynd sem er.

En jöfnun með geðþóttaákvörðunum held ég að henti ekki í okkar landi.

[22:01]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni ummæla hv. 3. þm. Suðurl. vil ég taka fram nokkur atriði. Hann sagði t.d. varðandi Vestfirðinga að ekki væri ástæða til að stilla þeim upp með einhverja sérstöðu, en þá hafði hann nýlokið við að lesa athugasemdir við lagafrv. þar sem hann var að rekja allar þær ástæður sem stilla þeim upp með einhverja sérstöðu.

Hann sagði líka að Vestfirðingar hafi síður brugðist við vanda en aðrir landsmenn. Þeir hefðu ekki aðlagast þeim vanda sem við þeim hefur blasað. Ég vil í því sambandi aðeins rifja upp það sem ég gat um í ræðu minni í dag að það er eitt og annað sem veldur því að þrátt fyrir það að Vestfirðingar hafi vissulega brugðist við vandanum og reynt að aðlagast þá hafi þeir erfiðleikar sem þar hafa blasað við verið meiri en annars staðar. Ég minni enn á það að Þjóðhagsstofnun hefur staðfest það að á árabilinu 1988–1993 hafa Vestfirðingar tapað 4 milljörðum kr. á aflasamdrætti og kvótakerfinu. Þarna eru innan við 10 þúsund manns og þá er hægt að reikna út hvers konar tap þetta er á hvert mannsbarn á Vestfjörðum og það getur hver og einn séð í hendi sér hvaða áhrif þetta hefur.

Vestfirðingar hafa reynt að bregðast við þessu. Þeir hafa líka, eins og ég gat um, misst frá sér rækjukvóta. Þeir hafa misst frá sér grálúðukvóta. Það hefur verið verðlækkun á rækju. Það var skrúfað fyrir hrefnuveiðar fyrir nokkrum árum. Allt eru þetta atriði sem snerta Vestfirðinga og auka á vanda þeirra. En það er síður en svo að þeir hafi ekki reynt að bregðast við þessu. Þeirra bjargráð hafa m.a. verið að draga saman, hagræða, setja upp nýjar vinnslulínur, reyna að taka upp fullvinnslu. Þeir hafa orðið að selja undan sér björgina, bara til þess að standa uppréttir þannig að ég get ekki legið undir því að Vestfirðingar hafi ekki gert það sem þeim hefur verið fært til þess að bregðast við vandanum, til að mæta honum á þann hátt sem mögulegt var. Málið var að vandinn var svo stór að það réðist ekki við hann. Ofan á þetta komu gjaldþrot og svo fjöldamargt fleira sem menn þekkja. En hann nefndi að lokum, virðulegi forseti, ég er að verða búinn, að e.t.v. mætti sameina Vestmannaeyjar og Vestfirði. En þá vil ég segja frá einum þreyttum sameiningarmanni fyrir vestan sem var búinn að basla mikið. Hann var búinn að fá niðurstöðu í hvaða sameining væri hentugust á Íslandi. Hún væri sú að hafa aðeins þrjú sveitarfélög: Ísland, Vestmannaeyjar og Bolungarvík.

[22:04]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau orð sem ég vitnaði í í frv. og las upp voru ekki mín orð heldur frv. þar sem rökin sem færð eru fyrir sérstöðu Vestfjarða í þessu máli eru talin byggjast á erfiðum samgöngum, einhæfni í atvinnulífi og landfræðilegri legu. Ég kaupi ekki þessi rök sem sérstöðu fyrir Vestfirði miðað við ýmsar aðrar byggðir landsins, hvort sem það er á Vesturlandi, Austurlandi eða Norðurlandi. Ég nefni Þórshöfn á Langanesi. Það er ekkert önnur staða hjá því byggðarlagi en til að mynda flestum byggðarlögum á Vestfjörðum þar sem allt byggist á fiski og þar sem plássið er afskekkt vegna náttúrufræðilegrar legu. Þetta eru kurteisleg orð eins og þau eru sögð í frv. en sérstæðan er ekki á þennan hátt að mínu mati.

Hv. síðasti ræðumaður talaði um að Vestfirðingar hefðu þurft að selja undan sér björgina umfram aðra vegna fiskveiðistjórnunar. Það er bara einfaldlega ekki rétt. Vestfirðingar hafa ekki í meiri mæli en mörg önnur pláss á landinu þurft að hreyfa sig til í þeim efnum með sölu á kvóta, skipum eða öðrum fjárfestingum.

Þegar kemur að umræðum um þá uppskiptingu hvað sé sanngjarnt og hvar eigi að lenda, þá geta menn líka farið út í það að fara lengra aftur í tímann og spyrja: Hvað breyttist með aukningu togaraflotans sem breytti stórkostlega veiðimynstrinu um landið og vinnslumynstrinu líka? Ég býst við að þá ríði nú Vestfirðingar feitari hesti en þeir sem sunnar búa á landinu.

[22:06]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Í tengslum við þær aðgerðir sem hér eru til umræðu til þess að bæta atvinnuástandið á Vestfjörðum, þá er eðlilegt að rædd sé staða og atvinnuástand annarra byggðarlaga og atvinnuástandið í heild sem vissulega er mjög víða erfitt og alvarlegt. En það er auðvitað ljóst að það hlýtur að segja til sín, bæði í efnahags- og atvinnuástandinu, þegar við höfum gengið í gegum svo langt samdráttarskeið sem raun ber vitni. En hitt er annað mál að mér finnst rangt sem hér er haldið fram af sumum sem hafa talað að ríkisstjórnin sé fyrst núna að grípa til aðgerða í atvinnumálum og þær aðgerðir, sem við ræðum hér, til að bæta atvinnuástandið á Vestfjörðum séu fyrstu aðgerðirnar sem ríkisstjórnin grípur til í atvinnumálum. Auðvitað er það rangt.

Það er ljóst að ríkisstjórnin hefur gripið til margvíslegra aðgerða sem styrkt hafa rekstrarumhverfi og rekstrargrundvöll fyrirtækjanna. Allir vita það að þá vaxtalækkun sem hefur orðið má rekja til ýmissa aðgerða sem ríkisstjórnin hefur gripið til. Varðandi atvinnumálin hefur ríkisstjórnin sett 3 milljarða til þess að flýta m.a. fyrir vegaframkvæmdum og til viðhaldsverkefna og það hefur auðvitað skilað sér í að bæta hér atvinnuástandið. Menn minnast þess kannski að það er ekki langt síðan aðilar vinnumarkaðarins voru að spá hér 20–25% atvinnuleysi. Sem betur fer hefur sú spá ekki ræst en vissulega er það svo að atvinnuleysi er of mikið en engu að síður hafa þær aðgerðir sem ríkis-

stjórnin hefur gripið til skilað verulegum árangri. Það er vissulega svo að vaxtalækkanirnar hafa ekki einungis bætt rekstrarumhverfi fyrirtækjanna, heldur líka bætt stöðu heimilanna í landinu.

Það eru ekki bara 3 milljarðar sem ríkisstjórnin hefur sett til að bæta atvinnuástandið. Ég hygg að það átak hafi skilað sér nokkuð vel sem ríkisstjórnin fór í á sl. ári í samvinnu við sveitarfélögin og haldið verður áfram á þessu ári. Ég hygg að á sl. ári hafi þær aðgerðir skilað, tímabundið að vísu, um 2.400 störfum og ef talað er um heilsársstörf séu það um 800 heilsársstörf sem þetta átaksverkefni ríkis og sveitarfélaga skilaði ásamt því fjármagni sem veitt var til þess að flýta vegaframkvæmdum og viðhaldsverkefnum. Á þessu ári hygg ég að við muni bætast 600 heilsársstörf vegna þessa átaks þannig að við erum hér að tala um 1.400 heilsársstörf á árinu vegna þessa átaks.

Ég vil minnast annars líka sem ég held að ekki ætti að gera lítið úr og það er fjármagn sem ríkisstjórnin hefur veitt til atvinnumála kvenna sem á sl. ári var 75 millj. Ég hef fullvissu fyrir því að það fjármagn hefur skilað sér mjög vel og þær konur sem hafa notið góðs af því framlagi eru að gera mjög góða hluti þessa dagana. Ýmist hefur þetta framlag orðið til þess að þær hafa getað bætt framleiðslu sína eða stofnað ný fyrirtæki. Hér er um að ræða t.d. handverkskonur sem eru að vinna úr skinni og ull og hafa sýnt mikið frumkvæði varðandi atvinnureksturinn sem mun örugglega sýna sig í fjölgun atvinnutækifæra á næstu árum. Ég hefði svo sannarlega viljað sjá meira af því fjármagn sem ríkisstjórnin hefur látið til atvinnuskapandi aðgerða til þessara verkefna til að styðja betur við atvinnuuppbyggingu hjá konum. Við höfum tölur fyrir framan okkur sem sýna það að atvinnuleysið hefur ekki síst bitnað á konum.

Ég stend hér upp, virðulegi forseti, til þess að ræða fskj. með frv. og snertir samkomulag um aðgerðir til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar sveitarfélaga sem nokkuð hefur verið hér til umræðu. Í því sambandi vil ég rifja upp að í aðdraganda kosninganna 20. nóv. um sameiningu sveitarfélaga samþykkti ríkisstjórnin varðandi sameiningu sveitarfélaga að hún mundi sérstaklega fjalla um auknar fjárveitingar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á árunum 1995–1998 vegna aðgerða sem greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og vegna breyttrar verkaskiptingar. Þetta er samhljóma því í lokaskýrslu sveitarfélaganefndar þar sem kveðið var á um að sjóðurinn mundi fjármagna í fimm ár sérstakt átak vegna sameiningar sveitarfélaga, svo og stofnunar reynslusveitarfélaga samkvæmt samkomulagi milli ríkis og sveitarfélaga þar um. Það samkomulag hefur verið gert og er birt sem fskj. með þessu frv. Um þetta hefur verið nokkuð spurt í umræðunni þannig að ég taldi ástæðu til að fara um þetta örfáum orðum.

Nú er það ekki í fyrsta skipti að veitt sé sérstakt fjármagn vegna sameiningar sveitarfélaga. Það hefur verið gert um nokkurra ára skeið. Það hefur lagastoð bæði í sveitarstjórnarlögum og í lögum um tekjustofna sveitarfélaga, en í sveitarfélagalögum er einmitt kveðið á um það að ráðuneyti geti að fenginni umsögn Sambands ísl. sveitarfélaga sett almennar reglur þess efnis að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga veiti fjárhagslega aðstoð til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga. Síðan er í tekjustofnalögunum kveðið á um að sérstökum framlögum skuli úthlutað til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga og vísað þar í sveitarstjórnarlögin. Frá 1987 hefur verið unnið í sambandi við þessar sameiningar eftir almennum reglum um fjárhagsaðstoð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að greiða fyrir sameiningu þar sem unnið er eftir fjórum meginþáttum. Það er m.a. með greiðslu upphæðar sem samsvarar eðlilegum kostnaði sveitarfélaga við undirbúning og framkvæmd sameiningar og með greiðslu aðkeyptrar vinnu við undirbúning og framkvæmd sameiningar og með þátttöku í launakostnaði í allt að fjögur ár vegna ráðningar framkvæmdastjóra sem leiðir af sameiningu og síðan með greiðslu sérstaks framlags til að jafna skulda- og rekstrarstöðu sveitarfélaga við sameiningu. Ég hygg að ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem setur nánari reglur um skiptingu fjárframlaga þeirra sem kveðið er um í tengslum við þessa sameiningu, muni hafa hliðsjón af þeim reglum sem unnið hefur verið eftir.

Ríkisstjórnin lét skoða ákveðnar viðmiðunarreglur sem unnið yrði eftir í tengslum við þessa sameiningu og þar var stuðist við þá reglu að bæta helming af því sem skuldastaða sveitarfélaga er umfram 50% af skatttekjum sveitarfélaganna. Á það var horft að öll þau sveitarfélög kæmu inn í þessa mynd þar sem sameining hefði verið ákveðin eða væri í undirbúningi frá kosningunum í nóvember í fyrra. Ef farið væri að þessari reglu, þá væri hér um að ræða um 220 millj. sem gengju til þeirra sveitarfélaga sem annaðhvort hefðu sameinast eftir 20. nóv. eða væru að undirbúa sameiningu. Ég hygg að ráðgjafarnefndin muni líka hafa hliðsjón af framvæmdastöðu í sveitarfélaginu, af skuldastöðunni og hvernig skuldir eru til komnar.

Hér þarf því ekki lagabreytingu eins og ég hef lýst. Það verður unnið samkvæmt ákvæðum sem gilda í sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna og reglum þeim tengdar. Einungis þarf á grundvelli þess framlags sem ríkisstjórnin mun leggja fram á næstu fjórum árum að taka það fyrir í tengslum við fjárlagaafgreislu, en fjárframlag ríkissjóðs í þetta sérstaka átak mun verða 140 millj. á árunum 1995–1998.

[22:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir yfirferð á þessu samkomulagi, en leyfi mér að spyrja ráðherrann í fyrsta lagi: Hvað er ætlunin að skera niður af verkefnum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til að koma á móti þeim 160 millj. kr. af ráðstöfunarfé sjósðins sem á að taka til aðgerða samkvæmt þessu sérstaka samkomulagi?

Í öðru lagi vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvort það er rétt skilið sem fram hefur komið í umræðunum í kvöld og mér hefur skilist m.a. á hæstv. ráðherrum að Byggðastofnun eigi áfram að gera úttekt á atvinnuvanda tiltekinna byggðarlaga í landinu öllu og hvort félmrh. ætlist til þess að Byggðastofnun geri

einnig sérstaka úttekt á atvinnuástandinu í Reykjavík.

[22:17]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þessa fyrirspurn vil ég fyrst taka fram að í viðræðum við Samband ísl. sveitarfélaga varðandi framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga komu tvær leiðir til greina. Sú fyrri var að þetta framlag sem kemur úr Jöfnunarsjóðnum yrði tekið af framlagi sem fer í Lánasjóð sveitarfélaga en um það var nokkuð rætt í sveitarfélaganefndinni sem hefur fjallað um þetta á umliðnum missirum. Samband ísl. sveitarfélaga féllst ekki á að þetta yrði tekið af framlagi sem á að renna til Lánasjóðs sveitarfélaga, en kaus heldur að leggja til að þetta yrði tekið af öðrum framlögum Jöfnunarsjóðs. Hvort þetta skerðir tekjujöfnunar- eða þjónustuframlög get ég ekki sagt um nú. Til að mynda má nefna í því sambandi að á sl. ári var áætlað að 30 millj. færu til sameiningar sveitarfélaga og áætlað til þess um 30 millj. kr. Það komi ekki niður á tekjujöfnunar- eða þjónustuframlögunum. Ég get því ekki sagt um hvort það gerir það á þessum árum þar sem Jöfnunarsjóðurinn á að láta þennan hlut, en það hefur ávallt og sérstaklega á sl. ári verið reiknað með töluverðri upphæð vegna sameiningarmála. Það var val Sambands ísl. sveitarfélaga að þetta yrði með þessum hætti en ekki tekið af Lánasjóði sveitarfélaga.

Varðandi úttektina í öðrum byggðarlögum sem um var spurt og Reykjavík nefnd sérstaklega: Sú forskrift sem Byggðastofnun er gefin í þessu sambandi kemur fram í fskj. með þessum frumvörpum. Það er um að ræða að gera úttekt á byggðarlögum sem kunna að hafa orðið fyrir sambærilegum samdrætti í aflaheimildum, búa við áþekkta einhæfni atvinnulífs og einangrun og vinna að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða við sameiningu sveitarfélaga. Ég geri ekki ráð fyrir að Reykjavík falli undir þessa skilgreiningu.

[22:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ljóst að þessar 160 millj. kr. geta komið niður á þjónustuframlögum Jöfnunarsjóðsins sem er slæmt vegna þess að þar með kemur þessi ákvörðun að einhverju leyti niður á þeim félagslegu skyldum sem sjóðurinn hefur. Og það eitt út af fyrir sig er nokkurt umhugsunarefni sem ekki er kostur á að ræða í andsvaratíma.

Hitt atriðið sem ég spurði hæstv. ráðherra um er vafalaust rétt hjá henni að það er gert ráð fyrir tiltekinni þröngri skilgreiningu á þeim byggðarlögum sem á að gera úttekt á. Hins vegar upplýsti hv. 4. þm. Norðurl. v., sem ég hygg að eigi sæti í stjórn Byggðastofnunar, að hann skildi það svo að stofnunin ætti að gera úttekt á þeim byggðarlögum þar sem væri við sérstakan atvinnuvanda að stríða. Og það er ekki nokkur leið að neita því að hér í þessu plássi eru 3 þúsund manns á atvinnuleysisskrá akkúrat þessa dagana þannig að ég vil hvetja hæstv. félmrh., sem jafnframt er þingmaður þessa kjördæmis sem við erum stödd í, til að taka á því máli að það verði farið í atvinnuvandamálin hér eins og annars staðar. Því miður er það liðin tíð að Reykjavík spjari sig sjálf eins og það hét hér áður. Það er liðin tíð. Menn geta ekki treyst því að hlutirnir leysist svo að segja af sjálfu sér. Hér er við hrikalega stóran og alvarlegan atvinnuvanda að stríða eins og annars staðar sem hlýtur að vera verkefni þessarar stofnunar eins og atvinnuleysisvandamál annars staðar í landinu.

[22:21]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er komið að lokum í þessari umræðu og ekki miklu við hana að bæta frá því sem áður hefur komið fram í ræðum manna í dag og í kvöld. Ég vil þó segja það að ég tel það nokkuð samhljóða niðurstöðu úr ræðuhöldum að menn eigi ekki að blanda saman óskyldum hlutum sem eru annars vegar einhvers konar aðstoð til sjávarútvegsfyrirtækja í einhverjum skilningi og hins vegar sameining sveitarfélaga. Ég dreg þá ályktun af máli manna að þetta séu hlutir sem ekki eigi að blanda saman og ég er sjálfur þeirrar skoðunar að svo eigi ekki að vera. Ég tel að það að þvæla sameiningu sveitarfélaga inn í þetta mál hafi gert frv. hálfu verra en það leit út áður. Það er að mínu viti fyrsta breytingin sem verður að gera á þessu frv. að aftengja þennan þátt frá fyrirgreiðslunni til sjávarútvegsfyrirtækja. Sameining sveitarfélaga og jöfnun fjárhagsstöðu þeirra er sjálfstætt mál sem menn geta rætt undir öðrum dagskrárlið. Ég sé engin rök fyrir því að tengja það saman inn í umræðu um fjárhagsstöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Eða hvernig ætla menn að rökstyðja að eitt sveitarfélag sem hefur lagt mikla peninga í atvinnulífið eigi ekki að fá skuldajöfnun af því að það er ekki að sameinast neinu sveitarfélagi? Annað sveitarfélag sem hefur ekki lagt krónu í atvinnulíf ætti rétt á miklum peningum til að minnka sínar skuldir af því að skuldirnar eru komnar til út af öðrum verkefnum. Það er engin heil brú í þessu. Ég veit að hv. þm. hafa áttað sig á því eftir þessa umræðu að þetta fer ekki saman og ber að skilja þessa hluti í sundur.

Þá tel ég að menn ættu að hafa áttað sig á því að sameining fyrirtækja er ekki það lausnarorð sem haldið er fram í frumvarpstextanum og það er ekki rétt að tengja upphaf og framgang aðgerða við slíka aðgerð. Hún getur stundum átt rétt á sér, stundum ekki. Stundum er hún ekki möguleg og ef menn halda sig við skilyrði frv. eins og það er lagt fram, þá eru menn að segja í raun að sumum býðst aðstoð en öðrum ekki. Menn hafa auðvitað áttað sig á þessu. Okkur þingmönnum Vestfirðinga var í dag fært bréf frá Þingeyri þar sem helstu ráðamenn staðarins vöktu athygli þingmanna á þeirri staðreynd að frv., eins og það er úr garði gert, útilokar sjávarútvegsfyrirtæki á Þingeyri frá þessari fyrirhuguðu aðstoð. Þeir spyrja eðlilega hvernig á því stendur og skora á þingmenn kjördæmisins að vinna að því að þeir eigi jafna möguleika til þess á við sjávarútvegsfyrirtæki í öðrum byggðarlögum á Vestfjörðum. Hitt er svo annað mál sem ég ætla ekki að ræða að þessu sinni hvort Vestfirðingar eiga yfir höfuð að gera mikið með aðstoð sem rétt er fram með þeim skilyrðum sem í frv. eru.

Ég rifja það aðeins upp að fleiri en þingmenn, sem hér hafa talað, hafa lýst yfir efasemdum yfir því að framgangur málsins eins og hann er settur fram í frv. sé réttur. Varaþm. Alþfl. í Vestfjarðakjördæmi, sem jafnframt er forseti Alþýðusambands Vestfjarða, hefur ítrekað lýst því yfir opinberlega að vestfirsk fyrirtæki eigi ekki að þiggja neina opinbera styrki heldur eigi frekar að frysta lánin og auka veiðiheimildir. Hann hefur ítrekað þetta sjónarmið sem er það sama og ég setti fram í umræðunni.

Framkvæmdastjóri Hjálms hf. á Flateyri hefur í viðtali í sjónvarpi 18. febr. tekið það skýrt fram að það eina sem dygði Vestfirðingum væri aukinn kvóti, aukinn réttur til að veiða. Formaður Útvegsmannafélags Vestfjarða hefur einnig bent á það að þær aðgerðir sem í frv. eru dugi engan veginn sem lausn á vandanum og þurfi meira til að koma svo eitthvert gagn verði að og þá fyrst og fremst auknar veiðiheimildir. Hann hefur einnig bent á það að sameining fyrirtækja sé ekki einhlít lausn á rekstrarvanda og rekur dæmi því til staðfestingar. Það eru því ýmis dæmi sem hægt er að vitna til úr opinberri umræðu þar sem fram koma sjónarmið Vestfirðinga á þessum málum sem ganga í aðra átt en frv. gerir ráð fyrir og ég hygg að hæstv. ríkisstjórn ætti að taka meira mark á þeim varnaðarorðum sem þar hafa verið sett fram en hún virðist hafa gert fram til þessa. Eins og málið er lagt fram í frv. er það að mínu viti ákaflega ógeðfellt.

Ég vil svo að lokum þakka hæstv. félmrh. fyrir svör hans hér áðan. Svörin gerðu mig ekki miklu fróðari en ég var áður. Það eru t.d. engin svör við því af hverjum á að taka þessar 40 millj. á ári næstu fjögur árin úr Jöfnunarsjóði. Þessir peningar hafa runnið til sveitarfélaga eftir tilteknum reglum og það er ljóst í mínum huga a.m.k. að ef á að taka þá í þetta verkefni, þá bitnar það á þeim sveitarfélögum sem hafa fengið þá. Það er því einfaldlega verið að færa til peninga á milli sveitarfélaga.

Ég undrast það að hægt sé að ákveða fyrir fram að 220 millj. eða allt að því renni til að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga sem eru að sameinast samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu í sveitarstjórnarlögum og spyr: Hvað er gert ráð fyrir að þau sveitarfélög fái mikið? Ef miðað er við þá reglu sem sett hefur verið fram að jöfnunin næmi því að greiddur yrði helmingurinn af skuldum sem eru umfram 50% af tekjum sveitarfélaga, þ.e. að nettóskuldir sveitarfélaga yrðu ekki meira en sem næmi hálfum árstekjum og það sem umfram væri mundi jöfnunarsjóðurinn borga að hálfu. Þessi regla hefur verið sett fram. Ég hef séð útreikninga á því hvað mundi renna til sveitarfélaga samkvæmt þeirri reglu og ég spyr: Er talan 220 millj. fundin út frá því? Sem dæmi get ég nefnt að samkvæmt þeirri reglu mundi í Vestur-Barðastrandarsýslu renna 45 millj. til Patrekshrepps og Bíldudals til að jafna fjárhagsstöðu þeirra, en hins vegar hef ég heyrt og spyr þá ráðherra í leiðinni hvort það sé rétt að ráðherra hafi lofað því að hafa þá tölu hærri eða 77 millj. Ef það er rétt eftir hvaða reglu er farið þar? Gildir þá sú regla annars staðar á landinu?

Enn fremur undrast ég að það skuli vera hægt að ákveða núna að það þurfi ekki að verja nema 80 millj. til að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga sem muni sameinast á næstu fjórum árum. Á ekki að gilda sama regla um jöfnun á fjárhagsstöðu sveitarfélaga á næstu árum og á að gilda um sameiningu samkvæmt bráðabirgðaákvæðinu?

Ég vildi gjarnan spyrja hæstv. félmrh. þessara spurninga og athuga hvort hún væri ekki fáanleg til að svara þessu ítarlegar en áðan var gert.

[22:31]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður spurði hvort þessar 220 millj. væru reiknaðar út frá þessari tilteknu viðmiðun, 50% reglunni. Svarið við því er já. Það bindur samt ekki ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem á að setja reglur varðandi þessa skiptingu. Þetta er ákveðin viðmiðun sem þarna hefur verið sett og það hefur verið talið eðlilegt í þeirri umræðu sem fram hefur farið um þetta atriði að Jöfnunarsjóðurinn hefði hliðsjón af þessari viðmiðun og einnig hliðsjón af t.d. framkvæmdastöðu og skuldastöðu í viðkomandi sveitarfélagi. Talan sem hv. þm. nefndi um einhverjar 77 millj. sem ég hefði nefnt við einhver tiltekin sveitarfélög á Vestfjörðum er algjörlega út í hött vegna þess að ég hef ekki nefnt við eitt einasta sveitarfélag, hvað það mundi fá út úr þessari skiptingu. Þetta eru einungis vinnureglur sem hefur verið unnið með í þessu sambandi sem ráðgjafarnefndin mun hafa hliðsjón af.

Varðandi það hvort þær 80 millj. sem þá standa eftir muni þær duga fyrir sveitarfélög sem sameinast á komandi fjórum árum til viðbótar þeim sem hér hafa verið tilgreind get ég ekki svarað. Ef það verður mikið um sameiningar á næstu fjórum árum til viðbótar þeim sem núna eru í undirbúningi eða hafa verið ákvarðaðar, þá geri ég ráð fyrir að það yrði ný ákvörðun hjá ríkisstjórn hvort bætt yrði við þá upphæð. En hér eru 80 millj. til ráðstöfunar til viðbótar og eins og ég segi og endurtek, það yrði þá ný ákvörðun hjá ríkisstjórninni ef mikið yrði um sameiningar að bæta þá við þá upphæð.

[22:33]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka ráðherra fyrir svörin. Það liggur þá ljóst fyrir að það hafa engin fyrirheit verið gefin í Vestur-Barðastrandarsýslu um fjárframlög úr Jöfnunarsjóði vegna að sameining sveitarfélaga þar upp á 77 millj. kr. Ég spurði einfaldlega um hvort það væri rétt og það er þá klárt að svo er ekki.

En af því að því máli er blandað inn í frv. um aðstoð við sjávarútvegsfyrirtæki spyr ég hæstv. ráðherra hvort ekki komi til greina að jafna fjárhagsstöðu sveitarfélaga eftir því hvað þau hafa þurft að leggja mikið fram í atvinnulífið þannig að þau sem hafa þurft að leggja mikið fram geti fengið einhverja fjármuni frá hinu opinbera til að minnka þær byrðar. Mér finnst það sú jöfnun sem menn ættu að gera. Ef menn á annað borð eru að blanda Jöfnunarsjóði og fjárhagsstöðu

sveitarfélaga inn í þetta mál þá ætti það að vera á þann veginn að sveitarfélög sem þyrftu að verja verulegu fjármagni í atvinnulífið ættu að fá einhvern hluta af því úr Jöfnunarsjóði og önnur ekki eins og mundi verða. Það hefði mér fundist mikið eðlilegri aðgerð gagnvart þessu máli, það hefði fallið betur að því. Ég er ekki að segja endilega að ég mundi styðja það en mér fyndist það rökréttara.

[22:35]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég hef tekið til máls fyrr í dag í því máli sem hér er á dagskrá en vildi bæta við örfáum orðum. Það er ekki síst vegna sérkennilegrar söguskoðunar sem kom fram hjá hæstv. fjmrh. og starfandi forsrh. um þjóðarsátt. Ég átti ekki kost á að svara í andsvari vegna þess að þessi sérkennilega söguskoðun kom fram í andsvari. Hún var á þá leið að aðilar vinnumarkaðarins, þeir Einar Oddur og félagar, hefðu tekið fram fyrir hendurnar á páv. ríkisstjórn og gert þjóðarsáttina. Ég geri alls ekki lítið úr þeirra þætti í þjóðarsáttinni. Þeir brutu blað í þeim málum. En það muna allir sem vilja muna að sú þjóðarsátt hefði verið óhugsandi án atbeina ríkisvaldsins og náins samráðs ríkisstjórnarinnar á þeim tíma við aðila vinnumarkaðarins. Það er alveg nauðsynlegt að þetta komi hér fram vegna þess að hæstv. fjmrh. hélt því fram að þetta hefði verið þveröfugt. Það muna allir sem fylgdust með stjórnmálum á þeim tíma að það samstarf sem leiddi til þessarar þjóðarsáttar var mjög náið og nefndur Einar Oddur lét svo ummælt opinberlega að ríkisstjórnin hefði staðið við allt í einu og öllu sem var lofað í þessum efnum. Þess vegna var þjóðarsáttin gerð og að henni býr ríkisstjórnin. Þetta verður að koma fram því þetta er mikið grundvallaratriði. Þessu eiga menn ekki að gleyma vegna þess að það byggist á þjóðarsáttinni að verðbólgan er svo lág sem hún er í dag. Það er ekki síst á henni. Lág verðbólga byggist að öðru leyti á kreppuástandi og samdrætti í þjóðfélaginu en að hinu leytinu byggist hún á þjóðarsáttinni sem gerð var.

Ég fagna því sem kom fram í máli hæstv. sjútvrh. ef engin óvissa er um stjórn fiskveiða. Það kemur mér í rauninni spánskt fyrir sjónir ef svo er. Ég hefði gaman af að heyra einhvern af hæstv. ráðherrum Alþfl. tjá sig um það mál, t.d. hæstv. umhvrh. en hann er víst ekki við þessa umræðu, hvort hann sé búinn að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir óbreytt og það sé engin óvissa í þessu efni. Það kemur mér spánskt fyrir sjónir en það kann að vera. Þessi yfirlýsing hæstv. sjútvrh. kom mér satt að segja nokkuð á óvart.

Hæstv. ráðherrar sem hafa talað við umræðuna hafa barið sér á brjóst og talið ríkisstjórnina hafa gert miklar efnahagsaðgerðir í þágu atvinnuveganna. Ég er alls ekki að halda því fram að ekkert hafi verið gert. Hins vegar held ég því fram að vegna þess hvernig ríkisstjórnin fór af stað þá missti hún dýrmætan tíma til þess að létta undir með atvinnuvegunum í landinu. Hún fór af stað með þeim heitingum að engar sértækar aðgerðir yrðu gerðar til bjargar atvinnulífinu hvað sem á gengi, það yrði að bjarga sér sjálft. Í þessum anda leið meira en heilt ár og það er ekki fyrr en í nóvember 1992 sem raunverulega eru boðaðar efnahagsaðgerðir til stuðnings sjávarútveginum í landinu. Þá voru menn loks að byrja á því að hafa sig út úr þessum kenningum. Þarna tapaðist dýrmætur tími og var ekkert gert á honum annað en að hækka vextina eins og hefur verið rakið í þessari umræðu.

Satt að segja hefur ríkisstjórnin og hæstv. ráðherrar allt þetta kjörtímabil verið að reyna að hafa sig út úr frjálshyggjukreddum sem þeir hófu feril sinn á og eru auðvitað ekki búnir að því enn þá. En þó hefur verið sýnd viss viðleitni í þá átt og í rauninni er frjálshyggjan að hrynja ofan í höfuðið á sjálfstæðismönnum á öllum vígstöðvum, t.d. hjá Reykjavíkurborg. Þetta frv. um sértækar aðgerðir á Vestfjörðum er auðvitað viðurkenning á því að þessar frjálshyggjukenningar ganga ekki upp í þessu þjóðfélagi. Það er nauðsynlegt að undirstrika það við þessa umræðu að ríkisstjórnin fór af stað með vitlausum formerkjum, tapaði dýrmætum tíma til þess að hjálpa atvinnuvegunum í landinu. Það er þáttur í því hvernig komið er þó vissulega séu aðrar aðstæður þungar á metunum. Ég ætla ekki að vanmeta það að afli hefur minnkað. En ríkisstjórnin og forusta hennar þegar hún fór af stað viðurkenndi ekki að það þyrfti sértækar aðgerðir í þessu sveiflukennda þjóðfélagi. Það er meinið. M.a. þess vegna standa menn í þessum sporum nú.

Ég ætla ekki að bæta fleiri orðum við og það er í rauninni engu við að bæta það sem ég sagði fyrr í dag um frv., en það er alveg nauðsynlegt að hæstv. ráðherrar rangtúlki ekki pólitíska sögu síðustu ára úr þessum ræðustól án þess að því sé andmælt.

[22:43]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þjóðarsáttin svokölluð var dregin inn í umræðurnar fyrr og þá minntist ég á það í mínu máli að Sjálfstfl. hefði stutt þær aðgerðir á sínum tíma þrátt fyrir það að hann hefði verið í stjórnarandstöðu. Það var veigamesti punkturinn í ræðu minni. Ég sagði jafnframt að þetta hefði verið verk Einars Odds Kristjánssonar og Ásmundar Stefánssonar og ég ætla að rifja það upp fyrir þeim sem fara hér með sögufyrirlestur að ríkisstjórnin gerði ráð fyrir 20% verðbólgu á árinu 1990, það kom fram í þjóðhagsáætlun á þeim tíma, og páv. fjmrh. hafði gert samninga við BHMR á árinu 1989. Eitt af því sem Einar Oddur og Ásmundur Stefánsson bentu þáverandi ríkisstjórn á var að það þyrfti að breyta þeim kjarasamningi. Það var látið undir höfuð leggjast eins og menn vita og endaði í bráðabirgðalögum og vandræðagangi sumarið 1990. Þetta er auðvitað saga sem allir þekkja og þarf ekkert að vera að rifja upp. Það muna allir hvernig þetta gekk fyrir sig og ríkisstjórnin þæfðist við en kom með að lokum. Því það er hárrétt sem hv. þm. sagði að niðurstaðan varð sú að Einar Oddur sagði að ríkisstjórnin og hv. þm. Steingrímur Hermannsson hefðu staðið við allt sitt, ekki síst eftir að þeir settu bráðabirgðalögin vegna samningsins við BHMR.

Svo ætla ég að minna á það í lokin að þegar sú ríkisstjórn skildi við höfðu safnast upp skuldir í Seðla-

bankanum, 10 milljarðar, og það að hækka vextina var einungis að taka mið af raunveruleikanum því það streymdi fé úr ríkissjóði. Þetta hef ég farið í gegnum áður í mínu máli.

Loks má það ekki gleymast að sú ríkisstjórn sem nú situr hefur þurft að þola það að verð á sjávarafurðum erlendis hefur lækkað um meira en 25% á þessum tíma og við höfum þurft að draga saman aflaheimildir sem notaðar eru af skipum. Þetta hefur gerst og það þarf að taka tillit til þessa í umræðunni.

[22:45]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það stendur alveg óhaggað að samvinna páv. ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar og verkalýðshreyfingarinnar leiddi til þjóðarsáttarinnar og við þurfum ekki að karpa um það. En annað er, sem ég vil benda á og undirstrika sérstaklega, að þrátt fyrir að verð á sjávarafurðum hafi lækkað þá hefur útflutningsverðmæti sjávarafurða haldist furðu stöðugt. Það hefur gerst undir því skipulagi í fiskveiðum og vinnslu sem komið var á í tíð fyrri ríkisstjórnar og var byrjað að þróa árið 1983 þegar kvótakerfinu var komið á. Það reyndist ekki verr en þetta þannig að núv. ríkisstjórn hefur einnig búið að þessum arfi í sjávarútveginum.

Ég held að þetta verði að koma fram líka svo sögufyrirlestrinum sé haldið áfram og við hæstv. fjmrh. túlkum þá söguna sameiginlega.

[22:47]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 2. þm. Austurl. var að gera tilraun til þess að snúa út úr orðum mínum um það almenna samkomulag sem ég tel að hér ríki um grundvallaratriði fiskveiðistjórnunar í landinu. Það er rétt sem hv. þm. minnti á að þetta kerfi var fyrst þróað í samstjórn Framsfl. og Sjálfstfl. og hefur verið að þróast síðan. Fyrir síðustu kosningar voru mismunandi skoðanir í þessu efni og núv. stjórnarflokkar höfðu þar ólíkar skoðanir. Það tókst að samræma þær og þegar niðurstaða lá fyrir í endurskoðunarnefnd ríkisstjórnarflokkanna var ljóst að það yrði haldið áfram í grundvallaratriðum með það kerfi sem við höfum verið að þróa. Það liggja fyrir þinginu í samkomulagi stjórnarflokkanna tillögur um lagfæringar á gildandi lögum en það liggja engar tillögur fyrir þinginu um að breyta kerfinu í grundvallaratriðum. Það er þess vegna fullkomin vissa um það að í þeim efnum ætlum við að halda áfram á sömu braut. Það hafa alltaf verið uppi mismunandi skoðanir um útfærsluatriði og er ekki nýtt, en vissan sem sjávarútvegurinn stendur frammi fyrir felst í því að það stendur ekki til að breyta í grundvallaratriðum um fiskveiðistjórnun. Eini flokkurinn í þinginu sem boðar einhverja óvissu í því efni er Alþb. og ég veit að hv. 2. þm. Austurl. er sammála mér í því að sá boðskapur raskar ekki ró sjávarútvegsins í landinu.

[22:49]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því vissulega ef sjávarútvegurinn býr orðið við öryggi um framtíð sína en ég er ekki jafnsannfærður um það og hæstv. sjútvrh. Ég veit auðvitað að það eru skiptar skoðanir í Alþb. um málið en ég ætla ekkert að svara fyrir þá. Þeir eru fullfærir um að túlka sín sjónarmið sjálfir. Ég hef hins vegar afskaplega miklar efasemdir um samstarfsflokk hæstv. sjútvrh. og er ekki jafnbjartsýnn og hann á þann flokk og ég er alveg hissa á því hvað hæstv. sjútvrh. ber mikið traust til þess flokks og forustu hans eftir allt sem á undan er gengið. Hins vegar er ég ekki talsmaður þess að rífa niður þetta kerfi sem sjávarútvegurinn býr við. Ég er talsmaður þess að sníða af því ýmsa agnúa og lagfæra það og hefði mátt vera búið að því. Hins vegar vil ég halda þessu kerfi í meginatriðum og ég fagna því satt að segja ef um það er staðfesta, en ég stórefast um að Alþfl. og forusta hans sé orðin svo viti borin allt í einu að það sé öryggi um þessi efni. Ég er mjög hissa á því.

[22:51]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur fyrir að sameiginleg nefnd stjórnarflokkanna, sem vann að endurskoðun þessara mála, lagði til að áfram yrði haldið í grundvallaratriðum með aflamarkskerfið sem stjórntæki við fiskveiðarnar. Það liggur fyrir að ríkisstjórnarflokkarnir hafa sameinast um að flytja frv. um lítils háttar lagfæringar á núgildandi lögum. Um þetta er samkomulag. Það er hins vegar ekkert nýtt að það eru skiptar skoðanir um þessi útfærsluatriði og á það jafnt við um Framsfl. eins og aðra flokka. Þess vegna er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að hafa einhverjar áhyggjur. Hér hefur verið náð samkomulagi um grundvallaratriði sem ekki eiga að valda neinni óvissu í atvinnugreininni.

Ég hlustaði hins vegar fyrir skömmu síðan á sjónvarpsviðtal á Stöð 2, hádegisviðtal, við formann Framsfl., hv. 8. þm. Reykn. Það viðtal gekk allt út á það af hálfu formanns Framsfl. að strá efasemdum um störf hv. 1. þm. Austurl. að sjávarútvegsmálum á undanförnum árum og var býsna kynlegt með hvaða hætti formaður Framsfl. var að strá efasemdum um fiskveiðistjórnunarkerfið eftir allan þann tíma sem hann hefur borið ábyrgð á þróun þess og þá forustu sem hv. 1. þm. Austurl. sannarlega hafði á sínum tíma, að stíga fyrstu skrefin varðandi mótun þessa kerfis.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti telur rétt að það komi fram að formaður Framsfl. er 7. þm. Reykn., hinn áttundi mun vera formaður Alþb.

[22:53]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vildi svo til að ég horfði á þetta sjónvarpsviðtal sem hæstv. sjútvrh. vitnar til og ég gat nú ekki túlkað það þannig, þó að hæstv. sjútvrh. hafi gert það með góðum vilja, að hv. 7. þm. Reykn. væri að lýsa vantrausti á hv. 1. þm. Austurl. í sjávarútvegsmálum. Það hefur verið alger samstaða í Framsfl. í sjávarútvegsmálum og hefur hann verið eini flokkurinn sem hefur verið samstiga í þessum efnum

og haft eitthvað fram að færa sem hefur verið á að treysta, enda hefur hæstv. sjútvrh. byggt á þeirri stefnu alla sína tíð í sjútvrn. og er bara ekkert minni maður af því. (Gripið fram í.) Af því að hv. 2. þm. Vestf. er nefndur, þá hefur hann vissulega haft sínar skoðanir í sjávarútvegsmálum, en hann hefur fylgt þingflokknum í þessu efni og þingflokkurinn hefur verið algerlega óklofinn í afstöðu til sjávarútvegsins. Hv. 2. þm. Vestf. hefur vissulega haft sínar efasemdir, en hann hefur eigi að síður gengið til samkomulags um þessa stefnu og er ekki minni maður af því.

[22:55]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Fyrst út af þessu þingmáli sem menn eru hér að ræða. Ég held að þær umræður sem hafa farið fram hér í dag hljóti að leiða til þess að þetta frv. verður tekið til mjög mikillar endurskoðunar og verði gert að einhvers konar almennu máli til bjargar nauðstöddum byggðarlögum og fyrirtækjum sem þar eru. Menn finni sér annan farveg til þess að koma til móts við sveitarfélög vegna sameiningar og blandi ekki saman óskyldum hlutum í frv. eins og hér er gert.

Það sem fékk mig, hæstv. forseti, til að taka aftur til máls í dag eru þær umræður sem hafa farið fram hér um sjávarútvegsmál. Ég tel að það sé alveg full ástæða til þess að láta því ekki ómótmælt að í hvert skipti sem hæstv. sjútvrh. sér sér færi á í andsvörum eða öðruvísi, mætir hann hér í ræðustólinn til þess að reyna að klappa þann steininn sem honum er kærastur, þ.e. að hæla kvótakerfinu og sérstaklega kemur honum orðið hagkvæmni í hug í hvert skipti sem honum dettur þetta kvótakerfi í hug.

Það er þannig að ég hef lagt það á mig að lesa bók sem fylgir frv. til laga um stjórn fiskveiða og er svokölluð tvíhöfða skýrsla. Í þessari tvíhöfða skýrslu er verið að fjalla um stjórn fiskveiða með ýmsum hætti. Lokaniðurstaðan er sú að festa kvótakerfið í sessi. Í þessari tvíhöfða skýrslu er kafli, hæstv. forseti, um hagkvæmni kvótakerfisins. Ég óska eftir leyfi þínu til þess að lesa upp þann kafla allan.

(**Forseti** (VS): Eins og hv. þm. er kunnugt, þá hefur hann tæpar átta mínútur til ráðstöfunar og hann getur varið þeim eins og honum sýnist.)

Ég get glatt hæstv. forseta með því að þær munu duga. Þetta er á bls. 112 í skýrslunni og er allt það efni sem fjallar um hagkvæmni kvótakerfisins. Liðurinn er merktur 10.2. Hagkvæmni:

„Eins og fyrr segir hefur það verið eitt af meginmarkmiðum stjórnunar fiskveiða að stuðla að hagkvæmustu nýtingu fiskstofnanna. Hagkvæmni byggist í grundvallaratriðum á því að tekjur séu sem hæstar, en tilkostnaður sem lægstur.

Greinileg þróun hefur verið í þá átt að sjómenn komi með sem bestan fisk að landi, til að tryggja að hægt sé að vinna hann á þann hátt sem skilar mestum verðmætum. Netaveiðar eru gott dæmi um þetta, en það færist í vöxt að netin séu tekin í land um helgar eða þegar veðurspá er slæm, til að hámarka gæði aflans og þar með þær tekjur sem hann skilar.

Þess sjást víða merki að tilkostnaður við veiðar sé að minnka eftir að aflamarkskerfi var allsráðandi. Skýrasta dæmið er sameining veiðiheimilda á færri skip, sem gerir það að verkum að rekstur þeirra skipa sem eftir verða verður hagkvæmari, en gömlum skipum er lagt. Árangurinn af þessu kemur reyndar aðeins að litlu leyti fram í tölum um fjölda skipa á skrá. Ástæðan er sú að mörgum kvótalitlum skipum er ekki lagt, heldur er þeim haldið til veiða á tegundum sem enn eru utan kvóta.

Hér að neðan er þess freistað að leggja mat á það hverju stjórn fiskveiða undanfarin ár hafi skilað í átt að hagkvæmari fiskveiðum."

Síðan vantar framhaldið og það er ekkert meira í skýrslunni um hagkvæmni kvótakerfisins. Af hverju ekki? Einfaldlega vegna þess að menn fundu ekki tölur, menn fundu ekki rökstuðning fyrir hagkvæmninni. Það var þó reynt að rökstyðja hagkvæmnina þegar kvótakerfinu var breytt 1986. Þá komu menn með tölur vegna þess að á tímabilinu frá því að kvótakerfinu var komið á og fram að þeim tíma hafði t.d. afli á togtíma aukist. En skyldi það hafa gerst á tímabilinu sem er liðið frá árinu 1986 og fram á þennan dag? Nei, það er ekki aldeilis þannig.

Ég hef hér tölur frá Fiskifélagi Íslands þar sem gefið er upp hvernig afli á úthaldsdag hafi breyst á þessu tímabili. Ég ætla að gefa upp tölurnar sem eru frá árunum 1983–1992. Það munar reyndar litlu hvort maður tekur 1986–1992 eða þessar tölur.

Þá hefur afli á togtíma breyst úr 11,8 tonnum á dag, þetta er dagaflinn, í 11,9 tonn hjá stóru skipunum, þ.e. togurum yfir 500 tonn. Á togurum sem eru undir 500 tonn hefur aflinn minnkað úr 10,2 tonnum á dag niður í 8,2 tonn. Hjá bátum sem eru 13–100 tonn að stærð hefur aflinn minnkað úr 1,6 tonnum á dag niður í 1,4. Sem sagt, á öllum flotanum sem er stærri heldur en 12 tonn hefur þetta gengið aftur á bak eða staðið í stað á þessu tímabili. Þá kemur auðvitað venjulega svarið: Hefur ekki afli minnkað svona mikið á þessu tímabili? En það er nú ekki þannig. Á þessu tímabili hefur aflinn ekki minnkað nema um 2%. Það hefur verið aukið það mikið við í öðrum tegundum í staðinn fyrir þann þorsk sem hefur minnkað á móti.

Einu skipin sem hafa bætt við sig í afla á dag eru litlu bátarnir. Bátar t.d. undir 12 tonnum hafa aukið afla sinn úr 450 kg á dag upp í 600 og bátar sem eru minni, þ.e. opnir bátar, hafa aukið sinn afla úr 180 kg upp í 260. Þetta segir eitthvað um hagkvæmnina.

En það er líka annað sem hefur gerst. Menn hafa verið að tala um að það hafi verið færðar saman veiðiheimildir og skipum hafi verið hent og annað slíkt. Á því tímabili sem ég er að tala um hefur hestaflafjöldi íslenskra skipa aukist um tæp 90 þúsund hestöfl og að langstærstum hluta til hefur þessi breyting orðið frá 1986 og fram á þennan dag. Hagkvæmnin hefur ekki aukist mjög mikið. Síðan hafa menn auðvitað orðið varir við þær sögur sem ganga af því hvernig menn fara með fiskinn. Sjútvn. fékk til sín marga menn á undanförnum fundum til þess að ræða um tillögur ríkisstjórnarinnar um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Á einum fundinum um daginn mætti skip-

stjóri sem sagði frá því sjálfur að það væri hent um 30% af fiski sem kæmi í þorskanetin í vetur. (**StG:** Nei.) Nei. Hann sagði frá því að það væri hent 30% frá ákveðnum stað sem hann er að róa frá. (**StG:** Hann sagðist hafa gert það sjálfur.) Hann sagðist hafa gert það sjálfur og vissi að aðrir gerðu það líka. Ég held að það þurfi ekkert vitnanna við í því.

Síðan stöndum við frammi fyrir þeirri staðreynd að í þeirri stöðu sem kvótakerfið er í núna mun verða hent margfalt meiri afla í sjóinn því að nú hafa menn ekki möguleika á að ná sér í kvóta til þess að geta veitt upp aðrar tegundir sem þeir hafa því þeir hafa ekki fyrir kvóta í þorski sem þeir þurfa vegna meðafla. Og ég verð nú að segja það alveg eins og er að mér þykir hæstv. sjútvrh. ansi kotroskinn þegar hann mætir hér í ræðustól og talar um samheldnina um að framlengja þetta kvótakerfi. Hann talar eins og allur Sjálfstfl. standi á bak við hann og hann talar eins og það sé engin sprunga í samstarfi Alþfl. og Sjálfstfl. um þessi mál.

Hornsteinninn að hrossakaupum Alþfl. og Sjálfstfl. í fyrrahaust um sjávarútvegsmálin var að það ætti að koma á þróunarsjóði. Hvar stendur það mál? Það mætir enginn af hagsmunaaðilum á fund sjútvn. sem mælir með því að þessi þróunarsjóður verði til. Hann er sjálfdauður í upphafi. Er alveg víst að Alþfl. komi til með að skrifa upp á lögin um stjórn fiskveiða ef það liggur fyrir að þróunarsjóðurinn sé sjálfdauður? Það væri gaman að fá svar við því hér. Kannski mundi hv. formaður þingflokks Alþfl. svara því hvort Alþfl. muni standa við það að festa í sessi lögin um stjórn fiskveiða eins og þau liggja fyrir ef þróunarsjóðurinn verður sjálfdauður eins og allt útlit er fyrir.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill vekja athygli á því að frv. um stjórn fiskveiða er ekki á dagskrá.

[23:05]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessa ábendingu sem kom frá forseta vegna þess að þetta er einmitt athugasemd sem ég hef sjálf gert, að það mætti halda að nokkrir þingmanna hér telji sig vera komna í umræðu um sjávarútvegsmál og um það fiskveiðifrv. sem á eftir að fjalla nánar um hér.

Vegna beinnar spurningar þingmannsins til mín, þá vil ég svara því að það er ekki minn siður að fara út í bollaleggingar um ef og hefði eða hvort verður. Alþfl. hefur staðið að framlagningu þessara frumvarpa eins og fram hefur komið hjá sjútvrh. Þau frumvörp fara að sjálfsögðu til vinnslu og ef breytingar eiga eftir að verða þar á, þá koma þær í ljós. Það væri fjarri mér að standa hér í þessum ræðustól og fara að gefa niðurstöðu í málin fyrir fram út frá spurningum þingmannsins.

[23:06]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var miðstjórnarfundur fyrir ekki löngu síðan hjá Alþfl. Á þeim miðstjórnarfundi var gerð samþykkt um sjávarútvegsmál. Mér fannst ákaflega erfitt að átta mig á því að hún gæti verið í samræmi við þá stefnu Alþfl. sem hefur komið fram í frumvörpunum sem liggja núna fyrir þinginu, þ.e. um stjórn fiskveiða og þróunarsjóðinn. Það var líka þess vegna sem mér fannst ástæða til þess að spyrja um þetta. Ég vakti reyndar ekki upp þessa umræðu um stjórn fiskveiða hér í dag. Ég taldi bara ástæðu til þess að svara því sem hæstv. sjútvrh. lagði hér til málanna, sem hann er reyndar vanur að gera við öll tækifæri, eins og ég sagði áðan, að reyna að leggja gott með þessum fiskveiðistjórnunarlögum, sem eru miklu óvinsælli og hafa miklu minna fylgi og stuðning heldur en hann vill vera láta, m.a. í hans eigin þingflokki, sem hann gleymir nú alltaf þegar hann er að mæta hér í ræðustól, hæstv. ráðherra, og tala um samstöðuna í öðrum flokkum. Ég held að það væri kannski rétt hjá honum að skoða samstöðuna í eigin röðum áður en hann talar jafndigurbarkalega og hann hefur gert um samstöðu annars staðar. Það er m.a. um að ræða í Framsfl., svo ég bæti nú við það sem hann þó sagði hér áðan, að það er ekki full samstaða þar heldur. Ég man eftir þingmanni sem mætti hér fyrir hönd Framsfl. um daginn í ræðustól á hv. Alþingis ...

(**Forseti** (VS): Hv. þm. er að svara andsvari frá hv. 4. þm. Reykn.)

og sagði að hann styddi sóknarmarkskerfi í stjórn fiskveiða.

[23:08]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Lítil hluti af svari þingmannsins laut að andsvari mínu og ég vil árétta það sem ég hef áður látið koma fram hér í þessum ræðustól varðandi flokksstjórnarfund Alþfl. sem vísað var til.

Alþfl. hefur markað ákveðna stefnu til framtíðar í sjávarútvegsmálum. Í Alþfl. hafa verið mjög miklar efasemdir um að festa kvótakerfið í sessi, eins og fram hefur komið. Það var verið að árétta að með samþykkt þeirra breytinga sem eru í þeim frumvörpum sem lögð eru fram er ekki verið að takast á við það mál. Ég vil líka árétta það sem allir vita sem hafa átt þátt í stjórnarsamstarfi að það verður stundum á flokksráðsfundum, á flokksþingum að fjalla um stefnu flokkanna, en gera sér grein fyrr því að eðlilega þarf að fara í málamiðlanir í mörgum mikilvægum málum í samstarfi.

Í nákvæmlega þessari samþykkt sem vísað var til var verið að taka á því að Alþfl. ætlar að skoða þessi mál áfram. Hann hefur nokkuð beittar meiningar um hvert hann vill ekki fara, en hann var ekki að festa stefnu sína í sessi á þeim flokksstjórnarfundi, en stendur að þeim málum sem voru lögð hér fram.

[23:10]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. sagði í fyrra andsvari sínu að hann mundi ekki vilja svara því sem ég beindi til hans, hann væri ekki vanur að svara því með ef og hefði og þess vegna var það nú sem ég fór kannski dálítið út í aðra sálma í andsvari við hann. Það var auðvitað þess vegna sem lítill hluti af mínu andsvari var við hans andsvari sem var hér á undan. Ég held að það sé erfitt og ég verð að segja það að lokum um þetta mál, að það hljóti að vera býsna erfitt fyrir hv. al-

þýðuflokksmenn að burðast með lögin um stjórn fiskveiða eða frumvörpin sem liggja hér fyrir þinginu og halda því fram að þeir standi að þeim heils hugar eftir þennan miðstjórnarfund sem ályktaði í þveröfuga átt. Ég tel að það hljóti að verða falskir tónar í stuðningi Alþfl. við kvótakerfið eins og það liggur fyrir og það ígildi eignarréttar sem er á veiðiheimildunum eftir að hafa gert þá samþykkt sem gerð var á miðstjórnarfundinum og það skulu verða mín lokaorð.

[23:12]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 3. þm. Vesturl. verður að sitja uppi með þau vonbrigði sín að stjórnarflokkarnir hafa sammælst um að standa hér að flutningi frv. sem mælir fyrir um lagfæringar á gildandi lögum um stjórn fiskveiða. Það er niðurstaða sameiginlegrar nefndar sem þessir flokkar settu á fót til að endurskoða fiskveiðistjórnunarlögin, að rétt sé að byggja áfram í grundvallaratriðum á því kerfi. Sannleikurinn er sá að það hefur skilað mjög verulegum árangri. Hluti af skýringunni á því að sjávarútvegurinn er nú að skila svolitlum hagnaði þrátt fyrir erfiðleikana er sá að sjávarútvegurinn hefur vegna kvótakerfisins getað nýtt sér þær almennu efnahagsráðstafanir sem hafa gjörbreytt starfsskilyrðum hans og tryggt honum betri samkeppnisskilyrði en hann hefur haft í áratugi. Kvótakerfið hefur átt mjög verulegan þátt í þessu. Niðurstaða Þjóðhagsstofnunar sýnir líka að framleiðniaukning í sjávarútvegi hefur verið miklu meiri, hvort heldur litið er á framleiðni vinnuafls eða fjármagns, en í öðrum atvinnugreinum og atvinnulífinu í heild. Að verulegu leyti má rekja þennan gífurlega framleiðniárangur til kvótakerfisins. Allar þessar tölulegu staðreyndir liggja fyrir og hv. þm. getur ekki horft fram hjá þeim. Og það er kannski fyrst og fremst þess vegna sem nokkuð breið samstaða er um það að fylgja í grundvallaratriðum eftir þessu skipulagi við stjórn veiðanna. Það er svo vandi Alþb. að geta ekki gert upp hug sinn í þessu efni, en það er ekki vandi íslensks sjávarútvegs.

[23:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er eins og venjulega með hæstv. sjútvrh., hann blandar öllu saman þegar verið er að ræða stjórn fiskveiða og kýs ævinlega að tala um sjávarútveginn sem heild. Auðvitað er kvótakerfið ekki uppsprettan að arði í sjávarútveginum sem slíkt. Það hefur enginn getað eða reynt, ekki gert tilraun til að sanna hér í ræðustól á Alþingi að kvótakerfið kæmi þannig út og það er þess vegna sem það er enginn rökstuðningur í tvíhöfða skýrslunni um kvótakerfið. Ég las allt saman upp áðan úr ræðustólnum sem stendur í tvíhöfða skýrslunni um hagkvæmni kvótakerfisins og það var ekki meira að vöxtum en þetta. Það er ekki vegna þess að þeir ágætu menn sem sömdu þá skýrslu hafi ekki viljað reyna, það er bara vegna þess að þeir höfðu engan rökstuðning, þeir höfðu engar tölur til að byggja á. Tölurnar sem þeir fundu sneru öfugt. Ef þeir hefðu birt tölur um nýtingu á vélarafli, á olíu, um veiði á dag eða veiði á togtíma, þá hefðu þær tölur allar vitnað gegn kvótakerfinu en ekki með því. Það er þessi vandi sem menn stóðu frammi fyrir. En hæstv. sjútvrh. mætir í ræðustólinn í hvert einasta skipti sem tækifæri gefst og fullyrðir að hagkvæmni kvótakerfisins sé algjörlega ótvíræð. En það eru bara fullyrðingar, það fylgir ekki með neins konar rökstuðningur.

[23:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er á flestra vitorði, að ég hygg, að hráefnismeðferð hefur farið batnandi eftir að kvótakerfið var tekið upp. Kvótakerfið hefur leitt til þess að fyrirtæki hafa getað hagrætt og endurskipulagt rekstur sinn. Við fáum vitnisburð um það í hverri yfirlýsingunni á fætur annarri frá stjórnendum atvinnufyrirtækja í sjávarútveginum sem eru að ná umtalsverðum árangri eftir þær efnahagsráðstafanir sem gerðar hafa verið og á grundvelli þess stjórnkerfis sem unnið er eftir og sjávarútvegurinn getur treyst að verður unnið eftir á næstu árum. Hv. þm. er líka ljóst að Þjóðhagsstofnun hefur byggt útreikninga á framleiðniaukningu í íslensku atvinnulífi sem sýna að sjávarútvegurinn hefur þar náð miklu meiri framleiðniárangri en nokkur önnur atvinnugrein í landinu og að hluta til má rekja þann árangur til kvótakerfisins. Þessar staðreyndir liggja allar fyrir í gögnum og hv. þm. eru þær jafnkunnar og öðrum og þess vegna er alveg óþarfi að koma upp í ræðustól Alþingis aftur og aftur og slá höfðinu við steininn. Það þjónar engum tilgangi.

[23:17]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er reyndar sama hjakkið hjá okkur áfram. Hæstv. ráðherra tekst aldrei að leiða fram nein rök með máli sínu, hann þarf ævinlega að blanda saman öllum sjávarútveginum og því sem hann er að tala um í sambandi við hagræðingu, framleiðniaukningu. Framleiðniaukningin sem hann er að tala um hefur fyrst og fremst orðið í fiskvinnslunni sjálfri vegna t.d. flæðilína og annars slíks, nýrrar tækni sem hefur komið fram. Sjálft kvótakerfið hefur ákaflega litlu skilað og sumt er falskt sem menn eru þar að nefna.

Það er t.d. alveg öruggt mál að hinn miklu betri afli sem nú er landað úr þorskanetum við landið er ekki svona góður vegna þess að þorskinum sé allt í einu farið að líða miklu betur í þorskanetunum og hann lifi lengur í þeim eða eitthvað slíkt. Það er vegna þess að þeim fiski, sem drapst í netunum og var áður fluttur að landi og saltaður eða eitthvað annað gert við hann, er hent núna í sjóinn. Það er mikið um það að fiski sé hent í sjóinn þó hæstv. ráðherra hristi höfuðið og berji höfðinu við steininn. Hann hefur margoft látið hafa það eftir sér að hann trúi því ekki að þannig sé gengið um þessa auðlind okkar, en því miður er það þannig að svona er þetta. Kerfið neyðir menn til þess að vinna með þessum hætti. Menn þurfa að borga ótrúlega háar fjárhæðir fyrir leigu á aflakvótum og þeir koma einfaldlega ekki með fisk í land sem þeir fá 50 kr. fyrir ef

þeir þurfa að borga 65 kr. fyrir leigu á aflaheimildum eins og gerist í dag. Það er nú einn parturinn af þessu vandamáli sem hæstv. ráðherra þarf að horfa framan í á næstu mánuðum með miklu alvarlegri hætti heldur en verið hefur fram að þessu og hefur þó nóg verið.

[23:19]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér hafa farið fram allmiklar umræður um þetta frv. og í þessum umræðum hafa þeir framsóknarmenn sem til máls hafa tekið lýst yfir stuðningi við það efni þess sem fjallar um að veita illa stöddum fyrirtækjum á Vestfjörðum nauðsynlegan stuðning. Jafnframt hafa þeir og fleiri bent á annmarkana sem eru í þessu frv. og hljóta að valda mismunun fyrirtækja á Vestfjörðum svo óviðunandi sé. Einnig hefur verið bent á nauðsyn þess að heimildir þessa frv. nái til fleiri heldur en Vestfirðinga.

En það eru ekki aðeins stjórnarandstæðingar sem hafa gagnrýnt þetta frv. Það kom líka fram gagnrýni í ræðu hv. 3. þm. Suðurl. áðan og virtist hann ekki ætla að styðja frv. óbreytt. Ég ætlaði því að spyrja hæstv. fjmrh. — er hann ekki viðstaddur?

(**Forseti** (VS)**:** Forseti mun reyna að ...)

Ég mun þá láta spurningu mína bíða til hans en víkja aðeins að öðru á meðan.

Það er ekki aðeins þetta frv. sem hefur verið til umræðu heldur einnig afkoma sjávarútvegsins og hæstv. sjútvrh. gaf upplýsingar áðan um að sjávarútvegurinn væri nú rekinn að meðaltali nálægt því hallalaust. Á fundi sem við þingmenn Suðurlands, þar á meðal hæstv. sjútvrh., áttum með útvegsbændum í Vestmannaeyjum í síðustu viku komu skýrt fram gífurlegir erfiðleikar hjá útgerðarmönnum hefðbundinna báta, fyrst og fremst vegna samdráttar í aflaheimildum til þorskveiða.

Í fskj. með þessu frv. — það sést hvorki í upphafi eða í lok þess hvernig það er til komið, vonandi er það ekki úr lausu lofti gripið, ég vænti þess að ríkisstjórnin beri ábyrgð á því — segir á einum stað, með leyfi hæstv. forseta:

„Úttektin sem fyrir liggur hefur beinst að sérstöðu Vestfjarða vegna einhæfni atvinnulífs, niðurskurðar aflaheimilda og landfræðilegrar einangrunar. Í framhaldi af því beinir ríkisstjórnin því til Byggðastofnunar að gera úttekt á byggðalögum sem kunna að hafa orðið fyrir sambærilegum samdrætti í aflaheimildum, búa við áþekka einhæfni atvinnulífs og eingangrun og vinna að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða með sameiningu sveitarfélaga."

Ég vil í framhaldi af þessu spyrja hæstv. sjútvrh. hvort hann muni beita sér fyrir því að þessu frv. verði breytt þannig að það opni fyrir heimildir til aðgerða annars staðar en á Vestfjörðum, eins og bent er á í þessari setningu sem fylgir með frv., og hvort það verði þá fengin í frv. heimild til að bæta úr erfiðleikum útvegsbænda í Vestmannaeyjum ef úttekt á næstu vikum leiðir í ljós að erfiðleikar þeirra séu sambærilegir við þá sem við erum a.m.k. flest sammála um að sjálfsagt sé að bregðast við á Vestfjörðum.

Hæstv. fjmrh. er kominn. Ég ræddi um ágreining hv. 3. þm. Suðurl. við þetta frv. og þá yfirlýsingu hans að hann krefðist breytinga á því til þess að geta stutt það. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., sem ber ábyrgð á þessu frv., hvort það séu fleiri stjórnarþingmenn sem krefjast breytinga á því og hvort hann muni mæla með þeim breytingum sem gera hv. 3. þm. Suðurl. kleift að styðja frv.

[23:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það á kannski varla heima undir andsvari en mér þykir samt rétt að nota þann tíma til þess að svara hv. þm. Ég vil fyrst segja það að fskj. 1, sem fylgir þessu frv., er samþykkt ríkisstjórnarinnar og á þeirri samþykkt byggir frv. Þingflokkar beggja stjórnarflokkanna hafa samþykkt það sem stjórnarfrumvarp og ég veit ekki betur en það njóti stuðnings allra stjórnarþingmanna. Það getur að sjálfsögðu gerst með þetta frv. eins og fleiri stjórnarfrumvörp að það taki einhverjum breytingum í meðferð nefndar á Alþingi. Það er síður en svo að þetta sé heilagur texti en meginstefnan er auðvitað mörkuð í frv. Ég hef ekki heyrt að aðrir þingmenn og reyndar ekki heldur að hv. 3. þm. Suðurl. fari gegn frv. eins og það er þótt ugglaust séu einhverjir þingmenn stjórnarflokkanna sem vilji gera einhverjar smærri breytingar á frv. Það verður bara að koma í ljós þegar nefndin fjallar um málið.

Það sem er hins vegar alveg ljóst er að það verða ekki meiri fjármunir til ráðstöfunar heldur en þeir sem nefndir eru í frv.

[23:26]

Jón Helgason *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það kemur hvergi fram í frv. að þetta sé samþykkt ríkisstjórnarinnar svo ég geti séð, en það skiptir nú ekki máli og það hefur verið upplýst. En ég vil þá ekki síður úr því að svo er, að þetta er samþykkt ríkisstjórnarinnar um að hér kunni að verða litið til fleiri átta, spyrja hvort þessi samþykkt sé þá marklaus ef alls ekki á að verja meira fjármagni í þessu skyni eða ef hún kæmi til framkvæmda, þetta áform sem kemur fram í þessari málsgrein, hvort það muni þá leiða til þess að Vestfirðingar fái minna.

[23:27]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það fer varla fram hjá nokkrum manni að þetta er frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla. Það sem segir í samþykkt ríkisstjórnarinnar í kaflanum um úttekt á öðrum byggðarlögum er það að ríkisstjórnin beinir því til Byggðastofnunar að gera úttekt á stöðum þar sem kunna að vera sambærilegar aðstæður við það sem er á Vestfjörðum. Það tók starfshóp u.þ.b. fjóra mánuði að vinna þessa úttekt á Vestfjörðum. Það var unnið með þeim hætti að atvinnulífið þar var gaumgæfilega kannað og hvað til bragðs ætti að taka. Ég hygg að

Byggðastofnun bregðist þannig við að þessi mál verði athuguð. Þau koma síðan þegar úttektin liggur fyrir og þá fyrst verður tekin ákvörðun um það hvað gera skuli.

Ég tel að í langflestum tilvikum, ef um sambærilegar aðstæður er að ræða, sé hægt að leysa það með öðrum hætti en þeim að taka peninga úr ríkissjóði, t.d. með aðstoð kröfuhafa, lánastofnana og annarra slíkra aðila. Vestfjarðadæmið er það sérstakt, eins og oft hefur verið bent á hér í umræðunum, að þar er spurning um það hvort byggðin stendur eða fellur. Ákvörðun ríkisstjórnarinnar beindist auðvitað að því að bjarga byggðinni, koma í veg fyrir að fyrirtækin hryndu og þar með atvinnulífið og það yrði til stórfellt atvinnuleysi í framhaldi af því. Þannig að hér er auðvitað um mjög sérstaka fyrirbyggjandi aðgerð að ræða. Hin málin verða að koma upp í fyllingu tímans þegar úttektin liggur fyrir.

[23:29]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka það að ég styð þessar aðgerðir til stuðnings atvinnulífi á Vestfjörðum og það er ekki til að draga úr því sem ég er að bera fram þessar spurningar. En ég vil vekja athygli hæstv. fjmrh. á því að það er aðeins liðið á þriðja mánuð af þessu ári þannig að þó fjórir mánuðir bætist við þá er árið ekki nema rétt rúmlega hálfnað þegar úttekt gæti verið lokið annars staðar með sama hraða. Reyndar ætti hún að geta tekið styttri tíma þar sem það hlýtur að vera hæggara að styðjast við þá vinnu sem búið er að leggja í við úttektina á Vestfjörðum og hagnýta sér hana við vinnubrögð annars staðar. En ég vonast til að þessi setning þarna í samþykkt ríkisstjórnarinnar sé ekki til þess eins að vekja tálvonir hjá öðrum heldur standi raunverulegur vilji þar á bak við.

[23:31]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 2. þm. Suðurl. minnti á fund sem við þingmenn kjördæmisins áttu með Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja fyrir nokkrum dögum. Það er vissulega rétt að afkoma einstakra útgerða er misjöfn. Þó meðaltalsafkoma í sjávarútveginum sé aðeins yfir núllinu eða horfur séu á því, þá er vandi hjá einstökum útgerðum. En þessar tölur sýna fyrst og fremst að almennu rekstrarskilyrðin eru viðunandi. Varðandi það hvort tilefni er til aðgerða fyrir önnur kjördæmi er ekkert hægt að segja fyrir um fyrr en Byggðastofnun hefur lokið sínum athgunum, en þær tölur sem við höfum í höndunum í dag segja okkur að hráefni sem hefur verið landað hefur minnkað að meðaltali frá 1992 til 1994 um 2,04%. Af því að hv. þm. minntist á Suðurlandskjördæmi, þá hefur það minnkað í því kjördæmi nákvæmlega jafnmikið og meðaltalið. Á Vestfjörðum hefur hins vegar landað hráefni minnkað um 9,46% og það kjördæmi sker sig algerlega úr. Önnur kjördæmi eru annaðhvort með viðbót eða nálægt landsmeðaltali utan Austfirðir þar sem minnkun á lönduðum afla er 5,36%. Þar hefur aftur á móti afkoman verið viðunandi því þar hefur verið hagnaður á undanförnum árum og horfur á hagnaði verulega umfram landsmeðaltal á þessu ári. Eins er það á Suðurlandi að þar eru horfur á hagnaði á þessu ári verulega umfram landsmeðaltalið. Þetta eru þær upplýsingar sem við höfum í höndum í dag.

[23:33]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég gat ekki skilið það öðruvísi hjá útvegsbændum í Vestmannaeyjum en að það væru ekki aðeins einstaka útgerðir sem væru í erfiðleikum heldur væru það útgerðarmenn hinna hefðbundnu báta sem veiða botnfisk. Þeir njóta ekki góðs af því þó vel veiðist af loðnu og síld sem ekki veiða þær tegundir. Þannig að það er þessi hópur útgerðarmanna sem er illa settur, svo að sumir þeirra hafa þegar misst báta sína og það vofir yfir öðrum. Og þá er það spurningin hvort setningin sem ég las hér upp áður í samþykkt ríkisstjórnarinnar geti ekki gefið þeim von eða hvort hún sé eingöngu gerð til að vekja tálvonir. Ég var þess vegna að spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort hann mundi ekki beita sér fyrir því að þarna gæti orðið um raunverulega von að ræða, ef það væri mat þeirra sem úttekt gerðu, Byggðastofnunar, að þess væri þörf.

[23:34]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðalatriði þessa máls er að almenn rekstrarskilyrði í greininni, þrátt fyrir þá erfiðleika sem við er að etja, virðast vera viðunandi. Það liggur hins vegar ljóst fyrir að afkoma bæði fyrirtækja og einstakra greina innan sjávarútvegsins er mismunandi. Sumir hafa hagnað umfram það meðaltal sem við höfum verið að tala um og aðrir eru að tapa. Það er líka ljóst að í þeirri stöðu sem við erum í í dag þar sem aflaheimildir, einkanlega í þorski, hafa verið að dragast saman og við vitum að til að ná meiri hagkvæmni í veiðunum þarf sá floti sem stundar veiðar innan landhelginnar fremur að minnka en að stækka. Það er hluti af því markmiði sem unnið hefur verið að allt frá því að kvótakerfið var sett á fyrir forustu hv. 1. þm. Austurl., að ná fram þessari auknu hagkvæmni. Þannig að það er engan veginn hægt að fullyrða að öll skip hafi rekstrargrundvöll. Þar verður að horfa á fleiri þætti. Hér hafa menn verið að horfa á stöðu einstakra kjördæma, því sú aðgerð sem við erum að fjalla hér um í dag er byggðaaðgerð vegna þessarar sérstöku stöðu Vestfjarða.

Það er líka alveg ljóst að ef við horfum á hefðbundna skiptingu milli veiða og vinnslu þá stendur fiskvinnslan betur en veiðarnar. Það er tiltölulega góð afkoma að meðaltali í fiskvinnslunni en lakari afkoma í heild í útgerðinni. En þegar greinin í heild er að skila hagnaði þá er hér fyrst og fremst um að ræða innbyrðis tekjuskiptingu í greininni en ekki atriði sem lýtur að almennum rekstrarskilyrðum.

[23:37]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð litlu nær um það af svörum hæstv. ráðherra hvort þetta fyrirheit í samþykkt ríkisstjórnarinnar þýði nokkuð fyrir aðra. Hæstv. sjútvrh.

ræddi um það að Sunnlendingar væru ekki verr settir heldur en aðrir. Ég sá hins vegar ekki betur í yfirliti sem dreift var til þingmanna í dag en að eiginfjárstaða fyrirtækja á Suðurlandi væri lakari heldur en annars staðar. Auðvitað hefur það gífurleg áhrif á rekstrarmöguleika og afkomu fyrirtækja hvernig eiginfjárstaðan er, jafnvel þótt vextir hafi lækkað eitthvað alveg nýlega.

[23:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að nefna örfá atriði sem hafa komið upp í umræðunum. Í fyrsta lagi þá kom það fram í máli hv. 9. þm. Reykv. að í raun væri ekkert skilyrði sett í lagafrv. um að fyrirtækin sem í hlut ættu tryggðu atvinnu. Af þessu tilefni vil ég að það komi hér skýrt fram að auðvitað er gert ráð fyrir því að þau fyrirtæki sem fá víkjandi lán starfi áfram og veiti þess vegna fólki vinnu. Þetta er fyrirbyggjandi aðgerð eins og margoft hefur komið fram.

Það er auðvitað spurt að því eins og oft áður hvers vegna ekki eigi að veita öðrum víkjandi lán, þeim sem hafa sýnt ráðdeild og fyrirhyggju. Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson nefndi þetta og taldi að það væri verið að refsa fyrirtækjum, vel reknum fyrirtækjum, með því að veita þeim ekki lán. Þetta er auðvitað ávallt spurning. En í þessu, nú eins og áður, verður að gæta þess að ástæðan fyrir því að ríkisstjórnin fer út í þessar aðgerðir er fyrst og fremst sú að það má búast við því vegna þorskbrests að sum fyrirtæki verði hreinlega að gefast upp og þá gerist það mjög fljótt þar sem atvinnulíf er einhæft, og ég veit að hv. þm. þekkir það mjög vel á Vestfjörðum, að fyrirtæki innan um, jafnvel þótt vel rekin séu, eiga mjög erfitt með að lifa af þegar allri þjónustu sleppir. Þess vegna töldum við réttlætanlegt að fara þá leið sem farin er hér og höfum margoft fært rök fyrir því. Við lítum á þetta sem byggðaframlag til að styrkja byggðina, til að nýta samgöngurnar, til að stækka þjónustusvæðin og til að koma í veg fyrir að tímabundinn þorskbrestur leiði til þess að byggðin leggist af og þá jafnt vel rekin fyrirtæki sem skila ágóða og hin.

Margir hv. ræðumenn ræddu hér um það hvort það væru eðlileg skilyrði sem sett væru vegna sameiningar sveitarstjórna annars vegar og sameiningar fyrirtækja hins vegar. Um þetta má að sjálfsögðu deila. Þessi leið var valin af ýmsum ástæðum. Við teljum, sem stöndum að þessu frv., að það sé rétt sem fram hefur komið hér í umræðum að vestfirsk fyrirtæki hafi brugðist síðar við en ella til þess að takast á við þann vanda sem fyrirtæki standa frammi fyrir nú á dögum. Þessi aðgerð á þess vegna að hvetja fyrirtækin til aðgerða og hvetja sveitarfélögin til að grípa jafnframt til þeirra aðgerða sem duga til þess að þjónustusvæðin geti stækkað, atvinnusvæðin geti stækkað, til að nýta samgöngur, eins og ég hef áður sagt. Ríkisvaldið sér hag sinn í þessu. Það skal m.a. bent á það að á Vestfjörðum eru sjálfsagt 15–20 hafnir. Með því að stækka sveitarfélögin þegar samgöngur batna í landi þá sér ríkisvaldið fram á það að geta sparað í hafnargerð og geta sparað í framlögum til sveitarstjórna. Þess vegna er verið að þvinga fram, við skulum bara orða það eins og það er, að þvinga fram ákveðið hátterni, ákveðna breytni, af því að ríkisvaldið telur sig geta sparað með þeim hætti. Það sem skiptir öllu máli er að við höfum aðeins þessar 300 millj. Reyndar hefur ríkissjóður engum fjármunum úr að spila því auðvitað er ríkissjóður rekinn með halla og ríkið er að safna skuldum. En við teljum það réttlætanlegt og það sé ódýrara að grípa til þessara aðgerða nú til að koma í veg fyrir að stórslys gerist ef illa færi.

Ég get ekki lýst hvernig útfærslan verður á þessum aðgerðum frekar en segir í lagafrv. Ég heyrði í máli hv. þm. Ragnars Arnalds að hann taldi lagatextann heldur bágborinn. Það má vel vera að það sé hægt að laga hann. Einfaldast hefði auðvitað verið fyrir ríkisstjórnina að afla heimildar hjá hv. Alþingi um að fá 300 millj. kr. framlag til að veita til Vestfjarða, eins og stundum er gert í 6. gr. fjárlaga. Það hefði verið einfalt og síðan hefði ríkisstjórnin getað moðað úr þessum peningum. Það var ákveðið að fara þessa leið til að gefa mjög sterklega til kynna með tiltölulega niðurnjörfuðum hætti hvernig ætti að nýta þessa peninga. Það var tilgangurinn. Síðan geta menn auðvitað lagað orðalagið til og frá til að gera textann nákvæmari og ég vænti þess að ágætir lögfræðingar úr hópi þingmanna, eins og t.d. hv. þm. Ragnar Arnalds, hjálpi okkur við að koma þessum texta þannig heim og saman að hann skiljist og það sé auðvelt að fara eftir honum. Ég held hins vegar að það sé tiltölulega auðvelt að skilja textann ef menn vilja skilja hann (**Gripið fram í:** Er það ekki dálítið seint?) Nei, það er ekki of seint vegna þess að þetta er frv. og það á eftir að fara í gegnum þrjár umræður, þetta er bara sú fyrsta, þannig að það er nægur tími til að laga textann fyrir þá sem hafa svo góðan vilja að koma þessu í betra horf. Við getum alltaf tekið við góðum hugmyndum um betri texta. Það er engin skömm að því að laga það sem gott er, gott getur batnað. Það sem skiptir hins vegar máli enn og aftur er það að ef horfið verður frá skilyrðunum sem sett eru í frv. þá verður minna til skiptanna og þá er hætta á því að þessir fjármunir komi ekki að eins góðum notum og ella.

Ég geri mér grein fyrir því að við lögum ekki stöðu allra fyrirtækja á Vestfjörðum. Ég hygg að sjávarútvegsfyrirtækin á Vestfjörðum skuldi kannski, ég giska á 5–7 milljarða kr., ég gæti ímyndað mér að skuldir allra fyrirtækjanna séu einhvers staðar á því bili. Auðvitað er ekki verið að koma til móts við fyrirtækin með þeim hætti að þau verði skuldlaus. Þetta er eins og dropi í hafið. En þetta er samt sem áður mikil hjálp þar sem byggðirnar standa veikast og verst og þá er ég fyrst og fremst að tala um byggðir á suðurfjörðunum, frá Arnarfirði og suður á Patreksfjörð. Þar ætti þetta að geta komið að verulegu gagni og reyndar fyrir suma aðra staði líka, þótt ég geri mér fyllilega grein fyrir því að þetta læknar ekki öll sár og tekur ekki á öllum meinum.

Virðulegi forseti. Það hefur líka verið rætt um það og kom fram í máli manna að þetta væri miðstýring og nú ætluðu ráðuneytin að stjórna því hvernig þessum

peningum væri deilt út. Það var ekki hugmyndin að fara með þetta í gegnum Byggðastofnun, sem að áliti þeirra sem töluðu á þann veg var allt annað en miðstýring og miklu betri kostur. Ég vil einungis segja að ég hef haft það í huga að sá aðili sem kemur frá fjmrn. sé fyrst og fremst aðili sem þekkir vel til reksturs, því ég tel að það séu slíkir menn sem geti gert best gagn í samstarfi við eigendur fyrirtækjanna, stjórnendur þeirra, við fulltrúa lánastofnana og annarra kröfuhafa til að bæta rekstur og bæta stöðu þeirra fyrirtækja sem um sárt eiga að binda á Vestfjörðum nú vegna þess að þau hafa minni þorskveiðiheimildir en áður.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara frekar út í smáatriði. Þetta er fyrsta umræða málsins. Nefndin á eftir að ræða málið og ég vænti þess að hún kynni sér það frá öllum hliðum og ljúki sínu starfi sem allra fyrst, því auðvitað er beðið eftir því hjá þeim sem búa á Vestfjörðum og bíða eftir því að geta fengið víkjandi lán í fyrirtæki sín. Það er beðið eftir því að Alþingi sýni í verki að það sé tilbúið til að samþykkja þessar tillögur. Ég þykist skilja það af þessum umræðum að þingmenn Framsfl. séu tilbúnir til að styðja í meginatriðum frv. sem hér er til skoðunar og reyndar ýmsir aðrir þingmenn. En mér finnst enn vanta á að frv. njóti fulls stuðnings allra stjórnmálaflokkanna á Alþingi og þar á meðal Alþb.

[23:48]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er augljóst mál að Alþb. á ekki gott með að styðja frv. sem svona er úr garði gert, eins og það er í reynd, og þvælir saman ólíkum hlutum eins og sameiningu sveitarfélaga og stuðningi við sjávarútvegsfyrirtæki. Þannig að hér þarf betur að gera ef ríkisstjórnin vill afla meiri stuðnings en hún telur sig hafa fengið fram í þessari umræðu.

En það sem ég vildi kannski leggja áherslu á svona undir lok umræðunnar — ég hygg að við séum búin að þrautræða málið í þessari umræðu og komumst ekki nær hvor öðrum í málinu, ég og hæstv. fjmrh. — er að mér sýnist að málið eigi að fara til hv. allshn. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. hér áðan að hann liti á þetta mál sem byggðaframlag. Sem byggðaframlag. Og þegar um er að ræða þingmál sem í eðli sínu er byggðaframlag þá hlýtur það að eiga að fara til allshn. Það kom einnig fram í máli hæstv. sjútvrh. hér fyrr í dag að hann taldi þetta skýrt og klárlega vera byggðamál. Hann sagði: Þetta er byggðamál en ekki sjávarútvegsmál. Þannig að tveir hæstv. ráðherrar hafa kveðið upp úr með það að mál það sem starfandi forsrh. flytur er í sjálfu sér eðlilega byggðamál og ætti að fara til hv. allshn. Ég vildi koma þessari skoðun minni á framfæri við virðulegan forseta þannig að það lægi fyrir þegar menn afgreiða málið, væntanlega á morgun, til hvaða nefndar það eigi að fara, að það sjónarmið hafi komið fram með gildum rökum að málið eigi að fara til allshn. fremur en efh.- og viðskn.

[23:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þótti athyglivert að heyra að talsmaður Alþb. í þessari umræðu lýsir því yfir að hann treysti sér ekki til að styðja þetta frv. Ég verð að segja að það veldur mér nokkrum vonbrigðum því ég hélt satt að segja að það væri nokkur skilningur á sérstöðu byggðanna á Vestfjörðum og þess vegna gæti Alþb. stutt frv. þótt ég skilji það að sjálfsögðu að menn vildu sjá einhverjar breytingar á því þá væri meginstefnan í því góð.

Varðandi það hvert senda skuli málið vil ég eingöngu segja að þetta frv. er flutt af mér sem fjmrh. en ekki forsrh. og spurningin var hvort frv. ætti að fara til fjárln. eða efh.- og viðskn. Ég skal viðurkenna það að ég var í miklum vafa um hvora leiðina ætti að fara og spurði starfsmenn þingsins eins og maður gerir nú stundum þegar maður er í nokkrum vanda með þessi atriði og niðurstaðan varð sú að það væri eðlilegra að senda það til efh.- og viðskn. En í mínum huga er það önnur hvor þessara nefnda sem á að fá málið. Ekkert síður fjárln. en efh.- og viðskn. Ég legg til að málið fari til efh.- og viðskn. en legg jafnframt til, virðulegi forseti, að sú nefnd sendi þetta yfir til fjárlaganefndar þannig að hún geti skoðað málið. Ég sé hins vegar ekki að málið eigi erindi til allshn., jafnvel þótt allshn. fjalli um málefni Byggðastofnunar að mér skilst. Hér er fyrst og fremst verið að fjalla um fjárgreiðslur úr ríkissjóði og hvernig nota eigi þær fjárheimildir.

[23:52]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður forseta og e.t.v. þingsins að skera úr um það til hvaða nefndar málinu verður vísað en sterkustu rökin sem fram hafa verið borin fyrir því að málið fari til allshn. komu fram í máli ráðherranna tveggja. Ég get vel fallist á þau rök sem ráðherrarnir tveir, hæstv. ráðherra fjmrh. og sjútvrh., hafa sett fram í þessari umræðu sem leiða til þeirrar niðurstöðu að málið ætti að fara til allshn.

Hvað varðar ágalla á frv. sem er þess eðlis að það er ekki hægt að styðja það í þeim búningi sem það er að það er auðvitað ekki hægt að leggja fram mál sem á í orði kveðnu að ná til sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum en í hinu orðinu að útiloka velflest fyrirtæki frá aðstoð. Það er ekki hægt að styðja slíkan gjörning og ég veit að hæstv. fjmrh. áttar sig á því þegar hann hugsar málið.

[23:53]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. áðan að hann staðfestir að hér er um þvingunaraðgerðir að ræða. Ég tel þá að hann staðfesti nýja stefnu í því er varðar sameiningu sveitarfélaga eins og ég gat um í dag. Það var margyfirlýst stefna að sameining sveitarfélaga mundi ekki verða knúin fram með þvingunum heldur með öðrum aðgerðum. Og ég tel að sú yfirlýsing sem hæstv. ráðherra gaf áðan staðfesti að hér er ný stefna uppi.

En ég spurðist fyrir um orðalagið í frv. í dag, sem vilja sameinast, sem ætla að sameinast, sem hafa sameinast, hvað þetta merkti. En með hliðsjón af því að ráðherrann hæstv. hefur fallist á að þarna sé texti sem

þurfi að lagfæra þá treysti ég því að þessi mál verði skýrð ef hann sér ekki ástæðu til að skýra þau nánar hér. Ég nefndi ákveðin byggðarlög í dag og spurðist fyrir um hvort þetta frv. þýddi að þeim yrði synjað um alla aðstoð, yrðu algjörlega utan við þessa hjálp. Ég hef ekki fengið svör við því og leita eftir þeim. Ég vil nefna þau aftur. Ég nefndi Þingeyri, Tálknafjörð, Hólmavík, hugsanlega Bolungarvík og Súðavík. Ég vil gjarnan fá svör við því hvort það er þá skýrt, þar sem hæstv. ráðherra lýsti yfir að um þvingunaraðgerðir væri að ræða, að þeim sé m.a. beint gegn þessum byggðarlögum. Ég skal ekki útiloka að þeir ætli sér að þvinga fleiri. Ég nefndi reyndar Reykhólahrepp líka og Árneshrepp. En þau sem ég nefndi fyrst, ég vil fá það nokkuð skýrt. Eiga þau ekki þá rétt á aðstoð samkvæmt þessu frv.?

[23:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekkert viðkvæmur fyrir því að kalla þetta þvingunaraðgerð ef menn vilja kalla þetta þvingunaraðgerð. Við erum að setja mjög ströng skilyrði og þau skilyrði geta auðvitað leitt til þess að breyta áætlunum bæði fyrirtækja og sveitarfélaga, við gerum okkur grein fyrir því. Allar opinberar aðgerðir og lög geta leitt til breytinga á afstöðu manna, sveitarfélaga og fyrirtækja. Það að vilja sameinast eða ætla að sameinast er auðvitað til að sýna út á hvað þetta á að ganga. Annaðhvort getur nefndin breytt þessu orðalagi eða þá að þeir aðilar sem koma að starfinu, sem eru þessi starfshópur, mun auðvitað marka sér þá stefnu hvað þetta á að þýða í hvert sinn. Vegna þess að það er nokkuð skýrt að áherslan liggur á sameiningu.

Varðandi einstök byggðarlög get ég að sjálfsögðu ekkert um það sagt. Ég tel að það sé ólíklegt að peningar renni til Reykhólahrepps eða Árneshrepps. Mér finnst vel líklegt að þeir geti farið til Tálknafjarðar ekki síst ef Tálknfirðingar samþykkja að sameinast nærliggjandi sveitarfélögum. Það þarf líka að kanna það rækilegar hvort fyrirtæki í Súðavík sem kannski eru að sameinast í einhverjum skilningi fyrirtækjum í öðrum byggðarlögum sem eru að sameinast, hvort slíkt fyrirtæki á heima inni í þessu. Ég þekki ekki þannig til á Hólmavík að ég geti um það sagt og ekki heldur á Þingeyri. En áherslan liggur á sameiningu sveitarfélaga og sameiningu fyrirtækjanna og peningarnir eru takmarkaðir.

[23:57]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Orðalagið „þvingun" var ekki frá mér komið heldur hæstv. ráðherranum þegar hann talaði áðan. Ef ég man rétt þá nefndi hann að hér væri vissulega um þvingun að ræða. Og hann sagði það vera til hagsbóta fyrir ríkissjóð þannig að orðalagið er ráðherrans hæstv. en ekki þess sem hér talar.

Ég er litlu nær um aðstoð við þessi einstöku byggðarlög því að þau svör hafa ekki gefist en ég vil alls ekki undanskilja Reykhólahrepp þó að hæstv. ráðherra hafi gert það því hér er m.a. upphæð sem veitt er til þróunaraðstoðar og það er viðurkennt að þar er fyrirtæki, Þörungavinnslan, sem er að afla sér markaðar og þarf á þróunaraðstoð að halda. Mér finnst ekkert óeðlilegt að hún a.m.k. sé ekki útilokuð frá aðstoð á þessu stigi málsins og sé ekki nokkra ástæðu til þess. En hvað snertir hinar spurningarnar þá tel ég ekki að ég hafi fengið í rauninni nein svör við því nema það kom þarna fram þessi hótun sem ég nefndi í dag. Tálknfirðingar geta átt von á að fá aðstoð ef þeir verða svo hyggnir að sameinast. Sem sagt, þeir sjá sína sæng út breidda, hótunin stendur, þvingunin stendur. Ef þið sameinist þá getið þið átt von á aðstoð en ef þið fellið sameininguna þá ætlar ríkisvaldið að láta ykkur vera úti í kuldanum og þið eigið ekki rétt á sambærilegri aðstoð og þeir sem nálægir ykkur standa.

[23:59]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef svo sem litlu við að bæta það sem áður hefur verið sagt. Ég get ekki og vil ekki á þessu stigi málsins vera að nefna til einstök sveitarfélög. Það hlýtur starfshópurinn að þurfa að gera þegar hann tekur við lögunum á sínum tíma og óviðeigandi að ég sé að segja það hér nákvæmlega fyrir fram hvert þessir peningar renna því það er ekki heldur víst að þetta renni til fyrirtækja sem eru að sameinast. Það er ekki heldur víst að þetta renni til byggðarlaga sem eru að sameinast. Það fer allt eftir því hverjir sækja um. Frumkvæðið er auðvitað heimamanna, því verðum við líka að átta okkur á.

Ég skal ekki fortaka neitt um Þörungavinnsluna, ég mundi nú satt að segja ekki eftir henni í svipinn. Það getur vel verið að hún passi inn í þetta.

Ég skil ekki af hverju menn eru að tala um hótun í þessu sambandi, ég veit nokkurn veginn af hverju og ég veit að hv. þm. Pétur Bjarnason veit það líka. Tálknfirðingar voru auðvitað efins í að sameinast nágrannabyggðarlögunum einfaldlega vegna þess að sveitarstjórnirnar þar skulduðu heilmikla fjármuni. Það eru ekki þessar 300 millj. sem fara til fyrirtækjanna sem munu hvetja þá til sameiningar. Ég er hins vegar nokkuð viss um að Tálknfirðingar munu líta til fjármagnsins sem kemur í gegnum Jöfnunarsjóð vegna þess að þá fjármuni á að veita til sveitarfélaganna og þar er alveg ljóst að Patreksfjörður og Bíldudalur munu áreiðanlega njóta einhvers af fjármagninu og það getur haft þýðingu fyrir Tálknfirðingana vilji þeir sameinast nágrannabyggðarlögunum. Ef það gerist ekki þá hafa þeir tekið sína ákvörðun og ráða því og telja sig þá betur setta utan við þetta en innan.

[00:01]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil vegna þeirra umræðna sem fóru fram áðan um hvert ætti að vísa þessu máli vekja athygli hæstv. forseta á því að í 23. gr. þingskapa stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Vísa skal frumvörpum, þingsályktunartillögum og skýrslum til nefnda eftir efni þeirra og hafa um það hliðsjón af skiptingu málefna í Stjórnarráðinu. Til allshn. skal vísa dómsmálum, kirkjumálum, byggðamálum og öðrum þeim málum sem þingið ákveður."

Hæstv. sjútvrh. hefur lagt mikla áherslu á að hér sé um hreint byggðamál að ræða og afneitað því að þetta sé eitthvert sjávarútvegsmál sérstaklega og hæstv. fjmrh. mun einnig hafa rætt um þetta sem byggðamál. Ef Alþingi ákveður samt sem áður að vísa þessu til annarrar nefndar en allshn. þá er það algerlega að hafna þessum áherslum hæstv. ráðherra.

[00:02]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Sú var tíðin að ég var skrifari hjá hv. þm., 2. þm. Suðurl., þegar hann var forseti sameinaðs þings fyrir allmörgum árum síðan. Ég man eftir því vel að hv. þm. var vel að sér í þingsköpum Alþingis. Ég held að það sé nokkuð langt seilst núna að nefna það til sögunnar að þetta mál eigi heima í þessari tilteknu nefnd, allshn., vegna þess að þetta sé hreint byggðamál. Það eru svo mörg mál sem mætti kalla byggðamál, það eru svo mörg mál sem auðvitað snerta allar byggðirnar og snerta byggðir hér á landi, þannig að við getum teygt það hugtak til og frá. Ég held og ég er sammála þeim sem þekkja þingsköp ærið vel að spurningin er sú hvort þetta mál eigi að lenda í fjárln. eða efh.- og viðskn. Ég tel að það sé eðlilegt að vísa málinu til efh.- og viðskn. eins og margoft hefur verið gert með þessi mál og síðan getur hún vísað málinu áfram, til fjárln. tel ég eðlilegt og til allshn. ef henni býður svo við að horfa. Ég vil svo að lokum minna hv. þm. og fyrrv. forseta sameinaðs þings á að það er ekki í kot vísað því ég veit ekki betur en formaður þeirrar ágætu nefndar, efh.- og viðskn., sé hv. þm. Halldór Ásgrímsson, varaformaður Framsfl. Og ég býst ekki við öðru en því að hv. þm. treysti varaformanni Framsfl. fyrir þessu mikilvæga máli. (**StG:** Það er ekki spurningin um það.)

(**Forseti** (VS)**:** Forseti telur að þetta sé umræða sem eigi ekki að fara fram úr forsetastól heldur sé hægt að ræða það utan fundar til hvaða nefndar verður gerð tillaga um að senda þetta mál. Raunar er það síðan að lokum ákvörðun þingsins. Forseti óskar eindregið eftir því að þessari umræðu geti lokið sem allra fyrst.)

[00:05]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki að það sé annar vettvangur til að ræða þetta mál heldur en hér. Ég vantreysti ekkert formanni efh.- og viðskn., hv. 1. þm. Austurl., til að fjalla um þetta mál. En það verður auðvitað að vera samhengi í því hvernig málum er vísað til nefnda. Og ég get ómögulega séð að þetta mál heyri undir efh.- og viðskn. yfirleitt. Ef þetta er ekki byggðamál þá á að vísa þessu til fjárln. því þetta er fjárgreiðsla úr ríkissjóði. Og fjárln. á að fjalla um það mál. En hins vegar tek ég undir með hv. 2. þm. Suðurl. að þetta hefur verið túlkað hér sem byggðamál og þá heyrir það undir allshn.

[00:06]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði áðan þá hefur sérstaklega hæstv. sjútvrh., bæði utan þings og innan, lagt mikla áherslu á að þetta sé byggðamál og alls ekki sjávarútvegsmál svo að það var vegna þeirra orða sem ég var að vekja athygli á þessu þegar farið var að ræða um í hvaða nefnd mál ættu að fara. Og ég vil taka undir með hv. 2. þm. Austurl. að það er vitanlega alveg fráleitt að ákveða það hvert mál á að fara eftir því hver er formaður nefndar. Það er sjónarmið sem ég held að hæstv. fjmrh. hafi ekki lært í sínu skrifarastarfi.

[00:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég skal viðurkenna það að það er náttúrlega sérkennilegt að ræða um þetta sem fundarstjórn forseta því það er verið að fást hér við um þingsköp.

Ég vil aðeins segja þetta: Ef þetta hefði verið byggðamál í þeim skilningi sem hér er verið að leggja í hugtakið byggðamál þá hefði málið verið flutt af forsrh. En málið er flutt af fjmrh. og þess vegna hafna ég því að málið eigi að fara til allshn. Ég get hins vegar tekið undir það með hv. 2. þm. Austurl. að það eru ýmis rök fyrir því að málið sé sent til fjárln. Og til þess að allir komist nú að þessu máli sem vilja að því koma þá finnst mér eðlilegt að það sé staðið við það sem ég stakk upp á í umræðunni fyrr að málið fari til efh.- og viðskn. en hún sendi málið til fjárln. Þetta er sá gangur og ekkert öðruvísi en mál hafa verið send til nefnda áður. Það er verið að minnast hér sérstaklega á sjávarútvegsfyrirtæki í þessu frv., það gerir ekki þetta mál að sjávarútvegsmáli þannig að það eigi að fara til sjútvn. Það hafa orðið til hefðir hér í þinginu og ég held að við séum að fylgja þeim eins og oftast áður. (**PBj:** Er þetta ekki sérstök aðgerð í byggðamálum?)

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur meðtekið þær athugasemdir sem hér hafa komið fram. En það er síðan þingsins að ákveða það endanlega til hvaða nefndar málið fer.

[00:08]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það hefði nú e.t.v. getað fallið undir andsvör hér áðan við ræðu hæstv. fjmrh. þau fáu orð sem ég ætla að koma á framfæri. Það er vegna þess að hæstv. ráðherra viðurkenndi það áðan að hér væri um vissar þvingunaraðgerðir að ræða. Ég tel það mjög merkilegt að hann skuli hafa viðurkennt það hér í umræðunni þar sem ég nefndi það í fyrri ræðu minni í dag að ég teldi hér vera um þvingunaraðgerðir að ræða hvað varðaði sameiningu sveitarfélaga. Mér finnst rétt að minna á í því sambandi þó hæstv. félmrh. sé trúlega ekki í húsinu lengur, alla vega ekki sjáanlegur, þá vil ég minna á það sem kom fram þegar verið var að ræða um sameiningu sveitarfélaga. Það frv. var samþykkt hér á síðasta þingi og kosið um sameiningu sveitarfélaga 20. nóv. sl. og þá var því marglýst yfir af hálfu hæstv. félmrh. að það mundi ekki koma til lögþvingunar á sameiningu sveitarfélaga. Því var marglýst yfir. Og ráðherrann var sérstaklega spurður að því

hvort þau sveitarfélög sem höfnuðu sameiningu í kosningunum 20. nóv. yrðu beitt einhverjum þvingunaraðgerðum. Því var svarað alfarið neitandi. Það yrði ekki um það að ræða. Það kom bæði fram hér í þinginu og eins fram í sjónvarpsþáttum. Mér finnst rétt að vekja athygli á því að hér er komið fram frv. þar sem greinilega á að beita þvingunaraðgerðum. Og það tel ég alls ekki vera gott í þessari umræðu um stækkun og sameiningu sveitarfélaga. Ég held að þetta hafi verið í góðum farvegi og hefði alveg getað haldið þannig áfram og það sé ekki rétt á þessu stigi málsins að blanda þessum tveimur aðgerðum saman. Ég vænti þess þar af leiðandi að þessi ákvæði verði tekin út úr frumvarpinu í vinnslu.

[00:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það kann að vera að það hafi verið óvarlegt að tala um þvingunaraðgerðir. Reyndar var það orð hv. 2. þm. Vestf., en ég hafði notað orðið þvinga í einni af minni ræðum hér í kvöld. (**PBj:** Það er ekki rétt.)

Það er þannig að ef um opinberar aðgerðir er að ræða sem leiða til breytts hátternis einhvers af því t.d. að þeir vilja sleppa við að borga skatta eða vilja fá fjárframlag frá ríkinu þá eru það út af fyrir sig þvingunaraðgerðir í þeim skilningi sem við höfum verið að ræða hér í kvöld. En það eru þó ekki meiri þvingunaraðgerðir en svo að fólk hefur val. Fyrirtækin eiga val og sveitarfélögin eiga val. Þetta er allt annar hlutur en lögþvingunaraðgerðir þar sem menn setja lög og þvinga einhvern til að gera eitthvað með lögum þannig að þeir komast ekki hjá því. Á þessu er mikill munur. Og ég ætla að nefna til sögunnar það að þegar sveitarfélaganefndin var að skila sinni skýrslu sl. haust þá var það niðurstaða hennar og ég hygg að hv. þm. þekki það að það ætti að beita Jöfnunarsjóðnum og það ætti að koma fjárframlag frá ríkinu til að liðka til við sameiningu sveitarfélaga. Sá samningur sem gerður var 10. mars við samband sveitarfélaga þar sem gert er ráð fyrir því að Jöfnunarsjóðurinn með aðstoð ríkissjóðs veiti vissum sveitarfélögum sem eru að sameinast styrk eins og þar er gert ráð fyrir er auðvitað þvingunaraðgerð í fyrri skilningi orðsins. En það er ekki lögþvingunaraðgerð. Á þessu tvennu er auðvitað mikill munur og vona ég að það hafi nú komist nægilega skýrt til skila.

[00:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel hér vera um þvingunaraðgerðir að ræða þegar því er beinlínis lýst yfir og það sett fram í frv. sem hér á að samþykkja sem lög frá Alþingi að fyrirtæki fái ekki fyrirgreiðslu nema sveitarfélögin sameinist. Það er ekki hægt að skilja þetta öðruvísi. Það má vel vera að það megi útfæra þetta með einhverjum öðrum orðum. En hreint og beint það er verið að segja við sveitarfélög sem ekki eru búin að sameinast: Ef þið sameinist þá fáið þið fyrirgreiðslu frá sveitarfélagasjóðum og fyrirtæki innan ykkar sveitarfélags þau fá líka fyrirgreiðslu ef þið sameinist. Það er í tvennum skilningi verið að beita þarna þvingunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 9.–18. mál.

Fundi slitið kl. 00:15.

---

116. FUNDUR

miðvikudaginn 23. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, stjfrv., 506. mál, þskj. 779. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Tollalög og vörugjald, stjfrv., 507. mál, þskj. 780. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Fjöleignarhús, stjfrv., 143. mál, þskj. 791 (sbr. 159). — 3. umr.
4. Varnir gegn mengun hafsins, stjtill., 495. mál, þskj. 761. — Fyrri umr.
5. Héraðsskógar, stjfrv., 499. mál, þskj. 766. — 1. umr.
6. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 500. mál, þskj. 767. — 1. umr.
7. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 272. mál, þskj. 332, nál. 775 og 808, brtt. 774. — 2. umr.
8. Sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi, þáltill., 332. mál, þskj. 523. — Fyrri umr.
9. Áfengislög, frv., 360. mál, þskj. 552. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni M. Mathiesen, 3. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Eggert Haukdal, 6. þm. Suðurl.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Ingibjörg Pálmadóttir, 2. þm. Vesturl.,
Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Pétur Bjarnason, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðun-

armanna ríkisreiknings, 479. mál, svar forsrh., þskj. 807.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 287. mál, þskj. 803.

Könnun á atvinnumöguleikum til framtíðar á Íslandi, 519. mál, þáltill. ÁMM o.fl., þskj. 809.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að þar sem 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavíkurkjördæmi getur ekki vegna sérstakra anna tekið sæti á Alþingi taki 2. varaþm., Valgerður Gunnarsdóttir sjúkraþjálfari, Reykjavík, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Össur Skarphéðinsson, 17. þm. Reykv."

Borist hefur annað bréf:

„Undirritaður 1. varaþm. Alþfl. í Reykjavík getur ekki vegna anna tekið sæti Össurar Skarphéðinssonar umhvrh. á Alþingi frá 23. mars 1994 að telja. Óska ég eftir að Valgerður Gunnarsdóttir, 2. varamaður Alþfl. í Reykjavík, taki sæti í hans stað.

Virðingarfyllst, Magnús Jónsson."

Valgerður Gunnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 506. mál. — Þskj. 779.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MB, PBald, RG, SalÞ, SigG, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

26 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GHH, GÁS, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, PP, PB, RA, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

[13:38]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það var nokkuð rætt um það í gær hvort vísa ætti þessu máli til efh.- og viðskn. eða fjárln., jafnvel allshn. kom upp í umræðunni. Ég legg það til að þessu frv. verði vísað til fjárln. þar sem hér er um fjárgreiðslur úr ríkissjóði að ræða. Hér er ekki verið að tala um breytingu á lánsfjárlögum, þá væri eðlilegt að vísa frv. til efh.- og viðskn. og hæstv. ráðherrar hafa heldur ekki viljað viðurkenna að þetta væri beinlínis algjört byggðamál þannig að ég tel að að öllu þessu skoðuðu þá eigi að vísa frv. til fjárln.

[13:39]

Kristinn H. Gunnarsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það komu fram tvær tillögur í gær um hvert vísa ætti málinu. Ég lagði til að því yrði vísað til hv. allshn. Það kom fram í máli tveggja hæstv. ráðherra í gær að þeir litu á þetta sem byggðamál. Hæstv. sjútvrh. kom hér upp og sagði: Þetta er byggðamál. Hæstv. fjmrh. kom hér upp og sagði: Við lítum á þetta sem byggðaframlag. Og eftir þessar yfirlýsingar og eðli máls, m.a. það sem stendur í frv., nefni ég sem dæmi það sem kemur fram um starfshópinn, að formann starfshóps þess sem skipa skal á forsrh. að skipa, það segir sína sögu um hvar forræði málsins liggur.

Ég vil benda mönnum á að það er ekki einhlítt að það eigi að vísa málinu til efh.- og viðskn. eða fjárln. með þeim rökum að um sé að ræða innstreymi eða útstreymi fjár. Í hvaða nefnd ræddu menn málið SR-mjöl? Voru menn ekki að selja eignir ríkissjóðs og fá peninga inn í ríkiskassann? Tóku menn það upp í efh.- og viðskn.? (Gripið fram í.) Var það ekki í sjútvn.? Það hélt ég.

[13:40]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Hæstv. forseti. Ástæðan fyrir því að sala SR-mjöls fór í sjútvn. er að það fyrirtæki heyrir undir sjútvrn. samkvæmt lögum, gerði það á sínum tíma. Sjútvrh. flutti frv.

Í þessu máli hagar þannig til að það er fjmrh. sem flytur frv., ekki forsrh. Þetta er auðvitað byggðamál í ákveðnum skilningi eins og svo fjölmörg atriði bæði lánsfjárlaga og fjárlaga. Mín skoðun er sú, var það í gær og hefur ekkert breyst, að það sé eðlilegt að málið fari til efh.- og viðskn. en ég vil hér og nú mælast til þess við formann þeirrar ágætu hv. nefndar að málið geti gengið til fjárln. til skoðunar og ef aðrar nefndir eins og allshn. óska eftir því að fá að sjá málið þá er sjálfsagt að verða við því. Býst ég vil að ég tali þar fyrir hönd nefndarmanna efh.- og viðskn.

Það er spurning í þessu máli hvort þetta eru lán úr ríkissjóði, þetta eru víkjandi lán, gætu þess vegna hátt heima í lánsfjárlögum eða í fjáraukalögum. Ég held að það séu öll rök fyrir því að málið fari til efh.- og viðskn. enda var ég búinn að kanna það hjá hinum vísustu mönnum áður en ég gerði tillögu um það hvert málið færi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það liggja fyrir þrjár tillögur um hvert skuli vísa þessu máli og fer þá fyrst fram atkvæðagreiðsla um tillögu hæstv. fjmrh., þá tillögu er fyrst kom fram, um að vísa málinu til efh.- og viðskn.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 31:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, MB, PBald, RG, SalÞ, SigG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

nei: HG, JVK, KHG, MF, RA, SvG.

2 þm. (AÓB, JHelg) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GHH, GÁS, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PB, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Aðrar tillögur um nefndir í þessu máli eru þar með sjálffallnar og koma því ekki til atkvæða.

Tollalög og vörugjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 507. mál (hráefni til garðyrkjuafurða). — Þskj. 780.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, GHH, GÁS, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PB, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fjöleignarhús, 3. umr.

Stjfrv., 143. mál (heildarlög). — Þskj. 791 (sbr. 159).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, IBA, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, MB, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SJS, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, GHH, GÁS, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, KE, ÓE, ÓRG, PP, PB, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 811).

Varnir gegn mengun hafsins, fyrri umr.

Stjtill., 495. mál. — Þskj. 761.

[13:44]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Með þáltill. sem hér liggur fyrir er þess farið á leit að Alþingi heimili staðfestingu á breytingu frá 12. okt. 1978 á samningi frá 29. des. 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það.

Breytingarnar fela í sér að 11. gr. samningsins er breytt þannig að samningsaðilum er gert kleift að vísa deilum um túlkun og framkvæmd samningsins til Alþjóðadómstólsins eða til gerðardóms.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og utanrmn.

[13:45]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Með þessari till. til þál. er gerð tillaga um heimild til ríkisstjórnarinnar að staðfesta fyrir Íslands hönd breytingar á samningi frá 1972 um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það sem gerðar voru í Lundúnum 12. okt. 1978. Ég vil vekja athygli á því að frá því að þessi breyting er gerð eru liðin ein sextán ár, ef ekki seytján og sýnir það hver seinagangur er í því að afstaða sé tekin til ákvæða alþjóðasamninga sem þessara, eða breytinga á samningum og þetta meginefni sem hér er verið að breyta, eða breytt var 1978, svo sem hæstv. utanrrh. er hér að leita eftir staðfestingu á og ríkisstjórnin, þá eru þar tekin inn ákvæði sem varða deilur, segir í greinargerð sem hæstv. ráðherra hafði nú ekki fyrir að lesa í sinni stuttu framsöguræðu, að breytingarnar feli í sér að 11. gr. samningsins sé breytt þannig að samningsaðilum er gert kleift að vísa deilum um túlkun á framkvæmd samningsins til Alþjóðadómstólsins eða til gerðardóms. Það hefur tekið íslensk stjórnvöld sextán ár að gera það upp við sig hvort það eigi að staðfesta þetta ákvæði frá 1978.

Þetta er sem betur fer kannski ekki alveg dæmigert fyrir meðferð mála að því er varðar alþjóðasamninga á sviði umhverfismála og heldur hefur það færst til betri áttar hin seinni ár að leitað sé staðfestingar á ákvæðum slíkra samninga, og sem betur fer því að á því er mikil þörf að menn reyni að styrkja alþjóðakerfið að því er þetta varðar.

Fyrir utan það að vekja athygli á þessu atriði, hæstv. forseti, þá vildi ég af þessu tilefni nefna ákvæði svipaðs eðlis og hér er verið að vísa til og leita eftir staðfestingu á, þ.e. um gerðardóm í deilum út af brotum gegn ákvæðum samninga er varða mengun, vísa til Parísarsamþykktarinnar frá 1974, þar sem er að finna ákvæði um gerðardómsmál en Parísarsamþykktin varðar mengun sjávar frá landstöðvum og hefur verið mjög til umræðu hér á Alþingi og víðar vegna fyrirhugaðrar starfrækslu THORP-endurvinnslustöðvarinnar við Sellafield á Bretlandi. Í þeirri samþykkt er að finna allítarleg ákvæði um gerðardómsmeðferð. Ég tók þetta mál upp í tengslum við þing Norðurlandsráðs sem

haldið var fyrir hálfri annarri viku síðan og beindi þar fyrirspurn til umhverfisráðherra Norðurlanda, norrænu ráðherranefndarinnar og umhverfisráðherranna þá sérstaklega, um viðbrögð við THORP-endurvinnslustöðinni og fyrirhugaðri gangsetningu hennar eftir að dómur féll breskum stjórnvöldum í vil þannig að þessi stöð hefur þegar hafið starfsemi eða er í þann veginn að hefja starfsemi. Það var raunar gert ráð fyrir því að það gæti orðið 18. mars. Ég hef ekki aflað mér upplýsinga um það síðustu daga hvort þessi starfræksla er farin af stað.

En rétt fyrir Norðurlandaráðsþingið þá áttum við hæstv. utanrrh. orðaskipti um það á Alþingi til hvaða ráðstafana íslensk stjórnvöld mundu grípa ef á þetta reyndi og dómur sem höfðaður var gegn stjórnvöldum félli breskum stjórnvöldum í vil þannig að hindrunum væri rutt úr vegi fyrir starfrækslu þessarar stöðvar sem samkvæmt ályktun Alþingis ógnar lífsgrundvelli þessara þjóða. Og á Norðurlandaráðsþingi spurði ég norræna ráðherraráðið um það til hvaða ákveðinna aðgerða það hygðist grípa og hvort það m.a. mundi taka upp eða fara í gerðardómsmál gegn Englandi í samræmi við ákvæði Parísarsáttmálans. Og mér voru það vonbrigði að í svarinu frá ráðherraráðinu töldu þeir sig ekki hafa aðstöðu til þess eða þeir mætu það svo að þeir mundu ekki fara í slíka málssókn samkvæmt Parísarsamþykktinni og báru við að Stóra-Bretland hefði gert fyrirvara við breytinguna sem gerð var á Parísarsamþykktinni á fundinum í Berlín í júní 1993. Með vísan til þess ráða þeir frá þessu. Nú hef ég ekki farið ofan í röksemdir eða fengið nánari röksemdir fyrir þessari niðurstöðu ráðherranefndarinnar og veit ekki hvort um hana var ágreiningur eða samkomulag. Sá sem svaraði, sænski umhverfisráðherrann, Olof Johansson, talaði í nafni umhverfisráðherranna án fyrirvara þannig að ég geri ráð fyrir að íslenski ráðherrann hafi þá staðið að þessu líka.

En ég vildi nota þetta tækifæri, hæstv. forseti, og vona að það verði ekki talið á svig við þá umræðu sem hér fer fram þar sem um svo náskyld efni er að ræða í rauninni, gerðardómsákvæði í alþjóðasamþykkt sem varðar mengun hafsins að inna hæstv. utanrrh. eftir því hvort hann hafi fyrir sitt leyti lagt mat á þetta efni sem ég vek hér athygli á að því er varðar Parísarsamþykktina og gerðardómsmeðferð. Jafnframt vil ég inna hæstv. ráðherra eftir því hvort hann geti nú sagt Alþingi eitthvað um það hvernig hann hyggist bregðast við í ljósi ákveðinna yfirlýsinga og jákvæðra undirtekta sem komu fram af hálfu ráðherrans snemma í þessum mánuði hér á Alþingi.

[13:53]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 4. þm. Austurl. fyrir að vekja athygli á máli sem vissulega er náskylt því sem hér er til umræðu. Hann víkur að Parísarsáttmálanum og gerðardómsákvæðum hans í deilumálum sem upp kunna að rísa varðandi mengun sjávar frá landstöðvum og rifjaði upp umræðu sem fram fór á Norðurlandaþingi um þetta mál. Spurningin er síðan um viðbrögð íslenskra stjórnvalda.

Eins og hv. þm. vék að olli það vonbrigðum íslenskum stjórnvöldum og Íslendingum almennt að umhverfisráðherrar Norðurlanda skyldu ekki bregðast einarðlegar við þessari hættu sem stafar að okkar umhverfi, ekki síst þegar um er að ræða kjarnorkuendurvinnslu í Bretlandi þar sem þau ríki sem þar hafa hagsmuna að gæta taka sér vald sem gæti orðið meiri háttar spillir á okkar umhverfi og þar með þeim þáttum sem varða lífsafkomu okkar þjóða og ýmissa annarra.

Ég get ekki á þessari stundu svarað því hver þessi viðbrögð voru. Ég hef ástæðu til að ætla, þó ég þori ekki að fullyrða það, að það hafi ekki verið samkomulag innbyrðis meðal umhverfisráðherra Norðurlanda um þau viðbrögð sem hv. þm. greindi frá. Hæstv. umhvrh. Össur Skarphéðinsson er í dag farinn í opinbera heimsókn til Bretlands í boði breska umhverfisráðherrans. Við ræddumst við áður en hann fór og hann mun taka þetta mál upp og hann mun nota tækifærið til að koma þar á framfæri milliliðalaust harðri og eindreginni gagnrýni okkar. Ég geri ráð fyrir því að ákvörðun um viðbrögð af okkar hálfu hafi t.d. um það sem hv. þm. spyr um hvort við hyggjumst eða getum nýtt okkur gerðardómsleiðina samkvæmt Parísarsáttmálanum og hvort við viljum beita því verði niðurstaðan eða ekki. Ég get ekki svarað því á þessari stundu, en ég endurtek þakkir mínar til hv. þm. fyrir að vekja athygli á málinu og ég ítreka það sem ég hef áður sagt að íslensk stjórnvöld líta á þetta mál sem mjög alvarlegt milliríkjavandamál og við munum skoða alla hluti sem í okkar valdi eru tiltækir til þess ekki einasta að koma mótmælum á framfæri heldur til að fylgja þeim eftir þannig að tillit verði til þeirra tekið.

[13:56]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég sé ástæðu til þess að lýsa ánægju minni með það sem hæstv. utanrrh. sagði að því er varðaði það mál sem hér kom til umræðu í tengslum við þetta mál, þó að það sé ekki beinlínis á því sviði, þá er það þó náskylt eins og hæstv. ráðherra benti á. Ég lýsi ánægju minni með það að íslensk stjórnvöld vilji ganga mjög ákveðið og hart fram að því er varðar þessa endurvinnslu fyrir kjarnorkuúrgang, THORP-endurvinnslustöðina í Sellafield. Ég vil minna á að Írar lýstu því yfir að þeir vildu fara fram á aukafund í Parísarnefndinni svokölluðu og Íslendingar lýstu því yfir eða alla vega kom það fram hjá hæstv. umhvrh. að Íslendingar mundu einnig styðja það að óskað yrði eftir aukafundi í Parísarnefndinni. Ég innti hæstv. forsrh. eftir því í síðustu viku hvort það hefði verið gert formlega af Íslands hálfu og hafði hann ekki svar á reiðum höndum að því er það varðaði. Vil ég því spyrja hæstv. utanrrh. um það hvort ríkisstjórnin hafi formlega farið fram á þennan aukafund í Parísarnefndinni. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að það verði gert til þess að ýta á þetta mál og sýna hversu alvarlegum augum við lítum á aukna geislamengun í hafið frá þessu svæði, frá Sellafield. Það getur haft veruleg áhrif á okkar fiskmið og getur einnig haft óbein áhrif hjá okkur að því er varðar sölu á fiski.

Ég tel mjög gott að hæstv. umhvrh. skuli hafa far-

ið til Bretlands og muni koma á framfæri mótmælum við þessa leyfisveitingu Breta, en það þarf að beita öðrum aðferðum og nota fleiri tækifæri.

Ég hef minnt á það hér áður að umhverfisráðherrar þriggja Norðurlanda, Noregs, Svíþjóðar og Danmerkur, sem eru aðilar að Parísarsáttmálanum, gáfu það til kynna í svari sínu á Norðurlandaráðsþingi að ef Ísland og Írland mundu krefjast aukafundar í Parísarnefndinni að þá væri líklegt að þeir mundu styðja það eða það væri a.m.k. erfitt fyrir þá að gera það ekki. Þess vegna finnst mér mikilvægt að Ísland fari fram á þennan fund. Þó að ég telji að það hefði þurft að gera það strax þá er þó betra seint en aldrei.

Það sem gerði það að verkum að ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli var ekki síst það að að því er varðaði þetta mál er lagt til af hálfu utanrrh. að málið fari til utanrmn. Það gildir um fleiri slíka samninga sem eru með þessum hætti að þeir hafa farið til utanrmn. en utanrmn. hefur síðan vísað þeim til hv. umhvn. til umfjöllunar. Það hafa verið þrír samningar nú í vetur sem umhvn. hefur varið nokkrum tíma í að fara yfir og þess vegna velti ég því fyrir mér hvers vegna mál eins og þetta, sem er beinlínis mjög afmarkað umhverfismál en ekki utanríkismál með hefðbundnum hætti, hvort ekki sé réttara að vísa málum sem þessum til umhvn. Þá er frekar hægt að fá álit utanrmn. á því þegar um er að ræða mál eins og þetta.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að gera tillögu um aðra nefnd þar sem hæstv. utanrrh. hefur nú gert tillögu um utanrmn. en ég vil varpa þessu hér fram til umhugsunar. Mér finnst mjög óeðlilegt að það skuli ekki vera fagnefndin sem fjallar um samninga af þessu tagi sem eru beinlínis á ákveðnu fagsviði. Þetta vildi ég nú segja svona til umhugsunar að því er varðaði samninga eins og þennan.

[14:01]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér skilst að ákvörðun um það af hálfu íslenskra stjórnvalda eða af hálfu hæstv. umhvrh. um að styðja kröfu um aukafund innan ramma Parísarsáttmálans, kröfu sem Írar hafa sett fram, bíði heimkomu hans og niðurstöðu viðræðna við breska umhverfisráðherrann. Mér hefur skilist að hæstv. umhvrh. vilji fyrst láta á það reyna hvort starfsbræður hans eða fulltrúar stjórnvalda í Bretlandi taka tillit til krafna og röksemda sem hann hefur fram að færa í þeim tvíhliða viðræðum.

Að því er varðar vistun málsins í nefnd, þá er það svo að hér er um að ræða staðfestingu á alþjóðasamningi og samkvæmt hefð og reglum er slíkum sáttmálum vísað til hæstv. utanrmn. Þess eru fjölmörg dæmi að einstök fagráðuneyti fjalli um að málasvið sem slíkir samningar taka til. Engu að síður er þeim vísað til utanrmn. en sú ábending sem fram kom að efnisleg umræða fari fram í umhvn. er engu að síður fullgild og það er þá í höndum hv. formanns utanrmn. að viðhafa þau vinnubrögð.

[14:02]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi það atriði að vísa málinu til utanrmn., þá velti ég því fyrir mér hvort það sé ekki á vegum umhvrn. sem samskipti við þá varðandi þessa samninga fara fram. Það virtist alla vega svo þegar við fórum yfir t.d. Montreal-samninginn og fleiri samninga um umhverfismál fyrr í vetur, þá virtist svo vera að það væri fyrst og fremst umhvrn. sem fjallaði um þá samninga og sæi um samskipti við aðila varðandi þennan samning, þ.e. væri fulltrúi íslenskra stjórnvalda, að fulltrúar íslenskra stjórnvalda að því er varðaði þessa samninga kæmu fyrst og fremst úr umhvrn. Og þess vegna velti ég fyrir mér hvort það sé ekki eðlilegra að það sé umhvrh. sem flytji það mál er varðar hans málasvið þegar um er að ræða að samskiptin fara fram á sviði umhvrn. Þetta er atriði sem mér finnst eðlilegt að sé tekið upp hér, bæði að því er varðar Stjórnarráðið og eins hér í Alþingi. Ég er þá ekki að tala um að fleiri nefndir geti ekki komið að þessu máli. Það þykir mér auðvitað mjög eðlilegt, en ég er fyrst og fremst að tala um hver beri formlega ábyrgð á afgreiðslu málsins hér í Alþingi.

[14:04]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að minna á að þingmálið sem hér er til umræðu er till. til þál. um staðfestingu á milliríkjasamningi. Það er málefni utanrrn. og er til umfjöllunar af hálfu þess og er lagt fram hér af hálfu utanrrn.

Hitt er laukrétt sem hv. þm. segir að efnisleg umfjöllun og fagleg ábyrgð á mengunarmálum sem í þessum samningi og fleirum felst er auðvitað á faglegri ábyrgð umhvrn. Það breytir ekki því að þegar við erum að leggja fyrir Alþingi staðfestingu um milliríkjasamning eða breytingu á milliríkjasamningi, þá er það utanríkismál og sem slíkt er það á ábyrgð utanrrn. og vistast hjá hv. utanrmn. en eins og fram hefur komið er vel unnt að koma fram hinni faglegu umfjöllun með samstarfi nefndanna.

[14:05]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil á sama hátt og hv. 15. þm. Reykv. þakka hæstv. utanrrh. fyrir viðbrögð hans hér við mínu máli að því er snertir viðbrögð af hálfu íslenskra stjórnvalda við THORP-endurvinnslustöðinni. Ráðherrann sagði eitthvað á þá leið að þetta mál væri mjög alvarlegt milliríkjavandamál og það er ekki of fast að orði kveðið. Og þegar slík mál eru uppi þarf að sjálfsögðu að taka á þeim með viðhlítandi hætti. Ég skil vel að menn noti tækifærið þegar hæstv. umhvrh. er í opinberri heimsókn til þess að taka þessi mál upp við bresk stjórnvöld og ég treysti því að í framhaldi af heimsókn hæstv. utanrrh. og heimkomu, þá taki íslenska ríkisstjórnin, hæstv. utanrrh., hæstv. umhvrh. og aðrir sem í ríkisstjórninni sitja á málinu í ljósi þeirrar stöðu sem fyrir liggur eftir heimkomu umhvrh.

Ég tók eftir því að á þingi Norðurlandaráðs, sem ég gat lítillega um, en þar bar þessi mál talsvert á góma og við tveir þingmenn úr Íslandsdeildinni, eins og hún er kölluð, tókum þessi mál með fyrirspurnum, en þess utan ræddi hæstv. forsrh. málið sérstaklega í ræðu sem hann flutti þar áður en hann hélt heim á leið. En við sem hlýddum á ræðu hæstv. forsrh. fyrir hönd forsætisráðherra Norðurlanda tókum eftir því að ekki var vikið að þessari stöð sérstaklega heldur mjög almennt að hættunni af endurvinnslu á kjarnorkuúrgangi. Og það má segja að á þinginu í gegnum ræðuhöld og svör við fyrirspurnum koma þær brotalamir í ljós sem eru milli Norðurlanda í þessu alvarlega máli og sem raunar hafa áður komið fram að því er varðar afstöðu til kjarnorkuiðnaðar og endurvinnslu og mengunar vegna kjarnorkuvinnslunnar. Það er dapurleg staðreynd en við Íslendingar hljótum engu að síður að verja okkar þjóðarhagsmuni og leita liðsinnis við okkar málstað hvar sem er. Og eins og fram kom hjá hv. 15. þm. Reykv. hér áðan, þá var svona smáundanlát að merkja í svari danska umhverfisráðherrans, Svends Aukens að því er varðaði hugmyndina um sérstakan aukafund í Parísarnefndinni um þetta mál þar sem ekki var lokað leiðum á að ríkisstjórnirnar sem leitað var eftir stuðningi hjá við fyrirspurninni kynnu að meta málið þó að ekki væri um jákvætt svar að ræða á þeirri stundu.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að segja meira um þetta mál. Það hlýtur að bera hér á góma fljótlega á ný á Alþingi. Ég met það svo að þess sé að vænta að íslensk stjórnvöld taki þetta mál í ljósi þeirrar alvöru sem að baki býr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Endurskoðun á launakerfi ríkisins, 520. mál, þáltill. KÁ o.fl., þskj. 810.

Héraðsskógar, 1. umr.

Stjfrv., 499. mál (skógrækt á eyðijörðum). — Þskj. 766.

[14:10]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Samkvæmt gildandi lögum um Héraðsskóga, nr. 32 21. mars 1991, er ákvæði um að landbrh. skuli láta fara fram endurskoðun á lögum þessum og leggja fram frv. til laga um Héraðsskóga fyrir Alþingi haustið 1992. Frumvarp það sem hér liggur fyrir er flutt til að uppfylla þá skyldu, þó seint sé, en því veldur að ekki varð samkomulag um efni frv. á sínum tíma í ríkisstjórn. Það er ástæðan fyrir þeim drætti sem orðið hefur á framlagningu frv.

Við endurskoðun laganna á vegum landbúnaðarráðuneytisins er aðeins lögð til breyting á einni grein laganna, þ.e. 4. gr. þeirra sem kveður á um greiðslu ríkissjóðs á 97% samþykkts kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og 75% samþykkts kostnaðar á eyðijörðum. Benda má á að aðeins er liðinn skammur tími frá gildistöku laganna og því hefur takmörkuð reynsla fengist af framkvæmd þeirra. Þó hefur komið í ljós að eyðijarðir verða á sinn hátt út undan nær eingöngu vegna þess að landeigendur hafa ekki fjárhagslegt bolmagn til að ráðast í framkvæmdir á jörðum sínum. Á samfelldum skógræktarsvæðum margra jarða getur það leitt til verulegs skaða ef einstakar jarðir falla út og eyður verða í skógunum. Því er talin brýn nauðsyn á að tryggja framgang verksins, einnig á eyðijörðum. Oft er um að ræða jarðir sem eru þær ákjósanlegustu til skógræktar í viðkomandi sveit.

Umhverfissjónarmið mæla með samfelldum skógi þar sem hann skapar heildstæðari og náttúrulegri mynd en skógarreitir á bújörðum með eyðum inn á milli. Samfelldur skógur stuðlar auk þess að betri nýtingu á landi sem annars er ónýtt. Þar að auki minnka jaðaráhrif verulega en í jöðrum skóga mót opnu landi eru skemmdir af völdum snjóa og vinda mjög miklar.

Þá má benda á að skv. 6. gr. gildandi laga er bændum, sem eru þátttakendur í verkefninu, tryggður forgangur til atvinnu sem gengur framar landeigendum eyðijarða. Vinna við skógrækt á eyðijörðum væri því til þess fallin að auka atvinnu í þessum sveitum.

Umsögn liggur fyrir frá fjmrn. og þar kemur fram að þessi lagabreyting muni ekki hafa kostnaðarauka í för með sér fyrir ríkissjóð. Ég legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn.

[14:13]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni yfir því að þetta frv. er komið fram. Eins og kom fram í máli hæstv. landbrh. hefur það átt nokkurn aðdraganda. Það kom reyndar fram hér í fyrirspurnatíma nýlega að hæstv. landbrh. hafi þurft að glíma við Alþfl. í þessu máli eins og fleiri málum sem má flokka undir landbúnaðarstarfsemi. Alþfl. hefur legið á þessu máli ef svo má að orði komast. En það er fagnaðarefni að þetta er komið fram sem stjórnarfrumvarp. Hér er um að ræða endurskoðun laga um Héraðsskóga. Það verkefni hefur farið mjög vel af stað og verið þýðingarmikið fyrir atvinnulífið á Fljótsdalshéraði. Eftir því sem þeir vísu menn segja sem þar eru í forsvari hefur það tæknilega, ef svo má að orði komast um ræktun, uppfyllt vonir manna.

Þetta frv. um að taka aukinn þátt í skógrækt á eyðijörðum er ekki síður umhverfismál heldur en atvinnumál. Það er nú þannig, og það geta menn sannfærst um ef þeir skoða undirbúning skógræktar eins og hann er á nútímavísu og eins og er hjá Héraðsskógum, þá er ekki sama hvar skógurinn er settur í landið. Það er ekki sama hvernig hann situr í landinu og skógur getur jafnvel verið til lýta ef ósmekklega er frá honum gengið. Það er nauðsynlegt að vanda undirbúning sem allra best þannig að skógurinn falli vel að landinu, verði sem samfelldastur og að þar séu ekki eyður í hann. Önnur rök í þessu máli koma fram í greinargerðinni, t.d. þær skemmdir sem eru í skógarjöðrum og þau veðurfarslegu áhrif sem skógurinn hefur.

Ég hef oft sagt frá því að ég var uppalinn í skóg-

lausu héraði en flutti í hérað þar sem voru skógar og þar sem skógar voru að vaxa, þar sem skilyrðin eru best á þessu landi og það er mikil lífsreynsla að verða þeirrar reynslu aðnjótandi. Ekki síður að finna hvaða áhrif skógurinn, þegar hann vex, hefur á veðurfarið og loftslagið í þeim byggðarlögum þar sem skógur er mikill.

Ég vona að þó að aðdragandinn að þessu frv. hafi verið nokkuð langur þá eigi það greiða leið í gegnum þingið. Þetta er ekki flókið mál í sjálfu sér og það kemur einnig fram að hér er ekki um kostnaðarauka að ræða miðað við þau áform sem nú eru uppi.

[14:17]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. sem lætur lítið yfir sér og eins og fram kom í máli hæstv. landbrh. er fyrst og fremst um það að ræða að menn hafa endurskoðað lögin og finna ekki ástæðu til að breyta nema þessu eina ákvæði sem hér er á ferð. Í sjálfu sér get ég tekið undir það sjónarmið að nýta eyðijarðir til skógræktar ef þess er kostur en erindi mitt í ræðustól var fyrst og fremst það að leita eftir frekari upplýsingum hjá hæstv. landbrh. Við getum að sjálfsögðu kallað þær fram í landbn. en til þess að maður skilji hvað hér er á ferð þá vildi ég gjarnan fá það fram: Hvað eru menn að ræða hér um í raun og veru? Hversu margar eyðijarðir eru það sem til greina koma til skógræktar? Hvar á landinu er þær einkum að finna? Eru menn fyrst og fremst að tala um að þétta skóginn á Austurlandi eða eru menn með Suðurland og Eyjafjörðin inni í dæminu? Hvaða áform eru hér á ferð sem tengjast þessari lagabreytingu?

Ég get nú ímyndað mér að hugsunin í þessu sé líka sú að bæta stöðu bænda þannig að hægt verði að veita þeim vinnu, frekari vinnu við skógrækt. Ég spyr: Hvað gæti þessi breyting, ef menn leggja aukna áherslu á ræktun eyðijarða, hvað gæti hún hugsanlega skapað mörg störf? Eða er það ekki meiningin? Hér kemur fram að þessi breyting hafi ekki aukin kostnað í för með sér. Ef menn ætla ekki að setja meiri peninga í þessi verkefni þá þýðir það í sjálfu sér kannski að ekki verði um fleiri stör að ræða. Það kom hér fram í máli hæstv. landbrh. að þetta mál hefði tafist lengi vegna ágreinings í ríkisstjórninni. Það væri fróðlegt að fá það upplýst út á hvað sá ágreiningur gekk. Hvað er það í þessu máli sem hefur getað valdið slíkum ágreiningi í ríkisstjórninni að málið hafi dregist mánuðum saman? Eða eru það bara hin venjulegu samskipti ríkisstjórnarflokkanna?

Það voru fyrst og fremst þessar upplýsingar sem mig langaði til að fá hér fram þannig að við áttuðum okkur betur á því hver meiningin er með þessum breytingum. En að öðru leyti er ég mjög sátt við þær.

[14:21]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. landbrh. fyrir það afrek að hafa komið böndum á samstarfsflokkinn í þessu máli þó ekki sé það kannski stórt í sniðum og jafnstórt og önnur efni sem undir hæstv. ráðherra falla, sem hann hefur mátt þreyta glímu út af. En engu að síður er á ferðinni mál sem er mjög gott að er fram komið og væntanlega verður eining um úr því sem komið er að afgreiða og lögfesta hér á yfirstandandi þingi. Þó að þessi breyting, það má kannski segja þessi litla breyting á lögum frá 1991 um Héraðsskóga, láti ekki mikið yfir sér og sé ekki talin hafa kostnaðarauka í för með sér miðað við upphaflega kostnaðaráætlun vegna Héraðsskóga þar sem gert var ráð fyrir því að eyðijarðir féllu undir áætlunina með sama hætti og bújarðir eða jarðir í ábúð, þá getur það eins og hér hefur komið fram haft verulega þýðingu að þarna verði jafnræði á hvað landið snertir og möugleika til að nýta það til skógræktar undir þessum lögum. Og eins og ráðherrann réttilega nefndi í sinni ræðu hefur það auðvitað áhrif á ásýnd landsins og umhverfi að hægt sé að hafa eðlilega samfellu á þeirri ræktun sem efnt er til á grundvelli laganna um Héraðsskóga.

Það er ánægjuefni að unnið hefur verið á grundvelli gildandi löggjafar, að mörgu leyti þannig að til fyrirmyndar má telja að því er snertir undirbúning og athugun á eðliskostum landsins, umhverfi og öðru sem varðar gott skipulag á framkvæmdum áður en í þær er ráðist. Þannig hefur að ég best veit og eftir því sem ég hef getað kynnt mér verið staðið að málum mjög svo til fyrirmyndar af þeim starfsmönnum sem að verkinu vinna og mönnum sem leitað hefur verið eftir aðstoð hjá sérstaklega með tilliti til landkosta og þeirra atriða sem gefa þarf gaum að áður en skógur er settur niður í land til ræktunar. Því að vissulega er það svo að skógurinn breytir, og yfirleitt má segja að hann breyti til bóta svona á heildina litið. En þarna er ýmissa þátta að gæta þar á meðal menningarminja í landi sem skógur getur auðveldlega raskað þannig að á sjái og ekki sé hægt að varðveita þær eða rannsaka síðar. M.a. hefur verið gefinn gaumur að þessum þætti í undirbúningi að plöntun á vegum Héraðsskóga. Í þessu sambandi má nefna það að svo hefur því miður ekki alltaf verið og er skemmst að leita til sjálfra Þingvalla, í sjálfa þinghelgina okkar þar sem menn settu niður trjáplöntur inn í þinghelgina, innan um fornminjar sem ekki hafa verið rannsakaðar enn í dag, og þar sem augljóst er að þær plöntur og tré sem hafa vaxið þar upp í þinghelginni hafa óhjákvæmilega spillt rústum sem trén standa á og ræturnar leita víða. Ég nefni þetta bara hér til þess að menn átti sig á að þarna er atriði sem gæta þarf að við ræktun, einnig við skógrækt, þ.e. minjaverndin og fornminjar í jörðu. Hef ég raunar komið að því máli á sínum tíma innan Þingvallanefndar og vonandi verður við því efni brugðist eins og tillögur um skipulag sem samþykktar voru af Þingvallanefnd árið 1988 kveða á um að því er Þingvelli varðar. En þó held ég að það sé ekki samt enn búið að grípa til eðlilegra ráðstafana í ljósi þeirra samþykkta sem þar um ræðir. Um það ætla ég ekki að fjalla hér frekar.

Ég hlýt að nefna það hér af því að hv. 2. þm. Austurl. vék að sinni lífsreynslu að vera vaxinn úr grasi á berangri, ef ég skildi mál hans rétt, þ.e. í hinum víða Skagafirði þar sem lítið er um skóga. Ég get ekki vitnað með sama hætti. Ég varð þess aðnjótandi að vaxa

upp í skóglendi og virða fyrir mér landið út frá þeim sjónarhóli eða út frá þeim aðstæðum skulum við segja og undrast það í æsku að koma út fyrir skóginn og sjá það mjög óeðlilega strípaða land sem þar gaf að líta. Þetta er ólíku saman að jafna og mikil reynsla fyrir hvern sem fyrir verður, ekki síður en fyrir hv. 2. þm. Austurl., sem nú er kominn inn í myrkviðina á Héraði og farinn að njóta þeirrar sældar og skjóls sem því fylgir að vera í skógi eða nærri skógi.

Nú skulum við vænta þess að sú breyting sem hæstv. landbrh. leggur til með lögunum fái góðan framgang. Og þó að samstarfsflokkurinn hafi þurft svona langan umhugsunartíma til að gefa hæstv. ráðherra grænt ljós þá vil ég ekki trúa því að hann láti sig henda það að standa frekar í vegi fyrir þessu máli heldur en orðið er og skal þá segja sem fornkveðið er að batnandi manni er best að lifa og þyrfti það raunar að vera á fleiri sviðum.

Um þetta efni mætti vissulega margt segja en ég ætla ekki að lengja mál mitt mikið meira, virðulegur forseti. Ég var á ráðstefnu á mánudaginn var og þar var fjallað um mjög merkt málefni sem Alþingi þarf að láta til sín taka fyrr en seinna, þ.e. um innflutning á plöntum til landsins. Þessi ráðstefna, sem haldin var af nokkrum samtökum, með Líffræðifélag Íslands í fararbroddi, var vörðuð af tveimur ráðherrum, ráðherra umhverfismála og ráðherra landbúnaðarmála. Hinn fyrri setti ráðstefnuna og sá síðarnefndi sleit þinginu. Það er einmitt þannig sem þessir hæstv. ráðherrar þurfa að leggjast saman á árar í sambandi við þá málaflokka sem snerta ráðuneytin bæði. Ég ætla að vona að það láti á gott vita og ekki síður það sem voru lokaorð hæstv. landbrh. á þeim fundi í hans máli, þar sem hann fjallaði um viðfangsefnið og greindi frá sinni sýn til mála og endaði sína ræðu á orðunum: Íslandi allt.

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það kemur nú margt fróðlegt fram í þessum umræðum. Þetta síðasta er auðvitað athyglisvert og jákvætt að heyra af verkaskiptingu þeirra hæstv. umhvrh. og landbrh. Ég get tekið undir það að í fljótu bragði sýnist mér hún vera skynsamleg. Ég hef af því reynslu að núv. hæstv. landbrh. er laginn við að slíta veislum og ráðstefnum og sjálfsagt ferst hæstv. umhvrh. ekkert tiltakanlega óhönduglega að setja þær.

Ég fagna því að þetta litla frv. er fram komið og þó fyrr hefði verið. Reyndar vekur það nokkra umhugsun hversu lengi það hefur verið í meðförum miðað við lögbundin ákvæði um endurskoðun laganna um Héraðsskóga en þannig var frá þeim gengið á sínum tíma á útmánuðum 1991 að um það varð samkomulag að þau skyldu endurskoðuð eða yfirfarin og frv. lagt fyrir nýtt þing þá haustið 1992 ef menn sæju ástæðu til að gera á þeim einhverjar breytingar. Sú var ástæðan að menn töldu þá og telja vonandi enn að það væri afar mikilvægt að skapa traust á þessari framkvæmd þar sem um langtímaverkefni, margra áratuga verkefni og skuldbindingar er að ræða og nauðsynlegt að þátttakendurnir gætu treyst því með óyggjandi hætti að þeir hefðu traustan lagagrundvöll og efnisgrundvöll til að starfa á. Þess vegna var ákveðið að draga það ekki lengi ef menn sæju ástæðu til að endurskoða þessi ákvæði eitthvað frá því sem lagt var upp með vorið 1991. Reyndar rifjast ýmislegt upp fyrir mér undir umræðunni frá þeim mánuðum og árum þegar verið var að koma þessu verkefni af stað og ætli ég verði bara ekki að segja það eins og er að ég get alveg getið mér til um það hvað hefur þvælst fyrir hæstv. landbrh. í þessu efni og miða þá við mína eigin reynslu. Ég man vel eftir nokkrum sviptingum hér þegar verið var að berjast fyrir fyrstu fjárveitingunum til Héraðsskóga á árunum 1989 og 1990 og koma þessum lögum í gegnum ríkisstjórn og Alþingi veturinn 1990/1991. En eigum við ekki bara í þeim bróðurlega anda sem hér ríkir að finna á þessu þá skýringu að samstarfsflokkur hæstv. landbrh. sé lengi að hugsa og hann hafi verið í eitt og hálft ár að melta þessa breytingu að hækka í vissum tilvikum styrkina til eyðijarða úr 75% í 97% þegar það er skynsamlegt af skógræktarástæðum. Og þá er það bara þannig að það hefur tekið Alþfl. eitt og hálft ár að hugsa þetta atriði. En allt er gott þegar endirinn er góður og vonandi tekst samstaða um að gera þessar breytingar, ef breytingar skyldi kalla. Mér er nær að kalla þetta minni háttar lagfæringu en tek það fram í leiðinni að ég styð hana. Út af fyrir sig er það réttmæt ábending eða réttmæt forsenda breytinga að láta það ekki beinlínis bitna á verkefninu sem slíku og samfellunni í því að í einstökum tilvikum geta eyðijarðir lent inn á skógræktarsvæðið.

Að öðru leyti er í sjálfu sér ekki mikið um þetta að segja nema að það er ágætt að fá þetta tækifæri til að fagna því að ég held að þetta skógræktarátak, Héraðsskógaverkefnið, hafi í flestum tilfellum, flestum greinum uppfyllt vonir manna og væntingar um það að menn gætu rennt úr vör einu stóru, samfelldu og myndarlegu skógræktarátaki í alvöru, því sem ég hef leyft mér að kalla kannski fyrsta virkilega alvöru nytjaskógaverkefnið á Íslandi og það þarf ekkert að fjölyrða um það hversu mikilvægt er að það takist sæmilega. Ég fullyrði að svo hafi verið gert og það er mikið fagnaðarefni. Það er enginn vafi á því í mínum huga að þetta var rétt áhersla, enda studd bæði af fagmönnum á þessu sviði og öðrum þeim sem um þetta fjölluðu, lærðum og leikum. Nefnd sem að þessu vann á undirbúningsstigi með fulltrúum heimamanna, skógræktarmanna og stjórnvalda varð einróma sammála um að það væri skynsamlegt að velja sér eitt svæði og gera þar myndarlegt átak og láta þannig á það reyna hvort hægt væri að hrinda úr vör alvöru nytjaskógræktarverkefni í stórum stíl. Það gefur auga leið að í fyllingu tímans verður það hagstætt að ýmsu leyti að hafa skógræktina á einu tilteknu svæði svo umfangsmikla. Það skapar m.a. möguleika á arðbærum atvinnurekstri varðandi úrvinnslu sem ella kynni að reynast torvelt að skapa ef ræktunin væri of dreifð.

Að lokum vil ég segja það að í ljósi þessrar jákvæðu reynslu og með tilvísan til atvinnuaðstæðna og ýmissa annarra þátta sem óþarft er að fjölyrða um þá er ég þeirrar skoðunar að nú sé tímabært að velta því

fyrir sér hvort ekki beri að undirbúa sambærileg átök í öðrum héruðum, einu eða fleirum til viðbótar, þar sem skógræktarskilyrðin eru álitlegust hér á landi og þá eigi að nota þá reynslu og það módel sem þarna hefur verið prufukeyrt og gefið góða raun og menn hafa væntanlega lært ýmislegt af til að styðjast við. Það mega ekki verða bara orðin tóm að menn ætli sér að gera stóra hluti í skógrækt og landgræðslu á Íslandi. Ég held að sú reynsla, sem fengin er af Héraðsskógaverkefninu, almennt jákvæð niðurstaða sem af því hefur fengist, mikil þátttaka og mikill áhugi heimamanna, eigi að gefa mönnum tilefni til að sækja enn frekar fram á þessu sviði í öðrum héruðum eða öðrum landshlutum þar sem skógræktarskilyrðin eru álitlegust.

Ég treysti því að það vefjist svo ekki fyrir mönnum að afgreiða þessa breytingu frá þinginu án þess að hún kannski skipti neinum sköpum um framgang þessa verkefnis þá er sjálfsagt að gera hana úr því að hún er hér lögð til, þó aðalatriðið sé auðvitað að menn standi þétt saman og þétt á bak við þetta verkefni og leggi því til þá fjármuni og þann pólitíska stuðning sem það þarf á að halda til þess að dafna hér eftir sem hingað til.

[14:36]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki get ég setið hér, þingflokksformaður, og látið því ósvarað að þingflokkur minn sé svo lengi að hugsa að hann noti eitt og hálft ár á eina setningu og vil því vísa þeim ummælum fullkomlega á bug. Ég vil líka að það komi hér fram að það er fullur stuðningur við þá tillögu að ríkissjóður greiði 97% kostnaðar við skógrækt á jörðum í ábúð og á eyðijörðum sem að mati Skógræktar ríkisins er nauðsynlegt frá skógræktarlegu sjónarmiði og frá hagsmunum skógræktar á aðlægum jörðum að fylgja þeim í ræktun.

Þetta er fullkomlega stutt af þingflokki okkar. Hitt er annað mál að vissulega dróst í vetur að þetta frv. kæmi fram. Það er miklu fremur að það hafi verið misskilningur um hvar frv. væri óafgreitt í ríkisstjórn eða þingflokki. Það er mál sem við landbrh. höfum leitt vel til lykta. Þetta mál er komið fram, við það er góður stuðningur og ég hef ekki nokkrar efasemdir um það að þetta mál náist tímanlega fram í öflugum höndum formanns landbn. á þessu vori.

Annars um þetta með hugsanirnar, auðvitað er það svo að við í þingflokki Alþfl. erum eins og fólk er flest, sumir eru fljótir og snöggir að hugsa, aðrir eru eitthvað seinni. Stundum er meira að segja talað um að einhver okkar séu fremur fljót og jafnvel örlítið á undan öðrum. En það eru vangaveltur sem ég mundi frekar taka upp í góðu rabbi í kaffistofunni.

[14:38]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft og skylt að draga tilgátu mína til baka um að þetta hafi stafað af því að Alþfl. hafi verið að hugsa þetta litla atriði í eitt og hálft ár og fagna stuðningi þingflokks Alþfl. við þetta mál eins og annarra. Hins vegar þarf það í sjálfu sér ekki að vera í neikvæðri merkingu sagt að það geti tekið nokkurn tíma fyrir menn að hugsa. Það geta legið ýmsar ástæður, þar á meðal líffræðilegar, að baki því og þá minnist ég þess og það rifjast upp fyrir mér þegar ég var að læra steingervingafræði og fornlífisfræði fyrr á þessari öld, ef svo má að orði komast, þá var stærsta risaeðlan sem fornleifafræðingar þekktu enn á þeim tíma brontosaurus heitinn og hann var allmikið stykki, 40 tonn eða svo, og það var sett fram sú tilgáta af taugalífeðlisfræðingi á þeim tíma sem hafði grúskað dálítið í gangverkinu í brontosaurusi heitnum að hann hefði verið það hæggengur í gangverkinu og hugsuninni að það mundi sennilega hafa tekið hann um klukkustund að uppgötva það ef ráneðla hefði bitið hann í halann. Skilaboðin voru um klukkstund á leiðinni upp í heila og í úrvinnslu þar. Það gefur auðvitað auga leið að svona upp á afkomumöguleika tegundarinnar þá var þetta ekki mjög heppilegt enda dó hann út eins og kunnugt er, brontosaurus, hvort sem það var bara af þessum völdum eða öðrum. Þetta hefur sjálfsagt verið óhaglegt fyrir skepnuna að átta sig stundum ekki á því fyrr en klukkutíma seinna að ráneðla, t.d. tyrannosaurus rex var farin að naga á henni halann þannig að auðvitað er það líka kostur í sjálfu sér að vera fljótur að hugsa.

En auðvitað á ekki að vera með svona strákslegan málflutning hér, ég tek það aftur fram (**Gripið fram í:** Síst af öllu í tengslum við Alþfl.) og síst af öllu í tengslum við Alþfl. er hér sagt úti í sal og skal undir það tekið. En ég fagna stuðningi Alþfl. við þetta mál.

[14:40]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það að það er alveg rétt að við eigum ekki að vera mjög stráksleg í þessum stóli. Það er hins vegar oft sagt um t.d. konurnar í ræðustól Alþingis að þær flytji frekar leiðinlegar ræður og slái sjaldan á létta strengi og það er alveg hægt að nota þetta tækifæri til að vísa slíku á bug. Ég ætla ekkert að fara inn í líffræðina, það er annar í mínum flokki sem er þar, en mig langar í tilefni af orðum fyrrv. landbrh. að geta þess að auðvitað er fólk mismunandi svifaseint eins og eðlurnar en ég fullyrði það að í þingflokki mínum eru menn snöggir að finna það ef þeir eru bitnir.

[14:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hugsa að þetta sé hárrétt hjá hv. formanni þingflokks Alþfl. enda hefur enginn haldið því fram að einhver miðlífisaldarlögmál giltu nú, allra síst í pólitíkinni upp á síðustu daga hér á Íslandi. Hitt er svo alveg laukrétt að það er náttúrlega nokkur skaði að hæstv. umhvrh., sem mun hvorki vera meira né minna en doktor á tilteknu sviði líffræðinnar, sem á nú kannski ekki að vera að hafa hátt um hér úr svona virðulegum ræðustóli úr því að verið er að biðjast undan strákslegum málflutningi, hefði náttúrlega verið nytsamur maður í þessum umræðum inn á það spor sem þær hafa þróast.

[14:41]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég þarf í rauninni engu við að bæta við það sem ég sagði áðan um þetta mál, en ég vil lýsa ánægju minni yfir yfirlýsingu hv. formanns þingflokks Alþfl. að það sé stuðningur í Alþfl. við málið og að hv. formaður þingflokksins hafi gengið í það og hæstv. landbrh. að leiða það til lykta. Það væri sennilega affarasælast þó ég sé ekki að ráðleggja hæstv. ríkisstjórn að fá hv. formann þingflokksins frekar í landbúnaðarmálin heldur en þá sem þar eru að berjast. En ég ætla ekki að gefa ráð í þeim efnum, vil bara ítreka að það er ánægjulegt að um þetta mál virðist vera samstaða.

[14:43]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst þakka þær góðu undirtektir sem þetta frv. hefur fengið. Ég heyri að þess er að vænta að það muni hljóta skjóta og góða afgreiðslu sem ég er þakklátur fyrir. Það er rétt að frv. er ekki mikið í sniðum en samt sem áður er talið nauðsynlegt að flytja það eins og hér hefur komið fram, bæði af umhverfislegum og faglegum ástæðum.

Varðandi fyrirspurn hv. 18. þm. Reykv. þá er rétt að minna á að lögin um Héraðsskóga eru sett til þess að stuðla að ræktun nytjaskóga á Fljótsdalshéraði og umhirðu þess skóglendis sem þar er fyrir og treysta með því byggð og efla atvinnulíf á Héraði. Héraðsskógar merkja í lögum þessum sjálfstætt skógræktarverkefni um ræktun nytjaskóga á jörðum á Fljótsdalshéraði samkvæmt sérstakri áætlun. Þannig að hér er ekki almennt um heimild að ræða sem tekur til bændaskóga í þeirri merkingu orðsins heldur er þetta frv. bundið við skógræktarátakið á Héraði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 1. umr.

Stjfrv., 500. mál. — Þskj. 767.

[14:45]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Núgildandi lög um lax- og silungsveiði hafa gilt óbreytt frá 1970 ef undan er talin breytingin sem fólst í lögum nr. 38/1992 þar sem ákvæðum XIV. kafla laganna um Fiskræktarsjóð, styrkveitingu til fiskræktar, var lítillega breytt.

Á undanförnum árum hefur alloft borið á góma nauðsyn þess að endurskoða gildandi lagaákvæði um lax- og silungsveiði og ekki síður að mikið skorti á að fiskeldi og hafbeit sé búinn viðhlítandi lagarammi.

Fyrir rúmum 10 árum voru lög nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, tekin til heildarendurskoðunar á vegum landbrn. og frv. til laga um ræktun, eldi og veiði vatnafiska lagt fyrir Alþingi á 101. löggjafarþingi 1983–1984 án þess að hljóta afgreiðslu. Frá þeim tíma hafa ýmis frumvörp verið samin en ekki lögð fyrir Alþingi. Haustið 1992 fékk ég þá Árna Ísaksson veiðimálastjóra og Ingimar Jóhannsson fiskifræðing til að vinna úr þeim frumvarpsdrögum sem fyrir lágu og gera tillögu að breytingum á gildandi lögum um lax- og silungsveiði. Að því verki kom einnig Einar Hannesson, fyrrv. starfsmaður Veiðimálastofnunar. Skiluðu þeir tillögum sínum í byrjun ársins 1993 og var frv. til laga um breytingu á lögum um lax- og silungsveiði lagt fyrir Alþingi vorið 1993 en hlaut ekki afgreiðslu. Frv. er nú endurflutt með nokkrum breytingum og nýmælum frá fyrra frv.

Með frv. því sem hér liggur fyrir eru lagðar til breytingar á sex köflum gildandi laga og er lögð áhersla á að hér er ekki um að ræða heildarendurskoðun laganna. Þessi leið er valin til einföldunar enda er ljóst að heildarendurskoðun lax- og silungsveiðilaga er tímafrek eins og dæmin sanna og ekki óeðlilegt að slíkt gerist í áföngum. Leggja verður áherslu á að breytingar þær sem hér eru lagðar til eru afar brýnar og má í því sambandi nefna ákvæði í IX. kafla laganna um fiskeldi og hafbeit og í XIII. kafla um stjórn veiðimála, Veiðimálastofnun og eftirlit.

Fiskeldi og hafbeit hafa vaxið mjög ört síðustu ár án þess það fullnægjandi lagaákvæði væru fyrir hendi varðandi þessa starfsemi. Frv. þessu er ætlað að bæta þar úr brýnni þörf. Helstu breytingar og nýmæli sem frv. þetta felur í sér eru eftirfarandi:

Í 1. gr. frv. er aukið nokkuð við orðaskýringar í 1. gr. gildandi laga. Bætt er við skýringum á orðunum „eldisstofn, fiskeldisstöð, fiskræktarslepping, geldstofn, hafbeit, hafbeit til stangaveiði, hafbeitarstofn, hafbeitarstöð, kvíaeldi, laxastofn, netlög, strandeldi og villtur laxastofn". Þá er skýring á orðinu fiskeldi mun ítarlegri en í gildandi lögum.

Í 2. gr. frv. eru gerðar breytingar á IV. kafla laganna. Í stað orðsins friðun í núverandi kaflaheiti IV. kafla er notað orðið veiðistjórnun sem er heppilegra orðalag og nær auk þess betur yfir efnisákvæði kaflans.

Í 2. gr. a, eða 5. mgr. 14. gr., er að finna heimild til handa hafbeitarstöð að leysa til sín sjávarveiði sem liggur nærri, hliðstætt og segir um veiðivatn. Telja verður eðlilegt að hafbeitarstöð sem sleppir miklum fjölda gönguseiða í sjó eigi þess kost með sama hætti og eigendur veiðiáa að leysa til sín veiðilagnir sem gætu tekið hluta af afurðum stöðvarinnar.

Í 6. mgr. 14. gr. er lögð til lögfesting á hámarksfjölda silungsneta í sjó frá hverju lögbýli mest tvö net. Í lögum um lax- og silungsveiði frá 1957 var kveðið á um að ekki mætti fjölga lögnum frá því sem verið hafði frá árunum 1952–1957. Í gildandi lögum frá 1970 er ákvæðið áréttað í 27. gr. Gengið er út frá því að á árinu 1957 hafi viðkomandi lögbýli ekki haft fleiri en tvö lagnet í sjó.

Í 2. gr. b, eða 3. mgr. 15. gr., er það nýmæli að unnt sé að friða tiltekin svæði í sjó í nágrenni mikilvægra veiðivatna fyrir starfsemi á sviði fiskeldis og hafbeitar með laxfiski með það að markmiði að vernda villta laxastofna. Reynslan sýnir að æskilegt er að lög geymi heimild til að takmarka fiskeldisstarfsemi á afmörkuðum svæðum í sjó í námunda við laxveiðiár þar

sem miklar laxagöngur fara um á leið sinni í árnar. Ákvæði af þessu tagi veitir heimild til eða er til þess fallið að hinir villtu laxastofnar njóti viss forgangs og verndar. Dæmi um slíkt er að finna í nágrannalöndum okkar, t.d. Noregi.

Í 2. gr. e og f, eða 18. og 19. gr., er lagður til rýmri árlegur veiðitími á lax og göngusilungi, rýmri sólarhringsveiði þessara fiska og veiðiaðferðir. Meiri sveigjanleiki í veiðitíma er árangur af áratuga reynslu af vel þróuðu starfi veiðifélaga víðs vegar um landið. Gert er ráð fyrir að heimilt sé að veiða í ám að næturlagi á þeim tíma sem bjart er þó daglegur veiðitími sé áfram takmarkaður við 12 klukkustundir. Einnig má benda á þá rýmkun frá gildandi lögum að frjáls veiðitími göngusilungs er lengdur um 20 daga eða til 10. okt.

Í 2. gr. j, eða 23. gr., er merkilegt nýmæli um skyldur ræktenda til að gera fiskræktaráætlun í hverju veiðivatni þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt eða sleppingu seiða eða hafbeit til stangveiði. Telja verður að sérstök fiskræktaráætlun sé til þess fallin að gera fiskræktarátak markvissra og tryggja að hagsmunir viðkomandi fiskstofns séu sem best tryggðir þegar til lengri tíma er litið.

Í 3. gr. frv. eru lagðar til breytingar á V. kafla gildandi laga og heiti kaflans breytt þannig að orðið „veiðistjórnun" er notað í stað friðunar og þannig ber kaflinn heitið „Um veiðistjórnun vatnasilungs". Ákvæði frv. fela í sér verulega rýmkun á gildandi ákvæðum um friðun vatnasilungs.

Í 4. gr. frv. eru lagðar til breytingar á VII. kafla laganna og gildissvið kaflans víkkað þannig að gert er ráð fyrir að ákvæði hans nái til fiskvega og annarrar mannvirkjagerðar í og við veiðivötn. Í 4. gr. eða 43. gr. er nýmæli þar sem gert er ráð fyrir að veiðimálastjóri láti fara fram líffræðilega úttekt áður en ráðist er í efnistöku eða mannvirkjagerð í eða við veiðivatn sem kynnu að fela í sér hættu fyrir lífríki þess þar með talin fiskstofnun þess.

Í 5. gr. frv. eru lagðar til allnokkrar breytingar á IX. kafla gildandi laga, þ.e. kaflanum um fiskeldi, klak- og eldisstöðvar ríkisins. Gert er ráð fyrir því að fiskeldi og hafbeit séu háð rekstrarleyfi landbrh. að fengin umsögn veiðimálastjóra.

Í 5. gr. frv., eða 67. gr. núgildandi laga, er gert ráð fyrir að setja heimild um töku á laxi í hafbeitarstöðvum og merkingar og sýnatöku úr fiskinum. Nauðsynlegt er að slíkar reglur tryggi sem best að framkvæmdin sé í takt við önnur ákvæði laganna um veiðar á laxi eftir því sem unnt er. 5. gr. g er nýmæli en þar er gert ráð fyrir að unnt sé að ákveða hámarkssleppingu í hafbeit enda sé talin hætta á að áform um sleppingu raski jafnvægi laxastofna eða annarra nytjafiska í hafinu.

Í 5. gr. l, sem er við 73. gr., er kveldisstöð sem missir út fisk veitt heimild til að veiða fiskinn innan 200 mílna frá stöðinni í takmarkaðan tíma þrátt fyrir friðun á villtum fiski á svæðinu. Ákvæði þetta gildir þó ekki innan netlaga og er heimildin háð því að veiðimálastjóra hafi verið tilkynnt um tjónið og að veiðarnar fari fram undir eftirliti fulltrúa hans.

Helstu breytingarnar og nýmæli 6. gr. frv. eru ákvæðin um Veiðimálastofnun og er hlutverk hennar skilgreint sem þróunar- og rannsóknastofnun. Gert er ráð fyrir að skipuð verði fimm manna stjórn fyrir stofnunina til fjögurra ára í senn með fulltrúum frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Landssambandi stangveiðifélaga, Landssambandi veiðifélaga og Búnaðarfélagi Íslands auk fulltrúa ráðherra. Stjórn Veiðimálastofnunar er ætlað að hafa yfirstjórn stofnunarinnar á hendi og deilda hennar á landsbyggðinni en samkvæmt frv. er gert ráð fyrir að Veiðimálastofnun reki deildir út um landið eins og verið hefur.

Þá er lagt til að fækka verði fulltrúum í veiðimálanefnd úr fimm í þrjá enda er eðlilegast að nefndin sé eingöngu skipuð fulltrúum hagsmunaaðila í veiðimálum þar sem nefndin fer einnig með yfirstjórn fiskræktarsjóðs. Að síðustu skal þess getið að með frv. þessu eru lagðar til breytingar á tilhögun veiðieftirlits, sbr. núgildandi ákvæði 89. gr. laganna.

6. gr. g-liður gerir ráð fyrir að veiðieftirlit með ám sé alfarið kostað af viðkomandi veiðifélögum, en jafnframt gert ráð fyrir því að ríkissjóður kosti eftirlit með veiðum laxfiska í sjó.

Ég legg til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til 2. umr. og landbn.

[14:54]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því nú að sjá þetta frv. lagt fram. Ég hef vitað af því að um langa hríð hefur farið fram vinna í þessu máli og tímarnir hafa mikið breyst frá því um 1970 þannig að ég held að það sé mikilvægt þó að hér komi fram í skýringum að þetta mál hafi ekki komið inn á Alþingi síðan 1983, þá minnir mig að einhvern tíma á tímabilinu fyrir 1990 hafi frv. í þessum dúr verið á borðum þingmanna og ekki náð fram að ganga.

Það sem kannski ber að sakna er hvað málið kemur seint á þessu þingi. Við því er ekkert að gera. Landbn. hlýtur að gefa sér ærlegan tíma eftir páska til að vinna í þessu máli. Það eru að vísu fáir dagar sem menn hafa þá til stefnu. en mér sýnist svona fljótt á litið að málið sé nokkuð vel unnið þó að hér séu kannski ýmis atriði sem ég mundi hafa fyrirvara um en geri það þá í nefndinni. Ég sé það hér að ríkissjóður er að draga sig út úr öllu veiðieftirlilti við ár og þar hefur það verið svo að ríkissjóður hefur greitt helming. Nú kemur það hér fram að þetta eigi að spara ríkissjóði 1–2 milljónir. Ég velti því auðvitað fyrir mér hvort þetta gæti verið rétt tala, hæstv. landbrh., ég hefði haldið að þetta eftirlit hafi kostað meira. Ég er efins um að þeir sem veiðiréttinn eiga og fara með verndun svæðanna og eftirlitið við árnar hafi burði til þess að stunda þetta eftirlit eins og þörf er á þannig að ég er efins um þetta atriði.

Ég á nú sæti í landbn. og við munum sjálfsagt kalla menn fyrir nefndina og fara yfir ýmis þau nýmæli sem hér koma fram og breytingar sem hér eru lagðar til þannig að ég ætla ekki að tefja tímann. En ég tek undir það að ég held að það sé mikilvægt að þetta frv. fái framgang á þessu þingi og verði að lögum í vor.

[14:58]

Guðjón A. Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Ég get ekki sagt að ég sé búinn að kynna mér þetta mál mikið en er þó aðeins búinn að líta yfir það eftir að ég kom hér í hús. Ég sé í 2. gr. 2. lið, þar er sagt:

„Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiða annarra fiska, og skal þá þeim er veiðir skylt að sleppa honum lifandi eða dauðum í sjó aftur og þannig skal óheimilt að koma með slíkan fisk í land."

Ég vil nú mælast til þess að svona texti sé ekki í þessu frv. Það er einfaldlega þannig að það kemur fyrir að menn fá lax í venjuleg veiðarfæri. Ég hef nokkrum sinnum fengið lax í troll, venjulegt fiskitroll, og fari alveg norður og niður að ég muni ekki éta þann lax ef ég fæ hann hvað sem svo kemur til með að standa í þessum lögum. Mér finnst þetta dálítið einkennilegt ef fiskur álpast í veiðarfæri þá skuli mönnum gert það skylt að henda honum lifandi eða dauðum. En þetta er kannski undanfari þess sem á eftir að koma inn í okkar fiskveiðistjórnunarlöggjöf að þar verði líka sagt innan skamms tíma að menn skuli nú henda fiskinum lifandi eða dauðum þegar eitthvað skeður og það mundi kannski leysa talsverðan vanda.

Ég vil bara ítreka það að ég tel að svona ákvæði í lagatexta eigi engan rétt á sér. Ég skil hvað menn eru að hugsa. Menn eru að hugsa það að koma í veg fyrir að menn stundi laxveiðar með veiðarfæri sem þeir þykjast vera að nota til annarra veiða en það hlýtur að mega koma því fyrir með öðrum hætti.

Ég vil líka taka undir það að ríkissjóður dragi sig út úr kostnaði við eftirlit á veiðistöðum og ám því að þeir sem vilja viðhalda sínum veiðirétti í sínum ám og stunda þá sportveiði sér til ánægju eru ekkert of góðir til að vernda sín réttindi sem þeir eru sjálfir að óska eftir að fá að hafa.

[15:00]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki gefið mér tíma til þess að fara nægilega vel í gegnum þetta frv. Þetta er stórt og mikið mál og ég vil taka undir það sem fram kom í máli hv. 5. þm. Suðurl. að þetta mál er alveg ótrúlega seint fram komið. Það var lagt fram frv. sama efnis á síðasta þingi sem fór til landbn. og þar var hafin nokkur vinna í því og ef ég man rétt, eru komnar allnokkrar umsagnir um málið. Síðan gerist það aftur að frv. er lagt fram rétt undir þinglok og ég þykist vita það að það séu ýmis mál í þessu frv. sem eiga eftir að valda deilum. Ég hef orðið fyrir því að ýmsir hafa hringt í mig og spurt um þetta mál, hvar það væri statt og hvort það væri komið fram í þinginu og eflaust er hér ýmislegt sem veiðimenn eru ekki sáttir við án þess að ég ætli nú að fullyrða það.

En mig langaði til þess að spyrja um eitt í þessu samhengi. Það kom fram í máli hæstv. landbrh. að hér er ekki um heildarendurskoðun á lögunum að ræða heldur brýnustu lagfæringar, en það vakna spurningar um þá stofnun sem á að annast þessi mál, þ.e. Veiðimálastofnun. Ég átti sæti í nefnd sem einkum vann sl. sumar og átti að leggja til flutning ríkisstofnana út á land. Ein af þeim tillögum sem nefndin kom með var þess efnis að Veiðimálastofnun yrði flutt til Akureyrar. Hér er um stofnun að ræða sem ekki þarf endilega að binda við Reykjavík og er kannski ein af þeim sem helst er hægt að flytja. Það má deila um ýmsar aðrar og ýmislegt af því sem nefndin lagði til en mig langar í því sambandi að spyrja hæstv. landbrh. hvort uppi séu áform í lanbrn. um að flytja þessa stofnun út á land og ef svo er þá ætla ég svo sannarlega að vona að þar verði betur staðið að verki en hjá hæstv. umhvrh. sem upp á sitt eindæmi hefur ákveðið að leggja niður embætti veiðistjóra og flytja til Akureyrar án þess að ...(Gripið fram í.) Ja, það er nú það, samkvæmt þeim skjölum sem fram hafa komið þá er ekki hægt að skilja það öðruvísi en að embættið sem slíkt verði lagt niður og að stöðurnar verði með öðrum hætti norður á Akureyri. En ég vona svo sannarlega að landbrh. muni standa þar betur að verki ef meiningin er að flytja stofnunina og mig langar til að spyrja um áform hans í því efni.

[15:04]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það eru örfáar athugasemdir vegna þessa frv. á þessu stigi máls. Ég tek undir það sem hér hefur verið sagt að það er mjög sérkennilegt að stjfrv. sem flutt er vorið 1993 hér á Alþingi eftir að hafa verið í deiglu mjög lengi skuli nú koma fram þegar er að nálgast vorið 1994 og endurflutt eftir að gerðar hafa verið á því nokkrar breytingar og nokkur nýmæli sett inn eins og segir í upphafi greinargerðar með frv.

Nú kann svo að vera að það sé afskaplega lítill hugur í sambandi við þennan flutning af stjórnvalda hálfu að fá fram endurskoðun á þessum lögum. Ég vil ekki leggja mat á hve þörfin er brýn að ná fram þessum breytinum. En ég vil taka undir að það er mjög óheppilegt fyrir vinnu hér á Alþingi að stjórnvöld, ríkisstjórn á hverjum tíma, séu að setja málin með þessum hætti. Það er ekkert við það að athuga að mál séu flutt til kynningar og getur verið ágætt og jafnvel send til umsagnar, enda sé þá stefnt að því að þau fái efnislega alvörumeðferð á næsta þingi. Það getur greitt fyrir málafylgjunni og verið ósköp eðlilegur gangur mála. En að koma með frumvörp trekk í trekk undir þinglok og ætla þingnefndum að fara að leggja í þau vinnu, það er heldur illa farið með starfstíma þingsins þegar dregur nálægt þinglokum.

Þetta er varðandi það efni og síðan má benda á ónákvæmni í orðalagi greinargerðar í upphafi þar sem segir að málið hafi ekki verið lagt fram frá því 1983. Síðan er sagt að það hafi verið lagt fram vorið 1993 og síðan er það nú endurflutt. Þetta er ónákvæmni í framsetningu auk þess sem bent hefur verið á og í mínu minni er það nú svo, ég held að ég mundi ekki muna eftir þessu frá 1983 og vil ekki fullyrða það samt, en mig minnir að það hafi sést hér frv. um þetta efni í landbúnaðarráðherratíð Jóns Helgasonar á sínum tíma, það er eins og mig minni það. Um þetta vil ég ekki fullyrða en ætti að vera auðvelt að skera úr um það eins og hér hefur komið fram ábending um frá hv. 5.

þm. Suðurl. Þetta er meira sagnfræðilegt efni en efnislegt.

Síðan er það þetta form sem hér er viðhaft í sambandi við endurskoðun laganna, þ.e. að flytja þetta sem breytingu á lögunum um lax- og silungsveiði, svona viðamikið mál, svona viðamiklar breytingar á þeim lagabálki. Að setja það þannig fram auðveldar ekki þinginu málsmeðferðina og að átta sig á því í rauninni hvaða heildarrammi þetta er sem hér er verið að fjalla um. Ég hefði í sporum hæstv. ráðherra valið þann kost að flytja frv. til nýrra laga um þetta fyrst ráðist er í svona viðamiklar breytingar og þær taldar nauðsynlegar því þetta eru ekki fáar blaðsíður hér í væntanlegum nýjum lagatexta og kallar á samlestur og að rýna í þau lög og þau ákvæði sem ætlað er að haldi gildi sínu. Þetta finnst mér hafa tekist óhönduglega og hefði verið æskilegt að standa að því með öðrum hætti.

Ég ætla ekki að fjalla efnislega um frv. Ég hef ekki forsendur til þess. Ég hef ekki lagt í það vinnu að fara yfir frv. og bera það saman við gildandi lög í einstökum atviðum en vildi koma með þessar ábendingar á þessu stigi máls.

[15:08]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég mun ekki fara hér efnislega niður í þann — ég veit ekki hvað ég á að segja, þann mikla lagabálk sem hér er verið að leggja fram, en ég vil ítreka þær spurningar sem hér hafa komið fram um ástæður þess að þetta mál kemur svona seint fram og hvort það sé virkilega ætlan ráðherra að Alþingi afgreiði þetta mál í vor. Þetta mál er að mínu mati þess efnis að það þarf nokkuð langan tíma í nefndarvinnu. Það eru afar margir einstaklingar og aðilar í þessu þjóðfélagi sem telja að þeir hafi hagsmuna að gæta þegar kemur að lögum um lax- og silungsveiði. Þar ber fyrst að telja landeigendur, bæði við ár og vötn, reyndar einnig landeigendur að sjó. Það ber að nefna þá sem stunda hafbeit og fiskeldi svo ég tali nú ekki um allan þann fjölda veiðifélaga sem í eru mjög margir einstaklingar sem stunda stangveiði. Það er að mínu mati nauðsynlegt fyrir nefndina sem um þetta fjallar, sem er væntanlega hv. landbn., að hún hafi tíma til að ræða við fulltrúa allra þessara hópa.

Nú man ég ekki gjörla eftir því hvað eru margir fundir eftir í landbn. til vors samkvæmt starfsáætlun Alþingis í vetur. En ég hygg að þeir séu ekki fleiri en fjórir og eitthvað þarf nefndin að vinna að fleiru en þessu máli. Ég hlýt að ítreka að það eru náttúrlega engin vinnubrögð að koma með stjórnarfrv. sem við vitum að var í höfuðdráttum tilbúið á síðasta vori. (**Gripið fram í:** Eru ekki deilur í stjórnarflokkunum um þetta?) Við höfum ekkert heyrt um það að þetta mál sérstaklega hafi valdið hatrömmum deilum innan stjórnarflokkanna. En e.t.v. hafa menn verið svo uppteknir vegna einmitt deilna innan stjórnarflokkanna á öðrum sviðum að það hefur ekki tekist að koma máli sem þessu fram. Nema, sem ég veit ekki, innan annars hvors stjórnarflokksins hafi verið mikil andstaða við þetta mál. Ég sé að hér er kominn 2. þm. Norðurl. v. og ég veit reyndar að í því kjördæmi eru mjög deildar meiningar um ýmis atriði í þessu máli og þar hafa menn verið að bíða eftir því og spyrja eftir því hvort þetta mál sé ekki að koma fram.

Ég dreg ekki úr því að það er mikilvægt að um þetta svið séu góð og skýr lög. Ein og ég sagði áðan þá er hér um að ræða málaflokk þar sem saman koma atvinnuhagsmunir og hagsmunir fjölmargra einstaklinga sem stunda stangveiði og ýmis álitamál. Það er með lax- og silungsveiði nánast eins og með hestamennskuna að það er erfitt að koma þar að nokkrum mælikvörðum á svið sem styðjast við raunvísindi. Menn líta meira á þetta sem heimspeki og list heldur en raunvísindi. Þar af leiðandi eru álitamálin mörg og nauðsynlegt að ganga þannig frá hlutunum að ekki þurfi að koma upp deilur að óþörfu.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að flytja lengri ræðu. Við fáum væntanlega skýringar á því frá hæstv. ráðherra hvernig í ósköpunum standi á því að málið komi svona seint fram og hvar sú fyrirstaða hafi verið sem gerði það að verkum að málið kom svo seint fram að það hlýtur að teljast afar ólíklegt að það takist að afgreiða það á þessu þingi.

[15:14]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er þakklátur hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni, fyrir að gefa hér stuttan útdrátt úr því sem aðrir hv. þm. höfðu sagt við þessa umræðu. Ég held að það eina nýja sem kom fram hafi verið skírskotunin til hestamennskunnar. Það er að vísu rétt t.d. um á eins og Kjarrá að ef menn vilja fara upp á Tvídægru þá þykir þeim betra að fara það á hestum. Þannig að það er vissulega viss skyldleiki með lax- og silungsveiði og hestamennsku ef svo ber undir.

Nú vil ég segja almennt um þá gagnrýni á það hversu seint þetta frv. er fram lagt að auðvitað má færa rök fyrir því og ég er sammála því að það hefði verið betra að frv. hefði komið fyrr fyrir hið háa Alþingi. Á hinn bóginn er á það að líta að í frv. er komið inn á nýja þætti og aðra þætti en gert var á sl. vori, m.a. með hliðsjón af athugasemdum sem ráðuneytinu bárust. Það var reynt að vinna úr þeim og taka tillit til þeirra. Ef það er svo að það sé ofviða hv. þm. í landbn. að gera sér grein fyrir þeim kafla sem inn hefur verið bætt frá því á sl. vori og þeir hafa ekki tíma til þess nú í aprílmánuði þá er hægt að hugsa sér að fella þann kafla frv. niður við afgreiðslu þingsins. Á hinn bóginn eru heilir kaflar í frv. sem voru lagðir fram á sl. vori og sem hv. þm. er engin ofætlan að athuga og gera sér grein fyrir.

Ég er sammála því sjónarmiði hv. 4. þm. Austurl., Hjörleifs Guttormssonar, að það var auðvitað álitamál hvort rétt gæti verið að efna til heildarendurskoðunar laganna og leggja hér fram frv. sem í fólst heildarendurskoðun á lögunum um lax- og silungsveiði. Það var hins vegar niðurstaða mín og annarra þeirra sem að þessu máli hafa komið að það væri líklegra að unnt yrði að ná fram breytingum á ákveðnum köflum laganna fremur en á heildarendurskoðuninni vegna þess hversu viðkvæmt þetta mál er og hversu misjafnir

hagsmunir eru og vegna þess hve misjafnar skoðanir menn hafa á þessu máli. Af þeim sökum er það mjög viðkvæmt að efna til heildarendurskoðunar eins og ég veit að hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni á að vera sérstaklega kunnugt eins og hann talaði hér áðan. Það er einmitt af þeim sökum sem sú leið var farin að taka sérstaka þætti úr lax- og silungsveiðilögunum út úr til að gera þeim skil og reyna að bæta þar úr.

Ef það er svo í einhverjum kafla þessara laga að hv. þm. telja sig ekki umkomna að fjalla efnislega um það, ef þeir telja að þeir séu of flóknir eða of seint fram komnir vegna þess að þeir hafa ekki séð þá áður, að þeir geti ekki áttað sig á þeim á þeim tíma sem er til þinglausna, þá er auðvitað ekkert við því að gera. En það má þó ekki verða til að tefja allt málið, því þetta frv. er flutt fram í sérstökum köflum og það er nauðsynlegt að koma við lagfæringu á sumum greinum lax- og silungsveiðilaganna. Þessi mál voru lögð fram til kynningar á sl. vori og hv. þm. sem áhuga hafa á málinu hafa áreiðanlega sett sig rækilega inn í þá þætti málsins. Hins vegar hafa þeir sérfræðingar sem að málinu hafa komið síðan bætt inn nýmælum og nýjum kafla. En eins og ég segi má það ekki verða til þess að tefja fyrir öðrum þáttum málsins.

Ég álít að þegar þessar lagfæringar hafa síðan verið gerðar á lax- og silungsveiðilögunum þá sé rétt að fella þau saman í eina heild og jafnframt að hefja heildarendurskoðun á lagabálkinum en ég óttast að ef menn ætla sér að taka það allt fyrir í einu lagi þá muni það dragast eins og hefur sýnt sig um þetta mál.

Hæstv. forseti. Þó ræðutími sé takmarkaður þá er ugglaust hægt að hafa um það einhver fleiri orð hvernig á því hafi staðið að það dróst fram til þessa tíma að leggja frv. fram. Það er stundum svo þegar menn eru að fjalla um flókin mál og önnur aðkallandi verkefni eru til staðar þá vill það dragast að komast að niðurstöðu. En efnið er hv. þm. kunnugt í öllum aðalatriðum. Það er ekkert annað en undansláttur ef menn vilja halda því fram að þeir hafi ekki tóm eða næði til að setja sig inn í málið.

Um það atriði að ríkið hætti að leggja fram fjármagn til þess að hafa eftirlit með veiðum er það eitt að segja að það hefur verið mjög mismunandi og á mjög fáum stöðum, mjög fáum ám, sem ríkið hefur komið inn í kostnað við veiðieftirlit. Það hefur heyrt til hreinna undantekninga og er auðvitað eðlilegra að veiðiréttarhafar sjálfir hafi þessa gæslu á hendi. Þeir geta gert það fyrir minni fjármuni. Oft taka þeir eftir því tilsýndar ef einhver óeðlilegur umgangur er um árnar þar sem svo háttar til og á öðrum stöðum getur það farið saman að vera veiðiverðir og leiðsögumenn og hver gætir annars. Ég tel því rétt að mismuna ekki í þessu efni.

Á hinn bóginn er óhjákvæmilegt að reyna að auka eftirlit með veiði í sjó. Orri Vigfússon hefur unnið þrekvirki í þeim málum eins og hv. þm. er kunnugt. Það voru að koma gleðifregnir nú, t.d. frá Skotlandi, um að þar væri miklu meiri veiði en áður sem auðvitað er bein afleiðing af friðun laxastofnsins í hafinu sem við verðum að halda og standa vel vörð um.

Hv. 3. þm. Vestf., Guðjón Kristjánsson, lýsti yfir andstöðu sinni við það ákvæði að ef menn fái lax í sjó í veiðitæki þá skuli þeir sleppa honum aftur lifandi eða dauðum. Það er auðvitað eðlilegt sjónarmið fiskveiðimannsins að hann geti nýtt þann fisk sem inn kemur en eins og hann sagði er þessu ákvæði ætlað að reyna að stemma stigu við því að óheimilli laxveiði sé haldið áfram í sjó. Það hefur verið töluvert mikið um hana á sumum stöðum og hægt að sýna fram á það annars staðar að veiðiháttum sé beinlínis breytt eftir að laxinn fer að ganga þar sem mikið er um hann. Það er því augljóslega rétt að ýmsir hafa af því drjúgar tekjur að veiða lax í sjó með ólögmætum hætti og þessu ákvæði er ætlað að sporna við því.

Hv. 18. þm. Reykv. spurði um hvort til stæði að flytja Veiðimálastofnun út á land, nánar tiltekið til Akureyrar. Það er í athugun nú hvort hægt sé að koma við samvinnu við sjávarútvegsdeildina við háskólann þar. Við höfum athugað að ráða sérfræðing frá Veiðimálastofnun til Akureyrar af þeim sökum en á hinn bóginn er ekki í athugun að flytja Veiðimálastofnun norður.

Ég álít að það sé orðið mjög aðkallandi og raunar brýnt að endurskoða bæði landbúnaðarnámið í heild sinni, verkaskiptingu, hvernig staðið er að rannsóknastarfsemi og þar fram eftir götunum. Slík starfsemi þarf stöðugt að vera í endurskoðun, hvernig að henni er staðið til að hún dragist ekki aftur úr og þetta sérstaka atriði kemur þá til athugunar í því sambandi.

Ég hygg, hæstv. forseti, að það sé ekki meira um þetta að segja. Ég mælist vinsamlega til þess við landbn. að hún afgreiði þetta frv. a.m.k. þá kafla þess sem (**JGS:** Komist yfir að lesa það.) þingmönnum eru kunnir af því að þeir kaflar voru lagðir fram í frv. á sl. ári og er ekki ofverk manna að rifja upp.

Á hinn bóginn má vera, eins og ég sagði áðan, að viðbótarkaflinn, sem fjallar m.a. um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn sé það flókinn að hv. þm. geti ekki sett sig inn í hann á þessum skamma tíma, hv. þm. Eyfirðinga Jóhannes Geir. Það getur vel verið að formaður landbn. reyni með einhverjum hætti þá að aðstoða hann og leiðbeina honum. (**Gripið fram í:** Minnsta kosti við nefndarálitið.) En aðalatriðið er auðvitað að þessi vinna sé málefnaleg og rétt því það eru mikil verðmæti í húfi.

[15:25]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var vægast sagt undrandi á því að hæstv. ráðherra skyldi ekki frekar þakka mér fyrir að hafa dregið saman það sem fram hafði komið í ræðum manna áður og auðvelda honum þannig að svara. Það kom mér satt að segja á óvart að hann skyldi vera með drýldni yfir því.

Hæstv. ráðherra kom einmitt að kjarna málsins í sínum lokaorðum. Hér er um að ræða málaflokk sem tengist miklum hagsmunum fjölda aðila og þess vegna hlýtur Alþingi að verða að taka sér tíma í þetta mál. Það er einhver misskilningur hjá hæstv. ráðherra að ég telji það ofverk þingmanna að setja sig niður í þann texta sem hér hefur verið lagður fram. Það er ekki mál-

ið. Málið er að það hlýtur að vera skylda Alþingis í svona viðamiklu máli að leiða fyrir þingnefndina til viðtals þá fjölmörgu hagsmunaaðila sem hér um ræðir og ganga þannig frá hnútum að þegar upp verði staðið geti allir aðilar sætt sig við málið. Um það snýst málið, en ekki það að þingmenn í hv. nefnd telji það ofverkið sitt að setja sig inn í efnisþætti málsins. Það er ekki það sem skiptir máli. Það sem skiptir máli er að okkur takist að leiða hér fram sjónarmið allra hagsmunaaðila og ganga þannig frá hnútum að ekki hljótist óþarfa deilur og tjón af. Það er ekkert mikið þó Alþingi ætli sér í það nokkrar vikur þegar það tók framkvæmdarvaldið, hæstv. ráðherra, allan veturinn að bæta inn þeim köflum sem eru komnir til viðbótar frá því sem var í fyrravor.

[15:27]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef út af fyrir sig ekki miklu við að bæta það sem ég sagði áður út af athugasemdum hv. þm. Þær eru í svona ákveðnum nöldurtóni. Aðalatriðið er það að þetta frv. er alþingismönnum kunnugt nema einn kafli þess. Mér er kunnugt um það ef hv. þm. hefur löngun til þess í landbn. að óska eftir því að kalla til alla dorruna sem honum dettur í hug þá er auðvitað hægt að tefja fyrir málinu — en þá það.

[15:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra má kalla það nöldur ef hann vill að þingmenn hvetji til þess að viðhöfð séu vönduð vinnubrögð í nefndum Alþingis. Hæstv. ráðherra getur kallað það að tefja fyrir framgangi mála. Hann talaði hér með mikilli óvirðingu um þá hagsmunaaðila sem málið varðar, hvort það ætti virkilega að fara að kalla alla þá dorru, svo ég hafi orðrétt eftir hæstv. ráðherra, fyrir nefndina. Ég er ekki viss um að samtökum veiðifélaga, hagsmunasamtökum veiðibænda og fleirum finnist sér sýnd mikil virðing með því að kalla þá einhverja dorru sem alls ekki sé ástæða til að kalla til viðtals við þá nefnd sem kemur til með að fjalla um þetta mál.

[15:29]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mun hafa verið haft samráð við hagsmunasamtök veiðibænda, það er nú þannig. Ég er síður en svo á móti því að þeir séu kallaðir til. Það hefur einmitt verið lögð sérstök áhersla á þann þáttinn. Það sem ég er að segja er að segja, hv. þm., er að það er hér sérstakur kafli um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn sem var talið rétt að taka hér inn. Það er auðvitað alveg sjónarmið að fresta því. Annað á hv. þm. að vera kunnugt.

[15:30]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mér finnst ástæðulaust hjá ráðherranum að fara hér í hávaða um störf landbn. Það hefur komið fram í ræðum manna að menn vilja vinna í þessu og vinna vel. En það sem menn hafa vakið athygli á er þetta brenglaða tímaskyn sem ráðherrarnir virðast búa við. Það henti hæstv. landbrh. að koma fram með þetta þingmál undir lok síðasta þings. Það hendir hann aftur. Ef ég á að hressa upp á staðreyndir framtíðarinnar fyrir þennan ráðherra, þá eru 15 dagar eftir páska sem eru starfsdagar þessa þings. Það er stuttur tími. Þess vegna finnst mér kannski ekki að það þurfi að tala til okkar í köldum tón, tala um hvort við teljum okkur umkomna til að vinna í málinu o.s.frv. Við erum tilbúnir til þess. En við gerum okkur kannski fremur grein fyrir því en ráðherrann að þetta er mjög flókið mál og það eru miklir hagsmunir í húfi. Það eru margir sem vilja gera sínar athugasemdir og koma fyrir nefndina.

Það sem ég sakna í frv. ráðherrans, sem þrátt fyrir allan þann tíma sem hann hefur tekið sér frá því í fyrravor, er að þess er ekkert getið hverjir hafa komið að málinu. Hverjir hafa komið að þessu máli í millitíðinni? Hefur það verið einn kontóristi hjá ráðherranum uppi í ráðuneyti eða hafa hagsmunaaðilar og ýmsir aðilar úr þjóðfélaginu, sem ekki voru nefndir í frv., komið að málinu? Ég spyr eftir því. Það er oft svo í þingmálum að þess er getið hverjir vinna að frv.

Það er brenglað tímaskyn sem ríkisstjórnin býr við. Ég hef lengi gert mér grein fyrir því með suma þessa ráðherra að í huga þeirra er einn dagur sem þúsund ár og þúsund ár dagur ei meir. En ég held og tek undir það að það er mikilvægt að landbn. fái tíma. Ég efast ekkert um vilja formannsins til að vinna í þessu máli en við þurfum auðvitað okkar tíma í málinu.

[15:32]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kvað nokkuð við annan tón hjá hv. þm. Guðna Ágústssyni. Eins og fram kom og raunar líka í fyrri ræðu hans, þá var hann kunnugur meginefni frv. frá því á sl. vori og þótti ekki ofverkið að setja sig inn í efni þess.

Á hinn bóginn vil ég taka fram að að frv. hafa unnið hinir sömu og áður og verið til leiðbeiningar um það til hvers skuli tekið tillit og það liggur fyrir.

Hitt er alveg ljóst og ekki ætla ég að fara í einhvern langhund um það að ef þingið telur að málið sé þannig vaxið í heild sinni að það telji það ekki nógu þroskað til þess að samþykkja það nú á þessu vori, sem ég raunar skil ekki vegna þess að málið hefur í öllum höfuðdráttum verið til meðhöndlunar í heilt ár, þá verður við svo búið að sitja. Málið er ekki flóknara en það.

[15:33]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er talað þvílíkum orðum til þingmanna að það er ekki hægt að láta því ómótmælt. Hæstv. landbrh. hefur rætt þannig um fulltrúa landbn. eins og hann orðaði það, ef þeir eru þess ekki umkomnir að setja sig inn í málið, þá verði að fara einhverja styttri leið í gegnum þetta frv. og hann talar eins og lagasetning á hinu háa Alþingi felist í því að rifja upp einhverja kafla í frv. frá því í fyrra. Þetta eru makalaus ummæli ráðherrans og í ljósi þeirrar miklu

vinnu sem átt hefur sér stað í landbn. og þess hvernig nefndin hefur lagt sig fram um að greiða úr flækjumálinu, búvörulögunum, þá er ekki hægt annað en mótmæla þessum sjónarmiðum ráðherrans. Hann ætti að minnast þess þegar hann var sjálfur að keyra kafla búvörulaganna í gegnum þingið fyrir jól þar sem ekki mátti orði breyta, þá gerðist það að þar urðu mistök. Við hljótum að krefjast þess að þegar stórir og miklir lagabálkar eru lagðir hér fyrir, þá hafi nefndir þingsins tíma til að fara almennilega í gegnum þá. Ég minnist þess ekki að nefndin hafi verið byrjuð að fara yfir þetta frv. í fyrra. Það var sent til umsagnar og það voru komnar umsagnir, en ef ég man rétt þá vorum við ekkert farin að fara efnislega í málið og auðvitað þurfum við að gera það frá grunni, hæstv. landbrh.

[15:35]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er greinilegt að hv. þm. finnst ósanngjarnlega til stjórnarandstöðu talað, en á hinn bóginn elskulega til ráðherrans. Ég verð að segja eins og mér finnst um þessi atriði og þessa undarlegu umræðu að þetta frv. var lagt fram til kynningar á sl. vori. Nú er talað eins og það skipti ekki máli. Ég geri mér alveg grein fyrir því að ef vilji stjórnarandstöðunnar stendur ekki til þess að afgreiða þetta frv. nú, þá verður það ekkert afgreitt nú. (**JGS:** En vilji ráðherrans?) Þó vilji ráðherrans sé að reyna að koma ákveðnum köflum þess a.m.k. áfram.

En ég ætla ekki að standa hér dag eftir dag þann stutta tíma sem eftir er og deila um þessi mál því að það farast ekki himinn og jörð hvort sem lax- og silungsveiðifrv. verður afgreitt á þessu vori eða á hausti komanda. Það fer eftir mati nefndarinnar á því hvort hún telur að einhverjir þeir kaflar séu í frv. sem hún telur nauðsynlegt og betra að nái fram að ganga nú á þessu vori. Mér finnst málið ekki vera flóknara. Ég er ekkert ósáttur við það þó að einhverjir þessara kafla bíði haustsins. Aðalatriðið er að hver kafli út af fyrir sig er ávinningur. Allir þessir kaflar víkja að mjög viðkvæmum hlutum, bæði gagnvart borgarbúum og eins veiðiréttarhöfum, gagnvart sjómönnum og ýmsum öðrum aðilum. Það reynir því bara á það hvernig landbn. lítur á það. Ef hún þarf að athuga þetta allt frá grunni og ef hún vill taka lögin fyrir frá grunni, þá er það of mikið verk til að gera það nú á þessu vori. En málið var nú einu sinni lagt fyrir í fyrravor til kynningar og til þess að menn gætu sett sig inn í það og kannski hraðað þingmeðferðinni nú.

[15:37]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram að ég hef ekki lýst því úr þessum ræðustól að ég sé ekki tilbúin að afgreiða þetta mál á þessu vori. Ég hef einungis áhyggjur af því að tíminn sé allt of naumur sem við höfum til stefnu, en eins og hæstv. landbrh. seegir, þá verður það bara að koma í ljós þegar nefndin fer að vinna að málinu hversu langt við komumst með það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 272. mál (skyldusparnaður, lán til lögbýla og varsla sjóða). — Þskj. 332, nál. 775 og 808, brtt. 774.

[15:38]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 775 um frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins frá meiri hluta félmn.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem fjallar um þrjú óskyld atriði. Í fyrsta lagi felst í því að húsnæðismálastjórn hafi fleiri valkosti varðandi vörslu og ávöxtun byggingarsjóðanna en samkvæmt gildandi lögum. Þannig hafi húsnæðismálastjórn, að áskildu samþykki félmrh., heimild til að ákveða að sjóðirnir verði að hluta eða öllu leyti varðveittir annars staðar en hjá Seðlabanka Íslands. Lítur meiri hlutinn svo á að með því sé átt við valmöguleika um innlánsstofnanir innan lands.

Í frv. orðast greinin svo: „Byggingarsjóður verkamanna er í vörslu Seðlabanka Íslands. Húsnæðismálastjórn getur að fengnu samþykki félmrh. tekið ákvörðun um að sjóðurinn verði varðveittur á annan hátt að nokkru eða öllu ef það er talið auka möguleika sjóðsins á ávöxtun án þess að hafa í för með sér áhættu fyrir hann. Þess skal gætt að sjóðurinn hafi jafnan nægilegt laust fé til að standa við skuldbindingar sínar."

Í öðru lagi eru í frv. nýmæli um heimild til lánveitinga úr Byggingarsjóði verkamanna til lögbýla og segir: „Byggingarsjóði verkamanna er heimilt að veita sveitarfélögum framkvæmdalán, skv. 58. gr. laga þessara, til byggingar félagslegra eignaríbúða á lögbýlum, enda hafi verið sýnt fram á að væntanlegir kaupendur búi við ófullnægjandi húsnæðisaðstöðu og fullnægi skilyrðum 64. gr. laganna til kaupa á félagslegri eignaríbúð."

Er þarna verið að ræða um 90% lán til sveitarfélaga með sömu kjörum og gilda um lán til félagslegra eignaríbúða.

Í þriðja og síðasta lagi felur frv. í sér fleiri heimildir en nú gilda til útgreiðslu innstæðna á skyldusparnaðarreikningum. Er þar um að ræða þá sem misst hafa tekjur vegna langvarandi veikinda og jafnframt að þeir eigi rétt á greiðslu sem eru atvinnulausir og hafa verið það í a.m.k. þrjá mánuði samtals síðustu sex mánuði áður en sótt er um greiðslu. Enn fremur námsmenn sem hafa verið í a.m.k. sex mánaða samfelldu námi síðustu tólf mánuði áður en sótt er um greiðslu eða munu fyrirsjáanlega stunda nám sem mun sannanlega taka þann tíma. Munu þeir því eiga rétt á greiðslu.

Á fund nefndarinnar komu fjölmargir aðilar m.a. frá félmrn., fjmrn., Húsnæðisstofnun ríkisins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Alþýðusambandi Íslands, Sambandi almennra lífeyrissjóða, Landssambandi lífeyrissjóða, frá Sambandi íslenskra sparisjóða, Sambandi íslenskra viðskiptabanka, húsnæðisnefnd Reykjavíkurborgar, Neytendasamtökunum og Stéttarsambandi bænda. Umsagnir bárust frá stéttarsambandinu, land-

brn., félagsmálastjóra Reykjavíkur og Alþýðusambandi Íslands, auk gagna frá félmrn., Húsnæðisstofnun ríksins, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Neytendasamtökunum.

Meiri hluti nefndarinnar, sem eru allir nefndarmenn utan Kristins H. Gunnarssonar sem skilar sérnál. en stendur að brtt., leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Eftir að frv. kom til umfjöllunar í félmn. bárust henni erindi félmrh. þar sem óskað var eftir að nefndin flytti tvær breytingartillögur við frv. Fyrri breytingin felur í sér að við lögin bætist nýtt bráðabirgðaákvæði sem gildi til 1. jan. 1996. Í ljós hefur komið við framkvæmd reglugerðar nr. 414/1993, um skuldbreytingar á lánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins, sem gefin var út til að leysa brýnasta vanda þeirra sem búið hafa við mikið atvinnuleysi eða veikindi, að þurft hefur að synja umsækjendum um skuldbreytingu og að sú fyrirgreiðsla, sem heimil er, hefur ekki dugað til að mæta fjárhagserfiðleikum þeirra sem verst eru staddir. Í upplýsingum frá Húsnæðisstofnun ríkisins kemur fram að frá 1. okt. 1993 hafi stofnuninni borist 280 umsóknir um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika (miðað við lok janúar 1994). Nú þegar hafi 118 umsóknir verið afgreiddar og þar af 56 umsóknir fengið samþykki um skuldbreytingarlán frá veðdeild, jafnhliða því sem umsækjendur fengu leiðbeiningu við nauðsynlegar skuldbreytingar hjá öðrum lánastofnunum. Alls fengu því 62 umsækjendur synjun.

Breytingunni er ætlað að koma til móts við hluta þess hóps sem synjað var um skuldbreytingarlán. Með henni er Húsnæðisstofnun veitt heimild til að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar hafi viðkomandi orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu. Skilyrði greiðslufrestunar er að tekjuskerðingin hafi orðið vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna en það er í samræmi við þau skilyrði fyrir skuldbreytingarláni sem kveðið er á um í upphafi 1. tölul. 3. gr. reglugerðar nr. 414/1993. Er þannig ljóst, sbr. hugtakið „aðrar óviðráðanlegar aðstæður", að heimildin nær til einstaklinga sem hafa orðið fyrir tekjuskerðingu þó að ekki hafi verið um atvinnumissi, minnkandi atvinnu eða veikindi að ræða, t.d. þeirra sem lenda í félagslegum vanda, svo sem hjónaskilnaði.

Setja þarf nánari reglur um skilyrði fyrir frestun á greiðslum. Mun hugmyndin vera sú að fresta greiðslum í allt að þrjú ár en vextir, sem þegar eru áfallnir á frestunartímanum, bætist við höfuðstól lánsins.

Virðulegi forseti. Brtt. hljóðar svo:

„Húsnæðisstofnun ríkisins getur heimilað frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar ef viðkomandi hefur orðið fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. jan. 1996."

Meiri hlutinn telur brýnt að veita þessa heimild til greiðslufrestunar, en gerir sér jafnframt grein fyrir að þessar aðgerðir einar og sér duga ekki gagnvart öllum þeim hópi fólks sem á í verulegum greiðsluerfiðleikum.

Síðari tillagan felst í breytingu á 8. mgr. 74. gr. laganna auk þess sem lagt er til að við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða. Skv. 8. mgr. 74. gr. eru 20% lán, sem veitt eru til kaupa á almennum kaupleiguíbúðum, aðeins til fimm ára en 70% lán eru veitt til 43 ára. Í erindi ráðherra kemur fram að áformað hafi verið að leggja fram frv. til breytinga á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á þessu þingi. Skyldi frv. byggja á tillögum nefndar sem vann að mati á reynslunni af lögum um félagslegar íbúðir sem m.a. fólu í sér að lengja lánstíma 20% lánsins. Í ljós hafi komið að verkefnið sé viðameira en svo að hægt sé að leggja frv. fram fyrr en á haustþingi. Sé því leitað til félmn. þar sem um brýnar breytingar sé að ræða hvað þennan þátt varðar.

Lagt er til að 8. mgr. 74. gr. laganna, um gjaldfellingu sérstaks 20% láns úr Byggingarsjóði verkamanna, verði breytt þannig að kaupanda verði heimilt að fá lán til 25 ára í stað þess að gjaldfella það og búa til nýtt lán til fimm ára eins og greinin óbreytt kveður á um. Með því verður endurgreiðslutími 20% lána alltaf 25 ár, sbr. einnig 52. gr. laganna.

Ljóst er að greiðslubyrði fyrstu fimm árin getur verið þung og stundum orðið fólki ofviða ef breytingar verða á tekjum þess. Mikilvægt er að greiðslubyrðin verði jöfnuð betur yfir heildarlánstímann og fólki þannig auðveldað að eignast almennar kaupleiguíbúðir.

Í upplýsingum frá félmrn. kemur fram að um er að ræða 110 almennar kaupleiguíbúðir sem hafa verið seldar og 20% lán gjaldfelld. Þá kemur einnig fram að samkvæmt útreikningum Húsnæðisstofnunar ríkisins hafi lenging lánstíma þau áhrif að greiðslubyrði á ári af 1 millj. kr. láni til fimm ára með 4,9% vöxtum er 230.337 kr. en af sambærilegu láni með lánstíma til 25 ára er greiðslubyrðin 70.243 kr. á ári (tölur án vaxtabóta).

Tillagan um bráðabirgðaákvæði byggist á að mikilvægt er að breytingarnar nái einnig til þeirra sem þegar hafa keypt íbúð. Þannig er lagt til að þeim sem þegar hafi fengið slík lán til fimm ára verði veitt heimild til skuldbreytinga til allt að 25 ára, að teknu tilliti til þess tíma sem liðinn er af lánstíma. Gert er ráð fyrir að þessi heimild til skuldbreytingar eldri lána verði tímabundin og gildi til 31. des. 1994.

Undir nefndarálit þetta rita eftirtaldir nefndarmenn: Rannveig Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Gísli S. Einarsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Eggert Haukdal, Guðjón Guðmundsson, Einar K. Guðfinnsson og Jón Kristjánsson.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill vekja athygli hv. næsta ræðumanns á því að ætlunin er að gera hlé á fundinum kl. 4 vegna þingflokksfunda og halda síðan fundinum áfram kl. 6 þannig að þingmaðurinn geti tekið tillit til þess í ræðu

sinni ef hann getur ekki lokið henni á þeim 10 mínútum sem eftir eru til 4.

[15:48]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég þarf nokkurn tíma þó að ekki séu áform um að teygja lopann heldur einungis að koma á framfæri tilteknum efnisatriðum. Ég þarf heldur meiri tíma en 10 mínútur. Ég hafði sjálfur áætlað svona 20 til 30 mínútur eða svo. Ég gæti farið yfir afmörkuð atriði á þessum tíma og komið þeim frá.

Eins og fram kemur í mínu nál. fjallar það eingöngu um viðbæturnar á frv. sem urðu í meðförum nefndarinnar. Ég vil því byrja á því núna að greina frá afstöðu minni til þeirra þriggja efnisþátta sem frv. sjálft hefur að geyma.

Það er í fyrsta lagi breyting á lögum um það hvar stofnun geti varðveitt sjóði sína þar sem hefur rýmkað frá núgildandi lögum og húsnæðismálastjórn að fengnu samþykki félmrn. er gefin heimild til að varðveita sjóðinn á annan hátt en nú er. Ég get vel tekið undir þetta sjónarmið og stutt það en vil þó taka fram að af minni hálfu er skilningurinn á lagatextanum sá að um sé að ræða heimild sem nái einungis til ávöxtunar innan lands. Ég hygg að það sé rétt munað hjá mér að hæstv. félmrh. hafi tekið fram í framsögu að það væri hennar skilningur líka. Ég hygg því að ekki séu deildar meiningar um þann skilning að þessi rýmkun á því hvar og hvernig megi ávaxta sjóði stofnunarinnar nær einungis til úrræða innan lands en ekki það að verið sé að veita húsnæðismálastjórn og félmrh. heimild til þess að fara með sjóðinn að einhverju eða öllu leyti til útlanda.

Annað efnisatriði í frv. er um það að stofna nýjan lánaflokk í Byggingarsjóði verkamanna til lána á íbúðabyggingum á lögbýlum. Afstaða mín til þessa máls er sú að ég styð að menn taki upp lánaflokka til lögbýla, hvort heldur menn eru að ræða um Byggingarsjóð verkamanna eða ríkisins. Ég hef því ekki andmæli uppi af þeim sökum. Hins vegar hef ég kynnt mér nokkuð vandlega þennan lagatexta sem er í 3. og 4. gr. frv. og það verður að segjast eins og er að ég hef styrkst mjög í þeim efasemdum sem ég lét uppi við 1. umr. að þetta er verulega gallaður frágangur málsins. Ég hef farið yfir þetta með fróðum mönnum og það hefur styrkt mínar efasemdir í málinu. Ég tel að frágangur málsins eins og hann er í frv. bjóði upp á ýmsar hættur og veikleika sem munu reynast mönnum erfið þegar fram líða stundir og kalla á að menn taki á þeim vandamálum.

Hins vegar er ég alveg tilbúinn að fallast á að þessi kafli, 3. og 4. gr. frv., verði lögtekinn eins og hann er með því fororði að sú nefnd sem er að störfum til að endurskoða húsnæðislöggjöfina, nefnd sem skipuð var 11. okt. sl. til að undirbúa frv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins á grundvelli skýrslu nefndar sem falið var að meta reynsluna af framkvæmd laga nr. 70/1990 um félagslegar íbúðir og skilaði niðurstöðu 19. maí sl. Ég hygg að það væri ráð að fela þessari nefnd, þó þessar lagagreinar verði lögfestar, að skoða þetta mál og koma með tillögur til úrbóta því það þarf svolítið að liggja yfir þessu til að sauma fyrir þá annmarka sem eru. Ég hygg að nefndin væri góður aðili til þess og gæti skilað af sér fyllnægjandi breytingum í fyllingu tímans á hausti komanda.

Þætti mér vænt um að heyra afstöðu ráðherrans til þess hvort hann væri ekki tilbúinn til að taka undir það sjónarmið að óska eftir að nefndin færi sérstaklega yfir þessar lagagreinar með það í huga að skoða þá annmarka sem eru á þeim og ég er ekkert sérstaklega að tíunda hér.

Ég vil einnig segja það og benda á að það liggur inni í félmn. frv. frá hv. 4. þm. Suðurl., Margréti Frímannsdóttur, sem gerir ráð fyrir að taka upp sérstakan lánaflokk í Byggingarsjóð ríkisins til útrýmingar á heilsuspillandi húsnæði í sveitum. Ég hygg að það væri ráð að lögfesta það frv. því það kemur til móts við einn þann þátt sem þessar lagagreinar eiga að ná yfir en eru annmarkar á. Þannig að ég hygg að það gerði málið betra að hitt frv. sem liggur í félmn. yrði, ef það næðist samstaða um að lögfesta það.

Þá er það þriðja efnisatriði frv. sem er um breytingu á ákvæðum um útgreiðslu skyldusparnaðar. Ég get í sjálfu sér stutt þær breytingar sem eru í 5. gr. frv. um breytingar á þessum undanþáguákvæðum. Þar sem ég hef talið annmarka á í þessu er að þetta er of þröngt að mínu mati. Þarna er verið, samkvæmt upplýsingum sem fram komu í ræðu hæstv. félmrh., að opna endurgreiðsluheimild á u.þ.b. 400 ungmenni og fjmrn. áætlar að það séu 30–40 millj. kr. sem felist í því. Það er auðvitað ekki stór peningur í tæplega 2 milljörðum sem liggja inni á skyldusparnaðarreikningum. Miðað við þá ásókn sem verið hefur af hálfu ungmenna í að rýmka þessa endurgreiðsluheimild — ég veit að hæstv. félmrh. hefur fengið að reyna að það er töluverð ásókn í það og ég veit að það hefur verið legið töluvert á ráðherranum um að flýta afgreiðslu málsins vegna þess. Það er ekki ráðherranum að kenna að málið gekk ekki á þeim degi sem áður var ætlað, þó að ekki hafi orðið nein umtalsverð töf á því. Þeir eru mun fleiri sem eru að sækja á um endurgreiðslur og mér finnst að hafi fullgild rök fyrir því, heldur en rúmast á þessu undanþáguákvæði. Mér finnst t.d. ekki rökrétt að ungmenni skuli vera í þeirri stöðu að þau eigi umtalsverðar fjárhæðir inni á skyldusparnaðarreikningum, séu í fjárhagslegum erfiðleikum og eigi ekki rétt á að ná þessum peningum út heldur verði að snúa sér til banka til að fá peninga. Sú staða mun verða uppi gagnvart þeim ungmennum sem ekki hafa keypt sér íbúðir heldur stafi fjárhagslegir örðugleikar þeirra af öðrum orsökum, eins og t.d. ungmenni sem eru farin að halda heimili og leigja íbúð. það eru af einhverjum ástæðum fjárhagslegir erfiðleikar eða að þau eru heima í foreldrahúsum og þar eru fjárhagslegir örðugleikar og þá geta þau ekki náð sínum skyldusparnaði út miðað við þessar undanþágur sem eru í lögum og lagt er til að bæta við núna. Ég hef velt fyrir mér hvernig við gætum breytt þessum lagatexta þannig að við kæmum til móts við þennan hóp og hef helst verið á því að við bættum inn í ákvæði orðalagi sem er lagt til að verði

tekið upp í breytingartillögu hvað varðar annan efnisþátt málsins, en þar er talað um annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Ég velti fyrir mér hvort ekki væri hægt að skoða það að menn næðu saman um einhverja orðalagsbreytingu eða viðbót sem opnaði þá fyrir þá sem eru í fjárhagslegum örðugleikum en ekki hafa keypt íbúð, ekki eru orðnir 26 ára o.s.frv. Þetta set ég fram mönnum til umhugsunar á milli umræðna og við sjáum til hvort ekki náist einhver samstaða eða einhver flötur á því að gera þarna einhverja lítils háttar breytingu. En ég hygg að nú verði töluvert um það að spurt verði hvort ekki standi til að rýmka meira en þarna er lagt til.

Virðulegi forseti. Þá hef ég farið yfir þessa þrjá efnisþætti sem eru í frv. og á þá eftir að taka fyrir þá tvo sem breytingartillögurnar fela í sér og nál. mitt víkur nær einvörðungu að. Það er spurning hvort forseti mundi telja að nú væru þau kaflaskil að við ættum að gera hlé á ræðunni núna og ljúka henni svo eða því sem eftir er að loknum þingflokksfundum.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseta þætti mjög gott ef þingmaðurinn gæti gert hlé á ræðu sinni nú þar sem kominn er tími þingflokksfunda. Fundinum er því frestað til klukkan sex. [Fundarhlé. — 15:59]

Útbýting þingskjala:

Framlög til áfengis- og fíkniefnameðferðar, 523. mál, fsp. AÓB, þskj. 816.

Framlög til áfengis- og fíkniefnavarna, 524. mál, fsp. AÓB, þskj. 817.

Framlög til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum, 525. mál, fsp. AÓB, þskj. 818.

Kennaraháskóli Íslands, 412. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 812.

Ræktun íslenska fjárhundsins, 390. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 813.

[18:02]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) (frh.):

Virðulegi forseti. Ég hafði lokið að gera grein fyrir afstöðu minni til þeirra þriggja efnisþátta sem eru í frv. sjálfu og þarf ekki að endurtaka það að öðru leyti en því að ég minni á að ég var með fyrirspurn til hæstv. félmrh. og veit að ráðherrann mun svara því á eftir varðandi 3. og 4. gr. frv. um lánveitingu til lögbýla. Ég vil þá víkja að því sem er meginefni míns nál. og það eru þær breytingar sem gerðar voru á frv. í meðförum þingnefndar og eru tvær brtt. að efni til. Önnur varðandi lánveitingu til almennra kaupleiguíbúða og hin varðandi heimild til að fresta greiðslum á lánum í Byggingarsjóði ríkisins og fasteignaveðbréfum húsbréfadeilda sem lagt er til að verði tekið upp með ákvæði til bráðabirgða.

Ef ég vík að fyrra atriðinu sem er breyting á lánveitingum til kaupleiguíbúða, þ.e. almennra kaupleiguíbúða sem svo eru nefndar, þá vil ég fagna brtt. og það kemur fram í mínu nál. að ég tel að það sé ávinningur að brtt. frá því sem löggjöfin er núna. Hins vegar minni ég á að það hefur verið sótt á um breytingar einmitt á þessu lánafyrirkomulagi og minni á samþykkt húsnæðismálastjórnar frá 18. febr. á síðasta ári sem sent var félmrh. og félmn. Alþingis af því tilefni að þá hafði nefndin til meðferðar stjfrv. um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins rétt eins og nú. Sú tillaga gekk lengra en tillagan sem nefndin flytur að því leytinu til að hún gerði ráð fyrir því að í stað þess að vera með tvö lán, annað 70% til 43 ára og hitt 20% til fimm ára, við kaup á almennri kaupleiguíbúð þá yrði eitt lán veitt, 90% af kaupverði sem væri þá til 43 ára. Nefnd sem var skipuð og hefur lokið störfum og skilað af sér prýðilegri skýrslu, sem var falið að meta reynsluna af framkvæmd laga nr. 70/1990, um félagslegar íbúðir eins og það heitir, lagði einmitt til þessa sömu tillögu, en nefndin skilaði áliti í maí 1993. Því er það svo að brtt. nefndarinnar gengur skemmra en þær tillögur sem áður hafa verið fluttar eða óskað hefur verið eftir að yrðu lögfestar. Það sem nefndin leggur til er að áfram verði veitt tvö lán, en í stað þess að 20% lánið verði til fimm ára þá verði það til 25 ára. Það er til verulegra bóta, en ég legg áherslu á að það gengur skemmra en áður hafði verið lagt til af aðilum sem um þessi mál fjalla og eiga að fjalla og verða að teljast sérfróðir um þetta efni.

Engu að síður er engin ástæða til að gera lítið úr brtt. og ég fékk starfsmann félagsíbúðadeildar Húsnæðisstofnunar ríkisins til að reikna út fyrir mig áhrif brtt. nefndarinnar á greiðslubyrði lántakanda og birti það sem fskj. með mínu nál. Þar kemur fram að ef um er að ræða íbúð sem kostar 9 millj. kr. þá breytist greiðslubyrðin fyrstu fimm árin þannig að hún lækkar úr rúmlega 64 þús. kr. niður í rúmlega 40 þús. kr. Það er um verulega lækkun greiðslubyrði á fyrstu fimm árunum að ræða eða um einn þriðja. Að vísu hækkar á móti greiðslubyrðin frá sjötta ári til tuttugasta og sjötta, en það má segja að hún jafnist út í heildina tekið og verði viðráðanlegri á ári. Og ástæðan fyrir því að ég stend að þessari brtt. og fylgi henni er að hún er til bóta þó hún gangi ekki eins langt og ég hefði kosið. En það er seinni tíma mál að koma málinu alla leið.

Ég fagna líka hinni breytingunni hvað varðar almennu kaupleiguíbúðirnar, sem er að gefa þeim kost á því sem þegar hafa keypt almennar kaupleiguíbúðir með þessum kjörum, fimm ára láni eða 20% fjárhæðarinnar, að skipta því láni út fyrir 25 ára lán. Til fróðleiks reyndi ég að taka saman hvað þetta gæti verið mikið og þær upplýsingar sem ég hef eru að það séu um 120 íbúðir sem hafa verið seldar sem almennar kaupleiguíbúðir og eru með þessum umræddu fimm ára lánum plús 43 ára lánum. Að meðaltali er áætlað að eftir séu um þrjú ár af þessum fimm ára lánum og meðalfjárhæð af eftirstöðvum um 800 þús. kr. Þannig að þarna er um nokkrar fjárhæðir að ræða. Og það kemur fram í minnisblaði, sem ég birti sem fskj. með mínu nál., frá félmrn. að þessi breyting hefur nokkur áhrif á sjóðsstreymi byggingarsjóðanna og er nauðsynlegt að mönnum sé það ljóst og gert sé ráð fyrir því

þegar að því kemur að menn þurfi að huga að þeim málum að nýju.

Að öðru leyti tel ég ekki rétt að dvelja frekar við þessa fyrri tillögu nefndarinnar nema minna á eða benda á viðmiðunarreglur vegna leigu á félagslegum íbúðum, sem ég birti hér með mönnum til fróðleiks til að sýna muninn sem er á því að vera með íbúð sem félagslega kaupleiguíbúð, almenna kaupleiguíbúð og félagslega eignaríbúð. Það er þó nokkur munur á þessu. Ef íbúð er leiguíbúð þá er áætlað að menn þurfi að greiða í leigu af félagslegri kaupleiguíbúð 4,43% af stofnverði, en af almennri kaupleiguíbúð 7,14%. Það þýðir að miðað við 6 millj. kr. íbúð er leigufjárhæðin í félagslegri kaupleigu tæplega 22 þús. kr. á mánuði en í almennri kaupleiguíbúð 36 þús. kr. Þetta mun ekki lækka við þessa brtt. því það er ekki gert ráð fyrir breytingum á þessu sviði. Munurinn er allnokkur þarna og ég hygg að menn þurfi að skoða þessi mál frekar og hefði talið heppilegra að menn reyndu að vinna betur saman þessa þrjá möguleika á félagslegri eignaríbúð og svo kaupleiguíbúðarmöguleikunum þannig að menn létu aðstæður þess sem er í íbúðinni ráða í hvaða kerfi íbúðin er skráð í stað þess að láta steypuna eða íbúðina sjálfa ráða valinu. Og síðan hugsa menn sér og eru að reyna að flytja fólkið á milli eftir því sem passar. Mér finnst að það ætti að snúa þessu við og hafa kerfið sveigjanlegra þannig að skilgreining á íbúð gæti færst á milli kerfa eftir því hver er í íbúðinni og jafnvel breyst eftir aðstæðum þess sem í íbúðinni er. Það gæti t.d. verið að einhver flytti í félagslega kaupleiguíbúð, síðan gæti hagur hans batnað og þá væri eðlilegt að mínu viti að breyta lánskjörum og skilmálum þannig að íbúðin gæti farið yfir í almenna kaupleiguíbúð eða jafnvel eignaríbúð.

Hvað varðar síðari breytinguna sem er um heimild til að fresta greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og skuldurum fasteignaveðbréfa húsbréfadeildar af tilgreindum orsökum, eins og þar stendur í tillögunni, þá stend ég einnig að þeirri tillögu þó mér finnst hún ekki ganga nærri nógu langt og vera að mörgu leyti mun takmarkaðri en ég hefði kosið að sjá, auk þess að vera tímabundin til 1. jan. 1996.

En ég vil fyrst taka fram vegna þess sem stendur í upphafsorðum þeirrar tillögu, en þar segir: „Húsnæðisstofnun ríkisins getur heimilað frestun o.s.frv." Ég legg áherslu á að ég skil það orðalag þannig að það er húsnæðismálastjórn, stjórn stofnunarinnar, sem fer með þetta mál, rétt eins og það er skýrt tekið fram í núgildandi lögum, með sambærilegt frestunarákvæði í Byggingarsjóði verkamanna, að það er húsnæðismálastjórn sem mótar reglur um útfærslu ákvæðisins. Og ég legg áherslu á þann skilning minn á þessu ákvæði að það sé sama úrvinnsla og staða húsnæðismálastjórnar sé sú sama og í hinu.

Þá hefur komið fram í gögnum frá félmrn. og fjmrh. sá skilningur á þessu ákvæði að einungis sé átt við þröngan hóp umsækjenda. Fyrst og fremst þann hóp sem ekki hefur fengið úrlausn eða skuldbreytingu samkvæmt núgildandi reglugerð frá því í október 1993 um skuldbreytingalán úr Byggingarsjóði ríkisins. Ég sé ekki að ráðuneytin séu ósammála um þann skilning og er væntanlega skilningur þeirra sem að þessu máli upphaflega koma að það beri að túlka ákvæðið svona þröngt. Ég tel það miður. Ég tel að orðalag ákvæðisins gefi ekki tilefni til svona þröngrar túlkunar sem raun ber vitni og hefði kosið að menn skildu þetta nær þeim skilningi sem orðalagið sjálft býður upp á, sem almennt frestunarákvæði.

Til dæmis að nefna þá kemur fram hjá hæstv. fjmrh. að áformin eru að frestunin gildi einungis í þrjú ár. Það er ekkert í lagatextanum eða tillögunni frá nefndinni sem gefur tilefni til að ætla að einhverjum aðila, húsnæðismálastjórn eða ráðherra, sé veitt heimild til að takmarka frestunina við einhvern tiltekinn tíma. Það stendur hvergi í þessari lagaklásúlu og ég er ekki sammála því að það sé hægt að rökstyðja þann skilning á ákvæðinu, eins og það er borið fram af nefndinni, að það sé hámark á þeim tíma sem heimilt er að fresta afborgunum og vöxtum af lánum. Minn skilningur er sá að það sé í hendi þess aðila sem fer með útfærslu ákvæðisins, þ.e. húsnæðismálastjórnar, að ákvarða það eftir almennum reglum og hvort fresturinn verði eitt ár, tvö ár, þrjú ár eða meira fari bara eftir úrlausn máls. Þetta vil ég undirstrika sem minn skilning á þessu ákvæði líka.

Til fróðleiks og upplýsinga um hversu afmarkaðan hóp þetta ákvæði á við samkvæmt túlkun ráðuneytanna, þ.e. þann hóp sem hefur verið synjað um skuldbreytingarlán í núverandi greiðsluerfiðleikalánaflokki, þá höfðu samkvæmt þeim tölum sem ég hef og eru nýjastar eftir því sem ég best veit, þær miðast við 17. mars sl., borist 420 umsóknir. Það var búið að afgreiða 208, samþykktar 111 en synjað 97. Miðað við fyrri gögn þá mætti ætla að u.þ.b. þriðjungurinn af þessum 97 gæti verið hópurinn sem þetta ákvæði ætti við. Það er nú því miður þannig — ég sé að hæstv. ráðherra hristir höfuðið en það er því miður þannig samkvæmt þeim gögnum sem fram hafa komið um skilning á þessu ákvæði. Ef það er meining ráðherra að túlka þetta ákvæði víðtækar en fram kemur þá er rétt og nauðsynlegt að það komi fram af hálfu hæstv. ráðherra því það skiptir verulegu máli um útfærslu þess hvort það á einungis við þröngan hóp manna eða er almennt ákvæði.

Það kemur fram í mínu nál. að hópurinn sem er í vanskilum við stofnunina er gríðarlega stór. Þannig var t.d. um síðustu áramót, samkvæmt upplýsingum sem ég hef og birti að hluta til í mínu nál., að þá voru um 15.000 manns, ef ég man rétt, í vanskilum við stofnunina, samtals með um 2.500 millj. kr. Það er nokkuð mikið, einkum í ljósi þess þegar áætlað er að á þessu ári, 1994, nemi afborganir og vextir af lánum við alla stofnunina rúmum 12 milljörðum. Þannig að þetta er u.þ.b. ⅓ af þeirri fjárhæð sem var þá í vanskilum. Þar af voru um 5.000 greiðendur með tæplega 1.300 millj. í vanskilum þar sem vanskilin voru orðin fimm mánaða og eldri. Ég mundi ætla að þessar upplýsingar um 5.000 manns með fimm mánaða gömul vanskil og eldri gæfu okkur nokkuð glögga mynd af því hvað við erum að tala um stóran hóp. Og það er

víðs fjarri að þessi tillaga um ákvæði til bráðabirgða VI taki á greiðsluvanda þessa stóra hóps miðað við þær upplýsingar sem fram hafa komið um hvernig beri að skilja þetta ákvæði, m.a. hjá fulltrúa fjmrn. í viðræðum við félmn.

Virðulegi forseti. Ég hef í meginatriðum skýrt mín sjónarmið í þessu máli og ætla ekki að dvelja lengur við þessi tvö nýju efnisatriði að öðru leyti en að minna á og benda á það sem fram kemur í fskj. með nál. mínu álit lögfræðinga Húsnæðisstofnunar ríkisins, sem ég hygg að mönnum sé fróðlegt að skoða. Þar komast lögfræðingarnir að þeirri niðurstöðu að stofnuninni sé heimilt að skuldbreyta lánum Byggingarsjóðs ríkisins og húsbréfadeildar með svokallaðri skilmálabreytingu, þannig að það sé fyrir hendi almenn heimild til þessara breytinga og þurfi ekki að veita sérstakar heimildir hverju sinni með lögum. Skilyrði þess að stofnunin megi skuldbreyta með svona skilmálabreytingu er að áliti lögfræðinganna að um það séu settar öruggar reglur sem séu staðfestar af ráðherra. Ég tel að menn ættu að kynna sér þetta álit lögfræðideildar stofnunarinnar og þætti fróðlegt að heyra sjónarmið ráðherra til þess. Því ef ráðherra setur sig ekki upp á móti þessu áliti, þá sýnist mér einboðið að stofnunin geti unnið samkvæmt því og þá er hægt að taka strax og miklu víðtækar á þeim hópi sem er í vanskilum við stofnunina með almennum reglum sem verða bornar undir ráðherra til samþykktar.

Ég tek það fram af minni hálfu að ég stend að þessari brtt. um ákvæði til bráðabirgða VI, um frestunarákvæðið, með þeim skilningi að þetta frestunarákvæði sé ekki til að rýra skilning þann sem fram kemur í áliti lögfræðideildar heldur ákvæði sem gangi lengra. Þannig að ég set þann fyrirvara af minni hálfu að ég tel að með því að fallast á flutning á þessari brtt. sé ég ekki að ganga til þess að þrengja skilninginn á þessu áliti sem ég birti hér sem fylgiskjal.

Virðulegi forseti. Þá hef ég lokið við að gera grein fyrir þeim efnisatriðum sem málið fjallar um og vissulega væri hægt og fullkomin ástæða til að mörgu leyti að fara nokkuð ítarlegar yfir málin en ég hef gert, en ég hef stytt mál mitt verulega. Ég tel að við hljótum að hafa tækifæri til þess síðar að taka betri umfjöllun um aðra efnisþætti en beinlínis þá sem eru í frv.

En ég vil þó nefna einn þátt sem ég hygg að menn verði að huga að og væri fróðlegt að heyra frá hæstv. fjmrh. hvað ríkisstjórnin ætlar sér að gera varðandi það vandamál sem uppi er, en það er fjármögnun á útlánum stofnunarinnar. Mönnum er kunnugt að skuldabréfakaupin brugðust á síðasta ári með tilheyrandi vandræðum og það er nýlega búið að ganga frá lánveitingum ríkissjóðs til stofnunarinnar. Annars vegar til langs tíma, breyta skammtímafjármögnun í langtímalán, annars vegar 1.900 millj. og hins vegar 2.300 millj., til að gera upp þessa rúma 4 milljarða sem vantaði upp á að endar næðu saman vegna þess að skuldabréfaútgáfan brást. Horfurnar á þessu ári, 1994, eru því miður ekki mikið betri. Það er gert ráð fyrir því að stofnunin afli sér lánsfjár upp á 9.100 millj. kr. sem þýðir að í byrjun mars hefðum við átt að vera búin að fá um 1.600–1.700 millj. kr. í lánsfé til að standa undir útstreymi stofnunarinnar samkvæmt áætlun í fjárlögum, en það hafði aðeins tekist að afla 660 millj. kr. Það vantaði sem sé um 1 milljarð þá þegar upp á að lánsfjáröflunin stæðist áætlanir. Eins og er hafa menn brúað þetta bil með skammtímafyrirgreiðslu hjá ríkissjóði og það væri fróðlegt að fá að heyra frá hæstv. félmrh. hvaða áform ríkisstjórnin er með uppi til þess að bæta úr þessum vanda. Því það setur auðvitað allt úr skorðum hjá stofnuninni ef ekki tekst að afla lánsfjár til að standa undir lánveitingu sem gert er ráð fyrir í fjárlögum ársins.

[18:25]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Um það mál sem hér er til umfjöllunar er samkomulag eftir því sem ég veit best milli stjórnar og stjórnarandstöðu. Brtt. eru fluttar af hv. félmn., nál. af meiri hlutanum, fyrir utan það að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson var með sér nál. sem hann hefur gert grein fyrir.

Brtt. við upphaflega frv. er að finna á þskj. 774 og ég ætla við þessa umræðu að gera örlítið grein fyrir afstöðu okkar framsóknarmanna. Ég hef reyndar ekki átt kost á því að fylgjast með þeirri umræðu sem fram fór í hv. félmn., en þar sem fulltrúar okkar í þeirri nefnd eru ekki við þessa umræðu nú þá ákvað ég að gera hér örlitlar athugasemdir við málið.

Í 2. tölulið í þessum brtt. í ákvæði til bráðabirgða þá er afskaplega mikilvægt ákvæði þar inni er lýtur að frestun á greiðslum lánþega, þ.e. þeirra sem verða fyrir verulegri tekjuskerðingu vegna atvinnuleysis, minnkandi atvinnu, veikinda eða annarra óviðráðanlegra aðstæðna. Síðan er um það getið í þessari brtt. að ákvæði þetta falli úr gildi 1. jan. 1996. Í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni áðan um stöðu lánþega við Húsnæðisstofnun ríkisins og þeirra miklu vanskila sem þar eru, sem auðvitað endurspegla það þjóðfélagsástand sem núna er, atvinnuleysið, kjaraskerðingin, sem gengur yfir hið almenna launafólk. Það lýsir sér auðvitað í því að menn geta ekki greitt af þeim lánum sem menn eru með við stofnunina og því er þetta ákvæði að mínu viti, þessi greiðsluaðlögun sem þarna um ræðir, afskaplega mikilvæg.

Ég á hins vegar erfitt með að skilja og er reyndar útilokað að skilja það ákvæði sem þarna er inni um að þetta skuli falla úr gildi 1. jan. 1996. Eftir því sem best er vitað ætlar þessi ríkisstjórn að sitja út kjörtímabilið, þ.e. þangað til a.m.k. í apríl 1995. (**Gripið fram í:** Í síðasta lagi.) Í síðasta lagi fer hún frá þá. Atvinnustefna ríkisstjórnarinnar er þekkt. Allt frá því að hún kom til valda um mitt ár 1991 þá hefur stefnan verið sú að halda hér uppi alveg lágmarksatvinnuleysi svona til þess að aga fólk í kjarabaráttunni og það er það sem mun — nema hæstv. félmrh. geri okkur grein fyrir því síðar við umræðuna að það eigi að breyta um stefnu hjá ríkisstjórninni. Ef svo er þá getur maður í sjálfu sér skilið þetta ákvæði sem þarna er inni um að þetta gæti hugsanlega fallið úr gildi í upphafi árs 1996. En með sömu atvinnuleysisstefnu sem ríkisstjórnin hefur hald-

ið uppi þá er það alveg klárt að það fólk sem er að missa vinnuna um það leyti sem ríkisstjórnin er að hrökklast frá lendir í erfiðleikunum í upphafi árs 1996 og kannski miklu fyrr. Þannig að það er náttúrlega alveg ótækt að þetta ákvæði gildi bara til þess tíma.

Ég spyr hæstv. félmrh. og af því að hv. formaður félmn., Rannveig Guðmundsdóttir, er hér líka við umræðuna vil ég spyrja hvaða ástæður liggja að baki að sú greiðsluaðlögun sem þarna er gert er ráð fyrir, sem ég tel vera afskaplega mikilvæga, skuli vera algjörlega bundin við þetta tímabil sem þarna um ræðir.

Ég veit að það þarf ekki að lýsa því fyrir hæstv. félmrh., ég veit að hæstv. ráðherra þekkir það úr sínu starfi, þeim erfiðleikum sem fólk í landinu býr við nú um þessar mundir. Stærsta vandamálið hjá launamönnum í Reykjavík og því fólki sem hefur verið að sækja um að komast inn í félagslega íbúðarkerfið, ætli það séu ekki um 400 íbúðir sem verða til úthlutunar í Reykjavík núna um þessar mundir, 800 manns hafa sótt um, en sennilega kemst ekki nema hluti af þessum 400 sem verður úthlutað íbúðum inn í kerfið vegna þess að þegar á úthlutunarreglurnar reynir þá eru tekjur þessa fólks orðnar svo lágar að þær nægja ekki til að standa undir greiðslubyrðinni af lánum í félagslega kerfinu. Þá spyr maður: Hvernig er þetta félagslega kerfi eiginlega orðið ef kerfi sem á að þjóna því fólki sem býr við erfiðustu aðstæðurnar, kröppustu kjörin, hefur verið þannig uppbyggt að það þjónar ekki lengur þeim hópi sem þarf á því að halda? En það er ekki kerfið, því miður, vegna þess að þá gætum við breytt því. Það er ekki kerfið sem hefur breyst eða hefur aðlagast með þessum hætti, það eru aðstæðurnar í þjóðfélaginu. Það er kjaraskerðingin og það er atvinnuleysið sem hefur farið svona með fólkið að launin standa ekki undir afborgunum og vöxtum af þessum lánum, sem þó er boðið upp á með þeim hagstæðustu kjörum sem menn geta hugsað sér undir þessum kringumstæðum.

Þetta er hin grafalvarlega staða sem er upp komin og því spyr ég hæstv. félmrh.: Hvernig á að aðstoða þetta fólk sem hefur orðið fyrir þeirri kjaraskerðingu í gegnum tíðina og er að verða fyrir núna út af stjórnarstefnu þessarar ríkisstjórnar að það kemst ekki einu sinni inn í þetta félagslega íbúðakerfi sem menn hafa þó á undanförnum árum komist inn í?

[18:33]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég sé ástæðu til þess að þakka hv. félmn. fyrir meðferðina á því frv. sem hér er til umfjöllunar. Ég geri mér grein fyrir því að þær brtt. sem komu fram á síðari stigum málsins, eftir að mælt hafði verið fyrir frv. og það komið inn í nefnd, að æskilegt hefði verið að þær hefðu komið fyrr. En ég vil þakka nefndinni hve vel hún tók á því máli og brást við að flytja þessar brtt. við frv.

Ég vil fyrst víkja í örfáum orðum að þeim efnisatriðum sem eru í því frv. sem upphaflega var mælt fyrir við 1. umr. þar sem hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson beindi til mín spurningum varðandi það mál. Það er í fyrsta lagi varðandi það sem fram kemur í frv. um vörslu á fjármagni byggingarsjóðanna, að það sé heimilt að ávaxta það annars staðar heldur en í Seðlabanka Íslands ef Húsnæðisstofnun kýs svo, þá vil ég staðfesta og ítreka það sem fram kom við 1. umr. þessa máls, þar sem um það var spurt aftur, að það er ekki hugmyndin með þessu, hvorki af hálfu ráðuneytisins né Húsnæðisstofnunar, að þessi heimild verði nýtt til þess að ávaxta fjármagn Húsnæðisstofnunar erlendis.

Varðandi lögbýlin þá fór þingmaðurinn nokkrum orðum um það að hann teldi æskilegt að sú nefnd sem er að skoða félagslega húsnæðiskerfið á grundvelli þeirrar skýrslu sem fram hefur verið lögð, sem byggir á reynslunni af félagslega kerfinu frá 1990, yfirfari það ákvæði sem hér er í þessu frv., en það er stefnt að því að þessi nefnd skili af sér þannig að hægt sé að leggja fram frv. um félagslega húsnæðiskerfið á hausti komanda. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu að nefndin skoði þetta ákvæði og sjái hún ástæðu til að gera á því einhverjar breytingar og finni á því einhverja annmarka þá er auðvitað sjálfsagt að nefndin yfirfari það ákvæði og ef ástæða er til þá verði farið yfir það þegar fram kemur hér frv. á hausti komanda varðandi félagslega íbúðarkerfið.

Varðandi þær tvær brtt. sem nefndin tekur upp og flytur sem brtt. við þetta frv. vil ég að gefnu tilefni fara um þær nokkrum orðum. Ástæða þess að flutt er tillaga um að lengja lánstímann varðandi fimm ára lánið er öllum ljós. Upphaflega þegar frv. um almennar kaupleiguíbúðir var í undirbúningi, mig minnir að það hafi verið 1988, þá var hugmyndin sú að hafa lánið mun lengra eða til 25 ára, en um það náðist ekki samstaða þá og því varð það að lögum með þeim hætti að hér var einungis um að ræða fimm ára lán. Ástæðan fyrir því að það var ekki fyrr upp tekið, eins og þingmaðurinn nefndi, á síðasta þingi var sú að ég gerði mér vonir um að sú endurskoðun sem ég nefndi fyrr í mínu máli lægi fyrr fyrir þannig að hægt væri að leggja fram heildarendurskoðun á þessu þingi. En það kom í ljós að sú endurskoðun er viðameiri heldur en ráð var fyrir gert í upphafi og því taldi ég ástæðu til þess að beina því til nefndarinnar að taka upp þessa tillögu nú.

Það er ljóst að greiðslubyrðin er nokkuð þung. Hér hefur verið nefnt að hún geti verið um 60.000 kr., kannski á bilinu 50.000 til 60.000–65.000 kr. eftir stærð íbúðarinnar. Þá er að vísu ekki tekið tillit til vaxtabóta, en engu að síður er þessi greiðslubyrði þung. Hún léttist að vísu verulega eftir fimm ár. Það verður líka að taka með í því ljósi að það fólk sem fer inn í almennar kaupleiguíbúðir er oft fólk sem á þess ekki kost að fara inn í félagslega íbúðakerfið af því að tekjur þess eru hærri en svo að það hafi skilyrði til að fara inn í það og síðan fær það of lágt greiðslumat til þess að kaupa í almenna kerfinu. Þess vegna ætti þetta að vera álitlegur kostur fyrir það fólk og ég hygg að hann verði það ef Alþingi samþykkir þá brtt. sem hér er lögð til. Að öðrum kosti hefur þetta fólk kannski ekki annað val heldur en leigumarkaðinn þar sem það er að greiða kannski 40.000–50.000 kr. í leigu sem er þá svipuð fjárhæð og það er að greiða á mánuði vegna þessa láns.

Varðandi frestun á greiðslum lána að uppfylltum ákveðnum skilyrðum vil ég fara nokkrum orðum. Ég vil í fyrsta lagi leiðrétta það sem fram kemur í áliti frá minni hluta félmn., Kristni H. Gunnarssyni, þar sem hann segir orðrétt, með leyfi forseta:

„ ...að af hálfu félagsmálaráðherra, sem óskaði eftir þessari breytingu, er ákvæðið túlkað þannig að það takmarkist við þá sem sótt hafa um skuldbreytingarlán samkvæmt reglugerð nr. 414/1993 og verið synjað. Hér er um afar afmarkaðan hóp að ræða. Samkvæmt upplýsingum Húsnæðisstofnunar ríkisins ... gæti ákvæðið átt við 27 umsækjendur af 280 sem þá höfðu sótt um."

Það er auðvitað fjarstæða að setja slíkt í nál. að það sé túlkun félmrh., eins og hér kemur fram, að þetta ákvæði eigi einungis að ná til 27 einstaklinga, einungis þeirra sem Húsnæðisstofnun hafði á þeim tíma hafnað og féllu ekki undir ákvæði reglugerðar sem var gefin út 19. okt. 1993. Hér var einungis um að ræða að við settum fram upplýsingar um það hvað þetta væri stór hópur sem ekki hefði verið hægt að skuldbreyta lánum hjá samkvæmt þessari reglugerð vegna þess að sú aðstoð dugði ekki þeim hópi og það þurfti að fara út í frestun á lánum til þess að þetta fólk gæti haldið sínum íbúðum. En auðvitað nær þetta ákvæði til þeirra sem koma hér á eftir og hugsanlega falla ekki undir þá reglugerð um skuldbreytingar sem var gefin út í október 1993. Við vorum einungis að gefa nefndinni upplýsingar um hvað það gæti hugsanlega kostað sú frestun sem hér er lögð til og þar rennum við nokkuð blint í sjóinn. Við vitum ekki um hve stóran hóp er að ræða og við nefndum dæmi um að ef það væru 100 sem nytu góðs af þessu ákvæði þá kostaði það svo og svo mikið. Þannig að við getum ekkert sagt hvort um er að ræða 50 manns, 100 manns, 200 manns eða 300 manns, það verður tíminn auðvitað að leiða í ljós. En fyrst og fremst er um það að ræða að þetta ákvæði er sett fram þar sem reglugerð um skuldbreytingar á lánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins, sem gefin var út í október, gagnaðist ekki öllum þeim sem á þurftu að halda. Og ef þetta ákvæði kæmi ekki til mundi þetta fólk ella missa sínar íbúðir. En það er auðvitað fráleitt að halda því fram, eins og gert er í nál. minni hlutans, að hér sé verið að koma á ákvæði sem einungis eigi að ná til 27 manna hóps sem hefur verið hafnað af Húsnæðisstofnun. Þetta vil ég að komi mjög skýrt fram.

Það kom einnig fram í máli þingmannsins og þar vísar hann í álit lögfræðinga Húsnæðisstofnunar ríkisins, þar sem kemur fram að telja verði heimilt að skuldbreyta með breytingu á skilmálum lánum Byggingarsjóðs ríkisins og húsbréfadeildar ef settar verða öruggar reglur, samþykktar af ráðherra. Þingmaðurinn segir í sínu nál. að hann veki athygli á áliti lögfræðideildar Húsnæðisstofnunar um þetta efni, að það sé heimilt að skuldbreyta lánum Byggingarsjóðs ríkisins. Þessu ákvæði sem þingmaðurinn vitnar til var einmitt beitt þegar gefin var út reglugerðin 19. okt. 1993, um það að stofna greiðsluerfiðleikalánaflokk, eins og var gert með því. En það er ekkert ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun sem heimilar frestun á greiðslum lána nema hjá Byggingarsjóði verkamanna og þess vegna var þetta ákvæði nauðsynlegt.

Hv. 11. þm. Reykv. vék nokkuð að þessu sama ákvæði varðandi greiðsluerfiðleikana. Ég vil kannski koma inn á það líka að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson ræddi hér nokkuð um vanskil hjá Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er rétt að vanskil hafa aukist og á því eru skýringar. Ég hygg að um 70% af þeim hópi sem eru í vanskilum við Húsnæðisstofnun sé fólk sem hefur verið atvinnulaust um skemmri eða lengri tíma, fólk sem hefur orðið fyrir tekjufalli sökum þess að yfirvinna hefur dregist saman og fólk sem hefur búið við langvarandi veikindi. Þetta eru sennilega um 80% af þeim hópi sem lent hefur í greiðsluerfiðleikum og það er vissulega áhyggjuefni. Ég tek alveg undir það með hv. 11. þm. Reykv. að hér er ákveðinn hópur sem getur ekki staðið undir þeim hagstæðu kjörum sem bjóðast í félagslega húsnæðiskerfinu. Það er meira að segja svo að 100% lán sem veitt er í erfiðustu tilvikum, þ.e. hver einasta króna er lánuð hjá Húsnæðisstofnun ríkisins, að þetta fólk hefur ekki einu sinni getað staðið undir þeirri greiðslubyrði. Og það er nokkuð hátt hlutfall af þeim sem hafa fengið þetta 100% lán sem hafa lent í miklum erfiðleikum og jafnvel svo að íbúðir þessa fólks hafa lent á uppboði og þetta er vissulega áhyggjuefni.

Hvaða leiðir eru til fyrir þennan hóp, ég skal ekki segja. Það hefur vænkast mjög leigumarkaðurinn á undanförnum árum. Leiguíbúðum hefur fjölgað verulega. Ég hygg að á sl. 5–7 árum hafi verið byggðar hér eða komið á fót um 700 leiguíbúðum gegnum útlán í félagslega íbúðakerfinu meðan þau á árum áður skiptu einhverjum fáeinum tugum. Þannig að leigumarkaðurinn hefur lagast mjög. Það sem maður horfir náttúrlega til líka fyrir þetta fólk er að koma á húsaleigubótum og ég vænti þess að frv. um það efni verði lagt hér fram á næstu dögum vegna þess að það bætir auðvitað hag þessa fólks þannig að það geti átt einhvern möguleika til þess síðar meir að koma sér upp húsnæði þá gegnum félagslega íbúðakerfið.

Ég bendi líka á þann möguleika sem mér finnst sveitarfélögin ekki hafa nýtt sér nægilega og það er sá kostur sem boðið er upp á í félagslega kerfinu í gegnum félagslega kaupleigu, þ.e. fólk á sjálft að eiga val á því og sveitarstjórnirnar eiga að bjóða fólki það hvort það vill leigja eða kaupa félagslega kaupleiguíbúð. Þar á fólkið að hafa valið. En sveitarstjórnirnar eiga ekki að geta, samkvæmt ákvæðum þeirra laga, sett fólkinu stólinn fyrir dyrnar og sagt: Þið verðið að kaupa íbúðina annars fáið þið hana ekki. Fólk á að geta átt þetta val. Þessi kostur finnst mér allt of lítið hafa verið nýttur af hálfu sveitarfélaganna sem eru framkvæmdaraðilar um þessar félagslegu íbúðir.

Varðandi það að þetta ákvæði sé tímabundið. Ég tel að það sé ekki rétt að hafa viðvarandi ákvæði í húsnæðisslöggjöfinni um greiðluerfiðleika. Það má vel vera að það þurfi að framlengja þetta ákvæði þegar það nálgast það að fara að renna út. Við verðum þá bara að endurmeta stöðuna hvort það þurfi að framlengja það. En ég vil í þessu sambandi upplýsa að nefnd á mín-

um vegum hefur verið að skoða það sem nokkuð var til umræðu á síðasta þingi og er um sérstaka greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika með líkum hætti og Norðmenn hafa komið á fót. Þeir eru með sérstaka löggjöf um greiðsluaðlögun og ég hygg að ég fari rétt með að Svíar séu líka að taka í gildi lög um greiðsluaðlögun. Nefndin hefur verið að skoða kosti slíkrar greiðsluaðlögunar og eftir því sem hún hefur skoðað þetta mál betur þá hef ég vitneskju um það að hún er jákvæð fyrir þeim kosti sem þessi greiðsluaðlögun felur í sér, en að þessu verki hafa komið fulltrúar dómsmrn., félmrn. og Neytendasamtakanna. Í Noregi eru það um 4.400 aðilar sem hafa fengið fyrirgreiðslu samkvæmt þessari löggjöf um greiðsluaðlögun og þessi löggjöf hefur meira að segja haft þau áhrif að tekist hafa frjálsir samningar milli aðila sem taka mið af þeim reglum sem lögin um greiðsluaðlögun byggjast á.

Þessi nefnd mun skila af sér tillögum sem ég hef upplýsingar um að verði jákvæðar og mæli með því að þessar tillögur verði rækilega skoðaðar og tekin upp greiðsluaðlögun og ég á von á því að nefndin skili mér í næsta mánuði sínum tillögum.

[18:49]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki við þetta tækifæri rúm til þess að fara yfir þau atriði sem ég vildi gera svo ég geri það síðar, en ég nefni nú aðeins tvennt. Það fyrra er að ég fagna því að hæstv. ráðherra er að láta athuga löggjöf erlendis um greiðsluaðlögun og mér fannst á upplýsingum ráðherra að þær upplýsingar sem hann hafði um málið fram til þessa væru jákvæðar þannig að þær bentu til þess að þetta væri fýsilegur kostur. Ég fagna því, einkum og sér í lagi í ljósi þess að fulltrúi félmrn., sem kom á fund félmn., var ekki svona jákvæður heldur taldi ekki mikla bót að þessu og hafði um það tölur frá Noregi hversu litlu greiðsluaðlögunarlögin hefðu skilað þar. En ég fagna því að um sinnaskipti hafi orðið að ræða hjá félmrn. hvað það varðar.

En ég vil segja hvað varðar það sjónarmið ráðherra að upplýsingar í mínu nál. væru fjarstæða þá er ég ekki sömu skoðunar og ráðherrann í því. Það kemur fram í bréfi ráðherrans, dags. 11. febr., til félmrn. hvernig skilja beri þetta ákvæði um frestun og fyrir hverja það ákvæði er ætlað og upplýsingar um það hvað sá hópur gæti verið stór liggja fyrir frá húsnæðismálastjórn og ég er ekkert að halda því fram að það séu endanlega 27. Ég er bara að benda á að í þeim upplýsingum sem fyrir liggja að af þeim 280 umsóknum gætu það verið 27 umsækjendur sem þetta ákvæði ætti við eins og það er upplagt og túlkað af hálfu menntmrn. og fjmrn. En það kemur fram örlítið neðar ef ráðherrann hefði nú lesið næstu 2–3 setningar að það er ekki rétt sem ráðherrann sjálfur hélt fram.

[18:51]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. vitnaði í fulltrúa félmrn. að hann hefði verið neikvæður gagnvart þessari löggjöf um greiðsluaðlögun þá hygg ég að hv. þm. sé að vísa í umræður sem urðu um þetta ekki á þessu þingi heldur á síðasta þingi. Þetta er mjög flókið og viðamikið mál og upplýsingar sem við fengum um það frá Noregi og unnið var úr bentu til þess að mjög fáir gætu notið þessarar greiðsluaðlögunar miðað við þau skilyrði sem þar voru sett. En eftir því sem málið hefur unnist áfram og verið skoðað, þetta er viðamikið og flókið mál, þá hafa menn séð ýmsa jákvæða kosti við þessa greiðsluaðlögun og ég veit að fulltrúi félmrn. sem er að skoða þessa löggjöf er mjög jákvæður fyrir því að þessar tillögur sem snerta greiðsluaðlögunina verði skoðaðar.

Varðandi hitt atriðið þá tel ég ástæðu til þess að ítreka það af því að hv. þm. vitnar í bréf frá félmrn. að við vorum einungis þar að gefa nefndinni upplýsingar um það hvað margir það væru sem ekki gagnaðist sú reglugerð sem sett var í október 1993. Við vorum engar upplýsingar að gefa um það hve margir nytu góðs af þessu ákvæði sem við erum nú að fjalla um vegna þess að það er enginn sem veit það. Fyrir þann hóp sem hefur verið hafnað og getur ekki nýtt sér þessa reglugerð mun þetta ákvæði væntanlega nýtast. En hvað verður á næstu mánuðum getur enginn sagt um. Við vorum eingungis að gefa vísbendingu um hvaða kostnaður gæti af þessu hlotist.

[18:53]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er að vísa til viðræðna og sjónarmiða sem komu fram hjá fulltrúa félmrn. gagnvart félmn. á fundi nefndarinnar nú nýverið og ég gæti farið í mína minnisbók og flett því upp en mig minnir að það hafi verið 1. mars sem sá fundur var.

Það kom mér mjög á óvart hversu sjónarmið ráðuneytisins virtust vera andsnúin hugmyndum um greiðsluaðlögun því að ég taldi að svo væri ekki og ekki væri ástæða til og minni á að m.a. hafði fulltrúi Neytendasamtakanna lagt töluverða áherslu á að nefndin kynnti sér þessi sjónarmið um greiðsluaðlögun og ég tel að við ættum að gera það. Ég tel að hv. Alþingi ætti núna áður en þingi lýkur í vor að vera búið að afgreiða frá sér einhvers konar löggjöf af þessu tagi af því að vandinn er svo stór eins og ég rakti í minni ræðu hér áðan um vanskilin.

En hvað varðar túlkun á þessu frestunarákvæði, þá fagna ég því í sjálfu sér ef menn útvíkka túlkunina og telja að frestunarákvæðið í brtt. nái til fleiri manna og stærri hóps en fyrri gögn og þau gögn sem liggja fyrir benda til. Ég ætla ekkert að andamæla því. En ég dreg mínar ályktanir út frá þeim upplýsingum sem liggja fyrir og því sem þeir segja sjálfir og þá er það þannig að þetta frestunarákvæði er skilgreint af hálfu ráðuneytanna fyrir þann hóp sem ekki fær skuldbreytingu samkvæmt reglugerðinni. Það er tímabundinn lánaflokkur og í hann á einungis að verja 300 millj. kr. en fulltrúi fjmrn. giskaði á að það þyrfti um 50–100 millj. í þetta verkefni. Það er mjög lítil upphæð miðað við hinn stóra vanda og háu fjárhæðir sem eru í vanskilum.

[18:55]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. vék að því að hann teldi rétt að þingið gæti fjallað um tillögur um greiðsluaðlögun á þessu þingi og ég veit ekki út af fyrir sig hvort þingmaðurinn meinti frv. Ég held að þetta mál sé flóknara en svo að það verði hrist fram úr erminni frv. um það á þeim fáu vikum sem eftir lifa af þessu þingi. Þetta er mjög flókið mál. Hér er verið að tala um að það sé áætlað hjá þröngum hópi sem fyrirsjáanlega blasir ekkert við nema gjaldþrot hvernig greiða megi niður skuldir viðkomandi miðað við áætlaðar tekjur og framfærsluþörf og standist einstaklingurinn þá raun á fimm árum þá er verið að tala um að fella niður ákveðnar skuldir hjá viðkomandi og það er ekkert einfalt mál. En skýrsla um það verður væntanlega tilbúin í næsta mánuði og þá finnst mér sjálfsagt að þeirri skýrslu verði dreift hér á Alþingi þannig að þingmenn geti áttað sig á þessari hugmynd. Ef samkomulag næst um það yrði tíminn í sumar notaður til að semja frv. um það sem þá yrði lagt fram á næsta vetri.

[18:56]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get í sjálfu sér tekið undir það með hæstv. félmrh. að það sé ekki æskilegt að hafa viðvarandi inni í lögum heimildir til sífelldrar skuldbreytingar, lánalengingar vegna greiðsluerfiðleika. En það sem ég var benda á áðan var kannski frekar það að þessi tími til 1. jan. 1996 er að mínu viti allt of knappur í ljósi þess að það er ekki nein breyting að verða á högum fólks, ekki síst ef menn horfa til atvinnuleysisins og þeirrar kjaraskerðingar sem uppi er.

Hæstv. félmrh. minntist hér á nokkrar leiðir til þess að koma til móts við fólk sem ekki kemst núna inn í félagslega íbúðakerfið og ég get tekið undir það að þetta eru kostir. En af því að ég hef ekki haft tækifæri til að fylgjast með þessu nefndarstarfi þar sem ég á ekki sæti í hv. félmn. þá vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvort fyrir liggi upplýsingar um það hversu háar mánaðargreiðslur séu hjá því fólki sem er að fá alódýrustu íbúðirnar í félagslega kerfinu, íbúðir sem kosta á bilinu 4–5 millj. kr. og eru að fá 100% fjármögnun á því og svo hitt: Hverjar eru mánaðargreiðslurnar í kaupleiguíbúðakerfinu hjá sveitarfélögunum af íbúðum af sambærilegri stærð? Eru þetta ekki allt saman í raun miklu lægri mánaðarlegar greiðslur en fólk þyrfti að greiða ef það færi út á leigumarkaðinn þó svo húsaleigubæturnar kæmu þar á móti?

[18:59]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef ekki handbærar þær tölur sem um er beðið en það er velkomið að koma þeim til þingmannsins. Þær tölur eru vissulega til. Greiðslubyrðin er mjög misjöfn eftir því hvað um er að ræða stórar íbúðir, eftir því hvað framkvæmdaaðilum, sem oftast eru sveitarfélögin, hefur tekist að byggja hagkvæmar íbúðir. Ég hef oft orðið fyrir vonbrigðum með sveitarfélögin vegna þess að þau hafa stundum verið að byggja íbúðir þegar hægt er að fá nýlegar notaðar íbúðir og miklu ódýrari á markaðnum. En þetta fer eftir því hvernig framkvæmdaaðilanum hefur til tekist. Byggingarkostnaðurinn er afar misjafnt hjá þessum framkvæmdaaðilum en ég hygg að greiðslubyrðin af ódýrustu íbúðunum liggi kannski nálægt 20 þús. eða einhvers staðar kringum það. Það er auðvitað lægra en almennt gerist á leigumarkaðnum. Það er vissulega rétt hjá þingmanninum en ég skal koma upplýsingunum á framfæri við hann varðandi þennan samanburð sem hann nefnir.

[19:00]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég er ein af þeim sem skrifuðu undir nefndarálit félmn. við afgreiðslu þessa máls úr nefndinni og stend að þeim breytingartillögum sem hér hafa verið lagðar fram og talað fyrir á sérstöku skjali. Ég hefði kannski kosið að segja eitthvað um þetta áður en ráðherra talaði en því miður missti ég af lestinni, enda mæðist maður í mörgu þessa dagana og það verður að hafa það. Ég ætla ekkert að lengja þessa umræðu. Ég veit að hér hafa komið fram mjög margvíslegar upplýsingar um þessi mál og greiðslustöðu heimilanna og skuldastöðu heimilanna og ætla ekki að fara neitt ítarlega í það en á því taka þessar brtt. m.a.

Ég vil hins vegar byrja á því áður en ég segi nokkuð efnislega um málið að koma á framfæri ákveðnum mótmælum eða ákveðinni gagnrýni á það hvernig mál hafa borist frá ráðuneyti inn í félmn., breytingartillögur sem varða þetta frv. sem hér var lagt fram fyrr á þessu þingi. Þá voru inni í frv. í rauninni þrjú mál. Það var um ávöxtun sjóðanna að það mætti ávaxta þá víðar en gert hefur verið, það var um skyldusparnað og það var um félagslegar íbúðir á lögbýlum. Og þetta eru allt óskyld mál í sjálfu sér. Síðan hafa bæst við tvö ný efnisatriði inn í frv. sem eru líka allsendis óskyld hinum þremur. Annað lýtur að frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum Byggingarsjóðs ríkisins og hitt lýtur að kaupleiguíbúðunum, að gefa heimild til að lengja lánstíma á þeim lánum sem hingað til hafa verið veitt til fimm ára. Þarna eru komin 5 ólík efnisatriði inn í eitt og sama frv. sem er frv. til laga um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Það kom beiðni til nefndarinnar frá félmrn. um að hún flytti þessi tvö síðasttöldu frv. sem ég nefndi hérna og þessar brtt. Þetta eru hvort tveggja góð atriði og við skulum segja að það sé mjög erfitt að standa gegn þessum efnisatriðum vegna þess að þau eru í sjálfu sér góð og allir vilja gjarnan reyna að bæta þessa húsnæðislöggjöf eða bæta úr þeim ágöllum sem á henni eru. Hins vegar er það í rauninni óviðunandi fyrir almenna þingmenn að fá ekki 1. umr. um svona veigamiklar breytingar á húsnæðislöggjöfinni. Það er eðlilegt að þetta sé í frv. þegar það er lagt inn í þingið þannig að málið fái 1. umr. inni í þinginu og allir þingmenn geti tekið þátt í þeirri umræðu og komið ábendingum á framfæri við þingmenn. En þetta er svo sem ekki einstakt dæmi sem ég er hér að rekja. Þetta gerist æ ofar að ráðherrar í rauninni biðji þingnefndir um að taka mál til flutnings ýmist heilu frumvörpin eða biðji

þingefndir að gera breytingar á frumvörum sem ráðherrarnir hafa sett hér inn í þingið.

Vegna þessa var gerð samþykkt á þingflokksfundi hjá Samtökum um kvennalista 22. mars sl. og mig langar til að lesa hana hér. Þessi samþykkt var send forsætisnefnd Alþingis og hún er svona, með leyfi forseta:

„Þingflokkur Kvennalistans ræddi á fundi sínum 21. mars sl. um afstöðu til þess að þingnefndir leggi fram mál í eigin nafni að beiðni ráðherra. Þingflokkurinn telur að slíkt eigi aðeins að gera í undantekningartilvikum þegar brýna nauðsyn ber til og flýta þarf málum vegna þess að um óumdeilda þjóðarhagsmuni er að tefla.

Þingflokkur Kvennalistans telur að ef um ágreiningsmál er að ræða eða pólitísk umdeild mál, þá sé óæskilegt að þingnefndir taki að sér að flytja þau mál inn í þingið að beiðni einstakra ráðherra. Sama máli gegnir um veigamiklar breytingartillögur við frumvörp sem þingnefndir eru með í vinnslu. Að undanförnu hefur það færst í vöxt að ráðherrar fari þess á leit við þingnefndir að gera grundvallarbreytingar á frumvörpum eða bæta inn nýjum óskyldum atriðum við 2. eða 3. umr. um málið. Vafamál er að slíkt standist ákvæði 44. gr. stjórnarskrárinnar um að ekkert lagafrv. megi samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi. Þingflokkur Kvennalistans telur að setja þurfi skýrar reglur um framangreind atriði og beinir því til forsætisnefndar að taka málið til gaumgæfilegrar skoðunar."

Þetta er sem sagt samþykkt þingflokks Kvennalistans. Þessi samþykkt kemur til vegna þess að við höfum orðið varar við það að þetta gerist nú æ tíðar að ráðherrar komi hér inn með frumvörp sem eru kannski hálfköruð og komi síðan með beiðnir inn í nefndirnar um að þær fullvinni frumvörpin og geri á þeim veigamiklar efnisbreytingar. Þessu vil ég koma hér á framfæri, virðulegi forseti, þannig að þetta megi þá koma til skoðunar og þá hjá öðrum þingflokkum jafnvel, hjá ráðherrum og síðast en ekki síst inn í forsætisnefnd sem fær þetta bréf til formlegrar umfjöllunar.

Eins og ég sagði eru þessi efnisatriði sem félmn. gerði að sínum í sjálfu sér góðra gjalda verð, bæði það að heimila frestun á greiðslum hjá einstökum lánþegum til Byggingarsjóðs ríkisins og eins að veita heimild til þess að hægt sé að skuldbreyta fimm ára lánum sem fylgja kaupleiguíbúðum og gera þau að 25 ára lánum. Hvort tveggja er til þess fallið að létta greiðslubyrði hjá fólki sem á í erfiðleikum með að ná endum saman vegna kaupa á eigin íbúð. Og því miður gerist það nú æ tíðar að fólk lendi í miklum erfiðleikum við að standa í skilum með afborganir af húsnæðislánum eða öðrum lánum sem tekin hafa verið vegna þess að fólk hefur verið að eignast eigin íbúðir. Hér hafa komið fram tölur um það að frá 1. okt. sl. og þar til í lok janúar á þessu ári eða á 4 mánuðum hafi Húsnæðisstofnun borist 280 umsóknir um aðstoð vegna greiðsluerfiðleika og þetta er auðvitað talsvert á fjögurra mánaða tímabili. Aðeins 56 af þessum 280 höfðu fengið jákvæða afgeiðslu hjá stofnuninni og fengið samþykki við skuldbreytingalán. Það kom jafnframt fram í gögnum hjá Húsnæðisstofnun eins og hv. 5. þm. Vestf., Kristinn H. Gunnarsson, hefur rakið að stofnunin hefur metið það svo að um 27 umsækjendur af þessum 280 hefði líklega verið boðin frestun á greiðslum ef þessi frestunarheimild hefði verið fyrir hendi í lögum. Það eru einu tölurnar sem við höfum handbærar núna. Það getur vel verið að þessi hópur eigi eftir að verða talsvert stærri þegar fram líða stundir en þetta eru þó einu haldbæru tölurnar í augnablikinu. Það kom fram hjá mjög mörgum sem komu á fund nefndarinnar að þessi ákvæði þó ágæt væru mundu ná til mjög takmarkaðs hóps. Það kom fram hjá fulltrúa fjmrn., Halldóri Árnasyni. Það kom fram hjá fulltrúa Neytendasamtakanna og e.t.v. einhverjum fleiri sem komu á fund nefndarinnar.

Hins vegar var m.a. á það bent af fulltrúa Neytendasamtakanna á fundinum að það þyrfti að gera ýmislegt fleira og Neytendasamtökin sendu nefndinni einmitt talsvert af gögnum um þá löggjöf sem í gildi er m.a. í Noregi, þ.e. lög um greiðsluaðlögun. Þessu lög eru til í Noregi og líklega er hún komin á í Svíþjóð núna og gott ef ekki eitthvað sambærilegt er til í Bretlandi. Það er víða verið að vinna með þessi mál enda er það alþekkt fyrirbæri og kannski hlutur sem hefur verið að gerast á öllum Norðurlöndunum á undanförnum árum að skuldir heimilanna hafa aukist mjög verulega. Það er sameiginlegt einkenni á öllum Norðurlöndunum að allan síðasta áratug hafa skuldir heimilanna verið að aukast mjög mikið. Hér á landi hafa þær fjórfaldast á 10 árum, frá 1981–1992 fjórfölduðust skuldir heimilanna og það segir sig auðvitað sjálft að þegar litið er til þeirra háu vaxta sem hér hafa verið þá hlýtur það að leiða til talsverðra greiðsluerfiðleika hjá fólki. Sumt af þessum lánum og þorri þessara lána hefur verið tekinn vegna öflunar eigin húsnæðis en talsvert af þessum lánum eru líka neyslulán. Það er athyglisvert þegar skoðuð er þróunin frá 1986–1992 þá hefur skuldaaukning heimilanna verið 143,5 milljarðar en fjárfesting í íbúðarhúsnæði á sama tíma verið 105,2 milljarðar þannig að 40 milljarðar af þessu eru neyslulán og þá væntanlega lán til kaupa á bílum eða öðrum neysluvarningi.

Það má kannski segja að fólk hefði átt að sníða sér stakk eftir vexti og ekki fara út í þessar miklu lántökur, en hér hefur verið mikið framboð af lánsfé og þetta lánsfé hefur verið tiltölulega útbært í bönkunum enda vextirnir háir og bankarnir hafa fyrst og fremst horft á það hvort það fólk sem er að taka lán getur lagt fram einhvers konar veð, annaðhvort í íbúðarhúsnæði sjálfs sín eða annarra en síður á það hvort fólkið hefði í raun og veru tekjur til að standa undir þessum lánum sem það hefur verið að taka þannig að auðvitað bera bankarnir talsverða ábyrgð líka.

Vegna þeirrar stöðu sem nú er uppi þar sem heimilin eru svo mjög skuldsett eins og raun ber vitni, þá vil ég fagna því sem kom fram hjá ráðherra að það er verið að skoða það núna í félmrn. hvort við eigum að fara að dæmi Norðmanna og setja hér löggjöf um greiðsluaðlögun. Það er í rauninni ekki nema sjálfsagt

að þetta sé skoðað hvað heimilin varðar vegna þess að við horfum hér upp á það og erum búin að horfa upp á það mörg undanfarin ár að það hefur verið afskrifað talsvert mikið af lánum eða 40 milljarðar í bönkum og sjóðum á undanförnum fimm árum vegna atvinnufyrirtækja sem hafa lent í þrotum og við heyrum um það í fréttum upp á hvern einasta dag að það er verið að gera nauðarsamninga við fyrirtæki þar sem lánveitendur gangast undir það að fá ekki að fullu greidd til baka þau lán sem þeir hafa veitt, fá bara ákveðinn hluti af því. Þetta hefur tíðkast með fyrirtækin, að þau hafa fengið slíka nauðarsamninga og það er auðvitað jafnsjálfsagt, þó að ég verði að setja „sjálfsagt" þarna innan gæsalappa vegna þess að auðvitað er ekki sjálfsagt að við séum með þessa stöðu almennt í samfélaginu, en að einstaklingarnir og heimilin geti fengið sambærilega meðhöndlun inni í kerfinu.

Þess vegna fagna ég því að það skuli nú vera komið fram hjá ráðherra að þetta sé til alvarlegrar skoðunar í ráðuneytinu en ég segi eins og hv. 5. þm. Vestf., ég hafði ekki þá trú eftir að fulltrúi ráðuneytisins hafði komið inn í nefndina og talað um þessa norsku löggjöf og sagt það m.a. einmitt á fundi 1. mars, ég er hér með punkta frá þeim fundi, að þessi greiðsluaðlögunarlög í Noregi hefðu ekki gefist vel og það hefðu verið mjög fáir sem hefðu fengið einhverja meðhöndlun samkvæmt þeim lögum.

Þetta kom sem sagt fram hjá þessum fulltrúa þannig að maður eiginlega gaf sér það að það væri ekki kannski mjög mikill vilji í ráðuneytinu til þess að taka upp þessa löggjöf. En ég fagna því að þessi vinna er nú í gangi og vonandi fáum við að sjá þá skýrslu í þinginu hið fyrsta um þetta mál.

[19:12]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Fyrst hér var endað á því að ræða um greiðsluaðlögunarformið, þá vil ég byrja á því. Ég er mjög ánægður með það að hæstv. ráðherra skuli telja þetta vænlegan kost og vel þess virði að eyða tíma í að skoða þennan möguleika og það sé á döfinni að það komi fram skýrsla um þetta efni í næsta mánuði. Það tel ég mjög til bóta og sýna það að menn vilji skoða þetta í fullri alvöru. Það kemur mjög á óvart eftir yfirlýsingar fulltrúa ráðuneytisins á fundi nefndarinnar 1. mars því að það var ekki hægt að skilja þær yfirlýsingar öðruvísi en svo að menn væru að leggja þetta mál til hliðar. Ég verð að segja að ég undrast það að hæstv. ráðherra skuli fyrst núna seinni hlutann í marsmánuði 1994 upplýsa að nefnd sé að vinna að þessu máli, sérstaklega í ljósi þess að ráðherrann lýsti því yfir í blaðaviðtali 30. ágúst á síðasta ári, fyrir hálfu ári, að það væri verið að skoða þessi mál milli dómsmrn. og félmrn. Og ég spyr: Er ekkert komið meira af þessari skoðun annað en nefnd komi til sögunnar? Og 1. mars, fyrir nokkrum vikum, leit málið þannig út að þetta væri ekki vænlegur kostur. Ég held að hæstv. ráðherra verði þá að gera frekari grein fyrir þessu máli fyrst hún á annað borð dró þetta hér upp. En ég dreg ekkert úr því að ég fagna því ef satt er að nefnd er að komast á lokastig með að skila skýrslu um efnið og er vonandi að það verði jákvætt.

Þá vil ég taka undir það sem fram kom hjá hv. þm. Ingibjörgu Sólrúnu varðandi þessa vinnuaðferð ráðherra sem er að færast í vöxt, einkum og sér í lagi ráðherra Alþfl., að biðja þingnefndir að flytja fyrir þá breytingartillögur við frumvörp. Ég velti þessu auðvitað fyrir mér að það væri ekki eðlilegur hlutur að eftir að stjfrv. er komið fram, þá skuli koma fram tvö bréf frá hæstv. félmrh. þar sem nefndin er beðin um að flytja gersamlega nýjar tillögur við málið sem eru samanlagt það stórar í sniðum að þær eru stærri hluti málsins heldur en sjálft frv. fjallar um. Það kemur líka á óvart eftir yfirlýsingar ráðherrans í byrjun febrúar, fyrir ekki nema rúmum mánuði síðan, að 1. og 2. febr. mátti sjá og heyra í fjölmiðlum að það væri verið að vinna að stjfrv. um þetta efni, um greiðslufrestun. Ég spyr hæstv. ráðherra: Hvar er þetta stjfrv.? Er þetta stjfrv. bréfið sem ráðherrann sendi félmn.? Náðu ríkisstjórnarflokkarnir ekki saman um stjfrv. í þessu efni? Er það það sem er vandinn í málinu eftir yfirlýsingarnar í fjölmiðlum sem ég er með afrit af, stórkostlega réttarbót fyrir fólk, að þetta frv. er ekki enn komið fram sem ráðherrann boðaði 1. febr. í fjölmiðlum? Er ástæðan sú að stjórnarflokkarnir hafi ekki náð samkomulagi um að þetta frv. verði flutt? Það er bara í umfjöllun um þetta mál og viðtölum við ráðherrann 1. og 2. febr. sem fram kemur skilgreining enn frekari en menn hafa nú þegar í skjölum um hvað þetta þýðir og hvað það er stórt mál fjárhagslega séð. En það segir hér t.d. í sjónvarpinu 1. febr. um þetta mál, með leyfi forseta:

„Ekki er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu vegna þessara ráðstafana og mun frysting lána ef af verður draga úr útlánagetu Húsnæðisstofnunar. Áhrifin verða þó ekki stórkostleg. Talið er að frysting 100 lána þýði um 18 millj. kr. minni tekjur fyrir Húsnæðisstofnun."

Þetta er nú rökstuðningurinn. Ég sé ekki annað en hann sé samhljóða því mati sem ég dreg upp í mínu minnihlutanefndaráliti og þeim skjöl sem með því fylgja þannig að það kemur mér á óvart ef ráðherrann vill ekki kannast við þennan skilning á málinu og mat mitt á því.

Þá vil ég segja í framhaldi af þeim ummælum ráðherrans í ræðu sinni hér áðan þar sem hún fjallaði um álit lögfræðinga Húsnæðisstofnunar sem komast að þeirri niðurstöðu að stofnunin hafi almenna heimild, innan vissra marka þó, en almenna heimild til að skuldbreyta lánum í Byggingarsjóði ríkisins, húsbréfadeild, með skilmálabreytingu og ég rakti í minni ræðu. En ráðherra sagði um þetta ákveði að þetta væri öfugur skilningur hjá mér um þetta því að menn hefðu notað þennan skilning til að gefa út reglugerðina frá 1993 um þennan nýja lánaflokk. Ég verð nú að leiðrétta ráðherrann með þetta og ég hafði ekki hugsað mér að taka til umfjöllunar þessa merkilegu reglugerð nr. 414/1993 en fyrst ráðherrann bregst svona við þá held ég að rétt sé að draga það fram.

Staðreyndin er sú að ef menn lesa lögin um Húsnæðisstofnun ríkisins þá er það húsnæðismálastjórn

sem leggur til að stofna nýja lánaflokka. Síðan fær það staðfestingu ríkisstjórnar. Og þegar það hefur gerst eins og í þessu tilviki að húsnæðismálastjórn lagði til að það yrði stofnaður nýr lánaflokkur við Byggingarsjóð ríkisins þá fer um lánskjör og skilmála eftir ákvæðum í lögunum. Reglugerðin sem slík hefur ekkert gildi. Hún er fullkomlega óþörf en hún þjónaði einhverjum markmiðum ráðherrans sem ég held að eigi að vera skilgreind sem pólitísk markmið að gefa hana út en hún hefur ekkert gildi og var engin þörf á henni. Það var hægt að gera allt og var allt gert sem til þurfti eftir ákvæðum laganna sem ég hef rakið. Ég vænti þess að ráðherrann fari nú ekki að halda því fram og blanda saman ákvæðum laganna hvernig staðið er að því að stofna nýja lánaflokka og svo þessu áliti lögfræðinganna um almenna heimild til að fresta greiðslum af lánum í Byggingarsjóð ríkisins og við húsbréfadeild. Ég vil miklu frekar skora á ráðherrann að kynna sér þetta álit lögfræðinganna og í framhaldi af því að ræða við Húsnæðisstofnun um hvort ráðuneytið og stofnunin sé ekki sammála um þetta atriði því ef svo er, ef þessir aðilar eru sammála um þetta atriði, þá getum við gert svo mikið án þess að þurfa að fara með málið gegnum þingið fyrst og fá lagalegar heimildir til þess að skuldbreyta þar sem nauðsyn ber til. En eins og þetta mál ber með sér, þá er greinilega afar þungt að koma í gegnum stjórnarflokkanna heimildum til að fresta greiðslum af lánum manna og það mundi létta af mörgum og þar á meðal ráðherranum miklum áhyggjum ef menn gætu gert þetta með almennum reglum sem ráðherrann síðan staðfesti og ég vil einmitt skora á ráðherrann að taka þetta til vandlegrar athugunar.

Ég vil fagna yfirlýsingu ráðherrans í ræðu hennar að því er varðar vörslu á fjármunum byggingarsjóðanna að þar sé átt við innan lands og um meðferð á 3. og 4. gr. frv. varðandi lán til lögbýla. Hins vegar heyrði ég ekki að ráðherrann svaraði hugmyndum mínum um breytingar á ákvæðinu um skyldusparnað, um rýmkun sem ég tel að nauðsynlegt verði að gera umfram það sem frv. gerir ráð fyrir og varpaði hér fram hugmynd og bað menn að hugleiða hana og ég vonast til að ráðherrann segi sitt álit á því.

Þá tók ég líka eftir því að ráðherrann fjallaði ekkert um fjárhagslega stöðu stofnunarinnar en hún er ekki góð um þessar mundir eins og ég rakti, einkum og sér í lagi vegna þess að lánsfjáröflunin gengur ekki eins og til er ætlast. Og ríkisstjórnin verður að láta það mál til sín taka og ég spyr enn: Hvað hyggst ríkisstjórnin gera til þess að lánsfjáröflun stofnunarinnar geti gengið eftir?

Virðulegi forseti. Þá hygg ég að ég hafi svarað því sem mér fannst ástæða til að ítreka í framhaldi af ræðu ráðherrans hér fyrr en í ljósi þess að ég er með nýrri tölur en fram koma í nefndaráliti meiri hlutans um afgreiðslu og innkomnar umsóknir vegna greiðsluerfiðleika, þá mun ég ítreka þær að miðað við stöðuna 17. mars sl. höfðu komið inn 420 umsóknir. Þar af var búið að afgreiða 208 og þær voru afgreiddar þannig að 111 voru samþykktar en 79 hafði verið synjað. Af þeim 111 sem höfðu verið samþykktar voru 9 þar sem menn höfðu nýtt þær heimildir í Byggingarsjóði verkamanna að fresta greiðslum í tvö eða þrjú ár þannig að það gefur okkur vísbendingu um það hvernig menn meta hitt ákvæðið sem lagt er til að taka upp núna varðandi Byggingarsjóð ríkisins.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til að lengja frekar þessa umræðu. Það eru komin til skila þau sjónarmið sem ég hef viljað halda til haga en ítreka að menn verða að gera miklu betur en er í þessum breytingartillögum við stjfrv. varðandi greiðsluvanda þeirra fjölmörgu sem eru í vanskilum við stofnunina um þessar mundir og fer fjölgandi að mínu viti m.a. og einkum vegna vaxandi atvinnuleysis. En það er rétt að minna ráðherrann á það að einn þátturinn í þessum vanda er aðgerðir ríkisstjórnarinnar í vaxtamálum. Ríkisstjórnin tók þá ákvörðun á síðasta ári að hækka vexti í Byggingarsjóði verkamanna úr 1% í 2,4% og það hefur ekki gefist betur en svo að ári seinna kemur ríkisstjórnin og biður Alþingi um að samþykkja heimild til að fresta greiðslum af því að fólk geti ekki staðið undir þessu.

[19:25]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir að ræða hv. þm. gefi nú kannski tilefni til ítarlegrar umfjöllunar um húsnæðismál þá sé ég ekki ástæðu til þess að setja á langt mál um það enda ekki margir hér í þingsalnum til þess að hlýða á málið. Mér sýnist að það sé eingöngu hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson fyrir utan forsetann þannig að ég ætla ekki að setja á langt mál um þetta þó að tilefni hafi gefist til.

Ég vil í fyrsta lagi segja varðandi reglugerðina að ég hef talið nauðsynlegt að gefa út reglugerðir um skuldbreytingar á lánum á vegum Byggingarsjóðs ríkisins. Ég taldi það nauðsynlegt. Ég tel það samræmast góðum stjórnsýsluháttum að setja reglugerð um skuldbreytingalán en það séu ekki bara einhverjar reglur sem Húsnæðisstofnun setur þar um. Ef um reglugerð er að ræða þá er þetta birt í Stjórnartíðindum og það er í samræmi við ákvæði laganna að okkar mati að það sé sett reglugerð um og það sé stofnað þá til tímabundins lánaflokks eins og heimilt er í 11. gr. laga um Húsnæðisstofnun.

Hér hefur nokkuð verið agnúast út í það að ég skyldi hafa beðið nefndina um að flytja tvær breytingartillögur við þetta frv. Ég tel nú og get auðvitað út af fyrir sig tekið undir það og tek það ekkert illa upp þó að t.d. hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, hv. 10. þm. Reykv., hafi nefnt að það væri eðlilegra að frv. færi í gegnum 1. umr. Hér er hvorki um stórvægilegar né flóknar breytingar að ræða sem ég óskaði eftir að nefndin flytti. Nefndin var með frv. um Húsnæðisstofnun ríkisins til meðferðar. Hér var um tvær tiltölulega einfaldar breytingar að ræða, annars vegar um lengingu á láni í almennum kaupleiguíbúðum og hins vegar að heimila húsnæðismálastjórn, sem hún ekki hafði heimild til, frestun á greiðslu lána hjá Byggingarsjóði ríkisins. Þetta eru nú ekki stórvægilegar breytingar og það hefur oft komið til að nefnd hafi tekið upp ýmsar stórvægilegar breytingartillögur við frum-

vörp sem fram hafa verið borin í nefndum.

Hitt væri annað mál ef væri verið að biðja nefndina að flytja kannski viðamikið frv. án þess að það færi hér í gegnum 1. umr. Hér var um að ræða brýn mál til hagsbóta fyrir fólk sem er í greiðsluvandræðum enda tók nefndin vel undir það eins og fram kom í mínu máli fyrr í dag.

En ég skil ekki hvað hleypti svo illu blóði í hv. þm. þegar ég fór að tala um greiðsluaðlögunina. Ég hélt einmitt að þingmaðurinn mundi fagna því að það væri verið að skoða mjög ítarlega greiðsluaðlögunina og þá löggjöf sem Norðmenn hafa til að mynda byggt á. Ég vil ítreka það því að mér finnst þingmaðurinn tala þannig að maður hristi þetta frv. bara fram úr erminni að þetta er nokkuð flókið og viðamikið mál. Nefndin hefur ekki einungis verið að afla sér gagna frá Noregi um þetta mál og víðar um reynsluna af þessu, heldur hefur nefndin líka verið að vinna að gagnaöflun hér á landi um greiðsluvanda heimilanna með það að markmiði að greina vandann nánar, fá upplýsingar um umfang og ástæður til þess að vera betur undir það búin að leggja fram tillögur um þetta efni. Ég tel að hér sé um mjög mikilvægt mál að ræða og þó nefndin hafi haft örfáa mánuði nú á þessum vetri til að fjalla um það mál, þá tel ég það alls ekki langan tíma fyrir svona stórt og viðamikið mál eins og þetta er.

Varðandi skyldusparnaðinn sem hv. þm. nefndi, þá er hér verið að útvíkka hann þannig að fólk sem býr við atvinnuleysi og langvarandi veikindi og námsmenn geti fengið greiddan út sinn skyldusparnað. Það verður að fara mjög varlega í sakirnar. Eftir að skyldusparnaðinum var hætt þá vorum við með 4–5 milljarða sem þurfti að greiða út til fólks og það varð að gera það í áföngum þannig að það verður að fara mjög vægilega í sakirnar í þessu efni. Auðvitað geta komið upp svona tilvik eins og hv. þm. nefndi eins og almenna greiðsluerfiðleika hjá fólki en ég minnist ekki að það hafi verið áður heimild til þess þegar skyldusparnaðurinn var í gangi að greiða það út þó að það væri um almenna greiðsluerfiðleika að ræða. En ég er alveg sannfærð um það að þessi útvíkkun sem núna er með þessu ákvæði mun skila sér vel og það er áætlað að þetta muni gagnast um 400 ungmennum sem samkvæmt þessum ákvæðum munu fá endurgreiddan sinn skyldusparnað.

Varðandi fjármögnun Húsnæðisstofnunar sem hv. þm. nefndi einnig þá hafa verið vissir erfiðleikar í húsnæðisútboðunum. Það er alveg ljóst en það hefur ekkert komið niður á útlánagetu stofnunarinnar með einum eða öðrum hætti. Húsnæðisstofnun hefur fengið hagstæða fyrirgreiðslu hjá ríkissjóði þannig að það hafa ekki skapast nein vandræði og það hefur verið unnið að því á undanförnum vikum að samræma útboð Húsnæðisstofnunar og annarra ríkisverðbréfa með ákveðnum skilmálum sem á að gera það auðveldara að þessi húsnæðisútboð gangi. Ég vænti þess að sú samræming sem að hefur verið unnið muni skila sér í því að við munum fá meira fjármagn inn í gegnum þessi húsnæðisútboð sem ég tek undir að hafa á undanförnum vikum ekki skilað eins og til var ætlast.

[19:32]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig langar að beina tveimur spurningum til hæstv. ráðherra um leið og ég þakka honum fyrir svör sem hann gaf við fyrirspurnum mínum. Þó að ekki hafi allt í ræðunni verið að mínu skapi þá er það önnur saga.

Fyrri spurningin er þessi: Hvenær var nefndin sem á að athuga löggjöf um greiðsluaðlögun skipuð og hverjir eru í þeirri nefnd?

Síðari spurningin er þessi: Er hæstv. ráðherra reiðubúinn til þess að gefa út þá pólitísku yfirlýsingu í ljósi þess hversu ástandið hefur versnað, hversu atvinnulausum hefur fjölgað og vextir lækkað, gleymum því ekki, og almennir vextir lækkað, að rétt sé að lækka aftur vextina í Byggingarsjóði ríkisins úr 2,4% niður í eitthvað minna, jafnvel alla leið niður í 1% eins og þeir voru þar til þeir voru hækkaðir á síðasta ári? Sú aðgerð mundi skipta sköpum fyrir marga.

[19:33]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi spurningu hv. þm. um það hvenær nefndin sem er að skoða tilhögun um greiðsluaðlögun eins og hún hefur verið framkvæmd í Noregi, hvenær hún var skipuð, þá var það á haustmánuðum. Ég man það ekki nákvæmlega hvenær það var. Þar á undan var fulltrúi félmrn. á sumrinu að afla sér ýmissa gagna þar að lútandi. Þeir sem eru í þessari nefnd eru fulltrúi félmrn., dómsmrn., Húsnæðisstofnunar og húsnæðismálastjórnar ef ég man rétt og nefndinni er ætlað samkvæmt skipunarbréfi að hafa samráð við Neytendasamtökin, verkalýðshreyfinguna og fjármálastofnanir.

Varðandi það hvort ég sé hér og nú tilbúin til þess að gefa yfirlýsingu um það að lækka vexti hjá Byggingarsjóði ríkisins eins og þingmaðurinn sagði, en hann er víst að tala um Byggingarsjóð verkamanna, þá er það vissulega í skoðun hvort það séu einhverjar aðstæður til þess að lækka vextina hjá Byggingarsjóði verkamanna. Við erum með það í skoðun, við erum með samráðsfundi reglulega með Húsnæðisstofnun þar sem hefur verið farið yfir þessa möguleika. Það er verið að skoða það hvort það séu forsendur fyrir því miðað við eiginfjárstöðu sjóðsins að lækka vextina. Ég vil ekkert um það segja hvort það verður gert fyrr en sú niðurstaða er fengin. Það er auðvitað forsenda fyrir því að athuga hvort það sé möguleiki og hvort eiginfjárstaða sjóðsins þolir það vegna þess að ef hún gerir það ekki þá verðum við auðvitað að fækka verulega útlánum á félagslegum íbúðum. Það eru ekki nema tveir valkostir í því efni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Embætti héraðsdýralækna, 522. mál, fsp. JVK, þskj. 815.

Stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins, 521. mál, fsp. JVK, þskj. 814.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 9. mál.

Fundi slitið kl. 19:35.

---

117. FUNDUR

fimmtudaginn 24. mars,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 272. mál, þskj. 332, nál. 775 og 808, brtt. 774. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Varnir gegn mengun hafsins, stjtill., 495. mál, þskj. 761. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Héraðsskógar, stjfrv., 499. mál, þskj. 766. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 500. mál, þskj. 767. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, stjfrv., 287. mál, þskj. 803. — 3. umr.
6. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 286. mál, þskj. 363, nál. 804. — 2. umr.
7. Þjóðminjalög, stjfrv., 478. mál, þskj. 733. — 1. umr.
8. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 412. mál, þskj. 617, nál. 805 og 812, brtt. 806. — 2. umr.
9. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 469. mál, þskj. 723. — Fyrri umr.
10. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 429. mál, þskj. 641. — 1. umr.
11. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — 1. umr.
12. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439. — Fyrri umr.
13. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 304. mál, þskj. 495. — Frh. fyrri umr.
14. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 368. mál, þskj. 561. — 1. umr.
15. Framhaldsskólar, frv., 373. mál, þskj. 568. — 1. umr.
16. Úttekt á stöðu sorphirðumála, þáltill., 388. mál, þskj. 585. — Fyrri umr.
17. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 391. mál, þskj. 590. — 1. umr.
18. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 392. mál, þskj. 591. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Davíð Oddsson forsrh.,
Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Útbýting þingskjals:
Samkeppnisstaða innlendrar framleiðslu, 526. mál, þáltill. FI o.fl., þskj. 819.

Húsnæðisstofnun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 272. mál (skyldusparnaður, lán til lögbýla og varsla sjóða). — Þskj. 332, nál. 775 og 808, brtt. 774.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:33]

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKJ, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JónK, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VG, VS.

30 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, MF, ÓRG, PP, PBald, RA, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKJ, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VG, VS.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JBH, JHelg, JVK, MF, ÓRG, PP, PBald, RA, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 774,1 (ný grein, verður 5. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKJ, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VG, VS.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JBH, JHelg, JVK, MF, ÓRG, PP, PBald, RA, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

5. gr. (verður 6. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 774,2 (tvær nýjar greinar, verða 7.–8. gr.) samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKJ, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VG, VS.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JBH, JHelg, JVK, MF, ÓRG, PP, PBald, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

6. gr. (verður 9. gr.) samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VG, VS.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FI, GHH, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JBH, JHelg, JVK, MF, ÓRG, PP, PBald, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Varnir gegn mengun hafsins, frh. fyrri umr.

Stjtill., 495. mál. — Þskj. 761.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]

Till. vísað til síðari umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, TIO, VG, VS.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FI, GHH, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, IBA, JBH, JHelg, JVK, MF, ÓRG, PP, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Héraðsskógar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 499. mál (skógrækt á eyðijörðum). — Þskj. 766.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HÁ, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RG, SAÞ, SP, VG, VS.

28 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GÁ, GHelg, HBl, IBA, JHelg, JVK, MF, ÓRG, PP, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Lax- og silungsveiði, frh. 1. umr.

Stjfrv., 500. mál. — Þskj. 767.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS.

22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, FI, GHH, GHelg, IBA, JHelg, JVK, MF, ÓRG, PP, PBald, SighB, StG, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 3. umr.

Stjfrv., 287. mál (heildarlög). — Þskj. 803.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:39]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HN, HjálmJ, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PB, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VG, VS.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GHelg, IBA, JHelg, JVK, MF, ÓRG, PP, PBald, SighB, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgreitt sem lög frá Alþingi (þskj. 821).

Um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þm. að fljótlega verður settur nýr fundur og atkvæðagreiðslur hafnar á nýjan leik þannig að forseti vill biðja hv. þm. að hafa nokkra þolinmæði og vera hér viðstaddir.

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 2. umr.

Stjfrv., 286. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 363, nál. 804.

[10:40]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Landbn. hefur farið yfir þetta mál og orðið sammála um niðurstöðu þess.

Við 1. umr. skýrði hæstv. landbrh. efni þessa frv. og vísa ég til þess sem þar kom fram. En meginefni þess er að afréttamálefni og fjallskil skuli vera óbreytt þrátt fyrir nýja skipan í sveitarstjórnarmálum. Eins og mönnum er kunnugt er þeim deilt upp eftir ýmsum hætti og öll sveitarfélög hafa skyldur að inna af hendi í þessum efnum. Og með frv. er kveðið á um það, ef að lögum verður, að sú skipan haldist óbreytt þrátt fyrir sameiningu sveitarfélaga.

Ég legg svo til, virðulegur forseti, að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 3. umr.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:43]

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, PB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VG, VS.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GHelg, HÁ, HG, IBA, JÁ, MF, ÓRG, PP, RA, SighB, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, PBald, PB, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VG, VS.

1 þm. (EKJ) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, JÁ, JGS, JBH, MF, ÓE, ÓRG, PP, RA, SighB, SP, StG, StH, SJS, SvG, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, PB, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VG, VS.

19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GHelg, HÁ, HG, IBA, MF, ÓRG, PP, SighB, StG, StH, SJS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 7.–18. mál.

Fundi slitið kl. 10:44.

---

118. FUNDUR

fimmtudaginn 24. mars,
að loknum 117. fundi.

Dagskrá:

1. Húsnæðisstofnun ríkisins, stjfrv., 272. mál, þskj. 820. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
2. Afréttamálefni, fjallskil o.fl., stjfrv., 286. mál, þskj. 363. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
3. Þjóðminjalög, stjfrv., 478. mál, þskj. 733. — 1. umr.
4. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 412. mál, þskj. 617, nál. 805 og 812, brtt. 806. — 2. umr.
5. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 469. mál, þskj. 723. — Fyrri umr.
6. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 429. mál, þskj. 641. — 1. umr.
7. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — 1. umr.
8. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439. — Fyrri umr.
9. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 304. mál, þskj. 495. — Frh. fyrri umr.
10. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 368. mál, þskj. 561. — 1. umr.
11. Framhaldsskólar, frv., 373. mál, þskj. 568. — 1. umr.
12. Úttekt á stöðu sorphirðumála, þáltill., 388. mál, þskj. 585. — Fyrri umr.
13. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 391. mál, þskj. 590. — 1. umr.
14. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv. 392. mál, þskj. 591. — 1. umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti Guðrún Helgadóttir):

Til þess að 1. og 2. dagskrármál megi fyrir fundinn koma verður að leita afbrigða og verður það nú gert.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:45]

Afbrigði samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, PB, RG, SalÞ, SAÞ, StB, SvG, TIO, VG.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GHelg, HÁ, HG, IBA, MF, ÓRG, PP, RA, SigG, SighB, SP, StG, StH, SJS, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Húsnæðisstofnun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 272. mál (skyldusparnaður, lán til lögbýla og varsla sjóða). — Þskj. 820.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:46]

Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, SvG, VG.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GHH, GHelg, HÁ, HG, IBA, MF, ÓRG, PP, SigG, SighB, StG, StH, SJS, TIO, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddur.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 822).

Afréttamálefni, fjallskil o.fl., 3. umr.

Stjfrv., 286. mál (sameining sveitarfélaga). — Þskj. 363.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:47]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HN, HjálmJ, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, PB, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VG.

19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GHH, GHelg, HÁ, HG, IBA, MF, ÓRG, PP, SighB, StG, StH, SJS, VS, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 823).

Þjóðminjalög, 1. umr.

Stjfrv., 478. mál (stjórnkerfi minjavörslu o.fl.). — Þskj. 733.

[10:47]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Með frv. því sem hér liggur fyrir er lagt til að gerðar verði nokkrar breytingar á þjóðminjalögum sem samþykkt voru á Alþingi vorið 1989 og síðar breytt með lögum frá 1991. Í þjóðminjalögum, nr. 88/1989, var mælt fyrir um að endurskoða skyldi lögin eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra. Má segja að með því frv. sem hér er flutt sé þeirri lagaskyldu fullnægt. Þess er þó að geta að þjóðminjaráð telur æskilegt að innan tíðar fari fram frekari endurskoðun á þeim köflum laganna sem fjalla um fornminjar og húsafriðun. Þær breytingar sem nú eru gerðar eru tillögur um lúta fyrst og fremst að stjórnkerfi þjóðminjavörslunnar eins og ég mun víkja nánar að.

Þjóðminjalögin sem sett voru 1989 leystu af hólmi löggjöf um sama efni frá 1969 með breytingu frá 1975. Helstu nýmælin vörðuðu stjórn þjóðminjavörslunnar. Gert var ráð fyrir allviðamiklu stjórnkerfi bæði á landsvísu og að því er varðaði minjavörslu í héruðum. Innan þessa kerfis var stjórn fornleifamála að verulegu leyti skilin frá umsjón annarrar minjaverndar. Reynslan hefur þótt sýna að á því stjórnkerfi sem þannig var stofnað til væru nokkrir annmarkar sem æskilegt væri að lagfæra. Valdmörk milli stjórnaðila hafa í sumum tilvikum þótt bagalega óskýr og tilhögunin ekki alltaf fallin til að stuðla að greiðri framkvæmd.

Brtt. sem í frv. felast miða að því að sníða af kerfinu helstu agnúana af þessu tagi í því skyni að gera það einfaldara, skýrara og skilvirkara.

Frá vinnubrögðum við endurskoðun laganna er greint í inngangi athugasemda við frv. og vísa ég til þess. Ég mun nú drepa á helstu breytingarnar sem frv. gerir ráð fyrir.

Í gildandi lögum er kveðið á um að þjóðminjaráð fari „með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu í umboði menntmrn." Í stjórnsýslulegu tilliti þykir þetta orðalag óljóst. Í frv. er því sá kostur tekinn að láta koma skýrt fram að yfirstjórn þessara mála sé í höndum menntmrh. Að öðru leyti er verksvið þjóðminjaráðs skilgreint efnislega svipað og í gildandi lögum. Ráðinu er ætlað að sinna stefnumörkun og áætlanagerð, þar á meðal um fjárhagsmálefni og hafa efitrlit á því sviði. Jafnframt er það stjórnarnefnd Þjóðminjasafns Íslands.

Skipan þjóðminjaráðs breytist nokkuð samkvæmt frv. Áfram er gert ráð fyrir fimm fulltrúum en í stað eins fulltrúa samkvæmt tilnefningu deildarstjóra Þjóðminjasafns kemur fulltrúi tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Er hér farið að ósk stjórnar sambandsins um aðild að þjóðminjaráði og vonast er til að sú tilhögun verði til að treysta góð samskipti við sveitarfélögin um málefni þjóðminjavörslunnar.

Þótt ekki sé lengur gert ráð fyrir að deildarstjórar Þjóðminjasafns tilnefni fulltrúa sinn í þjóðminjaráð er fulltrúa tilnefndum af föstum starfsmönnum safnsins ætluð seta á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti og sama gegnir um þjóðminjavörð og safnstjóra. Sem fyrr er ráðherra ætlað að skipa einn fulltrúa í þjóðminjaráð og er í frv. gert ráð fyrir að hann sé jafnframt formaður ráðsins.

Samkvæmt gildandi lögum skipar ráðherra formann úr hópi ráðsmanna. Niður er fellt ákvæði um að fulltrúinn sem ráðherra skipar skuli vera fornleifafræðingur. Þykir ekki ástæða til að lögbinda það með hliðsjón af verksviði ráðsins. Þá er mælt fyrir um skipan varamanna í þjóðminjaráð en svo er ekki í gildandi lögum. Loks er þess að geta að skipunartími ráðsins verður fjögur ár í stað fimm.

Þau atriði sem nú voru rakin og varða þjóðminjaráð er að finna í 1. gr. frv. Í sömu grein eru ákvæði um embætti þjóðminjavarðar. Breytingar frá gildandi lögum miða að því að skýra og styrkja stöðu þjóðminjavarðar að því er tekur til þess hlutverks hans að hafa umsjón með þjóðminjavörslu í landinu og annast forstöðu Þjóðminjasafnsins. Ákvæði um fyrrnefnda þáttinn er í gildandi lögum orðað svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þjóðminjavörður hefur umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu í umboði þjóðminjaráðs."

Í frv. eru orðin „í umboði þjóðminjaráðs" felld brott. Óbreytt er að forseti Íslands skipi þjóðminjavörð til fjögurra ára í senn að tillögu menntmrh. en kveðið á um að ráðherra skuli leita umsagnar þjóðminjaráðs. Samkvæmt gildandi lögum skal að öðru jöfnu ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu. Þessu ákvæði er haldið í frv. en bætt við hæfisskilyrðin „reynslu af stjórnunarstörfum".

Einna veigamestu breytingar sem frv. gerir ráð fyrir felast í 2. gr. þess þar sem fjallað er um hlutverk og skipan fornleifanefndar. Lagt er til að afnumin verði sú tvískipting á stjórn þjóðmunavörslunnar sem gert er ráð fyrir í gildandi lögum og felst í því að fornleifanefnd fer með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsóknir í landinu í umboði þjóðminjaráðs og er jafnframt stjórnarnefnd fornleifadeildar Þjóðminjasafnsins.

Samkvæmt frv. hefur fornleifanefnd áfram það verkefni að fjalla um leyfisveitingar vegna fornleifarannsókna. Að öðru leyti er henni ætlað að sinna faglegri ráðgjöf en ekki stjórnsýslustörfum. Fulltrúum í nefndini er fækkað úr fimm í þrjá og skipunartími styttur úr fimm árum í fjögur ár. Tilnefningaraðilar verða Háskóli Íslands, þjóðminjaráð og Félag ísl. fornleifafræðinga, en ráðherra skipar formann úr hópi þeirra fulltrúa sem þannig eru tilnefndir.

Samkvæmt gildandi lögum tilnefna Háskóli Íslands og Samband ísl. sveitarfélaga hvort sinn fulltrúa en jafnframt eiga sæti í nefndinni ráðherraskipaður fulltrúi í þjóðminjaráði, þjóðminjavörður og fornminjavörður. Samkvæmt frv. er þjóðminjaverði eða staðgengli hans ætluð seta á fundum fornleifanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Mælt er fyrir um skipan varamanna en um það eru ekki ákvæði í gildandi lögum.

Samkvæmt 3. gr. frv. er eins og áður er gert ráð fyrir að landinu skuli skipt í minjasvæði með ákvæðum í reglugerð en mælt fyrir um að afla skuli tillagna þjóðminjaráðs um það efni. Lagt er til að ekki verði lengur mælt fyrir um að á hverju minjasvæði skuli starfa einn minjavörður og einn fornleifavörður, heldur verði þessi hlutverk sameinuð í starfi minjavarðar. Þá er og gert ráð fyrir heimild til að fela forstöðumanni byggðasafns á viðkomandi minjasvæði að gegna hlutverki minjavarðar samkvæmt sérstökum starfssamningi. Þess er vænst að sú tilhögun sem frv. gerir ráð fyrir reynist raunhæfari en sú skipan sem mælt er fyrir um í gildandi lögum og hefur ekki enn komist til framkvæmda þar sem fé hefur ekki verið veitt til þessa á fjárlögum.

Í 4. gr. frv. felast tillögur um breytingar á þeirri grein laganna sem fjallar um Þjóðminjasafn Íslands. Fyrst ber að telja það atriði að deildaskipting safnsins verður samkvæmt frv. ekki lengur bundin í lögum eins og nú er að nokkru leyti, heldur verður heimilt að kveða á um hana í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs. Þar sem deildir verða ekki lengur sérgreindar í lögunum sjálfum falla jafnframt brott ákvæði laganna um sérstöðu eða sérstök verkefni einstakra deilda eða breytast þannig að í stað deildar er vísað til safnsins sjálfs. Þetta á m.a. við um fornleifasvið og fornleifadeild sem samkvæmt gildandi lögum lýtur stjórn fornleifanefndar. Af þessari breytingu leiðir einnig að sérstök ákvæði um forstöðumann fornleifasviðs, sem samkvæmt lögum nr. 43/1991, um breytingu á þjóðminjalögum, ber starfsheitið fornminjavörður, falla niður.

Ákvæði um ráðningu starfsfólks þjóðminjasafnsins breytast talsvert samkvæmt frv. Eftir gildandi lögum skipar menntmrh. deildarstjóra og sérfræðinga að fengnum tillögum þjóðminjaráðs eða fornleifanefndar að því er varðar fornminjavörð. Í frv. er gert ráð fyrir að ráðning þessara starfsmanna verði í höndum þjóðminjavarðar með samþykki þjóðminjaráðs. Ráðning deildarstjóra skal vera tímabundin til fimm ára í senn. Áfram er gert ráð fyrir að safnstjóri sem jafnframt er staðgengill þjóðminjavarðar verði ráðinn af menntmrh. til fimm ára í senn. Ákvæðum um byggðasöfn í 6. gr. gildandi laga er samkvæmt 5. gr. frv. breytt lítillega í því skyni að gera þau skýrari að því er varðar þá reglusetningu sem mælt er fyrir um.

Núverandi ákvæði má skilja á þá lund að fyrir hvert byggðasafn skuli vera stofnskrá, starfsreglur og reglugerð staðfest af menntmrh. Samkvæmt frv. er gert ráð fyrir stofnskrá fyrir hvert safn, en jafnframt heildarreglugerð um byggðasöfn sem ráðherra setur að fenginni tillögu þjóðminjaráðs. Kveðið er á um að ríkisstyrkur til byggðasafns sé háður því að menntmrn. hafi samþykkt stofnskrá safnsins að fenginni tillögu þjóðminjaráðs.

Samkvæmt 8. gr. frv. er gerð lítils háttar breyting á ákvæðum um skipan minjaráða sem gert er ráð fyrir að starfi á hverju minjasvæði. Í stað fulltrúa úr stjórnum viðurkenndra byggðasafna á svæðinu koma forstöðumenn safnanna.

Í 20. gr. frv. er gert ráð fyrir breytingu á 49. gr. gildandi laga að því er varðar greiðslu kostnaðar af störfum húsafriðunarnefndar. Lagt er til að lögfest verði að þau útgjöld greiðist úr húsafriðunarsjóði en ekki ríkissjóði. Þetta þykir eðlilegri skipan og í samræmi við það sem gildir um ýmsa aðra opinbera sjóði, þ.e. að kostnaður við úthlutun framlaga greiðist af ráðstöfunarfé sjóðanna.

Aðrar breytingar sem í frv. felast eru minni háttar og að verulegu leyti orðalagsbreytingar sem leiðir af því að deildir þjóðminjasafns verða ekki lengur tilgreindar í lögunum. Um þessar breytingar skal vísað til athugasemda við einstakar greinar frv.

Það er von mín að unnt reynist að afgreiða þetta mál nú á vorþinginu svo að lagabreytingarnar geti öðlast gildi 1. júlí eins og frv. gerir ráð fyrir. Að svo

mæltu leyfi ég mér, hæstv. forseti, að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[11:00]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eitt atriði í þessu frv. sem ég vildi spyrja hæstv. ráðherra um sérstaklega og það er ákvæði sem snýr að ráðningu minjavarða og þeirri breytingu sem lögð er til með frv. að þjóðminjaráð geri tillögur um minjasvæði en ef ég man rétt gildandi lög, þá er gert ráð fyrir því að það séu kjördæmin í aðalatriðum sem séu grundvöllurinn fyrir þessari skiptingu. Og samkvæmt gildandi lögum hygg ég að gert sé ráð fyrir að minjaverðir á þessum minjasvæðunum séu menn í fullu starfi sem þar séu ráðnir. Hér er sem sagt lögð til sú breyting að þjóðminjaráð geri tillögu um minjasvæði og að ákvæði gildandi laga um að ráðnir skulu minjaverðir auk fornleifafræðinga, en það var sett inn í frv. við meðferð í þinginu, ráðnir fyrir árslok 1994 og er gert ráð fyrir að lengja þann frest nú til ársloka 1997.

Ég efast út af fyrir sig um að það sé rétt að skilja þetta mál eftir opið varðandi minjasvæði eins og hér er gerð tillaga um, en alveg sérstaklega finnst mér hæpið að framlengja án nánari fyrirmæla ákvæði um það hvenær skuli ráðið í stöðu minjavarða fyrir hin einstöku minjasvæði. (Forseti hringir.) Ég vil inna hæstv. ráðherra eftir því hvað hann hafi í huga í þeim efnum. Nú geta menn auðvitað hugsað sér, og mér finnst það ekki óeðlilegt, virðulegur forseti, að þetta sé tekið í áföngum, en ég vil spyrja ráðherra eftir því hvaða stefnu hann hyggist fylgja að þessu leyti.

[11:03]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst sjálfsagt að athuga þessi ákvæði sérstaklega í hv. menntmn. Ég hef ekki tekið neina sérstaka ákvörðun um það hvenær skuli ráðið í stöður minjavarða og hef svo sem ekki neinu við það að bæta sem ég sagði hér í minni ræðu, bæði um minjasvæðin og stöðu minjavarðanna, en mér finnst rétt að þessar efasemdir hv. þm. komi til sérstakrar athugunar í hv. menntmn.

[11:03]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við heyrum hér frá hæstv. ráðherra að hann hefur í rauninni enga stefnu varðandi þetta efni hvenær nýta ætti heimildirnar sem verið er að leita eftir innan rammans til ársloka 1997. Það kallar enn frekar á það að þingið kveði með skýrum hætti á um þessi efni, hvernig þessi stefna skuli útfærð því að þetta var að mínu mati eitt af þýðingarmestu atriðunum í endurskoðun þjóðminjalöggjafarinnar síðast. Það var að tryggja að í skilgreind minjasvæði kæmu menntaðir starfsmenn sem hefðu þau verkefni að vinna þar að þjóðminjavörslunni og það er í rauninni alveg dæmalaust að nú eftir að þessi lög hafa verið í gildi í nokkur ár skuli ekki hafa verið ráðið í eina einustu stöðu. Ekki í eina einustu stöðu.

Menn eru hér oft að tala um að flytja verkefni út á land og belgja sig út með tillögum og fyrirheitum um þau efni hér á Alþingi. En hvað þegar til kastanna kemur? Og hvað er eðlilegra sem verkefni heldur en þetta menningarsvið sem hér um ræðir sem verkefni úti í hinum dreifðu byggðum? Því hvet ég eindregið hv. menntmn. og hæstv. ráðherra meðan hann gegnir sínu embætti til að ráða á þessu bót og sýna hug í verki að því er snertir þjóðminjavörsluna innan skilgreindra minjasvæða. Ég held út af fyrir sig að það væri eðlilegt markmið að miða við kjördæmi í aðalatriðum. Ég geri mér ljóst að höfuðborgarsvæðið er svolítið öðruvísi vaxið og mætti kannski hafa það með eitthvað öðrum hætti, en í aðalatriðum að miða við kjördæmi. Ég spái því að ef menn ætla að fara að halda þessu opnu þá verði uppi kröfurnar um minni einingar í þeim efnum og fleiri minjaverði heldur en því nemur og þá gæti orðið drátturinn á að fá starfsmenn.

[11:06]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Núgildandi þjóðminjalög sem lögfest voru árið 1989 áttu sér allsérkennilega sögu. Fyrrv. hæstv. menntmrh., Birgir Ísl. Gunnarsson, skipaði 19. nóv. 1987 nefnd sem skyldi skila þremur verkefnum til viðreisnar Þjóðminjasafni Íslands. Nefndin skyldi semja ný þjóðminjalög, hún skyldi móta stefnu í málefnum safnsins til næstu aldamóta og hún skyldi gera áætlun um endurbætur á húsakosti safnsins. Nefndina skipuðu alþingismennirnir Guðmundur G. Þórarinsson, Guðrún Helgadóttir, Kjartan Jóhannsson og Sverrir Hermannsson, en Þór Magnússon þjóðminjavörður, Bryndís Sverrisdóttir safnkennari og Lilja Árnadóttir safnvörður ásamt Þórunni Hafstein, lögfræðingi menntmrn., unnu með nefndinni og formaður hennar var þáv. hv. þm. Sverrir Hermannsson.

Frv. til þjóðminjalaga var lagt fram í apríl 1987 og vísað til hv. menntmn. Þangað bárust fjölmargar umsagnir, en lengra náði málið ekki á því þingi. Það var því þáv. hæstv. menntmrh., Svavar Gestsson, sem endurskipaði nefndina þegar Sverrir Hermannsson óskaði eftir lausn frá formennsku í nefndinni eftir að hann hvarf af þingi. Þá tók sú sem hér stendur við formennskunni en til liðs við nefndina komu tveir hv. þingmenn, þau Danfríður Skarphéðinsdóttir og Óli Þ. Guðbjartsson. Þessari nýju nefnd var falið að endurskoða lagafrv. með tilliti til þeirra ábendinga sem borist höfðu og halda að öðru leyti áfram við þau verkefni sem hinni fyrri nefnd höfðu verið falin.

Nefndin endurskoðaði frv. og sendi það til frekari umsagnar til ýmissa aðila og taldi mjög mikilvægt að samkomulag næðist um frv., bæði meðal fræðimanna og þingmanna svo að það gæti að lögum orðið á þinginu 1989. Eitt meginefni þess frv. var að gert var ráð fyrir að fimm manna þjóðminjaráð færi með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu og var þá átt við alla þætti þjóðminjavörslunnar, svo sem fornleifarannsóknir, húsavernd, þjóðháttarannsóknir, sjóvinnuminjar, tækni- og atvinnuminjar og hvaðeina er lýtur að vörslu þjóðminja og gert var ráð fyrir að þjóðminjaráð yrði jafnframt stjórnarnefnd Þjóðminjasafnsins.

Við gerð frv. varð nokkur umræða um það hvort

aðskilja skyldi þjóðminjavörslu og fornleifarannsóknir en sá háttur er hafður á í nokkrum nærliggjandi löndum. Nefndarmenn komust að þeirri niðurstöðu að svo fámenn þjóð þarfnaðist ekki fleiri stofnana til að sinna fornleifarannsóknum og þjóðminjavörslu heldur þyrfti fyrst af öllu aukin fjárframlög og meiri mannafla. Nefndin varð því sammála um að því fé sem til þjóðminjavörslu og fornleifarannsókna fengist væri betur varið til vinnu sérfræðinga en til stjórnunarstarfa og skrifstofukostnaðar.

Þegar málið kom til umfjöllunar þingsins brá svo við að mikil aðför upphófst að þessari skoðun og áttu þar í hlut örfáir einstaklingar sem þótti hag sínum ekki nægilega vel borgið með þessu fyrirkomulagi. Og svo ólukkulega vildi til að það tókst að snúa stórum hluta þingmanna í þessu máli og á endanum varð nefndin að taka þann kost til að málið dagaði ekki uppi að samþykkja málamiðlunarbreytingartillögu þar sem tveim ráðum var falið að stjórna stofnuninni, annars vegar þjóðminjaráði og hins vegar fornleifaráði. Það er mér því mikið ánægjuefni að nú skuli menn hafa séð hversu óheppilegt þetta var því að nú er lögð fram tillaga um að breyta þessu í það horf sem nefndin hafði kosið.

Ég tel að ein merkasta breyting í þessu frv. sé sú sem varðar I. kafla laganna um stjórn og skipulag þjóðminjavörslu, svo og II. kafla um Þjóðminjasafn Íslands og byggðasöfn, að nú er horfið aftur að því að þjóðminjaráð annist yfirstjórn stofnunarinnar. Sú tvískipting sem hefur verið á stjórn þjóðminjavörslunnar er hér með afnumin og fornleifanefnd einungis falið hið faglega eftirlit eða hin faglega stjórnun en yfirstjórn stofnunarinnar verði í höndum þjóðminjaráðs. Þetta held ég að sé tvímælalaust til bóta enda hefur reynslan sýnt að hitt fyrirkomulagið gekk hreinlega ekki.

Ég mun því styðja þetta frv. Ég tel flest þau atriði sem hér er breytt vera til mikilla bóta. Vegna athugasemda hv. 4. þm. Austurl. áðan má vel vera að hann hafi nokkuð til síns máls enda gjörkunnugur þessum málum og átti raunar mikinn þátt í að leiðbeina nefndinni sem samdi frv. á sínum tíma. Því vil ég ítreka það að ég tel rétt að skoða það. Ég hafði hins vegar skilið þessa brtt. um minjasvæðin svo að breytingin fælist fyrst og fremst í því að ekki yrði lögbundið að á hverju minjasvæði starfi einn minjavörður og einn fornleifavörður. Ég taldi þetta einfaldlega breytingu sem væri gerð til þess að inni í lögum væri ekki eitthvað sem næstum ógerlegt væri að framkvæma. Þannig skildi ég brtt. En hafi ég misskilið hana þá bið ég hv. menntmn. að huga að athugasemdum hv. 4. þm. Austurl.

Það mætti segja margt um Þjóðminjasafn Íslands, þessa stofnun sem okkur ætti öllum að vera kær, en sannleikurinn er nú sá að fyrir henni hefur farið eins og ýmsum öðrum merkustu stofnunum þessa lands að húsakynnin hafa verið látin drabbast niður og ég hef margsinnis haft orð á því hér að mér er óskiljanlegt hvernig það má vera að þessar örfáu stofnanir sem hýsa mest gersemi þjóðarinnar, list og menningu, skuli hafa verið undir svo slaklegu eftirliti þess embættis sem á að fylgjast með þeim málum lögum samkvæmt, en það er auðvitað embætti húsameistara ríkisins. Það hlýtur að sæta undrun hvernig þessi hús hafa verið látin drabbast án þess að að væri gert og ég held ekki að það sé endilega vegna þess að hv. alþm. vilji ekki að þessar stofnanir séu í góðu ásigkomulagi, það held ég að sé alrangt. Það er því sorglegt til að vita að afleiðingar þessa hafa orðið stórtjón á eignum Þjóðminjasafnsins og minnast menn þá stórbruna sem varð á bátaeign safnsins og það er auðvitað skylda okkar að sjá til þess að til slíks megi aldrei aftur koma.

Ég held ekki að ég geri fleiri athugasemdir við frv. Ég sé ekki annað en að það sé til bóta og ég vona að það verði til þess að betri vinnufriður verði í safninu og skýrar verði afmarkað hvað hver á að gera. Ég hef heyrt athugasemdir um að menn séu íhaldssamir í þeirri skoðun að halda lögbundinni deildaskiptingu. Sú er hins vegar skoðun mín að svo stórar stofnanir og stofnanir með svo mikilvæg verkefni eigi sem allra mest að skipa þeim málum sjálfar undir stjórn þeirra ráða sem fara með umsjón þeirra. Ég mun því ekki gera athugasemd við það en ég ítreka að hafi ég misskilið athugasemd hv. 4. þm. Austurl. þá bið ég velvirðingar á því en við höfum alla vega ekki lesið þessa brtt. eins, heyri ég. — Nú sé ég að hv. 4. þm. Austurl. er kominn í salinn og ég lýsti því yfir áðan að ég hefði skilið brtt. sem hv. þm. gerði athugasemd við í þá veru að fyrst og fremst væri verið að taka úr lögum ákvæði sem væru illframkvæmanleg, að það væri lögbundið að hafa bæði fornminjavörð, eins og það er orðað í hinum fyrri lögum, að það starfi bæði einn fornminjavörður og einn fornleifavörður á hverju minjasvæði. Ég hafði einfaldlega skilið þetta þannig að það væri verið að sameina þetta tvennt í eitt embætti. Ég lýsti því jafnframt að hv. 4. þm. Austurl. væri öllum mönnum fróðari um þjóðminjalög þar sem hann hefði átt mikinn þátt í að semja þau með nefndinni og ég vildi því aðeins lýsa því yfir að rétt væri að taka athugasemdir hans til greina.

Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa borið fram þetta frv. um breytingu á þjóðminjalögum. Ég held að frv. sé af hinu góða og mun styðja það.

[11:17]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kýs að veita andsvar við þessari ræðu — ekki það að mál ræðumanns, sem ég gat ekki hlýtt á nema að hluta þar sem ég var kvaddur í síma, gæfi sérstakt tilefni til þess en þegar ég veitti ráðherra andsvar áðan þá hafði ég ekki handa á milli gildandi lög sem ég hef síðan augum borið og mín ábending eða spurning til ráðherrans var kannski að vissu leyti ekki nógu vel undirbyggð af því að ég hafði vitnað til laganna eftir minni en í upphaflegu frv. til gildandi laga var gert ráð fyrir að landinu yrði skipt í minjasvæði og það væru kjördæmin sem væru þar lögð til grundvallar. En ég sé að þessu eins og fleiru hefur verið umturnað í þeim lögum sem að lokum voru samþykkt og þar stendur: „Landinu skal skipt í minjasvæði eftir nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð.“ Hér er hins vegar verið að leggja til samkvæmt

frv. að þjóðminjaráðið geri tillögur um þetta. Mín spurning til ráðherrans hefði auðvitað átt að lúta að því hvort hæstv. ráðherra hefði sett þessar reglur. Nú hef ég ekki kost á að spyrja hann öðru sinni en kannski víkur hann að því í ræðu sinni. Ég er þeirrar skoðunar að á lokastigum málsins við lögsetningu gildandi laga þá hafi verið farið í málamiðlun milli ólíkra sjónarmiða sem ekki hafa verið farsæl nema að litlu leyti og ég held því að ýmislegt í þessu frv. sem ég hef þó ekki lesið nægilega séu ekki óeðlilegar breytingar sem þar eru á ferðinni en mín áhersla að því er varðar minjaverðina og minjasvæðin er sú að þarna verði raunverulega tekið á og ráðið í þessi verkefni þannig að þessi ákvæði verði virk hið fyrsta.

[11:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um breytingu á lögum um Þjóðminjasafn Íslands. Þetta mál hefur ekki komið á dagskrá þann tíma sem ég hef setið á hinu háa Alþingi en ég sé það af gögnum að á síðasta kjörtímabili hafa í tvígang verið gerðar breytingar á þessum lögum. Annars vegar var farið rækilega í gegnum gildandi lög og á þeim gerðar töluvert miklar breytingar 1989 og síðan voru gerðar frekari breytingar 1991.

Eins og fram kom í máli hæstv. menntmrh. var ákvæði í gildandi lögum um það að endurskoða skyldi lögin og það vakna auðvitað spurningar um það varðandi stofnanir eins og þessa hversu eðlilegt það er að vera sífellt að breyta lögunum. Auðvitað þarf að sníða af agnúa en ég held að menn hljóti að geta komið sér niður á einhverja framtíðarstefnu varðandi skipan Þjóðminjasafnsins. Stofnun eins og þessi er þess eðlis að það er eitthvað að, það er eitthvað sérkennilegt ef menn þurfa alltaf að vera að breyta lögunum um svona safn. En hvað um það, hér er þetta frv. fram komið og það er auðvitað vegna þess að ýmislegt sem samþykkt var 1989 hefur ekki reynst sem skyldi.

Ég verð að segja það í upphafi máls míns að þetta frv. er ansi seint fram komið og vegna þeirrar óskar sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. um að þetta mál yrði afgreitt fyrir vorið þá verð ég að setja fyrirvara hvað það varðar af minni hálfu. Ég hef efasemdir um að það takist. Við erum með tvö stór og mikilvæg mál til meðferðar í hv. menntmn., þ.e. frv. um Vísinda- og tækniráð og frv. um Þjóðarbókhlöðuna. Það eru hvort tveggja mál sem þarfnast rækilegrar skoðunar þannig að ég vil slá þann varnagla að það er ekki víst að það takist að afgreiða þetta mál fyrir vorið.

En þegar ég fór að lesa í gegnum gildandi lög og síðan frv. sem hér liggur fyrir þá fór ég að hugleiða það hvert er hlutverk stofnunar eins og Þjóðminjasafnsins — þjóð-minja-safn, safn sem á að gæta arfs Íslendinga í munum og minjum. Ég punktaði hjá mér sex þætti sem mér finnst fela í sér meginhlutverk Þjóðminjasafnsins og sú spurning vaknar í mínum huga hvort það sé ekki rétt í lögum eins og þessum að kveða nánar á um hlutverk safnsins. Það er skilgreint hér mjög vítt. Það segir í lögunum að tilgangur laganna sé að tryggja sem best varðveislu menningarsögulegra minja þjóðarinnar. Síðan er kveðið á um skipulag og starfsemi Þjóðminjasafnsins og byggðasafna sem tengjast Þjóðminjasafninu en hlutverk safnsins er ekki skilgreint nánar. En ég sé hérna sex hlutverk. Í fyrsta lagi það að varðveita forngripi og minjar. Í öðru lagi að rannsaka þjóðminjar. Í þriðja lagi að sýna muni og minjar. Í fjórða lagi að fræða og kenna. Í fimmta lagi að efla þekkingu og vitund um sögu verkmenningu og daglegt líf þjóðarinnar í aldanna rás og í sjötta lagi að segja sögu þjóðarinnar. Þetta tengist auðvitað en þetta er mjög víðtækt hlutverk sem hægt er að vinna að með ýmsu móti. Ég hlýt að spyrja þeirrar spurningar hvernig safnið uppfyllir eða sinnir þessu hlutverki sínu.

Nú þykist ég tala af nokkurri reynslu og þekkingu því bæði hef ég sem sögukennari notað Þjóðminjasafnið mikið og farið í ferðir þangað með mína nemendur og einnig hef ég unnið að verkefnum á vegum Þjóðminjasafnsins, þjóðháttarannsóknum, þannig að ég þykist þekkja nokkuð til. Þá er þar fyrst að nefna að þegar húsnæðismál eru með þeim hætti sem raun ber vitni, þ.e. sjálft safnahúsið er í afar lélegu ásigkomulagi og geymslurými af skornum skammti, þá gerir það eitt safninu erfitt fyrir um að sinna þessu hlutverki. Þá er að nefna það að Þjóðminjasafnið hefur verið mjög svelt af fjármunum á undanförnum árum sem kannski sést best á því hve safnið er óskaplega gamaldags. Ég hef nefnt þetta margsinnis í umræðum um fjárlög og ráðstafanir í ríkisfjármálum þar sem við höfum verið að koma m.a. inn á framlög til húsafriðunar og fleiri þátta og það er ekki hægt að segja annað en að safnið hefur verið óskaplega svelt enda hefur það lítið þróast á þeim áratugum sem það hefur starfað, þ.e. það sem snýr að almenningi. Rannsóknir hafa þróast þar töluvert og margt gerst í þeim en sýningaraðstaða safnsins er fyrir neðan allar hellur og svo gamaldags að ég hef stundum nefnt það svo að það ætti bara að fara að varðveita safnið sem grip út af fyrir sig. Ef maður kemur í söfn erlendis þá finnur maður hvað þetta er himinhrópandi. Ég get nefnt sem dæmi m.a. lítið þjóðminjasafn á Álandseyjum sem á sínum tíma hlaut verðlaun Evrópuráðsins sem þjóðminjasafn. Það er afar skemmtilegt safn og sýnir vel hvernig hægt er að kynna þjóðminjar og verkmenningu á annan hátt en að hengja einhvern hlut upp á vegg og setja svo þar á miða sem sýnir nafnið á hlutnum en því er ekkert lýst hvernig hann var notaður.

Þá er líka fróðlegt að nefna að það er nýbúið að endurskipuleggja allt danska þjóðminjasafnið og þar hefur verið unnið alveg gífurlegt verk og það safn er orðið mjög skemmtilegt og fróðlegt að skoða það. Ég vildi beina því til hæstv. menntmrh. að næst þegar hann bregður sér út fyrir landsteinana þá skoði hann söfn af þessu tagi því þá held ég að hann mundi gera sér grein fyrir hvað Þjóðminjasafn Íslands er illa á vegi statt og hversu gamaldags það er enda þarfnast safnið sjálft og sýningarsalirnir algjörrar endurskipulagningar við. Það er ekki hægt að halda svona áfram.

Auk þess hefur safnið haft allt of litla peninga til þess að stunda rannsóknir. Við eigum svo mikið verk

óunnið í fornleifauppgreftri að það er bara engu lagi líkt. Það er ekki einu sinni búið að grafa upp eða kanna helstu sögustaði þjóðarinnar eins og Þingvelli, Skálholt. Það er ekki búið að kanna nema hluta af Skálholti, Hóla í Hjaltadal, og ég gæti nefnt fleiri staði þannig að við hefðum í rauninni einhverja raunverulega mynd af því hvernig hér var búið á fyrri öldum. Sú þekking sem við höfum á lifnaðarháttum á fyrstu öldum Íslandsbyggðar er byggð á svo takmörkuðum grunni að það nær bara ekki nokkurri átt. Við höfum því mikið verk að vinna í þessum efnum og þarf auðvitað að gera áætlun um það hvernig skuli staðið að eflingu þessara þátta. Ég vil einmitt minna á það hér að fornleifarannsóknir, fornleifar út af fyrir sig og þekking á þeim, efla auðvitað ferðaþjónustu og getur á svo margan hátt komið inn í atvinnulífið. Það er hægt að gera sér mikinn mat úr þeirri þekkingu og þarf ekki að minna á þjóðir sem hafa gífurlegar tekjur af sínum fornminjum. Nú er auðvitað ekki um það að ræða að við höfum hér glæstar byggingar frá fyrri öldum eða slíkt en það er hægt að gera gríðarlega mikið úr slíkum minjum. Ég minni þá t.d. á víkingasafnið í York, en á því svæði hefur tekist að búa til mjög forvitnilega og skemmtilega mynd af því sem þar gerðist fyrir 1000 árum eða svo. En við eigum ekkert víkingasafn.

Ég gæti nefnt ýmislegt fleira sem þarf að taka á eins og útgáfu- og kynningarmál en ég vil líka nefna það sem gott hefur verið gert og þar má nefna ýmsar góðar sérsýningar sem safnið hefur staðið fyrir og safnakennslu sem beinist að grunnskólanemum, sérstök jólaprógrömm og fleira slíkt. En safnið þarf auðvitað mjög að efla.

Ég ætla þá að víkja að einstökum greinum þessa frv. og það er kannski af því að ég kem svona ný að þessum lögum að þá hafa vaknað margar spurningar í mínum huga varðandi þá skipan sem hér er kveðið á um. Þá er þar fyrst að nefna skipan þjóðminjaráðs og þá breytingu sem hér er gerð á 2. gr. laganna þar sem kveðið er fastara að orði og í rauninni er það svona skýrara að það er menntmrh. sem fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu í stað þess að í gildandi lögum segir „fimm manna þjóðminjaráð fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu í umboði menntamálaráðuneytisins". Ég hygg að þarna sé í rauninni verið að skýra það frá stjórnsýslusjónarmiði hvernig þessu skuli háttað og ég geri ekki neina athugasemd við það. En það er varðandi skipan þjóðminjaráðs sem ég vil gera athugasemdir.

Þá er mín fyrsta spurning sú að það kemur hér fyrir bæði í gildandi lögum og þessu frv. að það er verið að tengja safnið við Háskóla Íslands. Nú er Þjóðminjasafnið sjálfstæð stofnun og engin bein tengsl við Háskóla Íslands og ég velti því fyrir mér hvaða erindi Háskóli Íslands á inn í þessi ráð. Það er ekki kennd fornleifafræði við Háskóla Íslands sem sérgrein, það er ekki kennd þar þjóðháttafræði og þó þar séu reyndar starfandi við kennslu bæði þjóðháttafræðingar og fornleifafræðingar þá er það spurning hvers vegna Háskóli Íslands eigi að hafa þarna fulltrúa. Mér finnst alveg sjálfsagt að spyrja sig þeirrar spurningar. Er það eðlilegt? Mér finnst að sjálfsögðu að fagmenn eigi að koma þarna að eins og Félag íslenskra safnamanna og Félag fornleifafræðinga sérstaklega. En ég vil benda á að hér er nefnt í 1. gr. Bandalag kennarafélag. Það er nú ekki til lengur, það er búið að leysa það upp. Þannig að það þarf alla vega einhver nýr aðili að koma þar. Ég get ímyndað mér að þetta hafi verið sett inn í lögin á sínum tíma til að tengja við safnakennsluna. En það er líka spurning hvers vegna kennarar eigi að koma þarna inn. Ég er ekkert að setja mig á móti því en úr því að búið er að leysa þessi samtök upp, eiga þetta þá að vera grunnskólakennarar eða framhaldsskólakennarar? Ég hygg að bæði þessir skólastig noti safnið jafnt.

Síðan gerist það að fulltrúi starfsmanna er tekinn út úr ráðinu og ég vil setja stórt spurningarmerki við það. Það kom reyndar fram að fulltrúi þeirra mun eiga áheyrnaraðild að ráðinu og hafa þar tillögurétt og málfrelsi en mér finnst það mikil spurning hvort fulltrúi þeirra eigi ekki að eiga þarna sæti. Þannig að það er ástæða til að skoða það hvernig þetta er skipað.

Þá kemur röðin að þjóðminjaverði. Mér þykir allsérkennilegt í lögunum að það er ekki gerð sú krafa til þjóðminjavarðar, sem á náttúrlega að vera yfirstjórnandi þessa stóra safns, að hann hafi þekkingu eða reynslu af rekstri safna, enga sérþekkingu í rekstri safna. Nú er safnfræði eða rekstur safna víða orðin sérgrein erlendis og hér á landi er til fólk sem hefur sérmenntað sig í þeim fræðum. Söfn eru mjög sérstakar stofnanir og það eru auðvitað bæði til stór og víðtæk söfn eins og Þjóðminjasafnið og sérsöfn af ýmsu tagi og þetta er orðin sérgrein. Mér finnst ekki óeðlilegt að gera þá kröfu að þjóðminjavörður hafi einhverja þekkingu á rekstri safna ef hann er sá sem hefur eins og hér segir, „umsjón með þjóðminjavörslu í landinu öllu". Hins vegar er gerð sú krafa til safnstjóra að hann hafi þekkingu, góða þekkingu á rekstri safna. Ég hef svolítið verið að velta fyrir mér þessari verkaskiptingu þarna á milli. Ef menn hugsa þessa stofnun, Þjóðminjasafnið meira sem háskólastofnun, sem rannsóknastofnun, þá er líka spurning hvort það á ekki að hvíla einhver rannsóknarskylda á t.d. þjóðminjaverði og þeim sem þar starfa. Þetta er svona spurning um skilgreiningu á hlutverki. Hvers konar stofnun er þetta? En mér finnst í raun og veru mjög sérkennilegt að gera þá kröfu að þjóðminjavörður sé maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu, sem er náttúrlega mjög víðtækt hugtak, og reynslu af stjórnunarstörfum, sem er reyndar nýtt hér í lögunum, en hann á ekki að þekkja sérstaklega til safna. Mér finnst þetta vera atriði sem við þurfum að velta fyrir okkur hvort það eigi ekki að gera þá kröfu að þjóðminjavörður þekki til safna því hans ábyrgð er gríðarlega mikil.

Þá kem ég að fornleifanefndinni. Það verður að segjast eins og er að í kringum þá nefnd, eins og hún hefur starfað á undanförnum árum, hafa verið ansi mikil og leiðinleg átök. Ég hygg að þær breytingar sem hér er verið að gera séu gerðar í ljósi þeirra. Hér er fækkað í fornleifanefnd og í rauninni tekin af henni

nokkur völd. Samt er það svo að fornleifanefndin eins og hér segir „fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna". Það hefur kannski verið helst í kringum þessi leyfi sem þessi átök hafa átt sér stað.

Nú er það í sjálfu sér mjög mikilvægt að fornleifum sé ekki raskað og að það sé alveg ljóst hverjir mega koma þar að málum en nefndin hefur verið mjög stíf í sínum störfum. Ég minnist þess að í upphafi starfs hennar gáfu einstaka nefndarmenn út miklar yfirlýsingar um það að hér gætu engir stundað fornleifarannsóknir nema Íslendingar, það hefðu ekki aðrir þekkingu á því sviði en þetta er auðvitað alrangt og margar merkustu fornleifarannsóknir sem hér hafa átt sér stað voru unnar af útlendingum, Norðurlandabúum. En ég hygg að þetta hafi nú heldur lagast en við í nefndinni þurfum að kynna okkur það betur hvernig þetta fyrirkomulag hefur gefist. Það er svolítið erfitt að átta sig á því hvað þessi breyting þýðir í raun og veru.

Þá kem ég að minjavörðunum. Það vaknar sú spurning: Hver er ástæðan fyrir því að þetta ákvæði um minjaverðina og fornminjaverðina hefur ekki komist í framkvæmd? Nú er það svo að í gildandi lögum er ekkert kveðið á um þessa skiptingu í minjasvæði og ég get eiginlega ekki gert mér í hugarlund hvað menn eru að hugsa um mörg svæði í raun og veru. Það er ekkert sem segir að kjördæmaskipanin sé endilega hin rétta skipting. Það mætti bæði hugsa sér að svæðin væru mun fleiri en líka jafnvel færri, t.d. að allt Norðurland væri eitt minjasvæði og allt Austurland eða hvernig sem menn vilja skilgreina það. Ég sakna þess að það skuli ekki einu sinni hafa verið sett reglugerð um þetta að við séum hér að fjalla um lög — það er náttúrlega greinilegt að það er verið að fækka þessum stöðugildum um helming — en við höfum ekki hugmynd um hvað við erum samt að tala um margar stöður eða hvar þessir minjaverðir verði staðsettir og það þarf auðvitað að vinda bráðan bug að því að skýra þetta og ákveða hvað í þessu felst.

Þá er það deildaskiptingin. Ég hef rætt við starfsmenn Þjóðminjasafnsins sem sumir hverjir hafa miklar áhyggjur af því að það skuli eiga að afnema deildaskiptinguna með þessum lögum. Það er vissulega stór spurning hvort það eigi að kveða á um deildaskiptingu í lögum eða hvort safnið eigi einfaldlega að hafa heimild til þess að þróa sína starfsemi eftir eigin höfði. En ég held að til þess að tryggja það að einhverjir ákveðnir þættir falli ekki niður þá væri hægt að leysa það með því að skilgreina hlutverk safnsins nánar. (Forseti hringir.) Er tími minn búinn?

(**Forseti** (GHelg): Hv. þm. er samkvæmt minni tímamælingu búin með tímann.)

Ég verð að upplýsa það, virðulegur forseti, að ég er ekki nærri því búin. Ég verð þá að biðja hér aftur um orðið á eftir en heypa öðrum þingmönnum að því eins og ég nefndi þá er ég að koma að þessu máli hér í fyrsta sinn og hef ýmislegt við það að athuga enda snertir þetta mitt sérsvið og mína þekkingu þannig að ég hef margt um þetta að segja.

[11:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki seinna vænna en að þessi þjóðminjalög eins og þau voru sett á sínum tíma séu tekin hér til endurskoðunar því staðreyndin er sú að það samkomulag sem við gerðum, ég hygg veturinn 1988–89 frekar en 1989–90, um breytingu á þjóðminjalögunum, þar sem tveimur gjörólíkum frv. var hellt saman í eitt frv., það var nú ekki að öllu leyti mjög snjallt samkomulag, það verð ég að segja alveg eins og er miðað við þá reynslu sem fengin er.

Ég tel að í því frv., sem hér liggur fyrir sé á ýmsum stöðum dregnir lærdómar af þeirri reynslu sem fengist hefur síðan og ég skil greinargerð frv. þannig að það sé samstaða um þessar breytingartillögur eins og þær eru í grófum dráttum í því samfélagi fræðimanna og annarra sem eru í kringum Þjóðminjasafnið og ég tel að það sé út af fyrir sig jákvætt.

En eins og menn vita þá hófst vinna, ég hygg 1987, við frv., við endurskoðun þjóðminjalaga, á vegum þáv. menntmrh. undir forustu Sverris Hermannssonar, þáv. alþingismanns. Þegar ég tók við starfi menntmrh. haustið 1988 var fljótlega ákveðið að endurskipuleggja nefndina nokkuð, taka inn fulltrúa frá þingflokkum Kvennalista og Borgaraflokks og skipt var um formann í nefndinni og af hv. þm. Sverri Hermannssyni tók við hv. þm. Guðrún Helgadóttir. Þessir þingmenn sem stóðu að málinu, sex talsins, fluttu svo frv. hér í þessari virðulegu stofnun, fyrst í hv. neðri deild. Það var frv. til þjóðminjalaga. Og um leið og það frv. var lagt hér fyrir eða mjög fljótlega þá var dreift öðru frv. sem var flutt að mig minnir af hv. þáv. 1. þm. Vesturl., Alexander Stefánssyni, ég man alla vega eftir því að það var hv. þm. Alexander Stefánsson og mig minnir að hann hafi þá borið núrmerið 1. þm. Vesturl. (**Gripið fram í:** Það hlýtur að vera.) Það hefur nú verið með ýmsum hætti í gegnum aldirnar eins og menn þekkja. Vestlendingar hafa ekki alltaf kosið framsóknarmenn einvörðungu eins og kunnugt er. Án þess að ég fari nánar út í það þá var það frv. fyrst og fremst um fornleifavörsluna, í raun og veru eingöngu um fornleifavörsluna. Og það var bersýnilegt að þó að ég sem menntmrh. teldi að það væri fullt samkomulag um frv. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur og fleiri um þjóðminjalög þar sem að því stóðu fulltrúar allra flokka, þá var greinilegt að það tókst að reka fleyg í stjórnarsamstarfið með sérkennilegum hætti að því er þetta sérstaka mál varðaði og Framsfl. kaus að ganga fram með þetta frv. á vegum hv. þm. Alexanders Stefánssonar á sínum tíma. Niðurstaðan varð svo sú að hv. menntmn. neðri deildar fékk bæði málin til meðferðar nokkurn veginn samtímis og í samráði við mig sem þá starfaði sem menntmrh. var það ákveðið að reyna að ná samkomulagi um þessi tvö mál vegna þess að ég taldi þá og við vorum sammála um að það væri nauðsynlegt að ná samstöðu um vissa endurskoðunarþætti á þjóðminjalöggjöfinni. Og það er farið í að stokka þessi tvö frv. saman. Meginbreytingin fólst í því að frá 188. máli þess þings, sem var frv. til þjóðminjalaga eins og það

lá fyrir í upphafi, var bætt inn 3. gr. laganna sem gjörbreytti málinu eins og það var þá, þar sem segir: „Fimm manna fornleifanefnd fer með yfirstjórn fornleifavörslu og fornleifarannsókna í landinu í umboði þjóðminjaráðs, sbr. 22. gr.“ Síðan er það rakið hvernig þessi fornleifanefnd er skipuð og svo segir hér í lögunum:

„Hlutverk nefndarinnar er að móta stefnu og gera áætlanir um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir fyrir landið í heild.

Nefndin fjallar um og veitir leyfi til staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og gefur út fornleifaskrá.

Nefndin hefur yfirumsjón“ — ekki bara umsjón, ég man alveg eftir átökunum um þetta orð — „með gerð og framkvæmd árlegrar fjárhagsáætlunar um fornleifavörslu og fornleifarannsóknir.“

Þannig að niðurstaðan varð sú að þessi þáttur mála var tekinn út úr hinni almennu stjórn þjóðminjavörslunnar í landinu og í raun sagt: Hann á að vera með alveg sjálfstæðum hætti.

Niðurstaða hæstv. menntmrh. og ríkisstjórnarinnar sýnist mér núna hins vegar vera sú að í staðinn fyrir öll þessi verkefni þá segir:

„Þriggja manna fornleifanefnd“ — það er fækkað í henni líka — „fjallar um og veitir leyfi til allra staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og er Þjóðminjasafni Íslands til ráðgjafar um fornleifavörslu, fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir.“

Til ráðgjafar um, Þjóðminjasafni Íslands, þ.e. fyrst og fremst þá væntanlega þjóðminjaverði. Þar með er í raun og veru tekið út sem hlutverk þessarar nefndar allt sem hún hafði nýtt á milli umræðna frá frv. hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur o.fl. og yfir til lokagerðar frv. og laganna, það er allt tínt af þessari fornleifanefnd eins og hún var skipuð. Ég verð að segja alveg eins og er að ég tel að það sé að mörgu leyti skynsamlegt. Ég taldi ekki að þessi niðurstaða væri að öllu leyti heppileg eins og hún var. Og það hefur reynst menntmrn. ákaflega erfitt að stýra framkvæmd þessara laga af margvíslegum ástæðum.

Þó svo hins vegar, hæstv. forseti, að ég sé sammála þessu í grófum dráttum þá verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst fulllangt gengið í að tína fjaðrirnar af fornleifanefnd. Og mér finnst að hún mætti t.d. gefa út fornleifaskrá. En ég sé ekki að það sé gert ráð fyrir því í frv. eins og það lítur út. En í lögunum segir: „Nefndin fjallar um og veitir leyfi til staðbundinna og tímabundinna fornleifarannsókna og gefur út fornleifaskrá.“ Þetta er fellt út. Ég tel að fornleifanefnd eigi að hafa faglegt forræði málsins og þar með eigi hún að gefa út fornleifaskrá þó að stöðu hennar í stjórnkerfi Þjóðminjasafnsins sé breytt nokkuð að öðru leyti með þessu frv.

Virðulegi forseti. Ég tel að þetta sé mál sem sé sjálfsagt að skoða með ítarlegum hætti.

Eitt annað atriði sem breyttist á milli umræðna hér í hv. neðri deild á sínum tíma var það að í upphaflega frv. var gert ráð fyrir því að landinu yrði skipt í minjasvæði eftir kjördæmum. Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir sagði að það liggur ekki alveg í augum uppi að skipta landi í minjasvæði eftir kjördæmum. Því margt getur nú hafa borið við á fyrri tíð sem er á mörkum kjördæma, drottinn minn dýri, og þessi kjördæmaskipun er ekki nema frá 1959 sem er lágt hlutfall af þeim tíma sem þjóð hefur lifað hér á landi, að ekki sé meira sagt.

Engu að síður er það svo að kjördæmin eru orðin nokkuð sterk og afgerandi stjórnsýslueiningar. En menntmn. féllst á sínum tíma á þetta sjónarmið hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, sagði sem svo: Landinu skal skipt í minjasvæði eftir nánari reglum sem ráðherra setur í reglugerð. Ég held að þetta hafi ekki að öllu leyti verið heillaspor. Ég held að það sé kostur að mörk svona svæða séu skýr til þess m.a. að ýta undir eðlilegan metnað og vilja heimamanna og íbúa í héruðunum til að gera kröfur fyrir hönd sinna byggðarlaga. Ef menn eru með afmörkuð skýr svæði þá hygg ég að það sé að mörgu leyti auðveldara að gera það heldur en ef svæðin eru óljós og þess vegna taldi ég á sínum tíma að þetta væri kannski ekki að öllu leyti heppileg breyting. Ég er a.m.k. þeirrar skoðunar að það eigi að skoða þetta mál aðeins nánar og er reiðubúinn að sjálfsögðu til að hlýða á öll þau rök sem hv. 18. þm. Reykv. og aðrir sem þekkja vel til hafa fram að færa í þessu máli.

Varðandi 2. gr. laganna og 1. gr. frv. er náttúrlega verið að gjörbreyta yfirstjórn þessara mála. Og það er mjög sterk tilhneiging til þess í blæ frv., uppsetningu þess og í texta greinargerðar, tel ég vera, að réttlæta þá ákvörðun menntmrh. að setja um hríð Guðmund Magnússon sem þjóðminjavörð. Ég bendi t.d. á til að rökstyðja þetta viðhorf mitt að í næstsíðustu málsgrein 1. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu og reynslu af stjórnunarstörfum.“

Í gildandi lögum stendur: „Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu.“ Þessum orðum „og reynslu af stjórnunarstörfum“ er bætt við.

Það er því bersýnilegt að með þessu orðalagi eins og það er núna er verið að veikja að mínu mati hinar sérfræðilegu kröfur sem gera verður til þjóðminjavarðar. Hugsunin með safnstjóranum í gildandi lögum var m.a. sú að hann hefði mjög mikið að gera með þessa almennu stjórnun, hún væri að talsverðu leyti á hans vegum en að þjóðminjavörðurinn væri hinn faglegi leiðtogi þjóðminjavörslunnar í landinu. Þess vegna tel ég að það sé áhorfsmál hvort það eigi að orða þetta svona en er tilbúinn í þessu máli eins og öðrum að hlýða á þau rök sem flutt verða.

Ég hef í sjálfu sér, hæstv. forseti, fjölmargar aðrar athugasemdir að gera við þetta frv., en hef ekki tök á að flytja þær að sinni. En ég hef aðstöðu til að koma þeim á framfæri í hv. menntmn. þar sem ég á sæti. Það eru ýmis atriði sem þarna þarf að skoða. Ég bendi t.d. á þjóðminjaráðið og samsetningu þess að lokum í mínu máli. Þarna er Bandalag kennarafélaga með einn fulltrúa og hugsunin var akkúrat sú sem hv. 18. þm.

Reykv. nefndi. Auðvitað mætti hugsa sér að nefna þarna samtök kennara eftir nánari reglum sem kveðið er á um í reglugerð, tilnefna einn eða eitthvað því um líkt.

Í annan stað verð ég að taka undir það með hv. þm. að ég er ekki hlynntur því að ákvæðin um að starfsmenn safnsins tilnefni úr sínum röðum séu felld út. Í umræðum um málið á þinginu 1988–1989 datt engum í hug að fella það ákvæði út heldur voru allir hlynntir því að hafa það inni að starfsmennirnir mættu vera með. Kannski er sú breytingartillaga sem hæstv. ríkisstjórnin gerir að sumu leyti tákn tímans. Það er dálítið um það í seinni tíð að verið er að flytja tillögur til svokallaðrar markvissrar stjórnunar sem áður voru kallaðar tilhneiging til einræðis og verið að flytja það frá faglegri stjórnun og starfsmannaaðild að stjórnun. Ríkisstjórnin hefur í raun og veru beitt sér í þeim efnum með margvíslegum hætti sem ekki verður rakið nánar hér.

En til að koma við fulltrúa starfsmannanna bendi ég á að í frv. stendur „og einn fulltrúi er skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður". Þarna mætti auðvitað hugsa sér að þessi væri fulltrúi starfsmannanna og ráðherra skipi formann úr hópi þessara aðila en ekki endilega þann sem hann sjálfur tilnefnir. Ég tel að það séu engin sérstök rök með því að ráðherrann fari endilega að tilnefna mann í þjóðminjaráð af því að í 1. mgr. 2. gr. stendur: „Menntmrh. fer með yfirstjórn þjóðminjavörslu í landinu." Ég tel að þessi setning eins og hún þarna stendur orki tvímælis. En ég tel hana alveg fráleita ef sami aðilinn, þ.e. menntmrh., á jafnframt að skipa fulltrúa inn í nefndina án tilnefningar og að hann verði formaður hennar.

Mér finnst að það stjórnlyndi sem kemur fram í 1. mgr. 1. gr. sé ekki viðunandi og þess vegna þurfi að skoða það mál aðeins nánar.

Eins og ég sagði, hæstv. forseti, þá á ég sæti í hv. nefnd sem fær málið til meðferðar og mun ekki lengja mál mitt en ætla að allra síðustu að geta þess að í upphaflegri gerð þess frv. sem varð svo að lokum þjóðminjalög var gert ráð fyrir því að það væri ekki Háskóli Íslands sem tilnefndi í ráðið heldur Sagnfræðistofnun Íslands. Það er spurning hvort hv. 18. þm. Reykv. væri það þénugra en Háskóli Íslands.

[11:58]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Hér höfum við til umfjöllunar málaflokk sem er áhugaverður, þjóðminjavarslan í landinu. Er það nú nánast orðið daglegt brauð á hæstv. Alþingi að ræða um okkar menningarverðmæti og menningarmálefni. Það er kannski ástæða til að fagna því. Maður veltir því stundum fyrir sér hvað það er sem gerir þjóð að þjóð. Ég er þeirrar skoðunar að eitt af því sem á mjög mikinn þátt í því sé sameiginlegur uppruni, sameiginleg saga og sameiginleg menningarleg verðmæti og það skipti því miklu máli hvernig staðið er að vörslu þeirra.

Einnig má nefna að þetta er ekki bara spurning um sögu og menningarleg verðmæti og það að þjóð sé þjóð heldur er þetta líka fyrir þá sem sjá kannski hlutina meira í veraldlegu ljósi, þá skapar þetta atvinnumöguleika og er orðið mjög drjúgur þáttur í okkar ferðamannaþjónustu.

Þau lög sem hér er verið að endurskoða vöktu í sjálfu sér nokkuð miklar vonir en hins vegar hefur sýnt sig að það stjórnkerfi sem þar var lagt af stað með reyndist nokkuð gallað og ekki gott. Það er kannski út af fyrir sig vegna þess sem hér hefur komið fram að þau lög eru byggð á tveimur frv. sem steypt var saman og úr þessu varð held ég hálfgerður bastarður. Ég er því alveg eindregið þeirrar skoðunar að það hafi þurft að taka þarna á stjórnkerfinu og það er reynt að gera með þessu frv. þó eflaust megi deila um það hvort hér sé lögð til sú eina rétta leið. Þetta er möguleiki sem við þurfum eflaust að velta betur fyrir okkur í hv. menntmn. Ég vil að svo stöddu ekki hafa fleiri orð um það en tel að þetta sé ekki verra en hvað annað.

Endurskoðunin á lögunum núna er í sjálfu sér lögbundin. Ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra: Er þetta hin lögbundna heildarendurskoðun sem lögð er fram í frv.? Á að skilja þetta þannig?

Þjóðminjavörðurinn er sem sagt gerður að forstöðumanni allrar starfsemi Þjóðminjasafns Íslands. Það held ég að sé í sjálfu sér nauðsynlegt. En það sem mér finnst athyglisvert hér, og er kannski ekkert nema gott um að segja, er að það er lagt til að þær stöður sem kveðið var á um í lögunum um bæði fornleifaverði og minjaverði er steypt saman í eina stöðu og að þau ákvæði taki gildi ekki síðar en árið 1997. Ef þetta verður til þess að meiri líkur séu á því að eitthvað verði úr framkvæmdum hvað varðar þennan þátt mála þá lýsi ég stuðningi við þetta ákvæði. Það hafa verið bundnar miklar vonir við þessar nýju stöður minjavarða út á landi alla vega — það er óskilgreint á hversu stórum svæðum þeir eiga að starfa. En þetta er mjög mikilvægt atriði sem snertir okkar þjóðminjavörslu.

Það sem vekur athygli mína og ég vil nefna hér er að það er hugmynd um að hafa allt annað fyrirkomulag í Reykjavík heldur en annars staðar á landinu. Annars staðar á landinu eiga minjaverðir að starfa sem ríkisstarfsmenn, vera starfsmenn Þjóðminjasafns Íslands en í Reykjavík er meiningin að borgarminjavörður gegni þessu hlutverki og sé sennilega ráðinn til lífstíðar á meðan aðrir minjaverðir eru ráðnir til fimm ára. Er þetta hægt? Þarf ekki að vera samræmi þarna á milli? Þetta kemur mér nokkuð spánskt fyrir sjónir. En það er nú stundum með Reykjavíkurborg að hún nýtur nokkurrar sérstöðu í okkar þjóðfélagi. Það er stundum eins og það gildi ekki almenn lög yfir höfuðborgina. Finnst mér þetta vera eitt dæmið um það.

Svo er annað ákvæði sem mér finnst að þarfnist frekari útfærslu og velti fyrir mér hvernig er hugsað. Ég skil hvað átt er við en ég held að það þyrfti alla vega að útfæra frekar og það er þetta með að forstöðumanni byggðasafns sé heimilt að gegna hlutverki minjavarðar samkvæmt sérstökum samningi. Nú eru forstöðumenn byggðasafna ráðnir af eigendum safnanna og eignaraðilar hljóta að þurfa að koma inn í þá samningagerð og ekki bara viðkomandi starfsmaður.

Tvískiptingin á stjórn þjóðminjavörslunnar er afnumin en þess í stað skipuð fornleifanefnd sem veitir leyfi til rannsókna. Það hefur orðið nokkuð að umræðuefni í dag að það fyrirkomulag sem nú er í gildi sé ekki nógu gott í framkvæmd. Þar er ég alveg sammála. Ég held að þarna sé verið að brydda upp á nýjungum sem ættu að geta leitt af sér skilvirkara stjórnkerfi.

Í lögunum er fellt brott ákvæði um deildaskiptingu Þjóðminjasafns. Í sambandi við það langar mig að nefna eitt mál sem ég veit að hæstv. menntmrh. er vel kunnugt um. Það er að setja hugsanlega upp verksmiðjuminjasafn Íslands á Akureyri. Hæstv. ráðherra hefur þegar veitt styrk til þess að það mál sé kannað og vil ég þakka það. Það er verið að kanna möguleika á að þetta geti átt sér stað. Sannleikurinn er sá að iðnaðarþætti okkar atvinnulífs hefur ekki verið sinnt sem skyldi og Akureyri er óneitanlega mikill iðnaðarbær, eða sérstaklega var mikill iðnaðarbær, það eru nú því miður miklir erfiðleikar í iðnaðarfyrirtækjum í dag, og þar eru geysileg verðmæti til í tækjum. Ég sé það þannig fyrir mér að með því að fella brott úr lögunum ákvæði um deildaskiptingu þá sé verið að opna ýmsa möguleika fyrir þjóðminjaráð að taka á málum sem þessum en ekki þurfi lagabreytingu til til að stofna nýja deild. Það tel ég vera af hinu góða að þarna hafi þjóðminjaráð ákveðið svigrúm. Um þetta Akureyrarsafn ætla ég í sjálfu sér ekki að hafa fleiri orð en vil að það komi fram að að þessu er unnið.

Byggðasöfnin eru mér mjög hugleikin. Til að geta talist byggðasafn þurfa viðkomandi söfn að hafa fengið viðurkenningu þjóðminjaráðs og hafa sett sér stofnskrá sem menntmrn. samþykkir. Mér sýnist að þarna sé verið að koma á ákveðnu skipulagi sem eigi að vera einfalt og skilvirkt. En það er hins vegar ekkert um það í sjálfu sér hvaða áhersla er á fjölda byggðasafna. Hvort hugmyndin er að byggðasöfnin séu einhvers konar miðsöfn og svo önnur sem starfi í tengslum við viðkomandi miðsöfn. Mér finnst að það megi hugsa sér það fyrirkomulag en ég get ekki séð að þetta frv. gefi það neitt í skyn að endilega eigi að vera bara eitt byggðasafn á svæði hvers minjavarðar eða neitt slíkt.

Það er einnig nefnt að byggðasöfn geti sótt um styrki úr ríkissjóði samkvæmt ákveðnum reglum. Það er fyrst og fremst vegna húsnæðismála eins og ég skil þetta. En síðustu árin þá hefur því miður ekki verið í digra sjóði að sækja hvað þetta snertir. Þannig að byggðasöfnin hafa held ég flest hver ekki haft mikið frá ríkinu annað en hálfa stöðu safnvarðar. Sem dæmi get ég nefnt að í minjasafninu á Akureyri er það rétt um 5% af rekstrarfé sem kemur frá menntmrn. sem er náttúrlega ekki mikið en þó er ástæða til að nefna að það er þó nokkurs virði. Í því sambandi nefni ég Nonnasafnið sem er mjög merkilegt safn. Þar hefur verið unnið mikið sjálfboðastarf af konum eins og svo oft áður. Í því tilfelli er það Sontaklúbburinn á Akureyri sem hefur séð um safnið en nú segja þær að þær skorti orðið sérþekkingu til að ráða við þetta verkefni og hafa verið að berjast fyrir því að fá safnið viðurkennt sem byggðasafn sérstaklega til þess að frá ríkinu geti fengist hálf laun starfsmanns.

Ég ætlast ekki til þess að hæstv. menntmrh. svari því hér og nú hvaða möguleika hann sér þarna en ég vildi engu að síður nefna þetta merkilega safn.

Í sambandi við minjaverðina — svo ég komi aftur að þeim þar sem ég lít á það sem mjög mikilvægt mál í þessu máli öllu saman og í sjálfu sér ástæða til að harma að ekki hefur getað orðið neitt úr framkvæmd þess ákvæðis fram að þessu — þá hljóta þeir að taka við ýmsum verkefnum sem fram að þessu hefur verið sinnt úr Reykjavík, frá Þjóðminjasafninu. Það má t.d. nefna að hafa umsjón með gömlum húsum sem eru í eigu Þjóðminjasafns. Þjóðminjasafnið hefur eftirlit með friðuðum gripum í kirkjum landsins og friðuðum legsteinum og öðru í kirkjugörðum. Ég tel að þessir minjaverðir komi til með að hafa eftirlit með öllu þessu. Með því sparast ferðakostnaður úr Reykjavík sem kemur þá á móti.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá að síðustu að nefna aðeins aftur það sem snertir ferðamannaiðnaðinn. Það eru ótrúlega margir sem sækja söfnin og miklu fleiri en ég hafði gert mér grein fyrir. Ég veit að það var gerð könnun á Austurlandi um það hvað margir ferðamenn heimsæktu söfn og það sýndi sig í þeirri könnun að yfir 40% sóttu söfnin heim á Austurlandi. Þetta er því drýgri þáttur í ferðamannaiðnaði en maður hafði gert sér grein fyrir áður.

Að allra síðustu vil ég nefna það að ég held að það hafi verið góð nýbreytni í sumar að halda svokallaðan þjóðminjadag. Það varð til þess að fleira fólk heimsótti söfnin og heilu fjölskyldurnar sem er mikilvægt vegna barnanna að þau komi í söfnin. Það leiðir þá af sér meiri áhuga þeirra á okkar sögu og okkar fornminjum.

Ég sit í hv. menntmn. þar sem við munum væntanlega fá þetta mál til umfjöllunar og ég get sagt eins og fleiri að ég sé að það verður ýmsum vandkvæðum bundið að fá það samþykkt á þessu þingi þar sem nefndin fékk nýlega nokkuð mörg mikilvæg mál en ég er ekki að segja að það sé útilokað á þessu stigi málsins. Alla vega vil ég ekki lýsa því hér yfir að það geti orðið.

[12:14]

Hjálmar Jónsson:

Virðulegi forseti. Framlagt frv. til laga um breytingu á þjóðminjalögum horfir til mikilla bóta og ég vona að það verði samþykkt. Það skýrir ýmis markmið þjóðminjavörslu og hlýtur að leiða til öruggari og markvissari vinnubragða og því ber að fagna framlagningu þess. Ágætir menn hafa unnið að og verið í forsvari Þjóðminjasafnsins og settur þjóðminjavörður hefur komið með ferskan andblæ og unnið þar einnig gott verk.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir talaði hér um áðan að það þyrfti að banna bruna, ef ég skildi hana rétt, og vissulega þarf að gera allt til að hindra að óhapp verði og að því er að sjálfsögðu unnið einnig.

Þetta er yfirgripsmikið mál og væri hægt að ræða um í löngu máli. Ég mun reyna samt sem áður að hafa það stutt. Það þarf að hafa áætlanir um fornleifarann-

sóknir skýrar og nauðsynlegt að taka fá verk fyrir í einu og vinna þau vel en krukka ekki í án þess að geta lokið nokkrum heildarrannsóknum og fengið niðurstöður.

Það má hafa að leiðarljósi það sem Jón Helgason prófessor í Árnasafni orti til höfundar Hungurvöku:

mér fannst sem þú ættir arfinn þinn
undir trúnaði mínum

— ef ég man þetta rétt. Við höfum einmitt þessa trúnaðarskyldur við fyrri kynslóðir og sjálf okkur og sögu okkar og full ástæða er til þess að hyggja vel að þessum markmiðum. Það má líka segja eins og hann lýkur þessu kvæði:

Þótt enn þá sé margt sem er illa lest
og aldirnar leifðu skörðu,
er flækjan greidd sem ég gat það best,
gamli maður í jörðu.

Mér sýnist að lögin eigi og hljóti að þjóna þessu hlutverki meðan við erum að átta okkur á sögu okkar og menningu.

Mig langar að gera hér að umtalsefni V. kafla núgildandi þjóðminjalaga. Það er lítt sem ekki krukkað í þann kafla sem lýtur að friðun húsa. Þar er að mínum dómi þörf á nokkrum breytingum.

Í 36. gr. segir að öll hús reist fyrir 1850 skuli friðuð og allar kirkjur reistar fyrir 1918 skuli friðaðar. Friðun er eins og við vitum kvöð á fasteign og með núgildandi ákvæðum eru lagðar afar þungar kvaðir á söfnuði landsins og það eru einkum hinir fámennari núna. Kirkjur sem byggðar voru á síðustu tveim áratugum síðustu aldar og fyrstu tveim þessarar aldar eru margar líkar að gerð og það er að mínum dómi bókstafstrú að ætla að halda þeim öllum óbreyttum. Þær eru svo líkar en þarna er verið að leggja svo þungar kvaðir á fólk að það liggur við að það þjóni sem einhvers konar þjóðminjanefndir eða nefndir um húsafriðun en ekki söfnuður til að þjóna lifandi guði og sjálfu sér um leið. Söfnuðir vilja að sjálfsögðu sýna ræktarsemi gömlu kirkjunum en hús sem voru byggð við þröngan kost og hag þjóna ekki endilega söfnuðum og safnaðarlífi í dag. Hins vegar er söfnuðunum skylt að halda við þessum húsum og eins og ég segi vill fólk það gjarnan en það vill ekki vera um leið hneppt í fjötra og gert skylt að halda við húsi sem það getur jafnvel ekki notað og eyða öllu sínu fé til þess í stað þess að byggja eða hafa hús og íverustað sinn til að þjóna guði sínum eins og hentar því um leið.

Í þessum ágæta sal eru góð sæti og góðir bekkir en það er ekki í öllum kirkjum landsins góðir kirkjubekkir en það er bannað að breyta þeim og í öllu falli mjög erfitt að fá þeim breytt. Það eru reyndar ekki margir hér inni núna en það væri varla nokkur ef hér væru gamlir harðir trébekkir og er sjálfsagt að hyggja að slíku.

Ég vænti þess sem sagt að ákvæðin um friðun kirkna verði ekki lengur til að hneppa söfnuði í fjötra. Það verði tekið til endurskoðunar einnig og að safnaðarfólk geti komið saman til að þjóna guði sínum en þjóni ekki sem samtök um friðun gamalla húsa.

[12:19]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að reyna að ljúka máli mínu sem mér ekki tókst áðan. Mér þótti athyglisvert sem fram kom í máli síðasta ræðumanns sem bendir okkur einmitt á það að það er fleira sem þarf að skoða í þessum málum en það sem hér er tekið fyrir og er spurning hvort ekki hefði átt að fara út í heildarendurskoðun á lögunum.

Ég var þar komin að ég var að ræða um deildaskiptinguna og það að afnema hana. Ég velti því upp hvort ekki væri hægt í rauninni að leysa það mál með því að kveða nánar á um hlutverk safnsins þannig að einhvern veginn verði komist fyrir þann ótta að einhverjir ákveðnir þættir detti út.

Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur og er umhugsunarefni sú sérstaða sem Reykjavík hefur í þessum málum. Ég ætla einmitt að velta þeim málum svolítið fyrir mér. Við Árbæjarsafnið er starfandi fornleifadeild og á vegum þess hafa verið unnar miklar fornleifarannsóknir og það vakna auðvitað spurningar um þessa verkaskiptingu. Verkaskiptingin er í rauninni sú að Árbæjarsafnið annast fornleifauppgröft innan Reykjavíkur en maður getur spurt sig hvort sú verkaskipting sé eðlileg. Er það eitthvað eðlilegt að í Reykjavík sé það borgarminjavörður sem fer með opinbera minjavörslu og borgarminjavörður er á launum hjá Reykjavíkurborg? Hvers vegna á að skilja svona á milli? Það er atriði sem vert er að velta fyrir sér og einmitt sérstaða Reykjavíkur í þessu.

Ég var líka að velta fyrir mér skilgreiningum á orðum eins og fornleifar og fornminjar, hvort ekki þyrfti að skýra þær betur í lögunum. Þegar ég var að lesa frv. fannst mér þetta nokkuð óskýrt. Eins getur maður velt fyrir sér þessari 100 ára viðmiðun og því hvað teljast forngripir. Á mörgum heimilum í landinu eru til hlutir sem teljast forngripir samkvæmt þessum skilgreiningum og þar kunna að vera mjög merkilegir gripir á ferð. Ég var að velta því fyrir mér hvort það ætti að koma á einhvers konar skilaskyldu eða alla vega einhvern veginn að sjá til þess að slíkum gripum sé ekki fargað án samráðs við Þjóðminjasafnið. Ég hef grun um að það hafi því miður margt lent á haugunum sem betur væri komið á söfnum.

En varðandi 100 ára skilgreininguna finnst mér hún nokkuð þröng. Ég veit að Þjóðminjasafnið hefur tekið við gripum sem eru miklu yngri. Við skulum bara taka hlut eins og mjólkurbrúsa eða jafnvel mjólkurferna, það er mikil hætta á því að slíkir hlutir glatist og engum detti í hug að varðveita það sem tilheyrir okkar daglega lífi í dag. (**VS:** Við viljum helst henda öllu.) Já, við sem einmitt erum mörkuð af því að henda öllu. Það er einmitt spurningin hvort ekki þarf að kveða nánar á um þessa hluti.

Ég gluggaði líka í kaflann um kirkjuna og kirkjuminjarnar. Það tengist því sem ég var að hugleiða um skilskyldu. Það er þessi afstaða til eigna kirkjunnar. Þetta er nokkuð sérstakt mál. Nú eru kirkjugripirnir í rauninni eign kirkjunnar og hver eru skilin þarna á

milli? Hvenær má taka slíka gripi úr kirkjum eða má taka þá? Er eðlilegt að taka þá úr kirkjum eða eiga þeir betur heima þar þó að um miklar og merkar minjar sé að ræða? Þetta eru allt spennandi spurningar í tengslum við þau mál hvernig á að skilgreina hlutina, hvað eru fornminjar og forngripir og einmitt að lögin setji safninu ekki einhverjar skorður varðandi það að safna slíkum hlutum eða þeim sé lögð sú skylda á herðar að safna slíkum gripum.

Ég ætla að reyna að stytta mál mitt enda er tíminn naumur. Það er þetta með minjaverðina og stefnuna varðandi þá. Samkvæmt 22. gr. frv. segir að ráðið skuli í allar stöður minjavarða fyrir árslok 1997. Fyrst ekki tókst að framkvæma þetta á síðasta kjörtímabili, eftir að lögin voru samþykkt síðast, vaknar sú spurning: Hvað segir að þetta verði framkvæmt á næstu árum? Ég held að það hljóti að verða að marka einhverja skýrari stefnu varðandi þessi mál. Við verðum væntanlega að kanna það í nefndinni. Ég veit að það hefur verið töluverður þrýstingur utan af landi að fá þessar stöður en einhverra hluta vegna hefur það ekki gengið eftir og er náttúrlega ekki von ef ekki er einu sinni búið að setja reglugerð um þessi mál. Á þessu verður að taka.

Að lokum, virðulegi forseti, eins og fram hefur komið í mínu máli eru margar spurningar í kringum þessa lagasetningu. Ég er fylgjandi því að reyna að bæta stöðu safnsins sem allra mest og að reyna að skýra verkaskiptingu og stjórnskipan eftir því sem hægt er að gera og taka mið af því sem reynslan hefur kennt á undanförnum árum. Þar þarf sérstaklega að huga að því sem snýr að fornleifunum og því fyrirkomulag öllu og hvar valdið eigi að liggja í þeim efnum. Það er einstaka ordalagsatriði sem ég hef verið að velta fyrir mér en það er mál sem hægt er að taka upp í nefndinni og ég held að ég láti þetta duga.

[12:27]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir ágætar undirtektir við þetta frv. og gagnlegar ábendingar sem ég veit að verða teknar til sérstakrar athugunar við meðferð málsins í hv. menntmn. Hér hafa einstaka þingmenn, einkum hv. þm. Guðrún Helgadóttir og Svavar Gestsson, rifjað upp aðdragandann að lagasetningunni 1989. Það er rétt sem fram hefur komið að með þessu frv. er verið að sýna einmitt hvaða lærdóma við höfum getað dregið af þeirri lagasetningu. Mér er það svo sem vel minnisstætt hvað fór fram í þinginu þegar frv. var til meðferðar. Við eigum þar hlut að máli, bæði núverandi og fyrrverandi menntmrh., hvernig staðið var að þeirri lagasetningu og ég held að þar hafi því miður ekki allt verið sem skyldi. Fyrir það er verið að bæta einmitt núna með þessu frv.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir og raunar fleiri hafa minnst á húsakynni safnsins, að þau hafi verið látin drabbast niður og það er vissulega rétt. Það hefur ekki verið staðið með myndarlegum hætti að viðhaldi hússins, Þjóðminjasafnsins, en nú stendur yfir sérstakt átak, meira heldur en áður hefur verið gert og á þessu ári eru ætlaðar 80 millj. kr. til að lagfæra það sem brýnast er við húsið sjálft. Ég ætla að skjóta því hérna að að þessu gefna tilefni að það hefur verið unnið að tillögugerð um framtíðarskipan húsnæðismála safnsins og ég fékk í hendur í gær skýrslu byggingarnefndar með tillögum um að hverju skuli stefnt og mun í næsta mánuði leggja fyrir ríkisstjórnina tillögur um framtíðarskipan húsnæðismála Þjóðminjasafnsins.

Það hefur verið rætt nokkuð um minjasvæðin. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði hvort reglur hafi verið settar um þau. Þær hafa verið settar. Það eru til reglur um skiptingu minjasvæða í reglugerð um þjóðminjavörsluna og þar eru minjasvæðin skilgreind.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir spurði hvort það gæti verið eðlilegt að vera sífellt að breyta lögum sem þessum. Það er vissulega vont þegar sífellt er verið að breyta mikilvægum lagabálkum en í þessu tilviki erum við að fullnægja lagaákvæði. Þjóðminjalög átti að endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá gildistöku þeirra eins og segir í 2. mgr. 54. gr. laganna. Löggjafinn gerði sem sagt ráð fyrir að þessi endurskoðun færi fram og það erum við nú að gera.

Ég sagði hins vegar í framsöguræðu minni í dag: Þess er þó að geta að þjóðminjaráð telur æskilegt að innan tíðar fari fram frekari endurskoðun á þeim köflum laganna sem fjalla um fornminjar og húsafriðun. Það er sá hluti sem var skilinn eftir núna og þarfnast frekari athugunar.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi einnig að það vantaði kannski í lögin hvert skyldi vera meginhlutverk þjóðminjalaganna og hvort ekki væri rétt að kveða nánar á um slíkt og nefndi þar ýmis mikilvæg atriði, að það væri hlutverk að varðveita, rannsaka, sýna og kenna og segja sögu þjóðarinnar og fleira nefndi þingmaðurinn. Þetta eru út af fyrir sig ágætar hugmyndir en það er alltaf vafasamt hversu fast eigi að binda hlutverk stofnana í lög, hversu nákvæmlega eigi að binda hlutverk þeirra í lög. Ég held að í þessu tilviki hafi hlutverk safnsins í sjálfu sér ekki vafist fyrir neinum en þetta eru eins og ég segi út af fyrir sig gagnlegar hugmyndir.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi líka að það hefðu ekki verið veittir nægilegir fjármunir til safnsins og það væri gamaldags, nefndi söfn erlendis eins og safnið á Álandseyjum og danska þjóðminjasafnið, sem þingmaðurinn benti mér á að ég hefði gott af að skoða. Það vill nú svo til að ég hef skoðað það og veit að staðið var að endurbótum safnsins með mjög myndarlegum hætti. Ef ég man rétt þá vörðu Danir um 3 milljörðum ísl. kr. til endurbóta á sínu þjóðminjasafni. Þar var eins og ég sagði mjög svo myndarlega staðið að verki.

Hins vegar er stöðugt verið að þróa starfsemi Þjóðminjasafnsins, sérstaklega sýningarstarf þess, og það hefur reyndar verið nokkuð nefnt. Sýningin í fyrra, afmælissýningin, var gott dæmi um það sem margir skoðuðu.

Í lok síðasta árs var einnig gerð merkileg markaðsúttekt á sýningarsölum safnsins en til þess verks fékk safnið styrk af sérstöku hagræðingarfé frá ríkisstjórninni.

Deildaskipting safnsins hefur komið nokkuð til umræðu. Ég held að ég fari rétt með þegar ég segi að aðeins örfáar stofnanir ef þá nokkrar hafa deildaskiptingu lögbundna. Ástæðan fyrir því að afnema lögbindingu deilda er að gera stofnuninni í þessu tilviki kleift að bregðast við ef breytinga er þörf af einhverjum ástæðum vegna breyttra áherslna eða af slíku. Þess vegna held ég að það sé rétt að vera ekki með þetta of bundið.

Um skipan þjóðminjavarðar hefur líka verið rætt hér, bæði af hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og einnig hv. þm. Svavari Gestssyni. Hæfiskröfur til þjóðminjavarðar eru svo sem ekki mjög stríðar. Í gildandi lögum segir: „Að öðru jöfnu skal ráðinn maður með sérfræðilega menntun í menningarsögu.“ Í þessu frv. er þetta óbreytt en bætt við „og reynslu af stjórnunarstörfum“. Út úr þessum orðum las hv. þm. Svavar Gestsson að það væri verið að réttlæta setningu Guðmundar Magnússonar í stöðu þjóðminjavarðar á sínum tíma. Það þarf nú meira en lítið hugmyndaflug til þess að koma með svona rugl í ræðustól á Alþingi. Það sem er verið að gera með frv. og varðar stöðu þjóðminjavarðar er að skýra og styrkja stöðu hans fremur en er í gildandi lögum og sérfræðilegar kröfur eru ekki veiktar eins og hv. þm. Svavar Gestsson sagði. Það er nú aldeilis ekki. Ef eitthvað er þá eru gerðar meiri kröfur með því að krefjast reynslu af stjórnunarstörfum. Og þetta á svo að vera til þess að réttlæta það að ég setti Guðmund Magnússon í stöðu þjóðminjavarðar á sínum tíma. Já, menn eru sumir músíkalskir, það kemur í ljós í þessu tilviki.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir nefndi í síðari ræðu sinni kirkjur og kirkjugripi og það gerði raunar einnig hv. þm. Hjálmar Jónsson. Um þau atriði er fjallað sérstaklega í IV. kafla gildandi þjóðminjalaga.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi það að honum þætti kannski fulllangt gengið í að tína fjaðrirnar af fornleifanefndinni þó ég skildi orð hans svo að hann væri í meginatriðum sammála því sem segir í 2. gr. frv. þar sem fjallað er um 3. gr. laganna og taldi að fornleifanefnd ætti að gefa áfram út fornleifaskrá. Það er Þjóðminjasafn Íslands sem gefur fornleifaskrána út eins og segir í 2. mgr. 18. gr. frv. Það var áður fornleifadeildin en ekki fornleifanefndin. Ég sé sem sagt ekki að með þessu sé neitt verið að reyta fjaðrirnar af fornleifanefndinni.

Það er svo margt sem ég þyrfti að nefna hér en það sneyðist um tímann sé ég. Ég þarf því að fara fljótt yfir sögu. Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi það að hann sæi ekki nauðsyn þess að sá fulltrúi sem ráðherra skipar án tilnefningar þurfi endilega að vera formaður nefndarinnar. Mér finnst vel koma til greina að athuga það frekar. Ég get verið sammála því að þetta sé ekki endilega nauðsynlegt og að það dugi að ráðherra skipi formann úr hópi þeirra sem skipa þjóðminjaráð.

Einnig hefur verið nefnt að fulltrúi starfsmanna er tekinn út. Ég held að það sé fremur í samræmi við nútímastjórnun, boðleiðir og skipulag eru skýrðar í frv. og það er ekkert endilega eðlilegt að starfsmenn séu með þessum hætti yfirmenn yfirmanns síns, eins og stundum hefur verið nefnt. Þetta þekkist á fleiri sviðum heldur en í gildandi þjóðminjalögum. Það er hins vegar réttmætt að þeir eigi fulltrúa á fundum þjóðminjaráðs.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttur spurði hvort verið væri að sinna þessari lögbundnu heildarendurskoðun. Ég er búinn að svara því varðandi fornminjaþáttinn.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi líka þann mun sem væri gerður á minjavörðum og borgarminjaverði. Þar væri um sérstöðu Reykjavíkurborgar að ræða. Ég bendi á að þetta er óbreytt frá gildandi lögum, lögunum frá 1989. Ég kann svo sem ekki alveg að rekja ástæðuna fyrir þessu en mér þykir ekki ólíklegt að það hafi verið kveðið á um að borgarminjavörður færi með menningarvörslu í Reykjavík. Líklega er ástæðan sú að þetta embætti var til í Reykjavík en ekki annars staðar. Ég bendi á í þessu samhengi að með frv. er gert ráð fyrir að það sé heimilt að ráða minjaverði úti í héruðunum. Heimilt er þó að fela forstöðumanni byggðasafns að gegna hlutverki minjavarðar á viðkomandi minjasvæði samkvæmt sérstökum starfssamningi. Það er því kannski verið að teygja sig í þá áttina sem gildir í Reykjavík.

Um söfnin á Akureyri, sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi, hef ég svo sem ekki miklu við að bæta. Ráðuneytið hefur styrkt tilraunina til að koma á verksmiðjuminjasafni á Akureyri. Það þarf hins vegar að verða í samvinnu við minjasafnið ef það á að verða að safni.

Það er margt fleira sem ég hefði svo sem þurft að koma að en tími minn er úti og ég vona að ég hafi svarað helstu atriðum sem hafa komið fram í máli hv. þm. Ég ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir. Það verður að sjálfsögðu að ráðast svo af þeim tíma sem hv. menntmn. hefur til umráða hvort þetta mál nær afgreiðslu á þessu þingi sem ég vona þó að geti orðið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 412. mál (lengd kennaranáms o.fl.). — Þskj. 617, nál. 805 og 812, brtt. 806.

[12:43]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá meiri hluta menntmn. um frv. til laga um breytingu á lögum um Kennaraháskóla Íslands á þskj. 805 og brtt. á þskj. 806.

„Nefndin hefur fjallað um frv. sem felur annars vegar í sér nokkrar minni háttar breytingar á lögum um Kennaraháskóla Íslands varðandi kjör rektors, verksvið deildarráðs og skólaráðs, stöðu- og embættisveitingar og að kveðið verði á um skipan kennaranáms í reglugerð en ekki í lögum eins og nú er. Þessar breytingar eru gerðar að ósk skólaráðs Kennaraháskóla Ís-

lands. Hins vegar felur frv. í sér frestun á gildistöku ákvæða er mæla fyrir um lengingu almenns kennaranáms úr þremur árum í fjögur ár.

Nefndin fékk á fund sinn um málið Stefán Stefánsson, deildarstjóra í menntmrn., Þóri Ólafsson, rektor Kennaraháskóla Íslands, Vigdísi Jóhannsdóttur, fulltrúa nemenda í skólaráði Kennaraháskóla Íslands, Svanhildi Kaaber, formann Kennarasambands Íslands, Birnu Sigurjónsdóttur, formann skólamálaráðs Kennarasambands Íslands, og Elnu Katrínu Jónsdóttur, formann Hins íslenska kennarafélags.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að tekið verði fram í 3. gr. frv. að við smíði reglugerðar um skipan almenns kennaranáms skuli liggja fyrir tillögur skólaráðs Kennaraháskóla Íslands.

Björn Bjarnason ritar undir með fyrirvara varðandi þá skipan sem lögð er til í 6. gr. frv. um stöðu- og embættisveitingar.“

Undir nál. rita Sigríður Anna Þórðardóttir, Björn Bjarnason, Árni Johnsen, Petrína Baldursdóttir og Tómas Ingi Olrich.

Við 1. umr. um frv. og einnig við umfjöllun um málið í menntmn. hafa þingmenn gert að sérstöku umtalsefni frestun á lengingu kennaranámsins. Ég vil því víkja að þessu atriði örfáum orðum.

Á vegum ráðuneytis er starfandi nefnd til að gera tillögur að rammalöggjöf um kennaramenntun í landinu. Þar eru að sjálfsögðu til skoðunar ýmsar leiðir til að styrkja kennaramenntunina. Ein þeirra er lenging almenns náms við Kennaraháskóla Íslands en aðrar leiðir eru líka til umfjöllunar þar og má nefna sem dæmi uppbyggingu meistaranáms við Kennaraháskólann, kandídatsár og markvissa sí- og endurmenntun kennara.

Ljóst er að engar ákvarðanir hafa verið teknar um hvort breytingar verða gerðar á uppbyggingu kennaranámsins við Kennaraháskóla Íslands. Hér er eingöngu um að ræða frestun þess ákvæðis gildandi laga sem lýtur að því að lengja námið um eitt ár meðan unnið er að tillögum um framtíðarskipan þessara mála.

[12:46]

Frsm. minni hluta menntmn. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 812 um frv. til laga um breytingu á lögum nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands. Nál. er frá minni hluta menntmn.

„Frv. það sem hér liggur fyrir hefur fyrst og fremst þann tilgang að fresta því enn að tekið verði upp fjögurra ára kennaranám. Auk þess felast í frv. nokkur smærri atriði sem flokka má undir almennar lagfæringar á gildandi lögum. Þar er gert ráð fyrir að samræma nokkuð lög um Kennaraháskólann og lögin um Háskóla Íslands. Minni hlutinn styður þessar lagfæringar en ekki ákvæði til bráðabirgða sem snertir frestun á gildistöku 13. gr. laganna um Kennaraháskóla Íslands. Með samþykkt frv., eins og það liggur fyrir, er því frestað enn í fjögur ár að taka um það ákvörðun hvort nám í Kennaraháskóla Íslands skuli skipuleggja sem fjögurra ára nám, eins og kveðið er á um í 13. gr. núgildandi laga, eða að námið taki alls þrjú ár. Ákvæði um fjögurra ára nám átti samkvæmt lögum um Kennaraháskóla Íslands, nr. 29/1988, að koma til framkvæmda innan sex ára frá gildistöku laganna, þ.e. í síðasta lagi árið 1994.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var tekin ákvörðun um það af fyrrverandi menntamálaráðherra að fjögurra ára nám við skólann hæfist haustið 1991 og var lögð mikil vinna í að skipuleggja slíkt nám. Núverandi menntamálaráðherra tók síðan ákvörðun um það að skólinn skyldi starfa áfram á þriggja ára grundvelli og var skólanum tilkynnt það með þriggja vikna fyrirvara. Þetta gerði skólanum mjög erfitt fyrir og var þá gripið til þess ráðs að þvinga nýskipulagt fjögurra ára nám inn á þrjú ár til bráðabirgða.

Með bréfi, dags. 27. okt. sl., tilkynnti menntamálaráðherra skólanum á ný að því yrði frestað að taka upp fjögurra ára nám og er nú verið að semja nýja kennsluskrá fyrir þriggja ára nám á grundvelli námsskrár sem samin var fyrir fjögurra ára nám.

Það kom m.a. fram í máli Þóris Ólafssonar, rektors við Kennaraháskólann, að starfsfólk skólans reiknar með að fjögurra ára nám verði tekið upp við skólann þótt enn verði á því einhver bið, en það sé fyrst og fremst pólitísk ákvörðun hvenær það verði gert. Þá kom enn fremur fram hjá rektor að víðast í Vestur-Evrópu tekur kennaranám fjögur ár, þar á meðal á Norðurlöndum.

Skólinn býr við mjög þröngan húsakost og kom fram í máli rektors að mikil þörf er fyrir meira húsnæði hvort sem skólinn verður áfram þriggja ára skóli eða verður gerður að fjögurra ára skóla, t.d. vantar algjörlega fyrirlestrarsali.

Þegar þáverandi menntamálaráðherra, Birgir Ísl. Gunnarsson, mælti fyrir frv. til laga um Kennaraháskóla Íslands í efri deild Alþingis 12. apríl 1988 sagði hann m.a.:

„Fjórða meginnýmæli frv. er lenging kennaranáms. Gert er ráð fyrir því í þessu frv. að almennt kennaranám verði lengt og taki fjögur ár. Jafnframt verði tekið upp námseiningakerfi þar sem ein eining jafngildir námsvinnu einnar viku. Námseiningar í almennu kennaranámi verði því 120.

Mörg rök hníga að því að æskilegt sé að lengja grunnnámið. Undirstöðuþekking verðandi grunnskólakennara er treyst til muna og þar með lagður vandaðri grunnur að starfi þeirra, endurmenntun og framhaldsnámi. Svigrúm gefst fyrir ný áhersluatriði, svo sem á sviði upplýsingatækni. Unnt er að koma við nokkurri sérhæfingu kennaraefna, bæði með tilliti til aldurs nemenda og tiltekinna námsgreina eða greinasviða. Æfingakennsla og önnur störf á vettvangi grunnskólans verða aukin verulega, m.a. með væntanlegri kandídatsönn, og með því móti treyst tengslin milli fræðilegs náms og starfs á vettvangi.

Námstími kennaraefna á grunnskólastigi og á framhaldsskólastigi verður hinn sami. Þar með er kennaranámið jafngilt að umfangi fyrir bæði skólastig. Fyrir

því eru þær forsendur að kennsla ungra nemenda er ekki síður vandasamt starf en kennsla þeirra sem eldri eru. Uppeldisleg ábyrgð vegur þar þungt ekki síður en þekking á kennslugreinum. Einnig er þessi skipan líkleg til að stuðla að heildstæðni kennarastéttar hvað varðar ábyrgð í starfi, þjóðfélagsstöðu, kjör og kosti á frama í námi og starfi.

Gert er ráð fyrir því í bráðabirgðaákvæði við þetta frv. að lenging námsins komi til innan sex ára, gæti orðið fyrr, og er það gert til þess að Kennaraháskólanum gefist nægilegt ráðrúm til að aðlaga sig þessari lengingu námsins."

Í framsöguræðu menntamálaráðherra kom fram þegar hann mælti fyrir frv. því sem hér er til umfjöllunar að hann vildi bíða eftir niðurstöðu nefndar sem hann skipaði í febrúar 1993 og á að undirbúa rammalöggjöf um kennaramenntun í landinu. Sú nefnd fjallar m.a. um lengd kennaranámsins.

Minni hlutinn telur að eðlilegt hefði verið að skoða þessi mál í samhengi þar sem nefndarálit er væntanlegt frá nefndinni eigi síðar en í lok apríl eða í byrjun maí.

Minni hlutinn telur það mjög alvarlegt fyrir framþróun skólastarfs í Kennaraháskóla Íslands að skólinn þurfi næstu fjögur árin að búa við óvissu hvað varðar lengd kennaranámsins og er því andvígur 7. gr. frv.

Við umræður um málið í nefndinni kom fram að kennarasamtökin höfðu ekki séð frv. áður en það var lagt fram og ekkert samráð virðist vera haft við þau á undirbúningsstigi málsins. Virðist sambandsleysi við kennarasamtökin vera stefna ráðuneytisins eins og nú háttar til."

Undir þetta nál. rita auk þeirrar sem hér stendur, Kristín Ástgeirsdóttir, Svavar Gestsson og Pétur Bjarnason.

[12:52]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að fjalla um þann þátt þessa frv. sem tekur til fjögurra ára kennaranáms. Það mál, eins og kom fram hér, hefur verið lengi í undirbúningi, og í Kennaraháskóla Íslands var fullbúin kennsluskrá fyrir 120 eininga nám þegar því var síðan frestað. Þegar farskóli Kennaraháskóla Íslands, nú nefndur fjarskóli Kennaraháskólans, tók til starfa og ákveðið var að koma því námi á um mitt ár 1992 var einmitt ákveðið að útskriftartími þeirra nemenda sem þar eru við nám yrði á því ári sem félli niður vegna lengingar. Og þar með yrði séð fyrir því að ekki liði eitt ár þar sem kennarar útskrifuðust ekki. Síðan varð breyting mjög skyndilega, eins og kunnugt er. Ég skal viðurkenna að á undirbúningstíma þessa fjögurra ára kennaranáms hafði ég vissar efasemdir meðfram vegna þess að þá hafði verið alllengi kennaraskortur á landsbyggðinni sem, sem betur fer, stefnir í rétta átt og virðist mjög hafa dregið úr því og virðist reyndar vera svo að til séu kennarar í landinu til að manna allar kennarastöður. En eins og mörgum er kunnugt hafa kennarar farið í mjög mörg önnur störf á undanförnum árum. Kann að vera að ástandið í þjóðfélaginu valdi því að kennarar koma frekar aftur til starfa nú en áður var. Annað sem hefur gerst líka síðan þetta var er að það hafa komið fleiri tilboð í kennaranámi. Ég nefndi hér fjarnámið eða farskólann og kennaradeild á Akureyri.

Ég vil vekja athygli á því að sú stefna er uppi núna að samræma skólahald hér því sem gerist í nálægum löndum og nefnd um mótun menntastefnu hefur lagt mikla áherslu á það að grunnskóli hér á landi og framhaldsskóli verði með sem líkustu sniði því sem gerist í nálægum löndum og sömu kröfur gerðar. Þá finnst mér ekki óeðlilegt að við stefnum á sömu kröfur í kennaranáminu og minni á það að í nálægum löndum er kennaranám yfirleitt fjögur ár. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef hér undir höndum frá 1992 er t.d. kennaranám í Noregi fjögur ár og hefur fyrir skömmu verið lengt úr þremur árum. Í Hollandi er það fjögur ár, í Sviþjóð frá þremur og hálfu og upp í fjögur og hálft ár, í Þýskalandi frá fjóru og hálfu ári og allt að sex árum, í Frakklandi er fjögurra ára kennaranám, í Englandi fjögurra ára kennaranám þó þar hafi jafnvel heyrst raddir um að stytta það aftur. Síðan er Belgía með þrjú ár. Þetta eru upplýsingar frá 1992. Með hliðsjón af því að við erum að samræma okkar grunnskóla og kröfur um skólahald við það sem gerist í nálægum löndum þá held ég að það sé nauðsynlegt að við tökum sömu kröfur líka með kennaranámið. Og ég vek athygli líka á því að í þessari lengingu kennaranáms er verulega mikil áhersla lögð á starfsþjálfun, æfingakennslu og faglegan undirbúning til að gera kennara hæfari um að koma til starfa en hægt hefur verið að gera innan þessara 90 eininga þriggja ára kennaranáms.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Útbýting þingskjals:

Húsnæðisstofnun ríkisins, 272. mál, þskj. 820.

Flugmálaáætlun 1994–1997, fyrri umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 723.

[13:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Sú till. til þál. um framkvæmdir í flugmálum sem hér er lögð fram var unnin á vegum Flugmálastjórnar og samþykkt af flugráði hinn 4. febr. sl. Þessi þáltill. er lögð fram í samráði við ákvæði I. kafla 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum. Áætlunin er jafnframt í fullu samræmi við fjárlög yfirstandandi árs og grundvallast á þeim mörkuðu tekjustofnum sem kveðið er á um í áðurgreindum lögum.

Í þáltill. um flugmálaáætlun fyrir tímabilið 1992–1995, sem samþykkt var á Alþingi árið 1992, var framlagi til framkvæmda á flugvöllum fyrir árin 1994 og 1995 ekki skipt. Eins og ég gerði þá grein fyrir var ástæðan sú að fyrirhugað væri að endurskoða

flugmálaáætlun vegna þeirra breytinga sem orðið hefði á forsendum hennar frá árinu 1986. Unnið hefur verið að þessari endurskoðun á undanförnu ári á vettvangi Flugmálastjórnar og flugráðs og var haft samráð við hagsmunaaðila við þá vinnu. Þessu verki er nú lokið og framkvæmdatillögur fyrir árin 1994–1997 liggja nú fyrir í þeirri þáltill. sem hér er lögð fram.

Í endurskoðaðri flugmálaáætlun er reyndar gert ráð fyrir sex ára áætlunartímabili þ.e. 1994–1999 en þáltill. um framkvæmdir sem hér er lögð fram er til fjögurra ára í samræmi við ákvæði laga.

Tekjur Flugmálastjórnar skiptast í almennar rekstrartekjur, tekjur af alþjóðaflugþjónustu og tekjur af flugvallargjaldi og eldsneytisskatti. Hinar síðastnefndu eru ætlaðar til framkvæmda samkvæmt lögum nr. 30/1987, um flugmálaáætlun, og eru því háðar flutningum og umferð um flugvelli landsins. Afkoma í rekstri Flugmálastjórnar hefur verið góð undanfarin tvö ár, laun og annar rekstrarkostnaður hefur verið í góðu samræmi við fjárlög en tekjur hafa sveiflast nokkuð á milli ára, sérstaklega á sviði alþjóðaflugþjónustunnar.

Undanfarin tvö ár hefur uppbygging Egilsstaðaflugvallar verið langstærsta verkefni flugmálaáætlunar. Á þessum tíma hefur verið lokið við gerð flugbrautarinnar og uppsetningu aðflugsbúnaðar og voru þessi mannvirki formlega tekin í notkun sl. haust. Enn er eftir að ljúka breytingum á flugstöðinni og búa völlinn öllum nauðsynlegum tækjabúnaði til að tryggja rekstur hans í samræmi við þær alþjóðlegu kröfur sem gerðar eru til slíks flugvallar. Verður þessu verki að mestu lokið á næstu tveimur til þremur árum.

Megináherslan í þeirri flugmálaáætlun sem hér er lögð fram er að leggja varanlegt slitlag á flugbrautir þeirra áætlunarflugvalla þar sem enn eru malarflugbrautir og umferð er veruleg. Miklar truflanir hafa stundum orðið á flugi til þessara flugvalla þegar flugbrautirnar hafa orðið ófærar vegna aurbleytu.

Þá er hafin stækkun á flugstöðinni á Akureyri og verður því verki ásamt endurnýjun gömlu flugstöðvarinnar lokið á næstu tveimur árum. Enn fremur verður lögð áhersla á að nýta gervihnattarleiðsögu til að auka flugöryggi og hagkvæmni í innanlandsflugi. Að öðru leyti mun fjármagn flugmálaáætlunar renna til margra smærri framkvæmdaverkefna á landinu og endurnýjunar á tækjabúnaði flugvallanna.

Árið 1992 var metár í farþegaflutningum í innanlandsflugi. Voru samtals fluttir tæplega 370 þúsund farþegar. Árið 1993 var fækkun um 8% og varð farþegafjöldinn 340 þúsund. Loftflutningar innan lands á vörum og pósti hafa hins vegar farið jafnt og þétt minnkandi á sl. sex árum. Þannig voru 3.220 tonn flutt í innanlandsflugi á árinu 1992 en 2.860 tonn á sl. ári.

Þróun í flutningum og farþegum um íslenska áætlunarflugvelli á síðustu árum hefur verið misjöfn eftir landsvæðum. Þannig hefur orðið veruleg fjölgun á fjölda farþega sem fer um flugvellina í Vestmannaeyjum og á Hornafirði, flutningar um aðra aðalflugvelli landsins hafa haldist í horfinu, en allmikil fækkun orðið á mörgum litlum áætlunarflugvöllum sem eru í grennd við þéttbýliskjarna landsins. Þannig hefur áætlunarflug lagst af til Stykkishólms, Blönduóss, Rifs og Bakkafjarðar á sl. tveimur árum. Þessi samdráttur í farþegaflutningum hefur fyrst og fremst orðið vegna mikilla endurbóta á vegakerfi landsins en lægð í efnahagslífi hefur hér einnig áhrif.

Heildarfarþegaflutningar í innanlandsflugi hafa hins vegar lítið breyst og það er ekkert sem bendir til að meiri háttar breytingar séu fram undan á næstu árum.

Eins og áður sagði er nú gerð tillaga um flugmálaáætlun til sex ára í stað tíu ára í fyrri flugmálaáætlun sem gerð var árið 1986. Ástæðan er einkum að forsendur breytast hratt og því er ekki talið fýsilegt að gera áætlun til lengri tíma. Þannig munu frekari endurbætur á þjóðvegakerfinu ásamt jarðgangagerð hafa í för með sér greiðari samgöngur á landi innan landsvæða og milli landshluta. Jafnframt má bast við að enn verði nokkrar breytingar á búsetu í landinu. Hins vegar hefur þjónusta í innanlandsflugi aukist mikið með tilkomu nýrra flugvéla jafnframt því sem hagstæðari fargjöld hafa verið boðin til að mæta vaxandi samkeppni. Fylgst verður náið með þessari þróun á næstu árum.

Í flugmálaáætlun er áætlunarflugvöllum raðað í flokka eftir heildarflutningsmagni á farþegum og vörum á ársgrundvelli. Í fyrsta flokki eru flugvellir sem ná a.m.k. 1.000 tonnum af flutningi á ári. Í þessum flokki eru allir aðaláætlunarflugvellir landsins, þ.e. Reykjavík, Akureyri, Vestmannaeyjar, Egilsstaðir, Ísafjörður, Húsavík, Hornafjörður og Sauðárkrókur. Í öðrum flokki lenda flugvellir þar sem flutningar liggja á milli 250 og 1.000 tonna á ári. Þessir flugvellir eru Patreksfjörður, Bíldudalur, Siglufjörður, Vopnafjörður, Grímsey, Norðfjörður, Flateyri, Þingeyri og Þórshöfn. Áætlunarflugvellir með innan við 250 tonna flutninga á ári, sem samsvarar um 2.800 farþegum, lenda í þriðja flokki. Þessir flugvellir eru sjö talsins. Áætlunarflugvellir á landinu eru því 24 að Keflavíkurvelli undanskildum.

Á öðrum flugvöllum er skipt annars vegar í þjónustuflugvelli, þar sem verulegt leiguflug er stundað, og hins vegar í lendingarstaði sem nauðsynlegt er að halda í rekstri af ýmsum ástæðum, svo sem vegna sjúkraflugs o.fl. Frá síðustu flugmálaáætlun hafa nokkrar tilfærslur orðið varðandi flokkun flugvalla. Þannig hafa flugvellirnir á Blönduósi, Rifi, Stykkishólmi og Bakkafirði færst úr flokki yfir áætlunarflugvelli í flokk þjónustuflugvalla. Þá hafa 23 flugvellir verið felldir út úr flokknum lendingarstaðir og eru þeir tilgreindir í fylgiskjali með þáltill. Í mörgum tilvikum er um að ræða lendingarstaði þar sem flugbrautir eru varhugaverðar stóran hluta ársins eða þörfin fyrir þessar flugbrautir er ekki lengur fyrir hendi vegna breyttra aðstæðna. Ef litið er til einstakra landshluta er ástand loftflutninga í aðalatriðum sem hér segir:

Á Vesturlandi hefur áætlunarflug lagst af til Stykkishólms og Rifs og er því ekkert áætlunarflug til flugvalla í þessum landshlutum. Hins vegar er talsvert um leiguflug og sjúkraflug til flugvalla á Snæfellsnesi. Ekki er gert ráð fyrir neinum nýframkvæmdum við þessa flugvelli.

Áætlunarflug er til sjö flugvalla á Vestfjörðum. Flugvellirnir á Patreksfirði og á Bíldudal þjóna sunnanverðum Vestfjörðum vel en flugbrautir á þessum stöðum eru nokkurn veginn þverstæðar. Með tilkomu nýrra jarðganga munu flugvellirnir á Þingeyri og Ísafirði sameiginlega geta þjónað norðanverðum Vestfjörðum enda eru veðurskilyrði oft frábrugðin á þessum stöðum.

Áætlunarflug til Súgandafjarðar hefur lagst af og má búast við að sama þróun verði í áætlunarflugi til Flateyrar með tilkomu jarðganga undir Breiðadalsheiði. Flugvellirnir á Hólmavík og Gjögri gegna sama hlutverki og áður en ekki er búist við auknum loftflutningum til þessara staða. Áherslan í uppbyggingu flugvalla á Vestförðum á næstu 2–3 árum verður í umdæminu sunnanverðu.

Á Norðurlandi vestra hefur áætlunarflugi til Blönduóss verið hætt og áætlunarflug til Sauðárkróks og Siglufjarðar heldur í horfinu þrátt fyrir bætt vegasamband til Reykjavíkur. Uppbyggingu þessara flugvalla verður því haldið áfram.

Á Norðurlandi eystra er þróunin í flugflutningum svipuð og árið 1992. Ekki er gert ráð fyrir að breytingar verði á flugi til Akureyrar, Húsavíkur og Grímseyjar á næstu árum. Uppbyggingu á þessum flugvöllum verður því haldið áfram. Farþegaflug til Mývatns hefur aukist verulega einkum yfir sumarmánuðina og er gert ráð fyrir nokkrum endurbótum á flugbrautinni við Reykjahlíð.

Á svæðinu milli Öxarfjarðar og Vopnafjarðar er stundað áætlunarflug til Kópaskers, Raufarhafnar, Þórshafnar og Vopnafjarðar en áætlunarflugi til Bakkafjarðar var hætt árið 1993. Gert er ráð fyrir að ljúka gerð nýja flugvallarins við Þórshöfn en ekki gert ráð fyrir öðrum nýframkvæmdum á þessu svæði.

Á Austurlandi sunnan Vopnafjarðar hafa flugflutningar um Egilsstaði og Norðfjörð verið svipaðir nokkur undanfarin ár. Flutningar um Hornafjarðarflugvöll hafa hins vegar aukist á undanförnum sex árum, m.a. vegna vaxandi ferðamannastraums. Gert er ráð fyrir að ljúka að fullu mannvirkjagerð og kaupum á tækjabúnaði á Egilsstaðaflugvöll á næsta áætlunartímabili. Jafnframt verða gerðar endurbætur á Hornafjarðarflugvelli.

Á Suðurlandi er Vestmannaeyjaflugvöllur eini áætlunarflugvöllurinn og hafa flugflutningar um hann aukist verulega undanfarin ár. Hann er nú þriðji stærsti áætlunarflugvöllur landsins og verður uppbyggingu hans haldið áfram.

Reykjavíkurflugvöllur gegnir áfram lykilhlutverki sem miðstöð innanlandsflugsins en um 90% farþega innanlands fara um þennan flugvöll. Framkvæmdir þar verða þó í lágmarki á fyrri hluta áætlunartímans en sérstakt átak hafið á árinu 1997 með endurnýjun á malbiki og öðrum lagfæringum á flugbraut. Er ekki seinna vænna að hafist verði handa um þetta verk.

Í flugmálaáætlun er gert ráð fyrir sérstakri fjárveitingu til þjónustuflugvalla og lendingarstaða sem skipt verður á hverju framkvæmdaári fyrir sig. Í forgangsröð fyrir framkvæmdir á hverjum flugvelli fyrir sig er í meginatriðum stuðst við sömu reglu og skýrsla flugmálanefndar frá 1986 gerir ráð fyrir og byggð var á samþykkt flugráðs og öryggisnefnd Félags ísl. atvinnuflugmanna. Örfáar breytingar voru þó gerðar í þeirri endurskoðun sem nú hefur farið fram, einkum varðandi varanlegt slitlag á flugbrautum. Þannig er gert ráð fyrir að flýta framkvæmdum vegna bundins slitlags á flugvöllum þar sem malaryfirborð hefur verið til sívaxandi vandræða. Þetta var einkum gert í ljósi þess að mun ódýrari aðferðir hafa verið þróaðar á undanförnum árum við gerð slíkra slitlaga.

Mjög ör þróun hefur orðið á alþjóðavettvangi í notkun gervihnattatækni við flugleiðsögu. Alþjóðaflugmálastofnunin hefur lagt til að þessi tækni verði tekin í notkun hið fyrsta og hafa ýmsar þjóðir, t.d. Kanada og Bandaríkin, nú þegar stigið fyrstu skrefin á þessu sviði. Þessi þróun byggist á því að gervihnattaleiðsaga verður mun hagkvæmari en sú tækni sem notuð hefur verið á undanförnum áratugum. Hjá Flugmálastjórn hefur verið fylgst náið með þessum málum og undirbúningsvinna við að taka þessa nýju tækni í notkun er þegar hafin. Í flugmálaáætlun er gert ráð fyrir fjárveitingu til margvíslegra athugana og tilrauna með gervihnattaleiðsögu og til að koma upp búnaði til að koma þessari tækni í notkun sem fyrst. Brýnt er að nýta sér þær endurbætur sem þessi nýja tækni býður upp á, sérstaklega vegna aðflugs á Vestfjörðum og víðar. Flugmálaáætlun gerir ráð fyrir að dregið verði úr fyrri áformum varðandi uppsetningu hefðbundins flugleiðsögubúnaðar en þó verður lokið nokkrum brýnum verkefnum á þessu sviði.

Samkvæmt fyrirliggjandi áætlun verður væntanlega lokið við byggingu nýrrar alþjóðlegrar flugstjórnarmiðstöðvar á Reykjavíkurflugvelli á árinu 1994. Byggingin er greidd að stærstum hluta af alþjóðlegu fjármagni. Síðasta framlag vegna hlutdeildar íslenska ríkisins í byggingarkostnaði er á framkvæmdaáætlun þessa árs en þetta framlag er til komið vegna þeirrar aðstöðu sem flugumferðaþjónusta við innanlandsflugið mun njóta í þessari byggingu. Nánari upplýsingar um einstakar framkvæmdir á flugvöllum landsins er að finna í fylgiskjali sem ber heitið „Flugmálaáætlun 1994–1999".

Ég sé ekki ástæðu, hæstv. forseti, til að hafa fleiri orð um þetta frv. en legg til að því verði vísað til 2. umræðu og hv. samgn.

[13:45]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Flugmál eru mjög mikilvægur þáttur samgöngumála hérlendis, bæði milli landa og ekki síður innanlandsflugið, en að sjálfsögðu er misjafnt hvað það snertir hina ýmsu landshluta með beinum hætti.

Ég vil fyrst þakka fyrir þær upplýsingar sem koma fram í þessari áætlun. Hún er mjög skilmerkilega upp sett og felur í sér mikinn fróðleik um þróun flugsins á undanförnum árum. En ég ætla hér að víkja að nokkrum atriðum í áætluninni.

Fólkið í þeim landshluta sem ég er fulltrúi fyrir á Alþingi á kannski meira undir fluginu heldur en ýmsir aðrir þó Vestfirðingar séu vissulega sama marki

brenndir og Norðurland eystra. En flugið á Austurlandi hefur afar mikla þýðingu fyrir þann landshluta og ég mun aðeins koma að því síðar.

Það má segja að það hafi orðið þáttaskil í flugmálum hér á landi þegar flugmálaáætlun kom til sögunnar, en það var á árinu 1987 eins og kemur fram í áætluninni, og fyrsta fjögurra ára áætlunin var samþykkt árið 1988. Ég hygg að allir muni það sem tóku þátt í þingstörfum á þeim tíma að þetta gjörbreytti uppbyggingu í flugmálum hér á landi og í þessum málaflokki hefur verið unnið afar mikið á undanförnum árum. Ég vil undirstrika það. Þeir sem hafa verið við völd — og er ég ekki að undanskilja neinn í því — hafa unnið vel að þeim verkefnum. En það er rétt sem kemur fram í flugmálaáætluninni að þróunin er mjög hröð á þessum sviðum og aðstæður hafa breyst og mikilvægi einstakra flugvalla minnkað með breyttum samgöngum, bæði innan fjórðunga og utan. Það hafa orðið miklar breytingar í þróun áætlunarflugs milli einstakra landsvæða og má rekja það m.a. til vaxandi samkeppni bílsins við flugið með batnandi samgöngum og flugrekstraraðilar eiga í kröppum dansi af þeim sökum.

Framtíð áætlunarflugsins er efni í aðra umræðu og væri vert að velta henni fyrir sér en flugmálaáætlunin fjallar fyrst og fremst um útbúnað og uppbyggingu flugvalla og ég ætla að halda mig við þann þáttinn.

Flugmálaáætlun er frábrugðin vegáætlun í veigamiklum atriðum. Eðli málsins samkvæmt er erfitt að skipta flugmálaáætlun og njörva hana niður eftir landshlutum eftir einhverri skiptireglu eins og gert er í vegáætlun. Þingmenn kjördæmanna koma því að þessu máli með allt öðrum hætti heldur en í vegáætlun og er ekki það formlega samband sem er í sambandi við vegina. Eigi að síður höfum við þingmenn Austurlands haft gott samband við Flugmálastjórn um þessi mál vegna mikilvægis þeirra fyrir okkur. Við áttum fund á undirbúningsstigi með flugmálastjóra og skrifstofustjóra Flugmálastjórnar þar sem við ræddum ýmis málefni Austurlands en þessi samskipti eru ekki með neinum formlegum hætti eins og í vegáætluninni.

Það er svo í þessari flugmálaáætlun að hún sýnir vissa stefnubreytingu sem ég ætla að gera að umtalsefni. — Virðulegi forseti, er ég að verða búinn með tímann?

(**Forseti** (SalÞ): Hv. þm. á eftir 1 mínútu og 35 sekúndur.)

Þá spyr ég virðulegan forseta hvað tíminn sé langur.

(**Forseti** (SalÞ): Hann er 8 mínútur.)

Þá verð ég að nota seinni tíma minn til þess að víkja að Austurlandi sérstaklega og þeirri stefnumörkun sem er í þessu máli því ég áttaði mig satt að segja ekki á því að hér er um þáltill. að ræða og skammur tími til stefnu. Ég ætla því að gera hér þáttaskil en fá að nota síðari ræðutíma til þess að bæta við örfáum orðum.

[13:53]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er verið að fjalla um endurskoðaða flugmálaáætlun. Í greinargerð, sem er fskj. með þáltill., kemur fram í endurskoðaðri flugmálaáætlun frá Flugmálastjórn að árið 1987 hafi verið samþykkt fyrsta flugmálaáætlunin en 1986 hafi verið gerð 10 ára áætlun að frumkvæði hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar og þáv. samgrh. 1987 var síðan samþykkt fjögurra ára þál. um flugmálaáætlun.

Eins og hér kom fram áðan eru framfarir í þessum málum mjög örar og líklegast eru fjögur ár nægilegur tími til að gera áætlun ef við skoðum þróun í flugmálum þó ekki sé nema 10–15 ár aftur í tímann.

Ég vil aðeins gera að umtalsefni þau vinnubrögð sem notuð eru við að leggja fram og vinna flugmálaáætlun. Það kom okkur þingmönnum sem sæti eiga í samgn. nokkuð spánskt fyrir sjónir um daginn þegar flugmálaáætlun fyrir næstu fjögur ár birtist í fjölmiðlum og ýmsar yfirlýsingar í framhaldi af því. Sumt af því var síðan borið til baka, m.a. að áætlað væri að leggja niður ákveðna flugvelli á Austurlandi og raunar ekki hægt að sjá að það sé endanlega ákveðið með þessari áætlun.

Í flugmál fara 393 millj. á hverju ári næstu fjögur ár samkvæmt þessari áætlun og er það byggt á þeim tekjustofnum sem flugmálaáætlun hefur.

Ég verð að lýsa því hér að mér finnst það mætti vinna flugmálaáætlun í meiri samvinnu við þingmenn. Þó Alþingi kjósi flugráð til þess að skoða þessi mál og um flugmál sé þar fjallað þá tel ég að það væri hægt að vinna þetta þannig að það kæmi á vinnslustigi meira til skoðunar hjá þingmönnum og vil í því sambandi benda á hvernig unnið er að vegáætlun. Vegagerðin vinnur hana í samráði við samgn. og þingmannahópa. Þó að hér sé fjármögnun nokkuð öðruvísi, þá tel ég samt að flugáætlun væri alveg hægt að vinna á sama hátt og það væri til bóta að fleiri kæmu að henni á vinnslustigi.

Virðulegi forseti. Eins og kom fram áðan er ekki mjög langur tími til 1. umr. og ég ætla því að koma með nokkrar spurningar. Ráðherra lýsti því áðan að hætt væri við að halda uppi áætlunarflugi til Suðureyrar. Því er ég út af fyrir sig sammála. Það hlýtur að verða eðlilegt að sá völlur verði lagður af þegar nú er stefnt á að samgöngur batni svo mjög með tilkomu jarðganga. Ég vil samt spyrja að því hvort ekki sé fyrirhugað að hann sé hæfur til notkunar í neyðartilvikum þar til sú samgöngubót er komin sem jarðgöngin eru. Hins vegar er mjög eðlilegt að þangað sé ekki áætlunarflug og að það leggist af og allt viðhald á þessum flugvelli þegar fram líða stundir.

Hæstv. ráðherra nefndi einnig að flug til Flateyrar mundi einnig leggjast af með tilkomu jarðganga. Ég held að það þurfi að skoða það aðeins betur hvort það er fullkomlega eðlilegt. Þar er veðráttan talsvert öðruvísi heldur en á Ísafirði. Það munar oft allmiklu á veðurfari hvort maður er sunnan eða norðan Breiðadalsheiðar og á Flateyri hafa smærri vélar verið notaðar sem oft geta flogið í öðrum veðrum heldur en þær stóru vélar sem notaðar eru til áætlunarflugs til Ísafjarðar og Þingeyrar. Það er kannski spurning hvort það eigi beinlínis að vera stefna að leggja af flugvöllinn á Flateyri þó að Þingeyri og Ísafjörður verði þeir

flugvellir sem notaðir verði jöfnum höndum til áætlunarflugs fyrir stærri vélar. Ég vildi heyra skoðun ráðherra á því.

Í þriðja lagi vil ég spyrja: Hver er munur á þjónustuvöllum og lendingarstöðum í þessari flugmálaáætlun? Hér eru taldir upp nokkrir vellir sem eru taldir vera þjónustuvellir og aðrir lendingarstaðir. Hefur það ekkert verið endurskoðað hverjir falli undir þessar skilgreiningar? Hefur ekki verið tekið inn neitt nýtt frá því sem var áður? Hér er gert ráð fyrir að nokkrir lendingarstaðir falli út af flugmálaáætlun. Ég hef svo sem ekki neitt sérstakt við það að athuga vegna þess að mér sýnist að ekki í mikilli fjarlægð frá þeim séu aðrir þjónustuvellir eða lendingarstaðir en ég vildi spyrja ráðherra hvort ekki hafi verið fyrirhugað að taka inn einhverja fleiri lendingarstaði eða þjónustuvelli og hver sé munurinn á þeim. Við getum t.d. nefnt það að hér eru lendingarstaðir víða inni á öræfum, á Hveravöllum, í Kerlingafjöllum, við Skálavatn, á Sprengisandi og fleira væri hægt að telja hér upp. En það er t.d. enginn á Hornströndum. Þar er mikil umferð ferðamanna á sumrin og hefur stundum þurft að grípa til ýmissa aðgerða til að koma fólki burt ef slys hafa orðið. Þess vegna vildi ég beina þeirri spurningu til ráðherra því nú veit ég að það er flogið þarna á alla vega tvo staði á Hornströndum, en þeir eru ekki nefndir hér, hvorki sem þjónustuvellir né lendingarstaðir.

Ég mun e.t.v. taka hér aftur til máls ef mér sýnist ástæða til, en þessi flugmálaáætlun verður að sjálfsögðu skoðuð í hv. samgn. Og þó ég vilji endurtaka að ég gagnrýni að málið skuli ekki hafa komið inn til nefndarinnar á fyrri vinnslustigum þá hef ég að sjálfsögðu aðstæður til að skoða þetta. Ég vil samt að það komi fram að þegar áætlunin var kynnt fyrir okkur í samgn. þá var í raun og veru sagt um leið að það væri tiltölulega litlu eða engu hægt að breyta, þetta væri svo niðurnjörvað.

[14:02]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Þessi þáltill. um flugmálaáætlun fyrir árin 1994–1997 er að mörgu leyti fyrirmyndarplagg í sjálfu sér. Það er mikið af upplýsingum hér og mér finnst málið vera sett býsna skilmerkilega fram og að því leytinu til held ég að það sé hægt að hæla þeim sem að því hafa staðið.

En ég vil taka undir síðustu orð hv. 6. þm. Vestf. að mér finnst að það sé ekki rétt röð á hlutunum. Mér finnst að stefnumótandi áætlun eins og þessi þurfi að koma til umræðu í þeirri nefnd sem hlut á að máli í hv. Alþingi áður en menn negla algerlega niður áætlunina sjálfa og að þeir sem semja áætlunina þurfi kannski að fá aðeins að átta sig á hug alþingismanna, sem eiga sæti í viðkomandi nefnd, til þeirrar stefnumörkunar sem kemur fram í plagginu. Ég held að að mörgu leyti sé meðferð mála vegna vegáætlunar þó í miklu betra horfi. Þar koma þó þingmenn kjördæmanna að málinu fyrr og menn átta sig þá á því hvort um málin er ágreiningur. Þetta skapar viðkomandi meiri hluta eða þeim sem bera ábyrgð á stjórn landsins í sjálfu sér ekki neinn vanda í því að koma fram sinni stefnu. Ég held að það sé í raun og veru miklu eðlilegri og betri farvegur sem ég er hér að lýsa til þess að menn átti sig á hvaða stöðu þeirra stefnumörkun er í og geti þá brugðist við gagnrýni á fyrri stigum.

Í þeirri flugmálaáætlun sem við sjáum hér fyrir framan okkur núna sýnist mér að gert sé ráð fyrir álíka framkvæmdum á næstu sex árum eins og voru á síðustu sex árum. Það eru um 2.000 millj. til þessara heildarframkvæmda. Ég hef ekki aðstöðu til þess að fullyrða hvort það sé nóg að gert eða ekki. Ég hefði þó ímyndað mér að miðað við álíka tekjur í framtíðinni, eins og hafa verið á undanförnum árum, þá ættu áherslurnar að geta færst til á færri staði heldur en verið hefur því það hefur lagst niður áætlunarflug til ýmissa staða á undanförnum árum. Þannig að það ætti þá að vera meira til skiptanna til að byggja upp betri aðstöðu á þeim stöðum þar sem virkilega þarf á fluginu að halda. Ég held að það sé þá í sjálfu sér hægt að gera ráð fyrir því að þar verði betur að málum staðið.

Mig langar til að spyrja vegna einstakra atriða í þessari áætlun. Ég sé að það er t.d. gert ráð fyrir að leggja bundið slitlag á tvo fugvelli sem mjög stutt er á milli. Það er á Bíldudal og Patreksfirði. Því er lýst í áætluninni að þessir flugvellir þjóni næstum sem einn flugvöllur, næstum sem tvær aðskildar brautir á sama flugvelli. Mig langar svolítið að forvitnast betur um það hvort ekki sé hagkvæmt að byggja upp annan völlinn og lagfæra þannig að það sé hægt að nýta hann við fleiri veðurskilyrði eða hvort veðurskilyrðin séu svona mismunandi að það borgi sig og sé verjandi að reka tvo flugvelli sem svo stutt er á milli.

Ég tek eftir því að sumir flugvellir eru ekki mjög ofarlega á blaði í framkvæmdaáætluninni. Það vantar reyndar suma þeirra inn á framkvæmdaáætlunina eins og Norðfjörð. Mig langar til að spyrja hvort allt sé þar í það góðu standi að það sé engin ástæða til framkvæmda á þeim stað eða hvort menn stefni kannski að því að leggja niður áætlunarflug á Norðfjörð. Síðan er flugvöllurinn við Þórshöfn. Ég tek eftir því að það er ekki gert ráð fyrir því á öllu tímabilinu að leggja bundið slitlag á þann flugvöll, en það er verið að byggja þar upp flugbrautir. Ég spyr: Hvers vegna er ekki gert ráð fyrir að setja bundið slitlag á þann völl? Mér sýnist að það sé það mikil umferð þar að það sé kannski svolítið ankannalegt að ekki skuli vera stefnt að því að setja bundið slitlag á þann völl.

Síðan varpa ég því fram svona til umhugsunar hvort þessar framkvæmdir sem verið er að gera með bundnu slitlagi á þessum völlum, þar sem um er að ræða velli sem hafa verið byggðir upp fyrir einhverjum árum síðan og undirlagið er ekki nógu öflugt til að bera stærri vélar, hvort það sé ástæða til þess að endurskoða afstöðuna til þess hvernig eigi að byggja þá velli upp. Ef við horfum fram í tímann þá getum við gert ráð fyrir því að það verði jafnvel farið að flytja t.d. fiskafurðir frá einhverjum öðrum völlum heldur en hér sunnan lands. Það er alltaf að aukast flug með fiskafurðir til annarra landa og ég held að það sé full ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort það þurfi ekki að gera ráð fyrir því að það sé hægt að flytja þær afurðir frá fleiri

völlum heldur en gert er í dag. Ekki veit ég hvað menn hafa tekið mikið mið af þessu við gerð þessarar flugmálaáætlunar og mig langar til að spyrja hæstv. ráðherra hvort þau mál hafi verið í umræðunni.

Síðan tek ég eftir því í áætluninni að þar eru málin mjög mikið njörvuð niður og nánast öllu fjármagninu er skipað niður. Það er einungis um að ræða 20 millj. á hverju ári, og ég tek eftir því að það er sama talan öll árin, til leiðréttinga og brýnna verkefna. Ég hefði talið að það þyrfti að vera mun meiri sveigjanleiki í áætluninni heldur en þarna kemur fram. Það kann að vera að það dugi kannski 20 millj. kr. við skulum segja á þessu ári og næsta í sveigjanleikann, en mér sýnist að miðað við þær miklu sveiflur sem eru á þessum hlutum og þær miklu breytingar sem eru á fluginu að þá væri kannski ástæða til að hafa þennan lið mun stærri þannig að menn hefðu meira svigrúm til þess að víkja til peningum á áætluninni.

[14:10]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég hyggst ekki lengja umræðuna verulega enda hefur hæstv. samgrh. gert grein fyrir þessari flugmálaáætlun. Það hefur komið hér fram og kemur fram í inngangi að þessari flugmálaáætlun að það er ekki lengra um liðið heldur en síðan 1987 að farið var að gera flugmálaáætlun og vinna eftir henni. Það tel ég hafa verið afar þarft og nauðsynlegt og bendi á að ég tel það verðugt verkefni og nauðsynlegt fyrir þingheim að hugleiða hvort ekki bæri og væri skynsamlegt að gera áætlanir á fleiri sviðum heldur en gert er nú til dags, en það eru fyrst og fremst vegáætlun og flugmálaáætlun sem fara hér inn í þingið. Ég tel verðugt verkefni að hugleiða hvort ekki bæri að stefna að slíkri áætlanagerð um byggingar á vegum menntmrn. og ýmsar framkvæmdir á vegum heilbrrn. svo eitthvað sé nefnt. Á sínum tíma var gerð flugmálaáætlun til tíu ára. Þó ekki sé lengra um liðið en þessi sjö ár sem ég nefndi fyrr þá hefur margt breyst á þeim tíma og það er alveg ljóst að samgöngubætur hafa gerst mun hraðar en nokkur hugði á þeim tíma.

Hér hefur komið fram í þinginu og í fréttum og liggur fyrir, ef ég man rétt, fyrirspurn um það, vegna þeirrar flugmálaáætlunar sem hér liggur fyrir, hvort til standi að leggja niður flugvelli. Það tel ég af og frá. Enginn leggur niður flugvelli. Flugvöllum sem í notkun eru, þó þeir séu ekki á þessari framkvæmdaáætlun, mun auðvitað verða við haldið og notaðir eftir því sem við á. En það er enginn sem leggur niður fugvelli nema þá að skortur verði á farþegum eða skortur á aðilum sem vilja nýta sér þessa flugvelli til þess að stunda áætlunarflug til.

Ég minntist á það hér á undan að þróunin hefur verið ör í samgöngumálum og því miður hefur það gerst á síðustu árum að ýmsar framkvæmdir hafa verið unnar á sviði flugvallagerðar skömmu áður en mönnum átti að verða ljóst að flug myndi jafnvel leggjast þar af. Þar má nefna t.d. verulegar endurbætur sem unnar voru á flugvellinum í Ólafsfirði og tekinn var í notkun skömmu áður en göngin komu þar í gagnið og áætlunarflugið þangað lagðist af.

Ég held að við gerð þessarar flugmálaáætlunar hafi verið reynt að huga alla vega að þróun í samgöngum út frá breiðara sjónarhorni heldur en hefur verið gert áður og menn standi kannski nær því að átta sig á breytingum í vegamálum á næstu árum, jafnvel betur heldur en fyrir sjö árum síðan. Flugmálaáætluninni er auðvitað settur nokkur rammi af þeim tekjum sem markaðar eru til flugmála og auðvitað er um áætlun að ræða, en þessi áætlun er gerð eftir bestu vitneskju og þeim bestu spádómum sem menn hafa um þessar mundir.

Það má segja að megininntakið í framkvæmdum í þessari flugmálaáætlun sé lagning slitlags á hina ýmsu flugvelli og þeir komist þá í betra horf eða endanlegt horf, endanlegt innan gæsalappa því ekkert er endanlegt í þeim efnum. En það hefur til að mynda, svo ég nefni tvo flugvelli, valdið miklum vandkvæðum og þá sérstaklega á Siglufirði og Húsavík, hvað aurbleytu varðar. En það vandamál ætti að verða úr sögunni þegar lokið hefur verið við þær framkvæmdir sem um getur í þessari áætlun. Miklar breytingar eiga sér stað í tækni og breytingar á flugvélum og þannig er að t.d. hvað Húsavíkurflugvöll áhrærir höfðu menn miklar hugmyndir um að byggja þar lengri flugbraut heldur en raunin varð og fram kemur í þessari áætlun. Flugvélakosturinn hefur breyst og menn hafa tekið t.d. hvað Húsavíkurflugvöll áhrærir þá ákvörðun, og það í samráði við heimamenn, að skynsamlegra sé að ljúka lagningu slitlags á flugbraut sem henti í innanlandsflugi og smærri þotum heldur en að lengja völlinn og bíða þess þá lengur að unnt verði að leggja hann slitlagi.

Það má e.t.v. taka undir þau orð sem hér hafa fallið á undan að það kynni að vera heppilegt að samgn. kæmi fyrr að þessum málum heldur en verið hefur. Ég sé því ekkert til fyrirstöðu að í framtíðinni muni verða gerð grein fyrir flugmálaáætluninni og þeirri stefnu sem þar er mörkuð á vinnslutímanum áður en málið kemur inn í þingið. Ég hygg að slíkt kynni e.t.v. að flýta fyrir því að kynna þeim mönnum sem koma mest að samgöngumálum í þinginu þær hugmyndir sem uppi eru.

[14:17]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Við erum hér að fjalla um mikinn og mjög áríðandi málaflokk sem er vert að eyða nokkrum tíma í að fjalla um. Því miður er það svo nú og hefur reyndar verið um allt of langt skeið að allt of litlu fjármagni hefur verið varið til þessa málaflokks. Okkur Íslendingum er nauðsynlegt að sinna flugi og uppbyggingu flugvalla og öryggisþátta á miklu meiri og betri hátt heldur en áður hefur verið gert. Því miður er það nú svo enn að ef við lítum yfir sviðið og sjáum hvaða fjármagn það er sem úr er að spila þá mun það duga því miður allt of, allt of skammt. Ef ég sé rétt þá er þetta á þessu ári rétt um 300 millj. og þannig er það út 1995, 1996 og 1997, rétt um 300–350 millj. kr. sem varið er almennt til framkvæmda við flugvelli. Það er vitaskuld allt of, allt of lítið.

Ef við lítum aðeins til baka þá sjáum við náttúrlega hversu fáránlegt það er í sjálfu sér að á árinu 1992 og

1993 — þar sem maður þekkir nú kannski hvað best til heima hjá sér, í sínu eigin kjördæmi — þá var varið til uppbyggingu flugvalla í Norðurlandskjördæmi vestra á árunum 1992 og 1993 samkvæmt áætlun 8,2 millj. kr. Ég sé að hv. fyrrv. þm. kjördæmisins, Eyjólfur Konráð Jónsson, hristir höfuðið og honum líst ekki á blikuna. Ég er ekki hissa á því. Það er auðvitað gjörsamlega óásættanlegt að fjármagn til flugmála í einu kjördæmi skuli vera 8,2 millj. kr., 8,2 millj. kr. sem varið var til flugvalla á tveimur árum í heilu kjördæmi. Og því miður er það svo að við lestur þessarar flugmálaáætlunar þá stendur þetta kjördæmi enn langt, langt á eftir öðrum kjördæmum þar sem flugið vegur eitthvað.

Ég geri mér grein fyrir því að menn segja að það sé eðlilegt vegna þess að samgöngur hafi svo mjög batnað og þess vegna sé þörfin fyrir flug í þetta kjördæmi minni heldur en annars. En ef við lítum yfir tölurnar þá er það ekki svo. Þá er það ekki svo. Það heldur nokkurn veginn sinni vigt hvað viðkemur flugfarþegum og magni fraktflugs eða vöruflutninga.

En tíminn líður nú fljótt frá okkur í umræðunni og því miður er það allt of skammur tími sem hér er skammtaður til þess að ræða jafnyfirgripsmikinn málaflokk og hér er. Ég hef auðvitað möguleika á því að ræða þetta mál ítarlegar þegar það kemur til samgn. þar sem ég á sæti. Í vetur hafði ég í tvígang eða þrígang óskað eftir því við formann samgn. að við fengjum að ræða við flugmálayfirvöld og þá sem væru að vinna að þessari áætlun, þeir kæmu á fund nefndarinnar og gerðu okkur grein fyrir störfum sínum, en því miður varð ekki orðið við þeirri ósk minni. Og ég fullyrði það hér og nú að það eitt er aðeins til þess að tefja og auka erfiðleika á því að þetta mál verði afgreitt á þessu þingi. Mönnum hlýtur að vera ljóst að það eru aðeins örfáir dagar sem eftir lifa af þessu þinghaldi, örfáir starfsdagar eftir þegar þetta mál kemur hér til fyrri umr. Og það er ekki til þess að líðka fyrir afgreiðslu mála að vinna með slíkum þjösnahætti að framgangi mála. Og ég segi það ekki í neinni gagnrýni á flugmálaáætlun sem hér liggur fyrir.

Við lestur hennar, sem ég hef reynt að fara ítarlega yfir, segi ég það að þetta er vel unnið plagg og á margan hátt mjög ásættanlegt, greinilega sett upp og enginn vandi að átta sig á því hvað þar er að gerast og fyrir það ber auðvitað að þakka.

En það er ekki von á góðu í því starfi sem fram undan er í samgn. — og það er ástæða til þess að ég bið hæstv. ráðherra að leggja við hlustirnar — því að síðast þegar samgn. mætti til fundar þá mætti aðeins varaformaður nefndarinnar, enginn annar stjórnarliði sá ástæðu til að mæta á fund samgn. Og þannig hefur það gengið lengst af í vetur að það hefur verið stjórnarandstaðan sem hefur séð til þess að það hefur verið hægt að þoka málum áleiðis í gegnum þingið. Þarna þurfa að verða breytingar á vinnubrögðum ef menn ætla að ná þessu máli í gegn.

Það er auðvitað mjög nauðsynlegt að það fari hér fram ítarleg umræða í nefnd, ekki bara um flugmálaáætlunina sjálfa, það þarf líka að ræða um aðra þætti. Við slítum ekki flugmálaáætlunina eina sér frá öðrum samgönguþáttum í landinu. Þessi umræða þarf öll að fara fram. Hún þarf öll að fara fram. Það er líka hægt að reikna það út að farþegum fækki til ákveðinna staða, en þá þurfum líka að líta á það um leið hvernig þjónustunni við þá velli er háttað, hver úthlutar einkaleyfum til ákveðinna flugvalla og til ákveðinna flugfélaga og hvernig ferðatíðninni er skipað. Hver ræður henni? Er það aðeins sá aðili sem fær úthlutun leyfisins eða eru það heimaaðilar sem fá eitthvað um það að fjalla? Því miður er það ekki svo. Og þessi umræða verður auðvitað að fara fram núna þegar við erum að ræða um þessa skýrslu.

Ég sé einnig í þessari áætlun að það hefur orðið breyting á flokkun flugvalla. Það skiptir ekki miklu máli og nánast engu máli vegna þess að það hefur aldrei haft áhrif á framkvæmdahraðann í sjálfu sér. Það hefur hins vegar orðið breyting á, eins og hæstv. samgrh. gat hér um. Það segir hér skýrslunni, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skýrslu flugmálanefndar frá 1986 var reynt að raða flugvöllum annars vegar og verkefnum hins vegar í eina samræmda forgangsröð og var framkvæmdafé hvers árs skipt milli hinna ýmsu framkvæmdaliða og hins vegar hvaða flugvellir skyldu hafa forgang hverju sinni. Þetta fyrirkomulag hefur reynst erfitt í framkvæmd og er því lagt til í þessari áætlun að einungis verði höfð hliðsjón af þessum þáttum."

Það er sem sé frekar verið að ræða hér um magn þess sem um vellina fer, ef ég skil þetta rétt. Áður var þetta miðað við, ef ég man rétt og ég held ég viti það rétt, um lengd flugbrauta. Þetta er alveg sjónarmið út af fyrir sig, en þá hljótum við líka að gera kröfu til þess að málið verði allt skoðað í einu. Það er nefnilega hægt, af viðkomandi flugfélögum, að þjóna þessum flugvöllum það illa að þeir verði bara út úr myndinni og það er óásættanlegt. Þess vegna segi ég að þetta mál þarf að skoða í nokkuð víðu samhengi.

Það væri auðvitað fróðlegt að spyrjast hér aðeins fyrir í sambandi við ... (Forseti hringir.) Virðulegi forseti, ég er að ljúka máli mínu. Það væri fróðlegt að spyrjast aðeins fyrir um Reykjavíkurflugvöll. Mönnum verður að vera það ljóst að Reykjavíkurflugvöllur hefur á margan hátt setið eftir og það er alveg bráðnauðsynlegt að á því máli verði tekið. Og ég vil spyrja hæstv. samgrh. hvernig hann hyggist standa að frekari lagfæringu og uppbyggingu á Reykjavíkurflugvelli. Einnig vil ég spyrja hæstv. samgrh. hvað sé að frétta af þeirri undirbúningsvinnu sem er í gangi í sambandi við flugvöll við Dýrafjörð eða við Sveinseyri. Ég sé að það er inn á framkvæmdaröð, en hvað líður rannsóknum á flugvallarstæðinu við Sveinseyri við Þingeyri?

[14:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Um Sveinseyrarflugvöll er það að segja að þar hafa rannsóknir farið fram. Það er ekkert sem er því til fyrirstöðu að þar verði lagður flugvöllur. Að svo komnu máli virðist sú leið opin og annað er ekki af því máli að frétta.

Ég sé ástæðu til þess, hæstv. forseti, fyrst að víkja nokkuð máli mínu að því sem hv. þm. Stefán Guðmundsson, hv. 4. þm. Norðurl. v. sagði hér áðan. Það er auðvitað álitamál hvernig maður á að horfa á það hvort eitthvert kjördæmi sitji eftir í sambandi við framlög til flugvallagerðar. Ef við berum saman flugvellina á Norðurlandi, fyrir vestan og austan Tröllaskaga, þá eru tveir áætlunarflugvellir þar fyrir vestan, en sjö þar fyrir austan. (**StG:** En í Norðurl. e.?) Og ef maður tekur Akureyri út úr dæminu og ber saman Sauðárkrók og Húsavík þá er gert ráð fyrir því að verja jafnmiklu fé á þessu áætlunartímabili til Sauðárkróks og Húsavíkur, en sá er munurinn á að hugmyndin er að leggja bundið slitlag á völlinn á Húsavík á þessu ári en ekki fyrr en á því næsta á Sauðárkróki. Fyrir því eru þau rök að mikil aurbleyta hefur verið á vellinum á Húsavík sem gerir það óhjákvæmilegt að bregðast við og flýtir fyrir þeirri framkvæmd, sem er raunar sama ástæðan og er fyrir því að það verður lagt bundið slitlag á Siglufjarðarflugvöll nú á þessu ári og sú framkvæmd tekin fram fyrir.

Og nú skulum við bera saman, Húsavík og Sauðárkrókur, upp á krónu sama fjárhæð. Síðan skulum við bera saman fimm áætlunarflugvelli í Norðurl. e., Grímsey, Þórshöfn, Mývatn, Kópasker og Raufarhöfn og hins vegar einn áætlunarflugvöll í Norðurl. v. sem er Siglufjörður. Á öllu áætlunartímabilinu á að verja 43 millj. kr. til Siglufjarðar, 11 millj. kr. til Grímseyjar, 23 millj. til Þórshafnar, 16 millj. kr. til Mývatns, ekki krónu til Kópaskers og ekki krónu til Raufarhafnar. Á þessa fimm flugvelli samtals 50 millj. kr. Ef við berum saman Siglufjörð á þessu ári þá á að verja þangað 33 millj. kr., en samtals 15 millj. á fimm flugvelli í Norðurl. e. Ef við berum saman mannfjölda í Norðurl. e. og mannfjölda í Norðurl. v., þá kemur það líka út úr dæminu að það eru eitthvað fleiri íbúar austan Tröllaskaga heldur en vestan. Þannig að við getum ekki sagt og það eru engin rök fyrir því að með þessu frv. sé sérstaklega verið að níðast á Norðlendingum vestri og heldur ekki rök fyrir því að verið sé að níðast á Norðlendingum eystri.

Ástæðan fyrir því — og ég tók eftir því í máli sumra þingmanna að það var rætt ýmist um að það yrði unnt að veita fjármagn á næstu árum á færri staði eða fjármagnið hefði ekki farið nógu víða á síðustu árum. Fyrir því eru þær eðlilegu ástæður að það var tekin ákvörðun um það, sennilega árið 1987, að byggja alþjóðlegan flugvöll á Egilsstöðum sem kostar um einn milljarð kr. Þessir fjármunir hafa allir verið teknir af flugmálaáætlun og það hefur auðvitað valdið því að við höfum getað ráðstafað minna fé til annarra staða. Það er augljóst þar sem heildarfjármagnið er innan við 400 millj. kr. Með sama hætti hefur verið tekin ákvörðun og var óhjákvæmilegt að við reistum hér flugstjórnarmiðstöð fyrir Norður-Atlantshafsflugið ef við ætluðum að halda því hér á landi. Og það var tekin ákvörðun um það, sem má kannski deila um, en sú ákvörðun var tekin að minni tillögu, að flugmálaáætlun skyldi fjármagna hlut okkar Íslendinga, sem auðvitað hefur líka tekið fjármuni frá öðru verkefni. Það setur líka svip sinn á flugmálaáætlun og er skýringin á því hversu, ég vil segja, ýmsir flugvellir úti um landsbyggðina eru illa komnir. Að síðustu vil ég halda því fram að framkvæmdir samkvæmt flugmálaáætlun á síðasta áratug hafi verið margar hverjar hæpnar og ekki nægilega vel grundaðar, eins og við sjáum á því að við höfum verið að leggja niður áætlunarflugvelli með miklum og glæsilegum mannvirkjum þar sem átti að vera fyrirsjáanlegt að ekki yrði um áætlunarflug til framtíðar að ræða. Afleiðingin af þessu er svo sú að við erum skemmra komin með ýmsa flugvelli á fjarlægustu stöðunum en við hefðum kosið.

Það má velta því fyrir sér hvort það sé eðlilegt, eins og hér var spurt áðan, að gera hvort tveggja að leggja bundið slitlag á þessu ári á Bíldudal og á næsta ári á Patreksfirði. Þetta eru ekki átakanlega fjárfrekar framkvæmdir. Bundið slitlag kostar alls 30 millj. kr. á Bíldudal og 50 millj. kr. á Patreksfirði. Það er spurt hvort ekki sé hægt að leysa þetta með einum flugvelli í staðinn þar sem þessir flugvellir eiga að nýtast byggðunum báðir saman. Það er því miður ekki hægt að koma við þverbraut hvorki á Bíldudal né á Patreksfirði eftir þeim upplýsingum sem ég hef. Á hinn bóginn skulum við minnast þess að þarna er um nokkurt fjölmenni að ræða. Við erum að tala um 1.700 manns eða 1.800 manns eða eitthvað svoleiðis, eins og ég man það. Rétt ríflega 1.000 manns á Patreksfirði, er það ekki? Ætli það sé ekki rétt inna við 1.000 manns í öðrum byggðum á þessum slóðum svo og á suðurfjörðunum? Þannig að við erum að tala um rétt um 2.000 manns. Fólk sem ekki nýtur vegasamgangna yfir vetrarmánuðina af því að Barðaströndin er lokuð og það verður að fara með Baldri. Og það er af þeim sökum sem við höfum lagt áherslu á að reyna að láta þessa flugvelli báðum megin vinna saman þó svo að þeir séu — hvað eigum við að segja — öfugu megin við byggðina ef við horfum til Patreksfjarðar annars vegar og Bíldudals hins vegar. Ég held þess vegna að þetta sé skynsamlegur kostur.

Hitt er misskilningur og má kannski leiða hann af þeim orðum sem ég sagði áðan, að það sé ofarlega í mínum huga að leggja niður flugvöllinn í Önundarfirði, Holtsflugvöll. Það er nú ekki beint þannig, það er hinsegin, að þegar göngin koma þá er búist við því að áætlunarflugið færist yfir á Ísafjörð og til Þingeyrar og það verði fullnægjandi og af þeim sökum muni Holtsflugvöllur ekki nýtast. Þetta er raunar líka skoðun Íslandsflugsmanna og allra sem að þessu máli koma.

Það hefur farið svo fyrir ýmsum áætlunarflugvöllum að þeir hafa breyst í svokallaða lendingarstaði. Ólafsfjörður er gott dæmi um það í mínu kjördæmi og ekkert við því að segja, samgöngur breytast og þó minna tilefni sé til en jarðgöng, sem raunar á við um þessa staði báða og alla, Súgandafjörð, Önunarfjörð og Ólafsfjörð. Súgandafjarðarflugvöllurinn — mig hafði nú lengi dreymt um það að fá að lenda á þeim flugvelli og athuga hvernig væri að láta hjartað hoppa í brjóstinu á sér af hræðslu. Það kom nú aldrei til þess. En mér þykir flugvöllurinn allsvakalegur þar sem hann er upp í fjallshlíðinni og ég held að það hljóti að vera

feiknalega mikil neyðartilvik ef menn kjósa heldur að fara um þann flugvöll heldur en í gegnum þau göng sem til allra hamingju er hægt að komast í gegnum núna. Þannig að það er nú mín skoðun á því og ég held að menn muni reyna frekar við göngin eins og nú er komið heldur en flugvöllinn. Um þetta hefur ekki verið neinn ágreiningur svo mér sé kunnugt á milli sveitarstjórnar Suðureyrar og Flugmálastjórnar og þekki ég ekki neinar óskir í því sambandi.

Ég var spurður þess hvaða munur væri á þjónustuvöllum og lendingarstöðum. Á bls. 15 eru flugvellir flokkaðir eins og hv. þm. er kunnugt. Þegar talað er um þjónustuvelli og lendingarstaði þá er munurinn eingöngu sá að þjónustuvellirnir eru oft og kannski oftast fyrrverandi áætlunarflugvellir og þar er haldið uppi meiri þjónustu og þar er meiri viðbúnaður heldur en á lendingarstöðunum. Þar er meira um leiguflug og atvinnuflug. Þetta er munurinn. Það er ekki um það að ræða að endurskoða lög í því sambandi og ég hygg að Flugmálastjórn eftir efnum og ástæðum og eftir því sem fjárveitingar leyfa reyni að veita eins góða þjónustu og hægt er að þessu leyti. Það væri auðvitað mjög æskilegt ef sveitarfélögin kæmu sterkari inn í eftirlit og rekstur slíkra flugvalla en verið hefur, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga er á hinn bóginn ekki um neina sérstaka tekjustofna að ræða í því skyni. Og þó umræður um þetta séu í gangi á milli Flugmálastjórnar og einstakra sveitarfélaga hafa þær ekki komist á formlegan grundvöll.

Mér skilst að á Hornströndum sé aðallega lent í fjörunni og það sé annar og máttugri maður heldur en flugmálastjóri sem sjái um að jafna og slétta þá flugvelli sem þar eru. Sá heitir Ægir og ég á erfitt með að ná samkomulagi við hann um samvinnu á þessu sviði. (**Gripið fram í:** Er hann ekki í Sjálfstfl.?)

Ég var spurður um Norðfjörð. Það hafa komið fram ábendingar um það frá Norðfirði hvort hægt sé að klæða endana bundnu slitlagi. Mér skilst að hér sé um framkvæmdir að tefla sem kosta kannski 2 millj. kr. og það sé allt í góðum gangi milli Flugmálastjórnar og bæjarstjórnar Norðfjarðar. Ástæðan fyrir því að ekki var gert ráð fyrir að leggja bundið slitlag á flugvöllinn á Þórshöfn er einfaldlega sú að fjármunir eru ekki fyrir hendi. Það væri gaman að geta gert það í sínu eigin kjördæmi en það er nú þannig metið að aðrar framkvæmdir séu brýnni.

Að síðustu út af því hvort ástæða sé til að styrkja undirstöðu þeirra flugvalla þar sem nú á að leggja bundið slitlag meira en ella hafði verið fyrirhugað eða hvort rétt sé að undirbúa gerð nýrra mikilla flugvalla með millilandaflug fyrir augum vil ég aðeins segja það, og þá er verið að tala um fiskflutninga, að Egilsstaðaflugvöllur kostar eitthvað um milljarð. Þotur geta einnig lent á Akureyri, Reykjavík og Keflavík og það verður að vera feiknaleg arðsemi af fiskflutningum ef þeir eiga að borga milljarð í stofnkostnaði. Ég held því að það yrði offjárfesting af heldur verra taginu ef við færum út í slíka hluti að byggja millilandaflugvöll með þeim rökum. Það er rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, sagði um þau efni að það verður að líta á samgöngumálin í heild sinni.

Það er auðvitað alveg rétt sem hefur verið sagt um þessa flugmálaáætlun, hún er njörvuð niður eins og tölurnar gefa tilefni til og skýra. Á hinn bóginn koma þingflokkarnir allir að gerð flugmálaáætlunar nema Framsfl. í flugráði. Það er því ekki rétt að þetta mál eigi þess vegna að vera ókunnugt þingmönnum.

Ég verð líka að segja að allra síst getur Framsfl. farið að halla á mig fyrir það þó hann hafi samið svo á síðasta kjörtímabili að hann í fyrsta skipti í sögunni eigi engan fulltrúa í flugráði og ekki heldur varafulltrúa. Allra síst við mig að sakast um þau efni. En þingmenn eiga fulltrúa í flugráði. Þar á sæti formaður fjárln. m.a. Auðvitað hlýtur áætlun af þessu tagi að vera unnin á ábyrgð samgrh. sem ber ábyrgð á stefnunni og hlýtur að leggja hana fyrir þingið hverju sinni.

[14:42]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil svara hæstv. ráðherra samgöngumála því að það er ekkert verið að halla á hæstv. ráðherra. Ég sagði það aðeins, sem satt er, að ég bar í tvígang eða í þrígang fram ósk um það í samgn. að við í samgn. fengjum að fylgjast með gerð þessa máls. Það var allt og sumt sem ég bað um og því var hafnað.

Ráðherrann gat einnig um að það væri álitamál hvaða flugvellir sætu eftir og menn ættu ekki að vera með samanburð á milli kjördæma. Mér fannst ég forðast það að vera með samanburð á milli kjördæma. Ég gerði það ekki, hæstv. ráðherra. Ég gat hins vegar um það þegar ég var að tala um hve fjármagn væri takmarkað til framkvæmda að fjárveitingar til Norðurlands vestra á árinu 1992 og 1993 voru samkvæmt flugmálaáætlun 8,2 millj. kr. Ég var ekki með neinn samanburð á milli kjördæma í því. Ég var bara að draga það fram hversu sorglega litlu fjármagni væri varið til flugmála og ekki aðeins í tíð þessa ráðherra. Ég gat um að svo hefði verið allt of lengi, hæstv. ráðherra. Ég sagði ekki að um mismunun væri að ræða, ég vék ekkert að því. Ég geymi mér alla umræðu um þetta mál þangað til það kemur til samgn. en það virðist hins vegar vera athyglisvert hvað þessi mismunun á milli kjördæma er ofarlega í huga ráðherrans. Það vekur athygli mína að það skuli vera hann sem fer hér fyrstur upp til þess að leggja saman og draga frá í þessum efnum. Ég ætla ekki að gera það úr þessum ræðustól, tíminn er of stuttur til þess, en ég get alveg tekið þá umræðu nú hvernig þessu hefur verið skipt bæði í þessari flugmálaáætlun og eins aftur í tímann. Auðvitað er það misjafnt og ákveðnir áherslupunktar sem ráða þar mestu um og þar er skemmst að minnast uppbyggingu Egilsstaðaflugvallar.

En að lokum fannst mér ráðherrann ekki svara þeirri spurningu sem ég beindi til hans í sambandi við uppbyggingu á hugsanlegum flugvelli við Sveinseyri. Ég spyr: Hvað líður framkvæmdum vegna uppbyggingar flugvallar við Sveinseyri?

[14:45]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ósköp einfalt, framkvæmd-

um líður ekki neitt á Sveinseyrarflugvelli eins og ég sagði áðan, málið er í athugun. (**Gripið fram í:** Rannsóknum.) Það var nú spurt um framkvæmdir. Ég sagði áðan að málið væri í athugun. Flugmálastjóri, sem hér er í hliðarherbergi, sagði mér að endanlegar niðurstöður liggja ekki fyrir.

Ég vil líka segja hv. þm. út af því hvort samstarf hafi verið haft við menn í samgn. um þessi mál. Málið var til meðhöndlunar í Flugmálastjórn og í samgrn. Ég man ekki eftir því þessi 20 ár samfleytt sem Framsfl. var í meiri hluta og í stjórnarandstöðu að hann hafi hlaupið með flugmálaáætlun inn í samgn. Ég man ekki eftir því. En á hinn bóginn er mér heldur ekki kunnugt um að hv. þm. hafi leitað eftir því við flugmálastjóra hvort ekki væri rétt að veita upplýsingar um gang þessara mála. Fulltrúar þingflokkanna koma að þessum málum og þess vegna geta þau ekki verið leyndarmál fyrir þinginu þó svo að það hittist þannig á að næststærsti þingflokkurinn, vegna þess að hann samdi af sér, á ekki mann í flugráði.

Ég vil líka segja að flugmálastjóri hafði samband bæði við bæjarstjórn Sauðárkróks og Siglufjarðar í sambandi við þær framkvæmdir sem þar voru og hef ekki fundið annað en að flugmálastjóri leggi sig fram um að eiga gott samstarf bæði við þingmenn og sveitarstjórnarmenn þegar því er til að dreifa.

Um samanburðinn vil ég aðeins segja að í upphafi málsins áðan þá sagði hv. þm. að það væri óásættanlegt að aðeins hafi farið 8,2 millj. kr. til flugvalla í Norðurlandskjördæmi vestra sem lægi langt á eftir öðrum kjördæmum. Ég biðst afsökunar ef ég hef haldið að í þessu fælist samanburður og ég skyldi hafa haldið honum áfram og ég skal reyna að verða eftirtektarsamari næst þegar hv. þm. nefnir tölur.

[14:47]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég biðst afsökunar á því ef ég hef mistalað mig í sambandi við Sveinseyrarflugvöll. Ég geri mér grein fyrir því að þar er ekki um neina framkvæmd að ræða. Ég var að reyna að koma því á framfæri í upphaflegu ræðu minni að spyrjast fyrir um hvað rannsóknum liði um uppbyggingu flugvallar við Sveinseyri. Það var fyrirspurnin.

Hæstv. ráðherra verður að gera sér grein fyrir því þegar ég er að spyrjast um það af hverju ekki hafi verið haft samráð við samgn. að þingsköpum hefur verið breytt. Þingnefndir eru starfandi allt árið. Þingsköpum var breytt m.a. til þess að þingnefndir væru virkari í starfi þingsins heldur en áður hefur verið. Og vegna þess að hæstv. ráðherra vék að því að það hefði ekki verið komið á framfæri ósk við flugmálastjóra um þetta mál þá skal ég tala hreint út um málið. Úr því að ráðherra vill hafa þennan tón í ræðum sínum, þá sat flugmálastjóri fund samgn. þegar ég bar fram þessa ósk í fyrra sinn, og hann nikkar hér til mín til samþykkis í þessum máli. Hann sat þann fund nefndarinnar þegar ég óskaði eftir þessu en formaður samgn. sá ekki ástæðu til þess þó ég bæri þessa ósk fram aftur að þetta yrði gert, því var ætíð hafnað.

[14:49]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nú gott að sjá og heyra að það liggur vel á hv. þm. Það er fyrst um Sveinseyrarflugvöll að segja að flugmálastjóri hefur skýrt mér frá því að ekki er við því að búast að niðurstaða rannsókna geti legið fyrir fyrr en í lok þessa árs í fyrsta lagi, kannski í byrjun næsta árs. Ég veit að flugmálastjóri mun veita hv. þm. þær upplýsingar um þessi efni sem hann óskar eftir.

Um hið síðara atriði er það rétt að ég man ekki eftir því að á þingnefndarfundi hafi verið óskað eftir að gögn sem ganga frá Flugmálastjórn til ráðherra séu gerð opinber með þessum hætti á fundi. Flugmálastjórn er auðvitað ráðgefandi stofnun fyrir samgrh. Á hinn bóginn býst ég við því að þeir þingmenn sem þar eiga sæti skýri samþingmönnum sínum frá því sem þar hefur gerst. (**StG:** Kannast hæstv. ráðherrann ekki við vinnu að gerð vegáætlunar?) Ég hef nú verið skammaður fyrir það að ég sé mikill einræðisherra í sambandi við vegamálin og sagt að ég brjóti þar lög. Það má vel vera að samstarf samgrn. og samgn. eftir þingsköpin hafi ekki þroskast sem skyldi, hafi ekki verið mótað. Ég skal taka það mál upp við formann nefndarinnar hvort ástæða sé til að samgrn. efni til fundar með samgn. um það hvernig vinnubrögðum skuli háttað.

[14:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra taldi aðeins vera um fjöruna að ræða sem lendingarstað á Hornströndum. Það er ekki alveg rétt hjá hæstv. ráðherra. Að vísu er í Fljótavík lent í sandfjöru en í Reykjafirði við Geirólfsgnúp hefur verið lagður flugvöllur og hann er ekki í fjöru, hann er uppi á landi. Það hafa landeigendur gert og sá flugvöllur er mikið notaður af ferðamönnum og talsvert mikið notaður fyrir leiguflug einnig yfir sumarið. Ég held að það þurfi að skoða lendingarmál á Hornströndum, sérstaklega með tilliti til öryggissjónarmiða. Það er jú vaxandi ferðamannaumferð um þetta svæði.

Ég skil það ósköp vel þó að ráðherrann sé mikill kraftaverkamaður, hann átti m.a. þátt í því að sprengja göt í gegnum fjöll þar sem mér er sagt að Kári hafi tekið vel á móti honum með miklum gusti, þá skil ég það að hann eigi líklega dálítið eftir enn þá með það að semja við Ægi konung.

[14:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef litlu við að bæta. Hér er um einkaflugvöll að ræða eftir þeim upplýsingum sem ég hef. Ef menn óska eftir því að Flugmálastjórn eða samgrn. hafi afskipti af slíkum flugvöllum þá er fyrst að bera málið upp með venjulegum hætti við þessi embætti.

[14:53]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Þó að okkur hv. þm. kunni að greina eitthvað á um það hvernig gerð er tillaga um skiptingu til framkvæmda við flugvelli í þessu þskj.

sem hér er til umræðu þá vil ég byrja á því að þakka fyrir þær miklu upplýsingar sem eru í þskj. Ég tel að það sé að öðru leyti mjög vel unnið, það er greinargott og hér hefur mikill fróðleikur verið settur niður og hægt að afla sér ýmissa upplýsinga um stöðu mála hvað varðar verkefni og umsvif á einstökum flugvöllum í þessu þskj., till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 1994–1997.

Mig langar hins vegar aðeins að koma inn í þá umræðu sem hér hefur farið fram um vinnubrögð og hvernig staðið hefur verið að gerð þeirrar flugmálaáætlunar sem hér er til umræðu og hressa e.t.v. svolítið upp á minni hæstv. samgrh. og annarra hv. þm. Það er ekki langt síðan að farið var eins með flugmálaáætlun eða framkvæmdir á flugvöllum í meðferð Alþingis og gert er enn í dag með t.d. hafnir og skólamannvirki og ýmsar aðrar framkvæmdir sem Alþingi veitir fjármuni til. Það var fjallað um þessi mál í páv. hv. fjárveitinganefnd, sem nú heitir að vísu fjárlaganefnd, en fjárveitinganefnd fékk þessi mál til umfjöllunar á nákvæmlega sama hátt og ýmsa aðra framkvæmdamálaflokka í einni upphæð og átti síðan viðræður við forsvarsmenn Flugmálastjórnar og samgrn. um það hvernig málum skyldi háttað og niður raðað. Þingið fékk sem sagt ekki inn til sín áætlun með sama hætti og hér er nú gert.

Ég er út af fyrir sig ekkert að hafa á móti því að menn taki upp ný vinnubrögð og ég tel að það sé mikilvægt að gera áætlanir í framkvæmdamálum til lengri tíma, til fjögurra ára eða jafnvel tíu eða tólf ára eins og reynt er að gera bæði í þessari flugmálaáætlun og einnig í sambandi við vegamálin og það sé eðlilegt að menn horfi til lengri tíma og að það séu einhverjir aðrir aðilar heldur en nefndir þingsins sem undirbúi slíkar áætlanir. En það er nauðsynlegt, að mínu áliti, að nefndir þingsins fái, hvort heldur það er fjárln. eða samgn., sem mér finnst ekki óeðlilegt að fjalli um þessi mál, hún hefur t.d. fjallað um hafnamálin einnig, að koma að undirbúningi slíkrar áætlunargerðar með einum eða öðrum hætti. Ég ætla ekkert að hafa uppi neinar sérstakar áskoranir á hæstv. ráðherra um það hvernig að því máli sé staðið heldur beini þessu aðeins til hans og minni á það að fjárln., fjárveitinganefnd áður, hafði það hlutverk að undirbúa málið í samvinnu við ráðuneyti og undirstofnanir ráðuneyta hvernig tillögur voru síðan lagðar fyrir hv. Alþingi.

Mig langar aðeins að koma að einstökum þáttum í áætluninni eins og framkvæmdir eru hér upp settar og þær tillögur sem hér eru gerðar. Mér sýnist í fljótu bragði þegar maður lítur yfir tillögurnar að hér sé haft að leiðarljósi að ýmiss konar öryggismál sitji í fyrirrúmi og reynt að leggja áherslu á bæði að tækjavæða flugvellina, laga lýsingu og ýmsa slíka öryggisþætti og síðan að setja bundið slitlag á brautirnar, sem kannski er ekki minnsta öryggisatriðið, að búa þær vel út hvað það varðar til þess að samgöngurnar geti verið bæði öruggari og tækjabúnaðurinn fer auðvitað líka miklu betur þar sem slík aðstaða er fyrir hendi eða þannig búið að ganga frá flugbrautunum. Þetta er öryggismál sem mér sýnist vera sett í forgang og gert að áhersluatriði og ég fagna því og tek undir þá stefnu.

Mig langar aðeins líka að nefna sérstaklega þá þætti sem varða Norðurland og Norðausturland eins og gerð er grein fyrir þessu í greinargerð með flugmálaáætluninni. Þar er m.a. rætt um að óljóst sé hvernig verður með flugsamgöngur á norðaustursvæðinu, frá Kópaskeri til Vopnafjarðar, þegar fram líða stundir og hér er sagt, með leyfi forseta:

„Með bættu þjóðvegakerfi innan svæðisins vaknar sú spurning hvort þörf sé fyrir alla þessa flugvelli eða hvort fullnægjandi sé að einn eða tveir áætlunarflugvellir þjóni þessu svæði í framtíðinni."

Nú er það svo því miður að okkur hefur gengið heldur seint að bæta þjóðvegakerfið einmitt á þessu landshorni. Þjóðvegir í Norður-Þingeyjarsýslu hafa setið eftir hjá okkur í uppbyggingu. Þar er lítið um bundið slitlag á vegum svoleiðis að það er enn þá eitthvað í land að við getum líkt þjóðvegakerfinu þar við það sem gerist víða annars staðar. Þess vegna þarf að hafa það í huga við gerð þessarar áætlunar.

Ég sé að hér er gerð tillaga um að halda áfram að fullgera búnað við flugvöllinn á Þórshöfn en mig langar aðeins að árétta þá spurningu sem kom fram hjá hv. 3. þm. Vesturl. áðan um bundið slitlag á flugvöllinn á Þórshöfn sem ráðherra svaraði að vísu áðan að væri ekki hægt að verða við að þessu sinni vegna kostnaðar. Ég hefði gjarnan viljað fá að vita um hvaða kostnað er að ræða. Nú veit ég að auðvitað kemur það upp í samgn. þegar málið kemur þar til umfjöllunar og verður rætt um málið þar en það hefði verið fróðlegt að heyra það hjá hæstv. ráðherra ef hann veit eða hefur það hjá sér nú hvaða upphæð er þar um að ræða og hvort það er rétt, eins og má skilja á þessari áætlun, að það sé að öðru leyti búið að ganga frá flugbrautinni þannig að hún sé tilbúin til notkunar. Það er ekki gert ráð fyrir neinni fjárveitingu í flugbraut á flugvöllinn á Þórshöfn heldur farþegaskýli og tækjageymslu en það er ekki nein tillaga um fjárveitingu til þess að ganga frá flugbrautinni að öðru leyti eða öðrum öryggisþáttum þar og kann að vera að það sé búið nú þegar. En ef eitthvað er eftir þar, t.d. af ónýttum fjárveitingum frá fyrra ári þá er það spurning mín hvort ekki væri hægt að líta á það því það hlýtur að kosta eitthvað að ganga frá flugbrautinni með malarslitlagi sem mætti spara ef farið væri í að ganga frá flugbrautinni endanlega með bundnu slitlagi.

Þetta hefði ég viljað heyra hjá hæstv. ráðherra ef hann hefur hjá sér upplýsingar um þetta því í kostnaðaráætlun, sem er greint frá síðar í greinargerðinni um Þórshafnarflugvöll, er ekkert rætt um bundið slitlag heldur. Þar er talað um farþegaskýlið og tækjageymsluna sem gerð er tillaga um á þessu fjögurra ára tímabili. Síðan er nefnt flugbrautarljós, aðflugshallaljós og ýmis annar búnaður en slitlag á flugbraut ekki á blaði til lengri tíma litið.

En annað sem hér er gert ráð fyrir og ég vil lýsa ánægju minni með er að setja bundið slitlag á flugbraut á Húsavík. Það var sannarlega orðið tímabært vegna þess að þar höfum við átt við mikinn vanda að stríða að undanförnu sem hefur haft áhrif á flugáætl-

anir á Húsavík. Það er aurbleyta, sem hæstv. ráðherra greindi frá áðan, sem hefur aftur og aftur tafið flug eða komið í veg fyrir flug og ég fagna því að hér skuli gerð tillaga um að ráðast í mikla framkvæmd þegar á þessu ári og vonandi að ljúka því verkefni.

Hæstv. forseti. Ég hefði viljað bæta aðeins við en tíma mínum er lokið. Ég ætla ekki að misvirða það, en einnig minna á það í lokin (Forseti hringir.) um leið og ég geng úr ræðustólnum að það er einnig mjög mikilvægt (Forseti hringir.) að laga aðstöðu eins og gert er ráð fyrir í Mývatnssveit og ég fagna því að hér skuli vera gerð tillaga um það.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill vekja athygli þingmannsins á að hann hefur tækifæri til að taka til máls tvisvar í þessari umræðu.

[15:02]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það vill fara svo að átta mínútur duga skammt til þess að ræða þessa yfirgripsmiklu áætlun sem hér liggur frammi. Ég var kominn að Austurlandi eða öllu heldur þeirri stefnubreytingu sem mér fannst vera í þessari áætlun og af því að ég þekki best til mála þar þá vildi ég aðeins fara yfir það sem þar er að gerast.

Á Austurlandi er gert ráð fyrir að leggja myndarlegt fjárframlag til tveggja stærstu og umferðarmestu flugvallanna og er það vel. Ég met það auðvitað að þar er lokið því myndarlega átaki. Eins er veitt fjármagn til Hornafjarðarflugvallar en þar hefur verið vaxandi umferð vegna aukinnar ferðaþjónustu á þeim slóðum. Hins vegar vekja önnur atriði varðandi Austurland mér örlítinn ugg. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessari áætlun að leggja neitt fjármagn til annarra flugvalla á Austurlandi. Þessi áætlun er til fjögurra ára en hins vegar er það annað sem kemur fram í áætluninni sem mér finnst visst hættumerki varðandi þetta. Á bls. 75 í athugasemdum stendur: „Þeir flugvellir sem ekki er gert ráð fyrir frekari uppbyggingu á næstu sex árum eru þessir: Vopnafjörður, Flateyri, Norðfjörður, Rif, Raufarhöfn, Kópasker, Breiðdalsvík, Borgarfjörður eystri og Bakkafjörður.“ Þarna er vísað lengra fram í tímann en áætlunin tekur til því hún er til 1997. Mér finnst þetta vera viss vísbending um að verið sé að leggja uppbyggingu og endurbætur á þessum flugvöllum af til lengri tíma og vil spyrja hæstv. samgrh. að því hvort þar séu einhverjar ákvarðanir að baki.

Sé t.d. tekið til Vopnafjarðarflugvallar og Norðfjarðarflugvallar, þá eru þessir flugvellir báðir með fastri áætlun og umtalsverðri umferð á þann mælikvarða sem minni flugvellirnir eru. (**EgJ:** Vaxandi.) Vaxandi já. Þetta kemur því dálítið spánskt fyrir sjónir. Ég skil alveg þær áherslur sem eru á Austurlandi á að ljúka Egilsstaðaflugvelli og fara í Hornafjarðarflugvöll en hins vegar finnst mér þetta visst hættumerki. Það er þegar farið að leggja út af þessu og flugrekstraraðilar lögðu út af þessu þannig fyrir skömmu síðan að Vopnafjarðarflugvöllur mundi leggjast af. Sem betur fer hefur samgrh. lýst því yfir í svari við fyrirspurnum að það sé ekki hans stefna og vil ég að það komi fram í mínu máli og er ég þakklátur fyrir þann skilning. Ég vil benda á þá sérstöðu sem Vopnafjarðarflugvöllur hefur vegna fjarlægðar við aðra og hvað flugið er mikill þáttur þar. Ég tel því ekki hægt að leggja af uppbyggingu á þessum flugvöllum til frambúðar og það þarf að taka það til sérstakrar skoðunar. Á þessum tveim flugvöllum, svo dæmi séu tekin, er Vopnafjörður með 3.800 farþega á ári, Norðfjörður með 3.400. Þetta er veruleg umferð á mælikvarða minni flugvallanna.

Ég vil einnig taka það fram að ef engin hreyfing er og engar endurbætur á flugvöllum um langt árabil þá stefnir náttúrlega í það að þjónusta á þessum flugvöllum leggist niður. Ég vil undirstrika í því sambandi hlutverk flugvallanna í öryggiskerfi landshluta eins og Austurlands, sjúkrafluginu og hvað er nauðsynlegt að halda uppi þjónustu og finna út úr því hvernig þeirri þjónustu er háttað við flugvellina, að við þá séu starfsmenn og þjónustu sé haldið uppi á þeim flugvöllum þó þar sé ekki mikil umferð. Á ég þar t.d. við um flugvöllinn á Breiðdalsvík sem líka er völlur sem er í áætlun þó þar sé miklu minni umferð heldur en á hinum tveimur stöðunum sem ég nefndi. Flugvöllurinn við Borgarfjörð eystri er mikilvægt öryggistæki, ef svo má að orði komast um samgöngumannvirki, fyrir það byggðarlag.

Ég vil því minna á þessa velli og hef nokkrar áhyggjur af því að gefin er vísbending um það í áætluninni að þar verði engin uppbygging á lengri tíma heldur en áætlunin sjálf tekur til. Það finnst mér hættumerki og vil láta það koma alveg sérstaklega fram við þessa umræðu að þessi mál þarf að taka alveg sérstaklega fyrir þarna og annars staðar sem svipað háttar til þó ég taki þessi dæmi vegna þess að ég þekki þarna best til.

Ég ætla svo ekki að hafa öllu fleiri orð um þessa áætlun að sinni. Ég ætla ekki að blanda mér frekar í þau skoðanaskipti sem hafa verið um vinnubrögð. Ég tók það fram í minni ræðu að við þingmenn Austurlands áttum fund með flugmálastjórnarmönnum á undirbúningsstigi og höfum átt við þá ágætt samstarf. Ég tek eigi að síður undir það sem hér hefur fram komið að það væri æskilegt að koma samskiptunum við nefndir þingsins á einhvern ákveðnari grundvöll heldur en nú er við undirbúning þessarar áætlunar.

[15:10]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vinnubrögð við þessa flugmálaáætlun eru með sama hætti og verið hefur síðan flugmálaáætlun var upp tekin á árinu 1987 og er lítið um það að segja. Auðvitað er alltaf hægt að segja að ráðherra standi sig ekki í góðu samstarfi við þingnefndir, sérstaklega er auðvelt að segja það hér í stólnum. En það er einu sinni ráðherra sem fer með framkvæmdarvaldið en þingið sem fer með löggjafarvaldið. Mér finnst gæta nokkurrar tilhneigingar til þess að þingið vilji með mörgum þeim ummælum sem hér hafa fallið reyna að seilast yfir í framkvæmdarvaldið. Eins og ég

sagði þá hefur þingið fulltrúa í flugráði. Ef hugmyndin er sú að ráðherra og flugmálastjóri eigi að vinna með þingnefnd þá er væntanlega rétt að afnema það að þingið kjósi í flugráð. Þá virðist það vera óþarfi. Það er með þeim hætti sem Alþingi hefur ákveðið að koma að málinu.

Ég vil í annan stað segja að auðvitað eru vangaveltur alltaf fróðlegar um það hvernig menn telja að flugið muni þróast á næstu árum. Ég sagði það áðan að það hefði verið tekin ákvörðun um það að leggja verulega fjármuni í flugvelli sem voru nær aðalumferðaræðum og nær Reykjavík heldur en á hina fjærstu staði og það er ástæðan fyrir því að sumir þessara staða liggja eftir. Vopnafjörður er þúsund manna byggðarlag og ef við bætum Bakkafirði við, hvað erum við þá komnir í? Eitthvað um 1.300 manns. Það er því ekki neitt sem bendir til þess að flug til Vopnafjarðar sé að leggjast niður á allra næstu árum. Á hinn bóginn eru fjármunir mjög takmarkaðir vegna þess að við lögðum í Egilsstaðaflugvöll fyrst og fremst. Ef við hefðum ekki farið í þær miklu framkvæmdir þar sem raun ber vitni þá hefði verið betur séð fyrir fjárveitingum til hinna smærri staða.

[15:12]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst hæstv. samgrh. vera að taka þessar ábendingar nokkuð inn á sig vegna þess að þetta voru vinsamleg tilmæli um vinnubrögð. Ég vil gera orð hv. 1. þm. Norðurl. e. að mínum þar sem hann rifjaði upp hvernig þessi mál hefðu verið og ég hafði ekkert annað uppi en ábendingar í þessu efni. En að öðru leyti er mér alveg fullljóst af hverju fjármunir eru af skornum skammti á Austurlandi í alla flugvelli þar. Ég hef rakið hvers vegna það er og skil það. Það sem ég sagði að væri hættumerki er að það er vísað til lengri tíma heldur en áætlunin tekur til um að verði ekki uppbygging á þessum flugvöllum og sagði að það þyrfti að skoða. Ég skil alveg þessa uppsetningu og ég skil að fjármunir eru af skornum skammti. Ég met þær framkvæmdir sem hafa verið myndarlega af hendi leystar á Austurlandi. En það var þetta atriði sem ég vil láta skoða sérstaklega. Það vildi ég undirstrika við þessa umræðu.

[15:14]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því áreiðanlega rétt að hv. þm. hafði orð á því að hann og þingmenn Austurlands hefðu átt mjög gott samstarf einmitt við flugmálayfirvöld um gerð þessarar áætlunar. Þess vegna kom mér það á óvart að hann skyldi í næsta orði kvarta yfir því og taka undir ásakanir og aðfinnslur að samstarfið milli þingsins og samgönguyfirvalda hefði ekki verið nógu gott. Ég sagði einmitt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að það hefði ekki verið farið dult með þessar áætlanir, síður en svo. En það má auðvitað vera í orðaleik um það ef menn vilja. Ég sagði líka vegna ummæla hv. 1. þm. Norðurl. e. — sem er kominn aftur í salinn og skal endurtaka — að eftir að flugmálaáætlun var tekin upp með lögunum 1987 hygg ég að vinnubrögðin hafi verið með sama hætti og nú. Það var einungis áður þegar fé var veitt frá ári til árs í fjárlögum með sama hætti og til hafnamála og tekjustofnar voru ekki sérgreindir sem þau vinnubrögð áttu við sem hv. þm. vék að.

Í sambandi við Þórshafnarflugvöll vil ég líka segja að ég athugaði það ekki að ráðherra má ekki tala nema *tvisvar þó hann sé framsögumaður við þáltill.* Ég ætlaði að svara því. Það liggur ekki fyrir hversu mikið það kostar, eða ég hef ekki þær tölur, að leggja bundið slitlag á Þórshafnarflugvöll en mér er jafnframt sagt að sagan sé ekki öll sögð með því því bundið slitlag kalli á önnur og dýrari snjómoksturstæki og meiri viðbúnað að öðru leyti. Hér er því um frekari og meiri kostnað að ræða en áður.

Þessi flugmálaáætlun ber það með sér að fjármunir eru af skornum skammti. Hún er gætin því það er ekki gert ráð fyrir hækkun flugvallargjaldsins á næstu árum. Ef það verður almennur efnahagsbati í þjóðfélaginu þá mun að sjálfsögðu gefast svigrúm til þess að ráðast í frekari og meiri verkefni en áætlunin gerir ráð fyrir.

[15:16]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hér beri ekkert mikið á milli en ég vil láta það koma fram að þegar eins margir ræða um vinnubrögð og hefur verið við þessa umræðu þá er nauðsynlegt að hafa uppi viðræður um málið. Ég heyrði ekki betur en hæstv. samgrh. segðist áðan ætla að ræða við formann samgn. um þessi atriði. Það er af hinu góða og ég styð það. Ég trúi ekki öðru en það finnist niðurstaða í samskiptum þingsins og samgrn. í þessu efni. Það er full þörf á því eftir þessa umræðu að ræða þau mál og það eru engar heiftarádeilur í því fólgnar á samgrh. Ég vona að hann taki það sem ábendingar frá minni hálfu og það er óþarfi að setja á langar umræður til viðbótar um það. Hitt, málefnið sjálft, er auðvitað aðalmálið, hvernig menn skipa flugmálum til frambúðar hér á landi þannig að sem best verði fyrir land og þjóð.

[15:18]

Pétur Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér liggur fyrir mikið plagg og fróðlegt að mörgu leyti. Þar er margar gagnlegar upplýsingar að finna. Að vísu sakna ég þess að ég finn ekki þar upplýsingar um lokanir flugvalla vegna veðurs. Ef til vill á það ekki heima í þessum plöggum en ég held að það varpi þó verulegu ljósi á nytsemi og gagnsemi einstakra flugvalla og skýri jafnframt einstök frávik í farþegaflutningum og ýmsu öðru. Það eru því upplýsingar sem skipta verulegu máli um notagildi vallanna.

Hér hefur verið talað um flugvöllinn á Bíldudal og á Patreksfirði og ég tek undir það sem hæstv. samgrh. sagði áðan að þarna skipta aðstæður höfuðmáli. Patreksfjarðarflugvöllur er búinn að þjóna lengi. Bíldudalsflugvöllur skemur af því að hann var keyptur af einkaaðila fyrir um 20 árum og þar hefur verið unnið vel að uppbyggingu. Ég var að tala um veðurupplýsingarnar áðan, það er einmitt sá völlur á Vestfjörðum sem langbest hefur staðið sig að því er ég best veit

hvað snertir færa daga til flugs þar sem veðuraðstæður eru þar mjög hagstæðar.

Það má sjá það í dreifingu farþegafjölda á Patreksfjörð og Bíldudal að það fylgist nokkuð að. Bíldudalur byrjar upp úr 1985 að fara mjög upp á við í aukningu farþega. Á sama tíma fækkar nokkuð á Patreksfirði þannig að það er sama svæðið sem þessir vellir þjóna. Á hitt er líka að líta að það eru tvö flugfélög sem veita þarna þjónustu og þar kemur upp samkeppni sem að mínu viti hefur verið íbúunum heldur hagstæð. Það kom fram að íbúar þarna eiga aðgang að ferju á Barðaströnd yfir Breiðafjörð en yfir Kleifaheiði er að fara sem oft er ófær vegna snjóa á veturna og mjög erfitt að nýta sér þessar ferðir af þeim ástæðum auk þess sem þær eru strjálar yfir vetrartímann.

Ég vil vekja athygli á því varðandi þessa tvo velli að eins og aðstæðum er háttað núna þá tel ég nauðsynlegt að halda þessum völlum við eins og hér er verið að gera en eftir þrjá mánuði eða svo eru þeir komnir í sama sveitarfélag. Þessi tvö sveitarfélög ásamt fleirum eru að sameinast. Það mun gerast í júní nk. og ég tel víst að íbúar og stjórn hins nýja sveitarfélags muni ræða um með hverjum hætti best megi nýta samgöngumannvirki eins og aðra þætti sem þarna koma og hvort það verður strax í upphafi eða síðar, en það sem styður það er líka batnandi samgöngur á þessu svæði. Það er verið að ljúka við veg yfir Hálfdán og sá fjallvegur er eftir sem áður frekar erfiður en þar hafa mjög miklar umbætur verið gerðar sem auðvelda e.t.v. að samnýta þessi mannvirki í framtíðinni.

Það sést á þessari áætlun að verið er að fækka áætlunarflugvöllum, oftst nær vegna þess að aðrar samgöngubætur hafa komið í staðinn. Við þessu er ekkert að segja. Þetta er þróun sem er eðlileg og hlýtur að verða. Sama gildir um lendingarstaði sem verið er að leggja af eins og hér er nefnt, Bolungarvík, Króksfjarðarnes, Melgraseyri og Suðureyri. Þetta er sömleiðis vegna þess að þar eru ófullkomin mannvirki og erfið og verið er að bæta samgöngur mjög verulega.

Það var spurt hér áðan um Sveinseyrarodda, flugvallargerð í Dýrafirði. Það er framkvæmd sem menn á Vestfjörðum binda mjög miklar vonir við og ég tel miður að þeim spurningum, sem hefur verið beint til hæstv. samgrh., hafi ekki verið svarað. Ég veit ekki betur en þarna hafi farið fram rannsóknir á veðurfari og ýmsum öðrum þáttum um alllangt skeið. Ég á ekki von á að það séu komnar lokaniðurstöður úr því en ég trúi ekki öðru en að einhverjar upplýsingar liggi fyrir sem styðja það sem hér kemur fram í fskj. að ætlað er til framkvæmda þarna frá árinu 1988 og 1989, alls 103 millj. þannig að ég leita enn eftir því hvort hægt er að fá upplýsingar af gangi mála í Þingeyri, hvað er að gerast þar og á hvaða stigi eru þessar rannsóknir, er vitað hvenær þeim verður lokið eða hvaða kaflaskil eru í því sem þar er verið að gera.

Hv. 6. þm. Vestf. nefndi flugvelli á Hornströndum. Þegar litið er yfir B-kafla á bls. 19 um lendingarstaði, þá staldrar maður við nöfn eins og Herðubreiðarlindir, Hveravellir, Kerlingarfjöll, Nýidalur, Sprengisandur. Hérna er um að ræða lendingarstaði sem eru vafalaust settir þarna af öryggisástæðum og þar sem ég hef farið um þessi svæði þá hef ég orðið var við að þetta hefur mjög oft komið sér vel og er reyndar bráðnauðsynlegt.

Það kom fram hjá hæstv. samgrh. að flugvöllur í Reykjafirði er í einkaeigu og það mun vera eftir því sem ég best veit lendingarstaður í Fljótavík. Hitt er líka rétt að fjaran er víða notuð og þar er það Ægir sem sér um það. Ég vil spyrja: Hvað þarf til á Hornströndum sem er vaxandi ferðamannastaður? Vaxandi fjöldi ferðamanna fer þarna um á hverju sumri. Það er nauðsynlegt þeirra vegna að mögulegt sé að komast með flugi á Hornstrandir. Hvað þarf til til þess að viðurkenndur lendingarstaður verði á Hornströndum og þá fyrst og fremst með öryggissjónarmið í huga?

Enn fremur vil ég spyrja í sambandi við Patreksfjarðarflugvöll en það kom fram hjá hæstv. samgrh. að þverbraut er ekki möguleg á Patreksfjarðarflugvelli. Nú hefur mjög lengi verið mænt á það að Patreksfjarðarflugvöll mætti gera betri með því að setja á hann þverbraut og fyrir fáum árum vissi ég ekki betur en sú hugmynd væri uppi. Því spyr ég: Eru það nýjar upplýsingar um að þverbraut sé ekki möguleg á Patreksfirði og hvenær komu þær fram?

Ég held að ég hafi þessi orð ekki miklu fleiri en vil ítreka það að ég óska eftir að fá upplýsingar um á hvaða stigi máls rannsóknir á Sveinseyrarodda eru og hvað þar er að gerast.

[15:26]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er sagt að það séu einungis Twin Otter — ég veit að vísu ekki hvað Twin Otter er — sem geti lent á þverbrautinni á Patreksfjarðarflugvelli en það sé ekki hægt að lengja hana. Nú er þetta auðvitað tæknilegt mál, þetta er eftir þeim upplýsingum sem ég hef. Ef hv. þm. hefur aðrar upplýsingar, þá verður það svo að vera. Ég ætla ekki að þrátta um það.

Ég vil í annan stað segja að hér er gerð grein fyrir því á bls. 57 í till. til þál. sem hér er til umræðu svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Engar framkvæmdir hafa átt sér stað á Þingeyrarflugvelli á undanförnum árum vegna hugmynda um að færa flugvöllinn út á Sveinseyri sem er utar í firðinum og gæti gefið betra aðflug. Unnið er að athugunum á þessum valkosti og hafa verið gerðar veðurmælingar sem verið er að vinna úr. Enn fremur hafa verið gerðar dýptarmælingar þar sem flugbrautin yrði hugsanlega að hluta byggð á fyllingu út í sjó."

Með þessu er ekki verið að segja að þessi flugbraut verði byggð, við erum ekki að taka ákvörðun um það hér. Það er gert ráð fyrir því að einhverjar framkvæmdir verði á Þingeyri eftir 5 og 6 ár samkvæmt ákvörðun þeirra sem þá sitja á Alþingi sem erum ekki við. Ég sagði áðan og það er alveg fullt svar og eins ítarlegt og það getur verið: Endanlegar rannsóknir liggja ekki fyrir. Þær liggja kannski fyrir fyrir áramót, kannski eftir áramót. Ef hv. þm. óskar eftir skýrara svari þá ætla ég að segja honum að ég ætla að spara raddböndin í stað þess að endurtaka þetta í þriðja skipti á þessum fundi.

[15:28]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. en er nokkuð jafnnær að vísu eftir. En ég vildi leiðrétta það að ég sagðist ekki hafa aðrar upplýsingar um þverbraut á Patreksfirði en það hefði verið rætt um það fyrir 3–4 árum að hægt væri að lengja þverbraut á Patreksfirði og þess vegna spyr ég: Hvaða upplýsingar eru það sem komnar eru fram sem hindra það? Á núverandi þverbraut á Patreksfirði er hægt að lenda á Twin Otter og ég hef lent þar á þess konar vél en ég var fyrst og fremst að spyrja um möguleikana á lengingunni, hvort þeir væru fyrir hendi.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það hefur verið talað um það að á suðurfjörðum séu flugskilyrðin að mörgu leyti betri á Bíldudalsflugvelli en á Patreksfirði og sumir hafa tekið svo djúpt í árinni að þeir hafa viljað leggja niður Patreksfjarðarflugvöll. Það er alveg nýtt fyrir mér ef hugmyndin á nú að vera sú að reyna að koma við þverbraut á Patreksfjarðarflugvelli til þess að reyna að leggja niður flugbrautina í Bíldudal því að ekki getur það verið til annars. Ekki fara menn að byggja fullkomna flugvelli sem geta einir þjónað þessu byggðarlagi á báðum stöðum. En þær upplýsingar sem ég hef um þessi mál fyrir utan það að ég hef efasemdir um að það sé rétt að leggja niður Bíldudalsflugvöll eins og ég skil hv. þm., þá eru þær upplýsingar sem ég hef varðandi þverbrautina þær að það séu ekki forsendur fyrir hendi að lengja þessa þverbraut. Það eru þær upplýsingar sem flugmálastjóri gefur.

Það er svolítið skrýtið að þurfa að endurtaka hér æ ofan æ sömu hlutina, endurtaka æ ofan í æ að endanlegar rannsóknir liggja ekki fyrir varðandi Sveinseyrarflugvöll og það er sagt að það sé ekki fullnægjandi svar. Ég veit satt að segja ekki hvernig á að veita fullnægjandi svör.

[15:30]

Pétur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. gerir mér upp skoðanir í því sem hann sagði núna. Ég hef aldrei talað um það að það væri skoðun mín að það ætti að leggja niður Bíldudalsflugvöll nema síður væri. Ég hef heldur ekki lýst því yfir að það ætti að leggja niður Patreksfjarðarflugvöll, var reyndar að ræða um það áðan að þetta sveitarfélag nýja muni vafalaust skoða innan sinna vébanda hvaða lausnir eru bestar í samgöngumálum þarna. En þetta var einföld spurning. Ég spurði um upplýsingarnar varðandi lenginguna á þverbrautinni. Í því fólst ekki að það ætti að fara að setja þarna þverbraut eða ég vildi leggja niður annan hvorn þessara valla. Það kann vel að vera að það verði breyting á rekstri þeirra og ég tek undir það sem samgrh. sagði að aðstæður á Bíldudalsflugvelli eins og kom fram í mínu máli hér áðan eru mjög hagstæðar og þar hefur verið eina auðveldast að halda uppi áætlun á Vestfjörðum eftir því sem ég best veit. Ég hef aldrei látið það á mér skilja og vil mjög sterklega að það komi hér fram að ég hef aldrei orðað það að leggja niður flugvöllinn á Bíldudal, enda er mér málið að nokkru leyti skylt því að ég stóð að því á sínum tíma fyrir rúmum 20 árum að kaupa þennan flugvöll af bónda í Arnarfirði og síðan að selja hann flugmálastjórn aftur fyrir hönd Suðurfjarðarhrepps sem hét þá svo og heitir Bíldudalshreppur núna og er nokkru stærri þannig að og hef heilmiklar taugar til þessa vallar og vildi síst verða til þess að ég væri orðaður við hugmyndir um að það ætti að leggja hann niður jafnrösklega og jafn vel og staðið hefur verið að því að byggja þennan völl upp og ég viðurkenni það fúslega. Það hefur verið vel unnið og ég sé á þessari áætlun að það er ætlunin að gera það áfram, enda væri annað óhyggilegt eins og þessi völlur hefur reynst.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 300. mál. — Þskj. 439.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Staðsetning björgunarþyrlu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JónK o.fl., 304. mál. — Þskj. 495.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 391. mál (fjarvistir vegna barnsburðar). — Þskj. 590.

[15:34]

Flm. (Ingibjörg Sólrún Gísladóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Þetta frv. lætur ekki mikið yfir sér. Það er í tveimur greinum og alls eru þetta efnislega um þrjár línur þannig að hér er ekki í orðum talið stórt mál á ferðinni en mikilvægt þó og það lýtur að réttindu karlmanna í þjónustu ríkisins til fæðingarorlofs. En eins og málum er háttað í dag þá er sá hópur í þjóðfélaginu sem ekki hefur nokkurn rétt til greiðslna í fæðingarorlofi og njóta þar af leiðandi ekki réttar á við karl-

menn sem eru á almennum vinnumarkaði. Ég vil gera hér lítillega grein fyrir hvernig á þessu stendur.

Ástæðan fyrir því að ég flyt þetta mál hérna eða forsaga þess er sú að þann 10. sept. 1993 samþykkti kærunefnd jafnréttismála á fundi sínu niðurstöðu í tveimur málum sem henni bárust og vörðuðu rétt karla í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi. Í báðum þessum málum hafði fjmrn. synjað körlum um slíka greiðslu með þeim rökum að einungis konur ættu þennan rétt. Synjun fjmrn. byggðist á því að um rétt ríkisstarfsmanna til greiðslna í fæðingarorlofi fer samkvæmt reglugerð nr. 410/1989, um barnsburðarleyfi starfsmanna ríkisins. Reglugerðin er sett samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en þar segir, með leyfi forseta:

„Ákveðið skal með reglugerð hvernig fari um launagreiðslur til starfsmanna í veikindaforföllum svo og til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar."

Á grundvelli þessa kynbundna lagaákvæðis telur starfsmannaskrifstofa fjmrn. að karlar í starfi hjá ríkinu eigi ekki rétt á launuðu fæðingarorlofi af því að þarna stendur að það skuli ákveða hvernig farið skuli með launagreiðslur til kvenna í fjarvistum vegna barnsburðar. Það var þess vegna sem þeim var synjað fæðingarorlofs hjá starfsmannaskrifstofu fjmrn. Báðir þessir aðilar sem þarna er um að ræða fóru með sitt mál til Tryggingastofnunar ríkisins og leituðu eftir rétti sínum þar og óskuðu eftir því að fá greitt fæðingarorlof frá Tryggingastofnun ríkisins þar sem þeir hefðu ekki þennan rétt hjá sínum atvinnurekanda sem er ríkið. Í báðum þessum málum synjaði hins vegar Tryggingastofnun ríkisins beiðni þeirra um greiðslu fæðingardagpeninga með þeim rökum að karlmaður eigi því aðeins þann rétt að kona hans hafi notið fæðingardagpeninga. Með öðrum orðum, réttur feðra sé afleiddur af rétti mæðra og hafi móðir ekki tekið fæðingarorlof hjá Tryggingastofnun ríkisins eigi faðirinn þar af leiðandi engan rétt. En báðar eiginkonur þessara manna eru opinberir starfsmenn og tóku fæðingarorlof samkvæmt þeim reglum sem gilda um fæðingarorlof opinberra starfsmanna.

Þessi túlkun Tryggingastofnunar orkar reyndar mjög tvímælis og er vafasamt að mínu viti að hún standist lög um fæðingarorlof sem og lög um almannatryggingar. Í lögum um fæðingarorlof segir klárlega, með leyfi forseta, í 2. gr.:

„Foreldrar, sem gegna launuðum störfum og eiga lögheimili á Íslandi, eiga rétt á fjögurra mánaða fæðingarorlofi samkvæmt lögum þessum. Frá 1. jan. 1989 skal fæðingarorlof vera fimm mánuðir og frá 1. jan. 1990 sex mánuðir." Þ.e. það er skilyrðislaust sagt „foreldrar sem gegna launuðum störfum".

Síðan er sagt í þessum lögum síðar: „Um greiðslur í fæðingarorlofi fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum." Lögin um fæðingarorlof kveða sem sagt á um réttinn til töku fæðingarorlofs en síðan er vísað í lög um almannatryggingar til þess að finna réttinn um greiðslur í fæðingarorlofi. Í lögum um almannatryggingar segir um fæðingarstyrk að ákvæði greinar þessarar taka ekki til félagsmanna í samtökum opinberra starfsmanna, bankamanna eða annarra stéttarfélaga er njóta óskertra launa í fæðingarorlofi samkvæmt kjarasamningum þann tíma sem óskert laun eru greidd. Þ.e. þeir sem njóta óskertra launa í fæðingarorlofi eiga ekki að njóta fæðingarstyrks samkvæmt lögum um almannatryggingar. Feður í opinberri þjónustu njóta hins vegar ekki óskertra launa í fæðingarorlofi og ættu þar af leiðandi ekki að vera útilokaðir frá fæðingarstyrk samkvæmt almannatryggingalögum.

Um fæðingarorlof segir síðan í þessum sömu lögum: „Foreldrar í fæðingarorlofi, sem lögheimili eiga á Íslandi, eiga rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt grein þessari," þetta er reyndar 26. gr. laganna eins og hún var áður en lögunum var breytt núna á þessu þingi, „enda leggi þeir niður launuð störf þann tíma. Þeir sem eiga rétt samkvæmt kjarasamningum til óskertra launa í fæðingarorlofi eiga þó ekki rétt á greiðslu fæðingardagpeninga samkvæmt ákvæði þessu."

Með öðrum orðum, þeir sem eiga rétt til óskertra launa og feður í þjónustu ríkisins eiga ekki þennan rétt þannig að samkvæmt því ættu þeir að falla undir almannatryggingalögin þar sem réttur þeirra er ekki tryggður neins staðar annars staðar.

Nú segir líka í þessum lögum um almannatryggingar um fæðingardagpeninga:

„Nú hefur móðir fengið fæðingardagpeninga í a.m.k. einn mánuð eftir fæðingu og á þá faðir rétt á greiðslu fæðingardagpeninga í stað móður ef hún óskar þess, enda leggi hann niður launavinnu á meðan. Foreldrar geta og skipt með sér fæðingarorlofi, t.d. verið bæði í orlofi á sama tíma að fullu eða að hluta, þó þannig að greiðslur til þeirra sameiginlega nemi ekki meira en fjögurra mánaða fæðingardagpeningum."

Það er væntanlega þessi grein sem Tryggingastofnun hengir sig á þegar hún segir að réttur föður sé afleiddur af rétti móður, þ.e. að móðir getur framselt hluta af sínum rétti til föður og hafi móðir ekki tekið fæðingarorlof hjá Tryggingastofnuninni, þá líta þeir svo á að faðirinn eigi engan rétt og þar af leiðandi lendir þessi hópur, karlmenn í þjónustu hins opinbera, á milli laga og reglugerða og á engan rétt. Þar segir því í álitsgerð kærunefndar jafnréttismála að með þessari framkvæmd standi stór hluti feðra án nokkurs réttar til greiðslna taki þeir fæðingarorlof og séu þannig beittir misrétti sem engin efnisleg rök virðast fyrir.

Þetta var tilvitnun í álit kærunefndar jafnréttismála. Vísar nefndin í því sambandi til þess að á árinu 1987 hafi Alþingi samþykkt fyrstu almennu lögin um fæðingarorlof sem hafi átt að tryggja öllum foreldrum rétt til leyfis frá launuðum störfum vegna fæðingar barns. Þá hafi Alþingi jafnframt samþykkt breytingar á lögum um almannatryggingar sem höfðu það að markmiði að bæta í einhverju það tekjutap sem foreldri sem leggur niður vinnu verður fyrir vegna töku fæðingarorlofs og það var það sem ég var að vitna til hér áðan. Í áliti kærunefndar segir svo:

„Af ræðum alþingismanna um fyrrgreind lagafrumvörp frá 1987 verður ekki ráðið að vilji þeirra hafi

staðið til þess að feðrum væri mismunað með þeim hætti sem gert hefur verið. Þvert á móti mætti ætla að þeir hafi talið að feður í opinberri þjónustu hefðu sama rétt og mæður í opinberri þjónustu og því talið óþarft að taka sérstaklega á réttindum þeirra. Þessi skilningur kemur beinlínis fram — og er ómótmælt — hjá einum þingmanni.“

Niðurstaða kærunefndar jafnréttismála var því sú að túlkun starfsmannaskrifstofu fjmrn. sé „hvorki í samræmi við 4. gr. laga nr. 28/1991, tilgang þeirra laga né skilning og fyrirætlan löggjafans þegar sett voru lög nr. 57/1987 og lög nr. 59/1987“, þ.e. lögin um fæðingarorlof og greiðslur í fæðingarorlofi. Og síðan segir:

„Með vísan til 20. gr. laga nr. 28/1991 er þeim tilmælum því beint til fjmrn. að það hlutist til um að gerðar verði þær ráðstafanir sem þarf til þess að viðurkenndur verði og tryggður réttur feðra í þjónustu ríkisins til launa í fæðingarorlofi.“

Í framhaldi af þessu lagði flm. þessa frv. fram fsp. til fjmrh. á þskj. 48 á þessu þingi þar sem spurt var með hvaða hætti hann hygðist bregðast við þessum tilmælum. Ráðherra lýsti því sem sinni skoðun að eðlilegt og nauðsynlegt væri að endurskoða ákvæði 17. gr. laganna um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en virtist hafa lítinn vilja til að taka sérstaklega á málinu. Vísaði ráðherra málinu inn í framtíðina og sagði, ég vitna hér beint í orð ráðherrans, „að það þyrfti að ganga til heildstæðrar umfjöllunar um lögin.“ Að mati flm. eru þetta óviðunandi svör þegar hægt er að ráða bót á þessu misrétti með einföldum hætti og þess vegna er þetta frv. nú fram komið.

Virðulegur forseti. Ég hef þá lokið að mæla fyrir þessu frv. og legg til að því verði vísað til 2. umr. og til skoðunar í hv. efh.- og viðskn. því að líklega þarf þetta mál að fara þangað þar sem sú nefnd hefur farið með kjaramál opinberra starfsmanna þó að fæðingarorlof að öðru leyti heyri kannski betur undir heilbr.- og trn. En vegna þess að þetta er breyting á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, þá er eðlilegt að frv. fari til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:
Leigubifreiðar, 527. mál, frv. BBj o.fl., þskj. 824.

Út af dagskrá voru tekin 6., 7., 10.– 12. og 14. mál.

Fundi slitið kl. 15:45.

---

119. FUNDUR

mánudaginn 28. mars,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar í 303. máli (stjórnarskipunarlög).
2. Þjóðminjalög, stjfrv., 478. mál, þskj. 733. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 412. mál, þskj. 617, nál. 805 og 812, brtt. 806. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frv., 391. mál, þskj. 590. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Flugmálaáætlun 1994-1997, stjtill., 469. mál, þskj. 723. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Staðsetning björgunarþyrlu, þáltill., 304. mál, þskj. 495. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv.,
Þorsteinn Pálsson sjútvrh.

Aðalmaður tekur sæti á ný:
Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:
Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, 529. mál, stjtill., þskj. 828.
Flokkun veitingastaða, 528. mál, fsp. SvG, þskj. 825.
Forkönnun á gerð fríverslunarsamnings við aðila að NAFTA, 536. mál, skýrsla utanrrh., þskj. 837.
Háskólinn á Akureyri, 531. mál, stjfrv., þskj. 830.
Lögheimili, 72. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 826; brtt. minni hluta allshn., þskj. 827.
Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, 532. mál, stjfrv., þskj. 831.
Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, 530. mál, stjfrv., þskj. 829.
Útvarpslög, 535. mál, stjfrv., þskj. 834.
Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 533. mál, stjfrv., þskj. 832.

Þjóðminjalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 478. mál (stjórnkerfi minjavörslu o.fl.). — Þskj. 733.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE.

23 þm. (ÁRÁ, BBj, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, JBH, JónK, JVK, MF, ÓRG, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, VG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Kennaraháskóli Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 412. mál (lengd kennaranáms o.fl.). — Þskj. 617, nál. 805 og 812, brtt. 806.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE.

20 þm. (ÁRÁ, BBj, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 806 samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE.

20 þm. (ÁRÁ, BBj, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE.

20 þm. (ÁRÁ, BBj, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

4.–6. gr. samþ. án atkvgr.

7. gr. samþ. með 26:17 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, HN, IBA, JóhS, LMR, MB, ÓE, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VE.

nei: AÓB, FI, GB, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, ÓRG, PP, PB, RA, VS.

20 þm. (ÁRÁ, BBj, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:09]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Þessi grein frv., 7. gr., felur það í sér að því er enn frestað í fjögur ár að taka um það ákvörðun hvort Kennaraháskóli Íslands skuli skipulagður sem þriggja ára skóli eða fjögurra ára skóli. Okkur í minni hlutanum þykir þetta óeðlilegt, ekki síst með tilliti til þess að það er að störfum nefnd sem er að semja rammalöggjöf um kennaranám og hún mun skila af sér nú í vor. Þess vegna finnst okkur þetta óeðlilega langur tími að fresta því enn í fjögur ár að taka um þetta ákvörðun og þess vegna erum við á móti 7. gr.

8. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE.

19 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 391. mál (fjarvistir vegna barnsburðar). — Þskj. 590.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE.

19 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Flugmálaáætlun 1994–1997, frh. fyrri umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 723.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE.

18 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 300. mál. — Þskj. 439.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE.

20 þm. (ÁRÁ, BBj, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Staðsetning björgunarþyrlu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JónK o.fl., 304. mál. — Þskj. 495.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:14]
Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GAK, GB, GHelg, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, KHG, KÁ, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, VS, VE.

18 þm. (ÁRÁ, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HG, JBH, JónK, JVK, MF, PBald, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. án atkvgr.

Út af dagskrá var tekið 1. mál.

Fundi slitið kl. 15:14.

120. FUNDUR

mánudaginn 28. mars,
að loknum 119. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):
Til menntamálaráðherra:
1. Safnahúsið, fsp., 466. mál, þskj. 704.
2. Lánasjóður íslenskra námsmanna, fsp., 509. mál, þskj. 782.
3. Endurbætur á Þjóðminjasafni, fsp., þskj. 798.
Til samgönguráðherra:
4. Ljósleiðarar, fsp., 508. mál, þskj. 781.
5. Embætti héraðsdýralækna, fsp., 522. mál, þskj. 815.

Safnahúsið.

Fsp. VS, 466. mál. — Þskj. 704.

[15:15]
Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):
Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. á þskj. 704 til hæstv. menntmrh. um Safnahúsið. Fyrirspurnin hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Hver er fyrirhuguð nýting Safnahússins við Hverfisgötu eftir að Þjóðarbókhlaðan hefur verið tekin í notkun?"

Saga Safnahússins við Hverfisgötu er rakin til ártíðardags Snorra Sturlusonar 23. sept. 1906 er hornsteinn hússins var lagður að viðstöddu fjölmenni. Aðeins þremur árum síðar var Safnahúsið formlega vígt, 28. mars 1909. Yfir útidyrum hússins er greypt í stein Landsbókasafn, en fyrst um sinn fengu auk þess inni í Safnahúsinu Landsskjalasafnið, síðar Þjóðskjalasafnið, Fornminjasafnið, síðar Þjóðminjasafnið og Náttúrugripasafnið. Ekki var gert ráð fyrir að húsið dygði lengi undir hin mörgu söfn og þegar Íslendingar höfðu efni á var byggt undir önnur söfn en Landsbókasafnið eitt af öðru. Hluti Þjóðskjalasafns varð þó eftir í Safnahúsinu og er þar enn.

Það liggur fyrir að Landsbókasafn Íslands og Háskólabókasafn munu lögð niður 30. nóv. á þessu ári og að á fullveldisdegi muni nýtt safn verða til, sennilega undir nafninu Þjóðarbókhlaða. Þessu nýja safni er ætlað að vera til húsa í stórri og reisulegri byggingu á Melunum. Verður þá aðeins eftir hluti Þjóðskjalasafnsins sem væntanlega flytur innan tíðar í húsakynni

sín í gömlu Mjólkurstöðinni og sameinast þeim hluta safnsins sem þegar er þangað kominn. Það hús sem eitt sinn átti að vera eins og skel utan um perlu sína, svo vitnað sé til vígsluræðu Hannesar Hafsteins stendur nú autt eftir og spurt er að nýjum húsráðendum. Augljóst virðist að hús sem hefur yfir útidýr meitlað orðið Landsbókasafn og á útveggjum nöfn merkustu innlendu skálda, fræðimanna og útgefenda geti trauðla orðið annað en safnahús. Hvað getur slíkt hús hýst annað en þjóðarauð okkar, dýrmætar bækur?

[15:17]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og kunnugt er standa vonir til þess að starfsemi geti formlega hafist í Þjóðarbókhlöðu hinn 1. des. nk. Miðað er við að um sama leyti verði að mestu lokið flutningi á ritum og öðrum gögnum Landsbókasafnsins úr Safnahúsinu við Hverfisgötu. Einhver hluti húsnæðisins verður þó enn um hríð notaður í þágu Þjóðskjalasafnsins. Ákvörðun um hvernig hagað verði framtíðarnýtingu Safnahússins hefur ekki verið tekin. Æskilegt er að sjálfsögðu að sú ákvörðun liggi fyrir innan tíðar og áður en brottflutningi Landsbókasafnsins lýkur.

Eins og mönnum er kunnugt hafa ýmsar hugmyndir verið á lofti um hvaða starfsemi skuli ætlað rúm í Safnahúsinu þegar aðstæður breytast eins og nú hillir undir. Vorið 1987 skipaði þáv. menntmrh. þriggja manna nefnd til þess að gera tillögur til menntmrn. um nýtingu Safnahússins við Hverfisgötu þegar Landsbókasafn og Þjóðskjalasafn hafa verið flutt þaðan í önnur húsakynni, eins og segir í skipunarbréfi. Tekið var fram að einkum væri til þess ætlast að nefndin athugaði hvort nýta mætti húsið í þágu íslenskra fræða að fornu og nýju og bókmennta. Einn nefndarmanna lést áður en starfi nefndarinnar yrði lokið, en formaður sendi menntmrh. vorið 1989 greinargerð um nefndarstörfin og þær hugmyndir sem ræddar hefðu verið án þess að um eiginlegt nefndarálit væri að ræða.

Umræðan hafði í aðalatriðum snúist um að Safnahúsið yrði gert að þjóðmenningarhúsi eins og það var orðað, þar sem komið væri fyrir sýningum á því besta sem þjóðin ætti í listmunum og minjum, þar á meðal merkum bókum og skjölum. Þá var þeirri hugmynd hreyft að jafnframt yrði í húsinu aðsetur fyrir skrifstofu forseta Íslands. Þá er og kunnugt að um skeið var til athugunar hvort til greina kæmi að gera Safnahúsið að aðsetri Hæstaréttar en frá því ráði var horfið.

Loks ber að geta þess að forsvarsmenn Stofnunar Árna Magnússonar á Íslandi hafa kynnt þá hugmynd að Safnahúsið yrði nýtt fyrir Árnastofnun og yrði þar með varðveislu- og sýningarstaður hinna fornu handrita. Jafnframt yrði húsið tengt Þjóðarbókhlöðu með þeim hætti að þar yrðu geymd öryggis- og varaeintök sameinaðs Landsbókasafns og Háskólabókasafns. Fleiri hugmyndir mætti nefna þótt það verði ekki gert hér, en ég ítreka að ákvörðun hefur ekki verið tekin en verður vonandi áður en flutningi lýkur.

[15:20]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur fyrir þessa fyrirspurn sem hér er til umræðu og vil af því tilefni vekja athygli á því að Landsbókasafnið er eitt af þeim húsum sem eru á grundvelli þjóðminjalaga friðuð eins og lög um húsafriðun gera ráð fyrir. Ég fæ ekki séð að það væri auðvelt að koma fyrir annarri starfsemi í húsinu án þess að brjóta þau lög vegna þess að það þarf að gera miklar breytingar á Landsbókasafnshúsinu ef ætti að nýta það til annarrar starfsemi en nú er eða mjög líkrar starfsemi.

Ég vil að þetta komi fram og lýsa því yfir að ég get ekki hugsað mér að við stæðum frammi fyrir því hv. þm. að breyta nýtingu Landsbókasafnsins á þann hátt að það yrði að breyta þjóðminjalögum. Ég vil vara við því og vekja athygli á þeim vandkvæðum sem því gæti fylgt með tilliti til þess að það þarf að friða mörg önnur hús hér í landinu.

[15:22]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil einnig þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að reifa þetta mál og reyndar taka undir það sem síðasti hv. ræðumaður sagði. Safnahúsið er friðað hús og eins og ég hef bent á í umræðum áður, þá eru innréttingar bókasafnsins mjög merkilegar og orðnar mjög sérstakar og erfitt að finna slíkar. Þess vegna tek ég undir þá sjónarmið að þetta hús á að nýta sem bókasafn og sem vinnustað fyrir fræðiiðkanir. Ég minni í því sambandi á tillögu sem ég hef lagt fram þess efnis að Safnahúsið verði gert að setri íslenskra fræða. Ég get ekki hugsað mér betri starfsemi í þessu virðulega og fallega húsi.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir hans svör og eins þeim hv. þm. sem hér hafa tekið til máls um þetta mikilvæga mál. Það hefur ekki verið tekin ákvörðun um framtíðarnýtingu á þessu fallega og stórmerkilega húsi en ég skil það svo að það mál liggi ekki í neinum dvala heldur sé verið að velta því fyrir sér.

Ég get séð fyrir mér hin ólíku söfn sameinast um húsið sem einhvers konar miðstöð sýninga á innlendum menningararfi. Það mætti líka hugsanlega hafa þar tónleika eða myndlistarsýningar. Ég get alveg nefnt sem dæmi að Þjóðarbókhlaða, Árnastofnun, Þjóðskjalasafn, Þjóðminjasafn eða safn Seðlabankans og fleiri söfn gætu átt þarna inni. En aðalatriðið er það að húsið verði nýtt þannig áfram í þágu þjóðarinnar sem einhvers konar menningarmiðstöð en að hæstv. ráðherra leiði ekki hugann að því að fara að gera það að hæstaréttarhúsi eða öðru slíku, enda kom það fram í hans máli að það stendur ekki til.

Eins og hér hefur komið fram gilda ákveðin lög um þau hús sem eru friðuð og Safnahúsið er í friðunarflokki A þannig að því verður ekki breytt, hvorki að utan né innan. Okkur eru því nokkuð þröngar skorður settar varðandi nýtinguna og ég er að sumu leyti þakklát fyrir að það er ekki hægt að gera hvað sem er með þetta hús vegna sögunnar sem þar býr að baki og er mjög merkileg.

Ég hvet hæstv. menntmrh. að lokum til þess að fara

að hugsa þetta mál alvarlega og ákvörðun verði tekin í tengslum við samþykkt nýrra laga.

[15:25]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það fer að sjálfsögðu fram alvarleg athugun á því hvernig húsið verði nýtt eins og kom fram í máli mínu áðan. Það er öllum ljóst að Safnahúsið er friðað og breytingar á því verða því ekki gerðar. Það er öllum líka ljóst að innréttingar þessa húss eru mjög merkilegar og þeim ber að halda í því horfi sem þær eru núna. Af þeim sökum er auðvitað takmörkunum háð hvers konar starfsemi getur orðið í framtíðinni í húsinu og flestar þær hugmyndir sem uppi hafa verið hníga einmitt í þá átt að þar verði safnahús áfram og þá fyrst og fremst fyrir bækur og þeim hugmyndum er ég sammála. Ég gat um það í umræðu hér um daginn að þegar ræddar voru hugmyndir um að flytja Hæstarétt í þetta hús hefðu fulltrúar menntmrn. í þeirri nefnd mótmælt þeim hugmyndum á sínum tíma. Af hálfu menntmrn. hefur því ekkert annað verið ætlað en að þarna yrði áfram safn eða söfn í einni eða annarri mynd.

Ljósleiðarar.

Fsp. KEE, 508. mál. — Þskj. 781.

[15:28]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Á þskj. 781 hefur hv. 1. þm. Austurl., Karen Erla Erlingsdóttir, borið fram svohljóðandi fsp. til samgrh.:

„Hvernig stendur á því að ríkisútvarpið á Austurlandi getur ekki nýtt sér þá möguleika sem ljósleiðarinn gefur?"

Þannig hljóðar þessi fyrirspurn. Því miður er ég ekki nógu kunnugur á Austurlandi til þess að fylgja þessari fsp. úr hlaði með ítarlegum hætti en óska eftir að hæstv. samgrh. veiti svar.

[15:29]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Merki Ríkisútvarpsins er í dag flutt eftir ljósleiðara frá Egilsstöðum suður um firði á Reyðarfjörð, Eskifjörð, Neskaupstað, Stöðvarfjörð, Breiðdalsvík og Djúpavog. Ríkisútvarpinu stendur til boða að leigja hjá Pósti og síma flutning á merki sínu eftir ljósleiðara alveg frá Reykjavík um Akureyri til Egilsstaða á mjög hagstæðum kjörum eða þeim sömu og Stöð 2 nýtur.

Póstur og sími hefur byggt upp fyrir Ríkisútvarpið flutningskerfi á örbylgjuleiðum sem nú eru orðnar það úr sér gengnar vegna aldurs að nauðsynlegt er að skipta þeim út. Ríkisútvarpið hefur í langan tíma verið að bera saman þá valkosti að byggja upp stafrænt örbylgjukerfi eða leigja sambönd í ljósleiðurum Pósts og síma. Þeir hafa ekki komist að niðurstöðu enn, en Póstur og sími er tilbúinn að tengja merki Ríkisútvarpsins inn á þessar leiðir á innan við þrem mánuðum ef óskað er eftir.

[15:30]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil þakka hæstv. samgrh. þetta svar. Ég skil það svo að það sé ekki ókleift að koma þessu sambandi á og ég tel að það væri heppilegt að vinda bráðan bug að því að koma þessum úrbótum á.

Embætti héraðsdýralækna.

Fsp. JVK, 522. mál. — Þskj. 815.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að bera fram svohljóðandi fyrirspurn á þskj. 815 til hæstv. landbrh.:

„1. Hvaða reglur styðst ráðherra við þegar veitt eru embætti héraðsdýralækna?

2. Hvers vegna var ekki fylgt svokallaðri punktareglu dýralækna þegar nýlega var veitt embætti héraðsdýralæknis í Mýrasýsluumdæmi?"

Nýlega, virðulegi forseti, réði hæstv. landbrh. í stöðu héraðsdýralæknis í Mýrasýslu. Fyrst var staðan auglýst í nóvember sl. og þá skipaður í stöðuna starfandi dýralæknir í Stykkishólmi sem sótt hafði um. Var hann með flesta punkta sökum starfsaldurs og reynslu og hingað til hefur hæstv. landbrh. farið eftir því við skipun í embætti dýralækna. Einhverjir bændur í Mýrasýslu hófu þá söfnun undirskrifta til stuðnings öðrum dýralækni sem leyst hafði af í forföllum í Mýrasýslu. Við það tækifæri sagði hæstv. ráðherra þetta í viðtali við DV 20. des. sl.:

„Ég hef ekki annað um þetta að segja en að það hefur verið farið eftir ákveðnum reglum. Ég veitti stöðuna í samræmi við það. Hann er mjög hæfur sá sem skipaður var í stöðuna. Þegar margir hæfir menn sækja um er ekki einhlítt hver fær stöðuna."

Þetta sagði hæstv. ráðherra í DV þann 20. des. þegar hann veitti þessa stöðu í fyrra skiptið. Hins vegar sagði sá maður stöðunni lausri og því var auglýst aftur. Sá frestur rann út 1. febr. sl. og nú hefur staðan verið veitt þeim manni sem hefur verið sjálfstætt starfandi dýralæknir á svæðinu.

Nú var ekki farið eftir svokallaðri punktareglu sem ráðherra hefur þó alfarið farið eftir hingað til, t.d. við veitingu dýralæknisembættis nýlega í Eyjafirði. Sá sem nú fær stöðuna er aðeins með helming þeirra punkta sem annar jafnhæfur umsækjandi hefur. Sá umsækjandi er kona og það gerir e.t.v. gæfumuninn. Hún var með langflesta punkta og jafnframt nýkomin úr sérnámi til viðbótar almennu dýralæknisnámi.

Það er vissulega eftirtektarvert að ráðherra skuli hafa ákveðið það nú að brjóta þá reglu sem fylgt hefur verið sl. fimm ár við veitingu dýralæknisembætta og einmitt þegar kona á í hlut. Hefur hæstv. ráðherra gleymt því að hann samþykkti á síðasta þingi þál. um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna? Í öðrum lið þeirrar ályktunar segir, með leyfi forseta:

„Það kynið sem er í minni hluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningar í störf þegar umsækjandi er jafnhæfur eða hæfari." — Það má minna á það að það eru 26 héraðsdýralæknar starfandi á landinu, þar af aðeins þrjár konur.

Í 8. lið segir: „Landbúnaðarráðuneytið athugi ýmis opinber réttindi kvenna í landbúnaði og geri tillögur til úrbóta þar sem þess gerist þörf." Enn fremur segir í þessum sama 8. lið um landbrn. að það leitist við að fjölga konum í trúnaðarstörfum.

Þetta eru yfirlýst markmið landbrn. en nú þegar ráðherra hefur kjörið tækifæri til þess að fylgja þessum markmiðum eftir þá brýtur hann allar fyrri starfsreglur við veitingu þessa embættis sem hér um ræðir.

[15:34]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Spurt er í fyrsta lagi: „Hvaða reglu styðst ráðherra við þegar veitt eru embætti héraðsdýralækna?" Þar er fyrst og fremst stuðst við starfsreynslu, sem vegur þyngst, framhaldsmenntun, endurmenntun, ábyrgð í starfi, félagsstörf. Sérstakir punktar eru gefnir fyrir að sinna afskekktu héraði og héraðsdýralæknar frá fleiri punkta heldur en praktiserandi. Þetta er um það að segja.

Í öðru lagi er það rétt hjá hv. þm. að nú fyrir áramót var Rúnari Gíslasyni, dýralækni í Stykkishólmi, veitt héraðsdýralæknisembætti í Mýrasýslu. Þá hafði komið fram að það var mjög traustur stuðningur við Gunnar Gauta í Mýrasýslu. Það voru ekki einhverjir bændur í Mýrasýslu sem studdu hann heldur var þar mjög mikill stuðningur frá þorra bænda. Mér finnst því alveg ástæðulaust að gera lítið úr því þótt kona eigi í hlut. Á bak við umsókn þessa manns, sem hafði verið praktiserandi í þessu dýralæknisumdæmi, var mikill stuðningur frá bændum sem þekktu til hans starfa. Það er alveg rétt að eftir að í ljós kom að Rúnar Gíslason, dýralæknir í Stykkishólmi, kaus að hverfa frá einmitt af þeim ástæðum hversu mikils trausts Gunnar Gauti naut í þessu dýralæknisumboði, þá ákvað ég í hið síðara sinn að taka tillit til vilja bænda á svæðinu. Ég vísa því algerlega á bug að það hafi eitthvað með kyn að gera. Í Norðurlandskjördæmi eystra eru fjórir kvendýralæknar starfandi nú um þessar mundir, tveir héraðsdýralæknar, einn í Hrísey og einn, má ég segja, heilbrigðisfulltrúi á Húsavík og ég hef ekki heyrt neinar umræður um það að kvendýralæknar standi eitthvað verr í stykkinu en aðrir. Það kemur mér satt að segja mjög mikið á óvart að hv. þm. er að gera því skóna að ástæða hafi verið til að taka þannig á málinu.

[15:36]

Fyrirspyrjandi (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það var síður en svo að ég væri að láta liggja að því að konur væru eitthvað verr hæfar til þess að gegna þessu starfi. Ég benti einmitt á það að sú kona sem hér um ræðir hefur fyrir utan almennt dýralæknisnám einnig sérnám. Þar að auki var hún, eins og ég sagði áðan, með helmingi fleiri punkta samkvæmt punktakerfinu heldur en sá maður sem ráðinn var. Mér finnst það skjóta nokkuð skökku við að hæstv. ráðherra viðurkennir það að í gangi séu ákveðnar reglur við veitingu þessara embætta en kýs síðan að brjóta þær reglur þegar hann er að setja í þetta embætti.

Hvað varðar það að margir bændur, yfir 200 bændur, skrifuðu undir þennan undirskriftalista, þá er það vissulega rétt, en það má alveg eins spyrja að því hvort ekki þurfi að gilda ákveðnar reglur og fara eftir þeim. Eigi að breyta þeim er hægt að gera það og fara síðan eftir þeim breytingum en ekki áður en reglunum er breytt. Þessar reglur hafa gilt og ég er alveg sannfærð um það að dýralæknar almennt eru mjög óánægðir með það að þetta skuli hafa verið brotið. Það getur verið spurning hvort hér sé ekki um fleiri brot að ræða. Það er mjög líklegt að þetta verði kært til kærunefndar jafnréttismála og einnig til siðanefndar Dýralæknafélagsins vegna þess að umsækjandi sem veit um það að undirskriftalisti er í gangi honum til stuðnings á líklega að stöðva það þar sem það er ekki samkvæmt þeim reglum sem notaðar hafa verið við að leggja inn umsóknir, sem hæfnisnefnd á síðar að fjalla um, að þeim umsóknum fylgi undirskriftalistar viðkomandi. Þó að ég segi þessi orð er ég ekki að kasta rýrð á þann mann sem hefur verið ráðinn. Ég þekki hann ekki að neinu, hvorki góðu né illu, en ég tel að hér hafi verið brotið freklega á þeirri konu sem sótti um þetta embætti.

[15:38]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mér finnst hv. þm. tala mjög mikið um þá menn sem sóttu um þetta starf en málið snýr líka að bændunum í Mýrasýslu. Það hefur komið fram að vilji þeirra stendur mjög sterklega til þess að sá maður sem þar hefur verið praktiserandi verði skipaður héraðsdýralæknir. Mér finnst þetta mál með öðrum orðum ekki vera einkamál landbrh. og dýralækna. Mér finnst bændur koma einnig að málinu. Mér finnst svolítið grunnt að taka málið upp á þessari forsendu þegar það liggur fyrir og er alveg viðurkennt að ástæðan fyrir því að ég veitti Gunnari Gauta stöðuna var sá sterki stuðningur sem hann hafði frá bændum og þau fjölmörgu viðtöl sem bændur höfðu við mig af þessu máli og lögðu meira að segja leið sína upp í ráðuneyti, bæði landbrn. og samgrn. til að fylgja því eftir. Það er því ekki verið að tala hér um kynferði. Það er ekki heldur verið að tala um aðra eiginleika en þá að þessi dýralæknir nýtur sérstaks trausts bænda á þessum stað.

Ég vil segja um punktareglurnar að þær eru til viðmiðunar. Það er ráðherra sem ber ábyrgðina og auðvitað verður hann að taka ákvörðun um það hvort hann vilji heldur hlíta punktareglunum í blindni eða fara eftir vilja bændanna í þessu tilviki.

Ég vil svo að síðustu segja að það er óhjákvæmilegt eftir fengna reynslu að endurskoða punktareglurnar. Sá misskilningur hefur komið upp að þessar punktareglur séu hæfnisreglur. Það er ekki svo að dýralæknar séu með sinni niðurstöðu að meta hæfni viðkom-

andi lækna, málið er ekki þannig vaxið. Á hinn bóginn get ég vel skilið það að fulltrúar Kvennalistans á Alþingi standi upp af þessu tilefni vegna þess að þeir telja að hvernig sem á stendur og hvernig sem aðstæður eru, ef inntökuskilyrði eru sambærileg, þá beri konan að sitja fyrir.

[15:41]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Það er alveg rétt að við fulltrúar Kvennalistans reynum að vinna að bættum hag kvenna og auka þeirra hlut. Í þessu tilviki var ótvírætt um að ræða mjög hæfan umsækjanda ef ekki þann hæfasta sem sótti um. Ég ætla hins vegar ekki að dæma um það þannig að í því tilviki erum við ekki að tala um að það sé verið að hygla konum fram yfir aðra heldur er í þessu tilviki, held ég, um að ræða mjög hæfan umsækjanda þannig að ráðherra hefði ekkert sett niður við það að ráða þarna hæfa konu. Fyrir utan það að mjög fáar konur eru í þessari stétt, ef ég hef réttar upplýsingar, þá eru þrjár konur af 26 í slíkum stöðum þannig að það hefði verið mjög við hæfi. Það er spurning hvort það sé þá ekki rétt að fara að skoða þessar punktareglur, ef ráðherra telur að ekki eigi að fara eftir þeim reglum, og það sé þá kosið í héraði. Er það það sem verið er að tala um? Ég gat ekki betur heyrt en ráðherrann teldi að punktareglurnar ættu ekki lengur rétt á sér.

Lánasjóður íslenskra námsmanna.

Fsp. VS, 509. mál. — Þskj. 782.

[15:42]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fyrirspurn á þskj. 782 til hæstv. menntmrh. um áhrif breytinga á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna og hljóðar fyrirspurnin svo, með leyfi forseta:

„1. Hefur ráðherrann skipað samstarfshóp til að fara yfir áhrif breytinganna á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna frá 1992?

2. Ef svo er, hverjir skipa hópinn og hvenær er honum ætlað að skila áliti?

3. *Hvernig hyggst ráðherrann bregðast við niðurstöðu samstarfshópsins?*"

Ástæða þess að ég kem hér fram með þessa fyrirspurn er m.a. frétt sem kom í blaði stúdenta fyrir um það bil tveimur mánuðum síðan. Þar er yfirskriftin og haft eftir hæstv. menntmrh., með leyfi forseta: „Útiloka ekki breytingar á LÍN." Þar segir m.a. að stúdentar bindi miklar vonir við þriggja manna samstarfshóp sem hæstv. menntmrh. Ólafur G. Einarsson hafi skipað til að fara yfir áhrif breytinganna á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna. Það er vitnað í hæstv. ráðherra að hann hafi sagt í samtali við háskólann, Stúdentafréttir, að honum hafi líkað illa hvað mikið hafi borið á milli að mati talsmanna stúdenta og meiri hlutans í stjórn LÍN á áhrifum laganna. Svo segir hann orðrétt, með leyfi forseta:

„Menn hljóta að geta komist að sameiginlegri niðurstöðu þegar þeir setjast niður og ræða málið."

Og ráðherra sagði fleira. Hann sagði að hann hefði aldrei útilokað breytingar á lánasjóðnum og það væri hugsanlegt að gerðar yrðu einhverjar breytingar í ljósi þeirrar reynslu sem fengist hefði af nýju lögunum jafnvel þótt tiltölulega stutt væri liðið frá gildistöku þeirra. Þetta fannst mér ákaflega góðar fréttir og ástæða til þess að forvitnast meira um þessa nefnd því að sannleikurinn er sá að ég hafði grun um að hún hefði ekki komið saman. Hvað sem því veldur þá gæti kannski hæstv. menntmrh. sagt okkur hver á að kalla hana saman o.s.frv.

Ég hef sjálf viljað standa í þeirri meiningu að það gæti látið sig gerast á hv. Alþingi á síðasta ári þessa *kjörtímabils* að hæstv. *menntmrh.* skoðaði nú hug sinn að nýju því að sannleikurinn er sá að ýmislegt sem var breytt með þessum nýju lögum fyrir tveimur árum sparar ekki nokkurn skapaðan hlut fyrir sjóðinn. Það er ekki til annars en að gera stúdentum erfiðara fyrir eftir því sem maður best getur séð og ég veit bara af kynnum mínum við hæstv. menntmrh. að þegar hann áttar sig á því mun hann taka þetta mál til alvarlegrar athugunar með það í huga að ná fram breytingum.

[15:45]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Starfshópurinn hefur ekki verið skipaður. Á fundi með námsmönnum í Háskóla Íslands sl. haust komst ég svo að orði að leitt væri til þess að vita að upplýsingar frá Lánasjóði ísl. námsmanna og fulltrúum námsmanna um staðreyndir bæri oft og tíðum ekki saman. Ég varpaði því fram þeirri hugmynd að til greina kæmi að skipa starfshóp sem færi yfir hvaða áhrif ný lög um LÍN hafi haft, m.a. á sókn manna í lánshæft nám o.s.frv. Auðvitað er reynslutími laga nr. 21/1992 skammur. Hann er í raun aðeins rúmlega eitt skólaár og þyrfti starfshópurinn því í vinnu sinni að hafa hliðsjón af þessum skamma reynslutíma.

Þá er spurt ef starfshópurinn hafi verið skipaður hvenær honum væri ætlað að skila áliti. Ég nefndi við fulltrúa frá Stúdentaráði Háskóla Íslands að mér þætti rétt að skipa í slíkan starfshóp menn frá Lánasjóði ísl. námsmanna, formann stjórnar og framkvæmdastjóra sjóðsins nefndi ég og formann Stúdentaráðs. Framkvæmdastjóri Lánasjóðs ísl. námsmanna tjáði mér seinna að hann teldi ekki rétt að hann eða aðrir starfsmenn sjóðsins tækju sæti í slíkum starfshópi þótt eðlilega yrði leitað til þeirra um upplýsingar sem hópurinn taldi sig þurfa í starfi sínu. Þá ræddu fulltrúar *námsmannasamtaka við mig og lýstu þeirri skoðun* sinni að það væri óeðlilegt að ekki kæmu önnur námsmannasamtök en Stúdentaráð, t.d. SÍNE og BÍSN, að þessu starfi. Ég hef þess vegna hugsað mér að ræða betur við þessi samtök áður en ég tek frekari ákvarðanir í þessu máli. Ég hef raunar fengið bréf frá samstarfsnefnd námsmannahreyfinganna þar sem samstarfsnefndin tilnefnir einmitt Pál Magnússon sem fulltrúa sinn í samstarfsnefndina og sem ég hafði ætlað mér að skipa í starfshópinn.

Það er augljóslega ekki tímabært að gefa yfirlýsingar um hvernig brugðist verður við áliti starfshóps sem ekki hefur verið formlega skipaður og ekki liggur fyrir hvernig áliti muni skila en í þessu sambandi vil ég benda á að það er úr lausu lofti gripið að með þessari hugmynd um starfshópinn hafi ég gefið í skyn að nýsettum lögum um LÍN þyrfti að breyta. Ég hef hins vegar aldrei útilokað breytingar eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Og af því að vitnað var frétt í blaði stúdenta og í samtal sem þar var átt við mig, þá átti það samtals sér aldrei stað. Þetta var hins vegar sett upp eins og um viðtal við mig væri að ræða í blaði stúdentanna.

Ég hef lagt á það áherslu að það gæti verið leið til þess að fulltrúar námsmannasamtaka og meiri hluti stjórnar LÍN, skulum við segja, gætu borð saman bækur um staðreyndir og gefið mér rökstutt álit á því hvaða áhrif lögin hafi haft á þeim skamma reynslutíma sem liðinn er frá því að þau voru sett.

Þetta er svar mitt við þessum spurningum. Ég hef ekki fallið frá því að starfshópurinn verði skipaður með fulltrúum frá stjórn lánasjóðsins og samtökum námsmanna. Það liggja að sjálfsögðu fyrir hjá lánasjóðnum ýmsar upplýsingar um áhrif hinna nýju laga og ég veit það að hjá samtökum stúdenta liggja einnig fyrir ýmsar upplýsingar, en eins og ég sagði þá ber þessum upplýsingum ekki alltaf saman og það var ástæðan fyrir því að ég setti fram þessa hugmynd.

[15:50]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli en erindi mitt hingað í pontuna er fyrst og fremst það að brýna ráðherrann til þess að skipa þennan hóp því að ég held að það sé mjög brýnt að fylgjast náið með þeim áhrifum sem breytingin á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna hefur og mun hafa.

Vandinn í þessu máli er sá að afleiðingarnar munu vera að koma fram, ekki bara núna á fyrstu tveimur, þremur árunum heldur á mörgum, mörgum árum. Því miður munum við standa frammi fyrir því að margt ungt fólk sem nú er að taka lán mun enda með mjög erfiða greiðslubyrði á sínum herðum. Því er nú haldið fram að þetta fólk muni eiga afar erfitt með að komast inn í húsnæðiskerfið, ekki síst vegna þeirrar þróunar sem hefur orðið á atvinnumarkaði. Og það er spurningin um hvers konar hagstjórn þetta er að vera að gera fólki erfiðara fyrir að stunda nám þegar jafnerfitt er að fá vinnu og raun ber vitni.

[15:51]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég neita því ekki að ég varð fyrir nokkrum vonbrigðum með svör hæstv. menntmrh. en ég þakka engu að síður fyrir þau. Nú heitir þetta bara að hafa sett fram hugmynd en ég lýsi þó ánægju með það að hann er ekki fallinn algerlega frá þeirri hugmynd að setja á laggirnar starfshóp sem fari yfir þessi mikilvægu mál.

Það sem ég vil láta koma fram, hæstv. forseti, eru þau þrjú atriði sem eru óásættanleg. Það er hin margumtalaða 6. gr. um eftirágreiðslurnar. Ég veit ekki hvort hæstv. menntmrh. veit það að þeir fjármunir sem sjóðurinn þarf að deila út í auknum lánum vegna vaxtanna eru 30–40 millj. en það er nánast sama upphæðin og allt fjaðrafokið varð út af og 6. gr. er afleiðing af. Nefnilega það að það hafi verið um 50 millj. á ársgrundvelli sem nemendur vanreiknuðu tekjur sínar og fengu of mikil lán. En samt sem áður voru 90% endurgreidd á sama ári. En það voru þessar 50 millj. sem allt snerist um hérna um árið.

Um endurgreiðslurnar er svo aftur það að segja að þær eru ekki komnar til framkvæmda. En eins og þetta er í dag, þá þarf fólk að borga 3,75% af sínum launum og þó að það sé ekki hærri prósenta en þetta, þá veldur hún því að fjöldinn allur ræður ekki við endurgreiðslurnar. Það eru beiðnir á borði stjórnar á hverjum fundi um það að taka á þessu og veita undanþágu, hvað þá þegar þetta er orðið 5% og síðan 7% eins og kveður á um í lögunum sem eru 10% af ráðstöfunartekjum. Þetta getur náttúrlega ekki gengið.

Út af dagskrá var tekið 3. mál.

Fundi slitið kl. 15:54.

---

121. FUNDUR

mánudaginn 28. mars,
að loknum 120. fundi.

Dagskrá:

1. Ofbeldi gegn konum á Íslandi, þáltill., 269. mál, þskj. 324. — Fyrri umr.
2. Rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 320. mál, þskj. 511. — Fyrri umr.
3. Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 321. mál, þskj. 512. — Fyrri umr.
4. Áfengislög, frv., 360. mál, þskj. 552. — 1. umr.
5. Framhaldsskólar, frv., 373. mál, þskj. 568. — 1. umr.
6. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 392. mál, þskj. 591. — 1. umr.
7. Leit að verðmæta- og atvinnuskapandi verkefnum, þáltill., 413. mál, þskj. 618. — Fyrriumr.
8. Kynning á ímynd Íslands erlendis, þáltill., 414. mál, þskj. 619. — Fyrri umr.
9. Almannatryggingar, frv., 418. mál, þskj. 626. — 1. umr.
10. Ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu, þáltill., 419. mál, þskj. 628. — Fyrri umr.
11. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv., 420. mál, þskj. 629. — 1. umr.

12. Átak við að koma raflínum í jarðstreng, þáltill., 421. mál, þskj. 630. — Fyrri umr.
13. Tollalög, frv., 426. mál, þskj. 636. — 1. umr.

Rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði, fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 320. mál. — Þskj. 511.

[15:55]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði sem er 320. mál þingsins á þskj. 511. Meðflm. með mér að þessu máli eru hv. þm. Pálmi Ólason, Valgerður Sverrisdóttir og Steingrímur J. Sigfússon. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela Orkustofnun að kanna til hlítar með borun rannsóknarholu háhitasvæði það sem verulegar líkur eru taldar vera á að sé að finna í söndum Öxarfjarðar og Kelduhverfis."

Í greinargerð segir að á vegum Orkustofnunar hafa verið gerðar rannsóknir í Öxarfjarðarhéraði sem benda til þess að verulegar líkur séu á því að á söndum Öxarfjarðar og Kelduhverfis sé öflugt háhitasvæði. Hér er um að ræða viðnámsmælingar, mælingar á efnahita, mælingar á útgeislun jarðskjálftaorku og notkun reiknilíkana. Niðurstöður rannsóknanna benda allar í þá átt að miklar líkur séu á því að á austurbakka Bakkahlaups í Kelduhverfi sé háhitasvæði sem sé a.m.k. 10 km^2 stórt. Að hluta til er þetta jarðhitakerfi í setlögum og er það einstætt meðal íslenskra háhitasvæða og því talið varhugavert að yfirfæra reynslu af öðrum háhitasvæðum yfir á svæðið við Bakkahlaup.

Til að ganga úr skugga um það hvort tilgátur um öflugt háhitasvæði á þessum slóðum reynast réttar er talið nauðsynlegt að bora rannsóknarholu á hitasvæðinu við Bakkahlaup, allt að 1.200–1.500 metra djúpa, og hugsanlega aðra rannsóknarholu við Skógalón. Rannsóknarhola við Skógalón gæti jafnframt varpað ljósi á uppruna lífræna gassins sem þar hefur fundist.

Virðulegi forseti. Þessi till. til þál. er hluti af tillögum sem sá sem hér talar hefur flutt um rannsóknir á náttúruauðlindum. Sú leið hefur verið farin að beina athyglinni að ákveðnum landsvæðum og ákveðnum auðlindum þó að sú leið hafi verið farin í annarri þingsályktun að beina athyglinni að náttúruauðlindum á landinu í heild. Það er gert vegna þess að 1. flm. þessarar tillögu og væntanlega einnig meðflm. hans telja að það sé skynsamlegt að beina athyglinni að ákveðnum orkulindum og ákveðnum möguleikum, ekki síst þegar um er að ræða tiltölulega mikið dreifbýli þar sem atvinnulíf er fábreytt en á sama tíma er þar að finna mjög veruleg orkusvæði í jörðu.

Ég legg til að að lokinni fyrri umræðu um þáltill. verði henni vísað til síðari umr. og til hv. iðnn.

[15:59]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Mig langar til að leggja örfá orð inn í þessa umræðu um till. til þál. um rannsóknir á háhitasvæði í Öxarfjarðarhéraði. Ég þakka hv. 1. flm. og öðrum flm. tillögunnar fyrir það að hreyfa þessu máli og koma með það til umræðu á hv. Alþingi. Vissulega ber að undirstrika það sem kom m.a. fram í máli hv. frsm. Tómasar Inga Olrich að það er þörf á því að skoða nýtingu allra okkar orkulinda og leita allra leiða til að nýta þær til þess að lífga svolítið upp á okkar annars fábreytta atvinnulíf. Það á ekki bara við á því svæði sem hér er verið að tala um. Þar er vissulega fábreytt atvinnulíf sem ekki síst nú um þessar mundir á í verulegum erfiðleikum þar sem þar er m.a. sauðfjárrækt ein aðalatvinnugreinin sem hefur dregist verulega saman á undanförnum árum eins og allir þekkja og landbúnaður þar þess vegna dregist saman einnig. En þar hafa á hinn bóginn líka komið upp nýir möguleikar. Á Öxarfjarðarsvæðinu eru fiskeldisstöðvar sem hafa sýnt að það er vissulega hægt að brjóta upp á nýjum verkefnum og það væri ekki auðvelt og er ekki auðvelt að ímynda sér hvernig atvinnulífið liti út á þessu svæði nú ef þar væri þó ekki verulegur hluti íbúanna í vinnu við og með tekjur af fiskeldinu sem þar fer nú fram.

En það má vissulega margt fleira hugsa sér að gera ef það reynist svo að þarna sé um að ræða nýtanlegt háhitasvæði og það kæmi í ljós við ítarlegar rannsóknir. Ég tala nú ekki um ef það yrði, eins og nefnt er í lokamálsgrein greinargerðar, varpað ljósi á uppruna lífgræns gass sem þarna hefur fundist og væri afar forvitnilegt að fá að vita meira um þá hluti án þess að það sé nokkuð verið að spá í það á þessu stigi hvað gæti komið í kjölfarið. Háhitasvæðið býður upp á mikla möguleika og þó að það sé ekki staðsett hér á eða í nágrenni við mesta þéttbýli landsins þá trúi ég því að þar væri hægt að finna upp á ýmsum nýjungum í atvinnulífi sem gæti styrkt búsetu á þessu landsvæði.

Hitt vil ég svo láta koma fram hér, virðulegur forseti, að það sem skiptir máli í þessu er að það sé til fjármagn eða fjármunir til þess að vinna fyrir. Málið er ekki nýtt í þeim skilningi að þetta hefur auðvitað ítrekað verið til umfjöllunar bæði í hópi þingmanna Norðurl. e., það hefur verið til umfjöllunar í fjárveitinganefnd á árum áður, fjárln. nú, og það hefur auðvitað oftar en einu sinni og oftar en tvisvar einnig verið til umræðu á borði ríkisstjórnar hvernig fara eigi með þessi mál og hvaða fjármunum menn séu tilbúnir til að verja í þessar rannsóknir. Svona borhola eða borholur eru kostnaðarsamar. Ég hef ekki tölur fyrir framan mig og þær eru ekki tilgreindar hér í greinargerðinni. E.t.v. hefur hv. 1. flm. og frsm. tillögunnar þær í sínum fórum til að upplýsa okkur um það hér á eftir en það er auðvitað aðalmálið að fjárveitingavaldið sé tilbúið til að leggja í þetta fjármuni og sé tilbúið til að veita Orkustofnun möguleika eða sem má kannski segja líka að krefjast þess af Orkustofnun að hún raði verkefnum sínum í þann forgang að þetta verk sé framar á blaði en verið hefur.

Ég minnist þess að hafa hlýtt á forsvarsmenn Orkustofnunar út af fyrir sig lýsa áhuga á því sem fræðimenn að afla frekari upplýsinga um svæðið og um orkuna sem þar kann að leynast en þeir hafa jafnframt látið að því liggja, bæði forsvarsmenn Orkustofnunar og eins forsvarsmenn iðnrn. að það sé auðvitað meiri áhugi að kanna til hlítar háhitasvæði sem eru hér í nágrenni þéttbýlisins á suðvesturhorninu. Það ber ævinlega allt að sama brunni. Það segir nú einhvers staðar í gömlu máltæki að þangað leitar fé sem fé er fyrir. Ég veit ekki hvort það á endilega við í þessu efni en það ber þó að þeim sama brunni að uppbyggingin, framkvæmdirnar, rannsóknirnar og fjármunirnir eru hér og menn eru tilbúnari til þess að verja þeim á þessu svæði hér en í fámennari byggðarlögum sem þó hafa vissulega þörf á því að Alþingi og löggjafinn líti til með þeim möguleikum sem þar kunna að leynast.

Þetta vildi ég nú nefna, hæstv. forseti, og lýsa út af fyrir sig stuðningi mínum við efni þessarar tillögu en jafnframt undirstrika að það er auðvitað fjárveitingavaldið, það er vilji þeirra sem fara með fjármálin á hverjum tíma sem ræður mestu. Ég get þá líka minnt á það að það tók ótrúlegan tíma og ómælda fyrirhöfn að slíta út úr fjárveitingavaldinu endurgreiðslu á láni til heimamanna sem höfðu lagt í þetta rannsóknaverkefni, ég segi bara örfár milljónir króna, ég man ekki hvort þær voru tvær eða þrjár, sem tók mörg ár að fá endurgreitt og bendir það nú til þess að innan fjárveitingavaldsins og þá ekki bara þess meiri hluta sem nú ræður í því efni heldur reyndar áður, hafa þessi sjónarmið því miður verið uppi að menn hafa ekki viljað horfast í augu við það að setja fjármuni í þessar mikilvægu rannsóknir sem ég lýsi eindregnum stuðningi mínum við.

[16:05]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 1. þm. Norðurl. e. fyrir að taka vinsamlega undir það mál sem hér er flutt. Að sjálfsögðu er hér um að ræða viljayfirlýsingu um rannsóknir án þess að fyrir liggi rannsóknaráætlanir og eins og sést hér á greinargerðinni þá er gert ráð fyrir allmiklum sveigjanleika í þessum hugmyndum, í þessari viljayfirlýsingu. Það er talað um eina til tvær rannsóknarholur og að rannsóknarholan við Bakkahlaup verði frá 1.200–1.500 metra djúp. Kostnaðurinn ræðst að sjálfsögðu mjög mikið af þessum forsendum og eðlilegt verður að teljast að ef þessi þáltill. verður samþykkt hér á þinginu þá verði gerð ítarleg rannsóknaráætlun og kostnaðaráætlun með henni og hugsanlega í áföngum, með skiptum kostnaðarliðum eftir áföngum.

Það sem hefur í raun og veru hugsanlega breytt forsendunum fyrir rannsóknum af þessu tagi er það að upp hafa komið efasemdir um nýtingu orkulinda okkar til orkuframleiðslu bæði varmaorku og nýtingu fallvatna. Þessar efasemdir hafa aukist nú upp á síðkastið, ekki síst vegna þess að sá málmiðnaður sem byggist á mikilli orkunotkun hefur látið eftir sér bíða þó að í þeim efnum geti veður breyst skyndilega.

Þá hafa vaknað hugleiðingar um það hvort við getum ekki notað þessar orkulindir okkar með fjölbreytilegri hætti en hingað til hefur verið hugað að. Það hefur t.d. sáralítið verið skoðað hvort við getum á einhvern hátt nýtt jarðhita í þágu ýmissa annarra atvinnugreina. Það hefur t.d. ekki verið athugað hvort við getum nýtt jarðhitann þó kannski sé ekki í miklum mæli í þágu ferðaþjónustunnar eða þá með samtengingu á ferðaþjónustu og heilbrigðisþjónustu, með svokallaðri baðmenningu sem er gífurleg tekjulind víða annars staðar. Það eru sum héruð í Evrópuríkjum sem nýta sér baðmenningu, stundum er það byggt á sérstökum heitum uppsprettum, stundum er það ekki, en þau nýta sér þetta í tengslum við ferðaþjónustu á gífurlega mikilvægan hátt sem er uppsprettulind tekna þar í löndum svo að það skiptir verulegu máli fyrir þjóðarhag þessara viðkomandi þjóða. Ég nefni sem dæmi Þýskaland, Ungverjaland og Frakkland sem hafa nýtt sér slíkan vatnsbúskap alveg sérstaklega í þágu ferðamennskunnar. Þetta höfum við ekki skoðað neitt að ráði og það er full ástæða til þess að huga að því hvort við getum ekki nýtt þó ekki sé í eins stórum mæli eins og við höfum verið að tala um í sambandi við orkufrekan iðnað þessar auðlindir okkar í sambandi við aðrar atvinnugreinar.

Þetta vildi ég kæmi fram og tek undir það með hv. 1. þm. Norðurl. e. að auðvitað skiptir miklu máli að viljayfirlýsingar þingsins finni sér farveg inn í fjárlög og njóti skilnings í þeim.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 321. mál. — Þskj. 512.

[16:09]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði. Þetta er 321. mál þingsins og er á þskj. 512. Meðflm. mínir að þessari þáltill. eru hv. þm. Pálmi Ólason, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Steingrímur J. Sigfússon. Þáltill. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að rannsakaðir verði kostir sem vænlegir eru til nýmæla og þróunar atvinnumála í Öxarfjarðarhéraði með sérstöku tilliti til náttúruauðlinda héraðsins. Rannsóknin miði að því:

að safna saman fyrirliggjandi upplýsingum um náttúruauðlindir í héraðinu og greina þörf fyrir frekari rannsóknir,

að greina vaxtarmöguleika atvinnulífsins í héraðinu,

að gera sérstaka athugun á þróunarmöguleikum ferðaþjónustu í héraðinu og tengslum þessarar atvinnugreinar við uppbyggingu ferðaþjónustu í nágrannabyggðum,

að kanna sérstaklega áætlanir um að veita Jökulsá

á Fjöllum til Austurlands vegna virkjana og áhrif þessara vatnaflutninga á atvinnulíf í héraðinu og þróunarmöguleika þess.

Byggðastofnun verði falið að hafa umsjón með rannsóknarverkefninu í samráði við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og sveitarstjórnir Öxarfjarðarhrepps og Kelduneshrepps."

Í greinargerð segir m.a.:

„Í Kelduhverfi og í Öxarfirði er náttúrufar fyrir margra hluta sakir sérstætt. Héraðið er á virku gosbelti og sprungusvæði þar sem jarðhræringa gætir oft. Þar er að finna jarðhita sem aðeins að hluta til hefur verið kannaður. Lífrænt gas hefur fundist í borholu við Skógalón. Yfirborðsmælingar benda til háhitasvæða á tveimur stöðum í byggð og telur Orkustofnun verulegar líkur vera á því að öflugt háhitasvæði sé að finna á söndum Öxarfjarðar og Kelduhverfis. Boruð var 320 metra djúp hola við Skógalón 1988 og skilar hún í sjálfrennsli 45 lítrum á sekúndu af 97°C heitu vatni. Athuganir benda til að hitaveita frá henni um héraðið sé arðbær. Fram til þessa hefur heita vatnið aðeins verið nýtt til fiskeldis.

Eitt af mestu fallvötnum landsins rennur til sjávar í Öxarfirði. Meðalrennsli í Jökulsá á Fjöllum er 183 rúmmetrar á sekúndu, en áin hefur ekki verið beisluð til orkuframleiðslu. Í Öxarfjarðarhéraði eru mikil verðmæti fólgin í ferskvatni sem þar er í ríkum mæli og aðeins að takmörkuðu leyti nýtt. Í héraðinu eru afar sérstæð náttúrufyrirbæri tengd Jökulsárgljúfrum en hluti þeirra hefur verið gerður að þjóðgarði. Í héraðinu er talsverður náttúrulegur birkiskógur sem hefur heldur farið fram undanfarin ár. Á sama tíma herjar sandfok á gróðurlendið úr suðri. Náttúra héraðsins einkennist því af miklum andstæðum, stórbrotnum roföflum og viðkvæmu gróðurlendi.

Öxarfjarðarhérað er strjálbýlt. Héraðið hefur verið mikið sauðfjárræktarhérað og hefur ekki farið varhluta af samdrætti í þeirri grein. Tilraunir til nýsköpunar í atvinnulífi á sviði fiskeldis, rækjuvinnslu og úrvinnslu sauðfjárafurða hafa staðið yfir í nokkur ár og eru miklar vonir bundnar við þessa starfsemi, en jafnframt talsverð óvissa sem jafnan fylgir nýsköpun í atvinnulífi. Þá er hafin uppbygging ferðaþjónustu sem nýtir sér þá sérstæðu náttúrufegurð sem einkennir héraðið.

Í héraðinu fara því saman miklar orkulindir, mikil náttúrufegurð og viðkvæmt atvinnulíf. Nauðsynlegt er að kanna á hvern hátt hægt er að nýta sem best náttúruauðlindir héraðsins í samræmi við umhverfissjónarmið og ekki síst með það fyrir augum að ekki verði rýrðir möguleikar héraðsins til uppbyggingar ferðaþjónustu.

Í tengslum við uppbyggingu orkufreks iðnaðar og útflutning raforku um sæstreng til Evrópu hafa farið fram athuganir á hagkvæmni þess að veita Jökulsá á Fjöllum til Fljótsdals og virkja rennsli hennar þar. Byggjast þessar athuganir á hugmyndum um mikil uppistöðulón norðan Vatnajökuls og veitumannvirki. Hafa farið fram nokkrar rannsóknir á áhrifum þessara miklu vatnaflutninga á náttúru og umhverfi á öræfum en mjög takmarkaðar rannsóknir sem tengjast þeim héruðum sem Jökulsá fellur um til sjávar eða Öxarfirðinum sjálfum."

Rétt er að geta þess hér að nýlega voru birtar rannsóknarskýrslur um einmitt þetta atriði sem lágu ekki fyrir þegar þetta þingskjal var samið. Áin er talin flytja til sjávar um 5 milljónir lesta af jarðefnum árlega. Þessi jarðefni mundu að miklu leyti setjast í lónum uppi á öræfum ef þessar áætlanir kæmu til framkvæmda. Þó að þessar áætlanir hafi að sjálfsögðu ekki verið samþykktar þá er ekki hægt að neita því að í útreikningum um orkuflutninga erlendis hafa þessar áætlanir að hluta til verið lagðar til grundvallar.

Þær rannsóknir, sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir, munu styrkja forsendur markvissrar atvinnuuppbyggingar í Öxarfirði og auðvelda raunhæft mat á gildi framangreindra hugmynda um vatnaflutninga og að skoða þær í tengslum við almenna kosti á nýsköpun í atvinnulífi.

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem snertir almennar rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði. Ég tel að það sé mjög brýnt að menn gangi í rannsóknir af þessu tagi með ákveðin umhverfissjónarmið í huga en gæti þess jafnframt að slík umhverfissjónarmið séu ekki leidd í slíkt öndvegi að þau skyggi á alla aðra umræðu um atvinnuuppbyggingu í héraðinu. Það er mjög brýnt að menn gangi í rannsóknir af þessu tagi með það fyrir augum að við nýtum okkur náttúru landsins, við nýtum okkur jafnvel viðkvæma og fagra ferðamannastaði með þeim hætti sem við teljum skynsamlegt og ef í það er gengið með það fyrir augum að spilla ekki þeim náttúrulegum gæðum sem þar eru fyrir, þá getur slík atvinnuuppbygging verið af hinu góða og er af hinu góða. Þegar atvinnuuppbygging héraðs eins og Öxarfjarðarhéraðs á í hlut, þá er rétt að taka þetta fyrir á mjög almennan hátt þannig að sem flestir kostir séu skoðaðir.

Ég vil leggja það til að að lokinni þessari fyrri umræðu verði þessu máli vísað til síðari umræðu og hv. iðnn. Ég viðurkenni það að vísu að það orkar tvímælis til hvaða nefndir á að vísa máli af þessu tagi vegna þess að í þeim rannsóknum sem hér er verið að tala um er verið að fara inn á svið sem heyrir undir mjög margar nefndir þingsins en mín tillaga er sú að þessu máli verði vísað eftir fyrri umræðu til hv. iðnn.

[16:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Sem einn af flm. þessarar tillögu ætla ég að leggja hér örfá orð í belg. Ég held að á þessu svæði séu bæði staðhættir og atvinnuhættir þess eðlis að það sé bæði rétt og æskilegt að hið opinbera hafi ákveðið frumkvæði í samvinnu við heimamenn til þess að kanna möguleika þessa svæðis. Hér er um að ræða verkefni sem er það yfirgripsmikið að það er ofviða heimamönnum en árangur af því gæti hins vegar orðið af þeirri stærðargráðu að það kæmi mörgum öðrum til góða en þeim sem búa einmitt á þessu svæði.

Í mínum huga er ekki nokkur vafi á því að hér er

verið að fjalla um landsvæði þar sem m.a. eru náttúruperlur sem eiga sér ekki samjöfnuð hvort sem við leitum innan lands eða förum víðar og þarna eru einmitt einnig ýmsir möguleikar fólgnir í náttúrunni sem er sjálfsagt að kanna og þróa frekar.

Ég tel að það sem lægi beinast við þarna og geti skilað sér kannski fyrst sé það sem tengist ferðamálum og þarna sé mikill akur óplægður hvað það snertir. Það er svo að fram undir þetta hefur þetta svæði fyrst og fremst þjónað þeim tilgangi að það hefur verið mikið gegnumrennsli ferðamanna en mjög lítið um það að þeir stoppi þarna til lengri dvalar. En eins og ég sagði áður þá býður þetta svæði upp á ótal möguleika hvað það snertir. Það tengist reyndar einu máli sem hefur komið á borð okkar þingmanna kjördæmisins þar sem hefur verið frumkvæði heimamanna að koma upp 9 holu golfvelli á túnunum í Ási við Ásbyrgi sem gæti á margan hátt orðið einstæður sem slíkur, en því miður, þar strandar á því sem ég vil leyfa mér að segja hér ótrúlegri stífni Náttúruverndarráðs sem virðist, ég vil leyfa mér að segja það, virðulegi forseti, þar virðast margir vera þeirrar skoðunar að um þessar helstu náttúruperlur okkar megi enginn fara nema þeir séu í elítunni og helst ekki ganga um nema berfættir. Mér finnst þetta sjónarmið því miður allt of mikið uppi, að það sé ekki hægt að treysta hinum almenna borgara þessa lands til þess að umgangast náttúruna með þeirri virðingu sem nauðsynleg er. En það er hins vegar að mínu mati ekkert annað sem getur tryggt náttúruvernd verðugan sess í þjóðarsálinni en það að kenna fólkinu og leyfa því að umgangast náttúruna og þar á meðal okkar dýrmætustu perlur á því sviði.

En þetta nefni ég af því að þetta tengist þessu en þar hefur verið sýnd ótrúleg stífni og menn bera fyrir sig rök sem síðan eiga sér enga stoð í raunveruleikanum þegar eftir er leitað.

Ég ætla að nefna annan þátt í þessu sambandi sem er sérstaklega nefndur í þessari tillögu og það eru áhrifin af vatnsflutningunum. Maður hélt nú fyrir nokkrum árum að þessi hugmynd um að flytja Jökulsá á Fjöllum austur á landi væri komin út af borðinu og við þyrftum ekkert að ræða um hana á næstunni. Í mínum huga er reyndar hugmyndin um rafstrenginn þess eðlis að það eru ekki miklar líkur á að af þessu verði. En ég held að það sem þarna sé um að ræða sé í raun svo augljóst að það þurfi nánast ekki að ræða það hvaða áhrif það mundi hafa að flytja vatnsfall af þessari stærðargráðu milli landshluta og það gæti kannski sparað bæði mikinn tíma og pening að taka þá hugmynd út af borðinu sem fyrst.

Að vísu hefur hv. 1. þm. Norðurl. e. oft nefnt það í því sambandi þegar rætt er um rafstrenginn til Evrópu að hann liggi í báðar áttir. Þarna kunni að leynast einn ákveðinn kostur og hann sé sá að okkur standi þá til boða ódýrari raforka en við búum við í dag ef búið væri að koma þessari tengingu á. En þá þurfum við líka ekki á því að halda að flytja vatn á milli landshluta.

[16:23]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins koma inn á það sem kom fram í máli hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar að það er rétt hans mat að það skiptir mjög miklu máli að á uppbyggingu ferðaþjónustu í Öxarfjarðarhéraði verði litið sem lið í uppbyggingu ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum og raunar á Norðurlandi almennt því að það er slík uppbygging, samtenging á ferðaþjónustusvæðum, sem skiptir mestu máli fyrir ferðaþjónustuna í heild. Við höfum ekki skoðað uppbyggingu ferðaþjónustunnar nógu mikið með skilningi á þessum tengslum milli ákveðinna þjónustusvæða. Það vill svo til að ég er að skoða núna skýrslu sem er dönsk og fjallar sérstaklega um ferðaþjónustu í Danmörku. Í henni er lögð áhersla á það hversu háð svæðin séu, þótt þau séu í raun og veru í samkeppni, þá séu þau líka háð hvert öðru um uppbyggingu ferðaþjónustunnar í heild. Og því meira sem markaðssamstarfið er og að sjálfsögðu því meiri sem samkeppni er þeim mun meiri eru lífsmöguleikar greinarinnar í heild. Þetta er nú eitt af því athyglisverðasta sem kemur fram í þessari skýrslu auk margs annars. Þetta er því hugsað þannig að t.d. Húsavík njóti góðs af því ef ferðaþjónustan í Öxarfjarðarhérði vex og það sé hægt að hugsa sér að það væri til styrkingar ferðaþjónustu líka í Mývatnssveit ef þarna verður um að ræða samfellt þjónustusvæði í þessari atvinnugrein.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég koma aðeins inn á það að ég er að vísu þeirrar skoðunar að sú tíð sé liðin að vatnaflutningar af þessu tagi verði skoðaðir eingöngu út frá möguleikum á orkumannvirkjum, en það vill svo til að það hafa verið til verulegir fjármunir til að skoða þessa virkjunarmöguleika en hins vegar hafa fjármunir til að skoða aðra atvinnuuppbyggingu og líka umhverfisþættina sem tengjast þessum orkumannvirkjum verið takmarkaðir og hættan í þessu máli er í raun og veru fólgin í því að það hefur tekist að sýna fram á það tölulega að þessir virkjunarkostir sem byggjast á vatnaflutningunum eru með allra hagstæðustu virkjunarkostum sem til eru á Íslandi. Það er hættan miðað við atvinnuástand okkar nú. Ef eftirspurn verður eftir þessari orku þá mun það ýta undir verulegan þrýsting á þessi mál. Þá skiptir miklu máli að vera búinn að skoða þau í víðara samhengi áður en til þess kemur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Evrópska efnahagssvæðið, 538. mál, stjfrv., þskj. 842.

Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, 41. mál, nál. fjárln., þskj., 838; brtt. fjárln., þskj. 839.

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, 537. mál, stjtill., þskj. 841.

Húsaleigulög, 144. mál, nál. félmn., þskj. 835; brtt. félmn., þskj. 836.

Störf yfirskattanefndar, 534. mál, fsp. ÁRÁ, þskj. 833.

Áfengislög, 1. umr.

Frv. RG og PBald, 360. mál (viðvörunarmerki á umbúðir). — Þskj. 552.

[16:27]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, og er frv. á þskj. 552. Flm. eru Rannveig Guðmundsdóttir og Petrína Baldursdóttir. 1. gr. frv. hljóðar svo:

„Við 13. gr. laganna bætist ný málsgrein, er verður 2. mgr., og orðast svo:

Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins skal að höfðu samráði við landlæknisembættið og Umferðarráð merkja allar umbúðir undir áfengi, sem selt er í útsölum hennar, með viðvörun þar sem fram kemur að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti valdið fósturskaða og að neysla áfengis og akstur ökutækja fari ekki saman.“

Í greinargerð kemur fram að Íslendingar voru meðal fyrstu þjóða sem lögleiddu að merkimiðar með varnaðarorðum um skaðsemi tóbaks væru settir á allar tóbaksumbúðir. Þetta framtak vakti athygli víða um lönd og enda þótt erfitt sé að mæla bein áhrif slíkra viðvarana eru flm. sannfærðir um að slík varnaðarorð hafa bæði bein og óbein áhrif.

Frv. um að merkja áfengisumbúðir með viðvörunum um að áfengi geti valdið fósturskaða og að akstur og áfengisneysla eigi ekki samleið hefur áður verið flutt en varð eigi útrætt.

Akstur og áfengi fer ekki saman. Um það þarf varla að fjölyrða, enda hefur áróður gegn því að aka bíl eftir að hafa haft áfengi um hönd verið aukinn undanfarin ár. Að skaðast sjálfur í umferðaróhappi eftir að neyta áfengis er vissulega áfall og þeim sem í því lendir lærdómsríkt. En að valda slysi og öðrum skaða eða jafnvel fjörtjóni er byrði sem er afar þung að bera, ekki síst við slíkar ólánsaðstæður. Það er fjölmargt sem styður það að mínu mati að hafa viðvörunarorð á umbúðum undir áfengi um að akstur og áfengi fari ekki saman. Þetta er ekki spurning um vitneskjuna heldur áminninguna sem getur skipt sköpum á viðkvæmri stund.

Fósturskaðar af völdum áfengis voru mikið til umræðu fyrir áratug og hafa síðan stöðugt verið í umfjöllun en eins og kunnugt er hafa með rannsóknum fengist óyggjandi sannanir fyrir skaðsemi þess fyrir fóstur. Erlendar tíðnitölur sýna að eitt af hverjum 750–1.000 fæddum börnum séu alvarlega skemmd af þessum sökum. Tíðnitölur eru ekki þekktar hérlendis, en vitað er um nokkur börn sem eru sköðuð.

Í Bandaríkjunum var fyrir 5 árum lögleitt að viðvaranir um skaðsemi áfengis skuli vera á öllum áfengisumbúðum og er þar ekkert undanskilið, hvorki létt vín né áfengur bjór. Viðvörunin á áfengisumbúðum í Bandaríkjunum er svohljóðandi:

„Opinber viðvörun.

1. Að ráði landlæknis ættu barnshafandi konur ekki að neyta áfengis sökum hættu á fósturskaða.

2. Áfengisneysla dregur úr ökuhæfni og hæfileika til að stjórna vélum og kann að valda heilsutjóni.“

Íslenskt áfengi sem selt er í Bandaríkjunum er með viðvörunum eins og að ofan greinir. Annars væri sala á því ekki leyfð. Ekki verður séð að neinir tæknilegir örðugleikar séu samfara því að merkja áfengi sem selt er hér á landi með viðlíka hætti og nú er lögboðið í Bandaríkjunum. Merkingu áfengisumbúða kann að fylgja nokkur kostnaður en sé ráð fyrir þessu gert strax við prentun merkimiða hlýtur sá kostnaður að vera hverfandi lítill.

Þó umfjöllun á opinberum vettvangi um áfengi og áhrif neyslu þess á vanfærar konur hafi verið mun minni en fyrir áratug þegar mjög mikið var rætt og ritað um þessi mál hefur á engan hátt dregið úr mikilvægi þess að konur séu þess meðvitaðar að áfengi og meðganga fari ekki saman. Hjá landlæknisembættinu liggur frammi bæklingur með fræðslu um þessi mál og þar segir að niðurstöður rannsókna sýni svo ekki verði á móti mælt að áfengisneysla barnshafandi kvenna geti skaðað fóstrið varanlega. Þar segir líka að margt bendi til þess að börn geti þegar í móðurkviði ánetjast áfengi. Áfengi geti truflað vöxt og þroska fóstursins, einkum eru heila- og miðtaugakerfi viðkvæm. Afleiðingar eru t.d. skert greind barnanna og erfiðleikar þegar að skólagöngu kemur.

Það segir líka að börnin séu stundum ofvirk framan af ævi og eigi í erfiðleikum með stjórn vöðva og tal. En í alvarlegustu tilvikum eru skemmdirnar augljósari og kemur fram í sérstökum útlits- og líffæraeinkennum ásamt vaxtarseinkun. Því er ósvarað hvers vegna vínandi eða áfengi skaðar fóstrið, hve mikils magns má neyta, hvort fóstri er hættara á einu tímabili en öðru. Því er jafnframt enn ósvarað hvers vegna áfengi skaðar sum fóstur en önnur ekki. Hvernig á þá að svara spurningu verðandi móður: Hvað má ég fá mér mikið í glas til að vera með en verða örugg varðandi barnið mitt?

Það hefur verið sýnt fram á að um 10% kvenna drekka um það bil 60% þess áfengis sem konur samtals neyta. E.t.v. má segja að tíundi hluti kvenna sé í að segja má þungri drykkju. Samkvæmt könnun sem Hildigunnur Ólafsdóttir gerði á sínum tíma er algengast að konur neyti víns frá kynþroskaaldri og fram yfir miðjan aldur en að stærstum hluta er þetta einmitt frjóvgunartímabil kvenna. Miðað við þessar staðreyndir, 10% kvenna, stærð í árgangi og fjöldann sem neytir áfengis um helgar má leiða að því líkur að um 200–400 fóstur verði fyrir áhrifum um næstu helgi. Og miðað við erlenda tíðni þýddi það að eitt til tvö þeirra væru í hættu, þ.e. mundu skaðast.

Sem betur fer er það svo að miðað við tíðnitölur þekktar úr rannsóknum erlendis frá ættum við að búa við meiri skaða en þekkt er hérlendis. Skýringin er óþekkt en full ástæða er til að vera þakklát fyrir að

ekki er vitað um sömu tíðnitölur hjá okkur.

Margir telja að neysluvenjur okkar séu að breytast. Fleiri séu að neyta áfengis en e.t.v. í minna magni, þ.e. minna um svokölluð fyllerí ef manni leyfist að nota slíkt orð en meira svona á vissan hátt sullað í víni. Sú kynslóð kvenna sem nú er nýkomin af barneignaaldri bjó að mestu við öðruvísi áfengisneyslu. Áfengis var neytt sjaldan og frekast að verið væri með sterk vín um hönd. Léttra vína var helst neytt við sérstök tækifæri og fremur fátítt. Margt virðist að breytast í neyslumenningu okkar, einnig hvað þetta varðar. Viðhorfin eru önnur hjá unga fólkinu og virðast líkari því sem hefur viðgengist t.d. í Evrópu. Það mun vera mun eðlilegra í dag en fyrir einum að ég tali ekki um tveimur áratugum að eiga bjór eða vín og áfengi almennt á heimlinu. Þetta getur þýtt að við séum að sigla hraðbyri inn í mynstur með aukinni tíðni þess að alvarlegar afleiðingar geti fylgt neyslu sem hefur komið í ljós hjá öðrum þjóðum. Það eru engin örugg mörk til eða þekkt. Það þarf e.t.v. lítið til að hafa áhrif á frumu sem er í skiptingu. Er eitt glas af víni á dag verra en sjö glös einu sinni í viku? Því er ekki hægt að svara. Hittir þetta glas e.t.v. á tíma sem er afdrifaríkur?

Það sem er grundvallaratriði varðandi áfengi og meðgöngu er að fóstrið er í beinu blóðsambandi við móður. Það er sama áfengismagn í blóði fósturs og móður. Ef móðir neytir áfengis eftir fæðingu þá fær barnið miklu minna áfengismagn í sig gegnum mjólkina. Það er margföld þétting búin að eiga sér stað á við hið beina blóðsamband við barn í móðurkviði.

Virðulegi forseti. Allar kannanir og rannsóknir sýna óyggjandi fram á skaðann. Tilraunir gerðar á dýrum sýna jafnframt sömu niðurstöðu. Hin almennu rök fyrir því að vera með fyrirbyggjandi aðgerðir vegna sjúkdóms eru þessar:

1. Að afleiðing sjúkdóms sé slæm.
2. Að tíðnin sé ákveðið mikil á afleiðingum.

Versta afleiðing af því sem ég hef hér rakið er þroskaheftur einstaklingur. Tíðnin er trúlega meiri en 1:1000. Hin afgerandi fyrirbyggjandi aðgerð er einföld, að hætta einfaldlega neyslu áfengis á meðgöngutíma. Þess vegna teljum við flm. þessa frv. að áminningin sem felst í viðvörun á áfengisumbúðum sé þess virði að hún verði framkvæmd og leitum stuðnings hv. Alþingis við að þetta góða mál nái fram að ganga.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og allshn.

[16:38]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu og þakka flm. fyrir að koma með þetta mjög svo þarfa og merkilega mál inn í sali þingsins. Mér varð hugsað til þess meðan ég hlustaði á framsöguræðu hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að það er mjög umhugsunarvert fyrir okkur konur að baráttan gegn áfengi var eitt helsta mál kvenréttindabaráttunnar á 19. öld og reyndar fram yfir miðja þessa öld. Síðan hafa orðið miklar breytingar á lifnaðarháttum og eins og ég hef stundum orðað það við konurnar, ég undanskil ekki sjálfan mig, við höfum tekið upp ósiðina eftir körlunum.

Grikkir höfðu sér það lífsviðhorf að allt er best í hófi og það er kannski ekki ástæða til þess að amast algerlega við áfengisdrykkju kvenna, en það er samt umhugsunarvert hversu mjög hún hefur aukist og ekki síst að það þarf að fræða konur miklu meira um áhrif áfengis heldur en hefur verið gert vegna þess að áfengi hefur bæði önnur áhrif á konur en karla og rannsóknir hafa sýnt að konur þola minna magn en karlar fyrir utan það atriði sem var meginmálið í ræðu hv. 1. flm. þessa máls, sá skaði sem fóstur geta orðið fyrir vegna áfengisneyslu. Ég held í rauninni að það þurfi mjög að efla þessa fræðslu og þá ekki síst að beina henni að konum sérstaklega. Stöðugur áróður í þessum málum er nauðsynlegur. Það hefur komið í ljós að taka verður öðruvísi á áfengismeðferð gagnvart konum heldur en körlum vegna þess að orsakirnar eru aðrar fyrir of mikilli áfengisneyslu. Konur búa við aðra félagslega stöðu en karlar og þess vegna þarf að hafa það mjög í huga að þarna er um mál að ræða sem þarf að taka öðruvísi á gagnvart konum en körlum.

Ég held að sú leið að minna fólk á í hvert skipti sem bjórdós eða vínflaska er keypt sé mjög af hinu góða þó að auðvitað sé erfitt að gera sér grein fyrir því hvort það hefur áhrif. Ég vildi gjarnan beina þeirri spurningu til hv. 1. flm. hvort hún hafi upplýsingar um það hvort menn telji sig sjá einhver merki þess að þær merkingar sem t.d. tíðkast í Bandaríkjunum, að áróður af því tagi beri árangur. Nú vitum við það að tóbak hefur verið merkt með þessum hætti um margra ára bil, en það virðist vera sem tóbaksnotkun aukist alltaf aftur ef ekki er haldið uppi stöðugum áróðri og það er verið að auglýsa bæði vín og tóbak og hin skaðlegu áhrif eru fljót að gleymast og þær upplýsingar sem verið er að koma á framfæri gleymast fljótt ef ekki er minnt sífellt á þetta.

Virðulegi forseti. Ég ítreka stuðning minn við þetta ágæta mál og vona að það fái skjótan framgang í þinginu.

[16:42]

Flm. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka góðar undirtektir hv. 18. þm. Reykv. og kem hér upp til að svara þeirri spurningu sem hún beindi til mín. Ég hef ekki upplýsingar um að þessar merkingar hafi borið árangur. Það eru ekki nema liðlega fjögur ár síðan þessi lögleiðing varð þannig að rannsóknir sem slíkar væru kannski fyrst núna að verða tímabærar eða fá eitthvað gildi. Hins vegar er það alveg greinilegt að þær rannsóknir sem höfðu verið gerðar áður voru þess eðlis að þar þótti það réttlætanlegt að setja slíkar merkingar á.

Ég vil líka vegna tengsla móður og fósturs nefna það sem sagt var frá fyrir stuttu varðandi óbeinar reykingar verðandi mæðra. Sannað hefur verið að agnir úr tóbaki, einhverjum sérstökum efnum í tóbaki, finnast í hári nýfæddra barna mæðra sem hafa verið í tóbaksreyk án þess að reykja sjálfar. Það hefur því mikið verið að koma fram á síðustu árum um þessi sterku tengsl og hvað það skipti miklu máli hvað fer til fóstursins.

Mig langar líka vegna þessara undirtekta að nefna að það er ekki nýtt. Sá læknir sem ég hef mikið leitað í smiðju til varðandi þessi mál hefur gefið mér blað með upplýsingum um í hversu langan tíma áfengi og fóstur hefur verið til umfjöllunar og ég hef áhuga á að nefna það hér í stuttu máli. Það kemur fram að Aristóteles skrifaði einhvers staðar að heimskar, drukknar, lítilsigldar konur fæði af sér vangefin og sljó börn. Í ginfaraldrinum svokallaða í Englandi á árunum 1720–1750 var skráð af enska læknafélaginu, Royal College of Physicians, skaðleg áhrif mikillar drykkju um meðgöngutímann og í lok 19. aldar gerði William Sutherland í Liverpool samanburð á börnum kvenna sem voru fangelsaðar vegna drykkju og börnum ættmenna þeirra og það kom í ljós að ef konurnar voru þvingaðar til að hætta drykkju eins og gerðist við fangelsunina þá fæddu konurnar af sér eðlileg börn, enda þótt þær hefðu áður fætt óeðlileg börn í drykkjuþungun. Á fyrri hluta þessarar aldar var tiltölulega lítið gert af því að athuga áhrif alkóhóls á fóstur en 1965 var sagt að staðhæfa mætti að ekki skipti máli hversu mikils alkóhóls væri neytt, engin áhrif yrðu af því á eggfrumu, sæðisfrumu og fóstur. Það er síðan 1973 sem straumhvörf verða hvað varðar álit manna á alkóhólneyslu við þungun þegar Jones og félagar skrifuðu grein í Lanset þar sem þeir lýstu ákveðnum einkennum hjá börnum drykkjukvenna og settu fram og sjúkdómsgreininguna „foetal alcohol syndrome" sem þýða mætti á íslensku einkenni alkóhóláhrifa á fósturskeiði. Síðan þá hafa verið miklar umræður um þetta mál og skrifað mikið um það á köflum, en það hefur ekki náð fram að ganga til meiri varnaðar en ég hef þegar lýst. Reyndar eru, eins og kom fram í máli mínu áðan, sérstakir bæklingar um þetta hjá landlæknisembættinu, en almennt í umræðunni varðandi vanfærar konur er ekki mikið talað um þetta og ég tel að fjölmargar ungar konur geri sér ekki grein fyrir hve skaðlegt það er að neyta áfengis á meðgöngutímanum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framhaldsskólar, 1. umr.

Frv. VS, 373. mál (skólanefndir). — Þskj. 568.

[16:46]

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Frv. það sem ég ætla að mæla hér fyrir er á þskj. 568 og er til breytingar á lögum um framhaldsskóla, nr. 57/1988, með síðari breytingum.

Þetta frv. er lagt fram til að tryggja það að skipunartími skólanefnda við framhaldsskóla og kjörtími sveitarstjórna fari saman.

Í 7. gr. laga nr. 57/1988, um framhaldsskóla, segir að menntmrh. skuli skipa skólanefndir við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn. Í 15. gr. reglugerðar nr. 105/1990, um framhaldsskóla, sem sett var á grundvelli laganna, segir m.a., með leyfi forseta:

„Menntmrh. skipar skólanefnd við hvern framhaldsskóla til fjögurra ára í senn og skal miðað við kjörtímabil sveitarstjórna. Í skólanefndum skulu sitja sjö menn: tveir fulltrúar starfsmanna kosnir á fundi allra starfsmanna skólans, einn fulltrúi kosinn af nemendum skólans, þrír fulltrúar tilnefndir af hlutaðeigandi sveitarfélagi eða samtökum sveitarfélaga í viðkomandi landshluta og einn fulltrúa skipar ráðherra án tilnefningar." Og les ég þá ekki lengra úr þeirri reglugerð.

Það kom fram hjá hæstv. menntmrh. í svari við fyrirspurn sem ég lagði fram hér á hv. Alþingi 7. febr. sl. að skipunartími flestra skólanefnda við framhaldsskóla rynni út á tímabilinu janúar til mars 1994 og það ætti ekki við lög að styðjast að framlengja starfstíma nefndanna fram yfir fjögur ár. Lögin kveði skýrt á um það að nefndin skuli sitja um fjögurra ára skeið. Það sé því ekki hægt að fara að ákvæðum reglugerðarinnar um samræmingu kjörtímabils sveitarstjórna án þess að ganga gegn ákvæðum laganna um að setja skuli nýja skólanefnd þegar fjögur ár eru liðin frá skipan fráfarandi nefndar. Í máli ráðherrans kom enn fremur fram að eðlilegast væri að kjörtímabil skólanefndar og sveitarstjórnar færi saman en ráðuneytið hefði ekki heimild til að framlengja kjörtímabil þeirra skólanefnda sem voru skipaðar í janúar, febrúar og allt fram í mars 1990.

Með samþykkt þessa frv. yrði ráðuneytinu veitt þetta svigrúm. Með því að setja inn í 7. gr. laganna ákvæði þess efnis að skipunartími skólanefnda fylgi kjörtímabili sveitarstjórna, skólanefndir skuli vera fullskipaðar eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok sveitarstjórnarkosninga og fráfarandi nefnd haldi fullu starfsumboði þar til ný nefnd hefur verið skipuð er náð fram því markmiði að skipunartími nefndanna fylgi kjörtímabili sveitarstjórna. Með bráðabirgðaákvæði frv. ætti jafnframt að vera tryggt að umboð þeirra skólanefnda er nú starfa sem rennur út á fyrri hluta þessa árs, fram að sveitarstjórnarkosningum, framlengdist fram yfir kosningar í lok maí nk. og nefndirnar yrðu skipaðar á ný eigi síðar en tveimur mánuðum eftir kosningar, þ.e. í síðasta lagi fyrir lok júlí.

Þess má að lokum geta að þetta er í samræmi við eitt af meginmarkmiðum með setningu laganna nr. 57/1988, en í greinargerð með frv. að þeim lögum kemur fram að með því að veita framhaldsskólum aukið sjálfstæði sé skólunum veitt aðstaða til þess að taka tillit til staðhátta og þarfa atvinnulífs á hverjum stað.

Frv. er lagt fram til að taka af þennan vafa og til að gera hæstv. menntmrh. kleift að starfa samkvæmt sinni sannfæringu því að það kom fram í hans máli að hann teldi að starfstími skólanefnda og starfstími sveitarstjórna ætti að fara saman.

Síðan gerist það, sem kom mér mjög á óvart, að hæstv. menntmrh. gefur út nýja reglugerð 11. febr. 1994 og er það ekki mörgum dögum eftir að ég lagði fram þessa fsp. á hv. Alþingi. Þar með tekur hæstv. ráðherra út ákvæðið úr reglugerðinni þar sem segir, með leyfi forseta: „... og skal miðað við kjörtímabil sveitarstjórna." Það veldur því að ég fór að trúa því

sem ég trúði ekki í upphafi að hæstv. menntmrh. telji það alls ekki rétt að starfstími sveitarstjórna og skólanefnda eigi að fara saman. Þegar ég lagði fram þessa fsp. var ég ekkert sérstaklega að búast við því að hæstv. ráðherra gengi annað en gott eitt til með þessum bréfaskiptum til sveitarfélaga með því að tilnefna í nýjar skólanefndir en núna eru farnar að renna á mig tvær grímur skal ég viðurkenna, að hæstv. menntmrh. vilji endilega skipa nýjar skólanefndir fyrir sveitarstjórnarkosningar 28. maí. Og hvort það geti verið að einhvers staðar sé einhver ótti í brjóstum manna um það að meiri hluti Sjálfstfl. sé að falla og þess vegna sé gott að vera búinn að skipa þessa nýju nefndir til fjögurra ára.

Þessu hlýtur hæstv. menntmrh. að svara hér því að þetta er það fyrsta sem öllum dettur í hug þegar þeir fara yfir þessa sögu. Og ég vona fyrst hæstv. menntmrh. er hér í þingsalnum að hann leyfi þingheimi að heyra álit sitt á þessu máli og útskýri þessa nýju reglugerð.

Að lokinni þessari umræðu óska ég eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. menntmn.

[16:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Við höfum rætt þetta mál áður á hv. Alþingi í tilefni af fyrirspurn hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur fyrri hluta febrúarmánaðar. Í þeim umræðum rakti ég alveg ástæðuna fyrir því að gengið var til þess verks að skipa í skólanefndir og óska eftir tilnefningum eins og lög ákveða í upphafi þessa árs. Ég hélt ég hefði komið því alveg skilmerkilega til skila að það yrði að fara eftir ákvæðum laga en ekki ákvæðum reglugerða þar sem reglugerð hefur ekki nægilegar heimildir í lögum. Og ég skil það svo að hv. flm. þessa frv. sé því sammála, ég sé það á því að þetta frv. skuli flutt.

Það átti heldur ekki að þurfa að koma neitt á óvart að ég teldi rétt og skylt að breyta reglugerðinni til samræmis við ákvæði laganna og það gerði ég þann 11. febr. Það er ekki rétt túlkun hjá hv. flm. að ég hafi ekki meint það sem ég sagði að ég teldi rétt að kjörtímabil skólanefnda færi saman við kjörtímabil sveitarstjórna. Ég tel það í sjálfu sér rétt en sé hins vegar ekki ástæðu til að samþykkja þetta frv. núna fyrst og fremst vegna þess að ég geng út frá því sem gefnu að ekki síðar en á næsta þingi höfum við samþykkt nýja framhaldsskólalöggjöf þar sem tekið verður sérstaklega á skipan og kosningu skólanefnda.

Það er mikill misskilningur ef hv. þm. heldur í raun og veru að ég sé eitthvað sérstaklega að flýta mér að skipa í skólanefndir núna vegna þess að ég óttist um meiri hluta Sjálfstfl. einhvers staðar. Ég geri ráð fyrir að Framsfl. eigi einhvers staðar meiri hluta í sveitarstjórnum núna og svo sem ekki alveg víst að það verði eftir kosningar. Ég er ekki að segja það. (**VS:** Það verður meira.) Það má vera. En ég skil ekki af hverju þetta óðagot núna. Ég held að það sé alveg deginum ljósara að sveitarstjórnir geti skipt um fulltrúa í skólanefnd. Það eru sveitarstjórnirnar sem velja fulltrúana og ég held að það sé alveg ljóst að þeir sem tilnefndir eru núna verði að hlíta því ef sveitarstjórn sem tekur við eftir kosningar í vor vill skipta um fulltrúa, þá hefur hún til þess heimild. Það er mitt mat.

Ég hef að vísu ekki skoðað það sérstaklega hvort það er eitthvað sem bannar það að sveitarstjórnir skipti um fulltrúa en ég hef dæmi um það einmitt frá árinu 1990 þegar skipað var í flestar skólanefndir í janúar, nokkrar í mars, að eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 1990 var skipt um fulltrúa sveitarstjórna í skólanefndum. Það hefur hins vegar ekki verið skipt um fulltrúa sem ráðherra hefur tilnefnt, ekki nema í þeim tilvikum þar sem skólanefndarmenn skipaðir af ráðherra hafa beinlínis sagt af sér, en ráðherra hefur ekki hlutast til um það. Ég hef t.d. ekki hlutast til um það frá því að ég tók ráðherradóm í menntmrn. að skipta um nokkurn fulltrúa sem forveri minn skipaði. Ég held þó að til þess hafi ráðherrann heimild alveg hreint eins og ég held að sveitarstjórn hafi til þess heimild.

Ég hef svo sem ekki mikið meira um þetta að segja. Það eru í gildi lög og það er búið að koma reglugerðinni þannig að hún er í samræmi við lögin sem hún var ekki. Ég tel ekki ástæðu til að vera að rjúka til núna og breyta þessu ákvæði framhaldsskólalaganna vegna þess að ég trúi því að ný framhaldsskólalöggjöf verði sett á næsta þingi og ef sveitarstjórnir sem kjörnar verða á næsta vori una ekki þeim fulltrúum sem frá farandi sveitarstjórnir hafa tilnefnt í skólanefndir og ráðherra skipað samkvæmt tilnefningum þá geti þær breytt um fulltrúa.

[16:58]

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég skal viðurkenna að það kemur mér mjög á óvart sem hæstv. menntmrh. segir að hægt sé að skipta um fulltrúa nema þeir óski þá sjálfir eftir því og segi af sér. Það sé hægt að skipta um fulltrúa í skólanefndum sem skipaðar hafa verið samkvæmt lögum til fjögurra ára. Þetta kemur mér mjög á óvart. Ég skal reyndar viðurkenna það að ég veit um skóla sem hafa reyndar samið um það við viðkomandi aðila sem tilnefna núna í skólanefndir að þeir segi af sér í vor að loknum kosningum til þess að nýjar sveitarstjórnir, þar sem fleiri en ein standa að skólum, geti skipað nýja skólanefnd. Og mér er kunnugt um það líka að það eru til sveitarstjórnir sem hafa hreinlega neitað að tilnefna núna vegna þess að þær telja það ekki vera samkvæmt þeim boðskap sem fólst í lögunum þegar þau voru sett þó að það hafi verið einhver handvömm að það skyldi ekki vera nægilega skýrt orðað þannig að tímabil sveitarstjórna og skólanefnda færi saman.

Hæstv. ráðherra talar um eitthvert óðagot. Ég vil bara ekki viðurkenna að það sé neitt óðagot að leggja hér fram frv. sem felur nákvæmlega það í sér sem hæstv. menntmrh. sagði í umræðunni þegar fjallað var um mína fyrirspurn. Hann taldi rétt að þessi tímabil færu saman en hann hefði ekki lagalega heimild til að gera þetta á annan hátt. Mér þykir hugmyndaflugið í menntmrn. ekki vera mjög mikið ef engum hefur dottið það í hug, ef það var vilji ráðuneytisins, að það væri

ekki hægt að leggja fram lítið frv. á hv. Alþingi og fá það samþykkt jafnvel með hraði þegar um samkomulagsmál er að ræða. Ég fer því ekki ofan af því að mér finnst þetta vera dálítið sérkennilegt allt saman og láir mér það enginn að ég hafi ýmsar hugsanir sem eru kannski svolítið neikvæðar í garð hæstv. menntmrh. í tengslum við þetta mál.

[17:01]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir verður nú að eiga það við sig hvaða hugrenningar hún ber til mín, en það á ekkert að koma á óvart að unnt sé að skipta um fulltrúa í nefndum og ráðum. Skólanefndir, eða hluti þeirra, sækja umboð sitt til sveitarstjórna og ráðherra skipar í skólanefndir, það er rétt, til fjögurra ára eins og segir í lögunum samkvæmt tilnefningum tiltekinna aðila og þar á meðal sveitarstjórna. Ég get ekki ímyndað mér annað en ef það kemur beiðni frá þeim sem tilnefnir, í þessu tilfelli sveitarstjórn, um að skipt verði um fulltrúa að ráðherra muni verða við slíkum beiðnum. Það eru einmitt slík dæmi sem ég hef frá vori 1990. Það eru nokkur dæmi um það í menntmrn. að nýkjörnar sveitarstjórnir þá óskuðu eftir að ráðherra tæki til greina tilnefningar um nýja fulltrúa aðra en þá sem höfðu verið tilnefndir af sveitarstjórnum veturinn 1990. Það var undantekningarlaust tekið til greina. Þótt það segi í lögunum að þessir fulltrúar skuli skipaðir til fjögurra ára þá segi ég enn og aftur að þeir sækja umboð sitt til sveitarstjórnanna og ef sveitarstjórn vill breyta, þá er það mín skoðun að hún hafi til þess vald. Í þeim tilvikum sem eru til í menntmrn. hafa ekki verið bornar brigður á það að sveitarstjórn og ráðherra hafi valdið til þess að breyta. Þess vegna ef þessi skoðun mín er rétt, sem byggist sem sagt á venju, ef hægt er að kalla það venju, það er alla vega fordæmi, þá sé ég ekki annað en einhver annar meiri hluti en er núna í sveitarstjórnum og er að tilnefna í skólanefndir geti eftir kosningar breytt þessu. Ef það er aðalatriðið hjá hv. flm. að sjá svo um með þessari lagabreytingu að annar meiri hluti en nú er í einhverjum sveitarstjórnum geti komið sínum mönnum að, ef ég má orða það svo, þá á það að vera alveg gulltryggt. Þetta er það sem ég vildi um þetta segja.

Ég ítreka það að mér finnst ekki ástæða til að vera að breyta þessu núna vegna þess að við erum með ný framhaldsskólalög í undirbúningi þannig að þær skólanefndir sem núna verða skipaðar munu hvort eð er varla sitja í fjögur ár.

[17:04]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Aðeins örstutt um þetta frv. sem hér er til umræðu um breytingu á lögum um framhaldsskóla. Ég vil fyrst lýsa því yfir sem mér finnst að bæði hv. flm. og ráðherra séu sammála um að kjörtímabil skólanefnda eigi að vera kjörtímabil sveitarstjórna. Ég er sammála því og tel rétt að breyta lögunum í þá veru eins og hér er lagt til.

Ég kom hér fyrst og fremst til að lýsa efasemdum um túlkun ráðherra að því er varðar skipan í nefndir með þeim hætti sem ráðherrann talaði um. Ég ætla svo sem ekki að fara í miklar umræður eða deilur um það úr þessum ræðustól. Það þarf auðvitað bara að athuga. En ég vil minna á að á síðasta kjörtímabili, held ég, vildi ráðherrann gjarnan skipta um fulltrúa sem skipaður var af ráðherra í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna, ef ég man rétt, en það var ekki hægt að gera þar sem viðkomandi vildi ekki víkja úr nefndinni. Þetta er að vísu bara eftir minni. Ég held því að það sé ekki *rétt að ef búið er að skipa mann í nefnd*, t.d. til fjögurra ára, þá sé hægt að víkja honum nema hann samþykki það sjálfur. Ég vildi bara lýsa efasemdum mínum um að það sem ráðherrann segir sé rétt.

Nú tel ég að þar sem búið er að leggja til að frv. verði vísað til menntmn. þá verði það skoðað þar hvort þetta geti staðist. Þetta hlýtur að vera eitthvað sem eru fordæmi fyrir og eðlilegt að farið sé með á einhvern ákveðinn hátt en til þess að taka af öll tvímæli þá tel ég rétt að samþykkja frv. sem þetta. Það hljótum við öll að geta verið sammála um, ég, hv. flm. og ráðherra þar sem við erum öll sammála um að þetta eigi að vera með þeim hætti sem frv. gerir ráð fyrir.

[17:07]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Að sjálfsögðu mega menn hafa efasemdir um þessa túlkun mína. En af því að minnst var hér á fulltrúa í stjórn Lánasjóðs ísl. námsmanna á síðasta kjörtímabili, þá er það rétt munað hjá hv. þm. Kristínu Einarsdóttur að þáv. menntmrh. hafði uppi tilburði í þá veru að losa sig við hann af því að hann var ekki í hans flokki. Sá fulltrúi vildi ekki segja af sér og ég held að ég viti það alveg rétt að ráðherra vildi ekki víkja honum. Honum fannst það kannski fullgróft að víkja honum úr starfi sem stjórnarformanni. Það varð hins vegar samkomulag þá á milli þáverandi stjórnarflokka og alla vega míns flokks í stjórnarandstöðu að breyta lögunum í þá veru að stjórnarformaður lánasjóðsins sæti ekki lengur en viðkomandi ráðherra. Þetta er skipan sem ég held að eigi a.m.k. sums staðar rétt á sér. Við höfum velt því fyrir okkur einmitt í sambandi við framhaldsskólalöggjöfina að þessari skipan verði komið á varðandi ráðherraskipaða fulltrúa í skólanefndir, að þeir víki um leið og ráðherrann. En sveitarstjórnarfulltrúarnir sitji í samræmi við kjörtímabil sveitarstjórna. Þetta er til athugunar.

[17:09]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það atriði sem þarna var verið að ræða var þá nokkurn veginn rétt munað. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra að í mjög mörgum tilvikum ef um er að ræða sérstaka fulltrúa, t.d. ráðherra eða sveitarstjórna, þá geti verið réttlætanlegt og kannski mjög skynsamlegt að hafa skipunartíma þeirra jafnlangan og viðkomandi ráðherra eða jafnlengi og sveitarstjórn situr þó að það gildi auðvitað ekki alltaf. Það er misjafnt. Þess vegna held ég að í þessu tilviki sé eðlilegra að breyta lögunum í þá veru sem frv. gerir ráð fyrir sem við erum að ræða. Ég tel það óskynsamlegt að bíða eftir nýju frv. sem hugsanlega kemur fram á næsta

kjörtímabili og tel miklu eðlilegra að við samþykkjum þetta frv. nú á þessu vori. Ef við komumst síðan að því að við viljum breyta þessu enn og aftur þegar nýtt frv. kemur hér fram, þ.e. að þetta gildi líka um ráðherraskipuðu fulltrúana, þá er alveg sjálfsagt að gera það. Ég held að það væri á vissan hátt skynsamlegt en það þarf að athuga það mál einnig. Ég vil bara enn og aftur lýsa yfir að ég tel rétt að samþykkja þetta frv. þar sem við erum þó sammála í þessu máli.

[17:11]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að það kunna að rísa þá upp ný vandamál vegna þess að það hefur þegar verið skipað í fjölmargar skólanefndir, ekki allar vegna þess að það hafa ekki allir skilað inn tilnefningum. Ég hef ekki vitað fyrr en hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir upplýsti að henni væri kunnugt um að einhverjar sveitarstjórnir hefðu neitað að tilnefna vegna þess að þær vildu það ekki. Ég hef ekki þær upplýsingar, en það má vel vera að slík erindi hafi komið í ráðuneytið. Það verður að taka þá sérstaklega á því ef sveitarstjórnir neita að tilnefna í skólanefndir núna. Þær verða þá einfaldlega ekki fullskipaðar og verða engar skólanefndir til fyrr en að loknum kosningum. Það má vel vera að menn geti lifað við þá skipan um einhvern takmarkaðan tíma. En það hefur alla vega verið gengið frá skipan í fjölmargar skólanefndir og ég held ég megi segja raunar flestar.

[17:11]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins örstutt. Það má vel vera að það komi upp ákveðin vandamál í þessu sambandi ef við samþykkjum þetta frv. fljótlega vegna þess að sumar sveitarstjórnir eru þegar búnar að skipa í skólanefndir, en ég vil bara segja að betri er hálfur skaði en allur.

[17:12]

Flm. (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 15. þm. Reykv. fyrir þessar ágætu undirtektir og hæstv. menntmrh. fyrir að hafa tekið til máls og komið fram með sínar skoðanir á þessu máli þó við séum ekki alveg sáttar við þær eins og komið hefur fram. En ég sit í hv. menntmn. og þar getum við farið yfir þessi atriði varðandi kjörtímabilið og hvort sveitarstjórnum sé mögulegt að skipta um fulltrúa í skólanefndum að loknum kosningum. Mér finnst það mjög leiðinleg aðferð og ég er eiginlega hissa á því að hæstv. menntmrh. skuli koma fram með þá hugmynd því að ég held að það bjóði bara upp á mikil leiðindi. Að leysa málið á þann máta sem ég legg til með mínu frv. hefði verið miklu eðlilegra og betra. En ég skal viðurkenna það að eftir þessar undirtektir sem ég hef heyrt hjá hæstv. ráðherra, þá er ég svo sem ekkert óskaplega bjartsýn á að ég fái þetta frv. samþykkt á hv. Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, 1. umr.

Frv. KE o.fl., 392. mál (samanburður starfa, sönnunarfærsla fyrir dómi). — Þskj. 591.

[17:14]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Flm. þessa frv. eru allar þingkonur Kvennalistans.

Þetta frv. er ekki mjög stórt og lætur ekki mikið yfir sér en hefur að mínu mati þó að geyma nokkuð mikilvæga þætti varðandi lögin um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.

Frá árinu 1976 hafa verið í gildi jafnréttislög hér á landi sem hafa þann tilgang að koma á jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla. Lögunum hefur verið breytt nokkuð í áranna rás, síðast árið 1991. Meginbreytingin, sem gerð var á lögunum 1991, fól í sér að sett var á fót kærunefnd jafnréttismála sem fjallar um kærur út af meintum brotum á jafnréttislögum. Einnig var tekið inn það nýmæli að nú er kveðið á um það í 6. gr. að atvinnurekandi skuli „sýna kærunefnd fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans", ef einhver telur rétt á sér brotinn og vísar málinu til kærunefndar. Þetta þýðir að þeir sem kæra launamisrétti þurfa hvorki að afla nákvæmra upplýsinga og leggja fram um t.d. laun þeirra karla sem kæra er miðuð við né sanna að launamunurinn sé kynbundinn. Atvinnurekandinn þarf að sýna fram á að ekki sé um mismunun eftir kynferði að ræða. Þetta hefur verið kallað „öfug sönnunarbyrði".

Ég verð að lýsa því hér, frú forseti, að ég tel á margan hátt mjög óheppilegt að kalla þetta öfuga sönnunarbyrði. Það má kannski segja að það eigi að vera breytt sönnunarbyrði. Það er svolítið skrýtið að nota þetta orð öfuga. Það er samt það sem hefur aðallega verið notað.

Ýmsar breytingar hafa verið gerðar á jafnréttislögum á Norðurlöndum og í Evrópu á undanförnum árum til að auka líkurnar á að markmiðum um jafnan rétt kynjanna verði náð. Eðlilegt er að jafnréttislög séu ávallt í endurskoðun. Það hefði kannski verið eðlilegt að leggja til fleiri breytingar á lögunum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla en við kvennalistakonur ákváðum að gera tillögur um breytingar á núgildandi lögum að því er varðar tvö efnisatriði.

Í fyrsta lagi er lagt til að niður falli orðin „og sambærileg störf" í 4. gr. laganna. Þetta er ef til vill ekki stórvægileg breyting en gæti haft einhverja þýðingu til takmörkunar á orðalaginu, þ.e. þetta er túlkað mjög strangt gæti verið um þrengingu að ræða. Eftir því sem ég kemst næst, þá kemur þetta orðalag fyrst fram í lögum nr. 37/1973, um jafnlaunaráð. Þá hljómar 4. gr. núgildandi laga, sem lagt er til að verði breytt, þannig, með leyfi forseta:

„Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og skulu njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf." Þetta er 1. mgr. 4. gr. og 3. mgr. 4. gr. hljóðar svo:

„Með jöfnum launum karla og kvenna fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf er í lögum þessum átt við launataxta sem samið er um án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum."

Í þessum tveimur tilvikum eru lagt til að orðin „og sambærileg störf" falli út því þau gætu verið túlkuð til takmörkunar eins og ég reyndar sagði áðan. En 1. gr. laga nr. 37/1973, um jafnalaunaráð, sem reyndar eru fallin úr gildi núna, hljóðaði svo, með leyfi forseta:

„Konum og körlum skulu greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf." Það virðist svo sem þarna sé í fyrsta skipti komið með þetta orðalag í lögin.

Þegar frv. um jafnlaunaráð var lagt fram á Alþingi kom fram í athugasemdum við frv. að þetta ákvæði byggði á samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100. Sama er að segja um jafnréttislög sem voru samþykkt á Alþingi árið 1976, en þar segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Konum og körlum skulu veittir jafnir möguleikar til atvinnu og menntunar og greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf."

Þetta er úr lögum nr. 78/1976, sem, eins og hin fyrri lög, eru einnig fallin úr gildi með nýjum jafnréttislögum. Þetta ákvæði um jafnverðmæt og sambærileg störf hefur staðið síðan sett voru jafnréttislög í fyrsta sinn á Íslandi.

Samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100, sem ég vitnaði til áðan, var fullgilt af Íslandi árið 1958. 1. gr. þessarar samþykktar hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Í þessari samþykkt

a. tekur orðið „laun" yfir hið venjulega grunn- eða lágmarkskaup og hvers konar frekari þóknun sem greidd er beint eða óbeint, hvort heldur í fé eða fríðu og vinnuveitandi greiðir starfsmanninum fyrir vinnu hans,

b. eiga orðin jöfn laun til karla og kvenna fyrir jafnverðmæt störf við launataxta sem sett eru án þess að gerður sé greinarmunur á kynjum."

Það er ekkert getið um það í þessari samþykkt að um sambærileg störf sé að ræða heldur eingöngu talað um jafnverðmæt störf.

Það má geta sér til að þetta orðalag tengist á einhvern hátt ákvæði í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins frá 1954, en í síðustu málsgrein 3. gr. segir svo, með leyfi forseta:

„Konur og karlar hafa jafnan rétt til opinberra starfa og til sömu launa fyrir sömu störf." Þar kemur það fram. Án þess að það komi neins staðar fram beinlínis í ræðum eða greinargerðum með þeim frv. sem voru lögð fram á sínum tíma, þá gæti maður ímyndað sér að þetta væri tengt þessu á einhvern hátt. En alltaf er lögð áhersla á að ekki sé gengið gegn þessari samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar.

Í athugasemdum við frv. sem ég vitnaði til áðan um jafnlaunaráð sem lagt var fram á 93. löggjafarþinginu árið 1972 — og ég vil geta þess að 1. flm. þess frv. var Svava Jakobsdóttir — segir m.a. um 1. gr. þar sem kveðið er á um jöfn laun fyrir jafnverðmæt störf og sambærileg störf, með leyfi forseta:

„Í núgildandi lögum (lögum nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, og lögum nr. 60/1961, um launajöfnuð karla og kvenna) er kveðið á um launajöfnuð karla og kvenna fyrir sömu störf." — Sömu störf er feitletrað þannig að það er greinilegt að það er nokkurt atriði að því er virðist í athugasemdum við þessa grein. — „Í fjölmörgum starfsgreinum vinna eingöngu konur og eru því ekki við sömu störf og karlmenn. Það er skoðun flutningsmanna að til þess að tryggja konum óvilhallt mat á launaákvörðunum án tillits til kynferðis þurfi að koma til enn traustari stoð í lögum en fyrir hendi eru nú. Þessu ákvæði er ætlað að ná yfir allar konur í atvinnulífinu án tillits til þess hvert starf er unnið eða hver vinnuveitandi er."

Það er því greinilegt hjá flm. þessa frv. að það átti alls ekki að þrengja ákvæðið með því að setja inn þetta ákvæði um sambærileg störf. Hugmyndin var að víkka þetta út. Þetta frv. varð að lögum og er raunverulega það sem núgildandi jafnréttislög byggja á að verulegu leyti. Þetta var árið 1973.

Í jafnréttislöggjöf Norðurlanda og reyndar Evrópusambandsins er ekki áskilið að við samanburð á launum kvenna og karla þurfi að vera um sambærileg störf að ræða. Í 69. gr. EES-samningsins, sem samþykktur var á Alþingi í fyrra og tók gildi núna 1. jan, segir, með leyfi forseta: „Hver samningsaðili skal tryggja og viðhalda beitingu þeirrar meginreglu að karlar og konur hljóti jöfn laun fyrir jafna vinnu." Það er ekki talað um sambærileg störf þar þannig að það er mjög víða greinilegt hvað við er átt og mjög merkilegt að þetta skuli vera svona í íslenskum lögum.

Árið 1988 skipaði félmrh. nefnd sem fór yfir jafnréttislögin. Ég kom inn í þá nefnd á lokastigum í vinnu nefndarinnar, ásamt reyndar nokkrum öðrum, og þar var ekkert fjallað sérstaklega um þetta ákvæði ef ég man rétt. Mig undrar að sú nefnd hafi ekkert fjallað um þetta atriði sérstaklega. Það var engin breyting lögð til að því er varðar þetta. Þetta atriði er að mínu mati nauðsynlegt að fella úr lögum og samræma það samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar sem er í raun fyrirmynd að lagasetningunni um jöfn laun karla og kvenna alls staðar í þeim ríkjum þar sem hún hefur verið fullgild. Það er líka greinilegt að það var ætlunin að gera það hér á landi að því er virðist samkvæmt þeim greinargerðum og athugasemdum sem ég hef undir höndum sem snerta þessi frumvörp.

Í kynningarriti um starfsmat og launamál, sem Jafnréttisráð gaf út í desember 1993, mjög merkilegt rit og margt merkilegt í því. Þar segir Birna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur á skrifstofu jafnréttismála, m.a., með leyfi forseta:

„Á þessu ári eru liðin 35 ár frá því að íslensk stjórnvöld fullgiltu jafnlaunasamþykkt ILO. Á þessum tímamótum vaknar sú spurning hvort ekki sé tímabært að íslensk stjórnvöld taki afstöðu til þess með hvaða hætti þau ætli að standa við þær skuldbindingar sem tekist var á hendur með fullgildingu samþykktarinnar. Það er til lítils að gangast undir alþjóðlegar skuldbindingar ef ekki fylgir hugur máli."

Ég vil taka undir þetta með Birnu en ég vil þó benda á að þó svo þetta standi svona ákveðið í lögunum er ekki þar með sagt að þetta hafi endilega verið túlkað svona þröngt. Það hefur hins vegar verið nokkur vafi á því hvort heimilt sé að segja að bara sé um jafnverðmæt störf að ræða, en ekki að um sé að ræða sambærileg störf. Í fylgiskjali með þessu frv., sem er á þskj. 591, er m.a. prentaður hluti af bæklingi sem gefinn var út á vegum Norræna jafnlaunaverkefnisins árið 1992 og vil ég benda á þau atriði sem þar eru. Þar kemur greinilega fram að að mati þeirra sem þar starfa þurfa störfin alls ekki að vera nákvæmlega þau sömu, túlkun þeirra er eins og þar kemur fram og ætla ég ekki að fara að vitna sérstaklega í það en vísa til þess sem þar stendur fyrir þá sem vilja kynna sér hvernig að þeim málum hefur verið staðið. Ég held því að það ætti að vera nokkuð auðvelt fyrir okkur að fella þetta burtu þar sem greinilegt hefur verið á sínum tíma að það var ekki ætlun Alþingis að víkja frá samþykkt Alþjóðavinnumálastofnunarinnar nr. 100 eins og ég hef hér vakið athygli á. Þetta er að því er varðaði fyrsta atriðið.

Hitt atriðið sem lagt er til er að sönnunarbyrðin að því er varðaði 6. gr. frv. sé ekki eingöngu snúið við fyrir kærunefnd heldur sé það einnig fyrir dómstólum. Við teljum það eðlilegt að greinin hljóði eins og segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Ef einhver telur rétt á sér brotinn samkvæmt ákvæðum þessarar greinar og vísar máli sínu til kærunefndar jafnréttismála, sbr. 19. gr., eða höfðar mál fyrir dómi skal atvinnurekandi sýna fram á að aðrar ástæður en kynferði hafi legið til grundvallar ákvörðun hans."

Þetta er í samræmi við réttarvenjur, bæði í Evrópusambandinu og víða á Norðurlöndum. Það er komið inn í löggjöf bæði Danmerkur og Svíþjóðar og er til meðferðar í norska Stórþinginu, ef til vill er búið að samþykkja það nú, mér er það ekki kunnugt. Einnig hafa Finnar eftir því sem mér skilst ákveðið að breyta þessu. Það er því eðlilegt að við gerum það einnig, að breyta þessu ákvæði þannig að það gildi fyrir dómstólunum einnig.

Ein af röksemdunum fyrir þessari breytingu er að atvinnurekandi hafi mun betri aðgang að gögnum málsins. Í mörgum fyrirtækjum ríkir svokölluð launaleynd sem gerir það að verkum að launþegi hefur takmarkaðan aðgang að upplýsingum um laun í því fyrirtæki sem hann vinnur hjá. Það er því eðlilegt að sönnunarbyrðin sé atvinnurekandans.

Í nefndinni sem ég minntist á áðan og ég átti sæti í, var þetta atriði tekið fyrir og það var ákveðið að leggja það til við félmrh. á sínum tíma að þetta væri í frv. Það var þannig þegar frv. var lagt fram á sínum tíma sem var á 111. löggjafarþingi. Það var að vísu ekki alveg nákvæmlega eins orðað og þetta, en það var lagt til og í athugasemdum við það frv. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Lögð er til öfug sönnunarbyrði í þeim kærumálum sem kærunefnd jafnréttismála berast. Þetta þýðir að sýni kærunefnd t.d. fram á við stöðuveitingu að gengið hafi verið fram hjá einstaklingi sem hefur meiri menntun en sá sem ráðinn hafi verið í starfið verði atvinnurekandi að sýna fram á með verulegum líkum að þar hafi kynferði ekki ráðið. Reynslan hefur sýnt að til að lögin þjóni tilgangi sínum sé öfug sönnunarbyrði nauðsynleg."

Þetta töldum við sem lögðum þetta til og væntanlega líka hæstv. félmrh., sem er sami félmrh. og er nú, að nauðsynlegt væri að hafa inni. Þetta féllst Alþingi ekki á á sínum tíma, því miður. Tel ég að nú sé kominn tími til að beyta þessu ákvæði aftur í þá veru sem gerð var tillaga um á sínum tíma og öll sönnunarbyrðin sé atvinnurekandans, bæði fyrir kærunefndinni og dómstólum.

Ég vil vísa í greinargerð með þessari tillögu þar sem vitnað er til dóma sem Evrópudómstóllinn í Lúxemborg hefur úrskurðað í að því er varðar þetta atriði þar sem þeir töldu rétt að atvinnurekandi sýndi fram á að mismunun væri ekki vegna kynferðis. Ég ætla ekki að rekja það sérstaklega hér en vísa bara til þess sem þar segir. Ég tel eðlilegt að við breytum þessu einnig hér á landi.

Með þessu frv. eru aðeins lagðar til tvær brtt. og ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi að ég tel að jafnréttislög þurfi stöðugt að vera í endurskoðun. Það er mjög mikið að gerast á þessu sviði í Evrópu og í okkar nágrannalöndum sem við viljum gjarnan miða okkur við þannig að það er mjög eðlilegt að við endurskoðum lögin í heild og alltaf sé verið að gera einhverjar breytingar. Þessar litlu breytingar tel ég nauðsynlegt að gera hið fyrsta á lögunum.

Að lokinni þessari umræðu, frú forseti, legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[17:33]

Valgerður Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Í frv. því sem hér er til umræðu er lögð til breyting á jafnréttislögunum og af því tilefni vil ég taka fram að jafnréttislögin eru nú í virkri endurskoðun fyrir félmrn. í Jafnréttisráði. Mér er kunnugt um það að breytingartillögur verða lagðar fyrir ráðherra núna á allra næstu dögum. En ég tek undir það með flm. að ég tel það nauðsynlegt að lög eins og jafnréttislögin séu sífellt endurskoðuð og betrumbætt í takt við tímann og breyttar aðstæður því að það er mjög mikilvægt að lög sem þessi séu lifandi og virk og nýtist sem tæki eða grundvöllur til þess að ná fram markmiði þeirra, þ.e. jafnrétti á milli karla og kvenna. Því tel ég að allar tillögur sem stuðla að aukinni skilvirkni og beittari lögum á þessu sviði séu til bóta.

Ákvæðið um hina svokölluðu öfugu sönnunarbyrði sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir kom inn á áðan og talaði um að væri e.t.v. ekki sem best orðalag. Ég er sammála því. Ég tel ekki að þetta sé öfug sönnunarbyrði heldur má kannski kalla hana dreifða og væri nokkuð lýsandi fyrir hvað þetta er því að það á að vera skylda beggja aðila að sanna sitt mál samkvæmt þessu ákvæði. Það er sem sagt ákvæði um það að atvinnurekanda ber að sanna að aðrar ástæður en kynferði hafi legið að baki ákvörðun hans ef um kæru vegna launa-

misréttis er að ræða. Eins og kom fram í ræðu flm. áðan, þá var þetta í tillögum félmrh. fyrst þegar lögin voru lögð fyrir, en því miður var ekki hljómgrunnur meðal þingmanna fyrir þessum hugmyndum og það er vel ef augu hv. þm. eru nú að opnast fyrir nauðsyn svona ákvæðis. Ég vona að það verði útbreiddur stuðningur við þetta hér.

Í þessu sambandi er vert að nefna að það er einmitt á vinnumarkaðnum sem misréttið á milli karla og kvenna kemur hvað skýrast fram. Þangað þarf því beina mestri athygli í jafnréttisbaráttunni núna því að þó að konur séu nú fullir þátttakendur á atvinnumarkaði og þær séu jafn vel menntaðar og karlmenn, þá er launamunur kynjanna staðreynd. Konur hafa gegnumgangandi um 60–70% af launum karla og þá gildir einu hvort um er að ræða ómenntaðar eða ófaglærðar konur, konur með starfsmenntun eða jafnvel háskólamenntaðar konur. Þær eru allar rétt rúmir hálfdrættingar á við karla og kona sem er á besta æviskeiði þegar launin eru hæst verður að sætta sig við það að vera talin jafnoki drengja undir 16 ára og/eða karla yfir sextugt í launum. Við þetta má ekki búa. Ég fagna því öllum tillögum um endurbætur á jafnréttislögunum og bendi um leið á það að þau eru í endurskoðun og vonandi fáum við betri og virkari lög á eftir.

[17:37]

Flm. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Aðeins örstutt. Ég þakka hv. 17. þm. Reykv., Valgerði Gunnarsdóttur, fyrir að taka undir þetta frv. Það kom mér auðvitað ekkert á óvart. Ég veit að mjög margar konur telja að þessu eigi að breyta í þá veru sem hér er lagt til og ég tel það mjög mikilvægt að við reynum að beita okkur á þinginu til þess að fá þessum ákvæðum breytt. Ég tek það fram að það er ekkert síður með þessa svokölluðu öfugu sönnunarbyrði eða breyttu sönnunarbyrði eða dreifðu, *ég veit* ekki hvað við eigum að kalla það. Aðalatriðið er er að við vitum hvað við erum að meina. Mér er illa við að kalla það öfuga sönnunarbyrði því það er eins og maður sé að víkja eitthvað mjög afbrigðilega frá einhverju venjulegu og það tel ég ekki vera í þessu tilviki. Eins og ég tók fram áðan, þá er þetta venja í rétti orðið víðast hvar. Á þessu hefur orðið mikil breyting. Ég held að þegar hæstv. félmrh. lagði frv. fram á 111. löggjafarþingi vorið 1989 hafi ekki verið eins langt komið í þessu máli. Ég hugsa því að það sé meiri grundvöllur fyrir því núna að fá þessu ákvæði breytt.

Ég fagna því að það skuli fara fram endurskoðun á þessum lögum, en það breytir ekki því að ég held að það sé mjög mikilvægt að taka eitt skref í einu. Stundum er betra að reyna að taka lítil skref og reyna að vinna þetta áfram í staðinn fyrir að bíða alltaf eftir heildarendurskoðun. T.d. hafa Svíar, sem hafa verið með sín jafnréttislög í stöðugri endurskoðun, oft verið að gera *pínulitlar* breytingar á hverju ári og þeir breyttu lögunum síðast 1992 eftir því sem ég best veit. Kannski eru komin enn ný. Þeir eru alltaf að bæta pínulitlu og breyta pínulítið.

Það verður að taka á þessum málum þannig að ég vænti þess að núna í vor getum við breytt þessu atriði og ég reikna með því að við fáum þá enn þá frekari breytingar í haust að því er varðar jafnréttislögin og fagna ég því vegna þess að þau verða að vera í sífelldri endurskoðun.

Það atriði sem hv. þm. Valgerður Gunnarsdóttir kom hér inn á um launamuninn er það alvarlegasta varðandi misrétti kvenna og karla, það er á vinnumarkaðnum. Því miður er það þannig að manni finnst allt of lítið ganga og maður fer að verða — ég vil ekki segja svartsýnn, en stundum verður maður ansi þreyttur á því að þurfa alltaf að vera að berjast í því sama og segja það sama ár eftir ár eftir ár. Það breytist lítið og stundum finnst manni ganga frekar aftur á bak. Því miður er það þannig.

Varðandi háskólamenntaðar konur er það því miður þannig að þar er jafnvel, hugsa ég, mesti launamunurinn. *Það er jafnvel skárra hjá ófaglærðu fólki, því* miður er það svo, milli kvenna og karla. Þegar ég var ung, eins og maður segir, og var í menntaskóla og var að reyna að ákveða hvað ég ætlaði að læra og hvað ég ætlaði að gera var sagt: Aðalatriðið fyrir konur er að mennta sig. Þá lagast þetta allt saman, mennta sig bara nógu mikið og ekki fara í neitt hefðbundið, fara í eitthvað sem ekki er alveg það venjulegasta. Maður byrjaði á því að fara í stærðfræðideild og ekki fara í það sem allar stelpurnar fóru í heldur eitthvað aðeins annað. Og hvað kemur í ljós? Jú, það er alltaf þetta sama. Þegar konur eru búnar að mennta sig var sagt við þær — reyndar hefur það ekki enn þá verið sagt við mig, en ég var einu sinni á fundi og það var sagt: Þið bara menntið ykkur vitlaust, stelpur mínar. Fyrst á maður að mennta sig og svo er það ekki rétt. Það er því alltaf hægt að finna eitthvað nýtt og nýtt og alltaf var fundið upp eitthvað skemmtilegt fyrir konur að fást við. Núna er jafnvel svo komið að á margan hátt eru *háskólamenntaðar konur ekkert betur settar en hinar.* Því miður er það svo.

Ég geri mér því góðar vonir um það að félmn. geti fjallað um þetta mál. Þetta ætti ekki að vera flókið og ég er viss um að Jafnréttisráð og þeir sem um þessi mál hafa fjallað hafa á reiðum höndum svör og geta gefið álit með stuttum fyrirvara. Ég vil þó benda á að ég held að það hafi verið réttarfarsnefnd sem gerði athugasemdir á sínum tíma við þessi ákvæði þegar við lögðum þetta til í nefnd félmrh. á sínum tíma. Við ákváðum að taka ekkert tillit til þeirra athugasemda vegna þess að við vissum að þetta var alls staðar í löggjöf í löndunum í kring og þess vegna töldum við að þeirra athugasemdir ættu ekki nægilega mikinn rétt á sér til þess að við gætum ekki breytt lögunum í þá veru sem við lögðum þá til og félmrh. var þá greinilega sammála. Því miður var meiri hluti Alþingis á þeim tíma ekki sammála okkur hinum en nú erum við komin með nýtt þing og vonandi breytt viðhorf.

[17:43]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ákvæði þessa frv. sem er til umræðu um breytingu á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla hafa verið *til umræðu á Alþingi*

áður eins og fram kom hjá hv. flm. og um þau hafa verið nokkuð skiptar skoðanir.

Varðandi fyrra ákvæðið um það að fella út orðin „sambærileg störf" þá er það svo að í íslenskum jafnréttislögum hafa alltaf verið notuð tvö hugtök yfir samanburð á launum að störf séu jafnverðmæt og sambærileg og það var ekki talin ástæða til þess á sínum tíma að breyta þessari skilgreiningu, m.a. þar sem hún var ekki talin hindra konur í að ná fram rétti sínum. Það var með öðrum orðum ekki talið skipta máli hvort aðeins stæði í textanum orðin „jafnverðmæt störf" eða „jafnverðmæt og sambærileg störf." Í erlendum samþykktum er einungis notað orðið jafnverðmæt og þegar bæklingur kærunefndar svo dæmi sé tekið var saminn 1992 var mikil umræða einmitt um þetta atriði og varð niðurstaða sú að öll störf væri hægt að bera saman og því ætti það skilyrði ekki að hindra neinn í að ná fram rétti sínum. Þrátt fyrir þetta tel ég það vel athugandi að skoða hvort það sé ekki æskilegt að taka út orðið „sambærileg". Orðin geta ruglað fólk og verið hugsanlega til þess að atvinnurekendur geti skýlt sér á bak við það að einstök störf verði ekki borin saman. Það er full ástæða til að samræma lagatextann hér þeim alþjóðlegu samþykktum sem við erum aðilar að og einnig að koma í veg fyrir óþarfa misskilning þeirra sem þurfa að vinna eftir lögunum.

Varðandi síðara ákvæðið í þessu frv., þá voru jafnréttislögin endurskoðuð fyrir nokkrum árum, mig minnir að það hafi verið 1990, og þá var einmitt í frv. sem ég lagði fram það ákvæði sem lagt var til að verði tekið upp. (**Gripið fram í:** 1988.) Já, 1988 eða 1989, ég man ekki hvort var. En þá var einmitt þetta ákvæði inni í frv. sem ég lagði fram sem hér er tekið upp en náði ekki fram að ganga og það náðist ekki samstaða um það á Alþingi. Nefndin sem fjallaði um málið þá lagði einmitt til að sönnunarbyrðinni yrði snúið við, ekki bara fyrir kærunefnd heldur einnig fyrir dómstólum vegna jafnréttisbrota. Þetta ákvæði er tekið upp í þessu frv. Þetta ákvæði er t.d. í nýrri tilskipun eða drögum að nýrri tilskipun hjá EB sem gerir ráð fyrir öfugri sönnunarbyrði með þessum hætti og það er mitt mat að það geti orðið til þess að styrkja jafnréttisbaráttuna að breyta þessu og vonandi næst samstaða um það mál hér á þinginu nú. En um þetta voru mjög deildar meiningar fyrir nokkrum árum.

Það kemur fram í greinargerð með þessu frv. að það er skoðun flm. að það þurfi að endurskoða jafnréttislögin í heild sinni. Ég tek undir það að það væri rétt að skoða fleiri þætti, það þurfi fleiri þættir skoðunar við en fram kom í þessu frv. í jafnréttislögunum. Jafnréttisráð hefur verið að yfirfara á undanförnum vikum ákvæði laganna og skoða hverju þurfi að breyta og m.a. hefur það einmitt verið að skoða þessi ákvæði sem lagt er til í þessu frv. ásamt fleiri atriðum. En ég stend hér einungis upp, virðulegi forseti, til þess að láta í ljós þessa skoðun mína á þessu máli að ég tel bæði þessi atriði, sem hér eru tekin upp, geta orðið til þess að styrkja jafnréttisbaráttuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leit að verðmæta- og atvinnuskapandi verkefnum, fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 413. mál. — Þskj. 618.

[17:47]

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Við höfum nú á undanförnum árum verið að horfast í augu við erfiðleika sem vonandi eru tímabundnir en þessir erfiðleikar hafa leitt til þess að nú er hér atvinnuleysi sem við höfum ekki þurft að búa við talsvert langan tíma. Á sama tíma og við höfum þurft að horfast í augu við þetta atvinnuleysi höfum við verið að gera okkur grein fyrir því að atvinnusköpun eða sköpun atvinnutækifæra fram að aldamótum þarf að vera á bilinu 20–25 þúsund störf. Til þess að stöðva þetta atvinnuleysi og til þess að skapa þessi atvinnutækifæri þurfum við að auka fjárfestingar í atvinnulífinu. Því miður eru fjárfestingar í lágmarki hjá okkur nú um stundir og reyndar er ekki fyrirsjáanlegt að við getum af eigin krafti fjárfest eins og þarf bæði til að koma í veg fyrir að atvinnuleysi aukist og minnka atvinnuleysið og skapa þau atvinnutækifæri sem við þurfum á að halda fram að aldamótum. Við höfum þrjár leiðir til þess að auka þessa fjárfestingu. Við getum gert það með því að taka lán erlendis, en staða okkar hvað varðar skuldir við útlönd er slík að það er í dag ekki ráðlegt. Þrátt fyrir það að heildarskuldir ríkisins séu ekki á hættumörkum, þá eru erlendar skuldir þjóðarbúsins svo miklar að það er ekki ráðlegt að auka þær. Stefna ríkisstjórnarinnar hefur verið að lækka þær fremur en auka og hefur það reyndar tekist að nokkru leyti á síðasta ári. Við höfum þann möguleika að leitast við að auka innlendan sparnað til þess að til verði fjármunir hér innan lands til að fjárfesta með. Því miður hefur innlendur sparnaður ekki verið nægilega mikill á undanförnum árum og mjög nauðsynlegt er að auka hann. Það getum við t.d. gert með því að gera breytingar á lífeyrissjóðakerfi okkar og auka þar frjálsræði og gefa þar með fleiri fjárfestingarmöguleika sem mundu hjálpa okkur til þess að fjárfesta okkur út úr þeim vanda sem við búum við í atvinnumálum. Jafnvel þótt okkur takist þetta þá þarf fjárfestingin að vera svo mikil að ég held að við mundum ekki ná innlendum sparnaði upp á það stig sem þarf að vera og því held ég að við þurfum að horfa til þriðja möguleikans sem er að leita eftir fjármagni hjá erlendum fjárfestum. Þess vegna hef ég ásamt hv. þm. Guðjóni Guðmundssyni og Tómasi Inga Olrich lagt fram eftirfarandi þáltill.:

„Alþingi ályktar að fela forsætisráðherra að koma á fót þremur tímabundnum stöðum erindreka sem hefðu það hlutverk að leita að verðmæta- og atvinnuskapandi verkefnum erlendis — verkefnum sem hægt er að vinna hérlendis í samstarfi erlendra og innlendra rekstrar- og fjárfestingaraðila.

Nefnd skipuð fulltrúum utanríkis-, fjármála-, viðskipta- og forsrn. skal hafa umsjón með starfi erindrekanna og hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins. Kostnaður við starfsemina greiðist úr ríkissjóði."

Eins og staðan er í dag þá er erlend fjárfesting í atvinnulífi á Íslandi óveruleg. Það hefur komið fram í umræðunni að við sem þjóð erum að tapa af erlendum fjárfestingum ef borið er saman við nágrannaþjóðir okkar. Tilkoma hins Evrópska efnahagssvæðis og aðild okkar að því svæði á að skapa okkur möguleika í þessum efnum. Þá möguleika erum við enn sem komið er ekki farnir að nýta okkur að neinu marki.

Því hefur verið haldið fram að innganga Norðurlandaþjóðanna, Finnlands, Svíþjóðar og Noregs í Evrópusambandið muni leiða til þess að fjárfestingar muni frekar leita til þessara landa en til þeirra landa sem ekki hafa óskað eftir inngöngu í Evrópusambandið. Þetta er að sönnu rétt í meginatriðum en við verðum hins vegar að líta til þess að Evrópska efnahagssvæðið gefur okkur þó nokkuð mikla möguleika, en það mun hins vegar ekki verða eins áberandi að við séum meðlimir í Evrópska efnahagssvæðinu eða þá hugsanlega í framtíðinni höfum tvíhliða samning við Evrópubandalagið sem byggður er á samþykktum þessa Evrópska efnahagssvæðis eins og það mun vera áberandi að Norðurlandaþjóðirnar séu meðlimir í Evrópusambandinu. Við þurfum því að beita okkur á annan hátt en þessar nágrannaþjóðir okkar þurfa að gera. Við þurfum að vera virkari í því starfi sem við vinnum og við þurfum að kynna betur en þeir hvaða möguleikar eru hér á landi og við þurfum að fara meira út á við til þess að sækja verkefnin en aðrar Norðurlandaþjóðir munu þurfa að gera.

Við erum auðvitað ekki sams konar iðnaðarþjóðfélag og Svíþjóð og Finnland og við höfum ekki þörfina fyrir eins miklar erlendar fjárfestingar og þessar þjóðir munu þurfa á að halda í framtíðinni. Okkar möguleikar felast frekar í sértækum verkefnum sem byggjast á sérislenskum aðstæðum og því ætti okkur að vera mögulegt að ná til okkar verkefnum á þessum sérstöku sviðum ef við beitum okkur á réttan og skynsamlegan hátt.

Nú er í undirbúningi af hálfu ríkisstjórnarinnar að koma á fót upplýsingaskrifstofu fyrir erlenda fjárfesta og það er vissulega mjög jákvætt spor í þessa átt. Ég tel hins vegar að við þurfum að gera meira en einungis að setja á stofn skrifstofur þar sem upplýsingarnar eru fyrir hendi til þess að aðilar geti leitað eftir þeim. Við þurfum beinlínis að koma upplýsingunum á staðinn til þeirra aðila sem við teljum að geti haft hag af því að fjárfesta hér hjá okkur og við getum haft hag af því að fjárfesti hjá okkur.

Sérstaða Íslands hvað varðar landfræðilega stöðu, svo og umhverfisvænleika landsins og afurða þess er nú að verða helsti markaðsstyrkleiki afurða okkar. Þessi sérstaða er greinileg bæði á sviði framleiðslu og þjónustu og því er nauðsynlegt að mati okkar flm. að innlendir aðilar hafi sameiginlegt frumkvæði um það að fylgja eftir hugmyndum um nýsköpun og verðmætaaukningu. Þess vegna höfum við lagt til að það verði komið á fót tímabundið embættum erindreka til þess að kynna þessa möguleika okkar. En til þess að jafnræði verði meðal hinna ýmsu aðila vinnumarkaðarins leggjum við til að forsrn. hafi forgöngu um ráðningu erindrekanna sem valdir verði með hliðsjón af reynslu þeirra og sérþekkingu á erlendum markaðsstörfum og svæðum. Ráðning þeirra taki einnig mið af sérstökum verkefnum sem sinna þyrfti hverju sinni.

Í nágrannalöndum okkar, m.a. í Noregi, hefur þessi háttur verið hafður á með góðum árangri. Erindrekar sem annars eru við störf hjá innlendum fyrirtækjum, eru ráðnir til ákveðinna tímabundinna verkefna á markaðssvæðinu en atvinnuveitendur þeirra, fyrirtæki eða stofnanir, samþykkja tímabundið leyfi þeim til handa. Þessir erindrekar fara inn á markaðssvæði sem þeir þekkja af reynd og leita að ákveðnum fjárfestum sem væntanlega gætu haft erindi til samstarfs við íslenska aðila, bæði með fjárfestingu, samstarfi og söluaðgerð. Vinna erindreka af þessum toga byggist fyrst og fremst á máta sem nefndur hefur verið maður á mann og nýtist oft og tíðum betur en sambærileg vinna ráða og stofnana sem vitaskuld njóta síðan góðs af samböndum þeim sem erindrekarnir kynnu að stofna til. Á sama hátt eru erindrekar ekki kvaddir til nema undirbúningsvinna aðila vinnumarkaðarins og opinberra stofnana sé fyrir hendi þannig að erindrekarnir hafi bæði upplýsingar og söluhvata á reiðum höndum. Þar sem samkeppni við fjármagn og markaðsleiðandi aðila er mjög hörð hefur beinskeytt starf sérstakra erindreka oft og tíðum skilað betri árangri en annarra. Má benda á bresk og bandarísk fyrirtæki sem fundist hafa eftir sérhæfða leit og kynningu fulltrúa hérlendra sveitarfélaga.

Við flutningsmenn teljum að ef þessi tillaga yrði að veruleika þá mundum við auka möguleika okkar á því að fá til landsins erlenda fjárfesta mjög verulega og þá erum við ekki bara að tala um hvaða fjárfesta sem er eða fjárfestingar í hvaða verkefni sem er, heldur fjárfesta og fjárfestingar sem munu koma okkar atvinnulífi sem allra best og skapa bæði hag fyrir Íslendinga og erlenda samstarfsaðila.

Ég legg til, hæstv. forseti, að tillögunni verði vísað til hv. allshn.

[17:59]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil koma að þessari till. til þál. með örfáum orðum eftir ágæta framsögu hv. þm. Árna M. Mathiesens, en ég er meðflm. hans að þessu máli og tel að hér geti verið um mjög athyglisvert mál að ræða. Hér er um að ræða í raun tilraun til að koma íslenskum aðilum inn í reynsluheim og sérþekkingu erlendra markaðssvæða með því að koma þeim í tengsl við erlend fyrirtæki og koma þeim upp sérþekkingu á þessum markaðssvæðum í gegnum starf þeirra á erlendri grundu. Þessi leit er í raun og veru sambærileg við ýmiss konar svið sem mætti flokka undir hagnýtar rannsóknir og ég stenst ekki þá freistingu að vekja athygli á því að í þau mörgu ár sem hér hefur verið starfandi sérstakur sjóður sem hefur eflt hagnýtar rannsóknir í þágu atvinnuveganna þá hefur það viðgengist mjög lengi að ef litið er á rannsóknarframlög eftir atvinnugreinum þá er ekki litið á viðskipti sem sérstaka atvinnugrein. Það er litið á sjávarútveginn sem sérstaka atvinnugrein, það er litið á fiskveiðar og vinnslu,

það er litið á iðnaðinn, það er litið á þjónustu sem sérstaka atvinnugrein og síðan er skoðað hversu mikil rannsóknarframlög hafa verið veitt eftir greinum.

Í raun og veru er það svo að þó að við Íslendingar segjumst iðulega lifa á fiskveiðum þá er það ekki svo, við lifum ekki á fiskveiðum heldur lifum við fyrst og fremst á því að veiða fisk og selja hann þannig að við lifum á markaðsmálum, tengslum við markað og þekkingu á viðskiptum.

Nú er það svo að hægt er að nálgast þessa þekkingu með ýmsum hætti og ég tel að við höfum í raun og veru vanrækt það að skoða með fræðilegum hætti markaðsmál og viðskipti þó að sjálfsögðu hafi Háskóli Íslands lagt margt mjög merkilegt af mörkum í þeim efnum. En sú hugmynd sem hér er sett fram í formi þáltill. beinist að því að finna beinni leið inn á þessi markaðssvæði, inn í reynsluheim og sérþekkingu á þessum markaðssvæðum og ég er sannfærður um það að sú leið er fær. Það hefur í raun og veru verið sannað að þessi leið er fær og hin beinu tengsl sem skapast geta með þessum hætti geta leitt til verulegs árangurs. Ég lít því í raun og veru á þetta sem hluta af vanræktu sviði í tengslum við okkar atvinnulíf og styð þetta mál eindregið, bæði með því að vera á því og mæla með því hér og tel að það geti komið okkar atvinnulífi til góða, sérstaklega nú þegar ný viðskiptasvæði hafa opnast og með vaxandi mikilvægi þess að Íslendingar afli sér sérstakrar þekkingar á fjármagnsmálum, viðskiptamálum og markaðsmálum og sæki til nýrra verkefna á sviði atvinnustarfsemi, þá held ég að þetta mál geti komið okkur til góða og sé vænleg leið til árangurs.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kynning á ímynd Íslands erlendis, fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 414. mál. — Þskj. 619.

[18:03]

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég tala hér fyrir till. til þál. um kynningu á ímynd Íslands erlendis sem ég flyt ásamt hv. þm. Salome Þorkelsdóttur, Sólveigu Pétursdóttur og Láru Margréti Ragnarsdóttur. Þetta er þriðja þingið sem við flytjum þessa tillögu en hún hlaut ekki afgreiðslu á síðasta þingi og var reyndar ekki mælt fyrir henni á þinginu þar áður. Tillagan fjallar um það að nefnd sem forsrh. skipar hafi frumkvæði að því að samræma það hvernig ímynd Íslands er kynnt á erlendum vettvangi í samvinnu við hagsmunaaðila. Það verði gerð áætlun um þessa kynningu og kostnaður af áætluninni verði greiddur af hagsmunaaðilum og ríkissjóði samkvæmt því sem Alþingi ákveður í fjárlögum. Jafnframt gerir tillagan ráð fyrir því að gerð verði úttekt á því hvernig aðstæður og aðgerðir hér innan lands samræmast þeirri ímynd landsins sem kynnt er erlendis.

Ég tel að það sé afar mikilvægt fyrir Ísland á þeim tímum þegar viðskiptafrelsi er að aukast og samkeppnin á alþjóðlegum frjálsum markaði harðnar, að ímynd Íslands sé kynnt á skipulegan hátt erlendis. Við höfum allt of lengi látið það vera hlutverk þeirra aðila sem selja vöru og þjónustu að kynna ímynd landsins þannig að allt of mikill tími og allt of miklir fjármunir þessara viðskiptaaðila hafa farið í það að kynna Ísland, legu þess og staðhætti, kosti og galla lands og þjóðar. Þeir fjármunir og sá tími hefur þá ekki nýst til að sinna hinum eiginlegu sölustörfum, að selja vöruna og selja þjónustuna. Með því að samþykkja þessa tillögu og framkvæma hana, þá erum við að létta ákveðnum byrðum af viðskiptalífinu, ákveðnum byrðum sem við höfum raunverulega lagt á það og auka þannig svigrúm og möguleika viðskiptalífsins til þess að koma vörum okkar og þjónustu enn frekar á framfæri erlendis og skapa þannig fleiri störf hér heima en við höfum nú þegar á að skipa. Ég held að það sé skynsamlegt að gera þetta, ekki síður nú í dag en þegar við fluttum þessa tillögu fyrst fyrir tveimur árum síðan, þetta sé raunverulega enn þá nauðsynlegra nú í dag en þá og vil ég þá vísa til orða minna sem ég hafði hér í framsögu fyrir dagskrármáli sem hér var á dagskrá á undan þar sem ég ræddi um fjárfestingarþörf hér á landi og þau atvinnutækifæri sem við þurfum að skapa fram að aldamótum.

Ég tel að ef við náum góðum árangri á þessu sviði þá detti fólki erlendis í hug Ísland þegar upp í hugann koma ímynd hreinleika og gæða og það sé markmið sem við eigum að vinna að sameiginlega og góður árangur á þessu sviði muni skila sér ríkulega til okkar í aukinni vermætasköpun, auknum útflutningi og auknum atvinnutækifærum.

Ég legg til, hæstv. forseti, að tillögunni verði vísað til hv. allshn.

[18:08]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Sú till. til þál. um kynningu á ímynd Íslands erlendis sem hér er til umfjöllunar er athyglisverð og er full ástæða til þess að taka undir með 1. flm. að verkefnið sjálft að samræma kynningu á Íslandi með eins konar sameiginlegri hönnun á ímynd landsins er afar brýnt verkefni.

Í raun og veru er hægt að segja sem svo að það starf að kynna Ísland sé ekki skipulagt í dag og á vissan hátt höfum við nálgast það verkefni á óæskilegan máta að kynna Ísland í augum annarra þjóða. Ég vil nefna sem dæmi að þó að það hafi aldrei verið gert á opinberan máta þá höfum við, alla vega ákveðnir aðilar, freistast til þess að draga upp þá mynd af Íslendingum að þeir væru fyrst og fremst afkomendur víkinga. Þetta sést raunar á ýmsum minjagripum og sölubörum sem boðnar eru erlendum aðilum til kaups. Þá vaknar sú spurning hvort ímynd af þessu tagi er í einhverju samræmi við það sem við stöndum fyrir hérna á Íslandi og á það þá jafnt við um nútímamenningu Íslendinga sem fornmenningu. Í raun og veru má segja að sú ímynd, ímynd víkingsins, sé í hróplegu ósamræmi við eðli íslensks miðaldasamfélags fyrir utan það

að hún verkar afar illa á Evrópumenn sem hafa af víkingatímanum afar neikvæða reynslu og er skemmst að minnast þess að öldum saman kunnu Frakkar bæn sem miðaði að því að biðja hinn almáttuga að vernda þá gegn æði víkinganna. Í sjálfu sér er hægt að fullyrða að það samfélag sem hér þróaðist í miðöldum var í fullkominni mótsögn við það sem víkingatíminn býður upp á í augum erlendra aðila. Hér var háþróað samfélag, ekki aðeins á sviði bókmennta, en Íslendingar uppgötvuðu langt á undan öðrum þjóðum ákveðna sagnalist sem þróaðist hér með mjög sérstökum hætti á 13. öld. Náðu Íslendingar raunar í þeirri tækni tökum á textaritun sem segja má að Vestur-Evrópubúar hafi ekki uppgötvað í raun og veru fyrr en með skáldsagnagerð 19. aldarinnar.

En Íslendingar höfðu sérstöðu á mörgum öðrum sviðum. Þeir voru kunnáttumenn í sagnaritun og langt á undan sinni samtíð í þeim efnum. Þeir voru kunnáttumenn í hljóðfræði og skrifuðu um það lærðar ritgerðir. Þeir voru stjarnvísindamenn. Þetta var með öðrum orðum háþróað samfélag sem stundaði líka lagasmíð sem var mjög sérstök á þeim tíma sem hún fór hér fram þannig að ef við ætlum að kynna miðaldamenningu Íslendinga þá er nokkurn veginn gefið að sú kynning ætti að vera á öllum öðrum forsendum en þeim að tengja það á einhvern hátt þeim ránsferðum og því rupli sem víkingar eru þekktir fyrir. En það ber þó að geta þess að víkingar voru í raun mun geðslegri fulltrúar síns heimshluta en þjóðsagan sem af þeim fer var. Þeir stunduðu mikið viðskipti og hefur verið gerð tilraun til þess að bæta þá ímynd sem víkingar njóta í nútímanum með því að gera grein fyrir því hversu fráleitt það er að lýsa ferðum þeirra um heiminn fyrst og fremst sem ránsferðum því að þær voru landafundaferðir og viðskiptaferðir ekki síður en hitt.

Þetta vildi ég segja hér vegna þess að það skiptir mjög miklu máli hvernig við drögum upp einfalda en sannferðuga mynd af okkar samtíma og okkar fortíð til þess að skapa okkur þessa ímynd. Ég vil taka undir það að góður árangur á því sviði sem hér er verið að fjalla um í þessu þingmáli byggist á því að þegar nafn Íslands er nefnt, eins og hér stendur réttilega í greinargerð með þáltill., þá komi upp í huga manna ímynd hreinleika og gæða en það ætti einnig að koma upp í huga manna menning. Ég held að íslensk menning standi fyllilega undir því að höfða til manna við hliðina á þessum jákvæðu hugtökum um hreinleika og gæði.

Það er alveg hárrétt sem kemur fram í greinargerðinni að þessi almenna kynning á ekki að vera og getur ekki orðið hlutverk fyrirtækjanna í landinu, hún getur það ekki. Það vill svo til að ég fékk tækifæri til þess að ræða við forstjóra þess sænska fyrirtækis sem hefur nú verið stofnað eiginlega við einkavæðingu sænska ferðamálaráðsins, en það er orðið einkafyrirtæki nú. Þegar ég spurði þennan framkvæmdastjóra að því hversu gild rök hefðu legið til þess að þessi stofnun var einkavædd, þá viðurkenndi hann það fyrir mér að að hluta til væri þarna um að ræða þróun sem ekki væri hægt að styðja þeim rökum að ríkið hefði ekki hlutverki að gegna þarna og þá kom hann einmitt inn á þennan almenna kynningarþátt. Hann sagði að það væri óhjákvæmilegt að ríkið sinnti þessu vegna þess að það væri í raun og veru alls ekki hægt að sýna fram á það að neinn hefði beinar tekjur af almennu kynningarstarfi. Það væri óverjandi fyrir fyrirtæki að verja miklum fjármunum til svona kynningarstarfa. Þó að þess séu dæmi hér á Íslandi að einkafyrirtæki, og ég nefni sérstaklega Flugleiðir, hafi lagt í svona kynningu þá sé það í raun og veru hlutverk hins opinbera að stunda slíka kynningarstarfsemi og það sé einmitt ekki síst vegna þess að þetta kemur í hlut hins opinbera sem þetta samræmingar- og undirbúningsstarf þarf að vera mjög vandað.

Með öðrum orðum er það hlutverk hins opinbera að taka frumkvæði í þessu máli og það varðar t.d. stefnumörkun í ferðamálum svo dæmi sé tekið. En það varðar miklu meira en stefnumörkun í ferðamálum vegna þess að mjög mikilvægar afurðir á Íslandi, t.d. matvælaiðnaðurinn íslenski, eru ekki kynntar erlendis sem íslenskar vörur. Sjávarútvegurinn t.d. framleiðir gæðavörur en á erlendum mörkuðum eru þessar vörur ekki þekktar sem íslensk vara ef undan eru skildar tvær framleiðsluvörur, þ.e. saltfiskurinn sem er kunnur á Íberíuskaganum undir merkinu Íslenskur saltfiskur og er gæðavara þar, og í öðru lagi er það íslenska síldin sem hefur orðið þekkt einkum og sér í lagi í Svíþjóð sem gæðavara. En fiskurinn sem við flytjum út í stórum stíl, jafnvel fiskurinn sem fer frá okkar bestu frystihúsum er almennt ekki kynntur erlendis sem íslensk vara. Hann er alla jafnan settur í umbúðir sem eru merktar ákveðnum erlendum fyrirtækjum og kemur því fyrir augu kaupendanna erlendis sem vara frá þessum fyrirtækjum án þess að nokkrar upplýsingar liggi fyrir um það hvaðan fiskurinn kemur. Við erum þess vegna ekki þekkt sem matvælaframleiðsluþjóð þó að við séum fyrst og fremst matvælaframleiðsluþjóð. Og þetta setur okkur í ákveðinn farveg sem að mínu mati þarf að breyta.

Ég er þeirrar skoðunar að það mál, sem hér er rætt um og er tekið mjög réttilega á, sé þannig vaxið að þetta kynningarstarf sé bæði vandmeðfarið og dýrt og við eigum að leita leiða til þess að samnýta kraftana. Ég hef sannfæringu fyrir því að ferðaiðnaðurinn sem slíkur og sjávarútvegurinn hafi þarna sameiginlegra hagsmuna að gæta. Það á að vera hægt að kynna Ísland, það á að vera hægt að smíða ímynd Íslands sem kemur sér vel bæði fyrir ferðamennskuna og fyrir matvælaframleiðsluna. Hreinleikinn gildir fyrir hvort tveggja. Ef Ísland getur markað sér bás sem gott matvælaframleiðsluland, þá hefur það gífurlega mikla þýðingu fyrir ferðamennskuna svo að við tökum þarna bara eitt dæmi.

Ef við höfum líka tiltölulega vistvæna orku þá rennur þetta allt saman í sama farveg, að kynna landið sem land vistvænnar orku, sem land góðra matvæla og sem land gróskumikillar ferðaþjónustu og sem land sem kýs að kynna menningu sína út á við.

Svo að ég nefni enn eitt þá hefur verið rætt um það og er raunar verið að gera tilraunir með það að nýta

íslenska heilsugæslu sem er á háu stigi í þágu ferðaþjónustu, þ.e. að rækta upp svokallaða heilsuferðaþjónustu. Þetta er ekki hægt nema menn viti af því erlendis að hér sé heilsugæsla, heilbrigðisþjónusta á mjög háu stigi en það er ekki svo að menn viti það almennt erlendis að hér á landi sé háþróuð heilsugæsla. Ég minnist þess að hafa heyrt þá sögu sem ég get vel sagt hér í þingsalnum þeim þingmönnum sem hér eru viðstaddir til fróðleiks, að þess munu vera dæmi að hingað hafi komið Ítalir til ferðalaga þvert og endilangt um landið og þeir höfðu með sér líflækni sinn vegna þess að þeir litu svo á að þeir gætu ekki treyst því að fá hér eðlilega þjónustu á þessu sviði. Þegar læknirinn kom hingað til Reykjavíkur fór hann að kynna sér ástand heilbrigðisþjónustu á Íslandi og sá í hendi sér eins og skot að áhyggjur hans höfðu verið ástæðulausar og hér var heilbrigðisþjónusta sem gaf heilbrigðisþjónustu í hans heimalandi ekkert eftir nema ef síður væri. Þetta varpar ljósi á það hvað menningarstig okkar er illa þekkt erlendis og ég lít svo á að þessi till. til þál. sé hluti af því að taka á þessu kynningarstarfi og fagna því að hún er fram komin.

[18:19]

Flm. (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Norðurl. e. kærlega fyrir hans ræðu hér rétt á undan og áhuga hans á þessu máli. Það er alveg hárrétt sem hann sagði í sinni ræðu að kynning á ímynd Íslands er ekki skipuleg af okkar hálfu. Það er kannski rétt að geta þess að í þessu sambandi þar sem örugglega mörgum dettur í hug Útflutningsráð, að Útflutningsráð lítur ekki á það sem sitt hlutverk að kynna ímynd landsins erlendis. Þeir eru fyrst og fremst söluaðilar, viðskiptaaðilar og sem slíkir eiga þeir að selja vörur og kanna markaði.

Það er líka hárrétt sem kom fram hjá hv. þm. Tómasi Inga að okkar sjávarútvegsfyrirtæki selja fæst sína vöru undir íslensku vörumerki. Þeir aðilar sem mest hafa kynnt ímynd Íslands erlendis eru Ferðamálaráð og Flugleiðir. Hvorir um sig eru auðvitað aðallega söluaðilar. Þeir eru söluaðilar að tiltekinni þjónustu sem eru flutningar og ferðaþjónusta. Og mér er sagt að nánast eina íslenska fyrirtækið sem flaggar íslensku vörumerki og er áberandi á erlendum mörkuðum eru Flugleiðir. Og lítum við þannig á, þá held ég að við megum vera mjög þakklátir þessu ágæta fyrirtæki fyrir þá landkynningu sem það hefur stundað.

Það var áhugavert sem hv. 5. þm. Norðurl. e. nefndi um heilbrigðisþjónustuna og að erlendir viðskiptaaðilar gerðu sér ekki grein fyrir þeirri stöðu sem heilbrigðisþjónustan er í hér á landi. Þegar við vorum að ræða um 7. dagskrármálið hér á undan þá nefndi hv. þm. Tómas Ingi það að við hefðum ekki litið á viðskipti sem rannsóknir og ekki stundað rannsóknir á þessu sviði. Þetta er sjálfsagt í stórum dráttum rétt hjá honum en þrátt fyrir það að ég hafi nefnt hér áðan að Útflutningsráð liti ekki á sig sem kynningaraðila þá hefur verið unnin ákveðin starfsemi á vegum ráðsins hvað varðar viðskiptarannsóknir. Ég var á fundi sl. föstudag í Grindavík, nánar tiltekið í Bláa lóninu, þar sem m.a. var kynnt skýrsla sem Útflutningsráð vann fyrir Bláa lóns nefnd heilbrrn. og heilsufélagið Bláa lónið. Þessi skýrsla er skrifborðsúttekt á því hver markaður er fyrir psoriasis-lækningar. Það eru mjög merkilegar niðurstöður sem koma fram í þessari skýrslu og gæti eflaust orðið grundvöllur fyrir nokkuð góðum viðskiptum á heilbrgiðissviðinu ef hægt væri að selja þessa heilbrigðisþjónustu erlendis sem við getum óefað veitt í Bláa lóninu og það mundi örygglega hjálpa í slíkri sölu ef kynning á ímynd landsins væri samhæfð því markmiði að selja heilbrigðisþjónustu.

Ég er líka sannfærður um það að víkingar eins og þeir eru oftast kynntir erlendis mundu ekki draga að sér mikið af sjúklingum. Þess vegna fannst mér athyglisverð þessi sýn Tómasar á því hvernig ímynd Íslands erlendis ætti raunverulega að vera. Við ættum ekki að vera baráttuglaðir víkingar heldur ættum við að vera hugsuðir og rithöfundar, hæstv. forseti.

Það er því sjálfsagt alveg rétt hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. og ég varð einmitt var við það eða get nefnt til stuðnings þessum hugmyndum hans grein sem ég las um helgina í Lesbók Morgunblaðsins eftir Þórhall Vilmundarson. Hann er örnefnafræðingur og greinin fjallaði um örnefnið Víghóll eða Víghólar. Niðurstaða vísindamannsins varð sú að Víghólar drægju ekki nafn sitt af vígaferlum eða bardögum sem háðir hefðu verið á þessum hólum heldur hefði hér orðið beyting á örnefninu og flestir þessir Víghólar sem við þekkjum hefðu upphaflega heitið Veghólar og verið svo kallaðir vegna þess að þeir vísuðu ferðamönnum veginn. Tæplega geta íslensk örnefni og íslensk þjóð verið ferðavænni en þetta örnefni lýsir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Almannatryggingar, 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 418. mál (skipunartími forstjóra Tryggingastofnunar o.fl.). — Þskj. 626.

[18:26]

Flm. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga sem er 418. mál á þskj. 626 um breytingu á lögum nr. 117/1993, um almannatryggingar. 1. flm. er Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og meðflm. eru við hinar þingkonur Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, undirrituð, Kristín Ástgeirsdóttir og Kristín Einarsdóttir.

Í raun og veru felst aðalbreytingin í þessu frv. í 1. gr. frv. Það er aðalbreytingin sem verið er að leggja til. Með þessu er mjög stutt greinargerð og ég ætla að lesa nokkuð úr henni, með leyfi forseta:

„Skipanir í stöður hjá hinu opinbera eru með mismunandi hætti eftir stofnunum. Sumar eru ótímabundnar, aðrar til fjögurra ára og enn aðrar til sex ára í senn. Þróun undanfarinna ára er þó sú að tímabundnar skipanir forstöðumanna og jafnvel undirmanna þeirra hafa verið lögleiddar í auknum mæli. Þannig kemur eftirfarandi fram í greinargerð með breytingum

á lögum um Innkaupastofnun ríkisins þar sem skipunartíma forstöðumanns var breytt úr ótímabundnum í fjögur ár:

„Það er hins vegar nýmæli að forstjórinn skuli skipaður til fjögurra ára í senn og er það í samræmi við þróun síðustu ára í þá átt að binda skipunartíma forstöðumanna ríkisstofnana í tiltekinn tíma, sbr. t.d. stöðu forstjóra Iðntæknistofnunar Íslands, Hafrannsóknastofnunar og Landmælinga Íslands."

Ýmis fleiri dæmi má nefna um tímabundnar skipanir, svo sem bankastjóra Seðlabanka Íslands og bankastjóra ríkisbankanna til sex ára í senn og framkvæmdastjóra Hollustuverndar ríkisins til fjögurra ára. Ástæður þessarar þróunar eru fyrst og fremst þær að tímabundnar skipanir í stjórnunarstöður tryggja möguleika til endurnýjunar og geta þannig hindrað stöðnun í starfsemi stofnana hins opinbera. Það er einnig markmið þess frumvarps sem hér er lagt fram, en það felur það í sér að æðstu embættismenn Tryggingastofnunar ríkisins verði skipaðir til fjögurra ára í senn. Slík regla hefur oft komið til tals og á fundi tryggingaráðs 10. des. sl. var til dæmis samþykkt eftirfarandi:

„Tryggingaráð beinir því til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að þegar auglýstar verði lausar stöður lækna á læknadeild Tryggingastofnunar ríkisins þá verði ráðið tímabundið í stöðurnar til 4–6 ára. Sé þörf lagabreytinga í þessu skyni er það ósk tryggingaráðs að ráðherrann beiti sér fyrir þeim."

Ekki var auglýst í samræmi við tilmæli tryggingaráðs og ekkert bendir til að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hyggist beita sér fyrir lagabreytingu um þetta efni. Þess vegna er þetta frumvarp lagt hér fram."

Eins og ég sagði í upphafi þá er breytingin sem hér er lögð fram tvíþætt. Það er annars vegar gert ráð fyrir að ráðherra skipi aðeins forstjóra, skrifstofustjóra, tryggingaryfirlækni og tryggingarlækna en forstjórar ráði aðra starfsmenn stofnunarinnar. Hins vegar er skipunartímanum breytt úr ótímabundnu í fjögur ár í senn. Það er eins og ég segi sú breyting sem við erum aðallega að leggja til.

Ég vil svo að lokum, virðulegi forseti, leggja til að frv. verði að loknum umræðum vísað til 2. umr. og hv. heilbr.- og trn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Frv. GÁ o.fl., 426. mál (aðaltollhöfn í Höfn og Þorlákshöfn). — Þskj. 636.

[18:30]

Flm. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum. Ásamt þeim sem hér stendur flytja þetta mál Jónas Hallgrímsson, Egill Jónsson, Gunnlaugur Stefánsson, Eggert Haukdal, Margrét Frímannsdóttir, Hjörleifur Guttormsson og Halldór Ásgrímsson.

Frv. er svohljóðandi:

„1. gr. Við 1. mgr. 28. gr. laganna, sbr. lög nr. 40/1989, bætast tveir nýir töluliðir svohljóðandi:

16. Höfn í Hornafirði.

17. Þorlákshöfn.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Í greinargerð með þessu frv. og rökstuðningi segir svo:

„Undanfarin ár hafa farið fram umræður í sveitarstjórn Ölfushrepps og bæjarstjórn Hafnar í Hornafirði um möguleika þessara byggðarlaga á að þar verði viðurkenndar aðaltollhafnir.

Þrátt fyrir viðræður og bréfaskriftir forsvarsmanna þessara byggðarlaga hafa yfirvöld ekki enn séð sér fært að verða við óskum heimamanna þar að lútandi. Á Suðurlandi er einn staður sem nýtur réttinda aðaltollhafnar, þ.e. Vestmannaeyjar.

Undanfarin missiri hefur mikilvægi Þorlákshafnar aukist sem almennrar vöruhafnar þar sem upp voru teknar fastar áætlunarsiglingar milli meginlands Evrópu, Færeyja og Þorlákshafnar, fyrst í stað á hálfs mánaðar fresti og síðan í nóvember sl. vikulega.

Í tollumdæmi sýslumannsins í Árnessýslu er fjöldi tollafgreiðslna um þessar mundir u.þ.b. 3.000 á ári og eru þau störf framkvæmd meðfram öðrum, en engin tollþjónn er starfandi þrátt fyrir síaukið umfang." Síðan þetta var lagt fram hefur tollþjónn verið ráðinn á Selfossi. „Fyrirsjáanleg er enn frekari aukning vegna fastra skipakoma í Þorlákshöfn sem hlýtur að kalla eftir skjótri ákvörðun á breytingu í þessum efnum í umdæminu.

Á Austurlandi er syðsta aðaltollhöfn Eskifjörður og því óravegur og löng sjóleið í hina næstu sem er Vestmannaeyjar.

Fyrir ört vaxandi byggðarlag eins og Höfn í Hornafirði hlýtur það að vera mikið hagsmunamál að öðlast réttindi aðaltollhafnar, enda hafa bæjaryfirvöld fyrir nokkru síðan óskað eftir athugun og breytingum í þessa átt. Sem kunnugt er hefur íbúafjöldi Hafnar í Hornafirði meira en tvöfaldast síðustu tvo áratugi og umsvif atvinnufyrirtækja eflst að sama skapi.

Í umdæmi sýslumannsins á Höfn hefur tollafgreiðslum fjölgað jafnt og þétt undanfarin ár. Þar er enginn starfandi tollvörður. Tollmeðferð fer því fram meðfram öðrum störfum á skrifstofu sýslumanns eins og á Selfossi. Þegar skip og bátar koma erlendis frá sinnir lögregla á Höfn tollun. Um báðar þessar hafnir, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn, gilda þær reglur að óska verður heimildar tollgæslustjóra í Reykjavík um tollun skipa inn í landið og frá því.

Þrátt fyrir lipurð þeirra embættismanna tollþjónustunnar sem hlut eiga að er þetta kerfi þungt í vöfum og varla nútímaleg vinnubrögð og óumdeilanlega tafsamt. Af framanrituðu má ljóst vera að tímabært er að breytingar til batnaðar verði framkvæmdar án frekari tafa með því að Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði verði gerðar að aðaltollhöfnum. Með því móti einu mundu þessi byggðarlög og nágrenni þeirra öðlast sama rétt og möguleika á tollmeðferð skipa og á innflutningi og útflutningi enda mun slíkt leiða til einföldunar, aukinn-

ar hagkvæmni, sparnaðar og betra eftirlits í viðkomandi umdæmum."

Hæstv. forseti. Með þessu frv. fylgja þrjú bréf. Það er bréf Hafnarsjóðs til tollstjórans í Reykjavík sem bæjarstjóri á Höfn undirritaði og síðan eru tvö bréf frá sveitarstjóranum í Ölfushreppi.

Því má við þetta bæta að þessar tvær hafnir liggja með suðurströnd landsins og sýnist eðlilegt að þær öðlist svipaðan rétt og margar aðrar tollhafnir víða um land og þetta væri einföld breyting á lögum og mundi náttúrlega auðvelda mjög og einfalda skipasiglingar til þessara staða og ég vil hér svona til samanburðar nefna það að aðaltollhafnir aðrar samkvæmt lögum í landinu eru þessar: Í Reykjavík, Akranesi, Ísafirði, Sauðárkróki, Siglufirði, Akureyri, Húsavík, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Vestmannaeyjum, Keflavík, Keflavíkurflugvelli og Hafnarfirði. Manni finnst því að einmitt vanti þessar tvær hafnir til viðbótar og þær hafi með miklum umsvifum á síðustu árum sýnt að þar eru einmitt ýmsir möguleikar í þessum efnum. Eins og hér kemur fram og ég hef flutt í greinargerðinni þá mundi það mjög styrkja þessa staði í þá veru.

Að lokinni þessari umræðu legg ég til að málinu verði vísað til 2. umr. og efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1. og 10.–12. mál.

Fundi slitið kl. 18:37.

---

122. FUNDUR

þriðjudaginn 29. mars,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Kosning sérnefndar í 303. máli (stjórnarskipunarlög).
2. Rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 320. mál, þskj. 511. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
3. Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 321. mál, þskj. 512. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Áfengislög, frv., 360. mál, þskj. 552. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Framhaldsskólar, frv., 373. mál, þskj. 568. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frv., 392. mál, þskj. 591. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Leit að verðmæta- og atvinnuskapandi verkefnum, þáltill., 413. mál, þskj. 618. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Kynning á ímynd Íslands erlendis, þáltill., 414. mál, þskj. 619. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Almannatryggingar, frv., 418. mál, þskj. 626. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Tollalög, frv., 426. mál, þskj. 636. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
11. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 341. mál, þskj. 756, brtt. 758. — 3. umr.
12. Hæstiréttur Íslands, stjfrv., 196. mál, þskj. 752. — 3. umr.
13. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 197. mál, þskj. 754 (sbr. 219). — 3. umr.
14. Meðferð einkamála, stjfrv., 198. mál, þskj. 753. — 3. umr.
15. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 412. mál, þskj. 840. — 3. umr.
16. Ofbeldi gegn konum á Íslandi, þáltill., 269. mál, þskj. 324. — Fyrri umr.
17. Sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi, þáltill., 332. mál, þskj. 523. — Fyrri umr.
18. Bann við atvinnurekstri einstaklings vegna afbrota, frv., 368. mál, þskj. 561. — 1. umr.
19. Ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu, þáltill., 419. mál, þskj. 628. — Fyrri umr.
20. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv., 420. mál, þskj. 629. — 1. umr.
21. Átak við að koma raflínum í jarðstreng, þáltill., 421. mál, þskj. 630. — Fyrri umr.
22. Bann dragnótaveiða í Faxaflóa, þáltill., 434. mál, þskj. 646. — Fyrri umr.
23. Sumartími, skipan frídaga og orlof, þáltill., 435. mál, þskj. 647. — Fyrri umr.
24. Útflutningssjóður búvara, þáltill., 436. mál, þskj. 648. — Fyrri umr.
25. Atvinnuleysistryggingar, þáltill., 437. mál, þskj. 649. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Petrína Baldursdóttir, 11. þm. Reykn.,
Steingrímur Hermannsson, 7. þm. Reykn.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Ályktun frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga.
Bókun háskólaráðs.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 486. mál, svar landbrh., þskj. 843.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 487. mál, svar menntmrh., þskj. 846.

Ágangur sjávar og hefting sandfoks við Vík í Mýrdal, 539. mál, fsp. GÁ, þskj. 844.

Eftirlit með skipum, 549. mál, frv. PP, þskj. 860.

Framleiðsla og sala á búvörum, 341. mál, frhnál. 4. minni hluta landbn., þskj. 848; frhnál. 1. minni hluta landbn., þskj. 853; brtt. RA o.fl., þskj. 854.

Gjaldskrá Pósts og síma, 540. mál, fsp. VE, þskj. 845.

Héraðsskógar, 499. mál, nál. landbn., þskj. 855.

Kennaraháskóli Íslands, 412. mál, þskj. 840.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, 543. mál, stjtill., þskj. 851.

Samningur um opna lofthelgi, 541. mál, stjtill., þskj. 849.

Samningur um Svalbarða, 542. mál, stjtill., þskj. 850.

Tollalög, 547. mál, stjfrv., þskj. 858.

Stjórnarskipunarlög, frh. 1. umr. (atkvgr.).

Frv. KE o.fl., 303. mál (bráðabirgðalög). — Þskj. 494.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hafa tveir listar. Þar sem ekki hafa borist listar með fleiri nöfnum en kjósa skal lýsi ég rétt kjörin í sérnefnd um stjórnarskipunarlög:

Matthías Bjarnason (A),
Páll Pétursson (B),
Sólveig Pétursdóttir (A),
Ragnar Arnalds (B),
Sigbjörn Gunnarsson (A),
Guðmundur Bjarnason (B),
Geir H. Haarde (A),
Björn Bjarnason (A),
Kristín Einarsdóttir (B).

Rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði, frh. fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 320. mál. — Þskj. 511.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]

Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GÁS, HBl, IBA, JGS, MB, ÓRG, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GÁS, IBA, IP, JGS, MB, ÓRG, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, frh. fyrri umr.

Þáltill. TIO o.fl., 321. mál. — Þskj. 512.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]

Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GHH, GÁS, IBA, IP, JGS, LMR, ÓRG, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, SvG, VE) fjarstaddur.

Till. vísað til iðnn. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, GE, GuðjG, GAK, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, FrS, GHH, GÁS, GÁ, IBA, IP, JGS, ÓRG, PP, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, SvG, VE) fjarstaddir.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Frv. RG og PBald, 360. mál (viðvörunarmerki á umbúðir). — Þskj. 552.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, IP, JGS, JHelg, ÓRG, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

21 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, JGS, JHelg, ÓRG, PBald, SigG,

SAÞ, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddur.

Framhaldsskólar, frh. 1. umr.

Frv. VS, 373. mál (skólanefndir). — Þskj. 568.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GAK, GÁS, IBA, JGS, ÓRG, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, HG, IBA, JGS, ÓRG, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Jöfn staða og jafn réttur kvenna og karla, frh. 1. umr.

Frv. KE o.fl., 392. mál (samanburður starfa, sönnunarfærsla fyrir dómi). — Þskj. 591.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, JGS, ÓRG, PP, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, JGS, ÓRG, PBald, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Leit að verðmæta- og atvinnuskapandi verkefnum, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 413. mál. — Þskj. 618.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]

Till. vísað til síðari umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, JGS, ÓRG, PBald, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, JGS, ÓRG, PBald, SigG, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Kynning á ímynd Íslands erlendis, frh. fyrri umr.

Þáltill. ÁMM o.fl., 414. mál. — Þskj. 619.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁRÁ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, JGS, ÓRG, PBald, SigG, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁRÁ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GAK, GÁS, IBA, JGS, KHG, ÓRG, PBald, SigG, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Almannatryggingar, frh. 1. umr.

Frv. ISG o.fl., 418. mál (skipunartími forstjóra Tryggingastofnunar o.fl.). — Þskj. 626.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁRÁ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, JGS, ÓRG, PBald, SigG, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁRÁ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, JGS, KHG, ÓRG, PP, PBald, SigG, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Tollalög, frh. 1. umr.

Frv. GÁ o.fl., 426. mál (aðaltollhöfn í Höfn og Þorlákshöfn). — Þskj. 636.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

17 þm. (ÁRÁ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, IBA, KHG, ÓRG, PBald, SigG, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁRÁ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GÁS, HG, IBA, KHG, ÓRG, PP, PBald, SigG, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 341. mál (innflutningur búvara, tollskrárviðauki). — Þskj. 756, frhnál. 848 og 853, brtt. 758 og 854.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. 854. — Afbrigði samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FrS, GE, GAK, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PB, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

18 þm. (ÁRÁ, DO, EH, FI, GHH, GuðjG, GB, GÁS, IBA, KHG, ÓRG, PBald, SigG, StG, StH, SJS, StB, VE) fjarstaddir.

[13:47]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Þetta mál var þrautrætt hér við 2. umr. og nú við 3. umr. vísa ég að sjálfsögðu til þess málflutnings sem ég hafði þar í frammi. Mér finnst hins vegar rétt að koma á framfæri við þingið þeirri verkatilhögun sem var viðhöfð hjá landbn. á milli umræðna en mér barst þá bréf frá fimm nefndarmönnum í landbn. um að þar yrði efnt til fundar sem ég varð að sjálfsögðu við. Það er reyndar skýrt fram tekið í þingsköpum að nefndarmenn eiga rétt á því að óska eftir fundi og þá ber að hlíta slíkri ósk en til viðbótar höfðu þessir sömu nefndarmenn sýnt mikla tillitssemi í störfum nefndarinnar að þessu máli. Það höfðu verið haldnir margir fundir utan hefðbundins fundartíma og það eykur auðvitað á álag nefndarmanna við störf hér í þinginu og þá sérstaklega þegar til þess er horft að sumir landbúnaðarnefndarmenn eiga sæti í fleiri nefndum og hafa skyldum og störfum víðar að sinna. Það var því að sjálfsögðu auðsótt mál af fleiri en einni ástæðu að efna til þessa fundar.

Það var auk þess eftir því leitað að tilteknir sérfróðir menn mundu mæta á þessum fundi, fyrir það fyrsta þeir lögmenn sem höfðu verið nefndinni til ráðuneytis en auk þess Markús Sigurbjörnsson, prófessor við Háskóla Íslands, og Eiríkur Tómasson hrl. Hann hafði hins vegar ráðstafað sér á þessum tiltekna tíma og gat þar af leiðandi ekki mætt á fundum nefndarinnar.

Nefndin tók svo til umræðu þetta mál, búvörumálið, að ósk þessara nefndarmanna og í þeim tilgangi að fá nánari skýringar, sem voru að sjálfsögðu greiðlega gefnar, en í framhaldi af því og í lok fundarins varð það niðurstaða að þessir gestir landbn. mundu senda nefndinni skriflegt yfirlit yfir það sem þeir fjölluðu sérstaklega um á nefndarfundinum. Má kannski segja að það sé aðaltilefni frhnál. að koma þessum skýringum hér á framfæri sem fylgiskjölum við okkar stutta nefndarálit, en greinargerð Markúsar Sigurbjörnssonar er hér á fylgiskjali I og greinargerð þeirra lögmannanna Gunnlaugs Claessens, Sveins Snorrasonar og Tryggva Gunnarssonar er á fylgiskjali II. Þetta er sem sagt tilefnið að þessu nefndaráliti og umfjöllun 1. minni hluta gefur ekki sérstaklega tilefni til frekari um-

fjöllunar að svo komnu máli um það sem gerðist í störfum landbn. á milli umræðna.

Með því að hér liggja fyrir brtt., virðulegi forseti, þá ætla ég til þess að skýra mína afstöðu til þeirra að ljúka af þeirri umræðu af minni hálfu eins og hún kemur mér fyrir sjónir. Þá er það í fyrsta lagi brtt. Ólafs Þ. Þórðarsonar og hans félaga sem kveður á um að við frv. bætist ný málsgrein sem hljóðar svo:

„Rísi ágreiningur um túlkun þessara laga skal aðallega höfð hliðsjón af þeim skýringum sem fram koma í þskj. 671 á 117. löggjafarþingi."

Ég minni á það í upphafi að frá mínum bæjardyrum séð og eins og ég reyndar undirstrikaði við 2. umr. þá leikur hér enginn vafi á um lögskýringar. Það hefur reyndar komið fram hjá fleirum hér í þinginu að þessi texti væri alveg skýr og þar af leiðandi óþarfi að vera þar með frekari áréttingar eða öllu heldur áhyggjur út af hugsanlegri réttaróvissu. Ég vil í þessu sambandi og máli mínu til stuðnings vitna aðeins í greinargerð Markúsar Sigurbjörnssonar sem birt er í fylgiskjali I með frhnál. 1. minni hluta landbn. til þess að öll tvímæli í þessum efnum séu tekin af. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á fyrrnefndum fundi með landbn. lýsti ég þeirri skoðun að þessi brtt. á þskj. 758", þ.e. brtt. Ólafs Þ. Þórðarsonar og hans félaga, „væri óþörf, auk þess sem lagasetning í þessum búningi væri óæskileg."

Þetta kemur nú fram hjá þessum merka lagaprófessor. Og enn fremur segir í greinargerðinni:

„Um það hvort yfirleitt sé tilefni til að taka þetta fram verður að vekja athygli á að þótt athugasemdir við lagafrumvörp, nefndarálit og umræður á Alþingi geti skipt máli um skýringu á lögum reynir ekki á slík lögskýringargögn nema lagatexti, sem þau varðar, sé óljós eða merking hans orki tvímælis. Eins og hér háttar til fæ ég ekki séð að tilefni sé til að óttast að síðar geti komið upp vafi um merkingu einstaka ákvæða í sameiginlegum breytingartillögum 1. og 2. minni hluta landbúnaðarnefndar á þingskjali 672 sem kynni að þurfa að grípa til lögskýringargagna um. Textinn í þessum tillögum er að mínu mati nægilega skýr til að merking ákvæðanna geti talist ljós án hjálpargagna af þessum toga."

Þegar prófessorinn hefur fjallað nánar um þessi álit, þá kemst hann að þeirri niðurstöðu sem hér skal nú tilgreind:

„Það er þó aðeins í einum af þessum sjö liðum sem ég fæ séð að 2. minni hluti nefndarinnar láti í ljós að hann sé ósammála útskýringum í áliti 1. minni hluta á merkingu einstaka ákvæða í breytingartillögunum. Þetta er nánar tiltekið í lið með fyrirsögninni „Undirverð" í þingskjali 696 þar sem er vikið að merkingu ákvæðis í lið 2.4 í tillögu um hljóðan 72. gr. búvörulaga í þingskjali 672, en rétt er að taka fram að í ljósi orðalags ákvæðisins get ég á engan hátt samsinnt þeirri skoðun sem 2. minni hluti landbúnaðarnefndar heldur þar fram um skýringu þess."

Svo segir hér enn fremur, með leyfi forseta: „Í þessu ljósi leiðir álit 2. minni hluta landbúnaðarnefndar í þingskjali 696 að mínu mati ekki til neins vafa um að styðjast mætti við umfjöllun í þingskjali 671 ef síðar þyrfti að leita skýringa á einstaka atriðum í fyrirhuguðum breytingum á búvörulögum og er lögfesting reglu til að árétta þetta með öllu óþörf." Ég endurtek, virðulegi forseti: „og er lögfesting reglu til að árétta þetta með öllu óþörf."

Hér er sem sagt komist að þeirri niðurstöðu með afar skýrum hætti að lagatextinn sé alveg skýr og að nefndarálit 1. minni hluta sé hið eiginlega lögskýringargagn ef til þess þarf að koma að grípa til slíkra skýringa. Það er því alveg ljóst að sú tillaga sem hér er lögð fram, eins og reyndar kemur vel fram í þessu áliti prófessorsins og sérstaklega var leitað eftir að fá hans vitnisburð um þessi efni, er fullkomlega óþörf og óeðlileg og ég vil að það liggi alveg ljóst fyrir að ég mun greiða atkvæði gegn þessari tillögu ef hún verður borin upp hér á Alþingi.

Þá hefur enn fremur verið dreift hér annarri brtt. frá Ragnari Arnalds o.fl. og að því leyti fagna ég reyndar þeim tillöguflutningi sem hér er hafður í frammi af stjórnarandstöðunni, og mæli þar af hreinskilni, að ég met það mikils hvað sá tillöguflutningur er þó veigalítill því að auðvitað eru ýmis efni í þessum brtt. sem orka tvímælis og ég hef margsagt það hér í þessari umræðu að ég hef t.d. áhyggjur af viðaukum I og II eins og áður hefur komið fram þó að ég beri fulla ábyrgð á þeim til þess að skýra og einfalda málið af þeirri ástæðu að það kann að vera að einhverjar vörur sem okkur eru ekki kunnar núna og skýrist við frekari umfjöllun geti lent utan þessarar heimildar landbrh. og því verðum við að fygjast vel með.

En svo að ég snúi mér aftur að þessum brtt. hv. þm. Ragnars Arnalds og meðflm. hans, þá hef ég um þær það að segja að a-liður brtt. er með skýrum hætti inni í 1. mgr. 72. gr. og það er enginn munur á skoðunum okkar í þessum efnum, ekki nokkur einasti munur. Ég vil hins vegar taka það fram af þessu tilefni að mönnum hefur hætt til að blanda því tvennu saman, annars vegar vörum og hins vegar hráefnum. Verðjöfnun á vörunum og heimildir til þess eru bundnar við það að sams konar vara sé framleidd í landinu, en það er tilgreint að það séu landbúnaðarhráefni sem verðjafnað er fyrir eða eru lögð til grundvallar í verðjöfnuninni og það er hvergi þrengt að þeim skilningi að þar sé um að ræða landbúnaðarhráefni, ekki bara íslensk heldur landbúnaðarhráefni. Þetta kemur m.a. greinilega fram í nál. 1. minni hluta, þessi skýring sem hefur nú verið staðfest sem hið eiginlega fylgigagn með þessu frv., og þar af leiðandi er það augljóst mál að texti frv. rúmar þá hugsun, og margtekið fram, sem felst í a-lið þessarar brtt. við 3. gr. Þetta vil ég sérstaklega undirstrika af þessu tilefni.

Eins er með b-lið brtt. þar sem talað er um Úrúgvæ-lotu GATT-samningsins, ef þeir taka gildi hér á landi. Þetta segir út af fyrir sig nokkuð mikið í allri þessari umræðu að hér vilja menn lögfesta skýringu á væntanlegum GATT-Úrúgvæ viðræðum ef þær skyldu verða staðfestar hér á landi.

Nú er þetta þannig eins og margsinnis hefur verið tekið fram að við erum að ræða hér um breytingar á

búvörulögunum og í þessu tilviki erum við að leita að leiðum til þess að framkvæma útreikninga. Það er verið að lögfesta útreikningsreglur eins og hér hefur margsinnis verið sagt frá. Ég vitna enn til þess sem kom fram í umræðunni eins og hún féll hér við 2. umr. og með skýrri framsetningu í nál. 1. minni hluta því til stuðnings. En það er auðvitað ekki að tilefnislausu að í greinargerð lögmannanna þriggja er þetta enn fremur áréttað. Vil ég þá enn einu sinni minna á það sem hér hefur komið fram að texti frv. er skýr.

Ég vil hins vegar færa hér máli mínu til frekari sönnunar fram það sem segir sérstaklega um þessi efni í greinargerð þeirra Gunnlaugs Claessens, Sveins Snorrasonar og Tryggva Gunnarssonar, enda er það fram komið í framhaldi af þeim fyrirspurnum sem fyrir þá voru lagðar á áðurgreindum fundi í landbn. þar sem þeir voru sérstaklega kvaddir til að svara og skýra þetta mál. Hér segir, með leyfi virðulegs forseta, þar sem þeir hafa reyndar fjallað líka um það efni sem sérstaklega var talað um þessi tvö nefndarálit 1. og 2. minni hluta landbn. Þar segja þeir út af þeirri réttaróvissu þar sem verið er að fjalla um hana:

„Sem dæmi um þetta má vísa til orðalags 1. mgr. 72. gr. þar sem segir að ráðherra fái heimild til „að leggja verðjöfnunargjöld á innfluttar landbúnaðarvörur sem tilgreindar eru í viðaukum I og II með lögum þessum og jafnframt eru framleiddar hér á landi. Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt landbúnaðarhráefna í verði þeirra." Þarna segir beint að heimildin til að leggja gjaldið á sé bundin við vörur, en einstök hráefni í vörunni koma síðan við sögu þegar fjárhæð verðjöfnunargjalds er reiknuð út eins og nánar verður fjallað um hér á eftir."

Og þar segir enn fremur, með leyfi virðulegs forseta:

„Þess eru dæmi að sérstaklega hafi verið samið um tiltekið innlent viðmiðunarverð í fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að og bókunum við þá og taka til hlutaðeigandi innflutnings. Þessi aðstaða varð tilefni þess að liður 1.1 var settur inn í tillöguna. Í þeim tilvikum er hugsanlegt að samið hafi verið um slíkt viðmiðunarverð óháð því hvort viðkomandi hráefni sé framleitt hér á landi. Dæmi um slíkt er jurtaolía sem heimilað er að taka inn í verðjöfnun samkvæmt bókun 3 við EES-samninginn. Þannig eru ákveðnar tegundir af vörunni smjörlíki í viðauka II og sé smjörlíki í þessum sömu tollskrárnúmerum framleitt hér á landi er heimilt að verðjafna vegna hráefnisins jurtaolíu í innfluttu smjörlíki. Innlent viðmiðunarverð á hráefninu jurtaolíu er þá fundið eftir hinum sérstöku reglum bókunar 3."

Hér er sem sagt vitnað til þess að við höfum heimildir í milliríkjasamningum til að verðjafna fyrir landbúnaðarvörum þótt þær séu ekki framleiddar hér á landi. Og ég spyr nú: Lætur nokkur maður sér koma það til hugar að í löggjöf hér á Íslandi séu þessi ákvæði, þessi samningsgjörð þrengd? Skyldi það ekki vera alveg ljóst að þar gilda eins réttindi okkar eins og skyldur? Hér liggur því fyrir með algjörlega ótvíræðum hætti að þennan rétt eigum við og þessi réttur er undirstrikaður í 1. mgr. 72. gr. og þar af leiðandi er a-lið Ragnars Arnalds og hans félaga þar efnislega haldið til skila og tillaga hans um þessi efni því óþörf.

Að því er varðar svo b-lið tillögunnar, þá er vert að vekja enn einu sinni athygli á því að hér er ekki verið að ganga frá milliríkjasamningum heldur reiknireglum og þetta er reyndar sett fram með skýrum hætti í nál. 1. minni hluta við 2. umr. en það vill svo til að lögmennirnir þrír, sem ég hef verið að vitna hér til og hafa lagt fram greinargerð sem birt er sem fskj. II, komast að þessari niðurstöðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði breytingartillögurnar samþykktar" — þ.e. breytingartillögur 1. og 2. minni hluta — „standa þær sem innlend lög þar til þeim verður breytt aftur af Alþingi. Leiði Úrúgvæ-samningur GATT til þess að heimildir Íslands til að beita verðjöfnun eða til að leggja gjöld á innfluttar vörur verði t.d. þrengdar [sem hugsanlegur kostur] ber landbúnaðarráðherra að taka tillit til þess við beitingu verðjöfnunargjaldaheimildanna."

Það liggur með öðrum orðum alveg ljóst fyrir að þær lagaheimildir sem hér eru gefnar ná til þeirra samninga sem við erum aðilar að í þessum efnum.

Þar með hef ég lýst afstöðu minni til þessara tillagna beggja. A-liðurinn er með skýrum hætti inni í 1. mgr. 72. gr. og það hefur verið margtekið fram varðandi þá alþjóðasamninga sem gerðir kunna að vera eða eru í gildi að tillögurnar ná auðvitað til þeirra. Það eru vörulistarnir sem marka réttindi landbrh. í þessum efnum, viðauki I opg II við lagafrv., og það nær til allra þeirra vara hvaðan í heiminum sem þær eiga uppruna, frá hvaða löndum og eftir hvaða leiðum þær eru fluttar til landsins, þ.e. hvaða samningar þar koma við sögu. Þess vegna er b-liður tillögunnar líka óþarfur og því mun ég greiða atkvæði gegn tillögunni í heild sinni — sem er reyndar kannski viðauki við það sem ég átti sérstaklega erindi um, að skýra frhnál. 1. minni hluta, þá vildi ég að þessi afstaða lægi hér þegar í stað fyrir.

[14:17]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þessi ræða hv. 3. þm. Austurl. bar nokkurn keim af þeim málflutningi sem mjög hefur verið hafður í frammi af hálfu aðila — ja ég veit ekki hvort hægt er að tala um stjórnarliðsins því að ekki hefur nú verið mikil samstaða um þessi mál, en það byggist á því að betra sé að byggja á því sem ekki stendur lögunum heldur en hafa textann skýran og kláran. Og á því hefur aldrei fengist nein skýring, ef hlutirnir eru svona skýrir og klárir eins og þeim er lýst, af hverju það má þá ekki standa í sjálfum lagatextanum. Á því hef ég aldrei fengið skýringu.

Í öðru lagi varðandi það sem hv. þm. vitnaði í varðandi GATT, þá held ég að það verði að koma hér fram sem ekki kom fram, því miður, í þeirri skriflegu greinargerð sem Markús Sigurbjörnsson skrifaði en á fundinum sagði prófessorinn skýrt og greinilega að það sem viðkæmi GATT í nál. 1. minni hluta hefði enga þýð-

ingu vegna þess að lagatextinn sjálfur væri ekkert um GATT og tilvísun í nál. sem ætti sér enga stoð í lagatextanum skipti engu máli. Og um það hafði prófessorinn þau orð að sá þáttur í nál., seinni hluta nefndarálits hv. þm. Egils Jónssonar og félaga, skipti engu máli því að hann væri um framtíðina sem ekkert væri tekið á í lagatextanum.

[14:19]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt sem kom hér fram í máli hv. síðasta ræðumanns að ég hef ekki gert neina breytingu á afstöðu minni í þessu máli frá því sem hún var við 2. umr. Það hlýtur að vera hverjum þingmanni fullkomlega skiljanlegt að fyrir því hef ég ekki nokkrar minnstu ástæður vegna þess að það sem síðar hefur verið fjallað um þessi mál og þau fylgigögn sem hér liggja fyrir er fyrst og fremst þess efnis að styðja þann málflutning sem ég hafði hér í frammi við 2. umr. Og hvers vegna skyldi ég þá vera að sveigja af leið, (Gripið fram í.) þegar ég er að fá enn betri staðfestingu á því að mínar skýringar séu með eðlilegum og réttum hætti?

Að því er varðar þá tilvitnun sem hér er í orð Markúsar Sigurbjörnssonar, þá vil ég ekki fara að draga það sérstaklega inn í umræðuna, og það má þakka fyrir að það sé ekki í áliti hans núna, en ég minnist þess nú að þetta hafi átt við 2. minni hlutann en ekki 1. minni hlutann, en þetta segi ég með fullkomnum fyrirvara.

[14:21]

Frsm. 3. minni hluta landbn. (Jóhannes Geir Sigurgeirsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara í deilur við hv. þm. um orð Markúsar Sigurbjörnssonar á þessum fundi en það þykist ég muna rétt hvaða orð hann hafði um seinni hluta nefndarálits hv. þm. og félaga.

Varðandi svo að það sem hafi komið fram frá 2. umr. hafi orðið fyrst og fremst til þess að styrkja hv. þm. í trúnni, þá verð ég bara að segja að mikil er trú þingmannsins. Og það er vægast sagt sérstakt að það álit þingmannsins er byggt að verulegu leyti á greinargerð þriggja lögmanna sem eru sömu lögmennirnir og sömdu nefndarálitið. Það væri nú fróðlegt að fletta upp í nýsamþykktum stjórnskipunarlögum og athuga hvað þar segir um svona hluti. Ég held hins vegar, hv. þm. að það standi ekkert varðandi þetta atriði því að við þá vinnu hafi menn einfaldlega ekki haft hugmyndaflug til að láta sér detta í hug að þessi staða gæti komið upp á Alþingi Íslendinga.

[14:23]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er út af þessum sérstöku tilvitnunum í orð Markúsar Sigurbjörnssonar prófessors sem ég vildi, með leyfi hæstv. forseta, fá að tilgreina það sem kemur fram í fskj. I og skýrir æðimikið það sem við töluðum hér áðan, við hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Þar segir: „Að öðru leyti varða athugasemdirnar í þingskjali 696 aðallega umfjöllun í þingskjali 671“ — þetta er sem sagt 2. og 1. minni hluti — „um skýringu á núgildandi reglum í búvörulögum sem er stefnt að breytingum á og um atriði sem tengjast svokölluðum GATT-samningi, en athugasemdirnar snúa á hinn bóginn ekki að skýringu á tillögum um breytingar á búvörulögum sem eru gerðar í þingskjali 672.“

Þetta held ég að taki nú af öll tvímæli um það sem ég sagði hér áðan og vitnaði sérstaklega til að þessi mæti maður var að fjalla um það að í nál. 2. minni hluta væri umfjöllunin um GATT víðtæk en tæki ekki til tillagna um breytingar á búvörulögum, eins og hér kemur fram, þannig að án þess að ég ætli að fara út í það hvað menn kunna að hafa sagt á þessum tilvitnaða nefndarfundi, þá eru þó hér fyrir hendi í þessu þingskjali ákveðnar niðurstöður í þessari umræðu.

Útbýting þingskjala:

Framhaldsskólar, 552. mál, stjfrv., þskj. 863.

Leikskólar, 550. mál, stjfrv., þskj. 861.

Verknámskennsla í framhaldsskólum, 181. mál, svar menntmrh., þskj. 847.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 551. mál, stjfrv., þskj. 862.

[14:25]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Enn er kominn þriðjudagur hér í þinginu og allt er við sama keip og verið hefur, deilurnar komnar í fullan gang um landbúnaðarmálin og enn höfum við heyrt eftir ræðu hv. þm. Egils Jónssonar að tíðinda sé að vænta eða ég hygg, hæstv. forseti, að það muni verða einstök tíðindi í þingsögunni sem hér gerðust í málflutningi hv. þm. þegar hann lýsir því yfir að hann muni hiklaust fella brtt. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar og fleiri sem er hér flutt til þess að taka af öll tvímæli um það hver sé vilji þingsins. Um leið og hv. þm. Egill Jónsson lýsir þessu yfir, þá er hann jafnframt að lýsa því yfir að hann muni í rauninni fella eigið nefndarálit og ég sá að það fóru hláturskrampar um andlitið á krötunum undir þessari yfirlýsingu því að þeir sáu að enn hafði þessi þingmaður tekið kollsteypu í þessu máli. Enn hafði þessi einstaki flóttamaður í landbúnaðardeilunni tekið kúvendingu og beygt af leið og yfirgefið eigin málflutning og ætlar nú ásamt flokksmönnum sínum hér að fella eigið nefndarálit í rauninni. Þetta er einstakt í þingsögunni og dálítill gleðibragur á hæstv. utanrrh. því að hann sér að deilan mun halda áfram. Því að hæstv. utanrrh. hefur talið sér trú um að flokkur sinn vinni fylgi á því að stríða í fjölmiðlum um íslenskan landbúnað og framtíð hans. (**Gripið fram í:** Misskilningur.) En það er vel að hér eru þeir mættir sem um þetta mál hafa vélað svo lengi. Mig skiptir engu þó hæstv. landbrh. sé ekki við þessa umræðu því að hann hefur verið leiksoppur í allri þessari deilu. Hann hefur ekki verið sá sem hefur farið með þetta mál. Það eru hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. sem hafa samið um það frá upphafi og auðvitað er staðreyndin sú að hv. þm. Egill Jónsson hefur í hvert sinn orðið að beygja sig eins og ég hef hér rakið.

Það er auðvitað einstakt í jafnlitlu máli sem þessu

þar sem vilji þingsins liggur fyrir, en máli sem skiptir íslenskan landbúnað og íslenska atvinnuvegi miklu skuli þessar deilur hafa ríkt. Hæstv. forsrh. kallaði þetta mál nú á tímabili tittlingaskít. Staðreyndin er sú að stjórnarsamstarfið er brostið út á þessar deilur, það er búið. Viðeyjarstjórnin er í rauninni dáin þótt hún starfi að nafninu til enn. Og auðvitað er ástandið í herbúðum þessara flokka eins og Vatnsenda-Rósa lýsti svo vel forðum um sitt ástarsamband og sagði:

Man ég okkar fyrri fund
forn þótt ástin réni.
Nú er eins og hundur hund
hitti á tófugreni.

Þannig er nú Viðeyjarsamstarfið farið fyrir bí. Og farið hefur fé betra, eins og sagt er. En það er ljótt ef þessir húsbændur ætla að þrauka áfram yfir engu starfi, að þeir skuli ekki gera íslenskri þjóð þann greiða að gefa upp boltann og þjóðin fái að velja sér nýja leiðtoga til þess að taka við.

Þetta samstarf var auðvitað byggt á misskilningi í upphafi. Ástarhjalið í Viðey voru draumórar af því að foreldrar þessara manna höfðu náð saman um einhverja viðreisnarstjórn sem þeir ímynduðu sér að hefði starfað vel. En nú verður allt að deilumálum. Það er ekki bara landbúnaðurinn. Við þekkjum deilurnar um þyrluna og hvernig þessir menn í rauninni í ósamkomulagi sínu koma í veg fyrir mörg hin bestu og mikilvægustu mál sem þurfa að nást hér fram og að auki þar sem þjóðar- og þingviljinn er skýr.

Hæstv. forseti. Þetta stjórnarsamstarf sem hæstv. forsrh. ber ábyrgð á, þjakar þingið, það pínir þjóðina. Þessu þarf að ljúka.

Ég ætla hér að mæla fyrir brtt. sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson lagði fram við þetta frv. og ég flyt ásamt hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni með honum. En í þeirri brtt. segir:

„Við frumvarpið bætist ný grein er verði 6. gr. og orðist svo:

Rísi ágreiningur um túlkun þessara laga skal aðallega hafa hliðsjón af þeim skýringum sem fram koma á þskj. 671 á 117. löggjafarþingi."

Þessi brtt. skýrir sig í rauninni sjálf. Hún er sett fram vegna þess að hér hefur það gerst sennilega í fyrsta sinn í sögu Alþingis Íslendinga að fram eru lögð við sama lagatextann sitt hvort nál. Flokkarnir standa saman um lagatextann en leggja fram sitt hvort nál. til skýringar á hvert þeir vilja fara. Og það má segja, hv. þm. Gísli Einarsson, að annar vill í því nál. norður og hinn kannski norður og niður. Svo ólík eru þessi nál. og túlkun á þeim lagatexta sem hér liggur fyrir að ég veit að hina eldri og reyndari þingmenn rennir ekki minni til að slíkt hafi gerst í þingsögunni fyrr. Nú hefur það gerst að hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn., hefur kallað fyrir, að vísu að beiðni okkar landbúnaðarnefndarmanna, mæta lögspekinga til þess að fjalla um þetta mál.

Nú vill svo til, hæstv. forseti, að í þingsköpum Alþingis stendur skýrt í 36. gr.:

„Lagafrumvörp skulu vera samin með lagasniði og skal prenta þau og útbýta þeim meðal þingmanna á fundi. Hverju frumvarpi skal fylgja greinargerð um tilgang þess yfirleitt og skýring á höfuðákvæðum."

Velkist nokkur í vafa um hvað menn settu inn í þingsköpin? Það var ekki verið að búast við því, enda hafa menn sjálfsagt ekki búist við því, að það gætu komið fram um sama lagatextann, tiltölulega skýran að vísu, tvö nál. sem túlkuðu svo ólík sjónarmið. En það er enginn vafi í okkar huga að sú staðreynd að flokkarnar sem ráða þinginu og ríkisstjórninni túlka frv. með svo ólíkum hætti mun valda hér réttaróvissu, mun valda hér uppákomum og deilum í þjóðfélaginu. Þess vegna er brtt. sem hér er lögð fram mjög mikilvæg. Menn skulu gera sér grein fyrir því að leikreglur þingskapanna krefjast þess að það sé skýrt sett fram hvað á bak við lagasetninguna býr.

Ég ætla hér máli mínu til stuðnings að vitna í einn allra virtasta lagaprófessor okkar fyrr og síðar, Ármann Snævarr, en hann fjallar um störf Alþingis og hann fjallar um einmitt hvaða þýðingu nefndarálit hafa. Í þessu áliti segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndarálit hafa svipað gildi sem lögskýringargögn og umræður á Alþingi eða ummæli í greinargerð. Öll geta þessi gögn horft til upplýsinga um viðhorf löggjafans til lagaákvæða."

Þetta er skýrt fram sett. Og síðar segir:

„Er gert ráð fyrir því að frv. sæti meðferð nefnda og að jafnaði eftir lok 1. umr. Álit nefnda eru ákaflega mismunandi, bæði um það hve rækileg þau eru og hve vel er til þeirra vandað en þar koma stundum fram ummæli sem verulegu máli skipta til skilnings á ákvæðum laga. Er þó mjög fátítt að til þeirra sé vitnað í dómum," segir að vísu. En síðar segir prófessor Ármann Snævarr: „Dómarar gera sér mikið far um að grafast fyrir um vilja lagasetningarvalds samkvæmt tiltækilegum gögnum. Í mörgum dómum er ótvírætt að könnun á löggjafarvilja hefur riðið baggamuninn um það hver lögskýringarkostur hefur orðið fyrir valinu en jafnframt er þess að gæta að stundum hefur þeirri lausn verið hafnað sem helst mátti telja vilja löggjafans. Hafa þá önnur lagasjónarmið mátt sín meira, þar á meðal meginreglur laga og eðli máls."

Og enn segir: „Þegar rætt er um löggjafarviljann er vitaskuld átt við viðhorf og vilja alþingismanna en ekki annarra handhafa lagasetningarvalds." Menn sjá það auðvitað að komi hér upp deilur, þá er sinn viljinn hjá hvorum flokknum um hvað þeir voru hér að setja í lög. Þetta er tvísýna sem hv. formaður landbn. hefur látið hafa sig út í sem er óásættanlegt.

Og enn segir Ármann Snævarr, með leyfi forseta: „Það er ljóst að með vilja löggjafans hlýtur að hafa verið átt við viðhorf þess meiri hluta þingmanna sem stóð að samþykkt laganna." — Þess meiri hluta þingmanna, hv. formaður landbn. Nú mun meiri hluti þingmanna sjálfsagt greiða undanhaldinu, sem hv. formaður hefur staðið fyrir, atkvæði sitt. En hver er meiri hlutinn? Annar meiri hlutinn segist vera að fara þessa leið og hinn meiri hlutinn segist vera að fara hina, þannig að þetta er alvarleg staða sem komin er hér upp og óásættanleg gagnvart Alþingi Íslendinga að mínu viti, enda hefur hæstv. landbrh., sem ég hygg að sé all-

lögfróður maður þó hann sé ekki löglærður, áttað sig á því hvað þetta er óeðlileg lagasetning og túlkun um hana, enda sagði hann, með leyfi forseta, við umræðuna að það yrði bara að koma í ljós hvorum aðila dómarar trúi betur. Hann var í engum vafa um það, hæstv. landbrh., að þessi meðferð þingsins á málinu mundi valda deilum og verða að dómsmáli. En nú hefur það gerst hér í dag að hv. formaður landbn., Egill Jónsson, skýrir þingi og þjóð hiklaust frá því að hann ber ekki meiri virðingu fyrir þeim gögnum sem hann hefur barið saman eða látið berja saman fyrir sig en svo að hann ætlar að fella þau hér. Hann ætlar ekki að splundra stjórnarsamstarfinu með því að styðja eigið nál. og tryggja að allar deilur um íslenskan landbúnað tilheyri sögunni. Þvílíkur kjarkur. Þvílík ást á dánu stjórnarsamstarfi að láta hafa sig út í þessar ófærur. Að rísa ekki upp og segja fremur: Gagnvart íslenskum landbúnaði, atvinnuástandinu á Íslandi og þeim alþjóðlegu samningum sem við stöndum frammi fyrir, þá fylgi ég fremur eigin samvisku og geri kröfu um að lagasetningin verði skýr og ótvíræð. (Gripið fram í.) Það má í rauninni segja það, hv. þm., að hundur hafi hlaupið í allt samstarf í landbn. Þar hefur ekki verið starfsfriður um langan tíma. Þetta var nefnd sem var þekkt fyrir það hér í þinginu að vinna af heilindum, ná saman um mál og skila þeim til þingsins yfirleitt með einum vilja. Ég get lýst því yfir að mér finnst óþolandi að starfa í landbn. við þessar aðstæður, eftir að hv. formaður hefur farið svo marga kollhnísa að ég hef ekki tölu á þeim, eftir að hv. þm. Gísli Einarsson, varaformaður nefndarinnar, hefur í rauninni öll ráð í sinni hendi. En hann klagar að vísu og sækir sín völd til foreldranna sem stýra þessari ríkisstjórn, hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh.

Við stjórnarandstöðuþingmenn höfum ekki tafið umræðuna um þetta mál hér í þinginu. Hvenær sem þessi mál hafa komið hér til umræðu, þá hafa það verið stjórnarliðar sem hafa hnakkrifist út af málinu, við höfum ekki komist þar að með okkar skoðanir. Ég hygg að ég hafi ekki talað við 1. umr., ekki við 2. umr., enda hafa það að mestu leyti verið stjórnarliðar. (Gripið fram í.) En ef ég aðeins svona til fróðleiks, af því að ég veit að þetta mál verður seinni tíma rannsóknarefni sagnfræðinga í störfum þingsins, (Gripið fram í.) sagnfræðinga, hv. þm., þá er ég sannfærður um að það verður rannsóknarefni hvernig þingið fór að í þessu máli og menn kúventu. En ef ég rek það bara svona til skýringar að það er að verða ár síðan landbn. eftir góða forustu hv. formanns lagði hér fram heildstætt frv. þar sem tekið var á öllum aðalatriðum og fyrir lá algjör samstaða í nefndinni, en þetta frv. olli því að hæstv. forsrh. varð í fússi að slíta þinginu.

Ég þarf ekkert að rekja hér uppákomur sumarsins um kalkúnalæri, skinku o.s.frv. Það er þekktari saga en svo. En það er álit færustu lögmanna, ekki síst þeirra sem landbn. hefur notast við í störfum sínum að hefði slík lagasetning átt sér stað á Alþingi í fyrravor, þá hefði ekki ríkt hér nein réttaróvissa, þá hefðu ekki verið hér nein átök um íslenskan landbúnað, þá hefði verið komin lagasetning sem var skýr og skorinorð og samstaða í þjóðfélaginu um landbúnaðinn. Og að auki hefði landbúnaðurinn vitað hvar hann stóð framtíðarinnar vegna. Síðan þekkjum við að það er fyrst í desember sem hv. formaður landbn. ætlaði að smygla á einni nóttu helst frv. í gegnum þingið, þá lá svo mikið við. Og hæstv. utanrrh. var erlendis og þá var vinnufriður að því er hæstv. landbrh. sagði og lag til þess að koma skýrri lagasetningu í gegn. Það voru fyrstu viðbrögð haustins. En utanrrh. kom heim í þessar umræður og spillti eitthvað vinnufriðnum, en eigi að síður fór fram lagasetning og síðan munum við söguna: Hæstaréttardómur 20. jan. þar sem það kom í ljós að lagasetningin frá í desember var moðsuða, óskýr og réttaróvissa var fyrir hendi. Í framhaldi af því lagði hæstv. landbrh. hér fram frv. sem var bæði loðið og lint en var sagt vera samkomulag ríkisstjórnarinnar. Við gagnrýndum það frv. mjög við 1. umr. og lögðum við framsóknarmenn fram það ágæta frv. sem landbn. hafði flutt í fyrravor. Þessi aðgerð okkar varð auðvitað til þess að menn komust ekki lengur hjá því að vinna í málinu. Og þá varð það úr að þessir ágætu lögmenn, títtnefndir í þessari umræðu, komu til starfa með landbn.

Og hvað gerðist? Þeir komust að nákvæmlega sömu niðurstöðu og landbn. hafði gert í fyrravetur. Leiddu hv. þm. Egil Jónsson eina ferðina enn inn á veginn og inn á rétta braut en honum virðist nú erfitt að tolla á veginum, þeim hv. þm. og nokkru síðar keyrði hann út af og vék frá meginatriðum þess sem lögmennirnir höfðu lagt til. 28. febr. varð hann að beygja sig eftir að hann var orðinn heimsfrægur fyrir þétta afstöðu í þessu máli. Þjóðhetja hjá Íslendingum sem þykir vænna um vinnuna sína en áður og gerði sér grein fyrir því að þetta mál snýr að atvinnumálum Íslendinga fremur en annað.

En þá varð að beygja hv. þm. Það gerði hæstv. forsrh. á títtnefndu kvöldi og bað hann um að slátra ekki ríkisstjórninni fyrir sér og fékk hann til þess að taka þrjú atriði út úr þessu ágæta frv. sem lögmennirnir höfðu með okkur unnið í landbn.

Ég er svo sem ekkert að lá hv. þm. Agli Jónssyni sem er flokkshollur maður þó hann hafi beygt sig. Það er mikil ábyrgð að leggja það á einn þingmann að skipta ekki um skoðun þegar svo mikið er í húfi að tilvist heillar ríkisstjórnar er að tilheyra sögunni, enda beygði hann sig. Og ef menn efast um þetta, þá er annar þingmaður flokksins, sá hinn staðfasti, sá sem byggði skoðanir sínar á bjargi og stendur við þær enn og rekur það glöggt í nál. 4. minni hluta, hv. þm. Eggert Haukdal. Hann vék hvergi frá vegi sannleikans í þessu máli en heldur sínum skoðunum til streitu og stendur ekki með hv. þm. að frv.

Ef ég síðan vík hér að örfáum atriðum sem fram hafa komið í umræðum því að ekki vil ég bera ábyrgð á því að hér renni upp nýr þriðjudagur einhvern tíma eftir páska og þessu máli verði þá ólokið. Ég álít að það sé mikilvægt fyrir Alþingi Íslendinga að ljúka þessu máli sem fyrst. Það hafa nógu margir menn orðið sér til skammar í kringum þetta mál og það sem verra er, íslenskur landbúnaður hefur liðið mest fyrir

þessa óvissu og mun líða mest fyrir hana.

Ég geri mér grein fyrir því, hv. þm. Egill Jónsson, að í hvert sinn sem þingmaðurinn náði réttum áttum í málinu þá strandaði vinna hans á því sem okkur er ljóst, að hæstv. landbrh. samdi af sér í ríkisstjórninni í desember. Og það er enginn vafi að hæstv. utanrrh. beygði Sjálfstfl. í hvert sinn og sagði: Það var samkomulag okkar á milli að GATT-samningarnir kæmu aldrei inn í þessa lagasmíð. Og því fór nú sem fór.

En kveðjurnar hafa verið kaldar í þessu máli og hæstv. utanrrh. sparaði sig ekki hér fyrir um hálfum mánuði þegar hann sagði um samstarfsflokkinn, með leyfi forseta, að hann harmaði það að þeir aðilar í hv. landbn., sem hafa náð saman niðurstöðu um lagatextann sjálfan, skuli ekki setjast niður að siðaðra og viti borinna manna hætti, svo að ég endurtaki það, og ganga frá sameiginlegri álitsgerð. Auðvitað ber að harma það, segir hann. Þegar búið er að gera leiðréttingar á lagatextanum sjálfum þá er sett fram greinargerð sem lætur eins og lagatextanum hafi ekkert verið breytt. Svona hafa þessar deilur gengið eins og ég hef hér rakið, að ávirðingarnar ganga á milli stjórnarflokkanna í þessu efni.

Ég hef ekkert efast um vilja hæstv. landbrh. í þessu máli, að hann vild ná fram skýrum texta. Hann sagði í umræðunum, með leyfi forseta:

„Það er satt að segja grátlegt nú þegar í það stefnir að nýr GATT-samningur verði undirritaður jafnvel eftir mánuð rúman, þá skuli á Alþingi Íslendinga vera deilur um það með hvaða hætti okkur takist að styrkja þann atvinnuveg okkar, landbúnaðinn, sem ásamt sjávarútvegi er aðaluppspretta þeirra nýju atvinnutækifæra sem við getum búist við að fá í náinni framtíð, ef undan er skilin ferðaþjónusta því að því miður hefur reynslan sýnt okkur að iðnaður sem ekki styðst við landbúnað eða sjávarútveg hefur ekki verið í færum um að vaxa þannig að hægt sé að tala um að hann hafi orðið að slíkri útflutningsatvinnugrein að okkur sé mikill styrkur í."

Síðan kemur ráðherrann að því að t.d. skinnaiðnaðurinn hafi sum árin skilað milljarði í gjaldeyristekjur. Hvenær sem maður les þessar ræður, þá les maður grátinn í því hvernig sumir þessara manna sem eiga þó góðan vilja hafa orðið að láta undan Alþfl. í þessu máli, sem er nú vart lengur mælanlegur í fylgi flokka í skoðanakönnunum sem fram fara. Eigi að síður nær hann þessum árangri.

Af því að ég var hér að vitna í ræðu hæstv. landbrh. þar sem hann var talað um gjaldeyristekjur þá ætla ég að vitna til þess sem kannski verst er í þessu máli, hvernig hæstv. utanrrh. hefur í þessum alþjóðlegu samningum komist upp með í nafn þessarar ríkisstjórnar að gera hina og þessa samninga og fara með forræði Íslendinga í þessu máli án þess að þurfa samþykki ríkisstjórnar eða þingsins til.

Ég verð þá að minnast á tvíhliða samninginn um garðyrkjuna sem margir þingmenn hafa rætt hér undir þessum umræðum. Það er heill atvinnuvegur sem skapar líklega um 500 störf í landinu sem nú er í óvissu vegna þess að ríkisstjórnin bar enga virðingu fyrir þessum atvinnuvegi. Og hæstv. utanrrh. náði fram stílbroti í EES-samningunum að því leyti að honum leyfðist í nafni þessarar ríkisstjórnar að taka þar upp samninga um landbúnaðarmál. Þeir samningar áttu að snúast um allt annan hlut. Það voru fiskafurðir. Og síðan gerist það hér allt í einu í maí 1991, nokkrum vikum eftir að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar er mynduð, að þá kemur tilkynning upp í landbrn. um það að hæstv. utanrrh. sé sestur yfir tvíhliða samninga um garðyrkjuafurðir til þess að koma á og auðvelda sölu á tollfrjálsum fiski. Þarna er náttúrlega einhver versti samningur sem gerður er. Við getum hugsað okkur það ef hann hefði farið að eins og Norðmenn og Svíar sem leyfðu sér það eitt að gera tvíhliða samninga um vörur sem þeir ekki framleiddu, kannski epli, appelsínur og eitthvað fleira, þá leyfist hæstv. utanrrh. í nafni ríkisstjórnarinnar að gera samning um aðalgreinarnar í íslensku garðyrkjunni, blómin, gúrkurnar, tómatana, paprikuna. Við skulum nú hugsa okkur að hann hefði minnst íslensks landbúnaðar þegar hann var að fórna þessari grein eða gera tilraun til að fórna henni. Hefði hann nú hugsað sem svo: Á ég ekki að semja um að *íslenski hesturinn seljist tollfrjálst inn í Evrópubandalagið*? Nú var íslenski hesturinn sennilega seldur úr landi á síðasta ári fyrir um 500 millj. í gjaldeyristekjum. Það hefði nú kannski munað um það til að markaðssetja hann ef eitthvað slíkt hefði náðst fram og ríkisstjórnin hefði munað eftir einhverri annarri grein á móti og samið um íslenska hestinn þá. En auðvitað var hitt aðalatriðið að svona samninga má aldrei gera en þeir voru gerðir af ásetningi af þeim sem gerði þá. Tollfrjáls, niðurgreidd, erlend afurð kemur hér inn mánuðum saman og ógnar atvinnuvegi sem er alla vega verulega stór í mínu kjördæmi og víðar um land og auðvitað mjög mikilvægur íslensku atvinnulífi.

Litlu síðar gerist það undir forsjá þessarar ríkisstjórnar að hæstv. viðskrh. Jóni Sigurðssyni leyfist það að taka úr gildi heila reglugerð sem fjallaði um bann á innflutningi á landbúnaðarvörum. Á þessu ber hv. þm. Egill Jónsson fulla ábyrgð ekkert síður heldur en hæstv. viðskrh. Þetta er gert í nafni ríkisstjórnarinnar og þetta hefur valdið verulegri óvissu.

Ég vil undir lokin segja að atvinnuleysið er í dag stærsta efnahagsvandamál íslensku þjóðarinnar. Það teygir sig inn á öll svið. Það veldur hörmungum á heimilunum, það skerðir tekjur ríkissjóðs og sveitarfélaganna, það veldur því að bankar og sjóðir eru að bíða afhroð. Við eigum 8 þúsund manns án atvinnu. Og ríkisstjórnin hefur á sínum tíma verið að fórna heilum atvinnugreinum. Ég nefni skipaiðnaðinn, ég nefni nýjustu upplýsingar úr byggingariðnaðinum þar sem á tveimur árum hefur orðið samdráttur í mannafla upp á 20% um leið og umsvifin hafa aukist. Það segir að við höfum flutt störfin úr landi. Og þannig hefur þetta verið að gerast á öllum sviðum. Hvað landbúnaðinn varðar og það frv. sem við erum hér að fjalla um þá snýr það auðvitað að þessum atvinnumálum. Það er meginkjarninn. Hvernig ætlum við að standa að því að taka við þessum alþjóðlegu samningum og verjast þeirri innflutningsáráttu við núverandi aðstæður sem hér er

ávallt uppi? Ísland er einu sinni þekkt fyrir matvælaiðnað. Við höfum kannski hvergi náð lengra, bæði með fiskafurðir og ekkert síður úrvinnslu á mjólk og kjöti.

Ég hygg að hæstv. forsrh. sé það t.d. ljóst að hér á Norðurlöndunum viðurkenna menn atvinnuleysið sem sitt mesta böl og sem sitt stærsta vandamál í fjármálum. En það er talið að atvinnuleysi á Norðurlöndum hafi í beinan kostnað á síðasta ári numið 3.000 milljörðum ísl. kr. Og þá er ekki inn í það reiknað hvernig mannauðnum er sóað við þessar aðstæður.

Við erum að tala hér um fjárlög upp á 100 milljarða. En atvinnuleysið á Norðurlöndum sem nú er að nema land hér og festast í sessi kostar þar 3.000 milljarða ísl. kr. Hvílík vá, hvílíkt böl og þvílíkt ábyrgðarleysi að eiga ríkisstjórn um þessar mundir sem er haldin þeirri áráttu að kunna ekki að standa með íslensku atvinnulífi hvort sem það er til sjávar eða sveita.

Hæstv. utanrrh. sagði í þessum umræðum fyrr í vetur, með leyfi forseta, að þetta mál snerist ekki um lögfræði. Það snerist um lífskjör, það snerist um málefni neytenda. Ég hygg að íslenskum neytendum sé að verða það ljóst að það er fleira líf heldur en eiga rétt til þess að kaupa erlenda, niðurgreidda matvöru og drepa um leið atvinnuna undan sér. Ég hygg að íslenski launþeginn, íslenski neytandinn sé að verða meðvitaður um að það er atvinnan sem skiptir máli þegar það liggur nú fyrir að það eru engin úrræði af hálfu ríkisstjórnarinnar. Þó er það vitað að yfir 20 þúsund ný störf þarf að stofna til aldamóta. Það er ekkert smáverkefni sem bíður íslenskra stjórnmálamanna, atvinnulífsins og launþegahreyfinganna við að ná tökum á þessu stærsta máli sem hér hefur nú fest rætur sínar og ríkisstjórnin ber meginábyrgð á.

Hæstv. forseti. Ég hef rökstutt þá brtt. sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er 1. flm. að og ég vil spyrja hv. þm. Egil Jónsson hvort ég hafi virkilega heyrt rétt að hann mundi hiklaust fella eigið nál. með því að greiða atkvæði gegn þessari tillögu. Hann hefur sjálfur oft og tíðum gortað af því að 54–55 þingmenn vildu standa saman í þessu máli. Við framsóknarmenn leggjum þetta fyrst og fremst fram, við erum ekki sammála, við vildum hafa frv. öðruvísi, en við leggjum þetta fram vegna þess að við viljum að það sé alveg skýrt hver vilji þingsins er. Ég spurði lögfræðingana góðu sem með landbn. unnu og fjölluðu um þau nefndarálit eða lögðu þau nefndarálit sem hér eru komin fram, ég spurði þá eftir fund landbn.: Hvað mundi nú gerast ef þingið vísaði brtt. frá sem við höfum lagt fram eða felldi hana? Þeir voru í engum vafa um það. Þeir sögðu að það mundi valda óvissu. Ef það ylli ekki óvissu, þá væri það þó klárt mál að það yrði mörgum tilefni til þess að takast á um þessi mál áfram og láta reyna á innflutning.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá ekki að tefja öllu lengur. En það er óvenjulegt að sjá ágæta nefnd sem á merkilegt starf að baki þetta kjörtímabil fallna í fjóra búta og enginn fundur fer fram með þeim friði sem skyldi. Það stafar auðvitað fyrst og fremst af þeim óheilindum sem verið hafa á milli formanns landbn. og varaformannsins.

[15:09]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skýrir nú nokkuð málflutning þessa hv. síðasta ræðumanns að hann stendur í þeirri meiningu að nefndarálit séu borin upp á Alþingi. Nefndarálit 1. minni hluta er ekki frekar borið upp á Alþingi heldur en önnur nefndarálit og þar af leiðandi á ég engan kost á að greiða því atkvæði. Ef það væri innan þingskapa, þá eins og ég hef áður sagt mundi ég auðvitað gera það.

En þetta var ekki tilefni þess að ég kom hér í ræðustól heldur hitt að þessi hv. ræðumaður bað sérstaklega um það að Markús Sigurbjörnsson kæmi til viðtals við landbn. og þar voru m.a. lagðar fram spurningar um þá brtt. sem hann hefur verið að tala hér fyrir. Og þegar hann hafði orð á því að hann vildi fá Markús Sigurbjörnsson, þá lagði hann alveg sérstaklega áherslu á það sem grundvallarósk. Nú veitti ég því athygli að þrátt fyrir að í greinargerð þessa heiðursmanns sé einmitt ítarlega fjallað um þá tillögu sem hann var að mæla fyrir, þessi hv. ræðumaður, þá vitnaði hann aldrei í hana einu einasta orði. (Forseti hringir.) Og hvað á það annars að þýða að leita eftir skýringum hjá sérstökum mönnum sem menn hafa traust á og trúnað en að bera svo ekki orð þeirra fyrir sig þegar afstaða þeirra liggur fyrir? Ekki einu einasta orði. Ég vil vekja sérstaka athygli á þessu að þingmaðurinn vitnaði ekki einu einasta orði í þessa greinargerð.

[15:12]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að verða siðvenja hér að menn reyni að snúa út úr málflutningi manna og það henti nú hv. þm. Egil Jónsson eina ferðina enn. Það er einhver nauðvörn að verða að reyna að niðurlægja þingmenn og snúa út úr þeirra málflutningi. Ég hef aldrei haldið því fram að nál. væru borin hér upp og hv. þm. getur reynt að ljúga því að þjóðinni að einhver þingmaður sé svo vitlaus hér inni að hann haldi því fram. Það sem ég var að segja var það eitt að með því að fella brtt. Ólafs Þ. Þórðarsonar o.fl., þá væri þingmaðurinn í rauninni að segja að nál. sitt væri ekkert merkilegt.

Hvað varðar greinargerð Markúsar Sigurbjörnssonar þá skal þingmaðurinn einnig fara rétt með. Markús segir í áliti sínu eitthvað á þá leið að hann teldi það betra að menn gerðu þá grein hér fyrir atkvæði sínu heldur en að fara þessa óvenjulegu leið sem við leggjum hér til að lögfesta nál. sem skýringargagn ef deilur koma upp. En fyrir því eru fordæmi. Það gerðist í EES-málinu svo nefnt sé.

En ég hef hér vitnað í annan lagaprófessor sem ekkert er síðri að ég hygg í hugum lögfróðra manna, og hefur mjög fjallað um störf Alþingis, ég vitnaði í hér máli mínu til stuðnings. Sá er mismunur á áliti prófessors Ármanns Snævarrs og Markúsar Sigurbjörnssonar í þessu efni að hér geta allir þingmenn lesið álit Markúsar en hitt lá ekki fyrir. Þess vegna þótti mér það mikilvægt að koma því hér á framfæri.

[15:15]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var út af fyrir sig söguleg niðurstaða að þessi gjáríffi þingmaður skyldi éta það ofan í sig sem hann sagði í ræðu sinni um atkvæðagreiðslu um nál.

En ég vildi hins vegar að það yrði fest í þingtíðindi sem reyndar er augljóst í þessu fylgiskjali að síðasta málsgreinin í greinargerð Markúsar Sigurbjörnssonar fjallar um þá tillögu sem hv. þm. hefur verið að mæla hér fyrir. Hann átti það erindi, sá heiðursmaður, að festa þetta á blað að ósk þessa hv. þm., sem flytur hér hálftíma ræðu eða meira án þess að minnast einu einasta orði á svarið sem hann fær, ekki einu einasta orði. Ég vil sérstaklega biðja þingmenn, af því að ég gaf mér ekki tíma til að fara yfir þetta mál í framsöguræðu minni hér áðan, að lesa þessa málsgrein. Lesa skoðanir Markúsar Sigurbjörnssonar, sem hv. þm. Guðni Ágústsson óskaði sérstaklega eftir að gæfi álit á þessari tillögu. Að menn lesi það og kynni sér hver niðurstaðan er. Kannski skýrir það þá eitthvað hvað illa liggur á þessum hv. þm. um þessar mundir.

[15:17]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur nú ekkert illa á mér. Hins vegar er nú erfitt að menn séu ekki hér jafnir undir hamrinum hjá hæstv. forseta þegar þingmönnum leyfist að kalla menn gjálífismenn. Ég hef verið heiðvirður maður og ekki staðið í neinu slíku. Þannig að þetta var köld kveðja og sett fram náttúrlega í þeim taugatitringi sem hrjáir nú þennan hv. þm. Ég veit og trúi vart öðru en að hann eigi eftir að biðjast afsökunar á þessum ummælum sínum, hvort sem hann gerir það hér uppi eða síðar.

Hvað hitt atriðið varðar þá er það alveg ljóst í greinargerð Markúsar Sigurbjörnssonar að hann segir það eitt að lagasetning með þessum hætti, að lögfesta nál., honum finnst það ekki eðlileg þingvenja og leggur ... (**EgJ:** Þú verður að vitna í þingskjalið.) Ég er hér með þingskjalið hér fyrir framan mig, hv. þm. Hann leggur því fremur til að við sem viljum taka af vafann föllum frá brtt. en lýsum því yfir við atkvæðagreiðsluna hver og einn að við styðjum frv. Þetta er hans meining. En ég held að það verði nú margt óvenjulegt að gerast hér við þessa atkvæðagreiðslu og þess vegna stöndum við fast á því að brtt. við frv. um að nál. verði lögfest til að taka af vafa, það gengur hér fram og hv. þm. Egill Jónsson ætti nú að ræða við sína lögmenn hvað það þýðir ef hann greiðir atkvæði gegn breytingartillögunni, hvort það þýðir ekki það sama að hann sé á nýjan leik að skapa mikla réttaróvissu og drepa málinu á dreif.

[15:19]

Ragnar Arnalds:

Virðulegi forseti. Það er með nokkrum ólíkindum hvað landbúnaðarmálin hafa orðið hæstv. ríkisstjórn og stuðningsflokkum hennar þung í skauti seinasta árið.

Þessi mál hafa komið hér inn í þingið þrívegis á seinustu 12 mánuðum og ávallt valdið miklu uppnámi innan stjórnarflokkanna. Á sl. vori mátti ekki miklu muna að núverandi ríkisstjórn yrði að fara frá, hún glataði sínum meiri hluta vegna afreiðslu slíks máls, og þetta hefur síðan endurtekið sig á þessum vetri. Nú er svo komið að verið er að afgreiða þriðja frv. af þessu tagi og hv. landbn. hefur þverklofnað. Formaður nefndarinnar er þar í miklum minni hluta með aðeins einn þriðja hluta nefndarinnar á bak við sig. En stjórnarandstæðingar mynda meiri hluta í nefndinni ásamt einum stjórnarþingmanni og nefndin skiptist í fjóra parta. Þetta er nokkuð einstakt í þingsögunni að ég hygg.

Í sjálfu sér er það ekkert merkilegt þó að innflutningur landbúnaðarvara valdi miklum deilum og að um slík mál verði langar umræður. Ég held að enginn þurfi að vera neitt undrandi á því vegna þess að hér eru miklir hagsmunir í húfi. Annars vegar eru hagsmunir neytenda sem gera sér vonir um að fá sem ódýrastar landbúnaðarvörur á sín borð. Hins vegar eru það innlendir framleiðendur sem eiga sína atvinnugrein algjörlega undir því komna hvort hinn innlendi markaður helst í þágu íslensks landbúnaðar eða ekki. Það er ekkert ofsagt í þeim efnum að þegar um innflutning landbúnaðarvara er að ræða þá er þar verið að ræða um líf eða dauða fyrir íslenskan landbúnað. Það er ósköp auðvelt að viðurkenna það að erlendar landbúnaðarvörur eru heldur ódýrari í framleiðslu af mörgum ástæðum, m.a. vegna veðurfars, vegna mikilla niðurgreiðslna víða og vegna þess að þær eru gjarnan framleiddar í svo miklu, miklu meira magni heldur en okkur er fært hér á Íslandi. En á hitt verður að líta að verulegur samdráttur í íslenskri framleiðslu mun að sjálfsögðu leiða af sér mikið atvinnuleysi, ekki aðeins meðal bænda og búaliðs heldur líka meðal þeirra sem hafa atvinnu sína í þorpum og bæjum víðs vegar um land af úrvinnslu landbúnaðarvara.

Það er því ekkert merkilegt þótt miklar deilur verði um landbúnaðarmál hér á hv. Alþingi. Þetta er eitt af stórmálum samtímans og fullkomlega eðlilegt að um það verði harðar deilur. Hitt er kannski öllu merkilegra hvað málið hefur þvælst fyrir núverandi stjórnarflokkum sem hafa hvað eftir annað komist að bráðabirgðasamkomulagi um það hvernig þeir vilja halda á þessu máli en síðan hefur samvinnan ævinlega fokkast upp og úr orðið aldeilis makalaust þras sem á sér ekki mörg fordæmi í íslenskri stjórnmálasögu og er það mikið sagt.

Ég held að allt þetta þras milli stjórnarflokkanna sem gjarnan hefur gengið út á það hvað menn féllust á fyrir svo og svo mörgum mánuðum, hverju menn lofuðu fyrir svo og svo mörgum mánuðum og hvað menn ætla sér að efna og hvað ekki af því sem þeir voru búnir að koma sér saman um, ég held að öll þessi þræta, þetta ómerkilega þras, sé auðvitað fyrst og fremst vitnisburður um ástandið á stjórnarheimilinu, það forustuleysi sem þar er ríkjandi og þá erfiðleika sem þar er að finna í sambúð flokkanna. Ég held að jafnvel þótt sjónarmiðin séu kannski eitthvað mismunandi og áherslurnar töluvert ólíkar þá mundu flestir samstarfsaðilar í ríkisstjórn hafa komið sér saman um mál af þessu tagi án þeirra óskapa sem orðið hafa ef

vilji væri fyrir hendi og ef þess háttar menn hefðu lagt hönd á plóginn sem hefðu getað unnið saman á skaplegan hátt. En það er fyrst og fremst þetta forustuleysi, þetta kraftleysi hjá liðsoddum stjórnarflokkanna sem einkennir þetta mál miklu frekar en nokkuð annað. Að þeir skuli æ ofan í æ hafa komið sér saman um hvernig á þessum málum skuli haldið og síðan skuli það samkomulag hafa fokkast upp aftur og aftur í kjölfarið. Þó tók auðvitað steininn úr hér á dögunum þegar í ljós kom að stjórnarflokkarnir voru með sameiginlegar tillögur í þessu máli en sáu sig tilneydda til að skila tveimur nál., með tvenns konar skilningi á því hvað í tillögunum fælist.

Ég tel nú að það sé að bera í bakkafullan lækinn að fjölyrða öllu meira um þá uppákomu en menn hafa þegar gert hér úr ræðustól Alþingis og sé enga ástæðu til þess að draga umræðuna á langinn með því að fara ofan í þá illdeilu frekar en menn hafa gert hér á undan mér. Ég leyni því hins vegar ekki að ég tel fulla þörf á því að þetta mál verði fullskýrt. Ég tel það óviðunandi að tillögur og frumvörp séu túlkuð á fleiri en einn veg þegar þau eru afgreidd hér frá Alþingi og þess vegna tel ég nauðsyn á því að það sé tekið af skarið um það hvernig túlka beri ákveðnar setningar í þessu frv. Þess vegna hef ég beitt mér fyrir því að það er flutt brtt. við 3. gr. frv., þar sem segir, með leyfi forseta, að síðari málsliður 1. efnismgr. orðist svo: „Verðjöfnun á unnum og/eða samsettum vörum miðast við þátt allra landbúnaðarhráefna, innlendra og erlendra, í verði viðkomandi vöru."

Ég tel að þetta orðalag sé miklu skýrara heldur en það sem fyrir er í frv. og ég trúi ekki öðru en að flestir hv. þm. séu mér sammála um það hvort sem menn kjósa nú að greiða tillögunni atkvæði eða ekki. Það er engin launung á því að þetta orðalag er miklu nær skilningi meiri hluta þingmanna á því hvað í frv. felst og er fyrst og fremst flutt til þess að skýra lagatextann til fulls, taka af öll tvímæli.

Ég hjó eftir því að hv. formaður landbn., Egill Jónsson, fagnaði þessari tillögu og taldi henni flest til ágætis. Mér heyrðist ekki betur en að þetta væri einhver besta tillaga sem hér hefði lengi verið flutt en samt ætlaði hann sér að greiða atkvæði á móti henni. Það þótti mér heldur slakur endir á góðum málflutningi og hefði heldur kosið að hann hefði botnað setninguna á annan veg. En hann verður auðvitað að ráða sínu atkvæði eins og menn gera hér í þinginu og ekkert meira hægt að segja um það.

Á þessu þskj. er síðan önnur brtt. sem lýtur að GATT-samningunum. Það hefur verið um það deilt hér að hve miklu leyti unnt sé að beita heimildum þessa frv. vegna Úrúgvæ-lotu GATT-samninganna ef og þegar sá samningur tekur gildi hér á landi. Og til þess að taka af öll tvímæli um það að frv. eigi við þessa nýgerðu GATT-samninga hef ég talið rétt að flytja þá tillögu sem hér um ræðir þar sem því er endanlega slegið föstu.

Vissulega hefur það sjónarmið heyrst að eðlilegra sé að bíða eftir því að GATT-samningurinn verði lögfestur á Alþingi og að þá komi þessi hlið málsins til umræðu og endanlegrar afgreiðslu hér. Ég er þessu ekki samþykkur. Ég tel að það sé of seint að bíða eftir því. Ég tel að ákvæði um tollameðferð þurfi að liggja fyrir með margra mánaða fyrirvara áður en GATT-samningurinn tekur gildi og að það væri mjög óheppilegt ef af einhverri ástæðu kæmi upp það ástand eftir að GATT-samningurinn hefði tekið gildi að lagaákvæði um það efni væru ekki nægilega ljós. Þá mundi sagan sem nú er að gerast og hefur verið að gerast í vetur endurtaka sig og það væri ekki aðeins illt til afspurnar fyrir löggjafann og mundi vafalaust valda erfiðleikum innan stjórnarsamstarfsins, þó að ég gráti það nú kannski þurrum tárum, en það mundi valda hagsmunaaðilum í landbúnaði margvíslegum óþægindum og gæti skapað réttaróvissu sem miklu betra er að vera laus við. Af þessari ástæðu er þessi tillaga flutt.

[15:31]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eftir því sem ég best veit, þá lifa um það bil þrjár vikur eftir af þessu þingi, jafnvel tæplega það. En nú hefur það gerist hér á þessum degi að það hefur rignt yfir okkur þingmenn stjórnarfrumvörpum og m.a. sé ég að hér er verið að leggja fram frumvörp til breytinga á lögum sem voru samþykkt á síðasta ári og árinu þar áður og tengjast EES-samningnum, en ég hlýt að beina þeirri spurningu til hæstv. forseta: Hver er eiginlega meiningin með þessu og hvað á að afgreiða af þessum stóru málum sem hér er verið að leggja fram? Þetta vekur vægast sagt furðu, svona bunki sem búið er að dreifa hér í dag. Hvað ætlar þessi ríkisstjórn sér eiginlega á þeim vikum sem fram undan eru? Er það meiningin að reyna að afgreiða þetta eða er þetta hér til kynningar?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur líka orðið var við þennan bunka og getur ekki greint frá hverjar ætlanir hæstv. ríkisstjórnar eru. Eins og hv. þm. er eflaust kunnugt mun koma fram forgangslisti þegar líður á aprílmánuð, en á þessari stundu getur forseti ekki greint frá því hvaða mál verða á þeim forgangslista.

[15:33]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi eingöngu vekja athygli þeirra þingmanna sem hér eru á þeim bunka sem hér er verið að dreifa. Þetta vekur spurningar um þau furðulegu vinnubrögð sem hér tíðkast þegar mál liggja mánuðum saman inni í ráðuneytum en er svo skilað hér inn rétt undir þinglok og fá enga umfjöllun, það tekst ekki einu sinni að koma þeim til umsagnar. Þetta eru einfaldlega ekki nógu góð vinnubrögð.

[15:33]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur nú verið einkenni á málflutningi hv. 3. þm. Norðurl. v. að hann væri bæði skýr og nokkuð vandaður og þess vegna kom það mér á óvart að hann skyldi hafa hér yfir ummæli mín með jafnmiklum útúrsnúningi og raun bar vitni um. Ég tók það fram í minni ræðu að þeim áherslum sem koma

fram í a-lið brtt. þessa hv. þm. er algjörlega til skila haldið í brtt. okkar fjórmenninganna. Og ég vildi kannski mega skýra frá því hér, af því að hv. þm. var ekki viðstaddur þessa umræðu í landbn., að sá hv. þm. sem mætti þar í hans forföllum var með miklar áhersl-ur um forræðismálið og ég er sannfærður um það að hann hafði með þeim áherslum, sem ég út af fyrir sig var algerlega sammála, mikil áhrif á það hvernig frá þessum lagatexta var gengið og þetta er ég að segja honum til hróss. Í starfi nefndarinnar kom þessi texti fram mjög fljótlega og það komu aldrei fram nokkrar einustu ábendingar um að breyta þessum upphaflega texta að því er þetta varðar (Forseti hringir.) þannig að í hugum landbn. hefur það alla tíð verið alveg ljóst að textinn tæki til þeirra áréttinga sem hér eru og hafa verið margskýrðar. Þar af leiðandi er óþarfi að gera hér breytingar á og það er af þeirri ástæðu að ég greiði atkvæði á móti þessari tillögu.

[15:36]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka það fram að ég flyt þessa brtt. í fullu samráði við hv. þm. Steingrím Sigfússon sem sótti nefndarfundi um þetta mál í fjarveru minni nokkrum sinnum og textinn í brtt. er einmitt orðaður á þennan veg vegna þess að hann var sammála mér um það að þetta væri ekki nægilega skýrt í lagafrumvarpstextanum þannig að það er einmitt í kjölfar þeirrar umræðu sem átti sér stað í landbn. sem þessi brtt. verður til.

Í öðru lagi bendi ég hv. þm. á það að við 2. umr. málsins héldu hv. talsmenn Alþfl. fram öðrum sjónarmiðum um túlkun einmitt á þessari setningu heldur en hv. formaður landbn. Ég veit að hv. formaður landbn. minnist þess að túlkun hans annars vegar og túlkun vissra talsmanna Alþfl. hins vegar var ekki sú sama og þessi lagatexti er af okkar hálfu umorðaður í því skyni að hann geti verið í sem mestu samræmi við málflutning hv. formanns landbn. Ég tók það því þannig að hv. þm. væri sammála því sem hér stendur og ég flyt hér tillögu um og hann væri þar af leiðandi mjög jákvæður gagnvart textanum, en hann ætlaði sér samt sem áður að greiða atkvæði á móti. Og er það ekki einmitt kjarni málsins? Það er sú þversögn sem við stöndum frammi fyrir.

[15:39]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var nú mildara og skilmerkilegra yfirbragð á skýringum hv. 3. þm. Norðurl. v. í þeirri ræðu sem hann flutti núna. Ég árétta það sem ég sagði áðan og nú hafa enn frekar öll tvímæli verið tekin af um það að lagatextinn er alveg skýr. Það hefur verið farið yfir það af fjórum lögfræðingum, löglærðum mönnum, og þeir hafa vitnað um það að lagatextinn væri alveg skýr. Það eru gefnar skýringar í nál. 1. minni hluta um þessi efni hvernig túlka beri. Það hafa líka verið tekin af öll tvímæli um að það er það nál. sem gildir til skýringa um þessi efni, auk þess sem ég reyndar fagna því, og að því leyti er ég þakklátur hv. flm., að hafa getað hér marglýst því yfir að það hefur aldrei komið neitt annað fram í þessari umræðu í landbn. og engin ábending um annað en það að verðjöfnunin næði til landbúnaðarvara eins og skýrt er tekið fram í 1. mgr. 72. gr. og það eru hvergi neinar takmarkanir á því. Það er af þessari ástæðu sem málið liggur svo skýrt fyrir að frekari lagabreytingar, frekari breytingar á þessari grein eru gjörsamlega óþarfar.

[15:41]

Ragnar Arnalds *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og kunnugt er, þá er meginmunurinn á fyrirliggjandi texta og svo aftur þeirri brtt. sem við hv. þm. flytjum hér varðandi 3. gr. a-lið, meginmunurinn á textanum og svo aftur brtt. er sá að það er skotið inn orðunum „innlendra og erlendra“ landbúnaðarhráefna. Sannleikurinn er sá að þó að hv. formaður landbn. haldi því fram að þetta sé alveg skýrt, þá virðist það ekki vera nægilega skýrt í hugum allra. Það hefur komið fram hér í þinginu að hv. talsmenn Alþfl. hafa ekki talið að þetta næði bæði til innlendra og erlendra þátta og þess vegna hefur mér þótt nauðsynlegt og gagnlegt að draga þetta skýrt fram og fá þetta alveg á hreint. Þess vegna er tillagan að sjálfsögðu flutt.

Ef málið stæði þannig að það hefðu allir nákvæmlega sama skilning á þessu og allir hefðu lýst því yfir að þeir skildu þetta nákvæmlega eins og hv. formaður landbn., þá væri auðvitað enginn vandi hér á ferð, þá væri engin tillaga flutt. En málið er ekki þannig, hann veit það sjálfur, og þess vegna er það gagnlegt að breyta lagatextanum á þennan veg.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta urðu á mistök hér í fundarstjórn áðan og telur rétt að það komi fram þegar hún hleypti hv. 18. þm. Reykv. að með athugasemd um fundarstjórn forseta áður en hún heimilaði hv. 3. þm. Austurl. að veita andsvar. En 56. gr. þingskapalaga hljóðar svo: „Forseti getur leyft þingmönnum að veita stutt andsvar við einstökum ræðum strax og þær hafa verið fluttar.“ Þannig að það er rétt að það komi hér fram hvað rétt er í þessum efnum.

Útbýting þingskjala:

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 553. mál, stjfrv., þskj. 864.

Fjáröflun til vegagerðar, 545. mál, stjfrv., þskj. 856.

Hópuppsagnir, 555. mál, stjfrv., þskj. 866.

Lífeyrissjóður sjómanna, 548. mál, stjfrv., þskj. 859.

Reynslusveitarfélög, 554. mál, stjfrv., þskj. 865.

Tryggingagjald, 546. mál, stjfrv., þskj. 857.

[15:44]

Frsm. 4. minni hluta landbn. (Eggert Haukdal):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frhnál. 4. minni hluta landbn.

Nefndin hefur fjallað á ný um þetta frv. á milli 2. og 3. umr. vegna brtt. á þskj. 758. Þessi tillaga er borin fram í þeim tilgangi að eyða vafa sem upp er kominn um túlkun á þskj. 672, en sá vafi er orðinn til

vegna tveggja nál. sem fela í sér mismunandi túlkun á frv. Fyrra álitið er frá 1. minni hluta landbn., þskj. 671, og hið síðara frá 2. minni hluta, þskj. 696. Hið fyrra nál. er samið með leiðsögn frá lögfræðingunum Gunnlaugi Claessen hrl., Tryggva Gunnarssyni hrl. og Sveini Snorrasyni hrl. sem unnu að lögfræðilegri útfærslu á brtt. á þskj. 672 fyrir landbn. Hið síðara er hins vegar unnið að meginhluta til undir handleiðslu hæstv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, og aðstoðarmanns hans, Þrastar Ólafssonar. Tilgangur þess er augljóslega að hindra eins og frekast er unnt að komið verði á verðjöfnunarkerfi sem tryggi stöðu landbúnaðar á Íslandi þegar opnað verður fyrir innflutning samkvæmt þeim milliríkja- og fríverslunarsamningum sem fyrir liggja, annaðhvort þegar samþykktir af Alþingi eða tilbúnir til undirritunar og staðfestingar Alþingis í framhaldi af því. Í nál. má víða sjá túlkun sem gengur langt umfram efni laganna og stangast í mikilvægum atriðum á við nál. 1. minni hluta landbn. Þess vegna er 4. minni hluti efnislega samþykkur því sem áðurnefnd brtt. felur í sér, að hafa skuli hliðsjón af nál. á þskj. 671 ef ágreiningur kemur upp við túlkun laganna og til að tryggja rétta framkvæmd þeirra.

Fleira kemur hins vegar til. Á fundi landbn. sem haldinn var milli umræðna, mættu þeir lögfræðingar sem áður eru nefndir og auk þeirra Markús Sigurbjörnsson prófessor. Tvennt í máli þeirra ber að hafa til hliðsjónar við afgreiðslu á brtt. á þskj. 758.

Í fyrsta lagi kom skýrt fram af þeirra hálfu að nál. 1. minni hluta landbn. á þskj. 671 væri það nál. sem í reynd fylgdi brtt. á þskj. 672. Nál. 2. minni hluta á þskj. 696 verði ekki skoðað á sama hátt, enda sé það með dæmalausum fullyrðingum sem rétt sé að vekja sérstaka athygli á. Í því megi m.a. lesa þá fullyrðingu „að ekki liggi ljóst fyrir hvort þær rúmu heimildir, sem landbúnaðarráðherra eru veittar í frumvarpi á þskj. 672, standist ákvæði stjórnarskrárinnar". Flutningsmaður nál. stendur þó að brtt. á þskj. 672 en ætla má að það sé einsdæmi í sögu íslenskrar lagasetningar að flutningsmaður láti í ljós efa sinn í nál. um að lagasetning, sem hann ætlar að standa að, standist stjórnarskrá landsins.

Í öðru lagi kom fram í máli lögmannanna að lögfesting á sérstakri reglu um skýringu laga, eins og lögð er til, sé andstæð hefðum í lagasetningu hér á landi. Þeir upplýstu að líklega sé einu hliðstæðuna að finna í 3. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið þar sem hafi verið sett regla sem komist nærri því að vera áþekk tillögunni, en þar er boðið að skýra eigi lög og reglur til samræmis við EES-samninginn eftir því sem við á. Þetta ákvæði telur 4. minni hluti ekki vera til eftirbreytni frekar en annað sem í þeim samningi er.

Að teknu tilliti til þessara tveggja atriða mun 4. minni hluti ekki taka afstöðu með eða á móti við afgreiðslu á breytingartillögu á þskj. 758.

Í þessari deilu um búvörulög hefði verið besta leiðin að taka miðuppkast lögfræðinganna sem voru að störfum fyrir landbn. og gera það að lögum. Allir nefndarmenn voru því hlynntir utan fulltrúi Alþfl. Það hefði verið eðlilegast að skilja Alþfl. eftir í málinu á þeim punkti. Sá undansláttur, sem fólst í þriðja uppkasti lögfræðinganna gagnvart Alþfl. mun viðhalda deilunum áfram.

Ástæða er til þess að minna á að undirritaður er andvígur EES-samningnum og þeim neikvæðu áhrifum sem hann hefur fyrir íslenskan landbúnað. Enn á ný reynir utanrrh., Jón Baldvin Hannibalsson, að notfæra sér ákvæði EES-samningsins til breytinga á landbúnaðarlöggjöfinni til þess að klekkja á íslenskum landbúnaði.

Fjórði minni hluti vísar til afstöðu sinnar sem fram kemur í nál. á þskj. 703 um fyrirliggjandi breytingar á lögum nr. 99/1993 í þskj. 672. Þar er rakið í þremur aðalatriðum í hverju tillagan víki frá þeim tillögum að breytingum sem voru kynntar í landbn. en síðan dregnar að hluta til baka að kröfu formanns Alþfl.

Fjórði minni hluti mun greiða atkvæði gegn frv. og breytingum á því og leggja til að það verði fellt, nema því aðeins að því verði breytt í samræmi við þær brtt. lögfræðilegra ráðgjafa landbn. sem voru undanfari brtt. á þskj. 672, þ.e. miðuppkasti lögfræðinganna.

Atkvæði 4. minni hluta er mótmæli gegn vinnubrögðum Jóns Baldvin Hannibalssonar utanrrh. og þeirri undanlátssemi sem honum er jafnan sýnd.

Virðulegi forseti. Varðandi brtt. sem hér liggur fyrir á þskj. 854, þá mun ég styðja þær. Þær ganga til móts við miðuppkast lögfræðinganna. Út úr því var tekið eins og hér hefur verið rakið að tillögu Alþfl., ákveðin þrjú atriði. Þess vegna tel ég að þessi tilraun sé til þess að lagfæra frv. Hér áðan deildu tveir hv. þm. um skýringu á texta lögfræðinganna. Texti lögfræðinganna er að sjálfsögðu skýr en hann er skýr um það sem er í frv. Hann getur ekki verið skýr um það sem búið er að taka út úr því og það voru mistök að taka ekki miðuppkast lögfræðinganna og gera það að lögum óbreytt.

[15:51]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kemst ekki hjá því að vekja aðeins athygli á afstöðu hv. 6. þm. Suðurl. Hann tilkynnir það í sínu nál. og hér af ræðustóli að hann ætli að greiða atkvæði á gegn frv. Hvað gildir það? Það gildir að innflutningur á landbúnaðarvörum er frjáls. Það er það sem hv. 6. þm. Suðurl. gerir nú að baráttumáli. Að allur innflutningur á landbúnaðarvörum verði frjáls. Hann ætlar að greiða atkvæði á móti frv. Ef það mundu gera 32 alþingismenn þá væri innflutningur á landbúnaðarvörum frjáls. Og skrýtin finnst mér framsetning þingmannsins á því að ætla að styðja tillögur Ragnars Arnalds o.fl., ...

(Forseti: (VS): Hv. þm.)

...hv. þm. — og skal nú vel gætt góðra siða — þrátt fyrir það að hann ætli að fella frv. og stuðla þannig að því að innflutningur á landbúnaðarvörum verði gjörsamlega frjáls.

[15:53]

Frsm. 4. minni hluta landbn. (Eggert Haukdal) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú raunar löngu orðið mál fyrir hv. 3. þm. Austurl. að fara að gera sér grein fyr-

ir því — hann virðist ekki vita af því sjálfur enn þá að hann er búinn að marggefa eftir fyrir krötunum í þessu máli. Atkvæði mitt eins og ég greindi frá hér áðan er mótmæli við þeim vinnubrögðum og þeirri eftirgjöf sem í öllu þessu máli Jóni Baldvin hefur verið sýnd, ...

(**Forseti** (VS)**:** Hæstv. utanrrh.)

...hæstv. utanrrh. Þetta er kjarni málsins, þess vegna gengur mitt atkvæði með þessum hætti. Og eftirgjöf hv. þm., þegar gefið var eftir frá miðuppkasti lögfræðinganna var alveg með ólíkindum. Það er löngu orðið mál, eins og ég hef gert grein fyrir að skilja kratana eftir í þessu máli, en það er ekki gert, m.a. vegna þess að hv. formaður landbn. stendur ekki í stykkinu.

[15:55]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Menn geta auðvitað haft sínar skoðanir á því hverjir standa sig og hverjir séu að gefa eftir. Ég læt mér í léttu rúmi liggja allar ávirðingar í þeim efnum. En hjá hinu komast menn ekki, menn komast ekki fram hjá því og geta ekki flúið sína eigin afstöðu, sitt eigið atkvæði. Hér segir hv. 6. þm. Suðurl.: „Fjórði minni hluti mun greiða atkvæði gegn frv. og breytingum á því og leggja til að það verði fellt". (**EH:** Lestu áfram.) (**Gripið fram í:** Lestu áfram.) Ég get út af fyrir sig lesið áfram. En hann gerir þetta. Svo fremi sem ekki verða gerðar aðrar breytingar á frv. þá ætlar hann að greiða atkvæði á móti frv. og það er það sem skiptir máli. Og ef 32 þingmenn hefðu þessa afstöðu þá væri innflutningur á landbúnaðarvörum (**Gripið fram í:** Hann er nú bara einn.) orðinn frjáls sama daginn og sú ákvörðun yrði tekin. (Gripið fram í.) Ég hef ekki vitað til þess að nokkur þingmaður vildi ganga fram með þessum hætti. Hér er trúlega um mikinn misskilning hjá hv. þingmanni að ræða. En það er hins vegar alveg óhjákvæmilegt, ekki síst miðað við þau orð sem hann hefur látið hér falla um vinnubrögð í landbn. og í minn garð að vekja athygli á því hvað afstaða hans er einkar skýr í þessum efnum.

[15:57]

Frsm. 4. minni hluta landbn. (Eggert Haukdal) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef ég væri nú svo vel settur í þessu máli að 32 hv. alþm. styddu mig og mínar tillögur þá væri ekki mikið vandamál hér á hv. Alþingi í landbúnaðarmálum, hv. þm. Egill Jónsson. Vandamálið er að hér eru ekki 32 þingmenn sem vilja skila þessu með þeim hætti sem á að vera og eitt er frambærilegt fyrir íslenskan landbúnað. En það væri sannarlega æskilegt (Gripið fram í.) að hæstv. formaður landbn. færi nú að átta sig og hætti að láta undan krötum. Og hans stóru orð einmitt í landbn., einmitt í fjölmiðlunum þegar hann var orðinn maður vikunnar og þjóðhetja, og ég óska honum til hamingju með það, þau ættu að standa enn og þá mundi horfa vel um þessa löggjöf.

[15:58]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Sennilega er þessari lotu landbúnaðardeilunnar miklu að ljúka. En mér segir svo hugur um að þessari umræðu um landbúnaðarmálin og hvernig staðið verði að innflutningi sé hvergi nærri lokið. Enda vitum við að ríkisstjórnarflokkarnir sömdu um nokkurra mánaða vopnahlé. Þeir ætla að setja málið í nefnd sem á að fjalla um væntanlegan GATT-samning og hvernig verði staðið að innflutningi á landbúnaðarvörum samkvæmt þeim samningi. Þannig að því fer fjarri að málinu sé lokið en vissulega er hér ákveðnum kafla þess að ljúka.

Frá því að 2. umr. átti sér stað um þetta frv. hefur svo sem ekki margt gerst. Eins og hér hefur verið rakið *var haldinn fundur í landbn. þar sem kallaðir voru* til lögspekingar, bæði þeir sem stóðu að því að semja brtt., sem hér liggja fyrir, og eru aðalhöfundar þeirra greinargerða sem 1. minni hluti hefur lagt fram, eða nál. 1. minni hluta, en síðan var líka kallaður til óháður aðili, prófessor upp í háskóla, til þess að skoða þetta mál.

Það var einkum þrennt sem nefndarmenn vildu fá skýringar á eftir 2. umr. hér í þingsölum. Fyrsta spurningin var hvað það þýddi þegar meiri hluti nefndar legði fram sameiginlegar brtt. en skilaði svo tvenns konar nál. sem túlka hlutina á mismunandi hátt. Reyndar er það ljóst að þessi túlkun á brtt. kom fyrst og fremst fram í umræðum hér á þinginu. Þegar betur er að gáð þá snúast þessi nál. meira um fortíðina heldur en raunveruleikann, í rauninni það sem stóð í öðru uppkasti svokölluðu, þ.e. brtt. lögfræðinganna sem Alþfl. barði síðan í gegn breytingar á. Fyrsti og annar minni hluti tókust á um þessar breytingar og hvort rétt hefði verið að gera þær. — Ég sé að landbrh. er hér eitthvað órólegur í salnum og vill fá formann landbn. til sín en ég vil endilega biðja hv. formann landbn. að sitja því mig langar að ræða hér við hann það atriði sem er að finna í brtt. Ragnars Arnalds o.fl., því ég er ekki sammála túlkun hans í þeim efnum.

Fyrsta atriðið sem við vildum fá skýringar á var sem sagt hvað það þýddi fyrir túlkun laganna að nál. væru tvö. Það var mat lögfræðinganna að í rauninni skipti það sáralitlu máli ef lagatextinn væri skýr. Þeim ber saman um að lagatextinn sé skýr. En það breytir ekki því að þau vinnubrögð að meiri hluti sem skilar sameiginlegum brtt. skuli svo fara þá leið að skila tvenns konar nál. og túlka alla þróun málsins, ég held það sé óhætt að segja það, þróun málsins út og suður og í rauninni að ríkjast þar um vinnubrögð, þetta er afar sérkennilegt. En mér er sagt og ég ætla að koma því hér á framfæri vegna þess sem fram kom í máli hv. þm. Guðna Ágústssonar, mér er tjáð að það séu þrjú önnur fordæmi fyrir því að meiri hluti nefndar hafi skilað mismunandi nál., þ.e. að skilað hefur verið lagabreytingum en þær síðan túlkaðar á mismunandi hátt. Það er því ekki alveg nýtt að þetta gerist en það er jafnfurðulegt og ekki síst í máli eins og þessu og ber fyrst og fremst vott um ástandið í ríkisstjórninni og ríkisstjórnarflokkunum þar sem menn hafa rifist eins

og hundar og kettir um þessi mál og snertir það sem svo sem hefur verið margnefnt hér í umræðunni hversu ólík sjónarmið eru ráðandi varðandi innflutning landbúnaðarvara og hvernig réttast sé að bregðast við þeim breytingum sem fram undan eru.

Í öðru lagi vildi landbn. fá skýr svör við því hvert valdsvið ráðherra væri við álagningu verðjöfnunargjalda ef um væri að ræða hráefni sem ekki eru framleidd hér á landi en er að finna í vörum. Það er einmitt þetta atriði sem menn voru að deila um hér áðan. Ég er búin að fara nokkuð vel í gegnum texta lögmannanna og ég er ekki sammála þeirri túlkun sem hv. formaður landbn. kom fram með áðan því að í minnisblaði lögmannanna segir, og það er birt hér sem fskj. með frhnál. 1. minni hluta, með leyfi forseta:

„Spurt var um valdsvið landbrh. við álagningu verðjöfnunargjalda samkvæmt brtt. og hvort heimilt væri að verðjafna vegna hráefna sem ekki eru framleidd hér á landi."

Ég skil brtt. Ragnars Arnalds o.fl. þannig að það sé verið að reyna að ná til hráefna sem ekki eru framleidd hér á landi. Þá segja lögmennirnir áfram, með leyfi forseta:

„Eins og fram kemur í áður tilvitnuðum texta 1. mgr. 72. gr. er heimild landbrh. til að leggja verðjöfnunargjald á vöru til staðar þegar eftirfarandi þrjú skilyrði eru uppfyllt:

a. Varan er innflutt.

b. Varan er tilgreind í tollskrárnúmerum í viðaukum I eða II með lögunum.

c. Varan er jafnframt framleidd hér á landi."

Þetta eru þau skilyrði sem þarf að uppfylla til að hægt sé að verðjafna þegar ákveðin vara á í hlut. Síðan segir í framhaldi:

„Reglur 72. gr. fjalla um verðjöfnun vegna mismunar á innlendu og erlendu verði þeirra hráefna sem notuð eru í viðkomandi vöru. Til þess að unnt sé að reikna út og staðreyna að gjaldið sé innan þess hámarks sem lögin setja þurfa tvær stærðir að vera fyrir hendi, þ.e. innlent verð hráefnisins og erlent verð hráefnisins. Sé annar þátturinn ekki finnanlegur er ekki grundvöllur til að reikna út verðjöfnunargjald á þátt viðkomandi hráefnis í vörunni eða vöruna ef hún er eingöngu þetta tiltekna hráefni."

Ég skil þetta þannig að ef hráefnið er ekki framleitt hér á landi þá er ekki leyfilegt að verðjafna.

Síðan er þetta skýrt áfram og tekið fram að í sumum þeim milliríkjasamningum sem Íslendingar hafa gert hafi verið samið sérstaklega um einstök hráefni, t.d. jurtaolíu eins og gert er í bókun 3 við EES-samninginn. Þar af leiðir að þar sem um er að ræða vöru sem inniheldur jurtaolíu, vöru sem jafnframt er framleidd hér á landi, þá er heimilt að verðjafna. Ef varan er frá löndum sem tilheyra EES þá er heimilt að verðjafna en ef um er að ræða aðra vöru þar sem er að finna hráefni sem ekki eru framleidd hér á landi þá er ekki heimilt að verðjafna. Þannig skil ég þetta. Ég gekk út af nefndarfundinum með einmitt þennan skilning, að það væri alveg ljóst að þegar um samsettar vörur er að ræða og í þeim er að finna landbúnaðarvörur sem ekki eru framleiddar hér á landi þá er ekki heimilt að verðjafna, þ.e. ef hráefnið er ekki framleitt hér innan lands.

Eins er það líka alveg ljóst varðandi vörur sem eru í greinilegri samkeppni við íslenskar landbúnaðarvörur, við getum tekið sem dæmi pasta, sem er í samkeppni við innlendar vörur. Pasta er að mjög litlu leyti framleitt hér innan lands. Það eru einhver örlítil dæmi um það. Það eru margar, margar tegundir af pasta. Reyndar er pasta, þ.e. pasta með kjötinnihaldi, að finna hér í viðaukanum. En pasta er dæmi um vöru sem keppir við innlenda framleiðslu. En vegna þess að varan er nánast ekki framleidd hér þá verður ekki um verðjöfnun að ræða þar.

Í þriðja lagi var sá þáttur sem við vildum fá nánari skýringar á vegna mismunandi túlkana sem komu fram hér í umræðum og það varðar GATT-samninginn. Ég er komin á þá skoðun að í rauninni getum við ekkert náð frekar utan um væntanlegan GATT-samning en hér er gert. Það kom skýrt fram í máli lögfræðinganna að ef væntanlegur GATT-samningur gengur í gildi án þess að gerðar hafi verið sérstakar lagabreytingar vegna hans þá gilda almennar reglur um verðjöfnun, ef um er að ræða vörur sem framleiddar eru hér á landi, svo framarlega að það brjóti þá ekki í bága við samninginn. Hins vegar eins og hér hefur komið margsinnis fram þá gerðu ríkisstjórnarflokkarnir samkomulag um að láta frekari breytingar sem hugsanlega fylgja GATT-samningnum bíða og ákváðu að fara rækilega í gegnum þessi innflutningsmál. Það er auðvitað ómögulegt að segja hvað kemur út úr þeirri vinnu eða hvaða lagabreytingar þarf að gera eða hvaða lagabreytingar menn vilja gera í kjölfar GATT-samningsins. Og það er staðreynd að efnisinnihald hans liggur ekki fyrir í öllum tilvikum. Reyndar deila menn nokkuð um þetta og sumum finnst nauðsynlegt að kveða þarna skýrar að orði en það er mín niðurstaða að það sé ekki hægt að ná utan um GATT-samninginn frekar en orðið er og að við verðum a.m.k. að sjá hvernig hann lítur endanlega út áður en það verður hægt.

Ég ætla að víkja nokkrum orðum að þeirri tillögu sem liggur hér fyrir vegna þessa máls og er frá Ólafi Þ. Þórðarsyni o.fl. Ég get ekki annað en vakið athygli á því sem prófessor Markús Sigurbjörnsson segir um þessa tillögu sem er afar sérstök. Hann segir í sínu áliti, með leyfi forseta:

„Á fyrrnefndum fundi með landbn. lýsti ég þeirri skoðun að þessi breytingartillaga á þskj. 758 væri óþörf, auk þess sem lagasetning í þessum búningi væri óæskileg. Þessa skoðun skýrði ég nánar á fundinum með vísan til eftirfarandi þriggja atriða." Og síðan skýrir hann það nánar í sínu bréfi. Þó að til sé fordæmi fyrir þessu í EES-samningnum, þá er það mikið umhugsunarefni fyrir Alþingi hvort rétt sé að fara þessa leið. Ef sú niðurstaða lögmannanna er rétt að lagatextinn sé svo skýr að hann ætti ekki að valda neinum vafa, þá er tillagan auðvitað óþörf. Markús Sigurbjörnsson prófessor segir einnig í sínu bréfi, með leyfi forseta:

„Í þriðja lagi vakti ég athygli á að lagaákvæði á

borð við það sem er lagt til á þskj. 758 yrði algert *einsdæmi í íslenskri löggjöf að því leyti að þar er vísað til ákveðins gagns um skýringu á tilteknum lögum.*"

Ég held að við þurfum mjög að huga að því fordæmi sem hér er á ferð. Það verður ekki annað sagt en að tillaga Ólafs Þ. Þórðarsonar er afar sérstök og ég verð að lýsa því að ég á erfitt með að styðja hana eins og hún kemur hér fram. Auðvitað er tilgangurinn með tillögunni sá að reyna að finna leið til að draga úr réttaróvissu og þó að lögmennirnir segi að textinn sé skýr, *þá kom það fram á þessum fundi nefndarinnar* að það er afar líklegt að menn muni láta á það reyna fyrir dómstólum hvað þessi lög þýða í raun og veru með vísun til þeirra mismunandi túlkana sem komu fram í umræðum hér.

Hv. þm. Guðni Ágústsson vísar einmitt til þess að prófessorinn benti á þá leið að menn gerðu grein fyrir atkvæði sínu og ég verð að segja það að mér líst miklu betur á þá leið. Séð frá þingtæknilegu sjónarmiði *finnst mér sú leið vænlegri til þess að vilji* löggjafans sé alveg skýr frekar en að vísa í nefndarálit sem væri hægt að túlka með ýmsu móti. Enda eins og hefur komið fram, þá snúast þessi nefndarálit meira um fortíðina heldur en inntak þeirra lagabreytinga sem hér eru á ferð.

Rétt í lokin, virðulegi forseti, þá get ég ekki látið hjá líða að rifja það aðeins upp um hvað sú deila snýst sem við höfum horft upp á milli stjórnarflokkanna. Að *mínum dómi snýst hún fyrst og fremst um vinnubrögð*. Við höfum orðið vitni að furðulegum vinnubrögðum og menn hafa dregið þessa deilu alveg ótrúlega á langinn vegna tortryggni og deilna milli ráðherra og stjórnarflokkanna og jafnvel innan stjórnarflokkanna, en á meðan brennur Róm og sá tími nálgast að íslenskur landbúnaður stendur frammi fyrir gerðum hlut. Áhrif EES-samningsins munu koma skýrar og skýrar í ljós á næstu mánuðum og það styttist í það að *væntanlegur GATT-samningur gangi í gildi*, hvað sem hann hefur í för með sér. Ég segi það enn og aftur að ég er ósammála þeirri túlkun hæstv. forsrh. að GATT-samningurinn feli harla lítið í sér. Hann mun breyta miklu. Um það eru menn, held ég, sammála. Ég get vísað til ræðu hæstv. utanrrh. í þeim efnum sem ég held að hafi réttara fyrir sér en ýmsir aðrir.

En spurningin sem við stöndum frammi fyrir er þessi: Hvað er verið að gera til þess að búa íslenskan landbúnað *undir þessar breytingar? Hvernig á* að bregðast við? Ætla menn bara að sitja auðum höndum á meðan mánuðirnir líða? Ég rakti það í minni ræðu við 2. umr. að það er margt sem þarf að gera til þess að tryggja stöðu landbúnaðarins og til að búa hann undir þessar breytingar. Það þarf bæði endurskipulagningu og það þarf að fara í gegnum ýmsa þá kostnaðarþætti sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir. Það þarf að leita allra leiða til þess að auðvelda íslenskum bændum að ganga í gegnum þessar miklu breytingar og jafnframt að aðstoða þá við að finna leiðir til að flytja út og til þess að nýta sér það sem þessir alþjóðasamningar fela í sér og byggja það fyrst og fremst á gæðum íslensks landbúnaðar.

Ég vil vitna til orða formanns Stéttarsambands bænda sem sagði að það yrði hægt að lifa með GATT-samningnum en ýmsir sérsamningar sem hafa verið gerðir á undanförnum árum valda meiri vandræðum. Ég held að þetta sé rétt hjá formanni Stéttarsambands bænda. Ég held að íslenskur landbúnaður muni lifa þessar breytingar af og geta styrkt stöðu sína ef bændur standa saman og ef við sameinumst um þá hugmynd að það skiptir miklu máli að halda uppi innlendri matvælaframleiðslu og að við verðum að halda uppi vinnu í okkar landi. Til þess að það sé hægt, þá verðum við að nýta kosti okkar lands. Einn af þeim kostum er hreinleiki og góðir og óspilltir dýrastofnar sem hér lifa og ég held að ef við leggjumst á eitt og nýtum þessa möguleika, þá eigum við að geta horft til bjartari framtíðar jafnt í landbúnaðarmálum sem á öðrum sviðum.

[16:19]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er fordæmi í meðferð EES-málsins að farin sé sú leið sem hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þ. Þórðarson, og hans félagar leggja til. Það var að vísu nýmæli að svo sé kveðið á um í EES-samningnum en það fordæmi hefur verið skapað og að því leyti til er ekkert óeðlilegt að fara þá leið sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson leggur til.

Að fella þá brtt. sem hv. þm. bera fram er yfirlýsing um að Alþingi ætlist ekki til að frv. sé skilið þeim skilningi sem segir í áliti 1. minni hluta. Það er skýlaus yfirlýsing Alþingis að sá meiri hluti gildi ekki. Ég lít á þessa álitsgerð Markúsar Sigurbjörnssonar sem drengilega tilraun eða tilraun hjá manni fullum meðaumkunar til að skera hv. 3. þm. Austurl. niður úr snöru sem hann var búinn að koma sér í. Það tókst auðvitað ekki. Hv. þm. Egill Jónsson — og hvar er hann nú? — var búinn að fyrirfara sér pólitískt í meðferð sinni á þessu máli. Það er aumlegri niðurlæging heldur en ég hef orðið vitni að hjá nokkrum þingmanni á Alþingi þann tíma sem ég hef setið hér. En tillaga Ólafs Þ. Þórðarsonar og félaga er fullkomlega eðlileg.

[16:21]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sammála því að tillagan sé eðlileg og nú er ég fyrst og fremst að tala út frá tæknilegu sjónarmiði. Það er fyrst og fremst það sem *vakir fyrir mér hvort slík* tillaga sé eðlileg og hvort ástæða sé til að ýta undir fordæmi af þessu tagi. Nú vorum við hv. 1. þm. Norðurl. v. bæði andstæðingar EES-samningsins og kannski ekki mjög hrifin af ýmsu því sem í þeim samningi var að finna. En það er fleira í þessu máli og hér liggur fyrir þinginu breytingartillaga frá Ragnari Arnalds og fleiri vegna þess hversu misjafnlega menn túlka breytingartillögurnar sem hér liggja fyrir. M.a. er að finna ákveðna túlkun í nefndaráliti Egils Jónssonar og fleiri sem við erum ekki sátt við og spurningin er: Eigum við að vera að lögfesta þá túlkun? Hér erum við einmitt að tala um það hvort það megi verðjafna þar sem um samsettar vörur er að ræða og innlent hráefni á ekki í hlut, þ.e. hráefni sem ekki

er framleitt hér á landi. Það kunna því að vera ýmiss konar vafamál á ferð í þessu nál.

[16:22]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Nú er ég alveg sammála hv. síðasta ræðumanni um það að orð hv. þm. Egils Jónssonar eru ekki lög eða það sem hann er látinn segja. En frá tæknilegu sjónarmiði fannst mér þetta vera óeðlileg aðferð þegar henni var beitt við lögfestingu EES-samningsins. Meiri hluti Alþingis féllst á þessa málsmeðferð. Fordæmið er fengið og ég tel að það sé ekkert útilokað að beita því áfram.

[16:23]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir til 3. umr., frv. til laga um breytingu á lögum um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, er búið að vera alllengi til meðferðar á Alþingi og um það hafa farið fram umræður og athuganir. Það sem sérstaklega hefur þó vakið athygli í því sambandi eru þær deilur sem um það hafa staðið innan ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna. Virðast þeir nú verða orðnir svo vígamóðir og að niðurlotum komnir að í þingsalnum er enginn úr stjórnarliðinu sem styður frv. Nú gengur raunar hv. formaður landbn. í salinn og er það vel því að mig langaði að spyrja hann örfárra spurninga í sambandi við þetta mál. En það vekur athygli að allir hæstv. ráðherrar eru farnir í burtu. (**EgJ:** Þeir duga ekki. Ég skal skýra málin fyrir þér.) Ég vænti þess að hv. formaður landbn. geti skýrt málin vel, en hins vegar ber það nú svona nokkurn vott um mat hæstv. ráðherra á þessu málefni og málefnum landbúnaðarins að þeir skuli ekki hafa séð ástæðu til þess að vera hér. Nú rætist úr þar sem hæstv. forsrh. kemur, en vissulega hefur það vakið athygli að hæstv. landbrh. hefur ekki sést hér í salnum við þessa umræðu.

Það er óhætt að segja um þetta mál að það er ákaflega flókið tæknilega þar sem hafa þarf í huga erlenda viðskiptasamninga og margvíslega sundurliðun tollskrár og margt fleira. Því er óhætt að segja að það er fyrir neðan allar hellur að vinna að þessu máli á þann hátt sem hefur verið gert af hæstv. landbrh. og reyndar einnig hjá hv. landbn. Það er algerlega óviðunandi að þeim sem hafa næga þekkingu á málinu til þess að setja saman lagatexta sem ekki verður gagnrýndur eða vefengdur séu settar þröngar skorður um það hvernig þeir megi haga orðum sínum og jafnvel ekki breyta út af þeim eins og var með frv. sem lagt var fram í desembermánuði sl. þar sem ekki mátti hreyfa neinn staf. Með þetta mál var að vísu hafður annar háttur. Þar var þeim falið að vinna með heldur frjálsari hendur sem fengu málið til skoðunar og yfirlestrar og endurbóta, en þegar þeir höfðu lokið sínu verki var það hins vegar vegið og léttvægt fundið og af því höggnir hlutir og enginn veit raunverulega enn hvað það þýðir.

Þar var deilt um hvort með þessu frv. væri verið að marka stefnu til frambúðar, þ.e. hvort það ætti að marka stefnu lengur en þetta ár. Við 2. umr. málsins sagði hæstv. utanrrh. að þetta veitti bændum öryggi og vissu um stöðu sína fram að næstu áramótum. Lengur taldi hæstv. utanrrh. ekki að þetta lagafrv. næði. Það sagði hann, hygg ég, nokkurn veginn orðrétt í ræðu við 2. umr. málsins.

Nú er það svo að fyrir mér a.m.k. eru ekki allir hlutir skýrir í því fram að næstu áramótum. Ég er hér með bréf sem varaformaður garðyrkjubænda hefur ritað. Hann situr í innflutningsnefnd blóma. Í bréfinu segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Ég hef haft þann skilning alla tíð í störfum mínum í innflutningsnefnd að túlka afskorin blóm sem einn vöruflokk og sama gildir um pottaplöntur sem eru minni en einn metri. Fulltrúi viðskrn. í nefndinni hefur hins vegar viljað grasafræðilega skilgreiningu, þ.e. að heimila innflutning ef tegund er ekki til.

Í umræddu frv. er óljóst hvernig menn hyggjast skilgreina það hvort ákvæðin vara er framleidd á Íslandi eða ekki, t.d. hvort leggja megi vörugjald á liljur ef rósir eru til og þess háttar."

Þarna er bent á vafaatriði sem hlýtur að reyna á við framkvæmd laganna þegar þau hafa verið afgreidd. Ég vil spyrja hv. formann landbn. hvort svona hlutir hafi verið skoðaðir þannig að þeir séu alveg ljósir.

Ég er ekki sammála því sem kom fram í máli hv. 18. þm. Reykv. áðan að það yrði þá að láta reyna á það fyrir dómstóli hvort lögin halda. Ég tel að Alþingi hljóti að verða að vanda sitt verk eins vel og hægt er til þess að til slíkra vinnubragða komi ekki.

Ég minntist hér á ágreining um það hversu langt þessi lög munu ná. Ég nefndi það að hæstv. utanrrh. sagði að þetta mundi aðeins ná til næstu áramóta. En í greinargerð sem fylgir frhnál. 1. minni hluta landbn., II. fylgiskjali, segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verði breytingartillögurnar samþykktar standa þær sem innlend lög þar til þeim verður breytt aftur af Alþingi. Leiði Úrúgvæ-samningur GATT til þess að heimildir Íslands til að beita verðjöfnun eða til að leggja gjöld á innfluttar vörur verði t.d. þrengdar ber landbrh. að taka tillit til þess við beitingu verðjöfnunargjaldaheimildanna."

Mér skildist á hv. formanni landbn. þegar hann mælti fyrir sínu frhnál. við upphaf þessarar umræðu að þar með mundi þessi lagabreyting gilda einnig um Úrúgvæ-samning GATT og það sem hér er sagt gefi það í skyn. Ég vildi gjarnan fá það alveg skýrt hvort sá skilningur minn er réttur að út af fyrir sig séu þessi lög einnig fyrir Úrúgvæ-samning GATT eða hvort fullyrðing hæstv. utanrrh. sé rétt að þetta gildi ekki nema til næstu áramóta eða þegar Úrúgvæ-samningur GATT gengur í gildi sem hann virðist reikna með að yrði um næstu áramót.

Það er annað sem vakti athygli mína í máli hv. formanns landbn. Hann sagði eitthvað á þá leið að við höfum í erlendum samningum heimildir til verðjöfnunar og dettur nokkrum í hug að slíkar heimildir verði þrengdar í íslenskum lögum? Ég þori ekki að fullyrða hvort þetta er orðrétt eftir haft og það er sjálfsagt alls ekki en þetta er sá skilningur sem ég fékk af orðum hans.

Í 72. gr. laganna segir, eins og hún verður ef þetta frv. verður samþykkt, með leyfi hæstv. forseta:

„Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði hráefnis, sem ákveðið er skv. 1. tölul., og hins vegar erlendu viðmiðunarverði, sem ákveðið er skv. 2. tölul."

Hér er verið að setja hámark. Þrengir þetta ekki heimildir samkvæmt íslenskum lögum? Reyndar var útreikningsheimildum samkvæmt Úrúgvæ-samningi GATT kippt út þegar tölul. 2.4 í þessari grein var breytt og tölul. 2.5 felldur út. Þar með er sú útreikningsheimild ekki lengur fyrir hendi í frv. Er þetta ekki hvort tveggja til þess að þrengja þær heimildir sem við vorum þó búin að fá í gegnum Úrúgvæ-samninginn og þá viðurkenningu sem við fengum? Eða er þetta kannski undirstrikun á því atriði að þetta frv. og þessi lög munu ekki gilda nema til áramóta eða þegar Úrúgvæ-samningurinn gengur í gildi?

Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki alveg á þessu og því vildi ég gjarnan að hv. formaður landbn. gæfi skýringar á.

Við 2. umr. vakti ég athygli á málsgrein í nál. 2. minni hluta landbn. þar sem hann taldi að með undanþágu sem féll niður við gildistöku laga um gjaldeyrismál 23. nóv. 1992, þá hefðum við afsalað okkur rétti til að endurvekja innflutningstakmarkanir. Þetta er tvímælalaust í mínum huga alvarlegasta atriðið í nál. 2. minni hluta landbn. og ég vil því spyrja hv. formann landbn. hvort landbn. hafi ekki fundist ástæða til þess að mótmæla þessu kröftuglega, hvort það hafi ekki verið tekið til meðferðar í landbn. Að vísu er reynt að ómerkja þetta nál. með brtt. sem Ólafur Þ. Þórðarson og fleiri flytja með því að leggja áherslu á gildi nál. 1. minni hluta. Þar með segir það að ekki skuli tekið mark á nál. 2. minni hluta. Það fór ekkert milli mála að hv. formaður landbn. er ekki reiðubúinn til þess að ómerkja nál. 2. minni hluta með þeim hætti sem sú brtt. gerir ráð fyrir. En ég tel ákaflega mikilvægt atriði að þessu sé harkalega mótmælt og hefði talið fulla ástæðu til að hæstv. landbrh. væri hér við og gæfi afdráttarlausa yfirlýsingu um þetta atriði við þessa umræðu. Þetta vegur það þungt í mínum huga.

Er hæstv. landbrh. í húsinu? (**PP:** Hann var í kaffistofunni áðan.)

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. ráðherra er í húsinu og verða nú gerðar ráðstafanir til að ná í hann.)

Ég hefði viljað fá tækifæri til að spyrja hæstv. ráðherra um þetta atriði.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti vill upplýsa að hæstv. ráðherra er kominn í salinn.)

Ég þakka fyrir. Ég var að spyrja hv. formann landbn. hvort ekki hefði verið tekið til umræðu í nefndinni atriði sem ég vakti athygli á við 2. umr. málsins. Þar sem ekkert hefur komið fram um þetta hér taldi ég mjög æskilegt að hæstv. landbrh. lýsti einnig skoðun sinni á þessu atriði. Til þess að hæstv. ráðherra átti sig á því hvað ég er um að ræða, þá ætla ég að lesa þetta upp, með leyfi hæstv. forseta. Þetta er á bls. 7 í nál. 2. minni hluta landbn.:

„Þetta þýðir að núgildandi GATT-samningur setur ströng skilyrði fyrir því að beita megi innflutningstakmörkunum á landbúnaðarvörur. Ísland var undanþegið þessari samningsskuldbindingu með ákvæði í bókun um aðild sína að GATT (svokölluðu „afaákvæði" eða „grandfather clause"). Þar segir að Ísland skuli beita II. hluta samningsins (þar á meðal framangreindri 11. gr.) að svo miklu leyti sem hann er ekki í ósamræmi við lagaákvæði í gildi við dagsetningu bókunarinnar (þ.e. 30. júní 1967). Á þeim tíma var innflutningur á flestum landbúnaðarvörum bannaður með reglugerð nr. 3/1967, sbr. lög nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála.

Framangreind undanþága féll niður 23. nóv. 1992 með gildistöku laga um gjaldeyrismál, nr. 87/1992. Þau felldu úr gildi lög um skipan gjaldeyris- og viðskiptamála, nr. 63/1979, sem komu í stað fyrrnefndra laga nr. 30/1960, um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála. Ekki er heimilt samkvæmt GATT að endurvekja innflutningstakmarkanir sem hafa verið felldar niður.

Samkvæmt þessu er eingöngu heimilt samkvæmt núgildandi GATT-samningi að takmarka innflutning á landbúnaðarvörum sem eru háðar framleiðslustýringu, þ.e. hrárri mjólk og kindakjöti. Ekki er heimilt að takmarka innflutning á öðrum mjólkurvörum en mjólk eða öðru kjöti en kindakjöti. Fjölmargir GATT-úrskurðir hafa fallið sem skýra þetta nánar. Nægir að nefna deilu Bandaríkjanna við Kanada varðandi innflutningstakmarkanir á ís og jógúrt. GATT-panelúrskurður féll í málinu í október 1989."

Þetta er í nál. sem kom skýrt fram við 2. umr. um málið að mundi að miklu leyti vera byggt á upplýsingum frá utanrrn. Hér er um svo alvarlega fullyrðingu að ræða af hálfu utanrrn. að ef hæstv. landbrh. ætlar að taka þessu með þögninni og samþykkja það þannig, þá er ég hættur að skilja hvernig menn ætla að halda á hagsmunamálum þjóðarinnar.

Ég veit ekki hvaða ástæða er til að rekja mikið meira önnur atriði en þau sem ég hef verið að bera fram spurningar um. Það var margt í ræðum hæstv. utanrrh. og hæstv. landbrh. við 2. umr. málsins sem menn hljóta að hrökkva við að skuli koma fram hjá ráðherrum í ríkisstjórn. T.d. vék hæstv. landbrh. að því að með dómi Hæstaréttar væri landbúnaðarlöggjöfin í uppnámi og það hefði valdið miklum glundroða í þessum málum og valdið því að menn væru mjög að setja landbúnaðarmálin í heild sinni í spéspegil og væru með útúrsnúninga, lagaþrætur og tilbúning. Það er vissulega alvarlegt þegar hæstv. landbrh. viðurkennir að þannig er á málefnum þessa atvinnuvegar haldið að niðurstaðan verður þessi.

Ég vil að lokum taka undir það sem hv. 18. þm. Reykv. sagði áðan að við þær gífurlegu breytingar sem eru að verða á aðstæðum er að sjálfsögðu nauðsynlegt fyrir bændur að vita við hvaða aðstæður þeir eiga að búa. Ég hef vakið athygli á því áður. Því er það hörmulegt að með málefni þeirra skuli farið á þann veg sem hefur orðið síðasta ár á sama tíma og vandinn fer vaxandi. Og í staðinn fyrir að reyna að styðja þá í að vinna sig út úr honum, þá skuli vera haldið þannig á málum að niðurstaðan verði þessi.

[16:50]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi þær fyrirspurnir sem til mín var beint vil ég einungis segja að eins og frv. ber með sér er þar gert ráð fyrir því að heimildir verði til þess að takmarka innflutning á landbúnaðarvörum eins og áður og það auðvitað gert vegna þess að við lítum svo á að það sé ekki vafi á að það sé heimilt.

Í öðru lagi hefur GATT-tilboð ríkisstjórnarinnar eins og það var lagt fram verið samþykkt eins og það liggur fyrir og ekki gerðar athugasemdir við það.

[16:51]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. landbrh. segir að hann sé í þeirri trú eða telji að þetta frv. muni veita heimild til takmarkana eins og áður. Því trúðu menn líka fyrir jólin þegar það frv. var samþykkt. En hér liggur fyrir yfirlýsing í nefndaráliti stjórnarþingmanns að hann telji að við séum búnir að afsala okkur rétti til slíkra takmarkana og hæstv. landbrh. fékkst ekki til að andmæla því en væntanlega mun hv. formaður landbn. skýra frá meðferð nefndarinnar á málinu en ég hlýt að láta í ljós vonbrigði mín með það að hæstv. landbrh. skuli ekki sjá ástæðu til þess að mótmæla því þegar þessi staðhæfing birtist í þingskjali, sem byggt er tvímælalaust á upplýsingum frá utanrrn.

[16:52]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á röksemdafærslu hv. þm. Ég hef lýst því yfir að það er verið að fjalla um þingmál, um frv. sem takmarkar innflutning á landbúnaðarvörur vegna þess að Alþingi Íslendinga telur slíkt heimilt og er í engum vafa um það. Það er forsendan fyrir því. Ef menn á hinn bóginn telja að við höfum samið af okkur í þessum efnum og heimildir séu ekki fyrir hendi þá verða þeir hinir sömu að velta því fyrir sér.

[16:53]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég á dálítið erfitt með að átta mig á svari hæstv. ráðherra en eins og ég sagði er hér í þskj. frá einum stuðningsmanni ríkisstjórnarinnar, þskj. sem byggt er á gögnum og upplýsingum frá utanrrn., sett fram sú fullyrðing að við höfum ekki lengur heimild til þessara varna og ég teldi því að það væri alger nauðsyn að hæstv. landbrh. mótmælti því. Að vísu hefur hann tækifæri til þess með því að greiða atkvæði með brtt. við þetta frv. um að það sé annað nefndarálit sem eigi að taka mark á en ekki þetta sem þarna stendur. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra ætlar að gera það en það væri þá æskilegt að hann léti á einhvern annan hátt í ljós að hann liti þessa fullyrðingu alvarlegum augum.

Útbýting þingskjala:

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, 431. mál, nál. utanrmn., þskj. 870.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, 433. mál, nál. utanrmn., þskj. 870.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, 432. mál, nál. utanrmn., þskj. 870.

Húsaleigubætur, 557. mál, stjfrv., þskj. 869.

Innflutningur erlendra kartaflna, 503. mál, svar landbrh., þskj. 867.

[16:55]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson):

Hæstv. forseti. Ég geri ráð fyrir því að koma ekki svo mikið aftur í ræðustóllinn þannig að ég ætla að byrja á því að þakka hér málefnalegar umræður. Það hefur verið farið nokkuð efnislega í þessi mál, sérstaklega af tveimur síðustu ræðumönnum og það gefur mér að sjálfsögðu tilefni til þess að skýra það sem eftir er leitað í þeim efnum.

Það er þá fyrst út af því sem kom fram í ræðu hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, um tillöguflutning hv. þm. Ragnars Arnalds. Ég vil þá fyrst vekja athygli á því að þessi texti sem hér er gert ráð fyrir að breyta var óbreyttur allan tímann frá því að fyrstu drög komu fram í landbn. Það komu aldrei fram nokkrar minnstu ábendingar um skilning landbúnaðarnefndarmanna á þessum texta og þessi texti breyttist ekki í síðustu umferð sem menn hafa verið að reyna að gera hér tortryggilegt.

Í öðru lagi vil ég líka minna á það að þessi texti mundi ekki hafa áhrif á viðmiðunarreglurnar. Innflutningsmálin sem hv. þm. vitnaði sérstaklega til væru þá tilkomnar vegna ákvæðanna um innflutningsreglurnar. Þar af leiðandi ef það væri niðurstaðan sem kom hér fram í fyrirspurn þingmannsins og ég mun víkja að síðar að einvörðungu ætti að miða þetta við innlendar vörur þá leysti þessi lagatexti ekki vandann. Það yrði þá að leysa vandann á grundvelli þeirra viðmiðana sem settar eru um ákvarðanir varðandi innflutningsreglurnar. Þó að tillögu Ragnars Arnalds yrði breytt þá hefði það engin áhrif ef takmarkanirnar væru á annað borð fyrir hendi að því er varðar innflutningsreglurnar. Þetta vil ég að komi hér fram. Og síðan vil ég líka mega benda á það að þar sem fjallað er um hvernig innanlandsverð skuli ákveðið, þá er tilgreint í 1.3 að þar eigi í þriðja lið að vera í samræmi við reglur 6. gr. laga nr. 97/1987, um vörugjald, þannig að það verður þá að hafa þá grein í huga þegar um þetta er fjallað.

Ég vil sérstaklega taka fram í þessu sambandi að við slíkar aðstæður verður auðvitað að breyta reglum um hið innlenda viðmiðunarverð með þeim hætti að miða við síðastgildandi verð ef varan er almennt ekki á markaði, þá hlýtur að verða að miða við hið síðastgildandi verð. Reglunni um viðmiðunarverðið verður að beita til samræmis við þá almennu reglu og nú bið ég hv. þm. að taka sérstaklega eftir, að með verðjöfnuninni er verið að jafna samkeppnisstöðu innfluttra vara og innlendra vara. Þeirra landbúnaðarvara sem tilgreindar eru í viðaukum og tilheyra að sjálfsögðu okkar íslenska blómaríki, flóru Íslands, sem fellur inn í

framleiðsluvörur landbúnaðarins. Þetta er grundvallaratriði í þessum efnum. Ég skil alveg ábendingu þingmannsins eins og þetta liggur fyrir en í gegnum þessi mál hef ég farið mjög ítarlega í þessari umræðu og það er alveg ljóst að það verður að vinna þessi mál með þeim hætti að finna viðmiðunarverðið í þessu tilviki eftir síðast gildandi verði og þá er vandinn leystur einmitt á grundvelli 6. gr. laga um verðjöfnunargjöld.

Þá skal ég aðeins víkja hér að fyrirspurnum hv. 2. þm. Suðurl. Hann spyr um það, sem ég veit að jafnreyndum þingmanni og honum er náttúrlega fullkomlega ljóst, að það er ekkert sólarlagsákvæði í þessu frv. Það er ekkert tilgreint að einhver hluti þessara laga eða þau öll eigi að falla úr gildi á tilteknum tíma. Lögin gilda náttúrlega þar til Alþingi Íslendinga breytir þeim næst og auðvitað getur ríkisstjórn haft sínar meiningar um það hvenær þeim kann að verða breytt en ég bara undirstrika það að það er verksvið Alþingis að breyta þessum lögum og það eru ekki nein bráðabirgðaákvæði í þessum tillögum sem takmarka gildi þessara brtt. ef að lögum verða. Þetta held ég að okkur sé nú alveg fullkomlega ljóst. Og ég tek undir það sem kom hér fram í ræðu hv. 2. þm. Suðurl., og var skýrlega fram sett af hans hálfu, að í viðbótarnefndaráliinu sem hér liggur fyrir er sérstaklega tekið fram að fari svo að ekki sé búið að breyta lögunum þá nær þetta auðvitað til GATT-viðskipta, eins og ég er líklega búinn að segja 100 sinnum í þessari umræðu, eins og annarra þeirra samninga sem við erum bundnir af. Þetta held ég að sé algerlega ljóst.

Hv. þm. talar um það að í okkar brtt. felist þrengingar á verðjöfnunargjöldum. Verðjöfnunargjöld eru skilgreind í þessu frv. og ég held að það sé alveg ljóst hvað við er átt í sambandi við verðjöfnunargjöld. Það er reynar tekið fram í fleiri lögum. Hins vegar eru þær hindranir, sem felast í þeim áformum sem uppi eru í sambandi við væntanlegt GATT sem við erum ekki orðnir aðilar að, það eru ekki verðjöfnunargjöld í þeirri merkingu sem við notum þar um. Það eru breytilegir tollar og það er einmitt af þeirri ástæðu sem við höfum verið í erfiðleikum í landbn. að finna reiknireglur við slíkar aðstæður. Og eins og ég hef margoft tekið fram í þessari umræðu, og tekið er fram í nefndaráliti 1. minni hluta væri trúlega betri kostur að láta vinna saman tolla og verðjöfnunargjöld. Þá væri þessi gáta leyst. Þetta er eitt af því sem hlýtur að koma sérstaklega til athugunar við frekari umræðu þessara mála.

Ég held að ég sé þá búinn að fara sérstaklega yfir þessi efnisatriði nema að því sem lýtur að spurningu þingmannsins í sambandi við innflutningsmál gróðurhúsamanna. Ég vil taka það sérstaklega fram að þann fyrirvara hlýtur að vera sjálfsagt að gera. Þegar fjallað er um það að varan sé framleidd hér á landi verður auðvitað að skýra með þeim hætti að varan sé að jafnaði framleidd hér á landi. Það gengur auðvitað ekki að miða við svo þröng mörk að aðeins sé unnt að leggja á verðjöfnunargjöld nákvæmlega á þeim tíma þegar innlend framleiðsla af vörunni er í sölu. Það tekur að sjálfsögðu sinn tíma að framleiða vöruna. Það er líka alkunna að íslensk landbúnaðarframleiðsla, sérstaklega í hinum grænu vörum, er með þeim hætti að þar er ekki um stöðugt framboð að ræða. Þar getur orðið hlé í nokkra daga eða vikur. Það væri ekki í samræmi við það markmið laganna að jafna samkeppnisstöðu innlendra og erlendra vara ef stöðugt væri verið að rokka til með þessi gjöld vegna þess eins að t.d. íslenskar gúrkur eru ekki til einmitt þá vikuna.

Það mætti tilgreina fleiri dæmi, t.d. afskorin blóm. Það er augljóst að mismunandi tegundir þeirra eru í þeirri samkeppni og ódýr innflutt blóm eru í beinni samkeppni við innlenda framleiðslu. Séu þannig ekki til íslenskar nellikkur á ákvörðunartíma heldur bara rósir er ljóst hvernig fer um samkeppnisstöðu innlendra rósa. Það er auðvitað grundvallaratriði í allri þessari umræðu að vinna þessi verk með þeim hætti að ekki raski samkeppnisstöðu íslenskrar framleiðslu.

Ég hef þá farið yfir þessi mál og þarf svo sem ekki að vera með miklar málalengingar. Þingmaðurinn spurði um það hvort ekki hefði verið mótmælt þeirri framsetningu sem kom fram í nefndaráliti 2. minni hluta um að í raun væri frjáls innflutningur á landbúnaðarvörum frá árinu 1992. Þetta gerði ég í minni ræðu við 2. umr. og gerði það með mjög skýrum hætti eftir því sem ég hafði mátt og getu til þannig að afstaða mín hefur verið alveg ljós að þessu leyti og ég á reyndar von á því að það hafi fleiri alþingismenn gert eða ég hef enga ástæðu til að ætla annað. Hins vegar ef það liggur nú fyrir að GATT-tilboð ríkisstjórnarinnar hefur verið samþykkt eins og landbrh. hefur tilgreint þá ætti þetta ekki að verða okkur lengur að fótakefli því að eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Suðurl. þá voru tilgreindar aðeins örfáar vörutegundir sem við ættum að hafa heimildir til að verðjafna fyrir, en GATT-tilboð ríkisstjórnarinnar er meira að segja gagnvart mörgum fleiri vörutegundum en eru á viðaukum I og II. Þó að hér hafi verið ógætilega talað eins og ég hef áður getið um þá sýnist mér að málið sé að þessu leyti í miklu betri stöðu en ætla mætti.

Ég kann nú ekki að meta og mér finnst það satt að segja tæpast samboðið virðingu þessa hv. þm. að vera að teygja þetta yfir á tillögu Ólafs Þ. Þórðarsonar sem fjallar ekkert um nefndarálit 2. minni hluta. Það væri þá nær að hafa tillöguna þannig að það skyldi enginn taka mark á 2. minni hluta ef það er einhver sérstök meining með þessu. Ég hef farið áður yfir það mál og sé ekki sérstaka ástæðu til þess að gera það ítarlega auk þess sem hv. 18. þm. Reykv. hefur gert það skilmerkilega.

Ég held að ég hafi þá gefið skýringar á þessum sérstöku atriðum sem vissulega var þörf að skýra nánar og ég held að það sé nú nokkuð ljóst að það þurfi að vaka yfir þessum viðmiðunarreglum og því formi sem verið er að setja hér upp, það er alveg nýtt. Auðvitað hlýtur að koma ýmislegt fram þegar farið verður að vinna eftir því, t.d. á grundvelli þeirrar reglugerðar sem sett verður um þessi lög að lokinni þessari afgreiðslu. Við erum hér að færa okkur inn á nýjar leiðir og þreifa eftir vinnubrögðum sem við verðum þá að fylgja. Og ég held að þessi gríðarlega mikla umræða og út af fyrir sig nákvæma skoðun á málinu þótt umræðan hafi

ekki alltaf verið sérstaklega frjó skilji að þessu leyti mikið eftir sig og skili miklum ágangri þegar menn fjalla um þessi mál á grundvelli nýrrar reynslu.

[17:11]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. formanni landbn. fyrir svör hans. Það fer held ég ekkert milli mála varðandi þetta ákvæði, með leyfi forseta, í 72. gr.: „Fjárhæð verðjöfnunargjalds má að hámarki vera mismunur annars vegar á innlendu verði hráefnis" o.s.frv., að þarna er sett hámarksákvæði sem takmarkar álagningu gjaldanna. Segjum svo að bændur lækki verð eitthvað tímabundið eins og nú hefur gerst þá á samkvæmt þessu að lækka verðið á því innflutta líka. Þarna er held ég um ótvíræða takmörkun að ræða. Það kom einnig fram í máli hv. þm. að í viðaukunum eru ekki allar vörur taldar upp sem heimild er að verðjafna fyrir samkvæmt GATT-tilboðinu. Þannig að þar virðist þá einnig vera um þrengingu að ræða. Ég vil láta í ljós ánægju mína ef ekki þarf að túlka bókstaflega þetta ákvæði, að varan eigi að vera framleidd hér á landi, en væri þá ekki betra að setja inn í lagatextann eitthvert ákvæði um að þarna skyldi ekki vera farið bókstaflega eftir ákvæðinu heldur en að sniðganga það?

[17:14]

Frsm. 1. minni hluta landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Útreikningsreglurnar eru grundvöllur að þeirri niðurstöðu sem menn leita eftir hverju sinni og þær taka mið af þeim skýru viðmiðunum sem gilda með verðjöfnunargjöld að þar er um að ræða jöfnun á verði. Út af því sem hér kom fram í ræðu hv. 2. þm. Suðurl. um að það hafi verið þrengt að landbúnaðinum í sambandi við vörulistana I og II þá minnist ég þess að hv. þm. var þátttakandi í störfum landbn. þegar sérstaklega var fjallað um viðauka I og II. Þar var það samdómaálit landbn. að leitast yrði við að haga gerð þeirra lista þannig að þeir væru bundnir við markmið laganna um að tryggja samkeppnisstöðu landbúnaðarins og fara ekki þar út fyrir. Það er svo annað mál að heimildirnar gagnvart þessum vörum eru eftir sem áður fyrir hendi og verða væntanlega framkvæmdar af öðrum ráðuneytum. En það hefur verið alveg skýrt í mínum huga og ég vona að það sé sameiginlegur skilningur á því að viðauka I og II ætti sérstaklega að miða við þá sérstöku áréttingu að tryggja samkeppnisstöðu landbúnaðarins sem slíks.

[17:16]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var fyrst og fremst vegna orða hv. 3. þm. Austurl., sem ég skildi þannig að íslensk lög ættu ekki að vera neitt þrengri en erlendir samningar, sem ég vakti athygli á þessu en ef aðrir ráðherrar beita því með sama hætti þá leysir það að sjálfsögðu vandann. En málið er þá ekki á forræði hæstv. landbrh.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þm. um að engar frekari atkvæðagreiðslur munu fara fram í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysistryggingar, 559. mál, frv., FI o.fl., þskj. 872.

Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, 558. mál, stjfrv., þskj. 871.

Vöruflutningar á landi, 561. mál, stjfrv., þskj. 874.

Ofbeldi gegn konum á Íslandi, fyrri umr.

Þáltill. SvG og ISG, 269. mál. — Þskj. 324.

[17:18]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 324 hef ég endurflutt ásamt hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, till. til þál. um rannsóknir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi. Þessi tillaga var flutt á síðasta þingi en náði þá ekki þinglegri afgreiðslu og er því flutt hér á nýjan leik.

Tillagan sjálf er á þessa leið:

„Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi og hafi umsjón með rannsókn á umfangi og eðli ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Verkefni nefndarinnar verði:

1. að safna saman þeim upplýsingum sem fyrir liggja hjá fjölmörgum aðilum um ofbeldi gegn konum hér á landi,

2. að vinna eða láta vinna úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja um þessi efni,

3. að efna til sjálfstæðrar könnunar á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi,

4. að ganga frá skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi,

5. að gera tillögur um úrbætur.

Nefndin skili áfangaskýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar fram en nefndin ljúki störfum fyrir lok ársins 1994."

Tillaga þessi er flutt af brýnni þörf því engin heildarkönnun liggur fyrir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi.

Hliðstæðar kannanir og hér er gerð tillaga um hafa verið framkvæmdar í grannlöndum okkar á undanförnum árum og undanförnum missirum. Vitað er að upplýsingar liggja fyrir víða en þær eru sundurlausar og ekki í samræmdu formi. Þeir aðilar, sem hafa upplýsingar, eru lögreglustjóraembættin, sérstaklega í Reykjavík. Enn fremur liggja fyrir upplýsingar hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, félagsmálastofnunum sveitarfélaga, heilsugæslustöðvum og slysamóttökum, Samtökum um kvennaathvarf, Stígamótum, Fjölskylduþjónustu kirkjunnar og sjálfsagt fleiri aðilum.

Í svari við fyrirspurn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur til dómsmálaráðherra um líkamlegt ofbeldi á heimilum (89. mál á 115. löggjafarþingi) kom fram að

mikil vandkvæði eru á því hjá lögregluembættum að svara umbeðnum upplýsingum í samanteknu formi vegna skorts á tölvuvæðingu sem ekki er til staðar nema hjá stærri embættum. Í svarinu sem birtist á 115. löggjafarþingi kom jafnframt fram að við undirbúning að gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði (sem tók gildi 1. júlí 1992) var starfandi nefnd sem vann að því að vinnubrögð við meðferð mála yrðu bætt og tölvutækni notuð. Það ætti því að vera auðveldara nú en áður að fá nákvæmar upplýsingar um þessi efni.

Í tillögunni er gert ráð fyrir að nefndin vinni eða láti vinna úr þeim upplýsingum sem fyrir liggja um ofbeldi gegn konum hér á landi. Yrði sú vinna vonandi til þess að þeir aðilar, sem hér um ræðir, komi á skipulegu samstarfi sín á milli þannig að unnt verði að nota upplýsingarnar framvegis til miðlunar upplýsinga og til þess að byggja á tillögur um úrbætur.

Þegar nefndin hefur lokið úrvinnslu úr þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, væri eðlilegt eins og hér er gert ráð fyrir, hæstv. forseti, að hún sendi frá sér áfangaskýrslu. Samhliða söfnun upplýsinga og úrvinnslu væri síðan eðlilegt — og raunar óhjákvæmilegt — að hún léti kanna sérstaklega afmarkaða þætti ofbeldis gegn konum. Ég tel í fljótu bragði eðlilegt að Félagsvísindastofnun háskólans yrði fengin til þess að kanna málin í einstökum atriðum með viðtalskönnunum og með aðstoð þeirra stofnana og samtaka sem sérstaklega þekkja til ofbeldis gegn konum.

Þá er komið að fjórða þætti tillögunnar en það er útgáfa á niðurstöðum hennar og loks er gert ráð fyrir að unnið verði að tillögum um úrbætur í framhaldi af tillögu nefndarinnar.

Nýlega hafa birst ítarlegar niðurstöður hliðstæðra kannana í grannlöndum okkar m.a. gegn konum í Bretlandi og ekki er langt síðan birt var mjög ítarleg skýrsla um ofbeldi gegn konum í Danmörku. Sú skýrsla hefur m.a. verið til meðferðar hér í fjölmiðlum og mér er kunnugt um að margir íslenskir aðilar hafa haft hana undir höndum. Hún var unnin á vegum danska dómsmálaráðuneytsins undir forustu Elsu Christiansen sálfræðings, sem kom hingað til lands í heimsókn á sl. ári og fór yfir þessa skýrslu á ýmsum fundum hér á landi. Það er greinilegt að þar var aflað upplýsinga og þar voru notaðar aðferðir sem við gætum lært af í þeirri könnun sem hér er verið að gera tillögur um.

Þessi danska könnun var tvíþætt, annars vegar úrtakskönnun á líkamlegu ofbeldi gegn konum og körlum, unnin var af dönsku félagsrannsóknastofnuninni (Socialforskningsinstitutet), þar sem rætt var persónulega við u.þ.b. 1.600 manns, og hins vegar samantekt og úrvinnsla upplýsinga frá þeim stofnunum sem höfðu einhverjar upplýsingar fyrirliggjandi. Í könnuninni var spurt um ofbeldi sem konur og karlar höfðu orðið fyrir eftir 16 ára aldur, bæði nauðganir og líkamlegt ofbeldi. Niðurstöður komu út í maí 1992. Þar kemur m.a. fram að 19% kvenna höfðu orðið fyrir líkamlegu ofbeldi a.m.k. einu sinni eftir að þær urðu fullorðnar og af þeim höfðu 9% orðið fyrir grófu ofbeldi. Konurnar þekktu ofbeldismanninn í nær öllum tilvikum. Í helmingi tilvika er ofbeldismaðurinn fyrrverandi eiginmaður eða sambýlismaður þessara kvenna. Nokkur atriði úr þessari skýrslu eru lauslega rakin í greinargerð, hæstv. forseti, sem fylgir tillögunni og verður ekki ítarlegar farið yfir það mál hér.

Breska könnunin fjallaði hins vegar almennt um líkamlegt ofbeldi og hún náði til 580 kvenna og 240 karla.

Staðreyndin er sú að umræðan um þessi mál hér á landi hefur staðið um nokkurt árabil og má segja að hún hafi kannski hafist fyrst með einhverjum skipulegum hætti þegar Samtök um kvennaathvarf hófu sína starfsemi, árið 1983 hygg ég að það hafi verið. Þessi umræða hefur farið vaxandi og náð eyrum þjóðarinnar má heita allrar í seinni tíð sem hefur m.a. komið fram í því að viðhorf þeirra samtaka sem t.d. reka Kvennaathvarfið hafa átt hljómgrunn og skilningi að mæta meðal verulegs hluta þjóðarinnar eins og m.a. kom fram í sérstakri söfnun á vegum samtaka um Kvennaathvarf á sl. ári.

Hitt er hins vegar ljóst að til þess að umræðan geti verið skynsamleg og skipuleg þá verða að liggja fyrir rannsóknir. Ég hef tekið eftir að í máli talsmanna Stígamóta og Samtaka um kvennaathvarf þá er gjarnan giskað á að fjöldi þeirra vandamála sem hér um ræðir sé svipaður hér á landi og í öðrum löndum og í rauninni er eðlilegt að þær ályktanir séu dregnar að þessi vandamál séu lík hér og annars staðar en í sjálfu sér er það afar slæmt að þurfa að byggja málflutning af þessu tagi á öðru en nokkuð ákveðnum, skýrum og eindregnum niðurstöðum sem er víðtæk samstaða um. Því miður er það svo að þjónusta þeirra stofnana sem einkum fjalla um þessi mál. þ.e. Kvennaathvarfsins og Stígamóta hefur farið vaxandi. Fjöldi þeirra sem leita til þessara stofnana fer stöðugt vaxandi og það er aldrei meiri fjöldi kvenna og barna í Kvennaathvarfinu t.d. en einmitt um þessar mundir. Út af fyrir sig geta menn leyft sér að draga af því almennar ályktanir, t.d. þær að erfiðar aðstæður í þjóðfélaginu af margvíslegum toga eins og atvinnuleysi birtist með þessum hræðilega hætti fyrir þá einstaklinga sem hér um ræðir, en um það vitum við ekki í einstökum atriðum. Þess vegan m.a. er brýnt að svona könnun fari fram og ég hvet til þess, hæstv. forseti, að tillögunni verði vel tekið og legg til að að lokinni þessari umræðu verði tillögunni vísað til síðari umræðu og hv. félmn.

[17:27]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil í örfáum orðum lýsa yfir stuðningi mínum við þessa tillögu og fagna því að hún skuli vera hér fram komin. Hér er um mjög alvarlegt en áríðandi efni að ræða og ég tek undir þau orð fyrsta flm. að könnun á ofbeldi gegn konum, orsökum þess og afleiðingum, er mjög brýn.

Ég minnist þess að fyrir allmörgum árum var samþykkt hér á hinu háa Alþingi að gera úttekt á nauðgunarmálum, meðferð þeirra í dómskerfinu og víðar, og var sett á laggir nefnd sem kannaði þau mál. Sú könnun leiddi til ákveðinna úrbóta í þeim málum sem

reyndar tók langan tíma að fá í gegn og ég hygg að ef staðið yrði að málum á svipaðan hátt í því máli sem hér er til umræðu, ofbeldi gegn konum, þá mundi það leiða til tillagna og úrbóta á þessu sviði.

Það vill svo til að ofbeldi gegn konum og reyndar börnum líka er alþjóðlegt fyrirbæri, en það er reyndar líka sögulegt fyrirbæri, þetta er mjög gamalt og þekkt úr sögunni. Ég minnist þess í Grágás, lögum þjóðveldisins, er ákvæði um það að karlmönnum sé heimilt að lemja eiginkonu sína með priki sem megi þó ekki vera þykkara en þumalfingur en séu þær barnshafandi þá megi þó ekki sjá á þeim. Þannig hljóðar ákvæði í Grágás. Ég minnist þess að það hafi verið svipuð ákvæði í rússneskum lögum sem heimila ofbeldi gegn eiginkonum. Þannig að við erum hér að ræða um mjög gamalt fyrirbæri sem þótti sjálfsagt á sínum tíma. En það er ekki þar fyrir að það er að finna í þjóðfélaginu mikið dulið ofbeldi, bæði líkamlegt og andlegt. Það er mjög brýnt að fá það fram hversu víðtækt það er, hvort það er meira eða minna hér á landi en annars staðar, um það höfum við enga hugmynd, og ekki síst að greina það hverjar eru orsakirnar því að við komumst aldrei fyrir þennan vanda öðruvísi en vita hverjar orsakirnar eru. Hvað er það sem veldur því að karlmenn grípa til líkamlegs ofbeldis og reyndar andlegs í miklu ríkara mæli heldur en konur gera? Það hefur verið kannað að hlutfallið þarna á milli er aldeilis himinhrópandi. Það er ekki síður brýnt að átta sig á því hvað hægt er að gera til að aðstoða menn sem þannig haga sér því að það gefur auga leið að á bak við það að beita ofbeldi liggur mikil vanlíðan. Það er auðvitað mjög brýnt að aðstoða konur og hefur verið unnið þrekvirki í því hér á landi þó að reyndar þurfi að gera miklu meira, en það þarf líka að snúa sér að körlunum og kanna hvað býr að baki og hvernig hægt er að hjálpa mönnum sem eiga við slík — mér liggur við að segja veikindi að stríða að finnast þeir þurfa að beita líkamlegu ofbeldi.

Ég hygg að þarna séum við að fást við mjög djúpar orsakir ef þannig mætti að orði komast. Við erum bæði að tala um líðan einstaklinga og þeirra aðstæður, en við erum líka að tala um hefðir, viðhorf og félagsmótun sem fólk verður fyrir og þjóðfélagsgerð. Þó er reyndar, eins og ég kom inn á áðan, ofbeldi gegn konum alþjóðlegt fyrirbæri og virðist litlu máli skipta hvers konar þjóðfélög eru þar á ferð. Það hefur m.a. komið fólki á óvart sem hefur verið að kanna afrísk samfélög, þar sem staða kvenna hefur jafnvel virst betri heldur en víða annars staðar, hversu mikið er þar um líkamlegt ofbeldi. Við erum því að tala hér um mjög gamalt félagslegt fyrirbæri sem tengist þeim karlveldissamfélögum sem eru algengust á okkar jörð.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég minnast á það að þau samtök sem hér hafa orðið til, þ.e. Kvennaathvarfið og Stígamót, sem hafa unnið alveg gríðarlega gott starf, þau þurfa á miklu meiri stuðningi að halda heldur en þau fá nú þegar til þess að þau geti sinnt sínu starfi og til þess að þau geti sjálf staðið fyrir einhverjum könnunum. En það breytir ekki því að það sem í þessari tillögu felst er mjög af hinu góða og það þarf að gera slíka víðtæka könnun til þess að við getum betur áttað okkur á því hvað gera þarf til úrbóta.

Allra síðast langar mig til að vekja athygli á því að þessi umræða um ofbeldi í samfélaginu byrjaði á því að vakin var athygli á ofbeldi gegn konum. Síðan beindist umræðan mjög að ofbeldi gegn börnum og þá ekki síst kynferðislegu ofbeldi, en síðasti angi þessarar ofbeldisumræðu sem ég hef heyrt um er ofbeldi gegn gömlu fólki. Það er eitt af þeim fyrirbærum sem hefur verið að koma fram. Það er margt sem kemur fram þegar farið er að skoða fjölskyldumunstrið og mér vitanlega hefur þetta ekkert verið kannað hér á landi en þyrfti að gefa gaum. Þarna er oftast um það að ræða, eftir því sem kannanir í Noregi sýna, að börn beita aldraða foreldra sína ofbeldi. Og oft er það þar sem foreldrar búa með fullorðnum börnum sínum eða jafnvel börnin eru flutt að heiman en það myndast eitthvert slíkt samband eða aðstæður að börn beita gamalt fólk ofbeldi. Þetta er enn einn angi þessa leiðindamáls sem þarf líka að gefa gaum.

[17:35]

Valgerður Gunnarsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel tillögu þá sem hér er lögð fram vera mjög gagnlega og fagna því að hún er fram komin. Það virðist því miður vera nöturleg staðreynd að ofbeldi hafi aukist í þjóðfélaginu. Það getur vel verið að það sé bara orðið sýnilegra núna heldur en það hefur áður verið. Ofbeldi hefur að sjálfsögðu alltaf verið til eins og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir minntist hér á, en það er orðið sýnilegra og umræðan er orðin meiri. Það er einnig hugsanlegt að það sé að aukast en aukið ofbeldi er mjög alvarlegt mál vegna þess að það hefur eyðileggjandi áhrif á samfélagið allt. Það skemmir út frá sér og hefur margfeldisáhrif til eyðileggingar langt út fyrir verknaðinn sjálfan. Þetta á ekki hvað síst við um heimilisofbeldi þar sem börn eru annaðhvort fórnarlömb og/eða áhorfendur. Ofbeldi er því þjóðfélagsmein, hættulegt fyrir lýðræðið og fyrir jafnvægið í þjóðfélaginu fyrir utan þá persónulegu harmleiki og þær mannlegu þjáningar sem það veldur.

Ég tel mjög mikilvægt að við fáum haldgóðar og vel unnar upplýsingar um ástæður og umfang ofbeldis gegn konum á Íslandi og gegn körlum líka að sjálfsögðu. Þó að það hafi verið gerðar rannsóknir erlendis, þá er ekki hægt að heimfæra erlendar rannsóknir beint upp á Íslendinga þannig að fullt gagn sé að því að hér gætu vel verið aðstæður sem eru frábrugðnar því sem er í öðrum löndum og sem þyrfti að athuga nánar. Þess vegna er mjög mikilvægt að þessar kannanir séu gerðar hér þannig að við vitum hvað er um að ræða hér heima hjá okkur. Og til þess að hægt sé að gera raunverulegar tillögur um úrbætur sem verða að einhverju gagni, þá verðum við að hafa haldgóðar upplýsingar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:
Vistun barna á sveitaheimilum, 569. mál, fsp. IP, þskj. 882.

Meðferð opinberra mála, 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 754 (sbr. 219).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð einkamála, 3. umr.

Stjfrv., 198. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 753.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kennaraháskóli Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 412. mál (lengd kennaranáms o.fl.). — Þskj. 840.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hæstiréttur Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (tala fastra dómara, varadómarar, afgreiðsla kærumála). — Þskj. 752.

[17:39]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):
Virðulegi forseti. Ég tek hér til máls við 3. umr. um þessi frumvörp til að greina frá því að eftir að 2. umr. um þau var lokið barst Alþingi bréf frá Hæstarétti varðandi frv. til laga um breyting á lögum um Hæstarétt. Í bréfinu var þess aðallega farið á leit að afgreiðslu frv. yrði frestað í heild sinni en að því frágengnu að felldar yrðu niður breytingar á frv. sem allshn. lagði til og voru samþykktar við 2. umr. Óskin um að fresta afgreiðslu frv. í heild sinni er byggð á því að ein helsta tillagan í frv. um að fjölga dómurum við Hæstarétt um einn geti reynst til erfiðleika vegna þrengsla í húsakosti réttarins.

Þessi ósk er einnig byggð á því að tillaga allshn. um þá breytingu á frv. að skipting dómara milli starfsdeilda við Hæstarétt fari eftir lögákveðinni reglu þarfnist nánari athugunar við og að núverandi dómarar við réttinn séu henni andsnúnir. Óskin um að fella aðeins þessa breytingu niður er byggð á sama grunni.

Þessi málaleitan Hæstaréttar var tekin til sérstakrar athugunar í allshn. milli 2. og 3. umr. Niðurstaða nefndarinnar var einróma á þann veg að því er ég best veit að þótt hún telji sér rétt og skylt að leitast við að virða óskir Hæstaréttar, þá sé henni það ekki fært í þessu tilviki og leggi því til að frv. verði samþykkt óbreytt. Helstu rökin fyrir þessari afstöðu allshn. eru í stuttu máli þau að hún telur mjög knýjandi að stytta verulega þann langa afgreiðslutíma sem nú er á málum fyrir Hæstarétti. Til að ná því markmiði sé óhjákvæmilegt að fjölga dómurum við Hæstarétt eins og er ráðgert í frv. en ekki sé hægt að láta þessa bráðnauðsynlegu réttarbót stöðvast vegna tímabundinna vandkvæða í húsnæðismálum réttarins.

Það má minna á að í frv. eru einnig aðrar tillögur sem eiga að miða að sama markmiðinu en eru með öllu óháðar þessu atriði. Nefndin telur því ekki unnt að fresta afgreiðslu frv. af þessari ástæðu.

Um þá breytingu á frv. sem hefur verið gerð að tillögu allshn. og Hæstiréttur óskar nú eftir að verði fallið frá vil ég taka fram að hún kom að öðrum þræði til í beinum tengslum við áðurnefnda tillögu um fjölgun dómara við réttinn. Í umsögnum til nefndarinnar bentu ýmsir á að fjölgun dómara gæti leitt af sér aukna hættu á að ósamræmi yrði í úrlausnum Hæstaréttar. Nefndin taldi nauðsynlegt að bregðast við þessari hættu með því að binda í lög hvernig dómarar við Hæstarétt skiptast í deildir við dómstólinn og koma í veg fyrir að þeir færist á milli deilda með stuttu millibili eins og hefur verið á undanförnum árum. Slíkar tilfærslur hafa í för með sér hættu á að niðurstöður í samkynja málum geti orðið með ólíkum hætti á mismunandi tímum.

Ég vil einnig vekja athygli á að allshn. fékk ýmsa á sinn fund áður en hún lauk afgreiðslu frv. til að tjá sig um þessa breytingu, m.a. forseta Hæstaréttar og fulltrúa frá Dómarafélagi Íslands og Lögmannafélagi Íslands. Við það tækifæri komu ekki fram nein sérstök andmæli gegn breytingunni. Jafnframt því að leggja nú til að þessi frumvörp verði samþykkt óbreytt vil ég geta þess að á vegum dómsmrh. er nú unnið að samningu frv. til dómstólalaga. Því frv. er m.a. ætlað að leysa af hólmi þau ákvæði laganna um Hæstarétt frá 1973 sem nú stendur til að breyta. Við samningu þess frv. er því tækifæri til að skoða þessi mál ítarlega og setja eftir atvikum nánari reglur um skiptingu Hæstaréttar í starfsdeildir en hér eru til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi, fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 332. mál. — Þskj. 523.

[17:43]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):
Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um

sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi. Flm. að tillögunni ásamt mér eru þingmennirnir Jón Helgason, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Pálmi Ólason, sem sat hér á þingi sem varamaður hv. 7. þm. Norðurl. e., Sigbjörns Gunnarssonar, þegar tillagan var flutt en Sigbjörn var í hópi flm. á síðasta þingi.

Þessi tillaga okkar fjögurra var lögð fram skömmu fyrir þinglok sl. vor en komst þá ekki til umræðu. Þó að svo færi þá tók forsætisnefnd þingsins mér vitanlega málið fyrir og hefur nokkuð verið um það fjallað á vettvangi nefndarinnar en þar sem ekkert hefur, mér vitanlega, gerst raunhæft í málinu frá því að tillagan var flutt á fyrra þingi er hún nú flutt óbreytt.

Það er rétt, virðulegur forseti, að ég kynni tillöguna sjálfa en efni hennar er svofellt, með leyfi forseta:

„Alþingi ályktar að fela forsætisnefnd þingsins að tryggja að sjónvarps- og útvarpssendingar frá fundum Alþingis nái til landsins alls eigi síðar en við upphaf nýs þings í haust."

Í greinargerð er rakið í stuttu máli hvernig að því var staðið að vorið 1992, í aprílmánuði, hóf sjónvarpsstöðin Sýn útvarpssendingar frá fundum Alþingis. Það er mál manna að þær útsendingar hafi vakið mikla athygli. Hins vegar er sá galli á að útsendingarnar ná aðeins til suðvesturhorns landsins og íbúar landsbyggðarinnar utan þessa svæðis eiga þess ekki kost að fylgjast með þessum útsendingum.

Þegar samningar voru gerðir milli stjórnar þingsins og sjónvarpsstöðvarinnar Sýn 8. apríl 1992 var gert ráð fyrir því að unnið yrði að stækkun dreifingarsvæðis Sýnar, en lítið virðist hafa gerst í því máli.

Skrifstofustjóri Alþingis hefur góðfúslega veitt mér aðgang að bréfaskiptum sem fram hafa farið milli forustu þingsins og Ríkisútvarpsins sem og sjónvarpsstöðvarinnar Sýn, bæði í aðdraganda þess að sendingar hófust á vegum Sýnar frá fundum Alþingis sem og á sl. sumri. Ég þakka fyrir það. Jafnframt hef ég með höndum bréf frá fjórum þingflokkum Alþingis sem sendu forsætisnefnd þingsins erindi í aðdraganda þess að hafnar voru sjónvarpssendingar frá fundum þingsins. Í þessum erindum þingflokkanna er yfirleitt á það lögð áhersla að hið fyrsta verði séð til þess að sendingar þessar takmarkist ekki við suðvesturhorn landsins heldur nái sem fyrst til annarra landshluta.

Ég tel því að það séu mjög gildar ástæður fyrir því að þetta mál er nú tekið upp hér með flutningi þessarar tillögu. Ég vil minna á það að þegar þingsköp voru endurskoðuð á Alþingi eftir síðustu kosningar og þingið tók að starfa í einni deild, þá var þetta eitt af þeim málum sem kom til umræðu til breytinga á þingsköpum. Í nefndaráliti um frv. til laga um þingsköp Alþingis frá 114. löggjafarþingi, áliti sem gefið var út 29. maí 1991 og undirritað, má ég segja, af öllum fulltrúum í þeirri nefnd sem um þau fjallaði segir, með leyfi forseta, undir liðnum „Stöðugt útvarp frá Alþingi":

„Nefndin leggur til að forsætisnefnd láti kanna sem fyrst tæknilega möguleika og kostnað við að útvarpa stöðugt á sérstakri rás umræðum á Alþingi. Bendir nefndin á að slíkt verður auðveldara þegar Alþingi er komið í eina málstofu."

Þarna kom þessi vilji fram þegar vorið 1991. Það er síðan ári síðar og á þinginu á eftir sem fjallað er um þetta efni sem leiddi til núverandi skipunar, þ.e. að sjónvarpsstöðin Sýn hóf þessar útsendingar. Áður hafði verið um þessi mál rætt við Ríkisútvarpið en samningar voru ekki gerðir við það sem margir hefðu þó e.t.v. talið eðlilegt. Það fóru fram bréfaskipti við Ríkisútvarpið og viðræður á þeim tíma og ég hef hér afrit af erindi frá Ríkisútvarpinu frá 17. mars 1992 varðandi stöðugt útvarp frá Alþingi til allra landsmanna þar sem er að finna úttekt tæknideildar Ríkisútvarpsins. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Af henni verður ráðið" — þessari úttekt — „að heildarstofnkostnaður vegna rásar er útvarpar stöðugt frá Alþingi til allra landsmanna nemi kr. 400 millj. eða þar um bil. Árlegur rekstur landsrásar Alþingis er talinn munu verða um 35 millj. kr." Þar segir jafnframt: „Ekki verður annað ráðið af ofangreindum bréfum og nefndaráliti" — það var m.a. það nefndarálit sem ég vitnaði til hér áðan — „en ætlunin sé að útvarpa um Ísland allt. Staða Alþingis er reyndar slík að að útvarpa til hluta þjóðarinnar kemur vitaskuld ekki til álita." — Þetta segir útvarpsstjóri í þessu bréfi. — „Því eru kostnaðaráætlanir miðaðar við heildardreifikerfi er tekur nánast til allra byggðra bóla líkt og Ríkisútvarpið, rás 1."

Í bréfaskiptum sem fram hafa farið milli forsætisnefndar þingsins við sjónvarpsstöðina Sýn eftir að tillaga þessi var flutt fyrst sl. vor kemur m.a. fram að ástæðurnar sem Sýn ber við að hafa ekki fylgt eftir þeim óskum að færa út dreifingarsvæðið frá því sendingar hófust vorið 1992 eru þær að sjónvarpsstöðin sé að bíða eftir nýju frv. til útvarpslaga og afgreiðslu Alþingis á því. Ég vil ekki leiða neinum getum að því hvaða tengsl séu þarna á milli en þetta kemur skýrt fram í erindum frá útvarpsstjóra Sýnar. Virðist sem hann telji það vera helstu hindrunina í vegi þess að Sýn yfirleitt taki afstöðu til þess að verða við þeim óskum sem margítrekaðar hafa verið um að sjónvarpa víðar heldur en verið hefur og að séð verði til þess að sendingar nái til landsins alls hið fyrsta. Ég leyfi mér hér, virðulegur forseti, að vitna í bréf frá 21. sept. 1993 til skrifstofustjóra Alþingis frá útvarpsstjóra Sýnar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þegar samningur Sýnar og Alþingis um sjónvarpssendingar var undirritaður þann 8. apríl 1992 var við því búist að frv. til nýrra útvarpslaga yrði lagt fram og jafnvel afgreitt á Alþingi á haustþingi það sama ár. Á grundvelli nýrra útvarpslaga var ætlunin að taka ákvörðun um framtíðarskipan mála hjá Sýn þar með talið um stækkun á dreifikerfi."

Síðar í erindinu segir: „Á meðan ekki er ljóst hver sá lagarammi verður sem Sýn verður gert að starfa í er ekki tímabært að taka stefnumarkandi ákvarðanir um dagskrá Sýnar og útbreiðslu. Af hálfu Sýnar er gert ráð fyrir því að þangað til línur skýrast í þessu efni verði Sýn áfram heimilt að sjónvarpa frá þingfundum í samræmi við samkomulagið frá 8. apríl 1992."

Þarna kemur þessi afstaða skýrt fram og hún er raunar ítrekuð aftur í erindi frá Sýn 15. nóv. sl. Hér er

því greinilega um verulega fyrirstöðu að ræða að taka yfirleitt á málinu af hálfu sjónvarpsstöðvarinnar sem fékk þessa heimild í apríl 1992.

Ég tel að það megi ekki dragast af hálfu forustu þingsins að taka á þessu máli, hvort sem um er að ræða gagnvart Sýn eða á samningum við aðra aðila, eins og Ríkisútvarpið sem ítrekað hefur verið fjallað um þessi efni við og m.a. á síðasta ári að bréf gengu þar á milli. Fram hefur komið vilji og áhugi af hálfu Ríkisútvarpsins til að taka á þessu efni þó þar séu tæknilegar hindranir að tryggja það með skjótum hætti að fundum Alþingis verði útvarpað og sjónvarpað til landsins alls á vegum Ríkisútvarpsins.

Ég skal ekki leggja mat á þá greinargerð sem ég vitnaði til varðandi kostnað sem fram kom hjá útvarpsstjóra í því erindi sem ég vitnaði til hér áður en ég tel fulla ástæðu til þess að láta endurmeta þann þátt málsins og skoða það betur. Vissulega er þar um allnokkrar upphæðir að ræða í sambandi við tilkostnað en jafnframt verður að hafa í huga að það er algert frágangsatriði að halda áfram þeirri skipan sem verið hefur að heimila sjónvarpssendingar frá Alþingi sem ná aðeins til höfuðborgarsvæðisins og lítils háttar út fyrir það. Í rauninni eingöngu til svæða við Faxaflóa. Það er mín skoðun að þetta sé með öllu óviðunandi og óboðlegt landsmönnum að una þeirri skipan. Ég tel að það hafi allt of lengi dregist í raun að tekið væri stefnumarkandi á málinu af forustu þingsins og á þessu verði að ráða bóta hið allra fyrsta og þannig, eins og tillagan gerir ráð fyrir, verði tryggt að fyrir upphaf næsta þings, þ.e. fyrir 1. okt. 1994, verði séð til þess að hér verði breyting á og helst, eins og tillagan kveður á um, að sjónvarps- og útvarpssendingar frá fundum Alþingis nái til landsins alls eigi síðar en við upphaf komandi þings.

Ég held, virðulegur forseti, að ég þurfi ekki að rökstyðja þetta sjónarmið mikið frekar. Mér finnst það svo augljóst — ég vil ekki nota stór orð um það þó þau séu nærri minni tungu en ég tel að það sé þannig viðhorf sem endurspeglast til fólks utan þessa aðalþéttbýlissvæðis að það geti í rauninni ekki endurspeglað raunverulegan vilja manna hér á Alþingi. Ég vil ekki trúa því.

Spurningin um það hvort útvarpssendingar eða hljóðvarpssendingar einar sér séu til bóta hefur komið fram. Ég hef heyrt ýmsa nefna þann möguleika. Það er mitt sjónarmið að það væri veruleg bót að því að hljóðvarpssendingar næðust til landsins alls jafnhliða auðvitað, sem æskilegt er, að sjónvarpssendingar nái einnig til allra landsmanna. En ég bendi á það að ýmsir geta hagnýtt sér hlustun á mælt mál héðan frá Alþingi, bæði á ferðalögum og jafnvel samtímis því sem þeir sinna öðrum störfum fyrir utan það að hlýða á slíkt í frístundum eftir því sem hugur manna stendur til.

Ég vil því hvetja forustu þingsins eindregið til þess að taka nú alveg á næstunni á þessu máli og leita til þingflokka eftir því sem ástæða er talin til að gert verði. En í rauninni tel ég að sjónarmið þingsins liggi fyrir og hafi komið fram strax vorið 1991 þegar þingið var sameinað í eina málstofu og á þessu verði nú að verða skjót breyting. Fjármunir mega ekki ráða úrslitum. Hér er um svo stórt mál að ræða og stefnumarkandi mál gagnvart þjóðinni að fjármunir mega ekki ráða úrslitum vegna þess að það er ekki hugur neins að á þessu verði einhver verulegur dráttur. Það getur ekki verið hugur manna.

Ég legg til, virðulegur forseti, að þessu máli verði vísað að lokinni umræðu til síðari umr. En ég vil jafnframt óska eftir því að forsætisnefnd Alþingis fái tillöguna til skoðunar á milli umræðna þannig að þegar málið kemur til síðari umr., vonandi fyrir þinglok, þá liggi fyrir stefnumarkandi álit og tillögur af hálfu forsætisnefndar þingsins um málið.

[17:58]

Salome Þorkelsdóttir:

Frú forseti. Varðandi þá tillögu sem hv. 4. þm. Austurl. er fyrsti flm. að og hefur nú mælt fyrir þá vil ég taka undir þýðingu þess að koma á slíkum útsendingum beint frá Alþingi til landsins alls. Ég þakka hv. þm. og þeim sem flytja þessa tillögu með honum fyrir að hafa lagt hana hér fram.

Ég vil jafnframt láta þess getið að forsætisnefnd hefur verið að vinna að þessu máli, eins og reyndar kom fram í framsögu hv. 4. þm. Austurl. Það hafa verið bréfaskipti bæði á milli forsætisnefndar og forsvarsmanna Ríkisútvarpsins og jafnframt Sýnar á sínum tíma. Ég vil láta þess getið að eftir að þessi tillaga kom fram höfum við rætt þetta mál frekar í forsætisnefnd. Útvarpsstjóri kom á fund forseta ásamt forstöðumanni tæknideildar Ríkisútvarpsins. Við höfum rætt það fram og aftur hvaða möguleikar væru til þess að koma þessu á. Eins og kom fram í máli hv. 4. þm. Austurl. þá er talinn mikill kostnaður við það að koma á sérstakri rás fyrir þetta efni sem ekki væri trufluð af öðru. Ég þarf ekki að fara að lesa upp eða endurtaka efni þeirra bréfa sem hann lýsti hér og hafa farið á milli í þeim efnum.

Ég er hins vegar ekki sammála hv. 4. þm. Austurl. um að útsendingar frá Alþingi sem ná ekki nema á suðvesturhorn landsins séu ekki forsvaranlegar. Ég held einmitt þvert á móti að þær hafi orðið til þess að menn hafa fengið góða reynslu af því. Það er hins vegar ástæða til að vinna ötullega að því að útvíkka þessar útsendingar.

Ég vil jafnframt láta þess getið að Alþingi ber engan kostnað af útsendingum Sýnar. Það er algerlega á þeirra kostnað.

Ég vil líka að sjálfsögðu taka undir það að það er mjög slæmt að útsendingarnar skuli ekki ná víðar en á suðvesturhornið, eitthvað út fyrir höfuðborgarsvæðið. Ég get til gamans skotið því að hér að ég bý í 22 km fjarlægð frá Alþingi og ég næ ekki þessari útsendingu heima hjá mér. Það er alveg útilokað. Ég eða mitt fólk hefur aldrei haft möguleika á að fylgjast með útsendingum Sýnar. Svoleiðis að það er ekki alveg einhlítt að útsendingarnar nái út yfir allt höfuðborgarsvæðið. (**SvG:** Næst ekki einu sinni í allri Reykjavík.) Já, má vel vera að þar séu skuggar líka eins og háttar til heima hjá mér.

En hvað um það. Ég vildi aðeins taka undir það að

við munum að sjálfsögðu halda áfram að vinna að þessu máli. Eftir heimsókn útvarpsstjóra og tæknimanns á minn fund fyrir skömmu þá eigum við von á skriflegri greinargerð frá þeim um tæknilega möguleika á að leysa úr þessu máli. Ég vildi aðeins, frú forseti, láta það koma hér fram að við munum að sjálfsögðu taka tillöguna til formlegrar meðferðar milli umræðna. Við erum sem sagt að vinna að þessu máli og væntum þess að eiga stuðning Alþingis við það að leysa þetta mál í samvinnu við Ríkisútvarpið, sjónvarp.

[18:03]

Björn Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. flm. málsins fyrir að hreyfa þessu máli hér. Það er tímabært að ræða þetta á þeim forsendum sem hér eru kynntar. Eins og við vitum og fram hefur komið hefur þegar um nokkurt skeið verið sjónvarpað héðan beint fyrir tilstilli sjónvarpsstöðvarinnar Sýnar. Það ber að hafa það í huga þegar litið er á þetta mál að kröfur um að útvarpa frá Alþingi hafa löngum verið hafðar uppi án þess að til þeirra væri tekið af Ríkisútvarpinu. Sérstakar nýjar forsendur sköpuðust að sjálfsögðu þegar þingið varð að einni málstofu. Þá varð það allt umsvifaminna, ef svo mætti að orði komast, að halda uppi útvarpi frá Alþingi. Það hefði því mátt ætla að þá ykist áhugi jafnframt hjá Ríkisútvarpinu, sem á jú að veita sem besta þjónustu og starfar með háleit markmið eins og við öll vitum, að sinna þessari þjónustu, að nýta sér þetta tækifæri sem gafst þegar Alþingi varð að einni málstofu til þess að bjóða hlustendum sínum slíka þjónustu. Það hefur ekki orðið og þeir sem riðu á vaðið eru einkaaðilar. Það er ekki fyrr en eftir að einkaaðilar koma til sögunnar sem þetta frumkvæði kemur. Það var ekki frumkvæði Alþingis heldur var það frumkvæði eigenda stöðvarinnar sem réði því að í þetta var ráðist og Alþingi samþykkti það. Nú höfum við haft þessa tilraun, ef þannig mætti að orði komast, því ég lít þannig á að þetta sé tilraun á meðan útsendingarnar ná ekki til stærri hóps og líka er óvíst um framtíð sjónvarpsstöðvarinnar því það kann að breytast einnig hjá eigendum hennar til hvers þeir nýta þennan geisla sem þeir nota til að senda héðan.

Þetta tvennt finnst mér því að beri að hafa í huga, þ.e. annars vegar að það þurfti frumkvæði einkaaðila til að þetta yrði og einnig breyttust forsendur þegar Alþingi kom í eina málstofu.

Ég verð að lýsa því yfir að ég er undrandi á því hvernig Ríkisútvarpið hefur tekið á þessum málum um langt skeið. Þegar þær yfirlýsingar komu um að það kostaði 400 millj. kr., jafnvel aðeins hljóðvarpssendingar, héðan úr þinghúsinu þá finnst mér það með miklum ólíkindum að það skuli vera komið til Alþingis með þau skilaboð þegar um þetta er spurt að það sé hægt að verða við þessum tilmælum en það kosti bara 400 millj. kr. Ég hélt nú að tæknin væri orðin þannig og henni hefði fleygt svo fram við að nota ljósvakann að það þyrfti ekki að efna til slíks kostnaðar þótt menn gerðu tilraunir til að leyfa öllum landslýð að fylgjast með því sem hér gerist í beinni útsendingu á hljóðvarpi því ég held að það sé lengra í land að unnt verði að koma upp sjónvarpskerfi sem nær til landsins alls þegar það kerfi sem við búum við núna nær ekki einu sinni til allrar höfuðborgarinnar eins og fram hefur komið.

Ég lít þannig á að hér beri Ríkisútvarpinu sérstök skylda í þessu máli og það þýði ekki þegar Alþingi hreyfir því við Ríkisútvarpið að veita hlustendum þessa þjónustu að koma til þingsins og segja að það kosti 400 millj. kr. Ég held að 400 millj. kr. kostnaður sé í nánd við tölur sem menn eru að tala um ef Íslendingar ætla að fá aðgang að gervihnattarás til að nýta til útsendinga á sjónvarpsefni og hljóðvarpsefni og það sé í þeim tölum sem menn eru að tala þegar þeir nefna þessar fjárhæðir. Það hlýtur að vera unnt með kostnaðarminni hætti að að verða við þeim sjálfsögðu óskum sem héðan koma um að þessu verði sinnt. Sjálfur hefði ég átt von á því að Ríkisútvarpið sæi sóma sinn í því að hafa meira frumkvæði í þessu máli heldur en raun ber vitni um og liti á það sem skyldu sína að veita hlustendum sínum þessa þjónustu.

Ég vildi láta þetta koma fram, frú forseti, að mér finnst að það sé svo sjálfsagt mál að það þurfi ekki að vera að velkjast með það lengi. Ég sat í forsætisnefnd fyrir tveimur árum og þá var þetta mál á dagskrá þar og það hefur hvað eftir annað verið hér á dagskrá en alltaf virðist það stranda á því að Ríkisútvarpið kemur með gagntilboð sem hljóðar upp á 400 millj. kr. ef ekki hærri fjárhæðir þegar þingmenn hreyfa þessu máli.

[18:08]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það hafi verið vorið 1991 sem ég átti dálitla aðild að þessu máli með því að sitja í þeirri nefnd sem fjallaði um stjórnarskrárbreytinguna í hv. efri deild. Þar varð niðurstaðan sú, sem hv. 4. þm. Austurl. las upp hér áðan, að við hvöttum til þess að það yrði á þessu máli tekið. Ég þakka hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni fyrir þá forustu sem hann hefur haft fyrir því að taka þetta mál hér upp og vil segja það í framhaldi af orðum hv. 3. þm. Reykv. að ég er sammála honum um það að málafylgja Ríkisútvarpsins í þessu máli er til vansa. Ég tel að núna standi málið þannig að Alþingi þurfi sjálft að taka þessa ákvörðun og það eigi ekkert að bíða eftir Ríkisútvarpinu. Hvort svo þetta gerist frá og með næstu áramótum eða einhverjum öðrum tíma skiptir kannski ekki öllu máli en aðalatriðið er að þingið taki þessa ákvörðun. Og ég spyr: Er ekki hugsanlegt að Alþingi taki á sig einhvern hluta af þeim kostnaði sem þarna er verið að tala um því þegar upp er staðið þá er þetta allt meira og minna sami ríkissjóðurinn sem þarna er verið að tala um?

Ég kvaddi mér hér hljóðs til að benda á þetta og til að taka undir þau sjónarmið sem komu fram í máli hv. 3. þm. Reykv. Ég tel að frammistaða Ríkisútvarpsins til þessa sé til vansa í þessu máli.

[18:09]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og fram hefur komið hóf Sýn þess-

ar útsendingar að eigin frumkvæði og án þess að það lenti nokkur kostnaður á Alþingi. Ef ætlunin er að Alþingi beri kostnað við slíkar útsendingar þá fyndist mér koma til álita að það verði tekin ákvörðun um það og það yrði bara boðið út og mönnum gert kleift að annast þessa þjónustu og við þyrftum ekki að vera upp á Ríkisútvarpið komnir varðandi það. Það væri hægt að áætla eða bjóða út og segja að Alþingi væri reiðubúið til að veita ákveðna fjárhæð í þessu skyni og vilji menn taka það að sér þá þarf Ríkisútvarpið ekkert að koma þar við sögu. Ég hefði hins vegar litið þannig á að það væri skylda Ríkisútvarpsins að sýna frumkvæði í þessu sérstaklega eftir að Alþingi komst í eina málstofu.

[18:10]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að lýsa stuðningi mínum við þá tillögu sem hér hefur verið mælt fyrir. Það hafa mörg viturleg orð fallið í þessari umræðu en mér finnst þessi tillaga fyrst og fremst eiga rétt á sér og vera nauðsynleg vegna lýðræðisins í landinu. Til þess að fólkið í landinu geti fengið rétta mynd af því hvað er að gerast í þessari stofnun og hvernig hið pólitíska ástand er á hverjum tíma. Vald fréttamanna er ákaflega mikið og ég er ekki viss um það að menn geri sér grein fyrir því hvað vald fréttamanna í þessu litla þjóðfélagi okkar er mikið. Við hugsum okkur að við búum við þrískiptingu valdsins, þ.e. við löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, en stundum finnst mér að það megi bæta við fjórða valdinu, þ.e. valdi fréttamanna. Við eigum fjöldann allan af færum fréttamönnum og það kemur fyrir þegar ég hitti þá á morgnana á göngum eða í kaffistofu að ég spyrji þá hvað þeir ætli að láta gerast í dag því það skiptir í raun og veru sáralitlu máli hvað við segjum og gerum hér, þingmenn og ráðherrar, það er það sem berst til þjóðarinnar af því sem hér gerist sem máli skiptir og það er ekkert víst að þjóðin fái rétta mynd af því sem hér gerist, jafnvel þótt einstakir fréttamenn séu yfirburðamenn á sínu sviði og ég efa það ekki að þeir eru fullir af samviskusemi og vilja gjarnan bera héðan réttar fréttir. Þá er að sjálfsögðu dómgreind hinna einstöku fréttamanna kannski dálítið afstætt orð. Sumum fréttamönnum kann að vera eitt viðfangsefnið hugleiknara en önnur og segja þá fremur af því. Þeim er skapaður naumur tími eða stuttir dálkar til þess að segja frá því sem er að gerast og síðast en ekki síst hefur sú þróun orðið að það er einn stjórnmálaflokkur sem hefur hið raunverulega vald yfir hér um bil allri fjölmiðlun á Íslandi.

Ég er ekki að segja að þessu valdi sé öllu misbeitt og við fáum prýðilega þjónustu hjá fjölmiðlum í eigu sjálfstæðismanna. En við erum þá líka upp á þeirra náð komnir að vissu leyti. Stundum er fjölmiðlunum stýrt með næsta einkennilegum hætti. Sjónarmið eru útilokuð eða falin. Ég hygg að skýrasta dæmið um þetta sé Morgunblaðið. Stundum hefur Morgunblaðið, og sem betur fer mjög oft, verið í fararbroddi með fréttir frá Alþingi. Ég minnist yfirburða blaðamanna sem þar hafa starfað svo sem eins og Stefáns Friðbjarnarsonar. Þó hann væri náttúrlega mjög ákveðinn flokksmaður og á tímabili mikill foringi í sinni heimabyggð í Sjálfstfl. þá gætti hann hlutleysis og samviskusemi og var mjög fljótur að greina kjarnann frá hisminu og kom fréttum í Morgunblaðið mjög rækilega þannig að það bar af öðrum fjölmiðlum í hans tíð með fréttaflutning frá Alþingi. En það hefur orðið breyting á í seinni tíð og ég tel að það hafi sigið á ógæfuhlið. Fréttir sem ritstjórn Morgunblaðsins þykja óþægilegar eða hættulegar eru annaðhvort ekki sagðar í blaðinu eða þá faldar aftarlega í blaði og látið lítið á þeim bera.

Ég ætla ekki að ræða í löngu máli um fréttastofur sjónvarpsstöðvanna. Ég hef stundum gert athugasemdir við fréttastofu Ríkissjónvarpsins eða vinnubrögð þar, sérstaklega um tiltekin mál. Þó eiga þeir sínar góðu stundir líka. Undanfarið hefur fréttastofa Stöðvar 2 að mínum dómi staðið sig býsna vel. Þó finnst mér eiginlega nokkuð broslegt að fylgjast með síðustu daga þó það komi kannski ekki Alþingi við þá skiptir það stjórnmálalífið í landinu nokkru. Það er broslegt hvernig fréttastofa Stöðvar 2 undanfarna daga hefur baslað við að auglýsa upp nýjan borgarstjóra í Reykjavík. Það er aldeilis með ólíkindum að fylgjast með þeim fréttaflutningi. Ég segi þetta svona sem dæmi um það hver hætta getur verið á vandræðagangi hjá fjölmiðlunum.

Ég tel að það hafi verið stórkostlegt framfaraspor fyrir lýðræðið í landinu þegar forráðamenn Stöðvar 2 fóru að sjónvarpa á Sýn frá Alþingi á sínum tíma og það hefur verið lýðræðinu verið mjög til framdráttar. Nú er ég ekki að segja að við höfum alltaf rétt fyrir okkur, við sem ekki erum sjálfstæðismenn á Alþingi. (**Gripið fram í:** Miklu oftar.) Miklu oftar, kallar hv. þm. og ég er honum að vissu leyti sammála um það. Það er mitt viðhorf. En ég tel að báðir aðilar eigi hinn fyllsta rétt á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri eða þá vera dæmdir fyrir þá vitleysu sem við förum með í ræðustólnum ef svo ber undir. En því miður nær Sýn ekki nema til hluta þjóðarinnar og það er náttúrlega ástand sem ekki er viðunandi og alls ekki viðunandi til frambúðar. Það var mjög mikið framfararspor þegar Sýn fór að sjónvarpa en útbreiðslan er of lítil. Ég er sammála því sem hér hefur komið fram að ég tel að Ríkisútvarpinu beri skylda til að sinna þessu máli og Ríkisútvarpið eigi ekki að þurfa að prísa það með þeim hætti sem hér hefur komið fram.

Frú forseti. Ég styð sem sagt eindregið þessa tillögu.

[18:19]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst þessi tillaga ekki gefa tilefni til þess að fara að fella dóma um störf blaðamanna eða fréttamanna almennt. Mér finnst að það sé kannski annar vettvangur sem við eigum að gera það á heldur en hér í tilefni þessarar tillögu. En þó vil ég í tilefni af ræðu hv. síðasta ræðumanns minna á þá staðreynd sem blasir við að þeir tímar hafa runnið upp að það er ekkert dagblað sem flytur þingfréttir eins og við þekktum þær áður. Það er hvergi hægt fyrir hinn almenna borgara að ganga að því sem vísu hvað hafi gerst á þingi, hvaða mál hafi verið afgreidd eða hvaða mál séu á

dagskrá. Þetta er mikið áhyggjuefni. Nú kann að vera að það hafi verið orðið það umfangsmikið að flytja slíkar þingfréttir að blöðin hafi ekki séð sér það fært, ég þekki það ekki hvaða rök eru þar á bak við, þó hefði það mátt verða einfaldara eftir að þingið kom í eina málstofu. En þetta er staðreynd sem við blasir að það er hvergi fyrir hinn almenna borgara unnt að ganga að neinum öruggum fréttum um það hvað gerist í þingsölum, hvaða mál eru til umræðu, hver niðurstaða er eða hvaða lög eru samþykkt. Menn verða að hringja í Alþingi eða hafa samband eða afla sér upplýsinga með einhverjum öðrum hætti. Ég tel að þarna sé vandamál á ferðinni og beint útvarp eða sjónvarp héðan til alls landsins mundi auðvitað létta undir upplýsingamiðlunina þó að menn mundu frekar fylgjast með því vegna þeirra deilna sem eru í þingsölum oft og tíðum. En þetta er viðfangsefni sem mér finnst að forsætisnefnd þingsins ætti einnig að huga að, þessari staðreynd að það er hvergi unnt að ganga að því sem vísu með óyggjandi hætti hvað gerist í þingsölunum.

[18:21]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég felldi enga dóma um fréttamenn, ég nafngreindi einn fréttamann í ræðu minni honum til hróss. Það vil ég að sé alveg skýrt. Ég er algjörlega sammála hv. 3. þm. Reykv. um að það er mikið áhyggjuefni hvað hinum raunverulega fréttaflutningi í blöðum frá Alþingi hefur hrakað. Þar er ég honum alveg sammála.

[18:21]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er athyglisvert mál í umræðunni fyrir margra hluta sakir. Það er nú svo að ekki njóta allir sjónvarps á landinu hvað þá heldur að sjónvarp nái til miðanna hér í kringum landið og jafnvel ekki einu sinni til nærliggjandi miða. Stór hluti landsmanna nær því ekki sjónvarpssendingum þegar menn eru að tala hér um að rétt væri að sjónvarpa beint frá Alþingi og hljóðvarpa og nefndar eru tölur eins og 400 millj. kr. sem snúa eingöngu að hljóðvarpi. Hvað skyldi þá pakkinn allur kosta ef þessar tölur eru réttar?

Það er athyglisvert, eins og hér hefur komið fram hjá hv. 3. þm. Reykv., að það eru miklar hringingar og mikið leitað eftir því á hinu háa Alþingi hver sé dagskrá dagsins. Þetta liggur bara ekkert á lausu. Það er geysilega annasamt hér fyrir starfsfólk Alþingis að svara fjölmörgum upphringingum daglega varðandi þetta atriði eitt. Er það svo dýrt að senda á Ríkissjónvarpinu útsendingar héðan eins og gerist í hinum frjálsa fjölmiðli einkaframtaksins, Sýn? Við erum með stillimynd í sjónvarpinu, það er textavarp, eða annað dags daglega. Ekki sjáum við dagskrá Alþingis þar. Getur verið að það séu slíkar ofurtölur sem menn eru að tala um að það kosti að bæta inn á dagskrá frá Alþingi í gegnum það sjónvarp sem þegar er í gangi meginhluta sólarhringsins? Ég á mjög bágt með að trúa því. Ég hefði, hv. flm., 4. þm. Austurl., verið mjög sáttur í hjarta mínu við þessa þáltill. ef það hefði staðið þannig að jafnframt því að útsendingarnar næðu til landsins alls þá næðu þær til hinna nærliggjandi fiskimiða enn fremur vegna þess að ef það væri sjónvarpað frá Alþingi til fiskimiðanna þá er ég sannfærður um það að Ríkissjónvarpið næði þá þangað einnig og dagskrá ríkisfjölmiðla.

Það er nú svo að menn hafa talað um að þessi háttur hins ágæta einkaframtaks Sýnar sé lýðræðinu mjög til framdráttar og jafnframt hafa menn undrast það hve seint ríkissjónvarpið hafi verið að taka við sér varðandi þetta mál. Það má merkilegt teljast að á ári tækni og framfara skuli þingmenn ekki geta vikið hér út úr húsi á nærliggjandi skrifstofur sínar með öðrum hætti en þeim að það nánast rofnar samband við það sem er að gerast í þingsölum. Það er merkilegt að þingmenn skuli ekki geta farið út á sínar skrifstofur, haft t.d. með sér útvarp til að fylgjast með þeim umræðum sem hér eru vegna þess að oft þurfa þeir að fara anna vegna og það eru oft nefndarstörf í nærliggjandi húsum. Ég neita því ekki og ég er sannfærður um að það eru fleiri þingmenn mér sammála um að það gæti komið sér afar vel og mundi jafnvel enn auka afköst hér á hinu háa Alþingi ef menn gætu fylgst með umræðunni á skrifstofunni sinni.

Að því reyndu og þekktu sem ég hef orðið var við hvað áhrærir Sýn og við þá fjölmörgu aðila sem ég hef haft samband við og umgengst og eru komnir á eftirlaun og eru heima hjá sér, fjölmörgum einstaklingum sem búa á dvalarheimilum aldraðra, bæði í Reykjavík og Hafnarfirði, þá heyri ég almenna ánægju með það að þeir eigi þess kost að fylgjast með því sem hér er að gerast svo ég geri mér fulla grein fyrir mikilvægi þessa máls því þetta er lýðræðinu, eins og hér hefur komið fram, mjög til framdráttar. En við megum þá ekki gleyma þeim sem ekki ná hinu almenna sjónvarpi. Maður spyr sjálfan sig að því hvort það sé eðlilegt og rétt á þessum tíma að hið háa Alþingi fari að samþykkja einhverjar upphæðir sem gætu snert milljarð eða þar í kring og rúmlega það ef litið er á þessar tölur sem talað er um að kosti að koma hljóðvarpinu einu frá hinu háa Alþingi, hvort það sé þá rétt að við séum á þessum tíma að leggja áherslu á það að sjónvarpið sjáist, að sjónvarpað sé héðan frá Alþingi. Væri ekki nóg að taka það í fyrsta stökki, miðað við það árferði og það ástand sem við búum við í landinu, að reyna að koma hljóðvarpinu til sem flestra Íslendinga héðan frá Alþingi? En verði það skref stigið og hið háa Alþingi gangi svo langt að koma sjónvarpi héðan frá Alþingi til allra Íslendinga þá vænti ég þess að það hljóti að vera peningar til þess að koma þessum ágæta fjölmiðli til sjómanna í kringum Ísland.

[18:28]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Vera kann að lausnin á þessu máli sé sú að breyta fundartíma í Alþingi og hafa þingfundina árdegis, nefndarfundi, þingflokksfundi og ríkisstjórnarfundi síðdegis. Það mundi væntanlega vera kostnaðarminna að koma sjónvarpi til landsmanna frá Alþingi með þessum hætti. Ég vil benda flm. og þeim sem

koma til með að fjalla um þessa tillögu á þessa lausn. Ég fyrir mitt leyti væri tilbúinn að berjast fyrir því í mínum flokki að breyta fundartímanum þannig að hinir opinberu þingfundir færu fram á morgnana ef það hefði það í för með sér að sjónvarpað yrði um land allt frá þessari stofnun.

[18:29]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir orð síðasta ræðumanns hér. Eins og kom fram í mínum orðum þá getur varla verið mikill kostnaðarauki af því að sjónvarpa héðan beint frá Alþingi með ríkisfjölmiðlum eins og komið hefur fram. Ég mundi leggja það til bæði við Sýn og sérstaklega við ríkissjónvarpið að það kæmi inn á dagskrármál Alþingis og gæfi sjónvarpsáhorfendum kost á að sjá dagskrá Alþingis þess dags og það ætti Sýn auðvitað líka að gera til að létta hér á starfsfólkinu vegna upphringinga utan úr bæ. En hér er auðvitað rætt um ágæta leið eins og síðasti ræðumaður kom inn á. Það er rétt að það hlýtur að vera að það sé hægt að í stað stillimyndar að senda mynd með þeim sama hætti í ríkissjónvarpinu eins og Sýn gerir.

[18:30]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka flm. þessarar þáltill. fyrir að flytja þetta mál. Ég tel að það sé orðið alveg bráðnauðsynlegt að taka á þessu máli því þetta er orðið að enn einni mismununinni milli landshluta. Það er auðvitað ekki upp á það bjóðandi að Alþingi Íslendinga mismuni þegnunum með þeim hætti að einungis sumir hverjir af þeim hafi möguleika til að fylgjast með því sem hér er að gerast. Í sjálfu sér er ekkert athugavert við að gera þetta sem tilraun eins og búið er að vera núna í gangi hjá Sýn og hafi þeir þökk fyrir sem fyrir því stóðu. En til frambúðar getur þetta auðvitað ekki gengið. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að útvarp frá Alþingi sé á margan hátt þénugra en sjónvarp og miklu mikilvægara. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að útvarpað verði frá Alþingi en það sé í sjálfu sér ekki eins mikilvægt að sjónvarp nái til allra staða í landinu. Það eru miklu fleiri sem eiga möguleika á að nýta sér útvarpssendingar, menn geta nýtt sér þær bæði við vinnu sína og í bílum og þess vegna tel ég það vera mjög mikilvægt sem næsta skref í þessu máli að útvarpssending komist til alls landsins og líka til fiskimiðanna. Ég tek undir með hv. 16. þm. Reykv. sem sá ástæðu til að beina athyglinni að flotanum og sjómönnunum sem eru því miður út undan hjá okkur í þessum málum.

Ég held að þetta sé á margan máta mikilvægt. Ég tek undir það sem hér hefur komið fram og vil árétta það að pólitískt er þetta ákaflega mikilvægt að fólkið í landinu fái sjálft að meta það sem er að gerast á Alþingi, það sé ekki matreiðsla fjölmiðla sem ráði þar öllu um hvað til skila kemst heldur geti fólkið í landinu fengið sjálft að fylgjast með miklu meira en áður hefur verið og að meta sjálft þau málefni sem eru á ferðinni. Nú er ég ekki að deila á þá fréttamenn sem fjalla hér um málin, það er einfaldlega þannig að það er mjög lítið af því sem hér gerist í sölum Alþingis sem kemst fyrir í fréttum og til umfjöllunar og auk þess verður það ævinlega bæði afstaða viðkomandi aðila sem fara með þessi mál, sem kemur auðvitað í gegn að einhverju leyti, hve mikilvægt þeir telja þeir viðkomandi mál. T.d. eru ýmis mál á ferðinni í gegnum Alþingi sem aldrei fá umfjöllun í fréttum en ýmsir aðilar í þjóðfélaginu munu telja mikilvæg þó að þau hljóti ekki náð fyrir augum fréttamanna sem eitt af hinum stærstu málum eins og þeir virðast velja sín viðfangsefni.

Ég verð að segja eins og er að ég lýsi yfir miklum efasemdum um það að þær kostnaðartölur sem hér hafa verið nefndar séu raunhæfar. Við höfum séð á undanförnum árum að það hafa risið upp litlar útvarpsstöðvar. Þær hafa verið stofnaðar af miklum vanefnum, ná að vísu ekki til mjög stórs hluta landsins en þó til nokkurs hluta og þess vegna er ástæða til að skoða þessi mál upp á nýtt. En alla vega tel ég að Alþingi hljóti og verði að sjá til þess að ákvarðanir um framhald í þessu máli verði teknar með það grundvallarsjónarmið að allt fólkið í landinu hafi rétt til þess að fylgjast með því sem gerist á hv. Alþingi. Mér finnst ekkert annað boðlegt en að Ríkisútvarpið geri þetta. Til hvers í ósköpunum höfum við Ríkisútvarp ef það á ekki að þjóna landsmönnum með þeim hætti sem við erum að tala um? Mér finnst að ef það á á annað borð að skila þessu efni til landsmanna allra þá eigi Ríkisútvarpið að bjóða upp á þá þjónustu og vitanlega hlýtur Ríkisútvarpið að geta boðið upp á þessa þjónustu á hagkvæmasta verði. Það er ótrúlegt annað. Ég held því ekki fram að það megi ekki bera kostnað Ríkisútvarpsins saman við þá möguleika sem einkaaðilar hafa til að gera þessa hluti. Gott og vel, þá skulu menn bara skoða þá hluti en mér sýnist vera farið að fjara svolítið undan þessu stóra fyrirtæki okkar sem heitir Ríkisútvarp ef það á ekki að hafa bestu möguleikana á að veita þessa þjónustu og fyrir utan það að ég tel að það sé hlutverk þess sem slíks að gera það.

Ég vil að lokum einungis segja það að ég tel að þessi tilraun Sýnar til að senda þetta út hafi tekist vel. Hún hefur sannað það að á þessu er full þörf og hún hefur skapað kröfuna um það að fólkið í landinu fái þessa þjónustu. Hún hefur skapað þeirri kröfu það mikinn styrk að það verður ekki aftur snúið. Núna er það nauðsynlegt að þetta gerist, þ.e. að þessar útsendingar verði að veruleika fyrir alla landsmenn sem allra fyrst því þetta er óþolandi fyrir landið að öðru leyti að horfa upp á það sem enn eina mismununina að hafa aðgang að því að fylgjast með því sem gerist á hv. Alþingi.

[18:37]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég tek til máls til að taka undir meginefni þessarar tillögu að það sé nauðsynlegt að gera átak í því að koma útvarpi frá Alþingi til allra landsmanna. Það er kannski reynslan af Sýn sem gerir okkur þingmönnum fært að standa hér upp og halda því fram fullum fetum að landsmenn vilji almennt fá að fylgjast með því í beinni útsendingu sem gerist á Alþingi. Það er hætt við því ef við hefðum ekki þá

reynslu þá hefðum við ekkert annað til að byggja á en okkar eigin álit að þjóðin mundi brenna í skinninu eftir að fá að fylgjast með því sem við erum að gera hér. Ég get tekið undir að það hefur komið mér eiginlega þægilega á óvart hversu mikið er horft á Sýn og hvað þetta hefur í raun mikil áhrif á lýðræðislegt starf í landinu. Það eru ófá símtölin sem koma til alþingismanna sem viðbrögð almennings á þessu svæði við því sem fólk hefur séð að í gegnum Sýn að hér er að gerast.

En það sem gerir það að verkum að ég kem hér upp eru tvö atriði. Það er í fyrsta lagi að ég sé ekki annan aðila en ríkið og Ríkisútvarpið til að þjóna þessu hlutverki. Við skulum átta okkur á því að það dreifikerfi og sá geisli sem hér er notaður til útsendingar fyrir Sýn var ekki sett upp gagngert til þess að sjónvarpa frá Alþingi. Þetta sjónvarp byggist fyrst og fremst á því að þarna stóð þessi búnaður tilbúinn og ónotaður og þótti handhægt fyrir eiganda hans að hafa þó eitthvert efni til þess að láta renna í gegnum þann kanal þó sjálfsagt komi það þeim aðilum eins og okkur á óvart að þeir skyldu allt í einu vera með í höndunum eitt vinsælasta fjölmiðlaefni landsins þar sem er Sýn.

En hitt atriðið sem ég ætlaði að nefna er að mér finnst að við séum í raun að ræða um tvíþætt mál. Það er annars vegar hina beinu útsendingu sem gefi hlustendum eða áhorfendum tækifæri til þess að fylgjast með einstökum málum og umræðum um þau sem eru á áhugasviði viðkomandi eða vegna almenns áhuga á þjóðmálum og stjórnmálum. Í þriðja lagi eins og maður hefur heyrt að oft komi til að það sé skemmtigildið eitt sem nægir til þess að fólk horfi á þessar útsendingar.

Þetta er önnur hliðin á málinu. Hin hliðin er að koma frá Alþingi almennum fréttum um dagskrá þingsins um þau mál sem eru tekin fyrir á hverjum degi og einhverjum útdrætti úr umræðum. Ég get tekið undir það með hv. 3. þm. Reykv. að það er mjög miður að dagblöðin séu öll búin að afleggja þessa þjónustu. Ég velti því fyrir mér hvort ekki þurfi að skoða það í þessari vinnu hvort ríkisfjölmiðlarnir geti ekki á einhvern hátt komið til móts við þessar þarfir. Nú er ég ekki að vanmeta það sem ríkisfjölmiðlarnir gera hvað þetta snertir, bæði í almennum fréttum, í Pólitíska horninu á rás 1 og í Þingsjánni í sjónvarpinu. En þessi vettvangur er ekki þess eðlis að hann gefi þessa heildstæðu mynd af því starfi sem fer fram á Alþingi frá degi til dags. Ég er fyrir mína parta afar hissa á því að Morgunblaðið aflagði þessa þjónustu því maður varð var við það alveg eins og með Sýn að þetta var mjög mikið lesið og þetta var sú leið sem áhugafólk um allt land hafði þó til þess að fylgjast með því sem hér var að gerast en er ekki lengur til staðar. Þannig að ég varpa því inn í þessa umræðu hvort það þurfi ekki að taka á þessum þætti líka því það er allt annað að fylgjast með umræðu um einstök mál og hitt það að vilja hafa aðgang að því hvað er að gerast á Alþingi frá degi til dags án þess að þurfa að sitja yfir öllum umræðunum því það verður reyndar að viðurkennast að það geta komið þær stundir að áhorfendur sitja tímunum saman fyrir framan sjónvarpið en séu kannski engu nær um það hvað verið er að fást við á þeim tíma og yfir höfuð hvað felst í störfum á Alþingi.

[18:43]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég er ein af meðflm. þessarar þáltill. þá þykir mér við hæfi að segja nokkur orð. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að ganga í að tryggja að sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi nái öllu landinu og vil leggja alveg sérstaka áherslu á það vegna þess að ég tel að þegar þessi tilraun var gerð þá hafi því í raun verið lofað að það yrði ekki svo langt þangað til farið yrði í að fylgja því eftir að stækka svæðið. Það hefur einnig komið í ljós að það er mikil hlustun þar sem þetta nær. Nú nær þetta ekki einu sinni um allt Reykjavíkursvæðið, það er líka nokkuð misjafnt hvað það nær hér. En ég tel að þessi flutningur og þetta útvarp og sjónvarp frá Sýn hafi sýnt sig að vera mjög nauðsynlegt til að gefa landsmönnum kost á því að fylgjast með og dæma sjálfir um það hvernig unnið er á hinu háa Alþingi.

Mér hefur oft fundist það og get alveg látið það koma hér fram að ég er ekki alltaf sammála því hvernig fjölmiðlar sem hér fylgjast með þingstörfum matreiða fréttir héðan ofan í hlustendur, ég er ekki alltaf sammála því fréttamati og hefur fundist að það væri fyrst og fremst tekinn héðan neikvæður fréttaflutningur þó það séu auðvitað sem betur fer góðar undantekningar frá því, en meira um hitt þar sem hægt er að segja að sé neikvæður fréttaflutningur og jafnvel þegar hann er klipptur í sundur að hann verði jafnvel afbakaður.

Ég legg mikla áherslu á að það sé reynt að koma þessum sendingum meira út og þær nái öllu landinu þannig að allir borgarar séu þar jafnir. Við ræðum mikið um það að jafna aðstöðu landsmanna til sem flestra hluta. Oft er vitnað í að það sé dýrt, það sé ekki hægt af ýmsum ástæðum, vegna fámennis á sumum stöðum sé ekki hægt að veita sambærilega þjónustu. En í fjarskiptum ætti það að vera mögulegt. Í fjarskiptum ættu menn ekki að gjalda þess hvar þeir búa og með öllu því kerfi sem hér er búið að koma upp í landinu til þess að auka og bæta fjarskipti þá tel ég að hér sé aðeins spurning um vilja frekar en að það sé ekki mögulegt.

Þegar þetta samkomulag var gert um að sjónvarpa frá Alþingi fór það ekki á milli mála, það skildu það held ég allir þingmenn á þann veg að það væri stefnt að stækkun samkvæmt því samkomulagi sem gert var 8. apríl 1992. Þar var ekkert um það að sú stækkun yrði skoðuð í ljósi þess að það kæmu fram ný útvarpslög og meira að segja, eins og hér er sagt í bréfum sem hafa gengið á milli forsætisnefndar Alþingis og forsvarsmanna Sýnar, að það sé ekki hægt að ákveða þetta fyrr en búið sé að samþykkja þau útvarpslög. Það tel ég alveg fráleitt. Það var á engan hátt látið að því liggja að það væri neitt háð slíku hvort stefnt yrði að stækkun heldur fullyrt í því samkomulagi sem gert var við Alþingi að það yrði stefnt að stækkun. Ég er ekki að segja að það verði hægt að ná til alls landsins í einu

stökki en að það verði markvisst unnið að því að stækka þetta svæði. Það hljóta allir okkar kjósendur að eiga rétt á því að geta fylgst með þessum störfum og ég tel að ef það verður ekki hægt þá sé alveg eins hægt að skoða það að loka aftur fyrir þessa sjónvarpsrás. Það sé þá ekkert verið að útvarpa fundum Alþingis ef ekki er hægt að stefna að því að það nái til landsins alls þó það verði ekki gert í einu stökki þá er hægt að vinna að því á einhverjum tímapunktum og setja sér markmið í því en það stöðvist ekki bara við það svæði sem það nær nú til og síðan verði það látið standa þannig.

En ég ætlaði ekki að lengja þessa umræðu mikið, það hefur komið fram vilji flestra þingmanna til þess að þessar sjónvarpssendingar eða útvarpssendingar a.m.k. frá Alþingi nái til allra landsmanna og hugsanlega væri hægt að leysa þetta ef af einhverjum ástæðum er ekki möguleiki á að koma á sjónvarpssendingum þá væru það a.m.k. útvarpssendingar til að byrja með sem fólk gæti hlustað á en ég tel að að þessu verði að vinna.

Hv. forsætisnefnd hefur tekið málið fyrir, gerði það sl. vor, þótt tillagan væri ekki samþykkt og sendi bréf til Sýnar út af því en þar kom það fram sem ég var að rekja áðan og sem ég tel engan veginn fullnægjandi svar.

Ég vænti þess að þessi tillaga verði samþykkt að lokinni umfjöllun hér og í nefnd og síðan verði unnið að því, eins og segir í tillögunni, að tryggja að sjónvarps- og útvarpssendingar frá fundum Alþingis nái til landsins alls og helst ekki seinna en við upphaf nýs þings í haust. Eins og ég sagði er líka hægt að setja sér það markmið að það náist á einhverjum tíma.

[18:50]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að andmæla þeirri skoðun hv. þm. sem hér talaði að ef ekki tækist á tiltölulega skömmum tíma að sjá til þess að sendingar hæfust sem næðu til landsins alls, þá ætti að loka fyrir þá þjónustu sem veitt er hér. Mér finnst að þessi skoðun eigi ekki rétt á sér. Mér finnst að það eigi að setja markið þannig eins og hér hefur verið um rætt. Sá einkaaðili sem er með þessar sendingar skuldbatt sig aldrei til að stuðla að því að sendingar næðu til landsins alls, enda var honum það ekki fært. Og mér finnst alveg fráleitt að vera með þá skoðun í þessu máli að það eigi að loka fyrir þessa þjónustu af því að aðrir geti ekki notið hennar vegna tæknilegra aðstæðna.

[18:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að vegna tæknilegra aðstæðna sé engan veginn hægt að forsvara það að ekki sé komið á þessum sjónvarps- og útvarpssendingum. Ef ekki er hægt að semja um það við einkaaðila að víkka út þessar sendingar og Ríkisútvarpið er heldur ekki fáanlegt til þess að taka þær að sér, sem eðlilegt væri að gerðist, þá get ég ekki séð að við þurfum endilega að mismuna þeim sem búa á tiltölulega takmörkuðu svæði, ekki einu sinni allir á Reykjavíkursvæðinu því að meira að segja ekki langt frá Alþingi sjást alls ekki þessar sendingar. Ég tel ekki að við eigum að mismuna fólki þannig að gefa einhverjum kost á því að heyra þetta og sjá en öðrum ekki.

[18:52]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka þá umræðu sem hefur farið fram um málið og þátttöku margra hv. alþm. í umræðunni og jákvæðar undirtektir við þessa tillögu. Það kom mér vissulega ekki á óvart að það væri áhugi á því hjá fleirum en okkur flm. að ráða bót á því ástandi sem nú ríkir í þessum efnum að aðeins hluti þjóðarinnar á þess kost að fylgjast með störfum Alþingis í beinni útsendingu og ég treysti því að á þessu verði ráðin bót mjög fljótlega.

Ég met það mikils að forseti þingsins hefur tekið þátt í þessari umræðu og lýst viðhorfum sínum til málsins og að forsætisnefnd mun taka tillöguna til umfjöllunar þegar hún berst nefndinni. Ég vænti þess fastlega að áður en Alþingi verður frestað að vori, þá liggi fyrir afgreiðsla á þessu máli og það liggi fyrir viðhorf forsætisnefndar jafnframt og ábendingar um það hvernig megi ná þeim markmiðum sem við höfum sameinast um í orði að þurfi að nást fram hið allra fyrsta.

Ég tek einnig undir það sjónarmið sem hér hefur komið fram að auðvitað þurfa sendingar frá Alþingi og frá íslenskum ljósvakamiðlum að ná sem víðast um íslenskt yfirráðasvæði, þ.e. til fiskimiðanna, og er það mál út af fyrir sig hversu illa hefur gengið í þeim efnum, þar á meðal sú veiking á langbylgjusendingum sem orðið hefur á undanförnum árum þannig að þjónusta sem áður var í þessum efnum er ekki til staðar í sama mæli og áður var.

Ég tók líka eftir því að einstaka þingmenn viku að því að það væri ekki séð fyrir fjölmiðlun frá þinginu, ekki einu sinni yfir á skrifstofur alþingismanna. Þetta eru auðvitað ekki viðunandi aðstæður. Ég get sagt frá því til gamans að ég leysti þetta vandamál á minni skrifstofu með því að taka gamalt og lélegt sjónvarpstæki í svart/hvítu einfaldlega til þess að geta heyrt mál manna en ekki til að njóta myndar. Ég býst við að fleiri hafi brugðið á það ráð til þess að geta á sínum skrifstofum fylgst með því sem hér er að gerast í þingsal jafnframt því sem þeir eru að sinna öðrum verkum meðan á þingfundi stendur.

Það kom fram ábending frá formanni þingflokks Framsfl. í umræðunni að til greina komi að hliðra til fundartíma Alþingis. Þó er ég þeirrar skoðunar að menn ættu helst að geta ákvarðað fundartíma þingsins án þess að blanda því saman, en vissulega er það alveg réttmæt ábending að það gætu skapast möguleikar á því að reglubundnum fundum þingsins væri sjónvarpað í gegnum Ríkissjónvarpið án þess að miklu væri til kostað og ber auðvitað ekki að forsmá slíka möguleika þó að það skipti einnig miklu máli að sent sé frá öllum fundum þingsins. Ég er viss um að það þætti heldur hversdagslegt ef svo væri að hluti af umræðu hér í þingsal bærist út en annað ekki og þá eftir því hvernig stæði á dagstíma.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa um-

ræðu frekar. Ég þakka fyrir undirtektir við tillöguna og ég vænti þess að hún verði til þess að ráðin verði bót á því með jákvæðum hætti sem á skortir í þessum efnum.

[18:57]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get ekki að því gert að ég hef aðeins efasemdir um hvort það sé þinglega rétt að vísa þessu máli til forsætisnefndar. Forsætisnefnd er ekki ein af svokölluðum fastanefndum þingsins og í lögum um þingsköp eru nefndinni falin alveg ákveðin verkefni. Ég er ekki að segja að þetta skipti miklu máli en ég tel að þinglega rétt væri að vísa þessu máli til hv. allshn.

Það er ekkert í þingsköpum sem gerir forsætisnefnd að þingnefnd sem slíkri. Hún er stjórnunarnefnd en tæplega til þess að fjalla um þingmál. Ég vildi nú aðeins, frú forseti, lyfta þessum efasemdum mínum án þess að ég sé allt of viss í minni sök, en mér sýnist að þetta mál ætti sannarlega heima í hv. allshn.

[18:58]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kannaði það lítils háttar hjá starfsmönnum þingsins áður en ég gerði um það tillögu að máli færi til síðari umræðu hvernig eðlilegt væri að halda á því gagnvart nefnd og niðurstaðan varð sú sem fram kom í lok minnar framsögu að ég óskaði eftir því að tillagan bærist forsætisnefnd þingsins en ekki að henni yrði vísað með formlegum hætti til forsætisnefndar. Þetta var í rauninni hliðstætt því og gerðist með þessa tillögu sem efni máls samkvæmt er ætlað að vera til umfjöllunar hjá forsætisnefnd eftir flutning á sl. vori og forsætisnefnd hefur í krafti tillögunnar þegar nokkuð aðhafast í málinu. Hér er um mál þingsins að ræða sem varðar forustu þingsins. Hér er mál sem getur reynt á samstarf við þingflokka um málstilhögun og ég vænti þess að það þurfi ekki neinir formlegir meinbugir að vera á þessari málafylgju og að við getum fengið fram við síðari umr. sjónarmið forsætisnefndar áður en málið fer til lokaafgreiðslu í þinginu. Og ég efast um það að einstakar fagnefndir þingsins, sem við köllum svo, hafi í rauninni sömu möguleika til þess að fjalla um mál af þessu tagi, allshn. eða aðrar ágætar þingnefndir, svoleiðis að ég vona að þetta verði ekki ásteytingsefni, málinu verði ekki með formlegum hætti vísað til þingnefndar, en berist forsætisnefnd milli umræðna.

[19:00]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kann að vera árátta þeirrar sem hér stendur til að fara að þingsköpum en í 10. gr. laga um þingsköp eru alveg ákveðin fyrirmæli um starfsemi forsætisnefndar. Hins vegar eru jafnákveðin ákvæði annars staðar í þingskapalögum um hverjar skuli vera nefndir þingsins sem um þingmál fjalla. Það er raunar í 13. gr. Ég vil benda hv. 4. þm. Austurl. á að hér er ekki um að ræða erindi til forsætisnefndar, þetta er formlegt þingmál og um formleg þingmál ber formlegum fastanefndum þingsins að fjalla. Vitaskuld hefur þetta erindi og þessi mál komið á borð hv. forsætisnefndar og öllum þingmönnum er ljós vilji hæstv. forseta þingsins í þessu máli. En ég tel að það væri vikið allverulega frá þingsköpum ef þetta mál, eins og öll önnur formleg þingmál, færi ekki til fastanefndar þingsins. Ég tel eðlilegt að forsætisnefnd skoði þetta mál og e.t.v. eðlilegt að hún segði eitthvað um það. En ég held að það sé alveg nauðsynlegt að einhver fastanefnd þingsins og í þessu tilfelli hiklaust hv. allshn. fái þetta mál til afgreiðslu svo farið sé með þessa tillögu hv. 4. þm. Austurl. eins og önnur þingmál.

[19:02]

Flm. (Hjörleifur Guttormsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að þetta verði okkur ekki að miklu ásteytingsefni. Út af fyrir sig er ekki knýjandi nauðsyn í öllum tilvikum að mál fari til nefndar. Fordæmi munu vera fyrir málatilbúnaði hliðstæðum þessum, er mér sagt, að mál hafi gengið til forsætisnefndar með óbeinum hætti, ef svo má segja, frá þinginu. Ég tel að forsætisnefnd þingsins geti leitað ef henni sýnist svo til fagnefnda þingsins eftir sjónarmiðum og áliti ef hún metur að það sé rétt að það gerist milli umræðna. Ég hef því engar áhyggjur af því að málið fari með þessum hætti til síðari umr. og þessarar umfjöllunar og vona að á það verði sæst þó að ég vissulega kviði því ekkert þó að allar þingnefndir tækju málið til sérstakar skoðunar ef talin væri þörf á því. (**Gripið fram í:** Jafnvel sjútvn.?) Já, vegna sjómanna m.a. og miðanna umhverfis landið sem vikið var að hér.

Ég vil bæta því við, virðulegur forseti, að ég held að það væri skynsamlegt að forsætisnefnd þingsins veitti þingflokkunum aðgang að þeim bréfaskiptum sem fram hafa farið um þetta mál frá því í marsmánuði 1992 þannig að þingmenn geti kynnt sér hvernig forsætisnefnd hefur tekið á málinu og það geti orðið til upplýsingar fyrir þingheim.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill taka undir það sem kom fram í máli hv. 4. þm. Austurl. að þetta hefur verið kannað. Það er ekkert athugavert við þá málsmeðferð sem 1. flm. leggur til að málinu verði ekki vísað til sérstakrar nefndar en væntir þess að öðru leyti að forsætisnefnd skoði málið áður en það kemur aftur fyrir þingið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu, fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 419. mál. — Þskj. 628.

[19:04]

Flm. (Jón Helgason):

Hæstv. forseti. Á þskj. 628 flyt ég till. til þál. um ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu. Meðflm. mínir eru Ingibjörg Pálmadóttir, Valgerður Sverrisdóttir og Guðni Ágústsson.

Tillagan hljóðar þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar nauðsynlegar ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu eftir að opnað hefur verið fyrir óheftan tollfrjálsan og niðurgreiddan innflutning á ýmsum tegundum grænmetis og blóma í marga mánuði á hverju ári, jafnframt því sem einstaklingum verði bætt það eignatjón sem ekki er unnt að koma í veg fyrir af þeim sökum."

Efni þessarar tillögu hefur verið rætt að undanförnu þannig að það er kunnugt hv. þm. en aðdragandinn er, eins og fram kemur í ályktuninni, tvíhliða samningurinn við Evrópubandalagið um tollfrjálsan innflutning á grænmeti og blómum. Ísland samdi þar um einhliða innflutningsheimildir gagnstætt því sem aðrar EFTA-þjóðir gerðu þar sem var um gagnkvæman samning að ræða um innflutning og útflutning landbúnaðarafurða. Þessi háttur var réttlættur af hæstv. utanrrh. með því að slíkur samningur mundi bæta stöðu til að ná fram tollalækkun á útfluttum fiski og það mundi færa þjóðarbúinu mikinn auð. Það virðist því óviðunandi ósanngirni að garðyrkjubændur einir séu látnir bera þennan fórnarkostnað bótalaust. Því er þessi þáltill. flutt um að ríkisvaldið geri ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu.

Það var vakið máls á þessari stöðu þegar Alþingi kom saman eftir áramótin og þá lofaði hæstv. landbrh. úrbótum en þegar ekki bólaði á neinu slíku var þessi þáltill. flutt. Síðan hefur nýlega verið flutt og mælt fyrir frv. til laga um breytingu á tollalögum sem gerir ráð fyrir heimild til fjmrh. að endurgreiða eða fella niður tolla af græðlingum og öðrum efnivörum, hráefni og hlutum til framleiðslu garðyrkju og enn fremur að endurgreiða eða fella niður vörugjöld af innlendu hráefni og efnivörum vegna garðyrkjuafurða. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. þegar hann mælti fyrir því frv. að þar var um að ræða 10 millj. kr. sem gert var ráð fyrir, miðað við innflutning 1992, að ríkissjóður mundi tapa og þar með garðyrkjubændur hafa ávinning af þeim breytingum sem það frv. gerir ráð fyrir.

Það er því augljóst að frv. og sú lagabreyting sem það gerir ráð fyrir hrekkur skammt til að jafna stöðu garðyrkjubænda og því er þessi þáltill. ekki síður þörf en áður. Það kemur fram í minnisatriðum frá Sambandi garðyrkjubænda að það er margt sem skekkir þarna samkeppnisstöðuna. Auk tolla og vörugjalda er raforkuverðið nefnt og að hægt sé að vera betur á verði bæði með upprunavottorð og fleira við innflutning á garðyrkjuafurðunum. T.d. hefur komið í ljós við innflutning á blómum nú í vetur að þau hafa borið með sér hættuleg skordýr og því hefur þurft að stöðva innflutning á þeim sendingum. Það sýnir því miður það, sem reyndar margir óttuðust og vissu fyrir, að vottorðum er lítt að treysta hvað það varðar eins og fleira.

Þá er einnig í þessu minnisblaði garðyrkjubænda bent á að þessi opnunartímabil séu óhagkvæm fyrir íslenska garðyrkju. Ef það ætti að halda sig við árlega opnunartíma, þá væri þó skárri kostur ef tímabilið byrjaði fyrr og endaði fyrr þannig að innflutningur yrði ekki leyfður svo langt fram eftir vori. Fleira er nefnt og jafnframt er í minnisblaði þeirra vakin athygli á erfiðri skuldastöðu garðyrkjubænda.

Þá er rétt að geta þess einnig að það eru ekki eingöngu þeir liðir sem þarna eru nefndir sem skekkja samkeppnisstöðuna. Þar er einnig við að glíma gífurlegar niðurgreiðslur á rekstrarkostnaði garðyrkju í nágrannalöndum okkar og þar er af mörgu að taka. Ég vil aðeins nefna hér örfá atriði sem koma fram í drögum að skýrslu sem hefur verið gerð um ylrækt og samkeppnisstöðu hennar. Í henni segir um nokkra styrki sem veittir eru til garðyrkjunnar í Danmörku, með leyfi forseta:

„1. Jarðakaupalán, allt að 50 þús. danskar krónur til kaupa á viðbótarlandi og allt að 80 þús. danskar krónur til að stofna garðyrkjustöð. Auk þess fást lán til byggingarframkvæmda þó þannig að heildarlánin fara ekki yfir 500 þús. danskar krónur. Lánin eru til 30 ára með 6,7% vöxtum þegar almennir vextir voru 13,5%.

2. Lán til ungbænda til 20 ára með ríkisábyrgð til bústofnunar, þó ekki yfir eina millj. danskra króna eða 25% af áætluðu endursöluverði bús. Ríkið borgar fyrstu afborganir.

3. Búnaðarlán með ríkisstyrk. Ábyrgð vegna nýbygginga, endurbygginga, viðbóta og viðhalds getur numið allt að 530 þús. dönskum krónа á hvert ársverk, allt að tveimur ársverkum á búi.

4. Lán til fjárhagslegrar endurskipulagningar.

5. Ríkisábyrgð á rekstrarlánum til gróðurhúsabænda.

6. Skjólbeltastyrkir."

Í Hollandi, þaðan sem innflutningurinn kemur nú þó að upprunalandið sé gjarnan annað, er líka langur listi styrkja og má nefna, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Stofn- og yfirtökustyrkir. Slíka styrki geta einstaklingar með landbúnaðarmenntun fengið í fyrsta sinn sem þeir kaupa eða stofna bú með meira en 10 hluta úr ársverki. Styrkurinn nemur 12,5% af heildarfjármagnsþörf, þó ekki meira en svarar 130 þús. norskum krónum árið 1990.

2. Styrkir til að bæta framleiðsluskilyrði. Veittur styrkur til allt að 25% á móti láni til fjárfestinga á fasteignum vegna umhverfisbóta, 20% til annarra umhverfisvænna fjárfestinga og til að bæta gæði framleiðslunnar. Á svæðum sem EB hefur lýst sérstöku vandræðaástandi á má hækka þessa styrki um 25%. Veittur styrkur er 7,5% af fjármagnsþörf til að bæta stofnanagerð og hagræði almennt. Umsækjendur yngri en 35 ára sem starfað hafa innan við 5 ár í landbúnaði geta fengið 25% styrk í þessum styrkkerfum."

Þannig er langur listi um styrki og viðbótarstyrki í Hollandi. Það er því augljóst að þarna er um gífurlega mismunun að ræða.

Nú var verið að dreifa á borð okkar frv. til laga um breytingu á tollalögum þar sem rýmkaðar eru heimildir til að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á innflutning vara. Það kom fram í máli hæstv. fjmrh. við umræðu um hitt frv. að ætlunin væri að nýta þar heimildir til stuðnings garðyrkjunni. En þarna er í mörg horn að líta og því vil ég endurtaka að það er þörf á að þessi mál séu rækilega skoðuð og gerð úttekt á þeim

eins og gert er ráð fyrir í þessari þáltill. Ég vonast því til að hv. landbn., sem ég legg til að fái þetta frv. til meðferðar að lokinni 1. umr., taki nú til við að skoða raunveruleg hagsmunamál íslenskrar garðyrkju og íslensks landbúnaðar þannig að starf hennar geti farið að bera árangur á því sviði.

[19:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem aðallega til að þakka hv. flm. fyrir það að vekja máls á þessu. Hann hefur raunar áður vakið máls á stöðu garðyrkjubænda með utandagskrárumræðu og fyrirspurnum. Ég tel mjög nauðsynlegt að skoða þetta mál með það að markmiði að íslensk garðyrkja geti haft viðunandi samkeppnisstöðu. Það er ekki hvað síst nauðsynlegt eftir að opnað hefur verið fyrir innflutning nokkurra tegunda blóma og grænmetis með EES-samningnum. Það er því miður að koma í ljós að menn hafa ekki verið nógu vakandi fyrir því hvað þetta mundi hafa í för með sér, jafnvel ekki garðyrkjubændurnir sjálfir, en það er alveg greinilegt að staða þeirra hefur versnað mjög eftir að opnað var fyrir þennan innflutning. Ég vil ekki trúa því að hæstv. ríkisstjórn vilji ekki gera það sem í hennar valdi stendur til þess að bæta samkeppnisstöðu þessarar greinar. Það hefur raunar þegar verið gert nokkuð í því þar sem hér var nýlega lagt fram frv. um að lækka tolla eða gjöld á nokkrum þeirra rekstrarvara sem garðyrkjubændur þurfa að nota, en það er engan veginn nægilegt og þarf að gera fleira.

Það hefur oft verið nefnt að orkan sem garðyrkjubændur þurfa að nota mikið af er á allt of háu verði til þess að þeir geti staðist samkeppni erlendis frá og er mjög nauðsynlegt að vinna að því að þeir geti vegna orkukaupa framleitt sína vöru á samkeppnisverði. Ég veit ekki alveg hvernig væri hægt að vinna að því öðruvísi en með því að lækka orkuverðið. Það hefur ítrekað verið nefnt í umræðum um orkumál á hinu háa Alþingi. Það hefur gengið allt of hægt og það finnst manni í raun og veru furðulegt á meðan við erum með alla þá orku sem rennur ónotuð til sjávar því nóg er framleitt af henni, það vantar ekki.

Ég ætla ekki að leggja mikið til þessara mála annað en ég fagna því að þessi tillaga er komin fram og þakka hv. flm. fyrir það frumkvæði. Ég tel að það þurfi að skoða þessi mál með opnum huga því að hæstv. ríkisstjórn er opin fyrir því að menn hafi jafna samkeppnisstöðu, ekki vil ég trúa öðru. Það er nauðsynlegt að vinna að því að þessi grein sé samkeppnisfær ef á að vera opinn innflutningur á þessum vörum sem ég hefði raunar talið að þyrfti ekki að vera í þeim mæli sem er.

En við stöndum frammi fyrir því að það er búið að opna og þá verður kannski erfiðara að loka aftur og þá verður að grípa til ráðstafana til þess að aðstoða garðyrkjuna svo þessi atvinnugrein, sem gæti verið vaxandi, lognist ekki út af.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 1. umr.

Frv. StB o.fl., 420. mál (veiðar með botnvörpu og flotvörpu í Breiðafirði). — Þskj. 629.

[19:21]

Flm. (Sturla Böðvarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Flm. eru auk mín Ingibjörg Pálmadóttir, Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Steingrímur J. Sigfússon, Gunnlaugur Stefánsson, Stefán Guðmundsson og Vilhjálmur Egilsson. 1. gr. frv. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Liður F3 í 3. gr. laganna (F. Breiðafjörður), sbr. 8. gr. laga nr. 42/1977, fellur brott.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi.“

Með frv. þessu er gerð tillaga um þá breytingu á 3. gr. núgildandi laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, að liður F3 verði felldur út úr lögunum. Felur breytingin í sér að eftir hana verður óheimilt að stunda veiðar með botnvörpu og flotvörpu á svæði sem takmarkast af línu sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi í vestur frá Malarrifi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast þetta svæði af 65°16′0 N.

Í 3. gr. laga nr. 81/1976 segir svo um hólf F3: „Á tímabilinu 1. júní til 31. desember er skipum, sem eru 26 metrar að lengd eða minni, heimilt að veiða með botnvörpu og flotvörpu utan línu, sem dregin er í 4ra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms 41) og Skorarvita (vms 42). Að norðan takmarkast svæði þetta af 65°16′0 N.“

Frá því að frv. til laga um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni kom fram á 94. löggjafarþingi árið 1973 hefur orðið mikil breyting á útgerðarháttum. Meðal annars hefur sú breyting orðið að botnvörpuveiði allt að 26 metra langra skipa hefur aukist. Bæði er það vegna öflugri veiðarfæra og aukins togkrafts.

Upphaflega var hólf þetta afmarkað til að ná fram sáttum á milli útvegsmanna við Breiðafjörð og til þess að dreifa sókn á milli svæða þannig að stærri og öflugri skip væru að togveiðum utar en minni bátar. Kemur þetta sjónarmið fram í greinargerð með frv. til laga á 94. löggjafarþingi, sem áður var vitnað til, á bls. 608, í þskj. 120 1973–74. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á Breiðafjarðarsvæðinu er mikill fjöldi báta af þessum stærðarflokki og óvenjumargir aðilar, einstaklingar og hagsmunasamtök, komu hugmyndum sínum um togveiðiheimildir á þessu svæði á framfæri við fiskveiðilaganefnd. Með því að draga veiðisvæði þetta upp, eins og gert er í frumvarpinu, hefur nefndin reynt að samræma hin ólíku sjónarmið, eins og frekast var unnt, auk þess sem friðunarsjónarmið voru einnig höfð í huga.“

Eftir að lög nr. 81/1976 voru samþykkt varð sú

breyting á að viðmiðunarmörkin breyttust frá því að vera 105 brúttólestir yfir í að miðað var við 26 metra lengdarmælingu skips. Var það gert þar sem samkvæmt þágildandi mælireglum gátu tvö jafnlöng, breið og djúp skip mælst mjög misstór í brúttórúmlestum talið.

Á þessum tíma var hlutfallið á milli lengdar á skipi og togkrafts þess mjög sambærilegt. Það þýddi að undantekningarlítið hafði 26 metra langur bátur minni togkraft en 36 metra langt skip. Nú hafa verið smíðaðir sérútbúnir togbátar sem hafa togkraft til veiða eins og togari en eru einungis 26 metra langir. Eru þessi skip oft með mun öflugri veiðarfæri en þau skip sem verða að veiða fjær landi. Einnig eru veiðarfæri þeirra mun öflugri en veiðarfæri þeirra skipa sem upphaflega áttu að veiða í umræddu hólfi.

Hólfið, sem lagt er til að verði friðað fyrir togveiðum með frv. þessu, er talið vera viðkvæmt fyrir togveiðarfærum. Ástæða þess er sú hversu mikið er um hraunfláka á botninum þar sem þorskurinn leitar skjóls. Hólfið er einkar heppileg línuveiðislóð fyrir línubáta.

Á þeim tíma, sem lög nr. 81/1976 voru sett, var veitt þannig á þessu svæði að bátarnir toguðu á sandbotni sem er á milli hraunflákanna. Sjómenn við Breiðafjörð hafa haldið því fram að á umræddu svæði sé griðastaður þorsks yfir sumartímann. Á þeim tíma árs sé fiskurinn ekki heppilegur til vinnslu og markaðsaðstæður séu ekki hagstæðar. Því sé mun skynsamlegra að veiða á þessu svæði á haustin og fyrri hluta vetrar með línu og netabátum. Þá eru gæði þorksins meiri og þar af leiðandi fæst hærra verð fyrir hann. Öflug nútímatogskip með þung veiðarfæri togi yfir hraunið og brjóti það niður þannig að allt skjól fyrir þorsk hverfi.

Útvegsmannafélag Snæfellsness hefur sent frá sér ályktun þar sem skorað er á alþingismenn Vesturlandskjördæmis að þeir beiti sér fyrir nauðsynlegri breytingu á löggjöf um fiskveiðar þannig að komið verði í veg fyrir umræddar togveiðar. Í framhaldi af því var með bréfi, dags. 24 nóv. sl., óskað upplýsinga frá Hafrannsóknastofnun um veiðar í hólfi F3.

Í svari Hafrannsóknastofnunar, sem er birt sem fylgiskjal með greinargerð þessari, kemur fram að árin 1991, 1992 og 1993 voru veiðar með botnvörpu í hólfi F3 0,4–0,8% af heildarafla þorsks hvert ár. Af því má sjá að ekki er um að ræða afgerandi hluta í heildarafla. Ljóst er af svari Hafrannsóknastofnunar að netaveiðar, línu- og dragnótaveiðar eru mun stærra hlutfall heildarveiða á svæðinu.

Með hliðsjón af þeim heildarhagsmunum sem hér er um að ræða og fiskverndarsjónarmiðum sem útvegsmenn og sjómenn hafa mælt fyrir er lagt til að svæði F3 verði lokað fyrir togveiðum allt árið.

Virðulegi forseti. Ég hef mælt fyrir því frv. sem hér er lagt fram og geri það að tillögu minni að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[19:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það eru aðeins örfá orð. Ég tel að hér sé á ferðinni merkileg tillaga og hún eigi í fortíðinni kannski uppsprettu í því að við Breiðafjörð hafa menn gengið framar og fyrr fram í því að friða svæðið fyrir fyrir alls kyns veiðarfærum. Þetta hefur á undanförnum árum skilað sér í því að í Breiðafirði hefur verið meiri veiði, það hefur verið meiri fiskigengd í Breiðafirði heldur en annars staðar í kringum landið á undanförnum árum. Það hefur mjög oft verið komið að máli við mig vegna togveiðanna í því hólfi sem um er að ræða í þessari tillögu. Sjómenn og útgerðarmenn sem gera út frá þessu svæði hafa talað um að það nánast tæki fyrir veiðar þegar togskipin fengju að fara inn á svæðið. Nú hef ég út af fyrir sig ekkert á móti togveiðarfærum. Ég tel að þau eigi að nýta eins og önnur tæki til þess að veiða fisk við Ísland en ég tel að við eigum að færa okkur meira og meira inn á það að reyna að þróa veiðitækni okkar með það fyrir augum að gera hana eins hagkvæma og mögulegt er og líka með það fyrir augum að hlífa lífríkinu eins og við mögulega getum.

Ég held að þær röksemdir sem sjómenn og útgerðarmenn hafa bent á í sambandi við t.d. þetta svæði eigi mjög víða við þannig að full ástæða sé til að taka tillit til þess sem hér er verið að segja og leggja til. Við höfum tölurnar um það hvað hefur veiðst og ég tel að það sé svo lítil veiði á þessu svæði og þess vegna sé ekki ástæða til þess að leggja áherslu á að ná þessum fiski með þeim veiðarfærum sem talað er um í tillögunni að útiloka. Ég tel að allur sá fiskur sem má taka og á að taka á þessu svæði muni nást með hinum veiðarfærunum sem verða áfram leyfð á þessu svæði.

Vegna þess að sérstaklega stendur á í þinginu núna, menn þurfa að koma að málum og vilja koma þeim til nefndar og það styttist óðum tími þingsins til þingstarfanna, þá vil ég ekki hafa þessi orð fleiri þó ég gjarnan vildi það en vonast til að þetta mál hljóti skjóta og góða afgreiðslu í nefnd og komist til endanlegrar meðferðar í Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Átak við að koma raflínum í jarðstreng, fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 421. mál. — Þskj. 630.

[19:33]

Flm. (Gísli S. Einarsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að gera átak við að koma raflínum í jarðstreng í stað loftlínu. Meðflm. mínir eru Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Eggert Haukdal, Steingrímur J. Sigfússon, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Sigbjörn Gunnarsson og kann ég þeim bestu þakkir fyrir að leggja þessu máli lið.

Till. er svohljóðandi: „Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hún beiti sér fyrir að gert verði sérstakt átak við að koma raflínum í dreifikerfum í jarðstreng í stað loftlína á þeim svæðum þar sem mest veðurálag er eða æskilegt er frá umhverfissjónarmiði að

þær hverfi. Ríkisstjórnin leggi fram, sem lið í atvinnuátaki, sérstakt fjármagn til þessara framkvæmda."

Í greinargerð segir svo: „Mjög mikið tjón hefur orðið á raflínum á undanförnum árum og hefur það valdið miklu tjóni, sérstaklega í sveitum og dreifðum byggðakjörnum. Varla þarf að lýsa þeim erfiðleikum og hættum sem viðgerðarmenn hafa búið við og verið samfara viðgerðum við hrikalegar veðurfarsaðstæður.

Þar til fyrir 2–3 árum hefur ekki verið fjárhagslegur grundvöllur fyrir framkvæmdum af þessum toga en samkvæmt upplýsingum Rarik er orðið ódýrara að leggja jarðstreng en reisa nýjar loftlínur.

Jarðstrengir hafa lækkað umtalsvert í verði og er heildarkostnaður um 80–90% af kostnaði við tréstauralínur.

Rafdreifilínur eru um 7.000 km langar á Íslandi. Mjög víða hagar þannig til að auðvelt er að plægja niður strengi jafnvel þótt jarðvegur sé grýttur og væri þannig auðvelt að koma fyrir jarðstrengjum því að meginhluti lína liggur á þannig svæðum.

Íbúar í sveitum hafa orðið að búa við kulda og ljósleysi vegna rafmagnsleysis allt að nokkrum dögum þegar verstu veður hafa gengið yfir. Mikil tæknivæðing við meðferð mjólkur og gripafóðrun hefur átt sér stað tengd raforku og skapast mikil vandamál einnig af þeim sökum þegar rafmagnsleysi verður eins og kunnugt er. Af þessum ástæðum svo og af fjölmörgum öðrum er eðlilegt að ríkisstjórnin setji fjármagn til þessa verks sem yrði tengt atvinnuátaki sem skilar sér sem trygging fyrir öruggari búsetu á landinu.

Hlutföll milli vinnu og efnis við framkvæmd þá sem hér er um rætt eru: Efni 65–70% og vinna 30–35%. Í þessari tillögu er miðað við að vinnulaunaþáttur verði fjármagnaður af ríkisfé enda verði verkefnið atvinnuátakstengt.

Oft er rætt um að sjónmengun sé af raflínum og að þær séu lýti á landslagi. Á það er ekki lagður dómur með þessari tillögu en hún kemur þó til móts við sjónarmið þar að lútandi. Fyrst og fremst er verið að hugsa um öryggismál, hagkvæmni og atvinnuaukningu og má benda á að miðað við núverandi vaxtakjör stendur jákvæður mismunur á kostnaði við að leggja rafstreng í jörð undir kostnaði af lántöku vegna framkvæmdanna."

Það eru auðvitað fjölmörg rök sem setja má fram málinu til stuðnings, m.a. að út frá umhverfissjónarmiði yrði mikil prýði að því að fjarlægja dreifilínur og stauranet sem þær bera uppi. Einnig er að á sumum stöðum liggja línur tiltölulega lágt yfir landi og í miklu fannfergi skapast oft hætta af þeim sökum. Þar sem dreifilínur liggja yfir ræktarland mundi skapast betra vinnusvæði með því að leggja þær í jarðstreng. Svona dæmi og fleiri má tína til en fyrst og fremst er verið að fjalla um málið frá atvinnu-, öryggis- og hagkvæmnissjónarmiði.

Varðandi atvinnusköpun þarf vart að hafa mörg orð um þann þátt mála. Ég er þess fullviss að fjölmargir verktakar og vinnandi hendur taka verkefnum af þessu tagi sem himnasendingu.

Ég vil, með leyfi forseta, geta um dæmi sem sanna hagkvæmni slíkra aðgerða og hér er gerð tillaga um. Á undanförnum fjórum áratugum hefur verið varið um 8 milljörðum kr. á verðlagi í dag til uppbyggingar á dreifikerfum til sveita á orkuveitusvæði rafmagnsveitnanna. Að auki hefur verið varið um 1,5 milljörðum til uppbyggingar á dreifikerfum til sveita á öðrum svæðum, aðallega á Vestfjörðum, þar sem Orkubú Vestfjarða annast uppbyggingu og rekstur kerfanna. Hafa þessar framkvæmdir verið fjármagnaðar af ríkissjóði til þess að dreifikerfi til sveita geti talist rekstrarhæf og til þess að hægt sé að afhenda orku til notenda í sveitum landsins með viðunandi gæðum. Telur Orkuráð í skýrslu frá 1990 að á næstu árum þurfi að verja a.m.k. 1 milljarði 150 millj. kr. til styrkingar á þeim. Tillaga Orkuráðs gekk út á að framkvæma áðurnefnda styrkingu á sjö árum eða um 164 millj. kr. á ári fyrir öll orkuveitusvæði landsins. Fjárveiting undanfarin þrjú ár hefur verið á bilinu 10–20% af þessari árlegu þörf.

Fyrir dyrum stendur að hefja umfangsmikla endurnýjun dreifikerfa í sveitum og er talið að hún kosti allt að 200 millj. kr. á ári á orkuveitusvæðum rafmagnsveitnanna en um 230 millj. kr. á landinu öllu. Dreifikerfin eru mörg hver orðin 40–50 ára gömul og því komið að endurnýjun þeirra. Munurinn á styrkingu og endurnýjun er í því fólgin að styrking miðar að bættu eða nýju kerfi með meiri flutningsgetu en hið eldra enda þótt það sé ekki endanlega úr sér gengið. Það er þörfin á meiri flutningsgetu sem kallar á aðgerðina. Endurnýjun felur hins vegar í sér að eldra kerfi er úr sér gengið fyrir tímans tönn og þörf á nýju þótt flutningsþörfin vaxi ekkert eða jafnvel minnki.

Það eru þrjár leiðir sem einkum koma til greina til að fjármagna þetta verkefni. Það er að hækka gjaldskrá rafmagnsveitnanna, annaðhvort u.þ.b. 6–7% hækkun á alla gjaldskrárliði eða liðlega 20% hækkun á notendur í dreifbýli. Í öðru lagi að sérstakt gjald verði lagt á alla raforkuvinnslu í landinu eða skattlagning með einu eða öðru móti á orkuveitur landsins. Í þriðja lagi að framlög úr ríkissjóði, líkt og gert er ráð fyrir í þessari tillögu, komi til eins og áður og þegar rafvæðing sveitanna fór fram.

Frú forseti. Ég vil að lokum þakka fyrir að fá tækifæri til að flytja þetta mál núna og endurtaka þakkir mínar til meðflm. fyrir góðar undirtektir við málið. Ég óska eftir að málinu verði að lokinni umræðu vísað til 2. umr. og hv. iðnn.

[19:41]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að þakka hv. flm. fyrir að flytja þessa þáltill. og mér er heiður af því að hafa fengið að vera með honum við flutning tillögunnar. Á undanförnum árum hefur allt of lítið fjármagn verið veitt til dreifikerfis í sveitum og dreifikerfið hefur liðið fyrir það. Það er sífellt verið að gera við gamlar línur. Þegar óveður hefur brotið niður tugi staura og fellt línu niður þá er rokið til og farið að reyna að tjasla upp á þetta í staðinn fyrir að gera átak í því að koma þessum línum í jörð. Ég tek undir það með hv.

1. flm. að bæði af öryggissjónarmiðum og umhverfissjónarmiðum er þetta alveg bráðnauðsynlegt verkefni.

Hann nefndi þrjár leiðir sem hægt væri að fara til að fjármagna þetta verkefni. Það væri að hækka gjaldskrá, skattleggja orkufyrirtækin eða koma með framlag úr ríkissjóði sem dygði til þess að vinna þetta verk.

Ég tel að tvö fyrstu atriðin komi ekki til greina, hvorki að hækka gjaldskrá til að standa undir þessu né að skattleggja orkufyrirtækin því við höfum verið að berjast við það, eins og oft hefur komið fram, að reyna að halda gjaldskrá niðri, að reyna að jafna hana en ekki að hækka hana nema það væri þá jafn skattur á alla. Hins vegar mundi það líklega verða til þess að þau fyrirtæki sem helst þyrftu að standa í því, þ.e. dreififyrirtækin úti um landið, yrðu að hækka sína gjaldskrá og það tel ég ekki koma til greina. Þannig tel ég hvorki hægt að fjármagna þetta verk með hækkun á almennri gjaldskrá né skattlagningu á orkufyrirtækin.

Það er því alveg fyrir séð að það verður að koma til framlag úr ríkissjóði og það þarf að taka myndarlega á í því sambandi til þess að hægt sé að fjármagna þetta.

Það er vonandi óhætt að treysta því þegar það er stuðningsmaður ríkisstjórnarinnar sem beitir sér fyrir þessu máli að það fái sinn framgang. Ég trúi ekki öðru en hæstv. iðnrh. ásamt flm. muni beita sér fyrir því að fjármagn verði á næstu árum til að ljúka þessu verkefni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Bann dragnótaveiða í Faxaflóa, fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 434. mál. — Þskj. 646.

[19:44]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 646 er till. til þál. um bann við dragnótaveiðum í Faxaflóa. Flm. auk mín eru hv. þm. Sturla Böðvarsson, Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson og Guðjón Guðmundsson. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela sjávarútvegsráðherra að banna á árunum 1995–2000 allar dragnótaveiðar í Faxaflóa og láta á þeim tíma fara fram ítarlegar rannsóknir á lífríki flóans, m.a. með tilliti til þess hver séu áhrif dragnótaveiða á viðkomu bolfisksstofna í Faxaflóa."

Í greinargerð segir svo, með leyfi forseta:

„Lengi hefur verið deilt um það, bæði á Alþingi og annars staðar, hvort dragnótaveiðar í Faxaflóa séu skaðlegar viðkomu bolfisksstofna á þessu svæði. Vitað er að á Faxaflóasvæðinu eru mikilvægar uppeldisstöðvar fyrir ýsu. Seint verður skorið með afgerandi hætti úr þessum deilum, en þó má fullyrða að á réttmæti þessara veiða leiki verulegur vafi, og þann vafa ber að skýra náttúrunni í hag.

Faxaflóa var fyrst lokað 1952 fyrir veiðum með dragnót, en þá var svo komið að meira en 90% af þeirri ýsu sem veiddist í Faxaflóa var þriggja ára eða yngri, þ.e. hver fiskur var um eða undir 300 gr. Áhrif lokunarinnar 1952 sögðu fljótlega til sín með ótvíræðum hætti með því að hlutfall eldri fisks í ýsuaflanum stórjókst og ýsustofninn tók vel við sér. Á árinu 1960 voru dragnótaveiðar aftur heimilaðar á Faxaflóa. Veiðarnar fóru að vísu hægt af stað en á árinu 1962 náðu þær hámarki, en þá var heildaraflamagn í flóanum 10.539 tonn. Eftir þetta hríðfellur afli dragnótabátanna og fer allt niður í 684 tonn á árinu 1968. Ýsustofninn, sem eins og áður sagði tók vel við sér við friðunina 1952, hrundi í kjölfar þess að dragnótaveiðarnar hófust aftur. Til skýringa má nefna það að á haustvertíðinni á Akranesi 1962 var meðalýsuafli í róðri 3,7 tonn, en minnkaði svo ár frá ári meðan dragnótaveiðar voru leyfðar og var svo komið að á haustvertíð 1970 var meðalýsuafli í hverjum róðri aðeins um 700 kg. Árið 1971 sáu menn í hvert óefni var komið og voru dragnótaveiðar þá aftur bannaðar í Faxaflóa og fór ýsuafli aftur stigvaxandi upp úr því. Þannig var meðalýsuafli í róðri frá Akranesi kominn upp í rúmlega tvö tonn árið 1980.

Þegar veiðar með dragnót í Faxaflóa voru heimilaðar á nýjan leik að tillögu Alþingis árið 1979, í tilraunaskyni, fengu tveir bátar leyfi til veiðanna. Banninu var síðan formlega aflétt með breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands árið 1981. Bátunum hefur síðan farið fjölgandi ár frá ári, og nú er svo komið að á síðasta ári höfðu alls 15 bátar leyfi til dragnótaveiða í Faxaflóa. Þessi tala er allt of há. Bátarnir eru of margir til þess að um tilraunaveiðar geti verið að ræða. Flutningsmenn eru þeirrar skoðunar að rétt sé að nýta kolastofninn, en þessi fjöldi báta veldur því að afkoma þeirra flestra er léleg, of margir bátar eru að bítast um of lítinn afla, auk þess sem ítarlega verður að rannsaka hugsanleg skaðleg áhrif þessara veiða á viðkomu annarra fiskstofna á svæðinu.

Rökin fyrir því að veiðar með dragnót í Faxaflóa séu bannaðar eru því af ýmsum toga, en þau styðjast þó einkum við þá reynslu sem fjölmargir sjómenn við Faxaflóa hafa öðlast í starfi sínu um áratuga skeið. Sjómenn, sem stunda veiðar á smábátum á þessu svæði, hafa í gegnum árin talið sig sjá greinilega fylgni milli fiskigengdar í flóanum og þess hvort dragnótaveiðar hafa verið leyfðar eða ekki. Rök þeirra manna verða ekki virt að vettugi. Það er einnig ákaflega mikilvægt að ekki eru til nægilegar samanburðarrannsóknir á veiðum fyrir og eftir banntímabil til þess að af þeim megi ráða með nokkurri vissu hvort verið sé að skemma uppvaxtarskilyrði bolfisksins. Við þessari spurningu verður að fást afgerandi svar. Að öðrum kosti er mikill ábyrgðarhluti að láta dragnótaveiðarnar halda áfram. Eins og fram kemur hér að ofan er lagt til að veiðarnar verði bannaðar í fimm ár og að á þeim tíma verði lífríki flóans ítarlega rannsakað. Þannig verði til dæmis sérstaklega hugað að ýsugengd og uppvaxtarskilyrðum ýsu í flóanum og áhrifum dragnótaveiða þar á. Komi þá í ljós með óyggjandi hætti að dragnótaveiðarnar séu skaðlausar að þessu leyti er ekkert því til fyrirstöðu að leyfa þær á nýjan leik. Aðal-

atriðið er að á því leikur vafi hvort veiðarnar séu skaðlegar viðkomu bolfisksstofna í Faxaflóa. Þeim vafa verður að eyða. Fiskveiðiþjóð, sem vill vera þekkt fyrir að reka ábyrga stefnu að því er varðar nýtingu auðlinda hafsins, hefur ekki efni á öðru."

Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að þessu máli verði vísað til 2. umr. og hv. sjútvn.

[19:50]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Það má merkilegt teljast að ágætir þingmenn sem þessa þáltill. flytja eru að vitna til áranna áður fyrr og telja nú enn einu sinni að rannsókna þurfi við varðandi bolfisksafla í Faxaflóa. Það má líka teljast merkilegt þegar það er haft í huga að dragnótaveiðar í Faxaflóa skapa nokkur hundruð mönnum atvinnu, þá skuli þáltill. koma fram um það að nú eigi að stöðva þessar veiðar og þar með bæta enn á atvinnuleysið.

Rannsóknir í gegnum árin hafa nefnilega sýnt að dragnótaveiðar í Faxaflóa eru ekki skaðlegar. Það liggur alveg ljóst fyrir. Í fyrsta lagi vegna þess m.a. að veiðitímabilið er frá 15. júlí til 15. nóv. og veiðitími takmarkast frá kl. 6 á morgnana til kl. 8 á kvöldin. Sl. haust hefur verið mjög mikil aukning á sandkolaveiði sem skapað hefur mikla vinnu og bátarnir hafa beitt sér sérstaklega að sandkola þar sem hann er utan kvótategundar. Það liggja engin vísindaleg rök frá Hafrannsóknastofnun fyrir gagnvart þessari þáltill. og þess vegna er eðlilegt að henni sé harðlega mótmælt. Ýsuveiði hefur ekki minnkað við Faxaflóa frekar en annars staðar á landinu.

Vert er að taka fram að viðkomandi veiðar hafa skapað fjölda manns atvinnu og verið vaxtarbroddur í vinnslu á vannýttum tegundum sem Faxaflóabátarnir hafa verið frumkvöðlar að. Um 300 manns starfa við þessar veiðar beint og áætla má að útflutningsverðmæti á ári sé á milli 400–500 millj. Margir bátanna hafa skapað sér veiðireynslu í kola með dragnótaveiðum sem hefur skert þá í kvótum á öðrum fisktegundum.

Einnig er umhugsunarvert að viðkomandi bátar eru nánast einu hefðbundnu vertíðarbátarnir sem eftir eru frá Reykjavík og Keflavík og eru þessar veiðar nú kjölfesta sem hefur haldið þeim í byggð. Allar útgerðirnar hafa lagt út í mikinn kostnað í veiðarfærum, nýjum spilum og öðrum búnaði tengdum þessum veiðum og sumir fórnað hefðbundnum vertíðarbúnaði í staðinn. Fullyrt hefur verið af sérfræðingi Hafrannsóknastofnunar að stíf suðvestanhátt hafi meiri áhrif á botn Faxaflóa en dragnótaveiðar. Ef Faxaflóa verður lokað fyrir kolaveiðum í dragnót mun nýting minnka sem því magni nemur vegna eðli göngu þessarar tegundar. Bátarnir sem stunda þessar veiðar verða að vera innan við 20 metrar á lengd sem takmarkar sóknargetu þeirra á dýpri mið.

Hér er fyrst og fremst um að ræða þrýsting frá útgerðarmönnum smábáta undir 10 rúmlestum sem vilja sitja að Faxaflóanum einum og hafa hann út af fyrir sig. Það er málflutningur sem ekki kann góðri lukku að stýra enn fremur í ljósi þess að veiðisvæði fyrir kolaveiðar í dragnót er innan við 10% af hafsvæði flóans og veiðarnar aðeins stundaðar í fjóra mánuði á ári, eins og ég gat um áðan, og undir ströngu eftirliti. Bátarnir hafa reynt að spara sér skarkolakvótann fram á haustið svo að þeir nái góðum sandkolaafla er líður á vertíðina því sandkolinn veiðist seinni part ársins.

Eins og vitað er hefur smábátum undir 10 rúmlestum fjölgað mikið á síðustu árum og tekið í sóknarmarki æ stærri hlutdeild af úthlutuðum heildarafla þorsks á kostnað skipa yfir 10 rúmlestum sem tekið hafa á sig sífellt meiri skerðingu í aflamarki. Margir bátar við Faxaflóa, 30–50 rúmlestir, hafa mætt þessari skerðingu með auknum veiðum í kola sem var og er vannýttur víða hér við land. Rétt er að benda á að þessi bátastærð, sem hefur stundað dragnótaveiðar, og bátar frá 10–50 rúmlestir eru þau skip sem einna verst hafa farið út úr kvótamálum hér við land og ekki er þetta á bætandi.

Virðulegi forseti. Ég gæti haft langt mál um þessa dragnótaveiði og langt mál í andmælum mínum við þessa þáltill. en aðeins örstutt til viðbótar. Oft er því haldið fram að dragnót taki allan fisk sem fyrir henni verður hve smár sem hann er. Þetta er ekki rétt þegar möskvastærð er við hæfi. Tilraunir hafa sýnt að bolfiskur sleppur betur í gegnum dragnót heldur en botnvörpu með sömu möskvastærð. Þar að auki er möskvastærð í dragnót nú 170 mm en 150 mm í botnvörpu. Tilraunir Hafrannsóknastofnunarinnar með dragnót undanfarin ár hafa glögglega sýnt að mikill hluti ókynþroska skarkola smýgur gegnum þennan möskva.

Eitt af því sem dragnót og botnvörpu hefur verið fundið til foráttu er að það er grugg í sjónum við botninn. Á þetta grugg að fæla fiskinn af miðunum þar sem togað er og jafnvel setjast í tálknin og drepa fiskinn. Í fyrsta lagi mun of mikið gert úr því gruggi sem dragnót veldur ef dæmt er eftir lýsingu sem Guðni Þorsteinsson og Jóhann Briem gáfu eftir köfun í Faxaflóa. Þeir segja: Voðin sjálf sveif létt við botn og snerti aðeins stöku bárutopp. Sáust einungis smárispur eftir hana í sandinum á stöku stað. Ekki var að sjá neitt grugg fyrir aftan voðina, einungis mjög smáa sandhvirfla við fótreipið.

Í öðru lagi mun fiskurinn ekki vera mjög viðkvæmur fyrir gruggi í sjónum. Hægt er að toga á sömu slóð aftur og aftur og fá þó fisk og hann með hreinum tálknum, enda mun grugg ekki setjast í tálkn á lifandi fiski. Tálknin eru mjúk en laus við að vera slímkennd á meðan fiskurinn er lifandi og hrinda frá sér lausum aðkomuefnum. Þegar fiskurinn er dauður fara slímfrumurnar í slímhúðinni á tálknunum að bresta og innihald þeirra þekur þá tálknin á skömmum tíma. Þá loðir leir og önnur óhreinindi, sem komast í snertingu við tálknin, við þau. Á sama hátt verður roðið á fiskinum slímugt eftir að hann er dauður. Sé fiskurinn skolaður, þá má sjá að hér er um allt annað mál að ræða heldur en margir hverjir hafa haldið fram.

Ótrú manna á dragnót á að miklu leyti rót sína að rekja til ofnotkunar hennar og botnvörpu áður og fyrr og þá með allt of smáum möskvum. Einnig vilja per-

sónulegir hagsmunir blandast inn í dóm manna.

Virðulegi forseti. Hér var ég að vitna til greinar Aðalsteins Sigurðssonar um skarkolaveiðar og kemur hann réttilega inn á og fer jafnlangt aftur í tímann og flutningsmenn þessarar þáltill. Það eru fordómar fortíðarinnar sem enn þá eru að hrjá allt of marga ágæta sæfarendur við Faxaflóa.

Eins og ég gat um áðan, virðulegi forseti, ætla ég ekki að hafa þetta mál langt tímans vegna en ég vil aðeins ítreka það að veiðar í dragnót á Faxaflóa eru ekki leyfðar nema á svæði sem þekur 10% af hafsvæði Faxaflóa.

[19:58]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég átti von á því að þessi tillaga mundi fá harkaleg viðbrögð. Það hefur alltaf verið svo þegar dragnótaveiðar í Faxaflóa hafa komið hér til umræðu og á því er engin breyting. Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að þarna rekast á mismunandi hagsmunir. Þarna rekast á hagsmunir þeirra sem eru að veiða í dragnót og yfir 100 smábátaeigenda við Faxaflóa. Og ég vil að það komi fram, því að hann minntist sérstaklega á rannsóknir sem Aðalsteinn Sigurðsson hefði gert varðandi veiðar í Faxaflóa í dragnót, að ég met mikils þær rannsóknir sem Aðalsteinn Sigurðsson hefur gert, sá merki maður. Og ég vil taka undir það að ég trúi að margt sem kemur fram í hans tilraunum sé rétt. En ég get verið jafnviss um það að Aðalsteinn Sigurðsson telur að um of marga báta sé að ræða þegar talað er um 15 báta eins og nú eru að dragnótaveiðum á Faxaflóa. Og mig langar að spyrja hv. þm. Guðmund Hallvarðsson að því hvort honum finnist ekki svolítill munur á því hvort 4 eða 8 bátum séu leyfðar veiðar eða 15 bátum eins og í dag og þessi floti fer sívaxandi. Eins og kom fram í framsögu minni áðan verður afkoma eigenda þessara báta ekki góð þegar þeir eru orðnir svona margir.

Ég spurði hæstv. sjútvrh. á hv. Alþingi um það fyrir ári síðan hvort hann væri tilbúinn að fækka þessum bátum. Hann var ekki tilbúin að fækka leyfum þessara báta og þá er spurningin: Hvað getum við gert næst? Við viljum nýta kolastofninn. En þarna er gengið of langt og af því að hv. þm. gerir lítið úr því að lítill ýsuafli sé í Faxaflóa, þá vil ég að hann skoði aftur þessar samanburðartölur milli ára þegar dragnót er leyfð og þegar dragnót er bönnuð.

[20:00]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem kom fram í máli hv. síðasta ræðumanns er akkúrat það að samhengi á milli minnkunar ýsustofnsins er það sem er að gerast á hverjum tíma almennt í kringum landið. Faxaflói er ekki undanskilinn. En af því að hún spurði mig hvort rétt væri að leyfa 10 til 15 bátum að veiða í Faxaflóa, þá tel ég ekki eðlilegt að við séum að skipta okkur af því hve margir þeir eru svo lengi sem þeir eru ekki að ganga á stofninn frekar en raun ber vitni um og fiskifræðingar hafa ekki mælt í móti.

Það er hins vegar athyglisvert að þingmaðurinn vitnaði til fyrirspurnar sinnar á síðasta þingi til sjútvrh. Það er athyglisvert að lesa svar sjútvrh. við fyrirspurninni. Hann svarar í bréfi sínu, með leyfi forseta:

„Ráðuneytinu er ljóst að dragnótaveiðar sæta nokkurri gagnrýni frá smábátamönnum, en hins vegar verður að hafa í huga að við þessar veiðar eru fyrst og fremst teknar fisktegundir sem ekki fást í önnur veiðarfæri sem leyfilegt er að nota í Faxaflóa. Það má að vísu segja að hægt væri að ná hluta skarkolans í botnvörpu á öðrum tíma árs, einkum eftir að kolinn gengur út úr flóanum en þá er hann horaðri og þar af leiðandi lélegra hráefni sem mun minna verð fæst fyrir. Enn fremur er dýrara að ná honum í vörpu en dragnót. Má og minna hér á að þeir bátar sem dragnótaveiðarnar hafa stundað eru með háan skarkolakvóta sem mundi vart gagnast þeim nytu þeir ekki heimildar til veiða í Faxaflóa. Jafnframt hafa þessir bátar í raun sætt skerðingu í öðrum veiðiheimildum vegna þessara veiða.

Til þess að sýna þýðingu þessara veiða og jafnframt það hve lítið er tekið af bolfiski við þessar veiðar skal þess getið að 1991 voru 1.250 lestir af skarkola og 800 lestir af sandkola veiddar í Faxaflóa en aðeins rétt um 150 lestir af þorski og ýsu samtals. Á síðasta sumri voru veiddar um 1.060 lestir af skarkola og 1.020 lestir af sandkola en aðeins 160 lestir af þorski og ýsu.

Með hliðsjón af því sem hér hefur verið rakið verður ekki séð að neinar forsendur séu fyrir því að hætta þessum veiðum og tel ég því einsýnt að þeim verði haldið áfram með svipuðum hætti og undir strängu eftirliti eins og gert hefur verið til þessa."

Og síðast en ekki síst með það atvinnuástand eins og það er í dag, ágæti þingmaður.

[20:03]

Flm. (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að hafa mörg orð um þessi svör hv. þm. Um það ræddum við á þingi fyrir ári síðan, en það sem kannski skiptir öllu máli þegar þessar tölur eru skoðaðar er: Hver var almennt ýsuaflinn í Faxaflóa á þessum tíma? Endurspeglar þetta ekki einmitt þann lélega afla sem var af ýsu? Ég held að hann verði að skoða það í leiðinni. Og af því að hann sagði það áðan réttilega að atvinnuástandið þyldi það ekki að við hættum dragnótaveiðum í Faxaflóa, ef við erum að eyðileggja mikilvægar uppeldisstöðvar megum við við því atvinnulega séð? Það verðum við líka að skoða, hv. þm.

[20:04]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi 2. þm. Vesturl. Í skýrslu varðandi ýsuveiðar má sjá að 1992 voru þetta 59 tonn og 1993 60 tonn. Það má því ætla að ýsan sé heldur á uppleið ef eitthvað er. Síðast en ekki síst er þetta ekkert gamanmál í sjálfu sér vegna þess að þetta skiptir svo marga aðila máli að það væri rangt miðað við þær forsendur sem fiskifræðingar hafa þegar látið frá sér fara í sambandi við þessi veiðarfæri og miðað við þau litlu áhrif sem þetta hefur haft á stofna, t.d. ýsustofninn, vegna þess að það er fylgni í lélegum ýsustofni á Faxaflóa-

svæðinu og almennt um allt land. Með tilliti til þess, eins og kemur fram líka í svari sjútvrh., og að viðbættu því atvinnuástandi eins og það er nú þá væri rangt að loka Faxaflóa fyrir dragnótaveiði á þeim forsendum að þær eru ekki með neinum hætti að skemma önnur mið.

[20:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. 16. þm. Reykv. að það er ekkert gamanmál á ferðinni. Það er ekkert gamanmál á ferðinni í augum þeirra manna sem telja og hafa fyrir því fullgild rök að afli hafi farið verulega niður á þeim svæðum þar sem dragnót hefur verið leyfð á undanförnum árum. Mér þykir hv. 16. þm. Reykv. taka töluvert upp í sig þegar hann fullyrðir að allt í kringum landið hafi gerst það sama og hér á þessum tímum. (**GHall:** Ég sagði að það fylgdi.) Það væri fylgni. Ég hef farið til Fiskifélags Íslands og beðið um samanburð á þessum hlutum og þessar tölur eru ekki til. Ég hef beðið um samanburð á því hvað hafi gerst á þeim tímabilum þegar hefur verið bannað að veiða í dragnót á þessu svæði og þær tölur sem eru til eru einungis þær upplýsingar sem fylgja í greinargerð með þessu frv. Ég held því að hv. þm. sé að seilast æðilangt í því að fullyrða að menn sem eru að gera út á þessum svæðum og þekkja best til séu að fara með rangt mál þegar þeir halda því fram að það séu slík áhrif á ferðinni sem hér er talað um.

Síðan skulu menn líka hafa annað í huga. Það er hin stórkostlega breyting sem hefur orðið á þessu veiðarfæri, dragnótinni. Þar er á ferðinni ekki helmingsstækkun, ekki margföldun, heldur stórkostleg stækkun á þessu veiðarfæri. Ég þori ekki að fara með stærðina og ætla ekki að fara að gera mig að fífli í ræðustól á Alþingi að segja það. En það er margfalt stærra veiðarfæri sem við erum með í höndunum nú en var fyrir fáeinum árum síðan. Og áhrifin af þessu veiðarfæri hafa af sumum verið talin lítil en af öðrum mikil. Rannsóknir sem hægt er að vitna í um áhrif af þessum veiðarfærum til langs tíma litið eru ekki til.

Síðan þykir mér hv. 16. þm. Reykv. seilast langt í því líka þegar hann fer að færa fram sem rök fyrir máli sínu hve mikið af þorski veiðist með dragnótafiskinum þegar reglurnar um veiðarnar eru þannig að það má ekkert veiða meiri þorsk heldur en kemur á land. Punkt og prik. Þeir veiða nákvæmlega það sem þeir mega af þorski. Ofar geta þeir ekki farið því að það er gert upptækt sem þar fer fram yfir.

Síðan finnst mér það líka furðuleg fullyrðing að halda því fram að þessi skip hafi orðið fyrir miklu meiri kvótaskerðingu heldur en önnur skip. Þau hafa orðið fyrir lítils háttar viðbótarkvótaskerðingu vegna þessara veiða en að öðru leyti ekki neinni kvótaskerðingu fram yfir önnur skip.

Ég held því fram að ekki séu til nein vísindaleg rök sem menn geti sett fram vegna þess að rannsóknirnar eru ekki fyrir hendi. Ég var síðast í dag uppi í Fiskifélagi Íslands að biðja um að þetta mál yrði kannað betur og reynt að bera þetta saman þannig að annaðhvort yrði fullyrðingum þeirra manna sem eru að gera út á þessu svæði hnekkt eða þá þær yrðu sannaðar eða a.m.k. kæmu fram öruggar vísbendingar um það hvað hefur gerst á þessum tímum. Það er ekki einleikið að t.d. ýsuaflinn skuli hafa fallið svona eftir að dragnótaveiðar hafa verið leyfðar. Við hljótum að þurfa að hafa það í huga að þessi veiðarfæri eru orðin svona miklu öflugri nú en þau voru áður.

Síðan langar mig að leiðrétta það sem hv. þm. sagði um að veiðarnar væru aðeins leyfðar í fjóra mánuði á ári. Hvað gerðist t.d. í haust? Ég veit ekki betur en hæstv. ráðherra hafi framlengt a.m.k. tvisvar í heilan mánuð í einu þannig að á síðasta ári var a.m.k. leyfð dragnót í sex mánuði. Þannig hefur það verið áður. Það var einfaldlega vegna þess að þeim fjölda skipa sem er á þessu núna gengur ekki betur en svo að ná því magni sem ætlast er til að hann veiði að það þarf lengri tíma til þess þó fjöldi skipanna sé svona mikill.

Auðvitað er um að ræða hagsmunaárekstur og auðvitað er það þannig að við erum að tala fyrir sjónarmiðum þeirra manna sem hafa haldið því fram í fjölda ára að það hafi verið rangt að leyfa þessar veiðar. Ég tel að það þurfi með einhverjum hætti að nýta þennan fiskstofn, bæði skarkolann og sandkolann. En það eru til þess aðrir möguleikar en með dragnót. Þó menn hafi ekki lagt það á sig að þróa það upp, þá er það auðvitað hægt. Það eru til gildrur og það eru til önnur veiðarfæri sem mætti nýta í þessum tilgangi. Ég held að það væri full ástæða til þess að rannsóknir af því tagi færu fram. Auðvitað þurfum við að efla almennt rannsóknir á áhrifum veiðarfæranna til þess að þróa okkur til þeirra bestu veiðarfæra sem völ er á. Við gerum allt of lítið af því. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira, ég tel að það sé full ástæða til að endurskoða þessi mál, ég tel að þau séu komin í óefni og þó það væri ekki nema út frá hagkvæmnissjónarmiðum þá hljóti menn að líta yfir þessi mál aftur. Það eru allt of mörg skip komin í þetta. Ég held að það sé rangt að halda því fram að við værum að taka atvinnu frá fjölda manna vegna þess að með því að viðurkenna að það væri að gerast værum við í raun og veru að strika yfir þær fullyrðingar sem aðrir aðilar halda fram, þ.e. að aðrar fisktegundir minnki við þessar veiðar. Þær fisktegundir gefa ekki minni atvinnu eins og ýsa og annar fiskur sem þeir eru að veiða sem hafa haft mest að athuga við þessar dragnótaveiðar.

[20:12]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í fyrsta lagi varðandi kvótaskerðinguna þá veit hv. síðasti ræðumaður að skerðingin á þessari bátastærð sem stundar dragnótaveiðar, þó það séu ekki þessir tilteknu bátar, hefur orðið mest í íslenska fiskiskipaflotanum. Það er staðreynd.

Í öðru lagi varðandi stærð veiðarfæra þá hefði hann líka átt að geta um það að möskvastærðin er allt önnur en var hér á árum áður eins og 1. flm. kom inn á og ætla ég ekki að fara svo langt aftur í árin.

Í þriðja lagi var hann að tala um það að ég vissi ekkert um hvað hefði gerst varðandi ýsuveiðarnar. En það er bara svo að það eru til upplýsingar um ýsuveiðar alveg frá 1950 og ég er með þær fyrir framan

mig. Ef bornar eru saman ýsuveiðar á öllu landinu og í Faxaflóa þá kemur það í ljós að þar er fylgni á milli ýsustofnsins alveg eins og hann er á landinu og í Faxaflóa. Ég get nefnt nokkrar tölur dæmi mínu til staðfestingar, ég hef örfáar sekúndur til þess. Ég skal t.d. benda honum á árið 1990, þá eru veidd 66 þús. tonn af ýsu og í Faxaflóa eru þá veidd 94 tonn. Árið 1991 eru veidd 53 þús. tonn af ýsu en sama ár eru veidd í Faxaflóa 87 tonn. Árið 1992 er heildaraflinn tæp 46 þús. á öllu landinu en fer þá niður í rétt um 60 tonn. Þannig að þarna er samfylgni á milli. Ég er hissa á því ef hv. þm. hefur farið að afla sér upplýsinga og komið þar að lokuðum dyrum vítt og breitt eins og hann gat um hér áðan.

[20:15]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta breytir litlu um það sem ég var að segja. Það er ekki til neinn samanburður sem hægt er að átta sig á á því hver áhrifin eru af því að hafa dragnótina og hafa hana ekki. Það hefur hreinlega ekki verið gerður neinn samanburður á því. Ég held að á meðan þannig stendur þá verði menn að sætta sig við að það standi þá fullyrðingar gegn fullyrðingum. Það er ekkert hægt að hrekja þessar upplýsingar sem hér fylgdu með þessu frv. sem hér er til umræðu um að það hefur orðið verulegur samdráttur í veiðum á t.d. ýsu á þessum tímabilum sem hafa komið eftir að dragnótin var leyfð.

Um skerðingu á þessari bátastærð, það svarar sér auðvitað sjálft, það er þá ekki um það að ræða að þessir aðilar sem við erum hér að tala um hafi orðið fyrir neinum sérstökum skerðingum fram yfir aðra. Þetta sem hv. þm. nefndi um möskvastærðina, það er örugglega alveg rétt hjá honum, ég tel að þessi veiðarfæri séu samt vegna stærðar sinnar í dag miklu áhrifameiri en þau voru áður og ég veit það bara að það þýðir ekki að renna niður öðrum veiðarfærum þar sem þessi dragnót hefur farið yfir. T.d. dettur engum lifandi manni í hug að renna færi eftir að dragnót hefur verið á ferðinni á einhverju svæði rétt á undan honum og það þekkir hv. þm. örugglega vel.

[20:16]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður kom inn á það að það væri ekki hægt að hrekja þær upplýsingar sem fram kæmu í greinargerðinni. Það er heldur ekki hægt að hrekja þessar tölur sem ég var að lesa hér upp um heildarafla ýsuveiða á Íslandsmiðum samanborið við ýsuveiðar í Faxaflóa. Þar er samfylgni í. En ég er dálítið hissa á því að jafnágætir alþingismenn og standa að þessari þáltill. skulu fara fram með þessum hætti eins og þeir gera miðað við það ástand sem er í atvinnumálum, miðað við þá staðreynd og ég vildi að menn gætu séð sjókortið hér yfir Faxaflóa og sæju um hvaða bleðla er verið að tala. Við erum að tala um 10% af Faxaflóa þar sem menn mega veiða í dragnót. Það liggur fyrir frá fiskifræðingum og öðrum vísindamönnum sem hafa skoðað þessi veiðarfæri, skoðað þessar veiðar, fylgst með afla og aflabrögðum sem segja: dragnótaveiðar í Faxaflóa hafa ekki áhrif á fiskstofna í Faxaflóanum. Þess vegna held ég að það væri umhugsunarefni fyrir þá ágætu alþingismenn sem flytja þessa þáltill. að kynna sér málin betur frá fleiri sjónarhornum en trillubátakörlum á Akranesi.

[20:18]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé ekki minna virði sú atvinna sem skapast af trilluútgerð á Akranesi en af þessum dragnótabátum sem við erum að ræða um. Ég ber fulla virðingu fyrir þeirri atvinnu sem þar er stunduð í kringum þá útgerð. En ég tel hins vegar að það sé ekki ástæða til þess að kasta frá þeim röksemdum og staðreyndum sem liggja fyrir um það hvernig þessar veiðar hafa haft áhrif og ég tel að þó hv. þm. sjái einhverja fylgni milli þessara talna um ýsuveiðar allt í kringum landið þá hafi hann ekki sett hér fram neitt sem hrekur þær tölur sem fyrir liggja. Ég vonast til þess að út úr þeirri athugun sem Fiskifélagið ætlar að gera á þessu máli þá sjáum við þetta betur og vonandi sannast þá af eða á með það hvort þessi áhrif eru finnanleg með því að skoða þessar skýrslur.

Um það hvaða svæði eru nýtt af þessum skipum þá liggur það einmitt þannig að auðvitað eru menn að nota dragnótina á svæðum þar sem hægt er að koma henni við. Það vill nú þannig til að það er á botni þar sem ýsan er töluvert meira en annars staðar. Þess vegna hefur dragnótaveiðin meiri áhrif á ýsuveiðina en á annan fisk sem er á þessu svæði. Þó að um sé að ræða einungis 10% af Faxaflóanum þá getur það verið býsna stór hluti af veiðisvæðunum sem um er að ræða og þarna er verið að veiða á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðadómstólar sem fjallar um stríðsglæpi í Júgóslavíu, 568. mál, stjfrv., þskj. 881.

Atvinnuleysistryggingar, 571. mál, frv. TIO og VS, þskj. 886.

Atvinnuleysistryggingar, 575. mál, frv. AÓB o.fl., þskj. 890.

Atvinnuréttindi útlendinga, 564. mál, stjfrv., þskj. 877.

Ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, 563. mál, stjfrv., þskj. 876.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 566. mál., stjfrv., þskj. 879.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 544. mál, stjfrv., þskj. 852.

Lögreglulög, 565. mál, stjfrv., þskj. 878.

Málefni aldraðra, 295. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 883; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 884.

Réttur til veiða í efnahagslögsögu Íslands, 573. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 888.

Skipulag ferðamála, 562. mál, stjfrv., þskj. 875.

Slysavarnaráð, 235. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 893; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 894.

Stjórn fiskveiða, 560. mál, frv. AÓB o.fl., þskj. 873.

Stjórn fiskveiða, 572. mál, frv. GAK o.fl., þskj. 887.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 556. mál, stjtill., þskj. 868.

Þingsköp Alþingis, 570. mál, frv. TIO o.fl., þskj. 885.

Sumartími, skipan frídaga og orlofs, fyrri umr.

Þáltill. VE o.fl., 435. mál. — Þskj. 647.

[20:22]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um sumartíma, skipan frídaga og orlofs. Ásamt mér flytja þessa tillögu hv. þm. Árni R. Árnason, Einar K. Guðfinnsson, Árni M. Mathiesen og Gísli S. Einarsson.

Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd sem geri könnun á breytingu á tímareikningi, skipan frídaga og orlofs í því skyni að auka framleiðni í atvinnulífinu. Nefndin skal m.a. fjalla um hvort eftirfarandi breytingar séu skynsamlegar:

a. að taka upp sumartíma á Íslandi,

b. að flytja fimmtudagsfrídaga yfir á helgar,

c. að gera að lagaskyldu að tiltekinn hluti orlofs sé ekki tekinn á hefðbundnum sumarleyfistíma."

Öll þessi þrjú atriði sem nefnd eru í tillögunni hafa verið til umfjöllunar á vettvangi viðskiptalífsins og aðila vinnumarkaðarins um alllangt skeið án þess að niðurstaða hafi fengist. Þessi mál hafa ekki oft komið til umræðu á hinu háa Alþingi en rétt er að því sé hreyft hér og því að umfjöllun um þessi mál sé komið í fastan farveg á vegum stjórnvalda þannig að þingið geti tekið skipulega á þessu máli.

Rökin fyrir sumartíma eru einkum þau að á tímabilinu frá síðasta sunnudegi í mars og fram í september/október er tveggja tíma munur á milli Íslands og Vestur-Evrópu, þ.e. meginlandsins. Þetta þýðir að samskiptatíminn milli Íslands og þessa hlutar Evrópu verður afar lítill. Hinn stutti samskiptatími hefur orðið til þess að mjög erfitt getur verið að stunda viðskipti milli Íslands og þessara landa á þessum tíma. Því hefur það komið upp sem einróma álit þeirra sem stunda viðskipti við þessi lönd að Ísland taki upp sumartíma með þeim hætti að það verði alltaf klukkutíma munur á milli Íslands og Vestur-Evrópu. Þetta mundi í raun þýða það að hið náttúrlega hádegi sem við höfum stillt af klukkan hálftvö mundi á þessu tímabili frá síðasta sunnudegi í mars til fjórða sunnudags í október flytjast til hálfþrjú. Þetta þýðir að við mundum njóta mun betur hins stutta íslenska sumars og það mundi skapa allt aðra sumarstemningu hjá fólki sem þarf að vinna á þessum tíma.

Nú er það svo að hinar ýmsu þjóðir haga mjög vinnutíma sínum og hvíldartíma eftir þeim aðstæðum sem ríkja í hverju landi. Þannig er það mjög algengt á hinum heitari landsvæðum að það sé tekið mjög langt hádegisverðarhlé, það sé byrjað snemma morguns að vinna, síðan er langt hádegisverðarhlé og síðan tekið aftur til vinnu og síðan vaka þessar þjóðir kannski fram á rauða nótt að okkur finnst og fá sér þess vegna kannski tvo svefntíma yfir daginn. Við Íslendingar kynntumst þessu kannski best þegar við hófum ferðir til Spánar og kynntumst orðinu „siesta" og því hugtaki. Þess vegna er það mjög algengt að þjóðir hagi sínum vinnutíma og sínum hvíldartíma eftir því sem hentar þeim best og ég hygg að ef Íslendingar almennt höguðu vinnutíma sínum á sumrin með því að byrja fyrr og stilla hádegið þannig af að sólin væri nokkuð hátt á lofti þegar fólk kemur úr vinnu þá mundi það skapa hér miklu betra andrúmsloft á sumrin og gefa fólki kost á að njóta sumarsins betur.

Enn fremur tel ég að þetta hefði töluverða þýðingu fyrir sölu matvæla, sérstaklega kjöts, þar sem þetta mundi auka eftirspurn eftir kjöti m.a. til grillunar á sumrin en sem kunnugt er er sumartíminn að verða einn aðalsölutími lambakjöts og kjöts á Íslandi.

Mál númer tvö sem hér er hreyft er það að flytja fimmtudagsfrídaga yfir á helgar og þá kannski fyrst og fremst horft til sumardagsins fyrsta. Málið er að það eru einkum tveir fimmtudagsfrídagar, þ.e. uppstigningardagur og sumardagurinn fyrsti sem slíta vinnuvikuna í sundur þannig að fólk fær ekki samfellda helgi, langa helgi eins og tíðkast marga aðra frídaga heldur er frí á fimmtudegi, síðan þarf að vinna á föstudegi og svo er aftur frí á laugardegi og sunnudegi. Það hefur margoft verið rætt í tengslum við kjarasamninga að það væri heppilegt að flytja þessa fimmtudagsfrídaga nær helgum, annaðhvort yfir á föstudag eða mánudag þannig að það kæmi þriggja daga fríhelgi. Ég hygg að það væri rétt að fara yfir þetta mál og kanna hvort m.a. næðist ekki samstaða um þetta við aðila vinnumarkaðarins.

Þriðja málið sem hér er hreyft er vetrarorlof en það hefur komist á sú skipan hér á landi að orlofið er orðið 24 virkir dagar venjulega og jafnvel lengra þegar fólk hefur meiri starfsreynslu. Það þarf ekki að orðlengja hversu bagalegt það getur verið fyrir viðskiptalíf landsmanna ef allt þetta orlof er tekið að sumri til og því er ástæða til þess að huga að því hvort ekki sé rétt að a.m.k. hluti af orlofinu sé tekinn á vetrum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þessu máli verði vísað til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. og til síðari umræðu.

[20:30]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér er þáltill. sem hreyfir þremur allathyglisverðum málum sem að vísu eru með þeim hætti að það fyrsta er vægast sagt óaðgengilegt fyrir meginþorra þjóðarinnar. Það segir hér í greinargerðinni um sumartímann, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur nú lagt fram tillögu um samræmdan sumartíma í aðildarríkjunum. Er miðað við það að sumartími hefjist kl. eitt eftir miðnætti síðasta sunnudag í marsmánuði og er klukkan þá færð fram um eina klukkustund."

Þetta er meginmálið í þessu að það er framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sem er að leggja hér til um það að við Íslendingar skulum fara enn einu sinni á

fleygiferð með klukkuna. Ég man þá tíð, ungur maður, aðeins yngri en ég er nú, þegar þetta sífellda hringl var með klukkuna og það var flestum landsmönnum til óyndis. Ég vildi aðeins segja það við frsm. þessarar þáltill. að ef það eru einhver vandræði hjá þeim sem eru í verslun og viðskiptum og eru í samskiptum við erlenda kollega sína, þá er kannski bara rétt að leggja það á þá eina að vakna fyrr á morgnana yfir sumartímann. Ég sé ekki neina ástæðu til þess að allt verslunarbatteríið á Íslandi eigi að draga alþjóð fram og aftur með klukkunni eftir því hvernig stendur í bólið hjá þeim. (**Gripið fram í:** Það er Verslunarráðið ...) Verslunarráðið, kallar hér einhver. Ég var ekki að nefna það. Ég var að tala um þá ágætu verslun almennt sem er hér í landinu. Með leyfi forseta segir á öðrum stað í greinargerðinni:

„Ef tekinn er upp sumartími færist hið náttúrulega hádegi frá um hálftvö til um hálfþrjú á daginn. Þetta þýðir að í raun mundi þjóðin vakna fyrr á sumrin og byrja daginn fyrr. En það þýðir líka að sólarinnar nýtur lengur þegar fólk kemur úr vinnu og þá getur verið þokkalega hlýtt á sumardögum nokkuð fram eftir deginum. Þetta gefur því þjóðinni betra tækifæri til að njóta sumarsins og skapar án efa betri sumarstemningu með öllu sem því fylgir." — Og sérstaklega með kaupmannastéttinni.

Það er ekki amalegt fyrir þjóðina að hoppa upp í fangið á þeim sem stunda verslun og viðskipti og eru í samskiptum við erlenda aðila að hún sé leidd fram með þeim hætti sem hér ber vitni um. Enn fremur segir flm. að þetta kæmi sér einkanlega vel fyrir bændur því að nú mundi landinn taka upp á því að fara að grilla meira en hann gerir og er þó æðimikið grillað yfir sumartímann. Hins vegar er vandamálið kannski að það væri rétt að biðja flm. um að bæta inn á sína þáltill. um það að Veðurstofunni væri skylt að hafa gott veður allt sumarið svo menn gætu þá notið sólar eins og hér er talað um, en því eigum við ekki að fagna, ekki Sunnlendingar alla vega. (**VE:** Bara flytja norður.)

Það sem er athyglisvert í þessu og furðulegt er það að þessir aðilar sem stunda viðskipti við erlenda aðila skuli ætlast til þess að þessi hringlandi með klukkuna verði nú tekinn upp að nýju. Ég þykist vita það að flestir þessara aðila sem hér eru flm. að þessari þáltill. muni þann hringlandahátt sem var á klukkunni hér áður. Það var almennt álit þeirra sem þá voru eldri og reyndari að þetta væri nánast óviðunandi, þetta ástand með klukkuna og því lýsi ég mig algerlega mótsnúinn þessari breytingu með klukkuna.

Hins vegar er svo aftur annað mál í sambandi við fimmtudagsfrídagana, ég held að það sé hið besta mál og þarf auðvitað athugunar við og væri af hinu góða. Það er nú svo að aðrir frídagar sem kannski eiga uppruna sinn erlendis frá, af því að það var vitnað til þess áðan, þá hafa þær breytingar orðið þar á að menn hafa einmitt gert þetta. Þar er að vísu veðurlag allt annað, en engu að síður hafa menn gert þetta til þess að lengja helgina.

Varðandi vetrarorlofið, þá er það svo að það kemur hér fram í greinargerðinni að hið langa sumarfrí skapi vandamál í atvinnulífinu. Ég veit ekki betur en þeir sem stunda verslun og viðskipti við erlenda aðila kvarti yfir nákvæmlega því sama. Ég veit ekki betur en t.d. í Frakklandi um ákveðinn tíma í lok júlímánaðar og eitthvað fram í ágúst sé nánast allt viðskiptalífið lamað. Og ég spyr flm.: Eru þeir að leggja það til að að því verði staðið á milli atvinnurekenda og verkalýðs að upp verði tekinn sá háttur eins og fáar stéttir í landinu hafa þegar tekið upp í sínum kjarasamningi að skaffaðar verði fríar ferðir á erlenda grund einu sinni á ári, það sé tekið upp í kjarasamninginn? Ég er ekki viss um að það sé ekki nema lítið brot af launþegum sem kærir sig um það að taka frí yfir vetrartímann vegna þess að sumarið er allt of stutt. Það er svo stutt hjá okkur og við viljum nota hverja stund á meðan sumar er hér á Íslandi vegna þess að því miður er því bara svo misskipt hér á landi. Ég held að menn ættu að athuga sinn gang áður en þetta tvennt a.m.k. er samþykkt, þ.e. tilfærsla klukkunnar og það að skikka menn til þess að færa sumarfríið sitt yfir á vetrartímann.

[20:36]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst býsnast hv. þm. sem hér talaði áðan yfir því að það skuli lagt til vetrarorlof vegna þess að fólk þurfi að nota sumarið. Svo býsnast hann líka yfir því að það skuli vera lagt til að flytja klukkuna til um einn tíma á sumrin þannig að hádegið kæmi klukkan hálfþrjú og sólin yrði hærra á lofti þegar fólk kemur úr vinnu en það einmitt gæfi fólki betri möguleika til þess að nota sumarið. Þetta klukkumál eru engin skilaboð frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Sumartíminn er í allri Evrópu, í Bandaríkjunum, hjá okkar helstu viðskiptalöndum og það er afar merkilegt að í öllum þessum löndum skuli menn finna það hjá sér að vera með þetta „eilífa hringl með klukkuna" eins og þingmaðurinn kallar svo en að við ein þjóða í þessum heimshluta skulum ekki taka upp sumartímann. Það nefnilega segir nokkuð um þetta mál. Það er vegna þess að það er hringl á klukkunni hér á landi þegar tímamunurinn milli Íslands og Vestur-Evrópu, milli Íslands og Bandaríkjanna er sífellt að hringlast til tvisvar á ári. Þetta skapar mikil vandræði varðandi viðskipti, þetta skapar mikil vandræði vegna flugáætlana og allra slíkra þátta og þess vegna kæmi það sér mjög vel varðandi öll millilríkjaviðskipti að taka upp sumartímann.

Eitt vil ég benda á í viðbót að á sumum stöðum hér á landi leggur fólk það á sig að vakna kl. 7 á morgnana til þess að hefja reglulegan dagvinnutíma til þess að geta verið komið heim fyrr úr vinnunni. Ég get m.a. vísað til Siglufjarðar í þessu sambandi. En þá kemur eitt upp sem ég hélt að þeir menn sem þekktu það mikið til í verkalýðshreyfingunni vissu að barnaheimili opna almennt ekki fyrr en kl. 8 á morgnana og þetta skapar mikil vandræði. Þess vegna verður fólk yfirleitt að hefja vinnu á svipuðum tíma.

[20:39]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað tímann áhrærir þá erum við Íslendingar bara á góðum tíma. Greenwich Mean Time, GMT, er sá tími sem við höfum farið eftir og höldum stöðugleika okkar þar. Hv. 1. flm., Vilhjálmur Egilsson, sem flytur þessa þáltill. ásamt öðrum ágætum þingmönnum kom ekkert inn á að það eru fáir einir sem hafa mest um kvartað, það eru ákveðnir aðilar í verslun og viðskiptum. Það eru þeir sem vilja að öll þjóðin raski sinni klukku og breyti tímanum hér á Íslandi þeirra vegna. Það eru meginrökin. En ég veit það, þykist vera þess fullviss að meginhluti þjóðarinnar kærir sig ekkert um það að vera með þetta hringl á klukkunni.

Í annan stað er það að þessi tillaga framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ég verð að segja það að mér finnst alveg nóg um, það er kannski allt í lagi að fá hugmyndir eða tillögur erlendis frá en hvenær fáum við næst tillögur frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um að það sé einhver ákveðinn háttatími fyrir Íslendinga?

[20:40]

Flm. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins muni seint fara að skipta sér af því hvenær fólk fer að sofa á kvöldin enda er það nú afar mismunandi um Evrópu og mismunandi eftir heimilum eins og hv. þm. veit fullvel. En hv. þm. kvartaði mikið undan því að þetta sé fyrir aðila í verslun og viðskiptum. Þetta er líka fyrir alla þá aðila sem þurfa að hafa samskipti við Vestur-Evrópu og það eru ekki bara í verslun og viðskiptum, það er líka í stjórnkerfinu og síðan að sjálfsögðu einstaklingar líka.

En málið snýst ekki bara um verslun og viðskipti. Málið snýst um það hvort þjóðin fær betri möguleika til að njóta hins stutta íslenska sumars með því að sólin verði hærra á lofti þegar vinnutíma almennt lýkur. Og það er nauðsynlegt að vinnutími sé samræmdur eftir atvinnugreinum þannig að það sé nokkurn veginn byrjað á svipuðum tíma og hætt á svipuðum tíma í dagvinnunni. Það er nefnilega vegna þess að það er svo margt sem hangir saman að þessu leyti. Ég nefndi áðan leikskóla og ég gæti tekið margvíslega aðra þjónustu sem þarna skiptir máli. Ég hygg að mun fleiri fyrirtæki heldur en gera í dag mundu t.d. vilja byrja dagvinnu kl. 7 á morgnana á sumrin ef það væri ekki fyrir það að leikskólar opna ekki fyrr en kl. 8. Og ég skil ekkert í hv. þm. að geta ekki stutt þetta þjóðþrifamál og skilið á hverju hagsmunir þjóðarinnar byggjast. Þetta er mál sem snýst um hagsmuni þjóðarinnar á móti fáeinum mönnum sem nenna ekki að breyta klukkunni sinni þegar kemur að því að gera það á sumrin og haustin.

[20:42]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Að nenna að breyta klukkunni sinni er allt annað mál en hér er verið að tala um vegna þess að sá sem hér stendur stóð um langt árabil í starfi þar sem menn voru sífellt að færa klukkuna. Það fór eftir því til hvaða landa var siglt þannig að það er mér ekkert óþekkt fyrirbrigði og ég tel það ekkert eftir mér. En ég vildi nú bara beina því til hv. síðasta ræðumanns að ef það er nauðsyn á að aðilar byrji að vinna svo snemma að morgni dags sem hann gat hér um áðan þá hlýtur það að vera starfsfólki í hverju fyrirtæki fyrir sig frjálst að byrja á þeim tíma að morgni dags sem því hentar best. En það á ekki að vera að skikka alla þjóðina til þess að breyta klukkunni sinni þess vegna.

Að lokum þetta: Hann kom aðeins inn á það áðan að ég væri að býsnast yfir vetrarfríinu. Aðstæður hér á Íslandi eru með allt öðrum hætti en í Evrópu þar sem menn geta farið ýmist akandi eða fljúgandi, ég tala nú ekki um ef menn fara fljúgandi, fyrir allt annað verð, á allt öðrum verðprísum, til suðrænna landa í vetrarfríum sínum en hér á Íslandi, það er bara meginmálið. (**VE:** Ferðist um Ísland.) Þar liggur kannski munurinn fyrst og fremst á milli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Páskakveðjur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill óska háttvirtum þingmönnum, skrifstofustjóra Alþingis og starfsfólki gleðilegrar páskahátíðar og væntir þess að við hittumst heil að loknu páskahléi.

Út af dagskrá voru tekin 18., 24. og 25. mál.

Fundi slitið kl. 20:45.

123. FUNDUR

miðvikudaginn 6. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.
2. Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frv., 420. mál, þskj. 629. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Ofbeldi gegn konum á Íslandi, þáltill., 269. mál, þskj. 324. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi, þáltill., 332. mál, þskj. 523. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu, þáltill., 419. mál, þskj. 628. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
6. Átak við að koma raflínum í jarðstreng, þáltill., 421. mál, þskj. 630. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Bann dragnótaveiða í Faxaflóa, þáltill., 434. mál, þskj. 646. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
8. Sumartími, skipan frídaga og orlofs, þáltill., 435. mál, þskj. 647. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
9. Hæstiréttur Íslands, stjfrv., 196. mál, þskj. 752. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
10. Meðferð opinberra mála, stjfrv., 197. mál, þskj. 754 (sbr. 219). — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
11. Meðferð einkamála, stjfrv., 198. mál, þskj. 753. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
12. Kennaraháskóli Íslands, stjfrv., 412. mál, þskj. 840. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
13. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 341. mál, þskj. 756, frhnál. 848 og 853, brtt. 758 og 854. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
14. Húsaleigulög, stjfrv., 144. mál, þskj. 160, nál. 835, brtt. 836. — 2. umr.
15. Héraðsskógar, stjfrv., 499. mál, þskj. 766, nál. 855. — 2. umr.
16. a. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, stjtill., 431. mál, þskj. 643, nál. 870. — Síðari umr.

b. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, stjtill., 432. mál, þskj. 644, nál. 870. — Síðari umr.

c. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, stjtill., 433. mál, þskj. 645, nál. 870. — Síðari umr.

17. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 414, nál. 883, brtt. 884. — 2. umr.
18. Slysavarnaráð, frv., 235. mál, þskj. 264, nál. 893, brtt. 894. — 2. umr.
19. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126, nál. 681, brtt. 682. — 2. umr.
20. Lögheimili, frv., 72. mál, þskj. 75, nál. 790 og 826, brtt. 827. — 2. umr.
21. Ræktun íslenska fjárhundsins, þáltill., 390. mál, þskj. 588, nál. 813. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Einar K. Guðfinnsson, 3. þm. Vestf.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Össur Skarphéðinsson umhvrh.

Varamenn taka þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 6. apríl 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Samtaka um kvennalista í Reykv., Guðrún J. Halldórsdóttir skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv."

Guðrún J. Halldórsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Þá hefur borist hér annað bréf, dags. 29. mars 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindagjörðum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær þingvikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska eftir því að í forföllum 1. varaþm. Alþfl. í Reykv. taki 2. varaþm., Valgerður Gunnarsdóttir, sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.
Jón Baldvin Hannibalsson, 7. þm. Reykv."

Þá er hér annað bréf, dags. 29. mars 1994:

„Undirritaður, 1. varaþm. Alþfl. í Reykv., getur ekki vegna anna og utanferðar tekið sæti Jóns Baldvins Hannibalssonar utanrrh. á Alþingi frá 6. apríl 1994 að telja. Óska ég eftir að Valgerður Gunnarsdóttir, 2. varaþm. Alþfl. í Reykv., taki sæti í hans stað.

Magnús Jónsson, 1. varaþingmaður Alþfl. í Reykv."

Valgerður Gunnarsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjala:

Aðgangur almennings að þingskjölum og umræðum á Alþingi, 576. mál, þáltill. AÓB o.fl., þskj. 895.

Aukatekjur ríkissjóðs, 581. mál, stjfrv., þskj. 900.

Brunatryggingar, 577. mál, stjfrv., þskj. 896.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 578. mál, stjfrv., þskj. 897.

Endurgreiðsla oftekinna skatta og gjalda, 582. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 901.

Framleiðsla og sala á búvörum, 579. mál, stjfrv., þskj. 898.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 275. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 891; brtt. meiri hluta allshn., þskj. 892.

Lýsing á Reykjanesbraut, 584. mál, þáltill. GHall o.fl., þskj. 903.

Tekjuskattur og eignarskattur, 583. mál, frv. TIO og StB, þskj. 902.

Útflutningur hrossa, 580. mál, stjfrv., þskj. 899.

Vinnumiðlun, 574. mál, stjfrv., þskj. 889.

Fyrirspurnir til ráðherra skv. 7. mgr. 49. gr. þingskapa.

Breyttar úthlutunarreglur LÍN.

[13:36]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Í Morgunblaðinu 31. mars sl. má lesa frétt um að ákveðið hafi verið að útreikningi námslána verði breytt. Nú skuli ekki lengur tekið tillit til barnabótaauka og barnabóta, né heldur fenginna meðlaga, bóka- og ferðakostnaður skuli hækkaður o.s.frv. Hið háa Alþingi samþykkti lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna í maí 1992 og er óþarft að rifja upp harðorð mótmæli stjórnarandstöðunnar við þessum óréttlátu lögum sem þegar hafa hrakið fjölda fólks frá námi og ekki síst vegna þess að stjórnin virðist hafa getað leikið sér með þessi lög eins og henni hefur sýnst. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. menntmrh., sem ég vænti að hafi staðfest þessar nýju úthlutunarreglur: Hvers eiga þeir að gjalda sem hafa mátt lúta þessum óréttlátu reglum á undanförnum árum, þ.e. frá því í maí 1992, og hvað hefur breyst sem hefur orðið til þess að nú er tekið það ráð að reyna að leiðrétta verstu agnúana af þeim reglum sem námsmenn hafa mátt búa við? (**ÓÞÞ:** Sveitarstjórnarkosningar.) Sveitarstjórnarkosningar, segir hv. 2. þm. Vestf. Það nægir mér ekki. Afkoma námsmanna byggist á allt öðru en framgangi manna í sveitarstjórnarkosningum. Þannig að spurning mín til hæstv. ráðherra er þessi:

Stendur til að leiðrétta, til samræmis við hinar nýju reglur, það sem haft hefur verið af námsmönnum síðan lögin voru sett? Ef ekki, hvers vegna?

Í öðru lagi: Hvað hefur breyst sem hefur valdið því að nú þykir ekki lengur rétt að telja til tekna fengin meðlög, barnabætur og barnabótaauka?

Það getur varla verið sæmandi að hv. alþingismenn lesi það í dagblöðum bæjarins hvernig einhverri stjórn út í bæ hefur þóknast að leika sér að kjörum námsmanna.

[13:39]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt að stjórn Lánasjóðs íslenskra námsmanna hefur samþykkt nýjar úthlutunarreglur eða nokkrar breytingar á úthlutunarreglunum. Um þessar breytingar tókst samstaða í lánasjóðsstjórninni og er sérstök ástæða til að fagna því. Það hefur í sjálfu sér ekkert sérstakt breyst. Það er komin ákveðin reynsla á lögin um Lánasjóð íslenskra námsmanna og það er í ljósi þessarar reynslu sem lánasjóðsstjórnin hefur tekið þessa afstöðu, auk þess sem fjárhagur lánasjóðsins leyfir að nokkuð sé slakað til frá því sem ætlað var.

Sveitarstjórnarkosningar hafa ekkert með þetta að gera. Ekki nokkurn skapaðan hlut. Og af því að hv. þm. sagði að ráðherra hlyti að hafa staðfest þessar úthlutunarreglur þá er það ekki svo. Ég hef ekki fengið þessar samþykktir með formlegum hætti, en mér eru þær hins vegar kunnar. Hvort einhverju verði breytt varðandi kjör þeirra sem tekið hafa lán til þessa. Því get ég ekki svarað á þessari stundu.

[13:41]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. menntrh. fyrir svarið. Það er alltaf gott þegar menn átta sig á því sem aflaga hefur farið og ég vænti þess að hann leggi ekki stein í götu þessara breytinga. Það er að vísu sorglegt að þeir sem hætt hafa námi, þannig að dregið hefur verið úr lánsfjárþörf, skuli hafa þurft að fara frá námi til þess að sjóðurinn hefði rýmri fjárhag, eins og hæstv. ráðherra sagði. Það er dýrkeypt fyrir þá einstaklinga sem þar eiga í hlut. En það sem hæstv. ráðherra veitti ekki neitt svar við er hvort um leiðréttingu yrði að ræða frá því að lögin voru sett 1992. Auðvitað getur hæstv. ráðherra ráðið því og finnist honum það réttlátt ber honum auðvitað að gera það. Þetta hefur komið sér afar illa fyrir fjölmarga námsmenn. Og úr því að sjóðurinn hefur þetta rúman fjárhag vil ég biðja hæstv. ráðherra um að sjá til þess að þetta verði leiðrétt frá þeim tíma að lögin voru sett.

Opnun sendiráðs í Kína.

[13:42]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég beini máli mínu til hæstv. forsrh. Ráðamenn okkar gera nú tíðreist í austurveg og er skemmst að minnast frækilegrar heimsóknar hæstv. forsrh. til Japans. Nú er hæstv. utanrrh. á ferð í Kína eða var á ferð í Kína og samkvæmt fregnum sjónvarpsins tilkynnti hann í Kínaförinni að Ísland hefði ákveðið að opna sendiráð í Kína. Þessi fregn kom nokkuð flatt upp á mig því hæstv. utanrrh. greindi frá ferðaáætlun sinni og umræðuefnum á fundi utanrmn.

Ég vil spyrja hæstv. forsrh.: Hvenær tók ríkisstjórn Íslands ákvörðun um opnun þessa sendiráðs í Kína?

Í öðru lagi. Hvernig hefur ríkisstjórnin hugsað sér að fjármagna þessa starfsemi?

[13:43]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég gerði góða ferð til Japans. Hvort hún var frækileg eða ekki skal ég ekki um segja, en hins vegar gerði íslenska landsliðið frækilega ferð þar, vann þar sigur.

En varðandi spurningar hv. þm. þá hef ég ekki fengið nákvæman texta frá fundum utanríkisráðherra Íslands og Kína um það efni sem hann nefndi sérstaklega. Það mál hefur verið rætt í ríkisstjórn og þar hefur komið fram að vilji stendur til þess að opna skrifstofu sendiráðs Íslands, þó með þeim hætti að leitað hefur verið eftir því að slík aðstaða yrði í tengslum við annað norrænt sendiráð. Annar af tveimur fulltrúum Íslendinga yrði þó með sendiherranafnbót eða stöðu, en það er talið þýðingarmikið, ef þjóðir koma sínum málum fram, að sá fulltrúi hennar sem er á vettvangi beri slíka stöðu og slíkt embætti því þá sé auðveldara um vik í stjórnkerfi viðkomandi lands.

Þannig að þetta hefur verið rætt í ríkisstjórn. Endanleg ákvörðun hefur ekki verið tekin enda ekki komin endanleg niðurstaða í samtölum við okkar norrænu frændur um skipan mála hvað þetta varðar. Það hafa verið nokkrar efasemdir uppi um að hægt væri að hafa tvo sendiherra starfandi í sömu sendinefndarbyggingu eða undir sendinefndarvæng annarrar norrænnar þjóðar. Ég hygg þó að það muni leysast. Vilji hefur staðið til þess og ég tel það vera skynsamlegt. Kínverjar hafa lengi haft sendiráð hér og Íslendingar höfðu á þeim árum, þegar það sendiráð var opnað, góð orð um það að slíkt sendiráð yrði opnað á móti. Ég vek líka athygli á því að ég tel nauðsynlegt að huga jafnframt að sendiráði í Japan þegar tímar líða fram og minni á að hér liggur, ef ég veit rétt, óafgreidd ályktunartillaga um það efni í þinginu.

[13:45]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. þessi svör. Mér heyrðist hann reynar vita jafnlítið um ferðalag hæstv. utanrrh. og ég. Það kemur í ljós í svarinu að það hefur ekki verið tekin ákvörðun í ríkisstjórninni um opnun þessa sendiráðs, en fréttina varð maður að skilja þannig að utanrrh. hefði í Kínaförinni lýst yfir ákvörðun um þetta efni.

Samkvæmt því sem hæstv. utanrrh. greindi frá í utanrmn. daginn áður en hann fór var að vilji stæði til þess að koma fyrir sendifulltrúa í norrænu sendiráði í Peking. Mér kemur það hins vegar á óvart og það er ekki í samræmi við það sem hæstv. utanrrh. sagði á utanríkismálanefndarfundi, ef ég man rétt, að þessi ráðherra yrði með sendiherranafnbót. Ég man ekki betur en hann tilkynnti að sendiherrann yrði búsettur á Norðurlöndum, það væri einungis um sendifulltrúa að ræða. Ég er dálítið hræddur um að hæstv. utanrrh. hafi farið ansi langt fram úr heimildum sínum. Annaðhvort hefur hann gert það eða greint utanrmn. rangt frá áður en hann fór.

[13:47]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði þá stendur vilji til þess í ríkisstjórninni að þetta sendiráð verði opnað. Og eins og ég greindi frá líka þá telja menn áríðandi í samskiptum við hið erlenda ríki að fulltrúi Íslands hafi sendiherranafnbót og stöðu sendiherra því það auðveldi mjög aðgang hans að stjórnkerfi gistiríkisins.

Ég nefndi aðeins í lok míns tíma áðan Japan og ég hygg að það sé rétt með farið að Ísland sé, ásamt Möltu og hugsanlega Albaníu, eina Evrópuríkið sem ekki hefur sendiráð í Japan.

Uppeldisháskóli á Íslandi.

[13:48]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil beina fyrirspurn til hæstv. menntmrh. um það hvað líði undirbúningi og þróun uppeldisháskóla á Íslandi.

Eins og við vitum er á dagskrá hér í dag lagasetning um kennaramenntun eða Kennaraháskólann, en ég sé ekki að það sé um uppeldisháskóla. Mér er kunnugt að tvær nefndir hafa verið í gangi sem hafa átt að fjalla um menntun á háskólastigi, annars vegar um lagasetningu um menntun á háskólastigi og hins vegar um kennaramenntun.

Ég tel að nú sé málum þannig komið á Íslandi í þróun uppeldismála að ástæða sé til að stofna uppeldisháskóla á Íslandi. Mér er líka kunnugt um að ýmsir hafa látið í ljós áhuga á því, m.a. forustumenn Kennaraháskólans og Þroskaþjálfaskólans. Kennaraháskólinn er á háskólastigi og Þorskaþjálfaskólinn á framhaldsskólastigi, en eru að ýmsu leyti á mjög líkum nótum í uppeldisfræðikennslu sinni. Því tel ég einnig með hliðsjón af því að fræðsla yngri barna hefur breyst mjög, þ.e. á leikskólastigi, að kominn sé tími til að stofna uppeldisháskóla og mig fýsir að vita hversu langt er komið undirbúningi og þróun slíks háskóla.

[13:50]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda eru starfandi nefndir sem eru að athuga þessi mál öll. Það er sérstök nefnd starfandi sem vinnur að samningu frv. um rammalöggjöf fyrir kennaramenntunina í landinu, en eins og menn vita eru æðimargir skólar sem hafa með menntun kennara að gera. Ég kann ekki alveg að svara því hvenær sú nefnd muni ljúka störfum. Það er komið nokkuð fram yfir þann tíma sem henni var ætlaður og ég vonast til að fá tillögur nefndarinnar mjög fljótlega.

Þá hafa átt sér stað viðræður milli Kennaraháskólans og Þroskaþjálfaskólans um hugsanlega sameiningu þeirra skóla. Ég hef alveg nýlega fengið í hendur álit þeirra sem að því máli komu og það er nú til athugunar í ráðuneytinu. Þetta er sem sagt allt í vinnslu núna og ég geri ráð fyrir að niðurstaða fáist innan tíðar.

[13:51]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. svar hans. Það eru ekki bara Þroskaþjálfaskólinn og Kenn-

araháskólinn sem ættu að vera í samstarfi um uppeldisháskóla heldur fleiri skólar eins og Fósturskólinn og Íþróttaskólinn, svo eitthvað sé nefnt. Þessir skólar ættu allir að mynda deildir í Uppeldisháskóla Íslands. Kennaramenntun og kennaraskóli yrðu aðeins ein deild af þeim sem ættu að vera í Uppeldisháskóla Íslands. Auðvitað er rétt að byrja smátt og vera ekki að reyna að ná yfir fræðslusviðin, deildirnar, strax. Það má fikra sig áfram. Samt tel ég að það sé kominn meira en tími til að lyfta öllum þessum deildum upp á háskólastig og sameina kraftana þannig að hægt sé að nýta þá kennslu sem til er og þá kennslukrafta og gögn sameiginlega og spara þannig stórfé og gera einnig þessari fræðslu miklu hærra undir höfði en er í dag.

Mótmæli Íslendinga við THORP-endurvinnslustöðinni.

[13:53]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Fyrir páskana átti ég orðastað við hæstv. utanrrh. vegna endurvinnslustöðvarinnar THORP. Á þeim tíma var hæstv. umhvrh. á ferðalagi í Bretlandi og vísaði utanrrh. til þess að hann biði eftir hans heimkomu og tillagna frá ráðherranum í þessu mjög alvarlega milliríkjamáli, svo ég noti orðalag sem hæstv. utanrrh. tók sér í munn af þessu tilefni.

Nú er hæstv. umhvrh. heim kominn. Hann er þriðji íslenski umhvrh. sem fer til Bretlands sérstaklega — mér er að vísu ekki ljóst hvort um er að ræða opinberar heimsóknir eða hvernig formlega hefur verið staðið að þeim ferðalögum — sem fer þangað ekki síst með tilliti til þessara mála, endurvinnslu á kjarnorkuúrgangi í Bretlandi. Og ég vil spyrja hæstv. umhvrh. heim kominn: Hvaða undirtektir fékk hann við sinn málflutning að því er varðar endurvinnslu á geislavirkum úrgangi í Sellafield og annars staðar á Bretlandseyjum? Hvaða tillögur gerir hæstv. umhvrh. að för sinni lokinni til ríkisstjórnar Íslands og Alþingis vegna þessa mjög svo alvarlega máls?

[13:54]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Sú heimsókn sem ég fór nýverið í til Bretlands var opinber heimsókn og kom í kjölfar bréfaskipta sem ég og fleiri ráðherrar höfðum átt við ríkisstjórn Bretlands vegna endurvinnslustöðvarinnar THORP í Sellafield. Ég átti viðræður við kollega minn, John Gummer umhverfismálaráðherra, og eina 12 ráðgjafa hans. Frá því er skemmst að segja að undirtektir hans voru engar. Hann var algerlega andstæðrar skoðunar við mig að því er varðaði þessa endurvinnslustöð. Hann telur að hún muni ekki nema að mjög litlu leyti auka mengun í hafinu, telur að mengun hafi minnkað verulega frá Sellafield frá því sem var um miðjan síðasta áratug, kveður jafnframt að það séu einar þrjár rannsóknastöðvar í Bretlandi sem fylgjast með menguninni og segir að niðurstaða þeirra sé sú að þetta valdi ekki röskun á lífríkinu.

Ég ræddi jafnframt við sérfræðinga á einum tveimur rannsóknastofnunum sem ég fór á, m.a. í Lowestoft, þar sem fylgst er mjög náið með þessum málum og hefur verið gert. Menn fallast á það, þessir sérfræðingar, að sú geislamengun sem menn mæla nú víða í höfunum sé fyrst og fremst frá Sellafield, m.a. sé sú mengun sem hægt er að mæla upp við norðurhluta Noregs enn sem komið er fyrst og fremst vegna Sellafield. Þannig að þrátt fyrir að sérfræðingar í Bretlandi fallist á að þarna sé um aukna mengun að ræða þá halda þeir því fram, og ráðherrann þar af leiðandi líka, að þetta valdi ekki röskun á lífríki sjávarins.

Að því er varðar þær aðgerðir sem ég legg til, þá er það svo að ég hef mótmælt þessu harkalega við ríkisstjórn Bretlands, við kollega minn í Englandi. Ég hef skrifað einum af framkvæmdastjórum Evrópubandalagsins og beðið um að þetta mál verði tekið upp þar. Ég hef jafnframt skrifað prófessor Klaus Töpfer, umhverfismálaráðherra Þýskalands, sem hefur samning við Sellafield um endurvinnslu og beðið hann um að fella þann samning niður. Hann hefur svarað því bréfi sem mér barst í morgun neitandi. Ég sé ekki á þessari stundu að það sé neitt frekar sem við getum gert annað en halda uppi endurteknum þrýstingi á erlendum vettvangi og þá ekki síst á vettvangi Parísarnefndarinnar.

[13:57]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ja, voru það nú viðtökur sem hæstv. umhvrh. fékk við málstað okkar á breskri grund. Var ráðherranum ljóst að í þetta stefndi þegar hann þiggur að fara í opinbera heimsókn til Bretlands og fær ekkert nema snurpur og neikvæðar undirtektir við lífshagsmunamáli Íslendinga? Það sem hæstv. ráðherra segir okkur hér er að hann hafi skrifað og skrifað, fengið neitandi svör og það sé ekkert annað að gera en halda uppi hefðbundnum þrýstingi. Mér finnst satt að segja heldur lítið leggjast fyrir hæstv. umhvrh. í þessu máli. Ég er ekki að gera lítið úr þeirri viðleitni sem uppi hefur verið höfð, en ég tel að nú séu þáttaskil í þessu máli og íslenska ríkisstjórnin verði að taka til annarra ráða heldur en að senda bréf og taka við neikvæðum svörum. Ég minni á samhljóða ályktun Alþingis Íslendinga 17. des. sl. í þessu máli og ég geri kröfu til þess að hæstv. umhvrh. manni sig upp og geri aðrar tillögur til ríkisstjórnarinnar um málið. Og ég treysti því að ríkisstjórnin, og ef ekki umhvrh. þá aðrir í ríkisstjórninni, sjái til þess að á þessu máli verði tekið í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi.

[13:59]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Nú er það svo að ég þekki ekki þá uppeldistækni sem er að finna í Alþb. Ég get a.m.k. borið vitni um það að sú uppeldistækni ber ekki ríkulegan ávöxt. Ég tel að ég hafi ekki tök á því að taka umhverfisráðherra Bretlands á kné mér og flengja hann eða skikka hann til með öðrum hætti. Ég hef beitt öllum þeim aðferðum sem mér eru tiltækar. Ef hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur einhver önnur ráð, þá tel ég að það væri fengur að því að fá þær hugmyndir. Ég tel að það væri fengur að því, virðulegi forseti.

Að öðru leyti vil ég segja það að ég hélt að ég hefði

fulltingi hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar, einmitt til þess að skrifa mönnum, kollegum mínum úti í heimi, og vara þá við og ég vissi líka þegar ég fór að hitta kollega minn í Englandi að undirtektirnar yrðu neikvæðar. Ég taldi hins vegar að það væri fengur að því að ræða þetta augliti til auglitis við hann og fá hans svör beint frá hans vörum en ekki einhver bréf sem kontóristar í hans ráðuneyti hafa skrifað.

[14:00]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er annarra að glíma við árangurinn af viðleitni okkar í Alþb. til að ala upp núv. hæstv. umhvrh. og ég vona að þeir gefist ekki upp þrátt fyrir það sem hér hefur verið sagt. En ég vil segja það að ég tel að staða málsins, staða þessa máls, sé slík núna að íslenska ríkisstjórnin og þá aðrir en hæstv. umhvrh., þó treysti ég því að hann taki þar undir með mönnum, taki til ráða sem tekið verður eftir og tekið verður mark á af breskum stjórnvöldum. Og það er ekki með því að senda fleiri bréf og umkvartanir af þessum toga.

Ég tók eftir því að hæstv. forsrh. sá ástæðu til að fara sérstaklega í stólinn á þingi Norðurlandaráðs vegna þessa máls og minna á það þar. Og ég vænti þess að hæstv. forsrh. eigi eftir að hafa forustu um að það verði tekið á þessu máli af íslensku ríkisstjórninni og þá með fulltingi utanrrh. þegar hann kemur heim eða þess sem er settur í hans stað því það má ekki dragast að tekið verði á þessu máli þannig að bresk stjórnvöld átti sig á því hvað Íslendingar og Alþingi meina með því að um sé að ræða lífshagsmuni þessarar þjóðar.

Skipan nefndar til að kanna áhrif laga um LÍN á hagi námsmanna.

[14:01]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég beini fyrirspurn minni til hæstv. menntmrh. og hún snertir hagsmuni námsmanna og þá sérstaklega starfsemi Lánasjóðs ísl. námsmanna. Í nóvember á sl. ári lýsti hæstv. menntmrh. því yfir á fundi með stúdentum að hann hefði í hyggju að skipa starfshóp sem kanna ætti hvaða áhrif nýsett lög eða tiltölulega nýsett lög um Lánasjóð ísl. námsmanna hefðu haft á hagi námsmanna þann tíma sem þau hafa verið í gildi. Í janúar átti hæstv. menntmrh. samtöl við námsmenn og sagði þá að starfshópurinn yrði mjög fljótlega skipaður. Í febrúarhefti Stúdentafrétta kemur fram í viðtali við hæstv. menntmrh. að það eigi og verði og hafi reyndar verið skipaður þriggja manna hópur sem eigi að hafa þetta hlutverk, að fara yfir hvaða áhrif lögin hafi haft.

Í fyrirspurn í síðustu viku frá hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur kom fram að hæstv. menntmrh. kannaðist ekkert við þetta viðtal í Stúdentafréttunum og sagði berum orðum hér að það viðtal hefði aldrei farið fram. Í Tímanum tveimur dögum síðar viðurkennir svo hæstv. menntmrh. að þetta viðtal hafi átt sér stað, en hann hafi reyndar ekki vitað að þetta væri viðtal. Það hafi hins vegar farið fram viðtal og niðurstaðan hafi orðið sú að það hafi verið talað um að þessi hópur skyldi skipaður.

Nú vil ég spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað er rétt í þessu, bæði því sem fram kemur í Stúdentafréttunum og eins því sem fram kemur í Tímanum? Átti viðtalið sér stað? Stendur til að skipa hópinn og þá hvenær?

[14:04]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég hélt að ég væri búinn að svara þessum spurningum hér þegar í þinginu, en ég get farið yfir það enn og aftur.

Hið rétta í málinu er að það viðtal, í gæsalöppum, sem kom við mig í þessu stúdentablaði — mér var ekki kunnugt um þegar ég átti þetta símtal við ritstjóra blaðsins að hann væri að eiga við mig eiginlegt blaðaviðtal, en ég hef ekki mótmælt því efnislega sem okkur fór á milli. Það eru staðreyndir í málinu.

Ég hafði lýst því yfir að ég mundi skipa starfshóp til þess að kanna áhrif hinna nýju lánasjóðslaga, en ég hafði ekki lýst því yfir, sem víða hefur komið fram hjá stúdentum, að þessi hópur ætti að fá það hlutverk að endurskoða lánasjóðslögin. Það stóð aldrei til. Ég hafði hugsað mér að skipa í þennan hóp formann stjórnar lánasjóðsins, formann stúdentaráðs og framkvæmdastjóra lánasjóðsins. Framkvæmdastjóri lánasjóðsins óskaði eftir því að taka ekki sæti í þessari nefnd. Hann taldi það ekki eðlilegt að hann sem framkvæmdastjóri sæti þar og það varð til þess að málið dróst á langinn og hópurinn hefur ekki verið formlega skipaður enn þá. Ég hef ekki hætt við þá ætlun mína að skipa hópinn. Það liggja að sjálfsögðu fyrir ítarlegar upplýsingar um áhrif þessara laga, en þeim ber ekki saman. Þeim ber ekki saman upplýsingum sem lánasjóðurinn hefur tekið saman og upplýsingum sem stúdentar hafa tekið saman. Það var þetta sem ég ætlaði með skipan þessa hóps að fá fram, einfaldar staðreyndir málsins, sem ég trúi ekki öðru en muni nást fram þegar menn fara að tala saman. Ég mun ganga frá þessu fljótlega.

[14:06]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Vegna þeirrar fréttar sem kom í Tímanum um að hæstv. ráðherra hefði ekki vitað að þarna var um blaðaviðtal að ræða sendu þeir Aðalsteinn Leifsson, ritstjóri Stúdentafrétta, og Páll Magnússon, fráfarandi formaður Stúdentaráðs, frá sér sérstaka fréttatilkynningu um að það hefði öllum verið ljóst að þarna var um blaðaviðtal að ræða. Hins vegar er það ekki það sem skiptir máli heldur hitt að til stendur að þessi hópur verði skipaður. Og það liggur á að það verði gert því að auðvitað er það viðurkenning á hvernig komið er fyrir lánasjóðnum og fyrir námsmönnum sem þurfa að þola þær reglur sem þar eru að nú skuli stjórn lánasjóðsins hafa gert tillögur um breytingar á úthlutunarreglunum vegna þess að það er óbúandi við þessar reglur og þessi lög eins og þau eru. Ég hvet hæstv. menntmrh. til þess að hópurinn verði skipaður sem allra fyrst því það er full þörf á að kanna og fá óyggjandi niðurstöðu í því hver áhrifin eru.

Flutningur Byggðastofnunar.

[14:07]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hafði hugsað mér að bera fram spurningu til hæstv. forsrh. Nú sé ég að stóllinn snýr öfugt í sæti hans og forsrh. á braut þannig að ég verð að doka við.

(**Forseti** (SalÞ): Það verða gerðar ráðstafanir til að gera hæstv. forsrh. viðvart.)

Virðulegur forseti. Ég beini hér fyrirspurn til hæstv. forsrh. vegna málefna Byggðastofnunar sem heyra undir ráðuneyti forsrh. Hæstv. forsrh. hefur margsinnis lýst því yfir að honum þætti eðlilegt eðli máls samkvæmt að Byggðastofnun væri flutt út á land og hefur nefnt Akureyri í því sambandi. Ef ég man rétt, þá hefur hæstv. forsrh. sagt að það væri eðlilegt að þingmenn stæðu frammi fyrir því hér á Alþingi hvort þeir væru samþykkir þeirri gjörð. Í nefnd sem hæstv. forsrh. skipaði um flutning ríkisstofnana og starfaði undir forustu Þorvaldar Garðars Kristjánssonar er komist að þeirri niðurstöðu, eins og hér segir, með leyfi forseta: „Tillaga. Byggðastofnun verði flutt til Akureyrar." Skýrara getur það ekki verið.

Nú gerðist það í síðustu viku að stjórn Byggðastofnunar ákvað að selja það húsnæði sem hún á við Rauðarárstíg og kaupa annað í Reykjavík og þetta hlýtur að hafa verið gert með vitund og vilja hæstv. forsrh. sem er sá ráðherra sem fer með málefni Byggðastofnunar. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra hvort þetta sé tákn þess að hæstv. forsrh. hafi tekið sinnaskiptum í þessu máli og hafi tekið þá ákvörðun að aðalstöðvar Byggðastofnunar skuli vera áfram í Reykjavík.

[14:10]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt að þessi ákvörðun um sölu og kaup á húsnæði Byggðastofnunar var tekin með fullri vitund minni og í samráði við mig að sjálfsögðu. Ég tel það mikilvægt fyrir Byggðastofnun að hafa getað þarna losað um mikla fjármuni sem áður voru bundnir í fasteign þeirrar stofnunar. En það var einmitt sú breyting sem orðið hefur á högum Byggðastofnunar sem gerði þennan tilflutning færan og gerði stofnuninni kleift að losa svo mikla peninga eins og þarna er um að ræða fyrir stofnunina, því að stofnunin hefur í raun flutt verulegan hluta af sjálfri sér út á land. Ég tel það afskaplega mikilvægt hvernig á því máli hefur verið haldið af hálfu stjórnar Byggðastofnunar og af hálfu stofnunarinnar sjálfrar.

Ríkisstjórnin samþykkti í upphafi síns ferils að Byggðastofnun yrði flutt til Akureyrar. Það er hins vegar mál sem þingið þarf að ákvarða. Ríkisstjórnin hefur ekki tekið afstöðu í þá veru að breyta fyrri ákvörðun, en auðvitað hlýtur sú framganga Byggðastofnunar sem ég var að vitna til og þakka að hafa áhrif á hug manna, bæði minn og annarra þingmanna varðandi flutning á Byggðastofnun til Akureyrar.

[14:12]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svarið. Það verður að segjast alveg eins og er að það er allt annar tónn í málflutningi hæstv. ráðherra um þetta mál heldur en hefur verið þegar hann hefur tekið til máls um það hér á Alþingi fyrr á þessu kjörtímabili. Nú lætur hæstv. ráðherra að því liggja að það sé nóg að gert, það sé búið að flytja nokkra skrifstofumenn til innan stofnunarinnar til útibúa og þar með sé búið að fullnægja því markmiði ríkisstjórnarinnar sem sett var í upphafi.

Ég vil einnig, virðulegi forseti, benda á það að hæstv. ráðherra skírskotaði til þess að það væri einmitt vegna samdráttar í starfsemi hér í Reykjavík sem þessi eignatilfærsla væri möguleg núna. En þá vil ég benda á þá einföldu staðreynd að Byggðastofnun er með þessum breytingum að flytja í stærra húsnæði. (Forseti hringir.) Það er um að ræða í fermetrum meira húsnæði sem Byggðastofnun fær til umráða hér í Reykjavík núna heldur en hún hefur í dag við Rauðarárstíg. En ég vil ítreka spurningu mína, hvort hæstv. forsrh. sé horfinn frá því að flytja aðalstöðvarnar til Akureyrar.

Breyting á lögum um stjórn fiskveiða.

[14:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil beina máli mínu til hæstv. sjútvrh. Eitt af hinum stóru málum hæstv. ríkisstjórnar var að endurskoða lögin um stjórn fiskveiða og fyrir þinginu liggur frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða. Nú var dreift hér í þinginu fyrir þessa páskahelgi öðru frv. sem 16 þingmenn standa að.

Ég var á fundi með hæstv. sjútvrh. á miðvikudaginn fyrir páska. Þar sagði hann mjög skýrt og skorinort: „Ríkisstjórnin hefur misst þingmeirihluta sinn fyrir sjávarútvegsfrumvörpunum." Og hann sagði: „Ríkisstjórnin hefur misst forræði sitt á sviði sjávarútvegsmála."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hyggst hann fyrir í framhaldi af þessum nýju aðstæðum? Hvað mun gerast? Ætlar ríkisstjórnin að starfa sem minnihlutastjórn í þessum málaflokki og snúa sér til stjórnarandstöðunnar til að leita að samkomulagi um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða eða ætlar ríkisstjórnin að segja af sér? Ætlar hæstv. ráðherra að leita eftir nýjum meiri hluta og starfa sem ráðherra í minnihlutastjórn gagnvart þessum málaflokki eða ætlar hann að segja af sér? Það hlýtur að vera mikil krafa á að þessi mál verði gerð skýr og ljós fyrir hv. Alþingi og þjóðinni.

[14:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og hv. fyrirspyrjanda er kunnugt, þá liggja fyrir hv. sjútvn. frumvörp um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og fleiri mál sem þeim eru tengd. Hitt er rétt að í dymbilvikunni var lagt fram frv. af 11 stjórnarþingmönnum sem höfðu bundist samtökum við hv. fyrirspyrjanda og nokkra aðra stjórnarand-

stöðuþingmenn þar sem lagt er til að gjörbylta núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi. Það er auðvitað ljóst að eftir að svo margir þingmenn stjórnarflokkanna hafa bundist samtökum við þingmenn í stjórnarandstöðunni um að gjörbreyta fiskveiðistjórnunarkerfinu þá hefur verið opnaður sá möguleiki að stjórnarandstaðan geti með þessum hópi stjórnarþingmanna ráðið niðurstöðu þessara mála og þarf svo sem ekki að hafa um það mörg orð. Það eru staðreyndir sem við blasa eftir að síkt frv. hefur verið lagt fram.

Þessi mál eru nú til meðferðar í hv. sjútvn. og ég hygg að við getum ekki gert annað en séð til hvernig hv. þingnefnd afgreiðir þessi mál og hvernig atkvæðagreiðslur síðan falla hér í þinginu nú á næstu vikum. En það er auðvitað mjög brýnt að Alþingi sjálft taki um þetta ákvörðun og greidd verði atkvæði um þá meginstefnu sem fylgja ber.

[14:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra hefur hér með staðfest að það var rétt sem ég hafði hér eftir honum að hann telji að ríkisstjórnin sé búin að missa meiri hluta sinn og forræði í sjávarútvegsmálum. En hann svaraði því ekki hvort hann eða hæstv. ríkisstjórn ætli sér að leita til stjórnarandstöðunnar um víðtækt samráð um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Ég held að það væri það sem þyrfti að gerast og það sem við alþýðubandalagsmenn höfum lagt til ítrekað hér í umræðum um sjávarútvegsmál að verði gert. Ég tel að það sé loksins komið að þeim degi að það sé varla undan því vikist lengur að koma á alvörusamráði milli allra flokka sem eiga fulltrúa hér á Alþingi um endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða.

[14:18]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Að því er varðar fyrirspurn hv. þm. um það hvort ég sé tilbúinn til að eiga samstarf við stjórnarandstöðuna í þessu efni, þá fer það auðvitað alfarið eftir málefnum. Ég get ekki átt samstarf við hv. fyrirspyrjanda vegna þess að ég er í grundvallaratriðum ósammála honum um það hvernig haga eigi fiskveiðistjórnun í landinu. Ég tel að það frv. sem hann er meðflytjandi að muni skaða hagsmuni íslensks sjávarútvegs, íslenskra sjómanna og veikja mjög rekstrargrundvöll fyrirtækja í atvinnugreininni. En ég er tilbúinn hér eftir sem hingað til að eiga málefnalegt samstarf við alla menn hér í þinginu um skynsamlega og ábyrga fiskveiðistjórnun.

[14:19]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta segir nú ekki mikið. Ef hæstv. ráðherra ætlar að halda áfram eins og hann sagði, hér eftir sem hingað til, þá hefur ekki orðið mikil breyting á afstöðu hans til þess hvernig eigi að standa að stjórn þessara mála og þá held ég að það muni ekki miða mjög í samkomulagsátt um það hvernig eigi að taka á lögunum um stjórn fiskveiða. Ég vonast til þess að menn setjist yfir þetta með opnum hug og að hv. nefnd fái þá tækifæri án þess að sitja undir hamri hæstv. ríkisstjórnar til þess að leita þeirra leiða sem mögulegar eru til að ná samkomulagi um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða. Það kann að vera að það verði ekki um miklar breytingar að ræða með þeim hætti, en það sést nú ekki fram á að það verði verulegur árangur að þessari endurskoðun eins og málin horfa núna.

Veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, frh. 1. umr.

Frv. StB o.fl., 420. mál (veiðar með botnvörpu og flotvörpu í Breiðafirði). — Þskj. 629.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:21]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (AÓB, DO, FI, GuðjG, GJH, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, MF, ÓRG, RA, SighB, StG, VG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Ofbeldi gegn konum á Íslandi, frh. fyrri umr.

Þáltill. SvG og ISG, 269. mál. — Þskj. 324.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:22]

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, DO, EKJ, FI, GuðjG, GJH, HÁ, ISG, IP, JóhS, MF, ÓRG, SighB, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi, frh. fyrri umr.

Þáltill. HG o.fl., 332. mál. — Þskj. 523.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (AÓB, DO, GuðjG, GJH, ISG, JóhS, JGS, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, StG, VS) fjarstaddir.

Ráðstafanir til að veita íslenskri garðyrkju viðunandi samkeppnisstöðu, frh. fyrri umr.

Þáltill. JHelg o.fl., 419. mál. — Þskj. 628.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:23]

Till. vísað til síðari umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, DO, GuðjG, GÁ, GJH, ISG, JGS, JVK, KHG, MF, ÓRG, PP, SighB, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til landbn. án atkvgr.

Átak við að koma raflínum í jarðstreng, frh. fyrri umr.

Þáltill. GE o.fl., 421. mál. — Þskj. 630.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:24]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, DO, GuðjG, GJH, ISG, JGS, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til iðnn. án atkvgr.

Bann dragnótaveiða í Faxaflóa, frh. fyrri umr.

Þáltill. IP o.fl., 434. mál. — Þskj. 646.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]

Till. vísað til síðari umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (AÓB, DO, EgJ, GuðjG, GHall, GJH, ISG, JGS, MF, ÓRG, SighB, StG, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til sjútvn. án atkvgr.

Sumartími, skipan frídaga og orlofs, frh. fyrri umr.

Þáltill. VE o.fl., 435. mál. — Þskj. 647.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:25]

Till. vísað til síðari umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, DO, GuðjG, GHall, GJH, ISG, MF, ÓRG, SighB, StG, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hæstiréttur Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 196. mál (tala fastra dómara, varadómarar, afgreiðsla kærumála). — Þskj. 752.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:26]

Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
8 þm. (AÓB, DO, GuðjG, GJH, ISG, MF, SighB, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 906).

Meðferð opinberra mála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 197. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 754 (sbr. 219).

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (AÓB, DO, GuðjG, GJH, HG, ISG, MF, SighB, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 907).

Meðferð einkamála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 198. mál (áfrýjun o.fl.). — Þskj. 753.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:27]
Frv. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
9 þm. (AÓB, DO, GuðjG, GJH, ISG, MF, ÓRG, SighB, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 908).

Kennaraháskóli Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 412. mál (lengd kennaranáms o.fl.). — Þskj. 840.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:28]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IBA, JóhS, JónK, LMR, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KE, ÓÞÞ, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (AÓB, GuðjG, GÁ, GJH, ISG, JHelg, MF, ÓRG, VS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 909).

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 341. mál (innflutningur búvara, tollskrárviðauki). — Þskj. 756, frhnál. 848 og 853, brtt. 758 og 854.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:31]
Brtt. 854 felld með 32:24 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu
já: StG, StH, SJS, SvG, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, GJH, KE, MF, ÓÞÞ, PP, RA.
nei: SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, VG, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SighB, SalÞ.
2 þm. (EKJ, IBA) greiddu ekki atkv.
5 þm. (VS, AÓB, GuðjG, ISG, ÓRG) fjarstaddir.
3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:31]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Allt frá því að fyrstu drög að brtt. við þetta frv. lágu fyrir hefur orðalag á heimildum landbrh. til álagningar verðjöfnunargjalds á innflutt landbúnaðarhráefni verið óskilyrt hvað uppruna þeirra varðar. Þetta er staðfest í gögnum málsins og í prentuðum skýringum sem fylgdu tillögunum. Í nefndinni komu aldrei fram efasemdir um að orðalagið „landbúnaðarhráefni“ ætti ekki jafnt við um erlend og innlend efni. Þessu til enn frekari áréttingar kemur greinilega fram það álit sérfræðinga í fskj. I og II með frhnál. 1. minni hluta að texti brtt. sé skýr.

Að því er varðar b-lið þessara tillagna er vert að benda sérstaklega á GATT-tilboð ríkisstjórnarinnar. Það var lagt fram í nóvember sl. og liggur nú fyrir í endanlegri mynd en frestur til athugasemda frá öðrum þjóðum rann út 25. mars sl. (Forseti hringir.) Þar er ákveðinn sá vörurammi sem Íslendingum verður heimilt að beita verðjöfnun á grundvelli breytilegra tolla og íslenskra heilbrigðiskröfur ná til. Þær af þessum vörum sem skráðar eru í viðaukum I og II í frv. eins og það er nú orðið falla undir valdsvið landbrh. Þær heimildir standa óbreyttar þótt nýtt GATT-samkomulag verði gert. Tillaga þessi er því óþörf og raunar til þess eins fallin að vekja tortryggni. Þess vegna segi ég nei.

[14:34]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Í þessari atkvæðagreiðslu höf-

um við fengið enn eina staðfestinguna á því að það er full ástæða til þess að segja það berum orðum í lagatextanum hvað menn meina. Það gengur ekki varðandi lög frá Alþingi að það sé leikinn sá leikur að búa til loðið orðalag sem aðilar málsins túlka síðan hver í sína áttina. Við fengum það staðfest með atkvæðaskýringu hv. formanns landbn. hér áðan að hans skilningur varðandi þetta atriði gengur í þveröfuga átt við það sem hefur komið fram hjá varaformanni nefndarinnar, alþýðuflokksþingmanninum, og hæstv. utanrrh. hér úr ræðustól Alþingis.

Ég tel fulla ástæðu til þess, virðulegur forseti, að lögfesta þessa brtt. og segi því já.

[14:36]

Ragnar Arnalds:

Virðulegur forseti. Sá frumvarpstexti sem hér liggur fyrir er málamiðlun stjórnarflokkanna sem í báðum tilvikum hefur verið túlkaður á tvo vegu af hv. talsmönnum stjórnarflokkanna, einkum og sér í lagi af hv. varaformanni og formanni landbn. Þessi tillaga er flutt til að fá það á hreint hvað felst í þessum væntanlegu lögum og eins og fram kom í atkvæðaskýringu hv. formanns landbn. er sá texti sem hér er gerð tillaga um í fullu samræmi við skoðanir hans. Því sætir það nokkurri furðu að hann og skoðanabræður hans og skoðanasystur skuli ekki styðja þessa tillögu. En ég segi að sjálfsögðu já.

Brtt. 758 felld með 32:13 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, StH, FI, GB, GÁ, HÁ.

nei: JóhS, VG, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, SalÞ.

13 þm. (JVK, KHG, GJH, KE, MF, RA, SJS, SvG, EH, EKJ, GHelg, HG, IBA) greiddu ekki atkv.

5 þm. (ÓRG, VS, AÓB, GuðjG, ISG) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:39]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þar sem páskahelgin er nýliðin ætti þingheimi að vera í fersku minni sú setning: „Áður en haninn galar tvisvar muntu afneita mér þrisvar.“ Ég vona að þeir sem skrifuðu ákveðið nál. hafi manndóm til að standa við það sem þeir settu á blað en feli sig ekki á bak við eitthvað annað. Ég segi að sjálfsögðu já.

[14:41]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Í frhnál. 1. minni hluta kemur fram að landbn. leitaði eftir áliti sérfræðinga á þeirri tillögu sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Niðurstaðan varð þessi:

1. Texti frv. eins og hann nú er orðinn er skýr. Þess vegna á ekki að þurfa að leita frekari skýringa í málsskjölum og umræðum á Alþingi þótt ágreiningur kunni að koma upp um framkvæmd þessara laga.

2. Að nál. 1. og 2. minni hluta við 2. umr. málsins stangist einungis á í einu atriði að því er varðar brtt. En þess er þá jafnframt getið að skýringar í nál. 1. minni hluta séu efnislega í samræmi við skýran texta tillagnanna.

Loks er því hafnað að unnt sé að vísa til 3. gr. laga um Evrópska efnahagssvæðið sem fordæmis um flutning þessarar tillögu. Tillagan er því bæði óvenjuleg og óþörf. (Forseti hringir.)

Spurningar um þessa tillögu voru bornar fram á fundi landbn. af þingmönnum sem eru meðflm. hv. 2. þm. Vestf. að þessari tillögu. Þess vegna hlýtur að vekja eftirtekt að þrátt fyrir þá umsögn að þessi tillaga sé nánast óþingleg þá á hún samt að koma hér til atkvæða. (Forseti hringir.) Skýringin kann að vera sú sem fram kom í máli tveggja þingmanna Framsfl. í Suðurl. við 3. umr. málsins að með því að fella þessa brtt. væri verið að staðfesta skýringar og málflutning 2. minni hluta. (Forseti hringir.) Sé þetta afstaða Framsfl. við afgreiðslu þessa máls á við um þann flokk hinn forni málsháttur: Betra er illt en ekkert að aðhafast. Ég mótmæli þessum málflutningi og segi nei, herra forseti. (**Gripið fram í:** Virðulegi forseti.)

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill minna á að hv. þm. hafa aðeins eina mínútu til þess að gera grein fyrir atkvæði sínu.

[14:44]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Við sem að þessari brtt. stöndum gerðum okkur grein fyrir því að það var mikið neyðarúrræði að þurfa að flytja þessa brtt. til þes að fá úr því skorið hver þingviljinn væri. En nú höfum við séð enn einu sinni að hv. formaður landbn. hefur farið sinn stærsta kollhnís í þessu máli þar sem hann afneitar í rauninni eigin áliti og neitar að fá fram þingvilja sem mundi vera tilbúinn enn eina ferðina að styðja hans skýringar og forðast þar með réttaróvissu og átök um íslenskan landbúnað.

Hins vegar skal það tekið fram að lögmennirnir vöruðu nefndarmenn við því að fella þessa brtt. Þeir hvöttu okkur til að draga hana til baka eða gera hér grein fyrir atkvæðum okkar því að þetta væri óeðlilet þingmál að því leyti. (Forseti hringir.) En við viljum fá úr því skorið hver þingviljinn er og þess vegna fluttum við þessa tillögu. En hér hefur það því miður gerst að Sjálfstfl. hafnar eigin áliti. Ég segi já.

Frv. samþ. með 32:2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, VG, LMR, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SighB, SAÞ, SP, SalÞ.

nei: EH, ÓÞÞ.

24 þm. (StG, StH, SJS, SvG, EKJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, GJH, KE, MF, PP, RA) greiddu ekki atkv.

5 þm. (VS, AÓB, GuðjG, ISG, ÓRG) fjarstaddir.

8 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:48]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hafa ýmis tíðindi orðið í meðferð þessa máls hér á Alþingi. Nú síðast hefur t.d. hv. formaður landbn. afneitað eigin skilningi á frv. frekar tvisvar en einu sinni í atkvæðagreiðslum og hlýtur það að teljast nokkuð óvenjulegt. Það má segja að komið sé að ákveðnum kaflaskilum í landbúnaðarfarsa ríkisstjórnarinnar. Málinu er þó ekki lokið nema síður sé. Það er þvert á móti galopið. Áframhaldandi óvissa mun ríkja, deilur og bullandi málaferli verða væntanlega afleiðingin af lögfestingu óljósrar niðurstöðu hér á þingi. Það má segja að stjórnarflokkarnir hafi orðið sammála um að halda því áfram að vera ósammála í landbúnaðarmálum. Vegna þessa og hvernig málið er vaxið hljótum við stjórnarandstæðingar að vísa allri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni og það mun ég gera og sitja hjá við afgreiðslu málsins.

[14:50]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Fyrst er að greina frá þeim óstaðfestu fréttum sem mér hafa borist að það sé áhugi manna fyrir að flytja inn kengúrukjöt. Nú erum við að afgreiða hér frv. og hvernig verður með það farið þar sem þær eru ekki framleiddar hér á landi?

Það liggur ljóst fyrir að landbn. var komin með tillögur í frumvarpsformi sem fólu í sér viðunandi lausn á búvörudeilunni. Þetta hafði tekist með góðri aðstoð ágætra lögfræðinga og góðri samvinnu í nefndinni. Hefði nefndin fengið að vinna áfram í friði þá lægi hér á borðum frv. sem væri samstöðumál meginþorra þingmanna. En því miður, friðurinn í nefndinni breyttist í ófrið. Og ástæðan? Utanrrn. vildi hafa taumhald á nefndinni og hinu háa ráðuneyti tókst sitt ætlunarverk gegn vilja meiri hluta nefndarinnar. Málefni landbn. ættu þó ekki að vera á forræði hæstv. utanrrh.

Annmarki þessa frv. eins og það liggur nú fyrir er að það gengur ekki nógu langt vegna undanlátssemi við krata. Mér er þó ljóst að frv. þarf að ganga fram. Lengra virðist ekki hægt að komast og fyrir málinu er þingmeirihluti. En atkvæði mitt er mótmæli, mótmæli við vinnubrögðum hæstv. utanrrh. í þessu máli og þeirri undanlátssemi sem honum er stöðugt sýnd. Ég segi nei.

[14:52]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Með samþykkt þessa frv. er eytt þeirri óvissu sem uppi hefur verið um innflutning landbúnaðarvara þegar afnumin var eldri auglýsing um innflutningsleyfi með reglugerð nr. 415/1992, sem byggð var á nýjum lögum um innflutning, nr. 88/1992, og Hæstiréttur tók mið af í dómi sínum í hinu svokallaða skinkumáli 20. jan. sl. Í hinni nýju reglugerð var öllum landbúnaðarvörum sleppt. Með viðaukum I og II er valdsvið landbrh. skilgreint og með 1. mgr. 72. gr. er staðfest ótvírætt forræði landbrh. á þessu máli. Þannig eru hagsmunir íslensks landbúnaðar í breyttum viðskiptaheimi tryggðir. Öllum þeim sem unnið hafa að framgangi þessa máls utan þings sem innan færi ég þakkir fyrir mikilvægan stuðning. Ég segi já.

[14:54]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Eftir árs deilu, réttaróvissu, átök, lögbrot og dóma er þessu máli loksins að ljúka hér í þinginu í bili — tekið skal fram, í bili. Lengst af átti formaður landbn., hv. þm. Egill Jónsson, kost á því að yfir 50 þingmenn næðu saman um afdráttarlausa lagasetningu. Hann kaus hins vegar að fara aðrar leiðir til að bjarga lífi ríkisstjórnarinnar. Hann var beygður vegna samstarfsins við Alþýðuflokkinn. Hann lét undan. (**Gripið fram í:** Þú verður beygður líka.) Þessi lagasetning er byggð á veikum forsendum og bændur og afurðastöðvar eru í óvissu um starfskilyrði sín í framtíðinni. Ég harma þessa niðurstöðu og greiði því ekki atkvæði.

[14:55]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um mál sem búið er að velkjast fyrir ríkisstjórn og Alþingi í tæpt ár. Það sem er e.t.v. eftirtektarverðast þegar kemur að atkvæðagreiðslu er að engin lausn hefur fundist. Vilji Alþingis hefur í tæpt ár legið fyrir. Það hefur ekki strandað á því að það væri ekki hægt að finna hann. Það sem hins vegar hefur gerst er að ráðherrar ríkisstjórnarinnar og forustumenn stjórnarmeirihlutans á Alþingi hafa verið ófærir um að ná samkomulagi um málið sem hægt væri að leggja hér fyrir Alþingi og um gæti náðst breið samstaða. Það vekur upp þá spurningu: Hversu langt hlé verður á þessu máli frá og með þessari atkvæðagreiðslu í dag? Það er mín skoðun að ekki muni líða á löngu þar til einstakir ráðherrar og stjórnarflokkarnir verða komnir í hár saman út af þessu máli. Ég geri mér hins vegar fulla grein fyrir því að um þetta mál verður að vera löggjöf og sit því hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[14:57]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Meðferð stjórnarflokkanna á þessu máli hefur verið með eindæmum og íslenskum landbúnaði til niðurlægingar. Stjórnarflokkarnir hljóta einir að bera ábyrgð á þessum vinnubrögðum. Því greiði ég ekki atkvæði.

[14:58]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Samkvæmt stjórnarskránni eigum við að búa við þingbundna stjórn. Þessa stundina er það staðfest að við búum við stjórnbundið þing. Hér hafa verið höfð endaskipti á hlutunum. Ræða hæstv. utanrrh. var staðfesting á því að hann telur það ósvífni ef Alþingi Íslendinga ætlar að breyta stjórnarfrumvörpum. Ég treysti mér ekki til að taka þátt í því að lögfesta frv. þar sem tvö misvísandi nál. hafa verið lögð fram og enginn veit fyrir fram hver túlkunin verður af þeirri ástæðu.

[14:59]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Niðurlæging hæstv. landbrh. og Sjálfstfl. er algjör í þessu máli. Alþfl. hrósar hér því miður öll-

um sigri og marklaust hjal formanns landbn., hv. þm. Egils Jónssonar, bætir ekkert úr. Landbúnaðurinn, atvinnulífið og neytendur í landinu bera skaðann af þessu ráðslagi. Ábyrgðin er stjórnarflokkanna, sú ábyrgð er þung. Ég greiði ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 910).

Húsaleigulög, 2. umr.

Stjfrv., 144. mál (heildarlög). — Þskj. 160, nál. 835, brtt. 836.

[15:01]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. á þskj. 835 um frv. til húsaleigulaga.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Sigurð Helga Guðjónsson hrl. og Inga Val Jóhannsson, deildarstjóra í félmrn. Nefndin hafði hliðsjón af umsögnum sem henni bárust á 116. og 117. löggjafarþingi en mál þetta hefur verið til umfjöllunar á tveim þingum. Þessar umsagnir voru frá Kennarasambandi Íslands, Alþýðusambandi Íslands, borgarstjórn Reykjavíkur, Húseigendafélaginu, Matsmannafélagi Íslands, bæjarstjórnum Keflavíkur, Akureyrar, Kópavogs, Akraness, Selfoss og Ísafjarðar, Neytendasamtökunum, Húsnæðisstofnun ríkisins, Öryrkjabandalagi Íslands, Leigjendasamtökunum, Dómarafélagi Íslands, Húseigendafélaginu, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, bæjarlögmanni Akureyrar, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Verktakasambandi Íslands, Lögmannafélagi Íslands, Búseta sf., svæðisráði Reykjavíkur í málefnum fatlaðra, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Félagi einstæðra foreldra og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Í 3. gr. frv. kemur fram að ákvæði þess um hjón eða maka eigi einnig við um sambúðarfólk. Að óbreyttu nær hugtakið sambúðarfólk aðeins til karls og konu sem búa saman og eru bæði ógift ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár. Breyting nefndarinnar, sem leggur til að hugtakið sambúðarfólk nái í lögum þessum einnig til annars sambúðarforms tveggja aðila, byggist á að skilgreining frv. þykir of þröng. Nefndin telur að ákvæðið eigi að ná t.d. til samkynhneigðra sambúðaraðila eða annars sambúðarforms tveggja einstaklinga, svo sem systkina. Má segja að breytingin feli í sér að ef tveir einstaklingar hafa búið saman í leiguíbúð í a.m.k. eitt ár, þannig að jafna megi sambúðinni hvað heimilisrétt varðar til hjúskapar eða óvígðar sambúðar, skuli ákvæðum laganna um hjúskap eða óvígða sambúð beitt um slíka einstaklinga eftir því sem við getur átt. Taka má sem dæmi um áhrif þessarar breytingar að ákvæði 47. gr. um forgangsrétt til áframhaldandi leigu og heimild til að ganga inn í leigusamning við andlát maka eða sambúðaraðila nær þá einnig til þess konar sambúðarforms. Þannig bætist við 3. gr., virðulegi forseti, „eða við annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár".

Lögð er til breyting á 56. gr. sem kveður á um eins mánaðar uppsagnarfrest ótímabundins leigusamnings. Orðalagsbreytingin í lok 1. tölul. byggist á að rétt þykir að um einstök herbergi gildi alltaf eins mánaðar uppsagnarfrestur, án tillits til hvers herbergið er notað.

Lagðar eru til breytingar á 69. gr. Skv. 1. mgr. fer byggingarfulltrúi með úttektir þær sem frv. mælir fyrir um. Sveitarstjórnum er þó heimilt að fela húsnæðisnefnd eða starfsmanni á hennar vegum þá framkvæmd. Í 2. og 3. mgr. er aftur á móti aðeins rætt um byggingarfulltrúa og er breytingunum ætlað að taka af tvímæli um að þær skyldur byggingarfulltrúa sem greindar eru í 2. mgr. og þær gjaldtökuheimildir, sem sveitarstjórnum eru veittar í 3. mgr., eiga einnig við þegar öðrum en byggingarfulltrúa hefur verið falið að framkvæma úttektir. Þannig er lagt til að í stað orðanna „byggingarfulltrúa ber að" í 2. mgr. komi: Sá sem framkvæmir úttektir skal — o.s.frv. Á eftir orðinu „byggingarfulltrúi" í 3. mgr. komi: Eða annar aðili skv. 1. mgr.

Samkvæmt 85. gr. frv. er hlutverk kærunefndar húsaleigumála, sem kveður upp endanlega úrskurði á sviði stjórnsýslunnar, að gefa álit í ágreiningsmálum aðila leigusamningsins og beina tillögum til aðila um úrbætur. Breytingartillaga nefndarinnar felur í sér að við 85. gr. bætist ný málsgrein, er verði 7. mgr., þar sem kærunefndinni verði heimilað að taka fyrir mál að eigin frumkvæði og samkvæmt ábendingum eða tilmælum annarra aðila. Getur kærunefndin þá, á sama hátt og í ágreiningsmálum aðila leigusamnings, látið frá sér álit og tilmæli og er gert ráð fyrir að málsmeðferð samkvæmt greininni verði í báðum tilvikum sú sama. Þetta þýðir að á eftir 6. mgr. kemur ný málsgrein sem orðist svo: Kærunefndin getur einnig tekið fyrir mál að eigin frumkvæði og eftir tilmælum og ábendingum frá öðrum, svo sem félmrn., Húsnæðisstofnun ríkisins, byggingarfulltrúum, leigumiðlurum, Húseigendafélaginu og Leigjendasamtökunum. Í slíkum málum getur nefndin látið frá sér fara álit og tilmæli og gilda um málsmeðferð fyrirmæli þessarar greinar eftir því sem við getur átt.

Lögð er til breyting á gildistökuákvæði frv. þannig að lögin taki gildi um næstu áramót og skal endurskoðun eldri samninga fara fram fyrir 1. mars 1995. Er þetta í samræmi við ákvörðun um gildistöku frv. til laga um fjöleignarhús. Þykir með sama hætti og í því máli nauðsynlegt að vanda vel til undirbúnings að gildistöku, m.a. með kynningu og gerð nýrra samningsforma. Þá þykir eðlilegt að almenningur fái góðan aðlögunartíma, m.a. þar sem gert er ráð fyrir endurskoðun eldri samninga til samræmis við ákvæði frv., en í mörgum tilvikum felur það í sér verulegar breytingar frá eldri lögum.

Guðjón A. Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nefndarálitið rita Rannveig Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Gísli S. Einarsson, Ingibjörg Pálmadóttir, Eggert Haukdal, Kristinn H. Gunnarsson, Jón Kristjánsson og Guðjón Guðmundsson.

[15:09]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Framsögumaður félmn., hv. 4. þm. Reykn., hefur nú gert grein fyrir áliti nefndarinnar varðandi þetta mál. Um það tókst gott samkomulag í nefndinni þannig að ég þarf ekki miklu við það að bæta. Nefndin ræddi þetta mál ítarlega og gerði á því nokkrar breytingar sem hér hefur verið gerð grein fyrir. Ég vil aðeins undirstrika varðandi löggjöf sem þessa að tilgangur hennar er að rétta hlut leigjenda og skýra þeirra réttindi en það er ávallt vandmeðfarið vegna þess að auðvitað má slíkt ekki hafa þau áhrif að þrengist um á húsaleigumarkaðnum.

Ég tel að frv. eins og það er nú úr garði gert fari bil beggja í þessu efni og sé réttarbót fyrir þá sem þurfa einhverra hluta vegna að leigja sér húsnæði.

Það voru nokkur veigamikil atriði sem nefndin tók sérstaklega til umræðu. Hún tók t.d. til umræðu hvort það væri eðlilegt að ráðherra gæfi leyfi fyrir leigumiðlunum eða hvort það væri hlutverk yfirvalda í hverju byggðarlagi að gera það eins og með aðra atvinnustarfsemi. Það varð niðurstaðan að ráðherra gæfi þessi leyfi. Það byggðist á þeim forsendum að það er í tiltölulega fáum tilfellum sem leigumiðlanir eru á nógu stórum markaði til að eiga tilverugrundvöll og aðallega þá í mesta þéttbýlinu og ekki óeðlilegt að félmrn., sem hefur með þessi mál að gera, gefi út þessi leyfi. Á það var því fallist eftir nokkrar umræður þar um.

Einnig voru nokkrar umræður um það mál hvort það væri eðlilegt hlutverk byggingarfulltrúa í einstökum byggðarlögum að annast úttektir. Það var niðurstaða nefndarinnar að svo yrði því að byggingarfulltrúi vinnur á þessu sviði og þótti eðlilegt að a.m.k. í flestum byggðarlögum væri þetta á hans hendi. Þó þótti rétt að hafa heimild til að fela húsnæðisnefndum þessar úttektir þar sem þessi starfsemi er viðameiri.

Ég ætla ekki að hafa um þessi atriði mörg orð né ræða um einstök atriði frv. Um það tókst gott samkomulag og það liggur hér fyrir með breytingum sem framsögmaður nefndarinnar hefur gert grein fyrir. Ég eins og aðrir nefndarmenn legg til að frv. verði samþykkt.

[15:13]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur á nál. félmn. skrifar fulltrúi Kvennalistans undir það og verð ég að segja að ég er alveg sammála þeirri niðurstöðu sem nefndin hefur komist að. Ég tel mjög mikilvægt að tekið sé á málum leigjanda. Þeirra réttur hefur að vísu batnað í gegnum árin en það hefur verið misbrestur á því að þeir hafi getað verið nokkuð tryggir á leigumarkaðnum og þess vegna er ég mjög ánægð með að sjá að þetta frv. er komið svo langt að við getum væntanlega samþykkt fljótlega að réttur leigjanda verði aukinn eins og er gert ráð fyrir í frv.

Ég verð að viðurkenna að ég set ákveðin spurningarmerki við það sem kom fram áðan hjá hv. 2. þm. Austurl. að það þurfi að fá leyfi hjá ráðherra til að reka leigumiðlun en ekki yfirvöldum á hverjum stað. Ég tel þetta vafaatriði en ætla að sætta mig við niðurstöðu nefndarinnar að því er þetta varðar en tel að þetta þurfi að taka til athugunar og fylgjast vel með því hvort ekki sé eðlilegt að breyta þessu síðar. Það má vel vera að það sé eðlilegt að ráðherrann veiti þetta leyfi en ég set ákveðið spurningarmerki við það.

En það er aðallega eitt atriði sem rak mig í stólinn og það varðar 3. gr. Ég tel að brtt. sé til mikilla bóta en ég set ákveðið spurningarmerki samt við þessa brtt., hvort hún gengur nógu langt. Eins og segir í brtt. er miðað við að annað sambúðarform tveggja einstaklinga en tekið var fram í greininni eins og hún var gildi einnig. Síðar í nál. segir orðrétt, með leyfi forseta: „Nefndin telur að ákvæðið eigi að ná t.d. til samkynhneigðra sambúðaraðila eða annars sambúðarforms tveggja einstaklinga, svo sem systkina." Mér finnst nefndin í raun takmarka aftur það sem ég vildi lesa út úr brtt. Það er ég mjög ósátt við. Ég hefði viljað að þarna væri ekki gert upp á milli sambúðarforms því það geta hugsanlega tveir eða jafnvel fleiri karlar eða konur ákveðið að búa saman án þess að það þurfi endilega að tákna að um samkynhneigða aðila sé að ræða eða systkini. Það gætu hugsanlega bara verið vinkonur eða hvernig sem fólk kýs að haga sínu sambúðarformi. Í raun átta ég mig ekki á hvers vegna er í nál. aftur takmarkaður sá réttur sem brtt. gerir ráð fyrir. Það er fyrst og fremst það sem ég er ósátt við og tel nauðsynlegt að það komi skýring frá formanni nefndarinnar hvort það sé virkilega meiningin hjá nefndinni að þetta eigi eingöngu að ná til þeirra sem talað er um, sambúðarfólks eða þeirra sem eru giftir, og alls ekki til annarra. Ég er þá á móti því. Ég er á móti þeirri takmörkun sem felst í nál. En maður greiðir ekki atkvæði um nál. heldur um tillögugreinina og brtt. eins og hún er. En ef á að túlka þessi lög þá er auðvitað nál. notað og þetta á ég mjög erfitt með að sætta mig við.

Ég hef löngum verið þeirrar skoðunar að það hafi allt of lítil munur verið gerður á því þegar fólk ákveður að gera með sér hjónabandssamning og þeirra sem kjósa að gera það ekki. Mér hefur fundist tilhneiging í lagasetningu vera mikið í þá áttina að vera alltaf að gera sambúðarfólki jafnhátt undir höfði eða setja það jafnt og hjónafólk eða fólk sem hefur ákveðið að búa saman í hjónabandi. Ég tel að það eigi að vera ákveðinn munur þarna á, að fólk eigi að geta valið sér form en þetta fjallar ekki um það atriði heldur einungis um þennan rétt leigjenda þegar fólk býr saman. Þess vegna finnst mér nauðynlegt að heyra það frá formanni nefndarinnar hvort þetta er bara til skýringar en ekki til þess að takmarka. Því þá liggur við að ég þurfi að gera við þetta breytingartillögu ef meiningin er að túlka þetta svona þröngt.

En ég tek það fram, herra forseti, að eins og kemur fram í brtt. sjálfri má gjarnan skilja þetta mjög vítt

eins og ég skildi það fyrst þegar ég sá brtt. Það var ekki fyrr en ég sá nál. og reyndar heyrði framsögu hv. 4. þm. Reykn. sem mér hálfbrá að sjá að þetta var sett fram með þessum hætti.

[15:19]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem aðeins í stólinn til að undirstrika ánægju mína með það að þetta frv. skuli vera komið fram. Ég held að nál. og þær breytingar og skýringar sem þar eru séu yfirleitt til bóta. Eitt algengasta sambúðarform um langan aldur á Íslandi hefur verið það sambúðarform að mæðgin eða feðgin hafa búið saman. Það hefði kannski alveg eins mátt nefna það og önnur dæmi sem nefnd eru í nál. viðvíkjandi 3. gr.

Ég tel að þetta orðalag sé aðeins til skýringar en ekki sem dæmi og eigi ekki að vera tæmandi upptalning hjá nefndinni og því tel ég ekki mjög hættulegt þó þetta standi svona. En ég tel að það sé til stórra bóta að þessi ákvæði skuli koma núna inn í lögin.

Mér finnst augljóst mál eins og efnahags- og atvinnuástandið er á Íslandi í dag að fleiri og fleiri munu þurfa að leigja, geta ekki komið sér upp þaki yfir höfuðið og þar af leiðandi fer þörfin á að skýr og góð húsaleigulög séu til vaxandi og að réttur allra aðila sé vel tryggður, ekki bara þeirra sem leigja heldur líka húseigendanna. Þeir sem á næstu árum og kannski áratugum munu þurfa að leigja verður trúlega oft fólk sem á undir högg að sækja í tilverunni og því er mjög mikilvægt að þetta frv. sé vel og réttlátlega út garði gert og ég held að svo sé.

[15:21]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka þær undirtektir sem þetta mál fær í virðulegum þingsal Alþingis. En ég vil líka nota þetta tækifæri til að þakka nefndarmönnum í félmn. fyrir samvinnu í bæði þessu máli og lögum um fjöleignarhús sem sett voru laust fyrir páska. Þetta eru tveir mjög mikilvægir lagabálkar varðandi búsetu fólks og það hefur verið mjög góð samvinna nefndarinnar við að vinna þetta mál og komast að sameiginlegri niðurstöðu.

Hér komu ákveðnar athugasemdir fram fyrst og fremst hjá hv. 15. þm. Reykv. en 18 þm. Reykv. kom jafnframt inn á það sama. Ég vil fyrst svara örlítið varðandi það sem spurt var um að félmrh. veiti leigumiðlunum starfsleyfi. Það kom fram í athugasemd t.d. frá Húsnæðisstofnun að það væri miklu eðlilegra að þetta mál væri sótt undir tiltekið yfirvald í byggðarlaginu, t.d. sveitarstjórn eða lögreglustjóra, rétt eins og um ýmsan atvinnurekstur á staðnum væri að ræða. Nefndin skoðaði þetta og kallaði til fólk og fór yfir þessi mál og íhugaði hvort rétt væri að flytja brtt. og koma til móts við þessi sjónarmið. Samkvæmt gildandi lögum er það lögreglustjóri sem getur veitt löggildingu til leigumiðlunar. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu að það væri eðlilegt að félmrh. veitti slíkt leyfi þar sem um starfsleyfi er að ræða. Það má benda á að það er ráðuneytið sem t.d. kemur til með að ákveða frekari hæfisskilyrði sem þarf að uppfylla til að geta fengið leyfi til að reka leigumiðlun, sbr. 74. gr., og það verður ráðuneytið sem kemur til með að hafa yfirstjórn þessara mála og eftirlit með að reglur þar um séu uppfylltar.

Það kom líka fram við yfirferð nefndarinnar á þessu máli að reynslan hefur sýnt að það er þörf á heimildum til að fylgjast með slíkri starfsemi. Ég bendi í því sambandi á ákvæði í 80. gr. þar sem segir að leigumiðlara sé skylt að veita félmrn. þær upplýsingar um starfsemi leigumiðlunarinnar sem óskað er eftir hverju sinni. Og einnig 81. gr. þar sem ráðherra er veitt heimild til starfsleyfissviptingar ef leigumiðlari gerist sekur í starfi sínu um vanrækslu eða brot gegn ákvæðum frv. eða missir eitthvert þeirra skilyrða sem sett eru fyrir leyfisveitingu. Í núgildandi löggjöf hafa komið fram annmarkar á að þessum málum sé fylgt eftir eins og við í nefndinni hefðum óskað og því var það niðurstaða okkar að standa að þessu á þann hátt sem gert er.

Varðandi hina athugasemdina um 3. gr. þá hljóðar 3. gr. svo: „Ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk, en með sambúðarfólki er átt við karl og konu sem búa saman og eru bæði ógift, ef þau hafa átt saman barn, konan er þunguð eða sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár.“ Nefndin vildi skilgreina þetta ákvæði vítt, eins og fyrirspyrjandi kom inn á og láta það gilda yfir fast sambúðarform óháð slíkri skilgreiningu sem þarna kemur fram og var eiginlega búin að taka ákvörðun um orðalag þar að lútandi. Hins vegar kom það fram í vinnslu brtt. að í lögum er hverju sinni sem getið er um sambúðarfólk sett inn slík skilgreining. Það hefði þá þurft að fara að leita eftir því við hvaða form er átt þarna. Eftir þá yfirferð var því ákveðið að 3. gr. skyldi standa með þeirri breytingu sem nefndin gerir tillögu um að við greinina bætist: eða annað sambúðarform tveggja einstaklinga ef sambúðin hefur varað samfleytt í eitt ár. Mér er það ljúft og skylt að upplýsa að nefndin er þarna að tala um systur, bræður, mæðgin, feðgin, vini o.s.frv. sem búa saman í þetta ár og hljóta þar með sömu réttindi samkvæmt lögunum og aðrir.

Hitt er annað mál að alveg eins og hv. 18. þm. Reykv. nefndi þá var í nál. fyrst og fremst verið að geta um hvað við gæti átt en ekki meiningin með nál. að þrengja þetta ákvæði.

[15:26]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt. Ég vildi lýsa ánægju minni með að formaður félmn. skuli hafa lýst því yfir að þetta væri alls ekki til þeirrar takmörkunar sem má lesa út úr því. Vona ég að ákvæðið verði skilið með þeim hætti sem hún lýsti í sinni seinni ræðu ef um einhvern vafa er að ræða á því hvernig eigi túlka það. Ég þakka henni fyrir að hafa komið svo skýrt fram með hvað við væri átt með brtt. Auðvitað hefði verið best ef hægt hefði verið að breyta greininni allri þannig að hún væri orðuð öðruvísi frekar en að nota orðið sambúð sem hefur kannski ákveðna merkingu í huga fólks. Þess vegna er mikilvægt að þessi yfirlýsing kom fram af hálfu formanns nefndarinnar.

[15:27]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er enginn vafi á því að frv. þetta er til bóta og í því felast ugglaust að flestu leyti þarfar réttarbætur til handa leigjendum. Ég skal fúslega játa að ég hef ekki farið yfir það nákvæmlega eða í alveg einstökum atriðum enda allmikill bálkur og sjálfsagt ekki aðrir en nefndarmenn sem hafa unnið málið það samviskusamlega.

En það eru nokkur atriði sem ég vil spyrja um við þessa afgreiðslu málsins með því hugarfari að ég held að það sé mikilvægt úr því að loksins er að komast til afgreiðslu endurskoðun laga um húsaleigu, sem gerðar hafa verið, ef ég man rétt, nokkrar tilraunir til undanförnum árum að koma fram, að það takist þá vel til og eytt sé allri óvissu sem kynni að vera uppi í því efni og tekið á svona helstu málum sem aðstæður hér og nú og eins og þær blasa við til næstu ára kalla eftir. Reyndar má rifja það upp að við Íslendingar höfum lengi staðið okkur heldur illa í þessu sambandi, bæði hvað varðar lagalegu hliðina og líka framboð á leiguhúsnæði. Það hefur verið hér minna og ótryggara en í flestum nálægum löndum. Reyndar sker húsnæðismarkaðurinn á Íslandi sig algerlega úr í þessu efni. — Forseti, það blikkar hér rautt ljós. Hefur það einhverja sérstaka merkingu? Mér er heldur illa við að tala á rauðu ljósi eins og kunnugt er þannig að ég vil gjarnan losna við þetta fyrirbæri úr púltinu. Ég hef ekki gert mikið af því.

Ég var að segja að það mætti svo sem alveg rifja það upp í þessu sambandi að húsnæðismarkaðurinn íslenski hefur skorið sig mjög úr hvað þetta snertir og reyndar einnig að hér voru til að mynda um langt árabil um miðbik aldarinnar ekki í gildi nein lög um húsaleigu sem var með ólíkindum. Þegar maður hugsar til baka má það furðu sæta að fyrst var þó tekið á slíkum málum af einhverju marki í lögum á 3. áratugnum, ef ég man rétt. Síðan kemur tímabil þar sem alls engin lög giltu um málefni leigjenda og ófullkomin reyndar þau sem síðan hafa verið. Þetta er nokkuð lýsandi fyrir það að á Íslandi hefur þetta húsnæðisform skipað allt annan og veigaminni sess en hjá öðrum þjóðum. Nú kann ég ekki í augnablikinu, nema rifja það fyrst upp, prósentutölur um hlutföll í þessu sambandi en einhvern tímann kunni ég það að þetta hlutfall var hverfandi lítið á Íslandi. Það kann að vera að það hafi frekar þokast upp á við síðustu árin. Á sama tíma er umtalsverður hluti alls húsnæðis, t.d. á hinum Norðurlöndunum, ýmist leiguhúsnæði eða hlutareignarhúsnæði.

Ég vil þá koma því að í leiðinni að út af fyrir sig, og vonandi misskilst það ekki, er það hið þarfasta mál að taka á endurskoðun húsaleigulaganna og framkvæma þar eðlilegar réttarbætur en hitt er stóra málið að það verði eitthvert leiguhúsnæði til fyrir þann vaxandi hluta þjóðarinnar sem á alls ekkert í önnur hús að venda og einkaeign á íbúðarhúsnæði er annaðhvort óviðráðanleg af efnahagslegum ástæðum eða hentar ekki af félagslegum ástæðum vegna tímabundinna aðstæðna í þjóðfélaginu o.s.frv. Það er ekki nokkur leið að horfa fram hjá því að efnahagsástand, atvinnuástand og annað því um líkt hér á Íslandi á líðandi stundu hlýtur að stórauka þrýstinginn á aukið framboð á leiguhúsnæði. Það getur ekki orðið önnur niðurstaða. Þegar farið er yfir efnahag tekjulægsta hlusta launafólks, svo ekki sé talað um aðra sem eiga að reyna að draga fram lífið á atvinnuleysisbótum eða öðru slíku, þá er tómt mál um að tala að menn geti ráðist í að eignast eigið húsnæði. Í einhverjum mæli geta menn byrjað að mynda eign í íbúðarhúsnæði ef þeir komast inn í félagslega íbúðarkerfið en kaup á almennum markaði fyrir fólk á lágmarkslaunum eða atvinnuleysisbótum er tómt mál um að tala. Algjörlega. Þá skiptir sköpum að framboð á tryggu leiguhúsnæði á viðráðanlegum kjörum sé fyrir hendi í þjóðfélaginu.

Ef það verður ekki getur niðurstaðan aðeins orðið ein og hún er fólk án húsnæðis. Hún verður ósköp einfaldlega fólk sem ekki á í neitt öruggt hús að venda og verður að leita á náðir ættingja eða götuna ef ekki vill betur til. Það er vonandi ekki svo komið á Íslandi að við teljum það ásættanlegt fyrir siðferðisstig þjóðfélagsins að hér gangi fólk húsnæðislaust í stórum stíl þó það gerist í mörgum öðrum þjóðfélögum og jafnvel mestu velmegunarlöndum heimsins, eins og Bandaríkjunum, en þar fer húsnæðislausu fólki fjölgandi um fleiri hundruð þúsund á hverju ári um þessar mundir eins og kunnugt er. Er svo komið til að mynda í heimsborginni New York að þar fær maður varla nokkurs staðar sæti á bekk í almenningsgarði vegna þess að þeir eru allir uppteknir af heimilislausu fólki. Það er vonandi ekki sú framtíð sem við ætlum okkur að sætta okkur við á Íslandi.

Þess vegna vil ég koma þessum áherslum að í tengslum við þetta frv. að það er alveg augljóst mál að allar aðstæður kalla á að stórátak verði gert í þessum efnum. Það væri auðvitað til umhugsunar fyrir þá sem standa að núverandi ríkisstjórn að velta því fyrir sér á hvaða spori hin svokallaða sjálfseignarstefna á íbúðarhúsnæði, sem var mikið í tísku að hampa hér á árunum, er í reynd þegar hinar efnislegu forsendur og staðreyndir málsins eru þannig að hún er úti í hafsauga fyrir verulegan hluta þjóðarinnar. Ég hef t.d. reynt að gera á því útreikninga fyrir fólk með venjulegar tekjur, sem eru kannski rétt við viðmiðunarmörkin fyrir félagslega húsnæðiskerfið, hvernig það gangi að kaupa venjulega íbúð á markaði í Reykjavík. Það er ósköp einfaldlega þannig að það dæmi gengur ekki upp miðað við lánskjör á húsbréfum og íbúðarverð í dag. Þó að tekjurnar liggi yfir viðmiðunarmörkum félagslega kerfisins og viðkomandi fjölskylda sem sagt úr leik hvað það snertir að komast inn í félagslegt húsnæði þá er hún í raun og veru jafnóralangt frá því að geta keypt frambærilega íbúð á almennum markaði fyrr en hún á eignir sem nema a.m.k. 1–2 millj. kr. í afsetjanlegum verðmætum til að leggja upp í þau íbúðarkaup, fyrr gengur dæmið ekki upp jafnvel þó um sé að ræða kaup á lítilli íbúð.

Síðan er hér atriði sem mig langar til að spyrja hv. formann félmn., eða eftir atvikum hæstv. félmrh., að. Það er tenging þessa frv. til húsaleigulaga við frv. sem

er nýframkomið um húsaleigubætur. Satt best að segja átti ég allt eins von á því að þessi tvö frumvörp yrðu látin fylgjast að. Ég vil þess vegna leyfa mér að spyrja í fyrsta lagi hvort ekki sé nauðsynlegt að láta þetta frv. a.m.k. bíða um sinn 3. umr. á meðan farið verður yfir frv. til laga um húsaleigubætur. Ég treysti því að það sé ætlunin og staðið verði við að afgreiða það frv. á þessu þingi. Þar með er ég að sjálfsögðu ekki að tala um að þetta eigi að verða til þess að fresta afgreiðslu málsins enda er ég stuðningsmaður þess að bæði þessi frv. nái fram að ganga. En mér finnst mikilvægt að það verði þannig að þessu hvoru tveggja staðið að sem best takist til.

Ég tek það fram að ég hef svo sem ekkert skoðað þetta út í hörgul en í fljótu bragði sýnist mér að ástæða gæti verið til að fara vandlega yfir vissa kafla í þessum frumvörpum þannig að þeir væru í góðu samræmi. Nú kann vel að vera að vinnubrögðin séu til slíkrar fyrirmyndar og svo fullkomin af hálfu þeirra sem að málunum standa að þetta séu óþarfar áhyggjur og þetta sé allt saman í einni ljúfri harmoníu frá ráðuneytinu eða höfundum frumvarpanna. En ef við tökum til að mynda annars vegar II. kafla frv. sem hér er á dagskrá um leigusamninga þá er þar allítarlega fjallað um það hvernig leigusamningar fyrir húsnæði skuli vera og það er alveg grundvallaratriði varðandi réttarstöðu leigjandans. Berum það svo saman við skilyrði þess að menn fái húsaleigubætur. Um þau er fjallað t.d. í 5. gr., 8. gr. og 12. gr. í frv. til laga um húsaleigubætur og þá eru þar auðvitað ákvæði sem tengjast alveg beint húsaleigulögunum og ákvæðum þeirra um leigusamninga. Til að mynda er samkvæmt frv. um húsaleigubætur — ég vona að forseti geri ekki athugasemdir við að það sé vitnað yfir í það mál af því að það er náskylt efnislega — sagt að það sé skilyrði til húsaleigubóta að húsaleigusamningur um viðkomandi húsnæði sé til sex mánaða eða lengri tíma og að honum hafi verið þinglýst. Þá spyr maður sig að því: Koma þessi ákvæði til með, ef þau verða afgreidd svona, að hafa sjálfkrafa áhrif á gerð húsaleigusamninganna þannig að þeir yrðu þá jafnan tímabundnir og til sex mánaða eða lengri tíma? Mundi þetta orðalag duga gagnvart ótímabundnum leigusamningum um íbúðarhúsnæði? Það er alveg nauðsynlegt að það sé á hreinu. Nú segir að vísu í 9. gr. um húsaleigulögin að leigusamning má gera til ákveðins tíma eða ótímabundinn og leigusamningur telst ótímabundinn nema um annað sé ótvírætt samið. Gilda þá ákvæði 56. gr. Þar segir að uppsagnarfrestur ótímabundins leigusamnings um íbúð skuli vera sex mánuðir. En samningurinn er ótímabundinn. Það er alveg ljóst að ef ekki er settur inn tiltekinn tími, eitt ár eða tíu ár eða eitthvað því um líkt, þá telst samningurinn ótímabundinn og það er skýrt tekið fram í lögunum. Mundi það þá teljast samningur til sex mánaða að uppsagnarfresturinn er sex mánuðir? Eða yrði e.t.v. að gera þarna breytingu á þannig að það væri alveg ótvírætt að ótímabundinn leigusamningur um íbúðarhúsnæði með sex mánaða uppsagnarfresti telst í skilningi húsaleigubótalaganna nógu langur samningur þannig að menn fái bætur.

Þetta þarf að mínu mati að vera alveg skýrt og það getur vel verið að það sé út af fyrir sig í lagi að afgreiða húsaleigulagafrumvarpið og taka þá af tvímæli þegar frv. um húsaleigubætur verður afgreitt en í öllu falli þarf að gera það á öðrum hvorum staðnum.

Eins er það þegar kemur að því í frv. um húsaleigubætur að skilgreina hvað skuli teljast íbúðarhúsnæði, þá verð ég að segja reyndar, þó það sé útúrdúr við þetta mál hér, að mér finnst þar um ansi þrönga skilgreiningu að ræða. T.d. er ljóst að það á að útiloka þá frá húsaleigubótum sem búa í íbúðum sem eru kannski að einhverju leyti standsettar í húsnæði sem ekki var hannað eða teiknað upphaflega sem íbúðarhúsnæði og er þar af leiðandi t.d. með sameiginlegri snyrtingu eða sameiginlegri eldunaraðstöðu, við skulum segja fyrir tvær litlar íbúðir í kjallara. Þá mundu ákvæði í 8. gr. frv. um húsaleigubætur útiloka þá aðila frá húsaleigubótum og af því að það segir í greininni: „Með íbúðarhúsnæði í lögum þessum er átt við venjulega og fullnægjandi heimilisaðstöðu og eru lágmarksskilyrði a.m.k. eitt svefnherbergi ásamt séreldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu."

Þetta er náttúrlega mjög þröng skilgreining. Við vitum það vel að verulegur hluti af þessum leiguíbúðum sem í hlut eiga og koma til greina við úthlutun húsaleigubóta eru standsettar íbúðir í alls konar húsnæði, í kjöllurum og risíbúðir o.s.frv. Húsaleigubæturnar koma ekki til gagnvart leiguíbúðum sem eru í eigu ríkissjóðs og sveitarfélaga eða fyrirtækja á vegum sveitarfélaga þannig að hér er um að ræða leiguíbúðir á hinum almenna íbúðarmarkaði og hlýtur af þeim ástæðum að teljast nokkuð þröng skilgreining.

Þessi ákvæði teldi ég sömuleiðis ástæðu til að skoða í tengslum við húsaleigulagamálin, hvort ástæða væri til að athuga það samræmisins vegna og til að tryggja að réttur manna verði eins og til stendur og ætlast er til og þetta fari ekki eins og með blessað atvinnuleysisbótafrumvarpið í fyrra sem menn fluttu í þeirri trú að þeir væru að auka réttindi manna og taka inn nýja hópa inn á atvinnuleysisbætur en sátu svo uppi með þá niðurstöðu að bílstjórum, trillusjómönnum og ýmsum fleirum var sparkað út. Þvert ofan í það sem ætlað hafði verið, að greiða götu nýrra aðila, sjálfstætt starfandi atvinnurekenda, til bótaréttar, þá fór það alveg öfugan veg. Það voru fjölmennar stéttir í landinu sem misstu bótarétt við þessar breytingar (**Gripið fram í:** Eða fengu hann ekki.) eða fengu hann ekki og það gengur auðvitað ekki. Við þurfum að vanda okkur hvað svona hluti snertir.

Í þriðja lagi vil ég nefna um tengingu þessara tveggja frumvarpa og spyrja eftir atvikum, eins og ég sagði, hv. formann félmn. eða félmrh., sem reyndar er ekki viðlátinn sem stendur. Það er um það að í 12. gr. frv. til laga um húsaleigubætur er fjallað um gögn sem þurfa að fylgja umsókn til húsaleigubóta og þar stendur: „Leigusamningur, gerður á staðfest samningseyðublað undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur." — Þetta er leigusamningur sem fjallað er um í II. kafla frv. til laga um húsaleigu sem við erum að ræða og er

á dagskrá. Ég verð að segja alveg eins og er að það kemur mér mjög spánskt fyrir sjónir að leigusamningur á grundvelli laganna um húsaleigu skuli ekki vera fullnægjandi gagn til að sækja um húsaleigubætur nema hann sé jafnframt þinglýstur. Hvers vegna á að leggja þann kostnað, þá kvöð og þá fyrirhöfn á alla leigjendur í landinu að fara og láta þinglýsa leigusamningi, jafnvel bara til sex mánaða? Er þetta ekki bara tóm vitleysa? Á ekki frekar að ganga þannig frá þessu að ákvæðin um leigusamninga í húsaleigulögunum verði svo skýr og ótvíræð að þeir séu fullnægjandi gagn til umsóknar um húsaleigubætur.

Það gengur ekki að mínu mati að afgreiða þessi tvö frv. blindandi gagnvart hvort öðru fyrr en svona atriðum er komið alveg á hreint. Þetta má, eins og ég segi aftur, e.t.v. leysa með því einfaldlega að afgreiða húsaleigulögin en breyta þá eftir atvikum eða lagfæra þessi ákvæði í húsaleigubótafrumvarpinu. Kannski er nóg, ef menn fallast á það, að fella bara einfaldlega niður þetta viðhengi „og þinglýstur" þannig að það sé ljóst að leigusamningur gerður á staðfest samningseyðublað, sem má þess vegna mín vegna vera löggiltur skjalapappír ef það lítur betur út, og undirritaður af báðum aðilum sé fullnægjandi gagn í þessum efnum.

Það eru reyndar nokkur fleiri minni háttar atriði, hæstv. forseti, sem ég hafði aðeins staldrað við en ég sé svo sem ekki ástæðu til að gera um þetta lengra mál. Ég vona að ég hafi komið mínum sjónarmiðum á framfæri og þeim spurningum sem varða samhengi þessara mála. Ég vil í fyrsta lagi spyrja eftir atvikum hv. formann félmn., sem vel að merkja er ekki víst að fái húsaleigubótafrumvarpið til meðferðar, eða hvað? Því nú er aldrei að vita nema menn líti kannski svo á að það sé mál efh.- og viðskn. Einhverjir kynnu að halda þeirri skoðun fram. Alla vega er það útgjaldaatriði. Spurningin er hvort ekki ástæða sé til að bíða með t.d. 3. umr. og afgreiðslu húsaleigulagafrv. þó ekki væri nema um skeið og þá með því hugarfari að menn muni afgreiða málin fyrir þinglok. Og í öðru lagi um þessi tvö eða þrjú efnisatriði sem ég sérstaklega spurði um og vitnaði í.

Ég hefði einnig haft í sjálfu sér áhuga á því að heyra ef hæstv. félmrh. hefði haft einhverjar skoðanir um þetta efni.

[15:47]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er aðeins örstutt viðbót við það sem ég var að ræða um áðan sem ég vildi koma að. Það stendur í nál.: „Nefndin telur að ákvæði eigi að ná t.d. til samkynhneigðra sambúðaraðila eða annars sambúðarforms tveggja einstaklinga, svo sem systkina."

Þarf endilega að standa þarna „tveggja"? Það er alveg eins hugsanlegt að það séu fleiri heldur en tveir. Ef þrír byggju saman væru þeir þá útilokaðir þó þeir byggju saman á sama grundvelli?

Það hefur verið um það dálítið að fólk byggi saman í því sem kallast kommúna eða „kollektiv" á dönsku og mundi kannski heita sambýli á íslensku. Þessi fyrirbrigði gætu vel komið upp aftur og ef það væru fleiri en tveir sem byggju við þessi kjör saman í íbúð, mundu þeir þá ekki geta fallið undir þessi ákvæði? Ég held að það hljóti að vera hægt að finna eitthvað annað orðalag sem hentaði þannig að ef fólk byggi saman fleira en tveir á sama grundvelli, þ.e. deildu með sér kjörum og útgjöldum, að þetta gæti náð til þeirra líka.

Það er aðeins þessi örstutta athugasemd sem mér fannst ég þurfa að koma að vegna þess að ég hef sjálf búið árum saman við álíka aðstæður og hefði fundist eðlilegt að ég væri jafnrétthá og hinir í þeim efnum.

[15:48]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst beina orðum mínum til hv. 18. þm. Reykv. út af spurningu þingmannsins varðandi sambúðarformið.

3. gr. er um að ákvæði í lögum þessum um hjón eða maka eiga einnig við um sambúðarfólk. Í framhaldi af því ræddum við um hvað átt væri við og að hverju viljum við að lögin beinist varðandi sambúðarfólk. Við vorum því að reyna að gæta réttar þeirra sem eru í sambúð án þess að falla undir þá hefðbundnu skilgreiningu sem þarna var að finna. Ég verð að viðurkenna það að við ræddum það ekki hvort með þessu væru lagðar einhverjar hömlur á það ef fleiri en tveir byggju saman. Auðvitað búa oft fleiri en tveir í íbúð, það eru þá mjög gjarnan börn eða einhverjir sem fylgja með. Það má alveg eins hugsa sér ef þessu hefði ekki verið breytt að hjón eða sambúðarfólk búi saman svo og systkini annars. Ég get ekki séð að þetta ýri rétt þeirra sem á annað borð búa saman, sé þarna um sambúðaraðila að ræða, því mér finnst að það sé verið að gæta hagsmuna a.m.k. tveggja. Að öðru leyti get ég ekki svarað þessu betur vegna þess að nákvæmlega um þetta atriði fjölluðum við ekki en vorum að færa út réttindin samkvæmt 3. gr.

Aðrar spurningar sem til mín var beint af hv. 4. þm. Norðurl. e. eru kannski meira vangaveltur um almenn atriði. Ég get tekið undir óskir hans um að við munum sjá til þess á komandi árum að nægilegt húsnæði verði fyrir hendi á viðráðanlegum kjörum og við verðum vissulega þess mjög meðvituð öllsömul að það skiptir miklu máli að leiguhúsnæði sé fyrir hendi.

Varðandi skoðun á því hvort húsaleigulög eða frv. um húsaleigulög hafi verið skoðað með tengingu við frv. um húsaleigubætur, þá hefur það ekki verið gert, þ.e. ekki af okkur í nefndinni og ég svara fyrir störf nefndarinnar. Frv. um húsaleigubætur er rétt fram komið, á síðasta degi fyrir páska, en þá vorum við búin að ljúka umfjöllun okkar um húsaleigulögin. Mér finnst það alveg ljóst að þessi húsaleigulög fjalla um réttindi leigjenda gagnvart leigusala. Þau fjalla um réttindin varðandi húsnæðið, varðandi búsetuna, það sem má gera í íbúð, hvað manni ber, hver réttur manns er og hver réttur leigusalans er. Mér finnst að í þessu frv. hafi þeim málum öllum verið vel fyrir komið og þessi réttur sé vel skilgreindur.

Varðandi húsaleigubæturnar þá er t.d. í 9. gr. eins og hv. þm. nefndi talað um leigusamninga sem eru gerðir til að fá húsaleigubætur. Ég á afskaplega erfitt

með að sjá það, ég hef eins og ég hef sagt ekki borið þessi frumvörp saman með því tilliti sem hann óskar, að samþykkt húsaleigulaganna út af fyrir sig hafi einhver áhrif á frv. um húsaleigubætur nema ef ske kynni að við mundum gera einhverjar lagfæringar þar af því að okkur finnst eitthvað óþarfi sem þar stendur með tilliti til þeirrar réttarstöðu sem er þegar fengin með húsaleigulögunum. Ég verð að segja að engin leið er að fjalla um frv. sem ekki hefur verið mælt fyrir, hvort lögin þegar þar að kemur muni gera kröfu um að samningur verði þinglýstur eftir að fyrir liggja lög sem svo vel er farið yfir með tilliti til húsaleigusamninganna. Það er mál sem kemur bara til skoðunar af því að þingmaðurinn nefndi það. Skilgreining íbúðarhúsnæðis sömuleiðis. Þetta er umfjöllun sem sett er fram um það við hvaða aðstæður og hvað þurfi að vera fyrir hendi til þess að fá húsaleigubætur. Ég á mjög erfitt með að sjá það og þar er ég náttúrlega að tala bara um mín eigin viðbrögð að réttur tapist gagnvart húsaleigubótum sé réttur leigjandans fyrir hendi samkvæmt húsaleigulögum, sé íbúð þess eðlis í raun og veru samkvæmt skilgreiningum um íbúðarhúsnæði og réttindum og skyldum varðandi húsaleigulögum hlýtur það að hafa mikil áhrif á réttindin varðandi húsaleigubæturnar. En ég verð að segja það að ég hef að sjálfsögðu ekki skoðað þetta saman en mér finnst að með tilliti til þess að í öðru tilfellinu er verið að kveða á um réttindi leigjenda gagnvart leigusala og útlistun á húsnæðinu og teknar fyrir ýmsar meginreglur varðandi leiguhúsnæði að þá sé það fyrst og fremst og allt annars eðlis í sjálfu sér frv. um húsaleigubætur þar sem það fjallar um rétt leigjenda til að fá húsaleigubætur og grundvöllurinn fyrir því máli er byggður kannski á öðrum sjónarmiðum. En réttindalega og skilgreining húsnæðis og annað finnst mér hljóta að verða mjög veigamikið í húsaleigulögum.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta mál sem ekki hefur verið mælt fyrir en má vera að félmrh. vilji bæta við þetta hjá mér.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill vekja á því athygli að ætlunin er að gera hlé á fundinum um klukkan fjögur en þá hefjast þingflokksfundir. Ef til vill getur hv. ræðumaður tekið tillit til þess.

[15:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hentar mér alveg prýðilega, ég þarf ekki langan tíma til að segja í viðbót það sem ég vil um þetta. Ég þakka hv. formanni félmn. fyrir að staðfesta það sem mig grunaði reyndar að þessi frumvörp hefðu ekki verið borin saman eða skoðuð af nefndinni og ég er alls ekki að álasa einum eða neinum í því efni vegna þess að það liggur auðvitað í hlutarins eðli þar sem húsaleigubótafrumvarpið er nýframkomið. Það stendur hins vegar eftir að fá það upplýst og ég beið með að biðja um orðið þangað til sýnt þótti að mínu mati að hæstv. félmrh. hafði ekkert við okkur að segja um þetta hvort eitthvað var unnið beinlínis af því tagi í undirbúningi málanna af hálfu ráðuneytisins. Ég held ég hafi þegar sýnt fram á með tilvitnunum hér í lagagreinar að það er full þörf á því að fara rækilega yfir og samræma ákvæði þessara laga, það leiðir af sjálfu. Það er svo alveg óskylt mál og tæknilegt atriði hvort menn gera það með því að afgreiða húsaleigulögin óbreytt og taka svo mið af þeim og lagfæra eftir atvikum ákvæði laganna um húsaleigubætur. Ég er út af fyrir sig alveg sammála hv. formanni félmn. að húsaleigulögin eru grundvallarlögin. Þau eru undirstaðan sem taka á réttindum leigjanda og leigusala í þeirra samskiptum. Það hlýtur að vera eðlilegra að ráðstöfun af því tagi, og löngu tímabær að vísu, að taka upp húsaleigubætur, byggist á þeirri grundvallarlöggjöf sem væntanlega og vonandi stenst fremur tímans tönn og þarfnast síður endurskoðunar en slíkar ráðstafanir. Að því leyti er ég auðvitað alveg sammála en hitt er alveg ljóst að a.m.k. hvað varðar leigusamningagerðina þá er húsaleigulöggjöfin úrslitaatriði varðandi réttindi manna til húsaleigubóta. Ég nefndi t.d. þetta með tímabundna leigusamninga eða ótímabundna, það má ekki vera neinn vafi á því að það skerði ekki eða útiloki ekki rétt manna til húsaleigubóta að þeir séu með ótímabundinn leigusamning. Það má gera m.a. með því að taka bara fram í húsaleigubótalögunum að ótímabundinn leigusamningur á íbúðarhúsnæði skuli teljast til sex mánaða eða lengri tíma og þar með falla undir bótaákvæðin þar sem húsaleigulögin kveða á um sex mánaða uppsagnarfrest í slíkum tilvikum. Það getur vel verið að lögfræðingar, a.m.k. einhver hluti Hæstaréttar ef svo færi, kæmust að þeirri niðurstöðu að þetta væri svona en ekki hinsegin en það væri að mínu mati óviturlegt að láta einhverja óvissu liggja í loftinu um slík efni og langbest að klára það frá strax. Hvort sem menn gera það með því að breyta eftir því sem þörf krefur ákvæðunum í húsaleigubótafrv. sem ég er reyndar ekki viss um að sé nóg í öllum tilvikum. Ef menn t.d. vilja ganga þannig frá ákvæðunum um leigusamninga að þeir séu fullnægjandi plagg og þarfnist ekki þinglýsingar til að mynda rétt til húsaleigubóta, þá getur verið að menn vilji gera ákvæðin um það betur úr garði. Ég endurtek það sem ég sagði að í fljótu bragði virðist það fáránleg ráðstöfun að setja ítarleg ákvæði um leigusamninga á íbúðarhúsnæði og lögfesta þau en gera svo jafnframt að skilyrði í húsaleigubótalagafrv. að slíkum samningum sé í hverju einasta tilviki þinglýst, jafnvel þó að þeir séu til skamms tíma til þess að menn geti fengið húsaleigubætur.

Ég segi svo aftur og endurtek það að ég er sammála formanni félmn. um að húsaleigulögin séu grundvallarlöggjöfin og að því leyti til er eðlilegt að setja þau á undan, ef svo má að orði komast, en æskilegast væri að mínu mati að þessi mál yrðu samferða. Ég sé í sjálfu sér ekkert í aðstæðum á þinginu sem kemur í veg fyrir að svo verði og ég hefði gjarnan viljað heyra eitthvað frá hæstv. félmrh. um þetta áður en við ljúkum þessari umræðu.

[16:00]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að hv. síðasti ræðumaður velti því fyrir sér hvort þessi tvö frumvörp, um húsaleigusamninga og húsaleigubætur, hafi verið borin saman. Það hefur verið gert í ráðuneytinu þannig að þessi ákvæði hafa verið borin saman sem hann tiltók við húsaleigubæturnar og ákvæði þess frv. Ég hef ekkert við það að athuga að nefndin skoði það og gangi sjálf úr skugga um þarna sé ekkert sem rekist á varðandi þessi tvö frv. Varðandi ótímabundnu samningana þá er sex mánaða uppsagnarfrestur og það ætti að nægja til þess að þetta ákvæði varðandi það að leiga sé í sex mánuði, sem er skilyrði fyrir rétti til bóta, að það á þá að gilda.

Varðandi þinglýsinguna sem hér er títtnefnd, við fáum væntanlega tækifæri til þess að ræða þetta í umræðum um húsaleigubæturnar á morgun, það var talið mikið öryggisatriði að hafa þetta ákvæði um þinglýsingu. Það mundi stuðla að vandaðri samningum, koma í veg fyrir málamyndasamninga og þinglýsingin kostar um 1.000 kr. Það var talið mikið öryggisatriði að hafa þetta með þessum hætti en væntanlega gefst okkur tími til að ræða það á morgun.

Að öðru leyti vil ég nota tækifærið hér og þakka nefndinni fyrir vel unnin störf og fagna því að nefndin hafi náð samstöðu um þetta mikilvæga frumvarp.

[16:02]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. svörin og ég tek það svo að hún sé sátt við það og telji eðlilegt t.d. að það verði dokað eitthvað við með 3. umr. þessa máls á meðan félmn. fer fyrstu umferð á húsaleigubótafrv. og þá er í raun og veru komið með alveg fullnægjandi hætti til móts við mínar óskir og ég þakka fyrir það. Mér þótti hins vegar athyglisvert orðalag hæstv. félmrh. að útfærsla frumvarpsákvæðanna um ótímabundinn leigusamning ætti að nægja til að slíkir samningar mynduðu stofn til húsaleigubóta. Ég get verið sammála hæstv. ráðherra, mér fyndist sjálfum að það ætti að nægja að samningarnir þó ótímabundnir væru séu með sex mánaða uppsagnarfresti en orðalag húsaleigubótafrv. er hins vegar mjög ótvírætt að þeir skuli vera til sex mánaða eða lengri tíma. Mér finnst hins vegar ekki nóg þó við hæstv. félmrh. séum sammála um að þetta ætti að nægja að ganga bara þannig frá málinu þó okkar skilningur sé auðvitað mikilvægur. Best væri að þetta væri alveg ótvírætt. En þetta hvort tveggja og önnur atriði sem við ræddum hér gefst þá tóm til að skoða og ég þakka fyrir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 16:03]

Slysavarnaráð, 2. umr.

Frv. LMR o.fl., 235. mál. — Þskj. 264, nál. 893, brtt. 894.

[18:01]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 893 og brtt. á þskj. 894 frá heilbr.- og trn., um slysavarnaráð.

„Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um stofnun slysavarnaráðs sem hefur það meginmarkmið að stuðla að fækkun slysa. Í umfjöllun sinni studdist nefndin við umsagnir frá Almannavörnum ríkisins, Brynjólfi Mogensen, yfirlækni og forstöðumanni slysa- og bæklunarlækningadeildar Borgarspítala, landlækni, Landsbjörg–Landssambandi björgunarsveita, Læknafélagi Íslands, Lögreglufélagi Reykjavíkur, Slysavarnafélagi Íslands og Umferðarráði.

Frumvarpið hefur hlotið jákvæð viðbrögð og nefndin leggur til að það verði samþykkt með þeirri breytingu að slysavarnaráð verði skipað fulltrúum Landsbjargar og Umferðarráðs auk þeirra sem kveðið er á um í 3. gr. frumvarpsins.

Brtt. er um að 1. mrg. 3. gr. hljóði svo:

Heilbrigðisráðherra skipar níu fulltrúa í slysavarnaráð tilnefnda af eftirtöldum aðilum: landlæknisembættinu, og skal sá vera formaður, dómsmálaráðherra, Landsbjörg, læknadeild Háskóla Íslands, Sambandi ísl. tryggingafélaga, Slysavarnafélagi Íslands, Tryggingastofnun ríkisins, Umferðarráði og Vinnueftirliti ríkisins.

Þá vill nefndin leggja áherslu á að fulltrúi sá, er frumvarpið gerir ráð fyrir að dómsmálaráðherra skipi, komi að jafnaði úr röðum lögreglu. Þá skal bent á að í greinargerð er gert ráð fyrir að starfandi forstöðulæknir slysadeildar Borgarspítalans hverju sinni skuli tilnefndur sem fulltrúi læknadeildar Háskóla Íslands í ráðinu, en það telur nefndin of takmarkandi. Rétt þykir að fulltrúi læknadeildar hverju sinni verði læknir á Borgarspítala með sérþekkingu á slysum og slysaskráningu."

Undir nál. skrifa Ingibjörg Pálmadóttir, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Margrét Frímannsdóttir, Hermann Níelsson, Sólveig Pétursdóttir, Finnur Ingólfsson, Sigríður A. Þórðardóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

[18:04]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Sem 1. flm. þessa frv. vil ég lýsa stuðningi mínum við þær breytingar sem orðið hafa á frv. í meðförum heilbr.- og trn. auk þess sem ég tek undir nál.

Stækkun á stjórn slysavarnaráðs og tilmæli til dómsmrh. um skipan í ráðið af þess hálfu á að tryggja að allir helstu aðilar sem að slysaskráningu og slysavörnum standa muni hafa áhrif á störf þess en áfram er auðvitað gert ráð fyrir að náið samráð verði haft við alla aðila sem að skráningu slysa og slysavarna standa.

Ég vil fá að þakka hv. samflutningsmönnum frv. stuðninginn og þeim hv. nefndarmönnum í heilbr.- og trn. sem um frv. fjölluðu fyrir jákvæða og skilvirka umfjöllun og vil að lokum vísa til umsagnar eins umsagnaraðila um frv., Brynjólfs Mogensens, þar sem segir: „Það yrði að mati undirritaðs mikið fagnaðarefni ef Alþingi Íslendinga gæfi þjóðinni frumvarpið í gjöf á 50. lýðveldisárinu."

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, síðari umr.

Stjtill., 431. mál. — Þskj. 643, nál. 870.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, síðari umr.

Stjtill., 432. mál. — Þskj. 644, nál. 870.

og

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, síðari umr.

Stjtill., 433. mál. — Þskj. 645, nál. 870.

[18:06]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):

Frú forseti. Ég vísa til álits nefndarinnar á þskj. 870 um þessar till. til ál. um fullgildingu fríverslunarsamninga milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, Ungverjalands og Rúmeníu.

Nefndin fjallaði samhliða um þessar þrjár tillögur og fékk á fund sinn til viðræðna frá utanrrn. Þorstein Ingólfsson ráðuneytisstjóra og Gunnar Snorra Gunnarsson sendiherra. Einnig fékk nefndin Guðmund Sigþórsson, skrifstofustjóra í landbrn., og Gunnlaug Júlíusson, hagfræðing hjá Stéttarsambandi bænda.

Við umfjöllun nefndarinnar um samningana kom í ljós að láðst hafði að prenta með 431. máli, fríverslunarsamningnum við Búlgaríu, bókun A um vörur sem um getur í b-lið 2. gr. samningsins en bókun A tekur til ákveðinna vara sem unnar eru að hluta til eða að öllu leyti úr landbúnaðarvörum. Er því bókun A birt sem fskj. með nál. utanrmn. og nefndin vil árétta að töflur I og VII við bókun A sem birtar eru á þskj. 645 í samningnum við Rúmeníu gilda um alla þrjá samningana þó þær séu aðeins birtar í Rúmeníusamningnum.

Nefndin mælti með samþykkt tillagnanna og ritar öll undir það álit en þrír nefndarmenn með fyrirvara.

Frú forseti. Ég vil láta þess getið að í nefndinni kom fram þetta misræmi sem er getið í nál. og af hálfu utanrrn. var nefndin beðin velvirðingar og Alþingi þar með á þessu misræmi sem stafaði, vil ég segja, af fljótræði eða misskilinni tilraun til hagræðis við gerð þessara tillagna. Við nefndarmenn teljum að við höfum leiðrétt þetta misræmi og gert viðeigandi ráðstafanir til þess að þarna sé ekki um neitt slíkt að ræða með þessu áliti okkar og því fylgiskjali sem því fylgir.

[18:08]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara og fyrirvari minn lýtur fyrst og fremst að þeim formgalla sem hv. frsm., hv. 3. þm. Reykv., formaður utanrmn., var að enda við að gera að umtalsefni.

Þarna urðu mistök í ráðuneytinu við undirbúning málsins og það er alveg ljóst að bókun A á að gilda um samningana alla. En þetta eru ekki nógu þinglegar aðfarir að taka þetta upp sem fylgiskjal í nál. Ég vil undirstrika alveg sérstaklega að þetta á að fylgja og geri sem sagt athugasemd við formið en er málunum samþykkur að öðru leyti.

[18:10]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég get ekki leynt því að þegar ég sá þetta nál. þá fylltist ég satt að segja ótta um afgreiðslu þeirra mála sem hér eiga eftir að hellast yfir okkur áður en þingi lýkur. Sannleikurinn er sá að ég hafði minnst á það við hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, hv. 18. þm. Reykv. að ég hefði grun um að þessi þrjú þskj., nr. 431, 432 og 433 væru ekki í lagi. En hvorki hafði ég tíma né kunnáttu til að staðfesta þennan grun minn sjálf. Hér kemur auðvitað í ljós hjálparleysi hins háa Alþingis í vinnslu svona mála þar sem enginn aðili er hér til að aðstoða þingmenn við þessi mál. Það er allt sótt upp í ráðuneytin og sjálfstæði þingsins varðandi afgreiðslu slíkra mála er nánast ekkert. Ég verð satt að segja að hrósa hv. utanrmn. fyrir að hafa þó komið auga á þetta nema það hafi verið gert í utanrrn. eftir að þskj. voru lögð fram og þykir mér það nú eiginlega trúlegra. En við þetta verður auðvitað ekki búið. Sannleikurinn er sá að við vitum ekkert hvað við erum að afgreiða þegar slíkir doðrantar eru lagðir á borðin hjá okkur. Samlestur á slíkum samningum við önnur mál er auðvitað óunninn. Ég spyr varðandi margumrætt landbúnaðarmál sem var lögfest í dag. Það skyldi nú aldrei vera að eitthvað í þessum fríverslunarsamningum kynni að stangast á við þau lög. Nú veit ég það ekki en ekki kæmi mér það á óvart. Ég vil bara einfaldlega, hæstv. forseti, ítreka að það setur að mér ugg þegar hugsað er til allra þeirra mála sem við eigum eftir að afgreiða hér á hinu háa Alþingi sem koma unnin af slíkum flumbrugangi frá utanrrn. og er ætlast til að hv. utanrmn. keyri í gegn með offorsi. Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort það sé tryggt að við séum ekki að ganga frá málum sem eru stórgölluð og ítreka að ég held að það verði ekki við það búið að á hinu háa Alþingi sé ekki starfsfólk til að fara ofan í öll slík mál.

Við verðum að horfast í augu við að við erum búin að fela hinu háa Alþingi gjörsamlega ný verkefni með aðildinni að EES og við verðum að krefjast þess, hv. þm., að þingið sjálft ráði við að fara yfir slík mál. Þess vegna kvaddi ég mér nú hljóðs að mér finnst ógnvekjandi að sjá athugasemd eins og þessa á nál. frá hv. utanrmn. auk þess sem mér hefði fundist að það hefði átt

að fylgja hverju máli nál. — mér þykir það nokkur nýlunda að sjá nál. varðandi þrjú þingmál. Hefði þá verið nær að þingmálin hefðu verið á einu númeri. Þannig að hér eru teknir upp alls kyns siðir og vinnubrögð sem við eigum ekki að venjast. Þess vegna vildi ég að ég gæti treyst betur því sem hér er verið að leggja á okkar borð. En ég endurtek þakklæti mitt til hv. utanrmn. hafi hún virkilega komið auga á að þessi mál væru ekki í lagi.

[18:14]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Aðeins til að skýra þetta þá kom það fram að ósk eins nefndarmanna að þetta mál yrði kannað sérstaklega varðandi þann þátt sem lýtur að landbúnaðarmálum. Af því tilefni kallaði nefndin fyrir sig fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda og þeir fóru yfir þetta og við þeirra samlestur og athugun kom þetta í ljós. Þá tók nefndin ákvörðun um að gera þetta með þessum hætti, rannsakaði málið og spurði embættismenn utanrrn. í þaula um málið og fékk að mínum dómi fullnægjandi skýringar.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um það að hvort eitthvað í þessum samningum þremur stangaðist á við nýsamþykkt búvörulög, sem við vorum að afgreiða fyrr í dag, þá get ég fullvissað hv. þm. um að svo er ekki. Þetta var einmitt skoðað sérstaklega einnig af þessum aðilum sem fengu málið til umsagnar og ég þori að fullyrða að svo sé ekki.

Það kom einnig fram þegar nefndin fjallaði um málið að það var fyrir hennar frumkvæði og hv. nefndarmanns Önnu Ólafsdóttur Björnsson, sem hreyfði því fyrst í nefndinni, að það væri ástæða til að kanna þennan þátt. Síðan var það nefndin sem vakti athygli Stéttarsambandsins á því að þetta mál væri komið fram í þinginu og við ræddum það einmitt í nefndinni hvort það væri þá ekki eðlilegt fyrir Stéttarsambandið að hafa visst frumkvæði ef menn hafa sérstakan áhuga á þessum málum.

Þessir þrír samningar eru annars að efni til samhljóða a.m.k. tveimur sem þingið hefur þegar veitt heimild til að fullgilda. Þannig að þarna er nú verið að fjalla mikið um sömu málin. Ég sé ekkert athugavert við þessa málsmeðferð formlega hér í þinginu en hins vegar tel ég að þessi málsmeðferð í utanrmn. og umfjöllun um þetta mál þar hafi verið með þeim hætti að slík vinnubrögð sem hér hefur verið lýst muni ekki endurtaka sig.

[18:17]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. formanni utanrmn. fyrir upplýsingarnar. Grunur minn er nefnilega sá að sá orðastaður sem ég átti við hv. 18. þm. Reykv. hafi orðið til þess að hún sneri sér til fulltrúa síns í utanrmn. og óskaði eftir að um þetta yrði gerð fyrirspurn. En það skiptir ekki máli hvaðan gott kemur. Hins vegar er það ekki nema sönnun á því sem ég var að segja hér áðan að það skuli þá vera leitað til formanns Stéttarsambands bænda. Það er gott og blessað og greinilega hefur hann unnið sitt verk vel og hans menn. En það er auðvitað harla einkennilegt að hið háa Alþingi skuli þurfa að leita til manna úti í bæ til að fara yfir mál af þessu tagi. Það sýnir náttúrlega hversu vanmegnugir hv. þm. eru því ábyrgðin er endanlega okkar. Formaður Stéttarsambands bænda verður aldrei ásakaður fyrir hvernig gengið er frá lögum og samningum á Alþingi Íslendinga heldur þingmenn sjálfir. Svo sannarlega er það virðingarvert að nefndarmenn óski eftir að einhver komi þingmönnum til aðstoðar. En ég hygg að við getum verið sammála um það, hv. 3. þm. Reykv. og formaður utanrmn., sem ég skal ekki frýja vits um utanríkismál, að við þetta verði auðvitað ekki búið. Við eigum rétt á því að innan hins háa Alþingis verði farið yfir slík mál þannig að við getum treyst því að þingið sé fullkomlega ábyrgt fyrir þeim ákvörðunum sem teknar eru. Því fyrr því betra að hér yrði ráðið starfsfólk sem ræður við slíkt.

[18:19]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins í tilefni af þessum orðum láta þess getið að sjálfsögðu hefði nefndin getað falið starfsmanni sínum að vinna þetta starf. Og mér finnst nú ástæðulaust að draga í efa að á vegum nefndarinnar starfi fólk sem getur sinnt slíkum athugunum ef um það er beðið af hálfu nefndarinnar. Í þessu tilviki var beðið um það að kalla til fulltrúa frá Stéttarsambandi bænda og þeir komu, ekki formaðurinn ef ég man rétt sem rannsakaði þetta, heldur sérfróðir menn sem eru algerlega sérfræðingar á þessu sviði og eru best að sér fyrir utan kannski starfsmenn landbrn., sem einnig var rætt við, sem eru best að sér um þennan þátt málsins. Þannig að mér finnst að það hafi verið mjög rökrétt hjá nefndinni að kalla þessa menn til ráðuneytis og mælast til þess við þá að þeir segðu nefndinni álit sitt á málinu og það leiddi síðan af því að þetta misræmi kom fram sem er eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði varðar meira form heldur en efni því efnisþættirnir voru upplýstir. Hafi hv. 14. þm. Reykv. verið upphafsmaðurinn að öllum þessum athugunum á vegum utanrmn. þá er ástæða til að færa henni sérstakar þakkir. Mér var það ekki ljóst fyrr en það kom hér fram í umræðunum. En ég tel að það hafi allt verið upplýst í málinu. Þannig þarf auðvitað að vinna að öllum málum að allir þræðir þeirra séu skoðaðir og það hefur verið gert með þessum hætti. En ég vil ítreka að ég tel að á vegum utanrmn. sé starfslið sem nefndin getur að sjálfsögðu treyst til að rannsaka mál fyrir sig ef hún kýs að hafa mál með þeim hætti.

[18:21]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla aðeins að segja við hv. formann utanrmn., frú forseti, að ég er ekki að halda því fram að ekki sé til starfsfólk hér í þinginu sem réði við verk eins og þessi. Það fólk hefur bara ekki tíma. Það er allt of fátt og á að sinna öllu mögulegu öðru. Ég held að það þyrfti að styrkja mjög starfsfólk utanrmn. sjálfrar. Ég held að mikill tími þess fólks sem hér á að sinna erlendum samskiptum fari í allt annað en mál sem varða þennan mikla bálk varðandi EES. Það er ekki af því að getuna vanti, ég held einfaldlega að fólkið hafi ekki tíma.

[18:22]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil láta það koma fram að ég tel að það hefi verið í utanrmn. forsvaranleg vinnubrögð við þetta mál eða þessi mál. Þau eru nú raunar þrjú. Þau voru talsvert rædd í nefndinni og kallaðir fyrir aðilar bæði úr ráðuneytum og eins annars staðar að svo sem frá Stéttarsambandi bænda. Það er alveg rétt sem hér hefur komið fram að mistökin voru ekki uppgötvuð í ráðuneytinu. Það var hv. þm. Anna Ólafsdóttir Björnsson sem hafði fyrst orð á þessum mistökum á fundum utanrmn. Þegar skýringar voru fengnar um það hver meiningin væri með þessum samningum og hvernig þessi mistök hefðu orðið þá datt mér nú fyrst í hug að fara fram á það að þingskjölin yrðu prentuð upp þannig að þau væru í eðlilegri og forsvaranlegri mynd. Það hefði tvímælalaust verið eðlilegasta aðferðin. En ég gerði það nú ekki með tilliti til þess að þarna er um talsvert stórar bækur að ræða og það hefði verið verulegur kostnaður að prenta upp og binda og dreifa þessum þingskjölum í forsvaranlegu formi. Þannig að sú leið hlaut nú hljómgrunn að bæta úr þessu í nál. Þessir samningar eru samhljóða eða hér um bil samhljóða nokkrum öðrum fríverslunarsamningum sem EFTA hefur gert við einstök ríki utan EFTA og við höfum fullgilt. Þessi tilteknu þingmál eru okkur ekki svo mjög framandi.

Hitt er svo aftur hárrétt hjá hv. 14. þm. Reykv. að Alþingi er að vissu leyti nokkuð hjálparvana með vinnu að þessu leyti.

[18:25]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér entist ekki tími í andsvari til að koma frá mér öllu því sem mig langaði til að segja hér og því ætla ég að flytja hér örstutta ræðu.

Það er rétt sem hér hefur komið fram í umræðunni að Alþingi skortir starfslið, ekki það að það sé ekki ágætt starfslið sem við höfum, en það hefur ýmsu öðru að sinna. En við þyrftum aukið starfslið, sérstaklega vegna Evrópumálanna. Þ.e. við erum til þess knúin, komin í þá stöðu, að þurfa að samþykkja það sem berst frá Brussel og hér verða til umfjöllunar eftir fáa daga upp undir 500 tilskipanir sem þeir hafa ungað út í Brussel og við höfum bara gjörsamlega enga leið aðra en að segja já og amen við vegna þess að við erum búin að láta hluta af löggjafarvaldinu til útlanda þrátt fyrir skýr ákvæði stjórnarskrár. Við göngum að þessu með bundnum höndum en við þurfum ekki að gera það með lokuðum augum. Og það væri nauðsynlegt fyrir Alþingi að hafa starfslið til að pæla í gegnum þetta. Því hreyfi ég þessu máli hér að ég tel, frú forseti, að það sé mjög nauðsynlegt að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun næsta árs að Alþingi fái svigrúm til þess að ráða starfskrafta til þess að vinna að þessum verkefnum. Jafnframt vil ég nefna og benda á að fyrir allshn. liggur þáltill. frá mér um stofnun lagaráðs Alþingis sem er líka nokkuð skyld þessu efni sem ég tel að sé mjög brýnt að hljóti afgreiðslu á þessu þingi.

[18:27]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek mjög undir það að það er fyrir löngu tímabært og hefur reyndar verið í lögum um langt skeið að við Alþingi skyldi stofna lagastofnun eins og það heitir nú í lögum frá 1948 en jafnmikil ástæða til þess að sinna tillögu hv. 1. þm. Norðurl. v. En það sýnir einungis hversu mikil vinna er nauðsynleg í þessu sambandi að við sem sitjum t.d. í EFTA og EES-nefndinni vildum gjarnan, og það er góður siður, dreifa meðal þingmanna gögnum sem við fáum vegna þessara starfa. En ég segi fyrir mig að ég fer ofurlítið hjá mér að dreifa þessum gögnum því að þau eru öll á enskri tungu. Og það er ekki hægt að krefjast þess að hver einasti hv. þm. sé læs á enska tungu. Það er ekkert sem skyldar menn til slíks. Ég geri ráð fyrir að allmargir hv. þm. séu sæmilega vel læsir á enska tungu en ég efast um að svo sé um alla. Bara það eitt að við höfum t.d. ekki starfskraft til að þýða þessi gögn þegar þau berast er heldur ekki boðlegt. Það eru nú einu sinni engar sérstakar menntunarkröfur gerðar til þess að þingmenn megi kjörnir til Alþingis (**JGS:** Þeir verða að vera læsir.) Hér segir hv. 6. þm. Norðurl. e. allhrokafullur að menn verði a.m.k. að vera læsir. Það er raunar ekki rétt, það er engin krafa til þess út af fyrir sig. En alla vega held ég að það sé engin krafa gerð til þess að menn kunni hin ýmsu tungumál. Auðvitað er ekkert boðlegt að dreifa slíkum gögnum á erlendum tungumálum. Við eigum að hafa hér fólk sem getur snarað þessu yfir á íslensku. Þannig að það er ekki eitt heldur allt sem á skortir í þessum efnum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Stjfrv., 295. mál (öldrunarmálaráð). — Þskj. 414, nál. 883, brtt. 884.

[18:30]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. á þskj. 883 og 884 frá heilbr.- og trn. um breytingar á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til sín fjölda aðila til umsagnar um þetta mál. Nefndin komst að þeirri niðurstöðu í umfjöllun sinni að nauðsynlegt væri að gera breytingar á lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, samhliða þessu. frv. Frv. var því sent félmn. til umsagnar sem komst að þeirri niðurstöðu að gera þyrfti þær breytingar á lögum um félagslega þjónustu sveitarfélaga sem hér eru lagðar til.

Nefndin mælir með samþykkt þessa frumvarps með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Efnisbreytingar, sem lagðar eru til, eru eftirfarandi.

1. Lagt er til að samstarfsráð heilsugæslustöðva verði tiltekið í ákvæðinu í stað heilbrigðismálaráðs þar sem hið síðarnefnda hefur aldrei starfað í Reykjavík, en samstarfsráð heilsugæslustöðva sinnir í raun þessu lögbundna hlutverki. Þá er lagt til að bætt verði við nýrri grein, er verði 5. gr. a, þar sem kveðið er sérstaklega á um öldrunarmálaráð. Þar er kveðið nánar á um en gert hafði verið í frumvarpinu hvernig öldrunarmálaráð skuli skipað. Tillagan hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Sveitarstjórnum á starfssvæði heilsugæslustöðvar er heimilt að kjósa sameiginlega fimm eða sjö manna öldrunarmálaráð sem annist verkefni öldrunarnefndar. Öldrunarmálaráð gerir tillögur um verkefni sín til hlutaðeigandi sveitarstjórna. Í starfi sínu skal öldrunarmálaráð hafa samvinnu við félagsmálanefndir eða félagsmálaráð hlutaðeigandi sveitarstjórna og stjórn heilsugæslustöðvar eftir því sem kostur er."

Þá er kveðið sérstaklega á um að öldrunarmálaráð skuli hafa samvinnu við félagsmálanefndir eða -ráð og stjórn heilsugæslustöðva eftir því sem kostur er.

2. Lagt er til að ný grein, 2. gr., bætist við frumvarpið. Samhliða þeirri breytingu sem lögð er til í 1. gr. frumvarpsins er nauðsynlegt að gerðar verði breytingar á 39. og 40. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Rétt þykir, með breytingunni sem lögð er til á 39. gr., að taka af allan vafa um að aldraðir eigi eftir sem áður rétt til þjónustu samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Á það jafnt við um þjónustu samkvæmt lögunum, svo sem fjárhagsaðstoð og félagsráðgjöf, sem og málsmeðferð og málskot til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Með breytingunni sem lögð er til á 40. gr. er kveðið á um að öldrunarmálaráð geti á sama hátt og félagsmálanefndir séð um húsnæðismál og félagslega heimaþjónustu fyrir aldraða. Tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Við 39. gr. laganna bætist ný málsgrein sem orðast svo:

Ákveði sveitarstjórn að fela sérstöku öldrunarmálaráði stjórn öldrunarmála, á grundvelli heimildar í lögum um málefni aldraðra, breytir það engu um þann rétt sem aldraðir eiga samkvæmt lögum þessum, þar á meðal hvað varðar málsmeðferð og málskot."

B-liður. 40. gr. laganna orðist svo:

„Félagsmálanefnd, eða öldrunarmálaráð, skal leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu."

Undir þetta nefndarálit skrifa Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Guðmundur Hallvarðsson, Margrét Frímannsdóttir, með fyrirvara, Hermann Níelsson, Sólveig Pétursdóttir, Finnur Ingólfsson, með fyrirvara, Sigríður A. Þórðardóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.

[18:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þegar þetta mál kom hér til 1. umr. urðu nokkrar umræður um það. Málið er flutt, eins og fram hefur komið, að frumkvæði borgarstjórnar Reykjavíkur sem hefur samþykkt fyrir alllöngu að setja á laggirnar sérstakt öldrunarmálaráð sem hefur það hlutverk að fara með yfirstjórn öldrunarmála í Reykjavík eins og það er orðað í samþykktum borgarinnar.

Hér er um að ræða talsverða breytingu frá því sem verið hefur, sérstaklega þá breytingu að þetta öldrunarmálaráð er ekki lengur undirnefnd félagsmálaráðs eins og gert er ráð fyrir í lögunum um málefni aldraðra, heldur er gert ráð fyrir því að öldrunarmálaráðið heyri beint undir borgarráð og borgarstjórn og hafi þannig svipaða stöðu og félagsmálaráð og aðrar þær stofnanir sem heyra beint undir borgarráð og borgarstjórn.

Út af fyrir sig er það mín skoðun að það hafi kannski ekki verið bein þörf á því að fara þá leið sem hér er um að ræða vegna þess að ég held að það sé heppilegra bæði fyrir þá öldruðu og borgina og borgarkerfið að yfirstjórn þessara mála tengist yfirstjórn annarrar félagslegrar þjónustu á vegum borgarinnar og það sé óskynsamlegt að slíta þessa hluti sundur eins og er í raun og veru að nokkru leyti lagt til í frv. eins og það leit út í upphafi.

Hins vegar er ástæða til þess, hæstv. forseti, að þakka hv. heilbr.- og trn. fyrir það að hún hefur lagað frv. talsvert og gerir hér ráð fyrir því að tengja saman með skýrari hætti en áður félagsþjónustuna og þjónustuna við aldraða, m.a. með þeirri mikilvægu brtt., sem er þriðja brtt. nefndarinnar, að breyta fyrirsögn frv. þannig að það fjallar ekki aðeins um málefni aldraða heldur felst líka í þessu breyting á lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta tel ég að sé mikilvægt.

En í framhaldi af þessari umræðu, hæstv. forseti, vil ég inna eftir því og minna á að í heilbr.- og trn. liggja fyrir fleiri frumvörp um breytingu á lögum um málefni aldraðra, m.a. frv. sem ég hef flutt sem gerir ráð fyrir tilteknum breytingum að því er varðar íbúðir fyrir aldraða þar sem miðað er við að settar verði um það reglur hvaða íbúðir geti opinberlega kallast íbúðir fyrir aldraða og um þetta mál áttum við nokkra umræðu hér í þinginu fyrir nokkru. Ég vil þess vegna leyfa mér að inna eftir því hjá hv. talsmanni heilbr.- og trn. hvað líður meðferð þess máls og hvort það hefur ekki komið til tals að taka það til meðferðar og afgreiðslu um leið og þetta mál, vegna þess að ég tel að í sjálfu sér liggi meira á því en þessu, með fullri virðingu fyrir því máli sem hér er verið að gera tillögu um að verði afgreitt.

Ég minni á að þegar þetta frv. mitt, um breytingu á lögum um málefni aldraðra, kom hér til meðferðar þá töluðu þingmenn frá flestum flokkum og tóku í raun og veru undir þau sjónarmið sem fram komu í frv. Og ég bendi á að hæstv. fyrrv. heilbr.- og trmrh., Sighvatur Björgvinsson, tók þessum tillögum mjög vel í umræðum um málið á síðasta þingi. Þannig að ég leyfi mér að inna hv. talsmann nefndarinnar eftir því hvað líður meðferð málsins núna í hv. heilbr.- og trn.

[18:38]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl., frsm. hv. heilbr.- og trn., þá skrifar fulltrúi Kvennalistans í heilbr.- og trn. undir þetta nefndarálit með fyrirvara. Ég ætlaði út af fyrir sig ekki að gera grein fyrir fyrirvara hennar, en vildi segja að ég hef ákveðna fyrirvara um þetta frv. og það er kannski fyrst og fremst fyrirvari varðandi málsmeðferðina.

Eins og menn muna kom þetta mál til umræðu hér rétt fyrir jólahlé í desember og tók ég þá þátt í umfjöllun um málið þar sem fulltrúi Kvennalistans í nefndinni var fjarverandi á nokkrum fundum. Það kom fljótt í ljós þegar farið var að vinna í málinu með þeim hætti sem þó var gert, þ.e. á aukafundum og í hliðarherbergjum, því það var frekar lítill tími til stefnu, að þetta var meingallað frv. Það átti svo sem að vera ljóst bæði stjórnarliðum og stjórnarandstöðu að þarna var um stórgallað frv. að ræða, en það átti samt að þvinga það hér í gegnum þingið. Sem betur fer tókst með harðfylgi að koma í veg fyrir að það yrði gert og sést nú kannski best á því hvað hér er komið í formi brtt. frá nefndinni, hversu nauðsynlegt það var að við skyldum þó geta komið í veg fyrir að þetta væri afgreitt með þeim hætti sem meiningin var.

Það sem ég geri stærstan fyrirvara við að því er þetta mál varðar er að það skuli vera komið með hérna inn í þingið brtt. við önnur lög, þ.e. lög nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga, algerlega nýtt frv. til 2. umr. Það er engin 1. umr. búin að fara fram um þetta mál, heldur kemur núna beint 2. umr. Ég tel þetta alls ekki ganga. Ég tel að þegar um er að ræða brtt. sem þessar þá eigi það að fara fram með venjulegum hætti, þ.e. það verði lagt hér fram frumvarp til 1. umr. Og auðvitað hefði verið eðlilegt þegar ríkisstjórnin kemur með mál eins og þetta að það sé sent til baka og sagt að þetta frv. gangi ekki upp að þá hefði komið fram nýtt frv. og þá tvö lagafrumvörp eins og hefði þurft í þessu, því ég er á móti því að það sé sett í bandorm eins og hefði kannski verið hægt að gera. Þannig að bara það atriði er nægilegt fyrir mig til þess að setja stóran fyrirvara við mál eins og þetta. Ég tel að þetta gangi ekki. Ég tel jafnvel að það geti jaðrað við að það sé brot á stjórnarskránni, um að lagafrv. eigi að fara þrjár umræður í gegnum þingið, þegar það er gert með þessum hætti. Bara það atriði gerir það að verkum að ég set mjög stóran fyrirvara um þetta mál og þá endurtek ég málsmeðferðina. Og ég veit að hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hefur fyrirvara að því er þetta varðar og ég held að hennar stærsti fyrirvari sé einnig að því er varðar málsmeðferðina.

Út af fyrir sig, og því lýsti ég reyndar yfir fyrir jól líka, er ég ekki á móti efni þessa frv., þ.e. að sveitarstjórnir geti sett á stofn öldrunarráð eða hvað sem það getur heitið, ef það verður ekki til þess að skerða rétt aldraðra á neinn hátt og það er einmitt það sem tekið er fram núna með brtt. nefndarinnar. Ég tel að það sé algert klúður í lagasetningu að bjóða þingmönnum þetta og tel miður að nefndin skyldi ekki bara hafa ákveðið að senda þetta til baka til föðurhúsanna og segja: Gerið svo vel að koma með málið að nýju og þá munum við auðvitað fjalla um það á jákvæðan hátt eins og hér hefur verið gert. Ég tel að það sé auðvitað vel að nefndin skyldi hafa unnið þetta mál upp og bent á hversu vitlaust það var í upphafi og gekk í rauninni alls ekki upp að láta ein lög stangast á önnur eins og hefði gerst ef þetta hefði verið samþykkt óbreytt. Og þetta sýnir kannski hversu hæpið það er að einstök sveitarfélög láti semja lagafrumvörp með þessum hætti og segi svo að Alþingi geti samþykkt þetta og þá eins og einhver nefndi hér og hefur verið margoft nefnt: Hver er það sem fer með lagasetningarvaldið? Stundum má maður ekki hnika orði og er nú orðið ansi slæmt ef maður má ekki hnika orði á frumvörpum sem samin eru á skrifstofu borgarinnar.

En burt séð frá því þá er ég almennt fylgjandi því að sveitarstjórnir fái að skipa sínum málum sjálfar, ef það skerðir ekki rétt þeirra sem þjónustunnar njóta og þess vegna hef ég talið að það sé allt í lagi að breyta því fyrirkomulagi sem gert er ráð fyrir í lögunum um málefni aldraðra og félagsþjónustu sveitarfélaga. Ég vænti þess að nefndin hafi farið ofan í það hvort það sé einhver hætta á að þjónusta verði skert eða einhverjir aðilar falli þarna á milli laga ef maður getur sagt svo.

Ég hef ekki lagst í það að bera saman þessa lagabálka sem um er að ræða. Ég býst við að nefndin hafi gert það og það sé þess vegna sem það sé þó komið þetta langt, að koma með þessar brtt. Ég get út af fyrir sig fallist á þær brtt. sem nefndin gerir hér á þessu frv., en ég vil enn og aftur lýsa því yfir að ég tel að Alþingi eigi ekki að láta bjóða sér málsmeðferð eins og hér er. Ég er raunar undrandi á því að heilbr.- og trn. skuli hafa gert það í þessu tilviki og lýsi því aftur yfir að það hefði átt að senda þetta frv. til baka til ráðuneytisins og síðan hefði átt að koma hér stjfrv. með eðlilegum hætti, ef ríkisstjórnin vill standa að því að gera brtt. annars vegar við lög um málefni aldraðra og hins vegar breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

[18:45]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Frá því að það frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, með síðari breytingum, sem er hér á þskj. 414 og er 295. mál þingsins, var lagt fram og hefur verið fjallað um í hv. heilbr.- og trn. og eins og það birtist nú hér með þeirri brtt. sem er á þskj. 884, þá hefur eins og fram hefur komið orðið um grundvallarbreytingu á málinu að ræða. Það er þess vegna alveg eðlilegt að spurt sé hvort ekki hefði verið rétt að fara með málið aftur í gegnum þingið, í gegnum 1. umr. Ríkisstjórnin hefði lagt málið að nýju fyrir þingið þar sem eiginlega má segja að þskj. og efni þess eins og það leit upphaflega út var það gallað að það var eiginlega ekki hægt að vinna út frá því í nefndarstarfinu að öðru leyti en skrifa málið upp á nýtt.

Það er hins vegar alltaf svo, hvort sem það er Reykjavík eða önnur sveitarfélög, að það getur verið mjög hæpið í lagasetningu að setja sérstök lög fyrir eitt

og eitt sveitarfélag í landinu, en það er í raun og veru það sem ætlast var til með þessu frv. eins og það kom hér upphaflega fram, þ.e. að sérstök regla skyldi gilda um Reykjavík sem sveitarfélag þar sem það stóra sveitarfélag gæti í raun og veru skipað sérstakt öldrunarmálaráð sem ekki heyrði undir félagsmálaráð viðkomandi sveitarfélags og komist þannig fram hjá því ákvæði í lögunum um málefni aldraðra þar sem gert er ráð fyrir að öldrunarnefndir séu starfandi og heyri undir félagsmálanefndir og vinni í samvinnu við sveitarstjórnir á viðkomandi stöðum. Þetta var sú leið sem fara átti. Og þá spyr maður auðvitað: Til hvers átti að fara þessa leið?

Ég tek undir með þeim sem hér hafa nefnt að það eru ýmis vandamál í höfuðborginni í öldrunarmálum sem kannski eru ekki til staðar annars staðar úti um land. Stærsta vandamálið er auðvitað bygging hjúkrunarheimila og það pláss sem þar er skortur á fyrir það fólk sem bíður eftir í neyð að komast inn á hjúkrunarheimilin. Hér í Reykjavík eru aftur á móti ýmiss konar önnur úrræði í byggingarmálum. Heilu byggingarfyrirtækin hafa náð fótfestu í Reykjavík við að byggja yfir aldraða borgara á ákveðnu aldursskeiði og miðað við það að fólk hafi þolanlega heilsu. Svo aftur á móti þegar þarf að koma fólki inn á hjúkrunarheimili þá eru alls ekki þau úrræði þar til staðar. Þess vegna var að mínu viti þetta mál alls ekki forgangsverkefni í lausn á öldrunarmálum fyrir Reykvíkinga. Staðreyndin er sú að í dag eru um 300 aldraðir Reykvíkingar á biðlista eftir því að komast inn á hjúkrunarheimili og sennilega eru 160–170 þessara manna í bráðri neyð með að komast inn. Þess vegna hefði það auðvitað átt að vera forgangsverkefni borgarstjórnar Reykjavíkur að óska eftir því við Alþingi að verulega yrði tekið á í samvinnu borgarinnar og ríkisvaldsins í þessum efnum, en ekki það að setja lög um eitthvert sérstakt öldrunarráð sem átti að gilda sérreglur um fyrir Reykjavík.

Fyrir utan það, eins og málið leit út hér í upphafi, þá voru auðvitað vissar hættur í því er snerta það að slíta í sundur þau tengsl sem verið hafa milli heimahjúkrunarinnar og svo heimilishjálparinnar, sem kemur saman í þeirri heimaþjónustu sem veitt er, bæði af hálfu heilsugæslustöðvanna í Reykjavík, Heilsuverndarstöðvarinnar og svo af Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að eins og málið lítur núna út við 2. umr. þá hafi tekist að koma í veg fyrir að á þetta samstarf væri höggvið og með því held ég að við höfum komið málinu í þann besta farveg sem hægt er að búast við.

Ég styð þetta mál með fyrirvara og þrátt fyrir að ég telji það ekki vera forgangsverkefni að koma því í gegnum þingið. Ég minni á að það er búið að byggja hér upp gríðarlega mikið síðan 1988 á sviði heilbrigðisþjónustu, sérstaklega er snýr að heilsugæslustöðvunum. Hér hafa verið opnaðar heilsugæslustöðvar í Garðastræti, uppi í Hraunbergi, í Mjóddinni, ný heilsugæslustöð í Grafarvogi og síðan er búið að endurbyggja heilsugæslustöðina í Álftamýri. Þannig að heilsugæslustöðvarnar eru núna miklu betur í stakk búnar en nokkru sinni fyrr við að aðstoða það fólk sem bíður eftir því að komast inn á hjúkrunarheimilin, sem ég segi að hefði átt að vera forgangsverkefni. Aftur á móti hefur starfað á vegum Reykjavíkurborgar eða borgarstjórnar Reykjavíkur sérstök nefnd sem fjallar um byggingarmál aldraðra. Það má eiginlega segja að hún hafi hálft í hvoru verið fyrir utan þá þjónustu sem veitt er í gegnum Félagsmálastofnunina og var kannski full ástæða að taka starf hennar meira inn í þetta heldur en gert hefur verið. Ég tel að með þeirri brtt. sem hérna liggur fyrir í 2. tölul., b-lið, sem er við 40. gr., sem orðast svo:

„Félagsmálanefnd, eða öldrunarmálaráð, skal leitast við að tryggja framboð á hentugu húsnæði fyrir aldraða og jafnframt skipuleggja félagslega heimaþjónustu."

Þetta tel ég að sé nú kannski merkasta ákvæðið í þessu frv. með þeim brtt. eins og þær liggja nú fyrir, Því menn þurfa í þessu sambandi að leita nýrra leiða til úrlausna fyrir aldraða Reykvíkinga sem bíða eftir því að komast inn á hjúkrunarheimilin. Ég veit að þær hugmyndir eru uppi einmitt í byggingarnefnd aldraðra í höfuðborginni að leita þar nýrra leiða. Þannig að það er í sjálfu sér að mínu viti það mikilvægasta sem fram kemur í þessu að geta tengt þetta betur saman en gert hefur verið. En ég ítreka það, þetta er ekki forgangsverkefni í uppbyggingu á öldrunarþjónustu í Reykjavík. Það hefði verið nær að byrja á öðrum enda.

[18:53]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er fátítt að frv. taki þeim breytingum sem þetta frv. hefur tekið. Þó eru dæmi þess. Man ég sérstaklega eftir skýru dæmi frá landbn. sem umsamdi eitt lagafrv., líklega í hittiðfyrra. En ég tek undir það sem kom fram hjá hv. 15. þm. Reykv. að vinnubrögð af þessu tagi eru ekki ásættanleg og við ættum að varast að festa þau í sessi því með því erum við að komast að sumu leyti fram hjá ákvæðum stjórnarskrárinnar um að þingmál skuli fá umfjöllun í þremur umræðum. Það er auðvitað áhyggjuefni þessi vaxandi tilhneiging til þess að setja ný efnisákvæði inn í frumvörp á milli 1. og 2. umr. Í þessu frv. er kannski ekki hægt að amast mjög við því því það varð að endursemja það. Það var svo illa úr garði gert að ekki var hægt annað en vísa því þá frá, sem auðvitað hefði vel komið til greina, eða gera á því gagngerar breytingar. En því miður hefur það ágerst, t.d. í vetur, að þingnefndir eru beðnar um að taka upp ný efnisatriði í frumvörpum og bæta við, þannig að þau efnisatriði fá aldrei umfjöllun nema í mesta lagi í tveimur umræðum. Þetta er auðvitað mjög til baga.

Ég tek einnig undir það að frv. eins og það er orðið eftir brtt. heilbr.- og trn. er að verða nokkuð ásættanlegt. Þó eru atriði sem mér finnst umhugsunarverð og velti fyrir mér hvort ástæða er til að skoða betur. Þar vil ég nefna til ákvæði í b-lið 1. brtt. Þar stendur, með leyfi forseta, í síðasta málslið:

„Í starfi sínu skal öldrunarmálaráð hafa samvinnu við félagsmálanefndir eða félagsmálaráð hlutaðeigandi sveitarstjórna" o.s.frv. Þetta finnst mér ekki góð laga-

setning, að orða hlutina óskýrt, því þarna er verið að tala um að menn eigi að hafa samvinnu við annan hvorn af tveimur upp töldum aðilum. Mér finnst að menn eigi að tilgreina nákvæmlega þann aðila sem á að hafa samvinnu við og það eigi þá að hafa samvinnu við félagsmálanefndir eða hafa samvinnu við félagsmálaráð en ekki orða þetta svona.

Þá finnst mér í þessum sama lið, b-lið, fyrstu tveimur málsliðunum vera ofaukið eða þeir óþarfir, en í fyrsta liðnum er opnuð heimild fyrir sveitarstjórnir á starfssvæði heilsugæslustöðvar til að kjósa sameiginlega fimm eða sjö manna öldrunarmálaráð. Það er ekkert í núgildandi sveitarstjórnarlögum sem bannar þetta. Nefndakerfi sveitarstjórna er þannig að þau ráða því sjálf hvernig þau skipa því, hvert fyrir sig og sameiginlega, nema sérstaklega sé á annan veg fyrir um mælt í lögum. Þess vegna þarf ekkert að opna heimildarákvæði fyrir sveitarstjórnir til að gera þetta eða hitt varðandi nefndaskipan. Þannig að þetta er óþarft, þetta er þegar heimilt í dag. Þessi lagatexti þrengir miklu frekar heimildir sveitarstjórna til þess að laga sig að aðstæðum hverju sinni því að með gagnályktun út frá tillögugreininni verður ekki annað ályktað en heimildin, þar sem hún er ekki tiltekin, sé ekki fyrir hendi, sem er auðvitað ekki eins og sveitarstjórnarlögin eru úr garði gerð.

Annar málsl. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Öldrunarmálaráð gerir tillögur um verkefni sín til hlutaðeigandi sveitarstjórna.“ Þetta er líka óþarft að mínu mati. Það þarf ekki að setja í lög að nefnd sem sveitarstjórnir koma sér saman um að stofnsetja geri tillögu um verkefni sitt til sveitarstjórna. Þetta er heimilt í dag í lögum. Það má því strika út 1. og 2. málsl. í b-lið 1. brtt. og ég mundi telja það til bóta því það eyðir þá óvissu sem kemur upp ef þetta verður lögfest, eins og þarna er lagt til, því þá kemur upp óvissan um hvort beri að taka skilning sveitarstjórnarlaga eða þennan skilning um heimildir sveitarstjórna til þess að skipuleggja sitt nefndakerfi.

Ég teldi það eiginlega óþarft af Alþingi af vekja upp efasemdir um það sem fram til þessa hefur verið talinn skýlaus réttur sveitarstjórna til að ráða sínum málum með því að lögfesta þennan lagatexta sem ég hef gert athugasemdir við. Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa uppi athugasemdir um frv.

[18:59]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Hér er kynnt á dagskrá ákveðið mál, málefni aldraðra, stjfrv. Þetta mál er breyting á ákveðnum lögum, sem eru nr. 82/1989. Hér er svo komin breyting á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta mál er yfir höfuð ekkert á dagskránni. Því ef það er hægt að taka upp svona aðferðir við lagasetningu þá þarf ríkisstjórn á haustdögum ekki að flytja nema eitt frv. Svo flytur hún bara breytingartillögur við allt frv., við þetta eina frv., sem dugar henni fram til vors og þá er spurning hvað þarf að nota nefndir þingsins yfir höfuð.

Miðað við að nú hefur verið ráðist í mjög róttækt verk, að fylgjast með lesefni þingmanna, þá sýnist mér að það hljóti að vera eðlilegt að forsætisnefnd fari yfir það, alveg án nokkurra öfga, hvernig eigi að standa að því að tryggja það að þrjár umræður eigi sér ávallt stað um hvert mál sem flutt er í þinginu, frv. til laga, eins og stjórnarskráin gerir ráð fyrir og þingsköpin ætlast til og jafnframt að 36. gr. þingskapanna sé virt, að með hverju frumvarpi komi greinargerð. Það blasir við að þessi aðferð gengur ekki upp að mínu viti. Ég tel að hér sé verið að fara í kringum bæði stjórnarskrána og þingsköpin og ég trúi því ekki að það sé með vilja hæstv. forseta að þannig sé staðið að framkvæmd þessara mála.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur látið athuga það og það er ekki talið að hér sé neitt athugavert við málsmeðferð og verður að treysta því að svo sé.

[19:02]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að mér finnst full ástæða til að vekja hér athygli á þeim málflutningi sem hv. 2. þm. Vestf. hafði hér uppi áðan varðandi þetta mál. Það er auðvitað spurning hvort það er ekki nauðsynlegt að málið fái líka meðferð í hv. félmn. Og ég spyr: Hefur hæstv. félmrh. mótað sér skoðun á þessu máli og fengið möguleika til þess að hafa áhrif á framgang þess? Ég vil þess vegna hreyfa þeirri hugmynd, hæstv. forseti, hvort það er ekki óhjákvæmilegt að hinkra aðeins með meðferð þessa máls meðan það yrði skoðað aðeins nánar. Félmn. liti kannski lítillega á það og viðkomandi ráðherrar fjölluðu um málið fyrir sitt leyti og væru a.m.k. viðstaddir umræðurnar.

Ég er alveg sannfærður um að það er rétt hjá hæstv. forseta að það eru fordæmi fyrir því að menn hafi sveigt sig á milli laga með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Spurningin er hins vegar hvort það er svo góð aðferð í sjálfu sér og þess vegna verð ég að taka undir með hv. 2. þm. Vestf. En endurtek, ég spyr: Er ekki hugsanlegur hlutur að hv. félmn. fengi að skoða þetta mál aðeins nánar og hæstv. félmrh. sömuleiðis að glöggva sig á innihaldi þess?

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það kemur fram í nál. heilbrigðis- og tryggingaefndar að þetta frv. hafi verið sent félmn. til umsagnar.

[19:03]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 2. þm. Vestf. fyrir að taka málið hér upp, m.a. vegna þess að fyrirvari okkar sem undirritum þetta nál. tekur til þessa hlutar í þeim brtt. sem hér eru lagðar til. Staðreyndin er sú að brtt. á þskj. 884, tvær þeirra snúa bara að breytingum á upphaflegu frv., þ.e. frv. um málefni aldraðra. Þar er raunverulega gert ráð fyrir að breyta bara einu orði, sem þó kom ekki fram í því frv. því það bættist líka við, sem snýr að því að þurrka út heilbrigðismálaráð í Reykjavík og setja inn samstarf án heilsugæslustöðvanna í Reykjavík. Þegar málið var skoðað í hv. heilbr.- og trn. var alveg ljóst að þessir annmarkar voru á

málinu. Minni hlutinn lagði ítrekað til að málið skyldi fara aftur inn í þingið og á það var ekki hlustað. Menn voru hins vegar tilbúnir í minni hlutanum til að vinna málið áfram og þegar ljóst var að þetta tæki til fleiri laga heldur en bara laganna um málefni aldraðra, m.a. um félagsþjónustu sveitarfélaga, þá var ákveðið að þetta skyldi fara til umfjöllunar í hv. félmn., sem það og gerði. En ég ítreka það að fyrirvari okkar sem undir þetta nál. ritum með fyrirvara nær til þessa atriðis í meðferð málsins.

[19:05]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni að fyrirvari okkar lýtur fyrst og fremst að þessari málsmeðferð og þessum afgreiðslumáta sem viðhafður var af meiri hluta heilbr.- og trn., þar sem við töldum eðlilegt að þessi síðasti hluti brtt., sem er á þskj. 884, væri fluttur af félmn. eða færi a.m.k. fyrir þingið sem sérstök tillaga. Ég vil að þetta komi fram og taka undir það sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir sagði, að þegar þetta frv. var lagt fram, rétt fyrir jólaleyfi hv. þm., þá átti að afgreiða það með hraði, á dagsstund, vegna þess að borgarstjórn Reykjavíkur hafði gert samþykktir þar að lútandi sem ekki stóðust lög, var búin að ákveða að skipa öldrunarmálaráð en sá síðan að það stóðst ekki lög þannig að þá var um að gera að breyta lögum og við fengum skipun um að gera það í hvelli. En heilbr.- og trn. er búin að leggja mikla vinnu í þetta frv. og minni hlutinn hefur ítrekað farið fram á aðra málsmeðferð heldur en hér er viðhöfð.

[19:07]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Samkvæmt þeirri stjórnarskrá sem var í gildi 1990 þá er 44. gr. alveg skýr í þessum efnum og, með leyfi hæstv. forseta, hljóðar hún svo:

„Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild."

Ég stend í þeirri meiningu að þessu hafi aðeins verið breytt á þann veg að það verði að ræða þau þrisvar og ég held að það hljóti að vera augljóst mál að það mega vera miklir sérfræðingar sem komast að þeirri niðurstöðu ef hægt er að skilja þetta á annan veg. Og 44. gr. í dag er enn þá einfaldari, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekkert lagafrumvarp má samþykkja fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður á Alþingi."

Mín spurning til hæstv. forseta er því sú: Er ætlunin að standa þannig að þessu að hér verði þá þrjár umræður um málið, sem þýðir að það verði þá bætt við tveimur umræðum miðað við það sem áður hefur verið gert ráð fyrir? Eða hvernig hyggst forseti standa að þessu? Þetta er stjórnarskrárbundið ákvæði. Þetta er ekki eitthvað sem menn geta sagt af því að það voru einu sinni gerð mistök í þinginu og þetta brotið, að þá sé sköpuð hefð fyrir því að það megi brjóta það aftur. Það verður engin hefð til í að brjóta stjórnarskrána. Það liggur alveg ljóst fyrir að hennar styrkleiki er slíkur. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. forseta mjög til þess að skoða það hvort þessi uppsetningarmáti sem hér er notaður er ekki að dómi lögfræðinga, og þá á ég náttúrlega við lögfræðinga sem Alþingi hefði þá helst aðgang að í Háskóla Íslands, hvort þetta er ekki gjörsamlega óásættanleg uppsetning. Ég sé ekki að þetta hafi nokkurn tilgang í stjórnarskránni ef það má afgreiða mál með þessum hætti. Þá er bara hægt að flytja breytingartillögur og það þarf ekki einu sinni að gera það við 2. umr. Það er hægt að gera það við 3. umr., þannig að lagasafnið breytist bara við eina umræðu á Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Við erum hér að ræða þetta frv. ásamt brtt. við það við 2. umr. þannig að það gefst þá tækifæri til þess að skoða málið betur á milli 2. og 3. umr. og forseti er fús til þess að fá slíkt álit, eins og hv. 2. þm. Vestf. nefndi, hjá einhverjum lögfræðingum.

[19:10]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Það er leiðinlegt að vera að eyða tímanum í að ræða um formsatriði eins og þessi en ég held að það sé samt alveg ómögulegt að komast hjá því. Hér tekur nefnd við frv., væntanlega vegna samræmis, og þá seilist hún inn í frv. sem er á verksviði annarrar nefndar. Heilbr.- og trn. er að bera fram breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem tvímælalaust heyrir til félmn. Hið rétta form á þessu hefði verið það að nefndarmenn í hv. heilbr.- og trn. hefðu borið fram þingmannafrumvarp um þessa breytingu sem þeir töldu nauðsynlegt að gera á öðrum lögum og ég efa ekki að þeir hafi rétt fyrir sér. En þetta er ekki siðlegt form. Það er að vísu fordæmi fyrir því að menn hafi farið ansi frjálslega í bandormum en það hefur þá verið fyrst og fremst varðandi málefni sama ráðuneytis, og einkum man ég eftir um skattalög. Mig varðar ekkert sérstaklega um vilja félmrh. og auðvitað hefðu þingmennirnir fullan rétt til þess að bera fram frv. um þetta efni sem hlyti svo eðlilega þinglega meðferð og væri vísað til hv. félmn.

Ef þetta gengur si svona þá vil ég nefna hvert það getur leitt. Í dag var afgreitt lagafrv. eða breyting á lögum um framleiðslu og sölu á búvörum. Ég var óánægður með þessa afgreiðslu. Ég á sæti í iðnn. og þar er formaður hv. þm. Svavar Gestsson. Ég gæti með sama hætti (Forseti hringir.) við afgreiðslu máls í iðnn. lagt til breytingu á þessum búvörulögum og komið þeim í þóknanlegra horf svoleiðis að ég vil biðja frú forseta að athuga vandlega sinn gang.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur þegar lýst vilja sínum að skoða þetta mál á meðan það bíður 3. umr.

[19:13]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel alveg fullkomna ástæðu til þess að ræða þetta mál hér og ég vil um leið þakka hæstv. forseta það að hún hefur lýst því yfir að hún muni vilja stuðla að því að þetta sé tekið upp til frek-

ari skoðunar milli 2. og 3. umr. Ég vildi jafnframt fara fram á það hvort ekki væri eðlilegt að fresta þessari umræðu þar til við fáum úrskurð um það hvort hér sé rétt að málum staðið eða ekki.

Í framhaldi af því finnst mér líka rétt að nefna það hér, þótt það hafi verið gert áður í umræðum um annað mál, að innan þingflokks Kvennalistans þá höfum við séð ástæðu til að taka það fyrir og ræða hvernig þeim málum er fyrir komið oft í þinginu að það koma inn efnislegar breytingar á stjórnarfrumvörpum og eru lagðar inn til nefndanna sem eru að vinna að stjórnarfrumvörpunum. Þá koma e.t.v. ráðherrar eða ráðuneyti með efnislegar breytingar sem eiga að koma inn við 2. umr. Þar með er auðvitað verið að brjóta það prinsipp og þau lög að hér skuli ævinlega fara fram þrjár umræður um stjórnarfrumvörp. Mér sýnist að þetta mál sé komið í þá stöðu að það væri mjög eðlilegt að fresta þessari umræðu og athuga hvaða stöðu það mál hefur í raun og veru í þinginu. Hér er verið að gera mjög efnislega miklar breytingar á þessu frv., taka inn breytingar á öðrum lögum en frv. var upphaflega um. Hér er því um grundvallarbreytingar að ræða.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti væntir þess að hv. þm. virði þá ákvörðun forseta að ljúka þessari umræðu en að gera þessa athugun áður en til 3. umr. kemur.

[19:16]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta frv. kom fyrst fram í desember sl. eins og komið hefur fram í umræðum. Fyrst og fremst var þetta mál sem snerti sveitarfélagið Reykjavík. Nú er það skoðun mín að það sé mjög eðlilegt að sveitarfélög hafi ákveðið sjálfsforræði til að sjá um sín mál og ekki hvað síst málefni aldraðra. En þegar þetta frv. kom fram í desember þá virkaði það ákaflega sakleysislegt frv. og hæstv. forsrh. lagði það t.d. til að það þyrfti tæplega að vísa því til nefndar, það væri í raun og veru alveg hægt að sleppa því. A.m.k. væri hægt að sleppa því að fá neinar umsagnir eða kalla eitthvert fólk til umræðu um frv. Það átti helst að halda bara stuttan fund á meðan þingfundur stæði, frv. lagt fram að morgni og afgreiða það að kvöldi.

Við höfum verið að ræða það hversu miklar breytingar hafa orðið á þessu frv. frá því að það var fyrst lagt fram. Það kom auðvitað í ljós þegar nefndin fór að fjalla um frv. að þetta var alls ekki svo einfalt mál eins og við sjáum hér að það er raunverulega orðið að bandormi. Það er búið að leita umsagna fjölmargra aðila. Eins og kemur fram í nál. þá hafa verið fengnir þrír aðilar á fund hjá nefndinni og það er ekki í fljótu bragði hægt að telja þá alla sem leitað hefur verið umsagnar hjá. Eins og segir í nál. þá kemst nefndin að þeirri niðurstöðu að það sé nauðsynlegt að gera breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga samhliða þessu frv. og það er það sem við sjáum fyrir okkur í þessum brtt.

Eins og ég sagði áðan þegar ég ræddi fundarstjórn forseta þá tel ég að hér sé verið að gera grundvallarbreytingar, efnislegar breytingar á frv. og þar af leiðandi fær það ekki við þessar aðstæður rétta málsmeðferð í þinginu. Ég tel að það sé mjög mikið álitamál hvort við þingmenn getum staðið að því að láta slíkt fara í gegn. Við höfum alveg nægilega mikið verið ásökuð um það að hér sé hleypt í gegn frumvörpum sem verða að lögum án þess að þau séu hvorki skoðuð nægilega né jafnvel að þau standist lagatæknilega skoðun.

Það virðist að með umfjöllun hv. heilbr.- og trn., sem hefur farið yfir þetta frv. samviskusamlega og vel og ber að þakka það, hafi nefndinni með þessum brtt. tekist að afstýra lagatæknilegu slysi.

En ég held að þetta kenni okkur að það sé full ástæða til þess að spyrna við fótum gegn þessari tilhneigingu að koma málum á hraðferð í gegnum þingið og kannski ekki hvað síst þegar fer að nálgast lok þingsins og menn hafi þá hreinlega ekki tíma til þess að skoða málin nógu vel. Þetta ber að varast.

Eins og ég sagði áðan þá held ég að nefndin hafi unnið hér mjög gott starf en það er spurning um hvort það er ásættanlegt að hleypa þessu máli áfram með þessum hætti og það er ástæða til að fagna því að það verði skoðað mjög rækilega. Ég hefði helst viljað sjá það að þessari umræðu yrði ekki lokið en verð að sjálfsögðu að sætta mig við úrskurð hæstv. forseta í því að þetta verði skoðað milli 2. og 3. umr.

Ég tel ástæðu til að ítreka það mjög að hér sé Alþingi og stjórnvöld að fara inn á hættulega braut með því að koma með svona mál og láta þau fara þessa leið í gegnum þingið.

[19:21]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram þá var þetta frv. lagt fram rétt fyrir jólaleyfi þingmanna og í athugasemdum við lagafrv. sjálft sem lagt var fram í desember segir, með leyfi forseta:

„Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að setja á laggirnar sérstakt öldrunarmálaráð sem mun fara með yfirstjórn öldrunarmála í Reykjavík í umboði borgarráðs og borgarstjórnar. Öldrunarmálaráðið mun ekki verða undirnefnd félagsmálaráðs eins og gert er ráð fyrir í lögum um málefni aldraðra heldur heyra beint undir borgarráð og borgarstjórn."

Síðar í athugasemdunum segir: „Þar sem ákvæði 5. gr. núgildandi laga um málefni aldraðra veita sveitarfélögum ekki það svigrúm sem nauðsynlegt er til að skipa þessum málum svo sem þeim þykir hentugt með hliðsjón af umfangi þessa málaflokks er frumvarp þetta flutt."

Reyndar einkenndist umræða heilbr.- og trn. af þessu fyrstu fundina af því að borgarstjórn Reykjavíkur hefði óskað eftir því að lögum um málefni aldraðra yrði breytt í þá veru að hún fengi að skipa sitt sérstaka öldrunarmálaráð sem hún þá þegar hafði samþykkt að gera en sá síðan að það stóðst ekki lög og því varð að breyta lögunum. Mér hefur stundum dottið í hug í gegnum alla þessa umfjöllun sem hefur verið hjá nefndinni og er orðin miklu lengri og meiri en ráð var fyrir gert í upphafi hvort það sama gilti ef lítið sveitarfélag úti á landi sendi nú bréf og segði hv. Alþingi

að það hefði ákveðið að skipa sínum málum á þennan eða hinn veginn, hvort við mundum þá, hv. þm., hlaupa upp til handa og fóta og samþykkja lagabreytingu fyrir þetta litla sveitarfélag. Ég get nefnt mitt heimasveitarfélag, Stokkseyrarhrepp, þar sem eru um 550 íbúar, eða hvort vægi þess sveitarfélags, jafnvel ef það væru nokkur lítil sveitarfélög sem gerðu samninga um breytingar, hvort þau fengju sömu meðferð. Ég efast um það.

Því sem verið er að breyta hér er fyrst og fremst það að öldrunarmálaráðið heyrir beint undir borgarstjórnina, kosið af borgarstjórn, en ekki eins og segir í núgildandi lögum að stjórnir heilsugæslustöðva og félagsmálaráð eða félagsmálanefndir í sveitarfélögum á starfssvæði heilsugæslustöðva skuli tilnefna sérstaka fulltrúa í undirnefnd, öldrunarnefnd.

Við erum með þessu frv. að samþykkja að í stað öldrunarnefnda megi vera öldrunarmálaráð en það öldrunarmálaráð skal skipað af viðkomandi sveitarstjórn en ekki þeim aðilum sem áður eru nefndir. Hlutverk öldrunarmálaráðs á að vera það sama og hlutverk öldrunarnefnda í dag, þ.e. að gera tillögur um öldrunarþjónustu á starfssvæði í samráði við forstöðumenn hinna ýmsu þátta þjónustunnar, að kveðja menn til starfa í þjónustuhópi aldraðra þannig að samsetning hópsins sé í samræmi við ákvæði 7. gr. laganna, að gera tillögu um fjölda starfsliðs í heimaþjónustu starfssvæðisins, að fylgja eftir að ákvæðum staðla eða reglugerða samkvæmt 19. og 30. gr. núgildandi laga sé framfylgt og að annast samningsgerð við einstaklinga eða félagasamtök sem taka að sér þjónustu fyrir aldraða sé það ekki verksvið annarra.

Öldrunarnefndirnar þurfa í dag að gera tillögur um þessi verkefni til stjórnar heilsugæslustöðva, félagsmálaráða eða félagsmálanefnda. Öldrunarmálaráð þarf hins vegar aðeins að standa skil á gerðum sínum eða verkefnum til viðkomandi sveitarstjórnar. Í þessu liggur meginmunurinn, á þeim lögum sem eru í gildi í dag og þeim breytingum sem við erum að leggja hér til.

Þar sem við í minni hluta heilbr.- og trn. erum sammála því að það eigi að auka frelsi sveitarfélaga og sjálfsákvörðunarrétt þeirra í sínum málum þá féllumst við á það að skrifa upp á þetta frv. en þó eftir að það hafði farið í þessa ítarlegu umfjöllun í nefndinni og síðan til félmn. eins og kemur fram í nál. vegna þess að við töldum að það þyrfti að breyta lögum um félagsþjónustu sveitarfélags sem kom og síðar í ljós. Við skrifuðum hins vegar undir með fyrirvara vegna þess að við erum mjög ósátt við þann afgreiðslumáta sem hér er hafður og höfum gert við það ítrekaðar athugasemdir. Það væri langt mál, virðulegi forseti, að fara yfir það með hvaða hætti átti að afgreiða þetta frv. á sínum tíma út úr nefndinni og ég er hrædd um að við hv. þingmenn hefðum þá setið undir fjölmiðlagagnrýni og gagnrýni almennings fyrir fljótfærnisleg vinnubrögð ef við hefðum ekki aðeins staldrað við og minni hlutinn heimtað ítarlegri og betri umfjöllun um frv. en átti að vera.

En það er töluverður munur á núgildandi lögum og því sem hér er lagt til. Af því að það kom hér fram áðan hjá einhverjum hv. þm. að það þyrfti ekki þessa heimild til þess að stofna öldrunarmálaráð þá held ég að það sé ekki rétt einfaldlega vegna þess að í 5. gr. laga um málefni aldraðra er kveðið á um stofnun öldrunarmálanefnda. Hér er verið að veita heimild til þess að skipa öldrunarmálaráð sem fari með hlutverk öldrunarmálanefnda sem á samkvæmt lögum að skipa. Ég held því að það sé óvefengjanleg staðreynd að lagaheimild þurfi til þess að setja á fót öldrunarmálaráð af því að það er kveðið sérstaklega á um þetta í núgildandi lögum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að tefja þessa umræðu meira en orðið er en vil þó ítreka það að við hv. þm. sem erum í minni hluti heilbr.- og trn. höfum nánast á hverjum einasta fundi þar sem fjallað hefur verið um þetta frv. farið fram á önnur vinnubrögð. Niðurstaðan varð hins vegar þessi og það kemur síðan í hlut hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur sem er varaformaður nefndarinnar að mæla fyrir þessu frv. en hún hefur engu að síður gert grein fyrir þeim fyrirvörum sem við höfum við afgreiðsluna.

[19:28]

Guðmundur Hallvarðsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa nokkrar umræður orðið um mál sem lúta að málefnum aldraðra og sýnist sitt hverjum bæði um form og efni og jafnvel einstaka aðilar telja að með óeðlilegum hætti sé þetta mál borið fram til umræðu.

Meginmál þessa frv. er það að Reykjavíkurborg vill gera þessum málaflokki, málefnum aldraðra, hærra undir höfði en lög kveða á um með því að gera þetta að sérstökum málaflokki, hafa þetta ekki í tvennu lagi eins og nú er, þ.e. annars vegar byggingarnefnd aldraðra í Reykjavík og hins vegar þar sem þessi málaflokkur fellur undir Félagsmálastofnun.

Ekkert sveitarfélag þarf að sinna málefnum aldraðra með slíkum hætti eins og Reykjavíkurborg þarf að gera og telur það hins vegar ekkert eftir sér. Það er einu sinni svo, hvað svo sem utanbæjarmenn segja um höfuðborgina, þá er það samt svo að það er umtalsverður hópur aldraðra sem flyst til Reykjavíkur á hverju ári. Reykjavíkurborg og stjórnendur hennar hafa lagt sig fram um það að leysa þau mál eins og mögulegt er á hverjum tíma en ræður þó ekki alfarið þar um. Skulu þá fyrst nefnd hér hjúkrunarheimili og heimili fyrir aldraða sem hafa verið byggð upp með nokkuð sérstökum hætti á undanförnum árum. Landsmenn allir standa frammi fyrir því að á sumum stöðum á landinu hefur verið of í lagt. Þar eru heimili fyrir aldraða sem ekki eru fullnýtt. Það hefði kannski verið betra á árum áður að þeir sem sátu í heilbr.- og trmrn. hefðu skoðað málið frá annarri hlið heldur en gert var og metið þörfina öðruvísi en raun ber vitni um. Ef það hefði verið gert, þá efa ég það ekki að Reykjavík væri betur í stakk búin en hún er nú til að mæta þeim þunga sem skapast vegna þessa málaflokks, sem skapast vegna þess að margir aldraðir telja hag sínum betur borgið í Reykjavík heldur en á hinum fjölmörgu stöðum úti á landi þar sem fámennið er kannski meira en eðlilegt má teljast.

Í annan stað má nefna í sambandi við hjúkrunarheimili að á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg í samstarfi við aðra byggt t.d. hjúkrunarheimilið Skjól, þar sem rúmlega 90 aldraðir einstaklingar, sem þurfa sérstaka hjúkrunarmeðferð, búa. Þá er nú í byggingu og búið að taka í notkun hluta af hjúkrunarheimilinu Eir þar sem 120 manns eiga væntanlega mögguleika á vistun. Síðan er fyrirhugað hjúkrunarheimili í Suður-Mjódd. Þá er líka áform á vegum sjómannasamtakanna að byggja nýja hjúkrunarálmu við Hrafnistu í Hafnarfirði.

Það er því unnið að þessum málaflokki hér í Reykjavík nokkuð myndarlega miðað við aðstæður, bæði í þjóðfélaginu og í málefnum aldraðra.

Það er rétt eins og kom fram hjá hv. 11. þm. Reykv., Finni Ingólfssyni, að um 300 manns bíða eftir vistun á heimilum, bæði hjúkrunarheimilum og heimilum fyrir aldraða. En á undanförnum árum hafa mál þróast þannig að á annað hundrað Reykvíkinga búa á heimilum fyrir aldraða úti á landi vegna þess að skorturinn hefur verið það mikill hér. Að þessum málum er nú unnið eins og ég hef lýst hér til lausnar þeim vanda sem borgaryfirvöld standa frammi fyrir varðandi málefni aldraðra.

Það er dálítið merkilegt þegar einn hv. þm. telur fulla ástæðu til að lesa upp athugasemdir við lagafrv. og vitnar sérstaklega til þess að af því að Reykjavíkurborg hafi óskað eftir þessum breytingum á lögum um málefni aldraðra hafi þingheimur snarsnúist og hlaupið upp til handa og fóta til að leysa þetta mál og spyr svo: Hefði þetta gerst ef lítið sveitarfélag úti á landi hefði verið með sömu óskir? Vafalaust. Vafalaust hefði það verið gert. Ég er alveg sannfærður um að alþingismenn bera þann hug til aldraðra að ef það væru einhver mál sem snertu lög um málefni aldraðra og væru þannig úr garði gerð að þeir gerðu þeim aðilum hærra og betra undir höfði, þá vildi ég fá að sjá þann þingmann sem mótmælti því jafnvel þó að það hefði komið frá Stokkseyri eða Eyrarbakka. (**SJS:** Jafnvel þaðan?) Jafnvel þaðan, já. Og jafnvel þó að það kæmi frá Húsavík, hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Ég efa það ekki. (**Gripið fram:** En Þórshöfn?) Þórshöfn, kallar einn fram í úr hliðarsal og les Tímann.

Varðandi það að Reykjavíkurborg er að leggja þetta mál fram, þá hefur þessi málaflokkur, eins og ég gat um áðan, verið hjá tveimur aðilum, þ.e. Félagsmálastofnun og byggingarnefnd aldraðra og það er málefnum aldraðra til framdráttar að koma þessu fyrir eins lög gera ráð fyrir, þ.e. að í Reykjavík verði stofnað sérstakt öldrunarmálaráð.

Þegar síðan var farið að skoða málin kom það í ljós að ekki dugði að breyta einvörðungu lögum um málefni aldraðra, nr. 82/1989, heldur þurfti þar líka til að koma breyting á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Og þegar menn stóðu frammi fyrir þeim orðna hlut var bæði rætt við aðila, eins og kemur fram í greinargerðinni, innan heilbr.- og trmrn. og síðan félmrn. til þess að málefni aldraðra, sem snerta bæði þessi lög, mættu ná fram að ganga með þeim hætti sem frv. ber vitni um.

Þeir aðilar sem leitað var til til umsagnar voru fjölmargir og er of langt mál að lesa þá upp en ég fullyrði að flestallir sem sendu inn umsagnir sínar voru málinu mjög jákvæðir og töldu það eðlilegt að sveitarfélög hefðu þetta frekar í sínum höndum og mættu gera betur heldur en núverandi lög kveða á um.

Virðulegi forseti. Ég held ég hafi ekki mörg fleiri orð um þetta mál. En auðvitað má alltaf deila um form og málsmeðferð en ég trúi því ekki að þingmenn ætli að leggjast á þetta mál og tefja framgang þess vegna þess að það hefur það í sér að verið er að gera þeim öldruðu hærra undir höfði og það á að gera betur en verið hefur og ég get ekki séð annað en það sé hið besta mál.

[19:38]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni að það hefur hallast dálítið á í uppbyggingu hjúkrunarheimila og dvalarheimila eftir því hvar á landinu menn hafa byggt. En út af orðum hv. þm. áðan að það hefði verið nær fyrir menn í heilbrrn. að huga að því fyrr, þá lít ég svo á að þetta hafi verið sneið til fyrrv. hæstv. ráðherra Sjálfstfl., þeirra Matthíasar Bjarnasonar og Ragnhildar Helgadóttur, vegna þess að allar þær ákvarðanir sem teknar voru um uppbyggingu úti um land voru einmitt teknar á þeim tíma er þessir ágætu hæstv. ráðherrar sátu þarna og gættu að mörgu leyti vel að þessum málaflokki að mínu viti. En ég minni hv. þm. á að stóru ákvarðanirnar um uppbyggingu á Eir og Skjóli í Reykjavík voru einmitt teknar á þeim tíma er hv. þm. Guðmundur Bjarnason var heilbrrh. Þetta ætti hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson að hafa í huga. M.a. vegna þess að árin 1989 og 1990 sáu menn að Reykjavíkurborg átti í erfiðleikum, það voru ekki til fjármunir til þess að reka þær stofnanir sem búið var að byggja upp, var sú breyting gerð á lögunum um Framkvæmdasjóð aldraðra að taka af framkvæmdafé peninga til þess að setja í rekstur sem var að mínu viti skynsamleg ákvörðun miðað við þær aðstæður sem uppi voru á þeim tíma.

[19:39]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að það fari ekki á milli mála að ekki er hægt að afgreiða þetta frv. eins og það liggur fyrir. Ég verð að segja alveg eins og er að ég get ekki skilið að hægt sé að setja inn í breytingartillögur við frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Þetta getur ekki staðist. Ég held að það sé alveg ljóst að þingið getur ekki sent málið frá sér á þennan hátt. Ég vildi því leggja til að þetta mál yrði sent til baka og nauðsynlegt að gera úr þessu tvö þingmál. Svona vinnubrögð eru ekki boðleg og ég er alveg hjartanlega sammála þeirri gagnrýni sem komið hefur fram hjá hv. 6. þm. Vestf. um meðferð mála sem nefndir eru farnar að bera hér fram hvað eftir annað en það er aðeins annað mál. Ég held nefnilega að það dugi ekki heldur til vegna þess að hér er verið að rugla saman fleiri en einum lagabálki. Ég hef ekki áður séð svona

vinnubrögð í þinginu. Ég held að það sé alveg nauðsynlegt að senda þetta mál til baka og fresta nú þegar umræðu um það.

Að lokum aðeins, frú forseti, ég skildi vel að það þvældist aðeins fyrir hv. 16. þm. Reykv. þegar hann var að telja upp afrek Reykvíkinga í byggingu hjúkrunarheimila og hafði gaman af að heyra hann telja það borgarstjórn Reykjavíkur til tekna að til stendur að byggja frekari hjúkrunardeildir við Hrafnistu í Hafnarfirði. Ég sé ekki alveg hvar Reykjavíkurborg kemur inn í það dæmi.

[19:42]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sýnir kannski meira en orð fá lýst sá þankagangur sem hér kemur fram í fjölmörgum stjórnarandstöðuþingmönnum sem hafa talað. Þá er einkum rætt um form en ekki efni málsins og þó að forseti hafi margítrekað að þetta mál verði skoðað milli umræðna þá halda menn samt sem áður áfram sama málflutningi og virðast ekki taka mikið tillit til þess sem forseti hefur sagt.

Aðeins í sambandi við það sem síðasti ræðumaður kom inn á. Ég var ekkert að tíunda, hv. þm., afrek Reykjavíkurborgar frekar en annarra þó frv. sé til komið að beiðni borgarstjórnar Reykjavíkur. Vissulega hefur ágætlega verið á málefni aldraðra haldið í Reykjavík þó að auðvitað megi betur gera. Mönnum er kannski tamt að gagnrýna aðeins en ekki þakka það sem vel hefur verið gert. Og ég held að það sé ekkert að því þó að ég hafi nefnt Hrafnistu í Hafnarfirði sem væntanlegan möguleika í málefnum aldraðra. Það auðvitað kemur inn á svo víða hvert sem litið er. Mættu menn jafnframt minnast þess að þegar talað er um málefni aldraðra á höfuðborgarsvæðinu, þá er venjulega þannig til tekið, hv. þm., að það er ekki verið að fara endanlega út í hin ystu mörk byggða utan höfuðborgarsvæðisins.

En mér finnst það ekkert óeðlilegt þó að þessi málflutningur sé hér viðhafður varðandi þessa tvo lagabálka sem tengjast málefnum aldraðra, annars vegar lög nr. 82/1989 og hins vegar lögin nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

[19:44]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ekki flokkspólitískt mál hvort formlega er gengið frá þingmálum og afgreiðslu mála á hinu háa Alþingi svo að sómi sé að. Ég vil minna hv. 16. þm. Reykv. á að það vill svo til að ég er einn af forsetum þingsins og hef þess vegna allnokkuð vald til að lýsa þessari skoðun minni.

Sá subbuskapur sem á sér stað hér við lagasetningu gengur auðvitað ekki og það er ekki við hæstv. aðalforseta þingsins að sakast. Það er grínlaust að fá frumvörp eins og þau berast nú orðið inn í þingið, illa samin og þetta er í annað skiptið í dag sem þingmenn eru tilneyddir til að gera athugasemd um form eins og hv. 16. þm. Reykv. kallar það. En það vill nú svo til að þjóðþing hverrar þjóðar er eitthvað það formlegasta sem hægt er að hugsa sér. Það skiptir öllu máli að mál séu formlega rétt og það er skylda okkar hv. þm. að sjá svo til. Og þá má ekki misvitur ríkisstjórn stjórna því að þingmenn séu neyddir til að gusast í gegnum mál án þess að gætt sé að að formið sé í lagi.

Ég vil minna hv. 16. þm. Reykv. á það að dómsvaldið í landinu á að geta notað þau lög sem sett eru til að dæma eftir þeim. Lög verða að standast form og það er þess vegna ljóst að þetta er svo formlega gallað mál að í því verður að vinna frekar. Ég er ekkert að mótmæla því sem hæstv. forseti sagði áðan að málið mundi verða skoðað milli umræðna. Það er aðeins blæbrigðaágreiningur milli okkar um það. Ég tel að málið eigi ekki að fara til 3. umr. Ég held að það eigi að skoðast áður en til afgreiðslu kemur við 2. umr. en auðvitað beygi ég mig fyrir úrskurði hæstv. forseta. En ég vil ekki heyra það að það skipti ekki máli hvernig formlega sé gengið frá málum á hinu háa Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni, vegna þess að forseti hefur verið spurð um það, þá er ekki meiningin að taka fyrir fleiri dagskrármál að lokinni þessari umræðu, svo að það liggi ljóst fyrir.

[19:47]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er nokkuð athyglisverð umræða sem hér fer fram af, má segja, tveimur ástæðum, efnislega annars vegar hvað viðkemur innihaldi þessa frv. og brtt. og hins vegar sem lýtur að framlagningu þess eða þinglegri meðferð, liggur mér við að segja. Ég tel eðlilegt að menn skiptist hér á skoðunum um hvort tveggja og ég vona að ég fái ekki einkunnagjöf af því tagi sem heyrðist hér áðan að með því að halda einhverja stuttar tölur um þetta mál sé maður að tefja sérstaklega framgang þess. Ég kann því heldur illa satt best að segja, þó að það beindist ekki að mér í þessu tilviki þar sem ég hafði ekki talað í málinu, þegar menn eru í ræðustólnum með skot af því tagi til samþingmanna sinna að það að koma með innlegg í umræður um mál á efnislegum forsendum eða þó um formlega meðferð málanna sé að ræða, menn geta kallað það formsatriði ef þeir vilja, þá séu menn að leggja sérstaklega stein í götu viðkomandi mála, tefja eðlilegan framgang þess. Er það t.d. óeðlilegt að þetta mál sé rætt hér stutta stund? Ég held ekki. Ég bið hv. 16. þm. Reykv. að hafa þetta sérstaklega í huga.

Það er reyndar rétt sem hér hefur fram komið að það er ýmislegt óvenjulegt við framlagningu þessa máls. Þar á meðal og ekki síst rökstuðninginn í athugasemdum við frv. eins og það birtist upphaflega á þskj. 414 vegna þess hvernig málið er síðan úr garði gert. Ég tel að ef frv. hefði upphaflega verið flutt á þeim grundvelli sem brtt. heilbr.- og trn. gerir nú ráð fyrir, þ.e. að þarna væri verið að opna þetta sem valkost til viðbótar við það sem fyrir er í gildandi lögum, þá hefði mátt vísa með rétti til þess að Reykvíkingar hafi áhuga á breyttu skipulagi þessara mála hjá sér. En að nota það eitt sem röksemd fyrir því að flytja frv. um að breyta fyrirkomulagi þessara mála hjá öllum sveitarfélögum í landinu er auðvitað mjög sérkennilegt. Ég tel að málið hefði verið allt öðruvísi vaxið frá

byrjun ef frv. hefði haft útgangspunkt í þeirri aðferð sem brtt. heilbr.- og trn. gera ráð fyrir, þ.e. að þessi svokölluðu öldrunarmálaráð yrðu lögheimiluð sem valkostur fyrir þau sveitarfélög sem það vildu viðhafa. En að taka útgangspunkt í því að borgarstjórn Reykjavíkur hafi samþykkt að koma sér upp sérstöku öldrunarmálaráði og þar með skuli breyta þessu í lögum fyrir allt landið og miðin er nokkuð óvenjulegt vegna þess að mér er ekki kunnugt um að önnur sveitarfélög hafi yfirleitt óskað eftir neinum sérstökum breytingum um þetta efni.

Ég tel þess vegna að það sé fullkomlega eðlilegt að þessar athugasemdir komi fram um málið eins og það var upphaflega fram borið. Það er auðvitað alveg ljóst að heilbr.- og trn. hefur náð að lagfæra það verulega með 1. tölul. brtt., þ.e. við 5. gr. og með nýrri grein sem bætist þar við sem opnar öldrunarmálaráðin sem valkost í stað öldrunarnefndanna hjá þeim sveitarfélögum sem það vilja viðhafa. Mér dettur ekki í hug að fara að blanda mér í það efnislega hvaða fyrirkomulag Reykvíkingar sem slíkir vilja hafa á þessum málum hjá sér. Það er alveg ljóst að þetta er umfangsmikill málaflokkur hér, en ekkert hlutfallslega umfangsmeiri heldur en hann er í mörgum öðrum sveitarfélögum. Reykjavík er einfaldlega langstærst og þar af leiðandi er þetta umfangsmest í þeim skilningi en hlutfallslega er örugglega að finna mörg sveitarfélög þar sem umfang málefna aldraðra er ekkert minna. Maður gæti látið sér detta í hug sveitarfélög þar sem aldraðir hafa á undanförnum árum og áratugum haft tilhneigingu til að setja sig niður og eyða ævikvöldinu, dæmi Hveragerði eða önnur slík. Og maður gæti látið sér detta það í hug að hlutfallslega væru málefni aldraðra síst mikið minni fyrirferðar í slíkum sveitarfélögum heldur en hér, en Reykjavík er vissulega stærst.

Ég er auðvitað alveg prýðilega sáttur við það ef Reykvíkingar vilja breyta skipulagi þessara mála hjá sér, þá geri þeir það og greitt sé fyrir því með lagabreytingu á þinginu en það á þá að gera með þessum hætti, að mér finnst, nema menn nái niðurstöðu um að breyta tilhögun þessara mála í grundvallaratriðum í landinu öllu og um það sé þá sæmilegt samkomulag. En þegar svona stendur á og málið ber þannig að að það er vegna óska eins einstaks sveitarfélags og önnur sveitarfélög mér vitanlega hafa ekki sérstaklega óskað eftir svona breytingum, þá er þetta hinn eðlilegi framgangsmáti sem hv. heilbr.- og trn. leggur til.

Það er síðan með öllu ástæðulaust fyrir hv. þm. Guðmund Hallvarðsson, nema hann telji vígstöðu Sjálfstfl. í komandi borgarstjórnarkosningum svo hörmulega bágborna að það verði að nota jafnvel þetta tækifæri til að flytja hér einhverja framboðsræðu fyrir D-listann, að segja hér tröllasögur og ýkjusögur af því hvað Reykvíkingar ætli að taka þessum málaflokki rosalegt tak hjá sér núna á síðustu vikum kjörtímabilsins. Er íhaldið að vakna til lífsins í Reykjavík og uppgötva málefni aldraðra og ætlar að fara að gera hér einhverjar miklar rósir? Ég er ekki viss um að það sé sérstaklega D-listanum til framdráttar að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson fari að opinbera hræðslu íhaldsins við að tapa borginni með því að nota tækifæri af þessu tagi til að flytja framboðsræðu fyrir D-listann. En eins og kunnugt er var það eitt aðalinntakið í ræðu hans áðan hversu vasklega ætti nú að fara að sinna þessum málum af hálfu meiri hlutans í Reykjavík, les meiri hlutans í Reykjavík eins og ég skildi þetta í máli hv. þm. Út af fyrir sig eru þá sjálfsagt einhverjir hér sem eru tilbúnir til að fara í þá umræðu við þingmanninn og stendur það nær heldur en mér. Ég ætla ekki að gera það.

Hitt, hæstv. forseti, vildi ég svo nefna og taka upp sem aðrir hafa einnig gert að umtalsefni. Það er þessi sérkennilegi framgangsmáti að flytja í raun og veru tvö aðskilin lagafrumvörp í brtt. við 2. umr. máls. Það er mjög óvenjulegt. Nú ætla ég ekki í rökræður við forseta eftir minni um það hvort það sé nánast fordæmalaust en mér er nær að halda að svo sé nánast. Ég færi þau rök fyrir mínu máli að það er ekki hægt að bera þetta saman við það þegar stjfrv. birtist sem bandormur, t.d. í efnahagsráðstöfunum eða öðru slíku og þar eru kannski á ferðinni breytingar á sex eða átta mismunandi lagafrumvörpum og það kann að verða niðurstaðan við brtt. að auka þar við skerðingarákvæði eða útgjaldalegu eða kostnaðarlegu ákvæði sem tekur inn á eitt lagafrv. í viðbót, ein lög í viðbót eða einu lagafrv. færra. Það er ekki sambærilegt. Þau dæmi þekkjum við auðvitað að hér hafa komið á undanförnum árum misjafnlega þokkaðir bandormar, t.d. í tengslum við efnahagsráðstafanir, kjarasamninga, fjárlagagerð á síðustu stigum þegar menn hafa verið að rimpa saman í fjárlagagatið og ákveðið að höggva á báðar hendur í einstaka málaflokka, það hefur verið skerðing hér og ákvæði þar, jafnvel skattur á sveitarfélögin í þriðja tilvikinu o.s.frv. og þá hefur kannski birst við 2. umr. nýtt lagafrv., de facto, í gegnum brtt. við bandorm af því tagi. En ég fullyrði að þess eru fá dæmi að í einföldu frv. um eitt tiltekið atriði í málaflokki eins og hér er og þar sem átti að breyta einni einustu lagagrein komi svo allt í einu brtt. sem feli í reynd í sér nýtt frv., breytingu á alls óskyldum lögum. Kannski á maður ekki að segja alls óskyldum en allt öðrum lögum.

Það eru ekki mörg dæmi um slíkt, a.m.k. ekki sem ég þekki til. Það er svo sem ekkert óskaplega lengi en nálgast þó 11 ár með hverjum deginum sem líður að ræðumaður hafi starfað á þingi. Þess vegna tel ég eðlilegar óskir manna um að þetta sé athugað hreinlega formsins vegna og þannig að þetta sé ekki gert nánast blindandi og síðan vitnað í þetta sem fordæmi um að þetta sé víst hægt og hafi verið gert þarna og þarna. Eins og dæmin sanna hafa menn tilhneigingu til þess að nota það sem einu sinni er búið að gera, með hvaða rökum sem það hafi verið gert, sem fordæmi fyrir því að það sé leyfilegt og góð venja upp frá því.

Ég er ekki viss um að það eigi að ganga langt út á þessa braut og fyrir því má færa ýmis rök, m.a. þau að Alþingi starfar nú í einni málstofu. Umferðirnar sem lagafrumvörp fá eru þrjár í staðinn fyrir sex áður og þess vegna minni tími til stefnu til að taka á málum sem koma upp. Ef búið er að loka 2. umr., þá er aðeins ein eftir, þá er málið borð upp í heild sinni og oft

á tíðum ekki auðvelt að koma því við að kalla fram afstöðu manna til efnisatriða eða formsatriða af þessu tagi. Ég er í raun ósammála og óánægður með þá niðurstöðu forsetans að það sé nóg að athuga þetta milli 2. og 3. umr. nema og ef brtt. er kölluð aftur þannig að það sé ekki knúin fram atkvæðagreiðsla um málið í lok 2. umr. en það mun gerast að óbreyttu. Þar með er í raun og veru marklítið að athuga málið vegna þess að menn væru búnir að standa frammi fyrir því að þurfa að greiða atkvæði um þessa brtt. ef hún er ekki kölluð aftur. Þar með eru menn í raun og veru settir upp við vegg og þeim gert að taka á því. Vilja þeir afgreiða þetta svona? Ef menn eru efnislega ekki ósammála því sem þarna er á ferðinni en hafa hins vegar efasemdir um þetta formlega séð, hvað eiga þeir þá að gera, hæstv. forseti?

Ég held að það sé verið að setja menn þar með í svona heldur vandræðalega aðstöðu þannig að ég hef lagt til að 2. umr. yrði ekki lokið, a.m.k. atkvæðagreiðslu frestað og helst 2. umr. ekki lokið þannig að það væri eftir atvikum hugsanlegt að afturkalla þessa brtt., flytja nýja þar sem 1. tölul. brtt. á þskj. 884 héldi sér en síðan yrði flutt sjálfstætt lagafrv. um breytingu á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það væri auðvitað langeðlilegast að gera þetta þannig.

Úr því að heilbr.- og trn. sendi félmn. þetta til umsagnar þá hefði að mínu mati verið eðlilegur framgangsmáti úr því að nefndirnar urðu, eins og ég ræð af nefndarálitinu, efnislega sammála um að það þyrfti að gera þessar breytingar, að heilbr.- og trn. hefði óskað eftir því að félmn. flytti lítið sjálfstætt frv. um þessa breytingu á lögunum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það hefði verið hreinleg, eðlileg og venjuleg vinnubrögð við þessa lagasetningu. Þessi eru harla óvenjuleg og mér finnst að við þingmenn sem erum í þessum tveimur nefndum og erum að sjá framan í þetta í fyrsta sinn eigum fullan rétt á því að koma okkar athugasemdum á framfæri og að atriði af þessu tagi séu tekin til skoðunar. Ég get ekki skilið að það sé nein sú tímanauð hér á ferðinni sem gerir það að verkum að ekki sé unnt að verða við tiltölulega einfaldri og að mínu mati eðlilegri ósk af því tagi að umræðunni verði nú frestað og það kannað hvort ekki sé vilji fyrir hendi hjá viðkomandi þingnefndum að leysa ósköp einfaldlega úr þessu atriði með þessum hætti.

Mér finnst það í raun alveg ástæðulaust og heldur til ama að menn skuli ekki ná samkomulagi um einfalda hluti af þessu tagi hvað málsmeðferð varðar þegar hér þó er komið efnislegt samkomulag í grófum dráttum um afgreiðslu á málinu. Þarna eru að vísu á ferðinni einhverjir fyrirvarar en ekki stórvægilegir og þetta hefði ég talið að væri hinn eðlilegi framgangsmáti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það stendur ekki til að atkvæðagreiðsla fari fram fyrr en sú athugun hefur verið gerð sem forseti hefur gefið fyrirheit um.

[20:00]

Frsm. heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Mig undrar ekki þó að það hafi verið töluverð umræða um þetta málefni vegna þess að sá fyrirvari sem stjórnarandstaðan hafði um þetta málefni er einmitt sá að hér eru ekki flutt tvö frumvörp heldur eitt um tvö málefni. Samt held ég að menn verði að rifja það aðeins upp að það var þó til mikilla bóta hjá hv. heilbr.- og trn. að hún skyldi leggja þetta mál til félmn. og félmrh. til umfjöllunar. Það ætlaði meiri hlutinn í heilbr.- og trn. satt að segja ekki að gera. Það var vegna þrábeiðni minni hlutans í nefndinni. Þessi tvö mál haldast svo í hendur að það er ekki hægt að samþykkja annað nema hitt sé með. En auðvitað er eðlilegast að þessi tvö mál séu flutt í tveim frumvörpum.

Eins og fram hefur komið greina menn ekki lengur um innihald frv. en það gerðu menn í upphafi og það var þess vegna sem þetta frv. var ekki afgreitt með hraði fyrir jól. Vegna þess að það var ýmislegt í innihaldi frv. sem menn greindi á um. En um það hefur náðst samkomulag í nefndinni.

Og mig langar að minnast á það vegna þess að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ræddi um það að hér væri verið að samræma störf sem áður hafa verið í tveim nefndum, þ.e. í félagsmálaráði annars vegar og hins vegar í byggingarnefnd öldrunarmála, að það hefði verið eðlilegast fyrst á annað borð var verið að samræma og setja undir einn hatt að heimilishjúkrun og heimilishjálp hefðu verið sett undir sama hatt. Það hefði komið öldruðum enn þá betur en nokkurn tíma það sem er verið að gera hér þó að ég sé ekki að gera lítið úr því.

Þó ég mæli hér fyrir þessu nál. sem varaformaður í heilbr.- og trn. þá bótmæli ég ekki þessari málsmeðferð en tel þó að innihald frv. sé orðið miklu betra en það var fyrir jól.

Af því að hv. þm. Svavar Gestsson spurði um það í umræðunni hvort frv. sem hann lagði fram sem varðar húsnæðismál aldraðra verði ekki lagt fram samhliða þessu, þá er það ekki tilbúið enn til afgreiðslu en ég mun svo sannarlega ýta á það mál vegna þess að það er mjög mikilvægt og hefur fengið jákvæða umfjöllun, bæði umsagnir og eins umfjöllun í þinginu.

Hæstv. forseti hefur skorið úr um að það fari ekki fram atkvæðagreiðsla um þetta mál fyrr en það hefur verið rannsakað frá lagalegu sjónarmiði. Ég tek undir það með forseta og mér finnst það vera ásættanlegt í þessum máli.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 15. og 19.–21. mál.

Fundi slitið kl. 20:04.

124. FUNDUR

fimmtudaginn 7. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 545. mál, þskj. 856. — 1. umr.
2. Tollalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 858. — 1. umr.
3. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859. — 1. umr.
4. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900. — 1. umr.
5. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857. — 1. umr.
6. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 467. mál, þskj. 716. — 1. umr.
7. Eignarskattur á íbúðarhúsnæði, þáltill., 491. mál, þskj. 749. — Fyrri umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 583. mál, þskj. 902. — 1. umr.
9. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126, nál. 681, brtt. 682. — 2. umr.
10. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 41. mál, þskj. 44, nál. 838, brtt. 839. — Síðari umr.
11. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350, nál. 891, brtt. 892. — 2. umr.
12. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 554. mál, þskj. 865. — 1. umr.
13. Hópuppsagnir, stjfrv., 555. mál, þskj. 866. — 1. umr.
14. Ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, stjfrv., 563. mál, þskj. 876. — 1. umr.
15. Réttur til launa í veikindaforföllum, frv., 444. mál, þskj. 656. — 1. umr.
16. Héraðsskógar, stjfrv., 499. mál, þskj. 766, nál. 855. — 2. umr.
17. Lögheimili, frv., 72. mál, þskj. 75, nál. 790 og 826, brtt. 827. — 2. umr.
18. Ræktun íslenska fjárhundsins, þáltill., 390. mál, þskj. 588, nál. 813. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Steingrímur J. Sigfússon, 4. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.,
Vilhjálmur Egilsson, 5. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA, 504. mál, svar utanrrh., þskj. 912.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 484. mál, svar heilbr.- og trmrh., þskj. 912.

Framlög til áfengis- og fíkniefnameðferðar, 523. mál, svar heilbr.- og trmrh., þskj. 904.

Framlög til áfengis- og fíkniefnavarna, 524. mál, svar heilbr.- og trmrh., þskj. 905.

Framlög til forvarna í áfengis- og fíkniefnamálum, 525. mál, svar heilbr.- og trmrh., þskj. 905.

Sala jarða til ríkisins, 453. mál, svar landbrh., þskj. 911.

Tilkynning um andlát Alberts Guðmundssonar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þær fregnir voru að berast rétt í þessu að Albert Guðmundsson, fyrrv. alþingismaður og ráðherra, hefði látist í morgun. Hans mun verða minnst hér á þingfundi eftir hádegisverðarhlé kl. hálftvö í dag.

Fjáröflun til vegagerðar, 1. umr.

Stjfrv., 545. mál (endurgreiðsla ökumæla). — Þskj. 856.

[10:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breyting á lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum. Þetta er stutt frv., lætur lítið yfir sér, er aðeins ein grein auk gildistökugreinar.

Þess ber að geta að á vegum fjmrh. hefur um hríð starfað nefnd sem falið var að skoða núverandi þungaskattskerfi með það í huga að kanna hvort rétt væri að leggja það niður í núverandi mynd og taka þess í stað upp skattlagningu á orkugjafan sjálfan, þ.e. olíuna. Ein ástæða þess að rétt hefur verið talið að skoða nýjar leiðir varðandi þess skattlagningu er sú að almennt er talið að núverandi kerfi sé mjög óskilvirkt og undandráttur mjög mikill. Önnur ástæða er sú að ljóst er að núverandi þungaskattskerfi er mjög óhagstætt fyrir dísilfólksbíla, sem sést best á því að af um 130.000 fólksbílum sem skráðir eru á landinu eru einungis 6.000 dísilbílar, en dísilbílar eru að mörgu leyti taldir vegna nýju vélanna sem í þeim eru vera heppilegri og umhverfisvænni ef eitthvað er. Í þriðja lagi má bæta því við að í Noregi var nýlega breytt um kerfi og hætt að nota mæla en í staðinn tekið upp það kerfi sem víðast hvar gildir, að leggja skattinn á sjálfan orkugjafann.

Hagsmunaaðilar í landflutningum hafa kvartað mikið yfir að vegna þess að tiltölulega auðvelt sé að kom-

ast hjá skattheimtu í þungaskattskerfinu án þess að upp komist sé samkeppnisstaða þeirra sem fara vilja að lögum nánast vonlaus. Til úrbóta hefur verið bent á þrjár leiðir. Í fyrsta lagi að leggja gjald á olíuna þar sem sú olía sem ekki er notuð af ökutækjum yrði lituð og merkt. Í öðru lagi hefur verið bent á að leggja gjald á alla olíu sem mögulegt er að nota á ökutæki, án þess að lita eða merkja olíuna, en síðan yrði þeim aðilum sem ekki eiga að bera gjaldið endurgreitt í gegnum virðisaukaskattskerfið. Og í þriðja lagi hefur verið bent á þá leið að viðhalda núverandi kerfi en gera á því nauðsynlegar endurbætur til að bæta skilvirkni þess.

Eins og margoft hefur komið fram hef ég lýst áhuga á olíugjaldsleiðinni en nefndin sem um þetta mál fjallar hefur enn ekki skilað endanlegu áliti. Ljóst er að ef tekin verður ákvörðun um að leggja til að lagt verði gjald á olíuna og núverandi kerfi lagt niður þá þarfnast slík breyting nokkurs undirbúnings áður en hún tekur gildi. Samkvæmt þessu frumvarpi sem ég mæli hér fyrir er einungis verið að opna fyrir þann möguleika ef tekin verður ákvörðun um að leggja á olíugjald að unnt sé að koma til móts við þá aðila sem samkvæmt núverandi þungaskattskerfi eiga að vera með ökumæla og þyrftu því að kaupa sér ökumæli eftir að slík ákvörðun um olíugjald hefur verið tekin en ekki komin til framkvæmda. Miðað við verð ökumæla í dag, sem er u.þ.b. 30.000 kr. með ísetningu og að árlega sé þörf fyrir að endurnýja 1.000 mæla, myndi kostnaður vegna þessarar breytingar vera 22,5 millj. kr.

Þess skal getið að þetta frv. er flutt í fullu samkomulagi við samgrn. og Vegagerð ríkisins. Það þykir nauðsynlegt að hafa þessa heimild til þess að sýna þeim sem verða að festa kaup á mælum um sinn að möguleiki sé á því að koma til móts við óskir þeirra um að þeir fái að nokkru eða öllu endurgreiddan kostnaðinn á meðan núverandi skattkerfi er við lýði.

Ég tek það fram eins og ég hef reyndar gert margoft áður, að endanleg ákvörðun um það hvort þungaskattur í núverandi mynd verður lagður niður liggur ekki enn fyrir, en það stendur sem ég hef margoft sagt að það er mín stefna að svo verði. Ég vænti þess að hægt verði að framfylgja þeirri stefnu með lagafrv. á næsta þingi, helst fyrri parti þess þings, enda ætti nefndin sem vinnur að þessu máli að geta skilað niðurstöðu innan mjög skamms tíma. Þetta frv. er nokkurs konar undanfari þeirra breytinga sem í hönd hljóta að fara. Ég leyfi mér að leggja til að málinu verði vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (undirboðs- og jöfnunartollar). — Þskj. 858.

[10:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breyting á tollalögum, nr. 55/1987, með síðari breytingum.

Í desember á síðasta ári skipaði ég nefnd til að semja reglur um athugun á því hvort beita eigi jöfnunartollum og hvernig álagningu þeirra skuli háttað og eftirliti með framkvæmd þeirra. Auk fulltrúa fjmrn. átti ríkistollstjóri sæti í nefndinni og fulltrúi frá viðskrn. og ríkisskattstjóra. Óskaði ég eftir því að nefndin hraðaði störfum sínum þannig að unnt væri að taka afstöðu til tillagna hennar fyrir þinglok nú í vor.

Í erindisbréfi nefndarinnar kom fram að umræddar reglur skyldu taka til eftirfarandi atriða:

1. Skilyrða fyrir álagningu jöfnunartolla.
2. Hvenær rannsókn skuli fara fram.
3. Rannsókna stjórnvalda.
4. Álagningar jöfnunartolla, fjárhæða, tímamarka o.fl.
5. Aðgerða til bráðabirgða og afturvirkra ráðstafana.

Um nokkurt skeið hefur átt sér stað umræða um álagningu undirboðs- eða jöfnunartolla á erlend skipasmíðaverkefni, einkum viðgerðir skipa. Við athugun í fjmrn. kom fljótt í ljós að það er ýmsum erfiðleikum bundið að grípa til slíkra aðgerða. Í fyrsta lagi er einungis heimilt samkvæmt gildandi lögum að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á vörur en ekki þjónustu en umfjöllun hagsmunaaðila hefur að miklu leyti snúið að viðgerðarverkefnum. Í öðru lagi var í upphafi ljóst að það skorti almennar reglur um hvernig standa bæri að álagningu undirboðs- og jöfnunartolla. Þrátt fyrir heimild í tollalögum sem hefur verið þar um árabil hefur ekki verið gripið til álagningar slíkra tolla áður.

Loks er ljóst að álagning undirboðs- og jöfnunartolla er háð leikreglum alþjóðlegra samninga sem Íslendingar eru aðilar að.

Rétt er að árétta strax að ákvæði ýmissa samninga takmarka rétt okkar til að beita undirboðs- og jöfnunartollum á innflutning. Skiptir í því sambandi mestu máli samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið sem gerir ráð fyrir að þessu úrræði verði ekki beitt innan svæðisins. Ákvæði fríverslunarsamninga sem Ísland hefur gert við einstök ríki innan Evrópu kunna og að takmarka rétt okkar í þessu efni.

Nefndinni sem ég skipaði var ætlað að móta framkvæmdareglur sem tækju mið af þessum atriðum. Nefndin lauk störfum fyrir skömmu og hefur lagt fram drög að reglugerð sem tekur bæði til álagningar undirboðs- og jöfnunartolla. Áður en af útgáfu hennar getur orðið þarf þó að gera breytingar á tollalögunum sem gerð er tillaga um í þessu frv.

Í frumvarpinu felast fjórar efnisbreytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að heimilt verði að beita undirboðs- og jöfnunartollum þegar um er að ræða þjónustuviðskipti en núverandi ákvæði tollalaga eru bundin við vörur. Í öðru lagi er lagt til að heimilt verði að láta ákvörðun um undirboðs- og jöfnunartolla gilda lengur en nú er heimilt. Í þriðja lagi að heimilt verði í undantekningartilvikum að leggja á undirboðs- eða jöfnunartolla með afturvirkum hætti. Og í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra geti skipað nefnd sem falin

verði rannsókn á kærum um innflutning á undirboðskjörum eða með ríkisstyrkjum.

Gerður er greinarmunur á undirboðstollum annars vegar og jöfnunartollum hins vegar. Undirboðstollum er beitt gagnvart vörum sem boðnar eru fram á undirboðskjörum, þ.e. seldar á verði sem er lægra en verð sömu þjónustu á heimamarkaði hennar eða í einhverju öðru landi. Jöfnunartollum er hins vegar beitt gagnvart vörum sem njóta ríkisstyrkja við framleiðslu eða við útflutning. Markmið með álagningu jöfnunartolla er að eyða áhrifum ríkisstyrkja á verð vörunnar.

Reglugerðin um undirboðs- og jöfnunartolla verður væntanlega gefin út þegar og ef frv. þetta verður að lögum. Helstu efnisatriði reglugerðarinnar eru eftirfarandi:

Í I. kafla reglugerðarinnar er gildissvið hennar afmarkað og hugtök skilgreind. Gert er ráð fyrir að ákvæðum hennar verði bæði hægt að beita gagnvart vöru- og þjónustuviðskiptum, enda verði nauðsynlegar breytingar gerðar á tollalögunum vegna þjónustuviðskiptanna. Síðan koma ákvæði þar sem skilgreind eru hugtök, svo sem undirboð, eðlisverð, útflutningsverð og ríkisstyrkir. Auk þess eru í viðauka með reglugerðinni rakin dæmi um hvað telja beri ríkisstyrki sem heimilt er að beita jöfnunartollum gegn. Þá eru í I. kafla reglugerðarinnar ítarlegar leiðbeiningar um það hvernig bera á saman eðlisverð við undirboðsverð annars vegar og hins vegar við verð vöru sem nýtur ríkisstyrkja. Jafnframt eru leiðbeiningar um það hvernig bregðast á við innflutningi frá löndum sem ekki búa við markaðshagkerfi. Þá koma ákvæði um mat á tjóni af völdum innflutnings á undirboðskjörum eða með styrkjum, en sem kunnugt er er það eitt af meginskilyrðum fyrir álagningu undirboðs- og jöfnunartolla að innlendur atvinnurekstur hafi orðið fyrir tjóni og sannað sé að orsakir þess megi rekja til undirboðs eða ríkisstyrkts innflutnings.

Ég tek það fram, hæstv. forseti, að ég er að rekja hér efni reglugerðar sem mun byggjast á lögum, verði þessi breyting í frv. að lögum, og eins og síðar mun koma fram, þá er ætlunin að reglugerðardrögin, en það hefur farið mikil vinna í að undirbúa þessi drög, verði send hv. nefnd til skoðunar.

Í II. kafla reglugerðarinnar eru reglur um málsmeðferð. Gert er ráð fyrir því að mál hefjist á því að innlendur aðili, sem telur sig hafa orðið fyrir tjóni vegna innflutnings á undirboðskjörum eða með ríkisstyrkjum, sendi fjmrn. kæru þar að lútandi. Með kærunni skulu fylgja gögn sem renna stoðum undir efni kærunnar. Gert er ráð fyrir því að á grundvelli þeirra gagna sem lögð eru fram með kærunni sé mögulegt að meta hvort hefja eigi frumrannsókn málsins eða vísa kærunni frá. Ráðuneytið sendir kæruna þegar í stað til samráðsnefndar sem í reglugerðinni er gert ráð fyrir að komið verði á fót. Nefndin er skipuð af fjmrh. en viðskrn., utanrrn., sjútvrn. og landbrn. tilnefna einn mann hvert til setu í nefndinni til fjögurra ára í senn. Að auki er gert ráð fyrir að fulltrúi frá Samkeppnisstofnun og ríkistollstjóri eigi sæti í nefndinni en formann hennar skipar fjmrh. án tilnefningar. Nefndinni er ætlað að starfa sjálfstætt og faglega að öllum þáttum rannsóknarmála er varða undirboðs- og jöfnunartolla. Ef ágreiningur er í nefndinni um túlkun á fríverslunar- og milliríkjasamningum sem Ísland er aðili að sker utanrrn. úr þeim ágreiningi.

Strax og kæra berst samráðsnefndinni er gert ráð fyrir að fram fari frumathugun á fyrirliggjandi gögnum. Það er háð mati nefndarinnar hvort framhald verði á rannsókn málsins eða hvort kærunni sé hafnað þegar á því stigi. Til að rannsókn geti haldið áfram er nauðsynlegt að fyrir liggi gögn sem sanni eða a.m.k. leiði sterkum líkum að því að um undirboð eða ríkisstyrki sé að ræða og að innlendur atvinnurekstur hafi orðið fyrir tjóni af völdum þess og mögulegt sé að sanna orsakatengsl þarna á milli. Telji samráðsnefndin ofangreind skilyrði vera fyrir hendi hefst hin raunverulega rannsókn málsins með því að tilkynning er birt í Lögbirtingablaðinu um upphaf rannsóknar auk þess sem aðilum sem vitað er að málið varðar er send tilkynning þar að lútandi. Öllum aðilum er gefinn kostur á að senda skrifleg gögn og eftir atvikum að koma munnlega með athugasemdir fyrir samráðsnefndina.

Ákvæði eru um meðferð trúnaðarupplýsinga sem berast nefndinni. Í undantekningartilvikum er gert ráð fyrir að farið geti fram nokkurs konar munnlegur málflutningur fyrir nefndinni. Gert er ráð fyrir að nefndin geti óskað aðstoðar innlendra sem erlendra aðila við rannsókn mála og enn fremur að nefndin geti óskað eftir aðstoð erlendra ríkja. Ef aðilar sem rannsóknin beinist að, einkum þeir erlendu, neita að aðstoða nefndina og veita umbeðnar upplýsingar eru engin þvingunarúrræði tiltæk gagnvart þeim. Hins vegar eru afleiðingarnar þær að hægt er að taka ákvörðun um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla á grundvelli fyrirliggjandi gagna frá þeim aðila sem hefur hagsmuni af álagningu þeirra. Starf samráðsnefndarinnar felst m.a. í rannsókn og gagnaöflun um tilvist undirboða eða ríkisstyrkja, könnun á tjóni og orsakatengslum þarna á milli. Enn fremur er nefndinni ætlað að reikna út fjárhæð tollsins en samkvæmt reglugerðinni má hann ekki vera hærri en sem nemur mismuninum á undirboðsverðinu og því verði sem tekið er til samanburðar ef um undirboðstolla er að ræða eða jafnhár greiddum styrkjum og uppbótum ef um jöfnunartolla er að ræða.

Í III. kafla reglugerðarinnar eru ákvæði um hvaða afgreiðslu mál geta fengið að frátalinni ákvörðun um álagningu undirboðs- og jöfnunartolls.

Í fyrsta lagi er gert ráð fyrir því að á meðan á rannsókn máls stendur geti sá aðili sem rannsóknin beinist að samþykkt tillögu frá samráðsnefndinni eða boðist til að gera úrbætur sem eyða mundu áhrifum undirboðsins eða ríkisstyrkjanna og er þá gert ráð fyrir að hætt verði við rannsókn málsins og fallið frá álagningu tolla. Í undantekningartilvikum er þó heimilt að ljúka rannsókn þó ljóst sé að ekki verði gripið til aðgerða gegn þeim innflutningi sem rannsóknin beinist að ef staðið verður við loforð um úrbætur.

Í öðru lagi eru í undantekningartilvikum heimilaðar aðgerðir til bráðabirgða á meðan á rannsókn máls stendur en gert er ráð fyrir að hún geti að hámarki tek-

ið eitt ár. Til að hægt sé að grípa til bráðabirgðaaðgerða verða að liggja fyrir við frumathugun máls nægjanlegar sannanir fyrir því að skilyrði fyrir álagningu tollanna séu fyrir hendi. Samráðsnefndin metur hvort þau skilyrði séu fyrir hendi. Aðgerðir til bráðabirgða eru fólgnar í því að innflytjendum er gert að setja tryggingu fyrir undirboðs- og jöfnunartolli sem verður innheimtur við endanlega ákvörðun um álagningu slíkra tolla. Ef tryggingin er hærri en endanlegur tollur verður mismunurinn endurgreiddur. En hins vegar er ekki hægt að innheimta hærri toll en sem nemur tryggingunni þótt endanlegir útreikningar sýni að rétt hefði verið að krefjast hærri tryggingar. Ég tek það skýrt fram að þetta er nauðsynlegt til þess að ljóst sé fyrir innflytjandann að ekki verði um hærri tolla að ræða heldur en upphafleg trygging er enda væri slíkt varla heimilt á grundvelli almennra laga.

Í þriðja lagi er í undantekningartilvikum hægt að leggja á undirboðs- og jöfnunartolla með afturvirkum hætti. Skilyrði þess að tollar verði lagðir á afturvirkt eru einkum þau að um mikinn innflutning hafi verið að *ræða í skamman tíma sem uppfylli önnur* skilyrði reglugerðarinnar og líkur séu á að álagning tolla afturvirkt geti komið í veg fyrir að slíkur innflutningur endurtaki sig.

IV. kafli reglugerðarinnar fjallar um álagningu og innheimtu undirboðs- og jöfnunartolla. Eins og ég sagði áður ber samráðsnefndin hitann og þungann af undirbúningi álagningar undirboðs- og jöfnunartolla. Hins vegar er hin formlega heimild til álagningar tollanna í höndum fjmrh. Gert er ráð fyrir því að samráðsnefndin geri tillögur til fjmrh. um það á hvaða vörur lagðir verða á tollar og hve háir þeir skuli vera.

Að lokum er rétt að geta þess að við undirbúning frv. sem hér er til umræðu hefur verið höfð hliðsjón af gildandi GATT-samningi og einnig texta Úrúgvæ-samningsins. Reglugerðin er að nokkru leyti byggð á reglum Evrópusambandsins um framkvæmd álagningar undirboðs- og jöfnunartolla gagnvart ríkjum utan sambandsins. Reglugerðardrögin verða kynnt efh.- og viðskn. þegar hún tekur málið fyrir. Gífurleg vinna hefur farið fram í fjmrn. en að samningi frv. og reglugerðar komu einnig utanrrn., iðnrn. og sjútvrn. og *áhersla var lögð á að samstaða væri um þær* leikreglur sem ráðuneytið hefur mótað.

Ég hef hér, virðulegi forseti, lýst frv. en jafnframt farið nokkuð mörgum orðum um þá reglugerð sem sett verður nái þetta frv. fram að ganga. Það hef ég gert vegna þess að lagafrv. veitir grundvöll fyrir slíkri reglugerð en það er einmitt í reglugerðinni sem koma fram þau tæki sem ríkisstjórnin getur notað til þess að koma í veg fyrir að við þurfum að sætta okkur við undirboð og ríkisstyrki alls konar. Ég hef tekið það fram áður og ég veit að hv. þm. er það að sjálfsögðu ljóst að í vissum tilvikum ber að leita til annarra aðila, t.d. Samkeppnisstofnunar, ef um er að ræða framleiðslu innan Evrópska efnahagssvæðisins eða þar sem gerðir hafa verið sérstakir viðskiptasamningar, þá á að leita til Samkeppnisstofnunar sem á að sjá til þess að farið sé að settum leikreglum um samkeppni. Þessi reglugerð og þau lög sem hér er verið að setja munu þess vegna fyrst og fremst gilda annars vegar um ríkisstyrki og uppbætur ýmiss konar þar sem jöfnunartollar eiga við og um undirboð gagnvart þjóðum sem eru utan Evrópska efnahagssvæðisins og við höfum ekki gert sérstaka samninga við sem taka til þessa tiltekna atriðis. Ég veit að eftir þessu hefur verið beðið.

Ég vil taka það fram að verði þessi lög og reglugerðin sem á þeim byggist nýtt, sem ég á von á og það er verið að flytja þetta frv. hér vegna þess að ætlunin er að nýta þessi tæki, þá munu Íslendingar skipa sér í flokk þeirra þjóða og kannski verða sú þjóð sem fyrst hefst handa við að nýta tæki á borð þetta. Það kann að reynast torvelt og erfitt en í undirbúningi fjmrn. hefur verið reynt að tryggja að um það geti náðst sem breiðust samstaða þeirra ráðuneyta sem um þessi mál fjalla og hef ég margoft tekið fram að að málinu hafa komið m.a. fulltrúar sjútvrn. og landbrn.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi fram hér við 1. umr. málsins. Ég legg til að málinu verði vísað til hv. efn.- og viðskn. og 2. umr. og hvet eindregið til þess að *málið fái afgreiðslu á yfirstandandi* þingi.

[11:01]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég vil lýsa stuðningi við þetta frv. Það veitir heimildir til þess að ráða við undirboð og óeðlilega viðskiptahætti í því sambandi, þ.e. ef ráðherra hefur vilja og dug þá hefur hann þar verkfæri í höndunum. Heimildin gagnar hins vegar lítt ef ráðherrann er duglaus eða blindaður af einhverjum frjálshyggjuórum.

Það hefur verið hörmulegt að fylgjast með þróun mála undanfarið. Skipasmíðaiðnaðurinn er t.d. í rúst að hluta til vegna dugleysis og frjálshyggjusjónarmiða. Þar af leiðir að það ber að fagna frv. eins og þessu. Hæstv. fjmrh. kynnti hér reglugerðardrög og það tel ég vera mjög til fyrirmyndar. Það ætti að vera skylda að reglugerðardrög fylgdu öllum stjfrv. þar sem á annað borð er hugmyndin að setja reglugerð til þess að þingnefndir og Alþingi geti kynnt sér reglugerðirnar því þráfaldlega hefur það borið við að reglugerðir hafa verið með allt öðrum hætti heldur en andi laga hefur sagt *til um. Nefni ég t.d. reglugerðina um Atvinnuleysis*tryggingasjóð sem er kannski eitt það svakalegasta dæmi um hvernig snúið hefur verið upp á vilja Alþingis í ráðuneytum eftir að lög hafa verið afgreidd.

Ég held hins vegar að þessi reglugerðardrög þarfnist nokkurrar athugunar. Ég legg áherslu á að það má ekki verða til þess að tefja málið að marki. Það sem ég hnaut sérstaklega um varðandi reglugerðardrögin var úrskurðarvald utanrrn. þegar um var að ræða milliríkjasamninga. Nú er reynslan sú að núverandi valdhafi í utanrrn. er kaþólskari en páfinn og dregur alltaf eða hér um bil alltaf taum hins erlenda aðila þegar rekast á hagsmunir Íslands og útlendinga þannig að ég held að þetta atriði þurfi að skoðast sérstaklega.

Þetta frv. er allt of seint á ferðinni. Þessi lög hefði þurft að setja fyrir löngu. Ég heiti á efh.- og viðskn. að hraða meðferð málsins. Ég teldi rétt að gefa fleiri þing-

nefndum tækifæri til að tjá sig um málið og ég tel víst að það verði sent til umsagnar hjá iðnn., landbn. og sjútvn., og e.t.v. fleiri nefndum sem málið varðar, en sú málsmeðferð má ekki taka langan tíma því ég held að það sé mjög mikilvægt að þetta verði að lögum á þessu þingi og vænti þess að ríkisstjórnin sjái sóma sinn í því að hafa þetta mál á forgangslista sínum fyrir þinglok.

[11:04]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því frv. sem hér hefur verið lagt fram. Ég tel að þar sé komin fyrsta stóra viðurkenningin fyrir því að það þurfi að gera eitthvað í þessum málum. Ég held að það sem maður kannski ætti að kvíða mest núna sé að þetta fyrirkomulag, sem hér hefur verið lýst fyrir hv. þm., verði of þungt í vöfunum. Og það að mál skuli geta tekið svona langan tíma eins og þarna er talað um, allt að ári, þýðir að það er mjög erfitt að bregðast við. Eins geri ég mér ekki fulla grein fyrir því og vil því spyrja hæstv. ráðherra um það hvort á grundvelli rannsókna sem nefndin hafi gert á viðskiptum fyrri tíma eða verkefnum sem nýlega hafa verið unnin verði hægt að taka almenna ákvörðun um undirboðs- og jöfnunartolla gagnvart ríki sem keppir við okkur með slíkum hætti. Eða hvort, eins og hæstv. ráðherra lýsti því hér áðan, það þurfi ævinlega að rannsaka hvert mál fyrir sig og þar af leiðandi verði ekki hægt að bregðast við fyrr en eftir að verkefnin hafa verið unnin öðruvísi en með þessari bráðabirgðaákvörðun sem gæti orðið mjög erfið í framkvæmd að minni hyggju vegna þess að það hlýtur að verða mjög erfitt, ef hvert einasta mál þarf að rannsaka með þessum hætti, að ákveða upphæð gjaldanna með einhverri vissu. Ég geri ráð fyrir því að verði síðan niðurstaðan sú að menn hafi t.d. lagt of há gjöld á þá muni myndast einhver skaðabótaréttur, alla vega endurgreiðsluréttur þeirra sem hafa boðið í viðkomandi verkefni.

En mitt erindi í ræðustól vegna þessa máls er fyrst og fremst að fagna því að menn hafa snúið hér frá villu síns vegar. Vonandi er sú ákvörðun heil að því leytinu til að menn ætli sér að fylgja þessu eftir sem hér er verið að segja. Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra talaði um að það hefði náðst fullkomin samstaða á milli ráðuneytanna í þessu máli. Það setur að minni hyggju spurningarmerki við framkvæmd málsins að fullt samkomulag skuli hafa náðst við sjútvrn. um þessa hluti. Og þess vegna spyr ég: Er það þá öruggt að hæstv. ráðherra treysti sér til að fylgja þessu þannig eftir að íslenskar skipasmíðastöðvar standi ekki ævinlega frammi fyrir því að erlendir aðilar fái verkin og það verði síðan eftir einhvern langan tíma sem það komi í ljós hvort þarna hafi verið eðlilegt tilboð á ferðinni eða ekki og það verði af þeim ástæðum mikil óvissa yfir allri þessari starfsemi áfram.

Mér finnst t.d. þessi samstarfsnefnd vera dálítið fjölmenn og benda til þess að menn hafi ekki fullkomið vald á málinu og því spyr ég: Er það þá meiningin, ef það verður ekki full samstaða í þessari samráðsnefnd, að fáir aðilar í henni geti t.d. stöðvað þau mál af sem þar eru á ferðinni? Ef það verður ágreiningur, verður hann þá leystur í nefndinni með sama hugarfari og samning þessa frv. og reglugerðar, þ.e. að full samstaða náist í nefndinni um það sem gera á? Ef það er þannig þá óttast ég að það verði ekki mikið gagn af þessu. Vegna þess að mér og hv. þm er vel kunnugt um afstöðu t.d. aðila sjávarútvegsins til þessa máls sem hafa verið alfarið andvígir því að það væri nokkuð gert til að koma til móts við íslenskar skipasmíðastöðvar í þeim leik sem hér er verið að fjalla um. Ég held að það þurfi að vera alveg ljóst hvað menn ætla sér hér. Ég bið hæstv. ráðherra að tala mjög skýrt í því efni hér á eftir, að hann lýsi því mjög ákveðið með hvaða hugarfari hann ætlar að beita þeim tækjum sem hann er hér að leggja til að hann fái í hendurnar.

Við alþýðubandalagsmenn höfum haft mikinn áhuga á þessu máli á undanförnum árum og höfum á þessu kjörtímabili flutt um það tvö þingmál. Hið fyrra var á 115. löggjafarþinginu um þriggja ára þróunarátak í skipasmíðaiðnaði og nýsmíðum sem hv. þm. Svavar Gestsson var 1. flm. að. Í því frv. var einmitt gert ráð fyrir því að beita aðgerðum af því tagi sem hér er verið að tala um. Og eins flutti ég till. til þál. um jöfnunartolla á skipasmíðaverkefni sem var vísað til ríkisstjórnarinnar í fyrra. Ég segi bara það að ég er sannfærður um að það er mikill vilji hjá hv. alþm. til þess að taka á þessum málum og ég efast ekkert um það að hæstv. ráðherra mun hafa allan stuðning ef hann vill fylgja þessum málum fast fram og ég hvet hann eindregið til þess að gera það. Ég hvet hann mjög eindregið til þess að lýsa því ákveðið og skýrt hér yfir með hvaða hugarfari hann ætlar að beita þessum tækjum sem hann fær hér í hendurnar. Og ég efast satt að segja ekkert um það að þingið mun vera tilbúið og hv. þingnefndir sem koma að þessu máli til þess að flýta því þannig að þetta þingmál geti orðið að lögum á þessu þingi.

[11:12]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég kem fyrst og fremst upp til þess að þakka fyrir það að þetta mál skuli vera hér flutt almennt og jafnframt að heita stuðningi við málið og fara fram á það að hv. iðnn. fái málið til umsagnar af sinni hálfu vegna þess að auðvitað snertir þetta fyrst og fremst íslenskan iðnað, þær ákvarðanir sem yrðu teknar grundvelli þeirra laga sem hér eru gerðar tillögur um að breytt verði.

Eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Vesturl. hér áðan höfum við alþýðubandalagsmenn flutt fjöldann allan af þingmálum um þetta efni á undanförnum árum og á þessu kjörtímabili ein tvö og það er nokkuð merkilegt að hugsa um það að ekki skuli fyrir löngu hafa verið breytt lögum í því skyni sem hér eru gerðar tillögur um. Fyrir utan þau þingmál sem hér hafa verið nefnd og flutt voru af hv. þm. Alþb., þá hygg ég að um langt árabil hafi þingmenn verið að flytja þingmál af þessum toga. Ég man a.m.k. eftir því líklega hálfan annan áratug aftur í tímann að menn hafa verið að flytja frumvörp, fyrirspurnir og þingsályktunartillögur um þessi mál og ég hygg að ástæðurnar fyrir

því að þau hafi ekki orðið að veruleika séu tvær. Í fyrsta lagi sú, eins og hv. þm. Páll Pétursson orðaði það, að þeir menn sem hafa stýrt þessum málum og utanríkisviðskiptamálum af okkar hálfu hafa iðulega verið kaþólskari en páfinn og hafa ekki fengist til þess að grípa til nauðsynlegra aðgerða til þess að vernda íslenska hagsmuni. En í öðru lagi hefur ástæðan vitaskuld verið sú að atvinnulíf í það heila tekið hefur verið í miklum blóma á Íslandi. Menn hafa verið hér með fulla atvinnu og miklu meira en það þannig að þörfin fyrir breytingar að þessu leytinu til hefur ekki verið eins sterk og hún er núna á þessum atvinnuleysistímum. Og það er þess vegna sem þessar kröfur koma upp, harðar núna en nokkru sinni fyrr, að gerðar verði ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir erlend undirboð og að erlendir ríkisstyrkir hafi áhrif á samkeppnistöðu íslensks iðnaðar. Þess vegna er það að þegar mál af þessu tagi er loksins flutt hlýtur að vera um það samstaða og það er sérstaklega ánægjulegt að þar skuli þrátt fyrir allt fara svo að það komi í hlut þeirra sem nú stýra málum lands og þjóðar að flytja mál af þessum toga vegna þess að það hefur gjarnan verið úr þeirra röðum sem menn hafa verið tregir til að grípa til aðgerða af þeim toga sem hér eru þó gerðar tillögur um.

Ég vil einnig þakka hæstv. fjmrh. fyrir ítarlega ræðu sem hann flutti um málið og þakka honum sérstaklega fyrir það að hann skuli hafa gert grein fyrir þeim reglugerðardrögum sem liggja fyrir í fjmrn. varðandi notkun á þeim lagaheimildum sem hér er verið að gera tillögur um að breytt verði. Hins vegar er alveg bersýnilegt að hér er um talsvert flókið mál að ræða eins og það er sett upp af fjmrn. og ég dreg það út af fyrir sig ekkert í efa að það sé nauðsynlegt að hafa mjög skýrar og nákvæmar, mér liggur við að segja smásmugulegar á köflum, reglugerðir eða reglugerðarákvæði og jafnvel lagaákvæði um mál af þessum toga. Hér er í raun verið að gera tillögur um fjórar meginbreytingar á lögum. Í fyrsta lagi að heimilt verði að beita undirboðs- og jöfnunartollum í þjónustuviðskiptum. Í öðru lagi að það verði heimilt að láta þessa tolla gilda lengur en núna er gert ráð fyrir í lögum. Í þriðja lagi að það megi leggja slíka tolla á að uppfylltum vissum skilyrðum með afturvirkum hætti sem er mjög merkilegt og fróðlegt að skuli vera gert ráð fyrir satt best að segja miðað við þá umræðu sem oft hefur farið fram um skyld mál hér. En ég dreg ekki í efa að niðurstaða fjmrn. sé rétt og tekin að vel yfirveguðu máli í þessu efni. Og í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að fjmrh. geti skipað nefnd til þess að fjalla um kærur í þessum efnum.

Í II. kafla reglugerðarinnar eins og hæstv. fjmrh. kynnti hana hér áðan er fjallað um málsmeðferðina og út af fyrir sig verð ég að segja eins og er að ég finn mig ekki alveg öruggan í því hvort sú tillaga um málsmeðferð dugir og það sem ég hnaut um fyrst og fremst þegar hæstv. fjmrh. las þetta upp áðan var það hvort hér er um að ræða of flókið ferli eða óþarflega flókið ferli.

Hæstv. fjmrh. var svo vinsamlegur að lána mér þá ræðu eða punkta úr þeirri ræðu sem hann flutti hér áðan um þetta mál sem mér finnst að staðfesti að nokkru leyti þær áhyggjur sem ég hef um það að hér sé um að ræða of flókið ferli sem geti haft það í för með sér að þessi lagaákvæði dugi ekki eins og til er ætlast, m.a. fyrir íslenskan skipasmíðaiðnað. Ég hlýt þess vegna að leggja á það áherslu að það verði reynt að ganga þannig frá þessu málsmeðferðarferli að það verði í senn öruggt og fljótvirkt þannig að það verði ekki hægt að þvæla mál langtímum saman á milli ráðuneyta og kærenda og ráðuneytis af því að hlutirnir séu ekki nákvæmlega eins og hér er gert ráð fyrir. Ég vil þess vegna leggja á það áherslu að ég hef áhyggjur af því að ferlið sé of seinvirkt og of flókið.

Í öðru lagi verð ég að taka undir það með hv. þm. Páli Péturssyni að mér finnst varasamt að láta utanrrn. um það að úrskurða ef um er að ræða ágreining um túlkun á fríverslunar- og millirríkjasamningum sem Ísland er aðili að. Mér finnst að þar sé verið að taka út úr kærunefndinni, ef ég má kalla hana því nafni, veigamesta þátt málsins, þ.e. spurninguna um fríverslunar- og milliríkjasamninga. Ég held satt að segja að miðað við þá reynslu sem við höfum af utanrrn., ekki bara núna heldur um langt árabil, og utanríkisviðskiptaráðuneytinu og viðskiptaráðuneytinu þar á undan, þá sé það mjög hæpið að láta utanrrn. um þetta úrskurðarvald með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Ég mundi ekki treysta utanrrn. fyrir því eins og nú standa sakir og tel þess vegna að þessi ákvörðun sem hér er verið að fjalla um, um túlkun á fríverslunar- og milliríkjasamningum og öðrum þáttum sem lúta að framkvæmd þessa máls, eigi að vera í höndum viðkomandi nefndar og í höndum fjmrh. að lokum. Ég tel að það sé brot á öllum venjulegum reglum hér um samskipti ráðuneytanna að utanrrn. ákveði hvernig tollum er beitt. Ég tel að það sé algerlega óeðlilegt að fela utanrrn. ákvörðunarvald um það hvernig tollum er beitt. Ef utanrrn. fær það vald, þá spyr ég: Hvar endar þá fjmrn. ef heimildum til skattlagningarákvarðana verður dreift út um ráðuneytin með þeim hætti sem hér gæti verið á ferðinni? Ég tel sem sagt að sú hugmynd sem hér er inni sé óeðlileg, utanrrn. eigi ekki að hafa þetta vald, fjmrn. eigi að hafa það og síðan ef fjmrn. tekur ákvarðanir sem utanrrn. er ósátt við, þá verður utanrrn. bara að kvarta undan því, annaðhvort að klaga það á Alþingi eða Alþýðublaðinu eða í öðrum fjölmiðlum svo ég vitni til þekktra dæma í þessum efnum — nú eða stefna fjmrh. fyrir dómstóla eins og hefur gerst í þessari ríkisstjórn. Ég dreg því í efa að það sé skynsamleg leið að láta utanrrn. fá þetta vald og þá er ég ekki bara að tala um að það sé slæmt vegna þess að hæstv. núv. utanrrh. situr þar, sem er slæmt út af fyrir sig, það er fræðilegur möguleiki að þangað komi verri utanrrh. en hann. Þó að mönnum finnist það kannski skrýtið, þá er það örugglega hugsanlegt að þessu leytinu til þannig að ég legg á það áherslu að þetta mál verði skoðað.

Eins og ég sagði áðan, þá styð ég málið efnislega og þakka hæstv. fjmrh. fyrir það og heiti því að komi málið til iðnn., sem ég vona, þá munum við afgreiða

það fljótt og rösklega því að ég tel brýnt að þetta mál verði að lögum á yfirstandandi þingi þó skammt lifi eftir af því.

[11:23]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég vil eins og aðrir fagna því að loksins sé komið fram frv. sem, ef að lögum verður, heimilar að leggja undirboðs- og jöfnunartolla á þjónustu eins og hæstv. ráðherra hefur gert ráð fyrir. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að mér þykir hálfsérkennilegt að ræða þessi mál, bæði fyrsta málið, þetta mál og fleiri mál sem eru hér á dagskránni sem ætlunin er að vísa til efh.- og viðskn. án þess að efh.- og viðskn. sé hér stödd því að eins og fram kom er meiri hlutinn af nefndinni með fjarvistarleyfi og ekki hér til staðar og mér finnst það mjög slæmt. En það breytir ekki því að ég ætla að segja hér nokkur orð og vonast til að það komist þá til efh.- og viðskn. auk þess sem ég á sæti í iðnn. og vonast til þess að við fáum þetta frv. til skoðunar einnig þangað.

Það kom mér á óvart að heyra það frá hæstv. ráðherra að Ísland væri fyrsta landið sem nýtti sér þær heimildir eða ætlaði sér að nýta sér heimildir að því er varðaði undirboðs- og jöfnunartolla á þjónustuviðskipti, eftir því sem ég skildi hann best, vegna þess að ég man ekki betur en samtök iðnaðarins hafi verið að ræða um að slík ákvæði væru í lögum annarra landa. Það má vel vera að það sé einhver misskilningur af minni hálfu, en það er hins vegar ljóst að samtök iðnaðarins hafa talið að Íslendingar hafi ekki nýtt sér með sama hætti og aðrir möguleika til þess að setja á jöfnunar- og undirboðstolla og það má vel vera að það sé einhver misskilningur af minni hálfu að þetta sé ekki til annars staðar. En það er fagnaðarefni að þetta mál er nú komið fram.

Því miður er þetta mjög seint fram komið. Eins og hér hefur komið fram er búið að tala um þetta mál í fjölda ára. Ég get ekki einu sinni talið hversu lengi en svo lengi sem ég man eftir mér hér höfum verið að ræða um einmitt þetta atriði, ekki síst að því er varðar skipasmíðaiðnaðinn. Hann hefur farið mjög illa út úr undirboðum erlendis frá og ríkisstyrkjum og hefur þurft að heyja harða baráttu og hefur því miður farið mjög illa út úr því. Það gildir að vísu líka um annan iðnað að hann er nánast að líða undir lok hér á landi, að mínu mati vegna rangrar stefnu stjórnvalda. Við höfum haft hér iðnrh. í mörg ár, reyndar ekki lengur en hér á árum áður, sem mátti ekki heyra nokkurn tíma talað um að setja nokkuð sem héti jöfnunar- eða undirboðstollar eða nokkuð annað það sem styrkt gæti íslenskan iðnað þó að það væri ekki annað en sambærilegt við það sem gerist í nágranna- og viðskiptalöndum okkar. Iðnn. hefur í allan vetur verið að fjalla um mál skipasmíðaiðnaðarins og m.a. verið að ýta á um að mál eins og þetta kæmi fram, reyndar ásamt öðrum aðgerðum. Sumar aðgerðirnar hefur þegar verið tekið til við varðandi skipasmíðaiðnaðinn, komnar í gagnið en þetta á eftir að taka til skoðunar hér á Alþingi og vil ég eins og aðrir vonast til þess að við getum afgreitt þetta frv. núna fyrir þinglok fljótt og vel og það sé ekki orðið of seint að því er varðar skipasmíðaiðnaðinn, því að það óttast ég. En það er vonandi betra seint en ekki.

Ég vil segja það eins og raunar aðrir hér að það er mjög mikilvægt að þessar heimildir séu notaðar, það sé tekið strax til við að nota þær. Í c-lið 1. gr. er talað um ákveðna nefnd sem eigi að rannsaka kærur um innflutning eins og þar segir og lýsti ráðherra hér fyrir okkur þeim hugmyndum sem í gangi eru að reglugerðardrögum sem hann kynnti hér sem ég vil lýsa yfir að sé gott að fá að heyra af hálfu ráðherrans. Ég hef það reyndar ekki hér undir höndum eins og hv. 9. þm. Reykv. en væntanlega gefst okkur í iðnn. tækifæri til að skoða þau drög. En það virkaði þannig á mig einnig að það væri nokkuð flókið ferli sem þarna væri lýst. Bæði finnst mér skipta mjög miklu máli hvernig þessi nefnd lítur á hlutverk sitt. Ef nefndin lítur á hlutverk sitt að hún eigi að reyna að koma sem mest í veg fyrir að settir séu undirboðs- og jöfnunartollar, þá er það ekki nógu gott. En það getur vel verið að nefndin líti á það sem sitt meginhlutverk að reyna að jafna stöðu íslensks iðnaðar sem ég vænti að sé tilgangurinn með þessu öllu og þá er auðvitað mjög mikilvægt að hún vinni hratt og vel og það verði ekki allt of flókið kerfi sem sett er í gang. Ég tel eðlilegt að það verði farið aðeins yfir það ferli og reynt að koma í veg fyrir að það verði til þess að nefndin geti ekki unnið hratt því að það er mjög nauðsynlegt.

Ég tel alveg útilokað að utanrrn. hafi þarna raunverulegan rétt til að segja af eða á um það hvort undirboðs- og jöfnunartolla eigi að setja á eða ekki. Ég tel að það eigi að vera þessi nefnd sem eigi að rannsaka þetta. Það er hennar hlutverk að rannsaka kærur og það á að vera hennar mat hvort þarna er um að ræða að við förum eftir þeim samningum sem við erum aðilar að. Það er auðvitað grundvallaratriði og það ætla sér allir að gera, að fara að alþjóðasamningum. Utanrrn. verður þá að hafa sjálfstætt eftirlit með því og kvarta ef þeir telja að farið sé yfir þau mörk eða þær skyldur sem alþjóðasamningar leggja á okkur, en ég tel ekki hægt að þetta sé gert eins og mér virtist vera gert ráð fyrir í þeim reglugerðardrögum sem ráðherra hér las.

Ég vil endurtaka það sem ég sagði í upphafi að ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Ég reikna með að við fáum að skoða þetta í iðnn. Það er kannski helst að ég gagnrýni það að mér finnst frv. ekki nógu afgerandi, það þurfi að koma fram í því ákveðnari vilji af hálfu Alþingis að þarna sé fast á málum tekið. Það getur vel verið að það sé ekki nauðsynlegt, en þetta þarf að kanna í nefnd. En ég vil stuðla að því að þetta mál fái hraða málsmeðferð hér í gegnum þingið.

[11:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. sem hér hafa tekið til máls fyrir þau orð sem þeir hafa látið falla. Þau hafa verið á þann veg að þetta frv. njóti stuðnings hér á hinu háa Alþingi og ég vænti þess að sá stuðningur leiði til þess að frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

Hv. 1. þm. Norðurl. e. lét það eftir sér í sinni ræðu að segja að það hafi verið dugleysi og frjálshyggja sem hefði komið í veg fyrir eðlileg vinnubrögð í þessum málum. Ég held að það sé full ástæða til að vísa þessum orðum hv. þm. á bug og nefna til sögunnar að það er nú einkenni frjálshyggjunnar, ef eitthvert einkenni hennar er til, að vilja frjáls viðskipti og eðlilega samkeppni. Þess vegna hafa margir gagnrýnt frjálshyggjuna einmitt fyrir það að þeir hafa viljað burt með ríkisstyrki og burt með undirboð. Þannig liggur það í stefnu frjálshyggjunnar að horfið sé frá slíkum vinnubrögðum. Því hlýtur hver sá sem áttar sig á því út á hvað frjálshyggjan gengur að skilja það og viðurkenna að hefði frjálshyggjan ríkt þá hefðum við ekki þurft að grípa til aðgerða á borð við þær sem við erum að nefna hér í dag því að þeir samningar sem verið er að gera t.d. á vegum GATT eru allt samningar sem eru í anda frjálshyggjunnar, frjálsrar verslunar, frjálsrar milliríkjaverslunar og upprætingu á afskiptum eins og undirboðum og ríkisstyrkjum. Þetta vil ég að komi hér skýrt fram þó að ástæðulaust sé að taka heimspólitíkina og heilar stjórnmálastefnur sérstaklega fyrir þegar þetta mál er rætt og þarf ekki annað en að benda á að fjármálaráðherrar undanfarinna ára og áratuga og eins iðnaðarráðherrar hafa ekki allir verið úr hópi frjálshyggjumanna að því er ég best veit. (Gripið fram í.) Já, meira að segja sá sem hér stendur beitti sér fyrir því á sínum tíma, hefur haldið tryggð við þá stefnu og mun fylgja henni hér eftir sem hingað til.

Þegar það er einnig skoðað að viðbrögðin hljóta að vera þau að ná fjármunum í ríkissjóð þá hljóta allir að skilja að flestallir fjármálaráðherrar eru áður en málið er kannað, eða ættu að vera það, mjög hrifnir af því að geta gripið til undirboðs- og jöfnunartolla því að það færir ríkinu tekjur. Það eru þess vegna ekki þær ástæður sem hafa ráðið því að ekki hefur verið gripið til aðgerða fyrr.

Í skýrslu sem iðn.- og viðskrn. gaf út og var skýrsla nefndar sem vann að skýrslu um ríkisstyrki og undirboð kom mjög skýrt fram hver staðan er í þessu máli. Mig langar, með leyfi forseta, til að lesa hér örstuttan kafla úr þessari skýrslu til að skýra hver staða málsins var talin hafa verið og er talin vera þegar málið er grandskoðað. Í skýrslunni segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Athygli vekur að þjóðréttarsamningar sem Ísland er aðili að á sviði alþjóðaviðskipta taka enn sem komið er einungis til vöruviðskipta. Þjónustuverkefni eru hins vegar undanskilin. Af þessu mætti draga þá ályktun að Ísland væri óbundið af ákvæðum þessara samninga t.d. GATT-reglunum þegar kemur að hvers konar þjónustuviðskiptum, þar með töldum viðgerðum og breytingum á skipum. Starfshópurinn telur hins vegar eðlilegt að hafa hliðsjón af ákvæðum þjóðréttarsamninga sem málið varða þótt þjónustuviðskipti falli strangt til tekið utan þeirra. Þá er rétt að hafa í huga að ekki virðist tíðkað í öðrum ríkjum, t.d. Finnlandi eða Svíþjóð, að grípa til jöfnunar- og undirboðstolla vegna ríkisstyrkja eða undirboða hvort sem er vegna þjónustuverkefna eða nýsmíði skipa. Hafa þarf hugfast að ýmis ríki, t.d. Noregur, Bandaríki Norður-Ameríku og flest aðildarríki EB mæta ríkisstyrkjum annarra ríkja frekar með því að styrkja sinn eigin iðnað en að grípa til jöfnunartolla."

Ég geri hérna hlé á tilvitnuninni en í þessari tilvitnun er verið að svara fyrirspurn hv. 15. þm. Reykv. Síðan skal lesið áfram orðrétt:

„Annað sjálfstætt álitaefni er hvort heimilt sé að óbreyttum landslögum að beita ákvæðum tollalaga um jöfnunar- eða undirboðstolla vegna viðgerðar- eða breytingaverkefna. Í XII. kafla tollalaga og í GATT-ákvæðum er einungis fjallað um vörur. Þannig virðast frumskilyrði fyrir álagningu slíkra gjalda vera að afrakstur nýsmíðinnar sé erlend vara. Engin vafi leikur á að erlend nýsmíðaverkefni uppfylla þetta skilyrði. Það sama á ekki við um skip sem send eru utan til viðgerða eða breytinga. Þá er ekki um hrein vöruviðskipti að ræða heldur erlenda þjónustu, þ.e. viðgerð eða aðra aðvinnslu á vöru sem þegar hefur verið framleidd. Starfshópurinn telur því lagaheimild skorta fyrir beitingu undirboðs- eða jöfnunartolla hvað varðar viðgerðir og breytingaverkefni nema gerðar verði breytingar á XII. kafla tollalaga."

Þetta er orðrétt úr þessari skýrslu og í fyrri partinum kemur einmitt fram að aðrar þjóðir hafa ekki gripið til þessara aðgerða heldur gripið til ríkisstyrkja fyrst og fremst. Ef litið er eingöngu til Bandaríkja Norður-Ameríku þá er það viðurkennt þar og hefur verið í marga áratugi að stáliðnaðurinn hefur verið verndaður af hernaðarlegum ástæðum. Og það á sér rætur í utanríkisstefnu Bandaríkjanna. Ég vil taka það fram að hingað til hafa undirboðstollar kannski fyrst og fremst verið notaðir þar sem um hráefni er að ræða því að hráefni eðli máls samkvæmt hefur heimsmarkaðsverð. Þess vegna er svo auðvelt að eiga við undirboðstolla þegar um heimsmarkaðsverð er að ræða. En þegar varan verður samsett er nánast útilokað að um heimsmarkaðsverð sé að ræða og það er ekkert til t.d. sem heitir heimsmarkaðsverð á skipum. Það er misjafnt verð og það er ekki til neitt einingaverð sem kallað er heimsmarkaðsverð. Þetta veldur því að grípa þarf til svo flókinna úrræða eins og hér er verið að leggja til.

Það hefur nokkuð verið gagnrýnt úrskurðarvald utanrrn. Í því sambandi vil ég taka fram að það var alveg bráðnauðsynlegt og var forsendan fyrir því að farið var af stað með þetta verkefni að tryggt væri að önnur ráðuneyti en fjmrn. væru með í þessu máli. Iðnrn. eðli málsins samkvæmt sækist eftir að leggja á þessa tolla til að skapa skilyrði fyrir innlendan iðnað. Landbrn. annars vegar og sjútvrn. eru hins vegar ráðuneyti þeirra greina sem geta lent í vandræðum vegna þessara ákvæða, sérstaklega sjútvrn. ef þeir vilja fylgja fram þeirri stefnu að útvegsmenn geti t.d. flutt inn skip og látið gera við skip erlendis algjörlega með þeim hætti að ekkert tillit sé tekið til þess hvort um ríkisstyrki eða undirboð sé að ræða. Þess vegna er það mikilvægt. En það verður líka að taka fram að utanrrn. fer með málefni Íslands gagnvart öðru ríki og gerir samninga við önnur ríki eins og lög kveða á um. Þess vegna getur ekki annað ráðuneyti ákveðið hvað felist í við-

skiptasamningum við önnur ríki. Það getur ekki neinn annar aðili gert það nema dómstólar og að sjálfsögðu útilokar ekkert hér að leitað verði til dómstólanna. Þess vegna var talið eðlilegt að utanrrn. gæti úrskurðað hvað séu samningar og hvað ekki, hvað sem sagt leysi úr þeim ágreiningi þegar upp kemur um það hvað felist í samningum við önnur ríki. Ég hef ekki teljandi áhyggjur af þessu og tel að það sé mjög mikilvægt að ráðuneytin séu sammála um hvernig bregðast skuli við.

Ég tek það skýrt fram að mér finnst eðlilegt að hv. iðnn. fái að skoða þetta frv. og reglugerð og sömuleiðis sjútvn. og landbn. eðli málsins samkvæmt.

Hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, spurði hvort það hefði verið kannað á grundvelli gagna sem lægju fyrir hvort taka mætti almenna ákvörðun um undirboðstolla. Hygg ég að hann hafi verið að vísa þar t.d. til boða sem hafa komið frá pólskum skipasmíðastöðvum. Það er ekki hægt. Það er ekki hægt vegna þess að það verður að skoða hvert og eitt tilvik sérstaklega. Og ég ítreka það að í raun verður sá sem telur á sig hallað að leita réttar síns og sýna fram á, færa líkur að því að brotið hafi verið á honum og hann hafi orðið fyrir tjóni. Þess vegna er ekki hægt að taka almenna ákvörðun. Það verður að líta á hvert einstakt tilvik. Hins vegar verður gert ráð fyrir því í reglugerðinni og í lagafrv. að tækið sem notað er sé mjög skilvirkt og meira að segja gengið svo langt í undantekningartilvikum að nota megi afturvirkar aðgerðir.

Ég vil taka það fram vegna þess sem sagt var um sjútvrn. að þetta hefur verið unnið algjörlega í tengslum við sjútvrn. eins og önnur ráðuneyti sem málið varða og ég hef enga ástæðu til að halda annað en að sjútvrn. styðji þessa starfsemi enda vita forráðamenn sjávarútvegs á Íslandi að það er mikið hagsmunamál fyrir sjávarútveginn að skipasmíðaiðnaður sé í landinu. Því auðvitað verða boðin allt önnur þegar búið er að drepa allan skipasmíðaiðnaðinn. Það hljóta menn að sjá. (Gripið fram í.) Það veit ég að sjávarútvegurinn skilur þótt kannski í einstökum tilvikum nýti menn sér það ef þeir sjá það fyrir sitt eigið fyrirtæki að þeir geti náð góðum kjörum í samningum við erlendar skipasmíðastöðvar. En þegar á heildina er litið þá skilja þeir það að sjálfsögðu. Það er ætlunin að beita þessu tæki og þess vegna lagði ég mikla áherslu á það að önnur ráðuneyti kæmu að málinu.

Eins og kom fram hjá hv. 9. þm. Reykv. er þetta nokkuð flókið ferli. Það er rétt. En það er flókið vegna þess að við vildum fara að leikreglunum. Við viljum ekki brjóta lög og við viljum ekki lenda í því að við séum brotnir á bak aftur og okkar aðgerðir með því að bent verði á að við séum að brjóta þá samninga og þau lög sem við höfum sjálf undirgengist.

Ég held að ég hafi nefnt það helsta sem hefur komið fram hér í umræðunum og ástæða er til að ræða á þessu stigi málsins. Ég tek það fram að sjálfsögðu að málið verður að fá skoðun í nefndum. Ég tel að það þurfi þá sérstaklega að líta til reglugerðarinnar og mun kappkosta að hún verði tilbúin í endanlegu formi en gæti þá tekið breytingum samkvæmt ábendingum sem þar kæmu fram.

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka það sem ég hef sagt áður að málið fari sinn veg hér inn í þingið og undirstrika vilja minn til þess að þetta frv. geti orðið að lögum á yfirstandandi þingi.

[11:44]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Samkvæmt þeim reglugerðardrögum sem nú liggja fyrir og hæstv. ráðherra kynnti hér áðan er gert ráð fyrir því að utanrrn. hafi úrskurðarvald í öllum þeim málum sem snerta undirboðin enda sé um að ræða spurningu um túlkun á milliríkjasamningum. Nú liggur fyrir á borðum þingmanna, sem eru að sligast undan pappírum frá utanrrn., aðeins brot af þeim milliríkjasamningum sem utanrrn. mun geta beitt fyrir sig á ýmsum sviðum að því er varðar undirboðstolla o.fl. Ég tel að með því ákvæði sem hæstv. fjmrh. gerði hér grein fyrir áðan, að utanrrn. ætti að geta ráðið þarna úrslitum, sé verið að afhenda því vald til þess að hindra það að íslenskir hagsmunir nái fram að ganga af því að utanrrn. getur alltaf ef því sýnist svo fundið einhverja smugu í þessum haugum öllum sem nú er verið að leggja hér fyrir þingið. Og ég vil leyfa mér að spyrja í leiðinni hæstv. forseta: Er það ætlunin að Alþingi afgreiði þennan haug fyrir lok þingsins í vor?

[11:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi túlkun á milliríkjasamningum vil ég taka það fram að auðvitað má ræða það hvort menn vilja hafa annan háttinn á. En það skiptir öllu máli að sá íslenski aðili sem fer með íslenska hagsmuni gagnvart öðrum þjóðum, sem er utanrrn., fái að túlka það ef um ágreining er að ræða hvort atriði stangist á við samninga sem við höfum gert við önnur ríki. Ég tel að það sé nokkuð djarft þegar hv. alþm. standa hér upp og gefa það í skyn að utanrrn., hver sem þar á í hlut sem ráðherra, fari ekki að málum og úrskurði ekki á þann veg sem íslenskir hagsmunir vilja. Þegar ég segi þetta verðum við að hafa það í huga að það eru grundvallarhagsmunir Íslendinga sem lítillar þjóðar að farið sé að þeim milliríkjasamningum sem í gildi eru og Íslendingar eru aðilar að. Ég hef enga ástæðu til þess að halda annað en utanrrn., hver sem ráðherrann er, sé til þess hæft að skera úr um ef um ágreining er að ræða.

[11:48]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vandinn er sá að með samningunum um aðild að Evrópsku efnahagssvæði og með öllum þeim bunkum sem verið er að leggja fyrir okkur sem við eigum að afgreiða núna fyrir vorið, það stendur til að afgreiða þetta, (**Gripið fram í:** Segir hver?) m.a. ákvæðin um fuglainflúensu sem er fjallað um mjög ítarlega þarna. Með þessu móti er búið að vefja íslenska hagsmuni inn í alþjóðlegt net þannig að það er í raun og veru mjög erfitt fyrir okkur alþingismenn að sjá í gegnum framkvæmd laga eða reglugerða með eðlilegum, hefðbundnum og venjulegum hætti, þeim sem við höfum kynnst hér á undanförnum

árum eða áratugum. Ég tel að þess vegna sé það beinlínis hættulegt þegar kemur að framkvæmd lagaákvæða eins og þeirra sem hér um ræðir að fela landið í hendur utanrrn., beinlínis hættulegt. Þetta vald á að vera í höndum fjmrn. og ef menn telja á sig hallað með einum eða öðrum hætti þá á að höfða mál eftir það en ekki áður. Valdið á að vera í höndum fjmrn. Og ég undrast það satt að segja að fjmrh. skuli vera svo slakur gæslumaður fjmrn. að hann skuli ekki taka undir þau sjónarmið sem hér hafa komið fram að því er þetta varðar. Því það er beinlínis stórháskalegt, segir reynslan í mörg undanfarin ár, að hafa þessa hluti í utanrrn. og hætt við því að þar með verði þessi lagaákvæði, ef frv. verður samþykkt, gagnslaus, af því að utanrrn. mun alltaf geta fundið einhverja bókstafi í þessum pappírshaugum sem geta gert málsmeðferðarkaflann í II. kafla reglugerðarinnar algjörlega óframkvæmanlegan.

[11:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég held að menn séu dálítið hér á villislóð vegna þess að það sem verið er að tala um er eingöngu hvort milliríkjasamningar leyfi undirboðs- og jöfnunartolla. Það er ekki verið að tala um túlkun á öllum samningunum í þessu tilviki, það er verið að tala á mjög þröngu sviði. Ég held að það sé vel þess virði og það sé kannski forsenda þess að okkur takist að leysa úr þessu flókna viðfangsefni að öll ráðuneyti séu sammála um það hvernig við leysum þetta mál. Það er ekki nóg að það sé fjmrn. sem hefur formlega valdið, það verður að vera utanrrn., sem fer með samningana, það verður að vera iðnrn., sem fer með hagsmuni iðnaðarins, og það verða að vera önnur þau ráðuneyti sem að þessu máli eiga að koma. Þetta legg ég áherslu á.

Ég undirstrika það enn og aftur að utanrrn. er auðvitað hagsmunagæsluaðili Íslands og það eru hagsmunir Íslands, við megum aldrei gleyma því, að farið sé að reglum og samningum. Ísland sem er smáríki er einmitt ríki sem þolir það verst ef brotnar eru reglur og brotnir eru samningar því að Ísland á allt sitt undir því að þjóðir virði milliríkjasamninga, þar á meðal viðskiptasamninga. Þess vegna er það mikilvægt að mínu áliti að utanrrn. komi að þessu máli og ég bendi á að hér er einungis verið að fjalla um örlítinn þátt málsins. Það er ekki verið að tala um túlkun á einhverjum heildarsamningum, við erum að tala um þá þætti sem snúa eingöngu að jöfnunartollum annars vegar og hins vegar að undirboðstollum. Ég vil taka það fram að þegar um undirboðstolla er að ræða á Evrópska efnahagssvæðinu þá er það ekki þessi nefnd sem hér er til umræðu sem fjallar um málið, heldur samkeppnisnefnd sem er íslenskur aðili.

[11:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég varð fyrir vonbrigðum með það að hæstv. ráðherra virðist vera sannfærður um að það sé ekki hægt að beita almennum aðgerðum sem geta virkað þannig að það sé hægt að taka ákvarðanir um jöfnunargjöld eða tolla á skipasmíðaverkefni t.d. frá Póllandi á grundvelli þeirra upplýsinga sem menn hafa aflað sér um viðskipti við Pólverja að undanförnu. Mér þykir það býsna hart ef það þarf að skoða hvern einasta samning í hvert einasta skipti og láta það standa yfir mánuðum saman og láta þessi verkefni fara úr landinu án þess að það sé hægt að bregðast við. Ég trúi því illa að það sé ekki hægt að byggja ákvarðanir um bráðabirgðaálagningu gjalda á þeim upplýsingum sem hefur verið aflað um þau viðskipti sem hafa farið fram og þá er ég aðallega að tala um þær ívilnanir sem þessar skipasmíðastöðvar hafa, t.d. í Póllandi, og hafa alltaf aðgang að og hljóta að valda því að þær geta ævinlega boðið lægri verð. Mér þykir að það sé líklegt að þetta mistakist illa hjá okkur t.d. gagnvart samkeppninni við Pólverja ef þetta á allt saman að gerast eftir á. Ég trúi því að menn verði að reyna að leita leiða til þess að það sé hægt að taka ákvarðanirnar um leið og menn taka afstöðu til tilboðanna.

[11:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki segja um það því ég er ekki sérfræðingur í þessu máli hvort það sé hugsanlegt að leggja upp þennan almenna toll eða taka almenna ákvörðun en mér þykir afar ólíklegt að slíkt sé hægt.

Ég held að þau gögn sem til eru um viðskipti við Pólland komi að sjálfsögðu að verulegu gagni við frekari vinnslu málsins og um það hvernig viðskipti fara fram í framtíðinni. En hver samningur sem gerður er er með sín sérkenni og er sérstakur samningur og ég held að það sé útilokað að það sé hægt að nota almennar aðgerðir fyrir fram til þess að koma í veg fyrir það að viðskipti eigi sér stað t.d. á milli íslenskra útvegsmanna og pólskra skipasmíðastöðva. Það verður að skoða hvern samning fyrir sig og í raun verður að ganga svo langt að sá verður að hefja málið, sá verður að hafa frumkvæði að málinu sem telur á sig hallað og að hann hafi orðið fyrir tjóni. Það þýðir að ef um útboð er að ræða, sem yfirleitt alltaf er, þá geti sá sem tekur þátt í útboðinu, tilboðshafi, kært ef hann er íslenskur og telur á sig hallað og þá er málið auðvitað skoðað. Öll gögn sem til eru í málum frá fyrri tíð koma að sjálfsögðu að gagni en við verðum að hafa það í huga að hver samningur er sérstakur og ber sín eigin einkenni. Það er eðli slíkra samninga sem eru orðnir til vegna undangenginna útboða.

[11:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er ekki alveg sáttur við afstöðu hæstv. ráðherra í þessu. Ég trúi því að sá stuðningur, sem er fyrir hendi frá pólskum yfirvöldum og þessi fyrirtæki hafa aðgang að, sem gerir það mögulegt að þessi fyrirtæki geta boðið miklu lægri verð, að sá stuðningur sé ævinlega til staðar og út frá þeim forsendum hljóti að mega taka ákvarðanir um einhvers konar grunnjöfnun sem hægt væri að styðjast við þegar menn taka afstöðu til tilboðanna. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að menn reyni að vinna að því að þetta verði gert með þeim hætti að ákvarðanir um það

að taka tilboðum byggist á upplýsingum sem eru þá fyrir hendi og það sé hægt að bregðast við strax og fjallað er um sjálf tilboðin.

Ég vonast til þess að í hv. nefnd fari menn yfir þetta og reyni að gera sér grein fyrir því með hvaða hætti þessi mál ganga fyrir sig og reyni að finna leið til þess að það sé hægt að bregðast strax við en það þurfi ekki að taka marga mánuði og að viðkomandi verkefni séu auk þess farin úr höndum þeirra sem áttu kannski frekast rétt á því að fá þau til sín og að fyrirtækin sem áttu þennan rétt þurfi síðan að sitja uppi með það að bera kostnað af því að leita þessa réttar síns og hafa ekki möguleika á því að fá viðkomandi verkefni til sín.

[11:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er ákaflega mikilvægt að við gerum mun á tvennu. Annars vegar jöfnunartollunum og hins vegar undirboðstollunum. Það er hárrétt sem hv. þm. ýjaði að að þegar litið er á jöfnunartollana, sem eru viðbrögð við ríkisstyrkjum eða einhvers konar opinberum uppbótum, þá er að sjálfsögðu hægt að skrifa til pólskra stjórnvalda eða til þeirra stjórnvalda sem hlut eiga að máli eða jafnvel til þeirra fyrirtækja sem hlut eiga að máli og segja að á meðan í gangi séu styrkir og uppbætur þá verði tekið á því með viðeigandi hætti ef slíkt kerfi er áfram. Það er auðvelt. En það segir bara hálfa söguna og ef við lítum á Pólland sérstaklega þá segir það lítið brot sögunnar því að næsti kafli við eru undirboðin og undirboð, ef um er að ræða, eru mismunandi frá einu boði til annars og það er aldrei hægt með fyrir fram aðgerðum að koma í veg fyrir slíkt, það verður að skoðast hverju sinni. Þetta vil ég að komi fram og átti að skilja mál mitt með þessum hætti. Ég held að því miður hafi oft verið fjallað um þessi mál með þeim hætti eins og undirboðs- og jöfnunartollar væru eitt og hið sama.

Aðalatriðið er auðvitað, virðulegi forseti, að í framtíðinni vinni Íslendingar að því með öðrum frjálshuga þjóðum, frjálshyggjuþjóðum leyfi ég mér að segja, að koma í veg fyrir að ríkisstyrkir og undirboð séu stunduð í heiminum því að þegar frá því verður horfið þá munu Íslendingar á því græða.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti vill taka fram vegna fyrirspurnar hv. 9. þm. Reykv. um þau rit sem dreift hefur verið á borð þingmanna að hér er um að ræða fylgirit með EES-samningnum og engar áætlanir eru um að taka þau til sérstakrar afgreiðslu hér á hv. Alþingi.

[12:00]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það hefur verið ákaflega fróðlegt að fylgjast með þroskaferli hæstv. fjmrh. Við höfum átt hér samleið í þessari stofnun í sjálfsagt ein fimmtán ár og ég verð að segja það að hæstv. fjmrh. hefur breytt um stíl frá því að við komum hér talsvert mikið yngri en við erum núna og sérstaklega hefur breytingin orðið merkjanleg eftir að hann tók við núverandi ráðherraembætti. Ég tel að það sé um mjög áberandi framför að ræða og hæstv. fjmrh. fari reglulega vel að vera ráðherra og vera fjmrh. Ég er ekki að segja þar með að hann sé heppilegur (Gripið fram í.) sem fjmrh. og ég er ekki þar með að segja að hann ráði vel við embættisfærslu sína en hann hefur hið rétta fas. Tigninni hefur slegið inn og honum fer vel að vera ráðherra. Flestir hinir ráðherrarnir hafa ekki fundið fjölina sína og njóta sín miklu verr. Þó eru dæmi um það, eða einn þeirra a.m.k. fyrir utan hæstv. fjmrh., að hann njóti sín betur nú en áður.

En í nokkrum orðum sem ég sagði til stuðnings þessu frv. þá lét ég fljóta með tvær, þrjár setningar mér til gamans til að egna fyrir eða til þess að reyna á þolrifin í hæstv. fjmrh. og það fór að getu minni, það hoppaði upp í honum litli frjálshyggjustrákurinn sem einu sinni var svo áberandi í hans fasi og á lítilli stundu bakkaði hann um fimmtán ár á þroskaferlinum. Mér finnst að hæstv. fjmrh. ætti að taka sér til fyrirmyndar vitra menn, t.d. núverandi nýorðinn borgarstjóra, Árna Sigfússon. Hann reynir að breiða yfir sína frjálshyggjufortíð eins vel og hann mögulega getur. Hann lætur þess ekki getið að hann hafi verið formaður félags frjálshyggjumanna. Hans málflutningur gengur allur út á það að sverja af sér frjálshyggju. Það passar nefnilega ekki fyrir fjmrh. að vera frjálshyggjumaður. Fjmrh. þarf á að halda öllu öðru fremur heldur en frjálshyggju vegna þess að fjmrh. þarf að vera gæddur heilbrigðri skynsemi og eins og kunnugt er fer hún ekki saman við frjálshyggjuna.

Nú er það eðli frjálshyggjunnar að fjandinn skuli hirða þann síðasta hvernig sem á stendur og ekki megi trufla markaðinn. Það er síður en svo að þetta frv. sé í neinum frjálshyggjuanda. Nú hafa frjálshyggjumenn á Íslandi ekki afneitað pilsfaldakapítalismanum, síður en svo. Aðalhugmyndafræðingur og átrúnaðargoð íslenskra frjálshyggjumanna er einhver ýtnasti pilsfaldakapítalisti landsins sem hefur úti öll spjót að ná sér í styrki og niðurgreiðslur á ritverkum sínum og svo framvegis og svo framvegis. Ég held að mesti frjálshyggjumaður í íslenskri pólitík á síðari árum hafi verið fyrrv. iðnrh., Jón Sigurðsson. Aldrei mátti hann heyra minnst á það á meðan hann var og hét og réð einhverju að markaðurinn væri truflaður hvernig svo sem sá markaður var til kominn. Aldrei mátti hann heyra minnst á það að lækka vexti með handafli. Aldrei mátti hann heyra minnst á það að gripið væri inn í verðmyndun enda er slóðin hans glæsileg og það væri efni í miklu lengri ræðu heldur en ég nenni að flytja hér að rekja þróun iðnaðarins undir stjórn hæstv. fyrrv. iðnrh. En það er ekki efni þessa fundar. Hann mátti aldrei heyra minnst á það að stjórnvöldin trufluðu markaðinn en með þessu frv. eru stjórnvöldin að trufla markaðinn.

Varðandi það ágreiningsefni í reglugerðardrögunum hvort utanrrn. ætti að úrskurða varðandi millilríkjasamninga þá vík ég ekki frá þeirri skoðun að ég tel að utanrrn. undir núverandi forustu — og vel að merkja undir núverandi forustu sem vonandi endist ekki mjög lengi úr þessu — sé alls ekki treystandi til þess að úr-

skurða um þetta atriði. Alls ekki. Því til sönnunar get ég nefnt fjölmörg dæmi þar sem utanrrh. hefur borið fyrir borð hagsmuni Íslands á kostnað viðsemjenda okkar.

Nú er það eðli þessa máls að iðulega getur orðið ágreiningur á milli ráðuneyta og þá er það ekki utanrrn. sem á að vera neitt yfirráðuneyti til þeirra úrskurða. Það er auðvitað eðlilegt ef um úrskurðaraðila þarf að vera að ræða að það sé forsrh. Þegar ágreiningur verður á milli ráðuneyta þá er það hlutverk forsrh. að skera úr en ekki hlutverk utanrrh. þó að því miður þess séu allt of mörg dæmi í núverandi stjórnarsamstarfi að hið raunverulega úrskurðarvald, hið raunverulega vald hafi verið í utanrrn. en ekki í forsrn.

Varðandi þennan „litteratúr" sem hefur verið borinn á borð okkar í morgun og menn hafa gert hér lítillega að umræðuefni. Þetta eru fimm bækur ef ég sé rétt sem hverjum þingmanni hafa verið bornar í morgun. (**Gripið fram í:** Ein enn.) Það er ein eftir enn. Hver bók er í kringum 500 blaðsíður. Það eru ekki komnar nema eins og 2.500 blaðsíður af þessum 3.000 sem væntanlegar eru á borðin okkar í dag. Þetta er texti tilskipana frá Brussel, 416 þeirra eru bindandi fyrir Ísland, eitthvað í kringum 80 sem má hafa til hliðsjónar eða þarf ekki að fara beinlínis eftir hvernig sem á stendur. Það er væntanlegt eða kannski komið á borðin og grafið undir þessum bunkum ofurlítil þáttill. upp á fjórar eða fimm línur um það að fullgilda þessar 3.000 síður sem hér er um að ræða. Þessar tilskipanir getum við ekki annað en samþykkt vegna þess að við erum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og við höfum ekkert annað úrræði heldur en bara að samþykkja það sem sent er frá Brussel og ég vek athygli á því að þetta er einungis afraksturinn úr útungunarvélinni í Brussel frá því að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var gerður. Þetta er bara það sem hefur fallið til kontóristanna frá 1. ágúst 1991 til síðustu áramóta. Síðan eru margar í bígerð sem við eigum eftir að lögtaka og koma nokkrar í hverri viku. Við getum sem sagt ekkert annað en látið okkur þetta vel líka, þetta er afleiðing af veru okkar á Evrópsku efnahagssvæði, þetta er afleiðing af því að við samþykktum í fyrravetur að gerast aðilar. Við eigum reyndar eftir að fullgilda talsvert margar, ég man ekki hvort þær eru 80 eða 90 af tilskipunum frá fyrri tíð sem komu úr útungunarvélinni fyrir 1. ágúst 1991 og voru partur af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði. Við getum ekkert annað en samþykkt þetta og svo er því svo haganlega fyrir komið í stofnanakerfi Evrópska efnahagssvæðisins að það er 80 manna lögregla suður í Brussel sem heitir eftirlitsstofnun EFTA. Það eru eitthvað í kringum 11 Íslendingar í þeirri lögreglu og hlutverk þeirrar lögreglu er að passa það að við fullgildum allar þessar tilskipanir og allar þær gerðir sem þarna hafa komið út úr útungunarvélinni. (Forseti hringir.) Þessi sveit er undir forustu Björns Friðfinnssonar sem einu sinni var ráðuneytisstjóri.

Herra forseti. Þetta er dæmi þess að Alþingi Íslendinga afsalaði sér hluta af löggjafarvaldinu á síðasta Alþingi með inngöngu í Evrópskt efnahagssvæði og það var að sjálfsögðu brot á stjórnarskrá. Ég læt máli mínu lokið, herra forseti.

[12:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt andsvar. Meginstefna okkar Íslendinga hlýtur að vera sú að ryðja úr vegi undirboðum og ríkisstyrkjum ýmiss konar í viðskiptum milli þjóða. Ef það hins vegar gerist ekki, þá þurfum við að bregðast við og þess vegna er verið að leiðrétta markaðinn því að við viljum láta markaðsöflin ráða með tækjum eins og við erum að afla okkar núna.

Ég vil svo þakka hv. þm., frænda mínum, fyrir að gefa mér tækifæri til að rifja það upp sem hjarta mínu er kært að ég er frjálshyggjumaður og verð það væntanlega ætíð í bestri merkingu þess orðs. Ég ætla ekki að ræða hér um utanrrh. En það voru athyglisverð ummæli hv. þm., og þyrfti að undirstrika þau aftur, þegar hann sagði orðrétt, ef ég man rétt, að utanrrh. hefði „hvað eftir annað borið fyrir borð hagsmuni okkar Íslendinga", og eins og hann orðaði það, „á kostnað viðsemjenda okkar". Og megi það gerast sem oftast.

[12:12]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. hlýtur nú að hafa tekið vitlaust eftir eða þá að ég hef mismælt mig. Það sem utanrrh. hefur gert er það að hann hefur borið fyrir borð hagsmuni Íslendinga til framdráttar hagsmunum viðsemjenda og það tel ég illa farið og vil ekki láta það gerast oftar.

Hæstv. fjmrh. taldi eðlilegt að ryðja hindrunum úr vegi og það er gott, en það er bara ekki frjálshyggja. Markaðsöflin fara ekki að lögum ef þau komast hjá því. Það eru náttúrlega óteljandi dæmi þess að markaðurinn hagræðir fyrir sig, ekki fyrir fólkið heldur er markaðurinn að hagræða handa sjálfum sér.

Ég varð nú fyrir vonbrigðum að vissu leyti af því að mér þykir svo vænt um hæstv. fjmrh. að hann skyldi gangast hér við því að hann væri frjálshyggjumaður enn þá. Mér hefði þótt miklu betra að hann hefði orðað það svo að hann leitaðist við að aðhyllast heilbrigða skynsemi, en því miður er hann ekki kominn á það stig enn þá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 1. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 859.

[12:14]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Frv. er samið að tilhlutan stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna.

Um nokkurn tíma hefur stjórn sjóðsins verið þeirrar skoðunar að óeðlilegt væri að sérstök lög giltu um sjóðinn, eðlilegra væri að hann starfaði á grundvelli

reglugerðar eins og flestir lífeyrissjóðir gera. Undir þessi sjónarmið hefur verið tekið, m.a hér á hinu háa Alþingi. Lögum sjóðsins var síðast breytt með lögum nr. 44/1992 og í framhaldi af þeirri lagasetningu óskaði stjórn sjóðsins eftir áliti lagadeildar á því hvort rétt væri að fella niður lög um sjóðinn og taka upp reglugerð í staðinn. Byggðist sú ósk m.a. á athugasemdum sem fram komu á Alþingi við meðferð lagafrumvarpsins um sjóðinn.

Í framhaldi af áliti lagadeildarinnar samþykkti stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna að stefna að því að felld yrðu úr gildi núgildandi lög sjóðsins en sett yrðu í staðinn stutt lög og síðan reglugerð í þeim tilgangi að auðvelda nauðsynlegar breytingar á reglum sjóðsins án atbeina Alþingis. Samhliða þessum breytingum yrðu reglur sjóðsins endurskoðaðar í heild, sérstaklega í ljósi fjárhagsstöðu hans.

Í þessu frv. sem hér er til umræðu um Lífeyrissjóð sjómanna eru þau ákvæði sem rétt þykir að bundin séu í lögum en aðrar reglur um starfsemi sjóðsins verða síðan settar í reglugerð.

Virðulegi forseti. Ég ætla örstutt að rekja hér helstu tillögur í frv. Í 2. gr. er gert ráð fyrir undanþágu frá meginreglu þess efnis að allir sjómenn sem ráðnir eru á íslensk skip skuli vera sjóðfélagar. Þar eru annars vegar tilteknir yfirmenn á ríkisreknum skipum og hins vegar er sjómönnum sem lögskráðir eru í tilteknum byggðarlögum eða landshlutum heimilt að vera utan við sjóðinn, enda fullnægi þeir tryggingaskyldu sinni með greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs viðkomandi byggðarlags.

Þá er í greininni nýmæli sem lýtur að því að lagt er til að stjórn sjóðsins sé heimilt að leyfa íslenskum sjómönnum sem starfa á erlendum skipum að greiða iðgjöld til sjóðsins.

Í 3. gr. er fjallað um skyldu launagreiðenda til þess að standa skil á iðgjöldum. Það er nýmæli í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. þar sem sjóðnum er veitt bein uppboðsheimild en ástæður fyrir þessari breytingu eru raktar í athugasemdum með frv. Það skal tekið fram að Tryggingastofnun ríkisins sá um rekstur Lífeyrissjóðs sjómanna samkvæmt lögum sjóðsins þangað til í lok sl. árs og gat stofnunin fyrir hönd sjóðsins krafist nauðungarsölu á skipum á grundvelli 5. tölul. 1. mgr. 6. gr. laganna, sem eru nr. 90/1991. Í ársbyrjun 1994 flutti sjóðurinn starfsemi sína frá Tryggingastofnun og því er nauðsynlegt að í lög sjóðsins verði sett bein heimild til að krefjast nauðungarsölu án undangengins dóms, sáttar eða fjárnáms.

Í 5. gr. er sett ákvæði sem kveður á um að setja skuli í reglugerð nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi og það er í hátt við það sem gerist um önnur samsvarandi lög.

Ég sé ekki ástæðu, virðulegi forseti, til að hafa fleiri orð um þetta við 1. umr., en geri tillögu um að málið verði sent hv. efh.- og viðskn. og fari einnig til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 1. umr.

Stjfrv., 581. mál (veiting atvinnuréttinda). — Þskj. 900.

[12:19]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Hér er lögð til breyting á lögum sem sett voru á haustþingi 1991. Með þeim lögum voru í megindráttum lögfest þau ákvæði sem áður höfðu verið í reglugerð um aukatekjur ríkissjóðs hvað varðar gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda.

Það skal tekið fram að umboðsmaður Alþingis hafði oftsinnis gert athugasemdir sérstaklega um það að ekki væru skýr lagaákvæði heldur væri verið að taka gjöld umfram útlagðan kostnað ríkisins af viðkomandi aðilum án þess að lög væru nægilega skýr og lagaheimild þess vegna fyrir hendi.

Gjaldtakan hefur eftir sem áður sætt mikilli gagnrýni, enda er hún frekar í hærri kantinum miðað við þann kostnað sem býr að baki leyfisveitingum af þessu tagi. Það verður að hafa í huga að hér er almennt um persónubundin réttindi einstaklinga að ræða og í ljósi þess er hér lagt til að sú breyting verði gerð að öll leyfi kosti 5.000 kr. Er þessi fjárhæð hugsuð til að mæta að nokkru leyti þeim kostnaði sem ríkissjóður hefur af útgáfu leyfanna. En þar fyrir utan er gert ráð fyrir að sérstök próftökugjöld verði tekin þegar um meiri kostnað og próf er að ræða. Um þetta getur sérstaklega í athugasemdum við 1. gr. frv.

Það skal tekið fram að verði þetta frv. að lögum má gera ráð fyrir því að tekjur ríkisjóðs dragist saman um allt að 10 millj. kr.

Ég sé ekki ástæðu til þess að hafa mörg fleiri orð um þetta frv. Þó ber að geta þess að í 2. gr. frv. er nýmæli sem er mjög mikilvægt, en það er um það að taka megi gjald, 300 kr., fyrir vélrænar fyrirspurnir úr þinglýsingabókum. Það skal tekið fram að í gildandi lögum kostar veðbókarvottorð 800 kr. Slíkt veðbókarvottorð þarf að sækja á skrifstofu þinglýsingadómara, í þinglýsingabækur, en nú er lagt til að hægt sé fyrir þá sem eru beintengdir við tölvur þinglýsingabókhaldsins að afla upplýsinga með tölvufyrirspurn og kostar slík fyrirspurn þá 300 kr. samkvæmt þessu ákvæði verði það að lögum. Þetta ætti að geta haft það í för með sér að lögmenn, fasteignasalar og lánastofnanir og aðrir þeir sem mikið nota veðbókarvottorð munu geta verið beintengdir á tölvum og fengið upplýsingar með þeim hætti á því verði sem hér er tiltekið. Horfir þetta til mikilla framfara.

Þetta mál þyrfti, virðulegi forseti, að sendast hv. efh.- og viðskn. og ég geri tillögu um það og jafnframt að málinu verði vísað til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (veitingarekstur og útleiga bifreiða). — Þskj. 857.

[12:23]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér hér að mæla fyrir frv. til laga um breyting á lögum um tryggingagjald, með síðari breytingum, en þau lög eru að stofni til frá 1990 og eru nr. 113.

Þessi breyting er ekki flókin. Hún fjallar um það að veitingarekstur og útleiga bifreiða falli undir neðri flokk tryggingagjaldsins en jafnframt er gert ráð fyrir að sá flokkur hækki til mótvægis úr 2,85% af launum í 2,95% af launum. Þetta er gert til þess að mæta þeim kostnaði sem verður við lækkun á tryggingagjaldi þess atvinnureksturs sem ég nefndi áður.

Það skal tekið fram að lögum hafði verið breytt fyrir einu og hálfu ári síðan í þá veru að ætlunin var að lækka af veitingarekstrinum tryggingagjald. Af því varð ekki og var lögum breytt aftur fyrir síðustu jól, m.a. vegna þess að breytingar urðu þá á ætlan ríkisstjórnarinnar að setja virðisaukaskatt á flestalla þætti ferðaþjónustunnar. Af því varð ekki nema að litlu leyti og til að koma í veg fyrir fjárhagsskaða ríkissjóðs var ákveðið að falla frá þessari tilteknu lækkun, enda hafði þá virðisaukaskattur af matvælum verið lækkaður og kom það veitingarekstrinum eins og mörgum öðrum til góða.

Í athugasemdum með þessu frv. er þessu lýst ítarlega þótt ekki sé í löngu máli. Ég vil taka það fram að gert er ráð fyrir að skatttekjur lækki um u.þ.b. 80 millj. kr. vegna lækkunar á tryggingagjaldi veitingareksturs og útleigu bifreiða, en hækki nánast um það sama þegar almenn hækkun verður á lægri flokknum.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að fara mörgum fleiri orðum um þetta stutta frv. Efnisatriðin eru hv. þm. kunn. Ég leyfi mér því í lok máls míns að leggja til að frv. verði sent hv. efh.- og viðskn. og síðan til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eignarskattur á íbúðarhúsnæði, fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 491. mál. — Þskj. 749.

[12:26]

Flm. (Guðmundur Hallvarðsson):

Virðulegi forseti. Um nokkuð langan tíma hefur verið deilt um mál sem lúta að eignarskatti á íbúðarhúsnæði og þá einkum og sér í lagi það sem lengi vel hefur verið kallaður ekkjuskattur eða ekklaskattur og hefur mönnum sýnst þar sitt hvað um. En meginregla þeirrar skattlagningar hefur verið sú að hjón sem búa í íbúðarhúsnæði hafa verið skattlögð þannig að eignarhlutfall þeirra hefur mátt vera samtals nærri 7 milljónir en við fráfall maka hefur verið undanþáguákvæði í skattalögum sem hefur virkað þannig að viðkomandi ekkja eða ekkill situr áfram í íbúð og greiðir skatt sem áður var en hefur þó undanþágu til fimm ára áður en skattar verða lagðir á þennan viðkomandi aðila sem einstakling og getur mismunun því orðið allmikil, einkum þegar til þess er litið að ef eignarskattar hækka svo mjög sem raun ber vitni um þá getur það verið mjög erfitt fyrir viðkomandi aðila, og einkum og sér í lagi á þessum tímum, að losa sig við stærra húsnæði til þess að kaupa þá ódýrara og um leið að komast undan þeim háu eignarsköttum sem hafa þá fallið á viðkomandi einstaklinga.

En þessi till. til þál. um eignarskatt á íbúðarhúsnæði er flutt ásamt þeim sem hér talar af Þuríði Pálsdóttur og Sólveigu Pétursdóttur og hljóðar þannig:

„Alþingi ályktar að fela fjármálaráðherra að láta semja og leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lagaákvæðum um eignarskatt á íbúðarhúsnæði með það að markmiði að:

a. lækka eignarskattsstofn,

b. jafna eignarskatt á íbúðarhúsnæði,

c. sérstakt tillit verði tekið til þeirra sem eru eldri en 67 ára og hafa skerta möguleika til tekjuöflunar."

Í greinargerð með þessari þáltill. segir m.a. svo:

„Um langt árabil hefur það verið metnaður ungs fólks hér á landi að eignast eigið íbúðarhúsnæði og er svo enn þótt merkja megi breytingu þar á. Kemur þá einkum til mikil óánægja fólks vegna þess forms á eignarskattsstofni sem hefur verið við lýði í nokkur ár og er verulega íþyngjandi.

Þá hefur álagning eignarskatts íþyngjandi fjárhagsleg áhrif á ekkjur og ekkla enda þótt þeir aðilar fái fimm ára aðlögun frá andláti maka, þ.e. greiði fyrst eignarskatt sem einstaklingar að fimm árum liðnum frá fráfalli maka. Eignarskattur kemur mjög misjafnlega niður á þessum aðilum og getur orðið allt að fimmfalt hærri hjá einstaklingi en hjá hjónum, enda þótt um sambærilega eign sé að ræða.

Í breyttu þjóðfélagi er sala fasteigna með öðrum hætti en áður. Þannig seljast stærri fasteignir verr en þær smærri og gerir slíkt öldruðu fólki, ekkjum og ekklum, erfiðara um vik með sölu stærri fasteigna. Ástandið á fasteignamarkaðinum og eignarskatturinn, svo og lækkandi tekjur, gera fyrrnefndum aðilum mjög erfitt að halda eignum sínum.

Illmögulegt er að fylgja þeirri stefnu sem ríkt hefur í málefnum aldraðra, þ.e. að þeir geti átt eðlilegt heimilislíf og búið sem lengst í eigin húsnæði vegna þessa sérkennilega og háa eignarskatts.

Flm. telja ekki rétt að hafa langa greinargerð með máli þessu, hvað þá tölulegar upplýsingar málinu til stuðnings svo ljóst sem það má vera fjmrh. og embættismönnum sem í fjmrn. starfa.

Flm. leggja áherslu á að fjmrh. láti gera hið fyrsta úttekt á eignarskatti einstaklinga með það að meginmarkmiði að sömu gjöld verði greidd af sambærilegu húsnæði án tillits til landfræðilegrar staðsetningar og án tillits til þess hvort einn eða fleiri eigi húsnæðið. Þá er það óviðunandi að eignarskattur í núverandi formi á íbúðarhúsnæði jaðri við eignaupptöku ríkisins þegar til langs tíma er litið."

Virðulegi forseti. Ég vísa máli þessu til síðari umr. og legg til að það fari til efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, 1. umr.

Frv. TIO og StB, 583. mál (endurbætur og viðhald á eigin húsnæði). — Þskj. 902.

[12:32]

Flm. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, með síðari breytingum. Meðflm. minn að frv. er hv. þm. Sturla Böðvarsson. Málið er 583. mál þingsins á þskj. 902. Frv. er í tveimur greinum og hljóðar svo:

„1. gr. Við B-lið 30. gr. laganna bætist nýr töluliður sem orðast svo: Kostnað við endurbætur og viðhald á eigin húsnæði, enda nemi þessi kostnaður að lágmarki 100.000 kr., og skal endurgreiðslan vera 10% af þeim kostnaði sem ráðist hefur verið í.

2. gr. Lög þessi öðlast þegar gildi."

Það mál sem hér um ræðir er skýrt í meðfylgjandi greinargerð og snertir í senn byggingariðnaðinn á landinu, viðhald húseigna Íslendinga og skattheimtu af byggingariðnaðinum. Í greinargerðinni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Á Íslandi eru nú tæplega 63 milljónir m^3 af íbúðar- og atvinnuhúsnæði, að núvirði um 1.200 milljarðar kr., en til viðbótar eru um 13 milljónir m^3 í ýmiss konar útihúsum. Þjóðarauður okkar er að mestu bundinn í þessum eignum.

Meðalaldur þessa húsnæðis er um 25 ár og það því að mestu byggt á eftirstríðsárunum. Á síðasta áratug hefur viðhaldsþörf fasteigna landsmanna farið hraðvaxandi og ekki er óvarlegt að gera ráð fyrir holskeflu á næstu árum þar sem aðeins litlum hluta húsnæðisins hefur enn sem komið er verið haldið við sem skyldi, bæði hjá einkaaðilum og opinberum aðilum. Veldur þar nokkru oftrú á steinsteypu sem ekki hefur reynst það viðhaldsfría efni sem almennt var talið, a.m.k. eins og hún hefur verið notuð í húsbyggingar.

Annars staðar á Norðurlöndum er almennt miðað við að árlegur viðhaldskostnaður sé um 1–5% af nýbyggingarkostnaði en fari hækkandi með aldri húsnæðisins. Lægri mörkin eru fyrir íbúðarhúsnæði í einkaeign en hærri mörkin fyrir sumar opinberar byggingar. Þessi hlutföll miða við reglubundið viðhald. Þar sem það hefur almennt verið vanrækt hér á landi og aldur húsnæðis er lágur og kemur gífurlegur uppsafnaður vandi til með að mæta húseigendum á næstu árum. Sé viðhald vanrækt eykst skemmd sem fall af tíma þannig að á endanum verður þörf á mun víðtækari viðgerðum en var í upphafi. Óverulegar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhaldskostnaði húsa hér á landi en flest bendir til að hann sé sambærilegur því sem að framan greinir. Reynsla Reykjavíkurborgar af viðhaldskostnaði húsnæðis í eigu borgarinnar styður það mat. Húsnæði hér á landi er almennt vandað en jafnframt undir miklu og erfiðu veðurfarslegu álagi.

Í könnun Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, sem gerð var árið 1992 um viðhorf húseigenda til viðhalds fasteigna, kemur fram að 77% húseigenda segjast sjálfir meta viðhaldsþörf húseigna sinna og 53% segjast annast viðhald sjálfir. Um 52% húseigenda telja viðhaldsþörf húsa vera innan við 50 þús. kr. á ári. 24% telja hana vera á bilinu 50–150 þús. kr. á ári og 6% telja hana meiri. Þessar tölur benda til að a.m.k. helmingur húseigenda vanmeti viðhaldsþörf fasteigna sinna.

Ef áætlaður viðhaldskostnaður er um 2% af stofnverði að jafnaði ætti árlegur kostnaður af viðhaldi húsnæðis landsmanna að vera a.m.k. 24 milljarðar kr. Hlutfall vinnuliðar er áætlað um 75% í viðgerðum og ætti vinnuliður að nema um 18 milljörðum kr. árlega. Viðhaldsmarkaðurinn er áætlaður um 5–7 milljarðar kr." — Rétt er að geta þess að þarna er um mjög gróft mat að ræða.

„Ef gert er við húseign fyrir um 1 millj. kr. fyrir utan virðisaukaskatt nemur vinnuliður um 750 þús. kr. með launakostnaði. Launakostnaður er um 300 þús. kr. af þeirri upphæð og hlutur ríkisins af þeim lið um 16% í formi tryggingagjalds sem er tæplega 50 þús. kr. Ætla má að tekjur ríkissjóðs af vinnulið séu í heild um 160 þús. kr. miðað við að bráttótekjuskattur launþega sé ríflega 35%, að viðbættum 50 þús. kr., eða samtals um 210 þús. kr. Tekjur ríkissjóðs af efnislið verksins eru þá ótaldar. Tekjurnar eru því lauslega áætlaðar a.m.k. um 250 þús. kr. af 1 millj. kr. viðgerðarverkefni, eða um 25%. Miðað við 10% skattendurgreiðslu af heildarverkupphæð, eða um 100 þús. kr., yrðu nettótekjur ríkissjóðs um 150 þús. kr.

Samkvæmt skýrslu fjármálaráðuneytisins um umfang skattsvika frá september 1993 kemur fram að áætluð nótulaus viðskipti séu langmest í byggingariðnaði. Heildarumfang skattsvika er áætlað um 6% af vergri þjóðarframleiðslu eða sem nemur 6,5 milljörðum kr. Hlutfall af nótulausum viðskiptum byggingariðnaðarins er reiknað sem 16% af rekstrartekjum. Um 21% aðila í byggingariðnaði sögðust taka á móti óframtöldum tekjum og um 16% einstaklinga sögðust hafa greitt fyrir slík viðskipti. Hins vegar sögðust 71% aðspurðra mundu þiggja skattlausar tekjur ef þeim stæðu þær til boða. Ætla má að megnið af þessum nótulausu viðskiptum byggingariðnaðarins eigi sér uppruna á viðhaldssviði greinarinnar hjá einstaklingum og húsfélögum en síður hjá fyrirtækjum og stofnunum og vegna nýframkvæmda. Ætla má að þetta hlutfall sé því töluvert hærra í viðhaldsverkefnum.

Mikilvægt er að grípa til aðgerða sem hvetja húseigendur til að eiga aðeins lögleg viðskipti. Með skattendurgreiðslu má ná þessu markmiði.

Ávinningur slíkrar endurgreiðslu er ekki síst fólginn í eftirfarandi:

Endurgreiðslurnar hvetja til að viðhaldsverkefnum verði skilað með fullgildum reikningum.

Tekjur ríkissjóðs aukast vegna minnkandi svartar vinnu.

Endurgreiðslurnar hvetja húseigendur til að auka viðhald húsnæðis og er þannig atvinnuskapandi aðgerð sem þýðir minni greiðslur í atvinnuleysisbætur.

Þjóðarauður landsmanna, sem bundinn er í fasteignum, verður betur varðveittur.

Í viðhorfskönnun Félagsvísindastofnunar kemur fram að iðnaðarmenn eru helst fengnir í stærri utanhússviðgerðir, svo sem steypuviðgerðir og viðgerðir á gluggum og þaki. Viðhaldsverk taka eðlilega að öllu jöfnu mun styttri tíma og eru minni umfangs en nýframkvæmdir. Við meiri háttar viðgerðir er þeim jafnframt dreift á nokkur ár til að jafna greiðslubyrði eigendanna. Ætla má af könnuninni að stór hluti viðhaldsverka sé af stærðargráðunni 150–250 þús. kr. hvað varðar árleg fjárútlát einstakra húseigenda. Þetta bendir til að stærðargráða viðhaldsverkefna á vegum einstaklinga sé innan þeirra marka að fátt hvetji til að gefa þau upp til skatts. Ætla má að töluverður hluti þeirra sé unninn nótulaust og hafi það aukist í atvinnuleysinu á undanförnum árum. Töluverð ásókn er í vinnu við viðgerðir á hverju vori af verktökum með litla sem enga þekkingu á viðgerðum og eru verktakafyrirtæki jafnvel gerð upp í lok árs eftir að hafa að mestu unnið nótulaust og því enga ábyrgð tekið á verkum. Ætla má að eftir töluverðu sé að slægjast fyrir skattyfirvöld með því að hvetja húseigendur til að skipta aðeins við viðurkennda verktaka og krefjast fullgilds reiknings fyrir viðhald eigna sinna."

Virðulegi forseti. Í niðurstöðu könnunar um ástand og horfur í byggingariðnaði kom í ljós að heildarvelta fyrirtækja í byggingariðnaði, í ákveðnu úrtaki sem könnunin var byggð á, var um 2,2 milljarðar kr. á árinu 1993. Fyrirtækin búa við mikið óöryggi í verkefnastöðu, enda er um helmingur fyrirtækja í úrtakinu sem sjá verkefni aðeins fram undan í 1–2 mánuði. Þessi erfiða staða byggingariðnaðarins er á sama tíma og viðhaldsverkefni verða fyrirferðarmeiri á verkefnalista þessara fyrirtækja. Ef við berum saman árin 1992 og 1993 þá var viðhald á árinu 1992 um 29% af verkefnum byggingariðnaðarins en hafði vaxið upp í 39% árið eftir sem er um 31% aukning milli ára. Þetta þýðir það að viðhald húsa er að verða meira verkefni fyrir byggingariðnaðinn en verið hefur. Það er í fullu samræmi við það að samkvæmt könnun Félagsvísindastofnunar þá er viðhald húsa hér á Íslandi stórlega vanrækt. Ég endurtek það, virðulegi forseti, að við eigum von á því á næstunni að yfir landið ríði holskefla viðhaldsverkefna vegna þess að viðhald húsa hefur verið vanrækt á undanförnum árum. Í þessum fasteignum er þjóðarauður okkar að mestu fólginn og því skiptir miklu máli hvernig við förum með þennan þjóðarauð.

Það er almennt álitið að svört atvinnustarfsemi sé óvenjugróskumikil á sviði byggingariðnaðarins og ekki síst á sviði viðhaldsverkefna. Það verður að undirstrika það að heiðarlegir verktakar sem hafa sett sér það markmið að ná upp sérhæfingu á sviði viðhaldsverkefna og þjónustu veittrar á því sviði eru í mjög erfiðri stöðu í samkeppninni við svarta atvinnustarfsemi. Það eru því ýmsir þættir sem fara saman og gera það að verkum að það er nauðsynlegt að flytja mál af því tagi sem hér hefur verið flutt. Í fyrsta lagi eru aðgerðir af þessu tagi, sem gera ráð fyrir skattfríðindum vegna viðhaldsverkefna, mjög atvinnuskapandi. Til þess að ýta undir viðhald húsa er mjög brýnt að gerðar séu sérstakar ráðstafanir og hagur ríkisins á ekki að versna í þessu máli þar sem upp á yfirborðið koma greiðslur sem í allt of miklum mæli eru undir borðinu.

Virðulegi forseti. Ég vil að loknu máli mínu leggja til að þessu frv. til laga verði vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Héraðsskógar, 2. umr.

Stjfrv., 499. mál (skógrækt á eyðijörðum). — Þskj. 766, nál. 855.

[12:43]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. landbn. við frv. til laga um breytingu á lögum um Héraðsskóga.

Efni frv. kemur fram í 1. gr. þess og er þess eðlis að með samþykki Skógræktar ríkisins sé heimilt í vissum tilvikum að jarðir sem ekki eru í ábúð njóti sömu réttinda og aðrar þær jarðir sem í grenndinni eru og hafa hlotið rétt á framlagi til skógræktarstarfa.

Textinn er skýr og honum hefur ekkert verið breytt. Þess vegna kemur það af sjálfu sér að álit landbn., sem allir landbúnaðarmenn flytja, er líka stutt og skýrt aðeins ein lína sem er, með leyfi forseta, á þessa leið:

„Nefndin hefur fjallað um frv. og mælir með samþykkt þess."

Ég legg svo til, herra forseti, að málinu verði vísað til 3. umr. að þessari umræðu lokinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:26]

Minning Alberts Guðmundssonar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Albert Guðmundsson, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, andaðist í morgun í Landspítalanum í Reykjavík, sjötugur að aldri.

Albert Guðmundsson var fæddur í Reykjavík 5. október 1923. Foreldrar hans voru hjónin Guðmundur gullsmiður Gíslason bónda í Berjanesi undir Eyjafjöllum Gíslasonar og Indíana Bjarnadóttir formanns á Norðfirði Jónssonar. Hann stundaði nám í Samvinnuskólanum í Reykjavík 1942–1944, lauk burtfararprófi þá um vorið, var síðan við verslunarnám við Skerry's College í Glasgow 1944–1946. Knattspyrnu stundaði hann frá ungum aldri og var árin 1947–1956 atvinnumaður í knattspyrnu erlendis og var þá búsettur í borgunum Glasgow, London, Nancy, Mílanó, París og

Nice. Að því æviskeiði loknu fluttist hann heim til Reykjavíkur og var stórkaupmaður frá 1956–1989. Það ár var hann skipaður sendiherra í Frakklandi með aðsetri í París og gegndi því embætti til sjötugsaldurs á síðasta ári. Jafnframt var hann sendiherra í Portúgal, á Spáni og Grænhöfðaeyjum. Áður hafði hann verið ræðismaður Frakka á Íslandi 1962–1988.

Albert Guðmundsson sinnti ýmsum félagsmálum. Hann var stofnandi Lions-umdæmisins á Íslandi 1957 og var ritari þess 1957–1958. Forseti Alliance Française var hann 1960–1967, formaður Íþróttafélags Reykjavíkur árum saman og formaður Knattspyrnusambands Íslands 1968–1973. Hann var stofnandi Tollvörugeymslunnar 1962 og stjórnarformaður hennar til 1983, í stjórn Verslunarráðs Íslands 1972–1986, varaformaður ráðsins 1974–1978 og stjórnarformaður Hafskips 1978–1983.

Albert Guðmundsson var kjörinn til forustustarfa í borgarmálum og landsmálum. Hann var borgarfulltrúi fyrir Sjálfstæðisflokkinn í Reykjavík 1970–1986, í borgarráði 1972–1983, forseti borgarstjórnar 1982–1983. Hann átti sæti í hafnarstjórn, stjórn Innkaupastofnunar Reykjavíkur og Strætisvagna Reykjavíkur, var formaður launamálanefndar og byggingarnefndar þjónustuíbúða fyrir aldraða. Á árunum 1980–1983 var hann í bankaráði Útvegsbanka Íslands og í flugráði. Í alþingiskosningunum 1974 var hann kjörinn alþingismaður Reykvíkinga af hálfu Sjálfstæðisflokksins og hélt því sæti til 1987. Það ár var hann kjörinn alþingismaður Reykvíkinga, var þá í framboði fyrir nýstofnaðan Borgaraflokk. Hann lét af þingmennsku 1989, þegar hann varð sendiherra í Frakklandi, hafði þá setið á 17 þingum alls. Hann var fjármálaráðherra 1983–1985 og iðnaðarráðherra 1985–1987. Hann átti sæti í miðstjórn Sjálfstæðisflokksins 1973–1987 og í framkvæmdastjórn hans 1978–1987. Hann var stofnandi Borgaraflokksins og formaður hans 1987–1989.

Árið 1980 var hann einn fjögurra í kjöri til embættis forseta Íslands.

Albert Guðmundsson átti sér langan og frækilegan starfsferil. Hann var ósérhlífinn og athafnasamur alla ævi, fór ungur að vinna fyrir sér, skólavist hans var ekki löng, en nýttist honum vel. Hann var afburðamaður á knattspyrnuferli sínum, var í fremstu röð knattspyrnumanna í Evrópu. Hér heima sinnti hann af áhuga félagsmálum íþróttamanna og þjálfun. Heildverslun sína rak hann af hagsýni og kunnáttu. Þekktastur var hann af stjórnmálastörfum sínum. Hann naut þar mikils fylgis samborgara sinna, enda sinnti hann störfum sínum fyrir þá af dugnaði og umhyggjusemi. Hann var sjálfstæður í skoðunum og um hann stóð oft styrr á vettvangi stjórnmálanna. Hann var harður og sókndjarfur baráttumaður, en honum var eðlisbundinn drengskapur kappsams íþróttamanns. Með athöfnum í þágu borgar sinnar og lands markaði hann spor.

Árið 1946 gekk hann að eiga eftirlifandi konu sína Brynhildi Jóhannsdóttur.

Við andlát Alberts Guðmundssonar hverfur af sjónarsviðinu eftirminnilegur samferðamaður.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Alberts Guðmundssonar með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Reynslusveitarfélög, 1. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 865.

[13:38]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um reynslusveitarfélög. Frv. er flutt á grundvelli ályktunar Alþingis frá 8. maí 1993 um að frv. til laga um reynslusveitarfélög verði lagt fyrir Alþingi vorið 1994. Með þál. var félmrh. heimilað að hefja undirbúning að stofnun allt að fimm reynslusveitarfélaga og að skipa fjögurra manna verkefnisstjórn sem hafi yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins um reynslusveitarfélög.

Verkefnisstjórnin var skipuð í júní 1993. Í henni eiga sæti Sigfús Jónsson landfræðingur, formaður, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri og Sigríður Stefánsdóttir bæjarfulltrúi. Þau tvö síðastnefndu voru tilnefnd af Sambandi ísl. sveitarfélaga. Verkefnisstjórnin hefur síðan hún var skipuð unnið að undirbúningi verkefnisins, þar á meðal gerð þessa frv. Hún hefur kynnt sér ítarlega framkvæmd hliðstæðra verkefna á Norðurlöndum, kynnt sveitarfélögunum verkefnið og staðið fyrir ráðstefnu um stofnun reynslusveitarfélaga hér á landi.

Fyrirsjáanlegt er að breytingar munu eiga sér stað á sveitarstjórnarstiginu hér á landi á næstu árum. Auknar kröfur um hagræðingu í rekstri hins opinbera án þess að dregið sé úr velferðarþjónustunni kalla á nýjungar og endurskipulagningu. Efling sveitarstjórnarstigsins getur orðið mikilvægur þáttur í því. Breytingar þær sem telja verður nauðsynlegar á fyrirkomulagi sveitarstjórnarmála hér á landi og unnið hefur verið að af félmrn. í góðu samstarfi við Samband ísl. sveitarfélaga er stækkun sveitarfélaga og flutningur á verkefnum frá ríki til sveitarfélaga, jafnframt því sem verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði skýrari en nú er og breytingar á tekjustofnum sveitarfélaga og nýtt fyrirkomulag í stjórnsýslu þeirra sem sveitarfélög fá aukið sjálfsforræði til að njóta.

Talið er að verkefnið um reynslusveitarfélög geti reynst mjög gagnlegt við undirbúning og þróun nauðsynlegra breytinga á íslenska sveitarstjórnarstiginu. Verkefnið felur í sér að ákveðin sveitarfélög fá tækifæri til að reyna í tilraunaskyni nýtt fyrirkomulag í stjórnsýslu og rekstri, þar á meðal yfirtöku nýrra verkefna frá ríkinu. Gert er ráð fyrir að óháðum aðila eða aðilum verði falið að fylgjast með tilraununum og meta að tilraunatímabilinu loknu hvernig til hafi tekist. Niðurstöður þeirra verða síðan nýttar við almenna endurskoðun laga á þessum sviðum. Hliðstæð tilraunaverkefni voru framkvæmd annars staðar á Norðurlöndum á síðasta áratug. Þar voru sveitarfélögum og fylkjum sem valin voru til að taka þátt í verkefnunum, svokölluðum „frikommuner“, veittar undanþágur frá ákvæðum

laga og reglugerða. Í stað þeirra voru í tilraunaskyni settar nýjar reglur sem sveitarfélögin fengu tækifæri til að móta. Við mótun nýrra reglna var unnt að nýta þá þekkingu sem fyrir hendi var heima fyrir á viðkomandi málaflokkum og staðbundnum aðstæðum. Verkefnin byggðust fyrst og fremst á áhuga og frumkvæði sveitarfélaganna sjálfra. Á heildina litið er talið að þessi tilraunaverkefni hafi tekist mjög vel og verið mikilvægur þáttur í undirbúningi breytinga og endurbóta á sveitarstjórnarstiginu.

Rekja má hugmyndina að stofnun reynslusveitarfélaga hér á landi til niðurstöðu nefndar, svokallaðrar sveitarfélaganefndar, sem félagsmálaráðherra skipaði 26. febrúar 1992 til að útfæra nánar tillögur um ný umdæmi sveitarfélaga. Jafnframt var nefndinni falið að gera tillögur um breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í tengslum við stækkun og eflingu sveitarfélaganna og tillögur um hvernig auka megi tekjur sveitarfélaga til að standa undir auknum verkefnum.

Nefndin taldi í áfangaskýrslu sinni, sem gefin var út í október 1992, að stofnun reynslusveitarfélaga að norrænni fyrirmynd gæti verið mikilvæg leið til þess að efla sveitarstjórnarstigið á Íslandi. Í skýrslunni er lagt til að stofnað verði til nokkurra reynslusveitarfélaga á Íslandi í fjögur ár í tengslum við sameiningu sveitarfélaga til undirbúnings á færslu verkefna og tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga og sem aðdragandi breytinga í stjórnsýslu sveitarfélaga.

Að lokinni kynningu meðal sveitarstjórna um allt land lýsti fundur fulltrúaráðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldinn var í febrúar 1993, yfir stuðningi við tillögu nefndarinnar um stofnun reynslusveitarfélaga.

Í lokaskýrslu sveitarfélaganefndar, sem út kom í mars 1993, skilgreinir nefndin hugmyndina um reynslusveitarfélög hér á landi þannig að „á grundvelli umsókna fái sveitarfélög heimild í tiltekinn tíma og í tilraunaskyni til: að taka að sér framkvæmd nýrra verkefna; að vera undanþegin tilteknum ákvæðum laga og reglugerða sem kveða á um skyldur sveitarstjórna og takmarka ákvörðunarvald þeirra; að reyna nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í tilteknum málaflokkum; og að þróa nýjungar í stjórnsýslu.

Eins og ég vék að í upphafi máls míns hefur verkefnastjórn sú sem ég skipaði á grundvelli þál. um stofnun reynslusveitarfélaga unnið að gerð þessa frv. Það hefur verið samið í samráði við viðkomandi ráðuneyti og stéttarfélög opinberra starfsmanna. Við samningu þess hafa hliðstæð dönsk og norsk lög mjög verið höfð til hliðsjónar.

Með frv. er lögð til nokkuð óvenjuleg lagasetning þar sem það felur í sér heimildir til ráðherra til að veita reynslusveitarfélögum tímabundnar undanþágur frá ákvæðum laga. Er talið óhjákvæmilegt fyrir framgang verkefnisins að ráðherrum verði veittar slíkar heimildir þar sem það sé nánast óframkvæmanlegt ef sækja þarf um lagaheimild fyrir hverja tilraun.

Rétt er að árétta að heimildir ráðherra til að víkja frá lögum einskorðast við tiltekin lög og ákveðin efnisákvæði. Samkvæmt 2. gr. frv. er um að ræða ákvæði sem kveða á um hvernig stjórnsýsla og starfsemi sveitarfélaga skuli skipulögð, á hvern hátt sveitarfélög skuli leysa verkefni sín, hvernig eftirlit ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli háttað og ákvæði um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Enn fremur er lagt til að ráðherrum verði heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum sem mæla fyrir um hvernig greiðslur á kostnaði skuli ákvarðaðar, sbr. 19. gr. frv. Gert er ráð fyrir að nýjar reglur í formi samþykktar reynslusveitarfélaga verði settar í stað þeirra ákvæða sem undanþágur verða veittar frá. Reynslusveitarfélögin fái tækifæri til að móta þær reglur í samráði og samstarfi við verkefnisstjórnina og viðkomandi ráðuneyti. Reglurnar öðlast ekki gildi fyrr en sá ráðherra sem fer með viðkomandi málaflokk hefur staðfest þær. Auk þess er áskilið að samþykki fjmrh. liggi fyrir ef tilraunin hefur fjárútlát í för með sér. Samþykktirnar skulu birtar í Stjórnartíðindum þannig að almenningur geti kynnt sér þær.

Fyrir utan þessa formlegu birtingarskyldu hafa sveitarfélögin almenna upplýsingaskyldu um tilraunir, sbr. 8. gr. frv. Tilraunirnar mega ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna eða auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá. Ekki má veita undanþágu frá lögum nema tryggt sé að það skerði ekki þann rétt til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta samkvæmt gildandi lögum. Undanþágurnar mega heldur ekki hafa í för með sér skerðingu á réttaröryggi íbúanna. Ekki verður heimilt að gera tilraunir sem hefðu það í för með sér að gengið væri á rétt íbúanna samkvæmt stjórnsýslulögum.

Samkvæmt 2. málslið 9. gr. frv. er ekki heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum sem kveða á um grundvallarstjórn sveitarfélaga, þ.e. ákvæðum um sveitarstjórnirnar sjálfar, byggðaráð og kjörstjórnir.

Rétt er að benda á að reynsla nágrannaþjóða okkar af framkvæmd hliðstæðra undanþáguheimilda var sú að ráðherra beittu þeim af fullri ábyrgð og reyndar hefur það helst verið gagnrýnt í framkvæmd verkefnanna í þeim löndum að ráðuneyti hafa verið of treg að heimila tilraunir.

Í frv. eru ákvæði sem geta gert sveitarfélögunum kleift ef þau óska eftir því og samkomulag næst við ríkisvaldið að taka í tilraunaskyni að sér ný þjónustuverkefni. Um leið verði gerðar tilraunir með nýtt og hagkvæmara fjármögnunarform. Gert er ráð fyrir að með undanþáguheimildum verði sveitarfélögunum veitt tækifæri til að skipuleggja á hvern hátt þau veita þjónustuna. Einnig sé þeim veitt tækifæri til að móta nýjar reglur um það hvernig þau leysa lögbundin verkefni sín og skipuleggja stjórnsýslu sína. Ekki er gert ráð fyrir að sveitarfélög geti fengið undanþágur frá lögbundnum verkefnum sínum. Á sumum sviðum er þjónustan að nokkru leyti á vegum sveitarfélaga og að nokkru leyti á vegum ríkisins. Þetta á t.d. við um öldrunarþjónustu og þjónustu við fatlaða. Það er því auðsætt að hagræðing væri fólgin í því að þjónusta væri í auknum mæli á sömu hendi.

Með heimildum frv. til að sveitarfélög geti tekið að sér ný verkefni og skipulagt stjórnsýslu og fram-

kvæmd gefst tækifæri til að gera mjög áhugaverðar tilraunir sem fela í sér bætta þjónustu við íbúana. Sem dæmi um slíka tilraun má nefna hugmyndir um samræmda sérfræðiþjónustu heilsugæslustöðva, fræðsluskrifstofa, svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra og félagsþjónustu sveitarfélaga sem gerð er nánar grein fyrir í almennum athugasemdum með frv.

Verkefninu um reynslusveitarfélög er ekki ætlað að hafa í för með sér ný útgjöld fyrir ríkissjóð og þar af leiðandi mun það ekki hafa í för með sér fjárhagslega mismunun milli reynslusveitarfélaga og annarra sveitarfélaga. Hins vegar er hugsunin sú að ef reynslusveitarfélög geti nýtt opinbert fé betur en nú er gert þá fái þau að njóta þess. Gert er ráð fyrir að tilraunin geti staðið til aldamóta, sbr. 21. gr. frv. sem gerir ráð fyrir að lögin skuli gilda til þess tíma. Í þál. kom fram að tilraunatímabilið skyldi standa frá 1. jan. 1995 til 31. des. 1998. Við nánari athugun hefur verkefnisstjórnin talið þetta of skamman tíma. Í því sambandi er einkum haft í huga að gert er ráð fyrir að tilraunir sem fela í sér yfirtöku nýrra verkefna geti ekki hafist fyrr en 1. jan. 1996 þar sem þær krefjast ítarlegs undirbúnings og talið er að nauðsynleg reynsla fáist ekki af slíkum tilraunum nema þær standi yfir í a.m.k. fjögur ár. Gert er ráð fyrir að aðrar tilraunir geti komist til framkvæmda fyrr.

Með frv. um reynslusveitarfélög er að því stefnt að opna leiðir til að gera tilraunir með því að heimila undanþágur frá ákveðnum lögum. Gert er ráð fyrir að nánari útfærsla á inntaki tilraunanna eigi sér stað eftir að frv. er orðið að lögum í samstarfi reynslusveitarfélaga og viðkomandi ráðuneyta og undir umsjón verkefnisstjórnar. Líklegt er að breyta þurfi lögum um reynslusveitarfélög á tilraunatímabilinu. Eftir að búið er að velja reynslusveitarfélög er unnt að hefja markvissari vinnu með þeim og þá er líklegt að fram komi óskir um tilraunir sem ekki er gert ráð fyrir í þessu frv.

Ég mun nú gefa yfirlit yfir einstök ákvæði frv.

Í I. kafla laganna eru almenn ákvæði. Í 1. gr. er kveðið á um markmið laganna sem er að gera sveitarfélögum kleift að gera tilraunir í þeim tilgangi að undirbúa breytingar á löggjöf um stjórnsýslu sveitarfélaga, framkvæmd verkefna þeirra, tekjustofna sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Áskilið er að með tilraununum skal að því stefnt að auka sjálfsstjórn sveitarfélaga, að laga stjórnsýslu þeirra betur að staðbundnum aðstæðum, að bæta þjónustu við íbúana og nýta betur fjármagn hins opinbera. Í greininni er tekið fram að tilraunir mega ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna né fela í sér auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá.

Í 2. gr. eru heimildir fyrir ráðherra til að víkja frá lögum takmarkaðar við ákvæði sem kveða á um stjórnsýslu sveitarfélaga og skipulag starfsemi þeirra, hvernig verkefni skuli leyst af hendi, hvernig eftirliti ríkisins með starfsemi sveitarfélaga skuli háttað og síðan verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Í 2. mgr. kemur fram að ráðherrum sé ekki heimilt að víkja frá lögum nema tryggt sé að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt og að réttaröryggi þeirra haldist óskert. Ákvæðið felur t.d. í sér að ekki má rýra þann rétt sem fatlaðir og aldraðir njóta til þjónustu samkvæmt gildandi lögum eða rétt einstaklinga til félagslegra íbúða. Túlka verður heimildir einstakra ákvæða frv. til að víkja frá lögum með hliðsjón af þessu ákvæði.

Í 3. gr. er gert ráð fyrir að verkefnisstjórn hafi yfirumsjón með framkvæmd verkefnisins. Eins og ég hef áður sagt hefur verkefnisstjórnin þegar verið skipuð á grundvelli þáltill. um stofnun reynslusveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að hún starfi allan tilraunatímann. Verkefnisstjórnin á að vera reynslusveitarfélögunum til aðstoðar og leiðbeiningar við undirbúning tilrauna og vera tengiliður þeirra við einstök ráðuneyti. Enn fremur skal hún veita viðkomandi ráðuneytum umsagnir um óskir reynslusveitarfélaga um tilraunir. Gert er ráð fyrir að fulltrúar ráðuneyta sitji fundi verkefnisstjórnar þegar málin sem þau varðar eru þar til umfjöllunar.

Í 4. gr. frv. eru ákvæði um fjölda reynslusveitarfélaga og val á þeim. Lagt er til að félmrh. taki á grundvelli umsagna og að fengnum tillögum verkefnisstjórnar ákvörðun um hvaða sveitarfélög skuli verða reynslusveitarfélög. Lagt er til að við val á reynslusveitarfélögum skulu þau sjónarmið höfð til hliðsjónar að þau séu sem fjölbreytilegust að stærð og gerð, en sveitarfélög sem sækja um þátttöku í tengslum við sameiningu skuli að öðru jöfnu hafa forgang.

Með bréfi dags. 29. júlí 1993 til allra sveitarstjórna óskaði verkefnisstjórn eftir umsóknum og þátttöku í verkefninu og var umsóknarfrestur ákveðinn til 1. okt. 1993. Í samræmi við álit sveitarfélaganefndar sem rakið var í athugasemdum með þáltill. um stofnun reynslusveitarfélaga var tilgreint í bréfi að sveitarfélög sem sækja mundu um þátttöku í tengslum við sameiningu mundu njóta forgangs, einkum þegar sveitarfélög á stóru svæði sameinast. Áhugi sveitarfélaga á þátttöku í verkefninu reyndist mun meiri en gert hafði verið ráð fyrir en alls bárust 37 umsóknir frá 56 sveitarfélögum. Í almennum athugasemdum með frv. er gerð grein fyrir því hver þau eru. Sjö umsóknir voru frá sveitarfélögum sem samþykkt hafa sameiningu. Í 4. gr. er lagt til að reynslusveitarfélögin geti orðið allt að 12. Í þáltill. er gert ráð fyrir að þau yrðu allt að fimm. Ástæðan fyrir tillögu um fjölgun er annars vegar að þegar hafa verið gefin fyrirheit um að þau sveitarfélög sem sækja um þátttöku í verkefninu í tengslum við sameiningu hafi forgang. Hins vegar er ástæðurnar þær að verkefnisstjórnin telur eftir að hafa kynnt sér framkvæmd hliðstæðra verkefna á Norðurlöndum að í hópi reynslusveitarfélaga þurfi að vera nokkur fjölmenn sveitarfélög og að heppilegra sé að skipuleggja verkefnið þannig að hvert sveitarfélag taki að sér takmarkaðan fjölda verkefna. Í fyrri hugmyndum var miðað við að þau fimm sem tækju þátt gætu tekið öll verkefni sem í boði væru. Við nánari athugun er talið að slíkt mundi vera stjórnsýslu þeirra ofviða.

Í 5. gr. frv. er lagt til að ráðherrum verði heimilt að nýta reglugerðarheimildir í lögum til að setja sérstakar reglugerðir sem gilda eingöngu í reynslusveitarfé-

lögum, einu eða fleirum. Slíkar reglugerðir verða að eiga sér stoð í viðkomandi lögum. Til þess að tryggja það sem best að niðurstöður og árangur verkefnisins verði ekki dreginn í efa er í 6. gr. frv. ákvæði um að skylt sé að fela óháðum aðila eða aðilum að taka út tilraunir og meta hvernig til hafi tekist. Í ákvæðinu er enn fremur lagt til að félmrh. skuli kynna niðurstöður þeirra á Alþingi. Enn fremur er gert ráð fyrir að félmrh. skuli hlutast til um að skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins verði lagðar fyrir Alþingi til kynningar að tilraunatímabilinu hálfnuðu og að því loknu.

Í II. kafla frv., 7. og 8. gr., eru ákvæði um samþykktir fyrir reynslusveitarfélög og skyldur sveitarstjórna reynslusveitarfélaga til að kynna fyrirhugaða tilraunastarfsemi og veita upplýsingar um framgang tilrauna. Eins og ég vék að hér áðan er gert ráð fyrir að settar verði sérstakar reglur um tilraunir í formi samþykktar. Byggt er á því að almennar reglur sveitarstjórnarlaga gildi um málsmeðferð við setningu slíkra samþykkta. Samþykktirnir öðlast ekki gildi fyrr en viðkomandi ráðherra hefur staðfest þær.

Í III. kafla frv., 9. gr., eru ákvæði um stjórnsýslutilraunir. Lagt er til að ráðherrum verði heimilt að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélög eiga í hlut. Heimildin nær til ákvæða sem kveða á um að nefndir eða stjórnir skulu skipaðar, hvernig þær skuli skipaðar og hver verkefni þeirra skuli vera. Heimildin nær ekki til ákvæða um sveitarstjórnir, byggðaráð og kjörstjórnir. Tryggt verður að vera að lögboðnum verkefnum viðkomandi nefnda og stjórna verði sinnt á fullnægjandi hátt án þess að réttaröryggi íbúanna sé skert.

Síðan koma kaflar sem snerta einstök ráðuneyti. Þeir hafa verið samdir í samráði við viðkomandi ráðuneyti. Auk þeirra ráðuneyta sem ákvæði eru um í frv. áttu sér stað viðræður við menntmrn. og samgrn. Við menntmrn. var einkum rætt hvort til greina komi að reynslusveitarfélög taki að sér rekstur framhaldsskóla en fram hefur komið áhugi á því. Ráðuneytið taldi slíkt ekki ráðlegt á þessu stigi.

Við samgrn. var einkum rætt um hugsanleg verkefni reynslusveitarfélaga á sviði hafnamála, vegamála og flugmála. Ráðuneytið taldi að fullnægjandi heimildir væru þegar í gildandi lögum eða frumvörpum sem til meðferðar eru á Alþingi til þess að koma til móts við óskir reynslusveitarfélaga á þessum sviðum.

Í IV. kafla eru ákvæði um heimildir félmrh. Í 10. gr. er lagt til að félmrh. hafi heimild til að víkja frá ákvæðum um félagslegar íbúðir í lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, en umsækjendur um þátttöku í verkefnunum hafa lýst yfir miklum áhuga og tilraunum á þessu sviði. Fyrst og fremst eru höfð í huga ákvæði um skipulag félagslegra húsnæðismála í sveitarfélögum og eftirlit Húsnæðisstofnunar með þeim. Í því sambandi er hugsanlegt að sveitarfélög taki á sig meiri ábyrgð á lánveitingum til félagslegra húsnæðismála.

Í 11. gr. er lagt til að félmrh. verði heimilað að fela reynslusveitarfélagi að annast þjónustu við fatlaða. Hliðstætt ákvæði er í lögum um málefni fatlaðra.

Í 12. gr. er lagt til að félmrh. verði heimilt að víkja frá ákvæðum laga um atvinnuleysistryggingar og ákvæðum laga um vinnumiðlun í því skyni að gera reynslusveitarfélögunum kleift að gera tilraunir til að bæta þjónustu við atvinnulausa.

Í 13. gr. frv. er ætlað að veita möguleika á tilraunum með nýtt fyrirkomulag um úthlutun framlaga til reynslusveitarfélaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Gert er ráð fyrir að félmrh. muni, ef heimildin verður nýtt, setja reglugerð um útreikninga og skilyrði fyrir úthlutun. Ekki er gert ráð fyrir að þetta hafi í för með sér aukin framlög úr Jöfnunarsjóðnum til reynslusveitarfélaga, heldur muni þessi framlög koma í stað framlaga sem renna mundu til reynslusveitarfélaga samkvæmt gildandi ákvæðum. Framlögin yrðu ákvörðuð eftir nýjum reglum. Af því leiðir að ekki er unnt að setja reglugerð um útreikning og úthlutun slíkra framlaga nema að höfðu samráði við reynslusveitarfélögin.

Í V. kafla eru ákvæði um heimildir heilbr.- og trmrh. Í 14. gr. er lagt til að honum verði heimilt að fela reynslusveitarfélagi byggingu og rekstur heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss gegn umsamdri greiðslu á kostnaði.

15. gr. gerir ráð fyrir að ráðherra verði heimilt að veita reynslusveitarfélagi sem tekur að sér rekstur heilbrigðisþjónustu eða þjónustu við aldraða undanþágu frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu og laga um málefni aldraðra. Heimildir hans til að víkja frá þessum lögum takmarkast af ákvæðum 2. gr. frv. T.d. var ekki heimilt að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu sem mæla fyrir um hvaða þjónusta skuli veitt á heilsugæslustöðvum eða ákvæðum sem mæla fyrir um að fagfólk skuli annast þjónustuna.

Í VI. kafla eru ákvæði um heimildir umhvrh. Um er að ræða heimildir til að víkja frá ákvæðum byggingarlaga um meðferð umsókna um byggingarleyfi og verksvið byggingarfulltrúa í reynslusveitarfélagi samkvæmt 16. gr. og ákvæðum skipulagslaga um gerð skipulagsuppdrátta og meðferð skipulagstillagna. Það sem liggur að baki þessum ákvæðum er að unnt verði að gera tilraunir til að einfalda og flýta meðferð mála á þessum sviðum. Slíkar tilraunir mega ekki hafa í för með sér skerðingu á réttaröryggi íbúanna, t.d. þannig að gengið sé á rétt þeirra til málskots.

Í VII. kafla eru sérákvæði um flutning verkefna til reynslusveitarfélaga. Sérstök áhersla er lögð á það við gerð frv. að sem minnst röskun verði á högum starfsfólks ef verkefni eru flutt í tilraunaskyni frá ríki til sveitarfélaga.

Í 18. gr. frv. sem samin var í samráði við stéttarfélög opinberra starfsmanna er lagt til að ekki verði breyting á réttarstöðu og réttindum hlutaðeigandi starfsmanna að öðru leyti en því að þeir teljist vera í þjónustu sveitarfélaga meðan á tilrauninni stendur. Þannig verði ríkið áfram aðili að ráðningarsamningi starfsmanna og lífeyrisréttindi þeirra og stéttarfélagsaðild haldist óbreytt.

Í 2. mgr. 18. gr. er lagt til að viðkomandi fagráðherra, fjmrh. og sveitarfélög, skuli áður en til verk-

efnaflutnings kemur semja um ábyrgðir sínar og greiðslur vegna réttinda og kjara starfsmanna. Í því sambandi eru höfð í huga atriði eins og ábyrgð á greiðslu biðlauna, ef staða er lögð niður, ábyrgð vegna tjóns sem starfsmaður veldur í starfi sínu, fyrirkomulag launagreiðslu o.fl.

Í 19. gr. er lagt til að ef reynslusveitarfélag yfirtaki verkefni frá ríkinu sé heimilt að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag á greiðslu kostnaðar og að viðkomandi ráðherra sé í því sambandi heimilt að fengnu samþykki fjmrh. að víkja frá ákvæðum laga sem mæla fyrir um það efni. Það sem liggur að baki ákvæðinu er fyrst og fremst að veita möguleika á tilraunum með að fjármagna verkefni með rammaframlögum í stað eyrnamerktra framlaga. Í lokakafla frv., 20. og 21. gr. eru hefðbundin reglugerðar- og gildistökuákvæði.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið við að gefa yfirlit yfir þetta frv. Stofnun reynslusveitarfélaga er einn þáttur í eflingu sveitarstjórnarstigsins hér á landi. Það er afar mikilvægt að sveitarstjórnarstigið þróist hér á landi til samræmis við þær breytingar sem átt hafa sér stað í byggð, atvinnulífi og samgöngum svipað og gerst hefur annars staðar á Norðurlöndum á undanförnum árum og áratugum. Með eflingu sveitarfélaganna á sér einnig stað mikilvæg valddreifing í þjóðfélaginu frá stjórnsýslustofnunum ríkisins í höfuðborginni til landsbyggðarinnar. Efling sveitarfélaganna er þannig einhver áhrifaríksti þáttur byggðastefnunnar.

Verkefnið um reynslusveitarfélög felur í sér nýjung í okkar stjórnsýslu, þ.e. að gera með formlegum hætti tilraun í nokkur ár sem þátt í undirbúningi meiri háttar breytinga sem gilda fyrir heildina. Slík hugmyndafræði getur nýst okkur á mörgum öðrum sviðum stjórnsýslunnar. Það er þess vegna brýnt að mál þetta nái fram að ganga hér á Alþingi. Sveitarfélögin hafa sýnt þessu máli mikinn áhuga og er þess að vænta að Alþingi muni skoða málið með jákvæðum huga. Frv. felur vissulega í sér óhefðbundna lagasetningu en hafa verður í huga að það sem málið snýst um er að gera tímabundna tilraunastarfsemi mögulega. Einnig er rétt að hafa í huga að hliðstæð lög hafa verið samþykkt í þeim löndum sem standa okkur næst í löggjöf og að reynslan af framkvæmd þeirra hefur verið jákvæð.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið þessari framsögu. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[14:03]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hæstv. félmrh. hefur mælt fyrir um reynslusveitarfélög er afsprengi þeirrar umræðu sem hefur verið undanfarið um eflingu sveitarstjórnarstigsins og sameiningu sveitarfélaga og verkefnaflutning til þeirra.

Ég vil taka það fram í upphafi að ég er sammála því meginmarkmiði að efla sveitarstjórnarstigið í landinu. Fyrir þessu verkefni um reynslusveitarfélög hefur verið mikill áhugi hjá sveitarfélögunum eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. og sá áhugi er auðvitað af því sprottinn að sveitarstjórnarmenn álíta að verkefnaflutningur til þeirra muni efla sveitarstjórnarstigið, gera þeirra sveitarfélög öflugri til átaka, öflugri til að þjóna fólkinu. Það er því alveg nauðsynlegt að sú löggjöf sem hér er afgreidd frá Alþingi um reynslusveitarfélög sé skýr og sveitarstjórnarmenn viti að hverju þeir ganga í þessu efni.

Ég held að þetta frv. þurfi mjög mikillar umfjöllunar við í félmn. Það er ýmsum spurningum ósvarað varðandi þetta verkefni og þessar hugmyndir eða framkvæmd þeirra hefur breyst í verulegum atriðum frá því að þær komu fyrst á dagskrá en það var í svokallaðri sveitarstjórnarnefnd sem hæstv. félmrh. skipaði fyrir nokkrum árum og vann að undirbúningi tillagna um sameininu sveitarfélaga og til hliðar kom þessi hugmynd upp um reynslusveitarfélög.

Ég vil leyfa mér að vitna í hugmyndir sem komu fram í skýrslu sveitarfélaganefndar í þessu efni, en hugmyndirnar voru á þá leið að lögð yrði fyrir Alþingi á vorþingi 1993 þáltill. þess efnis að stofnað verði til allt að fimm reynslusveitarfélaga. Þessi þáltill. var lögð fyrir og samþykkt fyrir ári síðan. Fyrstu hugmyndir sem upp komu um þetta voru að sveitarfélögin yrðu tvö til þrjú en urðu í meðförum að fimm eins og þáltill. gerði ráð fyrir. Þær hugmyndir gera ráð fyrir að félmrh. skipi fjögurra manna verkefnisstjórn sem hefði yfirumsjón með tilraunaverkefninu. Sú stjórn hefur verið skipuð. Það verði unnið að gerð samnings um verkefni, tekjustofna, undanþáguákvæði og fleira milli reynslusveitarfélaganna annars vegar og félmrn. hins vegar að höfðu samráði við hlutaðeigandi fagráðuneyti. Og gert verði ráð fyrir því að lög um reynslusveitarfélög verði sett á árinu 1994 þegar drög að samningum milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna liggja fyrir.

Ég vil undirstrika þetta vegna þess að frv. hefur breyst frá þessum hugmyndum í afar veigamiklum atriðum. Og það er þá fyrst til að taka að í 4. gr. frv. er gert ráð fyrir því að sveitarfélögin verði ekki fimm heldur verði þau allt að 12. Ég veit af hverju það er til komið. Það er vegna þess mikla áhuga sem er í sveitarfélögum fyrir að gerast reynslusveitarfélög og af því að sveitarstjórnarmenn í þessum sveitarfélögum hafa væntingar um vissar úrbætur. Þeir hafa væntingar um framlög úr Jöfnunarsjóði, úrbætur í vegamálum og fleira og þetta verður auðvitað að liggja alveg ljóst fyrir þegar í þessa samninga verður ráðist.

Ég vil spyrja hæstv. félmrh. að því hvort sá grunur minn er réttur að það séu uppi á borðinu hugmyndir um það að gera öll eða flestöll fjölmennustu sveitarfélög landsins sem hafa sótt um að gerast tilraunasveitarfélög að tilraunasveitarfélögum og nokkur í viðbót þannig að þá er hægt að spyrja: Er þetta tilraun eða er þetta byrjun á verkefnatilfærslu undir öðru nafni? Ég held að ef sú leið er farin að gera öll fjölmennustu sveitarfélög landsins að tilraunasveitarfélögum, þá verði ekki aftur snúið í þessu, þá sé þetta ekki tilraun. Þá sé þetta byrjun á verkefnatilfærslu og það sé þá best að skýra það því nafni og ég set spurningarmerki við þennan fjölda. Ég vil skoða vel þau rök sem að baki liggja. Það liggur alveg ljóst fyrir að það þarf að hafna einhverju af umsóknum frá sveitarfélögum sem hafa

sótt um, þau eru það mörg. Þau eru 37 eða 38 ef ég man rétt. Þannig að það þarf að velja úr. En ég hef fyrirvara um þann fjölda sem settur er fram í 4. gr. og tel að ef öll stærstu sveitarfélög landsins fylla þennan hóp þá sé varla um tilraun að ræða heldur verkefnatilfærslu.

Annar veigamikill þáttur í hugmyndum sem sveitarstjórnarnefnd setti fram í upphafi var að gert var ráð fyrir því að lög um reynslusveitarfélög yrðu sett þegar drög að samningum milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna liggja fyrir. Hér er farin öfug leið, það er ekki byrjað að semja við reynslusveitarfélögin, lögin eru sett á undan. Síðari hluti frv. eða IV., V., VI. og VII. kafli bera svip af því.

Ég hjó eftir því hjá hæstv. félmrh. að hún talaði um að þetta væri óheftbundin lagasetning. Það er alveg rétt ef þetta frv. verður að lögum óbreytt þá er þetta afskaplega óheftbundin lagasetning því að allir þessir kaflar eru bara opnar heimildir til ráðherra að breyta stórum lagabálkum um atvinnuleysistryggingar, tekjustofna sveitarfélaga, framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra, byggingarlög og skipulagslög. Ég man ekki betur en þegar þessar hugmyndir voru til umræðu í sveitarstjórnarnefnd þá kæmi það fram að á Norðurlöndunum, a.m.k. í Danmörku ef ég man rétt, hefði verið farin sú leið að semja um þessa verkaskiptingu og leggja síðan samninginn fyrir Alþingi um breytingu á þeim lögum sem samningurinn um reynslusveitarfélög tekur inn á. Ég hygg að sú stefnubreyting, eins og kom fram í máli hæstv. félmrh., hafi orðið að það sé ætlunin að taka færri verkefni út úr og semja um færri verkefni. En ég tel eigi að síður að hér sé farið dálítið glannalega svo ekki sé meira sagt að hlutunum. Vegna þess að þessi lagasetning, ef frv. verður svona að lögum, er svo opin að hún felur í sér afskaplega óheftbundnar heimildir fyrir ráðherra. Það er rétt sem hæstv. félmrh. sagði í því efni.

Ég vil einnig spyrja hæstv. félmrh. um 6. gr., þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Verkefnisstjórn skal, að fengnu samþykki félagsmálaráðherra, fela óháðum aðila, eða aðilum, að taka út tilraunir og meta hvernig til hafi tekist. Félagsmálaráðherra skal sjá til þess að niðurstöður þeirra verði kynntar Alþingi. Félagsmálaráðherra skal enn fremur hlutast til um að skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verksins verði lagðar fyrir Alþingi til kynningar að tilraunatímabilinu hálfnuðu og að því loknu."

Ég vil spyrja hæstv. ráðherra hvort hugmyndir hafi mótast um hvaða óháðir aðilar þetta eru sem munu taka út þetta verkefni. Þá hugsa ég til þess að nýlega var ágæt ráðstefna hér inni í Borgartúni 6 um reynslusveitarfélög sem ég sat mestalla með gestum frá Norðurlöndunum. Ég man ekki betur en það kæmi fram í erindum þeirra að það væri afskaplaga mikilvægt að vanda til þessarar úttektar og afskaplega mikilvægt að það verði vel til þess vandað hvernig til hefði tekist í ljósi þess að hér sé um tilraun að ræða. En ég er eindregið þeirrar skoðunar að sveitarstjórnarmennirnir verði að ganga með opin augun að þessu verkefni og þeir verði að vita mjög nákvæmlega á hverju þeir eiga von í þessu samstarfi eða í þessari tilraun. Ég held að skorti dálítið á það því miður.

Þá kem ég að því að það eru vissulega væntingar um úrbætur í samgöngumálum í sameinuðum tilraunasveitarfélögum sem eru ekki á valdi hæstv. félmrh. að framkvæma. Fagráðuneytin eiga ekki aðild að þessari verkefnastjórn. Samband íslenskra sveitarfélaga á aðild að henni og tveir fulltrúar frá félmrn. samkvæmt frv. en önnur ráðuneyti sem kunna að hafa með höndum ýmsa málaflokka sem um er fjallað, við skulum segja eins og heilbrigðismál, vegamál og samgöngumál, eiga ekki beina aðild að verkefnisstjórninni. Mér er þá spurn: Hvernig verður þessu samráði háttað? Eru mótaðar hugmyndir um það? Ég spyr hæstv. ráðherra að því.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé mörgum spurningum ósvarað um þetta mál. En þar fyrir tala ég ekki gegn hugmyndinni. Mér finnst vafasamt hvað þessi hugmynd hefur bólgnað í meðförum og ég óttast að það geti leitt til einhverra vandræða í framkvæmdinni, að málið verði einfaldlega of viðamikið vegna þess að hér er um mjög flókið mál að ræða og flókna samningagerð ef þeir málaflokkar verða teknir undir reynslusveitarfélög sem grænt ljós er gefið á hér í texta frv. En hér eru ráðherrum gefnar heimildir, umhvrh., heilbr.- og trmrh. og félmrh. í mjög stórum og veigamiklum málaflokkum eins og húsnæðismálum, skipulags- og byggingarmálum og í hinum mjög svo viðkvæma og flókna málaflokki í heilbrigðisþjónustunni í landinu. Þetta frv. leynir á sér og það þarf góða umfjöllun í félmn. og ég mun að sjálfsögðu taka þátt í henni. Ég mun vinna að því ásamt öðrum nefndarmönnum að fara sem allra best yfir þetta mál og kanna það til hlítar eftir því sem föng eru á þó tíminn sé orðinn naumur, svo ekki sé meira sagt.

Eins og ég tók fram í upphafi þá er það alveg grundvallaratriði að þetta mál liggi sem skýrast fyrir og þess vegna hef ég beint spurningum til félmrh. við 1. umr. málsins. Að öðru leyti hef ég tækifæri til að fara yfir það í félmn. þegar það kemur þangað. En ég óttast vissulega þann tímaskort sem hér er á lokadögum þingsins þegar málin bókstaflega hrúast inn á borðin hjá okkur þingmönnum og snjóar inn stórmálum á hverjum degi. En eigi að síður mun ég taka þátt í þessari umfjöllun og leggja mitt af mörkum til að þetta stóra mál geti legið sem skýrast fyrir.

[14:21]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. 2. þm. Austurl. að þetta mál hefur aldeilis þanist út frá því að það var kynnt í upphafi. Menn eru farnir að tala um að það verði til a.m.k. 12 reynslusveitarfélög í staðinn fyrir þau fimm sem upphaflega var stefnt að að yrðu til. Auk þess sem þessi lagasetning er með allt öðrum hætti heldur en a.m.k. ég hafði ímyndað mér. Ég taldi að hér yrðu sett skýr lög um hvað ætti að gerast en ég verð að spyrja vegna þess að ég hef ekki tekið þátt í lagasetningu á Alþingi svo lengi að ég hafi þekkingu til að dæma um þá hluti hvort lagasetning af þessu tagi sé framkvæmanleg. Í þessum lagatexta er á mörgum

stöðum talað um að ráðherra sé heimilt að víkja frá lögum. Nú veit ég ekki hvort það verður mögulegt að afmarka möguleika ráðherra til að víkja frá lögunum þannig að það sé hægt að sjá það fyrir hvaða tilvik muni koma upp þar sem ráðherra getur ákveðið það einn og sjálfur að víkja frá viðkomandi lögum.

Mig langar t.d. til að spyrja um þar sem talað er um að ráðherra sé heimilt að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Er ekki hætt við því ef farið er að víkja frá lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins um einhver einstök 12 sveitarfélög í landinu, þar sem einhver 12 einstök sveitarfélög í landinu eiga í hlut, að þá verði jafnræðisregla brotin gagnvart öðrum íbúum landsins? Eins er það ef ég nefni hér 13. gr., þar stendur:

„Félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. mgr. 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, með síðari breytingum, þannig að tekjum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði varið til greiðslu framlaga til reynslusveitarfélaga sem komi að öllu eða nokkru leyti í stað sérstakra framlaga skv. 13. gr. laganna og jöfnunarframlaga skv. 14. gr. til þeirra. Í reglugerð skal setja ákvæði um útreikning þessara framlaga og skilyrði fyrir úthlutun."

Ef ráðherra getur vikið frá þessum reglum er þá ekki hætta á því að það verði framkvæmt með þeim hætti að það renni meiri fjármunir til þessara sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóðinn en til annarra sveitarfélaga? Getur það gengið að ráðherrann hafi vald til þess að veita fjármuni sérstaklega til þessara reynslusveitarfélaga með þessum hætti?

Mig langar til að fá hæstv. ráðherra til að útskýra það nánar hvernig hann muni beita þessu ákvæði og hvort það sé ekki hætta á því að önnur sveitarfélög telji sig verða fyrir skerðingum vegna þessa ákvæðis. Eins velti ég því fyrir mér þegar gefin er heimild til þess að ráðherrar fái að víkja eða hafi heimildir til að víkja frá lögum vegna þessara tilraunasveitarfélaga hvort ekki komi mótmæli frá öðrum sveitarfélögum og kröfur um að lögum verði breytt í kjölfarið þannig að aðrir hafi sömu möguleika sem þarna munu koma upp. Ég hef áhyggjur af þessu og ég taldi í einfeldni minni að þetta mundi aldrei bera að með þessum hætti heldur yrðu sett skýr lög um það hvað yrði frábrugðið hjá tilraunasveitarfélögunum. Það yrði ekki með þessum hætti hafðar svona opnar reglur þar sem ráðherrar nánast skera úr um öll atriði í framkvæmdinni. Ég vonast til þess að í hv. nefnd, sem tekur þetta mál til meðferðar, verði hugað sérstaklega að þessu hvort það er ekki hægt að gera þessa hluti miklu skýrari en þeir eru í þessum lagatexta. Ég er sammála því sem hv. 2. þm. Austurl. sagði hér áðan að ef svo mörg og svo stór sveitarfélög sem nú hafa sótt um að verða tilraunasveitarfélög fara að vinna undir öðru kerfi en verið hefur þá er það raunverulega ekki tilraunastarfsemi heldur er það stórt skref í áttina að því að breyta verkefnaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það út af fyrir sig þarf ekki að vera vondur hlutur en hann er þá undir öðrum formerkjum heldur en hann ætti að vera. Og menn þurfa auðvitað að taka ákvörðun um þessa breyttu verkaskiptingu en ekki ákvörðun um það að hafa tilraunastarfsemi sem mun síðan ekki reynast sem slík heldur verða í upphafi ákvörðun um að gera þessar breytingar nánast.

Ég held að það sé til á þessu nokkur skýring, af hverju lagt er til að 12 sveitarfélög verði gerð að reynslusveitarfélögum. Ég held að skýringin sé sú að í aðdraganda kosninganna um sameiningu sveitarfélaga þá lofuðu menn of miklu. Það var nánast alls staðar verið að lofa því fólki sem býr í þeim sveitarfélögum þar sem kosið var um sameiningu þessum möguleika að viðkomandi sveitarfélag yrði tilraunasveitarfélag. Og ég held að það standi allir í þeirri meiningu sem hafa ákveðið einhverjar sameiningar að þeirra sveitarfélög verði tilraunasveitarfélög. Og að þeir eigi ekki bara góðan möguleika á því heldur hafi þeir allt að því gulltrygg loforð fyrir því að um tilraunasveitarfélög verði að ræða. Ég býst við að undir þessum aðstæðum hafi kannski skapast sú hugmynd að fjölga tilraunasveitarfélögum svona mikið til þess að geta staðið við þessi loforð eða hálfgildings loforð sem komu fram á fundum víða um land.

Ég vil endurtaka að lokum, hæstv. forseti, að ég tel að það þurfi að skoða þetta frv. með það fyrir augum að hér verði skýrari lagatexti lagður fyrir, að það verði vitað nákvæmlega í hverju þessi tilraunasveitarfélög verða frábrugðin öðrum sveitarfélögum þannig að ekki komi upp alls kyns ósætti sem mun fylgja því ef ráðherrar hafa möguleika og undir þrýstingi þurfa að taka ákvarðanir um mismunandi reglur í sveitarfélögunum. Þess vegna vona ég að hv. nefnd, þó tíminn sé naumur, takist að vinna þannig í þessu máli að það verði betri lagatexti sem komi til 2. umr. en sá sem hér er til umræðu.

[14:30]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Sveitarstjórnarmenn um allt land hafa beðið eftir því lengi að frv. til laga um reynslusveitarfélög yrði lagt fram á Alþingi. Ég er viss um að það eru mjög margir sem bíða með mikilli eftirvæntingu því eins og fram hefur komið þá er mikil stemning fyrir því að fá að vera með í þessari tilraun sem fyrirhuguð er og miklu fleiri sveitarfélög hafa sótt um það en nokkurn tímann verður kannski leyft í upphafi. Það er því mikilvægt að það sem í þessu frv. er sé afar skýrt og aðgengilegt. Það eru auðvitað mjög margar spurningar sem vakna og margar spurningar sem hér hafa verið lagðar fram nú þegar og verður svarað innan tíðar af hæstv. félmrh.

Ég vænti þess að það sé til þess ætlast að þetta frv. verði að lögum á þessu þingi og það þarf að hafa heldur hraðar hendur ef svo á að verða því að þetta er afar flókið mál. En eins og ég sagði áðan þá bíða margir eftir þessu og ég tel mikilvægt að hraða þessu máli.

En aðalinntak þessa frv. er aukið sjálfræði og sjálfstæði sveitarfélaga og meiri ábyrgð á þeirra eigin málum sem er mjög af hinu góða. Því langar mig til að spyrja hæstv. félmrh., þar sem sett voru lög fyrir jól að ekkert sveitarfélag mætti leggja á lægra útsvar en 8,4%, hvort þau sveitarfélög sem gerast reynslusveit-

arfélög fái að ráða sinni útsvarsprósentu. Ég tel það mikilvægt varðandi sjálfstæði sveitarfélaga að þau fái svigrúm til að ráða sinni útsvarsprósentu. Mér fannst verulega dregið úr sjálfstæði og sjálfræði sveitarfélaga þegar þau lög voru sett á Alþingi að lágmarksútsvarsprósentan var hækkuð. Mig langar líka til að spyrja varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð, en öllum sveitarfélögum er skylt að greiða vissa upphæð til sjóðsins, 600 millj. kr. í heild sinni til sérstakra verkefna, og síðan er sveitarfélögum úthlutað úr Atvinnuleysistryggingasjóði. T.d. í fyrra voru 500 millj. kr. sem sveitarfélögin lögðu til en Atvinnuleysistryggingasjóður lagði ekki til nema 166 millj. kr. af þessum 500 millj. til sérstakra verkefna. Því langar mig að spyrja ráðherrann hvort það sé ekki liður í sjálfstæði sveitarfélaga að sveitarfélögin sjálf haldi þessum upphæðum hjá sér og fái að ráða nákvæmlega hvernig þessum peningum er varið til atvinnuuppbyggingar.

Það vakna fleiri spurningar hjá mér við yfirlestur þessa frv. Hér geta ýmsir ráðherrar vikið frá lögum og þar er félmrh. nefndur sérstaklega og heilbr.- og trmrh. og umhvrh. og nú langar mig til að spyrja hæstv. félmrh.: Fyrst á annað borð er verið að tiltaka þarna vissa ráðherra, af hverju ekki samgrh.? Sökum þess að í nýsameinuðum sveitarfélögum þá eru það nú samgöngumálin fyrst og síðast sem brenna á mönnum. Og fyrst verið er að auka heimildir á annað borð þá hefði ég haldið að þar ætti fyrst að koma samgrh. og langar að spyrja hæstv. félmrh. um það hvernig stendur á því að hann er ekki talinn upp þarna með.

En sem sagt var ekki seinna vænna að þetta frv. var lagt fram ef það á að verða að lögum á þessu þingi. Ég býst við því að margar athugasemdir berist frá sveitarstjórnarmönnum varðandi þetta frv. því að það vekur svo margar spurningar. Og kannski er sjálfræðið og sjálfstæðið ekki eins mikið í þessu frv. og menn höfðu jafnvel vonað.

[14:35]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið á borð okkar þó seint sé það frv. sem við höfum mátt búast við frá því að þáltill. um reynslusveitarfélögin var samþykkt. Ég verð að viðurkenna að það er í svolítið öðru formi heldur en ég bjóst við og þá fyrst og fremst það sem lýtur að heimildarákvæðum sem eru til ýmissa ráðherra um að víkja frá gildandi lögum og segir ósköp lítið annað en að ráðherra sé ekki heimilt að víkja frá lögum nema tryggt sé að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim réttindum, þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt og réttaröryggi þeirra haldist óskert. Að öðru leyti er þetta mjög opin heimild og segir einhvers staðar í greinargerð að þarna sé tekið tillit til þess sem hafi verið ákvarðað á hinum Norðurlöndunum en rétt sé að taka fram að við gerð frv. hafi hliðstæð dönsk og norsk lög mjög verið höfð til hliðsjónar. Þau feli á sama hátt og þetta frv. í sér heimildir til að veita sveitarfélögum undanþágu frá lögum svo að þau geti í tilraunaskyni mótað nýjar reglur sem koma í stað þeirra lagareglna sem þeim eru veittar undanþágur frá.

Á öðrum stað í frv. segir hins vegar að það sem sé fyrst og fremst ólíkt með þessari tilraun hér og á hinum Norðurlöndunum sé að það hafi ekki verið sama tilhneiging til þess að stýra með lögum og reglugerðum ákvarðanatöku sveitarfélaga. Ég hefði fyrst viljað spyrja hæstv. ráðherra að því hvort ekki hefði verið eðlilegt að setja hér inn frv. til laga um reynslusveitarfélög og veita heimildina til þess að fara í þessa tilraun, sem ég tel vera jákvæða, en geyma aftur á móti að veita þessar heimildir til ráðherra þar til búið væri að ákveða hvaða verkefni nákvæmlega það verða sem sveitarfélögin fara í sem hlýtur að stjórnast fyrst og fremst af því hvaða sveitarfélög verða valin.

Annað sem stingur mig svolítið er sú verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga sem ráðherra hefur nú þegar skipað. Samkvæmt greinargerð eiga sæti í þeirri verkefnisstjórn Sigfús Jónsson landfræðingur, Húnbogi Þorsteinsson skrifstofustjóri, Ingimundur Sigurpálsson bæjarstjóri og Sigríður Stefánsdóttir bæjarfulltrúi. Sigfús Jónsson landfræðingur var áður sveitarstjóri fyrir norðan og svo bæjarstjóri á Akureyri og í stjórninni eru starfandi bæjarfulltrúi og bæjarstjóri. Ég sé það síðan í yfirliti yfir þau sveitarfélög sem hafa sótt um að gerast reynslusveitarfélög að það gæti farið svo að þar yrði um hagsmunaárekstra að ræða. Verkefnisstjórnin er ekki alveg hlutlaus í vali sínu þegar í stjórninni eiga sæti starfandi bæjarfulltrúi eða bæjarstjóri hjá sveitarfélagi sem sækir um að gerast reynslusveitarfélag og verkefnastjóri á að taka ákvörðun um það hvort sveitarfélagið fær að taka þátt í þessari tilraun. Ég hefði viljað spyrja ráðherra að því hvort ekki sé óeðlilegt að þeir sem sitja í verkefnisstjórninni eigi einhverra hagsmuna að gæta þegar farið verður í þetta val. Með því er ég ekki að ætla þessum fulltrúum að gæta ekki hlutleysis en ég held að það hljóti samt að verða dálítið erfitt þegar starfandi bæjarstjóri eða sitjandi bæjarfulltrúi á að fara að fjalla um sitt eigið sveitarfélag og umsókn þess.

Í 14. gr. segir: „Heilbr.- og trmrh. er heimilt að fela reynslusveitarfélagi byggingu og/eða rekstur heilsugæslustöðvar og sjúkrahúss gegn umsamdri greiðslu á kostnaði úr ríkissjóði og framlagi úr Framkvæmdasjóði aldraðra ef við á.“

Hvað þýða orðin „ef við á“? Samkvæmt lögum og reglugerð um Framkvæmdasjóð aldraðra er heimilt að taka ákveðið hlutfall úr sjóðnum til rekstrar þessara stofnana ef það er beint í þágu aldraðra. Nú þarf ekkert endilega að vera um rekstur langlegudeildar fyrir aldraða að ræða. Það getur líka verið um það að ræða að fyrir fram sé gerður samningur um eins og 10–20 mjaðmaaðgerðir á öldruðum á viðkomandi sjúkrahúsi. Þá er heimilt að taka framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Því að það hefur átt sér stað a.m.k. á síðustu tveimur árum að það hafa verið gerðir slíkir sérsamningar við nokkur sjúkrahús þar sem þau hafa fengið framlög úr Framkvæmdasjóði aldraðra vegna mjaðmaaðgerða. Þær hljóta þá að vera framkvæmdar á öldruðum sem einir eiga rétt til framlaga úr þessum sjóði.

Þá segir í 19. gr.: „Ef reynslusveitarfélag yfirtekur verkefni frá ríkinu samkvæmt lögum þessum er heim-

ilt að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag á greiðslu kostnaðar og er viðkomandi ráðherra í því sambandi heimilt, að fengnu samþykki fjmrh., að víkja frá ákvæðum laga sem mæla fyrir um það efni."

Ég býst við að þarna sé verið að fjalla um fjárlög ríkisins og mér finnst það bara með öllu óeðlilegt að fjmrh. einn fái þá heimild að ráðskast með fjárframlög Alþingis sem Alþingi hefur ákveðið til einstakra verkefna og væri þá eðlilegra að í 19. gr. væri kveðið á um að tekin yrði ákvörðun um þær breytingar sem yrðu vegna þessa í fjáraukalögum hverju sinni.

Í greinargerðinni segir á bls. 7: „Framkvæmd nýrra verkefna og tilraunir með nýtt rekstrar- og fjármögnunarfyrirkomulag í vissum málaflokkum á grundvelli samkomulags við ríkið." Þetta fjármögnunarfyrirkomulag er svonefnd rammafjármögnun, sem ég held að sé jákvæð, en það verður þó alltaf að vera alveg klárt hvað á að liggja að baki þessari rammafjármögnun. T.d. þar sem talað er um málefni fatlaðra segir að slík rammafjármögnun skuli miðast við fjölda fatlaðra, fötlunarstig þeirra og hvaða þjónusta er í boði. Ég veit ekki til þess að það sé búið að ganga frá því í ráðuneytinu — það er þá alveg nýlega ef það liggur fyrir mat á fötlunarstigi og hvað það þýðir í fjárframlögum. Það hefur a.m.k. ekki verið hægt að gera slíka rammasamninga við þær stofnanir sem hafa sótt um það vegna þess að þetta mat eða forsendur fyrir slíku mati hafa ekki legið fyrir.

Síðan kemur að öldrunarþjónustunni og þá á þessi rammafjármögnun að vera þannig að hún á að byggjast á fjölda aldraðra í sveitarfélögum og aldri þeirra en ekki á mati á þjónustuþörf viðkomandi en hún getur verið afar misjöfn. Hún fer ekkert endilega eftir aldri. Þjónustuþörf aldraðra getur verið jafnmismunandi og þjónustuþörf fatlaðra. Mér fyndist eðlilegt að þarna kæmi inn nákvæmt mat á þjónustuþörf. Ef það á að byggja framlög á einhvers konar ramma þá komi þarna inn mat á þjónustuþörf aldraðra ekkert síður en fatlaðra.

Ég vil síðan aðeins ítreka það að mér finnst eðlilegt að í verkefnastjórninni séu óháðir aðilar, þ.e. aðilar sem tengjast ekki þeim sveitarfélögum sem sækja um þegar ákvörðun verður tekin um það hvaða sveitarfélög fá að gerast reynslusveitarfélög. Og vonandi mun nefndin breyta því í umfjöllun sinni að það verði ekki svona galopin heimildarákvæði til handa ráðherra. Reyndar eru þau fyrst og fremst til hæstv. ráðherra Alþfl. því að það er heilbrrh., umhvrh. og félmrh. Mér hefði fundist eðlilegt að það væri ákveðin takmörkun á þeim heimildum sem þeir hafa til þess að víkja frá lögum eða breyta reglugerðum eins og gert er ráð fyrir í frv. Mér sýnist að það sé algerlega opin heimild til að setja reglugerðir og víkja frá lögum og þarf að skilgreina það mun betur en hér er gert.

Ég býst við að undirbúningur standi fram á haust. Þegar búið er að velja reynslusveitarfélögin þá þurfi marga mánuði til að ákveða hvaða verkefni fara til þessara sveitarfélaga og þess vegna sé allt í lagi að láta þessar heimildir bíða til haustsins úr því að það liggur ekki fyrir nánari útfærsla á þeim. Allur þessi undirbúningur er búið að taka töluverðan tíma og sjálfsagt að skoða þetta yfir sumarið og leggja það síðan fyrir Alþingi í haust þannig að við vitum nákvæmlga hvað við erum að gera. Ef við samþykkjum frv. eins og það er þá vitum við ekkert hvaða vald við erum að fá viðkomandi hæstv. ráðherrum.

[14:46]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að hér hafi orðið nokkrar umræður um þetta mál og ýmsar spurningar vaknað vegna þess að, eins og ég sagði í minni framsöguræðu, þá er þetta að ýmsu leyti óvenjuleg lagasetning sem skýrist af eðli málsins. Það hefur töluvert verið talað um opnar heimildir til ráðherra og vissulega er það svo en þó eru þarna sett ákveðin takmörk til hvers þessar heimildir megi ná, t.d. varðandi 2. gr. frv.

Ég vil líka geta þess að þar sem hefur verið farið út í svona reynslusveitarfélög á Norðurlöndum hafa alls staðar verið opnar heimildir til ráðherra og það hefur frekar verið tregða hjá ráðherrum að beita þeim en hitt. Ég held þess vegna að málið sé þó þannig vaxið að ekki ætti að vera nein hætta á ferðum að heimildirnar væru með einum eða öðrum hætti misnotaðar, enda felast ákveðnar takmarkanir í þessu.

Það kom fram í máli a.m.k. tveggja ræðumanna, hv. 2. þm. Vesturl. og hv. 2. þm. Austurl., að frv. eins og það hér er lagt fram sé með nokkum öðrum hætti en gert var ráð fyrir í upphafi. M.a. er tilgreint að í skýrslu sveitarfélaganefndar hafi verið gert ráð fyrir að drög að samþykktum milli ríkis og sveitarfélaga lægju fyrir. Það er vissulega rétt að það var gert ráð fyrir því í skýrslu sveitarfélaganefndar en á því er sú skýring að ekki er búið að velja þessi sveitarfélög. Heimildin frá Alþingi er eingöngu fyrir samningi við fimm reynslusveitarfélög en eins og fram hefur komið sækja mun fleiri um að verða reynslusveitarfélög. Það er lagt til við Alþingi að fjölga þeim í 12 og þess vegna hefur einfaldlega ekki verið hægt að velja þessi reynslusveitarfélög og það þarf auðvitað að liggja fyrir áður en verður farið að semja við reynslusveitarfélögin. Það er skýringin á því að drög að samþykktum liggja ekki fyrir.

Hv. þm. Jón Kristjánsson nefndi einnig hvort það væru einhver áform um að gera öll fjölmennustu sveitarfélögin að tilraunasveitarfélögum. Það eru alls engin áform um það. Það liggur fyrir hvaða sveitarfélög hafa sótt um en endanlegt val sem verður í höndum verkefnisstjórnar liggur ekki fyrir.

Ég vil einnig taka fram af því að mér fannst koma fram í máli hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að því hefði verið lofað í kosningunum 20. nóv. að öll sveitarfélög gætu gengið að því sem vísu að verða reynslusveitarfélög að það er alls ekki rétt. Hitt er annað mál að þáltill. sem samþykkt var á Alþingi kvað á um það að sveitarfélög sem sækja um verkefni í tengslum við sameiningu hafi forgang, einkum þegar sveitarfélög á stóru svæði sameinast. En að því hafi verið lofað gagnvart öllum sveitarfélögum er ekki rétt. Efni þessarar tillögu var auðvitað kynnt, að hún kvæði á um það að

sveitarfélög sem sækja um verkefni í tengslum við sameiningu hafi forgang til þess að gerast reynslusveitarfélög. Því er nokkur vandi hér á höndum vegna þess að það eru mun fleiri sveitarfélög sem hafa sameinast heldur en fimm sem gert var ráð fyrir að gætu orðið reynslusveitarfélög í þessari tillögu.

Það hefur verið nokkuð rætt hér um þá óháðu aðila sem gert er samkvæmt ákvæði þessa frv. að taka út þessa tilraun. Ég tek taka undir það með hv. þm. Jóni Kristjánssyni að hér er um mjög mikilvægt ákvæði að ræða og mjög mikilvægt að vel takist til í þeim efnum. En hvaða óháðu aðilar það eru liggur ekki fyrir enn þá. Eins og kemur fram í ákvæðum frv. þá getur þetta verið einn aðili eða fleiri. Það geta ýmsir komið til greina í því efni eins og Háskóli Íslands, Byggðastofnun, Þjóðhagsstofnun eða allir þessir aðilar saman, en um það liggur ekkert fyrir. En ég vil leggja áherslu á mikilvægi þess að það verði framkvæmd vönduð úttekt á þessari tilraun.

Það er alveg rétt sem fram hefur komið hér t.d. hjá 2. þm. Vesturl., að inntakið í þessu frv. er það að auka sjálfsforræði sveitarfélaga, skapa grundvöll og forsendur fyrir viðamiklum verkefnatilflutningi til sveitafélaga á grundvelli þess hvernig þessi tilraun tekst. Einnig að prófa nýtt stjórnsýslufyrirkomulag t.d. varðandi fjármögnun og fleiri þætti. Það er auðvitað grunnurinn að þessu að fara í þetta þannig að hægt sé að meta reynsluna af því og sjá hvernig til tekst og í hve viðamiklum mæli á að fara út í þetta verkefni.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson varpaði fram þeirri spurningu hvort það væri hætta á því að hér væri verið að víkja frá jafnræðisreglu og talaði m.a. um opnar heimildir og opnar reglur. Ég held að það sé alveg ljóst að það verði að árétta það að þessar heimildir hafa sín takmörk í ákvæðum í frv. Tilraunirnar mega ekki hafa í för með sér skerðingu á réttindum íbúanna eða auknar fjárhagslegar byrðar fyrir þá. Sveitarfélögin geta ekki fengið undanþágur frá lögbundnum verkefnum sínum og inntak og gæði þjónustunnar má ekki skerða. Réttaröryggi íbúanna má ekki skerða og ekki er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum sem kveða á um grundvallarstjórn sveitarfélaga, svo dæmi sé nefnt. Meginatriði í ákvæðum þessa frv. er að því er ætlað að gera sveitarfélögum kleift að taka í tilraunaskyni að sér ný þjónustuverkefni þar sem talið er að þau geti veitt þjónustuna á hagkvæmari og betri hátt en áður. Þá á líka að gera tilraunir með nýtt og hagkvæmara fjármögnunarform og síðan að þeim sé veitt tækifæri til að skipuleggja á hvern hátt þau veita þjónustuna. Ég tel að þetta verkefni eigi ekki að hafa í för með sér fjárhagslega mismunun milli reynslusveitarfélaga og annarra sveitarfélaga.

Varðandi Jöfnunarsjóðinn sem hér er nefndur þá er opnað fyrir það í ákvæðum frv. að skoða það að úthlutunarreglum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði breytt til þessara reynslusveitarfélaga í tilraunaskyni. Það er ekki verið að tala um að þau eigi að fá aukin framlög umfram aðra heldur geta þau verið í öðru formi til þessara sveitarfélaga.

Varðandi ákveðna þætti eins og samgöngumál sem hér var spurt um þá kemur það fram í greinargerð með frv. að það áttu sér stað viðræður við samgrn. um ýmsa þætti í samgöngumálum. Niðurstaðan af þeim viðræðum varð sú að í frv. til nýrra vegalaga, sem nú er til meðferðar á Alþingi, er gert ráð fyrir víðtækum heimildum vegamálastjóra til að gera samning við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarstjórnir, stofnanir og samtök þessara aðila um vegahald. Það var mat samgrn. að þær heimildir væru fullnægjandi fyrir sveitarfélög sem taka vilja að sér verkefni á sviði vegamála og því sé ekki ástæða til sérstakrar heimildar þar að lútandi í þessu frv.

Sama niðurstaða varð varðandi menntmrn. Það var gert ráð fyrir því í skýrslu sveitarfélaganefndar að framhaldsskólar gætu t.d. verið hluti af þessu tilraunaverkefni en niðurstaða þess ráðuneytis varð sú að ekki væri ráðlegt á þessu stigi með hliðsjón af því að fyrir dyrum standi að sveitarfélögin yfirtaki rekstur grunnskóla, sem ráðuneytið taldi að væri ærið verkefni fyrir, auk þess sem ráðuneytið taldi rétt að fá reynslu á þær breytingar sem frv. til nýrra framhaldsskólalaga felur í sér áður en gerðar yrðu frekari tilraunir með rekstrarform framhaldsskólanna. Þannig að hér er um að ræða breytingu frá því sem sveitarfélaganefndin lagði til.

Varðandi Atvinnuleysistryggingasjóð, sem hér hefur verið minnst á, þá er fyrst og fremst um það að ræða að verið er að skoða ákvæði sem lúta að því að bæta þjónustu við atvinnulausa en ekki hefur verið rætt neitt um það að tilraunasveitarfélög fái eitthvert aukið svigrúm varðandi ráðstöfun á því 1.200 millj. kr. framlagi sem nú er í Atvinnuleysistryggingasjóði til atvinnuskapandi verkefna. Það hefur ekki verið rætt um þann þáttinn.

Varðandi það hvort tilraunasveitarfélög geti ráðið sjálft sinni skattlagningu, t.d. útsvarsprósentu, þá fela ákvæði frv. það í sér að það má ekki auka á fjárhagslegar byrðar íbúanna þannig að það er ekki hægt að fara upp fyrir það þak sem er á útsvarinu. Það væri vel athugandi hvort hina hliðina varðandi lágmarksútsvar mætti ekki skoða en þá yrði að skoða það í tengslum við Jöfnunarsjóð og framlögin úr honum hvernig það kemur heim og saman. Það er því út af fyrir sig ekki útilokað að mínu viti.

Varðandi vangaveltur hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um verkefnastjórnina og hlutverk hennar, sem er að velja reynslusveitarfélög, og hvort viðkomandi sveitarstjórnarmenn sem þar sitja væru hæfir til að fjalla um umsóknirnar þegar um væri að ræða að þeirra sveitarfélög væru meðal umsækjenda, þá er mjög passað upp á það. Þegar slíkt kemur upp eru kallaðir inn varamenn þannig að það á að gæta fyllsta hlutleysis í hvívetna í þessu efni.

Margrét Frímannsdóttir spurði einnig um 19. gr. þar sem kemur fram að það sé heimilt að gera tilraun með nýtt fyrirkomulag á greiðslu kostnaðar og er viðkomandi ráðherra í því sambandi heimilt, að fengnu samþykki fjmrh. að víkja frá ákvæðum laga sem mæla fyrir um það efni. Hér er að mínu viti eingöngu átt við það að hægt sé að breyta fjármögnunarforminu sem

slíku en ekki auka fjármagn til viðkomandi tilraunasveitarfélaga umfram það sem fjárlög gera ráð fyrir, það sé eingöngu hægt að breyta um fjármögnunarform t.d. að koma á svokallaðri rammafjármögnun. Auðvitað verður þetta allt að vera innan ramma fjárlaga.

Ég geri mér vissulega grein fyrir því, virðulegur forseti, að það hefði verið æskilegt að þetta frv. væri fyrr á ferðinni og ég get vel skilið það eins og fram hefur komið að þingmenn sem fá þetta mál til umfjöllunar í félmn. vilji fá tíma til að skoða það. Þetta er náttúrlega nýjung í þessu frv. sem þarf að skoða vandlega. En ég treysti því og veit að félmn. mun kappkosta eins og hægt er að afgreiða þetta frv. Það er ljóst að sveitarfélögin bíða mörg hver eftir því að frv. þetta verði að lögum og í því eru ýmis ákvæði sem ekki geta beðið. T.d. þarf Alþingi að taka af skarið og ákveða það hvað tilraunasveitarfélögin verði mörg og ýmis ákvæði í þessu frv. er nauðsynlegt að lögfesta. Eins og fram kom líka í minni framsögu þá er það a.m.k. mjög líklegt að þessi lagasetning taki einhverjum breytingum á þessu tilraunatímabili eftir því sem tilefni gefst til hverju sinni.

Það var vissulega hugleitt af þeim sem sömdu þetta frv. hvort það ætti að hafa málið þannig að hverja einustu samþykkt sem gerð yrði við sveitarfélögin ætti að bera formlega undir þingið. Menn töldu það mjög þungt í vöfum. Ef ég man rétt þá var reynt fyrst, ég held að það hafi verið í Danmörku frekar en í Noregi, að gera það þannig og það reyndist mjög þungt og erfitt í vöfum og heimildirnar voru gerðar miklu víðtækari og opnari og reynslan varð sú og niðurstaðan að það hefði gefist mjög vel. En ég vænti þess að ég hafi svarað flestu því sem fram kom í spurningum frá hv. þm.

[15:01]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í síðari ræðu hæstv. félmrh. kom fram að það er ekki ákveðið að velja fjölmennustu sveitarfélögin í landinu í þetta verkefni. Það var af vissum ástæðum að ég kom inn á þetta í ræðu minni. Það hefur verið gífurlegur þrýstingur frá stærstu sveitarfélögunum að fá til sín aukin verkefni og verður áfram. Þess vegna hafa þau þrýst á og eftir því sem ég best veit, og vitna þá í ráðstefnu sem ég sat um þessi mál, hafði farið fram ákveðið forval úr þessum 37 sveitarfélögum og þar voru fjölmennustu sveitarfélögin inni. Nú er ég ekkert að útiloka að þau verði valin en bendi þá bara á að eins og fjölda í sveitarfélögum er háttað hér á landi þá er það fremur orðin verkefnatilfærsla heldur en tilraun ef sú leið er farin.

Það er líka mikilvægt atriði hvort verkefnin verða þau sömu hjá öllum sveitarfélögum sem verða færð yfir eða hvort hvert sveitarfélag fær að velja.

Ég vil segja að það skiptir náttúrlega máli varðandi Alþingi hvort það er verið að breyta lögum og Alþingi verður þá að fjalla um það. Það er ekki bara hægt að fara eftir því hvað er þungt í vöfum og hvað ekki. Alþingi verður náttúrlega að fjalla um lagabreytingar en það er afar vafasamt að gefa mjög opnar heimildir til ráðherra varðandi þær.

[15:03]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Út af orðum síðasta ræðumanns þá held ég að það sé mjög mikilvægt fyrir þetta tilraunaverkefni að það sé sem mest breidd í því gagnvart starfi sveitarfélaga, að þetta verði bæði minni og stærri eða fjölmenn sveitarfélög sem taka þátt í þessu verkefni þannig að það sjáist betur hvað kemur út úr þeirri framkvæmd. Ég geri því ráð fyrir að í valinu verði eitthvað af fjölmennari sveitarfélögunum. En allt fer það auðvitað eftir því hver niðurstaðan verður hér á hv. Alþingi hvað sveitarfélögin verða mörg. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að það getur verið misjafnt hvernig samningarnir verða við einstök reynslusveitarfélög. Það er mjög ólíklegt að það verði endilega sömu verkefnin í öllum tilvikum sem færast yfir til tilraunasveitarfélaga. Það fer auðvitað eftir stærð þeirra og hvaða samningar takast við hin einstöku reynslusveitarfélög.

[15:04]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessar hugleiðingar mínar eru fyrst og fremst til komnar af því hvað þetta verkefni hefur breyst. Ég er ekki búinn að sannfærast í sjálfu sér um það að löggjafinn ráði kannski til fulls við þessa breytingu þegar hún er orðin svona umfangsmikil. Þær hugleiðingar lúta líka að því að ef sveitarfélög, sem kannski telja svona 80% íbúa þjóðarinnar, eða tvo þriðju skulum við segja, eru kominn inn í þetta verkefni þá sé þetta ekki orðin tilraun heldur verkefnatilfærsla og þá rétt að kalla hana því nafni. Það eru þær hugleiðingar sem ég hef um málið. En ég hef að sjálfsögðu engar endanlegar skoðanir á því akkúrat hvaða sveitarfélög eiga að fara inn í þetta verkefni. Þessar hugleiðingar eru sprottnar af því að þetta verkefni hefur tekið dálítinn kollhnís í meðförum síðasta ár.

[15:07]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir svörin. Hún svaraði öllum spurningum sem til hennar var beint og hennar svör voru mjög skýr. En það kom fram einmitt í svörum hennar hvað frv. er óákveðið, hvað það er opið og óskýrt.

Mig langar til að fylgja aðeins eftir varðandi þær fyrirspurnir sem ég var með um sjálfstæði og ábyrgð sveitarfélaga á sínum eigin málum og varðandi það að sveitarfélög ráði sjálf sinni útsvarsprósentu. Það er ekki ákveðið t.d. hvort sveitarfélögin mega ráða sinni eigin útsvarsprósentu. Það kom fram í máli hæstv. ráðherra sem mér fannst vera óásættanlegt varðandi þær fjárupphæðir sem sveitarfélögin leggja til Atvinnuleysistryggingasjóðs til sérstakra atvinnuskapandi verkefna. Segjum t.d. sveitarfélag í dag, sem verður tilraunasveitarfélag og leggur 12 millj. til Atvinnuleysistryggingasjóðs í þessi sérstöku verkefni fær síðan aðeins 2 millj. úr þessum sjóði til atvinnuskapandi verkefna og það er bullandi atvinnuleysi í þessu sveitarfélagi. Á áfram að miðstýra þessu úr Reykjavík? Á þetta

ekki að vera á ábyrgð sveitarfélagsins og má það ekki sjálft nýta þessar 12 millj. sem er ætlast til að fari í þetta ákveðna verkefni?

[15:08]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Mér láðist að biðja um orðið undir liðnum andsvör en ég hef eina örstutta spurningu til hæstv. ráðherra. Það kom fram hjá henni áðan að það gæti orðið mismunandi samningar sem yrðu gerðir við sveitarfélögin. Ég hafði tilfinningu fyrir því að þetta væri samanburðartilraun þar sem væri verið að skoða það hvernig sveitarfélögum af mismunandi stærð og gerð og mismunandi staðsetningu alls staðar á landinu gengi að sinna sambærilegum verkefnum með tilliti til þess að breyta verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Niðurstaða þessara tilrauna, sem yrði síðan tekin út af óháðum aðilum, leiddi það í ljós hvað af þessum verkefnum færi yfir til sveitarfélaganna. En með því að það verða gerðir mismunandi samningar við sveitarfélögin og mismunandi verkefni fara yfir til sveitarfélaganna þá er vonlaust að gera þennan samanburð af einhverju viti og ætla hvaða verkefni það eru sem sveitarfélög af mismunandi stærð og staðsetningu geti tekið við. Ég vildi því heyra aðeins betur frá hæstv. ráðherra hvernig þessi tilraun er hugsuð. Ef samningarnir eru mismunandi og mismunandi verkefni er þetta þá hugsað þannig í framtíðinni að verkaskipting ríkis og sveitarfélaga verði almennt á mismunandi hátt eftir því hvaða sveitarfélag á í hlut?

[15:10]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt að ýmsar spurningar vakni vegna þessa frv. og m.a. sú sem fram kom hjá hv. síðasta ræðumanni. Það sem ég átti við með að samþykktirnar gætu verið mismunandi er það að það verður samið við hvert og eitt sveitarfélag og þar sem ég er að tala um að málaflokkarnir geti verið misjafnir, það getur vel verið að sum sveitarfélög kjósi að fá málefni fatlaðra, annars staðar getum við verið að tala um sjúkrahúsin og heilsugæslustöðvarnar og þetta hlýtur að fara töluvert eftir stærð sveitarfélaganna.

Vissulega er það svo að sum af þessum reynslusveitarfélögum mun væntanlega hafa sömu verkefni. Ég er að segja að ekki þurfi málaflokkarnir alls staðar að verða þeir sömu, þ.e. þá er ég að tala um fyrst og fremst fjöldann á málaflokkunum. Það getur verið að sum sveitarfélögin kæri sig ekki um það að taka yfir málefni fatlaðra eða eitthvað í félagslegum íbúðum en það vilji önnur sveitarfélög gera þannig að þetta er fyrst og fremst háð samkomulagi sem gert verði við hvert og eitt sveitarfélag. Varðandi stærð verkefnis þegar við erum að tala um stór verkefni eins og sjúkrahúsin o.s.frv. og heislugæslustöðvarnar, þá getur vel verið að minni sveitarfélög treysti sér ekki til þess að yfirtaka þau þannig að það getur vel verið að það geti verið um mismunandi málaflokka að ræða hjá sveitarfélögunum. Það er aðallega það sem ég átti við.

[15:12]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einmitt þetta sem ég átti við. Ef málaflokkarnir eru mismunandi, stærð sveitarfélaganna er mismunandi, og það á síðan að verða leiðbeinandi til þess að sjá með hvaða hætti verkaskipti ríkis og sveitarfélaga verða í framtíðinni, ef lítil sveitarfélög taka t.d. bara málefni fatlaðra eða aldraðra en stærri sveitarfélögin taka heilsugæslustöðvarnar og sjúkrahúsin, málefni fatlaðra og aldraðra, með hvaða hætti eigum við að meta þessa reynslu inn í framtíðina ef öll sveitarfélögin af mismunandi stærð og gerð eru ekki að fást við sömu málaflokkana? Þá erum við í raun og veru að segja, matið er það að sveitarfélag yfir 10.000 manns getur ráðið við að taka við öllum verkefnum. Verkaskipti ríkis og sveitarfélaga verða þá miðuð við það en síðan getur sveitarfélag sem er undir stærðarflokknum 10.000 bara ráðið við einhverja tvo málaflokka, við höfum ekki reynsluna af því hvort þau ráða við þá málaflokka sem þau ekki tóku að sér.

[15:13]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegu forseti. Út af fyrir sig er þetta sjónarmið sem kom fram hjá hv. þm. en ég legg mest upp úr því að samningar takist við sveitarfélögin, það sé þá vilji sveitarfélaganna sem ráði mestu um það. Það getur vel verið að sum af þessum sveitarfélögum, tilraunasveitarfélögin og reynslusveitarfélögin, hafi ekki og vilji ekki eða telji sig ekki hafa getu til þess að taka yfir til reynslu ýmsa af þeim málaflokkum sem hér er gert ráð fyrir. Þá finnst mér ekki eðlilegt að vera að þröngva því upp á þau með þessum hætti. En auðvitað er það verkefni stjórnarinnar að skoða það að reyna að fá sem mesta breidd í þetta verkefni og skoða það að málaflokkarnir séu þar sem því verður við komið í sem flestum sveitarfélögum. En ég er fyrst og fremst að tala um þessi stærri verkefni sem ég nefndi hér áðan, sjúkrahús og fleiri þætti sem viðkomandi sveitarfélög kæra sig kannski ekkert um að fá. En ég er alveg sammála þingmanninum um að það verður auðvitað að gæta þess að það komi fram í þessu ákveðinn samanburður milli minni og stærri sveitarfélaganna eins og kostur er.

Umræðu frestað.

Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, síðari umr.

Þáltill. StB, 41. mál. — Þskj. 44, nál. 838, brtt. 839.

[15:15]

Frsm. fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Eg mæli fyrir áliti fjárln. um till. til þál. um endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda.

Nefndin hefur lokið umfjöllun um tillöguna sem lýtur að endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda. Að lokinni athugun nefndarinnar á tillögunni og að fengnum skýringum fjmrn. og Framkvæmdasýslu ríkisins mælir nefndin með því að tillagan verði samþykkt með breytingum sem nefndin leggur til á þskj. 839. Brtt. nefndarinnar er um að tillgr. orðist þannig:

„Alþingi ályktar að fela fjmrh. að skipa nefnd til að endurskoða lög nr. 63/1970, um skipan opinberra framkvæmda. Við endurskoðun laganna verði lögð áhersla á að styrkja framkvæmd laganna með breyttri skipan við undirbúning, mat verktilboða og gerð langtímaáætlana um opinberar framkvæmdir, bæði nýbyggingar og viðhald."

Undir nefndarálitið rita auk þess sem hér mælir Sturla Böðvarsson, Hermann Níelsson, Árni Johnsen, Árni Mathiesen, Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir, Margrét Frímannsdóttir, Jón Kristjánsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir og Guðjón A. Kristjánsson.

[15:16]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom í máli frsm. með nefndaráliti fjárln., hv. þm. Sigbjarnar Gunnarssonar, mælir fjárln. með samþykkt þessarar þáltill. með þeim breytingum sem flutt er á þskj. 839. Ég ætla ekki að lengja mikið þessa umræðu, virðulegi forseti. Mig langar aðeins til þess að árétta stuðning minn við tillöguna eins og hún liggur nú fyrir.

Í máli fulltrúa frá Framkvæmdasýslu ríkisins og fjmrn. sem komu til fundar við nefndina kom m.a. fram að þeir teldu að e.t.v. væri fyrst og fremst um það að ræða að skoða nánar framkvæmd laganna um skipan opinberra framkvæmda heldur en það væri nauðsynlegt að endurskoða lögin frá grunni. Það væri ýmislegt sem betur mætti fara við undirbúning og skipan, við verktilboð og mat á tilboðum, gerð langtímaáætlana o.fl. o.fl. en lögin kvæðu e.t.v. á um þetta flest. Það væri þá fyrst og fremst um það að ræða að skoða nánar hvernig þau væru framkvæmd.

Fjárln. varð hins vegar sammála um það að eðlilegt væri að endurskoða lögin í heild sinni og taka þá sérstaklega tillit til þátta eins og það hvort ástæða væri til lagabreytinga. Það mundi koma í ljós við endurskoðunina þegar farið væri yfir lögin og þau metin og nefndarálitið gæti e.t.v. borið það með sér að það væri fremur framkvæmdaratriði sem þyrfti að taka á heldur en lagabreytingar en það kemur í ljós væntum við sem að þessu nefndaráliti stöndum.

En ég vildi aðeins nota tækifærið og undirstrika að ég tel mikilvægt að opinberir aðilar vandi vinnu sína við verkútboð og mat á þeim tilboðum sem síðan koma í útboðin. Við höfum fyrir okkur allt of mörg dæmi um það að ekki er nægilega vel að verki staðið og þegar hið opinbera hrósar happi yfir því að fá tilboð í verk, gjarnan langt undir kostnaðaráætlun, þá er ekki allt fengið með því einu. Þegar upp er staðið eru allt of mörg dæmi þess að verktakar sem gera tilboð í verk undir kostnaðaráætlun eigi erfitt með að standa við tilboð sín ef þeir yfirleitt geta það. Í sumum tilfellum hafa verktakar þurft að hverfa frá framkvæmdum og kostnaður hins opinbera eða verkkaupans þegar upp er staðið allt annar og meiri en til stóð eða álitið var í upphafi. Þetta held ég að þurfi að skoða mjög gaumgæfilega og opinberir aðilar að setja sér e.t.v. ákveðnar reglur í því sambandi að það sé ekki sjálfgefið að alltaf sé tekið lægsta tilboði í verk.

Við þingmenn Norðurl. e. höfum fyrir okkur nýlegt dæmi um tilboð í vegarkafla í okkar kjördæmi á síðasta ári. Það tilboð var ekki nema 56 eða 58% af kostnaðaráætlun og sjálfsagt hefur verktakinn fengið greidd þessi 56 eða 58%. Verkið kostar auðvitað miklu meira og það sem á vantaði er núna ógreitt í skuldum hjá ýmsum undirverktökum og aðilum sem önnuðust þjónustu við þennan aðalverktaka. Þetta er auðvitað ólíðanlegt og það vekur þá spurningu hjá mér hvort ekki komi til greina að með einhverjum hætti sé gerð sú krafa til verktakans að hann setji tryggingar gagnvart sínum undirverktökum. Auðvitað ættu undirverktakarnir að fara fram á það sjálfir að tryggja sig og sínar greiðslur en því miður er það oft svo og ekki síst á tímum þegar atvinnuleysi er mikið og lítið um verk að þá grípa menn gæsina þegar hún gefst jafnvel þó hún sé ekki mjög girnileg. Undirverktakarnir leyfa sér það að ganga til samninga við verktakana þó að þeir hafi ekki fulla tryggingu fyrir greiðslu á sínum kostnaði við verkið. En ég held að það væri því eitt af því sem þyrfti að skoða í þessu nefndarstarfi, hvernig á að standa að verktilboðum og því er það undirstrikað í brtt. okkar að við endurskoðun laganna verði horft til þess hvernig mat opinberir aðilar leggja á verktilboðin svo að við stöndum ekki aftur og aftur uppi með þessa sorgarsögu sem við því miður höfum allt of mörg dæmi um, að verktakinn hleypur frá verkinu án þess að hafa gert full skil við sína undirverktaka og oft og tíðum ekki einu sinni við opinbera aðila með ýmis gjöld og kostnað sem þeim ber að greiða og því ljóst að verkin eru í raun miklu dýrari en tilboðið á sínum tíma hljóðaði upp á.

Síðan að ógleymdu þessu öllu saman eru gjaldþrotin sem dynja yfir í kjölfar slíkra vinnubragða og geta ekki verið til annars stórtjóns fyrir alla aðila og leiða til þess að ríkið tapar stórfé og einstaklingarnir sem fyrir verða tapa sínu fé og oft og tíðum sínum eignum og sitja uppi með stóran óbættan skaða.

Ég vildi aðeins, virðulegur forseti, undirstrika þetta og árétta stuðning minn við tillöguna en koma á framfæri þessum athugasemdum mínum að ég held að það sé ýmislegt sem þurfi að skoða við þessa endurskoðun laganna og jafnvel þó að endurskoðun sú leiddi af sér að ekki þyrfti að gera miklar breytingar á lagatextanum sjálfum, þá sé nauðsynlegt að fara mjög ofan í saumana á því hvernig staðið er að þessum undirbúningi og málatilbúnaði öllum.

[15:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að þetta mál er komið til síðari umr. og ég tel fulla ástæðu til þess að fara yfir þessi mál. Það verður síðan að koma í ljós, eins og

hv. þm. sem talaði hér á undan mér sagði, hvort einhverjar verulegar breytingar verða á lögunum í framhaldi af því en ég held að það sé mikil ástæða til þess að endurskoða þessa hluti með tilliti til framkvæmdarinnar eins og hv. þm. kom að áðan. Ég tel að það sé full ástæða til að gefa gaum að því sem hv. þm. nefndi um það hvernig ríkið hagar sér við allan málatilbúnað í sambandi við útboð og það að taka tilboðum. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að það eigi ekki að hafa það fyrir aðalreglu að taka lægstu tilboðum. Það á að hafa það fyrir aðalreglu að taka öruggum tilboðum, tilboðum sem eru hagstæð og það á ekki að viðurkenna þá kröfu sem ýmsir atvinnurekendur og forsvarsmenn þeirra hafa haft uppi um það að menn eigi heimtingu á því að fá sínu lægsta tilboði tekið. Það er ekki skynsamlegt. Það hafa menn reynt oft og tíðum að það er ekki skynsamlegt alltaf að taka lægstu tilboðum jafnvel þó að viðkomandi geti sýnt fram á að þeir hafi tryggingar fyrir því að geta staðið undir hugsanlegu tapi af slíkum verkum, þá er það ekki skynsamlegt að taka ævinlega tilboðum sem eru mjög lág. Það hafa þeir sem hafa tekið þátt í að stjórna sveitarfélögum örugglega allir dæmin um að er ekki alltaf það réttasta.

En mig langaði ekki síður til þess að benda á vegna þess að hér er þetta mál komið til síðari umr. að á 115. löggjafarþingi var flutt alveg sambærileg till. til þál. og 1. flm. þess máls var Bryndís Friðgeirsdóttir varaþm. Alþb. af Vestfjörðum og við vorum flm. með henni, ég og hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. Sú tillögugrein var nánast eins og þessi sem hér er komin fram um það að endurskoða þessi lög. Ég sé ástæðu til þess að vekja athygli á þessu vegna þess að þetta mál komst ekki til afgreiðslu á því þingi og ég kem þess vegna hér og bendi bæði á það og eins hitt að það er full ástæða til þess að skoða þessi mál og við höfum verið fylgjandi því, þessir sem hér voru lesnir upp.

[15:26]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Síðan hv. fjárln. gekk frá þessu nefndaráliti hafa borist á borð okkar ekki ein svona bók heldur sex og einn kafli hér er í viðauka XVI sem heitir Opinber innkaup og kemur náttúrlega mjög sterklega inn á þessi mál. Hér eru nokkrar blaðsíður um hvernig staðið skuli að útboðum og jafnvel nákvæmlega getið ef um samkeppni er að ræða hversu há verðlaun eiga að vera o.s.frv. Og þetta er tilskipun frá okkar æðri dómstólum. Ég vil mælast til að við afgreiðslu á þessu máli og einkum og sér í lagi ef þetta mál sem ég vona að nú verði samþykkt og þetta verk verði hafið, að menn gleymi ekki hinum bláu biblíum sem liggja á borðum okkar vegna þess að við ráðum því ekki sjálf hvernig við högum málum eins og þessu í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hópuppsagnir, 1. umr.

Stjfrv., 555. mál (uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna). — Þskj. 866.

[15:30]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um hópuppsagnir. Frv. þetta er flutt í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið 21. mars sl. um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eru tilvísanir í ESB-gerðir sem snerta EES og Evrópusambandið gaf út fyrir 1. ágúst 1991. Í því skyni að tryggja einsleitni samningsins og réttaröryggi fyrir einstaklinga og atvinnurekendur er nauðsynlegt að breyta samningnum með hliðsjón af gerðum útgefnum af Evrópusambandinu eftir 31. júlí 1991. Með tilliti til þessa ákvað sameiginlega EES-nefndin meðal annars á fundi sínum 21. mars 1994 að tilskipun ráðsins 92/56/EBE frá 24. júní 1992 um breytingu á tilskipun 75/129/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir bætist við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Ákvæði tilskipunar 75/129/EBE hafa öðlast gildi á Íslandi með lögum nr. 95/1992, um hópuppsagnir. Frv. þetta er flutt til að gera nauðsynlegar breytingar á lögunum sem leiða af því að tilskipun Evrópusambandsins 92/56/EBE verður hluti af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

Frv. er samið í samráði við nefnd sem félmrh. skipaði 23. ágúst 1993 til að fjalla um framkvæmd reglna á sviði félagsmála sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Hlutverk samráðsnefndinnar felst einnig í að vera ráðgefandi við mótun á afstöðu íslenskra stjórnvalda til tillagna að nýjum reglum á sviði félagsmála sem kunna að taka gildi á efnahagssvæðinu. Í nefndinni eru fulltrúar frá eftirtöldum aðilum: Félmrn., fjmrn., utanrrn., Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Samkvæmt 2. gr. tilskipunar 92/56/EBE er hægt að hrinda í framkvæmd ákvæðum hennar með tvennum hætti: Með samningum aðila vinnumarkaðarins eða með setningu laga. Samráðsnefnd félmrn. er sammála um að í því tilviki sem hér um ræðir sé eðlilegast að gefa ákvæðum tilskipunarinnar lagagildi með því að breyta lögum nr. 95/1992.

Helstu breytingar frá núgildandi lögum koma fram í 1. gr. Þar er tekið fram að uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna skuli teljast með hópuppsögnum að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða. Aðrar breytingar felast í því að ákvæði um upplýsingaskyldu og samráð eru gerð ítarlegri eins og gerð er grein fyrir í athugasemdum við einstakar greinar frv.

Önnur meginbreyting sem felst í tilskipuninni, en snertir í minna mæli íslenskar aðstæður, er ákvæði 3. gr. Það miðar að því að koma í veg fyrir að atvinnurekendur geti notað höfuðstöðvar eða dótturfyrirtæki

erlendis sem afsökun fyrir því að geta ekki uppfyllt upplýsingaskyldu innan tímamarka sem mælt er fyrir um í tilskipuninni.

Ég vil, virðulegi forseti, víkja nokkrum orðum að einstökum greinum frv. Samkvæmt 1. gr. frv. er lagt til að við 1. gr. núgildandi laga bætist ný málsgrein þar sem kveðið er á um það að uppsögn ráðningarsamninga fimm einstaklinga á 30 daga tímabili skuli teljast með hópuppsögnum. Hér er átt við uppsagnir sem tengjast einstökum starfsmönnum.

Markmiðið með breytingunni er bæta réttarstöðu starfsmanna með því að taka skýrt fram að ef ráðningarsamningum fimm starfsmanna eða fleiri er sagt upp á ákveðnu tímabili skuli beita ákvæðum laganna um upplýsingaskyldu og samráð.

Helsta breytingin frá núgildandi lögum kemur fram í 2. mgr. 2. gr. frv. Samkvæmt henni er hliðstætt ákvæði í núgildandi lögum gert ákveðnara. Tekið er fram að beita skuli félagslegum aðgerðum til að draga úr afleiðingum hópuppsagna sem hafa meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur eða endurhæfingu starfsmanna sem hefur verið sagt upp.

Í 4. mgr. er aukið við upplýsingaskyldu atvinnurekanda. Til viðbótar upplýsingum sem atvinnurekandi skal veita skv. 3. gr. núgildandi laga skal hann enn fremur upplýsa um viðmiðanir sem hann notar við val á starfsmönnum sem hann hyggst segja upp og um það hvernig greiðslur til starfsmanna eru reiknaðar ef um slíkar greiðslur er að ræða.

Ákvæði 3. gr. frv. snertir fyrst og fremst fjölþjóðafyrirtæki. Markmiðið er að tryggja að fylgt sé ákvæðum um fresti til að stofna til samráðs og til að tilkynna hlutaðeigandi stjórnvöldum um væntanlegar uppsagnir. Í ákvæðinu felst að atvinnurekandi getur ekki borið fyrir sig að ákvörðun um hópuppsögn hafi verið tekin í höfuðstöðvum fyrirtækisins erlendis eða af erlendu dótturfyrirtæki og þar af leiðandi hafi honum ekki verið kleift að uppfylla kröfur um tímafresti.

4. gr. frv. fjallar um gildistíma. Lagt er til að lögin taki gildi á sama tíma og ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Gert er ráð fyrir að Alþingi muni með þingsályktun afgreiða þessar gerðir áður en þing lýkur störfum í vor. Gildistaka verður auglýst í C-deild Stjórnartíðinda. Þess er vænst að gildistökudagur verði 1. júlí 1994.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[15:35]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er í tengslum við aðild okkar að EES-samningnum og breytingu á lögum um hópuppsagnir en frv. þess efnis var til meðferðar á fyrra þingi. Ég hef ekki mörg orð um þetta frv. að segja. Það horfir til réttindabóta fyrir launafólk og ég hef í sjálfu sér ekki við efni þess að athuga. Hins vegar kemur upp í hugann í sambandi við þetta mál, réttindamál launafólks almennt, og sú umræða sem er að koma upp í þjóðfélaginu um launafólkið í landinu. Ég held að það séu viss hættumerki í því efni að öfl hér á landi séu að koma af stað þeirri umræðu að það eigi að minnka réttindi launafólks á sem flestum sviðum. Dæmi um það var sjónvarpsþáttur sem var sl. þriðjudagskvöld þar sem nokkrir menn úr atvinnu- og efnahagslífi ræddu saman. (Gripið fram í.) Þeir segja það. Þar lét framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins svo ummælt, og þar er einmitt maður sem er að krefjast þess að við göngum í Evrópubandalagið, að við ættum að varðveita sérstöðu okkar á ákveðnum sviðum. Á hvaða sviðum ætli það hafi verið? Það var að varðveita sérstöðu okkar að því leyti að hér væri auðveldara að reka fólk og segja því upp heldur en annars staðar í Evrópu. Þetta ættum við að varðveita. Þetta væri sérstaða sem við ættum að varðveita. Mér finnst þetta benda inn í ákveðna umræðu.

Daginn eftir að þessi sjónvarpsþáttur var sendur út fékk ég í hendur fréttabréf — nú er verst að hæstv. fjmrh. er ekki hér því það er kominn upp sá siður að hér sést ekki nokkur ráðherra nema sá sem ber ábyrgð á því máli sem er á dagskrá. Það er því ekki hægt að ávarpa þá hæstvirta. En ég fékk fréttabréf frá fjmrn. sem heitir Fjárhirðirinn. Þar var forsíðugrein um atvinnuleysisvandann sem er mikill í þjóðfélaginu og hina alþjóðlegu strauma sem væru í þessum efnum. Og hvað ætli hafi verið til úrræða? Hvað ætli hafi verið til ráða? Hvað var orsökin að þessum vanda samkvæmt þessari grein? Það voru lágmarkslaun, það þyrfti að auka sveigjanleika á því sviði, það þyrfti að stytta bótatímann í atvinnuleysisbótum og það þyrfti að endurskoða upphæð bóta þannig að fólk leitaði sér að vinnu í staðinn fyrir að vera atvinnulaust. Þetta er umræðan um réttindi launafólks í landinu.

Hvað rekur fjmrn. til að gefa þetta út og hefja þessa umræðu? Og hvað rekur framkvæmdastjóra Vinnuveitendasambandsins til að hefja þessa umræðu? Er verið að nota atvinnuástandið í landinu til þess að koma af stað umræðu um það að taka réttindin af launafólki?

Ég get rakið miklu fleira en allt þetta kemur upp í hugann þegar þetta frv. er lagt fram þar sem er þó aðeins verið að herða á að launafólk hafi örlítið meiri réttindi varðandi uppsagnir heldur en verið hefur.

Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja um þessi mál en ég ætla að vara við þessari umræðu, sérstaklega af því að hér kom mál á dagskrá varðandi réttindi launafólks. Mér finnst mörg teikn í þjóðfélaginu benda til þess að það eigi að setja áróðursherferð af stað um að minnka réttindi launafólks í landinu en auka þau ekki.

[15:41]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er, eins og fram kom í ræðu hv. 2. þm. Austurl., þannig að umræðan um réttarstöðu launafólks í landinu hefur ekki beinst að því sérstaklega að styrkja réttarstöðu launafólks í seinni tíð. Það var vel til fundið hjá þingmanninum að minnast á þennan ótrúlega grátkór sem upphófst í sjónvarpinu eitt kvöldið þar sem þeir grenjuðu hver ofan í annan, fram-

kvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins og Pétur Blöndal, sem er yfirverðbréfastjóri Íslands að mér hefur skilist, og þessir menn fengu mótmælalaust að leggja undir sig og sínar hugsjónir heilan sjónvarpsþátt þar sem þeir kvörtuðu aðallega yfir því hvað þjóðin hefði yfirleitt verið vond við atvinnurekendur og gróðamenn og m.a. hefðu rithöfundar ekki sýnt atvinnurekendum og þeim sem græða í þjóðfélaginu neina virðingu. T.d. hefði sú mynd sem upp var dregin af Búa Árland ekki verið sérstaklega hagstæð fyrir þróun atvinnurekstrar í landinu. Grátkórinn er á þessa hlið. Og svo heldur eitthvert Alþýðuflokksfélag hér í Reykjavík fund þar sem einn af hugmyndafræðingum Alþfl. heldur því fram að það sé nauðsynlegt að koma vinnuaflinu á uppboð þannig að lágmarkslaunin verði sveigjanlegri, þau geti lækkað þegar þannig stendur á fyrir blessuðum atvinnurekstrinum.

Og svo þegar hæstv. félmrh. kemur hér með frv. inn í þingið er það þá komið frá félmrh.? Er þetta eitthvert frv. sem félmrh. hefur verið að velta fyrir sér í langan tíma? Er þetta eitthvert frv. sem Alþfl. hefur beitt sér fyrir lengi? Eða er þetta eitthvert frv. sem verkalýðshreyfingin á Íslandi hefur gert samþykktir um ótal sinnum og sett fram í kröfum sínum 1. maí ár hvert? Ónei, ekki. Það eru aðrir sem hafa frumkvæðið. Það eru aðrir sem ráða og móta stefnuna í raun og veru og senda félmrh. ríkisstjórnar Íslands hingað upp í ræðustólinn með þetta frv. eins og það lítur út. Því að þetta frv. er nefnilega ekki flutt í framhaldi af samþykktum Alþfl. heldur í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. (**HG:** Hann er nú kominn frá Alþfl.) Nei. Hann er ekki kominn frá Alþfl. en Alþfl. samþykkti hann og beitti sér fyrir því að Alþingi Íslendinga meðtók þau ósköp.

Síðan segir hér: Þetta mál er búið að fá mikla meðferð á þessum evrópska vettvangi, mjög verulega meðferð. Fyrst gerist það þannig að sameiginlega EES-nefndin ákveður m.a. á fundi sínum 21. mars 1994 að tilskipun ráðsins 92/56/EBE frá 24. júní 1992, um breytingu á tilskipun 75/129/EBE um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir, skuli bætast við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði með tilteknum ákvæðum sem hér er verið að taka inn. Hinar evrópsku silkihúfur, samráðsnefndirnar, tilskipanirnar og allt þetta eru þannig búnar að fara yfir þetta út og suður og að lokum kemur hæstv. félmrh. úr ríkisstjórn Íslands og gegnir auðvitað vegna þess að það er búið að ákveða það að Íslendingar hlíti þessum ákvörðunum.

Þetta frv. er því enn ein staðfesting á því að tillögur um breytingar á íslenskri löggjöf eiga ekki uppruna sinn hjá íslenskum ráðherrum, íslenskum stjórnmálamönnum og íslenskum almenningi heldur í embættismannakerfi Evrópubandalagsins og Evrópska efnahagssvæðisins. Það er þetta sem verið er að innleiða á Alþingi Íslendinga. (**Gripið fram í:** Alþjóðasamband jafnaðarmanna.) Alþjóðasamband jafnaðarmanna, auðvitað er það svo, hæstv. forseti.

Á undanförnum árum og áratugum hefur það verið þannig að þingmenn hafa kannski sett sig með misjöfnum hætti inn í mál eins og gengur. Þó hygg ég að það hafi verið þannig að flestir þingmenn hafi reynt að setja sig í grófum dráttum inn í það sem hefur verið að gerast og hefur verið borið á borð þingmanna. Síðan hefur það komið í ljós hægt og bítandi, m.a. fyrir þá sem hafa verið hér í lengri tíma, að það hefur verið erfitt að setja sig inn í öll mál þannig að það hefur átt sér stað tiltekin verkaskipting, t.d. innan flokkanna þar sem einstakir þingmenn úr flokkunum hafa tekið að sér þessi mál og aðrir hin málin. Núna er hins vegar komið svo, hæstv. forseti, að það liggja hér á borðunum haugar sem er vitað að enginn þingmaður, núll, ekki einu sinni hv. 4. þm. Austurl. sem les betur pappír en allir aðrir menn, munu setja sig inn í í smáatriðum eða geta sett sig inn í í smáatriðum (Gripið fram í.) hvað svo sem hann kann að segja í frammíkalli. Þannig liggur það mál, hæstv. forseti, og það er þvílík lítilsvirðing við Alþingi Íslendinga sem birtist í þessum haugum sem eru hér á borðunum og þessum málflutningi öllum eins og hann hér kemur fram, að það er alveg með ólíkindum. Auðvitað má kannski segja að ýmsir þingmenn hafi séð þetta fyrir og varað við þessu á sínum tíma en nú er þessi veruleiki að birtast okkur sem aldrei fyrr í þeim 10 kg af pappír sem búið er að bera á borð hvers einasta þingmanns í dag. (**Gripið fram í:** Hefur þingmaðurinn vigtað þetta?) Þingmaðurinn hefur kynnt sér þetta mál sérstaklega.

Nú liggur hér fyrir þetta frv. frá hæstv. félmrh. sem gerir ráð fyrir tilteknum breytingum á lögunum um hópuppsagnir. Og þær tillögur eru gerðar að frumkvæði þeirra í Evrópubandalaginu, Evrópukerfinu. Það er svo bersýnilegt að frumvarpsákvæðin eru þýdd, textinn er svo fjarska óíslenskulegur að tekur engu tali. Þess vegna er það fyrsta atriðið sem ætti að gera kröfu um að það sé reynt að koma þessum textum á íslenskt mál á venjulegan hátt.

Ég nefni, hæstv. forseti, t.d. 2. gr. þar sem talað er um að það eigi að draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða. Ég gæti lesið upp úr þessari grein margar setningar sem eru alveg með ólíkindum og sýnt að þetta er þýtt. Það er verið að snara þessu úr erlendum málum. Menn hafa ekki einu sinni svo mikið við að fá sæmilegt fólk sem er þjálfað til þess sérstaklega að fara höndum um texta og koma þeim yfir á íslenskt mál, að ég best fæ séð.

Síðan eru líka í þessu ákvæði sem eru líka fullkomin endileysa í íslensku samhengi og sérstaklega hjá þessari ríkisstjórn sem er öll í því að brjóta niður félagsleg réttindi launafólks. Hér stendur t.d. í greinargerðinni eins og það er orðað, með leyfi forseta:

„Tekið er fram að beita skuli félagslegum aðgerðum til að draga úr afleiðingum hópuppsagna sem hafa m.a. að markmiði að auðvelda tilfærslur eða endurhæfingu starfsmanna sem sagt hefur verið upp."

Það er alveg ljóst að á hinu Evrópska efnahagssvæði er það þannig í ýmsum löndum, t.d. í Þýskalandi, Svíþjóð og víðar, að þar eru til þær félagslegu aðgerðir sem á að grípa til þegar um er að ræða veru-

legar hópuppsagnir. Það eru alveg tiltekin lagaleg ferli sem þar er gert ráð fyrir í lögum. En þegar búið er að þýða þetta á íslensku og flytja um það lagafrv. og horfast jafnframt í augu við þann veruleika að það eru engar slíkar félagslegar aðgerðir í gangi af hálfu hæstv. ríkisstjórnar til að draga úr afleiðingum hópuppsagna sem hafi m.a. að markmiði auðvelda tilfærslur eða endurhæfingu starfsmanna sem hefur verið sagt upp. Er eitthvað svona í gangi? Er eitthvað svona í gangi með skipulögðum hætti? Það var breytt verulega í fyrra, m.a. að okkar frumkvæði, lögum um atvinnuleysistryggingar þar sem átti að tryggja það að fólk gæti fengið námskeið í staðinn fyrir bótalausa tímann. Niðurstaðan er hins vegar sú að það hefur verið verulegur misbrestur á því. Hæstv. félmrh. gerði í framsöguræðu sinni enga grein fyrir því hvaða aðgerðir hér eru uppi til að draga úr afleiðingum hópuppsagna. Enda er ekki um neitt slíkt að ræða, hæstv. forseti. Af því hérna er verið að þýða upp úr löggjöf milljónatuga þjóðfélaganna ákvæði úr tilskipunum sem hafa orðið til við allt annan veruleika en þann sem birtist okkur hér í þessu harðbýla landi þar sem enn þá er snjór. Það er auðvitað dapurlegt fyrir Alþingi Íslendinga að láta bjóða sér afgreiðslur af þessu tagi.

Mér sýnist að það sem kallað er samráðsnefnd félmrn. hafi fjallað um þetta mál. Í henni eru fulltrúar frá verkalýðssamtökunum og þeir telja sjálfsagt að það sé ekkert annað að gera heldur en að taka við þessu og telja jafnvel að þetta sé til bóta af því að hér er verið að takmarka og tiltaka með öðrum hætti en verið hefur hópuppsagnirnar sem slíkar. En allt um það er þetta fyrst og fremst undirstrikun á því þegar búið er að bera hér inn í salina svona hálft tonn af pappír á einum degi frá þessu kompaníi, að þegar við gerðumst aðilar að samningnum um Evrópskt efnahagssvæði vorum við að taka ákvarðanir um að frumkvæði að löggjöf væri annars staðar, ákvarðanir um uppsetningu mála og nálgun mála sem er með allt, allt öðrum hætti en við erum vön og öðrum hætti en við ráðum við í þessari stofnun, það verður að segja það eins og það er. Vegna þess að það er alveg fullvíst að menn munu ekki plægja í gegnum þessa hauga sem skyldi. Og það er dapurlegt þegar félmrh. Alþfl. er neyddur til að bera inn mál af þessu tagi sem er orðið til við allt annan pólitískan veruleika en ráðherrann þekkir og ráðherrann á rætur sínar í.

[15:53]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta plagg er ekki stórt en það setur að manni nokkuð mikinn óhug þegar maður les það. Það hafa aðrir á undan mér reifað orsakir þess. Þetta er framandi plagg frá stórum þjóðaheildum sem á svo að gilda í þessu litla landi. Þegar betur er að gáð á þetta plagg fyrst og fremst við um það þegar fjölþjóðafyrirtæki eru búin að setja upp útibú í þessu smáa landi. Það á fyrst og fremst við um slíkar aðstæður. Um leið og við fáum svo fimm til sex stóra doðranta um önnur lög sem eiga að taka gildi á Íslandi þá verður óhugnaðurinn enn þá meiri. Það er eins og við séum — kannski ekki eins og við séum heldur erum við hreinlega búin að missa lögsöguna í okkar eigin landi. Við erum tæplega lengur frjáls þjóð.

Það er rætt hér um félagslegar aðgerðir til að forðast áhrif hópuppsagna. Þær eru ansi fáar þessar félagslegu aðgerðir sem við getum gripið til þó nokkrar séu. Ég vil undirstrika það við hæstv. félmrh. að við þurfum að auka þessar aðgerðir og þessa útvegi eins og mögulegt er. Það verður að fylgja í kjölfarið á svona lögum ekki síður en að við eltum næstu lög frá Brussel til að samþykkja.

Hv. 2. þm. Austurl. ræddi um hvort verið væri að undirbúa, ef ég man orðalag hans rétt, áróðursherferð gegn launþegum þessa lands. Mér finnst þetta ansi vægt til orða tekið. Þessi áróðursherferð er löngu löngu hafin. Við höfum séð hana magnast allt í kringum okkur. Sá þáttur sem hann sá á þriðjudagskvöldið í sjónvarpinu var bara einn af mögum þáttum í þá átt sem hafa heyrst í fjölmiðlum núna árum saman. Ég held að við verðum að gæta okkar vandlega á því að um leið og við hleypum svona málflutningi stanslaust yfir þjóðina án þess að hindra hann nokkurn skapaðan hlut þá erum við að veikja eina af styrkustu stoðum þjóðarinnar, þ.e. verkalýðs- og launþegafélögin. Þetta eru skipulagðar aðgerðir sem verður að stoppa. Þessar aðgerðir eru ekki bara í gangi á Íslandi. Þessar aðgerðir og viðlíka eru í gangi úti um alla Evrópu. Það sem hljómar hér í fjölmiðlum til þess að rýra möguleika og kraft íslenskrar launþegahreyfingar er endurómur af því sem heyrist úti um alla Evrópu. Ég vil undirstrika það að við verðum að stoppa þetta.

Þetta plagg sem við höfum hér í höndunum er bara eitt merkið um öll þau áhrif sem núna eru að streyma yfir okkur og við eigum eftir að verða að berjast gegn því annars fer afskaplega illa fyrir þessari litlu þjóð.

[15:58]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Hér í salnum eru að venju mjög fáir menn. Mér er sagt af kunningjum mínum sem hafa sett á það tölu að ég væri hér oftar en nokkrir aðrir þegar verið er að ræða einmitt um mestu hagsmunamál þjóðarinnar, þ.e. Evrópusamstarfið og þá skerðingu á fullveldi Íslands sem við nærri dag hvern megum horfa upp á og sérstaklega vil ég þakka síðasta ræðumanni fyrir hans ræðu áðan.

Núna er verið að senda okkur svona blöð, smápappíra. Af því að sæti mitt er hér rétt hjá ræðustólnum þá get ég flutt þetta til mín, tvö eintök í viðbót og samt eru eftir þrjú. Þetta er löggjöfin sem á að bjóða okkur Íslendingum að selja landið okkar út á. Það ætti í raun og veru ekki að vera þörf á að segja neitt meira. Þetta segir sig allt sjálft. Það eru þeir sjálfir sem eru að skipuleggja og að byggja skipulagt upp þá þjóðskipun sem þeir telja að hæfi íslensku þjóðinni í stað þeirrar sem við nú höfum, þ.e. að skerða fullveldi okkar og efla erlent vald á Íslandi.

Mér er mikið niðri fyrir þegar ég þarf að tala eftir að hlusta öll þau hundruð kvölda og eftirmiðdaga þegar maður les þetta yfir og horfir á það að ræðumenn eru hér ýmist engir eða þá að þeir leiða hjá sér af því

líklega fyrirverða þeir sig nú. Ég er að vona að það sé ástæðan til þess að menn hafa ekki allt of hátt um sig þegar verið er að ræða um þessa bæklinga. Auðvitað er fjölþætt efnið sem er í þessu en ekkert af því er frjálsræði, ekkert af því er samboðið íslensku þjóðarstolti og þjóðarsál. Þetta sjáum við í þingsölunum í þessu dýrðlega veðri. Væri nú ekki nær fyrir okkur að gera eitthvað annað. Fara bara út að labba? (**Gripið fram í:** Eða að skapa.) Eða skapa. Ég held að það færi mjög vel á því að við hættum nú þessum fundi og dokuðum við einhvern tíma. Ég held að menn þurfi að jafna sig og sjá hvaða pappírar þetta eru. Ég mundi ráðleggja þeim að taka þá og brenna. En við skulum geyma okkur eitt eintak samt til þess að hægt sé að sýna það eftirkomendum okkar eða þeim sem eru grúskarar, sýna þeim hvað það er sem á að lögfesta. Og það á að lögfesta þetta, frú ráðherra. Það á að lögfesta þessi ósköp. Íslenskir ráðherrar hafa hugsað sér að lögfesta þetta. Ég get ekki betur skilið.

Ég vona að þeir sem kunna að ætla sér það í dag hætti við það og gefi frest, mér og öðrum þingmönnum, til að renna nú augunum yfir völlinn og sjá hvort það er samboðið okkur að lögfesta þetta. Eða hvort við höfum nokkurn rétt til þess. Við höfum engan rétt til þess. Það er brot á stjórnarskrá Íslands. Þar af leiðandi er það afbrot að halda þessum leik áfram.

Ég held að það sé rétt að segja ekki meira. Það vita allir hér inni að það er lögbrot sem verið er að ræða um að framkvæma og skerðing á þjóðfrelsinu, frelsi Íslands. Og það á ári sem er talið allmerkilegt og er verið að undirbúa til að geta sýnt einhvern hluta af íslensku þjóðinni og þá líka náttúrleg þingmenn þannig að við getum enn þá sagt að við séum Íslendingar og verið að monta af því hér einhvers staðar. Það er verið að skipuleggja þetta. Það vinnur hópur manna að því dag eftir dag að skipuleggja hvernig verði hægt með ríkulegum hætti að halda upp á þetta mikla afmæli og ætla víst að gera það og bjóða erlendum mönnum heim t.d. til að sjá fyrirbærið.

Ég skora á ykkur, aðra þingmenn — það eru ekki margir hér í salnum sem heyra það — en kannski heyra það einhverjir eða sjá við sjónvarpið. En ég endurtek enn og aftur: Hugsum okkur um tvisvar, þrisvar og fjórum sinnum ef þess er þörf áður en við verðum þátttakendur í þeirri ósvinnu að þessar bækur þrjár og aðrar þrjár álíka þykkar eigi að verða biblían okkar.

[16:07]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Það er gott að heyra að forseta skuli hafa leiðst biðin eftir mér. Það er alla vega betra en að mönnum leiðist ekki. En ég biðst forláts á því að hafa ekki komið strax í stólinn. Ég gat því miður ekki komið alveg á stundinni.

Þetta frv. er býsna merkilegt vegna þess að við það atvinnuástand sem er í landinu skuli ríkisstjórnin koma með frv. af þessum toga í stað þess að huga að úrbótum á ýmsum sviðum löggjafar um atvinnuleysistryggingar og annað slíkt eða koma fram með einhverjar tillögur eða hugmyndir til að draga úr atvinnuleysi. Það bólar ekkert á slíkum aðgerðum. Heldur kemur fram frv. um breytingu á lögum um hópuppsagnir. Það segir sína sögu um þessa ríkisstjórn hvað hún er að gera eða öllu heldur hvað hún er ekki að gera. Hún er ekki að fást við þau verkefni sem eru aðkallandi og blasa við í atvinnulífinu. Hún er hins vegar, eins og fram kemur í athugasemdum með lagafrv., að taka að sér það hlutverk að flytja á færibandi frv. sem samin eru erlendis.

Í upphafi athugasemda með frv. kemur fram að frv. þetta sé flutt í framhaldi af ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið, eins og þar stendur. Það er sem sagt einhver nefnd í útlöndum sem tekur ákvörðun og ríkisstjórn Íslands tekur við þeirri ákvörðun og flytur málið. Ég held að ekki sé hægt að ganga lengra í því að verða ósjálfstæður aðili í málinu en ríkisstjórnin hefur gert í þessu máli.

Það er líka sláandi að hún skuli gera það í þessu tiltekna máli, breytingu á lögum um hópuppsagnir, vegna þess að þau lög voru þannig frágengin eftir meðferð félmn. í nóvember/desember 1992 að þau voru aftengd frá EES. Það var ákveðið að breyta frv. þannig að það yrði fullkomlega íslensk löggjöf með engri skírskotun til Evrópska efnahagssvæðisins eða samningsins um það. Þannig að lögin munu standa burt séð frá afdrifum þess samnings eða laga sem sett voru um löggildinu samningsins. Menn ákváðu að taka þessi efnisatriði og aðlaga þau að íslenskum aðstæðum. Frá þessu hefur ríkisstjórnin nú horfið með því að breyta frv. aftur yfir í EES-frv. eins og kemur fram í lokagrein frv. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Lög þessi öðlast gildi um leið og ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar um Evrópska efnahagssvæðið frá 21. mars 1994."

Það er einhver nefnd í einhverju landi Evrópu sem ákveður hvenær lög á Íslandi taka gildi. Ég segi nú bara: Sér er hver lagasetningin ef þetta á að fara svona í gegn.

Mér finnst afar hryggilegt að það skuli vera niðurstaða ráðgefandi nefndar ráðherrans að gefast upp á því að vinsa úr þessum haug öllum, sem verið er að bera í okkur frá Evrópu um hin og þessi efnisatriði, það sem við viljum sjálf lögfesta. Og það virðist vera niðurstaða þessarar samráðsnefndar að menn eigi bara að taka við, færibandið eigi bara að fara í gang. Það er afar dapurlegt að menn skuli velja sér það hlutskipti í upphafi samningsins að hugsa ekki einu sinni um það að taka á málefninu með sjálfstæðum hætti. Því það segir í athugasemdunum að frv. sé flutt til að tryggja einsleitni samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og réttaröryggi fyrir einstaklinga og atvinnurekendur. Ef menn gefa sér það strax í upphafi málsins, að einsleitnin, „hómógenismin", í samningnum um Evrópska efnahagssvæði sé númer eitt, þá eru menn búnir að ganga svo langt að lengra verður ekki gengið í að gera lítið úr íslenska löggjafarvaldinu þegar menn velja sér þessa línu til að fara eftir. Það er ekkert sjálfgefið að íslensk stjórnvöld velji sér þá víglínu í málinu að það eigi að vera einhver fullkomin einsleinti í þessu. Það er ekki sjálfgefið. Og við eigum ekki í svona stórum mál-

um að byrja á því að stíga skrefið svo langt að við erum að afvopna okkur nánast á öllum öðrum sviðum þar sem við þurfum að fást við afleiðingar þessa samnings.

Það hefur þegar verið gerð að öðru leyti grein fyrir frv. og ég tek undir ræður þingmanna sem hafa flutt gagnrýni um þetta frv., tilurð þess og málatilbúnað. Ég hef svo sem ekki miklu við það að bæta en ég tel rétt að undirstrika einmitt þann þátt að íslensk stjórnvöld hafa í raun gengið býsna langt í því að vera ósjálfstæður aðili í efnistökum á afleiðingnum af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Það kemur kannski ekki svo mikið á óvart þegar alþýðyflokksmenn eiga í hlut, en það kemur meira á óvart þegar Sjálfstfl. á í hlut.

[16:14]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Vestf. saknar þess að ríkisstjórnin hafi ekkert gert til þess að draga úr atvinnuleysi. Á ég að trúa því að hv. þm. Kristinn Gunnarsson telji að 1.500 millj. kr. til aukinna framkvæmda í vegamálum á síðasta ári og 900 millj. kr. til aukinna framkvæmda í vegamálum á þessu ári sé ekki til þess að auka atvinnu í landinu? Og milljarður kr. til ýmissa verkefna, sem samþykktur var á síðasta ári en ekki var hægt að nota þá og yfirfærður var á þetta ár, er það ekki til þess að auka atvinnu í landinu? Og afnám aðstöðugjalds á fyrirtæki, er það ekki til þess að auka atvinnu í landinu? Lækkun tekjuskatts á fyrirtæki, er það ekki til þess að auka atvinnu í landinu? Og lækkun vaxta, sem kom fram á síðasta ári og vextirnir halda áfram að lækka í kjölfarið á því samkvæmt nýjustu fréttum í dag, er það ekki til þess að auka atvinnu í landinu? Og er frv. um á milli 300 og 500 millj. kr. til Vestfjarða, í kjördæmi hv. þm., ekki til þess að tryggja og auka atvinnu í landinu?

[16:15]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það hvarfli ekki að nokkrum manni að mæla á móti því sem vel er gert og draga fram og halda til haga því sem stjórnvöld á hverjum tíma gera til þess að draga úr atvinnuleysi. Það er auðvitað ekki svo að núverandi stjórnvöld hafi ekkert gert, enda hef ég ekki haldið því fram. Hins vegar skora ég á hv. þm. Árna M. Mathiesen að kynna sér tölur um fjölda atvinnulausra á Íslandi nú um þessar mundir og spyr hann: Finnst honum að það sem hann telur að hafi verið gert sé nægjanlegt og ekki þurfi meira að gera? Að ástandið sé ásættanlegt eins og það er? Ég get svarað því fyrir mitt leyti. Það er ekki ásættanlegt ástand að hafa þúsundir manna atvinnulausar hér á landi. Og málflutningur af þessum toga sem hv. þm. Árni Mathiesen hafði uppi er einungis fluttur í þeim tilgangi að fá fólk til að sætta sig við atvinnuleysið. Það er óásættanleg niðurstaða. Og það er málflutningur sem ég get ekki tekið undir.

[16:16]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Vestf. fyrir það að taka undir með mér í þeim málum sem ég var hér að nefna, að þau hafa öll orðið til þess að draga úr atvinnuleysi. Það er auðvitað svo að það er aldrei nóg að gert til þess að draga úr atvinnuleysinu og þessi verkefni eru heldur enginn tæmandi listi yfir það sem ríkisstjórnin hefur gert og það sem hún er að gera nú um stundir. Ég hef kynnt mér atvinnuleysistölur mætavel, bæði í kjördæmi hv. þm. og í mínu eigin kjördæmi sem og í öðrum kjördæmum. Og það hefur m.a. orðið til þess að ég hef sjálfur flutt ásamt öðrum hv. þm. a.m.k. þrjár tillögur á þessu þingi ef ekki fjórar sem allar eiga að stuðla að því að auka hér hagvöxt, auka fjárfestingu og atvinnusköpun og minnka þar með atvinnuleysi.

Ég held að við getum verið sammála um það að aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa orðið til þess að minnka atvinnuleysið, en það þurfi að gera meira og ég held að við getum verið sammála um að það er verið að gera meira og við eigum að taka höndum saman um það að minnka atvinnuleysið eins og við frekast getum.

[16:17]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi síðari ræða hv. þm. Árna Mathiesens staðfestir þá skoðun mína að núv. ríkisstjórn hefur ekki gert nóg því hann segir það sjálfur að hann hafi sjálfur flutt þrjár eða fjórar tillögur til að gera betur. Auðvitað flytur hann þessar tillögur vegna þess að hann sér að það er ekki vanþörf á. Stjórnvöld standa sig ekki nógu vel og þess vegna kemur tillöguflutningur hans til viðbótar af því að hann fær ekki sína eigin ráðamenn í Sjálfstfl. til þess að gera þær aðgerðir sem hann telur nauðsynlegar. Og meira að segja er ástandið orðið svo slæmt að það þarf að flytja sérstakt neyðarfrv. um einn landshluta undir stjórn Sjálfstfl.

[16:18]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð í lok þessarar umræðu. Ég tel ástæðu til þess í tilefni þeirrar umræðu sem hér hefur orðið um þetta frv. Frv. er flutt til þess að tryggja betur réttarstöðu fólks vegna hópuppsagna og er breyting á lögum sem sett voru í fyrra um hópuppsagnir og þóttu þá töluverð réttarbót. Hér hefur orðið nokkur umræða um réttindi launafólks almennt og jafnvel gengið svo langt að því er haldið fram að ríkisstjórnin aðhafist ekkert í því máli að tryggja réttindi launafólks og hafi jafnvel gengið svo langt að vera að skerða þau.

Ég mótmæli þessu. Ríkisstjórnin hefur verið að gera ýmsa hluti til þess að bæta hér atvinnuástandið eins og fram kom í máli hv. 3. þm. Reykn. og hún er með ýmislegt í undirbúningi varðandi réttindamál launafólks. Ég get rifjað upp örfá atriði. Ég er alveg sannfærð um að tiltölulega nýleg löggjöf, 2–3 ára gömul, um starfsmenntun í atvinnulífinu hafi gert mjög mikið í því atvinnuleysi sem við nú búum við. Það er raunverulega það sem okkar nágrannaþjóðir grípa mikið til í því atvinnuleysi sem þær hafa búið við um langan tíma. Þessi löggjöf hefur tryggt að a.m.k. um 10 þúsund manns hafa notið góðs af þessari starfsmenntun.

Ég vil nefna fleiri mál. Ég vil nefna frumvarp sem ekki hefur verið tekið til umræðu á Alþingi en hefur verið lagt fram um vinnumiðlun. Ég er sannfærð um það að hún mun tryggja miklu betur réttarstöðu launafólks heldur en hún er nú. Hún mun tryggja það bæði að vinnumiðlanirnar verða miklu virkari en þær hafa verið og hún mun tryggja miklu betur þjónustu við atvinnulaust fólk. Eru þar ýmis merk nýmæli að finna að mínu mati varðandi ýmsa þjónustu og aðstoð við fólk sem hefur verið atvinnulaust og þar er kveðið á um ýmis merk nýmæli, að mínu viti, sem má grípa til vegna þeirra sem hafa verið atvinnulausir. Ég hygg að það sanni nú að ríkisstjórnin sitji ekki auðum höndum í því atvinnuleysi sem við búum við.

Jafnframt er ástæða vegna þeirrar umræðu sem fram hefur farið að rifja það upp að það er nefnd að störfum, sem á að skila núna í maímánuði, sem er að skoða bótakerfið í heild sinni, bótakerfi atvinnulausra, almannatryggingakerfið og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga. Það er alveg ljóst og það ber að viðurkenna að það bótakerfi sem við búum við fyrir atvinnulausa og ýmis þjónusta er ekki sniðin að því atvinnuleysi sem við höfum búið við að undanförnu. Ég vænti þess því að úr þessu nefndarstarfi komi fram tillögur til að tryggja betur réttarstöðu atvinnulausra.

Ég vil nefna það að okkar löggjöf um atvinnuleysistryggingar er auðvitað ekki alfullkomin og hana þarf að skoða, á henni eru ýmsir gallar. En úrbætur voru þó gerðar á sl. ári, t.d. varðandi bótalausa tímabilið þar sem tryggja á að atvinnulausir geti farið á námskeið og missi þá ekki bætur og ef námskeið standa ekki til boða, þá fái þeir greiðslur á þessu bótalausa tímabili.

Það er hægt að minnast á það líka til viðbótar við það sem hv. þm. Árni M. Mathiesen nefndi að ég er sannfærð um það að fjármagn sem ríkisstjórnin hefur látið í uppbyggingu atvinnumála kvenna hefur skilað verulegum árangri. Og við höfum nýverið fjallað hér um aðstoð við fólk vegna greiðsluerfiðleika og lög afgreidd um það nýverið frá Alþingi.

Ég taldi ástæðu til þess, virðulegi forseti, að láta þetta koma fram þegar því er aftur og aftur haldið fram í ræðustól að ríkisstjórnin sitji aðgerðalaus og sé ekkert að gera til að tryggja betur réttindi launafólks og aðstoð við þá sem búa við atvinnuleysi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslusveitarfélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 865.

[16:25]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er rétt að taka það fram af því að umræðu um málið var frestað að það var gert svo að mér gæfist kostur á að taka þátt í umræðum, en ég þurfti að vera annars staðar framan af degi í dag við önnur skyldustörf og gat því ekki verið viðstaddur þingfund þegar umræðan fór fram fyrr en í dag. Það verður að virða mér til vorkunnar ef ég að einhverju leyti set fram sjónarmið eða viðhorf sem áður hafa komið fram í umræðunni og eins kann að vera að það hái mér eitthvað að hafa ekki heyrt framsöguræðu ráðherra.

Ég vil aðeins fjalla um þetta frv. til laga um reynslusveitarfélög eins og það blasir við mér eftir að hafa lesið yfir frumvarpstextann og kynnt mér lítillega málið á þeim tíma sem til umráða hefur verið.

Almennt vil ég segja um reynslusveitarfélög að það er hugmynd sem var kynnt í þinginu á síðasta vetri og hlaut góðar undirtektir og almennan stuðning þingmanna. Ég var í hópi þeirra sem styðja þessa hugmynd eins og hún var kynnt á þeim tíma og er gert grein fyrir í greinargerð með þessu frv. en það er í meginatriðum það að fitja upp á þeirri nýjung að einstök sveitarfélög geti tekið að sér verkefni til reynslu um ákveðinn tíma og síðan geti stjórnvöld að þeim tíma loknum metið reynsluna og kynnt sér hvernig til hefur tekist og afráðið hvort leggja skuli til að í framhaldi skuli láta breytinguna ná yfir sveitarstjórnarstigið allt í framhaldi af tilrauninni. Það er hugmynd sem er góðra gjalda verð og ég hef talað fyrir og hefði gjarnan viljað sjá fyrr fram komið frv. í framhaldi af þeirri þáltill. sem samþykkt var á síðasta vetri.

Hins vegar vil ég segja um þetta frv. sem hér liggur fyrir að það er í raun og veru um allt annað en menn hafa verið að tala um og um annað en menn hafa samþykkt. Og ég er fjarri því að vera ánægður með textann í frv. auk þess sem laga hefði þurft atriði í greinargerð þess, gildandi staðreyndum þegar frv. er lagt fram, þó það sé kannski minna atriði en efnisatriði lagatextans.

En í lagatextanum eru ákvæði sem er satt að segja varla boðlegt að mínu mati að bera fram á Alþingi um mjög opnar heimildir til að gera eitthvað sem ekki er nákvæmlega skilgreint. Það kemur út af þeirri ástæðu að menn hverfa frá þeirri stefnu sem var mörkuð. Í framhaldi af því átti að leggja fyrir þingið frv. sem kvað á um hvaða tilraunir ætti að gera og hverjir ættu að gera tilraunirnar. Sem sé þyrfti að tilgreina nákvæmlega hvaða sveitarfélag ætti í hlut og hvaða verkefni ætti í hlut í hverju sveitarfélagi sem ætti að gera tilraun. Það er ekki gert heldur er það haft opið og með þeirri útkomu eins og sjá má í lagatexta sem er á margan hátt ótrúleg samsuða og þarf að gera töluvert mikið í því að laga hann þannig að hann verði sómasamlegur ef þetta á að fara frá þinginu á þessu vori.

Ég tel í reynd að það sé ótímabært að samþykkja frv. af þessum toga. Ég tel að menn eigi að halda sig við þá stefnu sem mörkuð var og ráðherrar eigi að ganga þann veg sem þeir ákváðu, eigi að velja sveitarfélög, hefja viðræður við þau og þegar samningur milli þeirra og ráðuneytis liggja fyrir á að leggja hann fyrir þingið til samþykktar. Þá eru menn komnir með eitthvað sem er nákvæmlega útfært, vita hver á í hlut og hvaða breytingar er verið að leggja til og um hve langan tíma.

Ég vil nefna sem dæmi 2. gr. frv. Þar er verið að veita ráðherra heimild til að víkja frá ákvæðum laga.

Það er ekki skilgreint hvenær ráðherrann hafi heimild til þess að fara ekki að lögum. Það er satt að segja dálítið skrýtið að ætla sér að setja lög um það hvenær ráðherra þurfi ekki að fara að lögum og matið á því hvenær lagaákvæðið á við hlýtur að vera í höndum ráðherrans. Hann á því að meta það sjálfur hvenær hann hefur heimild til að fara ekki að lögum. Og hann á meira að segja að meta það líka hvaða ákvæði laganna það eru sem hann þarf ekki að fara eftir. Þetta er ekki hægt. Það er ekki hægt að leggja fram svona lagatexta og enn síður að afgreiða hann.

Tökum sem dæmi 2. mgr. 2. gr. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðherrum er ekki heimilt að víkja frá lögum" — þó ekki væri, segi ég bara — „nema tryggt sé að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu sem íbúarnir njóta lögum samkvæmt og að réttaröryggi þeirra haldist óskert."

Ef menn lesa þennan texta yfir þá segir hann okkur það að ef ráðherra metur það svo að tryggt sé að ekki sé um skerðingu á rétti til þjónustu og fyrirgreiðslu til íbúa að ræða þá megi hann fara fram hjá lögum. Og ekkert nákvæmlega tilgreindum lögum heldur lögum almennt. Því það stendur bara „víkja frá lögum". Það stendur ekki víkja frá lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, lögum um almannatryggingar eða eitthvað slíkt, bara „víkja frá lögum". Þetta er galopin heimild. Fyrir utan það tel ég varla hægt, þótt ég sé ekki lögfræðingur, að veita framkvæmdarvaldinu svona heimildir til að túlka lögin og ráðherra ákveði sjálfur hvenær hann fari að lögum eða ekki.

Þá tel ég 5. gr. frv. vera ótrúlega en hún hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Ráðherra, sem hefur heimild til að setja reglugerð á ákveðnu sviði, getur sett sérstaka reglugerð fyrir reynslusveitarfélög, eitt eða fleiri, enda eigi hún sér stoð í þeim lögum sem veita heimild til setningar reglugerðar."

Ég segi bara: Fyrir það fyrsta eiga menn að fara yfir þennan texta með málfræðingi og laga hann til. En ég spyr: Hvaða ráðherra hefur ekki heimild til að setja reglugerð á grundvelli laga? Af hverju þarf sérstaklega að taka það fram, svo ég nefni bara eitt atriði strax í upphafi 5. gr.? Ef menn telja nauðsynlegt að setja í lög að ráðherra eigi að hafa heimild til að setja reglugerð út frá lögum sem undir hann heyra hvað þýðir það ef menn setja þetta ekki í lög? Þýðir það þá að ráðherrann hafi ekki heimild til að setja reglugerð almennt?

Af því að tíminn er á þrotum þá verð ég að hlaupa yfir þetta á hálfgerðu hundavaði. En í III., IV., V. og VI. kafla frv. eru tiltölulega opnar heimildir um frávik frá lögum án þess að tilgreint sé hvaða ákvæði laganna frávikið á við.

11. gr. frv. virðist ekki taka mið af því að í lögum um málefni fatlaðra er sérstök grein þar sem ráðuneytið hefur heimild til að semja við sveitarfélög um að þau taki að sér tiltekin verkefni og fleira má nefna. (Forseti hringir.) En tími minn er á þrotum og ég er kominn á rautt ljós og er eins og fleiri heldur lítið fyrir að vera á rauðu ljósi.

En ég vil að lokum, virðulegur forseti, geta þess að í greinargerð er mikið vitnað í frv. til nýrra hafnalaga sem sé í meðförum þingsins. Þetta frv. var samþykkt frá þinginu 16. mars eða 13 dögum áður en þessu frv. var útbýtt þannig að menn hefðu mátt laga þennan texta áður en honum var dreift í þinginu.

[16:34]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um reynslusveitarfélag og vil ég segja nokkur orð í tilefni þess. Ég vil í upphafi lýsa ánægju minni með það að frv. skuli vera komið fram. Ég tel að það sé hið merkasta og mikilvægasta frv.

Í stefnu og starfsáætlun þeirrar ríkisstjórnarinnar sem nú er starfandi kemur fram það markmið að sveitarfélögin skuli efld á kjörtímabilinu. Eins og hv. þm. þekkja og vita þá hefur með margvíslegum hætti verið unnið að því að efla sveitarfélögin. Er þar m.a. um að ræða að það hefur verið reynt að stuðla að sameiningu sveitarfélaga en að mínu mati er ein meginforsenda þess að hægt sé að efla sveitarstjórnarstigið sú að takast megi að sameina sveitarfélögin og stækka þau.

Það frv. sem hér er til umfjöllunar er hluti af því viðfangsefni og því verkefni sem stjórnarflokkarnir hafa sett sér að efla sveitarstjórnarstigið. Þegar lagðar eru fram hugmyndir og tillögur um það að efla sveitarfélögin er afar mikilvægt og nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hvaða verkefni megi færa til þeirra. Sem liður í því að gera verulega uppstokkun og endurskipulagningu á sveitarstjórnarstiginu er frv. til laga um reynslusveitarfélög.

Hugmyndin um reynslusveitarfélög er fengin frá Norðurlöndunum. En ég tel að þetta sé mjög mikilvæg tilraun sem hér er verið að hleypa af stokkunum með því að flytja þetta frv. Reynslusveitarfélög er hugtak sem menn hafa kannski ekki til fulls áttað sig á hvað væri átt við í rauninni. Ég tel að það hefði kannski þurft að fara fram ítarlegri og meiri umfjöllun, ekki bara meðal sveitarstjórnarmanna heldur sem víðast um þetta hugtak, um þá hugmyndafræði sem liggur á bak við hugmyndina um stofnun reynslusveitarfélaga.

Nú hefur það komið í ljós að mjög margar sveitarstjórnir hafa óskað eftir því að þeirra sveitarfélög verði reynslusveitarfélög og það hefur verið viss eftirvænting meðal sveitarstjórnarmanna og töluverðar væntingar sem hafa fylgt þeirri hugmynd að setja á stofn þessi svokölluðu reynslusveitarfélög.

Ég hef svona aðeins haft nokkrar efasemdir um að það væri eðlilegt í fyrsta áfanga að mjög mörg sveitarfélög yrðu reynslusveitarfélög. Ég tel að það þurfi að skoða það mjög vandlega. Frv. gerir ráð fyrir því að heimilt sé að setja af stað 12 reynslusveitarfélög og í greinargerð með frv. eru hugmyndir um hvaða sveitarfélög verði fyrst á ferðinni.

Tímans verður auðvitað að leiða í ljós hvort þessi heimild verður nýtt en ég tel afar mikilvægt að þetta frv. nái fram að ganga þannig að það verði hægt að hleypa af stað þessari tilraun þannig að það megi byrja sem allra fyrst á að færa verkefni til reynslusveitarfé-

laga. Þá legg ég mjög ríka áherslu á að sveitarstjórnunum verði gefin verulega laus taumurinn þannig að bæði eigi þau möguleika á að taka til sín verkefni og stýra þeim að eigin vilja án afskipta ríkisvaldsins og sveitarfélögunum gefist færi á því að afla tekna til þess að sinna þeim verkefnum sem reynslusveitarfélag fær að fara með.

Virðulegur forseti. Ég held að það þurfi ekki að lengja þessa umræðu. Frv. er skýrt og ég tel ekki óeðlilegt að það séu gefnar nokkuð opnar heimildir í slíku frv. og frv. til laga um reynslusveitarfélög. Ég treysti sveitarstjórnum mjög vel til að fara með þær rúmu heimildir sem frv. gefur í þessum efnum og treysti ráðherra til þess að stýra þeirri tilfærslu sem felst í frv. á verkefnum til sveitarfélaganna sem eiga að verða reynslusveitarfélög.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég lýsi stuðningi við það og fagna því að það skuli vera komið fram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þau mistök urðu þegar næstsíðasti hv. ræðumaður talaði að forseti hafði af honum tíu mínútur af ræðutíma. Þess utan á hv. þm. að sjálfsögðu rétt á að tala aftur og hefur þá tíu mínútur. Svo að hv. þm. eigi ekkert inni hjá forseta á hann rétt á að tala í 20 mín. ef hann svo kýs. Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann kjósi að taka aftur til máls.

[16:42]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. forseta fyrir þessa leiðréttingu mála. Það er fjarri því að ég telji mig þurfa 20 mín. til að ljúka yfirferð um málið. Ég var kominn vel á veg með það hér áðan.

En ég vil ítreka það sem ég sagði um að fara þannig í málið að semja frv. sem veitir opnar heimildir í stað þess sem áður hefur verið áformað að gera, að leggja fyrir þingið ákveðna tillögu eða ákveðinn samning milli ríkisvaldsins og tiltekinna sveitarfélaga, ég tel það miklu verri leið. Ég tel hana afar slæma eins og frv. er fram sett og þurfi töluvert að gera bragarbót á því ef það á að vera boðlegt að mínu mati. Ég skal svo sem ekki útiloka að það takist að búa málið í einhvern búning sem er sómasamlegur en ég tel málatilbúnaðinn í þessu frv., fyrir utan að vera annar en til stóð í ályktun Alþingis í fyrra, vera heldur slæman.

Það sem mér finnst vont, fyrir utan það sem ég hef nefnt, er að ætla að hafa það líka opið að hvert sveitarfélag sem á að verða reynslusveitarfélag geti haft *með höndum mörg mismunandi reynsluverkefni*. Það tel ég slæma þróun í málinu. Ég er ekki mjög hrifinn af því að fjölga reynslusveitarfélögunum upp í 12, eins og lagt er til í frv. úr þeim fimm sem ályktun Alþingis gerði ráð fyrir. Ég tel að þá séu menn komnir út um *víðan völl í málinu. Menn eru þá ekki að fylgja mark*vissri stefnu um að fikra sig áfram með tilraunir á ákveðnu málasviði, með ákveðin verkefni, heldur er eitthvað annað sem gerir það að verkum að ríkisstjórnin telur nauðsynlegt að koma fram með þessa tillögu. Hún hefur sjálfsagt verið útskýrð í framsögu en ég *missti af henni eins og ég gat um áðan. En ég læt mér* detta það helst í hug, virðulegur forseti, að ástæðan fyrir því að það er komið fram að hafa þetta svona sé sú að það sé verið að nota þetta hugtak, reynslusveitarfélag, sem beitu til að stuðla að öðru sem er sameining sveitarfélaga *sem er út af fyrir sig annað mál. Ég* tel að hæstv. ráðherra hafi gengið nokkuð langt í því að misnota hugtakið reynslusveitarfélag til framdráttar hinu málinu. Ég nefni sem dæmi Vestur-Barðastrandarsýslu þar sem fer tvennum sögum af framgöngu ráðherra í málinu.

Það má t.d. spyrja ráðherrann hvað það eigi að þýða að hreppsnefnd Patrekshrepps skuli t.d. fresta fundi eftir símtal við ráðherrann og viðstaddir áheyrendur, sem ætluðu að fylgjast með fundi, eru látnir fara brott með þeim skilaboðum að ekki verði fundur næstu daga. Síðan er fundurinn haldinn um kvöldið í skyndingu og lokaður fundur. Það væri ágætt ef hæstv. ráðherra gerði grein fyrir afskiptum sínum af þessu máli og þeim fréttum sem út af þeim fundi bárust að í stað þess að það sveitarfélag, sem á að verða til, fái 45 millj. kr. til að lækka skuldir fái það 77 millj. kr. Á að brúa þennan mismun í gegnum reynslusveitarfélögin? Eða er verið að nota verkefnið reynslusveitarfélög í öðru skyni en til er ætlast?

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að mér finnst því miður margt í framgöngu málsins vera þannig að það veki upp tortryggni. Þetta með 12 sveitarfélög er að mínu viti gert til að geta valið fleiri því menn telja að það hangi peningar á spýtunni og vilja gjarnan komast í peninga. En því fylgir, sem menn verða að átta sig á, að ef menn ætla að láta einhver tiltekin sveitarfélög fá meiri peninga en þau hafa haft þá eru menn að taka peninga frá öðrum, sérstaklega þegar menn gera það í gegnum Jöfnunarsjóðinn eins og hér er lagt til að verði heimilt að gera að einhverju leyti með 13. gr. frv. Þá eru menn að taka peninga af sumum sveitarfélögum til að láta önnur hafa. Það gengur gegn markmiðum 2. gr. að það megi ekki skerða réttindi annarra íbúa og fyrirgreiðslu sem þeir njóta lögum samkvæmt. Þarna er verið að mismuna mönnum í þessum tilgangi og ég tel að það þurfi að laga málið með tilliti til þess að taka út hugsanlegar mismunaaðgerðir af þessum toga.

Ég hef velt vöngum yfir 9. gr. Þar eru heimildir ráðherra til að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélag á í hlut. Ég held að það sé rétt að rifja upp hvernig það er í lögum. Það segir í 61. gr. sveitarstjórnarlaganna að sveitarstjórn ákveði valdsvið nefnda, ráða og stjórna sem hún kýs nema slíkt sé ákveðið í lögum. Með öðrum orðum eru sumar nefndir sveitarstjórna ákvarðaðar í sérstökum lögum og þá verksvið þeirra en með aðrar nefndir er á valdi sveitarstjórnanna sjálfra að ákveða hvort þær eigi að vera til og hvaða valdsvið þær eigi að hafa. Ég spyr því: Hvað þýðir 9. gr. með hliðsjón af þessu? Hvaða undanþágu á að veita frá 41. gr. sveitarstjórnarlaga í nefndum sem ekki eru lögbundnar? Hvaða undanþágu ætla menn að veita frá sérlögum um nefndir, t.d. húsnæðisnefnd eða félagsmála-

nefnd? Hlutverk þeirra nefnda eru talin upp í þeim lögum og eru allt saman réttindaákvæði gagnvart íbúunum. Hvaða ákvæði eru það sem á að víkja frá eða hafa heimild til að hafa öðruvísi en þar er kveðið á um? Þetta er allt opið og samkvæmt frv. getur ráðherra gert í raun og veru hvaða æfingar sem er á þessum lögum.

Þetta gengur ekki. Það verður að hafa þetta mun markvissara en þarna er lagt til. Á sama hátt er hægt að taka IV., V. og VI. kafla frv. eins og 9. gr. frv.

Það er svo sem ástæða til að fara yfir eitt og annað en ég læt þetta duga. Ég vil enda umfjöllun mína á því að nefna hugmynd sem ekki hefur verið sett fram í samhengi við reynslusveitarfélög en mér finnst að menn megi alveg leyfa sér að útvíkka hugmyndina og hugleiða hvort ekki sé ástæða til að skoða málið þannig. Af hverju ekki reynslulandshluta? Af hverju ekki að taka upp í tilraunaskyni þriðja stjórnsýslustigið? (**StB:** Reynslukjördæmi.) Hv. þm. Sturla Böðvarsson getur talað um reynslukjördæmi. Það er allt í lagi mín vegna ef hann skilgreinir hvað hann á við með því. En ég velti fyrir mér, af hverju ekki að gera þessa tilraun?

Menn hafa rætt hér árum saman um þriðja stjórnsýslustigið. Af hverju ekki t.d. að gera þessa tilraun um nokkurra ára skeið á Austfjörðum, Vestfjörðum eða Vesturlandi? Þá þurfa menn að koma sér saman um hvaða verkefni ættu að leysast á kjördæmavísu. Ég sé í hendi minni að menn gætu leyst öll þau verkefni sem eru svæðisbundin, t.d. framhaldsskóli, sjúkrahús eða annað slíkt, og sem ríkið hefur með höndum í dag með þessum hætti. Mér finnst að menn mættu alveg gefa því gaum að kanna það líka. Það er nefnilega ekki nauðsynlegt og menn mega ekki festa sig í þeirri nauðhyggju að framfarir á sviði sveitarstjórnarmála eða þess hluta framkvæmdarvaldsins einskorðist við það að fækka sveitarfélögunum. Ef menn eru fastir í því þá eru menn komnir í nauðhyggju því það er hægt að gera breytingar með öðrum hætti en fella saman sveitarfélögin. Það er hægt að gera það með því að hafa t.d. samstarf yfir heilan landshluta eða búa til nýtt formlegt stjórnsýslustig yfir sambærilegt svæði. Mér finnst að mörgu leyti miklu áhugaverðara verkefni að skoða það.

Svo að ég nefni aðra hugmynd mætti líka hugsa sér reynslusamstarf sveitarfélaga þar sem ekki væri um sameiningu sveitarfélaga að ræða heldur t.d. samstarf um tiltekin verkefni þar sem væri til staðar sveitarstjórn sem væri yfir svæðið allt í þeim verkefnum. En eldri sveitarstjórnir væru áfram fyrir hendi með önnur verkefni sem eftir sætu. Það er því til fleiri möguleikar en þeir sem menn hafa einblínt á og ég tel að mönnum væri hollt að hugsa að það er fleira til undir sólinni en sameining sveitarfélaga.

[16:52]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Örfá orð í tilefni af ræðu hv. 5. þm. Vestf. Eins og hann nefndi í sinni ræðu þá kom ýmislegt fram hjá honum sem svarað var í umræðunni fyrr í dag þannig að hér gæti verið um einhverja endurtekningu að ræða.

Hv. þm. gerði, eins og a.m.k. tveir aðrir þingmenn fyrr í dag, athugasemdir við það að hér væri ekki lagt fram frv. sem innihéldi nákvæmlega ákvæðin eins og þau voru skilgreind í skýrslu sveitarfélaganefndarinnar, þ.e. það væri nákvæmlega lagt fyrir þingið hvaða sveitarfélög yrðu reynslusveitarfélög, hvaða verkefni yrðu færð til þeirra og að slíkir samningar yrðu lagðir fyrir þingið. Þetta helgast af því, eins og ég sagði fyrr í dag, að upphaflega var gert ráð fyrir að sveitarfélögin yrðu bara fimm í þeirri þáltill. sem Alþingi samþykkti en hér er lagt til að þeim verði fjölgað í 12. Það komu miklu fleiri umsóknir frá sveitarfélögunum en búist var við, um 37 frá 56 sveitarfélögunum, og það var tillaga nefndarinnar sem um þetta fjallaði að það yrði leitað eftir heimild Alþingis til að fjölga þeim í 12. Það er skýringin á því að ekki hefur verið hægt að gera drög að samningum við viðkomandi sveitarfélög sem enn hafa ekki verið valin.

Hv. 2. þm. ræddi 2. gr. og taldi ákvæðin mjög opin. Við fórum líka yfir það fyrr í dag. Hann vék að 2. gr. og las þar upp að heimildir ráðherra samkvæmt ákvæðum laganna til að víkja frá lögum og taldi vanta um hvaða lög væri verið að fjalla. Um það er fjallað síðar í frv. hvaða málaflokka hér er um að ræða. En 2. gr. felur í sér við hvað þessir málaflokkar mundu síðan takmarkast eða hvernig ætti að skilgreina þá.

Þingmaðurinn furðaði sig á því að í 5. gr. væri kveðið á um reglugerðarheimild ráðherra. Á því er sú skýring að hér er verið að setja ákvæði sem heimilar að hægt sé að setja sérstaka reglugerð fyrir reynslusveitarfélag, eitt eða fleiri, þannig að það verður hægt að setja sérstaka reglugerð samkvæmt þessu varðandi eitt reynslusveitarfélag.

Síðan var það ákvæðið í 9. gr. um það að heimilt sé að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélag á í hlut og spurt við hvað væri átt í þessu sambandi. Hér er átt við ákvæði um nefndir sem bundnar eru í lögum. Það er hægt að taka dæmi um það að ef reynslusveitarfélag yfirtekur t.d. heilsugæslustöðvarnar þá er hægt að víkja frá því varðandi skipun stjórnar heilsugæslustöðvarinnar ef viðkomandi reynslusveitarfélag kýs að fella stjórnina inn í stjórnkerfi viðkomandi sveitarfélags. Ég held því að þessi grein eigi fullkominn rétt á sér.

Varðandi verkefnin sem slík þá finnst mér rétt að undirstrika það mjög rækilega að viðkomandi sveitarfélög sem verða valin leggja fram sínar hugmyndir um það hvaða verkefni þau óska eftir að teknir verði upp samningar við þau um að færa til þeirra. Það eru því fyrst og fremst sveitarfélögin sjálf sem sækja á í þessu efni. Ég nefni það líka af því að það er aftur og aftur verið að tala um opnar heimildir, og vitna ég þá líka til þess sem ég sagði hér fyrr í dag, að reynslan erlendis þar sem þetta hefur verið reynt hefur verið sú að ráðherrar hafa verið fremur tregir til að beita þeim heimildum sem þeir þó hafa haft þannig að það eru frekar sveitarfélögin sem sækja á.

Ég sé að tími minn er að verða búinn. Ég vil ítreka það með Jöfnunarsjóðinn að hér er ekki verið að tala um að mismuna sveitarfélögunum varðandi Jöfnunar-

sjóðinn heldur er einungis um það að ræða að hægt væri að breyta reglunum varðandi reynslusveitarfélögin og úthlutun úr Jöfnunarsjóðnum en ekki yrði um viðbót að ræða.

Í lokin út af því sem þingmaðurinn nefndi varðandi Patreksfjörð og þar hefði þurft að fresta fundi eftir samtöl mín við sveitarstjórnarmenn. Þetta er bara alls óskylt þessu máli sem við erum að tala um. Þessum fundi var frestað vegna þess að það lá ekki fyrir samkomulag þá milli ríkisvaldsins og sveitarfélaganna varðandi jöfnun á skuldastöðu þeirra sveitarfélaga sem sameinast sem síðan lá fyrir 2–3 klukkustundum síðar. Það er einföld skýring á því. Þessum sveitarfélögum hefur aldrei verið gefið neitt vilyrði, nákvæmlega ekkert fyrir því um hvaða upphæðir væri að ræða varðandi þessa skuldajöfnun. Við fórum yfir það fyrr á þessu þingi þegar þetta mál var til umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, 1. umr.

Stjfrv., 563. mál (lögveðsréttur lóðarleigu). — Þskj. 876.

[16:58]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir fjallar um breytingu á lögum um ákvörðun leigumála og söluverð lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar. Lögð er til breyting á 2. gr. laganna nr. 86 16. desember 1943, sbr. lög nr. 68/1978.

Núgildandi 2. gr. laganna kveður á um það að ársleiga eftir lóðir sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga til 75 ára skuli ákveðin samkvæmt reglugerð er borgarstjórn setur og félmrn. staðfestir. Leiga eftir þessar lóðir skal tryggð með lögveðsrétti í þeim byggingum sem á lóðinni standa í tvö ár eftir gjalddaga en með forgangsrétti fyrir öðrum veðskuldum. Leiga eftir aðrar lóðir og lönd skal ákveðin af borgarstjórn og hafnarstjórn.

Hér er lagt til að aftan við síðustu málsgreinina bætist: og skal leiga eftir þær lóðir og lönd tryggð með lögveðsrétti á sama hátt og gildir um lóðir, sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga.

Með þessari orðalagsbreytingu er ætlað að tryggja að lögveðsrétturinn nái einnig til leigu eftir aðrar lóðir en þær sem leigðar eru til íbúðarhúsabygginga, svo sem lóðir sem leigðar eru til atvinnustarfsemi eða annarra nota en íbúðar. Vegna núgildandi orðalags 2. gr. hafa lóðaleigur tapast við nauðungarsölu í nokkrum tilvikum. Borgarráð Reykjavíkur óskaði því eftir því að flutt yrði frv. það sem ég mæli hér fyrir.

Rökin fyrir breytingunni eru þau að ástæðulaust sé að gera mun á tryggingu fyrir greiðslu lóðaleigu eftir tegund húsnæðis sem á lóð stendur. Auk þess eru önnur fasteignatengd gjöld tryggð með lögveði, þ.e. fasteignaskattur, vatnsgjald og brunatryggingagjald.

Ég legg til, virðulegi forseti, að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjaverslun ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 126, nál. 681, brtt. 682.

[17:01]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál á nokkrum fundum og fengið til sín allmargt fólk og sent þetta víða til umsagnar og frá því er greint á þskj. 681.

Nefndin gerir tillögur um nokkrar breytingar á frv. sem koma fram á þskj. 682. Veigamesta breytingin sem nefndin gerir tillögu um er sú að fjmrh. sé einungis heimilt að selja allt að helmingi hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu og að öðru leyti skuli leita heimildar Alþingis fyrir sölu á bréfum. Þessi brtt. þýðir að það er takmörkuð sú heimild sem ráðherrann hefur til þess að losa eignarhlut ríkisins í félaginu og þýðir að ráðherrann þarf að fara aðrar leiðir en hefði verið hægt að öðrum kosti.

Nefndin er sammála um það að þessi leið geti stuðlað frekar að því markmiði sem sett er í 4. gr. frv. þar sem rætt er um að við sölu hlutabréfa skuli þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja.

Í öðru lagi er tæknileg breyting þar sem gildistöku hinna nýju laga er frestað fram til 1. maí. Síðan er í þriðja lagi lagt til að það komi nýtt ákvæði til bráðabirgða þar sem segir að ráðherra skuli leggja skýrslu fyrir Alþingi um hvernig birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir stofnun hlutafélagsins þannig að fullnægjandi öryggissjónarmiða sé gætt.

Öll nefndin skrifaði undir nál. Að vísu skrifuðu hv. þm. Halldór Ásgrímsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Steingrímur J. Sigurðsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson undir með fyrirvara. Síðan mun hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hafa ritað formanni nefndarinnar bréf þar sem þessum fyrirvara er lýst og mér er ókunnugt um hvort hún mun standa að samþykkt frv. en að öðru leyti hygg ég að nefndin muni standa sameiginlega að afgreiðslu þessa máls.

[17:04]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hv. frsm. nál. efh.- og viðskn. gat þess hverjir hefðu skrifað undir álitið með fyrirvara og gat þess einnig að Kristín Ástgeirsdóttir hefði ritað bréf til formanns nefndarinnar þar sem hún dró stuðning sinn til baka við frv. Vil ég, með leyfi forseta, lesa bréf Kristínar hér. Það er dags. 6. apríl 1994 og hljóðar svo:

„Hr. Halldór Ásgrímsson, formaður efh.- og viðskn.

Fyrir nokkrum vikum afgreiddi efh.- og viðskn. frá sér frv. til laga um breytingar á lögum um Lyfjaverslun ríkisins. Með afgreiðslu málsins ákvað undirrituð, eftir mikla og erfiða umhugsun, að standa að sameiginlegri afgreiðslu nefndarinnar með fyrirvara þó. Fyrirvarinn var mjög stór af minni hálfu en ég taldi að með þeirri brtt. sem nefndin leggur fram væri verið að milda málið.

Eftir að málið var afgreitt frá nefndinni hefur ýmislegt gerst sem veldur því að ég hef ákveðið að draga stuðning minn við málið til baka. Mun ég gera grein fyrir þeirri afstöðu minni við 2. og 3. umr. gefist mér kostur á því en ég verð utan þings næstu tvær vikur.

Í fyrsta lagi hef ég komist að þeirri niðurstöðu að lítið hald sé í þeirri brtt. sem við komum okkur saman um þar sem auðvelt verður að koma með beiðni um frekari sölu hlutabréfa t.d. í gegnum 6. gr. frv. til fjárlaga sem þýðir að afar erfitt verður að koma í veg fyrir hana.

Í öðru lagi hafa „einkavæðingarmálin" skýrst enn frekar í mínum huga við umfjöllun landbn. að undanförnu um breytingar á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins sem er mál af sama toga og frv. það sem hér um ræðir.

Þau stéttarfélög sem í hlut eiga standa í málaferlum vegna þeirra breytinga sem áttu sér stað hjá Síldarverkmiðju ríkisins (þ.e. BSRB) og halda því fram að frumvörpin eins og þau líta nú út feli í sér stjórnarskrárbrot. Í stað þess að afgreiða fleiri mál með sama hætti og SR væri auðvitað réttast að bíða niðurstöðu dómstóla þannig að hægt væri í framhaldinu að tryggja réttindi starfsmanna. Auk þess standa yfir viðræður milli ríkisins og BSRB um samskipti þessara aðila, þar með talið um einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar. Meðan þær viðræður standa yfir er afar óeðlilegt að halda áfram breytingum á ríkisstofnunum sem kunna að fela í sér fækkun starfa og það að starfsfólk neyðist til að ganga í önnur stéttarfélög.

Í þriðja lagi sýna þær upplýsingar sem borist hafa af breytingum hjá Sementsverksmiðju ríkisins og SR-mjöli að þær fela í sér fækkun starfa á erfiðum atvinnuleysistímum. Um 30 manns hefur verið sagt upp störfum hjá Sementsverksmiðju ríkisins og þar spilar samdráttur að sjálfsögðu einnig inn í.

Í fjórða og síðasta lagi ber að nefna það sem skiptir mestu máli. Með þeirri sölu á eignum ríkisins sem þegar hefur átt sér stað er verið að afhenda einstökum aðilum eignir almennings á silfurfati. Þannig hefur verið staðið að málum að ekki verður við unað. Reynslan frá SR-mjöli ætti að kenna okkur að nú beri að staldra við og stöðva þessa tilfærslu á eignum og fjármagni til stóreignamanna.

Eftir sem áður mæla ýmis rök með breytingum á Lyfjaverslun ríkisins en eins og málum er nú háttað tel ég réttast að stöðva þetta mál, bíða þess að niðurstöður dómstóla liggi fyrir varðandi starfsmannamál og að viðræðum ljúki milli BSRB og ríkisins. Því sé ég mér ekki annað fært en draga til baka stuðning minn við breytingar á lögum um Lyfjaverslun ríkisins.

Virðingarfyllst, Kristín Ástgeirsdóttir."

Frú forseti. Það er sjálfsagt ef bréfið hefur ekki borist í hendur frsm. nefndarinnar að hann fái afrit af því. Ég gerði mér ekki ljóst að formaður nefndarinnar væri ekki frsm. Það eru bara mín mistök að sjá það ekki en hann getur að sjálfsögðu fengið afrit af bréfinu. En í því kemur fram að Kristín hefur dregið stuðning sinn til baka og færir hún rök fyrir því.

Ég vil aðeins hnykkja á þessu máli. Ég tel að það sé mjög hæpið, svo ekki sé sterkara að orði kveðið, að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag þegar ekki er orðið ljóst hvernig starfsmannamálin munu fara. Ég tel að það sé ábyrgðarhluti að setja ákvæði í lög eins og þau sem eru í frv. Það er að vísu ekki í fyrsta skipti sem það er gert. 3. gr. frv. hljómar svo, með leyfi forseta:

„Fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skulu hafa rétt til að starfa hjá nýja hlutafélaginu við stofnun þess og skal þeim boðin sambærileg staða hjá félaginu og þeir áður gegndu hjá Lyfjaverslun ríkisins. Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Svipað ákvæði hefur staðið í öðrum lögum sem hafa verið samþykkt en nú eru í gangi málaferli og tel ég alls ekki hægt að samþykkja mál eins og þetta þegar ekki er ljóst hvort þetta stenst stjórnarskrá. Ég tel ekki Alþingi sæmandi að samþykkja lög með ákvæði eins og þessu þegar ekki er ljóst hvort það stenst.

Auðvitað væri miklu eðlilegra að það væri tekið almennt á þessum málum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ef það er meiningin hjá löggjafanum að breyta þessu ákvæði þannig að fólk hafi ekki þann rétt sem þar er gert ráð fyrir, þá ætti að breyta ákvæðinu þar en vera ekki að koma með þetta í hvert einasta skipti og skapa þá réttaróvissu sem greinilega er fyrir hendi.

Mig langar, frú forseti, að lesa hérna örlítið álit frá Bandalagi háskólamanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og Starfsmannafélagi ríkisstofnana til efh.- og viðskn. að því er varðaði einmitt þetta atriði. Tel ég eðlilegt að geta þess hérna þar sem það eru rökin sem Kristín leggur áherslu á í sínu bréfi að skipti verulegu máli. Með leyfi forseta ætla ég að lesa hluta af bréfi sem BHMR ritar 7. jan. 1994 til efh.- og viðskn. en þar segir m.a.:

„Gert er ráð fyrir að Lyfjaverslun ríkisins verði gerð að hlutafélagi. Rekstrarform sem eigendur velja eiga að öðru jöfnu ekki að varða stéttarfélög nema að svo miklu leyti sem formbreytingin hefur áhrif á samningsrétt stéttarfélaga og réttindi einstakra starfsmanna. Í því tilviki sem hér um ræðir hefur áform um breytingu einmitt áhrif á hvort tveggja, samningsrétt stéttarfélaga og réttindi starfsmanna.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/1954 er starfsmönnum ríkisins annars vegar heitið biðlaunum ef störf þeirra eru lögð niður og hins vegar heitið forgangi að fyrra starfi ef til þess er stofnað á ný innan fimm ára. Biðlaun eru bætur vegna missis réttinda og miðast

bótafjárhæðin við sex mánaða föst laun fyrir þá sem hafa skemmri en 15 ára þjónustutíma hjá ríkinu en þeir sem starfað hafa lengur fá sem svarar 12 mánaðalaunum.

Samkvæmt 1. gr. frv. tekur hlutafélagið við öllum eignum, skuldum og rekstri Lyfjaverslunar ríkisins að undanskildum þeim skuldbindingum sem tengjast starfsmönnum og nefndri 14. gr. laga. Ekki verður séð hvernig ríkið getur losað Lyfjaverslun ríkisins undan þeim skuldbindingum öðruvísi en ríkið taki beina ábyrgð á sig gagnvart þessum réttindum starfsmanna.

BHMR skorar á hv. nefnd að láta koma skýrt fram í frv. að Alþingi telur að starfsmennirnir eigi lögvarðan og skilyrðislausan rétt á biðlaunum og öðru efni 14. gr. laga nr. 38/1954, ef frv. verður að lögum.

Því er haldið fram við starfsmenn að þeir geti ekki átt áframhaldandi aðild að fagstéttarfélögum sínum, þ.e. fagstéttarfélögum innan BHMR, heldur verði þeir að gerast félagar í VR eða öðrum félögum innan ASÍ. Þessi krafa er fráleit. Aðildarfélög BHMR eru ekki einskorðuð við ríkisstarfsmenn eða opinbera starfsmenn heldur er samið fyrir alla háskólamenntaða launamenn. Það mun t.d. ekki dregið í efa að Stéttarfélag verkfræðinga hafi samningsumboð gagnvart öllum vinnuveitendum verkfræðinga og hið sama gildir um Læknafélag Íslands."

Síðan kemur áskorun í lokin: „BHMR skorar á hv. þm. að láta þetta til sín taka þannig að ljóst verði af efni frv. og athugasemdum við það að háskólamenntaðir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins eigi rétt á að vera áfram í fagstéttarfélögum sínum."

Ekkert að þessu er tekið fram að því er varðar þetta frv. Það eru svipaðar áherslur sem koma fram í álitum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja að því er varðar þessi atriði en þetta er kannski það skýrasta sem þar kemur fram þannig að ég þarf ekki að endurtaka það sem hin stéttarfélögin segja, þ.e. BSRB fyrst og fremst og Starfsmannafélag ríkisstofnana.

Þetta atriði tel ég mjög alvarlegt og tel raunar ekki koma til greina að málið verði afgreitt meðan þetta er í lausu lofti. Og ég skil ekki hvernig stendur á því að ekki er tekið á þessu, eins og ég minntist á áðan, í lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Af hverju er ekki flutt bara sérstakt frv. og þessi biðlaunaréttur lagður niður ef menn telja að það eigi að gera það eins og þarna virðist vera? Það er óviðunandi að vera að grauta hér í lagasetningu með þessum hætti og vera að flytja frv. um að breyta fyrirtækjum í hlutafélög og setja þannig réttindi manna í þá hættu sem raun ber vitni.

Í sambandi við þetta frv. get ég ekki annað en minnst á þau trúarbrögð sem eru ríkjandi innan ríkisstjórnarflokkanna og tengjast einkavæðingu, eða á maður að segja einkavinavæðingu? Ég tel að það sem komið hefur í ljós varðandi SR-mjöl sé það alvarlegt að nú sé ástæða til að staldra við. Hvernig í ósköpunum getur staðið á því að fyrirtæki eins og SR-mjöl er selt, kannski einhverjum einkavinum? Ég hef ekki kynnt mér það sérstaklega en því hefur verið haldið fram, t.d. í blaðagreinum og í forustugreinum blaða einnig, að ekki hafi verið staðið rétt að málum þar og hefur m.a. verið höfðað mál í því sambandi. Það er mjög sérkennilegt að það skuli gerast stuttu eftir að slíkt fyrirtæki er selt, ríkisfyrirtæki eins og SR-mjöl, að um verulegan hagnað er að ræða hjá því fyrirtæki sem er tekinn út úr fyrirtækinu og ríkið fái ekki neitt í sinn hlut. Það er alveg með ólíkindum.

Það sama gildir um fleiri fyrirtæki og hvað gerist nú með Lyfjaverslun ríkisins? Á að afhenda hana á sama hátt einhverjum einkavinum sem þóknast ríkisstjórninni? Kannski má líka spyrja sjálfan sig: Hverjir eru það sem hafa efni á að versla á þessum markaði? Eru það ekki einmitt þeir sem hafa mestu fjármunina og eiga flest fyrirtæki á Íslandi? Eru þeir ekki raunverulega að efla og styrkja þennan margfræga kolkrabba sem alltaf er verið að tala um?

Ég set stórt spurningarmerki við þessa einkavæðingarstefnu og einkavæðingartrú sem hér hefur ráðið ríkjum og tel að rétt sé að staldra við og fara betur ofan í saumana á þeim málum sem ég hef nú nefnt. Ég get líka nefnt söluna á Þormóði ramma og sjálfsagt má nefna fleiri. (Gripið fram í.) Það þarf að fara ofan í öll þessi mál. Það þarf að fara ofan í þessi mál og skoða hvað þarna hefur verið á ferðinni.

Varðandi söluna á Þormóði ramma hefur m.a. komið fram opinberlega ákveðin gagnrýni á það mál. Ég hef ekki farið ofan í það mál en ég hef lesið gagnrýni á það. (**Fjmrh.:** Það er til sannleikur í málinu.) Ég sagðist hafa lesið um það en ég hef ekki farið sérstaklega ofan í málið. Það má upplýsa það hér á eftir. Ég ætlaði ekki endilega að taka það nema almennt en ég get nefnt það. En þetta er bara sem dæmi eins og SR-mjöl, sem mikið hefur verið í umræðunni og meira að segja var höfðað mál eins og hæstv. ráðherra veit.

Spurningin er hvort við erum raunverulega að flytja fyrirtæki, kvóta, o.fl. á færri og færri hendur. Og er það stefnan? Ef það er stefnan þá verða menn bara að gjöra svo vel að að standa við hana og segja að það sé meiningin. En ég tel ekki ástæðu til að staldra við einungis vegna þessara mála, sem ég hef nefnt, heldur tel ég einnig ástæðu til að staldra við og velta fyrir sér hvort það sé alveg rétt á samdráttartímum að ríkið selji sín fyrirtæki. Mér þykir það mjög einkennileg stefna að selja fyrirtæki og e.t.v. fækka störfum á sama tíma og atvinnuleysið fer stöðugt vaxandi.

Það er því mjög margir þættir sem vert er að skoða í þessu máli og þess vegna ákvað Kristín Ástgeirsdóttir að draga stuðning sinn við þetta mál til baka og við þingkonur Kvennalistans munum greiða atkvæði gegn frv. þegar það kemur til afgreiðslu.

Ég get að sjálfsögðu tekið fyrir miklu fleiri þætti en ég læt þetta nægja, virðulegi forseti, að svo komnu máli. Eins og ég tók fram áðan getur hv. frsm. nál. fengið afrit af bréfi Kristínar ef hann hefur það ekki undir höndum. Ég bjóst hálfpartinn við að það yrði lesið upp hér þegar gerð var grein fyrir nál. en það var ekki gert, enda er ég hér komin til þess. Það er mér mikil ánægja að lesa bréf Kristínar en ég gerði mér ljóst um leið að hv. frsm. hafði líklega ekki þetta bréf undir höndum.

[17:23]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi spyrja að því hvernig stæði á því að hér hefur allt í einu verið breytt dagskrá. Ég vissi ekki annað en taka ætti fyrir 6. mál á dagskrá sem ég er frsm. að og hafði hugsað mér að mæla fyrir en meðan ég var að ná mér í gögn er tekið til 2. umr. 9. mál á dagskrá um Lyfjaverslun ríkisins.

Ég vil einnig mótmæla því að haldið sé áfram með það mál þar sem hér eru mjög fáir þingmenn staddir og ég tel að þetta sé svo stórt mál að allir þeir sem eru í efh.- og viðskn. þurfi að vera viðstaddir og helst fleiri þingmenn. En eins og allir sjá eru hér fáir þingmenn til að fylgjast með þessu máli. Þess vegna vildi ég fara þess á leit við hæstv. forseta að þessu máli yrði hér með frestað.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti undrast allmjög þessi orð hv. 6. þm. Vestf. vegna þess að hv. þm. óskaði eftir að fá að víkja úr húsi til að sækja gögn áður en hún mælti fyrir 6. dagskrármálinu og bað forseta lengstra orða að setja það mál ekki af stað fyrr en hún kæmi aftur. Á meðan hv. 6. þm. Vestf. var fjarverandi talaði hæstv. félmrh. fyrir einu máli og þar sem þingmaðurinn var þá ekki komin hófst umræða um þetta mál. Forseti telur ekki á nokkurn hátt að brotið hafi verið á hv. þm. og harmar það ef hún upplifir það þannig.

[17:25]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að ég bað um að tekið yrði fyrir annað mál á meðan ég nálgaðist þessi gögn en ég held að það hafi ekki verið yfir tvær mínútur sem í það fóru. Ég þurfti ekki nema rétt út fyrir dyrnar til þess að ná þeim gögnum og forseti hafði lýst því yfir að á meðan yrði tekið fyrir 14. mál. Ég rengi það ekki að þetta hafi haft þann gang sem hæstv. forseti segir en þar sem hér eru mjög fáir, eins og ég sagði, og vantar svo að segja flestalla nefndarmenn úr efh.- og viðskn. þá fer ég þess á leit að umræðunni verði frestað.

[17:26]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil benda á það að þetta mál er samkomulagsmál í nefndinni fyrir utan þetta bréf sem Kristín Ástgeirsdóttir sendi formanni nefndarinnar og dró til baka stuðning sinn við málið. Þess vegna tel ég ekki nokkra ástæðu til að fresta málinu og hvet forseta eindregið til þess að umræðu verði haldið áfram.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Vegna kröfu um að þessu máli yrði frestað er forseti settur í nokkurn vanda. Málinu var frestað í morgun vegna fjarveru hv. efh.- og viðskn. en nefndin var, eins og kunnugt er, stödd á Ísafirði. Nú hefur umræða hafist og forseti verður að segja eins og er að oft hafa verið rædd mál hér að færri hv. þm. viðstöddum. Forseti telur það því ekki rök í málinu að þessu sinni. Forseti hyggst því leyfa þeim hv. þm. sem óskað hafa að veita andsvar við ræðu hv. 15. þm. Reykv. en hlýtur að verða að skera ræðutímann niður í eina mínútu.

[17:28]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis taka fram að ég er afar ósáttur við þá ákvörðun hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur að segja sig frá þessu máli með þeim hætti sem hún gerir í því bréfi sem hún sendir formanni nefndarinnar. Það lá allt það fyrir sem hún tekur fram í bréfinu þegar fjallað var um málið í nefndinni og það var fjallað mjög rækilega um þetta mál í efh.- og viðskn. á mörgum fundum og margir voru til kallaðir.

Í framhaldi af þeirri umfjöllun sem varð í nefndinni hefur fjmrn. lagt sig fram um það að hafa samstarf um málið við starfsmenn nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar lagði til, til þess að koma til móts við stjórnarandstöðuna, tillögu til breytinga á frv. þar sem einmitt er verið að taka á þessu sölumáli og reynt að tryggja það að salan gæti farið þannig fram að það mundi styrkja lyfjamarkaðinn í heild og skapa þarna enn þá betri samkeppnisaðstöðu og möguleika á því að fólk geti fengið ódýrari lyf en nú er.

[17:30]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég get vel skilið að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson verði fyrir vonbrigðum með að Kristín hafi fallið frá stuðningi sínum en ég las upp bréf hennar og eins og fram kemur í því tekur hún fram, með leyfi forseta: „Í öðru lagi hafa „einkavæðingarmálin“ skýrst enn frekar í mínum huga við umfjöllun landbn. að undanförnu um breytingar á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins sem er mál af sama toga og frv. það sem hér um ræðir.“

Eins og kemur fram í upphafi bréfs hennar, þá var hún alltaf í mjög miklum vafa um að þetta væri rétt og taldi að sú brtt. sem var gerð væri einhvers virði en að athuguðu máli komst hún að þessari niðurstöðu. Ég er henni algjörlega sammála og er mjög ánægð með að Kristín hafi fallið frá stuðningi sínum.

[17:31]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi brtt. var rædd við nefndarmenn og ég held að enginn nefndarmaður geti sagt að hann eða hún hafi ekki vitað hvað þarna var á ferðinni. Ég hef satt að segja á tilfinningunni að það sem er að gerast í þessu máli sé það sama og oft gerist í sambandi við þennan hv. þm. Kvennalistans og hennar starf í efh.- og viðskn., að hún vinnur í nefndinni samviskusamlega en síðan hentar það ekki flokkssystrum hennar og þá er snúið upp á hendurnar á henni eftir að hún er búin að taka afstöðu í einhverju máli. Vísa ég þar m.a. til afstöðu hv. þm. í sambandi við virðisaukaskatt á matvæli.

[17:32]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég mótmæli slíkum ásökunum og fullyrðingum. Kristín Ástgeirsdóttir er fullfær um að taka sína eigin afstöðu og það getur hv. þm. meðal annars séð á þeirri afstöðu sem hún tók í þessu máli sem hann minntist á um virðisaukaskatt á matvælum. Kristín lætur ekki snúa upp á hendurnar á sér og ég mótmæli því og mér þykir slæmt að hún skuli ekki geta verið hér til að mótmæla þessum rakalausu — ég veit ekki hvort ég á að kalla þetta fullyrðingum eða vitleysu sem kemur frá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, að láta sér detta í hug slíkar fullyrðingar. Kristín á það ekki skilið frá þessum þingmanni, ég trúi því ekki.

[17:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil endurtaka það sem hér hefur verið sagt að ég harma það hvernig þessi mál hafa þróast því það hefur akkúrat ekkert — ég endurtek — ekkert nýtt komið fram sem gefur tilefni til þess að breyta afstöðu sinni í því máli sem hér er til umræðu. Ég get tekið öll atriðin sem nefnd voru í ræðu hv. þm. sem ræddi þessi mál og það er ekkert nýtt. Til viðbótar var síðan minnst á tvö mál. Það er annars vegar SR-mjöl og hins vegar Þormóð ramma. Varðandi SR-mjöl vil ég segja að það lá fyrir í söluverðinu og var hluti af því verði að hagnaður mundi verða greiddur út með þeim hætti sem hefur verið gert. Þormóður rammi held ég að sé einmitt gott dæmi um það hvernig á að standa að einkavæðingu. Almenningi var gefinn kostur á kaupunum. Það seldist því miður lítið og það keypti síðan annað sjávarútvegsfyrirtæki sem ég vona að styrkja muni atvinnureksturinn á Siglufirði.

Þetta þarf að koma fram og ég er alveg hissa á því hvernig þingmaðurinn leyfði sér að orða sínar hugsanir hérna. — Að tala um stjórnarskrárbrot. (Forseti hringir.) Ég segi það eins og er, virðulegi forseti, að ég skil ekki úr hvaða heimi hv. þm. kemur að ræða þetta á þessum nótum.

[17:34]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Fyrst að því er varðar stjórnarskrárbrot þá voru það ekki mínar eigin hugsanir heldur var ég í því sambandi að taka álit annarra upp. Ég hef ekki sjálf tekið afstöðu til þeirra atriða en hins vegar er, eins og ég sagði, dómsmál í gangi að því er þetta varðar og rökin eru þessi í því máli. Það er hins vegar ekki orðið ljóst hvort það er rétt eða ekki. Ég hef ekki tekið neina afstöðu til þess. Ég tel að það sé mikill vafi og það er það fyrst og fremst.

Að því er varðar Þormóð ramma kom kannski hæstv. ráðherra einmitt með aðalatriðið, almenningi var gefinn kostur á að kaupa fyrirtækið en auðvitað getur almenningur ekkert keypt hlutabréf í þeim mæli sem þarf til að kaupa slík fyrirtæki.

Af því að verið er að tala um að eitthvað sé óeðlilegt við það þá vil ég vitna til þess að miðvikudaginn 6. apríl segir Ellert B. Schram m.a. í forustugrein DV. Fyrst gagnrýnir hann SR-mjöl en ég hef ekki tíma til að lesa það, með leyfi forseta ...(Forseti hringir.) Ég biðst afsökunar, ég kemst ekki yfir að lesa það vegna knapps tíma, ég verð þá bara að koma hér aftur. Þar kemur greinilega fram að það er efast um að það sé eðlilega að málum staðið. Ég er ekki að tala um að það sé ólöglegt. Það var ekki síst þetta sem ég get tekið sem dæmi um að það eru gagnrýnisraddir víða að því er varðar þessi tvö mál.

[17:36]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og vænta mátti kom ekkert fram í ræðu hv. þm. sem er bitastætt í þessu máli. Sannleikurinn er sá að ef það eiga að vera rök í málinu að einhver leyfir sér að fara með mál fyrir dóm þá eigi að fresta málinu í þinginu, þá gætum við farið heim löngu áður en mörg mál eru afgreidd úr þinginu. Það eru auðvitað engin rök.

Hv. þm. vildi síðan lesa leiðara úr DV. Það getur vel verið að þingmönnum Kvennalistans þyki vænt um leiðara og leiðarahöfunda DV en ég vil segja að þeir virtust ekki sjálfir hafa lesið sitt eigið blað því daginn áður í þessu sama blaði var öllu því svarað sem kom fram í þessum leiðara. Ég veit að hv. þm. sem er ágætlega læs ætti að kíkja á DV 5. apríl og lesa um sölu á hlutabréfum Þormóðs ramma í því blaði.

Ég verð að segja alveg eins og er að því miður er hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir ekki á staðnum, en ekki fórst hv. þm. Kristínu Einarsdóttur vel úr hendi að verja hennar málstað hér og nú.

[17:37]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að eitthvert dómsmál á kannski ekki að stöðva mál á Alþingi en það er miklu alvarlegra en nokkuð annað að mínu mati þegar efast er um að eitthvert ákvæði standist stjórnarskrá. Það getur vel verið að hæstv. ráðherra telji það engu máli skipta.

Mér þykir mjög slæmt ef mér hefur farist illa úr hendi að rökstyðja mál Kristínar Ástgeirsdóttur en hún rökstuddi sitt mál mjög skýrt í því bréfi sem ég las. Ég rökstuddi að öðru leyti ekki hennar skoðun, ég var að rökstyðja mína eigin skoðun en ég tek undir allt sem kemur fram í bréfinu og mun ég gefa hæstv. ráðherra afrit af þessu bréfi svo hann geti lesið það sjálfur. Ég get tínt til miklu fleiri rök og haldið miklu lengri ræðu, en ég tel það ekki þjóna neinum tilgangi vegna þess að það er alveg sama hversu mikið maður talar yfir hausamótunum á þeim þingmönnum sem eru með þá trú að einkavæðing sé af hinu góða og það skuli gert algjörlega óháð öllu að einkavæða fyrirtæki. Það þýðir ekkert að halda langar ræður yfir þeim og ætla ég mér ekki að gera það.

[17:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég verð bara að dengja hér upp í púltið vinnumöppu minni úr efh.- og viðskn. af því að ég hef ekki haft tíma til að tína út úr henni gögn þessu máli viðkomandi sérstaklega þar sem það kom mér nokkuð á óvart að það kæmi svona skyndilega á dag-

skrá. Reyndar virðist fundahaldið í dag hafa verið nokkuð sérstakt, a.m.k. miðað við viðveru því eins og kunnugt er hefur bæði þingmannahópur eins kjördæmis og efh.- og viðskn. verið að störfum annars staðar meiri part dagsins en engu að síður eru á dagskrá og í umræðu mál sem aðallega heyra undir þá nefnd. Hlýtur það að teljast nokkur nýlunda í vinnubrögðum að störf þingsins séu skipulögð þannig að efh.- og viðskn. sé að störfum á Vestfjörðum á meðan umræður um hennar mál fara fram á Alþingi í Reykjavík. (**Fjmrh.:** Flýtir það ekki fyrir þingstörfum?) Það út af fyrir sig flýtir fyrir þingstörfum en er spurning hvort það flokkast undir vönduð vinnubrögð.

Eins og fram kemur í nál. þá er ég með fyrirvara við þetta frv. og ætli það sé ekki eðlilegt að gera grein fyrir þeim fyrirvara. — Það er spurning hvort forseti gæti gaukað að mér þingskjölunum, þ.e. nál. og brtt. nefndarinnar. — Ég vil gefa þá skýringu á þessum fyrirvara sérstaklega að hann lýtur að tveim þáttum umfram aðra í þessu máli. Í fyrra lagi eru það þeir þættir sem snúa að samskiptum við starfsmenn og réttindamálum þeirra og í seinna lagi tenging þessa frv. við einkavæðingarstefnu og einkavæðingarframgöngu hæstv. ríkisstjórnar.

Ég skrifaði undir nál. síðastur nefndarmanna í efh.- og viðskn. eftir að hafa dregið það um alllangan tíma vegna þess að það voru áhöld um það hvort ég gæti staðið að því samkomulagi sem þarna var reynt að mynda með brtt. við upphaflega frv. Ég gerði grein fyrir því í nefndinni, formanni nefndarinnar og ég held formlega á fundi í nefndinni, að um þetta mál væru skiptar skoðanir í mínum þingflokki og ég ætti allt eins von á því að a.m.k. einhverjir af þingmönnum Alþb. kynnu að leggjast gegn málinu þó að ég hefði vilja til þess að reyna að standa að þessari málamiðlun sem brtt. felur í sér.

Ég mun svo koma betur að því síðar hvað breyst hefur síðan gengið var frá þessu nál. fyrir nokkuð löngu síðan og við hvaða kringumstæður það var gert að ég tók þátt í því, en það var 2. mars sl. eða fyrir rúmum mánuði sem efh.- og viðskn. sendi frá sér nál. um málið.

Sú staðreynd hafði hins vegar áhrif á mína afstöðu í nefndinni og er ekki ástæða til að gera lítið úr því að þar var fyrir hendi vilji til þess að breyta frv. til bóta tvímælalaust, að mínu mati. Ég hef haft það fyrir vinnureglu og venju að meta það nokkurs ef slíkur skilningur er uppi af hálfu meiri hlutans að hann er tilbúinn til samkomulags að gera breytingar á stjórnarfrumvörpum. Í þessu tilviki held ég reyndar að hv. stjórnarliðar hafi mátt kallast fegnir að fá tækifæri til þess að lagfæra þetta mál í samstarfi við stjórnarandstöðuna í ljósi þeirra upplýsinga sem fram komu í umræðum um málið og við skoðun nefndarinnar á því og ég kem betur að síðar. Sérstaklega á það við þau efnisatriði sem vikið er að í brtt. á þskj. 682 og snúa að ákvæði til bráðabirgða. En það er auðvitað alveg ljóst að þar eru hlutir sem þarf að hyggja að og ganga frá áður en rokið er í að breyta þessu fyrirtæki ef forsvaranlegt á að teljast.

Þetta hefur meiri hlutinn viðurkennt í raun með því að flutt er þessi tillaga um ákvæði til bráðabirgða sem bætist aftan við lögin og kveður á um, eins og menn sjá á þskj. 682, að unnið skuli sérstaklega að athugun á þeim þáttum sem snúa að birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins hefur annast, og hvernig fullnægjandi öryggissjónarmiða verði gætt í þeim efnum og almennt séð í lyfjaframleiðslu og lyfjabirgðamálum ef eða eftir að stofnað verður hlutafélag um Lyfjaverslun ríkisins.

Þetta og svo hitt að takmarkaðar yrðu heimildir fjmrh. til að selja hlutabréf í hinu nýja hlutafélagi þannig að leitað yrði nýrrar heimildar Alþingis ef selja ætti meira en helming bréfanna eru að sjálfsögðu og vissulega breytingar til mikilla bóta á frv. að mínu mati. Og þá kemur að sjálfsögðu upp þessi venjulega staða að menn þurfa að gera það upp við sig hvort þeir meta meira þær breytingar sem þannig näst fram eða upphafleg viðhorf sín til málsins sem neikvæð voru í þessu tilviki. Ég mat það svo við þær aðstæður og í ljósi þeirra upplýsinga sem þá lágu fyrir að ég gæti þrátt fyrir allt staðið að þessu máli með fyrirvara eins og fram kemur á nál. á þskj. 681 og ég hef gert grein fyrir í hverju lá.

Síðan hefur nokkuð vatn til sjávar runnið samanber það að komið er á annan mánuð síðan nefndin lauk umfjöllun og reyndar nær sex vikum ef ég man rétt því það mun hafa verið í síðari hluta febrúarmánuðar sem nefndin var að ljúka umfjöllun um málið. Síðan dróst það um nokkra daga skeið að gengið væri frá nál. og það er dagsett 2. mars. Síðan hafa hlutir gerst eða öllu heldur ekki gerst sem við væntum og það hefur auðvitað áhrif á stöðu málsins eins og við heyrðum áðan m.a. í bréfi sem lesið var upp þar sem hv. 18. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, afturkallaði stuðning sinn við frv.

Þá vil ég fyrst nefna málefni starfsmanna. Nú er það svo, hæstv. forseti, að þau mál hafa verið stanslaus deiluefni og viðvarandi deiluefni í tengslum við öll einkavæðingarfrumvörp ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili. Sökum þess að komið hefur upp mikill ágreiningur um það hvernig túlka beri ekki síst biðlaunaréttarákvæði laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna í tilvikum af því tagi sem koma upp þegar verið er að breyta rekstrarformi hreinna ríkisfyrirtækja, svo ekki sé talað um að einkavæða þau í þeim skilningi að þau séu beinlínis seld. Um þetta liggja fyrir miklar skýrslur, greinargerðir lögfræðinga og fleira og allt er það kunnugt og síðan eru mál af þessum toga nú komin til meðferðar dómstóla.

Ég hef verið í hópi þeirra sem talið hafa að það væri fráleitt af ríkisins hálfu að ætla að leysa sig frá þessum málum með þeim hætti, sem m.a. er lagt til í 3. gr. frv., að setja það einfaldlega í frumvarpstexta eða lagatexta að tiltekin ákvæði annarra laga, þ.e. laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, skuli ekki eiga við í einhverjum einstökum tilvikum. Það er alls ekki hlutverk Alþingis þegar svo er komið að um löngu sett lög er að ræða að ákveða með lagasetningu af þessu tagi löngu síðar í hvaða tilvik-

um réttindi eða ákvæði laga af því tagi eigi við og í hvaða tilvikum ekki. Það er hlutverk dómstóla að úrskurða um ef ágreiningur rís. Og það er reyndar rétt að menn hafi það í huga að dómstólunum ber ekki og þeir munu ekki taka tillit til þess þó að lagaákvæði af þessu tagi séu sett síðar. Það sem þeir gera er að reyna að úrskurða hvað vakti fyrir mönnum á sínum tíma þegar viðkomandi lög voru sett, hver var ætlunin með ákvæðum þeirra. Alþingi getur ekki þannig búið til eftir á afmörkun á gildissviði og réttarsviði laga af þessu tagi. Trúi menn þessu ekki þá ættu menn að lesa yfir þær lögfræðilegu greinargerðir sem teknar hafa verið saman um þessi efni því þetta kemur fram í þeim öllum og menn eru sammála um að hlutverk dómstólanna sé að úrskurða um þetta. Þess vegna hefði verið miklu nær að menn hefðu þá látið mál ganga til dóms um þetta og beðið átekta á meðan í staðinn fyrir að flytja hér frumvörp hvert á fætur öðru með fáránlegu lagaákvæði af þessu tagi.

Í öðru lagi hefur komið í ljós að það leikur vafi á því hvernig beri að fara með ýmis viss atriði sem tengjast uppgjöri lífeyrisréttinda starfsmanna á hverra högum verður breyting af þessu tagi. Það kom mjög skýrt fram, m.a. í umræðum í efh.- og viðskn., að menn voru í vafa og strax komu fram mismunandi sjónarmið t.d. um það hvernig yrði farið með að tryggja lífeyrisréttindi manna þegar fyrirtæki breyttist úr því að vera hreint ríkisfyrirtæki í hlutafélag og síðan yfir í kannski einkafyrirtæki í eigu annarra aðila en starfsmennirnir hefðu áfram rétt til að taka sér lífeyri í gegnum Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna og hvernig yrði þá farið með að tryggja þeim þau réttindi sem það skapaði, hvernig þau mál yrðu gerð upp. Að svo miklu leyti sem ég hef haft tíma til að kynna mér þessi mál og fram kom í umræðum í efh.- og viðskn. þá eru þarna óvissuþættir á ferðinni.

Ég býst við t.d. að hv. formaður efh.- og viðskn. hafi einn skilning á þessu máli og er sjálfsagt tilbúinn til að koma upp og lýsa því hér hvernig hann lítur á að þetta eigi að meðhöndlast og hver eigi að bera verðbótarþáttinn eða hallann sem myndast vegna ónógra iðgjaldagreiðslna til að standa undir lífeyrisréttindunum en síðan koma aðrir upp með aðrar skoðanir.

Í þriðja lagi hafa svo risið deilumál um aðild viðkomandi starfsmanna að stéttarfélögum og þarf ekki langt að fara til að sækja dæmin um það. Allir þekkja þá deilu sem reis um aðild starfsmanna Strætisvagna Reykjavíkur að stéttarfélögum opinberra starfsmanna. Og hvaða skoðun sem menn kunna að hafa á því atriði sem slíku og hvort menn hafa samúð nær eða fjær því sjónarmiði að þessir starfsmenn eigi að geta haldið áfram veru í sínum stéttarfélögum, sem þeir hafa jafnvel verið í um áratuga skeið, og það eigi ekki í gegnum svona breytingar sem eru algerlega utan þeirra áhrifasviðs að hrekja þá á milli stéttarfélaga eftir áratugaaðild jafnvel í einu tilteknu slíku, þá verða menn að horfast í augu við að þarna rís upp vandamál sem veldur deilum og ágreiningi.

Sjálfstfl. ætti a.m.k. að vera farinn að átta sig á þessu eftir þá reynslu sem hann hefur fengið af þessum málum í Reykjavíkurborg. Kynni nú svo að fara og verður vonandi að það reynist honum harla dýrkeypt hvernig hann anaði fram í því máli, þ.e. einkavæðingu Strætisvagna Reykjavíkur hf. eins og á víst að segja í dag. Nú er íhaldið að vísu, vegna þess að það er bullandi hrætt um að tapa borginni, að reyna að kaupa sér frið frá þeim deilum með næsta sérkennilegri aðferð, en mér skilst að hún eigi að ganga út á það að það eigi að skrá starfsmennina áfram sem borgarstarfsmenn þannig að þeir geti verið í Starfsmannafélagi ríkisstofnana en selja þá síðan út á vinnumarkaðinn sem einhvers konar verktaka eða hvað það nú er til hins nýja einkavædda fyrirtækis sem fái þessa borgarstarfsmenn í vinnu. Einhverja slíka fléttu var reynt að setja upp með samkomulagi á dögunum til að leysa sig undan þessari deilu. Og það ætti a.m.k. að sannfæra Sjálfstfl. ef ekki fleiri um að hér eru borðleggjandi og í uppsiglingu fleiri deilumál ef ekki verður á þeim tekið.

Þá er að koma að því, hæstv. forseti, að auðvitað voru þessi starfsmannamál öll rædd á fundum efh.- og viðskn. og ekki síst með fulltrúum starfsmanna og stéttarfélögum þeirra. Þá var okkur hins vegar sagt að í samkomulagi við hæstv. fjmrh. í vetur sem leið, af því að það er að koma sumar, a.m.k. miðað við veðrið í dag, sem gert var einhvern tíma fyrir jólin hefði verið ákveðið að setja á fót samráðsvettvang milli opinberra starfsmanna og ríkisins, fjmrn., um þessi samskiptamál þar sem yrði m.a. farið yfir svona þætti. Fulltrúar opinberra starfsmanna lýstu þeim sjónarmiðum sínum að það lægi í hlutarins eðli að það yrði ekki hreyft við viðkvæmum deilumálum af þessu tagi nema þau yrðu tekin fyrir fyrst á þessum samráðsvettvangi og reynt að leita lausnar á þeim. Og okkur var beinlínis gefið í skyn að það yrði reynt að taka upp þráðinn um þessi deilumál á þessum samstarfsvettvangi stéttarfélaganna. Það var reyndar þannig að það var sérstaklega undan því kvartað að ekki hefði verið boðað til fundar nema í fáein skipti á þessum vettvangi en vonandi yrði þar gerð á bragarbót.

Það var því m.a. við þessar kringumstæður að við höfðum ástæðu til að ætla að nú yrði reynt að ná upp betri samskiptum ríkisvaldsins og félaga opinberra starfsmanna um m.a. svona samskiptamál sem við vorum að afgreiða þetta mál út úr nefndinni. Nú er því miður hins vegar þær fréttir af þessu að hafa að ekkert, bókstaflega ekkert hafi í þessu gerst og málin séu í gersamlega óbreyttum farvegi þrátt fyrir að þarna væri verið að gefa í skyn að kominn væri á formlegur vettvangur, sem a.m.k. í skilningi annars aðilans að því samkomulagi, þ.e. fulltrúa opinberra starfsmanna, væri einmitt vettvangur til að taka upp og ræða mál af þessu tagi. Þetta eru auðvitað vonbrigði og gefa tilefni til að endurmeta stöðuna í málinu að mínu mati, alveg tvímælalaust.

Þá er eins gott að koma því að strax hvað mig varðar að ég tel að þessi staða nú gefi tilefni til þess að efh.- og viðskn. taki málið aftur til sín, fái aftur til sín fulltrúa opinberra starfsmanna og þess vegna ríkisvaldsins, að svo miklu leyti sem við teljum að ekki

hafi komið fullnægjandi og tæmandi svör frá fjmrh. í umræðunum, til þess að fara yfir þessi mál.

Þá vil ég líka segja um þetta almennt að ég tel þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar og hæstv. fjmrh. svo óskynsamleg sem nokkuð getur verið. Að ríkisstjórnin sem ætlar að vera með þetta sem eitt af sínum flöggum á kjörtímabilinu, þessa einkavæðingu, skuli ekki reyna að leggja vinnu í það að ná um það mál einhverjum eðlilegum samskiptum og samkomulagi við samtök opinberra starfsmanna er auðvitað óskiljanlegt. Ef hæstv. fjmrh. ætlar að ná einhverjum árangri í þessari blessaðri einkavæðingu, sem er á heilanum á tilteknum stjórnmálaflokkum í landinu, þá átti það að vera forgangsverkefni á borði hæstv. ráðherra að ganga til viðræðna við opinberra starfsmenn og helst samninga við þá um það hvernig farið væri með þessi samskiptamál og réttindamál við starfsmenn og reyna að leysa með samkomulagi við opinbera starfsmenn úr ágreiningsefnum eða atriðum t.d. með biðlaunaréttinn. Ég hef fulla ástæðu til að ætla að um slíkt mál hefði mátt ná samningum, a.m.k. um tilhögun og framkvæmd þannig að samtökin létu það kyrrt liggja og tækju það ekki upp á sína eik að standa fyrir því að höfðuð væri prófmál og annað því um líkt um þau mál.

Út af fyrir sig geta samtökin ekki samið af einstökum starfsmönnum lögvarinn rétt ef hann er fyrir hendi, það er ljóst, og einstakir félagsmenn í samtökum opinberra starfsmanna geta eftir sem áður leitað réttar síns fyrir dómstólum ef þeir telja á sér brotið. En það mundi skipta miklu máli ef tekist hefði samkomulag við samtök opinberra starfsmanna um meðferð þessar mála og þá kannski skilgreiningar í þeim efnum hvenær væri rétt að líta svo á að biðlaunarétturinn væri sjálfkrafa virtur og biðlaun greidd og hvenær ekki. Sama má segja um lífeyrisréttindamálið og sama má segja um aðild að stéttarfélögum. Auðvitað átti að reyna að ná um þessi mál almennt, burt séð frá því hvort í hlut átti Lyfjaverslun ríkisins, Áburðarverksmiðjan, Gutenberg, síldarbræðslur eða önnur slík fyrirbæri, almennu samkomulagi þannig að ekki þyrfti að standa í átökum og illdeilum við starfsmannahópana í hverju einstöku tilviki. Þetta eru svo óskynsamleg vinnubrögð sem nokkuð geta verið, enda er það líka að koma á daginn að m.a. af þessum sökum er þetta mál meira og minna að koðna niður í höndum ríkisstjórnarinnar. (Gripið fram í.) Ég sagði það ekki, hv. frammíkallandi. Það var kannski næstum komið fram á varir mínar en það fór ekki alveg yfir þær.

Ríkisstjórnin er meira og minna að leka niður með þessi mál og þau fáu sem komist hafa í gegn hafa nú tekist svona og svona eins og dæmin sanna og eru ekki mikil skrautflögg satt best að segja að verða hjá íhaldinu. Einkavæðing strætó hér í Reykjavík, salan á SR og fleira sem þarna hefur verið að gerast. Það eru vissulega innan um hlutir sem hafa eftir atvikum tekist þokkalega. Ég hef alltaf verið í þeim hópi sem hefur viljað bara horfa á kost og löst í hverju máli fyrir sig og hef sagt það á fundum og m.a. í kappræðum við hæstv. fjmrh. að ég er ekkert feiminn við það og hv. formann efh.- og viðskn. (**Gripið fram í:** Varaformann.) Varaformann sem nú er. Hann var „degraderaður" í haust sem leið eins og kunnugt er, missti tignina, ekki í sjálfu sér vegna sérlega slæmrar frammistöðu, það skal tekið fram, heldur af öðrum ástæðum.

En ég hef sem sagt, hæstv. forseti, tekið það fram að ýmislegt af þessu hefur tekist eftir atvikum bærilega og er engan ástæða til aðdraga dul á það. Það skilur kannski á milli mín og sumra annarra að ég er ekki bundinn af neinum trúarbrögðum í þessum efnum. Ég er alveg tilbúinn til að taka þátt í að breyta rekstrarformum fyrirtækja og þess vegna jafnvel selja þau, koma þeim í hendur einkaaðila ef mér sýnist það skynsamlegt og rétt. Ég hef nefnt sem dæmi að ég tel að eftir atvikum hafi tekist ágætlega til þegar t.d. Ferðaskrifstofu ríkisins sálugu var breytt í hlutafélag og síðan seld í áföngum í hendur aðallega starfsmanna fyrirtækisins. Þetta gekk nokkuð vel fyrir sig í það heila tekið. Það tók ákveðinn tíma og eru svo sem ýmsar sögur þar á bak við sem ekki verður farið ofan í hér, en í það heila tekið er ég eftir atvikum sáttur við hvernig það gerðist.

Sama sýnist mér megi segja t.d. um „trykkeríið" Gutenberg. Ég sé ekki í sjálfu sér að það sé nein eftirsjá að því þó að ríkið eigi ekki lengur og reki prentverk. Það eru nógir til þess að gera slíkt með ágætum árangri og gerbreyttar aðstæður frá því sem var þegar það var af einhverjum ástæðum á sínum tíma, sjálfsagt m.a. tæknilegum og fjárhagslegum, nauðsynlegt að ríkið hefði forgöngu um að koma hér uppi almennilegu prentverki sem m.a. gæti veitt þá þjónustu sem nauðsynlegt var fyrir stofnanir hins opinbera. (**VE:** Því var laumað í gegnum 3. umr. ...) Það veit ég ekkert um, enda er það ekki aðalatriði málsins. Þetta á sér ýmsar ástæður eftir atvikum. Ég veit ekki hvað má segja um Gutenberg og upphaf þess máls en það er lítill vafi á því að það fyrirtæki þjónaði um áratuga skeið mjög vel því hlutverki að veita ríkinu og stofnunum þess þjónustu, þar á meðal Alþingi, og hafði þá fjárhagslegan styrk og bakhjarl til þess að geta tæknivætt sig og útbúið þannig að það gat veitt fyrsta flokks þjónustu. Nú eru breyttar aðstæður og fleiri sem hafa burði til að gera slíkt í dag.

Sama mætti segja t.d. um Síldarverksmiðjur ríkisins. Ástæðan fyrir því að ríkið hafði forgöngu um það á sínum tíma var ósköp einfaldlega sú að það var ekki öðrum til að dreifa sem höfðu bolmagn til að ráðast í þær fjárfestingar og standa fyrir uppbyggingu af því tagi sem þar var gert og lyft var grettistaki í þágu gífurlegrar verðmætasköpunar í þjóðarbúinu um áratuga skeið fyrir forgöngu ríkisins. Þetta hefur átt við á fleiri sviðum.

En þó að mönnum hafi gengið skammlaust til í nokkrum tilvikum, þá er það síður en svo réttlæting fyrir því og nóg til þess að afsaka hitt þegar menn klúðra hlutunum algerlega hvað vinnubrögð og framkvæmd snertir, en það hefur því miður gerst eða hillir í að gerist í mörgum tilvikum hjá hæstv. ríkisstjórn. Einkavæðingarfáninn er rifinn og tættur orðinn og óskaplega neðarlega á stönginni, svo að ekki sé nú meira sagt. Og eitt af því sem þar ber sérstaklega til

eru bara óvönduð vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, trassaskapur, eins og sá að reyna ekki að ná um þetta einhverju skikkanlegu samkomulagi við starfsmenn. Auðvitað er það svo vitlaust sem nokkuð getur verið, pólitískt og efnislega, ef menn vilja ná árangri í málum af þessu tagi að reyna þá ekki að leggja vinnu í einmitt grundvöll framkvæmdarinnar eins og þann að hafa um það þokkalegan frið við starfsfólkið. En þessi blessuð ríkisstjórn er alveg einstaklega gæfulaus í málum af þessum toga og mætti taka fleiri dæmi heldur en bara einkavæðinguna, t.d. samskipti hæstv. umhvrh. við starfsmenn veiðistjóraembættisins án þess að fara frekar út í þá sálma hér.

Ég held sem sagt að starfsmannamálin séu í hreinum ólestri og það er ekki við það búandi fyrir Alþingi að vera að afgreiða lagafrumvörp undir þeim kringumstæðum að sambærileg ákvæði þegar settra laga séu fyrir dómstólum vegna þess að fjölmennir hópar telja að á sér sé brotinn réttur með framgöngu stjórnvalda í landinu. Það á við í þessu tilviki þar sem eru málaferli vegna biðlaunaréttinda t.d., ef ég man rétt eru það í því tilviki fyrrum starfsmenn Síldarverksmiðja ríkisins. Það er heldur ekki boðlegt að vita ef málin verða unnin með þessum hætti gagnvart t.d. hlutum eins og aðild að stéttarfélögum, þá megi búast við bullandi átökum og deilum um þau mál. Það á að reyna að leysa svona mál fyrir fram en ekki bara ýta þeim vanda á undan sér og fá hann svo í andlitið þegar að framkvæmdinni kemur. Það er SVR-aðferðin að sitja svo uppi með allt í klúðri og þurfa að reyna að kaupa sig frá vandanum án þess að ég ætli svo sem að lasta það að menn vitkist þó það að menn reyni einhvern veginn að klóra sig í land eins og íhaldsmeirihlutinn í Reykjavík hefur reynt að gera í því máli.

Þetta hlýt ég alveg sérstaklega að gagnrýna hvað vinnubrögðin snertir, hæstv. forseti, og þetta er önnur meginástæða þess að ég hef mikinn fyrirvara á um stuðning við þetta mál.

Hinn lýtur svo að einkavæðingaraðgerðinni sem slíkri og þá í meira efnislegum skilningi hvernig ríkisstjórnin hefur staðið að til að mynda því að meta fyrirtækin og selja þau þar sem slíkt hefur komið til. Það liggur náttúrlega í hlutarins eðli, hæstv. forseti, að sala á fyrirtækjum í okkar litla efnahagskerfi, og ég tala nú ekki um við aðstæður eins og þær sem nú eru uppi, er vandasamt verk, ekki alveg einfalt mál, m.a. vegna þess að það eru litlir fjármunir á lausu í íslenska þjóðarbúinu um þessar mundir, því miður. Og þeir eru ekki margir aðilarnir sem hafa mikla fjármuni lausa og á reiðum höndum og geta nýtt sér þau tilboð sem verið er að gera hverju sinni. Þess vegna er það fyrir það fyrsta þannig að sú hætta blasir við, eins og dæmin sanna, að svokölluð sala ríkisins á fyrirtækjum verði til þess að fákeppni og einhæfni í okkar efnahags- og atvinnulífi aukist en minnki ekki með því að það verði enn samþjöppun á valdi og fjármagni í þjóðfélaginu á fárra hendur. Sú hætta er borðleggjandi vegna þess að eru fyrst og fremst fáir aðilar, þeir hinir sömu og fyrir hafa undirtök í efnahagslífinu og atvinnulífinu, sem geta keypt.

Í öðru lagi skiptir líka hugarfarið og aðferðin miklu máli. Ef mönnum er slíkt lífsspursmál að bara selja, selja, einkavæða, einkavæða af því bara að menn eru jafnvel tilbúnir til þess að halda nánast útsölu á fyrirtækjunum þá eykst sú hætta enn að miklum mun, ef menn eru ekki tilbúnir til þess eftir atvikum að standa þannig að sölunni að þeir dreifi henni yfir langan tíma og áskilji sér jafnvel rétt til að selja ekki nema ljóst sé að salan til væntanlegra kaupenda tryggi það að eignaraðild verði dreifð, að ekki verði um valda- og eignasamþjöppun að ræða í þjóðfélaginu umfram þá sem fyrir er. Þetta mætti m.a. rifja upp í samhengi við það að í nýlega settum samkeppnislögum er sérstakt ákvæði um það að Samkeppnisstofnun eigi að gera úttekt á einkennum hringamyndunar í íslensku efnahagslífi og skila skýrslu til Alþingis um það mál. Reyndar liggur fyrir þinginu fyrirspurn til hæstv. viðskrh. frá ræðumanni um það hvernig því starfi miði. Það hefur dregist vikum saman að svara þeirri fyrirspurn, sem er bagalegt, en vonandi kemst hún á dagskrá í næsta fyrirspurnatíma eða svo. Það hefði verið æskilegt, svo ekki sé meira sagt, að niðurstöður úr slíkri úttekt hefðu legið fyrir og menn hefðu m.a. haft þær til skoðunar þegar að því kæmi að halda áfram einkavæðingu ríkisfyrirtækja en svo er ekki.

Þannig er að mögu leyti götóttur sá bakgrunnur sem þarf til að meta forsendur í þessu efni og ég leyfi mér líka að fullyrða að það sé sérlega vandasamt og þessi mál sérlega viðkvæm við núverandi aðstæður í okkar efnahagsmálum, í þeirri kreppu sem verið hefur og mikið rædd og að mínu mati að talsverðu leyti heimatilbúin vegna rangrar stefnu núverandi ríkisstjórnar í efnahagsmálum, þegar því miður langflest fyrirtæki landsins eiga nóg með sig, eiga nóg með að halda lífi frá degi til dags, liggur mér við að segja, og hafa litla peninga aflögu til að kaupa hlutafé eða ganga inn í tilboð af ríkisins hálfu um einkavæðingu fyrirtækja.

Um þátttöku almennings þarf ekki að hafa mörg orð. Hún hefur því miður sáralítil verið í tilvikum af þessu tagi. Hæstv. fjmrh. var síðast rétt áðan að vitna til þess að því miður hefðu mjög lítil almenn viðbrögð orðið t.d. við tilboði ríkisins um sölu á hlutabréfum í Þormóði ramma og niðurstaðan orðið sú að einn öflugur kaupandi hefði komið og keypt þann hlut. En það væri að mörgu leyti hin eðlilega og rétta framvinda að hinir eiginlegu eigendur, sem út af fyrir sig eiga fyrirtækin fyrir, þ.e. fólkið í landinu, almenningur, tækju með beinum hætti við sinni eignaraðild og kemur þá upp sú spurning hvort ekki hefði mátt leysa þetta mál með þeim hætti að skipta bara eign þjóðarinnar upp í bréf og senda það hverjum og einum sem ætti í þessum fyrirtækjum þjóðarinnar. Það væri almennileg almenningsvæðing fyrirtækjanna. (Gripið fram í.) Hver sagði ...? Og af því að hér er nálægur sá ágæti maður sem fann upp orðið almenningshlutafélög og á höfundarrétt á því, hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson, þá er náttúrlega rétt að halda því til haga hér að það er sitt hvað almenningshlutafélög í þeim skilningi sem hann hefur lagt í það orð og lagði til grundvallar þegar hann bjó til það orð og þau ósköp sem eru að ger-

ast í þessu einkavinavæðingarfári hæstv. ríkisstjórnar. Það hefur allt verið meira og minna í skötulíki eins og kunnugt er.

Svo kemur að því, hæstv. forseti, að þjóðinni er ekkert sama um það hvernig farið er með eignir hennar þegar kemur allt í einu að því að þær á að fara að selja. Í mörgum tilvikum hefur myndast mikið verðmæti í þessum fyrirtækjum þjóðarinnar, sumpart vegna þess að þau hafa kannski haft sérstaka stöðu, notið þess að vera í eigu ríkisins eða hafa jafnvel haft einokunar- eða ráðandi aðstöðu á markaði eða með ýmsum öðrum hætti styrkt sína stöðu og myndað eign. Þau hafa mörg verið vel rekin. Það er feimnisorð og bannorð og má ekki tala um það, það passar ekki inn í frjálshyggjuna að ríkisfyrirtæki hafa verið vel rekin en það er staðreynd samt. Mörg ríkisfyrirtæki hafa verið feiknarlega vel rekin. Byggt sig upp samtímis því að standa vel við sínar skyldur og sinna sínum störfum vel. Ég nefni sem dæmi Póst og síma. Ég tel að fyrirtækið Póstur og sími í eigu þjóðarinnar hafi verið vel rekið fyrirtæki að breyttu breytanda í gegnum tíðina og ekki síst núna sl. ár. Fyrirtækið hefur unnið það þrekvirki að byggja upp tiltölulega nýtískulegt og þróað fjarskiptakerfi á Íslandi. Það hefur unnið það þrekvirki að starfrækja það kerfi með hagstæðari verðskrá heldur en gerist í flestum nálægum löndum. Það er ódýrara að nota síma á Íslandi en í velflestum öðrum Evrópuríkjum og getur varla talist annað en góður árangur við íslenskar aðstæður miðað við strjálbýli og fámenni þjóðarinnar og stórt land. Þetta fyrirtæki hefur náð þeim árangri að eiga allar eignir sínar og fjárfestingu nokkurn veginn skuldlaust og eiginlega algjörlega skuldlaust ef frá er talin fjárfesting Pósts og síma í erlendum fyrirtækjum og samstarfi. Þessar eignir eru metnar upp á sjálfsagt eina 8–10 milljarða króna. Og eitt til viðbótar, hæstv. forseti. Þetta fyrirtæki hefur síðustu árin skilað um 1.000 millj. kr. í ríkissjóð beint. Það hefur skilað eiganda sínum arði svo nemur hærri prósentu heldur en líklega þekkist meðal nokkurs einkafyrirtækis. (**Gripið fram í:** Það er engin samkeppni.) Jú, jú, menn geta sagt það og gert sig breiða eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson að það sé engin samkeppni og fyrirtækin njóti þarna einkaleyfa sinna hvað rekstur fjarskiptakerfisins snertir. Það hafa önnur fyrirtæki gert fram á síðustu ár og gera enn mörg hver í Evrópu sem Póstur og sími er borinn saman við. (**Fjmrh.:** Hver borgaði ljósleiðarann?) Vill hæstv. fjmrh. ræða það að ljósleiðarinn hafi að hluta til verið borgaður af Ameríkumönnum vegna þeirrar þjónustu sem Póstur og sími hefur tekið að sér að veita hernum eða rekstri ratsjárstöðvanna? Það er alveg hárrétt og hefur ekkert feimnismál verið. Í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar á árunum 1984 til 1986 voru gerðir um þetta samningar milli Pósts og síma og hersins og ég hef ekki verið að láta það liggja í þagnargildi, það hafa frekar verið aðrir sem hafa reynt að breiða yfir það. Það er ekkert til þess að vera montinn eða stoltur af, það er út af fyrir sig rétt. Þetta var fóðrað sem fyrirframgreidd leiga eða fyrirframgreidd afnot af þessum þráðum. Ég er alveg sannfærður um að það hefði ekki breytt neinu um það að Póstur og sími hefði staðið í stykkinu og hann hefði getað lagt þessa ljósleiðara fyrir svona helminginn af þeirri upphæð sem hann er búinn að borga í ríkissjóð sl. 3–4 ár eða svo. Ætli þetta sé ekki fjárfesting upp á kannski 2 milljarða eða svo og það er tveggja, þriggja ára framlag Pósts og síma í ríkissjóð sem hefði þurft og spurning hvort ekki hefði verið meiri mannsbragur á því að leyfa stofnuninni sjálfri að sjá um þessa uppbyggingu heldur en að stunda aronsku í þeim mæli sem þarna var í raun og veru gert.

En ég hverf ekki frá því að þarna erum við með dæmi um vel rekið fyrirtæki sem hefur myndað mikla eign og þess vegna er það þannig að það er ekki sama hvernig með þessa eign er síðan farið. Þessi eign var t.d. á fyrri tíð mynduð ekki síst í gegnum há afnotagjöld landsbyggðarinnar af símanum. Það hefur sem betur fer tekist á síðustu árum að jafna þann kostnað til mikilla muna þannig að hann er orðinn mjög viðráðanlegur og var gert stórt átak í því í tíð síðustu ríkisstjórnar að jafna þennan mun. En auðvitað hafði langlínugjaldskráin verið stofnuninni drjúg tekjulind eins og hún var úr garði gerð áður. Ef þarna eru 8–10 milljarðar króna sem þjóðin í landinu á, þá er bara ekki sama hvernig með þá eign er farið.

Það er ekki nema eðlilegt að menn láti heyra í sér ef þeir hafa það á tilfinningunni að af pólitískum ástæðum meira og minna láti menn sér það í léttu rúmi liggja hvort þeir fái sannvirði fyrir slíkar eignir eða ekki af því að það sé stefnumál, pólitískt hugsjónaatriði, að selja þessi fyrirtæki, að afhenda þau einkaaðilum með einhverjum ráðum, jafnvel þó það þurfi að vera á hálfgerðri útsölu. Menn gerast svo óvandir að meðulum að menn sulla slíkum málum í gegn á einhverjum sólarhringum og yfirleitt er gengið frá svona samningum á gamlársdag eða daginn fyrir gamlársdag af því að mönnum liggur svo mikið á að koma því inn í bókhaldið á yfirstandandi almanaksári eins og afgreiðslan var á SR núna rétt fyrir áramótin. Þá liggur svo mikið á að þessum málum er sullað í gegn daginn fyrir gamlársdag og menn taka sér einn til tvo sólarhringa í að ganga frá samningum um viðamikla sölu af þessu tagi sem er auðvitað fáheyrt og þættu léleg vinnubrögð ef einkafyrirtæki eða einkaaðilar ættu í hlut sem væru að gæta sinna hagsmuna.

Sama mætti segja um Íslenska endurtryggingu og allt það sem var afhent og ef ég man rétt var gengið frá þeim samningum á Þorláksmessu. Það eru aðaldagarnir, gamlársdagur og Þorláksmessa, hjá ríkisstjórninni þegar hún er að einkavæða fyrirtæki. Og þótt svo sé ekki borguð króna fyrr en löngu síðar þá skilst mér að með þessum aðferðum komi menn samningnum yfir á það almanaksár sem undir hann var skrifað. Enda stóð ekki á því að hæstv. sjútvrh. geystist í fjölmiðla þegar hann var búinn að skrifa undir afhendinguna á SR og miklaðist af því að þarna væri á ferðinni stærsta átak í einkavæðingu í tíð ríkisstjórnarinnar eða a.m.k. á því almanaksári.

Þetta eru ekki vinnubrögð við hæfi. Síðan hefur komið í ljós að þessi fyrirtæki eru gjarnan afhent

skömmu áður en gert er heyrinkunnugt um góða afkomu þeirra og haldnir aðalfundir þar sem ákveðið er að greiða út myndarlegan arð. Og hvað gerist þá? Arðurinn rennur til nýrra eigenda þó svo að þeir hafi kannski átt fyrirtækið að nafninu til í einn dag á því ári sem hin góða afkoma kom til og er undirstaða arðgreiðslnanna. Þetta á t.d. við um SR. Og þetta á reyndar við líka um hlutabréf ríkisins í Þormóði ramma. En þar var svo merkilegt sem það er gert fréttnæmt um góða afkomu fyrirtækisins fáeinum sólarhringum eftir að Granda var seldur hluturinn og í kjölfarið fylgdi svo ákvörðun eða tillaga, ég man ekki hvort heldur er enn á þessu stigi, stjórnar um að greiða út myndarlegan arð sem hinn nýi eigandi fær að sjálfsögðu í sinn hlut. Svo segja menn: Þetta gerir ekkert til því að það var tekið tillit til þessa við sölu fyrirtækisins og í verðlagingu þess. Ég spyr: Sér þess stað? Er sala ríkisins á SR með þeim glæsibrag að þess sjáist stað að m.a. hafi verið tekið tillit til í verðlagningunni væntanlegra 65 millj. kr. arðgreiðslna og kaupverðið verið sem því nemur hærra? Það var þá ekki mikið sem þeir ætluðu að borga fyrir fyrirtækið áður, segi ég bara, ef svo er.

Það var m.a. af þessum ástæðum, hæstv. forseti, sem ég óskaði eftir því að Ríkisendurskoðun gerði nokkra úttekt á því hvað þyrfti að fást fyrir fyrirtækið Lyfjaverslun ríkisins ef það ætti að seljast. Reyndar lagði ég fyrir Ríkisendurskoðun þrjár skýrar spurningar sem stofnunin treysti sér því miður ekki til að svara alveg á því formi sem ég bað um, en gerði engu að síður gangskör að því og mjög myndarlega að bregðast við og ég hef undir höndum svar sem ég fékk við þeim spurningum. Spurningar voru þessar: Í fyrsta lagi að reiknaður yrði út arður ríkissjóðs af því að eiga og reka fyrirtæki, t.d. annars vegar í 10 ár og hins vegar 25 ár, og yrði þá miðað við afkomu fyrirtækisins á árunum 1989 til 1992 eða 1993 ef upplýsingar lægju orðið fyrir um það ár. Í öðru lagi að reikna út ýmsar kennitölur varðandi reksturinn svo sem arðsemi eigin fjár og því um líkt, þ.e. þá arðsemi sem ríkið hefði af því að eiga og reka þetta fyrirtæki miðað við eign sína í því. Í þriðja lagi að reynt yrði að svara því hvert söluverðið þyrfti að vera á fyrirtækinu í dag miðað við að ríkið ræki það í 25 ár eða 10 ár.

Því miður er það þannig, hæstv. forseti, að í ljósi reynslunnar er óhjákvæmilegt að draga slíkar upplýsingar fram í dagsljósið áður en eða ef ríkisstjórnin fær heimild til þess að selja fyrirtækin. Það er einfaldlega þannig. Auðvitað hefði orðið erfiðara fyrir ríkisstjórnina að standa að afhendingu á eignarhlut í ónefndum fyrirtækjum eins og hún hefur gert ef svona upplýsingar hefðu legið fyrir. Ég fullyrði það. Hver var t.d. ágóðinn af því fyrir ríkið að selja hlut sinni Íslenskri endurtryggingu?

Síðan eru það svörin, hæstv. forseti. Ríkisendurskoðun svarar í fyrsta lagi um afkomu Lyfjaverslunarinnar þannig að hún hafi verið eftirfarandi á árabilinu 1989 til og með 1993 en er þar þó um bráðabirgðatölur að ræða. Ég les þetta úr þeim dálki sem er á verðlagi í janúar 1994. Það er hagnaður öll árin og hann er eftirfarandi:

1989 28,9 millj. kr., 1990 87,4 millj. kr., 1991 56 millj. kr., 1992 70,3 millj. kr. og 1993 52,8 millj. kr. og það er bráðabirgðatala.

Með öðrum orðum, hæstv. forseti, hagnaður fyrirtækisins á árunum 1989 til 1993 var samkvæmt þessu að meðaltali 59 millj. kr. á ári miðað við fast verðlag. Það er rétt að taka það fram að fyrirtækið greiðir hvorki tekju- né eignarskatt þannig að þess vegna gætu menn ef þeir vilja dregið slíkar tölur frá þessum hagnaðartölum en það skiptir ekki miklu máli þar sem eigandinn var ríkið og er enn þá ríkið. Það er því auðvitað bókhaldslegt atriði hvort ríkið tekur eignarskatt og tekjuskatt af sínum eigin fyrirtækjum eða lætur hagnaðinn koma fram sem eignarmyndun í fyrirtækinu eða með einhverjum öðrum hætti. Það má einu gilda þegar eigandinn er ríkið.

Þetta er, hæstv. forseti, dálagleg arðsemi á eigin fé því bókfært eigið fé fyrirtækisins var í árslok 1992 355,2 millj. kr. Ég hafði lauslega reiknað það út á hnjám mér í efh.- og viðskn. að þetta væri um 16–17% arðsemi á eigin fé en hafandi þessar afkomutölur í höndunum þá er jafnvel ástæða til að ætla að sú tala sé hærri. Það er þess vegna ekki dónalegur kostur fyrir okkur eigendurna, fólkið í landinu, að eiga og reka þetta fyrirtæki áfram nema síður sé. Ef svo heldur sem horfir þá er erfitt að koma auga á betri kost fyrir ríkið og augljóst mál að arðsemin er slík að það er betra heldur en til að mynda að taka þessa peninga með sölu á fyrirtækinu og borga niður skuldir vegna þess að arðsemin er mun hærri heldur en nemur vöxtum af lánsfé á markaði eins og þeir gerist núna. Þetta liggur alveg í hlutarins eðli.

Hitt er ekki síður ljóst að afkoma fyrirtækisins og afkomumöguleikar í þessum rekstri gera sérstakar kröfur um að það sé ekki afhent á undirverði einhverjum á silfurfati heldur sé ekki bara eignin sem slík verðlögð með raunsæjum hætti og fyrir hana borgað heldur líka afkoman sem er í þessum rekstri. Þess vegna er eðlilegt og nauðsynlegt að spyrja sig þeirrar spurningar: Hvað þarf ríkið að fá fyrir fyrirtækið í sölu í dag til þess að það sé jafngóður kostur og sá að eiga það og reka í til dæmis 10 ár eða 25 ár miðað við þessa afkomu? Þeirri spurningu þarf að svara áður en nokkurt vit er í því að fara að selja fyrirtækið. Það mundi venjulegur eigandi að eign auðvitað gera. Auðvitað. Vegna þess að það er ekkert sem knýr okkur til þessarar sölu. Það hlýtur a.m.k. að vera réttlætanlegt að krefjast þess, burt séð frá því hvort menn eru meira eða minna fylgjandi einkavæðingu, að viðskiptaleg sjónarmið ráði þá mati manna á því hvort selt sé eða selt ekki í einstökum tilvikum. Eða er Sjálfstfl. e.t.v. að gera kröfur um annað? Að einhver annarleg sjónarmið eða önnur en viðskiptalegt mat ráði því hvort um sölu sé að ræða eða ekki sölu? Ég spyr. Það þarf að koma fram. Er hæstv. fjmrh. tilbúinn til að gefa hér þá yfirlýsingu að hann telji að það eigi ekki að selja eignarhlut ríkisins í fyrirtæki sem er í góðum rekstri og ber sig og skilar ágætum arði nema söluandvirðið sé það hátt að það sé frá viðskiptalegu sjónarmiði séð jafngóður kostur fyrir ríkið? Getur hæstv. fjmrh. svarað

þeirri spurningu með jái? Hann mætti kalla fram í mín vegna ef hann vildi. Eitt einfalt já. Ef það kemur ekki þá hlýt ég náttúrlega að biðja hæstv. fjmrh. að útskýra viðhorf sín almennt í þessum málum. Sporin hræða í þessum efnum og það er ástæða til að fá þetta á hreint. (**Gripið fram í:** Viltu endurtaka spurninguna.) Ef hæstv. fjmrh. þarf að heyra svona spurningar tvisvar eða þrisvar til þess að ná þeim þá er auðvitað sjálfsagt mál að gera það. (**Gripið fram í:** Það er óhætt að segja já.)

Ég óska eftir því, hæstv. fjmrh., að því verði svarað, hver er stefna hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnar í þeim efnum þegar kemur að því að meta tvo kosti í tilvikum af þessu tagi, annars vegar selja fyrirtækið eða hins vegar eiga það áfram og reka það um eitthvert árabil í ljósi þess að afkoma þess hefur verið góð og það skilar góðum arði, að þá séu viðskiptaleg sjónarmið og viðskiptalegt mat látið ráða hvort selt er eða ekki. Með öðrum orðum selji ríkið ekki hlut sinn nema verðið sé það gott sem fæst að það sé jafngóður kostur frá viðskiptalegu sjónarmiði fyrir ríkið eins og hitt væri að eiga fyrirtækið áfram og ávaxta eignina með góðum og ábatasömum rekstri. (**Fjmrh.:** Svarið er já.) Þetta er mjög gott. Þá er sem sagt hægt að treysta því að verði tilboðin hér eftir í ríkisfyrirtækin ekki það góð að það jafngildi því að reka fyrirtækin um einhvern fyrirsjáanlegan tíma og hafa af þeim þann arð sem afkoma þeirra gefur tilefni til þá verði ekki selt. Þá hlýt ég að leyfa mér t.d. að gefa mér að í ljósi þessarar nýju stefnu ríkisstjórnarinnar hefði SR-mjöl ekki verið selt í dag ef ekki hefði boðist betra verð fyrir það en fékkst. Eins og kunnugt er var afkoma fyrirtækisins feiknagóð á sl. ári samanber arðgreiðslur, hagnaður skipti hundruðum milljóna króna og veruleg eignamyndun átti sér stað hjá fyrirtækinu. Afkoman eins og hún blasir við og horfur eru á á þessu ári verður væntanlega sömuleiðis mjög góð og því er ljóst að sá kostur fyrir ríkið að eiga fyrirtæki við þessar aðstæður var í raun og veru afar hagstæður. Ég held að það sé alveg borðleggjandi að það sem ríkið hafði út úr sölunni, sem voru nettó 185 millj. kr. mínus arðgreiðslan sem á að mínu mati að taka inn í þetta mál, og þá standa eftir 120 millj. mínus einkavæðingarkostnaðurinn, gefur ekki tilefni til slíks. Eins og kunnugt er þá tók ríkið á sig skuldir og birgðir sem námu um 550 millj. kr. til þess að greiða fyrir sölunni og þá verður lítið eftir af söluandvirðinu upp á 725 millj. kr. eða hvað það nú var.

Þetta hlýtur þá að koma til skoðunar í framhaldi af þeim upplýsingum sem ég hef fengið hjá Ríkisendurskoðun um arðsemi þess að eiga fyrirtækið áfram. Nú er það því miður hins vegar þannig að Ríkisendurskoðun telur afar vandasamt að meta í raun og veru væntanlegan hagnað fyrirtækisins og hvað eigi að leggja til grundvallar og fer yfir það í allmörgum liðum sem hafa þurft í huga þegar þeir hlutir eru metnir, m.a. fjárfestingar í fyrirtækinu að undanförnu, reikningsskilaaðferðir fyrirtækisins o.fl. Engu að síður er þó alveg ljóst og kemur fram í töflu í svarinu að fjárstreymi frá rekstri miðað við gefnar forsendur, t.d. í 10 ár eða 12 ár og hagnaðartölurnar eða afkomuna undanfarið, yrði umtalsvert. Þannig setur Ríkisendurskoðun fram þær forsendur að hagnaður fyrir skatta yrði 31 millj. á þessu ári, 61 millj. 1995, 85 millj. 1996, 105 millj. 1997, 125 millj. 1998, 146 millj. 1999, 199 millj. 2000, 219 millj. 2001, 239 millj. 2002 og 274,2 millj. eftir það árin, 2003–2005. Þessi uppstilling mála byggir m.a. á því að þannig sé fjárfestingin sem fyrirtækið hefur ráðist í að afskrifast og skila sér í betri afkomu á næstu árum. Hagnaður eftir skatta yrði þá á bilinu 16,5 millj. á þessu ári og upp í 175 millj. kr. síðustu árin sem þetta tímabil tæki til. Það er alveg augljóst mál, fjárstreymið frá rekstri yrði auðvitað meira því fyrirtækið hefði þarna umtalsvert fé til að afskrifa sína framkvæmd og sínar fjárfestingar. Menn geta því bara skoðað það og það er sjálfsagt mál að dreifa þessum gögnum til þingmanna, ef menn óska eftir, hvernig dæmið lítur út, miðað við núverandi forsendur og aðstæður, fyrir ríkið að eiga og reka þetta fyrirtæki áfram. Það yrði með öðrum orðum mjólkurkýr fyrir ríkið upp á fleiri tugi milljóna fyrstu árin og upp í 200 og hátt í 300 millj. kr. á síðari hluta tímabilsins og í ljósi afkomunnar undanfarin ár er það alls ekki óraunhæf eða ólíkleg niðurstaða.

Staða fyrirtækisins er í raun og veru mjög traust. Hlutfall eigin fjár af fjármagni er nú um 70% og eigið fé er komið í um 430 millj. í lok september á sl. ári, hefur aukist sem þessu nemur þegar nýjustu tölur eru teknar inn, en í fskj. með frv. er eingöngu upplýst um eigið fé í árslok 1992. Arðsemi eigin fjár er líka tekin út í fyrirtækinu síðustu þrjú árin og var 20,7% árið 1991 og 23,2% árið 1992. Er það ekki þokkaleg arðsemi, hv. framkvæmdastjóri Verslunarráðs, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson? (**VE:** Ég er mjög ánægður með að þú skulir telja þetta þokkalega arðsemi í atvinnulífinu.) Er það ekki þokkaleg arðsemi, spurði ég, þegar hún er komin í 23,2%? Síðan var hún 17,2% fyrstu 9 mánuði ársins 1993. (**VE:** Vonandi gæti þetta verið alls staðar í atvinnulífinu.) Ja, það væri betur, en það er nú ekki við þau hörmungarskilyrði sem atvinnulífinu hafa verið sköpuð í tíð þessarar ríkisstjórnar eins og kunnugt er.

Miðað við þær forsendur sem hér hefur verið gengið út frá og fást, að núvirði fjármagns sem rekstur fyrirtækisins skilar næstu 12 árin sé með eftirfarandi hætti, eins og Ríkisendurskoðun síðan stillir því upp: Miðað við ávöxtunarkröfu 10% yrði núvirði greiðslna 755 millj. kr. á þessum tíma, miðað við 15% ávöxtunarkröfu 568 millj. og 20% 441 millj. Og miðað við þetta þyrfti söluverð að vera a.m.k. 440–755 millj. kr. til þess að það sé einhver efnahagsleg skynsemi í því að láta þetta fyrirtæki frá sér. Og þá er ekki verið að verðleggja sérstaklega eða sjálfstætt viðskiptavild fyrirtækisins heldur eingöngu tekið tillit til hennar í þeim mæli sem hún endurspeglast í góðri afkomu undanfarinna ára eða stöðu þess á markaði. Að öðru leyti er hún ekki seld sérstaklega né aðstaða fyrirtækisins eða möguleikar o.s.frv. Þannig að ég býst við því að margir mundu segja að þar til viðbótar væri eðlilegt að reyna að fá eitthvað fyrir slíka hluti og sjálfsagt mætti

færa fyrir því talsverð rök að það væri ekki hægt að tala um gott söluverð á fyrirtækinu fyrr en það væri komið á bilið 755–1.000 millj. kr. Ég býst við því að það sé auðvelt að færa fyrir því sterk rök.

Auðvitað er það svo að útreikningar á tekjuvirði fyrirtækja eru mjög viðkvæmir fyrir þeim forsendum sem menn gefa sér, það er alveg augljóst mál og í þessu er óvissa og allt það. En lyfjaframleiðslu- og lyfjasölugeirinn hefur nú yfirleitt verið talinn í hópi þess ábatasamasta sem fyrirfinnst í atvinnurekstri á byggðu bóli, bæði hér á Íslandi og annars staðar. Það er að vísu ljóst að það kerfi sem við höfum búið við hefur að nokkru leyti sjálfskammtað fyrirtækjunum afkomu eins og það hefur verið og það er svo sem ekkert víst að menn geti búið við slíkt öryggi áfram eða slíka, liggur mér við að segja, sjálftöku í afkomu og á auðvitað ekki að vera. Hitt er alveg borðleggjandi að staða þessa fyrirtækis er slík á markaði og möguleikar þess eru slíkir, m.a. vegna þeirrar uppbyggingar og fjárfestingar sem þar er búið að ráðast í og þess hvernig fyrirtækið er í stakk búið til að sinna sínum verkum, að þar er eftir miklu að slægjast.

Þetta, hæstv. forseti, held ég að sé alveg óhjákvæmilegt að fara rækilega yfir og í ljósi þess sem gerst hefur að undanförnu í sambandi við framgöngu ríkisstjórnarinnar í þessum einkavæðingarmálum þá hlýt ég auðvitað að undirstrika að fyrirvari minn einnig að þessu leyti og okkar alþýðubandalagsmanna er mjög sterkur við þessi mál. Það er ekki hægt að líða það að menn ástundi vinnubrögð og slóðaskap af því tagi sem hæstv. ríkisstjórn hefur gert í þessum efnum. Almenningur í landinu getur ekki horft upp á það að farið sé með eignir hans á þann hátt sem þarna ber raun vitni. Það er auðvitað alveg merkilegt, hæstv. forseti, af því að það er nú svo að þegar um útgjöld er að ræða hjá ríkinu þá held ég að þar sé orðin okkuð góð kostnaðarvitund, ef svo má segja, gagnvart því að það beri að halda vel utan um þá hluti. Og hæstv. forseti veit manna best að menn leggja mikla vinnu í það, ónefndir menn, t.d. nefndarmenn í fjárln., endurskoðunarmenn ríkisreikninga og aðrir slíkir að fara ofan í saumana á því þegar verið er að ráðstafa fjármunum ríkisins í gegnum útgjöld og rekstur þannig að þá eru jafnvel gerðar í athugasemdum með ríkisreikningi og í athugasemdum endurskoðunarmanna ríkisreikninga miklar athugasemdir út af tiltölulega litlum upphæðum þar sem í hlut eiga rekstrarútgjöld eða fjárveitingar eða ráðstöfun fjármuna svo nemur jafnvel hundruðum þúsunda eða milljónum og þannig á það auðvitað að vera. Það þarf að fara af nákvæmni og smámunasemi yfir þessa hluti því að margt smátt gerir eitt stórt.

En er þá hægt að líða það, þegar ráðstöfun eigna ríkisins er á ferðinni svo nemur hundruðum milljóna eða milljörðum, að þá geti menn bara sullað þeim málum svona út, tekið sér einn sólarhring í að ganga frá sölu á milljarða fyrirtækjum eins og ekkert sé. Verðleggja þau bara svona, ákveða bara að láta sér detta í hug að rétt sé að afhenda tryggingafélögunum eign ríkisins í endurtryggingu í einu tilvikinu, einhverjum fjárfestum og útgerðarmönnum SR-mjöl í hinu og þriðja aðilanum eignarhlut ríkisins í Þormóði ramma o.s.frv. Gengur það? Hvað á að segja um vinnubrögð af því tagi þegar sterkur kaupandi eins og Akureyrarbær sýnir því áhuga að kaupa SR-mjöl? Biður um nokkra daga í viðbót til að skoða málið betur og skila inn gögnum. 15 þúsund manna kaupstaður. Nei, þá liggur svo á að selja fyrirtækið að slíkri bón er neitað. Bendir það til þess að það sem fyrir mönnum vaki sé fyrst og fremst að *fá sannvirði fyrir fyrirtækið eða eitthvað annað?* Ég leyfi mér að efast um það. Ég hefði nú haldið að einhver hefði talið ástæðu til þess að taka því fagnandi að sterkur kaupandi og sæmilega myndugur á fjárráð, eins og ég held að Akureyrarkaupstaður hljóti að teljast, sýni áhuga á því að gera tilboð í eignir, þá mundu menn athuga það. Er þar kannski á ferðinni eða ef til vill væntanlegt enn betra tilboð heldur en áður er komið fram eða a.m.k. alvörutilboð, ekki bara tilboð um viðræður. Þá væri slíkt athugað. Nei, því var einfaldlega hafnað. Það lá svona óskaplega á að dagsetja pappírana fyrir áramótin 1993/1994.

Þetta gengur auðvitað ekki, hæstv. forseti. Og ég verð að leyfa mér að inna eftir því hér, þá örfáu hv. stjórnarliða sem eru viðstaddir umræðuna. Hafa þeir engan móral á köflum yfir því hvernig að þessum málum hefur verið staðið og unnið? Nei. Þeim er bara alveg sama hvernig þessum eignum ríkisins er sullað út, bara ef þetta er einkavætt, bara af því bara. (**VE:** Það hefur verið vel að þessu staðið.) Auðvitað er það málið, hæstv. forseti. Þarna eru trúarbragðakennd vinnubrögð á ferðinni. Þetta byggist ekki án neinu raunsæi eða rökhyggju heldur þeim trúarbrögðum og þeim kennisetningum að það sé fyrir öllu að einkavæða og einkarekstur sé alltaf og alls staðar betri en rekstur hins opinbera og þar með skipti ekki svo miklu máli hvað menn fái fyrir þetta. Það megi jafnvel láta þetta fokka á hálfvirði, það geri ekki svo mikið til. (**VE:** Fengum við ekki 50% hærra gengi í rammann heldur en þið?) það megi láta þetta vaða á hálfvirði.

Það er að vísu rétt að búið er að taka myndarlega til hendinni og þeir aðilar sem fyrrv. ríkisstjórn seldi það fyrirtæki hafa staðið sig vel og gert margt myndarlega í þeim rekstri. Þess vegna er þetta orðinn eftirsóttur eignarhlutur í dag og hefði kannski orðið enn eftirsóttari innan skamms, t.d. nokkrum dögum eftir aðalfundinn þegar búið var að segja frá hinum mikla hagnaði og aðrir en Grandi hefðu haft vitneskju um að þarna var á ferðinni fyrirtæki sem var að skila góðri afkomu. Er þá ekki hugsanlegt að einhverjir aðrir hefðu viljað meta þennan fjárfestingarkost? (**Gripið fram í:** Það lá fyrir.) Það lá ekkert fyrir um það. Aðilar sem kynnu að hafa hugsað sér að kaupa þessi bréf eða hefðu kannski fengið áhuga á því að kaupa þessi bréf vissu ekkert að í vændum væri ársreikningur frá Þormóði ramma sem sýndi slíka afkomu. Ef þeir af einhverjum ástæðum höfðu ekki borið sig sérstaklega eftir gögnum um það, en hefðu ef til vill fengið þann áhuga nokkrum dögum eftir að gengið var frá sölunni, hvers vegna mátti ekki hinkra fram yfir aðalfundinn? (**VE:** Ég vissi um þennan hagnað löngu fyrir áramót.) Já, en þú hefur ekki efni á því að kaupa nokkurn skapaðan hlut, hv.

þm., og átt ekki að vera að gjamma hér fram í um slíka hluti, (**PP:** Jú, jú, hann er ...) alla vega ekki Þormóð ramma.

Og ég spyr, hæstv. forseti: Bendir það ekki til þess að eitthvað annað ráði ferðinni heldur en áhugi manna á að fá sem best verð fyrir þessar eignir þegar menn rjúka til og selja hlut ríkisins í fyrirtæki nokkrum dögum áður en það gerir heyrinkunnugt um góða afkomu og mikinn hagnað? Mátti ekki bíða eftir því að ef til vill fengju einhverjir fleiri áhuga á því að kaupa bréf í þessu fyrirtæki þegar fréttir væru komnar fram um jafnglæsilegan árangur í rekstri? Var Grandi ekki tilbúinn til þess að bíða með sitt tilboð? Eða þurfti einmitt að nota tækifærið og drífa kaupin af áður en aðrir vissu um gróða? Og er hugsanlegt að einkavinasjónarmiðin hafi haft þarna einhver áhrif?

Nú er það svo að það eru stofnanir hér í landinu sem eiga að hafa eftirlit með því að menn stundi ekki innherjaviðskipti og ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. Það er ekki mitt hlutverk í sjálfu sér. En auðvitað verður að segja alveg eins og er að þetta eykur ekki tiltrú manna eða traust á þeim vinnubrögðum sem hér hafa verið stunduð þegar svona er að málunum staðið. Ætla ég svo á hinn bóginn ekkert að hafa nema gott um það að segja að Grandi hafi áhuga á því að gerast eignaraðili að fiskvinnslu einhvers staðar annars staðar en hér í Reykjavík. Allt eru þetta hin skrautlegustu mál, hæstv. forseti.

Ég ætlaði svo í lokin, hæstv. forseti, að víkja aftur lítillega að hlutum sem snúa beint að álitamálum sem tengjast breytingu á rekstrarformi þessa einstaka fyrirtækis, Lyfjaverslunar ríkisins, og lýsa þeim sjónarmiðum mínum sem ollu því m.a. að ég hafði og hef verulegar efasemdir um að það sé skynsamlegt að fara sér hratt í því að breyta fyrirtækinu, það hefur að mörgu leyti sérstöku hlutverki að gegna. Og það kom auðvitað rækilega fram í yfirferð nefndarinnar á málinu og ég leyfi mér að halda því fram að menn hafi ekki, blessuð einkavæðingarnefndin eða hvaða apparat sem það nú var á vegum ríkisstjórnarinnar — en eins og kunnugt er þá er kippa af aðstoðarmönnum hæstv. ráðherra í einhverri einkavæðingarnefnd, sem rekur trippin í þessu máli — gert sér grein fyrir því að um margt hefur þetta fyrirtæki haft sérstöðu og haft mikilvægu og sérstöku hlutverki að gegna.

Þar má í fyrsta lagi nefna að þetta fyrirtæki er samningsbundið um það að annast með tilteknum hætti birgðahald á lyfjum í landinu þannig að ákveðnu lágmarksöryggi sé haldið uppi í þeim efnum. Þetta hefur fyrirtækið gert á eigin reikning, ef svo má að orði komast, án sérstakra fjárveitinga til þess og tryggt að tilteknu lágmarksöryggi sé haldið þarna uppi. Þetta hefur hæstv. ríkisstjórn eða stjórnarmeirihlutinn viðurkennt að þurfi að skoða og það kemur fram í þeirri brtt. ákvæði til bráðabirgða sem flutt er af efh.- og viðskn., að það sé auðvitað ekki hægt að sulla þessu fyrirtæki út á markaðinn og í hendur einkaaðila án þess að fyrir því sé séð með einhverjum hætti hvernig frá þessum málum er gengið. Nú eru auðvitað önnur lög sem í sjálfu sér eiga við um almannavarnir og hagvarnir og hin merka stofnun Hagvarnaráð er starfandi, vonandi, og fundar, en í því sitja ráðuneytisstjórar og hafa það hlutverk að kortleggja almennt birgðahald matvöru, olíu og annarra slíka hluti í landinu og sjá um að þau mál séu í þokkalegu standi og ef óvissutímar ganga yfir eins og Persaflóastríðið eða annað því um líkt þá er fundað í Hagvarnaráði og menn tékka á olíubirgðunum o.s.frv. Það er auðvitað sá aðili sem hefur það hlutverk almennt séð að sjá um að þessi mál séu í lagi þannig að vel gæti komið til þess að menn á þeim bæ eða aðrir aðilar tækju að sér að sjá um það með einhverjum almennum ráðstöfunum að þessir hlutir væru í lagi. Auðvitað þarf að vera fyrir hendi nægjanlegt öryggi á þessu sviði og ég held að það hafi í raun og veru verið mjög eðlilega og skynsamlega og með hagkvæmum hætti fyrir því séð á meðan Lyfjaverslun ríkisins annaðist það hlutverk sem hún enn gerir. Þetta er það fyrsta. (Gripið fram í.) Þannig að það má segja, hv. þm., að Lyfjaverslun ríkisins hafi verið svona ákveðið forðabúr, ákveðinn forðagæsluaðili í þessu efni.

Í öðru lagi, og það er mjög mikilvægt, er Lyfjaverslun ríkisins eini framleiðandinn í landinu á svonefndum dreypilyfjum, stungulyfjum fyrir sjúkrahús og stofnanir. Það er mjög mikilvægur þáttur í starfsemi fyrirtækisins, af tveim ástæðum sérstaklega: Annars vegar að það skapar auðvitað mikið öryggi að hafa aðila í landinu sem hefur framleiðslugetu á þessum lyfjum. Þarf nú ekki að nefna annað en það ef samgöngur teppast eða náttúruhamfarir ganga yfir eða annað því um líkt, þá er auðvitað mjög mikilvægt að slík framleiðsla sé fyrir hendi í landinu og birgðir á vegum þess aðila. Einnig skiptir máli að framleiðsla Lyfjaverslunarinnar á dreypilyfjum tryggir að við höfum á hendi okkar a.m.k. samkeppni við þann innflutning sem á móti kemur frá útlöndum. Og það er ekki nokkur vafi á því að það getur verið liður í því að ná niður lyfjaverðinu hér að við þurfum ekki að vera t.d. einum innflutningsaðila ofurseldir um þetta eins og hefur gerst í vissum nágrannalöndum okkar. En þetta er eins og allir vita mikill fákeppnismarkaður og sú hætta alls staðar yfirvofandi að risarnir á þessum markaði skipti honum á milli sín og einn þeirra taki t.d. að sér Norðurlöndin, eins og borið hefur á í okkar nágrannalöndum. Þar kemur þá til framleiðsla okkar eigin fyrirtækis á þessum lyfjum sem er mjög mikilsverð þessu sambandi og hefur án efa skilað árangri að þessu leyti.

Það er auðvitað líka ljóst að það er báðum aðilum hagkvæmt, sjúkrahúsunum og Lyfjaversluninni, að þeir geti átt með sér samstarf og samskipti um þessi mál, að í landinu sé framleiðandi með sérþekkingu á þessum málum sem sjúkrahúsin geta skipt við og leitað til. Þetta gerir það líka að verkum að sjúkrahúsin sjálf þurfa e.t.v. síður en ella að vera með birgðir af þessum lyfjum þar sem birginn, sem mér finnst ljótt orð, sá sem birgir sjúkrahúsin upp með þessum vörum er í landinu og annast framleiðsluna og birgðahaldið sjálfur.

Í þriðja lagi er svo ljóst að Lyfjaverslun ríkisins hefur þjónað hlutverki í raun og veru sem fræðslu-

stofnun og uppeldis- og þjálfunarstöð í lyfjaframleiðslu og kennslu á þessu sviði og fyrir því hlutverki þarf líka að sjá. Þannig að allir þessir þættir eru þarna til staðar og reyndar margir fleiri sem ég tel að þurfi að skoða og hyggja að áður en menn vaða út í einhverjar vitleysur í þessum efnum og rjúka til og fara að einkavæða þetta af gáleysi og hugsunarleysi og láta svo kylfu ráða kasti hvað verður um þessi atriði sem ég hef hér nefnt.

Þetta allt saman plús það sem ég hafði á undan sagt um samskipti við starfsmenn og vinnubrögð við einkavæðingu gefa mér tilefni til þess að leggja á það þunga áherslu að það á að fara mjög gætilega í þessu máli og ana þar ekki að neinu. Þar er vissulega framför. Sú brtt. sem nú liggur fyrir er um að ekki verði þó gengið lengra, nema afla til þess sérstakrar lagaheimildar, en að selja allt að helmingi af eignarhlut ríkisins í fyrirtækinu. Það kynni vel að reynast brúklegt fyrirkomulag um einhvern tíma a.m.k. að fyrirtækið yrði opnað í áföngum og fleiri aðilum gert kleift að gerast þar eigendur á móti ríkinu, sem hefði þá hönd í bagga og væri eignaraðili og sæi um að fyrir þessum þáttum, sem ég hef m.a. sérstaklega tæpt á, yrði vel séð.

Það er því í mínum huga rétt að gera á því allverulegan greinarmun, hæstv. forseti, hvort eingöngu er á ferðinni breyting fyrirtækisins, formbreyting yfir í hlutafélag og jafnvel óveruleg eða engin sala á eignarhlut ríkisins út úr því, eða hitt, sem maður óttast auðvitað að fyrir ríkisstjórninni vaki, að lauma fyrst heimildinni í gegn og reyna svo bara að sulla fyrirtækinu einhvern veginn í burtu, afhenda það með einhverjum hætti einkavinum eða öðrum og láta verðið mæta afgangi. Það er mikill munur á. Það er löng leið frá því að breyta þessu í hlutafélag, því stundum er látið í veðri vaka að það sé aðalatriðið í málinu af því að hlutafélagsformið sé svo miklu fullkomnara og betra og þetta hf. aftan við skipti slíkum sköpum, m.a. um ábyrgð manna í rekstri, menn taki bara eðlilsbreytingu, sömu starfsmenn gjarnan, ef þeir fá þetta hf. aftan við nafnið. Beysnari en það er nú málflutningurinn stundum ekki. En látum nú vera ef það væri mönnum alveg sérstakt sáluhjálparatriði, ef menn þá að hinu leytinu til væru tilbúnir til þess að skoða alla þessa þætti mjög vandlega og fara sér hægt í því að standa þarna fyrir vanhugsuðum breytingum sem væru ekki í þágu almannahagsmuna eða almannaheilla.

Svo er það einnig mikið atriði sem hér var líka tæpt á áður, bæði af mér og fleirum, hvernig yrði þá rekstrarformið um það fyrirtæki og hverjir yrðu eigendurnir? Yrði það eiginlegt almenningshlutafélag í skilningi hv. þm. Eyjólfs Konráðs eða yrði það einkavinahlutafélag, fámennishlutafélag eða yrðu þar ráðandi öfl í fjármálaheiminum, Kolli frændi eða aðrir slíkir, sem yrðu þar með undirtökin?

Það er líka rétt að minnast þess að í lyfjadreifingu og lyfjaframleiðslu er hér á Íslandi, sem og því miður víðast annars staðar, alveg sérstaklega ástæða til að vera á verði gagnvart fákeppni og einokun. Lyfjahringirnir eru mjög harðdrægir í sinni hagsmunagæslu. Þeir eru alþekktir að því að ganga langt í að skipta mörkuðum á milli sín og ástunda fákeppnisvinnubrögð í viðskiptum alveg út á ýtrustu mörk. Og það er auðvitað stutt í það að maður spyrji að því, hverjir yrðu kaupendurnir hér? Nú er að vísu svo að menn eru með einhvern móral í þessu tilviki og það kemur fram í fskj. með frv., frekar heldur en það sé beinlínis (**Gripið fram í:** Það er í greininni.) í lagagreininni sjálfri, sem er líklega tilfellið, að þeir skuli gæta við sölu að tryggð verði samkeppni á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja. Það skuli gæta að því. Þetta bendir þó til þess að menn hafi einhverja meðvitund um að það er ekki alveg sama hvernig að þess yrði staðið. Það er auðvitað gott og fagnaðarefni.

Ég les út úr þessari grein eða mundi gjarnan vilja lesa út úr henni að menn séu að segja að það væri kannski ekki heppilegt að Pharmaco/Delta keypti fyrirtækið, gleypti það, það væri kannski ekki heppilegt. En auðvitað er spurning hvort mönnum dugar svona orðalag, sérstaklega í ljósi reynslunnar. Erum við tilbúnir til þess að skoða það að ganga lengra og setja það beinlínis inn í lögin og láta það þá fylgja sem kvöð eða með einhverjum hætti við söluna að það megi enginn einn einstakur aðili eiga þarna meira en t.d. 5–10% þannig að það verði tryggt með slíkum hætti að ef eða að svo miklu leyti sem fyrirtækið yrði opnað og hlutir seldir, að þá yrði sú eignaraðild dreifð? Því ekki það? Það væri meira hald í slíku heldur en því orðalagi sem hér er á ferðinni, þó það sé út af fyrir sig fróðlegt og nokkuð merkilegur vitnisburður um það að menn eru þó svona með einhverja meðvitund gagnvart þessum þáttum.

Hæstv. forseti. Ég hef þá farið yfir bæði efnisatriði og kringumstæður í þessu máli og gert grein fyrir því með nokkuð rækilegum hætti hvernig fyrirvara minum og okkur alþýðubandalagsmanna er háttað í þessu máli. Eins og ég sagði frá í upphafi þá skýrði ég frá því í efh.- og viðskn. að það væru miklar efasemdir í mínum flokki um þetta mál og ég ætti alveg eins von á því að einhverjir a.m.k. af þingmönnum Alþb. mundu leggjast gegn þessari breytingu, jafnvel þó að breytingar yrðu á málinu til bóta. Þannig að það kemur a.m.k. ekki meðnefndarmönnum mínum á óvart. Ég hef síðan gert grein fyrir þeim aðstæðum sem voru þegar málið var tekið út úr nefnd eða unnið í nefndinni í febrúarmánuði s.l. og að nokkuð vatn er til sjávar runnið síðan. Það hafa m.a. orðið okkur vonbrigði sem hjá hverjum voru þá vaktar vonir um að í vændum væru betri samskipti ríkisins og opinberra starfsmanna um þeirra mál að í þeim hlutum hefur ekkert gerst og það hlýtur að kalla á og vera tilefni til endurmats á málinu eins og það liggur fyrir. Ég mun þess vegna óska eftir því að efh.- og viðskn. taki málið aftur til skoðunar milli 2. og 3. umr. og fari yfir það og aðstæðurnar eins og þær liggja nú fyrir í málinu og áskil mér allan rétt og okkur alþýðubandalagsmönnum til að endurmeta afstöðu okkar í ljósi þess hver staðan nú er eða þá verður.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þrír hv. alþingismenn hafa óskað eftir að veita and-

svar og verður því að stytta ræðutíma þannig að þeir tali eina mínu í senn. Sama regla gildir um hugsanleg svör hv. 4. þm. Norðurl. e.

[19:00]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. hefur nú í stuttu máli gert grein fyrir fyrirvara sínum við stuðning við þetta frv. Það er aðeins eitt atriði sem ég tel ástæðu til að koma hér á framfæri. Hv. þm. nefndi í sínu máli samráð fjmrh. og BSRB sem ákveðið var þegar kjarasamningar fóru fram skömmu fyrir jól. Ég vil láta það koma fram að þetta samstarf eða samráð er hafið. Það gerðist fyrir rúmum eða um það bil tveimur mánuðum síðan og fjallað hefur verið um þessi mál á sameiginlegum vettvangi. Það hefur verið ljóst allan tímann að það eru auðvitað stjórnvöld sem ákveða stefnuna, en á samráðsvettvanginum er talað um og rætt um þau atriði, þau mál sem að starfsmönnum viðkomandi stofnunar snúa.

Það skal einnig tekið fram, virðulegi forseti, að það hefur verið rætt við stjórnendur og starfsfólk fyrirtækisins og það verður að sjálfsögðu gert betur í framhaldi af því að málið er samþykkt hér á þingi.

[19:01]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig gott að fá þessar upplýsingar, en þær breyta náttúrlega engu um það að það er engin niðurstaða og enginn árangur af þessu samráði hvað þau deiluatriði varðar sem tengjast afgreiðslu þessa frv. Því miður. Þess vegna er það auðvitað svo að sú krafa er eðlilega uppi af hálfu samtaka opinberra starfsmanna að á meðan svo er ekki séu þessi mál látin bíða. Það væri auðvitað langhyggilegast og eðlilegast, eins og ég fór hér yfir í mínu stutta máli, eins og hæstv. fjmrh. vakti athygli á, að menn notuðu þá frekar tímann í að vinna á þessum samráðsvettvangi að því að leysa þessi mál heldur en knýja hér fram afgreiðslu á einstökum einkavæðingarfrumvörpum í bullandi ágreiningi. Ég held að það sé óhyggilegt, hæstv. fjmrh. Miklu skynsamlegra og vænlegra til árangurs væri að nota tímann á þessum samstarfsvettvangi eða með öðrum hætti til þess að reyna að leysa þessi mál í samkomulagi.

[19:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar til samráðsvettvangsins var stofnað var fyllilega ljóst og um það rætt á milli aðila, að auðvitað væri ekki ætlunin að stöðva einstök tiltekin mál í einkavæðingunni. Það lá fyrir allan tímann. Og ef bíða ætti eftir niðurstöðum dómstóla varðandi 14. gr. laganna frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, þá ættu menn auðvitað að setja öll þessi mál á ís. Það kemur að sjálfsögðu ekki til greina af ástæðum sem ég veit að hv. þm. er kunnugt. Það mál geta dómstólarnir einir skorið úr um, en afstaða stjórnvalda og þeirra lögfræðinga sem til hefur verið leitað er mjög skýr.

[19:04]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þá vakna auðvitað spurningar um hvað þetta samráð getur þá orðið. Til hvers er það ef fyrir fram, af hálfu ríkisins, er ljóst, eins og hér var sagt af hæstv. fjmrh., að það séu stjórnvöld sem marki stefnuna og það standi ekki til að breyta neinu um þann kúrs? Og það hafi aldrei staðið til að stöðva afgreiðslu einkavæðingarfrumvarpa hér á þingi eða meðferð þeirra. Það er alveg greinilegt af þeim upplýsingum sem efh.- og viðskn. fékk með heimsókn opinberra starfsmanna að þeir hafa gert sér vonir um annað. Þannig að þarna hefur þá eitthvað skolast til. Það var alveg greinilegt að þar voru menn að binda vonir við það að nú settu menn deilumálin til hliðar á ís eða hvað sem menn kalla það og ynnu á þessum samráðsvettvangi að því að reyna að ná einhverju samkomulagi og einhverjum friði um þessi mál. Þannig að þarna hefur þá eitthvað skolast til og menn hafa ekki talað nógu skýrt eða með öðrum hætti tekist óhönduglega til orðaskiptin.

Einstök dómsmál. Það er kannski eðlilegra og skiljanlegra að það sé lítið við því að gera þegar þannig er komið. Þegar einstakir aðilar eru að leita réttar síns þá er auðvitað ekki hægt að grípa inn í þá þróun.

[19:05]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar þingsköpum var breytt fyrr í haust tók stjórnarandstaðan við formennsku í efh.- og viðskn. Ég vék fúslega úr formannssætinu m.a. í því skyni að það gæti verið málefnalegri umfjöllun um mál af þessum toga. Það fór eftir og formaður nefndarinnar beitti sér fyrir ákveðnu samkomulagi sem ég tel að hafi verið til bóta og prýðilega að því staðið og gott fyrir alla þá sem tóku þátt í því. Þess vegna fagna ég þessari miklu fagnaðarræðu hv. þm. um þetta samkomulag í eina og hálfa klukkustund. Ég fagna líka áhuga hans á mikilli arðsemi í þessu verslunar- og iðnfyrirtæki sem skilar 17% arðsemi og treysti því að hann beiti sér fyrir því ef hann á þess nokkurn tíma kost að hið sama geti gilt um atvinnulífið almennt og allar greinar ef hann kemst einhvern tíma til valda í ríkisstjórn.

Það háir þessu fyrirtæki að geta ekki verið hlutafélag og þess vegna er þessi breyting til mikilla framfara. Það hefur komið fram hjá forustumönnum þess í viðtölum við nefndina og þess vegna er um að gera að drífa þetta mál í gegn og ég treysti því að hann styðji málið.

[19:06]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er margt rétt sem sagt var um ágæt vinnubrögð í efh.- og viðskn. Þau hafa lengi verið og eru ágæt og það hefur oft tekist þar góð samstaða um afgreiðslu mála og þurfti ekki í sjálfu sér formennsku stjórnarandstæðings til. Ég minni t.d. á að í fyrra afgreiddum við viðamikil mál í samkomulagi eins og samkeppnislög. En það hefur síður en svo breyst til hins verra að fá þar til forustu hv. 1. þm. Austurl. Og

það var í þeim anda sem unnið var að þessu máli og m.a. þess vegna er nú fyrir að fara stuðningi með fyrirvara við málið vegna þess að því er þó breytt til bóta. En ég vona að hv. þm. hafi ekkert misskilið það sem ég sagði í minni ræðu. Ég áskil mér allan rétt í því sambandi í ljósi þess hvernig málin hafa þróast á síðustu vikum.

Auðvitað á að vera þokkalegur arður af rekstri fyrirtækja. Það er ekkert ágreiningsmál við hv. þm., enda eiga fyrirtækin að borga skatta og sómasamlegt kaup og skaffa atvinnu. Það geta þau m.a. gert ef þau skila svona sæmilegum arði.

[19:07]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hitti einmitt naglann á höfuðið. Einkavæðingin eða breytingin á þessu fyrirtæki í hlutafélag og þátttaka einkaaðila í því mun styrkja fyrirtækið, treysta atvinnuöryggi starfsfólksins. Þetta fyrirtæki er jafnvel að sækja út á erlenda markaði. Það er hins vegar ekkert hlaupið að því að leysa á hálfum mánuði eða tveimur mánuðum eða þremur þau stóru mál sem snúa að skylduaðild að tilteknum stéttarfélögum, aðild einkstakra stéttarfélaga að samningum eftir því hvort fyrirtæki eru ríkisfyrirtæki eða einkafyrirtæki, svo að maður tali ekki um lífeyrisréttindamálin og skylduaðild að einstökum lífeyrissjóðum og réttindi starfsfólksins til að velja á milli sjóða. Öll lífeyrismálin eru í skoðun og það veit hv. þm. Efh.- og viðskn. hefur m.a. fjallað um þau mál. Það verður vonandi hægt að taka á þeim málum á næsta vetri og stokka þau upp. En stéttarfélagamálin eru miklu stærra mál, og að því máli hljóta fleiri aðilar að þurfa að koma, en svo að hægt sé að leysa þau á 2–3 vikum.

[19:09]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Það er nú, hæstv. forseti, alveg öfugt mín skoðun að nafnbreyting í hlutafélagi skiptir afar litlu máli. Ég held að það sé nærtækast að líta til þess að Lyfjaverslun ríkisins hefur verið prýðilega rekið fyrirtæki sem ríkisfyrirtæki og það þarf enga breytingu til þess í sjálfu sér að það standi sig vel. Það er alveg ljóst. Ég sé þess vegna ekki í sjálfu sér að þessi breyting sem slík muni endilega þurfa að skipta miklu máli fyrir fyrirtækið og varðandi þátttöku í erlendum samstarfsverkefnum þá er fyrirtækið nú þegar í slíku og þau mál er auðvitað öll mjög vel hægt að leysa og skiptir ekki öllu máli hvort hf. stendur þarna aftan við nafnið.

Það er alveg rétt sem hv. þm. sagði. Það er ekki einfalt mál að leysa biðlaunamál, lífeyrisréttindamál, aðild að stéttarfélögum og annað því um líkt. Það sagði ég einmitt. Þess vegna eiga menn að fara varlega og flýta sér hægt. Ríkisstjórnin hefur ekki unnið heimavinnuna sína í því máli. Það er hv. þm. að viðurkenna hér og ég þakka honum fyrir það. Þetta eru flókin og erfið mál og vinnubrögð af því tagi sem ríkisstjórnin hefur stundað í tengslum við þessa einkavæðingu eru auðvitað fráleit gagnvart viðkvæmum hlutum eins og réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins.

[19:10]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlustaði á hina löngu og ítarlegu ræðu hv. 4 þm. Norðurl. e. Hann fór reikningslega yfir þetta dæmi og komst að sjálfsögðu að þeirri niðurstöðu að það væri ekki fjárhagslega neitt vit í þessu. En mér finnst bara eins og hann skilji ekki einkavæðingarplön hæstv. ríkisstjórnar. Einkavæðing ríkisstjórnarinnar er í stuttu máli byggð á því að nota aðstöðu sína í valdastólum til þess að afhenda sérstökum gæðingum eignir almennings fyrir brotabrot af verðmætum. Það er sem sagt verið að færa eignir almennings og tekjumöguleika til sérvaldra kaupenda. Þetta er það sem málið snýst um. Og að láta sér detta í hug að Akureyri hefði nokkurn tíma átt nokkurn séns á því að fá keypta Síldarverksmiðjur ríkisins er bara barnalegt. Akureyri er ekki dótturfyrirtæki kolkrabbans. Þar af leiðandi var hún úr spilinu.

[19:11]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil mótmæla því, hv. þm., að ég hafi eitthvað misskilið eða ekki áttað mig á undirliggjandi hugmyndafræði ríkisstjórnarinnar í sambandi við einkavæðingu. Ég held að ég hafi gert það þó ég hafi kannski ekki sett minn skilning á því fram með jafnskörpum hætti og hv. þm. Páll Pétursson gerði hér og að mörgu leyti hnyttilega. Eins og þetta birtist okkur er það alveg hárrétt. Eins og þetta birtist okkur í framkvæmd núna í nokkrum tilvikum er þetta auðvitað forkastanleg einkavinaafhending á almannaeigum og hún gengur ekki. Og ástæðan fyrir því að ég lagði m.a. í það vinnu og hef dregið saman upplýsingar um hvaða verð þyrfti að fá fyrir Lyfjaverslunina ætti að selja hana með einhverju viti er m.a. sú að reyna að fyrirbyggja að slík afhending á undirverði til einkavina geti átt sér stað fyrir opnum tjöldum svo að segja. Það gengur auðvitað ekki og þjóðin er búin að fá yfir sig nóg af þessu. Hún er hneyksluð og bullandi reið yfir því sem hefur verið að gerast í þessum efnum og það er auðvitað hlutverk okkar hér að bera þá tilfinningu hennar og þann málflutning inn á þingið.

[19:13]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nú að hv. 4. þm. Norðurl. e. hefði komist af með styttri ræðu. Auðvitað verður Lyfjaverslun ríkisins afhent eða þessi hlutabréf. Þetta frv. hefur skánað í efh.- og viðskn., skánað til muna, vegna þess að það þarf að bera söluna á seinni partinum af hlutabréfunum undir Alþingi enn á ný. Það verður sennilega gert með því að læða inn ákvæði í heimildagrein, 6. gr. fjárlaga, kannski um næstu jól. En auðvitað verður helmingurinn af þessu eða þau hlutabréf sem ríkisstjórnin fær þarna tækifæri til að selja, þau verða auðvitað afhent Pharmaco, Delta eða hvað það nú heitir. Síðan samþykkir meiri hlutinn hér í 6. gr. fjárlaga að taka seinni partinn, heimild til að selja þetta allt og þá er dæmið fullnustað.

Ef ég væri alþýðubandalagsmaður mundi ég ekki tala mikið um þormóð ramma, en ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu hér.

[19:14]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þar greinir okkur nú á, mig og hv. ræðumann, um það. Ég held að Alþb. (Gripið fram í.) Ég held að Alþb. geti verið prýðilega sátt við það sem það gerði í því efni og þá ekki síður framhaldið, því það er auðvitað glæsilegt hvernig það fyrirtæki hefur byggst upp (**PP:** . . . að Grandi skyldi eignast restina.) og skilað góðum árangri. Það er svo aftur ekki á okkar ábyrgð, alþýðubandalagsmanna, salan á þessum restum til Granda.

Um þessi mál að öðru leyti mætti svo sem margt segja. Ég held að niðurstaðan af þessum orðaskiptum sé einföld. Hún er sú — og það er rétt að hæstv. ríkisstjórn er auðvitað ekki treystandi til að fara með þessi mál. Þess vegna batnar málið við það að hún fær þó ekki heimild til að selja nema helminginn af fyrirtækinu. Það er alveg augljóst mál. Hitt er svo álitamál hvort það sé eftir sem áður nóg til þess að rétt sé að standa að því, m.a. vegna þess að einstakir hv. þingmenn stjórnarliða hafa haft tilhneigingu til að snúa þá út úr skilyrtum stuðningi okkar við málið með því að þar með værum við að skrifa eitthvað upp á þeirra einkavæðingu. Það er ekki svo. Og þess vegna hélt ég m.a. hér nokkra ræðu til að þvo það rækilega af mér að ég tæki einhverja ábyrgð á því hvernig þeir hafa hegðað sér í þessum málum.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 6., 11., 15., 17. og 18. mál.

Fundi slitið kl. 19:15.

---

125. FUNDUR

föstudaginn 8. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Húsaleigubætur, stjfrv., 557. mál, þskj. 869. — 1. umr.
2. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 545. mál, þskj. 856. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Tollalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 858. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 583. mál, þskj. 902. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, stjtill., 431. mál, þskj. 643, nál. 870. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, stjtill., 432. mál, þskj. 644, nál. 870. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, stjtill., 433. mál, þskj. 645, nál. 870. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
11. Eignarskattur af íbúðarhúsnæði, þáltill., 491. mál, þskj. 749. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
12. Hópuppsagnir, stjfrv., 555. mál, þskj. 866. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
13. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 554. mál, þskj. 865. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
14. Ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, stjfrv., 563. mál, þskj. 876. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
15. Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, þáltill., 41. mál, þskj. 44, nál. 838, brtt. 839. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
16. Slysavarnaráð, frv., 235. mál, þskj. 264, nál. 893, brtt. 894. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Héraðsskógar, stjfrv., 499. mál, þskj. 766, nál. 855. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
18. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 414, nál. 883, brtt. 884. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
19. Húsaleigulög, stjfrv., 144. mál, þskj. 160, nál. 835, brtt. 836. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
20. Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, stjtill., 529. mál, þskj. 828. — Fyrri umr.
21. Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hrafla í Evrópu, stjfrv., 530. mál, þskj. 829. — 1. umr.
22. Samningur um opna lofthelgi, stjtill., 541. mál, þskj. 849. — Fyrri umr.
23. Samningur um líffræðilega fjölbreytni, stjtill., 543. mál, þskj. 851. — Fyrri umr.
24. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841. — Fyrri umr.
25. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 538. mál, þskj. 842. — 1. umr.
26. Samningur um Svalbarða, stjtill., 542. mál, þskj. 850. — Fyrri umr.
27. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126, nál. 681, brtt. 682. — Frh. 2. umr.
28. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 429. mál, þskj. 641. — 1. umr.
29. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — 1. umr.
30. Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, stjfrv., 532. mál, þskj. 831. — 1. umr.
31. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 533. mál, þskj. 832. — 1. umr.
32. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 1. umr.

Fjarvistarleyfi:
Anna Ólafsdóttir Björnsson, 9. þm. Reykn.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, 10. þm. Reykv.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Húsaleigubætur, 1. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 869.

[10:33]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um húsaleigubætur. Frv. hefur verið unnið á vegum félmrn. í samráði við fjmrn. Það byggir m.a. á niðurstöðu nefndar sem ég skipaði í ágúst 1991 til að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda og skilaði niðurstöðum í febrúar 1993. Við undirbúning frv. hafa verið haldnir fundir með forustumönnum Sambands íslenskra sveitarfélaga og á þeirra vegum hafa verið gerðir útreikningar á framlögum sveitarfélaga til skjólstæðinga húsaleigustyrkja sveitarfélaga.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er kveðið á um aðgerðir til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda. Í tengslum við gerð kjarasamninga í apríl 1992 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu um að í samráði við ASÍ, BSRB og Kennarasamband Íslands verði gerðar tillögur um með hvaða hætti best megi koma til móts við þarfir leigjenda sem hafa lökust kjör. Nefnd sú sem ég skipaði í ágúst 1991 til að gera tillögur um aðstoð við tekjulága leigjendur komst að þeirri niðurstöðu að raunhæfast væri að fela sveitarfélögunum framkvæmd á greiðslu húsaleigubóta til leigjenda á almennum markaði ásamt þeirri aðstoð sem nú er á vegum félagsþjónustu sveitarfélaga frekar en að greiða bæturnar í gegnum skattkerfið.

Ástæðurnar eru margar. Fyrir það fyrsta hefur starfsfólk sveitarfélaganna góða þekkingu á húsnæðismálum í sveitarfélaginu vegna félagsþjónustu við íbúana. Mörg hundruð leiguíbúðir eru í eigu sveitarfélaganna auk þess sem þau útvega skjólstæðingum sínum íbúðir á almennum markaði. Á vegum félagsþjónustu sveitarfélagsins er fólki sem þarf að leigja veitt veruleg aðstoð en þó mismunandi eftir sveitarfélögum. Það er gert bæði með niðurgreiddri leigu og styrkjum til leigjenda á almennum markaði. Þá er starfsfólk sveitarfélagsins nær fólkinu en skattkerfið og því auðveldara fyrir fólk að nálgast bæturnar. Loks má mefna það sem er mjög mikilvægt í þessu sambandi en það er að útborgun húsaleigubótanna fellur að greiðslu leigjandans á leigunni. Sú útfærsla að greiða bæturnar í gegnum skattkerfið hefði það óhjákvæmilega í för með sér að þær yrðu greiddar löngu eftir leigugreiðsluna.

Eðlilegt er að í upphafi séu húsaleigubætur sameiginlegt verkefni ríkis og sveitarfélaga, a.m.k. á meðan verið er að finna húsaleigubótunum réttan farveg og umgjörð. Það fyrirkomulag að bæði ríki og sveitarfélög komi að þessu máli er vel þekkt á Norðurlöndunum og hefur gefist vel. Í Danmörku, svo dæmi sé tekið, er 40% kostnaðar fjármagnaður af ríkinu og 60% af sveitarfélögunum.

En hvaða áhrif munu húsaleigubætur hafa á leigufjárhæð? Það er spurning sem nauðsynlegt er að velta fyrir sér í þessu samhengi. Reynsla Norðurlandaþjóðanna sem veitt hafa húsaleigubætur í marga áratugi sýnir að ekki er ástæða til að hafa áhyggjur af því. Í skýrslu sem gerð hefur verið á vegum norrænu ráðherranefndarinnar og heitir Bostadsbidrag i Norden 1990 kemur fram að húsaleigubætur leiði hvorki til hækkunar á húsaleigu né húsnæðiskostnaði sem nokkru nemi. Mat á skilvirkni kerfisins t.d. í Danmörku sýnir að fjölskyldur sem höfðu undir 100 þús. danskar kr. á ári lækkuðu húsnæðisútgjöld sín að meðaltali um 26% vegna húsaleigubóta. Útfærslan sem hér er lögð til á húsaleigubótum virkar einnig sem hemill á að húsaleigbætur hækki húsaleigu. Þannig hefur hækkun leigu ekki í för með sér hærri húsaleigubætur nema innan mjög þröngra marka og getur í besta falli orðið 3.000 kr. á mánuði ef húsaleigan er hækkuð frá 20.000 í 45.000 kr. Leigjandinn mundi þannig tapa 22.000 kr. við slíka hækkun. Hagur leigjandans er því að halda leigunni niðri.

Ég held að óhætt sé að segja að hagur leigjenda hafi um margt vænkast á undanförnum árum. Fyrir Alþingi liggur nú frv. um ný húsaleigulög sem koma eiga í stað laga um húsaleigusamninga frá árinu 1979. Í því felast verulegar lagfæringar á samskiptareglum leigjenda og leigusala. Þegar lög um félagslegar íbúðir voru samþykkt á Alþingi 1990 var gerð sú breyting á markmiðsgrein laganna að leiguíbúðir voru gerðar jafnsettar eignaríbúðum og aukin áhersla lögð á að tryggja leiguíbúðir sem fullgildan valkost í húsnæðiskerfinu m.a. með því að lengja lánstíma þeirra í 50 ár. Með tilkomu kaupleiguíbúða og auknum möguleikum félagasamtaka til að eiga og reka leiguíbúðir hefur orðið veruleg aukning á félagslegum leiguíbúðum á undanförnum árum eftir mikla lægð í upphafi áratugarins. Á tímabilinu 1980–1986 voru veitt lán úr Byggingarsjóði verkamanna til byggingar nærri 70 félagslegra leiguíbúða. Á árunum 1987–1993 var fjöldi lána til leiguíbúða á vegum sveitarfélaga og félagasamtaka rúmlega 700 talsins. Aukið framboð félagslegra íbúða á án efa stóran þátt í því að jafnvægi hefur einkennt leigumarkaðinn undanfarin ár.

Í skýrslu nefndarinnar frá febrúar 1993 er einnig lagt til að dregið verði úr skattlagningu leigutekna af íbúðarhúsnæði til að auka framboð leiguhúsnæðis. Núgildandi reglur um skattlagningu leigutekna af íbúðarhúsnæði eru bæði flóknar og að mörgu leyti ósanngjarnar. Það hefur leitt til þess að leigusalar hafa í ríkum mæli komist hjá því að telja fram tekjur af leigu

húsnæðis. Leigjendur fá nú enga ívilnun í gegnum skattkerfið og því engan ávinning af því að telja fram greidda húsaleigu. Félmrn. hefur komið tillögum til fjmrn. um að reglum um skattlagningu leigutekna verði breytt og þær einfaldaðar. Líklegt má telja að breyttar skattareglur vegna tekna af leiguhúsnæði og skilyrði um framtal leigu vegna húsaleigubóta geti leitt til mun betri skattskila. Þess má geta að framtalin leigugjöld námu 780 millj. kr. árið 1992 en samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar á stærð leigumarkaðarins má gera ráð fyrir að um 4 milljarðar kr. hafi verið greiddir í leigu á því ári. Það segir að óuppgefnar húsaleigutekjur til skattyfirvalda á árinu 1992 hafi numið um 3,3 milljörðum kr.

Þegar borin er saman staða eigenda og leigjenda á húsnæðismarkaðnum má taka dæmi af tveim fjögurra manna fjölskyldum, hjónum með tvö börn, er hafa 1.200 þús. kr. í árstekjur. Önnur hjónin eiga íbúð að verðmæti 8 millj. kr. Á eigninni hvíla húsnæðisskuldir að fjárhæð 5,5 millj. kr. er bera 5% vexti. Þau hjón greiða í afborganir, vexti og verðbætur á ári 385 þús. kr. og um 60 þús. kr. í fasteignagjöld. Þá greiða þau liðlega 7 þús. kr. í eignarskatt. Í vaxtabætur fá þau 173 þús. kr. og barnabótaauki er 168 þús. kr. sem leiðir til þess að þau hjón hafa í ráðstöfunartekjur eftir greiðslu skatta og húsnæðiskostnaðar um 1,1 millj. kr. Hin hjónin í dæminu eru á leigumarkaði í dag og fá því ekki húsaleigubætur. Þau greiða 40 þús. kr. á mánuði í húsaleigu eða 480 þús. kr. á ári. Þau fá sömu fjárhæð og hin hjónin í barnabótaauka eða 168 þús. kr. Ráðstöfunartekjur þeirra eru því um 880 þús. kr. fyrir bætur eða 220 þús. kr. lægri ráðstöfunartekjur en fjölskylda með sömu heimilistekjur. Eftir að húsaleigubætur koma til skjalanna hækka ráðstöfunartekjur þeirra í 996 þús. kr. eða um 116 þús. kr.

Þjóðhagsstofnun hefur annast útreikninga á kostnaði við framkvæmd tillagna um húsaleigubætur og unnið að athugunum á mismunandi útfærslum og tillögum á útreikningi bóta. Auk þess hefur stofnunin unnið að greiningu á væntanlegum hópum bótaþega og áhrifum húsaleigubóta á tekjur þessara hópa. Þá hefur stofnunin og borið saman stöðu leigjenda og eigenda íbúðarhúsnæðis með og án tillits til húsaleigubóta. Það er mat Þjóðhagsstofnunar að þær tillögur sem hér hafa verið lagðar fram komi til með að kosta ríki og sveitarfélög samtals um 650 millj. kr. Fjöldi bótaþega er áætlaður um 5.500 er skiptist þannig að um 750 hjón fái bætur 1.400 einstæðir foreldrar og 3.300 einstaklingar. Áætlað er að um 22% hjóna á almennum leigumarkaði komi til með að fá bætur, 73% einstæðra foreldra og 58% einstaklinga. Þá hefur stofnunin metið áhrif húsaleigubóta á tekjur þessara hópa. Talið er að bætur komi til með að hækka tekjur hjóna og einhleypra að meðaltali um 10% og einstæðra foreldra um 17%.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur metið beina húsaleigustyrki sveitarfélaga á árinu 1993 um 243 millj. kr., þ.e. til þeirra sem leigja á almennum markaði. Við kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga hefur þessi niðurstaða verið lögð til grundvallar. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður leggi til 400 millj. kr. á árinu 1995.

Eins og fram hefur komið hefur Þjóðhagsstofnun áætlað kostnað þessara aðila um 650 millj. kr. Ljóst er að mjög erfitt er að meta þennan kostnað nákvæmlega. Vegna þess að hér er um algjöra nýjung að ræða og óvissuþættir því nokkrir þótti ekki ráðlegt að hafa úthlutunarreglur víðtækari en hér er lagt til. Þess í stað var ákveðið að endurskoða ákvæði laganna, verði frv. að lögum, innan tveggja ára frá gildistöku og meta þá framhaldið í ljósi reynslunnar og á grundvelli nákvæmari tölulegra upplýsinga.

Frv. þetta hefur ekki að geyma ákvæði um fjárhæðir húsaleigubóta. Frv. kveður hins vegar á um það að ákvæði þess efnis verði sett í reglugerð. Drög að þeirri reglugerð fylgja frv. þessu. Þar eru tilgreindar eftirfarandi fjárhæðir bóta: Grunnfjárhæð 7.000 kr. greiðist fyrir hverja íbúð mánaðarlega og er hún sú sama fyrir einstaklinga, einstæða foreldra og hjón. Síðan bætast við ákvæði um fjárhæð vegna barna, 4.500 kr. fyrir fyrsta barn, 3.500 kr. fyrir annað og 3.000 kr. fyrir þriðja barn. Fjöldi barna er því meira afgerandi en fjölskyldugerðin. Til viðbótar bætast síðan 12% þess hluta leigufjárhæðar er liggur á milli 20.000 og 40.000 kr. Fjárhæð leigugjalds hefur því ekki bein áhrif á fjárhæð húsaleigubóta.

Þá er gert ráð fyrir að húsaleigubætur skerðist óháð fjölskyldustærð í hverjum mánuði um 2% af árstekjum umfram 1,5 millj. kr. Húsaleigubætur geta þó aldrei orðið hærri en sem nemur 50% af leigufjárhæð, að hámarki 21.000 kr. á mánuði. Lagt er til að húsaleigubætur verði eignatengdar með þeim hætti að ef þeir sem í íbúðinni búa eiga eignir umfram 3 millj. kr. þá skuli 25% þeirrar fjárhæðar sem umfram er bætast við þær tekjur sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæð bóta. Þá er lagt til að húsaleigubætur teljist til tekna í merkingu skattalaga eins og verið hefur með húsnæðisstyrki sveitarfélaga að öðru leyti en því að tryggingabætur og húsaleigubætur fyrra árs teljast ekki til tekna.

Húsaleigubótum er ekki ætlað að skerða bætur bótaþega frá Tryggingastofnun ríkisins. Gert er ráð fyrir því að lögum um almannatryggingar verði breytt til samræmis við það markmið. Upphaflega var áætlað að kostnaður ríkissjóðs vegna húsaleigubóta yrði 300 millj. kr. en í því mati var ekki gert ráð fyrir skattlagningu húsaleigubóta. Niðurstaðan varð hins vegar sú að húsaleigubætur skyldu verða skattskyldar og var því framlag ríkissjóðs hækkað um 100 millj. kr. af þeim sökum. Til að mæta skattlagningu húsaleigubóta hafa fjárhæðir bóta því verið ákveðnar nokkuð hærri en tillaga nefndar um húsaleigubætur gerði ráð fyrir. Þannig var grunnur húsaleigubóta hækkaður úr 5.000 í 7.000 kr. og hámarksbætur hækkaðar úr 15.000 í 21.000 kr. Einnig hafa fjárhæðir bóta vegna barna verið hækkaðar verulega vegna skattlagningar.

Frv. þetta felur ekki í sér almennan rétt leigjenda til húsaleigubóta. Kemur þar tvennt til. Í fyrsta lagi er það forsenda fyrir rétti leigjenda til húsaleigubóta að fyrir liggi ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um greiðslu

húsaleigubóta á grundvelli þessa frv. Í öðru lagi koma til ýmsar almennar undanþágur frá rétti sem byggðar eru á tilliti til tekna, eigna, leigufjárhæðar, skyldleika ásamt almennum formskilyrðum.

Við undirbúning þessa frv. hefur verið unnið markvisst að því að útbúa reglur um ákvörðun húsaleigubóta með það fyrir augum að það fjármagn sem til ráðstöfunar er nýtist sem best þeim sem mesta þörf hafa fyrir aðstoð, þ.e. tekjulægstu leigjendunum. Samkvæmt tillögu Sambands íslenskra sveitarfélaga var valin sú leið að binda rétt íbúa sveitarfélaga til húsaleigubóta við ákvörðun viðkomandi sveitarfélaga um þátttöku.

Í frv. er lögð á það rík áhersla að réttur íbúa sveitarfélaga til húsaleigubóta verði skýr. Sveitarstjórnum er ætlað að taka ákvörðun tímanlega um það hvort þau veiti íbúum sínum rétt til húsaleigubóta. Þá ákvörðun er þeim gert að tilkynna bæði almennt og til félmrn. Sú tillaga að kostnaðarskiptingu sem hér er lögð til er byggð á því að ríkið greiði 60% kostnaðar og sveitarfélög 40%. Er þá miðað við að sameiginleg fjárhæð ríkis og sveitarfélaga til húsaleigubóta nemi ekki hærri fjárhæð en 650 millj. kr. Jöfnunarsjóður sveitarfélaga mun annast greiðslur frá ríki til sveitarfélaga. Telji ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga ljóst að kostnaður vegna bóta verði meiri en áætlað hefur verið skal nefndin gera félmrh. grein fyrir því og gera tillögur að breytingu á gildandi reglugerð er kveður á um fjárhæðir og útreikning húsaleigubóta.

Þá er lagt til að húsaleigbætur taki eingöngu til íbúðarhúsnæðis en leiga á einstökum herbergjum er undanskilin. Höfð var hliðsjón af norrænni löggjöf í þessu sambandi. Þá er lögheimili í leiguíbúðinni gert að skilyrði.

Frumvarpinu er ekki ætlað að ná til þeirra sem leigja af skyldmennum sem búa í sama húsi og íbúð leigusala. Er þessi regla byggð á sömu sjónarmiðum og lögð er til grundvallar í sænsku lögunum um húsaleigubætur. Skyldleikatengsl þau er frv. tekur til eru þau sömu og lög um húsaleigusamninga kveða á um að njóta skuli sérstaks forgangsréttar til leiguhúsnæðis. Ætlunin er að skoða áhrif þessa ákvæðis sérstaklega að loknum reynslutíma laganna verði frv. þetta að lögum.

Húsaleigubótum er ætlað að taka til varanlegra leigusambanda en ekki skammtímaleigu. Því þykir rétt og óhjákvæmilegt að undanskilja leigusamninga sem gerðir eru til skemmri tíma en sex mánaða. Þess skal sérstaklega getið að frv. til húsaleigulaga sem nú er í meðförum Alþingis miðar við að uppsagnarfrestur ótímabundinna leigusamninga verði minnst sex mánuðir og eru ákvæði frv. þar að lútandi tengd þeim sjónarmiðum.

Þá er það og gert að skilyrði fyrir greiðslu bóta að leigusamningi hafi verið þinglýst. Þessum skilyrðum er ætlað að stuðla að því að vandað verði til samninga, stuðlað að meiri festu en nú tíðkast og girða fyrir málamyndagerninga.

Réttur til vaxtabóta kemur í veg fyrir rétt til húsaleigubóta en um það er ákvæði í þessu frv.

Frv. gerir ráð fyrir að sveitarfélög annist alla framkvæmd á afgreiðslu húsaleigubóta. Í frv. er lagt til að húsaleigubætur taki jafnt til leigjenda á almennum markaði og þeirra er nú njóta húsnæðisaðstoðar félagsþjónustu sveitarfélaga í formi framfærslustyrkja til þess að greiða niður húsaleigu á almennum markaði auk þeirra sem leigja af félagasamtökum. Þeim sem leigja af ríkissjóði og sveitarfélögum er hins vegar ekki ætlað að njóta bótaréttar. Kemur það til vegna þess að í þeim tilfellum er húsaleiga verulega niðurgreidd að almennum kaupleiguíbúðum undanskildum, enda er sérstaklega kveðið á um rétt íbúa þeirra íbúða til húsaleigubóta.

Frv. fylgja ítarlegar athugasemdir við einstakar greinar þess. Tel ég þess vegna ekki ástæðu til að fara yfir öll atriðin hér en mun þó hyggja að því helsta.

Ákvæði 1. gr. greinir frá markmiðum frv. sem eru tvíþætt. Annars vegar er frv. ætlað að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og hins vegar að draga úr þeim aðstöðumun sem í dag ríkir á húsnæðismarkaðnum með tilliti til þess hvort um er að ræða eigendur eða leigjendur íbúðarhúsnæðis.

Eins og af greininni má ráða er frumvarpinu ekki ætlað að vera almennt og taka til allra leigjenda. Markmiðið er að ná til tekjulægsta fólksins á almenna leigumarkaðnum.

2. gr. felur í sér þá reglu að réttur leigjenda til bóta er bundinn ákvörðun viðkomandi sveitarfélags um þátttöku. Sveitarfélögunum er ekki gert skylt að greiða bætur. Var þessi leið farin að ósk Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lögð er á það rík áhersla að réttur íbúa sveitarfélaga til húsaleigubóta sé skýr. Sveitarstjórnum er ætlað að taka ákvörðun tímanlega um þátttöku og þá ákvörðun er sveitarfélögunum gert að tilkynna rækilega, bæði til íbúa sinna og til félmrn.

Í 6. gr. er að finna leiðbeiningarreglur um þá grundvallarþætti sem reglugerð um útreikningsaðferð húsaleigubóta skuli byggð á. Lagt er til að bætur skuli ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og síðan fyrir hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

Í 7. gr. eru talin upp ýmis tilvik sem koma í veg fyrir bótarétt þrátt fyrir að öðrum skilyrðum sé fullnægt, svo sem ákvæðum 2. og 5. gr. frv. Undanþágur þessar eru reistar á þeim sjónarmiðum að sú fjárhæð sem kemur til skipta á ári hverju nýtist sem best hverjum þeim sem mesta þörf hafa á aðstoð hverju sinni.

Í 1. tölul. 7. gr. er gerð grein fyrir þeim skyldleikatengslum er koma í veg fyrir bótarétt ef leigusali býr í sama húsi og leigutaki. Var hér höfð hliðsjón af þeim reglum er sænsku lögin um húsaleigubætur byggja á. Meginsjónarmiðin á bak við þessa undanþágu eru þau að vegna skyldleika greiða margir leigjendur mjög lága eða jafnvel enga húsaleigu. Talið var að þeir aðilar sem njóta þess að leigja af skyldmenni hafi ekki eins mikla þörf fyrir aðstoð og þeir sem leigja af óskyldum aðilum. Þá er og talið að ef þessum aðilum yrði veittur réttur til bóta gæti það leitt til mikils fjölda málamyndagerninga. Rétt þótti að binda undanþágu frá

rétti til húsaleigubóta þegar skyldmenni eiga í hlut við íbúðir í sama húsi og bústaður leigasala. Skyldleikatengsl þau er frv. tekur til eru þau sömu og lög um húsaleigusamninga kveða á um.

2. tölul. 7. gr. kveður á um áhrif eigna á bótarétt. Ef einhver þeirra er í íbúðinni býr nýtur réttar til vaxtabóta á hvorki hann né aðrir leigjendur íbúðarinnar rétt til húsaleigubóta óháð því hvort rétthafinn sækir um þær eða ekki. Þeir sem njóta vaxtabóta geta því ekki valið um það hvort þeir sækja um húsaleigu- eða vaxtabætur eftir því hvor kosturinn er hagstæðari.

9. gr. skilgreinir hugtakið leigufjárhæð. Gert er ráð fyrir að sú fjárhæð sem lögð verður til grundvallar útreiknings bóta verði hin eiginlega greiðsla fyrir afnot hins leigða.

Í 2. mgr. 9. gr. er kveðið á um það hvernig með skuli fara ef uppgefin leigufjárhæð er verulega hærri en það sem eðlilegt getur talist. Með þessu ákvæði er sveitarfélagi veitt ákveðið svigrúm til að meta þessa þætti.

Í 3. mgr. 9. gr. er að finna ákvæði þess efnis að leigufjárhæð félagslegra íbúða skuli aldrei vera hærri en viðmið Húsnæðisstofnunar ríkisins um leigu félagslegra íbúða.

Í 10. gr. er fjallað um tekjuhugtakið. Lagðar eru til grundvallar samanlagðar heildartekjur allra þeirra er lögheimili eiga í viðkomandi leiguíbúð, þar á meðal tekjur barna frá 20 ára aldri nema barnið stundi skólanám í a.m.k. sex mánuði á ári. Tekjur í merkingu laga um tekju- og eignarskatt eru lagðar til grundvallar, þ.e. skattskyldar tekjur að frátöldum tryggingabótum og húsaleigubótum fyrra árs. Til tekna teljast því ekki bætur sem greiðast frá skattkerfinu svo sem barnabætur, meðlög og barnabótaauki.

13. gr. kveður á um áhrif ófullnægjandi umsóknar. Umsækjanda sem skilar inn slíkri umsókn skal gerð grein fyrir því eins fljótt og verða má. Stefnt er að því að kveðið verði á um nánari framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð.

Í 14. gr. er að finna ákvæði um greiðslu húsaleigubóta af hálfu sveitarfélags. Gert er ráð fyrir því sem meginreglu að bætur greiðist umsækjanda, leigjanda en ekki leigusala. Þó getur leigjandi farið fram á það að greiðsla berist leigusala beint.

Í 15. gr. er kveðið á um þá upplýsingaskyldu er hvílir á leigjanda.

Í 16. gr. er gerð grein fyrir þeim tilvikum sem leitt geta til brottfalls bótaréttar.

17. gr. fjallar um það hvernig með skuli farið ef umsækjandi telur á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar við framkvæmd laganna og getur hann þá skotið ákvörðun til sérstaks óháðs úrskurðaraðila úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Mikilvægt er að starfsmenn félagsmálanefnda upplýsi aðila upp rétt til málskots. Um málskot fer samkvæmt ákvæðum laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Í 20. gr. er það sérstaklega tekið fram að ákvæði laganna, verði frv. að lögum, breyti í engu þeim skyldum er á sveitarfélögum hvíla varðandi húsnæðismál íbúa sinna samkvæmt ákvæðum annarra laga.

Þá er í 23. gr. kveðið á um gildistökuákvæði frv., 1. janúar 1995. Rétt þykir að veita visst ráðrúm fram að gildistöku væntanlegra laga svo góður tími gefist til kynningar og undirbúnings þeirra aðila sem lögin varða.

Virðulegi forseti. Aðstæðum leigjenda á húsnæðismarkaðnum hefur oftast nær ekki verið gefinn nægjanlegur gaumur hér á landi. Leigjendur er sá hópur í þjóðfélaginu sem er að jafnaði tekjulægstur og eignalítill. Húsaleigubætur eru aðstoð sem ætluð er einstaklingum og fjölskyldum sem eru með lágar tekjur. Húsaleigubætur í einhverju formi hafa lengi tíðkast í flestum löndum Vestur-Evrópu og Norður-Ameríku. Alls staðar á Norðurlöndunum nema á Íslandi hafa þær verið áratugum saman og reynst vel. Greiðslu húsaleigubóta fylgja sterk sanngirnisrök. Húsaleigubætur til leigjenda eru bæði nauðsynlegar og sanngjarnar, m.a. með hliðsjón af því að íbúðareigendur eru aðnjótandi víðtækrar niðurgreiðslu í gegnum skattkerfið með greiðslu vaxtabóta.

Virðulegi forseti. Ég vil leyfa mér að vænta þess að mál þetta hljóti víðtækan stuðning hér á Alþingi og verði afgreitt fyrir þinglok. Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[10:55]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hér er mælt fyrir máli sem liggur á að afgreiða eins og kom fram í máli hæstv. félmrh. og það hefur staðið til lengi að afgreiða þetta mál. Það þarf ekki að hafa mörg orð um það að fólk sem býr við það að vera á leigumarkaði með lægstu laun, það fólk sér ekki fyrir sér. Því er eiginlega fyrsta spurningin sú: Af hverju er þetta mál ekki fyrr á ferðinni? Af hverju er fyrst núna, þegar 12–14 dagar eru eftir af þinghaldinu, mælt fyrir þessu máli? Í athugasemdum við lagafrv. stendur, með leyfi forseta: „Frv. þetta hefur verið unnið á vegum félmrn. og byggir m.a. á niðurstöðum nefndar sem félmrh. Jóhanna Sigurðardóttir skipaði í ágúst 1991 til að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda og skilaði niðurstöðu í febrúar 1993.“ Nefnd sem fjallaði um þetta mál skilaði niðurstöðu fyrir rúmu ári síðan. Málið er því svolítið seint fram komið þó ekki sé meira sagt og spurningin er: Er stíflan svo mikil í ríkisstjórninni varðandi þetta mál? Og svo á gildistakan að vera 1. jan. 1995 þannig að það er langt í það að þessi lög öðlast gildi miðað við hvað þetta frv. er áríðandi.

Eins og kemur fram í frv. getur einstaklingur fengið allt að 21.000 kr. í húsaleigubætur og ekki er ætlast til að húsnæðið kosti meira en 45.000 kr. Mér finnst þessar upphæðir ekki óeðlilegar og hef ekkert við þær að athuga en mig langaði að spyrja um nokkur atriði í sambandi við frv. Það kemur strax fram í 2. gr. hvernig kostnaðarskipting á að vera, ríkið greiðir 60% og sveitarfélagið 40%, þau skipta þessu þannig á milli sín. Sveitarfélagið sér um greiðsluna og síðan kemur endurgreiðsla frá ríki. En ef sveitarfélag hefur ekki tekið ákvörðun fyrr en 1. okt. hvers árs um það að

greiða þessar húsaleigubætur, eftir því sem mér skilst, þá fá einstaklingar í sveitarfélaginu ekki húsaleigubætur. Þá er ríkið sem sagt stikkfrí. Segjum svo að sveitarfélag sé fjárhagslega mjög illa statt, sem því miður er til í dæminu, og treysti sér ekki til að greiða þessar húsaleigubætur, þá fá einstaklingar í sveitarfélaginu ekki þessar bætur. Ef þetta er rétt skilið hjá mér þá tel ég þetta vera atriði sem verður að skoða betur.

Það er annað sem mig langar að spyrja hæstv. ráðherra um, það er varðandi 7. gr. Það eru atriði sem girða fyrir rétt til húsaleigubóta. Ég hef ekkert að athuga við þrjú fyrstu efnisatriðin, ég tel þau ekki óeðlileg, en í sambandi við fjórða efnisatriðið í 7. gr., að ef leigusamningur er til skemmri tíma en sex mánaða, þá fær einstaklingur ekki húsaleigubætur. Nú er það þannig að sums staðar þar sem þröngt er á húsaleigumarkaðinum, mikil eftirspurn eftir húsnæði, þá fá leigjendur ekki bindandi samning svo lengi þannig að þeir einstaklingar sem lenda í því og eru mjög tekjulágir fá sem sagt ekki húsaleigubætur. Þetta er annað atriði sem mér finnst þurfa að skoða.

En eins og ég sagði í upphafi þá tel ég þetta ekki flókið mál út af fyrir sig og ég tel að hv. félmn. eigi að geta ráðið við þetta á þessum 12 dögum sem eftir lifa af þingi. Ég tel þetta miklu einfaldara mál en t.d. þau mál sem við vorum að ræða í gær sem félmn. þarf líka að glíma við, varðandi reynslusveitarfélög. Þannig að ég tel ekki neina annmarka á því að við getum afgreitt þetta. Það er kannski spurning hvort það þurfi að flækja málin eins og í þessu að það þurfi að þinglýsa leigusamningum og vildi ég að hæstv. félmrh. útskýrði aðeins nánar hvers vegna það er nauðsynlegt. Ég tel ágætisákvæði í restinni á þessu að það eigi að endurskoða lögin, ef þetta frv. verður að lögum, eftir tvö ár í ljósi reynslunnar. Það tel ég gott og ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni enda fæ ég það verkefni í félmn. að kafa betur ofan í þetta mál.

[11:01]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það vekur athygli mína í ljósi forsögu málsins og yfirlýsinga stjórnarliðsins um það hversu mikilvægt þetta mál er hversu fáir þeirra sjá ástæðu til að vera viðstaddir þessa umræðu og er ég satt að segja dálítið undrandi á því að ekki skuli vera meiri kraftur í stjórnarliðinu til að fylgja þessu stóra máli sínu meira eftir en raun ber vitni. (**SJS:** Sjálfstfl. hefur ekki mikinn áhuga á því.) Það er ekki mikið af þingmönnum Sjálfstfl., það er rétt, það er vakin athygli á því. (Gripið fram í.) (**SJS:** Og einn að lesa blöðin, það er rétt.) (**IP:** Þeir eru nú svo fáir.) (Forseti hringir.) (**SJS:** Hlutfallslega fáir.) Hlutfallslega fáir, já.

Virðulegi forseti. Ef við víkjum að efnisatriðum frv. þá vil ég láta það koma strax fram af minni hálfu að ég tel að það þurfi að athuga ýmsa þætti þess nokkuð ítarlega í nefndarstarfi. Það er hins vegar enginn ágreiningur um það markmið að lækka framfærslukostnað heimila, sérstaklega þeirra heimila sem eru tekjulág. Um það hefur ekki verið deilt heldur meira um leiðirnar sem fara á til að ná því fram. Ég sé strax í þessu frv. að það eru mótsagnir í viðleitni ríkisstjórnarinnar til að ná fram þessu markmiði hvað varðar þá leið sem lögð er til í frv. um húsaleigubætur borið saman við aðra leið sem er í gangi um vaxtabætur. Í þessu frv. er í raun greinargerð sem hafnar vaxtabótaleiðinni, að nota ríkissjóð sem millifærslukerfi til þess að færa peninga milli aðila í þjóðfélaginu eftir upplýsingum úr skattframtölum. Það kemur fram á bls. 11 í greinargerðinni svo dæmi sé tekið, með leyfi forseta: „Það fyrirkomulag sem nú er, einhæf aðstoð til íbúðarkaupenda í formi vaxtabóta, getur virkað sem hvati til ótímabærrar fjárfestingar."

Í þessari greinargerð sem ég vitna hér til og reyndar annars staðar í þessum texta kemur með öðrum orðum skýrt fram að höfundar frv. og þeir sem að því standa líta svo á að sú aðferð að færa til peninga í þjóðfélaginu sem notuð er með vaxtabótaleiðinni sé ekki nógu góð og velja þess vegna aðra leið sem er dregin upp í þessu frv. um húsaleigubætur. Þarna er um að ræða tvær ólíkar leiðir við að færa peninga til á milli þjóðfélagsþegna eftir efnum og ástæðum og þær eru mjög ólíkar.

Ég verð að segja að ég held að menn þurfi að íhuga rökin í þessu frv. gegn vaxtabótaleiðinni alvarlega áður en menn afgreiða þetta mál því að afgreiðsla þess felur í sér að menn hljóta að ætla sér að breyta því kerfi í kjölfarið ef þetta frv. verður samþykkt. Því að ekki gengur upp að vera með tvö ólík endurgreiðslukerfi eða tekjujöfnunarmillifærslukerfi í skattalögum. Það gengur ekki upp. Menn verða að hafa eina almenna stefnu í þessum efnum en ekki tvær ólíkar sem ganga hvor í sína áttina.

Reynsla mín gegnum árin af beinu endurgreiðslukerfi ríkissjóðs er þannig að því miður eru meiri líkur á misnotkun í slíku kerfi heldur en í öðru kerfi sem tengt er endurgreiðslu í gegnum skattkerfið. Það er því miður reynsla sem ég held að menn geti ekki mótmælt. Ég hefði að sumu leyti hallast meira að því að skoða frekar það sem áður var við lýði um nokkurra ára skeið, að leigutekjur yrðu endurgreiddar í gegnum álagningu skatta, rétt eins og menn eru að endurgreiða ákveðinn húsnæðiskostnað, þ.e. hluta af vaxtakostnaði í gegnum skattkerfið með svokölluðu vaxtabótakerfi. Ég hygg að það sé ástæða til þess að a.m.k. íhuga þetta vandlega. Mín niðurstaða af reynslunni er sú að ég tel meiri líkur á misnotkun á þessu í gegnum beint endurgreiðslukerfi eins og húsaleigubætur sem hér er lagt til fremur en hitt kerfið sem er vaxtabótakerfið. Þetta þurfa menn bara einfaldlega að skoða. Það er hægt að leggja mat á þetta og fá tölulegar upplýsingar um þetta frá fjmrn. og ég tel að menn ættu að setjast yfir það verkefni.

Þá finnst mér hlutur sveitarfélaga í þessu máli vera nokkuð óljós. Það hefur verið dregið fram að þau leggi af mörkum nú þegar, það er lagt mat á það hvað þau leggja af mörkum nú þegar, til niðurgreiðslu á húsnæði fyrir einstaka íbúa í sínum sveitarfélögum og komist að þeirri niðurstöðu að það séu um 250 millj. kr.

Mér sýnist á uppsetningu þessa frv. að sú upphæð sé tekin að viðbættu framlagi ríkisins sem er 400 millj.

og frv. sé ætlað að setja reglur um ráðstöfun á 650 millj. kr. Ég fæ ekki betur séð en þetta þýði aukin útgjöld fyrir sveitarfélög því þau munu auðvitað ekki þrátt fyrir þetta frv. losna við útgjöld sem hafa borið fram til þessa nema þá að nokkru leyti. Alls ekki að fullu og ég hygg að að mestu leyti muni húsnæðiskostnaður sem sveitarfélög bera nú þegar vera áfram á þeim. Ég tel rétt að menn geri sér ljóst að frv. er að íþyngja sveitarfélögum. Menn geta haft þá skoðun að það kunni að vera rétt. Ég er ekki að segja að það sé rangt að sveitarfélagið leggi meira fram í þessu skyni en það er grundvallarstefna t.d. hjá Sambandi ísl. sveitarfélaga að sveitarfélög taki ekki á sig nýjar kvaðir nema tekjustofnar fylgi á móti til að mæta þeim útgjöldum sem fylgja kvöðunum. Ég sé ekki betur en að með þessu frv. sé verið að auka útgjöld sveitarfélaga um kannski allt að 200 millj. kr. á ári án þess að tekjustofnar komi á móti. Það er rétt að menn séu meðvitaðir um það og að það gengur gegn stefnu sveitarfélaga sem telja það grundvallaratriði að taka ekki við nýjum verkefnum nema þau hafi tekjur á móti þeim til þess að geta uppfyllt þau verkefni.

Þá vil ég víkja að fáeinum atriðum sem ég vil vekja athygli á og tel að menn þurfi að íhuga einnig. Það er í fyrsta lagi um formið. Hér er ekki um að ræða skilyrðislaust réttindafrumvarp. Það er háð ákvörðun sveitarstjórna á hverjum stað hvort íbúar þess eigi rétt á þessum greiðslum eða peningum. Sveitarstjórnin þarf ekki að hafa nein rök fyrir sinni ákvörðun hvort sem það er með eða á móti því að veita þennan rétt. Þannig getur sveitarfélag samkvæmt þessum texta ákveðið að húsaleigubætur verði ekki við lýði og þarf ekkert sérstaklega að rökstyðja það. Þarna er því ekki um að ræða réttindamál sem er lögfest og gildir fyrir alla þegna landsins óháð búsetu. Hér er um að ræða verulega breytingu að mínu mati á því hvernig menn nálgast hluti af þessu tagi.

Þá er gengið inn á ákvörðunarrétt sveitarstjórna. Og það er gegn yfirlýstri stefnu félmrh. sem hvað eftir annað segir að það sé stefna hennar, ráðuneytisins og ríkisstjórnarinnar að auka sjálfstæði sveitarfélaga. Þetta frv. dregur úr því þar sem það felur undirnefnd sveitarstjórnar að taka ákvörðun um útfærslu máls sem á að vera í höndum sveitarstjórnarinnar sjálfrar. Þar vil ég nefna ákvæði í 2. gr. frv. og í 11. gr., þar sem segir t.d. í 2. mgr. 11. gr., með leyfi forseta:

„Félagsmálanefnd viðkomandi sveitarfélags ákvarðar um bótarétt.“ Þarna er verið að taka valdið úr höndum sveitarstjórnarinnar og færa það undirnefnd sveitarstjórnarinnar. Það er verið að ganga inn á valdsvið sveitarstjórnar sem er gegn ákvæðum sveitarstjórnarlaga, sem er gegn stefnu ríkisstjórnarinnar og sem er gegn 11. gr. laga um hlutverk félagsmálanefnda í lögum um félagsaðstoð sveitarfélaga. Menn verða að hafa samræmi í þessum hlutum í lagasetningu milli laga. Það verður líka að vera samræmi í lagasetningu við stefnu ríkisstjórnarinnar fyrst ríkisstjórnin á annað borð er að fást við það að koma þeirri stefnu sinni í lagabúning. Ég tel að þetta ákvæði þurfi að lagfæra.

Þá geri ég athugasemdir við rökstuðninginn um að sveitarfélögin eigi að hafa þetta verkefni með höndum umfram ríkisvaldið eins og er almennt í lagatextum um réttindamál af þessu tagi. Það segir á bls. 7 í greinargerðinni að það sé starfsfólk sveitarfélaganna sem hafi góða þekkingu á húsnæðismarkaðnum og þess vegna eigi það að hafa málið með höndum. Af hverju á þá ekki þetta sama starfsfólk að sjá um útborgun vaxtabóta og ákvörðun þeirra? Það eru sömu rökin. Menn verða að gæta að því að hafa rökstuðninginn fyrir málinu þannig að hann skjóti ekki annað mál út af borðinu.

Þá bendi ég á að ósamræmi er í lagatextanum í 4. gr. frv. og í greinargerð á bls. 13 um meginatriði frv. en í 4. gr. segir að þegar fyrirsjáanlegt sé að endurgreiðsla ríkisins verði hærri fjárhæð en fjárlög kveða á um þá eigi að gera um það tillögu til félmrh. að ákvæði reglugerðar um fjárhæð húsaleigubóta verði endurskoðuð. Og þá væntanlega með það í huga að þær verði lækkaðar. Hins vegar segir í greinargerðinni á bls. 13 að það eigi að endurskoða ekki bara fjárhæðina heldur líka útreikning húsaleigubótanna. Það þarf að vera ljóst hvort á að vera, hvort á að gilda í þessum efnum.

Þá er galli á þessu frv. sem kemur fram í 5. gr. að námsmenn eru útilokaðir frá húsaleigubótum ef þeir stunda nám annars staðar en þar sem þeir eiga lögheimili. Ég veit ekki hvers landsbyggðarmenn eiga að gjalda í þessu máli. Mér er auðvitað ljóst að félmrh. er þingmaður Reykvíkinga en ég hef nú talið að ráðherra ætti að gæta þess að vera ráðherra landsins alls. Það er óþolandi að ganga frá lagasetningu sem mismunar fólki eftir búsetu eins og þarna er augljóslega gert auk þess sem ég er ekki sammála því að ef menn á annað borð ætla sér að taka upp bótakerfi af þessu tagi þá eigi að útiloka námsmenn frá þeim bótum. Námsmenn eru líka fólk og þeir eru líka með fjölskyldur og þeir búa í íbúðum alveg eins og aðrar fjölskyldur. Ég sé ekki af hverju þeir eiga að vera undanþegnir rétti til bóta fremur en aðrir, aðrar fjölskyldur, ef þeir að stunda nám hér á landi annars staðar en í sinni heimabyggð.

Þá er eitt atriði enn sem ég hef skrifað niður hjá mér sem mér finnst rétt að sé athugað. Með þessu frv. er gert ráð fyrir því að menn geti fengið húsaleigubætur í íbúðum, t.d. í almennum kaupleiguíbúðum eða öðrum leiguíbúðum sem félagasamtök eða einhverjir byggingaraðilar byggja og leigja út. Þetta þýðir hvað varðar t.d. almennu kaupleiguíbúðirnar að fyrir sveitarfélögin bætist þarna hugsanlega við útgjaldaliður til viðbótar því sem áður er ákveðið í lögum. Í dag er það þannig að þegar byggðar eru almennar kaupleiguíbúðir, jafnvel þó að það sé ekki sveitarfélagið sjálft sem byggir heldur einhver svokallaður framkvæmdaraðili, þá ber sveitarfélaginu að greiða 3,5% af byggingarkostnaði, þannig að það greiðir niður byggingarkostnaðinn og þar með greiðir það niður leigugjaldið. Með því hugarfari að leigugjaldið eigi að duga fyrir rekstrarkostnaði íbúðarinnar þá er sá kostnaður lægri þegar sveitarfélagið hefur greitt niður sinn hluta af stofnkostnaði.

En til viðbótar þessu sýnist mér að nú sé gert ráð fyrir því í þessum íbúðum að um geti verið að ræða að sveitarfélög þurfi þar að auki að greiða hluta af leigugjaldinu. Það þarf ekki að skoða mjög lengi tölur um byggingarkostnað og lánskjör og annað slíkt í almennum kaupleiguíbúðum til að átta sig á því að útleiga á þeim er það há að hún fellur ríflega undir ákvæði þessa frv. Við getum þar að auki verið með annan íbúðalánaflokk sem eru félagslegar kaupleiguíbúðir þar sem lánin eru til mjög langs tíma með 1% vöxtum, þ.e. niðurgreiddir vextir af ríkisvaldinu. Maður spyr sig: Eigum við að bæta því við að auk þess sem ríkið greiðir niður vextina og þar af leiðandi húsaleigukostnaðinn, þá eigi ríkið svo að greiða niður húsaleiguna sjálfa og sveitarfélögin? Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að um það gæti orðið að ræða. Ég nefni sem dæmi t.d. Búsetaíbúðir sem eru á þessum kjörum, með 1% vöxtum, eru með niðurgreiddu fé í raun frá ríkissjóði. Ætla menn að bæta við þessa niðurgreiðslu? Á hún að koma þá úr tveimur eða jafnvel þremur áttum ef sveitarsjóðirnir leggja til hluta af niðurgreiðslunni líka? Er þá ekki betra að hugsa málið betur og finna einn farveg fyrir styrkveitinguna heldur en að taka hana í svona mörgum bútum? Ég óttast að það verði ekki nægilega markviss ráðstöfun á peningunum með þessum hætti.

Þá sýnist mér það vera töluvert snúið að fella niður rétt til húsaleigubóta, þ.e. fylgjast nægilega með hvenær sá réttur fellur niður eins og hann er ákvarðaður í 16. gr. Ég held að sveitarfélög eigi eftir að verða í verulegum vandræðum með að hafa nægjanlega gott eftirlit með því að menn séu ekki að ná peningum út úr ríkinu og sveitarfélaginu að ástæðulausu.

Þá þykja mér ákvæðin um að það þurfi að þinglýsa leigusamningi óþörf. Í raun og veru eru þau ákvæði ekkert annað en auglýsing fyrir það sjónarmið að menn telja að um misnotkun geti orðið að ræða og eru að reyna að fyrirbyggja misnotkun með því að setja inn í lagatextann ákvæði um að það þurfi að þinglýsa þessum samningi. Ef menn telja að um misnotkun geti verið að ræða þá sýnist mér að menn þurfi að skoða þetta mál nokkuð betur. Því það er ekki nægjanlegt til að koma í veg fyrir misnotkun í málinu að þinglýsa samningi um leigu á húsnæði.

Almennt er því miður ástæða til að taka undir áhyggjur manna um það að greiðsla peninga með þessum hætti geti stuðlað að því að hækka húsaleigu. Það er því miður ekki hægt að loka augunum fyrir því að það eru þó nokkur rök í þeirri gagnrýni. Ég sé ekki að þetta frv. komi með útfærslu sem er nægilega sannfærandi.

Fleira ætla ég nú ekki að segja um þetta mál að sinni, virðulegi forseti. Það gefst tækifæri til að fara yfir málið í nefnd. En ég legg áherslu á að ef hæstv. ríkisstjórn hefði verið full alvara með því að ætlast til þess að þetta mál ætti góðar líkur á að fá afgreiðslu á þessu þingi þá hefði frv. þurft að koma miklu fyrr fram. Ríkisstjórnin hefur sjálf teflt framgangi málsins í tvísýnu með því að vera svona lengi að leggja frv. fram. En við sjáum hvað setur með það.

[11:22]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var fróðlegt að fá að hlýða á yfirferð hv. 5. þm. Vestf. Ég veit að hann hefur farið mjög vel yfir þetta mál og það mun gagnast okkur vel þegar við förum að vinna það í nefnd. En það er einungis út af þeim staðhæfingum sem komu fram hjá þingmanninum um að það væri verið að hverfa frá ákveðinni aðferð, endurgreiðsluaðferð og vísaði þá til vaxtabóta, með því að fara inn í aðrar greiðslur. Það er þess vegna sem ég vil sýna hér viðbrögð. Það er hægt að nefna endurgreiðslukerfi í skattinum, t.d. barnabætur, barnabótaauka og vaxtabætur. Ég minni á að áður hafði ríkið þann hátt á að það greiddi niður almenna vexti í húsnæðislánakerfinu beint í gegnum vexti hjá sjóði Húsnæðisstofnunar ríkisins og það var alveg óháð tekjum og eignum viðkomandi fengju þeir á annað borð lán. Og þegar verið var að breyta yfir í vaxtabætur þá var það einmitt rætt hvort það væri vont eða gott skref, hvort það yrði til þess að þessi góða fyrirgreiðsla við eignamyndun mundi hætta. Tryggingin átti nú að vera sú að allir flokkar væru með ákveðna eignastefnu. Hins vegar erum við með námslánakerfi þar sem eru niðurgreiddir vextir. Þar er stuðningur til námsfólks í gegnum lánasjóð, þar erum við ekki með endurgreiðslur á einhverjum markaðsvöxtum í gegnum bætur heldur greiðum við beint niður vextina í lánasjóðnum og það hefur enginn talað um að það væri einhver höfnun á vaxtabótakerfinu, það er bara önnur aðferð við að greiða niður eða veita annan stuðning ríkisins.

Húsaleigubæturnar eru mjög afgerandi nær verkefni sveitarfélaga að mínu mati sem hef unnið í sveitarfélagsmálum. (Forseti hringir.) Ég er að ljúka máli mínu, virðulegi forseti. Þar liggur fyrir félagslega húsnæðið og stuðningur við það. Þar sem sveitarfélögin sjá um leiguíbúðir, en innan þeirra er oft ákveðin niðurgreiðsla og fjárhagsleg fyrirgreiðsla á almennum markaði þá er afar mikilvægt að stuðningur við leigu sé í gegnum sveitarfélögin og stuðningur til sveitarfélaganna frá ríkinu.

[11:25]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar mun á þessum tveimur aðferðum við að koma peningum eða styrkjum til ákveðins fyrir fram útvalins hóps af fólki þá vil ég minna á að það var þannig fyrir nokkrum árum að menn höfðu þetta almennt í gegnum til þess að gera lága vexti í hinu almenna lánakerfi Húsnæðisstofnunar, svo ég nefni dæmi. Það var síðan breytt úr því kerfi, mönnum fannst það ekki gott, það gæti leitt til offjárfestingar og misnotkunar og ákveðið var að fara yfir í markaðsvexti á þessu almenna íbúðarlánakerfi og taka í staðinn bæturnar eða styrkina í gegnum skattkerfið með svokölluðum vaxtabótum. Þetta hefur verið gert í tíð þessarar ríkisstjórnar og síðustu í tíð núv. félmrh. að hverfa frá almennri niðurgreiðslu á vöxtum yfir í skattkerfið. Nú sýnist mér menn vera að fara til baka og menn eru að fara tvær ólíkar leiðir. Það er það sem ég var að benda á af því að húsaleigubótaleiðin er

önnur leið miðað við hitt. Hún er bein niðurgreiðsla og ég vakti athygli á því að það er sama hætta á misnotkun á kerfinu þar eins og menn sáu fyrir sér í hinu.

[11:26]

Rannveig Guðmundsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kom hér til andsvars var fyrst og fremst sú að vekja athygli á því að það má ekki líta á að einhver ein aðferð við niðurgreiðslur eða endurgreiðslur eða stuðning til íbúanna sé stefnumörkun um að öll endurgreiðsla eða allur stuðningur eigi að vera í þeim farvegi. Það á að meta það hverju sinni hvar málinu er best fyrir komið, hver eigi að sjá um það, hvar og hvernig stuðningurinn nýtist best. Þess vegna vakti ég athygli á því að þrátt fyrir að þetta hafi verið gert í húsnæðiskerfinu þá þótti ekki ástæða til að breyta því á sama hátt í námslánakerfinu. Það á að skoða hverju sinni hvar þessu er best fyrir komið og að þessu sinni hafa menn metið það svo að í höndum sveitarfélaganna sé því best fyrir komið en að stuðningur ríkisins eigi að koma til sveitarfélaganna til að sinna þessu góða máli.

[11:27]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ekki alveg ljóst í hverju athugasemdin felst. Ég bið forláts á því ef ég skil þetta ekki alveg rétt. En eins og ég skil málið þá sýnist mér einfaldlega vera um grundvallar pólitískan ágreining að ræða. Alþfl. hefur vissulega haft þá stefnu að það sé betra að nota markaðskerfið, láta það ráða útgjöldunum, og taka síðan aðstoðina í gegnum skattkerfið. Við munum það bæði að námslán voru vaxtalaus. Menn hurfu frá þeirri stefnu og fóru að taka markaðsvexti af námslánum, fyrst lægri vexti og síðan hærri vexti, og ákveða að taka endurgreiðsluna í gegnum skattkerfið. Mér sýnist einfaldlega að menn séu einhvers staðar að bila á þessari leið. Út af fyrir sig er ágætt að ræða það en hafi menn haft þá skoðun eins og ég benti á hvað varðar lán og vexti af lánum til húsnæðiskaupa og húsbygginga og vexti af námslánum þá er um verulegt fráhvarf frá þeirri stefnu að ræða í þessu frv. Það er alveg ljóst. Ég benti á að menn geta ekki haft tvær ólíkar stefnur uppi í þessu máli.

Ég verð að viðurkenna varðandi þá stefnu sem er lögð til, að nota niðurgreiðsluna á þessu stigi sem þarna er, að ég óttast að það verði meiri misnotkun á peningunum með þessari leið heldur en með því að niðurgreiða þetta í gegnum vaxtakerfið, svo dæmi sé tekið.

[11:29]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með að þetta frv. skuli hafa litið dagsins ljós þó það hefði gjarnan mátt vera fyrr. Nægir í því sambandi að nefna það að í athugasemdum með frv. segir að þetta hafi verið ákveðið, gefin hafi verið út yfirlýsing af hæstv. ríkisstjórn við gerð kjarasamninga 27. apríl 1992 um að taka upp húsaleigubætur. Þetta hefur sem sagt tekið tvö ár. Það er nú kominn apríl 1994 og það hefur tekið tvö ár að koma þessu hér á koppinn.

Kvennalistinn hefur haft það á sinni stefnuskrá að greiða húsaleigubætur til þeirra sem hafa lægstar tekjur og taka þar mið af tekjum og eignum. Þannig er þetta að því leyti til mjög í takt við það sem við hefðum viljað sjá. Hins vegar er ýmislegt að athuga við útfærsluna á þessu og vil ég þá fyrst nefna það sem hér var verið að ræða, hvort það eigi að útiloka námsmenn frá því að geta fengið húsaleigubætur. Það liggur fyrir að sumir námsmenn eru jafnframt húseigendur og fá þar af leiðandi kannski bæði námslán, en eins og hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir vitnaði hér í áðan eru námslán niðurgreidd í gegnum vexti, það er alveg rétt. En þeir geta jafnframt verið íbúðareigendur sem fá greiddar vaxtabætur þannig að þar fá þá þeir sömu námsmenn sem eiga íbúð, niðurgreiðslu í gegnum vaxtabætur og einnig niðurgreiðslu í gegnum lánasjóðinn. Hins vegar virðist hér vera að þeir sem eiga rétt á húsaleigubótum geti jafnframt ekki verið námsmenn. Þar er þá verið að mismuna fólki í því að eiga rétt til vaxtabóta eða eiga rétt til húsaleigubóta.

Ég er einnig ósammála því og ætla ekki að hafa mörg orð um það hvort það sé rétt að binda þetta við það að leigusamningi sé þinglýst. Ég tel það algeran óþarfa. Það á að vera hægt að ganga frá þessum samningum á annan hátt. Það er bara aukakostnaður við það að þinglýsa leigusamningum sem kannski eru aðeins til sex eða sjö mánaða.

Síðan er það hvernig á að meta þessar greiðslur og hverjir eiga að greiða þær. Samkvæmt því sem hér liggur fyrir munu sveitarfélögin eiga að greiða út þessar bætur og síðan að standa straum af kostnaði í kringum 40%. Út af fyrir sig hef ég ekkert við það að athuga að sveitarfélögin sem slík sjái um þessar greiðslur. Ég tel að það sé rétt að færa slíkt nær fólkinu og það er stefna út af fyrir sig sem ég get verið fullkomlega sammála. En það er samt eitt að athuga við það og kannski fleira en eitt og það er að sveitarfélög hafa staðið fyrir ýmsum útgjöldum og þurft að leggja fram fjárhæðir frá sveitarfélaginu úr sínum sjóðum. Síðan eiga þau að sækja endurgjald til ríkisins en þá hefur oft og tíðum staðið á því og sveitarfélögin hafa oft þurft að standa í ýmsum málarestri við að fá endurgreiðslu, lögboðna endurgreiðslu aftur til baka frá ríkinu. Er þess skemmst að minnast að þegar breytt var reglum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga fyrir líklega þremur árum síðan þá þurfti að semja um endurgreiðslur sem ríkið hafði átt að greiða sveitarfélögunum sem það skuldaði þá og þær endurgreiðslur treysti ríkið sér ekki til að greiða upp á minna en þremur til fjórum árum. Það gæti myndast sú staða í þessu að sveitarfélögin greiddu út þessar húsaleigubætur en þyrftu síðan með miklum málarekstri að sækja þær endurgreiðslur sem þau ættu rétt á aftur til ríkisins. Þetta held ég að þurfi að skoða vel í hv. félmn. Ég sé að hér eru inni nefndarmenn sem eru með á að athuga það.

Hér fylgja með drög að reglugerð og ég verð að lýsa ánægju minni með það einnig til hæstv. félmrh. að með þessu lagafrv. skuli fylgja drög að reglugerð því það tel ég vera til mikilla bóta. Það væri mjög eðlilegt

að þegar lögð eru fram ný lagafrv. þá fylgdu alltaf drög að reglugerðum til þess að hægt væri að sjá hvernig útfæra ætti lögin. Og þó hér sé aðeins um stutt drög að ræða, aðeins nokkrar línur, þá er það þó viðleitni í þessa átt og mjög til bóta. Það nægir í þessu sambandi að nefna annað atriði sem ég var einmitt að nefna áðan, þ.e. Lánasjóð íslenskra námsmanna, þar sem stjórn lánasjóðsins virðist hafa á því tök að breyta reglugerðum sem hafa afgerandi áhrif á afkomu og hag námsmanna. Stjórnin sér ástæðu til þess og virðist hafa fullt vald til þess að breyta reglugerðum bara á nokkurra mánaða fresti sem geta haft veruleg áhrif á afkomu námsmanna. Um þetta hefur Alþingi ekkert að segja og virðist sem þarna sé hægt að breyta reglugerðunum þrátt fyrir það að lögum sé ekkert breytt. Þannig að innan laga er oft og tíðum, ef þetta er löglegt hjá stjórn lánasjóðsins sem ég raunar dreg í efa, hægt að breyta reglugerðum og virðist mér að eitthvað sé að í sambandi við þau lög sem þannig er hægt að fara með.

Það hefur verið ákveðið hér að hækka húsaleigubæturnar. Fyrst var talað um 300 millj. frá ríkinu eins og hæstv. félmrh. upplýsti hér áðan, það hefur verið ákveðið að hækka þetta í 400 millj. kr. frá ríkinu vegna þess að hér eigi jafnframt að vera skattlagning húsaleigubótanna. Það getur að sjálfsögðu ekki gert ríkinu nokkurn skapaðan hlut til vegna þess að það fær þá þessar 100 millj. aftur til baka í formi skattgreiðslna. En ég hef vissar efasemdir um það hvort þetta sé ekki jafnframt líka erfiðara fyrir sveitarfélögin. Því þar af leiðandi þurfa þau auðvitað að leggja út enn þá hærri upphæð og þau fá tiltölulega lítið af því til baka í formi skattgreiðslna þannig að þessi ákvörðun eykur enn á greiðslubyrði sveitarfélaganna.

Hvað varðar það að þetta muni hækka húsaleigu þá vitum við það nú að húsaleigumarkaðnum er þannig fyrir komið að víðast hvar er húsaleiga ekki gefin upp. Ég spyr því: Hvernig eiga þeir sem ætla sér að sækja um húsaleigubætur að geta tryggt það að þeir geti leigt á þeim húsnæðismarkaði sem hér gildir víða um landið þar sem leigusalar gefa ekki upp húsaleiguna og hún er þar af leiðandi ekki skattlögð nema sem ákveðið prósentuhlutfall af fasteignamatsverði? Það er talað um að hér geti húsaleiga verið allt að 46 þús. kr. á mánuði sem miðað er við í sambandi við húsaleigubæturnar. En ég vildi spyrja hæstv. félmrh. hvort eitthvað sé fyrirhugað að gera í því að ná þá frekar til þess að þessi húsaleiga komi fram á skattframtölum, að hún sé talin rétt fram. Það verður þá að gerast á einhvern hátt með því að leigusalar beri ekki mjög skarðan hlut frá borði því að þetta er raunverulega það sem allir vita þó e.t.v. sé ekki talað hátt um það að húsaleiga er yfirleitt hærri en gefið er upp. Það er m.a. vegna þess — og það verður að viðurkennast — að það hefur verið mikið óréttlæti í sambandi við skattlagningu leigutekna. Má nefna það t.d. að þegar fólk utan af landi þarf tímabundið að dvelja í Reykjavík, annaðhvort vegna náms eða hugsanlega vegna þess að það þarf að leita sér læknis þar og það tekur e.t.v einhverja mánuði, jafnvel ár sem það sér fram á að það þurfa að vera í Reykjavík, þá verður það að leigja sína íbúð úti á landi, leigja sér aðra íbúð í Reykjavík, gefa upp leigusöluna út á landi til fullrar skattlagningar en fær ekki frádrátt fyrir þeirri leigu sem það greiðir á höfuðborgarsvæðinu. Þetta er eitt atriði sem hægt er að nefna í sambandi við óréttlæti í þessari skattlagningu á leigusala og þá sem þurfa að borga og aftur að fá greidda húsaleigu. Þetta er atriði sem þarf að taka á og þetta er aðeins eitt atriði sem hefur haft það í för með sér að menn hafa jafnvel ekki gefið upp fulla húsaleigu og hugsanlega fulla sölu á leigu fyrir húsnæði.

Ég held ég sé búin að koma því á framfæri sem í fyrstu stakk mig við lesningu þessa frv. en hugsanlega kemur eitthvað annað upp í hugann á meðan umræður standa hér yfir. Ég tel að þessi atriði sem ég hef verið að nefna hér þurfi að skoðast betur þó að ég vilji endurtaka það að ég lýsi yfir ánægju með það að þetta frv. skuli vera komið fram og vona að það takist að afgreiða það því ég tel hér vera um mjög stórt og mikið mál að ræða en á því eru ýmsir gallar sem vissulega þarf að skoða vel í meðförum hv. nefndar.

Útbýting þingskjals:

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 260. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 914.

[11:42]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil ekki láta hjá líða að fagna þessu langþráða frv. um húsaleigubætur. Það er vissulega þó seint sé ástæða til því betra er seint en aldrei. Hér er á ferðinni, held ég, að mörgu leyti ótvíræð réttarbót og mikil framför í þeim efnum að menn verði sæmilega jafnsettir í skattalegu og fjárhagslegu tilliti án tillits til þess hvort þeir eru að eignast eigið húsnæði og njóta til þess stuðnings ríkisvaldsins í formi vaxtabóta eða hvort þeir leigja og hafa þá sæmilega sambærilega stöðu í gegnum greiðslu húsaleigubóta. Auðvitað hefur sú mismunun sem húsnæðisformunum hefur verið sýnd í gegnum núverandi ástand sem alllengi hefur ríkt í raun verið óþolandi og óréttlætanleg. Það standa engin rök til þess að ríkið styðji beint við einkaeignamyndun manna í húsnæði og auðveldi þeim þannig og lækki hvort tveggja í senn hjá þeim húsnæðiskostnaðinn en jafnframt auðveldi þeim eignamyndun í því sambandi en á sama tíma skuli þeir sem leigja húsnæði og skaffa þar af leiðandi öðrum tekjur með leigugreiðslum sínum einskis stuðnings njóta til þess. Fyrir nú utan það að hér er gjarnan á ferðinni sá þjóðfélagshópur eða tekjuhópur sem í hvað mestri eða ríkastri þörf er fyrir einhvern stuðning. Þetta segi ég almennt séð og út af fyrir sig ætti að vera óþarfi að standa hér og rökstyðja í löngu máli hvers vegna rétt og tímabært sé að taka upp húsaleigubætur, og þó fyrr hefði verið. Og þó, maður veit aldrei, því að staðreyndin er sú að fyrir þessu máli hefur verið þvælst með alveg ótrúlegri elju af ákveðnum stjórnmálaöflum í landinu. Það er auðvitað engin tilviljun að hér er Sjálfstfl. afar þunnskipaður þó það séu út af fyrir sig mikið góðmenni sem frá þeirri sveit er hér viðstödd umræðuna. En hér sést enginn ráðherra Sjálfstfl. og

enginn af þeim þingmönnum sem í reynd hafa dregið lappirnar og þvælst fyrir því að teknar yrðu upp húsaleigubætur og yfir höfuð að nokkuð yrði gert til hagsbóta leigjendum í landinu og veri fjarvera þeirra íhaldsmanna hér rækilega undirstrikuð af minni hálfu.

Hitt er svo auðvitað mikið miður, hæstv. forseti, hversu ákaflega seint þetta hefur gengið og að gildistaka þessa frv. á ekki að verða fyrr en um næstu áramót þannig að í raun verður þetta kjörtímabil liðið að heita má og sennilega komin ný ríkisstjórn hvort sem er þegar þessi lög taka gildi um næstu áramót. Ekki er ég nú að sýta það þ.e. að komin verði önnur ríkisstjórn og kjörtímabilið u.þ.b. liðið. En hitt er náttúrlega mjög slæmt að leigjendur þurfa þá að bíða enn um sinn eftir því að njóta réttarbótanna af þessu frv.

Nú man ég ekki til að rifja upp fögur fyrirheit í stjórnarsáttmála um húsaleigubæturnar en það er eins og mig minni að það standi einhvers staðar í annarri hvorri þunnu bókinni frá Viðey eða hvítu bókinni frá því um haustið að það eigi að taka þetta upp strax á næsta ári. Hæstv. félmrh. kann þetta sjálfsagt betur en ég en í öllu falli er alveg ljóst að það hefur orðið mikill dráttur á efndunum hvað þetta snertir. En vissulega ber að fagna því að þetta er þó í sjónmáli og við skulum vona að það verði nú ekki gerðar frekari tilraunir til að bregða fæti fyrir þetta og málið nái hér afgreiðslu fyrir þinglok og þá dugar það vonandi til þess að jafnframt verði lagðir til fjármunir á fjárlögum næsta árs til að greiða þessar bætur. Þar eru í sjálfu sér ekki stórkostlegir fjármunir á ferð borið saman við það sem til þessa málaflokks rennur í heild sinni þegar lögð eru saman framlög til byggingarsjóðanna eða Byggingarsjóðs verkamanna og það sem fer til greiðslu vaxtabóta svo eitthvað sé tekið. Hitt er svo aftur atriði, hæstv. forseti, að það skiptir miklu máli að vel takist til þegar þessi löggjöf er nú loksins sett. Reyndar sé ég að því er hnýtt hér aftan við í ákvæði til bráðabirgða að lögin skuli endurskoðuð innan tveggja ára frá gildistöku, þ.e. ef frv. verður að lögum. Það er svo sem ekkert nema gott um það að segja en e.t.v. bendir það til þess að menn reikni ekki með að þau séu alveg gallalaus.

Ég verð að segja alveg eins og er að við tiltölulega fljótan yfirlestur á þessu frv. þá hef ég efasemdir um nokkur atriði og þau hafa svo sem verið nefnd hér, sum hver a.m.k. af öðrum ræðumönnum og ég ætla því tímans vegna ekki að fjölyrða um það mikið.

Ég vísa líka til þess sem ég sagði hér í ræðu fyrr í vikunni þegar til umræðu var frv. til húsaleigulaga. Þá gerði ég nokkurn samanburð á þessum tveimur frv. og undirstrikaði nauðsyn þess að þau yrðu skoðuð saman. Ég þakka þær undirtektir sem það fékk af hálfu hæstv. félmrh. og ég treysti hv. félmn. fullkomlega til að reyna að vinna þessi mál bæði þannig og þá saman að úr þessu verði eitt heildstætt smíðaverk. Þau atriði sem ég vil sérstaklega nefna og undirstrika og óska eftir að verði skoðuð eru í fyrsta lagi ákvæðin í 5. gr. þar sem fjallað er um almennan rétt til húsaleigubóta. Það þarf að athuga greinilega hvort þessi skilyrðislausa tenging við lögheimilisfang í viðkomandi sveitarfélagi er þannig úr garði gerð að hún e.t.v. útiloki hópa eins og t.d. námsmenn sem hafa undanþágu frá lögheimilislögunum, ef ég man rétt, á grundvelli þess að þeir stunda tímabundið nám í öðru sveitarfélagi en sínu eigin. Það þarf að sjálfsögðu að tryggja að samræmi sé líka að þessu leyti milli löggjafarinnar. Það getur ekki verið ætlunin að útiloka námsmenn frá húsaleigubótum sem eru að leigja á hinum almenna markaði. Það liggur í hlutarins eðli að svo má ekki vera. Á hinn bóginn þarf svo aftur að líta á það hvernig það þá kemur við námslánakerfið og námslán en á því er sá grundvallarmunur að sjálfsögðu að húsaleigubæturnar eru framlag, óafturkræfur stuðningur við viðkomandi en námslánin lán og þess vegna er það auðvitað ekki jafngilt að menn hafi lánsmöguleika út á húsnæðiskostnað og hitt að þeir njóti húsaleigubóta.

Síðan gerði ég að umræðuefni um daginn ákvæði húsaleigusamninga á grundvelli húsaleigulaganna um tímalengd samninganna. Þar er annað atriði sem bersýnilega þarf að athuga, þ.e. lengd eða tímabinding húsaleigusamninga. Það þarf að vera alveg ljóst að ótímabundinn leigusamningur um íbúðarhúsnæði flokkist sem samningur til sex mánaða eða lengri tíma. Húsaleigubótaákvæðin í þessu frv. eru þannig úr garði gerð að það er skilyrði fyrir húsaleigubótum að samningurinn sé a.m.k. til sex mánaða. Húsaleigulögin eru á hinn bóginn þannig að þar skulu allir húsaleigusamningar teljast ótímabundnir sem ekki eru með beinum tímasetningarákvæðum. Ótímabundinn húsaleigusamningur um íbúðarhúsnæði er hins vegar þannig að hann er ótímabundinn auðvitað, samkvæmt orðanna hljóðan, en uppsagnarfrestur er sex mánuðir. Það er að mínu mati ekki sjálfgefið að þessi sex mánaða uppsagnarfrestur sé fullnægjandi gagnvart tímalengdarákvæðum húsaleigubótafrumvarpsins. Þetta þarf að bera saman og athuga og ég held að það sé langeinfaldast að eyða allri óvissu um þetta í eitt skipti fyrir öll í byrjun og í upphafi þannig að ekki þurfi að fara að kalla á lögfræðingaherskarann og borga honum kaup við að skila greinargerðum út og suður og lenda svo kannski í dómsmálum og enda með því að naumur meiri hluti Hæstaréttar útskýri lögin að lokum, á búvörulagavísu, heldur sé það skýrt frá upphafi að ótímabundinn húsaleigusamningur með sex mánaða uppsagnarfresti teljist í skilningi húsaleigubótalaganna samningur til sex mánaða eða lengri tíma og þar með er það mál leyst. Nefndin gæti þá í nál. látið þessa lögskýringu koma fram eða einhvern veginn má leysa það.

Í þriðja lagi nefndi ég ákvæði um daginn, og ætla að gera aftur, ákvæði 8. gr. um skilgreiningu á íbúðarhúsnæði. Ég óttast mjög að sú skilgreining sé of þröng. Ég er sannfærður um að það á eftir að koma í ljós ef þessi skilgreining er höfð svona afdráttarlaus og einhlít þá muni koma í ljós að talsvert af standsettu leiguhúsnæði í kjöllurum og annars staðar þar sem menn hafa standsett litlar íbúðir til útleigu í húsnæði sem kannski var upphaflega ekki teiknað sem íbúð, mun þá ekki ná inn undir þessa skilgreiningu. Það hljóta einhverjir fleiri en ræðumaður að þekkja t.d. íbúðir í kjöllurum þar sem húsnæði hefur verið breytt

í íbúð og tvær litlar íbúðir eru jafnvel með sameiginlegri eldunaraðstöðu eða sameiginlegri baðaðstöðu eða öðru slíku. Samkvæmt orðanna hljóðan í 8. gr. mundu slíkar íbúðir ekki ná inn undir húsaleigubæturnar. Það á auðvitað ekki að vera þannig. Á mörgum stöðum er mikil húsnæðisekla, ekki síst skortur á leiguhúsnæði og þar hefur víða verið leyst úr þörfinni með því að standsetja húsnæði af ýmsum toga í aðstöðu sem ekki var endilega beinlínis hönnuð sem slík og þá mundi í mörgum tilvikum, fullyrði ég, eitthvað af þessu eiga við, að eldunarstaða væri sameiginleg, að snyrting eða baðaðstaða væri sameiginleg eða einhvern veginn þannig væri þetta úr garði gert að með þröngri lagatúlkun félli það utan skilgreiningar húsaleigubótalaganna á íbúðarhúsnæði og það á auðvitað ekki að vera svo. Það er væntanlega ekki ætlunin að mismuna mönnum eftir því sem kannski hefðu jafnbágan efnahag og allt það, nákvæmlega hvort það húsnæði sem þeir hafa fengið inni í er alveg fullkomið frá sjónarhóli skipulagshyggjunnar og arkitektúrsins sem þrauthannað íbúðarhúsnæði. Annars veit ég í raun og veru ekki hvað er verið að fara með þessu, hvort það á að gera það að kröfu að þarna séu alveg athugasemdalaust samþykktar íbúðir eða hvað vegna þess að ég lít svo á að þetta sé efnahagsleg og félagsleg ráðstöfun en ekki ráðstöfun sem snýst um arkitektúr eða ástand íbúðarhúsnæðis eða annað því um líkt. Þetta er félagsleg aðgerð, jöfnunaraðgerð og það á að ganga út frá því við skilgreiningu á aðgengi manna að þessum ráðstöfunum en ekki einhverjum arkitektúr. Með fullri virðingu fyrir honum auðvitað. Að þessum hlutum þarf að hyggja og ég er ekki alveg viss um að menn séu á réttu spori eins og þetta er sett upp þarna, t.d. í 8. gr.

Í fjórða lagi, hæstv. forseti, vil ég nefna að lokum, og það held ég að fleiri hafi gert, skilyrðin eða fylgigögn sem þurfa að fylgja umsóknum. Það vakti strax athygli mína að gert var ráð fyrir því að það væri ekki nóg að leggja fram leigusamning þó hann væri fullnægjandi eða gerður á grundvelli húsaleigulaga og væri þannig úr garði gerður að hann uppfyllti öll ákvæði II. kafla húsaleigulaganna um gerð leigusamnings, væri sem sagt skriflegur og væri á staðfestum eyðublöðum, í honum kæmu fram allar þær upplýsingar sem 6. gr. gerði ráð fyrir, nöfn, heimilisföng, kennitölur, lýsing á hinu leigða o.s.frv., að þetta væri samt ekki nóg því síðan skyldi hver einstök umsókn um húsaleigubætur byggja á þinglýstum leigusamningi. Og það væri aukakvöð sem lögð væri á leigjandann í hverju einasta tilviki sem hann ætlaði að sækja um húsaleigubætur að framvísa þinglýsingu á leigusamningi. Nú er út af fyrir sig þinglýsing ekki stórmál, upplýst var að hún kostaði 1.000 kr. En þúsund kall er þúsund kall og fólk sem er ekki með fullar hendur fjár og býr í leiguhúsnæði munar um hverja krónu. Það er auk þess líka spurning hvort ástæða er til að vera að leggja svona kvöð og þessa fyrirhöfn á menn í hverju einasta tilviki. Þetta mundi gilda um jafnvel bara skammtímaleigusamning þó hann væri ekki nema til sex mánaða eða sjö mánaða sem væri fullnægjandi tímalengd til að menn ættu rétt á húsnæðisbótum en samt skyldu menn labba með slíkan pappír og þinglýsa honum.

Ég hefði talið að það ætti að láta það nægja eða athuga það a.m.k. vel hvort það væri ekki fullnægjandi að gera það að skilyrði að framvísað væri leigusamningi sem uppfyllti öll skilyrði húsaleigulaganna um gerð leigusamnings. Ef mönnum finnst það ekki einu sinni nóg þá má velta því fyrir sér hvort það ætti að taka viðbótarákvæði inn í húsaleigubótalögin um þá einhver enn frekari skilyrði sem slíkir samningar þyrftu að uppfylla ef það nægði þá til þess að leysa menn undan þessum 1.000 kr. í hverju tilviki og því að þurfa að vera að labba með þetta til fógeta og kaupa á það þinglýsingu.

Það mætti nefna ýmislegt fleira, hæstv. forseti, en ég sé ekki ástæðu hér við 1. umr. að hafa um þetta mörg orð eða fleiri. Það sem á eftir kemur, nái þetta frv. afgreiðslu og verði hér að lögum, er svo auðvitað það að leggja fjármuni til þessa verkefnis þannig að þetta nái tilgangi sínum og að húsaleigubæturnar verði slíkar í upphæðum og í framkvæmd að þær tryggi það jafnrétti milli hópa sem hlýtur að vera markmiðið að stefna að með samræmdu skipulagi að þessu leyti. Húsaleigubótum fyrir leigjendur og vaxtabótum fyrir þá sem eru að koma sér upp íbúðarhúsnæði í eigin eigu. Það hlýtur að vera markmiðið.

Auðvitað er þetta orðið dálítið margbrotið þegar svo er haft í huga að allt íbúðarhúsnæði í eigu ríkis, sveitarfélaga og stofnana á vegum sveitarfélaga á að falla utan húsaleigubótakerfisins, þar með er að mínu mati augljóslega verið að velta yfir á eigendur húsnæðisins þeirri kvöð að þeir stilli þá leigunni þannig hóf að þessir hópar verði ekki lakar settir en þeir sem njóta húsaleigubóta eða vaxtabóta. Það hlýtur að vera þannig sem málið er hugsað. Það er auðvitað spurning hvað sveitarfélögin sem eru í yfirgnæfandi meiri hluta tilvika eigendur leiguhúsnæðisins og sveitarfélögin eru leigjandinn gagnvart þeim aðilum sem þar eiga í hlut og verða utan hvort tveggja, húsaleigubótanna og vaxtabótanna. Það mun þýða að sú krafa kemur upp að húsaleigan verði þá lægri sem því nemur í grófum dráttum til þess að allir þessir hópar séu jafnsettir. Það er atriði sem þarf líka að skoða og þess vegna hlýtur að koma til kasta félmn. að fara yfir þetta mál rækilega með sveitarfélögunum, hv. formaður félmn., þ.e. að hafa sveitarfélögin rækilega með í ráðum þegar farið verður yfir þessi mál vegna tengingar þeirra við húsnæðismálin á vegum sveitarfélaganna og stöðu t.d. sveitarfélaganna sem leigusala í stórum stíl á húsnæði til þeirra sem ekki koma til með að njóta húsaleigubóta, og hvaða hugsanlegar kvaðir eða íþyngjandi þrýsting a.m.k. þetta kann að leggja á sveitarfélögin.

Ég vona að hv. nefnd, þó tíminn sé svo sem ekki mikill, reyni samt að vinna þetta vandlega því það er mikið í húfi að vel takist til um þessa lagasetningu þá loksins að hún kemst á dagskrá.

[12:01]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þær umræður sem hér hafa orðið um þetta frv. Ég tel að af þeim megi draga þá ályktun þó fram hafi komið ýmsar ábending-

ar og athugasemdir að það sé allvíðtækur stuðningur fyrir húsaleigubótum á þinginu. Það kom fram í máli sumra ræðumanna að þeir gagnrýndu að frv. sé seint á ferð. Ég get vissulega tekið undir að það hefði verið æskilegra að málið hefði komið fram fyrr á hv. Alþingi en þetta var tíminn sem það tók að undirbúa málið og ná samkomulagi um einstök atriði í því. Reyndar er það svo eins og þingmenn þekkja að húsaleigubætur hafa lengi verið til umræðu á hv. Alþingi, voru það í tíð síðustu ríkisstjórnar m.a. þar sem nokkuð var fjallað um húsaleigubætur og framkvæmd þeirra og áður en til síðustu kosninga kom þá kom fram á þingi frv. um húsaleigubætur þannig að þetta er búið að vera alllengi á döfinni. En ég hygg að flestir skilji að hér er um mikla réttarbót að ræða og það verði ekki með það beðið að koma á húsaleigubótum til þess að jafna kjör og aðstöðu milli leigjenda og eigenda á húsnæði.

Hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, nefndi það að í hvítbók ríkisstjórnarinnar væri ákvæði um það að húsaleigubætur hefðu átt að koma á á fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar. Það er svo orðað í hvítbók ríkisstjórnarinnar, ef ég man rétt, að aukin aðstoð við leigjendur átti að koma á fyrsta starfsári ríkisstjórnarinnar til að lækka húsnæðiskostnað þeirra. Ég tel ýmislegt hafa verið gert til þess að bæta hag leigjenda á þessu kjörtímabili. Ég hygg að aukið framboð á leiguhúsnæði, verulega aukið framboð á leiguhúsnæði á þessu kjörtímabili hafi skipt miklu máli fyrir leigjendur og til þess að gera húsaleigumarkaðinn skaplegri. Það eru nokkur hundruð leiguíbúðir sem hafa bæst við á undanförnum árum sem er töluvert miklu meira heldur en var á árunum á undan. Við höfum verið að fjalla um frv. um húsaleigusamninga sem vissulega bæta réttarstöðu leigjenda og við erum núna að fjalla um þetta frv. um húsaleigubætur.

Virðulegi forseti. Ég vil fara yfir nokkrar af þeim athugasemdum og ábendingum sem hér hafa komið fram.

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir nefndi framkvæmdina á 2. gr. Ég hefði kosið að þetta væri almennur réttur leigjenda að uppfylltu ákveðnu skilyrði að húsaleigubætur væru almennari en hér er gert ráð fyrir en þetta var niðurstaðan eftir umræður við Samband ísl. sveitarfélaga, að það væri í sjálfsákvörðunarrétti hvers sveitarfélags að ákveða hvort þeir tækju þátt í þessu eða ekki. Á það var fallist þó ég hefði kosið hina aðferðina, að rétturinn væri almennari gagnvart leigjendum. Þegar við erum með framkvæmdina með þeim hætti að ákvörðunarrétturinn er hjá sveitarfélögunum þá verðum við að setja ákveðnar leikreglur í því sambandi þannig að réttarstaða fólks sé ljós í þessu sambandi. Og þess vegna er þessi tímafrestur ákveðinn að það er sveitarstjórn sem ákveður fyrir ákveðinn tíma, fyrir áramótin, hvort hún taki þá þátt í þessu og síðan þarf hún að tilkynna það fyrir ákveðinn tíma gagnvart leigjendum í sínu sveitarfélagi og gagnvart þeirri áætlun sem þarf að gera fyrir komandi ár. Þess vegna er þetta nú með þessum hætti sett hér fram eins og raun ber vitni.

Þinglýsinguna hefur nokkuð borið á góma, m.a. hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur og fleirum sem hér hafa talað. Ég tel að það felist nokkuð öryggi í að hafa þessa þinglýsingu fyrir hendi. Auðvitað verður það félagsmálanefndar að meta hverju hún mælir með í þessu efni en þeir sem að málinu hafa komið hafa mjög skoðað þetta atriði og mæla eindregið með því að þinglýsing verði sett sem kvöð fyrir húsaleigubótum, telja það mikið öryggi og það geti frekar girt fyrir málamyndagerninga. En þetta er vissulega félagsmálanefndar að skoða eins og önnur ákvæði frv.

Ég vil víkja nokkrum orðum að því sem fram kom hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni sem ég verð að segja að eru nokkrir útúrsnúningar af hálfu þingmannsins. Hann talar um að það sem höfundar frv. setja fram á bls. 11 varðandi vaxtabæturnar, að með þeirri tilvitnun sem þar er þá sé raunverulega verið að hafna vaxtabótaleiðinni. Þetta eru náttúrlega ekkert annað en útúrsnúningar, hv. þm. Í grg. stendur: „Það fyrirkomulag sem nú er, einhæf aðstoð til íbúðarkaupenda í formi vaxtabóta, getur virkað sem hvati til ótímabærrar fjárfestingar. Þannig hefur fólk ráðist í íbúðarkaup án þess að hafa haft nægilegar forsendur til eigin sparnaðar og lent síðan í greiðsluvanda.“ Þetta er bara raunveruleikinn og staðreyndirnar sem við stöndum frammi fyrir. Málin eru einfaldlega þannig vaxin að við verðum að hafa valkosti á húsnæðismarkaðnum og ef við höfum ekki valkosti í formi t.d. leiguíbúða og nægilegs framboðs á þeim og húsaleigubóta, valkosti í félagslegu húsnæði, þá neyðist fólk kannski til þess að fara út í fjárfestingu sem það ræður ekki við. Ef við hefðum þennan möguleika varðandi skaplegan leigumarkað með húsaleigubótum þá er miklu frekar að það væri svigrúm fyrir leigjanda að mynda ákveðinn sparnað til þess að koma sér síðar upp eigin húsnæði.

Mér finnst þingmaðurinn alls ekki færa rök fyrir því þegar hann heldur því fram og ber saman hvort skynsamlegra sé að hafa húsaleigubæturnar gegnum skattkerfið eða í því formi sem hér er lagt til, þ.e. að sveitarfélögin séu framkvæmdaraðilar, þá finnst mér þingmaðurinn ekki færa rök fyrir því þegar hann talar um að misnotkunarhættan sé meiri með þessari leið heldur en í gegnum skattkerfið.

Ég er þeirrar skoðunar að ef eitthvað er þá sé það miklu affarasælla að hafa húsaleigubætur hjá sveitarfélögunum heldur en í skattkerfinu vegna þess í fyrsta lagi að eins og fram hefur komið þá eru sveitarfélögin þegar með inni í sínu kerfi ákveðna aðstoð fyrir leigjendur með lágar tekjur á almennum markaði. Því er mikilvægt til þess að hafa heildaryfirsýn yfir þetta að framkvæmdir séu þá hjá sveitarfélögunum varðandi þetta atriði. Það er tekjulægsta fólkið á markaðnum sem er í leiguhúsnæði, oft fólk sem þarf að leita til sveitarfélaganna með ákveðna aðstoð, t.d. fjárhagsstyrki vegna framfærslu. Síðan þarf að sækja um húsaleigubæturnar þannig að það er farið yfir hverja umsókn en þetta kemur ekki sjálfvirkt eins og í vaxtabótakerfinu. Hér vil ég taka fram að með þessu er ekki verið að segja að það standi til einhverjar breytingar á vaxtabótakerfinu, að hafa það í öðru formi heldur en

gegnum skattkerfið, það er einfaldlega ekkert samhengi þarna á milli.

Og af því að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði um að þetta mundi auka útgjöld fyrir sveitarfélögin og þau mundu ekki losna við útgjöld sem þau hafa borið til þessa þá er hugmyndin á bak við þetta, og það hefur verið reiknað út af Sambandi ísl. sveitarfélaga, að það megi áætla að fjárhagsstyrkir sem nú renna frá sveitarfélögunum til leigjenda á almennum markaði með lágar tekjur séu um 240–250 millj. kr. Og það er það sem er áætlað að sveitarfélögin leggi fram til húsaleigubóta.

Ég er alveg sannfærð um að þegar við erum að auka svona húsaleiguaðstoð í formi húsaleigubóta eins og gert er með þessu frv., við erum að setja til viðbótar þeim 240 millj. sem nú fara í þetta um 400 millj. þannig að fleiri eiga þarna möguleika, þá hygg ég að það komi í ljós að það geti dregið úr fjárhagsstyrk sem sveitarfélögin hafa lagt fram í mörgu skyni til tekjulágra hópa þannig að ég hygg að fjárhagsstyrkir sveitarfélaga sem eru nokkur hundruð milljónir, kannski 600–700 millj. á ári, að það gæti hugsanlega komið fram í minni þörf þar þegar við erum komin með víðtæka aðstoð í gegnum húsaleigubótakerfið.

Mér fannst líka að þegar þingmaðurinn gagnrýndi í annarri setningunni að réttur leigjanda sé ekki skilyrðislaus samkvæmt frv. heldur sé það sveitarfélaganna að ákvarða það, þá stangaðist það á við það sem hann sagði á eftir þegar hann var að tala um að það væri gengið gegn sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga varðandi ákvæði sem hann nefndi. Þingmaðurinn vísaði þar í 2. gr. frv. og síðan í 11. gr. þar sem félagsmálanefndir ákvarða bótarétt. 2. gr. kveður á um að það er sveitarstjórnin sjálf sem tekur ákvörðun um það fyrir tilskilinn tíma hvort hún greiði húsaleigubætur næstkomandi ár eða ekki. Síðan þegar sveitarstjórnin sjálf hefur tekið ákvörðun um það þá er það félagsmálanefnd viðkomandi sveitarfélags sem ákvarðar hverjir eigi bótarétt. Ég held að það sé eðlilegt fyrirkomulag að það sé með þeim hætti.

Það hefur nokkuð verið fjallað hér um námsmenn og rétt þeirra til húsaleigubóta. Námsmenn eiga rétt samkvæmt þessu frv. til laga um húsaleigubætur. Hvaða áhrif húsaleigubæturnar hafa síðan á framfærsluna og útreikningana hjá Lánasjóði ísl. námsmanna verður bara að koma í ljós en þeirra réttur á að vera tryggður samkvæmt þessu. Ef það er svo varðandi námsmenn sem eiga lögheimili úti á landi en stunda nám annars staðar að vegna ákvæðanna um lögheimilisskylduna þá girði það fyrir að þeir námsmenn fái þessar húsaleigubætur, þá er það alls ekki meiningin. Ef svo er þá verður nefndin að skoða það þannig að jafnræðis sé gætt í því efni. Hitt er svo annað mál að það er vandamál sem hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir nefndi varðandi þá sem eiga íbúð úti á landi og þurfa að leigja annars staðar af því að það fara ekki saman vaxtabætur og húsaleigubætur.

Varðandi niðurgreiðsluna í félagslegum íbúðum þá var nokkuð nefnt hvernig með það yrði farið. Það kom fram í mínu máli að nefndin skoðaði það og taldi rétt að stefna ætti að því að búa til eitt heildstætt kerfi þar sem m.a. leiguíbúðir á vegum sveitarfélaga væru líka inni í því kerfi þannig að þetta yrði raunverulega þannig að niðurgreiðslan sem núna er hjá sveitarfélögunum yrði færð upp í kostnaðarleigu og síðan kæmu húsaleigubætur til þeirra sem væru innan tilskilinna tekjumarka. Ég hygg að það sé eðlilegt að stefna að því með þessum hætti en það var talið mjög erfitt að fá fullnægjandi upplýsingar frá sveitarfélögunum til þess að hægt væri að fella þetta inn í slíkt heildstætt kerfi. Ég hygg því að í þeirri endurskoðun laganna, ef þetta frv. verður að lögum, sem fram á að fara að tveimur árum liðnum eftir gildistöku laganna þá verði þetta atriði sérstaklega skoðað enda má segja að þeir sem eru í félagslegum íbúðum hjá sveitarfélögum fái sérstaklega niðurgreidda leigu. En ástæða þótti til að taka félagasamtök inn. Sveitarfélögin hafa ákveðnar skyldur gagnvart sínum íbúum varðandi húsnæðismál sem félagasamtök hafa ekki. Þau hafa minni tök á að greiða niður leiguna þannig að það þótti rétt að félagasamtök, SEM-samtökin, Öryrkjabandalagið og fleiri aðilar sem leigja sínum skjólstæðingum íbúð, ættu möguleika á húsaleigubótum.

Ýmis atriði sem hér hafa verið nefnd varðandi framkvæmdina um að skilyrði sé sex mánaða leiga, ákvæðin sem gilda varðandi skilgreiningu á hvað sé íbúðarhúsnæði, þetta verða væntanlega atriði sem nefndin mun skoða sem fær málið til umfjöllunar. Ég nefndi þetta nokkuð í mínu máli í gær að ég tel að það ákvæði í húsaleigulögunum sem kveður á um sex mánaða uppsagnarfrest ótímabundinna samninga ætti að nægja til þess að það væri ekki verið að girða fyrir húsaleigubótarétt gagnvart leigjendum með ótímabundna samninga. Eins varðandi skilgreiningu á því hvað sé íbúðarhúsnæði, þá var nokkuð leitað í smiðju í sænsku lögin varðandi þetta atriði sem hafa búið við húsaleigubætur um margra áratuga skeið og þar hefur þótt ástæða til þess að hafa nákvæma skilgreiningu á því hvað telst til íbúðarhúsnæðis og var nokkuð skoðað það atriði til fyrirmyndar en væntanlega mun nefndin skoða þetta einnig.

Virðulegi forseti. Í lokin þá var skattlagning húsaleigubóta nokkuð nefnd. Um það var virkilega fjallað í félmrn. og fjmrn. og hjá þeim aðilum sem að þessu máli koma. Um þetta voru skiptar skoðanir, þetta var niðurstaðan, að hækka húsaleigubæturnar, húsaleigustyrkina fremur heldur en að hafa þetta skattfrjálsa og var m.a. vitnað til þess að almennt eru fjárhagsaðstoð og fjárhagsstyrkir sveitarfélaga, þó vissulega megi um það deila, skattskyldir. En þetta varð niðurstaðan en þó með þeirri mikilvægu undantekningu að húsaleigubætur skerða ekki bætur úr tryggingakerfinu. Einnig var útkoman sú að með þessari leið komu þeir hópar betur út sem lægstar hafa tekjurnar, eru undir skattfrelsismörkunum og greiða ekki skatt, þeir komu betur út úr þessu heldur en áður þannig að það eru ýmis sjónarmið í þessu efni.

Virðulegi forseti. Í lokin vil ég segja að þó að ég geri mér grein fyrir því að nefndin hafi stuttan tíma til að fjalla um þetta mál þá vænti ég þess að hægt verði

að gera þetta frv. að lögum fyrir þinglok.

[12:17]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Það er eitt sem stendur upp úr eftir ræðu hennar í mínum huga og það er að það er greinilega ekki búið að semja við sveitarfélögin um þessar húsaleigubætur. Það er undir hverju einu sveitarfélagi komið hvort þau eru tilbúin að greiða þessar húsaleigubætur og þar sem sveitarfélög eiga að borga heildarbæturnar í upphafi og fá síðan endurgreitt þá sýnist mér þetta vera nokkuð í lausu lofti hvort það verði yfir höfuð greiddar húsaleigubætur ef það er ekki búið að koma á samkomulagi milli sveitarfélaganna. Ég vildi fá að heyra aðeins betur um það hjá ráðherra hvernig þetta samkomulag var raunverulega gert, hvort það er virkilega svo að þetta sé í algjörlega lausu lofti.

[12:18]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega svo að það er ekki búið að semja við hvert einasta sveitarfélag um hvort það taki upp þetta húsaleigubótakerfi. En þetta varð niðurstaðan í viðræðum félmrn. við forustumenn Sambands ísl. sveitarfélaga, að þeir lögðu á það mikla áherslu að ekki væri verið að skylda sveitarfélögin með þessum hætti heldur væri þetta sjálfsákvörðunarréttur hvers og eins sveitarfélags hvort það tæki þátt í þessu kerfi. Ég sagði það áðan að ég hefði frekar viljað hafa þetta almennari rétt. En á þetta var lögð áhersla af forustumönnum Sambands ísl. sveitarfélaga og á það var fallist og það er niðurstaðan sem kemur fram í þessu frv.

[12:19]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hæstv. félmrh. áðan að það væri ekki meiningin að útiloka námsmenn frá því að eiga rétt á húsaleigubótum. Mér fannst að hæstv. ráðherra vísaði því til nefndarinnar að skoða hvernig því væri fyrir komið þessari grein en 5. gr. hlýtur að eiga við þetta. Ég velti því aðeins fyrir mér vegna þess að í 5. gr. segir að þeir sem eigi rétt á húsaleigubótum skuli eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Ef það væri tekið út að þeir ættu þar ekki lögheimili — við skulum tala hér um Reykjavík, hefði Reykjavík sem sveitarfélag nokkurn áhuga á því að vera að greiða t.d. námsmönnum húsaleigubætur? Ég get ekki séð það fyrir mér ef þeir námsmenn greiddu engar tekjur til sveitarfélagsins og ætluðu sér aftur að flytja í burtu og þess vegna þyrfti e.t.v. að vera þarna inni það ákvæði að sveitarfélagið ætti endurkröfurétt á lögheimilissveitarfélag viðkomandi. Það er hugsanlegt að reyna að koma því með því móti fyrir. En eins og hæstv. ráðherra sagði áðan er það nokkuð í lausu lofti hvort sveitarfélögin muni yfirleitt ákveða að greiða húsaleigubætur. Þau geta nánast ákveðið það sjálf. Og þá sýnist mér því miður fara dálítið glansinn af þessu frv. ef það er í raun og veru ekki verið að ákveða það hér á Alþingi að það eigi að greiða húsaleigubætur til þeirra sem samkvæmt sínum tekjum ættu í raun og veru rétt á því samkvæmt þessu frv. Þá geta sveitarfélögin, sem eru mjög misjöfn að stærð og gerð, ákveðið hvort þau ætla sér að greiða húsaleigubætur. Þess vegna spyr ég hæstv. ráðherra: Þarf þá ekki jafnframt að vera inni eitthvað í þessum lögum sem gerir ákveðna kröfu á sveitarfélögin að standa að þessu?

[12:21]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er oft vitnað úr þessum ræðustól til sjálfsákvörðunarréttar sveitarfélaga og það er erfitt að sigla milli skers og báru þegar verið er að tala um réttindi fólks og svo sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og nokkuð var tekist á um þetta í sambandi við viðræður okkar við Samband ísl. sveitarfélaga. Þetta varð niðurstaðan. En ég hygg að í þessu frv. felist þó mjög ákveðinn hvati til sveitarfélaganna að taka upp þetta kerfi. Þau hafa mörg hver verið með húsaleigustyrki, a.m.k. allra stærstu sveitarfélögin til þessa, og þetta á ekki að vera nein viðbót hjá þeim. En ríkið kemur inn í með 60% á móti af greiðslunni þannig að það hlýtur að vera ákveðinn hvati fyrir sveitarfélögin að taka upp þetta húsaleigubótakerfi til þess að auka þjónustu við íbúa sína, sérstaklega þegar ríkið kemur inn með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir.

[12:22]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Þegar að er gáð í þessu frv. er um ákaflega óvenjulega lagasetningu að ræða hvað varðar réttindamál. Það er farið að skipta landinu upp í sveitarfélög varðandi réttindi til þeirra bóta sem á að fara að lögfesta. Ég hygg að það sé í fyrsta skipti sem menn fara þá leiðina. Það má vel vera að Samband ísl. sveitarfélaga vilji hafa það þannig að Ísland sé ekki eitt ríki gagnvart þegnunum heldur 200. En er ástæða fyrir félmrh. í ríkisstjórn Íslands til þess að fara að þeim skoðunum? Eða með hvaða rökum flytur ráðherra málið með þessum hætti en ekki eins og hún segist sjálf vilja hafa haft það? Er það með þeim rökum að það var ekki stuðningur við það meðal stjórnarþingmanna að við byggjum hvað þetta varðar allir í sama landi?

Ég vara mjög við lagasetningu af þessu tagi þar sem menn eru af einhverjum pólitískum ástæðum að ákvarða réttindi manna eða bótarétt manna, hvort sem það eru húsaleigubætur, það geta verið atvinnuleysisbætur eða eitthvað annað, að menn fari að tengja þau réttindi við lögheimili og ákvörðun sveitarstjórna. Ef ríkisvaldið er þeirrar skoðunar, eins og kemur fram af því að það flytur þetta frv., að svona eigi að vera, þá er orðið illt í efni. Þá er orðið illt í efni, segi ég. Þá á ríkisvaldið bara að leggja til að sveitarfélögin taki við þessu verkefni en ekki að vera sjálft að grautast með það ef það treystir sér ekki til þess sjálft að leysa úr því þannig að jafnræðis sé gætt með þegnunum.

Þetta ákvæði er alveg ótækt og ég hef fremur styrkst í þeirri skoðun minni sem ég tæpti á hér áðan að menn ættu fremur að skoða alvarlega að fara þá leið að tengja réttindi af þessu tagi við álagningu skatta eins og menn gera hvað varðar vaxtabætur.

Ég vil vitna til bls. 6 í grg. til að svara þeirri gagnrýni hæstv. ráðherra að ekki hafi verið færð rök fyrir þeirri skoðun sem ég setti fram að hætta væri á meiri misnotkun á húsnæðisbótaleiðinni en vaxtabótaleiðinni. Ég vil bara vitna í grg. með frv. sjálfu og láta hana tala sínu máli. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Við athugun nefndarinnar á því hvaða leiðir kæmu helst til álita við að koma á laggirnar sérstökum húsaleigubótum til handa leigjendum voru einkum tveir kostir taldir álitlegir. Annars vegar að húsaleigubætur verði greiddar með áþekkum hætti og vaxtabætur, þ.e. í gegnum skattkerfið. Hins vegar sá möguleiki að fela sveitarfélögum framkvæmdina m.a. vegna þeirrar reynslu sem þau hafa af greiðslu húsaleigustyrkja og lána til fyrirframgreiðslu á húsaleigu innan félagsþjónustu sveitarfélaga.

Nefndin athugaði þann möguleika að jafna húsnæðiskostnað leigjenda fyrir milligöngu skattkerfisins með svipuðum hætti og íbúðareigendur fá vaxtabætur. Sú aðferð felur í sér að greiðsla bótanna til leigjenda kæmi óhjákvæmilega mun seinna en greiðsla leigunnar. Til að húsaleigubætur nái markmið sínu er nauðsynlegt að útborgun þeirra falli sem næst leigugreiðslunni. Að öðrum kosti þurfa leigjendur e.t.v. að taka lán út á væntanlegar bætur sem getur verið erfitt viðureignar og kostnaðarsamt."

Þessi röksemdafærsla er í frv. sjálfu. Ef menn taka hana góða og gilda þá eru menn með þessari sömu röksemdafærslu að hafna vaxtabótaleiðinni í gegnum skattkerfið vegna þess tímamunar sem er á greiðslu vaxta og endurgreiðslu vaxtabóta. Um þetta segir í grg. með frv. að þessi tímatöf á útgreiðslu þess sem á að fá bæturnar og sá tími sem líður þar til hann fær þær endurgreiddar sé sá galli sem verði til þess að menn hafna þessari leið en velji að borga húsaleigubæturnar með öðrum hætti þannig að þær geti komið fyrr. Og þá velja menn sveitarfélagaleið sem er svo aftur sérafbrigði. Þannig er í frv. ráðherrans sjálfs allur sá rökstuðningur sem ráðherra kvartaði yfir að væri ekki fyrir hendi gegn þessari leið.

Megingagnrýni mín snýr að því að fara með þetta yfir í sveitarfélögin, ég gerði það í fyrri ræðu minni og að hluta til núna aftur, en ég ítreka það að ef menn fara svo með málið til sveitarfélaganna, hvort sem ég er sammála því eða ekki, auðvitað geta menn gert það, þá eiga menn að fylgja almennum reglum og stefnu um sjálfstæði sveitarfélaga um ákvörðun í eigin málum þegar menn eru búnir að ákveða að þetta eigi að vera málefni sveitarfélagsins. Þá á ríkið ekki eða einhver undirnefnd sveitarstjórnarinnar að ákvarða hlutina. Það er meginreglan að ákvörðunarvaldið eigi að liggja í sveitarstjórninni sjálfri og það er ekki hægt að ganga gegn því. Þess vegna er gagnrýni mín fram komin að ef menn á annað borð ætla að gera þetta að verkefni sveitarfélagsins þá á sveitarfélagið að hafa vald á verkefninu, sveitarstjórnin sem ræður sveitarfélaginu en ekki undirnefnd sveitarstjórnarinnar og ekki félmrh. En frv. er þannig samið að sveitarstjórnin hefur bara ákvörðun um það hvort það eigi að greiða bætur eða ekki en að öðru leyti liggur ákvörðunarvaldið um meðferð málsins og ákvörðun einstakra þátta þess í höndum annarra aðila en sveitarstjórnarinnar, þ.e. félagsmálanefndarinnar og félmrh. en ekki sveitarstjórnarinnar. Þetta tel ég gagnrýnivert.

Ég fagna þeirri yfirlýsingu ráðherra að það sé ekki meiningin að menn hafi rétt til húsaleigubóta af námsmönnum þegar svo stendur á að þeir stunda nám annars staðar en í sinni heimabyggð en þá þarf líka að breyta greininni svo að það verði ekki niðurstaðan.

Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir benti á einn galla málsins að setja það svona upp í gegnum sveitarstjórnirnar eða sveitarfélögin að það tryggir ekki rétt námsmannsins til bótanna vegna þess að það er háð ákvörðun sveitarstjórnarinnar hvort bætur eru greiddar eða ekki greiddar. Þá eru menn ekki að tala um réttindamál heldur skilyrt réttindamál óháð efnum og ástæðum en það er auðvitað grundvöllur þess að menn grípa til jöfnunaraðgerða að menn eru að vigta það út frá efnum og ástæðum. Nýjungin sem hæstv. félmrh. kemur með inn í þingið og virðist vera einhver málamiðlun milli Sjálfstfl. og Alþfl. er að menn ætla ekki lengur að einskorða réttindamál við efni og ástæður eins og verið hefur heldur við búsetu líka eða ákvörðun sveitarstjórnar. Þetta er alveg fáheyrt og að mínu viti ótrúleg vitleysa sem ætti ekki að eiga sér stað að þingið gleptist inn á að samþykkja.

Virðulegi forseti. Ég læt þetta duga að sinni, það er svo sem margt hægt að segja um þetta frv. en það gefst tækifæri til þess síðar eftir meðferð málsins í nefnd og vonandi lítur það þá betur út en það gerir núna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, fyrri umr.

Stjtill., 529. mál. — Þskj. 828.

[12:33]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Með þáltill. sem hér um ræðir er þess farið á leit að hv. Alþingi heimili fullgildingu Torremolinos-bókunarinnar frá 2. apríl 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa frá 1977.

Torremolinos-alþjóðsamþykktin var fullgilt fyrir Íslands hönd árið 1986 en hefur enn ekki öðlast gildi aðallega vegna þess að ýmis ákvæði samþykktarinnar voru of ströng til að sum ríki með stóran fiskveiðiflota gætu fullgilt hana. Sl. fjögur ár hefur á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar verið unnið að breytingum á samþykktinni með það að markmiði að hún gæti öðlast gildi innan mjög skamms tíma. Bókunin sem hér um ræðir var samþykkt á alþjóðaráðstefnu sem haldin var í Torremolinos á vegum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar.

Alþjóðasamþykktin er sú fyrsta sem fjallar sérstaklega um öryggi fiskiskipa. Hún fjallar um kröfur varð-

andi hönnun, smíði og búnað nýrra þilfarsfiskiskipa sem eru 24 m að lengd og lengri, einnig um skip sem vinna eigin afla. Bókunin nær ekki til eldri skipa, nema að því er varðar neyðaráætlanir, siglingatæki og fjarskiptabúnað þeirra, þar á meðal fjarskiptabúnað sem er hluti af björgunarbúnaði.

Aðalbreytingarnar eru þær að IV., V., VII. og IX. kafli gilda fyrir fiskiskip sem eru 45 m að lengd og lengri í stað fiskiskipa 24 m og lengri.

Nýmæli er að skv. 5. tölul. 3. gr. er gert ráð fyrir að ríki, sem liggja að ákveðnum hafsvæðum, geri með sér svæðisbundið samkomulag um samræmdar lágmarkskröfur fyrir fiskiskip sem eru 24 m að lengd og lengri, en styttri en sem nemur þeirri lengd sem gildissvið IV., V., VII. og IX. kafla nær til.

Bókunin mun öðlast gildi 12 mánuðum frá þeim degi er eigi færri en 15 ríki hafa fullgilt hana enda ráði þau sameiginlega yfir a.m.k. 14.000 fiskiskipum sem eru 24 m að lengd og lengri sem er u.þ.b. 50% af fiskiskipastóli heimsins. Flest ákvæði þessara bókunar hafa nú þegar verið sett inn í íslenskar reglur fyrir skip, t.d. reglur um stöðugleika og öryggi fiskiskipa. Nýjar íslenskra reglur um loftskeytabúnað skipa verða gefnar út á næstunni en þær eru að verulegu leyti byggðar á hinum alþjóðlega staðli um þráðlaus fjarskipti.

Loks má geta þess að verið er að endurskoða reglur um vélbúnað og eldvarnir í fiskiskipum.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu og hv. utanrmn.

[12:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég tel það að sjálfsögðu alveg nauðsynlegt að Ísland sé eitt af þeim ríkjum sem fullgilda þessa samþykkt, Torremolinos-bókunina, og nægir í því sambandi að minna á að það hefur alltaf verið mjög stórt mál hjá okkur Íslendingum sem fiskveiðiþjóð að öryggi okkar fiskiskipa sé það besta sem gerist. Það má einnig minna á það að samkvæmt því sem hér segir í athugasemdum með þáltill. var íslenskur maður, Hjálmar R. Bárðarson, formaður í þeirri nefnd sem vann að frumdrögum að þessari samþykkt og það leggur okkur sem Íslendingum enn meiri skyldur á herðar að fullgilda þennan samning.

Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan þegar hann mælti fyrir þessari tillögu þá höfum við Íslendingar tekið upp mjög margt sem tilheyrir þessari samþykkt í okkar siglingalög og þau lög sem gilda um öryggi fiskiskipa hjá okkur og þannig höfum við að sjálfsögðu verið að fullgilda hvað okkur varðar þau ákvæði sem hér eru inni. En ég vildi spyrja hæstv. ráðherra í framhaldi af því sem hann hefur sagt um þetta og lokaorðum hans að vísa þessari samþykkt til hv. utanrmn., sem að sjálfsögðu er eðlilegt þar sem hér er um alþjóðasamþykkt að ræða, hvort ekki þurfi jafnframt að vísa þessu máli til samgn. þar sem samgn. hefur fjallað um öryggi fiskiskipa og hefur með að gera bæði frumvörp og lagabálka um það atriði.

Ég hef ekkert sérstakt um það að segja hvernig þessi þáltill. er til komin eða orðuð. Ég hef ekki farið nákvæmlega yfir alla þætti í þessu riti enda veit ég að þetta er jafnframt tekið inn í okkar lagabálka. En það er mjög mikið lesefni sem berst á borð okkar þingmanna þessa dagana, það nægir í því sambandi að nefna það sem hér má sjá á borðum frá því í gær og telur örugglega nokkur þúsund blaðsíður og á að taka hér fyrir samkvæmt dagskrá í dag. Þingmenn hafa sjálfsagt orðið að leggja hart að sér til þess að lesa það allt saman í nótt.

Að öðru leyti ætla ég ekki að tjá mig sérstaklega um þetta en vil spyrja hæstv. ráðherra aftur hvort ekki sé eðlilegt að bæði utanrmn. og samgn. fjalli um þetta.

[12:40]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það vill svo til að í morgun stóð fundur í utanrmn. þar sem við m.a. litum yfir dagskrá þessa fundar sem hér stendur og sáum það að nokkrum málum á dagskránni yrði vísað til utanrmn. Það var ákveðið á þeim fundi að vísa strax til undirumsagnar samgn. þessu umræddu máli þannig að það liggur þegar fyrir ákvörðun um það að samgn. fái málið til umfjöllunar. Og þegar þeirri umfjöllun lýkur þá tekur utanrmn. málið til efnislegrar umfjöllunar. Það gegnir reyndar svipuðu máli um 23. mál, Samning um líffræðilega fjölbreytni. Þar var ákveðið að leita álits umhvn. Og 26. mál, Samning um Svalbarða, var ákveðið að senda til sjútvn. til athugunar. Þetta vildi ég að kæmi fram hér og nú í tilefni af orðum hv. síðasta ræðumanns.

[12:41]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Páli Pétursyni fyrir það að upplýsa um þessa málsmeðferð í utanrmn. í morgun sem mér var ekki kunnugt um. Mér finnst það mjög eðlilegt að það sama gildi einnig um ýmsa aðra dagskrárliði sem hér eru á dagskrá og það er greinilegt að hv. utanrmn. hefur verið vel á verði í þessu og ætlar sér að hafa gott samstarf við aðrar nefndir þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, 1. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 829.

[12:42]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Frv. sem hér um ræðir er flutt til að hægt verði að framfylgja hér á landi annars vegar samningi frá 19. nóv. 1990, um hefðbundinn herafla Evrópu, og hins vegar samningi frá 24. mars 1992, um opna lofthelgi.

Samkvæmt 1. gr. frv. skulu eftirlitsmenn og flutningsáhafnir, sem starfa á grundvelli samninganna njóta þeirrar friðhelgi, forréttinda og undanþágna hér á landi sem kveðið er á um í samningunum.

Í samningi um hefðbundinn herafla í Evrópu er gert ráð fyrir takmörkun ákveðinna tegunda hefðbundinna vopna í Evrópu og er aðildarríkjunum heimilt að senda eftirlitssveitir til annarra aðildarríkja til þess að tryggja framkvæmd samningsins.

Samningur um opna lofthelgi veitir aðildarríkjum rétt til að hafa eftirlit úr lofti með hernaðarstarfsemi í öðrum aðildarríkjum. Í því skyni eru leyfð könnunarflug samkvæmt nánar tilgreindum skilyrðum.

Samkvæmt samningnum njóta tilgreindir starfsmenn og eftirlitssveitir forréttinda og friðhelgi sem miðast við ákveðnar greinar Vínarsamnings um stjórnmálasamband sem Ísland er aðili að og hefur lagagildi hér á landi.

Tekið skal fram að engar óskir hafa borist íslenskum stjórnvöldum til þessa um eftirlit í tengslum við ofangreinda samninga og e.t.v. ekki miklar líkur á að slíkar óskir berist vopnlausu landi en engu að síður er full ástæða er til þess að fullgilda alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.

Það fyrirkomulag sem sett er fram í frv. þessu er efnislega hið sama og gert er ráð fyrir í lögum nr. 98/1992, um friðhelgi og forréttindi alþjóðastofnana.

Frú forseti. Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og allshn.

[12:44]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að það sé ekki alveg einboðið að senda þetta mál til allshn., mér sýnist að hér sé a.m.k. öðrum þræði um að ræða utanríkismál og ég tel að það væri rétt að athuga það áður en atkvæði eru látin ganga hvort þetta mál eigi ekki heima undir utanrmn., eða ætti að vera á forræði utanrmn. Það er sjálfsagt að allshn. athugi málið jafnframt. Ég er ekki alveg eins viss og hæstv. utanrrh. um að hér sé um sjálfsagt mál að ræða. Mér finnst að það þurfi að athuga þetta mál a.m.k. Hér er um að ræða utanríkisþjónustu með nokkuð sérstæðum hætti og þar af leiðandi finnst mér að við þurfum a.m.k. að reyna að gera okkur grein fyrir því hverjar afleiðingar verða af samþykkt þessa frv. áður en við sporðrennum því.

[12:46]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Áður en lengra er haldið tel ég rétt að vekja athygli hv. þm. á því sem stendur í athugasemdum við lagafrv. þetta. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Hinn 9. nóv. 1991 öðlaðist samningur frá 19. nóv. 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu gildi. Samningurinn var fullgiltur fyrir Íslands hönd samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 14. des. 1991."

Með öðrum orðum, það er búið að fullgilda umræddan samning með heimild Alþingis eftir að utanrmn. hefur um hann fjallað þannig að þarna er ekki um að ræða fullgildingu á alþjóðasamningi heldur ákveðin framkvæmdaratriði á samningi sem þegar hefur verið fullgiltur með samþykki Alþingis Íslendinga og eftir umfjöllun í utanrmn. Einmitt þess vegna var það niðurstaða lögfræðinga utanrrn. að málið ætti heima í allshn. Það er hins vegar ekkert sérstakt metnaðarmál mitt að svo skuli vera en ég vildi gjarnan skjóta því til úrskurðar virðulegs forseta hvert forsetadæmið teldi réttast að þetta frv. færi og ég er reiðubúinn að sjálfsögðu til þess að fallast á úrskurð forseta og draga þá tillögu mína til baka ef niðurstaða forseta verður önnur.

[12:48]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Einmitt vegna þess að þetta mál hefur verið á forræði utanrmn. þá finnst mér það styðja það að þar eigi það að halda áfram að vera. Mér er það hins vegar ekkert metnaðarmál að utanrmn. fjalli um málið. Það sem ég óska eftir er það að menn fari yfir það og geri sér grein fyrir afleiðingum þess. En af því að fyrri hlutinn, þ.e. meginmálið, var á forræði utanrmn. þá finnst mér þetta heyra þar líka.

[12:49]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að gera þetta að neinu ágreiningsmáli en ítreka það að ég mælist til þess við forsetadæmið að hæstv. forseti skoði þetta og ítreka það að ég er reiðubúinn til þess að una niðurstöðu hæstv. forseta um það sem forseti telur réttast vera í þessu efni.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill fá örlítinn umhugsunarfrest en mun svara því fljótlega hvert forseti telur eðlilegt að þetta mál eigi að fara.

[12:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er ekki efnisleg umræða um frv. sem ég hafði hugsað mér heldur fyrst og fremst vegna þess að ég vil taka undir orð hv. 1. þm. Norðurl. v. um það að ég tel að þetta sé utanríkismálanefndarmál og ég hefði haldið að þangað ætti að vísa því. Mér er það ekki ljóst eftir að hafa farið yfir þetta frv. hvers vegna því er vísað til allshn. og mjög eðlilegt þar sem áður hefur verið fjallað um þennan samning í hv. utanrmn. að þessi breyting eða viðbót sé áfram þar inni. Að öðru leyti sýnist mér að hér sé sagt að það sé sérstaklega á málefnasviði utanrmn. og vil því leggja til að eftir þeim ábendingum sé farið að þetta sé mál þeirrar nefndar.

[12:51]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að biðja hv. þm. að hugsa sig betur um. Reglan er sú að alþjóðasamningar sem fullgiltir skulu vera fyrir Íslands hönd eru lagðir fram á Alþingi og fara til utanrmn., sem síðan fjallar um þá og síðan eru samningarnir fullgiltir að lokinni þeirri umfjöllun samkvæmt samkomulagi frá Alþingi. Það kann hins vegar að kalla á það á síðari stigum að

breyta þurfi íslenskum lögum sem falla undir hinar ýmsu nefndir Alþingis. Ég held að það mundu vera einkennileg vinnubrögð hjá hinu háa Alþingi ef öllum slíkum lagabreytingum sem samningar kölluðu á um ýmsa þætti íslenskrar löggjafar yrði vísað til utanrmn. til umfjöllunar. Þetta er dæmi um slíkt mál. Þess vegna ítreka ég að ég bið forseta að skoða þetta mál vandlega og mun sætta mig við hans niðurstöðu.

[12:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú er ég ekki jafnþingreynd og hæstv. starfandi utanrrh. þannig að vel má vera að þetta séu réttar ábendingar hjá honum. En mér sýnist að þetta sé raunverulega framhald af þeim samningi sem gerður var um hefðbundinn herafla. Og hér er verið að ræða um eftirlitsmenn og flutningsáhafnir sem starfi á grundvelli þessa samnings. Ég veit ekki betur en að það sem snertir sendiráð og sendiherra og flest þau mál séu einmitt mál sem vísað er til utanrmn. En ég get að sjálfsögðu fallist á úrskurð forseta hvað þetta varðar hér á eftir.

[12:53]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er ástæðulaust að orðlengja mikið um þetta. Hér er e.t.v. um markatilfelli að ræða og ef málið færi til utanrmn. er afar einfalt að fá álit allshn. á málinu þannig að hér er kannski ekki um stóra mismunun að ræða. En ég vil minna á að herinn hefur heyrt undir utanrmn. og mun eftir því sem ég best veit halda áfram að gera það. Sendiherrar og utanríkisþjónustan heyrir líka undir þá nefnd. Ég tel því að það séu sterk rök fyrir því að þetta mál heyri þar áfram.

Ég vil svo vegna þess að hér hefur verið óskað eftir úrskurði forseta minna á það í allri góðsemi, þó að ég treysti frú forseta prýðilega til að úrskurða í þessu máli, að þá er það þingið sem slíkt sem hefur hér endanlega úrskurðarvald. Forseti getur látið athuga málið, og það tel ég af hinu góða, og sagt sína skoðun á því hvert málið eigi að fara. En bara til að taka af öll tvímæli þá er það auðvitað atkvæðagreiðsla í þinginu sem ræður ef ágreiningur verður um til hvaða nefndar mál á að fara, ekki úrskurður forseta.

[12:54]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í lögum um sveitarstjórnarkosningar er m.a. kveðið á um utankjörfundaratkvæðagreiðslur. Þar er m.a. gert ráð fyrir að sendiherrar og sendiráð Íslands standi að utankjörfundaratkvæðagreiðslum fyrir íslenska ríkisborgara utan Íslands. Ef menn ætluðu nú að gera breytingar á þeirri lagasetningu er snýr að utankjörfundaratkvæðagreiðslu til sveitarstjórna, teldi þá hv. þm. að það ætti að vísa því máli til utanrmn. af því að það eru sendiherrar og sendiráð Íslands sem um þau mál fjalla á erlendum vettvangi?

[12:55]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér fannst nú athugasemd hæstv. viðskrh. nokkuð langsótt. Ég geri ekki ráð fyrir því að utanrmn. færi neitt að sælast eftir yfirráðum yfir því. Sendiráðin heyra hins vegar undir utanrmn., tvímælalaust, en ekki allshn. Ég tel hins vegar að framkvæmd kosninga yfirleitt heyri til allshn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um opna lofthelgi, fyrri umr.

Stjtill., 541. mál. — Þskj. 849.

[12:56]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegur forseti. Hér er um að ræða till. til þál. um fullgildingu alþjóðasamnings svo það fer væntanlega ekki á milli mála hvert ætti að vísa því máli. Með flutningi þessar þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit við Alþingi að fullgilding samnings um opna lofthelgi verði heimiluð. Samningurinn sem var undirritaður fyrir Íslands hönd í Helsinki 24. mars 1992, með fyrirvara um fullgildingu, felur í sér að samningsaðilar leyfi gagnkvæmt flug óvopnaðra könnunarvéla útbúnar myndavélum og skynjurum yfir landsvæði hvers annars.

Aðdragandi samnings um opna lofthelgi var nokkuð langur og snerti upphaflega aðildarríki Atlantshafsbandalagsins annars vegar og Varsjárbandalagsins fyrrverandi hins vegar en samningaviðræður stóðu með hléum árin 1990–1992. Samningurinn hefur þegar tekið gildi til bráðabirgða með þátttöku ríkja sem stóðu utan fyrrnefndra bandalaga og gert er ráð fyrir að hann verði opinn öllum þátttökuríkjum Ráðstefnunnar um samvinnu og öryggi í Evrópu eftir formlega gildistöku.

Tilgangurinn með samningi um opna lofthelgi er að stuðla að upplýsingaskiptum milli aðildarríkjanna á hernaðarsviðinu, m.a. í því skyni að styrkja eftirlitsákvæði afvopnunarsamninga í nútíð og framtíð. Að auki er samningurinn öðrum þræði traustvekjandi aðgerð.

Íslensk stjórnvöld studdu frá upphafi frumkvæðið að opinni lofthelgi en jafnframt byggðist aðild Íslands að viðræðunum og síðar samningnum sjálfum fyrst og fremst á aðildinni að Atlantshafsbandalaginu.

Eins og fram kemur í athugasemdum með þáltill. fóru íslensk stjórnvöld ekki fram á svonefndan könnunarflugskvóta gagnvart öðrum aðildarríkjum en samningurinn heimilar fjögur flug yfir Íslandi. Tekið skal fram að ekki hefur verið óskað eftir slíku flugi hér á landi. Ég leyfi mér að leggja til að þáltill. þessari verði vísað til hv. utanrmn. og síðari umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:59]

Húsaleigubætur, frh. 1. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 869.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SighB, StG, StB, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 545. mál (endurgreiðsla ökumæla). — Þskj. 856.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HÁ, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
28 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StB, SvG, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tryggingagjald, frh. 1. umr.

Stjfrv., 546. mál (veitingarekstur og útleiga bifreiða). — Þskj. 857.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
29 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, StB, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tollalög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 547. mál (undirboðs- og jöfnunartollar). — Þskj. 858.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
26 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GuðjG, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, StB, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 1. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 859.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GuðjG, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StB, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 1. umr.

Stjfrv., 581. mál (veiting atvinnuréttinda). — Þskj. 900.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, JÁ, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 1. umr.

Frv. TIO og StB, 583. mál (endurbætur og viðhald á eigin húsnæði). — Þskj. 902.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Búlgaríu, frh. síðari umr.

Stjtill., 431. mál. — Þskj. 643, nál. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]
Tillgr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 916).

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ungverjalands, frh. síðari umr.

Stjtill., 432. mál. — Þskj. 644, nál. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]
Tillgr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 917).

Fríverslunarsamningur milli Fríverslunarsamtaka Evrópu og Rúmeníu, frh. síðari umr.

Stjtill., 433. mál. — Þskj. 645, nál. 870.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:43]
Tillgr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS) fjarstaddur.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 918).

Eignarskattur á íbúðarhúsnæði, frh. fyrri umr.

Þáltill. GHall o.fl., 491. mál. — Þskj. 749.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Till. vísað til síðari umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, TIO, VS) fjarstaddur.

Till. vísað til efh.- og viðskn. án atkvgr.

Hópuppsagnir, frh. 1. umr.

Stjfrv., 555. mál (uppsögn ráðningarsamninga einstakra starfsmanna). — Þskj. 866.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:44]
Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Reynslusveitarfélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 865.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:45]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til félmn. án atkvgr.

Ákvörðun leigumála og söluverðs lóða og landa Reykjavíkurkaupstaðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 563. mál (lögveðsréttur lóðarleigu). — Þskj. 876.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:46]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Endurskoðun laga um skipan opinberra framkvæmda, frh. síðari umr.

Þáltill. StB, 41. mál. — Þskj. 44, nál. 838, brtt. 839.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:47]
Brtt. 839 (ný tillgr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, GE, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 919).

Slysavarnaráð, frh. 2. umr.

Frv. LMR o.fl., 235. mál. — Þskj. 264, nál. 893, brtt. 894.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:48]
1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, VG, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 894,1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, FI, GuðjG, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SP, StG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

4.–8. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 894,2 (ný 9. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

Héraðsskógar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 499. mál (skógrækt á eyðijörðum). — Þskj. 766, nál. 855.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

Málefni aldraða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 295. mál (öldrunarmálaráð). — Þskj. 414, nál. 883, brtt. 884.

[13:52]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og forseti tilkynnti við lok umræðna um þetta dagskrármál í fyrradag hefur verið kannað hvort brtt. hv. heilbr.- og trn. á þskj. 884, 2. tölul., sé „óþingleg", þ.e. brjóti gegn þingsköpum eða þingvenjum. Enn fremur hvort brtt. feli í sér gerbreytingu lagafrv. sem er andstæð 44. gr. stjórnarskrárinnar, en samkvæmt henni má ekki samþykkja lagafrv. fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður.

Tillaga þessi felst í því að bæta í frv. breytingu á öðrum lögum til samræmis við meginefni þess sem er stofnun öldrunarmálaráðs samkvæmt nánari ákvæðum. Verði tillagan samþykkt fær frv. form sem kunnuglegt er hér á Alþingi, þ.e. verður „bandormur", raunar af minnstu gerð. Af þeirri ástæðu einni verður tillögunni ekki vísað frá.

Takmörk eru fyrir því hve mikið má breyta frumvörpum í meðförum þingsins. Stjórnarskrárákvæðið, sem vitnað var til, hefur þó um langan tíma verið túlkað þannig hér á hv. Alþingi að nefndir þingsins hefðu talsvert svigrúm til breytinga á frumvörpum eins og svo mörg dæmi sanna, einkum eftir athugun fyrir 2. umr. Engu að síður veitir stjórnarskráin hér ákveðið aðhald. Þannig bæri forseta að vísa frá brtt. sem fæli í sér nýtt atriði sem hefur engin efnisleg tengsl við frv. eða úrskurða það nýtt mál að henni samþykktri.

Tillagan á þskj. 884 felur í sér samræmisbreytingu á öðrum lögum, breytingu sem að mati tveggja þingnefnda á að leiða af meginefni frv. Þess vegna verður tillagan ekki talin stangast á við venju í þessu efni. Það er því úrskurður forseta að 2. tölul. á þskj. 884 geti komið til atkvæða og hefst nú atkvæðagreiðslan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:54]
Brtt. 884,1 (ný 1. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, JóhS, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VG, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (FI, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, KHG, PP, RA, StG, StH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, TIO, VS, VE) fjarstaddir.
7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við umræðu um þetta mál fyrir nokkrum dögum er hér um mjög sérkennilegan málatilbúnað að ræða. Í upphafi var gert ráð fyrir því í frv. að breyta aðeins lögum um málefni aldraðra. Síðan var ákveðið við meðferð málsins á síðari stigum að breyta einnig lögum um félagsþjónustu

sveitarfélaga og málin voru til lykta leidd á vettvangi nefndar og hér í umræðu án þess að viðkomandi fagráðherrar væru kallaðir til með þeim hætti að fullnægjandi megi teljast. Ég tel þess vegna, hæstv. forseti, og með hliðsjón af því að hér er bersýnilega um markatilfelli að ræða, eins og fram kom í athugasemd hæstv. forseta, þá væri langeðlilegast að fresta atkvæðagreiðslunni og kanna þetta mál betur í nefnd áður en til atkvæðagreiðslu kemur. Þar sem forseti hefur hins vegar kosið að láta atkvæðagreiðslu engu að síður fara fram þrátt fyrir það að reynt sé beinlínis á þanþol stjórnarskrárinnar í þessu máli, þá mun ég ekki greiða málinu atkvæði.

[13:56]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er um framúrskarandi subbulega aðferð við lagasetningu að ræða. Nefnd fær frv. um breytingu á lögum til meðferðar á málasviði sínu. Við meðferðina kemur það upp að hún ákveður að fara í lög sem eru á málasviði annarrar nefndar og fellir inn í sínar brtt. breytingu á þeim lögum. Þetta opnar fyrir óendanlega möguleika fyrir þingnefndir að skipta sér af málum í lagasetningu á málasviði annarra nefnda. Hvað svo sem úrskurði hæstv. forseta líður um stjórnarskrárþáttinn þá er þetta óhæf aðferð við lagasetningu og ég ætla ekki að greiða atkvæði.

[13:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um þetta frv. urðu allmiklar umræður um það sem hér hefur komið til tals. Það er mjög óeðlilegt að þannig sé að málum staðið að brtt. feli það í sér að verið sé að gera breytingu á öðrum lögum heldur en í frv. er lagt til. Hins vegar hefur heilbr.- og trn. unnið að þessu máli og unnið mjög vel eins og fram kemur í nefndaráliti. Ég tel eðlilegt að nefndin leggi fram breytingar við frv. eins og það var, þ.e. um lög um málefni aldraðra og mun því greiða atkvæði með því frv. og brtt. sem snerta það. Hins vegar eins og ég sagði áðan, þá finnst mér óeðlilegt að hér sé verið að breyta þessum lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga sem ekki var neitt inni í þessu frv. Fyrirvari fulltrúa Kvennalistans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, laut einmitt að þessu og munum við kvennalistakonur því sitja hjá við afgreiðslu þess.

[13:58]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Málflutningur stjórnarandstöðunnar í þessu máli vekur óneitanlega mikla furðu. Hér er fram komið samhljóða nefndarálit frá allri heilbr.- og trn. að fengnum tillögum og umsögn félmn. að því er mér er tjáð og fram kom við 2. umr. málsins. Ég sé ekki betur heldur en stjórnarandstæðingar í heilbr.- og trn. sem sjálfir flytja þessar breytingartillögur og eru aðilar að því nefndaráliti sem öll nefndin flytur, séu hér að sitja hjá við sínar eigin tillögur. Það eru ákveðin nýmæli hér í störfum Alþingis.

Eins og fram kom í yfirlýsingu forseta um þetta efni, þá er hér alls ekki verið að fara út á neitt grátt svæði í þessum efnum. Hér er verið að gera breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, sem leiða beinlínis af hinu atriðinu í frv. Þetta er þess vegna eðlileg málsmeðferð. Hún er alþekkt hér á Alþingi og það kemur á óvart að síðasti hv. ræðumaður sem trekk í trekk hafði forgöngu um gerð bandorma á tímum fyrri ríkisstjórna er orðinn hissa á slíkri málsmeðferð. Ég vek athygli á þeirri ósamkvæmni sem fram kemur í atkvæðagreiðslu stjórnarandstæðinga í nefndinni miðað við það nefndarálit og þær tillögur sem þeir hafa sjálfir flutt, en styð að sjálfsögðu þessa tillögu.

[13:59]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið, þá fór fram mikil umræða um þetta mál við 2. umr. Allur minni hluti hv. heilbr.- og trn. var með fyrirvara við málið, ekki efnisatriði málsins, reyndar frv. eins og það var upphaflega lagt fyrir. Það stendur í raun og veru ekkert eftir af því í brtt. hv. heilbr.- og trn. Því má segja að þessi brtt. sé að vissu leyti flutt af nefndinni. Aftur á móti eru ekki efnislegar athugasemdir minni hlutans við málið en við málsmeðferðina gerði minni hlutinn strax í meðförum nefndarinnar miklar athugasemdir og okkar fyrirvari nær til þess hvernig að málinu var staðið.

[14:00]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil staðfesta það sem hefur komið fram að félmn. Alþingis fjallaði um þessa brtt. sem sneri að lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, fór mjög ítarlega ofan í það eftir að heilbr.- og trn. hafði unnið málið hvaða afleiðingar þetta hefði fyrir lögin og nefndin átti í raun og veru tvo kosti. Hún átti þann kost sem hún tók að vísa umsögn sinni og tillögum um breytingar á félagsþjónustulögunum yfir til heilbr.- og trn. þannig að breytingarnar kæmu frá henni eftir vinnu nefndarinnar eða að flytja sérstakar tillögur frá sér með tilvísun til laga sem hefðu verið afgreidd úr heilbr.- og trn. sem kölluðu á lagfæringar á félagsþjónustulögunum. Það var mat okkar að sú leið sem við fórum væri betri og eðlilegri og ég minnist þess ekki að það hafi verið andmæli við það af hálfu fulltrúanna í félmn. Við unnum þetta vel og ég held að það hafi verið góð leið sem við fórum og sú umræða sem hér á sér stað kemur mér mjög á óvart í þessu máli.

[14:02]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er óhjákvæmilegt að mótmæla því að hér sé um venjuleg eða jafnvel alvenjuleg vinnubrögð að ræða, svo er ekki. Það er rangt, hvort sem hv. þm. Geir Haarde eða hæstv. forseti heldur því fram. Hér er verið að búa til bandorm með brtt. við 2. umr. máls. Það er mjög óvenjulegt. Fyrir því eru án efa fá dæmi í þingsögunni. Það er ekki sambærilegt við það þegar frv. er flutt sem bandormur frá byrjun og menn vita að hverju þeir ganga í sambandi við þann málatilbúnað. Og það er alveg óásættanlegt að málið þróist með þessum hætti hér í vinnubrögðum við lagasetninguna. Maður spyr sig að því: Hvað kemur næst? Verður það jafnvel næsta stig í þessari þróun að nú fari

menn að taka inn alls óskyld og ný frumvörp til afgreiðslu hér við 3. umr. mála? Það er næsti bær við þetta sem er að gerast hér. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum með því að greiða ekki atkvæði um þessa brtt.

Brtt. 884,2 (ný grein, verður 2. gr.) samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, JóhS, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VG, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (FI, GB, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JHelg, JVK, KHG, PP, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:04]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég greiði ekki atkvæði um þessa brtt. m.a. með hliðsjón af úrskurði forseta. Hann er hið nýja í málinu. Hann er sá viðburður sem taka verður mið af við afgreiðslu þessa máls. Það er þess vegna rangt hjá hv. 8. þm. Reykv. að það sé í rauninni nóg í þessu sambandi að líta á efnismeðferð málsins í nefndinni. Það verður einnig að skoða og taka tillit til þeirrar umræðu sem fram fór hér í þinginu við 2. umr. um formshlið málsins, m.a. ábendingar sem fram koma frá hv. 2. þm. Vestf. og hæstv. forseti hefur tekið tillit til. Ég tel að það sýni hroka í afstöðu stjórnarliðsins að hlusta ekki á aðvaranir einstakra stjórnarandstöðuþingmanna við 2. umr. og einnig hroka að taka ekki tillit til þess að hér hefur verið fluttur af forsetastóli úrskurður sem er í rauninni mjög sjaldgæfur ef ekki nýlunda um langt árabil.

[14:05]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Eftir þessar umræður stendur það að hv. stjórnarandstæðingar í heilbr.- og trn. skila nefndaráliti með stjórnarliðunum. Nefndarálitið er frá heilbr.- og trn. allri. Sama er að segja um brtt. (**FI:** Með fyrirvara.) Og það er ekki til neitt, hv. þm. Finnur Ingólfsson, sem heitir að segja að brtt. séu að vissu leyti fluttar af heilbr.- og trn. Þær eru fluttar af nefndinni. Það liggur alveg ljóst fyrir á þessu þskj. Og það er hámark tvískinnungsins að flytja brtt. sem aðili að nefnd og sitja síðan hjá þegar þær koma til afgreiðslu. Það er hámark tvískinnungsins.

Ég vísa til þess sem ég hef áður sagt um þetta efni, virðulegi forseti. Ég bendi á að mér varð á mismæli hér áðan, ég bið hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur að fyrirgefa það, ekki vildi ég líkja henni við Pál Pétursson í meðferð bandorma hér á árum áður. En það eru fordæmi fyrir því, og þau eru auðvitað ekki til fyrirmyndar, að inn í bandorma sé bætt við 3. umr. efnisatriðum úr ólíkri átt eða úr öðrum lögum og það er ekki til fyrirmyndar. Um slíkt er hins vegar ekki að ræða í þessu efni. Ég greiði þessari tillögu atkvæði, virðulegi forseti.

[14:07]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég gerði athugasemdir við meðferð þessa máls við 2. umr. og þó ekki sé nú annað vil ég benda hæstv. forseta á að 2. liður þessarar svokölluðu brtt. er hér í 1. umr. en ekki 2. umr. Það hefur engin 1. umr. farið fram um breytingu á lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Samkvæmt lögum um þingsköp, hæstv. forseti, og ég vænti þess að það verði ekki dregið í efa, ber að hafa þrjár umræður um öll frumvörp og ég ætla hv. þm. ekki að voga sér að bera á móti þeirri einföldu staðreynd. Hér er verið að brjóta lög um þingsköp.

2. gr. (verður 3. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 884,3.a (ný fyrirsögn frv.) samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, GÁS, JóhS, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VG, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (FI, GB, GJH, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JHelg, JVK, KHG, PP, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Brtt. 884,3.b (ný fyrirsögn 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, HÁ, JóhS, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VG, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (FI, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JHelg, KHG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StG, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til 3. umr. með 31:2 atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, HÁ, IP, JÁ, JóhS, JVK, KE, LMR, MB, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VG, ÞorstP, ÖS.

nei: GHelg, SvG.

9 þm. (FI, GJH, HG, JHelg, KHG, PP, RA, StG, SJS) greiddu ekki atkv.

21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

Húsaleigulög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 144. mál (heildarlög). — Þskj. 160, nál. 835, brtt. 836.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:12]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 836,1 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VG, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StH, TIO, VS, VE) fjarstaddur.

3. gr., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HG, IP, JÁ, JóhS, JHelg, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StB, VG, ÞorstP, ÖS.
28 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, FI, GuðjG, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, JGS, JónK, JVK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

4.–55. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 836,2 samþ. án atkvgr.
56. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
57.–68. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 836,3 samþ. án atkvgr.
69. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
70.–84. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 836,4 samþ. án atkvgr.
85. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
86. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 836,5 samþ. án atkvgr.
87. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IP, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VG, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GunnS, HBl, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RA, StH, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, frh. fyrri umr.

Stjtill., 529. mál. — Þskj. 828.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:16]
Till. vísað til síðari umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, HÁ, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VG, ÞorstP, ÖS.
25 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StH, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 829.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:17]
Frv. vísað til 2. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VG, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StH, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Það er tillaga starfandi utanrrh. að vísa þessu frv. til hv. allshn. (**Viðskrh.:** Má ég biðja um að atkvæðagreiðslu um að vísa frv. til nefndar sé frestað?) Það er óskað eftir að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað og verður forseti við því.

Atkvæðagreiðslu frestað.

Samningur um opna lofthelgi, frh. fyrri umr.

Stjtill., 541. mál. — Þskj. 849.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:18]

Till. vísað til síðari umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GJH, HÁ, HG, IP, JÁ, JóhS, JVK, KHG, KE, LMR, MB, ÓE, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VG, ÞorstP, ÖS.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, GuðjG, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, ISG, JGS, JHelg, JónK, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, StH, SvG, TIO, VS, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. án atkvgr.

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, fyrri umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 841.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram ósk frá þingflokki framsóknarmanna um að þessi umræða fari fram samkvæmt ákvæðum 55. gr. þingskapa, eftir heimild í 5. mgr. 44. gr. þingskapa, þ.e. að engin tímamörk gildi við umræðuna, og verður orðið við því.

[14:20]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir þáltill. á þskj. 841 um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samninginn frá 2. maí 1992, um Evrópska efnahagssvæðið.

(**Forseti** (SalÞ): Má biðja um hljóð í salnum?)

Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar var samþykkt í Brussel 21. mars 1994. EES-samningurinn tók gildi eins og kunnugt er þann 1. jan. 1994. Í viðaukum við samninginn voru þær EES-gerðir sem tekið höfðu gildi fyrir 1. ágúst 1991 og samið hafði verið um að ná skyldi til alls efnahagssvæðisins. Allt frá upphafi hefur verið ljóst að til þess að ná markmiði samningsins þyrfti stöðugt að halda við því samræmingarstarfi sem hófst með EES-samningnum og tryggja samræmdar reglur á efnahagssvæðinu með viðeigandi breytingum og viðbótum.

Við gildistöku EES-samningsins skapaðist tækifæri EFTA-ríkja til þátttöku í mótun nýrra ákvarðana á öllu EES-svæðinu en sérstaklega verður að taka á þeim textum sem samþykktir hafa verið frá 1. ágúst 1991 fram að gildistöku EES-samningsins 1. jan. 1994, þ.e. svokallaðan viðbótarpakka milli EFTA-ríkjanna og Evrópusambandsins. Með þessari þáltill. er verið að leita eftir samþykki Alþingis til að heimila ríkisstjórninni að fullgilda umræddan viðbótarpakka sem taka á gildi samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar þann 1. júlí nk.

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið var fullgiltur með heimild í lögum nr. 2/1993. Þær gerðir sem eru í viðbótarpakkanum fela ekki í sér breytingu á þeim meginreglum sem í samningnum felast. Um tveir þriðju hlutar gerðanna varða vöruviðskipti. Flestar snerta þær breytingar og viðbætur vegna reglugerða og tilskipana um heilbrigði dýra og plantna annars vegar og tæknilegar reglugerðir, staðla, prófanir og vottorð hins vegar. Ísland hefur undanþágu frá samræmingu reglna um heilbrigði dýra. Aðrir textar sem vöruviðskipti varða fjalla um upprunareglur, ríkisaðstoð, opinber útboð og viðurkenningu höfundarréttar.

Þær gerðir er varða þjónustu og fjármagnsviðskipti sem féllu undir EES-samninginn við gildistöku hans tryggðu staðfesturéttinn og settu grundvallarreglur fyrir þjónustustarfsemi á mörkuðum EES. Fyrir flesta þætti þjónustuviðskipta næst fullur markaðsaðgangur fyrst með viðbótarpakkanum. Þær reglur viðbótarpakkans sem fjalla um frjálsa för launafólks hafa að geyma löggjöf sem ætlað er að styrkja hinn sameiginlega vinnumarkað. Þar má helst nefna viðbótarreglur um samstarf á sviði almannatrygginga, gagnkvæma viðurkenningu prófskírteina og starfsvottorða fyrir þá hópa sem ekki hafa langskólanám að baki. Markmið þessara reglna er að greiða götu launafólks og þeirra sem starfa á eigin vegum.

Í flestum tilvikum er um að ræða gerðir sem fela í sér einfaldar, efnislegar breytingar á eldri gerðum. Mikilvægasta undantekningin frá þessu er tilskipun frá 1992 sem felur í sér gagnkvæma viðurkenningu á fleiri tegundum starfsréttinda en hingað til. Í tengslum við þessa tilskipun stóðu Ísland og ESB að sameiginlegri yfirlýsingu varðandi störf í byggingariðnaði á Íslandi. Í yfirlýsingunni er m.a. kveðið á um að farandlaunþegar í byggingariðnaði sem starfa á Íslandi verði að fullnægja kröfum íslenskrar byggingarreglugerðar og brot á þeim reglugerðum geti leitt til þess að beitt verði viðurlögum innan greinarinnar og/eða refsiákvæðum.

Hvað varðar svokölluð jaðarmálefni eru nýjar gerðir í viðbótarpakkanum helst á sviði umhverfismála, félagsmála og hagsýslugerðar. Á sviði félagsmála má nefna að EFTA-ríkjunum býðst að taka þátt í nýju samstarfsverkefni um aldraða og stöðu þeirra. Þá er í pakkanum að finna gerðir sem miða að því að bæta öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Á sviðum umhverfismála hafa verið samþykktar mikilvægar gerðir er fjalla um eftirlit með flutningi á hættulegum úrgangi og takmörkun hávaða frá ákveðnum flugvélategundum. Með EES-samningnum opnuðust EFTA-ríkjunum möguleikar til þess að taka þátt í margvíslegum áætlunum ESB og í viðbótarpakkanum er að finna nýja áætlun sem miðar að því að bæta viðskiptaumhverfi lítilla og meðalstórra fyrirtækja og samkeppnisaðstöðu þeirra á svæðinu.

Ferðamál eru mikið til umræðu hér á landi og í viðbótarpakkanum opnast í fyrsta skipti möguleiki fyrir Íslendinga til að taka þátt í ferðamálaáætlun bandalagsins. Hún miðast aðallega við óhefðbundna ferðaþjón-

ustu, þ.e. vistvæna ferðaþjónustu og ferðaþjónustu í sveitum. Ávörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 21. mars sl. ásamt 20 viðaukum við hana er birt sem fskj. með þáltill. Þær gerðir sem vísað er til í ákvörðuninni eru síðan prentaðar í fylgiriti sem dreift hefur verið á borð þingmanna. Í athugasemdum við þáltill. er ítarlegt yfirlit yfir efnisþætti viðbótarpakkans og vísast til þess.

Mér er kunnugt um að utanrmn. hefur undirbúið sína umfjöllun með því að fara yfir þessi efnisatriði fyrir fram þó að þau séu fyrst nú lögð fram og rædd á Alþingi. Mér er einnig kunnugt um að utanrmn. hefur boðað fulltrúa ýmissa hagsmunaaðila fyrir sig og rætt við þá til undirbúnings þessari afgreiðslu.

Virðulegi forseti. Ég legg áherslu á að í þessum viðbótarpakka er verið að færa Íslendingum aukin réttindi og aukna möguleika sem EES-samningurinn að viðbótarpakkanum frátöldum færir þeim ekki einn út af fyrir sig. Ég leyfi mér því að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[14:27]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það hefði að sjálfsögðu verið heppilegra ef hæstv. utanrrh. hefði mælt fyrir þessu máli og eðlilegra og að honum er mikill sjónarsviptir en hann er ekki ómissandi svo að ég felli mig við það að hæstv. iðnrh. mæli fyrir þessari tillögu. Þetta er að vísu fremur yfirlætislaus tillaga. Hún hljóðar svona:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við samning frá 2. maí 1992 um Evrópska efnahagssvæðið sem samþykkt var í Brussel 21. mars 1994."

Þetta var tillgr., frú forseti.

Svo óheppilega vill til að það er ekki um annað að ræða fljótt á litið en samþykkja þessa tillögu. Það er nýlunda hér á Alþingi að við verðum að samþykkja svona gerning og fáum engu orði hnikað. Að vísu segir frá því í 2. gr. stjórnarskrárinnar að löggjafarvaldið skuli vera hjá Alþingi og það er ekki í samræmi við það sem hér er að gerast þar sem Alþingi hefur bundnar hendur í þessu máli. Þetta var umræðuefni og ágreiningsefni hér í fyrra og ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma. En mér sýnist að þessi gerningur taki af öll tvímæli um það að við sem töldum að hér væri ekki farið eftir íslenskri stjórnarskrá höfðum rétt fyrir okkur.

Hvað er svo verið að samþykkja? Það er verið að samþykkja tilskipanir frá Brussel útgefnar á tímabilinu 1. ágúst 1991 til 1. jan. 1994, um það bil 500 að tölu. Þar af a.m.k. 416 bindandi. Við fengum fyrst í gær texta að hluta af þessum tilskipunum. Þessir textar sem bornir voru á borðin okkar í gær þekja um það bil 2.500 blaðsíður. Enn eigum við eftir að fá væntanlega um 500 blaðsíður þannig að þetta eru um 3.000 blaðsíður að magni og við verðum að samþykkja þetta bindandi. Það er ekki nóg með það. Við eigum enn eftir að hrinda í framkvæmd eða fullgilda um 80 tilskipanir frá gamalli tíð sem við samþykktum að undirgangast með lögum nr. 2/1993, þ.e. þegar við samþykktum EES-samninginn. Þær eru margvíslegs efnis, t.d. um dráttarvélar og útbúnað þeirra, margar um dráttarvélar. Og mér varð nú hugsað til traktoranna minna á Höllustöðum, að eitthvað muni þeim vera áfátt ef þessar tilskipanir eru allar komnar í gildi. En svo vill til að við höfum lögreglulið úti í Brussel sem er að passa okkur, þ.e. eftirlitsstofnun EFTA sem á að gæta þess að EFTA-ríkin fari eftir tilskipunum. Hún hefur kvartað og bent okkur á að flýta okkur að fullgilda þessar tilskipanir eða koma þeim í framkvæmd. Þetta hundrað manna lögreglulið, sem EFTA-ríkin hafa sett á stofn þarna úti í Brussel til að passa sjálf sig og kostar 1 milljarð á ári að reka, á að sjá um það að við stöndum við skuldbindingar okkar gagnvart Evrópusameiningunni. Í þessu 100 manna lögregluliði eru 11 Íslendingar og einn af lögreglustjórunum er Björn Friðfinnsson, fyrrv. ráðuneytisstjóri. Þeir gera ýmislegt annað þarna úti en passa okkur því sumir þeirra eru býsnir iðnir við að senda blaðagreinar í Morgunblaðið þar sem þeir benda á nauðsyn þess að innlima Ísland í Evrópusameininguna í framtíðinni. Þar fyrir utan höfum við EFTA-dómstól sem á þá að skera úr ef mál eru rekin svo langt og veita forúrskurði. Þar er kominn einn af fjórmenningum hæstv. utanrrh. sem gaf út umdeilanlegt álit í fyrra um það að EES-samningurinn sneiddi ekki að stjórnarskránni nema þá að mjög litlu leyti á afmörkuðum sviðum. Hér á ég við prófessor dr. Þór Vilhjálmsson sem nú er kominn á Evrópskt efnahagssvæði og er einn af dómendum í þessum dómstóli.

Ég vil láta þess getið að Íslendingar hafa hvergi komið að undirbúningi þessara 500 tilskipana sem við erum að fjalla um í dag. Það er að vísu að komast á fót fremur vanmáttugt apparat, sameiginleg þingmannanefnd Evrópusambandsins og EFTA sem á að fá að fylgjast með í framtíðinni og frétta af undirbúningi svona tilskipana en eins og kunnugt er þá eru þingmenn valdalitlir í evrópsku samstarfi og það eru fyrst og fremst kontóristarnir sem ákveða hvað þarna er gert.

Hvað felst svo í þessum tilskipunum sem við erum að fjalla um? Nú veit ég ekki, hvort hv. alþm. hafa verið svo hraðlæsir í nótt að þeir hafi lesið þessar 2.500 blaðsíður sem þeim voru færðar í gær og ég veit ekki hvort þeir eru alveg orðnir heima í því hvað í þeim felst. Ég er það a.m.k. ekki en mér sýnist að það megi skipta þeim í nokkra flokka. Í fyrsta lagi er um að ræða sjálfsagða hluti sem við mundum ekki fara að gera neitt veður út af og eru reyndar margir komnir hér þegar til framkvæmda. Ég nefni af handahófi dæmi, t.d. eins og það, frú forseti, að „salerni karla og kvenna skuli vera aðskilin eða notkun þeirra aðskilin". Þetta tel ég vera alveg sjálfsagt mál, enda er það tíðkanlegt hér á Íslandi og hefur verið nokkuð lengi, a.m.k. að notkunin sé aðskilin, þ.e. fólk fari á salerni hvort í sínu lagi. Þetta heyrir undir dæmi um sjálfsagða hluti sem hagkvæmt er að hafa í heiðri. Síðan eru atriði sem eru óþarfi, ég vil ekki segja tittlingaskítur eins og ráðherrarnir segja, en bera vott um smásmygli, geta þó verið

til óþæginda í vissum tilfellum. Ég nefni sem dæmi úr stjórnartíðundunum. Þar er fjallað um lágmarkskröfur um öryggi og hollustu eins og um getur í 10. gr. þessarar tilskipunar. Það eru sameiginlegar lágmarkskröfur sem gilda um vinnustaði á landi og hafi úti. (**Gripið fram í:** Á hvaða blaðsíðu er þetta?) Þetta er á blaðsíðu 378 í bók 5. Þar segir:

„Er starfsmenn vinna utan húss skal vinnustöðin eins og kostur er skipulögð á þann hátt að:

a. þeir séu í skjóli fyrir veðrum og ef með þarf varðir fyrir hlutum sem falla, ..."

Ég hygg nú að hér á Íslandi sé erfitt að fullnægja þessu með skjólið fyrir veðrum í öllum tilfellum. D-liðurinn er um það að þess er krafist að ekki sé „hætta á að starfsmennirnir renni til eða detti". Í lið 3.3 segir:

„Þegar starfsmenn eru staddir á vinnustöðum sem ekki eru venjulega mannaðir skal koma fyrir viðeigandi samskiptakerfum til nota fyrir þá."

Ég veit ekki hvernig ég á að fara með fjárhúsin, hvort við erum að undirgangast að setja síma í fjárhúsin eða hvort dugir að útbúa starfsmenn með talstöð.

Síðan eru í þessu tæknilegar viðskiptahindranir sem settar eru upp til að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja í Evrópubandalaginu gagnvart fyrirtækjum utan Evrópusameiningarinnar og í fjórða lagi er verið að setja hér upp tæki til hagræðingar fyrir auðhringa í Evrópu. Ég vitna til þskj. á bls. 5. Þar segir um viðauka XIV, um samkeppni og ég vitna orðrétt í þskj.:

„Með reglugerð er stórfyrirtækjum gefið meira svigrúm til samráðs til að auðvelda hagræðingu við framleiðslu, nýtingu niðurstaðna úr sameiginlegum rannsóknum og við þróun og útbreiðslu tækniþekkingar."

Einhvern tíma vorum við að tala um hringamyndun en hér sýnist mér að sé unnið í nokkuð aðra átt.

Í utanrmn. hefur farið fram töluverð vinna um þetta verkefni og fjölmargir aðilar hafa verið kvaddir á fund nefndarinnar til þess að lýsa verkefninu og kynna fyrir nefndarmönnum hvað felist í þessum tilskipunum. Betra hefði verið að hafa bækurnar 6 við höndina og texta tilskipananna. Þá hefðum við getað spurt markvissar heldur en við gerðum. Við höfum einungis upptalningu, heiti tilskipananna, og urðum að reiða okkur á það sem okkur var sagt.

Í þeim ágæta hópi sem hitti okkur var mikið mannval og ég vildi, frú forseti, fá leyfi til að víkja að borði mínu og sækja tilheyrandi gagn. Í þessu mikla mannvali var lið sem kom og fræddi okkur. Á fund utanrmn. hafa komið allmargir gestir og þessi mál hafa verið þar til meðferðar síðan 21. febr. og mig langar, með leyfi hæstv. forseta, til að nefna þá gesti sem til nefndarinnar komu vegna þess að á þá höfum við orðið að reiða okkur. Það er í fyrsta lagi Erlendur Lárusson frá Tryggingaeftirlitinu sem fjallaði um tryggingamál. Fram kom að öll þau atriði sem breyta þarf í íslenskum lögum vegna viðbótarpakkans á þessu sviði eru þegar í frv. sem liggur fyrir Alþingi. Ragnhildur Hjaltadóttir frá samgrn. fjallaði um samgöngumál. Fram kom að það er ekkert í viðbótarpakkanum sem varðar flug og siglingar sem kallar á lagasetningu. Varðandi landflutninga þarf hins vegar lagasetningu t.d. varðandi fjárhagskröfur flutningafyrirtækja. Finnur Sveinbjörnsson frá viðskrn. fjallaði um fjármagnsviðskipti. Fram kom að á bankasviðinu kallar viðbótarpakkinn ekki á lagasetningu. Gera þarf hins vegar breytingar á lögum nr. 9/1993 um verðbréfaviðskipti og verður frv. lagt fram næsta haust. Dögg Pálsdóttir frá heilbr.- og trmrn. fjallaði um almannatryggingar. Fram kom að viðbótarpakkinn kallar ekki á lagabreytingar. Gunnar Sigurðsson frá félmrn. fjallaði um frelsi launþega til flutninga. Fram kom að gert er ráð fyrir breyttum lögum um atvinnu- og búseturéttindi. Aðalheiður Jóhannsdóttir frá Náttúruverndarráði og Þórir Ibsen frá umhvrn. fjölluðu um umhverfismál. Fram kom að til óverulegrar lagabreytingar þyrfti að koma vegna viðbótarpakkans. Gylfi Kristinsson frá félmrn. fjallaði um vinnurétt og öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum. Fram kom að breyta þarf lögum um hópuppsagnir. Hörður Lárusson frá menntmrn. fjallaði um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi. Fram kom að gera þarf breytingar á lögum um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun sem samþykkt voru á síðasta þingi. Sólrún Jensdóttir frá menntmrn. fjallaði um jaðarmálefni. Fram kom að ekkert í viðbótarpakkanum á þessu sviði kallar á lagasetningu. Gunnar Sigurðsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins fjallaði um fóður, sáðvörur og áburð. Fram kom að þegar liggur fyrir þinginu frv. er varðar þetta svið. Sverrir Júlíusson og Þórunn Erhardsdóttir frá iðnrn. fjölluðu um tæknilegar viðskiptahindranir. Fram kom að setja þarf lög um öryggi framleiðsluvöru eða almennt vöruöryggi og frv. um það efni liggur hjá stjórnarflokkunum. Áslaug Guðjónsdóttir frá fjmrn. og Ásgeir Jóhannesson frá Ríkiskaupum fjölluðu um tóbak, áfengi, ríkisaðstoð og opinber innkaup. Fram kom að líklega verður engin þörf á lagasetningu. Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir fjallaði um atriði er varðar dýr. Jón Gíslason og Ástríður Sigurðardóttir frá Hollustuvernd ríkisins fjölluðu um matvæli, hættuleg efni og snyrtivörur. Eyjólfur Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins fjallaði um gastæki, þrýstihylki, persónuhlífar, vélar og sprengiefni til almennra nota. Sigurður Axelsson og Gísli H. Friðgeirsson frá Löggildingarstofunni fjölluðu um mælitæki og fram kom að ekki er þörf á sérstakri lagasetningu. Georg Ólafsson frá Samkeppnisstofnun fjallaði um samkeppnisreglur. Fram kom að ekki er þörf á lagasetningu. Ásta Valdimarsdóttir frá iðn.- og viðskrn. fjallaði um hugverkaréttindi. Fram kom að ef nýr GATT-samningur tekur gildi fyrr en áætlað er þarf að gera lagabreytingu. Ólafur Walter Stefánsson og Guðni Karlsson frá dómsmrn. fjölluðu um vélknúin ökutæki og töldu að ekki þyrfti að koma til lagabreytingar. Einar Magnússon og Ragnheiður Haraldsdóttir frá heilbr.- og trmrn. fjölluðu um lækningatæki. Fram kom að það EES-frv. sem nú liggur fyrir þinginu nær yfir allar þær breytingar sem viðbótarpakkinn kallar á. Bergur Jónsson frá Rafmagnseftirliti ríkisins fjallar um heimilistæki og rafmagnsvörur.

Nú hef ég lesið listann um þá sem komu til utanrmn. á fund og því gerði ég það, frú forseti, að við verðum að reiða okkur talsvert mikið á þetta fólk og það ber verulega ábyrgð á afgreiðslu þessa máls og það er fullkomin ástæða til þess að festa nafn þess í Alþingistíðindum. Sumt af þessu fólki skildi eftir minnisblöð og það er ekki tækifæri til að fara ítarlega yfir þau en það er hins vegar alveg ljóst að það er verulegur kostnaður fyrir þjóðfélagið í því fólginn að yfirtaka eða öllu heldur ætti ég að segja að láta yfir sig ganga þessar tilskipanir.

Ég nefni t.d. lækningatæki. Það kom fram á fundi utanrmn. að heildarverðmæti lækningatækja á spítölunum er í kringum 2,7 milljarðar. Jafnframt var þess getið að verulegur hluti þeirra uppfyllti ekki þessa staðla. Nú er ég ekki með upplýsingar um hvort það þarf ný tæki fyrir 1 milljarð eða 2 milljarða eða einhvers staðar þar á milli en endurnýjun þeirra hefur í för með sér verulegan kostnað. Eitthvað af þessu er sjálfsagt úrelt og þarf að endurnýja hvort sem er en sumt af því er vafalaust þannig til komið að framleiðendur lækningatækja í Evrópu eru að tryggja markað fyrir sín tæki og koma þeim í gagnið á Evrópsku efnahagssvæði.

Ég drep á þetta hér vegna þess að þetta var ekki með í umræðunni í fyrravetur þegar við deildum sem mest um ágóðann af því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði.

Lyfjalög taka verulegum breytingum og það alls ekki að öllu leyti til bölvunar. T.d. þarf að uppfylla þar ýmis skilyrði. Ég nefni t.d. atriði hvað varðar auglýsingu og kynningu á lyfjum. Samkvæmt þessu eru mútur lyfjafyrirtækjanna til lækna ekki lengur heimilar og þeir mega í mesta lagi gefa læknunum penna. Íslenskir læknar geta ekki legið í heimsreisum á kostnað lyfjafyrirtækja lengur því að það brýtur í bága við góða hætti og gott siðferði á Evrópsku efnahagssvæði. E.t.v. kemur þetta illa við einhverja þeirra sem hafa ferðast hvað mest og setið hvað bestu veislurnar á undanförnum árum og áratugum, en þetta bindur að vissu leyti hendur lyfjafyrirtækjanna. Því hefur reyndar verið skotið að mér að það sé ekkert í þessum reglum sem banni lyfjafyrirtækjunum að leigja læknunum gott og þægilegt húsnæði undir lækningastofur þannig að e.t.v. geti þeir rétt hlut sinn í því efni.

Mikið af þessu er um tæknilegar viðskiptahindranir sem settar eru upp til að veita framleiðslu á Evrópsku efnahagssvæði forgang fram yfir framleiðsluvörur annars staðar að. Það er nokkuð fróðlegt að fylgjast t.d. með hvernig ökutæki eru meðhöndluð og það kemur tvímælalaust við almenning á Íslandi hvernig því er háttað. Nú er þetta allt með skýrum hætti og á fund nefndarinnar komu eins og ég sagði áðan sérfræðingar í umferðaröryggi og töldu að ekki þyrfti að breyta íslenskum lögum. Hins vegar þarf að breyta reglugerðum. Á Evrópsku efnahagssvæði eiga drullusokkar t.d., þ.e. aurhlífar, að vera fullkomnari en annars staðar og á tveggja hásinga bílum þarf að vera aurhlíf eða drullusokkur aftan við hverja hásingu sem tvímælalaust er til góða. Sumt af þessu held ég að sé nú kannski smásmygli og ekki ástæða til að gera mikið veður út af. En allt getur þetta orðið til þess að bílar, t.d. amerísir bílar, verði dýrari. T.d. var upplýst fyrir okkur að einungis þrjár gerðir af Ford-bílum uppfylli þessa staðla. Ef menn vilja kaupa t.d. Ford Econoline, sem er vinsæll og dýr bíll, þá þarf að breyta honum talsvert mikið til þess að hann passi inn á Evrópsku efnahagssvæði.

Mig langar til að lesa, með leyfi forseta, til glöggvunar fyrir þingmenn ofurlitlar glefsur úr hvernig bílar eigi að vera útbúnir og tek ég þá á bls. 10 í bók 2 t.d. lið 4.7.1.1. Það er um tilgreint sæti: sæti fyrir ökumann og ysta farþega fram í.

„Bæði fóta- og fótleggjasamstæður eru færðar fram á við þannig að fæturnir eru í eðlilegri stöðu á gólfinu milli stjórnfetlanna ef nauðsyn krefur. Ef unnt er skal vinstri fóturinn vera um það bil jafnlangt vinstra megin við miðjuplan 3 DH-búnaðarins og hægri fóturinn hægra megin. Hallamálið sem sannprófar þverstillingu 3 DH-búnaðarins er sett í lárétta stöðu með því að endurstilla sætisflötinn ef nauðsyn krefur eða með því að stilla fótleggja- og fótasamstæður aftur á bak. Lína í gegnum miðunartakka „H"-punktsins skal áfram vera hornrétt á lengdarmiðjuplan sætisins."

Síðan kemur 4.7.1.2. „Ef ekki er unnt að halda vinstri fótlegg samsíða hægri fótlegg og vinstri fótur hvílir ekki á grindinni skal færa vinstri fót þar til hann hvílir á grindinni. Miðunartakkarnir skulu áfram vera í beinni línu." Þetta er alveg auðskilið. Síðan kemur um tilgreint sæti: sæti fyrir ysta farþega aftur í. Þetta eru 4.7.2.

„Í aftursætum eða aukasætum skal staðsetja fótleggina eins og framleiðandi tilgreinir. Ef fæturnir hvíla síðan á gólfflötum sem eru í mismikilli hæð er fóturinn sem fyrst snertir framsætið viðmiðunin og hinn fóturinn er hafður þannig að hallamælirinn sem mælir þverstillingu sætisbúnaðarins sé láréttur."

Og í 4.13 segir: „Koma skal í veg fyrir að 3 DH-búnaðurinn renni fram á sætispúðanum með því að halda í T-laga stöngina og

a. færa bakflötinn að sætisbakinu;

b. beita og sleppa til skiptis láréttu álagi aftur á bak sem ekki er meira en 25 N á bakhallastöngina í hæð sem samsvarar um það bil miðju bollóðanna þar til mjaðmahornskvaðrantinn sýnir að stöðugri stöðu hefur verið náð eftir að álaginu er sleppt. Þess skal vandlega gætt að engu ytra álagi niður á við eða hliðarálagi sé beitt á 3 DH-búnaðinn. Ef enn frekari hallastilling 3 DH-búnaðarins er nauðsynleg skal snúa bakfletinum fram, setja hann aftur í lárétta stöðu og endurtaka aðferðina frá lið 4.12."

Þetta er sjálfsagt nokkuð auðskilið fyrir flesta. Ég verð að viðurkenna að ég geri mér ekki alveg fulla grein fyrir því hvernig ég á að haga mér aftur í bíl og ekki einu sinni fram í. Ég ek með einhverju frjálslegra lagi en ég veit að það er hægt að færa lappirnar til sitt á hvað, bæði til hægri og vinstri og láta þær lenda á grindinni ef því er að skipta.

Þetta á allt saman að hvetja til viðskipta okkar við Evrópu og binda okkur þannig viðskiptaböndum þang-

að og reyna að koma nokkuð í veg fyrir það að við séum að sullast út um allan heim með kaup á traktorum, bílum eða öðru og uppfyllum þessa staðla.

Frú forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta mikið meira. Þó er eitt atriði sem mér finnst vera umhugsunarvert. Ég sagði í upphafi máls míns að við hefðum enga aðra leið en að samþykkja þá gerninga blindandi, sem hér er verið að krefjast af okkur að uppfylla, en með tilliti til þess að framtíð EFTA er nokkuð óráðin og með tilliti til þess að Alþingi ákvarðaði samhljóða 5. maí í fyrravor að sækja eftir að gera viðskiptahlið EES-samningsins að tvíhliða viðskiptasamningi, þá kann að vera að það sé skynsamlegt fyrir okkur að láta okkur hægt um samþykkt þess arna og sjá hvernig fer fyrir EFTA. Það er ekki alveg víst að við séum tilneydd að taka allar þessar tilskipanir að okkur, a.m.k. vona ég að svo sé.

Ég mun, frú forseti, láta máli mínu senn lokið. Um þetta mál væri hægt að tala mög langt mál og raunar er það ekki vansalaust að vera að afgreiða svona hluti á hundavaði, en ég ætla að láta þetta nægja í bili.

Útbýting þingskjals:

Leigubifreiðar, 585. mál, frv. SvG og SJS, þskj. 915.

[14:58]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður kom inn á atriði á bls. 5 í till. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Með reglugerð er stórfyrirtækjum gefið meira svigrúm til samráðs til að auðvelda hagræðingu við framleiðslu, nýtingu niðurstaðna úr sameiginlegum rannsóknum og við þróun og útbreiðslu tækniþekkingar."

Ég vildi spyrja hv. þm. að því hvort hann telji ekki að hér sé verið að fara á skjön við samkeppnislög sem voru samþykkt í fyrra, og mikil vinna var lögð í í þinginu í fyrra og talin vera til mikilla bóta og allir þingflokkar stóðu að. Hér sýnist mér aftur á móti verið að gefa stórfyrirtækjum meira svigrúm til hagræðingar til að koma ár sinni betur fyrir borð.

[15:00]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Jú, einmitt. Þess vegna vakti ég athygli á þessum sérstaka þætti í greinargerðinni að ég tel að þar sé ekki verið að vinna í þeim anda sem við höfum verið að vinna undanfarið og það tel ég illa farið. En þetta er dæmi um hvernig hlutirnir þróast og hvernig Evrópubandalagið starfar.

[15:00]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir að taka undir þann skilning minn á þessu að hér sé ekki verið að opna markaði og ekki verið að opna fyrirtæki og þetta sé ekki til hagræðingar fyrir hinn almenna borgara heldur fyrst og fremst til hagræðingar fyrir stórfyrirtæki. Ég tel að með þessum samningi og þeim viðbótum sem við erum að ræða sjáum við fram á að EES-samningurinn og gildistaka hans hefur fyrst og fremst orðið til þess að loka okkur inni en ekki að opna markaði.

[15:01]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að það sé rétt ályktað. Evrópubandalagið er náttúrlega fyrst og fremst innilokunarbandalag þar sem byggður er múr utan um viðkomandi lönd. Það er svo okkar val hvort við viljum vera innan þessa múrs eða utan og njóta frelsis annars staðar í veröldinni.

Ég hef átt þess kost að hitta þingmenn frá Austur-Evrópu. Það töldu þeir standa einna mest í vegi fyrir lýðræðislegri og efnahagslegri þróun í Austur-Evrópu hvað Vestur-Evrópu lokaði að sér. Þeir fengju ekki jafnrétti og þeir fengju ekki að komast með það sem þeir á annað borð geta framleitt inn á markaði Vestur-Evrópu.

[15:02]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Hér er til meðferðar till. til þál. um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn. Eins og fram hefur komið er hér verið að uppfylla samningsskyldu okkar samkvæmt EES-samningnum og við erum að veita heimild til þess að þennan viðbótarpakka við þetta mál megi fullgilda fyrir Íslands hönd. Öll gögn málsins hafa verið lögð fram hér á Alþingi og einnig hefur komið fram í ræðu hv. síðasta ræðumanns réttilega að í vetur hefur utanrmn. unnið að því að kynna sér efnisþætti þessa máls á fjölmörgum fundum og kallað fyrir sig sérfræðinga, eins og hann rakti og ég þarf ekki að endurtaka, um þetta mál.

Það sem sérstaklega vakti fyrir nefndinni var það að fá upplýsingar um efnisatriðin og síðan einnig mat sérfræðinga á því hvað í þessum atriðum krefðist atbeina Alþingis með öðrum hætti en kemur fram í þessari þáltill., þ.e. varðandi lagasetningu eða breytingu á lögum til að Ísland geti staðið við þennan samning sem með þessari tillögu er veitt heimild til að fullgilda. Hv. síðasti ræðumaður greindi réttilega frá því hvað fram hefur komið um það efni og það er í stuttu máli að í mjög fáum tilvikum er nauðsynlegt að gera lagabreytingar til þess að Ísland geti staðið við skuldbindingar samkvæmt þessum samningi og í flestum þeim tilvikum þar sem um lagabreytingar er að ræða eru frv. þess efnis komin fram á þingi nú þegar.

Þetta mál liggur þess vegna að því er okkur þingmenn varðar næsta skýrt fyrir og ætti ekki að vefjast fyrir okkur að veita þá heimild sem hér um ræðir. Án tillits til þess sem varðar efni málsins má segja að við höfum hinn 5. maí í fyrra tekið pólitíska ákvörðun sem byggist á því að þetta mál nái fram að ganga því eins og samþykkt var í þinginu í fyrra þá viljum við í framhaldi af gerð EES-samningsins standa þannig að málum að ef EFTA leysist upp með aðild fjögurra EFTA-ríkja að Evrópusambandinu þá getum við haft viðræður við Evrópusambandið um tvíhliða samskipti okkar hugsanlega með tvíhliða samning við það í huga. Mér finnst því að þótt hér sé um mikilvæg efnisatriði að ræða, þá hafi hin pólitíska ákvörðun um það að veita þessu máli brautargengi verið tekin í fyrra og

við stöndum nú frammi fyrir því að framkvæma þá ákvörðun.

Einmitt með það í huga náðist mjög góð samstaða að mínu mati í utanrmn. um vinnubrögð í þessu máli og samkvæmt þeirri áætlun sem við gerðum í febrúar höfum við starfað og farið yfir málið eins og lýst hefur verið í umræðunum.

Það kom mér svolítið á óvart að heyra þau orðaskipti sem urðu hér áðan á milli hv. þm. um hvað felst í þessum orðum á bls. 5 í greinargerð með þáltill. þar sem segir, með leyfi frú forseta:

„Með reglugerð er stórfyrirtækjum gefið meira svigrúm til samráðs til að auðvelda hagræðingu við framleiðslu, nýtingu niðurstaðna úr sameiginlegum rannsóknum og við þróun og útbreiðslu tækniþekkingar."

Ég lít þannig á að þarna sé ekki verið að fara inn á það svið samkeppni sem menn hafa einkum beint athygli að hér á landi þegar rætt er um umsvif stórfyrirtækja, þ.e. hina fjárhagslegu starfsemi þeirra, heldur sé verið að ræða þarna um hagræði sem hlýst af því að þau geti haft samráð sín á milli um nýtingu á rannsóknum og fræðilegum athugunum og hagræðingu við framleiðslu og annað slíkt sem lýtur m.a. að því að skapa fleiri störf og að auka hagsæld með þeim hætti að framleiðslan verði ódýrari og einnig að stuðla að rannsóknum. Mér finnst gersamlega út í hött að telja að með því orðalagi sem þarna er notað sé verið að brjóta í bága við þau samkeppnislög sem samþykkt voru hér á landi á síðasta ári.

Mér finnst það endurspegla málefnafátækt þeirra sem vilja gera þetta samstarf við Evrópuríkin sem tortryggilegast, en ég skil það svo sem að þeir sem voru andstæðir því að við gerðumst aðilar að Evrópska efnahagssvæðinu og stæðum að gerð þessa samnings leggi sig í framkróka um að gera samstarfið allt sem tortryggilegast en nú eins og á síðasta ári eru þau atriði sem tíunduð eru í því skyni næsta fátækleg og raunverulega að mínu mati í þessu tilviki byggð á miklum misskilningi varðandi það sem við höfum verið að ræða hér og samkeppnislögin íslensku ná til. Í þessu máli eru margir þættir en þetta held ég að menn hafi ekki staldrað við enda kom ekkert fram í störfum utanrmn. eða athugun hennar á þessum þætti málsins sem benti til að menn teldu að það þyrfti að endurskoða samkeppnislögin. Á fund nefndarinnar kom Georg Ólafsson frá Samkeppnisstofnun og fjallaði um samkeppnisreglur og það kom ekkert fram sem benti til þess að neitt af ákvæðum í þessum nýju reglum stönguðust á við nýsett samkeppnislög. Ég tel að hér hafi verið kastað upp í umræðunni einmitt dæmi sem sýnir að gagnrýni á einstaka efnisþætti í þessu máli er næsta haldlítil þegar menn reyna að gera þau tortryggileg á þennan hátt.

Enda skildi ég það þannig hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. þar sem hann las um bifreiðar að þar væri verið að fjalla um það hvernig framleiðendur bifreiða ættu að koma fyrir sætum og öðru slíku í bílunum en að sjálfsögðu eru þetta engar reglur sem gilda um farþegana. Þetta eru reglur sem lúta að bifreiðasmíði og þjóna sama tilgangi og aðrar samræmingarreglur á þessu svæði, að menn viti að hverju þeir eiga að ganga til þess að vörurnar séu markaðshæfar á þessum stóra almenna markaði.

Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v. að í yfirferð utanrmn. hefur komið fram að ýmislegt sem hér er um að ræða mun væntanlega auka kostnað hjá þeim aðilum sem undir þessar reglur falla að því leyti að það eru gerðar til þeirra nýjar kröfur, ekki síst varðandi öryggismál, eftirlit og gæðakröfur sem kann að kosta eitthvað að hrinda í framkvæmd. En sá kostnaður á að koma þeim hins vegar til góða sem nota tækin, kaupa vöruna, og þeir eiga að vera öruggari en ella um það að gætt sé fyllsta öryggis og gæðakröfur séu viðunandi að öllu leyti. Þetta togast á. Þetta hefur togast á og þetta togast á núorðið meira og meira í allri framleiðslustarfsemi í okkar heimshluta og á okkar viðskiptasvæðum og við Íslendingar höfum ekki farið varhluta af því, bæði vegna varnings sem við framleiðum og einnig vegna þess sem oft hefur verið minnst á á Alþingi, að þetta opinbera eftirlitskerfi kostar sitt.

Ég fagna því sérstaklega í þessu samhengi að ríkisstjórnin hefur ákveðið að framkvæma á vegum ríkisins endurskoðun á kostnaði og skipulagi alls hins opinbera eftirlitskerfis. Ég held að ýmislegt af því sem við erum að fjalla um og verður fest í íslenskar reglur eftir að þessi samningur nær fram að ganga kalli einmitt á það starf á vegum íslenska ríkisins að gaumgæfilega verði hugað að því hvernig að þessu eftirliti skuli staðið og hvernig hægt er að gera það sem hagkvæmast og kostnaðarminnst fyrir okkur skattgreiðendur án þess að fórnað sé því öryggi sem eftirlitið á að tryggja. Það þótti mér svona eins og rauður þráður í gegnum margt af því sem fram hefur komið í meðferð utanrmn. á þessu máli að það er verið að færa út reglur með öryggissjónarmið og eftirlitssjónarmið í huga og þar er ástæða til þess að huga að hinni innlendu framkvæmd. Við getum hagað henni með ýmsu móti þótt við föllumst á það að veita borgurum okkar eins og borgurum annarra ríkja það öryggi sem felst í því að slíkar reglur séu settar.

Það er eitt atriði, frú forseti, sem stóð eftir í yfirferð utanrmn. yfir þetta mikla mál og það er spurningin um flugferðir, rétt flugfélaga og aukna samkeppni á flugleiðum, bæði í millilandaflugi og innanlandsflugi. Það er mjög forvitnilegt mál og sérstaklega skiptir það flugfélag okkar Íslendinga, Flugleiðir, mjög miklu máli að sá hluti þessa samkomulags komist örugglega til framkvæmda því það veitir Flugleiðum ný tækifæri til að athafna sig á hinum evrópska markaði og er mjög mikilvægt að einn mikilvægasti þáttur í þessum viðbótarpakka lýtur einmitt að auknu frelsi í flugsamgöngum á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þar höfum við sérstaklega rætt um skyldur flugfélaga til að halda uppi samgöngum til fámennra staða og höfum fengið skýringar frá samgrn. um það mál og munum ræða það væntanlega frekar í utanrmn. en þetta er eitt af þeim atriðum sem við Íslendingar þurfum að skoða sérstaklega vegna innanlandsflugs hér á landi og hvaða reglur munu gilda um það í ljósi hinna nýju reglna.

Ég ætla ekki, frú forseti, að hafa þetta langt mál. Ég

þarf þess ekki. Eins og hv. 1. þm. Norðurl. v. lét getið í sinni ræðu munu jafnvel þeir sem voru á móti samþykkt EES-samningsins í fyrra sjá í gegnum fingur sér við þessa tillögu, ef ég má orða það svo, og líta á hana sem hluta af þeirri samþykkt sem við gerðum á Alþingi 5. maí sl. um framtíðarsamskipti okkar við Evrópusambandið. Ég vona, frú forseti, að það takist gott samkomulag og afgreiðsla utanrmn. á þessu máli verði í anda þess góða samstarfs sem hefur verið um málið í utanrmn. á undanförnum mánuðum og okkur takist að ljúka þessu máli fyrir þinglok þannig að Ísland geti staðið við sínar skuldbindingar og fullgilt þessa viðbótarbókun við EES-samninginn nægilega tímanlega þannig að hann taki gildi fyrir okkur eins og aðra hinn 1. júlí nk.

[15:15]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður, Björn Bjarnason, sagði að það væri einkennilegur málflutningur að tala um að hér væri verið að fara á skjön við þau samkeppnislög sem samþykkt voru á síðasta þingi. Þegar ég vitnaði í þetta las ég sömu setningu í greinargerð og hann síðan las aftur og vitnaði til að væri ekki eðlilegt að nota, en hvorki ég né hann lásum síðari hluta þessarar greinar en þar segir, með leyfi forseta:

„Undanþágur frá samkeppnisreglum eru veittar í viðbótarpakkanum gagnvart tilteknum flokkum samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða tryggingafyrirtækja, t.d. um almenna iðgjaldataxta eða staðlaða tryggingaskilmála."

Það kemur sem sagt fram í seinni hlutanum í athugasemdum að það er verið að veita undanþágu frá samkeppnisreglunum. Ég veit ekki hvort menn þurfa frekari vitna við.

[15:17]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér finnst það líka mjög sérkennilegt að taka þetta upp varðandi tryggingafélögin. Ef hv. þm. les þskj. 913, sem er svar utanrrh. við fsp. Kristínar Einarsdóttur, Svavars Gestssonar og Finns Ingólfssonar um athugasemdir frá eftirlitsstofnun EFTA, þá sér hv. þm. að þar er einmitt fjallað um það varðandi tryggingastarfsemina að við Íslendingar höfum ekki staðið okkur sem skyldi við að setja lög á Alþingi eða af hálfu ríkisvaldsins að leggja fram frv. og við að fjalla um það sem varðar vátryggingastarfsemi. Þar er algerlega um sérstaka löggjöf að ræða og verður tekið á því sérstaklega í þeim lögum sem við eigum eftir að fjalla um og eru þegar komin á borð okkar og lúta að starfsemi tryggingafyrirtækja. Og þar munum við geta tekið á þessum efnisreglum og áttað okkur á því hvað í þessu felst. Mér finnst því enn veikjast rökin fyrir því að hér sé verið að brjóta eitthvað í bága við samkeppnislögin með þessu, enda kom ekkert slíkt fram í máli Georgs Ólafssonar, forstjóra Samkeppnisstofnunar, þegar hann kom á fund nefndarinar. Menn verða náttúrlega að lesa þetta skjal í samhengi við svo marga hluti. Hv. þm. á ekki sæti í utanrmn. og þess vegna get ég vel skilið að hann hafi ekki áttað sig á hinu stóra samhengi í öllu þessu máli til að fjalla um það eins og við sem höfum setið á fjölmörgum fundum og reynt að gera okkur grein fyrir því sem felst í öllum þessum mikla viðbótarpakka.

[15:18]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. þm. Birni Bjarnasyni að þetta er mjög margþætt mál og kemur inn á mörg svið. M.a. segir í athugasemdum á bls. 7 við þál., með leyfi forseta, og þarf ekki annað en vitna hér í þennan texta:

„Þess skal að lokum getið að frv. til laga um vátryggingastarfsemi sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi og síðan aftur á 117. löggjafarþingi lítið breytt hlaut ekki afgreiðslu fyrir áramót eins og ráðgert hafði verið. Það frv. gerði ráð fyrir breytingum á landsrétti sem nauðsynlegar voru vegna gildistöku samningsins um EES 1. jan. sl. Hins vegar var ekki tekið tillit til þeirra breytinga sem felast í viðbótarpakkanum. Af þeim sökum var frv. endurskoðað með hliðsjón af því og verður lagt fram sem nýtt frv. með öllum þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til samræmis við framangreindar tilskipanir auk eldri reglna sem þegar hafa tekið gildi á EES-svæðinu."

Það er tvisvar sinnum búið að leggja fram frv. til breytinga á vátryggingastarfsemi. Þau frv. eru með þessu lýst ónýt og þarf nýtt samkvæmt þeim reglum sem hér eru að taka gildi til viðbótar og hvað þurfum við frekar vitnanna við? Vegna þess að bæði er verið að breyta þessum samkeppnisreglum og þau frumvörp sem við höfum verið að fjalla um á síðustu tveimur þingum eru orðin ómerk í dag og þarf ný.

[15:20]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég verð að andmæla þessum málflutningi því að mér finnst alveg furðulegt að ræða þannig um þetta mál. Þegar það var kynnt á sínum tíma var talað um að það mundi væntanlega þurfa að breyta því þegar viðbótarpakkinn kæmi til framkvæmda og ef hann kæmi til framkvæmda.

Ég get bent á annað mál sem er enn þá skýrara en þetta sem hv. þm. nefndi og það er varðandi starfsréttindin. Menntmn. fjallaði í fyrra um það mál og gerði beinlínis breytingu á frv. frá menntmrn. sem krefst þess nú að við tökum málið aftur fyrir á þingi. Ég tel að það séu síður en svo ámælisverð vinnubrögð af hálfu Alþingis að halda þannig á þessum EES-málum að ef um einstakar nýjar tilskipanir er að ræða, þá komi það aftur fyrir þingið og það þurfi að breyta lagafrumvörpum. Ég hef frekar verið talsmaður þess í þeim þingefndum sem ég hef starfað.

Það urðu umræður um þetta mál fyrr á þinginu í vetur varðandi einmitt almannatryggingalögin og þá var það skoðun þingmanna að það væri betra að hafa ákvæði í lögunum þrengri en rýmri þannig að framkvæmdarvaldið yrði að leggja slík mál fyrir þingið ef um efnisbreytingar væri að ræða en hefði ekki heimild til að ljúka slíkum málum með útgáfu reglugerða.

Hér kemur hið gagnstæða fram hjá hv. þm. sem vill greinilega að þannig sé að málum staðið að þingið

samþykki það víðtækar heimildir varðandi EES-löggjöfina að framkvæmdarvaldið geti síðan tekið inn í þær heimildir það sem gerist í framtíðinni. Ég er ekki sammála þessu. Ég tel að þingið eigi að standa þannig að þessum málum að hafa þessar heimildir skýrar og síðan komi það fyrir þingið hverju sinni ef um efnislegar breytingar er að ræða. Okkur greinir því á bæði um afstöðuna til EES-málsins og einnig um það hvernig að þessu máli skuli staðið á hinu háa Alþingi. Ég hef verið frekar, ef ég má segja, íhaldssamur varðandi þetta og vil að þingið komi sem mest að þessum málum og eins oft og frekast er kostur.

[15:22]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki síður á móti EES-samningnum núna en ég var í fyrra. Ég tel að flest eða öll þau varnaðarorð sem ég lét falla um þann samning í umræðum í fyrra hafi sannast eða séu að sannast.

Ég viðurkenni hins vegar ákvörðun Alþingis. Alþingi ákvað það eða meiri hlutinn þrátt fyrir stjórnarskrá og hvað sem það kostaði að við skyldum gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og þar erum við stödd. Ég sé fjötrana sem þessu fylgja, sé þær byrðar sem á okkur eru lagðar með þessu. Hv. 3. þm. Reykv. ber glaður sinn kross en ég lít á þetta sem ok sem við ættum að reyna að losa okkur undan. Mér finnst hv. 3. þm. alltaf verða allt of ákafur og er undarlegt með svo glöggan mann þegar þessi Evrópumál eru til umræðu. Hann er svo mikill baráttumaður fyrir þeim. Þetta með öryggið, jú, jú, þetta er gert í nafni öryggis. En auðvitað er þarna verið, og það veit hann alveg jafn vel og ég, að setja upp tæknilegar viðskiptahindranir öðrum þræði og stundum eru þær aðalatriðið í þessu. Það er ekki verið að vernda borgarana, það er fyrst og fremst verið að hindra aðra og loka markaðinum, það er það sem er að gerast.

[15:24]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég lít ekki á almennar öryggiskröfur sem almennt eru viðurkenndar og byggjast á sérfræðilegum niðurstöðum sem viðskiptahindranir. Ég hneigist frekar að því að í þessum heimi sem við búum í, þar sem tækniframfarir eru mjög örar og auðvelt er að búa til tækjabúnað sem getur verið hættulegur og skaðlegur lífi manna, þá sé með þessum almennu reglum verið að gera mönnum kleift að nýta sér þessa tækni án þess að þeir þurfi að óttast um líf sitt og limi eða sína nánustu svo vikið sé sérstaklega að öryggi barna.

En ég ætlaði ekki að gera hv. þm. upp þá skoðun að hann væri orðinn hlynntur EES-samningnum og mér dettur það ekki í hug en hins vegar erum við sammála um það að Alþingi tók pólitíska ákvörðun 5. maí sl. sem gerir það að verkum að um þetta mál eigi ekki að vera stórpólitískar deilur. Ég tók það fram, ég veit ekki hvort hv. þm. var í salnum eða ekki, og þakkaði einmitt gott samstarf í utanrmn. að þessu máli á undanförnum vikum og mánuðum sem ég taldi að byggðist á þessu pólitíska mati en ekki á því að andstæðingar samningsins hefðu áttað sig á gildi hans. En ég vona að þeir læri eins og aðrir að meta það sem gott er og þess verði ekki langt að bíða að hv. 1. þm. Norðurl. v. lýsi því yfir að hann sé ánægður með þetta og telji að þetta hafi verið framfaraspor þótt hann hafi verið á móti því þegar það var stigið.

[15:25]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur aldrei staðið á mér að viðurkenna það sem ég sé jákvætt við Evrópska efnahagssvæðið og í ræðu minni áðan tók ég einmitt sérstaklega fagnandi á móti þeim skorðum sem settar eru við mútum lyfjafyrirtækjanna til lækna.

Varðandi þetta með öryggið. Ég hef átt bíla, bæði breska bíla, ameríska bíla og japanska og ég leyfi mér að fullyrða að það er engu minna öryggi í bandarískum bílum en í evrópskum bílum. Það er bara beinlínis verið að setja upp þarna skilyrði til að reyna að útiloka bandaríska bíla frá evrópskum markaði. Þetta kemur öryggi ekkert við.

Varðandi hins vegar eftirlitið, það er að vísu rétt, Vestur-Evrópa er lömuð af atvinnuleysi. Þar er atvinnuleysi á milli 10 og 20% og við erum orðnir aðilar að því evrópska atvinnuleysissvæði. En það eina sem virðist dafna almennilega er þessi endalausi eftirlitsiðnaður. Það er alltaf hægt að bæta við eftirlitið. Það dafnar ekki framleiðslan, það eykst ekki þjóðarframleiðslan, en það er alltaf hægt að bæta við nýjum og nýjum mönnum til þess að passa eitt og annað og þetta leiðir náttúrlega til ófarnaðar en þetta er eiginlega eini vaxtarbroddurinn í atvinnulífinu.

Ég vil svo að lokum geta þess að það var tekin pólitísk ákvörðun af meiri hluta Alþingis um að við gengjum inn á Evrópskt efnahagssvæði. Það var líka tekin pólitísk ákvörðun í fyrravor um að við skyldum stefna að því að breyta viðskiptahlið þessa ólukku EES-samningi í tvíhliða viðskiptasamning milli Íslands og Evrópubandalagsins og ég vona að við getum átt samleið, hv. formaður utanrmn. og ég, í því efni.

[15:28]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þær flóknu reglur sem hv. þm. las hér um framleiðslu á bílum eiga ekki við nema við hefjum framleiðslu á bílum og þá vita menn að það mun kannski auðvelda fyrir því að við setjum hér upp bílasmiðjur að það er búið að ganga í gegnum þá vinnu fyrir okkar hönd að setja þessar reglur. Það hefur kannski staðið því fyrir þrifum hér að við hæfum bílasmíði, settum slíkt á fót, að við höfum ekki vitað samkvæmt hvaða reglum við ættum að starfa. Nú liggur það alveg ljóst fyrir. Hitt kom hins vegar fram í nefndinni að aðeins ein bílgerð frá Ameríku sem hingað er flutt stæðist þetta líklega ekki enn þá en það var að mig minnir einhver gerð af Chevrolet. Ég man ekki betur en allir aðrir bílar sem hingað eru fluttir stæðust þessar evrópsku kröfur enda hlýtur það að vera kappsmál bílasmiðjanna í Bandaríkjunum að haga framleiðslu sinni þannig að þeir geti selt bílana í Evrópu. Ef við hins vegar ætluðum að framleiða bíla samkvæmt bandarískum stöðlum þá tel ég að einnig muni verða unnt að lesa upp í íslenskri þýðingu mjög flóknar reglur um það hvernig að því skuli staðið sam-

kvæmt reglum sem um það gilda í Detroit eða annars staðar í Bandaríkjunum. Að fara út í svona hártoganir varðandi þessi atriði — þetta eru reglur sem verið er að setja svo að sömu reglur gildi á öllu þessu svæði. Í utanrmn. kom fram að það var aðeins varðandi einhverja gerð af Chevrolet sem þetta kynni að valda einhverjum erfiðleikum hér en að öðru leyti gætum við *flutt inn alla þá bandarísku bíla sem við höfum verið* að flytja inn til landsins. (**PP:** Einungis þrjár týpur af Ford ...)

[15:29]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þegar við ræðum um þessa þáltill. sem á að veita ríkisstjórninni heimild til þess að fullgilda viðbót og breytingu við EES-samninginn sem tekur yfir ekki færri en hátt í 500 gerðir sem svo eru kallaðar þá gefur það tilefni til þess að fara yfir þá aðstöðu sem Alþingi Íslendinga er búin í sambandi við aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Þessi aðild var samþykkt sl. vor á Alþingi og Ísland er þjóðréttarlegur aðili að þessum samningi og bundin í löggjöf inn í gangverk hans. En það er vert að minnast þess að þessi samningur, svo bölvaður sem hann er, hefur þó í 127. gr. sinni ákvæði sem gerir aðilum að honum fært að segja samningnum upp. Það er auðvitað hægt að gera með ýmsum hætti. Ef menn meta það svo að fenginni reynslu og meiri hluti á Alþingi sér að sér í sambandi við aðild að þessu Evrópska efnahagssvæði eða hliðstæðri njörvun við Evrópusambandið þá er hægt að gera það með beinum hætti og formlegum en það er líka hægt að gera það með því að láta reyna á það hvort Alþingi tekur við ákvörðunum Evrópusambandsins, löggjöf þess og gerðum, samþykkir þær eða hafnar þeim. Ef það er gert þá kemur upp sú staða að það reynir á það hvort gagnaðilinn uni slíkri ákvörðun af hálfu Íslands, hvort Ísland með þeim hætti fer ekki út úr þessu samstarfi, verður óvært í samstarfinu. Það er hinn eini formlegi möguleiki sem Alþingi Íslendinga hefur til þess að andæfa gegn þeim ákvörðunum sem framkvæmdastjórnin í Brussel tekur, þeirri lagasetningu sem hún annast fyrir hönd Evrópusambandsins með samþykkt ráðherraráðs þess og það er einfaldlega að segja nei ef mönnum býður svo við að horfa.

Ég vil ekki líta á það svo nú né eftirleiðis á meðan þessi samningur lifir. Af almennum ástæðum er það þátttaka aðildarríkja til að halda þessum samningi um Evrópskt efnahagssvæði uppi en ég lít svo á að Íslendingar hljóti á hverjum tíma að meta það og Alþingi Íslendinga hvort við eigum að losa okkur út úr þessu samstarfi, eigum við að segja okkur frá þessu samstarfi, svo sem samningurinn veitir heimildir til og að Alþingi láti ekki bjóða sér það að taka möglunarlaust og orðalaust við hverju sem er frá Evrópusambandinu sem er löggjafaraðilinn innan þessa samstarfs.

Fátt er svo með öllu illt má segja og þessi pakki, sem hér er fram lagður og hefur verið kallaður EES-pakki II, *segir mönnum nokkuð, sem ekki hafa* sett sig til hlítar inn í gangverk þessa Evrópska efnahagssvæðis, hvernig það virkar, hvernig ákvarðanir eru teknar og hver er aðstaða Íslands sem aðila að Evrópsku efnahagssvæði. Í rauninni er þetta ekki flókið því allt er þetta einhliða, allt er þetta á eina bók lært að því leyti að ákvörðunaraðilinn um nýjar gerðir, lög, reglugerðir, tilskipanir eða hvað við köllum þetta, einu nafni eru þetta kallaðar gerðir, ákvörðunaraðilinn um það er einn og aðeins einn — þ.e. Evrópusambandið. Það breytir engu þó að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði hafi tekið gildi að möguleikar EFTA-ríkjanna, einstakra ríkja og EFTA-ríkjanna í heild sinni til þess að hafna lagasetningu og koma í veg fyrir lagasetningu á vegum Evrópusambandsins er engin, er formlega séð engin. Það er eingöngu þessi bónarvegur sem okkur er opinn með þátttöku í svokallaðri „kómítólógíu", nefndakerfi Evrópusambandsins þar sem við höfum formlega rétt til þess að senda fulltrúa inn á fundi, stjórnvöld EFTA-ríkjanna hafa formlega séð rétt til að setja fulltrúa þeirra inn á fundi í einum 2.000 nefndum í þessari „kómítólógíu" eða nefndakerfi Evrópusambandsins til þess að fylgjast með og til þess að reyna að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem þar eru teknar. En atkvæðisrétt hafa menn engan þar, ekki nokkurn, og það er í rauninni enginn sem deilir um þetta því þetta er svo kristaltært og skýrt í samningnum sjálfum og þeim hnútum sem hann er bundinn.

Þannig er það nú að þegar aðildarríki að Evrópsku efnahagssvæði þurfa að taka við öllum þeim gerðum, ákvörðunum sem Evrópusambandið hefur tekið — Evrópubandalagið sem nú frá 1. nóv. sl. kallar sig „Europäische Union" eða Evrópusamband, eins og farið er að kalla það hér — hefur tekið frá 1. ágúst 1991 um það leyti sem í raun var gengið frá samningnum um Evrópskt efnahagssvæði milli EFTA annars vegar og Evrópubandalagsins á þeim tíma hins vegar. Þá er það svo að við höfum enn hinn formlega rétt á Alþingi, hinn formlega rétt til þess að hafna þessari tillögu en það er alveg jafnljóst til hvers slík höfnun mundi leiða. Hún leiddi á skömmum tíma til þess að Ísland væri gert brottrækt úr þessum söfnuði, við værum í raun að hafna áframhaldandi aðild að þessu svæði ef við segðum nei við þessum pakka. Samt hljótum við sem erum andsnúin þessum samningi að yfirvega það þegar við tökum afstöðu til málsins hér hvort ekki sé tímabært að láta reyna á það hér og nú á þessu vori á Alþingi Íslendinga að fara ekki lengra. Ekki vegna þess hvert er innihaldið í þessum nærri 500 gerðum sem eru í þessum pakka. Þær eru af ýmsum toga, misjafnlega alvarlegs eðlis, misjafnlega ákvarðandi, varða Ísland í misjöfnum mæli en þar eru þó mjög stór mál á ferðinni sem við getum vegið okkur til hagsbóta einhver þeirra og önnur á hinn veginn. Þannig að við gerum ekki upp hug okkar á grundvelli út af fyrir sig einstakra gerða af þessum nær 500 gerðum, heldur með mati á samningnum í heild og gildi hans fyrir Ísland með eða á móti. Ég tel alveg eins og í fyrravor að ástæða fyrir Ísland til að stöðva sig af á þessari leið sé jafngild nú og hún var þá og blasir raunar enn betur við en um var að ræða á þeim tíma.

Í því samhengi er hins vegar rétt að benda á — og

það finnst mér vera hluti af þessu máli sem hér er fram lagt og stöðu Alþingis gagnvart þeim pakka sem hér er lagður inn af ríkisstjórn Íslands — þá staðreynd, virðulegur forseti, að starfandi hæstv. utanrrh. Íslands sá ástæðu til þess, ef ég hef mælt það svona nokkurn veginn rétt, að fylgja þessu máli úr hlaði, þessum nær 500 gerðum Evrópusambandsins í u.þ.b. fimm mínútna, kannski sjö mínútna, inngangsræðu. Það var virðingin sem Alþingi Íslendinga var sýnd í sambandi við það mál sem hér er fyrir lagt. Það var greinargerðin sem framkvæmdarvaldið, ríkisstjórn landsins, lagði hér inn, því auðvitað er þetta greinargerð utanríkisráðuneytis Íslands sem hér er á ferðinni. Það felst ekki neitt sérstakt mat hæstv. starfandi utanrrh. í þessu. Ég er ekki viss um að sá sem að jafnaði er í stólnum hefði haft þetta með mikið öðrum hætti heldur hafi hæstv. starfandi utanrrh. fylgt leiðsögn frá utanrrn. um það með hvaða hætti skyldi gerð grein fyrir þessu máli á Alþingi Íslendinga.

Ég verð að segja það að þó að ekki þurfi að meta mál í tímalengd út af fyrir sig, það er hægt að koma að ýmsu þó ekki sé í löngu máli, þá tel ég að þessi framsaga fyrir málinu feli í sér afstöðu til þingsins, afstöðu til Alþingis Íslendinga gagnvart því máli sem hér er fyrir það lagt. Ég vil leyfa mér að gagnrýna það mjög eindregið að þannig skuli staðið að máli af hæstv. utanrrh. að virða þingið ekki þess að rekja í aðalatriðum, þó ekki væri með minni fyrirhöfn heldur en við er höfð þegar mælt er fyrir einu venjulegu stjfrv. á Alþingi, að ekki skuli vera haft fyrir því. Nei, hv. þm. fá í höfuðið og á borð sín bunka, sem eru sjáanlegir á borðum þingmanna, upp á fleiri þúsund blaðsíður sem tengjast þessu máli og þeir eru ekki virtir þess af þeim sem leggur málið fyrir að nokkur minnsta viðleitni sé til þess að gera grein fyrir því.

En hver hefur, virðulegur forseti, verið aðdragandi málsins að því er varðar íslensku ríkisstjórnina? Í örstuttu máli vil ég nefna það. Frá því að Evrópskt efnahagssvæði tók lögformlega gildi um síðustu áramót var til hin svokallaða sameiginlega EES-nefnd þar sem ríkisstjórnir landa sem aðild eiga að Evrópsku efnahagssvæði eiga sína fulltrúa. Íslenska ríkisstjórnin á sinn fulltrúa, sem er utanrrh. Íslands eða fulltrúi hans, þess á milli sem ráðherrar hittast. Það er á þessum vettvangi frá því um áramót og raunar nokkru eftir áramót sem farið er að ræða um þennan pakka og hvernig hann skuli lagður fyrir, hvaða tillögur skuli gerðar og í rauninni er ekki annað gert á þessum vettvangi heldur en það að samþykkja að hnýta utan um þennan pakka og slengja honum inn á þjóðþingið. Sú ákvörðun er tekin 21. mars sl., að mig minnir.

Hæstv. utanrrh. tíundaði að vísu eitt efni í sinni stuttu ræðu áðan þegar hann mælti fyrir þessu máli, ef ég man það rétt, þar sem Ísland hefði reynt að koma einhverjum fyrirvara inn gagnvart þessu máli öllu saman og það mun hafa verið í tengslum við starfsréttindi, undir þeim þætti sem varðar frjálsa för launafólks og hæstv. ráðherra nefndi það. Það virðist vera eina málið, eina atriðið þar sem íslensk stjórnvöld komu einhverjum breytingum fram sem a.m.k. hæstv. utanrrh. sá ástæðu til að nefna sérstaklega. Þetta varðar tilskipun sem merkt er 89/48/EBE, því þaðan er hún komin, og fjallar um viðurkenningu á starfsmenntun á grundvelli a.m.k. þriggja ára háskólanáms og hinni nýju tilskipun, sem mun vera tilskipun 92/51/EBE, um almennt kerfi fyrir viðurkenningu starfsmenntunar og þjálfunar til viðbótar þeirri tilskipun sem ég tilfærði áðan. Um hana segir á blaðsíðu 11 í texta með þáltill., með leyfi forseta:

„Nýju tilskipuninni er ætlað að koma á kerfi til viðurkenningar á starfsréttindum allra annarra. Hún tekur því til allra starfsréttinda sem fengin eru að loknu einhvers konar námi eða þjálfun, svo fremi sem námið nái ekki þremur árum í háskóla. Ísland setti fyrirvara við samþykkt tilskipunarinnar, þar sem talið var að ekki væru heimildir fyrir hendi til að krefjast þekkingar á íslenskum byggingareglum af iðnaðarmönnum sem hér vildu starfa sem launþegar. Evrópubandalagið féllst að lokum á“ — þetta hefur verið mikið átakamál, hæstv. utanrrh., því Evrópubandalagið, eins og það heitir hér á þessum síðum, féllst að lokum á — „að gerð yrði sameiginleg yfirlýsing um að þrátt fyrir ákvæði tilskipunarinnar taki bandalagið á sig að kynna sínum þegnum sem ætla að hefja störf sem launþegar í byggingariðnaði á Íslandi að ráðlegt sé og æskilegt að þeir kynni sér íslenskar reglur á þessu sviði. Ekki er búist við að mjög reyni á þessa sameiginlegu yfirlýsingu. Íslenskar byggingareglur eru mjög strangar hvað varðar ábyrgð meistara á byggingu og ekki fyrirsjáanlegt annað en að þær reglur dugi til að hættum sé forðað.“ — Ef lesið er á milli línanna þá væntanlega þannig að það verði enginn sem treystir sér til þess að reyna á grundvelli þessara ákvæða að taka þátt í störfum í íslenskum byggingariðnaði. En þessu er lokið þannig: „Unnið er að því að kanna á hvern hátt sé best að koma upplýsingum um íslenskar byggingareglur á framfæri.“

Málið er auðvitað ekki búið. Nú er eftir að ganga frá þessum upplýsingum og koma þeim út um víðan völl því þær verða auðvitað að vera alls staðar aðgengilegar þannig að menn geti kynnt sér þær sem ætluðu sér að fara frjálsa för á grundvelli EES-samningsins til Íslands og njóta viðurkenningar á grundvelli tilskipunar 92/51 frá Evrópusambandinu.

Ég nefni hér þennan rismikla fyrirvara sem íslensk stjórnvöld settu í sameiginlegu EES-nefndinni gagnvart öllum bunkanum, sem hefur verið sýndur í þessum ræðustól og blasir hér við mönnum upp á um 3.000 blaðsíður til viðbótar öllu því sem komið var áður og mun senn fylla 49 bækur, að mér er sagt, og er í undirbúningi í vandaðri sérútgáfu með hliðstæðum hætti og þær bláskinnur sex sem hér eru framreiddar í tengslum við þetta mál. Það er því ástæða til þess fyrir þá alþingismenn, sem eru að lesa þetta í sínum takmarkaða tíma að fá endurhannaða burðargrind samkvæmt evrópskum staðli undir þennan fróðleik allan saman til að kynna sér og svara sínum kjósendum fyrirspurnum um hvaðeina sem varðar samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og þær gerðir sem á bak við hann liggja.

Síðan er í þáltill. verið að rekja, og það skal ekki vanþakkað, og reyndar flokka nokkur meginatriði í þeim gerðum sem eru í þessum pakka en það var jafnframt tekið fram af talsmanni utanrmn., hv. 3. þm. Reykv., að ekki væri talið að um stóra þörf væri að ræða á að breyta íslenskri löggjöf vegna þessara gerða allra saman. Við skulum aðeins skyggnast á bak við það mat, sem ég vil ekki vefengja, ég hef ekki haft aðstöðu til þess að fara yfir þetta sjálfur, hvorki í utanrmn. né þess utan því að málið er nýtt á borðum okkar þingmanna, en ástæðurnar eru tíundaðar með svofelldum orðum, með leyfi forseta, á bls. 2 í greinargerð þáltill.:

„Í langflestum tilfellum er verið að ganga frá framkvæmd þeirra meginreglna sem felast í samningnum sjálfum og samþykkt þeirra felur því ekki í sér nema óverulegar breytingar á íslenskri löggjöf."

Hér sjá menn að það er í rauninni hægt að taka við þessum gerðum öllum saman og þær öðlast gildi sem hluti af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði án þess að gera þurfi verulegar breytingar á íslenskri löggjöf vegna þess að það er búið að byggja utan um þetta allt saman með samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og þeim örfáu lagagreinum sem hér voru samþykktar sem lög á Alþingi til staðfestingar samningnum. Þannig er þessu fyrir komið. Evrópubandalagið getur tekið ákvarðanir, m.a. af þeim toga sem hv. þm. Páll Pétursson tíundaði hér úr ræðustól um hvernig mönnum beri að haga sér í bifreiðum við akstur og annað af öllum mögulegum toga, menn geta fengið slíkar ákvarðanir frá Evrópusambandinu án þess að það reyni á að taka það sérstaklega fyrir og lögfesta það á Alþingi vegna þess að menn hafa skapað pláss fyrir þetta með samþykkt samningsins sem slíks.

Í því sambandi er vert að hafa í huga, virðulegur forseti, með þínu leyfi, 119. gr. samningsins sem tekur á þessum viðbótarpakka eins og öðru sem á eftir að koma frá Brussel: „Viðaukar, svo og gerðir sem vísað er til í þeim og aðlagaðar eru vegna samnings þessa, skulu auk bókana vera óaðskiljanlegur hluti samningsins." Og þessi samningur er lögfestur og ekki metin þörf á því þegar menn eru komnir inn í þetta Evrópska efnahagssvæði að binda þetta lögum að landsrétti heldur er hér verið að leita eftir þjóðréttarlegri heimild fyrir stjórnvöld til þess að ganga frá þessu og meta það síðan með sínum embættismönnum hvað kunni að vera ástæða til að leggja síðar fyrir Alþingi Íslendinga og leita lagabreytinga vegna þessara ákvæða.

Í þessum pakka er að finna, og ég nefni það hér m.a. vegna þeirrar lítilsvirðingar sem hæstv. utanrrh. sýndi okkur í sambandi við það þegar hann mælti fyrir þessum málum, fjöldamörg veigamikil atriði sem snerta framleiðslustarfsemi á Íslandi, viðskipti af öllum mögulegum fjárhagslegum toga og félagslega þætti, málefni sem varða umhverfisvernd, sem varða opinber innkaup, vátryggingastarfsemi, flutningastarfsemi og annað ótalið og sem koma til með að varða okkur Íslendinga mjög miklu, fjölda fólks í landinu, jafnt framleiðendur sem starfsmenn og almenning. Ég hefði talið að það væri ástæða til þess að reyna á Alþingi Íslendinga með þeirri miðlun sem hér fer fram að koma a.m.k. aðalatriðunum úr þessum boðskap skilmerkilega á framfæri í gegnum þingið. En það er ekki metið svo af utanrrn. og hæstv. ráðherra að nýta það tækifæri sem hann hefur til þess að reyna að koma upplýsingum á framfæri við þing og þjóð í tengslum við þetta mál.

Við skulum taka dæmi, virðulegur forseti, og ég reyni þá að velja efnislega af þeim enda sem skiptir mjög miklu og það er kafli sem gerð er grein fyrir í þáltill. um opinber innkaup. Ég leyfi mér að vitna til texta á bls. 5 og 6 í þessari bók sem fylgir með þáltill. undir fyrirsögninni „Opinber innkaup" og þar segir, með leyfi forseta:

„Á sviði opinberra innkaupa hafa verið settar nokkrar nýjar tilskipanir sem eru hluti af viðbótarpakkanum.

Í tilskipun 92/13/EBE um samræmingu laga- og stjórnsýslufyrirmæla varðandi beitingu reglna bandalagsins við opinber innkaup yfirvalda sem reka vatnsveitur, orkuveitur, flutninga- og fjarskiptafyrirtæki eru settar reglur um eftirlit með opinberum innkaupum þessara aðila. Reglunum er ætlað að tryggja að ekki eigi sér stað mismunun á framangreindum sviðum og koma í veg fyrir brot á settum reglum. Áður höfðu verið settar sambærilegar reglur á öðrum sviðum þannig að hér er í rauninni eingöngu verið að víkka út gildissvið eldri reglna. Framvegis verða því allir opinberir aðilar háðir eftirliti.

Settar hafa verið nýjar reglur um opinber vörukaup og framkvæmdir sem afnema núgildandi tilskipanir á þessu sviði. Hér er þó ekki um eiginlegar efnisbreytingar að ræða heldur er fyrst og fremst verið að sameina í eina tilskipun annars vegar þær tilskipanir sem gilt hafa um opinber vörukaup og hins vegar um opinberar framkvæmdir."

Hins vegar segir litlu síðar: „Mun meiri breytingar felast í tilskipun 93/38/EBE um reglur um innkaup stofnana sem sinna vatnsveitum, flutningum og fjarskiptum. Hún kemur í stað tilskipunar 90/531/EBE um sama efni en gildissviðið er víkkað þannig að hin nýja tilskipun tekur einnig til þjónustuviðskipta stofnana í þessum geira. Áður hafði verið sett tilskipun um þjónustukaup annarra opinberra aðila. Var það gert með tilskipun 92/50/EBE um samræmingu reglna um útboð og gerð opinberra samninga um þjónustu." — Hún er eins og talan ber með sér frá 1992 þannig að hún er væntanlega einnig undir þessum hamri hér. — „Þessi tilskipun gerir ráð fyrir því að boðin séu út á Evrópumarkaði innkaup á þjónustu þegar verðmæti hennar fer yfir 16 millj. kr. án virðisaukaskatts. Hún er hluti af viðbótarpakkanum og felur tvímælalaust í sér eina veigamestu breytinguna á sviði opinberra innkaupa þar sem áður hafa engar slíkar reglur gilt."

Virðulegur forseti. Talsmenn þessa fyrirkomulags færa að sjálfsögðu þau rök fyrir því að þetta sé nú allt af hinu góða, að þess sé gætt að það svindli enginn á þessum reglum, að allsherjarsamræmis sé gætt í þessum efnum frá Krít í suðri norður til okkar á Íslandi.

Hvarvetna á þessu svæði þar sem menn fara yfir 16 millj. kr. í innkaupum á þjónustu og verðmæti þeirra fer yfir þessa upphæð, þá þarf að bjóða þetta út á Evrópumarkaði með öllu því sem fylgir, þýðingum, auglýsingum og öðru þess háttar, væntanlega þýðingum á ekki bara hinu eina opinbera máli EFTA sem er enska eins og menn kannast við, heldur á málum allra Evrópusambandsríkjanna 12 og kannski verða þau fleiri áður en langt um líður, sem við þurfum að tryggja að eigi aðgang að öllum framkvæmdum, þjónustuviðskiptum sem fara yfir 16 millj. kr. hjá opinberum aðilum. Mér finnst því að það hefði verið þörf á því, hæstv. utanrrh., að nota örfáar mínútur af tíma Alþingis til þess að vekja athygli á þætti eins og þessum sem hér er hugmyndin að ganga frá þjóðréttarlega með samþykkt þessarar tillögu og gera bindandi sem ófrávíkjanlegan hluta af samningnum um EES þó ekki væri nema til að minna menn á þá gleðitíð sem í vændum er í krafti þessa ákvæðis.

Ég vil í þessu sambandi, virðulegur forseti, nefna að mikið er talað um það í þjóðfélaginu um þessar mundir að menn þurfi að reyna að halda utan um atvinnumöguleikana í landinu. Það liggja inni á Alþingi einmitt tillögur um það að opinberir aðilar þurfi að gæta þess í sínum innkaupum að skipta við innlenda aðila og væntanlega eru menn einnig þar með undir við innkaup á þjónustu á vegum opinberra aðila. Þetta er auðvitað gamlagróin hugsun hjá þeim sem eru að líta á sinn heimavöll og vilja yrkja sinn garð. En hér eru þær takmarkanir njörvaðar niður sem um er að ræða og sem menn eru að gangast undir sem koma í veg fyrir þessa gömlu hugsun. Og í rauninni er þá, virðulegur forseti, nánast grátbroslegt að á sama tíma og menn ganga inn í þetta völundarhús Evrópusambandsins með öllum krókum og kimum þess, þá eru menn að ræða um það hvernig megi nú pukra hér úti í horni norður á Íslandi og reyna að fylgja því, sem margir telja að ættu að vera sjálfsagðir hlutir, að við höldum utan um okkar. Íslenskt, já takk. En það er að sjálfsögðu krafa eða það er ósk, íslenskt, já takk, sem gengur þvert á hugmyndafræði þessa samnings og þess sem að baki býr. Menn eru að biðja um það. Við erum að taka svipað skref og gert var á Alþingi árið 1000 að sagt er með kristnitökunni, taka við boðskapnum, en áskilja okkur að um sinn megi menn a.m.k. blóta á laun, eitthvað í þessa veru, en auðvitað á móti þeim sið sem verið er að innleiða og kjarnanum í þeim boðskap sem verið er að innleiða sem er það að láta mælistiku fjárhagslegrar hagkvæmni ráða því hvar á þessu svæði í allri Vestur-Evrópu, að frátöldu Sviss og Liechtenstein kannski enn þá, sé ódýrast fyrir þann flokk manna sem farið er að kalla neytendur nú um stundir, hvar sé ódýrast fyrir þennan stórflokk manna sem mér skilst að sé hér á Íslandi líka, telur sig á stundum allfyrirferðarmikinn, sem kallast neytendur. Það er það sem á að ráða ferðinni. Það er grundvöllurinn í þessari hugmyndafræði burt séð frá því hvað varðar atvinnustig og allt þess háttar, burt séð frá því hvað varðar umhverfi því að það er allt saman undir borði í þessu máli og óskuldbindandi það sem varðar umhverfismálin. Það er allt á öðru farrými. Nei, það sem ræður ferðinni er græðgisjónarmiðið ef svo má segja, græðgisjónarmiðið sem er að setja mannkynið, með hinn ríkari hluta í fararbroddi, á vonarvöl á plánetunni jörð. Það er þessi hugmyndafræði sem Alþfl. gengur fremstur í flokki með hér á landi. Ég held að hann telji sig eiga ef ekki einkarétt á hinum vígreifa flokki neytenda, þá eigi hann þar a.m.k. mjög góðan hljómgrunn í þeim flokki, enda er það sú hugmyndafræði sem hann gengur fram með, sama hvort um er að ræða landbúnaðarafurðir eða annað. Allt skal það falla undir þennan mælikvarða, þessa stiku óháð því hvað varðar atvinnustigið í þessu landi því að öllum þeim mælistikum hefur í raun verið kastað fyrir róða með því að innleiða þennan boðskap og veita honum allan forgang hér undir merkjum fjórfrelsis sem er að finna í þessum samningi. En hæstv. utanrrh. og iðnrh. sem er að munda sig í það núna að koma hér með frv. um jöfnunartolla inn á þingið hafði ekki fyrir því að rekja fyrir okkur hver væri kjarninn í þessum gerðum, hvað það væri sem einhverju verulegu máli skipti fyrir okkur. Nei, nei. Hann flýtti sér úr stólnum, hann hvarf úr stólnum eftir að hafa birst hér í einar 5–7 mínútur til að mæla fyrir þessu máli, kasta því hér inn á völlinn.

Það segir í greinargerð með þessu máli um þjónustu- og fjármagnsviðskipti að þessi viðbótarpakki muni hafa mikil efnahagsleg áhrif á þjónustusviðinu. Það eigi m.a. og ekki síst við um tryggingar- og verðbréfaviðskipti þar sem einum sameiginlegum markaði verði komið á með fjárhagslegu eftirliti heimaríkis og frelsi til að veita og fá þjónustu hvar sem er á svæðinu. Þannig er hægt að rekja hvert stórmálið á fætur öðru sem er undir í þessum pakka sem menn eru svona rétt að reyna að koma sér að að leysa utan af þessar stundirnar.

Um svokallaðan VIII. viðauka, sem heitir Staðfesturéttur og er eitt af þessum nýmælum sem tengist Evrópsku efnahagssvæði og Evrópusambandsréttinum sem hér er verið að innleiða, þsegir, með leyfi forseta:

„Á sviði staðfesturéttar er að finna tilskipun 93/96/EBE um búseturétt stúdenta, sem kemur í stað tilskipunar 90/366/EBE um sama efni. Nýja tilskipunin kemur í kjölfar dóms dómstóls Evrópusambandsins sem ógilti fyrri tilskipun þar sem hún var ekki byggð á fullnægjandi lagaheimild."

Ég er ekki að nefna þetta vegna þess að efnislega skipti þessi tilskipun kannski miklu máli heldur vegna þess að hún er til orðin vegna dóms sem fellur hjá dómstóli Evrópusambandsins og þar erum við stödd í 6. gr. samningsins sem kveður á um það, eins og menn muna hér á þingi sem fjölluðu um málið á sínum tíma, að með fyrirvara um þróun dómsúrlausna í framtíðinni beri við framkvæmd og beitingu ákvæða samnings þessa að túlka þau í samræmi við úrskurði dómstóls Evrópubandalaganna sem máli skipta og kveðnir hafa verið upp fyrir undirritunardag samnings þessa o.s.frv.

Þetta birtist okkur m.a. hér í þessari litlu tilskipun um búseturétt stúdenta sem er hér undir og hefur verið sett af Evrópusambandinu eftir að dómur hafði fallið í dómstól Evrópusambandsins.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að tíunda mikið meira sem varðar efni þessa pakka. Ég ætla mér ekk að fara hér í hlutverk framkvæmdarvaldsins sem ekki hafði fyrir því að mæla fyrir þessu máli efnislega heldur kastaði því bara fram inn í sal Alþingis á 5 mínútum en það er hér margt að finna og þegar við verðum búnir að fara í gegnum síðurnar 3.000 sem bárust að ⅝ hlutum inn í sali þingsins í gær, þá verðum við auðvitað margs vísari um innihaldið. Það væri auðvitað fróðlegt að ganga í skrokk á settum starfandi utanrrh. til þess að spyrja hann út úr í þeim fræðum en ég ætla ekki við þessa umræðu að fara út í þau efni.

Eitt af því sem tengist þessu máli eru þau nýmæli í íslensku máli sem er að finna og þau eru mörg. Eitt lítið orð vil ég nefna af þessum síðum en það er orðið „nýaðferðartilskipun" og er að finna á bls. 4 í þriðju efnisgrein þar sem segir, með leyfi forseta, um tiltekna tilskipun:

„Koma þær í stað mismunandi reglna sem voru í einstökum nýaðferðartilskipunum um notkun slíks merkis." Þ.e. svonefnt CE-merki sem á nokkrar blaðsíður í þessum bláu skræðum sem hér komu fram í gær. Og það er áreiðanlega hægt að finna margt af þessum toga. Þá ætla ég ekki með þeim orðum að lítilsvirða þá viðleitni sem er uppi við að snúa þessu gullaldarmáli Evrópusambandsins á forneskjumál hér norður frá. Það er viðleitni sem ég vil síst af öllu að niður falli þó að deila megi um hvernig til tekst hverju sinni og gæti nú verið þörf á því að eitt næsta verk sem væri hægt að sjá okkur fyrir hér á Alþingi væri ný orðabók, væri nýtt orðasafn með skýringum á þessum hugtökum þar sem þau væru þá jafnframt tíunduð a.m.k. á máli Evrópusambandsríkjanna allra svo að við gætum spreytt okkur á því að læra þau ef við þyrftum að nota þau í því samhengi.

Virðulegur forseti. Það var nefnt hér af hv. þm. Páli Péturssyni í ræðu áðan að það væri kannski ekki þörf á því að flýta sér mjög hratt við að afgreiða þessa þáttill. hér vegna þeirrar stöðu sem EFTA væri statt í, EFTA-ríkjahópurinn gagnvart Evrópusambandinu, því að að forminu til er það sá hópur talandi einni röddu, hin styrka stoð Fríverslunarbandalags Evrópu, sem stendur undir þessari byggingu, þessu húsi hins Evrópska efnahagssvæðis á móti Evrópusambandinu. Þá er hv. þm. auðvitað að vísa til þeirrar óvissu sem nú ríkir um veru einstakra EFTA-ríkja í hópnum sem hluta af þessari styrku stoð vegna þeirra samninga sem gengið hefur verið frá af fjórum EFTA-ríkjum nú fyrir nokkrum vikum um inngöngu þeirra í Evrópusambandið. Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um það hér þó að tilefni sé ærið til þess og það tengist auðvitað þessu máli og mati á þessu máli hér. Hver er staða EFTA og hvað er líklegt að gerist í því uppgjöri sem fram undan er í þjóðaratkvæðagreiðslum fjögurra ríkja en ríkisstjórnir þeirra hafa samið um inngöngu í Evrópusambandið? Þetta mun hafa verið tilefni, ég var þá ekki á þingi fyrir nokkrum vikum heldur varamaður minn, vangaveltna og talsverðra umræðna þegar rædd var skýrsla frá utanrrh. um stöðu Íslands, kannski nokkuð einmanalega veru Íslands í EFTA innan tíðar ef svo færi að Norðurlöndin þrjú og Austurríki, almenningur þar samþykkti þá samninga sem gerðir hafa verið um inngöngu ríkjanna í Evrópusambandið. Ég held að ég geti vel tekið undir þá ábendingu hv. 1. þm. Norðurl. v. að þarna geti verið tíðinda að vænta og þess vegna ekki ástæða til þess að flýta sér við afgreiðslu þessa máls sem við ræðum hér. Það getur auðvitað farið á hvorn veginn sem er með það uppgjör sem þarna er um að ræða, en ég held að menn eigi engan veginn að gefa sér það hér og nú að það verði niðurstaðan í þessum löndum að meiri hluta til að almenningur þar staðfesti í þjóðaratkvæðagreiðslu inngönguna í Evrópusambandið.

Það á auðvitað eftir að ræða mikið áður en gengið verður til atkvæða og kosningadagurinn fyrir þjóðaratkvæðagreiðsluna er ekki enn ákveðinn í öllum ríkjunum. Hann hefur verið bundinn að mér skilst í Svíþjóð sem 13. nóv. nk., líklega að kosið verði í Finnlandi á sama tíma og innan fárra daga mun forsætisráðherra Noregs kynna sinn hug félagasamtökum og pólitískum flokkum í Noregi varðandi kjördag í Noregi vegna þessa máls. Flestir eiga von á því að tillaga Gro Harlem Brundtland verði í þá veru að Norðmönnum verði ætlað að ganga að kjörborði á eftir Svíum og Finnum af refskap þeirra sem vilja fá jákvæðar undirtektir í Noregi við málið og meta það svo að líkurnar séu meiri ef sú niðurstaða liggur fyrir að Svíar og Finnar, báðar þessar þjóðir, a.m.k. Svíþjóð þá sérstaklega sem Norðmenn horfa til verði búin að segja já að meiri hluta til og þar með orðinn aðili að Evrópusambandinu. En um þetta skulum við ekki fullyrða mikið á þessari stundu. Ég vil aðeins segja það sem mitt mat að ég tel það vera fremur ólíklegt hvað sem gerist í Svíþjóð og hvenær sem kosið verður í Noregi að það fáist meiri hluti í því landi fyrir inngöngu Noregs í Evrópusambandið. Það kann svo að vera að það verði svipað upp á teningnum eins og gagnvart Danmörku að því er varðaði inngönguna í Evrópusambandið, staðfestinguna á Maastricht-samningnum í fyrra, að það verði haldið áfram að hnoða og beita þjóðina brögðum til þess að reyna að þröngva henni inn með endurteknum atkvæðagreiðslum, en um það skal ég ekkert fullyrða hvað mönnum er í huga þar. Það kann að vera að það sé erfiðara um vik og ég geri ráð fyrir því að það sé erfiðara um vik að búa til einhver leiktjöld fyrir Norðmenn, eitthvað viðlíka því sem gert var gagnvart Dönum með hinu svokallaða Edinborgarsamkomulagi sem notað var sem tilefni til að endurtaka þjóðaratkvæðagreiðslu þar sem stuðningsmenn Evrópusambandsins höfðu sitt fram.

Fyrir okkur Íslendinga skiptir það auðvitað mjög miklu máli hver niðurstaðan verður. Ég er algerlega ósammála því sjónarmiði sem heyrst hefur, ég vil segja nánast úr ólíklegum áttum, hjá stjórnmálamönnum á Alþingi Íslendinga, að það ætti að vera á óskalista okkar að niðurstaðan verði já að meiri hluta til hjá hinum Norðurlöndunum sem eiga að taka ákvörðun um þetta. Að þau gangi inn í Evrópusambandið sé okkur Íslendingum í hag, en þau sjónarmið hef ég heyrt frá ýmsum stjórnmálamönnum hérlendis, þar á meðal fram-

mámönnum í flokkum, m.a. frá varaformanni Framsfl., ef til vill bráðum formanni þess flokks, sem hefur haft um það mjög ákveðin orð að það ætti að vera hagsmunamál fyrir okkur Íslendinga að niðurstaðan verði þessi á hinum Norðurlöndunum.

Ég er allt annarrar skoðunar að þessu leyti og vona eindregið að niðurstaðan í þessum löndum verði á annan veg. Þó ég sé ekki að meta það út frá veru Íslands í Evrópsku efnahagssvæði út af fyrir sig, sem ég er andvígur, þá tel ég þó að veran þar sé skárra hlutskipti fyrir okkur Íslendinga um sinn heldur en að haldið verði áfram og tekið verði hér á dagskrá, eins og utanrrh. Íslands margklifar á þessa dagana, að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu.

Síðast í gær, eða var það í dag, virðulegur forseti, var að finna í Morgunblaðinu grein frá hæstv. utanrrh. og hefur hann reyndar skrifað margar að undanförnu. Þær eru tölusettar fleiri en fingur annarrar handar í flokksblaði ráðherrans, Alþýðublaðinu. Ég hef ekki borið saman þá texta við það sem birtist í Morgunblaðinu, en geri ráð fyrir að það sé svona svipaður boðskapur á ferðinni í þessum málgögnum báðum. En í þeirri grein sem hæstv. utanrrh. skrifar 7. apríl í Morgunblaðið er ekkert verið að liggja á því hvert halda skuli að hans mati. Ég vil leyfa mér, virðulegur forseti, af því að þetta er nýlega hér fram komið á þrykk, að vitna í boðskapinn frá hæstv. utanrrh., ef forseti leyfir, í þessu efni, því það skiptir máli þegar við erum að skoða það sem hér liggur fyrir hvert á að vera framhaldið af hálfu þeirra sem fyrir hönd ríkisstjórnar Íslands bera þessa tillögu hér fram. Þar segir hæstv. ráðherra:

„Í skýrslu minni til Alþingis árið 1992 lagði ég til að hafin yrði úttekt á kostum og göllum aðildar Íslands að Evrópusambandinu og benti á að með því að sækja ekki um aðild væri tekin ákvörðun um að hafna aðild, a.m.k. að svo stöddu. Slíka ákvörðun þyrfti ekki síður að rökstyðja en aðrar. Ekki varð þó úr því að Stjórnarráðið allt væri virkjað til slíkrar athugunar, þrátt fyrir að áfram hafi verið að því unnið, m.a. innan utanríkisþjónustunnar, að bera saman stöðu EES-samningsríkja við stöðu aðildarríkja Evrópusambandsins."

Litlu síðar í greininni segir ráðherrann:

„Því hefur verið haldið fram að ekkert hafi breyst með aðildarsamningum Norðurlandanna þriggja og ekkert hafi komið fram sem réttlæti að spurningin um aðild að Evrópusambandinu verði tekin á dagskrá. Það er mín skoðun að flestar forsendur okkar hafi breyst verulega." — „Það er mín skoðun að flestar forsendur okkar hafi breyst verulega." Síðan fjallar ráðherra um þetta í greininni og segir litlu síðar:

„Ljóst er einnig að margt bendir til að aðildarríkjum Evrópusambandsins fjölgi enn í nánustu framtíð. Þannig má ætla að þróun sambandsins verði enn frekar í þá átt að Evrópusambandið verði allsherjarsamtök Evrópuríkja á sviði efnahags- og öryggismála."

Þetta er gyllingin, þetta er beitan, sem hér er kastað fram af hæstv. ráðherra „að Evrópusambandið verði allaherjarsamtök Evrópuríkja á sviði efnahags- og öryggismála." — Það er líklega komið í staðinn fyrir CSCE eða RÖSE-ráðstefnuna og allt sem henni fylgir ef taka ætti þennan málflutning alvarlega. Í framhaldi segir:

„Viljum við að Ísland standi utan slíks samstarfs eitt Evrópuríkja?" — Eitt Evrópuríkja. Hæstv. utanrrh. er á slíkri ferð í þessu máli að hann sér greinilega Rússland einnig þarna með í samfloti og dregur upp þessa mynd fyrir alþjóð í greininni. Áfram segir ráðherrann:

„Það dylst engum að breyting er fram undan á eðli norrænnar samvinnu ef svo fer sem horfir með aðild allra Norðurlanda nema Íslands að Evrópusambandinu. Jafnvel harðsnúnir andstæðingar aðildar Íslands að EES og Evrópusambandinu viðurkenna það. Sú breyting var í sjálfu sér fyrirsjáanleg, en fæsta grunaði að svo stuttur tími liði þar til hún yrði að veruleika."

Ég er að reifa þetta hér, virðulegur forseti, vegna þess hve nátengt þetta er spurningunni um framhaldið á þróun samskipta Íslands við Evrópusambandið og átökum um þetta mál hér á Íslandi, spurningunni um framhaldið sem við höfum spáð mörg hver, sem andstæð erum EES-samningnum, að ekki yrði langt að bíða að reynt yrði að ýta skútunni inn í hina varanlegu höfn sem menn sjá fyrir sér, talsmenn aðildar Íslands að Evrópusambandinu, og það dylst engum hvert Alþfl. er að fara í þessum efnum. Það kemur mér ekkert á óvart. Það sáu auðvitað allir inn í hugskotin og þurfti ekki margra vitna við sem lásu skýrslu utanrrh. 1992 í þessu sambandi. Hins vegar hljóta menn að velta því fyrir sér hvernig á málum hefur verið haldið á þeim tíma sem síðan er liðinn, af hæstv. utanrrh., sem um skeið reyndi að bregða yfir sig huliðshjálmi í þessu máli, sem hann hefur nú kastað af sér og er kominn til dyranna eins og við raunar bjuggumst við að leyndist undir þeim huliðshjálmi ráðherrans.

Ég ætla ekki af tilefni þessarar tillögu og tilefni þessa máls að ræða frekar eða leiða getum að stöðu annarra flokka á Alþingi að því er varðar spurninguna um aðild að Evrópusambandinu, þó einnig væri það umræðunnar virði. Auðvitað met ég það sem andstæðingur þess að siglt verði inn í faðm Evrópusambandsins svo lengi sem flokkar beita sér gegn því. Það vil ég gera svo lengi sem hald er í slíku. En auðvitað velta menn fyrir sér hvað býr að baki þeirri afstöðu sem sá stóri flokkur, Sjálfstfl., kynnti á dögunum í sambandi við umræður um þetta mál. Það eru þingmenn í hópnum sem ekkert liggja á skoðun sinni í þessu máli og greinilega voru að sækja mjög í sig veðrið og leita atfylgis utan þings til að fá stuðning við sjónarmið sín, hliðstæð sjónarmið og utanrrh. kynnir í þessu máli, en niðurstaðan að sinni varð önnur hjá Sjálfstfl.

Við hljótum einnig að horfa til flokksins sem var tvískiptur, klofinn í herðar niður í afstöðunni til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið í fyrravor þegar gengið var til atkvæða í þeim efnum. Hvar er sá flokkur staddur í rauninni og hvar verður sá flokkur staddur eftir að um garð verða gengin þau forustuskipti sem fram undan eru fyrir lok þessa mánaðar í þeim flokki. Auðvitað tökum við eftir því að krónprinsinn í Framsfl. er farinn að tala um einhverja þriðju leið. Hann er far-

inn að tala um þriðju leiðina. Hann er ekki að halda á lofti samþykktinni sem varð þó niðurstaða að hans tillögu ásamt núv. formanni Framsfl., í fyrravor, um að leitað skuli tvíhliða samnings við Evrópusambandið hið fyrsta og reynt að ganga úr skugga um það. Ætti raunar að vera búið, ef ég man rétt, samkvæmt þeirri samþykkt, að láta reyna á það, a.m.k. að banka upp á og reyna að hlera undirtektir við að fá gerðan slíkan tvíhliða samning. En nú er allt í einu varaformaður Framsfl. farinn að tala um einhverja þriðju leið í málinu. Hvaða ból er það sem hér verið að verma? (**Gripið fram í:** Getur þú svarað?) Það eru nú ekki margir framsóknarmennirnir hér til svara við þeirri spurningu og ég ætla ekki að fara að kalla þá til að sinni, best að forustuskiptin gangi um garð og hæstv. starfandi utanrrh. kveði upp sinn dóm um húsbóndaskiptin í Framsfl., sem hann hefur nú á valdi sínu. (**Gripið fram í:** Jahá.) Sem hann hefur nú á valdi sínu. Það vill svo sérkennilega til að það er hæstv. ráðherra iðnaðar- og viðskiptamála, starfandi utanrrh., sem getur ráðið þessu og það ræðst ekkert lítið í íslenskri pólitík. (**SvG:** Er þetta EES-mál kannski?) (**Gripið fram í:** Já, Það tengist því.) Ja, það er nú það. Það tengist alveg greinilega framhaldi þessara mála hver verður niðurstaða hæstv. starfandi utanrrh. í sambandi við stöður í Seðlabanka Íslands, sem nú eru boðnar jafnt námsfólki sem öðrum og úr stórum og gjörvilegum hóp að velja til að fylla í þær. Þannig að það er víst engin vöntun á því. (**Viðskrh.:** Það heyrir nú undir samkeppnislöggjöfina frekar en EES.) Hér ætlar hæstv. utanrrh. að taka málið upp, þó ekki væri nema úr sæti sínu. En ég treysti honum til að koma hér í stólinn á eftir og lýsa frekar inn í hug sinn í þessu máli.

Virðulegur forseti. Mig langar aðeins í framhaldi af þessu aðeins að koma að atriðum sem snerta Evrópskt efnahagssvæði, þann samning og samningsgerðina og þann veruleika sem menn eru að vakna upp við í framhaldi af því að samningurinn er genginn í gildi. Þá er vel til fundið að vitna í stuttu máli, með leyfi forseta, í dagblaðið Tímann, frá 25. febr. sl., þar sem segir á 7. síðu:

„Afstaða ASÍ til EES kann að gjörbreytast. Utanrrn. kúvendir í túlkun sinni á samningnum. Félagsmálin ekki lengur hluti af EES-samningnum."

Og textinn er svohljóðandi undir þessum fyrirsögnum:

„Svo kann að fara að afstaða Alþýðusambandsins til Evrópska efnahagssvæðisins gjörbreytist ef samvinna í félagsmálum er ekki hluti af EES-samningnum eins og utanrrh. heldur fram og sendiherra Íslands í Brussel. Að mati ASÍ er þessi skilningur utanrrn. á samningnum allt annar en þegar formaður Alþfl. var að kynna mönnum kosti EES-samningsins. Frá þessu er greint í Vinnunni, tímariti ASÍ. Þar kemur m.a. fram að þessi afstaða utanrrh. kunni að kollvarpa þeim grunni sem afstaða ASÍ til samningsins byggðist á og hefur miðstjórn ASÍ samþykkt að Evrópunefnd samtakanna fari fram á viðræður við ráðherra um þetta mál."

Virðulegur forseti, ég leyfi mér að skjóta því hér inn að nokkuð seint er í þennan rass gripið, nokkuð seint. Því hafi utanrrh. á sínum tíma tekist að koma því inn í kollinn á einhverjum í forustu Alþýðusambands Íslands að jaðarmálefnin væru með einhverjum hætti bindandi hluti þessa samnings þá hefur honum tekist að blekkja allrækilega og þarf raunar ekki annað en að grípa inn í greinargerð með þessu máli sem hér liggur fyrir þar sem þetta er rækilega tíundað að því er varðar jaðarmálefnin. Um það segir, með leyfi forseta:

„Í bókun 31 við EES-samninginn er gerð grein fyrir þessu samstarfi en það byggist einkum á samstarfssamningum og stefnuyfirlýsingum sem ekki eru bindandi fyrir aðildarríkin." — Þarna er um að ræða samstarf sem varðar félagsmál, umhverfismál, neytendavernd og hagskýrslu.

Ég vek athygli á því, virðulegur forseti, að það er ekki aðeins svo að íslenska þjóðin hafi ekki fengið að segja álit sitt á þessu máli heldur virðist sem stór félagasamtök, sem þó ekki með bindandi hætti — því það má forusta Alþýðusambandsins eiga og þing þess að það slóst ekki í kór þeirra sem kölluðu eftir samþykkt þessa samnings — ekki með ákvarðandi hætti, alls ekki, og að því leyti hafa þau samtök ekki verið blekkt í heild sinni að því er þetta varðar. En það sýnir þó með ljósum hætti hversu kynning þessa máls var ófullkomin að það skuli hafa verið sjónarmið og viðhorf og skilningur manna í fjölmennum almannasamtökum að þeir hefðu einhverjar tryggingar í höndum, að með þessum samningi væru ákvæði sem þeir mátu jákvæð á sviði félagsmála, atvinnuréttar o.s.frv., væru ákvarðandi og bindandi hluti þessa máls.

Ekki meira um þau efni, virðulegur forseti. En ég vil undir lok míns máls, því ég ætla ekki að teygja mitt mál mikið lengur í sambandi við þetta, þó af nægu sé að taka, aðeins vekja athygli á þeirri gífurlegu ósamkvæmni sem er nú staðfest í sambandi við þá mynd sem dregin var upp af talsmönnum inngöngu Íslands í Evrópskt efnahagssvæði á sínum tíma að því er varðaði hagsbætur í venjulegum skilningi þess orðs fyrir íslenskt þjóðfélag í framhaldi af gjörð þessa samnings, bæði að því er varðaði atvinnu og beinar efnahagslegar, fjárhagslegar hagsbætur. Það lágu fyrir margar skýrslur, m.a. ein frá Þjóðhagsstofnun í september 1991, um íslenskan þjóðarbúskap og Evrópska efnahagssvæðið, þar sem tíundað er hver ágóðinn verði, reiknað á ýmsar mælistikur vergrar þjóðarframleiðslu, landsframleiðslu o.s.frv. Og hæstv. utanrrh., í eftirminnilegri ræðu sem hann flutti hér í janúar í fyrra og var haldinn fyrir alþjóð, fór á slíkt flug að hann margfaldaði hagsbæturnar og las út úr þessari skýrslu, vegna þess að hann sleppti fyrirvörum sem þar eru settir í sambandi við hinar stjarnháu upphæðir í hagsbótum reiknað fyrir íslenskt þjóðarbú, bara á næstunni, ef þessi samningur næði fram að ganga.

Það fer nú að líða að því, virðulegur forseti, að það verði þörf á því að fara yfir þetta mál, yfir þessa útreikninga, yfir þessi gylliboð, yfir þessa glansmynd sem dregin var upp fyrir þjóðina í sambandi við þá gullöld og gleðitíð sem hefjast mundi fljótlega eftir að þessi samningur hefði tekið gildi. Það á auðvitað ekki

bara við um alkemista, gullgerðarmenn í hagfræðingastétt á Íslandi, sem voru látnir sýsla við það að taka saman efni í þessa spádóma. Auðvitað á það við um hugmyndafræðingana að baki Evrópusambandinu sjálfu, þ.e. innri markaði þess, og þarf ekki lengra að leita heldur en í Cecchini-skýrsluna margumtöluðu á sínum tíma, sem tengdist náið töfraártalinu 1992 þegar allt ætti að snúast á annan veg fyrir Evrópu að því er varðaði atvinnustig, hagsæld, möguleika til nýsköpunar og hvað þetta allt saman hét.

Við erum komin fram á árið 1994 og við erum komin inn í Evrópskt efnahagssvæði, innri markaður Evrópusambandsins er orðinn meira en ársgamall frá því hann átti að vera genginn í gildi. Hver er myndin að því er varðar hag alþýðu í Evrópu, hag almennings í Evrópu, jafnvel hag fyrirtækjanna í Evrópu sem einnig eru þáttur þessa máls? Hvar eru hagsbæturnar af þeirri kerfisbreytingu sem þarna var verið að knýja fram, því frelsi fyrir fjármagnið og fjármagnsflutninga, sem er blóðgjafinn í Evrópsku efnahagssvæði og innri markaði Evrópusambandsins, sem tengdur er inn á hið Evrópska efnahagssvæði, inn á svæði EFTA-ríkjanna einnig? Ég held að það þurfi að fara að taka upp smásjána til að leita að þessum hagsbótum.

Ég vænti þess að það komi að því og þurfi kannski ekki að líða svo mjög langur tími að við hér á Alþingi Íslendinga, að meiri hluta til, komumst að annarri niðurstöðu heldur en tekin var á vordögum 1993 í sambandi við inngöngu í hið Evrópska efnahagssvæði. Spurningin um það hvort við höfum afl og þor til þess að rífa okkur út úr því neti sem við vorum flækt í með samþykkt þessa samnings, teljum okkur hafa burði til þess að stökkva af lestinni á þeirri ferð sem hún er á, því færibandi sem færir okkur 500 gerðir sem afurð Evrópusambandsins á um það bil tveimur og hálfu ári, á eftir að skila áfram löggjöf eða bindandi ákvæðum inn á þjóðmálavettvang Íslands, inn í íslenskt Stjórnarráð, var flutt inn á Alþingi, hvort við höfum þor til þess að breyta til. Úr því mun auðvitað framtíðin ein skera.

En það er kominn tími til þess að byrja endurmatið, að byrja að meta væntingarnar, loforðin, skoða veruleikann á bak við glansmyndina og velta fyrir sér öðrum leiðum til þess að fást við þau geigvænlegu vandamál sem þetta kerfi er að leiða yfir löndin í formi atvinnuleysis og sívaxandi misskiptingar í kjörum. Ég vona að þessi stund sé ekki jafnlangt undan eins og margur kann að halda um þessar mundir.

Umræðu frestað.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, fyrri umr.

Stjtill., 543. mál. — Þskj. 851.

[16:44]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Með þessari till. til þál. sem hér liggur fyrir fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu samnings frá 5. júní 1992, um líffræðilega fjölbreytni. Markmið samningsins er þríþætt:

1. Að vernda líffræðilega fjölbreytni.

2. Að tryggja sjálfbæra nýtingu lifandi náttúruauðlinda.

3. Að stuðla að sanngjarnri skiptingu þess hagnaðar sem hlýst af nýtingu erfðaauðlinda sem og aðgangi að þeim og tækni til að nýta þær.

Almennar skuldbindingar samningsins fela í sér m.a. að sérhver samningsaðili skuli:

1. Þróa áætlanir, löggjöf, aðferðir og önnur stjórntæki til að stuðla að verndun og sjálfbærri notkun líffræðilegrar fjölbreytni.

2. Stjórna og hafa eftirlit með notkun og losun erfðabreyttra lífvera.

3. Kanna þær athafnir sem kunna að hafa skaðleg áhrif á vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni.

4. Þróa neyðaráætlanir og koma á fót neyðarvörnum til að koma í veg fyrir alvarleg áföll fyrir líffræðilega fjölbreytni.

5. Veita fjárhagslega aðstoð og miðla tækni til þróunarlanda til að gera þeim kleift að sinna skuldbindingum sínum á sviði líffræðilegrar fjölbreytni.

6. Að tilkynna samningsaðilum um yfirvofandi hættu og aðgerðir innan lögsögu þeirra sem gætu haft alvarleg áhrif á líffræðilega fjölbreytni þeirra.

Samningurinn hefur einnig að geyma sértækari ákvæði:

1. Um aðgang ríkja að erfðafræðilegum auðlindum innan lögsögu annarra ríkja.

2. Um aðgang að og miðlun tækni sem varðar vernd og sjálfbæra notkun líffræðilegrar fjölbreytni eða nýtingu erfðafræðilegra auðlinda.

3. Um upplýsingaskyldu um hugsanleg skaðleg áhrif lífvera sem fluttar eru til annarra samningsaðila.

Í samningnum er gert ráð fyrir að deilum verði vísað til sáttameðferðar nema deiluaðilar komi sér sjálfir saman um annað. Ákvæði samningsins eru í samræmi við íslenska löggjöf og stefnu Íslands á sviði náttúruverndar eins og nánar er kveðið á um í athugasemdum við tillöguna.

Ég vil, frú forseti, leyfa mér að leggja til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[16:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Sá samningur sem hér liggur fyrir er einn af meginafurðum eða niðurstöðum sem fengist hafa eftir ráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Rio de Janeiro í júní 1992. Það er ánægjuefni að þessi samningur skuli vera kominn fyrir Alþingi og leitað fullgildingar á honum. Ísland var í hópi fyrstu ríkja til að undirrita þennan samning. Það gerði fyrrv. hæstv. umhvrh., Eiður Guðnason, í Rio de Janeiro, 12. júní 1992. Það var ánægjulegt að vera viðstaddur þann atburð og ég sé ástæðu til að þakka þeim sem hafa unnið að því að koma þessu máli í þann búning sem samningurinn liggur fyrir í og leita staðfestingar á honum.

Annar samningur sem gengið var frá að mestu í Rio de Janeiro var samningurinn um loftslagsbreytingar. Sá samningur hefur þegar öðlast gildi. Það má segja að þessir tveir alþjóðasamningar séu með markverðari niðurstöðum þessa fundar í Rio de Janeiro, sem mætti raunar bera oftar á góma heldur en raun ber vitni og alveg sérstaklega þær niðurstöður og þau orð sem þar féllu frá fjölda þjóðarleiðtoga og fulltrúum ríkisstjórna margra landa, að það sé tekið mark á þeim og tekið mið af þeim við ákvarðanir. Það er undirstaða þess að eitthvað miði til úrbóta og eitthvað dragi úr þeim háska sem yfir mannkyni svífur vegna þeirra neikvæðu áhrifa á umhverfið sem umsvif okkar þegar hafa haft og eru farin að ógna tilvist lífs á jörðinni, ekki aðeins heilsu manna og möguleikum, heldur tilvist fjölda lífvera. En það þekkja menn og vita að á hverju ári skipta þær lífverutegundir þúsundum að talið er sem hverfa af sjónarsviði vegna tilverknaðar mannsins beint og óbeint.

Ég á þess væntanlega kost að líta á þetta mál þótt með óbeinum hætti verði í umhvn. þingsins og vænti þess og mun stuðla að því að þessi samningur fái afgreiðslu áður en þinghaldi lýkur í vor.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópska efnahagssvæðið, 1. umr.

Stjfrv., 538. mál (birting breytinga og viðauka o.fl.). — Þskj. 842.

[16:50]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, sbr. lög nr. 66/1993.

Frv. felur í sér tvennt. Í fyrsta lagi felur 1. gr. frv. í sér tæknilega breytingu á bókun 1 við EES-samninginn. Bókunin er lögfest með 2. gr. laga nr. 2/1993 og prentuð sem fskj. II við þau lög.

Í öðru lagi felur 2. gr. frv. í sér að nægilegt sé að birta breytingar og viðbætur við EES-samninginn í sérstöku blaði sem gefið verður út á íslensku á vegum útgáfumiðstöðvar EFTA þannig að ekki þurfi einnig að koma til birting í C-deild Stjórnartíðinda.

Í 3. gr. er fjallað um gildistöku annars vegar ákvæðis 1. gr. og hins vegar ákvæðis 2. gr.

Hinn 8. febr. 1994 tók sameiginlega EES-nefndin þá ákvörðun að breyta a-lið 4. tölul. bókunar 1. Samkvæmt núgildandi a-lið 4. tölul. bókunar 1 er gert ráð fyrir því að EFTA-ríkin og þar til bær yfirvöld veiti bæði eftirlitsstofnun EFTA og fastanefnd EFTA þar til greindar upplýsingar. Breytingin felst eingöngu í því að nægilegt sé að veita eftirlitsstofnun EFTA þessar upplýsingar, en henni er síðan falið að koma þessum upplýsingum til fastanefndar EFTA. Ákvæði 1. gr., sbr. 1.–2. mgr. 3. gr. frv., er í samræmi við ákvörðun sameiginlegu nefndarinnar frá 8. febr. 1994.

Með 2. gr. frv. er ætlunin að forðast tvíbirtingu breytinga og viðbóta við EES-samninginn og koma þannig í veg fyrir óþarfa kostnað og skriffinnsku sem af því mundi hljótast.

Ég leyfi mér að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. utanrmn. Ég óska þess jafnframt að hv. nefnd stuðli að því að þessi breyting geti fengið framgang nú á vorþingi því að hér er um að ræða einfaldanir og aðgerðir til að draga úr óþarfa skriffinnsku.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um Svalbarða, fyrri umr.

Stjtill., 542. mál. — Þskj. 850.

[16:53]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Með tillögu til þál. sem hér er lögð fram er þess farið á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings um Svalbarða frá 9. febr. 1920. Meðal þeirra deilna sem ræddar voru á friðarráðstefnunni í Versölum eftir lok heimsstyrjaldarinnar fyrri var langvarandi togstreita um yfirráð yfir Svalbarða. Í framhaldi af friðarsamningunum var samningurinn um Svalbarða gerður. Aðildarríki samningsins eru nú 40 talsins.

Samningurinn um Svalbarða hefur að markmiði uppbyggingu eyjaklasans og friðsamlega nýtingu hans. Samningurinn kveður á um yfirráð Norðmanna yfir eyjaklasanum, en frá þeirri meginreglu eru mikilvægar undantekningar. Ríkisborgarar aðildarríkjanna og skip þeirra eiga sama rétt og Norðmenn til veiða, á sjó og landi, en Norðmönnum er heimilt að grípa til verndaraðgerða sem þó verða að koma jafnt niður á borgurum aðildarríkjanna. Þá er ríkisborgurum allra aðildarríkja heimil atvinnustarfsemi á Svalbarða og nýting auðlinda, þar á meðal námuvinnsla. Í samningnum er lagt bann við herstöðvum á eyjunum og skattalögsaga Norðmanna er mjög takmörkuð.

Markmiðið með aðild Íslands að samningnum um Svalbarða er að leitast við að tryggja hlutdeild í aðgerðum á grundvelli samningsins. Norðmenn hafa lýst yfir 200 mílna fiskverndarsvæði umhverfis Svalbarða. Aðild að samningnum felur ekki í sér viðurkenningu íslenskra stjórnvalda á réttmæti þeirrar aðgerðar, enda er ágreiningur um rétt Norðmanna á svæðinu og almennt um gildi samningsins á hafsvæði utan landhelgi.

Ég vil leyfa mér, frú forseti, að leggja til að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og hv. utanrmn.

[16:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta mál sem hér var mælt fyrir af hæstv. starfandi utanrrh. er fyrir margra hluta sakir umræðu virði. Það sem ég vil nefna fyrst varðandi málið er sú sérkennilega staðreynd að af Íslands hálfu var ekki farið að gefa þessu máli, þessum Svalbarðasamningi, hinn minnsta gaum, svo mér sé kunnugt, fyrr en á miðju síðasta sumri eða þar um bil og er þó hér

um að ræða alþjóðasamning sem tekur til landsvæðis ekki svo ýkjalangt frá Íslandi í norð-norðaustur, fjögurra dægra haf eða svo ef við tækjum trúanleg orð Landnámu, sem fyrst nefnir Svalbarða á nafn. — Sumir halda að hugsanlega hafi þar verið átt við Jan Mayen en ekki vil ég taka af um það. Á Svalbarða er það haft fyrir satt að Íslendingar hafi fyrstir þjóða skráðar heimildir eða *fært í letur heimildir um Svalbarða með því* nafni. — En þessari fornu vitneskju og heiti eyjanna sem íslenskar fornsögur geyma hefur ekki verið betur sinnt af okkur Íslendingum en svo að það virðist sem ráðamönnum hér hafi að mestu verið ókunnugt um þennan samning, a.m.k. ekki leitt hugann að því hvort það ætti að vera til álita að Ísland gerðist aðili að samningnum um Svalbarða frá 1920.

Ég er í hópi þeirra sem vissi afskaplega takmarkað um þennan samning og þekkti lítið til Svalbarða þar til ég varð þess aðnjótandi að skreppa þangað í júnímánuði sl. Það var afar lærdómsríkt fyrir margra hluta sakir og ætla ég ekki að rekja það hér. En þá fékk ég fyrst í hendur og leit yfir þetta málsgagn sem hér liggur nú fyrir í íslenskri þýðingu og varð ljóst að það væri fyllsta ástæða til þess fyrir okkur Íslendinga að meta það hvort við ættum ekki að gerast aðilar að þessum samningi. Ekki af því tilefni sem síðar varð og er megindriffjöðrin af hálfu ríkisstjórnarinnar að leggja þetta mál nú hér fyrir þingið, þ.e. fiskveiðiþáttur málsins, heldur einfaldlega vegna samningsins, vegna þeirrar þýðingar sem hann hefur fyrir verndun Svalbarða, eyjanna sem mynda Svalbarða, sem er hið stórfenglegasta land, sem betur fer undir allstrangri vernd, sérstökum náttúruverndarákvæðum, mikill hluti eyjanna og *mismunandi ákvæði sem gilda þar um einstök* svæði, m.a um verndun dýrategunda sem þar eiga eitt aðalheimkynni sitt eins og hvítabjörn, einkum við austanverðar og suðaustanverðar eyjarnar á hafísnum.

Ég er þeirrar skoðunar og var farinn að leiða hugann að því að ástæða væri til þess að taka þetta mál upp þegar íslenska utanrrn. vaknaði allt í einu af djúpum dvala að því er þetta mál snerti, eftir að Íslendingar hófu veiðar í Smugunni og leikurinn færðist svona með einhverjum hætti í norðvestur inn á Svalbarðasvæðið og menn fóru að velta fyrir sér þessum samningi og túlkun Norðmanna á honum að því er varðaði fiskverndarmálefni kringum eyjarnar.

Ég ætla ekki að fara að hefja hér mikið mál út af þessu. Ég vil aðeins segja að ég vil meta þetta mál út frá Svalbarðasamningnum sem slíkum í fyrsta lagi og alveg sérstaklega og ég tel það alveg óbundið og óháð fiskverndar- og fiskveiðimálinu á grundvelli þeirra gerninga sem Norðmenn beittu sér fyrir, sem ráðendur eða handhafar valds á Svalbarða, þeir telja það hluta af Noregi samkvæmt lögum frá 1925, þá eigum við að skoða það með jákvæðum hætti að slást í hóp aðildarríkja að þessum sérstæða samningi frá 9. febr. 1920.

Um hinn þátt málsins vil ég segja það, virðulegur forseti, að ég tel að við Íslendingar þurfum að skoða okkur vel *um áður en við tökum stefnu á það að ger*breyta okkar siglingu í sambandi við sjávarútvegsmálefni og fiskverndarmálefni en mér sýnist að margt sé þar uppi sem þurfi að gaumgæfa og athuga og ég vil hvetja til þess að menn flýti sér þar hægt. Margt af því sem menn telja sig sjá sem hugsanlegar hagsbætur af því að slást í hóp úthafsveiðiþjóða og hefja útgerð víða um höf er ekki víst að sé gefin veiði þó sýnd sé. Við þurfum að fara yfir þetta mál með allt öðrum og víðari hætti en gert hefur verið fram að þessu og horfa þar *til allra átta áður en við innsiglum breytingu á þeirri* stefnu sem við höfum fylgt undir merki landhelgismála fram að þessu.

[17:02]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Sennilega er rétt fyrir Íslendinga að staðfesta samninginn um Svalbarða og gerast aðilar þar að. Ég er hins vegar ekki hlynntur þeirri málsupptekt sem hæstv. utanrrh. beitti að byrja á að ræða þetta við krata í Noregi með auðmjúkum hætti. Ég tel að við höfum ekkert með það að gera. Við eigum rétt á að staðfesta þennan samning ef við viljum og ég held að það sé skynsamlegt að gera það.

Afstaða ríkisstjórnarinnar hefur markast af sinnuleysi eins og hefur komið fram í umræðunum. Það er raunar óskiljanlegt hvað henni gengur illa að vakna og átta sig á stöðunni og hverjir eru hagsmunir Íslands. Sjómenn og útgerðarmenn fóru síðla á fyrra ári upp á eigin spýtur og þrátt fyrir andmæli ríkisstjórnarinnar að stunda úthafsveiðar í Smugunni og reyndar hafa þeir farið víðar um höf og úthafsveiðar eru orðnar staðreynd í okkar þjóðarbúskap og okkur veitir sannarlega ekki af að nota þann gilda þátt í afkomu þjóðarinnar. Þar af leiðandi finnst mér óskiljanleg sú afstaða sem stjórnvöld hafa fylgt fram að þessu að torvelda Íslend*ingum þessar úthafsveiðar svo sem þeir hafa gert.* Vegna úreltra laga eða óskynsamlegra lagaákvæða er þeim útgerðum sem hyggjast stunda úthafsveiðar gert í mörgum tilfellum að flagga út skipum og þeim er neitað um að skrá á íslenska skipaskrá skip sem þeir kaupa og fá stundum á hagstæðu verði erlendis og ætla að gera út til úthafsveiða. Menn hafa verið að bera því við að það endaði með því að þau yrðu að fá kvóta í íslenskri fiskveiðilögsögu. Þetta er fyrirsláttur og það er engin ástæða til að óttast það að þau fái kvóta.

Ég hef leyft mér að flytja á þskj. 860 frv. til laga um breytingu á lögum um eftirlit með skipum þar sem ég legg til að þetta 15 ára hámarksaldursákvæði verði fellt niður. Ég tel að úthafsveiðar Íslendinga séu orðin staðreynd. Það sé ákaflega óskynsamlegt og í alla staði óheppilegt að hafa skip undir hentifánum ef þau eru í alíslenskri eigu. Ég vil að sjálfsögðu að annað gildi um skip í alíslenskri eigu en skip sem eru með einhverjum hætti í félagseigu Íslendinga og útlendinga, eins og reyndar eru dæmi um. Að hafa skip undir hentifána fylgir verulegur aukakostnaður og það er óeðlilegt og óskynsamlegt og veiðireynsla skipa undir hentifánum á fjarlægum miðum nýtist að sjálfsögðu ekki Íslendingum í framtíðinni. Ég tel að vel geti komið til greina fyrir Íslendinga að prófa fiskveiðar við Svalbarða og ef fullgilding þessa samnings bætir stöðu okkar þar um þá tel ég að við eigum að athuga það gaumgæfilega að staðfesta hann.

[17:07]

Björn Bjarnason:

Frú forseti. Ég tel mjög ánægjulegt að þetta mál, till. til þál. um staðfestingu samnings um Svalbarða, liggi fyrir. Það er í sjálfu sér mjög einfalt eins og texti þess hljóðar svo:

„Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að staðfesta fyrir Íslands hönd samning um Svalbarða sem gerður var í París 9. febr. 1920."

Hér er um það að ræða að við tilkynnum vörsluaðila þessa samnings að við gerumst aðilar að honum. Það fer vel á því í sjálfu sér að bera þetta mál undir Alþingi og gefa okkur alþingismönnum tækifæri til að fjalla um það. Við höfum gert það nú þegar á nokkrum fundum í tilefni af því sem fram hefur komið í umræðunum að Íslendingar hafa hafið fiskveiðar í Barentshafi og jafnvel verið að færa sig inn á svæði sem Norðmenn telja sig hafa yfirráð yfir vegna yfirráða sinna á Svalbarða.

Ég tel að það sé nauðsynlegt að undirstrika þegar þetta mál er tekið hér fyrir, eins og hv. 4. þm. Austurl. gerði raunar, að Svalbarðasamningurinn snýst ekki um rétt til fiskveiða við Svalbarða nema ef vera skyldi innan 4 mílna landhelgi í kringum eyjaklasann. En í 1. gr. samningsins er skilgreint til hvaða svæði hann nær og í upphafi 2. gr. segir, með leyfi frú forseta:

„Skip og þegnar allra hinna háu samningsaðila skulu njóta sama réttar til fiskveiða og dýraveiða á þeim landsvæðum sem tilgreind eru í 1. gr. og innan landhelgi þeirra."

Þetta eru ákvæði samningsins og ágreiningurinn um yfirráðin og réttinn til fiskveiða snýst um það að Norðmenn, ef ég skil málið rétt, halda því fram að landhelgin sem þarna er um að ræða sé 4 mílur eða minna en hins vegar hafi þeir yfirráðaréttinn á svæðinu frá 4 mílum og út í 200 mílur og sá réttur sé ekki viðurkenndur samkvæmt þessum samningi. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að vekja máls á þessum sjónarmiðum hér. Menn þurfa ekki að vera sammála þeim þótt athygli sé á þeim vakin og ég er það ekki endilega varðandi rétt íslenskra skipa til veiða á svæðinu frá 4 mílum út í 200 mílur. En ástæðan fyrir því að þessi samningur var gerður upphaflega kemur fram í 1. og 2. gr. og síðan öðrum greinum og samningurinn lýtur ekki að rétti aðildarríkjanna til fiskveiða á því svæði sem nú er um deilt.

Það er mjög nauðsynlegt að hafa þetta í huga og þegar við ræðum þetta mál á Alþingi getum við ekki gefið röng merki um það að með því að tilkynna um aðild okkar að þessum samningi þá séum við að opna hindrunarlausan aðgang íslenskra fiskiskipa til að athafna sig á þessu svæði. Þar er um lagalega þrætu að ræða. Þar hafa Norðmenn haldið uppi eftirliti og gæslu og menn sem fara inn á það svæði eiga yfir höfði sér að lenda í útistöðum við norsk yfirvöld, hvað svo sem gerist eftir að til slíkra deilna er stofnað. Á það hefur verið bent að Norðmenn hafi ekki látið reyna þannig á yfirráð sín á þessu umdeilda svæði að það hafi verið unnt að bera málið undir t.d. Alþjóðadómstólinn í Haag og fá úr því skorið þar hvernig yfirráðum á þessu svæði sé háttað. Þeir sem fara inn á þetta svæði taka ákveðna áhættu.

Mér finnst mjög nauðsynlegt að við látum þetta koma fram í umræðum um þetta mál á Alþingi þannig að við séum ekki að gefa einhverjar falskar vonir varðandi hvaða þýðingu samþykkt þessa máls hefur hér í þinginu. Samningurinn snýst um allt önnur atriði en menn hafa túlkað hann við breyttar aðstæður, við breytta þróun í hafréttarmálum, á þann veg að hann nái einnig til stærra svæðis en raunverulega er tilgreint í 1. og 2. gr. hans.

Ég tel, eins og fram hefur komið, næsta undarlegt að Íslendingar skuli ekki fyrr hafa ákveðið að tilkynna frönskum yfirvöldum um aðild sína að þessum samningi og kannski má líta svo á að það kunni að vera óheppilegt í sjálfu sér málsins vegna að það skuli vera gert ef það er túlkað af einhverjum sem einhvers konar óvildarbragð í garð Norðmanna. Ég lít alls ekki þannig á enda hef ég litið þannig á að af hálfu íslenskra stjórnvalda hafi verið staðið þannig að kynningu málsins gagnvart Norðmönnum að um það þurfi ekki að vera neinn vafi að við erum ekki að gerast aðilar að þessum samningi í neinni óvild við Norðmenn. Við erum að nýta okkur rétt sem við höfum samkvæmt samningnum sjálfum með því að senda þessa tilkynningu.

Við getum einnig á grundvelli hennar nýtt okkur ýmislegt vonandi á Svalbarðseyjaklasanum sjálfum, t.d. varðandi náttúruvernd, rannsóknir á heimskautasvæðum og annað slíkt sem kann að nýtast okkur vel við náttúruvernd hér á landi og rannsóknir á Íslandi og samanburð á náttúru hér og á slíkum heimskautasvæðum. Ég held því að það sé full ástæða til þess og við eigum að vera virkir þátttakendur og virkari en við höfum verið í rannsóknum á norðurhjarasvæðum og heimskautasvæðum. Við fáum tækifæri til þess á grundvelli þessa samnings að stunda þar rannsóknir eins og aðrir og getum látið að okkur kveða við það og það er m.a. eitt af því sem felst í aðild okkar að þessum samningi.

Ég hef fjallað um spurninguna um Svalbarða áður á öðrum vettvangi, meira í ljósi öryggismálanna og þróunar þeirra. Eins og menn kannski rekur minni til þá hafa verið deilur á eyjaklasanum á milli Norðmanna og Rússa og oft mjög viðkvæmt ástand. Nú hafa aðstæður gjörbreyst að því leyti a.m.k. um stundarsakir varðandi stöðuna á Svalbarða og við erum ekki að blanda okkur neitt í það viðkvæma mál um öryggishagsmuni sem þarna voru með því að tilkynna um aðild að samningnum og það er ekki með nokkru móti unnt að líta á það þannig að við séum að blanda okkur í slík mál með nýjum hætti með því að gerast aðilar í þessum samningi.

Ég tel hér um mjög tímabært mál að ræða og mun vinna að því á vettvangi utanrmn. að það nái fram að ganga nú í vor. En mér þótti ástæða til þess sérstaklega að minna á efni samningsins þannig að við séum ekki að gefa hér falskar vonir um það hvað í honum felst.

[17:15]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegur forseti. 1920 held ég að sé rétt hjá mér að Danir hafi farið með utanríkismál Íslendinga í sambandsríkinu Íslandi/Danmörku og þar af leiðandi hafi Íslendingar hugsanlega litið svo á að þeir væru aðilar að þessum samningi árið 1920 þó auðvitað breyttist sú staða um leið og við urðum sjálfstæð þjóð. Þar af leiðandi er kannski eðlilegt að við höfum ekki hugsað út í það að gerast aðilar að þessum samningi þar sem við, eins og ég sagði, höfum hugsanlega litið svo á að við værum það.

Það stendur í samningnum: „Hinir háu samningsaðilar sem viðurkenna full yfirráð Noregs yfir eyjaklasanum Svalbarða, þar með talið Bjarnarey, æskja þess að setja þessu landsvæði eðlilega stjórn í því skyni að tryggja þróun og friðsamlega nýtingu þess.“

Þetta er hið gullna markmið sem með þessum samningi er sett. Það stendur líka að samningsaðilar viðurkenni full yfirráð Noregs yfir eyjaklasanum. Þess vegna finnst mér pínulítill tvískinnungur í því að við skulum nú ekki vilja viðurkenna að Norðmenn hafi yfirráð yfir hafsvæðinu í kringum Svalbarða. Við sjálf höfum sett okkur 200 mílna lögsögu og fiskverndarsvæði og ég get ekki séð annað en að það væri eðlilegt og drengilegt að Íslendingar yrðu fyrsta þjóðin til að viðurkenna að Norðmenn hefðu þessa 200 mílna lögsögu í kringum Svalbarða. Það er þess vegna sem ég kom í stólinn að mér finnst eðlilegt að við verðum fyrst til þess að viðurkenna þetta.

[17:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég fagna framkomu þessarar þáltill. og hef reyndar beðið eftir því í allan vetur að hún liti dagsins ljós. Ég held að það hafi við skoðun á sl. hausti fljótlega orðið ljóst að það væri rétt að við gerðumst aðilar að þessu samkomulagi um Svalbarða af ýmsum ástæðum. Það má út af fyrir sig segja að það hefði verið eðlilegt að við værum með frá byrjun eða því sem næst þar sem þarna á nálægt svæði í hlut og eðlilegt að Íslendingar sem norræn þjóð sem á hagsmuna að gæta í norðurhöfum værum með. Einnig hafa komið til nýrri hlutir sem snúa að fiskveiðihagsmunum okkar og spurningu um mögulega þátttöku í auðlindanýtingu á þessu svæði sem gera það að verkum að það er enn frekar en ella ástæða til að við gerumst aðilar.

Það hefur verið farið vandlega yfir þetta mál og nefnd sem sjútvrh. skipaði til að endurskoða ákvæði laga um veiðar utan landhelgi sem hefur fengið það verkefni að líta á þetta hefur mælt með því við stjórnvöld að það verði gert. Þar koma til m.a. þeir nýlegu hagsmunir sem við Íslendingar eigum að gæta á þessum slóðum.

Ég er því sannfærður um að það er rétt skref að við gerumst aðilar og á því held ég að við getum á engan hátt tapað en mögulega unnið okkur nokkur réttindi eða styrkt stöðu okkar í framhaldinu með því.

Varðandi svo það atriði að með því að gerast aðilar að samningnum um nýtingu náttúruauðlinda á Svalbarða og út að 4 mílum, eins og sá samningur gerir ráð fyrir, séum við ekki að viðurkenna þá aðgerð Norðmanna að lýsa einhliða yfir fiskverndarlögsögu út að 200 mílum og taka sér innan þeirrar lögsögu öll réttindi þá er ég sömuleiðis alveg harður á því að það er rétt að láta það koma fram strax að í þessari aðild okkar að samningnum felst ekki viðurkenning á þeirri gjörð Norðmanna. Það er annars eðlis að Norðmenn lýsi einhliða yfir fiskverndarlögsögu út að 200 mílum og hitt að samningsaðilarnir fólu Norðmönnum tiltekið hlutverk á hinu sameiginlega landsvæði, Svalbarða, föstu landi og landhelgi út að fjórum mílum vegna þess að samningurinn gengur út á jafnrétti samningsaðilanna til nýtingar á náttúruauðlindum á svæðinu eftir sem áður. Þannig má segja að Norðmenn séu á grundvelli Svalbarðasamningsins eins konar verktakar sem annast tiltekið hlutverk fyrir hönd allra samningsaðilanna, fara með fullveldishlutverkið en réttindi þjóðanna eru jöfn.

Um leið og við Íslendingar gerumst aðilar að Svalbarðasamningnum þá getum við, ef okkur býður svo við að horfa, haldið norður til Svalbarða með sveit af jarðfræðingum fundið þar t.d. kolalög og bankað upp á hjá bergmeistara og sagt: Hér erum við Íslendingar mættir. Við ætlum að taka til við að nýta þessi lög. Og við höfum jafnan rétt til þess og aðrar samningsþjóðir að gera það. Ef þarna er um ónýtta möguleika að ræða þá ber bergmeistaranum að úthluta okkur þarna svæði til námavinnslu. Þetta dæmi sýnir að það er um gjörólíka réttarstöðu að ræða innan þess svæðis sem Svalbarðasamningurinn sjálfur tekur til og hins vegar fiskverndarlögsögunnar sem Norðmenn lýstu yfir. Þar er um einhliða réttartöku Norðmanna að ræða. Það er ekki nema ein þjóð, Finnar, sem hefur lýst yfir stuðningi við þann gjörning en mun fleiri þjóðir, tvær eða þrjár a.m.k., hafa mótmælt því að Norðmenn geti einhliða tekið sér þarna réttindi, þ.e. Rússar, Bretar og Spánverjar að ég hef heyrt.

Nú er það svo að aðildin að samningnum felur á hinn bóginn ekki sjálfkrafa í sér réttindi til að mynda og alls ekki innan fiskverndarlögsögunnar. Það liggur nokkuð ljóst fyrir. Þess vegna er rétt að vekja ekki um of væntingar manna um það að út á aðildina eina fáum við veiðikvóta eða annað því um líkt. Sérstaklega ekki ef í hlut eiga tegundir sem mundu teljast að líffræðilegu mati bestu manna fullnýttar fyrir. Þá kann það að reynast nokkuð torsótt að reyna að komast inn í hlutdeild á nýtingu þeirra. En ég er þeirrar skoðunar og hef látið hana koma fram og vil gera það hér að varðandi t.d. aðrar auðlindir, hvort sem er innan 4 mílna eða út að 200 mílum, þá sé réttarstaða samningsaðilanna í ljósi þess jafnræðis sem á að ríkja milli þeirra um nýtingu náttúruauðlinda á svæðinu slík að menn eigi að geta komið til sögunnar og hafið nýtingu á þeim möguleikum sem eru ónýttir.

Eðlilegast væri ef um einhvers konar útfærslu út frá Svalbarða út að 200 mílum er að ræða að sú útfærsla væri á sama þjóðréttargrunni og samningurinn sjálfur byggir á, þ.e. að það skuli ríkja jafnræði milli þjóðanna. Auðvitað er verið að færa út frá Svalbarða og

þess vegna eðlilegt að þjóðréttarstaðan væri sambærileg út frá landinu, einskismannslandinu sem fært er út frá. Ég held að það sé alveg borðleggjandi að lögfræðilega þá sé staða Norðmanna til að taka sér með einhliða aðgerðum réttindi af þessu tagi mjög veik og það er ástæða fyrir því að þeir hafa ekki látið slíkt mál fara í hart.

Þess vegna hef ég t.d. verið þeirrar skoðunar að ef íslensk rækjuskip vildu fara til veiða við Svalbarða um leið og við höfum gerst aðilar að Svalbarðasamningnum, þar sem um er að ræða stofn sem ekki er fullnýttur og ekki hefur verið settur kvóti á, þá eigum við skýlausa kröfu á því að gera það um leið og við erum orðnir samningsaðilar og ættum kannski að geta gert það hvort eð er. Ég tel ekki óskynsamlegt og ekki óeðlilegt að Íslendingar létu samhliða aðildinni eða í kjölfarið fljótlega reyna á möguleika sína t.d. í slíkum tilvikum.

Um samskiptin að öðru leyti og tengingu þessarar ákvörðunar við til að mynda veiðar á hinu alþjóðlega hafsvæði í Barentshafi þá er flóknara mál að fara út í þá hluti og tíminn leyfir ekki yfirferð um það enda mun væntanlega koma til þess þó síðar verði að það verði hér til umræðu.

En ég vil í lokin aftur fagna því að þessi tillaga er hér fram komin. Ég tel tvímælalaust að hana eigi að afgreiða hið snarasta og fagna því að ríkisstjórnin hefur haft snör handtök eftir að ákvörðunin var tekin um að þýða skjöl og leggja þau fram. Ég vona sömuleiðis að aðildarskjöl séu tilbúin þannig að það megi vinda bráðan bug að því um leið og Alþingi hefur afgreitt tillöguna að ganga endanlega frá okkar aðild. Ég tel mjög mikilvægt að hún verði orðin staðreynd vel fyrir vorið þannig að réttarstaðan verði komin í það horf þegar, það er alveg óþarft að segja ef, íslensk skip halda til veiða í norðurhöfum á nýjan leik.

[17:25]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka hv. þm. fyrir þann stuðning sem hefur komið fram máli þeirra. Ég get stytt mjög mína ræðu því hv. formaður utanrmn. sagði í sinni ræðu mestallt af því sem ég hefði viljað ræða. Engu að síður eru nokkur atriði sem ég vildi minnast á.

Í fyrsta lagi er það alveg rétt, og get ég verið sammála hv. 4. þm. Austurl. um það, að það er umhugsunarvert hvernig stendur á því að við höfum ekki tekið þessi mál fyrir um aðild að Svalbarðasamningnum fyrr en nú fyrir nokkrum mánuðum síðan. Ég átti þess líka kost í júnímánuði á sl. ári að heimsækja Svalbarða þannig að þar hefur verið mikil traffík Íslendinga. Við höfum a.m.k. verið þar tveir á svipuðum tíma, ég og hv. 4. þm. Austurl. Þar átti ég kost á að ræða við þá sem fara með stjórn mála í Longyearbyen og raunar líka að heimsækja Barentsburg þar sem Rússar stunda kolanámuvinnslu. Þar var mjög rækilega kynnt fyrir okkur framkvæmd Norðmanna á Svalbarðasamningnum eins og nánar er lýst í samningnum sjálfum. Þar kom m.a. upp sú spurning hvernig stæði á því að Íslendingar hefðu ekki gerst aðilar að þessum samningi og ég gat ekki svarað því einfladlega vegna þess að ég vissi það ekki. En mér finnst líklegt að ástæðan sé sú að mest alla þessa öld hafa Íslendingar verið strandveiðiþjóð sem hefur ekki verið að sækja fisk svo mjög á fjarlægum miðum og þess vegna hafi e.t.v. áhugasjóndeildarhringurinn verið miðaður við hafsvæðin í næsta nágrenni við okkur. Jafnvel þó það sé alveg rétt, ég tek undir það með mönnum, að staðfesting á Svalbarðasamningnum sé ekki fiskveiðimál þá kann það engu að síður að hafa ráðið sinnuleysi stjórnvalda að menn hafi ekki haft auga með þessu hafsvæði, m.a. vegna þess að menn hafi ekki stundað þar miklar veiðar núna um áratuga skeið.

Ég vildi hins vegar víkja nokkrum orðum að því sem hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði áðan. Í fyrsta lagi þá sagðist hann ekki skilja afstöðu núv. ríkisstjórnar sem hefði markast af sinnuleysi á málinu. Svalbarðasamningurinn er undirritaður árið 1920. Síðan hafa setið fjölmargar ríkisstjórnir og þar á meðal ríkisstjórn með aðild Framsfl. þar sem Framsfl. hefur t.d. farið með utanríkismál. Þær ríkisstjórnir sinntu þessu máli nákvæmlega ekki neitt. Það var fyrst þegar núv. ríkisstjórn kom til valda að farið var að sinna þessu máli. Þannig að ef hægt er að ásaka einhvern fyrir sinnuleysi í stjórnkerfinu þá eru það auðvitað þær ríkisstjórnir sem farið hafa með völd á umliðnum áratugum og ekki hafa sinnt málinu.

Hv. þm. tók þannig til orða að það væri óviðurkvæmilegt að utanrrh. hafi byrjað að ræða málið við norska krata. Utanrrh. ræddi ekki málið við norska krata, utanrrh. ræddi málið við forsætisráðherra Noregs. Af hverju? Jú, eins og hv. formaður utanrmn. skýrði út, vegna þess að ríkisstjórnin vildi forðast það að Norðmenn fengju einhvern rangan skilning á því hvers vegna íslenska ríkisstjórnin var farin að sinna þessu máli sem ekki hafði verið sinnt áratugum saman. Það þótti hlýða að áður en tillaga til staðfestingar yrði lögð fram á Alþingi þá væri ekki norskum krötum heldur forsætisráðherra Noregs gerð grein fyrir því hver væri ástæða ríkisstjórnar Íslands fyrir því að hún teldi rétt að staðfesta þetta samkomulag.

Hv. þm. sagði einnig, ég skrifaði það orðrétt eftir honum, að íslensk veiðiskip hafi stundað veiðar í Smugunni gegn andmælum ríkisstjórnarinnar. Þetta vita hv. þm. allir að er þvættingur. Hrein ósannindi vegna þess að niðurstaðan er þveröfug. Íslenska ríkisstjórnin lagði fram lögfræðiálit þess efnis að veiðar í Smugunni væru úthafsveiðar sem væru fyllilega heimilar. Að segja þess vegna eins og hv. þm. sagði í ræðu sinni að þessar veiðar hafi verið stundaðar gegn andmælum ríkisstjórnarinnar eru hrein og skær ósannindi og honum varla sæmandi.

Hv. þm. sagði það líka og stendur virðist vera einn um það að tilgangurinn með því að gerast aðilar að þessum samningi væri að skapa veiðiheimildir fyrir íslensk skip á Svalbarðasvæðinu. Það er tekið skýrt fram í máli manna sem hér hafa talað að það er ekki tilgangurinn enda kemur það ekki fram að sá tilgangur sé í greinargerð frv. Við teljum hins vegar rétt, og undir það hafa tekið allir þingmenn nema einn sem hér hafa

talað, að gera skýra grein fyrir því að aðild Íslands að þessum samningi jafngildir ekki viðurkenningu á 200 mílna fiskveiðilögsögu sem Norðmenn hafa einhliða ákveðið í kringum Svalbarða. Sú útfærsla er grundvölluð á norskum lögum en ekki á þeim samningi sem færir Norðmönnum takmarkað lögsöguvald yfir eyjunum.

[17:31]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins vegna þess sem hæstv. ráðherra sagði um viðbrögð ríkisstjórnarinnar við veiðum í Smugunni í upphafi held ég að sé alveg óþarft og ástæðulaust að deila neitt um það. Það liggur rækilega fyrir skjalfest og í margendurteknum viðtölum við fjölmiðla hvernig atburðarásin var þessa fyrstu daga og út af fyrir sig held ég engum til framdráttar, a.m.k. ekki hæstv. ríkisstjórn eins og málin hafa þróast, að rifja það upp. Sem betur fer hefur ríkisstjórnin séð að sér og verið smátt og smátt að skipta um takt í málinu. Það var reyndar nokkur áherslumunur á framgöngu ráðherra strax frá byrjun. Það liggur alveg ljóst fyrir að hæstv. sjútvrh. brást þannig við í byrjun að hann vildi stöðva ferð íslenskra skipa í Smuguna. Ríkisstjórnin öll virtist meira og minna hafa þá afstöðu í málinu að þetta væri að sönnu óheppilegt en aðrir ráðherrar höfðu miklar efasemdir um að það væru lagaheimildir til að stöðva förina. Síðan smátt og smátt breyttist hljóðið og hæstv. utanrrh. tók að gerast stuðningsmaður þess að við færum til þessara veiða og síðan hefur ríkisstjórnin svona öll í kjölfarið náð landi í þessum málum.

Ég tel þetta út af fyrir sig ekkert að öllu leyti óskiljanlegt. Það var ósköp einfaldlega vegna þess að þessir atburðir gerðust hratt og þeir menn sem ekki höfðu fylgst með þróuninni í þessum málum voru stund að átta sig. Mistökin sem menn gerðu voru fyrst og fremst þau að vera að úttala sig um hlutina áður en þeir höfðu hugsað málið og skoðað hvar íslenskir hagsmunir lægju. Nú hafa menn auðvitað séð það, samanber það að ríkisstjórnin hélt meira að segja heilan blaðamannafund rétt fyrir árslok til að kynna betri útkomu þjóðhagsspár fyrir árið og horfur á næsta ári og tilgreindi sem ástæðu aðallega veiðar íslenskra skipa úr Smugunni. Það er til marks um það að menn eru búnir að sjá ljósið í þessum efnum. Ég tel því í sjálfu sér ekki neina ástæðu til þess að vera neitt að þrátta um það. Þetta liggur allt saman fyrir og batnandi mönnum er best að lifa.

[17:33]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt sem kom fram í máli hv. þm. sem talaði áðan að alveg frá fyrstu tíð var það afstaða utanrrh. að við hefðum í fyrsta lagi enga heimild samkvæmt íslenskum lögum til að stöðva veiðar íslenskra fiskiskipa í Smugunni og í öðru lagi þá væru þær veiðar stundaðar í fullum samhljómi við alþjóðasáttmála, þ.e. úthafsveiðar sem við Íslendingar hefðum fullan rétt á.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að það voru ekki allir ráðherrar sömu skoðunar í upphafi. En á vegum ríkisstjórnarinnar var gerð lögfræðileg úttekt á málinu sem var birt og sú niðurstaða sem þar varð var niðurstaða ríkisstjórnarinnar þannig að ríkisstjórnin sem slík var aldrei tvísaga í því máli. Og það er algerlega rangt sem hv. þm. Páll Pétursson hélt fram að þessar veiðar hafi verið stundaðar gegn andmælum ríkisstjórnarinnar. Það eru hrein ósannindi, eins mikil ósannindi og hægt er að flytja fram í einu máli.

[17:35]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er út af fyrir sig ekki annað hægt en að virða það við hæstv. starfandi hæstv. utanrrh. hvernig hann reynir að standa hérna í vörninni fyrir ríkisstjórnina og meira að segja halda henni saman sem er nú orðið fátítt upp á síðkastið að stjórnarliðar reyni yfir höfuð. Ég virði það við hann að hann skuli vera að reyna þetta. En þetta er nú að skýrast og í raun og veru ljóst að okkur ber ekki mikið á milli. Og ég tel engar innstæður vera fyrir þessum stóru orðum hæstv. viðskrh. í sambandi við það sem hv. þm. Páll Pétursson sagði því í raun og veru sagði hann það sama og ég að mestu leyti.

Varðandi svo annað atriði sem ég vildi skýra í framhaldi af orðum hæstv. ráðherra áðan og það er með aðild okkar að Svalbarðasamningnum og veiðiréttindin. Ég valdi orðalag mitt vandlega og sagði það, sem ég meina, að aðild okkar aflar okkur eða færir okkur ekki sjálfkrafa veiðiréttindi við Svalbarða. Ég vil undir engum kringumstæðum skiljast þannig að ég sé að útiloka að hún geri það. Það er reyndar mín skoðun að hún styrki mjög okkar stöðu til að fá þarna réttindi þegar til frambúðar sækir. Ég minni á það sem ég sagði til að mynda um stofna eins og rækjuna á þessu svæði í því sambandi. Um þorskinn gegnir að nokkru leyti öðru máli þar sem sú tegund er þegar kvótasett en þá minni ég á að það er samhengi á milli veiðimöguleikanna í Smugunni og á öðrum svæðum sem aðliggjandi eru og þær þjóðir sem á annað borð yrðu komnar með kvóta í slíkri tegund, hvort sem það væri vegna aflareynslu á úthafinu eða annars staðar, fengju væntanlega sömuleiðis svigrúm til að taka þann kvóta almennt talað á þessu hafsvæði, þess vegna innan Svalbarðasvæðisins eins og annars staðar.

En þetta er það orðalag sem ég vil nota í þessu sambandi. Það er út af fyrir sig ljóst, það er rétt að menn hafi það á hreinu, að aðildin færir okkur ekki sem slík sjálfkrafa réttindi en það eru verulegar líkur á því að hún styrki stöðu okkar til þess að ná þeim.

[17:37]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er sammála hv. þm. um það að okkur greinir ekkert á um þetta mál. Hann staðfesti það í sinni ræðu að það væri rangt að þessar veiðar hefðu verið stundaðar gegn andmælum ríkisstjórnarinnar. Hann sagðist vera sammála þeirri lýsingu sem ég gaf að upphaflega hafi ráðherrar ekki allir verið sammála um málið. En um leið og það var tekið inn á borð ríkisstjórnarinnar og komin formleg afstaða hennar til

málsins hefur afstaða hennar verið sú sem fram kom í lögfræðiálitinu sem gert var að tilhlutan utanrrh. Það er því algerlega ósatt og undir það tók hann að þessar veiðar hafi verið stundaðar gegn andmælum íslensku ríkisstjórnarinnar.

[17:38]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Nú er það alkunna að hæstv. viðskrh. er ákaflega réttorður maður og fer ekki frjálslega með sannleikann. Þó held ég að hann hafi nú tekið helst til mikið upp í sig áðan þegar hann var að reyna að verja ríkisstjórnina og halda henni saman eins og hér hefur verið bent á. Það er út af fyrir sig ágæt æfing fyrir hann sem væntanlega á að taka við formennsku í flokki sínum innan skamms að æfa sig á góðu samstarfi. Það er ekki nema þjálfunaratriði og það er prýðilegt fyrir hann að nota þetta tækifæri í fámennum salnum til þess að vera boðberi friðar og sátta. Það vill nú svo til að ég hef ekki haft tíma á þessari stuttu stund síðan þessar umræður hófust til að fletta upp á tilsvörum Þorsteins Pálssonar við blaðamenn og fréttamenn ljósvakafjölmiðlanna þegar fyrstu skipin fóru í Smuguna. Það var að sjálfsögðu „statement" frá ríkisstjórninni og ég verð að segja það að með fullri virðingu fyrir öðrum ráðherrum þá tek ég ekkert minna mark á hæstv. sjútvrh. Þorsteini Pálssyni sem málsvara ríkisstjórnarinnar heldur en öðrum.

Í orðum hæstv. sjútvrh. var sannarlega ekki að heyra neina uppörvun til íslenskra útgerðarmanna eða íslenskra sjómanna að hefja veiðar í Smugunni. Hitt er svo rétt, sem hér hefur komið fram, að ríkisstjórnin hefur áttað sig nokkuð og aðrir ráðherrar og kannski hæstv. sjútvrh. líka sáu að þeir höfðu verið á villigötum, of hræddir og of varfærnir. Ég tel að við eigum ekki að sækja það undir Norðmenn hvort við gerumst aðilar að þessu samkomulagi. Nú er ég mikill vinur Norðmanna og vil þeim allt hið besta. En ég tel ekki að við eigum að fara knékrjúpandi til þeirra og fara að spyrja þá um leyfi hvort við eigum að staðfesta þennan samning eða ekki.

Hæstv. samgrh. hefur gert sitt til þess að torvelda úthafsveiðar Íslendinga því að hann er eindregið andvígur því að breyta skipaskráningunni þannig að hægt sé að skrá okkar úthafsveiðiskip undir íslenskan fána og hefur með því torveldað þessa atvinnustarfsemi.

Varðandi tilganginn í því að samþykkja þennan samning, sem er kannski kjarni málsins, sé ég ekki annan tilgang beinni við það að staðfesta samninginn heldur en styrkja réttarstöðu okkar á Svalbarðasvæðinu, öðlast e.t.v. aukinn rétt, styrkja okkar réttarstöðu þarna á svæðinu. Og hverjir eru hagsmunir okkar á þessu svæði? Þeir eru fyrst og fremst fiskveiðar því að þó að hæstv. iðnrh. sé mikill starfsmaður og hugmyndaríkur, að vísu ekki loftkastalasmiður eins og fyrirrennari hans, þá á ég ekki von á því að hann fari að standa fyrir námugreftri á Svalbarða.

[17:42]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skyldi þó ekki vera að okkur Páli, hv. alþm. frá Höllustöðum, séu önnur formannsskipti hugstæðari heldur en formannsskipti í Alþfl. og kann að vera að ég hafi meira vald á því máli heldur en hinu síðara. En það er út af fyrir sig, frú forseti, ekkert óvanalegt að hv. þm. hafi ekki haft ráðrúm til að afla sér heimilda áður en hann fer í ræðustól og talar en það er hlutverk sem hann verður að eiga við sjálfan sig en ekki aðra hv. þm.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að þingsköp gera ráð fyrir því að þingmenn séu kenndir við kjördæmi sitt og kosningu eða nefndir fullu nafni.

[17:43]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er nú svo með formannaskipti að mér fannst eiginlega kenna þess í máli hæstv. iðnrh., eða kannski ætti ég að segja bankamálaráðherra, að hann vildi láta okkur vita af því að sitt væri ríkið, mátturinn og dýrðin þessa dagana. Ég hygg nú að það geti vel verið að hann hafi einhver áhrif á formannsskipti í öðrum flokkum en hans dýrðardagar liggja náttúrlega í forustu fyrir sínum eigin flokki því að hann er öðruvísi en sumir aðrir formenn. Hann er ekkert rólandi milli flokka. Hann hefur verið stöðugur, fæddur inn í sinn Alþfl. Hann hefur ekki verið hlaupandi í Alþb. eða Frjálslynda og vinstri menn eða einhverja spútnikflokka. Hann hefur alla tíð verið í sínum Alþfl. og er nú að uppskera það að hann er að verða alveg óumdeildur foringi þess flokks og hlýtur að taka við honum innan fárra daga.

[17:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér þykir það nokkuð athyglisvert að hæstv. iðnrh. varð svo hrifinn og orðlaus við þessa síðustu ræðu að hann nýtti sér ekki möguleika sína til andsvara frekar og lét þar við sitja sem skilið var við af hálfu hv. þm. Páls Péturssonar um formennskumál í Alþfl. innan fárra daga.

Það sem ég vildi bara koma betur að án þess að ég ætli að fara að gera það að miklu umtalsefni hér, enda held ég í sjálfu sér ekkert frjó umræða og ekki endilega í þágu hagsmuna okkar Íslendinga að vera að rifja það neitt mikið upp hvernig þessir atburðir gerðust á sl. sumri og hausti þegar íslensk skip fóru til veiða í fyrstu upp í Smuguna. Þá er það samt þannig að rétt skal vera rétt og úr því að þetta er á annað borð komið eitthvað inn í þingtíðindin þá vil ég bara láta a.m.k. fyrirbyggja að ég misskiljist neitt í þessum efnum.

Það er auðvitað spurning um orðalag og í raun og veru orðaleikur hvort menn tala eins og hæstv. ráðherra gerði áðan að það sé með öllu ósatt að þær veiðar hafi verið stundaðar gegn andmælum íslensku ríkisstjórnarinnar. Það má út af fyrir segja að það sé rétt þar sem ríkisstjórnin sem slík gerði aldrei neina slíka samþykkt ef það er það sem hæstv. ráðherra á við, heldur er þá frekar verið að vitna til fyrstu viðbragða einstakra forustumanna í ríkisstjórninni. Staðreynd málsins er sú og því hefur ekki verið á móti mælt að fyrstu viðbrögð sjútvrh. voru þau að leggjast gegn

þessum veiðum, ráða frá þeim og lýsa andstöðu við þær. Í öðru lagi hefur því ekki verið mótmælt að reglugerðardrög voru tilbúin sem á grundvelli laganna um veiðar Íslendinga utan landhelgi hefðu stöðvað för íslenskra skipa því að íslenskir útgerðarmenn eru löghlýðnir og hefðu ekki farið þar gegn nýsettri reglugerð sem bannaði slíkt. Í þriðja lagi hefur því ekki verið mótmælt að samkvæmt fréttum fjölmiðla af fyrsta ríkisstjórnarfundi eftir að veiðarnar hófust, þá var umræðuefnið og ágreiningsmálið fyrst og fremst það hvort það væri lagaleg staða til að stöðva veiðarnar.

Það var ekki fyrr en á síðari stigum þegar málin tóku að þróast að þau sjónarmið komu fram í dagsljósið jafnvel innan ríkisstjórnarinnar sjálfrar að það væri beinlínis ekki í okkar þágu og okkar hagsmuna að stöðva þá för og það ætti að stunda þarna veiðar og það væri réttmætt. Fyrstu fréttir af vettvangi ríkisstjórnar voru um það að ekki væri samstaða um það í ríkisstjórninni hvort lagagrundvöllur væri fyrir hendi til að gefa út reglugerð og stöðva veiðarnar.

Svona snýr málið við mér eins og ég kann það og ég hygg að ég kunni það nokkuð vel, m.a. vegna þess að ég lét taka saman ljósrit og útskrift af allri umfjöllun um þetta mál í fjölmiðlum fyrstu vikurnar af tilteknum ástæðum núna fyrir nokkru síðan og fór yfir það þannig að ég treysti mér í umræður við hvern sem er um atburðarásina þessa daga. Ég fylgdist líka grannt með málinu sökum áhuga míns á þessu sviði.

Þetta held ég að séu staðreyndir í málinu og þá er hitt svona meira orðaleikur hvernig menn kjósa að túlka það eða hvað menn kjósa að kalla það. Aðalatriðið er það að málin þróuðust síðan og hafa þróast í rétta átt og í góðan farveg og þá eigum við að sjálfsögðu fyrst og fremst að fagna því en ekki vera að elta ólar við eða tína það upp hvernig menn kannski í tímaþröng brugðust við í fyrstu umferð.

Svo vil ég segja sömuleiðis út af því sem hv. þm. Páll Pétursson sagði um samskipti okkar við Noreg. Það er auðvitað hárrétt hjá hv. þm. að við sækjum það ekki undir Noreg hvort við gerumst aðilar að Svalbarðasamningnum eða ekki. Það hefur vonandi aldrei staðið til að láta þá ráða neinu um það. Vissulega vakti það nokkra tortryggni hvernig hæstv. utanrrh. meðhöndlaði málið. Hann sendi forsætisráðherra Noregs einkabréf sem ekki hefur fengist birt sem tengdist þessu máli og eru heldur óvenjuleg samskipti, sérstaklega þar sem í hlut á annars vegar þjóðhöfðinginn, eða forsætisráðherra, og hins vegar utanrrh. Þetta var gert með þeirri réttlætingu að í hlut ættu tveir krataforingjar sem störfuðu saman í einhverjum norrænum krataklúbbi. Það er engin afsökun fyrir því að stytta sér leið í diplómatískum samskiptum og auðvitað voru þetta nokkuð óvenjuleg nótuskipti sem þarna áttu sér stað að utanrrh. skyldi í þessu viðkvæma máli fara að stíla einkabréf á forsætisráðherra Noregs, m.a. vegna þess að það mætti misskilja það í þá veru sem hv. þm. Páll Pétursson ýjaði hér að, að menn hefðu talið sig þurfa með einhverjum hætti að sækja þetta undir Noreg.

Svo er auðvitað ekki. Aðildin gerist á grundvelli þess í fyrsta lagi að Alþingi og ríkisstjórn að ákveða það og í öðru lagi senda inn tilkynningu til Parísar, til Frakka sem eru vörsluaðilar samningsins. Norðmönnum kemur það ekki við. Við höfum sjálfstæðan og fullan rétt til þess að gerast með tilkynningu aðilar að samningnum.

Hitt er ljóst og það er fagnaðarefni að menn hafa jafnframt orðið sammála um það að gera það alveg ljóst, það kemur fram í greinargerð með þáltill. og ég treysti því að það verði jafnframt tilkynnt Noregi með formlegum hætti. Ég hef skilið það svo að það felist í málinu að aðild okkar þýði ekki að við föllumst á einhliða réttartöku Norðmanna til fiskverndarlögsögu út að 200 mílum. Ég lít svo á að það sé sú niðurstaða sem samkomulag er um og úthafsveiðinefndin mælti með að sá fyrirvari yrði settur fram í formi formlegrar orðsendingar af Íslands hálfu til Norðmanna samtímis því sem við gerumst aðilar að samningnum með tilkynningu sem fer til Parísar.

[17:51]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er stundum einkenni á umræðum hér að mönnum hættir til að drepa þeim svolítið á dreif. Hér er hvorki til umræðu formennska í Alþfl. né Framsfl. heldur till. til þál. um staðfestingu samnings um Svalbarða og ég vildi láta koma hér fram örfá orð af minni hálfu m.a. vegna þess að það hefur verið vitnað til þess að nefnd þar sem ég gegni formennsku hefur fjallað um þetta mál.

Það má segja það um þessa þáltill. að hún er kannski nokkrum áratugum of seint á ferðinni. Auðvitað hefði það verið eðlilegt að Íslendingar hefðu sem fyrst gerst aðilar að samningi um þetta landsvæði sem er miklu nær okkur heldur en ýmsum öðrum þeim ríkjum sem hafa gerst aðilar að samningnum og miklu líklegra að Íslendingar eigi þarna hagsmuna að gæta heldur en ýmis þau landluktu ríki sem hafa gerst aðilar að þessum samningi. Reyndar eru nú liðin allmörg ár, eflaust áratugir síðan eitthvert ríki gerðist aðili að þessum samningi síðast, en það er ekki seinna vænna fyrir okkur Íslendinga að gerast aðilar.

Það hefur komið fram í þessum umræðum að samningurinn um Svalbarða, sem gerður var í París 1920, er um eyjaklasann Svalbarða og hafsvæðið upp að 4 sjómílum þar í kring en hins vegar ekki um það úthafssvæði sem þar tekur við. Það er ekki augljóst mál að Íslendingar muni hugsa sér til hreyfings að því er varðar að hagnýta sér ákvæði þessa samnings til athafna á Svalbarða. Ég tel reyndar afar ólíklegt að svo verði. Ég tel reyndar að það fullveldi sem Norðmönnum var veitt með þessum samningi yfir eyjaklasanum sé afskaplega vel komið í höndum Norðmanna og þeir hafi sinnt skyldum sínum samkvæmt þessum samningi mjög vel og það sé full sæmd af því hvernig þeir hafa staðið fyrir málum á undanförnum áratugum á Svalbarða.

Menn minnast þess að á árum áður voru oft árekstrar við Sovétmenn út af framkvæmd þessa samnings en Sovétmenn hafa verið með töluverða starfsemi á Svalbarða, í Barentsborg og víðar. Sem betur fer eru það nú liðnir tímar að til árekstra komi milli Norðmanna og Rússa af pólitískum ástæðum um framkvæmd þessa

samnings. Ég tel sem sagt að Norðmönnum hafi farist það afskaplega vel úr hendi að annast fullveldið yfir eyjaklasanum í samræmi við ákvæði samningsins. Þess vegna tel ég að menn tali hér um hlutdeild Norðmanna að þessu máli af ástæðulausri léttúð. Auðvitað er það sjálfsagt mál að hafa um það eðlilegt samráð við okkar nágranna- og vinaþjóð í Noregi þegar kemur að því að Íslendingar gerist aðilar að þessum samningi þó ekki væri vegna annars en þess að Norðmenn fara með fullveldi á eyjunum samkvæmt samningnum.

Hitt er svo annað mál að þeir eru ekki vörsluríki samningsins eins og fram hefur komið. Frakkland er vörsluríki samningsins og þangað ber að beina tilkynningunni um aðild að samningnum. Hins vegar er það að mínum dómi eðlilegt kurteisismál að hafa fært það í tal við Norðmenn að þessar ráðagerðir stæðu fyrir dyrum af hálfu íslenskra stjórnvalda. Að því leyti til er ég ósammála þeim ummælum sem fallið hafa í umræðunni þar sem menn hafa talað, að því er mér þykir, nokkuð galgopalega um aðild Norðmanna að samningnum.

Þeirri spurningu hefur verið hreyft hér hvort þessi samningur muni færa Íslendingum einhverjar veiðiheimildir á svæðinu utan fjögurra sjómílna við Svalbarða. Þeirri spurningu hefur að mínum dómi verið svarað réttilega af hálfu þeirra sem að henni hafa vikið. Það er ekkert í þessum samningi eða aðild okkar að honum sem mun færa okkur sjálfkrafa veiðiheimildir á því svæði. Við erum hins vegar eina Norður-Atlantshafsríkið sem ekki hefur fiskveiðiheimildir á svæðinu og ég tel að aðild að samningnum muni ekki geta veikt okkar stöðu gagnvart hugsanlegum kröfum um veiðiheimildir í framtíðinni heldur, ef eitthvað er, frekar styrkt okkar stöðu.

Þær umræður sem hér hafa hins vegar spunnist um veiðar í Smugunni og aðrar úthafsveiðar Íslendinga eru í raun og veru fyrir utan efni þessa samnings. Þær veiðar snerta ekki það svæði sem hér er um fjallað og nauðsynlegt þess vegna að gera greinarmun á því. Hins vegar var á það bent af hálfu þeirrar nefndar þar sem ég fer með formennsku, eins og fram hefur komið í þessum umræðum, að eðlilegt væri að taka það skýrt fram af hálfu íslenskra stjórnvalda gagnvart Norðmönnum sérstaklega að aðild okkar að þessu alþjóðlega samkomulagi við Svalbarða jafngildir ekki viðurkenningu okkar á því fiskverndarsvæði sem þeir tóku sér einhliða út að 200 mílum frá Svalbarða árið 1977. Það er mjög mikilvægt að það liggi skýrt fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, 1. umr.

Stjfrv., 429. mál. — Þskj. 641.

[17:58]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta frv. sem hér er flutt víkur að nokkru nýmæli sem eru fjárhagsleg hagsmunafélög sem ekki hafa átt sér samsvörun í íslenskri löggjöf nema ef vera skyldi að takmörkuðu leyti þó í reynd sjálfseignarstofnanir og sameignarfélög þar sem ekki eru til lög um fyrra félagsformið en lög um hið síðara.

Tilgangur frv. er að skapa lagaramma fyrir félagaform sem fyrst og fremst er ætlað til að greiða fyrir samstarfi fyrirtækja þannig að þau geti nýtt sér kosti hins Evrópska efnahagssvæðis. Fyrir því eru viss lagaleg vandamál og þess vegna er þetta frv. flutt til að tryggja framgang reglugerðar sem sett hefur verið og ætlað er að gilda á EES-svæðinu um samstarf fyrirtækja.

Hagsmunafélag eins og hér er rætt um er einkum frábrugðið fyrirtæki eða félagi að því er varðar tilganginn með starfsemi félagsins. Hann er aðeins sá að greiða fyrir eða þróa þá atvinnustarfsemi sem félagsaðilar stunda og getur þannig ekki verið um að ræða viðbótarstarfsemi heldur verður að vera starfsemi sem er í beinum tengslum við atvinnurekstur þeirra félaga á svæðinu sem aðild eiga að evrópsku hagsmunafélagi. Félagið má t.d. ekki stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi gagnvart þriðja aðila. Þannig er félagsformi þessu eingöngu ætlað að auðvelda sameiginlega hagsmunagæslu fyrirtækja í samstarfi á hinu Evrópska efnahagssvæði. Dæmi um slíkt félagasamstarf gæti t.d. verið samstarf Flugleiða og SAS um ferðamál. Þeim væri sem sé heimilt að stofna hagsmunafélag til þess að greiða fyrir samvinnu sinni í ferðamálum og ferðaþjónustu. Það hagsmunafélag má ekki sinna öðrum viðfangsefnum en þeim viðfangsefnum sem aðildarfélögin stunda. Það má ekki stunda atvinnustarfsemi gagnvart þriðja aðila heldur er þarna eingöngu um að ræða leið til að greiða fyrir samvinnu aðila.

Þetta frv. er út af fyrir sig fylgifrv. frv. til laga um hlutafélög og frv. til laga um eignarhlutafélög sem ég mælti fyrir fyrir ekki svo löngu síðan. Þá tók ég fram að þau frumvörp væru flutt nú til kynningar og til að undirbúa afgreiðslu þeirra en það væri ekki gert ráð fyrir því að frumvörpin hlytu afgreiðslu á þessu vorþingi. Þess vegna, frú forseti, vil ég gjarnan spara langt mál í framsögu með þessu frv. því að mín meining er sú að það fái sömu meðhöndlun í hv. efh.- og viðskn. sem væntanlega fær frv. eins og hin tvö, þetta verði lagt fram til skoðunar og glöggvunar, e.t.v. sent til umsagnar ef hv. nefnd telur það skynsamlegt en það sé ekki stefnt að því að reyna að afgreiða málið á þessu þingi heldur verði tekinn rýmri tími til að skoða þetta frv. og önnur frumvörp sem ég hef þegar getið um og eru fylgifrumvörp með þessu frv. eða öllu heldur er þetta frv. fylgifrv. með frv. til laga um hlutafélög sem er meginefni þeirrar lagabreytingar sem verið er að stefna að og tengist Evrópsku efnahagssvæði. Það er nauðsyn á því að reynt sé að afgreiða þessi frumvörp fyrir nk. áramót. Það ætti að vera hægt að gera það á haustþingi, einkum og sér í lagi ef einhver vinna er lögð í það núna í vor og vonandi í sumar að skoða þessi mál og gefa umsagnaraðilum tækifæri til að fjalla um þau.

Ég vil því að svo stöddu ekki hafa fleiri orð um

þetta mál, frú forseti, en legg til að frv. sé vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

[18:03]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki frekar en hæstv. viðskrh. að ræða þetta frv. efnislega en mig langar aðeins að spyrja hæstv. ráðherra um formsatriði þessa máls. Hér er gert ráð fyrir því samkvæmt 1. gr. frv. að lögfesta reglugerð sem birt er með frv. sem fskj. og mun þá að sjálfsögðu verða hluti laganna og koma inn í lagasafn. Það er augljóst að íslenska lagasafnið mun bólgna mjög ört með slíkum vinnubrögðum og verða þykkir doðrantar svipað og þær bækur sem við þingmenn erum nú að fá á borð okkar. Því vildi ég spyrja hæstv. ráðherra hvort ekki hefði verið hægt að búa hér til eðlilegt frv. um fjárhagsleg hagsmunafélög sem innihéldi nauðsynlegt efni um þau svipað og til eru lög um hlutafélög og samvinnufélög, slík félagsform, þannig að það hefði getað orðið miklu styttra mál í lagasafni og aðgengilegra en allt það langa mál sem hér er í þessari reglugerð. A.m.k. sýnist mér formáli reglugerðarinnar vera afar ólíkur því sem við eigum að venjast á lagamáli.

Þetta væri held ég ólíkt líkara þeim vinnubrögðum sem við höfum haft við lagasetningu heldur en lögfesta hér ótaldar reglugerðir og setja í lagasafn.

[18:06]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Eins og kemur fram á bls. 13 í athugasemdum við einstakar greinar þá er hér sá háttur á hafður sem við höfum skuldbundið okkur til samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í athugasemd við 1. gr. frv. segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Í samræmi við það sem segir í inngangi skal samkvæmt 7. gr. laganna um Evrópska efnahagssvæðið taka EES-gerðir, er samsvara reglugerðum EBE, sem slíkar upp í landsrétt samningsaðila. Með þessari grein er reglugerð ráðs EBE nr. 2137/85 um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög (efjh.) lögfest. Er gert ráð fyrir því að ákvæði hennar hafi lagagildi hér á landi í samræmi við bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið nr. 2/1993, með áorðnum breytingum í lögum nr. 66/1993, þar sem bókunin er lögfest."

Hér erum við með öðrum orðum að standa þannig að framkvæmdinni sem við erum skuldbundin til samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið sem hefur hlotið lagaígildi á Íslandi þannig að við erum hér einfaldlega að framfylgja íslenskum lögum um hvernig á málunum skuli haldið eins og þau liggja fyrir eftir samþykkt Alþingis.

[18:08]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra svar hans sem ég skildi þannig, og ég held að það hafi ekki farið á milli mála að sé á þann veg, að það nægi ekki að við lögtökum efnislega þau atriði sem eru í viðkomandi reglugerðum og lögfestum þau á þann hátt með íslenskri lagahefð, heldur verði að lögfesta langa lesningu sem ekkert á skylt við lagaákvæði. Ef við aðeins lítum á upphaf reglugerðarinnar og ég les hér örfá orð, með leyfi hæstv. forseta, þar sem segir svo:

„Samræmd þróun atvinnulífs og stöðugur og jafn vöxtur hvarvetna í bandalaginu er háður því að komið verði á sameiginlegum markaði er starfi hnökralaust þar sem aðstæður eru sambærilegar við þær sem ríkja á innanlandsmarkaði. Til að koma þeim markaði á og styrkja einingu hans er rétt að setja lagalegan ramma til að auðvelda einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum að laga starfsemi sína að efnahagslegum aðstæðum bandalagsins. Því er nauðsynlegt að gera þeim einstaklingum, félögum, fyrirtækjum og öðrum lögaðilum kleift að eiga með sér virkt samstarf án tillits til landamæra."

Ég ætla ekki að tefja tímann með að lesa lengra en þannig væri hægt að halda áfram með svipað efni og er held ég augljóst öllum að hefur enga þýðingu í sjálfu sér inn í íslenskt lagasafn, ekki efnislega þýðingu. Það er aðeins þá til að uppfylla þessi formsatriði að þar verði þetta inn að koma, en eins og ég sagði áður, þá mun það valda því að íslenskt lagasafn hlýtur að fara að verða ákaflega óaðgengilegt til þess að hafa undir höndum sem handbók.

[18:10]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vill oft verða svo að þó að mál séu þæfð mikið og lengi þá hverfa þau úr huganum. Ég man ekki betur en einmitt þetta mál — og nú er horfið úr mínum huga ekkert síður en huga annarra þingmanna þrátt fyrir miklar umræður í fyrra — ég man ekki betur heldur en þetta mál hafi einmitt verið þrautrætt í umræðum um staðfestingu samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og ef mig minnir rétt, og nú þori ég ekki að fullyrða meira en minni mitt hrekkur til, þá var niðurstaðan sú að það þyrfti ekki að prenta allt reglugerðaverkið sem við höfum samið um að öðlist lagagildi á Íslandi í hinu íslenska lagasafni þannig að í hinu íslenska lagasafni kæmi frv. þetta eins og það lítur út núna, ef það verður samþykkt óbreytt, það kæmi í lagasafnið. En reglugerðirnar, sem fá lagaígildi, yrðu ekki prentaðar með hinu íslenska lagasafni en yrði þá til sem einhvers konar viðhengi eða handbók nákvæmlega eins og þær tilskipanir sem liggja nú á borðum okkar í eitthvað 2.500 blaðsíðum þannig að til frekari áréttingar mætti þá slá upp í þeirri viðbót til frekari skýringar á hinu íslenska lagasafni. En ég ítreka: Nú brestur mig minni, virðulegi forseti, hvernig niðurstaðan var í þessu margþæfða máli í fyrra en ég held að ég fari hér rétt með enda samræmist uppsetningin á frv. þeim skilningi eða þeirri túlkun.

[18:12]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég þori ekki að fullyrða frekar heldur en hæstv. ráðherra hvernig umræðum hér lauk en ef þessar 43 greinar, sem koma eftir langan for-

mála í reglugerðinni, eiga ekki að fara inn í lagasafnið þá verður það harla götótt því að í 1. gr. frv. segir að reglugerðin hafi lagagildi og í greinum reglugerðarinnar eru síðan margvísleg ákvæði um þessi hagsmunafélög þannig að menn verða alveg jafnnær um eðli þeirra þó að þeir hafi flett upp í þessu frv. sem væntanlega verður að lögum og mun þá heita lög um evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög því að þar stendur raunverulega ekkert um hvernig þessi félög eru upp byggð.

[18:14]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að hérna sé deila um keisarans skegg því auðvitað verður það ekki svo að þær reglugerðir sem hér um ræðir verði einhver leyniplögg sem hvergi er hægt að fá í opinberum plöggum útgefnum af réttum aðilum. Menn sjá það bara fyrir sér. Við erum hér að fara að staðfesta það regluverk sem liggur á borðum okkar frá Evrópsku efnahagssvæði. Ég tel það fráleitt að það sé gert ráð fyrir því að það verði hluti af hinu íslenska lagasafni í þeim skilningi þess hugtaks sem við leggjum í það í dag. Hins vegar verða þessi plögg að sjálfsögðu til og lögfræðingum og öðrum handhæg þó ekki beri þessi plögg titilinn Íslenskt lagasafn. Ég held að það sé alveg ljóst og við séum nánast að deila um keisarans skegg, þ.e. hvort það beri að kalla sameiginlegt safn íslenskra laga og reglugerða með lagaígildi íslenskt lagasafn eða hvort það eigi að skipta því í annars vegar hefðbundið lagasafn og hins vegar reglugerðaverkið sem samkvæmt því samkomulagi sem við höfum þegar gert og samkvæmt íslenskum lögum hefur lagaígildi á Íslandi.

[18:15]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er það alveg ljóst að lagasafnið yrði geysibólgið ef ætti að fara að prenta í því allt þetta sem hér stendur. Hér er ein af þessum fimm bókum sem hafa komið á tveimur eða þremur árum þannig að það yrði fljótt bólgið. En ég hélt að það yrði e.t.v. gert að setja inn í aðgengileg lög það sem væri líklegt að yrðu lög sem þyrfti á að halda, hefðu gildi hér á landi því að í þessum bókum er náttúrlega langflest þannig að það hefur ekkert gildi fyrir okkur. Í þessari bók um heilbrigði dýra og plantna eru auðvitað margar og flestar reglugerðirnar ákaflega fjarlægar okkur eins og t.d. um viðurkenningu Írlands með tilliti til smitandi blóðmyndandi frumudauða og bakteríublóðeitrunar svo að tekið sé bara eitt dæmi af handahófi.

En þetta hefur sem sagt skýrst í svari ráðherra og ég þakka honum fyrir svarið.

[18:17]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er bara stutt í framhaldi af því sem fram hefur komið hér í máli manna og sérstaklega það sem ég tók eftir í máli hæstv. viðskrh. um frágang lagafrv. og laganna ef frv. verður samþykkt.

Það kom fram í hans máli að það yrði að lögtaka reglugerðina óbreytta eins og hún lítur út vegna ákvæðisins í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið um altæka aðlögun. Og að reglugerðin yrði ekki prentuð inn í lagasafnið. Þetta langar mig til að gera athugasemd við.

Ég minni á að á síðasta ári í maímánuði 1993 var gengið frá lagasetningu af sama toga og þessari sem hér er lögð til. Þar var verið að ganga frá því að lögtaka reglugerð EB frá 1968 sem er nr. 1612 um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks og hún tekin upp og látin gilda á Evrópska efnahagssvæðinu. Það var frá þessu máli gengið þannig við lagasetninguna í fyrra að reglugerðin var aðlöguð, hún var ekki tekin óbreytt eins og hún er í stjórnartíðindum EB heldur var henni breytt, aðfaraorðin voru felld út svo að dæmi sé nefnt þannig að í lagatextanum, í 1. gr. þessara laga stendur, með leyfi forseta:

„Reglugerðin [eins og hún hefur verið aðlöguð sbr. 1. mgr.] er prentuð sem fylgiskjal með lögum þessum."

Reglugerðinni frá EB var breytt til samræmis þar sem menn töldu þurfa, fellt út það sem ekki átti við.

Í öðru lagi er þessi lagasetning í fyrra þannig frá gengin að með lögunum kemur reglugerðin svo breytt, þannig að hún á að koma inn í lagasafnið miðað við frágang málsins þá. Þannig var frá þessum málum gengið í fyrra og ég hygg að það sé ekkert í veginum fyrir því að ganga frá þessu frv. hér með sama hætti.

[18:20]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta eru einfaldlega hlutir sem hægt er að ganga úr skugga um, annars vegar með því að fá nánari upplýsingar um það frá forsetum Alþingis og í öðru lagi skal ég fúslega afla greinargerðar um þetta frá utanrrn. En ég minni á annað dæmi máli mínu til stuðnings. Alþjóðasamningar sem hafa verið fullgiltir með samþykkt Alþingis hafa lagagildi. Alþjóðasamningarnir eru ekki prentaðir í lagasafninu heldur eingöngu lögin frá Alþingi þar sem staðfest er heimild til ríkisstjórnar til að fullgilda samningana. Alþjóðasamningar þessir hafa lagagildi. Þeir eru lög á Íslandi, gilda sem lög, en eru ekki prentaðir í lagasafnið þannig að ég held að það geti út af fyrir sig hvort tveggja komið til greina, annars vegar eins og dæmi er um að setja sérstök lög og samræma íslensk lög sem koma þá inn í lagasafnið þeim ákvæðum sem eru í reglugerðaverki Evrópska efnahagssvæðisins og hins vegar sá háttur sem t.d. fyrirmynd er af um alþjóðasamninga að inni í lagasafninu komi ekki reglugerðin sjálf eða reglugerðaverkið sem ekki hefur lagagildi heldur eingöngu frv. sem orðið er þá að lögum sem veitir viðkomandi gerningi ígildi lagasetningar og þá vísa ég enn til alþjóðasamninga í því sambandi sem eru skuldbindandi lög fyrir íslenska þegna.

[18:22]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég var að vitna til, það fordæmi á síðasta vetri, var um margt svipað og þetta frv. sem hér liggur fyrir. Frv. þá var lagt fyrir með sama hætti og þetta frv. nú en félmn. sem fékk það frv.

til umfjöllunar fór rækilega yfir málið og þetta varð niðurstaðan, að breyta málinu eins og endanlega varð m.a. vegna þess að ef menn eru að lögfesta texta sem ekki er síðan prentaður með lögunum þá getur leikið vafi á því hvað er í gildi sem lög því að reglugerðin erlenda getur breyst frá einum tíma til annars og mér sýnist þó að ég muni ekki nákvæmlega þessa yfirferð frá fyrra ári að það komi upp álitamál ef menn breyta hinni erlendu reglugerð og hún á að gilda sem lög hér á landi eins og lagt er til í frv. hæstv. viðskrh. Eins og málið var frá gengið í fyrra, þá er ljóst að það verður að breyta í þessum lögum til þess að breytingin komist til skila.

[18:23]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þau orðaskipti sem hér hafa átt sér stað undanfarnar mínútur leiða náttúrlega af því að við höfum afsalað hluta af löggjafarvaldinu úr höndum Alþingis og til Brussel. Þar eru lagavenjur og lagasetning með öðrum hætti en við erum alin upp við og höfum vanist og héðan af komum við til með að búa við tvenns konar lög, þ.e. í fyrsta lagi lög sem við semjum sjálf og ákveðum hvernig þau verða og hins vegar lög sem við tökum við frá öðrum og verðum að hafa í gildi hjá okkur.

Ég tel ákaflega vafasamt að hægt sé að ganga skynsamlega frá þessu með því að prenta þetta ekki í lagasafnið. Það liggur auðvitað ljóst fyrir að lagasafnið stækkar með því að taka þetta inn í það. Stjórnartíðindin eru sprungin. Við búum við fimm bláar bækur á hverju borði og bráðum sex upp á 3.000 blaðsíður sem taka við af C-deild Stjórnartíðinda eða koma við hliðina á C-deild Stjórnartíðinda. Þetta er svona hliðstætt.

Mér fannst aðdáanleg varfærni hæstv. starfandi utanrrh. þegar hann var að játa það fyrir þinginu að hann myndi ekki hvernig niðurstaða hefði verið í þessu máli í fyrra. Hann vissi ekki hvað hefði verið ákveðið þá. Ég sé í anda hæstv. utanrrh. sem nú er í Kína, Japan eða Kóreu eða guð má vita hvar. Hann hefði áreiðanlega fullyrt að hann vissi nákvæmlega hvernig þetta væri og ekki sparað það að taka upp í sig af miklum sannfæringarkrafti í þessum ræðustól hvernig þessu máli væri varið. Ég trúi hins vegar hæstv. starfandi utanrrh. betur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendalán, 1. umr.

Stjfrv., 430. mál (framsal viðskiptabréfa, framkvæmd laganna o.fl.). — Þskj. 642.

[18:26]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 30/1993, um neytendalán. Þau lög voru samþykkt á Alþingi í apríl í fyrra og tóku gildi hálfu ári síðar. Setning laganna um neytendalán var liður í aðlögun íslenskrar löggjafar að evrópskum rétti í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu en þó ekki síður tilraun til þess að bæta réttarstöðu neytenda í skiptum við seljendur vöru og þjónustu.

Megintilgangur laganna er að tryggja neytendum sem taka lán í tengslum við kaup á vöru og þjónustu og lán í banka ákveðin lágmarksréttindi og ákveðnar lágmarksupplýsingar frá lánveitanda áður en þeir gerðu upp hug sinn. Í þessu sambandi skiptir miklu máli að neytendur eiga rétt á að fá upplýsingar um allan kostnað sem fylgir lántökunni, bæði vexti og annan kostnað. Kostnaðurinn er gefinn upp sem hundraðshluti af lánsfjárhæðinni, svokölluð árleg hlutfallstala kostnaðar og í útreikningum er tekið tillit til lánstímans. Að þessari hlutfallstölu fenginni geta neytendur betur borið saman ólíka lánsmöguleika sem þeim standa til boða.

Við gildistöku laganna um neytendalán 1. okt. í fyrra komu strax í ljós vandkvæði við framkvæmd þeirra. Skipta þar mestu máli óljós ákvæði 18. gr. laganna um tryggingu vegna vanefndakrafna í tengslum við framsal viðskiptabréfa. Í lögunum er ekki almenn reglugerðarheimild og því hefur ekki reynst unnt að útfæra ákvæðin nánar í reglugerð. Þá kom einnig í ljós að notkun hugtaka í nokkrum ákvæðum laganna var ónákvæm og ekki að fullu samræmd innan laganna sjálfra. Hefur það m.a. valdið vandkvæðum við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar. Einnig má nefna að í lögunum er ekki kveðið á um það hvaða aðili hafi eftirlit með framkvæmd þeirra.

Þegar þessi atriði komu í ljós var ákveðið að skipa starfshóp til að fara yfir þau ákvæði frv. sem valdið höfðu vandkvæðum í framkvæmd. Í starfshópnum voru fulltrúar bankakerfis, viðskiptalífsins, neytenda, Samkeppnisstofnunar og viðskrn. Hópurinn skilaði ráðuneytinu fullbúnu frv. til laga um breytingu á lögunum um neytendalán og er það nú lagt fram í óbreyttri mynd.

Þótt hópurinn stæði saman að tillögum sínum kom fram í starfi hans að bæði fulltrúi neytenda og fulltrúar viðskiptalífsins vildu ýmist ganga lengra eða skemmra í ýmsum atriðum. Er ekki að efa að sjónarmiðum þessara aðila verði komið á framfæri við hv. nefnd þegar fjallað verður um frv. þar.

Ég tel ekki ástæðu til að gera grein fyrir öllum ákvæðum frv. en vísa þess í stað til skýringa við einstakar greinar þess. Hins vegar tel ég rétt að gera örlitla grein fyrir ákvæðum 11. gr. um tryggingar og 14. gr. um bótaskyldu og eftirlit með framkvæmd þessara laga.

Í frv. um neytendalán sem lagt var fram á 116. löggjafarþingi og varð að lögum var gert ráð fyrir að neytendalán með viðskiptabréfum heyrðu sögunni til. Er það í samræmi við það sem algengast er í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Alþingi féllst ekki á þetta sjónarmið. Ekki þótti Alþingi heldur rétt að breyta alfarið þeim almennu reglum sem gilda um viðskiptabréf og var því kveðið á um að viðskiptabréf skyldu undanþegin ákvæði 17. gr. laganna um möguleika neytenda til að halda uppi mótbárum við fram-

salshafa og meðábyrgð framsalshafa og lánveitanda. Þess háttar aðskilnaður var talin forsenda fyrir því að bankar og aðrar lánastofnanir vildu kaupa viðskiptabréf af seljendum vöru og þjónustu. Til að tryggja rétt neytenda var hins vegar ákveðið að seljendur vöru eða þjónustu sem veita lán í formi viðskiptabréfa skuli taka tryggingu til að mæta hugsanlegum vanefndakröfum neytenda vegna þeirra viðskipta sem að baki slíkum bréfum standa.

Þetta ákvæði hefur valdið allnokkrum vandkvæðum í framkvæmd, fyrst og fremst vegna þess að það þarfnast nánari útfærslu. Sökum þess að almenna reglugerðarheimild skortir í lögin hefur ekki reynst unnt að gera þá útfærslu. Þá stóðu tryggingar af þessu tagi seljendum vöru og þjónustu ekki til boða þegar lögin tóku gildi því bankar og vátryggingafélög biðu eftir nánari útfærslu. Vegna þess að tryggingar skorti treystu bankar, sparisjóðir og aðrir sem kaupa viðskiptabréf af seljendum vöru og þjónustu sér ekki til að halda slíkum kaupum áfram eftir gildistöku laganna.

Nú standa tryggingar af þessu tagi til boða en skilmálar þeirra byggjast að nokkru leyti á því að getið sé í eyður lagaákvæðisins umfram það sem viðskrn. telur að fyllstu heimildir standi til. Í 11. gr. frv. er lagt til að ákvæði þetta verði gert skýrara. Það er sérstaklega mikilvægt að meginatriðum tryggingarinnar sé lýst í lögunum sjálfum þar sem hliðstætt ákvæði er ekki í löggjöf annarra ríkja um neytendalán svo vitað sé.

Í 1. mgr. þessarar greinar frv. er tekið fram að ákvæðið eigi aðeins við þegar seljandi veitir neytanda lán í formi viðskiptabréfs. Ef lánið er í öðru formi, t.d. sem kaupsamningur, þá gildir ákvæði 17. gr. Ákvæði 17. gr. gildir einnig þegar lán er veitt í formi viðskiptabréfs og ekki er til staðar trygging. Komi til framsals viðskiptabréfs undir slíkum kringumstæðum er framsalshafi meðábyrgur framseljanda. Í þessu felst breyting á meginreglu viðskiptabréfaréttar en samkvæmt henni glatast mótbáruréttur við framsal viðskiptabréfs.

Virðulegi forseti. Í gildandi lögum um neytendalán er kveðið á um að brot á þeim geti valdið skaðabótaskyldu í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins. Ákvæðið tók breytingum í meðförum Alþingis því að í frv. að lögunum var gert ráð fyrir sérrefsiákvæðum og málsmeðferð að hætti opinberra mála. Báðar þessar leiðir eru afskaplega þungar í vöfum og því í raun ófullnægjandi fyrir neytendur. Því er í frv. lagt til að Samkeppnisstofnun verði falið að hafa eftirlit með framkvæmd laganna og að samkeppnisráð fái heimild til að beita þá aðila dagsektum sem brjóta gegn ákvæðum þeirra. Er þar um að ræða sams konar ákvæði og í samkeppnislögum nema hvað sektarfjárhæðir eru fimmtungur af sektarfjárhæðum samkeppnislaganna. Jafnframt er lagt til að sama málsmeðferð gildi um brot gegn lögum um neytendalán og gilda um brot gegn ákvæðum samkeppnislaga, þó þannig að ákvörðunum samkeppnisráðs verður ekki vísað til áfrýjunarnefndar samkeppnismála.

Er það mitt álit að þær breytingar sem hér eru lagðar til leiði til skjótari úrlausnar mála og verði neytendum til hagsbóta. Það skal þó tekið fram að tillaga frv. kemur ekki í veg fyrir að neytendur geti krafist skaðabóta eftir almennum reglum skaðabótaréttar fyrir það tjón sem þeir telja sig hafa orðið fyrir ef lánveitandi fer ekki að ákvæðum laganna.

Virðulegi forseti. Ég legg svo til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, 1. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 831.

[18:33]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja o.fl. Frv. þetta er þáttur í samræmingu íslenskrar löggjafar að evrópskum rétti í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu og enn fremur til þess að tryggja öruggari rétt neytenda en verið hefur í íslenskum lögum.

Frv. byggist að meginhluta til á tilskipun ráðs Evrópusambandsins frá 22. sept. 1992, um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á heimilistækjum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum sem vísað er til í IV. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Við samningu þess voru dönsk lög um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun einnig höfð til hliðsjónar.

Tilgangur þessa frv. er að tryggja neytendum greiðan aðgang að nákvæmum og samræmdum upplýsingum um orkunotkun heimilistækja og öðru er varðar rekstur þeirra tækja. Með því að setja samræmdar reglur í mörgum löndum um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi þessi atriði má ætla að framleiðendur muni leitast við að setja á markaðinn tæki með sem minnstri orkunotkun.

Ég tel ekki ástæðu til að gera grein fyrir öllum ákvæðum frv. en vísa þess í stað til skýringa við einstakar greinar þess. Hins vegar tel ég rétt að skýra frá því að lagðar verða fyrir hv. iðnn. tillögur um smávægilegar breytingar á frv. þessu. Þannig er málum komið að eftir að frv. þetta var lagt fram á hv. Alþingi kom fram beiðni frá utanrrn. þess efnis að iðnrn. ynni að því að koma efni tiltekinnar tilskipunar Evrópusambandsins í frumvarpsform. Þó að tilskipun þessi sé einn af mörgum þáttum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði hefur hún hingað til ekki fengið neina umfjöllun í Stjórnarráðinu og ekki hefur legið ljóst fyrir undir hvaða ráðuneyti hún heyrir.

Tilskipun þessi er frá 1. des. 1986 og fjallar um hávaða sem berst frá heimilistækjum. Megintilgangur tilskipunarinnar er að veita neytendum upplýsingar um hávaða heimilistækja og er mælst til þess að slíkar

upplýsingar verði gefnar með sama hætti og upplýsingar um orkunýtni tækjanna. Efni þessarar tilskipunar á margt sammerkt með efni frv. þess sem ég mæli nú fyrir.

Að sögn starfsmanna hv. iðnrn. er unnt að taka efni tilskipunarinnar inn í frv. án mikilla breytinga. Ég tel því rétt að leggja brtt. þær sem nauðsynlegar eru fyrir hv. iðnn. í stað þess að láta prenta þingskjalið upp með breytingunum.

Virðulegi forseti. Það sem breytast mun, verði þetta frv. samþykkt, er fyrst og fremst það að seljendur rafmagnstækja, og þá fyrst og fremst stærri rafmagnstækja, verða skyldaðir til að láta fram koma á rafmagnstækjunum svo að greinilegt sé og neytendur geti séð í fyrsta lagi hversu mikla orku þau noti þannig að hægt sé að bera orkunotkun þeirra saman. Í öðru lagi hversu mikill hávaði stafi frá notkun þeirra þannig að einnig sé hægt að bera það saman og neytendur geti síðan valið þá vöru sem þeir kjósa með hliðsjón annars vegar af orkunotkuninni og hins vegar af hávaðamælingum.

Ég legg svo til, virðulegi forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og til hv. iðnn.

[18:37]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér kemur enn eitt frv. sem er lagt fram til þess að fullnægja skilyrðum um Evrópskt efnahagssvæði. Ég get ekki varist því að nefna hérna það sem stendur í 1. gr., með leyfi forseta:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að því að orka sé notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti með því að tryggja að neytendur hafi greiðan aðgang að samræmdum upplýsingum um orkunotkun heimilistækja og annars er varðar rekstur þeirra."

Stuðla að því að orka sé notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti. Ég hefði haldið að það þyrfti ekki að setja það sérstaklega í lög að tryggja það að orka sé notuð með skynsamlegum og hagkvæmum hætti. Ég hefði haldið að bæði orkufyrirtæki og þeir sem nota orkuna reyni að nýta hana á skynsamlegan hátt.

Hvað varðar það að þetta sé til þess að auðvelda fólki að taka ákvörðun um það hvort það kaupi heimilistæki vegna hávaða eða annarra slíkra atriða þá sýnist mér að þarna sé forræðishyggjan nokkuð mikil þar sem ég held að menn og konur séu fullfær um það sjálf að ákveða hvort þau kaupi heimilistæki fyrir hávaða sakir eða ekki. Ég get nefnt það sem dæmi að hrærivélar til heimilisnota eru mjög misjafnlega hávaðasamar og ég hefði haldið að húsmæður þessa lands og þeir sem yfirleitt þurfa að nota þau tæki séu fullfær um að ákveða það sjálf hvort þau kaupi þær vegna hávaða eða ekki. Mér sýnist þetta frv. vera eitt af þeim sem við eiginlega þyrftum ekkert að hafa hér yfir okkur en það er eins og annað sem leiðir af hinu Evrópska efnahagssvæði að það er hvað eftir annað verði að taka til umræðu og eyða tíma í að fjalla um frumvörp til laga sem eru nánast hin fáránlegustu fyrirbrigði. Vel má vera að eitthvað í þessu frv. sé til bóta en svona í fljótu bragði sýnist mér þetta sem ég hef nú verið að segja vera það sem upp úr stendur.

[18:40]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég ætla hvorki að ræða um skynsemi né hávaða. Ég vil aðeins vekja athygli á því að þetta frv. og eins það síðasta sem hæstv. viðskrh. mælti fyrir er sett upp með allt öðrum hætti en það sem ég var að ræða áðan. Hér er sá háttur hafður sem ég taldi að væri eðlilegur að við reyndum að búa til löggjöf sem hentaði íslenskum aðstæðum og Íslendingum sem þurfa að vita hvaða lög eiga að gilda hér á landi. En bæði þetta frv. og það síðasta er til þess að fullnægja samt sem áður skyldum okkar samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í athugasemdum við frv. sem flutt var í fyrra um neytendalán kom fram að verið væri að fullnægja tilskipunum um það á sama hátt og er nú um þetta frv. sem er hér til umræðu um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja. Mér virðist því að það geti verið ákvörðunaratriði ráðuneyta hverju sinni hvaða hátt þau hafa á þessu að fullnægja því sem við höfum skuldbundið okkur til að lögtaka hér á landi eða öðruvísi get ég ekki skilið þennan mismun.

[18:42]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Suðurl. að það er nauðsynlegt að menn búi til einhverja samræmda vinnureglu í sambandi við þessar afgreiðslur og ég ítreka það sem ég sagði áðan. Ég skal útvega einhverja lýsingu á því hvaða reglur, ef einhverjar, menn hafa markað sér í ráðuneytunum um gerð frumvarpanna eins og hann hefur lýst þar sem um tvennt er að ræða: Annars vegar að menn setji megnefni reglugerða í íslensk lög eða að menn lögfesti reglugerðirnar eins og hér hefur verið lýst. Það er nauðsynlegt að menn átti sig á hvað það er sem ræður tillögugerðinni í hverju tilviki. Undir það get ég tekið með honum.

Út af því sem hv. 6. þm. Vestf. sagði áðan þá vil ég benda mönnum á að þau frumvörp sem við erum að fjalla um eru ekki frumvörp sem við eigum að líta á fyrst og fremst sem skyldulagasetningu vegna samningsins um EES. Þarna má segja að við séum að draga inn slakann af langri vanrækslu íslenska löggjafans á réttindamálum neytenda. Þetta eru ákvæði sem fyrir löngu síðan hafa verið leidd í lög í flestum nágrannaríkjum okkar svo sem eins og um upplýsingaskyldu um neytendalán sem boðin eru í hverri verslun og þá ekki síst verslunum sem selja dýr tæki. Það hefur engin upplýsingaskylda verið um þau lánakjör sem íslenskum neytendum hafa verið boðin, t.d. í afborgunarviðskiptum og menn vita að þar hafa verið á ferðinni ýmsar viðmiðanir, afborgunarviðmiðanir svo sem eins og staðgreiðsluverð, samningsverð og svo alls konar viðbótarálögur og kostnaður sem hefur ekki komið fram fyrr en menn hafa sest niður til að ganga frá samningum. Og neytendum hefur verið ógerningur að bera saman kjör frá einni verslun til annarrar, enda hefur engri upplýsingaskyldu verið fyrir að fara. Með frv.

um neytendalán sem var mælt fyrir hér áðan erum við raunverulega að draga inn þennan slaka sem íslenska löggjafarvaldið ætti fyrir löngu að hafa gert. Það frv. sem hér um ræðir um merkingar og upplýsingaskyldu á heimilistækjum er af nákvæmlega sama toga. Ef við förum inn í búð með heimilistækjum sem mörg hver eru mjög dýr, þá liggja engar upplýsingar sem við, venjulegir neytendur, sem ekki eru kannski innvígðir í rafmagnsfræði, getum borið saman um stór atriði er skipta máli eins og t.d. um orkunotkun þeirra tækja, þ.e. rekstrarkostnað þeirra tækja sem við erum að kaupa. Við höfum ekki hugmynd um það. Það sem verið er að gera þarna er einfaldlega að það er verið að skylda framleiðendur slíkra tækja t.d. tækja eins og ísskápa, að geta þess með áberandi hætti hver sé orkunotkun hvers ísskáps um sig sem þeir hafa til sölu þannig að fólk gæti borið saman innan verslana og milli verslana hver sé rekstrarkostnaðurinn af þeim vörum sem fólkið er að kaupa.

Nákvæmlega sama máli gegnir um hrærivélar. Auðvitað vita allir Íslendingar það að það lætur hátt í hrærivélum. Það eru engin ný tíðindi. (**JVK:** Ekki öllum.) En íslenskar húsmæður vita það, kannski ekki fyrir fram, ekki fyrr en þær hafa aflað sér nokkurra ára reynslu hvaða hrærivélar það eru sem láta minna en aðrar og við skulum bara taka dæmi um tæki sem hafa verið stöðugt algengari á íslenskum heimilum. Það eru bæði uppþvottavélar og þvottavélar sem oft eru í innréttingum, í eldhúsinnréttingum. Það skiptir vissulega miklu máli í því sambandi þegar fólk er að festa kaup á slíkum tækjum að það viti fyrir fram, komist ekki að raun um það bara þegar búið er að tengja vélina og setja hana í gagn, hvort það sé hægt að halda uppi eðlilegum samræðum í næsta nágrenni við tækið, hlusta á sjónvarp og útvarp eða hvort það lætur svo hátt í vélinni að það er varla að það sé hægt að halda uppi eðlilegum samræðum við matborðið. Það er ekki verið að neyða Íslendinga til þess að taka upp ákvæði um neytendavernd og neytendafræðslu vegna EES, en þarna má kannski segja um okkur eins og oft er rétt um Íslendinga sagt og Halldór Laxness orðaði þannig að „upphefð vor kemur að utan". Það varð ekki fyrr en þessi „upphefð", að við tengdumst Evrópska efnahagssvæðinu, kom að löggjafinn íslenski var nauðbeygður til þess að sinna upplýsinga- og neytendamálum með sambærilegum hætti og gert hefur verið árum saman í nálægum löndum. Auðvitað sér hver maður það í hendi sér og hv. 6. þm. Vestf. hafi ekki virst skilja það, það er mjög líklegt að þegar neytendur sjá og skoða orkunotkun heimilistækja, að þeir muni þá velja þau heimilistæki, séu þau samkeppnishæf um verð, sem nota minni orku en önnur og eru því ódýrari í rekstri, það er að sjálfsögðu aðgerð til orkusparnaðar og til þess að stuðla að því að rafokra sé notuð með skynsamlegri hætti því að það eru ekki bara orkufyrirtækin, virðulegi forseti, það eru ekki bara orkufyrirtækin, ekki seljendur orkunnar sem hafa mestan áhuga á því að orkan sé notuð með sem skynsamlegustum hætti og dregið úr notkun orku eins og möguleiki er á. Þvert á móti hafa seljendur orku að sjálfsögðu mestan áhuga á því að orkunotkunin sé sem mest svo að þeir geti fengið sem mest verð fyrir sína vöru. En það að reyna að stuðla að því að upplýsingar um orkunotkun heimilistækja liggi fyrir þannig að fólk geti borið saman rekstrarkostnað þeirra mun að sjálfsögðu verða til þess að öllum líkindum að notendur orkunnar sem verða betur upplýstir muni þegar tímar líða fram nota hana með skynsamlegri hætti til þess að draga úr sínum eigin heimilisútgjöldum. Þetta ætti, virðulegi forseti, hverjum skynsömum manni að vera ljóst, að það eru orkunotendurnir en ekki orkusölufyrirtækin sem hafa mestra hagsmuna af því að gæta að draga úr orkukostnaði og nota orku með skynsamlegum hætti.

[18:50]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. iðnrh. sagði áðan að það væri ekki hagur orkufyrirtækjanna að draga úr orkusölu. Það hefur samt stundum verið hagur þeirra líka að geta dregið úr orkusölu þegar orkan er ekki alveg næg, t.d. þegar rafmagnstruflanir verða. Vegna þess að hann vitnaði hér í að við hefðum fengið mjög margt gott með EES og reyndar nefndi hann upphefð sem ég vil ekki taka mér í munn að við höfum öðlast með EES, þá hefur enginn neitað því að ýmislegt gott hefur leitt af EES því að ýmis lagasetning sem við höfum verið neydd að taka inn vegna þess samnings hefur verið gott mál og ekkert við því að segja og við höfum aldrei neitað því að ýmislegt gott í lagasetningu hafi leitt af þessum samningi. En gallarnir eru samt sem áður í miklum meiri hluta.

Hvað varðar það að hér þurfi nauðsynlega að koma þessum skýringum á til notenda, t.d. með ísskápa, hvað þeir noti mikið af rafmagni, til þess að neytendur geti dregið úr orkunotkun, þá get ég nú upplýst hæstv. ráðherra um það vegna þess að það er ekkert mjög langt síðan að ég keypt mér nýjan ísskáp, að það fylgja yfirleitt öllum ísskápum ákveðnir leiðbeiningarpésar þar sem m.a. kemur fram hvað hver og ein tegund af ísskáp notar mikið af rafmagni. Það er tilgreint alveg nákvæmlega í kílóvöttum þannig að það fer ekkert á milli mála ef fólk er að kynna sér hlutina getur það bara lesið leiðbeiningarpésa sem fylgja og fengið þar að vita hversu mikið hver ísskápur eyðir og sama gildir um ýmis önnur heimilistæki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, 1. umr.

Stjfrv., 533. mál. — Þskj. 832.

[18:52]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hér kemur enn eitt frv. þar sem orða má að upphefð vor komi að utan, frv. til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Frv. sama efnis, þ.e. frv. til laga um öryggi framleiðslu vöru var lagt fyrir Alþingi á 115. og 116. löggjafarþingi en varð

ekki útrætt. Þetta frv. er samið á grundvelli fyrra frv. en hefur verið breytt í veigamiklum atriðum. Ástæður breytinganna eru nokkrar.

1. Við undirbúning að sameiginlegum markaði Evrópubandalagsins ákváðu aðildarríki þess að setja nýjar og ítarlegri reglur um þetta efni og var það gert hinn 29. júní 1992. Sú tilskipun sem þá var sett mun einnig gilda fyrir Evrópska efnahagssvæðið og aðildarríkin verða að hafa lögfest efnisatriði hennar í síðasta lagi 1. júlí nk. Fyrra frv. hefur nú verið endursamið í því skyni að fella það betur að þeirri meginreglu sem þessi tilskipun hefur að geyma.

2. Í frv. er kveðið á um reglur um öryggi vöru og þjónustu sem veitt er í tengslum við vöruviðskipti. Í fyrra frv. var þjónusta hins vegar ekki þrengd með þessum hætti. Er það í samræmi við norræna löggjöf að hafa þjónustuna einnig innifalda. Það er hins vegar ekki gert í tilskipun Evrópubandalagsins um öryggi framleiðslu og til þess að greiða götu þessa frv. var ákveðið að nota hina þrengri túlkun.

3. Við umfjöllun um fyrra frv. komu fram athugasemdir um að þar væru takmörkuð ákvæði um framkvæmd laganna. Úr þessu hefur nú verið bætt með ítarlegum ákvæðum um opinbera markaðsgæslu. Þá er gert ráð fyrir að framkvæmd laganna verði í höndum Löggildingarstofunnar og við hefur verið bætt ákvæðum um fjármögnun.

Eins og fyrr segir er frv. þetta samið í tengslum við aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Samkvæmt ákvæðum EES-samningsins skal samræma löggjöf aðildarríkjanna með tilliti til þeirra krafna sem gerðar eru til margvíslegra vöruflokka. Tilgangur þessarar samræmingar er tvíþættur:

Í fyrsta lagi að sömu kröfur séu gerðar til vöru í því skyni að tryggja frjálsa vöruflutninga.

Í öðru lagi að vörur uppfylli samræmdar kröfur um öryggi þannig að þær valdi ekki hættu fyrir neytendur, heilsutjóni eða skaða á umhverfi.

Hér á landi eru í gildi ýmis lagaákvæði er varða öryggi vöru í einstökum vöruflokkum. Nefni ég sem dæmi ákvæði um vélar, vinnuvélar, katla, þrýstikúta og fleiri vörur af því tagi í lögum um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ákvæði um ökuktæki, barnabílstóla og hjólreiðahjálma í umferðarlögum og ákvæði um raffóng í lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins.

Samkvæmt sérlögum hafa stjórnvöld ýmist heimild til eða er gert skylt að hafa eftirlit með vöru á markaði. Ákvæðin um það hvernig eftirlitið fer fram er hins vegar mjög takmörkuð í flestum tilvikum.

Þegar setja á almenn lög á sviði þar sem fyrir eru mörg sérlög þarf að draga mörkin milli sérlaga og almennra laga. Í þessu tilviki þarf að móta hvaða þættir varðandi öryggi vöru eigi að vera í höndum Löggildingarstofunnar og hvaða þættir eigi að vera í höndum annarra stjórnvalda.

Einfaldasta leiðin er e.t.v. að allt eftirlit með öryggi almenns neysluvarnings sé á ábyrgð sama aðila. Þessi aðferð hefur ýmsa kosti en gallar hennar eru að hætta sé á að farið sé á mis við mikilvæga sérþekkingu einstakra stjórnvalda sem þau hafa hvert á sínu sviði.

Önnur leið er að gildissvið almennra ákvæða sé eins takmarkað og unnt er. Eftirlitið er þá að öllu leyti í höndum stjórnvalda sem annast framkvæmd sérlaga nema varðandi þá vöruflokka sem ekki falla undir slík stjórnvöld. Þetta var að miklu leyti sú leið sem valin var í fyrra frv. Við nánari athugun hefur hins vegar komið í ljós að þessi leið er ekki fær. Ástæður þess eru margvíslegar en fyrst og fremst er nauðsynlegt að samhæfa ýmsa þætti markaðseftirlitsins og í því felst hagkvæmni í framkvæmd sem ekki er unnt að ná með öðru móti.

Þörf er fyrir samhæfingu af ýmsu tagi. Mikilvægt er að markaðseftirlit sé framkvæmt eftir samræmdum reglum og að reglurnar séu túlkaðar á samræmdan hátt. Í mörgum tilvikum er ekki ljóst undir hvaða stjórnvald tiltekin vara fellur og í öðrum tilfellum fellur vara undir fleiri en eitt stjórnvald. Augljóst er að einhver aðili verður að skera úr þegar ábyrgð skarast. Samkvæmt tilskipun um öryggi framleiðsluvöru er gert ráð fyrir að einn aðili annist samskipti við stofnanir EES vegna skipta á upplýsingum um hættulegar vörur. Því er nauðsynlegt að hér á landi sé einn aðili sem hafi yfirumsjón með þessu eftirliti. Auk þess má nefna að það eru augljósir hagsmunir þeirra sem framleiða, dreifa og selja vöru að einn aðili beri ábyrgð á öllu markaðseftirliti.

Í ljósi þessa er gert ráð fyrir að tekin verði upp ákveðin verkaskipting milli Löggildingarstofunnar og ráðuneyta og stofnana sem bera ábyrgð á eftirliti vöru samkvæmt sérlögum.

Verkaskiptingin er í stuttu máli sú að eftirlitsstjórnvöld (og viðkomandi ráðuneyti) setja reglur um þá vöruflokka sem undir þau heyra, móta meginstefnu um áherslur í markaðseftirliti, taka ákvarðanir um umfang eftirlits og fella úrskurði í einstökum málum.

Löggildingarstofan hins vegar annast heildarskipulag opinberrar markaðsgæslu, sker úr um undir hvaða eftirlitsstjórnvald vöruflokkur heyrir leiki vafi á slíku og sér um samhæfingu þegar vara heyrir undir fleiri en eitt eftirlitsstjórnvald. Löggildingarstofan er eftirlitsstjórnvald fyrir þá vöruflokka sem ekki eru á ábyrgð annarra eftirlitsstjórnvalda samkvæmt sérlögum. Samningsgerð við skoðunarstofur annast eftirlitsstjórnvöld og Löggildingarstofan í sameiningu. Samvinna Löggildingarstofunnar, eftirlitsstjórnvalds og skoðunarstofu fer fyrst og fremst fram í samvinnunefnd. Með öðrum orðum, þar sem gilda sérlög er það viðkomandi ráðuneyti sem sér um eftirlit með öryggi vöru og þjónustu og þær stofnanir sem undir það heyra. Löggildingarstofan, verði þetta frv. að lögum, mun hins vegar annast samræmingu, skera úr ef vafi leikur á um undir hvaða stjórnvald varan eða þjónustan heyrir og taka að sér eftirlit með öryggi þeirrar vöru sem ekki fellur undir neitt sérsvið.

Fjármögnun markaðseftirlits er nokkrum vandkvæðum bundin. Með niðurfellingu tæknilegra viðskiptahindrana næst umtalsverður sparnaður fyrir framleiðendur og innflytjendur og kostnaður við markaðseftirit mun aðeins nema hluta af þessum sparnaði. Eft-

irlit með vöru á markaði er að vissu leyti eðlilegur kostnaðarþáttur vöru og því eðlilegt að kostnaðurinn komi að sem mestu leyti fram í verði vöru sem er þess eðlis að talin er þörf á eftirliti með henni. Að auki virðast engin rök hníga að því að kostnaður við markaðseftirlit sé borinn af hefðbundnum skatttekjum ríkissjóðs. Kannaðar hafa verið leiðir til að leggja gjald á þær vörur sem haft verður eftirlit með. Þessi leið er ekki fær þar sem ekki er hægt að finna gjaldstofn sem hentar til þess. Lagt er til að fjármögnun markaðseftirlits verði einkum með þrennu móti.

1. Gert er ráð fyrir því að þeir aðilar sem bera ábyrgð á vöru sem ekki uppfyllir settar reglur greiði þann kostnað sem hlýst af skoðun, prófun og öðrum nauðsynlegum þáttum vegna rannsóknar og aðgerða eftirlitsstjórnvalds.

2. Gert er ráð fyrir að heimilt verði að innheimta sérstakt markaðseftirlitsgjald sem lagt verði á þá aðila sem framleiða, dreifa og selja þær vörur sem eftirlit er haft með. Gjaldið verður breytilegt eftir því hve umsvif hvers aðila eru mikil og eftir skoðanatíðni sem m.a. ræðst af niðurstöðum fyrri skoðana hjá viðkomandi aðila. Til að byrja með er áætlað að aflað verði um 20 millj. kr. með þessum hætti og gjaldið geti numið frá nokkrum þúsundum kr. til nokkurra tuga þúsunda kr. á hvern aðila. Þessu gjaldi er einkum ætlað að standa undir kostnaði vegna vöruflokka sem nú er ekkert eftirlit haft með.

3. Gert er ráð fyrir því að eftirlitsstjórnvöld greiði þann kostnað sem ekki er greiddur af gjöldum vegna markaðseftirlits. Eftirlitsstjórnvöld eiga nú þegar að hafa eftirlit með vörum á markaði og geta því af núverandi fjárveitingum staðið fyrir markaðseftirliti.

Auk beins kostnaðar opinberra aðila mun nokkur kostnaður lenda á fyrirtækjum. Erfitt er að meta hversu hár slíkur kostnaður er, en hann ætti ekki að vera umtalsverður. Vert er að vekja athygli á því að sá kostnaður sem hér er gert ráð fyrir að lagt verði í er bein afleiðing af skuldbindingum okkar samkvæmt EES-samningnum og er hluti af áætlun sem ætlað er að draga úr kostnaði fyrirtækja við að koma vörum á markað. Þá er einnig rétt að minna á að markaðseftirlit er í eðli sínu fyrirbyggjandi starfsemi. Ekki þarf að koma í veg fyrir mörg slys á ári til að kostnaður við markaðseftirlit sparist í heilbrigðiskerfinu og annars staðar í þjóðfélaginu.

Virðulegi forseti. Ákvæði frv. þessa virðast tiltölulega flókin við fyrstu yfirferð. Efni þess er hins vegar kunnuglegt hv. þm. og ég efast því ekki um að unnt ætti að vera að afgreiða það fyrir lok þinghalds í vor þannig að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar hvað þetta atriði varðar.

Ég legg til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 27. og 32. mál.

Fundi slitið kl. 19:02.

126. FUNDUR

mánudaginn 11. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá:

1. Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hera fla í Evrópu, stjfrv., 530. mál, þskj. 829. — Frh. 1. umr. (Frh. atkvgr., atkvgr. um nefnd).
2. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 538. mál, þskj. 842. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Samningur um líffræðilega fjölbreytni, stjtill., 543. mál, þskj. 851. — Fyrri umr. (Atkvgr.)
4. Samningur um Svalbarða, stjtill., 542. mál, þskj. 850. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
5. Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, stjfrv., 429. mál, þskj. 641. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, stjfrv., 532. mál, þskj. 831. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, stjfrv., 533. mál, þskj. 832. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Guðmundur Árni Stefánsson heilbrrh.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Valgerður Sverrisdóttir, 3. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 8. apríl 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi næstu tvær vikur leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþb. í Norðurl. v., Sigurður Hlöðvesson tæknifræðingur, Siglufirði, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v."

Sigurður Hlöðvesson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Hlutafjáreign banka og innlánsstofnana, 440. mál, svar viðskrh., þskj. 923.

Húsaleigulög, 144. mál, þskj. 922.

Málefni aldraðra, 295. mál, þskj. 921.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, 300. mál, nál. utanrmn., þskj. 924; brtt. utanrmn., þskj. 925.

Slysavarnaráð, 235. mál, þskj. 920.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Menningar- og friðarsamtökum íslenskra kvenna.

Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hera fla í Evrópu, frh. 1. umr. (atkvgr.).

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 829.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur komið fram ný tillaga hæstv. ráðherra um að málinu verði vísað til utanrmn. og hefst nú atkvæðagreiðslan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

Frv. vísað til utanrmn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Evrópska efnahagssvæðið, frh. 1. umr.

Stjfrv., 538. mál (birting breytinga og viðauka o.fl.). — Þskj. 842.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:08]

Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til utanrmn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG,

StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (ÁMM, BBj, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddur.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, fyrri umr.

Stjtill., 543. mál. — Þskj. 851.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SigG, SJS, SvG, VS) fjarstaddur.

Samningur um Svalbarða, frh. fyrri umr.

Stjtill., 542. mál. — Þskj. 850.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]
Till. vísað til síðari umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (ÁMM, BBj, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, ÓE, PP, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
24 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, IP, JHelg, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SigG, StG, SvG, VS, VE) fjarstaddir.

Evrópsk fjárhagsleg hagsmunafélög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 429. mál. — Þskj. 641.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:10]
Frv. vísað til 2. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, ÓE, PP, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, StH, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
27 þm. (ÁMM, BBj, EgJ, FI, FrS, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SigG, SP, StG, SJS, SvG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Neytendalán, frh. 1. umr.

Stjfrv., 430. mál (framsal viðskiptabréfa, framkvæmd laganna o.fl.). — Þskj. 642.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:11]
Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (ÁMM, BBj, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.
20 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SJS, SvG, VS) fjarstaddir.

Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, frh. 1. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 831.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

21 þm. (ÁMM, BBj, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SJS, SvG, VS) fjarstaddur.

Frv. vísað til iðnn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Öryggi vöru og opinber markaðsgæsla, frh. 1. umr.

Stjfrv., 533. mál. — Þskj. 832.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:13]

Frv. vísað til 2. umr. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JÁ, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VE, ÞorstP, ÖS.

19 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, IBA, JHelg, KE, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SvG, VS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 15:13.

---

127. FUNDUR

mánudaginn 11. apríl,
að loknum 126. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til viðskiptaráðherra:

1. Fákeppni og samkeppnishindranir, fsp., 330. mál, þskj. 521.
2. Úttekt á hringamyndun, fsp., 331. mál, þskj. 522.
3. Afurðalánaviðskipti ríkisbankanna, fsp., 393. mál, þskj. 593.
4. Samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, fsp., 494. mál, þskj. 760.

Til samgönguráðherra:

5. Kaup á slökkvibílum fyrir Flugmálastjórn, fsp., 493. mál, þskj. 759.
6. Ágangur sjávar og hefting sandfoks við Vík í Mýrdal, fsp., 539. mál, þskj. 844.

Til landbúnaðarráðherra:

7. Aðstoð við bændur vegna harðinda á síðasta ári, fsp., 476. mál, þskj. 731.

Fákeppni og samkeppnishindranir.

Fsp. SJS, 330. mál. — Þskj. 521.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fsp. fyrir hæstv. viðskrh. um samkeppnislögin nýsettu, þ.e. þau sem afgreidd voru hér á þingi á sl. vetri. Eitt meginmarkmið þeirra laga var, eins og fram kemur í markmiðs- og gildissviðskafla laganna, að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum og jafnframt eiga lögin og Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð sem fer með framkvæmd þeirra að leitast við að auðvelda aðgang nýrra keppinauta að markaðnum. Allt er þetta gert til þess að tryggja að samkeppni sé fyrir hendi þar sem henni er ætlað að sjá um að verðlag og viðskiptahættir séu með skikkanlegu móti.

Nú hefur lengi leikið á því nokkur grunur að á Íslandi, sem ekki má telja ólíklegt miðað við aðstæður, séu mikil brögð að dulinni einokun eða fákeppni markaðsráðandi fyrirtækja og fara ýmsar sögur af því. Það er þess vegna fróðlegt að fá það upp gefið nú þegar lögin hafa gilt um eins árs skeið eða liðlega það — reyndar var það rétt um eitt ár sem liðið var frá gildistöku laganna þegar ég lagði fram þessa fsp. en það hefur dregist nokkuð af ýmsum ástæðum að svara henni — hvernig á þessi nýju lagaákvæði hefur reynt eða hvort á þau hefur reynt.

Nú er það svo að bæði geta einstakir aðilar sem sjá ástæðu til sent erindi til Samkeppnisstofnunar eða samkeppnisráðs ef þeir telja ástæðu til að ætla að um vænt anlegt eða meint brot á þessum lögum sé að ræða, t.d.

með fyrirhugaðri sameiningu fyrirtækja, upptöku eða uppkaupum eða yfirtöku eins fyrirtækis af öðru. Eins getur Samkeppnisráð sjálft tekið upp slík mál og því ber reyndar að gera það samanber viðeigandi greinar og kafla í lögunum. Ég taldi þess vegna rétt og tímabært að leggja fram fsp. til hæstv. viðskrh. um það hversu mörg erindi hafi borist Samkeppnisstofnun eða samkeppnisráði sem eiga rót sína að rekja til nýrra ákvæða í samkeppnislögum sem koma hér við sögu, sporna eiga við fákeppni og samkeppnishindrunum og hvaða afgreiðslu slík mál hafa þá hlotið. Eins væri æskilegt að hæstv. ráðherra upplýsti, þó það sé reyndar ekki sérstaklega um það spurt, hvort stofnunin sjálf hafi séð ástæðu til að taka upp mál eða taka mál til meðhöndlunar af sama toga.

[15:17]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Eins og kom fram hjá hv. fyrirspyrjanda er fsp. orðin nokkuð gömul og svarið sömuleiðis þannig að sumt af því sem í svarinu er sagt að sé í undirbúningi og muni framkvæmt á næstu dögum eða jafnvel vikum er þegar komið til framkvæmda.

Frá því að samkeppnislögin tóku gildi 1. mars á liðnu ári hafa samkeppnisyfirvöldum borist 84 erindi sem tengjast samkeppnishindrunum. Á sama tíma hafa samkeppnisyfirvöldum borist 35 erindi sem tengjast eftirliti með óréttmætum viðskiptaháttum. Samkeppnislögin taka á samkeppnishindrunum á þrenns konar hátt:

Í fyrsta lagi eru tilteknar samkeppnishömlur bannaðar, í öðru lagi er haft eftirlit með markaðsyfirráðum og í þriðja lagi eru ákvæði í lögunum sem fela í sér að hægt er að hafa afskipti af samkeppnishindrunum sem viðgangast í einu eða öðru formi í skjóli opinberrar verndar.

Alls hafa 12 mál verið tekin til meðferðar sem lúta að bannákvæðum í samkeppnislögum. Fjögur þeirra hafa þegar verið afgreidd, eitt verður afgreitt innan skamms og hin eru á lokastigi. Nokkur dæmi:

Myndbandaleigur hafa kvartað yfir verðsamráði og markaðsþvingunum. VISA-Ísland hefur kvartað yfir samráði íslenskra ferðaskrifstofa og Flugleiða um innheimtu á svokölluðu forfallagjaldi. Þar töldu samkeppnisyfirvöld að samráð ferðaskrifstofa bryti í bága við bannákvæði samkeppnislaga. Ýmis samtök sjálfstætt starfandi sérfræðinga hafa leitað eftir undanþágu frá banni við að gefa út sameiginlega verðtaxta. Má þar nefna Lögmannafélagið, Félag ráðgjafarverkfræðinga, Arkitektafélag Íslands og Tannlæknafélag Íslands. Þessar beiðnir hafa nú verið teknar eða er verið að taka til afgreiðslu.

Þá hafa samkeppnisyfirvöldum borist 38 mál sem flokkast undir þann kafla laganna sem fjallar um eftirlit með samkeppnishömlum. Alls er 17 málum lokið og þremur var rétt að ljúka þegar þessi texti var saminn. Nokkur dæmi:

Stoð hf. kvartaði yfir því að fá ekki keypta tiltekna hluti í stoðtæki sem Össur hf. framleiðir til eigin nota. Samkeppnisyfirvöld komust að þeirri niðurstöðu að sölusynjun Össurar hf. væri ekki brot á samkeppnislögum. Neytendasamtökin kvörtuðu yfir útreikningi dráttarvaxta hjá greiðslukortafyrirtækinu Kreditkort. Kvartað var yfir því að dráttarvextir væru reiknaðir aftur í tímann þannig að viðskiptavinir sem ekki greiddu á gjalddaga voru krafðir um dráttarvexti sem voru reiknaðir frá og með lokadegi úttektartímabils en ekki frá og með gjalddaga eins og almennt er gert. Samkeppnisyfirvöld töldu að aðferð Kreditkorta hf. við útreikning dráttarvaxta væri ekki í samræmi við góða viðskiptahætti og fyrirtækið hefur nú breytt vaxtaútreikningi.

Þá hefur samkeppnisyfirvöldum borist bréf frá ASÍ, BSRB og Neytendasamtökum vegna útgáfu debetkorta. Má búast við niðurstöðu í því máli innan skamms. Verslun sem selur hljómdiska kvartaði yfir því að stór heildsali hefði synjað henni um að fá keypta hljómdiska. Úrskurður í því máli er fallinn.

Samkeppnishindranir í skjóli opinberrar verndar, en undir það falla 34 mál. Þegar þetta er skrifað var búið að afgreiða 15 þeirra en 19 bíða úrlausnar og þar af 11 komin á lokastig.

Sem dæmi um mál af slíku tagi má nefna athugasemd sem Félag ísl. iðnrekenda gerði vegna rekstrar plastverksmiðju Reykjalundar. Félag ísl. iðnrekenda fór fram á að kannað yrði hvort opinber framlög til rekstrar sjúkrastofnana Reykjalundar, vinnuheimilis SÍBS, kynnu að vera notuð til að greiða niður framleiðslu á fjárfestingu í plastverksmiðju. Þá hefur Verslunarráð Íslands kvartað undan því að Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma greiddu niður útfararþjónustu með kirkjugarðsgjöldum. Mönnum er væntanlega í fersku minni niðurstaðan af því máli. Þá hefur Verktakasamband Íslands kvartað yfir því að vinnuflokkar Vegagerðar ríkisins gerðu tilboð í verk sem Vegagerðin byði út. Samkeppnisyfirvöld samþykktu að beina þeim tilmælum til Vegagerðar ríkisins að skilja fjárhagslega á milli rekstrar þeirra vinnuflokka Vegagerðarinnar sem ætlað er að bjóða í verk eða framkvæmdir, sem Vegagerð ríkisins eða aðrir bjóða út, og annarra þátta í rekstri Vegagerðarinnar.

Þá hefur fyrirtækið Yleining kvartað yfir því að fyrirtækinu væri mismunað í framkvæmd á opinberu byggingareftirliti. Samkeppnisyfirvöld hafa vakið athygli umhvrn. á málinu. Þá hefur Félag ísl. stórkaupmanna kvartað yfir því að einn félagsmanna, grænmetisheildsali, fái ekki keypta sveppi frá stærsta og til skamms tíma eina sveppaframleiðanda landsins. Samkeppnisyfirvöld komust að þeirri niðurstöðu að samkeppnishindranir á sveppamarkaðinum eigi rætur að rekja til búvörulaga og framkvæmda á þeim og munu fjalla um kvörtunina á grundvelli þess.

Virðulegi forseti. Í þessum skrifaða texta sem ég hef hér undir höndum eru fjölmörg önnur dæmi rakin. Því miður vinnst mér ekki tími til að fara ítarlega í þá sauma eins og ástæða hefði þó verið til og vildi því gjarnan geta gert langt mál stutt með því að afhenda fyrirspyrjanda textann þannig að hann geti lesið sér nánar til.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka kærlega fyrir þessi svör og langt og ítarlegt plagg sem ég hef fengið og hæstv. ráðherra hafði ekki tíma til þess að lesa upp úr að fullu og öllu. Út af fyrir sig er það fagnaðarefni, í vissum tvíbentum skilningi þó, að fjölmörg erindi hafa borist Samkeppnisstofnun. Þau eru auðvitað til marks um það að viðskiptalífið er vel vakandi gagnvart þessum nýju ákvæðum samkeppnislaganna og menn eru að reyna að leita réttar síns og það er gott. Á hinn bóginn er það kannski vísbending um það hversu mikil tortryggni ríkir hér í garð þess að um fákeppnisástand sé að ræða og í raun og veru ónóga samkeppni til þess að tryggja eðlilega verðlagningu og eðlilega viðskiptahætti.

Miðað við þennan upplestur virtust mér fljótt á litið flest málin tengjast því að menn væru sem sagt með óréttmætum hætti að bera sig saman eða um óleyfilegt samráð væri að ræða af einhverju tagi eða önnur slík atriði, en minna fara fyrir málum sem ættu rót sína að rekja beint til fákeppnisákvæða laganna og þá sérstaklega t.d. 17. og 18. gr. sem fjalla um óleyfilegan samruna fyrirtækja eða yfirtöku fyrirtækja í þeim tilgangi að ná eða styrkja markaðsráðandi stöðu sína.

Það eru að mörgu leyti í mínum huga mikilvægustu greinar þessara laga en virðast ekki hafa haft margtæk áhrif enn þá, a.m.k. ekki miðað við þessi svör. Æskilegt og eðlilegt hefði verið að fá upplýsingar, sem e.t.v. koma að einhverju leyti í svörum við næstu fyrirspurn sem er málinu skyld, um hvort Samkeppnisstofnunin sjálf hafi tekið upp á sína arma að beita sér í slíkum tilvikum. Nú rekur mig minni til þess að fréttir hafi komið af því að markaðsráðandi risar á sviði samgangna og ferðaþjónustu hafi verið að kaupa sig dýpra inn í þann geira. Og eitthvað var í fréttum í vetur að ekki væri mikilli samkeppni fyrir að fara á sviði geisladiskaframleiðslu og hljóðritunar í landinu svo að dæmi séu tekin og hefði verið fróðlegt að fá að vita eitthvað ef fréttnæmt væri af slíkum hlutum.

[15:25]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég get ekki flokkað eftir minni þau erindi sem Samkeppnisstofnun hafa borist og fjallað var um í skriflegu svari, í annars vegar ólöglegt verðsamráð og hins vegar kæruefni vegna fákeppni en þau eru engu að síður allnokkur. Ég minni í þessu sambandi á tvö, annað sem hv. fyrirspyrjandi rakti og var kæra um fákeppni á grundvelli hljómplötu- og hljómdiskaframleiðslu og sölu þeirra afurða. Í öðru lagi er einnig um að ræða fákeppnisaðstöðu sveppaframleiðanda sem hefur verið kærður fyrir að nota einokunaraðstöðu á markaðnum til þess að neita grænmetisheildsölum um sveppi til sölu þó þeir séu fyrir hendi hjá framleiðandanum.

Þetta eru tvö dæmi sem ég man eftir í fljótu bragði, en eitthvað virðist vera um að kæruefni hafi líka verið á ferðinni í samkeppnisráði sem lúta að þessu þó vera kunni að hin séu fleiri. Um það get ég ekki dæmt því að ég tók það ekki saman í því yfirliti sem ég afhenti hv. fyrirspyrjanda áðan.

Úttekt á hringamyndun.

Fsp. SJS, 331. mál. — Þskj. 522.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Þegar samkeppnislög voru til meðferðar á Alþingi í fyrravetur og efh.- og viðskn. lagði í það mál mikla vinnu, þá var eitt af því sem talsvert var til skoðunar almennar samkeppnisaðstæður í þjóðfélaginu og spurningin um það hvort almennt séð væri fyrir hendi nægjanlega virk samkeppni og nógu fjölbreytilegur markaður á öllum helstu sviðum viðskipta til þess að forsendur væru í raun undir frjálsu fyrirkomulagi verðlagningar í viðskiptum og viðskiptaháttum. Það varð að samkomulagi í framhaldi, m.a. af brtt. sem ég hafði lagt fram við frv. ríkisstjórnarinnar, að bæta við lögin ákvæði til bráðabirgða sem skyldi koma til framkvæmda á árunum 1993 og 1994 og lúta að sérstakri úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja. Eins og segir í þessu ákvæði II til bráðabirgða, með leyfi forseta:

„Samkeppnisráð skal á árunum 1993 og 1994 gera úttekt á stjórnunar- og eignatengslum milli fyrirtækja er starfa á íslenskum markaði. Skal þetta gert í því skyni að kanna hvort í íslensku viðskiptalífi sé að finna alvarleg einkenni hringmyndunar, óæskilegra tengsla eða valdasamþjöppunar sem takmarkað geti samkeppni eða hindrað frjálsa þróun viðskipta og skapi þar með hættu á brotum á lögum þessum.

Samkeppnisráð skal skila niðurstöðum sínum til viðskrh. er síðan leggi þær fyrir Alþingi í skýrslu."

Þetta var mikilvægt ákvæði og mikilvægur hluti af því samkomulagi sem tókst um afgreiðslu samkeppnislaganna og var þessi brtt. sem að lokum var flutt af hv. nefnd við 3. umr. samþykkt með öllum atkvæðum nema einu en hv. þm. Björn Bjarnason treysti sér ekki til að styðja þetta ákvæði eins og víðfrægt varð. Í ljósi þess að nú er rúmlega ár liðið síðan þetta ákvæði tók gildi og talsvert liðið á seinna úttektarárið, en ég minni aftur á að til þess var ætlaður tíminn 1993 og 1994, þá hef ég leyft mér að leggja fyrir hæstv. viðskrh. eftirfarandi spurningu:

„Hvað líður úttekt þeirri á stjórnunar- og eignartengslum og einkennum hringamyndunar í viðskiptalífinu sem samkeppnisráði ber að framkvæma, sbr. ákvæði til bráðabirgða II í nýjum samkeppnislögum?"

Ég er með þessu einnig að minna á þetta verkefni og undirstrika nauðsyn þess að í þetta sé ráðist og þessu verkefni lokið á tilskildum tíma. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að fá þessar upplýsingar, þessa vinnu unna, og fá þau gögn hingað inn á Alþingi.

[15:30]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Í umræddu ákvæði í samkeppnislögunum, þ.e. ákvæði til bráðabirgða II, er gert ráð fyrir því að Samkeppnisstofnun geri úttekt á stjórnunar- og eignatengslum og einkenni hringamyndunar í viðskiptalífinu og ráðherra geri Alþingi grein fyrir þeirri úttekt eigi síðar en í lok ársins 1994. Vinna við þessa

úttekt er þegar hafin. Gert er ráð fyrir að öflun gagna verði lokið nú í vor og úrvinnslu verði lokið í haust. Ég mun því standa við það ákvæði í bráðabirgðaákvæðinu að standa Alþingi skil á skýrslu um málið fyrir lok ársins 1994, en fyrr en niðurstaða er fengin af þeirri athugun sem þegar er hafin, svo að ekki sé sagt áður en gagnasöfnun er lokið, get ég að sjálfsögðu ekki gert Alþingi grein fyrir málinu. En ég ítreka að engar horfur eru á öðru en að það takist að uppfylla lagaákvæðið eins og það er með þeirri kröfu sem það gerir á hendur viðskrh. um að skila Alþingi skýrslu fyrir lok ársins 1994.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég fagna þessum svörum hæstv. ráðherra og að þetta er komið af stað. Ég hafði því miður ástæðu til að ætla að lítið hefði gerst í málinu, a.m.k. á sl. ári og jafnvel fram á fyrstu vikur eða mánuði þessa árs en nú er það upplýst að öflun gagna ljúki í vor. Ég hefði náttúrlega gjarnan viljað sjá að henni hefði lokið síðla ársins í fyrra og meiri tími hefði þar af leiðandi verið til að vinna úr þeim gögnum og draga ályktanir af þeim en það er engu að síður jákvætt að málið er þó komið á þennan rekspöl. Samkvæmt svörum hæstv. ráðherra stendur til að hraða úrvinnslu gagnanna og leggja þetta fyrir Alþingi í formi skýrslu fyrir árslok. Ég tek að sjálfsögðu fullt mark á orðum hæstv. ráðherra í þeim efnum að hann muni reka myndarlega á eftir því að svona verði að þessu staðið.

Mér hefði þótt fróðlegt að vita einnig hvernig Samkeppnisstofnun er í stakk búin til að sinna þessu verkefni. Út af fyrir sig ímynda ég mér að þetta þyrfti að vera talsvert umfangsmikil úttekt og verkefni og stofnunin hefði jafnvel þurft að geta ráðið sérstaklega í þetta starfskrafta eða sett hluta af sínu starfsliði alveg í þetta verkefni eingöngu þannig að menn hefðu getað einhent sér að þessu. Samkvæmt orðanna hljóðan á hér að vera um mjög víðtæka úttekt á stjórnunar- og eignatengslum í íslenska viðskiptalífinu að ræða og ég vil endilega brýna hæstv. ráðherra á því að láta ekki stranda á mannafla eða fjármunum í þetta verkefni. Ef þurfa þykir er ég tilbúinn til að styðja við bakið á hæstv. ráðherra í því að fá þá viðbótarmannskap og viðbótarfjármuni til þess að gera þetta myndarlega.

Það er mikið búið að þvaðra um þetta mál á Íslandi. Það er mikið búið að tala um 14 fjölskyldur, kolkrabba og guð má vita hvað en mest af þeirri umræðu hefur verið á afar litlum staðreyndagrunni. Það er fyrst og fremst verið að biðja um það hér að draga allar upplýsingar um þetta mál fram í dagsljósið þannig að fyrir liggi svona greinargóð úttekt á hinum íslenska viðskiptaheimi í þessu samhengi. Ég brýni sem sagt hæstv. ráðherra á því að standa myndarlega og fast að þessu verki.

Afurðalánaviðskipti ríkisbankanna.

Fsp. GunnS, 393. mál. — Þskj. 593.

[15:35]

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að bera fram fsp. til hæstv. viðskrh. um afurðalánaviðskipti ríkisbankanna. Þessi fsp. er í fimm liðum og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Hvaða skilyrði þurfa ný sjávarútvegsfyrirtæki að uppfylla til að komast í afurðalánaviðskipti við ríkisbankana, Landsbankann og Búnaðarbankann?

2. Þurfa slík fyrirtæki að leggja fram aðrar tryggingar en afurðir og þá hversu verðmiklar?

3. Uppfylla öll sjávarútvegsfyrirtæki sem eru í viðskiptum við ríkisbankana áðurgreind skilyrði og tryggingar?

4. Er það stefna ríkisbankanna að taka ekki ný sjávarútvegsfyrirtæki í afurðalánaviðskipti?

5. Hvernig stuðla ríkisbankarnir að nýsköpun í atvinnulífi um allt land og þá sérstaklega í sjávarútvegi?"

Virðulegur forseti. Það er afar mikilvægt á tímum atvinnuleysis að bankarnir taki fullan þátt í því að skapa atvinnu og fjölga atvinnutækifærum eins og kostur er með því að stuðla m.a. að nýsköpun í íslensku atvinnulífi. Því miður hafa borist fréttir um það að sérstaklega ný fyrirtæki hafi fengið neitun hjá ríkisbönkunum þegar eftir því er leitað hvort bankarnir séu tilbúnir til að veita afurðalán út á þá framleiðslu sem þau fyrirtæki ætla sér að flytja á markað erlendis. Þess vegna er mjög mikilvægt að það liggi fyrir á Alþingi hvernig staða þessa máls er og á hvern hátt bankarnir standa að því að reyna að treysta atvinnulífið, m.a. með því að stuðla að nýsköpun og hleypa að nýjum fyrirtækjum, m.a. í sjávarútvegi, og stuðla þannig að nýsköpun í íslenskum sjávarútvegi.

Ég legg þessar fyrirspurnir fram í ljósi þess og þeirra vona að hæstv. viðskrh. vilji vel og vilji stuðla að því að bankarnir komi inn í atvinnulífið með enn öflugri hætti og þá sérstaklega nýsköpun í atvinnulífinu og sérstaklega í ljósi þeirra aðstæðna sem við er að stríða núna á tímum atvinnuleysis.

[15:38]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Viðskrn. skrifaði ríkisviðskiptabönkunum, Búnaðarbanka íslands og Landsbanka Íslands, og óskaði eftir svörum við fyrirspurnum hv. þm. beint frá bönkunum. Það barst bréf frá Búnaðarbanka, dags. 18. febr., undirritað af tveimur bankastjórum og frá Landsbanka, dags. 21. febr., einnig undirritað af tveimur bankastjórum. Á þessum svörum byggi ég þau svör sem hér hafa verið saman tekin sem eru stutt og e.t.v. ekki fullnægjandi en engu að síður það sem fram kemur í gögnum bankanna og á öðru er ekki hægt að byggja.

Í fyrsta lagi er spurt um hvaða skilyrði ný sjávarútvegsfyrirtæki þurfi að uppfylla til að komast í lánaviðskipti við ríkisbankana. Í svari bankanna beggja kemur fram að engar sérstakar reglur gilda um afurðalán heldur sé ávallt lagt mat á rekstur og efnahag viðkomandi fyrirtækis. Bankarnir skoða áætlanir og rekstrarumhverfi, svo og markað fyrir vöruna svo og sölufyrirtæki, þ.e. hver annast söluna, sölusamninga, ef einhverjir eru, reynslu fyrirtækis og stjórnenda o.s.frv.

Í öðru lagi er spurt hvort slík fyrirtæki þurfi að leggja fram aðrar tryggingar en afurðir og þá hversu verðmiklar. Í svari Landsbankans kemur fram að svo þurfi að vera en eðli og upphæðir þessara viðbótartrygginga fari eftir atvikum. Búnaðarbankinn svarar á líka vegu en tekur þó fram að venjulega sé krafist um 20–30% viðbótartrygginga en það getur þó verið meira. Það virðist því ljóst vera að báðir ríkisbankarnir krefjist tryggingar fyrir afurðalánum umfram verðmæti afurðanna sjálfra.

Spurt er hvort öll sjávarútvegsfyrirtæki sem eru í viðskiptum við ríkisbankana uppfylli áðurgreind skilyrði og tryggingar. Þessu telja bankarnir sig ekki geta svarað nema annar þeirra, Landsbankinn, vísar á endurskoðanda sem skipaður er af viðskrh. og á að fylgjast með viðskiptum ríkisbankanna. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að við uppgjör ársreikninga stærstu viðskiptabankanna þriggja fyrir liðið ár munu hafa verið afskrifaðar kröfur upp á yfir 5 þúsund millj. kr. Ég veit ekki hversu stór hluti af þeim afskrifuðu kröfum er vegna lána til sjávarútvegsfyrirtækja en ég tel líklegt að allverulegur hluti sé af þeim sökum. Það er því ljóst að þrátt fyrir þær tryggingar sem bankarnir hafa haft fyrir þeim viðskiptum sem þeir hafa átt við þessi fyrirtæki, þar á meðal tryggingar umfram verðmæti afurða í afurðalánum, hefur það ekki nægt til þess að koma í veg fyrir umtalsvert tap bankanna á viðskiptum við sum fyrirtækjanna.

Í fjórða lagi er spurt hvort það sé stefna ríkisbankanna að taka ekki ný sjávarútvegsfyrirtæki í afurðalánaviðskipti. Þeirri spurningu svarar Búnaðarbankinn afdráttarlaust neitandi og tekur fram að ný fyrirtæki hafi verið tekin í viðskipti við þann banka á þessu ári. Landsbankinn bendir hins vegar á að 70% allra fyrirtækja í útgerð og fiskvinnslu sé í viðskiptum við hann og það hafi verið gerðar ítrekaðar athugasemdir við þetta háa hlutfall. Af þeim sökum sé bankinn tregur til að taka í viðskipti nýja aðila úr greininni, en eins og kunnugt er eru lánsviðskipti við sjávarútvegsfyrirtæki metin í hæsta áhættuflokk. Til að geta stundað þau og verið samt innan BIS-reglna, sem bönkunum er gert að starfa eftir, verður bankinn að eiga í eigið fé jafnmiklar upphæðir og hann ver til lána til slíkra fyrirtækja til að standast þær reglur sem honum eru settar.

Í fimmta lagi er spurt hvernig ríkisbankarnir stuðli að nýsköpun í atvinnulífi um allt land og þá sérstaklega í sjávarútvegi. Bankarnir svara því á líkan veg og taka fram að um lánafyrirgreiðslu til nýsköpunar gildi engar sérstakar reglur. Slíkar lánsumsóknir séu metnar eins og hverjar aðrar.

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan mega afhenda hv. fyrirspyrjanda gögn frá bönkunum, þ.e. þau svarbréf sem bankarnir sendu viðskrn. þannig að hann sjái frá fyrstu hendi hvernig hvor banki um sig svaraði fyrirspurnum hans.

[15:43]

Fyrirspyrjandi (Gunnlaugur Stefánsson):

Hæstv. forseti. Ég get tekið undir með hæstv. viðskrh. að þetta voru alls kostar mjög ófullnægjandi svör. Þau voru almenns eðlis og svöruðu í raun og veru mjög litlu af því sem eftir var leitað. Ég held að allir hv. þm. hafi reynslu og fréttir af því að fyrirtæki og sérstaklega ný fyrirtæki sem einstaklingar eru að burðast við að stofna með ærnum tilkostnaði og þar sem þeir leggja mikið af mörkum og jafnvel allt sem þeir eiga, eru með nýjar hugmyndir líka, fasta samninga um sölu á þeim afurðum sem á að flytja út og raunverulega að öllum undirbúningi vel staðið en svo þegar kemur að lokasvari hjá viðkomandi banka um það hvort bankinn gæti hugsað sér að taka viðkomandi fyrirtæki í afurðalánaviðskipti þá er svarið gjarnan nei. Stundum efast maður um að þarna sé fyrst og fremst um fagleg vinnubrögð að ræða heldur frekar stefnumótandi afstöðu þess efnis að ríkisbankarnir taki ekki ný fyrirtæki, og sérstaklega í sjávarútvegi, í viðskipti.

Það liggur alveg ljóst fyrir og það sjá allir menn að þetta kemur náttúrlega til með að hamla allri eðlilegri þróun í þessari atvinnugrein. Og hér er verið að tala um afurðalán, ekki önnur viðskipti heldur afurðalán, og þær hugsanlegu tryggingar sem í afurðunum felast. Á slíkum grundvelli lifir þessi þjóð. Það er lífsbjörgin okkar og engar aðrar tryggingar eigum við en sjávarútveginn og það sem hann gefur af sér.

[15:45]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Frú forseti. Ég vil aðeins staðfesta það sem flestallir þingmenn ef ekki allir hafa sjálfir reynt, að þess eru dæmi og ekki mjög fá að ný fyrirtæki séu ekki tekin í afurðalánaviðskipti. En ég bendi mönnum engu að síður á það sem kemur fram og er nokkur frétt að báðir þessir ríkisbankar, og sjálfsagt allir bankarnir, gera kröfur um meiri tryggingar til þess að taka fyrirtæki í afurðalánaviðskipti heldur en tryggingar í afurðunum sjálfum. Búnaðarbankinn tekur það sérstaklega fram að þar sé gert ráð fyrir því að 20–30% trygging sé veitt umfram tryggingarnar í afurðunum.

Frekar get ég út af fyrir sig ekki um þetta sagt. Þetta er að sjálfsögðu vandamál vegna þess að bankastjórnirnar taka þessa ákvörðun sjálfar og hafa fullt umboð til þess. En því er ekki að leyna að þessir erfiðleikar koma í veg fyrir það að menn geti nýtt sér þau atvinnufæri og þá möguleika sem menn hafa, takmarkaða þó, í byggðum víðs vegar um landið.

Samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Fsp. SJS, 494. mál. — Þskj. 760.

[15:47]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Í lögum um Seðlabanka Íslands segir eitthvað á þá leið, mig minnir í 23. gr., að Seðlabankinn skuli vera fjárhagslegur aðili fyrir ríkisins hönd að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þetta er ekki mjög upplýsandi lagagrein en er víst sú eina sem er til að dreifa sem fjallar um þátttöku Íslands í því fyrirbæri sem er oft og tíðum sveipað dálitlum leyndardóms- og dularhjúpi, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, International Monetary Fund, eins og það heitir á alþjóðamálinu.

Þegar flett er svo upp í t.d. ársskýrslu Seðlabankans og leitað fyrir sér hvað þar segir um samskiptin við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn, og reyndar fleiri alþjóðastofnanir, er þar sömuleiðis ekki að finna mjög ítarlegar upplýsingar. Það kemur að vísu fram að virðulegir bankastjórar skipa að því er mér skilst sjálfkrafa jafnframt stjórnarsæti Íslendinga í Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Þannig var Jóhannes Nordal aðalfulltrúi Íslands fyrri hluta árs 1993 þangað til við tók af honum Jón nokkur Sigurðsson, mönnum að góðu kunnur í þessari stofnun. Nú hverfur hann væntanlega úr því starfi eða hefur jafnvel gert í dag og við tekið Birgir Ísl. Gunnarsson seðlabankastjóri eða einhver slíkur því ekki trúi ég því að aðalbankastjóri Norræna fjárfestingarbankans sé aðalfulltrúi Íslands í stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eftir að hann er kominn þar til starfa.

Þegar svo í ársskýrslunni er nánar vikið að samskiptum Íslands við sjóðinn segir m.a.:

„Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn fylgist náið með þróun efnahagsmála í aðildarríkjunum og miðlar af þekkingu sinni og reynslu á sviði hagstjórnar. Eftirlitshlutverk sjóðsins hefur fengið sífellt meira vægi og eiga fulltrúar hans viðræður við stjórnvöld flestra aðildarríkja að jafnaði einu sinni á ári. Sendinefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins kom til Íslands í nóvember 1993 og átti viðræður við fulltrúa stjórnvalda um stöðu og horfur í efnahagsmálum hér á landi."

Ýmsir hafa verið að forvitnast um það m.a. hvaða álit þetta merka fyrirbæri, Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, hefði á efnahagsmálum okkar Íslendinga, hverjir önnuðust upplýsingagjöf af Íslands hálfu og hverjir hefðu svo aðgang að þessu öllu saman en leikmönnum hefur gengið illa að fá í þetta botn svo að satt sé nú sagt frá. Ég hef því ákveðið að nýta mér rétt minn á Alþingi til að draga fram upplýsingar um það hvernig þessum málum sé fyrir komið og lagt fram eftirfarandi spurningar fyrir hæstv. ráðherra:

„1. Hvernig er upplýsingagjöf til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda?

2. Hverjir fá í hendur eða hafa aðgang að upplýsingum, álitsgerðum eða athugasemdum sem sjóðurinn vinnur um Ísland í kjölfar heimsókna sendimanna þeirra hingað?

3. Ber Íslendingum skylda til að fara með álitsgerðir sjóðsins sem trúnaðarmál að einhverju eða öllu leyti og ef svo er, hvers vegna?"

[15:50]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Svar mitt byggist á svari sem ég fékk frá Seðlabanka Íslands, en það er sú stofnun þar sem Jóhannes Nordal var bankastjóri árum saman og Jón Sigurðsson þangað til nú í dag. Fyrsta spurning hv. þm. hljóðar svo:

„Hvernig er upplýsingagjöf til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) háttað af hálfu íslenskra stjórnvalda?" Seðlabanki Íslands, Þjóðhagsstofnun, Hagstofa Íslands og Ríkisbókhald senda reglulega tölulegar upplýsingar um íslensk efnahagsmál til Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og er mikill hluti þeirra birtur í ritum sjóðsins, svo sem International Financial Statistics, Government Financial Statistics, Direction and Trade Statistics og Balance of Payment Statistics Yearbook. Þá eru árlega sendar upplýsingar um fyrirkomulag gjaldeyrismála og eru þær birtar í árbók sjóðsins um það efni. Í öllum þessum ritum birtast upplýsingar um öll aðildarlöndin 178 að frátöldum nokkrum nýjustu aðildarlöndunum þar sem tölulegar upplýsingar eru enn ófullkomnar.

Árlega koma fulltrúar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins til viðræðna við íslensk stjórnvöld og fulltrúa þeirra. Slíkar viðræður fara fram árlega við nánast öll aðildarríki sjóðsins. Í lok hverrar heimsóknar er samið álit og síðan ítarleg skýrsla sem rædd er í framkvæmdastjórn sjóðsins.

Önnur spurning hv. þm.: „Hverjir fá í hendur eða hafa aðgang að upplýsingum, álitsgerðum eða athugasemdum sem sjóðurinn vinnur um Ísland í kjölfar heimsókna sendimanna þeirra hingað?"

Allir hafa aðgang að þeim upplýsingum sem birtast í þeim ritum sem ég nefndi hér að framan, en álit sendinefndanna við lok heimsóknar hingað til lands eru send öllum ráðherrum og hv. þm. hefur fengið slíkar skýrslur í hendur þegar hann var ráðherra í síðustu ríkisstjórn. Endanlegar skýrslur eru svo ætíð sendar a.m.k. til forsrh., viðskrh., fjmrh., utanrrh. og sjútvrh. Þær eru einnig látnar í té ráðneytisstjórum forsrn., viðskrn. og fjmrn. og forstjóra Þjóðhagsstofnunar.

Í þriðja lagi spyr hv. þm.: „Ber Íslendingum skylda til að fara með álitsgerðir sjóðsins sem trúnaðarmál að einhverju eða öllu leyti og ef svo er, hvers vegna?"

Í starfsreglum sjóðsins segir að hann vænti þess að farið sé með allar skýrslur hans sem trúnaðarmál og ríki áhersla er á það lögð af sjóðsins hálfu og einnig aðildarlanda hans að eftir þessu sé farið. Ástæðan er sú að sjóðurinn og aðildarlöndin telja að viðræður þeirra á milli verði árangursríkari og álitsgerðir sjóðsins gagnlegri ef fyllsta trúnaðar er gætt. Þannig sé sjóðnum betur gert kleift að rækja það hlutverk sem honum er falið í stofnsáttmála. Aðildarlöndin virða þessar reglur sem þau hafa sett sér sjálf innan vébanda sjóðsins og víðast hvar í nágrannalöndunum, t.d. á hinum Norðurlöndunum, fá skýrslurnar mjög takmarkaða dreifingu. Fyrir kemur, segir í svari Seðlabankans, að þær leka til fjölmiðla en það gerist þó sjaldan. Ekki er þess getið í svarinu hvort það gerist stöku sinnum að þessar skýrslur leki til fjölmiðla á Íslandi en þó gæti það svo sem vel verið.

Þess má geta að auk þeirra rita sem að framan eru nefnd gefur sjóðurinn út fjölmargar skýrslur um efnahagsmál. Sú mikilvægasta í þeim flokki er skýrsla um ástand og horfur í heimsbúskapnum sem gefin er út tvisvar á ári og fjallar m.a. um efnahagsástandið í einstökum ríkjum og ríkjahópum.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. viðskrh. fyrir svörin. Þau eru út af fyrir sig fullnægjandi svo langt sem þau ná, þ.e. svarið við fyrstu spurningunni var í raun tæmandi. Það kom fram hverjir annast þessa upplýsingagjöf og sömuleiðis í grófum drættum svarið við annarri spurningunni hverjir fá álitsgerðir sjóðsins í hendur. Mér var að sjálfsögðu kunnugt um það sem ráðherra á sinni tíð að ráðherrar fengu þessi álit eða drög að skýrslu eftir heimsókn hverju sinni og síðan einhver þrengri hópur ráðherra og ráðuneytisstjóra hinar endanlegu skýrslur.

En svarið við þriðju spurningunni er komið út á það þokusvæði sem lengi hefur verið mönnum nokkur ráðgáta víða um heim, ekki bara á Íslandi, og það er sú leynd sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur hjúpað sig gagnvart endanlegri ráðgjöf sinni, eftirliti sínu, með fjárhag ríkja. Það er ekkert leyndarmál að sjóðurinn liggur undir verulegri tortryggni víða um heim sem beinist að því að hann hafi í miklu ríkari mæli hönd í bagga með fjármálastjórn nokkurra ríkja heldur en hann vill vera láta og gefur uppi. Svipuð umræða hefur svo sem farið fram hér á Íslandi um að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi jafnvel á köflum sett íslenskum stjórnvöldum stólinn fyrir dyrnar eða mælt fyrir um hvernig menn skyldu haga sér í sambandi við ýmsar stærri fjárfestinga- og peningamálaákvarðanir. Það var inn í þetta þokumistur sem ég hafði sérstaklega áhuga á að lýsa og þar kom svo sem ekki mikið fram annað en að þetta væri í starfsreglum sjóðsins og því beint til aðildarríkjanna að virða þetta.

Ég teldi fullkomlega ástæðu til þess að fara betur yfir þessi mál og kryfja það til mergjar hvort það sé að öllu leyti eðlilegt að þessar upplýsingar séu svona meðhöndlaðar.

Varðandi hinar tölulegu staðreyndir og annað því um líkt, þá er það sjálfgefið að þær komi fram, en þegar kemur að hinu pólitíska mati og áliti og hinu svokallaða eftirlits- eða ráðgjafarhlutverki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þá er sem sagt þokan jafnsvört og fyrr eftir þessi svör hæstv. viðskrh.

[15:56]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða reglur um trúnað sem framkvæmdastjórn sjóðsins hefur sett sér og aðildarríkin fallist á og virt. Það er hins vegar hverju aðildarríki í sjálfsvald sett hvort stjórnvöld þess taka upp á því að birta þetta eða ekki. Ég hef nú séð nokkrar slíkar skýrslur frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum og ég get fullyrt af því sem ég hef séð að þar er engin óeðlileg afskiptasemi á ferðinni. Þar er mjög eðlileg niðurstaða dregin af þeim tölum og upplýsingum sem gefnar eru og með engum hætti reynt að taka ráðin af íslensku ríkisstjórninni eða segja henni fyrir verkum. Ég tel sjálfsagt að sama hafi verið reynsla hv. þm. þegar hann var ráðherra og tók við slíkum skýrslum og ég efast um það að hann geti nefnt nokkur dæmi frá þeim árum þar sem segja mætti að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafi með einhverjum hætti haft óeðlileg afskipti af íslenskum efnahagsmálum eða stjórn þeirra.

Ég segi það hér að ég sé ekki að það sé neitt öðruvísi meðhöndlun í þessari umfjöllun starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins heldur en maður sér í ritum fjölmargra annarra fjölþjóðlegra stofnana sem fjalla um efnahagsmál eða koma að íslenskum efnahagsmálum með einum eða öðrum hætti og vil þá t.d. nefna OECD. Þær upplýsingar sem þaðan komu eru ekki trúnaðarmál heldur birtar. Þær valda oft talsverðu fjaðrafoki í pólitíkinni á Íslandi en ég held að enginn telji að með þeim sé OECD að hafa óeðlileg afskipti af stjórn íslenskra efnahagsmála og slíku er ekki fyrir að fara að mínu áliti hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Kaup á slökkvibílum fyrir Flugmálastjórn.

Fsp. SJS, 493. mál. — Þskj. 759.

[16:00]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fsp. fyrir hæstv. samgrh. sem varðar kaup á slökkvibílum eða slökkvibúnaði fyrir Flugmálastjórn.

Eins og menn vita hefur mikið verið til umræðu á undanförnum mánuðum að æskilegt væri að opinberir aðilar og auðvitað allir reyndu eftir föngum að beina innkaupum og verksamningum til innlendra aðila. Þess vegna vekur það nokkra athygli að í nýframkominni flugmálaáætlun kemur það fram að á árinu 1991, og samkvæmt nánari upplýsingum sem ég aflaði mér var það síðla sumars það ár, gerði Flugmálastjórn samning við norskan framleiðanda um raðsmíði á fimm minni slökkvibílum með fyrirvara um fjárveitingar. Fyrsti bíllinn mun hafa komið til landsins 1992 og síðan sá næsti til Vestmannaeyja. Einn á að koma til Sauðárkróks í ár, til Hornafjarðar 1995 og Húsavíkur 1996. Þar með verði fullnægt ICAO-kröfum um slökkvibúnað á þessum stærri flugvöllum.

Nú er það að sjálfsögðu gott og blessað en hitt er öllu lakara að þarna virðist hafa verið samið við erlendan framleiðanda og honum nánast fenginn í hendur raðsmíðasamningur sem auðveldaði honum að sjálfsögðu að smíða þessa bíla.

Nú vill svo til að a.m.k. einn eða jafnvel fleiri innlendir framleiðendur hafa á sama tíma verið að reyna að þróa nákvæmlega sams konar verkefni, að framleiða slökkvibíla sem hentuðu sérstaklega fyrir flugvelli og fyrir sveitarstjórnir eða aðra slíka aðila sem slökkvibúnað þurfa að nota. Ég er sérstaklega með t.d. í huga slökkvibíl sem hefur verið hannaður í Ólafsfirði af framleiðendum þar og hefur fengið mjög jákvæða og lofsverða umsögn, bæði tæknlaðila og notenda sem keypt hafa þann bíl. Manni finnst það auð-

vitað blóðugt þegar opinberir aðilar eru með allmikil innkaup sem dreifast á langan tíma eins og hér um ræðir að þau skuli þá ekki geta fallið í skaut innlendra framleiðenda.

Þess vegna hef ég leyft mér að spyrja hæstv. samgrh.:

„1. Hvað réð úrslitum um að Flugmálastjórn gekk til samninga við erlendan framleiðanda um raðsmíði fimm minni slökkvibíla til afhendingar á árunum 1992–1996?

2. Var innlendum framleiðendum gefinn kostur á sambærilegum samningum?

3. Kemur til álita að slíta samstarfinu við hinn erlenda framleiðanda og gefa innlendum aðilum kost á að framleiða þá bíla sem á að afhenda á næstu árum?"

Að sjálfsögðu verða þegar gerð kaup ekki aftur tekin og væntanlega ekki bíll sem á að koma til afhendingar á þessu ári ef þegar hafa verið lög drög að framleiðslu hans, en mér leikur forvitni á að vita hvort t.d. væri mögulegt að beina því sem eftir er af innkaupum á slökkvibúnaði eða bílum til innlendra aðila í samræmi við anda átaksins íslenskt, já takk.

[16:04]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi er spurt hvað hafi ráðið úrslitum um að Flugmálastjórn gekk til samninga við erlendan framleiðanda um raðsmíði fimm slökkvibíla til afhendingar á árunum 1992–1995. Því svarar Flugmálastjórn svo:

„Þegar ákveðið var að Flugleiðir hf. mundu endurnýja innanlandsflugflota sinn úr Fokker 27 yfir í Fokker 50 var ljóst að eldvarnarflokkur flugvalla þeirra sem Flugleiðir hf. fljúga til, mundi hækka um einn flokk samkvæmt ICAO Annex 14 þar sem Fokker 50 er þrem metrum lengri en Fokker 27.

Á árinu 1991 var hafinn undirbúningur að þessari breytingu með því að gerð var verðkönnun meðal nokkurra helstu framleiðenda slökkvibíla í nágrannalöndunum. Ekki var Flugmálastjórn á þeim tíma kunnugt um að neinn íslenskur framleiðandi væri fyrir hendi vegna framleiðslu slökkvibíla. Fimm erlendir aðilar sýndu málinu áhuga og gerðu verðtilboð. Að vel athuguðu máli var samið við norskan aðila, O.C. Akselsen Fabrikker, í samvinnu við austurríska fyrirtækið Resenbauer, enda lægstu tilboð.

Samningur við O.C. Akselsen Fabrikker var síðan undirritaður 23. júlí 1991 og kom fyrsti bíllinn til landsins í maí 1992."

Í öðru lagi er spurt: „Var innlendum framleiðendum gefinn kostur á sambærilegum samningum?" Eins og áður er getið var Flugmálastjórn ekki kunnugt um neinn innlendan aðila á þessu sviði á þeim tíma.

Í þriðja lagi er spurt: „Kemur til álita að slíta samstarfinu við hinn erlenda framleiðanda og gefa innlendum aðilum kost á að framleiða þá bíla sem á að afhenda á næstu árum?" Flugmálastjórn svarar því svo:

„Það er skoðun Flugmálastjórnar að ekki komi til álita að slíta samstarfinu við hinn erlenda framleiðanda, enda tilboðið miðað við magn, þ.e. fleiri en einn slökkvibíl, og kann þessi erlendi framleiðandi hugsanlega að eiga skaðabótakröfu á Flugmálastjórn ef samstarfinu verður slitið. Þess ber þó að geta að það eru ákvæði í samningnum um að fjárveitingar til kaupanna verði að vera fyrir hendi hverju sinni."

Ég hef ekki neinu við þetta að bæta frá eigin brjósti að öðru leyti en því að mér finnst ábending hv. þm. athyglisverð og rétt að athuga það hvort unnt sé að beina þessum pöntunum í annan farveg. Það er sjálfsagt að athuga það mál.

[16:07]

Fyrirspyrjandi (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. fyrir svörin. Þau voru ágæt og fullnægjandi þó að ég sé óánægður með að svona skuli hafa tekist til. Við því er ekki mikið að gera úr þessu. Ég býst við að það liggi þannig að ekki sé unnt að losna undan þessum samningi, þ.e. varðandi þá fimm bíla sem hann tekur til.

En auðvitað er það ekki nógu gott ef hugsunarháttur inn er einfaldlega sá að ef mönnum sé ekki kunnugt um einhvern íslenskan aðila sem sé þegar að framleiða eða bjóða fram svona þjónustu, þá snúi menn sér sjálfkrafa til erlendra framleiðenda. Það er það sem þarna virðist hafa gerst, samanber svörin við spurningu eitt og tvö. Það kom fram í báðum tilvikunum að þar sem Flugmálastjórn var ekki kunnugt um það, þá fór hún beint til erlendra aðila og bauð þeim upp á að gera tilboð. Hér hefði auðvitað átt að kanna það fyrst heima fyrir hvort einhverjir íslenskir aðilar, íslensk verkstæði, íslenskir framleiðendur á einhverjum búnaði, yfirbyggingarverkstæði eða aðrir slíkir aðilar hefðu áhuga á því að gera tilboð, hefðu áhuga á því að ganga til samningaviðræðna við Flugmálastjórn um að þróa svona framleiðslu og smíða hana.

Mér finnst mjög dapurlegt að standa frammi fyrir niðurstöðu af þessu tagi þó að ég sé ekki að áfellast núv. hæstv. samgrh. því að ég býst ekki við að málið hafi komið til hans kasta frekar en minna, en það fellur inn á þá mánuði þegar ráðherraskipti urðu, en mér er kunnugt um það samkvæmt upplýsingum frá Flugmálastjórn að undir þennan samning mun hafa verið ritað seint í júlímánuði 1991.

En ég þakka hæstv. ráðherra þó fyrir að vera tilbúinn til að beita sér í málinu upp á framhaldið. Væntanlega eiga stórir opinberir aðilar eins og Flugmálastjórn og fleiri eftir að kaupa meira af svona búnaði og þá vona ég að svona mistök, sem ég leyfi mér að kalla þetta, endurtaki sig ekki og meðvitund manna fyrir því að beina viðskiptum til innlendra aðila verði meiri í framtíðinni en þetta dapurlega dæmi ber vitni um.

Ágangur sjávar og hefting sandfoks við Vík í Mýrdal.

Fsp. GÁ, 539. mál. — Þskj. 844.

[16:09]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram svohljóðandi fsp. til samgrh.:

„Hefur ríkisstjórnin ráðgert aðgerðir til að verja þorpið Vík fyrir ágangi sjávar og hefta sandfok sem veldur miklum skaða á mannvirkjum staðarins?"

Ég þarf hvorki að rekja það fyrir ráðherra né þingheimi hvað hefur verið að gerast austur í Vík, en þar hefur orðið bæði tjón á mannvirkjum og byggðinni er ógnað vegna ágangs sjávar og sandfoks. Má sem dæmi nefna að það er talið að frá 1971 hafi landbrot numið einum 350 metrum sem sjórinn hefur brotið af landi og komið nær þorpinu en hann var þá, þar af 160 metra núna á síðustu 3–4 árum og mjög mikið á síðustu vikum eins og frægt er.

Það liggur fyrir að Vita- og hafnamálastofnun og Landgræðslan hafa unnið þarna rannsóknastarf og skoðað hvaða leiðir eru færar og ég veit að hæstv. ráðherra hefur komið á staðinn og er að vinna málið í ríkisstjórninni, en ég held að hér sé afar mikilvægt íbúanna vegna að brugðist verði við sem fyrst með aðgerðum því að þarna eru þorp og mannvirki í eigu fólks og fyrirtækja í mikilli hættu ef ekki verður brugðist skarpt við.

Ég vænti þess því að ráðherra svari þessari fyrirspurn og fylgi málinu eftir á vettvangi ríkisstjórnarinnar.

[16:11]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég hafði ætlað mér að leggja þetta mál fyrir síðasta ríkisstjórnarfund en var þá ekki í borginni þannig að það verður lagt fyrir ríkisstjórnarfund á morgun. Ég átti fund fyrir nokkrum vikum með sveitarstjóra og oddvita þeirra í Mýrdalshreppi þar sem við fórum yfir þessi mál.

Ég hef hér í höndum áætlun um flóða- og sandfoksvarnir við Vík gerða af Hafnamálastofnun. Þar kemur fram að hún hafi undanfarin tvö ár unnið að rannsóknum og undirbúningi framkvæmda við landbrots- og flóðavarnir við Vík í Mýrdal samkvæmt áætlun þar að lútandi frá árinu 1992. Ekki var gert ráð fyrir að byrja á aðgerðum fyrr en árið 1995. Í vetur hefur landbrot á svæðinu gengið hraðar en reiknað hafði verið með. Með auknu landbroti hefur aukist sandfok yfir byggðina í Vík og varð af þeim völdum verulegt tjón þann 22. mars sl. Landgræðsla ríkisins telur að tilgangslaust sé að hefja nokkrar aðgerðir til varnar sandfoki nema í skjóli flóðgarða er verji sandgildrur og sáningar fyrir sjávarflóðum. Því er lagt til að þegar í ár verði byggður flóðvarnargarður framan við byggðina, settar við hann sandgildrur og svæðið sunnan þjóðvegar grætt upp.

Kostnaðaráætlun vegna aðgerða sem Hafnamálastofnun leggur til að ráðist verði í þessu ári eru flóðvarnargarður 12,6 millj. kr. og undirbúningur vegna annars áfanga, mælingar og grjótleit 1,1 millj. eða 13,7 millj. Landgræðsla ríkisins: sandgildrur 5,5 millj., sandgræðsla 3 millj., áburðardreifing 800 þús. eða 9,3 millj., samtals 24 millj. kr.

Ég hef hér meðfylgjandi kort af þessu svæði sem ég mun afhenda fyrirspyrjanda eftir þessa umræðu.

Landgræðsla ríkisins telur að við núverandi aðstæður í Víkurfjörum sé tilgangslaust að hefja nokkrar aðgerðir til varnar sandfoki nema í skjóli flóðgarða er verji sandgildrur og sáningar fyrir brimi. Skipta má brýnustu aðgerðum til varnar sandfoki í Vík í tvo meginflokka, þ.e. sandgildrur og uppgræðslur með melgresi.

1. Sandgildrur. Sett verði upp samfelld röð af svonefndum snjógirðingum, helst uppi á fyrirhuguðum flóðgarði. Til vara er lagt til að girðingin verði sett landmegin við garðinn og þá í fjarlægð sem nemur þrisvar sinnum hæð garðsins. Gera má ráð fyrir að síðla sumars eða í haust verði grindurnar komnar á kaf í sand, sérstaklega ef þær verða ekki uppi á garðinum. Líklegt er því að næsta vetur verði að setja upp aðra röð af grindum ofan á þá fyrri til þess að ná hámarkssandvörnum, en ekki er gert ráð fyrir því í kostnaðaráætlun.

2. Sandgræðsla. Sáð verði melfræi í öll opin sandsvæði sunnan þjóðvegar vestan Öxarfótarlæks og vestur að Reynisfjalli landmegin við væntanlegan flóðgarð. Enn fremur verði þess freistað að sá í 100 metra breitt belti sunnan garðsins. Melfræinu verði sáð með raðsáðvélum. Brýnt er að það verði gert í lok apríl eða byrjun maí. Áburðargjöf fari fram á þann melgróður sem enn er eftir til að örva vöxt og gera melgresinu kleift að fanga sand. Borið verði á snemma í maí og aftur í júlí.

Kostnaðaráætlun eins og ég fór áður yfir er 9,3 millj. Kostnaður við sandgildrur er samkvæmt upplýsingum Vegagerðar og við sáningar er miðað við gjaldskrá Landgræðslunnar.

Það er gert ráð fyrir því að flóðvarnargarðurinn verði 150–200 metrar frá fjöruborði, lengd hans verði 1,5 km og hæð hans 2–3 metrar. Garður þessi er hugsaður sem fyrsti áfangi sjóvarna af flóðavörnum. Ef landbrotið fer að ógna garðinum kemur að öðrum áfanga: ölduvörn, grjótvarnagarði á sama stað, þ.e. utan á flóðgarðinum. Gera má ráð fyrir að með þeim vörnum sem lagðar verði til í fyrsta og öðrum áfanga megi lengja verulega nýtingartíma þeirra mannvirkja sem eru í mestri hættu. Hins vegar er ekki hægt að ábyrgjast að mannvirki innan við fyrirhugaðar sjóvarnir hljóti varanlega vernd um alla framtíð.

[16:16]

Fyrirspyrjandi (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. samgrh. svör hans þó ég sakni þess að málið skuli ekki afgreitt í ríkisstjórn því að staðreyndin er sú að þeir menn sem þar sitja ná því miður saman um fæst verkefni núna síðustu vikur og mánuði. En ég vænti þess að hæstv. ráðherra fylgi þessu fast eftir og afgreiði það í fyrramálið.

Þó þetta sé ekki sú framtíðarvörn sem þarf að gera í Vík, þá held ég að ráðherrann hafi minnst á atriði sem er mikilvæg byrjun til að stöðva það að sandurinn og sjórinn eigi beina leið inn í þorpið. Auðvitað hlýtur framtíðin að vera sú að þarna verði byggður á um það bil 2 km kafla varanlegur garður þó að vandinn sé sá hversu djúpt er á fast og ekki auðvelt að ná í gott efni þar sem þyrfti sjálfsagt blágrýti í slíkan garð. Það hlýtur að vera sú eina framtíð sem við sjá-

um í þessum vörnum. Ég geri mér grein fyrir því að ef þær flóðavarnir sem hæstv. ráðherra hér kynnti ná fram, þá eru menn komnir þarna í verulegt varnarstarf sem veitir íbúunum öryggi.

Kostnaðurinn af þessu er ekki hár. Ráðherra talaði ekki um nema 24 millj. Auðvitað sjáum við að það telst ekki mikið samanborið við kannski hönnunarkostnað á Þjóðleikhúsi, sem mig minnir að hafi verið eitthvað á annað hundrað millj. og enginn hikstaði, þótt settar séu 24 millj. í að verja þetta landsvæði og þær miklu eignir sem þar fólkið á.

En ég vænti þess að hæstv. ráðherra fylgi þessu máli fast eftir og áfram verði unnið að þeirri framtíðarlausn sem þetta byggðarlag þarf á að halda.

[16:18]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á hvers vegna hv. þm. lýsir yfir vonbrigðum sínum yfir því að málið skuli ekki hafa verið tekið upp í ríkisstjórn. Ég gaf á því alveg eðlilegar skýringar. Það hefur enginn dráttur orðið á þessu máli síðan ég ræddi við forsvarsmenn Víkur, þeir hafa fylgst með málinu og það er í fullum gangi.

Ég vil í annan stað segja að því miður er ekki grjót þarna neins staðar nálægt. Það verður að fara töluvert austur á bóginn, ég kann ekki örnefni, austur á Mýrdalssand til þess að finna fullnægjandi grjót. Ég man ekki hvað það er kallað. Í öðru lagi er mjög djúpt niður á fast. Það er verið að tala um tugi metra.

Ég vil bæta því við að það er talið að eyðingin í Vík stafi e.t.v. af því að þær lægðir sem komið hafa yfir landið ná nú lengra út á hafið en áður sem þýðir það að ölduhæð verður meiri þó svo vindhæð sé sú sama og áður. Ég vil líka segja, að Hafnamálastofnun er með í athugun hvort hætta sé á því eða komið hafi fram að hafdýpið sé að grafa sig nær landinu. Það voru gerðar dýptarathuganir á sl. sumri sem verða athugaðar næsta sumar og á næstu árum til að fylgjast með því hvernig dýpið er úti fyrir ströndinni.

Aðstoð við bændur vegna harðinda á síðasta ári.

Fsp. JGS, 476. mál. — Þskj. 731.

[16:20]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegi forseti. Ég ber hér fram fsp. til landbrh. á þskj. 731 sem hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hvað miðar vinnu til að undirbúa aðstoð við bændur vegna harðinda sl. sumar samkvæmt heimild í 6. gr. fjárlaga? Hvað reiknar ráðherra með hárri upphæð til verksins og eftir hvaða reglum á úthlutunin að fara fram?“

Þessi heimild var samþykkt við gerð fjárlaga um síðustu áramót. Það er nokkuð um það að bændur spyrji eftir því hver hafi verið meiningin með þessari sérstöku samþykkt, hvað líði uthlutun á þessum fjármunum og hvaða upphæðir ríkisstjórnin hafi haft í huga þegar farið var fram á þessa heimild við gerð fjárlaga.

Virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa um þetta fleiri orð en vænti greinargóðra svara frá hæstv. ráðherra.

[16:22]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Það er rétt að landbrn. leitaði eftir því á sl. hausti að heimild yrði sett í fjárlög um það að greiða bændum á harðindasvæðum nokkurn styrk, þ.e. til þeirra sem verst yrðu úti, og var hennar að sjálfsögðu ekki aflað vegna hugsanlegrar fjárvöntunar Bjargráðasjóðs.

Þegar landbrn. leitaði til Búnaðarfélags Íslands nú í haust um öflun upplýsinga um tjón af völdum harðinda kom í ljós að Bjargráðasjóður var með málið í athugun eins og honum bar lögum samkvæmt og er ákveðið að bíða niðurstöðu hans.

Samkvæmt mati Bjargráðasjóðs nemur heildartjón 252,8 millj. kr. Stjórn sjóðsins samþykkti styrkveitingar vegna eftirtalinna tjóna: Kalskemmda á bújörðum 22,7 millj., fóðurvöntun af völdum kals 19,4 millj., flutningur á heyi vegna kaltjóna 3,3 millj., samtals 45,5 millj. kr.

Stjórn sjóðsins setti reglur um eigin áhættu þannig að minni tjón féllu út og ákvað bótahlutfall sem leiðir til að sjóðurinn greiðir þessa fjárhæð, 45,5 millj. kr. Það er tekið fram í bréfi til landbrn. í dag að styrkveitingar séu óháðar þeim bótum sem fjmrh. ákveður að greiða vegna kaltjóna 1993 í samræmi við 6. gr. fjárlaga fyrir árið 1994, en þar kemur fram heimild til handa fjmrh. að greiða sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðæris vorið og sumarið 1993.

Ég vil taka fram til viðbótar að það er ljóst að greiðslur Bjargráðasjóðs, en þær voru ákveðnar hinn 22. mars sl., eru langt undir því að bæta það tjón að fullu sem bændur urðu fyrir og af þeim sökum er ástæða til þess að athuga sérstaklega mál þeirra sem verst urðu úti eins og við sáum raunar fyrir í landbrn. á sl. hausti. Ég vil taka fram að þó svo að samkvæmt úttektum nemi endurræktun og grænfóðurrækt á kalsvæðunum 10,2 millj. kr. segir það ekki neitt um þörfina fyrir endurræktun á þessum svæðum. Það liggur ekki fyrir og hefur ekki verið athugað hversu miklum framkvæmdum hefur verið frestað eða hvar bændur hugsa sér að láta við svo búið standa. Þessi mál verða nú tekin til athugunar í samráði við búnaðarsambönd in á svæðunum, en það var talið rétt og eðlileg vinnubrögð af landbrn. að bíða niðurstöðu Bjargráðasjóðs.

[16:26]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það er engin ástæða til að gera athugasemd við að það hafi verið eðlilegt að bíða niðurstöðu Bjargráðasjóðs. Hins vegar er nauðsynlegt að hraða þeirri vinnu sem fer í hönd til þess að efna 6. greinar heimildina, heimild 5.13, um að greiða sérstakar bætur til bænda sem verst hafa orðið úti vegna harðræðis vorið og sumarið 1993.

Það er ljóst að ýmis svæði urðu mjög illa úti vegna kalskemmda á sl. ári. Til viðbótar við Norðausturlandið vil ég sérstaklega vekja athygli á nokkrum bæjum í Ísafjarðardjúpi og á hluta Strandanna sem urðu mjög illa úti. Það er auðvitað nauðsynlegt að koma til móts við bændur á þessum stöðum og annars staðar á landinu sem urðu mjög illa úti vegna kalskemmdanna og það er nauðsynlegt að þessari vinnu sé hraðað mjög. Það er ekki eftir neinu að bíða þegar það liggur fyrir að Bjargráðasjóður hefur ákveðið sína úthlutun, en fróðlegt væri að heyra frá hæstv. landbrh. ef þær upplýsingar eru á takteinum til hvaða landsvæða þessar fjárveitingar runnu og hvernig þær skiptast á milli svæða.

[16:27]

Fyrirspyrjandi (Jóhannes Geir Sigurgeirsson):

Virðulegur forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin þó að ekki hafi verið mikið á þeim að byggja. Hæstv. ráðherra fór með nokkrar tölur. Hann nefndi að búið væri að áætla tjónið 252 millj. og Bjargráðasjóður hefði geitt út 45 millj. Þarna skilja á milli rúmlega 200 millj.

Hæstv. ráðherra svaraði því engu, sem er þó í fsp., hvað hann reiknar með hárri upphæð til verkefnisins. Reiknar hæstv. ráðherra með því að 6. gr. ákvæðin muni brúa þetta bil? Ég spyr að gefnu tilefni þar sem ég spurði hæstv. fjmrh. hliðstæðrar spurningar fyrir nokkrum vikum og þá sagði ráðherra að það lægi ljóst fyrir að eingöngu væri um takmarkað fjármagn að ræða. Ég hlýt því að spyrja hæstv. landbrh. hvaða hugmyndir séu uppi varðandi þetta atriði.

Ég verð einnig, virðulegi forseti, að vekja athygli á því að það hlýtur að vera mjög brýnt að farið verði í þessa vinnu sem allra fyrst ef á að koma á einhvern hátt til móts við bændur hvað þetta snetir.

Ég vil að lokum nefna að hér hefur fyrst og fremst verið rætt um tjón vegna kals og skemmda á túnum og uppskerubrest vegna þess, en þá vil ég taka fram að það er annað tjón sem ég efast um að sé metið í þessu. Það er að það rekur enginn búskap í dag þannig að hann hafi af honum tekjur öðruvísi en fóðra til afurða með eigin fóðri, með heyi sem bændur afla sjálfir. En það eru mýmörg dæmi þess frá síðasta hausti að menn hafi náð að afla e.t.v. tilskilins fjölda af fóðureiningum en fóðurgildið er svo lágt að menn bera mjög mikinn kostnað af fyrir vikið.

[16:29]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þm. átti við þegar hann sagði að ekki væri á mínum svörum að byggja. Nú eru sérstök lög um Bjargráðasjóð og honum ber að bæta tjón með tilteknum hætti. Og það var auðvitað eðlilegt að landbrn., áður en það nýtti hinar sérstöku heimildir sem það hefur samkvæmt heimildagreinum fjárlaga, athugaði um það hvernig Bjargráðasjóður brygðist við, hverjar væru fjárheimildir hans og hvernig hann yfirleitt stæði að málinu. Það var líka eðlilegt að landbrn., áður en það úrskurðaði um reglurnar, kynnti sér ofan í hörgul hvert tjónið og hver skaðinn hefði orðið.

Ég átta mig því ekki alveg á við hvað hv. þm. átti þegar hann sagði að ekki væri hægt að byggja á svari mínu áðan. Þvert á móti tók ég fram að við mundum nú taka málið til athugunar eftir að fyrir lægi hver væri niðurstaða Bjargráðasjóðs. Það er ekki langur tími liðinn síðan. Það var hinn 22. mars sem niðurstaða Bjargráðasjóðs lá fyrir og í þann tíma sem síðan hefur liðið hefur m.a. komið dymbilvika og síðustu vikurnar sem þingmenn hafa heimild til þess að leggja fram frv. eru alltaf annasamar af þeim sökum. Það er því ekki hægt að tala um það að þetta mál hafi dregist.

Samkvæmt munnlegum upplýsingum sem ég hef frá Bjargráðasjóði skiptast bæturnar svo milli landshluta: Vestfirðir 2,5 millj., Norðurland vestra 4,6, Norðurland eystra 14,7, Austurland 20,8, Suðurland 3,6 millj. Hér skakkar 700 þús. kr. miðað við hinar skriflegu upplýsingar sem ég hef í höndum og ég hef ekki skýringar á því. Það eru 2,5 Vestfirðir, 4,6 Norðurland vestra, 14,7 Norðurland eystra, 20,8 Austurland, Suðurland 3,6 eða samtals 46,2 en heildarbætur nema 45,5 millj. kr. og ég kann ekki að skýra það.

[16:32]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að hreyfa þessu máli og sömuleiðis hæstv. landbrh. fyrir þau svör sem hann hefur veitt og hv. 3. þm. Vestf. og ég veit ekki hvað og hvað. Hér er fjöldinn allur af mönnum sem vill þakka sér það sem hér hefur gerst. Ég geri það í sjálfu sér ekki en ég vil biðja hæstv. ráðherra að gera þingmönnum þann greiða að koma á framfæri við þá sem þess óska og væntanlega flesta þingmenn þeim tölulegu upplýsingum um skiptingu á kjördæmi sem hér komu fram áðan, ekki til þess að metast á milli kjördæma heldur til þess að unnt sé að átta sig á því hvernig var farið með þessa athyglisverðu fjárlagaheimild.

Fundi slitið kl. 16:33.

---

128. FUNDUR

mánudaginn 11. apríl,
að loknum 127. fundi.

Dagskrá:

1. Húsaleigulög, stjfrv., 144. mál, þskj. 922 (sbr. 160). — 3. umr.

2. Slysavarnaráð, frv., 235. mál, þskj. 920. — 3. umr.

3. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 921. — 3. umr.

4. Héraðsskógar, stjfrv., 499. mál, þskj. 766. — 3. umr.

5. Birting laga og stjórnvaldserinda, stjfrv., 566. mál, þskj. 879. — 1. umr.

6. Áfengislög, stjfrv., 567. mál, þskj. 880. — 1. umr.

7. Alþjóðadómstólar sem fjalla um stríðsglæpi í Júgóslavíu, stjfrv., 568. mál, þskj. 881. — 1. umr.

8. Lögheimili, frv., þskj. 75, nál. 790 og 826, brtt. 827. — 2. umr.

9. Ræktun íslenska fjárhundsins, þáltill., 390. mál, þskj. 588, nál. 813. — Síðari umr.

Húsaleigulög, 3. umr.

Stjfrv., 144. mál (heildarlög). — Þskj. 922 (sbr. 160).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Slysavarnaráð, 3. umr.

Frv. LMR o.fl., 235. mál. — Þskj. 920.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 3. umr.

Stjfrv., 295. mál (öldrunarmálaráð). — Þskj. 921.

[16:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil ítreka við 3. umr. þau mótmæli og þær athugasemdir sem fram komu frá hv. þm. stjórnarandstöðunnar við 2. umr. málsins.

Þannig háttar til að á þskj. 414 er frv. til laga um breytingu á lögum um málefni aldraðra með síðari breytingum sem flutt er af hæstv. ríkisstjórn. Þar er gerð tillaga um það að heimilt verði að setja á laggirnar sérstakt öldrunarmálaráð sem fari með yfirstjórn öldrunarmála og gert var ráð fyrir að þetta yrði í Reykjavík, þ.e. í umboði borgarráðs og borgarstjórnar.

Þar var gert ráð fyrir því að öldrunarmálaráðið yrði ekki undirnefnd félagsmálaráðs, eins og gert er ráð fyrir í gildandi lögum um málefni aldraðra, heldur mundi öldrunarmálaráðið heyra beint undir borgarráð og borgarstjórn. Borgarstjórn Reykjavíkur fór þess vegna fram á það að þessi stofnun yrði sjálfstæð og þar með sterkari en verið hafði.

Það var afstaða okkar við 1. umr. málsins að það væri í sjálfu sér ekkert óeðlilegt þó að farið væri að þessum óskum borgarstjórnar Reykjavíkur, en það væri ekki alveg sama hvernig frá þeim málum væri gengið og í raun og veru væri vandséð hvaða rök væru fyrir því að taka öldrunarmálaþáttinn út úr félagsmálaþættinum eins og gert var ráð fyrir í frv. Engu að síður sögðu menn svo sem: Úr því að stjórn sveitarfélagsins óskar eftir því að hafa þetta svona þá er ekkert óeðlilegt að það verði skoðað með jákvæðum hætti af þessari virðulegu stofnun.

Þegar hv. heilbr.- og trn. fór að skoða þetta mál nánar þá kom það ótrúlega í ljós að við brtt., sem er í einni grein, frá hæstv. ríkisstjórn komu fimm brtt. frá hv. heilbr.- og trn. þar sem bæði var gert ráð fyrir því að breyta lögunum um málefni aldraðra og líka gert ráð fyrir því að breyta lögum nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga. Í sjálfu sér er hér mjög sérkennilega að hlutunum staðið og hefði verið eðlilegt við þessar aðstæður að málið hefði einfaldlega verið endurflutt sem nýtt stjfrv. eða þá að málinu hefði hreinlega verið vísað til ríkisstjórnarinnar. Minni hluti hv. heilbr.- og trn. kaus hins vegar til samkomulags að reyna að stuðla að því að málið fengi þinglega meðferð. Það kemur síðan hingað inn og við 2. umr. komu fram mjög alvarlegar athugasemdir við málið frá ýmsum hv. þm. stjórnarandstöðunnar.

Hæstv. forseti þingsins sá ástæðu til þess að beiðni sem komið hafði fram frá nokkrum hv. þm. að fjalla sérstaklega um málið í úrskurði sem lesinn var af forsetastóli í tengslum við atkvæðagreiðsluna eftir 2. umr. málsins. Ég hygg að það sé í raun og veru næsta óvenjulegt að úrskurður af þessu tagi sé fluttur af forseta, að það sé talið óhjákvæmilegt að fjalla um málið á þann hátt, en það var ekki óeðlilegt að hæstv. forseti skyldi telja það óhjákvæmilegt m.a. vegna þess að það var talið að sú málsmeðferð sem hv. heilbr.- og trn. gerði ráð fyrir reyndi, að ekki sé meira sagt, talsvert mikið á þolrifin bæði í stjórnarskrá landsins og í þingskapalögum.

Í ljósi þess úrskurðar sem felldur var var það niðurstaða okkar allmargra hér að sitja hjá við meðferð málsins eftir 2. umr. Ég man ekki betur en það hafi komið fram tvö mótatkvæði við því að máli færi til 3. umr. þar sem það væri vanbúið. Í raun og veru þyrfti það að fá nýja þingmeðferð og fjallað yrði um það eins og önnur þingfrumvörp. En það frv. sem við erum núna með á borðinu, hæstv. forseti, hefur ekki fengið nema eina meðferð. Það hefur aðeins ein umræða farið fram um þetta frv. Og samkvæmt lögum landsins er það þannig að um lagafrumvörp eiga að fara fram þrjár umræður. Það er þess vegna fráleitt að afgreiða málið með þeim hætti sem virðist vera meiningin að gera án þess að það fari á ný til hv. heilbr.- og trn. Ég teldi að eðlilegast og lámarksatriði að málið færi á ný til hv. heilbr.- og trn., hún fjallaði um málið, skilaði á ný nál. um frv. eins og það lítur út á þskj. 921 og það gengju svo atkvæði um málið að þeirri umræðu lokinni og þá færi enn fram umræða, þ.e. sú fjórða, en þriðja um þetta mál samkvæmt sérstökum undanþáguákvæðum sem liggja fyrir í þingsköpum.

Ég vil beina þessu mjög alvarlega til hæstv. forseta

og benda á þann möguleika að til þess geti komið að flutt verði tillaga um að málinu verði á ný vísað til hv. heilbr.- og trn. vegna þess hvernig málið er í pottinn búið og vanbúið að mörgu leyti sem frv. til endanlegrar afgreiðslu, en nú er gert ráð fyrir því, samkvæmt því sem mér skilst, að málið verði að lögum í lok þessarar umræðu þó svo það hafi í raun og veru ekki fengið þrjár umræður eins og skylt er samkvæmt lögum landsins og stjórnarskrá.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Héraðsskógar, 3. umr.

Stjfrv., 499. mál (skógrækt á eyðijörðum). — Þskj. 766.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (reglur stjórnvalda og stofnana). — Þskj. 879.

[16:41]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir og er nú til umræðu felur í sér að heimilt verður að birta reglur, sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum öðrum en ráðuneytum er falið að gefa út lögum samkvæmt, megi birta í Stjórnartíðindum. Svo háttar til að í ýmsum lögum er kveðið á um að tilteknar opinberar stofnanir gefi út reglur sem bindandi eru og almenningur hefur hagsmuni af að birtar séu með formbundnum hætti. Svo háttar einnig til að samkvæmt gildandi lögum geta aðeins ráðuneytin birt slíkar ákvarðanir, reglugerðir og auglýsingar í Stjórnartíðindum, en til þess að gera þessa stjórnsýslu virkari og aðgengilegri fyrir almenning er lagt til að þessi heimild sem hér er kveðið á um verði í lög fest.

Tilefni þessa er fyrst og fremst ákvæði sem Alþingi samþykkti í lögum um Seðlabanka Íslands þar sem kveðið er á um ýmiss konar reglur sem bankanum er ætlað að taka ákvarðanir um og eðlilegt þykir að birta með þessum hætti.

Ég vil taka það fram að mjög æskilegt er þó að áliðið sé þings að unnt verði að koma þessari lagabreytingu við á þessu vorþingi og mun því mælast til þess við hv. allshn. að hún hraði afgreiðslu málsins svo sem föng eru á.

En ég legg til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[16:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér fannst kannski ekki koma alveg nógu vel fram hvaða tilvik þetta eru og hversu vítt afmarkað í raun og veru þetta svið verður með þessari breytingu og væri æskilegt ef hæstv. ráðherra gæti nefnt einhver dæmi um hluti sem hér eftir fara að birtast í B-deild Stjórnartíðinda eða hvað eiginlega er verið að tala um. Ýmiss konar reglur sem opinberum stjórnvöldum og stofnunum öðrum en ráðuneytum er falið lögum samkvæmt að gefa út, í fljótu bragði átta ég mig ekki alveg á því hvað þar er á ferðinni. Myndu snjómokstursreglur Vegagerðarinnar, sem er opinber stofnun og kannski stendur í vegalögum að Vegagerðin eigi að auglýsa og birta, mundu þær færast inn í B-deild Stjórnartíðinda, reglur lögreglustjóra um útivistartíma barna? Hvað er þarna á ferðinni? Er þetta endilega að öllu leyti til þess fallið að auðvelda almenningi t.d. að átta sig á þessum hlutum? Ég er ekki viss um að Stjórnartíðindin, B-deildin, sé bók eða sá pappír sem almenningur er að lesa svona dags daglega og gæti þetta haft í för með sér einhverja hættu á því að stofnanir færu að láta það nægja að birta slíkt í B-deild Stjórnartíðinda og sleppa því þar með kannski að auglýsa almenningi einhverja hluti. Mér finnst nauðsynlegt að vita hvað þarna er á ferðinni. Þetta er afar fátæklega rökstutt hér í greinargerð og frv. er ekki merkilegt eða stórt sjálft, upp á eina og hálfa línu, og mér fannst í sjálfu sér heldur ekki koma skýrt fram í knappri framsöguræðu hæstv. ráðherra, hvað þarna er á ferðinni, hvaða nauðsyn ber til og hvað t.d. er sérstaklega tilefni þess að frv. er flutt annað en þau einu rök að það sé handhægt og þægilegt að þetta sé allt saman á einum stað. Það getur vel verið ágætt fyrir þá sem eru að leita að svona hlutum, sagnfræðinga framtíðarinnar og aðra slíka að geta flett upp í öllu dótinu á einum stað í B-deild Stjórnartíðinda. Ég veit ekki t.d. hvort þetta er endilega til hagsbóta almenningi fyrr en maður veit þá hvað þarna er á ferðinni og hvaða pappírar þarna eru.

Ég vildi, hæstv. forseti, aðeins heyra aðeins nánari útlistun á þessu.

[16:46]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ljóst er að þau tilvik sem hér um ræðir verða ekki tæmandi talin og auðvitað geta lög tekið breytingum þar sem kveðið er á um að einstökum opinberum stofnunum sé lögum samkvæmt falið að gefa út reglur. Um það er því ekki hægt að gefa neina tæmandi lýsingu. En eins og fram kom í framsöguræðu var tilefni þessa erindi sem dómsmrn. barst frá viðskrn. vegna ákvæða í seðlabankalögum sem kveða á um að Seðlabankanum er ætlað að gefa út margs konar reglur og þá kemur til álita hvernig eðlilegast er að tryggja birtingu þannig að hún fari fram með sambærilegum hætti og þegar um er að ræða reglugerðir eða aðrar formlegar auglýsingar stjórnvalda. Birting í Stjórnartíðindum tryggir að menn geta á einum tilteknum stað gengið að þeim ákvörðunum sem hér um ræðir og er mikið réttaröryggi í því fólgið.

Hitt er svo annað mál og ég veit að við þurfum að eyða mörgum orðum um það að Stjórnartíðindi hafa ekki eins almenna útbreiðslu og dagblöð og aðrir fjölmiðlar. Það hefur hins vegar ekki þótt ástæða til að hverfa frá þessari formbundnu birtingu laga og reglugerða og annarra stjórnvaldsákvarðana, enda eru mjög miklir hagsmunir við það bundnir að birting þeirra sé með ákveðnum hætti og að allur almenningur eigi aðgang að þeim á tilteknum stað. Í þessu tilviki efa ég ekki að hér er um að ræða aukið hagræði að því er þetta varðar en tilefni þessarar lagabreytingar er þetta sem ég hef hér frá greint og það þótti eðlilegt að tryggja það að þessar ákvarðanir yrðu birtar með sambærilegum hætti og um reglugerðarákvarðanir ráðuneyta væri að ræða.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir. Út af fyrir sig er það þá ljóst og liggur fyrir að eitt sérstakt tilefni er þarna á ferðinni, bréf frá viðskrn. vegna Seðlabankans sem þarf að koma ýmiss konar reglum á framfæri og allt í góðu lagi með það. En hér er hins vegar valin sú leið af hálfu hæstv. ráðherra að leggja til almenna breytingu sem tekur til allra þeirra tilvika þar sem um er að ræða lögbundna útgáfu opinberra stjórnvalda, sem eru bæði ríki og sveitarfélög og stofnanir, að birta reglur af mér liggur við að segja hvaða toga sem er. Ég held að það sé miklu stærri ákvörðun heldur en kannski í fljótu bragði virðist og þurfi þess vegna svolítið vandlegrar skoðunar við án þess að ég sé á nokkurn hátt að leggjast gegn því að þetta verði heimilað gagnvart t.d. Seðlabankanum og hugsanlega ýmsum öðrum sem eru í sambærilegri stöðu, þá held ég að menn verði að átta sig á umfangi málsins og hvað er verið að fara.

Ég sakna þess þá nokkuð að það skuli ekki fylgja frv. t.d. eitthvert yfirlit yfir það um hversu víðtæka breytingu er hér að ræða. Hvað verður B-deild Stjórnartíðindanna þykk bók í framhaldi af þessu? Ég segi þetta ekki með vísan til þess á nokkurn hátt að draga úr mikilvægi útgáfu Stjórnartíðindanna. Það er auðvitað alveg ljóst að það er mjög mikilvægt að þessir hlutir séu þar allir skýrt og skilmerkilega saman safnaðir þannig að menn geti flett upp í því á einum vísum stað. En þessar reglur og þetta dótarí allt saman er nú sennilega býsna fjölbreytilegt og það hljóta líka að vakna spurningar um meðferð þeirra og birtingu að öðru leyti. Á t.d. að láta það þá nægja í flestum tilvikum að þetta birtist í B-deild Stjórnartíðindanna eða er þetta viðbótarbirting á hlutum sem jafnframt skulu birtir í dagblöðum eða með öðrum slíkum hætti?

Og mér finnst þetta dálítið fátæklega fram borið hérna, ég varð að segja það, hæstv. forseti, bara í fullri hreinskilni að þessu fylgi ekki meiri rökstuðningur en raun ber vitni, ekki meiri upplýsingar eða gögn, engin úttekt á því hvað þarna er á ferðinni og upplýst er svo að þarna er þetta eina tilefni á ferðinni sem er hins vegar lagt fram hér sem almenn breyting.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, ekki ástæða til af minni hálfu, en ég vildi eindregið mælast til þess að hv. nefnd færi rækilega yfir það hvaða breytingu í reynd praktískt talað er verið að leggja til.

[16:53]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem ég sat í nefnd sem samdi seðlabankalög þá vil ég undirstrika nauðsyn þess að tillaga sú sem hér er lögð fram af hálfu hæstv. ráðherra verði samþykkt. Þó vil ég líka undirstrika það að rök þau sem hv. 4. þm. Norðurl. e. kom með um það að þetta gæti dregið stóra dilka á eftir sér, að öllum opinberum fyrirtækjum væri skylt að birta reglur sínar um smávægilegustu efni og jafnvel reglugerðir í Stjórnartíðindum, það þarf að athuga það vandlega að það fari ekki úr böndunum. Það finnst mér sjálfsagt. Á sama hátt og það er nauðsynlegt fyrir Seðlabankann að eiga innhlaup í Stjórnartíðindin til að koma sínum tilkynningum á framfæri á einhverjum einum ákveðnum stað þar sem allir geta leitað í, þá er hitt líka rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. sagði. Því treysti ég því að sú hv. nefnd sem mun fjalla um tillöguna finni leið til þess að orða hana þannig að hún þjóni þeim tilgangi sem ætlað er. Það var alveg ljóst þegar við ræddum um þetta í seðlabankalaganefndinni þá hugsuðum við okkur að þetta gæti birst í Stjórnartíðindum og ég undirstrika að það er nauðsynlegt að þessi heimild fáist.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áfengislög, 1. umr.

Stjfrv., 567. mál (upptaka bruggunaráhalda, afslátt-arverð áfengis). — Þskj. 880.

[16:55]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Hér er til umfjöllunar frv. um breytingu á áfengislögum eins og þau hafa verið samþykkt með síðari breytingum. Hér er um að ræða tvær efnislegar breytingar á gildandi löggjöf um þetta efni.

Í 1. gr. frv. er fjallað um sérstök tæki og sérhæfð áhöld sem smíðuð eru til þess að eima áfengi eða til þess að gera drykkjarhæft áfengi sem ódrykkjarhæft var áður. Hér er gert ráð fyrir því að bannað sé að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til þess að gera drykkjarhæft áfengi sem ódrykkjarhæft var nema hafa til þess sérstakt leyfi og er ráð fyrir því gert að dómsmrn. setji um þetta efni nánari reglur og fyrirkomulag leyfisveitinganna. Tæki sem finnast síðan hjá öðrum aðilum en þeim sem hafa leyfi samkvæmt þessari grein skulu gerð upptæk án tillits til hvort tækin hafa verið notuð til áfengisgerðar eða ekki.

Það er rétt að taka það fram að hér er um að ræða breytingu á 8. gr. núgildandi áfengislaga. Tvær fyrstu mgr. 8. gr. yrðu óbreyttar eins og hér kemur fram en með þessari breytingu gefst betra tækifæri til þess að spyrna við fótum varðandi ólöglega framleiðslu á áfengi. Eins og hv. alþm. er kunnugt um þá hefur í vaxandi mæli á undanförnum missirum borið á því að

slík starfsemi hafi verið stunduð og áfengi selt, ekki síst til unglinga, við slíka framleiðslu. Það hefur hins vegar valdið erfiðleikum, ekki síst þegar um hefur verið að ræða smíði á slíkum tækjum sem ekki hefur verið í beinum tengslum við framleiðslu af þessu tagi að færa á það sönnur að um tengsl væri að ræða við ólögmæta framleiðslu. Því hefur þótt nauðsynlegt til þess að gefa réttum yfirvöldum betri aðstöðu til að taka á þessum vanda að óska eftir lagabreytingu af þessu tagi.

Hitt efnisatriði frv. lýtur að því að heimila fjmrn. að gefa afslátt frá almennu útsöluverði til þeirra sem hafa almennt vínveitingaleyfi. Hér er um að ræða breytingu sem skattrannsóknastjóri hefur lýst miklum áhuga á að gerð verði til þess að auðvelda eftirlit með þessari starfsemi. Mjög stór hluti af áfengissölu fer nú fram undir leyfum sem kallast tækifærisvínveitingaleyfi og áhugi skattyfirvalda hefur beinst að því að koma þessum málum í fastara form þannig að stærri hluti þessarar áfengissölu á skemmtistöðum fari fram þar sem um er að ræða almenn vínveitingaleyfi. Með breytingu af þessu tagi á að vera hægt að auka eftirlit á þessu sviði og skapa þannig traustari umgjörð um þessa viðkvæmu starfsemi sem hér er verið að fjalla um. Fyrir því er lagt til að þessi heimild verði veitt í áfengislögum.

Ég legg svo til, herra forseti, að þessu frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:00]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér er um tvenns konar breytingar á áfengislögum að ræða og ég hafði raunar átt von á því að hæstv. dómsmrh. kæmi með tillögur um jafnvel fleiri breytingar á áfengislögum á þessu vori. Þar á ég sérstaklega við að það hefur verið pottur brotinn varðandi áfengisauglýsingar og ýmsir innan áfengisvarnageirans hafa bent á að þarna þyrfti að hnykkja betur á og mig langar til þess að byrja á því að spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé fyrirhugað að taka eitthvað á þeim málum eða hvort það á að halda málum óskýrum og þar með í óviðunandi horfi áfram.

En varðandi þessi tvö efnisatriði þá finnst mér alveg sjálfsagt og eðlilegt að gera þær breytingar sem lagðar eru til í 1. gr. þessa frv. þar sem eru tekin af öll tvímæli um að það sé ekki hægt að skýla sér á bak við einhvers konar skort á ásetningi ef menn eiga bruggtæki sem þeir hafa verið að nýta til þess að framleiða ólöglegt áfengi sem hefur yfirleitt verið beint í sölu til unglinga, og það jafnvel ungra barna og unglinga. Ef á einhvern hátt er hægt að taka af tvímæli um það að brugg sé ólöglegt og bruggtæki eigi að gera upptæk þá er að sjálfsögðu rétt að styðja það. Mér finnst það ekkert vafamál út af fyrir sig. Ég hef ekki nokkrar áhyggjur af því að þarna sé verið að taka á neinu öðru en því vandamáli sem er fyrir og lögregluembætti víða um land þekkja þetta vandamál mætavel og vita það að hér hafa menn getað skotið sér á bak við óljós lagaákvæði. Ég hef því ekki nokkrar efasemdir um að þarna er stigið rétt skref.

Varðandi seinni breytinguna vil ég setja ákveðinn fyrirvara um það að þarna sé endilega verið að taka á málum með þeim hætti sem heppilegast væri. Ég vil hins vegar alls ekki loka á þetta og ég geri ráð fyrir að koma að þessu máli í nefnd þannig að ég hef þá tækifæri til þess að afla mér frekari upplýsinga því að þær eru mjög af skornum skammti hér í greinargerð eða athugasemdum við þetta frv. Ég held nefnilega að tækifærisleyfin séu ekki bara vandamál skattyfirvalda heldur einnig vandamál þeirra sem láta sig áfengisvarnir einhverju skipta og það sé e.t.v. ástæða til að líta á einhverjar aðrar leiðir en afslætti til þess að ná þeim takmörkum eða ná því takmarki eða þeim markmiðum sem þarna er leitað eftir og ástæða er til að reyna að ná. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra aðeins frekar út í það með hvaða hætti þetta rímar saman við áfengisvarnarstefnu, sem ríkisstjórnin hefur tekið undir í orði og alla vega einhverjir ráðherrar ríkisstjórnarinnar einnig á borði, og fá frekari skýringar hans á því hvort hér er einungis verið að líta á skattahliðina eða hvort menn hafa einnig áfengisvarnir í huga þegar hugsað er um þann mikla fjölda tækifærisleyfa sem vissulega er veittur. Ég er alveg sammála þeirri hugsun að það væri æskilegt að fækka þeim en kannski ekki alveg á sömu forsendum eins og getið er um í þessu frv.

[17:05]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þetta frv. til laga um breytingu á áfengislögum er að ýmsu leyti ágætt, þ.e. hugsunin í þessu, en ég get nú ekki annað en lýst yfir vonbrigðum mínum með aðferðina, sem er hér verið að leggja til að verði beitt, því að mér finnst að það sé varla hægt að bjóða upp á það í lagatexta að tala um það það gera áhöld upptæk sem eigi að nota með ólögmætum hætti. Hvernig á að sanna það? Verður það þannig sannað að viðkomandi aðilar meðgangi það að þeir ætli að nota þessi tæki til að eima áfengi? Ég spyr að þessu og síðan að þessi tæki verði gerð upptæk án tillits til þess hvort þau hafi verið notuð til áfengisgerðar eða ekki. Mér finnst þetta kannski ganga út í öfgar hvernig menn ætli að taka þarna á málum og ég spyr: Er ekki hægt að ná alveg sama árangri með því að gera þeim aðilum sem framleiða slík tæki skylt að merkja þau og tilkynna um framleiðslu þeirra, hverjum tækin hafa verið seld og fylgjast þannig með því ef einhverjir eru að framleiða tæki af þessu tagi? Mér finnst einhvern veginn ekki geta gengið í lagasetningu að menn séu að gefa sér það að það eigi að nota tæki í ólöglegum tilgangi þegar fyrirsjáanlegt er að sannanir fyrir því verða ekki fyrir hendi, ef menn t.d. gera upptæk tæki sem eru í smíðum hjá framleiðanda, þá verða engar sannanir þar fyrir hendi um að það eigi að nota þessi tæki til einhverrar ólöglegrar starfsemi.

Ég verð aftur að segja það um 2. gr. frv. að ég er henni alveg sammála. Ég tel að það sé rétt að þessi möguleiki sé til afsláttar, en ég spyr: Er ekki rétt að það sé líka settur einhver rammi utan um það hve mikill afsláttur geti þarna verið á ferðinni? Er ekki hætta á ferðum ef það verður farið að ganga mjög langt í því að hafa vín ódýrara til þessara aðila sem hafa miklar vínveitingar með höndum? Og ég spyr að því hvort

það hafi ekki komið til tals að setja einhvern ramma inn í lögin um það með hvaða hætti megi nýta sér þessa afslætti. En aðalástæðan fyrir því að ég kom í ræðustól að spyrja hæstv. ráðherra: Hafa aðrir möguleikar en þessir sem lagðir eru til í 1. gr. frv. verið skoðaðir nægilega vel? Og ég beini því til hv. nefndar sem tekur þetta mál til meðferðar að þar verði tekið til umræðu hvort þetta sé rétta aðferðin við að stöðva bruggun á áfengi. En ég tek það sérstaklega fram að ég er fylgjandi því að reyna að ná tökum á framleiðslu á ólöglegu áfengi.

[17:09]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni athyglisvert frv. til laga um breytingu á áfengislögum sem eins og fram hefur komið er í raun og veru tveir efnisþættir þó að verið sé að ná utan um sama vandamálið með tvenns konar hætti því að ef glöggt er skoðað þá kemur í ljós að bæði í 1. og 2. gr. er verið að reyna að leggja til aðferð til þess að reyna að ná utan um þá alvarlegu vá sem sala á heimabruggi hefur orðið í okkar þjóðfélagi og enginn skyldi gera lítið úr. Það er auðvitað öllum ljóst að þessi alvarlega vá hefur verið að skapa hér vandamál sérstaklega hvað varðar unglingana og það er sjálfsagt mál að reyna að ná utan um þetta.

Það er gerð tilraun til þess með þessum tveimur efnisgreinum í frv. að nálgast þetta vandamál eftir tveimur leiðum: Annars vegar að grípa til strangara eftirlits með eimingartækjum og hins vegar hitt, sem fram kemur raunar í athugasemdum við lagafrv., að með þeirri hugmynd að gefa heimild til þess að veita afslátt á kaupum heildsöluaðila á áfengi þá sé hægt að stuðla að því að menn hafi hag af því að kaupa áfengi eftir sölukerfi ÁTVR til veitingahúsa. Ég er alveg sammála því að það þarf auðvitað að ná utan um þetta mál og beita til þess þeim ráðum sem skynsamlegust eru en ég verð hins vegar að játa það að ég held að það séu ekki nægilega sterk skil gerð hér á milli þess sem ég vil telja að sé vandinn, þ.e. hin mikla sala á heimabrugguðu áfengi sem vissulega er til staðar og hefur komið upp á undanförnum mánuðum og er vandamál sem þarf að taka á. Og hins vegar hitt sem ég vil kannski nefna þennan sjálfsþurftarbúskap sem hefur ríkt á sumum stöðum þar sem menn hafa verið að brugga sér til gamans. Og ég vil spyrja hæstv. dómsmrh. að því með hvaða hætti hann hyggist nýta þá heimild ef hún fæst með samþykkt þessara laga til þess að gefa út sérstök leyfi til að eiga, flytja inn, útbúa eða smíða sérhæfð áhöld til að eima áfengi eða til að gera drykkjarhæft áfengi sem ódrykkjarhæft var.

Hér er auðvitað um að ræða tvö mál. Í fyrsta lagi þessa sölu sem er alvarlegt mál og hitt sem er auðvitað þekkt að er pínulítil heimilisiðja, pínulítill sjálfsþurftarbúskapur sem menn hafa stundað fyrst og fremst sér til ánægju og þess vegna vaknar sú spurning: Hvaða breytingu hefði þetta frv., ef samþykkt yrði, á þennan búskap?

Þetta var eiginlega sú spurning sem mig langaði til að bera upp við hæstv. dómsmrh. vegna þess að ég hef orðið var við það í umræðum manna á meðal að menn hafa velt þessu dálítið fyrir sér og ég er þeirrar skoðunar að iðja af þessu tagi sé ekki neitt þjóðfélagslegt vandamál. Það væri mjög illa farið með tíma löggæslumanna vorrar þjóðar ef það yrði þeirra hlutskipti að ganga á milli húsa til að kynna sér það hvort menn ættu í kjöllurum sínum eða geymslum tæki sem þeir hefðu flutt inn, látið útbúa eða smíða til þess að eima áfengi eða gera drykkjarhæft áfengi úr því ódrykkjarhæfa, breyta ódrykkjarhæfu vatni í vín, svo að ég hafi nú yfir texta frv. Þetta er sem sagt sú spurning sem ég vildi spyrja hæstv. dómsmrh. að.

Síðan að lokum, virðulegi forseti, er hér í merkum bókum sem hefur verið dreift á borð þingmanna, þá er kynnt í 6. bók, sem enn er óútkomin, bókun 47 um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín. Þá vaknar auðvitað þessi spurning: Var þessi bókun höfð sérstaklega til hliðsjónar við samningu þessa frv. og er nokkur ástæða til þess að ætla að svo kunni að vera að frv. gæti á einhvern hátt stangast á við þessa merku bókun sem við eigum eftir að lesa þegar við fáum að lokum á borð okkar bók 6 með nokkrum viðaukum við EES-samninginn eins og allir vita?

[17:14]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Vegna fyrirspurna frá hv. 9. þm. Reykn. er rétt að taka fram að þetta frv. er afmarkað við þau tvö atriði sem hér um ræðir, en eðlilegt getur verið að taka sérstaklega til skoðunar þau atriði sem hv. þm. benti á eins og framkvæmd á banni við auglýsingum á áfengi.

Spurning um það hvort þessi aðgerð sé í samræmi við þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur fylgt í áfengismálum þá er ég þeirrar skoðunar að hún sé í fullu samræmi við þá stefnu. Það sé mjög til bóta að koma á meiri festu um þessi efni eins og hér er verið að opna möguleika á með þessari framkvæmd.

Varðandi þau álitaefni sem hv. 3. þm. Vesturl. varpaði fram þá er það svo að sá vandi er einmitt fyrir hendi í dag eins og lögin eru úr garði gerð. Það er í mörgum tilvikum erfitt að færa sönnur á hvort notað eigi tæki í ólögmætum tilgangi eða hvort þau hafa verið notuð í ólögmætum tilgangi. Það er einmitt til þess að taka á þeim vanda sem frv. er flutt. Það er með öðrum orðum gert hér ráð fyrir því að menn verði að fá sérstakt leyfi til þess að smíða eða eiga tæki af þessu tagi. Hver og einn sem óskar eftir leyfi til þess getur um það sótt og þá verður það metið samkvæmt sérstökum reglum. Hafi menn slíkt leyfi, þá eru menn lausir undan þeim grundsemdum sem ella eru uppi. Hafi menn ekki þetta leyfi þá eru tækin gerð upptæk. Hér er um mjög skýra og skilmerkilega reglu að ræða og ég held að með öðru móti verði ekki komið við virkri framkvæmd í þessu efni. Allir þeir sem hafa lögmætan rökstuðning fyrir því að smíða tæki af þessu tagi til lögmætrar starfsemi geta sótt um leyfi til þess og eru þá lausir við allar grundsemdir í þeim efnum. Ég held því að það sé ekki unnt að gera þetta með skýrari hætti og vandinn sem við er að etja í dag er einmitt sá sem hv. þm. nefndi.

Varðandi ræðu hv. 3. þm. Vestf. sem fjallaði hér

um það sem hann kallaði sjálfsþurftarbúskap í þessum efnum þá er ekki með þessu lagafrv. verið að stíga skref til þess að breyta gildandi reglum í þessum efnum. Það er einvörðungu verið að tryggja að það sé hægt að ganga að þessum tækjum og auðvelda löggæsluyfirvöldum og dómstólum að taka á ólögmætri starfsemi af þessu tagi en ekki á nokkurn hátt verið að opna fyrir það að breyta þeim reglum sem um þessi efni gilda að öðru leyti. Ég vek athygli hv. þm. á 1. mgr. 8. gr. sem er gert ráð fyrir að verði óbreytt frá gildandi lögum, en þar segir:

„Upptæk skal gera öll áhöld sem með ólögmætum hætti á að nota eða hafa verið notuð við bruggun eða tilbúning áfengra drykkja eða til þess að gera drykkjarhæft það áfengi sem ódrykkjarhæft var."

Þessi grundvallarregla stendur áfram og með þessu er ekki verið að gera tillögur um að víkja þar frá. Það er annað mál og óskylt. Hér er fyrst og fremst verið að auðvelda réttum yfirvöldum að takast á við vanda sem hefur í vaxandi mæli borið á að undanförnu. Löggæslan hefur gengið víðast hvar mjög vel fram í því að uppræta slíka starfsemi en þarf gleggri og ákveðnari heimildir til þess að geta gert tæki upptæk sem verið er að smíða eða eru notuð í starfsemi sem þessari.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðadómstólar sem fjalla um stríðsglæpi í Júgóslavíu, 1. umr.

Stjfrv., 568. mál. — Þskj. 881.

[17:20]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í fyrrum Júgóslavíu, en slíkum dómstóli er komið á fót samkvæmt sérstakri samþykkt öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna og Íslendingum eins og öðrum er skylt að gera viðeigandi ráðstafanir til þess að fylgja þeim samþykktum eftir.

Það er rétt að taka fram að ekki er líklegt að reyni á þessi ákvæði en eigi að síður er nauðsynlegt að hafa allar heimildir fyrir hendi til þess að fullnægja megi þeim skyldum sem á okkur eru lagðar í þessu efni. En hér er um að ræða ákvæði um framsal sakamanna sem þessi alþjóðadómstóll fjallar um, um réttaraðstoð af ýmsu tagi eins og skýrslugjöf, hvernig að henni skuli standa og hvernig hana skuli framkvæma og loks atriði að því er lúta fullnustu dóma alþjóðadómstólsins. Þetta eru þau meginsvið sem frv. þetta tekur til. Það þótti rétt með tilliti til þess hversu alvarleg þau mál eru sem hér er verið að fjalla um og hversu brýnt það er að allar lagareglur um þessi efni séu skýrar að fullnægja okkar skuldbindingum með sérstökum lögum. Að öðru leyti vísa ég til athugasemda með frv., bæði almennra athugasemda og athugasemda við einstakar greinar, en legg svo til, herra forseti, að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. allshn.

[17:22]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara þakka hæstv. dómsmrh. fyrir að mæla fyrir þessu frv. Ég tel að það sé mjög eðlilegt miðað við það samstarf þjóða og það samhengi sem við búum í í heiminum að allar þjóðir, Íslendingar sem aðrir, gangi frá lagaramma þannig að unnt sé að framfylgja alþjóðasamþykktum eftir því sem á þær reynir, jafnvel þótt ekki sé sérstaklega fyrirsjáanlegt að á þær reyni hér á landi. Þetta er einungis eðlilegur þáttur af sameiginlegu samstarfi að í fyrsta lagi sé hvergi efnt til griðlanda fyrir stríðsglæpamenn og í öðru lagi að ef á reynir þá fái þeir réttláta málsmeðferð sem er samræmi við alþjóðalög og ákvæði sem alþjóðastofnanir hafa komið sér saman. Hér er því bæði um að ræða að við tryggjum okkur fyrir því að vera ekki utanveltu þar sem tekið er á mjög alvarlegum málum varðandi stríðsglæpi í ríkjum fyrrum Júgóslavíu og einnig það að við gætum að sjálfsögðu fyllsta réttar þeirra sem kunna að vera bornir þeim sökum að hafa tekið þátt í stríðsglæpum.

Mig langar aðeins þó að það sé ekki efni frv. að geta lítillega um þá ályktun sem fylgir frv. sem fskj. I. Þar kemur einmitt fram að skilgreiningar á stríðsglæpum hafa verið endurskoðaðar mjög í takt við þá alvarlegu glæpi sem framdir hafa verið víða í lýðveldum fyrrum Júgóslavíu. M.a. hefur verið tekið á máli sem vakti mikinn óhug og mikla umræðu hér á sl. ári en í ályktuninni er sagt að einnig sé átt við að mannréttindi séu brotin með því að miklum fjölda kvenna hefur kerfisbundið verið haldið föngnum og nauðgað. Þetta er lagt að jöfnu við þær þjóðernishreinsanir sem hafa átt sér stað í þessum löndum. Ég vil vekja athygli á þessu þar sem hér er í rauninni verið að taka mun afdráttarlausara á skilgreiningu á stríðsglæpum heldur en gert hefur verið áður. Því miður er það að gefnu tilefni.

Varðandi málefni fyrrum Júgóslavíu þá mun það án efa verða mjög erfitt framkvæmdaratriði á hvern hátt menn verða dregnir til ábyrgðar fyrir stríðsglæpi. En það þýðir ekki að ekki eigi að reyna að taka þessi mál fyrir. Það á ekki að líða það í alþjóðasamstarfi að glæpir séu framdir gagnvart ákveðnum hópum vegna þjóðernis, trúarbragða, kynferðis eða einhvers annars. Þar af leiðandi er mjög mikilvægt að þegar mikið hefur reynt á þá verði reynt að fylgja því eftir þannig að skilaboðin til heimsbyggðarinnar séu ekki þau að hægt sé að komast upp með hvaða glæpi sem er. Þetta er sameiginleg samviska og sameiginleg ábyrgð allra ríkisstjórna og alls heimsins í raun og veru.

Ég vil líka vekja athygli á því að umræðan á Vesturlöndum hefur verið mjög á eina hlið. Vissulega hafa stríðsglæpir verið framdir af öllum aðilum í þessu hörmulega stríði og í öllum lýðveldum fyrrum Júgóslavíu og ég tel það mjög mikilvægt að það verði eins ábyrg og eins hlutlaus rannsókn á þessu máli og unnt er. Ég vil vekja athygli á því að á vegum Alþjóðaþingmannasambandsins mun einn af þingmönnum á Alþingi Íslendinga væntanlega fara á þessu ári í leiðangur sem m.a. verður til þess að kynna sér að-

stæður með tilliti til mannréttindabrota í lýðveldum fyrrum Júgóslavíu, en það er hv. 8. þm. Reykv., Geir H. Haarde. Ég held að þetta sé mjög mikilvægt, ekki einasta fyrir Alþjóðaþingmannasambandið og þá ábyrgð sem þingmenn um allan heim bera heldur einnig fyrir okkur hér á Íslandi að geta þannig tekið þátt í því að fylgjast með og fylgja eftir því sem óhjákvæmilega hlýtur að koma nú í kjölfarið á þessu stríði sem vonandi sér fyrir endann á nú á næstu mánuðum þrátt fyrir þær loftárásir sem hafa verið gerðar í Gorazde og vekja alla vega með mér nokkurn ugg. Ég held að það sé mjög mikilvægt að við tökum ábyrgan þátt í alþjóðasamstarfi og ekki síst á sviði mannréttindamála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ræktun íslenska fjárhundsins, síðari umr.

Þáltill. GÁ, 390. mál. — Þskj. 588, nál. 813.

[17:29]

Frsm. meiri hluta landbn. (Guðni Ágústsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta landbn. um till. til þál. um skipulega ræktun íslenska fjárhundsins.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem gerir ráð fyrir að landbrh. verði falið að skipa nefnd til að gera tillögur um aðgerðir til að vernda íslenska fjárhundinn og hreinrækta stofninn. Meiri hlutinn mælir með samþykkt tillögunnar en leggur áherslu á að nefndin sem skipuð verður hafi í störfum sínum náið samráð við Búnaðarfélag Íslands og Hundaræktunarfélag Íslands.

Á fund nefndarinnar komu til viðræðna Brynjólfur Sandholt yfirdýralæknir og frá Hundaræktunarfélagi Íslands Guðrún Guðjohnsen formaður og Helga Finnsdóttir dýralæknir.

Guðjón A. Kristjánsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir þetta nefndarálit skrifa auk þess sem hér stendur Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Kristín Ástgeirsdóttir, Ragnar Arnalds, Eggert Haukdal, Árni M. Mathiesen með fyrirvara og Gísli S. Einarsson með fyrirvara.

Ég orðlengi þetta þá ekki meira, hæstv. forseti, og hef lokið máli mínu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá var tekið 8. mál.

Fundi slitið kl. 17:32.

---

129. FUNDUR

þriðjudaginn 12. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Húsaleigulög, stjfrv., 144. mál, þskj. 922 (sbr. 160). — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Slysavarnaráð, frv., 235. mál, þskj. 920. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Málefni aldraðra, stjfrv., 295. mál, þskj. 921. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Héraðsskógar, stjfrv., 499. mál, þskj. 766. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 566. mál, þskj. 879. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Áfengislög, stjfrv., 567. mál, þskj. 880. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
7. Alþjóðadómstólar sem fjalla um stríðsglæpi í Júgóslavíu, stjfrv., 568. mál, þskj. 881. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Ræktun íslenska fjárhundsins, þáltill., 390. mál, þskj. 588, nál. 813. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
9. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 531. mál, þskj. 830. — 1. umr.
10. Leikskólar, stjfrv., 550. mál, þskj. 861. — 1. umr.
11. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 551. mál, þskj. 862. — 1. umr.
12. Útflutningur hrossa, stjfrv., 580. mál, þskj. 899. — 1. umr.
13. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 579. mál, þskj. 898. — 1. umr.
14. Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, stjtill., 556. mál, þskj. 868. — Fyrri umr.
15. Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, stjfrv., 558. mál, þskj. 871. — 1. umr.
16. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 561. mál, þskj. 874. — 1. umr.
17. Skipulag ferðamála, stjfrv., 562. mál, þskj. 875. — 1. umr.
18. Leigubifreiðar, stjfrv., 514. mál, þskj. 794. — 1. umr.
19. Leigubifreiðar, frv., 527. mál, þskj. 824. — 1. umr.
20. Leigubifreiðar, frv., 585. mál, þskj. 915. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
21. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350, nál. 891, brtt. 892. — 2. umr.
22. Útflutningssjóður búvara, þáltill., 436. mál, þskj. 648. — Fyrri umr.
23. Sjóvarnir, frv., 459. mál, þskj. 689. — 1. umr.
24. Merking þilfarsfiskiskipa, þáltill., 462. mál, þskj. 694. — Fyrri umr.
25. Markaðssetning rekaviðar, þáltill., 505. mál, þskj. 778. — Fyrri umr.

26. Eftirlit með skipum, frv., 549. mál, þskj. 860. — 1. umr.
27. Lýsing á Reykjanesbraut, þáltill., 584. mál, þskj. 903. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Guðjón Guðmundsson, 5. þm. Vesturl.,
Halldór Ásgrímsson, 1. þm. Austurl.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Jón Helgason, 2. þm. Suðurl.,
Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.,
Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv.,
Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Húsaleigulög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 144. mál (heildarlög). — Þskj. 922 (sbr. 160).

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PBald, RG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StH, SvG, VG, VS, VE, ÞorstP.
30 þm. (AÓB, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, StG, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 927).

Slysavarnaráð, frh. 3. umr.

Frv. LMR o.fl., 235. mál. — Þskj. 920.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:35]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, GunnS, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PBald, RG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StH, SvG, VG, VS, VE, ÞorstP.
30 þm. (AÓB, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SigG, StG, SJS, StB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 928).

Málefni aldraðra, frh. 3. umr.

Stjfrv., 295. mál (öldrunarmálaráð). — Þskj. 921.

[13:36]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:
Virðulegi forseti. Þannig háttar til með það mál sem hér á að fara að greiða atkvæði um, frv. til laga um málefni aldraðra, að það hefur í raun og veru aðeins fengið tvær umferðir hér. Það hafa farið fram tvær umræður um málið í þessari virðulegu stofnun en ekki þrjár, eins og skylt er samkvæmt lögum. Ástæðan er sú að frv. kom svo mikið breytt frá nefndinni að þar var í raun og veru um algerlega nýtt frv. að ræða með gjörsamlega nýjum efnisatriðum, m.a. tillögur um breytingar á öðrum lögum en gerð hafði verið tillaga um í upphafi málsins.

Af þeim ástæðum vil ég ítreka þá hugmynd sem fram kom hér við 2. og 3. umr. að málið fari á ný til heilbr.- og trn. til frekari skoðunar og legg ég því til, hæstv. forseti, að það verði kannað hvort heilbr.- og trn. geti ekki tekið málið til meðferðar á ný í ljósi þeirra athugasemda sem fram hafa komið um málið við 2. og 3. umr. málsins.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Það hefur komið fram ósk um það frá hv. 9. þm. Reykv. að þessu máli verði vísað aftur til hv. heilbr.- og trn. og forseti telur rétt að það fari fram atkvæðagreiðsla um það.

[13:38]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:
Virðulegi forseti. Það er vissulega svo í þingsköpum að það er heimilt að vísa máli til þingnefndar á hvaða stigi máls sem er. Hins vegar eftir að umræðum er lokið við 3. umr. eins og hér er um að ræða, þá hefur það í raun og veru ekkert upp á sig efnislega vegna þess að þingnefnd getur engu breytt um málið, hún hefur ekki leyfi til þess að flytja brtt. við mál sem er komið jafnlangt í afgreiðslu og það mál sem hér er um að ræða. Það er jafnframt rétt að benda á að allar þær brtt. sem samþykktar hafa verið í þessu máli eru frá sjálfri nefndinni þannig að frv. eins og það lítur út núna er nákvæmlega eins og hv. heilbr.- og trn. vildi hafa það og lagði til. Sú tillaga sem hér er fram komin er því óþörf og mun engu breyta um meðferð málsins.

Ég hlýt jafnframt að benda á það eins og ég hef áður gert í umræðum um þetta atriði að þess eru mýmörg dæmi að málum sé breytt við 2. og 3. umr. með miklu róttækari hætti efnislega séð heldur en hér er um að ræða. Ég hef í fórum mínum ýmis dæmi um það, m.a. frá þessu þingi þar sem við 3. umr. um mál, svokallaða bandorma, hafa verið teknar inn breytingar á öðrum lögum en þeim sem áður voru inni í bandorminum. Það er því rangt að þetta sé eitthvert nýmæli. Hér er um að ræða smábreytingu á frv. sem að vísu skarast við önnur lög en er efnisleg afleiðing þess sem áður var í frv. þannig að hér er ekki um að ræða neitt það stórmál sem látið er í veðri vaka, þvert á móti.

Ég mun ekki hafa afskipti af því hvort þetta mál fer aftur til hv. heilbr.- og trn. en ég bendi á að það hefur enga efnislega þýðingu fyrir málið. Ég sé að hv. formaður nefndarinnar hefur kvatt sér hljóðs og það er rétt að hann tjái sig um það hvað honum finnst um það efni, en ég bendi á að það skiptir engu efnismáli hvort svo verður eða ekki.

[13:40]

Gunnlaugur Stefánsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Vegna fram kominnar hugmyndar hv. þm. Svavars Gestssonar um að það væri þörf á því að frv. til laga um málefni aldraðra færi aftur til hv. heilbr.- og trn., þá vil ég upplýsa það að þetta mál fékk mjög ítarlega umfjöllun í hv. þingnefnd og það er ástæða til að þakka öllum hv. nefndarmönnum fyrir það góða starf. Þar lögðu allir sitt af mörkum. Og niðurstaðan úr því góða og mikla starfi var útgáfa á brtt. eins og málið liggur núna fyrir til afgreiðslu 3. umr.

Þá má geta þess að hv. félmn. kom einnig að málinu en það var sent henni til umsagnar, m.a. með sérstöku tilliti til þess að nauðsyn bar til að gera tillögu um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Mér er kunnugt um að þar hafi málið fengið góða umfjöllun og aftur sent til hv. heilbr.- og trn. og enn tekið þar til afgreiðslu og er nú til umræðu á þeim grundvelli sem hv. nefnd leggur til. Ég tel að þetta mál hafi fengið ítarlega og góða umfjöllun í hv. þingnefndum og ekkert komið fram hér í umræðum sem gefur tilefni til að breyta efnisatriðum frv. Ég legg áherslu á að málið geti verið endanlega afgreitt hér á hinu háa Alþingi og ég vona að hv. heilbr.- og trn. hafi skilað sínu verki vel.

[13:42]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég tel rétt að þakka hv. 8. þm. Reykv., Geir H. Haarde, fyrir þá yfirlýsingu að hann muni engin afskipti hafa af því hvort þetta mál fari aftur til nefndarinnar. Það var mjög góð yfirlýsing og mjög í anda þess að menn vildu halda frið hér um vinnubrögð vegna þess að stjórnarandstaðan býr við það mótlæti að frumvörp sem hún leggur fram fara almennt ekki nema til nefnda. Hér er opnað fyrir þann möguleika ef þetta heldur áfram í gegnum þingið, eins og sumir vilja hafa, að þá getum við tínt út stjórnarandstöðufrumvörpin eins og þau leggja sig og flutt þau sem breytingartillögur við stjórnarfrumvörpin þegar kemur að atkvæðagreiðslu um þau. Það er ástæðulaust að flytja það sem breytingartillögur á því stigi að umræðan væri mikil eftir því að það gæti orðið til að lengja umræðuna og svo þyrftu menn bara að hafa hugmyndaflug til að finna það út við hvaða frv. þetta eða hitt málið passaði best. Ég sé fram á að það yrði mjög skemmtilegt, herra forseti, ef sú regla yrði upp tekin.

(**Forseti** (VS): Forseti vill vekja athygli á því að hv. þm. kvaddi sér hljóðs um fundarstjórn forseta.)

Já, ég vil vekja athygli á því, herra forseti, að ég tel að í ljósi þess að lítið lifir af þingtímanum þá sé það skynsamlegra fyrir forseta og þingið að hafa ekki það fjör sem hitt gæti haft í för með sér hér í þinginu og þess vegna styð ég mjög þá hugmynd Geirs H. Haarde að sjálfstæðismenn skipti sér ekki af málinu og tel ég að það mundi þýða farsæla lausn í þessari stöðu.

[13:44]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil ítreka þá athugasemd sem ég gerði hér við 2. umr. þessa máls. Þetta mál er afar einfalt. 37. gr. laga um þingsköp hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ekki er lagafrumvarp samþykkt til fullnaðar fyrr en það hefur verið rætt við þrjár umræður."

Sú brtt. við frv. til laga um félagsþjónustu sveitarfélaga kom hér fram við 2. umr. og hefur því ekki hlotið nema tvær umræður. Svo einfalt er það. Ég get hins vegar fallist á það sem hv. 8. þm. Reykv. sagði að umræðu er lokið en ég held að til samkomulags gæti það verið útlátalaust að hér yrði afgreidd breyting á lögum um málefni aldraða sem liggur fyrir á þskj. 921 en síðan legði hæstv. félmrh. fram brtt. þá sem liggur hér einnig frammi í sérstöku frv. þannig að það mál fengi eðlilega þinglega meðferð. Það munu allir vera *tilbúnir til að samþykkja það, en það segir sig sjálft* að það er ekki ásættanlegt að menn taki upp þessi vinnubrögð og sem einn af forsetum þessa þings tel ég skyldu mína að benda á þetta. Ég vil ekki standa að þeim úrskurði sem hér var felldur af hálfu hæstv. forseta að þessi málsmeðferð sé eðlileg. Mér finnst það ekki vera. Ég er hrædd við það fordæmi sem hún gefur og það er fráleitt að bera þetta saman við svokallaða bandorma sem við höfum raunar margsinnis gagnrýnt og þykir heldur leiðinleg lagasetning, en hún er þó allt annars eðlis vegna þess að þegar um bandorm er að ræða fer allt frv. í gegnum þrjár umræður. Ég vil því biðja hæstv. forseta að reyna að ná samkomulagi við þingið um þetta mál og ég efast ekki um að hæstv. félmrh. er fús til að leggja frv. fram og ég treysti mér til að vinna að því að það frv. færi hraðferð hér í gegnum þingið.

[13:47]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég tel að þessi deila hafi skapast vegna óvandaðra eða ónákvæmra vinnubragða. Hin rétta málsmeðferð hefði að sjálfsögðu verið að félmn. eða hæstv. félmrh. eða einstakir þingmenn hefðu flutt frv. til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Það var ekki gert en ég skal ekki segja hvort það er tækifæri til að bæta úr því héðan af. Ég held að það sé ekki forhlaup í tíð. Það alvarlega í málinu er það að þessi málsmeðferð skapar fordæmi. Menn hafa verið að vitna hér til bandorma, en þá hefur yfirleitt verið um það að ræða að efh.- og viðskn. hefur sett inn brtt. við frumvörp sem hafa verið á hennar málasviði. Þarna er heilbr.- og trn. að fara inn á málasvið annarrar nefndar og breyta lögum sem eru á ábyrgð annars ráðherra. Ég tel að skynsamlegast væri í stöðunni, og vil fara fram á það, frú forseti, að þessu máli verði frestað hér á fundinum og við deilum ekki meira um það í bili og reyni að finna lausn á þessum ágalla. Það getur vel verið að það sé réttmætt og nauðsynlegt að

breyta lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga í þá veru sem hv. heilbr.- og trn. lagði til, en ég held að við ættum að vanda þessi vinnubrögð og ég vil fara fram á það að forseti fresti þessari afgreiðslu núna þannig að mönnum gefist ráðrúm til þess að leita sátta í málinu.

[13:49]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég hlýt að leiðrétta hv. síðasta ræðumann. Ég hef nefnt það hér ítrekað og það eru dæmi þess að bandormum hafi verið breytt við 3. umr. með því að taka inn í þá nýja kafla í lögum, breytingar á lögum sem ekki voru í frv. áður og ekki heyrðu undir efh.- og viðskn. Þetta er algjör misskilningur hjá hv. síðasta ræðumanni og hann hefur greinilega ekkert kynnt sér þetta mál.

Það er hægt að nefna hér dæmi um það að til að mynda hafi verið teknar inn breytingar á almannatryggingalögum í ríkisfjármálabandorm við 3. umr. Ekki eru almannatryggingalögin á verksviði efh.- og viðskn. Þetta eru vinnubrögð sem hv. síðasti ræðumaður hefur sjálfur tekið þátt í. Það er ekki kannski aðalatriðið. Aðalatriðið er það að þetta mál er komið á lokastig í þinginu. Það er ekkert að vanbúnaði að ljúka því. Ef menn vilja fresta því, þá er það auðvitað á valdi forseta að gera það. En ef þessi atkvæðagreiðsla mun fara hér fram, ef forseti ákveður að láta hana fara fram, þá vil ég vegna ummæla hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar láta það koma hér fram að með ræðu sinni hefur hann sannfært mig um að það sé rétt að greiða atkvæði gegn tillögunni um að vísa þessu máli aftur til nefndar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það hefur komið fram tillaga um það að 3. dagskrármálinu verði vísað til hv. heilbr.- og trn. og forseti telur rétt að láta fara fram atkvæðagreiðslu um það.

[13:51]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hæstv. forseta að ég bar fram tillögu um að vísa málinu til hv. heilbr.- og trn. og stend út af fyrir sig við þá tillögu. Hins vegar bendi ég forsetanum á að hv. formaður þingflokks Framsfl. fór þess á leit að meðferð málsins núna yrði frestað og það yrði skoðað aðeins betur fram að næsta fundi og ég tek undir þær óskir hans.

[13:51]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta sé góð tillaga hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. og styð hana. En vegna orða hv. 8. þm. Reykv., þingflokksformanns Sjálfstfl., vil ég minna á að þegar unnið var að því að koma hinu háa Alþingi í eina málstofu, þá var á það lögð áhersla að þar sem umræður yrðu þar með helmingi færri en áður var, þá yrði sérstaklega vandað til lagasetningar og störf væru gerð markvissari. Það er því fráleitt að hv. 8. þm. Reykv. beri saman meðferð mála meðan málstofur voru tvær og mál gengu milli deilda þannig að það er á engan hátt sambærilegt. Þetta skipulag sem við búum nú við er það nýtt að við verðum að vera á varðbergi að hér upphefjist ekki vinnubrögð af því tagi sem hér eru í frammi höfð (Gripið fram í.) og það væri sorglegt nú í lok þingsins. Þar sem ég held að stjórnarliðar eigi það töluvert undir stjórnarandstöðu að hér náist samkomulag um þinglok, þá getur það ekki verið mikið mál að verða við þeim óskum að leitað verði leiða til að sætta þingið við þessa málsmeðferð og það er auðvitað ekkert að vanbúnaði, hæstv. forseti, að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað og þingflokksformenn setjist niður og leiti sátta. Ég hygg að það væru skynsamleg vinnubrögð nú þegar þinglok fara í hönd.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka það fram að forseti hefur kveðið upp úrskurð hér um þinglega meðferð málsins, þó það sé ekki sá forseti sem nú gegnir störfum þannig að forseti telur að það sé í sjálfu sér ekki ástæða til að fresta afgreiðslu þessa máls. En þar sem tillaga hv. 9. þm. Reykv. hefur ekki verið dregin til baka um það að málinu verði vísað til nefndar, og þingskapalög heimila það á hvaða stigi málsins sem er, þá vill forseti láta fara fram atkvæðagreiðslu um það núna. (**SvG:** Ég get dregið tillöguna til baka, forseti, ef það greiðir fyrir því að málinu verði frestað, þá dreg ég tillöguna til baka.) Það breytir engu um það að forseti hyggst láta fara fram atkvæðagreiðslu um lokaafgreiðslu málsins þar sem umræðu um málið er lokið.

[13:54]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég sé nú ekki að það væri miklu spillt þó að afgreiðslu þessa máls yrði frestað í dag og ég hef ekkert á móti því að það verði tekið fyrir á fundi á morgun eða við hentugt tækifæri. Það er ekki eins og það sé verið að stranda þessu máli.

Ég ítreka ósk mína um að þessari atkvæðagreiðslu verði frestað. Mér er það ljóst að umræðu er lokið. Ég óska eftir því að atkvæðagreiðslunni verði frestað. Það hefur verið altítt að slíkar óskir hafi komið fram og ég minnist þess ekki að það hafi ekki verið orðið við þeim.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Hv. 9. þm. Reykv. hefur dregið til baka þá ósk sína að vísa málinu til nefndar þar sem hefði verið vettvangur til þess að ræða það frekar þó svo að umræðu sé lokið hér í þinginu. Forseti sér ekki að það geti breytt nokkru þó að málinu yrði frestað til morguns og því mun nú fara fram atkvæðagreiðsla um 3. dagskrármálið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:55]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég undrast það hvað forsetinn á erfitt með að hlusta á tillögur formanns þingflokks Framsfl. Ég undrast það. Það kann að stafa af ástæðum sem mér eru ekki kunnar. En vegna þess að forsetinn neitar að verða við þessari sanngjörnu ósk hv.

þm. Páls Péturssonar, þá hlýt ég að halda fast við fyrri tillögu mína um að það gangi atkvæði hér um það að málinu verði vísað til heilbr.- og trn. Ég tel hins vegar að það þurfi sérstaklega að ræða við forsetana utan fundar um það hvernig þeir hlýða á þær óskir sem fram koma frá þingflokksformönnum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Eins og forseti hafði þegar tekið fram, þá hafði hæstv. forseti þegar kveðið upp úrskurð varðandi þinglega meðferð á þessu máli og sá forseti sem nú situr hyggst ekki breyta þeim úrskurði. (**StG:** Það hefur enginn úrskurður fallið um að fá frestun á fundi.) (Gripið fram í.) Það hefur þá verið ákveðið af hálfu forseta að láta fara fram atkvæðagreiðslu um þá beiðni hv. 9. þm. Reykv. um að vísa þessu máli til hv. heilbr.- og trn. og hefst nú atkvæðagreiðslan.

[13:57]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið allmiklar deilur um málsmeðferð þessa frv. og var gerð mjög vel grein fyrir því bæði við 2. umr. og 3. umr. Ég tel að með því að vísa þessu máli til nefndar nú á þessu stigi muni vera fullnægt þeim ákvæðum sem við höfum hér verið að gagnrýna að ekki væri með því að mál færu í gegnum þrjár umræður. Ég vil því hvetja þingmenn til þess að styðja það að málinu verði nú vísað aftur til heilbr.- og trn. svo að þessu máli geti lokið með viðunandi hætti og í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

Tillaga um að vísa frv. til heilbr.- og trn. felld með 24:17 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, ÓÞÞ, PP, SHl, StG, StH, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, ÓE, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VG, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GJH, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 24:5 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, ÓE, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, SP, TIO, VG, VE, ÞorstP.

nei: JÁ, KHG, PP, SHl, SvG.

12 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, IP, JGS, JVK, ÓÞÞ, StG, StH, VS) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GJH, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 929).

Héraðsskógar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 499. mál (skógrækt á eyðijörðum). — Þskj. 766.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GJH, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 930).

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frh. 1. umr.

Stjfrv., 566. mál (reglur stjórnvalda og stofnana). — Þskj. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GJH, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Áfengislög, frh. 1. umr.

Stjfrv., 567. mál (upptaka bruggunaráhalda, afslátt-arverð áfengis). — Þskj. 880.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GJH, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Alþjóðadómstólar sem fjalla um stríðsglæpi í Júgóslavíu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 568. mál. — Þskj. 881.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GJH, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til allshn. án atkvgr.

Ræktun íslenska fjárhundsins, frh. síðari umr.

Þáltill., 390. mál. — Þskj. 588, nál. 813.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:02]
Tillgr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EH, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (EgJ, SvG) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GJH, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EH, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (EgJ) greiddi ekki atkv.
23 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GJH, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 931).

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Nú fer fram atkvæðagreiðsla um það hvort veitt skuli afbrigði vegna 20. dagskrármáls, sem er of seint fram komið, til þess að það megi koma á dagskrá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:03]
Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JVK, KHG, ÓE, PP, PJ, PBald, SighB, SAÞ, SHl, SP, StH, SvG, TIO, VG, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (StG) greiddi ekki atkv.
26 þm. (ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GJH, GunnS, HÁ, HG, ISG, JHelg, JónK, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RG, SalÞ, SigG, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Háskólinn á Akureyri, 1. umr.

Stjfrv., 531. mál (framgangskerfi kennara). — Þskj. 830.

[14:04]
Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):
Hæstv. forseti. Frv. það um breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, sem hér er til 1. umr. er einfalt í sniðum og þarfnast ekki ítarlegra skýringa. Tildrög frv. eru þau að fyrr í vetur sendi háskólanefnd Háskólans á Akureyri mér drög að nýrri reglugerð fyrir skólann. Í þessum reglugerðardrögum er m.a. að finna ítarleg ákvæði um framgang kennara í hærri stöður hliðstætt því sem tíðkast við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Að athuguðu máli í ráðuneytinu varð sú niðurstaðan að samkvæmt gildandi lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, væri tæpast grundvöllur til að setja slík ákvæði í reglugerð. Frv. er lagt fram að höfðu samráði við Háskólann á Akureyri til að tryggja lagagrundvöll framgangskerfis við skólann. Hér þykir eðlilegt að samræmis sé gætt í þessum efnum og að kennurum við Háskólann á Akureyri séu tryggð sömu réttindi og starfsbræðrum þeirra við Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands.

1. gr. frv. á sér hliðstæðu í 6. mgr. 11. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands, og síðustu mgr. 32. gr. laga nr. 29/1988, um Kennaraháskóla Íslands. Veitt er heimild til framgangs kennara í hærri stöður samkvæmt ákveðnum skilyrðum sem sett verða í reglugerð með hliðsjón af ákvæðum 19. gr. reglugerðar nr. 98/1993, um Háskóla Íslands, og 46. gr. reglugerðar nr. 496/1990, um Kennaraháskóla Íslands. M.a. er gert ráð fyrir ákvæðum um að skipa skuli dómnefndir til að fjalla um framgang kennara með sama hætti og þegar stöður eru auglýstar og að háskólanefnd skuli setja reglur um framgangskerfið og leggja þær fyrir menntmrn. til staðfestingar.

Eins og ég nefndi í upphafi er hér um einfalt frv. að ræða og sýnist það vera réttlætismál að það nái fram að ganga. Ég vænti þess að frv. fái skjóta og góða afgreiðslu hér í þinginu.

Hæstv. forseti. Ég legg til að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni 1. umr.

[14:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég er samþykkur þessu frv. Það er ekkert annað að gera úr því að það er komið hingað, en ég segi alveg eins og er að ég tel að það þurfi að skoða á vegum ráðuneytisins og háskólanna allra í landinu þetta svokallaða framgangskerfi eins og það er og hvernig það rímar við það almenna hæfnismat sem lagt er til grundvallar við skipan manna í prófessorsstöður á háskólastigi hér á landi.

Ég tel að þarna sé auðvitað fyrst og fremst um að ræða kjaramál og út af fyrir sig afar eðlilegt að það skuli vera komið fram með þeim hætti og auðvitað liggur einnig að baki þeim niðurstöðum sem verða varðandi framgangskerfið hæfnismat. Engu að síður tel ég að hérna séu að þróast hlið við hlið kerfi sem virðast vera eins en eru ekki eins og ég hvet til þess að það verði tekið upp með eðlilegum og sanngjörnum og yfirveguðum hætti við háskólana að þessi mál verði skoðuð í heildarsamhengi því að ég er ekki alveg viss um að það sé skynsamlegast af öllu að afgreiða mál af þessum toga með sjálfvirkum hætti án þess að skoða samhengi þeirra, m.a. við aðra háskóla og við ráðningarkerfi og skipunarkerfi prófessora í landinu í heild.

[14:08]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins taka undir þessa skoðun hv. þm. Svavars Gestsonar að ég tel fulla ástæðu til að þetta framgangskerfi, sem komið hefur verið á í Háskóla Íslands og Kennaraháskólanum og hér er verið að leggja til að það sama gildi fyrir Háskólann á Akureyri, verði allt tekið til endurskoðunar og litið á það í einu samhengi. Það er eflaust ýmislegt sem að því má finna. Ég bendi þó á að þetta er auðvitað ekki algerlega sjálfvirkt. Þeir sem óska eftir að komast í hærri stöður verða að hlíta því að fara með sín mál fyrir dómnefnd og því aðeins að þeir teljist hæfir hljóta þeir framgang. En engu að síður tek ég undir það að ástæða sé til þess að endurmeta þetta kerfi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskólar, 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (heildarlög). — Þskj. 861.

[14:09]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um leikskóla. Það er 550. mál þingsins og er á þskj. 861.

Í janúar 1993 skipaði ég nefnd til að endurskoða lög nr. 48/1991, um leikskóla. Nefndinni var falið að taka mið af lögum nr. 87/1989, um á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, en samkvæmt þeim lögum á kostnaður við byggingar og rekstur leikskóla alfarið að vera á ábyrgð sveitarstjórna. Einnig var nefndinni falið að fjalla um hlutverk og ábyrgð menntmrn., foreldra, leikskólakennara, sveitarfélaga og annarra rekstraraðila varðandi faglega og rekstrarlega þætti leikskóla.

Í nefndinni voru: Anna K. Jónsdóttir borgarfulltrúi, skipuð án tilnefningar, Ágúst Jónsson lögfræðingur, tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Guðrún Agnes Þorsteinsdóttir lögfræðingur, tilnefnd af Foreldrasamtökunum, Hilmar Sigurðsson bæjarfulltrúi, skipaður án tilnefningar og formaður nefndarinnar, Sesselja Hauksdóttir fóstra, tilnefnd af Fóstrufélagi Íslands, Sigrún Sveinbjörnsdóttir sálfræðingur, tilnefnd af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Svandís Skúladóttir, deildarstjóri, skipuð án tilnefningar.

Nefndin samdi tillögu að frv. til laga um leikskóla sem hér er lagt fram með smávægilegum frávikum.

Frv. til laga um leikskóla byggir á hugmyndafræði og markmiðum sem lýst er í Uppeldisáætlun fyrir leikskóla sem kom fyrst út árið 1985 á vegum menntmrn. í ráðherratíð Ragnhildar Helgadóttur og var endurútgefin í apríl 1993 í ráðherratíð Svavars Gestssonar.

Uppeldisáætlunin er fagleg stefnumörkun og starfsrammi. Sérhver leikskóli gerir síðan eigin áætlanir um uppeldisstarfið í samræmi við þau markmið sem fram koma í áætluninni og þær þarfir og aðstæður sem fyrir hendi eru.

Samkvæmt markmiðsgrein frv. á uppeldisstarf í leikskólum á að stuðla að því í samvinnu við heimili barnanna að efla andlegan og líkamlegan þroska barna og búa þeim öruggt, hlýlegt og lærdómsríkt umhverfi þar sem þau njóta sín sem einstaklingar og í hópi með öðrum börnum.

Í uppeldisstefnunni felst að leikskólinn aðstoðar foreldra við uppeldi barna þeirra og hann er fyrir öll börn án tillits til getu þeirra og þroska en engu barni er skylt að vera í leikskóla.

Í leikskólanum á barnið einnig að öðlast þá færni að geta síðar glímt við nám í grunnskóla. Lögð er áhersla á tengsl milli leikskóla og grunnskóla til þess að skörp skil verði ekki á milli þessara skólastiga.

Í frv. er gert ráð fyrir að menntmrn. fari með yfirstjórn leikskóla eins og verið hefur. Það skal móta uppeldisstefnu leikskóla, styrkja þróunar- og tilraunastarf og sjá um að mat fari fram á leikskólastarfi. Menntmrn. skal setja leikskólum uppeldisáætlun þar sem sett eru fram markmið sem stefna ber að í uppeldisstarfi leikskóla. Menntmrn. skal stuðla að samfellu í starfsháttum leikskóla og grunnskóla og sjá um að fullnægt sé ákvæðum laga um leikskóla.

Í frv. er gert ráð fyrir að bygging og rekstur leikskóla skuli vera verkefni sveitarstjórna eins og er samkvæmt gildandi lögum. Þeim er gert að stofna og reka leikskóla, meta þörf fyrir leikskólarými og gera áætlun um uppbyggingu þeirra. Sveitarstjórnir skulu sjá um framkvæmd þessara laga innan síns umdæmis.

Helstu breytingar í frv. frá gildandi lögum um leikskóla eru:

1. Samkvæmt frv. skulu sveitarfélög gera áætlun um uppbyggingu leikskóla með hliðsjón af heildarhagsmunum sveitarfélagsins. Hér er lögð ábyrgð á sveitarfélög en þeim um leið veitt svigrúm til að ná því markmiði að öll börn öðlist rétt til að vera í góðum leikskóla. Í gildandi lögum er sveitarfélögum gert að stefna

að því að ná þessu markmiði innan 10 ára frá setningu laganna frá 1991.

2. Leyfisveiting fyrir rekstri leikskóla er færð frá menntmrn. til sveitarstjórna og geta þær heimilað öðrum aðilum rekstur leikskóla.

Með þessu frv. er lagt til að leikskólanefnd fari með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórna eins og er í gildandi lögum. Þó er sveitarstjórn heimilt að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði eins og segir í 9. gr. frv. Það ákvæði í gildandi lögum að sveitarstjórn geti falið félagsmálanefnd að fara með málefni leikskóla er ekki í þessu frv. Ég hef verið spurður um það hvort þetta þýði að sveitarstjórn geti ekki falið félagsmálanefnd að fara með málefni leikskóla. Ég vil svara því til að ég tel að sveitarstjórn geti ákveðið svo en þá þarf að taka tillit til þess ákvæðis í frv. að fulltrúar foreldra og starfsfólks leikskóla eiga rétt til setu á fundum leikskólanefndar. Lögð er meiri áhersla á en í gildandi lögum að einn fulltrúi foreldra og einn fulltrúi starfsfólks eigi rétt til setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétt. Sérstaklega er lögð áhersla á að tryggja foreldrum rétt til áhrifa á stjórn leikskóla eins og segir í 14. gr. frv.

Lagt er til að starfsemi leikskóla tengist skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga en ekki fræðsluskrifstofum eins og er í gildandi lögum. Einnig skal ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta fyrir leikskóla rekin í samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.

Ekki er lagt til að ráðnar verði sérstakar umdæmisfóstrur á vegum ríkisins eins og er í gildandi lögum en hefur reyndar ekki verið framkvæmt, en lagt er til að sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, ráði til sín leikskólafulltrúa sem sinni þeim verkefnum sem umdæmisfóstrum er ætlað samkvæmt gildandi lögum. Með þessari breytingu er felld niður aðkoma ríkisins í öllu er varðar fjárhagslegan stuðning við rekstur og byggingu leikskóla.

Fellt er niður ákvæði í 7. gr. gildandi laga sem kveður á um það að menntmrn. sinni rannsóknum á leikskólastarfi þar sem horft er til þess að þessi þáttur falli undir verksvið Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála.

Menntmrn. mun áfram stuðla að þróunar- og tilraunastarfi innan leikskóla. Að öðru leyti vísa ég til skýringa sem fylgja þessu frv. Þar er m.a. lögð áhersla á leikskólann sem uppeldis- og menntastofnun og fyrsta skólastig barnsins. Í fskj. með frv. er kostnaðarumsögn um frv. frá fjmrn. og vísa ég til þess fskj.

Ég legg svo til, hæstv. forseti, að frv. verði vísað til hv. menntmn. að lokinni 1. umr.

[14:18]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er satt að segja ótrúlega stutt síðan var farið að ræða um málefni leikskóla hér í þessari virðulegu stofnun. Ég hygg að það séu ekki nema liðlega tveir áratugir síðan sú umræða hófst. Síðan hafa þau mál komið inn með ýmsum hætti á undanförnum árum. M.a. með því að fluttar hafa verið páltill. um málefni leikskólans aftur og aftur, t.d. páltill. frá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur um uppeldisáætlanir og uppeldisstefnu fyrir leikskóla. Sú áætlun var samþykkt og eftir henni var unnið undir forustu Valborgar Sigurðardóttur. Það er athyglisvert að einmitt í því frv. sem hér liggur fyrir frá hæstv. ríkisstjórn er gert ráð fyrir að þessu merka stefnumótunarstarfi sé haldið áfram eins og bent er á og fram kemur í 4. gr. þessa frv. og er reyndar sérstaklega rakið í skýringum við frv. til laga um leikskóla á bls. 4 í því þskj. sem hér liggur fyrir.

Í tíð síðustu ríkisstjórnar var fjallað um leikskólann sem hluta af hinu almenna skóla- og menntunarkerfi landsins og hygg ég að það hafi verið í fyrsta sinn sem það var lögfest að tekin var um það ákvörðun á Alþingi Íslendinga að líta þannig á að leikskólinn væri hluti af hinu almenna skóla- og menntakerfi í landinu. Það er ekki hægt að neita því að annars vegar var um þessi mál ágæt samstaða, m.a. við Fóstrufélagið og fleiri uppeldisstéttir, en hins vegar birtist nokkur ágreiningur um þessi mál aðallega við sveitarfélögin, sem ég tel reyndar að hafi verið að miklu leyti á misskilningi byggður. Af þeim ástæðum var það svo að í tíð síðustu ríkisstjórnar tók það lengri tíma en ég hafði gert mér hugmyndir um að koma leikskólafrv. fyrir Alþingi til meðferðar. Það var efnt til mikilla átaka um það mál á þeim tíma og endaði þannig að það náðist pólitískt samkomulag við þáv. og núv. hæstv. félmrh. um leikskólafrv. eins og við lögðum það fyrir á sínum tíma og það varð svo að lögum með samhljóða atkvæðum í þessari virðulegu stofnun. Það má því segja að um málið hafi verið allgóð samstaða, þ.e. um lagabókstafinn sem slíkan.

Síðan er þess að geta að það hefur ósköp lítið gerst í málinu að öðru leyti. Það hefur ekki fengist meira fé til uppbyggingar leikskóla. Það hefur ekki verið tekið á einstökum þáttum í innra starfi þeirra, t.d. með því að skipa umdæmisfóstrur eins og gert var ráð fyrir í gildandi lögum og að þær störfuðu við fræðsluskrifstofurnar. Það hefur einnig skort á það að mínu mati að málinu væri fylgt eftir með því að tekið væri á menntunarmálum leikskólakennara þannig að menntun þeirra yrði með afgerandi hætti flutt yfir á háskólastig eins og gerst hefur í grannlöndum okkar og sem í rauninni hlýtur að vera miðað við ef við ætlum að líta þannig á að leikskólinn sé hluti af hinu almenna menntunarkerfi í landinu.

Ég hlýt því í tilefni af þessu að inna hæstv. menntmrh. eftir því: Hvað er að frétta af nefndarstörfum sem ég hygg að séu í gangi á vegum menntmrn. varðandi menntunarmál leikskólakennarar og samhengi þeirra við önnur menntunarmál uppeldisstétta í landinu?

Fyrir nokrrum dögum kom það fram í umræðum hér, af einhverju tilefni sem ég man ekki svo glöggt, í máli hv. 18. þm. Reykv. að það væri nauðsynlegt að færa menntunarmál uppeldisstéttanna saman í eina skólaheild á einhvern hátt. Ég vil láta það koma fram að í þeirri áætlun um menntamál til nýrrar aldar sem við gengum frá árið 1991 var gert ráð fyrir þessu. Það var gert ráð fyrir því að menntunarmál uppeldisstéttanna yrðu færð undir einn uppeldisháskóla Íslands eða

hvað við nú kunnum að kalla þá stofnun. En kannski er það hægara ort en gjört að koma því á, ekki fyrst og fremst vegna leikskólakennarana heldur kannski ekki síst vegna sambýlis við Háskóla Íslands sem útskrifar núna mikinn fjölda kennara og einnig vegna þess að menn höfðu ekki þá frekar en nú, að ég hygg, gert sér nákvæmlega hugmyndir um það hvernig verkmenntakennarar yrðu menntaðir í okkar kennaramenntunarkerfi.

Þrátt fyrir lögin frá 1991 verð ég því að segja alveg eins og er að mér finnst hafa ríkt ákveðin stöðnun í þessum málum núna síðustu árin. Það hefur ekki verið sóknarflagg uppi fyrir leikskólauppbyggingu í landinu, því miður, frekar en reyndar önnur skólastig og það ber að harma.

Það frv. sem hér liggur fyrir er einnig bersýnilega niðurstaða af pólitískri málamiðlun þeirra flokka sem standa að núv. ríkisstjórn. Ég get út af fyrir sig sagt það að ég tel að sjálfsögðu að margt sé jákvætt í þeim hugmyndum sem hér er hreyft. Ég sé ekki betur en t.d. *sú áhersla sem birtist í* 1. gr. sé a.m.k. *mjög í mínum* anda, sem ég vil sjá og ég fagna henni. Þar er því slegið föstu, eins og reyndar var teiknað var upp til í gildandi lögum, að leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Ég tal að þetta sé mikill áfangi og ég óska hæstv. menntmrh. til hamingju með þessa niðurstöðu vegna þess að ég tel að hún sé mikilvæg. Þótt hún sé kannski ekkert annað en orð í dag þá er hún engu að síður mikilvæg inn í framtíðina og ég vil ekki síst óska hæstv. menntmrh. til hamingju með það að hafa náð þessum árangri í samningum sínum við hæstv. félmrh. og verð að játa það að hæstv. núv. menntmrh. nær meiri árangri í þeim efnum en ég gerði. Er það nú ekki algengt að ég beri með þessum hætti lof á núv. ráðherra og telji ég hann mér fremri á mörgum sviðum, ég játa það, ég tel hann mér fremri á þessu sviði og óska honum innilega heilla í þeim efnum og vona að það gangi eftir sem víðast í samskiptum mennta- og félagsmála. (**Menntmrh.:** Ég þakka.)

Varðandi önnur atriði frv. en 1. gr. vil ég víkja sérstaklega að 9. gr. frv. í IV. kafla, en þar segir neðst á bls. 2:

„Leikskólanefnd, kjörin af sveitarstjórn, fer með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórnar. Einn fulltrúi starfsfólks leikskóla og einn fulltrúi foreldra leikskólabarna eiga rétt til setu á fundum leikskólanefndar með málfrelsi og tillögurétti. Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986."

Ég tel að í rauninni hefði verið eðlilegt að slá því föstu í þessari grein, og ég mun kanna hvort það er fylgi við það í hv. menntmn., að hér verði því beinlínis slegið föstu að skólanefnd geti annast þessi verkefni. Að *skólanefnd geti annast þessi verkefni* þannig að það þurfi ekki þetta sérstaka og sérkennilega heimildarákvæði í síðasta málsl. 9. gr., sem er bersýnilega samkomulagstexti. En ég tel að í sjálfu sér sé textinn samt sem áður varasamur vegna þess að þarna er verið að gefa því undir fótinn að leikskólann sé hægt að reka í tengslum við félagsmálasviðið með skýrar hætti en kveðið er á um í 1. gr. frv. Ég tel því að síðasti málsl. 9. gr. rími ekki við 1. gr. frv. eins og hún lítur hér út.

Í þriðja lagi vil ég vekja athygli á því og gera það nokkuð að umtalsefni að það er gert ráð fyrir því að þetta kerfi sem hér er gerð tillaga um fylgi á eftir því kerfi sem menn hafa verið að tala um varðandi grunnskólann, þ.e. að öll skipulögð uppeldisstarfsemi á vegum opinberra aðila flytjist til sveitarfélaganna, bæði grunnskóli og leikskóli. Af þessum ástæðum eru fræðsluskrifstofurnar í raun og veru felldar út úr þessu frv. og hafa ekki sama hlutverk samkvæmt því og gert er ráð fyrir í gildandi lögum.

Í fyrsta lagi vil ég benda á það, hæstv. forseti, að það hefur engin ákvörðun verið tekin um að flytja grunnskólann til sveitarfélaga. Það er hvergi hægt að taka ákvörðun um það nema á Alþingi Íslendinga og sú ákvörðun hefur ekki verið tekin hér. Það liggur engin tillaga fyrir á Alþingi Íslendinga um það að flytja grunnskólann til sveitarfélaganna þannig að það eitt út af fyrir sig gerir það óeðlilegt að mínu mati að fara að sníða leikskólakerfið að hugsanlegum flutningi grunnskólans til sveitarfélaganna. Ég sé ekki að það séu nein rök fyrir því að taka fræðsluskrifstofurnar út eins og gert er ráð fyrir í frv.

Ég tel einnig vert, hæstv. forseti, að vekja athygli á því sem fram kemur í 5. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því lögfesta áfram þróunarsjóð til þess að stuðla að þróunar- og tilraunastarfi innan leikskólans. Ég tel ánægjulegt að áfram er gert ráð fyrir honum. Ég verð hins vegar að segja að ég hefði talið að það ætti að athuga það að festa viðmiðunartölu í 5. gr. vegna þess að eins og orðalagið er á 5. gr. þá er hægt að hugsa sér að sjóðurinn sé afgreiddur með 1 krónu, fræðilega séð, þó að það sé vafalaust ekki ætlunin. Ég hygg að það mundi styrkja lögin, ef þetta frv. verður að lögum, ef þarna væri tiltekin einhver viðmiðunartala. Ég tel að ákvörðunin um þróunarsjóð leikskóla hafi hjálpað mjög mikið til og það eigi að halda þessu þróunarstarfi áfram, en ég minni á að þessi sjóður var stofnaður með einfaldri ráðherraákvörðun. Fyrir honum voru engar lagaheimildir þegar ákvörðunin var tekin á sínum tíma og ég held að það þyrfti að styrkja lagagreinina um þennan þróunarsjóð aðeins frá því sem gert er ráð fyrir í frv.

Ég vék aðeins að því, hæstv. forseti, áðan að það hefði verið nokkur stöðnun í þeim málum sem lúta að leikskólanum á undanförnum árum. Ég held að það sé ekki nokkur leið að neita því að þau hafa mjög lítið hreyfst. Ég vil spyrja hæstv. ráðherra, eins og ég gerði um menntunarmálin sérstaklega, um gæðaeftirlitið sem gert er ráð fyrir í 6. gr. frv. Hvernig á að framkvæma þetta gæðaeftirlit? Það er gert ráð fyrir því að nú þurfi ekki lengur leyfi menntmrn. til að stofnsetja leikskóla heldur sé það eingöngu í höndum sveitarfélaga. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara að gera stórar athugasemdir við það á þessu stigi málsins, en það er gert ráð fyrir því í frv. að sett sé reglugerð um starfsemi leik-

skóla og í henni verði kveðið um gæðaeftirlit menntmrn. með starfsemi leikskóla, gerð áætlun um uppbyggingu leikskóla, samstarf leikskóla við foreldra og grunnskóla, um heilsugæslu, um öryggi barna, um lágmarkskröfu til húsnæðis og aðbúnaðar barna og starfsfólks í leikskólum að svo miklu leyti sem kjarasamningar taka ekki til þeirra atriða, um lengd daglegs dvalartíma barna í leikskólum, um aðstoð og þjálfun barna skv. 16. gr., um ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu leikskóla og starfssvið hennar og um starfsemi, húsnæði og starfsmannahald í leikskólum með sérstöku tilliti til fatlaðra barna sem þar dvelja. Það er alveg augljóst mál að eins og þessi grein er og miðað við þau verkefni sem eru ætluð ráðuneytinu, þá er ljóst að þau eru mikil, jafnvel þó að gert sé ráð fyrir því að hinar einstöku leyfisveitingar fari þaðan út. Þess vegna hlýt ég að inna hæstv. menntmrh. eftir því hvernig hann sér fyrir sér framkvæmd þessa gæðaeftirlits menntmrn. og hvaða aðstöðu og möguleika ráðuneytið hefur til að sinna þessu.

Eins og sakir standa þá hefur ráðuneytið einn starfsmann í leikskólamálum. Það er of lítið. Og þar hefur orðið fækkun. En spurningin er: Er það ætlun ráðherrans að styrkja leikskóladeildina, styrkja þessa starfsemi í ráðuneytinu þannig að 6. gr., ef samþykkt verður, standi undir nafni því að hún gerir það ekki með einum starfsmanni, það er útilokað, eða hvort ráðherrann hugsar sér að verkefnaráða starfsmenn eftir því sem framkvæmd þessara laga miðar áfram.

Ég endurtek það, hæstv. forseti, að þetta frv. vekur ýmsar spurningar. Það er ýmislegt jákvætt í því og annað sem vekur spurningar af öðrum toga. Ég ætla ekki að orðlengja um málið frekar. Hér er gert ráð fyrir því að fella út umdæmisstarfsmenn sem gildandi lög hafa og koma í staðinn á leikskólafulltrúum, jafnvel sameiginlegum leikskólafulltrúum sveitarfélaganna. Það er út af fyrir sig ágætt ef sveitarfélögin koma sér saman um það. Ætlar ráðuneytið að beita sér fyrir því að það verði til sameiginlegir leikskólafulltrúar á vegum nokkurra sveitarfélaga eða hvað?

Eins og ég gat um áðan, þá tel ég bersýnilegt að þetta frv. hafi svona heldur þróast í átt til menntmrn. frá því sem var þegar samkomulag var gert um þessi mál 1990/1991 og ég tel að það sé ástæða til að þakka fyrir það, sérstaklega stefnuyfirlýsinguna í 1. gr. eins og ég sagði áðan. Ég tel ástæðu til að vekja sérstaka athygli á því enda þótt svo kunni að vera að ráðherrann eigi ekki einn hólið því að ef ég man rétt, þá er a.m.k. einn stjórnarmaður Fóstrufélagsins á Alþingi og á sæti í hinum stjórnarflokknum.

Útbýting þingskjals:
Tóbaksvarnarlög, 586. mál, stjfrv., þskj. 926.

[14:35]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um leikskóla. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju minni með það að þetta frv. skuli líta dagsins ljós, en eftir því hefur verið beðið í töluverðan tíma. Nú er það hér til umræðu og því fagna ég og efalaust fleiri. Ég vona að þetta mál fái málefnalega umfjöllun í sölum Alþingis og verði afgreitt fyrir þinglok sem lög frá Alþingi.

Þetta ár er tileinkað fjölskyldunni eins og margoft hefur komið fram í fjölmiðlum og hér á Alþingi svo að það færi vel á því að lög um leikskóla litu dagsins ljós og kæmu til framkvæmda á því ári. Aðdraganda endurskoðunar þessara laga þarf ekki að rekja hér. Fyrir þinglok 1991 voru lög um leikskóla samþykkt og voru helstu nýmæli þeirra laga, eins og hefur komið fram, að leikskólinn var lögfestur sem fyrsta skólastig barnsins eða frá því að fæðingarorlofi lýkur og til sex ára aldurs. Og leikskólinn á að mynda samfellu við grunnskólanám barnsins.

Við setningu laganna 1991 greindi menn á hvernig fjármagna skyldi kostnaðarhlið ef lögin ættu að koma til framkvæmda. Margir töldu að það væri verið að ýta það miklum kostnaði yfir á sveitarfélögin í landinu og ríkisvaldið að fyrirséð væri að aldrei yrði hægt að uppfylla þær lagaskyldur sem verið væri að setja. Lögin voru síðan samþykkt án þess að fyrir kostnaðarhlutdeildinni væri séð með lögum um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Hæstv. menntmrh. hefur nú látið endurskoða lögin um leikskólann með tilliti til verkaskiptingalaganna þannig að saman fari frumkvæði, framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð. Þetta hefur tekist ágætlega að mínu viti í þessari endurskoðun. Í frv. eru gerð ítarleg skil á þessum þáttum í skýringum: Í fyrsta lagi markmiðum og uppeldisstefnu, í öðru lagi hlutverki ríkisins og í þriðja lagi hlutverki sveitarfélaga.

Helstu breytingar í þessu frv. frá núgildandi lögum eru:

1. Sveitarfélögin sjá alfarið um byggingu og rekstur leikskóla. Menntmrn. fer með yfirstjórn þessara mála.

2. Þeir sem hyggjast reka leikskóla þurfa leyfi viðkomandi sveitarfélags og er leyfisveitingin færð frá menntmrn. til sveitarfélagsins.

3. Lagt er til að sérstök leikskólanefnd eða sameiginleg nefnd leikskóla og grunnskóla fari með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórna.

4. Starfsemi leikskóla tengist skólaskrifstofum grunnskólaumdæmis en ekki fræðsluskrifstofum. Ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta er rekin samhliða eða í samvinnu við ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.

5. Fellt er niður ákvæði er kveður á um að menntmrn. sinni rannsóknaþætti á starfi leikskóla, heldur mun það falla undir verksvið Rannsóknastofnunar uppeldis- og menntamála.

Í 1. gr. I. kafla þessara laga stendur, með leyfi forseta:

„Lög þessi taka til starfsemi leikskóla. Leikskólinn er fyrsta skólastigið í skólakerfinu og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Er þá miðað við 1. september það ár sem börnin vera 6 ára. Leikskóli annast í samræmi við lög þessi, að ósk foreldra, uppeldi og menntun barna á leikskólaaldri undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi."

Þessi grein er að mínu viti mjög mikilvæg og mjög góð. Leikskóli er fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Hann er samt sem áður ekki skólaskylda. En megininntakið í 1. gr. er þetta: Barni skal bjóðast leikskólavist og hljóta þar uppeldi og menntun undir handleiðslu sérmenntaðs fólks í leikskólauppeldi.

Í umræðunni um leikskólamál í þjóðfélaginu er gjarnan sett samasemmerki milli þátttöku foreldra á vinnumarkaði og framboðs sveitarfélaga á leikskólarýmum. Venjulega eru þau rök notuð að leikskólinn þurfi að vera til staðar fyrir útivinnandi foreldra. Það er að *mínu viti ekki mergur málsins. Mergur málsins* er númer eitt: Leikskólinn er til fyrir börnin. Börn eiga að eiga kost á því að vera á leikskóla, óháð þátttöku foreldra á vinnumarkaðnum. Hann er fyrst og síðast til fyrir börnin. Síðan getum við talað um að það sé mjög gott fyrir foreldra sem eru útivinnandi að vita um barn sitt á öruggum og góðum stað. Það held ég að enginn deili um.

Lengi býr að fyrstu gerð er gjarnan notað á hátíðarstundum þegar leggja á upp mikilvægi menntunar og uppeldis og það á svo sannarlega við. Leikskólauppeldi er viðbót við uppeldi foreldra. Ég tel að það hvarfli ekki að nokkrum manni sem um þessi mál fjallar að uppeldi leikskólans og menntun sé eitthvað sem kemur í staðinn fyrir foreldrauppeldi. Foreldrar verða alltaf þeir sem fyrst og síðast bera ábyrgð á uppeldi síns barns. Leikskóli er þar sem hin besta viðbót. Rannsóknir sem gerðar hafa verið á þeim börnum sem dvalið hafa á leikskóla styðja það að þau börn séu betur búin undir sína grunnskólagöngu og lífið almennt heldur en þau börn sem aldrei njóta leikskóladvalar.

Það er mjög mikilvægt að hlúa vel að fyrstu æviárum barnsins. Aldrei á æviskeiði einstaklingsins verða eins mikilvægar breytingar og fyrstu sex til sjö æviárin. Leikskólar gegna því mjög mikilvægu hlutverki í okkar þjóðfélagi, í lífi barnsins og foreldra þess. Menntmrn. þjónar í þessu samhengi mjög mikilvægu hlutverki, en það fer með yfirstjórn málefna leikskóla. Það mótar þá uppeldisstefnu sem leikskólar vinna eftir og sinnir þróunar- og tilraunastarfi innan leikskólans. Uppeldisáætlun fyrir leikskóla, markmið og leiðir er það starf sem leikskólar landsins byggja sitt faglega starf á. Sú áætlun er námsskrá leikskólans sem hver leikskóli vinnur eftir samkvæmt því sem lög gera ráð fyrir.

Í kafla IV í frv. eru ákvæði um að sveitarstjórnir geti gefið öðrum aðila leyfi til reksturs leikskóla. Ég tel mjög mikilvægt í þessu samhengi að sú kvöð verði skýr á hendur sveitarfélaga að í einu og öllu verði farið eftir því megininntaki sem segir í 1. gr. frv. að við leikskólann starfi þeir sem eru sérmenntaðir í leikskólauppeldi. Það sé skýrt tekið fram með reglugerð að við viðkomandi leikskóla skuli starfa menntað starfsfólk til þess að leyfi sé veitt.

Ég tel einnig mjög mikilvægt að sveitarfélög sinni þeirri skyldu að meta á tveggja ára fresti þörf fyrir leikskólarými og í framhaldi gera áætlun um sína uppbyggingu í leikskólamálum. Að mínu viti hafa sveitarfélög allt of lítið sinnt því að gera heildstæða stefnumörkun með uppbyggingu leikskólans í huga. Því miður verður að segjast eins og er að allt of mikið er um að þessi mál fái vægi fyrir sveitarstjórnarkosningar og jafnvel alþingiskosningar, en svo detti botninn úr allri umræðu um uppbyggingarmál. Þetta þarf að breytast. Menn verða að meta þörfina eins og hún er og láta hendur standa fram úr ermum í uppbyggingu með þarfir barnanna í huga. Þetta er fyrst og fremst spurning um forgangsröðun verkefna eins og margt annað í okkar lífi. Biðlistar eftir leikskólaplássum eru víðast hvar gífurlegir og vantar þó nokkuð á að mínu mati að *sveitarfélögin uppfylli þessar skyldur.*

Í 9. gr. frv. er talað um að leikskólanefnd fari með málefni leikskóla í umboði sveitarstjórna. Þar skal eiga sæti fulltrúi foreldra og fulltrúi starfsfólks með málfrelsi og tillögurétt. Þetta ákvæði 9. gr. tel ég mjög mikilvægt. Leikskólar eiga að starfa í sérstakri nefnd. Sveitarfélögum er einnig gefinn kostur á að sameina tvær nefndir, t.d. leikskóla- og grunnskólanefndir. Það tel ég að sé mjög heppilegt form fyrir minni sveitarfélögin að þau geti sameinað leikskólanefnd og grunnskólanefnd vegna þess að einhver sveitarfélög koma til með að segja að vegna smæðar þeirra sé mjög erfitt að koma því fyrir að setja á stofn leikskólanefnd. En þarna fá þær kjörið tækifæri til að sameina tvær nefndir, leikskólanefnd og grunnskólanefnd, og það er ekkert annað en hið besta mál þó að ég telji að það sé mun mikilvægara að sveitarfélögin hafi eftir fremsta megni sínar sérstöku leikskólanefndir. Þetta er bara hið besta mál og í 9. gr. er skýrt kveðið á um það hvaða nefndir eiga að fjalla um málefni leikskólans.

Ég tel mjög mikilvægt, eins og kemur fram í 9. gr., að *gefa fulltrúum foreldra og starfsfólks kost á því* að sitja nefndarfundi. Þar með tengjast þeir þeim ákvörðunum sem skipta þá aðila yfirleitt mestu máli. Það er að mínu viti og margra annarra full þörf á því að gefa foreldrunum aukinn rétt á því að tengjast inn í umræðu um leikskólann þar sem allar stefnumótandi ákvarðanir varðandi leikskólann eru teknar. Þetta er einn hlekkur í því að virkja það samstarf sem þarf að vera milli foreldra og starfsfólks annars vegar og sveitarfélagsins hins vegar. Þegar leikskóla- og grunnskólanefndir starfa eins og ein nefnd, eins og nú er gert í nokkrum sveitarfélögum, myndast einnig heildstæð stefnumótun milli tveggja mikilvægra skólastiga hjá barninu. Í þessu felst sú stefna sem tekin var með lögunum um leikskóla frá því árið 1991 að leikskólinn sé fyrsta skólastig barnsins.

Ég vil einnig minna á það sem stendur í ákvæði *til* bráðabirgða að í lögum þessum tekur starfsheitið leikskólakennari til þeirra sem lokið hafa fóstrunámi. En fóstrur greiddu nýverið um það atkvæði að breyta starfsheiti sínu í leikskólakennara. Ég tel það vera eðlilegt framhald af því að nú tölum við um leikskóla sem samheiti yfir það sem áður var dagvistarheimili, barnaheimili og leikskóli. Þetta er nokkuð sem hefur ekki skilað sér úti í þjóðfélagsumræðuna. Það er allt of oft sem fjölmiðlar t.d. og ég hef jafnvel heyrt það á hinu háa Alþingi að menn eru að tala um dagvistarheimili, um barnaheimili, og það á ekkert við. Við tölum núna

um, og það gerðist með setningu laganna frá 1991, leikskóla, um leikskólarými, um leikskólastjóra, yfirmaður leikskóla er leikskólastjóri og það er eðlilegt að fóstrur noti orðið leikskólakennari.

Virðulegur forseti. Vissulega væri ástæða til að fara hér út í nánari umræðu um uppeldisgildi leikskóla og leikskóla sem menntastofnun. Það væri einnig ástæða til að fara enn frekar inn á umræðu um uppbyggingu og framtíðarmarkmið okkar með leikskólum. Það er allt of sjaldan að mínu mati sem þessi mikilvægu mál eru til umfjöllunar í sölum Alþingis en það bíður betri tíma.

Ég hef hér farið yfir það helsta í þessu frv. Ég vona að frv. fái málefnalega umræðu og verði afgreitt sem lög frá Alþingi fyrir þinglok.

[14:50]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð um þetta merka mál sem hér er á dagskrá. Ég vil byrja á því að lýsa ánægju með það að málið skuli vera komið fram á hv. Alþingi og tel að það sé í öllum aðalatriðum mjög gott mál og mun að sjálfsögðu í hv. menntmn. kynna mér það frekar. Á þessu stigi get ekki gert mér grein fyrir því hversu auðvelt það mun verða fyrir þingið að afgreiða það sem lög á þessu vori en miðað við það sem ég hef kynnt mér málið og hlustað á hv. þm. tel ég að það ætti kannski ekki að verða svo mjög umfangsmikið starf fyrir hv. nefnd að vinna að því.

Ég get í sjálfu sér tekið undir alla ræðu síðasta hv. ræðumanns, hv. 11. þm. Reykn., sem talaði af mikilli þekkingu um þennan málaflokk. Það var mjög ánægjulegt að hlusta á hana því að það er ekki svo oft á hv. Alþingi að við hlustum á fagfólk í þessari grein og má kannski segja að það hafi verið tími til kominn.

Hér er um við að fjalla um málaflokk sem að verulegu leyti heyrir undir sveitarfélögin hvað varðar alla uppbyggingu og rekstur, en þó er það ekki ómerkilegt hlutverk sem ríkið hefur hvað þennan málaflokk varðar, eins og það að sjá til þess að skólinn sé samfella og fullnægt sé lögum um leikskóla. Ég tók þá afstöðu þegar málefni leikskólans voru síðast til umræðu á hv. Alþingi að það væri rétt að leikskólinn félli undir málefnasvið menntmrn. og yrði þannig eins og fyrsta skólastigið á skólagöngu barnsins. Ég held að það hafi sýnt sig að það sé hárrétt og þetta frv. sem við höfum nú til umfjöllunar ítrekar enn frekar þann vilja.

Eins og hér hefur komið fram er það í sjálfu sér nokkuð misjafnt hversu vel sveitarfélögin standa sig í því að bjóða öllum börnum á leikskólaaldri upp á leikskólapláss. Því miður vantar nokkuð mikið upp á það í mörgum sveitarfélögum og kannski ekki síður þeim stóru að þar séu menn með háleit markmið, því miður. Mér segir þó svo hugur nú að þar sé vilji til að taka á málum og það er kannski vegna þess sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að það er farið að styttast nokkuð í sveitarstjórnarkosningar og fólk sem er í ábyrgðarstöðum í sveitarfélögum er að gera sér betur og betur grein fyrir því að þennan málaflokk má ekki vanrækja.

Mér er vel kunnugt um það sem landsbyggðarþingmanni úr litlu sveitarfélagi hversu mikilvægt það var fyrir grunnskólann þegar settur var á laggirnar leikskóli í sveitarfélaginu því þá vöndust börnin vinnubrögðum sem grunnskólakennarar fullyrða að sé ákaflega mikilvægt fyrir börn að þekkja þegar þau koma í grunnskólann. Agavandamál t.d. gerbreyttust og snarminnkuðu við það að börnin vöndust við það að fara í leikskólann áður en þau komu í grunnskólann. Þetta finnst mér vera dálítið athyglisvert að velta fyrir sér og þá er ég ekki að gagnrýna foreldra sérstaklega fyrir þetta, en það er mikilvægt að börn venjist því að höfð sé regla á hlutunum eins og er í leikskólum, bæði hvað varðar útivist, matmálstíma og annað slíkt. Það þjálfar þau í ákveðnum vinnubrögðum sem síðan nýtast í grunnskólanum.

Ég vil aðeins velta einu upp hér, kannski fyrir það að ég hef ekki kynnt mér málið nægilega vel eða geri mér ekki nógu vel grein fyrir því, en það er ákvæðið um skólaskrifstofurnar. Ég segi það alveg satt að ég veit ekki til þess að það séu skólaskrifstofur í hverju sveitarfélagi. Ég veit ekki hvað er átt við þarna. Ég veit að það er skólaskrifstofa í Reykjavík en þetta er ákvæði sem ég vil biðja hæstv. menntmrh. að útskýra fyrir mér. Samkvæmt 10. gr. skulu skólaskrifstofur í hverju sveitarfélagi hafa frumkvæði að því að eðlileg tengsl og samstarf verði á milli leikskóla og grunnskóla. Í litlum sveitarfélögum er ekki til neitt sem heitir skólaskrifstofa að því er ég best veit.

Í frv. er ákvæði um það að foreldrar fái meiri áhrif og það er af hinu góða. Það er annað sem er lagt niður með frv., ef að lögum verður, og það er ákvæðið um umdæmisfóstrurnar. Nú hefur það ekki komið til framkvæmda fram að þessu og var kannski ekki mikil von til þess að það gerðist en engu að síður er það ákveðin uppgjöf sem kemur fram í því að fella út ákvæði um umdæmisfóstrur. Hæstv. menntmrh. kom ekki mikið inn á það í sinni framsöguræðu hverjar ástæðurnar eru fyrir þessu og væri forvitnilegt að heyra frekar um það ef hann tekur aftur til máls.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta frv. Ég vil bara leggja áherslu á það að lokum hvað þetta skólastig er mikilvægt fyrir þjóðfélagið, fyrir barnið og ég vonast til þess að okkur gefist tími til að vinna málið til enda á þessu vori. Ég hlýt þó um leið og ég segi það að harma að málið skuli ekki vera fyrr fram komið.

[14:58]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Framkoma þessa lagafrv. undirstrikar það sem raunar var undirstrikað 1991 í lögunum sem þá voru sett að leikskólinn á að vera fyrsta skólastig barnanna og byrjar allsnemma á lífsferli þeirra, eins og við heyrðum einn ágætan hv. þm. segja hér áður. Það er ánægjulegt að sjá að nú er ekki lengur litið á leikskóla eða dagvistarstofnanir barna sem félagslegt úrræði því það var gert áður fyrr. Nú er þetta orðin leið til menntunar. Einungis þessi viðhorfsbreyting er mjög merkileg og mikils virði.

Hin samfellda leið á milli leikskólans og grunnskólans ætti að vera nokkuð auðfarin, en þó geri ég

mér grein fyrir því að t.d. í Reykjavíkurborg þarf að gera stórátak til þess að tengja leikskólana og grunnskólana þannig að börnunum verði eiginlegt að fara úr hinum litla verndaða heimi leikskólans inn í hinn miklu stærri og stundum afskaplega grimman heim grunnskólans og er það mál sem þyrfti að taka fyrir alveg sérstaklega hvernig á að bregðast við þeim vanda sem víða er í grunnskólum, sérstaklega stórum.

Markmiðsgreinarnar hérna eru allar býsna fagrar og raunar get ég verið sammála þeim öllum. Það stendur hér að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barnanna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna. Þetta er gott markmið en því miður dálítið fjarlægt vegna þess hve mikið vantar enn þá af leikskólaplássum. Og við vitum það allt í kringum okkur í borginni og raunar mjög víða annars staðar er mikill skortur á leikskólaplássum og þarf að gera stórátak til að hægt sé að ná þessu markmiði.

Það er fjarri því að ég vilji hafa á móti því að í frv. standi markmiðið að efla kristilegt siðgæði barnanna og leggja grundvöll að því að börnin verði sjálfstæðir, hugsandi og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Samt sem áður get ég ímyndað mér að þar sem leikskólar verða ekki allir reknir af ríkinu heldur af einstaklingum og félögum þá gæti hugsast að leikskólar yrðu stofnaðir af trúfélögum sem eru alls ekki kristnir, t.d. Vottum Jehóva eða einhverju því um líku og ef það yrðu það margir búddatrúar á Íslandi gætu þeir líka gert það. Þess vegna veit ég ekki hvernig á að snúast við þessu. Ég er afskaplega hrifinn af kristilegu siðgæði, þ.e. því siðgæði sem Jesús Kristur vildi innræta okkur, en ég held að það þurfi að athuga þetta mál, hvernig eigi að orða þetta þannig að lögin verði ekki brotin með því að veita hinum ýmsu hópum leyfi til leikskólarekstrar.

Það verður aldrei undirstrikað of rækilega hversu mikilvægt hlutverk leikskólinn hefur, hversu mikilvægt hlutverkið er að leiða börnin fyrstu sporin í samstarfi við foreldrana. Síðasta markmiðsgrein 2. gr. frv. „að rækta tjáningar- og sköpunarmátt barna í þeim tilgangi að styrkja sjálfsmynd þeirra, öryggi og getu til að leysa mál sín á friðsamlegan hátt" er háleit og afar nauðsynleg. Þessi markmiðsgrein er eiginlega undirstaðan undir því að við byggjum upp í framtíðinni samfélag sem er lífvænlegt og gott að vera í.

Ég er hrifin af þessari grein og las hana sérstaklega fyrir ykkur, líka vegna þess að ég verð svo oft vör við það að einmitt þetta hefur misfarist í öllu skólakerfinu. Börnin koma niðurbrotin og með skakka sjálfsmynd og vantraust á sjálf sig og leita því aðeins til þeirra meðala sem þau þekkja, þ.e. ofbeldis og ófriðar og náttúrlega líka vímugjafa. Þess vegna held ég að ef við bara næðum þessu síðasta markmiði í frv. þá værum við búin að ná stórkostlegum framförum á Íslandi.

Að yfirstjórn leikskólanna sé í höndum menntmrn. finnst mér harla gott. En mér finnst að þessi yfirstjórn leggi menntmrn. þó nokkuð miklar skyldur á herðar, ekki bara að stýra því sem það nú þegar hefur gert heldur að móta stefnuna í framtíðinni og byggja upp menntakerfið fyrir það fólk sem á að kenna í leikskólunum og raunar í öllum öðrum uppeldisstofnunum landsins. Þetta er stórt og mikið hlutverk. Það er ekki bara það að leggja fram fögur orð á blaði heldur eru miklar skyldur sem hæstv. menntmrh. er að leggja sjálfum sér og ráðuneytinu á herðar.

Ég tel að það sé af því góða að í leikskólanefndinni sé fulltrúi foreldra og fulltrúi starfsfólks. Báðir þessir aðilar þurfa að hafa heilmikið um þróunina að segja og hið innra starf stofnananna. Innra starf í leikskólum er geysilega viðkvæmt, merkilegt og raunar hægt að gera stórkostlega hluti í leikskólum með börnunum. Það liggur við að ég öfundi þá af að fá að fást við þetta.

Það stendur í 11. gr. að leikskólafulltrúar eigi að starfa í sveitarfélögum. Leikskólafulltrúinn á að hafa leikskólakennaramenntun og ég tel að það sé lágmarksmenntun sem leikskólafulltrúi eigi að hafa. Að öðru jöfnu ætti hann jafnvel að hafa heldur meiri menntun til þess að vera leiðandi á sínu svæði til framfara innan leikskólanna. Þess vegna er það lágmark að hann hafi leikskólakennaramenntun en helst þyrfti hann að hafa heldur meira.

Í 12. gr. stendur að leikskólastjóri og það starfslið er annast uppeldi og menntun barnanna skuli hafa menntun leikskólakennara. Þetta er markmið sem er langt í að við náum. Það er núna í nánast hverjum einasta leikskóla starfsfólk sem alls ekki hefur þessa menntun og við sjáum fram á að svo muni verða um einhvern tíma, ég veit ekki hvað mörg ár, kannski ætíð, en mér finnst að það ætti því að standa í þessari grein að öllu starfsliði leikskóla eigi að standa til boða uppeldisfræðsla eftir þörfum og við hæfi þess starfs sem viðkomandi vinnur. Ég vona að hæstv. menntmrh. skilji hvað ég er að fara af því að á meðan ekki eru leikskólakennarar í öllum störfum þar þá er lágmark að allt starfsfólk geti fengið einhverja fræðslu og menntun á þessu stigi. Það er auðvitað víða en það þarf að gæta mjög vel að þessu og efla þetta.

Í 15. gr. frv. stendur:

„Börn á leikskólaaldri sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun eiga rétt á henni innan leikskólans og undir handleiðslu sérfræðinga."

Og í 17. gr. stendur: „Leikskólar skulu þannig byggðir og reknir að þeir geti sinnt fötluðum börnum."

Þetta er í sjálfu sér alveg sjálfsagðar greinar en þær auka enn á skyldur ráðuneytisins og ábyrgð og sveitarstjórnanna sem eiga að annast rekstur þessara stofnana. Mér finnst að nánast allt þetta frv. og líka ákvæði til bráðabirgða þar sem stendur: „Í lögum þessum tekur starfsheitið leikskólakennari til þeirra sem lokið hafa viðurkenndu fóstrunámi" hníga að hinu eina og sama: að það þarf að koma á fót uppeldisháskóla á Íslandi. Ég er ekki að segja að það eigi að gerast á morgun en það þarf að stefna að því og sú stefna þarf að vera nokkuð traust og örugg og mætti gjarnan byrja sem fyrst að þreifa sig áfram í samstarfi þeirra stofnana sem að uppeldisháskóla mundu standa.

Ég álít að fóstrunám sé mjög gott nám. Þær fóstr-

ur sem ég hef kynnst, og ég hef kynnst þeim mörgum í þeim störfum sem ég unnið við um ævina, hafa yfirleitt verið vel færar manneskjur á sínu sviði og ég vil alls ekki rýra gildi þeirrar menntunar sem leikskólakennarar hafa í dag. En ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir þá leikskólakennara sem eru starfandi í dag og leikskólakennara framtíðarinnar að þeir eigi möguleika á að bæta við þekkingu sína og gera sig færari á sínu sviði. Ég er ekkert endilega viss um að það þurfi allir leikskólakennarar að vera með háskólamenntun, síður en svo. En ég held að það sé mjög mikið atriði að þeir eigi kost á að bæta við menntun sína og stunda rannsókna- og þróunarstörf á því sem ég mundi kalla háskólastigi. Því legg ég eindregið til að hæstv. ráðherra íhugi vandlega hugsanir mínar og orð um uppeldisháskóla.

Í heildina lít ég svo á að þetta frv. sé til bóta og það stefni í rétta átt. Ég vona að innan tíðar komist sem flest af þessum greinum til framkvæmda, ekki síst það að uppeldisaðstaða barna jafnist mikið meira en er í dag og að sú uppeldisaðstaða verði ekki bara á leikskólastigi heldur líka á grunnskólastigi. Það er þó annað mál sem ég mundi kannski koma að einhvern tímann seinna.

[15:13]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nokkur orð vegna þess sem hv. síðasti ræðumaður hv. 18. þm. Reykv., Guðrún J. Halldórsdóttir, sagði. Hún staldraði hér við markmiðin og var með athugasemdir við þau. Ég vil bara segja að ég tel mjög eðlilegt að þegar löggjafinn er að setja lög um, mér liggur við að segja allt, og ég tala nú ekki um eins og um leikskóla, um grunnskóla og það sem við erum að gera, að það séu sett fram háleit markmið sem við stefnum að að ná. Ég sé ekkert því til fyrirstöðu. Auðvitað gerum við okkur öll grein fyrir því að það verður mjög erfitt að ná fram öllum þessum markmiðum. En við hljótum að verða að setja okkur markmið til að stefna að. Það held ég að fari ekkert á milli mála. Ef ég skildi rétt þá hafði hún áhyggjur af því eins og þessu atriði „að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna", með leyfi forseta, vitna ég hér í frv. Ég held að þetta sé markmið sem leikskólakennarar treysta sér alveg til að ná, „...að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barnanna". Þetta leitumst við við með okkar starfi inni í leikskólanum að ná. Þetta er markmið sem við setjum okkur. Það eru hins vegar náttúrlega einmitt rannsókna- og þróunarstörf sem eiga kannski að meta það hvernig til tekst. Og „að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun." Kannski er þetta svolítið löng og erfið setning og leiðinleg, ég skal ekki draga það í efa. En þetta er bara mjög góð setning að öðru leyti, inntakið í henni. Stærsti hluti íslensku þjóðarinnar er í þjóðkirkjunni og sveitarfélögin reka leikskólana, við leitumst við að efla kristilegt siðgæði barnanna — ef einhver önnur trúfélög reka leikskóla þá koma þau sennilega til með að gera það í sínum anda og efla það siðgæði sem þau leggja mest út af í sinni trú.

[15:15]

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 11. þm. Reykn. virðist hafa misskilið mig hrapallega. Ég er nefnilega afskaplega hlynnt þessum markmiðum og það er síður en svo að ég sé að draga það í efa að við munum öll sem hér erum vinna að þessum markmiðum, ég vil gjarnan vinna að þeim líka. Þetta er mjög mikill misskilningur að ég hafi verið að draga þau í efa og vilji draga úr þessum markmiðum, síður en svo. Við stöndum einmitt saman í þessu.

Hvað viðkemur þetta með kristilega siðgæðið, sem ég undirstrikaði að ég væri mjög hlynnt í sjálfu sér, þá dró ég í efa úr því að það stendur hér í grein að það sé hægt að veita öðrum heimild til þess að reka leikskóla samkvæmt þessum lögum. Það var það sem ég rak augun í, ef aðrir sem ekki hafa sama viðhorf og við kæmu inn og ættu að reka leikskólann samkvæmt þessum lögum. Þetta er ekki að ég sé að setja út á þetta efnislega séð heldur er ég hrædd um að þessi tvö atriði geti stangast á.

En að halda að ég hafi viljað draga úr einhverjum af þessum markmiðum, það er síður en svo, þau mættu gjarnan vera jafnvel hærri.

[15:17]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa því yfir að ég er mjög ánægð með það að ég misskildi hv. þm. í þetta skipti og að hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir fagnar þessum markmiðum og telur þau góð. Þá erum við sammála um það.

[15:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og aðrar konur sem hér hafa talað fagna þessu frv. sem er komið fram. Það sýnir sig að með þessu frv., ef að lögum verður ... (**SvG**: Kom það mál að börnunum þá eða ...) Vegna frammíkalls, virðulegi forseti, þá get ég upplýst að því miður þurfti ég að bregða mér frá hér í hálftíma og kannski hafa einhverjir karlmenn tekið til máls á meðan en það er mjög algengt að konur taki hér til máls um þessi mál þannig að ég hef ekki heyrt í öðrum síðan ég kom hér inn aftur. En ég vona svo sannarlega að bæði hv. þm. og fleiri karlmenn hér taki einnig til máls um þetta og hafi áhuga á málinu.

En það eru ekki mjög gömul lög sem þetta frv. á að taka við af ef að lögum verður. Þau eru frá árinu 1991 þannig að ég fagna því að þessi mál skuli sífellt vera í endurskoðun. Það segir hér í athugasemdum við frv. að að samningu þessa frv. hafi komið allmargir því það hefur ekki verið eingöngu ráðuneytisfólk sem hefur verið að semja þetta frv. heldur verið fulltrúar frá hinum ýmsu aðilum, bæði Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Foreldrasamtökunum og Fósturfélaginu og síðan frá ráðuneytinu. Þannig að ég tel að hér hafi menn komið ýmsum þeim sjónarmiðum að sem nauðsynlegt er að fjallað sé um í slíku frv.

Ég vil einnig lýsa ánægju minni með að hér skuli

vera gert ráð fyrir ákveðinni tengingu við grunnskólann hugsanlega með sameiginlegri nefnd sem fjallaði um grunnskólann og leikskólann. Ég tel að það sé mjög nauðsynlegt að tengja þessi skólastig betur saman en gert hefur verið. Það hefur verið vísir að því að tengja þau saman, ég þekki það sjálf sem grunnskólakennari að leikskólabörnin koma gjarnan á síðasta ári áður en þau fara í grunnsklólann til kynningar í þann grunnskóla sem þau síðan eiga að vera í og kynnast starfinu, fá jafnvel að taka þátt í ýmsum uppákomum þar. Ég hugsa að þetta sé samt erfiðara í framkvæmd í stórum sveitarfélögum þar sem er fleiri en einn grunnskóli. Þetta er ekki mikið vandamál í minni sveitarfélögum þar sem er einn leikskóli og einn grunnskóli. En hugsanlega þarf að skoða framkvæmdina á þessu í stærri sveitarfélögum.

Markmið þau sem eru í 2. gr. þessa frv. eru mjög góð og samkvæmt því sem segir í athugasemdum með frv. þá eru þau nánast þau sömu og eru í núgildandi lögum og ég vil lýsa yfir ánægju með að ekki er nein afturför í því heldur jafnvel horft fram á við. Ég ætla ekki að fara neitt nákvæmlega í öll efnisatriði frv., það er búið að gera það mjög vel hér á undan mér. Ég vil þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir hennar framlag við þetta og einnig hefur hv. 18. þm. Reykv. farið mjög vel í gegnum þetta frv.

Nokkrar greinar hef ég þó aðeins staldrað við sem ég vil koma á framfæri athugasemdum við. Það segir í athugasemdum við frv. á bls. 6.:

„Með þessari breytingu er felld niður aðkoma ríkisins í öllu er varðar fjárhagslegan stuðning við rekstur og byggingu leikskóla."

Síðan segir aftur á móti í athugasemdum frá fjmrn., með leyfi forseta:

Fjárveiting til þróunarsjóðs leikskóla (liður 02 720 1.33) nemur 3,2 millj. kr. á fjárlögum 1994. Gert er ráð fyrir að hún haldist áfram en styrkir úr sjóðnum eru veittir árlega. Þá nemur fjárveiting til dagvistar fatlaðra forskólabarna (liður 02 750 1.40) 83,6 millj. kr. á fjárlögum 1994. Ekki er áformað að fjárveiting þessi breytist að sinni verði frumvarp þetta að lögum. Samið verður síðar við sveitarfélög um fjármögnun þessa verkefnis þegar grunnskólar og málefni fatlaðra færast til sveitarfélaga."

Mér finnst þarna nokkuð stangast á þar sem í athugasemdum segir að það sé felld niður aðkoma ríkisins í öllu er varðar fjárhagslegan stuðning við rekstur og byggingu leikskóla en jafnframt er síðan sagt að það muni halda áfram. Mér finnst reyndar mjög eðlilegt að þróunarsjóður leikskóla fái fjárframlag og það sé einnig veitt fé í dagvist fatlaðra forskólabarna. Það er þess vegna spurning til hæstv. menntmrh. hvernig hann útskýrir þetta misræmi hér.

Þá er einnig í 8. gr. þessa frv. kveðið á um að sveitarstjórnir eða sveitarfélög skuli ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti meta þörf fyrir leikskólarými og síðan gera áætlun til þriggja ára um uppbyggingu leikskóla. Það er í sjálfu sér eðlilegt að það standi en hins vegar segir hér um 8. gr. í athugasemdunum, með leyfi forseta:

„Sveitarfélög skulu ekki sjaldnar en á tveggja ára fresti meta þörf fyrir leikskólarými. Á grundvelli þess mats verði gerð áætlun til þriggja ára í senn um uppbyggingu leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi og skal við gerð hennar höfð hliðsjón af heildarhagsmunum sveitarfélagsins."

Það á sem sagt ekki að taka tillit til niðurstöðu könnunar á leikskólarýmisþörf og það á að taka aðallega tillit til og byggja áætlanir á heildstæðu mati á þörfum sveitarfélagsins, ekki á þörfum barnanna í sveitarfélaginu. Ég velti því fyrir mér hvort þarna sé verið að taka meira tillit til beinna þarfa sveitarfélagsins í e.t.v. einhverjum þeim málum sem ekki snerta hagsmuni barnanna þar sem það er ekki tilgreint hér. Jafnframt hafa sveitarfélögin samkvæmt núgildandi lögum átt að uppfylla það að hafa leikskólarýmisþláss fyrir börnin eða samkvæmt þeirri eftirspurn sem er og eiga að vinna að því að það náist á 10 árum. Þetta ákvæði er fellt niður núna í þessu frv. þannig að sveitarfélögin ráða því núna sjálf hve langan tíma þau taka í það að uppfylla þessa dagvistarþörf eða leikskólaþörf. Ég vil þá spyrja hæstv. ráðherra hvort eitthvað sé verið að draga úr þessu markmiði, þ.e. hingað til hefur það verið að það ætti að nást innan tíu ára en nú er það opið hversu langan tíma sveitarfélögin taka sér til þessa og hver sé þá réttlætingin á því að horfið sé frá því að setja eitthvað fast markmið á það.

Að öðru leyti sýnist mér þetta frv., eins og ég sagði í upphafi, sé af hinu góða og mjög gott að það skuli hér vera komið fram. Ég tel að það sé þörf á sífelldri endurskoðun á skólamálum og það sé ekki hvað síst þörf á því að endurskoða lög um leikskóla og setja sér þar markmið sem vinna á að því að lengi býr að fyrstu gerð. Það er mjög nauðsynlegt að þær skólastofnanir sem börnin fara fyrst í séu af þeirri gerð sem við viljum sjá þær.

Að öðru leyti hef ég ekki sérstakt að athuga eða spyrja um svona á fyrsta stigi.

[15:27]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka fyrir góðar undirtektir við þetta frv. bæði þeim konum sem hér hafa talað og líka karli fyrir málefnalegar umræður og góðar undirtektir við þetta mikilvæga mál.

Það eru aðeins örfá atriði sem mér sýnist ég þurfa að nefna og komið hafa fram hér í máli hv. þm. Hv. þm. Svarvar Gestsson taldi frv. bera með sér að um það hefði náðst pólitísk málamiðlun milli stjórnarflokkanna og óskaði mér raunar til hamingju með þann árangur sem ég hefði náð að mér skildist í baráttunni við hæstv. félmrh. Ég ætla nú ekki að fara út í neinn meting við hv. þm. um það hvort ég hafi náð meiri árangri í því en hann. En ég met hins vegar við hæstv. félmrh. að hafa fallist á að þetta frv. yrði flutt sem stjfrv. vegna þess að því er ekki að leyna að um það var nokkur ágreiningur.

Hv. þm. nefndi menntunarmálin og að þau skyldu færast á háskólastig, það væri það markmið sem við ættum að setja okkur og ég er því út af fyrir sig sammála. Til þess að svara spurningu hv. þm. um hvað

væri að frétta af nefndarstörfum varðandi kennaramenntunina þá hef ég svarað því nýlega í þinginu að nefnd sem falið var það verkefni að semja rammalöggjöf um kennaramenntun í landinu er u.þ.b. að ljúka störfum, er komin nokkuð fram yfir þann tíma sem henni var ætlaður, en ég hef skilið það svo að nefndin þurfti einfaldlega meiri tíma en upphaflega var gert ráð fyrir að hún þyrfti. Það mál er sem sagt að komast á lokastig og þar ætla ég að verði minnst á menntunarmál leikskólakennara eins og það heitir nú.

Hv. þm. og raunar fleiri hafa minnst hér á 9. gr. sem kveður á um stjórn leikskólans og hv. þm. Svavar Gestsson nefndi hvort ekki væri rétt að slá því föstu að skólanefnd gæti annast málefni leikskólans. Ég tel ekki þörf á að slá því föstu í lagagreininni að skólanefndinni verði falið þetta viðfangsefni. Ég tel eðlilegt að það sé viðfangsefni sveitarstjórnarinnar að ákveða það hvort hún felur skólanefnd að annast jafnframt stjórn leikskólans eða hvort kosin skuli sérstök leikskólanefnd eins og talað er um í greininni. Mér finnst eðlilegast að sveitarstjórnin sjálf kveði upp úr um það hvaða leið hún telur skynsamlegasta að þessu leyti. Það er ekkert sérstaklega verið að gefa undir fótinn með það að málefnum leikskólans verði stjórnað af félagsmálanefndum. Ég nefndi það í framsögu minni áðan að mér sýndist það ekki útilokað en það yrði þó að gæta ákvæðanna í greininni um aðild foreldra og starfsfólks leikskólans að nefndinni. En ef það er félagsmálanefnd þá er varla um það að ræða að þeir aðilar geti átt aðild að málinu nema þá eingöngu þegar rætt er um málefni leikskólans. Þetta ber að hafa í huga.

Ástæðan fyrir því að fræðsluskrifstofurnar eru felldar út úr þessu frv. frá því sem er í gildandi lögum er ekki sú að það liggi fyrir ákvörðun um að grunnskólinn flytjist yfir til sveitarfélaganna. Það er rétt hjá hv. þm. að Alþingi hefur ekki samþykkt neitt um það. Ríkisstjórnin hefur sett sér það markmið að grunnskólinn flytjist yfir til sveitarfélaganna 1. ágúst á næsta ári og það ákvæði mun verða í grunnskólafrv. sem væntanlega verður lagt fyrir Alþingi til kynningar nú á næstu dögum. Það er sem sagt ekki ástæðan og þarf ekki að ganga út frá því sem gefnu að grunnskólinn flytjist yfir til sveitarfélaganna. Það er eðlilegt að fræðsluskrifstofurnar komi ekki áfram að þessu máli þegar leikskólinn er alfarið kominn yfir til sveitarfélaganna sem hann í raun er með verkaskiptalögunum frá 1989 en nú er verið að hnykkja á því með því að flytja það sem eftir er til sveitarfélaganna og því ekki eðlilegt að málefni leikskólans gangi í gegnum fræðsluskrifstofurnar sem eru skrifstofur á vegum ríkisins, menntmrn. Það er sem sagt ástæðan.

Varðandi ákvæði í 5. gr., sem hv. þm. minntist líka á, um þróunarsjóðinn og tilraunastarf innan leikskólans, að hann taldi rétt að hafa þarna einhverja viðmiðunartölu. Má vel vera að viðmiðunartala væri æskileg í lögunum en nú er það eins og hv. þm. vita að það hlýtur að fara eftir afgreiðslu fjárlaga hverju sinni, hvað sem kann að standa í lögum, hverjar fjárhæðir verði veittar til þessara sviða sem annarra.

Hv. þm. spurði hvernig gæðaeftirlitið sem talað er um í 6. gr. yrði framkvæmt. Eins og segir í 6. gr. og hv. þm. rakti rækilega, þá er gert ráð fyrir að sett verði reglugerð um starfsemi leikskólans og að því verki komi Samband ísl. sveitarfélaga ásamt fulltrúum frá ráðuneytinu. Þarna er um mjög viðamikið atriði að ræða og eins og segir í athugasemdum við 6. gr., þá eru í greininni talin upp ýmis atriði sem kveða þarf nánar á um í reglugerð og upptalningin er að sjálfsögðu ekki tæmandi. Þarna eru sveitarstjórnum lagðar miklar og mikilvægar skyldur á herðar og þess vegna nauðsynlegt að fulltrúar þeirra komi að gerð tillagna um reglugerðarákvæðin. Ég get þess vegna ekki á þessari stundu kveðið upp úr með það hvernig þessi framkvæmd verður en um það verður kveðið á í reglugerð eins og segir í lagagreininni. Það er eðlilegt að setja fram stefnumiðin í lagagreininni en þau verða að sjálfsögðu nánar útfærð í reglugerðinni.

Þá spurði hv. þm. hvort ætlunin væri að efla leikskóladeildina í ráðuneytinu. Það er rétt sem hv. þm. sagði að í beinum störfum varðandi leikskólann er aðeins einn starfsmaður og sá starfsmaður vinnur af eljusemi og þekkingu að málefnum leikskólans. Ég sé ekki beina þörf á því að bæta sérstaklega við starfsliði í endurskipulagðri skrifstofu menntamála og vísinda þar sem málefnum leikskólans verður sinnt.

Hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir nefndi það að í 10. gr. væri talað um að skólaskrifstofur ættu að stuðla að eðlilegum tengslum og samstarfi leikskóla og grunnskóla, vildi vita hvað þetta þýddi þar sem skólaskrifstofur væru ekki í hinum fámennari sveitarfélögum. Skólaskrifstofa væri til í Reykjavík. Þær eru að vísu til í stærri kaupstöðum, fleiri en Reykjavík, en það er rétt að eiginlegar skólaskrifstofur eru ekki í hinum fámennari sveitarfélögum en þess vegna er það í greininni að talað er um sveitarstjórn annars vegar eða skólaskrifstofur. Þar sem ekki eru skólaskrifstofur annast sveitarstjórnin þessi eðlilegu tengsl. Á þessu er því mjög einföld skýring.

Varðandi ákvæðið um umdæmisfóstrurnar sem er í gildandi lögum en ekki í frv. þá felst ekki í þeim nein uppgjöf eins og hv. þm. Valgerði Sverrisdóttur sýndist. Það felst engin uppgjöf í því að hætt er við að ríkið eða ráðuneytið ráði sérstakar umdæmisfóstrur sem starfi á vegum ráðuneytisins eða ríkisins. Þetta er eingöngu til þess að innsigla það að þessi málaflokkur er nú alfarið í höndum sveitarstjórnanna og og ekkert starfslið á vegum leikskólanna verður beint ráðið af ríkisvaldinu eða starfar á þess vegum.

Hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir kom inn á nokkur atriði. Ég ætla ekki að hætta mér út í umræðu hvernig fer með að fullnægja ákvæðunum um að efla kristilegt siðgæði. Ég hef ekki trú á að það verði starfi leikskólanna til neinna trafala þótt þannig sé kveðið að og jafnvel ekki þótt einhver sérstakur trúflokkur sem ekki telst til þjóðkirkjunnar fengi leyfi til að starfrækja leikskóla. Ég verð að viðurkenna að ég þekki ekki svo nákvæmlega til allra trúflokka í landinu en ég hef ekki trú á því að einhverjir þeirra starfi þannig að í beinu ósamræmi yrði við þetta ákvæði löggjafarinnar. En ég viðurkenni að ég þekki það ekki nægilega vel.

Um 12. gr. nefndi hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir að það vantaði kannski inn í hana eða væri ástæða til þess að koma inn því ákvæði að öllu starfsliði leikskólanna, ég skildi hv. þm. þannig, að öllu núv. starfsliði sem ekki hefði þá menntun sem krafist væri nú í þessu frv., ef að lögum verður, yrði gefinn kostur á að bæta menntun sína. Mér finnst það að sjálfsögðu koma til greina og vera æskilegt markmið og væri alveg hliðstæða við það sem ráðuneytið vinnur að og Kennaraháskólinn sérstaklega varðandi menntun kennara eða leiðbeinanda sem svo heita nú og vilja leita sér frekari menntunar til þess að fá réttindi. Ég teldi æskilegt að stefna að því alveg eins og er með menntun grunnskóla- og framhaldsskólakennara.

Varðandi ákvæðin í 15. og 17. gr. um aðstöðu fatlaðra barna þá er þar gert ráð fyrir óbreyttum ákvæðum frá því sem er nú. Ég kem þá um leið inn á orð hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur sem taldi að þarna væri misræmi í frv. þar sem gert er ráð fyrir að áfram verði greitt fyrir dagvist fatlaðra barna af ríkisins hálfu. Það er rétt. Það er gert ráð fyrir því í þessu frv. að svo verði og á fjárlögum yfirstandandi árs eru þetta 83,6 millj. kr. sem er þátttaka ríkisins í umframkostnaði sveitarfélaganna við vistun fatlaðra barna á leikskólum. Ef þessu yrði breytt sem auðvitað kæmi til greina, þá yrði þar að semja sérstaklega við sveitarfélögin ef þau ættu að taka þennan kostnað alfarið á sig, þá þarf að bæta þeim það með einum eða öðrum hætti og yrði sem sagt að semja um það sérstaklega eins og ég sagði.

Ég sé að tíma mínum er lokið en ég vona að ég hafi komið inn á flest þau atriði sem hv. þm. sem hér hafa talað nefndu og ég ítreka þakkir mínar fyrir góðar undirtektir við þetta mál og það eykur mér bjartsýni á því að málið hljóti afgreiðslu þótt skammt lifi til þinghlés.

[15:42]

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins vegna orða minna um kristilegt siðgæði sem mig langar að útskýra hvað ég átti við. Ég átti aðeins við að það gæti verið að það yrðu hópar í samfélaginu sem alls ekki væru kristinnar trúar en rækju leikskóla og þá myndi þetta stangast á. Það gæti auðvitað verið jafngott siðgæði sem þeir væru að boða okkur.

[15:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta hafa verið ágætar umræður hér um leikskólann og ég er svo sem ekkert óvanur því að vera eina sýnishornið af karlkyninu sem tekur þátt í umræðum af því tagi. Hins vegar hefur það verið svo að það hafa verið tvö sýnishorn í þessum umræðum. Ég tel að það sé alveg sérstaklega ánægjulegt og veruleg aukning frá því sem var á síðasta kjörtímabili þar sem yfirleitt bara eitt sýnishorn af karlkyninu tók til máls. Þetta er framför, en eins og kunnugt er koma karlmenn með vissum hætti örlítið við sögu í sambandi við börn sem með leyfi forseta verður ekki rakið hér nánar.

Ég vildi aðeins vekja athygli á nokkrum atriðum sem fram hafa komið í umræðunni og sérstaklega vekja athygli á því sem hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir nefndi og mér hafði algerlega sést yfir. Ég er alveg sammála henni um það að þessi ákvæði í 8. gr. eru hortittur í frv. Auðvitað er það þannig að leikskólalög kveða á um leiðskóla og um hagsmuni barna. En það er ekki ástæða til þess að nefna það í leiðinni að það eigi að sjá um og taka tillit til hagsmuna sveitarfélaganna og atvinnuveganna almennt og guð veit hvað í leiðinni. Það er ekki gert t.d. í lögum um heilbrigðisþjónustu, af því að ég sé hér hv. 2. þm. Vesturl. ekki langt hér fjarri, að nefna í leiðinni að það standi í lögunum um heilbrigðisþjónustu: Já, það skal fjárfest í heilsugæslustöðvum hér og þar í landinu, enda verði tekið tillit til hagsmuna þjóðfélagsins. Þetta er hortittur hérna og á bara að fara út. Ég er alveg viss um að allir sanngjarnir menn eru sammála um það að þetta á ekki heima hérna. Sérstaklega er þetta slæmt vegna skýringanna líka sem fylgja í grg. um 8. gr. og eru neðst á bls. 7.

Í öðru lagi finnst mér líka að það ætti að staldra við 13. gr. sem er ekki stórmál en það er verið að segja þarna nánast sjálfsagða hluti. Það á þá að gera þetta aðeins ítarlegra ef ákvæðið er inni á annað borð þar sem stendur: „Leikskólastjóri skal halda reglulega fundi með starfsfólki um starfsemi leikskólans og velferð hvers barns.“ Þetta liggur nokkurn veginn í augum uppi að í sæmilegum leikskóla hlýtur þetta að verða gert og spurning er með hvaða hætti svona ákvæði er fyrir komið. Ég er ekki viss um að þetta ákvæði sé nákvæmlega eins og það eigi að vera þarna á þessum stað. Þetta gæti alveg eins átt heima í reglugerð.

Ég ætla þá aðeins að víkja að því sem fram kom í máli hæstv. menntmrh. Ég vil þakka honum fyrir þau svör sem hann veitti við mínum spurningum og þá fyrst varðandi það af hverju fræðsluskrifstofurnar fara út. Það er vegna þess, sagði ráðherrann, að sveitarfélögin taka þetta alveg yfir. Ég skil þau rök. Án þess að ég í sjálfu sér sé neitt ánægður með þau og þetta fyrirkomulag þá er þetta svona. Það virðist vera þannig að yfirgnæfandi meiri hluti á Alþingi sé á því að þetta eigi allt saman að vera 100% hjá sveitarfélögunum hversu misjöfn sem þau eru að getu og stærð. Það er auðvitað alveg augljóst mál að sum sveitarfélögin ráða mjög illa við það að reka þessa skólastarfsemi, leikskóla, hvað þá heldur að taka t.d. á sig grunnskóla eins og menn eru að tala um. Ég hef alltaf haft aðrar skoðanir á þessu máli en meiri hluti Alþingis þann tíma sem ég hef setið hér og hef fjallað um þessi mál. Ég hefði talið það langeðlilegast að grunnskólinn væri á vegum ríkisins en leikskólinn og framhaldsskólinn að hluta væru á vegum sveitarfélaganna. Ég hefði mjög vel getað séð það þannig fyrir mér að sveitarfélögin kæmu við sögu í sambandi við rekstur framhaldsskólanna. Ég held að ástæðan fyrir því að það hefur trosnað á milli atvinnulífs og skóla sé m.a. sú að framhaldsskólinn hefur verið dálítið einangraður í sínum byggðarlögum í seinni tíð. Ég tel að það væri betra fyrir þróun framhaldsskólans og tengsla atvinnulífs og skóla að framhaldsskólinn væri að einhverju leyti á vegum sveitar-

félaganna. Á sama hátt finnst mér eðlilegt að skólastigið sem er skylda sem allir verða að vera í, þ.e. grunnskólinn, sé á vegum samfélagsins, þ.e. ríkisvaldsins, með þeim hætti sem verið hefur.

Ég hef aldrei verið mjög hlynntur þessari reglustikuverkefnaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga en þetta eru allt sveitarfélög og ríki í einu og sama landinu og þess vegna hljóta auðvitað þessir aðilar að hafa margt sameiginlegt og vinna saman að margs konar verkefnum. Ég tel reyndar að það sé til bóta að ríki og sveitarfélög standi saman að margvíslegum verkefnum.

Ég vil einnig víkja að því, hæstv. forseti, að gallinn við þetta frv. er sá að það breytir engu þegar í stað að því er varðar leikskólann í landinu. Þetta eru í raun og veru frómar óskir og fagrar yfirlýsingar, en það er ekki t.d. peningalegt innihald í þessu frv. eins og það lítur út núna og þess vegna er ástæða til að hafa sömu áhyggjur af þessu frv. og því síðasta, sem varð að lögum, að málinu verði ekki fylgt eftir. En það er það sem skiptir máli. Það er framkvæmdin sem skiptir máli en ekki hin fögru orð á blaði lögbókarinnar. Því miður er það svo. Hins vegar er ljóst í umræðum í dag gagnstætt því sem var fyrir örfáum árum að það segjast allir vera sammála í þessu máli varðandi leikskóla og uppbyggingu leikskóla. Það segjast allir vera sammála því að leikskólinn eigi að vera almennt uppeldisúrræði í landinu og skóla- og menntunarúrræði í landinu. Það var ekki svo fyrir örfáum árum. Nú liggur það auk þess fyrir í sambandi við sveitarstjórnarkosningar sem fram fara í vor að það er bersýnilegt að þeir sem bjóða sig fram fyrir hina ýmsu flokka og hina ýmsu lista hér og þar að þeir eru með miklar áherslur og byggja upp miklar væntingar með íbúunum, t.d. með íbúum Reykjavíkur, varðandi uppbyggingu þessa skólastigs. Og til að svara þeim væntingum og áhyggjum sem t.d. Reykjavíkurframboðin eru með, þá er alveg óhjákvæmilegt að efla verulega t.d. menntun leikskólakennara og fjölga frá því sem verið hefur í þeirri stétt ef það á í raun og veru að tryggja um leið að starfsmenn hinna nýju leikskóla hafi fullgilda menntun til að vinna á þessu sviði. Þess vegna væri auðvitað þörf á því, hæstv. forseti, að setja leikskólafrv. í víðtækt þjóðfélagslegt og menntunarlegt samhengi. Það er það sem mér finnst að vanti í þessa umræðu, við hefðum þurft að fara yfir það hver er þörfin og hver verður þörfin á Íslandi vegna barnanna í fyrsta lagi. Í öðru lagi, hver verður þá þörfin miðað við þörf barnanna fyrir kennara og annað starfslið í þessum skólum, leikskólunum. Hver verður þörfin fyrir menntun leikskólakennaranna og endurmenntun þeirra líka því að það lærir enginn fyrir lífið með einu prófi lengur, menn eru að læra allt lífið eins og allir þekkja og hér hefur verið rakið, m.a. í ágætum athugasemdum og ræðu hv. 18. þm. Reykv.

Í framhaldi af þessu að menn hefðu metið þetta með börnin, menntunina, kennarana, þá áttu menn líka að meta kostnaðarþörfina og fara yfir þau mál í heild. Það kostar talsvert að koma á almennilegu leikskólastigi. Viljum við koma á almennilegu leikskólastigi? Allir segja já. Ef það er svo, eru menn þá tilbúnir til að ná í peninga til þess og hvaðan á að ná í peningana? Það eru í grófum dráttum þrjár uppsprettuleiðir hugsanlegar í því. Það er í fyrsta lagi ríkið. Það eru í öðru lagi sveitarfélögin og það eru í þriðja lagi foreldrarnir. Og á að tekjutengja greiðslur foreldranna eða ekki? Allt þetta verða menn að horfa á í einu víðtæku samhengi. Í stefnumótun okkar til nýrrar aldar í menntamálum tókum við á þessum málum öllum og ég held að það sé í raun og veru óhjákvæmilegt að setja upp sóknarflagg á ný í skólamálum ef þetta á að verða að einhverjum notum.

Ég vil að öðru leyti segja það að ég tel að umræðan hér hafi verið gagnleg og ég tel að það hafi verið mjög þarft sem hv. 18. þm. Reykv. benti á varðandi áhersluna á kristilegt siðgæði í 2. gr. frv. Það er fínt að hafa það inni. Það hefur enginn ágreiningur verið um það á Alþingi frá því að það var sett, þetta ákvæði nákvæmlega svona orðað í grunnskólalög 1974, enginn ágreiningur um það. Það var að vísu flutt tillaga um það af ekki mjög göfugum hvötum að mínu mati í upphafi, ekki sérlega kristilegum, en látum það nú vera. En alla vega er það svo að þetta er þarna inni og í leikskólalögunum líka. En við erum að flytja inn í landið í stórum stíl nýbúa og nýbúabörn og við viljum bjóða þau velkomin og við viljum bera virðingu fyrir þeim sem menningarverum, sem sjálfstæðum og stoltum mannverum, þá eiga þau auðvitað að geta byggt á sínum eigin siðferðilega grunni líka. Þess vegna getur verið hæpið ef allt of langt er gengið að setja stífa forskrift í lögum að þessu sambandi. Ég skildi hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur svo að hún varaði við því. Ég skildi líka hæstv. menntmrh. þannig að hann hefði ekki í hyggju að framkvæma þetta lagaákvæði með stífari hætti en gert hefur verið.

[15:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er varðandi ákvæðið í 8. gr. og það sem segir um hana í umsögn um frv. Það hefur komið nokkuð til tals hjá tveimur hv. þm. Það sem þarna er átt við það sem talað er um að við mat á könnun sem sveitarstjórn gerir um þörf fyrir leikskólarými í sveitarfélaginu, þá skuli höfð hliðsjón af heildarhagsmunum sveitarfélagsins. Þarna er ekki átt við annað en það að sveitarstjórn verður að meta þetta atriði í samhengi við aðrar þarfir sem sveitarstjórnin þarf að sjá fyrir. Sveitarstjórnin þarf að forgangsraða sínum verkefnum innan þess ramma sem hún hefur á sviði fjármálanna. Það er það sem þarna er átt við.

Hugleiðingar hv. þm. um hvort grunnskólinn eigi að vera verkefni ríkisins eða sveitarfélaganna eru út af fyrir sig athyglisverðar og ég skil hans rökstuðning. Ég met alveg hans skoðanir þó að ég sé þeim ekki sammála en það eru auðvitað rök út af fyrir sig að þar sem skólaskyldan er skuli hún kostuð af ríkinu. Þannig er það með grunnskólann. Mér þótti athyglisvert það sem hann sagði m.a. að framhaldsskólinn, ég skildi hann svo, kæmi þá kannski sterkar inn á svið sveitarfélaganna en hann gerir núna. Það held ég að verði einmitt þróunin þótt tíminn sé ekki nægilega þroskaður nú til þess að framhaldsskólinn komi fremur inn á svið sveit-

arfélaganna en hann gerir núna en nú er rekstur hans greiddur að fullu af ríkinu.

Hv. þm. sagði að gallinn við þetta frv. væri sá að það breyttu engu þar sem ekki væri neitt peningalegt innihald í frv. eins og ég held að hv. þm. hafi orðað það. Það er vissulega rétt og það er einmitt megingallinn á frv. sem varð að lögum 1991 þegar það voru lagðar mjög svo auknar skyldur á sveitarfélögin án þess að tekjustofnar fylgdu. Það er í sjálfu sér ekki verið að leggja auknar skyldur á sveitarfélögin núna með þessu frv. Skyldurnar voru komnar á sveitarfélögin með lögunum frá 1991 þegar ekki fylgdi eins og ég sagði sérstaklega auknir tekjustofnar en við þessu hafa sveitarfélögin brugðist með því að setja sér metnaðarfull markmið með að koma upp leikskólum eins og þarf, en auðvitað tekur það tíma fyrir þau, misjafnlega langan eftir aðstæðum.

Ég er alveg sammála hv. þm. Svavari Gestssyni að það þarf að setja þetta mál í menntunarlegt samhengi eins og hann orðaði það og það er auðvitað verið að gera það. Við erum að endurskoða kennaramenntunina í heild og við erum að endurskoða allt skólakerfið í landinu og þar með leikskólann og um það held ég að við þurfum ekki að deila að á því er full þörf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 1. umr.

Stjfrv., 551. mál (nýjar EES-reglur). — Þskj. 862.

[15:57]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum. Þegar frv. að þessum lögum, nr. 83/1993, var lagt fram á síðasta þingi, 116. löggjafarþingi, þá var gert ráð fyrir að það tæki til allra almennra tilskipana um gagnkvæma viðurkenningu, menntun og starfsþjálfun sem fylgja EES-samningnum. Hins vegar þótti þingmönnum óvarlegt að samþykkja frv. nema tekið væri fram til hvaða tilskipunar það tæki. Gildissvið frv. var þess vegna þrengt í meðferð þingisns þannig að lögin taka aðeins til tilskipunar 89/48/EBE sem fjallar um almennt kerfi til viðurkenningar á prófskírteinum sem veitt eru að lokinni sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi sem staðið hefur a.m.k. í þrjú ár. Breytinguna, sem hér er lagt til að gerð verði, þarf að gera til þess að lögin taki einnig til tilskipunar 92/51/EBE sem tekur gildi í sumar en sú tilskipun fjallar um annað almennt kerfi til viðurkenningar á starfsmenntun og starfsþjálfun til viðbótar tilskipun 89/48/EBE.

Breytingarnar sem frv. felur í sér frá gildandi lögum um þetta efni frá síðasta þingi eru þess vegna eingöngu fólgnar í því að það er bætt inn í lögin með þessu frv. hinni nýju tilskipun, þ.e. 92/51/EBE í 1. gr. laganna.

Í 2. og 3. gr. frv., í 2. og 4. gr. laganna, er eina breytingin sú að orðið „tilskipun" verður í fleirtölu þar sem nú er vísað til tveggja tilskipana í stað einnar áður.

Ég vísa að öðru leyti til athugasemda með frv., bæði nú og frá síðasta þingi, og legg til, hæstv. forseti, að málinu verði vísað til hv. menntmn. að lokinni 1. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 1. umr.

Stjfrv., 580. mál (heildarlög). — Þskj. 899.

[16:01]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um útflutning hrossa. Núgildandi lög um útflutning hrossa eru frá 1958. Þeim hefur verið breytt lítillega þrisvar, síðast með lögum nr. 40/1993. Við umræður um þá lagabreytingu í hv. landbn. kom fram að útgáfa útflutningsleyfa væri óþarflega margbrotin og í áliti nefndarinnar var því beint til landbrn. að lögin yrðu endurskoðuð í heild sinni. Það hefur nú verið gert og er frv. unnið í samráði við Kristin Hugason hjá Búnaðarfélagi Íslands, Halldór Gunnarsson hjá Félagi hrossabænda og yfirdýralækni. Frv. var lagt fyrir búnaðarþing sem mælti með samþykki þess. Búnaðarþing gerði athugasemdir við nokkur atriði í frv. og hefur verið tekið tillit til þeirra í því frv. sem hér liggur fyrir.

Með frv. er reynt að einfalda reglur um útflutning á hrossum og koma til móts við þá öru þróun sem orðið hefur á síðustu árum. Útflutningur hrossa hefur aukist mjög mikið og er nú veigamikill þáttur í tekjuöflun hrossaræktarinnar. Á síðasta ári voru flutt út rúmlega 2.400 hross en fyrir 10 árum voru flutt út 250–300 hross ár hvert.

Með þessu frv. er reynt að koma til móts við þessa breytingu án þess að slaka á þeim kröfum sem gerðar hafa verið. Gildir það um aðbúnað í flutningsfari, eftirlit með heilbrigði hrossa og tryggingu fyrir að innlendir ræktendur hafi forkaupsrétt á úrvalskynbótadýrum. Þá er ákvæðum um gjaldtöku fyrir útflutt hross breytt verulega og reynt að efla markaðsstarf í öðrum löndum.

Helstu breytingar og nýmæli frv. eru eftirfarandi: Landbrh. til ráðuneytis verði þriggja manna útflutnings- og markaðsnefnd og eiga Búnaðarfélag Íslands og Félag hrossabænda hvort sinn fulltrúa en ráðherra skipar formann án tilnefningar. Hlutverk nefndarinnar skal vera þríþætt en einna helst að vinna að frekari mörkuðum fyrir íslensk hross. Ekki er lengur gerð krafa um útflutningsleyfi fyrir hross, heldur einungis um upprunavottorð og heilbrigðisskoðun. Eina undantekningin frá því eru úrvals kynbótahross en innlend-

ir ræktendur hafa tímabundinn forkaupsrétt á þeim. Hrossaræktarnefnd Búnaðarræktarfélags Íslands metur árlega hvað telst úrvalskynbótagripur.

Breytt er reglum um heilbrigðisskoðun á útflutningshrossum þannig að hún getur nú farið fram í heimabyggð en ekki einungis í útflutningshöfn eins og nú tíðkast. Nánar verður kveðið á um framkvæmdina í reglugerð, en þessi breyting verður til hagsbóta fyrir þá útflytjendur sem búa fjarri útflutningshöfn. Ekki verður slakað á kröfum um aðbúnað og öryggi en í frv. er gert ráð fyrir að rýmka þann tíma sem heimilt er að flytja hross með skipum. Mikil breyting til batnaðar hefur orðið í öllum tæknibúnaði og flutningsför eru mun öruggari nú en þegar núgildandi lög voru sett. Gert er ráð fyrir að innheimta fast gjald á hvert útflutt hross. Hér er gerð tillaga um að upphæð gjaldsins verði 7.000 krónur og það renni í sérstakan sjóð í vörslu útflutnings- og markaðsnefndar. Sjóður þessi skuli standa undir kostnaði við útgáfu upprunavottorða, sem unnið er upp úr skýrsluhaldi Búnaðarfélagsins, og undir kostnaði við lögbundna heilbrigðisskoðun á útflutningshrossum. Fimm prósent af innheimtugjaldi skal renna í Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins og eftirstöðvum hvers árs verður úthlutað til markaðsmála. Gjaldtaka af útfluttum hrossum er nú með þeim hætti að útflytjendur greiða sjálfir fyrir upprunavottorð 55 þýsk mörk eða 2.310 kr. og dýralæknisskoðun um það bil 2.000 kr. Auk þess er greitt í Stofnverndarsjóð íslenska hestakynsins og sjóðagjöld. Verði þetta frv. að lögum verður hætt sérstakri innheimtu til Stofnverndarsjóðsins en sjóðagjöld áfram innheimt. Tekjur Stofnverndarsjóðs af útfluttum hrossum hafa verið 6,3 millj. kr. árið 1992 og um 4,5 millj. kr. árið 1993 samkvæmt bráðabirgðauppgjöri. Tölur milli ára eru ekki sambærilegar þar sem reglum um innheimtu var breytt á tímabilinu og gjaldið lækkað. Þó má ljóst vera að heildarinnheimta verður svipuð eða ívið lægri.

Hæstv. forseti. Ég geri mér grein fyrir því að þetta frv. er seint fram komið. Ég óska eftir því að málinu verði vísað til 2. umr. og landbn. og hún taki málið síðan til skoðunar og athugi hvort unnt sé að athuga það nú á þessu þingi eða hvort þurfi að bíða næsta þings.

[16:06]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég fagna því að þetta frv. er komið fram. Það er löngu tímabært að endurskoða lög um útflutning hrossa og ég vil í það minnsta fyrir mitt leyti gera það sem hægt er til þess að það náist að afgreiða þetta mál núna í vor. Og það hlýtur að greiða fyrir því að þingmenn landbn. stuðli að því, hin auðmjúku orð hæstv. ráðherra í niðurlagi hans ræðu þar að lútandi. Vissulega er ekki nógu gott að mál komi eins seint fram og þetta gerir ef það er meiningin að afgreiða þau.

Ég get í meginatriðum tekið undir það sem kom fram í framsögu hæstv. ráðherra. Ég vil þó nefna hér örfá atriði. Það er að mínu mati jákvætt og í raun ber okkur skylda til þess að skilja á milli á þann hátt að það sé ekki útflytjandinn sjálfur sem greiðir fyrir heilbrigðisskoðanir og það sem því tengist, heldur er það hlutverk hins opinbera, en það er síðan innheimt með þessu sérstaka gjaldi sem þarna er nefnt. Það er kannski þessi gjaldtaka sem við þurfum helst að skoða í þessu máli og hvernig þeim fjármunum verður varið. En samkvæmt því sem tekið er fram hér í frv. og greinargerð með því, þá er þessu gjaldi ætlað að mæta heilbrigðisskoðuninni og upprunavottorðinu, sem menn hafa greitt fram að þessu, og Stofnverndarsjóðnum, en síðan er gjaldinu í raun ætlað að fjármagna nýjan útgjaldalið sem er starf útflutnings- og markaðsnefndar. Þó kom það ekki glöggt fram í skýringu við frv. hvað menn telja að yrði í afgang til þessa starfs af þeim um 14 millj. sem þetta 7. þús. kr. gjald mundi skila miðað við núverandi útflutning og það væri nú æskilegt að fá eilítið nánari skýringar á því. En mér sýnist svona fljótt á litið að þetta verðum við að skoða því þessar 7 þús. kr. sem ætlað er að greitt sé fyrir hvert hross að viðbættum sjóðagjöldunum er upphæð sem er orðin hærri heldur en menn eru að greiða í dag fyrir þessa þjónustu.

Ég fékk upplýsingar frá einum af stærstu útflytjendunum á hrossum sem flytur út 630 hross og við fyrstu sýn væri hægt að ætla að heildargreiðslurnar lækkuðu ekki en að teknu tilliti til sjóðagjaldanna þá sýnist mér á öllu að þarna sé útflutningurinn að greiða meira en hann gerir í dag. En vel að merkja, eins og ég nefndi hér fyrr í ræðu minni, á móti kemur að hluti af fjármagninu á að renna í markaðsstarf. Það er út af fyrir sig æskilegt að við getum lagt meira í markaðsstarf á þessu sviði, en þá þarf líka að skoða vel hvernig það fjármagn nýtist og að það séu í raun allir jafnir gagnvart aðgangi að því eða réttara sagt gagnvart því að njóta góðs af því starfi sem er þá fjármagnað hjá markaðsnefndinni varðandi útflutninginn.

Ég vil einnig varpa því fram hér í umræðunni hvort mögulegt væri að fella sjóðagjöldin inn í þessa föstu upphæð, e.t.v. þyrfti þá að hækka hana eitthvað eilítið. Ég held að það væri á margan hátt, miðað við þessa grein sem er að framleiða fyrst og fremst eða í þessu tilfelli eingöngu fyrir útflutning, æskilegt ef það væri heimilt vegna annarra laga, en það þyrfti að skoða í hv. nefnd, hvort það væri heimilt að ákveða að sjóðagjöldin á útflutt hross verði bara föst krónutala á hross. Það er það sama og verið er að gera núna varðandi kynbótagjaldið til Stofnverndarsjóðsins. Í staðinn fyrir að vera prósentutala á útfluttar hryssur og stóðhesta þá er búið að ákveða að taka inn í þetta gjald fasta krónutölu á öll hross. Það tel ég vera jákvætt og velti því þess vegna hér upp hvort hægt væri að koma sjóðagjöldunum þarna inn líka þannig að skorið væri algjörlega á gjaldtöku sem er prósentvís við þennan útflutning.

Ég nefndi aðeins gjaldið til Stofnverndarsjóðs íslenska hestakynsins sem var, ef ég man, rétt 10–20% af söluverði á merum og stóðhestum. Ég hef nefnt það áður að ég tel jákvætt að það falli út enda er tekið fram hér að hann geti starfað áfram þótt ekki renni til hans nema sem svarar 350 kr. af útfluttu hrossi sam-

kvæmt því sem hér er upp gefið. Þessi sjóður er öflugur og það mun vera innstæða í dag upp á 28 millj. kr. Þannig að hann er ekki alveg á flæðiskeri staddur þó greiðslur til hans lækki enda tel ég tímabært að endurskoða reglur um hann því það hafa verið mjög deildar meiningar um ágæti sjóðsins og hvernig honum hefur verið beitt á síðustu árum. Það hafa reyndar komið fram hér í hliðarsölum tillögur um að e.t.v. ættum við að gera frekari breytingar þarna og leggja til að þessi sjóður verði notaður að einhverju leyti við stofnvernd íslenska hundsins. Það gæti komið ágætlega heim og saman við þá mynd sem menn hafa séð af manni á hestbaki í lopapeysu og íslenski hundurinn fylgir með þannig að þetta er kannski skyldara en margur ætlaði. En þetta er nú sagt hér utan dagskrár og e.t.v. frekar í gamni en alvöru.

Það þarf ekki að orðlengja það hér að við erum að ræða um vaxandi atvinnugrein og starfsumhverfi eins af vaxtarbroddunum í íslenskum landbúnaði. Það sem ég hef heyrt í hestamönnum og þeim sem stunda ræktun og útflutning á íslenska hestinum þá líta þeir björtum augum til framtíðarinnar og telja að með markvissu starfi geti tengst þessu uppbygging, ekki bara útflutningnum, ekki síður í tengslum við ferðaþjónustuna þar sem áhugafólk og hugsanlegir kaupendur íslenska hestsins komi hér heim og taki þátt í ferðalögum á hestum. En mér er sagt af þeim sem þetta stunda að það sé mjög vaxandi samband á milli þessara þátta.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég mun fyrir mitt leyti stuðla að því að við getum afgreitt þetta mál á þeim stutta tíma sem eftir er í vor. Það sem ég sé fyrst og fremst að þurfi að skoða betur og fara ofan í saumana á er þessi gjaldtaka. Þarna er vissulega um að ræða verulega fjármuni og það verði á allan hátt gengið þannig frá hlutunum að þessi breyting nýtist sem best og það fjármagn sem þarna kann að verða afgangs til markaðs- og sölustarfa verði nýtt á þann hátt að allir standi jafnt gagnvart því.

[16:17]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem við ræðum hér er mjög þýðingarmikill lagarammi, væntanlegur, utan um vaxandi atvinnugrein sem hefur verið að hasla sér völl á síðustu árum og er að verða stöðugt mikilvægari þáttur í okkar íslenska landbúnaði og ekki síður í íslenskum útflutningi. Sannleikurinn er sá að sennilega er óvíða sem við höfum séð jafnmikinn vöxt eiga sér stað í útflutningi eins og einmitt í hrossaræktinni og þess vegna skiptir mjög miklu máli að sá lagarammi sem þessi útflutningsgrein og þessi atvinnugrein þarf að búa við sé atvinnugreininni og útflutningsgreininni sem hagstæðastur og verði til þess að auðvelda þá mikilvægu útflutningsstarfsemi sem þegar er hafin og við sjáum mjög víða merki í íslensku þjóðfélagi í dag. Það er enginn vafi á því að þessi mikli vaxtarbroddur hefur verið að skila íslenskum landbúnaði mjög miklum og auknum tekjum sem honum hefur vissulega ekki veitt af en ekki síður hefur þessi útflutningsgrein orðið til þess að renna styrkari stoðum undir alls konar aðra atvinnustarfsemi í landinu sem einnig skiptir mjög miklu máli.

Mér sýnist í aðalatriðum að þetta frv. til laga um útflutning hrossa sem hér er lagt fyrir þingið sé í flestum atriðum mjög til bóta. Eins og fram kom í máli hæstv. landbrh. þá býr þessi útflutningur nú við lagagrundvöll sem er nokkuð gamall og er sniðinn að aðstæðum sem eru orðnar gjörbreyttar. Þessi mikli útflutningur á íslenskum hrossum til útlanda hefur vaxið svo mikið og breyst svo mikið og hefur haft í för með sér sókn inn á nýja markaði þannig að það er nauðsynlegt að endurskoða þennan lagaramma. Engu að síður er ástæða til að velta því fyrir sér og a.m.k. vekja á því athygli að þessi mikli útflutningur og þessi mikli vöxtur sem hefur orðið í útflutningi á hrossum hefur þrátt fyrir allt gerst í fyrsta lagi án mikilla afskipta hins opinbera og í öðru lagi þrátt fyrir að lagaramminn sé gamaldags og ekki í samræmi við þær kröfur sem atvinnugreinin gerir til lagalegs grundvallar sem hún þarf að búa við. Þetta er auðvitað mjög athyglisvert og nauðsynlegt að vekja athygli á og gæti örugglega verið okkur lexía um ýmislegt annað sem við erum að gera í okkar atvinnulífi.

Það sem er auðvitað athyglisvert og nauðsynlegt að nefna hér er að með þessu frv. er stigið skref í þá áttina að auðvelda og einfalda framkvæmdina við útflutning á hrossum. Það er í fyrsta lagi kveðið afdráttarlaust á um það í 2. gr. að útflutningur á hrossum sé heimill án sérstakra leyfa. Með öðrum orðum, leyfisbindingin er horfin og almenna reglan er frelsi til útflutnings og undantekningin er sem sagt leyfisbindingin. Í öðru lagi er reynt að greiða fyrir því að allt eftirlit sé með þeim hætti að það reisi ekki skorður við útflutningnum. Hér er gert ráð fyrir að heilbrigðisskoðunin geti farið fram af dýralækni í heimahéraði en eigi sér ekki stað við útflutningshöfn eins og núna er gert ráð fyrir. Síðan hefur verið reynt að einfalda alla leyfisbindingu og þar fram eftir götunum. Ég er hins vegar sammála hv. 6. þm. Norðurl. e. um að ég tel að það sé mest ástæða fyrir okkur að skoða það í hv. landbn. með hvaða hætti við ætlum að leggja sérstakt gjald á útflutninginn á hrossunum. Ég held að sú hugsun eigi fyrst og fremst að ríkja í þessum málum að gera þennan útflutning sem frjálsastan, sem auðveldastan fyrir bændur þannig að a.m.k. ekkert í lagasetningunni sjálfri verði til þessa að torvelda útflutning á hrossum.

Ég hef nokkrar áhyggjur af því að þetta fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til, þó það sé mjög til bóta frá því sem áður hefur verið, sé of þunglamalegt og kostnaðurinn við útflutninginn gæti orðið fullmikill. Ég held þess vegna að það sé nauðsynlegt fyrir hv. landbn., þar sem ég á raunar sæti, að við förum rækilega ofan í þetta með hrossabændum til að átta okkur á því hvort hægt sé að einfalda þetta fyrirkomulag enn frekar. Í þessu sambandi ber auðvitað sérstaklega að skoða bæði þetta 7 þús. kr. gjald og önnur gjöld sem við erum að tala um í þessu sambandi.

Mér er heldur ekki alveg ljóst af lagatextanum eða skýringunum hvað við gætum hugsanlega verið að tala

um í þessu sambandi varðandi markaðsátak. Það er gert ráð fyrir að afganginum af útflutningsgjaldinu verði varið til að standa undir markaðsstarfsemi. Í fyrsta lagi er mér ekki alveg ljóst hvort það sé vilji hrossabænda að standa þannig að þessum málum að markaðsstarfsemin fari fram á þessum nótum eða hvort menn vilja stunda þessa markaðsstarfsemi einir og sér. Það þarf auðvitað í fyrsta lagi að liggja fyrir og í annan stað hvort við erum hér að tala um slíka smáaura að það muni e.t.v. litlu skila.

Ég vil hins vegar í þessu sambandi segja að ég tel að hér þyrfti að takast meira samstarf milli útflytjendanna sjálfra og sendiráða Íslands, a.m.k. í þeim ríkjum þar sem útflutningurinn hefur á einhvern hátt skotið rótum. Ég nefni lönd eins og Þýskaland og Frakkland þar sem vissulega eru fyrir hendi miklir markaðsmöguleikar á útflutningi á hrossum. (**Gripið fram í:** Íslenskan sendiherra fyrir hesta.) Ég veit nú ekki hvort það sé rétt. Það mætti kannski frekar segja að leggja hrossunum til sendiherra þó það megi kannski segja sem svo að íslenski hesturinn sé mjög myndarlegur sendiherra fyrir íslensku þjóðina vegna þess að hann hefur með óbeinum hætti verið mikil kynning fyrir íslensku þjóðina. Það er nú ástæða til að nefna það alveg sérstaklega.

Og af því að hv. 6. þm. Norðurl. e. nefndi áðan að menn hefðu haft á orði að það séu tengsl á milli hrossaræktarinnar annars vegar og ferðamennskunnar hins vegar þá er það alveg augljóst mál. Í þessu sambandi er ástæða til að nefna það að í sumar verður landsmót hestamanna haldið á Hellu og menn reikna með miklum fjölda útlendinga hingað til lands til að fylgjast með þessu. Samkvæmt upplýsingum sem ég hef fengið frá einum góðum hrossabónda, Andersi Hansen á Árbakka á Landi, þá er áætlað að ferðamenn sem koma til Íslands fyrst og fremst vegna kynna af íslenska hestinum séu nú taldir vera um 5.500 á ári hverju. Og miðað við meðaleyðslu hvers erlends ferðamanns má áætla að þessir ferðamenn skilji eftir á Íslandi um hálfan milljarð kr. Gjaldeyrissköpunin vegna tengsla hestsins og ferðamennskunnar er með öðrum orðum allt að hálfur milljarður kr. Þannig að hér er auðvitað mjög þýðingarmikill þáttur í þeirri almennu aukningu á ferðamennsku sem við flest viljum sjá gerast hér á landi.

En vegna þess að við erum að tala hér um útflutning á hrossum þá er ekki úr vegi og raunar nauðsynlegt að nefna það að á því hefur verið vakin athygli að því miður hafi ekki tekist í hinum annars ágætu EES-samningum að tryggja frjálsari aðgang íslenska hestsins inn á markaði Evrópu. Eftir því sem ég hef upplýsingar um þá er það svo að það þarf að greiða um 25% innflutningsgjald eða toll eða hvað menn vilja kalla það þegar menn flytja hesta til Evrópu. Það sjá það auðvitað allir að þetta eitt og sér torveldar mjög útflutning á hrossum inn á þennan markað. Þess vegna vildi ég leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann sjái einhverja möguleika á næstunni á því að taka upp þetta mál sérstaklega við Evrópubandalagið á grundvelli EES-samningsins eða með einhverjum þeim öðrum hætti sem gæti orðið til þess að efla þessa mikilvægu útflutningsgrein.

Ég nefndi hér áðan töluna 500 millj. kr. bara vegna tengsla hestanna og ferðamennskunnar, en það mætti auðvitað nefna það líka í þessu sambandi að talið er að salan á hestum til útlanda skapi okkur 500 millj. kr. í auknar gjaldeyristekjur. Þá erum við ekki að ræða um þær afleiddu tekjur sem eru af hrossabúskapnum fyrir þjóðarbúið í heild vegna þess að það er margs konar önnur atvinnustarfsemi sem tengist þessu. Það eru bændur, það eru tamningamenn, það eru eigendur hestaleiga, bílstjórar, verslunarmenn o.s.frv. Þannig að hér er auðvitað um að ræða gríðarlega mikla hagsmuni sem eru í húfi. Og einhvern veginn er það þannig að fram undir þetta hafa menn kannski haft svolitla tilhneigingu til þess að taka hestamennskuna og hrossaútflutninginn ekki alveg fullkomlega alvarlega. Menn hafa kannski ekki alveg litið á þetta sem alvörubúgrein þó það sé sem betur fer að breytast þegar menn fara að átta sig á því hvað hér er um að ræða stórkostlega atvinnugrein sem hefur svona mikla vaxtarmöguleika. Kunnugir telja að við séum rétt einungis að byrja í því mikla ævintýri sem fram undan gæti verið í útflutningi á hestum og möguleikarnir á nýjum mörkuðum séu ótalmargir.

Þess vegna vildi ég ítreka þessar spurningar til hæstv. landbrh. hvort hann telji í þessu sambandi að unnt sé að greiða enn frekar fyrir útflutningi á íslenskum hrossum með því að taka upp viðræður við Evrópubandalagið um þetta sérstaka innflutningsgjald. Í annan stað vildi ég gjarnan heyra álit hæstv. landbrh. á því að íslensk utanríkisþjónusta taki virkari þátt í því að efla markaðsstarfsemi á erlendri grundu fyrir íslenska hestinn þar sem markaðir virðast vera fyrir hendi en á skortir að við höfum afl til að standa að þeirri bráðnauðsynlegu kynningarstarfsemi sem er forsendan fyrir því að við getum eflt þessa útflutningsgrein okkar.

Virðulegi forseti. Ég kaus í 1. umr. um þetta frv. að fara dálítið út um víðan völl og ræða þetta mál almennt vegna þess að hér er verið að leggja til frv. að lögum sem er lagagrundvöllur fyrir þessa útflutningsstarfsemi. Ég tel að það sé nauðsynlegt að sá lagaramma sé sem almennastur og frjálslyndastur fyrir starfsemina til þess að það verði hægt að efla hana á næstu árum. Við Íslendingar þurfum á því að halda að efla okkar útflutningsstarfsemi og hér sýnist manni vera um að ræða raunverulegan og góðan vaxtarbrodd sem þarf að hlúa að. Ég tel að í öllum meginatriðum sé gengið í þá átt með þessu frv. Ég hef hins vegar af því nokkrar áhyggjur, svo ég dragi þetta nú allt saman, að enn þá standi eftir einhverjir hnökrar sem við gætum lagfært í meðferð þingsins. Ég tek undir það með hv. 6. þm. Norðurl. e. að okkur ber að reyna að hraða þessu máli um leið og við vöndum alla efnislega vinnu við það í hv. landbn.

[16:30]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég hygg að skýringarinnar á því að innflutningsskattur er á hrossum í löndum Evrópu-

bandalagsins sé m.a. að leita í því að í janúarmánuði 1991 var tekin sú ákvörðun að Íslendingar tækju ekki átt í viðræðum um landbúnaðarmál þegar samið var um hið Evrópska efnahagssvæði. Það var gert í orði kveðnu til að knýja á um að tillögur kæmu fram um sjávarútvegsmál sem er skýringin á því að í lotunni fram eftir því ári komum við Íslendingar ekki að okkar athugasemdum í sambandi við landbúnaðarmálin né þeim sérstöku kröfum sem við höfðum fram að færa. Þegar þessi mál voru síðan tekin upp á nýjan leik haustið 1991 tókst okkur að ná fram nokkrum leiðréttingum, t.d. í sambandi við garðyrkjumálin. Landbúnaðarráðherra Þjóðverja, Kiechle, var okkur mjög vinsamlegur. En ég hygg að það kunni m.a. að vera skýringin á því að ekki tókst að ná þessum málum fram. Eins og málin lágu fyrir eftir stjórnarskiptin, og það er nauðsynlegt að hafa í huga, var búist við því að samningarnir um Evrópska efnahagssvæðið næðu fram að ganga á miðju ári 1991. Við vorum þá í rauninni komnir í ákveðna kreppu, ákveðna stöðu í landbúnaðarmálunum og fram hjá því verður vitaskuld ekki horft þó okkur hafi tekist að ná fram þýðingarmiklum leiðréttingum á sumum sviðum.

Ég vil í annan stað segja þegar við tölum um 7 þús. kr. gjaldið þá er verið að tala um hámarksgjald eins og stendur í lögunum. Það er talað um að ráðherra sé heimilt að leggja allt að 7 þús. kr. gjald á hvert útflutt hross og breytist það árlega. Maður getur auðvitað velt því fyrir sér hvort ástæða sé til að miða við þessa tölu eða kannski einhverja lægri. Ég held að aðalatriðið í sambandi við þetta frv. sé að á bak við það liggur mikil vinna og skoðanaskipti og hér er í grófum dráttum farin sú leið sem hrossabændur og hrossaútflytjendur sjálfir vilja fara. Eins og hv. þm. komst að orði þá hefur náðst verulegur árangur einmitt á þessu sviði. Útflutningshagsmunir okkar eru gífurlegir bæði beint og óbeint og þess vegna hygg ég að við eigum að reyna að fara þær leiðir að þessi útflutningsgrein geti ráðið sér sem mest sjálf þó við á hinn bóginn hljótum að gera ráðstafanir til þess að hið opinbera geti með útgáfu heilbrigðisvottorða og með öðrum hætti staðið á bak við eðlilega starfsemi og þær kröfur sem til ríkisins hljóta að vera gerðar.

Ég vil leggja áherslu á að hlutverk Stofnverndarsjóðsins — ég man ekki hvort það eru fleiri hestar af íslensku bergi brotnir í Þýskalandi eða á Íslandi eins og nú er komið, en hitt liggur auðvitað ljóst fyrir að þegar við erum að verja þessa hagsmuni og þegar við erum að tala um íslenska hestinn þá verðum við að hafa metnað til þess að upprunalandið geti staðið undir þeim kröfum sem til þess verður að gera. Þess vegna hygg ég að við verðum að leggja meiri rækt og meiri áherslu á kynbótastarfið en við þó höfum gert og einn þáttur í því er að nú er í athugun að efla þann þátt skólastarfsins á Hólum sem lýtur að hrossaræktinni og með öðrum ráðstöfunum að finna fjármuni til að efla rannsóknastarf og ræktunarstarf íslenska hestsins í víðasta skilningi þess orðs.

Ég vil svo, herra forseti, þakka þær góðu undirtektir sem frv. hefur fengið og legg áherslu á að við munum að sjálfsögðu gera það sem í okkar valdi stendur til að reyna að ná samningum um að fella innflutningsgjöldin í Evrópubandalaginu niður. Ég hef líka orðið var við að ýmsir embættismenn utanrrn. eru miklir áhugamenn um íslenskan landbúnað. Í sumum tilvikum kannski um of. Og ég veit að ef öll sú mikla orka mundi fara til markaðsstarfs erlendis þá gætum við a.m.k. verið fullvissir um að atorkuna vantaði ekki.

[16:36]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra kom með stöðluð viðbrögð þegar talið barst að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði og landbúnaðarmálin. Ég ætla ekki að fara í neinar þrætur við hæstv. ráðherra um það en í framhaldi af orðum ráðherrans hlýt ég hins vegar að bera fram eina spurningu. Hún er sú hvort hæstv. ráðherra hafi á haustmánuðum árið 1991 og í framhaldi, áður en gengið var frá samningnum, gert tilraun til að fá lækkun á þessum tolli á hross flutt inn til Evrópulanda.

[16:37]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég skal ekki segja um það hvort það séu stöðluð viðbrögð eða ekki. Spurningin er stöðluð og mótið er staðlað og þá hlýtur það sem út úr því kemur að vera líka staðlað. Það liggur fyrir að fulltrúar Íslands mættu ekki á þeim samningafundum sem fjölluðu um íslensk landbúnaðarmál. Það liggur fyrir. Það var ákvörðun síðustu ríkisstjórnar, það var gert á hennar ábyrgð og það er ástæðan fyrir því að Íslendingum gafst ekki færi á né tækifæri til að koma að athugasemdum við einstök atriði. Þetta liggur allt ljóst fyrir. Samningarnefndarmennirnir íslensku komu að landbúnaðarmálunum eftir stjórnarskiptin, það var sú krafa sem ég lagði fram á ríkisstjórnarfundi strax í maímánuði 1991 og mér er ekki kunnugt um annað en að þeir hafi með öllum hætti, í þessu sem öðru, reynt að verja íslenska hagsmuni og ná niður þeim tollum sem þá voru. Auðvitað athuguðu þeir líka hvort þeir gætu þrýst á hagsmuni okkar í sambandi við íslenska hestinn.

[16:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í sjálfu sér þjónar engum tilgangi í þessu tilfelli að þræta stöðugt um það liðna. Það var út af fyrir sig slæmt að hæstv. ráðherra skyldi ekki einu sinni geta látið hjá líða í annars málefnalegri umræðu um samstöðumál að taka upp þennan staðlaða kafla sinn sem hann hefur flutt hér hvað eftir annað.

Ég er ekkert viss um þegar við lítum á feril þessarar ríkisstjórnar varðandi landbúnaðarmál og berum saman við þá síðustu að það halli nú mikið á. Staðreyndin er sú að meðan þessi ríkisstjórn hefur setið hefur ekki náðst innan ríkisstjórnar samstaða um eitt einasta brýna, stóra hagsmunamál íslenskra bænda. Þar hefur verið stöðugur eldur og ófriður. Ég sæi það fyrir mér að við þær aðstæður hefði til að mynda tekist að

gera nýjan búvörusamning eins og tókst þó í síðustu ríkisstjórn og var þó sami hæstv. utanrrh., án þess að ég ætli að fara að verja hann sérstaklega. Enda er það staðreyndin að það sem hefur gerst í þeim málum í tíð núv. ríkisstjórnar er að það hefur bara verið talað. Hæstv. ráðherra er búinn að tala um það bráðum í þrjú ár að það þurfi að endurnýja búvörusamninginn. En það er ekkert gert.

Þannig að ég vil beina því til hæstv. ráðherra að hann líti nú á verk núv. ríkisstjórnar, þegar við ræðum um landbúnaðarmálin, en horfi ekki stöðugt til fortíðar sem því miður virðist verða það sem eftir standi þegar eftirmæli þessarar ríkisstjórnar verða gerð, að hún hafi fyrst og fremst horft til fortíðar en vanrækt algerlega það sem snýr að framtíðinni.

[16:41]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég á svolítið erfitt með að skilja tóninn í ræðu hv. þm. Það stóð þannig á að hv. 3. þm. Vestf. lagði fyrir mig spurningu og ég taldi rétt að svara henni eins og efni stóðu til og það verður þá að hafa það þó það hafi farið í taugarnar á hv. þm.

Hitt þykir mér hins vegar athyglisvert, ef ég á að taka mark á þeirri yfirlýsingu þingmannsins, að samningar landbúnaðarins við hið Evrópska efnahagssvæði eins og þeir lágu fyrir við stjórnarskiptin hafi verið betri en þeir sem við þó náðum. Það eru nýjar upplýsingar og að sumu leiti fróðlegar. (**JGS:** Ég sagði það ekki.) (**Gripið fram í:** Það er útúrsnúningur.)

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 1. umr.

Stjfrv., 579. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 898.

[16:42]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir var lagt fram á síðasta þingi með örlítið öðru orðalagi. Eins og ég mun gera grein fyrir þá var það komið til 2. umr., einungis var eftir að greiða atkvæði. Ég vil láta í ljós óskir og vonir um að, þó það sé svo seint fram komið nú, þá muni landbn. taka því greiðlega og afgreiða það svo það geti orðið að lögum nú á þessu vori.

Eins og frv. var lagt fram á síðasta þingi var fyrri málsliður þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Landbúnaðarráðherra er heimilt að semja við Stéttarsamband bænda um önnur fráviksmörk greiðslumarks en um getur í 3. mgr. fyrir landsvæði þar sem sérstök ástæða þykir til gróðurverndar eða uppgræðsluaðgerða ...“ Hér er stungið inn: „fyrir landsvæði eða einstök lögbýli“.

Við teljum að þetta sé greiðara og betra og gefi meiri möguleika til að ná árangri. Tilgangurinn með þessu frv. er að sjálfsögðu tvíþættur. Annars vegar sá að stuðla að því með jákvæðum hætti að verja svæði sem eru viðkvæm gróðurfarslega og hvíla landið. Bændum verði tryggt að þeir haldi framleiðslurétti á sínum jörðum og hér er talað um að þeir geti að hluta til eða að öllu leyti horfið frá sauðfjárbúskap en í stað þess tekið upp störf við gróðurvernd og uppgræðslu og haldið þá beingreiðslunum.

Þetta mál hefur verið rætt við stjórn Stéttarsambands bænda og hún er hlynnt því að málið verði tekið upp með þessum hætti. Síðan er hér bætt við setninguna: „að höfðu samráði við umhverfisráðherra.“ Verður setningin þá „... þar sem sérstök ástæða þykir til gróðurverndar eða uppgræðsluaðgerða að höfðu samráði við umhverfisráðherra.“

Ég geri nú að vísu ekki ráð fyrir að umhvrh. geri athugasemdir þótt landbrh. meti það svo að einhvers staðar sé þörf á sérstökum aðgerðum til gróðurverndar eða til að græða upp land. Þannig að þessi setning er þess vegna ekki nema til fyllingar og má raunar minna á að skírskotað er til umhvrh. á öðrum stað í búvörulögunum sem virðist hafa verið samkomulag sem gert var í tíð síðustu ríkisstjórnar þegar ákvörðun var tekin um að Borgaraflokkurinn fengi þetta ráðuneyti. Við sjálfstæðismenn vorum eins og ég býst við að hv. þm. muni andvígir þeirri breytingu og töldum ekki þörf á sérstöku umhvrn.

Hér er enn fremur gert ráð fyrir því að framleiðendur sem náð hafa 67 ára aldri eða hafa skerta starfsgetu vegna örorku geti náð sambærilegum samningum og bændur á svæðum sem eru viðkvæm gróðurfarslega.

Ég hygg að þessi breyting geri hvort tveggja í senn að rýmka um kvótareglurnar eins og þær eru núna og gefa visst svigrúm sem gæti orðið okkur leiðbeinandi til framtíðar um það hvernig við getum losað um þau höft sem nú eru á búvöruframleiðslunni.

[16:46]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Við þingmenn Framsfl. í landbn. studdum þetta mál á síðasta vetri. Við skrifuðum þar upp á nál. með öðrum þingmönnum. Það var hins vegar ekki við stjórnarandstöðu að sakast að ekki tókst að afgreiða þetta mál. Þetta er einfaldlega eitt af þeim málum sem döguðu hér uppi í fyrravor vegna ósamkomulags stjórnarflokkanna í landbúnaðarmálum því að eins og menn sjálfsagt muna var þingi slitið í hasti sl. vor og féllu þar niður þó nokkuð mörg mál sem voru fullunnin í þinginu en ekki tókst að afgreiða vegna þess, að því er manni virtist, að það horfði til stjórnarslita ef vilji þingsins í öðru máli sem tengdist landbúnaðinum hefði náð fram að ganga. Sama var reyndar með annað mál sem landbn. hefur þurft að taka upp að nýju í vetur, lögin um Áburðarverksmiðju ríkisins, sem sömuleiðis voru fullunnin í fyrravor en féllu niður af sömu ástæðu.

Ég er sammála grundvallarhugsuninni á bak við þetta frv. að menn geti nýtt sér beingreiðslurnar á þessum svæðum án þess að framleiða upp í þær að fullu. Þetta er að mínu mati skref í þá átt að samræma framleiðsluna landgæðum eftir því sem hægt er. Hversu miklu stjórnlyndi sem við erum annars haldnir þá verð-

ur það nú samt svo að í grunninn er það ákvörðun hvers einstaks bónda á sinni jörð hvernig framleiðslu er háttað. Þetta er að mínu mati m.a. mikilvægt vegna þeirra möguleika sem íslenskur landbúnaður og íslensk sauðfjárrækt kann að eiga varðandi útflutning á vistvænni framleiðslu, en eitt af því sem kaupendur slíkrar vöru munu spyrja um er hvort framleiðslan sé að fullu og öllu í sátt við sitt umhverfi. Þar verður þá m.a. spurt varðandi gróðurverndarsjónarmið.

Virðulegur forseti. Ég hef annars ekki fleira um þetta mál að segja. Því miður dagaði það uppi í fyrravor og það er kannski helst að maður spyrji hvernig standi á því, af því að málið var fullunnið í fyrravor, að það kemur ekki fram aftur fyrr en núna á vordögum tæpu ári seinna. Nefndir þingsins, þar á meðal landbn., hafa því miður vil ég segja haft frekar lítið fyrir stafni í vetur og þetta þing fær held ég seint þau eftirmæli að það hafi verið starfsamt. Höfuðástæðan fyrir því liggur að mínu mati ekki í þinginu sem slíku heldur liggur hún miklu fremur í ríkisstjórninni sem virðist hafa átt mjög erfitt með að koma frá sér málum, ná samstöðu um mál, þó ég telji að það geti ekki hafa átt við um þetta sérstaka mál.

[16:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þetta er ekki langt frv. sem hér er verið að leggja fram og byggir á því að taka visst tillit til gróðurverndar og uppgræðsluaðgerða og ég er að sjálfsögðu sammála því að það sé gert.

Ég vildi aðeins koma hér á framfæri einni athugasemd og það er vegna þess að hér segir í greinargerð með þessu frv., með leyfi forseta:

„Ofangreindar tillögur miða að því að skapa aukið svigrúm til átaka í landgræðslustörfum og veita mönnum með takmarkaða starfsorku möguleika til að draga saman búskap án þess að það hafi tilfinnanlegan tekjumissi í för með sér. Jafnframt skapaðist nokkurt svigrúm til framleiðslu hjá öðrum bændum. Það er síðan sérstakt athugunarefni, hvort það svigrúm eigi að deilast hlutfallslega á alla framleiðendur eða deila því út á sérmerkt „sauðfjársvæði"."

Ég mundi vilja spyrja hæstv. landbrh. að því hvort ekki gæti komið til að það væri skoðað að deila því sem hér hugsanlega kæmi út, hvort því væri þá deilt á sérstök sauðfjársvæði, vegna þess að það er mikið um að sauðfjárbændur hafi farið mjög illa út úr þeirri skerðingu sem ákveðin hefur verið á síðustu árum. Nægir þar að nefna úttekt sem kom fram á búnaðarþingi þar sem jafnvel margir bændur, sérstaklega sauðfjárbændur, lifðu nánast undir fátæktarmörkum. Ég tel að það þurfi að skoðast hvernig eigi að deila út þeim kvóta sem huganlega mundi losna þarna. Hingað til hefur þessi skerðing yfirleitt verið flöt, þó að visst ákvæði hafi verið til þess að hlífa nokkrum hlutum landsins þar sem hefur verið sérstakt sauðfjársvæði. Ég tel að þar hafi ekki verið nóg að gert og vildi því spyrja hæstv. ráðherra hvort það gæti komið til að sérstök sauðfjársvæði fengju meira í sinn hlut heldur en önnur.

[16:54]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi mál hafa ekki verið rædd í einstökum atriðum við stjórn Stéttarsambandsins í þeim skilningi að þau séu komin á það stig að hægt sé að hægt sé að gera sér grein fyrir því hvort forsendur séu fyrir því að taka sérstakt tillit til hinna svokölluðu sauðfjársvæða. Það hefur löngum og lengi verið rætt hvort ekki sé rétt að taka tillit til ástands á afréttarlöndum, heimahögum. Það hefur verið rætt um það hvernig hægt sé að rétta við sauðfjársvæðin og það hefur raunar líka verið athugað hvaða svæði liggi best við þéttbýli þannig að bændur geti að hluta til sótt fjölskyldutekjur sínar eða heimilistekjur til vinnu á slíkum stöðum. Þessi mál hljóta öll að koma til athugunar í þeim viðræðum sem fara í gang milli landbrn. og Stéttarsambandsins um leið og þetta frv. verður að lögum, ef Alþingi samþykkir frv., sem ég geri mér vonir um. En það er of snemmt á þessari stundu að segja neitt ákveðið til um það.

[16:55]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Ég veit að það er mjög viðkvæmt mál að skoða það hvort eigi að gera bændum á sérstökum sauðfjársvæðum hærra undir höfði með úthlutun á umframkvóta. Það hefur verið rætt hjá bændasamtökunum og að mér skilst ekki fengist nein samþykkt fyrir því hjá bændum sjálfum að ákveða að gera það. En þeir sem ég hef rætt við telja að þetta verði að vera stjórnvaldsákvæði, bændur muni ekki koma sér saman um að skerða frekar einn en annan, en viðurkenna þó í raun þá nauðsyn sem e.t.v. er á að gera þetta og telja að þarna verði stjórnvöld að skera úr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, fyrri umr.

Stjtill., 556. mál. — Þskj. 868.

[16:57]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessi till. til þál. er lögð fram til staðfestingar á samningi milli samgrh. og Spalar hf. frá 23. júní sl., um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, sbr. 2. gr. laga nr. 45/1990. Sá samningur kemur í stað samnings frá 25. jan. 1991 og er í öllum atriðum samhljóða ef undanskildar eru breytingar sem gerðar voru á 6., 9. og 12. gr. Þær voru ákveðnar að undangenginni undirbúningsvinnu fulltrúa ríkisvaldsins og Spalar hf. og sérfræðinga þeirra. Breytingarnar voru forsenda þess að áfram væri unnt að vinna að undirbúningi vegtengingarinnar og voru samþykktar í ríkisstjórn 22. júní sl. Þær fela í sér að rekstrartími Hvalfjarðarganga í höndum Spalar hf. styttist, að virðisaukaskattur á umferðargjaldi verði 14% og að ágrein-

ingi sem upp kann að koma verði vísað til dómstóla í stað sérstaks héraðsdóms nema um annað verði samið.

Á þeim tíma sem liðinn er síðan samningurinn var undirritaður hafa fulltrúar Spalar unnið að undirbúningi framkvæmda. Sú vinna er nú á lokastigi og er gert ráð fyrir að unnt verði að senda verktökum útboðsgögn í lok þessarar viku eða byrjun hinnar næstu. Áætlað er að tilboð verði opnuð í síðari hluta júnímánaðar og að framkvæmdir geti hafist í lok sumars eða snemma hausts.

Í viðræðum við fulltrúa Spalar hf. hefur komið fram að nauðsynleg forsenda þess að viðunandi tilboð fáist í gerð Hvalfjarðarganga sé að þær breytingar sem gerðar voru á samningnum frá 25. júní 1991 og undirritaðar voru 23. júní sl. verði staðfestar hér á Alþingi í samræmi við 2. málsl. 2. gr. laga um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð, en þar segir: „Slíkur samningur öðlast ekki gildi fyrr en hann hefur hlotið staðfestingu Alþingis."

Til þess að eyða öllum vafa um að samningurinn sé fullgildur er þessi tillaga flutt.

Ég sé ekki ástæðu til að hafa þessi orð fleiri, herra forseti. Þessi mál eru ítarlega rakin í greinargerð með þáltill. Ég vona að hv. samgn. geti tekið málið til skjótrar afgreiðslu þannig að það nái fram að ganga á þessu þingi. Að öðrum kosti hljóta framkvæmdir og útboð að dragast á langinn þangað til þing kemur saman að nýju.

Ég legg til að málinu verði vísað til síðari umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, 1. umr.

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 871.

[17:01]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Eyjan Grótta er í eigu Vita- og hafnamálastofnunar og eins og hv. þm. er kunnugt var fyrir löngu tekin ákvörðun um að sérstakur vitavörður byggi ekki í Gróttu þó Vita- og hafnamálastofnun hafi áfram rekið vitann. Tilefni þess að þetta frv. er flutt er að hinn 9. apríl nk. — hann er nú sennilega þegar liðinn — Seltjarnarnes varð 20 ára hinn 9. apríl. Í tilefni af því vöknuðu umræður milli samgrh. og bæjarstjórans á Seltjarnarnesi um að Seltjarnarnes gæti keypt eyjuna þar sem segja má, eins og hér stendur með athugasemdum, að hún sé eins konar tákn Seltjarnarness og útvörður bæjarins og hafi að sjálfsögðu tilfinningalegt gildi fyrir bæinn. Þarna er mjög fallegt í góðu veðri eins og víðar á Íslandi og hugmynd bæjarstjórnar hefur verið sú að nýta eyjuna sem hluta þess fólkvangs og útivistarsvæðis sem er framarlega á nesinu eða fremst á nesinu.

Grótta var lýst friðland árið 1974 með auglýsingu um friðland í Gróttu og gilda þar ákveðnar reglur um mannvirkjagerð, jarðrask og umferð fólks um eyjuna.

Ég sé nú ekki ástæðu til að hafa í rauninni um þetta fleiri orð. Mér finnst eðlilegt að sveitarfélagið fremur en Vita- og hafnamálastofnun varðveiti þessa dýrmætu náttúruperlu hér í nágrenni Stór-Reykjavíkursvæðisins og sjái um að ekki skapist þar hætta og góð regla sé þar á öllum hlutum. Á hinn bóginn er gert ráð fyrir því að Vita- og hafnamálastofnun muni áfram reka vitann og að hann verði áfram eign ríkisins. Hér er ekki talað um neitt ákveðið verð í þessu sambandi, eingöngu farið fram á að samgrh. sé heimilað að gera samning við Seltjarnarneskaupstað um sölu á eyjunni.

Ég tel þetta mál sjálfsagt. Ég vona að hv. samgn. geti afgreitt þetta mál á þessu vori, að öðrum kosti er óhjákvæmilegt að leggja frv. fram á nýjan leik á hausti komanda. Ég legg til að málinu verði vísað til 2. umr. og samgn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vöruflutningar á landi, 1. umr.

Stjfrv., 561. mál (EES-reglur). — Þskj. 874.

[17:04]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. er samið í samgrn. og hefur verið leitað umsagnar Landvara sem er landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, en í því félagi eru nánast allir þeir sem stunda vöruflutninga með bifreiðum hér á landi.

Frv. fjallar um vöruflutninga á landi gegn gjaldi með vöruflutningabifreiðum og er flutt í tengslum við samþykkt Alþingis á lögum um Evrópskt efnahagssvæði, nr. 2/1993.

Eins og þingheimi er kunnugt er samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði, meginmál hans, bókanir við hann og viðaukar, bindandi að þjóðarétti fyrir samningsaðilana. Þær gerðir sem vísað er til í viðaukanum eru einnig bindandi að þjóðarétti. Í 7. gr. meginsamningsins um hið Evrópska efnahagssvæði er kveðið á um að gerðir sem vísað er til eða er að finna í viðaukum við samninginn eða ákvörðunum hinnar sameiginlegu nefndar hins Evrópska efnahagssvæðis, bindi samningsaðila og skuli teknar upp í landsrétt.

Með lagafrv. er lögfest efni tveggja reglugerða ráðherraráðs Evrópubandalagsins. Í fyrsta lagi efni reglugerðar nr. 881/92, frá 26. mars 1992, um aðgang að vöruflutningamarkaðinum á vegum innan bandalagsins til eða frá yfirráðasvæði aðildarríkis eða um yfirráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja. Í öðru lagi efni reglugerðar nr. 3118/93, frá 25. okt. 1993, um skilyrði þess að flutningafyrirtæki megi stunda innanlandsflutninga í aðildarríki án þess að eiga þar staðfestu. Þessar reglugerðir eru báðar hluti af viðbótarpakkanum við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði og taka því ekki gildi fyrr en hann tekur gildi sem verður væntanlega í sumar. Við samningu þessa frv. var

einnig höfð hliðsjón af dönsku lögunum um vöruflutninga á landi.

Tilgangur frv. er að gera nauðsynlegar lagabreytingar vegna skuldbindinga Íslands samkvæmt samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Engin lög eru í gildi hér á landi um starfsréttindi þeirra er annast landflutninga með vöruflutningabifreiðum. Hins vegar hefur löggjafinn fjallað um önnur málefni þessara aðila sbr. lög nr. 62/1979, um landflutningasjóð og lög nr. 24/1982, um flutningssamninga og ábyrgð við vöruflutninga á landi.

Eitt af markmiðunum með hinu Evrópska efnahagssvæði er að koma á fót sameiginlegum reglum varðandi vöruflutninga á landi svo sameiginlegur flutningamarkaður innan svæðisins verði að veruleika. Fyrst og fremst fjallar þetta um rétt þeirra sem hafa staðfestu á Evrópska efnahagssvæðinu til að veita þjónustu hvar sem er innan þess. Með þessum lögum opnast nýr markaður fyrir íslensk vöruflutningafyrirtæki til að stunda millilandaflutninga milli aðildarríkja hins Evrópska efnahagssvæðis og einnig til innanlandsflutninga innan sama svæðis. Auknir möguleikar af þessu tagi fyrir íslensk vöruflutningafyrirtæki til millilandaflutninga skapa svigrúm til aukinna umsvifa. Íslenskt vöruflutningafyrirtæki getur t.d. flutt íslenskan fisk á markað erlendis með skipi að evrópskri höfn og vöruflutningabifreið í áframhaldi af því á leiðarenda.

Möguleikar til innanlandsflutninga innan ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis verða einnig fyrir hendi þó í takmörkuðum mæli sé, en 30. júní 1998 verða innanlandsflutningar innan svæðisins gefnir frjálsir. Fram að þeim tíma er flutningskvótanum til innanlandsflutninga úthlutað á aðildarríkin. Þeir flutningsaðilar sem hafa staðfestu á Íslandi geta því sótt um leyfi til samgrn. og að því leyfi fengnu hafið vöruflutninga innan lands með bifreiðum í þeim ríkjum sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Að sama skapi hafa vöruflutningafyrirtæki hinna aðildarríkjanna möguleika á því að stunda flutninga hér á landi. Helstu efnisþættir í frv. eru eftirfarandi:

1. Lögunum er ætlað að gilda um vöruflutninga milli landa með vöruflutningabifreiðum yfir ákveðinni stærð innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

2. Kveðið er á um að fyrirtæki sem hyggst stunda vöruflutninga með bifreiðum á svæðinu þurfi leyfi sem gefið er út af lögbærum yfirvöldum þess ríkis sem fyrirtækið hefur staðfestu í. Til að öðlast slíkt leyfi þarf fyrirtækið að uppfylla viss skilyrði sem eru eftirfarandi:

1. Gerð er krafa um óflekkað mannorð eða góðan orðstír fyrirtækis.

2. Gerð er krafa um fullnægjandi fjárhagsstöðu fyrirtækis.

3. Gerð er krafa um starfshæfni rekstraraðila.

Loks er í frv. kveðið á um leyfi til innanlandsflutninga innan hins Evrópska efnahagssvæðis. Þau vöruflutningafyrirtæki sem hafa staðfestu á Íslandi og hafa bandalagsleyfi geta sótt um leyfi til samgrn. til innanlandsflutninga innan ríkja hins Evrópska efnahagssvæðis. Eitt slíkt leyfi gildir fyrir einn vöruflutningabíl í allt að tvo mánuði, en 10 slík leyfi eru til ráðstöfunar á þessu ári að því gefnu að viðbótarpakkinn taki gildi.

Ég legg til, herra forseti, að þessu máli verði vísað til 2. umr. og samgn.

[17:10]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér sjáum við enn eitt frv. sem tengist EES-samningnum. Ég velti fyrir mér varðandi 2. gr. frv., þar sem eru talin upp skilyrði fyrir því að hljóta leyfi, hver eigi að meta það, hvaða stjórnvöld. Er það samgrn. eða einhver sérstök nefnd eða hverjir eru það sem eiga að meta t.d. það að hafa fullnægjandi fjárhagsstöðu og fullnægja skilyrðum með starfshæfni?

Í 5. gr. frv. er talað um að samgrh. geti sett reglugerð um nánari framkvæmd laga þessara og síðan er talið upp, eins og sett var inn í mörg frv. sem tilheyra samgöngumálum á síðasta þingi, að samgrh. sé leyfilegt að setja reglugerð að því leyti sem það sé nauðsynlegt vegna skuldbindinga er leiði af samningi um Evrópskt efnahagssvæði milli Efnahagsbandalags Evrópu, Kola- og stálbandalags Evrópu og aðildarríkja þess annars vegar og aðildarríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu hins vegar, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið.

Í hv. samgn. höfum við reynt að taka út þessar klausur og gefa ráðherra heldur almenna reglugerðarheimild frekar en tiltaka sérstaklega að hann hafi reglugerðarheimild fyrir lögum sem leiða af þessum samningi.

Hæstv. samgrh. nefndi það áðan að þetta opnaði möguleika á því að flutningsaðilar gætu látið bíla flytja vörur sínar áfram. Hvað okkur varðar þá hlýtur það að bjóða upp á að aðilar sem eru að flytja vörur með skipum milli landa, ef það eru vörur frá hinu Evrópska efnahagssvæði, geti látið, við skulum segja bíla, um borð í skipin og haldið síðan áfram að flytja vöruna með bílunum. Ég velti því aðeins fyrir mér hvort þetta frv. bjóði upp á það að Eimskip fari að reka flutningabíla, flytja með sér og reka flutningabíla í ákveðnum löndum og þá einnig á Íslandi og hvort það geti ekki haft í för með sér að flutningsaðilar hér á landi sjái fram á það að hér verði tekin af þeim umtalsverð verkefni.

Í athugasemdum við 3. gr. frv. segir að eftir ítrekaðar viðræður, bréfaskriftir og fundi hafi niðurstaðan orðið sú að Íslendingum hafi verið úthlutað tíu leyfum á árinu 1994, þeim eigi síðan að fjölga um 30% á ári til ársins 1998. Það ár falla allar hömlur á þessu flutningum úr gildi. Það segir jafnframt hér að eitt slíkt leyfi gildi fyrir einn vöruflutningabíl í tvo mánuði og mér er spurn: Er ekki hægt að láta leyfin gilda lengur? Þarf sífellt að vera að gefa út leyfi á tveggja mánaða fresti?

Ég ætla ekki að taka frv. svo nákvæmlega fyrir. Ég hef tækifæri til þess að fjalla um það nánar í samgn. sem fær málið til umfjöllunar, en ég velti því fyrir mér hvort þetta hafi ekki þau áhrif að hagsmunum vörubifreiðaeigenda sem hafa annast flutninga hér sé verulega ógnað með þessu frv.

[17:15]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Það er almennt svo um samgöngupáttinn að eftir því sem við náum betri samningum við hið Evrópska efnahagssvæði eða önnur lönd, þá batnar samkeppnisstaða okkar Íslendinga. Það á ekki aðeins við um vöruflutninga á landi, líka vöruflutninga á sjó og vöruflutninga í lofti. Það er þess vegna metið þannig af flutningaaðilum að hvert skref sem við náum þannig til opnari viðskipta sé styrkur bæði fyrir hina íslensku flutningastarfsemi auk þess sem það hefur í för með sér lækkun á flutningskostnaði sem er mjög brýnt fyrir okkur Íslendinga, hvort sem við horfum til lífskjara hér heima eða til samkeppnisstöðu okkar á mörkuðum erlendis.

Varðandi fyrirspurn hv. þm. um það hver gefi út leyfi skv. 2. gr., þá er kveðið á um að það skuli vera samgrn. eftir þeim reglum sem samningurinn segir til um.

Í sambandi við ótta hv. þm. um Eimskipafélagið er það að segja að Eimskipafélagið rekur nú þegar flutningastarfsemi á landi og skipafélögin hafa farið inn á þá braut og æ lengri leiðir sem þjónað er nú landleiðina en flutningakerfið á sjónum hefur verið að breytast og lengra á milli viðkomustaða en áður. Ég skal ekki segja um það hver þróunin verður en ég hygg að það sé mat Landvara að þessi opnun á meginlandinu sé góð fyrir þeirra hagsmuni. Þeir hafi meiri möguleika en áður og það svigrúm sem þannig opnast hafi þeir fullan hug á að nýta sér eftir því sem tilefni gefst til.

Ég tek undir með hv. þm. að við hefðum gjarnan kosið að geta stigið strax stærri skref til opnunar en því miður tókst það ekki og þess vegna er frv. úr garði gert eins og það er, að gert er ráð fyrir tíu leyfum nú á þessu ári og þeim fari síðan fjölgandi á næstu árum.

[17:18]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. hlýtur að hafa misskilið mig ef ég hef ekki getað komið því betur til skila að ég hefði áhyggjur af velferð Eimskips. Það hef ég ekki. En hvað varðar það að þessi opnun í Evrópu muni koma flutningsaðilum hér til góða þori ég ekki að svara fyrir að svo muni verða. Hugsanlega geta sterkir aðilar nýtt sér það. Það sem ég hef fyrst og fremst áhyggjur af er það að innlendir flutningsaðilar sem þurfa að standa í samkeppni við bíla sem kæmu hingað til lands til að flytja vörur stæðu ekki jafnfætis hvað varðar samkeppnisstöðu að því leyti til að flutningsaðilar hér hafa þurft að greiða mikil innflutningsgjöld og hugsanlega þyrftu bílar sem kæmu hingað og væru að vinna tímabundið ekki að greiða nein slík gjöld við komu til landsins eins og flutningsaðilar sem eiga hér lögheimili hafa þurft að gera. Ef það verður þannig þá standa þessir aðilar ekki jafnt að vígi hvað samkeppnisstöðu varðar. Því er ég velti fyrir mér hvort þannig sé ekki verið að sneyða að hagsmunum íslenskra vöruflutningaaðila.

[17:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég fæ að taka þátt í umfjöllun um þetta mál í hv. samgn. en ég tók eftir því að hæstv. ráðherra talaði ekki um það í framsögu sinni fyrir frv. hvort hann vonaðist til þess að það yrði hægt að afgreiða þetta mál fyrir þinglok því að þetta mál er það seint á ferðinni að það er mjög snúið að koma því af fyrir lok þingsins. Ég tel ansi vandræðalegt að vera að koma með þessi EES-mál, sem hefur legið fyrir svo lengi að þyrfti að afgreiða á þessu þingi ef þessar reglur koma til framkvæmda í sumar, eins seint og raun ber vitni því að samgn. hlýtur að þurfa að sinna því hlutverki sínu að fara yfir þetta mál og kalla eftir umsögnum og öðru sem því tilheyrir.

Mig langaði svo að spyrja hæstv. ráðherra aðeins betur út í það sem hér er verið að leggja til. Það er þá sérstaklega um möguleika til flutninganna. Mér sýnist í fljótu bragði að Íslendingar megi reka tvo bíla í tíu mánuði á næsta ári og þeir mega þá líklega reka tvo bíla allt árið á þar næsta ári út frá þeim reglum sem hér er verið að tala um. Það verður því ekki um mikinn atvinnurekstur í flutningum að ræða samkvæmt frv. eins og það liggur fyrir og varla hægt að ná fótfestu í flutningastarfsemi á næstu árum út á þetta í löndunum í kringum okkur. En í framhaldi af því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað með þá sem vilja koma til Íslands og reka þessa starfsemi hér? Það er ekkert ákvæði um það að þeir fái aðeins tíu leyfi eins og hér er gert ráð fyrir. Ég spyr hæstv. ráðherra: Með hvaða hætti ætlar hann að takmarka aðgang útlendinga að þessum markaði ef einhver skyldi hafa á því áhuga að reka þessa starfsemi, a.m.k. með það í huga að það verði eitthvert samræmi í því sem Íslendingar fá út úr þessum samningi og því sem útlendingar fá?

Annars ætla ég ekki að ræða þetta efnislega hér og nú. Ég tel ástæðu til að nefndin fari ofan í þetta mál og fái ítarlegar upplýsingar um það sem hér býr að baki og ég fæ tækifæri til að fjalla um þau mál í hv. nefnd.

[17:23]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Það er grundvallaratriði í öllu þessu Evrópubixi að íbúar á Evrópsku efnahagssvæði hafa jafnan rétt við okkur hér. Á móti fáum við aftur rétt úti. Við getum alveg átt von á því að einhver erlend flutningafyrirtæki vilji stunda landflutninga hér á landi. Í frv. eins og sums staðar annars staðar er verið að reyna að halda til haga hagsmunum hins sterka og ég býst við að þetta frv. sé ágætt fyrir Eimskipafélag Íslands og þjóni hagsmunum þess ágætlega. Hins vegar er skilyrðið um fullnægjandi fjárhagsstöðu sett til þess að reyna að útiloka þá litlu og koma þeim út úr samkeppninni. Við höfum dæmin fyrir okkur úr fluginu þar sem ákveðið var að setja flugfélögum ákaflega strangar skorður um rekstrarfé sem fyrst og fremst var gert til að þjóna hagsmunum Flugleiða og losa þá við samkeppni smáflugfélaga og það hefur gengið bara bærilega og náð tilgangi sínum. Þetta gerir sýnilega einyrkjunum, sem ekki hafa mjög sterka fjárhagsstöðu,

ókleift að stunda þessa flutninga.

Það þýðir ekkert að vera að nöldra mikið yfir þessu frv. Þetta er eitt af því sem við undirgengumst að gera með því að gerast aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og það gerðum við illu heilli í fyrra. Þar af leiðandi eru hendur okkar bundnar í þessu efni og við getum ekkert annað heldur en kyngt því að taka upp þessar reglur ef við á annað borð ætlum að vera aðilar að Evrópsku efnahagssvæði. Það getur vel verið að það sé komið að þrotum og verði ekki til frambúðar, en hendur okkur eru bundnar. Alþingi er ekki frjálst að sinni löggjöf lengur. Það er afleiðing af samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og það þýðir ekkert annað en bíta á jaxlinn og uppfylla þær skyldur sem meiri hluti Alþingis ákvað að við tækjum á okkur þrátt fyrir það hvernig stjórnarskráin hljóðar um að löggjafarvaldið skuli vera hjá Alþingi.

[17:27]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvers vegna tónninn er með þessum hætti í umræðunum. Við erum hér að tala um það að íslenskum flutningsaðilum opnist nýr markaður á hinu Evrópsku efnahagssvæði, geti farið þar inn á svið sem þeir hafa ekki leitað inn á áður. Með því gerum við okkur vonir um að við getum komið okkar matvælum — það eru fyrst og fremst matvæli sem við flytjum út — fyrr á markað og lækkað verðið. Það verður auðvitað til þess að lækka flutningskostnað enn frekar að nú hafa flutningsaðilar heimildir til þess að flytja vörur samkvæmt frv. innan þeirra landa sem þeir aka um í bakaleið þannig að við erum að tala um að flutningakosturinn nýtist betur. Það hefur það í för með sér að tilkostnaður lækkar ef menn hafa þá trú á því að Íslendingar geti nýtt sér þessi nýju tækifæri sem ég hef trú á.

Í öðru lagi verð ég að láta í ljós undrun mína yfir því sem hv. þm. sagði varðandi Flugleiðir. Ég skil satt að segja ekki hvernig á því stendur hversu margir þingmenn gera lítið úr þeim hugsmunum sem við Íslendingar höfum af því að þetta fyrirtæki, sem er sterkt á íslenska vísu en veikt á erlenda vísu, skuli starfa í landinu. Við erum að tala um 1.200 manns. Við erum að tala um fyrirtæki sem skilar um 6% af gjaldeyristekjunum. Við erum að tala um það að með samningunum um hið Evrópska efnahagssvæði standa vonir til og raunar er vissa um að nýjar flutningsleiðir opnist fyrir íslensku vélarnar sem á að styðja rekstrargrundvöll flugsins, m.a. milli Ameríku og Evrópu og gera það kleift að fjölga ferðum milli Íslands og Evrópu og tek ég Kaupmannahafnarflugið þar sem dæmi.

[17:29]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég held að það sé ástæðulaust fyrir hæstv. samgrh. að kippa sér upp við tóninn í þessari umræðu. Það er margt jákvætt í frv. Það er hentugt fyrir t.d. Eimskipafélag Íslands og vel getur verið að það verði hentugt fyrir þjóðarbúið líka, en það eru gallar á frv. og hæstv. samgrh. má ekkert vera að kippa sér upp við þó að menn taki eftir þeim. Það er þrengt að kosti þeirra litlu, þeirra samkeppnisstöðu er ekki gætt.

Varðandi Flugleiðir, þá hafa þeir út af fyrir sig unnið merkilegt starf og ég veit að hæstv. samgrh. er ákafur hagsmunagæslumaður þess félags og þess félags sem á það félag að mestu. En hér hafa líka verið lítil flugfélög sem hafa skilað ágætu verki og verið þjóðarbúinu til hagsbóta og veitt þó nokkrum vinnu. Þeim hefur nú verið skákað út, a.m.k. að hluta, með skilyrðum um að eiga alltaf fyrirliggjandi rekstrarfé til þriggja mánaða fyrir fram og þar með hafa Flugleiðir náttúrlega styrkst í sinni einokunaraðstöðu hér.

[17:31]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það má hafa smekk á því hvort menn vilji fljúga í flugvél stórs flugfélags eða lítils ef vélin er vel úr garði gerð. Það liggur fyrir og er hv. þm. vel kunnugt að flugstjórar og þeir sem eru kunnugir flugi hafa áhyggjur af því að ef eiginfjárstaða flugfélaga verður mjög léleg kunni það að verða á kostnað öryggis og viðhalds vélanna. Menn hafa af þessu ríkar áhyggjur og það eru ekki nema tveir dagar síðan maður einmitt úr þeirri stétt vék að þessu við mig. Ég þekki ekki dæmi þess að einhverju flugfélagi hér hafi verið lokað vegna slæmrar eiginfjárstöðu. Hvaða félag var það?

Það er nýbúið að gefa heimildir, ég vil segja með mjög rausnarlegum hætti til að endurvekja flugfélög og það var ekki gerð tilraun til að standa á móti því vegna hagsmuna þeirra sem fyrir voru í samkeppninni. En ég hygg að Flugmálastjórn hafi ekki farið út fyrir sínar reglur að þessu leyti og með engum hætti níðst á þeim flugfélögum sem eru í landinu.

[17:32]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú svona með smekkinn á flugfélögunum. Við alþingismenn erum í þeirri sérkennilegu stöðu ef við erum á ferð á vegum Alþingis þá er okkur ekki heimilt að fljúga með öðrum flugfélögum heldur en Flugfélagi Íslands á þeim leiðum sem Flugfélag Íslands á annað borð flýgur. Ef næstu 24 tíma er væntanleg vél frá Flugfélagi Íslands þá er okkur ekki heimilt að taka fram hjá Flugfélagi Íslands og ferðast t.d. með SAS.

Nú sat ég um árabil í flugráði svo hæstv. samgrh. þarf ekkert að kenna mér um það efni. Ég veit að flugstjórar Flugleiða sem þar sátu með mér og deildarstjórar hjá Flugleiðum höfðu mjög, mjög þungar áhyggjur af slæmri fjárhagsstöðu samkeppnisflugfélaganna. Það getur skeð að það hafi ekki gerst í ráðherratíð hæstv. samgrh. að flugfélög hafi þurft að leggja upp laupana vegna þess að þau hafi ekki rekstrarfé en það hefur verið barningur hjá þeim sumum. Ég nefni Helga Jónsson t.d. sem stóð í myndarlegum flugrekstri, að vísu í fjárhagserfiðleikum, og þetta varð honum m.a. að fótakefli.

[17:34]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég bar fram tvær spurningar til hæstv. ráðherra áðan og fékk ekki svör. Ég ætla nú að bera þessar spurningar fram aftur.

1. Er það hugmynd ráðherrans að það verði reynt að

afgreiða þetta mál fyrir þinglok?

2. Hvernig á að fara með réttindi útlendinga til að reka vöruflutninga á Íslandi?

Það er einkennilegt að setja frv. á borð þingmanna þar sem það er tíundað hvernig hægt er að flytja vörur erlendis en ekki neitt um það með hvaða hætti á að taka á því ef útlendingar yrðu nú svo bjartsýnir að ætla að fara út í vöruflutninga á Íslandi. Ég sé ekki annað en að það geti alveg eins gerst og allt annað. Mér finnst a.m.k. fráleitt annað en að menn hafi það nokkurn veginn ljóst og skýrt með hvaða hætti eigi þá að bregðast við því. Mér finnst að það hljóti að eiga að vera í einhverju samræmi við það sem Íslendingar fá möguleika til að gera í löndunum í kringum okkur eða þessir viðsemjendur okkar. Það verður að vísu ekki feitan gölt að flá því eins og ég sagði áðan er ekki um að ræða nema möguleika til að reka tvo flutningabíla í tíu mánuði næsta árið og kannski þrjá þarnæsta ár og þeir kæmust kannski upp í 7–8 bíla áður en þetta tímabil rennur út. Á meðan þetta fæst ekki þá virðist mér af frv. að þeir sem vildu flytja vörur frá Íslandi verði að keyra bílana tóma til baka. Auðvitað verða menn ekki samkeppnisfærir í flutningum ef þeir þurfa að keyra bílana tóma til baka.

Ég er svo sem ekkert að efast um að menn hafi reynt að fá betri samninga heldur en þetta en þetta er nú það sem menn hafa í höndunum og ég tel fulla ástæðu til að það sé gert skýrt frá hendi hæstv. ráðherra hvernig hann ætlar sér og hvaða tæki hann telur sig hafa í höndunum til að stjórna því ef útlendingar vilja taka upp vöruflutninga innan lands.

Síðan langar mig til upplýsingar að spyrja um 1. gr. frv. því þar segir, með leyfi forseta: „Lög þessi gilda um vöruflutninga á landi gegn gjaldi með vöruflutningabifreið eða tengivagni umfram þá hámarkshleðslu ...“ Hver er þessi hámarkshleðsla? Hvaða mörk eru á þessu? Hvað er hér á ferðinni? Ég þykist vita að þarna sé verið að greina á milli annars vegar einhverra breytilegra flutninga og hins vegar þungaflutninga sem eru stundaðir í miklum mæli. En það er gott til upplýsingar að fá að vita hvað hér er á ferðinni.

[17:38]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var í fyrsta lagi spurður að því hvort ég byggist við því að þetta frv. yrði afgreitt nú á þessu vori. Mér þætti mjög gott ef nefndin treysti sér til þess að afgreiða frv. þar sem það opnar fyrir nýja möguleika fyrir íslenska flutningaaðila erlendis og er þess vegna til hagsbóta fyrir íslenska rekstraraðila. Þetta frv. var flutt um leið og það var tilbúið og það er skýringin á því að það er ekki fyrr fram komið. Í öðru lagi hef ég ekki hér við höndina önnur svör við spurningu hv. þm. um það hvaða rétt aðrar þjóðir hafi hér á landi en þá almennu viðmiðun sem er í þessum samningum, að úthlutun á kvótum var alfarið byggð á tölfræðiútreikningum sem miðuðu við flutninga aðildarríkjanna undanfarin ár. Þetta er í athugasemdum við 3. gr. Eftir ítrekaðar viðræður tókst okkur Íslendingum að fá úthlutað tíu leyfum sem síðan fjölgar um 30% á ári hverju til ársins 1998. En á miðju því ári falla allar kvótatakmarkanir niður og við tekur frelsi í innanlandsvöruflutningum. Ég hef því miður ekki svör við því hvernig þessir kvótar skiptast niður á lönd Evrópubandalagsins. Það er ekki að finna hér í frv. og mér hefur láðst að afla mér upplýsinga um það.

Að síðustu verð ég að gera þá játningu að þegar kemur að hleðslumörkum, öxulþunga og öðru slíku, þá er ég ekki mjög vel að mér um þau fræði og get ekki annað um þau sagt en að það er markmið okkar Íslendinga að byggja vegakerfi okkar þannig upp að það sé sambærilegt og um það gildi sömu reglur og innan hins Evrópska efnahagssvæðis.

[17:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get vel fyrirgefið hæstv. ráðherra þó hann hafi ekki upplýsingarnar um öxulþungann við höndina en hitt finnst mér eiginlega verra að hann skuli ekki hafa upplýsingar um það hvaða rétt útlendingar hafi gagnvart flutningum hér því að auðvitað hljóta menn að þurfa að semja svona frv. með það fyrir augum að hér séu á ferðinni gagnkvæm réttindi. Og ég hef a.m.k. trú á því að það hafi átt að vera undirliggjandi í öllum samningum um EES-svæðið að um gagnkvæm réttindi væri að ræða og reynt að sjá til þess að ekki væri á aðila hallað. Ef það er þannig að það séu engin skilyrði fyrir því að útlendingar geti komið hingað til að reka flutningastarfsemi, eins og frv. virðist benda til, ég get a.m.k. ekki lesið annað út úr því. Þegar ákvæði um það hvað Íslendingar geti gert erlendis eru sett inn í frv. en engin ákvæði um það hvað útlendingar geti gert þá get ég ekki lesið það öðruvísi en svo að útlendingar hafi hér ótakmörkuð réttindi. En EES-samningurinn gengur út á það að það eigi að vera a.m.k. sambærileg réttindi hjá öllum samningsaðilunum og ég geri ekki ráð fyrir að erlendir aðilar þurfi að sætta sig við að fá engin réttindi hér innan lands ef við fáum einhver erlendis.

[17:42]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hélt ég hefði sagt að hér væri um gagnkvæm réttindi að ræða en hins vegar er ég ekki með upplýsingar í höndum um það hvernig þeir kvótar skiptast milli landa Evrópubandalagsins.

[17:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kemur vonandi í ljós í meðferð nefndarinnar með hvaða hætti á að fara með þessi mál en ég held að það sé alveg nauðsynlegt. Þetta sýnir okkur að það þarf að undirbúa svona mál betur. Þó svo að ráðuneytið hafi tekið sér allan þennan tíma til að undirbúa málið og það komi ekki fram fyrr en komið er fram undir þinglok þá liggja ekki fyrir þeir hlutir sem menn þurfa að fá að vita. Við munum auðvitað leita eftir þeim upplýsingum í nefndinni.

Útbýting þingskjala:

Samfélagsþjónusta, 354. mál, brtt. allshn., þskj. 934; nál. allshn., þskj. 935.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 1. umr.

Stjfrv., 562. mál (skipun ferðamálaráðs, rekstrarleyfi ferðaskrifstofu o.fl.). — Þskj. 875.

[17:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Þetta frv. um skipulag ferðamála er mjög einfalt í sniðum. Eins og segir á bls. 3 eru helstu breytingar frá gildandi lögum þessar:

1. Felld er brott sú skylda að halda a.m.k. fjóra fundi ferðamálaráðs á ári hverju og sett í vald ráðsins eða framkvæmdastjórnar að taka ákvarðanir um fundi. Þó er gert ráð fyrir að skylt verði að halda fund í janúarmánuði ár hvert til þess að samþykkja fjárhagsáætlun fyrir það ár sem er óhjákvæmilegt að gert sé í kjölfar þess að Alþingi afgreiðir fjárlög.

2. Í 2. gr. er gert ráð fyrir að skipun manna í ferðamálaráð og stjórn ferðamálsjóðs skuli ekki lengur tímabundin heldur er gert ráð fyrir að skipunin gildi ótímabundið. Þessu fylgja margvíslegir kostir. Það er reynsla fyrir því að ýmsir þeir sem hafa átt sæti í ferðamálaráði fyrir landshlutasamtök eða aðila aðra en ríkisvaldið að hafa skipt um fulltrúa á þessum tíma sem liðinn er síðan ég varð samgrh. en á hinn bóginn var það svo að þó ráðherraskipti væru þá héldu þær tilnefningar sem hinn fyrri ráðherra ákvað. Ég tel eðlilegt að skipan manna í ferðamálaráð fylgi embættistíma ráðherra. Hann hafi leyfi og svigrúm til að skipa nýja menn þegar hann tekur við embætti. Það greiðir auðvitað fyrir og er bæði einfaldara og áhrifaríkara og er í rauninni eðlileg stjórnskipan að vinna með þeim hætti.

Hér er gert ráð fyrir því að valdsvið framkvæmdastjórnar ferðamálaráðs sé skilgreint. Í 3. mgr. 3. gr. stendur, með leyfi forseta:

„Framkvæmdastjórn fer með yfirstjórn á starfsemi ferðamálaráðs á milli funda ráðsins og í samræmi við ákvarðanir þess. Ferðamálaráði og framkvæmdastjórn er heimilt að skipa undirnefndir til þess að vinna að einstökum málaflokkum. Heimilt er að skipa í undirnefndir menn er ekki eiga sæti í ferðamálaráði."

Það er talið nauðsynlegt að skilgreina með þessum hætti hvert sé valdsvið og verksvið framkvæmdastjórnar ferðamálaráðs vegna álits sem umboðsmaður gaf og ábendinga hans. En í skýrslu hans frá árinu 1991 kemur fram á bls. 17, með leyfi hæstv. forseta:

„Umboðsmaður vakti einnig athygli á því að þegar undirnefnd væri skipuð er taka ætti ákvarðanir í umboði fjölskipaðs stjórnvalds sem nefndina skipaði væri það meginreglan að nefndarmenn undirnefndar væru valdir úr röðum þeirra sem sæti ættu í aðalnefndinni. Til þess að heimilt væri að framselja ákvörðunarvald til undirnefndar sem skipuð væri öðrum mönnum en þeim er sæti ættu í aðalnefnd yrði að liggja fyrir skýr lagaheimild." Enn fremur kemur fram í áliti umboðsmanns að allar ákvarðanir stjórnar ferðamálaráðs verði að bera undir ferðamálaráð sem getur verið mjög svifaseint og erfitt í framkvæmd og þess vegna óhjákvæmilegt að breyta þeirri skipan.

Í 3. gr. er jafnframt sú breyting að gert er ráð fyrir því að fjölga mönnum í ferðamálaráði. Það er gert ráð fyrir að í framkvæmdastjórn skuli vera sjö menn eins og segir í 3. gr. og hv. þm. geta kynnt sér. Aðalatriðið í því er að annars vegar er gert ráð fyrir að Reykjavíkurborg eigi fulltrúa í stjórn ferðamálaráðs og enn fremur ferðamálasamtök landshlutanna sem tilnefna einn mann sameiginlega. Þetta er eingöngu gert til þess að greiða fyrir því að störf ferðamálaráðs gangi greiðlega fyrir sig og góður trúnaður sé á milli manna.

Loks er gert ráð fyrir því að leyfi til reksturs ferðaskrifstofa verði tímabundið. Heimilað er að flokka leyfi til reksturs ferðaskrifstofa eftir eðli starfseminnar og breytt er ákvæðum um tryggingar ferðaskrifstofu þannig að tryggingin taki til reksturs ferðaskrifstofa eftir eðli starfseminnar og breytt er ákvæðum um tryggingar ferðaskrifstofu þannig að tryggingin taki einvörðungu til nýtendaverndar og er heimilað að ferðaskrifstofur sameinist um að setja slíka tryggingu.

Ég geri mér grein fyrir því, herra forseti, að þetta frv. er seint fram komið. Óhjákvæmilegt var eigi að síður að leggja það fram hér og það fer síðan eftir undirtektum hvort menn sjá ástæðu til að koma því fram á þessu þingi.

Ég legg fram að málinu verði vísað til 2. umr. og hv. samgn.

[17:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Herra forseti. Það eru smáhugleiðingar í tengslum við þetta frv. sem hæstv. samgrh. er að mæla fyrir. Það er rétt að rifja upp þá staðreynd að það nálgast óðum með hverjum deginum sem líður þriggja ára afmæli ríkisstjórnarinnar og vonandi verða þau ekki fleiri. Það er nokkuð umhugsunarvert að á síðustu starfsdögum þingsins á þriðja starfsári ríkisstjórnarinnar er hæstv. samgrh. að mæla fyrir þessu tiltölulega hógværa frv. um breytingu á lögum um skipulag ferðamála í ljósi þess m.a. að hæstv. ráðherra hafði um það allsver orð á fyrstu starfsdögum sínum, ef ég man rétt, að eitt af forgangsverkefnum í þessu embætti mundi verða að endurskoða heildarlöggjöf um skipan ferðamála og gera þar mikla bragarbót og það yrði lagt fram á haustþingi. Síðan er nokkuð vatn til sjávar runnið. Hæstv. ráðherra hefur ekki sóst sem skyldi í þessum efnum og hér næstum þremur árum síðar er þetta tiltölulega — ég ætla ekki að segja ómerkilega en tiltölulega hógværa plagg á ferðinni þar sem er eingöngu verið að breyta veigalitlum atriðum að mínu mati sem undir skipulagsmál ferðaþjónustunnar falla.

Þetta stafar af ýmsu og hæstv. ráðherra hefur m.a. í svari við fyrirspurn á síðsta þingi gefið þá skýringu að sökum ósættis milli sín og hæstv. fjmrh. um ýmis atriði sem lúta að starfskjörum ferðaþjónustunnar, þá hafi hann ekki komist lönd né strönd í því ætlunarverki sínu að bæta starfsskilyrði ferðaþjónustunnar. Og þetta er svo sem kunnugt því að þvert á móti hefur hæstv. samgrh. orðið að láta það yfir sig ganga að ferðaþjónustunni hefur verið íþyngt með auknum álögum, aukinni skattheimtu, á hans starfstíma. Ber þar auðvitað hæst upptöku virðisaukaskatts á mikilvæg svið ferðaþjónustunnar.

Þetta er bagalegt vegna þess að eitt eru allir sam-

mála um, og þar á meðal ræðumaður, af því sem segir í greinargerð að það hafa verið og eru að ganga yfir miklar breytingar á högum ferðaþjónustu. Það hefur mönnum verið ljóst um nokkurra ára skeið, sömuleiðis þörfina á því að endurskoða ofan í grunninn lög og starfsreglur sem mynda starfsgrundvöll greinarinnar. Menn voru komnir vel á veg með þetta verk á þingi því sem starfaði veturinn 1990–1991 í kjölfar nefndarstarfs þar sem fulltrúar allra flokka höfðu náð samkomulagi um frv. til laga sem fól í sér heildarendurskoðun lagaákvæða um skipulag ferðamálasjóðs og fleiri slíka þætti. En það frv. var illu heilli stöðað þar sem það var til 2. umr. í seinni deild á vordögum 1991 og fyrir því stóð hæstv. núv. samgrh. M.a. með þeim rökum að það frv. gengi ekki nógu langt til þess að bæta starfsskilyrði ferðaþjónustunnar.

Þau örlög hljóta því að vera hæstv. samgrh. nokkurt umhugsunarefni að standa nú í þeim sporum þremur árum síðar að hafa engu komið fram af því sem hann ætlaði sér í sambandi við málefni ferðaþjónustunnar og mæla svo hér fyrir jafnléttvægu máli og þetta í raun og veru er sem fyrst og fremst felur í sér lítils háttar „manúeringar" eða tilfærslur varðandi skipun ferðamálaráðs sjálfs.

Þá er að víkja, hæstv. forseti, lítillega að því sem lagt er til í frv. Í fyrsta lagi er þetta sérstaka áhugamál hæstv. samgrh. sem hann boðaði hér strax að hann telji að skipan í ráð og nefndir af þessu tagi eigi að vera ótímabundin eða þá þannig úr garði gerð að þær fylgi ráðherrum og það sé opið til handa hverjum ráðherra sem í embætti kemur að hreinsa út alla þá sem þar hafa starfað á undan og skipa nýja menn í staðinn. Nú er þetta skipulag út af fyrir sig og sjónarmið út af fyrir sig. Og þetta er reyndar með ýmsum hætti í okkar stjórnsýslu. Sumar nefndir og sum ráð eru kosin í kjölfar alþingiskosninga, þegar þeim er lokið hverju sinni, en þá yfirleitt til fjögurra ára. Þannig er tryggt að á nýju kjörtímabili endurspeglist ný viðhorf og ný hlutföll, t.d. á Alþingi eða í ríkisstjórn, í mönnun slíkra starfa.

Hins vegar er mjög fátítt að ganga þannig frá þessum hlutum að sviptingar í stjórnmálunum án tillits til kosninga, til að mynda fall og tilkoma ríkisstjórna þess vegna oftar en einu sinni á kjörtímabili geti haft það í för með sér að hreinsað sé út úr öllum starfsnefndum, stjórnum og ráðum af þessum toga. Þá vakna náttúrlega áleitnar spurningar um það hvort sé meira virði einhver stöðugleiki í starfsemi svona stofnana eða það að einstakir ráðherrar eða stjórnmálamenn komi fram pólitískum vilja sínum varðandi mönnun slíkra embætta. Ég hef miklu meiri efasemdir um það að fara út á þá braut sem hæstv. ráðherra er hér að leggja til að þetta eigi að vera þannig lagað opið að sviptingar af því tagi geti kostað mannabreytingar, jafnvel gagngerar mannabreytingar og algerar þess vegna bara með eins árs millibili ef sviptingarnar á skákborði stjórnmálanna kalla það til. Þá held ég að hljóti að koma upp sú hlið mála að það sé ekki endilega farsælt fyrir starfsemi ráða, stjórna eða nefnda af þessum toga að vera undir slíkt seld. Ég tel að sérstaklega eigi að horfa til þess að svona ráð séu faglega skipuð en ekki þröngt í pólitískum skilningi og spurningin sé um það að menn séu faglega hæfir til að gegna þeim störfum sem þeir hafa verið settir í burt séð frá því hverrar pólitískar skoðunar sá var sem það gerði að skipa þá eða hvaða pólitíska lit viðkomandi aðilar hafa. Mér finnst það heldur ógeðfelld hugsun að fyrir þá sök eina að vera annaðhvort skipaður af pólitískum ráðherra eða hitt að hafa einhverja tiltekna stjórnmálaskoðun, þá séu menn ónothæfir til faglegra eða stjórnmálalegra starfa af þessu tagi. Það finnst mér heldur ógeðfelld hugsun og hitt miklu nær að horfa á hina faglegu hlið.

Svo er líka spurning hvort það á að vera þannig, ef menn kynnu að fallast það sem hér er lagt til af ráðherra, að fulltrúar ráðherra fylgdu starfstíma hans, eigi þá að ganga yfir alla hina líka, alla aðra sem tilefndir eru af öðrum aðilum. Það kann að vera sjónarmið að rétt sé að landshlutasamtök, hagsmunaaðilar eða fyrirtæki geti jafnframt skipt sínum mönnum út eftir því sem þeim þykir þurfa, en ég er ekki endilega viss um að slíkur hringlandi sem þá kann að verða á mönnun fyrirbæra eins og ferðamálaráðs í þessu tilviki sé af hinu góða.

Að lokum tel ég svo að í þessu þurfi að vera eitthvert samræmi innan stjórnsýslunnar. Það getur ekki gengið að hjá einum ráðherra sé þetta svona, fylgi kjörtímabilinu eða sé til fjögurra ára í senn, en hjá öðrum sé það stefnan að þetta sé ævinlega opið og ráðherra geti hverju sinni þegar hann sest í stólinn hreinsað út úr öllum nefndum og ráðum. Það er alveg ljóst að hæstv. núv. samgrh. hefur þetta sem djúpa sannfæringu. Hann hefur flutt hér hvert málið á fætur öðru, trekk í trekk til, þess að reyna að hreinsa út stjórnir og fá umboð til að kjósa nýjar og þá væntanlega mannaðar sjálfstæðismönnum í staðinn en hefur lítið komist áfram með þau mál. En það hefur ekki borið á þessu með sama offorsi af hálfu annarra hæstv. ráðherra. Mér er satt best að segja ekki kunnugt um að aðrir en hæstv. samgrh. hafi þessa skoðun. Hann rekur því hér einhverja prívatlínu og fylgir henni fram af mikilli tilfinningu og talar gjarnan um trúnaðarbrest í þessu sambandi eins og finna má einhvers staðar í þessum textum. Þar með er það bersýnilega gefið í skyn það geti ekki ríkt eðlilegur trúnaður eða eðlileg samskipti milli manna ef þeir eru ekki í einum og sama stjórnmálaflokki. Það finnst mér heldur lélegt.

Ég t.d. hef í sjálfu sér ekkert yfir þeim sjálfstæðismönnum að kvarta sem ég tók í arf hafandi tekið við embætti í samgrn. eftir alllanga dvöl sjálfstæðismanna þar á stóli, þeirra nafnanna Matthíasar Bjarnasonar og síðar Matthíasar Mathiesens. Það voru flestar stjórnir, nefndir og ráð hvort sem heldur voru fulltrúar ráðherra í hótelum eða flóabátum eða einhverju öðru slíku úti um landið og miðin tilnefnd af ágætum sjálfstæðismönnum í héraði og í mörgum tilvikum tilnefndi ég þessa menn áfram ef þeir höfðu staðið sig vel og ekkert til saka unnið. Það kostaði engan trúnaðarbrest milli mín og þeirra þó að við værum ekki í sama stjórnmálaflokki. Ég tilnefndi formann ferðamálaráðs fráfarandi alþingismann úr öðrum stjórnmálaflokki, hv.

fyrrv. þm. Kristínu Halldórsdóttur, og það gekk ágætlega og kom aldrei niður á trúnaði í okkar samskiptum að hún var á sama tíma starfandi framkvæmdastjóri þingflokks Kvennalistans. Auðvitað eiga því menn ekki að taka svona rökum sem einhverjum borðliggandi og sönnuðum hlutum að menn geti ekki átt eðlilegt samstarf og það ríkt trúnaður á milli þeirra um fagleg málefni þó að þeir séu í sitt hvorum stjórnmálaflokknum.

Ég taldi óhjákvæmilegt og nauðsynlegt við þessa umræðu, hæstv. forseti, að leyfa þessum sjónarmiðum aðeins að koma fram. Mér finnst þetta satt best að segja óskaplegur þrengslahugsunarháttur, ógurlegur *þrengslavegur sem hæstv. samgrh. er alltaf að þræla*st í þessum efnum. Hæstv. ráðherra fer sjaldan Hellisheiðina en oft Þrengslin,

Um efnislegar breytingar svo að öðru leyti þá er hér lagt til að fjölgað sé í framkvæmdastjórn ferðamálaráðs úr fimm í sjö og að því er best verður séð er það til þess eins að hæstv. samgrh. geti tilnefnt tvo menn í staðinn fyrir einn áður í framkvæmdastjórn ferðamálaráðs. Að vísu fær Reykjavíkurborg að fljóta með og fær fastan fulltrúa í framkvæmdastjórn. Fyrir því geta svo sem verið rök, að þetta langstærsta sveitarfélag landsins eigi að vera þarna inni, með sömu rökum og þá Flugleiðir sem langstærsta fyrirtæki í ferðaþjónustu eigi að vera þarna með fasta fulltrúa, en maður fer að velta svolítið fyrir sér hlutföllum sem þá eru orðin í framkvæmdastjórninni. Svo að dæmi sé tekið er með þessari formúlu búinn til fræðilegur meiri hluti þriggja aðila í ráðinu. Það er Flugleiða, Reykjavíkurborgar og fulltrúa samgrh., sem þá yrðu tveir. Ég bara varpa þessu fram sem fræðilegum möguleika án þess að hafa um það fleiri orð.

Ég hefði haldið að það stæði í sjálfu sér starfsemi ferðamálaráðs ekki fyrir þrifum að þar væri frekar fámennari framkvæmdastjórn en fjölmennari og spurning hvort það auðveldar störf hennar endilega að vera að færa þá tölu upp úr fimm í sjö þegar að því er best verður séð er tilgangurinn sá og sá einn að opna leið *fyrir tvo en ekki einn fulltrúa samgrh. í ráðið*. Það hljóta þá líka að vakna spurningar um hlutföll og það jafnvægi sem áður að bestu manna yfirsýn ríkti með skipan þessara fimm tilteknu fulltrúa eins og að því var áður staðið í framkvæmdastjórn ferðamálaráðs.

Eitt atriði enn vil ég nefna og það eru ákvæði 8. gr. sem lúta að tryggingum ferðaskrifstofa. Þar vil ég á hinn bóginn taka eindregið undir efni frv. Það er löngu tímabært að breyta þeim þröngu reglum sem eru í gildandi lögum um tryggingar ferðaskrifstofa. Það varð fljótlega ljóst að eldri lagaákvæði voru í raun og veru alveg úrelt og úr takt við aðstæður að allar ferðaskrifstofur án tillits til stærðar, án tillits til þess hvort þær væru með hundruð manna á sínum vegum erlendis eða væru að taka fámenna hópa í ferðalögum um Ísland þyrftu allar að setja sömu tryggingarupphæðina, 8 eða 10 millj. kr. ef ég man rétt. Þarna þarf meiri sveigjanleika þannig að stórar ferðaskrifstofur sem eru með umfangsmikinn rekstur og jafnvel, eins og ég segi, hundruð manna á sínum vegum erlendis setji þannig tryggingar að fullnægjandi öryggi sé búið því fólki sem ferðast á þeirra vegum, þar með talið að hægt sé að ná þeim farþegum heim ef viðkomandi aðili kemst í rekstrarþrot og á hans vegum eru hundruð manna strandaglópar á erlendri grund.

Á hinn bóginn er auðvitað fráleitt að minni háttar ferðaþjónustuaðilar eða þjónustuaðilar innan lands þurfi að setja jafnháar tryggingar þó að þeir kjósi að standa innan þess ramma laganna sem fjallar um skipulagðar ferðaskrifstofur. Hvort sem það er endilega besta aðferðin til þess að opna þetta upp að færa þetta yfir í reglugerðarvald ráðherra, þá er í öllu falli ljóst að það er þörf á að breyta þessum ákvæðum. Frv. frá vorinu 1991 gerði ráð fyrir því að það væri gert, reyndar þá með miklu ítarlegri hætti þar sem ferðaþjónustuaðilarnir voru flokkanir upp og meira í takt við raunveruleikann búnir til mismunandi flokkar þeirra sem eru að starfa á þessu sviði, en ekki bara þessi einfalda skilgreining í ferðaskrifstofur þar sem allir eru settir undir sama hatt. Ákvæðum sem að þessu lúta mætti að skaðlausu breyta og reyndar væri full þörf á því en ég hefði að sjálfsögðu viljað sjá það gerast sem hluta af heildarendurskoðun lagaákvæðanna á þessu sviði.

Mikið meira, hæstv. forseti, er svo ekki um þetta að segja af minni hálfu. Þetta frv. *sætir ekki miklum tíð*indum nema síður sé. E.t.v. er helst hægt að segja að það sæti tíðindum vegna þess hversu magurt það er eftir þennan langa starfstíma hæstv. ráðherra, að hann skuli ekki hafa meira fram að færa sem lýtur að breyttu skipulagi og úrbótum í málefnum ferðaþjónustunnar heldur en það sem hér er lagt til, að hringla lítillega með skipulag ferðamálaráðs. Því miður held ég að ferðaþjónustunni hafi alls ekki verið sýndur sá sómi sem rétt væri og skylt í ljósi þess að hún er þrátt fyrir allt ein af örfáum ef ekki bara eina virkilega vaxandi útflutningsgrein Íslendinga, hefur á hverju ári undanfarið skilað auknum verðmætum, auknum gjaldeyri inn í þjóðarbúið og er nú á góðri leið með að verða í öðru sæti hvað hreina gjaldeyrisuppsprettu fyrir íslenska þjóðarbúið áhrærir. Það er t.d. dapurlegt að *á þessum tíma skuli auknar álögur hafa verið lagðar á* ferðaþjónustuna í tíð núv. ríkisstjórnar og þrátt fyrir vöxt hennar og þar með auðvitað þörf fyrir meira fé til fyrirbyggjandi aðgerða og starfrækslu upplýsingamiðlunar, reksturs ferðamálaráðs o.s.frv., hafa fjárveitingar staðið í stað í krónutölum öll árin sem hæstv. samgrh. hefur farið með þau mál. Það er mjög dapurlegt. Þrátt fyrir það að talsverður hluti af starfsemi ferðamálaráðs er í erlendri mynt og hefur þar af leiðandi rýrnað sem nemur gengisfalli íslensku krónunnar í tíð þessarar ríkisstjórnar, en hvorki meira né minna en *þrjár meiri háttar gengisfellingar hafa eins og kunnugt* er gengið yfir í hennar tíð. Þetta þýðir t.d. þar sem gengi mynta hefur jafnframt styrkst eins og í Bandaríkjunum að framkvæmdafé til reksturs ferðaskrifstofa ferðamálaráðs í New York hefur líklega rýrnað um fjórðung eða svo á þessum tíma vegna þess að það er óbreytt í krónutölu frá því sem það var á árinu 1991, þrátt fyrir gengisfellingarnar og aukna þörf sökum vaxtar í greininni. Þetta er nú harla dapurlegt.

Að öðru leyti, hæstv. forseti, sé ég ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta, en ég ítreka og undirstrika það sem ég hef áður sagt að mér finnst þetta heldur mögur uppskera hjá hæstv. ráðherra eftir næstum þrjú ár í þessu embætti.

[18:08]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Mér kom að vísu ekki á óvart ræða hv. þm. hér áðan, en nauðsynlegt er að gera við hana nokkrar leiðréttingar og svara sjónarmiðum sem stangast fullkomlega á við þau sjónarmið sem ég hef í mörgum efnum.

Ég vil í fyrsta lagi víkja að 2. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að heimilt sé að endurskipa menn í ferðamálaráð en að þeir sem þar sitja séu ekki ráðnir til ákveðins tíma eða fjögurra ára. Við getum ekki verið að tala um það hvort við séum að hygla einhverjum mönnum pólitískt í þessu sambandi. Það er ekki sú hugsun sem liggur hér á bak við þótt hv. þm. hafi verið að reyna að gefa það í skyn, heldur liggur sú hugsun til grundvallar því sem hér stendur að stjórnskipanin sé virkari en ella, ákveðnari og að trúnaðarmenn ráðherra séu raunverulegir trúnaðarmenn hans. Að í þeim nefndum sem eiga að vera ráðgefandi fyrir ráðherra sitji þeir sem ráðherra getur vel sætt sig við og þá er ég ekki að tala um persónulega heldur er ég að tala um þau sjónarmið og þau markmið sem ráðherrann hefur.

Það liggur þannig alveg ljóst fyrir að ég er fullkomlega ósammála hv. þm. um að það frv. sem hann lagði fram á þinginu 1990–1991 hafi verið til bóta fyrir ferðaþjónustuna. Af þeim sökum stöðvaði ég frv. í efri deild að ég taldi það ekki til bóta. Á hinn bóginn voru þeir fulltrúar sem áttu að heita mínir í ferðamálaráði þeirrar skoðunar að það væri til bóta að vinna eftir því sem þar var kveðið á um.

Nú er hins vegar kominn annar ráðherra með annan metnað, með aðra tillögugerð og önnur markmið og vildi standa öðruvísi að málum. Þá er spurningin: Var ekki eðlilegt að þær undirnefndir sem voru mér til ráðuneytis og hafa verið þennan tíma sem ég hef verið ráðherra væru skipaðar af mér? Ég vil í þessu sambandi rifja upp að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon á meðan hann var samgrh. var sömu skoðunar og ég. Þannig óskaði hann eftir því að aðstoðarmaður Matthíasar Á. Mathiesens segði af sér þeim trúnaðarstörfum sem hann hafði skipað hann til innan samgrn. og það er til bréf undirritað af fyrrv. hæstv. samgrh., Steingrími J. Sigfússyni, frá 10. nóv. 1988 þar sem hann óskaði eftir því að Hreinn Loftsson hætti sem fulltrúi samgrn. í stjórn Ferðaskrifstofu Íslands.

Það er því ekki rétt sem hv. þm. sagði hér áðan að hann hafi á meðan hann var samgrh. haft einhver önnur sjónarmið en ég í þessum efnum. Hann sagðist ekki hafa amast við þeim mönnum sem Matthíasarnir tveir höfðu skipað til verka, Matthías Á. Mathiesen og Matthías Bjarnason, þegar fyrir liggur í skjölum ráðuneytisins bréf sem sannar hið gagnstæða. Ég er ekki að segja þetta til þess að áfellast þær skoðanir forvera míns að það geti verið nauðsynlegt fyrir ráðherra að skipta um menn í trúnaðarstöðum, ég er þvert á móti að leggja áherslu á að ég tel að Steingrímur J. Sigfússon hafi farið þar rétt að. Ég tel að þeir menn sem séu ráðherra til ráðuneytis eigi að finna og vita það sjálfir að það er ætlast til þess af þeim að þeir gæti þess trúnaðar umfram allt.

Ég hafði sjálfur þann háttinn á þegar ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar lét af störfum í septembermánuði árið 1988 að segja mig úr öllum þeim nefndum sem ég var skipaður í af ráðherrum vegna þess að ný ríkisstjórn hafði tekið til starfa og ég er þeirrar skoðunar að ríkisstjórnir verði sjálfar að ráða sínum trúnaðarmönnum og sínum vinnubrögðum.

Um þetta er ágreiningur milli okkar. Um þetta er ágreiningur. Ég er ekki að fara fram á það að fá að endurskipa í stjórnir og ráð til þess að mínir trúnaðarmenn geti setið lengi eftir að ég fer úr embætti, þvert á móti er ég að opna greiða leið fyrir þann sem við tekur af mér til þess að hafa meiri áhrif inn í stjórnskipan ríkisins. Ég er því ekki að tala um pólitíska misnotkun. Ég er þvert á móti að greiða fyrir því að eftirmanni mínum gefist tækifæri á því að skipta um menn eftir því sem hann telur rétt. Ef hann vill hafa sömu menn þá er honum auðvitað frjálst að gera það. Eins og ég sagði þá er reynsla fyrir því að sveitarfélögin hafa unnið með þeim hætti í ferðamálum sem ég er að lýsa. Þannig var ástandið í t.d. stjórn ferðamálasjóðs á síðasta ári að í henni átti sæti maður sem ekki sat lengur í ferðamálaráði af því að hann hafði orðið að víkja þar, hann hafði flust búferlum og gat ekki lengur verið fulltrúi þess sveitarfélags sem hann áður var. Svo einfalt er það. Þessi regla hefur því verið viðhöfð af sveitarfélögunum í þessari starfsemi. Hún er líka viðhöfð af hagsmunaaðilum.

Ég er auðvitað sammála hv. þm. um að það sé álitamál hvort það eigi að hugsa sér að Reykjavíkurborg annars vegar og Samband íslenskra sveitarfélaga hins vegar eigi sinn hvorn fulltrúann í framkvæmdastjórn ferðamálaráðs. Þetta er matsatriði. Hugsunin á bak við það er sú að Reykjavíkurborg sé það öflugur aðili innan ferðaþjónustunnar að af þeim sökum sé gagnlegt að borgin eigi fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Og með sama hætti megi það ekki vera á kostnað þess að sjónarmið annarra sveitarfélaga úti á landsbyggðinni komi fram. Þetta eru þau rök sem liggja til grundvallar þessari breytingu af því að ekki var svigrúm til þess að skipa bæði fulltrúa Reykjavíkurborgar og svo landsbyggðarinnar nema að það yrði á kostnað þess að samgrh. gæti ekki skipað formann ferðamálaráðs án tilnefningar.

Ég er líka þeirrar skoðunar að varaformaður ferðamálaráðs eigi að sitja í framkvæmdastjórn ráðsins gagnstætt því sem stundum hefur verið. Um það má líka deila. En þetta er mín skoðun. Ég álít að þetta sé til bóta fyrir starfsemi ferðamálaráðs og er þess vegna hér flutt. Það er ugglaust rétt hjá hv. þm. að þetta skiptir svo sem engum sköpum en það gæti orðið til að liðka fyrir ýmsu og í sumum tilfellum orðið kveikjan að því að gera mögulegt að ráðast í verkefni sem annars lægju hjá garði. Þetta er um það að segja.

Ég get ekki látið því ósvarað þegar hv. þm. segir að í skipulagi ferðaþjónustu hafi ekkert gerst þau þrjú ár sem ég hef verið samgrh. og að fjárveitingar til ferðamála séu minni nú en áður hefur verið. Það eru ekki margir dagar síðan starfsemi ferðamálaráðs var skilgreind með öðrum hætti og sá hluti hennar sem lýtur að upplýsingaöflun, umhverfismálum og skipulagi ferðamála innan lands var flutt til Akureyrar til að leggja áherslu á þann þátt starfseminnar. Á bak við það liggur sú hugsun að skrifstofa ferðamálaráðs í Reykjavík hafi á undanförnum árum látið það sitja fyrir að sinna ýmsum opinberum störfum og snúa sér fremur að því sem lýtur að markaðssetningu erlendis heldur en skipulagi ferðamála hér heima, heldur en að því að laða saman krafta þeirra sem þar eiga hagsmuna að gæta víðs vegar á landsbyggðinni og koma öðrum sjónarmiðum á framfæri.

Þetta er auðvitað alveg gjörbreyting. Ég held því fram að á skömmum tíma muni þessi breyting skila miklum árangri. Ég tel að hún muni vaxa meira en við sjáum fyrir nú á þessari stundu og ég tel að það sé líka mjög gagnlegt fyrir ferðaþjónustuna víðs vegar um landið að efna þannig til skipulagðs og beins samstarfs milli þessa hluta ferðamálaráðs og útibúa Byggðastofnunar í öðrum fjórðungum. Þarna er komið greiðara og nánara samband en áður var. M.a. hefur Ferðaþjónusta bænda tekið þessari breytingu mjög vel og telur að hún muni hafa góð áhrif á starfsemi þeirra. Ég tel því að þarna sé um skipulagsbreytingu að ræða sem muni marka viss þáttaskil. Skýringin á því að ég kom ekki með hana inn í þingið er sú að ég hafði tækifæri til að gera þetta, heimildir til að gera þetta innan laganna eins og þau eru nú og þurfti þess vegna ekki að leggja það fyrir þingið.

Það er þannig með sum lög til allrar hamingju að ráðherrar þurfa ekki að koma inn á Alþingi út af hverju einu heldur hafa þeir visst svigrúm ef þeir á annað borð vilja hafa frumkvæði að því að breyta hlutunum.

Ég held að það sé heldur ekki rétt — nú skal ég ekki segja hvort hv. þm. hefur athugað það gaumgæfilega, ég hef ekki flett því upp í fjárlögum, en eftir þeim heimildum og upplýsingum sem ég hef frá aðilum í ferðaþjónustu er gert meira á þessu ári til markaðsátaks erlendis á sviði ferðaþjónustu af opinberri hálfu en nokkru sinni fyrr. Þannig var að samkvæmt fjárlögum er heimild fyrir því að ég verji 40 millj. kr. af ráðstöfunarfé stofnana undir samgrn. til sérstaks markaðsátaks erlendis og enn fremur kemur Framleiðnisjóður landbúnaðarins að þessu verkefni og á móti leggja Flugleiðir fram 50 millj. kr. Þessu fé hefur verið varið til að auglýsa, kynna og markaðssetja Ísland með öðrum hætti en áður hefur verið, m.a. í virtum tímaritum eins og Stern og með ýmsum öðrum hætti. Ég skal ekki segja hvort það hefur þegar skilað nokkrum árangri en hitt liggur alveg ljóst fyrir að þær pantanir og bókanir sem nú hafa verið gerðar lofa góðu um næsta sumar. Það liggur líka fyrir að við munum reyna að kynna okkur það á sumri komanda hvort rekja megi hingaðkomu einhverra ferðamanna til þessa sérstaka átaks sem við beitum okkur fyrir og allir þeir aðilar sem að koma líta til með mikilli bjartsýni.

Loks hefur tekist samvinna um það við aðila innan lands, bæði sveitarfélög og aðila í ferðaþjónustu, fyrir utan stórfyrirtækin Mjólkursamsöluna og Olíufélag Íslands að efna til sérstaks ferðaátaks innan lands sem ég hygg að muni líka skila góðum árangri. Ég held að þessi tvenns konar sókn, bæði út á við með markaðsátakinu með Flugleiðum og inn á við með þessu sérstaka ferðaátaki, með þeim samningi og því samkomulagi sem við gerðum, ég og ferðamálaráðherra Grænlands, um að kynna löndin saman og ýmislegt annað sem er í deiglunni og hefur komist í framkvæmd sýni einmitt að við erum farnir að standa að ferðamálunum öðruvísi en áður. Við leggjum meira undir og ég vil trúa því að það muni skila sér margfalt til baka og verða til þess að auka þær gjaldeyristekjur sem við höfum af ferðaþjónustunni.

Ég minni á að þessi atvinnuvegur er að því leyti jákvæður að hann skilar sér í atvinnu í öllum fjórðungum en á hinn bóginn hygg ég að ýmislegt sé það í skipulaginu hjá okkur sjálfum Íslendingum sem við verðum að huga að betur en áður sem bæði lýtur að umhverfismálum, aðstöðu til móttöku ferðamanna, aðbúnaði og öðru þvílíku.

Útbýting þingskjala:

Vegalög, 119. mál, nál. samgn., þskj. 932; brtt. samgn., þskj. 933.

[18:23]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég ætla ekki að halda langa tölu um þetta mál en það hefur haft langan meðgöngutíma. Þegar hæstv. samgrh. kom í embætti var honum mikið kappsmál að ota sínum mönnum og þá byrjaði hann að hugsa upp þessa reglu sem hér er sett upp með stjórnirnar. En tíminn hefur nú liðið og ferli hæstv. samgrh. er senn að ljúka og ég vona að það eigi ekki yfir þjóðina að ganga að hafa þessa ríkisstjórn mikið lengur. Það hefur sannarlega ekki verið stofnað neitt þúsundáraríki í ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Þetta er ekkert stórmál. Ég held að við komumst ekki hjá að uppfylla þau skilyrði sem við tókum á okkur með inngöngu í Evrópskt efnahagssvæði. En ríkisstjórninni hættir til hvað eftir annað að hengja utan á nauðsynlegar breytingar á lögum sem leiða af Evrópsku efnahagssvæði eða Brussel-reglunum ýmislegt fleira og yfirleitt er það heldur til óþurftar. Ef þeir sem skipaðir hafa verið í trúnaðarstöður hafa geðslag og skapstillingu til að starfa með nýjum ráðherra þá sé ég ekkert á móti því. Mér finnst þetta heldur óheppileg regla sem hér er verið að taka upp.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að fjölyrða um þetta mikið meir. Það má sjálfsagt hafa á þessu ýmsar skoðanir og ég var ekkert að lýsa neinum heitum samræmingum til eða frá hvaða fyrirkomulag ætti að hafa á þessu í minni fyrri ræðu en m.a. bara að benda á að það þyrfti að vera eitthvert samræmi í þessu. Þetta væru ekki mál sem ættu að ráðast af einhverjum per-

sónulegum áhugamálum einstakra ráðherra og ekki einu sinni einstakra ríkisstjórna. Það þarf að skipa þessum málum almennt í stjórnsýslunni með einhverjum hætti. Það á ekki að svipta því til bara eftir því hvernig vindar blása pólitískt heldur þarf að vera einhver samfella í því.

Út af því sem hæstv. ráðherra sagði með frv. sem hann gekkst við að hafa stöðvað í efri deild á síðustu dögum þingsins árið 1991 þá er rétt að hæstv. ráðherra hafi það í huga að Sjálfstfl. átti fulltrúa í þeirri nefnd sem undirbjó það frv. Það áttu allir þingflokkar og þeir náðu samkomulagi og skiluðu einróma tillögum. Það var hv. fyrrv. þm. og hæstv. fyrrv. ráðherra, Friðjón Þórðarson, núv. sýslumaður Dalamanna, sem sat í þeirri nefnd fyrir Sjálfstfl. og skrifaði án fyrirvara upp á nál. og frv. sem síðan var flutt. Og allir þingmenn Sjálfstfl. með tölu í neðri deild greiddu atkvæði með málinu. Það var því nokkuð mikil ábyrgð sem hv. þáv. þm., Halldór Blöndal, fyrirferðarmikill nokkuð í störfum efri deildar þessa vordaga, tók á sig að bera einn og sérstaklega ábyrgð á því að hindra að fram gengi þessi vilji sérstakrar nefndar og neðri deildar sem einróma hafði náð saman um afgreiðslu á málinu. (**JGS:** Hvernig gat þingmaðurinn þetta einn?) Það er saga út af fyrir sig að segja af því hvernig þingmaðurinn fór að því. Ætli það hafi ekki verið þannig að það var komið fram á síðustu sólarhringa þingsins og mönnum var nokkuð í mun að fara að koma þinginu í sitt frí og styttist í kosningar þannig að í krafti þeirrar aðstöðu sem hv. þm. skyndilega komst í þá gerðist þetta eins og stundum vill verkast til.

Ég er ekki viss um að þeir fáu sem ég held að gengið hafi sérstaklega undir hv. þm. í því að stöðva þetta sjái að þeir hafi unnið þar eitthvert þurftarverk í dag.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra nefndi með pólitískan aðstoðarmann fyrrv. hæstv. samgrh., Mattíasar Á. Mathiesens þá er það rétt. Ég óskaði eftir því að hann hyrfi úr tilteknum nefndum sem hann sat í, sem hann sem pólitískur aðstoðarmaður ráðherra sat í sem slíkur. Þar er allt öðru til að dreifa heldur en því sem hér er til umræðu. Menn hljóta að sjá það í hendi sér að það er annað þar sem fer pólitískur aðstoðarmaður ráðherra sem situr sem slíkur við einhver störf þegar ríkisstjórnarskipti verða og hitt að menn sem tilnefndir eru af ráðherra gjarnan eða vonandi á faglegum forsendum í stjórnir, nefndir og ráð sem starfa í tiltekin kjörtímabil víkji sæti. Þetta er eina tilvikið. Og ég stend við það sem ég áðan sagði að öðru leyti sátu allir þeir sem skipaðir höfðu verið af Sjálfstfl. út þann tíma sem þeim bar lögum samkvæmt. Til að mynda sat Kjartan Lárusson, sem formaður ferðamálaráðs út það kjörtímabil sem eftir var þegar ég kom til starfa og ég hef ekkert yfir samstarfinu við hann að kvarta, ekki nokkurn skapaðan hlut. Ég velti því ekki einu sinni fyrir mér hvort hann væri stuðningsmaður Sjálfstfl. eða eitthvað annað. Formaður stjórnar ferðamálasjóðs, Hólmfríður Árnadóttir sat út sitt kjörtímabil. Sömu sögu er af því að segja, ég hafði ekkert yfir samstarfinu við hana að kvarta.

Þannig var það yfir heilu línuna, hæstv. ráðherra. Ég stóð ekki í því að kalla menn inn á teppið og með misjöfnum aðferðum fara fram á að þeir segðu af sér áður en þeirra kjörtímabil var uppi en það skilst mér að eigi sér nú fordæmi.

Að öðru leyti er ekki mikið um þetta að segja. Ég held að allir átti sig á því hvernig þetta mál liggur. Það er rétt að vekja athygli á því að það fyrirkomulag sem var við lýði þegar hæstv. núv. samgrh. kom að þessum verkefnum var eitthvað sem var uppdiktað af mér sem forvera hans einum og sér. Þetta voru einfaldlega þau vinnubrögð og þær reglur sem viðgengist höfðu og viðgengist hafa um langan aldur í allri stjórnsýslunni, að stjórnir, nefndir og ráð eru gjarnan skipuð til fjögurra ára senn og þá ræður hending því hver situr í stóli ráðherra þegar kjörtímabilið er uppi. Og það liggur auðvitað í hlutarins eðli að við skulum segja að það gerist á miðju kjörtímabili að þá verða sömu aðstæður uppi aftur að fjórum árum liðnum og þá er ráðherra búinn að sitja í tvö ár, hann skipar menn og þeir sitja í fjögur ár. Þau tvö ár sem eftir lifa kjörtímabilsins og önnur tvö í viðbót. Hvað með það? Þannig gerist það ósköp einfaldlega að mönnun þessara þátta stjórnsýslunnar er á öðru spori en kosning til Alþingis og skipan ríkisstjórna. Ég er ekki viss um nema það sé að mörgu leyti skynsamlegt og farsælt að það sé þannig vegna þess að auðvitað gengur það ekki að taka allt og snúa því á haus í hvert skipti á fjögurra ára fresti eða þess vegna skemmri tíma ef stjórnir falla eins og stundum gerist. Það þýðir auðvitað ekki að byggja stjórnsýsluna í landinu upp þannig. Við erum væntanlega að tala hér í flestum tilvikum um faglegar áherslur og faglega skipaða aðila.

Ég ætla ekki hæstv. núv. samgrh. annað en það að skipa menn sem hafa faglegt erindi inn í ferðamálaráð eða stjórnir, nefndir og ráð af öðrum toga. Þó ég að vísu gruni hann um að skipa helst ekki annað en sjálfstæðismenn. En það er hans húskross og heimavandi að sjá hvergi hæfa menn í öðrum flokkum. En ég er ekki að draga í efa út af fyrir sig að hæstv. ráðherra leiti að fólki sem hafi einhverja burði og eitthvert erindi faglega séð inn í viðkomandi störf eða við skulum a.m.k. vona að svo sé. Þá finnst mér ekkert sjálfgefið og alls ekki rökstutt að það sé endilega nauðsynlegt að allt það fólk skuli hverfa frá þeim störfum samstundis um leið og hæstv. ráðherra lætur af embætti.

Síðan nokkur orð um það sem hæstv. ráðherra vék að úr minni ræðu. Það sem ég sagði um fjárveitingar til ferðamálaráðs var þetta: Þær hafa staðið í stað í krónum talið þessi þrjú ár sem hæstv. ráðherra hefur setið. Fjárveitingar til ferðamálaráðs, ég held ég muni rétt að það séu u.þ.b. 68 millj. kr. sem þær voru á árinu 1991. Það er bagalegt, m.a. vegna þess sem ég benti á að verulegur hluti af útgjöldum ferðamálaráðs er bundinn í erlendri mynt. Hann er kostnaður við rekstur skrifstofanna í Þýskalandi og í Bandaríkjunum og vegna gengisfellinganna þá hafa íslenskar krónur rýrnað mjög í þeim skilningi að þær duga fyrir minni útgjöldum á erlendri grund eins og gengisskráningu er nú háttað, það gefur auga leið.

Þetta hefur gerst á sama tíma og tekjustofninn sem að vísu hefur því miður aldrei tekist að fá að fullu, þ.e. 10% af sölutekjum Fríhafnarinnar, hefur stóraukist á þessum árum. Þess vegna hefði ef allt hefði verið með felldu átt að takast að lyfta þessum tekjustofnum. Um hið sérstaka landkynningarátak sem hæstv. samgrh. efndi til með Flugleiðum og fjármagnaði með nokkuð sérstökum hætti svo ekki sé meira sagt með því að skera niður rekstrarframlög til allra stofnana samgrn. þó að þær sinni alls óskyldum verkefnum. Mönnum er spurn: Hvers á Vita- og hafnamálastofnun að gjalda að fjárveitingar til hennar skuli vera skornar niður til að standa straum af landkynningu í ferðamálum? Þá er auðvitað það að segja að það er góðra gjalda vert og fagnaðarefni að þarna sé verið að reyna eitthvað. En hæstv. ráðherra hefði að sjálfsögðu átt að að afla fjár til síns hluta verkefnisins með öðrum hætti en þessum. Það átti þá ósköp einfaldlega að hækka fjárveitingar til ferðamálaráðs um 40 millj. kr. og láta ferðamálaráð síðan taka fyrir ríkisins hönd þátt í þessu kynningarátaki. En eins og danskurinn segir þá er „meningen god nok" og að sjálfsögðu tek ég undir að það er fagnaðarefni að þessir peningar náist fram þó að þetta sé nú kannski hálfgerðar sjónhverfingar því mér er ekki kunnugt um í sjálfu sér að vinir mínir hjá Flugleiðum hafi hækkað í sínum áætlunum það sem þeir ætluðu til landkynningarmála. Ætli það sé ekki þannig að þeir hafi bara ósköp einfaldlega eyrnamerkt einhverjar 50 millj. kr. að vera mótframlagið að nafninu til á móti því sem kom frá hæstv. ráðherra. Um samskiptin við Olíufélagið þá er sömuleiðis gott um það að segja. Ferðamálaráð tók þetta upp á síðasta ári og hvatti til ferðalaga um eigið land í samstarfi við Olíufélagið og það er hið besta mál. Nú virðist samgrn. hafa yfirtekið þetta verkefni og það er eins og ferðamálaráð sé þar horfið út úr sögunni sem mér finnst sérkennilegt því ferðamálaráð er þrátt fyrir allt framkvæmdastofnun á þessu sviði en aftur er hugsunin góð og ekkert nema gott um það að segja og þarna er þó viðleitni sem gengur til réttrar áttar.

Útbýting þingskjals:

Brunavarnir og brunamál, 290. mál, nál. félmn., þskj. 936.

[18:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er af því að hv. þm. dró almennt aðstoðarmenn ráðherra inn í umræðurnar. Það var þannig að 20. okt. 1988 skrifaði aðstoðarmaður Matthíasar Á. Mathiesens bréf til samgrh. þar sem hann sagði sig úr pólitískt skipuðum ráðum og nefndum nema úr stjórn Ferðaskrifstofu Íslands sem fyrrv. samgrh. bað hann um að segja lausri með formlegum hætti einnig. Nú er það svo að hv. þm. hafði tvo aðstoðarmenn. Annan í samgrn. og hinn í landbrn. Annar þeirra, sá í samgrn., sat sem varaformaður ferðamálaráðs fram á sl. haust og varamaður hv. samgrh. í landbrn. situr enn í stjórn framleiðnisjóðs. Ég vek athygli á þessu að það er greinilegt að aðstoðarmenn ráðherra fara misjafnlega að.

[18:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú verð ég að gera mjög alvarlegar athugasemdir því hæstv. samgrh. fer rangt með. Það tíðkaðist ekki í tíð fyrri ríkisstjórnar að ráðherrar hefðu fleiri en einn aðstoðarmann. Ég kannaði það á sínum tíma hvort ég ætti rétt á því að hafa tvo aðstoðarmenn þar sem ég gegndi tveimur ráðuneytum en því var hafnað af þá sitjandi forsrh. sem hafði forustu fyrir málum í þeim efnum. Hér er hæstv. ráðherra einfaldlega að rugla því saman væntanlega að deildarstjóri í samgrn. sem fór með ferðamál, var jafnframt varaformaður ferðamálaráðs og sat sem slíkur á þeim vettvangi. Hann var ekki pólitískur aðstoðarmaður minn. Það vill að vísu svo til að sá maður er í sama stjórnmálaflokki en hér virðist aftur það sama ske að hæstv. ráðherra kann ekki að greina á milli annars vegar starfa manna og faglegrar hæfni og hins vegar pólitískra skoðana. Það er auðvitað mjög lélegt. Ég hafði einn pólitískt ráðinn aðstoðarmann sem vann á þeim kjörum. Sá sat í landbrn. og kom ekki nálægt ferðamálum, kom ekki nálægt ferðamálum. Sá maður sem hér er vísað til var deildarstjóri í samgrn. og fór með ferðamál og sat sem slíkur í ferðamálaráði og var varaformaður þess. Svona staðreyndir eiga menn að reyna að hafa á hreinu, hæstv. ráðherra, og hæfir alls ekki að maður sem hefur allar aðstæður til að vita hið rétta, núv. hæstv. samgrh., bulli um svona hluti.

[18:38]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil ekki af hverju hv. þm. talar með þessum hætti. Sá maður sem í hlut á kom á fund minn eftir að ég varð samgrh., það er best að skýra frá því, sagði að hann hefði verið — það er nú svo að það er ekki heimilt að ráða með formlegum hætti aðstoðarmenn — sami maður hefur einungis heimild til að ráða með formlegum hætti einn aðstoðarmann ráðherra. Hins vegar var þessi ágæti maður ráðinn sem aðstoðarmaður ráðherra þó hann héti deildarstjóri í samgrn. eftir því sem hann sagði mér eftir að ég varð ráðherra. Og ef einhver hefur bullað í þeim efnum þá er það sá ágæti maður. Ég skal ekki rekja það samtal frekar, þetta mál liggur svona fyrir. Það skiptir engu máli hvort hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon kemur hingað upp og segir að ég hafi farið með ósannindi í þessum efnum. Það veit allur þingheimur, það vita þeir sem fylgjast með að hann starfaði sem pólitískur aðstoðarmaður Steingríms J. Sigfússonar, leit á sig sem slíkan en ráðningarkjörin voru eins og venja er til þegar sami maður fer með tvö ráðuneyti.

Mér finnst á hinn bóginn þessi umræða vera komin nokkuð út fyrir það málefni sem við erum að tala um. Við vorum að tala um það hvort það sé rétt eða skynsamlegt að pólitískt skipaðir menn haldi áfram að standa í trúnaðarstörfum eða ráðgefandi störfum eftir ráðherraskipti. Við erum hér að tala um ferðamálaráð. Það stendur svo á að ég hef nýskipað í ferðamálaráð. Ef lögin verða óbreytt þá stendur sú skipun til fjögurra ára þannig að ég er ekki að fara hér fram á það hér að fá heimild til að hygla neinum pólitískt.

[18:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég bar ekki ósannsögli upp á hæstv. ráðherra. Ég taldi það koma fram í hans máli og það gerði það að hann væri ekki nógu vel upplýstur um gang mála eða misminnti. Ég trúi því nú ekki að hæstv. ráðherra, þegar hann hugsar sinn gang betur, ætli að vefengja það á hvaða kjörum þessi umræddi maður var starfandi. Hann var ráðinn sökum hæfni sinnar og menntunar á því sviði. Hann er með hagfræðimenntun og tungumálakunnáttu og var sem slíkur mjög heppilegur til að sinna m.a. þeim störfum varðandi fjármálagerð og skipulagningu í ráðuneytinu sem hann var ráðinn til. Við þekktumst ekki þegar hans ráðning kom til sögunnar, ég og þessi umræddi starfsmaður, bara svo það sé á hreinu. Hann var ekki ráðinn og starfaði ekki sem pólitískur aðstoðarmaður ráðherra þó það væri að vísu svo að hann átti mikinn trúnað þess ráðherra sem þá sat og vann í ýmsum verkum sem pólitísk mega kallast en hann var ekki ráðinn sem slíkur hann hafði ekki það starfsskipulag og hæstv. ráðherra getur kynnt sér það með viðtölum við starfsfólk í samgrn. að samskipti og skipulag starfa þar innan veggja var ekki með þeim hætti sem gerist þegar í hlut á pólitískur aðstoðarmaður ráðherra eða ég vænti að það skipulag sé enn við lýði sem tíðkast hefur í þeim efnum. (Gripið fram í.) Ég er ekki að væna hæstv. samgrh. um að vera að flytja þetta mál núna í einhverjum sérstökum tilgangi hvað varðar sem sagt það að losa upp skipunartíma ferðamálaráðs. Enda er það rétt sem hæstv. ráðherra bendir á að hann hefur nú nýlega skipað nýtt ferðamálaráð sem myndi þá starfa jafnlangt inn á næsta kjörtímabil og það sem áður sat gerði, og hann kom að og bjó við fyrstu árin, ef um heilt kjörtímabil þessarar ríkisstjórnar verður að ræða, sem menn draga nú reyndar mjög í efa. Ég tel í sjálfu sér ekkert nema gott um það að segja. Það er það skipulag sem viðgengist hefur um langa hríð í ferðamálunum og miklu, miklu víðar. Það er ekkert einkamál einhverra ráðherra fyrrv. og núv. og tilvonandi eða hvað það nú er, það er auðvitað það skipulag sem Alþingi hefur í gegnum lagasetninguna búið út á löngum tíma og er hin almenna regla. Ég tel að eigi að skoða málið í því almenna samhengi ef menn ætla að taka upp nýja stefnu þá á það auðvitað að vera almenn ákvörðun sem gengur yfir stjórnsýsluna á almennum grundvelli en ekki ráðast tilviljanakennt að prívatskoðunum ráðherra í hverju tilviki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um dagskrá.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Í lögum um þingsköp, 63. gr. er svo kveðið á að forseti geti heimilað ef ósk berst um það frá flutningsmanni eða flutningsmönnum og enginn þingmaður andmælir því að umræður fari fram um tvö eða fleiri dagskrármál í einu ef þau fjalla um skyld efni eða það þykir hagkvæmt af öðrum ástæðum.

Nú hefur orðið að samkomulagi að 18., 19. og 20. málið, sem öll fjalla um leigubifreiðar verði tekin á þann veg að talað verði fyrir öllum málunum í þessari umræðu en umræður fari síðan fram um öll málin.

Vill nú forseti spyrjast fyrir um það hvort þessu mótmæli nokkur. (**SJS:** Verður þá ekki lengri ræðutími?) Ekki hefur forseti hugsað sér það, nei.

Verði þessu ekki mótmælt mun umræðan fara fram á þennan hátt. Verður því fyrst tekið fyrir 18. dagskrármálið.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Stjfrv., 514. mál (aðild að stéttarfélagi, umsjónarnefndir sendi- og vörubifreiða). — Þskj. 794.

Leigubifreiðar, 1. umr.

Frv. BBj o.fl., 527. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 824.

og

Leigubifreiðar, 1. umr.

Frv. SvG og SJS, 585. mál (skipan umsjónarnefnda). — Þskj. 915.

[18:44]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Tilgangur þessa frv. er að gera nauðsynlegar breytingar á lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, til samræmis við dóm Mannréttindadómstóls Evrópu frá 30. júní sl. vegna kæru Sigurðar Á. Sigurjónssonar leigubifreiðastjóra á hendur íslenska ríkinu vegna skyldu hans sem leigubifreiðastjóra til að vera í Bifreiðastjórafélaginu Frama. Dómurinn taldi ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem skylda leigubifreiðastjóra til að vera í einu og sama félagi þar sem takmörkun er í gildi, brjóta gegn 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu þar sem ákvæðið verndi einnig rétt manna til að vera utan félags.

Í 1. mgr. 11. gr. sáttmálans segir að menn hafi rétt til að mynda félög, þar á meðal stéttarfélög til verndar hagsmunum sínum. Í ákvæðinu felst einnig réttur til að vera ekki í félagi, þ.e. svokallað neikvætt félagafrelsi og því fari ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, sem kveða á um að til að fá eða halda atvinnuleyfi þurfi aðild að Frama, félagi leigubifreiðastjóra, gegn 1. mgr. 11. gr. sáttmálans. Jafnframt er vísað til ýmissa sáttmála og samþykkta alþjóðastofnana er vernda neikvæða félagafrelsið.

Í 2. mgr. 11. gr. sáttmálans er kveðið á um að réttur þessi skuli ekki háður öðrum takmörkunum en lög mæli fyrir um og nauðsyn beri til í lýðfrjálsu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis eða almannaheilla, til að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilbrigði eða sið-

gæði, eða réttindum eða frelsi annarra. Dómurinn telur að skylduaðild að Frama hafi verið komið á með lögum og ætlunin hafi verið að vernda réttindi annarra bílstjóra en dregið verði í efa hvort nauðsyn hafi borið til að kveða á um skylduaðild þegar borið sé saman annars vegar réttindamissir og þvingun kæranda og hins vegar hagsmunir tengdum hlutverki Frama við framkvæmd og eftirlit með leiguakstri.

Frv. þetta er samið í samgrn. og í samráði við hagsmunaaðila. Helstu breytingarnar eru þessar:

Í fyrsta lagi er afnumin skylda bifreiðastjóra til að vera í einu og sama stéttarfélagi á þeim svæðum þar sem heimiluð hefur verið takmörkun á fjölda bifreiða sem nota á til leiguaksturs.

Í öðru lagi er lagt til að í stað þess að takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða á einstökum félagssvæðum sé framkvæmd af félögunum sjálfum verði hún framkvæmd af sérstökum umsjónarnefndum.

Gert er ráð fyrir að ráðherra sé heimilt að fella takmörkun úr gildi ef að meira en ¼ hluti atvinnuleyfishafa á viðkomandi félagssvæði gengur úr stéttarfélaginu sem óskaði takmörkunar, sbr. 2. mgr. 2. gr. frumvarpsins.

Það hefur verið meginefni laga um leigubifreiðar að fjalla um heimildir til að takmarka fjölda leigubifreiða á félagssvæðum viðkomandi stéttarfélaga bifreiðastjóra en þetta á við um fólksbifreiðar, vörubifreiðar og sendibifreiðar. Þróun mála hefur orðið misjöfn eftir því hvaða flokk bifreiða er um að ræða.

Félög vörubifreiðastjóra hafa í flestum tilvikum notið takmörkunar og skv. 7. gr. reglugerðar nr. 121/1990 um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, hefur takmörkun verið ákveðin á félagssvæðum 28 vörubifreiðastjórafélaga.

Sú starfsvernd sem vörubifreiðastjórar hafa notið á grundvelli þessara laga og reglna hefur aðeins verið bundin við leiguakstur á vörubílum af hefðbundinni gerð og tekur ekki til verktakastarfsemi á sviði flutninga. Sendibifreiðastjórar hafa í mjög fáum tilvikum notið takmörkunar þar sem stéttarfélög þeirra hafa yfirleitt ekki óskað eftir takmörkun. Þó njóta þrjú félög sendibifreiðastjóra takmörkunar en það er á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Vestmannaeyjum, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 121/1990.

Í takmörkun á fjölda vörubifreiða og sendibifreiða felst að öllum utanfélagsmönnum hefur verið bannað að taka að sér eða stunda leiguakstur á vörum, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989. Takmörkunin hefur verið framkvæmd með þeim hætti að í reglugerð er ákveðin hámarkstala vörubifreiða og sendibifreiða á viðkomandi félagssvæði. Nýir félagar hafa síðan verið teknir inn í stað þeirra sem hætta störfum og félagið auglýst eftir umsóknum um félagsréttindi til að fylla töluna á ný, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 121/1990. Það eru því félögin sjálf sem ráðið hafa hverjir bætast við í stéttina og öðlast rétt til að stunda leiguakstur á þess sviði.

Í frv. þessu er miðað við að sama fyrirkomulag verði áfram í málefnum vöru- og sendibifreiðastjóra. Hins vegar verður framkvæmd takmörkunar ekki lengur á hendi viðkomandi stéttarfélags þar sem bifreiðastjórum er hér eftir heimilt að stofna ný félög eða standa utan félaga.

Miðað er við að sama fyrirkomulag verði áfram í málefnum vöru- og sendibifreiðastjóra. Hins vegar verður framkvæmd takmörkunar ekki lengur á hendi viðkomandi stéttarfélags þar sem bifreiðastjórum er hér eftir heimilt að stofna ný félög eða standa utan félaga. Miðað er við að taka upp sama hátt og við takmörkun á fjölda fólksbifreiða og að skipaðar verði sérstakar umsjónarnefndir sem annist útgáfu atvinnuleyfa, sbr. 3. gr. frumvarpsins.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins skal skipa umsjónarnefnd sendibifreiða á þeim svæðum þar sem takmörkun hefur verið ákveðin. Skipan hennar og starfssvið skal vera með sama hætti og umsjónarnefndar fólksbifreiða skv. 10. gr. laganna. Nefndin er skipuð þremur mönnum, þar af skal einn tilnefndur af stéttarfélagi eða stéttarfélögum sendibifreiðastjóra sameiginlega.

Samkvæmt 3. mgr. 3. gr. frumvarpsins skal skipa eina umsjónarnefnd vörubifreiða fyrir landið allt sem annast m.a. útgáfu atvinnuleyfa á þeim svæðum þar sem takmörkun hefur verið ákveðin. Nefndin skal vera þriggja manna, einn frá Landssambandi vörubifreiðastjóra, einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og formann hennar skipar ráðherra án tilnefningar. Starfssvið hennar er að öðru leyti með sama hætti og umsjónarnefndar fólksbifreiða skv. 10. gr. laganna.

Fjöldi fólksbifreiða er nú takmarkaður á fimm stöðum á landinu, þ.e. á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi. Takmörkun er framkvæmd með útgáfu atvinnuleyfa til einstakra leigubifreiðastjóra sem sérstakar umsjónarnefndir annast. Þetta atvinnuleyfakerfi hefur nú staðið í áratugi og er orðið mjög fast í sessi. Til þess að koma þessu takmörkunarkerfi á þurfti í upphafi að liggja fyrir beiðni frá viðkomandi stéttarfélagi, síðan þurfti atbeina félagsins til þess að halda kerfinu við. Jafnframt var til þess ætlast að allir atvinnuleyfishafar á viðkomandi félagssvæði væru meðlimir félagsins og að lokum var félagsaðildin lögbundin. Með því átti meðal annars að tryggja að félagið væri í fyrirsvari fyrir alla stéttina.

Eftir brottfall skylduaðildar er engin trygging fyrir því að meiri hluti atvinnuleyfishafa verði félagsmenn í stéttarfélaginu sem bað um takmörkunina og annast hefur framkvæmd hennar að hluta. Til þess að halda takmörkunarkerfi við á tilteknu svæði, breyta því eða fella það niður er óhjákvæmilegt að þekkja vilja stéttarinnar sem á hlut að máli. Það verður ekki gert nema að verulegur hluti atvinnuleyfishafa á svæðinu séu félagar í stéttarfélaginu. Því er lagt til í frumvarpinu, auk afnáms skylduaðildar, að heimilt sé að fella takmörkun á fjölda bifreiða úr gildi ef meira en fjórðungur atvinnuleyfishafa kýs að standa utan félagsins sem óskaði takmörkunar.

Í 1. mgr. 3. gr. frv. er lagt til að ákvæði 1. mgr. 5. gr. laga nr. 77/1989 verði felld brott en það kveður á um skyldu bifreiðastjóra í sömu grein til að vera í einu

og sama stéttarfélagi. Þessi skylda hefur aðeins náð til bifreiðastjóra í hverjum flokki bifreiða á þeim svæðum þar sem takmörkun er í gildi. Verði þetta frv. að lögum geta þeir gengið úr félaginu, sem bað um takmörkun, og verið utan félags eða stofnað nýtt félag.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að fjölyrða meira um einstakar greinar frv. en vísa til ítarlegrar greinargerðar og legg til að frv. verði vísað til 2. umr. og samgn.

[18:52]

Flm. (Árni Johnsen):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989.

Fyrsti flm. er Björn Bjarnason en aðrir flm. auk þess sem hér stendur eru Egill Jónsson, Guðni Ágústsson, Sigbjörn Gunnarsson og Sturla Böðvarsson.

Frv. gerir ráð fyrir að 1. mgr. 9. gr. laganna falli brott. Jafnframt falli 4. mgr. 14. gr. laganna brott.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989, um leigubifreiðar, er kveðið á um að atvinnuleyfi skuli falla úr gildi við lok 70 ára aldurs. Ákvæði laganna um atvinnuleyfi (IV. kafli) eiga aðeins við bifreiðastjóra fólksbifreiða fyrir átta farþega eða færri sem stunda atvinnu sína á svæðum þar sem takmörkun á fjölda bifreiða hefur verið ákveðin skv. 4. gr. Þetta þýðir að aldurshámarkið í 1. mgr. 9. gr. á aðeins við bifreiðastjóra sem slíkum bifreiðum aka. Ákvæðið á ekki við vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra og það á ekki heldur við fólksbifreiðastjóra á bifreiðum fyrir átta farþega eða færri sem aka á svæðum þar sem takmörkun skv. 4. gr. hefur ekki verið beitt. Þá á það ekki heldur við bifreiðastjóra langferðabifreiða. Af þessu er ljóst að ákvæðið mismunar gróflega þeim bifreiðastjórum sem það á við samanborið við aðra atvinnubifreiðastjóra.

Ákvæði 1. mgr. 9. gr. verður ekki réttlætt með öryggissjónarmiðum. Fyrir þeim er séð með ákvæði í 51. gr. umferðarlaga, nr. 50/1987, og reglugerð nr. 787/1983, um ökukennslu, próf ökumanna og fleira, sbr. reglugerð nr. 116/1988, um breytingu á henni. Þar er að finna almenn ákvæði sem eiga við alla ökumenn jafnt. Er þar m.a. gert ráð fyrir að fullnaðarökuskírteini gildi þar til skírteinishafi sé fullra 70 ára. Eftir það fá menn aðeins tímabundin ökuleyfi sem ekki eru endurnýjuð nema menn sanni m.a. með læknisvottorði að þeir uppfylli tilteknar lágmarkskröfur um heilbrigði.

Þá er einnig vandséð að öryggissjónarmið standi sérstaklega til þess að svipta hluta fólksbifreiðastjóra atvinnuleyfi við tiltekinn aldur þegar atvinnubílstjórar á sendibifreiðum, vörubifreiðum og langferðabifreiðum mega halda atvinnu sinni áfram þótt þeir hafi náð sama aldri. Raunar er augljóst að þessir síðarnefndu bílstjórar aka bifreiðum sem eru stærri, þyngri og jafnvel hættulegri.

Vilji menn af öðrum ástæðum en þeim sem rekja má til öryggissjónarmiða takmarka rétt manna yfir 70 ára aldur til að aka leigubifreiðum er unnt að gera það án afskipta löggjafans, t.d. með starfsreglum stéttarfélags eða bifreiðastöðva.

Þannig á löggjafinn ekki að þurfa að koma að málinu ef mönnum sýnist svo í þann hóp sem þeir vinna og hafa skapað grundvöll til.

Það er fróðlegt að hinn 3. júní 1993 dæmdi Hæstiréttur í máli sem Magnús Gunnar Guðmundsson hafði höfðað gegn samgönguráðherra, umsjónarnefnd fólksbifreiða á félagssvæði Bifreiðastjórafélagsins Frama og Bifreiðastjórafélaginu Frama. Hafði Magnús Gunnar misst atvinnuleyfi sitt vegna aldurs á grundvelli 1. mgr. 9. gr. laganna um leigubifreiðar og höfðað málið til að fá þeim missi leyfisins hnekkt. Meiri hluti Hæstaréttar, fjórir dómarar af fimm, sýknuðu stefndu og höfnuðu þar með sjónarmiðum stefnandans um að brotin hefði verið á honum ólögfest stjórnskipunarregla um jafnræði borgaranna. Einn dómari skilaði sératkvæði og taldi umrætt ákvæði ekki standast að stjórnlögum þar sem það fæli í sér mismunun eftir búsetu leigubifreiðastjóra. Magnús Gunnar Guðmundsson hefur sent mannréttindanefnd Evrópu kæru sem byggð er á því að í meðferð sinni á honum í málinu hafi Ísland brotið gegn 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Það ákvæði hefur að geyma bann við því að borgurum sé mismunað gagnvart þeim réttindum og frelsi sem sáttmálinn lýsir. Kæran er nú til athugunar hjá nefndinni.

Að lokinni umræðu um þetta mál legg ég til að því verði vísað til 2. umr. og samgn.

[18:57]

Flm. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég flyt ásamt hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni frv. til laga um breytingu á lögum um leigubifreiðar sem er á þskj. 915.

Frv. er í raun og veru ein efnisgrein og hljóðar svo:

„Í stað 4. málsl. 1. mgr. 10. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Hlutaðeigandi stéttarfélag fólksbifreiðastjóra tilnefnir einn nefndarmann, annan tilnefnir sveitarfélag eða sveitarfélög sameiginlega á félagssvæði og hinn þriðja skipar ráðherra samkvæmt sameiginlegri tillögu viðkomandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórna og hlutaðeigandi stéttarfélags fólksbifreiðastjóra. Nefndin kýs sér sjálf formann".

Eins og fram kemur í þessum texta, hæstv. forseti, er hér gert ráð fyrir því að sú nefnd sem 10. gr. laganna um leigubifreiðar kveður á um verði áfram skipuð þremur mönnum. Tveir þeirra verði skipaðir af viðkomandi aðilum, þ.e. annars vegar af sveitarfélagi eða sveitarfélögunum og hins vegar af stéttarfélaginu eða stéttarfélögunum. Hins vegar er gert ráð fyrir því að þriðji maður, sem nú er skipaður án tilnefningar af ráðherra verði skipaður af ráðherra en samkvæmt sameiginlegri tillögu sveitarfélagsins eða sveitarfélaganna og hlutaðeigandi stéttarfélaga.

Tilgangurinn með þessari tillögu, hæstv. forseti, er einfaldlega sá að tryggja með ákveðnum hætti að nefndin, þessi úthlutunarnefnd starfi eingöngu eftir faglegum sjónarmiðum sem allir aðilar málsins eru sáttir við. Þannig háttar t.d. til núna að því er varðar þessa nefnd sem úthlutar þessum leyfum hér í því byggðarlagi þar sem við erum stödd, Reykjavík, að þar er í nefndinni fyrir sveitarfélagið eða sveitarfélögin á svæðinu, Sveinn Andri Sveinsson borgarfulltrúi og fyrir hæstv. ráðherra er Ragnar Júlíusson, fyrrv. borgarfull-

trúi Sjálfstfl. Þannig að það er bersýnilega um að ræða flokkspólitískan meiri hluta Sjálfstfl. í þessari nefnd. Og það er óheppilegt, að ekki sé meira sagt miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi í atvinnumálum, þar sem leyfi til að gera út og aka leigubifreið er eftirsóknarverðara en nokkru sinni fyrr.

Af þessum ástæðum var það, hæstv. forseti, sem fyrrv. hæstv. samgrh. hafði í þessu starfi þ.e. formennsku í þessari nefnd, Jón Þorsteinsson hæstaréttarlögmann, sem var í raun og veru óumdeildur fagmaður á þessu sviði, fullkomlega ópólitískt skipaður og um hann ríkti mjög góð sátt hjá báðum aðilum málsins. Hér er sem sagt gert ráð fyrir að svipað kerfi verði tekið upp og þá var við lýði í góðu samkomulagi allra aðila.

Í því frv. sem hæstv. samgrh. mælti svo hér fyrir áðan er gert ráð fyrir því í 3. gr. frv. að breyta 5. gr. laganna að því er varðar sendibifreiðar sérstaklega og að því er varðar vörubifreiðar sömuleiðis að þar verði um að ræða þriggja manna nefndir þar sem þriðji maðurinn er í báðum tilvikum skipaður án tilnefningar af ráðherra eins og gert er að því er varðar leigubílana. Ég tel að jafnframt því sem fjallað yrði um okkar frv. í hv. samgn. væri eðlilegt og óhjákvæmilegt reyndar að skoða einnig stöðu úthlutunarnefndanna varðandi vörubifreiðar og sendibifreiðar, þannig að ákvæði laganna, ef þetta verður að lögum, verði samræmd í þessu efni.

Ég tel enga þörf á því, hæstv. forseti, að fara yfir þetta mál í lengri ræðu. Ég taldi hins vegar brýnt að koma þessu máli á framfæri úr því að leigubílamálin voru á annað borð komin hér á dagskrá, þ.e. úthlutunarkerfið verði tekið í gegn, það verði faglegt og hafið yfir deilur og þess vegna tel ég mjög brýnt að þetta frv. verði afgreitt samhliða hinum þegar hv. samgn. fær þessi mál til meðferðar.

Ég legg til að málinu verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og hv. samgn.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að það mun hafa verið samkomulag milli þingflokksformanna að hér yrði ekki kvöldfundur. Verði því ekki mótmælt mun forseti nú fresta fundi þar sem klukkan er orðin sjö. Þar sem því er ekki mótmælt ... (**Gripið fram í:** Hvað eru margir á mælendaskrá?) Það eru fjórir hv. þm. á mælendaskrá.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 21.–27. mál.

Fundi slitið kl. 19:03.

---

130. FUNDUR

miðvikudaginn 13. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 531. mál, þskj. 830. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Leikskólar, stjfrv., 550. mál, þskj. 861. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 551. mál, þskj. 862. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Útflutningur hrossa, stjfrv., 580. mál, þskj. 899. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 579. mál, þskj. 898. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, stjtill., 556. mál, þskj. 868. — Frh. fyrri umr. (Atkvgr.)
7. Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, stjfrv., 558. mál, þskj. 871. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
8. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 561. mál, þskj. 874. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
9. Skipulag ferðamála, stjfrv., 562. mál, þskj. 875. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
10. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841. — Frh. fyrri umr.
11. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 553. mál, þskj. 864. — 1. umr.
12. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 290. mál, þskj. 369, nál. 936. — 2. umr.
13. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350, nál. 891, brtt. 892. — 2. umr.
14. Samfélagsþjónusta, stjfrv., 354. mál, þskj. 546, nál. 935, brtt. 934. — 2. umr.
15. Lögheimili, frv., 72. mál, þskj. 75, nál. 790 og 826, brtt. 827. — 2. umr.
16. Leigubifreiðar, stjfrv., 514. mál, þskj. 794. — Frh. 1. umr.
17. Leigubifreiðar, frv., 527. mál, þskj. 824. — Frh. 1. umr.
18. Leigubifreiðar, frv., 585. mál, þskj. 915. — Frh. 1. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Lagt fram á lestrarsal:

Erindi frá Bergþóri Atlasyni, Vestmannaeyjum.

Háskólinn á Akureyri, frh. 1. umr.

Stjfrv., 531. mál (framgangskerfi kennara). — Þskj. 830.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:36]
Frv. vísað til 2. umr. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HBl, HG, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PP, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, StH, TIO, VG, VS, ÞorstP.
31 þm. (ÁMM, BBj, DO, EH, FI, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, VE, ÖS) fjarstaddur.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Leikskólar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 550. mál (heildarlög). — Þskj. 861.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
23 þm. (BBj, DO, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, JÁ, JGS, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, SP, StG, StH, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 551. mál (nýjar EES-reglur). — Þskj. 862.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:37]
Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StH, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
21 þm. (ÁJ, BBj, DO, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StG, SJS, StB, SvG, VE) fjarstaddur.

Frv. vísað til menntmn. án atkvgr.

Útflutningur hrossa, frh. 1. umr.

Stjfrv., 580. mál (heildarlög). — Þskj. 899.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:38]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (BBj, DO, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 1. umr.

Stjfrv., 579. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 898.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:39]
Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
18 þm. (BBj, DO, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til landbn. án atkvgr.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, frh. fyrri umr.

Stjtill., 556. mál. — Þskj. 868.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]
Till. vísað til síðari umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (BBj, DO, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, ISG, JÁ, LMR, MF, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Till. vísað til samgn. án atkvgr.

Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, frh. 1. umr.

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:40]

Frv. vísað til 2. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (BBj, DO, GuðjG, GHall, GHelg, ISG, JÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Vöruflutningar á landi, frh. 1. umr.

Stjfrv., 561. mál (EES-reglur). — Þskj. 874.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:41]

Frv. vísað til 2. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

17 þm. (BBj, DO, GuðjG, GHall, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Skipulag ferðamála, frh. 1. umr.

Stjfrv., 562. mál (skipun ferðamálaráðs, rekstrarleyfi ferðaskrifstofu o.fl.). — Þskj. 875.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:42]

Frv. vísað til 2. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (BBj, DO, FI, GuðjG, GHall, GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, StB, SvG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, 1. umr.

Stjfrv., 553. mál. — Þskj. 864.

[13:43]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um breytingu á lögum nr. 47/1993, um frjálsan atvinnu- og búseturétt launafólks innan Evrópska efnahagssvæðisins. Frv. þetta er lagt fyrir Alþingi vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar frá 21. mars 1994 um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn. Með samþykkt frv. eru lögfestar reglur sem settar eru fram í reglugerð Evrópubandalagsins sem breytir ákvæðum II. hluta reglugerðar nr. 1612/1968, um frelsi launþega til flutninga innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Ég vil fyrst víkja að hinni formlegu breytingu en með lögfestingu reglugerðar 1612/1968 í lögum nr. 47/1993 var tryggt að allar breytingar á reglugerðinni yrðu lagðar fyrir Alþingi.

Með 1. gr. frv. er einungis gerð sú breyting á 1. gr. laga nr. 47/1993 að við fyrri breytingar á reglugerð 1612/1968 er skotið inn númeri á reglugerðarbreytingunni.

Í 2. gr. frv. eru síðan felldar inn í fylgiskjal með lögum nr. 47/1993 þær breytingar sem reglugerðarbreytingin felur í sér eins og þær eru aðlagaðar að hinu Evrópska efnahagssvæði. Fylgiskjalið er birt í heild sinni þannig aðlagað.

Þeim efnislegu breytingum sem frv. felur í sér er ætlað að efla og auðvelda atvinnuráðningar og vinnumiðlun milli aðildarríkjanna. Þetta er gert með því að ryðja meintum hindrunum úr vegi og auðvelda samskipti milli landanna. Mikilvægasta breytingin er að í 15. og 16. gr. hefur upplýsinga- og tilkynningaskylda ríkja um laus störf verið rýmkuð þannig að hún er ekki takmörkuð við störf sem ekki hefur reynst unnt að ráða í vinnuafl af innlendum vinnumarkaði. Þetta þýðir að launþegar sem búsettir eru í tilteknu landi hafa ekki lengur forgang að vinnumarkaði viðkomandi lands, heldur er atvinnurekendum frjálst að leita að vinnuafli á öllu Evrópska efnahagssvæðinu. Þetta breytir þó engu um forgangsréttarákvæði kjarasamninga. Upplýsingar um laus störf sem ríkisborgarar annarra aðildarríkja geta unnið á að veita vinnumiðlunum annarra aðildarríkja. Vinnumiðlanir eiga nú að svara umsóknum erlendra ríkisborgara um atvinnu innan mánaðar. Þá eiga vinnumiðlanir einnig að veita ríkisborgurum aðildarríkjanna sömu forréttindi og gilda um innlenda þegna ef slík forréttindi eru fyrir hendi gagnvart erlendum borgurum.

Önnur mikilvæg breyting er á 15. gr. reglugerðarinnar. Þannig á að sundurliða upplýsingar um þá sem eru tilbúnir til að vinna í öðru landi eftir svæðum og atvinnugreinum. Einnig þarf að veita upplýsingar um laus störf sem eru ætluð ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Þá er gert ráð fyrir að komið sé á fót samræmdu kerfi til að miðla þessum upplýsingum milli aðildarríkjanna en fyrsti hluti svokallaðs EURES-

vinnumiðlunarkerfis var tekinn í notkun í lok síðasta árs í EES-ríkjunum og kerfið verður tekið í notkun á öllu Evrópska efnahagssvæðinu á þessu ári. Þetta kerfi miðlar aðeins upplýsingum um laus störf í dag en á næsta ári á það að geta miðlað upplýsingum um atvinnuumsækjendur.

Upplýsingar samkvæmt 15. gr. á nú að senda „reglulega" í stað „mánaðarlega hið minnsta". Allar þessar breytingar krefjast þess að vinnumiðlun sé efld hér innan lands en hér í þinginu liggur einmitt fyrir frv. um vinnumiðlun sem felur í sér eflingu vinnumiðlunar um allt land.

Nokkrar breytingar eru gerðar á b-lið 17. gr. og er þeim ætlað að efla samstarf vinnumiðlana í aðliggjandi ríkjum en breytingarnar fela í sér náið samstarf milli þessara vinnumiðlana.

Aðrar mikilvægar breytingar eru þær að ákvæði 20. gr. reglugerðar 1612/1968 og viðauki vegna 16. gr. sem felur í sér skýringar á greininni eru felld brott en ákvæði þessi fólu í sér að mögulegt væri að stöðva vinnumiðlun milli aðildarríkja á einstökum svæðum og í einstakar atvinnugreinar ef atvinnuleysi var mikið. Segja má að ákvæði þetta eigi svo víða við að í raun var hægt að stöðva alla vinnumiðlun víðast hvar í Evrópusambandinu.

Aðrar breytingar eru óverulegar og varða einkum kannanir og skýrslugerð um atvinnumöguleika, vinnumiðlun og framkvæmd hennar.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 2. umr. og hv. félmn.

[13:48]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta lagafrv. sem hæstv. félmrh. mælir hér fyrir sýnir okkur inn á hvaða spor við erum komin í lagasetningu hér á Alþingi, er enn eitt dæmið um það hvernig mönnum er ætlað að bregðast við skuldbindingum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði og afgreiða hér á færibandi á Alþingi Íslendinga breytingar á þeim ákvörðunum sem teknar eru í Brussel. Hæstv. félmrh. hafði reyndar fyrir því að tala hér í framsögu sinni álíka lengi, eða líklega nærri fimm mínútur, álíka lengi og hæstv. settur utanrrh. mælti fyrir 489 samþykktum Evrópubandalagsins eða eitthvað nálægt 500 samþykktum hér sl. föstudag, en þá heiðraði hann Alþingi með því að slöngva þeim hér inn í þingið með fimm mínútna ræðu.

Ég vildi spyrja hæstv. félmrh. í sambandi við þetta mál hvort ekki sé hugmyndin að standa við ákvæði laga og hefðir um að það fylgi svona frumvörpum kostnaðaryfirlit. Ég sé það ekki með þessu. Venjulega er það sem fylgiskjal á eftir en ég sé það ekki hér. Það kann að vera að leynist einhvers staðar í þessum texta en þá væri rétt að hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það hvað félmrn. áætlar að það kosti að standa við þessi lagaákvæði. Ef ráðuneytið hefur ekki fylgt þessu eftir þá sýnist mér að ekki sé rétt að ljúka þessari umræðu án þess að slíkt yfirlit liggi fyrir frá ráðuneytinu.

[13:51]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þá athugasemd sem fram kom hjá hv. þm. þá er það í skoðun í ráðuneytinu varðandi þennan kostnað og verður þá sent þeirri nefnd sem fær þetta til umsagnar en ég geri ekki ráð fyrir því að þessu þurfi að fylgja mikill kostnaður.

[13:51]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur svo mikið á hjá hæstv. ráðherrum að keyra í gegn ákvarðanirnar frá Brussel að það er ekki haft fyrir því að doka við þangað til ráðuneytið getur komið því í verk að reikna út áætlaðan kostnað eða fá fjmrn. til þess með sér því það er fjmrn. sem á að gera þetta að jafnaði, hagsýsla þess sem stendur að slíkum útreikningum. Ráðherrann talaði um að þetta væri í athugun í ráðuneytinu. Ég veit ekki hvort hæstv. ráðherra á við félmrn. eða hagsýslu fjmrn. í þessu sambandi en ráðherra upplýsti okkur hér um að það mundi fylgja þessu óverulegur kostnaður, ef ég tók rétt eftir. Óverulegur kostnaður. Ég heyrði ekki betur en hér væri um stórfelldar auknar skuldbindingar að ræða í sambandi við upplýsingar og það kemur dálítið spánskt fyrir sjónir ef því á að fylgja óverulegur kostnaður nema ráðherrann líti svo til að annað frumvarp um vinnumiðlun sem verið er að samþykkja tengist ekki þessu máli og sá kostnaður sem þar er kemur væntanlega fram teljist ekki til þessa máls og eigi ekki upptök sín í því.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunavarnir og brunamál, 2. umr.

Stjfrv., 290. mál (löggilding slökkviliðsmanna). — Þskj. 369, nál. 936.

[13:53]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 936 um frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund sinn til viðræðna frá félagsmálaráðuneytinu Berglindi Ásgeirsdóttur ráðuneytisstjóra og Sesselju Árnadóttur lögfræðing og Guðmund Vigni Óskarsson, formann Landssambands slökkviliðsmanna. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Landssambandi slökkviliðsmanna, Sambandi íslenskra tryggingafélaga, Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar, Brunamálastofnun ríkisins, Starfsmannafélagi Akureyrarbæjar, Starfsmannafélagi Hafnarfjarðar, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Samfloti bæjarstarfsmanna, Brunatæknifélagi Íslands, fjármálaráðuneytinu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga auk gagna frá félagsmálaráðuneytinu.

Nefndin mælir með samþykkt frumvarpsins.

Eggert Haukdal, Jón Kristjánsson og Guðjón Guðmundsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Kristinn H. Gunnarsson og Einar K. Guðfinnsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 275. mál (yfirstjórn). — Þskj. 350, nál. 891, brtt. 892.

[13:54]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þar sem nefndarálit okkar sem myndum minni hluta í þessu máli í allshn. er ekki komið fram, en ég gekk frá því við nefndarstarfsmann í morgun, þá hygg ég að það sé ótímabært að taka málið fyrir. Það var gengið frá þessu nál. á þeim tíma sem talað var um þannig að ég átti ekki von á því að þetta mál yrði tekið fyrir. En það er verið athuga þetta mál og ég bið forseta um að taka tillit til þess að annað nefndarálita er ekki komið fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það var 28. mars sem nál. meiri hluta allshn. var lagt fram. Forseti vissi ekki að það kæmi annað nál., en ef óskað er eftir að fresta þessari umræðu af því að von er á nál. þá verður orðið við því og er þá þessu máli frestað.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Röð mála á dagskrá.

[13:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Samkvæmt því sem ég hafði skilið dagskrá þessa fundar þá leit ég svo á að hér ætti að ræða EES-mál því að í drögum að vikudagskrá sem við þingflokksformenn fórum yfir þá er á miðvikudegi EES-mál, framhald 2. umr., sem er fyrst sett þar á blað. Það er í samræmi við það sem er á dagskrá í dag, þ.e. að 10. málið er framhald af umræðunni sem hér hafði verið hafin um EES-mál. Síðan gerist það að hér er verið að mæla fyrir málum sem eru nr. 11 og 12 og virðist eiga að halda áfram hér niður og menn eru engan veginn undirbúnir undir það. Ég held að flestir sem hér eru hafi reiknað með því að það ætti að byrja á því að taka fyrir 10. málið. Ég vil því mótmæla því við hæstv. forseta að þannig sé staðið að dagskrá.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur upplýst að hæstv. starfandi utanrrh. er utan bæjar og kemur ekki fyrr en í kvöld. Þar af leiðandi er því miður ekki hægt að taka það mál á dagskrá sem gert var ráð fyrir að yrði aðalumræðuefnið í dag. Forseti veit ekki á þessari stundu hvort hægt verður að taka það síðar til umræðu en að sjálfsögðu verður haldið áfram og tekin fyrir þau mál sem á dagskrá eru.

Samfélagsþjónusta, 2. umr.

Stjfrv., 354. mál. — Þskj. 546, nál. 935, brtt. 934.

[13:58]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um samfélagsþjónustu frá allshn. og er nál. á þskj. 935.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn til viðræðna fjölmarga gesti og einnig voru ræddar umsagnir sem bárust nefndinni á 116. löggjafarþingi frá ýmsum aðilum.

Með frumvarpinu er lagt til að fullnusta megi dóma um allt að þriggja mánaða óskilorðsbundna refsivist með ólaunaðri vinnu dómþola í þágu samfélagsins. Er hér um tilraun að ræða og lögunum þannig aðeins ætlað að gilda um tiltekinn tíma eða tvö og hálft ár frá 1. júlí 1995 að telja.

Frumvarpið gerir ráð fyrir að ákvörðun um samfélagsþjónustu verði á stjórnsýslustigi. Samfélagsþjónusta er þannig hugsuð sem eitt af þeim úrræðum sem stjórnvöld hafi við fullnustu dóms um refsivist. Þessi skipan er sérstæð fyrir Ísland og undirstrikar að hér sé um tilraun að ræða. Við þær aðstæður er skynsamlegt að framkvæmdin sé í höndum stjórnvalda þannig að unnt sé að byggja upp samfélagsþjónustu og laga hana að aðstæðum hér á landi. Reynist þetta tímabundna fyrirkomulag það vel að ákveðið verði að samfélagsþjónusta verði varanlegur hluti af viðurlagakerfinu kann að vera eðlilegt að ákvæði um samfélagsþjónustu verði felld inn í almenn hegningarlög og dómstólum falið að ákveða hvort dæma beri mann, að fengnu samþykki hans, til samfélagsþjónustu.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þessar breytingartillögur eru á þskj. 934.

Breytingarnar á 1. og 3. gr. frv. helgast af því að 60 klst. samfélagsþjónusta fyrir hvern refsivistarmánuð þykir of mikið enda er gert ráð fyrir að dómþoli sinni þessari skyldu í frítíma samhliða annarri vinnu eða námi. Þá má einnig benda á að mikill tímafjöldi er dýrari í framkvæmd vegna nauðsynlegs eftirlits og getur einnig leitt til þess að dómþoli kjósi fremur afplánun refsivistar en samfélagsþjónustu. Er því lögð til breyting á 3. gr. þannig að 40 klst. jafngildi einum mánuði í refsivist og á 1. gr. þannig að samfélagsþjónusta geti minnst verið 40 klst. og mest 120 klst.

Breytingin á 1. tölul. 4. gr. er ekki efnisleg en er til skýringar þar sem meiningin er að dómþoli brjóti ekki refsilög á þeim tíma sem hann innir samfélagsþjónustu

af hendi. Er því lagt til að í stað orðanna „gerist ekki brotlegur“ komi: gerist ekki sekur um refsiverðan verknað.

Lagðar eru til breytingar á 5. gr. Annars vegar er lagt til að í frumvarpinu verði dómsmálaráðherra veitt heimild til að skipa þrjá menn til vara í samfélagsþjónustunefnd. Hins vegar er lögð til breyting sem leiðir af því að með því fyrirkomulagi málsskots, sem breytt 8. gr. gerir ráð fyrir og gert er grein fyrir hér, eru starfsmenn Fangelsismálastofnunar ríkisins vanhæfir til setu í samfélagsþjónustunefnd, sbr. 4. tölul. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Breytingarnar á 8. gr. miða að því að ákvörðun gagnvart dómþola, rjúfi hann skilyrði fyrir samfélagsþjónustu, geti sætt endurskoðun enda er þar um íþyngjandi ákvörðun að ræða. Þannig verði það Fangelsismálastofnun en ekki samfélagsþjónustunefnd sem getur ákveðið hvort skilyrðum gagnvart dómþola skuli breytt, tími sem samfélagsþjónusta er innt af hendi skuli lengdur eða hvort dómur um refsivist komi til afplánunar. Ákvörðun Fangelsismálastofnunar verður skotið til samfélagsþjónustunefndar sem tekur endanlega ákvörðun í málinu. Felld er brott 5. mgr. 8. gr. um að dómþoli skuli þegar hefja afplánun er ákveðið hefur verið að refsivist skuli koma til framkvæmda. Ekki er um efnisbreytingu að ræða þar sem það leiðir af 29. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar nema æðra stjórnvald taki ákvörðun þar um.

Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins. Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Gísli S. Einarsson, Björn Bjarnason, Jón Helgason, Guðrún J. Halldórsdóttir og Kristinn H. Gunnarsson.

[14:04]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Eftir allítarlega umfjöllun um þetta mál, bæði á þessu þingi og fleirum þá náðist samstaða um að fara þá leið sem hér um ræðir. Hér er um nýmæli að ræða hér á landi, ekki einungis þar sem ekki hefur áður verið boðið upp á þennan möguleika við afplánun dóms, heldur einnig vegna þess að hér er hafður nokkuð annar háttur á heldur en erlendis þar sem þessi úrræði hafa verið reynd. Kemur það m.a. til af sérstöðu okkar samfélags og smæð samfélagsins en einnig vegna þess að ákveðin rök voru fyrir því að reyna þetta. Þess ber að geta að það er ekkert afskaplega löng reynsla í öðrum löndum af þessum málum þannig að það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að gera þessa tilraun þar sem ákveðin rök hnigu að því að hafa þennan hátt á hér að um stjórnvaldsaðgerð væri að ræða en ekki dómsvaldsaðgerð.

Ég vil taka það sérstaklega fram að það kom fram í störfum nefndarinnar að hér væri ekki verið að grípa til einhverra aðgerða til þess að leysa húsnæðisvanda fangelsa sem vissulega er nokkur, hann þarf að leysa með öðrum hætti. Það verður farið mjög varlega í það að nýta þennan kost og það finnst mér bera vott um ábyrgð og treysti því að það gangi eftir.

Annað sem mér finnst líka sérstök ástæða til að taka fyrir hér er það að þessi kostur kemur ekki í stað annarra úrræða sem hafa verið notuð, t.d. undir lok fangelsisvistar þar sem einhverjum föngum, sem hafa átt í sérstökum vandamálum vegna áfengis- eða vímuefnaneyslu, hefur verið boðið upp á að ljúka afplánun sinni í vímuefnameðferð. Það held ég að sé afskaplega góður kostur en það var sérstaklega tekið fram í umfjöllun í nefndinni að hér er ekki verið að tala um að þetta komi í stað eða til viðbótar slíku úrræði, heldur sem sjálfstæður kostur.

Hér finnst mér skipta verulegu máli að farið sé varlega af stað því að við höfum í raun engar hliðstæður til að miða við vegna þess hversu fámennt okkar samfélag er og heldur ekki vegna þess að að mörgu leyti hefur hvert samfélag, líka íslenskt samfélag, ákveðin sérkenni varðandi afbrot. Hér á landi t.d. er áfengisneysla og áfengismenning e.t.v. stærri þáttur í afbrotum heldur en annars staðar þar sem önnur þjóðfélagsleg atriði geta einnig vegið þyngra en hugsanlega gæti verið hér á landi, en þar á ég við atvinnuleysi sem fram til þessa hefur ekki verið ýkja mikið vandamál hér og verður það vonandi ekki í framtíð ef myndarlega verður tekið á þeim málum. Ég á einnig við þau einkenni stórborgar sem við höfum vissulega kynnst í smáum stíl hér á landi en eru auðvitað stórfelld vandamál og miklu meiri annars staðar.

Ég tel að það sé langmikilvægast í afgreiðslu þessa frv. að hér er um tímabundna tilraun að ræða og að allir sem að málinu hafa komið eru sammála um það að hér verði að fara að með gát og reyna eftir fremsta megni að nýta þetta úrræði á þann hátt að það fylgi því bæði ábyrgð og að menn séu reiðubúnir að skoða það gagnrýnum huga hvernig til tekst.

Það er ýmislegt sem e.t.v. væri ástæða til að taka hér fyrir en ég verð að viðurkenna að ég átti von á og var búin að búa mig undir aðra umræðu í dag og samkvæmt dagskrá var ekki gert ráð fyrir að þetta mál kæmist til umræðu miðað við það hversu viðamikið mál 10. dagskrármálið er. En eins og fram hefur komið hefur hér orðið breyting sem kom fleirum en mér í opna skjöldu, m.a. hv. formanni allshn. sem hér lenti í að taka þetta mál til umræðu jafnóvænt og sú sem hér stendur. En ég tek það fram að ég stend heils hugar að því að þetta mál sé afgreitt með þeim hætti sem það er gert. Ég gat því miður vegna veikinda ekki verið viðstödd afgreiðslu málsins en ég hef hins vegar komið að því innan allshn. og fannst ástæða til að taka þau atriði fram sem ég gat hér um.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 514. mál (aðild að stéttarfélagi, umsjónarnefndir sendi- og vörubifreiða). — Þskj. 794.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Frv. BBj o.fl., 527. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 824.

og

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Frv. SvG og SJS, 585. mál (skipan umsjónarnefnda). — Þskj. 915.

[14:10]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér finnst ómögulegt að tala um þetta mál að samgrh. fjarstöddum og ég vil óska eftir því að hann verði hér viðlátinn þessa umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti tekur undir ósk hv. þm. um að hæstv. samgrh. verði viðstaddur þessa umræðu og mun láta athuga hvort hæstv. ráðherra sé ekki hér á næstu grösum og geti verið viðstaddur umræðuna. Vill forseti biðja hv. þm. að hafa biðlund á meðan það er kannað.

[14:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér er það ljóst að sá er munur á því máli sem forseti hyggst taka fyrir og því máli sem ég á að mæla fyrir, 15. dagskrármáli, að annað er þingmannamál og hitt er stjfrv. Engu að síður þykir mér rétt að halda því fram að það mál eigi að hljóta jafneðlilegan framgang og dagskrá gefur tilefni til. Ég vil minna forseta á það að mér til nokkurrar undrunar var umræðu um þetta sama mál frestað sl. mánudag þegar að því var komið og ráðrúm að taka það fyrir. Þá tjáði forseti mér að það hefði verið gert að ósk flm. málsins. Mér var ókunnugt um það en hef kannað það mál síðan og flm. málsins hefur tjáð mér að hann hafi ekki óskað eftir því. Mér þætti því vænt um ef hægt væri að taka málið fyrir og hefja umræðuna og koma þannig í veg fyrir að frekari dráttur en þegar er orðinn verði á því að mál þetta sé tekið fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill leiðrétta að það var ekki vegna óskar flm. málsins heldur vegna fjarveru hans sem forseti frestaði málinu þá. Af engri annarri ástæðu.

Ástæðan fyrir því að forseti ákvað að taka fyrst 16., 17. og 18. dagskrármál er einfaldlega sú að í þeim málum var umræðu ekki lokið, framsögumenn höfðu flutt sínar framsöguræður fyrir þessum þremur frumvörpum. Það er ekki af því að þetta sé stjfrv., þar eru líka tvö þingmannafrv. Nú vildi forseti gjarnan gefa öðrum þingmönnum sem á mælendaskrá eru kost á að ljúka sínu máli og síðan verður tekið fyrir 15. dagskrármál. Þetta hefur forseti ákveðið með tilliti til þess að þetta er 1. umr. en hitt er 2. umr. og væntir þess að hv. þm. skilji ástæðuna að baki þessu.

Þá tekur til máls hv. 1. þm. Norðurl. v. og vill forseti upplýsa að hæstv. ráðherra er rétt ókominn í hús, en væntir þess að hv. þm. vilji hefja sína ræðu.

[14:13]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Mér finnst ómögulegt að gera mér það að fara að tala fyrr en ráðherra gengur í salinn. Mér finnst eðlilegt að hann sé viðlátinn þessa umræðu og óska eftir því að ég þurfi ekki að flytja ræðu mína fyrr en hann er kominn.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá frestar hv. þm. ræðu sinni og forseti kannar hvort það eru nema ein eða tvær mínútur þar til hæstv. ráðherra birtist, svo það ætti ekki að koma að mikilli sök.

Nú sér forseti að hæstv. samgrh. er kominn í húsið þannig að þá líður væntanlega ekki á löngu þar til hv. þm. getur hafið sína ræðu. — Og þá er hæstv. samgrh. kominn í salinn.

[14:16]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég býð hæstv. samgrh. velkominn í salinn og fagna því að hann hafi tækifæri til að gegna hér þingskyldum sínum. Ég á ekki sæti í hv. samgn. þannig að mig langar til að taka til máls við 1. umr. og segja nokkur orð.

Þetta frv., og það er að segja stjfrv. fyrst og fremst, vegur að mínu mati að hagsmunum leigubílstjóra og það leysir upp félög þeirra og mér finnst vera eftirsjón af núverandi skipulagi. Málið er tilkomið vegna þess að aðili tók sér fyrir hendur að reyna að brjóta niður það kerfi sem hér hefur ríkt með aðstoð erlends dómstóls og það er sjálfsagt ekkert að gera annað heldur en að beygja sig undir þá kvöð. En ég held að það sé mjög nauðsynlegt að reyna að gera það eins mjúklega og hægt er og ekki meira heldur en nauðsynlega þarf.

Mér er eftirsjón af núverandi skipulagi. Ég held að íslenskir leigubílstjórar séu almennt sómasamleg stétt og veita langflestir góða þjónustu. Þeir eru hér um bil allir góðir ökumenn og veita betri þjónustu heldur en víðast er gert af leigubílstjórum þar sem ég þekki til.

Ég er ofurlítið kunnugur því að vera viðskiptavinur leigubílstjóra í nágrannalöndunum og ég tel að íslenskir leigubílstjórar standi þeim fyllilega á sporði.

Ég nefni dæmi um höfuðborg okkar, Brussel. Þar morar allt í glæpalýð á leigubílum sem praktísera og þeir eru sannarlega ófélagsbundnir og algjörlega frjálsir og til þess arna getur frelsið leitt. Íslenskir þingmenn sem heimsótt hafa höfuðborgina geta sjálfsagt sagt sögur af viðskiptum sínum við þessa „bandítta" í leigubílstjórastéttinni en þar er ekki óhætt að stíga upp í leigubíl nema hann sé merktur ákveðnum stöfum. Ég hef þurft að bíða í hótelanddyri tímunum saman vegna þess að dyravörður varaði mig við að taka þá leigubíla sem buðust og það var ekki fyrr en líklega tuttug-

asti bíllinn kom sem hann taldi að öruggt væri fyrir mig að aka með honum.

Ég vil biðja hv. samgn. að athuga þetta mál mjög vel og vanda sig við þessa vinnu. Skylduaðildin hefur verið undirstaða þess að hafa nauðsynlegt eftirlit og aðhald með leigubílstjórum og þetta aðhald felst í því að félag leigubílstjóra á hverju svæði, atvinnusvæði, tryggir öryggi farþega með því að koma í veg fyrir að brotamenn eða gallaðir menn stundi akstur leigubíla í afleysingum. Jafnframt tryggir eftirlitið að atvinnuleyfishafar einir stundi akstur að jafnaði eins og mælt er fyrir í lögum. Þeir eru hinn rétti aðili til þess að gegna þessu eftirlitshlutverki. Ég bendi hv. samgn. að kynna sér vandlega álitsgerð sem Eiríkur Tómasson hefur unnið í framhaldi af dómi Mannréttindadómstólsins í máli Sigurðar Á. Sigurjónssonar gegn Íslandi, sem kveðinn var upp 24. júní 1993. Ég treysti því að hv. samgrn. vandi sig við þessa málsmeðferð alla.

Varðandi þingmannafrv. á þskj. 824 þá er ég mótfallinn því. Ég held að það sé eðlilegt að menn sem eru farnir að hrörna til muna séu ekki að stunda farþegaakstur með leigubifreiðum. Á það er bent í frv. að aldursákvæðin gildi ekki um vörubifreiðastjóra, sendibifreiðastjóra eða rútubílstjóra. Mér finnst þetta léttvæg röksemd því það er auðvitað miklu erfiðara starf að keyra vörubifreið, sendibifreið eða rútubifreið og reynir meira á líkama ökumanns heldur en að keyra leigubifreið. Þar af leiðir er það sjálfhætt fyrir menn ef þeir eru farnir að hrörna verulegra að keyra þessa stóru bíla og þarf ekki ákvæði í lög þar um.

Það gildir öðru máli með frv. til laga á þskj. 915 þar sem flm. eru hv. þingmenn Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon. Ég sannfærðist um það af lestri frv. og greinargerðarinnar og við að hlýða á ræðu 1. flm., Svavars Gestssonar, að þar er mál á ferðinni sem sannarlega er afgreiðsluvert og ég styð það. Ég styð sem sagt frv. á þskj. 915, ég er andvígur frv. á þskj. 824 og tel að stjfrv. þurfi mikillar athugunar við.

[14:23]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hér eru til umfjöllunar þrjú frv. er snúa öll að lögum nr. 77 frá 1989, um leigubifreiðar. Ég get tekið undir það með hv. 1. þm. Norðurl. v. að þessi mál eru um margt mjög ólík.

Í fyrsta lagi ætla ég að gera hér grein fyrir afstöðu minni varðandi frv. hv. þm. Svavars Gestssonar, sem gerir ráð fyrir breytingum á skipulagi úthlutunarnefndar. Ég get fyrir mitt leyti fallist á að skynsamlegt sé að gera þá breytingu sem þar er lýst af þeirri ástæðu að það hlýtur að teljast óeðlilegt að sú nefnd sé einvörðungu skipuð pólitískum fulltrúum og ekki síst ætti það að vera hæstv. samgrh. ljóst í ljósi þeirrar umræðu sem hér átti sér stað í gær um ferðamálaráð og skipun þess. Þannig að ég trúi ekki öðru en hæstv. samgrh. geti fallist á þá breytingu sem þar er lögð til.

Varðandi frv. á þskj. 824, þar sem 1. flm. er hv. þm. Björn Bjarnason. Það er nú svo að enginn af hv. flm. er viðstaddir þessa umræðu (**StG:** En skynsamlegt.), sem er jú rétt hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. mjög skynsamlegt, að vera ekki viðstaddir þá umræðu.

Það frv. snýr að mínu viti að þjónustu þeirri er leigubílstjórar og leigubílstjórastöðvarnar eiga að veita sínum farþegum og því öryggi er farþegarnir þurfa að hafa með því að setjast upp í leigubíla.

Ég er andvígur því sem kemur fram í grg. frv. að það sé hægt að líkja saman annars vegar bifreiðastjórum leigubíla og hins vegar bifreiðastjórum vörubifreiða eða rútubifreiða. Þar er ólíku saman að jafna og eins og fram kom við umræðuna í gær þá tryggir atvinnuleyfið að það er enginn sem í raun og veru getur stöðvað fullorðna menn sem oft og tíðum eru kannski alls ekki færir um að aka atvinnutæki sem þessu í því að halda vinnu sinni áfram því atvinnuleyfið tryggir þeim þennan rétt nema það sé sérstaklega tekið fram í lögum er gilda um atvinnuréttindi að það skuli vera tímabundið, eins og það er reyndar nú. Að mínu viti var samstaða á sínum tíma um að koma skyldi fyrir í lögum og því ástæðulaust að breyta því hér og nú. Það er því að mínu viti óskynsamlegt sem hér er lagt til að það séu engin aldurstakmörk á því hversu lengi menn mega aka leigubifreiðum.

Varðandi stjfrv., sem er 514. mál þingsins á þskj. 794, þá er það fyrst og fremst komið fram vegna dóms Mannréttindadómstólsins og þeirra afleiðinga sem sá dómur hefur haft. Þegar hins vegar — nú veit ég ekki hvar hæstv. samgrh. er, jú, hér kemur hann í þingsalinn — opinbert stjórnvald er knúið til með þessum hætti að leggja fram breytingar á gildandi lögum þá skiptir auðvitað miklu máli að menn vandi mjög vel til í þeim málatilbúnaði. Og þegar um er að ræða jafnviðkvæman málaflokk eins og leiguakstur er, þegar slík umfjöllun fer fram, þá þarf auðvitað að mínu viti það opinbera stjórnvald sem þar hefur forgöngu hverju sinni að hafa tvennt í huga. Í fyrsta lagi atvinnuréttindin og það starfsöryggi sem leigubílstjórum í þessu tilfelli er búið. Í öðru lagi þá þjónustu sem gert er ráð fyrir að leigubílstjórar, með sínum atvinnutækjum, veiti almenningi, en um leið þarf auðvitað að gæta að því hversu mikið öryggi slík þjónusta hefur og að hvaða leyti menn eru í stakk búnir til að veita þjónustuna og það öryggi sem borgararnir verða að krefjast.

Í frv. sem hæstv. samgrh. leggur hér fram þá eru að mínu viti báðir þessir þættir, þ.e. atvinnuréttindin og starfsöryggi leigubílstjóranna, og svo hitt, öryggið og sú þjónusta sem almenningur á að vænta af leigubílum, sniðgengnir. Það er auðvitað mjög alvarlegt að það skuli gerast. Það gerist með þeim breytingum sem lagðar eru til á 4. gr. gildandi laga en er 2. gr. þess frv. sem hér er til umfjöllunar.

2. gr. opnar í raun og veru fyrir það að leigubílstjórar sem stunda sitt starf sem aðalstarf í dag geta tæpast gert það ef þessi breyting nær fram að ganga og fullyrða, að ég held, að þetta verði ekki aðalstarf nokkurs manns eftir að þessi breyting nær fram að ganga og felldar úr gildi þær takmarkanir sem núna eru.

Í öðru lagi er alveg ljóst að það er mikil hætta á að misgóðir menn ráðist til starfa á leigubíla, a.m.k. hafa samtök þeirra enga möguleika á að fylgjast með því

hvaða menn það eru sem til þessara starfa ráðast. Þegar svo er komið að leiguakstur, sem er mjög mikilvæg þjónusta við almenning, er orðinn hjáverk einstakra manna þá er eins og fram hefur komið við þessa umræðu hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. hætta á því að um svarta atvinnustarfsemi geti orðið að ræða. Og auðvitað á opinbert stjórnvald aldrei með sínum aðgerðum að stuðla að slíku eða ýta undir að slíkt geti gerst.

Nú hefur Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra bent hæstv. samgrh. á að það væri hægt að ná samkomulagi um þetta mál og tryggja þá þætti sem mikilvægastir eru, þ.e. atvinnuréttindi og starfsöryggi leigubifreiðastjóra og svo hitt að þjónusta við almenning gæti orðið með þokkalegum hætti. Ef hæstv. ráðherra hefði farið að tillögum Bandalags ísl. leigubifreiðastjóra sem hæstv. ráðherra voru sendar mjög fljótlega eftir, ef ég veit rétt, að dómur Mannréttindadómstólsins gekk fram. Ég vil hér í því plaggi er hæstv. ráðherra var sent, með leyfi forseta, vitna í þær upplýsingar er hæstv. ráðherra voru sendar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Rétt er að benda á afstöðu Mannréttindadómstólsins til nauðsynjar þess að eftirlit sé með leiguakstri á fólki. Í upphafi 2. mgr. 41. gr. dómsins segir:

„Dómstóllinn vefengir ekki að Frami hafi gegnt hlutverki sem þjónaði ekki aðeins atvinnuhagsmunum félaga sinna heldur einnig almenningshagsmunum og skylduaðild sérhvers atvinnuleyfishafa á félagssvæðinu hafi auðveldað umrædda eftirlitsstarfsemi. Dómstóllinn er hins vegar ekki sannfærður um að skylduaðild að Frama hafi verið nauðsynleg til að félagið gæti gegnt þessu hlutverki."

Því leggur Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra til að á frv. samgrh. verði gerðar eftirfarandi efnisbreytingar: Á 6. gr. en hún nær til 5. mgr. 9. gr. laga um leigubifreiðar."

Og þannig er tillaga Bandalags ísl. leigubifreiðastjóra, með leyfi forseta:

„Félag bifreiðastjóra á hverju atvinnusvæði sem í eru minnst ¼ allra atvinnuleyfishafa verði falið að annast undanþágu frá rekstri eigin bifreiða í samráði við umsjónarnefnd leigubifreiða. Ef ekkert félag bifreiðastjóra nær tilskilinni stærð skuli sveitarstjórnir skipa þriggja manna nefnd sem gegni hlutverki félagsins. Allir atvinnuleyfishafar geta áfrýjað ákvörðun til umsjónarnefndar enda er það skilyrði að félagsmenn jafnt sem utanfélagsmenn njóti jafnræðis varðandi undanþágur frá akstri."

Og nú spyr ég hæstv. samgrh.: Hvers vegna leitaði samgrh. ekki samkomulags við Bandalag ísl. leigubifreiðastjóra um efni þessa frv. þannig að hér hefði náðst bærileg samstaða og lagt hefði verið fram frv. sem samstaða hefði verið um?

[14:34]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur verið mjög náið samband milli mín og Bandalags ísl. leigubifreiðastjóra. Það eru álitamál sem víkja að þessu frv. hér og ég vil líka segja að þetta frv. sé þess eðlis að það er vel fallið til að hafa langar umræður hér við 1. umr. En ég hef bæði haft samband við formann samgn. og eins við forustumenn leigubifreiðastjóra og aðra er málið varðar til þess að biðja þá að fara mjög vel ofan í málið því að hér séu mörg álitamál á ferðinni. Það má taka sem dæmi 1. gr., hvort við eigum að tala um hlutaðeigandi stéttarfélag bifreiðastjóra eða bara félag bifreiðastjóra. Það eru þannig mörg álitamál sem nauðsynlegt er að þingið sjálft myndi sér skoðun á. Við erum ekki að tala hér um flokkspólitísk málefni eða mál af þeirra tagi heldur viðkvæmt atvinnumál sem kemur mjög inn á neytendamál og ýmsar skoðanir eru uppi um. Og ég vísa því algerlega til föðurhúsanna ef verið er að tala um að ekki hafi verið haft samband við leigubifreiðastjóra um þessi mál. Margir af forustumönnum þeirra hafa lýst ánægju sinni yfir frv. eins og það er, en það hefur líka komið fram að það sé rétt að gera þar ákveðnar lagfæringar. Það er síður en svo að ég sé með einhverjar stífar meiningar á ýmsum þeim álitamálum sem hér eru borin fram, en nauðsynlegt var að frv. kæmi fyrir þingið.

[14:36]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna alveg sérstaklega því sem hæstv. samgrh. lýsir hér yfir, að hans meiningar séu ekki mjög stífar í þessum efnum og hann sé þar af leiðandi ekki tilbúinn til þess og hafi haft um það samráð við hv. formann samgn. að gera ýmsar breytingar á frv. og ég fagna því.

Aftur kemur mér hitt mjög á óvart ef hæstv. ráðherra hefur haft svo náið samstarf við forustumenn leigubifreiðastjóra að þeir séu orðnir stuðningsmenn frv. eins og það liggur hér fyrir. Það kemur mér á óvart af þeirri ástæðu að ég hef átt, ásamt fleiri þingmönnum Framsfl., viðræður við marga þessara ágætu manna og það kæmi mér á óvart ef þeirra afstaða hefði breyst svo á síðustu klukkustundum að þeir væru farnir að styðja málið, eins og ég skildi hæstv. ráðherra hér áðan, en nú kann það að vera misskilningur.

[14:37]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta mál er nú engan veginn jafn einfalt og hv. þm. vill láta í veðri vaka. En það er alveg sjálfsagt að verða við ábendingum hans og hafa samband við stjórn Landssambands leigubifreiðastjóra og fá nánar að vita um þær upplýsingar sem þingmaðurinn lætur hér uppi um það að ekki hafi verið góð samvinna um þessi málefni milli ráðuneytis og leigubifreiðastjóra. Það er sjálfsagt að kynna sér það og athuga hvort þeir tali tvennum rómi um þau mál.

[14:37]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nú gera örlítinn greinarmun á því hvort menn hafi haft gott samstarf um mál og samráð eða talað saman um þau mál sem til umfjöllunar eru eða svo hitt hvort málið sé stutt af forustumönnum leigubifreiðastjóra eins og það liggur hér fyrir. Hæstv. ráðherra verður auðvitað að gera glöggan greinarmun á þessu.

Ég var ekki að gera lítið úr því að hæstv. ráðherra

hafi hugsanlega talað við forustumenn leigubílasamtakanna um þessa hluti og ég býst við að það hafi verið gert vegna þess að annars lægi þessi álitsgerð ekki fyrir sem hæstv. ráðherra var beðinn um að hafa til hliðsjónar þegar frv. væri samið. Aftur á móti held ég að hitt sé alveg á hreinu að frv. er ekki stutt af forustumönnum þessara samtaka þar sem ekki var gengið til móts við þeirra kröfur eins og þær komu fram í álitsgerðinni.

[14:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég hef í sjálfu sér ekki miklu við það að bæta sem hefur komið fram í þessari umræðu fram að þessu. Ég vil samt nota þetta tækifæri til að leggja á það áherslu að hér erum við að setja löggjöf um mikilvæga þjónustu sem starfar í afar viðkvæmu umhverfi og þess vegna er nauðsynlegt að þar séu skýrar reglur um alla hluti.

Við erum hér að ræða um stétt manna sem verður ekki kölluð hátekjustétt. Þeir sem ná þokkalegum tekjum út úr leigubílaakstri gera það með mikilli og slítandi vinnu og þess vegna tel ég að það sé skylda Alþingis að ganga þannig frá þessari löggjöf að við verndum eftir því sem við getum starfsumhverfi þeirra sem hafa þessa þjónustu að sinni aðalatvinnu.

Það hefur m.a. verið nokkuð rætt hér um aldurstakmörkin og það frv. sem hv. þm. Björn Bjarnason og fleiri hafa lagt fram. Þar er að sjálfsögðu um að ræða umdeilanlegt atriði, en ég vil þó leggja áherslu á það hér að þetta ákvæði var ekki sett inn í lög fyrir neina tilviljun og það er engin tilviljun að þetta er eingöngu í lögum um leigubílstjóra en ekki til að mynda varðandi þá sem stunda sérleyfisakstur eða völuflutninga. Við sem í það minnsta þekkjum eitthvað til varðandi þá starfsemi vitum að hana stunda engir aðrir en þeir sem eru á besta aldri og við hestaheilsu. Eðli þeirrar vinnu er einfaldlega þannig að það eru ekki líkur á því að hún sé stunduð, þ.e. vörubíla- og rútuakstur, af aðilum sem eru komnir á eftirlaunaaldur. Þannig að ég ítreka það að á sínum tíma voru fyrir því full rök að þetta ákvæði var sett inn í lög.

Starfsumhverfi þeirra sem stunda leigubílaakstur hefur á margan hátt verið óhagstætt á síðustu árum og ég vil m.a. nefna það að um nokkurt árabil hafa leigubílstjórar búið við það að þurfa að greiða hæstu aðflutningsgjöld af sínum atvinnutækjum. Þetta var hins vegar tekið upp varðandi lagabreytingu fyrir rúmu ári í efh.- og viðskn. og þar náðist um það samstaða að leigubílar gætu notið sömu tollakjara og þeir sem keyptu stærri bíla í atvinnuskyni, þ.e. 30% toll, og það var sett þar inn sem undanþáguákvæði. Eftir að við í efh.- og viðskn. höfðum rætt þetta ítrekað við fjmrn., þá náðist samstaða um að gera þessa breytingu.

Því miður er það hins vegar svo að framkvæmdin af hálfu fjmrn. hefur ekki verið eins og við höfðum ætlast til sem stóðum að þessari lagabreytingu í nefndinni og þau skilyrði sem þar eru sett til þess að menn geti endurnýjað sína bíla á 30% tolli eru það ströng að það er ekki nema lítill hluti leigubifreiðastjóra sem nær að komast í gegnum það nálarauga. Það eru sett það há tekjumörk sem þeir þurfa að hafa til þess að ná undir þessar reglur og það undirstrikar það sem ég sagði í upphafi máls míns að hér er ekki um starfsemi að ræða sem er þess eðlis að við getum talað um þá sem hana stunda sem hátekjumenn. Þetta hefur orðið til þess að samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá leigubifreiðastjórum og samtökum þeirra þá eru ekki nema um það bil 20% leigubílstjóra sem geta nýtt sér þessa undanþágu varðandi tolla á nýja bíla. Og eins og ég sagði, tekjumörkin eru það há, auk þess sem það eru nettótekjur, þannig að ef menn verða fyrir einhverjum áföllum, vélarupptekt eða öðru slíku, þá eru menn um leið komnir út fyrir þá möguleika sem menn þarna hafa. Þó hafa einhverjir nýtt sér þessa möguleika og það er vel því að því miður höfum við horft á það hér og það staðfestir enn það sem ég sagði í upphafi míns máls varðandi tekjur bifreiðastjóra í dag, að bílaflotinn hefur verið að eldast ár frá ári, endurnýjun hefur ekki verið sem skyldi.

Að lokum, virðulegur forseti, þar sem þeir þingmenn sem hér hafa talað áður hafa rætt um efnisatriði frumvarpanna, þá ræði ég frekar á almennum nótum um þessi mál. En að lokum ætla ég aðeins að koma að skattlagningu á bíla almennt því vissulega kemur það við leigubílstjóra eins og aðra. Ég hef nokkuð beitt mér hér í þinginu varðandi það atriði, bæði með fyrirspurnum til ráðherra og í umræðu um skattamál. Það er mín skoðun að skattlagning á bíla og framkvæmdin á þeirri skattlagningu sé komin út fyrir allt sem hægt er að sætta sig við. Þar vil ég sérstaklega nefna til kílóagjaldið sem eru að mínu mati engin rök fyrir hvernig er framkvæmt. Ég er ekki að segja það hér að það eigi ekki að leggja neinn skatt á bíla sem tengist bílaeigninni beint líkt og kílóagjaldið gerir. En eins og það er framkvæmt í dag þá brýtur það algerlega í bága við réttlætiskennd þeirra sem þurfa það að greiða, sem eru ansi stór hópur. En því miður ber það við í umræðunni enn þá og hefur m.a. gerst meðal ráðamanna hér að menn tala um bíleigendur sem mennina með breiðu bökin sem sé sjálfsagt að skattleggja umfram aðra. En ég hef fært að því rök hér að kílóagjaldið á bíla, eins og það er framkvæmt núna, sé í raun sérstakur skattur á lágtekjufólk.

Sama má segja um þungaskattinn. Við erum orðin síðasta þjóðin í Evrópu sem ekki er komin með þungaskattinn á dísilbílana inn í olíuverðið og það leiðir aftur hugann að leigubílstjórum. Þetta hefur gert það að verkum að dísilbílar virðast vera að hverfa úr flota leigubílstjóra þó svo að þeir eðli málsins samkvæmt væru þeir bílnotendur sem öðrum fremur ættu að hafa hag af því að nota dísilbíla. Þetta er ekki síst bagalegt vegna þess að það hefur orðið afar mikil þróun í gerð dísilhreyfla á síðustu árum sem gerir það að verkum að þeir eru sem áður afar hagkvæmur kostur fyrir þá sem aka mikið ef skattlagning er í lagi. Í öðru lagi er svo komið að nýjustu gerðir dísilhreyfla eru þær bílvélar sem menga minnst. Þess vegna væru full rök fyrir því, þó ekki væri annað, að leigubílstjórum sem mikið eru á ferðinni í þéttbýlustu hlutum borga og bæja væri gert kleift að aka á bílum með dísilvélum. En eins og ég

sagði áður þá er skattlagningin þar — ég hef ekki tíma til að rökstyðja það frekar hér — en þá er skattlagning á dísilbílum hér á landi þannig að hér eru nánast ekki fluttir inn bílar með dísilvélum aðrir heldur en þá stórir og þungir.

Virðulegi forseti. Ég geri mér fulla grein fyrir því að sá dómur sem féll í Mannréttindadómstólnum gerir það að verkum að það þarf að breyta lögum og það snertir starfsumhverfi leigubílstjóra. En ég vil beina því til hv. nefndar að þar verði skoðað mjög gaumgæfilega á hvern hátt þessi breyting getur orðið, en það verði samt áfram hægt að halda utan um þessa starfsemi og það held ég að sé sameiginlegt hagsmunamál bæði þeirra sem aka leigubílum og í raun neytenda líka.

[14:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nokkuð merk saga á bak við tilurð þessa frv. eða reyndar frv. sem hér eru á dagskrá sem ástæðulaust er svo sem að rekja hér enda er komið inn á það að nokkru leyti í grg. með frv., sérstökum kafla um aðdraganda setningu þessara laga. En það er ekki ólíklegt að það eigi eftir að verða nokkuð vitnað til þessara mála í réttarsögunni á komandi tímum vegna þess að hér urðu nokkur tíðindi þegar upp kom mismunur á túlkun, annars vegar íslensku stjórnarskrárinnar og hins vegar mannréttindasáttmála Evrópu, en það er það sem hér er í raun og veru að gerast, að dómur Hæstaréttar, sem túlkaði 73. gr. íslensku stjórnarskrárinnar með tilteknum hætti en við þá túlkun brýtur svo í bág dómur Evrópudómstólsins á grundvelli 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta snýst um það efnisatriði, eins og hv. þm. er vafalaust kunnugt, að hæstaréttardómurinn túlkaði viðkomandi ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar þannig að þau vernduðu ekki það sem kallað hefur verið neikvætt félagafrelsi, þ.e. rétt manna til að neita að vera í eða ganga í félag. Þetta ákvæði í 73. gr. stjórnarskrárinnar, sem Hæstiréttur fjallaði um, var sem sagt túlkað með þessum hætti. Á þeim grundvelli var talið að eðlilegt væri að ganga í framhaldinu frá lögunum eins og gert var, lögum nr. 77/1989, um leigubifreiðar.

Þetta þarf ekki að rekja fyrir þeim sem þekkja söguna. En þá kemur það til að Mannréttindadómstóll Evrópu fellir svo þann dóm í tilteknu máli að 11. gr. mannréttindasáttmálans verndi á hinn bóginn svokallað neikvætt félagafrelsi, þ.e. hana ber að túlka í báðar áttir. Hún verndi að sjálfsögðu, eins og venjan er að líta á, rétt manna til að stofna félög og vera frjálsir að því en hún verndi þá jafnframt og um leið rétt manna til þess að vera ekki í félögum, alveg sama hvaða réttindi eða skyldur fylgja slíkri félagsaðild. Það verður að túlka þennan dóm þannig. Því verður ekki á móti mælt að umtalsverðir og ríkir hagsmunir voru samfara skylduaðildarákvæðinu eins og um það var búið í íslenskum lögum. Maður veltir því náttúrlega stundum fyrir sér hversu langt mundi Mannréttindadómstóllinn ganga í þessari túlkun sinni. Mundi hann jafnvel vernda rétt manna, neikvætt félagafrelsi manna, í þeim skilningi að þeir hefðu rétt til þess að vera ekki í þjóðfélaginu? Það liggur við. Og þó veit ég ekki hvar þeir mundu láta staðar numið.

Auðvitað er það talsvert umhugsunarefni að þeir telji þetta ákvæði svona ríkt að jafnvel löggjöf eins aðildarríkis að mannréttindasáttamálanum sem byggir á hæstaréttardómi í viðkomandi landi gagnvart túlkun stjórnarskrár þess hins sama lands, Íslands, er allt að engu haft þegar 17 eða 18 dómarar í Mannréttindadómstóli Evrópu ákveða að þetta ákvæði beri að túlka með þessum hætti.

Eins og sagt er gjarnan þá tjáir ekki að deila við dómarann. Íslendingar hafa skrifað undir þennan mannréttindasáttmála og fullgilt hann en reyndar ekki lögtekið hann og frv. þar um mun vera til umfjöllunar á þinginu ef ég man rétt. En ég hef engan mann heyrt sem ekki er þeirrar skoðunar að við ætlum áfram að vera aðilar að þessum samningi og beygja okkur undir ákvæði hans, eins þótt að í einstökum tilvikum eins og dæmin sýni, geti komið upp árekstrar af þessu tagi vegna mismunandi lagatúlkunar.

Ég er því þess vegna þeirrar skoðunar að það sé að sjálfsögðu ekki um annað að ræða en að leita úrræða í framhaldinu til að leysa úr þessu vandamáli og hér er ein tillaga af því tagi á ferðinni í frv. hæstv. ráðherra um breytingu á lögum um leigubifreiðar. Ég vil áskilja mér rétt til þess að skoða það betur hvernig sú útfærsla er úr garði gerð þó ég hafi litið yfir það. Það er að mínu mati mjög mikilvægt að reyna að standa þannig að þessari breytingu að það valdi ekki neinni meiri háttar röskun eða kollsteypu gagnvart því skipulagi sem reynt hefur verið að viðhafa í þessum efnum. Ég er eindreginn talsmaður þess að rétt sé að reyna að hafa nokkra stjórn á því hvernig þessum málum er háttað og þá vakir fyrir mér hvort tveggja að tryggja atvinnuöryggi og afkomu þeirra sem starfa við þessa hluti og líka öryggi og gæði þeirrar þjónustu sem í boði er. Ég held að ekki þurfi blöðum um það að fletta að reynsla þeirra stórborga, því sums staðar er þetta bundið við sveitarfélög eða fylki hvernig með þessi mál er farið, sem hafa á undanförnum árum gert tilraunir með að sleppa þessu alveg lausu er slæm. Hún er vægast sagt slæm.

Hv. þm. Páll Pétursson sagði hryllingssögur af veru sinni í Brussel og hann hefði ekki getað tekið nema tuttuguasta hvern leigubíl af öryggisástæðum. Ég bendi mönnum á að skoða áhrifin sem urðu af breytingum af þessu tagi í Svíþjóð og kynna sér ástandið í sumum stórborgum eða fylkjum Bandaríkjanna. (**Umhvrh.:** Tekur Páll leigubíla þar?) Nei, nú er sá skaði að vísu að Páll Pétursson hefur ekki rúntað mikið í leigubílum fyrir utan Brussel og hefur þess vegna ekki reynslusögur að segja nema þaðan. Það kæmi auðvitað til skoðunar, hæstv. forseti, að gera hv. þm. út til þess að rúnta í leigubílum um nokkrar helstu stórborgir og koma svo heim og gefa okkur skýrslu af niðurstöðunni. Vonandi í heilu lagi.

En það er auðvitað alveg rétt að það er ástæða til að líta til þess hvernig þessi mál hafa gengið annars staðar. Ég tala nú ekki um þegar markaðurinn er lítill eins og hér og atvinnan takmörkuð. Þá held ég að það sé

ósköp einfaldlega þannig að það er ekkert annað raunhæft ef menn ætla að hafa leigubílaakstur sem fullt starf sem gefur einhverja sæmilega afkomumöguleika en að stjórna því með einhverjum hætti hversu margir eru í þessum rekstri. Ég er alveg sannfærður um það að afleiðingin af því að gefa þetta frjálst með öllu, og þá yrðu menn að sjálfsögðu jafnframt að gefa upp kröfuna um að leigubílstjórar hafi það sem aðalstarf því hún yrði óraunhæf innan skamms eftir að fjöldinn væri orðinn ótakmarkaður sem við þetta gæti unnið, yrði sú að það yrðu 900–1.500 manns sem væru með bíla og hefðu þetta sem einhvers konar aukatekjur og væru aðallega að keyra um helgar eða á kvöldin. Það er ekki það skipulag sem ég vil sjá í þessum efnum, það er ekki sú þjónusta sem ég tel að við eigum að reyna að halda uppi og það er ekki það afkomuöryggi og atvinnuöryggi sem ég held að bílstjórum sé bjóðandi.

Þess vegna er ég stuðningsmaður þess að það verði leitað leiða til að gera þessa breytingu til þess að við séum ekki berir að því að brjóta í bág við túlkun Mannréttindadómstólsins á 11. gr. mannréttindasáttmálans en það verði leitað leiða til að gera það án þess að skynsamleg stjórnun á þessum málum brotni öll sömul upp og það held ég að hljóti að vera. Ég hef svo sem vissar efasemdir um að þetta frv., ef að lögum verður, komi til með að halda með fullnægjandi hætti. Það er því miður ekki hægt annað en að viðurkenna það að þetta er eitt af þeim sviðum þar sem hefur verið dálítill óróleiki, svo sé nú sagt alveg eins og er, þ.e. stjórnun þessara mála og samskipti einstakra hópa sem hér koma til sögu og falla undir ákvæði um leiguakstur. Þess vegna er býsna nauðsynlegt að reyna að vanda sig í málinu.

Ég legg áherslu á að hv. samgn. reyni að skoða þetta vel og þá að sjálfsögðu í leiðinni þau frv. önnur sem hér eru til umræðu, sérstaklega held ég fram frv. á þskj. 915 sem ég flyt ásamt hv. þm. Svavari Gestssyni. Ég held að það væri skynsamleg ráðstöfun að taka breytingu af því tagi með í farteskið ef frv. verður afgreitt á annað borð til þess að reyna að tryggja hlutlæga og faglega forustu fyrir því starfi sem er unnið af úthlutunarnefnd.

Eitt atriði enn vil ég svo nefna sérstaklega, hæstv. forseti, og það varðar ákvæði um aldursmörk sem hv. þm. Björn Bjarnason, Árni Johnsen og fleiri stórsnillingar og hv. þm. leggja til að verði fellt niður. Ég er andvígur því. Ég tel að það séu ærin rök fyrir því, ekki síst við núverandi aðstæður, að viðhalda ákvæði af þessu tagi. Ég held að það hljóti að finnast leiðir til þess að búa þannig um það að það geti fallið undir ramma almennrar löggjafar, sé ekki brot á jafnræðisreglum í stjórnsýslunni eins og menn eru að fabúlera um. Eftir atvikum mætti líka velta því fyrir sér mín vegna hvort þetta ætti að verða að almennri reglu. Er það virkilega svo að menn telji það eðlilegt við núverandi aðstæður og atvinnuástand í landinu að halda jafnvel í þá átt að auka möguleika manna til þess að vera á vinnumarkaði kannski langt fram á áttræðisaldur eða lengur? Er það í takt við þær aðstæður sem blasa við okkur að fjöldi kornungs fólks gengur atvinnulaus? Ég held ekki. Ég held að það sé eðlilegra að skipta þeirri takmörkuðu vinnu sem við höfum þannig að menn hafi þó atvinnu á blómaskeiði lífsins þegar starfsorkan er mest.

Við verðum bara því miður að fara að horfast í augu við það, Íslendingar, að svona eru aðstæður að þróast í okkar landi. Þetta er ósambærilegt við það ástand sem var fyrir nokkrum árum þegar hér var svokölluð umframeftirspurn eftir vinnuafli og það var talið að það vantaði kannski 2.000 manns á íslenska vinnumarkaðinn til að metta hann. Nú hefur þetta gjörsamlega snúist við. 7.000–8.000 Íslendingar eru nú án atvinnu og framtíðarhorfurnar eru þær að við þurfum að skapa 22.000 ný störf fram að aldamótum ef okkur á að takast að fagna nýrri öld án atvinnuleysis. Það er ærið verkefni og mun því miður standa í okkur.

Þessi viðbótarrök hafa því að mínu mati komið til þeim sem fyrir voru áður og eru ærin, að það sé rétt að miða þarna við einhver skynsamleg mörk. Og hvers vegna er það? Það er m.a. vegna þess að þetta er gert gagnvart fjölmörgum öðrum starfsstéttum, ekki bara hjá opinberum starfsmönnum sem, eins og kunnugt er, verða allir að láta af störfum á því aldursári sem þeir verða sjötugir. Nei, þetta er líka gert gagnvart fjölmörgum stéttum úti á almenna vinnumarkaðinum af einhverjum þeim ástæðum þá sem menn færa rök fyrir, t.d. að flugumferðarstjórar skuli láta af störfum sextugir og flugstjórar gangast undir mjög strangar reglur þegar þeir fara að reskjast o.s.frv. Margar fleiri stéttir má nefna. Það er ekki nöldrað um mismunun. Ég hef ekki heyrt það t.d. að menn séu að kvarta yfir því að það sé mannréttindabrot gagnvart 61 árs gömlum flugumferðarstjóra að hann verður að hætta starfi vegna þess að það eru fagleg og efnisleg rök fyrir þeirri tilhögun sem löggjafinn hefur ákveðið. Ég tel að þau séu fyrir hendi gagnvart leigubílstjórum án þess að ég sé á nokkurn hátt að sjálfsögðu að víkja að einhverjum persónulegum eða einstökum tilvikum. Menn verða að hefja sig upp úr því fari og líta almennt á þetta. Ég vona að þeir sem eru nálægt þessum aldursmörkum nú eða verða það á næstu árum taki það ekki svo að ákvæðunum sé sérstaklega beint gegn þeim. Auðvitað er það ekki svo. Hér er verið að reyna að ræða um og setja almennar samgirnisreglur.

Það er margt sem styður það að mínu mati að þetta sé skynsamlegt. Við skulum líka minnast þess að þar sem takmörkun er við lýði er hún til þess að reyna að gæta atvinnuhagsmuna og afkomuhagsmuna þeirra sem þarna starfa af öðrum þræði á móti hinu að tryggja þjónustuna og leyfin eiga ekki að vera einhvers konar útgerðarleyfi. Þetta eiga að vera leyfi til handa viðkomandi einstaklingi til að stunda þessa atvinnu á meðan hann getur og hefur til þess fulla starfsorku. Ef við sleppum þessu lausu á nýjan leik þá veit ég vel hvernig það fer og reynslan er fyrir hendi og sporin hræða í þeim efnum. Við mundum fyrr en varir sitja á nýjan leik uppi með allan fjöldann af leyfum sem væru á höndum manna sem hefðu takmarkaða, litla eða jafnvel enga möguleika til að nýta þau sjálfir og réðu til

þess menn að gera það. Það er að mínu mati það fyrirkomulag sem við þurfum að komast út úr en ekki að halda inni aftur á nýjan leik.

Meðan ég fór með þessi mál í samgrn. þá vann ég á þeim grundvelli að við værum að reyna að vinna okkur út úr því ástandi og tryggja að starfsleyfin á þessu sviði væru í höndum manna sem gætu nýtt þau sjálfir sér til afkomu og viðurværis en væru ekki tekjulind fyrir einstaklinga sem væru hættir að koma nálægt þessu. Það er séð fyrir þeim málum með öðrum hætti. Það er almannatryggingakerfið, eftirlaun, tekjutrygging og heimilisuppbót og annað því um líkt sem á að dekka slíkar þarfir þegar menn hafa lokið sínu hlutverki. Það eiga ekki að vera einhvers konar uppbótaralmannatryggingar að menn geti gert út á einhver slík leyfi.

Hæstv. forseti. Ég vildi bara aðeins lýsa mínum sjónarmiðum við 1. umr. Ég vona svo að hv. nefnd taki þetta mál til skoðunar. Mér er að vísu ljóst að tíminn er mjög naumur og það er alveg hrapallegt að hæstv. ráðherra skuli vera að mæla fyrir þessum frumvörpum hér — var það ekki í gær eða svo, 12. eða 13. apríl, þegar fáeinir dagar, liggur mér við að segja, lifa eftir af reglulegum starfstíma Alþingis. Ég eiginlega skil það ekki hvers vegna þetta mál er svona seint fram komið þar sem allar forsendur sem ganga þurfti út frá, þ.e. viðkomandi dómur og annað því um líkt, hefur legið fyrir um langa hríð.

En vonandi getur nefndin samt eitthvað glímt við þetta því auðvitað væri æskilegast að koma þessum málum í farveg og ganga frá þeim nú á þessu þingi því við höfum ekkert gaman af því að vera lamin með svona dómum. Ég tel þess vegna að það væri langæskilegast að ganga frá þessu öllu saman á þessu þingi.

Varðandi aftur það sem ég var að ræða síðast um aldurslagaákvæðin þá minni ég á að þar einnig liggur fyrir leiðbeinandi dómur Hæstaréttar sem var kveðinn upp í sumar sem leið. Þar er staðfest það mat undirréttar að ákvæði 9. gr. um aldursmark gagnvart bifreiðastjórum leigubifreiða sé réttlætanlegt og brjóti ekki í bág við þau ákvæði stjórnarskrárinnar sem menn hafa verið að vísa til. Það hafi verið gætt nægjanlegs jafnræðis við setningu laganna og allir séu eins settir sem lögin taki til. Þá kemur maður að því álitamáli aftur: Er það kannski að verða svo að við getum ekki gert neitt með álit okkar Hæstaréttar í svona hlutum fyrr en við höfum fengið álit háyfirdómaranna úti í löndum? Það verður auðvitað innan skamms, ekki bara Mannréttindadómstóllinn sem fer að fjalla um okkar mál heldur líka hinir miklu dómstólar Evrópusambandsins. Þar munu háyfirdómararnir, júdexarnir, sitja og dæma.

Mér finnst það nokkuð umhugsunarefni á hvaða spori við erum ef við sitjum uppi með það trekk í trekk, nú er ég ekki að spá því að svo fari í þessu tilviki, en það mun vera í undirbúningi eða kannski þegar komin stefna til Mannréttindadómstólsins um þetta aldursmarksatriði. En ef það er að verða svo að við getum ekki treyst því að íslensk löggjöf standi nægjanlega traustum fótum þó að óyggjandi túlkun Hæstaréttar Íslands liggi fyrir um réttmæti einstakra ákvæða þar. Þá fer að verða vandasamt að lifa og setja lög, hæstv. forseti, segi ég nú bara.

Fleira hef ég ekki um þetta að segja. Ég ítreka óskir mínar til hæstv. samgn. um að athuga þessi atriði og ekki síður frv. á þskj. 915 sem ég er 2. flm. að.

[15:08]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er einkennileg árátta hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni að vilja alltaf hafa vit fyrir öllum í öllu. (Gripið fram í.) Og það er líka einkennilegt hvað hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er bundinn miðstýringargrautnum. Þó hann puffi og sveii þá er það ekki nema til að undirstrika það sem ég hef sagt um hans vinnubrögð í þeim efnum.

Hann vék að tillögu sem við nokkrir þingmenn höfum lagt fram í þessu sambandi til að tryggja það að leigubifreiðastjórum sé ekki mismunað. Svo langt nær sú tillaga. Þingmaðurinn vék að því að í rauninni ætti lagasetning á Alþingi að miðast við tímabundinn vanda, atvinnuleysið sem nú er í landinu. Við getum ekki reiknað með því að lagasetning á Alþingi Íslendinga miðist við slíkar aðstæður. Það hlýtur að þurfa að hugsa til lengri tíma og ekki tjalda til einnar nætur.

Það frv. sem við höfum lagt fram varðandi breytingu á einfaldlega að tryggja mönnum að þeir sitji við sama borð. Það ákvæði 9. gr. sem vitnað hefur verið til á ekki við vörubifreiðastjóra eða sendibifreiðastjóra og það á ekki heldur við fólksbifreiðastjóra á bifreiðum fyrir átta farþega eða færri sem aka á svæðum þar sem takmörkun skv. 4. gr. hefur ekki verið beitt. Þá á það heldur ekki við bifreiðastjóra langferðabifreiða. Af þessu er ljóst að ákvæðið mismunar gróflega þeim bifreiðastjórum sem það á við samanborið við aðra atvinnubifreiðastjóra.

Það er um það sem málið snýst og ég vona að hv. þm. kynni sér hvað felst í frv. og þá reikna ég með að hann geti verið sammála því.

[15:10]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Því atriði að ég hafi mikinn áhuga á því að hafa vit fyrir öðrum svara ég þannig að ég reyni a.m.k. ekki að hafa vit fyrir hv. þm. Árna Johnsen. Hann verður að sjá um það sjálfur.

Varðandi miðstýringaráráttu mína, þá get ég svo sem farið út í umræður um það. Ég hef ekki séð að hæstv. núv. ríkisstjórn ætti að hætta sér langt út á þann ís.

Um að ganga út frá tímabundnu ástandi, sem sé atvinnuleysi, þá sé ég því miður ekki neitt fararsnið á atvinnuleysinu, a.m.k. ekki í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ég leyfi mér þess vegna, því miður, að halda því fram að við verðum frekar að reikna með því að verða að búa við það a.m.k. jafnlengi og við höfum þessa ríkisstjórn og eitthvað lengur því að það mun taka tíma að vinda ofan af því atvinnuleysi sem hún hefur sannanlega innleitt í sinni tíð í landinu.

Ég held svo að það hafi verið óskynsamlegt af hv. þm. Árna Johnsen að vera sérstaklega að vekja athygli

á frv. þeirra félaganna, hv. þm. Björns Bjarnasonar, Árna Johnsens, Egils Jónssonar og nokkurra fleiri, vegna þess að á sama tíma erum við hér að ræða stjfrv. flutt af hæstv. samgrh., sjálfstæðismanninum Halldóri Blöndal, sem gengur í þveröfuga átt. Þetta er að vísu að verða tíska í ríkisstjórninni og hjá meiri hlutanum. Ráðherrarnir koma með frumvörp, hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson með frv. um fiskveiðistjórnun, svo koma 12 stjórnarliðar og flytja frv. um alveg gerólíkt fyrirkomulag. Hæstv. ráðherra Halldór Blöndal kemur hér með leigubílafrv. Nokkrum dögum seinna koma þeir hv. þm. Björn Bjarnason, Árni Johnsen og fleiri stórsnillingar og flytja tillögu um ákvæði sem gengur í þveröfuga átt. Ég held því að þeir ættu að ræða þetta í þingflokki Sjálfstfl. áður en þeir félagarnir fara að taka upp orðaskipti við menn úr öðrum flokkum. Þeir eru greinilega ekki í takt við flokksbróður sinn og hæstv. foringja í samgöngumálum, hæstv. samgrh. Eitthvað er því að á kærleiksheimilinu, í þingflokki Sjálfstfl.

[15:13]

Flm. (Árni Johnsen) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki að spyrja að orðheldni hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar sem lofaði því í ræðustól að ætla ekki að hafa vit fyrir Árna Johnsen en sagði svo hálfri mínútu síðar að það væri óskynsamlegt af Árna Johnsen að vekja athygli á því máli sem hér væri um að ræða. Alltaf hittir nú hv. þm. sjálfan sig fyrir í málflæðinu.

Ég ætla aðeins að víkja að atriði sem hv. þm. talaði svolítið um, virtist leggja kapp á það að mönnum yrði kippt út af atvinnumarkaði sem yngstum og vék þar að flugumferðarstjórum og flugmönnum. Það er mín skoðun að það sé úrelt á þröskuldi framtíðarinnar að knýja menn til að láta af störfum þó að þeir séu komnir um sjötugt. Við búum við þær reglur að hluta til enn þá, en það er úrelt og hlýtur að breytast. Það hlýtur að þróast þannig með vonandi vaxandi hagvexti og auknu atvinnulífi að menn fái færi til þess að vinna lengur ef þeim sýnist svo fremi að starfsþrek sé til staðar og alveg ljóst að gamla máltækið að vinnan göfgi manninn stendur í fullu gildi.

Ég vildi rétt svona koma þessu á framfæri til mótvægis við skoðun hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar að það eigi að kippa mönnum sem fyrst út af atvinnumarkaði til þess að liðka fyrir þeim sem eru á yngri árum. (**Gripið fram í:** Það er búið að kippa 7.500 manns út af vinnumarkaðinum.)

[15:15]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að þessu hafi verið svarað vel hér úti í sal. Núv. ríkisstjórn hefur m.a. afrekað það að taka 7.500 Íslendinga út af vinnumarkaðinum þannig að það er steinn úr glerhúsi þegar hv. þm. Árni Johnsen er að snúa út úr orðum mínum með þeim hætti sem hann gerði hér. Auðvitað er það ekki keppikefli nokkurs manns í sjálfu sér að taka menn út af vinnumarkaði. En menn standa náttúrlega bara frammi fyrir tilteknum aðstæðum og það er mikið óraunsæi og aumingjadómur í málflutningi að þora ekki að horfast í augu við þær. Hv. þm. Árni Johnsen þorir auðvitað ekki að svara því og standa hér og segja: Það er betra að 20 ára og 25 ára menn gangi atvinnulausir og einhverjir sem eru að ljúka löngum starfsdegi fái að halda áfram fram yfir sjötugt heldur en þeir fari þá á eftirlaun og njóti elliáranna lausir undan starfsþrasinu. Ég held að það sé félagslega, út frá réttlætissjónarmiðum og á allan hátt skynsamlegt við þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir að jafna vinnunni, stytta þess vegna jafnvel vinnudaginn en fleiri komist að. Við stöndum m.a. frammi fyrir því vandamáli núna að ungt fólk kemst ekki inn á vinnumarkaðinn. Það fær hreinlega ekki vinnu þegar það kemur út úr skólum eða er komið á þann aldur að það vilji fara að taka sér störf.

Er hv. þm. Árni Johnsen að segja í alvöru að hann telji það í sjálfu sér ekkert vandamál? Það skipti meira máli að menn sem eru kannski búnir að starfa í 40–50 ár fái að halda því áfram, þess vegna meira og minna í plati þar sem þeir eru að ráða einhverja aðra til að keyra fyrir sig?

Varðandi svo það sem hv. þm. sagði að þetta mismunaði einstökum hópum bílstjóra þá má skoða það atriði, en það eru líka rök fyrir því vegna þess að þessi störf eru mismunandi. Það að stunda leiguakstur með fólk með þeim hætti sem leigubílstjórar gera felur í sér öðruvísi samskipti við fólk og öðruvísi störf heldur en t.d. að stjórna flutningabifreið. Það er alveg ljóst þannig að fyrir því eru líka rök. Þegar að takmörkuninni kemur þá skilur hv. þm. bersýnilega ekki tilganginn eða hugsunina þar á bak við. Það gegnir allt öðru máli í byggðarlagi þar sem engin tamörkun er — vegna hvers? Vegna þess að þar hafa ekki fleiri farið í þennan akstur en svo að menn hafa ekki séð ástæðu til takmörkunar.

Ég vona að hv. þm. skilji þetta þegar hann er búinn að hugsa um það til morguns.

[15:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er um við að ræða þrjú frumvörp um breytingu á lögum um leigubifreiðar. Stjfrv. mælti hæstv. ráðherra fyrir í gær og samkvæmt því sem segir í athugasemdum með frv. er hér verið að lagfæra lög með tilliti til dóma og ekki hvað síst Mannréttindadómstóls Evrópu. Ég vil taka undir með þeim sem hér hafa sagt að það sé nauðsynlegt að skoða þetta mál mjög vel og einnig lýsa yfir ánægju með það að hæstv. ráðherra hefur einnig sagt að það þurfi að fara vel í þetta mál og vel komi til greina að breyta þar ýmsu.

Hins vegar verður einnig að taka fram að það er mjög lítill tími eftir fyrir hv. samgn. að fara yfir þetta mál. Samkvæmt starfsáætlun eru ekki nema örfáir dagar eftir af þinghaldi og mörg mál sem liggja fyrir. Ég er því ekki farin að sjá það að öll málin þrjú verði afgreidd fyrir þinglok. Ég tel að þau þurfi mikillar skoðunar við og ekki hvað síst með tilliti til þeirra sem eftir þeim eiga að vinna. Þá er hér einnig um mikilvæga þjónustu fyrir borgarana að ræða og þess vegna þarf einnig að ræða þessi frumvörp við þá sem nýta þessa þjónustu.

Ég vil segja nokkur orð um frv. á þskj. 824 og ekki hvað síst vegna þess að í athugasemdum með frv. hæstv. samgrh. segir, með leyfi forseta:

„Einn leigubifreiðastjóri, sem gert var að leggja inn atvinnuleyfi sitt í samræmi við ákvæði laga um leigubifreiðar, nr. 77/1989, höfðaði mál á hendur samgönguráðherra og byggði á því að með því að svipta sig atvinnuleyfinu vegna aldurs á grundvelli laga og reglugerða um leigubifreiðar sé brotinn á honum réttur sem honum beri samkvæmt stjórnskipulegri jafnræðisreglu." — Þetta er ein af röksemdunum með því frv. „Hann taldi sig beittan ójafnræði eða misrétti sem fælist annars vegar í því að bifreiðastjórar sendi-, vöru- og langferðabifreiða séu ekki háðir sams konar ákvæðum um aldurshámark og hins vegar ekki heldur þeir bifreiðastjórar sem stunda leiguakstur á fólksbifreiðum á þeim svæðum þar sem fjöldi leigubifreiða til fólksflutninga hefur ekki verið takmarkaður. Hæstiréttur Íslands kvað upp dóm sinn í málinu 3. júní 1993. Í forsendum dómsins er staðfest það mat héraðsdómara að til grundvallar ákvæði 1. mgr. 9. gr. laga nr. 77/1989 um aldursmark bifreiðastjóra leigubifreiða til fólksflutninga liggi almenn og hlutlæg sjónarmið og gætt hafi verið jafnræðis við setningu laganna þar sem þau ná til allra sem eins eru settir. Brytu lögin því ekki jafnræðisreglu íslensks stjórnskipunarréttar."

Þess vegna er hér í frv. hæstv. samgrh. ekki talin ástæða til að leggja til þá breytingu sem hv. þm. Björn Bjarnason, Árni Johnsen og fleiri eru að leggja til á þskj. 824, þ.e. að ákvæði um aldurstakmark séu afnumin.

Það skýtur nokkuð skökku við að hér sé verið að leggja fram frv. til þess að fullnægja ákvæði sem hefur komið fram í dómi Mannréttindadómstóls Evrópu og ekki talin ástæða til að breyta öðru vegna þess að það sé í samræmi við það sem Hæstiréttur Íslands hefur kveðið upp dóm yfir. En jafnframt kemur fram frv. sem gengur í þveröfuga átt. Það frv. gerir ráð fyrir því að hundsa þennan dóm sem hér er vitnað til frá Hæstarétti Íslands.

Menn hafa rætt mjög mikið um að þetta ákvæði mismunaði mönnum. Það næði ekki til bifreiðastjóra langferðabifreiða og ekki sendibifreiðastjóra og eða bifreiða fyrir átta farþega eða færri sem aka þar sem takmörkunin er ekki í gildi. Hvað varðar þau ákvæði, þá hafa ýmsar röksemdir komið hér fram um að það sé í rauninni sjálfhætt hjá þeim sem séu farnir að finna sig eitthvað lakari til þeirra verka. Mér finnst hins vegar alveg koma til greina að setja inn þetta ákvæði í lögum líka um langferðabifreiðastjóra og sendibifreiðastjóra, að þetta ákvæði sé ekki aðeins í lögum um leigubifreiðar heldur þá einnig í lögum um sendibifreiðar og langferðabifreiðar. Ég tel að það þurfi að vera samræmi í þessum ákvæðum hér á landi þar sem flestallir þurfa að hætta sínu starfi í kringum 70 ára og því ekki nema eðlilegt að þetta gildi yfir sem flestar og helst allar stéttir, ekki hvað síst miðað við það atvinnuástand sem hér er nú. Ég tel því frekar koma til greina að þrengja þessi ákvæði í lögum um aðra bifreiðastjóra heldur en víkka þetta út eins og er lagt til í frv. til laga á þskj. 824.

Það hefur hins vegar heyrst að það geti verið um að ræða að ýmsir hafi heimild til að reka bifreiðar án þess að keyra þær og þar séu í gildi nokkur atvinnuleyfi. Ég man nú ekki hvort það eru fimm eða tíu atvinnuleyfi sem enn þá gilda og menn hafa án þess að þurfa að keyra sjálfir, það séu eins konar rekstrarleyfi fyrir leigubifreiðar. Samkvæmt því leyfi eiga menn að geta haldið þeim rekstri áfram gegn því að aka ekki sjálfir eftir 70 ára aldur. Á þessu stigi hef ég ekki skoðað það mál nægilega vel til þess að segja um það hvort hægt sé að koma slíku ákvæði inn eða heimild til að það leyfi gildi áfram. Ég tel að það þurfi að skoða það mjög vel í umfjöllun nefndarinnar hvort leyfin eru þannig að þau ætti að halda gildi sínu. Hér er ekki um mörg leyfi að ræða og vel má vera að hægt sé að veita undanþágu hvað það varðar. En ég tel að öll þessi frumvörp og þá einnig þetta atriði þurfi að skoðast mjög vel í hv. samgn. Og þar sem ég á sæti í þeirri nefnd hef ég ástæðu til að fylgja því eftir.

Ég tel hins vegar í framhaldi af því sem ég sagði áðan að frekar ætti að þrengja þessi ákvæði hjá öðrum bifreiðastjórum heldur en víkka það út að menn séu að keyra eftir 70 ára aldur. Þá ætti frekar að skoða lífeyrismál og eftirlaunaréttindi þessara manna þannig að þeim sé gert kleift að hætta sómasamlega um sjötugt eins og flestallir aðrir verða að gera í atvinnu hér í landi. Það sem ég hygg að sé oft og tíðum ástæðan fyrir því að menn vilja gjarnan halda þessu áfram lengur er að þeir hafa lítið annað upp á að hlaupa og lífeyrismál þeirra og eftirlaunaréttindi eru mjög lítil eða mjög skert. Þetta þyrfti aftur á móti að skoða.

Við 1. umr. málsins er í raun og veru ekki hægt að segja fleira um þetta. Hér er einnig til umræðu þriðja frumvarp þessarar tegundar á þskj. 915, þar sem verið er að ræða um nefndaskipun. Mér sýnist þetta vera fyrst og fremst formsatriði og spurning um pólitíska íhlutun í nefndaskipun af hálfu ráðherra og er það sjálfsagt að skoða það jafnframt í samgn. og mjög eðlilegt að þessi frumvörp séu öll rædd og tekin fyrir samhliða, en ég vil enn og aftur vekja athygli á því að frv. nokkurra stjórnarliða í flokki hæstv. samgrh. gengur þvert á það sem segir í athugasemdum með frv. ráðherrans.

Útbýting þingskjals:

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 275. mál, nál. minni hluta allshn., þskj. 940.

[15:29]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa mjög langt mál um þessi þrjú frumvörp. Ég á sæti í samgn. og hef hlýtt á þessar umræður eins og ég hef haft möguleika til, þurfti reyndar að bregða mér frá í fáar mínútur áðan. Það sem mig langaði til að ræða um í þessu máli er það til að byrja með að mér þykir slæmt að hæstv. ráðherra skuli ekki vera viðstaddur til að taka þátt í umræðunum til enda. Ég hefði t.d. gjarnan viljað hlýða á hann segja álit sitt á frv. þeirra hv. þm. Björns Bjarnasonar, Árna Johnsens, Egils Jónssonar, Guðna

Ágústssonar, Sigbjörns Gunnarssonar og Sturlu Böðvarssonar vegna þess að það gengur í öfuga átt við það sem í frv. hæstv. ráðherra er og hefði verið ástæða til þess fyrir nefndarmenn að heyra hvernig ráðherrann lítur á málið.

Það er ýmislegt sem hægt er að ræða í tengslum við þetta mál. Auðvitað hefur sá dómur sem kveðinn var upp rekið menn til þess að gera þessar breytingar, en það er ekki eins og ekki hafi verið rætt um þessi mál líka af öðrum tilefnum. Ég vil segja það að ýmis spurningarmerki hafa komið upp í mínum huga við að hlýða á þessa umræðu og að lesa þau gögn sem fylgja frv. Það er t.d. umhugsunarefni að það skuli vera þannig að einungis á fimm stöðum á landinu séu þessar takmarkanir á fólksbifreiðum og þau rök sem menn hafa fært fram fyrir takmörkunum missa dálítið gildi sitt þegar reynslan sýnir það að takmarkanirnar eru ekki víðar heldur en þetta. Þó að það sé á stærstu stöðunum í landinu þá er það ekki í hinum stærri kaupstöðum nema á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum, Akureyri, Ísafirði og Selfossi. Allir aðrir stærri staðir í landinu, kaupstaðir og bæir, hafa ekki þessar takmarkanir samkvæmt þeim gögnum sem hér hafa verið lögð fram. Það væri ástæða fyrir nefndina að gera sér grein fyrir því hvernig þessum málum er háttað núna á þeim stöðum þar sem takmarkanir hafa ekki verið.

Helstu breytingar sem eru í frv. er þessi nauðsynlega breyting vegna dóms Mannréttindadómstólsins — og nú fagna ég hæstv. ráðherra, hann er mættur í salinn og ég vil endurtaka þá spurningu sem ég bar fram áðan eða hefði borið fram ef hæstv. ráðherra hefði verið viðstaddur. (**Samgrh.:** Það er erfitt að endurtaka spurningu sem ekki hefur verið borin fram.) Ég geri það þá núna að endurtaka spurninguna. Hún fjallar um hvaða álit ráðherrann hefur á frv. þeirra hv. þingmanna Björns Bjarnasonar og fleiri sem hér liggur til umræðu ásamt hinum tveimur. Það væri náttúrlega ekki verra að hæstv. ráðherra gerði okkur grein fyrir því hvaða afstöðu hann hefur til frv. sem er á þskj. 915 líka og hv. þm. Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon flytja.

Ég viðurkenni það að mér finnst það vera dálítið sterk rök í málflutningi þeirra Björns Bjarnasonar og félaga að það þurfi að gilda reglur sem komi eins út fyrir alla. Spurningin er auðvitað hvernig þær reglur eiga að vera. Það er greinilegt að það gengur ekki að þær séu eins og frv. hæstv. ráðherra gerir ráð fyrir. Það verða að gilda einhverjar almennar reglur um aldur leigubílstjóra og annarra bílstjóra því auðvitað þarf að vera samræmi í reglum um atvinnuréttindi manna í landinu. Ég er ekki einn af þeim sem telja að það eigi að setja einhver aldursmörk sem gildi burt séð frá líkamlegu og andlegu ástandi manna. Ég tel að menn eigi að fá að vinna eins lengi og þeir geta og hafa tækifæri til ef þeir hafa aðgang að vinnu. Ég fell ekki fyrir þeim rökum að þetta þjóðfélag eigi að búa sig undir að búa við eitthvert stórkostlegt atvinnuleysi í framtíðinni. Ég tel þess vegna að reglur um svona hluti eigi fyrst og fremst að lúta að öryggisatriðum og það séu einhvers konar prófanir eða réttindi manna endurskoðuð með ákveðnu millibili á líkan hátt og bifreiðapróf manna eru endurskoðuð þéttar eftir því sem aldurinn færist meira yfir þá. Þá má alveg eins gera það í sambandi við atvinnuréttindi þar sem menn þurfa auðvitað að vera betur á sig komnir og til þess að geta haft með höndum ábyrgðarmikil störf eins og það hlýtur að vera að keyra t.d. leigubíl. Menn þurfa auðvitað að vera í góðu formi til þess að bregðast við öllum aðstæðum í umferðinni og annað því um líkt.

En þetta á við að mínu viti um öll störf og mér finnst að það þurfi að vera eitthvert samræmi í því sem verið er að setja í reglur. Ég tel að nefndin þurfi að ræða þessi mál á víðum grundvelli og ég harma það að þetta frv. skuli ekki hafa komið fyrr til umræðu af þeim ástæðum að það er örugglega þörf á því að nefndin fari vandlega yfir það og skoði þau tvö frv. sem hér eru til umræðu ásamt frv. hæstv. ráðherra líka.

Ég ætla ekki að hafa þetta lengra en ég vonast til þess að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvaða afstöðu hann hefur til hinna frumvarpanna.

[15:36]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Herra forseti. Ég skal fúslega verða við þeirri beiðni að segja álit mitt á þeim tillögum sem hér liggja fyrir og fara nokkrum orðum um þessi mál.

Það er hv. þm. kunnugt að þetta stjfrv. um leigubifreiðar er flutt vegna þess dóms sem gekk í Mannréttindadómstólnum þar sem komist var að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði brotið gegn skyldum sínum samkvæmt samningnum og niðurstaðan varð sú að leigubifreiðastjórum væri ekki skylt að vera í stéttarfélögum. Þetta þekkja menn.

Ég er þeirrar skoðunar að það hljóti að vera mikið álitamál hvernig eigi að skipa málum eins og þeim hverjir skulu hafa heimildir til þess að aka leigubifreiðum á tilteknum svæðum, til hvers nauðsynlegt sé að taka tillit og þar fram eftir götunum. Það er alveg ljóst að það getur enginn einn sannleiki verið til í því máli. Það eru mörg álitamálin og hægt að standa að þessum málum með mjög mismunandi hætti. Ég er þeirrar skoðunar að það sé ekki rétt að það sé algjörlega opið og frjálst og öllum heimilt að aka leigubifreiðum hvar sem er og hvenær sem er og tel þess vegna nauðsynlegt að einhver skipan sé á þeim málum. Eins og fram kemur í stjfrv. sem hér liggur fyrir er ekki gert ráð fyrir að breyta frá þeim reglum sem nú gilda um það hverjir skuli skipa þá nefnd er hafi með höndum eftirlit og úthlutun á atvinnuleyfum.

Ég sé að á þskj. 915 hafa hv. þm. Svavar Gestsson og Steingrímur J. Sigfússon flutt tillögu um að hafa aðra skipan á þar sem þeir óska eftir því að í stað þess að ráðherra skipi formann nefndarinnar skuli formaður skipaður samkvæmt sameiginlegri tillögu viðkomandi sveitarstjórnar eða sveitarstjórnar og hlutaðeigandi stéttarfélags bifreiðastjóra. Ef sú leið verður farin að þessi mál verða algjörlega í höndum sveitarfélaganna og leigubílstjóranna á tilteknu svæði þá er auðvitað einlægast að ráðherra komi ekkert að málinu. Ég sé ekki hvaða nauðsyn er á því að ráðherra skipi yfir

höfuð nefnd sem hann hefur ekkert um að segja hverjir sitja og á ekki að ráða einum einasta manni. Það er auðvitað skynsamlegast að nefndin starfi á ábyrgð þess sem hana skipar. Annaðhvort að félög leigubílstjóra taki alfarið að sér eftirlit, skipulag og stjórn þessara mála og verði falið að gera það í samvinnu við og ásamt sveitarfélögunum. Það má auðvitað færa viss rök fyrir því að það sé eðlilegt að ráðherra standi fjær þessum málum en nú er. Mér finnst allt vera opið í þeirri umræðu. Það má meira að segja líka hugsa sér það að fella niður ákvæði um ákveðinn tiltekinn fjölda leigubifreiðastjóra og hafa það alveg opið ef menn vilja ganga þessa leið til enda. Auðvitað er hægt að hugsa sér það líka.

Ég hef á hinn bóginn í frv. sem ég hef lagt fram ekki lagt til svo róttækar breytingar en ég get séð það vel fyrir mér að sveitarfélögin taki þennan þátt algjörlega til sín með félögum atvinnubílstjóra en Alþingi setji hinar almennu leikreglur.

Ef við síðan veltum fyrir okkur hinu frv. sem lýtur að aldri leigubifreiðastjóra, hvort rétt sé að takmarka hann við 70 ár eða ekki, þá get ég rifjað það upp að ég hygg að það sé rétt munað hjá mér að bæði ég og formaður samgn. nú, hv. þm. Pálmi Jónsson, greiddum atkvæði gegn þessu ákvæði þegar það var lögfest á Alþingi á sínum tíma 1989 þar sem okkur þótti það skref sem stigið var hikandi og þar sem ekki var mörkuð almenn regla. Það hefur verið mjög gagnrýnt af ýmsum að leigubifreiðastjórar skuli þurfa að hætta þegar þeir verða 70 eða 71 árs. Það eru skiptar skoðanir um það innan stéttarinnar. Sumir hafa bent á það að í einu nágrannalanda okkar, ég man ekki hvort það er Danmörk, er því slegið föstu af löggjafanum að meirapróf falli úr gildi þegar viðkomandi verður sjötugur. Þá gengur eitt yfir alla. Þá þarf ekki undan því að kvarta. Aðrir hafa bent á að óeðlilegt sé að þessi aldursmörk gildi einungis um leigubílstjóra á þeim svæðum þar sem um takmörkun er að tefla en ekki annars staðar og hafa bent á að hópferðabílstjórar, áætlunarbílstjórar og bílstjórar sem aka vörubifreiðum megi verða eldri en sjötugir þó svo það sé bannað við fólksflutninga á höfuðborgarsvæðinu.

Einn hv. þm. vék meira að segja að því að það væri erfiðara að aka vörubifreiðum og bætti því við að reynslan sýndi að bifreiðastjórar hættu áður en þeir næðu sjötugsaldri og taldi af þeim sökum að löggjöfin væri óþörf um að þetta aldursákvæði næði einnig til vörubifreiðastjóra. Það má þá líka segja að það skaði ekki þótt slík löggjöf sé sett ef hún engan varðar og engan snertir.

Mér finnst þetta því vera mikið álitamál. Ég hef fundið mikinn þrýsting frá atvinnubílstjórum í báðar áttir. Fjölmargir þeirra telja nauðsynlegt að Alþingi með því að staðfesta þessa skipan tryggi vissa endurnýjun í stéttinni og færa fram margvísleg rök fyrir því. Aðrir telja að þeir eigi að hafa rétt til þess að starfa lengur en til sjötugsaldurs og þeirra höfuðrök fyrir þeim málflutningi eru að lífeyrissjóðir þeirra séu ónógir og þess vegna sé nauðsynlegt fyrir þá í ellinni að gera annað tveggja, að hafa heimild til að aka leigubílnum eða gera hann út. Þarna erum við að tala um álitamál. Sumir vilja halda því fram að rétt sé að leyfa eftirlifandi maka t.d. að gera út atvinnuleyfi maka síns svo áratugum skiptir sem auðvitað hlýtur að vera á kostnað hins sem er kallaður launþegi eða ekur fyrir annan og skerða möguleika hans til þess að skapa sér sjálfstæða stöðu í þessari stétt.

Ég held að öll þessi álitamál gefi tilefni til mikilla vangaveltna, skoðanaskipta og umræðna. Það má vel gagnrýna að þetta frv. skuli ekki fyrr fram komið. Þessi mál hafa verið lengi í deiglunni og menn eru að velta fyrir sér hvaða skipan skynsamlegast sé að hafa á þessum málum, bæði í bráð og lengd. Ég hef sagt og veit að samgn. líka er opin fyrir breytingum á þessu frv., að taka inn nýja þætti ef það er talið skynsamlegt. Ég hygg á hinn bóginn að það sé alveg ljóst að alþingismenn muni sem hópur ekki geta orðið sammála um neina þá niðurstöðu sem öllum þykir einhlít og er það að sjálfsögðu ekki bundið við flokka. Þess vegna var þegar frv. var lagt fram, þó það væri stjórnarfrumvarp, ævinlega ráð fyrir því gert að stjórnarþingmenn hefðu um það óbundnar hendur hvaða afstöðu þeir tækju til þess enda eru ríkisstjórnir ekki myndaðar um breytingar á löggjöfum leigubíla.

Ég heyrði að einhver var að láta í ljósi undrun yfir því að ekki væru allir stjórnarsinnar bundnir í báða skó í þessu máli en það hefur aldrei hvarflað að mér að reyna að gera slíkt. Einungis vegna þess að ég var spurður vil ég leggja áherslu á þetta. Í fyrsta lagi eru rök fyrir því að aldursmörkin 70 ár gildi um alla atvinnubílstjóra. Það hefur komið fram gagnrýni um að nauðsynlegt sé að hafa það þannig. Í öðru lagi hefur verið á það bent að nauðsynlegt sé að hafa þetta ákvæði sérstaklega inni varðandi leigubíla, og það kom fram í umræðum í dag frá einum hv. þm., til þess að hið opinbera tæki af skarið um að ekki væri ætlast til þess að þessi þjónusta væri innt af hendi af eldri mönnum og hin opinberu afskipti kæmu fram með þeim hætti.

Enn aðrir telja að leigubílstjórar og bílstjórar almennt eigi að fá að aka svo lengi sem þeir sjálfir treysta sér til en þá er líka að rifja það upp að ástæðan fyrir því hygg ég að forveri minn beitti sér fyrir því að þessi regla um 70 árin var sett inn var sú að það var kominn þrýstingur frá leigubílstjórum sjálfum um að þarna yrðu settar ákveðnar reglur vegna þess að í einstökum tilvikum héldu menn áfram akstri leigubíla þó svo að þeir væru orðnir, hvað á ég að segja, þreyttir til akstursins, hefðu kannski ekki sama þrek og áður og menn töldu nauðsynlegt að grípa þar inn í en bílstjórafélögin sjálf töldu sig ekki hafa heimild til þess.

[15:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. samgrh. sagði áðan að það væri ekki mjög stórt mál þó að ekki væru allir stjórnarþingmenn sammála um það hvernig ætti að fara með lög um leigubifreiðar og taldi það ekki stórmál þó aðrir stjórnarþingmenn hefðu lagt fram frv. sem gengur þvert á frv. hans. Þetta eru nokkur önnur sjónarmið

heldur en t.d. hæstv. sjútvrh. hefur lýst þar sem nokkrir stjórnarþingmenn ásamt fleirum hafa lagt fram frv. um stjórn fiskveiða sem gengur nokkuð þvert á það sem hæstv. sjútvrh. hefur áður lagt fram. Ég vildi þess vegna spyrja ráðherrann: Finnst ráðherranum að þessi skoðun sjútvrh. gangi þá heldur langt úr því að hann er ekki sömu skoðunar og gildir þetta ekki um alla ráðherra og alla málaflokka?

[15:50]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er hissa á því að hv. þm. Vestf. skuli leggja að jöfnu frv. um breytingu á lögum um leigubíla og breytingu á lögum um fiskveiðar. Mér finnst það satt að segja ekki sambærilegt. Um málið efnislega þá hygg ég að þingmönnum sé það kunnugt að þingmenn Vestfjarða hafa gjarnan siglt einir á báti í sambandi við fiskveiðimálin. Við erum vanir því að svo sé að þeir hafa haft þar aðrar skoðanir. Það er ekki aðeins á þingi sem Vestfirðingar hafa haft aðrar skoðanir á þessum málum, það er nú einnig svo að meðal sjómanna og útgerðarmanna hygg ég að þeir séu fleiri sem ekki fylgja þeim að málum í sambandi við stjórn fiskveiða án þess að ég hafi þó gert neina úttekt á því og hér er auðvitað einungis um ágiskun að ræða. En ef hv. þm. telur þetta sambærileg mál, leigubílamálið og frv. um stjórn fiskveiða, þá geri ég heldur ekki athugasemdir við það. Þá má hv. þm. mín vegna halda sig við það.

[15:51]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er í báðum tilfellum um að ræða atvinnustéttir sem hafa ákveðið vægi í þjóðfélaginu þó ég geti vissulega fullyrt það að sjávarútvegurinn hefur meira vægi heldur en leigubifreiðar. En það sem ég legg að jöfnu í þessu tilliti, hæstv. ráðherra, er að ég tel að skoðanir ráðherranna séu þarna mjög skiptar og ég tel að skoðanir þeirra hvors um sig megi alveg leggja að jöfnu og þeir hljóti að hafa jafnt vægi í ríkisstjórn. Ég spyr því sjálfa mig að því hvort hæstv. samgrh. sé svona miklu víðsýnni maður í að skoða ýmis sjónarmið heldur en hæstv. sjútvrh.

[15:52]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vafamál hvort maður eigi að þreyta þessa umræðu miklu lengur. Það kemur stundum fyrir að jafnvel stjórnmálamenn í sama flokki hafa mismunandi skoðanir. Ég man ekki betur en þegar samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði var til umræðu og afgreiðslu í þinginu þá hafi einn þingmaður Kvennalistans skorið sig úr og tekið aðra afstöðu en Kvennalistinn í heild sinni, sá sem nú er borgarstjórefni svokallaðs R-lista í Reykjavík. Þannig að það þarf ekki að fara í ríkisstjórnina eða til sjálfstæðismanna til að glöggva sig á því að þingflokkar, jafnvel þótt litlir séu, geta klofnað í hinum stærstu málum.

[15:53]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hjó eftir því að hæstv. ráðherra sagði að hann teldi ef frv. þeirra hv. þm. Svavars Gestssonar og Steingríms J. Sigfússonar yrði að veruleika þá sæi hann ekki hvers vegna ráðherra ætti yfirleitt að vera að skipta sér af nefndaskipaninni. Það er út af fyrir sig alveg rétt. Hvers vegna ætti að hafa það þannig? Ég tel það rökrétta og eðlilega niðurstöðu sem ráðherrann benti á að auðvitað er alveg hægt að hafa þetta heima í héraði og því ekki að hafa það þannig? Ég tel það alveg koma til greina og ég held að nefndin hljóti að vilja skoða það.

Ég fagna því líka að hæstv. ráðherra beinir því nánast til nefndarinnar að reyna að ná víðtæku samkomulagi um þær breytingar sem þarna er verið að tala um. Ég vonast til að það takist en tíminn til þess er naumur og því miður er frv. svo seint á ferðinni að það er erfitt að sjá að það gangi að klára þetta mál fyrir vorið.

Ég vil bara segja það að lokum um aldurinn á bifreiðastjórum að ég held að það þurfi að taka það til alveg sérstakrar skoðunar og þá þýðir ekkert að tala bara um leigubílstjóra í því sambandi. Það verður að tala um atvinnuréttindi manna sem stjórna atvinnutækjum, vinnuvélum, bílum og öðrum sambærilegum tækjum því að það verður að vera eitthvert samræmi í því sem verið er að setja í reglur í landinu. Ef það á að fara að setja eitthvert aldurstakmark, burt séð frá ástandi manna andlega eða líkamlega, bara á einhverja eina eða tvær stéttir þá erum við á villigötum. Við verðum að hafa eitthvert samræmi í hlutunum.

[15:55]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að ég hafi ekki komist svo að orði að ég byggist við því að samgn. yrði sammála um niðurstöðu um þetta frv. Ég sagði þvert á móti að hér væri hreyt máli sem skoðanir væru mjög skiptar um og menn athuga frá mjög mismunandi sjónarhóli og er ekkert við því að segja. Ég held að það geti vel komið til greina og vil gjarnan ítreka það að þessi málaflokkur verði tekinn til sveitarfélaganna. Þá verður sú breyting að vera á frv. frá grunni og frv. þeirra hv. þm. Svavars Gestssonar og Steingríms J. Sigfússonar er ekki fullnægjandi ef menn hafa það í huga.

[15:56]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar maður hlustar á þær umræður sem hér hafa farið fram þá getur hugurinn ekki annað en hvarflað að því að á sl. 100 árum eða raunar styttri tíma, frá því eftir aldamót, hafa málefni hinna starfandi stétta í samfélaginu og réttindamál þeirra breyst afskaplega mikið. Í upphafi aldarinnar og lengi fram eftir miðaðist félagsleg viðleitni við það að taka höndum saman og standa saman í kjarabaráttunni og réttindabaráttu sinni.

Núna á allra síðustu tímum virðast vindarnir blása í þveröfuga átt. Það er reynt á ýmsa vegu að draga það í efa að samtakamátturinn sé nokkurs virði og samstaðan sé einhvers virði og við berum einhverja ábyrgð hvert á öðru. Sá dómur sem féll úti í Brussel um réttindi þessa ágæta manns, atvinnubifreiðastjórans, til að vera ekki í félagi er eitt ljóst dæmi um þá þróun sem er að verða í íslensku samfélagi, þróun sem ég ber dá-

lítinn kvíðboga fyrir. Hvað á að koma í staðinn fyrir samtakamáttinn? Eigum við öll að pota hvert í sínu horni, bifreiðatjórar, kennarar og alþingismenn? Hver út af fyrir sig að berjast fyrir sínum rétti.

Mér finnst þetta mjög varhugaverð þróun. Það getur vel verið að það sé hægt að segja um bifreiðastjóra að þeir séu í rauninni atvinnurekendur, reki hver sinn bíl, en atvinnurekendur hafa líka hér á Íslandi a.m.k. eða víðast hvar sem ég þekki til séð sér hag í því að standa saman í félögum til þess að sjá sínum málum borgið. Nú er skyndilega orðið svo að það er afskaplega gott fyrir launþegana að vera ekki í stéttarfélagi eða neinum samtökum sem standa saman að því að reka réttindi og önnur mál sem við koma starfsgreininni. Þetta er alveg stórkostlega undarleg þróun sem hefur átt sér stað og afskaplega varhugaverð. Ég hef ekki getað séð það að vinnuveitendur líti svo á að það sé betra fyrir þá að vera ekki í samtökum vinnuveitenda, en þeir boða okkur að það sé betra fyrir okkur launþega að vera ekki í samtökum. Við eigum að standa ein og semja fyrir okkur sjálf. Þetta er þróun sem er því miður að eiga sér stað og við erum búin að játast undir tilskipanirnar frá Brussel og verðum að beygja okkur samkvæmt því.

Þetta er áhyggjuefni fyrir mig og það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir allt hugsandi fólk. Við græðum ekki á þessu, við töpum á þessu. Bílstjórinn sem vann mál sitt svo glæsilega í Brussel er að tapa og stéttin sem ætlar sér að fylgja í fótspor hans tapar líka á þessu. Það hefur komið margsinnis fram í umræðum að lífeyrisréttindi þessara stétta séu mjög takmörkuð og þar af leiðandi þurfi bifreiðastjórar að geta keyrt bílinn sinn fram í rauðan dauðann. Það getur vel verið að svo sé en það þarf að laga þau mál fyrst og fremst en ekki að sundra stéttinni og félögunum.

Fari svo að stéttarfélög bifreiðastjóra splundrist og hver vinni fyrir sig, þá er þeim mun meiri ástæða til þess að athuga um leyfin til starfanna vegna þess að bifreiðastjórn er afskaplega vandasöm. Hún varðar ekki bara þann sem stjórnar bifreiðum heldur alla aðra sem njóta þjónustu viðkomandi aðila og alla vegfarendur. Það er því ástæða til að íhuga það hvort bifreiðastjóri eigi að missa meiraprófsréttindi um sjötugt eða hvort leita eigi einhverra annarra leiða. Ef ekki á að takmarka réttindin á einhvern hátt miðað við aldur, þá verður alla vega að takmarka þau miðað við andlegt og líkamlegt ástand mannsins. Ég lít svo á að hæstv. ráðherra og aðrir þeir sem þessum málum ráða þurfi alla vega þá að koma því að í lögunum að fólk sem orðið er sjötugt og vill stunda akstur sem atvinnugrein verði að ganga undir læknisskoðun á vissum fresti til þess að geta fengið vinnuleyfi sitt framlengt.

Þetta tvennt vildi ég nefna: Að það verður að vera einhverjum skilyrðum háð að fólk fái að halda starfsleyfi fram eftir öllum aldri og hitt að það er varhugavert að líta svo á að það hafi verið stórsigur sem unninn var í Brussel.

[16:02]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er sammála því sem hv. þm. segir að auðvitað verður að vera aðhald að þessum atvinnurekstri eins og öðrum. Ég veit ekki betur en stöðvarnar sjálfar sem fara með þetta aðhald geri það mjög vel og ég hygg að ekki sé þar undan neinu að kvarta og hygg að ekki sé ástæða til að þar sé gripið inn í. Ég hygg að það aðhald sé best komið hjá leigubílstjórum sjálfum en auðvitað þurfa að vera um það fastar reglur.

Ég vil aðeins leiðrétta það að sá dómur sem féll er ekki tengdur samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði eða Evrópubandalaginu. Ég þori ekki að fara með það hvorum megin við 1950 við urðum aðilar að mannréttindanefndinni og Mannréttindadómstólnum í Strassborg, en það er á þeim vettvangi sem þetta mál var rekið.

[16:03]

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hafði að vísu grun um að það væri rétt sem hæstv. ráðherra sagði um grundvöllinn að dómnum, en ég kalla þetta Brussel þó ég vissi örlítið betur. Ég átti við að sá andi sem við erum að sækja til Mið-Evrópumanna má ekki ráða lögum og lofum í okkar gerðum. Þessi dómur sem felldur var er líka mjög svo í anda þeirra tilskipana sem við fáum frá Brussel.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 489. mál, svar sjútvrh., þskj. 937.

Málefni sumarhúsaeigenda, 587. mál, fsp. FI, þskj. 938.

Ættleiðingar, 588. mál, fsp. VS, þskj. 939.

Um fundarstjórn.

Mál á dagskrá.

[16:05]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Mér telst svo til að við höfum rætt og nánast tæmt þá dagskrá sem fyrir þessum fundi hefur legið síðan í morgun. Samkvæmt starfsáætlun þingsins var ætlunin að funda hér eins og þyrfti til að tæma þá dagskrá og taka fyrir þau mál sem gert hafði verið ráð fyrir á miðvikudegi. Það er að vísu rétt að einu máli hefur verið frestað sem ekki er fullrætt. Það er 10. dagskrármálið, en er ekki rétt með farið að afgangurinn sé að mestu leyti ræddur og uppurinn? Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvaða mál eigi að taka á dagskrá fundarins sem hefst kl. 6 með nýrri dagskrá þannig að við vitum þá a.m.k. ekki seinna en núna ef til stendur að gera hér einhverjar meiri háttar breytingar á áður auglýstri starfsáætlun þingsins þessa viku.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eftir því sem forseti hefur upplýsingar um á þessari stundu, þá er gert ráð fyrir því að taka til umræðu

frv. um Lyfjaverslun ríkisins kl. 18 í dag.

[16:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þetta gengur náttúrlega bara alls ekki. Það hafði verið tilkynnt í þingflokkunum á mánudaginn var, hygg ég, að frv. til laga um Lyfjaverslun ríkisins yrði rætt seinna í þessari viku, þ.e. á morgun að ég hygg. Þá hefðu menn búið sig undir það að þeir sem því máli sinna a.m.k. fyrir flokkana byggju sig undir það að fara í umræður um málið. Að ætla sér hins vegar að setja núna fund með tveggja tíma fyrirvara og boða það að þetta stóra mál verði tekið til umræðu eru algerlega fráleit vinnubrögð. Það er útilokað að sætta sig við vinnubrögð af þessu tagi fyrir hina almennu þingmenn sem ekki ráða forustu í þessari stofnun.

Ég lýsi því yfir að ég tel að þetta sé í rauninni grimmasta móðgun við þá menn sem vilja vanda málflutning sinn og taka þátt í umræðum með eðlilegum hætti ef það á að fara að róta þessu máli inn á óundirbúinni dagskrá með tveggja tíma fyrirvara. Ég mótmæli því og skora á hæstv. forseta að slíta nú fundi og setja ekki nýjan fund fyrr en á morgun með venjulegum hætti.

[16:08]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Ég lýsi furðu minni á þessum tveimur síðustu ræðum sem hér hafa verið fluttar. Það er engu líkara en það sé algert sambandsleysi innan þingflokks Alþb. Það var haldinn fundur þingflokksformanna kl. 3 þar sem þetta varð niðurstaðan. Það vill þannig til að úr þingflokki Alþb. er einn maður á mælendaskrá í þessu máli. Það er sá sem gegnir formennsku í þingflokknum um þessar mundir og stóð að þessu samkomulagi. Hann er þá sá sem þetta ætti upp á að klaga ef eitthvað væri upp á þetta að klaga.

Það vita allir hvernig fór með það dagskrármál sem ætlunin var að tala um í dag og kvöld. Það er út af fyrir sig ekkert um það að segja meira, en það eru þrír menn á mælendaskrá í frv. um Lyfjaverslun ríkisins. Tveir af þessum þremur eru starfandi þingflokksformenn og eru aðilar að þessu samkomulagi. Þessir menn allir saman gerðu ráð fyrir því að þetta frv. yrði til umræðu sl. föstudag. Síðan var því frestað fram yfir helgi og var, eins og fram kom, ætlunin að taka það á morgun en ekkert kom fram á fundi þingflokksformanna í dag sem mælti gegn því að það yrði tekið nú kl. 18 og um það varð samkomulag.

[16:09]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það er svo að segja nýlokið þingflokksformannafundi með forseta niðri í húsakynnum Alþingis þar sem þetta mál var rætt. Það er rétt að það varð niðurstaða af þeim fundi að menn mundu fara með það til sinna félaga að það yrði fundur áfram kl. 6 eftir að þingflokksfundum lyki og ég stóð að þeirri gerð. Ég taldi að það væri óhætt að reyna þetta. En auðvitað liggur sá fyrirvari ævinlega á bak við þegar menn eru að tala um svona hluti að einstakir þingmenn eru ekki fyrir fram bundnir af slíku samkomulagi eins og hv. formaður þingflokks Sjálfstfl. veit auðvitað. Ég get ósköp vel skilið það að þeir menn sem hafa ætlað að blanda sér í þessa umræðu síðar, þó þeir hafi ekki verið búnir að setja sig á mælendaskrá, hafi einhverjar athugasemdir við þessa meðferð málsins.

En vandræðin á dagskránni í dag er ekki þeim mönnum að kenna heldur hefur það nú komið upp á að aðalmál dagskrárinnar, EES-málið, sem menn ætluðu að ræða í dag og töldu að mundi taka allan tímann og voru að ræða önnur mál meira og minna óundirbúnir þess vegna, það var ekki hægt að ræða vegna þess að hæstv. ráðherra, sem átti að vera viðstaddur, hljóp í burtu og hlýtur að hafa gert það með mjög litlum fyrirvara því að það virðist hafa komið hæstv. forseta þingsins í opna skjöldu. Þess vegna standa menn frammi fyrir þessum vandræðum. Það er auðvitað þess vegna sem hér er verið að bjóða upp á a.m.k. lausn sem ekki er nema eðlilegt að einhver óánægja sé með.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill nú beina því til hv. þm. að tekið sé tillit til þess samkomulags sem gert hefur verið milli þingflokksformanna og forseta þingsins.

[16:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nú spurning hvaða nafn á að gefa því þegar þingflokksformenn og forusta þingsins hittast kl. 3 á sama tíma og þeir þingmenn sem á annað borð nenna að sinna skyldum sínum eru bundnir af umræðum uppi í sal. Hér voru þeir sem eru viðstaddir flestir hverjir þátttakendur í umræðu um frv. til laga um breytingu á leigubílalögum og áttu þess ekki kost að taka þátt í einhverju samráði né samþykkja eitthvað sem kom út úr fundum þingflokksformanna. Það sem maður fréttir svo hér þegar verið er að slíta fundi kl. 4 er að það eigi allt í einu að taka á dagskrá kl. 6 mál sem eru á starfsáætlun þingsins á morgun og maður var búinn að reikna með að geta treyst því að kæmi þá til umræðu. Ég er að vísu búinn að mæla fyrir minni afstöðu í málinu sem einn af nefndarmönnum en ég ætla að sjálfsögðu að vera viðstaddur umræðuna áfram og taka aftur til máls ef svo ber undir og það kemur sér mjög illa fyrir mig, sem hafði reiknað með því að geta ráðstafað mínum tíma með öðrum hætti, að frétta af svona breytingum með nokkurra mínútna fyrirvara. Þetta verða menn náttúrlega að skilja hvað sem líður því að þetta hafi verið ráðslagað í herbergi neðar í húsinu fyrir svo sem klukkutíma síðan. Það breytir ekki þeirri aðstöðu sem það setur óbreytta þingmenn í og eru þeir þó ekki orðnir of margir sem eru að reyna að vinna hér af einhverju skipulagi, af einhverju viti eins og viðvera hér dögum oftar ber vitni um.

Ég trúi því þess vegna ekki að forseti þingsins og þingflokksformaður Sjálfstfl. þegar þeir hugleiða málið sjái það ekki að í þessu ljósi séð eru þetta ekki góðar uppákomur að þurfa að standa í hringli af þessu tagi með málið. Og ég hlýt að lýsa megnustu óánægju minni með það að þessu verði breytt. Ég get á þessu stigi engan veginn fullyrt það að ég komi því með nokkrum hætti við að vera viðstaddur umræðuna þeg-

ar hún hefst kl. 6. Og það finnst mér bölvað að rétturinn sé þar með tekinn af manni til þess að vera viðstaddur umræður um þau mál sem maður sérstaklega vill láta sig varða. Ég hafði reiknað með því að fundarhaldið, það sem eftir yrði ef eitthvað, mundi snúast um þau mál á dagskrá fundarins í dag sem hafa legið fyrir síðan í morgun og ekki eru útrædd, en það eru fyrst og fremst 10. og líklega 15. dagskrármálin og önnur ekki. Í rauninni er því búið að skila hér ágætu dagsverki og nánast tæma þá dagskrá sem lá fyrir og var hún þó upp á 18 mál.

Ég ítreka því óánægju mína með þetta hæstv. forseti. Ég tel þetta engan veginn vinnubrögð sem gangi og það er spurning hvort þá er ekki betra að sleppa því með öllu að gera starfsáætlanir fyrir vikuna ef hringlað er svo með þær með þessum hætti því það getur verið að mörgu leyti verra fyrir mann en ekki neitt ef menn hafa treyst því að þær mundu halda.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú vill forseti vekja athygli á því að það líður á fundartíma þingflokksfundar.

[16:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það vill svo til að ég heyrði það fyrst núna áðan að formenn þingflokkanna hefðu hist kl. 3. Síðan er liðinn rúmlega einn klukkutími og það þarf ekki að vera neitt skrýtið við það þó að upplýsingar frá þeim fundi hafi ekki borist mér. Það þarf ekki að vera neitt skrýtið við það. Og það er alveg ástæðulaust að vera að dylgja um það eins og hv. þm. Geir Haarde gerði hér áðan, að það sýndi eitthvert sérstakt tengslaleysi á milli þingmanna í þingflokki Alþb. að hv. 3. þm. Vesturl. skyldi ekki hafa getað komið þessum upplýsingum á framfæri við mig og aðra þingmenn flokksins í salnum. Það er ósmekklegt að mínu mati og fullkomlega tilefnislaust.

Ég tel hins vegar að hv. þm. Geir Haarde ætti að skilja það að það stendur misjafnlega á fyrir þingmönnum og þeir eru iðulega búnir að skipuleggja sinn tíma. Ég hafði hugsað mér að tala í þessu máli. Ég kann ekki að meta það að formaður stærsta þingflokksins skuli í raun og veru segja við mig og mína félaga hér í salnum: Ykkar álit á þessu máli skiptir engu máli. Ef þið getið ekki verið við í dag, þá gildir það mig engu. Ég skal láta vaða yfir ykkur bara áfram og aðrir tala þá ef þið þurfið að vera úti í bæ.

Ég kann ekki við valdbeitingartón af þessu tagi af hálfu formanns þingflokks Sjálfstfl. Ég er reyndar sannfærður um það að hann hefur ekki haft samband við sína þingmenn alla með þeim hætti sem hann er að gera kröfur til að hv. þm. Jóhann Ársælsson geri við sína þingmenn. Ég mótmæli þessum vinnubrögðum og skora á forseta að falla frá hugmyndunum um þennan fund hér á eftir og ég segi jafnframt: Ef hann ætlar að halda fundinn, þá er auðvitað eðlilegast að fjallað verði þar um frv. til laga um lögheimili, sem ég hygg að hafi ekki verið tekið fyrir enn þá, og einnig 10. dagskrármálið sem ég hygg að hafi heldur ekki verið tekið fyrir enn þá. Enginn mundi gera athugasemdir við það að þau mál yrðu rædd sem hafa verið á dagskrá í allan dag.

En ég mótmæli því að sett séu inn ný mál og stórmál eins og ætlunin er að gera og ég tel ekki heiðarlegt að setja hlutina upp eins og hér var gert áðan.

[16:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Nú vill svo til að ég er einn af þeim þrem sem er á mælendaskrá í því máli sem á að taka fyrir kl. 6 um Lyfjaverslun ríkisins. Það stendur einnig þannig á að ég var sá fulltrúi Framsfl. í efh.- og viðskn. sem fylgdist með þessari umræðu í síðustu viku og kæmi þá í minn hlut að fylgja því máli eftir.

Nú vill þannig til að ég var í þinginu til rúmlega þrjú, fór þá út á mína skrifstofu og skaust síðan í banka, svo að maður geri alveg grein fyrir sínum ferðum og hvar maður hefur verið, (**SJS:** Var það Búnaðarbankinn?) það var Búnaðarbankinn reyndar, frá því að þessi fundur var og frétti ekki af þessu samkomulagi fyrr en ég kom í húsið kl. 4.

Nú vill einnig þannig til að laust fyrir kl. 3 ráðstafaði ég mínum tíma eftir þingflokksfund með tilliti til þeirrar dagskrár sem ég hélt þá að yrði hér í kvöld. Það er út af fyrir sig þá ekkert við því að segja ef á að knýja það fram að þessi umræða fari fram án þess að menn geti gert nokkrar ráðstafanir til að taka þátt henni. Ég geri mér fulla grein fyrir starfsskyldu þingmanna. En ég bendi á það að við þingmenn erum að sinna ýmsu öðru heldur en akkúrat því sem er að gerast í þingsalnum og við reynum að skipuleggja okkar tíma eftir því hvað er á dagskrá í það og það skiptið. Ég verð eiginlega að biðja hv. 8. þm. Reykv., Geir Haarde, að virða þessar aðstæður. Ég vil einnig biðja hv. þm. að skoða nú aðeins hvaða mál er hér á dagskrá og að það sé kannski ekkert verra miðað við forsögu þess máls og í hvaða horf það er komið núna að sýna eilitla tillitssemi varðandi það hvernig framhald umræðunnar verður. Ég get ekki séð að himinn og jörð farist þó svo það verði staðið við þá áætluðu dagskrá að þetta mál verði hér á dagskrá á morgun.

Virðulegur forseti. Ég verð að biðjast afsökunar á því ef mér varð það á hér áðan að tala sem svo að það væri formaður þingflokks Sjálfstfl. sem stýrði fundarhaldinu. Að sjálfsögðu er það ekki svo og ég hlýt að beina því til virðulegs forseta að þessi ákvörðun verði endurskoðuð.

[16:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég tel að það væri kannski ástæða til þess í ljósi þeirrar umræðu sem hefur farið hér fram að ræða betur um þá tilhögun sem var gert ráð fyrir. Ég held að það sé til hins betra að reyna að hafa eitthvert samkomulag um hlutina og hleypa ekki þinginu í það farið að slegist verði um stjórn mála eins og nú er verið að gera.

Svo vil ég segja það líka vegna orða hv. þm. Geirs Haardes um að það væri sambandslítið á milli okkar alþýðubandalagsmanna, að við vorum staddir niðri í herbergi hjá hæstv. forseta áðan. Ég þurfti að fara beint

í ræðustól frá þeim fundi. Það var stutt ræða sem ég flutti og önnur sem hæstv. ráðherra hélt þar á eftir sem ég þurfti að hlusta á og stutt andsvör og síðan ræða hjá hv. 18. þm. Reykv. sem var líka mjög stutt og andsvar ráðherrans. Ég hlustaði á þetta og hafði ekki gefið mér tíma til — og það verður hver að lá mér sem vill, hann er þá mikill afreksmaður hv. þm. Geir Haarde ef hann hefur verið búinn að ná samkomulagi við sína menn alla um að láta gilda það samkomulag sem við vorum að ræða um þarna niðri.

[16:22]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Venjan er auðvitað sú að þegar formenn þingflokka hittast þá ganga þeir út frá því að það samkomulag sem þeir ná standi og að menn hafi sína þingflokka á bak við sig. Hitt er rétt að í þessu tilfelli er um óvenjulegar aðstæður að ræða að því leyti til að hér er fundað á miðjum þingdegi og kannski ekki við því að búast að hægt sé að ná sambandi við alla sem málið varðar fyrir þingflokksfundartíma. En auðvitað gengur maður út frá því þegar gert er samkomulag sem enginn ágreiningur er um í hópi þingflokksformanna að það geti staðið.

En ég skal viðurkenna það sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson sagði hér og er vissulega innlegg í málið, að ef einn af þeim mönnum sem er á mælendaskrá getur ekki verið viðstaddur til þess að tala þá náttúrlega þýðir ekkert um það að tala að boða fund eða taka málið á dagskrá með þessum hætti. Ég tel að þetta séu eðlileg rök. En ég mótmæli því sem hv. talsmenn Alþb. í þessari umræðu hafa verið að dylgja hér um mína afstöðu í þessu máli eða Sjálfstfl. og væna mig og Sjálfstfl. um einhvern sérstakan fantaskap í þessu máli. Ég mótmæli því. Það er ekki á neinum rökum reist. En ég mun hins vegar beita mér fyrir því á grundvelli þess sem fram kom í máli hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar að þetta mál komi ekki fram klukkan sex, það verði ekki tekið á dagskrá heldur verði það tekið fyrir á morgun með þeim hætti sem þá var gert ráð fyrir en væntanlega verða þá tekin fyrir kl. 18 önnur mál sem eru á dagskrá þessa fundar í dag.

Ég tel að það sé ekki óeðlilegt í ljósi þess sem fram er komið hér. En dylgjum Alþb. og stóryrðum vísa ég hins vegar alfarið á bug.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vegna þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um fundarstjórn, óska eftir því að formenn þingflokka hitti forseta að lokinni þessari umræðu til þess að fara yfir stöðu málsins.

Út af dagskrá voru tekin 10., 13. og 15. mál.

Fundi slitið kl. 16:24.

---

131. FUNDUR

miðvikudaginn 13. apríl,
kl. 6 síðdegis.

Dagskrá:

1. Lögheimili, frv., 72. mál, þskj. 75, nál. 790 og 826, brtt. 827. — 2. umr.

2. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350, nál. 891 og 940, brtt. 892. — 2. umr.

Lögheimili, 2. umr.

Frv. ÓÞÞ, 72. mál (dvalarheimili aldraðra). — Þskj. 75, nál. 790 og 826, brtt. 827.

[18:02]

Frsm. meiri hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 75 er að finna 72. mál þingsins sem er frv. til laga um breyting á lögum nr. 21 frá 5. maí 1990, um lögheimili. Efni þess frv. er þrjár greinar. Allshn. hefur haft þetta mál til umfjöllunar og afgreitt það frá sér og meiri hluti nefndarinnar hefur afgreitt málið með svohljóðandi nál., með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn Þórð Skúlason, framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þorbjörn Hlyn Árnason biskupsritara og frá Hagstofu Íslands Hallgrím Snorrason hagstofustjóra og Skúla Guðmundsson skrifstofustjóra. Nefndinni bárust á 116. löggjafarþingi umsagnir frá Félagi eldri borgara, Landssambandi aldraðra og Hagstofu Íslands og á 117. löggjafarþingi frá félmrn. og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Frv. þetta var afgreitt frá allshn. á síðasta þingi en dagaði uppi vegna ófyrirsjáanlegra þingloka.

Með frv. er lagt til að tekin verði í lögheimilislög heimild til handa þeim sem búa á dvalarheimili eða í húsnæði, sem ætlað er öldruðum, til að eiga áfram lögheimili þar sem þeir höfðu fasta búsetu áður.

Núgildandi lögheimilislög voru samþykkt á Alþingi 21. apríl 1990 og tóku gildi 5. maí sama ár. Meginregla samkvæmt lögunum er að maður eigi lögheimili þar sem hann hefur fasta búsetu, en jafnframt eru gerðar undantekningar frá þeirri reglu hvað varðar námsmenn, alþingismenn og ráðherra.

Fram hefur komið við framkvæmd laganna að þau geta leitt til verulega ósanngjarnrar niðurstöðu gagnvart öldruðu fólki. Verði frv. að lögum geta aldraðir átt val um hvort þeir kjósa að halda lögheimili í sínu gamla sveitarfélagi og getur slíkt verið verulegt réttlætismál, t.d. ef annað hjóna flytur einhverra aðstæðna vegna á dvalarheimili á undan hinu.

Meiri hluti nefndarinnar telur að um réttlætismál sé að ræða og leggur því til að frv. verði samþykkt."

Auk mín rita undir þetta nál. Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jón Helgason, Ingi Björn Albertsson, Ólafur Þ. Þórðarson og Eyjólfur Konráð Jónsson.

[18:06]

Frsm. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. frá minni hluta allshn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 21 frá 5. maí 1990, um lögheimili.

Nefndin hefur fjallað um þetta mál á tveimur þingum og fékk fjölmarga á sinn fund og enn fremur umsagnir sem hún ræddi sérstaklega og kom fram áðan hvaðan þær komu. Þá vil ég enn fremur láta það koma fram að það kom fram á fundi nefndarinnar að Félag eldri borgara og Landssamband aldraðra styðja frv. en Samband ísl. sveitarfélaga, Biskupsstofa, félmrn. og Hagstofa Íslands eru andvíg því.

Í frv. er gert ráð fyrir að þeim sem búa á dvalarheimili fyrir aldraða eða í húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum sé heimilt að eiga áfram lögheimili þar sem þeir höfðu fasta búsetu áður. Minni hlutinn bendir á að lög um lögheimili eru tiltölulega ný af nálinni og að við setningu þeirra var sérstaklega fjallað um málefni aldraðra. Bent er á að einn helsti tilgangur nýrra lögheimilislaga var að tryggja að jafnan færi saman lögheimili manns og föst búseta og er hugtakið föst búseta þungamiðjan í þeim lögum. Þegar lögin voru sett þótti nauðsynlegt að skapa meiri festu um ákvörðun lögheimilis en verið hafði þar sem marghátt uð réttindi og skyldur eru háð lögheimilisskráningu.

Sú regla að menn séu skráðir þar sem þeir búa hefur um langt skeið verið í löggjöf nágrannaþjóðanna og þykir þar sjálfsögð. Þar eru jafnframt nær engar undantekningar leyfðar. Hér á landi gera lögin ráð fyrir undantekningum þegar í hlut eiga tilteknir hópar þegnanna sem eru tilneyddir til að dveljast tímabundið fjarri þeim stöðum þar sem þeir hafa fasta búsetu. Um alla þessa hópa gildir að gengið er út frá því að um tímabundna dvöl sé að ræða. Ljóst er að þeir sem flytja á dvalarheimili aldraðra eða í húsnæði ætlað öldruðum koma þangað til að dveljast til frambúðar og taka þar upp fasta búsetu. Á þessum hópum er því greinilegur eðlismunur.

Eins og áður hefur komið fram ganga tillögur 1. gr. frv. gegn þeirri meginreglu lögheimilislaga að menn skuli skráðir þar sem þeir hafa fasta búsetu. Að óbreyttu mundu ákvæði frv. valda erfiðleikum milli sveitarfélaga vegna kostnaðar af dvöl aldraðra á dvalarheimilum og togstreitu milli þeirra um lögheimilisskráningu af þeim sökum. Sams konar togstreitu mundi einnig gæta við kjörskrárgerð sveitarfélaga.

Á hinn bóginn þykir rétt að hafa nokkurt svigrúm um skráningu lögheimilis aldraðra, enda er með því komið til móts við gildandi framkvæmd. Ljóst er að óvissa getur ríkt í upphafi, þegar einstaklingur flyst á dvalarheimili aldraðra, um hvort hann taki þar upp búsetu til frambúðar. Þá geta þær aðstæður verið að annað hjóna flytji á dvalarheimili á undan hinu, en samkvæmt lögheimilislögum skulu hjón hafa sama lögheimili.

Í umræðum nefndarinnar voru ræddar breytingartillögur til að koma til móts við sjónarmið frv. en ekki var vilji hjá flutningsmanni þess til að standa að breytingum. Minni hlutinn telur ekki forsvaranlegt að mæla með lögfestingu frv. að óbreyttu en niðurstaða hans varð, eftir ítarlega skoðun málsins, að leggja til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Reyndar höfðum við sem undirrituðum þetta nál. talið að fleiri nefndarmenn yrðu sammála þessum brtt. en svo varð ekki.

Lögð er til breyting á 1. gr. frv. sem felur annars vegar í sér að gildissvið greinarinnar takmarkist við þá sem búa á dvalarheimilum aldraðra en nái ekki til þeirra sem búa í öðru húsnæði sem er sérstaklega ætlað öldruðum. Á þessu er mikill munur þar sem síðarnefnda húsnæðið er alla jafna í eigu viðkomandi sem oftast hefur þá selt fyrri íbúð sína.

Hins vegar er lagt til að þeim sem flytjast á dvalarheimili aldraðra verði heimilt að eiga áfram lögheimili í fyrra sveitarfélagi í 18 mánuði frá flutningi á dvalarheimilið. Eftir sem áður verður öldruðum heimilt að skrá lögheimili sitt á dvalarheimili strax og þeir flytjast þangað í samræmi við meginreglu lögheimilislaga.

Einnig er lagt til að 2. gr. frv. falli brott þar sem hún hefur ekki lengur þýðingu vegna breytingar á 1. gr. en samkvæmt þeirri breytingu ræður viðkomandi skráningu sinni sjálfur fyrstu 18 mánuðina eftir að hann flytur á dvalarheimili aldraðra.

Undir þetta nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Björn Bjarnason og Gísli S. Einarsson.

[18:11]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég þakka allshn. fyrir vönduð vinnubrögð á afgreiðslu á þessu máli og mætti það vera til fyrirmyndar þegar stór mál eru til umræðu hvað hún hefur gefið sér góðan tíma til að fara yfir þetta og ekki verið að flana að neinu. Hins vegar virðist gæta viss misskilnings hjá minni hlutanum í þessu máli og er hann aðallega í því fólginn að sú uppsetning á brtt. sem minni hlutinn hefur sett fram gengur út á það að manni sem flyst á dvalarheimili aldraðra er heimilt í allt að 18 mánuði frá flutningi að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi sem hann hafði fasta búsetu í áður. Auðvitað má hann áfram eiga lögheimili í því sveitarfélagi meira en 18 mánuði, fyrr mætti nú vera bölvuð vitleysan. Ef hann flytur úr Lönguhlíð á Hrafnistu í Reykjavík má hann þá ekki eiga lögheimili í Reykjavík nema 18 mánuði eftir að hann flytur úr Lönguhlíðinni? (**Gripið fram í:** Ekki samkvæmt brtt.) Samkvæmt brtt. er gert ráð fyrir að hann verði bara að flytja sig eitthvert annað. Þarna hefur náttúrlega slegið út í fyrir ágætu fólki og ég vona að áður en þetta kemur til atkvæða þá átti menn sig á því að þetta var ekki hugsun minni hlutans. Það var ekki hugsun minni hlutans, eða ég trúi því ekki, heldur hitt ef um flutning væri að ræða á milli sveitarfélaga, það er sú hugs-

un sem um er að ræða. Ég vil hvetja minni hlutann í allri vinsemd til þess að fara yfir þetta þannig að sú hugsun sem ég tel að sé þarna á bak við komist til skila.

En ég lít svo á að það geti verið jafnmikið réttlætismál fyrir mann sem býr í Reykjavík og mann sem býr úti á landi að fá að halda sínu lögheimili í Reykjavík. Hvers vegna má maður sem býr, svo við höldum áfram, í Lönguhlíðinni ekki eiga þar lögheimili áfram? Maðurinn eða konan sem kannski eru á svo misjöfnum aldri að það verði 10 eða 15 ára munur þangað til annað á rétt á því að fara á dvalarheimili fyrir aldraða, jafnvel þó að það vildi fylgja maka sínum.

Ég tel að sú afstaða sem kemur fram hjá Félagi eldri borgara og því fólki sem á að njóta þessara réttinda lýsi sér best í eindregnum stuðningi við þetta frv. vegna þess að þetta eru fyrst og fremst almenn mannréttindi sem verið er að tala um. Gamla fólkið vill ekki láta ráðskast með sig, það vill að litið sé á það sem sjálfstæða einstaklinga sem geti stjórnað sínum málum og metið það eðlilega sjálft, eins og var áður, hvenær það telur tímabært að líta svo á að það flytji sitt lögheimili til.

Mér finnst að hér séum við ekki að tala um neitt stórmál en við erum að tala um réttlætismál. En ég endurtek þakkir mínar til nefndarinnar.

[18:15]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Hér hefur verið mælt fyrir tveim nál. frá allshn. og ég veit ekki hvort það eru örlög mín að vera oftast sammála minni hlutanum en nú er ég sammála áliti minni hluta allshn. Eða í stuttu máli sagt get ég ekki verið sammála frv. um breyting á lögum nr. 21/1990, um lögheimili, á þskj. 75.

Ég tel mjög mikilvægt að menn hafi lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu og get tekið undir það sem kemur fram í nál., sérstaklega tel ég mikilvægt að þeir sem eru að flytja búsetu til frambúðar hafi lögheimili þar. Þess vegna hefði ég talið að það hefði verið eðlilegt að hafa þann sveigjanleika í þessu máli sem brtt. á þskj. 827 frá minni hlutanum gerir ráð fyrir. Ég er hins vegar alveg sammála þeirri ábendingu sem kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. að það er ekki víst að það sé eðlilegt að þetta standi nákvæmlega eins og þar segir heldur sé eðlilegt að breyta orðalagi greinarinnar. Mér finnst eðlilegt að það þurfi að athuga og hefði talið eðlilegt að umræðu um þetta mál lyki ekki fyrr en búið væri að athuga það og hefði gjarnan viljað að það yrði gert til þess að hægt væri að breyta tillögunni í þá veru sem ég held að væri eðlilegt, þ.e. breyta orðalagi þannig að það sé augljóst hvað við er átt.

Það breytir ekki því að vandamálið er fyrst og fremst þegar skipt er um sveitarfélag. Þegar um er að ræða að fólk flyst búferlum hefur sveitarfélagið ákveðnar skyldur við íbúana. Ég tel mjög óheppilegt að ef fólk flytur, t.d. frá Reykjavík til Selfoss og vill búa þar, þá flytji það ekki lögheimili sitt þar sem það væri miklu eðlilegra upp á alla þjónustu sveitarfélagsins sem hefur ákveðnar skyldur og það þarf að veita ákveðna þjónustu. Þá finnst mér eðlilegt að fólk eigi þar lögheimili. Mér finnst því eðlilegra að líta á þetta út frá sveitarfélögunum og það er kannski þess vegna sem þessi brtt. er þannig sett fram. Ég tel hins vegar miklu eðlilegra að hafa það þannig að þetta gildi almennt, þ.e. ef flutt er innan sveitarfélagsins þá eigi að hafa lögheimili þar sem fasta búsetan er.

Þess vegna vil ég enn og aftur óska eftir því að þetta verði aðeins skoðað þar sem mér sýnist í fljótu bragði að sú athugasemd hv. 2. þm. Vestf. eigi rétt á sér að það þurfi að óska eftir því að minni hlutinn líti á þetta mál. Sérstaklega vil ég beina því til hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur, sem mælti fyrir nál. og ég veit að er formaður allshn. og er mjög nákvæm og vönduð í sinni vinnu, að athuga hvort þarna hafi ekki orðið einhver mistök. Það þarf þó kannski ekki endilega að vera en mér sýnist það í fljótu bragði.

Frú forseti, ég vil lýsa því hér yfir að ég get ekki stutt þetta frv. eins og það kemur fram á þskj. 75 en hefði talið eðlilegt að styðja sveigjanleika að því er þetta atriði varðar þó mér finnist 18 mánuðir dálítið langur tími en úr því að það er lagt til þá ætla ég ekki að koma með brtt. að því er það varðar en ítreka enn og aftur að ég tel mjög mikilvægt að fólk eigi lögheimili þar sem það hefur fasta búsetu til frambúðar. Nú er ég ekki að tala um þó maður flytji í einn, tvo eða þrjá mánuði, eins og margir þurfa að gera af ýmsum ástæðum, heldur þegar um fasta búsetu er að ræða.

Það er aðeins eitt atriði sem ég legg höfuðáherslu á og það er það sem kemur fram í nál. á bls. 2. Þar segir, með leyfi forseta:

„Lögð er til breyting á 1. gr. frv. sem felur annars vegar í sér að gildissvið greinarinnar takmarkist við þá sem búa á dvalarheimilum aldraðra en nái ekki til þeirra sem búa í öðru húsnæði sem er sérstaklega ætlað öldruðum."

Þetta finnst mér vera nokkuð mikilvægt atriði vegna þess að ég tel að það skipti mjög miklu máli hvort það er eingöngu verið að tala um dvalarheimili aldraðra eða íbúðir sem eru byggðar sérstaklega fyrir aldraða, t.d. þjónustuíbúðir sem í rauninni eru nákvæmlega eins og aðrar íbúðir og er svo sem enginn munur á því hvort fólk býr þar því það er fullfrískt fólk og í mörgum tilvikum vinnur það fulla vinnu og greiðir auðvitað skatta og skyldur, þá væntanlega ekki til síns sveitarfélags ef það er hugsanlega í öðru sveitarfélagi heldur en búseta þeirra er.

Ég tel marga galla á frv. sem hérna er lagt fram og hefði talið eðlilegt að á því yrðu gerðar brtt. sem mér sýnist að séu í rétta átt eins og kemur fram á þskj. 826. En ég segi enn og aftur að ég tel eðlilegt að það verði skoðað hvort ekki þurfi að laga þessar brtt. því ég held að meiningin hafi verið sú sem hv. 2. þm. Vestf. benti á.

[18:22]

Frsm. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt að minni hlutinn athugi þetta mál betur að ósk hv. þm. en ég held að hér gæti e.t.v. misskilnings. Þegar þetta er borið saman þá er þessi breyting á brtt. minni hlutans við 1. gr.

orðuð á sama hátt og er í 1. gr. frv. 1. gr. frv. hljóðar svo:

„Manni, sem býr á dvalarheimili aldraðra eða í öðru húsnæði sem sérstaklega er ætlað öldruðum, skal heimilt að eiga áfram lögheimili í því sveitarfélagi þar sem *hann hafði fasta búsetu áður.*"

Hins vegar leggjum við til í minni hlutanum að 2. gr. frv. falli brott.

En það er sjálfsagt að skoða þetta mál ef hv. þingmenn telja ástæðu til en að öðru leyti þakka ég stuðning hv. þm. Kristínar Einarsdóttur við álit minni hluta allshn.

[18:24]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég sé það þegar ég fer að skoða þetta betur, ábendingu hv. 6. þm. Reykv., Sólveigar Pétursdóttur, en það breytir ekki því að ég tel að það þurfi að athuga þetta atriði eftir sem áður. Mér sýnist ef frv. væri samþykkt óbreytt þá gildi nákvæmlega sömu rök og hv. 2. þm. Vestf. kom með. Mér finnst jafnmikil ástæða til að skoða málið eftir sem áður.

[18:24]

Frsm. meiri hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er reynslan sem hefur knúið menn til að líta á þessa löggjöf á nýjan leik og sýnir að lagabreytingin frá 1990 var ekki nægjanlega vel ígrunduð og af því er komin fram breyting á lögunum. Ég vek athygli á því að báðir aðilar, meiri hluti og minni hluti nefndarinnar, taka undir það að lögunum þurfi að breyta. Ég legg sérstaka áherslu á það svo mönnum yfirsjáist ekki sú grundvallarstaðreynd að allir nefndarmenn í allshn. eru sammála því að það verði að breyta lögunum. Ágreiningurinn er hins vegar um það hversu langt eigi að ganga til að breyta lögunum. Ég tel nauðsynlegt að mönnum sé þetta ljóst, þetta grundvallaratriði.

Því minnist ég á þetta að mér fannst eins og hv. þm. Kristínu Einarsdóttur væri þetta ekki alveg ljóst. Eins vil ég líka benda á að með þeim rökum sem þingmaðurinn bar hér fram þá ber Hagstofunni að flytja nauðungarflutningum fjölda manns um land allt, frá sínum heimilum yfir á sjúkrahús landsins. Þannig er það í dag að um fólk sem er komið á hjúkrunardeildir sjúkrahúsanna má vissulega segja að það er komið til þess að vera. Samkvæmt málflutningi þingmannsins ættu menn að flytja það út af sínum lögheimilisskráða stað og inn á spítalana. Menn verða nefnilega að hafa hóf á stjórnseminni í þessu máli og þó forræðishyggjan sé góð í hæfilegum skömmtum þá er hún afleit þegar svona langt gengur.

[18:27]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er komin í einkennilega stöðu að fara að verja hér brtt. minni hluta allshn., það var ekki meiningin þó ég tæki undir þær. Ég tók hins vegar fram að ég gæti ekki samþykkt þetta frv. Ég er ekkert viss um að ég hafi viljað styðja það en ég tel þó rétt, úr því að nefndin hefur komist að þeirri niðurstöðu að það þurfi að gera einhverjar breytingar á því, að það sé þá hægt að fara þá millileið sem þarna er lögð til. Ég tók það fram að mér þætti 18 mánuðir langt og mér finnst það enn.

Ég veit að allir nefndarmenn vilja gera breytingar og mér er það alveg ljóst. Svo vitlaus er ég ekki. Kannski hef ég ekki verið nógu skýr í orðalagi en ég talaði alltaf um fasta búsetu. Ég tel að þó að maður fari á spítala og sé þar í mánuð þá sé ekki verið að flytjast búferlum. Ef hv. þm. hefur ekki verið það ljóst þá leiðréttist það hér með. Ég var að tala um fasta búsetu og sérstaklega þegar um er að ræða íbúðir sem byggðar eru fyrir aldraða, sem mjög mikið er um víða um land. Og ég var að tala um fullfrískt fólk sem flyst í sérstakar íbúðir sem heita þjónustuíbúðir eða íbúðir fyrir aldraða þar sem það telur betra að búa heldur en kannski þar sem það bjó áður, það hefur kannski verið í óheppilegu húsnæði eða eitthvað þess háttar, það vinnur áfram, er með tekjur og þarf auðvitað að greiða skatta og skyldur til sveitarfélagsins en þá er það sveitarfélag kannski langt frá þeim stað þar sem það vinnur og býr og hefur fasta búsetu. Það sveitarfélag sem á að veita þjónustuna það þarf að veita þjónustuna, sem ég tel að sé nauðsynlegt að það geri, en fær ekki neinar tekjur í staðinn í formi skatta.

[18:29]

Frsm. meiri hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er tvennt sem ég tel rétt að árétta og það fyrra er að þeir sem vilja að lögunum verði breytt í þá veru sem hér er lagt til af hálfu allshn., skulum við segja, það gengur misjafnlega langt, en allir vilja breyta, það eru þeir sem lögin varða, gamla fólkið. Ég spyr hv. þm.: *Erum við að setja lög fyrir* fólkið eða erum við að setja lög fyrir Hagstofu Íslands? Hvort er það kerfið sem á að ráða því hvernig lögin verða eða fólkið sem á að búa við lögin? Ef við skoðum umsagnir um málið þá er það fólkið sem vill breytinguna og frv. er ætlað að mæta óskum gamla fólksins en það er kerfið sem er á móti því.

Ég segi bara með allri virðingu fyrir kerfinu og tölvunum sem það á þá neita ég að aðlaga lögin að tölvunum. Þeir verða að aðlaga forritin í tölvunum að lögunum. Þetta vil ég að sé fullkomlega skýrt.

Hitt atriðið er varðandi tekjuspursmál fyrir sveitarfélag. Það er auðvitað mál sem menn eiga að íhuga en það hefur verið gert og ég bendi á það að yfirleitt er þetta þannig að mörg sveitarfélög taka sig saman um að byggja dvalarheimili eða þjónustumiðstöðvar eða *jafnvel aðrar slíkar stofnanir sem fólk fer á* þegar tíminn er kominn og það er í einhverju tilteknu sveitarfélagi. Það tiltekna sveitarfélag fær allar tekjur af starfsmönnunum sem eru sko ekkert fáir. Þannig að í flestum tilvikum er vel séð fyrir þörfum sveitarfélagsins og sveitarfélögin vilja yfirleitt öll fá þessar stofnanir til sín af því að þau telja að þau hafi hag af því. Ég tel því enga þörf á að gera betur í þeim efnum.

[18:31]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að það væri kerfið sem væri á móti gamla fólkinu. Hér

kemur Samband ísl. sveitarfélaga, Biskupsstofa, það má kannski segja að félmrn. og Hagstofan sé kerfið á móti. Þetta með tölvurnar, ég hafði ekki heyrt þau rök. Voru þau borin fram í þessum ræðustól? Það er alveg nýtt í mínum huga að það séu tölvurnar sem kalla á þetta. Ég notaði það ekki sjálf og heyrði það reyndar ekki en það gat hafa verið einhvern tíma fyrr í umræðunni, 1. umr. eða einhvern tíma áður. Ég heyrði það ekki. Ég kannast því ekki við að það séu rök í málinu.

Það er alveg rétt að viðkomandi sveitarfélög þar sem dvalarheimili eru fá tekjur af því fólki en ég er ekki síst að tala um aðrar íbúðir sem sérstaklega eru byggðar fyrir aldraða. Ég geri greinarmun á þessu tvennu. Ég geri greinarmun á því hvort um er að ræða dvalarheimili fyrir aldraða eða aðrar íbúðir sem eru ósköp venjulegar íbúðir en eru samt byggðar með þeim formerkjum að þær séu íbúðir fyrir aldraða þó að slíkar íbúðir sem ég hef farið í beri það ekkert sérstaklega með sér, hvorki í þjónustu né öðru. Þó þær heiti í mörgum tilvikum þjónustuíbúðir þá er hægt að kaupa nákvæmlega eins íbúð í einhverri annarri blokk t.d. í Reykjavík. Það er ákaflega lítill munur, a.m.k. þar sem ég hef komið, ég hef ekki komið nema í tvær eða þrjár.

Þess vegna finnst mér skipta mjög miklu máli að gera greinarmun á hvort um er að ræða dvalarheimili eða hvort verið er að ræða um íbúðir sem eru byggðar sérstaklega fyrir aldraða, eins og tekið er fram, því þar er gífurlega mikill munur á. Þess vegna finnst mér miklu eðlilegra að miða við dvalarheimili, eins og gert er ráð fyrir í brtt., en ekki um allar íbúðir eins og er gert í frv.

[18:34]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég kem fyrst og fremst upp í ræðustól til að þakka hv. 1. flm. fyrir hans seiglu í þessu máli. Hann hefur barist fyrir því núna tvö þing og reyndar var það svo að málið var afgreitt út úr þingnefnd á síðasta þingi en náðist ekki að greiða um það atkvæði vegna þess með hvaða hætti þingi lauk sl. vor. En það er mikill meiri hluti fyrir þessu máli í hv. allshn., það eru sex nefndarmenn af níu sem styðja málið og það er ekki hægt að segja annað en að málið hafi fengið mjög góða vinnslu í hv. allshn., bæði á síðasta þingi og svo aftur á þessu þingi þannig að málið er fullunnið og niðurstaða fengin í nefndinni sem er sú að mikill meiri hluti styður þetta mál.

Ég þarf ekki að segja mikið um málið, bæði er búið að mæla fyrir nál. meiri hlutans á mjög skýran hátt og eins flutti 1. flm. mjög skýrt mál líka. En ég verð að segja það eftir að hafa hlustað á ræðu hv. 15. þm. Reykv. að þeir sem eru þeirrar skoðunar að aldrað fólk eða fólk yfir höfuð skuli hafa lögheimili á þeim stað þar sem það hefur fasta búsetu hljóta að stíga skrefið til fulls og flytja brtt. sem afnemur allar undantekningar. Það er auðvitað ekki hægt að mismuna þegnunum með þessum hætti. Þeir sem hafa þessa skoðun hljóta því að vera sjálfum sér samkvæmir og leggja þetta til. Það liggur hins vegar alveg fyrir að kerfið ræður við undantekningar og við verðum að líta á þessa tillögu hér sem undantekningarhóp, þ.e. aldraða og sjúka. Kerfið ræður við það. Það eru nokkrir hópar innan þjóðfélagsins sem falla þar undir, m.a. við sem erum þingmenn, og sú undantekning er ekkert í einn eða tvo mánuði. Það má yfirleitt reikna með því að þingmaður sitji a.m.k. fjögur ár og vel flestir sitja lengur en það. Þá er spurningin: Hver skyldi vera meðaldvalartími á dvalarheimilum aldraðra? Ætli kerfið ráði ekki alveg jafnt við þann tíma og þann tíma sem ætlaður er þingmönnum?

Ég tel því alveg ljóst að það er enginn skaði skeður fyrir kerfið sem slíkt þó þessum hópi verði bætt við þennan undantekningarhóp.

Hitt er svo alveg rétt hjá hv. þm. Kristni H. Gunnarssyni að kerfið og tölvurnar eru fyrir fólkið, fólkið er ekki fyrir tölvurnar. Þetta urðum við svolítið varir við í vinnslu nefndarinnar. Menn höfðu meiri áhyggjur af þessum þætti heldur en hinum mannlega. Það er slæmt vegna þess að þetta mál er fyrst og fremst mannúðarmál, þetta er tilfinningamál gamla fólksins. Við getum bara ímyndað okkur það að hjón sem hafa búið saman allan sinn aldur á sama stað, annað þarf að fara á dvalarheimili aldraðra, það dvalarheimili er hugsanlega ekki til ... (**KHG:** Þá verða þau að skilja.) Þá verða þau faktíst að skilja, segir hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Þau eru í raun og veru aðskilin, það er rétt. — Ef dvalarheimili er ekki til í sveitarfélaginu þá fer annað hjóna út úr sveitarfélaginu og þau búa á sínum staðnum hvort með sitthvort lögheimilið og það sem fer á dvalarheimilið fær ekki að nota sinn kosningarrétt í sínu upprunalegu sveitarfélagi þar sem allar tilfinningar og allar rætur liggja. Ég lít því ekki síst á þetta út frá mannúðarsjónarmiði og þeim tilfinningalega þætti sem þarna er til staðar.

Það hefur líka verið nefnt að það væru erfiðleikar varðandi póstþjónustu. Það er bara rangt. Það er rangt vegna þess að pósturinn býður upp á þá þjónustu að það er hægt að leggja inn breytt heimilisfang, t.d. á dvalarheimili. Þó pósturinn sé enn þá merktur á lögheimili þá er það inni í kerfi póstsins að sá póstur færi á dvalarheimilið. Það er því engin fyrirstaða þar heldur.

Hæstv. forseti. Þetta vildi ég aðeins segja en ég kom upp fyrst og fremst til þess að þakka hv. 1. flm. fyrir elju hans í þessu máli og ég vona svo sannarlega að þingheimur taki undir með honum og þeim sem málið styðja.

[18:38]

Frsm. minni hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Það er rétt að taka það fram vegna orða hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar um að öll nefndin standi að því að vilja breyta lögheimilislögunum að talsverður styr hefur staðið um þetta mál í allshn. Ég vil rifja það upp að á síðasta þingi er þetta mál fór út úr nefndinni þá lagði minni hlutinn það til að frv. yrði vísað til ríkisstjórnarinnar. Hins vegar var reynt í nefndinni á þessu þingi að koma til móts við sjónarmið meiri hlutans í allshn. í þessu máli, m.a.

vegna þess að menn fengu þær upplýsingar að framkvæmd laganna væri sveigjanleg. Hins vegar teljum við í minni hlutanum að þetta séu lágmarksbreytingar sem lagðar eru til.

Það er heldur ekki sanngjarnt að skella skuldinni á kerfið og stilla upp annars vegar kerfinu og tölvum og hins vegar fólkinu. Hv. þm. vita miklu betur um hvað þetta mál snýst. Það snýst ekki um þá hluti. Það er hins vegar mjög mikið atriði að hafa ákveðnar meginreglur, skýrar reglur, sem gilda um skráningu lögheimilis. Mér finnst líka rétt að rifja það upp að Alþingi stóð einmitt allt að samþykkt frv. að tiltölulega nýsettum lögum um lögheimili þar sem sérstaklega var gætt að hagsmunum aldraðra og er hægt að skoða framsögu við þau mál.

Ég tel ekki rétt að fara að lesa upp umsagnir sem bárust vegna þessa máls en vil þó geta þess sem segir m.a. í umsögn frá Hagstofu Íslands, sem er dagsett þann 25. mars 1993, með leyfi virðulegs forseta:

„Svo sem fram kemur í greinargerð frv. er það meginregla gildandi laga um lögheimili að maður eigi lögheimili þar sem hann hefur fasta búsetu. Einn helsti tilgangur þessarar lagasetningar er sá að stemma stigu við því að menn gætu átt lögheimili í einu sveitarfélagi en búið í öðru og reyna að tryggja svo sem helst væri unnt að jafnan væri saman lögheimili manns og föst búseta. Á þessu var áður mikill misbrestur og hlutust af því margs konar vandkvæði, ýmist fyrir einstaklingana sjálfa sem í hlut áttu eða fyrir stjórnvöld. Í þessu sambandi skipti mestu að marghátttuð réttindi og skyldur eru háð lögheimilisskráningu samkvæmt ýmsum lögum og því skiptir meginmáli að um hana gildi skýrar reglur sem unnt sé að framfylgja með einföldum og sanngjörnum hætti."

Þetta frv. var einnig lagt fyrir fund hjá stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í bréfi sem við fengum frá þeim, dags. 6. des. 1993, samþykkti stjórnin á fundinum að leggjast gegn samþykkt frv. Það komu líka fram upplýsingar frá félmrn. og í þeirri umsögn segir m.a., með leyfi virðulegs forseta:

„Samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar hefur framkvæmd hinna nýju laga gagnvart öldruðum yfirleitt gengið vel. Reynt hefur verið að framfylgja lögunum gagnvart þeim sem flytjast á dvalarheimili aldraðra í öðru sveitarfélagi en þeir bjuggu áður með nærfærni og í sem bestu samráði við hlutaðeigandi sveitarfélög. Þetta hefur yfirleitt tekist og vandkvæði sem upp hafa komið eru leyst með samkomulagi."

Hins vegar má segja að athugasemdir í umsögn eins og þessari og nánari umræður í nefndinni hafi sýnt ýmsum fram á að það sé rétt að koma með þessa brtt. um að það sé gerð þarna örlítil breyting á lögheimilislögunum. En eins og ég sagði áðan þá er það lágmarksbreyting og ég hef áður gert grein fyrir áliti minni hluta allshn. í því efni.

[18:43]

Frsm. meiri hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Síðasti ræðumaður staðfesti nú endanlega, hafi einhver verið í vafa, kröfuna sem uppi er um breytingu á þessum lögum. Það kom fram með þeirri tilvitnun sem þingmaðurinn las upp úr erindi frá félmrn. og enn fremur í því sem kemur fram hjá Hagstofu Íslands. Þar er talað um að framkvæmd laganna sé með nærfærni eða sveigjanleika. Við skulum fara nánar út í það af því að þingmaðurinn gerði það ekki. Hvað er átt við, hvað á Hagstofa Íslands við þegar hún talar um að framkvæma lögin með sveigjanleika? Það er þannig að hjón eiga að eiga lögheimili á sama stað. Þegar annað hjóna, sem e.t.v. er eldra, þarf á undan hinu að fara á elliheimili eða slíkan stað þá ber samkvæmt lögunum að flytja lögheimili þess þangað. Þá eiga hjónin ekki lengur lögheimili á sama stað. Hvað gerir Hagstofan þá? Þá er úr vöndu að ráða. Því ef hjónin vilja ekki skilja, sem er hin eðlilega kerfislæga leið, þá verða menn að velja á milli þess hverjum á að þjóna. Og Hagstofan hefur valið þá leið að líta fram hjá því að hjónin eigi ekki lögheimili á sama stað. Því samkvæmt laganna hljóðan ætti það hjóna sem eftir er að eiga lögheimili hjá hinu sem farið er en þá ætti það ekki lögheimili þar sem það býr. Það er látið óátalið í því tilviki en ekki ef málinu er snúið við. Framkvæmd málsins er þannig að það verður að breyta lögunum, *það held ég að öllum ætti að vera ljóst eftir þessa yfirferð* sem ég hef sett fram á útlistun Hagstofunnar á framkvæmd laganna í þessu tilviki.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Lyfjaauglýsingar í fjölmiðlum, 590. mál, fsp. IP, þskj. 942.

Þjónusta Ríkisútvarpsins við heyrnarskerta og heyrnarlausa, 589. mál, fsp. TIO, þskj. 941.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 2. umr.

Stjfrv., 275. mál (yfirstjórn). — Þskj. 350, nál. 891 og 940, brtt. 892.

[18:46]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Nú háttar svo til að halda á fund í félmn. kl. 19, eða eftir 13 mínútur. Ég þykist vita að hæstv. forseti hafi hug á að taka fyrir 2. dagskrármál fundarins og ljúka þeirri umræðu nú en það þýðir að þá stendur fundur fram yfir kl. 19 hér. Ég vil því spyrja hæstv. forseta hvernig hann hyggst haga fundarstarfi næstu einn til tvo tíma því ekki getur farið saman, virðulegur forseti, að halda nefndarfund á sama tíma og haldinn er þingfundur, alla vega ekki í mínu tilviki, því ég þarf að vera á báðum stöðum og á svolítið óhægt um vik í þeim efnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti fer nú nærri um það að ekki sé hægt að vera á tveimur stöðum í einu. En eins og fram kom þá liggur það fyrir að það verða nefndarfundir hér á milli kl.

7 og 9 í kvöld. Það hefur verið gert um það samkomulag að hér verði kvöldfundur ef á þarf að halda. Forseti ætlaði að freista þess að gefa einum framsögumanni tækifæri á að flytja framsögu til að nýta tímann til fulls til að stytta þann fund sem þarf að verða hér eftir kvöldverðarhlé. Þannig hafði forseti hugsað sér að haga málum.

[18:48]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, með síðari breytingum. Nál. er á þskj. 891.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur í sér að Hollustuvernd ríkisins og önnur yfirstjórn hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits flyst í heild frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis.

Á fund nefndarinnar kom til viðræðna ýmsir aðilar, m.a. Ólafur Ólafsson landlæknir. Nefndinni bárust umsagnir enn fremur frá ýmsum aðilum sem taldir eru upp nánar í þessu áliti. Enn fremur sendi nefndin málið til umfjöllunar umhverfisnefndar þingsins og heilbrigðis- og tryggingamálanefndar þingsins og birtast umsagnir þeirra sem fylgiskjöl með áliti þessu.

Hluti af starfsemi Hollustuverndar ríkisins, þ.e. mengunarvarnadeildin, heyrir þegar undir umhverfisráðuneytið og hefur svo verið frá stofnun ráðuneytisins. Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið að æskilegt sé að Hollustuvernd ríkisins heyri undir eitt ráðuneyti. Þá bendir meiri hlutinn einnig á að í umsögnum kemur fram að fagleg tengsl Hollustuverndar ríkisins við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið séu hverfandi og að umhverfisráðuneytið eigi að geta veitt stofnuninni nauðsynlegan stuðning, jafnt stjórnsýslulegan sem faglegan.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali, þ.e. þskj. 892, virðulegi forseti. Lagt er til að við 1. gr. frumvarpsins bætist ný málsgrein sem tryggi vægi heilbrigðissjónarmiða í umfjöllun um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Þannig verði landlæknir umhverfisráðherra og ríkisstjórn til ráðgjafar um þennan málaflokk en óbreytt gerir frumvarpið ráð fyrir að á brott falli ákvæði þessa efnis sem er í grein 4.2 í gildandi lögum. Þá er lögð til breyting á gildistökuákvæði frumvarpsins þannig að það taki gildi 1. júní 1994 en nauðsynlegt þykir að gefa viðkomandi stofnunum nokkuð ráðrúm til undirbúnings þeirra skipulagsbreytinga sem felast í frumvarpinu.

Ingi Björn Albertsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, Gísli S. Einarsson, Björn Bjarnason, Eyjólfur Konráð Jónsson, Jón Helgason og Pétur Bjarnason. Þeir tveir síðastnefndu með fyrirvara.

[18:51]

Frsm. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta allshn. um frv. til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit en nál. er að finna á þskj. 940.

Nefndin hefur fjallað um málið og meðal annars fengið umsagnir umhverfisnefndar og heilbrigðis- og tryggingamálanefndar en báðar nefndirnar klofnuðu í afstöðu sinni til málsins. Álit nefndanna eru birt sem fylgiskjöl með áliti meiri hluta allsherjarnefndar og því ekki endurbirt með nál. minni hlutans.

Á fund nefndarinnar kom Ólafur Ólafsson landlæknir. Umsagnir bárust frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Siglingamálastofnun ríkisins, Náttúruverndarráði, VSÍ, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, Hollustuvernd ríkisins, ASÍ og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Minni hlutinn telur ekki rök fyrir því að færa alla starfsemi Hollustuverndar ríkisins undir umhverfisráðuneytið. Sá hluti starfseminnar, sem nú heyrir undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, matvælasviðið, er nú um tveir þriðju hlutar hennar og er að mati minni hlutans rétt vistaður undir því ráðuneyti. Sá málaflokkur gæti orðið enn umfangsmeiri í framtíðinni í takt við auknar kröfur um eftirlit með hollustu matvæla. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að í framtíðinni má allt eins búast við því að tvíþættri starfsemi Hollustuverndar ríkisins verði skipt upp og þá yrði tjaldað til einnar nætur ef aftur þyrfti að færa hluta starfseminnar, matvælasviðið, til baka til heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis þar sem það á helst heima. Bent hefur verið á að skynsamlegt geti verið að samræma matvælaeftirlit sem nú fer fram hjá fleiri stofnunum en Hollustuvernd, til að mynda Fiskistofu. Einnig komu fram ábendingar um aðra möguleika í samræmingu á matvælaeftirliti í umsögnum VSÍ og Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis.

Þótt vissulega megi taka undir að eitthvert óhagræði sé af því fyrir Hollustuvernd ríkisins að heyra undir tvö ráðuneyti er það að mati minni hlutans ófært vegna tvenns konar verkefna stofnunarinnar og aðeins tilfærsla á óhagræði að ætla umhverfisráðuneyti að taka að sér hlutverk sem ekki heyrir undir starfssvið ráðuneytisins. Fram kom hjá landlækni að ef matvælasviðið yrði flutt til umhverfisráðuneytisins yrði mjög líklega þörf á að ráða starfsfólk úr heilbrigðisstéttum til umhverfisráðuneytisins. Mengunarvarnadeild og eiturefnasvið Hollustuverndar ríkisins eru að mati minni hlutans best komin áfram undir umhverfisráðuneyti þar sem þau tengjast öðrum verkefnum ráðuneytisins.

Efling umhverfisráðuneytisins er góðra gjalda verð og án efa leynast víða verkefni sem betur væru vistuð þar en þar sem þau eru nú. Það er hins vegar bjarnargreiði við ráðuneytið að drepa verkefnum ráðuneytisins á dreif með því að færa því verkefni sem ekki teljast til umhverfismála. Minni hlutinn getur því ekki stutt frumvarpið.

Undir þetta nál. skrifar auk mín Kristinn H. Gunnarsson.

Ég hef, virðulegi forseti, ekki miklu við þetta að

bæta. Ég held að það sé enginn sem velkist í vafa um að það er fyrst og fremst eðli málaflokka sem skiptir máli en ekki endilega að það sé samræmi í því að ein stofnun þurfi endilega að heyra undir sama ráðuneyti og allra síst ef það er fyrirsjáanlegt að það gæti þurft að skipa málum í framtíðinni á annan hátt en gert er nú í þessari stofnun og e.t.v. að taka þessi mál til nokkurrar uppstokkunar. Ég held að það sé alveg ljóst að matvælasviðið og hollustueftirlit þar hlýtur að verða vaxandi í því samfélagi sem við erum og með þeim auknu kröfum sem eru t.d. vegna erlendra viðskipta bæði austan hafs og vestan. Þar af leiðandi vil ég ítreka að það yrði tjaldað til einnar nætur ef farið væri út í þetta hringl.

Ég held að það hafi verið rétt á sínum tíma að taka þá þætti sem varða mengunarvarnir frá heilbrrn. og yfir til umhverfisráðuneytis þegar það var stofnað. Það er eðli málsins samkvæmt og efnislega mjög rökrétt. Mér finnst ekki nein rök hníga að því vegna samræmingar að færa það aftur til baka til heilbr.- og trmrn. sem vissulega væri með sömu röksemd hægt að segja að það þyrfti meira að segja að færa minni hluta þeirrar starfsemi sem fer fram hjá Hollustuvernd ef það væri gert. En mér finnst engin rök hníga að því og mér finnst það ekki lógískt.

[Fundarhlé. — 18:58]

[21:01]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vildi koma því á framfæri hér til að greiða fyrir störfum á þessum kvöldfundi að ég mun óska eftir því síðar á fundinum eftir að hafa kvatt mér hljóðs að hæstv. heilbrrh. verði við auk hæstv. umhvrh. þar sem hér er um að ræða málasvið sem varðar bæði ráðuneytin.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun gera ráðstafanir til að þeim skilaboðum verði komið til hæstv. heilbrrh. en hæstv. umhvrh. er kominn í salinn.

[21:01]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég efa að annar en sá sem í þessum stól stendur nú hafi farið öllu hlýrri orðum um hæstv. umhvrh. í gegnum tíðina. Ég hef vakið á því athygli að þar er á ferðinni lærðasti maður Alþfl. þeirra er á þingi sitja. Auðvitað hlýtur það að liggja í hlutarins eðli að við slíka menn eru bundnar nokkrar vonir. Við sem sátum á Alþingi Íslendinga þegar umhvrn. var stofnað áttuðum okkur á því að það var ekkert einfalt mál að fá þann skilning viðurkenndan yfir höfuð að það þyrfti umhvrn. í landinu. Það var ekki einfalt mál. Það var ekki sjálfgefið að áliti margra að svo væri. Þau verkefni sem upphaflega voru sett til umhvrn. hlutu þess vegna að vera byrjunarákvarðanir, þ.e. menn voru að reyna að sjá til þess að umhvrn. næði einhverri fótfestu í landinu.

Ég er þess vegna einn þeirra sem hef horft á það mjög föstum augum hver sóknin yrði hjá hæstv. umhvrh. til nýrra verkefna fyrir sitt ráðuneyti í takt við þarfir íslensku þjóðarinnar og þarfir þess samfélags sem við lifum í. Að mínu viti er mér það ekki heilagt hvort sú breyting verður hér gerð að lög um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit færist undir umhvrn. frá heilbrrn. Það eru bæði rök með og á móti þeirri ráðstöfun. Ég treysti út af fyrir sig báðum ráðuneytunum til að fást við þá málaflokka sem þar eru á ferðinni. Það sem blasir þó við stjórnsýslulega séð er að það hefði þurft að brjóta upp Hollustuverndina og skipta henni niður á milli þessara tveggja ráðuneyta. En það sem mér þykir alvarlegt mál og vil koma hér á framfæri er það að sókn umhvrn. til hafsins er það sem við höfum þörf fyrir. E.t.v. finnst mönnum að þetta skipti ekki máli, það sé allt í lagi að eiga þessa stóru landhelgi og líta svo á að við höfum engan umhvrh. yfir henni. Við höfum sjútvrh., það er alveg rétt. Við höfum líka iðnrh. til að fylgjast með iðnaðarframkvæmdum í Mývatnssveit en við viljum líka hafa umhvrh. til eftirlits með hvað er að gerast í Mývatni. Um það er ekki deilt. Og skyldi það þá vera svo að það sé friður um það sem er að gerast í hafinu og á hafinu í kringum Ísland innan íslensku landhelginnar? Svo er alls ekki, þar stendur stríð. Þar stendur stríð um hvað er að gerast. Það er spurt í stofnunum í Reykjavík: Er verið að fleygja þorski í sjóinn við Ísland? Stofnanir í Reykjavík segja nei. Það er ekki verið að fleygja þorski í sjóinn við Ísland. En sjómennirnir eru komnir í þá aðstöðu að þeir vita það að ef þeir koma með meiri þorsk að landi en þeir hafa heimildir fyrir þá er mjög óvíst að þeir geti keypt sér meiri heimildir og þess vegna muni þeir lenda í stórum sektum. Hvað gera menn undir þeim kringumstæðum? (Gripið fram í.) Þeir fleygja fiskinum í sjóinn segja sjómennirnir.

Hæstv. umhvrh. hefur nú gengið úr salnum og tel ég það miður. Það er nefnilega svo að það er erfitt að ná eyrum manna um þau mál sem hljóta að verða stóru málin í umhverfisvernd á Íslandi. Hvernig förum við með lífríki hafsins? Ég ætla samt ekki að hika við að tína hér upp þau verkefni sem ég tel að þurfi að snúa sér að og ég treysti ekki öðrum betur að sinna en umhvrn. íslenska. Það eru drauganetin, hæstv. ráðherra. Eru grásleppunetin skilin eftir í sjó? Eru þorskanetin skilin eftir í sjó? Það hefur einu sinni verið farið í það samkvæmt fyrirmælum sýslumannsins í Stykkishólmi að draga upp ógrynni af drauganetum úr Breiðafirði sem voru grásleppunet sem voru skilin eftir í sjó. Hefur það hvergi gerst annars staðar á Íslandi að þannig hafi verið gengið um og er það bara í þetta eina skipti sem þurfti að fara af stað og draga þessi net upp? Því miður veit ég betur. Það er ekkert gert. Hvað með drauganetin, þorskanetin, sem menn missa og tína og skilin eru eftir og koma svo seinna upp á togvírum togaranna eftir að þau hafa e.t.v. rekið langa leið þó megnið af þeim sé á sama stað? Þetta eru bara óhreinu börnin hennar Evu sem enginn kannast við og enginn vill ræða. Hvað með notkun skelfiskplóga? Það var farið með neðansjávarkvikmyndavél til að aðgæta hvernig menn stæðu að hörpudiskveiðunum í Breiðafirði. Það kom í ljós að þeir drógu plógana einum þriðja lengur í tíma en þeir þurftu til að vera öruggir

með að hafa þá fulla. En eftir að búið var að fylla plóginn, hver var þá afleiðingin af því að draga hann áfram? Þeir muldu skelina. Hvað með rækjutrollið? Hvað drepur það mikið af öðrum fiski, m.a. þorskseiðum? Hvað með botninn og lífríkið gagnvart öðrum tegundum? Hvað með ásakanir um að trollið sem togararnir nota í dag sé víða orðið það þungt að það slétti hreinlega íslenska grunninn þar sem skipin fari og þar sem áður hafi verið hraun sé nú hægt að fara með troll af þessum ástæðum?

Það sem ég vil fyrst og fremst vekja athygli á er það hvort ekki sé ráð að við förum að skoða þessa hluti, reynum að gera okkur grein fyrir því hvað við erum að gera lífríkinu, hafinu í kringum Ísland, í næsta nágrenni við landið. Hvað með þær kenningar sem uppi hafa verið um að ferskvatn við suðurströnd Íslands sé miklu minna á vorin en það var vegna þess að við höfum stíflað við Þjórsá og e.t.v. breytt lífríkinu út af suðurströndinni og e.t.v. haft áhrif á hrygningar hjá þorskinum? Er úrgangi fleygt í sjóinn innan íslensku lögsögunnar sem mengar hafið? Á losun eiturefna sér stað innan lögsögunnar eða í nágrenni við hana sem hafa sömu afleiðingar? Ég vænti þess og veit reyndar að hæstv. umhvrh. gerir sér grein fyrir því að þetta eru verkefni sem óumflýjanlegt er að verði tekist á við og þau skoðuð. Spurningin er bara þessi: Getum við verið sammála um að það sé þessi sókn umhvrn. sem verði að koma til vegna þess að við Íslendingar höfum ekki efni á því að sofa á verðinum í þessum efnum? Við höfum ekki efni á því að vera að ríf-ast um það fram og til baka hvort þetta sé gert eða hvort þetta sé ekki gert og einhverjar stofnanir upp á landi sem ekkert vita um þetta séu spurðar álits en að við förum ekki að rannsaka þetta með vísindalegum hætti. Það er nú einu sinni svo að það á ekki saman að atvinnuráðuneytið fari með þetta eftirlit og að það skapist sú trúverðuga niðurstaða sem þarf að skapast í þeim efnum. Þess vegna segi ég við hæstv. umhvrh.: Mínar vonir í þessum efnum voru þær að í 13. gr. um umhvrn. kæmu fram ný áhersluatriði þar sem þessi sókn væri hafin.

Mér er ljóst að það er mikið að gera á Alþingi Íslendinga. Það eru ógrynni af málum sem liggur fyrir að afgreiða. En er nokkurt mál stærra hjá íslenskri þjóð en verndun fiskimiðanna, eftirlit og verndunin á vísindalegum grunni af hlutlausum aðila unnin þannig að það liggi ekki allt undir árekstri á milli þrýstihópa? Er það ekki þetta sem verður að eiga sér stað? Hvernig getur það gerst að þjóð eins og við Íslendingar, sem á jafnmikið undir fiskveiðunum og við, teljum okkur ekki þurfa að snúa okkur að þessu verkefni af alvöru út frá umhverfissjónarmiði? Hvers vegna er það svo að þetta eigi aðeins að heyra undir atvinnuráðuneyti sem hreinlega hefur ekki snert á því áratug eftir áratug að skoða þetta? Erlendar þjóðir sumar hverjar hafa talið að það yrði að breyta um veiðarfæri algjörlega frá því sem áður var og við Alaska veiða menn t.d. í gildrur mestallan þann afla sem er veiddur, t.d. allan þorskinn sem þar er veiddur.

Ég vænti þess að hæstv. umhvrh. taki það ekki illa upp þó ég hafi talið mig þurfa á þessari kvöldstund að koma þessum spurningum á framfæri. Ég tel að þó við deilum um það fram og til baka hvar þetta frv. sem hér á að vera eigi að vista ákveðna stofnun sem getur verið hjá báðum þeim ráðuneytum sem rætt er um þá er stóra málið: Verður það sókn umhvrn. í framtíðinni að handsama stofnanir sem heyra undir önnur ráðuneyti eða verður það sóknin til hafsins sem verður hafin? Og ég vænti þess að sá hæstv. ráðherra, sem fer með þessi mál nú og ég lít á sem brot af vísindamanni alveg tvímælalaust, geri sér grein fyrir því að ef þeir sem eru ungir og vel menntaðir eins og hæstv. umhvrh. telja það ekki skyldu sína að snúa sér að þessum verkefnum hvernig geta þeir þá ætlast til þess að aðrir, sem e.t.v. hafa átt minni kost á að kynna sér alvöru lífríkisins, alvöru þessara mála, hvernig geta þeir þá gert ráð fyrir að þeir muni gera það þegar þeir taka við?

Það er vonlaust að una því að sókn umhvrn. til nýrra verkefna verði fyrst og fremst skæklatog um þær stofnanir sem fyrir eru í landinu. Það verður að gera þá kröfu að sú sókn liggi út á hafið og við náum valdi yfir því verkefni að fylgjast með því hvað er að gerast í lífríkinu í kringum Ísland.

[21:16]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil greina frá því að það er fjarri því að ég taki það illa upp þótt hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson verji tíma þingsins til að ræða þessi mikilvægu mál. Ég hjó hins vegar eftir því að í upphafi ræðu sinnar lýsti hann yfir stuðningi að ég taldi við efni þessarar tillögu sem hér liggur fyrir. Þegar hann var kominn á flugið, virðulegur forseti, í seinni hluta ræðunnar þá var hann farin að kalla þetta að handsama stofnanir annarra ráðuneyta og jafnframt skæklatog um stofnanir annarra ráðuneyta.

Ég vildi þess vegna, virðulegi forseti, geta þess að það sem honum kann e.t.v. að finnast skæklatog er eigi að síður ekkert annað en tillaga sem lögð er fram samkvæmt tilmælum yfirmanna og stjórnar Hollustuverndar ríkisins. Það hefur komið fram áður í umræðum við 1. umr. þessa máls.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, er ég sammála því að það eigi að stefna að þessari skiptingu sem hann var að tala um, virðulegi forseti, þ.e. ég er sammála því að þróunin hljóti að verða sú þegar horft er til framtíðar að það verði ekki atvinnuvegaráðuneyti sem fari bæði með eftirlit lífríkisins og jafnframt ákvörðun um nýtingu. Mig langar þess vegna fyrst að hv. þm. er þessarar skoðunar, virðulegur forseti, að spyrja hvort honum fyndist þá ekki líka með nákvæmlega sömu rökum af því, virðulegur forseti, að hér er um að ræða einhvern rökvísasta þingmann hv. Alþingis: Er hann þá ekki þeirrar skoðunar að það eigi að taka til að mynda eftirlit með gróðri landsins og skógum landsins líka yfir til umhvrn.?

[21:17]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Af því að umhvrh. óskar nú eftir beinu svari varðandi frv. sjálft þá liggur það alveg ljóst

fyrir að ég mun sitja hjá við þá atkvæðagreiðslu.

Ég ætla hreinlega ekki að skipta mér af því hvorum megin þetta mál verður vistað. Þeir hafa komið sér saman um það félagar og fóstbræður í hæstv. ríkisstjórn að færa það og ég ætla ekki að tefja fyrir því eða vinna gegn því. Ég sé að mínu viti að það gæti verið á báðum stöðum. Ég gat þess áðan hver mín ástæða væri, ég teldi að það ætti að skipta því upp.

Ég er sannfærður um að það eftirlit með gróðri og mörgu slíku á að færast undir umhvrn., það er rétt, eftirlitið en ekki framkvæmdin. Það gengur ekki, hæstv. umhvrh., að hæstv. umhvrh. sé bæði aðalbeitarbóndi þessa lands, aðalbeitarbóndi þessa lands á viðkvæman gróður landsins að vetrarlagi og líka eftirlitsaðili. Það gengur ekki. Búpeningur hæstv. umhvrh. er þessa dagana á viðkvæmum gróðri Austurlands, sumt fellur úr hor e.t.v., vonandi þó ekki. Það er þetta að við blöndum alltaf saman framkvæmd og eftirliti í öllum stofnunum í staðinn fyrir að reyna að aðskilja þetta. Það er sá þáttur sem ekki gengur upp. Ég vona að við séum með á hvað um er að ræða. Eins og allir vita þá er menntmrh. ekki lengur stærsti beitarbóndi landsins, (**Gripið fram í:** Illu heilli.) illu heilli, heyrist hér, heldur hæstv. umhvrh. Ég er ekkert að amast við hæstv. ráðherra sem einstaklingi þó ég orði þetta svo. Ég er aðeins að vekja athygli á þessum tvískinnungi í okkar kerfi. Við erum alltaf að láta menn vera með eftirlit með sjálfum sér sem gengur ekki.

[21:20]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni fyrir að veita mjög skýr svör um afstöðu hans til þessa frv. Mér þykir það auðvitað miður að hann skuli ætla að sitja hjá við það vegna þess að ég taldi að hann væri það skýr maður að hann sæi þá bót sem fólgin væri í þessu frv. og að því leyti til hefur hann valdið mér nokkrum vonbrigðum sem er afar sjaldgæft þegar þessi ágæti þingmaður á í hlut.

Ég er auðvitað þeirrar skoðunar, virðulegi forseti, að það beri að stefna að því að þessar stofnanir sem ég nefndi hér áðan, Skógræktin og Landgræðsla ríkisins eigi að færast í tímans rás yfir til umhvrn. Og nú hefur það gerst sem annar hv. þm. mundi sennilega kalla sögulega stund að við umræður um þetta frv. þá hafa ekki einn heldur tveir hv. þm. Framsfl. lýst yfir stuðningi við þessa skoðun. Ég vísa til þess, virðulegur forseti, að við 1. umr. nefndi hv. þm. Finnur Ingólfsson það sérstaklega að svona ætti að fara með Skógrækt ríkisins og Landgræðsluna. Þetta, virðulegur forseti, gefur mér ástæðu til að horfa björtum augum til framtíðarinnar ef svo ólíklega skyldi vilja til að Framsfl. kæmist til meiri áhrifa í umhverfismálum landsins en nú er.

[21:21]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vænti þess að hæstv. umhvrh. geri sér grein fyrir því að það færi heldur ekki saman að sjá um að höggva skóginn og að hafa eftirlit með honum. Það eru tveir þættir. En ég viðurkenni það að í mati mínu á því hvorum staðnum heppilegra væri að vista umrædda stofnun lagði ég ekki mat á hvor ráðherrann væri hæfari. Það sé ég aftur á móti og heyri að hæstv. umhvrh. hefur haft mjög í minni og sinni hugsun þegar hann var að meta gæði þessa máls.

[21:22]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er flutt til að breyta þeirri skipan að Hollustuvernd ríkisins heyri undir tvö ráðuneyti þar sem það er mat þeirra sem þar vinna að það sé óæskilegt og því sé rétt að breyta þarna til. Nú skal ég ekki dæma um hvort það eigi að vera útilokað að stofnun heyri undir tvö ráðuneyti en augljóslega hefur það ýmsa annmarka í för með sér. Þá mætti segja að það væri lausn að skipta slíkri stofnun. En það mun óhjákvæmilega hafa ýmsan kostnað í för með sér og við verðum að sjálfsögðu að gæta þess að ganga þar hóflega um. Að mínu mati þá mun sá þáttur Hollustuverndar sem lýtur að eftirliti með matvælum fara vaxandi á næstu árum. Sá þáttur þurfi að fara vaxandi og hljóti að gera það. Því gerði ég þann fyrirvara við stuðning minn við þetta frv. að ég vildi leggja áherslu á að þessi breyting yrði ekki til þess að slík þróun yrði þar sem það er sífellt að koma betur í ljós hversu brýnt er að fylgjast með matvælum, sérstaklega þeim sem til landsins eru flutt vegna mengunar í umhverfi þar sem þau eru framleidd.

Meiri hluti allshn. flytur þá brtt. sem ég styð að landlæknir verði áfram ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um allt er að hollustuháttum og heilbrigðiseftirliti lýtur og leggur þar með áherslu á þetta sjónarmið. Miðað við þær yfirlýsingar sem hæstv. umhvrh. hefur gefið þá vil ég trúa að þarna muni verða rétt á málum haldið. En í svari við fsp. sem ég bar fram fyrr á þessu þingi til hæstv. heilbrrh. þá kom fram að stofnunina þarf að búa betur að tækjum og mannskap til þess að geta sinnt nægilega vel þessu veigamikla hlutverki.

Reynslan mun að sjálfsögðu skera úr um hver þróunin verður. Þá verður hægt að gera nauðsynlegar breytingar ef menn meta það svo að þess þurfi en ég vil vona að til þess komi ekki heldur verði þessi stofnun fær um og muni leggja sig fram um að sinna þessu mikilvæga hlutverki engu að síður þó hún lúti einum ráðherra.

[21:26]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Eins og fram kom í máli þeirra sem gerðu grein fyrir nál., bæði minni og meiri hluta, þá var þetta mál sem hér er til umræðu sent til umhvn. og heilbr.- og trn. og umhvn. sendi álit sitt til allshn. Það varð ekki samkomuleg í nefndinni, þ.e. meiri hluti nefndarinnar mælti með samþykkt þessa frv. en minni hlutinn, þ.e. undirrituð ásamt Þuríði Bernódusdóttur og Hjörleifi Guttormssyni, taldi ekki rétt að gera þá breytingu sem hér er lögð til. Við teljum að það ætti alls ekki að gera hana núna, það ætti að kanna málið miklu betur og það væri alls ekki rétt að gera þessa breytingu eins og hér er gert ráð fyrir.

Helstu álitaefni okkar, sem skrifuðum undir þetta

minnihlutaálit frá umhvn., vörðuðu það að þarna væri um að ræða heilbrigðismál og matvælaeftirlit og það væri mjög óeðlilegt að það mundi fara undir umhvrn. Við litum á þetta eingöngu út frá umhverfismálum, þ.e. út frá því hvort þetta mundi styrkja umhvrn., því það var okkar allra hugur og til þess stendur hugur okkar sem undir þetta nál. skrifum. Ég tel að það að flytja þessa málaflokka til umhvrn. muni alls ekki styrkja það. Ég var þó að vissu leyti ánægð með eitt atriði sem kom fram á fundi sem umhvn. hélt ásamt heilbr.- og trn. og það var að aðspurður sagði ráðuneytisstjórinn í umhvrn. að vaxtarþörfin væri aðallega á sviði mengunarvarna og eiturefnasviðs og það væri þess vegna ekki ástæða sérstaklega til að hafa áhyggjur af þeim þætti stofnunarinnar þó heilbrigðisþátturinn færi til umhvrn. einnig. Það væri engin ástæða til, ef ég man orðalagið rétt, að óttast að mengunarvarnasviðinu yrði gert lægra undir höfði en hingað til. Að vísu hefur mengunarvarnasviðinu verið gert allt of lágt undir höfði, þ.e. kannski ekki í samanburði við annað, heldur fyrst og fremst þarf að auka mjög þennan þátt þannig að ég vona að það sem kom fram hjá ráðuneytisstjóranum um að ekki væri ástæða til að hafa áhyggjur af mengunarvarnasviðinu, þ.e. að því verði gert lægra undir höfði, þýði ekki að það eigi ekki að auka það því það þarf að auka og bæta. Ég vil sérstaklega segja þetta í tilefni þess sem hv. 2. þm. Vestf. talaði hérna um varðandi mengunarvarnir. Það þarf að efla þær og styrkja og það er mjög mikilvægt. Ég er honum alveg sammála. En ég held hins vegar að það sem við erum að gera hér muni ekki leiða til þess. Vegna þess að þegar búið er að setja annan þátt inn í umhvrn., þ.e. heilbrigðisþátt og matvælaeftirlit, þá muni það frekar verða til hins verra. Þess vegna er ég mjög ósátt við þetta frv., ég tel að það geti verið vont ekki bara fyrir mengunarvarnirnar heldur líka fyrir umhvrn. og þá er ég að hugsa um til framtíðar. Ég er ekki bara að hugsa um næstu vikur, mánuði eða jafnvel ekki bara til næsta árs, ég er að hugsa til framtíðarinnar, að það sé mjög slæmt að þarna sé verið að taka þennan málaflokk yfir. Hann muni taka of mikinn kraft og að umhvrn. þurfi að sinna þarna þætti sem ég tel algeran óþarfa að vera að hafa inni í ráðuneytinu.

Ég held einnig að þetta muni verða miklu flóknara og erfiðara fyrir málaflokkinn í heild og þá er ég að meina þá málaflokka sem heyra undir Hollustuvernd ríkisins og þá er ég að tala um matvælaeftirlitið, heilbrigðiseftirlitið og mengunarvarnirnar sem ég tel alls ekki eiga heima á sama stað og ég get alls ekki skilið hvernig stendur á því að Hollustuvernd ríkisins telur að þetta sé góð brtt. sem hér er lögð til, þ.e. stjórnin, þar sem ég hefði miklu frekar talið eðlilegt að þeir bentu á að það væri eðlilegt að breyta kerfinu í heild og horfa á þetta miklu víðara.

Við minnumst á það hér í okkar áliti og það er best að ég lesi það upp orðrétt, með leyfi forseta:

„Rætt var um þann möguleika annars vegar að sameina eða tengja saman matvælaeftirlit á vegum þeirra aðila sem fara með það eftirlit undir heilbrrn. sem eru auk Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofa og yfirdýralæknir og hins vegar að sameina mengunarvarnadeild og eiturefnasvið Hollustuverndar og mengunarvarnir á vegum Siglingamálastofnunar og Geislavarna ríkisins undir umhvrn.“

Mengunarvarnirnar væru sem sagt á einum stað og síðan væri matvælaeftirlitið á öðrum stað og þannig væri hægt að ná mun betur utan um málaflokkinn. Ég hef nefnilega mjög miklar áhyggjur af þessu og vil endurtaka að ég tek undir það sem hér kom fram hjá hv. 2. þm. Vestf. að það er ástæða til að hafa verulegar áhyggjur af þessu. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem ég kem hér til að lýsa þeim áhyggjum mínum en þar sem hann varði nokkru af tíma sínum í það í sinni ræðu þá vil ég bara vísa til þess að það get ég svo sannarlega tekið undir.

Ég óttast það þess vegna og tel raunar nokkuð ljóst að með þessu frv., sem hér er lagt til af hálfu meiri hluta allshn. að verði samþykkt, að vísu með brtt. sem breytir ekki þessu meginatriði sem ég er hér að lýsa, sé hætta á því að því muni seinka að mengunarvarnirnar verði settar saman undir einn hatt, það má heita ný stofnun mín vegna. Málaflokkurinn þarf að vera undir einni yfirstjórn þannig að það sé hægt að taka samþætt á málinu. Þetta tel ég mjög mikilvægt. Ég vil í því sambandi minna á það að hér fyrir nokkuð mörgum árum fluttu kvennalistakonur þáltill. um stofnun umhverfisráðuneytis, þ.e. áður en umhvrn. var stofnað og þá lýstum við þessu í tillögu hvernig þessu yrði best fyrir komið. Ég er alltaf sannfærðari og sannfærðari um að þetta er miklu betra fyrirkomulag. Ég óttast það mjög að fara að rugla í þessu núna með þessum hætti og það muni tefja fyrir þessu máli, því miður. Það er því að mínu mati arfavitlaust mál að gera þetta svona. Þó að aðeins tveir nefndarmenn í hv. allshn. skrifi undir álit minni hlutans þar sem lýst er ákveðnum efasemdum um að þetta sé góð tillaga þá vona ég að hv. Alþingi og hv. alþingismenn sjái að þarna sé í raun alls ekki verið að stíga skref fram á við heldur frekar til baka, því miður.

Mér þótti líka vel að orði komist hjá hv. 2. þm. Vestf. þegar hann sagði að það væri verið að „handsama“ stofnanir sem heyra undir önnur ráðuneyti. Þetta virkar þannig á mig að þeir félagar sem sitja mér á vinstri hönd hafi fundið að þarna væri einhver málaflokkur sem stæði ekki mjög mikill styr um þar sem menn væru kannski ekki með svona miklar tilfinningar að því er varðaði matvælaeftirlit og heilbrigðiseftirlit, það væri í lagi að flytja það yfir til umhvrn. En ég get alls ekki munað það svo lengi sem ég hef verið hér að þetta hafi verið eitthvert kappsmál þeirra sem hafa viljað umhvrn. vel að þessir málaflokkar fari til umhvrn. Það eru margir aðrir málaflokkar. Ég get nefnt skógrækt og landgræðslu og ég vil taka það fram að þar tel ég einmitt að eigi að passa að blanda ekki saman eftirliti og nýtingunni. Því það heyrir ekki saman. Það á að vera aðskilið, það gengur ekki upp öðruvísi. Umhvrn. á alls ekki að vera í slíkum málum. Þess vegna þurfum við einnig þar að hugsa um að við getum þurft að skipta upp t.d. Skógræktinni.

Ef við ætlum okkur að fara þannig að í stjórnkerf-

inu að það megi aldrei horfa á stofnanir og hugsa sér að breyta neinu þá komumst við aldrei neitt með að flytja þær stofnanir eða þá málaflokka undir umhvrn. sem þar eiga heima, en það eru fleiri málaflokkar að mínu mati en þar eiga heima núna. Við skulum taka bara iðnrn. Það eru margar stofnanir þar sem umhvrn. ætti kannski að taka einhverja búta af. Ég er búin að nefna Siglingamálastofnun sem heyrir undir samgrn. Það er hægt að taka fleiri málaflokka. Þess vegna má alls ekki halda svo fast í þann hugsunarhátt að engu megi breyta að það verði ekki eðlileg verkaskipting í Stjórnarráðinu. Þetta frv. ber vott um að menn horfi bara og grípi í eina stofnun og segi: Það er nauðsynlegt að hafa hana hérna í heilu lagi, og koma að mínu mati ekki með nokkur einustu rök.

Ég sé að frsm. nál. meiri hluta hefur brugðið sér frá þannig að ég ætla þá aðeins að minnast á annan þátt þangað til að hún kemur aftur í salinn. Ég ætla að bera undir hana eitt atriði varðandi nál. En eitt af því sem ég hef aldrei getað skilið eru rökin fyrir þessari breytingu, þau hafa nefnilega ekki komið fram. Þau hafa aldrei komið fram. Þess vegna grunar mann einmitt að það hafi verið „handsamaður" þarna einn málaflokkur.

Eitt af því sem borið var hér fram var að það væri svo erfitt fyrir heilbrigðisfulltrúa í sveitarfélögunum að leita til tveggja ráðuneyta. Jú, það er hægt að hugsa sér að það gæti verið flókið og fór ég þá að velta fyrir mér hvað það væri sem heilbrigðisfulltrúarnir væru alltaf að leita til ráðuneytanna. En það gera þeir auðvitað ekki, þeir leita fyrst og fremst til stofnana, m.a. til Hollustuverndar ríkisins, með sín mál og reyndar fleiri þar sem þeir heyra undir mörg ráðuneyti því þeirra verkefni eru mjög víðfeðm og þeir þurfa að leita til fleiri aðila heldur en bara Hollustuverndar ríkisins. Formaður heilbrigðisfulltrúafélagsins sagði að það ylli ekki neinum vandræðum varðandi þeirra starf að Hollustuvernd ríkisins tilheyrði tveim ráðuneytum. Þannig að það var ekki ástæða til að breyta þess vegna. Hann tók það hins vegar fram og því vil ég halda til haga að þeir væru ekkert að setja sig gegn þessu, þeim væri svo sem kannski út af fyrir sig sama. Að vísu tók þeirra fulltrúi, formaðurinn Valdimar Brynjólfsson, fram að það væru nokkrir heilbrigðisfulltrúar ósammála þessu fyrirkomulagi sem frv. gerir ráð fyrir. En svona í heildina settu þeir sig ekki gegn því. Hins vegar olli þetta engum vandræðum þannig að þau rök sem borin voru fram féllu þá.

Ég ætlaði ekki að hafa mikið fleiri orð um þetta mál. En ég hefði gjarnan viljað bera eitt atriði undir hv. formann allshn. og frsm. meirihlutaálitsins. Það stendur í nál. meiri hluta allshn., með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn tekur undir þau sjónarmið að æskilegt sé að Hollustuvernd ríkisins heyri undir eitt ráðuneyti. Þá bendir meiri hlutinn einnig á að í umsögnum kemur fram að fagleg tengsl Hollustuverndar ríkisins við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið séu hverfandi og að umhverfisráðuneytið eigi að geta veitt stofnuninni nauðsynlegan stuðning, jafnt stjórnsýslulegan sem faglegan."

Ég átti mjög erfitt með að átta mig á þessu og vildi gjarnan fá aðeins meiri skýringu á því, sérstaklega í ljósi þess að ég hef ekki fengið rökin fyrir þessari breytingu. Þess vegna ætla ég að spyrja beint: Hvaða sjónarmið eru það sem meiri hlutinn tekur undir hér? Ég hef ekki fengið þau nægjanlega mikið og greinilega fram, hvorki við 1. umr. né við þessa umræðu og alls ekki þegar heilbr.- og trn. og umhvn. fjölluðu um málið á löngum fundi fyrr í mars held ég að það hafi verið eða um mánaðamótin febrúar/mars. Ég vil fá rökin fyrir því að þetta sé svona æskilegt og ég vil einnig fá upplýsingar varðandi það sem þarna kemur fram að það hafi ekki verið fagleg tengsl milli Hollustuverndar ríkisins og heilbr.- og trmrn. og hvaða faglegu tengsl hafi þá e.t.v. vantað og umhvrn. eigi frekar að geta veitt Hollustuvernd ríkisins, þ.e. þeim þáttum stofnunarinnar sem núna heyra undir heilbr.- og trmrn. Ég velti fyrir mér hvort heilbr. - og trmrn. hafi þarna ekki verið starfi sínu vaxið og hafi í raun og veru hunsað þennan þátt, þ.e. heilbrigðiseftirlitið og matvælaeftirlitið. Þetta kom mér nokkuð á óvart. Ég átta mig ekki nákvæmlega á hvað þarna er á ferðinni og hvað það er sem meiri hluti nefndarinnar reiknar með að umhvrn. geti frekar komið með. Ég er þá aðallega að tala um þau faglegu tengsl sem þarna er minnst á og ég átta mig ekki á hvort þarna er um að ræða gagnrýni á heilbr.- og trmrn. eða hvort það hafa e.t.v. ekki þurft að vera svona mikil tengsl þarna á milli þannig að þetta hafi gengið ágætlega eins og ég reyndar hélt. Ég hélt að þessi þáttur Hollustuverndar ríkisins hefði gengið nokkuð vel og meiri hluti starfsmanna stofnunarinnar er á þeim sviðum sem heyra undir heilbr. - og trmrn., þ.e. rannsóknarstofan og matvælaeftirlitið. Ég vil því fá nánari skýringu. Ég hef heyrt þetta áður en ég hef aldrei skilið hvaða vöntun er þarna á ferðinni.

Ég vil síðan, frú forseti, taka það fram að starfsmenn Hollustuverndar ríkisins eru velflestir ósáttir við þessa brtt. Það gildir bæði um þá sem starfa á því sviði sem nú heyrir undir heilbr.- og trmrn., þeir telja eðlilegt að þeir falli undir það áfram, það telja flestir, nú gildir þetta auðvitað ekki um alla. Þeir sem starfa á mengunarvarnasviðinu telja mjög óeðlilegt að öll stofnunin fari yfir til umhvrn., þ.e. þessi þáttur, og hafa einmitt áhyggjur af því að það muni verða til þess að draga úr mikilvægi mengunarþáttarins. Það séu minni líkur á að hann aukist, sem er nauðsynlegt. En það sem ég hafði hér eftir ráðuneytisstjóranum þá tók hann það fram eins og ég sagði áðan að það væri ekki gert ráð fyrir að mengunarvarnasviðinu yrði gert lægra undir höfði en nú er. Það er ekki fullnægjandi að mínu mati, það þarf að efla það. Og það er þess vegna sem ég tel miklu farsælla að láta þetta frv. ekki ganga hér fram heldur að kanna þetta mál miklu betur og reyna að finna betri lausn á þessum málum og vera ekki að grauta þessum málum saman með þessum hætti.

Að lokum vil ég minna á að í þinginu er heilmikill lagabálkur um matvæli sem mun samkvæmt þessu flytjast yfir til umhvrn. og það eftirlit sem þar er gert ráð fyrir. Það frv. hef ég hér undir höndum og hef ver-

ið að glugga aðeins í og lesa það og ég á ákaflega erfitt með að sjá hvernig það getur samrýmst því sem ég hefði haldið að ætti að vera undir umhvrn. og þó það kannski skipti ekki öllu máli fyrir okkur hér á Íslandi þá er ekki svo vitað sé neins staðar heilbrigðiseftirlit og matvælaeftirlit undir umhvrn. í neinum af nágrannalöndunum og raunar hvergi svo vitað sé. Ég vil bara koma því á framfæri þó í sjálfu sér skipti það ekki öllu máli. En það sýnir kannski að þarna erum við að fara út á braut sem alls ekki er æskileg.

[21:47]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Kristín Einarsdóttir valdi þessu frv. hræðileg orð. Arfavitlaust frv. kallaði hún það. Í hinu orðinu segir hún jafnframt að það þurfi, virðulegur forseti, að styrkja umhvrn. og bætti því við einhvers staðar í máli sínu: „Ef það má aldrei breyta neinu þá komumst við ekki neitt." En því miður þá speglaði allt hennar mál að það má aldrei breyta neinu. Það var ekki annað hægt að lesa út úr máli hv. þm. Hv. þm. gat þess réttilega að það þyrfti að tengja betur saman matvælaeftirlit í landinu og benti á að það væri núna í rauninni fallið undir þrjú ráðuneyti. En af því hv. þm. var með í höndunum frv. til laga um ný matvælalög þá vil ég benda henni á, ég held að það sé í 8. gr. þess frv. og raunar í athugasemdum við frv., þar sem er talað um að setja upp samstarfsráð Hollustuverndar ríkisins, Fiskistofu og yfirdýralæknis. Það er einmitt verið að gera í frv. sem liggur fyrir þinginu. Það er verið að tengja þetta betur saman.

Ég hef aðra skoðun á því en hv. þm. hvað það er sem fellur undir umhverfismál. Og ég verð að segja, virðulegur forseti, að mér finnst skilningur hv. þm. nokkuð þröngur á því. En það er auðvitað hennar réttur að vera annarrar skoðunar og hafa sína skoðun á því hvernig þessi mál eiga að vera. Um það getum við deilt. Hún flutti hér sína skýringu á því hvers vegna þetta frv. ætti ekki fram að ganga. Gott og vel. En það sem mig langar sérstaklega til að inna hana eftir eru þau ummæli að þetta væri beinlínis slæmt fyrir umhvrn. Og ég beið eftir því lengi ræðu hennar að finna rök fyrir þessari fullyrðingu. Þau rök komu ekki. Mér þætti fróðlegt og ég held að það væri gagnlegt til að skilja betur þessa umræðu að hv. þm. gerði svolitla grein fyrir þeirri skoðun sinni hvers vegna það sé slæmt fyrir umhvrn. að Hollustuvernd ríkisins færist undir það.

[21:50]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. umhvrh. er einkar lagið að snúa út úr því sem maður segir. Þegar ég talaði um að engu mætti breyta þá talaði ég um að engu mætti breyta af þeim stofnunum sem væru í landinu. Ef ekki má breyta t.d. Skógrækt ríkisins, ef hún verður að vera nákvæmlega eins og hún er, það má t.d. ekki skilja að nýtingarþáttinn og umhverfisþáttinn, þá verður deilumál um það hvort það eigi að fara yfir til umhvrn. eða ekki ef engu má breyta þar. Ef ekki má breyta neinu t.d. að því er varðar umhverfismál, t.d. að flytja allar mengunarvarnir yfir í eina stofnun, ef það má ekki gera af því að það verður að vera ein stofnun sem heitir Hollustuvernd ríkisins og hún á að fara með þessa málaflokka, sem eru aðallega þrír, þ.e. matvælaeftirlit, heilbrigðiseftirlit og svo mengunarvarnir, reyndar eru nokkur fleiri en við skulum halda okkur við þessa meginflokka, ef það má ekki kljúfa það upp og taka t.d. mengunarvarnaþáttinn upp, það kalla ég að breyta. Það er útúrsnúningur og hártogun að segja að ég hafi sagt í mínu máli að það mætti engu breyta. Hæstv. ráðherra hlýtur að hafa skilið hvað ég var að tala um. Það verður að líta á málaflokkinn í heild. Það er alveg rétt að við höfum greinilega mjög ólíkar skoðanir á því, ég og hæstv. ráðherra, hvað eru umhverfismál. Ég tel ekki að heilbrigðiseftirlit sé umhverfismál. Ég tel ekki að matvælaeftirlit sé umhverfismál, ég tel að það sé heilbrigðismál. Það vill þannig til að það eru miklu fleiri sem eru sammála mér en honum. Kannski ekki hér inni í þessum sal vegna þess að það er greinilegt að meiri hluti allshn., meiri hluti heilbr.- og trn. og meiri hluti umhvrn. telur að heilbrigðiseftirlit og matvælaeftirlit sé umhverfismál. Ég er þeim algerlega ósammála.

Frú forseti, því miður hef ég ekki tíma til að svara öðrum spurningum. En ég verð þá að koma síðar í umræðunni.

[21:52]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég virði það alveg að hv. þm. er annarrar skoðunar en ég um það hvað ætti að falla með réttu undir umhvrn. Það er ekkert skrýtið þó að menn hafi mismunandi skoðanir á því hvað telst umhverfismál eða ekki. En hv. þm. sem er líka formaður umhvn. Alþingis túlkar þessa tillögu sem hér liggur fyrir þannig að hún beinlínis skaði umhvrn. Það er auðvitað merkilegt og nokkuð alvarlegt þegar formaður umhvn. kemur fram með slíka ásökun því það er ekki hægt að kalla það annað. Það er ekki hægt að túlka það öðruvísi en svo að í því felist ásökun um að umhvrh. taki þátt í gjörningi sem laski hans eigið ráðuneyti. Þess vegna finnst mér virðulegur forseti, að það sé ekkert skrýtið þó að ég fari með allri vinsemd og í mikilli kurteisi fram á að nákvæmlega þessi fullyrðing verði rökstudd. En hún var ekki rökstudd hér áðan.

[21:53]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Hæstv. ráðherra vill vita af hverju ég tel að mál sem alls ekki er umhverfismál geti skaðað ráðuneytið. **(Umhvrh.:** Áttu við þetta mál?) Já, þetta mál sem er það að flytja heilbrigðismál og matvælaeftirlit undir umhvrn. Ég tel það geta skaðað þann málaflokk. Ég tel að það sé skaðlegt að taka málaflokka af handahófi úr öðrum ráðuneytum sem ekki eru umhverfismál, hvort sem það heitir Heilbrigðiseftirlit eða eitthvað annað. **(Umhvrh.:** Er þetta handahóf?) Ég vil meina að þetta sé handahóf. Já, úr því að hæstv. ráðherra kallar fram í og spyr. Ég tel að það einkennist allt of mikið af því. Vegna þess að það hafa engin fullnægjandi rök að mínu mati komið fram um að þessi

málaflokkur sé betur kominn hjá umhvrn. og það er einn handleggur. En síðan það að vera að taka málaflokka sem ekki eru umhverfismál og setja þá undir umhvrn. það drepur þeim málaflokki á dreif. Ég tel mjög mikilvægt að umhvrn. sé með þá málaflokka sem eru umhverfismál og sé sterkt í því. Það þarf að efla það og styrkja á þeim sviðum en ekki að fara að setja undir það ráðuneyti málaflokka sem ekki styrkja sviðið. Það sem hér er verið að gera er að það er verið að taka þarna málaflokk inn í umhvrn. og meira að segja svo að það er ekki miðað við að því er maður sér t.d. á fjárlagatillögum að það eigi að bæta eitthvað verulega þá um leið við umhvrn. Það er alltaf verið að skera niður á því sviði, því miður. Alla vega var það gert við síðustu fjárlög. Ég vona að á því verði breyting. En einmitt það að setja inn í ráðuneytið málaflokka sem beinlínis ekki eru umhverfismál vil ég meina að skaði.

[21:55]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna orða hv. þm. Kvennalistans, Kristínar Einarsdóttur, hér áðan um nefndarálit frá meiri hluta allshn. vil ég taka skýrt fram að það er ekki verið að gera lítið úr starfsemi þessarar stofnunar undir því ráðuneyti sem hún heyrir til núna, síður en svo, þannig að ég held að það sé misskilningur. En þau orð sem vitnað var til þau komu fram m.a. á sameiginlegum fundi hv. umhvrn. og heilbr.- og trn. Ég sótti þann fund sem fulltrúi heilbr.- og trn. og man ekki betur en að fulltrúar einmitt stofnunarinnar sjálfrar, m.a. framkvæmdastjórinn, hafi viðhaft þau orð sem hv. þm. Kristín Einarsdóttir var að vitna í. Ég vil enn fremur vitna til álits meiri hluta þessara þingnefnda sem birtast sem fylgiskjöl með þessu nál. Í áliti meiri hluta heilbr.- og trn. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Meiri hluti heilbrigðis- og tryggingnefndar gerir að lokinni umfjöllun um málið ekki athugasemdir við meginefni frumvarpsins, þ.e. að starfsemi Hollustuverndar ríkisins verði að öllu leyti flutt frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti til umhverfisráðuneytis. Fyrir liggur að hluti starfsemi Hollustuverndar ríkisins heyrir þegar undir umhverfisráðuneyti og fram kom í máli þeirra sem sóttu fyrrgreindan fund þingnefndanna að fagleg tengsl við heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti væru ekki mikil. Á hinn bóginn kom fram að nauðsynlegt væri að tryggja vægi heilbrigðissjónarmiða í umfjöllun um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit."

Og í áliti frá meiri hluta umhvn. segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Meiri hluti nefndarinnar styður meginefni frumvarpsins og telur að flutningur á allri starfsemi Hollustuverndar ríkisins til umhverfisráðuneytis muni efla ráðuneytið. Fyrir liggur að hluti starfsemi stofnunarinnar heyrir nú þegar undir umhverfisráðuneyti og meiri hlutinn telur æskilegt að Hollustuvernd ríkisins heyri með þeim hætti sem frumvarpið gerir ráð fyrir undir einn ráðherra. Þá bendir meiri hlutinn á að enginn þeirra sem sóttu fyrrgreindan fund þingnefndanna virtist efast um að stofnunin fengi nauðsynlegan stuðning, bæði stjórnsýslulegan og faglegan, í umhverfisráðuneytinu."

Meiri hluti allshn. tekur undir þessi sjónarmið, hún gerir það í sínu nál.

[21:58]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er alveg rétt að það kom fram í máli ég man reyndar ekki nákvæmlega hverjir það voru sem töluðu um að það hefðu ekki verið mikil fagleg tengsl milli Hollustuverndar ríkisins og heilbr.- og trmrn. En það kom jafnframt fram að það þyrfti ekki á neinum tengsum að halda og það hefði ekki verið neitt til skaða að þarna væri um að ræða að það hefðu verið frekar lítil fagleg tengsl þarna á milli. Hins vegar er eins og gefið í skyn að þau muni frekar aukast við það að málið muni heyra undir umhvrn. Það á ég ákaflega erfitt með að skilja og get ekki skilið að það eigi frekar að vera líkur á að fagleg tengsl verði meiri eftir að heilbrigðiseftirlit og matvælaeftirlit fari undir umhvrn.

Ef maður hins vegar les álit bæði meiri hluta heilbr.- og trn. og meiri hluta umhvn. þá er mjög merkilegt að sjá að það er eins og tónninn í þessum umsögnum sé sá að það ætti kannski ekki að vera verra þótt þetta fari undir umhvrn. en það vantar allan rökstuðning fyrir því að þetta muni efla og styrkja umhvrn. Það er bara fullyrt að það muni gera það, t.d. af hálfu umhvrn. en í áliti meiri hluta heilbr.- og trn. er eins og sagt: Ja, þetta mun varla skaða. En það er mjög ótrúlegt að þetta sé nokkuð til bóta fyrir heilbrigðiseftirlitið og matvælaeftirlitið. Ég vil hins vegar taka það fram að ég er ekkert endilega að segja það að umhvrn. muni hunsa þessa málaflokka en að þetta sé til að efla ráðuneytið á ég mjög erfitt með að sjá og sé engin rök fyrir því.

[22:00]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að það komi skýrt fram lágu að sjálfsögðu fagleg sjónarmið að baki þessari umfjöllun í hv. allshn. Ég vil bara minna á það, eins og fram kemur í nál. meiri hlutans, að umsagnir bárust til allshn. frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Heilbrigðisfulltrúafélagi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis, Heilbrigðiseftirliti Kjósarsvæðis, Siglingamálastofnun ríkisins, Náttúruverndarráði, Vinnuveitendasambandi Íslands, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis, Hollustuvernd ríkisins, Alþýðusambandi Íslands og Sambandi ísl. sveitarfélaga. Allar þessar umsagnir voru jákvæðar um málið. Það komu ekki fram neinar alvarlegar athugasemdir, síður en svo.

[22:01]

Kristín Einarsdóttir *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki sanngjarnt af minni hálfu að beina fyrirspurnum til hv. 6. þm. Reykv. þar sem ég er að svara andsvari þannig að hún hefur ekki tækifæri til að koma hér aftur í andsvari heldur verður hún að halda ræðu. En það kom einmitt fram í hennar and-

svari núna að enginn setti sig á móti þessari breytingu. En rökin fyrir breytingunni sjálfri hafa ekki verið önnur en að efla ráðuneytið á einhvern óljósan hátt. Það er í mínum huga alls ekki nægjanlegt til að gera þessa breytingu því eins og ég er búin að segja áður þá ætti að líta á mengunarvarnasviðið, heilbrigðiseftirlitið og matvælaeftirlitið í heild og finna aðra lausn á þessu máli en vera ekki að klúðra því eins og þetta frv. gerir ráð fyrir.

[22:03]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er á ferðinni frv. sem er komið til 2. umr. eftir umfjöllun í hv. allshn. og í tveimur öðrum þingnefndum sem um málið fjölluðu. Ég vil í upphafi, virðulegur forseti, leyfa mér að vitna til álits minni hluta umhvn. sem ég skipaði ásamt tveimur öðrum hv. þm. en þar segir, með leyfi forseta:

„Umhvn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingar á lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nr. 81/1988, með síðari breytingum. Það felur í sér að Hollustuvernd ríkisins og önnur yfirstjórn hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits flyst í heild frá heilbr.- og trmrn. til umhvrn. Frá stofnun umhvrn. hefur mengunarvarnadeild Hollustuverndar heyrt undir það ráðuneyti.

Á sameiginlegan fund heilbr.- og trn. og umhvn. Alþingis, sem haldinn var 28. febr. 1994, komu eftirtaldir til viðræðu að beiðni nefndanna: Hermann Sveinbjörnsson og Jón Gíslason frá Hollustuvernd ríkisins, Ólafur Ólafsson landlæknir, Páll Sigurðsson, ráðuneytisstjóri í heilbrrn., Magnús Jóhannesson, ráðuneytisstjóri í umhvrn., Valdimar Brynjólfsson, formaður Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands, og Ólafur Oddsson, héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra. Sýndist sitt hverjum um ágæti frv.

Fram kom að menn vissu ekki til þess að heilbrigðiseftirlit hefði verið fært til umhverfisráðuneyta í grannlöndum. Í Danmörku hefði heilbrigðiseftirlit um tíma verið vistað í umhverfisráðuneyti en var sett undir heilbrigðisráðuneyti eftir að það var sett á fót. Norska matvælastofnunin, sem áður var undir félagsmálaráðuneyti, hefur verið færð undir nýtt ráðuneyti heilbrigðismála. Dýralæknar tengjast þeirri stofnun.

Formaður Heilbrigðisfulltrúafélags Íslands sagði að félagið legðist ekki gegn þeirri breytingu sem frv. gerði ráð fyrir og taldi að í raun skipti ekki máli undir hvaða ráðuneyti Hollustuvernd ríkisins heyrði varðandi þeirra starf. Hann tók þó fram að nokkrir af heilbrigðisfulltrúum væru ósammála því fyrirkomulagi sem frv. gerði ráð fyrir. Hann sagði að það ylli ekki vandræðum varðandi þeirra starf að Hollustuvernd ríkisins tilheyrði tveimur ráðuneytum eins og nú er.

Að mati undirritaðra mundi það ekki styrkja umhvrn. að taka að sér málaflokk sem fellur undir heilbrigðismál eins og matvælaeftirlit óneitanlega gerir. Í því sambandi má nefna frv. til laga um matvæli sem liggur fyrir Alþingi, 85. mál, en þar er fyrst og fremst um heilbrigðismál að ræða en ekki umhverfismál.

Áhyggjur komu fram um að í kjölfar breytingar samkvæmt frv. mundi áhersla fremur verða á mengunarsviði en síður á heilbrigðiseftirliti. Aðspurður taldi ráðuneytisstjóri umhvrn. vaxtarþörf einkum vera á mengunarvarna- og eiturefnasviði og er því ekki ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af því að mengunarvarnasviðinu verði gert lægra undir höfði en nú.

Hollustuvernd ríkisins hefur nú um 30 stöðugildi, þar af eru 20 á matvælasviði og skrifstofu, en 10 á mengunarvarna- og eiturefnasviði. Eins og stofnunin starfar er því eðlilegra að hún tilheyri heilbrrn. fremur en umhvrn. Forstöðumaður matvælasviðs taldi að í framtíðinni gæti verið skynsamlegt að skipta stofnuninni upp og ráðuneytisstjóri heilbrrn. taldi það einnig koma til greina.

Rætt var um þann möguleika annars vegar að sameina eða tengja saman matvælaeftirlit á vegum þeirra aðila sem fara með það eftirlit undir heilbrigðisráðuneyti sem eru auk Hollustuverndar ríkisins Fiskistofa og yfirdýralæknir og hins vegar að sameina mengunarvarnadeild og eiturefnasvið Hollustuverndar og mengunarvarnir á vegum Siglingamálastofnunar og Geislavarna ríkisins undir umhvrn. Með því móti yrði markvissara unnið gegn mengun og ekki hætta á togstreitu milli ólíkra sviða eins og hætta er á nú þegar þau tilheyra sömu stofnun. Með sameiningu á þennan hátt væri hægt að koma á fót stofnunum sem væru af starfhæfri stærð en ein aðalröksemdin gegn því að kljúfa Hollustuvernd ríkisins er að úr því yrðu tvær illa starfhæfar einingar.

Ekki hafa verið færð fram nein sannfærandi rök fyrir því að nauðsynlegt sé að breyta núverandi skipan. Rök hníga öll í þá átt að heilbrigðis- og matvælaeftirlit eigi fremur heima undir heilbrrn. en umhvrn.

Hins vegar er mikilvægt að efla og styrkja umhvrn. og flytja til þess þær stofnanir og svið sem eðlilega falla stjórnskipulega undir slíkt ráðuneyti. Þar er nokkurt verk að vinna.

Það getur hins vegar orðið til hins verra að flytja málaflokka til umhvrn. sem augljóslega eiga betur heima annars staðar eins og ætlunin er með þessu frv.

Mat undirritaðra er því að fyllsta ástæða sé til þess að fara mun betur yfir þessi mál áður en ákvörðun er tekin um tilfærslu í þá veru sem lagt er til í frv."

Undir þetta álit rita auk þess sem hér talar Kristín Einarsdóttir og Þuríður Bernódusdóttir sem sat á Alþingi sem varamaður á þeim tíma sem um þetta var fjallað.

Ég vil í upphafi míns máls eftir að hafa vitnað til þessa rökstuðnings, virðulegur forseti, vekja á því athygli að það er allsérkennilegt að þegar hæstv. umhvrh. kemur fram með tillögu eins og þá sem hér liggur fyrir í nafni ríkisstjórnar og auðvitað að fengnu samþykki hæstv. heilbrrh. skuli það vera með þessum hætti, skuli það gert með því að vera að seilast eftir málaflokki sem liggur jafnfjarri því að geta talist nauðsynlegt og nánast ekki æskilegt áhersluvið til þess að færa brott frá ráðuneyti heilbrigðismála sem við höfum starfandi yfir til ráðuneytis umhverfismála. Þau eru býsna mörg, virðulegur forseti, málefnin sem þörf væri á að yrðu færð til umhvrn. og ekki heyra undir það ráðuneyti. Ég kem kannski að því svolítið nánar á eft-

ir. En þetta er ekki það sem ætti að vera þar efst á dagskrá og ég tek undir það sem fram hefur komið í umræðunni, m.a. hjá síðasta hv. ræðumanni, að það er mjög sérkennilegt að þegar fram kemur frv. jafnveigamikið og það sem hér um ræðir, því auðvitað getur þetta verið býsna afdrifaríkt mál fyrir bæði viðkomandi ráðuneyti og þá málaflokka sem í hlut eiga, þá skuli það vera jafnhandahófskennt og það frv. sem hér er lagt fram.

Ég vísa til þskj. 350, upp á u.þ.b. eina blaðsíðu. Rökstuðningur fyrir málinu í frv. er nákvæmlega enginn. Það er bara tilkynning um ákvörðun ríkisstjórnar um þetta efni. Enginn rökstuðningur. Og hann hefur ekki komið fram enn. Rökstuðningur fyrir þessu máli hefur ekki komið fram enn. Hann hefur ekki heyrst frá hæstv. umhvrh., ekki það ég hafi fest eyra við eða náð að nema hann. Hvað þá frá hæstv. heilbrrh. sem ég held að fram til þessa hafi lítið um málið sagt. Það kann að vera að ráðherra hafi talað við 1. umr. Ég tek það fram að ég var utan þings, varamaður minn sat á Alþingi þegar málið var til 1. umr. þannig að ég vil ekki fullyrða mikið um það efni án þess að athuga umræðuna.

En það má bæta um betur því að svo vel vill til að hæstv. heilbrrh. er viðstaddur. Það er á hans valdi og hans ábyrgð meira en nokkurs annars að þetta mál er hér fram komið og þessi tillaga. Hann er auðvitað sá ráðherra sem á að standa hér reikningsskil gerða sinna og rökstyðja þetta mál, enda vænti ég þess að hæstv. ráðherra geri það í umræðunni á eftir, sýni okkur fram á það hvaða ástæður lágu fyrir því að ráðherrann taldi nauðsynlegt að grípa á þetta ráð, að handsala þessari *stofnun í heild sinni yfir til hæstv. umhvrh.* Stofnun sem varðar gildan þátt í málasviði heilbrrn. og er auðvitað nátengd þessu eins og menn átta sig á ef þeir lesa lögin og þær reglugerðir sem til heyra sem er nátengd þeirri starfsemi sem varðar heilbrigði mannsins. Það er það sem verið er að fjalla um hér og á allt í einu að fara að setja undir hæstv. umhvrh. Sá sem nú er hefur að vísu áhuga á mörgum sviðum og e.t.v. á innyflum manna ekki síður en hunda, samanber það sem hann hefur fjallað um hreinsun þeirra, bæði fyrr og síðar. Hæstv. umhvrh. getur vel út af fyrir sig sem einstaklingur haft áhuga á þessum málaflokki en ég undrast það stórlega að hann skuli hafa tekið við þessum kaleik frá hæstv. heilbrrh. og mig grunar að það séu einhver vélabrögð í tafli af hálfu hæstv. heilbrrh. og kannski hafi legið fiskur undir steini ykkar ráðherranna að plata hæstv. umhvrh. til þess að fara að taka við matvælasviðinu í heild sinni, matvælaeftirlitinu, hollustuháttum að því er snertir manninn. (Gripið fram í.) Og ekki hefur hæstv. umhvrh. fundið nein rök fyrir því og hvers vegna hann tók við þessum kaleik frá hæstv. heilbrrh.

Ég hef heyrt einhverja skýringu utan þings sem ég veit ekki hvort styðst við nokkur rök en hún tengdist eitthvað þörfinni á að skipa nýja stjórn fyrir Hollustuvernd ríkisins og það hafi eitthvað verið að bögglast hjá hæstv. ráðherrum hvernig ætti að ráða fram úr þeim málum. Mér skilst að það hefði þurft að gera fyrir áramót, ef ég man rétt. Ég ætla ekki að fara að rifja það upp í þessum stól. Það gæti verið viðkvæmt hvernig á þeim málum var haldið. Ég ætla ekki að fara að tengja það þessu máli því auðvitað erum við ekki að líta á þetta mál út frá hentugleikum Alþfl. eða hentugleikum þessara hæstv. ráðherra. Við erum að líta á þessa tillögu út frá efni máls, hvort hér er skynsamleg tillaga á ferðinni, hvort hér er skynsamlega ráðið málum og því miður sýnist mér að svo sé ekki.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp langt til baka hugmyndir og umræður um þörfina á stofnun umhvrn. hér í landi. Ég tel mig hafa komið nokkuð að því máli fyrr á árum og margir áttuðu sig á því á sjöunda áratugnum að brýn þörf væri á því að koma slíku ráðuneyti umhverfismála á fót. — Nú vantar mig, virðulegur forseti, framsögumann meiri hluta allshn. og formann nefndarinnar í þingsal því ég þarf aðeins að eiga orðastað við formann nefndarinnar og framsögumann meiri hluta allshn.

(**Forseti** (GunnS): Nú gerir forseti ráðstafanir til þess að athuga hvort hv. 6. þm. Reykv. geti verið hér viðstaddur.)

Ég vænti þess að úr því rætist fljótlega.

Þá er best á meðan hv. þm. er ekki kominn í sal að fjalla svolítið nánar um þann lagabálk um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit sem hæstv. umhvrh. er nú að yfirtaka og ráðuneyti umhverfismála, lögin um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. 1. gr. í frv. sem við ræðum hér er að umhvrn. fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögunum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit. Um hlutverk stofnunarinnar er fjallað í upphafi laganna og í 2. gr. er síðan um það fjallað hvernig best sé að *stuðla að framkvæmd laganna og þar segir*, með leyfi forseta:

„Til þess að stuðla sem best að framkvæmd laga þessara setur ráðherra heilbrigðisreglugerð eða reglugerðir um atriði, þar með talið eftirlit, sem sérlög ná ekki yfir, og gilda þær fyrir allt landið, lofthelgi og landhelgi.

Í heilbrigðisreglugerð skulu vera almenn ákvæði um:

1. Hreinlæti og þrifnað utanhúss.
2. Neysluvatn, vatnsból, vatnsveitur og baðvatn.
3. Salerni og frárennsli.“ — Þetta er komið á málasvið hæstv. umhvrh., útikamrar vonandi líka.

„4. Meðferð og eyðingu sorps og annars úrgangs.

5. Meindýr og eyðingu þeirra svo og ónytjadýr, vargfugla og aflífun þeirra.

6. Íbúðarhúsnæði.

7. Gistihús, matsöluhús og aðra veitingastaði.

8. Matvæli og aðrar neyslu- og nauðsynjavörur, svo og húsakynni, tæki og allt er snertir matvælaframleiðslu og matvælaiðnað, þar með talin notkun aukaefna í matvæli, matvörugeymslur og matvæladreifing, sbr. og reglugerð nr. 250/1976, ásamt síðari breytingum.

9. Matvælaeftirlit og efna- og gerlafræðilegar rannsóknir vegna þess.

10. Meðferð og notkun matvæla og annarra neysluog nauðsynjavara, sem ekki uppfylla settar reglur.

11. Skóla og aðra kennslustaði.
12. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur."

Það er ekki lítið sem — (**Gripið fram í:** Það er ekki eftir litlu að slægjast.) Það er ekki eftir litlu að slægjast. Það er ekki lítið sem hæstv. umhvrh. færist í fang. Hann er kominn inn í hvert einasta náðhús í landinu, inn á hverja einustu nuddstofu, og hverja einustu snyrtistofu með vald sitt og réttindi til að setja reglugerðir. Hæstv. ráðherra hefur sýnt að hann er tilþrifamaður og hefur gripið til ýmissa ráða með skjótum hætti sem hefur leitt af sér aftur titring hér og þar, t.d. þegar hann tók upp á að stytta skottíma á rjúpunni. Hver veit nema hann eigi eftir að gera allróttækar ráðstafanir í sambandi við náðhús í landinu að svo miklu leyti sem Evrópubandalagið hefur ekki tekið af honum ómakið eins og rifjað var upp á föstudaginn var þegar farið var yfir sviðið í sambandi við aðgreiningu kynja í notkun náðhúsa. Þannig að það er nú þegar komið í EES-pakka tvö og ómakið tekið af hæstv. umhvrh. — En svo bætum við hér við:

„13. Barnaheimili, upptökuheimili og leikvelli.
14. Heilbrigðisstofnanir, stofnanir fyrir þroskahefta, drykkjusjúka og tilsvarandi, lækningastofur, dvalarheimili fyrir aldraða, skv. lögum þar um og aðrar slíkar stofnanir." — Allt saman reglugerðarákvæði sem hæstv. umhvrh. á auðvitað að fjalla um.

„15. Íþróttastöðvar, íþróttahús, sundhallir, sundlaugar, baðhús, gufubaðstofur og almennir baðstaðir og því um líkt." — Þarna er meira að segja svigrúm „og því um líkt". (**Umhvrh.:** Þarna er líka um skipulagsmál að ræða.) Hæstv. umhvrh. sér til hressingar kallar framm í til að minna á það að auk þess hafi umhvrn. skipulagsmálin. Þau vil ég ekkert frá hæstv. ráðherra taka. (**Umhvrh.:** Það fellur vel að þessu.) Hann ætlar kannski að fara að færa deiliskipulagsreglur inn í þessa króka og kima sem hér eru upp taldir gera það að hluta af deiliskipulagi fyrst hann vill tengja þessa umræðu skipulagsmálum. En hér bætist síðan við:

„16. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
17. Samkomuhús, þar á meðal kirkjur." — Svo prestarnir mega nú fara að vara sig.

„18. Kirkjugarða, líkhús og bálstofur, svo og meðferð líka.
19. Báta og skip, vélknúin ökutæki, flugvélar og því um líkt.
20. Gripahús og alifuglabú.
21. Hávaða, titring, hitastreymi og óþef, m.a. frá hvers konar starfsemi og farartækjum." — Þar erum við nú komin nær mengunarsvæðinu sem þegar heyrir undir hæstv. umhvrh.

Síðar í þessari upptalingu er einnig nefnd þátttaka heilbrigðisnefnda í sóttvörnum og framkvæmd þeirra.

Þetta er aðeins til að minna á það hvaða málasvið það eru sem hæstv. heilbrrh., sem ræður yfir því ráðuneyti sem er ætlað að gæta að heilbrigði mannsins og því sem henni tengist, er að færa frá sínu ráðuneyti, frá valdsviði heilbrrh. á meðan þau lög gilda ef þetta verður lögfest. Hér er því ekki um neina smávegis tillögu að ræða. Það er ekki bara verið að færa eina stofnun sem slíka til heldur lagabálka sem varða þessa stofnun og þau málasvið sem þar til heyra. Og með þeim reglum og því regluverki og reglugerðum sem Evrópubandalagið mun gera kröfur til að Íslendingar setji á hinum einstöku sviðum þá er verið að færa ansi marga þætti yfir til hæstv. umhvrh., til umhvrn., til þess að sýsla við. Þar mun auðvitað reyna á það ráðuneyti hvað snertir mannafla, getu og fjármuni í þessu sambandi.

Ég vil biðja hæstv. heilbrrh. um að skýra það fyrir okkur hvernig hann rökstyður það að vera að afsala ráðuneyti sínu, ráðuneyti heilbrigðismála, þeim þáttum sem snúa mjög náið að manninum, mannlegri heilbrigði og eftirliti með umsvifum sem tengjast heilbrigði manna og þar sem m.a. læknum er ætlað að koma við sögu í ríkum mæli og heilbrigðisstéttum sem heyra undir ráðuneyti viðkomandi hæstv. ráðherra.

Ég vil beina þeim tilmælum til hv. 6. þm. Reykv., formanns allshn., að greina hér frá því með skýrari hætti en fram hefur komið hvaða ástæðu hún sér til þess að fara að styðja mál af þessum toga. Hvaða vit henni finnst vera í því að færa þætti frá heilbrrn. sem snerta þessi mál yfir til umhvrn., eins og hér er gert ráð fyrir.

Ég hef alla tíð verið stuðningsmaður þess að mengunarþátturinn sem heyrði undir lögin um hollustuvernd og heilbrigðiseftirlit færi yfir til umhvrn. og benti á það áður fyrr að það þyrfti að fara yfir þessa löggjöf, greina það hvað væri eðlilegt að leggja til umhvrn. af þessu málasviði og hvaða þáttum ætti að halda innan heilbrrn. Það þyrfti sem sagt að vanda málsmeðferðina áður en ákvarðanir yrðu teknar um hvað tilheyrði hvoru ráðuneyti fyrir sig. Og ég tel að þessi greining sem við höfum hér verið að ræða um og við ræddum um hér oft fyrr á árum sé ekki skynsamleg miðað við skiptingu á meðan við viðhöldum sérstöku heilbrrn. eins og við gerum í landinu.

Á þeim tíma sem við fjölluðum um þessi mál fyrr á árum voru m.a. í aðdraganda að stofnun umhvrn. fluttar margar tillögur. Ég lagði fram till. til þál. um úrbætur í umhverfismálum og náttúruvernd árið 1986. Tillagan var í tíu liðum og leyfi ég mér að vitna til hennar. Í 3. tölul. þeirrar tillögu sagði:

„Endurskoðuð verði lög nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, m.a. til samræmis við nýja löggjöf um mengunarvarnir og breytta yfirstjórn umhverfismála."

Í rökstuðningi í greinargerð með þessari tillögu, sem fleiri þingmenn Alþb. stóðu að, sagði, með leyfi forseta:

„Við nefnda endurskoðun laganna, sem væntanlega er nú unnið að á vegum stjórnvalda," — því það var í samningi stjórnvalda á þessum tíma — „er nauðsynlegt að hafa í huga þá endurskipan stjórnsýslunnar sem fjallað er um í 1. lið tillögunnar." — Þ.e. stofnun umhvrn. — „Í tíð síðustu ríkisstjórnar kom í ljós verulegir annmarkar á núv. skipan í sambandi við undirbúning að umhverfisráðuneyti."

Í því sambandi vil ég nefna það að í tíð ríkisstjórnar Gunnars Thoroddsens á þeim tíma þegar Svavar

Gestsson fór með heilbrrn. var af hans hálfu fjallað mikið um þetta mál og hann lagði á það áherslu að reyna að hjálpa til við stofnun umhvrn. og á hans vegum störfuðu nefndir, fleiri en ein. Ein þeirra var skipuð Árna Reynissyni, Eysteini Jónssyni og Gunnari G. Schram. Og ef ég man rétt þá lagði sú nefnd til að það yrði farið nokkuð róttækt í að færa þetta málasvið yfir. En önnur nefnd, sem ráðherra setti til starfa í þessu sambandi, skipuð Stefáni Thors og Ingimar Sigurðssyni, varaði við og lagðist gegn því að það yrði gert. Það væri fróðlegt að fara yfir þau rök sem þá voru fram sett og bárust þáv. hæstv. heilbr.- og trmrh. á árinu 1982, m.a. frá þessum nefndum sem voru ekki sammála í þessum efnum enda tókst ekki að koma málinu áfram með þeim hætti sem æskilegt hefði verið á þeim tíma.

Ég nefni líka í þessu samhengi, virðulegur forseti, tillögu sem samþykkt var á Alþingi á árinu 1989 um manneldis- og neyslustefnu sem borin var fram af heilbrrh. á þeim tíma, þáv. hæstv. heilbrrh., fyrst af Ragnhildi Helgadóttur og síðar af Guðmundi Bjarnasyni sem við tók, og fjallað var um af þáv. líklega félmn. Ég man ekki betur en að við hv. þm. 6. þm. Reykv., það kann að vera misminni, hefðum komið að því máli á þeim tíma. Alla vega áttum við ágætt samstarf í félmn. um skeið í sambandi við stefnumörkun í heilbrigðismálum til ársins 2000 og mikil vinna var lögð í þau efni. En um svipað leyti var fjallað um manneldis- og neyslustefnu þar sem gert var ráð fyrir ákveðnum atriðum. Í upphafi, með leyfi forseta, segir:

„Alþingi ályktar að leitast skuli við á árunum 1990–2000 að *ná fram meginmarkmiðum í þeirri* manneldis- og neyslustefnu sem heilbrrn. og Manneldisráð hafa lagt drög að og felur m.a. í sér eftirfarandi:

Að fæðuval sé fjölbreytt og kjarngott, að neysla hvers einstaklings miði að því að viðhalda æskilegri líkamsþyngd, að neysla kolvetna sé aukin, einkum úr grófu korni, kartöflum, grænmeti og ávöxtum, en sykurneysla minnki til muna, að hvíta eða prótein verði áfram ríkuleg í fæðu landsmanna, að dregið verði úr neyslu fitu, einkum mettuðum fituefnum, að takmarka saltnotkun og neyslu saltmetis."

Mér þykir trúlegt að með þessari breytingu sem hér er um rætt þá færist áherslur á þessu sviði frá heilbrrn. yfir til umhvrn., a.m.k. að því er varðar íhlutun Hollustuverndar ríkisins, þess hluta sem nú heyrir undir heilbrrn. og ætlað er að flytja yfir til umhvrn. Ég efast um að það sé skynsamleg stefna eins og mál nú standa ef litið er til heilbrrn. sérstaklega að fara að veikja það ráðuneyti með því að taka þessa þætti frá því og flytja þá yfir. En hver er vinningurinn fyrir umhvrn.? Við skulum þá aðeins koma að því. Hver er vinningurinn eða öllu heldur hver er áhættan fyrir umhvrn. að taka við þessum málaflokki? Ég held að það felist ekki síst í því að vísað verður til þess að með þessari tilfærslu hafi umhvrn. fengið talsvert stóran skammt, aukin verkefni og umsvif, og erfiðara verði fyrir ráðuneytið í framhaldinu að fá fjárveitingar og stuðning við tilfærslu á sviðum sem eru þýðingarmeiri, verkefni sem hafa raunverulega þýðingu fyrir umhvrn. að taka við og fá undir sína stjórnsýslu. Það held ég að sé kannski það tvísýnasta fyrir umhvrn. Þess vegna hefði ég talið að hæstv. umhvrh. hefði átt að doka við, *láta athuga þessi mál mun betur* og leita eftir sviðum til styrkingar sínu ráðuneyti sem meiri akkur væri í heldur en að yfirtaka Hollustuvernd ríkisins í heild sinni.

Í þessu sambandi, virðulegur forseti, væri vert að ræða svolítið um uppbygginguna á okkar stjórnsýslu, á okkar ráðuneytum og stofnunum undir þeim. Mín skoðun er sú í þeim efnum, svo ég þjappi því saman í stutt mál, að velflest ráðuneytin séu til muna of veikburða sem stjórnstöðvar hvert á sínu málasviði. Og að menn hafi gengið allt of langt í því á undanförnum árum að veikja ráðuneytin, líta á það sem pólitískt keppikefli að sýna þar fram á niðurskurð og sparnað. Auðvitað hefur verið ýtt á eftir því á Alþingi Íslendinga oft með heldur frumstæðum hætti þannig að ráðherrar sem kannski hafa ekki velt mjög mikið fyrir sér hvernig æskilegt væri að halda á þessum málum hafa látið undan og ekki gætt þess að efla sín ráðuneyti með þeim hætti að þau geti nýst sem þær stjórnstöðvar sem þau þurfa að vera. Í staðinn hefur það gerst að uppbygging stofnana undir ráðuneytunum hefur haft meiri hljómgrunn og reynst auðveldari innan stjórnkerfisins, innan Stjórnarráðsins t.d. gagnvart fjmrn., að fá stuðning við viðbætur í stofnunum. Niðurstaðan hefur orðið sú í mörgum tilvikum að ráðuneytin eru í rauninni ófær um stefnumörkun á sínu málasviði og geta ekki viðhaldið nauðsynlegum tengslum við stofnanir sínar sem undir þær heyra. Þá hefur verið gripið til þess ráðs oft á tíðum að setja upp stjórnir yfir stofnanirnar. Stjórnir skipaðar með ýmsum hætti, oft og yfirleitt pólitískt, og dæmi um það er einmitt stjórn Hollustuverndar ríkisins sem hefur verið að vasast í málefnum þessara stofnana. En heilbrrn. sem húsbóndi hefur skipt sér sáralítið af stofnuninni og ekki byggt sig upp til að geta haldið utan um málefnin og tryggt þarna tengsl á milli eins og nauðsynlegt er.

Ég nefni þessi dæmi hér. Þau eru nátengd því sem við erum að ræða. Í þessum efnum hefur verið rangt á haldið og við þurfum að breyta til í þessum málum þannig að ráðuneytin fái að ná ákveðinni lágmarksstærð til að þau verði fær um að vera þær stjórnstöðvar í sínum málaflokki sem þau eiga að vera. En það á ekki að gerast með því að þau eigi að fara að taka yfir málefni stofnananna. En þau þurfa að geta tryggt það að geta veitt faglega og pólitíska leiðsögn og eftirlit og tryggja það að hinn pólitíski vilji fái með eðlilegum hætti notið sín einnig í þeim stofnunum sem undir ráðuneytin heyra. *Það gerist ekki með þessari tillögu* sem hér er á ferðinni, því miður. Hún beinist ekkert að því. Þar á að viðhalda því kerfi sem hér er samkvæmt lögunum varðandi Hollustuvernd ríkisins, á því er ekki að verða nein breyting, því miður.

Ég veit ekki hve mikið þeir hafa hugsað um þetta, núv. hæstv. heilbrrh. og núv. hæstv. umhvrh. En ég hvet þá til þess að hugleiða þessi mál og ég spyr hv. 6. þm. Reykv. hvaða viðhorf þingmaðurinn hafi til þeirra

mála er varða uppbyggingu ráðuneyta og stofnana og spurninguna um stjórnir yfir þeim eða eftirlit sem rækt yrði embættislega frá ráðuneytunum sjálfum.

Það er dálítið athyglisvert, virðulegur forseti, að hv. 6. þm. Reykv. skuli gerast talsmaður þessarar breytingar sem hér er. Í því sambandi minni ég á það að Sjálfstfl. streittist á sínum tíma mjög lengi og ákveðið gegn því að hér yrði stofnað umhvrn. og varð þess valdandi í raun að á því varð sá dráttur sem sagan sýnir. Það tók ein 15 ár frá því að málið komst á dagskrá árið 1975 þangað til þetta ráðuneyti varð til 1990. Það var fyrst og fremst verk Sjálfstfl. Alþfl. beitti sér sáralítið í þessum málum, ef ég man rétt, og hefur til skamms tíma látið sig umhverfismál fremur litlu skipta. Haft óljósa ef nokkra stefnu á því sviði og mætti um það margt segja en ég ætla ekki að fara að rekja þá sögu sérstaklega. Framsfl. var miklu nær því að taka undir þetta að vissu marki og flutti m.a. tillögur um þetta, að vísu ekki um stofnun ráðuneytis heldur um samræmda heildarstjórn umhverfismála og var kannski ekki á ósvipaðri slóð lengi vel og Sjálfstfl. í þessum efnum og átti að vissu leyti sinn þátt í þeim drætti sem á því varð að koma umhvrn. á fót.

Þetta litla umhvrn. sem við nú höfum er mjög fámennt, ræður yfir allt of litlum mannafla til þess að sinna þeim málaflokkum sem nú þegar heyra undir ráðuneytið og er deildarskipt í tvær skrifstofur. Undir þessum skrifstofum eru síðan deildir og það er fróðlegt, virðulegur forseti, að virða fyrir sér þessa deildarskiptingu núverandi umhvrn. eins og að því er búið. Þar er langstærsta deildin fjármála- og rekstrardeild með fimm manns innan sinna vébanda, lögfræðideild með tvo starfsmenn, upplýsinga- og fræðsludeild með tvo starfsmenn, náttúruverndar- og vísindadeild með aðeins einn einasta starfsmann, og heitir deild. Mengunarvarnadeild, hvað ætli það séu margir þar? Þar er einn, einn einasti starfsmaður í þeirri deild ráðuneytisins. Mælingar-, skipulags- og byggingardeild, og hæstv. umhvrh. nefndi hér skipulagsmálin sérstaklega, hvað ætli þar séu margir að verki? Það er einn maður samkvæmt yfirliti frá því fyrir líklega mánuði eða svo sem ég fékk frá ráðuneytisstjóra umhvrn. Og alþjóðadeild með tveimur stafsmönnum. Þegar allt er talið eru þarna starfandi eitthvað nálægt 15 manns og er þá held ég talið allt fastráðið starfsfólk í umhvrn. sem á að fjalla um þetta mikla svið.

Mín ráð til hæstv. umhvrh. eru þau að hann reyni að efla þá starfsemi sem er fyrir í ráðuneytinu, reyni að vinna skilning innan núv. ríkisstjórnar að svo miklu leyti sem það er einhver von að á því fáist skilningur að það þurfi að efla ráðuneytið sem stjórnstöð til þess í rauninni að geta valdið þeim þýðingarmiklu málaflokkum sem eru innan ráðuneytisins og geta haft eðlileg tengsl og samband við þær stofnanir sem undir ráðuneytið heyra. En það vantar mikið á að svo sé. Þetta hefur endurspeglast m.a., sem ekki er út af fyrir sig að furða, í þeim frv. sem frá ráðuneytinu hafa komið og Alþingi hefur þurft að umturna og umbylta. Menn hafa talið að það væri vissulega nokkuð óvanalegt því það hefur þurft að gera breytingar með góðri vinnu í þingnefnd, sem ekki skal út af fyrir sig þökkuð sérstaklega enda skylda þingnefnda að fara sem best yfir mál og breyta því sem til þeirra kemur, en það endurspeglar þann veikleika sem er á faglegum vinnubrögðum og kannski tíma sem þessir fáu starfsmenn í ráðuneytinu hafa til að sinna þeim verkefnum sem þeim er ætlað.

Ég þykist vita að það sé mikið álag á því fólki og ekki ólíklegt að það komi niður á verkunum þegar þannig er að ráðuneytinu búið eins og ég er að vitna til. Ég óttast það að þegar Hollustuvernd ríkisins með Matvælaeftirliti bætist hér við þá auðveldi það ekki hæstv. umhvrh., hver sem hann verður á næstunni, að fá stuðning við uppbyggingu ráðuneytisins, sem er alveg bráðnauðsynleg og brýn, ásamt því að fá undir ráðuneytið ákveðin málasvið sem liggja nú í öðrum ráðuneytum en ættu að falla undir umhvrn. og ég hef iðulega minnst á í umræðu um þessi mál áður og ætla ekki að lengja mál mitt með því að fara að vitna til þess sérstaklega.

Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh., sem vafalaust á eftir að flytja sitt mál í þessari umræðu: Leitaði hæstv. heilbrrh. fanga erlendis? Athugaði hann hvaða skipan er höfð á þessum málum í nágrannalöndum okkar? Ekki vegna þess að það sé eitthvað óhjákvæmilegt að apa eftir eða fylgja í öllum greinum, heldur er nauðsynlegt við skoðun mála að hyggja að því hvernig á slíkum málum er haldið alþjóðlega og sérstaklega í þeim löndum sem næst okkur standa í stjórnsýslu og hvað snertir stærð, þó stærri séu, þar sem eru hin Norðurlöndin t.d. Alveg sérstaklega hefði verið þörf á því í aðdraganda málsins að fara yfir löggjöfina, sem er verið að færa yfir, sem stofnunin Hollustuvernd ríkisins byggist á áður en farið er að flytja málaflokkinn í heild sinni. Við nákvæma skoðun gætu verið fleiri mál á sviði Hollustuverndar ríkisins en mengunarvarnasviðið sem gætu heyrt með eðlilegum hætti undir umhvrn. En sú skoðun hefur ekki farið fram og rökstuðningurinn liggur ekki fyrir eins og þörf væri á.

Það er verið að gagnrýna hér þessi flaustursiegu vinnubrögð sem eru viðhöfð í sambandi við þetta mál sem mikil þörf hefði verið á að vanda. Ég lýsi því eftir skýrari rökum og rökstuðningi viðkomandi ráðherra fyrir því sem lagt er til í þessum efnum og alveg sérstaklega þess ráðherra sem ber ábyrgð á þessu máli öðrum fremur sem er hæstv. heilbrrh. Ég ætla, virðulegur forseti, um leið og ég vara við þeirri breytingu sem hér er verið að lögfesta með óvönduðum hætti að óska eftir því að þeir geri nánari grein fyrir því í umræðunni.

[22:48]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kem ekki í þennan ræðustól til að kenna hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni mannasiði. Hins vegar verð ég að segja það að ég hef ævinlega álitið þann ágæta þingmann allt of gildan og merkan þingmann til að falla í farýjanna og dylgna eins og hann gerði hér áðan. (**Gripið fram í:** Ýjanna og dylgna?) Ég get ekki orðað öðruvísi en svo þau um-

mæli sem hv. þm. lét hér falla um skipan í stjórn Hollustuverndar ríkisins sem hann vildi tengja þessum flutningi. Það var ekki hægt að skilja mál hans öðruvísi og það kalla ég dylgjur sem þingmanninum er ekki sæmandi.

Hv. þm. hefur sömuleiðis kallað flutning þessa frv. flausturskennd vinnubrögð, handahóf. Þá er vert að rekja þetta mál til uppruna síns. Hvaðan koma mönnum þær hugmyndir í koll sem hér eru fluttar í formi frv.? Þær, virðulegur forseti, eru sprottnar úr margítrekuðum álitsgerðum stjórnar Hollustuverndar. Síðast á fundi þann 14. apríl á síðasta ári og reyndar síðar lúta álitsgerðir stjórnar Hollustuverndar ítrekað að þessu. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta: „Lögð er áhersla á að í stað þess að kljúfa stofnunina verði hún sett öll undir umhvrn. Ákveðið var að árétta þessa afstöðu stjórnar bréflega til heilbrrh. og umhvrh. og er það hér með gert.“ Undir þetta ritar stjórnarformaður Hollustuverndar ríkisins.

Þetta eru hin handahófskenndu vinnubrögð. Það er með öðrum orðum stjórn stofnunarinnar sem beinlínis fer þessa á leit. Ég get ekki fallist á það, virðulegur forseti, að þetta séu handahófskennd vinnubrögð.

Virðulegur forseti, vegna þess að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gat þess réttilega að það væri nauðsynlegt að styrkja ráðuneyti sem stjórnstöðvar vildi ég leyfa mér að benda á að í dag er það óneitanlega veikt þegar fagleg stjórn einnar tiltekinnar deildar eins og innan Hollustuverndar er undir einu ráðuneyti en hið fjármálalega vald undir öðru. Auðvitað styrkir þetta umhvrn. sem stjórnstöð.

[22:51]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ansi djúpt á rökunum hjá hæstv. umhvrh. í málinu. Hann vinnur sér til hægari verka að vitna til álitsgerðar frá stjórn Hollustuverndar ríkisins sem hann greinilega gerir að sinni sem einfaldlega leggur það til að stofnunin í heild sinni verði flutt. Eru það nú vinnubrögð. Eru það nú vinnubrögð að koma hér upp og vitna til þessa eins en flytja ekki nein fagleg rök fyrir því sem hér er verið að gera. Hæstv. ráðherra bætti ekki nokkrum sköpuðum hlut við það sem áður hefur fram komið í þessu máli. Svaraði engu þeirri efnislegu gagnrýni og ábendingum sem fyrir liggja í málinu. Því miður.

Stjórn Hollustuverndar ríkisins kann að hafa verið að gefast upp fyrir þeim aðstæðum sem hún hefur búið við. Það getur hafa verið full þörf á því einmitt að fara yfir lögin um Hollustuvernd, skipan Hollustuverndar sem stofnunar og fyrirkomulag. Það áttu ráðuneytin að gera og alveg sérstaklega heilbrrn., að láta slíka athugun fara fram áður en slík tillaga væri fram borin án nokkurs rökstuðnings eins og fram kemur í þessu frv. eða réttara sagt rökstuðnings sem ekki kemur fram í þessu frv. og hefur ekki komið fram í þessu máli. Það er bara af því bara.

[22:53]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef litið svo á að í ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar fælist ósk um það að inn í ráðuneytin kæmu fleiri menn sem væru sérfróðir um hin ýmsu mál sem undir þau heyra. Hann er sérfræðitrúar, ég er það líka. Ég er „teknókrat“ eins og hann er. Ég tel þess vegna að það eigi að taka mark á fólki sem þekkir til að mynda störf Hollustuverndar út í hörgul, þ.e. yfirstjórnendur stofnunarinnar. Þeir eru þessarar skoðunar. Ég tel fráleitt að gera lítið úr því eins og hv. þm. gerði áðan.

Jafnframt, virðulegur forseti, vil ég koma á framfæri þeirri skoðun minni að stjórnmálamenn mega ekki láta stjórnast af ótta. Ég sá ekki betur en að afstaða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar í þessu máli stjórnaðist af ótta. Óttanum við það að ef þessi stofnun yrði flutt yfir til umhvrn. þá mundi hún girða fyrir að hægt væri að flytja þangað aðrar stofnanir sem sömuleiðis með réttu lagi ættu frekar heima þar heldur en annars staðar. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé nokkurt samband þar á milli. Það að flytja Hollustuvernd ríkisins yfir til umhvrn. kemur alls ekki í veg fyrir að aðrar stofnanir sem menn kunna að telja að eigi að vera þar flytjist þangað líka. Þessi afstaða byggist þess vegna á óttanum. Ég er hins vegar ekkert hræddur.

[22:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ekki komið að því að hæstv. heilbrrh. skýri málin því auðvitað er það hann sem ber ábyrgð á því sem hér er verið að leggja til og er komið til 2. umr. Það er hans mál fyrst og fremst. En ég vil nefna það sem hefur komið fram áður að vísu að ýmsir af þeim sem umhvn. og heilbrn. ræddu við um þetta mál, þar á meðal forstöðumaður matvæladeildar Hollustuverndar, töldu að hér væri ekki stefnt í rétta átt, hér væri ekki skynsamlega á máli haldið og sama mátti heyra hjá ráðuneytisstjóra heilbr.- og trmrn., mjög eindregið. Páll Sigurðsson, sá reyndi ráðuneytisstjóri, (**Umhvrh.**: Og góði krati.) sagði það mjög umbúðalaust — og góði krati, segir hæstv. umhvrh. — ekki hef ég nú farið í það að draga hann í dilka pólitískt. (**Umhvrh.**: Hann var bæjarfulltrúi Alþfl. í Reykv.) Hann var. Þá er það upplýst hér með frammíkalli hvenær hann tengdist þar en ekki ætti það að gera ráð hans veigaminni í huga viðkomandi hæstv. ráðherra. En hann varaði við þessu skrefi eða taldi það ekki horfa til betri vegar. Sama mátti vissulega heyra á landlækni og héraðslækninum að norðan, Ólafi Oddssyni, sem kom á fund nefndarinnar. Þetta eru menn sem horfa á málið hver frá sínum sjónarhóli en eru nátengdir þessum málaflokki. Og faglega tengdari þessu heldur en stjórn Hollustuverndar ríkisins.

[22:57]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég get auðvitað ekki svarað fyrir alla þá hv. þm. sem styðja þetta mál. En það mætti kannski spyrja fleiri um álit. Hvað með t.d. formann Alþb., hv. þm. Ólaf Ragnar Grímsson, sem á sæti í umhvn. en skrifar þó ekki undir þetta minnihlutaálit frá nefndinni? Ég vil mótmæla því að það hafi verið um

að ræða flaustursleg vinnubrögð varðandi meðferð málsins í allshn. þar sem málið var sent til faglegrar umfjöllunar hjá tveimur þingnefndum sem óskuðu eftir að fá málið. Það er frekar óvanalegt um stjfrv.

Ég vil hins vegar segja að það er að sjálfsögðu von okkar í meiri hluta allshn. að vel takist til og auðvitað þarf að gæta vel að markmiðum starfsemi Hollustuverndar. Ég tek undir mikilvægi þess. Varðandi ráðuneytin þá er það líka rétt að það er stundum umhugsunarefni hvaða málaflokkar eiga helst að heyra undir hvert ráðuneyti en breytingar hafa orðið og breytingar eru gerðar. Ég nefni sem nýlegt dæmi flutning barnaverndarmála, sem er stór málaflokkur, frá menntmrn. til félmrn.

[22:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég dreg ekkert í efa það sem kom nú fram hjá hv. 6. þm. Reykv., þ.e. að allshn. undir hennar forustu hafi lagt sig fram um að líta á málið og kalla eftir sjónarmiðum. En mér fannst búa mjög lítill sannfæringarkraftur á bak við tillögurnar í máli hv. þm. eins og hún flutti það áðan og reyndar fyrr í sambandi við þessa umræðu. Mig grunar að í rauninni sé ekki rík sannfæring hjá þingmanninum og mörgum fleirum sem hafa þó látið sig hafa það að taka undir þessa tillögu sem frá Alþfl. er runnin, alþýðuflokksráðherrunum tveimur.

Auðvitað mátti heyra áhyggjurnar hjá hv. 6. þm. Reykv. Áhyggjurnar um það hvort hér væri í rauninni verið að stefna í rétta átt. Ég skynjaði það svo og ég deili þeim áhyggjum. En við skulum vona ef þetta verður að lögum að það fari ekki á hinn versta veg. Ég er ekkert að segja að það þurfi að gerast einhver stórslys. En ég tel að það sé afar misráðið sem hér er verið að ákveða.

[23:00]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Í gegnum árin þegar ég hef fylgst með störfum Alþingis og málflutningi einstakra þingmanna hefur mér virst af orðfæri nokkurra þeirra að þeir hafi sérstakan áhuga á vexti og viðgangi umhvrn. sem er þó ekki orðið gamalt að árum. Meðal þeirra þingmanna sem þannig hafa talað eru þeir hv. þm. sem hér hafa farið talsvert mikinn í umræðunni, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson annars vegar og hv. þm. Kristín Einarsdóttir hins vegar. Í einfeldni minni hugði ég að þessir hv. þm. sem ég nefndi til sögu yrðu vafalaust eitilharðir og einlægir stuðningsmenn eflingar umhvrn. á borð við þá sem hér er verið að leggja til og væntanlega verður lögfest. En öðruvísi mér áður brá. Og stundum er það nú þannig, virðulegur forseti, í stjórnmálum og kannski allt of oft að menn tala á einn veg þegar ákvarðanir eða afstaða er langt undan og menn geta rætt vítt og breitt um málin eins og það heitir, velt upp ýmsum kostum, lýst ýmsum lausum viðhorfum, en hrökkva síðan undan þegar til kastanna kemur.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson rifjaði það upp í alllöngu máli þegar fyrirrennari minn í heilbr.- og trmrn., ég hygg að hann hafi tilgreint árið 1982, þegar hv. núv. þm. Svavar Gestsson setti einar tvær nefndir í að skoða þætti því tengda sem hér er um að ræða. Það mál komst ekki áfram, orðaði hv. þm. það efnislega. Það komst hins vegar áfram árið 1989 og er hér í kvöld og væntanlega kemst þetta sama mál, sem komst ekki áfram 1982 í tíð þáv. heilbr.- og trmrh., á næstu dögum markverð skref áfram. Með öðrum orðum er hér verið að efla þetta umhvrn. sem svo margir hafa í orði kveðnu talið nauðsynlegt að fái eðlilegan vöxt og viðgang, fái aukin verkefni og vægi í heimi þar sem menn hafa sannarlega í auknum mæli ástæðu til þess að skoða þá málaflokka sem nærri því ráðuneyti liggja.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, rifjaði það líka upp áðan og gaf einstökum stjórnmálaflokkum einkunn í því sambandi. Flestir fengu nú heldur bága einkunn ef ég hef skilið hann rétt þegar kom að áhuga stjórnmálaflokka á umhverfismálum og sögu þeirra hvað varðar stofnun og síðan væntanlega vöxt og viðgang sérstaks umhverfisráðuneytis. Þá aftur hlýt ég að undrast það mjög, virðulegur forseti, hvernig á því geti staðið að þessi sami þingmaður og kollegi hans, virðulegur þingmaður Kristín Einarsdóttir, séu þeir tveir þingmenn sem standi hér upp og geri flest sem í þeirra valdi stendur til að tefja fyrir og bregða fæti fyrir að verkefni verði í raun og sanni flutt til þessa sama umhvrn. Það er auðvitað eftirtektarvert og menn munu rifja það upp síðar meir. Ekki meira um það, virðulegur forseti.

Hitt vil ég segja að seint komast menn að einhverjum stórum sannleik um það hvernig stjórnsýslu hér á landi verði best háttað, þ.e. hvernig einstökum verkefnum sem undir ríkisvaldið heyra verði best fyrir komið og skipt á einstök ráðuneyti. Ég hygg að menn hafi tekist á um þau mál svo lengi sem ríkisvald í einni eða annarri mynd hefur til verið. Auðvitað er það hárrétt hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að uppi eru ýmis álitamál nú og verða væntanlega síðar eftir því sem tíminn líður og mál þróast til eða frá.

Virðulegur þingmaður nefndi það að undarlegt væri að heilbr.- og trmrn., það ráðuneyti sem sannarlega ber hina stærstu ábyrgð á heilbrigði mannsins, léti það yfir sig ganga og ýtti raunar undir það að mikilvægt verkefni eins og það að hafa eftirlit með gæðum matvæla, bera á því ábyrgð að sú matvara sem manninum býðst sé honum bjóðandi, væri frá því tekið. En auðvitað er það þannig ef eftir þessu yrði gengið til hins ýtrasta og að virðulegt ráðuneyti heilbrigðismála ætti að ala önn fyrir öllu því sem manninum kæmi best þá yrði seint stöðvað. Þá sýnist mér ýmis verkefni liggja í öðrum ráðuneytum sem er ekki seinna vænna en nú að bregða undir regnhlíf heilbrrn. Þau eru nú ekki fá verkefnin sem þá þyrftu að koma undir það ráðuneyti. Ég nefni íþróttamál, menningarmál, félagslega þjónustu af ýmsum toga, ég nefni meira að segja kirkjumál. Ég get nefnt til sögunnar mörg atriði önnur sem eru í umhverfi okkar og varða heilbrigði mannsins í sinni víðustu mynd sem samkvæmt þessari skilgreiningu hv. þm. ættu þar með að heyra undir heilbrrn. Ég nefni

þannig á sama hátt mengunarmál og umhverfisvernd. Það er kannski tillaga hv. þm., sem mér hefur orðið tíðrætt um, að flytja þá málaflokka úr ráðuneyti umhverfismála ... (**KE:** Þetta er ómerkilegt.) og undir ráðuneyti heilbrigðismála sem á að ala önn fyrir öllu því sem að manninum lýtur.

En auðvitað er veruleikinn ekkert líkur þessu. Stjórnsýslan er allt öðruvísi en þannig að svona geti menn nálgast þessi viðfangsefni.

Ég vil hins vegar árétta það, virðulegur forseti, að ég held að hvorki hér og nú á hv. Alþingi né eftir svo og svo mörg ár verði einhver stóri sannleikur sem hv. þingheimur getur sameinast um hvernig málum verður best fyrir komið.

Það hefur komið fram í umræðunni og raunar verið áréttað aftur og aftur að nokkur höfuðatriði hafa mælt með þessum verkefnatilflutningi. Í fyrsta lagi, eins og ég hef nefnt undir öðrum formerkjum, að efla umhvrn., færa ný verkefni til þessa nýja ráðuneytis og festa þar í sessi svo um munar. Í öðru lagi hefur það líka verið nefnt og er rétt að árétta að með þessum hætti er verið að samhæfa starfsemi stofnunarinnar þannig að hún lúti einu ráðuneyti. Það þarf auðvitað ekkert að fara mörgum orðum um þetta. Stjórn stofnunarinnar hefur margoft áréttað nauðsyn þessa og flestir þeir sem nærri þeirri stofnun hafa komið eða til hennar þurfa að sækja telja að það sé óheppilegt að tvö ráðuneyti fari með málefni einnar stofnunar. Þannig er það alls staðar í okkar stjórnkerfi og keppikefli hygg ég yfirleitt að reyna að skýra línur eins og nokkur kostur er hverju sinni.

Í þriðja lagi vil ég nefna, og það hefur kannski ekki verið nægilegur þungi í þeirri umræðu, viðhorf ekki eingöngu starfsmanna þessarar stofnunar, u.þ.b. 30 talsins, sem telja þegar kemur að samhæfingu starfa þeirra og þeirra verkefna sem þeir hafa með höndum heldur ekki síður starfsmanna sveitarfélaganna, heilbrigðisfulltrúanna sem bera í raun hita og þunga dagsins úti í héruðunum. Þeir munu vera í kringum 30–40 talsins og eru bæjarstarfsmenn eða starfsmenn sveitarstjórna en heyra fram undir þetta undir tvö ráðuneyti eftir því hvernig verkin falla til frá einum tíma til annars í erli dagsins. Þeirra viðhorf hafa verið þau eins og kemur fram í álitsgerð að heppilegt sé í fyrsta lagi að þetta falli undir eitt ráðuneyti, sem ég held að flestir séu sammála um, og í öðru lagi að það fari vel á því að þetta sé undir ráðuneyti umhverfismála. (Gripið fram í.)

Í fjórða lagi hefur það komið fram hér ítrekað í máli hv. formanns allshn. að fjölmargir umsagnaraðilar sem hafa verið nefndir til sögunnar hafi almennt lýst yfir stuðningi við þennan tilflutning.

Ég grip hér eina umsögn af handahófi af því að ég veit að þeir hv. þm. sem mál mitt heyra eru sérstakir áhugamenn um þá stofnun og það er Náttúruverndarráð. Með leyfi forseta, segir í þeirri umsögn:

„Náttúruverndarráð fagnar því að yfirstjórn hollustuhátta og heilbrigðiseftirlits verði að öllu leyti á ábyrgð umhvrn."

Þetta er mjög eftirtektarvert. Og kannski sérstaklega eins og ég sagði áðan fyrir þá hv. þm. sem á mál mitt hlýða og hafa löngum verið taldir sérstakir áhugamenn um vöxt og viðgang þessa ráðs og viljað á það hlusta og hlýða og taka á því mark.

Virðulegur forseti. Ég sagði áðan að seint kæmumst við að einum stórum sannleik um það hvernig stjórnskipan okkar yrði best háttað. Ég nefni sem dæmi um þessa snertifleti heilbrrn. í viðleitni þess til að gera hinum íslenska manni sem bærilegast lífið og reyna að treysta velferð hans á alla þá lund sem opinberum aðilum er gerlegt. Nú um nokkurra mánaða skeið hefur verið unnið að undirbúningi átaks á sviði heilsueflingar þar sem forvarna- og fræðslustarfsemi er mjög veigaþung. Það liggur í hlutarins eðli og er snar þáttur í þeirri undirbúningsvinnu sem nú er á lokastigi þannig að átak þetta geti hafist að fleiri ráðuneyti komi að þessu máli, menntmrn. og íþróttamálin og raunar fleiri málaflokkar þar, félmrn., svo ég nefni aðeins tvö til sögunnar.

Þannig er það um fjölmarga málaflokka sem hv. Alþingi er að sýsla með, sem stjórnsýslan almennt er að sýsla með, að þeir hljóta eðli máls samkvæmt frá einum tíma til annars að skarast að einhverju leyti. En við eigum að freista þess frá einum tíma til annars að sú skörun verði sem minnst og við getum haft sem skýrastar línur a.m.k. gagnvart undirstofnunum einstakra ráðuneyta eins og Hollustuvernd og slíkar stofnanir þurfi ekki að þjóna tveimur eða fleiri herrum á sama augnablikinu.

Virðulegur forseti. Ég gæti út af fyrir sig haft lengra mál um þetta. Mér finnst hins vegar hinar einföldu staðreyndir tala sínu máli í þessu sambandi. Þær eru að við viljum öll í orði kveðnu og í verki styðja og styrkja umhvrn. Í annan stað falla þau verkefni sem hér um ræðir vel að þeirri starfsemi sem fyrir er í umhvrn. og almennt að þeim verkefnum sem því eru falin. Í þriðja lagi er almennur stuðningur við þennan tilflutning. Ekki síst í fjórða lagi hefur það verið nefnt og meira að segja í áliti minni hluta umhvn., og ég satt að segja átti dálítið erfitt með að fóta mig á þeim málflutningi, en þar er lýst áhyggjum um að í kjölfar breytinganna, þ.e. tilflutningsins, muni áhersla fremur verða á mengunarsviði en síður á heilbrigðiseftirliti. (**KE:** Áhyggjur?) Ég, virðulegur forseti, les beint úr nál. minni hlutans. Orðrétt hljóðar þessi tilgreinda málsgrein þannig, með leyfi forseta:

„Áhyggjur komu fram um að í kjölfar breytingar samkvæmt frv. mundi áhersla fremur verða á mengunarsviði en síður á heilbrigðiseftirliti. Aðspurður taldi ráðuneytisstjóri umhverfisráðuneytis vaxtarþörf einkum vera á mengunarvarna- og eiturefnasviði og er því ekki ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af því að mengunarvarnasviðinu verði gert lægra undir höfði en nú."

Ég taldi það geta auga leið að með þessum tilflutningi mundu menn ætla, þar sem mengunarvarnirnar hafa verið á sérsviði umhvrn. fram að þessu, að þar væri hlutunum ekki síður fyrir komið og áherslan yrði ekki síður á mengunarvarnasviði en ég gat ekki skilið orð hv. þm. Kristínar Einarsdóttur öðruvísi en þannig

að hún hefði áhyggjur með öfugum formerkjum að úr þessu drægi og það kemur mjög á óvart. En hún skýrir það þá miklu betur hér á eftir því að mér tókst ekki að fá nokkurn botn í það og þar af leiðandi ekki í þetta nál. minni hlutans hvað að þessu lýtur.

Ég ætla ekki að orðlengja þetta, virðulegur forseti. Ég held að einmitt fyrir þær sakir að þetta frv. er einfalt og skýrt og markmið þess ljós og klár liggi styrkur þess ekki síst. Þess vegna læt ég máli mínu lokið.

[23:17]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Ég er svo gáttuð að ég á varla orð. Ég átti ekki von á því að hæstv. heilbr.- og trmrh. kæmi hér og sneri út úr öllu sem sagt hefur verið. Það er alveg ótrúlegt að heyra það sem hann ber á borð fyrir mann. Að tala um að það hefði mátt lesa út úr því sem ég sagði — að vísu var ég alltaf eitthvert viðhengi, hann minntist varla á það sem ég hafði sagt en það mátti skilja að þessir tveir þingmenn væru líklega á móti umhvrn. — og gefa síðan í skyn að af því sem ég hefði sagt hér mætti jafnvel halda að ég vildi að mengunarvarnirnar færu út úr umhvrn. Hvers lags eiginlega er þetta? Ég veit ekki hvort maður á að taka svona fólk alvarlega.

Hæstv. ráðherra sagði eitthvað á þá leið að í einfeldni sinni hefði hann haldið að ég ásamt öðrum yrðum stuðningsmenn frv. Mikil er sú einfeldni, ég verð að segja það. Mér þykir það ákaflega slæmt að hér skuli þurfa að halda ræðu um þetta. Ég taldi mig ekki vera til að tefja þetta mál en mér sýnist ráðherrann vera að reyna það með sínum makalausa málflutningi. Ég hafði ekki hugsað mér að tala hér aftur vegna þess að ég var búin að rökstyðja mitt mál. Hann snýr út úr öllu sem ég sagði, hverju einasta orði, og meira að segja því sem ég las upp. Það komu vissulega fram áhyggjur hjá þeim sem eru á sviði matvælaeftirlitsins og heilbrigðiseftirlitsins að með því að flytja þennan málaflokk undir umhvrn. sé mikil hætta á því að draga muni úr þeim áherslum sem eru á matvælasviðinu. Ég hafði hins vegar verulegar áhyggjur af að það mundi draga úr áherslum á mengunarsviðinu, ég hafði þær áhyggjur. (**Heilbrrh.:** Af hverju?) Ég hafði áhyggjur af því, hæstv. ráðherra. Því var hins vegar haldið fram, og það tók ég fram, af ráðuneytisstjóranum í umhvrn. að það væri ekki ástæða til þess að dregið yrði úr eins og það er orðað hérna og ég held að hæstv. ráðherra hafi lesið það orðrétt upp úr áliti minni hluta umhvn., með leyfi forseta:

„Aðspurður taldi ráðuneytisstjóri umhvrn. vaxtarþörf einkum vera á mengunarvarna- og eiturefnasviði og er því ekki ástæða til að hafa sérstakar áhyggjur af því að mengunarvarnasviðinu verði gert lægra undir höfði heldur en nú."

Ég las þetta sérstaklega upp og sagði að það væri mjög gott. Hins vegar tel ég að það þurfi að auka mengunarvarnasviðið. Ekki bara að því verði ekki gert lægra undir höfði eins og þarna er talað um. Auðvitað vona ég að það standist, ég vil auka það. Þess vegna finnst mér ákaflega einkennilegt að hæstv. ráðherra skyldi geta lesið það út úr þessu sem hér stendur að ég hafi sagt að það ætti að draga úr mengunarvarnasviðinu. Ég sagði það aldrei. Ég sagði að það ætti að efla það. Það kemur hins vegar ekki fram þarna enda vorum við ekki að ræða um það í nefndinni, við vorum bara að ræða um þennan flutning sérstaklega. En þessar áhyggjur hafa komið fram hjá báðum aðilum. Annars vegar mengunarvarnasviðinu, t.d. hafa þeir sem þar starfa áhyggjur af að því sviði verði gert lægra undir höfði og hinir hafa líka áhyggjur, þ.e. þeir sem þar starfa. Já, þeir sem starfa á sviðinu. Ég er ekki að tala um mig, ég er að tala um þá sem starfa hjá Hollustuvernd. Fólkið sem þar er, sérfræðingarnir sem þar starfa, hafa áhyggjur af sínum málaflokkum sem eðlilegt er.

Við í minni hluta umhvn. ákváðum hins vegar að snúa okkur fyrst og fremst að mengunarvarnasviðinu. Þegar við skrifum í álit okkar að áhyggjur hafi komið fram um að í kjölfar breytinga samkvæmt frv. mundi áherslan verða fremur á mengunarvarnasviði en síður á heilbrigðiseftirliti, þá kom þetta vissulega fram hjá þeim sem starfa innan Hollustuverndar ríkisins. Og það má kannski segja að það sem við segjum hérna ýti undir þeirra áhyggjur. Ég skal ekkert um það segja, það getur vel verið að með því að flytja heilbrigðiseftirlitið og matvælaeftirlitið undir umhvrn. þá verði dregið úr þar eða ekki eflt nægilega mikið, ég skal ekkert um það segja. Það verður þá að taka sérstaklega á því. En ég skil ekki hvernig ráðherrann gat snúið þessu á haus. Það getur vel verið að ég þurfi að lesa þetta sérstaklega fyrir hann vegna þess að hann virðist ekki geta skilið það sem þarna stendur.

En það fór því miður þannig að hæstv. ráðherra gat ekki komið með nein rök fyrir því af hverju átti að flytja þetta svið sem heyrir nú undir heilbr.- og trmrn. undir umhvrn. Engin rök í máli ráðherrans, engin. Ekkert nema skætingur. Mér þykir mjög slæmt að það komi hér fram af hálfu hæstv. ráðherra sem er að afhenda þennan málaflokk til umhvrn. að hann geti ekki komið með nein rök fyrir því önnur en þau að efla umhverfisráðuneytið. Ég tel að það verði engin efling á ráðuneyti umhverfismála, því miður. Ég er búin að færa rök fyrir því. Það getur vel verið að hann hafi aðra skoðun, það verður þá bara að hafa það. Þá erum við algerlega ósammála í því máli. (**Umhvrh.:** Þú hefur að vísu ekki haft rök fyrir því máli.) Ég er búin að færa rök fyrir því, hæstv. umhvrh., af hverju ég tel að þetta sé óheppilegt fyrir ráðuneytið.

Ég veit ekki, virðulegur forseti, hvort maður á að vera að eyða tíma forseta og þeirra fáu sem eru hér í það að vera að færa rök fyrir því frekar. Ég er búin að segja það tvisvar sinnum við hæstv. ráðherra af hverju ég tel að það muni vera til hins verra að flytja málaflokka sem ekki eru umhverfismál til umhverfisráðuneytisins. Ég tel að það sé mjög slæmt.

En það sem mig langaði til að segja við hæstv. heilbr.- og trmrh. er það sem hann segir að starfsmenn sveitarfélaganna, þ.e. heilbrigðisfulltrúarnir, það er alveg rétt að þeir leggjast ekki gegn þessu en þeir mæla ekki sérstaklega með þessu. Þeir mæla ekki sérstak-

lega með þessu og sögðu það á fundinum, ekki nema þeir hafi þá komið með eitthvað annað til hæstv. heilbrrn. að það skipti þá í sjálfu sér engu máli hvort Hollustuvernd ríkisins félli undir eitt eða tvö ráðuneyti. Þeir þyrftu líka að leita til annarra ráðuneyta en bara þessara tveggja ef um það væri að ræða. Oftast þyrftu þeir ekkert að leita mikið til ráðuneytanna sjálfra. Þetta eru þeirra orð. Ég þekki það auðvitað ekki. Kannski þekkir hæstv. heilbr.- og trmrh. það betur en ég. En þeirra fulltrúi minntist einnig á það að þeir þyrftu t.d. ef um það væri að ræða þá alveg eins að leita til annarra ráðuneyta eins og iðnrn. ef á þyrfti að halda en það væri hins vegar ákaflega sjaldan. Og það var ekki verið að ræða það sérstaklega í hvaða málaflokkum það væri en það væri mjög sjaldan sem þeir þyrftu að leita til ráðuneytanna í sjálfu sér þó það kæmi auðvitað fyrir. Þeirra starfsemi er á fjölmörgum sviðum.

Það kom einnig fram í máli hæstv. ráðherra heilbrigðismála að fjölmargir hefðu mælt með þessu. Mín tilfinning var sú á þessum fundi þar sem við töluðum við fjölmarga aðila sem komu á fund heilbr.- og trn. og umhvn. að þeir mæltu ekkert sérstaklega með þessu. Þeir sem ekki lýstu fullum efasemdum þeir sögðu að þetta skipti kannski ekki svo miklu máli. Það var fyrst og fremst það. Það var enginn sem mælti sérstaklega með þessu eða kom með nein sérstök rök fyrir því. Það var því miður ekki þannig. (**Umhvrh.:** Stjórn Hollustuverndar.) Stjórn Hollustuverndar. Það er alveg rétt enda hefur það margoft komið hér fram. Þetta virðist vera flutt að beiðni stjórnar Hollustuverndar ríkisins ekki starfsmannanna, þeir mæla gegn þessu, meiri hlutinn. (**Umhvrh.:** Fór fram atkvæðagreiðsla?) Því er haldið fram af því að hæstv. umhvrh. spyr hvort farið hafi fram atkvæðagreiðsla þá efast ég um það, ég spurði reyndar ekkert að því. Ég spurði bara almennra spurninga og við fengum almenn svör. Ég spurði ekki um atkvæði. Það voru kannski mistök að láta ekki fara fram atkvæðagreiðslu þar en það er að vísu ekki hlutverk nefnda þingsins að fara í stofnanir og láta fara fram atkvæðagreiðslur þar en það hefði kannski verið skynsamlegra hjá ráðherrum að kanna skoðanir starfsmanna Hollustuverndar ríkisins á þessu máli nánar. Það getur vel verið að þeir hefðu getað vitað nánar hvernig atkvæði hefðu fallið en ég veit það ekki.

Ég veit ekki, virðulegur forseti, hvort ég á að fara að lesa nákvæmlega fyrir heilbr.- og trmrh. og þá væntanlega umhvrh. álit minni hluta umhvn., ég kaus að gera það ekki en það kannski þarf að fara yfir það lið fyrir lið og skýra það út fyrir ráðherrunum hvað meint er í hvert skipti vegna þess að það er náttúrlega knappur texti og reynt að stikla bara á stóru en það liggur við að það þurfi að gera. Það mun hins vegar taka nokkurn tíma og nú er langt liðið kvölds. Það er að vísu ekki búið að ræða þetta mál sérstaklega mikið, það er búið að ræða það í rúma tvo tíma og ég tel það ekki nein ósköp. Og mér þykir ákaflega skrýtið þegar hæstv. ráðherra segir að ég sé að bregða fæti fyrir þetta frv. Má ekki hafa skoðun á frv. sem er í ósamræmi við skoðun meiri hluta allshn., sem flytur þetta frv. hér inn, án þess að það heiti að bregða fæti fyrir frv.? (**Umhvrh.:** Þú ert á móti því.) Ég er á móti þessu frv., það er alveg rétt. Það væri náttúrlega mjög gott ef mitt atkvæði vægi það þungt að ég gæti ráðið því hvaða frv. færu fram í þinginu. En það er nú bara ekki þannig, hæstv. ráðherra, heldur er það þannig að meiri hlutinn ræður. Þess vegna er það þannig að fólk kemur hér í stólinn til að láta álit sitt í ljós og færa rök fyrir sínu máli og síðan eru greidd atkvæði. Þannig fer þetta venjulega fram hér. En hæstv. ráðherra kýs að snúa hér út úr málum og lesa álit eins og sá í neðra les biblíuna, að snúa út úr, gefa það meira að segja í skyn að þeir sem hér tala séu að tala gegn umhvrn. sem er nánast það ómerkilegasta sem ég hef heyrt lengi. Vegna þess að ég hef staðið hér oft í þessum ræðustól og það skal ég viðurkenna fyrir hæstv. ráðherra að ég stóð hér oft og talaði lengi á sínum tíma gegn þeim sem ekki vildu stofna umhvrn. Þá lagði ég mig í líma til að reyna að sannfæra það fólk um að það væri rétt að stofna umhvrn. og efla það. En þá hafði ég ekki það í huga að það ætti að setja alls konar málaflokka undir umhvrn. sem væru langt frá því að vera á sviði umhverfismála.

Ég tel t.d. ekki að hægt sé að taka hvaða ráðuneyti sem er, við getum tekið iðnrn., þá málaflokka sem þar falla undir að þeir ættu að vera í stórum stíl undir umhvrn. Ég tel hins vegar mjög marga málaflokka sem þar eru sem umhvrn. ætti að skipta sér af, af því að umhvrn. á að vera ráðuneyti sem á að hafa raunverulega tök á öllum öðrum ráðuneytum. Það á að geta stýrt og passað að ráðuneyti vaði ekki þar yfir og það eiga auðvitað öll ráðuneytin að hugsa um umhverfismálin og hafa þau á sinni könnu. En það á að vera umhvrn. sem á að vera eins og t.d. fjmrn. varðandi fjármálin. Það á að hafa alls staðar tögl og hagldir að því er varðar þennan málaflokk. Og það á að vera öflugt. En þetta tel ég því miður ekki efla umhvrn., að setja þennan málaflokk þar undir, því miður er það þannig.

Mér þykir mjög miður að þingmenn hér inni hafi þá skoðun að þetta muni efla umhvrn. vegna þess að því miður þá hef ég áhyggjur af þessu. Það er ekki vegna þess að það sé bara einhver pólitískur leikur þarna á ferðinni. Ég hef þessa sannfæringu og ég er búin að hafa hana í mörg ár. Það er ekkert sem breytist einmitt núna. Ég get meira að segja afhent hæstv. heilbr.- og trmrh., sem ég tel að þurfi sérstaklega á því að halda, tillögu sem Kvennalistinn flutti fyrir nokkuð mörgum árum þar sem þessu var sérstaklega lýst og þetta var einmitt tekið fyrir, þetta sem ég er að tala um núna, þ.e. að mengunarvarnasviðið fari allt undir umhvrn. og heilbrrn. hafi sína málaflokka, sem ég tel að þar eigi að vera.

Ef hins vegar meiningin er að leggja niður heilbrrn. þá verður að skoða allt þetta mál á ný. Ég skil ekki hvernig það ætti að vera. Það má vera að það sé meining hæstv. ráðherra umhverfismála.

[23:33]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla að bæta svolitlu við í þessa umræðu eftir að hæstv. umhvrh. hefur talað og reynt væntanlega af sinni hálfu að skýra ástæður fyr-

ir því að hann hefur gert þetta að tillögu sinni og er hugsanlega frumkvæðisaðili að því, trúlega frumkvæðisaðili að því að þessi breyting verður án þess að ég vilji leggja mat á það. Þá á ég nú við milli ráðherranna gagnvart ríkisstjórninni.

Mér finnst að rökin sem hér voru færð fram af hálfu hæstv. ráðherra séu ófullnægjandi og hafi í rauninni bætt allt of lítið úr því sem eftir var kallað, þ.e. að fá fram fagleg rök fyrir þeirri breytingu sem hér er verið að gera. Svo ég leyfi mér, virðulegur forseti, að fara yfir þessi höfuðatriði en ráðherrann, þegar hann kom að rökstuðningnum sem hann taldi sig vera að flytja, nefndi nokkur höfuðatriði og þá var það fyrsta að efla umhvrn. Það var fyrsta atriðið sem hér var nefnt sem höfuðatriði. Í öðru lagi að samhæfa starfsemi Hollustuverndar með því að færa hana undir eitt ráðuneyti. Það var það næsta. Það væri óheppilegt að tvö ráðuneyti færu með stjórn heillar stofnunar. Hið þriðja var það sem sneri að heilbrigðisfulltrúum á vegum sveitarstjórna, það væri þeim til hagsbóta að falla undir eitt ráðuneyti. Það var þriðja atriðið. Síðan nefndi hæstv. heilbrrh. fjórða atriðið að það hefði komið fram stuðningur við þetta frá mörgum umsagnaraðilum. Það er nú svona meiri ályktun eða tilvísun í umsagnir frekar en rökstuðningur af hálfu ráðherra og í því sambandi vék hann sérstaklega að Náttúruverndarráði í sambandi við umsagnaraðilana.

Ég verð að lýsa miklum vonbrigðum með það að þessi ákvörðun skuli tekin á svona veikum grunni eins og hér kemur fram. Það er alveg ljóst, mér finnst það hafa skýrst í þessari umræðu, að því leyti er hún gagnleg, að þessir tveir nýlega skipuðu ráðherrar Alþfl., þeir komu til starfa á miðju síðasta sumri ef ég man rétt, þeir hafa brugðið á þetta ráð svona á grundvelli einhverra bréfa sem lágu fyrir frá stjórn Hollustuverndar ríkisins, sem hefur verið að ýta þessu að þeim í einhverju baksi sem hún var með, sem ég hef út af fyrir sig ekki sett mig inn í í einstökum atriðum og án frekari athugunar málsins, þá á ég við frekari efnislegrar athugunar málsins. Þá einfaldlega koma þeir saman um það. Ætli formaður þeirra hafi ekki sagt svona yfir kaffibolla eins og hann hefur stundum nefnt þegar hann hefur verið að taka allstórar ákvarðanir að þeir svona yfir kaffibolla hafi komið sér saman um það: Ætli það sé ekki best að umhvrh. fái þetta, umhvrn. fái þetta bara. Við komum okkur bara saman um það. En það er svona sem mér finnst að menn megi ekki vinna í sambandi við að reyna að koma á skynsamlegri skipan mála. Ég vil ekki draga það í efa að þessir hæstv. ráðherrar hafi talið sig vera að starfa og gera tillögur í góðri trú um að þeir væru að ráða rétt. En þeir höfðu ekki fyrir því, mér finnst það koma fram hér í umræðunni að þeir hafi ekki haft fyrir því að fara efnislega yfir málið og finna nauðsynlegan rökstuðning fyrir þessari breytingu.

Þá kem ég að því sem kom líka fram í svarræðu hv. 15. þm. Reykv. að áhugi á stjórnsýslunni og skipan mála innan Stjórnarráðsins er ekki bara einhver trú á að það þurfi að stækka eitthvert ráðuneyti, auka við málaflokkum undir viðkomandi ráðuneyti svona af því bara, sjá til þess að það fái sem flesta starfsmenn og bólgni út. Þannig skapast ekki viðhorf manna. Þannig er ekki mitt viðhorf til umhvrn. né nokkurs annars ráðuneytis. Heldur hitt að reyna, eins og hæstv. umhvrh. kom að í lok máls síns, að koma á verkaskiptingu þannig að skörun í málum sem falli eðlilega saman í stjórnsýslunni verði sem minnst. Það er ekki gert með þessum hætti. Þá kemur að þessu sem virðist hafa verið fótakefli sem þeir ultu um þegar þeir tóku þessa ákvörðun yfir kaffibolla þessir hæstv. tveir ráðherrar og það er þetta, það er hnúturinn sem þeir töldu sig vera að leysa, það eru vandræðin í þessari stofnun Hollustuvernd ríkisins með einni stjórn yfir sér undir tveimur ráðuneytum, verksviði undir tveimur ráðuneytum. Þeir töldu sig vera að leysa þennan hnút með því að kippa bara Hollustuverndinni yfir með þessum hætti, yfir í umhvrn. Þetta eru auðvitað fljótfærnisleg vinnubrögð og styður það sem hefur verið sagt í þessari umræðu að það átti að ganga þannig til verka að fara yfir lögin og verksvið Hollustuverndar og athuga það m.a. hvort ekki væri hægt að koma á betri skipan og leysa úr þeim vandræðum sem stjórnin vafalaust hefur verið að velta fyrir sér með því að endurskipuleggja þessa stofnun. Leysa hana upp og endurskapa úr hennar verkefnum. T.d. að líta á þau efni sem vikið er að í áliti minni hluta umhvn., þ.e. að færa saman ýmis verkefni sem nú eru dreifð á sviði matvælaeftirlits og fyrir utan matvælaeftirlit Hollustuverndar ríkisins falla undir Fiskistofu og yfirdýralækni slíka aðila sem væri mjög athugandi að reyndu að tengjast traustari böndum en nú er og bæta kannski við mengunarvarnasvið umhvrn. t.d. með því að Geislavarnir ríkisins bættust við mengunarþáttinn hjá umhvrn. og það sem verið hefur á sviði Siglingamálastofnunar kæmi þar einnig til. Það á auðvitað miklu betur saman en það sem verið er að hræra saman í þessum potti.

Ég vil þá aðeins nefna það, virðulegur forseti, að hér á árum áður þegar menn voru að ræða um stofnun umhvrn. eða að samræma þau mál með öðrum og skilmerkilegri hætti og margir voru tregir til, þar á meðal var sá stóri flokkur Sjálfstfl. mjög tregur í taumi að fara að stofna sérstakt ráðuneyti, svona tók undir samræmingu á yfirstjórn þessara mála, jafnvel að búa til einhverja deild undir öðru ráðuneyti. Þá voru þeir til, hæstv. heilbrrh., sem orðuðu það að tengja svona umhverfismálaþættina sem voru þá undir menntmrn., jafnvel undir félmrn., að tengja þá við heilbrrn. Það var inni í þessari umræðu hér fyrr á árum og þótti sumum vel til fallið. Ég studdi það nú ekki af því að ég taldi mjög þýðingarmikið að hér yrði um að ræða frá byrjun sjálfstætt ráðuneyti umhverfismála til þess að það yrði burðugt og fengi þá vikt sem það þyrfti. Það eru sem sagt fagleg sjónarmið og mat á því hvað best falli saman innan stjórnsýslunnar sem valda minni afstöðu í þessu. Ég tek ekki hverju sem er og segi þetta er ágætt að setja í umhvrn. svona til að það fái fleiri verkefni. Ég tel að þörfin á því að efla þetta ráðuneyti, alveg sérstaklega á þeim sviðum sem það þegar hefur, hún sé mjög brýn sem og að leitast við að vinna því skilning að færa fleiri þætti, sem að mínu

mati eiga eðlilega heima undir umhvrn., að koma þeim þar inn fyrir. Það sem veldur áhyggjum er að þetta hefur ekki orðið ofan á heldur sú flaustурslega tilfærsla sem hér er lögð til með þessu frv. og mér sýnist að hafi skýrst með þessari umræðu, skýrst nokkuð vel og það er fengur að því að hæstv. heilbrrh. hefur tekið þátt í umræðunni og fært fram sín rök. Það sýnir einfaldlega að þetta hefur verið fljótræðislega unnið. Það hefur ekki verið leitað víða ráða, það hefur ekki verið vandleg skoðun mála og menn hafa fyrst og fremst talið að þeir væru að leysa einhver vandræði sem stjórn Hollustuverndar ríkisins, þessi sjö manna stjórn sem skipuð er samkvæmt lögunum, úr sinni áttinni hver, var að færa fram, taldi sig ráða illa við og ráðherrarnir töldu sig vera að leysa þann vanda með þessari snöggsoðnu tillögu sinni.

[23:44]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegur forseti. Þeir hv. þm. sem hér hafa tekið til máls í kvöld og mælt gegn samþykkt þessa frv. hafa verið tveir. (**KE:** Þrír.) Þrír, það er rétt. Það eru sömu þingmenn og tóku þátt í hinni fyrstu umræðu um málið og voru þá jafnframt á móti. Allir aðrir sem tóku þátt í umræðunni hafa verið meðmæltir þessu. Hér talaði einn annar þingmaður fyrr í kvöld sem kvaðst ekki ætla að taka afstöðu.

Nú er það svo að enginn af þeim sem veittu umsögn um þetta frv. fyrir hv. allshn. var sammála þeim sjónarmiðum sem hafa komið fram hjá þessum tveimur hv. þm. í kvöld, ekki nokkur einasti maður. Það var enginn sem gerði neina sérstaka athugasemd við þetta og þar með var enginn sem tók undir þessi sjónarmið sem hér hafa komið fram og verið flutt af mismunandi festu og rökfimi. Það er líka athyglisvert, virðulegur forseti, að þau sjónarmið sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur flutt hér í kvöld eiga sér til að mynda ekki stuðning hjá formanni Alþb. Nú er það að vísu svo að það hefur komið fram aftur og aftur í umræðum um umhverfismál í þessum sölum að það er greinilegur klofningur innan Alþb. um umhverfismál. Formaður Alþb. er ítrekað annarrar skoðunar og ég tel miklu heilladrýgri skoðunar en hv. þm. Hjörleifur Guttormsson.

Það kann vel að vera, virðulegur forseti, að það hefði verið hægt að setja upp einhvers konar veröld þar sem hlutunum ætti að vera skipað með öðrum og hagfelldari hætti og það gildir um málefni þessarar stofnunar og þeirra málaflokka sem undir hana falla sem við höfum verið að ræða hér í kvöld. Ég get alveg fallist á það.

Ég segi það hins vegar að í dag er það svo að þarna er um að ræða stofnun sem hefur verið í nokkru tómarúmi. Ég tel það nokkurs virði að reyna að gefa henni betra samband við umheiminn og umhverfið. Hún hefur verið byggð upp þannig að þar hafa verið nokkur svið sem hafa fallið undir tvö mismunandi ráðuneyti. Umhvrn. hefur haft faglegt vald, heilbrrn. fjárhagslegt vald. Þetta skapar eðlilega skipulagslega óvissu, þetta skapar óvissu um stjórn stofnunarinnar eins og þeir menn sem þar hafa um vélað hafa ítrekað talað um og kvartað yfir. Ég tel þess vegna að það sé nokkurs virði að reyna að leysa úr þeirri óvissu. Ég held að það skipti máli fyrir starfsemi stofnunarinnar og tryggi framtíð hennar mun betur. Stjórn Hollustuverndar tók þá ákvörðun að leggja til að stofnunin yrði fremur sett undir umhvrn. en að hún yrði klofin upp. Ég tel að það beri að virða þessi sjónarmið og rökræða þau, þau eiga rétt á sér. Mér hefur fundist örla á rökum gegn þessum viðhorfum hjá þeim þingmönnum sem hér hafa talað í kvöld en mér hefur ekki fundist það vera veigamikil rök. Nú ef menn eru sammála þeirri niðurstöðu sem stjórn Hollustuverndar komst að að það bæri fremur að flytja hana undir umhvrn. eða fella hana undir eitt ráðuneyti heldur en að kljúfa hana upp þá geta menn velt því fyrir sér hvar hún eigi að vera, vistuð undir heilbrrn. eða umhvrn. Það kann kannski engum að koma á óvart að umhvrh. sé þeirrar skoðunar að hún eigi að vistast undir hans ráðuneyti. En nú er það svo að yfirmaður stofnunarinnar kom fram með þær upplýsingar sem ég hef flutt áður í ræðum og ekki hafa verið bornar brigður á að í dag væri yfir 50% af starfi stofnunarinnar þess eðlis að það félli að réttu lagi undir svið umhvrn. fremur en heilbrrn. Jafnframt tók hann það fram að vægi þessa málaflokks færi vaxandi. Það er eðlilegt, ekki síst með tilliti til þeirra frv. sem hér hafa verið flutt í vetur og tengjast aðild okkar að Evrópska efnahagssvæðinu. Sú aðild leggur okkur þyngri skyldur á herðar en áður varðandi ýmis mál sem tengjast umhverfismálum. Ég vísa þar ekki síst til mengunarvarna, fráveitumála og sorphirðumála. Það er því eðlilegt að komast að þeirri niðurstöðu að ef meira en helmingur starfsins í dag fellur undir svið umhverfismála, og það er mat stjórnenda stofnunarinnar að vægi þessa flokks fari vaxandi, að það eigi að fella stofnunina undir umhvrn.

Ég vil síðan líka koma fram með þá skoðun mína sem vera má að aðrir séu ekki sammála að ég tel að eftirlit með matvælum sem að mörgu leyti er eftirlit með aðskotaefnum, aðskotahlutum í matvælum, það sé líka eins konar mengunareftirlit. Ég tel ekkert óeðlilegt við það að slíkt eftirlit falli undir umhvrn., alls ekki.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson las hér upp og henti gaman að ýmsum þeim þáttum sem væru með þessu ráðslagi færðir yfir til umhvrn. Ég kallaði fram í ræðu þingmannsins og endurtek það hér, að umhvrn. fer líka með skipulags- og byggingarmál og þau heilbrigðismál sem tengjast t.d. náðhúsum, sem hv. þm. dvaldist nokkuð við í sinni ræðu. Eða skólabyggingum. Þau tengjast þess vegna líka skipulagsmálum og byggingarmálum þannig að þetta er alls ekki jafnfráleitt og mátti ætla af ræðu hv. þm., alls ekki. En nú sé ég að honum er skemmt og það er út af fyrir sig gleðilegt að ná þeim árangri á einu kvöldi þegar liðið er langt á nótt að fá hv. þm. Hjörleif Guttormsson til að hlæja. Það gerist því miður allt of sjaldan í þessum sölum.

Það hefur verið spurt hér í kvöld: Leituðu menn fanga til annarra landa? Því hefur verið haldið fram að hvergi annars staðar hafi þetta ráðslag verið tekið upp.

Mig minnir að það hafi verið hv. þm. Kristín Einarsdóttir sem gat þess að menn hefðu sett svipaða stofnun undir umhvrn. í Danmörku en kippt henni jafnharðan til baka. Hvernig var þetta í Danmörku? Ég leitaði ráða hjá Erik Linnegård sem er yfirmaður umhverfisstofnunarinnar dönsku. Það er rétt að það komi fram að í Danmörku er sú stofnun sem menn hafa verið að vísa til ekki alveg samsvarandi Hollustuvernd. Hún er ekki heilbrigðiseftirlit, hún er fyrst og fremst matvælaeftirlit sem var upphaflega vistað í iðnaðarráðuneytinu þar í landi og síðan í umhverfisráðuneytinu. Þegar menn stofnuðu heilbrigðisráðuneyti þá var tekin um það pólitísk ákvörðun til þess að styrkja heilbrigðisráðuneytið að setja þessa stofnun þar undir. Það er dómur Eriks Linnegårds að það hafi verið misráðið. Reynslan hafi sýnt fram á það að þetta hefðu verið mistök vegna þess að starf stofnunarinnar skaraðist miklu meira við stofnanir umhvrn. heldur en heilbrrn. Þetta er niðurstaða þessa Dana og hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni er skemmt enda þykist hann vafalaust hafa miklu meira vit á því en títtnefndur Erik Linnegård.

Ég tel, virðulegur forseti, að þessi rök sem ég hef fært fram séu fyllilega nægjanleg til að réttlæta þennan flutning, fyllilega nægjanleg. Ég skal ekki deila síðan um það við menn að hv. þm. sem hér hafi verið þessu máli andstæðir hér í kvöld þeir kunna að vera þeirrar skoðunar að þegar þessi rök séu vegin þá verði þau léttvæg fundin. Ég er annarrar skoðunar. Ég ítreka að það er ákveðin óvissa í starfi stofnunarinnar út frá því hvernig hún er uppbyggð. Hún er undir tveimur ráðuneytum, að hluta til undir faglegu valdi eins ráðuneytisins en fjárhagslegu valdi annars. Þetta er ekki gott ráðslag. Ég vísa enn til þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram um matvælaþáttinn. Í dag er hann í rauninni vistaður í þremur ráðuneytum, landbrn., heilbrrn. og sjútvrn. Það er gert ráð fyrir því í því frv. til matvælalaga sem hér liggur fyrir í 8. gr. að það verði sett upp sérstakt samstarfsráð með þeim þremur stofnunum sem tengjast þessum umræddu þremur ráðuneytum, þ.e. yfirdýralækni, Fiskistofu og Hollustuvernd. Það er jafnframt gert ráð fyrir að það verði skoðað eftir fimm ár frá gildistöku laganna. Ég held að það sé ágætt að hafa þetta með þessum hætti.

Ég velti því nú fyrir mér þó það eigi kannski ekki mikið erindi í þessa umræðu þegar menn halda því fram að matvælaeftirlit, eftirlit með mengun matvæla t.d. eigi ekki heima í umhvrn. Ég minni á það að tryggingar skipa voru teknar úr heilbr.- og trmrn. og settar yfir í sjútvrn. Og ég man ekki betur heldur en ábyrgðartryggingar bifreiða séu ekki í samgrn., heldur í dómsmrn. (**HG:** Er það til fyrirmyndar?) Ég spyr er það til fyrirmyndar? Það kann vel að vera að svo sé ekki. En ég hef ekki orðið var við, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, að menn amist neitt sérstaklega við því.

Þetta, virðulegur forseti, set ég hér fram seint á þessu kvöldi vegna þess að hv. þm. hafa kvartað undan því að það hafi ekki verið skipulega flutt rök fyrir því hvers vegna þessi færsla á sér stað. Þetta eru mín rök, þau eru fyllilega nægjanleg að mínum dómi. Mínar ræður hér fyrr í kvöld hafa allar verið í andsvörum þannig að þetta er í rauninni mín fyrsta ræða. En jafnframt sú síðasta.

[23:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef ekki farið yfir umsagnir aðila um þetta mál og skal ekki leggja neitt mat á þær. Það skiptir út af fyrir sig ekki máli í mínum huga efnislega hverjir hafa hlaupið inn á þau sjónarmið sem tengjast þessu frv. og hverjir ekki. Það sem skiptir máli er að meta það hvort hér er rétt ráðið eða ekki. Það hefur komið mjög skýrt fram einnig í síðustu ræðu hæstv. umhvrh. að það er stjórn Hollustuverndar ríkisins sem hefur ráðið ferðinni í þessu máli. Verið alveg ráðandi. Það voru þau sjónarmið sem þessir hæstv. ráðherrar tveir keyptu, tóku upp og báru inn á Alþingi í þessum dæmalausa pappír sem þetta frv. er, þar sem ekki er að finna viðleitni til rökstuðnings fyrir tillögunni.

Hæstv. umhvrh., hann hlakkar hér vegna þess að hann ímyndar sér að hann sé að ná einhverjum árangri hér fyrir hönd síns ráðuneytis en hann er fyrst og fremst að safna eldi að höfði sér að skapa vandræði fyrir sig í sambandi við það og kannski þá sem við taka að treysta undirstöður þessa ráðuneytis á þeim sviðum sem þarf að efla það. Það var ekki bætt mörgum rökum við í því sambandi. En ég gæti trúað því að þeir ættu eftir að verða nokkuð margir sem eiga eftir að minnast þeirrar tillögu sem hér er til umræðu og undrast það efni sem hér er flutt. Og ekki síst að velta fyrir sér hvernig það mátti verða að ráðherra heilbrigðismála skyldi gera það að sinni tillögu að flytja matvælaeftirlit úr sínu ráðuneyti yfir til umhvrn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fundi slitið kl. 23:58.

---

132. FUNDUR

fimmtudaginn 14. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126, nál. 681, brtt. 682. — Frh. 2. umr.

2. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.,
Sturla Böðvarsson, 1. þm. Vesturl.

Um fundarstjórn.

Fundarsókn þingmanna.

[10:31]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér er verið að byrja nýjan fund á nýjum degi með ekki fleiri þingmenn en svo að þeir eru teljandi á fingrum annarrar handar. (Gripið fram í.) Það er að bætast aðeins við upp á hina höndina. Finnst forseta það viðeigandi að fundarstörfin hefjist með þessum hætti þó að það séu kannski ekki formlegar reglur sem koma í veg fyrir það?

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta finnst í sjálfu sér ekkert athugavert við það að hefja fundinn. Það hefur engin samþykkt verið gerð af hálfu þingsins og það stendur ekki til að svo verði á þessum þingfundi. Þingmenn eru nú óðar að mæta í þinghús. Það mál sem er fyrst tekið fyrir hefur áður verið á dagskrá og þetta er framhaldsumræða. Þeir þingmenn sem eru á mælendaskrá eru mættir og forseti mun því halda sig við það að taka fyrsta mál á dagskrá sem er Lyfjaverslun ríkisins. Forseti vill taka það fram að hæstv. fjmrh. er rétt ókominn í hús.

Lyfjaverslun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 126, nál. 681, brtt. 682.

[10:33]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst gera athugasemd við það, eins og kom fram hjá hæstv. forseta, að ráðherrann sem þetta mál varðar er ekki kominn í hús og í öðru lagi, sem ég gerði einmitt athugasemd við þegar verið var að ræða þetta mál síðast, að framsögumaður nál. er heldur ekki viðstaddur. Ég vildi því leyfa mér að fara þess á leit við forseta að hinkra með þessa umræðu þar til frsm. nál., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, verður viðstaddur líka. Getur forseti upplýst hvort hann er alveg að koma í hús?

(**Forseti** (VS): Hv. 5. þm. Norðurl. v., sem mun vera frsm. sameiginlegs nál. í þessu máli, er ekki í þinghúsinu. Forseti hefur óljósar fregnir af því að hann muni vera erlendis, en þar sem hér er um sameiginlegt nál. að ráða þá telur forseti kannski ekki óeðlilegt að umræðan geti farið fram þrátt fyrir þetta. En hæstv. fjmrh. er kominn í þinghúsið og mun birtast hér innan tíðar.)

Virðulegi forseti. Ég þakka þessar upplýsingar. Ég sé að hæstv. ráðherra er að ganga í hús, en mér þykir það mjög miður ef hv. frsm. nál. er ekki viðstaddur því að hann tók verulegan þátt í upphafi 2. umr. og ég á ýmislegt vantalað við hann líka vegna þeirra ummæla sem hann lét falla ásamt raunar fleirum. Ég veit ekki hvort hægt er á þessu stigi að ljúka umræðunni eins og ég veit að stefnt er að í dag ef frsm. sem tók virkan þátt í umræðunni fyrr verður ekki viðstaddur.

Ég ætla þó að hefja mál mitt þar sem ég sé að hæstv. ráðherra er kominn. Er þá fyrst til þess að taka að hér er hefðbundið frv. sem er til að fullnægja einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar, þ.e. að stofna hlutafélag um Lyfjaverslun ríkisins og heimild til sölu hlutabréfa í því félagi. Það höfðu raunar náðst fram í vinnu nefndarinnar ýmsar breytingar á frv. sem m.a. fela það í sér að 4. gr. breytist eins og hér stendur, með leyfi forseta:

„Fjmrh. er heimilt að selja hlutabréf ríkissjóðs að öllu leyti eða að hluta.“

Það er í brtt. nú að fjmrh. er heimilt að selja helming hlutabréfanna og sala hins helmingsins er síðan háð samþykki Alþingis. Þótt þetta sé vissulega breyting til bóta þá tel ég tæplega nóg að gert þar sem leyft er að selja helminginn fljótlega um leið og búið er að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi. Við höfum fyrir okkur hvernig fór með sölu á hlutabréfum í SR-mjöli en frv. um það, sem varð að lögum, kvað á um að fjmrh. væri leyft að selja og tók ekki nema tvær til þrjár vikur þangað til farið var að undirbúa sölu sem gekk síðan fram fyrir síðustu áramót eins og mönnum er í fersku minni.

Þá er 3. gr. þessa frv. einnig mjög athugaverð þar sem í henni er kveðið á um að ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eigi ekki við um þá starfsmenn sem séu í dag fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar og hafi verið boðin sambærileg staða hjá hinu nýja félagi. Það er nokkuð teygjanlegt hvað er sambærileg staða og fyrir utan það að ákvæði 3. gr. um að biðlaunaréttur sé ekki virtur fyrir slíka starfsmenn er mjög umdeilanlegt. Það er mjög umdeilanlegt að setja slíkt í lög og alltaf vera að koma með ný og ný frumvörp um einkavæðingu ýmissa fyrirtækja þar sem þessi ákvæði eru sérstaklega tilgreind, en ekki er gengið í það verk að skoða þessi mál og semja einhverja heildartillögu um það hvernig með þessi mál skuli farið ef áframhald verður á einkavæðingu ríkisstofnana. Þetta er auðvitað mikið mál fyrir starfsmenn stofnananna og rétt að geta þess að í gangi er einmitt dómsmál sem á að skera úr um þetta þar sem hér er að öllum líkindum um brot á samningum við opinbera starfsmenn að ræða. Málið sem ég vitnaði til er ekki lokið og enginn veit á þessari stundu hvernig það fer. Ég hefði því talið eðlilegt að ekki væri lokið við að afgreiða þetta frv. á meðan þessi málaferli standa yfir.

Það má minna á það að nokkrir þingmenn á Alþingi hafa beðið um skýrslu um hvernig staðið var að sölunni á SR-mjöli. Fjárln. Alþingis hefur einnig beðið um skýrslu Ríkisendurskoðunar um það mál og hvorugt þetta er framkvæmt. Við fáum ekki skýrslu Ríkisendurskoðunar og það hefur ekki enn verið orðið við því að leggja fram skýrslu um málið á Alþingi þótt þingmenn hafi lagt fram þingmál um það og einmitt verið vitnað til þess að í gangi sé dómsmál um þetta sama mál og á meðan verið sé að fjalla um það í dómskerfinu sé mjög óeðlilegt að leggja það fram á Alþingi. Það er þá einkennilegt að á sama tíma skuli hæstv. fjmrh. leggja mikla áherslu á það að koma

þessu mál í gegn þrátt fyrir að einmitt sé í gangi dómsmál. Ég hélt satt að segja að ríkissjóður væri búinn að fá á sig stór áföll í sambandi við dóma vegna brota á samningum við opinbera starfsmenn. Það nægir að minna á dóm sem gekk vegna BHMR, dóm sem gekk vegna flugumferðarstjóra og fleiri er hægt að nefna. Oft og tíðum hefur því ríkissjóður farið illa út úr því að vera með mál sem hafa farið þannig í dómskerfinu einmitt vegna brota á samningum sem ríkið hefur gert. Þess vegna teldi ég fulla ástæðu til að bíða með þetta mál þar til dómsmálinu er lokið.

Það er ekkert hlaupið að því að leysa úr slíkum málum, þetta eru mjög stór mál og mér finnst ekki rétt að rjúka til að afgreiða þetta frv. þegar vitað er um bæði önnur mál sem hafa gengið og kostað ríkið stórfé og síðan að sambærilegt mál er í gangi sem getur haft áhrif á það hvort það stenst að samþykkja þetta frv. á Alþingi sem lög.

Það er endalaust hægt að halda áfram að ræða um ýmis atriði í sambandi við einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Því miður hefur oft og tíðum verið þannig, að manni sýnist, að einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar hefur ekki hagsmuni borgaranna, hagsmuni ríkissjóðs og hagsmuni þjóðfélagsins yfirleitt að leiðarljósi heldur er fyrst og fremst trúarbrögð. Það á að einkavæða og það er alveg sama hvað það kostar fyrir borgarana, fyrir launþegana og jafnvel fyrir okkar sameiginlega sjóð.

Það er hægt að nefna í því sambandi hvernig farið hefur með einkavæðingu Strætisvagna Reykjavíkur þar sem klúðrað hefur verið þeirri framkvæmd og ekki séð fyrir endann á því enn þá hvernig því máli muni ljúka. Það er dæmigert klúður á einkavæðingu sem þar átti sér stað og trúlega endar það með því og vonandi endar það með því að það fyrirtæki verður fært í fyrra horf því að þó að meiri hluti borgarstjórnar, sem nú ræður ferðinni, sé að reyna að bæta þar um ýmislegt sem farið hefur illa í þeirri málsmeðferð þá virðist það samt sem áður ekki nægja til þess að menn sjái að einkavæðingarstefnan sé eitthvað sem þarf að skoða á annan hátt en hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera. Hæstv. ríkisstjórn heldur enn þá áfram að framfylgja þeim trúarbrögðum sínum um það að einkavæðing skuli það vera og ekkert annað.

Ef þetta frv. verður samþykkt þyrfti ýmislegt að liggja fyrir um það hvernig á að standa að sölunni. Hver verður það sem sér um sölu á fyrirtækinu? Hver verðleggur fyrirtækið? Okkar sameiginlegi sjóður, ríkissjóður, hefur lagt fram allmikla fjármuni síðustu tvö árin til uppbyggingar á þessu fyrirtæki. Það er því búið að gera þetta fyrirtæki nánast mjög vel búið. Það er búið að leggja hundruð milljóna í það til þess að gera fyrirtækið, eins og hæstv. ráðherra hefur sagt, þannig úr garði að það sé góð söluvara. Það væri þá ekki úr vegi að við umræðuna um frv. kæmi það fram hvert verð þessa fyrirtækis ætti að vera. Það hlýtur að vera hægt að gera þá markaðskönnun að menn viti hvað ríkissjóður á að fá fyrir þetta fyrirtæki, að það fari ekki á svipaðan hátt og fór með SR-mjöl. Ríkissjóður vann að því að bæta úr ýmsu út um landið þar sem Síldarverksmiðjurnar voru starfræktar. Miklir fjármunir voru lagðir í að halda þeim við og fara þar eftir nútímatæknivæðingu en síðan þegar SR-mjöl er selt er þeim sem það kaupa nánast gefnir peningar, hundruð milljóna, til þess að þeir fáist til að kaupa fyrirtækið.

Er það kannski eitthvað svipað sem á að gera núna með Lyfjaverslun ríkisins? Verður það svo eftir á þegar búið er að selja fyrirtækið að í ljós kemur að þar hafi ríkissjóður afskrifað hundruð milljóna, látið einhverja einkavæðingarpostula fá fyrirtækið í hendur, jafnvel þannig að verið sé að brjóta samkeppnislög ef þau fyrirtæki sem sterkust eru á markaðnum kaupa fyrirtækið og síðan verður ríkissjóður af þeim tekjum sem Lyfjaverslunin hefur skilað í ríkissjóð, því að hún hefur verið rekin með hagnaði undanfarin ár og þess vegna horfa sjálfsagt nokkrir einkavæðingarpostular til þess að þeir geti haft dálítið upp úr því að kaupa fyrirtækið.

Ég skil það vel að hæstv. fjmrh. sé það mjög umhugað að koma frv. áfram þar sem, eins og ég hef sagt áður, þetta er dæmigert einkavæðingarfrv. þar sem enginn veit hvernig með það verður farið við söluna en nánast trúarbrögð að fyrirtækið, sem er þó allvel rekið, verði ekki lengur í eigu ríkissjóðs. Við höfum horft upp á það undanfarið og nærtækt að nefna fleiri fyrirtæki en SR-mjöl þar sem einkavæðing hefur misheppnast á margan hátt. Hér hefur oft verið vitnað í Bifreiðaskoðun ríkisins og ég ætla að gera það einu sinni enn.

Það var talið mjög gott mál á sínum tíma að einkavæða Bifreiðaskoðun ríkisins og þeir sem studdu það þá, og það gerði raunar nokkrir fulltrúar Kvennalistans, álitu að með því væri verið að færa einokun ríkisins sem þá var yfir til almenna markaðarins, að bifreiðaverkstæðin tækju að sér að skoða bíla framvegis og ríkið hefði ekki lengur einokun á því. Það fór ekki aldeilis á þann veginn heldur var það þannig að eitt fyrirtæki tók áfram að sér þá framkvæmd þó það héti ekki lengur Bifreiðaskoðun ríkisins. Ég ætla svo sem ekki að rekja það frekar, aðeins að nefna það í framhaldi af umræðunni um þetta. Það hefur oft verið farið í það hér og menn kannast við þá umræðu.

En það sem stingur yfirleitt í augun þegar verið er að selja ríkisfyrirtæki er þegar það eru fyrirtæki sem eru þokkalega vel rekin og maður sér ekki fram á að þau verði neitt betur rekin eða þjóni betur því sem þau eiga að gera þó þau séu einkavædd og seld. Fyrir utan það að ríkið verður oft og tíðum að greiða með þessum fyrirtækjum til þess að selja þau og verður jafnframt af tekjum sem rekstur þeirra skilaði inn í ríkissjóð en þeir sem kaupa það fá aftur á móti greiddan arð og arður er skattfrjáls að hluta til. Og venjulega gæta fyrirtækin þess sem eru að greiða arð að þau séu ekki að greiða hærri arð en sem er skattfrjáls þannig að ekki fær ríkið neinar tekjur af því.

Það er t.d. mjög merkileg aðferð kaupenda SR-mjöls. Þeir eiga fyrirtækið í einn dag á síðasta ári, keyptu það 30. des., og þeir geta síðan greitt sjálfum sér út arð fyrir þennan eina dag á árinu á næsta ári á eftir. (Gripið fram í.) Hvað segir hv. þm.? (**Gripið**

fram í: Voru þetta ekki bara ...?) Þeir geta auðvitað gert það, hv. þm. Þeir þurfa ekki að greiða mikið út sjálfir því arðurinn greiðir þær afborganir sem þeir þurftu að standa í skilum með samkvæmt samningum. Þetta fyrirtæki átti ekki að greiðast út á þessum eina degi heldur hafa þeir tvö ár til að greiða þetta. Og kannski verður arðurinn svo mikill á þessum tveimur árum að það borgi þessar — voru það ekki 185 millj. sem raunverulega voru uppistandandi þegar búið var að taka frá það sem ríkið hafði lagt með fyrirtækinu?

Ég hélt að ríkissjóður væri búinn að fá á sig alveg nægilegt af athugasemdum í sambandi við söluna á SR-mjöli og fleiru. Það má nefna Þormóð ramma sem hér var nokkuð í umræðunni um daginn þegar var verið að ræða frv. við 2. umr. (**SJS:** Það var miklu betra mál.) Að vísu segir hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon að það hafi verið miklu betra mál. Ég er honum reyndar ekki sammála. Vel má vera að það hafi verið nauðsynlegt á sínum tíma að gera þarna ákveðnar breytingar en ég tel að það hefði átt að standa þannig að þeim samningum að þegar það fyrirtæki færi að skila af sér hagnaði þá væru greiddar einhverjar skuldir til baka til hinna almennu sjóða sem höfðu tekið á sig ómældar fjárhæðir áður. Það er kannski spurning hvernig hægt er að standa að því í framtíðinni þegar ríkið er búið að afskrifa miklar skuldir hjá fyrirtækjum þegar það horfir ekki fram á annað en það verði að gera það, hvort ekki þurfi að setja einhverja varnagla þannig að ef fyrirtækin fara síðan að bera sig og eru rekinn með hagnað og geta jafnvel greitt mikinn arð þá fái ríkissjóður eitthvað aftur af þeim skuldum sem hann hafði áður gefið eftir. Það getur vel verið að það þurfi lagabreytingu til þess og annað frv. en við erum að ræða.

Í umræðunni um þetta mál fyrir nokkrum dögum var viðstaddur frsm. nál., hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem nú er ekki staddur á landinu. Ég verð vissulega að lýsa því yfir að ég sakna hans viðveru því það er ýmislegt sem hefði þurft að spjalla um við hann. Þar meira að segja leyfði hann sér að vera með ásakanir á hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur sem þá var ekki viðstödd en var með varamann inni sem ekki var nægilega kunnugur því máli sem var verið að ræða. Enda hafði þetta mál verið afgreitt út úr nefnd fyrir allt að tveim mánuðum síðan. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem nú er fjarverandi, leyfði sér að fullyrða að það sem hefði gerst frá því að frv. var afgreitt , stefnubreyting hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur, fyndist honum mjög furðulegt og ekki í samræmi við hennar starfshætti. En ég get fullvissað hann um það, ef hann á eftir að lesa þetta, og er, eins og ég segi, mjög slæmt að hann skuli ekki vera viðstaddur, að það var algerlega hennar eigin ákvörðun að breyta þeim fyrirvara sem hún hafði við þetta frv. í að vera í andstöðu við það þar sem á þeim tveimur mánuðum frá því að nál. var afgreitt út úr efh.- og viðskn. hafði hún m.a. verið að fjalla um einkavæðingarfrv. um Áburðarverksmiðju ríkisins í annarri nefnd. Þar kom ýmislegt það fram sem ekki hafði komið fram við umræðuna og umfjöllunina í hv. efh.- og viðskn. Ég hygg því að hún hafi við þá umfjöllun gert sér ljóst að svo margir annmarkar væru á frv. um Lyfjaverslunina að ekki væri hægt að standa að því að greiða atkvæði með því. En þessir tveir hv. þm. eru ekki viðstaddir, hvorki hv. þm. Vilhjálmur Egilsson né hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir. (**Gripið fram í:** Ætli hún hafi ekki ruglast í tímanum?) (**Gripið fram í:** Villi hefur ruglast í tímanum.) (**Gripið fram í:** Það er sumartími, það er búið að breyta þessu.) Það er einmitt það, virðulegur forseti. Það er rétt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur flutt hér tillögu um breyttan tíma og kannski er hann farinn að framfylgja þessum breytta tíma einhvers staðar annars staðar út í heimi. (**Gripið fram í:** Það er fimmtudagur í dag hérna.) Það er nefnilega fimmtudagur í dag og þetta snerti einmitt fimmtudaga þar sem hv. þm. vildi alls ekki vera að hafa neina frídaga á fimmtudögum. Hann vildi hafa þá frídaga á föstudögum. En hann hefur líklega ruglast í þessu þannig að nú vill hann bara hafa frídag þarna erlendis á fimmtudegi. (**Gripið fram í:** Hann vill gera fimmtudaga að föstudögum.)

(**Forseti** (VS)**:** Má ég biðja hv. þm. að hætta þessum frammíköllum.)

Þessir tveir hv. þm. eru hvorugir viðstaddir og tæpast hægt að ljúka þessari umræðu nema þau séu hér viðstödd. Ég verð að lýsa því yfir, virðulegi forseti, að ég sé ekki annað en að það verði mjög erfitt. A.m.k. vil ég fara fram á það til vara að 3. umr. um þetta mál hefjist ekki fyrr en þau eru bæði viðstödd á þingfundi.

Virðulegi forseti. Ég hef komið fram með þau aðalatriði sem ég tel að séu athugaverð við frv. Það er að sjálfsögðu hægt að tala um það miklu lengur ef maður vildi fara nákvæmlega í ýmislegt það sem gerst hefur í sambandi við einkavæðingu ríkisins. En þar sem ég veit að margir eru á mælendaskrá og þetta er mín fyrri ræða þá hef ég að sjálfsögðu möguleika á því að koma með frekari athugasemdir síðar og læt því lokið máli mínu að sinni.

[11:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það er nú óþarfi að fara mörgum orðum um þessa ræðu. Hún var nánast flutt um daginn líka. Það eru sömu efnisatriðin og fram koma aftur og aftur í þessari umræðu. Ég vil aðeins taka það fram að málaferli eiga ekki að fresta þessum frv. sem fyrir liggja. Það er ágreiningur um 14. gr. laganna frá 1954. Það vita þeir sem um þau mál hafa fjallað, annars vegar fyrir hönd ríkisvaldsins og hins vegar fyrir hönd viðsemjenda þeirra og þá sérstaklega forráðamenn BSRB sem hafa aðra skoðun á því hvað 14. gr. inniheldur og hvað ekki, þ.e. þegar tekið er tillit til þeirra réttinda sem þar er minnst á, hvort þau safnast upp eða eru réttindi af öðrum toga. Um það ætla ég ekki að ræða hérna frekar.

Það er hárrétt að frsm. er ekki við þessa umræðu og reyndar vantar þann þingmann sem hrökk frá sinni álitsgerð en ég minni á að 3. umr. er eftir og ég hvet hv. þm. ekki síst í ljósi þess að hinn 2. mars var nál. undirritað að reyna að ljúka þessari umræðu. Það má vera að við 3. umr. verði ég að flytja eða nefndin eft-

ir atvikum brtt. og fresta gildistöku málsins því 1. maí dugar varla þar sem nú er kominn miður apríl en gert hafði verið ráð fyrir því í upphafi að þetta mál afgreiddist fyrir páska.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram ef það mætti skýra málið að nokkru leyti og flýta kannski fyrir okkur í 2. umr. málsins. Mín vegna mætti þá 3. umr. bíða þar til hv. þm. sem nefndir voru til sögunnar eru komnir og geta tekið þátt í þeirri umræðu sem þá verður.

[11:03]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað varðar það að hér sé verið að flytja sífellt sömu ræðuna þá er það auðvitað þannig að við stjórnarandstöðuþingmenn erum að reyna að koma okkar sjónarmiðum á framfæri og reyna að hafa áhrif til góðs á hæstv. ríkisstjórn þar sem þetta frv. snertir hagsmuni mjög margra eins og ég nefndi áðan, bæði borgaranna og ríkissjóðs í heild. Hér er mjög stórt mál um að ræða. Hvað það varðar að hægt sé að halda áfram með mál þó það snerti dómsmál þá mundi ég varpa þeirri spurningu fram til hæstv. ráðherra hvort við í hv. fjárln. getum þá ekki farið að fá skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu SR-mjöls ef alveg er hægt að hafa bæði þingmál og dómsmál í gangi samhliða.

En hvað varðar það að fresta þessari umræðu þá fór ég fram á að frestað yrði 2. umr. en ég skal svo sem ekki leggja mikla áherslu á það ef hæstv. ráðherra er því hlynntur að við getum beðið með 3. umr. þar til þeir tveir þingmenn sem ég nefndi áðan verða viðstaddir. Ég tel þó nokkurn ávinning að því.

[11:04]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki neitt andsvar af minni hálfu. Ég vil bara taka undir þau sjónarmið sem hér komu fram og met það mikils sem kom fram hjá hv. þm. að hægt sé að ljúka þessari umræðu fyrst en að fresta 3. umr. þar til hv. þm. sem þurfa að taka þátt í umræðunni eru viðstaddir.

[11:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Við erum hér að fjalla um eitt af einkavæðingarfrv. ríkisstjórnarinnar. Það verður nú að segjast alveg eins og er að þó ég sé ekki þeirrar skoðunar að ríkið eigi að vera mikið í atvinnurekstri umfram það sem nauðsynlegt er vegna hlutverks ríkisins varðandi þjónustu við þegnana, þá finnst mér afar slæmt að núv. ríkisstjórn er búin að halda þannig á málum að það er með sanni hægt að segja að hún hafi komið óorði á einkavæðinguna. Það er stundum sagt að rónarnir hafi komið óorði á brennivínið og ég held að það megi alveg eins segja að núv. ríkisstjórn hafi komið óorði á einkavæðingu. Þannig hefur verið staðið að málum. (**Gripið fram í:** Nei, á brennivínið.)

En ég ætla að gera grein fyrir fyrirvara okkar framsóknarmanna við það nál. sem hér hefur verið lagt fram. Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að ég býst við að minn fyrrvari sé ekki alveg eins stór og mikill eins og hv. 4. þm. Norðurl. e. þannig að það er ekki víst að ég þurfi einn og hálfan tíma til þess að gera grein fyrir honum. (**Gripið fram í:** Það er lélegt.) Það finnst hv. þm. lélegt að ég geti ekki komið því upp í einn og hálfan tíma.

En fyrirvari okkar framsóknarmanna sem skrifum upp á þetta byggist fyrst og fremst á því sem varðar málefni ríkisstarfsmanna. Annars vegar varðandi lífeyrisréttindi og hins vegar varðandi biðlaun. Það er ekki vansalaust fyrir núv. hæstv. ríkisstjórn sem segist tala fyrir einkavæðingu að ekki skuli hafa verið unnið meira í því að fá lausn á þessu máli.

Um þetta mál var rætt milli aðila BSRB og ríkisins á sl. hausti. Og eftir því sem okkur er tjáð voru aðilar málsins sammála um að taka upp viðræður um þetta mál og leita lausna. Það hefur komið fram hjá þeim fulltrúum ríkisstarfsmanna sem hafa komið til viðræðna við nefndina að þeir séu ekki í prinsippinu á móti einkavæðingu þar sem hún á við en skiljanlega vilji þeir aðilar tryggja að starfsmenn þeirra haldi þeim réttindum sem þeir telja að þeir eigi samningsbundið. Því miður standa mál þannig í dag að það hefur ekkert orðið úr viðræðum milli þessara aðila, milli ríkisstarfsmanna og fjmrn. varðandi þessi atriði. Ég hlýt að spyrja hæstv. fjmrh. hverju það sætir, hvernig á því stendur að ekki er farið í viðræður um þessi atriði,

Ég hef nú gert grein fyrir stærsta fyrirvara okkar framsóknarmanna varðandi þetta mál. Ég mun nú gera grein fyrir því hvers vegna við ákváðum að það væri rétt af okkur að standa að afgreiðslu þessa máls en þó með fyrirvara. Ég tel sérstaka ástæðu til að gera það vegna þess að einmitt þessi starfsemi, þ.e. rekstur fyrirtækis í lyfjaiðnaði, er að mínu mati á mörkum þess sem ég tel eðlilegt að ríkið standi í. Miðað við núverandi aðstæður og þá í raun ríkisverndaðan einkarekstur sem er á lyfjamarkaðnum finnst mér á margan hátt eðlilegt að ríkið verði áfram að einhverju leyti þátttakandi í þeim leik. Það getur nefnilega að mínu mati í einstökum tilfellum stuðlað að heilbrigðari rekstri og samkeppni í vissum greinum að ríkið dragi sig ekki að fullu úr.

En það er skemmst frá því að segja að frv. eins og það kom frá ríkisstjórninni var meingallað. Ég get nefnt í því sambandi að ekkert hafði verið hugað að því veigamikla hlutverki sem Lyfjaverslun ríkisins hefur gegnt varðandi birgðahald í lyfjum og á það sérstaklega við dreypilyf. Sömuleiðis virtist ekkert hafa verið hugað að því og menn ekki nánast ekki vitað af því hlutverki sem Lyfjaverslun ríkisins gegndi hvað snerti Almannavarnir ríkisins. Það leit út fyrir að það ætti að afgreiða þetta mál án þess að á nokkurn hátt væri gengið frá þessum þáttum. Það kom fram hjá yfirlyfjafræðingi Landspítalans að ef ekki yrðu gerðar neinar aðrar ráðstafanir og þetta fyrirtæki yrði selt að fullu og öllu og teldi sig þar af leiðandi ekki skuldbundið til þess að halda uppi lager til að mynda dreypilyfja, þá yrðu spítalarnir að taka það upp og sjá um þá þætti sjálfir með tilheyrandi birgðahaldi og umsjón með því og þá er að mínu mati vandséð hver hagræðingin og sparnaðurinn af þessu máli væri.

Þetta leiðir hugann að því að eins og frv. var voru engin skilyrði varðandi söluna. Það var alfarið sett í

hendur fjmrh. og hann gat þess vegna, á sama hátt og gert var við SR-mjöl, selt fyrirtækið fyrirvaralaust á einu bretti. Þetta var að mínu mati algerlega óásættanlegt varðandi Lyfjaverslun ríkisins þar sem, eins og ég sagði, hér er um að ræða atvinnugrein þar sem er ríkisverndaður einkarekstur. Það þarf ekki annað en skoða afkomu þeirra sem hafa starfað í þessari grein til þess að sjá hvernig þetta stendur.

Það var þess vegna skoðun okkar framsóknarmanna í nefndinni að við gerðum mest gagn varðandi málefnið og stöðu þessa fyrirtækis með því að standa að afgreiðslu málsins og þá á forsendu þeirra breytingartillagna sem eru hér lagðar fram á þskj. 682 og víkja að því annars vegar að fjmrh. er einungis heimilt að selja helming hlutabréfanna í fyrirtækinu og að öðru leyti sé það háð samþykki Alþingis ef á að selja meira. Og einnig að við bætist ákvæði til bráðabirgða sem tryggi að staðið verði þannig að birgðahaldi fyrir Almannavarnir og annarri þeirri þjónustu sem Lyfjaverslunin hefur veitt að ekki verði skaði af við þessa aðgerð.

Ég hef nú farið yfir forsendur þess að við framsóknarmenn í nefndinni skrifuðum undir þetta nefndarálit með fyrirvara og sömuleiðis að hverju sá fyrirvari lýtur. Ég vil að lokum varðandi þann þátt málsins ítreka það og undirstrika að það verður að fást botn í réttindi starfsmanna ríkisins við aðstæður eins og þær sem hér er verið að fjalla um. Það er alveg vonlaust að nánast öll umræða, efnisleg umræða um það hvar ríkið á að taka þátt í rekstri og hvar ekki, skuli steyta á þessu skeri.

Virðulegur forseti. Ég mun í seinni hluta ræðu minnar fara nokkrum orðum almennt um einkavæðingu og það hvernig ég tel að eigi að standa að málum ef ríkisvaldið og Alþingi ákveða að þau ætli annaðhvort að breyta ríkisfyrirtæki í hlutafélag vegna þess að menn telji það hagkvæmara rekstrarform eða að menn ætli að ganga lengra og selja viðkomandi fyrirtæki eða rekstur. Ég benti á það hér áðan að svo væri komið að núv. ríkisstjórn væri búin að koma óorði á einkavæðingu. (**Gripið fram í:** Og brennivínið líka.) Og brennivínið líka, er sagt hér úti í sal. Ekki vil ég nú kannski taka undir það. En m.a. með því að setja inn í fjárlög á hverju ári markmið um það hvað einkavæðingin ætti að skila miklu getur að mínu mati leitt til þess að sala ríkisfyrirtækja stjórnist ekki af því markmiði að ná hámarksfjármagni út úr viðkomandi fyrirtæki heldur af því markmiði að stemma af ríkissjóð á viðkomandi ári. Þetta er að mínu mati algerlega óásættanlegt. Og það er því miður alveg rétt eins og kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, 6. þm. Vestf., að oft og tíðum finnst manni að nánast sé fjallað um einkavæðingu eins og trúarbrögð og það eigi að einkavæða einkavæðingarinnar vegna. Þess vegna hlýt ég í raun að fagna þeirri yfirlýsingu sem við heyrðum í gær frá bráðabirgðaborgarstjóra sjálfstæðismanna í Reykjavík þar sem hann lýsti því sem sinni stefnu að þar sem ekki væri um að ræða virka samkeppni þar ætti ekki að einkavæða. Ég held að Reykjavíkurborg hefði átt að hafa þetta í huga þegar þeir fóru í einkavæðingarátök á síðasta ári og sleppa strætisvögnunum, en hugsanlega hefði mátt einkavæða rörasteypur, veitingahús og ýmsan annan rekstur sem er rekinn á vegum Reykjavíkurborgar. Það er að mínu mati nánast furðulegt hvað Reykjavíkurborg hefur gengið langt í því að reka starfsemi í beinni samkeppni við þegnana í sveitarfélaginu. Og það er eiginlega afar sérstætt að stuðningsmenn Sjálfstfl. í Reykjavík, ég hygg að verulegur hluti atvinnurekenda hér séu stuðningsmenn Sjálfstfl., skuli hafa látið flokkinn komast upp með þetta. Þannig að ég hlýt að fagna þessar yfirlýsingu bráðabirgðaborgarstjóra Reykjavíkurborgar.

Ég get hins vegar alveg viðurkennt þau rök að á ýmsum sviðum sé æskilegt fyrir ríkið að þau fyrirtæki sem ríkið á séu í formi hlutafélaga, en þá þurfi ekki að rugla því saman við einkavæðingu. Ég hef svolítið velt því fyrir mér í þeirri umræðu sem hefur verið undanfarið um breytingar á lögum sem snúa að rekstrarformi með framlagningu frumvarpa til nýrra laga um hlutafélög, til nýrra laga um eignarhlutafélög, sem eru í raun einfaldari gerð af hlutafélögum, þar sem hlutahafarnir geta verið niður í það að vera einn. Vantar okkur ekki eitt formið enn? Þyrftum við ekki að vera með form sem héti ríkishlutafélag, sem væri þá skammstafað rhf., hlutafélag þar sem yfirlýst stefna væri að þar væri um að ræða svið sem ríkið ætlaði að vinna að áfram? Það ætlaði ekki að selja hlut í félaginu, en menn teldu að með hliðsjón af því að einhver hluti starfseminnar væri í samkeppni við aðila á hinum almenna markaði og vegna samstarfs félagsins við aðra aðila bæði innan lands og erlendis væri æskilegra að það starfaði í grundvallaratriðum eftir sama formi og önnur fyrirtæki. Ég gæti til að mynda séð fyrir mér að Póstur og sími yrði ríkishlutafélag. Ég sé hins vegar ekki fyrir mér og sé enga skynsemi í því að ríkið færi að selja hlut í Pósti og síma. Þess vegna varpa ég því hér fram í umræðuna hvort ekki væri æskilegt að við kæmum með nýtt form, nýtt afbrigði af hlutafélögum, sem væri þá þriðja afbrigðið, við hliðina á almennum hlutafélögum og eignarhlutafélögunum sem væru ríkishlutafélag.

Virðulegi forseti. Ég ætla þá að koma að einu í framhaldi af þessu, hvernig ég sé fyrir mér og tel að ríkið eigi að standa að málum ef það er að selja rekstur sem það hefur staðið í. Við getum dregið lærdóm af SR-málinu og það á ekki að standa að málum eins og þar er gert. Að mínu mati verður að standa á allt annan hátt að þeim hlutum. Ég tel að það eigi að gera á þann hátt, ef ég tek dæmið af SR-mjöli, sem ég hygg að hafi verið og sé hér á Alþingi mikill meirihlutavilji fyrir því að því félagi hafi verið breytt í hlutafélag og eftir atvikum selt. Ég tel að að þessu eigi að standa þannig að það sé byrjað á því að breyta viðkomandi rekstri í hlutafélag. Síðan eigi að selja nægjanlega marga litla smáa hluti í félaginu til þess að hægt sé að skrá félagið sem almenningshlutafélag og það geti komist inn á hinn almenna hlutafjármarkað. Síðan verði beðið eftir því að viðkomandi félag taki verð á hinum almenna markaði og þá fyrst, þegar hlutabréfamarkaðurinn, sem er að styrkjast betur hér á landi, er búinn að gefa viðkomandi fyrirtæki verð, verði hugað

að frekari sölu. Þá losnum við við þessar eilífu deilur um það hvort við höfum verið að gefa viðkomandi félag. Og ég sé ekkert til að mynda varðandi SR-mjöl sem rak svo á eftir að ekki hefði verið hægt að fara þessa leið.

Virðulegur forseti. Ég mun því beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. — ég mun, virðulegur forseti, bíða eftir að hann ljúki samtali sínu hér úti í sal. Ég mun því beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann geti ekki verið sammála mér í því að sú leið sem ég nefndi í síðasta kafla ræðu minnar, hvernig væri skynsamlegt að standa að sölu ríkisfyrirtækja, sé skynsamleg. Nú veit ég ekki, virðulegur forseti, hvort hæstv. ráðherra heyrði orð mín og hvort hann veit þá um hvað ég er að spyrja. Hann var nokkuð upptekinn hér úti í sal. En ef svo er þá get ég endurtekið það í örfáum orðum. Í máli mínu kom fram að ég tel að það eigi að standa þannig að sölu hlutafélaga, ef ríkið ákveður að selja þau, að það sé byrjað á því að selja nægilega marga smáa hluti í fyrirtækinu, það þarf ekki að vera há prósentutala, til þess að hægt sé að skrá hlutafélagið sem almenningshlutafélag á markaði. Láta síðan hlutabréf í fyrirtækinu taka verð á almennum markaði og þá fyrst sé tímabært að huga að frekari sölu. Þá þurfa menn ekki að standa í stöðugum deilum um það hvort fjmrh. í það og það skiptið sé að gefa fyrirtækið, sé að hygla einhverjum vinum sínum, sé að færa kolkrabbanum fyrirtækið á silfurfati, svo við nefnum bara einhver af þeim ummælum sem hafa fallið í umræðunni um SR-mjöl.

Virðulegur forseti. Að lokum ætla ég aðeins að koma að því hvernig einkavæðingarreikningur núv. ríkisstjórnar stendur. Ég er alls ekki viss um hvort hann er neikvæður eða jákvæður. Ef við tökum annars vegar þau tilfelli þar sem ríkissjóður hefur verið að selja fyrirtæki og hins vegar þau tilfelli þar sem ríkið og þá fyrst og fremst félög sem eru 100% í eigu ríkisins hafa verið að yfirtaka fyrirtæki og rekstur á síðustu árum. Það er nokkuð greinargott yfirlit yfir það í Morgunblaðinu í gær sem reyndar byggist á svari við fyrirspurn frá hv. 1. þm. Vestf. þar sem tíunduð er eign bankanna í hlutafélögum. Það er að vísu að nokkru leyti ófullnægjandi upptalning að mínu mati því á bak við margar tölurnar þar standa í raun miklu meiri eignir heldur en kemur fram í hlutafjáreignunum, en það eru þá væntanlega skuldir á móti þeim eignum. En það eru engu að síður mikil verðmæti. Og ég er, virðulegur forseti, sannfærður um að ef við leggjum þetta saman, annars vegar það sem ríkið hefur verið að selja og hins vegar það sem ríkið hefur verið að yfirtaka á síðustu árum, þá hljóti eftirmæli þessarar ríkisstjórnar að vera þau að þetta hafi verið einhver mesta þjóðnýtingarstjórn á þessari öld.

Nú vil ég taka það fram að ég er ekki með þessu í sjálfu sér að gagnrýna þær aðgerðir sem til að mynda ríkisbankarnir hafa gripið til til þess að verja sína hagsmuni. Ég tel að þar hafi í nánast öllum tilfellum verið staðið rétt að málum og mælti fyrir því strax á haustdögum 1991 í þinginu að við yrðum að búa þannig um hnútana að bankarnir, til þess að verja sína hagsmuni, sem að mínu mati eru í flestum tilfellum sameiginlegir hagsmunir viðkomandi byggðarlaga og viðkomandi atvinnustarfsemi, þyrftu að fá víðtækari heimildir en þeir höfðu þá til þess að ganga í mál með þessum hætti. Það er búið því betur að breyta viðskiptabankalögunum í þá veru að þeir geta gert það. En ég er jafnframt þeirrar skoðunar að þarna sé um að ræða neyðarráðstafanir til þess að bregðast við ástandi sem er fyrst og fremst til komið vegna kolvitlausrar peningastjórnunar á umliðnum árum og nú eru menn kannski ekkert endilega að tala um núv. ríkisstjórn. Það vaxtafár sem við höfum verið að fást við á umliðnum árum hófst nú reyndar fyrr. Það hófst því miður miklu fyrr. Ég færði að því rök í ræðu í fyrravetur að ef við tækjum sex ára tímabil hárra vaxta og gæfum okkur að vextirnir á því tímabili hefðu að meðaltali verið 3% hærri heldur en eðlilegt getur talist og atvinnulífið stæði undir þá hefði það á þeim tíma fært frá skuldsettum fyrirtækjum og skuldsettum heimilum í landinu 80 milljarða til þeirra sem áttu fjármagnið. Og það er ekkert mikið þó að bankar og fjármálastofnanir hafi þurft að grípa til róttækra aðgerða eftir slíkt tímabil. Það er ekkert mikið þó að þetta tímabil hafi gert það að verkum, eins og ég sagði áðan, að eftirmæli þessarar ríkisstjórnar hvað þetta snertir verði væntanlega þau að hún verði einhver mesta þjóðnýtingarstjórn á þessari öld.

Virðulegur forseti. Ég fer senn að ljúka ræðu minni að þessu sinni. Ég hef rökstutt fyrirvara okkar framsóknarmanna í efh.- og viðskn. og hvers vegna við ákváðum að standa að frv. Ég tel að með þeim breytingum sem þarna náðust fram sé í raun verið að forða slysi og ég hef síðan einnig fært rök að því að núv. ríkisstjórn og núv. hæstv. fjmrh. hafi mistekist hrapallega varðandi þann þátt sem snýr að sölu ríkisfyrirtækja. Það er slæmt vegna þess að það er ekki hlutverk ríkisins að standa í atvinnurekstri sem er í beinni samkeppni við hinn almenna markað. Þess vegna þurfa menn að standa þannig að þessum málum að allar aðgerðir séu trúverðugar og njóti trausts almennings. En í þessu máli, eins og svo mörgum öðrum, hefur ríkisstjórninni mistekist að vinna traust almennings og hagsmunaaðila þegar kemur að framkvæmdinni.

[11:34]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst þakka stuðning Framsfl. og ég tel víðtæka samstöðu æskilega í þessu máli. Í öðru lagi vil ég láta það koma fram að það eru auðvitað margar aðferðir sem hægt er að nota við einkavæðingu og mér finnst sú sem hv. þm. nefndi vera ágæta og nefni sem dæmi í því sambandi sölu ríkisins á hlutabréfum í Þormóði ramma þar sem farið var að með nákvæmlega þeim hætti.

Í þriðja lagi þá verð ég að taka fram vegna fjárlagatalna að það er skylda okkar að setja fram tölur í fjárlagaáætlun og þess vegna er tölur að finna þar. Þá vil ég segja að í frv. eru taldar upp skyldur Lyfjaverslunar ríkisins þannig að það hafði ekkert farið fram hjá

fjmrn. að setja þær skyldur eða vita hvaða skyldur þar væru á ferðinni því þær komu fram í grg. frv.

Loks vil ég, virðulegi forseti, og það er kannski það sem skiptir mestu máli í mínu andsvari, segja frá því að í kjarasamningunum sem gerðir voru 1992 kom fram að það var ágreiningur milli ríkisins og BSRB um túlkun á 14. gr. laga frá 1954, um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Það mál er ekkert leyst á milli þessara aðila. Í samningunum 1993 eða haustið 1993 skrifaði ég BSRB bréf, 28. nóv., þar sem boðið var upp á samráð og samráðsvettvang um mál sem snerta nýskipun í opinberum rekstri, ríkisrekstri, og 10. febr. sendi ég bréf þar sem tilnefndir voru fimm menn af hálfu ríkisins. Þessi samráðshópur hefur hist nokkrum sinnum og fyrirliði hóps ríkisins er Steingrímur Ari Arason og þar hefur verið fjallað um þau mál sem snerta m.a. einkavæðinguna. Þetta vildi ég að kæmi hérna fram því ég skildi mál hv. þm. þannig að hann teldi að ekki hefði orðið úr þessum viðtölum.

[11:36]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur ljóst fyrir að fulltrúum ríkisstarfsmanna finnst lítið hafa orðið úr efndum varðandi það að taka á þessu sérstaka máli sem varðar réttindi ríkisstarfsmanna í tilfellum sem þessum. Þannig að ég stend við þann hluta minnar ræðu.

Varðandi þær hugmyndir sem ég setti hér fram um hvernig mér fyndist að ætti að standa að því ef ríkið kysi að selja rekstur sem væri í þess eigu og hæstv. ráðherra benti á að þannig hefði verið staðið að málum varðandi Þormóð ramma. Það er rétt að að nokkru leyti var þeirri forskrift fylgt sem ég nefndi í minni ræðu, en þá vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað lá svona mikið á varðandi sölu á SR-mjöli að ekki var hægt að fara sömu leið þar? Setja lítinn hluta bréfanna á markað, tryggja nægjanlegan fjölda kaupenda til að hægt væri að skrá fyrirtækið á almennum markaði og sjá síðan til á svona tveimur til þremur árum hvaða verð þessi bréf tækju á almennum markaði.

Ég vil ganga eftir því við hæstv. ráðherra: Hvers vegna var ekki hægt að gera þetta varðandi SR-mjöl?

[11:38]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst út af SR-mjöli. Það kannski ekki mitt að svara því því það er sjútvrh. sem fór með það mál eins og vitað er. Ég vil þó taka fram að það var leitað til sérfræðinga úti í bæ. Það var VÍB sem fór með það mál og niðurstaðan var sú sem hún varð. Ég fer ekki lengra út í það.

Aðalatriðið um réttindamál opinberra starfsmanna er að við gerum mjög skýran mun annars vegar á réttindum eins og lífeyrisréttindum, uppsöfnuðum réttindum sem ekki verða af fólki tekin, og hins vegar svokölluðum biðlaunarétti sem við höfum túlkað á þann veg að ekki komi til álita af okkar hálfu að menn geti verið nánast í sömu eða í sömu störfum þó fyrirtæki skipti um form og fái tvöföld laun. Það hefur verið okkar niðurstaða að það gæti ekki gengið og það særir satt að segja siðferðisvitund manns ef menn halda því fram að biðlaunarétturinn sé uppsafnaður réttur í þeim skilningi enda kemur í ljós að ef fólk segir upp störfum hjá ríkinu t.d., við skulum segja mánuði eða tveimur mánuðum áður en fyrirtæki er breytt, þá eru engin réttindi og allir sammála um það að slíkir aðilar eiga engin réttindi samkvæmt 14. gr.

Um þetta er hins vegar ágreiningur, eins og ég hef margoft sagt, og málið verður sjálfsagt einhvern tímann leitt til lykta af hálfu dómstóla. Ég hefði talið heppilegast að breyta þessari grein í lögunum. Ég geri mér grein fyrir því að lögin þurfa að breytast, það eru 40 ár síðan lögin tóku gildi, en ég geri mér jafnframt grein fyrir því að það verður ekki gert án þess að það verði að undangengnum viðtölum við viðsemjendur ríkisins sem eru í BSRB, BHMR og fleiri félögum opinberra starfsmanna.

[11:39]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var afar sérstakt að hlusta á hæstv. fjmrh. reyna að víkja sér undan ábyrgðinni á sölu SR-mjöls og vísaði þar til hæstv. sjútvrh. Ég er þeirrar skoðunar að það sé sama hvernig við veltum málinu fyrir okkur, það er fjmrh. sem er ábyrgur fyrir eignum ríkisins og ábyrgur fyrir því að það sé séð til þess að þær skili sem mestum arði, hvort sem það er í gegnum sölu eða áframhaldandi rekstur. Það voru afar rýr svörin gagnvart því hvers vegna ekki var hægt að fara aðra leið við sölu á hlutabréfum í því fyrirtæki.

Varðandi áunnin réttindi ríkisstarfsmanna og siðferðilegar spurningar í því sambandi þá held ég að menn verði að skoða þann pakka í heild og taka með í reikninginn að ef um er að ræða starfsmenn sem unnið hafa árum og áratugum saman hjá viðkomandi fyrirtæki á samningum ríkisins þá hefur allan tímann verið horft á það að þetta væru ein af þeim réttindum sem starfsmennirnir hefðu og sem glatast við þessi umskipti.

[11:41]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægt finnst mér að undirstrika í þessu máli og ég vil veita andsvar við því sem fram kom í ræðu hv. 6. þm. Norðurl. e. að rekstur lyfjaverslunar sé á mörkum þess sem ríkið eigi að standa í. Auk þess ætlaði ég reyndar að varpa orði á hæstv. fjmrh. (**JGS:** Ekki í andsvari.) Ég get varpað orði á hæstv. fjmrh. í andsvari, jú. — á mörkum þess sem ríkið eigi að standa í. Ég er algjörlega andsnúinn þessu sjónarmiði. Ég tel að ríkið eigi að reka lyfjaverslun. Ég tel að ríkið eigi að reka apótek eins og það gerir og hefur engum dottið í hug að taka Reykjavíkurapótek af Háskóla Íslands. Það eru engin frumvörp um það uppi. Ríkið á að vera í þessum rekstri einmitt af því að þetta er heilbrigðisþjónusta. Ég bendi á að á árunum 1980–1983 flutti þáv. ríkisstjórn frv. um að flytja Lyfjaverslunina undir heilbrrn. og það hefði auðvitað verið eðlilegt að vera hér að fjalla um frv. um að flytja Lyfjaverslun ríkisins undir heilbrrn. Það væri eðlilegur þáttur málsins.

Hitt vil ég segja. Þær upplýsingar sem hafa komið fram í máli fjmrh., í andsvari við hv. 6. þm. Norðurl. e., eru með þeim hætti að það á auðvitað að fresta 2. umr. um málið núna — núna, af því að það standa yfir viðræður við BSRB og sveitarfélögin og aðra aðila um réttarstöðu starfsmanna og þá á auðvitað að fresta 2. umr. núna, halda síðan áfram þessum viðræðum við þessa aðila, en ekki að keyra málið í gegnum þingið eins og nú virðist vera ætlunin. Ég skora á hæstv. fjmrh. þó í andsvarstíma sé að beita sér fyrir því að ljúka viðræðunum við BSRB með sáttum og ýta þessum málum út af borðum Alþingis á meðan.

[11:43]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek ekki að mér að svara fyrir hæstv. fjmrh. En varðandi það sem kom fram í máli mínu að ég teldi að rekstur lyfjaframleiðslufyrirtækis væri á mörkum þess sem ríkið ætti að gera þá var það kannski eilítið ónákvæmt orðalag, en ég hygg að ég hafi rökstutt það allrækilega í ræðu minni að ég væri þeirrar skoðunar að ríkið ætti ekki að sleppa tökum sínum að fullu á rekstri þessa lyfjaframleiðslufyrirtækis. Ég er þeirrar skoðunar að það höfum við tryggt með því ákvæði að frekari sala en 50% væri háð samþykki Alþingis.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé og muni verða meirihlutavilji Alþingis að ríkið verði áfram að einhverju leyti inni í þessari starfsemi og ég færði að því rök í minni ræðu að það væri æskilegt til þess að veita aðhald og samkeppni á þessum markaði. Ég hef hins vegar tekið undir þau rök að það mælir margt með því að slík fyrirtæki séu í formi hlutafélaga. Þess vegna setti ég m.a. fram þá hugmynd mína hér að það gæti verið æskilegt að við hefðum rekstrarform sem héti ríkishlutafélög þar sem það væri yfirlýst að ef félag væri ríkishlutafélag þá lyti það þeim reglum sem þar væru settar og það væri ætlun ríkis og Alþingis að eiga og reka þá starfsemi áfram.

Ég get út af fyrir sig, virðulegur forseti, tekið undir það að það væri mjög æskilegt að fá botn í þær viðræður sem nú standa yfir um þessi mál milli ríkis og stéttarfélaga og sveitarfélaga áður en gengið er til frekari afgreiðslu á málum sem snerta einkavæðingu á sölu ríkisfyrirtækja.

[11:46]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að við þurfum að gera okkur grein fyrir því í þessu sambandi að heilbrigðisþjónustan hér á Íslandi er kostuð af ríkinu og það eru engar hugmyndir uppi um það eða ekki alvarlegar eða marktækar hugmyndir, það heyrist af og til í Sjálfstfl. en það gerir enginn neitt með það og m.a. ekki fjmrh. En það eru engar marktækar hugmyndir uppi um það að einkavæða heilbrigðisþjónustuna eða selja spítalana og gera þá að hlutafélögum eða heilsugæslustöðvarnar. Af þeim ástæðum er eðlilegt að lyfjaverslunin rími að einhverju leyti við heilbrigðisþjónustuna og þess vegna tel ég að það sé eðlilegt að ríkið eigi eina lyfjaverslun af þessu tagi og annist þær skyldur sem kveðið er á um í lögum um Lyfjaverslun ríkisins, m.a. fyrir Almannavarnir og fleiri slíka aðila. Og ég vil láta það koma fram að ég tel að tillaga hv. efh.- og viðskn. um lyfjaforða og öryggisbirgðir lyfja sé of óljós og óskýr eins og hún er orðin. Ég tel þess vegna að það sé óhjákvæmilegt og skynsamlegt að ríkið eigi svona fyrirtæki. Ég tel að ríkið eigi ekki að eiga öll fyrirtæki, það eigi að vera hægt að einkavæða fyrirtæki og auðvitað er það svo, en þetta fyrirtæki eigi ríkið í grófum dráttum að eiga.

Ég fagna því síðan að hv. 6. þm. Norðurl. e. tekur í raun og veru undir þessi sjónarmið og sömuleiðis það, sem kannski skiptir öllu máli, að fjmrh. eigi núna alveg endilega að beita sér fyrir því að þetta mál fái meðferð á réttum vettvangi, þ.e. milli fjmrh. og fulltrúa viðkomandi starfsmanna. Það sé ekki verið að setja lög ofan í hausinn á stéttarfélögunum í andstöðu við þau á sama tíma og viðræður við þau standa yfir.

[11:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að stuðningur minn við þetta mál eins og það liggur núna byggist m.a. á því að okkur tókst í meðförum málsins að breyta því í þá veru að það væri eftir föngum reynt að tryggja það að ríkið hefði afskipti af þessum málum áfram. Ég vek athygli hv. þm. á því að, að ég hygg, á svipuðum forsendum skrifaði fulltrúi Alþb. í nefndinni undir þetta nál. með fyrirvara og ég hef ekki heyrt að hann hafi horfið frá því.

En varðandi réttindamál starfsmannanna þá hljótum við að knýja á um það að í tengslum við afgreiðslu þessa máls þá fáum við miklu afdráttarlausari yfirlýsingu frá hæstv. fjmrh. um að gengið verði til móts við ríkisstarfsmenn hvað þetta mál varðar. Ég hlýt að vænta þess að áður en afgreiðslu þessa máls lýkur á Alþingi þá fáum við frá hæstv. fjmrh. mun ákveðnari yfirlýsingar um það að gengið verði í þessi mál og það verði gengið til samninga um þau. Það er alveg hægt að semja um mál þó þau séu komin til dómstóla. Hæstv. fjmrh. veit sem lögfræðingur að það er ekki óalgengt að málum sem eru fyrir dómi sé lokið með sátt.

Virðulegur forseti. Ég hlýt annars að biðjast afsökunar á því að þessi andsvaraumræða hefur leiðst nokkuð út í viðræður við hæstv. fjmrh. sem ekki hefur tök á að svara fyrir sig.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það var gott að heyra að hv. þm. gerði sér grein fyrir því að andsvarið var farið að snúast í svolítið aðrar áttir.

[11:51]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér var að berast það til eyrna fyrir skömmu síðan og fékk það svo staðfest hjá starfsmönnum þingsins að þingflokkur Sjálfstfl. sæti á fundi, a.m.k. hefi verið boðað til fundar þar núna kl. 11. Og það sem meira var, þessi fundur hefði jafnvel verið boðaður þingmönnum strax í gærkvöldi, enda var settur hér fundur í morgun við einhverjar dapurlegustu að-

stæður sem lengi hafa verið. Ætli það hafi ekki verið eitthvað um sex manns í salnum. Hér í þessari umræðu hefur lengst af verið einn eða enginn þingmaður Sjálfstfl. viðstaddur. (Gripið fram í.) Einn eða enginn sagði ég, einn eða tveir, eftir að hæstv. forseti kom. Hæstv. fjmrh. verið hér á flökti inn og út úr þingsalnum. En þetta á þó enn þá að heita stærsti þingflokkurinn. Og ég verð að segja, hæstv. forseti, ef þetta rétt, sem ég vona að hæstv. forseti geti staðfest, að þingflokkur sjálfstæðismanna boði hér þingflokksfund ofan í venjulegan fundartíma þingsins með jafnvel löngum fyrirvara og sitji eins og ekkert sé bara á löngum þingflokksfundum og ætli öðrum þingmönnum að standa hér í umræðum, þá er það algerlega óviðunandi. Það eru alveg ný vinnubrögð ef svo er að menn boði með löngum fyrirvara þingflokksfund á fundartíma Alþingis. Ég veit ekki hvað það á eiginlega að þýða, hæstv. forseti. Ég leyfi mér að segja það. Og að þetta skuli þá gerast í þingflokki hæstv. forseta og væntanlega þar með með vitund og vilja eða samþykki hæstv. forseta tel ég auðvitað vera enn lakara. En ég óska eftir því að hæstv. forseti upplýsi það hvort þetta sé rétt og ef svo er, þá fer ég fram á að þessari umræðu verði frestað eða þá að þingflokkur Sjálfstfl. ljúki fundi sínum hið snarasta. Það er ekki hægt að láta menn horfa upp á það að störfum Alþingis sé komið þann veg sem þetta bendir til. Það er bara ekki ásættanlegt, eins og er í tísku að segja í dag. Ég óska eftir því að hæstv. forseti svari þessum spurningum.

[11:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst vegna andsvaranna sem hérna áttu sér stað áðan láta það koma fram að ég er sammála því sem reyndar kom kannski fram hjá virðulegum hv. ræðumanni að það er erfitt að beina fyrirspurnum til annarra en þeirra sem geta tekið til máls undir þessum lið andsvaranna. Ég vil einnig að það komi fram hérna vegna umræðu um stjórn forseta að það hefur komið fram hjá mér að mér finnst eðlilegt að 3. umr. fari fram ekki strax í framhaldi af þessari þannig að tækifæri gefist til fyrir þá sem þurfa að ræða málið að koma að 3. umr. málsins. Þar er verið að tala um frsm. nefndarinnar, en jafnframt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, sem mér skilst að komi í næstu viku, ef ég veit rétt.

Enn fremur vil ég að það komi hér fram vegna umræðna sem hafa orðið að ef frv. verður ekki að lögum í þessari viku sé ég að það er einsýnt fyrir mig eða þá hv. nefnd að flytja brtt. við 3. umr. til þess að fá meiri tíma m.a. til að ræða við starfsfólk fyrirtækisins og aðra þá sem að þessu máli koma því gildistakan 1. maí getur ekki gengið upp eins og fram hefur komið. Þessu vildi ég koma fram vegna fundarstjórnar forseta að það megi vera ljóst í hvaða farvegi þetta mál verður.

Um það hvort það sé þingflokksfundur hjá sjálfstæðismönnum vil ég að það komi fram að í gær var eitt stjfrv. til umræðu á þingflokksfundi sem stóð til kl. 19.30. Þar var ákveðið að þeir þingmenn sem vildu hafa áhrif á það mál gætu komið saman kl. 11 í morgun. Ég held að það sé mjög algengt að þingmenn komi saman á þingtíma ef tryggt er að þeir sem þurfa að taka þátt í umræðunum séu viðstaddir þær. Ég vil að það sé alveg ljóst að ég hef verið hér hverja einustu mínútu í þingsalnum eða í hliðarherbergi meðan þessi umræða hefur farið fram. Ég held að það sé ekki hægt að krefjast annars heldur en að þeir séu við umræðuna sem þurfa að vera við hana, en ég tek eftir því að það vantar suma þingmenn stjórnarandstöðunnar ekki síður.

Ég vona, virðulegi forseti, að þetta skýri málið og vona jafnframt að þessi fundur þingmanna sjálfstæðismanna verði ekki til þess að umræðan um þetta mál frestist. Og ef óskað er eftir viðveru einhvers þeirra þingmanna sem á þeim fundi eru þá er sjálfsagt að verða við þeim óskum og ná til þess þingmanns.

[11:56]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Fyrst varðandi það að ég og hv. 9. þm. Reykv. höfum farið svolítið frjálslega með rétt okkar til andsvara áðan. Ég viðurkenndi það í minu seinna svari að svo hefði verið, en bendi hins vegar á að hæstv. ráðherra, sá ráðherra sem fer með viðkomandi mál, nýtur þeirra forréttinda að geta komið inn í umræðuna hvenær sem er og eins oft og hann vill, þannig að þetta gegnir nú eilítið öðru máli varðandi það. Og það að við hv. þm. höfum aðeins farið út fyrir þingsköp þarna réttlætti út af fyrir sig ekki að hæstv. fjmrh. hæfi hér efnislega umfjöllun um málið undir liðnum um fundarstjórn forseta.

Virðulegur forseti. Ég hlýt að vekja athygli á því að það kom hér fram og hæstv. fjmrh. staðfesti það að nú stæði yfir nánast formlegur þingflokksfundur hjá sjálfstæðismönnum sem hefði verið boðaður kl. 19.30 í gærkvöldi. Mín skoðun er sú að þó svo að það komi fyrir að þingmenn setjist niður í þingflokksherbergjum og stingi saman nefjum um ákveðin og einstök mál þá sé afar óheppilegt ef taka á upp þau vinnubrögð að þingflokkar fari að boða nánast formlega þingflokksfundi um ákveðin mál á þeim tíma sem auglýstur er sem fundartími Alþingis. Og ég hlýt að taka undir það með hv. 4. þm. Austurl. að annaðhvort verði gert hlé á fundinum eða þessi þingflokksfundur sjálfstæðismanna leystur upp.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill taka það fram að hún hefur ekki setið á þingflokksfundi hjá sjálfstæðismönnum í dag. Eins og kom fram hjá hæstv. fjmrh. þá munu sitja saman einhverjir þingmenn sem hafa viljað nota tímann til að ræða saman. Við vitum öll að nú er skammt þar til að fresta á þingi og því nota menn tímann óspart eins og sjá má hér í fundarsalnum. Það má vísa til kvöldfundar í gær þar sem hér voru tveir hv. þingmenn, auk tveggja ráðherra og forseta til miðnættis á fundi. Aðrir hafa verið að nota tímann annars staðar af því að þeir hafa ekki ætlað að taka þátt í umræðunni. Þetta getur nú gerst hvenær sem er eins og við öll þekkjum.

Forseti væntir þess að hv. þingmenn skilji að hér var ekki um formlegan þingflokksfund að ræða né var óskað eftir því að þingfundi væri frestað.

[12:00]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka það fram í upphafi að mín athugasemd hér áðan er algerlega óháð því dagskrárefni sem hér er til umræðu þó að athugasemdir hæstv. fjmrh. lytu aðallega að stöðu þess. Það skiptir í sjálfu sér ekki máli og á ekki að mismuna dagskrármálum hvort þau eru í hugum einhverra stór eða smá, þá á að sýna sambærilega virðingu og umfjöllun um þau hvað varðar dagskrá þingsins, uppsetningu hennar og fundarstjórn.

Ég beindi að sjálfsögðu orðum mínum til hæstv. forseta en ekki hæstv. fjmrh., enda lít ég svo á að það sé ekki ráðherranna að stjórna hér störfum þingsins þó að á því kunni að vera skiptar skoðanir eins og dæmin sanna.

Ég kannast ekki við þessa nýju formúlu að þingflokksfundi sem sé þannig að þingmenn komi saman, að vísu fyrir tilviljun í þingflokksherbergi Sjálfstfl. og að vísu fyrir tilviljun hafi skiptiborð Alþingis verið beðið að boða þingflokksfund í gær. En þetta sé sem sagt svona, að þingmenn komi saman, sitji svona hugguleg saman og rabbi um málin niðri í þingflokksherbergi Sjálfstfl. Þetta er greinilega alveg ný útgáfa af fundum og ekki meira um það að segja.

Ég ítreka það sem ég sagði hér áðan. Það er algerlega óviðurkvæmilegt að það sé boðaður með hátt í sólarhringsfyrirvara þingflokksfundur sem fellur inn á löngu ákveðinn og reglubundinn starfstíma þingsins. Ef þarna er eitthvað annað fyrirbæri á ferðinni hjá þeim sjálfstæðismönnum þá það. En miðað við þær upplýsingar sem ég hafði til að ganga út frá frá starfsfólki Alþingis og fleirum þá gat ég ekki ráðið í það að þarna væri annað á ferðinni en venjulegur þingflokksfundur.

Síðan held ég að hæstv. fjmrh. ætti ekki að fara út í samanburð á viðveru manna hér. Í þeim töluðum orðum sem hæstv. fjmrh. lét falla voru hér 11 eða 12 stjórnarandstæðingar, einn hv. óbreyttur þm. stjórnarliðsins, einn. Hlutföllin 11:1. Ég legg þar ekki að jöfnu viðveru hæstv. fjmrh. og hæstv. forseta, sem af skiljanlegum ástæðum eru hér stödd. En svona var nú hin frjálsa mæting, ef svo má að orði komast, óbreyttra þingmanna. Það var einn hv. þm. stjórnarliðsins, reyndar Alþfl., og 11 eða 12 stjórnarandstæðingar. Og auðvitað er það þannig, hæstv. forseti, að það er mál sem þarf að ræða rækilega og helst utan þessa salar hvernig málum er komið hér í starfsháttum þingsins og hvers konar vinnustaður þetta er að verða hvað mætingu áhrærir.

Ég ítreka sem sagt óánægju mína með þetta hvernig þetta gengur hér til og vona að forseti taki það eins og það er talað til þess að hafa til íhugunar og eftirbreytni í framhaldinu að nóg er nú samt upplitið á störfum Alþingis þessa síðustu daga þó að svona lagað verði ekki opinbert.

[12:03]

Ingibjörg Pálmadóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Satt að segja er ég ekkert undrandi yfir því að það sé þingflokksfundur hjá Sjálfstfl. Ég á sæti í heilbr.- og trn. og þar eiga sjálfstæðismenn fjóra fulltrúa og það er hámark undanfarið að einn þeirra mæti til funda. Samt erum við að afgreiða þar mikilvæg málefni og við erum jafnvel og höfum verið að því undanfarna tvo fundi að ræða mál sem ekki er búið að mæla fyrir í þinginu. Þannig er málum komið í þinginu að ætlast er til að stjórnarandstaðan sé að afgreiða og vinna mál fyrir stjórnina. Þetta er að sjálfsögðu, hæstv. forseti, algerlega óásættanlegt.

[12:04]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé ástæða til þess að taka undir þá afsökunarbeiðni sem hér kom fram frá hv. 6. þm. Norðurl. e. varðandi það að við fórum örugglega báðir dálítið út fyrir lagabókstafinn í strangasta skilningi hans þegar við tókum upp annað mál hér í andsvörum áðan. Hins vegar var ástæðan sú, hæstv. forseti, að það voru stór tíðindi á ferð sem snertu það mál sem uppi var. Þannig háttar til að við erum hér eða vorum og verðum kannski á eftir að ræða mál sem heitir Lyfjaverslun ríkisins. Það mál hefur verið til meðferðar í þinginu um langt skeið. Núna hefur það hins vegar gerst og var fyrst sagt frá því hér í þessum virðulega ræðustól af hæstv. fjmrh. áðan að það standa yfir viðræður um sama mál við BSRB og fleiri aðila um aðaldeiluefni málsins, þ.e. hvernig farið verður með réttindi og skyldur opinberra starfsmanna, biðlaun, lífeyrissjóð og allt það sem við höfum margoft rætt.

Ég tel að það séu þess vegna svo mikil tíðindi að það þurfi að vera aðstaða til þess í þingsköpum með einum eða öðrum hætti að bregðast við þegar ráðherrar skýra frá tíðindum af þessu tagi, bregðast við öðruvísi og annars staðar í dagskránni heldur en bíða eftir því að að viðkomandi manni komi á langri mælendaskrá sem fyrir liggur. Ég kveð mér þess vegna hljóðs um fundarstjórn forseta til þess að beina því til forseta að kanna leiðir til þess að viðbrögð af því tagi sem sá sem hér stendur viðhafði fyrr í dag eigi rétt á sér samkvæmt strangasta skilningi á bókstaf þingskapanna því að hér var vissulega um stór tíðindi að ræða, kaflaskil í þeirri umræðu sem hér hefur farið fram.

Varðandi mætingar þingmanna Sjálfstfl. hér í dag þá er það auðvitað mjög sérkennilegt, verð ég að segja alveg eins og er. Sömuleiðis verð ég að taka undir það sem fram kom hjá hv. 2. þm. Vesturl. í þessu efni sem er auðvitað mjög alvarlegt, það sem hún skýrir frá. Ég vil þó taka fram að í sumum nefndum þingsins þar sem ég þekki ágætlega til, mæta sjálfstæðisþingmenn yfirleitt heldur vel, flestallir en þó ekki alveg allir.

[12:07]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það getur kannski hjálpað til við fundarstjórnina að ég láti það koma fram hér mjög skýrt að þær viðræður sem eiga sér stað á milli ríkis-

ins og BSRB eru ekki bundnar við Lyfjaverslun ríkisins né heldur bundnar við 14. gr. laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna. Viðræðurnar milli þessara tveggja aðila byggjast eingöngu á því að í tengslum við kjarasamninga á sl. hausti var gefin út yfirlýsing sem ég vil leyfa mér að lesa, virðulegi forseti, til að sýna hvernig í pottinn er búið.

(**Forseti** (SalÞ): Ef það kemur við fundarstjórn forseta.)

Það kemur að því leytinu til við fundarstjórn forseta að það hefur verið beðið um það hér í umræðunni að þessum viðræðum á milli BSRB og ríkisins ljúki áður en hægt sé að halda áfram umræðunni um Lyfjaverslun ríkisins, en það er á misskilningi byggt sem ég mun sýna fram á hér í mínu máli því að í þessu bréfi segir, með leyfi forseta:

„Fjármálaráðuneytið tekur undir það með BSRB að mikilvægt er að þessir aðilar fjalli sameiginlega um þær breytingar og nýskipan í ríkisrekstri sem stjórnvöld ákveða þar sem m.a. verða rædd þau áform um einkavæðingu einstakra stofnana sem á döfinni eru á hverjum tíma og þau mál sem að starfsmönnum viðkomandi stofnunar snúa." Og í lokin segir í þessu bréfi sem ég skrifaði 28. nóv.: „Á þessum vettvangi geta aðilar gert grein fyrir viðhorfum sínum og eftir atvikum ákveðið frekari sameiginlega meðferð einstakra mála."

Í framhaldi af þessu voru nokkrir aðilar skipaðir til þessa samráðs, fimm aðilar af hálfu ríkisins, til þess að tala við fulltrúa starfsmanna ríkisins. Ég vil taka það fram að hugmyndin er sú að þessi samráð eigi sér stað algerlega burt séð frá því hvaða mál eru til umræðu hér á þinginu, en þau mál hljóta samt sem áður eðli málsins vegna að koma inn í viðræður milli þessara tveggja aðila. Þannig að ég vara við því að beita þessum samráðsvettvangi á þann veg að einhverju þurfi að ljúka þar áður en tilteknu máli lýkur hér á þinginu. Ég vil hins vegar að það komi fram enn einu sinni að mér sýnist tíminn vera nokkuð hlaupinn frá okkur og ég legg þess vegna til, og mun þá gera það sjálfur ef ekki aðrir eru til þess að gera það, að tíminn verði lengdur þannig að gildistaka þessara laga verði t.d. 1. júlí eða 1. sept. í stað 1. maí til þess að tími gefist frekar til þess að undirbúa málið betur. Það er mitt framlag til þess að umræðan hér geti haldið áfram í því bróðerni sem hún hefur farið fram hingað til. (**SvG:** 1. júlí 1995.) 1994. (**SvG:** 1995.) Ég vona að tíminn sé nú ekki farinn að rugla manninn.

[12:10]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ein fyrirspurn um þingstörf dagsins. Ég vil spyrjast fyrir um það hvenær sé ætlunin að gera hlé hér á þingstörfum.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti getur svarað því strax að það verður gert hlé kl. hálfeitt til kl. þrjú.)

Ég þakka forseta fyrir upplýsingarnar því það vill svo til að í matartímanum eða kl. hálfeitt hefur félmn. boðað til fundar og við munum að sjálfsögðu mæta þar til þess að greiða fyrir þingstörfum. Ég hef þá fengið þær upplýsingar sem ég bað um.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það var einmitt gert með tilliti til þess að nefndarfundir byrja kl. hálfeitt. Þess vegna var gert ráð fyrir því að hlé yrði hér frá hálfeitt í dag til kl. þrjú og hv. þm. vita ástæðuna fyrir því.

[12:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Mér þykir fróðlegt að heyra það í máli hæstv. forseta áðan að það hafi þótt tilhlýðilegt að fundum yrði frestað hálfeitt vegna þess að þá ættu að vera nefndarfundir. En svo hátt hefur ekki þeim fundi þingflokks Sjálfstfl. sem hefur staðið yfir verið gert undir höfði. Ég sé a.m.k. ástæðu til að taka undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á það að þingflokkar séu að halda fundi á sama tíma og umræður um mál eins og þessi standa yfir.

Ég kem í þennan ræðustól fyrst og fremst í þeim tilgangi að láta það koma fram að ég er andvígur þessu frv. til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins. Aðalástæðan fyrir því að ég er andvígur þessu frv. er sú að ég treysti ekki þessari ríkisstjórn fyrir húshorn með hf. upp á vasann í neinu félagi. Reynslan af einkavæðingu hæstv. ríkisstjórnar er með þeim endemum að það er ekki hægt að halda áfram nema það verði einhvers konar stefnubreyting hjá ríkisstjórninni og það verði gert algerlega ljóst og klárt með hvaða hætti eigi að standa að einkavæðingu á hennar vegum.

Ég hef reyndar fleiri ástæður til að vera andvígur þessu frv. og ekki síst þá ástæðu að enn eru í lausu lofti þau mál sem hér hafa verið reifuð núna í síðustu ræðum þingmanna, þ.e. málefni starfsmanna þeirra fyrirtækja sem verið er að einkavæða á vegum ríkisstjórnarinnar. Og ég verð satt að segja að lýsa yfir vonbrigðum mínum með það hvað það hefur gengið óskaplega hægt að koma skikki á þau mál. Þegar tekist var á um einkavæðingu eða stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins þá kom það t.d. fram hjá hv. formanni sjútvn. og hann sagði það hér í ræðustól í þinginu að hann væri andvígur því að standa svona að málum eins og gert væri í þessum frv. Hann teldi að það ætti að gera breytingar á lögunum um opinbera starfsmenn þar sem þessi ákvæði eru inni, þ.e. 14. gr. laga nr. 38/1954. Ég taldi eftir að þetta kom fram þá mundi slík breyting koma fram við það frv. sem lá fyrir um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðju ríkisins í fyrravetur. En það sýndi sig ekki og enn er beðið. Nú upplýsir hæstv. fjmrh. að það séu loksins komnar í gang viðræður um þessi mál og þá verð ég að segja að það er ástæða til þess að bíða með að klára þetta mál og þessa umræðu þar til það liggur fyrir hver niðurstaðan verður af þessum umræðum. Ég vil mælast til þess að hæstv. fjmrh. hugsi sig um með það hvort hann vilji ekki reyna að ná einhverri samstöðu um þetta mál aftur því það hafði tekist í nefndinni að ganga það langt að nefndarmenn skrifuðu allir undir nál., þó sumir gerðu það með fyrirvara. Ég tel reyndar að þeir hafi kannski pínulítið látið plata sig í því því ég vil meina að það sé ekki ásættanlegt að samþykkja

lagafrv. með þessu formi eins og hér er gert, þ.e. að það sé raunverulega sagt í lögunum að starfsmenn sem eiga þessi réttindi samkvæmt lögunum nr. 38/1954 missi þau þann dag sem hlutafélag um viðkomandi fyrirtæki tekur reksturinn yfir. Því þannig er það. Og það er algerlega haldlaust það ákvæði laganna að menn eigi rétt á störfum hjá þessum fyrirtækjum einfaldlega vegna þess að þann dag sem stjórn hlutafélagsins tekur við stjórn fyrirtækisins þá getur hún sagt þessum mönnum upp bótalaust. Það er búið að vera að snúa út úr þessu hlutum svo lengi að ég held að það sé full ástæða til þess að segja það eins og það er. Og það hefur verið gert. Menn skulu bara rannsaka hvernig hefur verið gengið að starfsmönnum Sementsverksmiðju ríkisins frá því að hún var gerð að hlutafélagi. Það er búið að segja upp nokkrum tugum manna. Þeir eiga engan rétt með þessum hætti. Það hefur að vísu verið reynt að semja við þá og þeir hafa verið neyddir inn í alls konar samninga um það að ljúka störfum. En það er ekki falleg saga hvernig að því hefur verið staðið. Auðvitað veit ég að það er erfiður róður hjá stjórn Sementsverksmiðju ríkisins að halda því fyrirtæki gangandi við þær aðstæður sem nú eru. En mér finnst það ekki réttlæta sumar af þeim starfsaðferðum sem þar hafa verið notaðar við starfsmenn þar sem þeir hafa verið kallaðir til viðtals við yfirmenn fyrirtækisins og þeim boðið upp á það að segja upp sjálfir þann dag sem þeir hafa verið kallaðir inn á teppið og að þeir fái þá sex mánuði greidda á fullum launum en hætti um leið, þ.e. þennan dag sem þeir voru kallaðir inn á teppið. Og ef þeir féllust ekki á þessa vinsamlegu tillögu yfirmannanna þá myndu þeir fá uppsagnarbréf daginn eftir og ekki nóg með það þá áttu þeir að fá fimm mánuði á fullum launum en þeir skyldu sko hætta sama daginn og þeir fengju uppsagnarbréfið. Mér finnst að svona vinnubrögðum sé ekki annað hægt en að mótmæla. Og ég nota þetta tækifæri hér til að gera það vegna þess að ég tel að alþingismenn eigi að vita hvert framhaldið var á einkavæðingu Sementsverksmiðju ríkisins gagnvart starfsmönnum og hvernig hefur verið komið fram við starfsmenn sem hefur verið sagt upp í vetur.

Mér finnst að virðingin fyrir þeim störfum sem þessir starfsmenn unnu hafi verið býsna lítil og ég tel reyndar að það hefði verið lágmarksvirðing fyrir þeim mönnum sem stjórn fyrirtækisins komst að þeirri niðurstöðu um að ætti að segja upp að láta þá vinna sín störf á meðan uppsagnarfrestur stóð yfir nema því aðeins að þeir færu þá fram á það að fá að hætta fyrr af einhverjum ástæðum. En það má segja að þessi aðferð stjórnar Sementsverksmiðju ríkisins sé nánast yfirlýsing um það að störf þessara manna hafi verið einskis virði.

En þá vil ég koma að því hvort það sé einhver ástæða til þess að einkavæða Lyfjaverslun ríkisins. Ég útiloka það ekki og mér finnst alveg eðlilegt að það mál verði skoðað niður í kjölinn. Ég tel að allur rekstur á vegum ríkisins eigi að vera undir smásjánni með það hvort það sé skynsamlegt og eðlilegt að ríkið reki viðkomandi starfsemi. En ég tel það fráleitt að gefa sér það fyrir fram að ríkið eigi ekki að reka atvinnustarfsemi. Það hlýtur að verða að metast í hverju einstöku tilfelli og ég get ekki séð fyrir mér neitt sem er heilagt í því máli. Ef ríkið kýs t.d. að reka fyrirtæki sem starfar á almennum markaði undir eðlilegum samkeppnisskilyrðum, það finnst mér ekki fráleitt að ríkið geri, en þá á ríkið líka að reka þá starfsemi undir alveg sömu formerkjum og þeir sem við ríkið keppa á markaðnum. Þá skal það auðvitað vera hlutafélag sem þarf að borga arð og þarf að vinna með sama hætti og önnur fyrirtæki í bransanum ef maður orðar það svo. En sé um að ræða fyrirtæki sem hafa af einhverjum ástæðum séraðstöðu til markaðarins og það getur verið af mörgum ástæðum. Ég nefni Sementsverksmiðju ríkisins aftur. Það er enginn aðili í samkeppni við Sementsverksmiðju ríkisins um framleiðslu og sölu á sementi og það var þess vegna engin forsenda fyrir því að huga að því að ætla að selja Sementsverksmiðju ríkisins á almennum markaði eins og ríkisstjórnin hefur á stefnuskrá sinni. Ég held reyndar að meiri hluti á bak við það að gera Sementsverksmiðju ríkisins að hlutafélagi og ætla síðan að selja hafi nú verið æðitæpur hjá hæstv. ríkisstjórn. Og ég veit það reyndar að margir af þeim mönnum, sem studdu frv. um að breyta Sementsverksmiðju ríkisins í hlutafélag, gerðu það í trausti þess að það ætti að reka þetta fyrirtæki alfarið í eigu ríkisins áfram. En hvað gerðist svo strax sama árið og lögin um Sementsverksmiðju ríkisins tóku gildi? Það gerðist þá að hæstv. fjmrh. lét setja það inn í 6. gr. fjárlaga að hann fengi heimild til þess að selja hlutabréfin í Sementsverksmiðju ríkisins. Og þetta ákvæði var inni í fjárlagafrv. þegar það var rætt við 2. umr. fyrir jólin. Það var ekki tekið út úr því fyrr en við lokaafgreiðslu málsins. Það segir sitt um það hvernig átti að standa við þau loforð sem þeim þingmönnum höfðu verið gefin sem studdu þetta mál í trausti þess að ríkið ætlaði að reka Sementsverksmiðju ríkisins áfram alfarið í sinni eigu. Þetta er t.d. ein af þeim ástæðum sem ég hef fyrir því að vantreysta hæstv. ríkisstjórn fyrir einkavæðingarmálum. Ég held að þingið eigi ekki að samþykkja frumvarp eins og þetta þar sem verið er að treysta á þessa ríkisstjórn með framgang málsins.

Það má svo bæta því við að það er nú kannski fleira í þessu máli heldur en bara það að selja lyf á almennum markaði í samkeppni við aðra sem annast lyfjasölu í landinu. Þessu fyrirtæki hafa verið falin ýmis verkefni og það hefur starfað á dálítið öðrum grundvelli en sum af þeim fyrirtækjum sem eru að keppa við það á markaðnum. Það hefur m.a. haft hlutverk í öryggisskyni og Almannavarnir ríkisins hafa átt að treysta á að þetta fyrirtæki héldi uppi í landinu birgðum af lyfjum þannig að það væri hægt að treysta á það ef erfiðleikar kæmu upp af einhverjum ástæðum, náttúruhamförum, stríðsástandi eða einhverju öðru. Mér finnst að það hefði verið ástæða til að ganga betur frá þeim málum hér. Ég tel að það sé nú lítið hald í því að setja bráðabirgðaákvæði inn í þessi lög um það að ráðherra eigi að gefa Alþingi einhverja eina skýrslu um birgðahald fyrir Almannavarnir ríkisins. Ég held að það þurfi að

vera skýrara með hvaða hætti á að koma til móts við þær þarfir sem Almannavarnir ríkisins telja að séu fyrir þetta birgðahald. Ég sé ekki annað en að það hefði þurft að liggja fyrir hverjar þessar kröfur Almannavarna eru og með hvaða hætti á að koma til móts við þær kröfur. Mér finnst því að það væri af þessari ástæðu rétt að nefndin skilaði a.m.k. eitthvað skýrari hugmyndum um það með hvaða hætti ætti að standa að þessum málum.

Við vitum það, hv. alþm., að ríkisstjórnin hæstv. hefur á stefnuskrá sinni einkavæðingu fyrirtækja og við vitum líka að þessi einkavæðing hefur gengið dapurlega hjá ríkisstjórninni. Það hefur ekki margt tekist í þeim efnum og það fáa sem virðist hafa haft framgang er í óvissu. Það er t.d. í mikilli óvissu hvernig fer með einkavæðingu Síldarverksmiðja ríkisins. Þar standa yfir málaferli og þingið þarf að ræða það mál áður en það fer heim nú í vor. Það hefur verið beðið um skýrslu um þetta mál en það hafa ekki borist fréttir af því hvenær sú skýrsla verður tilbúin. Verði þessi skýrsla ekki tilbúin fyrir þinglokin þá tel ég mjög nauðsynlegt að þetta mál verði tekið til umræðu í þinginu. Ég vil láta það koma fram í umfjöllun um þetta mál vegna þess að ég tel að það sé ekki bara vegna málsins sjálfs sem er mjög stórt heldur líka vegna þess með hvaða hætti hæstv. ríkisstjórn fer með þau völd sem Alþingi hefur falið henni með samþykkt frv. um Sementsverksmiðjur ríkisins, Síldarverksmiðjur ríkisins og fleiri fyrirtæki sem stendur til að breyta í hlutafélög eða hefur þegar verið breytt í hlutafélög.

Vegna þess að ég nefndi að það þyrfti að ræða þetta mál áður en þingið færi heim þá vil ég taka það fram að það er mjög nauðsynlegt að fram fari umræða um þá skýrslu sem allir þingmenn Alþb. hafa beðið um um árangurinn af einkavæðingu Bifreiðaeftirlits ríkisins, þ.e. Bifreiðaskoðun Íslands hf. En ég bið hæstv. forseta, að ganga mjög fast eftir því að sú skýrsla verði lögð fram. Ef ég man rétt þá mun það hafa verið einhvern tímann í október eða nóvember sem beðið var um þá skýrslu. Hún hefur ekki birst enn þá og mér þætti það undarlegt ef ekki tækist að ræða þá skýrslu á þessu þingi. Ég fer fram á að því verði fylgt mjög fast eftir því það eru margir sem hafa áhuga á að fá glöggar upplýsingar um með hvaða hætti þessi einkavæðing sem er ekki á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar sem nú situr, heldur á ábyrgðar hæstv. ríkisstjórnar sem sat á undan, því hún kom þessu máli í gegnum þingið. Að vísu hefur hæstv. dómsmrh. gengist fyrir breytingum á þeim samningi sem gerður var við Bifreiðaskoðun Íslands hf. um bifreiðaskoðun í landinu þannig að að því leyti til ber hæstv. ríkisstjórn ábyrgð á málinu. Hún hefur nánast skrifað upp á framhald málsins og þar er ýmislegt sem er athugavert og ég ætla ekki að fara að ræða hér en tel ástæðu til þess að nefna það með öðrum einkavæðingarmálum sem ég hef verið að tala um og vegna þess að ég tel mikla nauðsyn á því að þessi skýrsla verði til sem fyrst og það sé hægt að fá um hana umræðu í þinginu.

Ég vil svo, vegna þess sem ég sagði áðan um Sementsverksmiðju ríkisins og þá gerð að breyta því fyrirtæki í hlutafélag og þess sem ég sagði um starfsmenn þessa fyrirtækis að það hefði tekist illa til í sambandi við uppsagnir þeirra, segja það að á sínum tíma mæltu starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins með því að Sementsverksmiðju ríkisins væri breytt í hlutafélag. Þegar það síðan kom í ljós að forsrh. og fjmrh. sögðu í fjölmiðlum að það stæði til að selja m.a. Sementsverksmiðju ríkisins til einkaaðila þá drógu starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins til baka sína samþykkt. Ég vil lesa upp stutta samþykkt sem starfsmennirnir gerðu því það segir sitt um það hvernig hugarfarið breyttist þegar menn áttuðu sig á því að stefna ríkisstjórnarinnar væri önnur í þessum málum en hún hafði gert grein fyrir. Þessi yfirlýsing hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Tilefni núverandi mótmæla eru yfirlýsingar forsætis- og fjármálaráðherra í fjölmiðlum um sölu ríkisfyrirtækja til einkaaðila. Þar með eru forsendur fyrri samþykktar starfsmanna Sementsverksmiðju ríkisins brostnar því þá var aðeins talað um að ríkið ætti verksmiðjuna, þ.e. öll hlutabréfin yrðu í eign ríkisins. Þess vegna óttast starfsmenn nú mjög um hag sinn og framtíð fyrirtækisins.

Starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins."

Undir þetta skrifuðu fjölmargir starfsmenn Sementsverksmiðju ríkisins. Ég hef ekki tölu þeirra hér en ég veit að þeir voru margir.

Þá langar mig að víkja aftur að sölu SR-mjöls hf. og ítreka að ég tel að sú umræða verði að fara fram áður en þingið fer heim. Þar eru á ferðinni gerðir ríkisstjórnarinnar og ráðherra hennar sem eiga fullt erindi inn í þá umræðu sem hér fer fram um einkavæðingu. Það er kannski aðalrökstuðningurinn fyrir því sem ég sagði í upphafi ræðu minnar að ég treysti ekki þessari hæstv. ríkisstjórn fyrir húshorn með hf. upp á vasann gagnvart neinu fyrirtæki, það er hvernig með það mál hefur verið farið. Það liggur þannig að á einu ári breytist eigið fé þessa fyrirtækis úr ef ég man rétt eitthvað rúmlega 21,1 millj. kr. í árslok 1992 yfir í 1.311 millj. 754 þús. í árslok 1993. Það er sem sagt hátt í 1.300 millj. kr. sem eigið fé fyrirtækisins hækkar á einu ári. Þetta fyrirtæki var selt fyrir 725 millj. kr.

(Forseti (SalÞ)**:** Forseti vill nú spyrja hv. þm. hvort hann á mikið eftir af sinni ræðu. Það var gert ráð fyrir að fresta fundi kl. hálfeitt. Ef hann á ekki eftir langan tíma þá vill forseti gefa honum tækifæri á að ljúka ræðu sinni.)

Mér finnst nú vegna þess að mér hefur fundist vera ákaflega hljótt og fámennt hér í salnum eftir því sem hefur liðið á þessa ræðu mína að það væri kannski rétt að ég fengi tækifæri til að hefja hana aftur. Það verður ekki mjög löng ræða en ég tel samt að það sé ástæða til að fresta þessari ræðu ef hæstv. forseti vill fallast á það.

(Forseti (SalÞ)**:** Forseti vill gjarnan leyfa hv. þm. að ljúka henni ef það er ekki mjög löng ræða. En ef hún er mjög löng væri skynsamlegt að fresta henni.)

Hæstv. forseti. Ég hef ekki alveg áttað mig á því hvað mjög löng ræða er. Ég hlustaði á eina sem var einn og hálfur tími í gær. Ef forseti er að meina hvort ég muni tala lengur en svona tíu mínútur eða eitthvað svoleiðis þá tel ég það nú vera.

(**Forseti** (SalÞ): Ef hv. þm. reiknar með að tala lengur en tíu mínútur þá held ég að það væri bara ágætt að fresta þessu núna.)

Ég fellst á það.

[Fundarhlé. — 12:37]

Útbýting þingskjala:

Fiskimálasjóður, 592. mál, fsp. MB, þskj. 945.

Nýting heimilda samkvæmt jarðalögum, 591. mál., fsp. SvG, þskj. 944.

[15:16]

Jóhann Ársælsson (frh.):

Hæstv. forseti. Þegar ég frestaði ræðu minni að höfðu samráði við hæstv. forseta hafði ég farið nokkrum orðum um Síldarverksmiðjur ríkisins og þá einkavæðingu sem þar fór fram. Mig langar að beina þeirri spurningu til hæstv. fjmrh. hvort hann vilji ekki upplýsa þingheim um það hvort hann telji að svona eigi að standa að sölu fyrirtækisins eins og þar var gert og segja síðan frá því ef hann er ekki sammála þessari aðferð sem við var höfð með hvaða hætti hann telji að eigi að standa að þessu máli.

Ég veit að vísu að það getur verið erfitt fyrir hæstv. fjmrh. að tala hreint upp úr pokanum um þetta mál vegna þeirrar stöðu sem hann er í en mig langar til þess að spyrja hann að því líka hvort það sé ekki fullkomin ástæða til þess að velta því fyrir sér hvort það eigi ekki að vera á einni hendi og það er hendi fjmrh. að selja eigur ríkisins. Ég verð að segja það eins og er að mér finnst ástæða til að velta því fyrir sér hvort hin og önnur ráðuneyti eigi að hafa með höndum að selja fyrirtæki og eigur ríkisins. Ég held að í fjmrn. og hjá hæstv. fjmrh. á hverjum tíma hljóti að vera meiri viðleitni til þess að halda utan um hagsmuni ríkisins en að mér sýnist að hafi verið fyrir hendi þegar menn voru að fjalla t.d. um þessar eigur allra landsmanna sem lágu í SR-mjöli hf. eða Síldarverksmiðjum ríkisins.

Það var á gamlársdag sem upplýst var að búið væri að taka ákvörðun um að selja þetta fyrirtæki og þá var upplýst líka að ekki hefði verið möguleiki á að fá þeirri sölu frestað þó aðili eins og Akureyrarbær hafi óskað eftir því. Það hlýtur að vera umhugsunarefni þegar verið er að selja eigur ríkisins að menn skuli þurfa að fara sér svo óðslega að ekki megi skoða möguleika á að semja við slíkan aðila ef hann hefði haft möguleika til að bjóða betur en fyrir lá. Það urðu og hafa orðið við þessu alla vega viðbrögð í þjóðfélaginu því einkavæðing af þessu tagi er ekki það sem menn vilja. Það er kannski ástæða til þess, bara til að gefa af þessu dálitla mynd, hvernig þessu máli var tekið, að vitna hér í blaðaúrklippur á nokkrum stöðum.

Mig langar til, með leyfi hæstv. forseta, að lesa forustugrein úr Dagblaðinu frá 4. janúar en þar stendur: „Eignir þínar gefnar."

„Við útboð SR-mjöls, opnun tilboða og mat á þeim var ekki farið eftir hefðum og góðum siðum þótt í húfi væru mörg hundruð milljónir af eign íslenskra skattborgara. Við 800 millj. kr. dæmi var ekki beitt sömu nákvæmni og beitt er við 8 millj. kr. dæmi.

Alþjóðlegar hefðir og reglur á þessu sviði eru mörgum kunnar. Tilboð eru t.d. undantekningarlaust opnuð við formlega athöfn þar sem gögnin eru rifin upp í viðurvist votta og þeirra sem að tilboðum standa. Lesnar eru upp niðurstöður tilboða við athöfnina.

Síðan hefjast samningar við lægstbjóðandi. Ef í ljós kemur að tilboð hans er svo gallað að ekki þykir hættandi á að taka því er tekinn upp þráðurinn við þann sem næstlægst bauð. Ákvörðun um slíka breytingu fylgir föstum reglum sem raktar eru í útboðslýsingu.

Þegar um staðgreiðslu er að ræða hlýtur að vera erfitt að halda fram að ekki séu líkur á því að bjóðandi hafi bolmagn til að kaupa. Annaðhvort reiðir hann fram umrædda upphæð eða ekki. Ef hann gerir það ekki snúa menn sér því að næsta aðila, en ekki fyrir fram.

Hver einasta málsgrein í alþjóðlegum stöðlum útboða var brotin þegar einkavinavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar lét bjóða út SR-mjöl. Tilboðin voru t.d. opnuð í kyrrþey og umsvifalaust var ákveðið að þiggja ekki staðgreiðsluverð þess sem lægst bauð í fyrirtækið" — sem hæst bauð í fyrirtækið mun eiga að standa hér.

„Annað hvort eru málsaðilar hins opinbera, þ.e. ráðuneytis, nefndar og banka, svo óhæfir til starfa að þeim er ekki kunnugt um reglurnar eða þá að þeir eru svo spilltir að þeim er hjartanlega sama um þær. Önnur hvor skýringin er rétt a.m.k., kannski báðar.

Afleiðing vinnubragðanna er að skattgreiðendur tapa tugum milljóna er renna í greipar þeirra sem eru þóknanlegir hinum opinberu aðilum er stóðu að útboðinu. Þetta er eitt af dæmum um að Ísland er ekki alvöru lýðræði heldur bananalýðveldi í þriðja heims stíl.

Eitt einkenna bananalýðvelda er að gripnar eru alþjóðlegar hefðir og þeim snúið upp í ranghverfu sína svo sem gert var í útboðsmáli þessu. Svipað má segja um einkavinavæðinguna í heild. Hún siglir undir fölsku flaggi einkavæðingar en er upptaka á almannafé.

Í alþjóðlegri einkavæðingu er átt við markaðsvæðingu þar sem fyrirtæki hins opinbera eru sett út á gadd samkeppninnar. Hér á landi felst einkavæðingin fyrst og fremst í að opinberri einokun er breytt í tvöfalt gráðugri einkaeinokun, samanber Bifreiðaskoðun Íslands.

Framlag Íslands til þessara mála er annars vegar einkavinavæðing og hins vegar einkaeinokunarvæðing en alls engin markaðsvæðing. Þetta byggist á fullvissu stjórnmálamanna, ráðgjafa þeirra og embættismanna, um að þeir komist upp með það. Kjósendum sé sama.

Er SR-mjöl var gefið einkavinum og sægreifum hafði það þá aukaverkun að setja sægreifa í þá stöðu að þeir sitja við tvær hliðar borðs og hafa ekki lengur sömu hagsmuni og sjómenn af háu löndunarverði. Þetta kann að opna augu sjómanna fyrir því sem kjósendur sjá ekki.

Í máli þessu sker í augun að ráðherra, ráðgjafar og bankamenn hafa ekki fyrir neinum frambærilegum rökstuðningi fyrir framgöngu sinni. Þeir fullyrða bara í sífellu að allt tal um röng og spillt vinnubrögð sé á misskilningi byggt án þess að rökstyðja þá skoðun nánar.

Gjafir sem þessar munu halda áfram meðan kjósendur velja leiðtoga er líta á kjósendur sem sauðfé enda hefur ekkert komið fram sem bendir til að þeir séu annað." — Jónas Kristjánsson undirritaði þetta.

Hæstv. forseti. Þetta eru ekki mín orð en þetta eru orð manna eins og Jónasar Kristjánssonar og reyndar fleiri sem komu fram á ritvöllinn eftir að þessi sala varð að veruleika og létu heyra í sér með ýmsum hætti. Það urðu líka viðbrögð í hv. Alþingi frá hendi alþingismanna. Það var t.d. í fjárln. farið fram á það að þetta mál yrði skoðað ofan í kjölinn. Það hefur ekkert gerst í því enn þá þannig að menn sjái opinberlega neina niðurstöðu af þeirri rannsókn. Þar er umtalað að fyrst þurfi það mál að ganga til enda sem Haraldur, sá sem bauð í á móti þeim aðilum sem fengu þetta fyrirtæki keypt, á nú í við hæstv. ráðherra um málsmeðferðina.

Við í þingflokki Alþýðubandalagsins ákváðum að fara fram á það að þetta mál yrði rætt í sjútvn. þingsins vegna þess að þar var um þau lög fjallað sem voru grunnurinn að sölu SR-mjöls hf. Við fengum ekki mikil viðbrögð við þeirri beiðni okkar því hv. formaður sjútvn. taldi að það væri ekki mikið hægt að gera í þessu máli og sagði að það þýddi ekkert fyrir þá alþýðubandalagsmenn að ræða um þetta við sig. Við gætum auðvitað rætt þetta við ráðherrann en það var greinilegt að hann hafði líka sjálfur eitthvað við þetta að athuga og var ekki alveg sannfærður um að það væri rétt að þessu öllu staðið því það var haft eftir honum í Dagblaðinu 10. jan., með leyfi forseta:

„Að sögn Matthíasar á hann afar erfitt með að gera sér grein fyrir því hvort eðlilega hafi verið staðið að sölunni á SR-mjöli en fregnirnar sem hann hafi af málinu séu úr fjölmiðlum. Hann segir þó ljóst að lagalega hafi sjútvrh. verið í fullum rétti. Ýmsar spurningar vakni hins vegar varðandi framkvæmdina, t.d. það að tilboðshöfum var meinað að vera viðstaddir opnun tilboða."

Eins og ég sagði fyrr í minni ræðu þá bíður hér beiðni níu þingmanna um að það verði gerð skýrsla og hún verði tekin til umræðu í þinginu um þessi mál öllsömul. Vonandi fáum við tækifæri til þess að ræða þessi mál áður en þingið fer heim í vor. En ég er sannfærður um að það er mikil þörf á því vegna þess að sá meiri hluti, sem stendur á bak við ákvarðanir ríkisstjórnarinnar í hv. Alþingi, virðist enn þá vera til staðar að halda þessum leikjum áfram. Það kom t.d. fram þegar verið var að ræða um þessa sölu í hv. fjárln. að meiri hlutinn í fjárln. léti lét bóka á grundvelli þessara upplýsinga að ekki yrði annað séð en að vandað hafði verið til verka við meðferð málsins. Ef meiri hlutinn í fjárln. telur að það hafi verið staðið vel að þessu máli þá segi ég að það er þá full ástæða til þess fyrir þingið að ræða það í þaula hvort þetta séu þær aðferðir sem eigi að skrifa upp á til frambúðar um það hvernig eigi að fara að því að selja eigur ríkisins og svona eigi einkavæðing að ganga fyrir sig á vegum ríkisstjórna.

En það voru margir sem létu í sér heyra um þetta mál. Sem betur fer eru menn ekki algjörlega dauðir úr öllum æðum. Ég bendi t.d. á grein sem Gunnlaugur Þórðarson lögfræðingur skrifaði í Morgunblaðið þann 3. febr. Þar er hann að lýsa svipuðu viðhorfum og ég hef gert hér fyrr í minni ræðu um það með hvaða hætti þetta hafi gengið fyrir sig. Ég ætla ekki að fara að þreyta menn á lestri úr þeirri grein en hann skrifaði reyndar tvær greinar. Hann skrifaði aðra grein á eftir þessari sem svar við svari Sigurðar B. Stefánssonar, framkvæmdastjóra Verðbréfamarkaðs Íslandsbanka, við fyrri grein sinni um málið. Mig langar, með leyfi forseta, til þess að grípa niður í þessa seinni grein. Þar segir:

„Grein Sigurðar B. Stefánssonar, framkvæmdastjóra Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, hér í blaðinu 8. febr. sl. út af grein minni 3. febr. gefur tilefni til nokkra stuttra athugasemda.

Útreikningur minn á söluverði SR-mjöls stendur óhaggaður, þ.e. að rétt söluverð sé a.m.k. 2,5 milljarðar króna. Reyndar hafa sérfræðingar á þessu sviði bent mér á að rétt nettóverð hinna seldu eigna hafi verið nær 5 milljörðum króna en 2,5 milljörðum og þeir spá því að kaupendurnir muni geta greitt kaupverðið upp með ágóða næstu tveggja ára.

Í grein minni var lauslega vikið að því hve óhönduglega hefði til tekist um sölu SR-mjöls og vitnað til forustugreinar Jónasar Kristjánssonar ritstjóra í DV 4. jan. sl., en þar sagði m.a.: „Hver einasta málsgrein í alþjóðlegum stöðlum útboða var brotin þegar einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar lét bjóða út SR-mjöl." Þessi ásökun stendur eftir sem áður óhögguð og byggist m.a. á eftirfarandi atriðum:

1. Tilboði þess aðila sem bauðst til að selja fyrirtækið með lægstum kostnaði var ekki tekið.

2. Fyrir fram var reynt að fá aðeins einn ákveðinn aðila til að gera tilboð.

3. Hagsmunatengsl. Að vísu getur stundum verið erfitt að sneiða hjá hagsmunatengslum í okkar litla þjóðfélagi.

4. Hæsta boði var ekki tekið.

5. Opnun tilboða fór ekki fram á réttan hátt með því að tiboðsgjöfum var ekki gefinn kostur á að vera viðstaddir opnun tilboða.

6. Frágangi tilboðsgagna var áfátt. Samið var um kaupverð og fyrirkomulag greiðslna eftir á.

Fleira mætti tína til en undirrituðum skilst að málið bíði úrlausnar dómstóla og því ekki ástæða til að tíunda fleiri atriði. Þess má geta að hagnaður af rekstri fyrirtækis sl. ár var um 300 millj. kr. og það hefði átt að opna augu manna fyrir því að söluverð var of lágt metið.

Það er sorglegt þegar verðbréfasölu er falin sala ríkisfyrirtækis að ekki skuli takast betur til. Hætt er við að slík stofnun glati því trausti sem henni er nauðsynlegt á hverjum tíma.

Það er auðvitað krafa alþjóðar að staðið sé að sölu ríkisfyrirtækja eða ríkiseigna með þeim hætti að slík

ráðstöfun sé hafin er yfir alla gagnrýni verði ekki tilefni til þess að vera kölluð „upptaka á almannafé"."

Síðan gerist það, hæstv. forseti, að 11. eða 12. mars er aðalfundur hjá SR-mjöli, hinu nýja fyrirtæki, og þá er ákveðið að greiða 10% arð. Þá stöndum við frammi fyrir því að fyrirtæki sem hafði eigið fé sem svaraði 21 millj. kr. fyrir rétt rúmu ári áður en þetta gerðist, þ.e. um áramótin 1992/1993, hefur eiginfjárstöðu fyrirtækisins verið breytt með stjórnvaldsaðgerðum, með rekstri fyrirtækisins og með endurreikningum á eigum þess úr 21 millj. kr. eigið fé upp í 1.300 millj. Það er búið að taka ákvörðun um sölu á þessu fyrirtæki fyrir 725 millj. kr. Ríkið var búið að leggja fram í beinu framlagi á þessu eina ári sem svaraði, ef ég man rétt, 520 millj. kr. eða eitthvað nálægt því. Fyrirtækið var síðan selt, eins og ég sagði áðan, á 725 millj. Mismunurinn var þarna ef ég man tölurnar rétt eitthvað í kringum 185 millj., mínus sá kostnaður sem hefur orðið af því að einkavæða þetta fyrirtæki. Það gerist síðan að þessir aðilar sem ætluðu sér að greiða inn sitt hlutafé á tveim árum fá útborgaðan arð sem er 10% af hlutafé þeirra og þeir borga sér út sem sagt 10% af framlögðu hlutafé sem auðvitað var ekki búið að greiða inn nema að litlum hluta til.

Það hljóta allir menn að sjá af þessum tölum að þarna hefur ríkið haft af sjálfu sér stórkostlega fjármuni. Það er bara ekki annað til í dæminu. Ég segi það eins og er að ég tel að það hafi verið röng ákvörðun að ætla að selja fyrirtækið á þessum tíma einfaldlega af þeim ástæðum að fyrirtækið var að byrja að ná sér á strik eftir erfið ár og það var full ástæða til að halda að sú uppsveifla yrði áfram.

Ég bind vonir við að þetta fordæmi sem við erum að tala um verði til þess að betur verði staðið að svona málum í framtíðinni og að ríkið selji ekki sínar eigur öðruvísi en það sé fullreynt að fá fyrir þær fullt verð. Það kom síðan í ljós eftir að þessi aðalfundur var haldinn og eftir að það lá fyrir að menn væru að greiða út mikla fjármuni, þ.e. samtals 65 millj. kr., í arð — ég vil leiðrétta það sem ég las áðan úr blaðagreininni þar sem talað var um að hefði verið 300 millj. kr. gróði á árinu 1993, það var reyndar um 220 millj. kr. gróði síðustu fimm mánuði ársins og getur verið gott fyrr náttúrlega. En það lá fyrir eftir því sem hæstv. sjútvrh. sagði þegar tekin var afstaða til tilboðanna að þessi arður yrði greiddur út. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. fjmrh.: Var honum kunnugt um allan gang þessa máls? Var hann tilbúinn að skrifa upp á það að salan færi fram með þessum hætti vitandi það að gróðinn af rekstri fyrirtækisins var 220 millj. síðustu fimm mánuði ársins og vitandi hverjar þessar tölur voru, hafandi upplýsingar um það að rekstur fyrirtækisins mundi líka skila verulegum hagnaði í nánustu framtíð?

Ég tek undir með þeim sem hafa sagt það hér, m.a. hv. 6. þm. Norðurl. e., að það átti að taka öðruvísi á sölu hlutabréfa í SR-mjöli hf. Ég tel að það hafi ekki verið óeðlilegt að gefa almenningi kost á því að eignast hlut í þessu fyrirtæki. En ég tel að það hefði átt að gera með þeim hætti að bjóða til sölu hlutafé í fyrirtækinu, hafa hlutabréf á markaðnum og láta þau taka þar verð en ekki að fara út í sölu með þeim hætti sem var gert. Ég tel reyndar að það hafi verið gersamlega ábyrgðarlaus ráðstöfun að ganga að tilboði eins og þessu einfaldlega af þeim ástæðum að það lá í augum uppi að það var allt of lágt verð sem verið var að greiða fyrir fyrirtækið og ríkisstjórnin átti að taka þá ákvörðun að selja ekki þegar þetta lá svona fyrir. En mönnum lá mikið á að klára þetta á gamlársdag enda lét sjútvrh. hafa það eftir sér að þetta væri stærsta átak ríkisstjórnarinnar í einkavæðingarmálum og hældist mjög um yfir þessu verki sínu.

Mér hefur orðið tíðrætt um þetta mál, hæstv. forseti, vegna þess að ég tel að það sé full ástæða til þess að ríkisstjórnin skoði sinn gang og bjóði mönnum ekki upp á svona vinnubrögð aftur. Ég ræði þetta í tengslum við frv. til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins einfaldlega vegna þess að manni hlýtur að vera þetta ofarlega í huga þegar verið er að einkavæða þetta fyrirtæki, þegar það liggur fyrir að ríkisstjórnin heldur áfram að ganga þessa götu með bundið fyrir augun, hún fæst ekki til þess að klára þau vandamál sem snúa t.d. að starfsfólki þessara fyrirtækja áður en hún heldur áfram einkavæðingargöngu sinni og það er ekki nokkur ástæða til þess að halda að ríkisstjórnin hafi vitkast enn þá. Ég a.m.k. trúi því ekki fyrr en menn leggja á borðið einhvers konar áætlanir um það hvernig eigi að standa að einkavæðingu fyrirtækja sem sannfæra mig og aðra hv. þm. um að hér verði ekki hagað sér með sama hætti og gert var við einkavæðingu SR-mjöls hf.

[15:39]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. ræðumaður kom inn á það að fjárln. hefði beðið um skýrslu um SR-mjöl og hún væri ekki enn þá komin fram. Það er alveg rétt. En samkvæmt því sem mér hefur verið tjáð hjá Ríkisendurskoðun þá er skýrslan tilbúin en því er aftur á móti frestað að birta hana vegna þess að það stendur yfir málshöfðun vegna sölu SR-mjöls. Eins og ég benti á í umræðum áðan finnst mér þess vegna skjóta mjög skökku við að vera að keyra þetta mál hér í gegn á sama tíma og í gangi eru málaferli vegna biðlaunaréttar starfsmanna sem þetta frv. kemur einnig inn á.

[15:40]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég kann illa að meta það hvort það er rétt afstaða að ekki skuli mega skoða skýrsluna um söluna á SR-mjöli þó svo þessi málshöfðun sé í gangi. Ég tel að skýrslan hljóti fyrst og fremst að fjalla um hagsmuni ríkisins sem fjárln. hlýtur að vera að hugsa um í þessu dæmi en málshöfðunin er beinlínis vegna hagsmuna þeirra aðila sem voru að bjóða í fyrirtækið og er að ýmsu leyti af öðrum toga en sú skýrsla sem fjárln. hefur sjálfsagt verið að biðja um. Þess vegna hef ég verið að efast um að það væri rétt að láta þetta mál liggja þann tíma sem málatilbúnaður gengur fyrir sig í kringum þetta.

[15:42]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er heilmikið rætt hér um SR-mjöl sem er nú ekki mál sem beinlínis er á dagskrá þótt það sé einkavæðingarmál eins og það mál sem er til umræðu. En vegna fyrirspurna hv. ræðumanns vil ég segja það að ég tel það vera til bóta og að mínu viti til fyrirmyndar ef það er fagleg yfirsýn yfir það sem er að gerast í einkavæðingarmálum.

Staðreyndin er hins vegar sú að fyrirtæki í eigu ríkisins heyra undir fjölmörg ráðuneyti. Ég minni á t.d. að Ríkisskip voru undir samgrn., Sementsverksmiðja undir iðnrn., SR-mjöl undir sjútvrn., Lyfjaverslun undir fjmrn. og Áburðarverksmiðjan undir landbrn. og þannig er farið með málefni þessara fyrirtækja og í raun og veru er ekkert öðruvísi farið með söluna á fyrirtækjum þegar að því kemur. En þess vegna, og það kemur kannski hv. þm. á óvart, þá taldi ég að það væri ekki röng aðferð og kannski sú besta að taka málið upp í 6. gr. heimild þar sem aðgangur fjmrh. er tryggður og af því að það þarf að standa að sölunni með faglegum hætti.

Reglur um framkvæmd einkavæðingar hafa verið samþykktar í ríkisstjórn og það er til bóta. Ég kýs hins vegar að ræða ekki hér sérstaklega um SR-mjöl. Bæði er dómsmál á ferðinni og eins stóð þannig á að ég var ekki á landinu þegar þau mál fóru fram, var ekki viðstaddur í þrjár vikur og aðrir fóru með mitt embætti á meðan. En ég hef aldrei vitað til þess að Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hafi verið sakaður um óheilindi eða að fara ekki faglega að málinu og tel að þeir séu fullfærir til þess.

[15:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Strax um þetta með óheilindi þeirra sem fóru með söluna. Ég tek ekki undir þær ásakanir en hins vegar tel ég að það sé jafnmikil skylda ríkisstjórnarinnar að taka afstöðu til málsins út frá því hvort hún telur að það sem fékkst fyrir fyrirtækið sé boðleg upphæð, hvort verið væri að selja eigur ríkisins á eðlilegu verði. Niðurstaðan af skoðun á því máli er að mínu viti algerlega ljós og einhlít, að það hefði átt að hætta við söluna.

Hæstv. ráðherra sagði að það væri til bóta að hafa faglega yfirsýn yfir einkavæðingarmálin. Ég tek undir það með honum. Ég held að það sé ástæða til þess að hafa það í huga í framhaldinu að það séu ekki bara þau ráðuneyti sem eiga hlut að máli heldur að fjmrh. fái að koma að málinu. Ef t.d. þetta er tekið inn á 6. gr. fjárlaganna, þá er það fjmrn. sem fer með sölu á hlutabréfunum. Ég tel að að sé miklu betra og miklu meiri ástæða til að halda að fjmrn. passi upp á eigur ríkisins en önnur ráðuneyti, það leiðir af eðli máls.

Um það að SR-mjöl sé ekki hér á dagskrá vil ég bara segja að það getur ekki verið annað en að einkavæðingarmál eins og SR-mjöl séu á dagskrá þegar verið er að ræða um næsta mál á eftir sem hæstv. ríkisstjórn ætlar sér að einkavæða því að sporin hræða í þessu máli hjá SR-mjöli og við hljótum að þurfa að ræða um það sem nýlega hefur gerst þegar menn ætla að halda áfram sinni einkavæðingargöngu.

[15:46]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Út af orðum fjmrh. fyrir augnabliki síðan tel ég rétt að vekja athygli forseta á því að í hádegisfréttum kom það fram að Ríkisendurskoðun hefði lokið skýrslu um söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins. Nú er stjórn Ríkisendurskoðunar skipuð af forsetum Alþingis, forsætisnefnd. Jafnframt var sagt í fréttinni að Ríkisendurskoðun hefði tekið ákvörðun um það að birta ekki þessa skýrslu að sinni vegna þess að hún gæti haft áhrif á niðurstöðu dómsmáls. Það er vægast sagt sérkennileg og mjög hæpin yfirlýsing. Ríkisendurskoðun er ekki hluti af dómsvaldinu. Hún heyrir undir Alþingi og starfar á ábyrgð forseta Alþingis.

Ég vil þess vegna mælast til þess við forseta sem nú starfar að forsætisnefnd beiti sér þegar í stað fyrir því að Ríkisendurskoðun birti þessa skýrslu. Það er satt að segja stórhættulegt fordæmi að Ríkisendurskoðun fari að leyna þing og þjóð niðurstöðum sínum vegna þess að einstaklingar hafi kosið að höfða mál.

Fyrst þetta hefur komið til umræðu hér og gerði það núna fyrir nokkrum mínútum síðan, þá taldi ég óhjákvæmilegt að kveðja mér hljóðs undir þessum dagskrárlið, um fundarstjórn forseta, og biðja forseta að taka þetta mál til athugunar. Ef niðurstaða verður sú að forsetar telja sér ekki kleift að taka ákvörðun um að þessi skýrsla verði birt þá getur orðið óhjákvæmilegt hér mjög fljótlega að taka það mál alveg sérstaklega til umræðu og Alþingi taki sjálfstæða ákvörðun um það á allra næstu dögum hvort skýrslan er birt eða ekki. Það er ekki hægt að hafa leyniskýrslu frá Ríkisendurskoðun um mál sem hún er búin að ljúka.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur meðtekið þá ósk sem hefur komið fram hjá hv. 8. þm. Reykn. en vill vekja athygli á að hér fer fram 2. umr. um málið. 3. umr. er enn óhafin þannig að það hlýtur að gefast tími til þess að taka til athugunar það mál sem hv. þm. vakti máls á.

[15:49]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi stuttlega gera grein fyrir áliti mínu í þessu máli og þeirri staðreynd að ég rita undir nefndarálit á þskj. 681 um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins.

Ég vil fyrst fara stuttlega yfir að það hefur verið álit míns flokks að atvinnurekstur skuli almennt vera í höndum einstaklinga og samtaka þeirra, þ.e. ef um er að ræða atvinnurekstur sem er í samkeppni á markaði og býr ekki við einokun. Við gátum þess vegna stutt það og beittum okkur m.a. fyrir því að skipuð var nefnd til þess að semja frv. til laga um Síldarverksmiðjur ríkisins. Á sínum tíma var það okkar skoðun að það væri mögulegt að ná samkomulagi um það mál hér á Alþingi, m.a. með því að ekki væri gengið jafnhratt fram í að selja fyrirtæki. Það væri rétt að fara hægar í sakirnar, stofna hlutafélag, selja það smátt og smátt á almennum markaði og fyrst í stað væri nóg að

selja ekki meira en svo sem helminginn.

Það má færa fyrir þessu mjög mörg rök. Það hefur verið almennur áhugi hjá lífeyrissjóðunum í landinu að taka þátt í atvinnurekstrinum og allar forsendur fyrir því að slík fyrirtæki geti komist í eigu almennings og samtaka þeirra en ekki í eigu fárra.

Það var ekki vilji fyrir því á sínum tíma í sjútvn. að taka tillit til breytingartillagna stjórnarandstöðunnar í því máli, en hún var samstiga í því og þess vegna var skilað tveimur nál. og það var enginn stuðningur við það mál af hálfu stjórnarandstöðunnar á sínum tíma.

Í þessu máli gilda að mörgu leyti sambærileg lögmál. Hér er um að ræða fyrirtæki sem keppir á markaði og er í samkeppni við önnur lyfjafyrirtæki í landinu og það hefur verið skoðun mín og míns flokks að það væri mikilvægt að þetta fyrirtæki starfaði áfram en það ætti alls ekki að útiloka að fyrirtækið kæmist í eigu annarra aðila en ríkisins en þá væri mikilvægt að eignaraðildin væri dreifð og það gegndi áfram því mikilvæga hlutverki sem það hefur gegnt fram til þessa.

Við gátum ekki stutt frv. eins og það lá fyrir þegar hæstv. fjmrh. flutti það, en sögðum með svipuðum hætti og við gerðum að því er varðaði Síldarverksmiðjur ríkisins, að við gætum fallist á það að breyta fyrirtækinu í hlutafélag, enda væri það tryggt að það starfaði áfram af fullum krafti og yrði frekar eflt en hitt. Við gerðum það m.a. vegna þess að það er mjög óheppilegt að hafa umræðu um fyrirtæki eins og þetta um hvort það skuli starfa áfram sem ríkisfyrirtæki eða hlutafélag eða hvort það skuli lagt niður eða selt í heilu lagi. Slík umræða er mjög óheppileg og hlýtur að veikja viðkomandi fyrirtæki og stofna á margan hátt öryggi þess og framtíð í hættu. Það kom mjög skýrt fram hjá framkvæmdastjóra fyrirtækisins í þeim viðræðum sem hann átti við nefndina að hann taldi að þessi umræða kæmi í veg fyrir það að fyrirtækði gæti sótt fram, m.a. með því að styrkja framleiðslustarfsemi þess sem hefur verið lagt mjög mikið í og farið í mjög mikla fjárfestingu vegna þess.

Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það hvort sú fjárfesting var rétt eða ekki en það er hins vegar staðreynd að ríkið hefur lagt mikið í fjármagn í uppbyggingu þessa fyrirtækis. Það hlýtur líka að vera ljóst að það er erfiðara fyrir slíkt fyrirtæki að beita sér í samkeppni við önnur fyrirtæki þegar slík óvissa ríkir um framtíð þess.

Gengið var til móts við þær skoðanir að ekki væri rétt að selja meira en helming hlutabréfa í fyrirtækinu og að frekari sala væri háð samþykki Alþingis. Ég vil taka það skýrt fram að ég skil það svo, og vildi gjarna heyra útskýringar hæstv. fjmrh. í því sambandi, að engin frekari áform séu um það á þessu stigi að leita eftir heimildum Alþingis til frekari sölu. Það sé verkefni númer eitt að koma þessu félagi af stað, bjóða helming af hlutafé í því við þau nýju skilyrði til sölu á almennum markaði og sjá til í nokkurn tíma, án þess að ég ætli að fara að tiltaka hann, hvernig þar tekst til og hvernig hinu nýja félagi muni ganga. Það er engin ástæða til annars en því muni vegna vel á þessum markaði og ég vænti þess að svo verði.

Það er rétt að taka það fram að það er ekki alveg nýtt mál að breyta Lyfjaverslun ríkisins í hlutafélag. Það voru uppi umræður og áform um það í tíð fyrri ríkisstjórnar þannig að sú ríkisstjórn sem ég sat í á sínum tíma útilokaði það alls ekki að þessu fyrirtæki yrði breytt í hlutafélag, enda hefði það ekki verið í samræmi við venjulegar venjur fyrirtækja sem keppa á almennum markaði. Það á allt annað við þegar um einokun er að ræða.

Fyrirvari minn á nál. og okkar framsóknarmanna snýr að málefnum starfsmanna. Það hefur ríkt mikil óvissa um réttindi og skyldur starfsmanna í þessu sambandi og vitna ég þar m.a. til 3. gr. Þar hefur ríkisstjórnin gengið mjög klaufalega fram að mínu mati og ég ætla ekki að fara að rekja það. Það hefur verið rætt svo ítarlega hér á Alþingi í sambandi við ýmis önnur mál og þar hafa menn ekki haft lögfræðina alveg sín megin í þeim málum. Það á við um Síldarverksmiðjur ríkisins, Sementsverksmiðjuna og fleiri fyrirtæki sem hafa komið til umræðu hér. Svo geta menn lengi deilt um það hvar réttlætið er í sambandi við slík mál en það er að sjálfsögðu fyrir öllu að farið sé rétt að málum og menn gangi þannig frá hnútum að það standist bæði löggjöf og gagnrýni.

Hins vegar er ljóst að það er ekki mögulegt að þetta fyrirtæki taki til starfa 1. maí 1994 eins og gert er ráð fyrir í brtt., enda verður ekki hjá því komist að gera þar breytingu á vegna þess hve málið hefur dregist lengi. Ég ætla ekki að leggja mat á það hvenær það skuli vera en mér hefur skilist að hæstv. fjmrh. telji hæfilegan tíma t.d. 1. sept. í haust. Ég held að það sé ekki aðalatriðið hvort það er 1. sept., 1. okt. eða 1. nóv. en mikilvægt að það sé undirbúið. Nú má vel vera að ég hafi eitthvað heyrt rangt um það hvaða dagsetningu hæstv. fjmrh. telur hæfilega í því sambandi. Ég held að það sé hins vegar nauðsynlegt að málið verði undirbúið með þeim hætti að það fari sem best úr hendi og vel sé gengið frá málefnum starfsmanna.

Ég hef skilið það svo og ég vildi gjarnan fá það staðfest hjá hæstv. fjmrh. að það standi til að fara yfir réttindamál hvers og eins. Það sé ekki stefnt að því að segja upp fólki í þessu fyrirtæki eða fækka fólki. Það sé hins vegar stefnt að því að efla fremur fyrirtækið og verja þá starfsemi þess og þar með störf þess fólks sem hefur hagsmuna að gæta. Ég vil taka slíkar yfirlýsingar eins og þær eru settar fram og treysta þeim. Það hefur komið fram í starfi efh.- og viðskn. að þannig verði staðið að málum og við sem stöndum að nál. hljótum að treysta því að svo verði. Við þurfum á því að halda við þau skilyrði sem nú eru í þjóðfélaginu að efla starfsemi atvinnufyrirtækja. Þetta er eitt af þeim fyrirtækjum sem hefur allmikla möguleika til að auka sína starfsemi. Það kom m.a. fram að uppi eru áform um samstarf við erlenda aðila í sambandi við framleiðslu lyfja og það er vitað mál að slíkt mun auka störf hér á landi sem hlýtur að vera aðalatriðið.

Ef þessi breyting getur orðið til þess að auka starfsemina og hasla okkur jafnvel völl á erlendum vettvangi, þá er það af hinu góða. Það er líka af hinu góða að þetta fyrirtæki geti staðist þá miklu samkeppni sem

innlendur lyfjaiðnaður á við erlendan lyfjaiðnað. Það er alveg ljóst að risarnir í þessari atvinnugrein í heiminum eru gífurlega sterkir og geta beitt undirboðum eftir því sem þeim sýnist nánast til þess að reyna að yfirtaka markað. Það hlýtur að vera keppikefli okkar Íslendinga að eiga okkar eigin lyfjaiðnað sem getur staðist þessa samkeppni sem best. Þess vegna er ég þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að eyða óvissu um þetta mál og ég tel að sá samstarfsvilji sem kom fram af hálfu fjmrh. í þessu máli við nefndina hafi verið góður og hann hafi komið til móts við sjónarmið sem þar voru sett fram og það hafi verið af hinu góða.

Það átti sér hins vegar ekki stað í sambandi við sölu na á SR. Þar var allt öðruvísi staðið að málum og enginn vilji kom fram til þess að taka tillit til þeirra sjónarmiða sem höfðu komið fram. Ég tel að það hafi sýnt sig í því máli að það hafi verið rangt en auðvitað getur tíminn einn leitt það í ljós hvernig þar tekst til, en að sjálfsögðu er mikilvægt að því stóra fyrirtæki sem hefur miklu hlutverki að gegna í þjóðfélaginu gangi sem best í framtíðinni. Þar eru mörg byggðarlög sem eiga gífurlegra hagsmuna að gæta og það fyrirtæki er mjög stórt að því er varðar verðmætasköpun í landinu.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að hafa mikið fleiri orð um þetta mál. Ég vildi aðeins að lokum leggja áherslu á það að samkvæmt ákvæðum til bráðabirgða er ráðherra skylt að leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins sem Lyfjaverslun ríkisins annast verði háttað eftir stofnun hlutafélagsins þannig að fullnægjandi öryggissjónarmiða sé gætt. Ég tel að með þessu komi fram viljayfirlýsing Alþingis í málinu og ráðherrar taki það að sér á næstunni að leita fullnægjandi lausna á því máli þannig að engin óvissa þurfi að ríkja í sambandi við það. Ég býst við því að um þetta geti verið full samstaða og það hefur komið fram af hálfu fulltrúa fjmrn. í samtölum við nefndina að þeir telji nauðsynlegt að leita verði lausna í þessu máli og með þessu ákvæði hafi sú skylda verið lögð á fjmrn. án þess að það sé nákvæmlega tilgreint hvernig það skuli gert. Það er ekki aðalatriðið, heldur er það aðalatriðið að fullnægjandi birgðir séu fyrir hendi ef eitthvert neyðarástand skapast og það hlýtur að vera eðlilegur þáttur í almannavörnum í landinu.

Ég mun því eins og kemur fram í reynd í þessu nefndaráliti styðja þetta frv. eins og það liggur fyrir. Þó höfum við fyrirvara um þá grein sem fjallar um réttindi starfsmanna og ég ætla ekki að fjölyrða um það. Við höfum svo oft farið yfir það og haft sömu afstöðu í öllum öðrum málum og gert þar ítarlega grein fyrir okkar máli og ég ætla ekki að endurtaka það. En ég vænti þess að þannig verði haldið á þessu máli af hálfu fjmrn. að það verði unnið að því að efla þetta fyrirtæki og þar með að tryggja störf þess fólks sem á hagsmuna að gæta og skapa ný störf fyrir fleiri einstaklinga þannig að það færist kraftur í þetta fyrirtæki sem hefur alla burði til þess að sækja fram í samkeppni við aðra, bæði hér innan lands og kannski ekki síst við erlenda lyfjaframleiðendur.

[16:08]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir hefur býsna víðar skírskotanir. Það er ekki bara einkavæðingarmál eins og það hefur stundum verið kallað úr ræðustólnum í dag heldur er þetta miklu víðara en svo. Þetta er líka heilbrigðismál og félagslegt mál, lífskjarajöfnunarmál, og þess vegna er eðlilegt að farið sé dálítið yfir það í umræðunni. Ég ætla í sjálfu sér ekki að bæta neinu við það sem hér hefur verið sagt að öðru leyti en því að fara lauslega yfir þetta mál eins og það snýr, að mér sýnist, frá sjónarmiði starfsmannanna.

Í fyrravetur og ég hygg í hittiðfyrra líka tókum við nokkrar snerrur um réttindamál ríkisstarfsmanna úr þessum virðulega ræðustól. Þá lét ég þau orð falla að ég teldi eðlilegt að til væru reglur sem kvæðu á um það hvernig ætti að einkavæða fyrirtæki. Ég tel að það sé óhjákvæmilegt að gera ráð fyrir því að það gerist alloft að ríkisfyrirtæki eða opinber fyrirtæki, sveitarfélagafyrirtæki, séu einkavædd með einhverjum hætti. Ég bendi í því sambandi t.d. á fyrirtæki sem við stóðum að því að einkavæða á sinni tíð og heitir Ríkisprentsmiðjan Gutenberg og ég bendi líka á fyrirtækið Jarðboranir ríkisins hf. sem við áttum aðild að að einkavæða. Til þess hins vegar að hægt sé að gera þetta með sæmilegum hætti þá þarf að vera sátt um það á milli þeirra sem eiga fyrirtækið, þ.e. ríkisins eða sveitarfélaganna annars vegar og starfsmannanna hins vegar, þ.e. BSRB og annarra skyldra samtaka, um það hvernig þetta ferli á að vera. Hvernig farið er með biðlaun, hvernig farið er með lífeyrisréttindi, hvernig farið er með verðtryggingu lífeyrisréttinda o.s.frv.

Það er í raun og veru mjög mikilvægt að það náist sátt um þetta ferli þannig að menn séu ekki langtímum saman að takast á um hlutina pólitískt í þessari stofnun og í kringum hana eða fyrir dómstólum eins og dæmin sanna. Þessi mál hafa stundum verið lögð fyrir dómstóla og hefur þar raunar ýmsum vegnað betur og ríkinu reyndar yfirleitt verr þegar upp er staðið.

Á síðasta þingi hvöttum við mjög til þess að hæstv. fjmrh. beitti sér fyrir svona viðræðum við starfsmenn vegna Sementsverksmiðja ríkisins, Síldarverksmiðja ríkisins og kannski fleiri fyrirtækja sem þá voru til umræðu. Því miður varð ekkert úr þessu á þeim tíma og ég las málið þannig að hæstv. fjmrh. hefði ákveðið að sinna því ekki með þeim hætti sem við lögðum til vegna þess að hann teldi að hann hefði í raun og veru ekki stöðu til þess að fara í eðlilegar samningaviðræður við opinbera starfsmenn um þessi mál. Hins vegar gerðist það svo á sl. hausti hygg ég að það hafi verið, í september eða desember og síðan var það ákveðið að ég held núna eftir áramótin endanlega, hófust núna eftir áramótin, ég held í febrúar, viðræður á milli stéttarfélaganna, ríkisins og sveitarfélaganna um þessi mál, um aðferðina við breytingu á svona fyrirtækjum og um stöðu starfsmannanna í því sambandi.

Hæstv. fjmrh. greindi reyndar frá því fyrr í dag að þær viðræður væru í fullum gangi og af þeim ástæðum er það, hæstv. forseti, sem ég vil beina því mjög eindregið til hæstv. fjmrh. og hæstv. forsrh. sem einnig

er hér staddur að þeir íhugi það mjög vandlega að fresta algerlega meðferð þessa máls til haustsins eða þangað til niðurstöður fást úr þessum viðræðum milli ríkisins og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Mér er að sjálfsögðu kunnugt um það sem hæstv. fjmrh. hefur bent á áður að þær viðræður snúast ekki bara um Lyfjaverslun ríkisins. Þær snúast náttúrlega um þessi fyrirtæki yfirleitt og breytingar á þeim. En Lyfjaverslun ríkisins er auðvitað partur af því máli. Mér finnst dálítið harkalegt að afgreiða þetta mál hér og gera það að lögum í andstöðu við opinbera starfsmenn eins og það liggur fyrir og ætla sér samt sem áður að ná árangri í viðræðunum. Mér finnst það ekki sanngjörn krafa af hálfu ríkisins gagnvart opinberum starfsmönnum. Mér finnst að það væri sanngjarnt af fjmrn. í þessari stöðu, ef fjmrn. vill ná varanlegum árangri og setja reglur til langs tíma í þessu sambandi, að leggja þetta frv. til hliðar og taka það síðan almennum tökum þegar endanlega lægju fyrir niðurstöður um það hvernig farið er með réttarmál opinberra starfsmanna þegar fyrirtæki eru einkavædd eins og það heitir.

Nú liggur það fyrir að það er mjög þung andstaða við þetta mál, hæstv. forseti. Það liggur t.d. fyrir bréf frá Starfsmannafélagi ríkisstofnana þar sem er lagst algerlega gegn frv. Þetta bréf er dags. 4. maí 1993 og mér er ekki kunnugt um að sú afstaða sem þar kemur fram t.d. hafi breyst á nokkurn hátt. Ég bendi einnig á að það hefur borist bréf frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna þar sem þessu frv. er einnig mótmælt mjög ákveðið og það hefur borist bréf eða ályktsgerð starfsmanna Lyfjaverslunar ríkisins í BSRB, en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins hafa kynnt sér frv. til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins og viljum við koma eftirfarandi áliti á framfæri. Uppi eru skiptar skoðanir varðandi þær breytingar sem fram undan eru hjá fyrirtækinu. Þar sem við teljum að vegið sé að áunnum réttindum okkar og atvinnuöryggi munum við leggja sérstaka áherslu á að þessir þættir verði tryggðir í framtíðinni. Við viljum einnig mótmæla harðlega 3. gr. frv. og teljum að lögin um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins eigi við og það sé ekki hægt að ógilda eina grein laganna.

Virðingarfyllst, f.h. starfsmanna Lyfjaverslunar ríkisins í BSRB.

Sigurlaug Sigurðardóttir trúnaðarmaður og Jóhanna Jóhannsdóttir trúnaðarmaður."

Þá hefur einnig borist til Alþingis umsögn um málið frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja þar sem er í raun og veru mjög ákveðið farið fram á það að ríkið afgreiði frv. ekki svona. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja hefur borist til umsagnar frv. til laga um stofnun hlutafélags um Lyfjaverslun ríkisins. BSRB ítrekar umsögn sína frá 5. maí sl. um samhljóða frv. og fylgir hún hér með í ljósriti. Í 42. gr. og 43. gr. laga um Lyfjaverslun ríkisins, nr. 76/1982, er kveðið á um skyldur Lyfjaverslunar ríkisins sem lúta að almannavörnum og almennum öryggissjónarmiðum. Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um það hver eigi að rækja þessar skyldur og hvar sá tilkostnaður komi til með að lenda ef Lyfjaverslun ríkisins verður lögð niður. Ástæða er til að vekja athygli á því að sitthvað í greinargerð þeirri sem fylgir frv. er mótsagnarkennt. Þannig segir t.d. að ýmislegt bendi til þess að einkavæðing fyrirtækisins geti orðið til góðs fyrir ríkissjóð. Síðan er gerð grein fyrir tugmilljónakróna hagnaði sem Lyfjaverslun ríkisins skilar í ríkissjóð á árinu."

Hér er bersýnilega um mjög ákveðna andstöðu við málið að ræða af hálfu Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og af þeirri ástæðu hlýt ég að spyrja hæstv. fjmrh. hvort honum finnst í raun og veru sanngjarnt miðað við andstöðu stéttarfélaganna og miðað við þær viðræður sem núna standa yfir á milli opinberra starfsmanna annars vegar og fjmrn. hins vegar að halda viðræðunum áfram eins og ekkert hafi í skorist en samt jafnframt að keyra frv. í gegnum þingið. Ég held að það sé ekki sanngjarnt að halda þannig á málum og ég skora á hæstv. fjmrh. að endurskoða þessa afstöðu sína, láta viðræðunum ljúka áður en málinu verður lokið. Mér skilst að þessar viðræður séu reyndar ekki aðeins á milli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisins, heldur komi þar einnig við sögu t.d. Samband ísl. sveitarfélaga. Mér skilst að í þessum viðræðum séu einnig að einhverju leyti fulltrúar Reykjavíkurborgar og þarna sé fjallað um framtíðarskipan þessara mála og réttarstöðu þess fólks sem vinnur hjá þessum opinberum fyrirtækjum ef þau verða gerð að einkafyrirtækjum. Ég held satt að segja að þau áföll sem Sjálfstfl. hefur orðið fyrir í vetur, sérstaklega vegna einkavæðingarákafa síns, t.d. í strætisvagnamálinu, sé auðvitað með þeim hætti að Sjálfstfl. ætti að hafa lært að ganga hægt um gleðinnar í dyr í þessu máli og að skoða hlutina aðeins betur en gert hefur verið.

Hæstv. fjmrh. hreyfði þeirri hugmynd fyrr í dag að fresta gildistökunni. Í frv. er gert ráð fyrir því að gildistakan verði 1. maí og hæstv. ráðherra bauð upp á það að þetta yrði 1. júlí. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta í raun og veru ekkert tilboð vegna þess að þá hefur Alþingi tekið ákvörðun um að gera þetta, að einkavæða fyrirtækið þó að það séu þessi helmingaskipti sem gert er ráð fyrir í brtt. Svo að ég segi alveg eins og er þá held ég að hæstv. ráðherra og ríkisstjórn ættu að skoða hug sinn aðeins betur í þessu máli og fáist ekki 2. umr. frestað, þá sé óhjákvæmilegt að láta á það reyna í hv. efh.- og viðskn. að málinu verði hreinlega frestað í vor þannig að það komi ekki til 3. umr. á nýjan leik á þessu þingi heldur fái frekari meðferð í þessum samningaviðræðum á milli aðilanna.

Ég tel að sá veruleiki sem ég er að tala fyrir hafi í raun ekkert með pólitík að gera. Hann hefur ekkert með það að gera hvort menn vilja einkavæðingu eða ekki. Ég tel að hérna sé á ferðinni það sem kalla mætti rödd skynseminnar. Það er í raun og veru bara verið að segja: Við skulum koma þessum hlutum fyrir eins haganlega og sanngjarnt og kostur er og ég er alveg viss um að hæstv. fjmrh. verður sammála mér ef hann skoðar málin aðeins betur en mér virtist hann hafa gert

fyrr í dag. Ég vil þess vegna ítreka það að ég tel að það sé mikilvægt að á þessu máli verði tekið og þessari umræðu verði frestað af því að það standa yfir viðræður við stéttarfélögin og það á ekki að vera að ganga yfir þau á skítugum skónum á einn eða annan hátt.

Ég ætla þessu næst, hæstv. forseti, eftir að hafa farið lauslega yfir stöðu starfsmannanna að víkja aðeins að þessu fyrirtæki, Lyfjaverslun ríkisins og segja það að þetta er eitt af allra merkilegustu fyrirtækjum landsins. Þetta er öryggisfyrirtæki. Þetta er í raun og veru einn af hornsteinum heilbrigðisþjónustunnar á Íslandi. Ég tek eftir því að þeir framsóknarmenn orða þetta þannig að það sé á mörkunum að ríkið eigi að standa í rekstri fyrirtækis eins og Lyfjaverslunar ríkisins. Ég er alveg ósammála þessu sjónarmiði. Ég tel að ríkið eigi að reka fyrirtæki eins og Lyfjaverslun ríkisins, m.a. til að hafa aðhald að lyfjaheildsölum og öðrum slíkum aðilum og lyfjaframleiðendum í landinu og ég tel eðlilegt að ríkið reki líka eða hafi mjög beinan aðgang að rekstri apóteks svo að ég nefni dæmi til þess að geta borið saman rekstrarkostnað þann sem er á vegum hins opinbera fyrirtækis annars vegar og einkafyrirtækjanna hins vegar til þess að hægt sé að taka eðlilegar ákvarðanir í lyfjaverðlagsnefnd um hvað álagning á lyf á að vera mikil o.s.frv.

Ég held þess vegna að það eigi að líta á Lyfjaverslun ríkisins sem heilbrigðismál. Hún er heilbrigðismál og þess vegna hef ég alltaf verið þeirrar skoðunar að það sé í raun og veru eðlilegt að Lyfjaverslun ríkisins heyri undir heilbrrn. Lyfjaverslun ríkisins er með þeim hætti og þegar ég var heilbrrh. á árunum 1980–1983, þá var flutt hér stjfrv. um það að færa Lyfjaverslunina yfir til heilbrrn. Ég man ekki betur en það hafi verið gert með samþykkt hér í þessari virðulegu stofnun en snúið við aftur að bragði strax árið eftir þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafi tekið við vorið 1983. Ég held að þennan þátt eigi að hugsa um og það sem ég sakna í sambandi við málsmeðferð í þessu máli er m.a. hvert álit heilbrrn. er. Hefur heilbrrn. fjallað um þetta mál sérstaklega sem heilbrrn.? Hefur landlæknisembættið sem er að senda frá sér alveg furðulega lista með beiðni um krossapróf frá þingmönnum og fleirum, hefur landlæknisembættið eitthvað fjallað um þetta frv., tekið afstöðu til þess? Landlæknisembættið er samkvæmt lögum ráðgjafi heilbrrh. í heilbrigðismálum og á þess vegna í raun og veru að fjalla um afgerandi mál af þessum toga. Mér sýnist ekki að nokkrum einasta manni hafi dottið það í hug, hvorki í ráðuneytinu né annars staðar, að kalla eftir áliti landlæknis. Ég hef a.m.k. ekki séð það álit og auglýsi eftir því hér en er vís með að gera það á öðrum vettvangi líka. En fyrir utan það að vera heilbrigðismál þá er þetta auðvitað fyrirtæki og það er eina hliðin sem ríkisstjórnin sem nú situr í landinu sér á þessu fyrirtæki að þetta sé fyrirtæki. Hún upplifir þetta sem fyrirtæki, rekstrar- og atvinnufyrirtæki og hjá ríkisstjórninni nú heitir þetta þess vegna ekki heilbrigðismál heldur heitir þetta einkavæðingarmál. Það má auðvitað segja að það sé að verða álíka viðamikill og vandasamur málaflokkur í þjóðfélaginu í seinni tíð og heilbrigðismálin, þessi einkavæðingarmál. Þetta er að verða a.m.k. alveg óskaplegur sjúkdómur sem herjar á núverandi ríkisstjórn. Bráðabirgðaborgarstjórinn í Reykjavík hafði hins vegar tekið ákvörðun um að hætta þessu fram yfir kosningar.

En Lyfjaverslun ríkisins er þess vegna fyrirtæki. Hvernig fyrirtæki er Lyfjaverslun ríkisins? Lyfjaverslun ríkisins er fínt fyrirtæki líka. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar fyrir árið 1992 kemur það fram að heildartekjur þessa fyrirtækis námu um 830 millj. á síðasta ári en gjöldin 760. Hagnaðurinn af þessu fyrirtæki var nær 70 millj. kr. á sl. ári. Það sem hins vegar hefur verið staldrað við af Ríkisendurskoðun í sambandi við þetta mál er kannski ekki síst það að það hefur verið á döfinni af hálfu núv. ríkisstjórnar að selja þetta fyrirtæki um skeið og um þessi mál segir hér í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 106, með leyfi hæstv. forseta

„Á Alþingi var lagt fram frv. um að fyrirtækinu væri breytt í hlutafélag og það selt. Það vekur athygli að á meðan frv. er til afgreiðslu á Alþingi er ráðist í kostnaðarsamar endurbætur og skipulagsbreytingar á fyrirtækinu. Framkvæmdirnar gætu takmarkað möguleika nýrra eigenda á að móta framtíðarstefnu fyrirtækisins og óvíst er að kostnaður vegna endurbótanna skili sér við sölu en hann er áætlaður um 235 millj. kr. Vegna fyrirhugaðra framkvæmda hefur Lyfjaverslunin ekki greitt arð í ríkissjóð frá árinu 1989 þrátt fyrir umtalsverðan hagnað á tímabilinu. Lyfjaverslunin átti samkvæmt fjárlögum 1992 að greiða 62 millj. kr. í vexti og afborganir vegna skuldar fyrirtækisins við ríkissjóð. Í árslok var hins vegar gerður samningur við fjmrn. sem fól í sér að gefið var út skuldabréf til fimm ára þannig að greiðslan á árinu varð aðeins 18,5 millj. kr. Ekki var leitað heimildar Alþingis til breytinga á ákvæðum fjárlaga hvað þetta varðar."

Hér er auðvitað afskaplega undarlega að hlutunum staðið, hæstv. forseti, hvað varðar þetta þjóðþrifafyrirtæki Lyfjaverslun ríkisins. Það er gert ráð fyrir því að fyrirtækið skili 62 millj. kr. í ríkissjóð. Það stendur í fjárlögunum. En hins vegar tekur fjmrn. fram fyrir hendurnar á Alþingi í þessu máli, fjárveitingavaldinu og ákveður að það verði gefið út skuldabréf til fimm ára vegna þessara mála þannig að greiðslan á ári verði aðeins 18,5 millj. kr. en ekki 62 og að fjármunirnir séu notaðir til þess að standa undir þeim framkvæmdum sem eru í gangi í fyrirtæki sem á að fara að selja. Satt best að segja, hæstv. forseti, ég er ekki alveg viss um þetta sé skynsamleg aðferð við að selja fyrirtæki, ég er ekki viss um það. En það getur vel verið að núv. hæstv. fjmrh. telji þetta skynsamlega aðferð við að selja fyrirtæki. Mér finnst þetta nokkuð sérkennilega að hlutunum staðið og auðvitað væri svo sem í þessu sambandi hægt að ræða dálítið um það hvernig Alþingi stendur að afgreiðslu fjárlaga. Ég held að ég hafi aldrei séð annað eins og í athugasemdum Ríkisendurskoðunar við framkvæmd fjárlaga þar sem það kemur fram að fjárveitingavaldið ákvað að láta ríkisstjórnina hafa allt of mikið af peningum. Það er bara á fjórða milljarð sem ríkisstjórnin fær aukalega umfram það sem hún þurfti að nota og það er náttúrlega alveg ótrúlegt vegna

þess að inni í þessu, hæstv. forseti, eru t.d. framkvæmda- og stofnfjárframlög sem þeir sem eiga að fá hafi venjulega talið að væru skuldbindandi fyrir ríkið og þeir ættu rétt á að heimta, jafnvel bara með kröfum á ríkið, en þegar upp er staðið þá er niðurstaðan sú að þarna er bil upp á 3–4 milljarða kr. Það er kapítuli út af fyrir sig og væri ástæða til að ræða hér framkvæmd fjárlaga í seinni tíð. Það er alveg ótrúlegt hvernig að því er staðið. Látum það nú vera. En hitt er sérkennilegt að þetta ágæta fyrirtæki, Lyfjaverslun ríkisins, getur skilað þetta miklum hagnaði og svo er ákveðið að leggja í breytingaframkvæmdir upp á 235 millj. kr. á sama tíma og á að fara að selja fyrirtækið. Það kveður svo rammt að þessu að jafnvel Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við málið. Og eins og kunnugt er hefur hún verið alveg ótrúlega hógvær í seinni tíð í sambandi við hin ýmsu mál og ekki verið að slá stórar keilur í athugasemdum sínum varðandi einstaka hluti þannig að það er bersýnilegt að bragð er að þá barnið finnur og henni blöskrar, ríkisendurskoðanda blöskrar svo gersamlega að hann má ekki við bindast og hefur rúmlega hálfa blaðsíðu um þessi ótrúlegu mál sem eru vinnubrögð hæstv. fjmrh. í þessu máli. Allt þetta finnst mér benda til þess að það eigi að leggja málið til hliðar til haustsins.

Ég tek eftir því, hæstv. forseti, að það er mikið samsafn af sómamönnum og snillingum sem skrifa undir nefndarálitið um þetta mál. Þar eru margir úrvalsmenn (**Fjmrh.:** Þar á meðal varaformaður Alþb.) og þar á meðal varaformaður Alþb. Hann hefur hins vegar skýrt frá því hér í umræðum að hann telji að þetta mál verði að skoða miklu betur, sérstaklega vegna starfsmannanna og réttinda þeirra. Hann skýrði einnig frá því í þeirri ræðu sem hann flutti hér að þegar um málið var fjallað í hv. efh.- og viðskn. þá hafi hann gert grein fyrir því að í þingflokki Alþb. væru aðilar sem mundu jafnvel leggjast gegn málinu að einhverju leyti og ég verð að játa það að ég er kannski sá sem hann hefur verið þar að vitna til. Ég geri ráð fyrir því og reyndar hlýt að upplýsa það að meginástæðan fyrir andstöðu minni við þetta frv. er sú að ég tel að ríkið eigi að eiga lyfjaverslun af þessu tagi og af því að þetta sé heilbrigðismál. Í öðru lagi leggst ég gegn þessu frv. eins og það er og að þessu er staðið vegna þess að fjmrh. er í viðræðum við ríkisstarfsmenn um það hvernig á þessum málum á að halda og mér finnst það ekki heiðarlegt að róta í gegn lögum með meiri hluta á Alþingi á sama tíma og þessar viðræður standa yfir.

Í frv. sem hæstv. ríkisstjórn flytur þá er auðvitað eins og gengur farið nokkuð ítarlega yfir málin í greinargerðinni þó það mætti vera ítarlegra. Þar er auðvitað flokkspólitísk einokun stjórnarflokkanna á undirbúningi málsins eins og venjulega. Það er stefnan í þessari ríkisstjórn að láta alltaf eins og stjórnarandstaðan sé ekki til og að kalla stjórnarandstöðuna aldrei á vettvang í einu einasta máli. Það kemur að vísu fyrir að hæstv. félmrh. verður á sá fingurbrjótur að kalla í einn og einn stjórnarandstæðing til starfa í nefndum, að öðru leyti er það bara ekki gert vegna þess að ríkisstjórnir reikna bersýnilega ekki með því að stjórnarandstæðingar hafi vit á nokkru einasta máli og geti yfirleitt nokkurn skapaðan hlut en hún á eftir að komast að fullkeyptu með það ríkisstjórnin að stjórnarandstaðan getur eitt og annað. Eftir því er uppleggið allt í þessu frv. þar sem gert er ráð fyrir því að selja þetta fyrirtæki eins og það liggur fyrir.

Í grg. er m.a. rakið hvaða ákvæði það eru sem eru felld út úr lögunum, um Lyfjaverslun ríkisins, samkvæmt þessu frv. Það eru mjög þýðingarmikil atriði sem eru felld út úr lögunum og það er rakið á bls. 3 í grg.

Í fyrsta lagi er fellt út úr lögunum það ákvæði að einungis Lyfjaverslun ríkisins sé heimilt að flytja inn bóluefni og ónæmisefni en sala þessara efna nam um 58 milljónum króna á árinu 1991. Gert er ráð fyrir að öðrum lyfjaheildsölum verði framvegis einnig heimilt að flytja inn þessar vörur. Heilbrigðisyfirvöld geta einnig boðið þessa starfsemi út ef hagkvæmt þykir. — Stendur hér. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. fjmrh. af því að hann hefur vafalaust svör við því á reiðum höndum hvernig hann hugsar sér að standa að þessu bóluefnisútboði ríkisins. Það er væntanlega þá fjmrn. sem ætlar að fara í þetta bóluefnisútboð þar sem stendur til að bjóða út bóluefni og ónæmisefni sem til þessa hafa verið flutt inn af Lyfjaverslun ríkisins. Ég hefði gaman af því að frétta af því hvernig á að haga þessu bóluefnisútboði sem hæstv. fjmrh. ætlar að beita sér fyrir og hvernig þeir starfsmenn fjmrn. ætla að standa að því máli frá því að þetta frv. verður að lögum ef það verður að lögum. Á t.d. að fara í það núna í sumar? Er fjmrn. búið undir það að hefja hér bóluefnisútboð strax eftir lýðveldishátíðina 17. júní? Að frá og með 1. júlí hefjist í raun og veru hundadagar á Íslandi með því að það fari fram bóluefnisútboð á vegum fjmrn. Ég óska eftir því að hæstv. fjmrh. Friðrik Sophusson sem vafalaust mun beita sér mjög í þessu máli geri grein fyrir því í einstökum atriðum hvernig hann ætlar að haga þessu bóluefnisútboði fjmrn.

Ég er algjörlega andvígur þessu fyrirkomulagi. Ég tel að það sé langeðlilegast í þessu máli að Lyfjaverslun ríkisins haldi þessu áfram. Ég vil líka segja við hæstv. fjmrh. að ég teldi að þó að þetta frv. verði að lögum þá ætti ekki að standa að málinu eins og þarna er gert ráð fyrir, heldur væri langeðlilegast að semja til lengri tíma við tiltekinn vandaðan og traustan aðila um þann innflutning, óhjákvæmilegan innflutning á bóluefni og ónæmisefni sem hér er gert ráð fyrir og ég bendi t.d. í því sambandi á Reykjavíkurapótek sem er rekið af Háskóla Íslands.

Í öðru lagi eru felldar niður í þessu frv. þær skyldur á Lyfjaverslun ríkisins að útvega hvers konar lyf, lyfjagögn, bóluefni, ónæmisefni og sjúkragögn fyrir sjúkrahús, dvalarheimili aldraða og aðrar opinberar heilbrigðisstofnanir. Sjúkrastofnunum ber hins vegar engin skylda að kaupa inn þessar vörur frá fyrirtækinu, að bóluefnum undanskildum, og hafa þær því haft frjálst val um hvert þær beina viðskiptum. Því er eðlilegt að fella ákvæðið niður. — Stendur hér í grg.

Ég vil spyrja hæstv. forseta hvort hæstv. heilbr.- og

trmrh. mundi vera hér í húsum forsetans.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti hlýtur að upplýsa að hæstv. ráðherra er ekki hér í húsinu.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir upplýsingarnar en ég lýsi því þá yfir að ég mun við 3. umr. málsins, ef það kemur einhvern tíma aftur þetta mál, óska eftir því að hæstv. heilbrrh. verði kallaður fyrir.

Með öðrum orðum, í 42. gr. laganna um Lyfjaverslun ríkisins er gert ráð fyrir tilteknum skyldum sem Lyfjaverslunin á að uppfylla varðandi t.d. það að sjá stofnunum eins og sjúkrahúsum og elliheimilum og heilsugæslustöðvum fyrir tilteknum lyfjum. Alls konar lyfjum, *lyfjagögnum, ónæmisefnum, sjúkragögnum* o.s.frv. Þetta er fellt niður og það á ekkert að koma í staðinn. Þá er það fundið út hér samkvæmt nál. hv. efh.- og viðskn. eins og segir hér, með leyfi forseta, í 3. tölul. á þskj. 681:

„Loks er lagt til að inn í frumvarpið verði tekið ákvæði til bráðabirgða þar sem sú skylda er lögð á ráðherra að leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig *birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins* sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist verði háttað eftir að hlutafélagið hefur verið stofnað. Þetta er gert til að Alþingi geti metið sjálfstætt hvort það öryggishlutverk verði ekki í traustum horfum eftir sem áður." — Þetta stendur hér, þetta er rétt lesið hjá mér, hæstv. forseti, „í traustum horfum" sem er athyglisvert.

Látum það nú vera en ég vil spyrja hæstv. fjmrh. um tvennt. Í fyrsta lagi: Er það hann sem ætlar að leggja fram þessa skýrslu um birgðahald eða er það hæstv. heilbrrh.? Hver er það? Í öðru lagi: Hvernig er gert ráð fyrir að mat Alþingis fari fram? Hvaða tala er þetta eiginlega? Hvernig á Alþingi að meta það hvort þetta er í lagi? Verður það gert í hv. heilbrn.? Verður það gert með þingsályktun? Alþingi ályktar að það sé nægilega mikið til af lyfjum í landinu. Alþingi ályktar að lýsa því yfir við ríkisstjórnina að það sé nægilega mikið til af sjúkragögnum og þurfi ekki að kaupa meira inn. Kemur þetta á hverju ári eða hvað? Hvað á þetta eiginlega að þýða? Svona skiptir máli. Menn eiga að vanda sig við svona texta og hafa vafalaust gert það og ég spyr: Hvað þýðir þetta? Hefur hv. heilbrn. fjallað um þetta mál? Það sem stendur í nál., þskj. 681: „Loks er lagt til að inn í frumvarpið verði tekið ákvæði til bráðabirgða þar sem sú skylda er lögð á ráðherra að leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir að hlutafélagið hefur verið stofnað. Þetta er gert til að tryggja að Alþingi geti metið sjálfstætt hvort það öryggishlutverk verði ekki í traustum horfum eftir sem áður."

Ég vil spyrja hv. þm. Gunnlaug Stefánsson: Er það heilbrn. sem á að meta þetta? Hefur hún fjallað um þetta mál? Hefur hún fengið það? Ég spyr í fullri alvöru? Hefur hún fengið þetta til meðferðar? — Þingmaðurinn, með leyfi forseta, þegir, þannig að ég hef engar upplýsingar um það hvort heilbrn. hefur fjallað um þetta mál en það er að mínu mati nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að ganga eftir því.

Ég tel þess vegna, hæstv. forseti, að það sé óhjákvæmilegt að leggja þessar spurningar fyrir hæstv. fjmrh. hvernig hann telji að eðlilegt sé að þessu birgðahaldi og því öllu saman verði háttað.

Ég tel að það sé í raun og veru mjög mikilvægt, eins og hv. 1. þm. Austurl. sagði áðan, að *minni hlutinn* í efh.- og viðskn. sýndi mikinn samstarfsvilja með því að skrifa upp á álitið eins og þarna er gert. Ég vil gjarnan að hæstv. fjmrh. sýni minni hlutanum sams konar samstarfsvilja nú þegar þessar viðræður sem ég hef gert að umtalsefni standa yfir. Ég er hins vegar ekki sammála því sem fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl. að málin séu þannig vaxin að það sé hægt að *tryggja* það að *þetta fyrirtæki verði jafnvel* öruggara og betra sem lyfjaframleiðslufyrirtæki og lyfjaverslun ef það verður gert að hlutafélagi. Ég get satt að segja ekki tekið undir þau sjónarmið þeirra framsóknarmanna sem hér hafa verið tíunduð, bæði í ræðu hv. 1. þm. Austurl. og hv. 6. þm. Norðurl. e. að það sé í raun og veru í lagi og jafnvel á mörkunum að svona fyrirtæki eigi að vera í ríkiseigu. Hv. 1. þm. Austurl. sagðist vona að þó að þetta frv. yrði samþykkt og hann sagðist reyndar treysta því að þetta frv. yrði samþykkt, þá yrði unnið að því að efla fyrirtækið og skapa ný störf við þetta fyrirtæki. Ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, ég hef enga trú á því að þetta verði gert, verði fyrirtækið selt. Ég hef enga trú á því, ekki nokkra. Ég held að málið liggi ekkert svona. Ég held að málið liggi þannig að það sé í raun og veru ætlunin að losa sig við þetta fyrirtæki, bara rétt si svona og skipta sér ekkert meira af því eða þeim verkefnum sem það hefur verið að sinna.

Það er auðvitað til umhugsunar, hæstv. forseti, að þegar svona mál, svona mikilvægt málefni, svona mikilvægt heilbrigðismál er hér á dagskrá þá skuli heilbrrh. ekki sjást, skuli heilbrrh. ekki láta frá sér fara eitt einasta aukatekið orð, þá skuli landlæknisembættið ekki vera kallað til, þá skuli málið ekki fara til heilbrn., ég held það hafi ekki einu sinni verið sent þangað frá efh.- og viðskn. Það sýnir þetta kæruleysi, þetta allsherjarkæruleysi og virðingarleysi fyrir velferðarkerfinu, fyrir velferðarþjónustunni, heilbrigðiskerfinu og heilbrigðismálum yfirleitt og þeirri mikilvægu þjónustu sem menn eru þar að inna af hendi. Það er aldrei talað um heilbrigðiskerfið af þessari ríkisstjórn nema sem bagga, nema sem vandamál sem þurfi að létta og skera niður kostnaðinn við þetta kerfi. Það er aldrei talað um það að heilbrigðiskerfið er auðvitað ein undirstaða þess að við lifum yfir höfuð í landinu.

Ég tel því, hæstv. forseti, að miðað við allar aðstæður þá sé eðlilegt og sjálfsagt að þetta mál verði lagt til hliðar og ég legg það til í fyrsta lagi að það verði lagt til hliðar. Í öðru lagi: Vilji hæstv. fjmrh. ekki fallast á það þá er enginn kostur annar en að leita þeirra leiða sem þingsköpin bjóða upp á við meðferð málsins í nefnd og ef það ekki tekst hér við 3. umr., þar sem verði kannað hvort Alþingi er tilbúið til að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar á nýjan leik til meðferðar, til umræðu og athugunar með hliðsjón af þeim samningsniðurstöðum sem nást, við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og sveitarfélögin og aðra aðila

sem eru í þeim viðræðum og verða núna í sumar.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að láta reyna á það en ég skora á hæstv. fjmrh. að sýna sanngirni í samskiptum sínum við opinbera starfsmenn og ýta frv. út af borðinu nú þegar og halda áfram þeim viðræðum sem loksins eru hafnar við opinbera starfsmenn um þessi efni.

[16:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Í lok þessarar umræðu þá held ég að sé rétt að ég fjalli örlítið um þau viðhorf sem hér hafa komið fram, a.m.k. hjá síðari hv. ræðumönnum. Ég hef reyndar tekið þátt í umræðunni með andsvörum og þess vegna mun ég fyrst og fremst einbeita mér að þeim viðhorfum sem komu fram hjá annars vegar hv. 1. þm. Austurl. og hins vegar hv. 9. þm. Reykv.

Ég vil að það komi fram að ég var hv. 1. þm. Austurl. í nánast öllum atriðum sammála. Ég vil staðfesta það sem kom fram í ræðu hans að það eru engar frekari hugmyndir nú um ráðstöfun fyrirtækisins. Ég tel að þau viðhorf sem hann ræddi í því sambandi séu afar eðlileg. Ég tek undir það sem hann sagði um að það sé til bóta fyrir fyrirtækið, bæði starfsfólk og stjórnendur þess, að óvissu sé eytt og þess vegna sé það besti kosturinn í stöðunni að samþykkja frv. Ég er einnig sammála honum að mér finnst líklegt að lífeyrissjóðirnir muni vilja líta á þetta mál sérstaklega. Ég minni á að lífeyrissjóðirnir margir hverjir, flestir hverjir, geta lagt til hliðar einmitt til hlutafjár- eða verðbréfakaupa 5% af ráðstöfunarfjármagni sínu. Sé litið á það heildarfjármagn sem gæti út úr því komið á ári hverju miðað við að allir lífeyrissjóðirnir væru með, þá eru það sjálfsagt u.þ.b. 2 milljarðar á ári. Það er allnokkurt fé. Víðast hvar hjá lífeyrissjóðum er skilningur á því að það er ekki einungis tilgangur þessara sjóða að viðhalda fjármunum sínum með því að reyna að halda uppi vöxtum heldur geti það verið gagnlegt að breikka þann stofn sem þeir ná fjármunum af með því að stuðla að nýjum atvinnutækifærum með því að tryggja þau atvinnutækifæri sem til eru og með því að tryggja það streymi í gegnum sjóðina sem nauðsynlega þarf að vera fyrir hendi. Þess vegna er ég sammála hv. 1. þm. Austurl. um það að lífeyrissjóðirnir eru mjög líklegir til þess að vilja kaupa hluti fyrirtækja á borð við Lyfjaverslun ríkisins. Þetta segi ég án þess að nokkur skoðun hafi farið fram um það mál eða án þess að nokkur áform séu uppi um það að lífeyrissjóðunum skuli selja.

Það er rétt sem kom fram hjá hv. þm. að um það varð samkomulag, að ég hélt nokkuð víðtækt samkomulag að heimild í frv. yrði einungis til að selja helming fyrirtækisins og ég gat vel sætt mig við þá niðurstöðu enda taldi ég þá að með því væri verið að vinna að lausn sem sem flestir gætu samþykkt og ég er sammála honum að ég held að það sé mikill kostur ef sem flestir vilja vera með og treysta sér til að styðja frumvörp sem hafa jafnmikil áhrif og einkavæðingarfrumvörp hljóta að hafa.

Ég tek enn fremur undir það sem kom fram hjá hv. 1. þm. Austurl. að það er nauðsynlegt að fara mjög vandlega yfir réttindamál starfsmannanna. Ég kem að því síðar hvað nefndin, sem margoft hefur verið nefnd til sögunnar, er að sýsla. Þessi samráðsvettvangur ríkisins og BSRB. En ég vil auðvitað strika undir það af minni hálfu að mér finnst réttindamálin vera þau mál sem báðir aðilar, starfsfólk fyrirtækisins og ríkið, verða auðvitað að ganga frá nægilega snemma og áður en breytingin á sér stað. Þess vegna hef ég lagt það til eða sagt frá því að eðlilegt sé að það verði lagt til, annað hvort af minni hálfu eða nefndarinnar, við 3. umr. að fresta gildistökunni til þess að vinna þennan tíma.

Ég tel að það eigi að efla þetta fyrirtæki og ég tel að það sé eðlilegt að það gerist með því að fyrirtækið sé rekið eins og hvert annað einkafyrirtæki og það eigi að nota þetta tækifæri til að tryggja samkeppnina á lyfjamarkaðnum hér á landi, í lyfjaframleiðslunni og í sölu lyfja. Ég minni á að ríkisvaldið hefur gífurlega hagsmuni af því að lyfjaverð lækki og samkeppni aukist. Þess vegna held ég að það skipti miklu máli að þegar og ég segi ef, ég leyfi mér nú að segja þegar fyrirtæki verður selt að þá sé það gert með þeim hætti að samkeppnin sé tryggð. Ég get ekki hugsað mér, með fullri virðingu fyrir ágætum fyrirtækjum sem eru rekin hér, einkafyrirtækjum á sviði lyfjaframleiðslu, að þau fyrirtæki gleypi Lyfjaverslun ríkisins einfaldlega vegna þess að það gæti skapast sú hætta að hér myndaðist fákeppni, nánast einokun á markaðnum og að því vil ég ekki stefna.

Loks vil ég — það er nú sérkennilegt að ég skuli standa hér upp og lýsa yfir að í einu og öllu kannski sé ég sammála hv. 1. þm. Austurl. þar sem hann er einn af fyrirliðum stjórnarandstöðunnar, en ég vil líka undirstrika að þetta fyrirtæki hefur verið vel rekið og þetta fyrirtæki hefur að undanförnu staðið í því að undirbúa útflutning á hugviti og þekkingu sem ég held að sé mjög til fyrirmyndar, ekki síst vegna þess að með því tekst okkur að verða þátttakendur í því starfi sem til að mynda Norðurlandaþjóðirnar hafa beitt sér fyrir, en það er að byggja upp atvinnurekstur smárra og meðalstórra fyrirtækja hjá Eystrasaltsríkjunum. Íslendingar hafa lagt til þess fjármuni í samstarfi við aðrar þjóðir bæði beint og eins með óbeinum hætti með aðstoð Norræna fjárfestingarbankans og annarra fyrirtækja í eigu norrænna aðila. Þetta held ég að sé til fyrirmyndar og segir okkur að fyrirtækið er vel rekið og það er engin ástæða til þess að halda annað en að það verði það áfram og geti orðið grundvöllur starfa hér á landi og starfa við útflutning á þessari þekkingu sem fyrirtækið býr yfir.

Ég vil að það komi fram að allt þetta fellur að minni skoðun og ég er fyllilega sammála hv. 1. þm. Austurl. um öll þessi atriði og er honum þakklátur fyrir að hafa beitt sér fyrir því í nefndinni að ná samkomulagi um málið. Ég hef fallist fyrir mitt leyti alveg á þær brtt. sem komið hafa fram í nefndinni og nefndin flytur á þskj. 682 og tel að það sé til bóta, þó ég hafi þurft að slá kannski af ýtrustu stefnu minni í þessu sambandi, þá tel ég að það sé kostur að hafa náð þessu samkomulagi sem hér var minnst á.

Því miður get ég ekki, hæstv. forseti, sagt alveg það sama um ræðu hv. 9. þm. Reykv., enda hygg ég að

hann verði nú lítið hissa á því þó ég segi að ég hafi ekki verið eins ánægður með ræðuflutning hans. Ég kannast að vísu við það og veit að hv. 4. þm. Norðurl. e. kom þeim skilaboðum mjög vel til skila til nefndarinnar að það væri ekki öldungis víst að frv. ætti stuðning allra alþýðubandalagsmanna. Þannig að það er ekkert nýtt og kom mér í sjálfu sér ekkert á óvart. Hv. þm. Svavar Gestsson skoraði margoft í sinni ræðu á mig og reyndar ríkisstjórnina, forsrh. líka, að draga þetta frv. til baka að sinni og bíða með það til næsta þings. Þetta skilst þegar það er haft í huga að hv. þm. sagði aftur og aftur í ræðu sinni að hann væri á móti einkavæðingu þessa fyrirtækis. Af skiljanlegum ástæðum vill sá sem er á móti því að fyrirtækið verði gert að hlutafélagi og hverfi jafnvel úr opinberri eign, m.a. vegna þess að þetta sé heilbrigðismál, að sjálfsögðu vill hann fresta málinu. Að sjálfsögðu vill sá aðili fresta málinu þannig að það getur ekki komið nokkrum manni á óvart.

Ég vil taka það fram og hef reyndar gert það margoft ... (**SvG:** Það voru nú ekki rökin, hæstv. ráðherra.) Ja, það voru kannski ekki bein rök þingmannsins, en allar röksemdir hv. þm. skiljast auðvitað miklu betur þegar það er haft í huga að hann er gjörsamlega á móti frv. Og það er ekkert sem kom fram í hans máli sem bendir til að hann *muni skipta um skoðun í sumar*, því það er ekki beinlínis það sem hann fjallaði um. Hann hafði að vísu áhyggjur af starfsfólkinu, hann hafði áhyggjur af hinum og þessum þáttum í frv., en aðalatriðið í málflutningi hv. þm. Svavars Gestssonar var að þetta væri heilbrigðismál og af þeirri ástæðu ætti ekki að einkavæða fyrirtækið. Ég vona að ég hafi *alls ekki farið rangt með hans mál og ég er ekki* að segja að hann þurfi að skammast sín fyrir þessa skoðun, en ég held að ég sé að lýsa skoðun hans mjög rækilega með því að endurtaka hana hér og nú.

Það breytir hins vegar ekki því að margt af því sem kom fram í ræðu hv. þm. var á þá leið að það er sjálfsagt að það sé kannað. Og ég tek það fram að þegar *rætt er um réttindi* starfsfólks þá hefur margoft verið sagt að þau mál þurfi að sjálfsögðu að vera í lagi. Það er hins vegar misskilningur að sú nefnd eða sá samráðsvettvangur sem var á fót komið í framhaldi af kjarasamningum opinberra starfsmanna sl. haust hafi átt að fara af stað með þeim hætti að ekki mætti fylgja eftir einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar. Um þetta áttum við viðræður, ég og formaður BSRB, og við erum að sjálfsögðu ekki sammála um öll atriði er varða breytingar á ríkisrekstrinum og kannski í fæstum atriðum sammála, þó það komi nú oftar fyrir en fólk álítur. Við urðum hins vegar sammála um að setja samráðsvettvanginn af stað og það hefur verið gert og ég hygg að sú nefnd sem rannsakar málin á þeim vettvangi sé að vinna hið ágætasta starf. Það var hins vegar alveg skýrt tekið fram af hálfu ríkisstjórnarinnar og fjmrh. strax í upphafi að það gæti ekki tafið áform ríkisstjórnarinnar hvorki í einkavæðingarmálum né öðrum breytingum sem ríkisstjórnin vill láta gera á ríkisrekstrinum. Ég vil í því sambandi benda á að nú nýlega hefur ríkisstjórnin birt þau áform sín að nota svokallaða samningsstjórnun til þess að ná betri árangri í stjórn og rekstri ríkisstofnana. Þetta eru mál sem vissulega hafa áhrif á starfsmannamálin og við hljótum að þurfa að ræða við okkar viðsemjendur, en við erum ekki bundnir af því þegar við erum í okkar starfi, sú ríkisstjórn sem nú situr, að bera allt undir BSRB og SFR, jafnvel þótt þar sé ágætt fólk í forsvari. Við erum ekki bundnir af niðurstöðu þess fólks. Það væri ekkert lýðræði í landinu ef meiri hluti á þinginu gæti ekki komið frá sér málum án þess að þurfa að bera þau undir aðila sem eru ekki til þess kjörnir að fara með löggjafar- og framkvæmdarvaldið. (Gripið fram í.) Við skulum nú halda okkur við Lyfjaverslun ríkisins í bili, menn geta haft mismunandi skoðanir á skattastefnunni. En þetta vil ég að komi hér mjög skýrt fram, það var aldrei ætlunin að samráðsvettvangurinn stjórnaði ferðinni. Hins vegar var fallist á það að ræða þessi mál og ég held að báðir aðilar séu sammála um að þær viðræður séu til mikilla bóta og ugglaust má gagnrýna stjórnvöld fyrir að hafa ekki verið skjótari í sínum viðbrögðum og hafið þessar viðræður miklu fyrr. Um það skal ég ekkert segja.

Varðandi biðlaunaréttinn vil ég enn og aftur ítreka það sem margoft hefur reyndar komið fram og það er að aðilar málsins, annars vegar ríkisvaldið, þ.e. ríkisvaldið *núna, fjmrh. fyrir hönd ríkisins og hins vegar* BSRB fyrir hönd starfsmanna ríkisins, þeirra sem eru í því sambandi, eru á öndverðum meiði um skilning á tiltekinni grein. Skilningur okkar hefur margoft komið fram, skilningur þeirra líka. Og það var rætt í kjarasamningunum árið 1992, fyrir tæpum tveimur árum, þar sem við sóttum mjög fast á að breyta lögunum frá 1954, að fulltrúar BSRB og SFR sögðu að það kæmi ekki til greina að breyta þeim lögum einhliða þá við þá samningagerð og það yrði að sópa því út af borðinu. Á það var fallist en það var jafnframt tekið mjög skýrt fram, mjög skýrt fram, af hálfu ríkisstjórnarinnar að við mundum halda áfram tillöguflutningi á Alþingi þar sem væru lagagreinar í frv. sem segðu að við mundum fella úr gildi við tiltekin skilyrði 14. gr. laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna þegar fólk fengi vinnu við fyrirtækið eftir formbreytingu, nákvæmlega sams konar vinnu. Og það var tekið fram, þ.e. áður en þessir kjarasamningar voru undirritaðir af hálfu forráðamanna BSRB, að þeir væru þessu ósammála og mundu beita sér gegn því bæði með því að hafa áhrif á þingið og hugsanlega leita til dómstóla. Það er einu sinni þannig í samskiptum aðila að menn þurfa ekki alltaf og geta ekki alltaf verið sammála, en þeir geta orðið sammála um það að vera ósammála og sammála um að beita þá þeim ráðum sem þeir hafa í lýðræðisþjóðfélagi. Og þetta lá algerlega ljóst fyrir. Það er síðan á sl. ári, sl. hausti, þegar gengið er frá nýjum kjarasamningum að ákveðið er að taka upp þessa viðræðunefnd eða þennan viðræðuvettvang.

Þessi mörgu orð, virðulegur forseti, sem ég hef haft hér um þetta tiltekna atriði, geri ég vegna þess að ég vil að þetta sé alveg skýrt. Samráðsvettvangurinn átti ekki að leysa réttindamálin fyrirtæki fyrir fyrirtæki. Það hefði getað gerst og ef aðilar eru sammála um að

það gerist þá mun (Gripið fram í.) Það er ekkert á móti því að það gerist, en við höfum aldrei fallist á það fyrir hönd ríkisstjórnarinnar, ráðherrarnir, og ekki fjmrh., að vera bundnir því að ná þessu samkomulagi því það er ekkert víst að okkur takist að ná samkomulaginu og okkur þykir rétt að það sé meiri hluti þingsins sem ráði ferðinni. Hins vegar getur auðvitað BSRB og forustumenn BSRB og starfsfólkið sem telur á sér brotið ávallt sótt rétt sinn til dómstóla. Ég hef mjög ákveðnar skoðanir sem lögfræðingur á því hvað 14. gr. þýðir og ég tel að það sé útilokað að þessi grein þýði það að fólk geti verið á tvöföldum launum í nákvæmlega sama starfi. Aðrir hafa aðra skoðun á því og þeir hafa auðvitað fullan rétt á að hafa sína skoðun á máli sem er jafnumdeilt og þetta.

Það væri ekki til bóta að fresta þessu máli með tilliti til þessa atriðis. Það verður að fara sína leið. Það liggur í eðli samskipta vinnuveitenda og launþega að það kemur upp ágreiningur og þann ágreining verða menn að leysa með þeim hætti sem þjóðfélagið gerir ráð fyrir á hverjum tíma.

Ég vil svo áður en ég hverf algjörlega frá starfsmannamálunum segja það og láta það koma fram hér að samstarf mitt við forustumenn BSRB hefur verið snurðulaust að öðru leyti en því að við erum auðvitað ósammála um nokkur grundvallaratriði. En viðræður eiga sér stað um þessi viðkæmu og mikilvægu mál og ég held að þær viðræður séu mjög til fyrirmyndar og þær verða auðvitað að fá að þróast í tímans rás og vonandi skila síðan þeim niðurstöðum sem til var ætlast.

Hv. þm. Svavar Gestsson, 8. þm., 9. þm. Reykv. — mér er gjarnt að hækka hann í röð, það getur nú verið fyrirboði, 9. þm. er hann — spurði síðan að því hvort það væri eðlilegt að hafa farið í þær endurbætur sem Ríkisendurskoðun hefði gagnrýnt, innan gæsalappa vil ég segja „gagnrýnt", eigum við að segja bent á, í skýrslu sinni um framkvæmd fjárlaga. Um þetta vil ég segja: Þetta mál var skoðað mjög rækilega. Það var skoðað af aðila sem er sérfræðingur í verðbréfasölu og sölu á fyrirtækjum og þeir voru spurðir sem sérfræðingar þetta fyrirtæki, fulltrúar þess, hvort það væri hætta á því að ríkið mundi tapa þessum fjármunum ef fyrirtækið yrði selt. Niðurstaða fyrirtækisins var sú að það væri afar ólíklegt og síðan var bætt við að það mætti hins vegar vara sig á því að stöðva eðlilega þróun fyrirtækisins þótt við værum með fyrirhugaða sölu eða fyrirhugaða formbreytingu í gangi. Og það fellur mjög vel að því sem hv. 1. þm. Austurl. sagði hér áðan að þessi óvissa sem verður til er hættuleg og hún hefði verið hættuleg fyrir þetta fyrirtæki ef við hefðum stöðvað eðlilega þróun og uppbyggingu þess. Og ég vil taka það fram að að sjálfsögðu samþykkti Alþingi þetta með sínum hætti. Það kom bæði fram í fjárlögum íslenska ríkisins og einnig í lánsfjárlögum þar sem skýrt var tekið fram að leitað væri heimildar til þess að byggja fyrirtækið upp með þessum hætti. Þetta vil ég að komi hér fram.

Síðan vegna bóluefnaútboðs. Ég held að það sé óþarfi fyrir hv. þm., sem ég veit að er mikill áhugamaður um heilbrigðismál, að hafa áhyggjur af útboðum þegar þegar um lyf er að ræða. Útboð fara margoft fram þegar um lyf er að ræða. Ég hygg t.d. að fyrirtækið Ríkisspítalar sem hv. þm. þekkir mjög vel láti fara fram útboð í lyfjakaupum, a.m.k. að verulegu leyti af og til. Þannig var það a.m.k. á sínum tíma þegar ég var formaður í umboði hv. 1. þm. Vestf., var formaður stjórnarnefndar Ríkisspítala, þá var þetta gert og ég hygg að svo sé enn.

Ég vil t.d. benda á, af því að hv. þm. var að tala um og spurði að því hvort fjmrh. ætlaði að láta fara fram slíkt útboð á hundadögum eftir 17. júní, að það minnir mig einmitt á það að rauðir hundar eru nánast upprættir á Íslandi vegna bólusetninga og ég hugsa að það bóluefni sem er notað til þess sé nú fengið m.a. með útboði, ég býst við því. Þó rauðir hundar hafi ekkert með hundadaga að gera þá datt mér það í hug þegar hv. þm. var að ræða um hundadagana í þessu sambandi. (**Gripið fram í:** Svo hafa hundar verið í umræðum í þinginu undanfarið.) Já, það eru nú allt öðruvísi íslenskir hundar sem menn geta slegist um í hv. landbn. Nei, það stendur í greinargerðinni, virðulegur forseti, einungis að heilbrrh. geti látið fara fram útboð. Það segir ekkert að það skuli fara fram útboð heldur er bent á að það sé hægt að leysa þetta mál með öðrum hætti. (Gripið fram í.) Nei. Ef við lítum á 38. gr. laganna þá held ég að það sé eðlilegast þegar um er að ræða kaup á bóluefni að heilbrigðisyfirvöld láti fara fram útboð á þeim efnum. Hins vegar snýr kannski 43. gr. laganna, þ.e. 4. tölul. í greinargerðinni, fremur að fjmrh., en þá er þess að geta að Almannavarnir heyra undir dómsmrh. og málefni Almannavarna eru til umfjöllunar í allshn. þingsins. Þannig að ef menn vilja leita til þess aðila sem fer með málefni Almannavarna ættu þeir kannski að snúa sér til allshn. frekar en heilbrn. því það er Almannavarna að taka ákvörðun um það hvernig birgðahald eigi að vera og þá sérstaklega almannavarnaráðs og hagvarnaráðs. Þetta er útúrdúr, en ég vil aðeins segja að sá ráðherra sem á að leggja skýrsluna fyrir þingið hlýtur að vera fjmrh. Það ber áreiðanlega að skilja, svo að ég gerist nú lögskýrandi, það ber áreiðanlega að skilja brtt. nefndarinnar á þann veg að þetta sé fjmrh., enda hefur fjmrh. farið með málefni Lyfjaverslunar ríkisins og eðlilegt að hann leggi slíka skýrslu fyrir á sínum tíma fyrir Alþingi. Hins vegar finnst mér eðlilegt að fjmrh. hafi um það samvinnu við aðra þá ráðherra sem þessi mál heyra undir, eins og dómsmrh. og hugsanlega heilbrrh.

Hæstv. forseti. Ég hef nokkuð ítarlega fjallað hér um ræður hv. þm. Annars vegar hef ég lýst yfir stuðningi við öll þau meginatriði sem komu fram hjá hv. 1. þm. Austurl., formanni hv. efh.- og viðskn., og hins vegar hef ég að langmestu leyti hafnað viðhorfum hv. 9. þm. Reykv. Og ég vil ítreka það að ég tel að það sé ekki frambærilegt fyrir mig að taka við rökum hv. þm. þegar ég veit að þau byggjast mestmegnis á því að hv. þm. er í grundvallaratriðum á móti því að fyrirtækið lendi í einkaeigu af ástæðum sem hann segir vera þær að þetta séu heilbrigðismál en ekki fyrirtækjarekstur.

[17:12]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hafa orðið nokkuð langar umræður um þetta mál hér í dag og er vonandi að þær skili einhverju. Og það sem mér finnst áþreifanlegt, að við höfum þó náð hér nokkrum árangri, er að hæstv. fjmrh. viðurkenndi í ræðu sinni að ríkisvaldið hefði ekki staðið sig sem skyldi í viðræðum við ríkisstarfsmenn varðandi þau réttindamál sem hér eru til umræðu. Ég hlýt að treysta því að í framhaldi af því verði settur kraftur í það mál og ítreka það sem ég sagði við hæstv. ráðherra fyrr í dag að þó svo mál séu komin fyrir dómstóla þá er ekkert sem mælir á móti því að menn geti náð samkomulagi og það er iðulega gert í slíkum tilfellum og oftast til hagsbóta fyrir báða aðila að þurfa ekki að láta mál ganga fyrir dóm.

Hæstv. ráðherra sagði reyndar að það gæti komið upp sú staða að aðilar væru sammála um að vera ósammála. Það var svolítið sérstakt að heyra þessi orð frá hæstv. fjmrh. því í þessari einu setningu er kannski hægt að lýsa stjórnarsamstarfinu síðustu mánuðina hjá núv. hæstv. ríkisstjórn. Þar virðast stjórnarflokkarnir nánast ekki vera sammála um nokkuð annað heldur en vera ósammála í næstum öllum málum.

Útbýting þingskjala:

Félagslegar íbúðir, 595. mál, fsp. GHall, þskj. 949.

Framlög lðnlánasjóðs, 593. mál, fsp. GÁ, þskj. 947.

Þróunardeild Fiskveiðasjóðs, 594. mál, fsp. GÁ, þskj. 948.

[17:14]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég vil sérstaklega þakka hæstv. fjmrh. fyrir þátttöku hans í þessum umræðum. Það er satt að segja til fyrirmyndar að hæstv. ráðherra hefur tamið sér það í þessu máli og ýmsum öðrum að svara jafnharðan því sem borið er fram af fyrirspurnum við hann eða því sem borið er á hann og ég tel að það sé til fyrirmyndar. Andsvaraformið hjálpar að vísu dálítið til í þeim efnum, en það eru ekki nærri allir ráðherrar sem nýta sér það sem skyldi að mínu mati.

Ég vil þá aðeins víkja að þeirri ræðu sem hæstv. ráðherra flutti hér áðan og fyrst því sem hann sagði í sambandi við hv. 1. þm. Austurl. Það er afar algengt að ráðherrar svara því sem að þeim er beint, á þá er borið og þeir eru spurðir um. Hitt er sjaldgæft, það er eiginlega alveg nýlunda, að hæstv. ráðherrar leggi alveg sérstaklega lykkju á leið sína og eyði í það löngu máli að segjast vera sammála einhverju sem þingmenn eru með, en hann tók það fram um fimm atriði af samtals fimm sem höfðu komið fram í ræðu hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, að hæstv. fjmrh. væri sammála þeim öllum.

Þetta veit auðvitað á eitthvað, hæstv. forseti, þetta veit á eitthvað. Það eru allmörg ár síðan þessir hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar náðu saman við svipaðar aðstæður. Þá var hinn stuðningsmaður stjórnar en sá sem nú er fjmrh. var þá óbreyttur í stjórnarandstöðu. Þetta er mjög athyglisvert sem virðist vera hér að gerast. Þessar taumlausu, vil ég leyfa mér að segja, ástarjátningar hæstv. fjmrh. í garð hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar. Það er afar sjaldgæft að menn noti svona síðdegi á fimmtudegi í heldur rólegri umræðu um Lyfjaverslun ríkisins af öllum málum til þess að fá útrás fyrir þessa óstöðvandi ástarjátningarþörf í garð Framsfl. hér úr þessum virðulega ræðustól. (**MB:** Ætli hringarnir séu tilbúnir?) Og þá er það spurningin — hver kallaði fram í nema hv. 1. þm. Vestf., sem þekkir þessa hluti betur en allir aðrir menn hér, aldursforseti þessarar virðulegu stofnunar. Reyndur maður á öllum sviðum. Hann sagði: Ætli hringarnir séu tilbúnir? Það er spurningin hvort þeir eru tilbúnir, trúlofunarhringar varaformanna Framsfl. og Sjálfstfl.? Ég veit ekkert um það, en hv. 1. þm. Vestf. spurði hér áðan og spyr sá sem ekki veit. Ég tek undir það, mér finnst þetta athyglisverð spurning og sjálfsagt að velta því fyrir sér á öðrum vettvangi af hverju þessi óskaplega ástarjátningarþörf brýst hér allt í einu út einmitt á þessum dögum. Auðvitað er að koma sólskin og vor og þá hríslast eitt og annað um mannkynið eins og kunnugt er, en að þessi náttúra skuli endilega brjótast út í þessum tiltölulega náttúrulitla ræðustól er afskaplega athyglisvert, hæstv. forseti. Ég vil ekki reyna á þolrifin í hæstv. forseta með því að fara nánar út í þessi mál vegna þess að ég veit að ég er á hættuslóð, hálum ís og gæti misst mig inn í það sem ekki er beinlínis tiltekið í þingsköpunum. En fróðlegt er málið engu að síður.

Eitt af því sem kom fram í ræðu hæstv. fjmrh. og hv. 1. þm. Austurl. var að lífeyrissjóðirnir hlytu nú endilega að fara að kaupa hlutabréf í Lyfjaverslun ríkisins. Það er nú eins og ég hafi heyrt þennan áður. Það er einlægt sagt þegar menn eru í kastþröng og dettur ekkert af viti í hug að segja um fjármögnun einhvers á Íslandi, þá er búið að segja í 20 ár: Já, en lífeyrissjóðirnir. Þeir eiga svo mikið af peningum. Já, en lífeyrissjóðirnir. Og eins er það með þetta. Og auðvitað stendur ekkert á bak við það hjá þessum trúlofunarfélögum að lífeyrissjóðirnir ætli endilega að fara að kaupa hlutabréf í Lyfjaverslun ríkisins. Það liggur ekkert fyrir um það.

Hitt fannst mér kannski athyglisverðast í máli hæstv. fjmrh. og þá var ég reyndar algerlega sammála honum. Það var reyndar atriði sem hann tók fram að eigin frumkvæði, en hann sagði: Ég get ekki hugsað mér það að þau fyrirtæki sem fyrir eru gleypi þetta nýja fyrirtæki. Orðrétt sagði hæstv. ráðherra þetta svona, með leyfi hæstv. forseta. Ég er sammála þessu. En þá vil ég spyrja hæstv. fjmrh. hvernig hann ætlar að koma í veg fyrir að þau fyrirtæki sem fyrir eru í lyfjaverslun, lyfjaframleiðslu og lyfjainnflutningi gleypi þetta fyrirtæki. Hvaða aðferðir eru til, því væntanlega er ætlunin eða hvað að setja þetta hlutafé, ef það verður sett á almennan markað, það verður væntanlega boðið út með eðlilegum og heiðarlegum hætti en ekki selt einhverjum gæðingum, og þess vegna hlýt ég að spyrja hæstv. fjmrh. að því í fyrsta lagi í þessari ræðu minni: Hvernig hefur hann hugsað sér að koma í veg fyrir fákeppni og einokun á þessum markaði? Og það er nákvæmlega á þessum punkti sem ég tel í raun og

veru að okkar viðhorf nái í grunninn saman, mín og hæstv. fjmrh., vegna þess að hann segir: Það verður að tryggja samkeppni. Ríkið hefur gífurlega hagsmuni af því að tryggja samkeppni til að ná niður lyfjaverði og lyfjakostnaði hér í þessu landi og það er rétt. 100% rétt. Ég tel að það sé skynsamlegast við þær aðstæður sem nú eru að ríkið tryggi þessa samkeppni með því að vera sjálft í henni, auðvitað á heiðarlegan hátt, þar sem það beitir ekki sérstöðu sinni til þess að knésetja önnur fyrirtæki í greininni. Ég segi það alveg eins og er, ég tel að þetta sé langskynsamlegasta aðferðin, að vera með fyrirtæki á vegum ríkisins.

Hvað ætlar hæstv. fjmrh. að segja við fulltrúa Pharmaco þegar hann býður út þessi hlutabréf? Hvað ætlar hann að segja við fulltrúa einstakra aðila, en Pharmaco hefur einkaleyfi á um 70% af innflutningi lyfja á Íslandi, hvað ætlar hann að segja við þessa aðila og hvernig ætlar hann að koma í veg fyrir þessa fákeppni og einokun sem hann var að tala um? Það er auðvitað algert undirstöðuatriði að hæstv. ráðherra svari þessari spurningu hér í umræðunni úr því að hann tók þetta upp og ég þakka honum fyrir það vegna þess að það er mikilvægt að þetta sjónarmið hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar, liggi fyrir, að hann vill ekki að þetta verði ein samfelld einokunarsjoppa á þessu sviði þannig að fyrirtæki úr óskyldum greinum fari kannski að sölsa undir sig rekstur lyfjaverslunar á Íslandi með einum eða öðrum hætti.

Eins og hæstv. ráðherra flutti hlýlegt trúlofunarhjal í garð hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar þá var því nú ekki að heilsa að því er varðaði undirritaðan og ég get ekki sagt að ég sakni þess á neinn hátt. Hann lýsti því yfir komplet og í heilu lagi fyrir fram, án þess að ræða það neitt frekar fyrr en seinna, að hann væri ósammála öllu sem ég hefði sagt. Og ég vil sérstaklega þakka hæstv. ráðherra. (**Gripið fram í:** Það er nú stærsta ástarjátningin.) Nú er hv. 18. þm. Reykv. kominn inn á svið sálfræðinnar sem ég ræð ekki við. En staðreyndin er sú að hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að hann væri í raun og veru ósammála eiginlega öllu sem ég hefði sagt. Í fyrsta lagi mótmælti hann því sérstaklega, hann sagði að ég vildi fresta málinu af því að ég væri á móti frv. Þetta er ekki alveg sanngjörn uppsetning finnst mér. Það er alveg rétt, ég er á móti frv., það er alveg rétt. En ég tel að það hafi ekkert með að gera afstöðu til frv. sem slíks hvort menn vilja fresta málinu út af starfsmannamálunum eða ekki. Ég tel að það sé alveg ópólitískt mál og alveg fyrir utan spurninguna um það hvort menn eru með eða móti þessu frv. Ég vil að það sé hægt að einkavæða fyrirtæki. Ég vil að það sé hægt án þess að að þurfi stórkostlegar umræður hér í þinginu og eilíft dómstólaþvarg út og suður. Ég vil að það sé samið um sanngjarnar reglur í þessu efni. Það er ekkert annað sem ég er að tala um. Og þess vegna fer ég fram á það við hæstv. fjmrh. að málinu verði frestað. Það er ekki af því að ég sé á móti málinu, en það vill svo til að þannig er það.

Mér finnst sú uppsetning að segja: Við skulum fresta gildistökunni til 1. júlí en halda áfram viðræðum, alveg ómöguleg. Það er svona svipuð uppsetning og að maður segði í kjarasamningum, ef verkalýðshreyfingin segði: „Kauphækkunin tekur gildi strax samkvæmt okkar kröfu, en svo förum við í viðræður um það hvort hún á að gilda lengur." Þannig að menn í raun og veru gefi sér tiltekna samningsniðurstöðu fyrir fram í þessu máli og það sé sterkari aðilinn, í þessu tilviki ríkið, Alþingi sem beitir valdi sínu til þess að knýja það fram. Það eru ekki sanngjarnar leikreglur og þess vegna endurtek ég áskorun mína til hæstv. fjmrh.

Auðvitað er það alveg rétt og ég skil það alveg að í viðræðunum er ekki ætlunin að bera allt undir BSRB, auðvitað ekki. Og auðvitað hlýtur ríkisstjórnin að hafa sína stefnu og auðvitað er BSRB það ljóst og auðvitað er það örugglega rétt sem hæstv. fjmrh. hefur eftir formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, bæði frá viðræðunum nú og áður. En það breytir því ekki að hér er um að ræða almennt prinsippatriði, almennar leikreglur, sem snerta öll ríkisfyrirtæki og þess vegna væri það í raun og veru skynsamlegt að hinkra með þetta atriði til þess að ná árangri fyrir þessa einkavæðingarmenn, ef menn vilja hafa það þannig, til þess að ná árangri þannig að þeir þurfi ekki að standa í endalausu stríði þegar kemur að því að þeir þurfi að framfylgja hugðarefnum sínum af þessari ástæðu. Þess vegna verð ég að segja að ef ég væri einkavæðingarmaður, sem ég er ekki, þá teldi ég óskynsamlegt að vera svo veiðibráður, eins og hæstv. ríkisstjórn er í þessu máli, að knýja fram lendingu varðandi málið án þess að leita samkomulags við þessa aðila og fresta því að knýja fram niðurstöðu á meðan.

Hæstv. ráðherra rakti það að ríkisstjórnin hefði sótt fast á breytingar á 14. gr. laganna frá 1954 í samningunum 1992 og þá hefði því verið hafnað. Ríkisstjórnin féllst á þá niðurstöðu en tók fram, eins og hæstv. fjmrh. hefur oft tekið fram, að ríkisstjórnin mundi halda áfram uppteknum hætti að því er varðaði framkvæmd stefnu sinnar og það er eðlilegt og rökrétt og í rauninni heiðarlegt burt séð frá því hvort maður er sammála þeirri niðurstöðu eða ekki. En mér finnst það ekki sanngjarnt og ekki alveg heiðarlegar leikreglur að segja núna við opinbera starfsmenn: Við tökum þennan rétt af ykkur í þessum lögum og höldum svo áfram að tala við ykkur. Það er ekki góð uppsetning á málinu.

Hæstv. fjmrh. vék síðan í svarræðu sinni áðan að einstökum atriðum í þessum deilumálum og ég ætla í sjálfu sér ekkert að fara út í þau atriði. Ég ætla aðeins að segja um biðlaunin. Ágreiningurinn um biðlaunin snýst nákvæmlega um það orðalag, liggur mér við að segja, sem hann notaði. Hann lítur þannig á að biðlaunin, ef menn hafa laun á sama tíma hjá öðrum aðila, séu tvöföld laun. Það er sú túlkun sem Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefur verið að mótmæla, lítur ekki á það sem tvöföld laun í rauninni, þó þannig vilji til við þær aðstæður að um verulegar breytingar sé að ræða á viðkomandi fyrirtækjum.

Ég þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann veitti í sambandi við bóluefnaútboð, sem ég spurði hann hér um áðan. Mér fannst það koma bersýnilega

fram að hann vissi ekkert um málið. Það var svo nakið að það var eiginlega dapurlegt. Þannig að mér finnst það nú vera viðbótarrök fyrir því að hann hinkri aðeins með að skoða þessi mál *pínulítið betur*. Auðvitað fer svona bóluefnaútboð ekki fram bara eins og hvert annað lyf og svo allt í einu dettur honum í hug að það sé notað bóluefni við rauðum hundum og veltir sér upp úr því hér. Þetta var náttúrlega í besta falli svona prýðilegur brandari, en í rauninni fyrst og fremst til marks um það að hann vissi ekkert hvað hann var að tala um, enda er engin ástæða til að ætlast til þess að hann viti það nákvæmlega vegna þess að það er engin ástæða til að ætlast til þess að fjmrh. kunni skil á bóluefni alveg í smáatriðum. En ég hefði nú viljað samt að hann hefði getað svarað því hvernig ætti almennt að standa að þessu máli og það má segja að það hefði verið hlutverk hæstv. heilbr.- og trmrh. að svara þessu að einhverju leyti. Hann er hins vegar fjarri eins og venjulega þannig að það þýðir ekkert að spyrja hann.

Síðan svaraði hæstv. fjmrh. spurningum mínum varðandi öryggisþáttinn og benti á að Almannavarnirnar heyra undir dómsmrh. og þar með allshn. og auðvitað er það rétt hjá honum. Auðvitað hefði allshn. m.a. átt að fá þetta frv. til meðferðar eins og heilbrn. sem fékk það heldur ekki til meðferðar. Ráðherra benti síðan á að það væri fjmrh. sem hlyti að leggja fram skýrsluna fyrir þingið um öryggisbirgðir lyfja samkvæmt almannavarnarlögum og þá verð ég að segja alveg eins og er: Af hverju í ósköpunum var þetta ákvæði ekki sett inn í lögin um almannavarnir? Sú nýskipan tíðkast í lagasetningu á Alþingi Íslendinga í seinni tíð og hefur verið úrskurðuð gild á forsetastóli að það sé hægt að slengja inn í lög eða út og suður lagabreytingum héðan og þaðan eftir því sem menn hafa smekk fyrir. Nú get ég ekki sagt að ég hafi smekk fyrir vinnubrögð af þessum toga. En samkvæmt þeim og samkvæmt túlkun hæstv. fjmrh. hefði auðvitað átt að breyta lögum um almannavarnir í leiðinni og taka *það fram í lögunum um almannavarnir að fjmrh.* sé skylt að gefa reglulega á Alþingi skýrslu um öryggisbirgðir lyfja fyrir almannavarnir í landinu. En auðvitað er þetta ekki alveg nákvæmlega svona vegna þess að sjálfsögðu er það ekki fjmrh. sem gæfi slíka skýrslu jafnvel þó hann hafi haft með að gera þetta fyrirtæki, Lyfjaverslun ríkisins. Þar koma aðrir aðilar við sögu og þar með hæstv. dómsmrh.

En af þessum svörum hæstv. fjmrh., hæstv. forseti, sér maður það hvað málið er illa útbúið. Maður sér af svörum hæstv. ráðherra hvað það er nauðsynlegt að eiga lyfjafyrirtæki á vegum ríkisins eins og Lyfjaverslun ríkisins sem hefur með að gera þennan öryggisþátt lyfja að því er varðar almannavarnir, sem hefur með að gera innkaup á bóluefnum og fleiru og fleiru. Svona fyrirtæki þarf að vera til og þess vegna er það dapurlegt þegar staðið er að málum með þessum hætti og ætlunin bersýnilega að selja þetta fyrirtæki eins og hvert annað fyrirtæki og slá striki yfir það að þetta fyrirtæki er heilbrigðismál.

[17:33]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. var nokkuð tíðrætt um *meint tilhugalíf ákveðinna stjórnmálaflokka* í ræðustól í dag. Nú ætla ég ekki að leggja dóm á það en það kann að vera að rætur þessa hjals hæstv. ráðherra megi rekja til þess þegar tilhugalífi Alþb. og Sjálfstfl. var slitið í beinni útsendingu í Sýn úr ræðustól í Alþingi fyrir nokkrum vikum þegar hæstv. forsrh. lýsti því yfir að hann mundi aldrei starfa í ríkisstjórn með núv. formanni Alþb. og var þó búið að byggja þetta tilhugalíf upp árum saman og m.a. til kostað heilum milljarði úr ríkissjóði í samningum við Reykjavíkurborg um uppgjör á vegafé fyrir síðustu kosningar. Það kann að vera að þetta hafi ruglað sjálfstæðismenn eilítið í ríminu en eitt er víst að eftir þetta skyndilega slit á tilhugalífinu hefur nánast hvorki heyrst né spurst til formanns Alþb., hvorki í þingsölum (**Gripið fram í:** Ég sá hann hérna niðri áðan.) né í íslenskri pólitík. Mér er reyndar sagt að hann hafi sést hér niðri áðan og hlýtur það að sæta nokkrum tíðindum því hv. þm., formaður Alþb., hefur varla sést í ræðustól á Alþingi frá því að þessi sviplegi atburður átti sér stað.

[17:35]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. saknar þess að hafa ekki formann Alþb. sem oftast í ræðustól og í kringum sig og skil ég það út af fyrir sig vel. Hitt fannst mér athyglisvert við ræðu hv. þm. að hann nefndi hvergi þá lausn sem þeir framsóknarmenn hafa viðhaft í sambandi við sín formannsmál að senda formanninn upp í Seðlabanka og þar með er alveg ljóst að hann mun ekki tala í bráð eftir að hann verður orðinn bankastjóri Seðlabankans. Svo róttækar niðurstöður held ég að menn munu yfirleitt ekki nota í þessu sambandi.

Hitt er fróðlegt að ævinlega þegar borið er á þá framsóknarmenn að þeir séu í tilhugalífi við íhaldið þá stökkva þeir upp og kenna öðrum um: Þeir eru á leið*inni* með íhaldinu en ekki við. Þetta er nokkuð fróðlegt og til umhugsunar en staðreyndin er sú að ævinlega þegar Framsókn er búin að vera frá íhaldinu um nokkurra ára skeið þá munar hana þangað aftur. Þá langar hana heim til íhaldsins á nýjan leik og fer að varpa sér aðeins yfir á hægri hliðina. Og hæstv. fjmrh. var svo taumlaus í ástarfögnuði sínum í garð Framsfl. áðan að það jaðraði við dónaskap þó að hæstv. forseti mótmælti því ekki sérstaklega. Ég skil það vel að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sem er nýliði í þessari stofnun, skuli reyna að bera í bætifláka fyrir Framsókn í þessu efni en það er misskilningur af honum að gera það af því að Framsókn ætlar þetta, það er alveg bersýnilegt og hæstv. fjmrh. langar, eins og fram hefur komið.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseta þykja nú umræður komnar allmjög frá umræðuefni og þó að vorið sé komið og sólin skíni vill forseti biðja menn að gleyma hinum ýmsu tilhugalífum og halda sig við efni sem hér er til umræðu.

[17:37]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef svo fer sem ætla má af opinberri umræðu að hv. þm. Steingrímur Hermannsson fari í stól seðlabankastjóra, og tel ég að þá verði sá stóll vel setinn, þá væri það af eðlilegum orsökum að hann tekur ekki til máls í ræðustól á Alþingi eftir að það gerist.

En hinu er ég alveg jafnmikið undrandi á að við skulum nánast ekki hafa séð formann Alþb. í þingsölum frá því að tilhugalífi hans við Davíð Oddsson og hæstv. ráðherra og aðra forsvarsmenn Sjálfstfl. var slitið með eftirminnilegum hætti í ræðustól í vetur.

Hitt vil ég benda hv. þm. á að við þekkjum það ósköp vel í Norðurlandi eystra hvert hugur alþýðubandalagsmanna stefnir. Það var ekki búið að telja eftir síðustu sveitarstjórnarkosningar í langstærsta þéttbýliskjarna landsbyggðarinnar, Akureyri, þegar íhaldið og Alþb. voru hlaupin í sæng saman. (**SvG:** Þetta er um Lyfjaverslun ríkisins.) Og það bendir ekkert til annars en að þar hafi menn hug á að endurtaka þann leik. Þar höfum við því dæmin sannarlega fyrir okkur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti ítrekar að hann getur varla leyft frekari umræður af þessu tagi. Þetta er öldungis óviðkomandi frv. til laga um Lyfjaverslun ríkisins og forseti vill biðja þingmenn að reyna að halda sig við umræðuefnið.

Hv. 9. þm. Reykv. svarar andsvari öðru sinni og væntir forseti að hann haldi sig við það efni sem hér er til umræðu.

[17:40]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta Alþingis fyrir að setja ofan í við þingmenn fyrir gáleysislega meðferð á þeim ákvæðum þingskapa sem hér um ræðir en þingmönnum er vissulega vorkunn í þessu efni vegna þess að það leitar á þá vorið og umhverfið allt. Hins vegar hygg ég að það sé athyglisverð nýlunda engu að síður þó það sé brot á þingsköpum að þegar verið er að ræða um Lyfjaverslun ríkisins þá skuli menn í andsvörum kasta sér óvara í myndun meiri hluta bæjarstjórnarinnar á Akureyri í síðustu kosningum. Það finnst mér merkilegt og bendir til þess að þeir framsóknarmenn séu ekki enn þá búnir að gleyma því, a.m.k. hvernig það bar að. Við því er kannski til lyf sem fæst annars staðar en í Lyfjaverslun ríkisins.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. fjmrh. hefur óskað eftir að veita andsvar og forseti ítrekar nú enn að menn láti af kæti og ræði það mál sem hér er til umræðu.

[17:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég leit út um gluggann og átti helst von á því að sjá fólk með spjöld sem á stæði þessi enski frasi „Make love, not war" en það var nú ekki en úti var íslenska vorið komið, en ég ætla ekki að ræða það frekar né heldur ástardrykki sem menn hafa verið að ræða hér upp á síðkastið í tilefni umræðunnar (Gripið fram í.) um Lyfjaverslun ríkisins. (Gripið fram í.) Ég klára tímann, forseti, með því að hlusta hérna á hlátrasköll utan úr sal, en ef ég kem að (**Gripið fram í:** Kjarna málsins.) já, sem eru tveir, þá langar mig til þess að nefna þau tvö atriði sem hv. þm. fjallaði um.

Í fyrsta lagi hvernig á að tryggja samkeppnina. Þá vil ég geta þess að það er orðið lögbundið ef frv. verður að lögum því það segir í 4. gr. að það skuli gæta þess að samkeppni verði tryggð og það gerist með því að stærstu fyrirtæki í sömu grein mega ekki kaupa hluti í fyrirtækinu. Það er undirstöðuatriði. Ég get ekki farið nánar út í það núna því tími minn leyfir það ekki.

Í öðru lagi varðandi ágreininginn um biðlaun vil ég taka það fram að mitt sjónarmið er það að fólk sem heldur starfi sínu hjá sama fyrirtæki eftir formbreytingu á að mínu mati ekki að fá biðlaun. Þegar um biðlaunarétt er að ræða þá er það til fólks sem þarf á þeim að halda þegar störfin eru lögð niður.

[17:43]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kannast út af fyrir sig við þessi sjónarmið hæstv. fjmrh. varðandi biðlaunaréttinn. Þau hafa legið fyrir og hann hefur gert grein fyrir því í viðræðum sínum við fulltrúa opinberra starfsmanna, geri ég ráð fyrir, og mjög oft úr ræðustóli þessarar virðulegu stofnunar. Engu að síður liggur málið núna þannig að hæstv. fjmrh. ætlar að láta lögfesta sín sjónarmið í þessu máli. Hann ætlar að láta Alþingi að beita þeim meiri hluta sem hér er til þess að lögfesta þau sjónarmið sem hann hefur í málinu. En á sama tíma ætlar hann að halda áfram viðræðum við opinbera starfsmenn um aðra meðferð mála væntanlega en það hefur í för með sér að samþykkja lög af þessu tagi og síðan fari mál dómstólaleiðina.

Mér finnst þetta óeðlileg vinnubrögð. Mér finnst þetta vera svipað, eins og ég sagði áðan, og að segja sem svo t.d. í kjarasamningum: Hækkum launin strax, frá og með þeim degi sem við setjumst niður til að ræða kaup og kjör, en svo lækkum þau seinna þegar samningsaðilar eru búnir að ná niðurstöðu. Mér finnst að það sé verið að setja opinbera starfsmenn í algjörlega vonlausa eða mjög erfiða stöðu í þessum viðræðum með þessum hætti. Þess vegna skora ég á hæstv. fjmrh. í nafni sanngirninnar að ýta þessu frv. út af borði Alþingis og síðan í framhaldi af því að halda áfram viðræðum við opinbera starfsmenn um það hvernig á að standa að einkavæðingu fyrirtækja og meðferð þeirra mála sem snúa að starfsfólki.

[17:45]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna biðlaunaréttarins vil ég taka það fram að í 3. gr. er sagt að Lyfjaverslunin skuli haga störfum sínum þannig að fastráðnir starfsmenn hennar skuli hafa rétt hjá nýja fyrirtækinu. Það er skylda sem lögð er á þetta fyrirtæki þrátt fyrir formbreytingu og þrátt fyrir sölu. Það er það lagaskylda

samkvæmt frv., verði það samþykkt, að fyrirtækið haldi þessum starfsmönnum. Ég tek það fram að það eru ekki bara réttindi það eru líka skyldur sem hér eru á ferðinni. Og það er þá sneitt fram hjá þessum ágreiningi með því að taka það fram að þá skuli biðlaunaréttur inn ekki gilda. Ég trúi því að það verði niðurstaða þótt dómstólar fjalli um málið.

Það er ekki hægt að jafna þessu saman við það sem hv. þm. sagði um samninga og svo væri gengið á bak við samninga skömmu eftir að þær væru undirritaðir. Hins vegar finnst mér að hv. þm. hefði getað — ef ég skildi hann rétt, (Gripið fram í.) Nei, sé það ekki þá fer ég ekki frekar út í þá sálma.

En það vildi ég, virðulegi forseti, að kæmi skýrt fram að það hangir saman að það er skylda fyrirtækisins að ráða starfsmennina í sams konar og eins störf. Það er auðvitað það sem hefur úrslitaþýðingu í þessu máli. Og bara til þess að sýna hvað það væri ósanngjarnt ella þá gæti það gerst að einhver segði upp hjá Lyfjaverslun ríkisins t.d. á morgun eða hinn. Hann hefur engan biðlaunarétt ef hann fer annað. Þessi réttur safnast því ekki upp eins og lífeyrisréttur og önnur réttindi ýmis sem starfsmenn eiga.

[17:47]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrir utan þau almennu rök, sanngirnisrök, sem eru fyrir því að hæstv. ráðherra leggi frv. til hliðar og haldi áfram viðræðum við opinbera starfsmenn, þá eru í brtt. hv. efh.- og viðskn. þau viðbótarrök að þar er gert ráð fyrir því að það verði heimilt að selja allt að helming hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu, að öðru leyti skal leita heimildar Alþingis til sölu. Með öðrum orðum er gert ráð fyrir því að hér verði um að ræða sambýli einkaaðila og ríkisins um nokkurt skeið og þá spyr ég: Hver er réttarstaða starfsmannanna á þeim tíma meðan sambýli þessara aðila er í gangi? Eiga starfsmennirnir ekki siðferðilegan rétt á því að fá að vita hvort réttindi þeirra verða helminguð eins og hlutur ríkisins í fyrirtækinu? Verða biðlaunaréttindin helminguð, verða lífeyrisréttindin helminguð? Þessu verður að svara áður en málið fer héðan út og þess vegna er eðlilegast að leggja málið til hliðar og ræða við starfsmennina í samningum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668.

[17:49]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. fjallar um afnám á lögum nr. 39 frá 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Frv. er samið af nefnd sem kannaði stöðu Verðjöfnunarsjóðs og var skipuð í októberlok 1991 af sjútvrh. til þess að endurskoða þessi lög. Var Hallgrímur Snorrason hagstofustjóri formaður nefndarinnar en aðrir í nefndinni voru Björn Björnsson bankastjóri, Hallgrímur Þorsteinsson, löggiltur endurskoðandi, Ólafur Ísleifsson hagfræðingur og Þorvarður Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi.

Þeir rekja í alllöngu máli stofnun Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins og lögin um þau og reynsluna af Verðjöfnunarsjóði, sveiflujöfnun og opinbera verðjöfnun og sveiflujöfnun á vegum fyrirtækja, afkomujöfnun í stað verðjöfnunar, andstöðu við opinbera verðjöfnun og lagasetningu um útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði. Síðan koma niðurstöður nefndarinnar og svo álit nefndarmanna á grundvelli þess sem þeir segja í þessum köflum. Þeir segja að með hliðsjón af aðstæðum í sjávarútvegi, andstöðu hagsmunaaðila við áframhaldandi starfsemi sjóðsins og af stöðu sjóðsins þegar fjármunir hans eru uppurnir eftir að hafa verið nýttir til að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja, þá álíti nefndin að raunhæf skilyrði fyrir því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins starfi áfram séu ekki lengur fyrir hendi. Því sé eðlilegt að lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verði afnumin og sjóðurinn þar með niður lagður.

Ef þetta frv. verður að lögum þá segja þeir að nefndin telji rökrétt framhald þeirra ráðstafana sem gripið var til í maí sl. að hinar óverulegu innstæður sem enn standa á nafnskráðum reikningum í sjóðnum verði greiddar út til réttra aðila.

Eftirstöðvarnar af Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins eru ekki á nafnskráðum reikningum, eins og menn vita, að hluta til því að þær voru ekki nafnskráðar mörg fyrstu árin sem þessi sjóður starfaði. Því er útilokað að rekja slóð þessara fjármuna til ákveðinna aðila. Nefndin sem leggur þessa tillögu fram segir að henni þyki því eðlilegt að þessar eignir sjóðsins svo og aðrar eignir hans, eftir því sem lög leyfa, verði nýttar í þágu sjávarútvegsins almennt, t.d. til sérstakra verkefna á sviði hafrannsókna eða til að styrkja nýjungar og framþróun í greininni.

Loks telur nefndin að athugun þurfi að gera á því með hvaða hætti megi bæta skilyrði fyrirtækja til að beita virkri sveiflujöfnun á vettvangi fyrirtækjanna.

Sjútvn. Alþingis fékk þetta mál til meðferðar og fjallaði ítarlega um þetta frv. á nokkrum fundum og fékk til sín fulltrúa frá sjómannasamtökunum, bæði Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands, fulltrúa Landssambands íslenskra útvegsmanna, fulltrúa Samtaka fiskvinnslustöðva og fulltrúa frá Þjóðhagsstofnun og Seðlabanka Íslands. Enn fremur frá Samtökum iðnaðarins, frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, frá Alþýðusambandi Íslands, fulltrúa frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda, auk fulltrúa Vinnuveitendasambands Íslands og formann nefndarinnar sem komst að þessari niðurstöðu.

Það varð samkomulag meiri hlutans í sjútvn. að flytja eina brtt. við þetta frv. Hún er þess efnis að síðasti málsliður 2. gr. orðist svo: „Aðrar eignir sjóðsins skulu renna til reksturs Hafrannsóknastofnunarinnar utan 10 millj. kr. sem skulu renna til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.“

Þetta er hugsað sem markaðsátak sem Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda hyggst fara í og veitir ekki af að gera þar mikið átak. Það hefur verið mikil framleiðsluaukning í þessari atvinnugrein en því miður hefur afurðaverð sem greinin verður að búa við ekki verið að sama skapi hagstætt. Afurðaverðið hefur lækkað verulega á síðustu tveimur árum og ekki virðist vera enn þá komin staðfesta í verði hjá þessari atvinnugrein. Því taldi meiri hluti nefndarinnar rétt að verða við óskum stjórnar þessa félags, þar sem flestir rækju- og hörpudiskframleiðendur eru innan þeirra vébanda, og leggur því til að 10 millj. verði varið í þessu skyni.

Ef við förum til baka og inn á það hvernig Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins varð til þá varð hann til fyrir atbeina greinarinnar sjálfrar. Greinin sjálf óskaði eftir því við löggjafann að lög um Verðjöfnunarsjóð yrðu sett. Ég held að hann hafi fyrst heitið Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins en auðvitað tóku fleiri þátti því og við endurskoðun síðar meir var nafni sjóðsins breytt eftir því sem ég best man. En fyrstu viðbrögð og áherslan sem lögð var á að stofna þennan sjóð var frá sjávarútveginum sjálfum. Þá stóð sjávarútvegurinn lengi vel óskiptur að því að viðhalda og starfrækja Verðjöfnunarsjóðinn. Hins vegar leið ekki á löngu þar til það fóru að koma upp ýmsar efasemdir um það að innstæður úr sjóðnum væru ekki skráðar á nafn viðkomandi framleiðanda eða fyrirtækis og hann gæti því aldrei fengi hærri bætur úr sjóðnum en nam þeirri upphæð sem hann hafði lagt í hann. Áður var þetta ekki skráð neins staðar og margur sá sem ekkert fékk sem hætti í greininni taldi illa með sig farið að hafa verið látinn greiða til sjóðsins árum saman en aðrir hefðu hirt það sem hann hafði greitt.

Þannig hafa skapast og aukist töluverðar óvinsældir í sambandi við starfrækslu sjóðsins. Það hefur líka komið fram gagnrýni á stjórn sjóðsins í gegnum mörg ár fyrir það hvað stjórnin hefði seint tekið við sér þegar um lækkun afurða var að ræða og haldið áfram of háum inngreiðslum til sjóðsins. Allt þetta hefur gert það að verkum að samstaðan sem var á bak við hann í upphafi hraðminnkaði og þó alveg sérstaklega á síðustu árum. Ég minnist þess að Landssamband íslenskra útvegsmanna var einn sá aðili sem tók sterkast undir nauðsyn þess að efla þennan sjóð. En þar urðu þau umskipti fyrir örfáum árum að landssambandið taldi rétt að starfsemi sjóðsins yrði gerbreytt eða hann lagður niður.

Bæði ég og fleiri fluttum frv. um breytingar á sjóðnum fyrir allmörgum árum en þær voru ekki afgreiddar. Síðan var farið í að endurskoða lögin um sjóðinn og honum breytt en andstaðan innan greina sjávarútvegsins hefur verulega aukist. Og það má segja að fulltrúar sjávarútvegsins, bæði launþega og atvinnurekenda, vilja leggja þennan sjóð niður. Nú koma aðrir og segja: Þessi sjóður á að starfa áfram. Það er nauðsynlegt að hafa sveiflujöfnunarsjóð í sjávarútvegi. Allt getur þetta verið rétt. En í umsögn Þjóðhagsstofnunar um frv. um afnám laga Verðjöfnunarsjóðsins segir:

„Ef Verðjöfnunarsjóður verður lagður niður án þess að nokkuð komi í staðinn, eins og umrætt frv. gerir ráð fyrir, verður að beita öðrum hagstjórnartækjum (gengi, vöxtum og sköttum) meira í því skyni að jafna sveiflur í þjóðarbúskapnum. Þetta hefur óþægilegar hliðarverkanir fyrir aðrar atvinnugreinar og fyrir vikið verður hagvöxtur líklega hægari en án sveiflujöfnunar í sjávarútvegi. Jafnframt verður ekki séð að sjávarútvegur bíði tjón af sérstakri sveiflujöfnun innan greinarinnar. Þvert á móti má færa rök fyrir því að slík tilhögun geti styrkt greinina þegar til lengri tíma er horft."

Á sl. ári var meginfjármagn Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins greitt út til fyrirtækjanna í sjávarútvegi. Svo að tiltölulega lág upphæð er eftir miðað við það sem út var greitt á sl. ári. Þannig er málum háttað að sjávarútvegurinn vill ekki Verðjöfnunarsjóð með þessum hætti og því er lagt til að hann verði lagður niður.

Ég vil segja fyrir mig persónulega að ég tel að Verðjöfnunarsjóðurinn hafi afar lítið að segja í þeirri stöðu sem sjávarútvegurinn er í núna og stöðu sem við sjáum fram á í nánustu framtíð. En það ber að huga að því að skipa sveiflujöfnunarmálum með einhverjum hætti en það getur ekki verið innan þess ramma sem hér er vegna þess að þeir sem eiga hlut að máli og þeir sem eiga að leggja fé inn í sjóðinn og sem eiga að fá rétt til að fá úr honum bætur þegar verðfall verður eru á móti því sem hér er um að ræða.

Það er mjög athyglisvert þykir mér að meiri hluti sjútvn. skilar nál. 2. mars og í dag er 14. apríl. En minni hluti nefndarinnar skilar ekki álit fyrr en 5. apríl eða það er komið nokkuð á annan mánuð eftir að meiri hlutinn skilar áliti. Og það (**SvG:** Hvað var málið lengi í nefndinni?) Það hafa nú sumir menn a.m.k. í minni hlutanum getað skilað vandaðra áliti á skemmri tíma. Nema þeim sé að fara svona ferlega aftur að þeir þurfi svona langan tíma. Þeir voru miklu röskari fyrir nokkrum árum. En það vekur þó enn meiri furðu mína að Seðlabanki Íslands skilar ekki umsögn um frv. fyrr en 17. mars. Var svona náið samspil á milli minni hluta sjútvn. og Seðlabankans sem hunskaðist ekki til að skila áliti á réttum tíma? Var það kannski ástæðan fyrir því að minni hlutinn gat ekki skilað áliti að hann var að bíða eftir Seðlabankanum? Það er nú meira traustið sem minni hlutinn hefur á Seðlabankanum. Vonandi á það eftir að aukast þegar nokkrir dagar líða. En þetta var nú í raun og veru útúrdúr.

Ég endurtek það sem ég sagði áðan að við sem skrifum undir nál. meiri hlutans teljum að eins og málum er komið og eins og ákveðnar óskir koma fram um úr öllum greinum sjávarútvegsins þá sé rétt, sérstaklega eftir þá miklu útgreiðslu sem átti sér stað á sl. ári, að afnema þennan sjóð. En ég segi það fyrir mitt leyti að ég tel að það eigi ekki að leggja árar í bát og það eigi að hugsa í framtíðinni um nýjan sveiflujöfnunarsjóð með öðrum hætti í fullri samvinnu við atvinnugreinina.

Undir nál. skrifa auk þess sem hér stendur, Árni R. Árnason, Gunnlaugur Stefánsson, Vilhjálmur Egilsson og Guðmundur Hallvarðsson.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 3. umr.

[18:06]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég vil fyrst aðeins víkja að því sem hv. formaður sjútvn. sagði um vinnubrögð í nefndinni. Því er ekki að leyna að þetta mál var tekið út úr nefndinni með miklum mótmælum minni hlutans. A.m.k. mótmælti sá sem hér stendur því mjög harðlega. Ástæðurnar voru þær að til viðtals við nefndina komu fulltrúar mikilvægra stofnana okkar samfélags, Þjóðhagsstofnunar, Seðlabankans, Alþýðusambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Samtaka iðnaðarins og allar þessar mikilvægu stofnanir okkar samfélags vöruðu mjög við því sem þarna var verið að gera. Það má vel vera að það eigi að taka slíkt heldur léttilega og segja sem svo að það séu allar líkur til þess að það hafi í þessu tilviki verið eitthvert samstarf á milli minni hlutans og Seðlabankans. Ég vil ekki gera seðlabankamönnum það að þeir starfi þannig að þeir taki upp sérstakt samstarf við minni hlutann á Alþingi. Ég hef ekki kynst því fram að þessu og þó það megi ýmislegt um Seðlabankann segja þá tel ég að þeir hagfræðingar sem þar hafa starfað fyrr og síðar hafi verið mætir menn og oft lagt margt gott til mála.

Það var okkar mat að þegar svo miklar aðvaranir komu fram, sem komu mér ekki á óvart, þá væri nauðsynlegt að fara betur ofan í málið. Þá væri nauðsynlegt að fá skriflegar umsagnir þessara stofnana. Við vildum bíða eftir því í minni hlutanum að álit Seðlabankans og annarra stofnana kæmu. Við töldum nauðsynlegt að leggja þau gögn fram í sambandi við þetta mál og drógum þar af leiðandi nokkuð að skila nál. enda var ekkert sérstaklega rekið á eftir því. Það var ýmislegt annað á dagskrá í þinginu en við höfum í sjálfu sér verið tilbúnir til þess að skila þessu hvenær sem er ef það hefði verið talið nauðsynlegt að taka málið á dagskrá. Svo var ekki. Síðan tafðist það af fjárveru og af ýmsum öðrum ástæðum þar til nál. var skilað og allir nefndarmenn höfðu farið yfir það og gert nokkrar leiðréttingar og athugasemdir á því.

Þetta kunna að þykja óeðlileg vinnubrögð en ég tel þau vera mjög eðlileg. Hins vegar taldi ég það óeðlilegt að leggja svona mikla áherslu á að taka þetta mál út úr nefndinni eins og formaður nefndarinnar gerði. Og þá er rétt að velta því fyrir sér: Af hverju er verið að samþykkja þetta frv.? Hvað er það sem raunverulega liggur að baki? — Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh., ef hann getur svo við haft, séu viðstaddir þessa umræðu vegna þess að hér er um mjög mikilvægt mál að ræða og nauðsynlegt að ræða við ríkisstjórnina um það. En ástæðan er sú að það eru til rúmar 200 millj. í þessum sjóði. Og ríkisstjórnin, sem talar næstum því dag hvern um sértækar aðgerðir fyrri ríkisstjórna, sjóðasukk og guð má vita hvað, henni liggur svo mikið á að ná út þessum peningum að hún getur ekki beðið lengur. Það liggur svo mikið við að það þarf að leggja niður eitt mikilvægasta hagstjórnartæki samfélagsins. Er þetta hagstjórnartæki í gangi? Er það að vinna einhverjum skaða? Er einhver að borga inn í þennan sjóð núna? Eru þannig aðstæður í okkar þjóðfélagi? Nei, það eru engar slíkar aðstæður, því miður. Ef menn trúa því, minni hluti nefndarinnar trúir því og hefur það mikla trú á framtíðinni að þessar aðstæður muni koma. En hæstv. ríkisstjórn, meiri hluti sjútvn. og meiri hluti Alþingis hefur enga trú á því. Þeir eru búnir að grúfa sig niður í svartnættið og eru ákveðnir í að vera þar. Þeir sjá ekkert nema svart. Hér muni aldrei koma þeir tímar að það þurfi að taka og nota svona tæki.

Nei, það á sem sagt að taka þessa peninga út vegna þess að það skiptir ríkissjóð óskaplega miklu máli. En hvaða máli skyldi það nú skipta? Hvaða þjóðhagslegu áhrif mun það hafa að taka tvöhundruð og eitthvað milljónir út af bundnum reikningi í Seðlabankanum og flytja þær yfir á reikning ríkissjóðs? Ekki nokkur áhrif. Það er þá helst að það muni hafa þau áhrif að ríkissjóður muni eyða heldur meira vegna þessa og því muni það verða til þess að auka opinber útgjöld. Að vísu er nú þessi fjárhæð svo lítil að það tekur ekki að tala um það í því samhengi og ekki ætla ég að fara að gera mikið úr því. En þetta er tilgangurinn með þessu frv., að nálgast þessar krónur. Og þá segja menn: Það er sjálfsagt að afnema þetta mikilvæga hagstjórnartæki án þess að taka upp nokkurn skapaðan hlut í staðinn. Það er sagt að það eigi að fara í gang eitthvert starf til að skoða það. Þó að það hafi verið hlutverk nefndarinnar að gera tillögur um það. Hins vegar hefur hæstv. iðnrh. Sighvatur Björgvinsson, þingmaður Vestf., komið því frá sér hvað eigi að koma í staðinn. Ég reikna með að hann hafi nokkurn stuðning til þess í ríkisstjórninni vegna þess að hann setti það fram á opinberum vettvangi, á vettvangi iðnaðarins, þar sem hann talaði fyrir því að það yrði tekin upp ný sveiflujöfnun hér í þjóðfélaginu. Hver átti sú sveiflujöfnun að vera? Auðlindaskattur. Það var greinilegt á máli ráðherrans að hann teldi það vera mjög mikilvægt að leggja Verðjöfnunarsjóðinn niður til að geta nú farið að snúa sér að því sem skiptir máli og hann hefur verið að tala fyrir með aðstoð Morgunblaðsins og hluta af Sjálfstfl. að nú skyldu menn snúa sér að auðlindaskattinum.

Ég á ekki von á að hv. formaður sjútvn. styðji það og ég veit að hann gerir það ekki. Og ætla ekki að gera honum upp neitt í því sambandi. (**Gripið fram í:** Nú, er ekki stjórnarfrumvarp?) Ég ætla ekki að gera hæstv. sjútvrh. það upp að hann vilji fara þá leið. Hann hefur sagt að hann vilji það ekki. En með því að samþykkja þetta frv. er verið að undirbúa slíkan jarðveg hvort sem mönnum líkar betur eða verr. Og ég bendi á máli mínu til stuðings það sem segir í áliti samtaka iðnaðarins, sem ég ætla að koma að betur síðar, að þau segja í lok sinnar umsagnar, með leyfi forseta:

„Umræða um arftaka Verðjöfnunarsjóðs hefur enn ekki farið fram.“ Ég endurtek: Hefur enn ekki farið fram. Ekki að frumkvæði ríkisstjórnarinnar, ekki að frumkvæði hagsmunaaðila í sjávarútvegi, sem flestir eru á móti þessu frv. Það er rétt en það þarf ekki endilega að vera rétt út af því. En síðan segir í þessari umsögn:

„Búast má við að aukinn kraftur færist í umræðuna um að tengja upptöku gjalds fyrir veiðiheimildir við

sveiflujöfnun í hagkerfinu. Ekki má líta svo á að umræða um leiðir til að draga úr sveiflum í starfsskilyrðum íslensks atvinnulífs sé einkamál samtaka í sjávarútvegi."

Það er nú svo að íslenskir iðnrekendur eða Félag íslenskra iðnrekenda hafði áður lagt áherslu á það að styðja Verðjöfnunarsjóðinn og vildu ekki mæla fyrir því að taka upp auðlindaskatt. Það er alveg ljóst að nú er það komið á dagskrá hjá þeim. Að vísu höfðu þau samtök sem sameinuðust þessum samtökum haft það á sinni dagskrá og mælt fyrir því. En það er náttúrlega ljóst að iðnaðurinn sér alveg hvað er að gerast. Ef það á að afnema þessa sveiflujöfnun þá mun það þýða að það þurfi að beita tækjum í framtíðinni eins og gengi og vöxtum í ríkari mæli eins og hæstv. formaður sjútvn. benti réttilega á úr umsögn Þjóðhagsstofnunar. Það er það sem koma skal að beita sköttum, gengi og vöxtum til að halda þenslunni í skefjum sem mun áreiðanlega koma og hvaða áhrif mun það hafa á aðrar atvinnugreinar í landinu. Auðvitað mun það kyrkja þær og drepa í fæðingu ýmislegt sem gæti orðið hér til verðmætasköpunar í landinu. Og það er nú ekki nema von að mönnum blöskri að hæstv. fjmrh. skuli liggja svona mikið á að færa 200 millj. af bundnum reikningi í Seðlabankanum inn á reikning ríkissjóðs. (**StG:** Til einskis.) (**SJS:** Þetta eru ljótu blankheitin.) Auðvitað veit ég að ríkissjóður stendur illa. En það þarf að hugsa fyrst og fremst um þjóðarheildina og þjóðarhag og áhrif þessa á þann hag en ekki einhver skammtímasjónarmið út frá því hvernig kontóinn í fjmrh. stendur á hverjum tíma. Síðan er rétt að taka það fram að nú um þessar mundir eru fulltrúar ríkisstjórnarinnar og stjórnarflokkanna að reyna að ná samstöðu um aðgerðir í sambandi við breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og þróunarsjóðinn. Okkur hefur verið sagt að menn leggi mikið upp úr því að afgreiða þau mál fyrir þinglok og ná sem bestri samstöðu um þau mál. En er það nú skynsamlegt að vera að eyða tíma þingsins í þetta mál sem skiptir svo litlu máli til skamms tíma litið en svo miklu máli til lengri tíma litið? Ætli það væri ekki skynsamlegra að nota tímann í annað. En auðvitað verðum við sem störfum í minni hluta nefndarinnar að reyna okkar ýtrasta til að reyna að koma einhverri skynsemi inn í þessa umræðu og fá menn til að líta til lengri tíma því það kemur dagur eftir þennan dag. Ég minni á í þessu sambandi að þetta mál tengist breytingunum á lögunum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins á sínum tíma. Hver er ástæðan fyrir því? Ástæðan fyrir því frv., að þá lá svo mikið á að breyta lögunum um stjórn Hagræðingarsjóðs, var sú að ríkisstjórnin þurfti að ná rúmum 500 millj. kr. inn í ríkissjóð sem annars hefðu runnið í Hagræðingarsjóð og í reynd var ekki grundvöllur fyrir vegna þess að það var verið að draga saman hér veiðiheimildir. Síðan var fallið frá því góðu heilli og ákveðið að gera það ekki. Þá missti ríkissjóður þessar 500 millj. kr. sem aldrei var grundvöllur fyrir að taka. Þá er greinilegt að menn fóru að leita hvar væru nú til peningar. Er einhvers staðar einhverja aura að finna úr sjóðunum sem allir áttu að vera tómir? Jú, þá fundu menn að það væru til einhverjar rúmar 200 millj. kr. í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins og það væri rétt að nota þær sem skiptimynt. Það var gert ráð fyrir þessu á fjárlögum ársins í ár og nú verður að keyra þetta í gegn til að uppfylla þau vitlausu áform.

Þetta er að mínu mati allt með miklum eindæmum. Þá er nú rétt að víkja nokkuð að því nefndarstarfi sem átti sér stað í sambandi við þetta mál. Það er alveg ljóst að nefndin fékk út af fyrir sig nokkuð gott hlutverk og það er ekki margt að athuga við skipunarbréf hennar en þó eitthvað eins og gengur. En ég ætla aðeins að vitna í skipunarbréfið. Þar segir m.a., með leyfi forseta:

„Það er hlutverk hennar að meta hvort verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegs og áhrifum þeirra á þjóðarbúið. Þá er nefndinni falið að taka afstöðu til þess hvort ná megi þeim markmiðum eftir öðrum leiðum. Loks er nefndinni ætlað að leita samráðs við helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi og meta þær tillögur sem af þeirra hálfu hafa verið settar fram varðandi sjóðinn."

Að mínu mati hefur nefndin unnið starf sitt vel að því er varðar það hlutverk hennar að meta það hvort verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr sveiflum í afkomu sjávarútvegs og áhrifum þeirra á þjóðarbúið. Ég hef engar athugasemdir við þetta starf nefndarinnar sem ég skal koma betur að hér á eftir.

Það má segja að niðurstöður nefndarinnar séu einfaldlega þær eins og ég les þær að verðjöfnun sé raunhæf leið til að draga úr þessum sveiflum. Þeir sýna fram á að það hafi gerst 1990–1991. Og það er sýnt fram á með skýrum rökum og það kemur fram í athugasemdum margra annarra að ef þetta tæki hefði ekki verið starfandi á árunum 1990–1991 þá hefði mun verr farið í okkar efnahagsmálum. Þetta voru uppgangstímar og því er ekki að neita að gengi var nokkuð hátt þrátt fyrir þetta á þessum tíma. En þetta var viðurkennt og það var safnað upp miklu fé á tiltölulega stuttum tíma og alveg ljóst að það kom í veg fyrir þenslu og varð þess valdandi að iðnaðurinn hafði bærileg starfsskilyrði ekki síst á árinu 1990 þó að þau versnuðu á árinu 1991. Þetta viðurkenna allir. Og það er alveg ljóst að það mun koma aftur uppsveifla í íslenskum sjávarútvegi og íslenskum þjóðarbúskap. Þessar sveiflur hafa því miður verið nokkuð reglulegar og þær hafa alltaf komið og við höfum þurft að læra að lifa með þeim með því að taka á okkur kjaraskerðingu, með því að skera ýmislegt niður og neita okkur um margt það sem annars hefði verið hægt að gera eins og nú er. En það er alveg ljóst að allt sem lagt er til hliðar í uppganginum hvort sem það er á vegum fyrirtækja, einstaklinga eða þjóðfélagsins í heild er til mikilla bóta. Og það verður til þess að við getum fremur lifað af kreppuna og lifað það af þegar niðursveiflan kemur.

Það hefur mikið verið gagnrýnt að svokallaður Atvinnutryggingarsjóður útflutningsgreina hafi verið settur á fót. Og það er eins og gengur með þann sjóð eins og allt annað að það var ýmislegt sem fór þar úrskeiðis en annað sem gekk vel. Ég nefni sem dæmi að það

fyrirtæki sem fékk fyrst fyrirgreiðslu í þeim sjóði er það ágæta og vel rekna félag Grandi í Reykjavík. Það þurfti á því að halda á þeim tíma hvað svo sem sagt er um það. Það fyrirtæki þurfti á því að halda að fá lengingu sinna lána og skuldbreytingu. Það var rétt og nauðsynlegt að hjálpa því fyrirtæki í því sambandi. Enda hefur það spjarað sig. Það var gert ráð fyrir því á þeim tíma að veiðiheimildir gætu verið nokkuð stöðugar á næstu árum. M.a. vegna þess að það voru uppi mjög ákveðnar spár um það að meiri þorskur kæmi frá Grænlandi sem reyndust því miður ekki á nægilega góðum grunni reistar hvernig svo sem á því stendur. Trúlega er það kuldinn í hafinu sem þar hefur mest spilað inn í. Það var mikilvæg forsenda á þeim tíma að mínu mati að Verðjöfnunarsjóður starfaði. Vegna þess að ef verr færi þá væri það mikilvægt út af möguleikum fyrirtækjanna til að endurgreiða þessa peninga að hann starfaði. Því miður fór nú svo að það þurfti að taka alla þessa peninga út, tæpa 3 milljarða, sem var mjög slæmt. Auðvitað hefði mátt standa öðruvísi að málum með því að reyna að mæta áfallinu fyrr sem var orðið staðreynd. Það liggur alveg ljóst fyrir að *ef greitt hefði verið út úr* Verðjöfnunarsjóðnum eftir venjulegum og eðlilegum leikreglum þá hefði sennilega verið búið að greiða út megnið af þessu fjármagni. Og það væru full skilyrði til þess að greiða þar út enn þann dag í dag. Það er enginn ágreiningur um það í neinu af því sem kemur fram að þetta er mjög mikilvægt. Við hljótum að spyrja sjálfa okkur í þessu sambandi: Hvernig á að standa að þessum málum í framtíðinni? Fella þennan sjóð niður og taka eitthvað upp í staðinn eins og hv. formaður sjútvn. sagði hér? Nefndin, sem ég vitnaði til, kemst m.a. að þeirri niðurstöðu í lokin þar sem segir, með leyfi forseta:

„Nefndin leggur loks til að hafin verði athugun á því með hvaða hætti megi bæta skilyrði fyrirtækja til að beita virkri sveiflujöfnun á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra."

Hvert ætli hafi verið hlutverk nefndarinnar í þessu sambandi? Það var þetta, með leyfi forseta:

„Þá er nefndinni falið að taka afstöðu til þess hvort ná megi þeim markmiðum eftir öðrum leiðum."

Ég tel að nefndin hafi í reynd tekið afstöðu til þess hvort megi ná verðjöfnun með öðrum leiðum. Hún fer hér ítarlega yfir, sem ég skal koma betur að síðar, sveiflujöfnun og opinbera verðjöfnun, sveiflujöfnun á vegum fyrirtækja og afkomujöfnun í stað verðjöfnunar og kemst að þeirri niðurstöðu í umfjöllun sinni að allar þessar aðferðir séu háðar slíkum annmörkum að það sé ekki hægt að mæla með þeim. Það þurfi hins vegar að skoða ýmislegt þar betur. En samt endar hún með því að leggja það til að þetta verði að skoða betur. Að mínu mati er það algerlega óábyrg afstaða að skilja málið eftir með þessum hætti út af einhverjum 200 millj. sem þarf að millifæra milli sjóða í okkar þjóðfélagi. Það er ekki boðlegt að mínu mati og hæstv. ríkisstjórn ætti að sjá sjóma sinn í því að lesa þessi álit sem hér hafa komið frá þessum stofnunum og eru þrátt fyrir allt mikilvægustu ráðgjafar ríkisstjórnarinnar á sviði hagstjórnar. Þannig að ef ráðgjöf stofnana eins og Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar, Vinnuveitendasambandsins, Vinnumálasambands samvinnufélaganna, Samtaka iðnaðarins og Alþýðusambands Íslands, ja ef þetta er allt saman rangt og byggt á einhverju delluverki þá hlýtur að vera eitthvað mikið að í þjóðfélaginu. En ég segi líka: Það hlýtur að vera mikið að þeirri ríkisstjórn sem ekkert hlustar á þessi samtök. Það kemur mér á óvart að samtök hagsmunaaðila í sjávarútvegi séu orðin svo áhrifamikil og svo þýðingarmikil í okkar samfélagi að það eigi að fara *í einu og öllu eftir því* sem þau segja. Það er ekki nóg að bera þau fyrir sig annan daginn en neita að hlusta á þau hinn daginn eftir því sem hentar hverju sinni.

Út af þessu öllu saman er ástæða til þess, virðulegur forseti, að rifja það nokkuð upp hvaða saga liggur hér að baki því hún er orðin mjög löng. Það má segja að verðjöfnun hafi fyrst orðið til í upphafi viðreisnarstjórnarinnar vegna þeirra erfiðleika sem þá voru. Það hefur margt verið kennt við þá stjórn og ég vissi ekki betur en þegar núv. ríkisstjórn var mynduð að þá hafi nánast staðið til að vera nokkurs konar ný viðreisnarstjórn og vera alveg eins og þeir. Og haga sér í einu og öllu eins og þeir á þeim tíma. Það var a.m.k. tónninn í formönnum stjórnarflokkanna þegar þeir komu frá Viðey að nú ætti að endurtaka þetta merkilega tímabil Íslandssögunnar og vera eins og foringjarnir miklu á þeim tíma og gera allt eins og þeir. Það var mikil bjartsýni í þeim og þeir ætluðu sér greinilega að stjórna landinu a.m.k. næsta áratug og kannski miklu lengur. **(Gripið fram í:** Hver er boðskapurinn?) Boðskapurinn er eingöngu sá að fjmrh. þarf að fara og ég hef fullan skilning á því að hann þurfi að fara. Ég hef fullan skilning á því að fjmrh. þurfi að sinna ýmsum verkum til að sjá til þess að ekki fari allt of mikið út úr ríkissjóði. En ég ætla að biðja hann að vera ekki að eyða tíma sínum allt of mikið í ónauðsynlegar millifærslur. Ég kann það mikið í bókhaldi að það er alveg út í hött að vera alltaf að dútla við að færa á milli reikninga fram og til baka það verður enginn ríkissjóðshalli lagaður með því. Og þetta er dæmi um það. Þess vegna ef fjmrh. víkur sér frá með það í huga sér að hætta svona millifærsluleik þá get ég vel sætt mig við það. (Gripið fram í.) Það voru ekki *mín* orð.

En þetta var nú það sem menn ætluðu sér og það var eitt ágætis verk sem var unnið í tíð viðreisnarstjórnarinnar að menn sáu þörfina fyrir það að reyna að jafna sveiflurnar meira í okkar samfélagi. Það höfðu verið miklar sveiflur alveg frá stofnun lýðveldisins og reyndar miklu lengur en auðvitað höfðu menn ekki sömu möguleika á því að takast á við vandamálið og þess vegna var það mikilvægt að taka upp slíka sveiflujöfnun. Síðan hefur Verðjöfnunarsjóður starfað með einum eða öðrum hætti og það er alveg ljóst að þessi starfsemi hefur verið mjög umdeild allan þennan tíma og kannski ekki síst á árunum frá 1970–1990. En allan þennan tíma starfaði Verðjöfnunarsjóður og ég veit ekki betur en að um það hafi verið tiltölulega gott pólitískt samkomulag í þessu landi þrátt fyrir að þessi starfsemi væri nauðsynleg með einum eða öðrum hætti.

Á árunum frá 1985–1990 störfuðu margar nefndir til þess að fjalla um þetta mál. Ein skilaði af sér 17. sept. 1986 en í þeirri nefnd voru fulltrúar allra þingflokka og hagsmunaaðila og sú nefnd starfaði undir forustu Jóns Sigurðssonar. Hún skilaði áliti sem gekk út á það að Verðjöfnunarsjóður starfaði áfram. Það voru gerðar nokkrar breytingar á starfsemi sjóðsins í framhaldi af þessu nefndarstarfi en hins vegar héldu deilurnar áfram um sjóðinn. Þá var enn skipuð tiltölulega lítil nefnd til þess að starfa í málinu í janúar 1988 og skilaði hún áliti í maí 1988 og svo öllu sé rétt til skila haldið þá var það niðurstaða þeirrar nefndar að það væri rétt að leggja Verðjöfnunarsjóðinn niður. Hins vegar var tekið fram í þessu nál., með leyfi forseta:

„Nefndin leggur til að komið verði til móts við fyrirtæki í sjávarútvegi með því að heimila þeim að mynda sérstaka sveiflujöfnunarsjóði innan fyrirtækjanna. Fyrirtækið gæti lagt tiltekið hlutfall hreinna skattskyldra tekna," t.d. 60%, sem er mjög hátt hlutfall, 60% af hagnaði, „í sveiflujöfnunarsjóð og dragist tillagið frá tekjusjóðsstofni þess árs. Tillag yrði einnig takmarkað við tiltekið hlutfall af árlegu aflaverðmæti eða útflutningsverðmæti sjávarafurða í því skyni að afmarka sveiflujöfnunarsjóðsheimildina við fyrirtæki í sjávarútvegi. Fyrirtæki sem nýtir þessa heimild legði ákveðið hlutfall af sjóðstillaginu inn á bundinn bankareikning. Eðlilegt er að hlutfall sjóðstillags sé jafnhátt skatthlutfalli lögaðila. Fyrirtækið legði þá jafnháa fjárhæð inn á hinn bundna reikning og næmi þeim skatti sem það frestar greiðslu á við myndun sjóðsins. Framlag í sveiflujöfnunarsjóð framreiknast árlega í samræmi við almenna verðlagsþróun. Sveiflujöfnunarsjóð mætti einungis nýta til að mæta rekstrartapi."

Þótt þessi nefnd kæmist að þessari niðurstöðu að það væri rétt að leggja Verðjöfnunarsjóð niður, en á þessum tíma voru miklir erfiðleikar í íslenskum þjóðarbúskap og það var mikið stríð í gangi að lifa þá erfiðleika af, þá lagði hún nú samt til að eitthvað væri tekið upp í staðinn. En það vill nú bara svo til að þetta var ekki ásættanlegt fyrir aðrar atvinnugreinar. Iðnaðurinn, þjónustan, aðrar útflutningsgreinar, gátu ekki sætt sig við það að sjávarútvegurinn sérstaklega fengi leyfi til þess að leggja í sérstakan varasjóð og leggja hluta af sínum hagnaði þannig til hliðar. Þeir töldu það ekki standast jafnræðisreglur stjórnarskrár og skattalaga, og mönnum leist ekki á að fara þessa leið. Niðurstaðan varð sú að leggja þetta starf til hliðar. Þá er enn tekið til við að reyna að ná niðurstöðu í þetta mál sem endaði með því að það var skilað áliti nefndar en sú nefnd skiptist í afstöðu sinni. Í þeirri nefnd voru margir ágætir menn. En þeir sem voru hlynntir verðjöfnun á þeim tíma voru þessir: Árni Benediktsson, Geir Gunnarsson alþingismaður, Ísólfur Sigurðsson, Jón Kristjánsson alþingismaður, Karl Steinar Guðnason alþingismaður, Lárus Jónsson alþingismaður, Þórunn Friðriksdóttir og Þórður Friðjónsson.

Ólafur Ísleifsson og Einar K. Guðfinnsson alþingismaður, sem sat lokafund nefndarinnar í fjarveru Matthíasar Bjarnasonar alþingismanns, studdu tillögu að Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins yrði lagður niður, voru hlynntir því að frv. fengi þinglega meðferð en höfðu fyrirvara um einstök efnisatriði. Benedikt Valsson var fylgjandi verðjöfnun í öðrum greinum en botnfiskvinnslu, samanber bókun sem hann lagði fram. Sigurður Haraldsson var andvígur þessu máli og sama má segja um Friðrik Pálsson sem sat fyrir SH. Hann var þeirrar skoðunar að fyrirtæki mættu leggja í varasjóð til að mæta tekjusveiflum í útflutningi. Kristján Ragnarsson, Hreggviður Jónsson alþingismaður og Óskar Vigfússon lögðu til að núverandi Verðjöfnunarsjóður yrði lagður niður og enginn nýr sjóður tæki við hlutverki hans.

Það er því ekkert nýtt að ýmsir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafi lagst gegn Verðjöfnunarsjóði. Það liggur t.d. fyrir að í þessu nál. þann 3. apríl 1990 voru nánast allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi andvígir því að Verðjöfnunarsjóður tæki til starfa með nýjum hætti. En frv. var lagt fram í þinglok 1990 og sem betur fer var það samþykkt. Þetta frv. varð til þess að það hófst inngreiðsla í Verðjöfnunarsjóð stuttu eftir að lögin voru samþykkt. Og það er ástæðan fyrir því að þeir tæpu 3 milljarðar — og að er rétt að taka það fram að þetta gerðist m.a. með ágætum stuðningi Matthíasar Bjarnasonar og eins og hann gat hér um þá varð það til þess að það voru lagðir miklir peningar til hliðar á árunum 1990 og 1991. Ég held að það deili enginn um það í dag, hvort sem menn voru á móti þessu eða ekki, að þetta var gæfuspor. Og ég veit ekki betur en að hagsmunaaðilar í sjávarútvegi hafi verið mjög ánægðir og fegnir því að þessir þrír milljarðar voru til þegar þeir voru borgaðir út. Þannig að það verður ekki allt dæmt út frá því hvernig mál líta út á hverri stundu og það er alveg ljóst að hér er ekki um að ræða eitthvert einkamál sjávarútvegsins. Þetta er málefni þjóðfélagsins alls og sjávarútvegurinn verður, ef hann vill lifa í góðu sambýli við aðrar atvinnugreinar og stéttirnar í landinu og þjóðina í heild sinni, að vera tilbúinn að starfa við þau skilyrði að dregið sé sem mest úr hagsveiflunum enda þjónar það hagsmunum sjávarútvegsins sjálfs. Það er alveg ljóst að atvinnugrein, sem getur haft mikinn hagnað þegar vel gengur en þarf síðan að búa við mjög erfið skilyrði í aflaleysinu og verðhruninu, þarf á því að halda þegar til lengri tíma er litið.

Ég ætla þá ekki, virðulegur forseti, á þessu stigi málsins að gera nánari grein fyrir þessu nefndarstarfi sem hefur átt sér stað á undanförnum árum. Ég ætla að víkja síðar aðeins betur að starfi þeirrar nefndar sem nýlega hefur skilað af sér. Ég vil taka það fram að hún hefur sett á blað ágæta greinargerð um málið sem styður starfsemi verðjöfnunar í einu og öðru en ég get með engum hætti botnað í því hvernig hún fór að því að skrifa álitið á grundvelli þess sem á undan er gengið. Mér finnst að álitið á bls. 15 sé ekki í samræmi við röksemdafærsluna. Það má vel vera að það hafi í reynd verið ágreiningur í nefndinni og að lokum hafi allir nefndarmenn skrifað undir niðurstöðu og látið það í léttu rúmi liggja þó það væri í þetta mikilli andstöðu við það sem áður er skrifað.

En ég vil benda á að það kom ekki ósvipað álit í maí 1988 nema að í því áliti var tekið skýrt fram hvað

ætti að taka við og það er það sem vantar í þessu nál. og í frv. Það þýðir ekki að benda á leiðir sem eru ófærar og ekki er hægt að fara því það hefur svo oft verið gert, eins og hagsmunaaðilar í sjávarútvegi benda iðulega á að það þurfi að taka upp sveiflujöfnun á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra. Þetta er búið að gera árum saman. En niðurstaðan hefur ávallt verið sú að þessi leið væri mjög illa fær. Það kemur í reynd fram í nál. þeirrar nefndar sem skilað er og sem grundvöllur frv. Þeir benda á slíka annmarka á þessari leið, sveiflujöfnun á vegum fyrirtækjanna, að það verður ekki annað séð en þeir séu í reynd að mæla gegn henni. Þetta verður að hafa í huga.

Í sambandi við umsagnir einstakra aðila þykir mér það miður að það hefur fallið niður að prenta sem fylgiskjal með nál. okkar í minni hlutanum umsögn frá Alþýðusambandi Íslands. Það er slæmt en það er hægt að leiðrétta. Að vísu eru ýmsar aðrar umsagnir frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi líka mikilvægar, þó þær komist flestar að annarri niðurstöðu, en við töldum ekki ástæðu til að gera jafnmikið úr þeim vegna þess að við alla þá aðila var rætt af nefndinni. Nefndin sinnti því hlutverki sínu vel að hafa samráð við þessa aðila en hins vegar talaði nefndin ekki við nein önnur samtök. Nefndin sá enga ástæðu til þess að ræða málið við Seðlabanka Íslands. Nefndin sá enga ástæðu til þess að ræða við Þjóðhagsstofnun eða Vinnuveitendasambandið eða Alþýðusambandið eða Samtök iðnaðarins. Að vísu stóð ekki í skipunarbréfi nefndarinnar að það skyldi gert, sem ég tel að hafi verið mistök, en það var að sjálfsögðu skylda þingnefndarinnar að gera það og taka álit þessara aðila alvarlega, en það hefur því miður ekki verið gert.

Afstaða Alþýðusambands Íslands til þessa frv. er eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Alþýðusambandið telur brýnt að tryggja að þau markmið sem lágu til grundvallar starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, þ.e. nauðsyn þess fyrir uppbyggingu annarra atvinnugreina að sveiflur í afkomu sjávarútvegs verði jafnaðar með einhverjum hætti, nái fram að ganga. Verði það ekki gert standa stjórnvöld frammi fyrir því að jafna afkomusveiflur í sjávarútvegi með breytingum á gengi krónunnar eða vöxtum með þeim skaða sem það hefði fyrir aðrar greinar sem ekki nytu t.d. sambærilegrar uppsveiflu og í sjávarútvegi."

Það er nauðsynlegt að því sé svarað af þessu tilefni, og þetta kemur fram í ýmsum öðrum umsögnum: Er verið að fara út á það svið? Er verið að boða þá stefnubreytingu að beita eigi gengi og vöxtum við þessi skilyrði? Það er nauðsynlegt að því verði svarað. Það hlýtur að vera, a.m.k. ef hæstv. iðnrh. fær ekki framgengt sinni kröfu að það verði tekinn upp auðlindaskattur. Það er ekki hægt að skilja svona mikilvægar spurningar eftir.

Síðan segir Alþýðusamband Íslands, með leyfi forseta: „Íslenskt efnahagslíf hefur farið í gegnum mjög erfiða aðlögun að sífelldum samdrætti í þorskveiðiheimildum á undanförnum árum og ljóst er að leggja verður höfuðáherslu á að efla aðra útflutningsstarfsemi ef okkur á að takast að treysta og auka það velferðarstig sem við höfum búið við. Ef það á að takast þá verðum við einfaldlega að jafna afkomusveiflur í sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti, þó þannig að sú sveiflujöfnun hafi ekki skaðleg áhrif á aðrar greinar."

Þetta er mikið sagt. Þetta er í reynd stutt af öðrum umsögnum. Hér segir Alþýðusambandið að ef okkur eigi að takast að efla aðra útflutningsstarfsemi, sem er lífsspursmál fyrir Íslendinga að efla alla þá útflutningsstarfsemi sem getur orðið til þess að draga úr atvinnuleysi og auka verðmætasköpun í þjóðfélaginu, verði að vera sveiflujöfnun, verðjöfnunarsjóður. Á ekkert að hlusta á það? Eða er það ekkert lengur á dagskrá að reyna að takast á við þetta viðfangsefni á sviði hagstjórnar? Því er ekkert svarað og við hljótum að krefja hæstv. ríkisstjórn svara við þeim spurningum sem er að sjálfsögðu miklu einfaldara að gera þannig að taka þetta mál af dagskrá um sinn svo að menn fái tíma til að taka það aftur til nefndar og reyna að ná einhverjum áttum í málinu.

Síðan er sagt, með leyfi forseta, sem ég hef svo sem áður sagt: „Á þessu er ekkert tekið í frv. og hvorki liggur fyrir nein stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnar né Alþingis hvernig bregðast eigi við. Það er t.d. óljóst hvort hér sé verið að undirbúa ákvörðun um að taka upp auðlindaskatt en ákvörðun um að fella lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins úr gildi mun óhjákvæmilega færa meiri þunga yfir á þá umræðu."

Þetta er álit Alþýðusambands Íslands og þeir sem vilja og hafa þá skoðun að ekki eigi að færa meiri þunga yfir í þá umræðu en orðið er hljóta að vera andvígir því að fara þessa leið. Ef menn vilja hins vegar fara á fullt í þá umræðu er alveg ljóst að hér hefur verið tekinn burtu mikilvægur varnarmúr sem er nauðsynlegur ef menn ætla að standast þessa umræðu.

Síðan segir í umsögninni: „Ef snögg umskipti verða á afkomu sjávarútvegs gæti sú umræða þurft að fara fram í verulegri tímaþröng þar sem við stæðum frammi fyrir annaðhvort gengishækkun eða upptöku auðlindaskatts."

Hvað er það sem Alþýðusambandið á við í þessu sambandi? Þeir eiga einfaldlega við það að ef hér sköpuðust mjög góð skilyrði í sjávarútvegi, sem alltaf eru að skapast annað slagið og ég minni t.d. á þau miklu umskipti sem urðu að því er varðaði loðnuveiðarnar í vetur. Þær voru mikil búbót fyrir fyrirtæki austan lands, sunnan lands og vestan og urðu til þess að bjarga miklu. Ef slík almenn skilyrði sköpuðust í sjávarútveginum, sem er að vísu heldur ólíklegt, þá er alveg ljóst að menn standa frammi fyrir miklum vanda. Þetta getur gerst mjög skyndilega eins og gerðist vorið 1990. Þá er nauðsynlegt og mikilvægt að hafa tæki sem þetta starfandi, hafa það til staðar til þess að geta tekið afstöðu til þess hvort því skuli beitt því það verður ekkert gert á einu augabragði að koma á á nýjan leik lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í umsögn Alþýðusambands Íslands kemur fram að þá sé lítið annað að gera en annaðhvort að hækka gengið, sem hefði mjög slæmar afleiðingar á aðrar atvinnugreinar í þjóðfélaginu, t.d. iðnaðinn, þjónustustarfsemina og

ferðamannaiðnaðinn, sem er vaxandi. Það gæti haft skelfilegar afleiðingar á okkar þjóðarbúskap.

Ef það væri hin almenna pólitíska skoðun að þessar afleiðingar væru svo skelfilegar fyrir þessar atvinnugreinar þá stæðu menn einfaldlega frammi fyrir því að fara út í að leggja sérstakan skatt á sjávarútvegginn í ríkissjóð til þess að draga úr uppsveiflunni. Ætli sé nú ekki betra og nauðsynlegra fyrir sjávarútveginn í heild sinni að leggja slíkan afgang í sérstakan sjóð til að mæta framtíðaráföllum? Og þar af leiðandi þjónar það hagsmunum sjávarútvegsins sjálfs að gera það. Það eru ekkert annað en skammtímasjónarmið að mínu mati að sjá þetta ekki fyrir. Þetta mun hafa mjög skaðvænleg áhrif á sjávarútveginn til lengri tíma því upptaka auðlindaskatts við þessi skilyrði, við slík uppgangsskilyrði, yrði til þess að ekkert væri eftir til að borga út þegar verð fellur á nýjan leik eða afli minnkar. Það gæti þess vegna orðið til þess að mörg fyrirtæki í sjávarútvegi yrðu gjaldþrota og það gæti valdið miklum vandræðum í byggðarlögum um land allt. Ég held að það sé enginn vafi á því að ef það hefðu verið eftir mun meiri peningar í Verðjöfnunarsjóði árið 1991, sem hefði í sjálfu sér verið skilyrði til að safna upp áður fyrr, þá hefðum við staðið mun betur í dag.

Það er búið að gagnrýna okkur stjórnarandstæðinga mjög fyrir það þegar við vorum í ríkisstjórn á árum áður að við hefðum ekki lagt nægilega mikið til hliðar þegar vel gekk. Forsvarsmenn Reykjavíkurborgar hafa t.d. staðið framarlega í þeirri gagnrýni en ekki varð ég var við að þar væri sérstaklega mikið lagt til hliðar á árum áður. Það má vel segja að það sé nokkuð til í þeirri gagnrýni að það hafi ekki nægilega mikið verið lagt til hliðar. Það eru ýmsar ástæður fyrir því en aðallega liggja ástæðurnar í þjóðarsálinni sjálfri en ekki eingöngu á vettvangi stjórnmálanna þó stjórnmálin beri vissulega ábyrgð. En hér er verið að leggja það til að þessu verði hætt og þessu öllu kastað fyrir borð.

(**Forseti** (VS)**:** Forseta langar að grennslast um það hjá hv. þm. hvort hann er um það bil að ljúka máli sínu eða hvort hann óskar eftir að fresta ræðu sinni. Það er komið fram í þann tíma sem meiningin var að gera matarhlé.)

Virðulegi forseti. Ég á nokkuð eftir af ræðu minni og get vel hugsað mér að fresta henni.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þá óskar forseti eftir því að hv. þm. geri hlé á máli sínu og umræðunni er frestað og fundinum er frestað til klukkan hálfníu.

[Fundarhlé. — 19:06]

[20:30]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) (frh.)**:**

Virðulegur forseti. Ég var kominn þar í ræðu minni að ég var að gera grein fyrir áliti því sem kemur fram í mörgum umsögnum sem bárust hæstv. sjútvn. Áður en ég held áfram máli mínu vil ég gjarnan vitna til þess að vorið 1991 skrifuðu forsvarsmenn Vinnuveitendasambandsins greinargerð um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, Hannes G. Sigurðsson og Þórarinn V. Þórarinsson, sem er mjög ítarleg og væri tilefni til að gera hér ítarlega grein fyrir en hún er prentuð sem fskj. VI með nál. minni hlutans.

Ég vil aðeins vitna til lokaorða þessarar umsagnar þó hún sé ekki skrifuð af því tilefni sem hér er til umræðu heldur um málið almennt en þar segir, með leyfi forseta:

„Í lok næsta árs falla niður síðustu leifar haftakerfis gjaldeyrisviðskipta, en þá mun öllum frjálst að kaupa og selja gjaldeyri að vild. Frá þeim tíma verður gengi íslensku krónunnar hvorki haldið uppi né niðri með handafli, þó formleg skráning þess verði trúlega í Seðlabanka. Verði rekin ótrúverðug efnahagsstefna munu fjármunir flytjast úr landi, gjaldeyrisvarasjóður tæmast og enginn gjaldeyrir verða til greiðslu fyrir innflutning. Gengi krónunnar hlyti að falla og óðaverðbólga hefja innreið sína. Um slíka efnahagsstefnu getur ekki orðið sátt og því er óhjákvæmilegt að stjórnvöld miði aðgerðir sínar á sviði efnahags- og peningamála við það meginmarkmið að varðveita stöðugleika, lága verðbólgu og á þann veg verðgildi gjaldmiðilsins. Afnám Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, án þess að aðrar jafngildar ráðstafanir komi á móti, væri atlaga að þessum markmiðum."

Þetta eru mjög alvarleg aðvörunarorð, herra forseti, og full ástæða til að taka þau alvarlega þegar í hlut eiga forsvarsmenn atvinnulífsins í landinu, aðilar sem hafa mikla reynslu af efnahagsmálum. Það má vel vera að ýmsum finnist að hér sé eitthvað ofsagt, en allar þær umsagnir sem borist hafa frá heildarsamtökum atvinnulífsins og heildarsamtökum launþega segja svipað og þetta er stutt áliti Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands.

Ég er ekki viss um að hv. þm. geri sér almennt grein fyrir því hvað hér er um alvarlegt mál að ræða og hvað það er fráleitt að rökstyðja það með því að það þurfi að millifæra nokkrar krónur milli reikninga í Seðlabankanum, þ.e. milli Verðjöfnunarsjóðs og ríkissjóðs, og gera upptækar þær eignir sem þar eru. Það er ekki svo að það sé verið að ráðstafa þessum peningum sérstaklega með hagsmuni sjávarútvegsins í huga. Það er verið að ákveða að þær renni óskiptar í ríkissjóð til þess að standa undir almennum rekstrarkostnaði sem ríkið hefur borið uppi fram á þennan dag. Þótt þar sé um rekstur Hafrannsóknastofnunar að ræða þá skiptir það í reynd engu máli. Það var niðurstaða nefndarinnar sem vann að undirbúningi þessa máls og tillaga hennar að ef sjóðurinn yrði lagður niður yrðu þessir fjármunir eins og segir í áliti nefndarinnar eftir því sem lög leyfa — það er réttara að taka það fram eins og þeir gera — nýttir í þágu sjávarútvegsins almennt, t.d. til sérstakra verkefna á sviði hafrannsókna eða til að styrkja nýjungar og framþróun í greininni.

Ég held að það sé ekki að ástæðulausu að tekið er fram að rétt sé að gera þetta eftir því sem lög leyfa og það má draga í efa að hægt sé að afnema sjóðinn með þessum hætti og verja peningunum einfaldlega til rekstrarútgjalda ríkisins. Þetta er þó einu sinni sjóður sem er byggður upp af atvinnugreininni sjálfri. Þetta

eru peningar sem hafa komið frá fyrirtækjunum inn í þennan sjóð í þeim tilgangi að standa undir því ef verðfall verður innan greinarinnar.

Ég vildi þá fara aðeins yfir þau sjónarmið sem komu frá Seðlabanka Íslands í þessu máli. Það er rétt að taka það fram að hér er um umsögn hagfræðideildar bankans að ræða og hún er skrifuð út frá hagrænum og efnahagslegum sjónarmiðum og ástæðulaust að láta í það skína að þessi umsögn sé unnin fyrir einhvern eða til þess að þjóna einhverjum sérstökum sjónarmiðum. Það er alveg ljóst að þessi umsögn er skrifuð á grundvelli þeirrar reynslu sem er fyrir hendi í Seðlabankanum, þeirrar þekkingar sem þar er á hagfræði og á okkar þjóðarbúskap. Það er mjög merkilegt að sjá í upphafi umsagnarinnar tekið fram að Seðlabankinn sem slíkur hafi ekki fyrr en nú átt þess kost að vera til samráðs um málið en þó er tekið fram að einn starfsmanna bankans hafi sem einstaklingur átt sæti í nefnd sérfræðinga til undirbúnings frv. Það liggur sem sagt fyrir að það var talin ástæða til þess að ganga alveg fram hjá Seðlabankanum í þessu máli. Það var ekki talið rétt að nýta sér þá þekkingu og þær upplýsingar sem þar eru fyrir hendi. Það er hins vegar tekið fram í upphafi að bankastjórn Seðlabankans hafi samhliða stefnumótun að því er varðar gengisfestu síðustu ára og ákvarðana um breytingar í gjaldeyrismálum tekið mjög skýra afstöðu til gildis þess að viðhalda verðjöfnun.

Þetta er mjög merkilegt vegna þess að núverandi hæstv. ríkisstjórn hefur að sjálfsögðu staðið að baki þess að taka ákvarðanir um breytingar í gjaldeyrismálum og ýmsu sem varðar okkar efnahagsmál. Þessar ákvarðanir eru m.a. teknar í ljósi breyttra aðstæðna í okkar efnahagsumhverfi, þeirrar staðreyndar að við erum mjög háðir alþjóðlegu umhverfi, alþjóðlegum mörkuðum og þess mikilvæga atriðis að við erum nú aðilar að Evrópsku efnahagssvæði með þeim skyldum og réttindum sem því fylgja. Ég hef verið stuðningsmaður þess að við tökum þátt í slíku samstarfi og tel í reynd ekkert annað koma til greina þegar útflutningshagsmunir og efnahagshagsmunir okkar eru hafðir í huga. Mér er það hins vegar alveg ljóst, eins og mörgum öðrum, að þetta hefur margt í för með sér að því er varðar breytingar í okkar efnahagsmálum inn á við og tel því eðlilegt að þar hafi verið staðið að margvíslegum breytingum sem hafa verið í undirbúningi árum saman. Sá undirbúningur hófst í sjálfu sér ekki í tíð þessarar ríkisstjórnar heldur áður, enda ekkert annað en sjálfsagt að ganga í það verk og því hefur verið haldið áfram af núv. hæstv. ríkisstjórn og flest af því sem þar hefur verið gert að því er varðar gjaldeyrismál og margvíslegar ákvarðanir á fjármagnsmarkaði er afleiðing þessa nýja umhverfis.

Þess vegna er það mjög merkilegt að núv. hæstv. ríkisstjórn skuli í ljósi þessara aðstæðna og í ljósi þess að við getum ekki beitt genginu með sama hætti og oft áður hefur verið gert, ekki aðeins sjálfra okkar vegna heldur vegna alþjóðlegs umhverfis, ætla að leggja niður þau tæki sem geta reynst hvað verðmætust til að skapa eðlileg skilyrði.

Seðlabanki Íslands, hagfræðideild, tekur það fram að það séu engin skýr merki þess að þessar sveiflur séu úr sögunni og þess vegna séu engin rök fyrir því að breyta hér til. Það er rakið þegar rætt er í umsögninni hvaða hemill skortur á sveiflujöfnun getur verið í hagþróun og varað við því að slíkir búskaparhættir komi yfir okkur á nýjan leik. Hér segir m.a., með leyfi forseta:

„Dæmin eru mörg frá undanförnum áratugum að kallað hafi verið fram nýtt framtak á þessum sviðum" — þ.e. á sviði margvíslegrar nýsköpunar og atvinnulífs — „með gengisskilyrðum og öðrum hvatningum, en það síðan verið rústað af snöggri vendingu til óhagstæðari skilyrða, einkum af völdum þeirrar þenslu sem fylgt hefur uppgangi sjávarútvegsins. Snöggsoðnum undirbúningi, offjárfestingu og vanfjármögnun er eflaust einnig um að kenna, en spurning er hvort þeir vankantar séu ekki að nokkru til komnir af hvatvíslegum sveifluviðbrögðum í stað reglufastara þróunarstarfs."

Ég held að við getum lært mjög margt af fortíðinni. Þó að við eigum ekki að sökkva okkur allt of mikið ofan í hana, þá hefur hún skapað okkur reynslu og þekkingu sem við eigum að taka mið af og eitt af því sem þarf að varðveita er einmitt reynslan sem við höfum fengið af sveiflujöfnun og skorti á sveiflujöfnun.

Það kemur fram í þessari umsögn að sveiflujöfnun kunni framvegis að vera meira hagsmunamál sjávarútvegsins sjálfs en verið hefur fram á þennan dag. Það kemur einnig fram að niðursveifla án verðjöfnunar gæti þá riðið ýmsum fyrirtækjum og jafnvel byggðarlögum að fullu. Þetta er mikið sagt. En við getum lært ýmislegt af þeirri reynslu sem við göngum nú í gegnum. Það er ekkert gamanmál fyrir þjóðfélagið, mörg sjávarútvegsfyrirtæki og byggðarlög að ganga í gegnum þá erfiðu tíma sem óumdeilanlega er nú gengið í gegnum. Það er ekkert auðvelt verk fyrir hæstv. ríkisstjórn, hæstv. sjútvrh., að standa í forsvari fyrir því. Og það er ekki sagt vegna þess að mér sé einhver gagnrýni efst í huga. Það er einfaldlega engin léttavara að þurfa að standa að eðlilegum fiskverndaraðgerðum og reyna að leggja grunn að því að við getum byggt upp okkar fiskstofna. Það skortir ekkert á gagnrýni í þeim efnum og margir sem vilja fara öðruvísi að og telja sig réttborna til þess að geta gefið út aðrar ákvarðanir. Ætli það gæti ekki verið að það skipti dálítið miklu máli í dag að hafa verðjöfnunarsjóð til þess að greiða úr við slík skilyrði? Ætli það væri ekki léttbærara fyrir margan að ganga í gegnum þær aðstæður?

Í lok þessarar umsagnar fer Seðlabankinn að reyna að átta sig á því hvort ekki sé nauðsynlegt að gera einhverjar breytingar á þessu kerfi sem tekið var upp 1990. Auðvitað er með það eins og öll önnur kerfi og önnur mannanna verk að þar er ekki allt fullskapað og full ástæða til að líta hlutlaust á það og læra af þeirri reynslu sem þar hefur komið fram. Þeir taka það fram að sú verðjöfnun sem þá var tekin upp lúti miklu sjálfvirkari lagareglum en áður hafði verið gert þannig að þær séu miklu betur til þess fallnar að gegna því hagstjórnarhlutverki sem verðjöfnunarsjóður á að gera. Það

var eitt helsta gagnrýnisatriðið í fyrri reglum að það voru oft breytingar á reglum um Verðjöfnunarsjóðinn eftir aðstæðum hverju sinni og að sjálfsögðu var ávallt tilhneiging eins og oft vill verða að reyna að nýta hann sem best til að þjóna þegar verst gekk. Það er enginn vafi á því að stundum var gengið of langt fram í því og fjármagni eytt of fljótt. Það vilja allir reyna að ganga í gegnum erfiðleikana á sem stystum tíma en átta sig ekki alltaf á því að við það kann svo að fara að það geri hlutskiptið í reynd erfiðara.

Síðan er farið út í að ræða það hvort fara eigi út í meiri þjóðhagslega viðmiðun, þ.e. slíta hin einkahagslegu tengsl sem felast í sérreikningum framleiðenda. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að gera vegna þess að ég held að það hafi verið mikil framför að hver og einn framleiðandi átti aðgang að þessu fjármagni við tiltekin skilyrði en ekki að einum allsherjarsjóði sem enginn vissi almennilega hver hafði skapað og hvernig væri til kominn. Ég held að það hafi verið mikil framför. Hitt er svo annað mál að Seðlabankinn mælir með því að það sé meiri ástæða til að líta meira til þjóðhagslegrar viðmiðunar í þessu sambandi og reyna að slíta þetta sem mest frá því sem þeir kalla frekari nálgun við einkahag. En niðurstaða hagfræðideildarinnar er einföld og skýr. Hún er þessi með leyfi forseta:

„Niðurstaðan er því sú að mæla með áframhaldi verðjöfnunar í sjávarútvegi. Framlagt frv. yrði þá dregið til baka, en hæfilegur tími veittur til þess að fela sérfræðingum og hagsmunaaðilum að semja tillögur til umbóta á kerfinu sem tryggt gætu rekstur þess til frambúðar. Vera kann þó að besta umbótin verði sú að láta kerfið óbreytt, en stjórnvöld stilli sig um frekari íhlutun í það."

Þetta er að mínu mati ágætisniðurstaða. Hún felst í því að það sé rétt fyrir stjórnvöld að stilla sig, og ég tek undir það, vera ekki að fara í frekari íhlutun og fikt með vanhugsuðum hætti þar sem drifkrafturinn er löngun hæstv. fjmrh. til þess að millifæra nokkrar krónur. Ég held að það sé ástæða til þess að biðja slík stjórnvöld um að stilla sig og ég tel að það sé hlutverk Alþingis að hjálpa stjórnvöldum til að stilla sig. Annars er Alþingi ekki vaxið sínu hlutverki. Ef menn geta ekki stillt sig þá verður að nota þá einhvers staðar annars staðar.

Það er sem sagt alveg skýrt að Seðlabankinn telur það nauðsynlegt fyrir alla efnahagsþróun, fyrir framþróun efnahagslífsins, fyrir framþróun atvinnulífsins, vegna hagsmuna sjávarútvegsins, að verðjöfnun verði viðhöfð. En þetta álit þeirra hefur ekkert að segja og maður hlýtur að spyrja: Hvað er þá verið að halda úti slíkum stofnunum sem allir hafa haft tilhneigingu til að taka tillit til í flestum málum í hvaða ríkisstjórn sem er því þótt oft hafi verið talað illa um Seðlabankann og ýmislegt um hann sagt, þá hefur hann þó ekki verið lagður niður og það hefur þótt nauðsynlegt og rétt að viðhalda honum. En þann dag sem menn hætta að velta einu sinni fyrir sér slíkum viðvörunarorðum, þá spyr maður nú sjálfan sig hvort ekki sé rétt að gera einhvers staðar breytingar. Ég hef tilhneigingu til að halda að breytingin eigi ekki að eiga sér stað í Seðlabankanum heldur í hæstv. ríkisstjórn.

Þá er komið að umsögn Þjóðhagsstofnunar og ég skal gera grein fyrir henni í örstuttu máli.

Þjóðhagsstofnun sem er ekki aðeins ráðgjafi ríkisstjórnar, sem að vísu er ekki viðstödd þennan fund, telur og segir í upphafi sinnar umsagnar að það sé óskynsamlegt að afnema lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins fyrr en gerðar hafa verið aðrar ráðstafanir sem þjónað gætu þeim tilgangi að jafna sveiflur í þjóðarbúskapnum. Það er nokkuð mikið sagt þegar sú stofnun, sem er hlutlaus, hefur þjónað mörgum ríkisstjórnum, hefur þjónað ráðgjöf til þingmanna, til aðila vinnumarkaðarns, byrjar sína umsögn á þessum orðum. Þetta er rökstutt með því að benda á þá staðreynd að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins sé hagstjórnartæki. Það er minnt á það að ef þessi sami sjóður verður lagður niður, þá verði að beita öðrum hagstjórnartækjum (gengi, vöxtum og sköttum) meira í því skyni að jafna sveiflur í þjóðarbúskapnum. Síðan er bent á þá staðreynd — sem er mjög áhugavert fyrir hæstv. ráðherra í ríkisstjórn sem hafa með atvinnumál að gera, t.d. ferðamál, að líta á og sjá hvað Þjóðhagsstofnun er að segja og hvað þarna er í reynd verið að gera — að þetta hafi óþægilegar hliðarverkanir fyrir aðrar atvinnugreinar og fyrir vikið verði hagvöxtur líklega hægari en án sveiflujöfnunar í sjávarútvegi.

Hvað er verið að segja með þessum orðum? Það er verið að segja með þessum orðum að aðrar atvinnugreinar geti ekki notið sín.

Ég sá að hæstv. landbrh. kinkaði kolli yfir þessu og ég hef fulla trú á að hann skilji þetta. Ég hef það mikið álit á hæstv. landbrh. og samgrh. að hann skilji slík undirstöðuatriði. Ég hef enga ástæðu til annars. Ég hef reyndar þá trú að allflestir ráðherrarnir í ríkisstjórninni hafi þá þekkingu til að bera að þetta sé þeim ljóst, þ.e. ef þeir lesa þetta. Ég er bara ansi hræddur um að þetta hafi ekki verið lesið og hafi ekki verið skoðað vegna þess að menn hafi verið uppteknir af öðru. Menn hafa verið uppteknir af að rífast við hæstv. utanrrh. og ýmislegt slíkt og allur krafturinn farið í það og ekki verið neinn tími til að lesa undirstöðuatriðin vegna þess að menn hafa verið andvaka á næturnar og ekki getað eytt tíma í það að reyna að átta sig á einföldustu atriðum í hagfræði. Síðan segir í þessari ágætu umsögn:

„Eitt af mikilvægustu viðfangsefnum á sviði efnahagsmála er að búa þannig um hnútana að næsta uppsveifla í sjávarútvegi, hvort sem hún verður fyrr eða síðar, leiði ekki til ójafnvægis í þjóðarbúskapnum eða skerði hagvaxtarmöguleika til lengri tíma litið. Verðjöfnunarsjóður er að sjálfsögðu ekki eina leiðin að þessu markmiði heldur koma ýmsar fleiri leiðir til greina. Ástæðulaust er hins vegar að gefa Verðjöfnunarsjóðinn upp á bátinn fyrr en ráðstafanir í þessu skyni hafa verið gerðar."

Það sem er verið að segja hér er að þessi ráðstöfun muni skerða hagvaxtarmöguleika til lengri tíma ef ekkert er gert í staðinn. Það eru engar hugmyndir um að gera neitt í staðinn þannig að það verður ekki betur séð en hv. stjórnarliðar og hæstv. ríkisstjórn ætli að

ákveða það í lok þingsins, rétt fyrir sveitarstjórnarkosningar, sem innlegg í kosningabaráttuna, að skerða hér hagvaxtarmöguleika til lengri tíma. Hafa þessir flokkar hugsað sér að ganga fyrir björg? Það er út af fyrir sig fagnaðarefni fyrir suma að menn geri það stuttu fyrir sveitarstjórnarkosningar. Ef sá boðskapur á að ganga til fólksins í landinu að það standi til að fara hér í aðgerðir sem skerði hagvaxtarmöguleika til frambúðar, þá vita menn það. Ég held að það sé gott að menn prenti það þá í stefnuskrárnar, láti nýja borgarstjóraefnið í Reykjavík vita af því þannig að hann meðtaki boðskapinn, því að hann leggur mikið upp úr því að það verði að vera lifandi samband milli fulltrúa flokksins á Alþingi og í borgarstjórn og annað bara gangi ekki.

Síðan segir Þjóðhagsstofnun í sinni umsögn:

„Í þessu ljósi telur Þjóðhagsstofnun ótímabært að afnema lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Á hinn bóginn er mælt með því að skoðað verði gaumgæfilega hvaða leið til sveiflujöfnunar er hagkvæmust frá sjónarmiði jafnvægis í þjóðarbúskapnum og skilyrða til hagvaxtar."

Þá vitum við það, en það stendur ekki til að hlusta á það.

Í umsögn sem barst frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna eru ýmsar hugleiðingar um það hvað hægt sé að gera. Í niðurstöðu þeirrar umsagnar segir m.a.: „Að öllu þessu samanlögðu virðist því vera vænlegra að fara fyrri leiðina sem hér hefur verið nefnd, taka af sjávarútveginum í uppsveiflu og endurgreiða til hans í niðursveiflu."

Ég ætla ekki að gera frekari grein fyrir þessu áliti til að stytta mál mitt. (Gripið fram í.) Það er hægt að halda áfram, hv. þm. Hins vegar vil ég aðeins nefna það sem segir í niðurlagi umsagnar Vinnuveitendasambands Íslands, en þar segir: „Raungengishækkun, sem undantekningarlaust hefur fylgt uppsveiflu í sjávarútvegi, lætur ekkert fyrirtæki ósnortið og veruleg raungengishækkun mundi kæfa í fæðingu þá fáu vaxtarbrodda sem fyrirfinnast í efnahagslífinu."

Er það hugmyndin að gera það? Að kæfa þá fáu vaxtarbrodda sem finnast í atvinnulífinu í fæðingu? Ætli það sé nú ekki nær að líta til með þeim (**ÓÞÞ:** Eigi að drepa þá er best að gera það strax við fæðingu.) og hlúa að þeim og reyna að forða þeim frá kuldanum í þeirri von að þeir geti staðið undir gróandi þjóðlífi til frambúðar og komið í veg fyrir atvinnuleysi og skapað eitthvað af þeim störfum sem þarf að skapa til næstu aldamóta sem eru yfir 20 þúsund. Hvernig ætlar hæstv. ríkisstjórn að vera í forsvari fyrir því að skapa þau störf sem þarf að skapa hér á næstu árum — ekki aðeins til að eyða því atvinnuleysi sem nú er heldur til að koma í veg fyrir að það stórvaxi á næstu árum? Það er m.a. að leggja niður verðjöfnun.

Að lokum ætla ég að vitna í umsögn Samtaka iðnaðarins, en þar segir m.a.:

„Samtök iðnaðarins líta svo á að stöðugleiki hljóti að verða höfuðmarkmið hagstjórnar á næstunni. Það er ekki hægt að búast við að fjölbreytt atvinnulíf vaxi og dafni á Íslandi ef samkeppnisstaða og starfsskilyrði eru stöðugum breytingum undirorpin, allt eftir því hvernig árar í sjávarútvegi.

Iðnaðurinn þolir ekki þá raungengishækkun sem hlýtur að fylgja ef ekkert verður að gert þegar fer að rofa til í sjávarútvegi. Það eru ekki boðleg starfsskilyrði að lúta slíkum utanaðkomandi og óþörfum sviptingum í samkeppnisstöðu og fá ekkert við því gert. Það er á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að hér ríki viðunandi starfsskilyrði og góð samkeppnisstaða fyrir allan atvinnurekstur.

Raungengishækkun yrði ekki aðeins slæm fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar heldur einnig viðskiptajöfnuð og skuldastöðu. Í gegnum tíðina hefur hátt gengi krónunnar stuðlað að þrálátum viðskiptahalla og meðfylgjandi skuldasöfnun í útlöndum. Það ætti að vera útgangspunktur þegar stjórnvöld móta stefnu sína í efnahagsmálum að stuðla að afgangi í viðskiptum við önnur lönd svo að unnt sé að hefjast handa við að grynnka á erlendum skuldum."

Ég held að mjög margir geti tekið undir þessi orð og ég er ekki í nokkrum vafa um að margt af því sem sagt er í þessum umsögnum kemur að kjarnanum í okkar efnahagsmálum og skilyrðum til að byggja hér upp öflugra atvinnulíf. Ég hélt að það væri mikilvægasta viðfangsefni íslenskra stjórnmála í dag að efla undirstöður atvinnulífsins, ekki aðeins vegna atvinnulífsins sjálfs heldur vegna einstaklinganna í þjóðfélaginu ekki síst því að hagsmunir atvinnulífsins og fólksins fara almennt saman. Þessi staðreynd hefur orðið enn þá ljósari þegar atvinnuleysið hefur hafið innreið sína. En það er greinilegt að hæstv. ríkisstjórn hefur í reynd ekki miklar áhyggjur af því. A.m.k. sýnir hún ekki þær áhyggjur með því að flytja þetta frv. því að það er flutt af öðrum hvötum og mér liggur við að halda að hér sé um einhvern óvitaskap að ræða.

Ég tel að það sé hlutverk okkar í stjórnarandstöðu að koma í veg fyrir svona slys og ég vil að það sé alveg ljóst að við höfum fulla ástæðu til þess að taka þetta mál mjög alvarlega og fulla ástæðu til þess að ræða það ítarlega á Alþingi. Ég held að það sé mikilvægt að það liggi alveg ljóst fyrir þegar sá dagur kemur að við þurfum á slíkum tækjum að halda hverjir stóðu að því að eyðileggja þau, því að það á eftir að reynast dýrkeypt fyrir atvinnulífið, sjávarútveginn og þjóðina í heild sinni. Við verðum að trúa því að það muni koma aftur góðir tímar í sjávarútvegi og satt best að segja hélt ég að eitthvað af þeirri trú byggi undir þegar menn standa fyrir því að leggja verulega á sig til að halda afla í skefjum. Ég hélt að þar byggi undir sú trú að þessi uppgangur kæmi á nýjan leik.

En þetta frv. og meðferð þess sýnir lítinn skilning á þeim málum og er ekki til þess fallið að skapa mikla samstöðu um þessi alvarlegu mál. Þess vegna skora ég á hæstv. sjútvrh. að lýsa því nú þegar yfir við þessa umræðu, vera ekkert að geyma það, að hér hafi verið um mistök að ræða, það sé rétt að skoða þetta mál miklu betur, það sé rétt að halda áfram því nefndarstarfi sem var hafið en ekki lokið og menn hætti að eyða dýrmætum tíma þingsins í þetta mál sem augljóslega eru mistök. Það væri mannsbragur að því að við-

urkenna það og taka höndum saman við aðra, m.a. stjórnarandstöðuna, sem oft hefur komið að þessu máli, oft setið í nefndum um sambærileg mál, að reyna að finna bót á þessu kerfi. Það þykir mér sjálfsagt en alls ekki að leggja það niður.

Þess vegna leggja fulltrúar minni hluti nefndarinnar það til að þetta frv. verði fellt, því verði hafnað. Þeir gera það vegna þess að það muni skapa mjög mikla óvissu í sambandi við efnahagsþróun á Íslandi í framtíðinni. Og það vill svo merkilega til að þessar skoðanir eru studdar áliti þeirra stofnana sem mest fjalla um hagfræðimál hér á landi og þeirra einstaklinga sem best hafa sett sig inn í þau mál. Ég hygg að það hafi aldrei gerst áður á Alþingi að ríkisstjórn reyni að keyra í gegn á síðustu dögum þingsins frv. sem allar hagfræðistofnanir mæla gegn, stutt þeim einu rökum að flestir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi vilji leggja sjóðinn niður. Ég er þeirrar skoðunar að það eigi ekki að hlusta á þá eingöngu vegna þess að þetta mál er ekki einkamál sjávarútvegsins. Ég tel að þess vegna væri það best fyrir hæstv. ríkisstjórn að hlusta nú einu sinni á góðra manna ráð og fara heim og lesa þessi gögn og athuga hvort ekki sé rétt að taka einhvern tíma í að athuga málið betur.

Ég ætla, virðulegur forseti ekki að hafa þessi orð fleiri að þessu sinni. Ég vil hins vegar taka það fram að mjög margt í þessu máli er ósagt og ég vænti þess að meðnefndarmenn mínir í minni hlutanum muni koma því öllu á framfæri í ræðum sínum hér á eftir. En ég mun að sjálfsögðu koma að því sem ekki hefur verið komið að í síðari ræðum mínum um þetta mál.

[21:14]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það var um miðjan desember sem við ræddum seinast um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins hér í sölum Alþingis og þá átti raunar að hespa því máli í gegn fyrir jól. Ég gerði þá að umtalsefni hvaða vit væri eiginlega í því að hætta því í góðærum að safna til mögru áranna og ég man ekki betur en að hæstv. sjútvrh. væri í rökvandræðum að neita þeirri speki. M.a. gripum við til hinnar helgu bókar því þar eru þessi mál túlkuð mjög myndrænt og þessi speki er að sjálfsögðu í fullu gildi.

En nú er enginn jólahugur í fólki lengur, raunveruleikinn blasir við og því miður hafa menn ekkert vitkast eða, sem kannski verra er, ekkert tekið mark á því sem þeir e.t.v. hafa þó áttað sig á. Ég hef ekki nokkra trú á því að hv. stjórnarsinnar geri sér ekki grein fyrir því hvers konar vitleysa þetta er sem hér er á ferðinni. Spurningin er bara: Hvers vegna í ósköpunum að halda dauðahaldi í þetta? En það hefur mjög ljóst komið hér fram að fyrir því eru einföld og að mörgu leyti mjög ómerkileg rök. Það er verið að reyna að seilast í hverja þá féþúfu sem finnst og þarna fundust einhverjir aurar á lausu og nú skal ná í þá og gleyma öllum skynsamlegum markmiðum um framtíðina. Og það á jafnvel að rústa heilt kerfi fyrir það. Mér finnst engin glóra í þessu.

Hæstv. sjútvrh. komst reyndar að þeirri niðurstöðu við 1. umr. fyrir jólin í andsvari við ræðu minni að sjávarútvegsfyrirtæki mundu sjálf sjá um að jafna sveiflurnar þótt ekkert formlegt apparat á borð við Verðjöfnunarsjóð væri til. Nú hefur það verið fullkannað að engin slík verðjöfnun er í bígerð af hálfu þeirra fyrirtækja sem starfa í sjávarútvegi og þetta hefur fengist margstaðfest. Þetta er hvorki að gerast með formlegum né óformlegum hætti. Og ef hæstv. sjútvrh. er sjálfum sér samkvæmur, sem hann reyndar allt of sjaldan er, þá ætti hann að fengnum þessum upplýsingum að hætta við þessa dómadagsvitleysu sem nánast enginn mælir bót þrátt fyrir að fram hafi komið ábendingar um að e.t.v. væri hægt að lagfæra þetta kerfi svolítið, en það er bara allt annað mál.

Ég tók það fram í ræðu minni við 1. umr. þessa máls að mér þætti alveg lítandi á það að fyrirtæki innan sjávarútvegs sem væru komin í greiðslustöðvun og sannanlega á barmi gjaldþrots gætu fengið greiddar út inngreiðslur sínar úr Verðjöfnunarsjóði. Þetta er jú einn af þeim ásteytingarsteinum sem mest hefur verið rætt um varðandi núverandi tilhögun Verðjöfnunarsjóðs sem annars hefur verið töluverður friður um þrátt fyrir það að hagsmunaaðilar hafi verið að færast í áttina að því að leggja þetta kerfi niður. Flestum þeirra sem komu á fund hv. sjútvn. þótti þetta framkvæmanlegt og mörgum til bóta.

Ég tel því að frekar en að gefast upp þótt einhverjir hnökrar séu á lögunum eins og þau eru nú þá ættu menn að vinda sér í það að lagfæra það litla sem þarf að lappa upp á í þessu ágæta verðjöfnunarkerfi. Ég vil m.a. taka það fram að Bjarni Bragi Jónsson, sem kom á fund nefndarinnar fyrir hönd Seðlabankans, sagði að slíkt mætti alveg gerast sjálfvirkt ellegar meta hvert tilvik fyrir sig. Persónulega hallast ég frekar að hinu síðarnefnda því mér finnst ekki að þarna eigi skýlaust að vera um sjálfvirkar greiðslur út að ræða en mér finnst hitt alveg fáránlegt þar sem öll tök eru á því að meta hverjar inngreiðslur hvers fyrirtækis eru. Mér finnst alveg augljóst að það þurfi að líta á þessa leið og vera hægt að grípa til þessara ráðstafana. Og það komu afskaplega fá rök gegn þessu fram í þeim spurningum sem við höfðum möguleika á að leggja fyrir gesti nefndarinnar. Miklu fleiri voru á því að þetta væri nákvæmlega það sem þyrfti að gera. Og það er ekki nokkurt vafamál að ef þetta yrði gert yrði meiri friður um þetta kerfi.

Það er hins vegar annað mál og öllu stærra sem rætt hefur verið um og það er að jafna þurfi fleiri sveiflur en verðsveiflur. Það hefur í rauninni þegar verið gert með útgreiðslum sem ákveðnar voru úr sjóðnum á ská við gildandi lög. Þetta eru eðlilegar breytingar sem án efa væri hægt að gera af einhverju viti ef ekki væri verið að rugla með þetta mál, sem hér er til umræðu, með því að þykjast ætla að leggja sjóðinn niður án þess að rökstyðja það, án þess að koma með neitt bitastætt í staðinn heldur „af því bara". Það eru einfaldlega engin rök. Það er það sem krakkarnir segja þegar þau komast í rökþrot og það er greinilega það sem stjórnmálamenn hafa gert sem ekkert hafa kynnt sér málið. Ég verð því miður að taka undir með hv. 1. þm.

Austurl. að það mætti helst halda að hér væri hreinlega um vanþekkingu að ræða.

Svo ég vitni nú aftur í Bjarna Braga Jónsson, er hann kom á fund nefndarinnar ásamt fleirum, þá held ég að orð hans lýsi kannski þessari hringavitleysu einna best. En hann sagði um niðurstöðu nefndarinnar sem vann það verk sem er bakland frv. og allir geta kynnt sér sem kæra sig um að lesa greinargerð frv.:

„Menn komust að því að kerfið virkaði vel og því skyldi það lagt niður."

Í greinargerðinni með frv., neðarlega á bls. 7 segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Verðjöfnunin samkvæmt lögunum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins virðist hafa gengið vel í framkvæmd og reynst næsta snurðulaus. Uppgjörstilhögun í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins er mun betri en verið hafði í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Þá þykir deildaskipting í sjóðnum vera betri en í hinum gamla, einkum þar sem hún hefur ekki áhrif á ráðstöfun hráefnis milli vinnslugreina. Ekki hefur síður þótt skipta máli að reglur um ákvörðun viðmiðunarverðs samkvæmt lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins eru mun ákveðnari en hinar sem áður giltu. Ákvarðanir urðu mun sjálfvirkari en verið hafði og reglurnar gefa ekki færi á huglægu mati, undantekningum eða geðþóttaákvörðunum til að bregðast við tilteknum skilyrðum eða afbrigðum. Þannig sýnist nánast hafa verið komið í veg fyrir að sjóðnum yrði beitt í öðru skyni en til verðjöfnunar. Reglurnar um ákvörðun verðjöfnunar þykja þannig hafa aukið mjög á festu í starfsemi sjóðsins og dregið úr misklíð og tortryggni um framkvæmd verðjöfnunarinnar."

Virðulegi forseti. Þannig hljóðar tilvitnun í greinargerð. Af þessu mætti ráða að þar með væru allir sáttir við málið. En ég vil, virðulegur forseti, ljúka tilvitnuninni með lokasetningu málsgreinarinnar, sem kemur eins og skrattinn úr sauðarleggnum:

„Þær virðast hins vegar ekki hafa valdið breytingum á viðhorfum hagsmunaaðila til opinberrar verðjöfnunar og starfsemi sjóðsins yfirleitt."

Sem sagt það er bara nákvæmlega það sama og Bjarni Bragi Jónsson sagði: Menn komust að því að kerfið virkaði vel og skyldi því lagt niður.

Þessi furðulega niðurstaða er ekki einasta undarleg miðað við efni málsins heldur er hún alls ekki rétt. Því eins og fram kemur á 9. síðu í sömu greinargerð þá voru ekki einu sinni öll fyrirtækin í fiskvinnslu og úr hópi fiskseljenda sem tóku undir þetta viðhorf. Það kom t.d. fram hjá Arnari Sigmundssyni hjá Samtökum fiskvinnslustöðva að hann tæki ekki undir þessi viðhorf og svo væri um fleiri.

Samtök fiskvinnslustöðva lögðu til varðandi afgreiðslu á frv. að henni yrði a.m.k. frestað þar til frv. um Þróunarsjóð yrði afgreitt en svo sem kunnugt er tekur það frv. daglegum breytingum og við vitum ekkert hvað verður úr og hvað verður eftir og er það kannski út af fyrir sig vel.

Frá Íslenskum sjávarafurðum fengust þau skilaboð að þar var bent á í umsögn að sveiflujöfnun væri ekkert einkamál sjávarútvegsins. Þetta finnst mér ábyrg niðurstaða og gott að heyra, ekki bara frá þeim sem fjalla um fjármál þjóðarinnar heldur einnig frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Mér finnst það góðra gjalda vert. Það er því ekki einu sinni verið að tala um að það sé eining um þetta eins og látið er í veðri vaka meðal hagsmunaaðila í sjávarútvegi, síður en svo. Hins vegar hafa menn með semingi og með dræmum orðum sagt að það væri hvort eð er svo lítið eftir í sjóðnum og þetta virkaði kannski ekki alveg nógu vel og það væri kannski allt í lagi að gera það og ætti kannski að gera þetta eða gera þetta öðruvísi. Mér fannst ekki hugur fylgja máli. En það er auðvitað mitt mat á orðum fólks.

Hins vegar er eins og það hafi orðið einhver niðurstaða að þarna væri kannski hægt að ná í pening sem hægt væri að hafa í rekstri og umferð. Það er einmitt nákvæmlega það sem vandamálið er og tilgangur slíkrar sveiflujöfnunar, að dæla ekki inn í hagkerfið of miklum peningum þegar góðæri er þannig að þensla verði of mikil. Ég held að ég geti fullyrt það alla vega að það eru blendnar tilfinningar hjá sumum þeirra sem þó hafa verið að mæla með því að þessi sjóður yrði lagður niður.

Það sem mér finnst þó vega enn þyngra er það að enginn þeirra hagsmunaaðila sem komu á fund nefndarinnar gat upplýst um nokkra einustu tilburði í átt til þess að taka upp sveiflujöfnun af einu eða neinu tagi hjá fyrirtækjunum sjálfum. Og ég gerði það nú, ég get ekki sagt mér til gamans en mér og öðrum til fróðleiks, að spyrjast allítarlega fyrir um þetta og sama svarið kom alls staðar. Menn voru jú að ræða að það væru til einhverjar leiðir, þær voru mjög lítið ígrundaðar, mjög lítið útfærðar og þar gerðist það sama og í ræðum hæstv. sjútvrh. fyrir jólin, það var ekki hægt að benda á nokkurn skapaðan hlut sem gæti komið í staðinn. Gefi maður sér þær forsendur, sem ég geri og fjölda margir aðrir, að það þurfi eitthvað að koma í staðinn ef það á að leggja svona skilvirkt kerfi niður, þá er alls ekkert að gerast og þar af leiðandi má ekki fella niður kerfið svona ábyrgðarlaust.

Ég vil líka benda á að jafnvel í umsögnum sumra þeirra sem þó töldu að leggja yrði niður sjóðinn komu fram rök sem í leiðinni gerðu það óskiljanlegt hvernig þeir komust að þeirri niðurstöðu. Í því sambandi vil ég vitna til nokkurra orða í umsögn Árna Benediktssonar, sem mætti á fundinn fyrir hönd Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Þar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Þessi umsögn er í framhaldi af ummælum á fundi sjútvn. nú í morgun þar sem fram kom það álit mitt að fullreynt væri eftir aldarfjórðungs reynslu að verðjöfnun á vegum sjávarútvegsins sjálfs hefði runnið sitt skeið og ekki þýddi að reyna að nýju á þeim vettvangi. Jafnframt kom fram vegna hinna miklu sveiflna á verði sjávarafurða væri verðjöfnun nauðsynleg, ekki einasta fyrir sjávarútveginn heldur fyrir atvinnulífið í heild og alla efnahagsstarfsemi, það er að segja ef við eigum í framtíðinni að búa við þann efnahagslega stöðugleika sem er nauðsynlegur til þess að renna traustum stoðum undir atvinnulífið til frambúðar."

Í niðurlagi sömu umsagnar segir: „Að öllu samanlögðu virðist því vera vænlegra að fara fyrri leiðina sem hér hefur verið nefnd, taka af sjávarútveginum í uppsveiflu og endurgreiða til hans í niðursveiflu.

Á undanförnum árum hafa sjávarútvegsmenn oft spurt hvort ekki sé rétt að láta verðjöfnun ná til fleiri atvinnugreina en sjávarútvegs ef menn vilja verðjöfnun á annað borð. Því er til að svara að sveiflurnar eru mestar í sjávarútvegi. Þar að auki er varla ástæða til að gera kerfið of flókið. Þó er alls ekki loku fyrir það skotið að fleiri útflutningsgreinar gætu fallið undir verðjöfnun ef athugun leiddi í ljós að einhver þeirra byggi við álíka verðsveiflur og sjávarútvegurinn."

Ég verð því miður að segja það að ég les ákveðna þversögn út úr þessu þar sem það er alveg viðurkennt að sveiflujöfnunar sé þörf. Ég ætla ekki að útlista þær hugmyndir sem Árni veltir upp til lausnar nema einhver fari sérstaklega fram á það síðar í umræðunni. En meginhugmyndin er eftir sem áður sú að verðjöfnun verði að eiga sér stað áfram á vegum opinberra aðila. Það er niðurstaðan í þessari umsögn. Og það hefur verið gert með Verðjöfnunarsjóði og það sem meira er, um aðra lausn hefur ekki orðið skárri sátt og ekki bent á neina slíka lausn enn sem á sér jafnmarga málsvara. Ég bendi sérstaklega á þá tengingu sem hv. síðasta ræðumaður gerði grein fyrir þar sem margir telja að þeir standi annaðhvort frammi fyrir því að um slíka verðjöfnun verði að ræða ellegar veiðileyfagjald. Ég held að þá verði menn að hugsa sig um tvisvar ef þeir ætla að fara að styðja slíkt. Ég er ekki viss um að allir hagsmunaaðilar í sjávarútvegi komi svo skælbrosandi eða glaðbeittir inn í þá umræðu.

Af þessu þykist ég hafa sýnt fram á að það eru ekki einu sinni hagsmunaaðilar, sem forðum samþykktu hið breytta verðjöfnunarkerfi með stofnun Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins en vilja nú víkja frá því, geta ekki rökstutt það að leggja beri sjóðinn niður nema þá e.t.v. með einhverjum klisjum um að verðjöfnun eigi að vera hjá fyrirtækjunum sjálfum en ekki í einhverju föstu opinberu kerfi. Hæstv. sjútvrh. er fastur í slíkum alhæfingum án þess að geta á nokkurn hátt útfært það að mínu mati. Honum gefst tækifæri til þess síðar í þessari umræðu ef hann er allt í einu dottinn niður á einhverja alveg gráupplagða lausn. En ég hef ekki heyrt hana enn.

Þar sem ekkert slíkt er í sjónmáli þá er það orðið meira en lítið þversagnarkennt að vera yfir höfuð að halda þessari skoðun til streitu. Þetta er svona álíka og að segja að það borgaði sig ekki að hafa gula björgunarbáta í skipum af því að þeir bláu væru svo miklu betri og svo færu menn að henda þeim gulu fyrir borð án þess svo mikið að hafa séð neina bláa til að setja um borð í staðinn, hvað þá að hafa prufað hvernig þeir virki.

Mér finnst þetta einfaldlega umræða sem ekki er samboðin þeim sem láta sér hag sjávarútvegsins einhverju skipta.

Ég ætla þá að víkja frá hagsmunaaðilum í sjávarútvegi. Ekki geta þeir rökstutt að Verðjöfnunarsjóð beri að leggja niður og það þrátt fyrir að við höfum fengið allmiklar umsagnir í hendurnar, bæði þær sem fylgdu gerð frv. og einnig þær sem síðar bárust í hendur sjútvn. og þá á ég bæði við munnlegar og skriflegar umsagnir.

Spurningin sem við fjölluðum mjög um í hv. sjútvn. er hins vegar sú hvort þær gífurlegu sveiflur sem orðið geta í sjávarútvegi séu yfir höfuð eitthvert einkamál hagsmunaaðila þar. Auðvitað eru þær það ekki. Rétt eins og samfélaginu ber skylda til að rétta hlut sjávarútvegsins þegar hann verður fyrir skakkaföllum, því hann tengist öllu okkar lífi hér á landi, þá ber sjávarútveginum að sjálfsögðu að leggja fyrir í þágu sjálfs sín og þar með allrar þjóðarinnar þegar vel árar til þess að vera betur í stakk búin til að mæta erfiðu árunum sem alltaf hljóta að koma. Annars er sjálfstæði samfélags okkar ógnað. Þetta hefur margfaldlega sýnt sig og það kom sér sannarlega vel að eiga í sjóði nokkurt fé þegar skakkaföll höfðu um nokkurt skeið dunið á sjávarútvegnum á vordögum árið 1992.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt máli mínu til stuðnings að fara að nokkru leyti í gegnum þær umsagnir sem hv. sjútvn. bárust en þær voru afskaplega margar og þó að hv. síðasti ræðumaður hafi gert grein fyrir töluverðu af því sem þar kom fram þá er, eins og hann sagði í lokaorðum sínum, töluvert ósagt. Hann vísaði til okkar sem studdum nál. minni hlutans að fylla þar í eyðurnar og ég held að þær umsagnir sem ég ætla að vitna til hafi einmitt þann tilgang þar sem við höfum tekið nokkuð misjafnar áherslur. Að mörgu leyti var umfjöllunin innan sjútvn. afskaplega fróðleg og þar kom ekkert í rauninni fram annað en það sem skaut stoðum undir þá bjargföstu skoðun mína að hér sé verið að flana að hlutunum og taka óþarfa áhættu fyrir hönd þjóðarbúsins.

Mér finnst sérstaklega forvitnilegt að skoða vel þær umsagnir sem komu frá fulltrúum í atvinnulífinu. Ég staldra fyrst við umsögn frá ASÍ en það þarf ekki að fjölyrða um það hve mikilvægt það er að hlusta á stærstu launþegasamtök Íslands, sem m.a. hafa tengt þessa umræðu aðstæðum í atvinnumálum þjóðarinnar. Ég held að það samhengi sé þess eðlis að við getum ekki leitt slíka afstöðu hjá okkur. En í umsögn Alþýðusambands Íslands, sem er dagsett þann 21. febr. á þessu ári segir hreint út, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþýðusambandið telur brýnt að tryggja þau markmið sem lágu til grundvallar starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, þ.e. nauðsyn þess fyrir uppbyggingu annarra atvinnugreina að sveiflur í afkomu sjávarútvegs verði jafnaðar með einhverjum hætti, nái fram að ganga. Verði það ekki gert standa stjórnvöld frammi fyrir því að jafna afkomusveiflur í sjávarútvegi með breytingum á gengi krónunnar eða vöxtum með þeim skaða sem það hefði fyrir aðrar greinar sem ekki nytu sambærilegrar uppsveiflu og í sjávarútvegi. Íslenskt efnahagslíf hefur farið í gegnum mjög erfiða aðlögun að sífelldum samdrætti í þorskveiðiheimildum á undanförnum árum og ljóst er að leggja verður höfuðáherslu á að efla aðra útflutningsstarfsemi ef okkur á að takast að treysta og auka það velferðarstig sem við höfum búið við. Ef það á að takast þá verðum við

einfaldlega að jafna afkomusveiflur í sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti, þó þannig að sú sveiflujöfnun hafi ekki skaðleg áhrif á aðrar greinar. Á þessu er ekkert tekið í frv. og hvorki liggur fyrir nein stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnarinnar né Alþingis hvernig eigi að bregðast við. Það er t.d. óljóst hvort hér er verið að undirbúa ákvörðun um að taka upp auðlindaskatt en ákvörðun um að fella lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins úr gildi mun óhjákvæmilega færa meiri þunga yfir á þá umræðu. Ef snögg umskipti verða á afkomu sjávarútvegs gæti sú umræða þurft að fara fram í verulegri tímaþröng þar sem við stæðum *frammi fyrir annaðhvort gengishækkun* eða upptöku auðlindaskatts. Það er að sjálfsögðu óviðunandi og því telur Alþýðusambandið eðlilegra að Alþingi fresti ákvörðun um framtíð Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins um sinn eða þangað til ljóst er hvers konar sveiflujöfnunarkerfi eigi að taka við og þegar í stað verði teknar upp viðræður um mótun slíks kerfis."

Ég held að þetta segi afskaplega mikið og sé því miður alveg hárrétt. *Í þeirri deiglu sem nú er og þeim* fundum sem eru í herbergjum úti um hvippinn og hvappinn um húsið þar sem menn eru að reyna að ná saman um sjávarútvegsstefnuna er allavega brýnt að menn séu ekki að taka einhverjar gáleysislegar ákvarðanir í tímaþröng vegna einhverra aðgerða sem eru alveg gjörsamlega óþarfar, skila litlu og hafa að mínu mati ekki nokkurn tilgang. Ef það á að vera vatn á myllu auðlindaskattpínara að leggja þennan sjóð niður þá þykir mér menn vera orðnir býsna ósamkvæmir sjálfum sér en þessi tenging er alveg fullkomlega eðlileg.

Samtök iðnaðarins sendu einnig inn umsögn og það varð að mörgu leyti mjög jákvæð breyting á starfi hv. sjútvn. þegar fulltrúar iðnaðarins komu, ég held ég muni rétt, í fyrsta sinn á fund hv. sjútvn. Ég tel að að mörgu leyti þá hafi það verið fróðlegt fyrir alla aðila, bæði Samtök iðnaðarins og sjútvn. og þá sem vonandi taka eitthvert mið af starfinu sem þar var unnið, að þessi umræða og þetta samstarf skyldi takast þarna. Það er ekki mikið sem ég þarf að vitna í umsögn samtaka iðnaðarins en þó finnst mér forvitnilegt sem þar kemur fram, en þar segir, með leyfi forseta:

„Það er ekki hægt að búast við að fjölbreytt atvinnulíf vaxi og dafni á Íslandi ef samkeppnisstaða og starfsskilyrði eru stöðugum breytingum undirorpin, allt eftir því hvernig árar í sjávarútvegi.

Iðnaðurinn þolir ekki þá raungengishækkun sem hlýtur að fylgja ef ekkert verður að gert þegar fer að rofa til í sjávarútvegi. Það eru ekki boðleg starfsskilyrði að lúta slíkum utanaðkomandi og óþörfum sviptingum í samkeppnisstöðu og fá ekkert við því gert. Það er á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að hér ríki viðunandi starfsskilyrði og góð samkeppnisstaða fyrir allan atvinnurekstur."

Við þurfum kannski ekki síst að hafa í huga að það virðast allir, nema hæstv. ríkisstjórn, gera ráð fyrir því að það muni rofa til í sjávarútvegi. Ég held ég verði að taka upp aftur þá umræðu sem ég átti við hæstv. sjútvrh. við 1. umr. málsins í desember þegar ég spurði hann hvort hann sæi virkilega ekki fram á betri tíð í sjávarútvegi því mér fannst það mjög merkilegt og bókstaflega ábyrgðarhluti ef hæstv. sjútvrh. landsins þættist sjá eymd og óáran fram undan. Það virðist benda til þess að hann telji alla vega ekki í sínum verkahring að reyna að gera neitt til að bæta stöðuna í íslenskum sjávarútvegi og gera þá ekki einu sinni ráð fyrir því að aðrir, t.d. fulltrúar hagsmunaaðila, sjómenn, jafnvel skynsamir útgerðarmenn, Hafrannsóknastofnun, eða einhverjir geti að gert ef getu- og viljaleysi stjórnvalda er algjört eins og virðist vera. Ég ætla ekkert að fara að endurtaka þessa umræðu en mér þykir það alveg furðulegt ef iðnaðurinn hefur meiri trú á sjávarútvegi þjóðarinnar heldur en ríkisstjórnin og stuðningsmenn hennar.

Mér finnst þetta ekki bara furðulegt heldur verð ég að segja heldur ógeðfellt.

Stærstu samtök vinnuveitenda, VSÍ, vara einnig við afnámi laga um sjóðinn. Þeirra rök eru að hluta til dálítið á öðrum nótum en þar sem ég er sérstaklega að *fjalla um aðila vinnumarkaðarins, sem koma* að flestum málum hér, þá finnst mér ekki úr vegi að við lítum á hvað Vinnuveitendasamband Íslands segir. Það eru aðeins tveir bútar úr greinargóðri og ítarlegri umsögn þeirra sem ég sé ástæðu til að taka hér upp. Með leyfi forseta segir í þessari umsögn, dagsettri 22. febr. 1994:

„Tillaga nefndarinnar um afnám laganna er því ekki niðurstaða af efnislegri umfjöllun um þörf fyrir sveifluJöfnun á borð við þá sem í lögunum felst né reynslunni af starfstíma sjóðsins því að rökræn niðurstaða af þeim hluta greinargerðarinnar hefði verið tillaga um að starfsemi hans væri haldið áfram þótt þörf væri nokkurrar breytingar á starfsreglum. Tillagan um afnám laganna er hins vegar til komin vegna samstöðuleysis um sjóðinn, nánar tiltekið andstöðu allra helstu aðila í sjávarútvegi við lögin, en nefndin gengur út frá því að starfsemi sjóðsins verði ekki fram haldið nema sæmilegur friður ríki um starfsemi hans innan sjávarútvegsins."

Og síðar í þessari umsögn segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Frv. til laga um afnám laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins er því ótímabært. Ef almennur skilningur ríkir á því að þjóðarhagsmunir krefjist þess að uppsveiflu í sjávarútvegi, hvort sem um er að ræða magn eða verð, fylgi ekki keðjuverkandi kostnaðarhækkanir og hækkun raungengis, þá ber ekki að kasta þessu hagstjórnartæki á glæ öðruvísi en að annað jafngilt eða betra verði tekið upp í staðinn. Sveiflur í sjávarútvegi eru ekki einkamál sjávarútvegs því að þær hafa áhrif á þjóðfélagið allt vegna yfirburðastöðu hans í gjaldeyrisöfluninni. Raungengishækkun, sem undantekningarlaust hefur fylgt uppsveiflu í sjávarútvegi, lætur ekkert fyrirtæki ósnortið og veruleg raungengishækkun mundi kæfa í fæðingu þá fáu vaxtarbrodda sem fyrirfinnast í efnahagslífinu.

Í ljósi þess sem að framan er rakið er æskilegt að fresta afnámi laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í því felst ekki að verið sé að mæla með óbreyttri

starfsemi sjóðsins því að mikilvægt er að sæmileg sátt náist um hagstjórnaraðferðir sem til þess séu fallnar að takmarka raungengishækkun í næstu uppsveiflu, þótt vandséð sé hvaða aðrar leiðir tryggi hagsmuni sjávarútvegsins betur."

Ég hef þegar upplýst það, og tel að ekki nokkur maður geti sagt annað um það, en það er ekkert annað í gangi. Það er ekkert kerfi í umræðu sem á að koma í staðinn nema ef vera skyldu einhverjar útfærslur á veiðileyfagjaldi og um það held ég sem betur fer að sé ekki sátt í samfélaginu. Mér finnst það í rauninni afskaplega sérkennilegt í því atvinnuástandi sem hér er nú skuli menn vera að úthugsa einhverjar leiðir til þess að gera vaxtarbroddi í atvinnulífi erfitt fyrir ef við komumst út úr þeim vanda sem sjávarútvegurinn er í nú. Ég hef lýst því áður að það virðast flestir hafa trú á því aðrir en hæstv. ríkisstjórn sem bara vantar smáaura í skiptimynt.

Á fundi sjútvn. sagði Hannes G. Sigurðsson, sem kom fyrir hönd Vinnuveitendasambands Íslands, fullum fetum að það ætti frekar að hefja vandaða umræðu um þetta mál og halda þessum lögum. Um sveiflujöfnun innan fyrirtækja, sem ýjað er að í greinargerð um frv., sagði hann þá hugmynd beinlínis hlægilega og að slíkt mundi aldrei ná tilgangi sínum. Ég man ekki betur en ég hafi hváð og tekið þetta afskaplega skilmerkilega fyrir því ég tek gjarnan allítarlegar nótur á fundum sjútvn. en alla vega er alveg ljóst að orðin „hlægilegt" og „þetta mun aldrei ná tilgangi sínum", eru nákvæmlega það sem frá honum kom. Þessar hugmyndir eiga því ekki upp á pallborðið hjá fulltrúum í Vinnuveitendasambandi Íslands og ég verð því miður að taka undir það að ég er ekki farin að sjá neina útfærslu. Ég hef jafnvel gengið á milli þingmanna stjórnarliðsins, að vísu úr órólegu deildinni, og milli manna sem hafa verið vel heima í rekstri sjávarútvegsfyrirtækja og spurt þá hvað í ósköpunum sé eiginlega verið að meina með þessum glósum um að fyrirtækin muni taka við þessu. Það varð fátt um svör nema einn sem reyndist svo raunsær að hann sagði að þetta væri náttúrlega bara þvættingur og það er alveg rétt. Ég vona að hann sýni það með atkvæði sínu í umfjöllun um þetta mál ef það fær ekki bara að sofna. (**Gripið fram í:** Hver var maðurinn?) Maðurinn heitir Einar og er Guðfinnsson og er hv. þm. fyrir hönd Vestfirðinga. Ég held að hann sé ærlegur og segi það sem margir meina. Og þó hér hafi verið um kaffistofuspjall að ræða þá held ég að hann erfi það ekki við mig þó ég segi frá því skynsamlega sem frá hans munni kom í þessu ágæta spjalli. (**Gripið fram í:** Og var þetta það eina?) Virðulegi forseti, ég ætla ekki að fara að standa í samræðum við þingmenn úti í sal en ég er spurð hvort þetta hafi verið það eina. Spurning mín gaf ekki tilefni til annars heldur en að fjalla um nákvæmlega þetta og svörin voru afskaplega skýr enda voru spurningarnar það skýrar að ég sætti mig ekki við neitt moð. Ég vonast til þess að hv. þm. muni taka þátt í umræðunni og lýsa baklandinu að þessari niðurstöðu.

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. gerði við upphaf umræðunnar afskaplega vel grein fyrir sjónarmiðum þeirra stofnana sem falið hefur verið að meta og stýra fjármálastefnu ríkisstjórna á hverjum tíma, þ.e. Þjóðhagsstofnunar og Seðlabanka Íslands. Mér þykir það hins vegar með ólíkindum að það skuli þurfa okkur stjórnarandstæðinga til þess að reyna að koma tauti við ríkisstjórnina og fá hana til þess að hlusta á vel rökstuddar ábendingar þessara stofnana. Ég ætla að láta mér nægja í ljósi mjög ítarlegrar og góðrar ræðu hv. seinasta ræðumanns að víkja í örfáum atriðum að umsögnum þessara aðila.

Ég kem þá fyrst að erindi Þórðar Friðjónssonar, forstjóra Þjóðhagsstofnunar, frá því 28. okt. 1993 á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna. Þetta erindi er meðal þeirra gagna sem við í sjútvn. höfum haft undir höndum og ég tek það fram að þegar þetta erindi er haldið er þessi umræða komin á fullan skrið og frv. gott ef ekki komið fram eða í þann mund að koma fram á Alþingi en þetta var sl. haust. Á bls. 7 í útskrift af ræðu forstjóra Þjóðhagsstofnunar, í lok hennar segir hann, með leyfi hæstv. forseta:

„Nú er fyrirhugað að fella úr gildi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Hlutverk hans er að jafna áhrif verðsveiflna á sjávarafurðum á þjóðarbúskapnum. Flestir eru sennilega sammála um að sjóðurinn gerði gagn á árunum 1991 og 1992. Þess vegna er mikilvægt að menn hugleiði hvort skynsamlegt er að fella lögin um sjóðinn úr gildi fyrr en til staðar er tæki sem getur gegnt svipuðu hlutverki og hann gerir. Aðalatriðið er þó ekki hvort Verðjöfnunarsjóður starfar áfram eða ekki heldur hitt að gerðar verði ráðstafanir sem stuðla að betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum þegar til lengri tíma er litið en hér hefur verið um langt skeið.

Það er einfaldlega ekki fullnægjandi að beita eingöngu almennum ráðstöfunum á sviði peningamála og ríkisfjármála. Það er hægt að ná betri árangri eftir öðrum leiðum."

Virðulegi forseti. Ég verð að taka undir þetta og raunar að lýsa eftir því hvað á að koma í staðinn. Ég endurtek: Hvað á að koma í staðinn? Menn geta ekki farið að styðja afgreiðslu þessa frv. nema þeir geti bent á það og ég spyr: Hér eru þó stjórnarliðar inni þó að verið sé að plotta á fundum út um allt hús eftir því sem ég best veit þar sem menn eru í vanda vegna sjávarútvegsmála á ýmsum stigum þeirra mála. (**GHall:** Það er misskilningur hjá ræðumanni. Það er ekkert verið að plotta úti í sal.) Virðulegi forseti. Ég heyri hér í frammíkalli að öllu plotti er lokið og ég veit ekki hvort ég á að hryggjast eða gleðjast. En þegar ég kom til fundar og raunar nokkru eftir að fundur hófst, þá voru menn enn alveg á fullu undir rauðu ljósi að funda og eftir því sem mér var sagt var það um sjávarútvegsmálin. Það má vera að hv. stjórnarþingmenn sjái ástæðu til að leiðrétta það hér og ég verð ekki vitrari en þær upplýsingar eru sem mér berast. En það er alveg ljóst að það er töluverður titringur í húsinu og ekki trúi ég því að hv. þm. og frammíkallandi fari að neita því. En það getur svo sem vel verið að honum sé rótt og það er út af fyrir sig alltaf gott ef fólki líður vel.

Virðulegi forseti. Ég var ekki alveg búin með til-

vitnun í ræðu Þórðar Friðjónssonar. Hann sagði einnig: „Um markmið sveiflujöfnunar eru menn án efa sammála. Skynsamlegt er að búa þannig um hnútana að þegar verð hækkar á ný verði tækifærið notað til þess að bæta stöðu sjávarútvegs eftir því sem kostur er og jafnframt draga úr þensluáhrifum verðhækkunarinnar á þjóðarbúskapinn. Þótt verðhækkun sé ekki í augsýn nú er mikilvægt að huga að þessu verkefni, finna þar tryggar og ásættanlegar leiðir að því markmiði sem hér hefur verið gert að umtalsefni."

Eins og fram hefur komið er ekkert slíkt að gerast hér. Ég hlýt að lýsa eftir ábyrgð og ég hlýt að lýsa eftir heilbrigðri skynsemi ef menn eru virkilega enn að hugsa um að keyra þetta mál hér í gegn.

Það er ekki margt sem ég þarf að bæta hér við úr umsögnum en aftur á móti held ég að þessi umræða megi ekki halda áfram án þess að við fáum eitthvað meira en vel meinandi ræðu hv. 1. þm. Vestf. sem var í virkilega miklum vanda staddur að mæla hér fyrir nál. meiri hluta hv. sjútvn. Ég hafði vissa samúð með honum að þurfa að mæla fyrir þessu máli. Vissulega er hann að reyna, fyrst þessi staða er uppi, að sjá til þess að þessum peningum, sem eru kannski ekki afskaplega miklir, sé að einhverjum hluta varið í eitthvað sem að gagni mætti koma, en það er afskaplega leiðinlegt ef menn standa frammi fyrir því að vera að ráðstafa fé sem væri miklu betur komið áfram í þeim sjóði sem á að hafa þann tilgang, sem kannski er einna stærstur hér í efnahagslífi, og það er að jafna þær miklu og eðlilegu sveiflur sem eru í sjávarútvegi vegna ýmissa atriða. Og ég ítreka það: Vilji menn gera eitthvað, þá er það frekar að líta á það hvernig þessum peningum og þeim peningum sem vonandi *gætu safnast upp* í góðæri í slíkum sjóði væri varið og hvernig best væri að nýta þá peninga þegar vel árar en vera núna að skipta reytunum á milli sín einhvern veginn, reyna að gera það besta úr öllu.

Þetta á ég verst með að sætta mig við. Ég held að menn sjái þetta meira og minna, ég held að þeir skilji það og *ég held að þeir virði það. En það er eins og* þeir hafi dregist inn í atburðarás sem ekki verður stýrt og séu bara að reyna að gera gott úr öllu. Og vissulega er það virðingarvert, en staðan er óþolandi og hún er óþörf.

Ég tek það fram að Þjóðhagsstofnun sendi, auk þess að láta okkur í té ræðu Þórðar Friðjónssonar, formlega umsögn þann 22. febr. sl. *Þar eru dregin saman í þrjá* punkta ástæður þess að Þjóðhagsstofnun telur óskynsamlegt að afnema lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, a.m.k. fyrr en gerðar hafa verið aðrar ráðstafanir sem gætu þjónað þeim tilgangi að jafna sveiflur.

Fyrsti punkturinn er sá að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins sé hagstjórnartæki sem stuðlar að því að draga úr sveiflum í þjóðarbúskapnum. Og það er ekki umdeilt að sjóðurinn gegni þessu hlutverki sínu mjög vel í þeirri uppsveiflu sem varð á árunum 1990 og 1991. Það er heldur ekki umdeilt að sveiflujöfnun í sjávarútvegi er æskileg við íslenskar aðstæður frá sjónarmiði hagstjórnar. Þetta er sem sagt fyrsti punkturinn og ég tek undir hann því að það eru fá vestræn samfélög sem búa við eins dómadagsmiklar sveiflur og við gerum hér og það er staða sem við erum enn í. Við höfum búið við það á þessari öld að um 80% af vöruútflutningi landsmanna eru sjávarafurðir og allt okkar efnahagslíf byggist á sjávarútvegi.

Í öðrum punkti frá Þjóðhagsstofnun kemur fram að ef Verðjöfnunarsjóður yrði lagður niður án þess að nokkuð kæmi í staðinn, þá yrði að beita öðrum hagstjórnartækjum, svo sem gengi, vöxtum og sköttum, meira í því skyni að jafna sveiflur í þjóðarbúskapnum. Þetta hefði að sjálfsögðu óþægilegar hliðarverkanir fyrir aðrar atvinnugreinar og fyrir vikið segir Þjóðhagsstofnun að hagvöxturinn yrði þá líklegast hægari án sveiflujöfnunar í sjávarútvegi. Jafnframt tekur Þjóðhagsstofnun fram að það verði ekki séð að sjávarútvegur bíði tjón af sérstakri sveiflujöfnun innan greinarinnar. Þvert á móti megi færa fyrir því rök að slík tilhögun geti styrkt greinina þegar til lengri tíma er horft og aftur get ég tekið undir með Þjóðhagsstofnun. Þetta er auðvitað alveg laukrétt og það hlýtur jafnvel harðasti stjórnarsinni að sjá.

Í þriðju ábendingu Þjóðhagsstofnunar kemur fram að eitt af mikilvægari viðfangsefni á sviði efnahagsmála sé að búa þannig um hnútana að næsta uppsveifla í sjávarútvegi, hvort sem hún verður fyrr eða síðar, *leiði ekki til ójafnvægis í þjóðarbúskapnum* eða skerði hagvaxtarmöguleika til lengri tíma litið. Þjóðhagsstofnun tekur það að sjálfsögðu fram að Verðjöfnunarsjóður sé ekki eina leiðin að þessu markmiði og ýmsar fleiri komi til greina. En ástæðulaust sé hins vegar að gefa Verðjöfnunarsjóðinn upp á bátinn fyrr en ráðstafanir í þessu skyni hafa verið gerðar. Og ég ítreka: *Þær hafa ekki verið gerðar.*

Í þessu ljósi telur Þjóðhagsstofnun þar af leiðandi ótímabært að afnema lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Það er mælt með því að skoða það gaumgæfilega hvaða leið til sveiflujöfnunar sé hagkvæmust frá sjónarmiði jafnvægis í þjóðarbúskapnum og skilyrða til hagvaxtar. Ég get alveg tekið undir það. En ég *held að það sé engin tilviljun að ekki í einni umsögn* eða tveimur heldur í fleirum kemur hreinlega fram að það hafi ekki verið fundin nein betri leið enn þá. Það getur vel verið að við eigum eftir að þróa okkur áfram og finna einhverja betri leið. Þegar ég tala um betri leið, þá er ég að tala um bæði leið sem við verðum sátt um og leið sem hreinlega er skynsamleg.

Virðulegi forseti. Seðlabanki Íslands hefur verið hér nokkuð til umræðu og kannski helst fyrir það að frá honum barst umsögn þann 17. mars 1994, á þessu ári, þ.e. eftir að meiri hlutinn í sjútvn. hafði skilað inn nál. sínu. Ég verð að segja að það hefði verið kannski alveg ljómandi ef meiri hlutinn hefði lagst í lestur og skoðað þessa umsögn og látið prenta upp nál. og komist að annarri niðurstöðu því að ég sé ekki að tilefni sé til annars.

Ég ætla ekki að fara mikið út í þessa umsögn. Henni hefur verið gerð alveg ljómandi góð skil, en ég ætla þó að taka það fram að í henni segir m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„Starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins frá ár-

inu 1990 þarf síður að kynna." — Þ.e. núverandi kerfi — „Ákveðin markmið um sveiflujöfnun voru sett í lögum þess sjóðs og allt bendir til þess að þessum markmiðum hafi verið náð að því er varðaði inngreiðsluna í sjóðinn á árunum 1990–1991 og að nokkru leyti með útgreiðslunni 1992–1993, sem fór fram á grundvelli laga nr. 29/1992 um sérstaka útgreiðslu úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins."

Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að þarna er einmitt verið að opna fyrir það og Seðlabankinn að taka undir þau rök að það þurfi að jafna fleiri sveiflur heldur en einungis verðsveiflurnar, þ.e. magnsveiflurnar. Þetta finnst mér mjög gott innlegg í þessa umræðu og rökstyðja það enn frekar að við eigum að snúa okkur að því að gera þetta kerfi enn hæfara til þess að þjóna sínum tilgangi heldur en það nú er í stað þess að fara að afnema það og hella okkur út í óvissuna og þar með samfélaginu öllu. Ég get ekki kallað slíkt annað en ábyrgðarleysi og ég kæri mig ekki um að taka þátt í slíku ábyrgðarleysi.

Ég er í rauninni dálítið undrandi á því að þetta mál skuli yfir höfuð einhvern tíma hafa farið út úr nefndinni og ég hlýt að spyrja: Hvern eru þeir að friða? Hvað er verið að gera? Hver hagnast á þessu? Var búið að lofa einhverju meiru en efni stóðu til og eru menn ekki reiðubúnir til að endurskoða það þá og gera betur og eitthvað skynsamlegra ef þeir eru búnir að binda sig á einhvern slíkan heimskulegan klafa? Ég hlýt að spyrja þessara spurninga og ég krefst þess að fá svör í þessari umræðu því að mér finnst að ég hafi sjaldan orðið vitni að eins fáum rökum fyrir jafnstórri breytingu og jafnvandræðalegum röksemdum fyrir henni. Ég held að það hafi fátt breyst frá því að við áttum okkar 1. umr. um þetta mál í desember í vetur nema að það hafa komið fram enn fleiri rök máli okkar til stuðnings sem vöruðum við því að fara út í þessa breytingu.

Ég er ekki bara ósátt við þetta. Ég er einfaldlega undrandi og hneyksluð. Ég er það þrátt fyrir að maður sé ýmsu vanur í umræðum um sjávarútvegsmál þar sem maður sér ekki að skynsemin ráði ferðinni nema e.t.v. í einhverjum örfáum tilvikum. Þar er æ ofan í æ verið að sætta mjög margvísleg sjónarmið og þar ræður styrkleikamunur sem er mjög misjafn, en í þessu dæmi er málið ekkert flókið. Þetta er ekki eitt af þeim mýmörgu dæmum sem við höfum um það að aðilar hafi mismunandi hagsmuna að gæta. Hér eru flestir á sama báti og þar af leiðandi er aldrei slíku vant ekki verið að glíma við hina flóknu samsetningu flotans og þann vanda sem upp kemur sérstaklega þegar þarf að skipta sífellt minni afla á milli jafnstórs flota eða jafnvel stærri. Þessi vandræðagangur er því ekki bara óafsakanlegur heldur er hann mjög fáránlegur. Loksins þegar við erum með tiltölulega skýrar línur, ljósar niðurstöður, vel kannað mál, sátt sem varð á sínum tíma um þetta mál þótt eitthvað sé farið að slá í hana, þá ætla menn að fara að slá þetta kerfi af án þess að hafa nokkur rök fyrir því, án þess að vera búnir að gera þær ráðstafanir sem óhjákvæmilegar eru ef það á að fara út í þetta.

Ég ætla ekki í fyrri ræðutíma mínum við 2. umr. málsins að fara neitt nánar út í þetta mál. Ég trúi því ekki að menn geti með góðri samvisku og fullum heilindum staðið að afgreiðslu þessa máls og á það jafnt við þá stjórnarsinna, sem tilheyrt hafa órólegu deildinni í sjávarútvegsmálunum, og þægu og góðu stjórnarsinnana sem kannski eru ekki eins mikið inni í sjávarútvegsmálunum. Því að það verður að segjast eins og er að því meiri þekkingu sem menn hafa á sjávarútvegsmálum, þeim mun órólegri virðast þeir verða og tregari í taumi að elta ríkisstjórnina því að þar virðast ákvarðanir vera teknar oft og tíðum með alveg ótrúlegri vankunnáttu á málefnum sjávarútvegsins. En loksins þegar við höfum allt í höndunum, við höfum rannsóknir, við höfum dæmi, við höfum skýrslur, við höfum niðurstöður, við höfum umsagnir, við höfum andmæli án raka við þessari lagasetningu, þá ætla menn að fara að guggna á því að taka til við hið raunverulega verkefni sem er að breyta því sem breyta þarf. Það er ekkert óskaplega mikið. Það virðist vera hægt að gera það og það á að vinda sér í það og hætta að skjóta mýflugur með fallbyssum eins og hér virðist vera gert.

[22:09]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eftir langa og ítarlega ræðu síðasta ræðumanns má segja að eftir standi það sem hún hafði eftir leiðandi manni Þjóðhagsstofnunar. Aðalatriðið er ekki hvort Verðjöfnunarsjóðurinn starfi eða ekki, bara að eitthvað komi í staðinn. Það er kannski meginmálið. Það er ekki nema lítill hluti af þeim sem hafa lagt fjármagn í þennan sjóð sem eru tilbúnir til þess að halda því áfram vegna þess að þetta er ekki í fyrsta skipti sem til slíks sjóðs hefur verið stofnað og það eru aðilar sem ekki hafa fengið miklu um ráðið hvernig fjármagninu hefur svo verið ráðstafað eins og nú er talað um að gera. Þeir aðilar, sjómennirnir, sem hafa aflað hluta þess fjármagns sem til hliðar hefur verið lagt, hafa allt of lítið haft um það að segja og með tilkomu fiskmarkaðanna hefur þessi aðstaða gerbreyst. Eins og allir vita taka sjómenn hinu frjálsa fiskverði með súru og sætu og kæra sig ekkert um mikla hleðslu á sjóðakerfi í kringum sjávarútveginn. Það er víst nóg samt.

Hvað sem má því um þetta segja sem hagstjórnartæki þá er það einhverra annarra en sjómanna að borga í sjóði og það er annarra en sjómanna að stjórna því hvernig á þeim málum er haldið. Sjómenn eru tilbúnir til að taka þau markaðslögmál sem gilda með fiskmörkuðunum og þeir standa og falla með því. Þó er einn galli á þessu og hann er sá að það vantar fleiri fiskmarkaði og það vantar meiri og betri markaðstengingu á fiskverði en nú er. Það er kannski meginmálið en ekki að hlaða upp fleiri sjóðum í sjávarútvegi heldur á frekar að fækka þeim.

[22:11]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt í einfeldni minni að nú ætlaði hv. 16. þm. Reykv. að koma í andsvar og segja mér hvaða leiðir væru nothæfar. Hv. þm. vill ekki sjóði

og ég spyr þá um álit hans á þróunarsjóði því að það er hugarfóstur og dekurbarn samherja hans í ríkisstjórninni. Ég hlýt að spyrja að því vegna þess að eins og mál standa núna er þetta eitt af því fáa sem virðist eiga að koma í staðinn. Hann fór að vísu aðeins út í að ræða fiskmarkaði. Hann sá ágalla á því. Við getum verið sammála um að það þarf alltaf að laga kerfi. En hann hefur ekki komið með nokkurn hlut sem svaraði mínum spurningum frekar en nokkur annar. Hann er ekkert verri en aðrir fyrir það. Hann kemur bara ekki með svörin því að þau eru ekki til. En ég spyr: Ef hv. þm. er á móti því að fara að safna fleiri sjóðum hvað segir hann þá um þróunarsjóðinn?

[22:13]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er eitt og annað hægt að segja um þróunarsjóðinn. Við getum tekið langt mál um það en ég hef ekki nema rúma mínútu til þess. Hitt er annað mál að Verðjöfnunarsjóðurinn var ágætt hagstjórnartæki á sínum tíma þegar litið er til þess að togarar á suðvesturhorninu sóttu þá ævinlega í karfa og héldu erlendum ferskfiskmörkuðum lifandi sem kannski Íslendingar hafa einna mest stundað. Sunnlenskir togarar seldu þá karfa við mjög vægu verði, ef svo má segja, á mörkuðum erlendis, tóku þar súru og sætu. Og þegar þeir lönduðu innan lands, þá var hin svokallaða verðjöfnun notuð til að bæta þeim upp þann verðmismun sem var annars vegar á karfa og hins vegar á þorski sem bæði Vestfjarðaskip og Norðlendingar sóttu mjög til.

En nú er öldin öll önnur. Nú er karfinn ekki síður eftirsóknarverður en þorskur og ég sé ekki ástæðu til þess að það sé haldið áfram að byggja upp einhvern Verðjöfnunarsjóð með það í huga að það er orðið styttra á erlendu markaðina en var áður. Það er annar flutningsmáti á ferskum fiski. Togararnir eru ekki að sigla eins og áður var gert og fiskmarkaðir hér eru komnir upp og eins og ég sagði áðan eru þeir sem stunda sjó tilbúnir til þess að mæta þeim sveiflum sem eru í verðlagningu sem auðvitað fer fyrst og fremst eftir framboði og eftirspurn.

[22:15]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var rétt sem hv. þm. sagði að tíminn var knappur til að svara, en ég get huggað hann með því að hann hefur möguleika á að taka þátt í þessari umræðu og svara. Þá á ég bæði við hans afstöðu til þróunarsjóðsins, sem vissulega hlýtur að blandast inn í þessa umræðu, og einnig, þar sem þeirri spurningu er enn ósvarað þrátt fyrir tvö andsvör, hvað eigi að koma í staðinn. Við vitum það bæði, hv. 16. þm. Reykv. og ég, að þar er ekki um neina lausn að ræða. Það er lausn á hluta vandans. En það er ekki nein lausn sem tekur á þeim gífurlegu hagsveiflum sem verða og það vitum við bæði. Þar af leiðandi skora ég á hv. þm., ég veit að hann hefur bæði áhuga og þekkingu á málinu en er að vísu í afskaplega slæmum félagsskap og ég samhryggist honum út af því, að taka þátt í umræðunni síðar, gera grein fyrir sjónarmiðum sínum og gera það á þann hátt að hann útlisti það ef hann hefur komið auga á einhverja möguleika til þess að nýta fiskmarkaðina til þessa að bjarga málunum ef Verðjöfnunarsjóðurinn hefur verið lagður niður. Við getum alveg verið sammála um að við viljum ekki vera að beita sjómönnum fyrir okkur til þess að taka á sig eitthvað sem þeir hafa ekki samið um að gera. En ég er ekki farin að sjá þessar lausnir og eftir stendur að þær stóru hagsveiflur sem við erum að tala um verða ekki jafnaðar á fiskmörkuðum. Ég á eftir að fá þann rökstuðning sem dugar mér til að sannfærast um það. Enda held ég að þessum rökum sé lítt haldið á lofti.

[22:17]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er nokkuð sérkennilegt satt best að segja að vera hér á kvöldfundi þar sem ekki er annað mál á dagskrá en þetta litla frv. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og samkvæmt starfsáætlun skilst mér að áformað sé að funda til miðnættis. Svo mikið liggur við að ræða þetta mál. Maður skyldi því ætla að það væri á ferðinni eitthvað sem munaði um og þyrfti alveg afdráttarlaust að afgreiða fyrir vorið. Þjóðarheill, liggur mér við að segja, í veði.

Þeim mun sérkennilegra er það að áhrifin af afgreiðslu þessa frv. verða ekki nein fyrir utan það að taka á 200 millj. frá sjávarútveginum til þess að fjármagna ríkisrekstur í framhaldi af frv. Lögin sem hér á að fella úr gildi eru í reynd óvirk í dag eins og háttar til í íslenskum sjávarútvegi. Það er ekki þar með sagt að þau séu gagnslaus og eigi ekki að vera fyrir hendi. Það er svo önnur saga og verður vikið að því betur síðar. En það verður ekki rökstutt í öllu falli með brýnum hagsmunaástæðum sjávarútvegsins að það þurfi að koma þessum lögum út úr heiminum nú og það liggi svo mikið við að hér skuli fundað nætur og daga um það mál. Nei, því er ekki að heilsa. Og ég segi það, hæstv. forseti, *stóru málin þvælast ekki fyrir ríkisstjórninni*, að hún skuli ekki hafa meira að gera en svo að láta tímann á síðustu starfsdögunum fara í hluti af þessu tagi.

Þetta frv. er í fyrsta lagi óþarft í þeim skilningi að lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins eru ekki virk eins og stendur. Það er í öðru lagi vitlaust að fella þessi lög úr gildi án þess að eitthvað annað hafi verið lögfest í staðinn. Það eru í raun og veru alveg furðuleg vinnubrögð að leyfa ekki þessum lögum, jafnvel þó menn séu orðnir þeirrar skoðunar að þau séu ekki heppileg og þeim eigi að breyta, a.m.k. að halda gildi sínu þangað til annað hefur verið lögfest. Ég fullyrði að það væri venjan við hvort heldur er lagasetningu almennt séð, stjórn efnahagsmála eða önnur sambærileg atriði í störfum þingsins og í stjórnsýslunni. Þetta er mjög óvenjuleg aðgerð, ekki síst þegar það er haft í huga að enginn mælir á móti því að það sé nauðsynlegt að hafa kerfi af þessu tagi í gangi. Það eru allir sammála um það, bæði þeir sem eru andvígir því að fella þessi lög úr gildi og hinir sem mæla með því. Þeir eru líka sammála því. En þeir segja bara: Ekki þetta. En það verður að vera verðjöfnun, það verður að vera sveiflujöfnun og það verður að vera afkomujöfnun í íslenskum sjávarútvegi.

Hvernig er það hæstv. forseti? Er ríkisstjórnin bara gufuð upp? Það sést hér ekki nokkur sála, sem ber þann titil að vera hæstv. ráðherra. Þetta eru að vísu alveg snillingar sem hér eru, fjórir hv. þm. stjórnarandstöðunnar, ég og forseti, en það er nú bara þannig að ég held að það sé ástæða til að hafa svo sem einn vesælan stjórnarsinna í salnum á meðan við ræðum þetta. (Gripið fram í.) Þannig að ég er bara að hugsa um að gera hlé á máli mínu þangað til hefst upp á einum réttlátum í borginni. — Þarna er sjútvrh., það er gott. (**Gripið fram í:** Ætli hann sé sá eini sem er réttlátur?) Hann er alla vega viðstaddur hvort sem hann er réttlátur eða ekki.

Sem ég segi, hæstv. forseti, þá er það eiginlega dapurlegt að þetta skuli vera málið sem hæstv. sjútvrh. er með hér á dagskrá og varðar svo ríka hagsmuni sjávarútvegsins að hann lætur Alþingi leggja nótt við dag að ræða þetta. Það er nú það. Þetta er ekki sú heildstæða og myndarlega sjávarútvegsstefna sem átti að móta í tíð þessarar ríkisstjórnar. Nei. Þetta eru ekki lögin um stjórn fiskveiða. Þetta er ekki þróunarsjóðurinn eða aðrir slíkir hlutir sem maður hefði haft skilning á að eitthvað væri lagt á sig með að afgreiða. Nei, þetta er um það að ná 200 millj. í ríkissjóð, í kassann hjá Friðrik, hæstv. fjmrh., og leggja svo bara niður í blindni lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, segja að vísu: Það þarf að vera verðjöfnun, en við höfum ekki hugmynd um hvað eigi að koma í staðinn. Það verður bara að skoða það í framhaldinu. Það verður að vísu að koma eitthvað í staðinn en við vitum bara ekki hvað og þess vegna er best að gera þetta svona, leggja þetta niður, henda þessu og sjá svo til.

Þetta eru auðvitað engin vinnubrögð. Ef ég hefði verið sjútvrh. hefði ég rekið þessa skýrslu ofan í þessa ágætu menn og sagt: Þið eruð ekki hálfnaðir. Þið hafið að vísu komist að því, sem allir vita, að það er nöldur í sjávarútveginum út í þennan Verðjöfnunarsjóð og það eru misstemningar í kringum hann. En þá er bara hálf sagan sögð. Ef þið teljið ekki að leggjandi sé upp með hann þá skuluð þið halda uppi starfinu og finna annað í staðinn sem er þá meiri sátt um. Ef menn hefðu komist að þeirri niðurstöðu að sveiflujöfnun væri óþörf, það væri þannig komið í sjávarútveginum að hún væri óþörf, þá er það allt annað mál. En það er ekki svo. Nei, nei, nei. Það kemur rækilega fram bæði í greinargerð með frv., sem er að uppistöðu til álit nefndarinnar. Eins og hér hefur verið bent á er mestöll grg. rökstuðningur fyrir því að viðhalda þessari sveiflujöfnun. Þar er t.d. á bls. 8 og 9 rætt um sveiflujöfnun og opinbera verðjöfnun. Það er farið yfir það, sem rétt er, að íslenski þjóðarbúskapurinn er mjög sveiflukenndur. Það hefur ekki breyst. Sveiflurnar eiga að langmestu leyti uppsprettu sína í tvennu, þ.e. annars vegar mismunandi afla í sjávarútveginum og hins vegar mismunandi afurðaverði. Hvort tveggja er mjög sveiflukennt eins og við þekkjum. Og nærtæk dæmi núna á þessum síðustu mánuðum og missirum þar sem, eins og stundum áður, hvort tveggja hefur því miður gerst í nokkrum mæli, er að aflinn hefur dregist saman og verðið hefur farið niður og verða þá sveiflurnar þegar þær leggjast saman miklu stórkostlegri en ella eins og kunnugt er.

Hvað segir svo í fskj. I með frv. á bls. 9 um frv. sem kemst að þeirri furðulegu niðurstöðu að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Hvað segir þar? Það segir, með leyfi forseta:

„Hér á landi virðist það sjónarmið njóta nokkuð almennrar viðurkenningar að nauðsynlegt sé að reyna að draga úr áhrifum sveiflna í ytri skilyrðum sjávarútvegsins. Þetta kemur m.a. fram í þeim álitum, samþykktum og yfirlýsingum sem nefndinni bárust frá hagsmunaaðilum ...“

Hvernig stendur á þessu? Nefndin er hér að rökstyðja akkúrat það að það sé algerlega nauðsynlegt og það sé tiltölulega óumdeilt sjónarmið á Íslandi að það verði að vera tæki til sveiflujöfnunar. Og hvers vegna skyldi það vera? Það er af því að menn hafa áttað sig á því að við höldum ekki uppi á Íslandi stöðugleika í okkar efnahagskerfi, við höldum ekki stöðugu gengi, við höldum ekki lágri verðbólgu, við höldum ekki fullri atvinnu og öðrum slíkum lykilþáttum nema geta jafnað einhvern veginn þessar sveiflur. Það eru auðvitað til a.m.k. fræðilega ýmsar aðferðir til þess. Í hagfræðinni er það. Ein væri sú ef íslenska þjóðarbúið væri svo lítið skuldsett að við gætum reiknað með því að taka bara lán og sveifla okkur þannig í gegnum dýfurnar og greiða þær svo niður þegar betur áraði o.s.frv. og við hefðum bein í nefinu til að gera það þannig. Þá væri þetta hugsanlegt en því er ekki til að heilsa, ekki í dag. Við höfum ekki mikið þanþol í því. Ég held að því sé ekki heldur til að heilsa við getum að einhverju leytinu með genginu hreyft þetta til eða er það? Eða er þetta ekki allt orðið frjálst, hæstv. sjútvrh.? Er það ekki þannig? Nema í gegnum markaðsaðgerðir sem ég með fullri virðingu fyrir íslenska Seðlabankanum er ekki viss um að hann tommi mikið með. Möguleikarnir til þess að ákvarða gengið eru nú að verða litlir ef menn ætla að taka mark á því að við séum komin í frjálst umhverfi með frjálst flæði fjármagns út og inn úr landinu og allt það.

Hvaða aðferðir eru þá aðrar til í þessu? Það er hugsanlegt að reyna með einhverjum öðrum hætti að afkomujafna eða sveiflujafna í sjávarútveginum en þeim að beita verðjöfnun. Hvernig gengur það? Hvernig hefur t.d. gengið að fá menn innan núverandi kvótakerfis til að nota það til að jafna? Það hefur ekkert gengið. Nánast ekki neitt. Menn hafa mylgrað út þessum tonnum úr Hagræðingarsjóði, sem á að heita svo að séu merkt honum, en að öðru leyti hafa einstakar útgerðir, einstök fyrirtæki, mátt taka á sig sveiflurnar sem leiða af mismunandi gengi einstakra fiskstofna. Það hefur ekki verið vilji fyrir því, t.d. að jafna afkomu fyrirtækjanna að þessu leytinu til sem nemur aflabresti og mismunandi viðgangi einstakra stofna með einhvers konar sveiflujöfnun t.d. í fiskveiðistjórnunarkerfinu. Það er ekki heldur. Ég hlýt því að spyrja að því hér: Hvað ætla menn þá að nota? Hvaða fyrirkomulag ætla menn að hafa á þessu ef hefðbundnar efnahagsstjórnunaraðferðir eru sumar hverjar orðnar a.m.k. erfiðari en þær áður voru og ekki er lengur til

að dreifa hvorki þeim tækjum, nema menn taki þau þá upp á nýjan leik, né heldur væntanlega pólitískum vilja til að grípa til miðstýrðra ákvarðana á nýjan leik um vexti, gengi og aðra slíka hluti? Hæstv. sjútvrh. getur e.t.v. upplýst það en það væru þá nýjar upplýsingar inn í umræðuna.

Hvað er þá eftir, hæstv. forseti, í þessu annað en einhvers konar verðjöfnun, a.m.k. að verulegu leyti sem annist þessa sveiflujöfnun? Ég kem ekki auga á það í fljótu bragði. Og það er alveg ljóst að menn hafa enga leið fundið til þess að gera þá verðjöfnun að því tæki sem hún þarf að vera nema gegnum einhvers konar sameiginlegan sjóð þó svo að innstæðurnar kynnu að vera meintar einstökum fyrirtækjum eins og var og er í tíð núgildandi Verðjöfnunarsjóðs. Það kemur berlega fram í grg. og í álitum þeim sem sjútvn. aflaði frá t.d. Þjóðhagsstofnun, Seðlabanka og fleiri aðilum. Þeir sjá enga leið í land með þessa margtuggnu klisju um að æskilegt væri að skoða möguleikana á verðjöfnun innan fyrirtækja. Vegna hvers? Vegna þess að að það liggur þannig að ef reikningarnir verða úti í fyrirtækjunum, þá eru þeir eign fyrirtækjanna. Þeir verða skattalega og efnahagslega meðhöndlaðir sem slíkir og þá er ekki vafi á því að það verður nánast formsatriði að nafninu til taka einhverja peninga þannig úr umferð og geyma þá á reikningi viðskiptabanka viðkomandi fyrirtækis. Það þjónar orðið afar litlum tilgangi. Þeir peningar fara ekki út úr hagkerfinu og þeir mynda stofn hjá viðkomandi fyrirtæki til þess að fá lán á móti ef svo ber undir. Þetta sjá allir. Og fram hjá þessari klemmu hafa menn ekki komist. Hvað þýðir þá að tala og tala og tala í einhverri rósrauðri framtíð um sveiflujöfnun innan fyrirtækjanna þegar engin útfærsla á því hefur litið dagsins ljós ekki einu sinni hjá þeim sem það hafa skoðað mest, sem eru væntanlega til að mynda nefndarmenn í starfshópnum eða sérfræðingar Seðlabankans, sem hefur haft yfirumsjón með þessu á undanförnum árum? Því er ekki líklegt að einhverjir minni spámenn komi með það alskapað eftir sínu höfði. Það er a.m.k. mín skoðun.

Ég held líka, hæstv. forseti, að reynslan hafi sýnt okkur hvers virði það er að geta átt svona tæki. Ég nefni, eins og hér hafa reyndar fleiri gert, tilvist Verðjöfnunarsjóðsins á árinu 1990 og 1991. Það er ekki nokkur vafi á því að þá hjálpaði Verðjöfnunarsjóður verulega til að hlutirnir færu ekki úr böndunum þegar veruleg kom innspýting inn í sjávarútveginn og verðið hækkaði um líklega fjórðung eða svo á réttu ári, líklega á svona 12–15 mánuðum. Svo ekki sé minnst á það hvers virði það var síðan fyrir hæstv. núv. sjútvrh. að eiga um 3 milljarða kr., eða hvað það nú var, í sjóði, sem fyrri ríkisstjórn hafði safnað í handa honum, til að halda sjávarútveginum lifandi og fleyta honum í gegnum árið 1992. Þá var ástandið þannig í ríkisstjórn landsins, atvinnuleysisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, að menn komu sér ekki saman um nokkurn skapaðan hlut. Þingið var að fara heim á vordögum 1992 og það hafði ekkert verið gert fyrir sjávarútveginn sem var að lenda í miklum þrengingum eins og allir sáu og vissu. Þá varð það að ráði og stjórnarandstaðan hvatti til þess og studdi það að frekar en ekki yrði gripið til þessara innstæðna og þær greiddar út á grundvelli sérstakra laga.

Auðvitað var það bölvað að þurfa að nota þann sparnað allan upp til þess að halda sjávarútveginum á floti eitt ár. En það var betra að gera það heldur en láta hann hrynja í ljósi þess að ríkisstjórnin kom sér ekki saman um nokkurn skapaðan hlut. Auðvitað var það kaldhæðnislegt að stjórnin undir forustu hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, sem hefur talað meira og lengur um sjóðasukk, spillingu og annað því um líkt, skyldi þurfa að grípa til þess haldreipis að tæma skyldusparnaðinn frá tíð fyrri ríkisstjórnar til að halda sér og sjávarútveginum á floti út árið 1992. En þetta dæmi sýnir þó að þarna virkaði sjóðurinn. Það var greitt í sjóðinn á uppgangstíma í greininni sem leiddi til þess að þensla varð minni og verðspenna í þjóðfélaginu varð minni. Það hljóp síður kapphlaup í greinina í sambandi við hráefni og annað því um líkt og þeir peningar komu mönnum svo að góðum notum þegar aftur hafði syrt í álinn.

Það eru mýmörg dæmi um það úr sögu fyrri Verðjöfnunarsjóðs þegar komið er að einstökum greinum að þetta kerfi virkaði mjög vel. Ég nefni saltfiskinn sem dæmi. Það er enginn vafi á því að í gegnum tíðina var verðjöfnunarkerfið í saltfiskinum tiltölulega virkt og þjónaði sínum tilgangi vel. Það var því miður ekki svo í sumum öðrum deildum. Sérstaklega mun það hafa átt við um frystinguna sem var í nokkru uppnámi meira og minna frá byrjun vegna þess að strax í upphafi var gripið inn í eðlilega starfsemi sjóðsins og má segja að verðjöfnunargildi sjóðsins hafi aldrei náð sér eftir þá íhlutun strax á fyrstu árum hans í kringum 1970.

En dæmi bæði frá seinni tímum og eldri sýna og sanna gildi svona sveiflujöfnunar, enda liggur það í hlutarins eðli þegar maður hugsar um þá ótrúlegu staðreynd að hér er verið að halda uppi sjálfstæðu þjóðríki með sjálfstæðan efnahag og það byggir á þeirri ótrúlegu staðreynd að 80% útflutningsteknanna koma frá sjávarútvegi þar sem undirstaða efnahagslífsins, eins og stundum hefur verið sagt, getur þess vegna synt í burtu einn góðan veðurdag og menn eru undirorpnir mjög miklum sveiflum, bæði um aflabrögð og verðlag. Þau er því fá dæmin um þjóðir sem búa við annað eins. Þá hljóta menn að taka mið af því og láta reynsluna og skynsemina ráða en ekki einhverjar kreddur. Ég held að það sé afar vanhugsað að rjúka nú til og fella þessi lög úr gildi með þessum hætti. Mér liggur við að segja að það hefði verið skárra ef einhver ástæða hefði verið til að taka þau úr sambandi með tilteknum hætti, t.d. bæta við lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins ákvæði til bráðabirgða um að ekki skyldi koma til inngreiðslna eða útgreiðslna úr sjóðnum næsta árið eða svo meðan endurskoðun stæði yfir, það væri allt önnur aðgerð. Út af fyrir sig þarflaus vegna þess að sjóðurinn er ekki í sambandi. Hann er að mestu leyti tómur eftir að núv. ríkisstjórn gekk í hann og tæmdi hann, jós út úr honum öllum peningunum, 3 milljörðum á árinu 1992. Í dag hefur hann minni háttar áhrif þó að hann sé sambandi.

Það er næsta óvenjulegt, hæstv. forseti, að fletta í gegnum nál. minni hluta sjútvn. á þskj. 914 og fletta í gegnum fylgiskjölin sem eru umsagnir einstakra aðila, hvert á fætur öðru og þau mæla öll eindregið gegn því að þetta frv. verði afgreitt. Og hverjir skyldu það vera sem þarna eru að gefa álit sitt og umsögn? Það er ekki eins og það séu einhverjir aðilar sem engu máli skipta svona dags daglega og venjulega. Það er ekki svo. Þarna eru á ferðinni stofnanir í þjóðfélaginu og samtök sem yfirleitt hefur verið tekið talsvert mark á, a.m.k. þegar svo ber undir. Fyrsta skal fræga telja Þjóðhagsstofnun. Hún leggst algerlega gegn því að þetta sé gert. Þjóðhagsstofnun telur afar óskynsamlegt að afnema þessi lög fyrr en gerðar hafa verið aðrar ráðstafanir sem þjónað gætu sama tilgangi en Þjóðhagsstofnun er jafnframt þeirrar skoðunar eins og fleiri að það sé hægara sagt en gert að finna það fyrirkomulag.

Hver er númer tvö? Það er Seðlabankinn. Nú er það svo að í Seðlabankanum er samansöfnuð mesta þekkingin í landinu um þessi mál því það er Seðlabankinn hefur annast um framkvæmd þessara hluta á undanförnum árum og haft yfirumsjón með þeim. Og hvað segja þeir menn? Jú, helstu ráðgjafar ríkisstjórna á hverjum tíma í efnahagsmálum, þeir sem fara með gjaldeyrisforðann, þeir sem eiga að tryggja hérna stöðugt gengi, Seðlabankinn, telja það alveg fráleitt að fara svona að þessu. Þeir mæla eindregið með áframhaldandi verðjöfnun í sjávarútvegi og leggja til að frv. verði dregið til baka. Það er Seðlabankinn.

Samtök iðnaðarins, sem auðvitað er málið skylt og þarf ekki að fara út í langar rökræður um það, allir vita um samspil afkomu í sjávarútvegi, gengisskráningar og svo aftur samkeppnisstöðu annarra greina atvinnulífsins, telja það sömuleiðis ótímabært að leggja niður Verðjöfnunarsjóð meðan ekki liggi fyrir hvað eigi að taka við af honum. Reyndar bæta þeir því svo við til aðvörunar að verði það gert, þá megi gera ráð fyrir því að aukinn kraftur færist í umræðuna um að tengja upptöku auðlindaskatts eða gjalds fyrir veiðiheimildir við sveiflujöfnun í hagkerfinu. Með öðrum orðum draga þeir samasemmerki milli þess að leggja Verðjöfnunarsjóð niður og að vaxandi kraftur verði í umræðunni um auðlindaskatt.

Vinnuveitendasamband Íslands, það eru einhver smásamtök úti í bæ sem einn og einn maður hefur heyrt nefnd, leggst eindregið gegn þessu. Það telur frv. ótímabært og það megi ekki kasta þessu hagstjórnartæki á glæ.

Verkamannasambandið og Alþýðusambandið eru sömuleiðis andvíg breytingunni. Og ég fullyrði það sem nefndarmaður í efh.- og viðskn. auk sjútvn. og hafandi þar með fengið allmörg álit og allmargar umsagnir í gegnum tíðina á síðustu árum frá hinum ýmsu samtökum að þess eru afar fá dæmi að allir þessir aðilar í einum kór séu sammála um mál af þessu tagi. Það er frekar óvenjulegt. Og enn óvenjulegra að ekkert skuli með það gert, ekki neitt. Það er eins og það skipti engu máli að Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki, Vinnuveitendasambandið, Alþýðusambandið og fleiri aðilar séu allir sammála um að þetta sé vitlaust.

Hvaðan kemur þá hæstv. sjútvrh. sú speki að það sé rétt að gera þetta? Eða er honum ekki sjálfrátt? Er það hugsanlega þannig, hæstv. forseti, að hæstv. sjútvrh. sé ekki sjálfrátt í málinu og það sé kassahirðirinn mikli, hæstv. fjmrh., sem ráði ferðinni, sé orðinn einhver yfirfrakki á hæstv. sjútvrh. og segi honum til í þessum efnum? Og allt út af skitnum 200 millj. sem á að krækja í, sem er auðvitað eign sjávarútvegsins, sem er upptaka á eignum sjávarútvegsins, og ráðstafa í rekstur ríkissjóðs. Auðvitað er það eins og hver annar skollaleikur að eyrnamerkja það Hafrannsóknastofnun. Það mætti alveg eins eyrnamerkja það hvaða öðru apparati sem er sem ríkið greiðir, þess vegna Tryggingastofnun ríkisins eða einhverjum öðrum aðila. Það kæmi út á eitt.

Þetta er mjög sérkennilegt, hæstv. forseti, svo ekki sé meira sagt, og afar óvenjulegt að svona skuli takast til. Það furðulega kemur nefnilega í ljós, eins og hefur komið fram í umræðunni, að þessi nefnd virðist ekkert hafa rætt þetta eða skoðað gagnvart öðrum aðilum. Það er eins og menn hafi litið á það sem hreint einkamál sjávarútvegsins hvernig sveiflujöfnun og jafnvægisstillingu í íslensku efnahagslífi væri fyrir komið. Þetta er alveg ótrúlegt.

Ég vil segja nokkur orð, hæstv. forseti, um ráðstöfun þessara peninga ef ske kynni að svo ógæfulega tækist til að þetta frv. yrði svo afgreitt, sem ég reyndar geri mér góðar vonir um að ekki verði því að ég er bjartsýnismaður og trúi á það að batnandi mönnum sé best að lifa og allt það. Vonandi rennur ljósið upp fyrir hæstv. sjútvrh. og fleirum hér á næstu sólarhringum að menn sjá að þetta er hið mesta óráð. (Gripið fram í.) Það eru mörg mál sem meira liggur á heldur en að skaka í þessu hér. En ef svo ógæfulega tekst til að svo verður ekki þá hlýt ég að mótmæla alveg sérstaklega og harðlega áformaðri ráðstöfun þessara peninga. Ég verð að segja alveg eins og er að mig undrar að það skuli ekki hafa orðið að meira hitamáli í samtökum sjávarútvegsins hvernig hæstv. sjútvrh., eða reyndar hæstv. fjmrh., ætlar að ræna þessu fé sem er eign sjávarútvegsins, hefur myndast með inngreiðslum og iðgjaldagreiðslum sjávarútvegsfyrirtækja gegnum tíðina og væri lágmarkskrafa að væri ráðstafað í samráði við helstu hagsmunaaðila sjávarútvegsins, samtök útgerðarinnar, sjómanna og annarra slíkra aðila. Það er lágmarkskrafa. Það er nóg með þessa peninga að gera í þörfum verkefnum á því sviði. Það er hægt að nefna þar mörg viðfangsefni sem eru svo þörf og brýn og tiltölulega óumdeilt að ráðist skuli í að ég hef ekki trú á að neinn ágreiningur yrði um það.

Við 1. umr. málsins kom ég með þá hugmynd að þessir peningar yrðu að mestu eða jafnvel öllu leyti notaðir til að mynda sjóð til að endurnýja skipakost Hafrannsóknastofnunar. Það á sér m.a. rót í því að þegar sjútvn. var að fara yfir tekjuhlið fjárlagafrv. á sl. hausti, þá fór hún alveg sérstaklega yfir rannsóknaþáttinn, stöðu hafrannsóknanna, Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og fleiri slíka hluti. Eitt af því sem kom í ljós þegar spurt var um möguleika og áform Haf-

rannsóknastofnunar varðandi djúphafsrannsóknir var einfaldlega þetta að þau skip sem stofnunin núna ræður yfir duga ósköp einfaldlega ekki til rannsókna við þær aðstæður. Stofnunin hefur reynt á undanförnum árum að fá leigð stærri skip en það er dýrt og tókst t.d. ekki á síðasta ári sökum fjárskorts Hafrannsóknastofnunar að ráðast í þau rannsóknaverkefni á dýpra vatni sem stofnunin ætlar sér. Nú er eins og dæmin sanna og víðfrægt er orðið hægt að fá stór og myndarleg skip fyrir lítið verð víða í útlöndum og öll ástæða til að ætla að Hafrannsóknastofnun gæti orðið sér út um stórt togskip sem mætti nota a.m.k. til þessara rannsóknaverkefna og gert það út til nokkurra leiðangra á hverju ári á dýpri mið hér, ekki síst suður af landinu, suður, suðaustur og suðvestur af landinu en þar eru ærin verkefni óunnin.

Ef þessar 200 millj. rynnu í þennan sjóð, en þar munu vera fyrir einhverjir fjármunir frá því að gamli Hafþór var seldur, væri þarna kominn allmyndarlegur stofn til að ráðast í þetta brýna verkefni, endurnýjun eða viðbót á skipakosti Hafrannsóknastofnunar þannig að hún gæti sinnt rannsóknum á þessum slóðum en vaxandi áhugi er á því og þörfin ærin.

Ég hafði látið mér detta í hug að þessi tillaga mundi eignast stuðningsmenn. Mér datt t.d. í hug hæstv. utanrrh. sem kom heim einu sinni sem oftar frá útlöndum. Það eru nú einu sinni örlög hæstv. utanrrh. að vera af og til að koma heim frá útlöndum. Hann var hróðugur mjög og þóttist hafa samið við Evrópubandalagið um veiðar á langhala. Langhalinn breyttist svo að vísu í karfa á einni nóttu, 3.000 tonn, og er þá hæstv. utanrrh. farinn að slaga upp í frelsarann í kraftaverkum að framkvæma slíkar stórfelldar breytingar á einni nóttu. En þá var því borið við að það vantaði rannsóknir á langhalanum. Það væri ekki hægt að benda Evrópubandalaginu á nein mið eða veiðislóðir þar sem sannanlega væri langhala að hafa og þess vegna yrðu þeir að fá karfa í bili. Það væri ástæðan fyrir því að langhalinn breyttist í karfa. Og þá spyr ég: Hvar eru rannsóknirnar? Hvar eru leiðangrarnir? Hvar eru skipin sem eiga að fara og finna langhalann þannig að nú sé aftur hægt að skipta á karfa og langhala? Þau eru hvergi vegna þess að okkar litlu, íslensku skip, svo ágæt sem þau eru, ráða alls ekkert við aðstæður á því djúpa vatni sem er suður af landinu en mikil nauðsyn er á að rannsaka. Þau ráða illa við að toga á meira en 400–700 metra dýpi eins og skuttogarar af sambærilegri stærð, með sambærilegum spilabúnaði. Það sem vantar hér auðvitað er öflugt skip sem ræður við aðstæður alveg niður á a.m.k. niður 1.200–1.500 metra og helst meira.

Menn eru ekkert að gera í þessum efnum, ekki neitt. Hæstv. sjútvrh. er ekki með tillögur hér og frumvörp í gangi sem kosta næturfundi til að koma einhverju svonalöguðu í gegn, ekki aldeilis. Nei. Hann brýtur sig í stykki hér fyrir hæstv. fjmrh. að troða þessu í gegn til þess að hægt sé að tæma gömlu innstæðurnar í Verðjöfnunarsjóði sjávarúvegsins í kassann á þessu ári og leggja sjóðinn niður, fella lögin úr gildi án þess að hafa hugmynd um hvað eigi að koma í staðinn. Þetta er ekki merkileg frammistaða, hæstv. forseti.

Hugmyndir um að fjármununum skuli ráðstafað í annað og þeir ekki gerðir upptækir með þessum hætti heldur ráðstafað til verkefna til einhvers konar nýsköpunar og uppbyggingarverkefna af því tagi innan greinarinnar sem menn verða sammála um hafa að sjálfsögðu fengið stuðning allra hagsmunaaðila í sjávarútvegi og ég hef ekki nokkra trú á öðru en það verði auðvelt mál að ná góðri samstöðu um í hvað þetta verði sett. Menn eru að vísu með mismunandi hugmyndir. Sumir nefna Hafrannsóknastofnun, aðrir skipakaup, aðrir nefna bara sérstök hafrannsóknaverkefni. Enn aðrir minna á Lífeyrissjóð sjómanna o.s.frv. Maður hefur jafnvel heyrt hugmyndir um að setja þetta í björgunar- og slysavarnir og allt er það þarft. Vandræðaganginn um björgunarþyrluna er ekki hægt að nefna hér ógrátandi. Það er svo hörmulegt hvernig það hefur tekist til hjá hæstv. ríkisstjórn. Öll þjóðin hefur horft upp á þann farsa agndofa undanfarin ár eða svo og það er ekkert lát á því, ekki neitt. Það eru bara nýir og nýir kaflar að skrifast í þeirri sögu. En í öllu falli er ég sannfærður um að það stæði ekki lengi fyrir mönnum að ná samstöðu um ráðstöfun til þessara fjármuna til einhverra brýnna verka.

Ég reyndar hallast að því að það ætti að skoða vandlega hvort rétt væri, m.a. með vísan til þess að auðvitað hefur það varðað kjör sjómanna á undanförnum árum og haft viss áhrif á þau þegar inngreiðslur hafa verið í Verðjöfnunarsjóð. Það er ljóst, eins og hv. 16. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, var m.a. að víkja að, að það mætti gjarnan skoða það að t.d. um helmingur af innstæðunni gengi til Lífeyrissjóðs sjómanna. Það hefur áður verið gert við skyldar aðstæður, má segja, að taka eitthvað af fjármunum sem eru til ráðstöfunar og styrkja með þeim Lífeyrissjóð sjómanna, enda ljóst að hann þarf á stuðningi að halda til þess að geta innt skuldbindingar sínar af hendi. Ef það yrði niðurstaðan, segjum svo, að verja helmingnum, 100 millj. kr., til að styrkja eiginfjárstöðu Lífeyrissjóðs sjómanna og afganginum t.d. í skipabyggingarsjóð Hafrannsóknastofnunar, þá er ég alveg sannfærður um að um slíka ráðstöfun gæti tekist mjög góð samstaða.

En því er ekki að heilsa. Það hefur verið talað fyrir algerlega daufum eyrum hvað það snertir og mig satt best að segja undrar það geðleysi manna að láta þetta yfir sig ganga.

Hvar er hv. 16. þm. Reykv.? Hann sást hér í mýflugumynd í kvöld. (**Gripið fram í:** Það er enginn stjórnarliði hér.) Það er enginn stjórnarliði hér, það er rétt, þeir sjást ekki orðið hér. Það hlýtur að vera búið að leggja þá niður. (**JGS:** Þeir eru tveir í húsinu.) En staðreyndin er sú að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ætti að vera hér og hann ætti að vera stuðningsmaður þess að þessir fjármunir a.m.k. að einhverju leyti væru settir í Lífeyrissjóð sjómanna. Hann montar sig af því á tyllidögum að vera mikill stuðningsmaður sjómanna og taka þeirra málstað hér og á sjómannadaginn er hann „fír og flamme“. En hvar er hann í svona tilvikum? Hann sést ekki þó að hér hafi kom-

ið fram hugmyndir um svona lagað. Þær komu fram í sjútvn., samtök sjómanna minntu m.a. á sinn lífeyrissjóð þegar þeir heimsóttu nefndina.

Nei, því er ekki að heilsa. Það er búið að lemja þetta allt saman niður, hæstv. fjmrh. skal fá sínar 200 millj. í kassann hvað sem tautar og raular, hvernig sem þeirra er aflað og hvernig sem þeir eru tilkomnir. Þetta er auðvitað alveg ótrúlegt.

Eitt af því versta, hæstv. forseti, við þetta mál eins og það ber að okkur er sú staðreynd að þetta er undirstrikun þess, einhver sú allra skýrasta sem við höfum verið með hér í höndunum, að ríkisstjórnin er gersamlega stefnulaus í þessum málum. Það vottar ekki fyrir einhverri framtíðarsýn um það hvernig ríkisstjórn Íslands, atvinnuleysisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, ætlar að hafa þessa hluti til frambúðar.

Hvar er framtíðarstefna hæstv. sjútvrh. Þorsteins Pálssonar varðandi sveiflujöfnun eða afkomujöfnun í sjávarútvegi? Hvar er hún? Hún er ekki til. Hann segir bara pass, skilar auðu. Ég vil bara fella lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins úr gildi og svo sjáum við til, svo hefur þetta sinn gang, svo lifum við frá degi til dags eins og stjórnin hefur yfirleitt gert í þessum efnum. Hæstv. forseti. Er sjútvrh. sofnaður? Ætli hægt sé að kanna það hvort hann hafi farið heim og lagt sig eða eitthvað annað.

(**Forseti** (VS): Hæstv. sjútvrh. er í þinghúsinu og forseti mun gera ráðstafanir til þess að fá hann í þingsalinn.)

Mér finnst það satt best að segja algert lágmark að hæstv. sjútvrh. — mér liggur við að segja, með þínu leyfi, forseti — bjálfist til að vera hérna í salnum einn stjórnarliða. Það er ekki hægt að bjóða okkur upp á að ...

(**Forseti** (VS): Forseti gerir athugasemd við þetta orðalag.)

Já, enda hikaði ég við að nota það. En ég segi það samt í fullri alvöru að mér finnst það algert lágmark að hæstv. sjútvrh. sé viðstaddur. Okkur er sagt að það séu tveir stjórnarliðar í þinghúsinu og þá er væntanlega hæstv. sjútvrh. annar þeirra. Hann hefur verið talinn stuðningsmaður stjórnarinnar þó einstöku menn hafi látið sér detta í hug að hann væri stundum svolítið blendinn í trúnni en það er annað mál. Það væri gaman að vita hver hinn er. Hver er hinn stjórnarliðinn sem er skráður í hús? (**Gripið fram í:** Árni Mathiesen.) Það er merkismaður. Við verðum auðvitað að votta honum virðingu okkar að hann skuli vera viðstaddur.

Þetta er heldur dapurlegt, hæstv. forseti, allt saman. Þar sem ég var að byrja ræðu og ætlaði þess vegna að hafa hæstv. sjútvrh. einhvers staðar nærstaddan, var að þetta mál er kannski einhver skýrasta undirstrikun á því sem við höfum lengi haft í höndunum að ríkisstjórnin er gersamlega stefnulaus í þessum efnum. Hæstv. sjútvrh. þar með talinn, ætti náttúrlega að vera sá sem færi fyrir í því að móta hér einhverja stefnu. Hvar er stefna atvinnuleysisstjórnar hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar í þessum málum? Hvaða framtíðarplön hefur ríkisstjórnin um að stjórna jafnvægi íslenskra efnahagsmála, að sveiflujafna í íslensku efnahagslífi? Hvar eru þau? Hvar liggja þau? Upp á hvað er boðið? Fella Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins niður, leggja hann niður og sjá svo til. Þó er það þannig að allar helstu efnahagsstofnanirnar ráða eindregið frá því að gera þetta fyrr en búið er að ákveða hvað komi í staðinn. Þær benda jafnframt á að það sé ekkert einfalt mál að sjá hvað það eigi þá að vera.

Þetta er auðvitað alveg furðuleg frammistaða, hæstv. sjútvrh., alveg ótrúleg. Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. geri grein fyrir því hvernig hann sér fyrir sér að sveiflujöfnun og afkomujöfnun verði fyrir komið í sjávarútveginum í kjölfarið á því að svona breytingar eru gerðar. Er hann svona gersamlega ósammála Þjóðhagsstofnun, Seðlabankanum og öðrum slíkum aðilum? Hefur hæstv. sjútvrh. einhver snilldarráð á hendi sem þeim yfirsést öllum, til að mynda öllum helstu sérfræðingum landsins í þessum efnum sem starfa í Seðlabankanum og hafa haft yfirumsjón með þessum málum undanfarna áratugi og hafa það jafnframt sem lögbundið hlutverk að eiga að tryggja hér stöðugleika, gengisfestu og annað því um líkt? Eru þeir svona gersamlega heillum horfnir og úti að aka að það sé ekkert mark á þeim takandi? Ég held að þeir ættu þá að fá sér eitthvað annað að gera? Verður þá ekki að skipta um áhöfn þarna uppi í Seðlabanka? Það að vísu stendur til einhver endurmönnun þar en ég veit ekki hvort það sé alveg öruggt að hún heppnist svo vel að þar verði ...(**Sjútvrh.:** ... hefur meira traust á ríkisstjórninni en Seðlabankanum.) Ég er bara að spyrja, hæstv. sjútvrh., um þær mótsagnir sem í þessu máli birtast. Er það ekki þannig að í 2. eða 3. gr. seðlabankalaganna standi eitthvað um það að bankinn skuli vera ríkisstjórn til ráðuneytis og Seðlabankinn skuli umfram allt vera trúr þeim markmiðum að varðveita hér stöðugleika og ríkisfestu? Mig minnir það. En er það þá bara ekkert að marka? Kemur honum þá ekkert við mál af þessu tagi? Og á þó í hlut sú atvinnugrein sem skaffar 80% gjaldeyristekna. Og er það þá bara ekkert mál? Er það bara grín þó að þeir leggist gegn því að þetta sé fellt niður?

Ég skil satt best að segja ekki almennilega hvað veldur því að hæstv. ríkisstjórn hangir svona á þessu. Mér finnst það alveg með ólíkindum ef það er svo sem manni býður í grun að það hafi verið ákveðið í einhverju bríarí, niðurskurðarfári þegar verið er að rimpa saman fjárlögunum, að þarna væri hægt að krækja í 200 millj. í ríkissjóð og það skipti þá máli og það ráði ferðinni. Finnst hæstv. sjútvrh. þetta engin niðurlæging fyrir sig? Eða er það þannig að hæstv. fjmrh. eigi að segja hæstv. sjútvrh. fyrir verkum í svona löguðu? Ég spyr. Ég bara fæ ekki botn í það hvernig í ósköpunum stendur á því að hæstv. sjútvrh. stillir sér svona upp í málinu. Ég bara skil það ekki. Það er alveg furðulegt. Ég held að við verðum að fá einhver svör um þetta, hæstv. forseti, frá hæstv. sjútvrh. hvernig þeir sjái það fyrir sér að þetta verði haft.

Ég vil líka spyrja hæstv. sjútvrh. að því hvort hann væri tilbúinn til að það yrði skoðað, t.d. milli 2. og 3. umr. að sjútvn. velti upp þeim möguleika og skoðaði að flytja frekar ákvæði til bráðabirgða við lögin, leyfa

þeim að halda gildi sínu en flytja ákvæði til bráðabirgða um að þau skuli vera óvirk, það skuli engar inngreiðslur og útgreiðslur verða úr sjóðnum ef svo ber undir, t.d. á 18 mánaða tímabili. Og það 18 mánaða tímabil yrði tekið í að vinna það verk sem menn eru að tala um að þurfi að vinna en hafa engan botn fengið í, þ.e. fara með tæmandi hætti í gegnum það hvort sú leið með einhvers konar innri sveiflujöfnun í fyrirtækjunum sé fær og skili einhverjum árangri eða hvort það sé þannig, eins og allar fyrri tilraunir manna til að útfæra hana hafa á endanum falið í sér, að menn hafi gefist upp. Menn hafi ósköp einfaldlega komist að þeirri niðurstöðu að það næði ekki tilgangi sínum, þjónaði ekki neinum markmiðum að fara að eyrnamerkja einhverri sveiflujöfnun innstæður á reikningum fyrirtækjanna sem væru geymdar í þeirra viðskiptabönkum, teldust til þeirra eigin fjár og efnahags og mynduðu stofn hjá fyrirtækjunum til þess að slá lán o.s.frv. ef svo bæri undir. Mér finnst, hæstv. sjútvrh., að við þurfum að hljóta að fara yfir þetta mál og ræða það. Og ef ekkert kemur fram um það hvað eigi að taka við, þá er það alveg yfirgengilegt að ætla að afgreiða málið svona.

Ég vil að hæstv. sjútvrh. svari því hvort hann sé tilbúinn til að láta það gott heita að sjútvn. líti á þetta svona með þessu hugarfari. Við fengum engin slík skilaboð. Okkur var bara sagt að stjórnin vildi afgreiða þetta, hæstv. fjmrh. vildi fá peningana og þetta skyldi út úr nefndinni. Það var aldrei minnst neitt á hæstv. sjútvrh. í þessu máli, bara eins og hann væri ekki til og kannski er það þannig að hann er ekki til í þessu máli nema bara af formsástæðum. Af formsástæðum verði hann að flytja frv. fyrir hæstv. fjmrh. af því að Verðjöfnunarsjóðurinn er samkvæmt stjórnarráðslögunun málefni sjávarútvegsins og heyrir undir hæstv. sjútvrh. Ég hef enga aðra skýringu fundið sem ég tek neitt mark á en að það sé græðgin í þessa peninga og græðgin ein sem reki hæstv. ríkisstjórn áfram út á þessa ógæfubraut þvert gegn ráðleggingum og skoðunum og áliti allra helstu sérfræðinga þjóðarinnar á sviði efnahagsmála og atvinnumála.

Að bera það fyrir sig að vegna þess að ekki sé almenn ánægja og hamingja í greininni með starfrækslu verðjöfnunarkerfisins nú eða hafi verið áður og þess vegna þýði ekkert nema hætta þessu er dálítið skrýtið satt best að segja. Hv. formaður sjútvn., hv. þm. Matthías Bjarnason, notar þetta sem aðalröksemdina. Hann er stuðningsmaður verðjöfnunar í sjávarútvegi. Það hefur margoft komið fram í ræðum hér og í sjútvn. En hann segir þetta: Af því að útvegsmenn eru á móti þessu og eru ekki sáttir við þetta þá þýðir ekkert annað en hætta þessu.

Hvernig skyldi þetta hafa verið þegar viðreisn kom þessu á á sínum tíma? Og hvernig skyldi þetta hafa verið í gegnum 25 ára sögu verðjöfnunar í sjávarútvegi? Ætli það sé ekki þannig að menn hafi alltaf verið eitthvað að nöldra yfir þessu, a.m.k. þegar þurfti að borga inn. Svo voru þeir oft fegnir þegar þeir fengu peninginn. Það var t.d. óvenjulítið um mótmæli í íslenska sjávarútveginum seinni hluta ársins 1992. Ég man ekki eftir því að Kristján Ragnarsson hafi komið í sjónvarpið og kvartað alveg sérstaklega yfir Verðjöfnunarsjóðnum meðan 3.000 millj. kr. voru að streyma út úr honum til sjávarútvegsfyrirtækja. Reyndar ekki inn til þeirra því að þetta fór í afborganir og skuldajöfnun en kom þeim til góða samt. Þá held ég að menn hafi ekki verið mikið að mótmæla. En menn nöldruðu á árunum 1990 og 1991 meðan var verið að borga inn og þannig mun það auðvitað verða áfram. Menn verða nöldrandi ef þeir þurfa að láta eitthvað af peningunum sem þeir gætu annars fengið í svona sjóð. Það er miklu meira gaman að mega bara fá þetta í hendur og það er allt skiljanlegt. En auðvitað skilja menn þetta. Þegar menn komast aðeins upp úr hjólförum sinna eigin þrengstu hagsmuna þá skilja þeir að það er öllum fyrir bestu að reyna að taka á málunum. — Ég býð hv. þm. Árna Mathiesen velkominn. Hann heiðrar okkur hér með nærveru sinni, annar stjórnarliðinn sem hér sést í kvöld. Ég sé ástæðu til að koma því inn í þingtíðindin að hér eru nú hvorki meira né minna en tveir stjórnarliðar í salnum og það er algert nýmæli frá því sem verið hefur í kvöld. (**Gripið fram í:** Það eru heldur ekki fleiri í húsinu.) Nei, þeir eru þá líka upp taldir og væntanlega ekki von á fleirum.

Hæstv. forseti. Það hefði verið gaman út af fyrir sig að hv. 1. þm. Vestf. hefði verið viðstaddur umræðuna því að hann sem þingreyndur maður og fyrrv. sjútvrh. og maður með miklar skoðanir oft á málefnum þeirrar atvinnugreinar þekkir vel til þeirrar hliðar sem snýr að því að nauðsynlegt er að geta með einhverjum hætti mætt þeim miklu sveiflum sem ganga yfir þessa atvinnugrein, eru náttúrlega alveg óhjákvæmilegur fylgifiskur hennar og hafa þar með sín miklu áhrif á allt íslenskt efnahagslíf. En af einhverjum ástæðum hefur hann tekið þátt í því að ýta þessu máli áfram og það veldur mér vonbrigðum. Það veldur mér miklum vonbrigðum.

Ég hafði reyndar hugsað mér, hæstv. forseti, að gera í lokin smáúttekt á frammistöðu ríkisstjórnarinnar almennt í þessum sjávarútvegsmálum. En það er farið að líða dálítið á kvöldið og ég veit ekki hvað ég á að þreyta menn með miklum ræðuhöldum um það. (**JGS:** Þú hefur í það 50 mínútur.) Ég hef smástund, fram að miðnætti, það er rétt. Það hefur leitað svolítið á huga minn síðustu daga að nú sígur sem betur fer og allir fagna mjög á síðari hluta þessa kjörtímabils. Bjartsýnir menn spá því kampakátir að því muni ljúka í haust. Ég tek það fram að það eru ekki mínar spár en þetta hef ég heyrt. Ef svo skyldi fara, sem guð láti gott á vita, að ekku væru nema nokkrir mánuðir eftir af starfstíma ríkisstjórnarinnar og þetta væri síðasta þingið sem haldið yrði undir atvinnuleysisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar, þá fer að verða tímabært að velta því aðeins fyrir sér: Hver er nú uppskeran? Hverju hefur ríkisstjórnin áorkað, t.d. hæstv. sjútvrh.? Hvar er uppskera hans? Það er kannski ekki alveg útséð um það enn þá hvað verður á næstu dögum eða það sem eftir lifir þessa þinghalds, en enn sem komið er er það nú harla magurt satt best að segja og ótrúlega lítið sem ríkisstjórnin hefur, sumir segja sem bet-

ur fer, framkvæmt af því sem hún ætlaði sér eða talaði um að hún mundi gera samkvæmt stjórnarsamningi eða yfirlýsingum á fyrstu dögum.

Mest af því sem ríkisstjórnin hefur verið að baksa við í þessum efnum hefur haft tilhneigingu til að snúast upp í einhvers konar harmleikakennda farsa. Heita það ekki „tragikómedíur" á útlendum málum, ef hér eru einhverjir menn vel að sér í bókmenntum sem gætu staðfest það? (**Sjútvrh.:** Skírt það upp á íslensku.) Já. Svona grátbroslegir atburðir eða grátbrosleg atburðarás. Ef við tökum t.d. hvernig ríkisstjórnin hefur vandræðast með veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs, þá er það alveg dæmigert mál. Búvörudeiluna þekkir öll þjóðin. Hún er dæmigerð „tragikómedía". Þyrlumálið. (**JGS:** Kómedía.) Nei, hún er dapurleg líka. Þyrlumálið. Ég mundi jafnvel bæta við t.d. hinum einstæða málatilbúnaði varðandi Vestfirði og þessu frv. Það er alveg grátbroslegt að sjá þennan málatilbúnað hér og er reyndar þegar orðinn skrípaleikur. T.d. var gert ráð fyrir þessum peningum í síðustu fjárlögum. Það varð aldrei neitt úr því. Og það er kostulegt að lesa greinargerð með síðasta fjárlagafrv. í ljósi þess sem við erum að ræða hér og nú þegar komið er langt fram í apríl 1994.

Hins vegar er ekki gert ráð fyrir þessum peningum, ef ég man rétt, sérstaklega á fjárlögum yfirstandandi árs svo skrýtið sem það nú er. A.m.k. lá það mál þannig í desember þegar við vorum að skoða það.

Þannig er það, hæstv. forseti, að þessi mál sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að baksa með í sjávarútvegsmálum, efnahags- og atvinnumálum, hafa meira og minna endað í langdregnum, grátbroslegum farsum. Hver vitleysan og endaleysan á fætur annarri þannig að það tekur engu tali. Ein ástæðan er náttúrlega sú að stjórnin hefur aldrei komið sér saman um nokkurn skapaðan hlut. Menn hafa verið þar alveg eins og hundur og köttur í hverju málinu á fætur öðru og auðvitað eru það ekki aðstæður til að vinna að framgangi neinna mála. Það er manni alveg ljóst. Og auðvitað hefur maður haft samúð með ýmsum einstökum hæstv. ráðherrum í því sambandi út af fyrir sig, en þeir bera ábyrgðina engu að síður að sitja í þessari súpu, láta hvert árið líða á fætur öðru þar sem ekkert er gert og uppskeran er jafnraunalega rýr og raun ber vitni. E.t.v. hillir undir það núna að frv. til endurskoðunar á lögum um stjórn fiskveiða nái einhverri lágmarksafgreiðslu, trúlega þá svona 28. apríl eða svo 1994. Því átti að ljúka í desember 1992, í síðasta lagi. Þannig er það og það þætti víða nokkuð mikill dráttur á verktöku t.d. sem er nú í tísku ef þetta hefði verið boðið út, þá er ég hræddur um að dagsektirnar væru orðnar háar hjá hæstv. ríkisstjórn að vera að slefa þessu frá sér í lok aprílmánaðar ef hún nær því að koma því í land, auðvitað með harmkvælum eða minni háttar plástrum á þetta kerfi sem fyrst og fremst er þá til þess fallið að lægja eitthvað öldur óánægjunnar sem kringum það rísa.

Þannig er þetta nú, hæstv. forseti, og mætti auðvitað ýmislegt um þetta segja en ég ætla að fara að láta hér staðar numið. Mér fannst kominn tími á það eins og maður segir að gera smáyfirferð á því hvernig ríkisstjórninni hefur vegnað í þessum málum á sínum starfstíma. Það er raunaleg saga svo ekki sé meira sagt.

Að lokum set ég fram þá frómu ósk mína að menn hugsi alvarlega sinn gang hvort sem það verður hér á eftir, í nótt, á morgun eða næstu daga hvort það er ekki hægt að ná samkomulagi um að láta þetta mál liggja, a.m.k. afgreiða það ekki í þessari mynd að fella lögin úr gildi. Gera þau óvirk frekar með einhverjum öðrum hætti. Ég held að ef menn á annað borð hafa einhvern áhuga á því að ræða hérna einhverja skynsamlega lendingu á málum almennt, þá hljóti menn að taka pappíra af þessu tagi inn í þá mynd og til skoðunar. Og hvers vegna finnst mér eðlilegt og sanngjarnt að gera það? Það er í fyrsta lagi vegna þess að öll stjórnarandstaðan leggst eindregið gegn afgreiðslu þessa plaggs. En hún er ekki ein á ferðinni. Hún hefur stuðning allra helstu sérfræðistofnana og heildarsamtaka annarra en þá hagsmunaaðilanna í sjávarútvegi fyrir því sjónarmiði. Það er því ekki eins og það sé greiði við þessa 26 eða hvað þeir nú eru þingmenn sem skipa stjórnarandstöðuna eina og sér. Ég held að það sé bara einfaldlega þannig að það séu mjög sterk rök fyrir því að gera það sem njóti víðtæks stuðnings úti í þjóðfélaginu og hæstv. ríkisstjórn væri það sjálfri fyrir bestu að hugleiða það mjög vandlega hvort hún ætti nú ekki, ef hún gæti þá í leiðinni liðkað eitthvað fyrir skynsamlegri lendingu mála hér, að taka þá til skoðunar að vera ekki að þráast við með fullkomlega óþarft og meira en óþarft mál af þessu tagi.

[23:13]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það veldur mér ákveðnum vonbrigðum að ég hafi þurft að hlaupa svona snögglega upp í ræðustól núna. Ég hafði gert mér vonir um að hv. 4. þm. og samþingmaður minn í Norðurl. e. ætti eftir nokkuð af sinni ræðu (**Gripið fram í:** Það þraut ræðuna.) (**SJS:** Seinni ræðan er eftir.) en hann á seinni ræðuna eftir.

Virðulegur forseti. Ég hafði í upphafi þessarar umræðu ekki hugsað mér að halda hér ræðu. En eftir að ég fór að fletta þingskjölum og hafði áttað mig á því að nánast öll stærstu hagsmunasamtökin í íslensku atvinnulífi, verkalýðshreyfingin, atvinnurekendur, samtök iðnrekenda, Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun vara mjög harðlega við því að þetta skref sé stigið sem nú er verið að stíga eða ríkisstjórnin ætlar að stíga, en ég hlýt að gera mér vonir um að takist að koma í veg fyrir, þá hlýtur maður að spyrja: Hvað er að gerast? Og það næsta sem vaknaði í mínum huga var þetta: Það hlýtur þá að vera þannig að mennirnir hafi eitthvað annað í bakhöndina og þeir séu búnir að leggja niður fyrir sér hvað eigi að koma í staðinn til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi. Ég hef því spurt stjórnarliða í hliðarsölum og göngum hvað eigi að koma í staðinn. Það eru engin svör. Og ég hlýt að varpa þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh.: Hvað á að koma í staðinn? Því að eitt eru allir þessir aðilar sammála um: Það verður að vera einhver sveiflujöfnun í okkar sveiflukennda atvinnulífi. Svörin eru eitthvað á þá leið að það verði að byrja

þetta alveg frá nýjum grunni, það verði að beita nýjum og ferskum aðferðum, en það virðist enginn geta svarað því hvaða aðferðir það eigi að vera. Hér stendur maður því og spyr: Hverju á þetta að sæta? Hvernig ætla menn að bregðast við?

Manni verður það fyrst á að hugsa: Er meiningin að jafna þetta út með gengissveiflu? Með hækkun gengis á þeim tímum þegar vel gengur í sjávarútvegi? Svarið við þessu hlýtur að vera nei því að það getur ekki verið að menn ætli á þann hátt að láta uppsveifluna í sjávarútveginum ganga út yfir aðrar atvinnugreinar. Ég trúi því ekki að það sé meiningin að láta söguna frá miðjum og fyrri hluta síðasta áratugs endurtaka sig þar sem hækkað og hátt raungengi krónunnar gerði það að verkum að ýmsum greinum iðnaðar blæddi út á örfáum árum. Þetta getur ekki verið meiningin í dag á þeim grunni sem lagður var í tíð fyrri ríkisstjórnar með þjóðarsáttarsamningunum og þeim stöðugleika sem síðan hefur vissulega ríkt að nokkru leyti í íslensku efnahagslífi. Það getur ekki verið að það sé meining manna að eyðileggja þann árangur fyrir 200 millj. í ríkissjóð á árinu 1994.

Þá verður manni næst á að spyrja: Stendur til að jafna þetta út með veiðileyfagjaldi, með auðlindaskatti? Er hægt að hugsa sér að þetta óskabarn kratanna verði notað til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi? Sjá menn það fyrir sér að það verði hægt að vera með í gangi breytilegt verðjöfnunargjald eftir því hvernig kaupin ganga á eyrinni í sjávarútveginum og jafna sveiflurnar út á þann hátt? Það getur vel verið að einhverjir hugsi á þann hátt. En við skulum aðeins skoða það dæmi betur. Hvernig kæmi það út fyrir ríkissjóð því að væntanlega reikna menn með að þessar tekjur renni í ríkissjóð? Það mundi þýða það að tekjur ríkissjóðs mundu lækka á samdráttartímum og hækka samsvarandi þegar þensla ríkti í þjóðfélaginu. Það getur vel verið að einhverjum fyndist að þetta væri bara allt í lagi. En hvernig kemur þetta út miðað við aðrar hagfræðikenningar sem segja okkur það að það sé skynsamleg hagfræði að ríkið dragi úr sínum umsvifum þegar þensla er í þjóðfélaginu en auki þau að einhverju leyti í lægðinni og menn beiti þannig í raun ríkissjóði til þess að draga úr sveiflunum? En ef menn ætluðu að fara þessa leið með mishátt veiðileyfagjald til þess að draga úr hagsveiflum sem stafa m.a. af misháu hitastigi sjávarins þá eru menn farnir að vinna þvert á móti þessari stefnu og manni verður þá næst á að spyrja: Er þá meiningin að hækka aðra skatta þegar samdráttur er í þjóðfélaginu á sama tíma og tekjur einstaklinganna væru að dragast saman? Ég hef ekki trú á að menn hugsi sér það. Ég held að það væri pólitískt algerlega ófær leið þannig að þá stæði bara eftir að menn yrðu að jafna þetta út með mikilli lántöku ríkissjóðs á móti þessum sveiflum.

Ég dreg þá niðurstöðu af þessum hugleiðingum mínum og tek ég þá enga efnislega afstöðu í þessum málum til veiðileyfagjalds, mín afstaða er reyndar ljós hvað það snertir að ég tel að við núverandi aðstæður sé það fráleitt, en af þessu hlýt ég hins vegar að draga þá ályktun að jafnvel þó að óskabarn kratanna kæmist til framkvæmda, veiðileyfagjaldið, þá væri eftir sem áður full nauðsyn á að hafa tæki eins og Verðjöfnunarsjóðinn til þess að draga úr sveiflum sem stafa af því hvað þessi aðalatvinnuvegur okkar er sveiflukenndur og það af náttúrulegum ástæðum sem við ráðum illa við. Þetta gæti gengið upp ef menn væru að leggja auðlindaskatt á auðlind sem væri þekkt og mæld, ef það væri námugröftur, og menn gætu áætlað fram í tímann nákvæmlega hvað þeir ætluðu að taka á hverju ári og sjálfsagt nánast í hverjum mánuði. Mér sýnist því augljóst út frá þessu að menn hafi ekki eina einustu hugmynd um hvað þeir ætla að láta taka við og það eigi bara að láta skeika að sköpuðu.

Þetta leiðir síðan hugann að umræðu um sjávarútvegsmál á þessu kjörtímabili sem hefur einkennst af stöðugum vandræðagangi og kannski því öðru fremur að þar hefur ekkert samkomulag verið milli stjórnarflokkanna frekar en á öðrum sviðum og er okkur þó sagt að það sé búið að leggja í mikla vinnu. Alþfl. hefur haldið sig við þá stefnu að þetta mál ætti að leysa með auðlindaskatti. Þeir hafa hins vegar ekki útfært þá leið á nokkurn hátt. Þeir hafa á sama tíma sagt að núverandi kerfi sé byggðafjandsamlegt, það færi aflaheimildirnar á stöðugt færri hendur og oft og tíðum hafa menn uppi stór orð um sægreifa og önnur orð þaðan af verri. Nú er ég ekki að segja að orðið „sægreifi" sé út af fyrir sig slæmt en það hefur verið notað í neikvæðri merkingu og önnur orð þaðan af verri um duglega athafnamenn sem hafa á síðustu árum byggt upp sín fyrirtæki.

Ég hlýt að spyrja fulltrúa Alþfl. í þessari umræðu — og nú ber verra við því ég sé það að hér í þingsalnum er enginn alþýðuflokksmaður og síðast þegar ég leit á töfluna var enginn alþýðuflokksmaður í húsinu. Ég hlýt að spyrja virðulegan forseta hvort hafi verið ráðin bót á því.

(**Forseti** (VS): Forseti getur svarað því að það mun ekki vera.)

Já, það mun svo vera, það er enginn alþýðuflokksmaður í húsinu. Þá er eftir sá möguleiki að einhverjir þingmenn Alþfl. sem ekki leggja í að vera við þessa umræðu og ætla hæstv. sjútvrh. og hv. 3. þm. Reykn. að bera þessa umræðu uppi og koma þessu máli í gegn fyrir stjórnarflokkana, það getur verið að einhverjir alþýðuflokksmenn horfi á þessa umræðu á Sýn og ég mun því halda ræðu minni áfram hvað snertir viðhorf þeirra.

Alþfl. skuldar okkur skýringar á því hvernig auðlindaskatturinn á að bæta úr þeim vanköntum sem þeir telja vera á núverandi kerfi og ég nefndi hér áðan. Þeir skulda okkur skýringar á því hvernig auðlindaskatturinn á að koma í veg fyrir að það verði hrun í einstökum byggðarlögum og hvernig hann á að koma í veg fyrir það að aflaheimildirnar og rétturinn til að sækja í sjóinn færist á færri hendur. Ég er þeirrar skoðunar og ég byggi það m.a. á því að meðan við búum við eins takmarkaða auðlind og nú er þá hljóti auðlindaskatturinn að byggjast á aflamarkskerfi og ég er þeirrar skoðunar að ef það ætti eingöngu að ráðast af því hver gæti boðið hæst í þann pott sem væri boðinn upp

hjá ríkinu einu sinni á ári eða sjaldnar þá sé það alveg augljóst að það muni flýta en ekki seinka þeirri þróun að aflamarkið færist á færri hendur.

Alþfl. segir einnig að smábátaútgerð sé sú hagkvæmasta og það beri að hlúa að henni. Landssamband smábátaeigenda er aftur á þeirri skoðun að þeir geti við núverandi kerfi engan veginn keppt við stærri aðilana og hvernig í ósköpunum ættu þeir þá að geta gert það eftir að það verður ekkert annað heldur en það hver getur á einhverju árabili boðið hæst í aðganginn að miðunum? Staðreynd málsins er nefnilega sú að við núverandi kerfi hafa menn þá vörn að þeir ráða yfir sínu aflamarki og það getur í raun enginn tekið það af þeim nauðugum. Vissulega horfi ég fram hjá því að upp geta komið þær aðstæður hjá einstaklingum og fyrirtækjum rekstrarlega að menn sjái ekki aðra leið en selja sitt aflamark. En það sem ég er að reyna að rökstyðja hér er það að við núverandi kerfi hafi menn þó ákveðna vörn og að oft og tíðum sé það þannig að það að menn fá þessum aflaheimildum úthlutað, einstakir útgerðarmenn og einstakar byggðir, það geti reynst mönnum nokkur vörn gagnvart því sem annars væri.

Ég vil einnig benda á að það er ekkert nýtt og það kom ekki til með kvótakerfinu að einstakar byggðir töpuðu að verulegu leyti lífsbjörginni vegna þess að fyrirtækið færi á hausinn, þyrftu að selja frá sér skip eða þá hitt að útgerðarmenn einfaldlega flyttu á milli landshluta auk þess sem sú staða er nú komin upp, sem allir vita sem fylgjast með, að landið er í raun allt orðið ein verstöð, sá afli sem landað er á Suðurnesjum, það er undir hælinn lagt hvort hann er unninn þar, norður á Sauðárkróki, Siglufirði eða Dalvík svo að ég nefni einhver dæmi.

Þá hefur það einnig komið fram hjá talsmönnum veiðileyfagjalds, þeim sem eitthvað hafa lagt á sig til að hugsa áhrif þess að við núverandi aðstæður væri ekki hægt að setja það á nema samhliða og í upphafi kæmi nokkuð stór gengisfelling. Það leiðir aftur hugann að því hvers konar hagstjórnartæki gengisfellingar eru og ég verð að viðurkenna það, virðulegur forseti, að með árunum verð ég sífellt minni aðdáandi gengisfellingar sem hagstjórnartækis, tel til að mynda að sú gengisfelling sem gerð var á síðasta ári hafi runnið út í sandinn á ótrúlega skömmum tíma. Staðreyndin er nefnilega sú að gengisfellingar jafnast út á lengri eða skemmri tíma og það er ekki hægt að hugsa sér stóra gengisfellingu sem varanlegt hagstjórnartæki til þess að jafna út skilyrði auk þess sem skuldastaða sjávarútvegsins er slík um þessar mundir að það er nokkuð ljóst að um nokkurt árabil mundi bætt afkoma í sjávarútvegi fara að nokkru leyti í að greiða niður skuldir.

Það er komið hér fram að útvegsmenn séu á móti Verðjöfnunarsjóði og það séu rökin fyrir því að menn vilji fella hann niður. Það er eflaust rétt að einhver hluti útvegsmanna, hreinna útgerðaraðila, sé á móti þessari aðgerð og vissulega eru þeir á móti þessari aðgerð. Að sjálfsögðu hugsar góður útvegsmaður númer eitt um hag síns fyrirtækis í þrengstu merkingu. Hann er e.t.v. ekkert að hugsa um það hvaða áhrif þetta kynni að hafa á viðkvæmar greinar eins og ferðaþjónustu eða útflutningsiðnað. Og það er heldur ekki hlutverk hagsmunasamtaka þeirra að gera það. En það er hins vegar hlutverk stjórnmálamanna að gera það og þar er hæstv. núv. ríkisstjórn að bregðast. Alþingi og ríkisstjórn ber í þessu máli að hlusta á varnaðarorð Seðlabanka og Þjóðhagsstofnunar. Ég hef að vísu ekki langan þingferil að baki en ég minnist þess ekki áður að hafa séð stjfrv. sem hefur fengið sömu viðtökur hjá öllum þessum stærstu hagsmunaaðilum en sem á engu að síður að knýja í gegn. Og ég hef því miður grun um að hæstv. ríkisstjórn sé hætt að hlusta á þessa ráðgjafa sína.

Það kom fram á fundi hjá efh.- og viðskn. í morgun um frv. um stækkun atvinnusvæða á Vestfjörðum að það hafi ekkert verið hlustað á forstjóra Þjóðhagsstofnunar hvað það snertir. (**Sjútvrh.:** En ef Seðlabankinn vill hækka vexti, eigum við þá að hlusta á hann?) Virðulegur forseti. Hæstv. ráðherra spyr hvort eigi að hlusta á Seðlabankann þegar hann vill að vextir séu hækkaðir. Það hlýtur að fara eftir aðstæðum á hverjum tíma og því miður, hæstv. ráðherra, ef við skoðum síðustu ár, þá var það nú ekki á Seðlabankanum sem strandaði varðandi vaxtalækkun. Ef ég man rétt, þá var það fyrst og fremst viðskrh. sem sat í þeim stóli um 6 ára tímabil sem var harðasti talsmaður þess að það bæri að halda uppi vöxtum. (**Sjútvrh.:** Það fer eftir aðstæðum hvort það á að hlusta.) Það fer ekki eftir aðstæðum og allan þann tíma talaði ég með vaxtalækkun. En ég tel, hæstv. ráðherra, að þegar varnaðarorð allra þessara aðila fara saman, verkalýðshreyfingarinnar, atvinnurekenda, samtaka iðnaðarins, Þjóðhagsstofnunar, Seðlabanka, þá eigi að hlusta. Ég hygg reyndar líka að meiri hluti þessara samtaka sem ég nefndi hafi öll undanfarin ár sagt að það bæri og það ætti að lækka vexti og það hefði átt að hlusta á samnefnara þeirrar raddar þannig að ég tel að frammíkall hæstv. ráðherra falli í raun um sjálft sig.

Eins og kom fram hér áðan þá sá forstjóri Þjóðhagsstofnunar enga glóru í því frv. sem hafði verið lagt fram um sérstaka aðstoð til Vestfjarða og taldi að það væru engin gögn, það lægju ekki frammi nokkur opinber gögn sem bentu til að til þess væri ástæða. Það er kannski það eina góða við það frv. að það er ekkert í því — og ég hef nú reyndar trú á því að ég deili þessari skoðun með hæstv. sjútvrh. þannig að samþykkt þess skipti engu til né frá. En það er hins vegar alveg ljóst að þær aðgerðir þó smáar séu eru sértækar af öllu því sértæka sem við höfum séð hér á hinu háa Alþingi því aðgerðin er bundin við einn landshluta, hún er bundin við það að fyrirtæki sameinist og hún er bundin við það að þau séu í sveitarfélögum sem einnig sameinist. En við urðum þess hins vegar áskynja í efh.- og viðskn. þegar við fórum vestur á firði að þar sjá menn e.t.v. við þessari sameiningarumræðu og þau sveitarfélög sem sjá fram á að þau þurfi að sameinast öðru til að geta notið framlags sjái sér þann leik á borði að þau velji sér hvert einn hrepp í Djúpi til þess að sameinast. Lengst mun það vera komið með Hólmavík. Þar eru uppi umræður um sameiningu við innsta

hreppinn í Djúpinu, sem ég man nú ekki nafnið á í augnablikinu, (**JónK:** Nauteyrarhreppur.) Nauteyrarhrepp. Vestfirðingar hafa alla tíð verið ráðagóðir og þeir munu væntanlega sjá við þessu.

Ég er hins vegar ekki að segja að það verðjöfnunarkerfi sem hér var í gangi síðast hafi verið heilagt og þar hafi ekki einhverju mátt breyta. Ég sá dæmi þess, það var fyrsta verk sem ég sinnti eftir að ég var kosinn á þing á þessu kjörtímabili að ég var á sumrinu 1991 boðaður á fund norður á Blönduós með öðrum þingmönnum, við vorum reyndar ekki nema tveir sem mættum, til þess að ræða um vanda rækjuvinnslunnar sem taldi sig þá vera í miklum vanda þó svo ég hyggi að þeir teldu sig nokkuð góða í dag ef þeir hefðu búið við þau verð sem þá voru uppi. En mér var eiginlega mest brugðið þegar ég sá hvernig hafði verið farið með öflugan Verðjöfnunarsjóð sem hafði verið byggður upp á miðjum 9. áratugnum. Þá voru reglurnar þannig, nú man ég ekki ártölin nákvæmlega, en einhvern tíma í kringum 1985 var rækjuverð geysihátt og það voru teknar drjúgar upphæðir í verðmiðlunarsjóð. Síðan á árunum 1988–1989 lækkaði verð niður fyrir þau viðmiðunarmörk að ætti að fara að greiða út. Niðurstaðan varð sú að áður en í raun fór nokkuð að halla undan fæti í greininni miðað við það sem seinna var var búið að greiða Verðjöfnunarsjóðinn út að fullu.

Að sjálfsögðu mega svona hlutir ekki koma fyrir og það verður að byggja sjóðinn upp þannig að hann þjóni betur tilgangi sínum og ég tel reyndar að þar höfum við verið búnir að stíga ákveðin skref. Það var búið að hreinsa mikið til í þessu sjóðakerfi og skilja þar eingöngu Verðjöfnunarsjóðinn eftir og binda hann við einstök fyrirtæki þannig að menn voru á réttri leið og það væri miklu skynsamlegra, hæstv. sjútvrh., að halda áfram á þeirri braut og þróa þetta sveiflujöfnunartæki sem allir eru sammála um að þurfi að vera til staðar. Ég hlýt að varpa þeirri spurningu til stjórnarliðsins af því að það stendur nú allt saman hér við hlið ræðustólsins, standa hér allir tveir, ég hlýt að varpa þeirri spurningu til þeirra hvort þeir séu ekki sammála mér í því að við verðum að hafa sveiflujöfnunartæki í sjávarútveginum. Ég hygg í það minnsta ef maður má fara svo náið út í persónulega hagi einstakra þingmanna, ég hygg reyndar að mágur hv. 3. þm. Reykn., forstjóri Þjóðhagsstofnunar, sé eindregið þeirrar skoðunar og reyndar kemur það fram í nefndaráliti sem hér hefur verið lagt fram.

Að lokum örfá orð almennt um fiskveiðistefnuna á þessu kjörtímabili. Svona út í frá kemur það þannig út að það sé ... Virðulegi forseti. Það hefur rekið á fjörur mínar miða þar sem stendur að fundi verði slitið þegar ég ljúki ræðu minni og þá, virðulegur forseti, þá vil ég tilkynna það að þá hyggst ég ekki tala lengur en svona til tvö. En út á við ... (**JónK:** Í nótt eða á morgun?) Það var ekki tilgreint. Út á við kemur þetta þannig út að ef Arthur Bogason, formaður Landssambands smábátaeigenda, byrstir sig, þá skjálfi allt stjórnarliðið. Maðurinn enda stór og hraustur en það eru eiginlega nánast ótrúleg þau áhrif sem þessi samtök hafa á mótun sjávarútvegsstefnunnar vegna þess að á umliðnum árum hafa þau að mínu mati verið sjálfum sér verst og það hefði verið langsamlega heppilegast fyrir þá sem höfðu smábátaútgerð að sinni aðalatvinnu þegar kvótakerfið var sett á, það hefði verið langsamlega heppilegast fyrir þá að þeir hefðu farið undir aflamark þá þegar. Það eru þeir sem hafa verið þolendur þess stríðs sem maður hefur ekki alltaf vitað fyrir hvaða hagsmuni var barist eða gegn hverjum sem Landssamtök smábátaeigenda hafa haldið uppi á umliðnum árum. Enda hygg ég að það sé til þess að gera auðvelt fyrir fámennan hóp að ná þar öllum völdum og tala þar fyrir munn alls hópsins, enda stefnir í það núna í því frv. sem ríkisstjórnin lagði fram í vetur og það sem við höfum séð í blöðum um þær tillögur, sem nú er verið að vinna, að það stefnir í það að 21 þús. tonn af þorski verði sett í þann pott sem smábátunum verði síðan ætlað að takast á um. Og hvaðan er svo þetta 21 þúsund tonn af þorski tekið og hverjir njóta þess? Það er í stuttu máli þannig að þetta verður svo tekið af stærri skipum og togurum sem hafa hæst hlutfall af þorski. Það kemur þyngst niður á norðausturhluta landsins, að einhverju leyti Vestfjörðum. En hverjir njóta? Vegna staðhátta og sóknar verða það ekki smábátaeigendur á því landsvæði. Það verða smábátaeigendur á svæðinu frá sunnanverðum Vestfjörðum og að Reykjanesi.

Nú segja menn: Þetta er allt í lagi því að þetta eru allt sægreifar sem eiga þennan þorskkvóta fyrir norðan og austan og það er allt í lagi að þeim blæði. En við skulum aðeins skoða það nánar.

Það gæti nú verið að það kæmi við fleiri en sægreifana og mörg af þessum fyrirtækjum eru reyndar í almannaeigu, eru samvinnufélög, í meiri hluta bæjarfélaga svo að eitthvað sé tínt til. En menn gleyma þarna stærsta hópnum og ég hef stundum velt fyrir mér í þessari umræðu allri. Hvar eru talsmenn togarasjómanna? Hvers vegna heyrist ekki rödd þeirra í þessari umræðu? Menn gleyma því nefnilega að sjómennirnir á togurunum deila reyndar hlut með sægreifunum og það gleymist oft að þetta kemur við fleiri einstaklinga heldur en þá sem gera út smábáta. Þær skipta hundruðum fjölskyldurnar í Norðurl. e. einu sem eiga meiri hluta fjölskyldutekna sinna undir atvinnutekjum sjómanna á togurum og ég skora nú á talsmenn þessa hóps að láta nú til sín heyra varðandi þetta atriði, láta ekki endalaust kæfa þá umræðu með illa rökstuddum upphrópunum um sægreifa.

Virðulegur forseti. Ég lýk nú máli mínu og ég vona að það valdi ekki sérstökum vonbrigðum að ég nota ekki þann tíma að fullu sem rétt hafði verið um að fundir stæðu í kvöld.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 23:52.

133. FUNDUR

föstudaginn 15. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Leigubifreiðar, stjfrv., 514. mál, þskj. 794. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Leigubifreiðar, frv., 527. mál, þskj. 824. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Leigubifreiðar, frv., 585. mál, þskj. 915. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
4. Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, stjfrv., 553. mál, þskj. 864. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
5. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 290. mál, þskj. 369, nál. 936. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Samfélagsþjónusta, stjfrv., 354. mál, þskj. 546, nál. 935, brtt. 934. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 350, nál. 891 og 940, brtt. 892. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 126, nál. 681, brtt. 682. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Lögheimili, frv., 72. mál, þskj. 75, nál. 790 og 826, brtt. 827. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
10. Brunatryggingar, stjfrv., 577. mál, þskj. 896. — 1. umr.
11. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, stjfrv., 578. mál, þskj. 897. — 1. umr.
12. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668. — Frh. 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjals:

Stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins, 521. mál, svar landbrh., þskj. 943.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 514. mál (aðild að stéttarfélagi, umsjónarnefndir sendi- og vörubifreiða). — Þskj. 794.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:35]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKJ, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Frv. BBj o.fl., 527. mál (aldurshámark bifreiðastjóra). — Þskj. 824.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, DO, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, SighB, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Leigubifreiðar, frh. 1. umr.

Frv. SvG og SJS, 585. mál (skipan umsjónarnefnda). — Þskj. 915.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]

Frv. vísað til 2. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til samgn. án atkvgr.

Atvinnu- og búseturéttur launafólks innan EES, frh. 1. umr.

Stjfrv., 553. mál. — Þskj. 864.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:37]

Frv. vísað til 2. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

12 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, FI, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, StG, VE) fjarstaddir.

Frv. vísað til félmn. án atkvgr.

Brunavarnir og brunamál, frh. 2. umr.

Stjfrv., 290. mál (löggilding slökkviliðsmanna). — Þskj. 369, nál. 936.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:38]

1. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, FI, GJH, GHelg, IBA, JVK, LMR, MF, ÓRG, SigG, StG, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, StG, VE) fjarstaddir.

Samfélagsþjónusta, frh. 2. umr.

Stjfrv., 354. mál. — Þskj. 546, nál. 935, brtt. 934.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:40]

Brtt. 934,1 samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, SvG, VE) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, VE) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

9 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 934,2 samþ. án atkvgr.

3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 934,3 samþ. án atkvgr.

4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 934,4 samþ. án atkvgr.

5. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

6.–7. gr. samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (ÁJ, BBj, GJH, GunnS, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 934,5 samþ. án atkvgr.

8. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

9.–10. gr. og ákv. til brb. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (ÁJ, BBj, FI, GJH, IBA, JVK, LMR, ÓRG, SigG, VE) fjarstaddir.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 2. umr.

Stjfrv., 275. mál (yfirstjórn). — Þskj. 350, nál. 891 og 940, brtt. 892.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:45]

Brtt. 892,1 samþ. með 45:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, HG, ISG, JÁ, KHG, KE, SHl, SJS, SvG.

1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:45]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Við kvennalistakonur höfum ætíð viljað efla og styrkja umhvrn. Við teljum sjálfsagt að flytja málaflokka sem eðlilega heyra undir umhvrn. sem eru í öðrum ráðuneytum til umhvrn. Þetta frv., sem við erum nú að greiða atkvæði um, gerir ráð fyrir að flytja matvælaeftirlit og heilbrigðiseftirlit Hollustuverndar ríkisins frá heilbrrn. yfir til umhvrn. Ég tel að það muni hvorki styrkja né efla umhvrn. að þessir málaflokkar fari til þess ráðuneytis, heldur þvert á móti. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn þessu frv.

[10:46]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Eins og fram kemur í áliti meiri hluta allshn. og minni hluta umhvn. um þetta mál hafa engin viðhlítandi fagleg rök verið færð fyrir þeirri breytingu sem hér er lögð til í sambandi við Hollustuvernd ríkisins og þau málefni sem snerta heilbrigðiseftirlit að flytja það frá heilbrrn. til umhvrn., þar á meðal reglugerðir á þessu sviði sem snerta salerni, gistihús, matsöluhús og veitingastaði, rakarastofur, hárgreiðslustofur, nuddstofur og hvers konar aðrar snyrtistofur og margt fleira sem undir heilbrigðiseftirlit heyrir. Ég undrast það mjög að þetta skuli valið af hæstv. umhvrh. að taka við þessum málaflokki og enn frekar undrast ég að hæstv. heilbrrh. skuli telja það að málefni sem snerta jafnnáið heilbrigði mannsins skuli afhent frá heilbrrn. yfir til umhvrn. Það er margt annað sem þarf að gera til að efla umhvrn. áður en þessi breyting ætti að ná fram að ganga. Ég segi nei við þessu.

[10:48]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þótt færa megi ýmis rök fyrir því að þessi flutningur kunni að vera állitamál, þá hef ég talið mikilvægt að stuðla að því að efla og styrkja umhvrn. Við áttum þátt í því mörg hver í þessum sal að setja umhvrn. á laggirnar og það olli miklum ágreiningi. Ég tel okkur bera vissa ábyrgð á því að styrkja þetta barn á fyrstu árunum og þótt það væri hægt að finna ýmist annað form fyrir það, að fyrst vilji er fyrir því að flytja frá öflugu fagráðuneyti veigamikinn þátt til þessa nýja umhvrn. þá tel ég að athuguðu máli rétt að styðja það.

1. gr., svo breytt, samþ. með 42:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, JÁ, KHG, KE, SHl, SJS, SvG.

3 þm. (GÁ, ISG*, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, TIO, VE) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja nei.]

2.–4. gr. samþ. með 43:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, KHG, KE, SHl, SJS, SvG.

3 þm. (GÁ, JÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 892,2 samþ. með 43:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, HG, ISG, KE, SHl, SJS.

5 þm. (GÁ, GHelg, JÁ, KHG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, SvG, VE) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 43:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, HG, ISG, KE, SHl, SJS, SvG.

5 þm. (GÁ, GHelg, JÁ, KHG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, SHl, SJS, VE) fjarstaddir.

Lyfjaverslun ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 126, nál. 681, brtt. 682.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:52]

1. gr. samþ. með 44:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KE, MF, SvG.

2 þm. (ÓRG, SHl) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:52]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Við þingmenn Framsfl. styðjum þetta mál á grundvelli þeirra brtt. sem komið hafa fram á þskj. 682. Við munum hins vegar greiða atkvæði á móti 3. gr. frv. Við teljum að það standist ekki að gera breytingar á réttindum og skyldum starfsmanna ríkisins með þeim hætti að taka út einstaka starfsstéttir. Ef breytingar verða þar gerðar á, sem ýmis rök eru með og móti, þá þurfi gera það með almennum hætti. Við höfum gert grein fyrir þessari afstöðu okkar í öðrum málum og ég vísa til hennar, en að öðru leyti munum við styðja málið.

[10:53]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það kom fram í umræðum um þetta mál í gær að það standa nú yfir viðræður milli ríkisins og BSRB, sveitarfélaganna og Reykjavíkurborgar um framtíðarskipan hinna umdeildu mála sem vikið er að í 3. gr. þessa frv., þ.e. um stöðu launafólks hjá ríkisfyrirtækjum sem breytt er í einkafyrirtæki. Ég tel að með því að samþykkja þetta frv. núna og gera það að lögum sé verið að stofna þeim viðræðum öllum í stórfellda hættu. Ég tel því eðlilegast að leggja frv. til hliðar eins og ég nefndi í umræðunni í gær en fjmrh. hefur hafnað. Af þeirri ástæðu að hann hefur hafnað þessu mun ég greiða atkvæði gegn 1. gr. og að sjálfsögðu 3. gr. líka sem fjallar um hið umdeilda mál sem lýtur að samskiptum BSRB og ríkisins varðandi stöðu launamanna. Ég tel að ríkisstjórnin sé hér á háskalegri braut og skora enn á hæstv. fjmrh. að endurskoða afstöðu sína.

2. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

11 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KE, MF, ÓRG, SHl, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, GE, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

3. gr., fyrri málsl., samþ. með 43:5 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

nei: AÓB, HG, JÁ, MF, SvG.

6 þm. (GHelg, ISG, KHG, KE, ÓRG, SHl) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IBA, JVK, LMR, SigG, VE, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., síðari málsl., samþ. með 31:25 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, IBA, JóhS, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.

7 þm. (ÁJ, BBj, GJH, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[10:56]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta er kunnuglegt ákvæði sem hér er á ferðinni í síðari málsl. 3. gr. þar sem stendur til af hálfu löggjafans að ákveða það með lögum að tiltekin ákvæði laganna um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna skuli ekki eiga við. Nú er það ekki hlutverk löggjafans að túlka lög með þessum hætti heldur dómstólanna og enn fráleitara að standa í afgreiðslu á ákvæði af þessu tagi þegar mál af sambærilegum toga eru fyrir dómstólum.

Með vísan til þess einnig sem fram hefur komið um viðræður ríkisvaldsins og opinberra starfsmanna, þá er afgreiðsla þessa ákvæðis alveg fráleit við núverandi aðstæður. Ég gerði grein fyrir því við umræðu málsins og jafnframt því að ég áskil mér allan rétt til að hverfa frá stuðningi við þá málamiðlun sem hér er á ferðinni í formi tillögu efh.- og viðskn. ef ekki tekst ásættanleg niðurstaða varðandi meðferð þeirra mála

sem snúa að réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. En efh.- og viðskn. mun væntanlega kanna málið milli umræðna og vita hvernig þau mál standa áður en kemur til lokaafgreiðslu á málinu.

[10:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Við síðustu atkvæðagreiðslu sem hér fór fram í þessu máli var samþykkt sú regla sem kemur fram í fyrri málsl. 3. gr. þar sem segir að fastráðnir starfsmenn Lyfjaverslunar ríkisins skuli hafa rétt til að starfa hjá hinu nýja félagi. (**SJS:** Þó það nú væri.) Í þessum lið sem hér er verið að greiða atkvæði um er hins vegar verið að aftengja 14. gr. laga nr. 38/1954. Ég tel að það sé að sjálfsögðu óeðlilegt að það starfsfólk sem vinnur sömu störf eftir breytinguna hjá nánast sömu aðilum þótt um formbreytingu sé að ræða hafi tvöföld laun, en um það fjallar þessi grein. Viðræður á milli aðila, ríkisins og BSRB, ganga ágætlega og fjalla um réttindamálin en eiga ekki að þurfa að tefja það mál sem hér er til umræðu. Þess vegna styð ég að sjálfsögðu frumvarpsgreinina eins og hún liggur fyrir.

Brtt. 682,1 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.

10 þm. (AÓB, GHelg, HG, JÁ, KHG, KE, MF, ÓRG, SHl, SvG) greiddu ekki atkv.

8 þm. (ÁJ, BBj, GJH, ISG, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

10 þm. (AÓB, GHelg, HG, JÁ, KHG, KE, MF, ÓRG, SHl, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, GJH, ISG, JVK, LMR, SigG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 682,2 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

5 þm. (HG, JÁ, MF, SHl, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (AÓB, ÁJ, BBj, GE, GJH, ISG, JVK, KE, LMR, SigG, VE, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

9 þm. (AÓB, GHelg, HG, JÁ, KHG, KE, MF, SHl, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, GJH, ISG, JVK, LMR, SigG, VE, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[11:00]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Ég vildi aðeins taka það fram að í þessari brtt. við 5. gr. sem hefur verið hér til atkvæða er gert ráð fyrir því að þetta fyrirtæki taki til starfa 1. maí 1994. Það liggur fyrir að það getur ekki orðið og þess vegna þarf þetta mál að koma til endurskoðunar á milli 2. og 3. umr.

Brtt. 682,3 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VG, VS, ÞorstP.

10 þm. (AÓB, GHelg, HG, ISG, JÁ, KHG, KE, MF, SHl, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁJ, BBj, FI, GJH, JVK, LMR, SigG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, BBj, EKJ, GÁ, GJH, JVK, LMR, SigG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Lögheimili, frh. 2. umr.

Frv. ÓÞÞ, 72. mál (dvalarheimili aldraðra). — Þskj. 75, nál. 790 og 826, brtt. 827.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:05]

Brtt. 827,1 (ný efnismgr. 1. gr.) samþ. með 30:24 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, KE, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.

nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SHl, StG, StH, SJS, SvG, VS.
1 þm. (AÓB) greiddi ekki atkv.
8 þm. (ÁJ, BBj, EH, GJH, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 827,2 (2. gr. falli brott) samþ. með 30:24 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, KE, MB, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StB, TIO, VG, ÞorstP, ÖS.
nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SHl, StG, StH, SvG, VS.
9 þm. (ÁJ, BBj, EH, GJH, JVK, LMR, SigG, SJS, VE) fjarstaddir.

3. gr. (verður 2. gr.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KHG, KE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VG, VS, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (ÁJ, BBj, GJH, IP, JVK, LMR, SigG, VE) fjarstaddir.

Brunatryggingar, 1. umr.

Stjfrv., 577. mál (heildarlög). — Þskj. 896.

[11:07]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Vegna skilyrða samkeppnisreglna EES-samningsins og til þess að aðgangur vátryggingarfélaga á brunatryggingarmarkaði hér á landi verði frjáls og jafn öllum á EES-svæðinu og að vátryggingartakar geti sjálfir valið það vátryggingarfélag sem þeir vilja skipta við. Vegna skyldubrunatryggingar þarf að afnema annars vegar einkarétt Húsatrygginga Reykjavíkurborgar á brunatryggingum í Reykjavík og hins vegar að fella niður heimild bæjar- og sveitarstjórna utan Reykjavíkur til að binda húseigendur í sveitarfélaginu við vátryggingarfélag sem þau hafa samið við.

Í frv. því sem hér liggur frammi er lagt til að lög nr. 25/1954, um brunatryggingar í Reykjavík, og lög nr. 59/1954, um brunatryggingar utan Reykjavíkur, verði felld úr gildi og í staðinn komi ein lög um brunatryggingar, enda er eðlilegt að ein lög gildi í landinu öllu um þessi mál. Gert er ráð fyrir að brunatrygging verði eftir sem áður skylduvátrygging.

Í ákvæði til bráðabirgða í frv. er kveðið á um sérstaka aðlögun að hinu nýja fyrirkomulagi í og utan Reykjavíkur auk ákvæða um framhald starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur. Í bráðabirgðaákvæðinu er gert ráð fyrir að húseigendur utan Reykjavíkur verði bundnir af gerðum samningum og skilmálum til ársloka 1994 en geti eftir það valið það vátryggingarfélag sem þeir kjósa að undangenginni tilkynningu um uppsögn ásamt staðfestingu á því hvar þeir verði brunatryggðir. Að öðrum kosti framlengist vátrygging til eins árs í senn.

Í bráðabirgðaákvæðinu er sérstaklega fjallað um framhald starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur. Undanþága sú sem Húsatryggingar Reykjavíkur hafa í EES-samningnum gildir áfram að öðru leyti en því að einkaréttur þeirra til brunatrygginga er afnuminn. Skilyrði þess að undanþágan gildi áfram um rekstrarformið er þó sú að Húsatryggingar breyti í engu fyrirkomulagi eða umfangi starfsemi sinnar.

Húseigendur í Reykjavík geta með sama hætti sagt upp brunatryggingum sínum frá og með 1. jan. 1995 enda hafi þeir tilkynnt það til Húsatrygginga Reykjavíkur fyrir 30. nóv. nk. ella endurnýjast tryggingin til eins árs í senn.

Um önnur ákvæði þessa frv. er ekki ástæða til að fjölyrða enda eru þau í samræmi við ákvæði eldri laga um brunatryggingar í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Þó er rétt að geta þess að frv. gerir ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins skuli framvegis annast virðingu skylduvátryggðra húseigna í stað dómkvaddra matsmanna áður. Er að mati ýmissa talið heppilegt að sami aðili annist framkvæmd fasteignamats og virðingar til brunatryggingar. Á hinn bóginn hefur á það verið bent og athugasemdir komið fram um það að þennan þátt frv. þurfi að skoða nánar og legg ég til og tel eðlilegt að hv. nefnd fari um það höndum og skoði þann þátt sérstaklega.

Virðulegi forseti. Eins og áður sagði er þetta frv. eitt svokallaðra EES-frumvarpa. Það er því mjög brýnt að frv. hljóti afgreiðslu á þessu þingi. Ég leyfi mér því að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar í hv. heilbr.- og trn.

[11:12]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. er hér er um að ræða eitt af þeim frv. er tengjast samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er hins vegar svo að þetta frv., kannski ekki eins og það er nákvæmlega í þeirri mynd sem það liggur fyrir hér heldur hafa öll efnisatriði þessa frv. áður komið til kasta Alþingis og vegna ósamkomulags í stjórnarflokkunum þá gafst hvorki tækifæri né tími til þess að ganga frá málinu á síðasta vori. Nú hefur hins vegar að manni sýnist og ekki er annað vitað en að um þetta mál hafi náðst bærileg samstaða á milli stjórnarflokkanna og því birtist nú það frv. til laga um brunatryggingar sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur mælt fyrir. Það er að mörgu leyti mjög frábrugðið því sem áður var kynnt hér og á því er sú grundvallarbreyting að nú er ekki lengur skilið á milli annars vegar brunatrygginga í Reykjavík og brunatrygginga húseigna utan

Reykjavíkur. Ég kem kannski aðeins inn á þetta efnisatriði nánar síðar við umræðuna en eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir er í 1. gr. frv. gert ráð fyrir því að húseigendum sé skylt að vátryggja allar húseignir gegn eldsvoða. Það er auðvitað afskaplega mikilvægt. Ótti manna stóð hins vegar til þess þegar fyrra mál var hér til umræðu að þetta atriði yrði hugsanlega ekki tryggt ef losað yrði um einkarétt Húsatrygginga Reykjavíkur á brunatryggingu fasteigna í Reykjavík.

Varðandi 2. gr. frv., eins og hæstv. ráðherra gerði grein fyrir, þá er gert ráð fyrir því að Fasteignamat ríkisins skuli annast virðingu skylduvátryggðra húseigna. Markmið virðingar er að finna hið sanna vátryggingarverðmæti þ.e. brunabótamat á þeim tíma er virðing fór fram. Síðan er hins vegar gert ráð fyrir því í greininni að sé annar hvor aðili ósáttur við virðinguna þá geti hann óskað yfirmats.

Með þessari breytingu sem hér er verið að leggja til og í tengslum við hana langar mig að vitna í grein eftir Jón G. Tómasson borgarritara í Morgunblaðinu í gær þar sem hann lýsir því yfir og er rétt að þessi virðing hefur farið fram á öllum húseignum í Reykjavík. Taki Fasteignamat ríkisins þetta að sér og verði sú breyting gerð þá spyr ég hæstv. ráðherra að því hvort til standi að slíkt mat fari aftur fram. Verði sú krafa uppi að slíkt mat fari fram eins og frv. gerir núna ráð fyrir þá er hér um skattlagningu á Reykvíkinga að ræða upp á í kringum 18 millj. kr. ef ég man rétt. Og ef ég vitna hér í áðurnefnda blaðagrein í Morgunblaðinu eftir Jón G. Tómasson, þá segir þar, með leyfi forseta: „Árlegur skattur á húseigendur í Reykjavík gæti því orðið um 18 millj. kr. og um 40 millj. kr. á húseigendur á landinu öllu."

Nú hygg ég að það sé svo að virðingar á fasteignum hafi farið fram, ekki bara hér í Reykjavík heldur einnig annars staðar á landinu og ég ítreka þá spurningu til hæstv. ráðherra hvort það sé meiningin að láta fara fram endurmat á þeim eignum sem búið er að meta og láta þá greiða fyrir þetta.

Í öðru lagi er í 2. gr. gert ráð fyrir grundvallarbreytingu á matinu þannig að nú skuli Fasteignamat ríkisins annast alla þessa matsgerð og eins og segir í 2. gr. þá er það gert til þess að tryggja að það sé sambærilegt mat alls staðar á landinu og það sé framkvæmt af sömu aðilum. Þetta hefur verið með þeim hætti að það hafa verið dómkvaddir menn sem um þetta hafa séð og síðan hefur verið hægt að vísa því til yfirmats. Það hefur hins vegar verið gert í mjög fáum tilfellum eftir því sem upplýst hefur verið.

Mér hefði fundist eðlilegra að snúa þessu við og hafa þetta með svipuðum hætti og það er í dag að það séu dómkvaddir menn sem annist matið en að Fasteignamat ríkisins geti hins vegar skorið úr og annast yfirmat komi til þess að ágreiningur sé um það mat er dómkvöddu mennirnir hafa lagt á eignirnar. Þessari athugasemd vildi ég koma hér á framfæri við 1. umr.

Í 2. mgr. 3. gr. frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Vátryggjanda er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld. Vátryggjanda er þá heimilt að víkja frá brunabótamatsfjárhæðinni eftir ákvæðum sem nánar er kveðið á um í reglugerð."

Nú er það svo að í 5. gr. þessa frv. er gert ráð fyrir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. fái mjög víðtækt vald til setningar reglugerðar. Mér finnst það orka tvímælis hvort það sé rétt að veita svo víðtækt vald í reglugerð eins og þarna er gert ráð fyrir, þ.e. að það geti verið háð reglugerðarákvæði hæstv. ráðherra um hversu mikið skuli greitt og þá vil ég vísa til þess að í 16. gr. núgildandi laga um Brunabótafélag Íslands, nr. 9/1955, segir svo, með leyfi forseta:

„Bætur fyrir tjón á húsum má aðeins greiða til þess að gera við hús sem skemmst hefur við bruna eða endurbyggja á sama stað hús er brunnið hefur, eða þar sem félagið í samráði við byggingarnefndir í kaupstöðum, kauptúnum og hreppsnefndir í sveitum ákveður og er félaginu skylt að tryggja áður en brunabæturnar eru greiddar að þeim sé réttilega varið.

Félaginu er heimilt að veita undanþágu frá byggingarskyldu samkvæmt ákvæðum fyrri málsgreinar greinar þessarar, þó svo að 15% af brunabótaupphæðinni sé þá dregið frá, nema almannahagur heimti að vikið sé frá þessu ákvæði um frádrátt eða ástæður sem tjónþola er ekki sjálfrátt um."

Í þessum lögum um Brunabótafélagið er þetta ákvæði alveg skýrt hvernig með skuli farið og því finnst mér það, eins og ég sagði áðan, orka tvímælis hvort svona víðtækt vald eigi að veita í reglugerð, hvort ekki sé eðlilegra að setja þetta inn í lagafrv.

Hitt er svo aftur annað mál að það orkar líka tvímælis hvort rétt sé að binda þetta með þessum hætti, og það veit ég að fram hafa komið athugasemdir um, hvort rétt sé að binda þetta við 15% ef ekki er um endurbyggingu að ræða. Það gæti verið svo — og ekki er ég að segja að það sé hið ákjósanlegasta — að á mörgum stöðum gæti sú staða komið upp að fyrirtæki brenni og það sé alls ekki æskilegt eða eðlilegt að það sé endurbyggt með tilliti til þess að það væri jafnvel betur komið að það væri ekki lengur til og þá vil ég vísa til frv. sem hér er í þinginu um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Og þá komum við að fiskvinnslufyrirtækjum þar sem menn eru að leita leiða til þess að fækka þeim. Ekki held ég að rétta leiðin sé að brenna þau en í mörgum tilfellum vaknar sú spurning hvort það sé eðlilegt að endurbyggja og ef ekki er um endurbyggingu að ræða þá vaknar sú spurning á hvaða verði eigi að greiða viðkomandi fasteign út.

Matsverð fasteigna er mjög mismunandi eftir því hvar þær eru staðsettar á landinu. Brunabótamatið er hins vegar nokkuð sambærilegt en gefur hins vegar að mörgu leyti alls ekki raunhæfa mynd af því hvert verðmæti eignanna er. Ef það yrði horfið frá brunabótamatsfjárhæðinni og þarna yrði sett inn markaðsverð þá væru menn hugsanlega að verðfella margar eignir úti um land. Að þessu þarf að gæta, ekki síst í ljósi þess að margar lánastofnanir hafa í raun og veru lánað út á þessar eignir á brunabótamatsverði af því að þær hafa staðið í þeirri trú að brunabótamatið væri í einhverju samræmi við markaðsverðið. Jafnvel er það svo að ef markaðsverðið yrði notað og horfið yrði frá bruna-

bótamatsfjárhæðinni þá mundu þau veðbönd sem á þessum eignum hvíla hugsanlega ekki standa undir markaðsverðinu á eigninni ef hún væri seld og yrði greidd út á því mati er talið væri markaðsverð. Það þarf því að skoða vel þær hugmyndir fram hafa komið og uppi eru um að breyta, en þetta mál hefur örlítið verið rætt í hv. heilbr.- og trn. áður en það kom til 1. umr., og þarf auðvitað að athuga slíka hluti.

Í 5. gr. frv. er gert ráð fyrir, eins og ég sagði áðan, mjög víðtæku valdi hæstv. heilbr.- og trmrh. til þess að gefa út reglugerðir. Að því finnst mér að við þurfum örlítið að gá og skoða nánar þegar málið kemur til frekari umfjöllunar hv. heilbr.- og trn.

Í 6. gr. frv. er gert ráð fyrir því að felld verði úr gildi lög um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, og lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur, nr. 59/1954. Og því er þetta frv. fram komið þar sem þetta er sameinað í einu og sama lagafrumvarpinu.

Á fund hv. heilbr.- og trn. hefur komið borgarritari í Reykjavík, Jón G. Tómasson, og gert nefndinni grein fyrir afstöðu Reykjavíkur til þessa máls. Einnig hefur borgarstjóri ritað nefndinni bréf þar sem gerðar hafa verið athugasemdir við frv. eins og það liggur nú fyrir. Þær athugasemdir snúa fyrst og fremst að 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða.

Í fyrsta lagi er lagt til af hálfu borgarstjórnar Reykjavíkur eða borgarráðs að heiti þessa frv. verði breytt þannig að það heiti frumvarp til laga um brunatryggingar utan Reykjavíkur og síðan verði vísanin í 6. gr. frv., þar sem gert er ráð fyrir að lög nr. 25/1954 verði felld úr gildi, verði felld út og það ákvæði efnislega samhljóða því sem er í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða verði sett inn í lög nr. 25/1954, um brunatryggingar húsa í Reykjavík.

Auðvitað er hér um gríðarlega mikla efnisbreytingu að ræða á frv. og ég spyr því hæstv. heilbr.- og trmrh.: Finnst hæstv. ráðherra það koma til greina að þessi breyting verði framkvæmd með þessum hætti?

Eins og þetta stendur nú í frv., 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða og síðasti málsliður þess ákvæðis hljóðar svo, með leyfi forseta: „Tekjur sem Reykjavíkurborg kann að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi.“

Það hafa komið fram athugasemdir af hálfu þeirra aðila sem mætt hafa til fundar við hv. heilbr.- og trn. að það sé hæpið að þetta ákvæði, eins og það stendur þarna, standist samkeppnisreglur EES.

Í 59. gr. EES-samningsins, þar sem fjallað er um samkeppnisreglur og aðrar reglur, er skýrt kveðið á um að opinber fyrirtæki eða fyrirtæki með einkaleyfi eða sérleyfi skuli aðlaga sig þessum samkeppnisreglum EES. Það er því hæpið að hægt sé að halda því fram að þetta ákvæði, eins og það stendur þarna nú, standist samkeppnisreglur EES. Þar fyrir utan er í 14. gr. nýrra samkeppnislaga gert ráð fyrir því að samkeppnisráði sé heimilt að gera athugasemdir við opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar. Eins og þetta er sett upp hér í frumvarpstextanum þá finnst mér að það orki mjög tvímælis hvort þetta standist, bæði samkeppnisreglur EES og eins 14. gr. samkeppnislaganna, nr. 8/1993. Því vil ég spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. að því áður en þetta frv. er hér lagt fram, hvort þessi hluti málsins hafi verið kannaður af ráðuneyti hæstv. ráðherra.

Að öðru leyti er margt ágætt í þessu máli. Mér finnst þær tillögur sem fram hafa komið frá borgarráði Reykjavíkur allrar athygli verðar og rétt að þær verði kannaðar alveg sérstaklega, ekki síst með vísan til þess sem fram kemur í áðurnefndri blaðagrein í Morgunblaðinu í gær eftir borgarritara, Jón G. Tómasson, þar sem því er haldið fram að verði Húsatryggingar Reykjavíkur lagðar niður og tryggingarstofninn sem þar er inni fluttur allur yfir til vátryggingarfélaganna þá geti það hugsanlega leitt til 47% hækkunar á iðgjöldum Reykvíkinga á brunatryggingum. Það væri auðvitað gríðarlega alvarlegt ef svo færi. Hins vegar liggja ekki að baki neinar rannsóknir í þessu eftir því sem ég veit best. En menn verða að hafa það í huga þegar slík breyting er gerð að við höfum samþykkt þessar samkeppnisreglur EES og við höfum samþykkt ný samkeppnislög og um leið og við erum að lögfesta slíka hluti þá verður það að vera alveg tryggt að við séum ekki að brjóta lög eða reglur á öðrum sviðum.

Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja frekar um þetta mál þar sem ég hef tækifæri til að fjalla um það í hv. heilbr.- og trn.

[11:29]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Hér er verið að mæla fyrir frv. til laga um brunatryggingar og hér er í rauninni má segja um framhald að ræða frá umræðu sem átti sér stað á síðasta þingi þegar heilbr.- og trn. fékk til umfjöllunar frv. til laga um breytingar á lagaákvæðum á sviði heilbrigðis- og tryggingamála vegna aðildar að samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Þetta var bandormur sem var hér til umfjöllunar og fól í sér breytingar á mjög mörgum lögum, þar á meðal breytingu á lögum um brunatryggingar utan Reykjavíkur, breytingu á lögum um Brunabótafélag Íslands og breytingu á lögum um brunatryggingar í Reykjavík, þ.e. reyndar gerði bandormurinn ráð fyrir því að lögin um brunatryggingar í Reykjavík féllu brott, eins og þau lögðu sig, að í heild sinni féllu þau brott og þar með yrðu Húsatryggingar Reykjavíkurborgar lagðar af.

Í umfjöllun í heilbr.- og trn. var þetta mál sérstaklega skoðað og þegar það kom aftur inn í þingið rétt undir vor þá komu fram brtt. bæði frá meiri hluta nefndarinnar og minni hluta. Meiri hluti nefndarinnar gerði þá brtt. á frv. að borgarstjórn Reykjavíkur ætti að hafa með höndum brunatryggingar húseigna í Reykjavík til ársloka 1994 en 1. júlí 1994 áttu brunatryggingar að falla niður og þá voru Húsatryggingar Reykjavíkurborgar skyldugar til að tilkynna húseigendum í Reykjavík að brunatrygging þeirra félli niður og þeir skyldu stofna til brunatryggingar hjá öðru vátryggingafélagi frá 1. jan. 1995. Þá er gert ráð fyrir því að íbúar í Reykjavík skuli stofna til trygginga annars staðar en hjá Húsatryggingum Reykjavíkurborgar.

Mönnum var þó ljóst að það yrði kannski einhver stofn eftir, að einhverjir einstaklingar mundu ekki ganga þannig frá sínum málum að tryggt væri að íbúðir væru tryggðar og þá var gert ráð fyrir því í brtt. meiri hlutans að borgastjórn Reykjavíkur, eins og segir hér, „skal þó skylt að semja við eitthvert vátryggingarfélag um yfirtöku þessa stofns í síðasta lagi 1. jan. 1995 að undangengnu útboði". Breytingartillaga meiri hlutans gerði sem sagt ráð fyrir því að skylda borgarstjórn Reykjavíkur til þess að vera með útboð á þessum tilteknu tryggingum, að einkavæða þær með einhverjum hætti.

Þetta mætti mikilli andstöðu í borgarstjórn Reykjavíkur og vegna andstöðu þaðan held ég og eins vegna andstöðu okkar í þinginu, stjórnarandstöðunnar í þinginu, þá fór þetta aldrei hér í gegn. Stjórnarandstaðan og minni hluti heilbr.- og trn. var hins vegar með brtt. í þessu efni sem gerðu ráð fyrir því að íbúar í Reykjavík gætu sagt sig undan Húsatryggingum Reykjavíkurborgar ef þeir óskuðu þess, þeim væri sem sagt frjálst að tryggja annars staðar ef þeir óskuðu þess, þannig að einkaréttur Húsatrygginga félli niður. En eftir sem áður yrði heimilt að starfrækja Húsatryggingar Reykjavíkurborgar. Það voru hugmyndir stjórnarandstöðunnar. Að borgin hefði heimild til þess að starfrækja Húsatryggingar Reykjavíkurborgar en einkaréttur hennar félli niður þannig að einstaklingurinn gæti sagt sig undan.

Nú sé ég að í frv. sem hér liggur fyrir, frv. til laga um brunatryggingar, hefur í rauninni þessi hugsun og hugmynd okkar í stjórnarandstöðunni frá síðasta þingi verið tekin upp, reyndar í ákvæði til bráðabirgða, þar sem segir, með leyfi forseta: „...einkaréttur Reykjavíkurborgar vegna brunatryggingar húseigna í sveitarfélaginu fellur niður frá og með 1. jan. 1995. Húseigendur skulu þó í síðasta lagi fyrir 30. nóv. 1994 tilkynna Húsatryggingum Reykjavíkur skriflega hyggist þeir flytja þessar tryggingar til annars félags."

Þannig er hugsunin sem við vorum með í okkar tillögum á síðasta þingi komin hér inn, en eins og ég segi er þetta ákvæði til bráðabirgða og eðli málsins samkvæmt gildir ákvæði til bráðabirgða til bráðabirgða. Því gef ég mér það að hugmyndin sé þá sú að þetta falli síðar meir brott og Húsatryggingar Reykjavíkurborgar falli niður. Ég vil a.m.k. spyrja hvort sú sé hugmyndin og það sé þess vegna sem þetta er sett inn í ákvæði til bráðabirgða.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur fjallað um þetta frv. og þar hefur m.a. komið fram andstaða við að þetta sé í ákvæði til bráðabirgða. Þeir vilja hafa sama hátt á og við lögðum til á síðasta þingi að það yrði hreinlega kveðið á um að einkaréttur Húsatrygginga Reykjavíkur félli niður og fólk gæti sagt sig þar undan og tryggt annars staðar en eftir sem áður væri gert ráð fyrir því að Húsatryggingar Reykjavíkurborgar störfuðu áfram. Þeir eru kannski enn þá með sömu hugmyndir og við í stjórnarandstöðunni á síðasta þingi.

Sá sem talaði á undan mér, hv. 11. þm. Reykv., Finnur Ingólfsson, var að velta því fyrir sér hvort frv. eins og það lægi fyrir núna og sérstaklega hvað varðar Húsatryggingar Reykjavíkurborgar samræmdist samkeppnislögunum og samkeppnisrétti á Evrópsku efnahagssvæði. Um það þarf í sjálfu sér ekki að velta óskaplega mikið vöngum vegna þess að þegar samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði var gerður þá fengu Húsatryggingar Reykjavíkurborgar undanþágu frá ákvæðum á sviði skaðatrygginga. Nú hafa reyndar þau ákvæði breyst og það er komin svonefnd þriðja skaðatryggingatilskipun á Evrópsku efnahagssvæði. Sú tilskipun útilokar hins vegar alls ekki að Húsatryggingar Reykjavíkurborgar geti starfað áfram í óbreyttu formi. Það eina sem hún krefst er að þetta einkaleyfi borgarstjórnar Reykjavíkur verði fellt brott. Ég vil spyrja hæstv. heilbr.- og trmrh. hvort þetta sé ekki réttur skilningur hjá mér og skilningur reyndar hjá borgaryfirvöldum, a.m.k. hjá borgarritara eins og hann hefur sett þetta fram. Ég hygg líka að Björn Friðfinnsson, fulltrúi Íslands í eftirlitsstofnun EFTA, hafi lýst þessu áliti jafnframt. Ég vil því spyrja hæstv. ráðherra hvort það sé ekki alveg skýrt að þessi undanþága sé enn í gildi enda er svo sem kveðið á um það í þessu ákvæði til bráðabirgða sem ég vitnaði hér áðan til að undanþágan gilti áfram þannig að í sjálfu sér komi þá ekki samkeppnislögin eða samkeppnisréttur EES neitt inn í þetta mál.

Ég vísaði til þess að borgaryfirvöld í Reykjavík væru þeirrar skoðunar að það bæri að tryggja áframhaldandi rekstur Húsatrygginga Reykjavíkur og þá er ég kannski öðru fremur að vísa í það sem borgarritari, Jón G. Tómasson, hefur látið frá sér fara um þetta mál og reyndar álitsgerð sem hann lagði fyrir borgarráð nú nýverið og var samþykkt þar samhljóða eftir því sem ég best veit.

Eitt af því sem borgarritari vísar til í sinni álitsgerð er varðandi það sem kveðið er á um í 2. gr., að Fasteignamat ríkisins annist virðingu skylduvátryggðra húseigna. Hann bendir á að það hafi þegar farið fram virðingagjörð á öllum húseignum í Reykjavík og allir húseigendur í Reykjavík hafi þegar greitt virðingargjald og því yrði þarna um tvísköttun að ræða og í rauninni um tekjustofn fyrir ríkið að ræða ef það ætti að fara fram ný virðing á öllum húseignum í Reykjavík. Hann bendir á að þetta séu um 18 millj. kr. á ári bara í Reykjavík. Þá segir hann jafnframt að í 2. gr. sé gert ráð fyrir því að starfsmenn vátryggjandands meti tjón vegna eldsvoða. En hann segir: Vegna húsatrygginga er hins vegar nauðsynlegt að dómkvaddir matsmenn meti tjón vegna eldsvoða. Er þá rökrétt að sömu aðilar meti virðingarverð, þ.e. að fyrst það eru dómkvaddir matsmenn sem meta tjónið í því tilviki þá ættu þeir líka að meta virðingarverðið en ekki Fasteignamat ríkisins. Það væri gott ef ráðherra gæti svarað einhverju varðandi þessa hluti og sagt hver skoðun hans er á þessu.

Ástæðan fyrir því að borgarritari hefur verið að láta þetta mál til sín taka er ekki síst sú að meðaltal iðgjalda af brunabótamati er mun lægra í Reykjavík heldur en nokkurs staðar í kringum okkur og nokkurs staðar í nágrannalöndum. Hann segir í grein sem hann skrifaði í Morgunblaðið 13. apríl sl. að ef hlutfall iðgjalda af brunamati væri það sama í Reykjavík og t.d.

á Akureyri eða í Hafnarfirði mundu iðgjaldagreiðslur húseigenda í Reykjavík hækka um 47% eða um tæplega 100 millj. kr. á þessu ári. Það munar um minna. Það er því hæpið að sjá að það sé til hagsbóta fyrir íbúa í Reykjavík að leggja niður Húsatryggingar Reykjavíkurborgar og hætta þeirri tryggingu sem þeir hafa þar haft fyrir húseignir sínar. Nú er ekki gert ráð fyrir því í frv. eins og það liggur hér fyrir, en eins og ég sagði þá er þetta ákvæði til bráðabirgða og maður gefur sér að þau gildi til bráðabirgða.

En þetta eru sem sagt skoðanir sem borgarritari hefur sett fram. Það er hins vegar athyglisvert að Morgunblaðið hefur nokkrar áhyggjur af þeirri afstöðu sem þarna kemur fram og telur að menn séu orðnir of linir í einkavæðingarhugmyndum sínum í borgarkerfinu. Borgarstjóri, Árni Sigfússon, segir í viðtali við Morgunblaðið 9. apríl um Húsatryggingar Reykjavíkurborgar:

„Ég tel ekki æskilegt á þessari stundu að leggja niður Húsatryggingar Reykjavíkur, sagði hann, ég vil sjá hvað borgarbúum býðst í staðinn og hvort þessi kostur getur orðið til þess að þeir nái betri kjörum annars staðar. Ef það reynist auðvelt og það sýnir sig að ekki er þörf fyrir Húsatryggingar Reykjavíkur þá er rétt að taka ákvörðun um það síðar."

Hann vísar því í raun inn í framtíðina hvort það eigi að einkavæða Húsatryggingar Reykjavíkurborgar eða ekki. Og eins og ég sagði þá er Morgunblaðið orðið *dálítið þreytt á hversu aðgerðalausir menn eru í einkavæðingarmálum* og hversu afstöðulausir menn eru að verða núna í einkavæðingarmálum hjá Sjálfstfl. og þeir segja í leiðara í Morgunblaðinu 10. apríl að þær breytingar sem nú séu að eiga sér stað í þessum brunatryggingum séu eðlilegar og hefðu í rauninni átt að eiga sér stað fyrr. Þeir segja um Húsatryggingar Reykjavíkur: „Fyrirtækið er í raun og veru ekkert annað en opinbert tryggingafélag í eigu Reykjavíkurborgar. Rökin fyrir því að Reykjavíkurborg reki slíkt tryggingafyrirtæki eru ekki lengur til staðar." Svo segja þeir: „Brunatryggingar eiga að vera í höndum hinna almennu tryggingafélaga ekkert síður en aðrar tryggingar. Á tímum einkavæðingar er engin ástæða til að halda í opinberan rekstur á þessu tiltekna sviði fremur en mörgum öðrum. Raunar hefur einkavæðingu miðað allt of hægt og á yfirstandandi kjörtímabili hafa ekki orðið þau átök til einkavæðingar sem búist hafði verið við."

Morgunblaðið er sem sagt að reyna að halda mönnum við efnið og að þeir standi sig í þessum einkavæðingarhugmyndum sem þeir hafa boðað. Morgunblaðið bendir þarna á að það sé samkeppni í tryggingum þannig að með þeim rökum sjá þeir ekki ástæðu til annars en að einkavæða Húsatryggingar Reykjavíkurborgar.

Nú hafa sjálfstæðismenn í borginni sagt að þeir vilji ekki einkavæða þar sem ekki er samkeppni en einkavæðingin eigi fullan rétt á sér þar sem samkeppni eigi sér stað þannig að með þeim rökum ættu þeir að sjálfsögðu að fallast á það að Húsatryggingar Reykjavíkurborgar yrðu lagðar niður og þetta flutt til tryggingafélaganna ef þau rök eiga að halda. En eins og ég sagði þá væri það ekki til hagsbóta fyrir íbúa í Reykjavík eins og málum er háttað í dag og gæti kostað þá 100 millj. kr. á ári.

Varðandi önnur ákvæði þessa frv. sem er í sjálfu sér ekki stórt, þetta er afskaplega lítið frv. og kannski ekki margt um það að segja, það eru aðallega þessi ákvæði til bráðabirgða sem í fyrsta lagi varða Húsatryggingar Reykjavíkurborgar, í öðru lagi húseigendur utan Reykjavíkur, þá vil ég gera fyrirvara um þær dagsetningar sem komu fram í þessum ákvæðum, bæði hvað varðar Reykjavíkurborg og eins hvað varðar húseigendur utan Reykjavíkur. Ég bendi á að í tillögum sem við í minni hluta heilbr.- og trn. fluttum í fyrra þá gerðum við ráð fyrir því að um tryggingar húseigna utan Reykjavíkur giltu þeir samningar sem sveitarfélög hafa gert við vátryggingarfélög, að þeir samningar héldu gildi sínu út tryggingartímabilið samkvæmt eigin ákvæðum. Það mundi í rauninni þýða til seinni hluta árs 1995 og þá ætti að vera hægt að opna þennan markað að *fullu og öllu 1996 ef samningar sveitarfélaganna* við vátryggingarfélögin fengju að haldast út gildistímann.

Ég vil biðja ráðherra að velta því fyrir sér hvort *hann væri til umræðu um einhverja slíka breytingu* þannig að aðlögunartíminn yrði lengdur eilítið og þetta tæki gildi 1. jan. 1996.

[11:43]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að hafa langt mál um þetta frv. í ljósi þess sem þegar er fram komið af hálfu annarra ræðumanna um málið.

Hér er um það að ræða að laga löggjöf um brunatryggingar að þeim reglum sem gilda á Evrópska efnahagssvæðinu og þar af leiðandi er hér um að ræða nauðsynlegar og sjálfsagðar breytingar. Inn í það spilar hins vegar sú sérstaða sem verið hefur í Reykjavík að því er varðar Húsatryggingar Reykjavíkur og þá ágætu starfsemi sem þar hefur farið fram á undanförnum áratugum. Það er ljóst að Húsatryggingar Reykjavíkur njóta undanþágu samkvæmt EES-samningnum og um það er að sjálfsögðu ekki deilt. Hins vegar hefur komið fram, eins og vitnað var til af hv. síðasta ræðumanni, nokkur skoðanamunur um það hvernig skynsamlegast sé að ganga frá þessari lagabreytingu þó að í sjálfu sér sé ekki á ferðinni mikill efniságreiningur í þessu máli.

Ég hygg að það sé nokkuð samdóma skoðun flestra að skynsamlegasta leiðin í málinu sé sú að leggja ekki niður Húsatryggingar Reykjavíkur að svo komnu máli heldur að fara þá leið sem hér er lögð til, þ.e. þá að heimila jafnframt öðrum tryggingafélögum aðgang að þeim tryggingamarkaði sem um er að tefla í Reykjavík.

Hins vegar hefur borgarritari eins og bent hefur verið á haft uppi nokkuð önnur sjónarmið varðandi það hvernig best sé að því staðið og hann hefur komið þeim á framfæri til alþingismanna og væntanlega heilbr.- og trn. þingsins, auk þess sem hann hefur ritað um það grein í Morgunblaðið.

Ég held að það eigi að vera tiltölulega einfalt mál að vinna úr þessu í heilbr.- og trn. og er ekki ástæða til annars en að ætla að um það geti náðst góð samstaða.

Þeir sem hafa fylgst með þessum málum að undanförnu hafa orðið varir við að uppi er nokkur skoðanaágreiningur um það hvort yrði ódýrara fyrir húseigendur í Reykjavík ef Húsatryggingar héldu áfram sinni starfsemi eða aðrir tækju þetta yfir. Þetta er auðvitað ein af þeim spurningum sem enginn veit svarið við fyrir fram. Ég hef tröllatrú á tryggingafélögunum í landinu. Ég held að þau geti staðið sig ágætlega á þessum stóra markaði sem hér er um brunatryggingar í Reykjavík. En auðvitað hlýtur maður líka að horfa til þess að Húsatryggingar Reykjavíkur hafa staðið sig með afbrigðum vel í því að tryggja hús húseigenda hér í Reykjavík og gera það mjög ódýrt.

Ég vildi eingöngu reifa nokkuð þessi sjónarmið, láta það koma fram að ég tel eðlilegt að hv. heilbr.- og trn. fjalli nákvæmlega um sjónarmið borgarritara í málinu, m.a. það sem lýtur að virðingu húsa í Reykjavík, hvort rétt sé að fela Fasteignamati ríkisins að annast það að öllu leyti, og jafnframt um spurninguna um það hvort kalla eigi til dómkvadda matsmenn þegar tjón verður eða hvort það sé viðunandi að starfsmenn tryggingafélaganna sem greiða bæturnar annist það verkefni. Þetta eru helstu umhugsunarefnin í þessu máli. Ég tel ekki að hér sé um neinn stórfelldan ágreining að ræða milli flokka eða stjórnar og stjórnarandstöðu, síður en svo, eins og þegar er fram komið í umræðunum en hins vegar viðfangsefni sem leysa á í hv. þingnefnd.

[11:48]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Í sjálfu sér er engin þörf á því að setja hér á langar umræður um þetta mál eftir þær ágætu ræður sem fluttar hafa verið og ég er sammála.

Ég vitna til þess að á síðasta þingi urðu talsverðar umræður um þessi mál þegar það átti að breyta allri tryggingalöggjöf okkar til samræmis við EES-samninginn. Sem betur fer tókst að stöðva það frv. í lok þingsins í fyrra í þeim miklu sviptingum sem þá urðu. Þetta var eitt af þeim stjfrv. sem stjórnarandstaðan knúði á um að væru tekin út á síðustu dögum þingsins og af þessu sést m.a. nú í þessum umræðum að það kemur fyrir að stjórnarandstaða getur gert gagn sem bersýnilega allir viðurkenna í dag og það er ástæða til að þakka fyrir þá óbeinu lofræðu um stjórnarandstöðuna sem hér var flutt af hv. síðasta ræðumanni.

Varðandi Húsatryggingar Reykjavíkur þá er það ljóst að Húsatryggingar Reykjavíkur er gott fyrirtæki, félagslegt fyrirtæki sem hefur skilað bæði ótrúlega lágum iðgjöldum Reykvíkinga af brunatryggingum og sömuleiðis staðið undir kostnaði við slökkviliðið og brunavarnir að nokkru leyti. Þegar svo virðist vera að allir flokkar og einnig Sjálfstfl. vilja standa að málum með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir, þ.e. að reka félagslegt tryggingafyrirtæki, þá stendur ekki á okkur að taka þátt í slíku. Ég tel að hér sé hreyft mjög þörfu máli og væri út af fyrir sig ágætt ef hægt væri að breyta því þannig að samstaða yrði um það á þessu þingi þó stutt sé eftir af því. Staðreyndin er sú að hv. heilbr.- og trn. hefur unnið þegar mjög myndarlegt starf í þessum málum með brtt. sem voru fluttar í fyrra af stjórnarandstöðunni þannig að í sjálfu sér má segja að þegar hafi farið fram talsverð þingleg vinna við málið og þess vegna ætti í sjálfu sér ekki að vera neitt að vanbúnaði við það að ljúka málinu núna á yfirstandandi þingi. Það er a.m.k. mín skoðun.

Ég ætla enn fremur að segja það að ég teldi að það væri alveg fráleitt að standa að þessu máli öðruvísi en að hlusta mjög rækilega á samþykkt borgarstjórnar Reykjavíkur og að ég held einróma samþykkt borgarráðs. Það virðist vera mjög breið pólitísk samstaða um málið í borgarráði og í öðru máli sem hér var á dagskrá fyrir nokkrum dögum, þar sem um var að ræða atriði sem sérstaklega snertir Reykjavík. Þá var verið að koma á nánast afbrigðilegri skipan fyrir Reykjavík í tilteknum málaflokki að því er varðar öldrunarmálaráð. Mín skoðun var sú að öldrunarmálaráð og sú skipan sem þar var gerð tillaga um væri óþarfi en þar sem borgarstjórn Reykjavíkur virtist hafa náð um það samstöðu að gera tillögu af þessu tagi, þá taldi ég sjálfsagt og eðlilegt að hlusta á það a.m.k. mjög rækilega áður en þeim tillögum yrði á nokkurn hátt hafnað hér af þessari virðulegu stofnun. Enda má segja að þrátt fyrir ágreining um meðferð frv. að öðru leyti þá hafi tillögurnar um öldrunarmálaráð verið samþykktar efnislega hér af öllum aðilum og hið sama á við um Húsatryggingarnar. Ég tel að við eigum að standa að því að afgreiða Húsatryggingarnar og reyna að stuðla að sem bestri samstöðu við Reykjavíkurborg um þær.

Ég vil aðeins, hæstv. forseti, hreyfa þeirri hugmynd hvort það er ekki einfaldast að standa þannig að þessu að ákvæði laganna um brunatryggingar í Reykjavík, nr. 25/1954, fái að haldast í öllum meginatriðum, þó auðvitað með hliðsjón af þeim breytingum sem hér er verið að gera tillögur um. Í þeim efnum tek ég algerlega undir þau minnisatriði sem borist hafa frá borgarritaranum í Reykjavík og eru dagsett 7. apríl 1994 varðandi þetta mál, þar sem hann hreyfir breytingartillögum sem hafa það í för með sér að gömlu lögin mundu gilda áfram. Ég vildi beina því til hv. heilbr.- og trn. að íhuga það mjög alvarlega hvort ekki væri hægt að hugsa sér að hún nánast flytji brtt. við lögin eins og þau eru núna, lög nr. 25/1954, með hliðsjón af þeim umræðum sem hér hafa farið fram þar sem mér hefur heyrst að allir talsmenn allra þeirra flokka sem hér hafa átt fulltrúa í þessum stóli hafi í raun og veru stutt þá málsmeðferð í öllum meginatriðum.

Ég teldi a.m.k. alveg fráleitt, hæstv. forseti, að standa þannig að þessum málum að Reykjavík væri skyldug til að loka þessu fyrirtæki með einum eða öðrum hætti þó það væri eftir mörg, mörg ár. Ég tel að Reykjavík eigi að hafa sjálfstæði og frelsi til þess að reka þetta fyrirtæki áfram og bendi á það í þessu sambandi að á Evrópska efnahagssvæðinu eru tugir húsatryggingafélaga nákvæmlega af því tagi sem Húsatryggingar Reykjavíkur eru burt séð frá kröfum um einkavæðingu, samkeppni og annað sem yfirleitt eru uppi á hinu Evrópska efnahagssvæði þannig að rekst-

ur Húsatrygginga Reykjavíkur rímar í raun og veru í einu og öllu við þær reglur sem þegar hafa verið samþykktar í þessum efnum á hinu Evrópska efnahagssvæði. Ég er reyndar þeirrar skoðunar að hið sama gæti gilt í grófum dráttum um Brunabótafélag Íslands. Þar er um að ræða félagslegt fyrirtæki sveitarfélaganna í landinu. Ég sé hins vegar að menn hafa kosið aðeins aðra leið í þeim frumvörpum sem fyrir liggja um það mál og ætla ég ekki að fjölyrða um það hér á þessu stigi málsins, en ég endurtek að ég fagna þeirri samstöðu sem hér virðist vera að nást um húsatryggingar í Reykjavík og vil fyrir mitt leyti stuðla að því að hún geti orðið til og taldi rétt þar sem ég á ekki sæti í hv. nefnd að láta þessi sjónarmið mín koma hér fram.

[11:55]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hv. heilbr.- og trn. er með þrjú veigamikil frumvörp á sviði tryggingamála til meðferðar nú um þessar mundir og hefur nú haft hluta þessara mála meira og minna til umfjöllunar síðan í fyrra eins og fram hefur komið. Það eru miklir kostir við að hafa þessi þrjú frumvörp saman vegna þess að þessi mál tengjast hvert öðru mjög náið, en ókosturinn er auðvitað sá hversu seint þessi mál hafa verið lögð fram. Í heilbr.- og trn. höfum við verið að ræða þessi mál án þess að það væri búið að mæla fyrir þeim hér til 1. umr. en menn hafa verið allir af vilja gerðir að koma þessum málum áleiðis. Það er mikil samstaða um þessi mál og þar af leiðandi hafa menn verið tilbúnir að leggja á sig nokkra aukafundi um þessi mál án þess að það hafi verið svo mikið sem mælt fyrir þeim hér á hinu háa Alþingi. Menn hafa verið að gantast með það jafnvel í nefndinni hvort við ættum ekki við 1. umr. að leggja fram nefndarálit í leiðinni því að svo langt er nefndin komin í umræðu um þetta málefni. En það er víst ekki hefð á hinu háa Alþingi að gera það.

Það eru margar spurningar sem vakna við umfjöllun þessara vátryggingarmála því að það er mikil breyting að eiga sér stað. Það er verið að auka frelsi í tryggingamálum almennt og maður spyr sig um það hvort það sé kannski framtíðin að þessi málaflokkur fari frá heilbr.- og trn. yfir í viðskrn. og mig langar að heyra álit hæstv. heilbrrh. á því. Mér finnst ekkert óeðlilegt að það sé skoðað. Við vorum að afgreiða mál hér áðan þar sem var verið að flytja málefni Hollustuverndar yfir til umhvrn. og sýndist sitt hverjum í því. Mér finnst ekkert óeðlilegt einmitt þegar þetta er að verða jafnmikið viðskiptamál eins og nú virðist vera að þetta sé skoðað mjög gaumgæfilega. Ég vil taka það fram að mér finnst að í þessu frv. sé mjög mikilvægt ákvæði strax í 1. gr. þar sem húseigendum er skylt að vátryggja gegn eldsvoða allar húseignir, þar með talin öll útihús, hvort heldur eru gripahús, útihús, hlöður, geymslur eða annað sem metið verður sem hús skv. 2. gr. Hús í smíðum skal einnig vátryggja og fer vátryggingarupphæð þeirra á hverjum tíma eftir samkomulagi milli eigenda og vátryggingarfélaga. Það er auðvitað mjög mikilvægt að þetta sé tryggt. Þrátt fyrir mikið frelsi á öllum sviðum, þá er þetta svona svipað og almannatryggingar að því leytinu til að hér er verið að tryggja það að allir húseigendur tryggi sínar húseignir.

Það er annað ákvæði í þessari 1. gr. sem er ekki síður mikilvægt núna þegar er verið að auka frelsið. Það er þannig í dag að Brunabótafélag Íslands og Húsatryggingar Reykjavíkur sjá um 90% allra húsatrygginga í landinu. Það er mjög mikilvægt ákvæði í 1. gr., með leyfi forseta:

„Vátryggingarfélag skal ekki taka gilda uppsögn á skyldutryggingu skv. 1. mgr. nema uppsögn fylgi staðfesting á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar skylduvátryggingar hjá öðru vátryggingarfélagi. Við eigendaskipti skal viðkomandi vátryggingarfélag ekki taka gilda uppsögn nema henni fylgdi staðfesting um að nýr eigandi hafi stofnað til skylduvátryggingar."

Þetta er mjög mikilvægt atriði, sérstaklega núna þegar margir húsatryggjendur fara yfir til annars vátryggjanda, þannig að það sé alveg tryggt að það tryggja allir.

Í 2. gr. þessa frv. er annað atriði sem mig langar að fjalla nánar um þó aðrir hafi gert það hér varðandi það að Fasteignamat ríkisins annist virðingu skylduvátrygginga. Þarna verður um vissa einokun að ræða hjá Fasteignamati ríkisins og mig langar að spyrja hæstv. ráðherra, hvort það sé eðlilegt að það sé ekkert svigrúm þarna. Það hafa verið lögð fram rök fyrir því að matsverð muni hækka gífurlega og húseigendur muni borga allt að 40 millj. kr. í aukinn skatt vegna nýs mats. Þetta er auðvitað nýr skattur og töluvert mikill skattur. Það er talið að í Reykjavíkurborg einni séu þetta 18 millj. kr. Þetta er töluvert mikill viðbótarskattur.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson fór verulega ofan í 3. gr. frv. og lagði fram fyrirspurnir til hæstv. heilbr.- og trmrh. varðandi 3. gr. frv. og ég vil ítreka hvort það sé ekki rétt í þessu tilviki þegar verið er að gera breytingar á þessum málum í heild sinni — það er þannig í dag að verði tjón á eign vegna bruna, þá er nánast skylda að byggja húsið aftur á sama grunni, það nánast hvílir sú skylda. Það kann að vera afar óhagkvæmt á ýmsum stöðum að gera það, t.d. ýmsum stöðum úti á landi þar sem atvinna er takmörkuð. Það getur verið óhagkvæmt fyrir einstaklinginn að byggja upp aftur á sama stað og það er lítið svigrúm í þessari 3. gr. varðandi þetta mál. Það hefur verið lagt til við nefndina að skrefið yrði stigið til fulls og markaðsverð fái að ráða matinu, en þá kemur aftur sú spurning að markaðsverð úti á landi er allt annað heldur en hér í Reykjavík og mér finnst þetta ekki fullathugað í nefndinni og okkur ber skylda til að skoða þetta miklu betur. En það verður fróðlegt að heyra álit hæstv. heilbr.- og trmrh. á þessari grein.

Mér finnst líka vera margar spurningar varðandi 2. mgr. 4. gr., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Séu iðgjöldin eigi greitt innan sex mánaða frá gjalddaga er heimilt að láta selja hina vátryggðu eign á uppboði, án undanfarins dóms, sáttar eða lögtaks en tilkynna skal vátryggjanda í ábyrgðarbréfi eða á ann-

an öruggan hátt að sölu hafi verið beiðst. Á sama hátt skal sýslumaður aðvara eiganda með tveggja vikna fyrirvara áður en hann sendir söluauglýsingu til birtingar."

Mér finnst þetta allt of skammur tími. Við verðum að skoða það í nefndinni hvort við eigum ekki að lengja þennan tíma og langar mig einnig að heyra álit hæstv. ráðherra á þessu.

Hér hefur verið mikið rætt um brunatryggingar í Reykjavíkurborg og er það eðlilegt. Ég tel að menn séu komnir á dálítið góða braut með það málefni. Það fer ekki á milli mála að Húsatryggingar í Reykjavík hafa getað boðið upp á lægri tryggingagjöld en almennt gerist og það er fullyrt t.d. að Reykvíkingar borgi allt að 46% lægri vátryggingargjöld heldur en t.d. Hafnfirðingar. Auðvitað þurfa menn að skoða þetta mjög náið. Við erum ekki bara að hugsa um markaðinn og samkeppnina, við erum líka að hugsa um neytandann. Ég tek því undir það sem hér hefur verið sagt um Húsatryggingar Reykjavíkur þó að það hljóti að vera afar erfitt fyrir Sjálfstfl. að standa að þessu máli vegna þess að þeir hafa náttúrlega talið eðlilegast að markaðslögmálið réði alfarið í öllum slíkum viðskiptamálum. En það er ekki skoðun mín í þessu sambandi. Ég tel að við verðum líka að skoða það hvað sé neytendum fyrir bestu og mér finnst menn vera komnir hér á mjög góða braut í þessu máli.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta. Ég mun fjalla um þetta nánar í heilbr.- og trn.

[12:05]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil í upphafi þakka fyrir almennt jákvæðar undirtektir við frv. því sem ég hef hér kynnt. Ég hygg að þegar saman er dregið sé tiltöluleg góð og almenn sátt um meginefni þessa frv. og innihald þess. Ég mun stikla hér á þeim atriðum sem upp hafa vaknað í þessari umræðu og kannski hefja leikinn viðvíkjandi álitamál sem borgarritari hefur sérstaklega vakið máls á og sumir hv. ræðumanna hafa tekið upp og gert að sínum skoðunum. Það er þessi spurning hvort frv. til laga um brunatryggingar ætti að vera í tvennu lagi, þ.e. hvort ein lög ættu að gilda um Reykjavík og önnur um landið og dreifbýlið. Mín skoðun er sú að vitaskuld sé langeðlilegast að ein lög gildi um landsmenn alla og það eru engin efnisrök til þess að í Reykjavík skuli gilda sérlög um brunatryggingar hér í höfuðborginni og önnur lög, raunar sambærileg lög, um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Það eru engin efnisatriði til þess. Og því sem hér hefur verið hreyft að það mundi einfalda málið í meðferð þingsins að gera lítils háttar breytingar á gildandi lögum um brunatryggingar í og utan Reykjavíkur, það held ég að sé ekki rétt því eins og komið hefur fram í máli ræðumanna, þá er þessi lagasetning í sex greinum og tveimur ákvæðum til bráðabirgða ákaflega einföld og skýr, getur ekki einfaldari verið hygg ég. Þannig að ég sé engin efnisrök standa til þess að skipta þessu lagafrv. upp í tvö eins og verið hefur, heldur hafa þær breytingar og sú þróun mála sem orðið hefur undirstrikað hið rétta og sanna og þannig skuli það vera að ein lög gildi í þessu landi.

Varðandi skyldur húseigenda til tryggинga, þá er það auðvitað alveg skýlaust. Hér var lýst nokkrum áhyggjum með það að svo kynni að fara í tilfærslum í þessa veru þegar vátryggingartaki af einhverjum ástæðum óskar eftir því og tekur um það ákvörðun að breyta um vátryggingarfélag, að það verði einhverjir dauðir blettir, það verði einhver tímabil sem geti orsakað það að viðkomandi húseign reynist ótryggð. Fyrir það er girt í 1. gr. með þeim hætti að vátryggingartaka skal gert að láta fylgja staðfestingu á að húseigandi hafi stofnað til nýrrar skylduvátryggingar áður en fyrra tryggingafélagi er heimilt að taka uppsögn hans gilda á fyrri skylduvátryggingu. Þarna er algjörlega skýlaust að ekki komi til þess að einhver tími renni upp þar sem viðkomandi húseignir eru ótryggðar.

Varðandi 2. gr. laganna sem ræðumenn flestir hverjir hafa staldrað við og lýtur að Fasteignamati ríkisins og þeim breytingum sem frv. gerir ráð fyrir í þá veru, þá nefndi ég það í minni inngangsræðu að vissulega væru þar álitamál uppi. Meginhugsunin á bak við þessa tillögu í frv. um að færa þessa matsgerð á hendur Fasteignamats ríkisins liggur í augum uppi. Þar eru tæki og tól og mannafli til að inna þessa vinnu af hendi og hún er og hefur verið um margt unnin og innt af hendi í því fasteignamati sem Fasteignamat ríkisins hefur lögum samkvæmt framkvæmt og ber að framkvæma. Það hefur verið á það bent í gegnum árin að í mörgum tilfellum er um tvöfalda vinnu að ræða. Og allt of lengi raunar hefur það verið þannig að niðurstaða fasteignamats annars vegar og brunabótamats hins vegar er eitthvað algjörlega ólíkt og þar skildi mjög á milli. Gjarnan var það þannig að brunabótamatið var miklu hærra en fasteignamatið miklu lægra. Ég skal ekki út af fyrir sig segja til um ástæður þessa. Því var hins vegar gjarnan fleygt hér á árum áður að vátryggingartaki hefði kannski eitthvað um það að segja í samráði við hina dómkvöddu matsmenn hvernig niðurstaða mála yrði, en ekki áhugasamur um það að raunvirði húseignarinnar skilaði sér í brunabótamati og það væri gagnkvæmur vilji vátryggingartakans og matsmanna að lyfta þessu upp. Þegar aftur á móti kom að fasteignamati sem er ekki síst skattstofn, þá væri nálgun málsins með öðrum hætti og kannski frekar vilji til þess að hafa það lægra en hærra. Um þetta vil ég ekki fullyrða, það vil ég árétta, virðulegur forseti. En í tímans rás hafa þessi tvö möt nálgast hvort annað.

Mörg sveitarfélög hafa gengist í því að fara í mjög rækilegt endurmat á fasteignamati húsa í viðkomandi sveitarfélögum sem hefur í mörgum tilfellum leitt til verulegrar hækkunar og þannig nálgast raunvirði viðkomandi húseignar og þar með það mat sem til kvaddir matsmenn hafa látið fara fram vegna brunatrygginga þannig að þarna er munurinn orðinn miklu minni en áður var. Með öðrum orðum er hugmynd frumvarpssmiða sú að þarna megi þegar til lengri tíma er litið tryggja að það sé eitt sambærilegt mat sem gangi yfir, þ.e. fasteignamat og brunabótamat, raunverulegt verð-

mæti viðkomandi húseignar, en þar þurfi ekki að vera skil á milli auk þess, eins og ég sagði áðan, sem Fasteignamat ríkisins hefur yfir þeim möguleikum að ráða að vinna þetta mat ódýrt og vel. Það liggur ekkert fyrir um það í þessu frv. að Fasteignamat ríkisins ráðist í það að meta upp á nýtt hverja einustu húseign í landinu. Ég held að á því sé ekki þörf.

Þetta eru þau sjónarmið sem eru að baki þessari breytingu sem er að finna í frv. Á hinn bóginn gat ég þess og vil árétta að mér finnst fyllilega til greina koma að menn skoði það ítarlega hvort núverandi fyrirkomulag mála í þessu veru, þ.e. hinir dómkvöddu matsmenn, hafi ekki gengið ágætlega bæði sökum þess að það hafi verið virt og í annan stað hafi það verið tiltölulega ódýrt fyrir þá sem borga brúsann þegar til lengdar lætur sem er auðvitað neytandinn sjálfur. Ég vil því árétta það enn og aftur sem ég sagði í inngangi að ég tel sjálfsagt að hv. heilbr.- og trn. fari í saumana á þessu atriði sérstaklega. Það er mér ekki á móti skapi þó að menn komist að gagnkvæmri eða annarri niðurstöðu í þessa veru ef sannanleg rök liggja fyrir því.

Varðandi 3. gr. sem hv. ræðumenn hafa nokkrir hverjir staldrað talsvert við, þ.e. 2. mgr. 3. gr. þar sem getið er um heimild vátryggjenda að veita undanþágu frá byggingarskyldu að höfðu samráði við skipulagsyfirvöld þegar tjón er gert upp, þá hefur á það verið bent hvort ekki sé nauðsynlegt að hafa skýrari reglur í þessa veru í frv. sjálfu. Hugmyndin að baki þarna er sú að ráðherra hafi til þess heimild í lögunum að skipa þessum málum í reglugerð og það er fyrst og síðast gert til þess að hafa sveigjanleikann meiri en minni. Í núgildandi lögum er þetta nokkuð njörvað og niður neglt og sveigjanleiki þar af leiðandi til þess að falla frá byggingarskyldu þegar tjón verða er kannski minni en ástæða væri til. Þarna hygg ég, og get tekið undir með hv. ræðumanni, að sé mjög nauðsynlegt að hafa aukið svigrúm. Hvort það er gert með lagatexta eða með reglugerðarsmíð skal ég ósagt látið, en tel þó raunar að reglugerðarsmíð gefi möguleika á því að *mæta málum og þróun mála frá einum tíma til annars* miklum mun hraðar og betur heldur en lagasetning. Þetta eru hins vegar sjónarmið sem hér hafa verið reifuð almenns eðlis um aukinn sveigjanleika. Þau fara mjög saman við mín. Spurningin er sú, hvaða aðferðafræði er best í þeim efnum og ég vænti þess að þau mál fái ítarlega og málefnalega umræðu í nefndinni.

Varðandi 4. gr. frv. sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir kom inn á, þá eru þau efnislega óbreytt frá núgildandi lögum um brunatryggingar í Reykjavík og utan Reykjavíkur. Hvað varðar heimildir til þess að innheimta iðgjöld með hörðu, ég skal ekkert útiloka það að tímafrestur þarna sé of skammur, en þetta er hins vegar óbreytt að efni til frá því sem gilt hefur.

Helst hafa hv. ræðumenn staldrað við ákvæði til bráðabirgða og hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir gerði það að sérstöku umtalsefni af hverju þessi ákvæði laganna væru til bráðabirgða. Ég held að almennt sé því til að svara að við erum að fara úr einu kerfi í annað og þess vegna er ákveðinn yfirgangstími sem þarf að fara fram, þ.e. frá þeim tíma að nýtt fyrirkomulag tekur gildi og hið eldra hættir. Það er fyrst og fremst ástæðan fyrir því að ákvæði þetta er til bráðabirgða því að síðan væntir maður þess að öll almenn ákvæði laganna geti gengið sjálfstætt og áfram út af fyrir sig.

Á hinn bóginn hvað varðar undanþágu Reykjavíkurborgar til rekstrarformsins, þá er það háð ákveðnu undaþáguákvæði EES og undanþága er samkvæmt orðanna hljóðan og samkvæmt raunar ýmsu því sem ætla má tímabundin. Við hvaða tímamörk get ég ekki svarað og kannski engin. En hitt er ekkert launungarmál, og það var rakið hér nokkuð í umræðunni, að fyrir nokkrum mánuðum og missirum var það mat manna og ýmissa sérfræðinga á þessu sviði að þessi undanþága Reykjavíkurborgar hvað varðar óbreytt rekstrarform, húsatryggingar í Reykjavík, mundi falla niður við þriðju tilskipun. Það gerðist ekki og frumvarpið tekur af öll tvímæli í því og engin tillaga er um það gerð af minni hálfu að á því verði nein breyting að frumkvæði heilbrrn. né hv. Alþingis. Með öðrum orðum að Reykjavíkurborg verði heimilt að nýta sér til fullnustu þá undanþágu sem sannanlega er að finna í EES-samningnum.

Jafnframt er enginn ágreiningur um það heldur að EES-samningurinn tekur af öll tvímæli um það að einokun sú, sem annars vegar bæjar- og sveitarfélög og *höfuðborgin og þar með Húsatryggingar hafa haft yfir* að ráða hvað varðar sölu þessara trygginga, er afnumin. Mín skoðun er sú að þó að ekki væri það EES sem ýtti því úr vör, þá væru öll efni til þess hvort heldur væri að húseigendur hér á Íslandi hefðu um það nokkurt val hverju sinni að velja sér tryggingafélag vegna þessarar skyldutryggingar. Ég ætla mér það ekki að fara að bera saman kaup og kjör á þessari eyri. Það hafa menn reynt að gera árum og áratugum saman, þ.e. hvort Húsatryggingar hafi í gegnum árin getað boðið betri kjör heldur en önnur tryggingafélög, heldur en Brunabótafélag Íslands í hinum ýmsu sveitarfélögum. Það er ekki aðalatriði þessa máls. Aðalatriði þessa máls er að það eru vátryggjendur sjálfir sem geta metið það og vegið, hafa um það val hvort boðið sé betra af Húsatryggingum í Reykjavík, af einhverjum ónefndum tryggingafélögum víða um land eða af öðrum. Og ég vil að það komi mjög skýrt fram — og kannski sérstaklega vegna þess að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir *reifaði það hér hvort mál af þessum toga ætti ekki* betur heima í viðskrn., væru hrein og klár viðskiptamál — að þá lít ég alls ekki þannig til. Ég lít fyrst og síðast þannig til að hér sé verið að tryggja ákveðinn rétt vátryggingartakans, launamannsins, og að því leytinu til er hér um samfélagslega þjónustu að ræða en ekki hreinan og kláran bisniss, fyrirgefðu orðbragðið, virðulegur forseti. Það gildir raunar um hinar frjálsu tryggingar líka að stórum hluta að minni hyggju, að hér sé um ákveðið öryggisnet að ræða fyrir almenning í þessu landi og við þurfum ekki síður að nálgast það mál út frá hinni samfélagslegu hlið málsins heldur hinni viðskiptalegu.

Yfir það hefur verið farið mjög nákvæmlega hvort þetta fyrirkomulag mála sem kveðið er á um í þessu frv. falli ekki að samkeppnnislögum og öllum ákvæð-

um EES-samningsins og það er niðurstaða okkar sérfræðinga að svo sé. Ég held því að þegar á allt er litið og nokkuð langa forsögu þessa máls, þá geti flestir aðilar verið nokkuð sáttir um þessa niðurstöðu og heyri ég ekki annað en svo sé þó að menn geti haft á því misjafnar skoðanir hvernig þingtæknilega verði best að málinu staðið.

Ég vil hins vegar enda mína ræðu, virðulegur forseti, eins og ég byrjaði hana, og segja það enn og aftur að ég sé ekki nokkur efnisrök standa til þess að hér gildi sjálfstæð lög um brunatryggingar í Reykjavík og önnur sjálfstæð lög um brunatryggingar utan Reykjavíkur. Næst kæmi kannski að þeir á Skaganum óskuðu eftir sérstökum brunatryggingum um Akranes eða önnur sveitarfélög því að öll meginatriði þessa frv. eru auðvitað jafngild hér í höfuðborginni sem annars staðar á landinu. Það er hins vegar eitt sértækt atriði sem lýtur að undanþágu vegna EES og um rekstrarform Húsatrygginga í Reykjavík sem þýðir það að Reykjavíkurborg hefur ákveðna sérstöðu í málinu. Annað er það nú ekki þannig að ég hafna því að menn fari að sigla þá leið nema náttúrlega það sé almennur vilji á þingi að borgarritarinn í Reykjavík sjái um hinar þingtæknilegu hliðar málsins. Það er ekki mín skoðun. Það kann að vera annarra.

Virðulegur forseti. Umfram allt legg ég á það áherslu að þessi góða og málefnalega samstaða haldi sem er um meginefni málsins og að hv. þingnefnd, sem í raun og sanni hefur nú þegar fjallað um mörg stór atriði í þessu frv., vinni hratt og vel þannig að við getum afgreitt þetta mál í góðri sátt og góðu samlyndi fyrir mánaðamótin.

Útbýting þingskjals:

Nýting innlendra orkulinda til raforkuvinnslu, 596. mál, skýrsla iðnrh., þskj. 954.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þrír hv. þm. hafa beðið um að fá að veita andsvar. Nú stendur þannig á að til stendur að gera hlé á þessum fundi kl. hálfeitt. Forseti vill því biðja hv. þm. að reyna að stytta mál sitt svo sem kostur er og forseti er auk þess tilneyddur að færa tíma niður í eina mínútu.

[12:25]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég spurði hæstv. heilbr.- og trmrh. hér áðan nokkurra spurninga. Hann hefur nú að megni til svarað þeim. Eitt atriði þó finnst mér standa út af sem snýr að því hvort hæstv. ráðherra hafi látið kanna það sérstaklega hvort síðasti málsliður 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða, þar sem stendur að tekjur sem Reykjavíkurborg kunni að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skuli leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi, standist samkeppnisreglur EES, þ.e. 59. gr. þar og svo 14. gr. samkeppnislaganna. Ég vil ítreka þessa spurningu hvort hæstv. ráðherra sé þeirrar skoðunar að þetta muni vera með þeim hætti.

Varðandi annað sem hæstv. ráðherra sagði, að honum fyndist ekki að það þurfi að gilda sérlög um húsatryggingar í Reykjavík, þá svaraði hæstv. ráðherra því sjálfur að það væri nauðsynlegt vegna þess að það væri verið að viðhalda heimild sveitarfélagsins að reka tryggingafélag.

[12:26]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Raunar kom ég inn á það áðan, ég svaraði því ekki beint en nefndi það í framhjáhlaupi, að það er mat manna að EES-samningurinn og sú undanþága á rekstrarformi Húsatrygginga Reykjavíkur standi svo fremi sem umfang og eðli starfseminnar breytist ekki. Þar með lít ég þannig til að arður af þessari starfsemi sem runnið hefur til Slökkviliðsins í Reykjavík megi gera það áfram.

Hvað varðar samkeppnisaðstöðuna að öðru leyti og samkeppnislög í því sambandi, þá er það auðvitað þekkt að tryggingafélög hafa í gegnum tíðina styrkt með einum eða öðrum hætti fyrirbyggjandi aðgerðir hér og þar í sveitarfélögum allt í kringum landið. Ég lít þannig til og það er mitt mat að þetta sé sams konar stuðningur því að stærstur hluti þessa hygg ég að hafi farið í fyrirbyggjandi eldvarnaeftirlit hér í Reykjavík og nýjan tækjabúnað þannig að það geti látið sig gera. Þetta vildi ég segja um þetta.

[12:27]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í þessum málslið sem ég var að vitna í stendur: „Tekjur sem Reykjavíkurborg kann að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skal leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi.“ Eins og þetta frv. er hér þá er það hvergi útilokað að Húsatryggingar Reykjavíkur fari hugsanlega að sinna annarri tryggingarstarfsemi og það er þess vegna sem ég held að það gæti verið að þetta ákvæði frv. standist ekki samkeppnisreglurnar eða íslensku samkeppnislögin. Þess vegna getur það verið mikilvægt að hafa sérstök lög um Húsatryggingar Reykjavíkur til að taka af öll tvímæli í þessum efnum.

[12:28]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. heilbr.- og trmrh. sagði hér áðan að þetta efni frv. væri samfélagslegt öryggismál, tryggingar almennt, og ég er alveg sammála honum um það. En hvað tryggir það samfélaginu að málaflokkar séu vistaðir í heilbr.- og trmrn.? Ég hef ekki séð það almennt um heilbrigðismál að það sé nein trygging. Og hvað er það raunverulega sem tryggir hagsmuni neytenda betur í heilbr.- og trn. en í viðskrn. nú þegar þetta er allt frjálst?

En bíðið aðeins við. Hæstv. ráðherra sagði hér áðan að það ættu að gilda ein lög í landinu um allar tryggingar. Ég get líka verið sammála því og það er alveg hægt að láta þau ein lög gilda þannig að Brunabótafélag Íslands fái sama rétt og Húsatryggingar Reykjavíkur og þá er það alveg frjálst fyrir alla landsmenn að tryggja hjá Brunabótafélagi Íslands, þeir sem það vilja áfram.

[12:30]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins örstutt. Það gæti vel látið sig gera varðandi Brunabótafélag Íslands. En það gengur ekki vegna þess einfaldlega að Brunabótafélag Íslands af einhverjum orsökum naut ekki sömu undanþágu frá EES-samningnum eins og Húsatryggingar Reykjavíkur. Það er kannski einfaldleikinn í málinu.

[12:30]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt að ítreka það að Húsatryggingar Reykjavíkur og þar með Reykvíkingar búa bersýnilega við sérstöðu í þessu máli að því er varðar húsatryggingar og sá aðili sem fer með umboð Reykvíkinga á milli sveitarstjórnarkosninga, þ.e. borgarstjórn Reykjavíkur og borgarráð, hefur óskað eftir því að hafa þá sérstöðu áfram. Ég tel að þau bréf sem hæstv. ráðherra vitnaði til og eru undirrituð af borgarritaranum í Reykjavík túlki viðhorf borgarstjórnar Reykjavíkur. Það hafa engin andmæli komið fram í borgarstjórn Reykjavíkur við þau sjónarmið sem þar birtast og ég tel það varhugavert af Alþingi og ríkisstjórn að sniðganga einróma sjónarmið borgarstjórnar Reykjavíkur í þessu máli, enda vænti ég þess ekki að ráðherrann sé að leggja það til, heldur vilji hann koma til móts við þau sjónarmið og ég tel að það sé brýnt að það verði gert helst núna á þessu vori til að þessi mál hangi ekki mikið lengur í lausu lofti.

[12:31]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sagði það hér áðan að ég vil gjarnan koma til móts við þessi sjónarmið varðandi Fasteignamat ríkisins sem reifað hefur verið í erindi borgarinnar. Hvað varðar sérstöðu Húsatrygginga, þá skulum við aðeins gæta að því í hverju hún liggur. Hún liggur í því að borgin á Húsatryggingar. Önnur er sérstaðan ekki því að um landið allt eftir sem áður munu sveitarstjórnir gera samninga við sérstök tryggingafélög og bjóða sínum íbúum, hv. þm., upp á það að ganga inn í þá samninga. Íbúarnir munu þurfa að hafa fyrir því að segja sig frá þeim samningum sem sveitarstjórnir munu gera út um allt land þannig að það er algjörlega sami hluturinn sem gengur hér í Reykjavík og annars staðar á landinu um þessi efni. Það er algjörlega sami hluturinn og engin efni til þess að skipa málum í sjálfstætt lagafrumvarp af þeim sökum einum að rekstrarformið skuli vera sérstætt hér í Reykjavík.

[12:33]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að þessi umræða sé á misskilningi byggð eins og þetta er sett upp hér af hæstv. heilbrrh. og ástæðulaust að vera að byrsta sig mikið í kringum þetta mál. Aðalatriðið er að það er í grófum dráttum samstaða um það að Húsatryggingar Reykjavíkur fái að starfa áfram og ég tel að menn eigi þá að ákveða í hvaða lagabúningi það verður í grófum dráttum. Menn þurfa ekkert að vera að pexa um það mikið lengur í sjálfu sér og ekkert að mylja það með sér. Það er gott að Reykjavíkurfhaldið vilji hafa hér félagslegan rekstur á þessum þætti mála og ég tel ástæðu til að fagna því.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Aðeins einn hv. þm. er á mælendaskrá og forseti vill nú þrátt fyrir loforð um að gera hlé á fundinum kl. hálfeitt bjóða hv. 10. þm. Reykv. að ljúka ræðu sinni. (**Gripið fram í:** Hvað er hléið lengi?) Hléið stendur að ég hygg í eina klukkustund. Verði því ekki mótmælt tekur hv. 10. þm. Reykv. til máls.

[12:33]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég skal hafa þetta mjög stutt. Ég ákvað að kveðja mér hljóðs í stað þess að fara í andsvör af því að hér höfðu margir beðið um að fá að taka þátt í andsvörum þannig að ég vildi ekki stytta þau enn frekar en raunin varð.

Ég tek undir með hv. 9. þm. Reykv. að í rauninni er alveg ástæðulaust að vera að byrsta sig mikið út af þessu máli eða fara hér í einhvern garra út af þessu litla frv. sem hér er til umfjöllunar vegna þess að eins og ég hef skilið umræðuna hér og eins og komið hefur fram í máli manna, þá eru menn sammála um það að Húsatryggingar Reykjavíkurborgar eigi að fá að starfa áfram. Þannig skil ég það. Og ég skil það þannig að Sjálfstfl. sé líka þeirrar skoðunar að þetta félagslega fyrirtæki, sem hér hefur verið bent á að starfar á tryggingasviðinu þrátt fyrir að þar sé um samkeppni að ræða frá tryggingafélögum, eigi að fá að starfa áfram, það eigi að fá að vera félagslegt fyrirtæki í eigu borgarstjórnar Reykjavíkur. Um þetta erum við sem sagt sammála hérna. Þá er bara spurningin um að finna þessu eitthvert form. Við getum auðvitað haft mismunandi skoðanir á því í hvaða form þetta eigi að fara. Ég hef bent á að mér finnist óeðlilegt að það sé kveðið á um þetta í ákvæði til bráðabirgða vegna þess að slík ákvæði eiga eðli málsins samkvæmt að vera til bráðabirgða. Og það er eðlilegt eins og seinni liðurinn í því ákvæði til bráðabirgða er. Það er bara kveðið á um það á hvaða tímabili fólk utan Reykjavíkur skuli tryggja eða vera með sína samninga bundna eins og þeir eru núna og síðan rennur það í rauninni sjálfkrafa út. Fyrra ákvæðið til bráðabirgða um undanþágu Reykjavíkurborgar er í rauninni ótímasett. Reykjavíkurborg fær þarna ótímasetta undanþágu og þá eiga Húsatryggingar Reykjavíkur að starfa alltaf samkvæmt ákvæði til bráðabirgða og mér finnst það ekki eðlilegt í lagasetningu.

Menn geta svo verið viðkvæmir fyrir því hvort það eigi að gilda einhver sérlög í Reykjavík og Reykjavík eigi að fá einhverja sérmeðhöndlun. Ég er nú ekki að tala um það að við höfum einhver sérstök lög um brunatryggingar í Reykjavík. Ég hefði getað séð það fyrir mér að við hefðum einhver lög um Húsatryggingar Reykjavíkurborgar. Það er á dagskrá í dag á þinginu lög um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Ís-

lands þannig að við ætlum að vera með sérlög um Brunabótafélag Íslands. Ég sé alveg eins fyrir mér að við getum verið með lög, einföld lítil lög um Húsatryggingar Reykjavíkur þannig að þær viti þá á hvaða grunni þær fá að starfa áfram. Síðan erum við auðvitað með almenn lög um brunatryggingar eins og hér er verið að setja og svo erum við með almenn vátryggingarlög o.s.frv. Þetta eru í rauninni þá bara lög um Húsatryggingar Reykjavíkurborgar en ekki brunatryggingar almennt í Reykjavík. Ég mundi a.m.k. vilja skoða hvort það væri hægt að hafa einhvern slíkan hátt á þannig að þetta fyrirtæki sem starfar þá samkvæmt undanþágu í EES-samningnum þurfi ekki að byggja alltaf á ákvæði til bráðabirgða. En ég legg þetta sem sagt bara inn í umræðuna.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:37]

Útbýting þingskjals:

Áburðarverksmiðja ríkisins, 199. mál, nál. minni hluta landbn., þskj. 946.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 1. umr.

Stjfrv., 578. mál. — Þskj. 897.

[14:01]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir var samið af stjórnskipaðri nefnd sem falið var að endurskoða lög um Brunabótafélag Íslands. Í nefndinni voru Dögg Pálsdóttir, skrifstofustjóri í heilbr.- og trmrn., sem var formaður, Erlendur Lárusson, forstöðumaður Tryggingaeftirlitsins, Guðmundur Oddsson bæjarfulltrúi, tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Ingi R. Helgason forstjóri, tilnefndur af Brunabótafélagi Íslands, og Sigmar Ármannsson framkvæmdastjóri, sem var tilnefndur af Sambandi ísl. tryggingafélaga.

Í frv. er lagt til að Brunabótafélagi Ísland verði breytt í eignarhaldsfélag, er hætti jafnframt beinni vátryggingarstarfsemi. Stjórnarfarsleg tengsl félagsins við Alþingi eru rofin og fulltrúaráði félagsins sem tilnefnt er af þeim sveitarfélögum í landinu er brunatryggja fasteignir hjá félaginu er fengið fullt forræði yfir félaginu.

Vegna skuldbindinga okkar samkvæmt EES-samningnum þarf að aðlaga löggjöf og rekstrarskilyrði atvinnugreina að leikreglum EES. Á vátryggingarsviði þarf ýmsu að breyta, samanber frv. til laga um vátryggingarstarfsemi sem ég mælti fyrir fyrir nokkrum vikum síðan. M.a. þarf ýmsu að breyta varðandi tilhögun brunatrygginga. Fyrir þinginu liggur sérsakt frv. til laga um brunatryggingar. Þar er fjallað af afnám einkaréttar til brunatrygginga.

Það frv. sem hér liggur fyrir er liður í því endurskoðunarstarfi sem nauðsynlegt er vegna EES-samningsins. Það starf miðar að tvennu. Í fyrsta lagi að skapa öllum þeim sem vátryggingarstarfsemi stunda sem jafnasta aðstöðu og rekstrarskilyrði hvar sem er innan EES og öðru lagi að ryðja hindrunum úr vegi svo að vátryggingartakinn geti keypt sér vátryggingu hjá því vátryggingarfélagi sem hann sjálfur kýs.

Í byrjun árs 1989 var hlutafélagið Vátryggingafélag Íslands hf. stofnað í samvinnu Brunabótafélags Íslands og Samvinnutrygginga g.t. Allir vátryggingarstofnar þessara félaga aðrir en brunatryggingar fasteigna voru fluttir til VÍS með leyfi tryggingamálaráðherra.

Að undanförnu hefur legið fyrir að brunatryggingar húseigna yrðu gefnar frjálsar. Það þýðir að grundvöllurinn fyrir starfsemi Brunabótafélags Íslands er brostinn því að brunatryggingarsamningar við sveitarfélögin hafa verið undirstaða skipulags þess. Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands hefur því ítrekað á undanförnum árum ályktað um nauðsyn þess að breyta félaginu í eignarhaldsfélag.

Frv. það sem hér liggur fyrir gerir ráð fyrir að Brunabótafélag Íslands sem starfað hefur sem gagnkvæmt vátryggingarfélag síðan 1. jan. 1917 verði breytt í eignarhaldsfélag og að eignarhaldsfélagið yfirtaki öll réttindi og allar skyldur Brunabótafélags Íslands að öðru leyti en því að vátryggingarstofn Brunabótafélagsins í brunatryggingum fasteigna flyst til Vátryggingafélags Íslands hf.

Tilgangur félagsins og starfssvið er einkum að taka þátt í vátryggingarstarfsemi með eignaraðild að vátryggingarfélögum, að stunda lánastarfsemi og stuðla að þróun vátrygginga með fræðslu og menntun á því sviði. Eigendur félagsins yrðu:

1. Þeir sem hafa brunatryggingu fasteignar hjá Brunabótafélagi Íslands við gildistöku frv. ef að lögum verður.

2. Þeir sem vátryggðir voru hjá Brunabótafélagi Íslands 31. des. 1988 og færðir voru með leyfi tryggingamálaráðherra til VÍS 1. jan. 1989.

3. Sameignarsjóður eignarhaldsfélagsins.

Eignarréttindi sameigenda eru óvirk nema til slita á félaginu komi. Frv. gerir ráð fyrir að stofnaður verði sjóður er heitir Sameignarsjóður Eignarhaldsfélagsins Brunabótafélags Íslands og skal tilgangur hans vera hinn sami og tilgangur félagsins. Til sjóðsins falla metin eignarréttindi sameigenda við andlát þeirra og þegar lögaðili er ekki lengur skráður sem slíkur. Sameignarsjóðurinn skal vera í vörslu félagsins, en fulltrúaráðið ákveður meðferð hans.

Í fulltrúaráði eignarhaldsfélagsins sitja fulltrúar sveitarfélaga í landinu sem hafa samning um brunatryggingu fasteigna hjá Brunabótafélagi Íslands við gildistöku frv. ef að lögum verður og segir þeim samningi ekki upp. Í frv. er ákvæði um aðalfund fulltrúaráðsins, stjórn þess og hvernig standa skuli að ákvörðunum um slit á félaginu. Auk þess eru ákvæði um að fulltrúaráðið skuli setja félaginu samþykktir.

Virðulegi forseti. Frv. það sem hér liggur fyrir er eitt svokallaðra EES-frumvarpa því það tekur á nauðsynlegum breytingum sem gera þarf á starfsemi Bruna-

bótafélags Íslands í framhaldi af breytingum vegna EES-samningsins á reglur um brunatryggingar í landinu. Það er því mikilvægt að frv. hljóti afgreiðslu hér á þessu þingi. Ég leyfi mér því að leggja til að frv. verði að lokinni þessari umræðu vísað til 2. umr. og meðferðar í hv. heilbr.- og trn.

[14:06]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram í máli hæstv. heilbr.- og trmrh., þá er þetta frv. einn hluti af þessu EES-máli. Um þá leið sem valin var til þess að tryggja stöðu Brunabótafélags Íslands til framtíðar náðist samkomulag í þeirri nefnd er hæstv. ráðherra skipaði á sínum tíma eða í mars 1993. Það má auðvitað endalaust deila um það hvaða leið sé heppilegust í þessum efnum. Á það ætla ég beinlínis að leggja mat hér og nú. Þessi leið sem valin er sem gagnkvæmt tryggingafélag er þekkt fyrirbæri. Um margt held ég að sú leið geti verið gölluð. Hún getur að mörgu leyti líka hentað vel. Við þekkjum og vitum hvaða aðstæður hafa skapast hjá tryggingafélögum sem þannig hafa búið um hnútana. Hin leiðin hefði auðvitað verið sú að gera þetta að hlutafélagi og finna út hverjir væru þá hluthafar. Það er önnur leið í þessu.

Eigendur í 5. gr. frv. eru skilgreindir. Það má líka endalaust deila um hverjir séu í raun og veru eigendurnir. Í 5. gr. er þess getið að þeir sem hafa brunatryggt fasteignir hjá Brunabótafélagi Íslands þegar lög þessi taka gildi eru fluttir til vátryggingarfélagsins skv. 4. gr. Það eru í fyrsta lagi eigendur. Í öðru lagi eru þeir eigendur sem vátryggðir voru hjá Brunabótafélaginu 31. des. 1988 og færðir voru þá með leyfi tryggingamálaráðherra yfir til Vátryggingafélagsins og svo í þriðja lagi er það þessi sameignarsjóður sem þegar fram líða stundir mun eiga allt en þeir sem eru tilgreindir í 1. og 2. tölul. munu ekkert eiga. Og það er hárrétt hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að þarna er um algjörlega óvirka eign í félagi að ræða nema komi til slita félagsins. En komi til slita félagsins, þá hefði það náttúrlega víðtæk áhrif líka gagnvart því vátryggingarfélagi sem starfandi er og þetta félag á helminginn í þannig að það er auðvitað hárrétt að það er ekki um neina virka eign að ræða í þessu samhengi. Ég sagði að það megi endalaust deila um það hverjir séu eigendur. Ég held hins vegar á þeim tíma er Brunabótafélagið var stofnað, ef ég man rétt 1. jan. 1917, þá megi telja að þeir, sem þá greiddu iðgjöld og lögðu það á sig að stofna þetta félag og lögðu grunninn að öllu því starfi og öllu því sem núna er til, þeir eru sjálfsagt ekki á lífi margir, séu upphaflegu eigendurnir og þeir sem síðan hafa erft eignarhlut þeirra í þessu félagi. Með þeirri leið sem núna er valin eru þessir eigendur allir þurrkaðir út og það má endalaust deila um það við hvaða tímamörk á að miða í þessum efnum. Ég ætla ekkert að fara að hártoga það í einu eða neinu atriði. Þetta er sú leið sem nefndin komst að samkomulagi um að skynsamlegt sé að fara.

Ég mun eiga þess kost í hv. heilbr.- og trn. að skoða málið og mun skoða það með jákvæðu hugarfari vegna þess að ég geri mér ljósa grein fyrir því að það er mikilvægt fyrir Brunabótafélagið að það sé skýrt hver sé lagaleg staða þess. Það er mikilvægt fyrir þá sem eru vátryggingartakar hjá Vátryggingafélagi Íslands að það sé skýrt hverjir það eru sem eiga það félag þannig að þetta fylgist að fyrir utan þriðja atriðið sem mér skildist á hæstv. ráðherra að væri aðalástæðan fyrir því að frv. væri flutt, þ.e. krafan um það vegna samnings okkar um hið Evrópska efnahagssvæði. En ég mun skoða málið í hv. nefnd með opnum huga og í ljósi þess hvað þarna er í húfi.

[14:11]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Frv. til laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands er eitt þriggja frv. sem hv. heilbr.- og trn. hefur verið að fjalla um og varðar tryggingamál. Um þetta frv. virðist vera sæmileg sátt þeirra sem komu að því að semja það, alla vega skila þeir þessum tillögum til okkar einróma samþykktum. Það eina sem ég velti fyrir mér við fyrstu yfirferð er eignarhaldið og með hvaða hætti það verður í framtíðinni og hvers virði það raunverulega er þar sem segir að sameigendur séu skráðir á sameignarskrá og um leið og þeir falla frá gengur hin óvirka eign þeirra í sérstakan sameignarsjóð félagsins sem sveitarfélögin ráða yfir. Og þá veltir maður því fyrir sér hvers virði er þessi eign og með hvaða hætti er hún skattlögð eða skoðast með tilliti til skattalaga ef arður er ekki greiddur til eiganda og við fráfall eiganda þá gengur eignin í sérstakan sameignarsjóð sem sveitarfélögin ráða yfir. Þetta er það atriði sem ég hef mest velt fyrir mér í þessu stutta frv. sem þó getur skipt verulegu máli og er auðvitað eitt af þessum EES-málum okkar hér sem við verðum að breyta hvort sem okkur líkar betur eða verr vegna aðildar okkar að EES. En í þessu tilviki virðist mér þó hafa tekist vel til þar sem sæmileg sátt ríkir um málið og ég mun fyrir hönd Alþb. skoða þetta með mjög jákvæðu hugarfari í hv. heilbr.- og trn.

[14:13]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Brunabótafélag Íslands á sér mjög merka sögu, 77 ára gamla sögu, og hefur skipt húseigendur á Íslandi miklu máli. Það var 1891 sem fyrsta frv. á Alþingi var flutt um vátryggingar á Íslandi en ekki svo fyrr en 1917 að lög um Brunabótafélag Íslands voru samþykkt. Það hamlaði mjög öllum framförum úti á landi að ekki voru neinar vátryggingar í landinu fyrr en þetta. En Reykvíkingar bjuggu þá við betri hlut heldur en landsbyggðin því 1874 sömdu Reykvíkingar við Dani um vátryggingar. Þannig breytti það mjög miklu fyrir landsbyggðina þegar Brunabótafélag Íslands var stofnað og mér finnst rétt að geta þess hér nú að leiðarlokum því auðvitað er Brunabótafélag Íslands allt um þessar mundir. Það má segja að um leið og Brunabótafélag Íslands er kvatt á vissan hátt þá liggur erfðaskráin líka fyrir. Um hana hafa menn deilt mjög lengi. Það var lengi álitið að sveitarfélögin ættu Brunabótafélag Íslands en síðan hefur komið í ljós að það eru tryggjendur, eigendur fasteigna sem hafa tryggt hjá Brunabótafélagi Íslands sem eiga Brunabótafélag Íslands. En þeir hafa nú hverjir fyrir sig óskaplega lít-

ið að segja um það fé sem hér um ræðir því það eru sveitarfélögin sem fara með þá eign. Auðvitað má deila um það og það má hugsa sem svo hvort það hefði verið eðlilegt að eignarhlutanum hefði bara verið skipt jafnt upp, nákvæmlega, að hver húseigandi — ég veit að það er mjög flókið því það eru 106 þús. eigendur að Brunabótafélagi Íslands. En það má samt sem áður hugsa sem svo að það eru hinir raunverulegu eigendur sem hafa tryggt hjá Brunabótafélagi Íslands.

Ég ætla að láta það koma hér fram að það gleður mig sú samstaða sem er um hvernig þessum málum verður lokið. Ég held að það sé nokkuð ljóst að það verða ekki margar brtt. í hv. heilbr.- og trn., mér sýnist að menn séu komnir með sátt í þessu máli og það er gott því um þetta hefur verið deilt mjög lengi, um eignarhald á Brunabótafélagi Íslands. En að öðru leyti hef ég tækifæri til að fara nánar ofan í saumana á þessu frv. í hv. heilbr.- og trn.

[14:17]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þær jákvæðu og góðu undirtektir sem frv. þetta hefur fengið. Það er vissulega hárrétt hjá hv. þm. sem hér hafa tekið til máls að uppi voru ýmis álitamál þegar í upphafi hvaða leið skyldi fara og hver væri heppilegust. Þetta var hin sameiginlega niðurstaða þeirra aðila sem frv. sömdu og þeir, eins og ég gat um í inngangi, koma nokkuð víða að, þ.e. frá sveitarfélögum, frá félaginu sjálfu, frá Sambandi ísl. tryggingafélaga, frá Tryggingaeftirlitinu og síðan frá heilbrrn. Vissulega voru uppi álitamál um það hver í raun ætti þetta félag og sviplíkar vangaveltur hafa komið upp um annað félag sem erfiðlega hefur gengið að leysa úr. Ég tek undir það með hv. þingmönnum sem hér hafa talað að það er út af fyrir sig fagnaðarefni að jafnvíðtæk samstaða takist um þessa leið þó að hún sé auðvitað ekki gallalaus fremur en önnur mannanna verk. Hér var til að mynda nefndur til sögu sá möguleiki einfaldlega að leysa félagið upp, breyta því í hlutafélag og selja eignarhlutina og greiða þá til rétthafa. Það kæmi auðvitað sáralítið í hvers hlut, sérstaklega þeirra einstaklinga sem tryggingu eiga hjá félaginu, þannig að ekki er þar um fjárhagslega hagsmuni þeirra að ræða. Í annan stað legg ég líka talsverða áherslu á það að hvað varðar eignarhald í hinni virku tryggingarstarfsemi hér á landi, þ.e. hjá hinum stóru tryggingafélögum, þá verði ákveðinn stöðugleiki til staðar. Að það verði ekki um umtalsverðar eignabreytingar eða sölu nýrra stórra hluta eins og yrði með sölu hugsanlegs hlutafélags Brunabótafélags Íslands og að vægi á markaðnum mundi hugsanlega breytast stórkostlega í því sambandi, ekki síst þegar við eigum væntanlega von á því að erlend tryggingafélög vilji láta til sín taka hér á landi. Ég held að það sé mikilvægt að viss stöðugleiki ríki í þessu. Á hinn bóginn virðist það liggja nokkuð ljóst fyrir að hér er ekki verið að tjalda til einnar nætur heldur nokkurra áratuga því það má vænta þess að um virka félagseign verði tæpast að ræða. Sveitarfélögin eru eitthvað sem varanlegt er en við guðs börn erum auðvitað dauðleg og sú óvirka inneign sem menn kunna að eiga hjá Brunabótafélagi Íslands rennur til þess sveitarfélags sem hefur alið önn fyrir þessum einstaklingum.

Nú er ég orðinn býsna hátíðlegur og læt þessu lokið.

[14:20]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu er stjfrv. og ég vil lýsa því hér við þessa umræðu að ég styð það. Það hafa verið að gerast miklar breytingar á tryggingamarkaðinum á undanförnum árum, stóru og stærstu tryggingafélögin, Brunabótafélag Íslands og Samvinnutryggingar voru sameinuð á sínum tíma undir nafni Vátryggingafélags Íslands. Það var á sínum tíma mjög umdeild aðgerð og það voru ýmsir sem höfðu sitthvað við það að athuga. Brunabótafélag Íslands, sem er enn þá til og er eignaraðili að Vátryggingafélaginu, hefur verið rekið undanfarna áratugi í mjög nánum tengslum við sveitarfélögin í landinu. Að vísu hafa ekki öll sveitarfélög tryggt hjá því félagi en það fer ekkert á milli mála að Brunabótafélagið veitti sveitarfélögunum mjög mikla þjónustu, bæði sem tryggingafélag og ekki síður veitti Brunabótafélag Íslands sveitarfélögunum beinan stuðning og styrk í gegnum lánafyrirgreiðslu. Framlag Brunabótafélagsins var allt saman mjög mikilvægt, sérstaklega hvað varðaði lánafyrirgreiðslu vegna brunavarna, vatnsveituframkvæmda o.s.frv.

Það frv. sem hér er til meðferðar fjallar hins vegar um breytta skipan á eignarhaldi þessa fyrirtækis og ég tel að með þeirri niðurstöðu sem þar er fengin sé komist að bærilega ásættanlegri niðurstöðu. Ég hef látið þá skoðun í ljósi á öðrum vettvangi að ég tel og hef talið að sveitarfélögin, sem hafa tryggt og í rauninni stýrt í gegnum fulltrúaráðið Brunabótafélaginu, ættu þetta félag. Með því frv. sem hér er til umfjöllunar er fallist á þessi sjónarmið.

Ég tel ekki ástæðu til að lengja þessa umræðu en lýsi yfir stuðningi við frv. og vona að hv. heilbr.- og trn. taki það til skoðunar og kalli til umsagnir frá þeim aðilum sem málið varðar þannig að sem fyrst megi ljúka afgreiðslu þessa máls hér á Alþingi.

[14:23]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var ágætt hjá hv. 1. þm. Vesturl. að taka það sérstaklega fram í upphafi að um stjfrv. væri að ræða og hann styddi það, ekki það að hann væri ódyggari við að styðja stjfrv. heldur en aðrir stjórnarliðar. Það er hins vegar bara mikilvægt við þessar aðstæður að taka það fram hvort frv. sem ríkisstjórnin kemur með séu yfirleitt studd af ríkisstjórnarflokkunum eða ekki.

Aftur á móti fannst mér gæta nokkurs misskilnings í máli hv. 1. þm. Vesturl. Það er, eins og ég les frv., alls ekki eign sveitarfélaganna. Það er eign þeirra aðila sem tilgreindir eru í 1. og 2. tölul. 5. gr. frv., ef ég man rétt, einstaklinganna sem tryggðu á ákveðnum tíma hjá Brunabótafélaginu og fluttir voru yfir til Vátryggingafélagsins og svo sameignarsjóðurinn. Þetta eru allt saman einstaklingar. Hins vegar er það svo að

sveitarfélögin stjórna Brunabótafélaginu í gegnum fulltrúaráðið þar sem þeir tilnefna menn í fulltrúaráðið þannig að það eru sveitarfélögin sem stjórna. Það er í sjálfu sér alveg eðlilegt vegna þess að það þarf auðvitað að finna samstarfsvettvang fyrir þennan hóp sem þarna eru eigendur.

En að lokum verður það bara einn tiltölulega óskilgreindur aðili sem mun eiga Brunabótafélagið þegar árin líða og það verður sameignarsjóðurinn sem mun verða stjórnað af sveitarfélögunum.

[14:25]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það sem hv. þm. Finnur Ingólfsson sagði og er í rauninni einungis staðfesting á því sem í frv. segir. Ég gat þess ekki að ég hefði annan skilning á þessu en fram kom hjá hv. þm. Hins vegar var það hárrétt hjá honum að ég tók það skýrt fram að ég styddi þetta stjfrv. og það verður hver að leggja út af því eins og hann vill. En sem betur fer þá koma hin merkustu mál frá ríkisstjórninni og að sjálfsögðu tek ég afstöðu til þeirra á málefnalegum forsendum. Í þessu tilviki styð ég það frv. sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur undirbúið og ég vil þakka honum alveg sérstaklega fyrir það hversu vel hefur verið að þessu máli unnið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668.

[14:27]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Það er nú svo eins og fyrri daginn að það er lítið um ráðherra hér í salnum og það er kannski í samræmi við annað og kem ég að því nánar síðar. Hins vegar þætti mér gott ef hæstv. sjútvrh. væri aðvaraður um að þessi umræða væri byrjuð en ég ætla samt eigi að síður að hefja ræðuna.

(**Forseti** (VS): Forseti ætlar að greina frá því að hæstv. sjútvrh. er í þinghúsinu og honum verða send boð um það að umræðan sé hafin.)

Já, það er gott. Það má segja sem svo að hér sé sjávarútvegsmál komið á dagskrá frá hæstv. ríkisstjórn og eru það eiginlega nokkuð tíðindi því að sannleikurinn er sá að það er ekki á hverjum degi að málefni varðandi sjávarútveginn sem ríkisstjórnin virðist standa saman um kemur til umræðu á Alþingi. Þetta mál er reyndar ekki við fyrstu sýn mjög stórt í sniðum. Það fjallar um afnám laga Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og er aðeins tvær greinar sem fjalla um að leggja þennan sjóð niður og greiða til viðkomandi framleiðenda þær innstæður sem standa inni á reikningum á nafni einstakra framleiðenda í Verðjöfnunarsjóði og aðrar eigur skuli renna til Hafrannsóknastofnunar.

Það er orðið nokkuð langt síðan og nokkuð um liðið síðan ég kom að málefnum þessa sjóðs síðast en það vildi svo til að ég átti sæti í nefndum sem um hann fjölluðu á sínum tíma þannig að ég fór að rifja upp þetta mál. Sannleikurinn er sá að þegar ég fór að lesa þessi gögn þá finnst mér það aldeilis með ólíkindum að það skuli eiga að keyra þetta mál í gegn hér á annasömum dögum í lok þingsins, þegar aðeins nokkrir vinnudagar eru eftir, eins og þetta lítur út og eins og þessi þingskjöl eru hér sem liggja frammi og um þetta fjalla og þau gögn sem liggja að baki. Ég veit eiginlega ekki hvað vakir fyrir hæstv. sjútvrh. að draga þetta mál ekki til baka og geyma það. Og eins og ég kem að síðar þá held ég að það væri mjög óskynsamlegt fyrir hann að láta þetta mál fara hér í gegnum þingið á lokadögunum ef svo skyldi vilja til að stjórnarliðið væri sammála um þetta mál sem er reyndar alls ekki víst því ferill þessarar hæstv. ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum er alveg með eindæmum.

Það er nú svo að þessir dagar eru notaðir í það að reyna að berja stjórnarliðið saman um stefnu í sjávarútvegsmálum. Það hafa komið véfréttir um það héðan úr húsinu að nú sé jafnvel að ganga saman en svo eru þær fréttir bornar jafnóðum til baka aftur. Og ekki batnar málið með þeim fréttum sem nú koma, og virðast hafa komið nokkru róti á stjórnarliðið hér, að það sé búið að flýta flokksþingi Alþfl. vegna þess að það séu veður öll válynd í stjórnmálum, eins og formaður Alþfl. *lætur hafa eftir sér, en hann er eins og alþjóð* veit staddur úti í Marrakesh og hefur fengið þar einhverja vinda að heiman og segir að veður séu öll válynd og það sé best að skerpa stefnuna.

Sannleikurinn er sá að m.a. út af sjávarútvegsmálum er þessi ríkisstjórn í öndunarvél og ef einhver stígur harkalega á slönguna þá er hætt við að það fari að styttast hjá henni. Það hafa sumir orðað það þannig að stjórnarsamstarfið sé eins og hjá hjónum sem séu skilin að borði og sæng og eigi aðeins eftir að ganga formlega frá skilnaðinum. En þetta er m.a. út af sjávarútvegsmálunum.

Það er rétt að rifja upp aðeins þann feril af því að hann kemur einmitt inn á það mál sem hér er til umræðu. Ríkisstjórnin hóf sinn feril með því að skipa nefnd til þess að fara yfir sjávarútvegsstefnuna. Hún kom sér ekki saman um formann fyrir þessa nefnd og skipaði henni tvo formenn. Nefndin starfaði í tvö ár og kom þá loksins frá sér áliti. Frv. var byggt á þessu áliti og var lagt fram í haust og það er einmitt þetta frv. sem er verið að reyna að berja saman afgreiðslu á hér á göngum og í þingflokksherbergjum þingsins og hefur ekki tekist. Allar aðgerðir í sjávarútvegsmálum á þessu tímabili, á þessum þremur árum sem ríkisstjórnin hefur setið við völd hafa verið af skornum skammti svo ekki sé meira sagt. En ein aðgerðin var einmitt sú að greiða úti innstæður þessa Verðjöfnunarsjóðs sem við erum að leggja niður eða tillögur eru um að verði lagður niður.

Það var nefnilega þannig, þrátt fyrir allt tal um sjóðasukk sem menn muna eftir og hæstv. forsrh. hafði forustu um og leiddi, að þá voru innstæður í þessum sjóði verulegar. Á árinu 1992 var það nánast eina efna-

hagsaðgerð ríkisstjórnarinnar varðandi sjávarútveginn að greiða út þessar innstæður. En það má þá spyrja: Hvers vegna er þetta frv. lagt fram nú? Liggur svona á að leggja þennan sjóð niður? Er starfsemi hans sjávarútveginum til trafala? Hefur það eitthvert gildi fyrir starfsemi sjávarútvegsins í landinu? Styrkir það sjávarútveginn að leggja þennan sjóð niður? Nei, það gerir það ekki, það hefur engin áhrif á það hvort sjávarútveginum gengur betur eða verr. Það hefur ekki verið greitt inn í sjóðinn, hann hefur nánast ekki verið starfandi. Hins vegar er sjóðurinn eins og hann starfaði og þegar þannig árar hagstjórnartæki og ég kem nánar að því aðeins síðar í mínu máli.

Eins og ég sagði átti ég fyrir nokkrum árum sæti í nefndum sem fjölluðu um þetta mál, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og tilveru hans. Reyndar hafði fyrri nefndin það hlutverk að endurskoða sjóðakerfi sjávarútvegsins og starfaði árið 1986 en á þeim tíma var mjög viðamikið og flókið sjóðakerfi í sjávarútvegi sem þáverandi stjórnvöld og þáverandi sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, hafði forustu um að einfalda. Þetta flókna sjóðakerfi var lagt niður að meginhluta til en einn sjóður var skilinn eftir til umfjöllunar síðar og það var Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins. Í bréfi til sjútvrh. sem var dagsett þann 17. sept. 1986 segir svo, með leyfi forseta:

„Í skilabréfinu frá 4. apríl kom þó fram að nefndin hyggst fjalla síðar um starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins [eins og hann hét þá]. Þetta hefur nefndin nú gert og fylgir þessu bréfi yfirlit yfir starfsemi Verðjöfnunarsjóðsins árin 1970–1985 sem nefndin hefur látið taka saman.

Nefndin kannaði í vor og sumar viðhorf helstu samtaka í sjávarútvegi til Verðjöfnunarsjóðsins. Þessi könnun leiddi í ljós að samtök fiskvinnslunnar eru á þeirri skoðun að leggja beri sjóðinn niður en samtök sjómanna og útvegsmanna telja aftur á móti að hann eigi að standa áfram. Að þessu athuguðu og á grundvelli þeirrar könnunar sem nefndin hefur sjálf gert á starfsemi sjóðsins telja nefndarmenn, aðrir en Árni Benediktsson og Knútur Óskarsson, ekki ástæðu til að breyta gildandi lögum um sjóðinn."

Þessi nefnd taldi sem sagt ástæðu til þess að athuguðu máli að sjóðurinn starfaði áfram og það gerði hann næstu árin.

Það var svo árið 1990 að skipuð var nefnd til að endurskoða lög um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og hún skilaði þann 3. apríl greinargerð ásamt frv. til laga til sjútvrh. um málið sem var síðan samþykkt á Alþingi og sjóðurinn hefur starfað eftir þeim lögum síðan. Þar segir m.a. að að baki frv. liggi að verðjöfnun á útfluttum sjávarafurðum geti stuðlað að betra jafnvægi í sjávarútvegi og þjóðarbúskapnum í heild. Það byggist á greiðslum inn í Verðjöfnunarsjóð þegar verð á sjávarafurðum er hátt og greiðslum úr sjóðnum þegar verðið er lágt. Kúfurinn af uppsveiflunni er notaður til að draga úr niðursveiflunni. Í þessu felst viðleitni til að koma í veg fyrir þenslu og verðbólgu í góðæri og til að milda áhrif samdráttar á kaupmátt og atvinnu. Þessi áhrif koma m.a. fram í minni sveiflum á raungengi íslensku krónunnar.

Og enn fremur segir, með leyfi forseta: „Þetta frv. felur í sér miklar breytingar frá núverandi Verðjöfnunarsjóði. Þrennt skiptir þó mestu máli. Í fyrsta lagi verða inngreiðslur á nafni framleiðanda. Engar tilfærslur verða á milli framleiðenda. Í öðru lagi eru greiðslur inn í sjóðinn og úr honum byggðar á hreinum verðjöfnunarsjónarmiðum. Í þriðja lagi er verðjöfnunarkerfið einfaldað verulega frá núverandi kerfi."

Þetta gekk eftir og frv. um sjóðinn var samþykkt í framhaldi af áliti nefndarinnar.

Nú er sem sagt ætlunin með því frv. sem hér liggur fyrir að afnema þessi lög. Eins og ég kom að áðan mætti spyrja hvort afnám þessara laga væri það sem sjávarútvegurinn þarf helst á að halda núna. Sannleikurinn er sá að það er engin samstaða í ríkisstjórninni um aðgerðir til styrktar sjávarútveginum í landinu. Það er engin samstaða um það eftir hvaða ramma sjávarútvegurinn eigi að vinna í framtíðinni. Það hefur dregist von úr viti að endurskoða fiskveiðistefnuna, til stórtjóns auðvitað. Ekki vegna þess að það fyrirkomulag sem nú er sé svo vont heldur er algjör óvissa um það hvort það fær að vera áfram eða ekki. Það er náttúrlega til stórtjóns og eykur óvissu fyrir þá sem vinna í þessari undirstöðuatvinnugrein okkar.

Þannig hefur afnám Verðjöfnunarsjóðsins engin bein áhrif á afkomu sjávarútvegsins fyrst í stað. Hins vegar er það mjög alvarlegt mál í þessu sambandi að með því að samþykkja þetta frv. og leggja niður Verðjöfnunarsjóð þá er hagstjórnartæki horfið, það hagstjórnartæki sem sjóðurinn hefur verið og það er ekkert hagstjórnartæki til í staðinn. Það hefur sem sagt ekkert verið ákveðið um framhaldið. Það er hið alvarlega í þessu máli og það er óskiljanlegt, eins og ég kom að í upphafi, hvað rekur hæstv. sjútvrh. til þess að vera að keyra þetta frv. fram hér í kastþröng á lokadögum þingsins.

Rökstuðningur meiri hluta hv. sjútvn. sem kemur fram í nál. á þskj. 667 er alveg furðulega rýr í roðinu og satt að segja er það algjörlega óskiljanlegt að meiri hlutinn skuli láta undir höfuð leggjast að segja og rekja í nál. þær umsagnir sem hafa borist um málið. Hér er þessi venjulega klásúla í upphafi um það hverjir hafi komið til nefndarinnar og hverjir hafi sent umsagnir. Síðan kemur rökstuðningurinn, með leyfi forseta:

„Meiri hlutinn telur að ekki sé þörf á sérstökum Verðjöfnunarsjóði, sérstaklega eftir að meginhlutinn af innstæðum hans voru greiddar út á síðasta ári."

Þetta er rökstuðningurinn fyrir málinu. Þetta er rökstuðningur meiri hluta sjútvn. Ein setning um þetta mál sem, eins og ég kem að á eftir ef aðeins er litið í þær umsagnir sem fylgja, er ekkert smámál. Hér er verið að leggja niður mikilvægt hagstjórnartæki í þjóðfélaginu eins og umsagnirnar gefa til kynna og meiri hlutinn leyfir sér að rökstyðja þetta með einni setningu í nál. á þskj. 667. En við skulum rekja okkur örlítið áfram í málinu og líta á það hvers vegna var greitt út úr sjóðnum. Það er grundvallaratriði sem verður að festa sér í minni varðandi þetta mál.

Það var greitt út úr sjóðnum vegna slæmrar stöðu

sjávarútvegsins almennt en ekki vegna verðfalls eingöngu eins og var þó ætlunin þegar þessi sjóður var settur á laggirnar. Í athugasemdum við frv. kemur þetta fram. Þar er vitnað í álit þeirrar nefndar sem undirbjó þetta mál á vegum þessarar ríkisstjórnar og segir svo hér, með leyfi forseta:

„Loks rekur nefndin í áliti sínu ákvæði laga nr. 29/1992 varðandi útgreiðslur úr Verðjöfnunarsjóði en samkvæmt þeim lögum hafa 2.873 millj. kr. verið greiddar úr sjóðnum vegna slæmrar afkomu sjávarútvegsins án þess að verðfall afurða hafi gefið tilefni til." — Takið eftir: Án þess að verðfall afurða hafi gefið tilefni til. Og enn fremur segir: „Er það niðurstaða nefndarinnar að með hliðsjón af aðstæðum í sjávarútvegi, andstöðu hagsmunaaðila við áframhaldandi starfsemi sjóðsins og stöðu sjóðsins eftir að fjármunir hans hafa verið uppurnir með útgreiðslu til þess að bæta stöðu sjávarútvegsfyrirtækja séu ekki raunhæf skilyrði fyrir því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins starfi áfram. Leggur nefndin því til að lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verði afnumin og sjóðurinn lagður niður."

Það sem vekur athygli hér er að útgreiðslan úr sjóðnum, og það staðfesti nefndin, er ekki vegna verðfalls heldur er hún vegna slæmrar stöðu sjávarútvegsins almennt. Það má í rauninni segja að þessi sjóður hafi verið notaður til nokkurs konar sértækra aðgerða í sjávarútvegi og þær hafi kannski byrjað heldur fyrr en hæstv. ríkisstjórn vill vera láta.

Eins og fram hefur komið þá skipaði sjútvrh. í október 1991 nefnd til að endurskoða gildandi lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Nefndin kemst að þeirri niðurstöðu að það beri að leggja sjóðinn niður. Hins vegar er það svo einkennilegt að ef álit nefndarinnar er lesið þá kemur í ljós að þetta sé líklega bara nokkuð góður sjóður því það verður ekki séð á hverri síðu í þessu áliti að það sé ástæða til að leggja sjóðinn niður. Það segir t.d. á bls. 6 í fskj. I með frv. þar sem fjallað er um reynsluna af Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, með leyfi forseta:

„Þegar Alþingi samþykkti í maí sl. lög um útgreiðslu úr Verðjöfnunarsjóði hafði sjóðurinn aðeins starfað um tveggja ára skeið. Raunar hafði hann starfað enn skemur að fullu þar sem tekið var fyrir inngreiðslur í sjóðinn með sérstökum lögum í desember 1991. Langvinn reynsla hefur því ekki fengist af starfsemi sjóðsins og því naumast unnt að draga endanlegar ályktanir af því verðjöfnunarkerfi sem lögin kveða á um."

Hér kemur fram að í rauninni er engin reynsla komin á það hvernig þessi sjóður virkar til langframa og það er enginn tími til þess að láta reyna á það vegna þess hve mikið liggur á að leggja sjóðinn niður.

Hér segir enn fremur á bls. 7 í fskj. I með frv.:

„Reglurnar um ákvörðun verðjöfnunar þykja þannig hafa aukið mjög á festu í starfsemi sjóðsins og dregið úr misklíð og tortryggni um framkvæmd verðjöfnunarinnar. Þær virðast hins vegar ekki hafa valdið breytingum á viðhorfum hagsmunaaðila til opinberrar verðjöfnunar og starfsemi sjóðsins yfirleitt."

Það segir að þær hafi aukið mjög á festu og dregið úr misklíð og tortryggni.

Þetta er úr áliti þeirrar nefndar sem kemst að þeirri niðurstöðu að leggja beri þennan sjóð niður og það liggur svo mikið á að það er ekki einu sinni hægt að leggja það niður fyrir sér hvað á að koma í staðinn fyrir þetta hagstjórnartæki.

Hér segir enn fremur, og er hér vitnað í álitsgerð frá Árna Benediktssyni sem vann hana á vegum Íslenskra sjávarafurða hf. að álit hans hafi verið á þá leið að sjóðurinn hefði haft veruleg áhrif og sé hann eitt af örfáum hagstjórnartækjum sem komi að gagni til að viðhalda stöðugleika. *Sjóðinn megi því ekki leggja niður* fyrr en náðst hafi skilningur á því hvernig sjávarútvegurinn geti sjálfur jafnað sveiflur og að í þjóðfélagi, sem býr við óstöðugt afurðaverð, verði að gera ráð fyrir að kostnaður, ekki síst hráefnisverð, geti þurft að lækka í stað þess að gripið sé til gengisfellingar."

Það hefur engin athugun farið fram á því hvernig sjávarútvegurinn geti sjálfur jafnað sveiflur. Þannig er þetta mál allt saman með miklum ólíkindum. Það væri hyggilegast fyrir hæstv. sjútvrh. og ríkisstjórnina að draga það til baka og beita kröftunum að því að koma sér saman um önnur sjávarútvegsmál sem liggja hér óafgreidd í þinginu og veitir víst ekki af tímanum í það.

Áður en ég vík frá þessu áliti sem liggur til grundvallar frv. þá vil ég vitna til lokaálits nefndarinnar á bls. 15 í frv. þar sem nefndin leggur til að hafin verði *athugun á því með hvaða hætti megi bæta skilyrði fyrirtækja* til að beita virkri sveiflujöfnun á vettvangi fyrirtækjanna sjálfra.

Ég hef ekki orðið var við það að þessi athugun hafi farið fram og væri fróðlegt ef hæstv. sjútvrh. sem hlýðir hér á þessa umræðu upplýsti okkur um það áður en henni lýkur hvert framhaldið verður í þessum efnum.

Það hefur komið í hlut minni hluta hv. sjútvn. að lýsa umsögnum aðila um þetta frv. þar sem meiri hlutinn stingur höfðinu í sandinn og lætur algjörlega undir höfuð leggjast að rekja efnisatriði málsins. Sannleikurinn er sá að mann rekur fyrst í rogastans þegar flett er í gegnum þau fylgiskjöl sem fylgja minnihlutaálitinu. Frv. hefur, eins og títt er um mikilvæg mál, verið sent til ýmissa stofnana sem maður skyldi ætla að hæstv. ríkisstjórn taki mark á. Það hefur verið sent til Seðlabankans. Það hefur verið sent til Þjóðhagsstofnunar, sem er ráðgjafarstofnun ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum og heyrir undir forsrn. Það hefur verið sent til aðila vinnumarkaðarins, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands samvinnufélaganna. Sannleikurinn er sá að umsagnir allra þessara aðila eru á einn veg. Þeir vara mjög við að þetta frv. verði samþykkt og það er *gegnumgangandi í þeim viðvörunum* að það hefur ekkert komið í staðinn fyrir það hagstjórnartæki sem hér er verið að leggja niður.

Í umsögn Seðlabanka Íslands segir, með leyfi forseta:

„Hið yfirgnæfandi vægi sjávarútvegsins í útflutningsgrundvelli þjóðarbúsins veldur því að verðjöfnun eða aðra sveiflujöfnun á hans vegum ber fyrst og

fremst að skoða sem hagstjórnartæki eða a.m.k. almennt hagstjórnarskilyrði. Almennt gildi verðjöfnunar mótar rekstrarskilyrðin í heild í samspili við gengisskráningu, hráfiskverð, laun og vexti, og felur þannig ekki í sér íhlutun í hag einstakra sjávarútvegsfyrirtækja sérstaklega."

Niðurstaða Seðlabankans sú að bankinn mælir með áframhaldi verðjöfnunar í sjávarúvegi. Framlagt frv. yrði þá dregið til baka en hæfilegur tími veittur til þess að fela sérfræðingum og hagsmunaaðilum að semja tillögur til umbóta á kerfinu sem tryggt gætu rekstur þess til frambúðar. Og þá segir að lokum í áliti Seðlabankans, með leyfi forseta: „Vera kann þó að besta umbótin verði sú að láta kerfið óbreytt en stjórnvöld stilli sig um frekari íhlutun í það."

Það er greinilegt að það er ekki hlustað mikið á þessar ráðleggingar í hæstv. ríkisstjórn en þó kastar fyrst tólfunum þegar litið er á umsögn Þjóðhagsstofnunar sem er þó sú stofnun sem á að ráðleggja ríkisstjórninni í efnahagsmálum og er stofnuð til þess. Ef litið er svona á ráðleggingar hennar þá held ég að það sé rétt að dusta rykið af tillögum hv. 4. þm. Reykv. sem hefur lagt til að þessi stofnun yrði lögð niður. Ef ekkert er hlustað á það sem þessi stofnun segir þá á náttúrlega að leggja hana niður eins og hv. 4. þm. Reykv. hefur lagt til. En í umsögn Þjóðhagsstofnunar um frv. segir, með leyfi forseta:

„Þjóðhagsstofnun telur óskynsamlegt að afnema lög um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegs fyrr en gerðar hafa verið aðrar ráðstafanir sem þjónað gætu þeim tilgangi að jafna sveiflur í þjóðarbúskapnum. [...]

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins er hagstjórnartæki sem stuðlar að því að draga úr sveiflum í þjóðarbúskapnum. Ekki er umdeilt að sjóðurinn gegndi þessu hlutverki í síðustu uppsveiflu afurðaverðs á árunum 1990 og 1991."

Það er einnig komið inn á þetta í áliti þeirrar nefndar sem undirbjó frv. Hún bendir á þetta en samt á að leggja sjóðinn niður.

Enn fremur segir í umsögn Þjóðhagsstofnunar:

„Ef Verðjöfnunarsjóður verður lagður niður án þess að nokkuð komi í staðinn, eins og umrætt frumvarp gerir ráð fyrir, verður að beita öðrum hagstjórnartækjum (gengi, vöxtum og sköttum) meira í því skyni að jafna sveiflur í þjóðarbúskapnum. Þetta hefur óþægilegar hliðarverkanir fyrir aðrar atvinnugreinar og fyrir vikið verður hagvöxtur líklega hægari en án sveifluJöfnunar í sjávarútvegi."

Þetta er umsögn þar sem hlutirnir eru sagðir umbúðalaust en það virðist ekki nægja því það er ekkert hlustað á þetta. Eða ætlar ríkisstjórnin að beita þessum hagstjórnartækjum í staðinn, gengi, vöxtum og sköttum, til þess að jafna sveiflur í þjóðfélaginu? Er það ætlunin með því að fella þessa löggjöf úr gildi? Hvað á að koma í staðinn fyrir þessa löggjöf? Eða er ætlunin að jafna ekkert sveiflur? Ég kem aðeins að því síðar hvaða afleiðingar það mundi hafa.

Það er nokkuð sama hvar borið er niður í þessum umsögnum. Í umsögn Vinnuveitendasambands Íslands, svo vitnað sé í hana en hæstv. sjútvrh. og hæstv. ríkisstjórn eru víst alveg hætt að taka mark á þeim sem þar tala, en þar segir m.a.:

„Í ljósi þess sem að framan er rakið er æskilegt að fresta afnámi laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Í því felst ekki að verið sé að mæla með óbreyttri starfsemi sjóðsins því að mikilvægt er að sæmileg sátt náist um hagstjórnaraðferðir sem til þess séu fallnar að takmarka raungengishækkun í næstu uppsveiflu, þótt vandséð sé hvaða aðrar leiðir tryggi hagsmuni sjávarútvegsins betur."

Hér sem sagt allt á eina bókina lært. Einnig fylgir ítarleg greinargerð þeirra Hannesar G. Sigurðssonar og Þórarins V. Þórarinssonar hjá Vinnuveitendasambandinu sem er dagsett 23. apríl 1991, og ég get ekki stillt mig um að benda á lokamálsgrein hennar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Í lok næsta árs falla niður síðustu leifar haftakerfis gjaldeyrisviðskipta en þá mun öllum frjálst að kaupa og selja gjaldeyri að vild. Frá þeim tíma verður gengi íslensku krónunnar hvorki haldið uppi né niðri með handafli þó formleg skráning þess verði trúlega í Seðlabanka. Verði rekin ótrúverðug efnahagsstefna munu fjármunir flytjast úr landi, gjaldeyrisvarasjóðir tæmast og enginn gjaldeyrir verða til greiðslu fyrir innflutning. Gengi krónunnar hlyti að falla og óðaverðbólga að hefja innreið sína. Um slíka efnahagsstefnu getur ekki orðið sátt og er því óhjákvæmilegt að stjórnvöld miði aðgerðir sínar á sviði efnahags- og peningamála við það meginmarkmið að varðveita stöðugleika, lága verðbólgu og á þann veg verðgildi gjaldmiðilsins." — Síðan segir: „Afnám Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, án þess að aðrar jafngildar ráðstafanir komi á móti, væri atlaga að þessum markmiðum." — Takið eftir „atlaga að þessum markmiðum".

Hér er nú ekki töluð nein tæpitunga. Að gjaldeyrisvarasjóðurinn tæmist, enginn gjaldeyrir til fyrir greiðslu fyrir innflutning, gengið félli, óðaverðbólga héldi innreið sína. Enda er framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins þekktur fyrir að kveða að og ég er ekki að segja að það sé allt gullsatt sem hann mælir en það er þó a.m.k. skylda hæstv. sjútvrh. að svara með viðhlítandi hætti slíkum ábendingum sem hér koma fram úr því að meiri hluti hæstv. sjútvn. hefur enga tilraun gert til þess að segja einu sinni frá í nál. þessum neikvæðu umsögnum sem hefur snjóað inn um þetta mál.

Hins vegar er svo ein hlið á þessu máli sem er stórpólitísk og hún snertir það hvað við tekur ef þetta mál verður samþykkt eins og ekkert hafi í skorist hér í þinglokin og verðjöfnun verði afnumin og Verðjöfnunarsjóður lagður niður. Það opnar auðvitað fyrir umræðu sem verið hefur í gangi um álagningu auðlindaskatts sem Alþfl. hefur borið mjög fyrir brjósti. (**Gripið fram í:** Hvar eru þeir?) Þeir eru að venju ekki staddir hér, væntanlega að undirbúa flokksþing sem verður strax eftir sveitarstjórnarskosningar til að ydda og skerpa málflutning flokksins vegna þess að veður eru öll válynd núna þegar fer að vora. Og vafalaust ætla þeir að ydda og skerpa málflutning flokksins varðandi álagningu auðlindaskatts á sjávarútveginn því að

einmitt þetta mál opnar fyrir þessa álagningu auðlindaskatts. Og það kemur fram með ljósum hætti. Ég veit að hæstv. sjútvrh. hefur verið andsnúinn auðlindaskatti og þess vegna er það alveg óskiljanlegt af hverju hann hleypur svona á sig að hleypa þessu máli fram hér. En auðvitað hafa fjölmargir aðilar talað fyrir auðlindaskatti, m.a. hafa Samtök iðnaðarins talað mjög í þá veru. Þeir skila einmitt umsögn um þetta frv. og þar stendur í lokamálsgrein:

„Umræða um arftaka Verðjöfnunarsjóðs hefur enn ekki farið fram." Svo segja þeir og takið nú eftir: „Búast má við að aukinn kraftur færist í umræðuna um að tengja upptöku gjalds fyrir veiðiheimildir við sveiflujöfnun í hagkerfinu."

Hér álykta þeir auðvitað rétt. Þetta þýðir auðvitað að aukinn kraftur kemst í umræðuna um auðlindaskatt. Og svo segir: „Ekki má líta svo á að umræða um leiðir til að draga úr sveiflum í starfsskilyrðum íslensks atvinnulífs sé einkamál samtaka í sjávarútvegi."

En þeir sem eru á annað borð andsnúnir auðlindaskatti, þeir sem eru andsnúnir sérstakri skattlagningu á sjávarútveginn skyldu athuga mjög grannt að ef þetta mál fer í gegn hér á næstu dögum, þá er búið að opna leið fyrir auðlindaskattinn. Þá er búið að opna leið fyrir Alþfl. sem er að ydda og skerpa málflutning sinn þessa dagana og ætlar að halda flokksþing í júní til þess að mæta vondum veðrum en það gæti verið að það flokksþing yrði haldið til þess að brjóta upp á þá loftslöngu sem heldur lífinu í ríkisstjórninni. Það er nefnilega engin ástæða til þess að ætla annað heldur en það geti komið uppsveifla í sjávarútvegi og ég veit ekki hvort hæstv. sjútvrh. reiknar með því að það verði alls engin glæta fram undan í þessari grein. Ef það kemur uppsveifla, þá getur hún haft neikvæð áhrif á afkomu annarra atvinnugreina vegna áhrifa á gengið, ef ekkert tæki er til til þess að jafna þessar sveiflur.

Það eru færð mjög veigamikil rök fyrir því í þeim umsögnum sem fylgja þessu máli að það gæti verið skynsamlegt jafnvel að reka þennan sjóð áfram eins og átti að reka hann til þess að jafna verðsveiflur í sjávarútvegi. Það höfðu verið gerðar á honum veigamiklar lagfæringar. Auðvitað kann að vera að lögin um þennan sjóð hefðu enn þurft einhverrar lagfæringar við en það er fullkomið ábyrgðarleysi að fella niður það hagstjórnartæki sem sjóðurinn er og getur verið án þess að nokkuð komi í staðinn þó að aðstæður séu þannig nú um stundir að þetta hafi ekki bein áhrif fyrst í stað.

Ég tók þátt í þessari umræðu vegna þess að mér þótti mér bera skylda til að ítreka þessi sjónarmið og rekja nokkur atriði í þeim málsgögnum sem fyrir liggja. Það hefur verið farið ítarlega yfir málið af þeim ræðumönnum sem hafa talað hér á undan mér og kann að vera að eitthvað af þeim rökum hafi komið fram áður, en þau þurfa að koma nógu oft fram til þess að ná eyrum hæstv. sjútvrh. og hæstv. ráðherra. Ég geri mér náttúrlega ekki vonir um að það komi nokkrir aðrir ráðherrar til að hlýða á þessa umræðu vegna þess að þeir hafa nóg að gera við annað. Þeir hafa nóg að gera við það að reyna að ná samkomulagi um framtíð sjávarútvegsins í landinu, þann ramma sem hann á að starfa eftir og starfsskilyrði hans, en það verkefni hefur staðið frá 1. maí 1991 þegar þessi ríkisstjórn tók við og það hefur ekkert miðað. Ég segi það þangað til frv. um fiskveiðistefnuna kemur hér inn í þingið til 2. umr. með þeim breytingum sem hafa verið að sjá dagsins ljós undanfarna daga en ekkert liggur fyrir um hvort þingflokkar stjórnarliðsins hafa samþykkt.

Það getur verið að þetta frv. sé hér til umræðu til þess að hæstv. ráðherra geti sagt að það hafi þó verið samþykkt eitt frv. sem varðar sjávarútveginn á þessu þingi, en það er bara allt of hættulegur leikur að hleypa því fram og ég vil ráðleggja hæstv. sjútvrh. að beita áhrifum sínum til þess að þetta mál verði dregið til baka og það verði athugað rækilega hvaða sveiflujöfnun á að vera í þjóðfélaginu ef aðstæður verða þannig sem vonandi verða að það kemur uppsveifla í sjávarútveginn á ný.

[15:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í sjútvn. þingsins og hef tekið þátt í umfjöllun um þetta mál í hv. nefnd. Það hefur verið gerð skilmerkilega grein fyrir afstöðu Alþb. í þessu máli. Það gerði hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon. En ég tel samt vegna eðlis þessa máls að ég komist ekki hjá því að gera nokkuð ítarlega grein fyrir minni afstöðu til þess.

Ég tel að þetta mál eigi rætur sínar í því allsherjarrugli í sjávarútvegsmálum sem hæstv. ríkisstjórn hefur plagað frá því að hún tók við.

Ákvörðunin um það að leggja Verðjöfnunarsjóð niður var tekin vegna þess að ríkisstjórnin missti tökin á því samkomulagi sem hún hafði gert á sínum tíma um að innheimta auðlindaskatt af útgerðinni með sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs. Þegar það samkomulag, sem var eitt af þessum hrossakaupasamkomulögum þessarar ríkisstjórnar í sjávarútvegsmálum, sprakk á sínum tíma, þá þurfti að fara að leita að peningum í staðinn fyrir þá peninga sem átti að hafa upp úr sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðsins. Það var kannski ekki um auðugan garð að gresja en þó fundu menn í þessum sjóði peninga sem ekki hafði verið ráðstafað og gáfu möguleika á því að koma peningum til Hafrannsóknastofnunar í staðinn fyrir þá peninga eða í ríkissjóð í staðinn fyrir þá peninga sem ríkissjóður hafði lagt Hafrannsóknastofnun til vegna þess að veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs var ekki hægt að selja. Þá geta menn í upphafinu sjálfu séð að þegar undirrótin er slík vandamál og vandræði, þá er kannski ekki von að ákvörðunin sé byggð á mikilli skynsemi og þá er kannski ekki heldur von að það hafi verið tekin skynsamleg afstaða með skoðun á þeim álitsgerðum sem hv. nefnd voru sendar. Ég verð að segja það fyrir mig að mér finnst þessi afstaða ríkisstjórnarflokkanna vera óábyrg. Mér finnst þetta vera flumbrukennd vinnubrögð og ekki upp á þau bjóðandi.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um þær umsagnir sem komu til meðferðar í nefndinni og sem eru flestar á einn veg um það að þjóðhagslega sé mjög nauðsynlegt að viðhafa þá sveiflujöfnun sem Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins var ætlaður til. Og það er eig-

inlega má segja með miklum eindæmum að það skuli hafa orðið niðurstaða meiri hluta sjútvn. að leggja til að þetta frv. yrði samþykkt með einni smábreytingu vegna þess að meira að segja hv. formaður sjútvn. hefur haft þau orð um þessa hluti sem ekki er hægt að misskilja, hann er í raun og veru andvígur því að leggja niður þessa sveiflujöfnun. Og það má segja að hann hafi nánast orðað það þannig að vegna þess að þeir sem eiga að búa við þessa sveiflujöfnun og hafa af henni kannski mesta gagnið, þ.e. sjávarútvegurinn sjálfur eða þeir sem þar stjórna málum, séu svo vitlausir að þeir vilji ekki hafa þetta fyrirkomulag, þá sé mátulegt á þá að verða við þessum tilmælum og leggja sjóðinn niður.

Hv. meiri hluti sjútvn. flytur eina brtt. og hún gengur út á það að ráðstafa 10 millj. kr. af þeim fjármunum sem liggja inni í þessum sjóði. Brtt. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við 2. gr. Síðari málsliður greinarinnar orðist svo: Aðrar eignir sjóðsins skulu renna til reksturs Hafrannsóknastofnunar utan 10 millj. kr. sem skulu renna til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda."

Í nál. meiri hlutans er þessi tillaga rökstudd með því að Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda eigi peninga þarna inni og það eigi að gera þeim kleift að hrinda af stað markaðsátaki með það fyrir augum að styrkja markaðshlutdeild íslenskrar kaldsjávarrækju erlendis. Þetta er út af fyrir sig gott málefni og ekkert nema gott um það að segja og ég ætla ekki að leggjast á móti þessari tillögu ef þetta mál fær framgang í þinginu. En ég er alfarið á móti því að leggja Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins niður. Mér finnst það vera dálítið kaldhæðnislegt að sú eina tillaga sem meiri hluti sjútvn. leggur fram, þ.e. þessi tillaga um að láta 10 millj. til rækju- og hörpudiskframleiðenda, er hugsuð til að koma til móts við þann hluta fiskiðnaðarins í landinu sem býr við hvað mestar sveiflur í verði og það eru kannski sterkustu rökin fyrir sjávarútveginn sjálfan hægt að sækja í einmitt þennan hluta atvinnugreinarinnar. Það eru auðvitað fleiri sem búa við miklar verðsveiflur í sjávarútveginum heldur en rækju- og hörpudiskframleiðendur en það má segja að einna mestu sveiflurnar séu þar. Í upplýsingum sem komu til nefndarinnar frá Félagi rækju- og hörpudiskframleiðenda er t.d. sýnt hvernig verðþróun var á þeirra vörun á árinu 1993 og það er satt að segja mikið umhugsunarefni að þeir eigi að horfast í augu við framtíð þar sem ekki sé á ferðinni neins konar sveiflujöfnun til handa þessum hluta sjávarútvegsins.

Ég ætla að nefna tölur úr þessum upplýsingum sem eru einungis fyrir árin 1989–1993 og þær sveiflur sem hafa orðið á því tímabili. Þá er vísitala þessara upplýsinga miðuð við janúar 1989 og þetta er til nóvember 1993. Í janúar 1989 er þessi vísitala SDR frá 1986 í 90. Hún fer hæst í um 102 í mars árið 1989. Hún fer lægst í nóvember árið 1993 og þá er hún líklega 57–58. Það er sem sagt um það að ræða að það sé nánast helmings verðlækkun á þessu tímabili á þessum vörum og það sér auðvitað hver maður að það er mikil nauðsyn á sveiflujöfnun í jafnsveiflukenndum atvinnurekstri og þessum. Og þó að sveiflurnar í verði annarra sjávarafurða séu kannski ekki alveg svona miklar þá eru þær verulega miklar.

En það er ekki bara verið að hugsa um hagsmuni sjávarútvegsins þegar menn reka slíkan sjóð eins og hér er verið að tala um að leggja niður. Það eru fyrst og fremst hagsmunir landsins í heild og efnahagskerfisins sjálfs. Ég held að það sé hollast fyrir menn að minnast þess sem síðast gerðist þegar við lentum í hremmingum vegna sveiflu í sjávarútvegi. Það var á árinu 1987 þegar hæstv. forsrh. var sá sem nú er hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson. Þá varð mikil uppsveifla í sjávarútvegi og verð á sjávarafurðum hækkaði bæði austan hafs og vestan. Sérstaklega varð mikil verðhækkun á sjávarafurðum í Evrópu og íslenskur fiskur seldist sem aldrei fyrr. Ríkisstjórnin sem þá sat við völd hafði tekið upp það sem var kallað fastgengisstefna. En einhvern veginn hafði mönnum láðst að festa gengið nema í annan endann. Því þó að gengi íslensku krónunnar væri fast miðað við verðlag á erlendum gjaldeyri óð verðbólgan áfram innan lands og gengið breyttist þess vegna mjög hratt. Það sem var ömurlegast við þetta var að sjávarútvegurinn, sem aldrei hafði í langan tíma búið við annað eins verð á erlendum mörkuðum, var rekinn með bullandi tapi og tapaði aldrei meiru en þegar verðið var hæst erlendis.

Þetta segir sína sögu um að það er ekki hægt að hafa efnahagsstjórn með þeim hætti sem þarna var framkvæmt. Það sem þó má segja er að það hefði ekki bjargað öllu þó að þá hefði verið til sjóður sambærilegur við þennan sem nú er til. Auðvitað hefði ríkisvaldið líka þurft að standa sig betur en gerðist á þessum tíma. En þá var hreinlega ágreiningur í ríkisstjórn um hvernig ætti að bregðast við málum og niðurstaðan varð sú að það var ekkert brugðist við og verðbólgan óð áfram, sjávarútvegurinn var rekinn með bullandi tapi langtímum saman og vandi sjávarútvegsins sem nú er á ekki síst rætur að rekja til þessa tímabils. Síðan þetta tímabil gekk yfir hefur sjávarútvegurinn ekki fengið að njóta neins sem hægt er að kalla góðæri.

Það má kannski segja að í gegnum tíðina hafi verið óskaplega miklar sveiflur í sjávarútveginum. Ef við förum t.d. yfir það hvernig saltfiskverkunin hefur farið út úr þessum sveiflum þá var það oft sagt að það væri þriðja, fjórða hvert ár sem saltfiskverkunin gerði það gott á Íslandi. En það eru liðin þó nokkuð mörg ár núna sem saltfiskverkun hefur ekki spjarað sig og menn eru orðnir langeygir eftir því að fá góð ár í þeim atvinnuvegi. Enda hefur saltfiskverkun hrakað, hún hefur fallið saman og því miður eru nú fréttir um það að gæði framleiðslunnar hafi líka fallið og að við séum að byrja að tapa mörkuðum erlendis af þeim ástæðum. Það er vissulega mjög alvarlegt mál ef það bætist ofan á aðrar hremmingar í þessum atvinnuvegi.

Eins og ég sagði áðan komu umsagnir frá ýmsum aðilum um þetta frv. til hv. nefndar og ég ætla að nefna fyrst umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna en í henni kemur fram að stjórn LÍÚ sé samþykk því að þessi sjóður verði lagður niður og mælir með því. Hún leggur það til að eftirstöðvar sjóðsins gangi til

rekstrar Hafrannsóknastofnunar og mælir með því að þær gangi til þess að stofna sjóð til að standa undir kostnaði við smíði nýs hafrannsóknaskips. Það er út af fyrir sig góð tillaga og ef mönnum lánast þetta ætlunarverk sitt að leggja sjóðinn niður þá finnst mér ástæða til að skoða þá hugmynd betur. En það eru reyndar fleiri hugmyndir á ferðinni í þessum plöggum um það hvað eigi að gera við þessa peninga annað en það sem ríkisstjórninni hefur dottið í hug, þ.e. að peningarnir renni í ríkissjóð. En það er fullur rökstuðningur fyrir því að nota þessa peninga, ef þeir verða til ráðstöfunar, í það að undirbúa byggingu nýs hafrannsóknaskips því ef ég man rétt þá er elsta skip Hafrannsóknastofnunar 34 ára gamalt og það yngsta líklega 23 eða 24 ára þannig að það er komin full ástæða til þess að skoða þau mál upp á nýtt.

En ég verð að segja það eins og er að mér finnst það undarlegt af stjórn LÍÚ að leggja það til að þessi sjóður verði lagður niður. Þeim er manna best kunnugt um það á þeim bæ að það eru margs konar hugmyndir á ferðinni um auðlindaskatt og annað því um líkt sem er umræða sem mun kvikna og magnast um allan helming þegar þessi möguleiki til sveiflujöfnunar hefur verið lagður niður, eins og hér er lagt til.

Vinnuveitendasamband Íslands kemur með athyglisvert innlegg inn í þetta mál og ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í þeirra greinargerð. Þar stendur á einum stað:

„Reynslan af sjóðnum á þeim stutta tíma sem hann starfaði sýndi m.a. að sjávarútvegurinn þoldi ekki að búa við þær aðstæður að einungis væri miðað við afurðaverð en ekkert mið tekið af aflamagni. Þessi aðkoma tók meira mið af þjóðhagslegum markmiðum, sér í lagi gengisstöðugleika, en afkomu sjávarútvegs. Aflasamdráttur og versnandi afkoma af völdum hans leiddi til þess að fyrst voru sett lög um stöðvun innborgana í sjóðinn og síðan útgreiðslur úr honum sem annars hefðu ekki átt sér stað. Þegar lögin um sjóðinn voru sett á sínum tíma gerðu menn sér ekki í hugarlund þann mikla aflasamdrátt sem fram undan var og því voru starfsreglur sjóðsins ekki sniðnar að slíkum aðstæðum. Viðmiðunarreglurnar tóku þannig einungis mið af verði en ekki verðmæti eins og e.t.v. hefði verið eðlilegt."

Það sem hér kemur fram er að það hafi verið ákveðinn galli á þessum sjóði og ég tel að það sé alveg hárrétt. Ég tel hins vegar að það sé fráleitt að það eigi að vera niðurstaðan af þessum vangaveltum eða skoðun á þessum galla sem kom fram við notkun þessa sjóðs að það eigi að leggja hann niður. Ég held að það sé auðveldlega hægt að setja inn í reglur sjóðsins ákvæði sem virka þannig að aflasamdráttur sem veldur versnandi afkomu verði líka tekinn inn í þær reglur sem sjóðurinn starfar eftir. Þetta má gera með ýmsum hætti og ég ætla ekki að eyða tíma hv. þm. í það að lýsa því. Það þýðir heldur ekkert um það að ræða nema það sé vilji hjá meiri hluta hv. alþm. fyrir því að halda þessari verðjöfnun áfram og að endurbæta það tæki sem þessi sjóður er til þess.

Í umsögn Alþýðusambands Íslands kemur fram athyglisverð afstaða sem ég tel ástæðu til að vekja athygli á. Þar stendur á einum stað, með leyfi forseta:

„Afstaða Alþýðusambandsins til þessa frv. er þessi: Alþýðusambandið telur brýnt að tryggja að þau markmið sem lágu til grundvallar starfsemi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins, þ.e. nauðsyn þess fyrir uppbyggingu annarra atvinnugreina að sveiflur í afkomu sjávarútvegs verði jafnaðar með einhverjum hætti, nái fram að ganga. Verði það ekki gert standa stjórnvöld frammi fyrir því að jafna afkomusveiflur í sjávarútvegi með breytingum á gengi krónunnar eða vöxtum með þeim skaða sem það hefði fyrir aðrar greinar sem ekki nytu t.d. sambærilegrar uppsveiflu og í sjávarútvegi. Íslenskt efnahagslíf hefur farið í gegnum mjög erfiða aðlögun að sífelldum samdrætti í þorskveiðiheimildum á undanförnum árum og ljóst er að leggja verður höfuðáherslu á að efla aðra útflutningsstarfsemi ef okkur á að takast að treysta og auka það velferðarstig sem við höfum búið við. Ef það á að takast þá verðum við einfaldlega að jafna afkomusveiflur í sjávarútvegi með einum eða öðrum hætti, þó þannig að sú sveiflujöfnun hafi ekki skaðleg áhrif á aðrar greinar. Á þessu er ekkert tekið í frv. og hvorki liggur fyrir nein stefnumörkun af hálfu ríkisstjórnar né Alþingis hvernig bregðast eigi við. Það er t.d. óljóst hvort hér er verið að undirbúa ákvörðun um að taka upp auðlindaskatt en ákvörðun um að fella lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins úr gildi mun óhjákvæmilega færa meiri þunga yfir á þá umræðu. Ef snögg umskipti verða á afkomu sjávarútvegs gæti sú umræða þurft að fara fram í verulegri tímaþröng þar sem við stæðum frammi fyrir annaðhvort gengishækkun eða upptöku auðlindaskatts. Það er að sjálfsögðu óviðunandi og því telur Alþýðusambandið eðlilegra að Alþingi fresti ákvörðun um framtíð Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins um sinn eða þangað til ljóst er hvers konar sveiflujöfnunarkerfi eigi að taka við og þegar í stað verði teknar upp viðræður um mótun slíks kerfis."

Ég held að það sem segir í þessari greinargerð eða umsögn Alþýðusambands Íslands sé nákvæmlega það sem segja þarf um þetta atriði. Það er óábyrgt af forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar og stuðningsmönnum hennar að ætla að leggja niður Verðjöfnunarsjóð án þess að það liggi fyrir hvað eigi að koma í staðinn. Ég tel það einsýnt að Alþingi eigi að fresta þessu máli.

Þjóðhagsstofnun kemst að álíka niðurstöðu. Ég ætla að grípa niður, með leyfi forseta, á einum stað í umsögn Þjóðhagsstofnunar. Þar segir:

„Ef Verðjöfnunarsjóður verður lagður niður án þess að nokkuð komi í staðinn, eins og umrætt frumvarp gerir ráð fyrir, verður að beita öðrum hagstjórnartækjum (gengi, vöxtum og sköttum) meira í því skyni að jafna sveiflur í þjóðarbúskapnum. Þetta hefur óþægilegar hliðarverkanir fyrir aðrar atvinnugreinar og fyrir vikið verður hagvöxtur líklega hægari en án sveiflujöfnunar í sjávarútvegi. Jafnframt verður ekki séð að sjávarútvegur bíði tjón af sérstakri sveiflujöfnun innan greinarinnar. Þvert á móti má færa rök fyrir því að slík tilhögun geti styrkt greinina þegar til lengri tíma er horft."

Hérna er sagt skýrt og greinilega að það muni hreinlega draga úr hagvexti ef ekki sé um að ræða þá sveiflujöfnun sem hér hefur verið möguleiki á að hafa.

Höfum við efni á því að stjórna okkar málum þannig á Íslandi í dag að við drögum úr hagvexti með sjálfri efnahagsstjórninni? Eigum við að leggja þau tæki til hliðar sem hefur verið hægt að nota til þess að *láta atvinnulífið í landinu snúast betur og til að styrkja* það? Ég tel það ekki vera. Ég tel að við þurfum á öllu öðru að halda en að sleppa þeim möguleikum fram hjá okkur sem við höfum til þess að hafa góð áhrif á atvinnulífið.

Það er líka athyglisverð umsögn frá Íslenskum sjávarafurðum sem kom til nefndarinnar. Ég vil, með leyfi forseta, grípa niður í þá umsögn:

„Í Félagi Sambandsfiskframleiðenda og síðar í hagsmunanefnd Íslenskra sjávarafurða þótti lengstum rétt að styðja Verðjöfnunarsjóð af ástæðum sem fyrr eru taldar í þessari greinargerð. Þegar allir aðrir innan sjávarútvegsins höfðu hins vegar fallið frá stuðningi sínum snemma árs 1993 og krafist útborgunar úr sjóðnum varð niðurstaða hagsmunanefndarinnar að ekki þýddi lengur að halda uppi vörnum og mælti hún með að greitt yrði úr sjóðnum. Hagsmunanefndin taldi að með því að tæma sjóðinn væri í raun búið að taka ákvörðun um að leggja sjóðinn endanlega niður og að ekki yrði aftur snúið. Það er enn þá skoðun hagsmunanefndarinnar og getur hún þess vegna mælt með því að sjóðurinn verði formlega lagður niður."

Svo kemur: „Hinu er svo ekki að leyna að nú er þeirri skoðun að vaxa fylgi innan sjávarútvegsins að rétt sé að endurvekja verðjöfnun í einhverju formi. Ákveðið hefur verið að taka það til umræðu á fundi í stjórn Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins síðar í þessum mánuði." — Þetta bréf er skrifað þann 6. jan. 1994. — „Hér verður samt sem áður ekki gert ráð fyrir því að út úr því komi nokkuð að viti en samt getur verið rétt að bíða þessa fundar og sjá hvort þar koma einhverjar bitastæðar hugmyndir fram. Þrátt fyrir þetta verður hér gert ráð fyrir að sjóðurinn verði lagður niður og kemur þá til ráðstöfunar þess fjármagns sem eftir stendur. En frv. gerir ráð fyrir því að það renni til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Það er að sjálfsögðu hið þarfasta verk. En engu að síður er sú skoðun ríkjandi innan sjávarútvegsins að rétt sé að nota þetta tækifæri til þess að leggja til hliðar allnokkurt fé til rannsókna og þróunar og í sjávarútvegi. Undir það er tekið hér. Þrír aðilar hafa í raun lagt í Verðjöfnunarsjóð, þ.e. fiskvinnslan, útgerð og sjómenn.

Þegar lögunum var breytt árið 1992 í því skyni að hægt væri að tæma sjóðinn var nokkurt tillit tekið til þátttöku sjómanna á þann hátt að ákveðin fjárhæð var lögð í lífeyrissjóði sjómanna en þeir sjóðir eru mjög vanburða og veitir ekki af að styrkja þá. Það fjármagn sem lagt var í sjóðinn var þó væntanlega minna en hlutdeild sjómanna í inngreiðslum í sjóðinn. Hér verður lagt til að bætt verði úr því og hluti þess fjár sem eftir stendur í sjóðnum verði greiddur í lífeyrissjóði sjómanna."

Þarna er sem sagt komin önnur tillaga um það með hvaða hætti eigi að ráðstafa þessum peningum og þá eru komnar fjórar hugmyndir um það með hvaða hætti eigi að nota þá peninga sem eru í þessum sjóði.

Ég held að þetta sé hugmynd sem þurfi að ræða betur og það þarf reyndar að ræða miklu betur ef niðurstaðan verður sú að leggja þennan sjóð niður, hvað eigi að gera við þessa peninga. Það er ekki einsýnt að *láta þá renna í ríkissjóð.*

Í umsögn Sölusambands íslenskra fiskframleiðenda hf. koma fram eftirfarandi atriði sem ég vil, með leyfi forseta minna á:

„Stjórn SÍF hf. er því einnig meðmælt fram komnu frv. um afnám laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, þ.e. 1. gr. frv., en stjórn SÍF getur ekki fallist á það ákvæði 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um að aðrar eignir sjóðsins skuli renna til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Ástæðan er þessi:" — Og síðan rökstyður Sölusamband íslenskra fiskframleiðenda hf. þessa skoðun sína með eftirfarandi orðum:

„Þessir peningar voru á sínum tíma teknir af skilaverði útfluttrar skreiðar og lagðir í þennan sjóð og sérstaklega eyrnamerktir skreiðinni. Því telur SÍF hf. grundvallaratriði að þessu sérstaka eyrnamerkta framlagi verði ráðstafað til skreiðarframleiðenda í formi verðbóta á sama hátt og gert hefur verið undanfarnar vikur. Þó sjóðurinn verði lagður niður hlýtur að vera hægt að fela t.d. Seðlabanka Íslands að ljúka greiðslu verðbóta þar til peningar í skreiðardeildinni verða uppurnir.

Í annan stað getur SÍF ekki mælt með því að 205 millj. kr. af sameiginlegum reikningi, sem m.a. hefur orðið til vegna gjaldþrota fiskvinnslufyrirtækja og að hluta til af sérstökum reikningi saltfiskafurða og humars, renni til reksturs Hafrannsóknastofnunar. Eðlilegra er að þessir peningar renni til stuðningsverkefna innan fiskiðnaðarins þar sem þeir mynduðust að stórum hluta á sínum tíma, en ekki að þeir renni í ríkissjóð. Má í því sambandi m.a. nefna verkefni á sviði vöruþróunar í fiskiðnaði og markaðsöflunar. Einnig getur stjórn SÍF hf. stutt þær hugmyndir sem uppi eru að *þessir peningar, 205 millj. kr., geti runnið* til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins sem framlag greinarinnar til hans."

Þarna eru á ferðinni viðbótarhugmyndir við þær sem ég hef áður nefnt í mínu máli um það hvað eigi að gera við þessa fjármuni. En engin af þessum hugmyndum hlaut náð fyrir augum meiri hluta hv. sjútvn. heldur, eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar, einungis ein tillaga frá hv. meiri hluta nefndarinnar um það að veita 10 millj. af þessum peningum til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda.

Ég ætla að víkja að erindi frá Samtökum iðnaðarins sem kom hingað til nefndarinnar. Ég tel að það sé ástæða til þess að gefa gaum að sjónarmiðum þeirra sem þar ráða húsum. Ég ætla, með leyfi forseta, að lesa þá greinargerð því að hún er stutt og á fullt erindi inn í þessa umræðu að nokkru leyti. Hér stendur:

„Með vísan til sambúðarvanda iðnaðar og sjávarútvegs í gegnum tíðina, sem lýsir sér helst í því að þróun raungengis hefur verið látin haldast í hendur við af-

komu í sjávarútvegi og valdið þannig miklum sviptingum í starfsskilyrðum iðnaðar, er ljóst að sveiflujöfnun er afar þýðingarmikil fyrir atvinnurekstur á Íslandi.

Samtök iðnaðarins líta svo á að stöðugleiki hljóti að verða höfuðmarkmið hagstjórnar á næstunni. Það er ekki hægt að búast við að fjölbreytt atvinnulíf vaxi og dafni á Íslandi ef samkeppnisstaða og starfsskilyrði eru stöðugum breytingum undirorpin, allt eftir því hvernig árar í sjávarútvegi.

Iðnaðurinn þolir ekki þá raungengishækkun sem hlýtur að fylgja ef ekkert verður að gert þegar fer að rofa til í sjávarútvegi. Það eru ekki boðleg starfsskilyrði að lúta slíkum utanaðkomandi og óþörfum sviptingum í samkeppnisstöðu og fá ekkert við því gert. Það er á ábyrgð stjórnvalda að sjá til þess að hér ríki viðunandi starfsskilyrði og góð samkeppnisstaða fyrir allan atvinnurekstur.

Raungengishækkun yrði ekki aðeins slæm fyrir útflutnings- og samkeppnisgreinar heldur einnig viðskiptajöfnuð og skuldastöðu. Í gegnum tíðina hefur hátt gengi krónunnar stuðlað að þrálátum viðskiptahalla og meðfylgjandi skuldasöfnun í útlöndum. Það ætti að vera útgangspunktur þegar stjórnvöld móta stefnu sína í efnahagsmálum að stuðla að afgangi í viðskiptum við önnur lönd svo að unnt sé að hefjast handa við að grynnka á erlendum skuldum.

Tæki til sveiflujöfnunar gegnir lykilhlutverki í að skapa viðvarandi stöðugleika í þjóðarbúskap Íslendinga. Samtök iðnaðarins leggja á það þunga áherslu að það þurfi að liggja fyrir hvað taki við af Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins áður en hann verður lagður niður eins og lagt er til. Frumvarpið er því ótímabært.

Umræða um arftaka Verðjöfnunarsjóðs hefur enn ekki farið fram. Búast má við að aukinn kraftur færist í umræðuna um að tengja upptöku gjalds fyrir veiðiheimildir við sveiflujöfnun í hagkerfinu. Ekki má líta svo á að umræða um leiðir til að draga úr sveiflum í starfsskilyrðum íslensks atvinnulífs sé einkamál samtaka í sjávarútvegi."

Þetta var umsögn Samtaka iðnaðarins og við höfum heyrt frá forráðamönnum þeirra áður um það að þeir eru auðvitað og af eðlilegum ástæðum að krefjast starfsskilyrða þar sem þeir geta þokkalega búist við því að þar sé nokkurn veginn jafnvægi á hlutunum. Og það er ekki hægt að neita því vegna þess að það liggur nokkuð í augum uppi að þær sveiflur sem hafa verið í okkar hagkerfi vegna mismunandi hás verðlags á sjávarafurðum erlendis hafa eyðilegt og drepið í dróma möguleika okkar í alls konar iðnaðarframleiðslu. Það þarf ekki að líta langt aftur í tímann til þess að sjá þá hluti.

Þá ætla ég að fara fáeinum orðum um það með hvaða hætti væri hugsanlegt að jafna þessar sveiflur ef þessi sjóður verður lagður niður, en ég tel að það yrði mikið slys ef það gerðist núna meðan ekkert annað er fyrir hendi því að það er enginn vafi á því. Ég er a.m.k. ekki í neinum vafa um það að landið mun rísa á ný fyrir þá sem eru í atvinnurekstri í sjávarútvegi og við eigum eftir að sjá uppsveiflu í honum. Og vandamálið sem er út af fyrir sig góðkynja, þ.e. að sú uppsveifla komi, það nálgast okkur og við þurfum þess vegna að vera við því búin. Og það væri skelfilegt ef við yrðum ekki betur undir þá uppsveiflu búin heldur en við vorum 1987 þegar allt fór úr böndunum með þeim hætti sem allir hljóta að muna sem hafa verið komnir af bernskuskeiði þegar sá tími leið. Það er hægt að gera með fjölmörgum aðferðum ef menn vilja jafna út sveiflur. Hér erum við með í höndunum sveiflujöfnun sem byggist fyrst og fremst á því að verðjafna þessum afurðum sem hér er verið að tala um.

Samtök iðnaðarins hafa bent á það að það þurfi að taka upp auðlindaskatt, það megi nota hann til þess að jafna þessa samkeppnisaðstöðu og halda verðlagi stöðugu og gengissveiflum í lágmarki. Þá eru þau auðvitað að tala um að það verði mismunandi hátt gjald innheimt af þeim sem stunda sjó á Íslandi eða útgerð eftir því hvernig árar og þannig verði þessar sveiflur jafnaðar út. Ég tel að þetta sé hluti af þeirri sjávarútvegsstefnu sem á að reka í landinu og ég held að það sé ástæða til þess að ræða hina ýmsu möguleika til að jafna út þessar sveiflu, menn eigi ekki fyrir fram að vera með mótaðar skoðanir í því.

Mér hefur fundist á þeim sem um þessar mundir tala um auðlindaskatt og vilja koma honum á að þeir séu meira að hugsa um eitthvað annað en sveiflujöfnun í sjávarútvegi þegar þeir tala um þennan auðlindaskatt þó svo að ég geri ráð fyrir því að flestir þeirra muni vilja nýja sér möguleika auðlindaskattsins til þess að jafna út sveiflur í sjávarútvegi ef hann á annað borð verður settur á.

Ég hef sett fram hugmynd og ber ábyrgð á hugmynd sem var dreift hér í þinginu í fyrra og fylgdi þáltill. Alþb. um sjávarútvegsstefnu í fyrravor sem var framlag Alþb. til þess að reyna að koma af stað víðtækari umfjöllun um sjávarútvegsmál heldur en þessi hæstv. ríkisstjórn hefur staðið fyrir á kjörtímabilinu. Í þeirri tillögu er reyndar hugmynd um aflagjald. Þetta aflagjald er auðvitað nothæft til sveiflujöfnunar í sjávarútvegi ef því verður komið á. Það er að vísu eingöngu miðað við þarfir sjávarútvegsins og gæti verið það alfarið þó að það væri notað til sveiflujöfnunar því að hugmyndin um aflagjald byggist á því að innheimta gjald, mismunandi hátt eftir hverri tegund og eftir þeim aðstæðum sem eru í sjávarútvegi á hverjum tíma. Og það er ekki bara hugsað sem stjórntæki í sjálfum sjávarútveginum til þess að stýra veiðum og hafa áhrif á þær. Það er líka hugsað sem sveiflujöfnunartæki. Þegar verð væri mjög hátt í sjávarútveginum þá væri hægt að frysta hluta af því aflagjaldi sem innheimt væri og geyma til síðari tíma þegar verr áraði og þannig væri mögulegt að jafna sveiflurnar út. Þetta er í sjálfu sér ákaflega einfaldur hlutur og ég ætla ekki að fara í neinar meiri vangaveltur um þetta nú en ég tel að ef það verður af áformum ríkisstjórnarinnar um að leggja þennan sjóð niður þá muni þessi umræða öll fara af stað og þá muni myndast mikill þrýstingur á stjórnvöld í landinu að taka til alvarlegrar umfjöllunar með hvaða hætti eigi að jafna sveiflurnar í okkar hagkerfi og auðlindaskattur verður það sem margir munu þrýsta

á að verði tekið upp. Ég er einn af þeim sem hafa ekki viljað að tekinn yrði upp auðlindaskattur með þeim hætti sem t.d. Alþfl. hefur lagt til sem stjórntæki í sjávarútveginum. Ég tel að sú tillaga, sem ég lýsti í örfáum orðum áðan sem er hluti af hugmyndinni um það hvernig eigi að stjórna fiskveiðum án þess aflamarkskerfis sem nú er í gangi, þ.e. að létta af sjávarútveginum þeim hluta stjórnkerfis fiskveiða sem felst í aflamarkinu, en taka upp í staðinn sóknarstýringar ásamt þeim sóknarstýringum sem fyrir eru því að þær eru æðimargar, að sú hugmynd, sem ég nefndi þarna áðan sem er hluti af þessu, getur í sjálfu sér vel gengið sem sveiflujöfnun í sjávarútveginum. Og það er hægt að nýta þetta með margvíslegum hætti.

Eins og ég sagði í upphafi ræðu minnar þá er allt þetta auðvitað hluti af þessu vandræðarugli ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum. Hún hraktist til þess að leggja til að þessi sjóður yrði lagður niður eingöngu vegna þess að hún þurfti á því að halda að fá þá peninga sem í sjóðnum eru til þess að bæta ríkissjóði upp tekjutap sem hann varð fyrir vegna þess að hann fékk ekki þá peninga sem hann átti að fá fyrir veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs sem átti að selja. Og það verður að segjast eins og er að það er ekki upp á það bjóðandi að hæstv. ríkisstjórn í landinu hrekist áfram og berist með straumnum með þessum hætti takandi ákvarðanir út í loftið án rökstuðnings, takandi ekki mark á góðum rökstuðningi þeirra manna sem best þekkja og hafa besta menntun og þekkingu á efnahagslífinu í landinu. Það er sem sagt engum rökum tekið. Þetta er í raun og veru ömurleg staða sem hv. Alþingi er í og hv. meiri hluti þessa þings, að hann skuli þurfa að *rétta upp hendur eða ýta á takkana* við atkvæðagreiðslur hér í þinginu til þess að standa að framgangi mála sem þannig eru undirbúin og ákvarðana sem eru teknar með svona rökstuðningi eins og við höfum hér séð, þ.e. að meiri hluti hv. nefndar leggur bara til að tillagan verði samþykkt og rökstyður það ekki með nokkrum hætti þrátt fyrir að það hafi komið *fram mjög öflugur og sannfærandi* rökstuðningur fyrir því að halda þessum sjóði á lífi áfram og nýta hann þegar óðruvísi fer að ára í þjóðfélaginu.

Ég ætla, hæstv. forseti, að láta þessari ræðu minni lokið. Það kann svo sem að vera að ég sjái ástæðu til að taka til máls aftur í þessari umræðu en ég hef verið að vonast til þess að hv. þm. stjórnarliðsins tækju hér til máls og rökstyddu þá skoðun sína ef hún er þá þannig að þeir ætli að styðja þetta mál. Mér finnst það vera Alþingi Íslendinga til lítilsvirðingar að mál eins og þetta skuli nánast eingöngu vera rætt af stjórnarandstæðingum og að þeir sem ætla að styðja málið og styðja sína ríkisstjórn við það að koma því í gegnum þingið skuli ekki leggja það á sig þó ekki sé nema með fáum orðum að rökstyðja sína skoðun.

[16:05]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Þær umræður sem hér hafa farið fram eru um margt athyglisverðar. Því hefur verið haldið fram af sumum hv. þm. stjórnarandstöðunnar að þetta frv. sé einvörðungu flutt hér til þess að ná í ríkissjóð þeim fjármunum sem brunnið hafa inni í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Það er á miklum misskilningi byggt. Það var ákveðið að endurskoða gildandi lög um Verðjöfnunarsjóðinn. Niðurstaðan liggur fyrir í þeirri skýrslu sem fylgir frv. þar sem lagt var til að sjóðurinn yrði lagður niður.

Vitaskuld er það rétt að það hafa verið uppi mismunandi sjónarmið um þýðingu verðjöfnunar og með hvaða hætti mætti koma henni við. Það hefur svo komið hér fram í máli eintakra þingmanna stjórnarandstöðunnar að lítið sé gefandi fyrir álit hagsmunasamtaka sjávarútvegsins í þessum efnum og rétt sé að taka einvörðungu mið af þeim álitum sem komið hafa frá Seðlabanka Íslands og fleiri aðilum og ganga í aðra átt.

Það hefur verið gert lítið úr því að í rökstuðningi nefndarinnar hefur verið á það bent að erfitt sé að starfrækja sveiflujöfnunarsjóð af þessu tagi í andstöðu við þá aðila sem við þessi lög eiga að búa. Mér finnst það býsna kynlegt, ekki síst af hálfu þeirra sem gerst þekkja til að bera þessi rök á borð. Vandinn sem við er að etja í þessu efni er ekki síst fólginn í því að það koma upp erfiðar aðstæður vegna þess að Verðjöfnunarsjóðurinn er ekki almennur sveiflujöfnunarsjóður og því geta komið upp þær aðstæður að sjávarútvegsfyrirtækin séu að tapa peningum án þess að verðbreytingar gefi tilefni til þess að draga úr inngreiðslum í sjóðinn, til að mynda vegna þess að afli dregst saman eða kostnaður eykst hér innan lands. Það er mjög skiljanlegt að við slíkar aðstæður sé það óásættanlegt fyrir fyrirtækin að búa við framkvæmd verðjöfnunar með þeim hætti sem núgildandi lög mæla fyrir um. Þær aðstæður voru uppi þegar gripið var til þess að stöðva *inngreiðslur með sérstökum lögum og síðan að endurgreiða* innstæðurnar áður en verðtilefni samkvæmt lögunum gáfu tilefni til. Og mér finnst ekki að það sé hægt að gera lítið úr þessum rökum þeirra sem í forustu eru fyrir atvinnugreininni.

Það er ugglaust svo að verðjöfnun getur haft góð almenn efnahagsleg áhrif. Ég er ekki að mæla á móti því að á árunum 1990 og 1991 hafi Verðjöfnunarsjóðurinn haft áhrif í þá veru og komið í veg fyrir launahækkanir sem ella hefðu orðið og hugsanlega leitt til hefðbundinnar víxlverkunar kaupgjalds og verðlags í landinu. Sérstaklega er athygli vert að þingmenn Alþb., sem jafnan hafa verið talsmenn kauphækkana burt séð frá því hvort efnahagslegar forsendur væru fyrir þeim eða ekki, skuli einmitt í þessari umræðu leggja svo ríka áherslu á að sjóður af þessu tagi skuli vera fyrir hendi til þess m.a. að koma í veg fyrir óraunhæfar kauphækkanir.

Menn hafa rætt ýmsa möguleika til sveiflujöfnunar, aðrar útfærslur en þá sem verið hefur í gildi. Til að mynda þá að fyrirtækin hefðu meira frjálsræði í þessu efni. Til að mynda þá að hún væri meira í formi skyldusparnaðar og breytti ekki því að innstæðurnar væru eign viðkomandi fyrirtækja. Á móti hefur á það verið bent að hætta væri á að slík aðferð hefði ekki þau sveiflujöfnunaráhrif sem menn sækjast eftir.

Auðvitað er ekkert algilt í þessu efni og enginn einfaldur einn sannleikur uppi í þessu efni. Það er ekki út-

lit fyrir það að á næstunni komi til, því miður, að inngreiðslur mundu hefjast í sjóðinn ef lögin giltu óbreytt áfram. En ég hef hlýtt á þær umræður sem hér hafa farið fram með athygli. Þó að ég sé ósáttur við margt af því sem hér hefur verið sagt og geti ekki fallist á ýmislegt í þeim rökstuðningi sem hér hefur komið fram, þá finnst mér að það komi vel til álita að taka tillit til þeirra viðhorfa. Til þess að koma til móts við þau sjónarmið get ég vel hugsað mér að málið verði tekið *til skoðunar milli 2. og 3. umr. á þann veg að* inngreiðslur í sjóðinn yrðu stöðvaðar og hugsanlega á þann hátt að ráðherra yrði heimilt að hefja þær á nýjan leik þegar tilteknum skilyrðum væri fullnægt, til að mynda að þorskafli væri kominn upp í 250 þús. lestir eða verð á afurðum hefði hækkað að meðaltali um eitthvert tiltekið hlutfall og að ráðstöfun þeirra fjármuna sem inni í sjóðnum eru yrði óbreytt frá því sem frv. er núna. Ég fyrir mitt leyti væri til málamiðlunar alveg tilbúinn til þess að skoða slíkt á milli umræðna í ljósi þess að hér hafa verið fluttar ræður um þetta efni sem ég tel ástæðu til að hlusta á og freista þess að koma til móts við sjónarmið þó ég sé ekki að öllu sáttur við það með hvaða rökum þau hafa verið flutt. En ég er tilbúinn til þess að beita mér fyrir slíkri skoðun á þessum forsendum á milli umræðna.

[16:13]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hlýt að fagna því að hæstv. ráðherra kemur hér, að því er ég skildi hann hans ræðu, í raun í grundvallaratriðum til móts við þau sjónarmið sem stjórnarandstaðan hafði uppi í umræðum í gær og í dag sem eru þau að það sé okkur nauðsynlegt að hafa sveiflujöfnunartæki virk í sjávarútvegi. Ég bið hæstv. ráðherra að leiðrétta mig ef ég hef ekki skilið þetta rétt. Hins vegar skildi ég hæstv. ráðherra þannig að það yrði ekki hægt að víkja frá því að ráðstafa þeim fjármunum sem nú eru í sjóðnum eins og reiknað er með í frv., þ.e. að þeir rynnu í ríkissjóð. Ég hlýt því að spyrja hæstv. ráðherra í framhaldi af þessu hvort hæstv. ráðherra hafi með ræðu sinni hér, seinni hluta ræðu sinnar, verið að staðfesta það að aðalástæðan fyrir flutningi þessa frv. hafi verið að ná þessum 200 millj. inn í ríkissjóð.

[16:15]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Síðari spurning hv. þm. er á misskilningi byggð. Ég gerði skýra grein fyrir því í minni ræðu að það hefði ekki verið aðalástæða fyrir flutningi þessa frv. Þetta álit lá fyrir frá þeirri nefnd sem skipuð hafði verið til að endurskoða þessi lög. Ég er sammála þeirri niðurstöðu sem þar er gefin að það sé ekki unnt að halda áfram með sveiflujöfnun af þessu tagi í fullkominni ósátt við atvinnugreinina. Ef menn vilja beita slíkri sveiflujöfnun þá verður að finna aðrar leiðir og ég minnti mjög rækilega á það hvernig þessi sjóður virkaði á þeim tíma þegar verulegur hallarekstur hvolfdist yfir sjávarútveginn án þess að um væri að kenna því verðfalli að leitt hefði til þess að inngreiðslur í sjóðinn stöðvuðust. Slíkt misgengi getur ekki gengið og verðjöfnun af *því tagi fær ekki* staðist að mínu mati. Menn verða þá að finna aðrar leiðir. Að þessu leyti er ég algjörlega sammála niðurstöðum nefndarinnar um að leggja sjóðinn niður og því var þetta lagt til.

Ég hef hins vegar lýst því hér að ég er tilbúinn til að hlusta á þann málflutning sem hér hefur verið hafður frammi og hef boðist til þess að miðla málum með þeim hætti sem ég hef lýst og vona að það verði metið.

[16:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það hefði þótt lélegur búskapur hér fyrr á árum að hætta heyskap vegna þess að menn hefðu léleg amboð. Ég skil hæstv. ráðherra þannig í raun að hann hafi skilning á því að við verðum að hafa virka sveiflujöfnun í sjávarútvegi áfram. Út frá þeim forsendum finnst mér það ábyrgðarleysi að byrja á því að fella algjörlega niður það sem við þó höfum áður en menn í nokkru segja hvað á að taka við. Hæstv. ráðherra nefndi ýmsa galla á því verðmiðlunarsjóðskerfi sem við höfum haft. Vissulega hafa verið á því gallar en menn voru þó búnir að sníða ýmsa agnúa af því kerfi. Við ættum miklu frekar að hafa burði til þess að halda þeirri vinnu áfram og ég tel að hæstv. ráðherra geti átt stuðning stjórnarandstöðunnar varðandi það mál.

Varðandi það sem hæstv. ráðherra sagði um endalok eigna í sjóðnum sem voru greiddar út á árinu 1992 þá var búin að vera mikil gagnrýni á sjóðinn og menn sögðu að reglurnar væru þannig að það kæmi aldrei til með að vera greitt út úr sjóðnum. Menn sáu ekki lengra fram í tímann þá. Ég var að ræða við útgerðarmenn í gærkvöldi sem bentu mér á að menn sáu ekki lengra fram þá en sem nemur því að við óbreyttar reglur þá væru útgreiðslur fyrir löngu hafnar. Þannig að sjóðurinn var kannski ekki alveg eins ónýtur eins og menn vildu vera láta.

[16:19]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að fara út í frekari efnisumfjöllun um þetta mál. Það er út af fyrir sig alveg rétt að það er ósátt um þetta mál við marga hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Ég vil ekkert gera lítið úr þeirra áliti. Ég hef aðeins sagt að þeirra álit eigi ekki eingöngu að ráða í þessu máli. Ég minni á það að inngreiðslurnar á árunum 1990 og 1991 fóru fram í verulegri ósátt við hagsmunaaðila í sjávarútvegi. Þeir voru hins vegar ekkert ósáttir við það að taka á móti þeim peningum þegar þeir voru greiddir út 1992. Þannig er það oft í þessum málum og ég hefði haldið að þeir hefðu nokkuð lært af því.

Aðalatriðið er að það þarf að ljúka þessu verki. Það þarf að ljúka því verki sem hafið var með þessu nefndarstarfi, þ.e. hvað á að taka við. Hvers konar sveiflujöfnun á að taka við? Það er aðalatriði málsins. Það á ekki að leggja þennan sjóð niður, a.m.k. ekki fyrr en það er vitað hvað tekur við. Ég met það svo að hæstv. ráðherra vilji taka mið af því í framhaldinu enda er

ekkert verið að borga inn í þennan sjóð og því miður ekki líkur á því að svo verði. Þess vegna held ég að það sé eðlilegast þar sem þessum fundi átti að ljúka mjög fljótlega að þessari umræðu verði frestað og málið kannað á næstunni því ég held að það sé langbest að taka einhverja daga í það og fresta umræðunni á meðan. Því vil ég fara þess á leit, hæstv. forseti, að í ljósi þessara ummæla hæstv. ráðherra, sem ég met og tel mikilvæg, þá verði umræðunni frestað enda átti þessum fundi að ljúka mjög fljótlega.

[16:21]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef í sjálfu sér ekkert á móti því að umræðunni verði frestað. Ég hef lýst því með hvaða hætti ég geti séð möguleika á því að menn nái saman í þessu eða komið verði til móts við þau sjónarmið sem hér hafa verið sett fram og eðlilegast væri að það væri rætt í hv. sjútvn. milli umræðna. Það má auðvitað gera meðan þessi umræða stendur þannig að ég geri í sjálfu sér engar athugasemdir við það að umræðunni verði frestað á þessu stigi og málið rætt frekar á milli aðila og þá væntanlega einnig í hv. sjútvn.

Umræðu frestað.

Fundi slitið kl. 16:23.

134. FUNDUR

mánudaginn 18. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til umhverfisráðherra:

1. Hagræn stjórntæki og umhverfisvernd, fsp. ÁMM, 402. mál, þskj. 604.

Til dómsmálaráðherra:

2. Ættleiðingar, fsp. VS, 588. mál, þskj. 939.

Til fjármálaráðherra:

3. Störf yfirskattanefndar, fsp. ÁRÁ, 534. mál, þskj. 833.

Til félagsmálaráðherra:

4. Málefni sumarhúsaeigenda, fsp. FI, 587. mál, þskj. 938.

Til heilbrigðisráðherra:

5. Lyfjaauglýsingar í fjölmiðlum, fsp. IP, 590. mál, þskj. 942.

Útbýting þingskjala:

Fjárveiting úr Starfsmenntasjóði, 598. mál, fsp. GJH, þskj. 956.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 275. mál, þskj. 951.

Lyfjaverslun ríkisins, 121. mál, þskj. 952.

Lögheimili, 72. mál, þskj. 953.

Samfélagsþjónusta, 354. mál, þskj. 950.

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, 600. mál, stjtill., þskj. 960.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, 378. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 958; brtt. SP o.fl., þskj. 959.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sölu SR-mjöls.

[15:03]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á fimmtudag vakti ég athygli á því hér úr ræðustól að í fréttum hefði verið skýrt frá því að Ríkisendurskoðun hefði lokið við skýrslu um sölu á hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli en það var jafnframt skoðun ríkisendurskoðanda að sú skýrsla yrði ekki birt meðan fram færi málflutningur í máli sem einstaklingur hefur höfðað vegna þeirrar sölu. Ég óskaði eftir því úr ræðustól að forsætisnefnd tæki þetta mál til skoðunar.

Nú var greint frá því áðan á þingflokksfundi í Alþb. að til forsætisnefndar hefur borist bréf frá Ríkisendurskoðun þar sem fram kemur m.a. að í þeirri skýrslu sem Ríkisendurskoðun hefur nú lokið um söluna á SR-mjöli komi fram gagnrýni Ríkisendurskoðunar á það sem hún telur að betur hefði mátt fara við söluna. Það er auðvitað mjög alvarlegt mál þegar það liggur fyrir staðfest á Alþingi að Ríkisendurskoðun hefur lokið skýrslu um þessa sölu þar sem gagnrýni kemur fram á söluna en ætlar síðan að halda skýrslunni leyndri þótt einstaklingur hafi höfðað mál út af sölunni í héraðsdómi Reykjavíkur. Ég vil í því sambandi minna forseta á það fordæmi að þegar þingið tók afstöðu til þess á síðasta kjörtímabili hvort ætti að birta upplýsingar, sem vörðuðu mál einstaklings sem var í málarekstri fyrir dómi, þá tók þingið þá afstöðu að þær upplýsingar ætti að birta. Þingið taldi ekki ástæðu á síðasta kjörtímabili til að bíða með að birta upplýsingar þótt mál væru í gangi. Ég vil þess vegna láta koma skýrt fram sem skoðun þingflokks Alþb. að þessa skýrslu Ríkisendurskoðunar eigi tafarlaust að birta. Og ég vil beina þeim tilmælum til forseta þingsins að skýrslan verði birt. Þetta er skýrsla sem fjárln. óskaði eftir, þetta er skýrsla sem Ríkisendurskoðun hefur lokið og það er í samræmi við það fordæmi sem skapað var á síðasta kjörtímabili að skýrslan verði birt.

[15:06]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Að frumkvæði fjárln. var óskað eftir því að Ríkisendurskoðun gerði athugun á sölu og sölumeðferð hlutabréfa í SR-mjöli. Þetta var ákveðið og þeim tilmælum beint til Ríkisendurskoðunar á fundi fjárln. 12. jan. Ég tel eðlilegt að þegar Ríkisendurskoðun hefur lokið athugun sinni, sem hún mun hafa gert eftir því sem fréttir herma, þá kynni hún fjárln. niðurstöður sínar enda er skýrslan gerð að frumkvæði þeirrar nefndar. Það hlýtur síðan að vera á valdi eða forræði fjárln. hvernig fjárln. telur eðlilegast og réttast að þessar upplýsingar verði notaðar, þ.e. hvort þær verði birtar eða ekki.

Fjárln. hefur verið boðuð til fundar út af þessu máli í fyrramálið kl. 11 þar sem fulltrúar Ríkisendurskoðunar munu mæta á fundinn og síðan mun fjárln. taka sínar ákvarðanir á þeim fundi um framhald málsins.

Mér þótti nauðsynlegt að þetta kæmi fram, virðulegi forseti.

[15:08]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Það er auðvitað ófært að fela þessa skýrslu. Það liggur ljóst fyrir að úr því að Ríkisendurskoðun fór yfir þetta mál að frumkvæði fjárln. þá hlaut hún auðvitað að finna þar gagnrýnisverða hluti. Málið er þannig vaxið að ábyrg stofnun eins og Ríkisendurskoðun gat ekki litið á þetta mál öðruvísi en sjá á því verulega vankanta. Það er engum greiði gerður með því að leyna þessari skýrslu eða fela hana. Það vekur meira að segja enn þá meiri tortryggni en ella mundi verða. Skýrslan gæti orðið til þess að eyða einhverju af þeirri tortryggni sem að sjálfsögðu er fyrir hendi. Ég tel að það sé alveg skýlaust að það beri að birta skýrsluna, kynna hana fyrst fjárln. og síðan Alþingi öllu. Ég

vil fara fram á að hér verði umræða utan dagskrár um söluna á SR-mjöli áður en þinglok verða í vor og kem því hér með til hæstv. forseta.

[15:09]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að mér finnst mjög eðlilegt að Ríkisendurskoðun skili þessari skýrslu til fjárln. sem beðið hefur um hana og að þar sé fjallað um skýrsluna, það sé fyrsta stig þessa máls. Síðan taki fjárln. það til skoðunar hvað hún gerir í framhaldi af málinu.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. forseta um það hvort ekki sé kominn forgangslisti yfir þingmál sem hugsanlegt er að ljúka afgreiðslu á fyrir þinglok. Það styttist óðum til þingloka og enn höfum við þingflokksformenn ekki fengið að sjá neinn forgangslista yfir mál sem ríkisstjórnin leggur áherslu á að ljúka. Það er mjög erfitt fyrir nefndir að vinna við þær aðstæður að vita ekki enn á hvað lögð er áhersla að ljúka og þess vegna vildi ég beina þessari spurningu til hæstv. forseta hvort ekki sé hægt að fá helst bara nú þegar þann forgangslista sem ríkisstjórnin hyggst leggja fram.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Varðandi síðara atriðið sem hv. 6. þm. Vestf. minntist á, þá er gert ráð fyrir því að boða fund með formönnum þingflokka síðar í dag og forseti hefur þegar ítrekað ósk um slíkan forgangslista og vonandi sér hann dagsins ljós innan skamms tíma.

[15:11]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil minna á það í upphafi að salan á SR-mjöli hefur verið mjög umdeild í þjóðfélaginu. Hún hefur verið mjög umdeild hér á Alþingi. Það hafa komið fram skýrar óskir á Alþingi um að málið verði tekið til meðferðar og upplýst. Það var á grundvelli þeirrar skoðunar hér í þinginu sem fjárln. óskaði eftir því að þessi athugun yrði gerð. Ég fagna því þess vegna að fjárln. ætlar strax í fyrramálið að óska eftir því að fá skýrsluna í sínar hendur og tel fullkomlega eðlilegt að fjárln. birti síðan þingmönnum skýrsluna. Í ljósi þess hver aðdragandinn er að beiðni fjárln. um þessa skýrslu og í ljósi þess að hér á þingi hefur hvað eftir annað verið krafist að málið yrði upplýst og tekið til skoðunar er í raun og veru ekki stætt að leyna þingmenn niðurstöðu Ríkisendurskoðunar þessu máli. Ríkisendurskoðun er trúnaðarstofnun þingsins til þess að vinna athuganir af þessu tagi og það eru bókstaflega engin rök, hvorki lagaleg, stjórnarskrárleg eða siðferðileg, fyrir því að leyna síðan skýrslu sem Ríkisendurskoðun hefur gert um þetta mál. Ég vil þess vegna ítreka þá afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna sem niðurstaða varð um á þingflokksfundi okkar fyrr í dag að það er eindregin krafa Alþb. að þessi skýrsla verði birt þinginu þegar í stað.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og hér hefur reyndar komið fram í máli formanns fjárln., hv. 7. þm. Norðurl. e., þá óskaði fjárln. hinn 12. jan. sl. eftir því með bréfi til Ríkisendurskoðunar að „hún geri athugun á hvernig staðið var að undirbúningi og sölu á hlutabréfum í SR-mjöli hf." Ríkisendurskoðandi féllst á þessa beiðni nefndarinnar, enda er hún byggð á 1. gr. laganna um Ríkisendurskoðun þar sem segir að stofnunin skuli vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins. Ríkisendurskoðandi mun nokkru síðar hafa tilkynnt nefndinni munnlega að sá fyrirvari væri á athugun þessari af sinni hálfu að hann mundi ekki birta greinargerð um þetta mál ef það færi fyrir dómstóla, a.m.k. ekki meðan málflutningur færi fram í málinu. Við þennan fyrirvara voru ekki gerðar athugasemdir í nefndinni.

Nú hefur verið upplýst að greinargerð Ríkisendurskoðunar sé á lokastigi en jafnframt ljóst að munnlegur málflutningur fyrir héraðsdómi Reykjavíkur í máli út af sölu hlutabréfa í SR-mjöli hf. verði 25. apríl nk. Ríkisendurskoðandi boðaði því í síðustu viku að greinargerð þessi yrði ekki birt að svo komnu máli.

Í framhaldi af ummælum hv. 8. þm. Reykn. í síðustu viku og ósk hæstv. 3. varaforseta, hv. 14. þm. Reykv., um að forsætisnefnd þingsins fjallaði um málið bað forseti ríkisendurskoðanda um greinargerð um málið. Hún barst í morgun og var til umræðu á fundi forsætisnefndar. Þetta var ekki efnisleg greinargerð heldur einungis um meðferð málsins. Forsætisnefnd lauk ekki afgreiðslu þessa máls. Það verður aflað frekari gagna og málinu lokið fljótlega. Nú hefur hv. 7. þm. Norðurl. e. upplýst að það er fyrirhugaður fundur á morgun í fjárln. með ríkisendurskoðanda og væntir forseti þess þá að málið skýrist eftir þann fund.

[15:16]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hygg að hæstv. forseta hljóti að vera það ljóst að ef Alþingi Íslendinga er farið að hugleiða það í alvöru hvort koma eigi í veg fyrir að gögn í máli sem eru fyrir dómstólum séu birt, þá er Alþingi Íslendinga að taka afstöðu með framkvæmdarvaldinu gegn dómsvaldinu í landinu, gegn því að það fáist réttar niðurstöður í málaferlum á Íslandi. Gera menn sér ekki grein fyrir alvöru málsins? Er það niðurstaðan að menn láti sér detta það í hug, hvað þá að framkvæma það, að Alþingi Íslendinga eigi að fara í einhvern sambræðing með framkvæmdarvaldinu gegn dómsvaldinu í landinu? Ég segi nei. Það hlýtur að vera frumskylda Alþingis Íslendinga að stuðla að því með öllum ráðum að niðurstöður dómstólanna séu réttar, hverjar sem svo niðurstöðurnar verða. Þá fyrst væri spillingin orðin alvarleg ef Alþingi Íslendinga væri komið á mála hjá framkvæmdarvaldinu til að koma í veg fyrir það að niðurstöður dómstóla séu réttar. Ég vona að hæstv. forseti geri sér grein fyrir alvöru málsins. Þetta mál hlýtur að sjálfsögðu að halda áfram upp í Hæstarétt. Ætla menn að geyma þessa skýrslu í salti þangað til og þá til hvers?

Hagræn stjórntæki og umhverfisvernd.

Fsp. ÁMM, 402. mál. — Þskj. 604.

[15:18]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Á sl. þingi var lögð fram skýrsla umhvrh. um mótun stefnu í umhverfismálum og bar hún heitið „Á leið til sjálfbærrar þróunar". Í þessari skýrslu var m.a. fjallað um hagræn stjórntæki og í tilefni af því hef ég beint eftirfarandi fsp. til umhvrh.:

„Hvað líður beitingu hagrænna stjórntækja, svo sem umhverfisskatta, umhverfisgjalda og skilagjalda, við umhverfisvernd, sbr. stefnu ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum (429. mál, þskj. 729 á 116. löggjafarþingi)?"

[15:19]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir áhuga hans á þessum málum, málaflokknum í heild. Nú er það svo að til þess að ná markmiðum sínum í umhverfismálum hafa stjórnvöld einkum þrjá valkosti, þ.e. fræðslu, löggjöf, einhvers konar boð og bönn, og jafnframt hagræn stjórntæki. Það síðasta byggist á því að ríkisvaldið getur haft áhrif á hegðun fólks með því að beita gjöldum og sköttum og beisla þannig markaðsöflin í þágu umhverfisverndar. Víða um heim er vaxandi umræða einmitt um notkun hagrænna stjórntækja til að stuðla að umhverfisvernd. Er bent á að með því að flytja skattbyrði frá launa- og tekjusköttum einstaklinga í auknum mæli yfir í mengunar- og auðlindaskatta, þá megi mögulega vinna gegn frekari óæskilegri þróun á báðum þessum sviðum. Um þessar mundir fer fram mjög ítarleg skoðun á þessum möguleikum hjá OECD.

Eitt meginstefið í stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í umhverfismálum er aukin notkun hagrænna stjórntækja til að laga atvinnulíf og neysluhætti að kröfum sjálfbærrar þróunar. Þessi áhersla á hagræn stjórntæki markar nokkur tímamót í umfjöllun um umhverfismál hér á landi og mun væntanlega þegar fram líða stundir verða æ mikilvægari eftir því sem þekking fólks á þeim möguleikum sem bjóðast með þessum hætti eykst. Hagræn stjórntæki eru hins vegar ekki óþekkt fyrir okkur Íslendinga. Hér má t.d. nefna að við höfum beitt lægri innflutningsgjöldum á létta og sparneytna bíla, við höfum sett lægri skatta á blýlaust bensín og við höfum sett skilagjald á einnota umbúðir utan um ýmsar drykkjarvörur. Það var einmitt tekið á þessu í úttekt OECD á umhverfismálum á Íslandi og lokið talsverðu lofsorði á það hvernig okkur hafi tekist þarna til.

Það má líka nefna almenna skattlagningu á bensín sem virkar líka sem hagrænt stjórntæki þó að upphaflegi hvatinn að þeim skatti hafi ekki verið umhverfisvernd. Það mál fullyrða að þessar aðgerðir hafa skilað verulegum árangri og þær hvetja til frekari aðgerða á þessu sviði.

Í umhvrn. er verið að vinna að nokkrum málum sem byggjast á notkun hagrænna stjórntækja. Hið fyrsta varðar frekari skilagjöld af einnota umbúðum, en árangurinn af skilagjaldi á gosdrykkjaumbúðir er hvati til að gera enn betur á því sviði. Í því sambandi þarf að taka afstöðu til skilagjalda á ýmsum öðrum vörum. Ég nefni hér sem dæmi skilagjald á hjólbarða- og landbúnaðarplast en hvort tveggja má endurvinna. Annað mál varðar svo skilagjöld á bílum sem er í vinnslu. Í fyrra var lagt fram frv. um það efni, en þó meginhugmynd þess hafi verið nokkuð góð, þá eru mörg atriði um framkvæmd og kostnað sem eru flókin og krefjast ítarlegri skoðunar. Sú vinna er í gangi og til hennar hafa m.a. verið kvaddir sérfræðingar við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Þriðja málið í þessum anda verður lagt fram á næstu dögum hér í þinginu, en það hefur þegar verið samþykkt til framlagningar í ríkisstjórn þó að ekki séu líkur á því að það verði samþykkt það sem eftir lifir þessa þings. Það er frv. til laga um sérstakt gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum. Eins og staðan er í dag þá greiða menn fyrir eyðingu spilliefna eftir notkun þeirra. En reynslan hefur sýnt að það er ekki hvati til viðunandi eyðingar og endurvinnslu spilliefna. Það er eðlilegra að menn greiði fyrir eyðingu vörunnar þegar þeir kaupa hana og hún er þeim til einhverra nota fremur en þegar hún er þeim einskis nýt. Sem dæmi um vöru sem þetta gjald mun ná til verði frv. að lögum í fyllingu tímans eru olíuvörur, lífræn leysiefni, málning og litarefni, rafhlöður, rafgeymar og ljósmyndavörur. Og ég hika ekki við að segja, virðulegi forseti, að verði þetta frv. að lögum, þá mun það valda straumhvörfum í meðferð spilliefna hér á landi.

Á grundvelli stefnuskrár ríkisstjórarinnar og samþykktar Ríó-ráðstefnunnar um umhverfi og þróun, þá er nú verið að vinna að áætlunum í umhverfismálum fram til ársins 2000. Þeirri vinnu, virðulegi forseti, lýkur væntanlega í sumar. Frekari notkun hagrænna stjórntækja hlýtur að taka nokkurt mið af þeirri niðurstöðu sem vinnuhóparnir komast að. Í stefnuskrá ríkisstjórnarinnar er kveðið á um að þar verði hafin gagnger endurskoðun skattalaga og opinberra gjalda til að laga neyslu, atvinnulíf og hagkerfin að kröfum sjálfbærrar þróunar. Hér er vissulega stórt hugsað. Þetta stefnumið er hins vegar í samræmi við þá alþjóðlegu umræðu sem á sér nú stað um nánari samþættingu efnahagsmála og umhverfismála. Fyrsta skrefið að þessu markmiði er vitaskuld að auka þekkingu og áhuga almennings, en jafnframt forustu fólks á öllum sviðum þjóðlífsins á hagrænum stjórntækjum. Það dugar ekki að fáeinir áhugamenn um umhverfismál sinni þessu ef allur fjöldinn, ekki síst þeir sem véla um umhverfismál, efnahags- og skattamál sjá ekki möguleikana sem hagræn stjórntæki bjóða einmitt upp á.

Það fara miklar umræður fram, virðulegi forseti, einmitt um þessa þætti í löndunum í kringum okkur og það er nauðsynlegt að ná þeirri þekkingu og þeirri reynslu sem menn hafa nú þegar hingað inn í landið. Það má geta þess í lokin, virðulegi forseti, að í umhvrn. höfum við í hyggju að halda ráðstefnu um þetta efni til að auka áhuga og skilning manna, ekki hvað síst innan Stjórnarráðsins á þessum málaflokki og einnig þeirra sem fara með atvinnulífið í landinu.

[15:24]

Fyrirspyrjandi (Árni M. Mathiesen):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. umhvrh. mjög greinargóð svör og það er greinilegt að hann er vel að sér í þessum málum. Það er ánægjulegt að heyra það að í ráðuneyti hans er áfram unnið að þessum málaflokki og þess er að vænta að það komi frekari tillögur hér fram á þinginu innan tíðar.

Ég skal ekki lengja þessa umræðu. Svo greinargóð voru svör hæstv. ráðherra en ég vil einungis nefna eitt atriði og það er að þegar við vinnum að löggjöf í þessum anda þá gætum við þess að auka ekki álögur og skatta á atvinnulífið. Álögur og skattar á atvinnulífið eru í dag á Íslandi þegar of háir og þó að við viljum beita þessum hagrænu stjórntækjum, þá gerum við það á þann hátt að við leiðbeinum atvinnulífinu og beinum því inn á betri og réttari brautir en íþyngjum því ekki.

[15:25]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sjónarmið sem hv. þm. Árni M. Mathiesen heldur hér fram að það er nauðsynlegt þegar menn taka upp beitingu hagrænna stjórntækja í auknum mæli, að það verði ekki til þess að þyngja um of álögur atvinnulífsins. Og það er einmitt þess vegna sem við í umhvrn. höfum reynt að starfa með atvinnulífinu, reynt að starfa með þeim sem þar fara með þessi mál og satt að segja er mér ljúft að upplýsa það að þaðan höfum við oft fengið ágætar hugmyndir. Það er líka svo að það er ánægjuefni að einmitt forustumenn í atvinnulífinu eru fullir skilnings á þessu og á sumum sviðum hafa þeir raunar stigið skrefum framar en stjórnvöld hafa ætlast til af þeim.

Útbýting þingskjals:

Námskeið fyrir atvinnulausa, 597. mál, fsp. GJH, þskj. 955.

Störf yfirskattanefndar.

Fsp. ÁRÁ, 534. mál. — Þskj. 833.

[15:27]

Fyrirspyrjandi (Árni R. Árnason):

Virðulegi forseti. Frá því að hæstv. núv. fjmrh. beitti sér fyrir breytingu á lögum um ríkisskattanefnd sem fólu í sér skipun nýrrar nefndar, yfirskattanefndar, hefur sitthvað komið þeim aðilum sem um skattamál fjalla og við þau starfa á óvart í framkvæmd þessara laga, til að mynda hvernig nefndin var skipuð. Af þessum ástæðum vil ég spyrja ráðherrann nokkurra spurninga sem ég hef sett fram á þskj. 833:

„1. Hve mörgum málum hefur verið vísað til yfirskattanefndar, hve mörgum málum hefur hún lokið, hve mörgum af úrskurðum hennar hefur verið áfrýjað til dómstóla?

2. Telur ráðherrann skipan yfirskattanefndar til þess fallna að aðilar að málum, sem hún fær til úrskurðar, telji hana óvilhallan úrskurðaraðila eða dómstól?

3. Telur ráðherrann koma til álita að breyta ákvæðum þar um í þá veru að hún verði skipuð ekki eingöngu einstaklingum sem starfað hafa við skattheimtu heldur einnig einstaklingum sem starfað hafa við gerð ársreikninga og við skattskil?

4. Telur ráðherrann koma til álita að skipa nefndina að fengnum tilnefningum samtaka slíkra aðila?“

[15:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Sem svar við 1. lið fyrirspurnarinnar vil ég segja að yfirskattanefnd tók við 1.154 óafgreiddum málum frá ríkisskattanefnd hinn 1. júlí 1992. Frá þeim tíma og til marsloka 1994 hafa verið skráð á skrifstofu yfirskattanefndar 2.664 ný mál. Á sama tíma hefur 2.398 málum verið lokið fyrir yfirskattanefnd, þar af 2.317 með úrskurði en 69 mál hafa verið afturkölluð eða lokið með öðrum hætti.

Á árinu 1993 sem er fyrsta heila starfsár yfirskattanefndar úrskurðaði nefndin í 1.262 málum. Úrskurðir á heilu ári urðu flestir 1.151 árið 1991 hjá ríkisskattanefnd sem starfaði á árunum 1980–1992, að meðaltali á árabilinu 1980–1992 kvað sú nefnd upp 894 úrskurði á ári. Af þessu sést að þrátt fyrir aukna skilvirkni hefur hinn mikli fjöldi nýrra mála gert það að verkum að birgðastaða, ef svo má segja, um mitt sumar verður svipuð og þegar yfirskattanefnd tók til starfa. Málin eru hins vegar yngri en áður, enda er áhersla lögð á að ljúka eldri málum. Stefnt er að því að í árslok verði engu máli ólokið sem er eldra en 12 mánaða. Slík mál voru hins vegar 217 um sl. áramót, 185 um áramótin 1992–1993 og 487 um áramótin 1991–1992. Til dómstóla hefur verið vísað tveimur málum.

Sem svar við 2. lið tel ég að yfirskattanefnd sé óvilhallur úrskurðaraðili. Í lögum um yfirskattanefnd er skýrt kveðið á um að nefndin eigi að vera óháður úrskurðaraðili. Þeir einstaklingar sem veljast til setu í nefndinni hverju sinni vita að niðurstöður nefndarinnar er hægt að bera undir dómstóla. Þegar þeir kveða upp úrskurði í einstökum málum eiga þeir að byggja á því hver er hin lagalega rétta niðurstaða. Og mér finnst ólíklegt að nefndarmenn láti önnur sjónarmið hafa áhrif á niðurstöður sínar.

Sem svar við 3. lið má segja að samkvæmt 9. gr. laga nr. 111/1992, um yfirskattanefnd, skulu nefndarmenn fullnægja skilyrðum sem sett voru í 86. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, um embættisgengi skattstjóra. Samkvæmt þeirri grein má ekki skipa mann skattstjóra nema hann uppfylli þessi skilyrði:

1. Hafi óflekkað mannorð eða hafi ekki hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað.

2. Sé lögráða og hafi forræði fjár síns.

3. Sé íslenskur ríkisborgari.

4. Hafi lokið prófi í lögfræði, hagfræði eða viðskiptafræði eða sé löggiltur endurskoðandi. Víkja má frá ákvæðum þessa menntunarskilyrðis ef maður hefur aflað sér víðtækrar sérmenntunar eða sérþekkingar um skattalöggjöf eða framkvæmd hennar.

Af þessu sést að það er ekki þörf á að breyta ákvæðum um skipan nefndarmanna af þeim ástæðum sem spurningin lýtur að. Hins vegar er rétt að geta þess að heppilegast er að yfirskattanefnd sé skipuð hæfum einstaklingum sem hafi sérfræðikunnáttu í skattarétti, t.d. lögfræðingum, viðskiptafræðingum og löggiltum endurskoðendum.

Þá kemur svar við 4. liðnum. Þar er líklega átt við samtök t.d. endurskoðenda, lögmanna og fleiri. Ég tel og það er mitt mat að það sé ekki rétt að fulltrúar hagsmunaaðila eigi fulltrúa í yfirskattanefnd. Yfirskattanefnd er og á að vera óháð nefnd sem úrskurðar á stjórnsýslustigi um ágreiningsmál, um ákvörðun skatta, gjalda og skattstofna. Nefndin á ekki að verða háð ríkisvaldinu eða öðrum aðilum. Þetta á að vera tryggt með ákvæðum í lögum og með því að niðurstöður nefndarinnar er hægt að bera undir dómstóla. Hvort nefndarmenn eru skipaðir af fjmrh. eins og í dag eða af öðrum aðila, t.d. dómsmrh., tel ég að skipti ekki ýkjamiklu máli. Hæpið er að halda því fram að dómsmrh. skipi t.d. dómara, valdi því að dómstólarnir séu ekki hlutlausir.

Af þessu sést hver mín afstaða er til þessa máls, en ég vil taka það fram að ég tel heppilegt fyrir yfirskattanefnd ef þeir sem þar sitja á hverjum tíma sækja reynslu sína og menntun sem allra víðast í þau svið sem nefndin fjallar um í sínu starfi.

Málefni sumarhúsaeigenda.

Fsp. FI, 587. mál. — Þskj. 938.

[15:34]

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Málefni sumarhúsaseigenda hafa talsvert verið í umræðum upp á síðkastið og er meginástæðan sú að sumarhúsaeigendur fá mjög mismunandi þjónustu frá þeim sveitarfélögum þar sem sumarhúsin eru staðsett. Það eru ekki til neinar skilgreiningar á því hvaða þjónustu sveitarfélög skulu veita sumarhúsaeigendum og hvaða þjónusta sé í raun og veru innifalin í þeim fasteignagjöldum sem sumarhúsaeigendur greiða til sveitarfélaga en oft á tíðum eru þessi fasteignagjöld verulega stór hluti af tekjum margra sveitarfélaga þar sem sumarhús eru mjög mörg.

Þessa umræðu fyrir hönd sumarhúsaeigenda hefur Samband félaga sumarhúsaeigenda á Íslandi leitt og í framhaldi af því skipaði hæstv. félmrh. nefnd 1. apríl 1993 sem átti að hafa það hlutverk að fjalla um málefni sumarhúsaeigenda með tilliti til þessara hluta. Því spyr ég hæstv. félmrh. hér í fyrirspurn á þskj. 938:

„1. Hefur starfshópur sá, er félmrh. skipaði í apríl 1993, um málefni sumarhúsaeigenda skilað áliti?

2. Hyggst ráðherra gera kröfur til sveitarfélaganna um að sumarhúsaeigendur eigi rétt á tiltekinni lágmarksþjónustu fyrir greiðslu fasteignagjalda og ef svo er, hver er þá sú lágmarksþjónusta að mati ráðherra sem sumarhúsaeigendur eiga rétt á?“

[15:36]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Umræddur starfshópur hefur ekki skilað áliti sínu en samkvæmt upplýsingum frá formanni hópsins er stefnt að því að starfi hans verði lokið innan eins mánaðar og hefur dregist lengur en ég ætlaði að fá niðurstöðu. Af því að fyrirspyrjandi nefndi að hópurinn hefði verið skipaður í apríl þá er skipunarbréfið, þegar þessi starfshópur er skipaður, dags. 27. sept. 1993 en í þessum starfshópi eiga sæti Hallgrímur Guðmundsson bæjarstjóri, sem er tilnefndur af Sambandi ísl. sveitarfélaga, Hrafn Hallgrímsson, tilnefndur af umhvrn., og Kristján Jóhannsson, tilnefndur af Sambandi sumarhúsaeigenda, ásamt fulltrúa félmrn.

Vegna tölul. 2 í fyrirspurninni er rétt að fram komi að skipta má fasteignagjöldum í tvo flokka, þ.e. annars vegar fasteignaskatta sem lagðir eru á fasteignir í samræmi við 3. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga og hins vegar þjónustutengd fasteignagjöld, svo sem sorphirðugjöld. Samkvæmt lögum um tekjustofna sveitarfélaga eru fasteignaskattar einn af tekjustofnum sveitarfélaga og eru þeir lagðir á fasteignir án sérstakra kvaða um veitta þjónustu af hálfu sveitarfélaga til handa fasteignaeigendum.

Samkvæmt núgildandi lögum er sveitarfélögum ekki skylt að veita sumarhúsaeigendum nánar tilgreinda þjónustu nema að því er varðar brunavarnir. Hins vegar er í hinum ýmsu lögum að finna heimildir til handa sveitarfélögunum til að sjá um ýmiss konar þjónustu, t.d. rekstur vatnsveitu, lagningu holræsis og sorphirðu. Í þessu sambandi þarf hins vegar einnig að skoða þá staðreynd að í þeim sveitarfélögum þar sem finna má flesta sumarbústaði er álagður fasteignaskattur á sumarhúsaeigendur stór hluti heildarálagðra fasteignaskatta. Þau sveitarfélög veita sumarhúsaeigendum of litla þjónustu og eigendurnir hafa litla eða enga aðstöðu til að þrýsta á sveitarfélögin um að veita einhverja þá þjónustu sem þeir telja þörf á.

Eins og áður sagði hefur starfshópurinn ekki skilað sínum niðurstöðum og þykir mér rétt að bíða með afstöðu mína til þessa máls þar til álit starfshópsins liggur fyrir.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Finnur Ingólfsson):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. fyrir þetta svar. Um dagsetninguna á skipunarbréfinu ætla ég ekki að deila við hæstv. félmrh. Það voru hins vegar þær uppýsingar sem ég hafði að starfshópurinn hefði verið skipaður 1. apríl 1993. Það er reyndar óheppilegur tími til þess að skipa starfshópa þar sem er spurning um hvort á að taka mark á skipuninni eða ekki. En um dagsetninguna ætla ég ekki að deila, hæstv. ráðherra.

Það sem mér fannst vera athyglisvert í þessu ágæta svari hæstv. ráðherra var það að ráðherrann taldi að sumarhúsaeigendum væri veitt of lítil þjónusta og það er auðvitað það mikilvægasta sem fram hefur komið í þessu efni. Ég skil hæstv. ráðherra vel að hann skuli ætla að bíða með að gefa út hverjar þær skilgreiningar eiga að vera á þeirri þjónustu er sumarhúsaeigend-

ur mega vænta af sveitarfélögunum en af þessu svari má þó hiklaust draga þá ályktun að það þarf að mati hæstv. ráðherra að bæta þjónustuna og hún þarf að vera meiri og því fagna ég sérstaklega.

[15:39]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Út af síðustu orðum fyrirspyrjanda þá er það rétt að ég tel að það þurfi annars vegar að herða á skyldum sveitarfélaga til að veita sumarhúsaeigendum þjónustu og hins vegar líka að gera kröfu til sumarhúsaeigenda sjálfra um ákveðið samstarf og skyldu þeirra sjálfra á milli sem ekki hefur gengið sem skyldi.

Ættleiðingar.

Fsp. VS, 588. mál. — Þskj. 939.

[15:40]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Það hlýtur að mega teljast einn af grundvallarþáttum í lífinu að eignast barn og ala það upp. Hjá stærstum hópi fólks gengur þetta nokkuð snurðulaust fyrir sig og almenningur lítur á þetta sem sjálfsagðan hlut. Það er þó staðreynd að stór hópur fólks eignast aldrei börn á hinn náttúrulega máta og er barnleysi verulegt og vaxandi vandamál í hinum vestræna heimi.

Áður fyrr gat fólk ættleitt börn af sama þjóðerni en smám saman hefur sá möguleiki orðið að engu, eða svo gott sem. Sem dæmi má nefna að árið 1947 voru 3.600 börn sem áttu sænskt foreldri ættleidd í Svíþjóð. Rösklega 40 árum síðar var talan komin niður í 30. Hið sama hefur gerst hér á landi. Mér dettur ekki hug annað en að líta á þetta sem jákvæða þróun. Auðvitað er það ánægjulegt að flestallir foreldrar, í flestum tilfellum einstæðar mæður, hafa aðstöðu til að ala börn sín upp frekar en að gefa þau frá sér. Enda segir í barnasáttmála Sameinuðu þjóðarinnar skýrt og skorinort að börn eigi að vera hjá foreldrum sínum. Sé það ekki hægt sé næstbesti kosturinn að búa hjá kjörforeldrum í heimalandi eða utan þess. Barnaheimili sé neyðarúrræði.

Ef við lítum á málið hinum megin frá þá má segja að verið sé að bjarga börnunum með ættleiðingu, t.d. frá Asíulöndum til Vesturlanda frá því að gerast betlarar, vændiskonur eða þrælar í verksmiðjum. Þúsundir barna þeirra landa sem hér um ræðir eiga hvorki móður né föður. Heimili þeirra frá upphafi er strætið. Stutt æviskeið verður barátta frá upphafi til enda.

Ættleidd börn á Íslandi frá 1970 til apríl 1994 eru samtals 293 eftir því sem félagið Íslensk ættleiðing hefur vitneskju um. Flest koma frá Sri Lanka, eða 85, 61 frá Indónesíu og 53 frá Indlandi en færri frá öðrum löndum. Kostnaður er mismikill og mjög breytilegur eftir löndum, þó er kostnaði hér á landi haldið mjög í lágmarki og er sennilega helmingi lægri hér en í Skandinavíulöndum að ferðakostnaði frátöldum sem er alltaf meiri hér.

Ég hef upplýsingar um það að í nágrannalöndum okkar eru fjárstyrkir veittir til kjörforeldra sem ættleiða börn frá öðrum löndum. Í Svíþjóð er upphæðin 24.000 sænskar kr., í Danmörku 31.000 danskar kr. og í Noregi 31.000 norskar kr.

Eini beini fjárstuðningurinn sem hægt er að tala um að hafi verið veittur hér á landi af hálfu ríkisins eru 2 millj. kr. sem félagið Íslensk ættleiðing fékk á síðasta ári á fjárlögum. Ég hef því leyft mér, hæstv. forseti, að bera fram fsp. til hæstv. dómsmrh. um ættleiðingar á þskj. 939 sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„1. Mun ráðherra beita sér fyrir breytingum á ættleiðingarlögum til samræmis því að flest börn, sem ættleidd eru, eru ættleidd erlendis frá?

2. Mun ráðherra beita sér fyrir styrkveitingum til þeirra foreldra sem ættleiða börn erlendis frá vegna þess kostnaðar sem af því leiðir líkt og tíðkast hjá nágrannaþjóðum okkar?“

[15:44]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Sem svar við fyrri lið fyrirspurnarinnar skal þetta tekið fram:

Sifjalaganefnd vinnur nú að endurskoðun ættleiðingarlaga, nr. 15/1978, og hefur nefndin í störfum sínum m.a. tekið tillit til ákvæða Haag-sáttmála um vernd barna og samvinnu ríkja varðandi ættleiðingar barna milli landa og er að því stefnt að í íslensk ættleiðingarlög komi sérstök ákvæði um ættleiðingar barna erlendis frá í samræmi við efni samningsins. Samningur þessi var undirritaður í Haag í maímánuði á síðasta ári en hann hefur ekki enn öðlast gildi að alþjóðarétti.

Ég hef áhuga á að Ísland gerist aðili að samningi þessum en það getur þó ekki orðið fyrr en hann hefur öðlast gildi að alþjóðarétti og nauðsynlegar breytingar hafa verið gerðar á íslenskri ættleiðingarlöggjöf þannig að hún samrýmist honum.

Að því er varðar síðari lið fyrirspurnarinnar er því til að svara að engin ákvörðun hefur verið tekin um slíkar styrkveitingar. Ég hef hins vegar farið þess á leit að aflað verði upplýsinga frá öðrum norrænum ríkjum um hvernig slíkum styrkveitingum er hagað þar og mun taka mál þetta til athugunar þegar þær upplýsingar liggja fyrir.

[15:45]

Fyrirspyrjandi (Valgerður Sverrisdóttir):

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hæstv. dómsmrh. fyrir jákvætt svar við minni fsp. í báðum tilfellum og þó sérstaklega í því fyrra þar sem það síðara gaf kannski ekki bein svör en þó sagði hæstv. ráðherra að hann mundi kynna sér hvernig að þessum málum væri staðið hjá nágrannaþjóðum okkar og tel ég það jákvætt.

Ég vil leyfa mér að líta á þetta mál svolítið í samhengi við það sem verið er að gera með glasafrjóvgunum. Nú er það þannig að þegar fólk ættleiðir börn erlendis frá og yfirleitt ættleiðir börn þá er það vegna sjúkleika í langflestum tilfellum. Í mörgum tilfellum er um það að ræða að konur geta orðið þungaðar en geta ekki fætt af sér heilbrigð börn. Í slíkum tilfellum þýðir ekki að benda á glasafrjóvgun og því verður þetta að niðurstöðu hjá þeim foreldrum sem svona er ástatt um.

Við vitum það að kostnaður er þó nokkur við glasafrjóvgun þó enginn held ég að horfi í sjálfu sér í þann kostnað en það má reikna með því að hver meðferð í glasafrjóvgun kosti um 200 þús. kr., hvort sem af því verður þungun eða ekki því það getur í sjálfu sér mistekist. Mér finnst að þessar staðreyndir verði að vera með í þessari umræðu vegna þeirra einstaklinga sem þarna eiga í hlut og taka þann kostinn að ættleiða börn erlendis frá.

Svo vil ég að allra síðustu láta það koma hér fram, hæstv. forseti, að ég tel að það hafi tekist mjög vel til með þau börn sem ættleidd hafa verið til Íslands. Þessi börn hafa spjarað sig engu síður en alíslensk börn, af íslenskum uppruna, og þeim hefur til allrar guðslukku verið tekið vel í íslensku þjóðfélagi.

Lyfjaauglýsingar í fjölmiðlum.

Fsp. IP, 590. mál. — Þskj. 942.

[15:48]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Að undanförnu hefur náðst umtalsverð kostnaðarlækkun hjá ríkinu varðandi lyfjaútgjöld. Kemur helst tvennt til: Sjúklingar taka verulegan þátt í kostnaði við kaup á lyfjum, borga sem sagt stærri hluta af lyfjakostnaði, og í öðru lagi hefur því ítrekað verið beint um nokkurt skeið til lækna að ávísa ódýrasta lyfi sé verkun lyfsins talin sú sama, þannig að læknirinn merkir S á lyfseðilinn ef hann telur óhætt að nota samheitalyf. Með því hefur náðst umtalsverður sparnaður og ber að fagna því.

Í Læknablaðinu, ekki alls fyrir löngu, var auglýsing frá umboðsaðilum erlendra lyfja þar sem læknar voru minntir á að setja R á lyfseðil sem þýðir að sjúklingurinn fær eingöngu afgreitt tiltekið lyf. Þessi auglýsing í Læknablaðinu hefur farið illa í heilbrigðisyfirvöld og kannski ekki að ástæðulausu þar sem umtalsverður árangur hefur náðst í sparnaði vegna S-merktra lyfja eins og ég sagði að framan.

Hefði nú einhverjum þótt eðlilegt að heilbrigðisyfirvöld auglýstu á móti í Læknablaðinu. Í staðinn er hafin ótrúleg herferð í fjölmiðlum, sérstaklega í útvarpi. Það má tala um síbylju í því sambandi. Þessar auglýsingar valda furðu hjá mörgum sjúklingum, þeir spyrja sig auðvitað hvort læknar séu algjörlega á valdi lyfjaframleiðenda. Þurfa sjúklingar að vera vakandi yfir því hvaða lyfi læknar ávísa? Er ætlast til að sjúklingar meti verkun lyfja áður en þeim er ávísað?

Með auglýsingunni eru læknar gerðir tortryggilegir og nánast sagðir hirðulausir um að velja rétt og jafnframt ódýrasta lyfið. Með auglýsingunni eins og hún er sett fram er látið að því liggja að sjúklingarnir eigi valkost hvaða lyfi er ávísað, málið er einfaldað með auglýsingu frá heilbr.- og trmrn. og Tryggingastofnun ríkisins eins og um sölu á misdýru en jafngóðu haframjöli væri að ræða. Því spyr ég hæstv. heilbr.- og trmrh. eftirfarandi fimm spurninga á þskj. 942:

„1. Hverju á að ná fram með þeim auglýsingum sem nú birtast í blöðum og ljósvakamiðlum frá heilbrigðisráðuneytinu og Tryggingastofnun ríkisins?

2. Er ætlast til að sjúklingar hafi áhrif á lækna varðandi hvaða lyfjum er ávísað?

3. Hvað á auglýsingaherferðin að standa lengi yfir?

4. Hvað er áætlað að þessi auglýsingaherferð muni kosta?

5. Í hvaða fjölmiðlum er auglýst?"

[15:51]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Til mín hefur verið beint fimm spurningum frá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur.

Í fyrsta lagi: „Hverju á að ná fram með þeim auglýsingum sem nú birtast í blöðum og ljósvakamiðlum frá heilbrigðisráðuneytinu og Tryggingastofnun ríkisins?"

Svar: Lækkun lyfjakostnaðar án þess að slaka á öryggi eða gæðum.

Í öðru lagi: „Er ætlast til að sjúklingar hafi áhrif á lækna varðandi hvaða lyfjum er ávísað?"

Svar: Átakinu er ætlað að upplýsa almenning um þá möguleika sem reglugerð ráðuneytisins um R-, sérlyf, og S-, samheitalyf, merkingu lyfseðla gefur. Megintilgangur kynningarátaksins er að sjálfsögðu að leitast við að lækka lyfjakostnað samfélagsins og hlut sjúklinga. En eins og áður sagði að slaka í engu á öryggi og gæðum.

Það gefur auga leið að hér er hlutur lækna þyngstur á metum.

Átakinu er jafnframt ætlað að upplýsa almenning um þann mikla árangur sem þegar hefur náðst með góðri samvinnu lækna, lyfsala og lyfjafræðinga. Þá er með átakinu reynt að hvetja til umræðu milli lækna, lyfjafræðinga og sjúklinga um lyfjameðferð.

Í þriðja lagi er spurt: „Hvað á auglýsingaherferðin að standa lengi yfir?"

Svar: Þetta kynningarátak er á lokasprettinum. Fram til þessa hafa móttökur almennt verið mjög góðar og þær litlu mælingar sem tök hefur verið á að koma við eftir svo skamman tíma hafa sýnt að árangur um merkingu lyfseðla hefur aukist og batnað.

Í fjórða lagi: „Hvað er áætlað að þessi auglýsingaherferð muni kosta?"

Svar: 4 millj. 175 þús. 517 kr. Það er að sönnu há upphæð en þegar litið er til þess að lækkun útgjalda vegna þessarar reglugerðar um R- og S-merkingu lyfja hefur skilað tugum millj. kr. og unnt er að halda því fram að árangur til frekari lækkunar getur numið hundruð millj. kr. er þessi upphæð lág.

Í fimmta lagi: „Í hvaða fjölmiðlum er auglýst?"

Svar: Morgunblaði, DV, Alþýðublaði, Tímanum, Degi, Vikublaðinu, Eintaki, Bylgjunni, Stöð 2, Rás 1, Rás 2, sjónvarpinu, SVR og Vinnunni, blaði ASÍ.

[15:53]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur fyrir að beina þessum spurningum til heil-

br.- og trmrh. Það kom fram hjá hæstv. ráðherra að tilgangurinn með þessari auglýsingaherferð væri að beina notkun í ódýrustu lyfin. Heilbr.- og trmrn. sendi frá sér reglugerð sem tók gildi 1. mars 1994 þar sem var verið að ræða m.a. um lyf við sárasjúkdómi eða magasáralyf og þar sem talað er um hámark á skammtastærð. Þessi reglugerð hefur það í för með sér að ekki er hægt fyrir neytendur þessara lyfja að kaupa ódýrustu lyfin, t.d. íslenska lyfið Cimetidín, 200 mg, eða Tagament, 200 mg, þar sem skömmtun á dag er eðlileg 1–2 töflur þá eru eingungis á markaði pakkningar fyrir 100 töflur. Þannig að það er 50 daga notkun en ekki sú 30 daga notkun sem ráðuneytið lagði til.

[15:54]

Fyrirspyrjandi (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra svörin. Þau voru mjög merkileg að mínu mati. Þessi auglýsingaherferð kostar sem sé rúmlega 4 millj. kr. og það er auglýst í flestum fjölmiðlum en ekki í þeim eina fjölmiðli sem rétt hefði verið að auglýsa í, Læknablaðinu, því það er auðvitað verið að beina þessu til lækna að nýta alltaf ódýrasta kostinn sé það jafngóður kostur. En það vill svo til að það stendur á hverjum einasta lyfseðli, með leyfi forseta: „Ef læknir heimilar afgreiðslu ódýrasta samheitalyfs skal hann rita S fyrir aftan nafn listans. Ef læknir heimilar ekki afgreiðslu ódýrasta samheitalyfs skal hann rita R fyrir aftan nafn listans. Lyfseðillinn er ógildur sé þessari áritun sleppt."

Þetta hafa læknar gert samviskusamlega. Heldur hæstv. heilbrrh. virkilega að læknar í landinu fari eftir auglýsingum í útvarpi frá hæstv. heilbrrh.? Ímyndar sér hann það? Það ímynda ég mér ekki því ég þekki það vel til íslenskra lækna að þeir hugsa bæði um heilsu og um fjárhag sinna sjúklinga, þannig að ég tel að þarna sé hæstv. heilbrrh. að eyða almannafé til einskis. Enn og einu sinni kemur það í ljós að hæstv. heilbrrh. setur samasemmerki við lyf og haframjöl.

[15:56]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hef ákveðinn ótta af því að hv. fyrirspyrjandi vaði í villu og svima í þessum efnum. Þetta kynningarátak eins og ég gat um í svari mínu, byggist á því að allir þeir aðilar sem nærri koma og áhrif hafa þarna á, læknar, lyfjafræðingar og sjúklingar, hafi allar helstu upplýsingar um þá möguleika sem tilgreind reglugerð gefur kost á. Okkur er kunnugt um það eftir stikkprufum að sjúklingar, eðlilega, spyrja lækna að því þegar lyfseðlar eru gefnir út hvort um sé að ræða samheitalyf í þessum lyfjaflokki. Því miður er það nú svo þótt að læknar hafi tekið vel við sér varðandi þessa reglugerð þá eru það ekki nema 48% lyfseðla sem eru merktir með þeim hætti sem reglugerðin segir til um. Þannig að ákveðin vandamál hafa skapast í þeim tilfellum sem engin merking er. Þetta hefur farið sívaxandi og er í rétta átt og fer batnandi og við væntum þess að í kjölfar þessa kynningarátaks þá náum við enn frekari árangri en áður var.

Með öðrum orðum, ég hygg að þessir fjármunir sem ég nefndi til sögunnar og hefur verið varið til þessa kynningarátaks komi þvert á móti til með að skila sér margfalt í lækkun útgjalda hjá Tryggingastofnun, í lækkun útgjalda hjá þeim einstaklingum sem kaupa þurfa lyfin því ekki skulum við gleyma því, eins og fram hefur komið í umræðu einatt á hinu háa Alþingi að 30% lyfjaútgjalda eru úr buddu notenda sjálfra. 70% er hin samfélagslega þjónusta sem skattgreiðendur taka á sig sameiginlega.

Varðandi athugasemdir hv. þm. Margrétar Frímannsdóttur um breytta reglugerð 1. mars sl. um skammtastærð þá vil ég taka það skýrt fram að í þeirri reglugerð var kveðið á um það að þar sem um var að ræða langvarandi sjúklinga, króníska sjúklinga, sem þyrftu á þessum meðulum að halda til lengri tíma, þá var kveðið á um það að með nákvæmri skilgreiningu læknis þá mundi Tryggingastofnun ríkisins gefa út lyfjakort sem heimiluðu stærri skammta.

Fundi slitið kl. 15:58.

---

135. FUNDUR

mánudaginn 18. apríl,
að loknum 134. fundi.

Dagskrá:

1. Brunatryggingar, stjfrv., 577. mál, þskj. 896. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, stjfrv., 578. mál, þskj. 897. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
3. Brunavarnir og brunamál, stjfrv., 290. mál, þskj. 369. — 3. umr.
4. Samfélagsþjónusta, stjfrv., 354. mál, þskj. 950. — 3. umr.
5. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 275. mál, þskj. 951. — 3. umr.
6. Lögheimili, frv., 72. mál, þskj. 953. — 3. umr.

Brunatryggingar, frh. 1. umr.

Stjfrv., 577. mál (heildarlög). — Þskj. 896.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, StH, TIO, VS, ÞorstP.

22 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, GHall, GJH, GunnS, HÁ, ISG, JHelg, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, SHl, SJS, StB, SvG, VG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, frh. 1. umr.

Stjfrv., 578. mál. — Þskj. 897.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PBald, RG, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (GHall, GunnS, HÁ, ISG, JHelg, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, SJS, SvG, VG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til heilbr.- og trn. án atkvgr.

Brunavarnir og brunamál, 3. umr.

Stjfrv., 290. mál (löggilding slökkviliðsmanna). — Þskj. 369.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, MF, MB, ÓRG, PP, PBald, RG, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (FrS, GunnS, HÁ, ISG, JHelg, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, SJS, SvG, VG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 964).

Samfélagsþjónusta, 3. umr.

Stjfrv., 354. mál. — Þskj. 950.

[16:04]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil skýra frá því að á fundi allshn. í morgun var frv. til laga um samfélagsþjónustu aftur tekið til umræðu vegna ábendinga um ákveðinn þátt þess og framkvæmd ef frv. verður að lögum. Í frv. sem lagt var fram upphaflega var gert ráð fyrir því að samfélagsþjónustunefnd, samkvæmt 5. gr. frv., yrði skipuð með öðrum hætti en nú er raun á, en nefndin skal samkvæmt ákvæðum frv. til bráðabirgða vinna til 1. júlí 1995 að undirbúningi að gildistöku laganna verði þau samþykkt og að undirbúningi að framkvæmd þess úrræðis sem samfélagsþjónusta er. Samkvæmt 5. gr. frv., eins og hún var, átti forstjóri Fangelsismálastofnunar ríkisins að eiga sæti í nefndinni, en sú stofnun fer með mikilvæga þætti framkvæmdar laganna.

Í meðferð allshn. og Alþingis varð hins vegar sú breyting á frv. að samfélagsþjónustunefnd fær stöðu æðra stjórnsýslustigs gagnvart Fangelsismálastofnun í vissum tilvikum sem skapar möguleika á málskoti og endurskoðun ákvörðunar sem er íþyngjandi fyrir brotamanninn. Þessi breyting á stöðu nefndarinnar gagnvart Fangelsismálastofnun leiðir af sér þá breytingu á skipun samfélagsþjónustunefndar, samkvæmt 5. gr. frv., að þar má nú enginn starfsmaður Fangelsismálastofnunar eiga sæti. Það er hins vegar áfram eðlilegt og raunar alveg nauðsynlegt eðli málsins samkvæmt að Fangelsismálastofnun ríkisins komi að undirbúningi þessa máls vegna þess hve stofnunin hefur miklu hlutverki að gegna við framkvæmd laganna og því þarf að leggja það fyrir þá samfélagsþjónustunefnd sem skipuð verður og á samkvæmt ákvæði til bráðabirgða í frv. að undirbúa gildistöku laganna, svo sem áður sagði, að hún hafi náið samband við Fangelsismálastofnun og samvinnu um allan þann undirbúning. Eðlilegt er að um þetta verði gefin skýr fyrirmæli af hálfu hæstv. dómsmrh. og því ætti það ekki að koma að sök við þennan undirbúning þótt fulltrúi Fangelsismálastofnunar eigi nú ekki sæti í nefndinni. Stofnunin ætti þannig beinan þátt að þessari undirbúningsvinnu svo sem nauðsynlegt er.

Virðulegi forseti. Fyrir hönd allshn. vil ég koma þessum ábendingum á framfæri við hæstv. dómsmrh. og vænti þess að þeim verði vel tekið.

[16:06]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það er rétt sem fram kemur hjá hv. 6. þm. Reykv., formanni hv. allshn., að með þeirri breytingu sem hefur orðið á frv. á Fangelsismálastofnun eða forstjóri Fangelsismálastofnunar ekki lengur aðild að samfélagsþjónustunefndinni og fyrir þá sök þarf að gera sérstakar ráðstafanir til þess að tryggja aðild Fangelsismálastofnunar að undirbúningi þessa máls. Ég tel þessa ábendingu nefndarinnar rétta og nauðsynlega og mun þess vegna gera ráðstafanir þegar samfélagsþjónustunefnd verður skipuð til þess að koma í erindisbréfi því sjónarmiði á framfæri sem hér hefur verið nefnt og tryggja eðlilega aðild Fangelsismálastofnunar að undirbúningi málsins.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB,

GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

14 þm. (GunnS, HÁ, ISG, JHelg, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, SHl, StG, SJS, VG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 965).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 275. mál (yfirstjórn). — Þskj. 951.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 39:9 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, IBA, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, LMR, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP.

nei: AÓB, GJH, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KE, SvG.

2 þm. (EKJ, GÁ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GunnS, HÁ, ISG, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, SHl, StG, SJS, VG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 966).

Lögheimili, 3. umr.

Frv. ÓÞÞ, 72. mál (dvalarheimili aldraðra). — Þskj. 953.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, IP, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KE, LMR, MB, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, ÞorstP.

10 þm. (EKJ, GJH, HG, IBA, JÁ, JVK, KHG, MF, ÓRG, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (GunnS, HÁ, ISG, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, SHl, StG, SJS, VG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 967).

Fundi slitið kl. 16:10.

---

136. FUNDUR

þriðjudaginn 19. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

Vegalög, stjfrv., 119. mál, þskj. 124, nál. 932, brtt. 933. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Útbýting þingskjala:

Áburðarverksmiðja ríkisins, 199. mál, nál. meiri hluta landbn., þskj. 976; brtt. meiri hluta landbn., þskj. 977.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, 602. mál, þáltill. sjútvn., þskj. 968.

Fjáröflun til vegagerðar, 545. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 971; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 972.

Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, 558. mál, nál. samgn., þskj. 975.

Lífeyrissjóður sjómanna, 548. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 973.

Lyfjalög, 255. mál, nál. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 961; brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 962.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 242. mál, nál. sjútvn., þskj. 979.

Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, 603. mál, þáltill. forsn., þskj. 978.

Tollalög og vörugjald, 507. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 969; nál. efh.- og viðskn., þskj. 970.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, 556. mál, nál. samgn., þskj. 974.

Þróun og rannsóknir á táknmáli, 599. mál, fsp. GJH, þskj. 957.

Þróun samstarfs Kennaraháskólans og Þroskaþjálfaskólans, 601. mál., fsp. GJH, þskj. 963.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram í upphafi fundar að kl. 3 í dag fer fram utandagskrárumræða. Málshefjandi er hv. 3. þm. Vesturl., Jóhann Ársælsson, og beinir hann máli sínu til hæstv. dómsmrh. Umræðan fer fram samkvæmt 50. gr. þingskapalaga, 1. mgr. Það er hálftíma umræða og efni hennar er kaup á björgunarþyrlu.

Þá vill forseti enn fremur taka fram að að loknum þeim fundi sem nú er nýhafinn verður haldinn annar fundur, a.m.k. einn.

Vegalög, 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 124, nál. 932, brtt. 933.

[13:36]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Frv. til vegalaga var lagt fyrir síðasta Alþingi. Samgn. tók málið fyrir á því þingi og sendi frv. til umsagnar víðs vegar um þjóðfélagið. Frv. var flutt að nýju í upphafi þessa þings og þegar vinna samgn. hófst varðandi frv. lágu þegar fyrir fjölmargar umsagnir og nokkrar bættust við meðan á verki nefndarinnar stóð. Þessar umsagnir eru frá eftirtöldum aðilum:

Það er í fyrsta lagi frá flestum héraðsnefndum landsins, frá ýmsum samtökum sveitarfélaga, þar á meðal frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum og frá skrifstofu borgarstjóra í Reykjavík.

Umsögn barst frá Verktakasambandi Íslands, frá Búnaðarfélagi Íslands, frá Landssambandi hestamannafélaga og frá Hestaíþróttasambandi Íslands. Enn fremur bárust ábendingar um einstök atriði í frv. frá samgrn. og dómsmrn.

Í starfi nefndarinnar voru kvaddir á fund hennar nokkrir aðilar til að ræða einstök efnisatriði frv. Það voru m.a. starfsmenn Vegagerðar ríkisins, Helgi Hallgrímsson vegamálastjóri, Jón Rögnvaldsson aðstoðarvegamálastjóri og Gunnar Gunnarsson, framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs Vegagerðarinnar. Enn fremur ráðuneytisstjórinn í samgrn., Jón Birgir Jónsson. Þá fékk nefndin á fund sinn frá Reykjavíkurborg þá Stefán Hermannsson borgarverkfræðing og Jón G. Tómasson borgarritara og fulltrúa í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og frá Sambandi hestamannafélaga þá Guðmund Jónsson formann, Guðbrand Kjartansson, Jón Levi, Kristján Auðunsson og Sigurð Þórhallsson.

Nefndin lagði mikla vinnu í starf sitt varðandi þetta lagafrv. og kafaði vandlega ofan í þær umsagnir sem bárust, en í þeim voru fjölmargar ábendingar og sumpart athugasemdir við hinar ýmsu greinar frv. Í öllu starfi nefndarinnar naut hún aðstoðar ráðuneytisstjórans í samgrn. og þeirra starfsmanna Vegagerðar ríkisins sem fyrr eru taldir og eru þessum aðilum hér færðar þakkir fyrir þeirra aðstoð við afgreiðslu þessa máls.

Frv. fjallar um þýðingarmikið efni, vegalög, sem snerta margvíslega hagsmuni og eru um málefni sem mjög margir hafa áhuga á, eins og skýrt kom fram í öllum þeim umsögnum sem nefndinni bárust. Ég vil þakka sérstaklega ágætt samstarf nefndarmanna og góðan vilja til þess að ná saman um þau atriði sem helst gat orðið ágreiningur um í sambandi við afgreiðslu þessa máls. Árangur af því starfi var með þeim hætti að nefndin skilar samhljóða nál. sem birtist á þskj. 932 og flytur sameiginlega allmargar brtt. sem birtast á þskj. 933. Ég ítreka að ég þakka fyrir það samstarf sem átt hefur sér stað innan nefndarinnar og leitt hefur til þessarar niðurstöðu. Hér er vissulega um ýmis álitaefni að ræða. Sum þeirra gátu verið viðkvæm og hægt að teygja þau og toga ef ekki hefði verið svo góður vilji sem raun ber vitni um að ná sameiginlegri niðurstöðu.

Ég tel að það sé rétt að fara hér nokkrum orðum um brtt. nefndarinnar. Sumar þeirra eru þó eingöngu með þeim hætti að þar er um orðalagsbreytingar að ræða, aðrar eru mjög tæknilegs eðlis þannig að samræmis sé gætt, en nokkrar þeirra fela í sér efnisbreytingar og þurfa skýringa við.

Í II. kafla frv. er lögð til sú breyting að inn í 4. gr. verði sett almenn reglugerðarheimild fyrir ráðherra og er hún nokkuð á sama veg og sú reglugerðarheimild sem nefndin lagði til að sett væri inn í hafnalög sem afgreidd voru fyrr á þessu þingi.

Við 5. gr. er smábreyting. Hún verður ekki gerð hér að umtalsefni heldur hitt að mér hafa borist ábendingar um að e.t.v. hefði verið skýrara í greininni þar sem fjallað er um að vegamálastjóra sé heimilt að fela einstaklingi, fyrirtæki, sveitarstjórn, stofnun eða samtökum þessara aðila veghald einstakra vegarkafla að nokkru eða öllu leyti, að nefna í þessari upptalningu héraðsnefndir. Ég vil taka það fram að ég tel að það orðalag sem hér gildir nái yfir héraðsnefndir, þar sem eru sveitarfélög og samtök þeirra, en héraðsnefndir eru samstarfsvettvangur sveitarfélaga í sýslum landsins. Ég tel rétt að nefna þessa ábendingu þannig að enginn velkist í vafa um hver vilji nefndarinnar er ef þetta skyldi einhvern tíma upp koma og þykja einhver vafi leika á um afskipti héraðsnefnda af þessum málum. En það er sem sagt skilningur nefndarinnar að það orðalag sem hér er sé fullgilt og nái yfir þennan samstarfsvettvang sveitarfélaganna.

Í III. kafla frv. er lagt til að ákvæði 8. gr. verði víkkað út þannig að safnvegir og tengivegir verði látnir ná til mikilvægasta athafnasvæðis í þéttbýli, en í frv. er gert ráð fyrir að þeir nái til mikilvægasta athafnastaðar. Hér er einvörðungu um blæbrigðamun að ræða sem er þó aðeins víðtækara að okkar skilningi heldur en sá texti sem upphaflega var í frv. Þá er lagt til að tengivegir, sem nú eru nefndir svo í þessu frv., nái að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er í stað fjórða býlis eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.

Við gerð frv. var gert ráð fyrir að þessu yrði breytt frá gildandi lögum þannig að tengivegir nái að fjórða býli en ekki þriðja býli og það var gert með tilliti til þess að með því væri nokkuð aukið verksvið héraðsnefnda og annarra heimaaðila sem, ásamt Vegagerð ríkisins, fjalla um skiptingu fjármagns til þessara vega sem tengja eftir því þrjú síðustu býlin við tengivegi. Í nefndinni komu fram athugasemdir við þetta efni og hér er því lagt til að það sé horfið að sama skipulagi og er í gildandi lögum og tel ég ekki þurfa að hafa um það fleiri orð.

Í IV. kafla frv. eru gerðar nokkrar lagfæringar á þeim greinum sem fjalla um einkavegi. Í frv. er gert ráð fyrir þeirri miklu einföldun að allir vegir sem ekki falla undir III. kafla, þar sem er upptalning á þjóðvegum, skuli teljast einkavegir. Þannig verða meginflokkar vega aðeins tveir og allir vegir í þéttbýli sem ekki

teljast til þjóðvega falla undir hugtakið einkavegir. Fólki er á hinn bóginn tamt að telja einkavegi þá vegi sem lúta að einkarétti einhvers aðila og eigi er heimil umferð um nema með sérstöku leyfi og í umferðarlögum er ákvæði um torfærutæki þar sem skilningur er lagður í orðið einkavegur. Af þessum sökum leggur nefndin til þá breytingu að inn í IV. kafla verði tekið hugtakið almennir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Þá er einnig lagt til að hætt verði að nota hugtakið opinberir vegir en í staðinn komi þjóðvegir og í þess stað talað um þjóðvegi og almenna vegi. Áfram verður þá talað um einkavegi þar sem um er að ræða vegi sem eru einvörðungu til einkaafnota.

Í 14. gr. frumvarpsins segir að helmingur þeirra sem afnotarétt hafa af einkavegi geti tekið bindandi ákvarðanir fyrir hina. Í brtt. nefndarinnar er hins vegar lagt til að meiri hluta þurfi til.

Þá er lagt til að 16. gr. frv. verði nokkuð breytt. 16. gr. fjallar um heimildir til að veita fé til framkvæmda við vegi sem ekki teljast til þjóðvega. Þar er allmikil upptalning. Aðfararorðum þeirrar upptalningar er í fyrsta lagi breytt þannig að í staðinn fyrir að heimilt verði veita fé til framkvæmda við eftirtalda vegi komi heimild til að veita fé til greiðslu kostnaðar vegna þeirra framkvæmda sem hér er um að ræða. Úr greininni er í fyrsta lagi lagt til að fella niður ákvæði um reiðvegi og ákvæði um þá er tekið upp sérstaklega annars staðar. Í greininni komi hins vegar ákvæði um heimild til að veita fé til greiðslu kostnaðar við ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr. Með hliðsjón af því þykir mér rétt að fara örfáum orðum um þau ákvæði frv. sem lúta að ferjumálum.

Í 23. gr. frv. eru ákvæði um heimild til að greiða af vegáætlun fé til ferja, eins og þar segir. Við 23. gr. er í fyrsta lagi gerð tillaga um þá breytingu að bætt verði við textann þannig að Vegagerðinni sé heimilt að kaupa, eiga og hafa umsjón með ferjum og flóabátum sem reknir eru til samgöngubóta, svo og eiga aðild að félögum sem hafa eignarhald á þeim.

Í þessari grein segir enn fremur, með leyfi forseta:

„Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr ári. Einnig er heimilt að greiða hluta kostnaðar við bryggjur fyrir slíkar ferjur. Í vegáætlun skulu ferjuleiðir taldar upp og gerð grein fyrir stofnframlögum til einstakra ferja."

Með þessum ákvæðum er mótuð sú aðalregla að gert er ráð fyrir því, eða heimildir eru í frv., að greiða fé til ferja og kostnaðar við þær, sem þjóna því hlutverki sem hið almenna vegakerfi gerir annars staðar. Það lýtur til að mynda að því þar sem um er að ræða ferjuleiðir yfir sund og firði, eins og segir í greininni sjálfri, þar sem ekki er haldið uppi vegasambandi allt árið.

Frá þessari meginreglu eru síðan frávik í frv. sjálfu og þau frávik eru nokkuð aukin í brtt. nefndarinnar. Í fyrsta lagi er um að ræða ákvæði til bráðabirgða þar sem í frv. er gert ráð fyrir því að heimilt sé í þrjú ár að greiða fé vegna kostnaðar við ferjur sem ekki falla undir þessa 23. gr. Í brtt. nefndarinnar er þetta svigrúm fært upp í fimm ár. Síðan er gert ráð fyrir því í 16. gr., sem ég hef hér verið að ræða, að inn í þá grein komi einnig heimild til þess að greiða fé varðandi ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr. Þar með eru komnar viðbótarheimildir til greiðslu kostnaðar við slíkar ferjuleiðir ef Alþingi sýnist rétt, að taka ákvörðun um að greiða hluta kostnaðar við þær.

Um þetta var allmikið rætt í nefndinni en náðist samkomulag um þær brtt. sem hér hefur verið lýst varðandi þessi efni.

Önnur atriði er lúta að 16. gr. eru sumpart til þess að gera ákvæði skýrari um þær heimildir sem þar er um að ræða. Þar segir t.d. í stað orðanna „vegi að sjúkraflugvöllum" í 1. mgr. komi: vegi að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir en taldir eru upp í flugmálaáætlun sem þjónustuvellir eða lendingarstaðir. Hér er auðvitað um heimild að ræða eins og áður sagði.

Þá er gert ráð fyrir, eins og ég hef þegar rakið, að niður falli ákvæði um reiðvegi í þessari grein en jafnframt að í 16. gr. bætist málsgrein sem er svohljóðandi: „Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra og samgn. Alþingis."

Sú breyting sem þarna er lýst felur í sér afskipti fulltrúa löggjafarvaldsins, þ.e. að fulltrúar í samgn. koma að tillögugerð varðandi skiptingu á fé til þeirra ýmsu liða sem heimildir liggja fyrir um skv. 16. gr. Síðan er það hlutverk ráðherra að taka ákvörðun, staðfesta þær tillögur ellegar að breyta þeim og hann hefur að lokum ákvörðunarvald.

Ég tel að þær breytingar á 16. gr. sem hér hefur verið lýst feli í sér að sú grein sé bæði skýrari og eins og áður sagði er hún fyllri og felur í sér að afskipti fulltrúa löggjafarvaldsins koma þar að. Áður var það ráðherra einn.

17. gr. frv. er breytt á þann veg að þar eru tekin upp ákvæði um reiðvegi. Við 1. umr. um frv. var allmikið rætt um reiðvegi og fulltrúar hestamannasamtaka í landinu, hestamannafélög og Íþróttasamband hestamanna, hafa komið að máli við nefndina varðandi þetta mál.

Í brtt. nefndarinnar er lögð fram tillaga um að þessi grein orðist svo:

„Í vegáætlun skal veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög."

Hér er um nokkuð skarpari ákvæði að ræða heldur en voru í frv. eins og það var þegar það var lagt fram en verður þó að sjálfsögðu ævinlega á valdi Alþingis hversu miklu fé er varið til þessa verkefnis hverju sinni í vegáætlun. Jafnframt er tryggt að samtök hestamannafélaga og sveitarfélög komi að slíkri áætlunargerð.

Við 29. gr. eru gerðar tillögur um nokkra breytingu. Lagt er til að hún verði svohljóðandi: „Vegir skulu lagðir í samræmi við skipulag. Við gerð skipulags skal haft samráð við Vegagerðina um val á legu þjóðvega og tengingar við þá. Ef þjóðvegi er að ósk

sveitarstjórnar valinn annar staður en Vegagerðin telur æskilegt og það leiðir til aukins kostnaðar er heimilt að krefja viðkomandi sveitarfélag um kostnaðarmun. Rísi ágreiningur um réttmæti slíkrar kröfu eða um fjárhæð skal málinu skotið til ráðherra til úrskurðar."

Meginbreytingin er sú að hér er um málskotsrétt að ræða. Þar sem ekki er samkomulag hefur sveitarstjórn í þessu tilfelli rétt til þess að skjóta máli til úrskurðar samgrh. sem þá fellir um það úrskurð, en slík ákvæði voru ekki í frv. þegar það var lagt fram.

Við 33. gr. frv. er lagt til að felld verði brott ein málsgrein. Upphaflega kom þessi málsgrein inn í lögin áður en landið allt var skipulagsskylt en nú eru allir vegir landsins lagðir í samræmi við skipulag og ákvæði því úrelt og lagt til að málsgreinin verði felld brott.

Í VIII. kafla er lagt til að í 44. gr. verði lögbundin skylda Vegagerðarinnar til þess að hafa samráð við landeiganda um bráðabirgðaafnot lands.

Í IX. kafla er lagt til að 3. og 4. málsl. 1. mgr. 47. gr. falli brott en þar er um að ræða ákvæði sem er í fullu samræmi við framkvæmd dóma samkvæmt þessum ákvæðum og þykir ekki ástæða til þess að hafa það sérstaklega í lögum heldur er þar um réttarvenju að ræða.

Þá er lagt til að ákvæði í 49. gr. verði víkkað þannig að hægt sé að krefjast bóta eftir að verki lýkur þó að skaði komi ekki strax í ljós. Þó er hinn almenni 10 ára fyrningarfrestur látinn marka endalok hinna hugsanlegu skaðabótakrafna.

Í XIII. kafla er lagt til að í 62. gr. séu almenn ákvæði um að með lögunum falli úr gildi vegalög nr. 61/1977, með síðari breytingum, í stað þess að telja upp sérstaklega allar breytingar sem orðið hafa á gildandi lögum og er þess vegna einvörðungu um tæknilegt atriði að ræða.

Ég hef áður lýst brtt. nefndarinnar við bráðabirgðaákvæði og sé ekki ástæðu til að endurtaka það.

Þá vil ég geta þess að í 56. gr. frv. eru ákvæði sem banna lausagöngu búfjár á vegsvæðum þar sem girt er báðum megin vegar. Þannig er lögð aukin áhersla á viðhaldsskyldu vegna girðinga. Miklar umræður urðu um þessi mál á fundum nefndarinnar og allmargar athugasemdir komu fram í hinum ýmsu umsögnum við frv. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að samgrh. mundi skipa nefnd til að endurskoða lagaákvæði VII. kafla, sem fjallar um girðingar, í þessum lögum og á grundvelli þeirrar athugunar yrði lagt fram frv. um framtíðartilhögun þessara mála í þingbyrjun næsta haust. Fyrir nefndinni lá uppkast að yfirlýsingu hæstv. samgrh. sem var með þeim hætti að nefndin í heild féllst á þessa meðferð mála. Innan nefndarinnar komu fram ýmsar hugmyndir um með hvaða hætti reynt yrði að tryggja að viðhald girðinga yrði í lagi en á því er verulegur misbrestur eins og nú standa sakir. Þegar um er að ræða bann við lausagöngu búfjár á vegsvæðum er nauðsynlegt að tryggja, svo sem föng eru á, að girðingum sé haldið við. Meðal hugmynda sem fram komu innan nefndarinnar var sú að hluti af áætluðum kostnaði við viðhald girðinga á hverju ári yrði greiddur af vegafé. Það fé yrði greitt hlutaðeigandi sveitarfélagi og ábyrgð sveitarfélagsins yrði sú að hlutast til um það að úthluta þessu fé til viðhaldsgirðinga í sínu umdæmi en sjá jafnframt til þess að viðhaldsskyldunni yrði sinnt.

Jafnframt yrði þá að fella inn ákvæði þess efnis að væri þessu ekki sinnt af hálfu heimamanna hefði Vegagerð ríkisins heimild til þess að vinna verkið og þá á kostnað hlutaðeigandi heimaaðila. Þessar hugmyndir voru þannig að nauðsynlegt er að athuga um framkvæmd þeirra og undirbúa slíkar heimildir að höfðu samráði við sveitarfélögin. Að dómi nefndarinnar er of hastarlegt að fella slík ákvæði inn í lagafrumvarp eins og þetta á lokastigi án þess að tóm hafi gefist til að ræða slík mál með eðlilegum hætti við sveitarstjórnir og samtök þeirra hér og þar á landinu.

Yfirlýsing hæstv. samgrh. sem sýnd var í nefndinni lýtur að því að endurskoða ákvæði er varða uppsetningu og viðhald girðinga og þátt Vegagerðar ríkisins í þeim málum og leggja síðan frumvarp fyrir á haustþingi.

Að lokum skal tekið fram að nefndin telur eðlilegt og nauðsynlegt í framhaldi af setningu þessara laga að færa önnur lög til samræmis við þær breytingar á gildandi lögum sem hin nýju lög munu hafa í för með sér. Sérstaklega á það við um ákvæði umferðarlaga sem að ýmsu leyti koma inn á einstaka vegflokka.

Ég sé ekki ástæðu til, virðulegi forseti, að hafa um þetta fleiri orð. Ég ítreka þakklæti mitt til nefndarmanna fyrir þá miklu vinnu sem lögð var í þetta mál og legg til, fyrir hönd samgn., að þær brtt. sem birtast á þskj. 933 og fluttar eru af nefndinni í heild verði samþykktar og frv. verði samþykkt svo breytt sem lög frá Alþingi.

[14:05]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kynni að hafa verið ástæða til að ræða þetta mál af minni hálfu, en ég ætla að spyrja hv. frsm. samgn. og formann nefndarinnar um þrennt. Hið fyrsta má nú teljast athugasemd. Það er í sambandi við nafngiftirnar í III. kafla. Ég ræddi þetta mál ekki við 1. umr. og hef kannski ekki efni á að taka það upp hér, en mér finnst ekki hafa tekist vel til með nafngiftirnar safnvegir og landsvegir. Þetta finnst mér afar langsótt hugtök og undrast að þetta skuli inn komið. Landsvegir, m.a. vegir í þjóðgörðum, og safnvegir, vegir af tilteknum fjölda býla sem tengja einstök býli, stofnanir og fleira við tengivegi eða stofnvegi. Sérkennilegar nafngiftir.

Síðan er það varðandi 9. og 10. gr. Ég fæ eiginlega ekki botn í þær brtt. sem fyrir liggja við 9. gr. þar sem gert er ráð fyrir, samkvæmt uppsetningu, að það sem er í upphaflegu greininni haldist um einkavegi. Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum.

Svo vil ég spyrja: Hver á að ráða því hver fer um einkavegi, t.d. vegi sem liggja um sumarbústaðahverfi? Eru þeir opnir almennri umferð eða geta sum-

arbústaðaeigendur lokað þeim fyrir almennri umferð? Hver ákveður þetta?

Og aðeins varðandi 52. gr., virðulegur forseti, sem er um umferðarmál í kaflanum Viðhald þjóðvega og reglur fyrir umferð. Þar er ákvæði um að Vegagerðin geti bannað umferð ökutækja við tilteknar aðstæður. Hún geti bannað alla umferð ökutækja um vegi sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum þar til viðgerð er lokið. Ég spyr: Hverjum er ætlað að banna umferð um þjóðvegi þar sem snjóflóðahætta er, þar sem hrun hefur orðið, grjóthrun og annað þess háttar, er það Vegagerðin eða eru það aðrir aðilar sem eiga að hlutast til um það?

[14:08]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að um nafngiftir eins og þær sem hér er gerð athugasemd við megi alltaf deila og sé ekki ástæðu til að orðlengja það. En það varð ekki niðurstaða hjá nefndinni að breyta þeim nafngiftum sem fram koma í III. kafla frumvarpsins. Varðandi uppsetningu á 9. gr. þá segir í brtt. nefndarinnar: „Í upphafi greinarinnar komi nýr málsliður er orðist svo: Almennir vegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar."

Síðan heldur sér sá málsliður sem er í upphaflegri grein og verður síðari málsliður, sem lýtur að þeim vegum sem eru í daglegu tali kallaðir einkavegir. Það hefur verið látið viðgangast eða talið heimilt að sá sem notar einkaveg geti lokað honum.

Varðandi vegi sem kann að vera tilefni til að loka vegna snjóflóða eða skriðufalla, þá er ekki að því vikið í þessu lagafrumvarpi, heldur eru það almannavarnanefndir sem hafa það yfirleitt á valdi sínu og hygg ég að á því sé engin breyting frá því sem er í gildandi lögum.

[14:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég undrast nokkuð að hv. 2. þm. Norðurl. v. sem er orðhagur maður skuli ekki hafa velt fyrir sér að breyta heitum í þessum kafla sem ég nefndi.

Varðandi 9. gr. bendi ég á að þar er gert ráð fyrir að einkavegur geti verið vegur sem kostaður er af opinberum aðilum. Er það þá svo að það komi til greina að sá vegur sem kostaður er af opinberum aðilum sé lokaður almenningi, lokaður almennri umferð? Það er alveg ljóst að þannig er um hnútana búið í þessari löggjöf. Ég held að það þurfi að kveða á um það í lögum hvaða heimildir þeir aðilar sem reka svonefnda einkavegi hafa til að loka fyrir almennri umferð. Ég gæti tíundað mörg dæmi þar sem í rauninni á ekki að koma til greina að þetta sé hægt. En það getur verið að þá væri eðlileg krafa um einhverja þátttöku fjárhagslega á ríkið af þeim sem reka veginn.

Varðandi snjóflóð og skriðuföll, ég held að það sé allnokkuð umhendis að þurfa að fara að kveðja til almannavarnanefndir þegar slíkt ástand ríkir sem víða er á þjóðvegum. Ég gæti nefnt marga vegarkafla í mínu kjördæmi þar sem reglubundið skapast þær aðstæður. Mér finnst mjög sérkennilegt að það sé ekki Vegagerðin, sem er á vettvangi og fylgist með málum, sem hafi ekki heimild til þess að loka vegi við slíkar aðstæður. Mér þykir undarlegt að ætla að fara að tengja það beinlínis við almannavarnakerfið í landinu.

Lítum á Vattarnesskriður. Lítum á Kambaskriður, Hvalnesskriður á Austurlandi og slíka vegi þar sem reglubundið falla snjóflóð og skriður eftir atvikum líka, að það þurfi að vera almannavarnayfirvöld sem loka veginum við slíkar aðstæður finnst mér ekki skynsamlegt. Mér finnst að Vegagerðin eigi að geta lokað vegi líka þegar tvísýnt er um færð, hún haldi opnum þjóðvegi ákveðinn tíma dags t.d. þegar óveður er og lýsir veginn lokaðan að því búnu. Svona heimild finnst mér að þurfi að vera í lögum.

[14:13]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ítrekaðra athugasemda hv. 4. þm. Austurl. um 9. gr. er sjálfsagt að ég sem formaður nefndarinnar beri mig saman við nefndarmenn hvort tilefni sé til þess að skoða það mál á milli umræðna.

Varðandi á hinn bóginn heimild Vegagerðarinnar til þess að lýsa vegi lokaða þá hefur það löngum gilt. Vegagerð ríkisins hefur heimildir til þess að lýsa bæði takmörkunum á umferð, þungatakmörkunum og Vegagerð ríkisins lýsir því þegar vegur er lokaður vegna snjóa eða af öðrum orsökum og á því er ekki breyting. Hv. þm. telur að slíkt þyrfti að vera inni í lögum og að því má aðeins hyggja en það mál kom ekki til umræðu sérstaklega í starfi nefndarinnar sem þó var æðiítarlegt.

[14:14]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hv. formanni samgn. að mikil vinna hefur verið lögð í umfjöllun um þetta frv. og nánast búið að fjalla um það meira og minna í allan vetur. Það hefur verið tekið mikið tillit til þeirra athugasemda og ábendinga sem hafa komið fram í nefndinni hvort sem það hefur verið frá þeim sem hafa sent umsagnir eða frá nefndarmönnum. Mér finnst alveg fullkomin ástæða til þess sem nefndarmaður í samgn. að þakka hv. formanni fyrir þá alúð sem hann lagði í það að skoða allar ábendingar og athugasemdir nefndarmanna.

Hins vegar náðist auðvitað ekki allt fram sem við í nefndinni höfðum við þetta frv. að athuga, m.a. það sem formaður nefndi áðan með girðingarmálin. Því var frestað til haustins að ganga frá því máli eða koma með tillögur til frekari úrbóta þar. Við töldum að það þyrfti meiri umfjöllun um þann kafla og fá fleiri til viðtals og skoða með hvaða hætti væri hægt að leysa það mál.

Það er orðið mjög aðkallandi að finna einhverja viðunandi lausn á því hvernig gæta skuli öryggis vegfarenda og þeirra sem um vegi fara hvort sem það eru menn eða málleysingjar. Það gildir ekki hvað síst um vaxandi umferð hestamanna um vegina. Inn í þetta frv. kemur einnig sterkari áhersla á að veita fé til reiðvega sem er liður í því að gera reiðvegaáætlun og leggja

reiðvegi um landið þar sem brtt. hér kveður ekki á um að það sé heimilt eins og hefur verið og var lagt til áfram í þessu frv. heldur segir í 10. lið brtt. að það skuli veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun. Það er búið að gera áætlun um reiðvegi um Suðvesturland í samráði við hestamenn og mig minnir að Vesturland væri þar inni líka en það var alla vega búið að gera áætlun um nokkurn hluta landsins þar sem segja má að mesta umferð hestamanna sé. Verður unnið áfram að því að gera slíkar reiðvegaáætlanir og er þá komið inn í vegáætlun að veita skuli fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög.

Auðvitað má spyrja hvort verið sé að taka inn viðbótarkostnað til þess að greiða af núverandi tekjustofnum vegáætlunar og það er svo ef ekki kemur til viðbótarfjármagn til þeirra verka. Það hefur nokkuð verið rætt um það þó að það sé ekki inni í þessu frv. hvernig afla skuli viðbótarfjár til þess að geta staðið myndarlega að gerð reiðvega um landið og mér er raunar engin launung á því að ég tel alveg fullkomna ástæðu til þess að skattleggja einhverjar vörur hestamanna til þess að auka tekjur til reiðvegagerðar.

Þeir sem hafa haldið uppi miklu af þeim tekjustofnum sem notaðir eru til vegagerðar í landinu eru bíleigendur. Þeir borga allmikla skatta og gjöld af sínum samgöngutækjum og það er ekki óeðlilegt að mínu mati að hestamenn geri það einnig ef á að fara að gera sérstaka reiðvegi, sem er nauðsynlegt, til þess að auka öryggi þeirra og koma til móts við kröfur sem kalla á reiðvegi þar sem umferð hestamanna hefur aukist mjög mikið.

En svo að ég víki aftur að girðingarmálunum, þetta eru nokkuð tengd mál, þ.e. bæði reiðvegir og girðingarmál. Þetta eru líka hvort tveggja öryggismál og ég hef allan fyrirvara á því að ég tel að það þurfi að skoða betur þessi girðingarmál. Nú er það svo að meðfram mörgum helstu þjóðvegum eru girðingar. Þær eru engan veginn fullnægjandi. Þær halda engum skepnum stóran hluta úr árinu, bæði vegna lélegs viðhalds og snjóalaga, t.d. á fjöllum uppi. Þar liggja girðingarnar í kafi stóran hluta úr árinu og engum til gagns ef þar væru á ferð einhverjar skepnur. Ég ætla ekki að eyða mörgum orðum að því en það er eitt af skilyrðum fyrir því að ég hef skrifað upp á nefndarálit með þessu frv. að þetta mál verði skoðað mjög gaumgæfilega sem allra fyrst og eins og formaður lýsti, það verði gert í haust strax og þing kemur saman að nýju.

Fyrir utan þessi tvö mál var einnig mikið rætt um ferjumálin og var uppi allmikill ágreiningur innan nefndarinnar um þau. Niðurstaðan varð sú að eftir að breytingartillögur höfðu komið fram um það að felldur væri niður hluti af 1. mgr. í 23. gr. þar sem segir svo, með leyfi forseta: „enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg", þ.e. málsgreinin hljóðar þannig öll:

„Heimilt er að greiða af vegáætlun hluta kostnaðar við ferjur til flutnings á fólki og bifreiðum yfir sund og firði, enda komi ferjan í stað vegasambands um stofnveg eða tengiveg a.m.k. hluta úr árinu."

Það er seinni hluti þessarar setningar sem við vildum helst að hefði dottið út, hefði verið felldur út, og þar með hefði ekkert meira þurft um það að segja hvernig þetta ákvæði um ferjur væri inni í þessu frv., en þrátt fyrir ítrekaðar umræður og athugasemdir náðist það ekki fram að öllu leyti. Það er inni ákvæði til bráðabirgða í frv. þar sem segir að heimilt sé að greiða hluta kostnaðar við ferjur samkvæmt 3. gr. í allt að þrjú ár frá gildistöku laga þessara þó ekki sé fullnægt skilyrðum greinarinnar. Þetta hefur nú verið lengt í fimm ár samkvæmt brtt. og þar að auki tekið inn í 16. gr. að í vegáætlun sé heimilt að veita fé til greiðslu kostnaðar við eftirfarandi samgönguleiðir í staðinn fyrir eftirfarandi vegi eins og er í frv. Þar komi síðan inn ákvæði þar sem segir í d-lið 9. gr., 1. mgr.: ferjur sem ekki fullnægja skilyrðum 23. gr. Þó að það megi segja að það sé nokkuð verið að fara í kringum málið með því að hafa þetta inni í 23. gr. en setja síðan ákvæði til bráðabirgða um að þetta gildi ekki í fimm ár og setja síðan inn í 16. gr. að þar megi veita fé til framkvæmda við þessar samgönguleiðir, m.a. ferjur sem ekki fullnægja þessum skilyrðum, þá töldum við hér að það væri allnokkur sigur unninn og ég segi fyrir mig að miðað við þessar aðstæður stend ég að því að þetta fari á þennan veg. Ég tel að hér hafi áunnist það að Alþingi sé það í sjálfsvald sett á hverjum tíma hvaða ferjur það rekur eða leggur fé til og það sé þá annaðhvort sjálfstæð ákvörðun Alþingis að leggja fram fé til þess eða það sé inni í vegáætlun eins og hér kveður á um og það er á engan hátt bannað að leggja fé fram til þessara mála.

Þá má auðvitað geta þess líka svona í leiðinni að það er ekki víst að núv. hæstv. ríkisstjórn hafi ástæðu til þess að framfylgja þessu frv. eftir fimm ár þegar undanþáguákvæðið er komið út þannig að við sem gagnrýndum þetta höfum von um það að hugsanlega væri annaðhvort hægt að lengja þetta ákvæði eða breyta 23. gr. Ég tel því að við þetta sé hægt að una á þessu stigi málsins.

Hvað varðar frekari greinargerð fyrir þessu frv. þá hefur hv. formaður farið vel yfir þær breytingartillögur sem nefndin stendur öll að. Ég vildi þó aðeins nefna eitt sem hefur komið fram eftir að nefndin lauk umfjöllun um þetta mál. Það er það sem segir í breytingartillögunum, það er 9. liður við 16. gr., að í stað orðanna „vegi að sjúkraflugvöllum", sem er á bls. 4 í frv. í 16. gr., það er heimilt að veita fé til greiðslu kostnaðar við þær samgönguleiðir eins og búið er að breyta því og í staðinn komi samkvæmt brtt.: vegi að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir en taldir upp í flugmálaáætlun sem þjónustuvellir eða lendingarstaðir.

Nú hefur nefndin hafið umfjöllun um flugmálaáætlun frá því að þetta frv. var tekið út úr nefndinni og þá kemur í ljós að það er verið að taka í flugmálaáætlun út í kringum 20 þjónustuvelli eða lendingarstaði. Þeir eru teknir út úr flugmálaáætlun eins og hún lítur út núna. Hún er að sjálfsögðu ekki afgreidd, hún er enn til vinnslu í nefndinni, en þetta held ég að við þurfum að skoða. Ég vil beina því einnig til hv. alþingismanna

sem hafa áhuga fyrir þessum málum að til þess að það megi leggja vegi í stað þess að stóð áður sjúkraflugvöllum þá komi þetta vegi að flugvöllum sem ekki eru áætlunarflugvellir. Það eru margir flugvellir sem eru ekki áætlunarflugvellir, en þeir eru taldir upp í flugmálaáætlun sem þjónustuvellir eða lendingarstaðir og þar af leiðandi getur þurft að skoða það mjög vel hvort það er ásættanlegt að taka út samkvæmt flugmálaáætlun þessa yfir 20 þjónustuvelli eða lendingarstaði sem samkvæmt áætluninni á að gera í dag. Þessu vildi ég koma á framfæri hér til þess að það verði skoðað rækilega hvernig þetta kemur heim og saman við flugmálaáætlun því að ef ekki má leggja fram fé til vega sem liggja að flugvöllum þó að það séu ekki áætlunarflugvellir nema þeir séu taldir upp í flugmálaáætlun, þá geta þarna komið upp andstæð sjónarmið og virkilega athugunarverð að ekki sé hægt að sætta sig við þessa útfærslu. Ég tel því að það þurfi að skoða þetta aftur áður en þetta frv. verður samþykkt af því að þetta er komið upp nú í millitíðinni frá því að þetta var afgreitt út úr nefndinni og einmitt í tengslum við flugmálaáætlun.

Í 56. gr. þessa frv. eru ákvæði sérstaklega um lausagöngu búfjár. Það er eins og ég sagði áðan ákveðið samkvæmt tilmælum frá ráðherra að það verði skoðað sérstaklega síðar og nefndin gat engan veginn sætt sig við að frv. væri afgreitt nema því aðeins að loforð væri fyrir því að það mál yrði tekið upp að nýju. Þar þarf að athuga girðingarlög til þess að þetta stangist nú ekki á og einnig að ræða við sveitarfélög og aðra aðila. En ég held að það sé orðið mjög nauðsynlegt að taka á því hvernig á að fara með lausagöngu búfjár á vegsvæðum mikilla umferðarvega, stofnvega, tengivega og hvað þeir heita nú allir saman eftir að búið er að breyta nöfnum á þeim. En það er sem sagt ófrágengið mál hvernig á að fara með þessi girðingarmál. Það hefur allmikið verið rætt um það í nefndinni og ég vænti þess að sú umræða haldi áfram og við finnum á því lausn.

Það segir einnig í brtt. að samkvæmt 56. gr. sé lögð aukin áhersla á viðhaldsskyldu vegna girðinga. Þá er spurningin: Hver á að kosta það viðhald? Hver er ábyrgur? Hver á að sjá um það?

Að öðru leyti tel ég að ég sé búin að nefna þau mál sem mest voru rædd og ágreiningur var um og hvernig ég lít á það að afgreiða þetta út núna. Ég vildi kannski aðeins minnast á það sem hv. 4. þm. Austurl. nefndi áðan í 52. gr. Það er alveg rétt sem formaður sagði að það hefur ekki verið rætt sérstaklega hvað varðar skriðuföll en samkvæmt því sem segir hér í síðustu málsgrein þá stendur hér, með leyfi forseta:

„Einnig getur Vegagerðin bannað alla umferð ökutækja um vegi sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum þar til viðgerð er lokið."

Auðvitað verða vegir skemmdir og hættulegir ef á þá hafa fallið skriður þannig að Vegagerðin getur þá bannað alla umferð og það hefur hún gert. Hér er í raun og veru engin efnisbreyting frá 61. gr. sem kveður á um þetta í núgildandi lögum annað en að hér er sagt Vegagerðin í staðinn fyrir „vegamálastjóri" í núgildandi lögum. Þetta var talið fullnægja því sem menn voru að ræða en ég skal viðurkenna að það var ekki sérstalega rætt um skriðuföll. Sú sem hér stendur hefur reynslu af því þegar þarf að loka vegum vegna snjóflóða og ég held að almannavörnum á hverjum stað sé best treystandi til að finna út úr fyrir því hvenær þarf að loka vegna snjóflóða og trúlega einnig vegna skriðufalla ef þau væru í þéttbýli eða næsta nágrenni.

[14:34]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Við erum að fjalla um frv. til vegalaga. Ég verð að segja að það vekur furðu mína að við þá umræðu skulum við ekki sjá hér a.m.k. eins og einn ráðherra sem þetta mál heyrir undir. Ég skal ekki nefna fleiri. En ekki hefði mér fundist það óeðlilegt að hæstv. samgrh. væri við þessa umræðu. Það er rétt eins og hér hefur komið fram að þetta mál hefur fengið mjög ítarlega umræðu og meðferð í samgn. og margir verið þar kallaðir til og umsagnir hafa borist frá fjölda aðila. Það er vissulega ástæða til að fagna þessum vinnubrögð sem hafa verið um frv. til vegalaga og það gerum við ábyggilega sem í stjórnarandstöðu erum. Þetta eru allt önnur vinnubrögð en t.d. — vegna þess að hér var hv. síðasti þm. að nefna flugmálaáætlun — á sér stað um flugmálaáætlun og ég er sannfærður um að flugmálaáætlun væri betri ef sömu vinnugrögð væru höfð um hana eins og hefur orðið um frv. til vegalaga.

Formaður samgn., hv. 2. þm. Norðurl. v., og reyndar einnig hv. 6. þm. Vestf. hafa farið ítarlega yfir þær brtt. sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. og er því í sjálfu sér ekki ástæða fyrir mig að eyða löngu máli í að endurtaka það sem þegar hefur verið sagt. Ég undirstrika það að samgn. stendur öll að nál. og þeim brtt. sem koma fram á þskj. 933. Ég vil líka undirstrika það sem kemur hér fram í brtt., leggja áherslu á að ég tel að það sé skynsamlegt hvernig nefndin hafi þar tekið á. En þannig var það í frv. sjálfu að það stóð í 17. gr.:

„Framlög til vega skv. 16. gr. greiðast úr ríkissjóði samkvæmt vegáætlun. Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra." Hér breytti nefndin þessari 17. gr. og hún verður núna felld inn í 16. gr. og þar stendur: „Ráðherra ákveður skiptingu fjárveitinga til einstakra framkvæmdaflokka að fengnum tillögum vegamálastjóra og samgöngunefndar Alþingis." Ég tel að það sé mjög mikilsvert að hafa fengið þessa orðalagsbreytingu inn og tel það reyndar rétt að standa þannig að málum að þingnefndir verði virkari og fylgist meira með hvernig málatilbúnaðurinn verður.

Ég vil einnig lýsa yfir ánægju minni með það hvernig tekið var á þeim þætti mála í þessari vegáætlun sem lýtur að reiðvegum. Landssamband hestamanna hefur unnið mjög mikið að þessu máli í mörg undanfarin ár. Því miður hefur það gengið allt of hægt að ná árangri í þeim efnum og því fagna ég því nú og tel að við höfum náð mjög ásættanlegri niðurstöðu í sambandi við reiðvegagerð.

Það er líka mikill ávinningur og hjálpar til í þessu

starfi að nú liggur fyrir skráning reiðvega um landið, hún liggur fyrir nú þegar og þetta verk var unnið samkvæmt tillögum Alþingis frá árinu 1991 ef ég man rétt. Þessi reiðvegaáætlun var unnin af Landssambandi hestamanna í fullu samráði og samvinnu við Vegagerð ríkisins. Í nál. segir um reiðvegi:

„Lagt er til að í frumvarpið komi ný grein, 17. gr., þar sem mælt er fyrir um að í vegáætlun skuli veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélög. Ekki hefur verið gert ráð fyrir slíku samráði í vegalögum fram til þessa en á 113. löggjafarþingi var samþykkt þingsályktun um reiðvegaáætlun þar sem samgönguráðherra var falið að skipa nefnd með þátttöku samtaka hestamanna og sveitarfélaga til að kanna ástand reiðvega og gera reiðvegaáætlun."

Það er sem sagt það nefndarstarf sem ég vék að áðan og liggur nú sem betur fer fyrir og þess vegna er hægt að fara að vinna á miklu markvissari hátt heldur en nokkurn tímann áður að gerð reiðvega.

Ég þarf ekki að eyða mörgum orðum í þetta mál. Hér er um mjög mikilsvert mál að ræða vegna þess að öllum er ljóst sem um þjóðvegi landsins fara hversu umferð hestamanna er orðin mikil, ekki aðeins út frá þéttbýlisstöðunum heldur vítt og breitt um landið. Þannig að það er mjög nauðsynlegt að koma þar betri skikkan á. Sorgleg slys hafa margsinnis átt sér stað vegna þessa og því undirstrika ég það og legg mikla áherslu á mikilvægi þess að nefndin skuli geta sameinast um þessa tillögu sem ég tel út af fyrir sig gagnmerka.

Það hefur einnig verið minnst hér á lausagöngu búfjár, ekki kannski alls óskylt mál. Það var mikil umræða um það í samgn. og er búin að vera það lengi, í nokkur ár man ég eftir. Í samgn. hafa menn verið að reyna að finna lausnir á þessu vandamáli, sem er lausaganga búfjár. Ég vona miðað við þær undirtektir sem það mál hefur fengið í samgn. að þar séu menn að feta sig inn á rétta og skynsamlega leið að leita samráðs og samvinnu við sveitarfélögin um þátttöku í því verki. Það hefur vitaskuld verið þröskuldur og erfitt að fást við Vegagerðina um það að hún tæki þetta allt að sér bæði girðingar og viðhald girðinga og eftirlit. Við sjáum það fyrir okkur hvernig það mundi fara fram að Vegagerðin þyrfti að vera með starfsmenn sína á eilífum þönum hringinn í kringum landið til að fylgjast með viðhaldi og ástandi girðinga. Ég tel því að sú leið sé illvinnandi á Alþingi að koma slíku í gegn og kannski heldur ekki rétt. En hins vegar tel ég það miklu eðlilegra og skynsamlegri leið að leita samráðs við sveitarfélögin um þetta verk og að Vegagerðin annist þetta en sveitarfélögin sjái síðan um viðhaldið og fái þar greiðslu fyrir.

Það hefur aðeins verið vikið að því hvernig með þetta mál skuli farið og rétt að skýra frá því að það var full samstaða um það í nefndinni þó við hefðum sjálfsagt viljað eða a.m.k. svara ég því fyrir mig að ég hefði gjarnan viljað geta klárað þetta verk og komið með það þannig hingað til þings til afgreiðslu. En því miður var það svo að við vorum í nokkru tímahraki við að vinna það mál og ég tel ekki skynsamlegt í málum eins þessum að nefnd þingsins eða þingið geri slíkt án verulegs samráðs eða samvinnu við sveitarstjórnaraðila og þá sem við þetta eiga að búa. Því var það að samgrh. féllst á að gefa nefndinni yfirlýsingu í þessa átt og vegna þess að hún hefur verið nefnd hér þá sé ég enga ástæðu til annars en að lesa þessa yfirlýsingu þannig að mönnum sé það ljóst um hvað hún fjallar. En yfirlýsingin er þannig, með leyfi, virðulegur forseti:

„Yfirlýsing samgrn. vegna frumvarps til vegalaga. Í vegalagafrumvarpi því sem liggur fyrir Alþingi er ákvæði sem bannar lausagöngu búfjár á vegsvæðum þar sem girt er báðum megin vegar. Þetta ákvæði leggur aukna áherslu á viðhaldsskyldu vegna girðinga. Af því tilefni hef ég ákveðið að skipa nefnd til þess að endurskoða ákvæði laga um girðingarskyldu og viðhald girðinga meðfram vegum sem m.a. skal huga að því að breyta reglum um viðhald girðinga með vegum á þann hátt að aðild ríkissjóðs komi að einhverju leyti til. Miða skal við að breytingar þessar komi sem fyllri ákvæði um girðingar í vegalög. Nefndinni ber að ljúka störfum fyrir haustþing nk. svo leggja megi málið fyrir Alþingi í þingbyrjun."

Þetta er sú yfirlýsing sem ráðherra lét okkur í samgn. fá í hendur. Og ég trúi því og treysti að samgrh. bregðist við þessu máli og skipi þennan starfshóp og hann starfi þannig og finni á þessu farsæla lausn.

Virðulegi forseti. Ég gæti auðvitað farið ofan í einstakar greinar en ég sé ekki að það þjóni neinum tilgangi það hefur verið gert hér af framsögumanni og formanni nefndanna sem fór ítarlega yfir málið og nefndin er sammála um þetta nál. og þær brtt. sem fyrir liggja og ég vænti þess að Alþingi geti samþykkt þær.

[14:47]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að taka undir með þeim sem hafa þakkað fyrir starfið í nefndinni við þetta mál. Mér finnst það hafa verið til fyrirmyndar hvernig að því hefur verið staðið að reyna að ná svona samhljóða niðurstöðu í þau mál sem ágreiningur var um í nefndinni og það að reyna að vinna þetta sem mest í sem víðtækustu samkomulagi. Auðvitað er það þannig að það er ýmislegt í þessu sem mönnum sýnist svolítið misjafnlega um en það er nú kannski smekksatriði sumt í því eins og t.d. hvað vegirnir eiga að heita og annað því um líkt en það breytir kannski ekki öllu um frv. í sjálfu sér.

Mig langar þó að nefna hér í sambandi við einkavegina að mér virðist það vera rétt að okkur muni hafa sést yfir í sambandi við 9. gr., þ.e. hún er óbreytt inni undir fyrirsögninni Einkavegir. Þar stendur, með leyfi forseta.

„Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum."

En með að brtt. við 9. gr. kemur nýr málsl.: „Almennir vegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenn-

ingi til frjálsrar umferðar.“ Þá þarf kannski að bæta inn í setninguna sem fyrir var orðunum „eða almennir vegir“ svo að hún orðist þá þannig til frekari skýringar: Einkavegir eru vegir sem ekki teljast þjóðvegir eða almennir vegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum og opinberum aðilum. Ég bendi nú á þetta að það gæti orðið til glöggvunar því að hv. 4. þm. Austurl. af næmni sinni á svona hluti kom auga á að það væri í þessu hægt að sjá ósamræmi.

Það sem ég vil fjalla helst um hér er sú niðurstaða sem varð vegna 16. gr. og þeirrar 23. þá í samhengi, þ.e. um ferjusiglingarnar. Mér er engin launung á að ég var mjög óánægður með tillöguna eins og hún lá fyrir í frv. en þar var gert ráð fyrir því að það ætti að leggja af ferjusiglingar nema þar sem ferjur kæmu í stað vegsambands um stofnveg a.m.k. hluta úr árinu sem þýddi í raun og veru að það væri verið að taka stefnumarkandi ákvörðun um það að leggja niður ferjusiglingar á öllum leiðum þar sem hægt er að halda vegi opnum allt árið og í raun og veru burt séð frá því hve langt er á milli byggðarlaga í slíkum tilfellum. Ég tel og vil segja það hér svo að það liggi alveg fyrir þó að ég standi að þessu nefndaráliti og samkomulagi um að afgreiða málið eins og það er, að ég tel að það sé ekki rétt að marka stefnu með svo ákveðnum hætti eins og gert er í þessu tilviki, einfaldlega vegna þess að það getur auðvitað verið hagkvæmt að reka ferju þó svo það sé hægt að halda vegi opnum allt árið. Það er gert mjög víða um heiminn að reka ferjur og það getur alveg orðið hagkvæmt og það getur meira að segja verið að það sé hagkvæmt þjóðhagslega að reka einhverjar ferjur sem við höfum nú í rekstri en yrði ekki leyfilegt að reka sem hluta af kostnaði við vegáætlun eins og gert er ráð fyrir að 23. gr. verði. En sú málamiðlun sem þarna náðist raunverulega um það bráðabirgðaákvæði sem fylgdi þessari 23. gr., þ.e. að það mætti þrátt fyrir ákvæði 23. gr. reka þessar ferjur í þrjú ár, það var lengt upp í fimm ár og síðan var sett heimild inn í 16. gr. þar sem gefinn var möguleiki á því að halda áfram að reka ferjur sem ekki uppfylltu þessi ákvæði í 23. gr. Þarna var farin svona, hvað á maður að segja, fjallabaksvegur að málinu þannig að menn væru ekki að setja sig í þá stöðu að þurfa að leggja endanlega niður ferjusiglingar á leiðum sem ekki uppfylltu ákvæði 23. gr. en það yrði samt að vera sérstök ákvörðun um það að viðkomandi ferjusiglingar kæmu þá inn með þessum heimildum sem um ræðir í 16. gr. Vegna þess að þetta mál er mjög mikilvægt að mínu viti fyrir þó nokkur byggðarlög, og ég ætla ekki að fara að teygja lopann um þetta mál hér því að ég hef sagt mína skoðun á því áður, þá taldi ég mikilvægt að við gætum staðið sameiginlega að niðurstöðu sem bæði frestaði því að þessi stefnumörkun kæmi til framkvæmda og opnaði leið til þess að það væri þrátt fyrir hana hægt að halda áfram rekstri ferja á þessum leiðum sem hér er um að ræða.

Ég ætla ekki að fara að endurtaka allt það sem hér hefur verið sagt um þessa hluti. Ég held að það hafi í raun og veru verið svipaðir hlutir sem eru okkur öllum efst í huga sem stóðum að þessu samkomulagi. Ég tel það mjög mikilvægt sem varð til þess að samkomulagið náðist, bæði í sambandi við ferjurnar og líka í sambandi við girðingarnar, að það verði við það staðið og að komandi þing á næsta hausti fái þá til meðferðar þessi girðingarmál. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það gangi allt saman hratt fyrir sig þannig að samgn. fái þá þetta mál aftur til sín í haust og það verði hægt að halda áfram. Í raun og veru er þessum girðingarmálum frestað til haustsins og gert ráð fyrir því að þær girðingar sem liggja meðfram vegum verði teknar undan girðingarlögunum og settar inn í vegalögin.

Ég vil vegna þess sem hv. 4. þm. Austurl. var að nefna um snjóflóð og skriðuföll benda á það að í 52. gr. er raunverulega verið að tala um skriðuföll og skemmdir á vegum. Þar er ekki talað um snjóflóð og það hefði kannski verið ástæða til að gera það, en ég veit að menn hafa mismunandi skoðanir á því. Ég hef rætt það mál við vegagerðarmenn og það er auðvitað fleira sem teppir vegi heldur en sjóflóð. Næsta spurning hlýtur að vera: Á að loka vegum vegna snjóflóða? Á þá líka að loka vegum vegna t.d. fárviðra? Á Vegagerðin að hafa vit fyrir mönnum alveg um það hvenær þeir eigi fara um vegi? Þetta er atriði sem er auðvitað sjálfsagt að ræða en nefndin hefur ekki lagt til að Vegagerðinni væri gert að hafa þetta hlutverk að hafa vit fyrir öllum um það hvort þeir eigi að fara á milli byggðarlaga.

Ég held að ég hafi komið því á framfæri sem ég tel raunverulega ástæðu til að segja hér að lokum í sambandi við þetta mál. Ég tel að það sé kannski ástæða til þess að nefndarmenn eins og hv. formaður nefndarinnar nefndi hittist og athugi 9. gr., hvort það er ástæða til þess að skoða einhverja lagfæringu á henni en að öðru leyti vil ég segja það að ég mun standa að þessu að samþykkja þetta frv.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Ætlunin var að hefja hér utandagskrárumræðu klukkan þrjú. Ég veit ekki hvort hv. 1. þm. Norðurl. v. telur ástæðu til þess að nota þennan tíma. (**PP:** Ég get vel gert það.) Þá tekur hv. 1. þm. Norðurl. v. til máls.

[14:57]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Ég get verið stuttorður um þetta mál, en því kveð ég mér hér hljóðs þrátt fyrir það að mjög mikil eindrægni hafi ríkt í hv. samgn. að ég vil láta í ljósi óánægju yfir því að girðingarmálinu skyldi vera frestað nefndinni. Nú getur það vel verið gild röksemd og ég efa það ekki að nefndin hafi talið að hún þyrfti lengri tíma til að athuga það mál og yfirlýsing hæstv. samgrh. er góðra gjalda verð að setja nefnd í málið og lagasetningu í framhaldi af því, en af því að 56. gr. er nýmæli í lögunum, þá er hún eiginlega tengd þessum girðingarkafla. Nú hef ég efnislega ekki á móti 56. gr. ef hún stæði í fullkomnum lögum en mér finnst að hún skapi veruleg vandamál ef hún tekur gildi en ekki VII. kafli laganna eða tekur gildi á undan VII. kafla laganna. Mér finnst að hún ætti að verða sam-

ferða VII. kafla sem ég reikna þá með að verði í fullnægjandi og eðlilegu formi. 56. gr. hljóðar þannig:

„Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda."

Nú er vegsvæði að vísu ekki lokað ef það er opið í báða enda og búfé getur þvælst inn á vegi en með þessari grein er lausaganga búfjár tvímælalaust bönnuð á vegsvæðum stofnvega og tengivega. Í skýringum við 56. gr. segir, með leyfi forseta:

„Hér er um nýmæli að ræða sem ekki á sér hliðstæðu í gildandi lögum. Hingað til hafa sveitarfélög haft heimild til að setja reglur um búfjárhald, þar á meðal skyldu eigenda til að hafa búfé í vörslu."

Síðar segir í skýringunum:

„Með lögum nr. 57/1989 var sveitarstjórnum heimilað að ákveða að eigendur búfjár skyldu hafa það í vörslu allt árið eða hluta úr ári. Tilgangur laganna var m.a. að auka öryggi og draga úr slysum á þjóðvegum. Núgildandi lög um búfjárhald eru nr. 46/1991. Reglur um vörslu búfjár eru í 5. og 6. gr. þeirra.

Í mörgum sveitarfélögum hafa verið settar reglur um vörslu búfjár. Þetta á einkum við um þéttbýlissveitarfélög. Víða er í gildi bann við lausagöngu búfjár á vegsvæðum fjölfarinna þjóðvega. Tilgangur þessarar greinar er að koma slíku banni á sem víðast þannig að draga megi úr tíðni slysa á þjóðvegum.

Ljóst þykir að erfitt er að framfylgja banni við lausagöngu búfjár á vegsvæðum þjóðvega nema girt sé báðum megin vegar. Því er lagt til að bannið einskorðist við vegsvæði sem þannig er ástatt um og Vegagerðinni er heimilað að fjarlægja búfjé þaðan á kostnað eigenda."

Ef við athugum þetta ofurlítið nánar, þá hefur dómur fallið um það að eigandi búfjár er skaðabótaskyldur fyrir því tjóni sem kann að verða þegar ekið er á búfé hans á slíkum vegi ef bann hefur verið við lausagöngu búfjár í viðkomandi sveitarfélagi. Þetta bann hefur því skapað verulega skaðabótaskyldu og hættu á skaðabótaskyldu fyrir búfjáreigendur í sveitarfélaginu og þannig hafa fjölmörg sveitarfélög ekki treyst sér til þess að setja bannið á eftir að þessi dómur féll og sum hafa fellt niður áður gerðar samþykktir um bannið í kjölfar dómsins. (Forseti hringir.) Herra forseti, ég er alveg að ljúka máli mínu. En með því að setja efni 56. gr. í lög án þess að ganga frá girðingarmálinu líka þá er verið að skapa búfjáreigendum skaðabótaskyldu sem þeir ekki hafa haft og ég tel að hv. samgn. verði a.m.k. að auglýsa það mjög vandlega fyrir búfjáreigendum að þeir séu hér með og þaðan í frá að lögin taka gildi skaðabótaskyldir ef ekið er á skepnur þeirra.

Ég teldi til bóta og ég vil biðja hv. samgn. að athuga hvort hún treystir sér ekki til að fresta líka gildistöku 56. gr. þangað til gengið hefur verið frá girðingarmálinu.

Mig langaði til að tala um reiðvegina. Ég hefði kosið að kveðið væri skýrar á í reiðvegagreininni heldur en gert er. Jafnframt vil ég láta í ljósi þá skoðun að ég kann illa við nýyrðið eða þessa notkun á orðinu „safnvegur" sem kemur hér fram í 3. gr. Safnvegur er ekki nýyrði heldur er það þekkt hugtak um þá leið þar sem safn er rekið, en þarna er það notað með nýrri hugsun og ég kann ekki við hana.

Umræðu frestað.

Umræður utan dagskrár.

Kaup á björgunarþyrlu.

[15:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við Íslendingar stundum sjávarútveg við óblíð skilyrði. Öryggismál sjómanna hafa þess vegna lengi verið málefni sem þjóðin lætur sig miklu skipta. Þeir sem best þekkja til hafa lengi haldið því fram að ekkert í öryggismálum sjómanna væri meira aðkallandi en að keypt verði ný og öflug björgunarþyrla.

Þjóðin hefur verið samstiga í því að taka undir þá kröfu að málinu verði ráðið til lykta sem allra fyrst. Það hefur þess vegna verið sársaukafullt fyrir fólkið í landinu að fylgjast með endalausum vandræðagangi, klúðri og sérkennilegri óheppni hæstv. ríkisstjórnar við meðferð málsins.

Það er rétt að minna á það að á lokadaginn þann 11. maí 1988 samþykkti Alþingi þáltill. um björgunaryrlu. „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni" stendur þar „að láta gera athugun á kostnaði við kaup og rekstur á björgunarþyrlu af bestu fáanlegri gerð fyrir Landhelgisgæsluna." Eftir margar skýrslur og miklar vangaveltur þar sem ekkert gekk var Alþingi loks nóg boðið og þann 12. mars 1991 samþykkti Alþingi eftirfarandi tillögu:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á árinu 1991 verði gerður samningur um kaup á fullkominni björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna."

Þarna voru á ferðinni tímasett fyrirmæli og margir trúðu því að nú hlyti að koma að efndum í þessu máli, en það var nú öðru nær. Nú tókst þeim sem hafa veru ameríska hersins að hjartans máli, að blanda hernum og starfsemi hans inn í umræðuna. Síðan hvorki gekk né rak þar til nú fyrir fáeinum dögum að fréttir bárust um það að nú væri ákvörðunar von. Dómsmrh. hafði gert upp sinn hug. Það var búið að skoða alla möguleika á þessum markaði og öll tilboð sem völ var á og var nú ekki fært að bíða með ákvörðun lengur. Þjóðin mátti búast við því að loksins sæist fyrir endann á þessu máli með farsælum hætti.

En þá á ögurstundinni þegar hæstv. dómsmrh. hafði loks mannað sig upp í að gera tillögu í málinu birtist hæstv. starfandi utanrrh. með brunaútsölutilboð frá Ameríku. Hann sagði, hæstv. ráðherra, að það væri hægt að fá þrjár þyrlur með varahlutalager fyrir verð einnar og það fylgdi ókeypis leikfimi eða þjálfun með. Við erum ekki lengur að tala um að kaupa einhverja eina þyrlu heldur koma á fót björgunarsveit sem tæki yfir allt björgunarflug frá Íslandi. Fyrir þessa þjónustu mundu Íslendingar fá greidd verktakalaun sem gætu

staðið undir rekstrarkostnaðinum og jafnvel fjármagnað að stórum hlutað kaup á nokkrum þyrlum. Við erum því að tala um tekjumöguleika fyrir þjóðina til framtíðar og ný störf. Ég tel það enga goðgá að kanna tilboð Bandaríkjamanna vel og gefa okkur til þess nokkra daga, segir Sighvatur Björgvinsson, starfandi utanrrh. í DV þann 14. apríl sl.

Samkvæmt þessu tilboði var hægt að fá 5 eða 6 þyrlur fyrir sama verð og ein átti að kosta áður og það komu skilaboð frá Kína um að fram hjá svona tilboði gætu menn ekki gengið án þess að rannsaka það vandlega. Hæstv. utanrrh. hafði þrátt fyrir mikinn tímamun, erfið ferðalög og breytt matarræði gefið sér tíma til að skoða þetta stórkostlega tilboð frá Ameríku. En varla höfðu menn meðtekið hin miklu tíðindi þegar boð barst frá Ameríku um það þetta væri allt saman mistök, það væri kannski hægt að fá eina fyrir þetta verð. Mistökin hefðu átt sér stað við sendingu símbréfs og tölurnar stæðust ekki. En hvernig brást þá hæstv. ríkisstjórn við þeim tíðindum að þetta hafi allt saman verið della? Jú, með því að fresta málinu enn einu sinni þrátt fyrir að það tilboð sem hæstv. dómsmrh. lagði til að yrði tekið væri að renna út. Það virðist ljóst að þeir aðstandendur hæstv. ríkisstjórnar sem vilja með öllum ráðum tengja björgunarmál okkar Íslendinga við veru herliðsins í landinu ráði enn ferðinni. Hvað sem það kostar skal málið tafið til að þjóna lund þeirra stuðningsmanna hæstv. ríkisstjórnar sem hafa það að sinni æðstu hugsjón að hér verði ameríkur her um alla framtíð. Ég vil að lokum spyrja hæstv. dómsmrh. eftirfarandi spurninga:

Er búið að tryggja að tilboð sem hæstv. dómsmrh. vildi að yrði tekið standi út þennan nýja frest? Er búið að ákveða að viðræður fari fram við amerísk stjórnvöld um málið? Ætlar hæstv. dómsmrh. að fallast á enn eina framlengingu á fresti í þessu máli til viðbótar við þann sem hæstv. ríkisstjórn hefur núna tekið ákvörðun um eftir að þessar viðræður hafa hafist?

[15:08]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Undirbúningur á framkvæmd ályktunar Alþingis um kaup á öflugri björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna hefur staðið í alllangan tíma. Af hálfu þessarar ríkisstjórnar var skipuð nefnd vorið 1991 undir forustu hv. 3. þm. Reykv. til að leggja á ráðin um það hvernig standa skyldi að framkvæmd málsins. Hún skilaði skýrslu í október árið 1991 þar sem lögð var áhersla á að kaupa skjótt nýja hentuga þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna jafnhliða því sem hafnar yrðu viðræður við bandarísk stjórnvöld um möguleika á því að yfirtaka rekstur björgunarsveitar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli eða koma á öðru því samstarfi sem henta þætti. Í þessari skýrslu er tekið fram að þessir tveir kostir séu ekki ósamrýmanlegir.

Samhliða eða í beinu framhaldi af þessari niðurstöðu voru hafnar viðræður við bandarísk stjórnvöld. Niðurstaða þeirra kom í febrúarmánuði 1992 þar sem á þeim tíma var ekki talið af hálfu bandarískra stjórnvalda gerlegt að afhenda Íslendingum björgunarsveitina á Keflavíkurflugvelli til yfirráða en lögð áhersla á áframhaldandi samstarf Landhelgisgæslunnar og björgunarsveitarinnar sem síðan hefur eflst. Í beinu framhaldi af þessari niðurstöðu lá svo fyrir í febrúarmánuði 1992 athugun sérstakrar sérfræðinganefndar sem farið hafði yfir þá kosti sem líklegastir væru varðandi þyrlukaup fyrir Landhelgisgæsluna. Niðurstaða nefndarinnar varð sú að besti kosturinn fyrir gæsluna væri frönsk þyrla af Super Puma gerð.

Í aprílmánuði á síðasta ári, 1993, fjallaði sérfræðingahópurinn sérstaklega um svokallaðar Pave Hawk þyrlur sem varnarliðið notar á Keflavíkurflugvelli vegna nýrra upplýsinga þar um. Niðurstaða sérfræðinganefndarinnar, Gunnars Bergsteinsonar, Leifs Magnússonar, Páls Halldórssonar og Þorgeirs Pálssonar flugmálastjóra, varð sú að fyrri niðurstaða stæði óbreytt um Super Puma þyrluna af ýmsum ástæðum, m.a. vegna flugdrægi, burðargetu, flughraða og fleiri atriða. Hugmyndir sem voru á kreiki í aprílmánuði í fyrra varðandi verð á slíkum þyrlum voru svipaðar og bandarískt sendiherrann lýsti þegar hann bar fram afsökunarbeiðni sína í síðustu viku. Allar þessar upplýsingar hafa því legið fyrir og samanburður á þessum kostum hefur legið fyrir af hálfu okkar sérfræðinga í heilt ár.

Í maímánuði sl. fékk ég og fjmrh. heimild með samþykkt ríkisstjórnarinnar til að leita samninga um kaup á þyrlu í samræmi við niðurstöðu sérfræðinganefndarinnar. Uppkast að slíkum samningi lá fyrir um kaup á notaðri Super Puma vél í ágústmánuði í fyrra. Þá var ákveðið að fresta undirritun samningsins vegna væntanlegra viðræðna við bandarísk stjórnvöld. Í ársbyrjun kom svo varavarnarmálaráðherra Bandaríkjanna hingað til viðræðna og þá var gerð sérstök bókun um hugsanlega þátttöku okkar í rekstri flugbjörgunarsveitarinnar og var þá enn ákveðið að fresta niðurstöðu um kaupin á grundvelli þess samningsuppkasts sem fyrir lá. Það leiddi til þess að sú þyrla gekk okkur úr greipum og var seld annað.

Sérfræðingahópurinn ásamt skrifstofustjóra fjmrn. fékk þá það verkefni að endurmeta öll þau tilboð sem borist höfðu og þar á meðal nýjar upplýsingar frá bandarískum stjórnvöldum um þrjár notaðar þyrlur sem þeir voru löngu hættir að nota. 6. apríl skilaði þessi sérfræðingahópur niðurstöðu og lagði til að keypt yrði Super Puma vél, nýleg og lítt notuð. 8. apríl gerði ég tillögu um það í ríkisstjórn að gengið yrði frá kaupum á þessari vél. Þá var því haldið fram að von væri á nýjum upplýsingum frá bandarískum stjórnvöldum og rétt væri því að fresta ákvörðun og það var gert. Síðan upphófst sá fjölmiðlaleikur sem hv. þm. er kunnur og lyktaði með því að bandarískri sendiherrann baðst afsökunar á því tilefni sem bandarísk stjórnvöld höfðu gefið til hans.

Sl. fimmtudag setti starfandi utanrrh. bandarískum stjórnvöldum þá úrslitakosti að þau yrðu innan þriggja vikna frá þeim tíma að gera grein fyrir því hvort þau gætu útvegað okkur þrjár þyrlur sem fullnægðu okkar kröfum á sama verði og ein notuð frönsk og tryggt að rekstur þeirra kostaði ekki meira en rekstur franskrar þyrlu.

Vegna fyrirspurnar hv. málshefjanda vil ég taka

fram, herra forseti, að Landhelgisgæslan hefur leitað eftir því að við fáum framlengdan frest sem rann út sl. föstudag til kaupa á þeirri þyrlu sem ég hafði gert ráð fyrir og lagt til að keypt yrði. Niðurstaða þess máls er sú að við fáum þennan frest, þó þannig að ef nýr kaupandi gefur sig fram verðum við að gefa til kynna innan tveggja daga hvort við göngum að kaupunum eða ekki.

[15:14]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Ég þakka hv. fyrirspyrjanda fyrir að hreyfa þessu máli því ekki er vanþörf á. Ég er þeirrar skoðunar til að gera langt mál stutt að það verði að ráðast í að kaupa nýja björgunarþyrlu fyrir Landhelgisgæsluna og sá hráskinnaleikur sem leikinn er í þessu máli núna sé ekki við hæfi. Það eru alveg dæmalaus álög á ríkisstjórnina að geta ekki verið sammála um neitt, stórmál fyrir Landhelgisgæsluna. Ég er þeirrar skoðunar, eins og kom fram í ræðu hæstv. dómsmrh., að viðræður við varnarliðið um framtíð björgunarsveitarinnar og kaup nýrrar þyrlu fyrir Landhelgisgæsluna sé alveg samrýmanlegt. Ég er fylgjandi því að ræða við varnarliðið um framtíð björgunarsveitarinnar, hvernig hún getur komið inn í björgunarmál og sá þyrlufloti og þar á meðal um staðsetningu þyrluflotans. En þetta mál má ekki dragast lengur. Þetta er orðið til vansa. Þingið hefur veitt sínar heimildir fyrir löngu til þessara hluta og ég spyr nú: Ef það er ætlunin að ræða við varnarliðið um framtíð þyrlubjörgunarsveitarinnar, sem telur fjórar þyrlur, hvaða tilgangur er þá að kaupa þrjár í viðbót bara af því að þær fást á svo góðum kjörum? Ég næ þessum rökstuðningi ekki heim og saman. Ég held að það liggi fyrir að endurnýja þyrluflota Landhelgisgæslunnar og ganga svo að hinu málinu og ég sé ekki að það sé ósamrýmanlegt.

[15:17]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Þrátt fyrir fáránleik í þyrlukaupamálum ríkisstjórnarinnar er mér ekki skemmt. Ég ítreka það enn og aftur að það var fyrst árið 1988 og síðan árið 1991 að Alþingi samþykkti ályktun um kaup á björgunarþyrlu. Síðan hafa árin liðið og ekkert hefur gerst. Ríkisstjórnin hefur gersamlega hunsað vilja Alþingis í þessu mikilsverða máli þrátt fyrir ótal umræður og eftirrekstur bæði hér á Alþingi og úti í þjóðfélaginu. Á þessum tíma hafa mörg góð tækifæri gengið okkur úr greipum og það sem alvarlegast er, oft verið teflt á tæpasta vað með öryggi á sjó og landi. Við vitum vel hvaða kostir eru raunhæfir og fullnægjandi. Á nú að fara að tefja málið enn með óljósum hugmyndum einstakra ráðherra um þyrlukaup frá Bandaríkjunum? Svo virðist vera. Ég álasa ekki Bandaríkjamönnum fyrir þeirra þátt. Það er ljóst að mistök geta alltaf átt sér stað og við hljótum sjálf að bera ábyrgð á björgunarmálum á Íslandi og getum ekki skellt skuldinni á aðra.

En ríkisstjórnin hefur svo árum skiptir staðið í vegi fyrir framgangi málsins og ábyrgðarlaust hjal hæstv. utanrrh., sem jafnvel hefur léð máls á kaupum á allsendis ófullnægjandi þyrlum, vekur bæði undrun og hryggð.

Hæstv. viðskrh. segir í viðtali við dagblaðið Tímann í dag að þrjár vikur til eða frá skipti ekki máli. Virðulegi forseti. Þetta er alrangt. Samkvæmt tímaskyni hæstv. ríkisstjórnar í þyrlumálum er hver vika óralöng og aldrei styttri en nokkrir mánuðir. Þannig sagði hæstv. forsrh. á hv. Alþingi þann 25. febrúar 1993, fyrir um það bil 60 vikum, að ríkisstjórnin mundi innan fárra vikna ganga til samninga um kaup á þyrlu. Þessi skilgreining á fáum vikum er ekki til þess fallin að vekja hjá manni traust um að þrjár vikur séu skammur tími eftir tímatali hæstv. ríkisstjórnar.

[15:19]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil í upphafi þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál hér upp sem er afar brýnt. Ég vil vitna til orða hæstv. dómsmrh. þar sem hann lýsir vinnubrögðum samráðherra sinna á þá leið að hér sé um tafarleiki að ræða og hann sé orðinn þreyttur á slíkum tafarleikjum. Það er alveg hárrétt að menn sjást ekki fyrir í þessum tafarleikjum sínum. Hingað kemur tilboð frá Bandaríkjamönnum sem er svo gott að menn hafa enga trú á því, ekki nokkra trú á því, en þeir ryðjast samt fram í fjölmiðla og birta þetta tilboð til þess eins að leika enn einn tafarleikinn. Síðan er málflutningurinn slíkur að hann er kolrangur og ósannur. Hæstv. starfandi utanrrh. sagði það blákalt fyrir nokkrum dögum að það tæki 12 til 18 mánuði að þjálfa flugmenn á þessar þyrlur. Ég hringdi til Landhelgisgæslunnar í morgun og ræddi þar við þyrluflugmenn. Þeir segja mér að það taki sex vikur og meira að segja eftir sex vikur hafi þeir réttindi til þess að taka sjálfir að sér þjálfun á slík tæki. Menn sést því ekki fyrir í því að reyna að tefja þetta mál.

Hæstv. dómsmrh. sagði áðan að það væri spurning hvort Bandaríkjamenn gætu boðið þrjár þyrlur sem fullnægðu þeim kröfum sem við setjum. Það liggur fyrir á borðinu að Bandaríkjamenn geta ekki boðið slíkar þyrlur. Þær hafa ekki þá burðargetu sem við höfum krafist. Þær hafa burðargetu upp á 8 manns en við erum að tala um rúmlega 20 manns. Þær hafa flotþol sem dugar í 2–3 mínútur eða aðeins til þess að bjarga flugmönnum úr þyrlunni en ekki tækinu sjálfu. Þær hafa ekki viðurkenndan afísingarbúnað, þær hafa það sem kallað er hernaðarstaðall en ekki borganlegan staðal og Landhelgisgæslan mætti ekki fljúga þeim hér vegna reglna og laga um loftferðir. Þannig mætti lengi telja. Þær hafa ekki sömu burðargetu. Þær eru tæknilega langt frá því að vera eins fullkomnar og sú þyrla sem dómsmrh. hefur mælt með og ég styð hann eindregið í því.

Ég vil að lokum, hæstv. forseti, segja það að þetta mál er orðið til slíkrar hneisu fyrir alla ríkisstjórnina að undanskildum hæstv. dómsmrh. sem virðist vera einn í sinni baráttu innan ríkisstjórnarinnar að það tekur ekki nokkru tali.

[15:21]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég lýsi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í björgunarþyrlumálinu. Ég fullyrði vegna stöðu málsins að það hefur aldrei verið vilji eða ætlunarverk þessarar ríkisstjórnar að kaupa fullkomna björgunarþyrlu.

Nú eru vikurnar orðnar yfir 60 síðan hæstv. forsrh. sagði málið verða afgreitt allra næstu daga. Ég spyr: Er hæstv. forsrh. tímaskertur? Málið hefur alltaf farið á ný inn í nýjan blekkingar- og lygavef. Hæstv. dómsmrh. hefur látið draga sig á asnaeyrum í þessu máli sem hlýtur að vera þreytandi til lengdar. Hans staða er aumkunarverð ef hann krefst ekki niðurstöðu í þessu máli.

Hæstv. utanrrh. hefur uppi önnur áform og getur stöðvað hvaða mál sem er í þessari ríkisstjórn hvar sem hann er staddur á hnettinum, hvort sem það er í Kína, Kóreu eða Afríku. Svona gerist þegar ríkisstjórn verður til á tveggja manna tali úti í Viðey. Þá er hægt að fara svona með þingmeirihluta stjórnarflokkanna. Hæstv. forsrh. stritast nú við að sitja fram yfir 17. júní til þess að geta tekið í hendurnar á þjóðhöfðingjum. Hann veit sem er að ríkisstjórnin er lifandi dauð og nær ekki utan um hið smæsta mál fremur en aðrir sem látnir eru.

Það væri myndarlegt ef hæstv. dómsmrh. gæfi tímafrest og segði af sér ef málið yrði ekki leyst innan tímamarka, setti þeim stólinn fyrir dyrnar og það yrði að afgreiða málið. Ég skora á hann að gera það ellegar hverfa úr stól dómsmrh. og sjútvrh. Ég er sannfærður um að sjómenn og fjölskyldur þeirra um allt land, svo og allir landsmenn, fordæma framgöngu ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar í björgunarþyrlumálinu. Það er til skammar. Þess mun lengi verða minnst.

[15:24]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég vil að gefnu tilefni segja eftirfarandi um þetta mál. Það er yfirlýstur vilji Alþingis, ríkisstjórnar og þeirra félagasamtaka sem helst hafa beitt sér í málinu að íslensk stjórnvöld eignist öfluga og fullkomna björgunarþyrlu. Um það er enginn ágreiningur. Hins vegar hefur stundum mátt draga þá ályktun af umræðum á hinu háa Alþingi um það mál að þyrlubjörgunarmál væru í algerum ólestri, hér væri neyðarástand og því seinustu forvöð að taka kostatilboði, seinasta tilboði sem berst.

Reyndin er nú reyndar sú að óvíða í heiminum munu vera jafnmargar vel búnar björgunarþyrlur til reiðu miðað við fólksfjölda og öruggt að þær verða það næstu tvö árin. Rétt er að menn hafi í huga björgunarafrekið í Vöðlavík í vetur því til staðfestingar. (**Gripið fram í:** Á að fresta þessu í tvö ár til?)

Að því er varðar hið óvænta frumkvæði bandarískra stjórnvalda sem sett voru fram í viðræðum við hæstv. forsrh. og þann sem hér stendur 4. jan. þá breytti það að sjálfsögðu forsendum málsins. Ríkisstjórnin brást við með því að skipa starfshóp í febrúar. Það hafa farið fram könnunarviðræður sem ekki eru á þessu stigi málsins orðnar að formlegum samningviðræðum. Næsta skref í þessu máli er væntanlega það að hingað komi sérfræðingasveit til samningaviðræðna og ekkert af því sem í þessu máli felst er nein tafaraðgerð. Það er alls ekki verið að stefna að því að drepa málinu á dreif eða tefja málið. Skoðanaskipti íslenskra stjórnvalda og bandarískra hafa þegar leitt í ljós að unnt væri að kaupa nýja vel útbúna björgunarþyrlu af bandarískri gerð fyrir nokkurn veginn sömu upphæð og átta ára gamla þyrlu af franskri gerð. Og hvert yrði endursöluverð átta ára gamallar þyrlu eftir fimm ára notkun?

Tíminn er naumur, virðulegi forseti, en ég vil taka það fram að nýleg niðurstaða þyrlukaupanefndar, sem hæstv. dómsmrh. hefur vitnað til, var sett fram með fyrirvara. Nefndin tók einvörðungu afstöðu til þeirra tilboða sem þá höfðu borist en tók ekki afstöðu til upplýsinga frá bandarískum stjórnvöldum í tengslum við hugsanlegt samstarf í þyrlubjörgunarmálum.

Virðulegi forseti. Ég árétta og undirstrika að þær breyttu forsendur sem orðið hafa í þessu máli stafa ekki af vilja eins eða neins til þess að tefja þetta mál. Þvert á móti er staðan sú að málið er í nýjum farvegi og það verður látið á það reyna til lykta og reynt að hraða því eftir föngum að niðurstaða fáist í málinu.

[15:27]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Hér er um grafalvarlegt mál að ræða, en hæstv. ríkisstjórn hefur gert það að skringilegum farsa. Hæstv. dómsmrh. talaði um fjölmiðlaleik. Ég held að það sé í þessu tilfelli óþarfi að kenna fjölmiðlum um þó að þeir hafi fylgst með málinu. Það var hæstv. utanrrh. sem hóf leikinn. Ég kippti mér út af fyrir sig ekkert upp við það þó að hæstv. utanrrh. væri með yfirlýsingar um að það væri hægt að kaupa þrjár Sikorsky þyrlur á spottpris. Ég hef nefnilega hlustað hann halda svo margri fjarstæðunni fram að ég gerði ekkert með þetta sem hann var að segja, enda kom það á daginn að hann hafði ekki rétt fyrir sér og vill láta líta svo út sem Bandaríkjamenn hafi verið að spila með sig. Nú reynir hann að tefja málið með því að leggja til að teknar verði upp langar samningaviðræður við Bandaríkjamenn um þetta mál. Nei, auðvitað er löngu tímabært að fara að tillögu hæstv. dómsmrh. og semja um kaup á Super Puma þyrlu og ég treysti því að hæstv. dómsmrh. beri gæfu til að leiða það mál til lykta í kvöld eða í fyrramálið.

[15:28]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Umræðurnar um kaup á fullkominni þyrlu hafa nú staðið æðilengi. Ég veit ekki nákvæmlega hve lengi en það getur hver og einn reiknað það út hjá sér kannski. Það verður að segja þá sögu eins og er að æ ofan í æ hafa gengið yfirlýsingar um þyrlukaup og lengi vel treystu menn því að málið væri í höfn en alltaf kom babb í bátinn. Skoðun mín er sú að lengur verði ekki við annað unað en að hrinda málinu í framkvæmd.

Okkur hefur lengi verið sagt að engir peningar væru

til þegar rætt er um þyrlukaup, a.m.k. verði að gæta ýtrasta sparnaðar en allt þyrfti að skoða. Mín skoðun hefur alltaf verið sú að fullkomnasta tæki sem völ er á ætti að kaupa. Svo einfalt er það. Mér finnst augljóst að þingmenn eigi nú að leggja niður deilur og deila ekki lengur um það sem gerst hefur og sameinast um að ná árangri. Um leið og ágreiningi verður rutt úr vegi þá sameinast landsmenn um að kaupa þyrluna og fá hana afgreidda svo fljótt sem auðið er. Tímabundið er e.t.v. unnt að leysa málið með leiguþyrlu þannig að við getum með sanni sagt að íslenska þjóðin veiti sjómönnum sínum mesta öryggi sem kostur er og það er aðalatriðið.

[15:31]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Árið 1991 lét hæstv. dómsmrh. gera úttekt á starfssviði Landhelgisgæslunnar og nefnd undir forustu hv. þm. Björns Bjarnasonar skilaði niðurstöðu. Upp frá því var hægt að taka með rökum afstöðu til þyrlukaupa. Sérstök þyrlunefnd skilaði áliti á miðju ári 1992. Síðan hefur málið verið í vinnslu að hluta og í þæfingi að öðru leyti. Að mínu mati hafa afskipti hæstv. utanrrh. af málinu á undanförnum missirum verið óeðlileg. Málið er á verksviði dómsmrh. og þar hefði það átt að vera í fastari skorðum en hæstv. utanrrh. hefur gefið færi á. Auðvitað eiga Bandaríkjamenn fullkomnar þyrlur sem gætu dugað við íslenskar aðstæður. Þær hafa bara ekki verið inni í myndinni. Black Hawk þyrlurnar eru of dýrar til að mynda og óhagstæðar í rekstri og Pave Hawk þyrlurnar eru of litlar miðað við það sem aðstæður hér á landi kalla á.

Tilboðin sem hæstv. utanrrh. hefur komið til skila og bandarísk stjórnvöld hafa beðist afsökunar á bera vott um að þau koma fram einhvers staðar á fyrstu stigum vegna þess að það er ekki frambærilegt af ríkisstjórn Bandaríkjanna eða stjórnvöldum að biðjast afsökunar á tilboði til íslenskra stjórnvalda. Það er ekki marktækt að slíkt skuli koma fram. Mistökin, þó þau væru Bandaríkjastjórn í óhag, hefðu ekki átt að koma til. Ef það hefði verið alvöruhugsun á bak við hefðu menn staðið við tilboðið hversu vitlaust sem það var. Það sýnir að þetta er spjallstigi og ekki boðlegt. Tilboðin sem koma inn í dæmið á vegum hæstv. utanrrh. eru á spjallstigi. Og tilboðið þar sem beðist var afsökunar hlýtur að hafa byggst á því að það hefur verið boðið upp á eitthvert skran. Hæstv. utanrrh. á ekki að láta stimpla sig sem skransala fyrir Bandaríkjamenn.

Það er ekki hægt að bíða endalaust eftir geðþóttaákvörðunum bandarískra stjórnvalda. Það er stæða til að ganga strax til kaupa á þeirri þyrlu sem þyrlunefndin hefur mælt með, virðulegur forseti. Hún heitir Super Puma og er ekki eftir neinu að bíða í sjálfu sér.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Þeim tíma sem ætlaður er fyrir þessa umræðu er nú senn lokið og verður hv. málshefjanda og hæstv. ráðherra gefinn kostur á að ljúka umræðunni.

[15:33]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir svörin. Þau voru reyndar sorgleg upptalning á því hvernig meðferð hæstv. ríkisstjórnar hefur verið á þessu máli og staðfestu það sem ég sagði, að allt hefur þetta gengið út á það að reyna að tengja björgunarstarfsemi og öryggismál sjómanna og Íslendinga annarra sem þurfa á þyrlu að halda við veru hersins í landinu. Í því svífast menn einskis. Raunverulega hafa málin legið fyrir alveg klár í heilt ár og það hefur legið fyrir tillaga frá hæstv. dómsmrh. og allir vita hvernig með þessi mál hefur verið farið. Svo mætir hæstv. utanrrh. í ræðustól og hvað segir hann: Þetta er allt saman í lagi og þess vegna liggur okkur ekkert á. Það er nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra er að segja. Við höfum aðgang að ágætis þyrlukosti miðað við mannfjölda. Þess vegna liggur ekkert á. Það er hægt að spekúlera í alls konar tilboðum hvort sem þau eru grín eða alvara. Ef maður hlustar á hæstv. ráðherra þá virðist það alla vega vera í góðu lagi.

Hann nefndi að það væri á leiðinni til landsins sérfræðingasveit til að skoða þessi mál. Ég biðja hæstv. dómsmrh. að vera aðeins nákvæmari í orðum. Hann var að tala um að það yrði að taka tilboðinu með tveggja daga fyrirvara ef önnur tilboð kæmu í þessa þyrlu. Stendur það tilboð lengur en þær þrjár vikur sem fresturinn gildir? Ef sérfræðingasveit kemur til landsins er ótrúlegt að það verði tími til þess að ljúka við samninga á þessum þremur vikum. Og síðan hinar tvær spurningarnar sem ég bar fram. Er búið að ákveða að viðræðum við amerísk stjórnvöld um málið ljúki á þessum þremur vikum? Ég tek það sérstaklega fram. Ætlar hæstv. dómsmrh. að fallast á enn eina framlenginguna á frestinum í málinu, til viðbótar við þann frest sem fyrir liggur, ef á þarf að halda vegna viðræðna við Bandaríkjamenn?

[15:35]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Ég vil aðeins ítreka það sem áður hefur komið fram að það liggur fyrir mjög vönduð úttekt og mjög vandaðar skýrslur sem við höfum stuðst við í dómsmrn. til að komast að niðurstöðu um það hvaða þyrlukostur væri heppilegastur fyrir Landhelgisgæsluna. Ég treysti fullkomlega þeim sérfræðingum sem þar hafa komið að verki. Þeir hafa tekið alla nýja möguleika sem fram hafa komið og borið saman og þar á meðal borið saman þær þyrlur sem nú eru á Keflavíkurflugvelli við Super Puma og komist að niðurstöðu þar um fyrir heilu ári síðan.

Varðandi stöðu málsins í dag þá hefur það verið samþykkt að gera Bandaríkjamönnum að svara innan þriggja vikna hvort þeir séu tilbúnir til þess að selja okkur þrjár þyrlur á sambærilegu verði og sú franska kostar og tryggja að rekstrarkostnaður þeirra verði ekki meiri en hennar. Hafi þessi svör ekki borist innan þess tíma verður gengið frá kaupum á þeirri þyrlu af franskri gerð sem ég hef lagt til að keypt yrði. Sá frestur sem við höfum fengið frá söluaðilunum stendur í þrjár vikur en með þeim fyrirvara að ef nýir kaupendur koma og vilja festa kaup á þyrlunni þá þurfum við innan tveggja daga að geta svarað því hvort við viljum halda okkur við kaupin eða ekki. Þannig stendur

málið og nokkuð ljóst samkvæmt því að ekki munu líða meira en þrjár vikur þangað til það verður leitt til lykta.

Fundi slitið kl. 15:38.

---

137. FUNDUR

þriðjudaginn 19. apríl,
að loknum 136. fundi.

Dagskrá:

1. Vegalög, stjfrv., 119. mál, þskj. 124, nál. 932, brtt. 933. — Frh. 2. umr.
2. Tollalög og vörugjald, stjfrv., 507. mál, þskj. 780, nál. 970, brtt. 969. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 545. mál, þskj. 856, nál. 971, brtt. 972. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
4. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859, nál. 973. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
5. Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, stjtill., 556. mál, þskj. 868, nál. 974. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
6. Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, stjfrv., 558. mál, þskj. 871, nál. 975. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
7. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 242. mál, þskj. 280, nál. 979. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
8. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 538. mál, þskj. 842, nál. 983. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
9. Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, stjfrv., 530. mál, þskj. 829, nál. 984. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
10. Samningur um Svalbarða, stjtill., 542. mál, þskj. 850, nál. 985. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
11. Varnir gegn mengun hafsins, stjtill., 495. mál, þskj. 761, nál. 986. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
12. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
13. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Útbýting þingskjala:

Boðflutningur frá öryggiskerfum um símkerfi Póst- og símamálastofnunar, 605. mál, fsp. SvG, þskj. 981.

Evrópska efnahagssvæðið, 538. mál, nál. utanrmn., þskj. 983.

Háskólinn á Akureyri, 531. mál, nál. menntmn., þskj. 987.

Kostnaður Tryggingastofnunar við neyðarhnappa, 606. mál, fsp. SvG, þskj. 982.

Niðurgreiðslur á ull, 604. mál, fsp. JÁ, þskj. 980.

Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, 530. mál, nál. utanrmn., þskj. 984.

Samningur um Svalbarða, 542. mál, nál. utanrmn., þskj. 985.

Varnir gegn mengun hafsins, 495. mál, nál. utanrmn., þskj. 986.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar til með þá dagskrá sem útbýtt hefur verið að til þess að málin megi koma á dagskrá þarf að veita afbrigði. Þannig háttar til með 13. dagskrármál að því var útbýtt eftir 1. apríl og má því ekki koma á dagskrá án þess að samþykkt verði afbrigði og verður þeirra nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:41]

Till. var of seint fram komin. — Samþykkt með 41 shlj. atkv. að hún yrði tekin til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SHl, StG, SJS, StB, VG, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, ISG, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar enn fremur til með dagskrármál 2–13 að of skammt er liðið frá útbýtingu og þarf því að leita afbrigða fyrir því að þau megi koma á dagskrá. Hefst nú atkvæðagreiðslan.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, GunnS, HBl, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, LMR, MF, PP, PBald, RG, SigG, SHl, StG, SJS, StB, VG, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (EgJ, FI, FrS, GB, GHall, GHelg, HÁ, HG, ISG, KE, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StH, SvG, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Vegalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 124, nál. 932, brtt. 933.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það munu hafa orðið hér smá mistök. Þannig var að hv. 4. þm. Norðurl. v. óskaði eftir að veita andsvar áður en umræða utan dagskrár hófst en þar sem samkvæmt þingskapalögum er einungis heimilt að veita

andsvör strax að lokinni ræðu metur forseti það svo að þetta verði niður að falla að þessu sinni og gefur hv. 2. þm. Norðurl. v. orðið.

[15:43]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegur forseti. Ég tel rétt að svara hér nokkuð frekar en mér auðnaðist í andsvari athugasemdum hv. 4. þm. Austurl. Í fyrsta lagi að því er varðar 9. gr. Miðað við brtt. nefndarinnar skiptist hún nú í tvær málsgreinar. Í fyrsta lagi kemur ný málsgrein eins og segir í brtt. nefndarinnar en síðari málsgrein var í frv. upphaflega og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum."

Hv. þm. taldi að það hlyti að leika mikill vafi á því að unnt væri að telja til einkavega vegi sem kostaðir væru af opinberum aðilum og að þeir aðilar hefðu heimild til þess að loka þeim vegum. Ég hef rifjað upp þær upplýsingar sem fyrir lágu um að það eru mörg tilvik sem eru í þessu horfi. Það eru allmörg dæmi um að vegum sem byggðir eru af hálfu opinberra aðila er síðan lokað vegna þess að þar er um einkavegi þessara opinberu aðila að ræða. Dæmi þar um er vegur að Skálafelli á vegum Pósts og síma. Póstur og sími hefur talið að sá vegur væri ekki fyrir almenna umferð og eðlilegt að honum væri lokað. Vegurinn er kostaður algerlega af því fyrirtæki, sem er opinbert fyrirtæki, og telst því kostaður af opinberri hálfu. Sömu sögu er að segja um aðra vegi t.d. sem liggja að ratsjárstöðvum og ýmsa slíka vegi sem liggja að starfsemi á vegum opinberra fyrirtækja sem er ekki eðlilegt að séu opnir fyrir almennri umferð. Þetta er sú skýring sem ég tel fullnægjandi fyrir hv. þm., sem því miður er ekki hér viðstaddur, og er fullkomlega eðlilegt að hann hafi ekki í því augnakastinu áttað sig á.

Þá gerði hv. þm. athugasemdir varðandi lokun vega, að ekki væri finnanlegar í frv. heimildir fyrir Vegagerð ríkisins til að loka vegum t.d. vegna snjóa, vegna hættu á snjóflóðum eða skriðuföllum o.s.frv. sem hann tilgreindi. Í 52. gr. frv. eru ákvæði um þetta efni sem ég mun lesa hér, með leyfi hæstv. forseta. Hún hljóðar svo:

„Vegagerðin getur sett þær reglur fyrir umferð, sem nauðsynlegar eru, til þess að girða fyrir skemmdir á vegum eða til þess að greiða fyrir umferð, svo sem um hámarksþunga bifreiða er fara mega um ákveðna vegarkafla.

Vegagerðin getur enn fremur bannað umferð ökutækja þann tíma árs sem hættast er við skemmdum á vegum. Einnig getur Vegagerðin bannað alla umferð ökutækja um vegi sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum þar til viðgerð er lokið."

Þessi grein lýtur að því að Vegagerðin getur bannað umferð um veg sem hún telur annað tveggja hættulegan vegna skemmda ellegar að hætta sé á að vegurinn spillist. Nú svarar þetta ekki nema að hluta því sem hv. 4. þm. Austurl. spurði um. Ef um er að ræða að loka vegi vegna snjóalaga eða vegna hættu á snjóflóðum og skriðuföllum eða annarra utanaðkomandi orsaka þá er að því vikið í umferðarlögum. Þar er þessi heimild á hendi lögreglu og í sumum tilvikum, eins og ég sagði í svari til hv. þm., á vegum almannavarnanefnda, en tilkynningar um að vegur sé lokaður eru oftast birtar af Vegagerðinni. Ekki hefur verið talin ástæða til þess að taka ákvæði umferðarlaga sem að þessu lúta upp í þetta frv. Vænti ég að þessi svör séu fullnægjandi fyrir hv. þm.

Ég hlýddi á ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. þar sem hann lýsti nokkurri óánægju sinni með það að girðingarákvæðum frv. væri frestað og að sú málsmeðferð yrði viðhöfð sem lýst hefur verið á grundvelli þeirrar yfirlýsingar sem hér hefur verið kynnt og hæstv. samgrh. hefur gefið.

Hv. þm. taldi að það væri mikið samhengi á milli 56. gr. frv. um bann við lausagöngu búfjár og girðingarkaflans og það er rétt. Milli þessara tveggja atriða í frv. er mikið samhengi og 56. gr. knýr mjög á um að breytt sé til varðandi viðhald girðinga og að vörslu meðfram vegum sé komið í viðunandi horf.

Ég vænti þess að hv. þm. hafi hlýtt á skýringar mínar og skýringar hv. 4. þm. Norðurl. v. á því hvaða orsakir liggja til þess að nefndin kaus að fresta því að taka á þessu máli nú. Þær eru að það er að dómi nefndarinnar nauðsynlegt að viðhafa eðlilegt samráð og samstarf við fulltrúa sveitarfélaganna í landinu og e.t.v. fulltrúa samtaka þeirra, svo sem héraðsnefnda, varðandi meðferð þessara mála ekki síst ef við færum að þeirri hugmynd sem fram kom innan nefndarinnar að gera sveitarfélögin ábyrga þátttakendur í viðhaldsmálum girðinga um leið og lagt væri fram fé af hálfu ríkisins í gegnum Vegasjóð.

Nú má út af fyrir sig taka það til athugunar hvort í því felst einhver hætta, sem hv. þm. gat um, ef 56. gr. væri lögfest í vor og tæki gildi og girðingarkafli frv. yrði endurskoðaður og breytingar tækju ekki gildi fyrr en t.d. 1. janúar nk., hvort í þessu er fólgin hætta sem gefur tilefni til þess að fresta gildistöku 56. gr. eins og hann minntist á. Þetta atriði er eðlilegt að ég sem formaður nefndarinnar beri undir hv. nefndarmenn. Til þess hefur eigi unnist tími. Að öðru leyti tel ég að ekki sé tilefni til þess að breyta því sem nefndin hefur orðið ásátt um.

[15:53]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil þakka hv. formanni samgn., 2. þm. Norðurl. v., fyrir að vilja athuga þetta mál. Ég tel að það geti vel verið ríkar ástæður til þess að undirbúa girðingarkafla vegalaga vandlega og það er vafalaust rétt að nefndinni hefur ekki unnist tími til að gera það svo vel sem hún vildi. Þetta er flókið mál og það er ekki auðleyst og ég tek undir þær hugmyndir sem hér hefur verið lýst um lausn málsins. En ég tel að þá þurfi líka að fresta gildistöku 56. gr. því mér finnst vera beint samhengi á milli hennar og VII. kafla laganna. Ég sé ekki betur en 56. gr. geri búfjáreigendur skaðabótaskylda ef ekið er á búfé þeirra, en eins og menn vita þá eru girðingarmálin í ólestri og búfé getur komist inn á allflesta þjóðvegi landsins. Úr því þarf

að bæta og þegar það hefur verið gert finnst mér að 56. gr. geti tekið gildi og eigi fullan rétt á sér.

[15:54]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil byrja á því að þakka samgn. fyrir hennar vinnu í þessu frv. því ég held að það sé tilfellið að hún hafi unnið, ef við mættum orða það svo, sjálfstæðara en algengt má teljast um nefndir í þinginu í dag. E.t.v. er það vegna þess að hún nýtur forustu þingmanns sem hefur starfað nokkuð lengi á Alþingi Íslendinga og jafnframt verið ráðherra og tekur ekki þátt í þeim vinnubrögðum sem algeng eru, að keyra mál í gegn án þess að sjálfstæð athugun fari fram í nefndum.

Ég held engu að síður að það sé eitt og annað sem rétt sé að hugleiða og hvað það raunverulega getur kostað, því gallinn við alla umræðu um vegagerð til þessa hefur verið á þann veg að mönnum sé slíkur hagur í að fá veginn að það megi eiginlega hirða af eigendum landsins hvað sem mönnum dettur í hug. Ég ætla að byrja á því að biðja hv. þm. Pálma Jónsson að kíkja á 33. gr. frv. þar sem komið er að föstum mannvirkjum. Hér segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Byggingar, leiðslur eða önnur mannvirki, föst eða laus, má ekki staðsetja, nema leyfi Vegagerðinnar komi til, nær vegi en 30 m frá miðlínu stofnvega og 15 m frá miðlínu annarra þjóðvega.

Verði ágreiningur um hvar miðlína vegar muni verða sker Vegagerðin úr.

Loftlínur má ekki strengja yfir veg nema lægsti hluti línu sé a.m.k. 5 m frá yfirborði vegar."

Nú vill svo til að hv. þm. Pálmi Jónsson þekkir vel til hjá Rafmagnsveitum ríkisins, en einmitt þetta ákvæði sem hér er verið að fást við er ekkert nýtt af nálinni. Norður í Strandasýslu var verið að setja niður spennistöð við bóndabæ og Vegagerðin var að mæla fyrir vegi. Vegagerðin fór fram á það að bóndinn samþykkti að spennistöðin yrði höfð fjær þessum bóndabæ heldur en Rafmagnsveitur ríkisins lögðu til. Afleiðingin er sú að í dag kostar það fleiri hundruð þúsund að hafa gefið þetta eftir á sínum tíma. Ástæðan er einfaldlega sú að orkubúið sem leggur línu frá spennistöð og heim á kostnað eiganda horfir náttúrlega aðeins á þessa vegalengd en það er ekkert spurt hvers vegna vegalengdin er svona mikil. Það er ekkert spurt um það að það voru opinberir aðilar sem knúðu á um að fjarlægðin skyldi vera svona mikil. Það getur verið að bónda muni um það hvort hann þarf að greiða kannski aukreitis nokkur hundruð þúsund vegna svona reglu eins og hér er verið að setja fram.

Þetta var á sínum tíma gert af tillitssemi af viðkomandi eigendum jarðarinnar, en í dag blasir það blákalt við að staðsetning slíkra mannvirkja, eins og spennistöðvar, er þarna háð Vegagerðinni og í verulegri fjarlægð, undir sumum kringumstæðum, frá eðlilegri staðsetningu miðað við hagsmuni bóndabæjarins. Og kostnaðurinn af tiltækinu lendir allur á einstaklingnum. Það fer ekkert á milli mála.

Ég held að það sé líka orðið þó nokkurt umhugsunarefni, af því að stofnbrautir Íslands liggja um láglendi þessa lands, að taka 60 m lands undir vegi. Menn mega vera nokkuð ryðgaðir undir stýri ef þeir halda bílnum ekki á öllu mjórri braut. Þetta er sama og flugvél þarf til að lenda á eða komast á loft sé um eðlilegar aðstæður að ræða. Þeir menn sem þannig standa að að telja að þessi breidd, 30 m frá miðlínu, sé eðlilegt rými, bera ekki mikla virðingu fyrir landi í sjálfu sér. Þeim finnst að það sé óhætt að taka af gróðurlendi Íslands ansi væna spildu. Mér finnst þetta mikið rými og þetta tengist svo því sem ég mun minnast á seinna varðandi eignarréttinn og þá hluti.

Hér er í 39. gr. vikið af girðingunum: „Skylt er eiganda girðinga að halda þeim við svo að aldrei geti þær hindrað eða bagað umferð um veginn. Þyki þessa ekki gætt er Vegagerðinni heimilt að framkvæma viðgerð á kostnað þess sem að réttu ber að halda girðingunni við."

Nú er það náttúrlega spurning ef girðingin er fjarlægð á hvers ábyrgð eigi þá viðhaldið að vera. Eitt af því sem hefur verið að gerast á undanförnum árum er að við snjóruðning, sem stundum er hagsmunaatriði viðkomandi bæja, stundum hagsmunaatriði sveitarinnar sem heildar, hafa stórvirk vinnutæki gjörsamlega lagt girðingu sem við veginn stendur á hliðina.

Ég held að tengja þurfi þá hugmynd sem kemur fram í 39. gr., „Vegagerðinni er heimilt að flytja girðingar og fjarlægja tré og annan gróður, ef nauðsyn ber til af öryggisástæðum eða til framkvæmdar viðhaldi, svo sem snjómokstri," þeirri staðreynd að það eru stjórnarskrárvarin réttindi, eignarrétturinn yfir landinu. En það er fleira sem getur hafa haft áhrif á það hvernig snjór sest á vegi. Eitt af því er hvernig menn leggja vinnuvélum og stórvirkum tækjum. Er þeim lagt fast við veginn? Þannig getur myndast skafl sem stöðvar alla umferð. Ég held að það mætti örlítið hugleiða það líka því það er einu sinni svo að stórvirk vinnutæki eru geymd misjafnlega vel staðsett í þessum efnum. Persónulega hef ég af því reynslu hvaða afleiðingar það getur haft.

Ég ætla að víkja að 47. gr. sem lýsir líka vissum vanköntum sem eru á grunnhugsuninni í samningu frv., því það sem nefndin hefur breytt er til bóta, er alveg gegnumgangandi. En með leyfi hæstv. forseta, ætla ég að lesa upp úr 47. gr.:

„Við matið skal taka tillit til árlegs afrakstrar af landi því er um ræðir, svo og til þess hvort girðingar þurfi að flytja eða nýjar að setja og athuga vandlega allt það er getur haft áhrif á verðmæti þess er meta skal. Sérstaklega skal taka tillit til þess ef ætla má að land hækki í verði við vegagerðina."

Hefði nú ekki mátt standa þarna „hækki eða lækki í verði við vegagerðina"? Það er nefnilega stórkostlegur munur á því að fá friðsælan sveitaveg í gegnum land sitt eða hraðbraut. Annað er náttúrlega hrein plága fyrir allan búskap í landinu, hraðbrautirnar, á sama tíma og sveitavegurinn getur verið til bóta. Ef þetta á að vera svona sett upp þegar afrakstur landsins, eins og hér er sett fram, — hvernig færi nú ef þessi regla yrði notuð við mat á eignaupptöku í þéttbýli? Hverjir skópu

það verðmæti sem þar hefur orðið til? Voru það eigendurnir sem skópu það verðmæti? Voru það ekki fjárfestingarnar sem skópu það verðmæti? Stenst það þá ákvæði stjórnarskrárinnar að það skuli hægt að líta svo á að ef menn búa í dreifbýli þá eigi opinberar framkvæmdir að koma til frádráttar rétti manna gagnvart eignarnámsbótum, en ef menn búa í þéttbýli þá skuli opinberar framkvæmdir, sem hafa orðið til að hækka landið, verða alveg sérstaklega til þess að mennirnir fái hærri bætur. Það er í sjálfu sér ekkert samræmi í þessu. Og þegar menn hafa verið að kaupa heitt vatn eða taka það eignarnámi þá hefur aldeilis ekki verið spurt um hver afraksturinn hafi verið af viðkomandi eign á undanförnum árum.

Ég er þeirrar skoðunar að þegar svona lög eru samin verði Alþingi Íslendinga að gæta jafnræðis, þ.e. að líta svo á að Alþingi á bæði að gæta réttar einstaklingsins og réttar samfélagsins og það á að miða uppsetningu sinna laga við það að á hvorugan aðilan sé hallað. Þar blasir náttúrlega við að það er alveg sama hvaða texta við setjum í almenn lög, ofar þeim standa ákvæði stjórnarskrárinnar um eignarréttarbætur og þær eignarréttarbætur eru á þann veg að það er talað um, „enda komi fullt verð fyrir".

Ég er sannfærður um að hæstv. formaður samgn. er ekki stuðningsmaður þess að eignir séu hirtar af mönnum án bóta. Ég hefði talið að það væri ekki óeðlilegt þó nefndin skoðaði það á milli 2. og 3. umr. hvort ekki væri eðlilegt að bæta þarna inn í „að land hækki eða lækki". Að það verði sett þar inn í þannig að menn átti sig á því að það er svo komið að hraðbrautir á Íslandi geta gert land gjörsamlega verðlaust. (**JGS:** Var þingmaðurinn ekki að tala um landris?) Það er nú svo með landrisið að samþykktir á Alþingi munu trúlega minnstu breyta þar um, hvort heldur menn eru kosnir á landsvísu eða eftir einstökum kjördæmum.

Ég held líka að það hljóti að verða að skoða 51. gr. sem er mjög rúm fyrir Vegagerðina. Með leyfi hæstv. forseta, hyggst ég lesa greinina:

„Kostnað við vetrarþjónustu skal telja með öðrum viðhaldskostnaði vega. Heimilt er Vegagerðinni að binda vetrarþjónustu því skilyrði að allur kostnaður við hana eða hluti hans verði greiddur með framlagi úr héraði."

Það er gjörsamlega út í hött að gera ráð fyrir því að allur kostnaður við vetrarþjónustu verði greiddur heima í héraði því um leið og vegurinn er opnaður og eitthvert farartæki fer eftir veginum þá er það farið að greiða skatt í ríkissjóð til vegarins. Það væri náttúrlega algjörlega út í hött að líta svo á að Vegagerðin ætti að hafa tækifæri til að græða alveg sérstaklega á fáförnum slóðum með því að senda reikning fyrir unnið verk að fullu þó að vegur sé hreinsaður af snjó á vordegi. Þannig að hér finnst mér of langt gengið.

Ég ætla að víkja hér í lokin að 56. gr., sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Lausaganga búfjár á vegsvæðum stofnvega og tengivega þar sem girt er báðum megin vegar er bönnuð. Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda."

Ég brýt dálítið um það heilann í þessu sambandi, þó ég skilji fulla þörf á þessu, hvort það fái staðist að ef ég fæ veðbókarvottorð af ákveðinni jörð þar sem stendur að einhver ákveðin kvöð hvíli á jörðinni, aðrar kvaðir hvíla ekki á jörðinni, og það kemur alveg skýrt fram á veðbókarvottorði, sem er opinbert plagg um eignarrétt, að eigandi að þessu landi sé ákveðinn maður. Fær þá staðist að það sé hægt að handsama búfé á landi umrædds manns og láta hann borga sektir fyrir það að búfé gekk á landinu hans? Það er spurning. Nú rekur ríkið búskap líka. Það rekur hreindýrabúskap á Austurlandi. Arnarbúskap á Vestfjörðum. Og þó að þessar skepnur valdi spjöllum — trúlega eiga hreindýrin fyrir austan eftir að sjá um Héraðsskógana fyrir þá að vetrarlagi á Fljótsdalshéraði. Þau eru ekki heimskari en svo að þau gera sér grein fyrir því að þar sem skjólgott er þar er betra að vera en annars staðar að vetrarlagi. Segjum að þau valdi þar miklum spjöllum. Það eru engin ákvæði sem segja að ríkið sé skaðabótaskylt. Það væri aldeilis hægt að senda reikning ef menn færu í að handsama hreindýrin því það yrði að kalla út mikið lið til að framkvæma það verk. Og alveg eins er með örninn þó að hann ákveði að leggja undir sig sérstakt æðavarp eins og eigandi væri og hafa þar matföng eftir þörfum. Ríkið lítur ekki á sig sem skaðabótaskyldan aðila vegna slíks.

En hér kemur: „Vegagerðinni er heimilt að fjarlægja búfé af lokuðum vegsvæðum á kostnað eigenda."

Það er nú svo að það má vel vera að menn telji að það skipti þá engu máli hvort Vegagerðin hefur keypt þetta land eða hvort hún á ekki landið. Mér þætti það vægast sagt skrýtið. Ég veit að einn bóndi á Vestfjörðum stendur frammi fyrir því að hann þyrfti að girða um 27 km ef hann væri skyldaður til að girða meðfram stofnbraut og hann mundi tapa allri fjörubeit viðkomandi jarðar og trúlega, ef þessi kvöð yrði á hann sett, að sjá um þessar girðingar að auki. Þá væri óbúandi á jörðinni.

Vegagerðin hefur aldrei borgað þar bætur fyrir rask á einu né neinu. Hún hefur ekki borgað fyrir efnistöku en samkvæmt veðmálabókum Ísafjarðar stendur það skýrum stöfum hver er eigandi jarðarinnar og það sé kvaðalaust. En það væri engin smáræðiskvöð ef menn stæðu uppi með það að lausaganga á búfé yrði stoppuð með lögum og það standist sem sumir hafa verið að tala um að hægt sé að gera það samkvæmt búfjárræktarlögum. Ég tala nú ekki um ef fulltrúar Vegagerðarinnar ættu að fara að handsama skepnur á svæðinu. Ég er hreint ekkert viss um að verklagið við það yrði miklu betra en hjá sýslumanni Vestur-Barðastrandarsýslu þegar hann ákvað að stjórna smalamennsku í Tálknunum.

Og allt leiðir þetta hugann að því að það er eins og það hafi hreinlega gleymst í allri umræðunni það merkilega atriði að í þéttbýli á Íslandi þá dytti engum manni í hug að taka land undir veg af lóð, t.d. í Reykjavík, ef það væri eignarlóð, nema borga fyrir landið. En mönnum finnst kannski eðlilegt að hægt sé að líta svo á að það sé hægt að hirða af óræktuðu landi

alveg eins og mönnum sýnist og það eigi ekki að borga neitt fyrir slíka hluti. Ég held að þarna séum við í sjálfheldu í hugsunarhætti, algjörri sjálfheldu. Ég held að menn gleymi því að þrátt fyrir hvað mönnum finnst rétt og sanngjarnt þá er það nú svo að eignarréttarákvæði stjórnarskrárinnar ná jafnt til þeirra sem í dreifbýli búa og þeirra sem búa í þéttbýli.

Ég verð að segja það aftur á móti að ég fagna því að sá skilningur hefur orðið að það eigi að fara að leggja í það vinnu að skoða þessi girðingarmál og vörslumál upp á nýtt. En það breytir því hins vegar ekki að það er náttúrlega ekki fyrr en sú vinna hefur farið fram sem hægt verður að leggja mat á gæði verksins. En það er þó orðinn skilningur í þessu sem hér er sett fram og það ber að meta við hv. samgn. að henni er ljóst að það er komið svo í hraða umferðarinnar að eðlilegt er að reyna að aðskilja reiðvegi og þjóðvegi. Það gerist ekki einn, tveir, þrír. Það var hefð frá fyrstu dögum Íslandsbyggðar að heimilt væri að ferðast um þetta land fótgangandi eða ríðandi og langt fram eftir þessari öld var ekkert vandamál að ferðast eftir þeim vegslóðum sem hér voru, hvort heldur sem menn væru að reyna það á bíl eða á hestum. En nú er svo komið að jafnvel hæstv. landbrh. gerir sér grein fyrir hættunni sem stafar af því að ríða á vegi sem búið er að leggja á bundið slitlag og fara kannski út fyrir af og til en upp á veginn þegar ræsi hamla för og bílar sem koma á um 100 km hraða eiga kannski enga von á því að þeir verði fyrir hindrun á veginum. (Gripið fram í.) Ég veit að hæstv. samgrh. hefur fylgst með því að sennilega er hraðametið, í að stöðva mann fyrir of hraðan akstur, um 201 eða 203 km á klukkustund. Þannig að það er kannski orðið umhugsunarefni hvort þessi umferð á samleið öllu lengur. Þess vegna fagna ég því að menn eru hér að taka til hendinni með þessa hluti og það má spyrja sem svo — ég hef ekki skorast undan því að taka þátt í því að hestamenn greiddu einhvern kostnað og frv. um sérstakt hóffjaðragjald var einu sinni lagt fram og varð að miklu háði og spéi í þingsölum. En það má líka spyrja: Hvenær töpuðu hestamenn þeirri hefð, þeim rétti, tíu alda rétti, að mega fara eftir ákveðinni slóð um þetta land. Hvenær tapaðist sá réttur? Hvenær var það allt í einu að bíllinn fékk einkaleyfi á umferðinni um vegina? Það eru náttúrlega ýmsar hliðar á öllum málum og það er verið að tala um alls konar hefð sem geti myndast, en ég sé ekki að það sé auðvelt að taka af tíu alda hefð án þess að ætla að þá einhvern rétt í staðinn. Það er athyglisvert hvað Bretar hafa verið harðir í þessum efnum að gefa það aldrei eftir að ríðandi maður eigi rétt á að fara yfir land annarra og að það sé skylda að hafa þar hlið sem hægt sé að opna.

Nú er það svo að einn er sá réttur sem almenningur í landinu á og má aldrei vera af honum tekinn og það er rétturinn til að ferðast um landið. En ég játa að mér brá þegar ég sá það við Jökulsárgljúfur, í reglugerð, að það þarf að tilkynna það með viku fyrirvara ef maður ætlar að ferðast ríðandi eftir gömlu hestagötunni meðfram gljúfrinu. Þar er tilkynningaskylda viku fyrirvari. Það er óvíst að forsetinn hafi skyldu til að láta vita jafntímalega af sínum ferðum. Þarna er gömul hestagata meðfram Jökulsárgljúfrum en það er búið að taka hana af hestamönnum. Og það er ekki til fyrirmyndar að þeir sem eiga að stunda umhverfisvernd gerist allt í einu framkvæmdaraðilar á kostnað þess umhverfis sem þeim er ætlað að sinna.

Ég geri mér fulla grein fyrir því að það verða aldrei samþykkt lög um vegamál þannig að öllum líki. Ég hef vakið á því athygli að það sé dálítið hæpið ef Vegagerðin eigi að eiga snjóinn ofan á veginum og megi banna öðrum að fjarlægja hann, en það hlýtur líka að snúa að eignarrétti á landi ef menn fara að líta svo á að það sé hægt að stoppa slíkt.

Hér svaraði hv. formaður samgn. þeirri spurningu hvað átt væri við með einkavegi og hvenær heimilt væri að banna umferð um slíka vegi. Ég verð að segja eins og er að meðan Póstur og sími er almenningseign á Íslandi, sem ég vona að verði um ókomna tíma, eign þessarar þjóðar, enda hefur hún greitt hann, þá láti þeir sér ekki detta í hug að loka vegum sem þeir hafa byggt fyrir almannafé ef það má vera einhverjum til yndisauka að ferðast eftir þeim vegi. Sama verð ég að segja um Landsvirkjun eða aðrar stofnanir sem hafa kostað fjármunum til vegagerðar. Það er ákaflega hlægilegt, þó ekki sé meira sagt, ef slíkir aðilar færu allt í einu að líta svo á að það væru eðlileg vinnubrögð að loka þessum vegum. Ég held aftur á móti að undir sumum kringumstæðum geti verið eðlilegt, komi upp mikill ágreiningur milli þessara stofnana, að ríkið sem slíkt yfirtaki þessi mannvirki og tryggi með því að allur almenningur eigi rétt á að hagnýta sér þau. Það er einu sinni svo að opinbert fé er notað til margra hluta. Mér er sagt að Landsvirkjun eigi líka flugvöll uppi á hálendinu og það hlýtur að vera eðlilegt að líta svo á að heimilt sé að lenda á þeim velli, ef nauðsyn krefur, þeim sem fljúga yfir og jafnframt mundi ég telja að það væri hlálegt ef slíkir menn mættu ekki hafa afnot af veginum á leið til byggða á þeirri forsendu að Landsvirkjun ætti veginn. Það þarf að útrýma þeim hugsunarhætti að slíkur vegur geti í reynd verið eign nokkurs annars en þjóðarinnar þegar hann er byggður fyrir opinbert fé.

Ég vil að lokum segja það að þegar þetta frv. kom fram í fyrra þá hér voru ýmsir hortittir sem mér leist alls ekki á og hreinlega brá við að sjá að málið væri komið fram í þeim búningi, en ég tel að nú hafi samgn. farið í mikla lagfæringu á þessu máli.

Ég ætla aftur á móti í lokin að geta þess að ég hef ekki skilið það og skil það ekki enn hvers vegna stjórnarmeirihluti, sem tók ákvörðun um að leggja niður Skipaútgerð ríkisins á þeirri forsendu að ríkið ætti ekki að reka skipaútgerð, hvers vegna sá stjórnarmeirihluti telur að Vegagerðin eigi að reka flóabáta. Það er mér óskiljanlegt. Ég geri ráð fyrir að svo verði áfram og geri ekki einu sinni kröfur til samgn. að hún geri tilraun til að útskýra það.

Mér finnst nefnilega að þegar þessi ákvörðun var tekin hafi menn gleymt því að það vill einu sinni svo til að við eigum fleiri stofnanir sem hafa einhverja þekkingu á sjómennsku og flutningastarfsemi á sjó,

eins og vita- og hafnamál, og það hefði þá verið betra ef menn vildu endilega setja þetta undir einhverja stofnun að þeir settu þá dæmið undir stofnun sem hefði valið sér starfsmenn í samræmi við það að þeir þyrftu að hafa einhverja þekkingu á hlutum sem snúa að samgöngumálum á sjó. Þessu verður vafalaust ekki breytt, þetta er stefna sem er tekin og trúlega er ætlunin að prufukeyra það í nokkur ár hvernig þetta gefst.

Herra forseti. Ég hyggst nú ekki hafa þessi orð fleiri, en vona að menn standi ekki þannig að lagagerð að einstaklingar þurfi að gera mikið af því að stefna Vegagerðinni eða ríkinu, því málaferli á Íslandi eru fimm ára ævintýri, kosta offjár fyrir þann sem sækir sinn rétt og dómskerfið hefur því miður ekki fengið þá fjármuni og þá þann stuðning að það sé nægilega skilvirkt til að nokkurt réttlæti geti verið í því að vísa mönnum á slíkar brautir.

[16:28]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá orð um það sem hv. 2. þm. Vestf., Ólafur Þórðarson, vék hér að áðan, en hann minntist aðeins á 33. gr., þar sem talað er um fjarlægð mannvirkja frá miðlínu vegar. Af því að hann las hér upp úr 3. gr. þá, eins og hann mundi sjá ef hann liti á brtt., fellur þarna út málsgrein: „Verði ágreiningur um hvar miðlína vegar muni verða sker Vegagerðin úr.“ Þetta atriði fellur niður samkvæmt brtt. nefndarinnar.

Svo er hitt líka sem ég vil leggja áherslu á. Ég held að við hljótum allir að átta okkur á að það er ekki óeðlilegt að þetta sé sett inn, þessi fjarlægð frá miðlínu vegar, vegna þess að hér er fyrst og fremst verið að tala um mannvirki, að ég skil, sem eru reist nær miðlínu vegar en þetta. Við vitum að það er mjög óeðlilegt að það sé gert vegna þess að það er mjög víða sem af slíkri mannvirkjagerð skapast t.d. mjög erfiðar og óásættanlegar snjóagildrur. Þannig að ég held nú að hér sé ekki stórmál á ferðinni en nauðsynlegt hins vegar að kveða þar á um.

Ég vil einnig víkja aðeins að því sem kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar, í sambandi við reiðvegina. Ég verð að segja að ég hef lagt töluvert á mig til þess að reyna að setja mig inn í þessi mál og vita hvernig maður gæti orðið að liði til að ná árangri í þessu máli. Ég trúi því eftir þær viðræður sem ég hef átt við aðila sem með þessi mál fara, Landssamband hestamanna og fulltrúa þeirra, þá vil ég trúa því að það orðalag sem nú er komið inn í vegalögin og er sátt um, að hestamenn muni og geti sætt sig vel við það.

Ég get aðeins, með leyfi virðulegur forseti, lesið hvað stóð í hugmyndum sem fulltrúar hestamanna settu fram þegar þeir komu til okkar og áttu viðræður við okkur. Þá voru þeir með hugmyndir og þær voru þannig, með leyfi virðulegs forseta:

„Reiðvegi skal leggja með þjóðvegum í samráði við samtök hestamanna þar sem þurfa þykir og telst kostnaður af byggingu þeirra með vegagerðarkostnaði, en kostnaður við viðhald þeirra með viðhaldskostnaði.“

Lagagreinin er hins vegar þannig orðuð:

„Í vegáætlun skal veita fé til reiðvega samkvæmt sérstakri áætlun“ — þar er átt við þá reiðvegaáætlun sem þegar er búið að gera um reiðvegi um land allt sem unnin var af Landssambandi hestamanna og Vegagerð ríkisins — „sem gerð er að höfðu samráði við samtök hestamanna og sveitarfélaga.“

Hér finnst mér vera kveðið fremur fastar að orði en í tillögum og hugmyndum hestamannanna sjálfra þannig að ég á erfitt með að átta mig á því hvað hv. þm. meinar þegar hann segist vilja hafa sterkara að orði kveðið og að við hefðum reynt að ganga lengra til móts við óskir hestamanna. En mér sýnist að með þessu sé fyllilega orðið við óskum hestamanna í þessu máli og ég fagna því alveg sérstaklega.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög og vörugjald, 2. umr.

Stjfrv., 507. mál (hráefni til garðyrkjuafurða). — Þskj. 780, nál. 970, brtt. 969.

[16:33]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Á nál. sem er á þskj. 970 kemur fram að efh.- og viðskn. mælir öll með því að frv. þetta verði samþykkt með brtt. sem er á þskj. 969.

Á fund nefndarinnar komu aðilar frá fjármálaráðuneytinu þeir Indriði H. Þorláksson skrifstofustjóri og Snorri Olsen deildarstjóri.

Nefndin gerir tillögu um að breyting verði gerð á þessu máli, þ.e. að inn komi jafnframt heimild til þess að endurgreiða toll á kartöfluútsæði. Þetta er tekið inn vegna þess að það kann að vera nauðsynlegt til þess að sem bestar kartöflur séu ræktaðar í landinu að flytja inn ný afbrigði og nýjar tegundir annars staðar frá. Og til að tryggja samkeppnishæfni þessarar ræktunar er nauðsynlegt að heimild sé til að endurgreiða toll af slíkum vörum.

Það skal skýrt tekið fram að að sjálfsögðu er hér eingöngu átt við þær kartöflur sem notaðar eru sem útsæði en ekki til neyslu.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða frekar um þetta mál enda er hér um samkomulagsmál að ræða og endurtek að nefndin mælir með því að frv. þetta verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 2. umr.

Stjfrv., 545. mál (endurgreiðsla ökumæla). — Þskj. 856, nál. 971, brtt. 972.

[16:35]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Á þskj. 971 er nál. frá efh.- og viðskn. um þetta mál, en til þess að ræða það komu

aðilar frá fjármálaráðuneytinu þeir sömu og ég áður nefndi. Nefndin mælir með því að frv. þetta verði samþykkt. Það er þó gerð brtt. þannig að lagt er til að 1. gr. frv., sem er aðalgrein þess, 2. málsl. breytist þannig að lagagreinin orðist svo:

„Heimilt er að endurgreiða útlagðan kostnað vegna kaupa á ökumælum, vegna nýskráningar bifreiða, tengi- eða festivagna eða vegna nauðsynlegrar endurnýjunar á ökumælum í bifreiðar, tengi- eða festivagna ef ákvörðun er tekin um að hætta að miða innheimtu þungaskatts við ekna kílómetra samkvæmt ökumælum."

Hér er um nokkuð óvenjulega lagagerð að ræða því endurgreiðsla á þessum kostnaði er háð því að sú nýbreytni verði tekin upp að skattlagningin á olíuna fari fram við sölu á olíunni sjálfri en ekki með því að leggja á þungaskatt. Það er mikill áhugi fyrir því að taka upp þessa nýbreytni og var að heyra á nefndarmönnum í efh.- og viðskn. að almennur stuðningur gæti verið við það.

Til þess að skapa meiri vissu fyrir þá sem þurfa við það að búa í framtíðinni þá þykir nauðsynlegt að þeir geti verið nokkuð vissir í sinni sök þegar þeir fjárfesta í nýjum mælum þannig að ef til þess kemur að þeir verði lagðir niður þá eigi þeir kost á því að fá þann kostnað sem þeir hafa lagt í endurgreiddann.

Ég sé ekki ástæðu til að fjölyrða um þetta mál en endurtek að efh.- og viðskn. leggur til að frv. þetta verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef tilgreint.

[16:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að hafa mörg orð til viðbótar um það mál sem hér er lagt fram. Ég ætla þó að segja hér nokkur orð fyrst og fremst vegna þess að ég hef notað hvert það tækifæri sem hefur gefist í þinginu og hvert það tilefni sem hefur gefist til þess að ræða einmitt þetta mál, þ.e. skattlagningu dísilbíla, sem að mínu mati er löngu tímabært að breyta. Við erum orðin eina þjóðin í Vestur-Evrópu sem heldur í það kerfi sem hér er með annaðhvort fasta krónutölu á ári eða greitt eftir mæli. Þetta kerfi er meingallað. Það hefur reynst nánast ókleift að framfylgja því, sem kemur þannig fram, m.a. gagnvart atvinnubílstjórum, að þar eru í gangi sjóræningjaútgerðir bæði í vöruflutningum og fólksflutningum sem stunda sína starfsemi en smeygja sér undan því að greiða þessi gjöld.

Í öðru lagi þá þýðir þetta fornaldarkerfi okkar það að við njótum einskis góðs af þeirri miklu þróun sem hefur orðið í framleiðslu dísilvéla í minni bíla. Að óbreyttum lögum þá kemur það ekki til að bílar með slíkar vélar séu fluttir hér inn og er það mjög bagalegt því mjög víða er um að ræða mjög hentugan kost, ef annað væri í lagi, fyrir þá sem þurfa að aka mikið. Væri til að mynda athugandi fyrir framsögumann nefndarinnar þegar hann endurnýjar bíl næst að fá sér dísilbíl, ef búið verður að breyta lögunum og reglunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 2. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 859, nál. 973.

[16:41]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Frv. sem hér er til umræðu er flutt að tilhlutan stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna í þeim tilgangi að fella úr gildi núgildandi lög um sjóðinn og lögfesta ný lög. Síðan stendur til að setja nýja reglugerð um starfsemi sjóðsins á grundvelli þeirra.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem reynst hefur nauðsynlegt að breyta lögum um Lífeyrissjóð sjómanna af þeirri einföldu ástæðu að tekjur hans hafa ekki verið nægilegar til að standa undir þeim skuldbindingum sem lög kveða á um. Ekki hefur verið mögulegt að fá aðra, þar með talið ríkissjóð, til að standa undir þeim umframskuldbindingum sem á sjóðnum hvíla.

Þetta frv. er, eins og ég áður sagði, samið að tilhlutan stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna og hefur verið sent öllum hagsmunaaðilum sem að þessu máli koma til umsagnar og mæla þeir eindregið með því að frv. þetta verði samþykkt. Það var jafnframt íhugað hvort ekki væri rétt að afnema þessa löggjöf með öllu þannig að starfsemi sjóðsins heyrði undir almenn lög um starfsemi lífeyrissjóða. Niðurstaðan varð hins vegar sú að sérstaða hans væri þó það mikil að rétt væri að um hann giltu sérstök lög, en þó mun almennari en nú eru í gildi.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta mál, virðulegur forseti, um það mætti margt segja, en nefndin mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt óbreytt, eins og það hefur verið lagt fram. Fjarverandi afgreiðslu málsins voru Guðjón Guðmundsson og Ingi Björn Albertsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópska efnahagssvæðið, 2. umr.

Stjfrv., 538. mál (birting breytinga og viðauka o.fl.). — Þskj. 842, nál. 983.

[16:44]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir samhljóða nál. hv. utanrmn. um það mál sem hér er til umræðu.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt. Hins vegar kom í ljós við athugun nefndarinnar að tvær fyrstu greinar frv. höfðu víxlast og þar af leiðandi er tilvísun í 3. gr. frv. röng. Nefndin leggur til að þetta verði leiðrétt og frv. verði samþykkt með þeirri breytingu að 1. gr. verði 2. gr. og 2. gr. verði 1. gr. og síðan er afleidd breyting af þessari tillögu.

Undir þetta nál. rita, virðulegur forseti, allir nefndarmenn í hv. utanrmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, 2. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 829, nál. 984.

[16:45]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þetta frv. og leggur til að það verði samþykkt. Nefndin er einróma í afstöðu sinni og undir nál. rita allir nefndarmenn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um Svalbarða, síðari umr.

Stjtill., 542. mál. — Þskj. 850, nál. 985.

[16:45]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Þannig háttar til um þetta mál, eins og hin tvö fyrri, að utanrmn. hefur komist að sameiginlegri niðurstöðu og sendi frá sér einróma nál. Nefndin sendi þessa tillögu, sem gerir ráð fyrir því að Ísland staðfesti samninginn um Svalbarða, einnig til meðferðar í sjútvn. þingsins. Sjútvn. mælir eindregið með því að tillagan verði samþykkt og sú var enn fremur niðurstaða utanrmn.

Ég minni á að um þetta mál urðu töluvert ítarlegar umræður við 1. umr. þar sem fram kom almenn samstaða og ánægja með þessa tillögu og það kom jafnframt fram í meðferð utanrmn. sem, eins og ég hef þegar sagt, mælir einróma með því að þetta mál verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Varnir gegn mengun hafsins, síðari umr.

Stjtill., 495. mál. — Þskj. 761, nál. 986.

[16:47]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þessa þáltill., um staðfestingu breytinga á samningi um varnir gegn mengun hafsins vegna losunar úrgangsefna og annarra efna í það. Nefndin hefur fjallað um þessa tillögu og sendi hana jafnframt umhvn. til umsagnar, sem mælti með samþykkt hennar. Umsögn umhvn. er jafnframt birt sem fskj. með nál. utanrmn.

Það var niðurstaða utanrmn. að samþykkja bæri þessa tillögu. Um það voru allir nefndarmenn sammála.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, síðari umr.

Stjtill., 556. mál. — Þskj. 868, nál. 974.

[16:48]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur tekið þetta mál til athugunar, sem er tillaga til þál. um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð. Samningur um vegtengingu um utanverðan Hvalfjörð var undirritaður 25. janúar 1991 af þáv. hæstv. samgrh. og stjórn Spalar hf. og áritaður af þáv. hæstv. fjmrh. Samningurinn var síðan staðfestur af Alþingi 18. mars 1991 með þáltill.

Í meðferð málsins hefur komið fram að eðlilegt þykir að gera lítils háttar breytingar á samningnum eins og Alþingi staðfesti hann á árinu 1991 og þessi þáltill. er flutt til þess að því verði fullnægt. Þær breytingar eru ekki miklar en þó þannig að það þykir tryggara að samningurinn svo breyttur hljóti staðfestingu Alþingis að nýju.

Samgn. hefur fjallað um þetta mál og fengið á sinn fund ráðuneytisstjórann í samgrn., Jón Birgi Jónsson, sem hefur skýrt málið. Nefndin leggur einróma til að tillagan verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, 2. umr.

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 871, nál. 975.

[16:50]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta, um heimild ríkisstjórnarinnar til að selja Seltjarnarneskaupstað eignir ríkisins í Gróttu, þar með talin hvers kyns mannvirki í eigu ríkisins önnur en Gróttuvitann.

Nefndin kvaddi á sinn fund ráðuneytisstjórann í samgrn., Jón Birgi Jónsson, og veitti hann upplýsingar um málið, auk þess sem starfsmaður nefndarinnar kannaði tiltekin lögfræðileg atriði.

Nefndin er sammála um að mæla með því að frv. sé samþykkt óbreytt svo sem fram kemur í áliti nefndarinnar á þskj. 975.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áburðarverksmiðja ríkisins, 2. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977.

[16:52]

Frsm. meiri hluta landbn. (Einar K. Guðfinnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 976, um frv. til laga um stofnun hlutafélags um Áburðar-

verksmiðju ríkisins, frá meiri hluta landbn. og brtt. við sama frv. á þskj. 977, við frv. til laga um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

Landbn. hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá Áburðarverksmiðju ríkisins Hákon Björnsson framkvæmdastjóra og Teit Gunnarsson framleiðslustjóra, frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, BHMR, Pál Halldórsson formann og Birgi Björn Sigurjónsson framkvæmdastjóra, frá Verkamannafélaginu Dagsbrún Guðmund J. Guðmundsson formann og Leif Guðjónsson, starfsmann félagsins, Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneyti, Sigríði Kristinsdóttur, formann Starfsmannafélags ríkisstofnana, Sigurgeir Þorgeirsson, aðstoðarmann landbúnaðarráðherra og Ögmund Jónasson, formann Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Þá studdist nefndin við umsagnir frá 116. og 117. þingi frá Áburðarverksmiðju ríkisins, Búnaðarfélagi Íslands, Framleiðsluráði landbúnaðarins, Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðju ríkisins, Stéttarsambandi bænda, Alþýðusambandi Íslands, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands. Einnig fræddust nefndarmenn um starfsemi Áburðarverksmiðjunnar í heimsókn sem farin var þegar nefndin fjallaði um málið á 116. þingi og áttu þá m.a. viðræður við stjórnendur og stjórnarmenn verksmiðjunnar.

Í athugasemdum við frumvarpið koma fram rök fyrir stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins. Meiri hlutinn tekur undir þá röksemd að eðlilegt sé að ríkið dragi sig út úr atvinnustarfsemi, einkum samkeppni við almennan atvinnurekstur.

Nokkur óvissa er um framtíð Áburðarverksmiðjunnar. Hinu nýja hlutafélagi verður að vísu veitt einkaleyfi það sem Áburðarverksmiðja ríkisins hefur haft til framleiðslu, innflutnings og sölu á tilbúnum áburði en það fellur úr gildi ekki síðar en í ársbyrjun 1995. Skapast þá aðstæður til samkeppni innfluttra áburðartegunda við framleiðsluvörur félagsins og má vænta þess að til hennar komi. Með stofnun hlutafélags um starfsemina er fyrirtækinu skapað aukið svigrúm til að laga sig að breyttum aðstæðum.

Starfsemi Áburðarverksmiðju ríkisins hefur mikla þýðingu fyrir íslenskan landbúnað og eru bændur jafnframt helstu viðskiptavinir hennar. Miklu skiptir fyrir afkomu landbúnaðarins hvernig verksmiðjan hagar starfsemi sinni. Þessir gagnkvæmu hagsmunir hafa verið viðurkenndir hingað til með því fyrirkomulagi sem gilt hefur um skipan stjórnar Áburðarverksmiðjunnar. Meiri hlutinn telur við hæfi að á meðan ríkissjóður er einn eigandi að öllum hlutum í hinu nýja félagi verði stjórnarmenn áfram valdir eftir svipuðum forsendum og verið hefur og að leitað verði til samtaka bænda og landbúnaðar eftir því sem við getur átt.

Við fyrri umræður á Alþingi og umfjöllun þingnefnda um frumvörp til laga um stofnun hlutafélaga um ríkisfyrirtæki hafa orðið allmiklar umræður og skiptar skoðanir meðal þingmanna um hvernig gætt skuli réttinda ríkisstarfsmanna við slíkar breytingar. Nefndin hefur kynnt sér þær lögfræðilegu greinargerðir sem aðrar nefndir öfluðu sér við umfjöllun þeirra um hliðstæð mál og leggur áherslu á að allt verði gert til þess að ná samkomulagi við samtök ríkisstarfsmanna um málið. Er það mun betri kostur en ef leysa þarf málið fyrir dómstólum eins og annars stefnir í.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali, þskj. 977. Í þeim brtt. er lagt er til að fimm menn skipi stjórn hlutafélagsins, svo og jafnmargir varamenn. Enn fremur er lagt til að yfirtöku hins nýja hlutafélags á eignum, skuldum og rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins, svo og brottfalli laga um hana, verði seinkað til 1. júlí 1994.

[16:57]

Frsm. minni hluta landbn. (Sigurður Hlöðvesson):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. minni hluta landbn. á þskj. 946, um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

„Ljóst er að rekstur Áburðarverksmiðjunnar er í mikilli hættu. Það stafar ekki af því að verksmiðjan sé rekin með miklu tapi. Á árinu 1993 var 57,2 millj. kr. hagnaður af rekstri og 14,9 millj. kr. hagnaður á árinu 1992. Hættan stafar heldur ekki af því að verksmiðjan sé skuldum hlaðin. Eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni hefur vaxið ört undanfarin ár og er nú 90% en veltufjárhlutfallið er 6,6 og er eignarstaða verksmiðjunnar mjög traust. Enn síður stafar hættan af því að verksmiðjan geti ekki selt framleiðslu sína. Á síðasta ári seldi verksmiðjan alla framleiðslu sína, rúm 52.500 tonn, á innlendum markaði auk rúmlega 1.500 tonna sem voru innflutt og námu heildartekjur fyrirtækisins 1.149 millj. kr. Fjöldi starfsmanna er nú 110.

Yfirvofandi hætta stafar hins vegar af því að samkvæmt samningi um EES verður opnað fyrir innflutning á áburði frá ársbyrjun 1995. Á undanförnum árum hafa nokkur risafyrirtæki með Norsk Hydro í broddi fylkingar náð yfirburðastöðu á norrænum markaði með áburði unnum úr jarðgasi. Líklegt er að Áburðarverksmiðjan muni eiga í erfiðleikum með að standast þá samkeppni þar sem íslenskur áburður er talinn um 10% dýrari en erlendur þótt raunverð á innlendum áburði hafi farið verulega lækkandi á liðnum árum eins og sjá má í meðfylgjandi fylgiskjali. Vissulega fylgja því nokkrir kostir fyrir bændur og neytendur landbúnaðarvara að áburðarverð lækki. Hins vegar er það stórfellt áfall fyrir þjóðarbúið og íslenskt efnahagslíf er framleiðsla, sem nemur rúmum milljarði króna, fellur niður.

Fyrirhuguð breyting á rekstrarformi verksmiðjunnar leysir engan vanda. Nú er stjórn verksmiðjunnar kjörin af Alþingi en með stofnun hlutafélags um rekstrinn verður sú breyting að landbúnaðarráðherra velur alla stjórnarmenn. Þótt eignarstaða fyrirtækisins sé mjög góð er ekki líklegt að eftirspurn verði eftir hlutabréfum í hinu nýja hlutafélagi við þær aðstæður sem - vænta má. Því er langlíklegast að hlutabréfin verði áfram í eigu ríkisins.

Engin ástæða er til að ætla að staða verksmiðjunnar batni með þeirri miðstýringu og ólýðræðislegu valdasamþjöppun sem felst í því að önnum kafinn

stjórnmálamaður, sem gegnir starfi landbúnaðarráðherra hverju sinni, verði einráður um málefni fyrirtækisins.

Brýnasta verkefnið í málefnum þessa fyrirtækis er því ekki breyting á rekstrarformi heldur hitt að tryggja rekstur þess í framtíðinni og skapa því öruggan rekstrargrundvöll. Jafnhliða þessu þarf að huga að réttarstöðu þeirra starfsmanna verksmiðjunnar sem búa nú við réttindi ríkisstarfsmanna, en frumvarpið gerir ráð fyrir verulegri skerðingu á réttindum starfsmanna.

Undirrituð, sem skipa minni hluta nefndarinnar, telja óhjákvæmilegt að gerð verði vönduð úttekt á því á vegum landbúnaðarráðuneytisins og bændasamtakanna hvað gera þarf til að tryggja rekstur verksmiðjunnar til frambúðar eftir að innflutningur erlends áburðar hefst í samræmi við EES-samning á árinu 1995. Því er hér lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir nál. minni hlutans skrifar auk mín hv. þm. Guðrún J. Halldórsdóttir.

Virðulegi forseti. Með þeim gögnum sem fylgja þessu nál. geta menn séð að staða Áburðarverksmiðju ríkisins er mjög góð. Ég nefndi það áðan að veltufjárhlutfall fyrirtækisins er 6,6 og hygg ég að það séu ekki mörg fyrirtæki í einkarekstri sem geta státað af slíku hlutfalli. Það var fyrir nokkrum árum talið að fyrirtæki væru hólpin eða mættu vera sæmilega ánægð ef þetta hlutfall næði einum. Hjá mörgum fyrirtækjum er þetta hlutfall undir einum. Það er því ekki hægt að segja að það að fyrirtækið er ríkisfyrirtæki hafi orsakað það að reksturinn sé slæmur.

Á þeim fylgigögnum sem hér fylgja með líka má sjá að eigið fé sem hlutfall af heildarfjármagni hefur vaxið verulega frá árinu 1985, úr 47,4% í 90% á árinu 1993. Það er rétt að vekja athygli á því að á sama tíma, á sömu árum, frá árinu 1985 til 1994, þá hefur þróun verðs á áburði miðað við byggingarvísitölu verið þannig að hún hefur lækkað úr 100 í 57. Þannig að ekki geta það verið rök til þess að segja að fyrirtækið sé ekki vel rekið af því að það sé ríkisfyrirtæki.

Það kemur fram í grg. með lagafrv., með leyfi forseta, eins og hér segir:

„Hin almennu rök, sem hníga að því að breyta ríkisfyrirtæki á borð við Áburðarverksmiðjuna í hlutafélag, hafa flest komið fram. Hér á landi jafnt og annars staðar á Vesturlöndum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að eðlilegt sé að ríkið dragi sig sem mest út úr atvinnustarfsemi sem keppir við almennan atvinnurekstur."

Segja má að Áburðarverksmiðja ríkisins sé fákeppnisfyrirtæki eða það er einokunarfyrirtæki eins og er þannig að ekki er hægt að segja að það sé verið að breyta þessu vegna þess að þetta fyrirtæki búi við einhver annarleg eða betri skilyrði heldur en önnur fyrirtæki í sömu grein. Þannig að ekki hallast þau rök að því að þetta fyrirtæki sé gert að hlutafélagi og breytt úr því að vera bara hreint ríkisfyrirtæki.

Virðulegi forseti. Ég held að þetta mál sé nánast trúaratriði hjá þessari hæstv. ríkisstjórn, einkavæðingaráformin eru orðin trúaratriði og það skal einkavæða eins og mögulegt er og menn sjást ekki fyrir hvar þeir lenda. Það eru engin rök sem hægt er að taka gild um það að þessu sé breytt. Það er nokkuð augljóst í mínum huga að ekki verður auðvelt að selja þetta fyrirtæki ef til kemur að selja hlutabréf ríkisins í fyrirtækinu. Eignarstaða fyrirtækisins er það góð að ég hef ekki trú á því að það séu nokkrir sem geta keypt það nema þá á sérstöku útsöluverði eða undirverði eins og hefur raunar tíðkast með sölu á ríkisfyrirtækjum.

Þannig að, eins og ég segi, það eru engin skynsamleg rök sem mæla með því að þetta frv. verði samþykkt eins og það er lagt fram og ég ítreka tillögu minni hluta landbn. um að málinu verði vísað til ríkisstjórnar.

[17:06]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er á dagskrá var fullunnið af hálfu landbn. sl. vor og var á lista yfir þau mál sem átti að afgreiða á næturfundi á síðasta degi vorþings, en féll niður ásamt nokkrum fleiri málum þegar hæstv. forsrh. sleit þinginu í hasti þá nótt, einmitt út af öðru landbúnaðarfrumvarpi og að því er virtist til þess að bjarga lífi ríkisstjórnarinnar, þó að nánast allt sem hefur drifið á hennar daga síðan, þ.e. ríkisstjórnarinnar, bendi til þess að hún hefði betur verið slegin af á þeim næturfundi.

Eins og málið lá fyrir þá höfðum við fulltrúar Framsfl. í landbn. skrifað undir nál. með meiri hlutanum með fyrirvara og við gerum það einnig nú. Það má hins vegar segja og til sanns vegar færa að sá fyrirvari sé nokkuð stærri nú heldur en hann var í fyrravor einfaldlega vegna þess að sporin hræða hvað snertir einkavæðingu núv. ríkisstjórnar. Ég sagði það hér í ræðu um annað mál í síðustu viku að það væri svo komið að núv. ríkisstjórn væri búin að koma óorði á einkavæðinguna, svona líkt og stundum er sagt um að rónarnir séu búnir að koma óorði á brennivínið. Því það er mín skoðun, og ég get tekið undir það með ríkisstjórninni, að það sé ekki ástæða til þess að ríkið sé að vasast of víða í atvinnurekstri og það hefur í raun verið sú stefna sem undangengnar ríkisstjórnir hafa fylgt. Ég býst reyndar við að það hafi kannski á margan hátt verið stigin stærri skref til einkavæðingar af hálfu fyrrv. ríkisstjórnar heldur en þeirrar sem nú starfar. Þó ég nefni ekki nema eitt atriði þar sem er — virðulegur forseti, nú eru orðnir afar margir fundir í gangi í þingsalnum þannig að það er orði mjög erfitt að halda sér að ræðumennsku.

(**Forseti** (GHelg): Ég bið þingmenn að hafa hljóð í salnum.)

Ég leiddi einnig að því rök í ræðu minni um Lyfjaverslun ríkisins í síðustu viku að ef við settum öðru megin á einkavæðingarreikning núv. ríkisstjórnar það sem selt hefur verið og á hina vogarskálina það sem núv. ríkisstjórn eða það sem ríkið, þ.e. stofnanir sem eru 100% í eigu ríkisins, hafa eignast af rekstrartækjum í atvinnulífi landsins á sínum starfsferli, þá sé það nú svo að sá jöfnuður sé væntanlega neikvæður, þ.e. að ríkið hafi yfirtekið í gegnum bankakerfið og sjóðina stærri hluta af hinu íslenska atvinnulífi á tíma síns ferils heldur en það sem það hefur selt. — Nú sé ég að

hæstv. landbrh. hlær. Mér er alls ekki hlátur í huga yfir þessu. En ég er hins vegar, hæstv. ráðherra, sannfærður um og það þarf ekki annað en fara yfir svar við fyrirspurn hv. 1. þm. Vestf. fyrir nokkrum vikum til þess að staðfesta að það sem ég set hér fram er rétt.

Ef við komum aftur að fyrirvörum okkar framsóknarmanna í þessu máli, þá eru þeir tveir. Það er í fyrsta lagi varðandi starfsmannamálin. Ég þarf ekki að gera grein fyrir því frekar hér. Það hefur margoft verið gert í umræðum um hliðstæð mál en ég bendi þó á að í nál. er komið núna ákvæði þess eðlis að við teljum að allt beri að gera sem hægt er til þess að ná samkomulagi við ríkisstarfsmenn þannig að málið þurfi ekki að leysast fyrir dómi.

Í öðru lagi er fyrirvari okkar stærri en var á sl. ári og það er gagnvart eignarhaldinu. Ég lít þannig á að þó að formið sé breytt þurfi eignarhald ekki endilega að breytast. Ég tek undir þá skoðun að í mörgum tilfellum er æskilegt að rekstur í eigu og ábyrgð ríkisins sé í formi hlutafélags. Ég benti á í umræðunni um Lyfjaverslun ríkisins að ég tel að það ætti að búa til eitt félagsform enn við hliðina á hlutafélögunum og eignahlutafélögunum, sem eru til umræðu hér núna, sem á að vera ríkishlutafélag, þ.e. hlutafélag sem er 100% í eigu ríkisins og meiningin að svo verði áfram og ekki eigi að selja í því hlut. Ég nefndi þá til sögunnar að mér þætti ekkert óeðlilegt að rekstur fyrirtækis eins og Pósts og síma — sem er bjargföst skoðun mín að eigi áfram að vera 100% í eigu ríkisins þó það sé að hluta til í rekstri sem er í almennri samkeppni og margt sem mælti með því að sá rekstur væri í formi hlutafélags — væri í formi ríkishlutafélags.

Þrátt fyrir að menn tali um góða eignarstöðu og góðan rekstur Áburðarverksmiðjunnar, þá er starfsumhverfi hennar fram undan þannig núna að ég býst ekki við því að þar bjóðist margir kaupendur. Engu að síður vil ég í þessari umræðu fara fram á það að málið verði skoðað í nefnd fyrir 3. umr. og athugað hvort ekki næst samstaða um það að við frv. verði borin fram brtt. efnislega á sama hátt og er við frv. sem við erum búnir að afgreiða við 2. umr. um Lyfjaverslun ríkisins, að það verði sett inn að ráðherra sé ekki heimilt að selja nema helming hlutafjár í hinu nýja fyrirtæki öðruvísi en leita heimildar Alþingis. Ég er þeirrar skoðunar að það væri farsælt fyrir framgang málsins að það yrði gert og það er bjargföst trúa mín að það muni eiga mikinn meirihlutastuðning viðskiptamanna Áburðarverksmiðjunnar sem eru bændur landsins. Það væri, virðulegi forseti, í raun mjög gott við þessa umræðu ef við fengjum hugmyndir hæstv. landbrh. um meðferð hlutafjár eftir að verksmiðjunni hefur verið breytt í hlutafélag og hvort þessi breyting getur ekki rúmast algerlega innan þeirra áforma sem eru í landbrn. varðandi meðferð hlutafjár eftir að búið er að breyta félaginu í hlutafélag. Ég vænti þess að heyra svör hæstv. ráðherra um það hér á eftir.

Meiri hluti nefndarinnar leggur fram brtt. þess efnis að stjórnarmenn verði fimm. Það er einnig sagt í nál. að nefndin vænti þess að við skipun stjórnar á næstunni verði tekið tillit til þeirrar sérstöðu sem ríkir um viðskipti þessa fyrirtækis sem er nánast bara við einn hóp, bændur, og tekið verði tillit til hagsmunasamtaka bænda, eins og verið hefur fram að þessu, þegar skipað verður í stjórn verksmiðjunnar.

Ég ætla ekki að flytja þá ræðu sem ég flutti í síðustu viku nema að litlu leyti um hvernig ég tel að eigi að fara að þegar fyrirtæki eins og þetta er sett á almennan markað. Ég tel að það eigi að gerast þannig að þegar búið er að breyta því í hlutafélag séu seldir litlir hlutir í félaginu, nægjanlega margir til þess að hægt sé að skrá það á almennan hlutabréfamarkað. Síðan verði ekki meira selt fyrr en hlutabréf í fyrirtækinu hafa tekið verð á almennum markaði. Þá losna menn við allan hamaganginn eins og í kringum SR-mjöl. Þá losna menn við það að þurfa að beita þingmeirihluta til þess að koma í veg fyrir að álit Ríkisendurskoðunar á þeim gjörningi komi fram og verði gert opinbert. Það er einmitt sú málsmeðferð og allt í kringum hana sem gerir það að verkum að ég leita eftir því — af því að hv. frsm. nefndarinnar hlýddi ekki á mál mitt hér áðan — að við skoðum það milli umræðna hvort ekki sé hægt að koma við sams konar ákvæði í þessi lög og við gerðum í efh.- og viðskn. varðandi Lyfjaverslun ríkisins, að ekki verði seldur meira en helmingur hlutabréfa öðruvísi en að leitað verði til Alþingis.

Almennt um stöðu Áburðarverksmiðjunnar og áburðarframleiðslu í landinu umfram það sem ég sagði áðan vil ég segja það að við getum ekki byggt þá umræðu á því umhverfi sem var og við vitum að verður ekki lengur eftir 1. jan. á næsta ári. Hver sem afstaða manna var til hins Evrópska efnahagssvæðis, þá er það staðreynd og það er staðreynd að hér verður komin samkeppni á áburðarmarkaðnum á næsta ári. Ég tel reyndar að stjórn og forsvarsmenn Áburðarverksmiðjunnar hafi á síðustu tíu árum í raun unnið samkvæmt því að þeir nytu ekki lengur þeirrar einokunar á markaðnum sem verið hefur fram að þessu og verksmiðjan sé á margan hátt vel í stakk búin til að takast á við einhverja samkeppni og verðið hefur sannarlega lækkað.

Ég hef varpað því fram bæði í viðræðum við forsvarsmenn verksmiðjunnar og eins í landbn. að næsta skref verksmiðjunnar ætti að vera það að gera rammasamning við bændasamtökin í landinu um áburðarframleiðslu og sölu á næstu árum. Að mínu mati er ekkert í samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði sem bannar okkur að gera það. Þetta er m.a. mikilvægt vegna þess að út frá þeirri umræðu sem hefur verið í gangi um hreinleika og gæði íslenskrar búvöruframleiðslu þá er mikilvægt fyrir okkur að við notum gæðaáburð og Áburðarverksmiðjan framleiðir eftir mjög ströngum gæðastöðlum. Ég get nefnt eitt dæmi sem er varðandi innihald á kadmíum í fosfóráburði sem er það lægsta sem framleitt er. Það er alls staðar viðurkennt að slík gæði koma til með að kosta eitthvað.

Virðulegi forseti. Ég hef gert grein fyrir fyrirvörum mínum og væntanlega okkar framsóknarmanna í nefndinni þó að ég viti að meðnefndarmaður minn eigi eftir að tala. Ég hef komið því á framfæri að við höfum áhuga á því að skoða málið milli umræðna. Sú breyting sem ég hef lagt til að verði gerð er að mínu

mati þess eðlis og þess efnis að hún gerir ekkert annað en styrkja málið og gera það trúverðugra gagnvart þeim aðilum sem Áburðarverksmiðjan á allt sitt undir sem eru viðskiptaaðilarnir, bændur landsins.

[17:22]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og áður hefur komið fram í umræðunum þá erum við saman á minnihlutaáliti, ég og hv. 3. þm. Norðurl. v. þar sem við mælum gegn sölu þessa fyrirtækis og að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Búnaðarþing hefur í tvígang haft sölu Áburðarverksmiðjunnar til umfjöllunar og mælt tvívegis gegn því að Áburðarverksmiðjan verði seld. Mér finnst ástæða til að taka mark á því sem helstu og nánast einu viðskiptavinir verksmiðjunnar segja. Ég get ekki séð að nokkur sérstakur akkur sé í því að selja þetta fyrirtæki, sem er stöndugt, vel rekið og skilar þó nokkuð miklum arði í ríkissjóð, til hluthafa á frjálsum markaði sem mundu sennilega ekki kaupa nema af því að hlutabréfin væru á tilboðsverði. Og orsökin fyrir því tilboðsverði sem ég held að vofi yfir er sú að um áramótin 1994/1995 koma hér inn á markaðinn erlendir aðilar sem geta hæglega undirboðið þessa verksmiðju. Bæði framleiða þeir nú þegar áburð sem er ódýrari en sá gæðaáburður sem framleiddur er í Gufunesi og auk þess hafa þeir líka bolmagn til þess að bjóða vöru á lægra verði um sinn sem væri rétt til þess að veikja stöðu Áburðarverksmiðjunnar. Þess vegna erum við á villigötum þegar við ætlum að selja þessa verksmiðju.

Við erum líka á villigötum ef við reynum ekki að gera allt sem við getum til þess að skjóta undir starfsemi hennar þeim stoðum sem þarf til þess að hún geti tekið þátt í samkeppninni við erlenda aðila árið 1995 og það er brýnt að gera. Því álít ég að það sé nauðsyn að við bregðumst allt öðruvísi við yfirvofandi samkeppni heldur en gert er ráð fyrir í þessu frv. Ég álít að við þurfum að gera rannsókn á því hvað hægt sé að gera til þess að lækka kostnað verksmiðjunnar þannig að verð á hinum íslenska áburði sé samkeppnishæft en missi þó ekki gæði um leið. Þetta er mjög mikilvægt. Það er mikið atriði að missa ekki úr höndunum á sér 1 milljarðs kr. veltu. Heildartekjur fyrirtækisins eru yfir 1 milljarði og það veitir 110 manns atvinnu. Það er því mikið atriði að sú starfsemi sem þarna er um að ræða fari ekki forgörðum og að fólkinu sé tryggð vinna. Það þarf ekki eingöngu að tryggja þessum 110 manns vinnu heldur fjölda fólks sem hefur vinnu í tengslum við verksmiðjuna eins og gefur að skilja.

Ég tel að sú árátta ríkisstjórnarinnar að einkavæða hvað sem það kostar sé farin að kosta okkur ansi mikið. Það er varhugavert fyrir þá ríkisstjórn sem nú situr að ætla sér að hafa þau eftirmæli á herðum sér þegar hún á endanum fer frá að hún hafi sóað, gefið eða a.m.k. selt á útsölu heilmikið af eignum þjóðarinnar. Hún er því miður að fara illa með eignir okkar allra, sameign fólksins, og færa þá sameign í hendurnar á nokkrum útvöldum aðilum sem mundu kaupa. Ekki svo að skilja að ég sé svo sérstaklega hrædd um að þessi verksmiðja verði eftirsótt vegna samkeppnisaðstöðunnar sem rædd hefur verið hér, þ.e. í samkeppninni við Norsk Hydro og önnur stórfyrirtæki. Það hefur margoft verið bent á það að sú samkeppni sem frá þeim er að vænta muni draga úr möguleikum á sölu.

Ég er sem sagt á móti sölu þessarar verksmiðju. Ég vara eindregið við þeirri áráttu sem ríkisstjórnin er haldin, að reyna að einkavæða bara einkavæðingarinnar vegna. Ég er sammála hv. 6. þm. Norðurl. e. sem sagði áðan að það væri engin ástæða fyrir ríkið að vera að vasast í alls konar atvinnurekstri. Það verður að gera mun á öllum þessum atvinnurekstri sem ríkið stundar og þeim atvinnurekstri sem ríkið á að stunda. Ég vil líka taka það fram að mér finnst hugmyndir hv. 6. þm. Norðurl. e. um hvernig háttað verði breytingum á ríkisfyrirtækjum í hlutafélög mjög skynsamlegar og ég tek undir þær. En þetta frv. á ekki að fara neitt annað en til ríkisstjórnarinnar aftur.

[17:29]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur orðið sú brenglun við prentun á þingskjali að nafn mitt hefur þar verið sett án fyrirvara, en aftur á móti býst ég við að þar sé um þann misskilning að ræða að kratinn, hv. þm. Gísli S. Einarsson, er settur með fyrirvara.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa að þetta hefur þegar verið leiðrétt og þingskjalið er í endurprentun.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir. Sannleikurinn er sá að við fjölluðum um þetta í landbn. í fyrravetur og aftur mjög ítarlega í vetur og ég skrifa undir nál. með fyrirvara og hef margar efasemdir um málið. Því miður hefur landbn. ekki náð fram ýmsum þeim atriðum sem umsagnaraðilar, eins og búnaðarþing og fleiri, töldu mikilvæg.

Hvað Áburðarverksmiðjuna snertir þá hefur hún verið mikilvægt fyrirtæki fyrir íslenskan landbúnað og kannski eitt fárra fyrirtækja á Íslandi sem hefur á síðustu árum verið að ná verulegum árangri við erfiðar aðstæður og bæta sína stöðu. Þetta hefur hún gert sem vel rekið ríkisfyrirtæki. Nú er annað atriði orðið jafnmikilvægt og það eru þau störf sem fyrirtækið veitir á Íslandi. 110 manns í vinnu plús kannski einhverjir 200 til viðbótar sem hafa af þessu þjónustustörf. Við skulum líta á það að rafmagnsnotkun Áburðarverksmiðjunnar er mikil. Nú segja menn hiklaust: Áburðarverksmiðjan verður ekkert seld af því að enginn vill kaupa hana. Hæstv. landbrh. hefur hvað eftir annað lýst hana dauðadæmda í þingsal á síðustu árum, því miður, og talið að hún mundi ekki standast samkeppni. En þegar risarnir í Evrópu fara að takast á, eins og er fram undan, þá kann það að vera að skammsýnum fjármálaráðherra þyki það góður kostur að selja þessi starfsréttindi úr landi og leggja niður Áburðarverksmiðjuna. Því miður er engin heimild í frv. sem segir að það verði í rauninni stöðvað.

Sannleikurinn er sá að risarnir í áburðarframleiðslunni munu takast á þannig að þeir munu kaupa upp hin smærri fyrirtæki og vera tilbúnir til þess að borga fyrir það ærið fjármagn að losna við ýmsa smærri aðila af markaðinum. Því kann skammsýnni ríkisstjórn í fjár-

hagsvanda að sýnast það góður kostur að selja Áburðarverksmiðjuna og það er ekkert í frv. sem stöðvar það.

Það er einn þeirra fyrirvara sem ég hef um þetta frv. að ég tel að það eigi að koma til í þessu máli að Alþingi veiti heimildir til slíkrar sölu. Staðreyndin er sú að við Íslendingar verðum, nú þegar við höfum setið uppi með duglausa ríkisstjórn í á fjórða ár og horfum upp á 7.000–8.000 manna án atvinnu og vaxandi neyð á heimilum, vaxandi tekjuskort hjá ríkissjóði og sveitarfélögum, með einhverjum hætti að koma fótunum undir atvinnulífið og við verðum með kjafti og klóm að verja öll þau starfsréttindi, öll þau störf sem við eigum í landinu í samkeppni við Evrópu. Menn gera sér orðið grein fyrir því í Evrópu að mesta neyð hennar í dag er atvinnuleysið. Hér sitjum við uppi með ríkisstjórn sem segir: Við erum þó ekki með nema 7.000–8.000 manns atvinnulausa og megum kalla það gott. En þetta er ástand sem við getum ekki búið við og ekki þolað. Ég óttast það að hafa þetta mál svona opið.

Í landbn. margspurði ég þá frá verksmiðjunni svo og landbúnaðinum, sem hafa verið að mæla með þessu með hangandi hendi, hvað það væri sem í rauninni breyttist í þessu ríkisfyrirtæki ef aftan við það verður hengt hf. Ég fékk ekkert fram sem sýndi að menn væru í einhverri annarri stöðu þó þessir heilögu stafir sjálfstæðismanna væru hengdir aftan við. Ríkisfyrirtækið verður ekki ... Ég heyri að hæstv. landbrh. segir: „Bull er þetta“, í einum hliðarsalnum þar sem hann situr kæruleysislegur yfir þessum umræðum. Ég vil þá spyrja hann sjálfan: Hvað er það sem hann sér að breytist? Hvaða möguleika á Áburðarverksmiðjan þegar hf. er komið aftan við hana sem hún á ekki í dag? Ég vænti þess að hæstv. ráðherra svari því hér á eftir.

Því miður er það svo að þessir hf.-stafir hafa orðið trúaratriði hjá Sjálfstfl. en í þessum efnum gætu þeir orðið til þess að færa einum skammsýnum fjármálaráðherra það vald að selja þessa verksmiðju og færa þessi störf einnig úr landinu. Það þýddi enn fremur hækkað raforkuverð til neytenda á Íslandi og svo framvegis.

Hér er vandræðalegt ákvæði um hvernig stjórn skuli kjörin á aðalfundi til eins árs í senn og jafnmargir varamenn. Búnaðarfélag Íslands óskaði sérstaklega eftir því að stjórn fyrirtækisins, sem yrði alfarið í eigu ríkisins, yrði áfram kjörin eins og hún hefur verið af Alþingi. Þessi niðurstaða hefur ekki náðst fram. Hann verður sérlega skemmtilegur sá aðalfundur Áburðarverksmiðjunnar þar sem hæstv. landbrh. mætir einn og kýs sér stjórn fyrir fyrirtækinu. Auðvitað er það með þeim hætti þó að við segjum hér í nál. og leggjum til að hæstv. ráðherra fari með það eins og verið hefur, að menn komi úr hinum ýmsu áttum landbúnaðarins í stjórn þessa fyrirtækis. Ég vil jafnframt spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi hugleitt þetta atriði og ef það kemur í hans hlut að skipa þessu fyrirtæki nýja stjórn undir hf. merkinu hvort hann muni fara eftir tillögum landbn.

Eins tek ég undir það sem hér hefur komið fram að réttarstaða starfsfólksins við verksmiðjuna við þessa breytingu er ekki augljós. Við vitum það í dag að síst er Sjálfstfl. treystandi til þess að fara með launamál alþýðunnar á Íslandi. Menn urðu eftir breytinguna á Strætisvögnum Reykjavíkur að heyja hart stríð við borgaríhaldið sem varð að beygja sig fyrir rest. Mér finnst þetta ákvæði því ekki nógu tryggt.

Ég verð að segja það eins og er að eftir umræðuna í landbn. hef ég orðið meira og meira efins. Ég hefði kannski talið atvinnunnar vegna að best væri að hafa þetta fyrirtæki undir því formi sem það hefur verið og að við, íslenska ríkið, yrðum að reyna allt sem við getum til þess að styrkja þessa starfsemi og halda henni í landinu, bæði vegna þess að hún er veitandi atvinnu og ekki síður stór notandi á raforku.

Ég hef gert það fremur að hafa álit mitt með fyrirvara því bæði búnaðarþing og aðilar landbúnaðarins hafa frekar hvatt til þessarar niðurstöðu. Ég nenni ekki að deila við þá aðila um svona atriði en mér væri nokkuð sama þó þetta frv. dagaði upp á síðustu dögum þingsins.

[17:41]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem upp til að taka undir álit minni hluta landbn. þar sem mér finnst vera tekið mjög skynsamlega á því hvernig staða Áburðarverksmiðjunnar er og verður hugsanlega í framtíðinni ef þessi fyrirhugaða breyting verður gerð. Það er verið að vara við því að þessi breyting á rekstrarformi verksmiðjunnar leysi ekki þann vanda sem verksmiðjan stendur frammi fyrir. Ég get ekki sagt að þó að með frv. sé verið að breyta Áburðarverksmiðjunni í hf. og hæstv. landbrh. sé einn um það að tilnefna stjórn muni það breyta neitt rekstraraðstöðu verksmiðjunnar þannig að hún eigi eitthvað betri framtíð fyrir sér. Ég vil því taka undir það að ég tel eðlilegast að vísa þessu máli til ríkisstjórnarinnar aftur. Eins og hér hefur komið fram, átti að afgreiða þetta mál fyrir þinglok í fyrravor. Það tókst ekki vegna skyndilegrar afstöðu hæstv. forsrh. sem hlýtur þá m.a. að hafa verið tekin af því að honum hefur ekki verið neitt sérlega mikið í mun að afgreiða þetta mál. Ég held að best væri að það væri ekki afgreitt heldur fyrir þessi þinglok.

Mér finnst svolítið sérkennilegt það sem stendur í nál. meiri hluta landbn., með leyfi forseta:

„Við fyrri umræður á Alþingi og umfjöllun þingnefnda um frv. til laga um stofnun hlutafélaga um ríkisfyrirtæki hafa orðið miklar umræður og skiptar skoðanir meðal þingmanna um hvernig gætt skuli réttinda ríkisstarfsmanna við slíkar breytingar. Nefndin hefur kynnt sér þær lögfræðilegu greinargerðir sem aðrar nefndir öfluðu sér við umfjöllun þeirra um hliðstæð mál og leggur áherslu á að allt verði gert til þess að ná samkomulagi við samtök ríkisstarfsmanna um málið. Er það mun betri kostur en ef leysa þarf málið fyrir dómstólum eins og annars stefnir í.“

Vissulega get ég tekið undir að það sé miklu betri kostur að leysa málið áður en það komi fyrir dómstóla en við höfum bara séð að ekki hefur verið skeytt um að ljúka umfjöllun um þessi mál og afgreiða svona mál úr þinginu. Við í stjórnarandstöðunni höfum ítrekað

bent á það hér að hliðstæð mál séu núna í dómskerfinu og það eigi að bíða með ákvarðanir og að samþykkja fleira í þessum dúr sem býður upp á sömu málsmeðferð. En það er eins og stjórnarliðar hvorki heyri eða sjái þegar um það er að ræða að einkavæða ríkisfyrirtæki og alltaf skal haldið inni að hin sérstöku ákvæði um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eigi ekki við um starfsmenn þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga þegar verið er að einkavæða ríkisfyrirtæki.

Mér finnst því nokkuð sérkennilegt að þetta skuli koma fram í nál. meiri hluta landbn. sem bendir til þess að hún hefur vissar efasemdir um 6. gr. frv. þar sem þetta kemur fram og vill benda á það að allt verði gert til að ná samkomulagi við samtök ríkisstarfsmanna en jafnframt ætlar nefndin að standa að því að frv. verði samþykkt sem býður upp á það að út af þessu verði málaferli.

Hér eiga yfir 100 starfsmenn í hlut í þessu fyrirtæki og það gæti orðið nokkuð dýrt fyrir ríkið þó meiningin með frv. sé að sjálfsögðu að græða eitthvað á því. Það gæti orði nokkuð dýrt fyrir ríkið að hér bætist við eitt fyrirtækið í viðbót þar sem starfsmenn færu í málaferli út af þessum ákvæðum.

Í 1. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Nefnd, sem ráðherra skipar, skal meta eignir og skuldir verksmiðjunnar. Matið skal leggja til viðmiðunar um andvirði hlutafjár og upphaflega eiginfjárstöðu hins nýja félags."

Hvernig skyldi þessi nefnd eiga að vera skipuð? Hverjir skyldu fá það hlutverk að meta eignir og skuldir verksmiðjunnar? Við höfum horft upp á það að ekki hefur verið farið neitt sérstaklega vel með það þegar eignir og skuldir og hlutafé er metið í upphafi þegar standa á að sölu fyrrum ríkisfyrirtækja. Við höfum undanfarnar vikur og mánuði verið að ræða hvernig staðið hefur verið að sölu SR-mjöls. Þar var ekki Ríkisendurskoðun t.d. fengin til þess að meta stöðu þess fyrirtækis áður en það var selt. Það var einkavætt í byrjun ágúst og einni eða tveimur vikum seinna var fyrirtækið komið á söluskrá. Enginn í ríkisgeiranum, þ.e. ekki fjárln., ekki Alþingi, ekki einu sinni fjmrh. vissi hvernig átti að standa að því eða hvernig þær eignir yrðu metnar.

Hér stendur að það er nefnd sem ráðherra skipar sem á að meta eignir og skuldir verksmiðjunnar. Mér er því spurn: Hvernig verður sú nefnd skipuð? Það væri ágætt ef hér væri einhver, annaðhvort framsögumaður eða ráðherra, sem gæti svarað því hvernig þessi nefnd sem á að selja fyrirtækið verður skipuð.

Í 3. gr. segir að ríkissjóður sé eigandi allra hlutabréfa í félaginu við stofnun þess og landbrh. á að fara með eignarhlut ríkissjóðs. Þetta á að vera til þess, samkvæmt því sem segir í athugasemdum með frv., að hagræða í rekstri og gera verksmiðjuna hæfari til að aðlaga sig markaðinum og takast á við breytingar og geta brugðist við fyrr en ella ef þetta væri ríkisfyrirtæki. Ég get ekki séð annað en hér sé verið að auka miðstýringu og þrengja hag þessa fyrirtækis þar sem nú á landbrh. einn að fara með eignarhlutinn. Hann einn á að mæta á hluthafafund og hann á að skipa stjórnina. Hún er ekki kosin á Alþingi og þar mun þá ekki gæta annarra sjónarmiða en sjónarmiða hæstv. landbrh.

Það segir t.d. í athugasemdum með frv., sem mér finnst stangast nokkuð á við ýmsar fullyrðingar, með leyfi forseta: „Fyrirsjáanlegur er frekari samdráttur í notkun tilbúins áburðar" — sem hlýtur þá að draga úr framleiðslu verksmiðjunnar. Og það segir einnig að vegna nýs GATT-samnings og reglna muni draga úr notkun tilbúins áburðar. Og það verði að telja líkur á að þau atriði sem drepið er á hér að framan kunni að leiða til umtalsverðs samdráttar í sölu á tilbúnum áburði hér á landi. Það mun sem sagt draga úr sölu og rekstrarafkoma fyrirtækisins verða erfiðari. Svo er sagt síðar að sem stofnun í eigu ríkisins hljóti verksmiðjan að teljast vanbúin til þess verkefnis að skapa skilyrði til að takast á við þessa óvissuþætti. Þess vegna sé lagt til að rekstrarformi verksmiðjunnar sé breytt. Það eigi að tryggja hagsmuni ríkisins sem eiganda verksmiðjunnar. Mér finnst þetta stangast á, fullyrðingar að samdráttur sé alveg fyrirsjáanlegur, það sé fyrirsjáanlegt að rekstur fyrirtækisins verði erfiðari en síðan á allt í einu að tryggja hagsmuni ríkisins sem eiganda verksmiðjunnar en ríkissjóði er jafnframt ætlað að tryggja sína hagsmuni m.a. með því að selja fyrirtækið. Samt er um leið sagt að fyrirtækið eigi þannig framtíð fyrir sér að það muni ekki verða mikil söluvara.

Þess vegna finnst mér eðlilegra að spyrja: Hverjum á að gefa þetta fyrirtæki? Það hlýtur að vera einhver sem á að taka við því svo ríkið losni við það vegna þess að framtíðin sé óviss, framtíðin verði erfið og reksturinn muni ekki bera sig og ríkið ætli að tryggja sína hagsmuni en það mun ekki geta selt það vegna þess að það lítur ekki út fyrir að við óbreyttar aðstæður muni reksturinn geta gengið. Það verður eitthvað annað að koma til. Þess vegna getur ekki verið að neinir sérstakir fjárfestar hafi hug á að fjárfesta í slíku fyrirtæki og þess vegna hlýtur í raun og veru að eiga að gefa þetta fyrirtæki. Þess vegna væri líka mjög forvitnilegt að vita hvernig sú nefnd á að vera skipuð sem á að takast á við það, eins og hér segir, að meta eignir og skuldir verksmiðjunnar til sölunnar.

Ég ætla ekki að lengja mitt mál frekar um þetta. Ég hef mjög margt við þessi áform að athuga. Ég tel að þau standist engan veginn og ekki sé verið að hugsa um hag verksmiðjunnar, ríkisins, þeirra sem vinna við þessi störf né heldur hag landbúnaðarins í heild og ég er því alfarið á móti öllum hugmyndum um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins.

[17:53]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði hvernig sú nefnd yrði skipuð sem ætti að meta eignir og skuldir verksmiðjunnar. Það liggur ekki fyrir. Það verður auðvitað reynt að velja kunnáttumenn til þess, færa menn sem geti gefið vísbendingu um það eins og venja er til þegar

verið er að selja eignir og ekkert óvenjulegt við það. Auðvitað verður það stjórn fyrirtækisins sem fer síðan með mál hennar og tekur ákvörðun um það hvernig rétt sé að standa að þeim nauðsynlegu breytingum sem þurfa að verða á rekstri verksmiðjunnar í samráði við framkvæmdastjóra til að reyna að tryggja áframhaldandi rekstur hennar og atvinnu þeirra fjölmörgu starfsmanna sem þar eru. Ég held að það liggi alveg ljóst fyrir að það er ekki hægt að reka verksmiðjuna áfram á sama grundvelli þar sem einkasöluréttur á innflutningi á áburði verður afnumin um næstu áramót.

[17:54]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra er greinilega ekki búinn að hugsa það til enda hvernig hann ætlar að skipa þessa nefnd. Það væri þá e.t.v. rétt að ítreka spurninguna og spyrja hvort hæstv. fjmrh. verður ekki hafður með í ráðum þar sem mér heyrist að hann hafi ekkert verið hafður með í ráðum við söluna á SR-mjöli samkvæmt ummælum sem hann hefur látið falla í umræðum áður. Og einnig hvort Ríkisendurskoðun komi að því að meta eignir og skuldir verksmiðjunnar.

[17:55]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég átta mig ekki alveg á því hvað hv. þm. gengur til. Eins og ég sagði þá verður staðið að því að meta eignir verksmiðjunnar með venjulegum hætti. Ég hef ekki tekið ákvörðun um það hvaða einstaklingar muni koma að því máli á þessari stundu. Ég tel rétt að sjá hvort málið verður afgreitt á þinginu. Mér virðist sem hv. þm. sé að reyna að vekja upp einhverja tortryggni um málsmeðferð með þessum athugasemdum. Ég sé ekki að tilgangurinn geti verið annar. Þó hygg ég að hv. þm. sé kunnugt um að hér er staðið að með venjulegum hætti og enginn ástæða til að draga það í efa.

[17:56]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég er að reyna að koma á framfæri, hæstv. ráðherra, er það að ég tel að þegar verið er að selja eignir ríkissjóðs og meta eignir og skuldir þá eigi fjmrh. að koma að því og fjárln. helst að hafa umsögn um það líka. Ég tel ekki rétt að það sé einhver nefnd sem ráðherra skipar, sem ekki er einu sinni hægt að segja hverjir muni skipa þá nefnd þegar við erum að ræða þetta frv. Ég tel ekki rétt að það sé haft eins og hér segir heldur miklu eðlilegra að það sé fjmrh. og að fjárln. hafi umsögn um það hvernig að sölunni verði staðið.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta er kunnugt um það að á milli formanna þingflokka er samkomulag um að ljúka fundi kl. sex en þar sem næsti hv. þm. á mælendaskrá er hv. 3. þm. Norðurl. v. sem er varaþm. og verður sennilega ekki í þinginu þegar málið verður tekið til framhaldsumræðu vill forseti gefa hv. 3. þm. Norðurl. v. kost á að tala.

[17:57]

Frsm. minni hluta landbn. (Sigurður Hlöðvesson):

Virðulegi forseti. Ég þarf svo sem ekki að vera langorður um þetta mál. Ég er búinn að tala einu sinni en vil þó aðeins koma inn á málið aftur. Ég tel að í 6. gr. frv. um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins séu ákvæði sem séu alsendis óásættanleg. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, á því ekki við um þá starfsmenn."

Hér er sem sagt verið að afnema með einni lagagrein í frv. þau réttindi sem starfsmenn Áburðarverksmiðjunnar, sem unnið hafa þar margir hverjir áratugum saman, hafa áunnið sér og þau eru afnumin með einu pennastriki í þessu frv. Það er alveg óásættanlegt að það sé gert og sú óvissa sem er um þetta mál og hefur komið fram í umræðum um önnur mál eins og lyfjaverslunarmálið og fleiri mál er óásættanleg.

Ég vil aðeins koma inn á það sem mér finnst líka vera kjarni málsins. Það er staða verksmiðjunnar, hvernig hún er og hvernig hún verður í ársbyrjun árið 1995. Staðreyndir málsins eru þær að Áburðarverksmiðja ríkisins er mjög stöndugt og gott fyrirtæki eins og það er í dag. Eins og ég sýndi fram á áðan hefur eignastaða fyrirtækisins batnað, það hefur verið hagnaður á undanförnum árum. Áburðarverð hefur lækkað á undanförnum árum og hagnaður sem hlutfall af eigin fé fyrir skatta var á sl. ári 5%. Það sem ég hefði viljað heyra frá hæstv. ráðherra er: Er vilji til að gera eitthvað til að treysta áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar? Í öðru lagi: Getur hæstv. landbrh. upplýst mig um það hvort sambærilegar verksmiðjur á Evrópska efnahagssvæðinu njóti einhverra styrkja eða hlunninda sem skekkir samkeppnisaðstöðu Áburðarverksmiðjunnar?

Eins kemur fram í umsögn Búnaðarfélags Íslands þá er það mjög alvarlegt mál ef ekki verður brugðist við með það að tryggja áframhaldandi rekstur verksmiðjunnar eftir næstu áramót. Hér er um að ræða fyrirtæki sem er með veltu á annan milljarð. Og 110 starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu og það er eins og ég segi algerlega óásættanlegt annað en að framtíð Áburðarverksmiðju ríkisins verði tryggð þannig að áfram geti þetta fyrirtæki blómgast og dafnað eins og það hefur gert á undanförnum árum.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 7. og 13. mál.

Fundi slitið kl. 18:00.

138. FUNDUR

miðvikudaginn 20. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Vegalög, stjfrv., 119. mál, þskj. 124, nál. 932, brtt. 933. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Tollalög og vörugjald, stjfrv., 507. mál, þskj. 780, nál. 970, brtt. 969. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 545. mál, þskj. 856, nál. 971, brtt. 972. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859, nál. 973. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, stjtill., 556. mál, þskj. 868, nál. 974. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
6. Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, stjfrv., 558. mál, þskj. 871, nál. 975. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 538. mál, þskj. 842, nál. 983. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
8. Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, stjfrv., 530. mál, þskj. 829, nál. 984. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
9. Samningur um Svalbarða, stjtill., 542. mál, þskj. 850, nál. 985. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
10. Varnir gegn mengun hafsins, stjtill., 495. mál, þskj. 761, nál. 986. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
11. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841. — Frh. fyrri umr.
12. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.

Aðalmenn taka sæti á ný:

Jón Baldvin Hannibalsson utanrrh.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 481. mál, svar dómsmrh., þskj. 988.

Sjúkraliðar, 607. mál, stjfrv., þskj. 989.

Tilkynning um utandagskrárumræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Áður en gengið er til dagskrár vill forseti taka það fram að fyrirhuguð er utandagskrárumræða í dag skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapalaga, þ.e. hálftíma umræða, að beiðni hv. 18. þm. Reykv., Kristínar Ástgeirsdóttur, og beinir hún máli sínu til hæstv. heilbr.- og trmrh. Umræðuefnið er verkfall meinatækna. Þessi umræða hafði verið fyrirhuguð kl. 18, en þar sem forseta er kunnugt um að það stenst ekki nægilega vel samkomulag sem gert hafði verið hér meðal formanna þingflokka þá hefur forseti ákveðið að halda fund með formönnum þingflokka að lokinni atkvæðagreiðslu til þess að reyna að ná niðurstöðu um það klukkan hvað sú umræða fer fram.

Vegalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 124, nál. 932, brtt. 933.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[13:38]

Pálmi Jónsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Vegna athugasemda fram fram komu máli hv. 1. þm. Norðurl. v. í gær og vörðuðu 56. gr. frv. vil ég taka fram við upphaf atkvæðagreiðslu að samgn. hefur rætt þessa athugasemd og orðið ásátt um að flytja við 3. umr. brtt. þess efnis að 56. gr. frv. taki eigi gildi fyrr en 1. jan. 1995 vegna þeirra tengsla sem eru á milli þeirrar greinar annars vegar og þeirra breytinga sem boðað er að unnið verði að á girðingarkafla vegalaga til næsta Alþingis.

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (DO, GB, GÁS, GHelg, JGS, JHelg, KÁ, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StH, VE) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 933,1 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (DO, GB, GÁS, GHelg, JGS, JHelg, KE, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StH) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 933,2–4 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK,

JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SHl, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (BBj, DO, GB, GÁS, GHelg, JGS, JHelg, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SighB, StH) fjarstaddir.

5–8. gr. og fyrirsögn IV. kafla, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Brtt. 933,5–6 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
3 þm. (HG, KHG, SHl) greiddu ekki atkv.
12 þm. (DO, GB, GÁS, GHelg, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SighB, StH) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[13:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við 2. umr. gerði ég athugasemdir við frágang 9. gr. sérstaklega, en það tengist raunar einnig 10. gr. frv. að því er snertir almenna vegi og einkavegi. Mér er ekki ljóst hvort samgn. hefur fjallað um þessar athugasemdir en hefði talið það eðlilegt. Tækifæri gefst þá til þess við 3. umr. málsins og ég vænti þess að það verði en sit hjá við atkvæðagreiðslu um þessar greinar nú.

[13:44]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. gerði hv. 4. þm. Austurl. athugasemdir sem hann hefur hér minnt á. Í umræðunni gerði ég grein fyrir sjónarmiðum nefndarinnar varðandi þessar athugasemdir. Því miður var hv. þm. þá ekki viðstaddur umræðuna. Verði brtt. samþykkt þá hljóðar síðari málsl. 9. gr. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum."

Einkavegir eru í sumum tilfellum kostaðir af opinberum aðilum, þ.e. fyrirtækjum á vegum hins opinbera og liggja t.d. að ratsjárstöðvum eða öðrum þeim stöðum þar sem tæki eru sem ekki er talið heppilegt að almenningur hafi aðgang að og geta þess vegna verið lokaðir.

9–10. gr., svo breyttar, samþ. án atkvgr.

Brtt. 933,7–18 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁMM, DO, EgJ, GB, GHelg, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

11.–62. gr. og ákv. til brb., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
11 þm. (ÁMM, DO, GB, GHelg, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB) fjarstaddir.

Tollalög og vörugjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 507. mál (hráefni til garðyrkjuafurða). — Þskj. 780, nál. 970, brtt. 969.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:49]
Brtt. 969 (ný 1. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁMM, DO, GB, GHelg, JÁ, JGS, JónK, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁMM, DO, GB, GHelg, JGS, JónK, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG, VE) fjarstaddir.

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 545. mál (endurgreiðsla ökumæla). — Þskj. 856, nál. 971, brtt. 972.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:51]
Brtt. 972 (ný 1. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, GB, GHelg, JGS, JónK, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG, SvG, TIO) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

13 þm. (ÁMM, DO, GB, GHelg, JGS, JónK, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 859, nál. 973.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:52]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁMM, DO, GB, GHelg, HG, JGS, JónK, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, GB, GHelg, JGS, JónK, MF, MB, ÓÞÞ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Vegtenging um utanverðan Hvalfjörð, frh. síðari umr.

Stjtill., 556. mál. — Þskj. 868, nál. 974.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:53]
Tillgr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (HG, KE, SHl, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, DO, GB, GHelg, JGS, JHelg, JónK, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (HG, KE, SHl) greiddu ekki atkv.

16 þm. (DO, GB, GÁ, GHelg, JGS, JHelg, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 993).

Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 871, nál. 975.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (DO, EKG, FI, GB, GHelg, IP, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG, SJS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (DO, GB, GHelg, JóhS, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Evrópska efnahagssvæðið, frh. 2. umr.

Stjfrv., 538. mál (birting breytinga og viðauka o.fl.). — Þskj. 842, nál. 983.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]
Brtt. 1 í nál. 983 (1. gr. verður 2. gr. og 2. gr. verður 1. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH*, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
7 þm. (HG, JÁ, KÁ, KE, SHl, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (DO, GB, GHelg, IBA, JGS, JHelg, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði ekki að greiða atkvæði.]

1. gr. (verður 2. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SAÞ, SP, StH, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (EKJ, HG, JÁ, KÁ, KE, SHl, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (DO, EH, GB, GHelg, IBA, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

2. gr. (verður 1. gr.) samþ. án atkvgr.

Brtt. 2 í nál. 983 samþ. án atkvgr.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (DO, EKJ, GB, GHelg, IBA, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 829, nál. 984.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:58]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
2 þm. (SHl, SJS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (DO, EH, GB, GHelg, IBA, JÁ, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (DO, EKG, GB, GHelg, IBA, JÁ, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Samningur um Svalbarða, frh. síðari umr.

Stjtill., 542. mál. — Þskj. 850, nál. 985.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (DO, GB, GHelg, IBA, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (DO, GE, GB, GHelg, IBA, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 995).

Varnir gegn mengun hafsins, frh. síðari umr.

Stjtill., 495. mál. — Þskj. 761, nál. 986.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:00]

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

14 þm. (DO, FI, GB, GHelg, IBA, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

16 þm. (DO, EH, FI, GB, GHelg, IBA, JGS, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 996).

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar til með 12. dagskrármál, að til þess að það megi koma á dagskrá þarf að leita afbrigða vegna þess að málið er of seint fram komið og hyggst forseti leita þeirra nú og hefst nú atkvæðagreiðsla.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:01]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Á fundi þingflokksformanna með forseta um dagskrá þessarar viku hafði verið gert ráð fyrir því að það væri aðeins 11. dagskrármálið á dagskrá, næstsíðasta málið, og það var ekki samið um að það yrðu fleiri mál á dagskrá þannig að það kemur mér spánskt fyrir sjónir að sjá að þetta mál sé tekið inn núna og þarf að taka það inn með afbrigðum. Að sjálfsögðu stend ég ekki á móti því að það sé tekið inn með afbrigðum, þ.e. ég stend ekki á móti afbrigðunum í sjálfu sér, en ég mótmæli því samt sem áður að hér sé verið að taka inn á dagskrá mál sem ekki hafði verið rætt um að gert væri.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseta er vel kunnugt um þetta samkomulag sem gert var, enda er það engan veginn ákveðið að þetta mál verði tekið á dagskrá, en það þótti ekki óeðlilegt að hafa fleiri mál á dagskránni ef þannig vildi til að enginn vildi tala í 11. dagskrármálinu sem aldrei er hægt að vita fyrir fram og 12. dagskrármál er samkomulagsmál þannig að það er hér á dagskrá til vara. Forseti mun hitta formenn þingflokka hér á eftir og getur þá m.a. rætt þetta mál við þá.

Till. var of seint fram komin. — Samþykkt með 45 shlj. atkv. að hún yrði tekin til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IP, JÁ, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, SHl, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (DO, FI, GB, GHelg, HBl, IBA, ISG, JóhS, JGS, JHelg, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG) fjarstaddir.

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, frh. fyrri umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 841. [14:06]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég verð að byrja á því að biðja virðulegan forseta afsökunar á því að ég skuli taka til máls í sambandi við þessar miklu bækur sem liggja hér á okkar borðum því að ég hef ætíð lagt það nokkuð í metnað minn að kynna mér málin vel og helst að lesa þau mál sem liggja fyrir, en því miður verð ég að viðurkenna að mér hefur ekki tekist að lesa þessar sex bækur þannig að ég geti talað um þær af miklu viti. Reyndar óttast ég að þeir séu fáir alþingismenn sem hafa lesið þessar bækur og er þó ætlað að blessa það sem í þeim er. En engu að síður ætla ég að freistast til þess að segja hér fáein orð.

Ég vil í fyrsta lagi minna á það að ég greiddi atkvæði á móti aðild okkar að EES, ég taldi það ekki samrýmast stjórnarskránni íslensku. Ég skal út af fyrir sig ekki dæma um það hvort það sem í þessum sex bókum stendur samrýmist stjórnarskránni. A.m.k. er það siðferðislega óþolandi að okkur Íslendingum skuli vera ætlað að taka við nánast óskoðuðum tilskipunum frá erlendri stofnun í erlendri höfuðborg og samþykkja hér á Alþingi í einum stórum pakka og tek ég undir það sem ég veit að var sagt fyrr í umræðunni að réttast væri að taka þessar bækur og brenna þær. En málið er alvarlegt því að í þessum bókum mun ýmislegt vera sem ég tel nauðsynlegt að við skoðum. Mér er tjáð, og ég heyrði það á þeim sérfræðingum sem mættu hjá utanrmn., að t.d. eru í þessum bókum viðskiptahindranir. Þarna eru t.d. settar reglur um útbúnað á bifreiðum sem gera það að verkum að ýmsar ameríska

bifreiðar verða ekki heimilar hér á landi og ekki í Evrópu. Reyndar vakti ég athygli á því í þeim upplýsingum sem við fengum um svipað leyti og EES-samningurinn var samþykktur, þá fengum við bók sem skýrði frá ýmsum tilskipunum sem yrði að taka fyrir síðar og ég vakti athygli þar á tilskipun um ljósabúnað bifreiða og sitthvað fleira, en mér heyrðist menn taka heldur lítið mark á því.

Mér er einnig tjáð að í þessum bókum séu tilskipanir um það að japönsk lækningartæki verði ekki heimiluð, þau fullnægi ekki kröfum Evrópuþjóðanna. Þarna er augljóslega um tæknihindrun að ræða og ég efa ekki að svona er fjölmargt fleira. Ég ákvað að lesa ekki upp úr þessum bókum ýmislegt af þeim fáránleika sem þar er.

En ég vil út frá þessu tvennu sem ég hef nefnt spyrja fáeinna spurninga. Ég vil í fyrsta lagi minna á það að þegar við hæstv. utanrrh. ákváðum á sínum tíma að skoða hugsanlega samninga við Evrópubandalagið, sem svo hét þá, um hið Evrópska efnahagssvæði, þá töldum við ljóst að með því að semja um aðild að hinu Evrópska efnahagssvæði en ekki aðild að EB, eða ES, þá gengum við ekki inn fyrir tollmúra bandalagsins og þetta áleit ég a.m.k. vera ákaflega mikilvægt og mikinn greinarmun gerði ég á því og fullri aðild. Ég leyfi mér reyndar að fullyrða að það hafi hæstv. utnarrh. einnig gert og þeir aðrir ráðherrar sem að því stóðu að hefja þá samninga.

Hvernig samrýmist þetta því sem við trúðum þá og ég vil leyfa mér að fullyrða að okkur var sagt? Ég sé ekki betur en hér sé verið að taka við gagnrýnislaust nánast og algjörlega af stjórnvöldum tilskipunum sem að ýmsu leyti færa okkur inn fyrir þessa tollmúra og ég tel að slíkt eigum við alls ekki að þola. Ég vil gjarnan fá að heyra hvaða kvaðir það eru í EES-samningnum sem gera okkur skylt að taka við slíkum viðskiptahindrunum. Hvað er það sem gerir okkur skylt að beygja okkur undir slíka tollmúra hjá þessum þríhöfða þurs sem hæstv. utanrrh. kallaði svo gjarnan? Hvað er það?

Ég vek einnig athygli á því að hæstv. utanrrh. hefur vakið máls á því að við ættum e.t.v. að gera viðskiptasamning við Bandaríkin og reyndar við það sem er skammstafað NAFTA, Norður-Ameríku-Fríverslunarsambandið milli Bandaríkjanna, Kanada og Mexíkó og ég er því hlynntur að það sé skoðað. Reyndar er langt síðan ég hóf að skoða það. Þegar ég var forsrh. gerði ég nokkra athugun á því og fékk þá svör sem voru held ég nokkuð svipuð og hæstv. utanrrh. hefur fengið, að heldur lítill mundi áhugi Bandaríkjamanna í raun vera á því að gera slíka samninga við okkur. En hins vegar er það kannski ekki útilokað.

Nú spyr ég hæstv. utanrrh.: Hvernig getum við gert slíkan samning við Bandaríkjamenn eða við NAFTA ef við höfum gengist undir viðskiptahindranir Evrópusambandsins gagnvart Bandaríkjamönnum? Hvernig getum við t.d. gert slíkan samning við Bandaríkin ef okkur er ekki heimilt að flytja inn þær bifreiðar sem hér hafa þótt með þeim allra bestu hingað til, ef nú er ekki heimilt að gera það lengur? Eða heimilt að flytja inn þau lækningartæki sem sjúkrahúsin okkar eru full af og læknar hér telja með þeim allra bestu sem fáanleg eru? Mér er að vísu tjáð að Japanir sæki þar mjög fram og ég veit ekki hvort japönsk tæki eru heimil inn fyrir tollmúra Evrópusambandsins.

Þetta held ég að sé afar mikilvægt mál og ég hef verið að velta því fyrir mér hvort a.m.k. ekki sé nauðsynlegt að setja þann fyrirvara í það sem við samþykkjum hér að allar viðskiptahindranir, allt slíkt verði tekið til rækilegrar endurskoðunar þegar við gerum tvíhliða samning við Evrópusambandið sem ég vona að verði niðurstaðan.

Um þetta mál gæti ég fleira sagt eins og t.d. þá ótrúlegu skoðun að því er sagt er meiri hluta Íslendinga að vilja leita samninga við Evrópusambandið. Ég á ekki nema eina skýringu á því og það er sá gegndarlausi áróður sem yfir okkur gengur í fjölmiðlum og frá ráðamönnum og svo kannski það er beinlínis barinn úr mönnum kjarkur í þessu vaxandi atvinnuleysi og aðgerðaleysi stjórnvalda í þeim efnum sem er út af fyrir sig annað mál, en það stærsta mál sem við eigum nú við að glíma. Ef það virkilega orðið svo að menn ætli að taka hverju því sem Brussel tilskipar eins og þessum viðskiptahindrunum, þá er afar illa fyrir okkur Íslendingum farið.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð, en ég vildi gjarnan fá að vita hvað hæstv. utanrrh. segir um svona viðskiptahindranir. Hefur hann lesið þessar bækur? Við skulum vona það. Það væri visst kraftaverk — já, ég sé að menn brosa, það væri kraftaverk en ég veit að hæstv. viðskrh. hefur ferðast mikið um heiminn og besti staðurinn til að lesa er í háloftunum í flugvélum. Kannski hefur hann haft með sér þessi hefti. (**Utanrrh.:** Það er rétt.) Það er rétt. Ja sko, ég gat mér þess til því að ég þekki hæstv. utanrrh. að því að vera iðinn mann. Þá getur hann svarað þessu af mikilli þekkingu og kannski upplýst hvort ekki séu fleiri svona viðskiptahindranir þarna í og sérstaklega svarað því hvort hann telji það okkur samboðið samkvæmt þeim samningum sem við höfum gert og hvernig hann ætli að samræma það hugsanlegum viðræðum við NAFTA um einhvers konar fríverslunarsamning í vesturátt og svo væntanlega viðskiptum okkar við Japani sem eru stöðugt vaxandi.

[14:14]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Að vissu leyti get ég ekki varist þeirri tilfinningu að það sé dálítið sérkennilegt að vera að eyða tíma þingsins nú í þennan viðbótarpakka við EES á meðan upp hrannast vísbendingar um að Evrópumálin séu öll mjög óljós svo ekki sé meira sagt.

Fyrst er til að taka að ekki er búið að ganga frá þessum viðbótarpakka í Evrópuþinginu en það kvað eiga að gera það þann 4. maí nk. Kosningabarátta er hins vegar að fara í fullan gang eða í fullum gangi og fyrr hefur það nú gerst að ekki hafi tekist að smala nógu mörgum Evrópuþingmönnum á vettvang til að ganga frá formsatriðum. En látum það nú vera.

Hitt finnst mér einnig íhugunarvert hve þétt við vefum okkur inn í reglugerðarvef Evrópusambandsins

núna þegar við stefnum flestöll nema e.t.v. hæstv. utanrrh. í tvíhliða viðræður við ESB. Væri ekki tilefni til að doka hér við og athuga hvert við ætlum í raun og veru?

Áður en ég kem að einstökum atriðum þessa pakka, þá langar mig einnig að taka það fram að ég er undrandi á þeim málflutningi sem heyrst hefur frá einstaka stjórnarsinnum og ráðherrum að það sé lítið mál að taka upp einhvers konar aðildarviðræður við ESB til þess að láta reyna á það hvernig gengur og máta treyjuna. Það er auðvitað ekki hægt en þessi málflutningur hefur hins vegar gefið almenningi mjög ranga mynd af raunveruleikanum í þessum efnum.

Mér þykir það líka dálítið sérkennilegt að við skulum vera að ræða hér mál á meðan gögn eru enn að berast eins og þetta 6. bindi af bláu doðröntunum sem var að koma á borð okkar þingmanna nú í dag. Ef þetta er vísbending um það við hvaða vinnubrögð við megum búa í framtíðinni þá finnst mér sú vísbending gefa fulla ástæðu til þess að staldra við og velta því fyrir sér hvort við höfum ekki verið á rangri leið og séum það. Ég tel nefnilega að nú sé fullt tilefni til þess, hvernig svo sem mál þróast, að fara að taka til við raunverulegar tvíhliða viðræður og ekki láta athugasemdir einstakra ráðherra eða kannski má segja óskhyggju villa okkur sýn.

Ég vil einnig taka undir það sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni, hv. 7. þm. Reykn., að við erum alltaf að fá nýjar og nýjar vísbendingar um það hvað við erum að reyra okkur inn í mikla fjötra viðskiptahindrana og lokunar á viðskipti við aðra heimshluta heldur en Evrópu. Evrópa er ekki endilega nafli alheimsins. Þó að hún hafi verið okkar menningarlega umhverfi og við höfum átt samleið með Evrópu og eigum, þá verðum við að sýna ákveðna víðsýni og mér þykir það ekki víðsýni þegar verið er að leggja stein í götu almennra viðskipta við heiminn. En það er kunnara en frá þurfi að segja að þar eru mjög sterkar tilhneigingar í þá átt þrátt fyrir allt GATT og aðra alþjóðasamninga.

En ég tók þann kostinn að fara, þrátt fyrir að nokkuð sé það erfitt, lítillega inn í þau efnisatriði sem við erum hér með og ég verð að viðurkenna það, virðulegi forseti, að þegar staðið er frammi fyrir óþolandi kostum, þá er ekki nema um tvennt að velja, að gefast upp eða glíma við vandann. Og það er óþolandi kostur að standa frammi fyrir því að eiga einhvern þátt í því að leiða yfir þjóðina það reglugerðafargan sem fylgir aðildinni að EES og nú hefur verið að líkamnast í þeim andlausu bókadoðröntum sem hlaðið var á borð þingmanna fyrst fyrir um það bil tveimur vikum og er enn verið að bæta í. Því miður á ég eins og aðrir óbeinan þátt í að leiða þessa ofstjórn yfir landslýð með því að hafa ekki haft kraft eða fylgi til þess frekar en aðrir stjórnarandstæðingar að sjá til þess að þjóðinni yrði a.m.k. leyft að segja skoðun sína á því hvort hún vildi taka þátt í þessum pappírsfarsa. Freistingin er sú að hafna því að taka þátt í umfjöllun um allar þær gerðir sem fylgja EES og það sýnist mér a.m.k. flestir stjórnarþingmenn hafa gert því að hér er ekki einn einasti slíkur ef frá er talinn forseti og ráðherra sá sem er að spjalla við hann, e.t.v. gáfulega um það sem hér er um að ræða, og sá ráðherra sem í hlut á, hæstv. utanrrh. En það er að mínu mati ábyrgðarleysi að reyna ekki að kynna sér það sem hér er tekið til afgreiðslu hversu hvimleitt sem það verk getur verið og hversu í rauninni óvinnandi það er við þær aðstæður sem okkur eru búnar. En eins og ég gat hér um áðan erum við enn að fá doðranta í hendurnar og ég er a.m.k. ekki svo hraðlæs að ég komist yfir það á hálftíma í miðri atkvæðagreiðslu að kynna mér nokkur hundruð síður af reglugerðum. Og ég er ekkert sérlega feimin við að viðurkenna það. Ég geri ekki ráð fyrir að öðrum séu heldur búnir þeir hæfileikar. Hins vegar hef ég vissulega ásamt öðrum utanríkismálanefndarfulltrúum setið og hlýtt á samviskusamt ráðuneytissfólk sem er alls ekki of sælt af því að glíma við það verk að koma EES fyrir í hverjum króki og kima sem finnst í andlegu og veraldlegu rými ráðuneytanna.

Ég mun ekki hér frekar en aðrir í umræðunni geta gert skil öllum þeim reglugerðarbreytingum sem fylgja þessum pakka af EES-gjörðum. Lagabreytingarnar fá sjálfstæða umfjöllun, en að vísu aðeins sýndarumfjöllun því að aðeins er hægt að samþykkja þær undir EES-rétti en ekki synja. Mér finnst hins vegar rétt að greina frá nokkrum atriðum sem fram hafa komið vegna þessa viðbótarpakka.

Í fyrsta lagi hlýtur að verða að spyrja: Í þágu hvers er verið að undirbúa hinar smásmugulegustu reglur? Er það t.d. í þágu neytenda? Svo er nefnilega oft látið í veðri vaka. En þá skýtur skökku við að hluti af viðbótarpakkanum sem hér um ræðir fjallar m.a. um það að við megum ekki krefjast þess að vara sé seld hér á landi merkt þeim upplýsingum sem við höfum fram til þessa krafist og erum við þó frekar aftarlega á merinni í neytendavernd og umhverfisvernd. Þarna er m.a. um að ræða upplýsingar sem geta skipt máli fyrir neytadandann, t.d. um aukefni og aðskotaefni í matvælum. Nú er vitað að upplýsingar um aukefni geta skipt þá máli sem hafa óþol eða ofnæmi gagnvart ýmsum efnum auk þess sem einhver slíkra efna liggja undir grun um að vera krabbameinsvaldandi þótt oft sé það ekki sannað. Í þessum EES-gjörðum er verið að gæta hagsmuna vöruframleiðenda, ekki neytenda. En til að bæta upp skort á pappírsvinnu um slík mikilvæg mál þá liggur fyrir heilmikil vinna í staðinn sem mun fara í að ganga frá eyðublöðum sem senda á eftirlitsstofnun EFTA, þ.e. þau eyðublöð sem sýna hvernig staðið er að framkvæmd samningsins á matvælasviði þannig að ef Hollustuvernd fær þau eitt eða tvö stöðugildi sem talið er nauðsynlegt að komi í þá stofnun í viðbót vegna aukaálags vegna aðildarinnar að EES, þá er líklegra að það verði fjallað um form upplýsinga heldur en innihald hjá þessum nýju starfsmönnum. Ég hef enga trú á því að fólki sé það almennt ljúft að eyða tíma sínum á þennan veg en þetta er sá rammi og sú umgjörð sem EES býr okkur.

Önnur breyting sem staðfestist í þessum viðbótarpakka er að nú verður okkur skylt að leyfa auglýsingar á lyfjum, þ.e. þeim sem ekki eru lyfseðilsskyld.

Þetta mál var nokkuð rætt þegar EES var til umfjöllunar og mátti þá stundum halda að menn tryðu því ekki að til þessa kæmi. En mér finnst það a.m.k. spor aftur á bak ef við ætlum að fá yfir okkur hvatningu um að nota alls konar lyf og helst sem mest af þeim. Hvernig á þetta við ef við erum að hugsa um hagsmuni neytenda? Á að fara að telja mönnum trú um það t.d. að einhverjar vængjaðar verkjatöflur leysi öll mál í takt við aðrar vængjavörur sem hér eru á markaði? Eða hvað er það eiginlega sem við erum að kalla yfir okkur með þessu? Ég trúi því ekki að það geti verið markmið eða vilji einhvers að auka lyfjaneyslu jafnvel þótt um sé að ræða lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld.

Hv. 1. þm. Norðurl. v., Páll Pétursson, hefur þegar gert að umtalsefni þær kröfur sem gerðar eru til búnaðar bifreiða og ég hef ekki miklu við það að bæta, en tek undir að þarna ræður einföld hugsun, þ.e. að reyna að nýta slíkar kröfur til að bæta stöðu evrópskra bíla umfram annarra. Ég vil líka árétta það vegna athugasemda sem mig minnir að hafi komið frá hæstv. viðskrh. um að hér væri um að ræða fáar bílategundir og jafnvel ekki nema eina sem væru útilokaðir frá markaði okkar, þá er það ekki rétt. Hér er um að ræða allnokkrar vinsælar tegundir sem fram til þessa hafa þótt fullboðlegar hér á Íslandi, m.a. af þekktum amerískum bílagerðum, og við höfum ekki fengið svör sem í rauninni taka af öll tvímæli um það hvernig verður með austur-evrópska bíla. Það er einfaldlega ekki vitað hvernig þeir munu standa sig í þessari kröfugerð sem nú er verið að setja yfir okkur.

Þó að það sé kannski orðið nokkuð gamalt mál langar mig að geta þess að góðkunningi okkar alþingismanna, vernd svæðislýsinga smárása í hálfleiðurum, er hér enn á dagskrá og mun verða í framtíðinni. Það mál er svo sannarlega ekki komið í höfn þrátt fyrir alla þá vinnu og þær tungumálaskýringar sem fram fóru í fyrravetur þar sem m.a. kom í ljós að menn höfðu ruglað saman grunnhugtökum án þess að nokkur fyndist í lengri tíma sem hafði áttað sig á því að það hefði verið gert. Það hefur komið í ljós að öll EES-vinnan er ekki fullnægjandi miðað við kröfur GATT og það þarf að taka málið upp á nýtt. Ég býst við að þingmenn hljóti að hafa blendnar tilfinningar til þess að fara að taka þetta mál upp eina ferðina enn.

Virðulegi forseti. Þessi pakki, þessar 400 gerðir með öllum sínum sérkennum og skringilegheitum, er vissulega ekki mergurinn málsins. Við höfum þegar tekið þá ákvörðun sem hafði úrslitaáhrif og það í bullandi ósátt bæði við þjóð og þann nauma minni hluta þingsins sem var fyrir því að málið yrði lagt fyrir þjóðaratkvæði. Ég ætla ekki að fara að taka upp efnislega umræðu um EES-stöðuna yfir höfuð, en mér finnst hins vegar mikið íhugunarefni að núna þegar jafnvel innan þjóða Evrópubandalagsins eru uppi verulegar efasemdir um þróun mála þá séum við að tryggja okkur stöðu í þessu feni sem við vitum ekki hvort er að sökkva eða festa okkur. Við vitum í rauninni afskaplega lítið um þessi mál.

Eins og gengur og gerist er í EES-pakkanum bæði um jákvæðar og neikvæðar gjörðir að ræða, en ég vil ítreka það enn og aftur því að mér finnst þess misskilnings gæta mjög að það er ekkert því til fyrirstöðu að við breytum því sem breyta þarf í íslenskum lögum og við þurfum ekkert EES til þess að gera það. Fyrst og fremst eigum við það við okkur sjálf hvaða lagabreytingar við gerum og að sjálfsögðu er það það sem gildir og ekkert annað.

Virðulegi forseti. Mér þótti það mjög athyglisvert þegar ég rak augun í það miðvikudaginn 13. apríl sl. að í Staksteinum Morgunblaðsins var farið að fjalla um efasemdir innan Evrópubandalagsins og þar vitnað í orð breska sagnfræðingsins og blaðamannsins Pauls Johnsons sem skrifar vikulega í „The Spectator". Hann er sérstaklega að gera þar að umræðuefni mál sem hefur verið okkur andstæðingum Evrópusamrunans mjög hugleikið, þ.e. hve lýðræðið stendur völtum fótum í Evrópu og þar tekur þessi sagnfræðingur og blaðamaður, Paul Johnson, í raun upp mörg af þeim rökum sem hér hafa margsinnis verið rædd í þingsölum. Mér þykir það bæði áhugavert og athyglisvert að Morgunblaðið og fulltrúar í löndum innan Evrópubandalagsins skuli vera með þessa umfjöllun og ég vona það að alla vega sá stjórnarflokkur sem hefur verið kenndur við Morgunblaðið lesi blaðið gaumgæfilega og dragi e.t.v. einhvern lærdóm af því lesefni sem þar er.

[14:30]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er öllum kunnugt að nú þegar þetta mál kemur hér til umræðu, þá hafa þeir atburðir gerst að Evrópska efnahagssvæðið er að ýmsu leyti komið á það sem kallað hefur verið síðasta snúning. Við vorum ýmsir sem spáðum því hér fyrir rúmu ári síðan að samningaviðræður Norðurlandanna þriggja og Austurríkis við Evrópusambandið mundu ganga fljótt fyrir sig og þess vegna væri nauðsynlegt þegar fyrir rúmu ári síðan að hefja undirbúning að því hvað tæki við af hálfu Íslands. Hér í þessum sal vildi hæstv. utanrrh. ekki taka mikið mark á þeim spádómum að samningaviðræðum Norðurlandanna þriggja og Austurríkis við Evrópusambandið mundi ljúka fljótt, heldur flutti hér lærðar lýsingar á því að kynni hans af Evrópusambandinu væru á þann veg að þetta mundi taka mjög langan tíma og Evrópska efnahagssvæðið mundi þess vegna vera við lýði mörg ár enn.

Þegar við fjöllum nú um þær viðbætur sem orðið hafa í reglusetningu á vegum Evrópusambandsins frá því að samningur um Evrópskt efnahagssvæði var undirritaður og þar til hann tekur gildi, þá er staða málsins í raun og veru sú að miklu nær væri að ræða hér á þinginu með hvaða hætti samningaviðræður Íslands við Evrópusambandið um að breyta samningnum um Evrópska efnahagssvæðið í tvíhliða samning eigi að fara fram. Ég hef þess vegna óskað eftir því í utanrmn. að í tengslum við þetta mál verði gerð grein fyrir því, bæði af hálfu hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. hvernig ríkisstjórnin hyggst halda á samningaviðræðum við Evrópusambandið um það hvað taki við þegar Evrópska efnahagssvæðið líður undir lok.

Í sjálfu sér er ekki margt um það að segja sem felst í bakgrunni þeirra texta sem hér er verið að fjalla um. Þeir eru mjög margbrotnir. Margir þeirra eiga ekkert við hér á Íslandi og munu aldrei hafa nein áhrif á atferli manna og starfsskilyrði hér á landi. Aðrir eru með þeim hætti að þeir koma eðlilega inn sem breyting á reglugerðum og hugsanlega lagasetningu og tengjast fjölmörgum sviðum í íslensku þjóðfélagi. Margir þeirra eru einnig á þann veg að þeir eru eðli málsins samkvæmt til bóta.

Hins vegar er einn hlutur í þessu máli, eins og hv. 7. þm. Reykn. vakti athygli á hér áðan, sem er nauðsynlegt að hæstv. utanrrh. geri sér skýra grein fyrir og kom utanríkismálanefndarmönnum satt að segja nokkuð á óvart þegar nefndin á undanförnum vikum fór yfir þær reglusetningar sem eru inntak þeirrar staðfestingar sem hér er verið að fjalla um. Þetta eru ákvæði sem greinilega mismuna vörum frá t.d. Ameríku, Japan og öðrum Asíuríkjum, annars vegar bifreiðum og hins vegar hinum fjölmörgu vörutegundum á sviði tækjabúnaðar sjúkrahúsa og tækjabúnaðar í heilbrigðismálum almennt. Nú er það þannig t.d. að á undanförnum árum hefur það komið í ljós að tæki frá Japan hafa reynst mun ódýrari í innkaupum fyrir íslenskar heilbrigðisstofnanir heldur en tæki frá Evrópu. Það var fullyrt af hæstv. utanrrh., ég man ekki hvað oft en skiptir mörgum tugum, að vegna þess að Ísland væri ekki að ganga inn í tollabandalag Evrópusambandsins, þá mundi aldrei tengjast EES-samningnum óhagkvæmni hvað snertir viðskipti Íslendinga við Bandaríkin og Asíu. Nú er það hins vegar nokkuð ljóst, hæstv. utanrrh., að á sviði bifreiða og á hinu fjölbreytta sviði og æ mikilvægara sem snertir tækjakost sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana er í efnisinnihaldi þess sem hér er fjallað um um slíka mismunun að ræða. Ég vil þess vegna ítreka þá spurningu til hæstv. utanrrh.: Hvernig hyggst hann bregðast við því? Eða ætlar hann að mæla með því að við förum að ganga þá götu að gera viðskipti Íslendinga við þessar tvær mikilvægu viðskiptaheildir, Asíu og Vesturheim, óhagkvæmari vegna hins Evrópska efnahagssvæðis? Ég óska eftir því að hæstv. ráðherra flytji skýr svör við þessu hér.

Það kom jafnframt fram í umfjöllun utanrmn. að ábyrgðaraðilum og stjórnendum á sviði heilbrigðismála er engan veginn ljóst hvernig á að lögtaka á Íslandi þá þætti þessa máls sem snerta tækjabúnað og annað á sviði sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana. Satt að segja var þessum forráðamönnum til efs að það yrði kleift á Íslandi að gera það. Þeirra skoðun var sú að líklegast væri skynsamlegt og jafnvel óhjákvæmilegt fyrir Íslendinga að reyna ekki að láta slíkt gilda hér á landi.

Virðulegi forseti. Tími minn er senn úti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég hef þegar beitt mér fyrir því í utanrmn. að í tengslum við þetta mál fari fram ítarleg umræða um viðræður Íslands við Evrópusambandið um framtíðarskipan þeirra mála því það sem við erum hér að fjalla um heyrir senn sögunni til. Tímabil sem olli hér miklum deilum en hefur orðið mun skammvinnara en talsmenn þess fullyrtu í þessum sal og ég vænti þess að bæði hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. veiti skýr svör við því. Sérstaklega er nauðsynlegt að þingið átti sig á því hvort það er samhljómur í afstöðu hæstv. utanrrh. og hæstv. forsrh. í þessu máli. Þess vegna hef ég óskað eftir því að forsrh. geri sérstaka grein fyrir sinni afstöðu og hæstv. utanrrh. geri einnig sérstaka grein fyrir sinni afstöðu.

Útbýting þingskjals:
Vegalög, 119. mál, brtt. samgn., þskj. 997.

[14:38]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar verið var að ræða um það hversu langan tíma þyrfti til þess að tala um þetta mál, þá var samið um ótakmarkaða umræðu. Það var fyrst rætt um að tvöfalda tímann, en niðurstaðan varð sú að það yrði ótakmörkuð umræða. Mér þykir mjög leitt ef hæstv. forseti sem nú er í forsetastól hefur ekki fengið þessi boð og ég fer þess vinsamlegast á leit við hann að hann geri hlé á fundinum og athugi þetta mál sem ég er að benda á.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir þingmannsins og mun að sjálfsögðu taka tillit til þess og gera viðeigandi ráðstafanir. (Gripið fram í.) Forseti vill biðja hv. þm. afsökunar á því að þau boð höfðu ekki komið til forseta um að það hefði verið samið um að umræðan væri ótímasett þannig að forseti mun að sjálfsögðu taka tillit til þess og gera ráðstafanir til þess að þeir hv. þm. sem hafa þegar talað fái það bætt.

[14:40]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að taka þessum ábendingum. Ég geri ráð fyrir því að þá verði þeim sem hér hafa verið stöðvaðir í málflutningi gefinn kostur á að halda sínu máli áfram í fyrri umræðu þannig að það sé ekki talið að þeir séu þar með búnir að tala í annað skiptið.

Það er eins með þetta mál sem komið er hér til umræðu og annað í sambandi við EES að það er mjög stórt mál og nægir að benda hér á bunkann á borðum þingmanna eins og við höfum raunar áður gert. Ég hef bent á það hér áður í umræðum að það er ekki enn séð fyrir endann á því sem þessi EES-samningur mun leiða yfir okkur í slíkum bókum sem hér eiga eftir að koma fram þar sem við verðum nánast að samþykkja tilbúnar reglugerðir, tilbúin lög og tilbúnar bókanir sem koma hér inn á borð. Þó að við höfum hér að nafninu til umsagnarrétt um þessi mál, þá er þetta mál sem búið er að ganga frá áður en það kemur hér inn og ekki miklu hægt að breyta.

Það má að vísu segja það að hvert ríki hafi neitunarvald um þessa þáttill. og um þær bókanir sem hér er verið að samþykkja, en í raun er það þó þannig að ríkin verða að koma sér saman um það áður en málið er lagt inn til þjóðþinganna.

Ég gagnrýni það mjög hvernig að þessum EES-samningi hefur verið staðið og hvernig áframhald mun verða á því. Það er verið að gagnrýna það að við skulum sífellt þurfa að taka við nýjum lögum og tilskipunum frá Evrópusambandinu sem munu síðan áfram knýja okkur til að breyta okkar lögum til samræmis við það en ekki vegna þess að við höfum sjálf skoðað okkar lög og tekið ákvörðun um að breyta þeim.

Það má einnig nefna það að hér er t.d. verið að tala um breytingar í sambandi við tryggingamál og hér hefur tvisvar sinnum verið inni á þingi, bæði á þessu og síðasta, frv. um breytingar í vátryggingarmálum. Það kemur síðar í ljós með þeirri þáltill. sem hér er verið að leggja fram að þau frumvörp eru gagnslaus. Þau eru orðin marklaust plagg áður en lokið hefur verið umræðu um þau, hvað þá heldur að búið sé að samþykkja þau þannig að enn verður að smíða það frv. upp á nýtt og leggja það fram með hliðsjón af því sem er í þessari þáltill. og verður þess vegna lagt fram nýtt frv. með öllum þeim breytingum sem nauðsynlegar eru til samræmis við þær tilskipanir sem hér eru auk síðan eldri reglna sem þegar hafa tekið gildi.

Við samþykktum samkeppnislög á síðasta þingi og mikil vinna var lögð í það í hv. efh.- og viðskn. að vinna vel þær samkeppnisreglur sem þar áttu að taka gildi. Þær voru samþykktar hér á hinu háa Alþingi af flestöllum þingmönnum og náðist um það víðtæk samstaða. Hins vegar kemur hér inn ný reglugerð þar sem stórfyrirtækjum er gefið meira svigrúm til samráðs heldur en samkeppnislögin eins og þau líta út gera ráð fyrir. Það þarf því að veita undanþágu frá samkeppnisreglunum þar sem þær ganga þá þvert á það sem hér er verið að leggja til. Þannig mun áfram verða með hin ýmsu lög, hinar ýmsu reglur sem við höfum verið að leggja vinnu í að færa í það horf sem við viljum hér á hinu háa Alþingi. Þannig mun það áfram verða svo að við verðum að taka á okkur breytingar frá Evrópusambandinu sem skapa okkur vinnu við það að breyta því sem nýbúið er að gera. Við höfum sem sagt ekki lengur neitt ákvörðunarvald um það í stórum málum, í mörgum málaflokkum höfum við ekkert ákvörðunarvald um það lengur hvað við eigum að ræða og samþykkja og hvað verður að lögum hér á hinu háa Alþingi. Því er nánast plantað yfir okkur hér án þess að við fáum rönd við reist.

Virðulegi forseti. Ein reglugerðin í þessum tilskipunum sem hér eru til umræðu fjallar um ökuleyfi. Sú reglugerð kveður á um það að þeir sem taka ökupróf á bíla sem eru beinskiptir fá útgefið ökuleyfisskírteini á beinskipta bíla. Þeir fá ekki ökuleyfi fyrir sjálfskiptum bílum. Og sama gildir á hinn veginn. Þeir sem taka próf á sjálfskipta bíla fá ekki heldur leyfi samkvæmt ökuskírteini til þess að aka beinskiptum bílum. Það er kannski rétt að spyrja hæstv. ráðherra að því hvort hann hefur kannað það hvernig með þessa reglugerð verði farið.

Svo er önnur reglugerð sem snertir nokkuð bændur þessa lands. Nú vitum við það að hér á Íslandi hefur það verið venja að búsmali gangi úti að sumrinu, m.a. mjólkurkýr. En samkvæmt því sem hér segir í einni tilskipun reglugerðar, þá má ekki lengur mjólka kýr í fjósi sínu þegar búið er að láta þær út að sumrinu. Til þess verður að vera sérstakt gerði eða sérstakt hús sem er í ákveðinni fjarlægð frá hinu eiginlega fjósi. Það væri nokkuð forvitnilegt að vita hvort það sé þá fyrirhugað að bændur þurfi að fara að koma sér upp sérstöku húsi til þess að mjólka kýrnar í yfir sumarið. Og hvað þá með allar vélar sem þeir eru búnir að koma sér upp í sínum fjósum? Er þá ætlast til að þeir þurfi að vélvæða þessi hús líka eða er hugsanlegt að breyta þessari reglugerð til samræmis við það sem við getum gert hér á Íslandi? Maður sér það raunar á bóndabæjum víða í öðrum löndum að kýrnar eru mjólkaðar í einhverju sérstöku gerði alllangt frá eða í ákveðinni fjarlægð frá skepnuhúsinu. Hingað til hefur hér á landi verið talið alveg óhætt vegna mengunar eða sýklahættu að kýrnar sem úti ganga geti einnig farið inn og það sé hægt að mjólka þær án þess að hætta sé á sýkingu. En það skilst mér að sé skýringin á þessari reglugerð að þarna sé hætta á sýkingu. Ef skepnurnar ganga úti þá sé ekki óhætt að mjólka þær í fjósi sem þær eru annars í að vetrinum.

Það eru ýmsar skrýtnar reglugerðir í þessu og hv. þm. Páll Pétursson tók hér fyrir nokkrar um daginn sem ganga kannski ekkert í ósvipaða átt og þetta. En það væri nokkuð mikið ef það ætti að fara að fara hér yfir allar reglugerðirnar sem eru í þessum sex bókum, 3.000 blaðsíðum sem við höfum fengið hér síðustu dagana. En af því mér heyrðist það koma hér í umræðum áðan hjá hv. 7. þm. Reykn. að hann efaðist ekki um það að hæstv. utanrrh. væri búinn að lesa allar þessar bækur spjaldanna á milli og hefði haft tækifæri til þess á sínum ferðalögum að gera það þá hlýtur hann að geta upplýst okkur hér um það hvernig honum líst á þessar tvær tilteknu reglugerðir sem ég var hér að nefna áðan.

[14:52]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Það hefur verið ljóst frá því að samningaviðræður um hið Evrópska efnahagssvæði hófust að markmiðið með þessum samningum væri að skapa efnahagssvæði þar sem sömu grundvallarreglur giltu um alla atvinnustarfsemi. Einungis með þeim hætti er hægt að tryggja að allar viðskiptahindranir falli niður og að um einn sameiginlegan markað sé að ræða. Aðgangur okkar að Evrópumarkaði og aðstaða okkar öll á þeim markaði byggist á þessum forsendum. Það þarf ekki að koma neinum á óvart að í vissum tilfellum geti reglur um framleiðslu ökutækja, dráttarvéla eða annars tækjabúnaðar hljómað smásmygilega eða að reglugerðir geti orðið allmiklar að vöxtum. Það hefur alla tíð legið fyrir. Menn geta leikið sér að því ef þeir vilja að taka einhverja verklýsingu að tæknilegri framleiðslu sem lúta á stöðluðum reglum og hafa af því nokkra skemmtan að fara yfir smásmygilegar lýsingar, fullar af nákvæmum smáatriðum.

En ef íslenskar vörur eiga að vera gjaldgengar á mörkuðum annarra Evrópuþjóða verðum við að uppfylla þessi skilyrði. Það er útlátalaust að taka yfir þær reglur, eins og fram hefur komið í þessum umræðum,

sem í samningnum felast um þá atvinnustarfsemi sem ekki fer fram hér á landi og satt að segja er það mest að vöxtum í þessum bókum sem mönnum vex nú mjög í augum að þurfa að berja augum. En fyrir þá starfsemi sem hér er stunduð og ætluð er til útflutings þá er okkur lífsnauðsyn að hún uppfylli þær reglur sem á markaðnum gilda því annars ættu afurðir okkar ekki rétt á þessum mörkuðum. Enda hefur það komið í ljós að jafnvel hörðustu andstæðingar EES hafa þrátt fyrir allt fagnað ýmsum umbótum og lögum og reglum, sem ekki hafði tekist að koma á fyrr en við framkvæmd ákvæða EES-samningsins. Og mun nú sannast hið fornkveðna að „hjörtum mannanna svipar nokkuð saman í Súdan og Grímsnesinu". Hið sama má segja um allar aðstæður atvinnulífs í Evrópu yfirleitt. Það hefur líka komið í ljós að breytingar þær sem þarf að gera á íslenskri löggjöf vegna þessarar viðbótar við EES-samninginn eru ekki miklar að vöxtum og flestar eru þær til bóta. Dæmin um nauðsynleg löggjafaratriði eru satt að segja tiltölulega fá, eins og t.d. lög um öryggi við framleiðslu vöru og breytingar á nýsettum lögum um verðbréfaviðskipti og reyndar fyrirsjáanlegar nauðsynlegar breytingar á innlendri löggjöf ef svo fer að GATT-samningurinn taki gildi fyrr en upphaflega hefur verið ráðgert.

Fyrstu úttekt á þeim gerðum sem búast mátti við að bættust við EES-samninginn var dreift á Alþingi, ekki í gær og ekki í fyrradag og ekki fyrir viku, heldur í nóvembermánuði sl. Það hefur verið farið ítarlega yfir efnissviðið í utanrmn., þar sem t.d. hv. þm. Páll Pétursson á sæti, og aðrar nefndir þingsins hafa komið að málinu þegar um lagabreytingar hefur verið að ræða. Mér sýnist af þeirri umræðu sem hér hefur farið fram að ekki séu gerðar veigamiklar athugasemdir við einstök efnisatriði eða innihald heldur hafi menn fremur staldrað við umfang textanna eða gefið í skyn mikinn kostnaðarauka sem rekja megi beint til samningsákvæðanna. Umfangið skýrist af því að í flestum tilfellum er ekki um að ræða almennan lagatexta heldur útfærslu og framkvæmd almennra ákvæða svipað og framkvæmdarvaldinu er almennt falið að gera hér á landi og ganga frá í reglugerðum Stjórnarráðsins í B-deild sem einatt er miklu meira að vöxtum og fyllra af smáatriðum, útfærsluatriðum, smásmygli, heldur en rúmast í löggjöfinni sjálfri. Dæmi um gagnrýni af þessu tagi má nefna að hv. 1. þm. Norðurl. v. hafði orð á öryggiskröfum til lækningartækja. Vissulega er verið að setja reglur til þess að herða eftirlit með öryggiskröfum til slíkra tækja og hliðsjón verður höfð af þeim reglum við framleiðslu og innkaup nýrra tækja. Reglurnar eru hins vegar ekki afturvirkar og þetta þýðir ekki að það eigi að þurfa að henda á haugana þeim tækjum sem nú eru í notkun. Því fer fjarri.

Virðulegur forseti. Ég skal nú víkja nokkrum orðum að einstökum gagnrýniatriðum sem hér hafa verið nefnd og svara þeim eftir því sem tilefni er til.

Þá vil ég fyrst víkja að málflutningi hv. 1. þm. Norðurl. v., Páls Péturssonar. Þingmaðurinn sagði það nýlundu hér á Alþingi að við verðum að samþykkja svona gerning og fá engu fram hnikað og hafði jafnvel uppi orð um að þetta sannaði hans málflutning um að löggjafarvaldið hefði verið tekið af Alþingi Íslendinga. Af þessu tilefni er mér spurn: Hversu oft hefur hv. þm. tekið þátt í því á löngum þingmannsferli sínum að staðfesta hér á hinu háa Alþingi milliríkjasamninga þar sem hann stendur í sömu sporum, að samþykkja eða synja um gildistöku milliríkjasamninga en þar sem hann á þess ekki kost eftir að samningum er lokið að gera einstakar breytingar? Ég hef aldrei heyrt því haldið fram að þótt Alþingi Íslendinga samþykki eða synji um slíka milliríkjasamninga eða staðfestingu þeirra þá hafi Alþingi þar með framselt löggjafarvald í hendur öðrum þjóðum. Þessu er nákvæmlega eins farið. Að sjálfsögðu heldur Alþingi löggjafarvaldi sínu, að sjálfsögðu hefur enginn tekið það af því, að sjálfsögðu hefur það ekki verið framselt. En þegar um er að ræða staðfestingu á milliríkjasamningum þá er ekki til önnur aðferð en sú að samþykkja eða synja en það er fyllilega á valdi Alþingis að ráða því hvor niðurstaðan verður. Mér er nær að halda að hv. þm. hafi sjálfur svo tugum skiptir staðið í þeim sporum gagnvart staðfestingu milliríkjasamninga og muni jafnvel gera það á ókomnum árum svo skiptir tugum.

Hv. þm. hélt því fram að hann hefði fyrst í gær fengið texta að hluta af þessum tilskipunum. Um þetta er það að segja að textar hafa verið aðgengilegir fyrir meðlimi utanrmn. og aðra þingmenn í marga mánuði. Þannig að þetta er sýnist mér ekki réttmætt umkvörtunarefni.

Hv. þm. hafði nokkrar áhyggjur af traktorunum sínum heima á Höllustöðum. Tilskipanir þær sem hér er verið að fjalla um hafa engin áhrif á traktorana á Höllustöðum. Ekki nokkur. Og ég bið hv. þm. fyrir alla muni að hafa ekki áhyggjur af þeim ekki af þessum sökum. (**PP:** Setur mér skorður um hvaða traktor ég kaupi næst.) Í raun og veru ekki heldur. Vegna þess að það er nú einu sinni svo, svo ég víki að málflutningi sem hér hefur verið hafður uppi um amerískar bifreiðar, ég tek eftir að hv. þm. Steingrími Hermannssyni hefur orðið það á að trúa hv. þm. Páli Péturssyni í því efni, en það er á algjörum misskilningi byggt. Þær tilskipanir sem hér er verið að samþykkja kveða á um þá staðla sem gilda um framleiðslu, smíði á bifreiðum. Atvinnuvegur sem hefur verið stundaður hér á landi og mundi vissulega koma í veg fyrir það að Íslendingur sem keypt hefði ameríska bifreið gæti selt hana á Evrópumarkaði annars staðar ef í þeim örfáu tilvikum sem það kann að vera hugsanlegt að amerísk bifreið mundi ekki fullnægja þessum stöðlum. Það kom fram í umræðunum að það mundi vera hugsanlega eitt eða tvö dæmi um slíkt en í yfirgnæfandi meiri hluta tilvika fullnægja ameríska bifreiðar þessum stöðlum, þannig að þetta hefur ekkert með það að gera að við getum ekki beint okkar viðskiptum hvert sem við viljum að því tilskyldu að þessum kröfum sé fullnægt. Og það mun gilda að öðru jöfnu um bæði bandarískar og japanskar bifreiðar svo ég nefni sem dæmi og ekki ástæða til að ætla annað heldur en að bifreiðaframleiðslan í heiminum muni taka upp þessa lágmarksstaðla. Þannig mun t.d. vera um tiltölulega nýja at-

vinnugrein í landi sem ég er nýkominn frá, Kóreu, að hún fullnægir þessum kröfum.

Sama máli gegnir um það að við höfum nú allt í einu uppgötvað að við höfum beygt okkur undir ytri viðskiptastefnu Evrópubandalagsins með þessum samningi og séum að taka upp ytri tollmúra eða að við séum búnir að binda okkur af því að geta ekki gert viðskiptasamninga við önnur ríki vegna þessa samnings. Allt eru þetta rangar fullyrðingar. Við erum ekki að taka upp ytri tolla Evrópusambandsins. Við erum ekki að taka upp sameiginlega viðskiptastefnu þess. Við erum ekki innan tollasvæðis Evrópusambandsins. Við erum frjálsir að því að gera viðskiptasamninga við hvaða aðra þriðju þjóð utan Evrópusambandsins sem okkur lystir. Við erum frjálsir að því að gera fríverslunarsamning við Bandaríkin eða Kanada nú eða gera samninga um aðild að NAFTA. Ekkert af þessu kemur í veg fyrir það.

Hv. 1. þm. Norðurl. v. sagði í ræðu sinni: „Þetta hundrað manna lögreglulið sem EFTA-ríkin hafa sett á stofn þarna út í Brussel til að passa sjálf sig og kostar 1 milljarð kr. á ári að reka ...“ o.s.frv. Ekki veit ég hvaðan hv. þm. koma þessar upplýsingar. En ef hann hefði kynnt sér málið áður en hann talaði þá hefði hann fengið það upplýst að Íslendingar borga á árinu 1994 22,4 millj. kr. til eftirlitsstofnunar og fastanefndar EFTA, hvort tveggja í senn, 22,2 millj. kr. Mig minnir að hv. þm. hafi stundum haft á orði að þær upplýsingar sem hann fengi frá utanrrh. væru ekki nákvæmar en þarna munar helst til miklu til þess að ásættanlegt sé.

Hv. þm. fullyrti að Íslendingar hefðu hvergi komið að undirbúningi þessara 500 tilskipana. Ísland hefur samið um undanþágu og aðlögun að flestum þessara 500 tilskipana eins og öðrum. Hv. þm. gerði að gamanmálum ákvæði reglugerðar sem á að tryggja að starfsmenn sem vinna erfiðisvinnu utan húss séu í skjóli fyrir veðrum eða varðir fyrir aðvífandi hlutum. Mér þykir það ekkert gamanmál, mér þykir það vera eðlilegur þáttur reglusetningar um öryggi á vinnustöðum að svo sé og tek eftir því að talsmönnum Alþýðusambandsins, sem hafa átt mjög jákvæðan hlut að mótun þessara reglna, þykir þetta ekki vera neitt gamanmál heldur hafa þeir nefnt þetta sem dæmi um reglur sem ganga lengra heldur en þær reglur sem gilda hér á landi um almennt öryggi og hollustuhætti á vinnustöðum og hafa þeir nefnt þetta sem sérstakt dæmi um kosti við samninginn.

Þá hefur upp komið verulegur misskilningur sem gætti bæði í ræðu hv. 1. þm. Norðurl. v. og reyndar einnig mjög margra annarra ræðumanna sem hér hafa talað um það að í þessum samningum felist það að við séum að koma á tæknilegum viðskiptahindrunum sem séu settar upp til þess að bæta samkeppnisstöðu fyrirtækja í Evrópubandalaginu gagnvart fyrirtækjum utan Evrópusambandsins og setja hér upp tæki til hagræðingar fyrir auðhringa í Evrópu. Allt er þetta á misskilningi byggt, sem betur fer. Tilgangurinn með reglugerð nr. 151/1993 er t.d. að auðvelda hagræðingu við framleiðslu, nýtingu niðurstaðna úr sameiginlegum rannsóknum og þróun og útbreiðslu tækniþekkingar. Þetta er, öfugt við það sem haldið hefur verið fram, fyrst og fremst neytendasjónarmið þar sem að baki búa að samráð af þessu tagi þykir líklegt til að lækka vöruverð og styrkja vöruþróun. Sá varnagli er sleginn í reglugerðinni að markaðshlutdeild þeirra fyrirtækja sem standa að samstarfssamningum um dreifingu megi ekki fara yfir 10%. Og þegar um aðra samstarfssamninga er að ræða má hlutdeildin ekki fara yfir 20% af markaði. Það er því einmitt verið að tryggja að fyrirtæki sem eru minni, svokölluð lítil og meðalstór fyrirtæki, geti með slíku samstarfi staðið sig betur í samkeppni við risafyrirtæki sem samkvæmt því sem áður segir mega ekki gera slíka samninga. Að auki eru í reglugerðinni taldir upp ýmsir samningsskilmálar sem bannað er að hafa í slíkum samstarfssamningum til að koma í veg fyrir að þeir verði misnotaðir. Þannig að vissulega er þetta ákvæði, þveröfugt við það sem fullyrt hefur verið, til þess að styðja við bakið á litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Það er ekki til þess að efla markaðshlutdeild auðhringa með ráðandi markaðsstöðu heldur þvert á móti.

Sama máli gegnir um lækningartæki, sem hv. 1. þm. Norðurl. v. og fleiri hafa vikið að, og sagt á þá leið með nokkuð óljósu orðalagi, ég vitna í ræðu hv. þm., nú er ég ekki með upplýsingar um hvort það þarf ný tæki fyrir 1 milljarð eða 2 milljarða eða einhvers staðar þar á milli en endurnýjun þeirra hefur í för með sér verulegan kostnað. Þetta er á misskilningi byggt. Það er engin skuldbinding um endurnýjun eldri tækja vegna þessara reglna. Reglurnar gilda ekki afturvirkt. Þær gilda um þau tæki sem verða sett á markað eftir gildistöku tilskipunarinnar. Nú gilda í raun og veru engar reglur um lágmarksöryggisstaðla varðandi slíkan tækjabúnað. Hér er því um að ræða raunverulega réttarbót og aukið öryggi varðandi tækjabúnað við heilsugæslu sem er sjálfsagt að koma á og er öryggisatriði almennt bæði fyrir heilbrigðisstéttir og fyrir sjúklinga. Að því er varðar að líta á þetta sem viðskiptahindrun þá er það ekki svo vegna þess að það er vitað að tækjabúnaður, hvort heldur er japanskur eða bandarískur á þessu sviði, tekur evrópskum búnaði að öðru jöfnu yfirleitt fram.

Hv. þm. hafa fullyrt hver á eftir öðrum að með þessum reglugerðum verði amerískir bílar útilokaðir af markaðnum. Ég hef þegar svarað því að það er á misskilningi byggt.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson vék m.a. nokkuð að hinni sameiginlegu yfirlýsingu Íslands og Evrópusambandsins um launþega í byggingariðnaði. Evrópusambandið bauð Íslandi gagnkvæman fyrirvara til þriggja ára í þessu efni. Það hefði haft í för með sér að íslenskir byggingarmenn hefðu ekki notið aðgangs að markaði Evrópuríkja. Í ljósi þess að EES-samningurinn hafði verið gerður, en í honum er byggt á frjálsri för launþega sem meginreglu, var það mat utanrrn. að sérstaða Íslands í þessu máli væri ekki slík að möguleiki væri á undanþágu nema með því að fórna hagsmunum íslenskra launþega sem hug hefðu á að afla sér vinnu erlendis. Þess vegna var ákveðið í framhaldinu

að leita sameiginlegrar yfirlýsingar með Evrópusambandinu um skyldu þess til að kynna iðnaðarmönnum frá Evrópusambandsríkjum sérstöðu reglna hér á landi ásamt því að undirbúningur var hafinn að kynningu á þessum reglum við móttöku iðnaðarmanna sem koma kynnu hingað til lands. Þessi ráðstöfun var gerð í samráði við Alþýðusamband Íslands en fulltrúar þess fylgdust náið með framvindu samninga um þetta atriði alla tíð. Endanleg ábyrgð hlýtur hins vegar að sjálfsögðu alltaf að hvíla á utanrrh.

Ef miðað er við þann fjölda iðnaðarmanna sem starfa sem launþegar í aðildarríkjum Evrópusambandsins og koma frá öðrum aðildarríkjum má gera ráð fyrir því með framreikningi að hingað komi tveir eða þrír iðnaðarmenn í þessu skyni. Í þessu máli sem og öðrum gildir að sjálfsögðu öryggisfyrirvarinn í 112. gr. samningsins sem heimilar einhliða takmörkun af Íslands hálfu ef röskun verður á vinnumarkaði.

Þá gerði hv. 4. þm. Austurl. nokkrar athugasemdir við afstöðu Alþýðusambands Íslands til EES-samningsins. Af því tilefni vil ég aðeins segja þetta: Alþýðusambandið gerði á sínum tíma athugasemdir við meðferð íslenskra stjórnvalda á einni tiltekinni tilskipun Evrópusambandsins í samningaviðræðunum um þennan svokallaða viðbótarpakka. Utanrrh. og félmrh. áttu afar gagnlegan fund með forseta Alþýðusambandsins og sérfræðingum hans um þetta efni. Þar var fjallað ítarlega um samskipti aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda varðandi Evrópumál og afstaða beggja aðila skýrð. Það er ekkert sem bendir til þess að Alþýðusambandið hyggist draga til baka stuðning sinn við EES-samninginn eða hætta þátttöku í samráði um Evrópumál, þvert á móti tekur Alþýðusambandið fullan þátt í samstarfi á sviði Evrópumála nú sem fyrr.

Hv. 4. þm. Austurl. vék einnig að nýrri tilskipun 93/96 um staðfesturétt stúdenta í stað eldri tilskipunar um sama efni. Um þetta er það að segja að þessi nýja tilskipun kemur í stað þeirrar fyrri þar sem sú var ógilt af dómstóli Evrópusambandsins þar sem hún var ekki talin byggja á fullnægjandi lagaheimild. Það er hins vegar ekki rétt að í þessu felist að við þurfum að taka skilyrðislaust við dómsúrlausnum dómstóls Evrópusambandsins. Í þessu felst einungis að engin tilskipun um þetta atriði var í gildi innan Evrópusambandsins eftir dóm dómstólsins og því var nauðsynlegt fyrir Evrópusambandið að setja nýja tilskipun um sama efni sem fullnægði lagastoð. Óbreytt ástand hefði þýtt að íslenskir stúdentar hefðu ekki átt rétt til staðfestu í aðildarríkjum Evrópusambandsins, enda er réttur þeirra samkvæmt fyrri tilskipun einskis virði þar sem hann er byggður á gerð sem ekki gildir innan Evrópusambandsins. Þetta er með öðrum orðum aðgerð sem er í þágu íslenskra námsmanna sem dvelja við nám í þessum löndum. Alveg eins og við förum fram á að réttarkerfi okkar sé virt í EES-samningnum þá hljótum við einnig að virða réttarkerfi þeirra. En í þessu felst alls engin skuldbinding um það að lúta dómsvaldi Evrópusambandsdómstólsins.

Virðulegi forseti. Þetta eru þau meginatriði sem fram hafa komið í umræðunni sem ástæða var til að leiðrétta. Að lokum vil ég árétta eftirfarandi: Það er yfirleitt sammæli allra þeirra sem kynnt hafa sér málið að í óefni væri komið í málum okkar Íslendinga á þeim mörkuðum sem tekur við fjórum fimmtu hlutum af vöruútflutningi okkar ef við hefðum ekki borið gæfu til að ná niðurstöðu um EES-samninginn. Án þess samnings væri þrýstingur af hálfu viðskiptaaðila og atvinnulífs á Íslandi um það að stíga skrefið til fulls, að ganga nauðugir viljugir nánast inn í Evrópusambandið, nánast óbærilegur. Með þessum samningi höfum við tryggt okkur því sem næst tollfrjálsan markaðsaðgang fyrir sjávarafurðir okkar. Við höfum tryggt íslenskum sjávarútvegi samkeppnisskilyrði. Við höfum skapað forsendur fyrir því að hefja meiri úrvinnslu í matvælaiðnaði á Íslandi og að ná betri markaðsstöðu, ekki bara á uppboðsmörkuðum hafnarborganna heldur einnig á neytendamarkaði, á þeim mörkuðum sem, hvort sem okkur líkar betur eða verr, taka við fjórum fimmtu hlutum af okkar vöruútflutningi. Þetta skiptir að sjálfsögðu sköpum. Nú geta menn lengi velt því fyrir sér hvort þetta sé nóg og spurt t.d. í ljósi þess að Norðmenn hafa lokið aðildarviðræðum, fengið niðurstöður í samninga sína um fulla aðild: Hvaða áhrif hefur það á samkeppnisstöðu Íslendinga? Það er alveg ljóst að Norðmenn hafa með þeim samningum sem væntanlega taka gildi að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu um áramótin næstu, tryggt sér enn betri markaðsaðstöðu í samkeppni við Íslendinga heldur en við njótum. Þeir munu hafa t.d. fullan tollfrjálsan markaðsaðgang frá fyrsta degi, jafnvel þótt þeir hafi samið um tollfrjálsan kvóta, magnkvóta, að því er varðar átta tegundir til fjögurra ára. Það er hins vegar svo lítilfjörlegt mál í samanburði við heildarþýðingu samningsniðurstöðunnar að það skiptir ekki sköpum. Við hljótum að játa að samningsstaða þeirra verður í veigamiklum atriðum verri. Sama er að segja að við höfum af því nokkrar áhyggjur þegar Ísland verður viðskila við hinar samstarfsþjóðir sínar í EFTA þá er nokkur óvissa ríkjandi um það hvernig t.d. síldarmörkuðum okkar, þar sem við nutum fríverslunar með fiskafurðir, reiðir af þegar þessir markaðir okkar eru komnir inn fyrir tollmúra Evrópusambandsins. Það kallar á sérstaka samninga. Við höfum vakið athygli samstarfsþjóða okkar á þessu vandamáli og öðrum vandamálum því tengdum þar sem við höfum haft hagstæðari samninga við Norðurlönd eða EFTA-ríkin heldur en við Evrópubandalagið og látið í ljós þær kröfur að eins verði með þau mál farið og t.d. þegar Danir eða Portúgalar yfirgáfu EFTA á sínum tíma og gerðir voru við þá sérstakir samningar til þess að þeir biðu ekki skaða af þeim vistaskiptum.

Hinar stærri spurningar eru náttúrlega þær sem nú eru óhjákvæmilega á dagskrá, hvert framhaldið verði. Eins og kunnugt er náðist um það samstaða á Alþingi Íslendinga í framhaldi af samþykkt EES-samningsins að leita eftir tvíhliða viðræðum við Evrópusambandið um framhaldið. Þar skiptir mestu máli eftirfarandi:

EES-samningurinn er þjóðréttarsamningur sem gerður er af hálfu lýðveldisins Íslands við Evrópusambandið. Vistaskipti fyrrverandi EFTA-þjóða sem færa

sig handan yfir borðið og eru orðnir aðilar að stærra Evrópusambandi breyta því ekki að EES-samningurinn heldur gildi sínu. Hann er þjóðréttarleg skuldbinding sem Evrópusambandið hafði tekið á sig, hin nýju aðildarríki verða að taka á sig allar fyrri þjóðréttarskuldbindingar Evrópusambandsins. Þannig að samningurinn, inntak hans, skuldbindingar og réttindi standa og það er undirstöðuatriði. Íslendingar mega ekki gera neitt sem raskar því og það væri glapræði hið mesta að óska eftir formlegum samningaviðræðum um það að spretta upp þessum samningi. Hvers vegna væri það svo slæmt? Það væri varhugavert vegna þess að nýr þjóðréttarsamningur mundi kalla á staðfestingu, nýtt staðfestingarferli í hvorki meira né minna en 16 þjóðþingum, við þær pólitísku aðstæður þegar áhuginn á EES-svæðinu er því sem næst horfinn og pólitískur vilji á þessum þjóðþingum vafasamur fyrir því að fara í slíkt samningaferli við það eina ríki sem eftir er innan EES-svæðisins, utan EB. Með öðrum orðum, það sem við þurfum að gera er að taka upp viðræður við Evrópusambandið og fá það staðfest sem við höfum fengið staðfest í formlegum viðræðum við tvo af utanríkisráðherrum framkvæmdastjórnarinnar, þá fyrrverandi, Frans Andriessen, og núverandi, Hans van den Broek, um það að samningurinn haldi gildi sínu og að Íslendingar haldi þeim réttindum sem samningurinn færir þeim og að þeir standi við þær skuldbindingar sem þeir hafa tekið á sig. Það er þess vegna með hliðsjón af þeim viðræðum sem fram undan eru afar mikilvægt að Alþingi Íslendinga ljúki nú staðfestingu þessa viðbótarpakka og sanni þar með að ekkert sé upp á okkur að klaga að því er varðar það að við höfum tekið á okkur þær skuldbindingar og staðið við það til fullnustu, með formlegum hætti. Ef við ekki gerðum það mundi það veikja samningsstöðu okkar í þeim viðræðum sem fram undan eru og það með öllu að óþörfu.

Hitt atriðið sem við þurfum að ræða við Evrópusambandið er síðan það hvernig við getum komið okkur niður á praktíska og einfalda lausn til þess að fullnægja ákvæðum samningsins um eftirlit með framkvæmd hans og lausn deilumála. Það er alveg ljóst að eftirlitsstofnunin og dómstóll EFTA verða lagðir niður, ef ekki strax um áramót þá væntanlega með ekki lengri aðdraganda en hálfu ári. Við þurfum að ná samningum um praktíska lausn um það hvernig þessu eftirliti verður háttað og hvernig lausn deilumála verði háttað án þess að það feli í sér framsal á framkvæmdar- eða dómsvaldi. Það var grundvallaratriðið í samningunum um EES að halda þannig á að til þess kæmi ekki og það tókst. EFTA-dómstóllinn var hins vegar, og eftirlitsstofnunin, fjölþjóðleg stofnun og þess ekki að vænta að auðvelt sé að ná samningum um það að eitt ríki, einn samningsaðili, í þessu tilviki Ísland, hafi heimild til þess að taka að sér eftirlit með sjálfum sér eða lausn deilumála sem upp kunna að rísa varðandi íslensk fyrirtæki. Þetta verður vafalaust vandasamt verk og mun taka nokkurn tíma. Ég á ekki von á því að Evrópusambandið verði tilbúið til alvörusamningaviðræðna um þetta fyrr en fyrir liggur hver verður niðurstaða þjóðaratkvæðagreiðslna umsóknarríkjanna í EFTA. En nú liggur fyrir að þær þjóðaratkvæðagreiðslur fara fram á tímabilinu frá því í júlí að því er varðar Austurríki og til loka nóvember að því er varðar Noreg. Tíminn sem eftir lifir til áramóta verður þá naumur en sjálfsagt er að búa í haginn fyrir þær samningaviðræður með því að taka upp viðræður með formlegum eða óformlegum hætti um það hvað gera þarf og rétt að upplýsa að óformlegar viðræður hafa farið fram um þetta mál og um tæknilegt inntak þess að frumkvæði fastafulltrúa Íslands hjá Evrópubandalaginu.

Að því er varðar spurningar sem fram komu í ræðu hv. 7. þm. Reykn. um aðra kosti í þessu máli þá vék hann sérstaklega annars vegar að hugsanlegri aðild Íslands að NAFTA-samningunum og því næst að því hverjar væru horfur á því að styrkja viðskiptasambönd okkar í öðrum heimshlutum t.d. í Austurlöndum fjær.

Að því er varðar spurninguna um tvíhliða samning við Bandaríkin og Kanada eða aðild að NAFTA-samningnum þá er það rétt að slíkir samningar, ef þeir tækjust, mundu styrkja stöðu Íslands í hinu alþjóðlega viðskiptakerfi ef við gætum boðið tollfrjálsan markaðsaðgang bæði í austri og vestri, bæði í Evrópu og eins Norður-Ameríku. Einkum og sér í lagi mundi þetta skipta miklu máli þegar við leitum eftir atfylgi væntanlegra fjárfesta, erlendra fjárfesta, til þess að styrkja undirstöður og auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi.

Þetta mál hefur lengi verið undirbúið. Embættismenn innan margra ráðuneyta skiluðu áfangaskýrslu á miðju sl. sumri og nú hefur verið lögð fram á hinu háa Alþingi lokaniðurstaða skýrslu þeirra þar sem gerð er úttekt á fríverslunarsamningunum og hugsanlegri aðild að NAFTA út frá íslenskum hagsmunum. Þær samningsniðurstöður leiða í ljós að vissulega mundi þetta styrkja stöðu okkar en það breytir ekki því ef við lítum á utanríkisverslunarmynstur Íslendinga og breytingar á því á seinustu árum þá hefur það gerst bæði fyrir þróun gengis, gjaldmiðla og eins verðbreytinga á alþjóðlegum mörkuðum að íslenskur fiskiðnaður og reyndar íslenskur útflutningur hefur í vaxandi mæli beinst að Evrópu. Okkur hefur mistekist á undanförnum tveimur áratugum að auka fjölbreytni í íslensku atvinnulífi. Við erum orðnir háðari fiskútflutningnum að því er varðar okkar gjaldeyrisöflun heldur en við vorum fyrir nokkrum árum síðan og í vaxandi mæli beinist hann að Evrópu. Á sama tíma hafa viðskipti okkar við Bandaríkin dregist saman frá því sem þau voru að hámarki fyrir allmörgum árum, úr 35% niður í 10–12%. Þannig að við skulum vera raunsæ í því mati okkar að út frá bandarískum viðskiptahagsmunum er ekki eftir miklu að slægjast að gera fríverslunarsamninga við Ísland enda engin fordæmi fyrir því að Bandaríkin hafi gert slíka samninga við ríki utan Ameríku utan Ísrael og þjóðir sem eru nánast mjög háðar bandarískum stjórnvöldum sem nokkur dæmi eru um í Karíbahafinu.

Það eru því varla á þessari stundu veigamikil rök fyrir því að samningar af þessu tagi við Bandaríkin geti orðið valkostur við EES-samninginn. En ég legg áherslu á það að við höfum skoðað þennan kost af

raunsæi. Það hefur farið fram ítarleg undirbúningskönnun. Við munum eindregið óska eftir slíkum samningum. Það er ekki sjálfgefið að Bandaríkjamenn verði við þeim óskum. Heyrst hafa þær raddir af þeirra hálfu að nær væri af því að um svo lítið mál er að ræða frá þeirra bæjardyrum séð að gera þá heldur tvíhliða samning sem mundi eitthvað styrkja markaðsaðstöðu okkar til viðbótar við þann ávinning sem við fengum með GATT-samningunum, fremur heldur en að leggja á sig tæknilega vinnu í 2–3 ár við gerð fríverslunarsamnings af því tagi sem gerður var við Kanada, til þess séu hagsmunir þeirra með öðrum orðum of litlir. Þó er þetta ekki útilokað mál en það mun eingöngu byggjast á pólitísku mati á framtíð varnarsamnings Íslands og Bandaríkjanna. Það væri út af fyrir sig athyglisvert að heyra sjónarmið manna á hinu háa Alþingi til þessa máls, hvort menn telja að við getum byggt á því til frambúðar að eiga slíka viðskiptasamninga sem byggjast kannski fremur á pólitísku mati eða á framtíðarhorfum varnarsamstarfs heldur en raunverulegum viðskiptahagsmunum íslenskra viðskiptaaðila.

Að því er varðar möguleika á eflingu viðskipta við aðra heimshluta, þó einkum hin fjarlægari Austurlönd, þá vil ég að gefnu tilefni segja um það örfá orð.

Viðskipti okkar við Japan hafa á undanförnum árum þróast nokkuð hratt. Á tímabili kom stöðnun og afturkippur í þau viðskipti en þau fara aftur vaxandi. Á þessu ári gerum við okkur vonir um að þau muni jafnvel ná að verðgildi um 10% af okkar heildarútflutningsverðmæti á vörusviðinu.

Viðskipti við Kína eru lítil en möguleikar þar eru umtalsverðir. Sama er að segja um viðskipti við Kóreu, þau eru lítil, fara vaxandi, nokkur forvitnileg dæmi um ágætan árangur í markaðssetningu en þar er þó við að etja erfiðustu markaðshindranirnar, þ.e. tollar eru hæstir og ýmsar aðrar tæknilegar viðskiptahindranir erfiðar viðfangs.

Nú er það svo að þetta eru þær þjóðir sem eru í örustum vexti og alveg fyrirsjáanlegt að hagvaxtarríki Kyrrahafsþjóða og Asíuþjóða eru hinar upprennandi þjóðir í heimsviðskiptum. Þar er hagvöxtur mestur, þar er hlutdeild í utanríkisverslun vaxandi hvað örust og þangað leita í stríðum straumum fjölþjóðafyrirtæki, alþjóðleg fyrirtæki, stórfyrirtæki, eftir girnilegum fjárfestingartækifærum. Ástæðurnar eru fyrst og fremst þær að þar er verið að sækjast eftir ódýru vinnuafli og arði við þátttöku fjármagnsins við uppbyggingu á svokölluðum „infrastrúktúr" eða samgöngu- og fjarskiptakerfum þessara þjóða.

Það er athyglisvert að allar þjóðir og forustumenn allra þjóða bæði í stjórnmálum og viðskiptum hafa verið í stríðum straumum í heimsóknum á þessar fjarlægu slóðir. Íslendingar eru á seinni skipunum í því en meginmarkmiðin með nýlegri ferð minni til þessara landa voru eftirfarandi:

Í fyrsta lagi að koma á formlegum samböndum og kanna ný tækifæri til þess að greiða þarna fyrir viðskiptum. Það var gert bæði með viðtölum við pólitíska forráðamenn en einnig við viðskiptaaðila, sérstaklega þó í Japan. Ferðin var undirbúin með því að leita til allra íslenskra fyrirtækja sem hafa átt í viðskiptum, útflutningi og innflutningi á þessum slóðum, fá mat þeirra á því hvernig tekist hefði til, fá mat þeirra á möguleikum um þróun nýrra viðskipta og fá upp óskir þeirra um hvað unnt væri að gera af hálfu stjórnvalda til þess að greiða fyrir þessum viðskiptum. Niðurstaðan varð sú að við lögðum drög að því að stofna í Kína, í Beijing, til íslensks sendiráðs sem við munum byggja upp í áföngum. Þegar hefur náðst samkomulag við sænsk stjórnvöld um að fyrst um sinn til reynslu muni íslenskur stjórnarerindreki, sem mun fyrst og fremst starfa á viðskiptasviðinu, ásamt með einum aðstoðarmanni starfa innan vébanda sænska sendiráðsins. Þetta verður ekki sænskt sendiráð heldur íslenskt sendiráð starfandi innan vébanda sænska sendiráðsins og það verður vísir að formlegri stofnsetningu sendiráðs í Kína sem hefði þá ábyrgð líka á viðskiptahagsmunum okkar í nærliggjandi löndum, eins og í Kóreu og Japan og væntanlega Singapore, Malasíu og Indónesíu.

Í annan stað var gerður samningur í Kína um verndun fjárfestinga, samningurinn undirritaður og verður lagður fyrir Alþingi til staðfestingar.

Í þriðja lagi voru lögð drög að samningum um að forðast tvísköttun. En báðir þessir samningar munu styrkja nokkuð viðskiptalega umgjörð fyrir íslensk samstarfsfyrirtæki sem kynnu að verða stofnuð í framtíðinni í þessum heimshluta.

Loks voru lögð fram af okkar hálfu drög að samningum um aukin samskipti á sviði menningarmála, vísinda og aukin gagnkvæm skipti á námsmönnum. Vegna þess að þáttur í því að byggja upp aðstöðu á þessum mörkuðum er að sjálfsögðu í því fólginn að íslenskir námsmenn nemi í þessum löndum, læri tungumál Kínverja, Japana og Kóreumanna en ekki bara til að stunda það af bókmenntalegri nautn, sem er að sjálfsögðu æskilegt, heldur einnig til að nema þetta mál sem praktískt mál í viðskiptum og öðrum samskiptum.

Loks var sérstaklega gengið eftir því, einkum við Japani og Kóreumenn, að þeir gæfu kost á því að gera loftferðasamninga og lendingarsamninga við flugfélag Íslendinga, Flugleiðir. Vegna þess að ein helsta viðskiptahindrunin fyrir frekari uppbyggingu viðskipta, ekki síst að því er varðar sjávarafurðir á þessum slóðum, er skortur á tíðum, reglubundnum og öruggum vöruflutningum. Okkur er ljóst að aðgengi að flugvöllum Tókíó er takmarkað þannig að við létum uppi óskir um það að fá slíkan samning engu að síður þótt hann yrði kannski tengdur einhverri annarri borg.

Þetta mál hefur lengi verið í undirbúningi. Japanir eru nokkuð tregir til að gera slíka samninga nema það fylgi fyrir að viðskiptin séu mikil að vöxtum og örugg. Engu að síður teljum við sæmilegar horfur á því að þetta erindi fái málefnalega og jákvæða skoðun enda verði þrýst á það bæði af íslenskum stjórnvöldum og viðskiptaaðilum þótt ég geri mér fulla grein fyrir því að það muni taka lengri tíma en ég kysi kannski sjálfur.

Að því er varðar einstök verkefni þá virtist niðurstaðan af viðræðum við aðila vera sú að við ættum að

einbeita okkur að útflutningi á hágæða sjávarafurðum sem sæktu hátt verð bæði á Japans- og Kóreumarkaði. Í annan stað ættum við að reyna að koma á samstarfsfyrirtækjum við Kínverja í sjávarútvegi sem sinntu fyrst og fremst fullvinnslu og markaðssetningu á fiskafurðum og gæti vaxið upp í það að vera bæði inn- og útflytjandi á fiskafurðum á þessum fjölmenna og vaxandi markaði.

Þriðja sviðið væri fyrst og fremst á sviði orkuiðnaðar og þar hafa verið lögð drög að samstarfi íslenskra aðila við héraðsstjórn í Kína um uppbyggingu á hitaveitu á þeim slóðum.

Fjórða sviðið gæti hugsanlega lotið að einstökum verkefnum varðandi mannvirkjagerð eða byggingar.

Allt er þetta hins vegar á byggingarstigi og árangurinn mun mjög ráðast af því hvernig gengur að tryggja fjármögnun slíkra framkvæmda en Kínverjar eru í þeirri stöðu að fjármagnið streymir að úr öllum áttum, frá Hong Kong, frá Tævan, frá Japan, frá Suður-Kóreu, frá Singapore, frá Bandaríkjunum, frá Evrópusambandinu. Þannig að þeir eiga margra kosta völ og gera yfirleitt strangar kröfur um það að hinir erlendu aðilar leggi fjármagnið á borð með sér og tryggi það á góðum kjörum. Í því efni hljótum við Íslendingar eins og við höfum reyndar þegar gert í einu eða tveimur tilvikum að leita mjög til sameiginlegra fjárfestingarlánasjóða Norðurlanda, þ.e. til Norræna fjárfestingarsjóðsins og Norræna útflutningsábyrgðarsjóðsins.

Ég tek undir það sem sagt hefur verið að EES-samningurinn, svo nauðsynlegur sem hann er, og lífsnauðsynlegur til að tryggja hagsmuni okkar á því markaðssvæði sem er okkur mikilvægast, útilokar að sjálfsögðu ekki að við höfum augun opin og leitum eftir að nýta þau tækifæri sem bjóðast á öðrum markaðssvæðum. Þess vegna er verið í alvöru að skoða fríverslunarsamninga við Bandaríkin/Kanada og þess vegna er verið að gera ráðstafanir til þess að styrkja stöðu okkar á mörkuðunum í Austurlöndum fjær.

Forseti (Kristín Einarsdóttir):

Forseti vill taka fram að kl. hálffimm er ætlunin að fari fram utandagskrárumræða um verkfall meinatækna að beiðni hv. 18. þm. Reykv. Mun hún beina máli sínu til hv. heilbr.- og trmrh. Umræðan fer fram eftir 1. mgr. 50. gr. þingskapa og mun taka hálftíma.

[15:36]

Steingrímur Hermannsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. utanrrh. taldi að þingmenn væru með smámunahætti hér og skemmtan nokkra held ég að hann hafi orðað það. Ég vil bara fullvissa hann um það að svo er ekki með mig. Ég tel þetta vera ákaflega mikið alvörumál og reyndar baðst ég afsökunar á því að hafa ekki kynnt mér þetta stóra mál eins og ég hefði gjarnan viljað vegna umfangs þess. Ég heyrði það að hæstv. utanrrh. taldi að það sem við værum að samþykkja hér væri raunar ekkert öðruvísi en farið er með venjulega milliríkjasamninga að þeir eru annaðhvort samþykktir eða felldir. Það er rétt eins langt og það nær en ég man ekki eftir einum einasta milliríkjasamningi sem er þannig úr garði gerður að hinn aðilinn getur síðan sent okkur alls konar viðbætur við þann samning og ef við samþykkjum þær ekki þá fellur grunnsamningurinn út gildi. Þetta er stóri munurinn sem er á þessu tvennu. Við erum að taka hér við alls konar ákvæðum sem við höfum ekki nokkra möguleika á að breyta nema fella þá grunnsamninginn úr gildi eða standa ekki við ákvæði hans.

Mig langar til að nota tækifærið og spyrja hæstv. utanrrh. að því hvort hann viti hvenær hæstv. forsrh. fer til Brussel og hvort hann muni fara með. Ég vil lýsa ánægju minni með heimsókn hans til Kína. Ég fór þangað 1986. Þá fór með mér fjölmenn sendinefnd frá Verslunarráðinu og við töldum okkur leggja grunn að miklum viðskiptum við Kína. Því miður kom ekki nálægt því eins mikið út úr því og ég hafði vonast til. En ég vona svo sannarlega að svo verði a.m.k. nú.

[15:38]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vissulega er það rétt hjá hv. 7. þm. Reykn. að þessi samningur er óvenjulegur í samanburði við aðra milliríkjasamninga vegna þess hversu mikill hann er að vöxtum. Og vegna þess að hér er verið að yfirtaka í raun og veru hluta af löggjöf Evrópusambandsins á samkeppnissviðinu til þess að tryggja okkur samræmdar samkeppnisreglur og samræmda staðla varðandi útflutningsafurðir á þessum markaði. Það gerist með þeim hætti að samningum var lokið. Því næst hafa verið gefnar út reglugerðir til viðbótar sem við sömdum í upphafi um að við myndum taka yfir til að tryggja markmið samningsins um einsleitni markaðarins.

Ég fellst fúslega á það að samningurinn er að þessu leyti óvenjulegur vegna umfang hans og stærðar. En eftir stendur að Alþingi Íslendinga er að því leyti í sömu sporum, það hefur samþykkt EES-samninginn sem þjóðréttarsamning og það er að því leyti í sömu sporum og við samþykkt eða synjun annarra milliríkjasamninga. Í því felst ekki afsal á löggjafarvaldi vegna þess að Alþingi hefur þetta vald að hafna.

Að því er varðar spurningu hv. þm. um fyrirhugaða för hæstv. forsrh. til Brussel þá er það því miður svo að ég get ekki svarað spurningu hv. þm. frekar. För hæstv. forsrh. hefur verið boðuð, hvort hún hefur verið frekar undirbúin á þessari stundu er mér ekki fullkunnugt um og það hafa engin samtöl farið fram um það hvort við færum þangað saman.

[15:40]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var athugasemd hæstv. utanrrh. um það að almennt hefðu þingmenn ekki haft athugasemdir við efnisinnihald þessara viðbótagjörða allra saman sem rak mig í andsvar. En þetta er að sjálfsögðu ekki rétt og ég er ekki alveg sátt við að hæstv. ráðherra dragi þá ályktun, alla vega ekki af minni ræðu. Vissulega er þarna um að ræða bæði jákvæða og neikvæða þætti en ég held að hæstv. ráðherra hafi nú

svarað því í sinni ræðu að það er ýmislegt sem hann þurfti að taka þar fyrir og gerði sem gagnrýnt hefur verið. Ég vil enn og aftur árétta það að samkvæmt þeim upplýsingum sem gefnar voru í utanrmn. þá er ekki um að ræða að hér sé verið að loka á örfáar tegundir ameríska bifreiða heldur þvert á móti er verið að loka á með þeim hætti sem þar kemur fram nánar á allmargar tegundir bandarískra bifreiða og eins og ég sagði í ræðu minni og hæstv. utanrrh. hlýtur að vita, þá er allsendis óljóst hvernig Austur-Evrópubúum mun ganga að uppfylla þær kröfur sem gerðar verða á Evrópsku efnahagssvæði.

Ég gerði líka athugasemd við það og ítreka að verið er að draga úr kröfum varðandi aukefni og aðskotaefni í vörum með þessu og þar með að gera okkur verr stödd en áður varðandi neytendavernd. Og fleira mætti tína til hér en svo sem vænta mátti þá varð hæstv. ráðherra tíðrætt um að það væri allt afskaplega gott í Evrópu og gott að versla við þá. Ég er bara einfaldlega ekki sammála því í öllum atriðum.

[15:42]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að því er varðar spurninguna um viðskiptahindranir gagnvart innflutningi á bifreiðum frá Bandaríkjunum þá endurtek ég einungis eða vísa til þess sem ég hef áður sagt. Í þessum tilskipunum felst ekki slík viðskiptahindrun í reynd. Og ef hv. þm. trúir mér ekki og vitnar til upplýsinga í hv. utanrmn., þá bið ég hv. þm. að kynna sér ræðu formanns utanrmn. sem sjálfur hafði um það orð í ræðu sinni við fyrri umræður og nefndi til sögunnar eitt tilvik eða svo.

[15:43]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að það sé engin ástæða til að fara að etja fólki saman sem á aðild að utanrmn. en ég ítreka það að ekki verður maður fróðari en þær upplýsingar sem gefnar eru og þær voru allskilmerkilegar. Við fulltrúar í utanrmn. lögðum nokkuð nákvæmar spurningar fyrir þá sem komu á fund nefndarinnar. Ég geri ráð fyrir því að það sé fyrst og fremst vegna þess að það var ein tegund sérstaklega nafngreind að þess vegna hafi mönnum orðið tíðrætt um þá bílategund. En ég trúi ekki öðru en að staðreyndir þessa máls muni stýra því. Ég geri þá ráð fyrir því að þetta muni fást á hreint fyrir okkur sem erum í utanrmn. og við getum þá komið til þessarar umræðu. Ég er ekki að vefengja orð eins frekar en annars heldur er ég að gefa upplýsingar um það hvað okkur er sagt. Og eins og ég ítreka, maður verður ekki vitrari en þær upplýsingar sem fyrir liggja geta gert mann.

Varðandi það að almennt, svo ég haldi nú áfram aðeins í andsvari, að efnisatriði séu öll í góðu lagi þá má vera að ég hafi ekki heyrt þegar hæstv. ráðherra svaraði því en ég held að hann geti ekki haldið því fram að hér hafi menn komið og sagt að almennt væru þessar 400 gjörðir í góðu lagi. Og ég bið hann þá velvirðinar ef ég hef ekki heyrt að hann hafi dregið það til baka en hann sagði það í ræðu sinni að mestmegnis væru menn sammála því. Ég vil bara leiðrétta það og vona að hæstv. ráðherra hafi meðtekið það og viðurkennt.

[15:45]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég get upplýst það strax að hæstv. forsrh. fór til útlanda í morgun. Nú er mér ekki kunnugt hvort hann var á leið til Brussel en vera má að hann sé farinn til Brussel. (**Utanrrh.:** Hann fór til Ítalíu.) Og ekki með viðkomu í Brussel? Þá er Brusselferð hæstv. forsrh. enn þá á huldu eða hvenær hann fer. Ég var að vona að hann hefði undið sér í að fara til Brussel.

Hæstv. utanrrh. flutti hér ræðu áðan sem mig langar til að gera athugasemdir við. Hún var að hluta til svar við ræðu sem ég flutti fyrir nokkrum dögum um þetta efni. Þá var hæstv. utanrrh. því miður ekki viðlátinn heldur var starfandi utanrrh., Sighvatur Björgvinsson iðnrh. og viðskrh., málshefjandi og ábyrgðarmaður þessa máls. Hæstv. utanrrh. sagði í ræðu sinni áðan að í nóvember í fyrra hefðum við fengið upplýsingar um þessar tilskipanir sem við erum hér að fjalla um. Þetta er að nokkru leyti rétt hjá hæstv. utanrrh. en við vorum ekki búin að fá textana og þaðan af síður íslenskan texta ef ég man rétt. Það er fyrst í morgun sem bornar eru á borð okkar þessi litla bók hérna, bók nr. 6 af tilskipunum og hún er hvorki meira né minna en 594 bls. Þessi bók kom ekki fyrr en í morgun og í henni er — mér hefur ekki unnist tími til að lesa hana. Hæstv. utanrrh., hæstv. umhvrh. — af hverju segi ég alltaf utanrrh. um hæstv. umhvrh.? (**Gripið fram í:** Sú kemur tíð.) Ég er að vísu búinn að greina frá því að ég tel að þetta sé fyrirboði þess að hann taki fljótlega við þessu eftirsótta utanríkiráðherrastarfi og mikilvæga. En hæstv. umhvrh. vakti athygli mína á því að meðal þess sem talað er um hér í bók 6, úrgang í gulu skránni, sem hefur forgang þegar endurskoðunarhópur OECD endurmetur hana. Þar er m.a. fljótandi svínaskítur, saur. Nú held ég að fljótandi svínaskítur sé ekki verulegt vandamál á Íslandi enn þá. Að sjálfsögðu er mengun í landbúnaði eða mengun sem getur stafað frá landbúnaði vandamál en það er ekki stórkostlegt vandamál hér. Við þurfum auðvitað að hafa á okkur allan vara og ganga siðsamlega um. En að yfirtaka reglur þéttbýlla landbúnaðarlanda suður í álfu þar sem ríkir allt annað loftslag og allt aðrar aðstæður kann að vera okkur að minnsta kosti til óþurftar og kostnaðar og í sumum tilfellum óþarfar. Það fylgja nefnilega þessum tilskipunum mörgum þeirra, veruleg óþægindi og kostnaður. Sumar geta verið töluvert alvarlegar.

Hér í umræðunni sagði hv. 6. þm. Vestf. frá tilskipun varðandi mjólkurkýr. Ég hafði nú ekki komið auga á þessa tilskipun og mér hefur ekki unnist tími til að skoða það mál en það getur vel haft veruleg áhrif í íslenskum landbúnaði að undirgangast svona tilskipun. Ef við t.d. viljum flytja út ost sem við stundum höfum getað gert með góðum árangri þá þá er ekki formlega rétt staðið að ostagerðinni ef kýrnar væru mjólkaðar að sumri til í fjósi og nú reiði ég mig á annarra orð. Svona morar í atriðum sem maður er stöðugt að finna sem eru mikið umhugsunarefni. Það getur vel

verið að það sé töluvert vit í því suður í Evrópu að setja reglur eins og þessa með mjólkina, þ.e. að gripina megi ekki mjólka inni í fjósi að sumrinu. En það er ekkert vit í því miðað við íslenskar aðstæður. Við búum við ákaflega stranga mjólkurreglugerð sem hefur verið notuð öðrum þræði til framleiðslutakmörkunar í mjólkurframleiðslu. Það er að segja af því að við framleiddum óþarflega mikla mjólk fyrir innanlandsmarkað þá var hert á mjólkurreglugerðinni þannig að menn yrðu að farga kúm sem ekki stóðust hinar allra stífustu heilbrigðiskröfur og það er alltaf verið að herða á þessari reglugerð. En varðandi smithættu í fjósum þá hygg ég að það sé hættulegra við íslenskar aðstæður að vera að mjólka í útiskýlum eða gerðum heldur en í forsvaranlegum fjósum.

Þessum gerðum má, eins og ég tók fram um daginn, skipta í nokkra hluta eða flokka. Ýmislegt af þessu eru sjálfsagðir hlutir. Eins og það að karlar og konur megi ekki nota sama klósettið í einu, þ.e. kynin fari sitt og hvað á klósettið, a.m.k ef þau fari saman þá sé það með beggja vilja. En þetta eru sjálfsagðir hlutir og margt fleira í þessum gerðum eru sjálfsagðir hlutir sem við þurfum ekkert að taka nærri okkur að fara eftir. Síðan er í þessu allra handa smásmygli sem kannski skaðar okkur ekki en er okkur til óþæginda eða leiðinda. En rauði þráðurinn í þessu tilskipanaverki er náttúrlega að koma upp tæknilegum viðskiptahindrunum. Að vernda framleiðslu Evrópusambandsins gagnvart samkeppni utan í frá. Þetta apparat gengur út á það að vernda sjálft sig, þ.e. Evrópu gagnvart viðskiptum utan að frá. Það er búið að nefna hér mörg dæmi í þessari umræðu og ég ætla ekkert að fara að endurtaka það sem ég sagði um daginn eða það sem aðrir sögðu um daginn um þess háttar hluti. En það morar allt í þessu. Síðan er margt af þessu svoleiðis upp sett að menn geta herjað á aðila utan bandalags en ekki innan.

Það kemur upp í hugann, þó það sé kannski ofurlítið óskylt mál og þó ekki, vinna sem framkvæmd var í morgun í hv. iðnn. Þar vorum við að fjalla um frv. um undirboðstolla, þ.e. frv. sem fjmrh. hæstv. flutti fyrir nokkru síðan þar sem verið er að smíða vopn handa hæstv. fjmrh. til að verjast undirboðum utan í frá. Við fórum að velta þessu fyrir okkur með skipasmíðarnar og það kemur í ljós að þetta vopn, sem þarna var smíðað og ef fjmrh. vildi beita því, bítur t.d. á Pólverja. En það bítur ekki á Norðmenn vegna þess að þeir eru aðilar með okkur að Evrópsku efnahagssvæði og þeir geta hagað sér bara eins og þeim sýnist og hafa hagað sér eins og þeim sýnist í þessu efni. Við getum sem sagt náð okkur niðri á Pólverjum ef okkur sýnist svo eða fjmrh. sýnist svo. En við getum ekki notað þetta vopn á Norðmennina. Við yrðum þá að leita annarra vopna, þeir eru stikkfrí. Svona mætti lengi telja.

Varðandi lækningartækin sem hæstv. utanrrh. gerði hér að umtalsefni þá segir beinlínis í þeim tilskipunum sem við höfum verið að skoða, skýrum stöfum, að ekki sé heimilt að setja á markað lækningartæki sem ekki uppfylla þessa staðla. Ekki heimilt að setja þau á markað. Ég lít svo á að það sé ekki heimilt að setja þau á markað á Evrópsku efnahagssvæði ef þau ekki uppfylla þessa staðla. Og þar með er verið að útiloka okkur frá því að kaupa ný tæki frá Japan eða Bandaríkjunum. Auðvitað þarf að endurnýja tæki á spítölum en það er verið að binda okkur við að kaupa tæki sem framleidd eru í Þýskalandi eða annars staðar á Evrópsku efnahagssvæði.

Hæstv. utanrrh. gerði það að máli í ræðu sinni að við hefðum tvo möguleika við þessar tilskipanir: Að samþykkja þær eða synja þeim. Mér finnst freistandi að láta á það reyna að synja nú einhverju af þessu. Mér finnst það dálítið freistandi. Það er kannski seint í rassinn gripið af því að við höfum ekki gert fyrirvara og hæstv. utanrrh. hefur þá ekki verið vakandi yfir því að gera fyrirvara sem við átti. En ég spyr: Hvað gerist ef við synjuðum nú að taka þennan pakka? Ef við synjuðum að taka í okkar regluverk eða taka upp regluverkið sem Brussel hefur framleitt á tímabilinu 1. ágúst 1991 til 31. des. 1993, þessar 500 tilskipanir, ef við létum eftir okkur að prófa? Ég er ekki viss um að við slyppum neitt billega út úr því.

Hæstv. utanrrh. var að líkja þessu við aðra fjölþjóðlega samninga eða þjóðréttarsamninga sem við Íslendingar höfum verið að gera og ég hef tekið þátt í að samþykkja samninga sem hafa verið fullgerðir, það er alveg rétt munað hjá hæstv. utanrrh. En þessi samningur er ekki líkur neinum öðrum sem við höfum verið að fjalla um á undanförnum árum. Það ber öllum saman um að þessi samningur er miklu, miklu víðtækari en nokkur einstakur samningur sem við höfum gert á undanförnum árum.

Hæstv. utanrrh. vill meina að þær tæknilegu viðskiptahindranir sem settar eru á bíla eigi einungis við um bílasmíði. Hann talar um að Íslendingar geti ekki tekið neinn þátt í henni. Það vill nú svo til að það er fyrirtæki á Íslandi sem breytir bílum, m.a. ameríska bílum, sem endurbætir bíla þannig að þeir verða öflugri fjallajeppar. Það vill nú svo til að forgöngumaður um þá bílasmíði heitir Benedikt Eyjólfsson og er sonur hv. 4. þm. Reykv. Það er ekkert vitlausari atvinnugrein en hver önnur. Samkvæmt þeim upplýsingum sem við fengum í utanrmn. þá eru einungis þrjár týpur af Ford sem standast Evrópustaðalinn, einungis þrjár týpur. Allt er þetta náttúrlega gert til þess að reyna að gera það óaðlaðandi fyrir okkur að kaupa bíla annars staðar en af Evrópubandalaginu.

Hæstv. utanrrh. var að draga í efa það sem ég hafði sagt um það sem ég kallaði lögreglu suður í Brussel og kom með fullyrðingar sem stönguðust á við það sem ég sagði í ræðu minni um daginn. Það vill svo til að ég hef hér í höndum fyrirlestur eða greinargerð sem Björn Friðfinnsson, fyrrverandi ráðuneytisstjóri, og einn af yfirmönnum Samkeppnisstofnunarinnar ESA lét mér í té og þetta er eftir hann, þetta erindi. Ég ætla að leyfa mér að lesa úr þessu örlítinn kafla, með leyfi forseta, og nú tek ég til við að lesa texta Björns Friðfinnssonar:

„Starfsmenn ESA eru nú um 90 talsins og verða væntanlega rúmlega 100 þegar starfsemin er komin í fullan gang. Af þeim starfsmönnum sem þegar hafa

verið ráðnir eru 11 Íslendingar en starfsmenn EFTA og ESA hér í Brussel eru samtals 20 talsins. Hefur því íslenska nýlendan í Brussel stækkað hlutfallslega mikið að undanförnu. Kostnaður við rekstur stofnunarinnar á ársgrundvelli verður væntanlega samkvæmt fjárhagsáætlun 1994 rúmlega 21 millj. svissneskra franka eða 1.033 millj. íslenskra kr."

Þetta eru þær upplýsingar sem ég lagði til grundvallar í ræðu minni um daginn. Með fullri virðingu fyrir því sem hæstv. utanrrh. kann að halda fram þá trúi ég nú yfirmanni ESA, Birni Friðfinnssyni, betur í þessu efni. Ég sagði aldrei að Íslendingar greiddu þessar 1.033 millj. einir, sem það kostar að hafa þetta lögreglulið. Og þetta lögreglulið er bara til þess að passa það að við EFTA-þjóðirnar förum eftir tilskipununum, fullgildum þær og förum eftir. Þetta er ekki neitt sem við getum notað á hinn aðilann þ.e. Evrópusambandið til að gæta réttar okkar við þá. Þessu er beitt á okkur sjálf. Björn Friðfinnsson segir í þessu sama erindi:

„Á þessu ári greiða Íslendingar til rekstrar EFTA, ESA og dómstóls EFTA samtals 542 þús. svissneska franka eða um 26,6 millj. íslenskra króna."

Auðvitað tökum við á okkur verulegar skyldur með því að vera aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, það er enginn vafi á því. En innganga í Evrópusameininguna, sem ég spái að verði á næsta kosningaprógrammi hæstv. utanrrh., leggur náttúrlega á okkur miklu meiri skyldur og miklu meira fullveldisafsal en nokkurn tímann aðild að EES. Mig langar til, frú forseti, að vitna til skyldna sem þær EFTA-þjóðir vinir okkar eru að taka á sig með inngöngu í Evrópubandalagið. Ég hef hér í höndum frá Evrópuþinginu rapport um umhverfismál þar sem verið er að fara yfir það hverju EFTA-ríkin sem eru að sækja um aðild verði að breyta hjá sér. Þ.e. hvaða reglur séu of strangar í umhverfismálum hjá viðkomandi EFTA-ríkjum. Og þau verða að gera svo vel og slaka til og það er eitt af því sem þau verða að borga fyrir að gerast aðilar að þessu samstarfi eða sameiningu. Austurríkismenn verða að leyfa meiri og þyngri vöruflutninga í gegnum Austurríki. Þeir verða að breyta reglum eða aflétta reglum um verslun með hættuleg efni og merkingu hættulegra efna. Þeir verða að slaka á kröfum sínum um ósoneyðandi efni, hættuleg úrgangsefni og blý í bensíni. Við skulum sjá hvað Svíar þurfa að gera. Þeir þurfa að slaka á reglum sem Svíar hafa um útblástur úr bifreiðum, þeir verða að slaka á reglum um verslun með hættuleg efni, slaka á reglum um ósoneyðandi efni og um skordýraeitur. Þ.e. þeir verða að leyfa meiri eiturnotkun en þeir gera í dag. Þetta er svipað hjá Norðmönnum, þeir hafa svipaða staðla og Svíar. Ég veit að það veldur umhverfissinnum á Norðurlöndum og þeim sem láta sig umhverfismál varða verulegum áhyggjum hvað Norðurlöndin eða umsóknarlöndin Noregur, Svíþjóð og Finnland verða að slaka geysimikið á sínum kröfum og þá kannski sérstaklega varðandi ósoneyðandi efni þar sem þau hafa verið í nokkurri forustu. Þetta sama á við bæði um Svía, Norðmenn og Finna.

Nú vitum við ekki nákvæmlega hvaða tilskipanir eru í farvatninu frá Brussel-fabrikkunni. Við eigum að vísu að fá um það upplýsingar á meðan þær eru á mótunarstigi eða í pípunum eins og þeir kalla það. En okkar aðstaða til að hafa áhrif á þær er nú ekki mikil og reyndar eins og ég hef oft tekið fram og allir vita eru áhrif þingmanna afskaplega lítil í þessu apparati þarna suður frá.

Ég hef hér í höndum upptalningu og heiti á nokkrum þessara gerða, þ.e. það sem komið var út úr fabrikkunni 9. mars 1994, frá áramótum. Þetta eru sjálfsagt eitthvað í kringum hundrað tilskipanir, ég hef reyndar ekki lagt það á mig að telja þær. Ég hef heyrt sagt að í þessu séu tilskipanir bæði hvað varðar leyfilegan hámarksvinnutíma og eins vinnu ungmenna. Ég veit ekki hvað rétt er í þessu og veit ekki hvernig tilskipanirnar hljóma. Ég hef hér fyrir framan mig nafn á „Proposal for Council Directive Concerning the Protection of Young People at Work". Síðan fylgir til mikillar upplýsingar, þótt ég nái ekki samhenginu alveg: COM 91 543 final (OJ NO C 48,04.04 92) as amendend become 93 35 (OJ NO C 77,18.3 93). Ég veit sem sagt ekki nákvæmlega hvað stendur í þessari reglugerð, en ég hygg ef hér hefur verið rétt hermt að það sé framandi fyrir Íslendinga og ekki í samræmi við það vinnulag sem við Íslendingar höfum tíðkað eða þann vinnutíma sem á Íslandi hefur viðgengist og ég tel að megi alveg viðgangast áfram.

Hæstv. utanrrh. var að gorta dálítið af því hvernig hann hefði staðið að þessum samningi, þ.e. inngöngu okkar á Evrópskt efnahagssvæði og hann tók sér það í munn að það hefði tekist að halda í landinu framkvæmdarvaldi og dómsvaldi sem hefði verið lögð mikil áhersla á. Ég er honum ekki sammála um þetta og get reyndar sannað að það var ekki gert, ekki fullkomlega. Hluta af bæði framkvæmdarvaldi og dómsvaldi var afsalað en hann nefndi ekki löggjafarvald og það var smekklegt hjá honum vegna þess hvernig verkum er háttað á Alþingi í dag.

Það væri freistandi að fara út í þá umræðu sem hæstv. utanrrh. bauð upp á varðandi viðskipti okkar og viðskiptasambönd annars staðar í heiminum. Raunar hefði mig fýst mjög að fá umræðu um þá skýrslu sem hæstv. utanrrh. lagði fram einhvern tíma á útmánuðum um viðskiptamál Íslendinga og ekki hefur verið rædd í þinginu en það verður sennilega ekki tími til þess í vor. En ég vil aðeins segja þetta varðandi NAFTA: Ég held að við eigum að reyna að koma á tvíhliða fríverslunarsamningi við Bandaríkin. Ég held að það sé einfaldara og alveg eins hagstætt og að standa í samningastússi um aðild að NAFTA. Okkar meginviðskiptasvæði á NAFTA-svæðinu er Bandaríkin. Ég tel hins vegar að það þurfi ekki að kaupa það með hersetu eða með, eins og hæstv. utanrrh. orðaði það minnir mig, með samvinnu í varnarmálum. Ég tel að þetta sé sjálfstætt mál og við eigum ekki að taka það upp á þeim grundvelli að við séum að leigja okkur undir herstöð. Við eigum ekki að tengja þessa hagsmuni saman. Við eigum að láta viðskiptahagsmuni ráða, láta á það reyna hvort Bandaríkjamenn vilja gera við okkur fríverslunarsamning og meta það hvort við gætum ekki haft af honum umtalsverða hagsmuni.

Það væri líka freistandi að ræða í framhaldi af því sem hæstv. utanrrh. sagði hina frækilegu för hans til Austurlanda fjær sem staðið hefur alllengi. Við fengum lauslegar fréttir frá för hans og þjóðin fylgdist í ofvæni með hvað þessi góði sonur hennar var að gera þar eystra. Meira að segja fengum við nákvæmar fréttir af meltingu hæstv. utanrrh. En það sem mér fannst óvæntast og kannski mestu tíðindi úr förinni voru fréttir um það að hann hefði stofnað sendiráð í, ég man ekki hvernig hann segir það, Pi Ching, sem við þessir heimaalningar hér á þinginu höfum venjulega kallað bara Peking en mér skilst að hæstv. utanrrh. kalli þetta Pi Ching. Þetta sendiráð kom okkur mjög á óvart vegna þess að hæstv. utanrrh. var búinn að upplýsa það í utanrmn., ég held daginn áður en hann fór, að það stæði ekki til að setja þarna upp sendiráð í bili heldur var hann að kanna möguleika á því að koma sendifulltrúa inn í sendiráð einhverrar Norðurlandaþjóðar og þá helst Svía í þessari nefndu borg. Um það urðu dálitlar umræður í utanrmn.

Ég spurði hæstv. forsrh. tíðinda af þessum ákvörðunum ríkisstjórnarinnar í kjölfar þeirra frétta sem komu af ferð hæstv. utanrrh. Niðurstaðan varð sú að mér fannst að hæstv. forsrh. vissi nákvæmlega jafnlítið um þetta og ég en hann hélt því þó fram að þessi sendimaður ætti að hafa sendiherrastatus í Peking sem mér fannst mjög ótrúlegt og það var ekkert í samræmi við það sem hæstv. utanrrh. hafði upplýst í utanrmn. En hér kallar hæstv. utanrrh. þetta sendiráð innan sendiráðsins, þ.e. íslenskt sendiráð í maganum á sænska sendiráðinu í Pi Ching. Ég sé ekki hvernig það getur farið vel á þessu og hvernig þetta íslenska sendiráð á að þrífast þarna. Það má vera að þetta sé tæknilega leysanlegt og kannski er þetta hagkvæmt. Þarna er e.t.v. fundin framtíðarstefnan fyrir íslensku utanríkisþjónustuna að reyna bara að vera í einhverri húsmennsku hjá annarra þjóða sendiráðum. Ég er ekki að mæla með þeirri leið, frú forseti.

Ég fer að láta máli mínu lokið. Mér finnst að hendur okkar hér á Alþingi séu bundnar. Við getum ekki annað en látið það yfir okkur ganga að taka þessar tilskipanir upp. Við gætum verið fullsæmd af því og lifað hér góðu lífi þó að við gerðum það ekki, en afleiðing af þeim gerningi sem illu heilli var gerður í fyrra er sú að ég hygg að við komumst ekki hjá því að hlýða þeim í hinni raunverulegu höfuðborg okkar, Brussel, og því sem þaðan kemur.

[16:19]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örfá atriði. Í fyrsta lagi þakka ég fyrir það að fram kom hjá hv. þm. að meðlimir utanrmn. fengu, að vísu ekki í íslenskri þýðingu, gerðirnar þegar í nóvember sl. og greinargerð um þær. Í annan stað vil ég árétta að gerðir um bílasmíði á Íslandi útiloka ekki innflutning frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins og að lækningartæki þeirra gerðir sem til þess taka eru öryggisatriði fyrir sjúklinga og heilbrigðisstéttir. Þær þjóðir sem hafa strangastar kröfur varðandi þennan búnað eru einmitt Japanir og Bandaríkjamenn sem þykja fremri Evrópuþjóðum og ég er fullviss um að þetta útiloki ekki innflutning á slíkum tækjum.

Að því er varðar hinn fjárhagslega kostnað okkar þá staðfesti hv. þm. að það var rétt sem ég sagði. Kostnaðurinn er rúmar 20 millj. En af fyrri ræðu hans mátti ætla að kostnaðurinn sem við greiddum væri 1 milljarður og það er gott að það mál er leiðrétt.

Að því er varðar sendiráð í Beijing er því til að svara að á sínum tíma var sú tillaga flutt af Norðmönnum á fundi utanríkisráðherra Norðurlanda að Norðurlöndin efndu til sameiginlegrar sendiráðaþjónustu. Einkum og sér í lagi átti það að byrja að því er varðaði hin nýfrjálsu ríki Mið- og Austur-Evrópu. Sú tillaga var sett í embættismannanefnd sem enn hefur ekki skilað áliti. En þetta yrði fyrsta framkvæmdin á því samstarfi sem ég tel til fyrirmyndar. Við höfum óskað eftir því, Svíar hafa fallist á það og það er íslenskt sendiráð. Sá sendiráðsstarfsmaður sem þar mun starfa verður væntanlega íslenskur sendiherra. Hann mun heita „minister" þar meðan hann starfar innan vébanda sænska sendiráðsins, en þetta er ekki frambúðarlausn. Þetta er til reynslu meðan við erum að koma undir okkur fótunum og fyrsta skrefið í þá átt að stofna sendiráð sem hefði hins vegar viðskiptalega fyrirgreiðslu og viðskiptalega þjónustu sem meginmál.

[16:21]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er góðra gjalda vert að fá nöfnin á greinargerðunum í nóvember í fyrra og jafnvel frásögn af því hvað í þeim felst. En það eina sem við getum tekið fullkomlega mark á er þegar við fáum þær í hendur og að a.m.k. finnst mér það miklu hentugra að þær hafi verið þýddar á íslensku. Þá fyrst er ég sannfærður um að það sé boðlegt fyrir Alþing að vinna með þær enda er það þjóðtunga okkar og móðurmál, flestra a.m.k.

Það útilokar ekki að Íslendingar geti keypt bíla annars staðar framleidda heldur en í Evrópu. En þetta er allt saman gert til þess að gera það ókræsilegra. Það er gert til þess að reyna að gera það svolítið dýrara, reyna að gera það óaðgengilegra og ókræsilegra.

Varðandi lækningartækin, þá vitum við það sjálfsagt báðir, hæstv. utanrrh. og ég, að það er þróuð smíði lækningartækja í Bandaríkjunum og líka í Japan. En þetta stangast á við þær upplýsingar sem okkur voru gefnar í utanrmn. þar sem því var haldið alveg stíft fram að lækningartæki sem framleidd væru í þessum löndum uppfylltu ekki nákvæmlega staðla Evrópubandalagsins. Reyndar var tekið fram að verulegur — *ég held að ég muni þetta nokkuð orðrétt, hluti af* þeim lækningartækjum, sem væru á íslenskum spítölum og kostuðu 2,7 milljarða, uppfyllti þennan „standard".

Ég hef aldrei haldið því fram að Íslendingar borguðu kostnaðinn einir af ESA. Það hefur mér aldrei dottið í hug. Íslendingar borga eitthvað tæp 2% af þessum kostnaði og það veit ég mætavel, enda væri hæstv. utanrrh. vitlausari en hann hefði leyfi til að vera

ef hann hefði samið yfir okkur að við bærum einir kostnaðinn af ESA sem er 1.033 millj.

[16:24]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt athugasemd. Það er grundvallarmisskilningur sem hv. þm. tönnlast á að stöðlun á reglum um smíði bifreiða og tæknibúnaðar hafi það að markmiði að setja upp viðskiptahindranir. Það er alveg þvert á móti. Með því að kveða á um samræmdar reglur um lágmarkskröfur til slíks búnaðar er verið að samræma reglur sem nú eru með mismunandi hætti í hinum einstöku löndum. Það er verið að segja við samkeppnisaðila utan svæðisins: Ef þið fullnægið þessum lágmarkskröfum þá hafið þið greiðan markaðsaðgang að svæðinu. Það stendur fyrir dyrum að afnema innflutningskvóta að því er varðar innflutning á bifreiðum, svo að ég taki nú það dæmi, og þegar þessar reglur eru að fullu komnar í kring þá er verið að auðvelda innflutning, greiða fyrir samkeppni og stuðla að lækkuðu verði til neytenda. Það er því algerlega þveröfugt við það sem hv. þm. fullyrti.

[16:25]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Stöðlun á reglum og samræmdar reglur. Það liggur náttúrlega alveg í því sem hæstv. utanrrh. sagði að með því að samræma reglurnar og staðla, ef þeir vilja gera svo vel og samræma sig og sníða sig eftir Evrópustöðlunum, þá eiga þeir greiðan aðgang. Það hafa Japanir t.d. gert. Japanskir bílaframleiðendur höfðu vaðið fyrir neðan sig og fóru að smíða eftir evrópskum stöðlum. Bandaríkjamenn töldu sig ekki þurfa að gera það.

Nú þarf enginn að segja mér það að bandarískir bílar séu óöruggari til að ferðast í eða lakari en evrópskir bílar eða japanskir. Þetta er auðvitað ekkert annað heldur en viðskiptahindranir. Það er ekki verið að hugsa um öryggi farþega eða ökumanna eða vegfarenda. Það er verið að hugsa um að að laga til fyrir framleiðendur evrópskra bíla.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Evrópska efnahagssvæðið, 538. mál, þskj. 994.

Fjáröflun til vegagerðar, 545. mál, þskj. 992.

Tollalög og vörugjald, 507. mál, þskj. 991.

Útflutningur hrossa, 608. mál, frv. landbn., þskj. 999.

Umræður utan dagskrár.

Verkfall meinatækna.

[16:30]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í rúmar tvær vikur hafa meinatæknar á öllum helstu sjúkrahúsum landsins verið í verkfalli. Með hverjum deginum sem líður verður ástandið á sjúkrahúsunum alvarlegra og þar er hvergi nærri hægt að sinna nauðsynlegri þjónustu og hún reyndar aðeins veitt í undantekningartilvikum. Jónas Magnússon, yfirlæknir á Landspítalanum, komst svo að orði í Morgunblaðinu fyrir helgina að þjónusta spítalanna hefði færst marga áratugi aftur í tímann, enda allar sjúkdómsgreiningar og lækningar mjög háðar þeim rannsóknum sem meinatæknar annast. Í Tímanum í dag er haft eftir Ásmundi Brekkan, formanni læknaráðs Landspítalans, að æ erfiðara verði að sinna nauðsynlegum rannsóknum við bráðveika sjúklinga og það styttist í að bæði meinatæknar og aðrir sem málið varðar verði illvígari náist ekki samningar í deilunni á allra næstu dögum. Hér er því um mjög alvarlegt mál að ræða og sú spurning brennur á vörum hvað yfirvöld heilbrigðismála hafi gert til lausnar deilunni. Þótt samningarnir séu í höndum fjmrh. og fjmrn. er málið farið að snerta mun fleiri og þar reynir á hæstv. heilbrrh. að hann beiti sér og bindi enda á þessa deilu.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur hvorki gengið né rekið í samningaviðræðum, enda er samninganefnd ríkisins enn einu sinni að endurtaka þá samningatækni sína að veifa endalausum línu- og súluritum framan í viðsemjendur sína með alls konar samanburði við aðra sem koma málinu lítið við auk þess að halda því fram að um óheyrilegar kröfur sé að ræða. Staðreyndin er sú að á meðan samið hefur verið við flestar heilbrigðisstéttir, þar á meðal hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða, reyndar í kjölfar harðra aðgerða þeirra stétta, hafa meinatæknar setið eftir. Það hlýtur að vera eðlilegt að taka mið af þeim samningum sem gerðir hafa verið eigi heilbrigðisstéttirnar að sitja nokkurn veginn við sama borð.

Byrjunlaun meinatæknis eftir þriggja og hálfs árs háskólanám eru 68.543 kr. samkvæmt launatöflu félagsins og eru stöðugildi meinatækna hjá Ríkisspítölunum 114 talsins. Helga Björg Stefánsdóttir meinatæknir lýsir kjörum sínum í grein í Morgunblaðinu í dag, en hún hefur 13 ára starfsreynslu að baki. Hún hefur um 77 þús. kr. í mánaðarlaun en þar við bætist vaktaálag á bilinu 10–30 þús. kr. á mánuði eftir því hve vaktirnar eru margar. Af þessum launum eru að sjálfsögðu greiddir skattar og síðan þarf hún að greiða fyrir gæslu tveggja barna. Þegar upp er staðið á þessi meinatæknir eftir 10 þús. kr. af sínum launum.

Eins og kunnugt er var niðurgreiðslu sjúkrahúsanna vegna barnagæslu hætt í sparnaðarskyni, en það hafði að sjálfsögðu í för með sér verulega kjararýrnun þeirra sem nutu. Barnaheimili spítalanna hafa að sjálfsögðu verið rekin til að auðvelda sjúkrahúsunum að fá fólk til starfa en nú hefur þar orðið breyting á.

Í framhaldi af þessum upplýsingum sem koma fram í grein Helgu segir hún í sinni grein:

„Af þessu má sjá að það borgar sig engan veginn fyrir mig að vinna við núverandi aðstæður. Það virðist vera markviss stefna stjórnvalda að sem flestar konur á barneignaraldri skuli vera heimavinnandi hvort sem þeim þykir það ljúft eða leitt og að ekki beri að nýta þá sérmenntun sem þær hafa aflað sér. Við þetta verður ekki unað. Launastefna ríkisins og víðar í þjóðfélaginu er hrunin.“

Þetta er auðvitað hárrétt hjá greinarhöfundi og ég ítreka þá skoðun Kvennalistans sem margoft hefur komið fram í umræðum hér á hinu háa Alþingi að launakerfi ríkisins sé óréttlátt og reyndar löngu handónýtt. Það er löngu orðið tímabært að endurskoða launastefnuna, ekki síst með tilliti til þeirrar launamismununar sem konur eru beittar. Við erum hér enn einu sinni að verða vitni að djúpri óánægju vel menntaðrar og vel mikilvægrar kvennastéttar með kjör sín og það er óþolandi að hópar sem hafa líf og heilsu sjúklinga í hendi sinni skuli hvað eftir annað vera neyddir til verkfalla og uppsagna meðan hundruð karla í ríkiskerfinu skammta sér sjálfir laun og búa við yfirborganir og sérréttindi af ýmsu tagi. Misréttinu verður að linna og það er ekki hægt að horfa upp á það lengur að sjúkrahúsin geti ekki veitt þá bestu þjónustu sem þeim ber að inna af hendi.

Ég skora á hæstv. heilbrrh. að beita sér til lausnar deilunni nú þegar og ég spyr hann: Á hverju strandar? Það hefur verið samið við aðrar heilbrigðisstéttir og það hlýtur að vera unnt að bæta kjör meinatækna til samræmis við aðrar stéttir. Þótt víða sé hart í ári, þá gengur ekki að liggja á lífsnauðsynlegum stéttum af ótta við að aðrir fylgi í kjölfarið. Meinatæknar hafa dregist aftur úr meðan samið hefur verið við þá sem vinna við þeirra hlið.

Að lokum, hæstv. forseti. Hæstv. heilbrrh. getur ekki horft upp á það lengur að sjúklingar þurfi að bíða þess að fá meina sinna bót eða að þjáningar verði linaðar vegna vinnudeilna. Því er það skylda hans að liðka fyrir samningum og ég spyr hæstv. heilbrrh.: Hvað hyggst hann gera til lausnar deilunni?

[16:35]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég deili áhyggjum með hv. 18. þm. Reykv. og málshefjanda hér af ástandinu á sjúkrahúsum og við þær ástandslýsingar sem hún rakti og vitnaði til lækna og annarra starfsmanna sjúkrahúsanna þarf ekki neinu að bæta. Verkfall meinatækna er auðvitað tilfinnanlegt fyrir alla starfsemi sjúkrahúsanna og þann stóra hóp fólks sem þangað þarf að sækja sjálfsagða þjónustu. og það gefur einnig auga leið að eftir því sem lengri tími líður aukast þessir erfiðleikar og um leið áhyggjur allra af þeirri þjónustu sem sjúkrahúsin eiga að sinna.

Það er hins vegar nauðsynlegt að undirstrika það að neyðarþjónustu er vitaskuld sinnt á sjúkrahúsunum hér eftir sem hingað til. Um það þarf ekki að deila. Á hinn bóginn er það ekki jafnfyrirséð í öllum tilvikum við sjúkdómsgreiningu hvenær um neyðarástand er að ræða og þar er kannski stærsti vandinn, þ.e. þetta mikilvæga hlutverk meinatækna við sjúkdómsgreininguna sjálfa. Ekki þarf að fara mörgum orðum um það að það eitt að ná ekki landi með sjúkdómsgreiningu eins nákvæma og öll tæki og tól og faglegur mannafli segir til um skapar auðvitað erfiðleika og vaxandi áhyggjur.

Ég vil hins vegar árétta það og endurtaka sem hv. þm. sagði að hinir eiginlegu kjarasamningar eru á hendi samninganefndar ríkisins og á forræði fjmrh. Á hinn bóginn hef ég auðvitað fylgst með og haft samband við deiluaðila, annars vegar fulltrúa ríkisins í samninganefnd og einnig hef ég átt tal við forsvarsmenn meinatækna um stöðu þeirra mála frá einum tíma til annars. Ég skynja það þannig að það sé fullkominn vilji af hendi beggja deiluaðila í þessari kjaradeilu um það að ná samkomulagi, um það að ná saman í frjálsum samningum. Ég held að báðir aðilar skynji það og skilji mjög rækilega hvílík alvara hér er á ferð, hversu miklu máli það skiptir að sjúkrahúsin í landinu geti gegnt sinni skyldu við sína skjólstæðinga.

Ég hef sagt það opinberlega áður að ég viðurkenni að vissu leyti rétt meinatækna til ákveðinna kjarabóta. Þeir hafa um sumt setið eftir, enda verið samningslausir nú um allt of langt skeið. Um það er heldur ekki deilt. Á hinn bóginn er ævinlega álitamál hvar menn mætast í þessari vandmeðförnu umræðu sem kjaradeilur einatt eru, þ.e. hvar niðurstaðan mun liggja. Ég hygg að það liggi nokkuð ljóst fyrir að illmögulegt sé, raunar ógjörningur við þessar aðstæður sem nú eru á tímum þjóðarsáttar að ganga að öllu leyti til móts við ýtrustu kröfur meinatækna.

Á hinn bóginn, og það hefur samninganefnd ríkisins viðurkennt í raun, er vilji til að koma til móts við sanngjarna niðurstöðu máls og þess vegna segi ég það, virðulegi forseti, að ég er fullviss um það, þrátt fyrir fullyrðingar um hið gagnstæða að við séum ekki jafnlangt frá niðurstöðu þessara mála, frá því að ná samningum í þessari kjaradeilu og margir vilja vera láta. Ég ætla hins vegar ekki hér á hinu háa Alþingi að rekja það lið fyrir lið, enda er það út af fyrir sig ekki verkefni hv. Alþingis að dæma um kaup og kjör, prósentur, um röðun starfsheita hjá einstaka starfsmönnum ríkisins. Það hlýtur að vera verkefni þeirra sem kallaðir eru til slíkra verka.

Vegna þess að hér hefur borið á góma dagvistarmál, þá vil ég nefna það til sögu að þegar blönduðust þessari kjaradeilu þau áform sem voru uppi um það að börn meinatækna fengju ekki vistun á meðan foreldrarnir væru í verkfallsaðgerðum, þau mundu ekki gjalda þess, þá beitti ég mér fyrir því að þau fengju sína vist eins og venja væri til hvort heldur foreldrar þeirra væru í störfum á Ríkisspítölum. Þessa afstöðu mína byggi ég ekki síst á því sem ég hef ævinlega sagt og sagði hér í umræðu að öðru gefnu tilefni sl. haust að leikskólar sjúkrahúsanna eru fyrir börnin en ekki foreldra þeirra.

Í lokin, virðulegi forseti, bind ég við það vonir eins og ég sagði fyrr í ræðu minni að úr þessari kjaradeilu megi leysast til hagsbóta fyrir meinatækna og ekki síður fyrir það fólk sem á að njóta þessarar sjálfsögðu þjónustu inni á sjúkrahúsanna.

Útbýting þingskjala:

Skattskylda innlánsstofnana, 294. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1004.

Tryggingagjald, 546. mál, nál. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1001.

[16:41]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir að hafa tekið þetta mál hér upp í umræðum utan dagskrár og beint nokkrum fyrirspurnum til hæstv. heilbr.- og trmrh. Ég verð hins vegar að játa það að ég er ekki miklu nær um stöðu málsins eftir ræðu hæstv. heilbrrh. Í fyrsta lagi hef ég ekki heyrt það enn af hans vörum í þessari umræðu alla vega af hverju stafar deilan og á hverju strandar nákvæmlega. Það þýðir auðvitað ekki að tala um það eingöngu að meinatæknar hafi sett fram tilteknar kröfur og það sé ekki hægt að verða við þeim að fullu og menn verði að mætast á miðri leið eða eitthvað af þessu tagi. Deilan er búin að standa langtímum saman þannig að það hlýtur að liggja fyrir alveg nákvæmlega hvar þessi deila strandar. Þá spurningu hlýt ég að ítreka við hæstv. heilbr.- og trmrh.

Þessi deila er óvenjuleg og í rauninni hættuleg vegna þess að það hvílir á starfi meinatækna og fagþekkingu þeirra hvar á að draga markalínu um neyðarþjónustu sjúkrahúsanna. Ef meinatæknar eru ekki í störfum þá er mjög erfitt, flókið, ef ekki vonlaust í nokkrum tilvikum, að draga markalínu fyrir það hvað telst vera neyðarþjónusta. Og heilbrigðisþjónustan er í stórkostlegum háska ef það er ekki 100% öruggt hvar hin faglega lína um neyðarþjónustu er dregin. Þess vegna tel ég að frá faglegu heilbrigðissjónarmiði sé staða þessarar kjaradeilu að mörgu leyti miklu alvarlegri en annarra kjaradeilna sem við höfum orðið vitni að að undanförnu.

Að lokum þetta, virðulegi forseti, þar sem tími minn er búinn. Ég tel að það þurfi af þessu tilefni að fara að taka aðeins í lurginn á samninganefnd ríkisins. [Lófatak á þingpöllum.] Það er satt að segja, hæstv. forseti, alveg ólíðandi að láta þessa samninganefnd ríkisins aftur og aftur stranda málum eins og hún er að gera inni á spítölunum hvað eftir annað. Það á að afhenda heilbrrn. sjálfstæði í þessu máli. Samninganefnd ríkisins er að verða lífshættuleg fyrir þjóðina.

Forseti (Gunnlaugur Stefánsson):

Forseti vill að gefnu tilefni minna hv. þm. á að virða tímamörk. Þetta er ekki sagt sérstaklega vegna ræðu hv. 9. þm. Reykv., heldur og ekki síður vegna ræðu hæstv. heilbrrh. og málshefjanda og vil ég biðja hv. þm. að virða tímamörk. Einnig vil ég biðja gesti á þingpöllum að gefa hv. þm. frið er þeir flytja sitt mál.

[16:44]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Undanfarna daga hefur hæstv. heilbrrh. kynnt metnaðarfullar hugmyndir um uppbyggingu mannvirkja á landspítalalóðinni og reyndar uppbyggingu fleiri sjúkrastofnana. Þessar hugmyndir hafa vakið bjartsýni um að meira væri af handbæru fé en áður hefur verið látið að liggja. Gott ef satt er. Uppbygging er mikilvæg en lífið og starfið, sem sagt rekstur stofnananna, er þó það sem öllu máli skiptir.

Á skömmum tíma höfum við upplifað mjög alvarlegar kjaradeilur heilbrigðisstétta, sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og nú meinatækna. Hér hefur verið rakið hversu léleg kjör meinatæknar búa við. Hér verður að ná sáttum. Upplausnarástand sem ríkir vegna þessarar alvarlegu kjaradeilu stefnir meðferð bráðveikra sjúklinga í hættu. Samstarfi milli heilbrigðisstétta er stefnt í voða en það er hvergi mikilvægara en á sjúkrahúsum að mannleg samskipti séu í lagi.

Það er löngu tímabært að ná lausn í þessum málum. Sjúkrahús án meinatækna eru ekki alvörusjúkrahús. Það er alvarleg blekking að ímynda sér það. Gæði þjónustunnar eru í lágmarki. Læknar verða að vinna samkvæmt eðlisávísun þar sem rannsóknastarf er lamað. Það er mikið álag og ábyrgð sem á þeim hvílir. Rúm standa auð þar sem annars lægju sjúklingar sem bíða hjartaaðgerða, beinaðgerða og fjöldi rúma á barnadeild standa auð þrátt fyrir sára þörf þessara barna fyrir læknismeðferð. Eftir því sem deilan harðnar þess færri undanþágur varðandi rannsóknir. Þess vegna er því beint til hæstv. heilbrrh. að einbeita sér að því að ná sáttum og stöðugleika í kjaramálum heilbrigðisstétta. Að þessu og engu öðru á hæstv. heilbrrh. að einbeita sér um þessar mundir. Tillögur um framtíðarhúsnæði sjúkrastofnana hér eða þar verða lítils virði þegar allt starf er lamað.

Útbýting þingskjals:

Aukatekjur ríkissjóðs, 581. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1005.

[16:46]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Það endurspeglast víða í launakerfi hins opinbera að bókvitið verður ekki alltaf í askana látið. Þetta á ekki síst við um heilbrigðisstéttir. Þó hefur verið reynt að gæta samræmis í kjarasamningum og samið m.a. með tilliti til lengdar menntunar og starfsreynslu. Það hafa verið færð rök fyrir því að kjaradeila meinatækna sé hluti af heild og muni því samningar meinatækna hafa keðjuverkun á kjarakröfur annarra opinberra starfsmanna. Slík umræða er afar neikvæð fyrir lausn deilunnar. Ég tel ekki að deilan sé hluti af heild. Menntun meinatækna hefur á undanförnum árum lengst og er nú enn fremur á háskólastigi. Störf meinatækna hafa enn fremur orðið flóknari með bættri tækni á sviði læknisfræðinnar.

Kröfur meinatækna benda til þess að óskað sé eftir leiðréttingu af þessum ástæðum og ég tel eðlilegt að meta hvort ekki sé rétt að leiðrétta kjör meinatækna til samræmis við kjör þeirra stétta sem hafa að baki sambærilegt nám, starfsreynslu og starfsumhverfi.

Öllum er kunnugt um þá löngu biðlista sem eru eftir plássi á sjúkrahúsum í dag. Má því síst við því verkfalli sem yfir stendur. En verkfallið lengir ekki einungis biðlista sjúkrahúsanna heldur hefur það áhrif á allt starf innan sjúkrahúsanna, bæði þjónustu við legusjúklinga og þá sjúklinga sem fá utanspítalaþjónustu. Ég tel nauðsynlegt að leysa þetta verkfall sem fyrst og meta hvaða leiðréttingu þarf að gera á kjaramálum meinatækna miðað við þróun undafnarinna ára án þess að slík leiðrétting leiði til keðjuverkunar.

Stjórnvöld og meinatæknar bera sameiginlega ábyrgð á að lausn finnist sem fyrst og það hlýtur að vera krafa okkar þingmanna að þessir aðilar semji strax. Það má ekki bregðast þeim sjúklingum sem þetta verkfall bitnar svo illilega á.

[16:49]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að þakka hv. 18. þm. Reykv. fyrir það að taka þetta mál hér upp til umræðu.

Af ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. gat ég ekki annað ráðið en það að hæstv. ráðherra geri sér ekki fullkomlega grein fyrir því um hvað þessi deila í raun og veru snýst, hvað þá að hann geri sér grein fyrir því hversu háalvarleg hún er. Það kann vel að vera rétt hjá hæstv. ráðherra að það sé erfitt fyrir stjórnvöld á hverjum tíma að blanda sér inn í vinnudeilu sem þessa, ég get í sjálfu sér tekið undir það, og að þær aðgerðir sem stjórnvöld grípa til geti hugsanlega skapað fordæmi. En hæstv. heilbrrh. verður að gera sér grein fyrir því að hann ber faglega ábyrgð á rekstri þeirra sjúkrastofnana sem undir heilbrrn. heyra, sem eru reyndar allar sjúkrastofnanir, og hann ber faglega ábyrgð á því sem er að gerast inni á þessum stofnunum. Þegar menn lesa það í blöðunum í dag, og þar vil ég, með leyfi forseta, vitna til viðtals við Ásmund Brekkan, formann læknaráðs Landspítalans, þar sem hann segir: „Á hverjum degi verða læknar að slá verulega af því sem þeir telja æskilegt og jafnvel nauðsynlegt í meðferð sjúklinga." Hvað er, hæstv. heilbrrh., að gerast inni á sjúkrastofnununum þegar formaður læknaráðs stærsta sjúkrahússins lýsir slíku yfir?

Það hlýtur að kalla á aðgerðir af hálfu hæstv. heilbr.- og trmrh. en ekki að sitja hjá og segja: Málið er hjá samninganefndinni og hæstv. fjmrh. sem ber ábyrgð á henni í þessum samningum.

Ég vil einnig spyrja hæstv. ráðherra að því: Hvað er það sem hann átti við hér í umræðunni áðan er hann lýsti því yfir að deilan væri miklu nær því að leysast heldur en menn gerðu sér almennt grein fyrir? Er eitthvað að gerast í deilunni þessa stundina sem gefur tilefni til að ætla að hún sé að leysast? Það vita eftir því sem ég veit best samninganefndarmenn ekki um. Það veit þingið ekki um og því spyr ég hæstv. ráðherra: Hvað er það sem þar er að gerast?

Útbýting þingskjals:

Skattskylda innlánsstofnana, 294. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1003.

[16:51]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég hef nú aðeins eina eða tvær mínútur til þess að ræða þetta mál. Það eru auðvitað samningamál sem heyra undir fjmrn. og ég vil vegna ummæla sem hér voru látin falla taka það skýrt fram að ég tel að samninganefnd ríkisins hafi unnið sitt starf af kostgæfni. Samninganefndin hefur lagt fram tilboð í samningaviðræðum við meinatækna og það liggur fyrir. Tuttugu og einn fundur hefur verið haldinn á einum mánuði í þessari deilu og ég held að fjmrn. og samninganefnd ríkisins sé það afar ljóst að nauðsynlegt er að leysa þessa deilu sem allra fyrst og hefði í raun verið best að aldrei hefði þurft til verkfalls að koma.

Það er mjög erfitt að efna til samanburðar á milli stétta en ég vil fullvissa hv. þm. um það, og einkum málshefjanda, að tilboð ríkisins byggist á því að hægt sé að gera eðlilegan samanburð á milli háskólamenntaðra stétta í heilbrigðiskerfinu. Við skulum síðan, og ég ætla að segja það í lokin, átta okkur því öll í sameiningu að samanburður er erfiður. Við höfum kappkostað að reyna að ná vinnufriði í landinu. Það hefur tekist. Ef einn samningur er gerður með þeim hætti að hann fer langt út fyrir aðra samninga, þá gerist það eitt að allir munu krefjast hins sama og við munum fá eina hringekjuna í viðbót sem við þekkjum svo vel frá fyrri tíma. Þess vegna getur hvorki samninganefnd ríkisins né ríkisstjórnin staðið að því að gera hvaða kjarasamning sem er við tilteknar ákveðnar stéttir. Því miður er staðan þessi.

Þetta vildi ég, virðulegur forseti, að kæmi fram í þessari umræðu þannig að það sé undirstrikað af þess hálfu sem fer með samningamál ríkisins að við kappkostum að leysa þessa deilu og að ná sanngjarnri niðurstöðu í henni.

Útbýting þingskjals:

Tryggingagjald, 546. mál, brtt. meiri hluta efh.- og viðskn., þskj. 1002.

[16:54]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég fæ nú ekki betur heyrt en að hér beri málflutningi ráðherra ekki saman. Annars vegar kemur hæstv. heilbrrh. og segir að það sé styttra í lausn en menn haldi og hins vegar kemur svo fjmrh. og lýsir því yfir að kröfur séu á því stigi að það sé verið að setja af stað eina mikla hringekju sem muni draga allar stéttir þjóðfélagsins af stað í miklar launakröfur.

Eins og ég nefndi í fyrri ræðu minni er það löngu ljóst að launakerfi ríkisins er handónýtt og meira að segja hæstv. viðskrh. hefur viðurkennt það hér úr ræðustól. Það verður að fara að stokka upp launakerfið. Það getur ekki haldið svona áfram, samskipti ríkisins og starfsfólks þess, að við séum að upplifa hér endalausar kjaradeilur ár eftir ár.

En ég vil nefna það, virðulegi forseti, að ég get ekki annað en lýst yfir furðu minni á ummælum hæstv. heilbrrh. hér áðan, þeim ummælum sem ég vitnaði hér til að það væri mjög stutt í lausn deilunnar og styttra en menn halda. Ég er að beina hér orðum mínum til hans vegna þess að þetta mál er komið á mjög alvarlegt stig. Það hefur staðið yfir verkfall í heilar tvær vikur á sjúkrastofnunum landsins og svo segir hann hér bara í mestu rólegheitum að það sé styttra í lausn en menn halda. Á hverju strandar, hæstv. heilbrrh.? Og ég ítreka spurningu mína frá því fyrr í dag: Hvað ætlar hæstv. heilbrrh. að gera til lausnar deilunni? Deilan er á svo alvarlegu stigi að heilbrigðisyfirvöld verða að koma hér inn í. Hæstv. heilbrrh. verður að beita sér í þessu

máli. Þetta getur ekki gengið svona lengur. Og eins og hér kom skýrt fram í máli hæstv. fjmrh., þá er ekki jafnstutt í lausn deilunnar og hæstv. heilbrrh. heldur.

[16:56]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að ekki flýti það mjög mikið fyrir lausn þessarar deilu þó að hv. þm. reyni að yfirbjóða hvern annan í lýsingum á sannanlega mjög erfiðu ástandi inni á sjúkrastofnunum. Það er mönnum allt of ljóst og ekki síst þeim sem hér talar. Þegar ég sagði áðan að ég mæti það þannig að það væri kannski styttra í lausn þessarar deilu en margir vildu vera láta, þá var það mitt mat þegar skoðuð eru gagntilboð sem ganga á milli manna, á milli borða í kjaradeilum aðila á þeim vettvangi sem þar er um fjallað. Ég held hins vegar að það yrði ekki til þess að flýta fyrir lausn þeirrar deilu ef ég færi að rekja það hér fyrir hv. þm. upp á punkt og prik, ég held að það yrði ekki til þess. Mitt mat er það, og ég endurtek það, að ég bind við það vonir. Ég veit það að af hálfu samninganefndar ríkisins og af hálfu fulltrúa ríkisins er vilji fyrir því að þessu ástandi linni og samningar takist. Ég trúi því líka eftir tal mitt við forsvarsmenn meinatækna ítrekað að sá vilji sé gagnkvæmur og með það í farteski trúi ég því að menn nái landi fyrr en síðar.

Hér er spurt um það beint og til þess að taka af öll tvímæli í því: Um hvað er deilt? Það er deilt um skilgreiningar á starfsheitum. Það er deilt um það hvernig skuli síðan raða þessum starfsheitum og það er deilt um það hvernig menn skuli bera saman sambærileg starfsheiti heilbrigðisstétta. Þetta eru ekki ný deilumál, því miður, í kjaradeilum heilbrigðisstétta og viðsemjenda þeirra. Ég get út af fyrir sig tekið undir með hv. málshefjanda að vissulega er efni til þess að skoða og skilgreina launakerfi ríkisstarfsmanna í heild og þá ekki síst heilbrigðisstéttanna. Það er hins vegar auðveldara um að tala en í að komast og úr að leysa.

Útbýting þingskjala:

Aukatekjur ríkissjóðs, 581. mál, brtt. IBA, þskj. 1009.

Framleiðsla og sala á búvörum, 579. mál, nál. landbn., þskj. 1006; brtt. landbn., þskj. 1007.

Skráning og mat fasteigna, 400. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1000.

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, frh. fyrri umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 841.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:06]

Till. vísað til síðari umr. með 32:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, IP, JÁ, JBH, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PP, PBald, RG, SigG, SAÞ, SHl, SJS, StB, SvG, TIO, VS.

nei: ÓÞÞ.

30 þm. (ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JóhS, JGS, JHelg, JónK, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SalÞ, SighB, SP, StG, StH, VE, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:06]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það fer ekki á milli mála að hér er verið að leggja til að ákveðinn texti hafi lagagildi í framtíðinni. Nú er það svo að einstakar greinar í þessari stóru bók eru þess eðlis að ég teldi rétt að greiða um þær atkvæði sérstaklega. Sá er á gallinn að sé þetta flutt í þingsályktunarformi er það ekki hægt og þess vegna tel ég málið vanbúið til atkvæðagreiðslu á Alþingi í því formi sem það er og tel að það hljóti að verða að koma í lagatexta þannig að hægt sé að taka afstöðu til einstakra greina. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn því að það haldi áfram lengra í því formi sem það er.

Till. vísað til utanrmn. með 35 shlj. atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PP, PBald, SHl, RG, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, VS.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

27 þm. (JHelg, JónK, KE, MF, MB, ÓE, PJ, SighB, SP, StG, StH, VE, ÞorstP, ÖS, SalÞ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HG, JGS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:09]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Minn ágæti, vitri vinur, hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson, hefur nú yfirleitt alltaf rétt fyrir sér. Hins vegar er það þannig í þessu máli að hér er ekki verið að greiða atkvæði um það að þessir textar hafi lagagildi heldur er eingöngu verið að veita heimild til þess að fullgilda tiltekinn samning. Síðan mun efni hans koma hér inn á Alþingi í formi lagafrv. og þá því aðeins hafa lagagildi að þau lög verði samþykkt hér á landi. Ég segi því já.

[17:10]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Þetta eru mjög fróðlegar bókmenntir sem fyrir okkur eru lagðar og krefjast mikillar sérþekkingar þeirra manna sem eru í utanrmn. Hér sem dæmi, hæstv. forseti, þá er ég hér á bls. 210 og þar er svohljóðandi fyrirspurn: „Er aðstaða á bújörðinni til að geyma fastan húsdýraáburð, fljótandi húsdýraáburð, blöndu af föstum og fljótandi húsdýraáburði?“ Þannig

er hægt að vekja á því athygli að þetta virðist vera nær landbúnaði en hæstv. utanrrh. og hans nefnd hér í þinginu. En það má vel vera að þetta sé orðið honum slíkt hjartans mál að hann vilji flytja þetta undir sitt svið. Ég vil ekki bera ábyrgð á því og greiði ekki atkvæði.

[17:11]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Hér er verið að bera það undir atkvæði þingmanna hvort málið skuli fá þinglega meðferð. Ég tel að það eigi að fá hana.

Á hinn bóginn er ýmislegt sem gagnrýnivert er við þessa fullgildingu. Það væri eðlilegra að málið væri bútað meira niður og ekki samþykkt með þáltill. í fjórum línum eins og hér er verið að gera. Ég segi sem sagt já. Ég vil að málið fái þinglega meðferð.

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun slysabóta sjómanna, 87. mál, brtt. samgn., þskj. 1015.

Tekjuskattur og eignarskattur, 30. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1012; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1011.

Tekjuskattur og eignarskattur, 246. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1013; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1014.

Út af dagskrá var tekið 12. mál.

Fundi slitið kl. 17:17.

139. FUNDUR

mánudaginn 25. apríl,
kl. 3 síðdegis.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Endurbætur á Þjóðminjasafni, fsp,. 518. mál, þskj. 798.

2. Þjónusta Ríkisútvarpsins við heyrnarskerta og heyrnarlausa, fsp., 589. mál, þskj. 941.

Til dómsmálaráðherra:

3. Hæstaréttarhús, fsp., 516. mál, þskj. 796.

4. Framtíðarskipan Hæstaréttar, fsp., 517. mál, þskj. 797.

Til samgönguráðherra:

5. Flokkun veitingastaða, fsp., 528. mál, þskj. 825.

Til landbúnaðarráðherra:

6. Niðurgreiðslur á ull, fsp., 604. mál, þskj. 980.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Guðni Ágústsson, 5. þm. Suðurl.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.,
Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e.

Aðalmaður tekur sæti á ný:

Ragnar Arnalds, 3. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 485. mál, svar iðnrh., þskj. 1008.

Endurskoðun slysabóta sjómanna, 87. mál, nál. samgn., þskj. 1010.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, 378. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 998.

Vegalög, 119. mál, þskj. 990.

Athugasemdir um störf þingsins.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar um sölu SR-mjöls.

[15:03]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Í síðustu viku skrifaði þingflokkur Alþb. forseta Alþingis bréf og óskaði eftir því að skýrsla Ríkisendurskoðunar um söluna á hlutabréfum í SR-mjöli yrði tafarlaust birt. Staðreyndin er sú að þessi skýrsla er til en ríkisendurskoðandi hafði tekið ákvörðun um það að leyna Alþingi upplýsingum og niðurstöðum sem fram koma í skýrslunni. Ástæðan var gefin að einstaklingur hefði höfðað einkamál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur.

Ég vil í þessu sambandi minna það að á síðasta kjörtímabili úrskurðaði meiri hluti Alþingis að veita skyldi upplýsingar í tilteknu máli þótt sá einstaklingur sem þá átti hlut að máli hefði einnig höfðað mál.

Í dag fengum við bréf frá hæstv. forseta Alþingis, Salome Þorkelsdóttur, þar sem hún lýsir því yfir fyrir hönd forsætisnefndar að forsætisnefnd muni ekki hafa afskipti af því hvenær ríkisendurskoðandi skilar fjárln. greinargerð um sölu á hlutabréfum í SR-mjöli sem nefndin óskaði eftir.

Ég vil lýsa yfir miklum vonbrigðum með það að forsætisnefnd Alþingis skuli taka þátt í því að upplýsingum sé haldið leyndum fyrir þinginu. Ríkisendurskoðun tilheyrði á sínum tíma framkvæmdarvaldinu. Hún gerir það ekki lengur. Hún heyrir undir Alþingi og löggjafarvaldið. Í bréfinu eru engin rök færð fyrir því hvers vegna forsætisnefnd hefur ákveðið að láta það líðast að upplýsingum sé haldið leyndum fyrir Alþingi. Ég vek athygli á því hve alvarlegt skref það er þegar forsætisnefnd er að skapa fordæmi um það að einn embættismaður, ríkisendurskoðandi, geti ákveðið að halda leyndum skýrslum sem liggja fyrir tilbúnar í málum sem óskað hefur verið eftir, virðulegi forseti, að verði rædd í þingsalnum hvað eftir annað.

Ég vil þess vegna mótmæla þessari niðurstöðu forsætisnefndarinnar eindregið. Því miður var fulltrúi Alþb. ekki viðstaddur á þessum fundi vegna veru sinnar erlendis. Það er satt að segja furðulegt ef forsætisnefnd hefur virkilega öll staðið að þessari ályktun og það kemur fyllilega til álita að láta greiða um það atkvæði í þingsalnum hvort skýrslan verður birt eða ekki. Ég óska þess vegna eftir því við virðulegan forseta að við fáum rökstuðning fyrir því hvers vegna forsætisnefnd hafnar því að birta skýrsluna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að þessu gefna tilefni vill forseti lesa það bréf sem sent var þingflokki Alþb. en það hljóðar svo:

„Forsætisnefnd fjallaði um bréf þingflokks Alþb. frá 20. apríl á fundi sínum í morgun. Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundi nefndarinnar:

Forsætisnefnd mun ekki hafa afskipti af því hvenær ríkisendurskoðandi skilar fjárlaganefnd greinargerð um sölu á hlutabréfum í SR-mjöli hf. sem nefndin óskaði eftir.

Forsætisnefnd mun taka upp viðræður við ríkisendurskoðanda um hvernig eðlilegt sé að haga skýrslugerð af þessu tagi í framtíðinni, sbr. bréf ríkisendurskoðanda, dags. 20. apríl 1994.

Alþingi, 25. apríl 1994.
Salome Þorkelsdóttir,
forseti Alþingis."

Forseti getur bætt því við að þetta var einróma niðurstaða forsætisnefndar, en tveir nefndarmenn voru ekki á fundinum, hv. 14. þm. Reykv. og hv. 2. þm. Norðurl. v.

[15:08]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á síðasta kjörtímabili úrskurðaði þáverandi forseti að hún teldi ekki eðlilegt að birtar yrðu upplýsingar sem snertu mál sem þá var til meðferðar við dómstóla. Þá fór fram atkvæðagreiðsla í þingsalnum um það hvort birta ætti upplýsingarnar. Það var samþykkt í atkvæðagreiðslu í þingsalnum að upplýsingarnar ættu að birta.

Ég fer fram á það við virðulegan forseta að þessi úrskurður forsætisnefndarinnar verði borinn undir atkvæði í þingsalnum, t.d. á fundi á morgun. Mér finnst það ekki vera hægt að fámenn forsætisnefnd, þegar meira að segja tveir nefndarmenn í forsætisnefnd eru ekki á fundinum, geti ein og sér tekið ákvörðun af þessu tagi og fer hér með formlega fram á það og vísa til fordæmis á síðasta kjörtímabili að það fari fram atkvæðagreiðsla á morgun í þinginu um það hvort birta eigi þessa skýrslu eða ekki svo að það liggi alveg formlega fyrir hvaða alþingismenn vilji halda skýrslunni leyndri og hverjir vilja birta hana.

Varðandi seinni hlutann í bréfi forsætisnefndar, þá vil ég einnig vara við því að það verði farið að setja reglur um það hvenær þingmenn geta beðið um skýrslu Ríkisendurskoðunar og hvenær þær verða birtar. Það hefur verið talinn sjálfsagður réttur þingmanna síðan Ríkisendurskoðun var flutt til Alþingis að geta óskað eftir slíkum skýrslum. Það hafa einstaka þingmenn getað gert, það hafa þingflokkar geta gert og það hafa þingnefndir getað gert. Að ætla sér nú að fara að setja skorður við þessum sjálfsagða rétti alþingismanna er einnig mjög hættuleg braut. Ég vil beina því til virðulegs forseta að athuga vel sinn gang áður en settar verða reglur sem hindra það að alþingismenn og þingið í heild sinni geti með eðlilegum hætti óskað eftir athugun Ríkisendurskoðunar.

En ég endurtek formlega ósk okkar, virðulegi forseti, að hér fari fram á morgun atkvæðagreiðsla um það hvort þingið vill sætta sig við þessa ákvörðun um leynd yfir þessari skýrslu.

Um fundarstjórn.

Um dagskrá.

[15:11]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna dagskrár. Það er væntanlega ljóst að auk þess að 1. dagskrármálið verður ekki tekið fyrir verður heldur ekki 2. dagskrármálið tekið fyrir á fundinu. Ég held að það sé nauðsynlegt að það sé staðfest af forsetastóli ef það er rétt hjá mér að svo sé vegna þess að mér er kunnugt um að þó nokkrir aðilar hafa heiðrað okkur með nærveru sinni af því að þeir gerðu ráð fyrir því að 2. dagskrármálið yrði tekið fyrir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta var einmitt ljóst og hafði upplýst hæstv. menntmrh. um að ekki var gert ráð fyrir að 2. dagskrármálið kæmi fyrir, en forseti vissi ekki að 1. fsp. yrði ekki svarað. Það er því ljóst að 2. fsp. verður ekki svarað á fundinum. Aðra skýringu sem varðar 1. dagskrármálið kann forseti ekki.

[15:13]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það fram að mér eru það mikil vonbrigði að menntmrh. skuli ekki svara því máli sem hér er undir 2. lið og er þjónusta Ríkisútvarpsins við heyrnarskerta og heyrnarlausa. Ég fékk þá tilkynningu í morgun, að vísu taldi ég það vera mjög stuttan fyrirvara, að fsp. yrði svarað. Mér eru þetta mikil vonbrigði og ég spyr hvort þetta séu eðlileg vinnubrögð.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú getur forseti ekki svarað því hver ástæðan er fyrir þessu önnur en sú að svar við fsp. hafi ekki verið tilbúið. Það vissi forseti best og sannast en hvað hefur svo breytt því veit forseti ekki um á þessari stundu. En væntanlega eru þetta eðlileg vinnubrögð því ekki er hægt að svara fsp. nema svarið sé tilbúið.

Hæstaréttarhús.

Fsp. KÁ, 516. mál. — Þskj. 796.

[15:14]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Frá því á haustmánuðum hefur geisað mikil umræða um fyrirhugað Hæstaréttarhús en í þann mund sem ráðherra var ætlað að taka fyrstu skóflustungu að húsinu var ákveðið að fresta framkvæmdum í kjölfar mótmæla og skoðanakönnunar sem sýndi mikla andúð Reykvíkinga við fyrirhugað staðarval að baki Safnahússins á lóð sem nú er nefnd Lindargata 2. Sú sem hér stendur hefur fylgst vel með þessari umræðu og er 1. flm. tillögu um breytta staðsetningu fyrirhugaðs Hæstaréttarhúss, en sú tillaga er nú til meðferðar hjá hv. allshn. Það skal tekið skýrt fram að brýnt er að leysa húsnæðisvanda Hæstaréttar og er bagalegt að svo illa tókst til um staðarval því deilurnar um húsið og staðsetningu þess munu tefja verulega að Hæstiréttur fái úrlausn sinna mála.

Við könnun þessa máls hafa vaknað margar spurningar í mínum huga um framtíðarþörf Hæstaréttar fyrir húsnæði og þá ekki síst í ljósi þess að þessari mikilvægu stofnun er, samkvæmt þeim forsendum sem lagðar voru til grundvallar við samkeppni um húsið, ætlað að búa til framtíðar í um það bil 1.800 fermetra húsi sem ekki hefur neina stækkunarmöguleika. Hvað segir það okkur um framtíðarhlutverk Hæstaréttar? Hverjir ákváðu þessar forsendur og hvernig telja menn sig geta séð fyrir þörf réttarins fyrir aðstoðarfólk með þeim hætti sem virðist gert?

Í upplýsingahefti sem tekið var saman fyrir sýningu þá sem haldin var um fyrirhugað Hæstaréttarhús í febrúar sl. segir, með leyfi forseta:

„Hæstiréttur fer með endanlegt dómsvald í landinu.

Af því leiðir að dómstólnum er ekki ætlað að verða umfangsmikil stofnun með marga starfsmenn og ekki gert ráð fyrir því að hann taki miklum breytingum. Þó verður ekki hjá því komist að á næstu árum verði dómurum fjölgað, fyrst um einn og hugsanlega um tvo til þrjá síðar. Jafnframt þarf að fjölga öðru starfsfólki nokkuð, þó ekki meira en um þrjár til fjórar stöður. Nú þegar er þörf á nýjum fundarsal fyrir þriggja dómara deild og gera þarf ráð fyrir einum fundarsal til viðbótar."

Þarna þykir mér mikið fullyrt og þá ekki síst um það aðstoðarfólk sem dómurum Hæstaréttar er ætlað að hafa sér við hlið. Naumt er skammtað. Þess eru mörg dæmi úr framkvæmdasögu hins opinbera hér á landi að opinberum stofnunum sé ætlað allt of lítið húsnæði og ekki sé horft nægilega til framtíðar. Eitt besta dæmið um slíkt er Landspítalinn, en teikning Guðjóns Samúelssonar af því fagra húsi var skorin niður um þriðjung á sínum tíma áður en bygging hófst. Enda liðu ekki margir áratugir þar til huga þurfti að viðbyggingum og er enn verið að. Það er erfitt að meta þörf stofnunar fyrir starfsfólk og húsnæði til lengri tíma og því slæmt að skera þeim þann stakk sem ekki verður við bætt.

Í þeim gögnum sem ég hef undir höndum kemur ekki fram hvernig þörf Hæstaréttar var metin og á hvaða forsendum þeir sem hafa undirbúið bygginguna geta fullyrt um fjölgun dómara og annað starfsfólk á næstu árum. Því vil ég leyfa mér að beina eftirfarandi spurningu til hæstv. dómsmrh.:

„1. Hvaða forsendur lágu að baki þegar stærð fyrirhugaðs Hæstaréttarhúss var ákveðin varðandi:

a. fjölda hæstaréttardómara, aðstoðarmanna þeirra og annars starfsfólks,

b. framtíðarskipan Hæstaréttar,

c. þörf Hæstaréttar fyrir húsnæði?

2. Hver eða hverjir mörkuðu þá stefnu sem lesa má út úr stærð og herbergjaskipan fyrirhugaðs Hæstaréttarhúss?"

[15:17]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Eins og fram kom í máli hv. fyrirspyrjanda þá eru störf Hæstaréttar mjög svo í föstum skorðum og því ekki við því að búast að grundvallarumskipti verði á umfangi þeirra mikilvægu starfa sem Hæstiréttur hefur með höndum þó að málum sem til hans er skotið fjölgi. Þau sjónarmið sem liggja að baki ákvörðunum um það hvaða stærð þarf að vera á nýju húsi fyrir Hæstarétt eru fyrst og fremst þær tillögur sem réttarfarsnefnd hefur unnið að um endurskipulagningu dómstólakerfisins og eru að stærstum hluta til komnar til framkvæmda og þær tillögur sem hún hefur unnið að að undanförnu um endurskipulagningu á áfrýjunarmálum sem að hluta til líka eru komnar til framkvæmda í lögum sem samþykkt hafa verið nýlega frá Alþingi. Jafnframt þarfagreining þar sem dómarar Hæstaréttar ásamt sérfróðum mönnum hafa komið að.

Það hús sem ráðgert er að reisa er vissulega þannig úr garði gert að þar er öllu í hóf stillt en felur í sér mjög verulega aukið rúm fyrir starfsemi Hæstaréttar og hægt að fullyrða án þess að nokkur vafi leiki þar á að þar er mjög vel séð fyrir framtíðarþörfum réttarins. Enginn af þeim sem gerst þekkja til starfa réttarins efast um að í þeim teikningum sem fyrir liggja er mjög vel séð fyrir því rými sem ætla verður Hæstarétti í náinni framtíð. Allar efasemdir og öll gagnrýni í aðra átt er ekki á rökum reist. Sú teikning sem fyrir liggur er af myndarlegu húsi sem hæfir mjög vel starfsemi réttarins, rúmar mjög vel störf hans, bæði eins og þau eru í dag og ætla má að þau verði í framtíðinni, en þar er hvergi um neitt óhóf að ræða eða rými sem er langt umfram þarfir.

Að stefnumótun um þetta efni komu eðlilega fjölmargir aðilar undir stjórn byggingarnefndar hússins, dómarar Hæstaréttar, Framkvæmdasýsla ríkisins og embætti húsameistara þannig að mjög vandlega var gætt að þeim þörfum sem hér þarf að huga að. Ég ítreka það að þeir sem að þessum málum starfa, hæstaréttardómararnir sjálfir, töldu að hér lægi fyrir þarfagreining sem væri í mjög eðlilegu samhengi við störf og framtíðaráform um uppbyggingu réttarins og á þeim grundvelli voru ákvarðanir teknar.

[15:21]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. dómsmrh. fyrir þessi svör. Ég get tekið undir það með honum að það er hvergi um óþarfa rými að ræða í þeirri teikningu sem nú liggur fyrir en ég hef vissar efasemdir um það hvort með byggingunni eins og hún er fyrirhuguð sé hugað nægilega vel að framtíðinni. Mér verður sérstaklega hugsað til þess aðstoðarfólks sem hæstaréttardómarar hafa sér við hlið en samkvæmt því sem segir í heftinu sem ég vitnaði í áðan er ekki gert ráð fyrir því að um meira en þrjár til fjórar stöður til viðbótar verði að ræða frá því sem nú er. Nú er erfitt að segja fyrir um það hver þróun dómsmála verður og hvort málum muni fjölga enn meira en orðið er. Við vitum alla vega að Hæstiréttur hefur miklu meira en nóg að gera og þarf sannarlega á því að halda að af honum verði létt, eins og reyndar er verið að gera með breytingum á dómskerfinu. En ég held samt að þegar verið er að huga að framtíðarlausn fyrir Hæstarétt megi ekki binda hana við byggingu sem hvergi er hægt að stækka og að við treystum okkur til að segja: Þetta er nóg og rétturinn þarf ekki meira þegar við hugsum til næstu áratuga held ég að sé ekki skynsamlegt. Málið er í biðstöðu núna og óljóst hvað um þetta fyrirhugaða hús verður. Ég vil ítreka það að ég tel mjög brýnt að Hæstiréttur fái úrlausn sinna mála þó að ég sé mjög ósátt við þá staðsetningu sem valin var.

Framtíðarskipan Hæstaréttar.

Fsp. KÁ, 517. mál. — Þskj. 797.

[15:23]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Eins og kemur fram í þessum fyrirspurnum þá hef ég mikinn áhuga á framtíð Hæsta-

réttar. Það má að vissu leyti segja að hæstv. dómsmrh. hafi svarað þeirri fsp. sem hér er á ferð en ég vona að hann fari eitthvað ítarlegar út í málið. Ég beini þeirri spurningu til hæstv. dómsmrh. sem er að finna á þskj. 797 og hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi framtíðarskipan Hæstaréttar?"

Nú er það grundvallarspurning hvort það sé í verkahring ríkisstjórnar á hverjum tíma að hafa áhrif á eða taka ákvarðanir um skipan dómstóla landsins en að sjálfsögðu getur meiri hluti Alþingis og ríkisstjórnarflokkar, hverjir sem þeir eru, haft skoðun á því hvernig haga beri skipan dómstóla og hvernig að þeim skuli búið.

Í réttar- og lýðræðisríki eiga afskipti framkvæmdarvaldsins af dómskerfinu að vera sem minnst en hér á landi eru þau meiri en víða annars staðar og gildir sú regla að það kemur í hlut dómsmrh. að skipa í stöður dómara og beita sér fyrir breytingum á dómskerfinu, samanber nýsett lög um Hæstarétt og þær miklu breytingar sem hér hafa orðið á dómskerfinu á lægri stigum á undanförnum árum.

Í ríki eins og Bandaríkjunum eru dómarar á lægri dómstigum kosnir af almenningi í beinum kosningum með öllu því brambolti sem því fylgir en forseti Bandaríkjanna skipar dómara hæstaréttar að undangenginni rannsókn þingnefndar.

Dómarar í Mannréttindadómstól Evrópuráðsins eru kosnir af þingmönnum sem sæti eiga á þingi Evrópuráðsins eftir að hæfnismat hefur farið fram. Val dómara er því með ýmsum hætti og er engan veginn víst að sú skipan sem hér tíðkast sé hin endanlega eða besta.

Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, Velferð á varanlegum grunni, er einungis minnst á húsnæðisvanda Hæstaréttar en ekkert komið inn á skipulag hans. Í ljósi áforma um fyrirhugað Hæstaréttarhús svo og þeirra umræðna sem um það hafa spunnist vaknar sú spurning hvaða hlutverk núverandi ríkisstjórn ætlar Hæstarétti.

Reyndar má lesa ákveðna stefnu út úr þeim gögnum sem lögð hafa verið fram vegna fyrirhugaðrar byggingar en engu að síður finnst mér ástæða til að spyrja spurninga af þessu tilefni. Er það t.d. skoðun núverandi ríkisstjórnar að það eigi á ný að koma á fót þriðja dómstiginu og létta þannig á Hæstarétti eins og ég veit að núverandi forseti Hæstaréttar hefur reifað? Eða á að bregðast við mikilli fjölgun mála með frekari fjölgun dómara, eins og nú er verið að gera, og hve langt dugar það? Eru e.t.v. einhverjar aðrar hugmyndir á kreiki í stjórnkerfinu um það hvernig megi gera dómskerfið enn virkara og betra en þegar hefur verið gert?

Ég endurtek spurningu mína: „Hver er stefna ríkisstjórnarinnar varðandi framtíðarskipan Hæstaréttar?"

[15:26]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það vakti nokkra undrun mína að hv. fyrirspyrjandi skyldi draga í efa að ríkisstjórn og Alþingi ættu að skipta sér af skipun dómstólanna í landinu. Þessi skoðun stangast algjörlega á við stjórnarskrá landsins þar sem kveðið er á um það að skipa skuli málefnum dómstólanna með lögum og það getur enginn annar en Alþingi sett lög um dómstóla.

Fyrirspurnin að öðru leyti bendir til þess að umræður um málefni Hæstaréttar á þinginu í vetur hafi farið fram hjá hv. fyrirspyrjanda. Alþingi hefur nýlega samþykkt löggjöf um Hæstarétt þar sem m.a. var kveðið á um fjölgun dómara um einn og skiptingu dómsins í deildir. Þar að auki voru samþykktar í tengslum við þá löggjöf breytingar á lögum um meðferð einkamála og breytingar á lögum um meðferð opinberra mála, sem fela í sér skipulagsbreytingar varðandi áfrýjunarmál, sem létta eiga álagi á Hæstarétt og einkanlega að tryggja skjótari meðferð minni háttar mála en um leið að tryggja vandaðri og öruggari meðferð stærri mála sem hafa verulegt fordæmisgildi.

Hér hafa því á þinginu í vetur verið teknar ákvarðanir sem marka mjög skýra stefnu um stöðu réttarins og innra skipulag og að því er varðar meðferð áfrýjunarmála. Ég tel að teknar hafi verið mikilvægar ákvarðanir í þessu sambandi á þinginu í vetur og þar kemur mjög skýrt fram hver er stefna ríkisstjórnarinnar í þessu efni sem Alþingi hefur þegar fallist á með samþykkt frumvarpanna.

[15:28]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég fylgdist nokkuð með þeim umræðum sem hér áttu sér stað um Hæstarétt og veit út á hvað þær breytingar ganga. Auðvitað þarf að láta á reyna hvernig þær koma út og hvort þær bera þann árangur sem til var ætlast. En ég vil leiðrétta það sem kom fram í máli hæstv. dómsmrh. að ég var ekki að efast um það að Alþingi hefði rétt til þess að skipa dómsmálum heldur sagði ég að það væri spurning hvort ríkisstjórnir, þ.e. framkvæmdarvaldið, á hverjum tíma ætti að hafa bein afskipti af skipan dómsmála en auðvitað er það Alþingis að setja lög þar um og hver sem er getur komið með tillögur þar að lútandi.

Ég skildi svar hæstv. dómsmrh. þannig að nóg sé gjört að sinni og það séu ekki neinar frekari hugmyndir á ferð um verulegar breytingar. Ég vil þó ítreka það, sem ég nefndi í fyrri ræðu minni, hvort dómsmrh. hefur ákveðnar skoðanir á hugmyndum um þriðja dómstigið eða hvort hann telur að þær breytingar sem þegar hafa verið gerðar geri slíkt dómstig óþarft. Ég minni á það að núverandi forseti Hæstaréttar hefur haft slíkar hugmyndir. Þá er það hugsað þannig að þar með verði hlutverk Hæstaréttar afmarkaðra en nú er og það verði ekki eins mikið um það að málum sé vísað til Hæstaréttar og raun ber vitni og hefur reyndar valdið deilum á undanförnum vikum og mánuðum.

[15:30]

Dómsmálaráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það liggur í hlutarins eðli að dómsmálayfirvöld, dómsmrn., hefur þær starfsskyldur að fylgjast með framkvæmd dómsmála og hafa frumkvæði að nauðsynlegum endurbótum og nýrri löggjöf eftir því sem tímarnir breytast og Alþingi tekur síðan ákvarðanir þar um og býsna furðulegt að heyra þing-

menn halda að önnur skipan eigi að vera á þeim málum í ljósi þess við hvaða stjórnarskrá við búum.

Vegna fsp. hv. þm. um það hver sé afstaða mín til þriðja dómstigsins eða millidómstigs milli héraðsdóms og hæstaréttar þá kom það alveg skýrt fram í umræðum um þau mál, sem ég hef áður getið um, á þinginu fyrr í vetur og hv. þm. hefði átt að vita ef hann hefði fylgst með framgangi þeirra mála. Þar kom það mjög skýrt fram að ég teldi ekki rétt að koma á þriðja dómstiginu og jafnframt kemur mjög skýrt fram í gögnum og athugasemdum með frumvörpum sem fyrir liggja, sem þeir vita sem hafa lesið þau frumvörp og þær athugasemdir, að tillögurnar sem samþykktar voru í vetur eru tillögur réttarfarsnefndar sem ekki gerði tillögu um þriðja stjórnsýslustigið og formaður þeirrar nefndar er forseti Hæstaréttar sem hv. fyrirspyrjandi hefur getið hér nokkrum sinnum um.

Niðurgreiðslur á ull.

Fsp. JÁ, 604. mál. — Þskj. 980.

[15:32]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Ég leyfi mér að bera fram fsp. á þskj. 980 til landbrh. um niðurgreiðslur á ull.

„1. Hve miklum fjármunum hefur verið varið til niðurgreiðslna á ull hvert ár frá því að búvörusamningurinn var gerður 11. mars 1991?

2. Hafa aðrir en bændur fengið einhvern hluta þeirra fjármuna sem farið hafa til niðurgreiðslna á ull og ef svo er hverjir og hve mikið?"

Eins og menn rekur minni var búvörusamningurinn undirritaður í mars 1991 og í honum er ákvæði um niðurgreiðslur á ull. Í 5. gr. búvörusamningsins, lið 5.22, stendur, með leyfi forseta:

„Niðurgreiðslur á ull verði hliðstæðar og verið hefur en tilhögun þeirra endurskoðuð."

Það er ástæða til þess að fá að heyra hjá hæstv. ráðherra hvort sú endurskoðun, sem segir að geti farið fram, hefur verið gerð og hver niðurstaðan af þeirri endurskoðun er. Það er líka ástæða til þess að spyrja hvort það hafi verið farið eftir VI. kafla samningsins þar sem talað er um endurskoðun í 10. gr., lið 1. Þar stendur: „Aðilar samnings þessa geta hvor um sig óskað eftir viðræðum um endurskoðun á einstökum atriðum hans."

Mig langar til að spyrja: Hefur þessi endurskoðun farið fram? Var samstaða um niðurstöðu ef það hafa orðið breytingar á framgangi við niðurgreiðslur á ull?

Ég vona að hæstv. ráðherra geri okkur grein fyrir því hvers konar viðræður og hvers konar undirbúningur hefur farið fram um þessa endurskoðun, sem hljóta að liggja á bak við að það hafa orðið breytingar, eftir því sem ég best veit, á niðurgreiðslum.

[15:35]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þær spurningar sem hv. þm. bar fram eru tvær. Sú fyrri hljóðar svo: „Hve miklum fjármunum hefur verið varið til niðurgreiðslna á ull hvert ár frá því að búvörusamningurinn var gerður 11. mars 1991?"

Svarið er að á árinu 1992 voru niðurgreiðslurnar 276.565 þús. kr. og á árinu 1993 voru niðurgreiðslurnar 239.385 þús. kr. og á þessu ári er áætlað að niðurgreiðslur muni nema 230.240 þús. kr.

Síðari spurningin hljóðar svo: „Hafa aðrir en bændur fengið einhvern hluta þeirra fjármuna sem farið hafa til niðurgreiðslna á ull og ef svo er hverjir og hve mikið?"

Allar niðurgreiðslurnar hafa runnið til ullarverksmiðja sem síðan hafa gert upp við bændur. Nokkrir handíðahópar í sveitum hafa fengið niðurgreiðslur beint á þá ull sem þeir hafa notað við vinnu sína en þar er um hverfandi magn og upphæðir að ræða.

Ég tók eftir því að hv. þm. bar fram fjölmargar spurningar sem ekki eru lagðar fyrir á þingskjali og raunar snerist málflutningur hans aðallega um þann hluta fyrirspurnarinnar en ekki það sem um var spurt, sem er athyglisvert. Um það er annars að segja almennt að í gangi hefur verið endurskoðun á ullarniðurgreiðslunum við bændasamtökin. Sú breyting hefur á orðið að á þessu ári verður svokölluð sumarull ekki niðurgreidd. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að hún gefur ekkert af sér. Það er verið að tala um að greiða ull sem er lítils eða einskis virði. Með þessari tilhögun er verið að reyna að stuðla að því að fara betur með þetta hráefni.

Jafnframt var tekin ákvörðun um það á sl. hausti að gera ráðstafanir til þess að skinnaiðnaður gæti haldið áfram að þróast í landinu. Þá voru uppi mjög sterkar áþreifingar og hugmyndir um það í kjölfar þess að skinnaverksmiðjan á Akureyri varð gjaldþrota að gærurnar yrðu seldar óunnar úr landi. Það tókst að koma í veg fyrir það og má segja að það sé í aðalatriðum sú breyting sem orðið hefur. Ég hygg að menn séu almennt mjög ánægðir með þá ráðstöfun vegna þess að rekstur skinnaverksmiðjanna hefur gengið vel, verð hefur hækkað og þessi atvinnurekstur skilar góðum hagnaði. Þegar hann stóð með mestum blóma námu gjaldeyristekjur skinnaiðnaðarins um einum milljarði kr. á ári. Það er auðvitað minna núna en fyrirtækin eru að byggja sig upp á nýjan leik.

[15:38]

Fyrirspyrjandi (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Af þessum síðustu orðum ráðherrans hlýt ég að ráða að þá fjármuni sem ætlaðir hafa verið til niðurgreiðslu á ull eigi að nota til niðurgreiðslna á gærum. Mér þykir ástæða til þess að fá það staðfest hjá hæstv. ráðherra að það hafi raunverulega breyst. Ég spyr: Er það ekki brot á 5. gr. búvörusamningsins þar sem það er sagt alveg skýrum stöfum að niðurgreiðslur á ull eigi að vera hliðstæðar og verið hafa en tilhögun þeirra verði endurskoðuð? Það er mikill munur á því hvort greiðslurnar fara til niðurgreiðslna á ull eða til afurðastöðvanna til niðurgreiðslna á gærum. Ég held a.m.k. að ekki séu allir bændur sáttir við þá tilhögun. Ef um það hefur orðið sátt verður það sjálfsagt upplýst af hæstv. ráðherra. En

ég hef orðið var við það að sumir bændur a.m.k. eru ekki mjög ánægðir með framgang þessara mála. Það er full ástæða til að það komi skýrt fram með hvaða hætti á að standa að þessu og ef breytingar eru fyrirhugaðar að þær séu þá a.m.k. skýrar og klárar fyrir öllum sem eiga hlut að máli og ágreiningur verði jafnaður með einhverjum hætti.

[15:39]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég veit ekki betur en að það sé sæmilega gott samkomulag um þá framkvæmd sem er á þessum málum. Það er þannig nú að ekki er greitt fyrir lélegustu ullina. Það var send út tilkynning sem var á misskilningi byggð og hefur verið leiðrétt. Á hinn bóginn er hugsanlegt ef bændur senda inn ónýta ull að þeir geti fengið reikning fyrir matinu. Ég hygg að ekki hafi á það reynt.

Ég veit ekki betur en þetta sé allt í góðu samkomulagi og eins og framkvæmdin er var lögð áhersla á það að skinnaiðnaðurinn gæti líka verið áfram í landinu sem er mjög æskilegt vegna þess atvinnuleysis sem hér hefur búið um sig.

Út af dagskrá voru tekin 1., 2. og 5. mál.

Fundi slitið kl. 15:41

---

140. FUNDUR

mánudaginn 25. apríl,
að loknum 139. fundi.

Dagskrá:

1. Vegalög, stjfrv., 119. mál, þskj. 990, brtt. 997. — 3. umr.
2. Tollalög og vörugjald, stjfrv., 507. mál, þskj. 991. — 3. umr.
3. Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, stjfrv., 530. mál, þskj. 829. — 3. umr.
4. Fjáröflun til vegagerðar, stjfrv., 545. mál, þskj. 992. — 3. umr.
5. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859. — 3. umr.
6. Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, stjfrv., 558. mál, þskj. 871. — 3. umr.
7. Evrópska efnahagssvæðið, stjfrv., 538. mál, þskj. 994. — 3. umr.
8. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 952. — 3. umr.
9. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 242. mál, þskj. 280, nál. 979. — 2. umr.
10. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 393, nál. 1003, brtt. 1004. — 2. umr.
11. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602, nál. 1000. — 2. umr.
12. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 531. mál, þskj. 830, nál. 987. — 2. umr.
13. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001, brtt. 1002. — 2. umr.
14. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 579. mál, þskj. 898, nál. 1006, brtt. 1007. — 2. umr.
15. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009. — 2. umr.
16. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.
17. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 1012, brtt. 1011. — 2. umr.
18. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 246. mál, þskj. 285, nál. 1013, brtt. 1014. — 2. umr.
19. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*
20. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439, nál. 924, brtt. 925. — Síðari umr.
21. Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574, nál. 958 og 998, brtt. 637, 673, 674 og 959. — Síðari umr.
22. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960. — Fyrri umr.
23. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.
24. Útflutningur hrossa, frv., 608. mál, þskj. 999. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Vegalög, 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 990, brtt. 997.

[15:46]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Svo sem ég kynnti við atkvæðagreiðslu um þetta mál eftir 2. umr. þá flytur samgn. á þskj. 997 svohljóðandi brtt. við frv. til vegalaga:

„Á eftir 1. málsl. 61. gr. komi nýr málsliður, svohljóðandi: Ákvæði 56. gr. öðlast gildi 1. jan. 1995."

Þetta er vegna athugasemda sem fram komu af hálfu hv. 1. þm. Norðurl. v. að 56. gr., sem lýtur að banni við lausagöngu búfjár á vegsvæðum þar sem girt er beggja megin vegar, hangir nokkuð saman við þá endurskoðun sem boðað hefur verið að efnt verði til í sumar og fyrir næsta þing á girðingarkafla vegalaga.

Nefndinni þykir eftir atvikum rétt að fallast á þessi sjónarmið og leggur til að þessi grein, þ.e. ákvæði 56. gr., öðlist gildi 1. jan. 1995, í trausti þess að þá hafi tekist að afgreiða þær breytingar sem lýst hefur verið yfir að séu fyrirhugaðar varðandi girðingarmál.

[15:47]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Þetta frv. til vegalaga er komið til 3. umr. og hér er kynnt brtt. sem ég ætla ekki að gera sérstaka athugasemd við. Efni greinarinnar er skynsamlegt sýnist mér og tímabært en þar er verið að flytja til gildistökuákvæði sem kannski er ekkert óeðlilegt miðað við efni máls.

En það sem ég vildi gera að umtalsefni er frekar það sem ég vakti athygli á við 2. umr. málsins, atriði sem ég hafði vænst að hv. samgn. mundi taka til endurskoðunar eða a.m.k. rökstyðja frekar, hvers vegna hún ekki kveður öðruvísi á um heldur en frv. gerir ráð fyrir samkvæmt brtt. nefndarinnar. Fyrsta atriðið varðar III. kafla frv. þar sem verið er að taka upp nýja skilgreiningu og ný heiti á flokkun þjóðvega eftir tilteknum reglum sem markaðar eru skv. 8. gr. Ég verð að segja að mér finnst það afskaplega óheppilegt þegar verið er að grauta í málum af þessum toga með þeim hætti sem hér er gert og breyta um nafngiftir eins og hér er lagt til, sérstaklega með tilliti til þess að þetta eru mál sem verulegur áhugi er á hjá fólki, a.m.k. í dreifbýli og á því sem við köllum landsbyggð, þ.e. vegamálin, fjárveitingar til þeirra og hvernig þokar fram. Það er illa til fundið að vera að breyta til um nafngiftir og flokkun á vegum vegna þess að það gerir lítið annað en að rugla fólk í ríminu. Þá á ég við ef það er gert að þarflausu og ekki er betra ef valdar eru þær nafngiftir sem eru að mínu mati næsta órökréttar miðað við efni máls. Mér finnst að það hafi ekkert verið ofætlan hv. samgn. að fara yfir það efni og koma fram með skynsamlegri tillögur því í samgn. er mikið úrvalslið úr öllum þingflokkum sem hefði áreiðanlega ekki orðið skotaskuld úr því ef nefndin hefði viljað fara yfir málin út frá þessu sem ég er að ræða og reyna að komast að skikkanlegri niðurstöðu en er að finna samkvæmt þessum tillögum.

Ég ætla aðeins að fara frekar yfir þetta, virðulegur forseti, um leið og ég minni á að sú flokkun sem við höfum notað hingað til, aðalflokkun á þjóðvegum í stofnbrautir og þjóðbrautir, er fólk í landinu svona rétt að átta sig á á hverju byggir, þeir sem á annað borð láta sig vegaframkvæmdir og vegamál einhverju varða.

Í 8. gr. er gerð tillaga um að þjóðvegum skuli skipað í stofnvegi, tengivegi, safnvegi og landsvegi. Í fjóra flokka. Það væri fróðlegt að spyrja hv. þm. að því hvernig þeir telji að aðalbrautir og hliðarvegir og útskot í landinu flokkist eftir þessum nafngiftum. Það væri gaman að gera hér, án þess að menn hefðu frv. fyrir framan sig, könnun á því í hvaða flokka menn mundu raða þeim vegum sem hingað til hafa verið flokkaðir með öðrum hætti samkvæmt vegáætlun og gildandi lögum. Ég er hræddur um að ekki mundi allt lenda í þann flokk sem frv. gerir ráð fyrir og kæmi þá í ljós hversu órökrænt er hér haldið á máli að því er þetta varðar.

Landsvegir. Ætli það væri ekki að mati alþýðufólks, alþýðu manna, taldir aðalvegirnir sem bæru það heiðursheiti að teljast landsvegir, meginbrautirnar. Við skulum athuga hins vegar hvert innihaldið er samkvæmt greininni. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að vitna til frv.:

„Til þessa vegflokks skal telja þjóðvegi sem ekki tilheyra neinum af framangreindum vegflokkum."

Þetta er sem sagt úrkastsflokkur, það sem ekki passar inn í annað. — „Þar er um að ræða vegi yfir fjöll og heiðar, þar á meðal vegi sem tengja saman landshluta," — yfir fjöll og heiðar, mitt innskot, „vegi innan þjóðgarða og vegi að fjölsóttum ferðamannastöðum."

Það eru landsvegir, hv. formaður samgn., sem ber ábyrgð á þessum tillögum frá nefndinni. Þetta eru landsvegir. Vegarstúfurinn innan þjóðgarðsins í Skaftafelli, virðulegur forseti, frá afleggjaranum að þjónustumiðstöð og upp að hæðum í Skaftafelli er samkvæmt þessum tillögum orðinn landsvegur. Það er nú ekkert minna, hann er orðinn landsvegur. Við skulum ætla að ýmsir kynnu að gleðjast því það væri þá von til að eitthvað meira fjármagn kæmi þennan veg og hann er þá í sama flokki og allt sem við höfum talið til fjallvega hingað til. Það sem við höfum talið til fjallvega eru orðnir landsvegir. Kjalvegur sem hv. formanni samgn. eflaust er kær leið og mörgum fleiri. Mér hefur þótt hann að vísu heldur ófríður nyrðri parturinn, ekki sérstaklega fríður. Þar sem kemur yfir í kjördæmi formanns samgn. finnst mér ekki mjög svipmikið landslag, en hins vegar þegar sunnar kemur gleður það meira augað heldur en ræktarlendur Landsvirkjunar í 600 m hæð á heiðunum sem við ræddum mikið um í gamla daga, bæði utan þings og innan, þegar við hv. formaður samgn. sátum saman í ríkisstjórn og rætt var um virkjanir. En ég ætla ekki að ræða það frekar í tengslum við þetta frv., virðulegur forseti.

Ég vildi vekja athygli á þessari kostulegu nafngift sem samgn. leggur til, að tillögu Vegagerðar ríkisins væntanlega og hæstv. samgrh., sem er ekki viðstaddur hér þessa umræðu en hefði verið fróðlegt að vita hvort hann hefði komið að þessu máli. Ég hef litið svo til að hæstv. samgrh. hefði áhuga á íslensku máli einnig í tengslum við sinn málaflokk. Ég spyr hæstv. samgrh.: Finnst honum skynsamlegt að setja vegi og vegstúfa í þjóðgörðum landsins undir heitið landsvegir? Veginn innan þjóðgarðsins í Skaftafelli, frá afleggjara að þjónustumiðstöð og upp í hæðir, líklega tæpa 2 km. Það er orðinn landsvegur samkvæmt þessu frv. sem og allir fjallvegirnir.

En ekki tekur mikið betra við þegar litið er til annars flokks sem heitir safnvegir. Hvaða vegir skyldu það vera, hæstv. samgrh., sem heita safnvegir? Það fyrsta sem manni dettur í hug í sambandi við þá nafngift, virðulegur forseti, er að þessir safnvegir séu fornar götur, fornar reiðgötur trúlega sem samgn. sé að leggja til að haldið verið til haga sem safngripum. (**GunnS:** Er það ekki ágætt?) Hér kallar fram í hv. 5. þm. Austurl., séra Gunnlaugur Stefánsson, hv. þm. kallar fram í og telur þetta eðlilegt en ég er ekki alveg viss um að formaður heilbrn. hafi sett sig inn í málið sem er til umræðu. Ég er ekki alveg viss um það ef marka má hans frammítöku en það getur vel verið að hann hafi skoðun á þessu og vilji flytja brtt. við málið og þá hlýtur

hún að koma fram undir umræðunni. En það er ekki svo að safnvegir séu fornar reiðgötur eða fyrstu akslóðar, sem vissulega gæti verið full ástæða til þess að vernda því það eru síst ómerkari minjar en margt það sem menn eru að taka til sérstakrar verndunar. Vegna hv. 5. þm. Austurl. má minna á mjög merkar minjar eftir fyrstu vegina innan hans sóknar sem lagðir voru í kringum 1890 af þeim mikla vegmeistara, Jóni Finnbogasyni, sem verkstjóra á póstleiðinni gömlu yfir Breiðdalsheiði og Berufjarðarskarð. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur lagt það á sig að kanna þær vegghleðslur, sem enn standa frá þeim tíma og gætu sem best fallið undir safnvegi, við Heiðarvatn á Breiðdalsheiði og í Kinninni norðan í leiðinni upp í Berufjarðarskarð. Þær væru ágætt dæmi um raunverulega safnvegi. Ég legg til að hv. þm., sóknarprestur, leggi það a.m.k. á sig að kanna þessar hleðslur þegar snjóa leysir þar eystra.

En þeir vegir sem hér um ræðir samkvæmt frumvarpstexta í 8. gr.: „Safnvegir tengja einstök býli, stofnanir o.fl. við tengivegi eða stofnvegi.“ Tengja stofnanir við stofnvegi. Hver á að botna í þessu, virðulegur forseti? Vegir sem tengja stofnanir og fleira við tengivegi og stofnvegi. Ég fer fram á það við hv. formann samgn. og hæstv. samgrh. að þeir reyni að hafa fyrir því að fara yfir texta og flokkun af þessu tagi áður en þetta er borið upp til lokasamþykktar á Alþingi þó samgn. hafi af einhverjum óskiljanlegum ástæðum ekki séð ástæðu til að fara yfir þetta efni eftir þær athugasemdir sem ég gerði, í stuttu formi að vísu, við 2. umr. málsins. (**EKG:** Hún hlýtur að hafa skilið textann.) Hv. 3. þm. Vestf. ályktar sem svo að samgn. hafi betri skilning á þessu máli en sá sem hér talar og getur vel verið að hv. þm. vilji treysta nefndinni fyrir málinu og greiða sér blindandi atkvæði um þetta. Ég veit ekki hvort hv. þm. hefur haft fyrir því að fara yfir þessa flokkun.

En síðan segir til frekari skýringar, og það er þá að átta sig á því, virðulegur forseti, með leyfi forseta:

„Til safnvega teljast: Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð.“

Það er auðvitað dagljóst fyrir hv. 3. þm. Vestf. hvað hér er á ferðinni með þessum safnvegum sem enda þar, sem mega aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfið þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð. — Hæstv. samgrh., það væri ágætt ef framkvæmdarvaldið reyndi að lesa með mér í þennan texta, reyndi að hjálpa til að sá sem hér talar mætti öðlast þann skilning sem hv. 3. þm. Vestf. virðist hafa í þessu vandasama máli til þess að upplýsa okkur, a.m.k. þann sem hér stendur, þannig að hann megi sjá það ljós sem ég hef ekki séð í þessu máli.

Svo segir til viðbótar um safnvegi, því ekki er allt upp talið, virðulegur forseti:

„Vegir að kirkjustöðum, opinberum skólum og öðrum opinberum stofnunum í dreifbýli og í þéttbýli með minna en 200 íbúa.“

Það eru líka safnvegir samkvæmt þessum texta. (**JGS:** Það hljóta að vera guðsvegir.) Það er alveg hárrétt sem hér er gripið fram í til skýringar af hv. 6. þm. Norðurl. e. að við erum sennilega að nálgast það sem kallaðir eru guðsvegir í sambandi við þetta en hvort samgn. hefur fundið þeim stað í sinni flokkun virðist mér ekki ljóst af þessum texta sem við höfum hér.

En aðalflokkurinn eru stofnvegir. Það er það sem við höfum kallað stofnbrautir og ég ætla út af fyrir sig ekki að gera sérstaka athugasemd við að það sem við höfum kallað brautir sé nú farið að skýra sem vegi, stofnvegi, en síðan kemur flokkurinn sem ég hef þá ekki getið um sem eru tengivegir. Hvaða vegir skyldu það vera? Það eru vegir, virðulegi forseti, og nú vitna ég orðrétt:

„Vegir sem tengja safnvegi við stofnvegi og ná að þriðja býli frá vegarenda þar sem búseta er. Þetta ákvæði gildir þó ekki ef um er að ræða veg í kaupstað eða kauptúni.“ — Það er sem sagt vegur að íbúð samkvæmt hinni skilgreiningunni um safnvegi sem eru vegir að íbúð. Það er ekki um að ræða veg í kaupstað eða kauptúni. — „Einnig má telja tengiveg að innsta býli þar sem landsvegur liggur úr byggð.“ — Og það eru vegirnir, landsvegir eru vegirnir innan þjóðgarða og yfir fjöll og heiðar.

Virðulegur forseti. Það sem ég er að reyna að vekja athygli hér á í sambandi við 8. gr. er að mér finnst að hér hafi illa tekist til um flokkun vega. Málið er of óskýrt sett fram fyrir a.m.k. þann sem hér talar. Ég hefði talið að það gæti átt við um fleiri og nafngiftirnar einkar illa valdar, nafngiftirnar fyrir þessa flokka. Það er alls ekki boðlegt, finnst mér, þinginu að ætla að afgreiða þetta svona.

Mér dettur stundum í hug þegar við erum að fara yfir frv. af þessum toga sem kannski eiga rót sína, upptök sín inni í ágætum stofnunum ríkisins að einhverju leyti, að það skortir stundum á að það séu kallaðir til þeir sem nefna mætti málhaga menn og jafnvel úr stofnunum ríkisins, svo ég leyfi mér að kalla það stofnun sem er hin virðulega nefnd Íslensk málnefnd, til þess að fara yfir efni og koma með tillögur í máli af þessu tagi og það hefði betur verið gert hér. En ég hafði lengi vel von um það að hv. formaður samgn. sem hefur sýnt það hér í málflutningi á þingi árum saman, það langt ég man, og honum er annt um íslenskt mál og hefur lagt metnað sinn í það og gert ítrekað aðfinnslur að því þegar hér hafa komið fram þingmál þar sem ekki er þokkalega á máli haldið og skiljanlega. Ég hafði svona vænst þess að hv. 2. þm. Norðurl. v. legði metnað sinn í það að taka á textum af þessu tagi myndarlega með tilliti til eðlilegrar máltilfinningar og þannig að — ég vil ekki segja það, virðulegur forseti, en mér datt í hug „skel hæfði kjafti“ en það passar eiginlega ekki inn í þetta mál sem við ræðum hér sem er frv. til vegalaga — en þannig að það félli að efni frv.

Þetta var það sem ég vildi segja varðandi 8. gr. En síðan kemst ég ekki hjá því, virðulegur forseti, að

nefna á nýjan leik mál sem ég vakti athygli á við 2. umræðu og varðar 9. og 10. gr. frv., sá kafli sem hefst á þessum greinum ber nú heitið „Almennir vegir og einkavegir". Þar telur samgn. sig með brtt. hafa gert nokkra bragabót og ég vil fara yfir þessar greinar þannig að þingmönnum sé ljóst um hvað hér er að ræða sem ekki hafa frv. fyrir framan sig. 9. gr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Almennir vegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir en eru í eigu opinberra aðila og eru ætlaðir almenningi til frjálsrar umferðar. Einkavegir eru þeir vegir sem ekki teljast þjóðvegir og eru kostaðir af einstaklingum, fyrirtækjum eða opinberum aðilum."

Hér skýrði hv. 2. þm. Norðurl. v., formaður samgn., mál þannig að þessir einkavegir sem kostaðir væru af opinberum aðilum en teldust samt einkavegir væru m.a. vegir að hernaðarmannvirkjum eins og ratsjárstöðvum sem gæti þurft að loka og við könnumst við það. M.a. er einn slíkur vegur í mínu kjördæmi og ég hef komið að honum harðlæstum á fjall sem er nú vel kleift að vísu og menn geta auðvitað lagt á sig að ganga upp á og hefði verið miklu nær að hafa þar ekkert mannvirki uppi og síður en svo að leggja þangað upp veg, upp á sjálft Gunnólfsvíkurfjall (**Samgrh.:** Það er oft hvasst þar uppi.) sem er fagurskapað fjall og afar illa til fundið, hæstv. samgrh., að setja þar upp harðljótt mannvirki upp á fjallið í formi ratsjárstöðvar og láta ekki nægja þau hervirki sem unnin voru litlu norðar á Langanesi þegar sett var upp ratsjárstöð á Heiðarfjalli, flestum til ama á þessu landshorni. Og er enn misklíðarefni og deiluefni vegna þeirrar meintu mengunar sem af hefur hlotist og sannanlega er þar í formi alls konar rifrildis sem eftir er af þessu hernaðarvirki á Heiðarfjalli en málaferli og málarekstur og deilur sem m.a. umhvrn. á aðild að eru í gangi vegna ratsjárstöðvar á Heiðarfjalli vegna jarðarinnar Eiðis á Langanesi. Er það kafli sem ég ætla ekki að ræða í tengslum við þetta mál, virðulegi forseti. En þarna kom þó skýring frá hv. 2. þm. Norðurl. v.

10. gr. frv. er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eigendur almennra vega og einkavega hafa veghald þeirra. Á einkavegum, sem opnir eru fyrir almennri umferð, getur viðkomandi lögreglustjóri skyldað eiganda að gera úrbætur og stöðvað vegagerð eða bannað umferð um veginn þar til bót hefur verið á ráðin ef hann telur veghaldi svo áfátt að hætta geti stafað af."

Það sem ég vildi efnislega segja, virðulegur forseti, um þessar greinar er að mér finnst illa til fundið að vera að skilgreina opinbera vegi sem einkavegi. Mér finnst það ekki falla að eðlilegum málsskilningi og það er skilgreiningarefni og málnotkunaratriði. Hitt þykir mér öllu verra að hér er ekkert kveðið á um það hvaða skyldur þeir sem halda einkavegi hafa við almenna umferð og hvar eigi að draga mörkin þegar lokað er fyrir almenna umferð um einkaveg. Hér er um að ræða þýðingarmikið atriði sem varðar fjölda fólks sem væri útilokað frá umferð um slíka vegi eftir geðþótta þeirra sem telja sig hafa kostað til þeirra og þá finnst mér að löggjafinn þurfi að skilgreina hvenær þeim sem heldur svokallaðan einkaveg og hefur kostað til hans er heimilt að loka honum fyrir almennri umferð og hvenær ekki. Um það er ekkert getið í þessum texta að ég fæ séð. Ég skal taka dæmi til skýringar. Sumarbústaðahverfi eða sumarbústaðir, ég er ekki að tala um einn einstakan sumarbústað sem er kannski tiltölulega skýrt dæmi um það ef sá sem hann á og hefur reist hann með tilskildum leyfum hefur lagt að honum veg og fengið fyrir því samþykki skipulagsyfirvalda því auðvitað þarf skipulagsyfirvaldaleyfi fyrir slíkum vegum, einnig samkvæmt núverandi löggjöf. Það getur maður út af fyrir sig fallist á að komi til greina að segja, þarna leyfum við ekki almenna umferð. En hvað um það ef um er að ræða þyrpingu sumarbústaða eða hverfi sumarbústaða og eigendurnir koma sér saman um það að loka þessum vegi fyrir almennri umferð, einnig þeim sem telja sig eiga erindi jafnvel við fólk innan þessa hverfis og það er hengt upp skilti og á hlið og lokað og jafnvel læst og stendur „einkavegur". Eigum við að telja þetta eðlilega málsmeðferð? Eigum við að telja það eðlilegt að þannig sé á máli haldið? Mér finnst það ekki. Ef eigendurnir eiga eðlilega kvöð á hið opinbera, virðulegur forseti, um það að taka þátt í kostnaði ef vegurinn er opinn og almenningi er leyfð umferð um hann þá finnst mér að það eigi að vinna það til að ætlast til þess að hið opinbera leggi þar eitthvað til. Ég hef dæmi um svona hverfi, sumarbústaðahverfi, þar sem menn hafa reynt að girða fyrir umferð almennings í mínu kjördæmi. Þar sem um er að ræða veg sem eigendur viðkomandi sumarbústaða hafa kostað til og lagt og ekki að mér vitanlega fengið til þess opinberan stuðning. En innan við, í framhaldi af þessum vegi þar sem sumarbústöðunum sleppir, tekur við það sem mundi heita eftir núverandi skilgreiningu „landsvegur", hæstv. samgrh., það tekur við ekkert minna en landsvegur, þ.e. það er slóði, eins konar fjallvegur sem tekur þar við og endar 10 km innar. Þá gæti samkvæmt þessum texta hér, þeir sem fyrir þessum vegi standa, sumarbústaðavegi, staðið á því fastar en fótum að þar skuli enginn inn nema þeir sem í þessum bústöðum búa og hafa kostað til vegarins og loka fyrir umferð um landsvegi sem tekur við í framhaldinu. Það er ekkert um þetta hér í þessu frv. Málið skilið eftir opið og órætt.

Hvernig getur það verið að úrvalssveit eins og hv. samgn. Alþingis hafi ekki vilja til að taka á málum af þessum toga? Ekki aðeins málfarslega heldur hinum beinu efnisatriðum sem varða vegina sjálfa og rétt til umferðar um þá.

Ég er enn að vona, virðulegur forseti, að hv. nefnd og formaður hennar sjái ástæðu til þess að líta frekar á frv. áður en það verður borið upp til 3. umr. því þetta er auðvitað hið merkasta mál og hið þarfasta mál sem við ræðum hér, endurskoðun á vegalögum. Mjög markandi mál sem ber að vanda til og sem varðar landslýð allan.

Síðan er það atriði sem ég hef einnig vakið athygli á en ekki fengið áheyrn með, það sem snýr að 52. gr. frv., sem snertir spurninguna: Á það að vera í verkahring Almannavarna ríkisins, virðulegi forseti, að koma

saman og grípa í taumana og auglýsa ef hætta er talin á snjóflóðum eða skriðuföllum eða öðru því sem vá getur stafað af og koma því á framfæri við almenning? Hv. 1. þm. Vestf. kannast við slíka vegi í sínu kjördæmi þar sem snjóflóð eru því miður tíð á fjölfarna vegi og ég þekki marga slíka kafla á svokölluðum vegi 1 og að ekki sé talað um vegi með hærri númerum í Austurlandskjördæmi. Það sem mér finnst í rauninni fráleitt er að það sé ekki sköpuð lagaheimild fyrir Vegagerð ríkisins sem er sá aðili sem fylgist með ástandi veganna, fylgist með því hvenær hættuástand skapast, heldur yfir það sínar skýrslur vegna þess að þar er samviskusamt fólk sem safnar saman upplýsingum og metur aðstæður. En hér var mér svarað til við 2. umr. málsins að þetta væri bara almannavarnarmál. Hvað segir hæstv. samgrh. um það? Finnst hæstv. ráðherra það eðlilegt að það þurfi að vera almannavarnarmál hvort það eigi að setja upp viðvaranir vegna snjóflóða eða skriðufalla eða hruns, steinkasts sem algengt er úr fjöllum þar sem vegir hafa verið lagðir undir skriðum og eins og víða hagar til hér í okkar landi, að það sé almannavarnarmál og það sé ekki sköpuð skýr lagaheimild fyrir Vegagerð ríkisins að annast það og að loka slíkum vegum og fá heimild til þess ef slík hætta er fyrir hendi. Gjarnan má hér vera um að ræða umboð eða tengsl við Almannavarnir ríkisins því ég vil síður en svo draga úr því að einmitt þessar aðstæður sem snerta snjóflóðahættuna, það þurfa auðvitað að vera góð tengsl við Almannavarnir ríkisins vegna þess að oft koma viðvaranirnar sem geta síðan skapað hættuástand í byggð þegar snjóflóð er að falla á þjóðvegum, þá þarf að meta aðstæður og meta mál út frá því.

En þessu vildi ég nú, virðulegur forseti, koma hér á framfæri við 3. umr. þessa máls og ég trúi ekki öðru en hv. þingmenn í samgn. sem hafa gaumgæft þetta mál hafi lagt eitthvað við hlustir og séu hugsanlega fáanlegir til þess að líta á þetta efni og ég er nokkuð viss um það að hæstv. samgrh. sem elur önn fyrir íslensku máli vill hafa það sem best í hverri grein að hann mun fremur hvetja en letja að þessi ákvæði og flokkun í 8. gr. verði eitthvað skoðuð áður en málið verður tekið til lokaafgreiðslu í þinginu.

[16:20]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég hefði nú gjarnan viljað heyra fyrst viðbrögð við ræðu hv. 4. þm. Austurl. og undirtektir hæstv. samgrh. við hans máli. Ég held að það sé ekki neinum blöðum um það að fletta að þar er bent á atriði sem sannarlega er ástæða til að sé rækilega skoðað og yfirvegað, það er hvernig vegakerfið er flokkað. Þarna eru lagðar til allmiklar breytingar á því fyrirkomulagi sem fest hefur í sessi og verið við lýði um alllangan aldur. Nú skal ég ekki hafa neinar skoðanir uppi um það að ekki séu forsendur til að breyta því og að mörgu leyti breyttar aðstæður og áherslur geta kallað á slíkt þó að ég út af fyrir sig minnist þess nú ekki að hafa rekist á að þetta fyrirkomulag hafi sérstaklega þvælst fyrir mönnum. Hitt hefur verið kannski umdeilanlegra hversu mikla fjármuni menn hafa sett til framkvæmda á einstökum vegum miðað við þá flokkun sem í gildi hefur verið. En auðvitað verða engir peningar til með svona breyttri flokkun. Þess vegna skiptir öllu máli að hún sé skýr og skilmerkileg og þjóni vel þeim markmiðum sem menn vilja byggja á varðandi framkvæmdir og uppbyggingu að þessu leyti og starfrækslu vegakerfisins í landinu. Ég segi nú alveg eins og hv. 4. þm. Austurl. að ég hef ekki, hafandi þó fylgst með þessari umræðu og lesið í gegnum frv., ekki öðlast neina sterka sannfæringu fyrir því að menn hafi einmitt þarna fundið hina einu réttu leið í því að flokka vegakerfið upp með þeim hætti sem hér er gert í 8. gr. Reyndar finnst mér sumt af þessu orka mjög tvímælis, t.d. eins og það að fella fjallvegina niður sem slíka. Nú er það alveg ljóst að fjallvegaflokkurinn er alveg sérstakur flokkur vega. Um hann gegnir öðru máli en um flesta ef ekki alla aðra vegi, t.d. hvað opnunartíma snertir og þjónustu og annað því um líkt. Ég er ekki viss um að það sé endilega rökrétt eða skynsamlegt eða framför í því fólgin t.d. að setja, ef ég hef skilið rétt, undir sama hatt vegi niður í þjóðgörðunum og fjallvegina. En það er út af fyrir sig annað mál. Ég ætla ekki að bæta miklu við þá ítarlegu yfirferð sem hv. 4. þm. Austurl. fór varðandi þetta atriði og vísa til þess.

Það sem varð þess valdandi að ég kvaddi mér sérstaklega hljóðs var að hér er komin fram brtt. við 3. umr. og henni fylgja þær skýringar að orðið hafi að samkomulagi við hæstv. samgrh. að skipa nefnd til að athuga með ákvæði girðingarkafla vegalaga eða ákvæði girðingarlaga og skila niðurstöðu í slíku starfi fyrir haustið. Með vísan til þess þá leggur samgn. til að gildistöku 56. gr. verði frestað og hún verði ekki fyrr en 1. jan. 1995. En lögin að öðru leyti gangi í gildi strax og hafi áhrif t.d. á flokkun vegakerfisins við næstu reglulegu endurskoðun vegáætlunar.

Nú er það svo að annað mál þessu tengt liggur hér fyrir þinginu þar sem er frv. sem undirritaður flytur ásamt fleiri og er um breytingu á lögum um búfjárhald og varðar það að tekið verði á lausagöngumálum og þeim árekstrum sem samskipti búpenings og umferðar valda og er þá í því tilviki eingöngu verið að taka á málum varðandi stórgripina. Þegar það mál var til umræðu var vísað af einhverjum hv. ræðumönnum, gott ef ekki hv. 3. þm. Austurl., í þetta tiltekna ákvæði vegalaga, þar sem verið væri að taka með vissum hætti eða a.m.k. í ákveðnum tilvikum á þeim vandamálum sem tengjast lausagöngu búfjár. Nú er það sem sagt niðurstaðan hér að fresta gildistöku þessa ákvæðis með vísan til þess að hæstv. samgrh. hyggst setja nefnd í málið. Og nú skal það tekið fram að ekki er ég að lasta það nema síður sé og sömuleiðis er það út af fyrir sig ekkert óskynsamlegt að fresta þá gildistöku þessa ákvæðis úr því að nefnd á að fara í þetta starf. En þar sem ekki hefur bólað á afgreiðslu á því frv. sem ég flutti og fyrir því eru út af fyrir sig líka þær ástæður sem mér hefur verið tjáð að ekki er samstaða um að afgreiða málið eins og það kemur þar fyrir og e.t.v. skynsamlegra að bíða þá með það atriði líka, þá vil ég nota þetta tækifæri og vona að mér fyrirgefist það og að það falli innan dagskrár af því að hér eru á ferð-

inni auðvitað svo náskyldir hlutir þar sem er annars vegar lausagöngu- eða vörsluákvæði laga um búfjárhald og hins vegar ákvæði vegalaga og girðingarlaga hins vegar að fara þá fram á það allra vinsamlegast að í þessu nefndarstarfi þá verði jafnframt þau atriði sem frv. til laga um breytingu á lögum um búfjárhald sem fyrir þinginu liggur tekin til skoðunar. Er ég þá sérstaklega að vísa til vörsluákvæða eða lausagönguákvæða eftir atvikum sem tengjast stórgripunum. Ég held að það geti verið á sínum stað að setja sérstök ákvæði sem taki til þeirra vegsvæða þar sem heldar girðingar eru báðum megin vegar. Þá er í raun verið að segja þar sem vegsvæði er lokað því það hlýtur þá að vera jafnframt lokað í endana því annars hefur það engan tilgang að setja þar ákvæði um bann við lausagöngu. Þar sem er um lokuð vegsvæði að ræða sem eru með ristarhliðum eða hliðum afmörkuð í endana og girt beggja vegna vegar að þar gangi þessi skipan í gildi. En þá er náttúrlega eftir stærstur hluti landsins eins og við vitum þar sem ekki er til að dreifa girðingum beggja vegna eða jafnvel alls engum girðingum. Þá vaknar sú spurning: Hvað með þau svæði, hvernig ætla menn þar að taka á málunum? Ég held að það sé alveg bráðnauðsynlegt að taka á þessum málum heildstætt. Og sérstaklega brýnt að ná utan um þann afmarkaða hluta þessa vandamáls sem er lausaganga stórgripa sem enn tíðkast á fáeinum svæðum, fáeinum stöðum við umferðarmikla þjóðvegi. Sem betur fer er það orðið svo að það eru að verða undantekningar frá hinni almennu reglu, að allir stórgripir séu í vörslu, en þær undantekningar eru því miður dýrar. Þær valda slysum og jafnvel alvarlegum slysum og tjóni á hverju ári svo nemur jafnvel tugum tilvika á hverju ári.

Mér er auðvitað alveg ljóst að á þessu máli eru margar og vandasamar hliðar og það kemur til að mynda inn á bótahlið málanna og hver ber ábyrgð á því ef tjón verður hvaða áhrif lausagöngubann kemur til með að hafa á bótaréttinn eða skylduna. Nýlegur dómur í tilteknu máli hefur vissulega valdið mönnum nokkurri umhugsun í því efni hvaða afleiðingar það gæti haft að fyrirskipa vörslu jafnvel þótt það sé gert á grundvelli reglugerðar sveitarfélags en ekki með landslögum. Þannig að sjálfsagt er nauðsynlegt að skoða einnig þá hlið málsins og ná þar einhverju skynsamlegu landi eða samkomulagi þó að ég hafi nú hneigst að þeirri skoðun sem lögfræðileg álit lágu fyrir um á sínum tíma þegar þessi mál voru í athugun í nefnd að núgildandi heimildir tryggingalaga til að skipta tjóni væru í sjálfu sér fullnægjandi til þess að mynda réttar reglur í þessu sambandi. Þá er auðvitað best að frá þessum málum sé tryggilega gengið. En aðalerindi mitt hingað, hæstv. forseti, er að beina þessum eindregnu tilmælum til samgrh., sem vill nú svo vel til að er jafnframt landbrh. ef svo má að orði komast í þessu tilviki, það er alla vega staðreynd að hæstv. ráðherra gegnir báðum þessum embættum og ber þá vel í veiði eins og reyndar gerði áður að það ætti að vera frekar en ekki sæmilegar aðstæður til að taka þá heildstætt á málinu því það er auðvitað augljóst mál að þetta er mikið samskiptamál, landbúnaðarins annars vegar og umferðar og samgangna hins vegar. Það er afar slæmt að mínu mati að hafa þessi mál í því horfi áfram sem þau eru. Þessi núningur, þessir árekstrar valda leiðindum og tjóni og á því þarf að taka.

Ég held að það sé líka og ég segi það sem þingmaður af landsbyggðinni, sem ber líka hagsmuni landbúnaðarins í þessu efni fyrir brjósti, að ég held að það sé líka nauðsynlegt að taka á þessum málum sem upp úr standa og tengjast stórgripunum til þess að kveða niður fullkomlega óraunsæjar og ástæðulausar hugmyndir sem jafnvel bryddar á um að fyrirskipa eigi vörslu á öllum búpeningi landsmanna alls staðar á landinu sem er auðvitað í raun og veru fjarstæða að tala um. Það er auðvitað ekki nokkur minnsta ástæða til þess að setja þar allt undir sama hatt, lausagöngu stórgripa við umferðarmestu þjóðvegi landsins, kannski út frá höfuðborginni eða öðrum slíkum stöðum annars vegar og t.d. lausagöngu sauðfjár í Árneshreppi á Ströndum hins vegar. Það er auðvitað himinn og haf þar á milli eða alla vega mikið af fjöllum og hundruð kílómetra. Ég er einmitt að hugsa um að menn reyni að finna skynsamlega sátt milli þessara að nokkru leyti ólíku hagsmuna, sem eru landnýtingin í þágu landbúnaðarins og hins vegar hagsmunir umferðarinnar og umferðaröryggisins, og brýna hæstv. samgrh. á því að þegar nefndin tekur til starfa sem vonandi verður sem fyrst að þá fái hún mjög vítt verksvið og hún geti tekið öll þessi mál fyrir og reynt að taka á þeim á öllum vígstöðvum samtímis og að mönnun hennar verði þá, án þess að ég ætli að fara að leggja hæstv. ráðherra lífsreglur í því sambandi þá vil ég eindregið mæla með því að mönnun hennar verði þannig úr garði gerð að í henni verði fulltrúar allra þessara sjónarmiða eða menn bærir til þess að gæta þeirra og jafnvel þess vegna tryggingarsérfræðingar eða aðrir slíkir settir til starfa í nefndinni eða með henni til að það sé hægt að ná utan um þann þátt líka. Þetta mál er búið að vera að vandræðast og velkjast fyrir mönnum um margra ára skeið. Það var það í minni tíð og það náðist því miður ekki niðurstaða í það, m.a. vegna þess að það var ekki full samstaða um meðferð málsins hér á þingi. Búnaðarþing hefur haft þetta til umfjöllunar á hverju einasta þingi svo lengi sem ég man og hef fylgst þar með störfum og þetta hefur verið til umfjöllunar hjá Stéttarsambandinu, á vettvangi Umferðarráðs, Bílgreinasambandsins og hvað það nú heitir allt saman. Þannig að það er veruleg þörf á því að ná utan um þessi mál. Og það er á sínum stað að taka á því hér og nú í tengslum við umræðu um vegalög því auðvitað skiptir það miklu máli í sambandi við umferðina og umferðaröryggið og vegina hvernig um þessi mál er búið. Þetta var nú mitt erindi, hæstv. forseti, einkum og sér í lagi item það að ég vildi gjarnan fá að heyra viðbrögð hæstv. samgrh. við því að litið verði aftur yfir 8. gr. frv., ef það mætti verða til að skýra og eftir atvikum jafnvel í einhverjum tilvikum breyta þeirri flokkun sem þar er upp sett sem virðist ekki einhlít.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, 529. mál, utanrmn., nál. utanrmn., þskj. 1024.

Samningur um opna lofthelgi, 541. mál, nál. utanrmn., þskj. 1023.

[16:34]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Mér finnst rétt að það komi hér fram að landbn. fjallaði um frv. hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar og hans félaga sem hann sagði frá áðan. Það út af fyrir sig er rétt að það voru ekki horfur á fullu samkomulagi við afgreiðslu málsins í nefndinni en það stafaði m.a. af því eins og kom fram í máli hans áðan að afar skylt mál var til umræðu í samgn. og hlaut þar afgreiðslu eins og hér hefur verið frá sagt. Af þessu tilefni og í samráði við 1. flm. var málið afgreitt í landbn. með bréfi til hæstv. samgrh. þar sem eftir því var leitað að það yrði samtímis tekið til umfjöllunar af þeirri nefnd sem á að fjalla um girðingar meðfram girtum vegsvæðum. Jafnframt því sem þær umsagnir sem nefndin hafði fengið um málið voru að sjálfsögðu látnar fylgja þar með. Þannig að því hefur verið til skila haldið að þær upplýsingar sem fyrir landbn. lágu og af henni var aflað svo og málið sjálft yrði tekið til meðferðar. Vonandi að það fáist efnisleg niðurstaða í það mál með þeim hætti að menn geti þar við unað. Þetta fannst mér rétt að kæmi fram í þessari umræðu þótt að formlegri afgreiðslu af hendi landbn. sé að þessu leyti lokið.

[16:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Austurl. og formanni landbn. fyrir þessar upplýsingar og það sem hann sagði og það er allt rétt sem hann greindi frá að það var í samráði við mig sem þessi tilhögun var valin. Ég vona að enginn hafi skilið mál mitt svo að ég væri ekki prýðilega sáttur við það að málið yrði þá sett í þennan farveg. Það var í raun og veru það sama sem ég var að fara fram á og ítreka og árétta að ég óskaði eftir því að þessi þáttur málanna, þessi hlið á þessum lausagöngu- eða búfjárhaldsmálum yrði skoðaður samhliða ákvæðum um afgirðingu vegarsvæða og þeirra reglna sem þar ríkja, þar sem því verki er þá lokið að girða vegsvæðin algerlega af þannig að nokkuð heildstæð mynd fengist á þessi samskiptamál búpeningsins og umferðarinnar í landinu. Ég ítreka að ég þakka hv. formanni landbn. fyrir að málið er þó á hreyfingu með þessum hætti sem hann greindi hér frá.

[16:39]

Samgönguráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Einungis út af þeim fyrirspurnum sem komu hér fram þá vil ég segja það fyrst að ég hygg að það séu fullnægjandi heimildir fyrir hendi til þess að Vegagerðin geti fylgst með og lokað vegum vegna snjóflóðahættu, það er a.m.k. svo þar sem ég þekki best til, í Ólafsfjarðarmúla, að ekki hefur verið undan því kvartað að heimildir væru ekki fyrir hendi. Eins og hv. þm. er kunnugt er þar enn töluverð hætta á snjóflóðum og það hafa ekki komið upp athugasemdir eða kvartanir yfir því að Vegagerðin hafi ekki fullnægjandi heimildir til að loka þeim vegi og gefa aðvaranir ef svo ber undir enda er vegurinn undir mjög ströngu eftirliti Vegagerðarinnar og rétt sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði að Vegagerðin hefur gjarnan þetta eftirlit með höndum út um þjóðvegi landsins. Hins vegar verður að vera á þessu föst regla og ég hygg að þar sé samstarf milli þeirra sem standa að Almannavörnum mjög gott og öllum ljóst hversu brýnt það er að þessum málum sé vel fylgt eftir.

Um girðingarmálin þarf ég ekki að ræða, það liggur alveg ljóst fyrir að það mál verður tekið til athugunar í sumar. Tillögur munu verða uppi á haustdögum og þær athugasemdir sem samgn. bárust verða teknar til athugunar.

Ég hygg að það sem hér standi um einkavegi sé fullnægjandi. Ég geri ráð fyrir því að það kunni að vera svo sums staðar, eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson sagði, að hluta landsvega, einkum ef um troðninga er að ræða, hafi verið breytt í einkavegi. Þetta frv. breytir engu þar um og auðvitað geta eigendur ekki tekið að sér veghald nema með samþykki og skilyrðum Vegagerðar.

Að síðustu veit ég ekki hvort ég á að segja það um hina fróðlegu og gagnmerku ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar um stofnbrautir og tengivegi, safnvegi, landsvegi — ég bið afsökunar, stofnvegi. (**Gripið fram í:** Já.) Það er þá einhvers staðar annars staðar sem braut stendur. (**Gripið fram í:** Það var í gamla daga.)

Afhvarf mikið
er til ills vinar,
þótt á brautu búi,
en til góðs vinar
liggja gagnvegir,
þótt hann sé firr farinn.

Menn eru að reyna að skilgreina fyrir sér þjóðvegakerfið í heild sinni. Hér eru þessi orð valin, stofnvegir, tengivegir, safnvegir, landsvegir. Ég tek undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að þetta er kannski svolítið flókið þegar verið er að tala um það að stofnanir standi við stofnvegi en:

Ég hlýt að virða að vettugi
þótt vefjist fyrir Hjörleifi
stofnanir við stofnvegi
sem stofnað er til á Alþingi.

[16:42]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég kem ekki til að svara í sömu mynt, í bundnu máli, innleggi hæstv. samgrh. Ég tel mig lítt færan á þeim velli og hef lítt látið að mér kveða þar sem það er skylda talin í störfum Alþingis og geri það af hógværð gagnvart íslensku máli og sérstaklega bundnu máli sem ég tel að sumir, ekki hæstv. samgrh., en sumir aðrir mættu temja sér.

En andsvarið varðar það sem hæstv. ráðherra vék að fyrst í máli sínu varðandi rétt til að loka vegum. Mér finnst að ályktun hæstv. ráðherra hefði átt að vera sú að það væri ástæða til þess að festa þetta með skýrum hætti inn í frv., en orðfæri 52. gr. sem helst mætti halda að lyti að þessu er þannig, með leyfi forseta:

„Einnig getur Vegagerðin bannað alla umferð öku-

tækja um vegi sem hættulegir eru vegna skemmda eða af öðrum slíkum orsökum þar til viðgerð er lokið."

En að ætla að flokka snjóflóð undir orðalag af þessu tagi þar sem ekki er vikið að því í skýringum með greininni og ég held ekki í framsögu heldur, það finnst mér nokkuð langsótt. Ég vænti þess að hv. 2. þm. Norðurl. e. komi hér til þess að segja sitt álit fyrir hönd nefndarinnar á athugasemdum mínum og þarf að eiga smávegis orðastað við hann. En ég tel í rauninni að hæstv. ráðherra hafi með nokkuð skýrum hætti tekið undir þá gagnrýni sem ég hafði hér uppi í sambandi við þessa flokkun og val á heitum fyrir einstaka flokka og skil þetta sem hvatningu af hans hálfu til hv. samgn. til að taka málið til frekari skoðunar.

Útbýting þingskjala:

Sala notaðra ökutækja, 389. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1025; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1026.

[16:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kem hér fyrst og fremst upp vegna athugasemda hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar og get upplýst hann um það að í 1. umr. um þetta mál hafði ég einmitt mjög mikið að athuga við allar þessar breytingar á nöfnum á vegaflokkunum. Við ræddum þetta auðvitað allmikið í samgn., hvort við ættum að sætta okkur við þessi nöfn og það segir í athugasemdum með frv. að þessi þrjú fyrstu nöfn, stofnvegir, tengivegir og safnvegir, séu hliðstæð því sem er notað í skipulagslögum og skipulagsreglugerð. Þannig að út af fyrir sig yrði þá að taka til við frekari breytingar ef við ekki mundum sætta okkur við þessar breytingar. Stofnvegir eru, eins og hann gat um áðan, nánast það sama og áður voru stofnbrautir. Hins vegar getur það ruglað menn dálítið hvaða vegir það eru sem falla undir skilgreiningu tengivegir og safnvegir en ég veit að hv. þm. hefur skoðað fskj. I þar sem flokkun veganna er sýnd og hvernig það mundi breytast miðað við það sem er í gildandi lögum.

Hv. þm. hafði einnig athugasemdir um landsvegina. Það er reyndar ekki nefnt í skipulagsreglugerðum en út af fyrir sig er það nafn sem ég gat einna best sætt mig við, þ.e. að landsvegir væru það sama og aðalfjallvegir og aðrir fjallvegir og einnig þjóðgarðavegir og vegir að fjölsóttum ferðamannastöðum. Mín skoðun er sú að landsvegir sé ágætt hugtak yfir það.

Það sem hann hafði að athuga við 52. gr. þá tel ég að hún svari því alveg að Vegagerðin geti lokað vegum ef svo ber við og hefur gert það þar sem ég þekki til og einnig er það á verksviði almannavarnarnefnda að skoða þau mál. Ég held að það sé ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því máli.

Að öðru leyti, eins og hér hefur komið fram, þá stendur nefndin að þessu nál. en hins ber að geta að nánari flokkun á þessum vegum mun í raun og veru ekki fara fram fyrr en með vegáætlun sem verður lögð fram á næsta þingi og þá verður það Alþingis að ákveða hvernig flokkunin verður, þ.e. hvernig skráin verður um stofnvegi, tengivegi og alla þessa vegi. Það kemur aftur inn í haust nánari skilgreining á þessum vegum við gerð vegáætlunar og það er auðvitað það sem skiptir meginmáli. Þannig að ég held að við þurfum að vera mjög vakandi fyrir því á haustdögum hvernig sú skilgreining mun líta út sem ætlað er í flokkun samkvæmt vegáætlun og þá hvaða fjármagn fer til viðkomandi flokka, hvort verulegar breytingar verða þá á skiptingu fjármagns til þessara flokka eða ekki. Það tel ég að við þurfum öll að vera mjög vakandi fyrir.

[16:50]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég hafði nú vænst þess að hv. 2. þm. Norðurl. v., formaður samgn., hefði eitthvað um þetta að segja, þær efnislegu ábendingar og athugasemdir sem ég hef borið fram og m.a. í ljósi þess sem kom fram hjá hæstv. samgrh. í óbundnu máli sem og bundnu að því er varðaði nafngiftir. Ég skil ekki í rauninni þá tregðu að vilja ekki líta á þessar athugasemdir og taka þær til skoðunar í nefndinni og að bæta þar inn skilgreiningum sem ég hefði talið eðlilegt í 52. gr. sem hér var rætt um af hv. síðasta ræðumanni, hv. 6. þm. Vestf., og vænti þess áður en ég þarf að taka aftur til máls hér þá fái ég að heyra eitthvað frá formanni nefndarinnar.

(**Forseti** (VS): Forseti telur það nú alveg á takmörkunum að þetta geti talist flokkast undir fundarstjórn forseta þar sem hlutverk forseta er fyrst og fremst að gefa hv. þm. og ráðherrum orðið en ekki að skikka þá í ræðustól.)

Hæstv. forseti. Nú fór í verra. Úr forsetastóli heyrði ég eitthvað á þá leið að verkefni þess virðulega forseta sem situr að baki mér sem og annarra sé það fyrst og fremst að gefa orðið til manna en ekki að sjá til þess að hér sé starfað með þinglegum og með eðlilegum hætti. Ég hef litið svo til að verkefni forseta væri allt annað en það að kalla til menn í ræðustól í einhverri röð og bið velvirðingar á þessum athugasemdum en ég tel þær nauðsynlegar vegna orða forseta.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það sem forseti sagði var það að það væri ekki hlutverk forseta að skikka hv. þm. eða hæstv. ráðherra í ræðustól og það var eiginlega erindi hv. þm. hér í ræðustólinn að hann óskaði eftir að ákveðnir hv. þm. og hæstv. ráðherrar töluðu í málinu.

[16:52]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það hefur skollið hér á dálítið sérkennilegt þagnarbindindi af ábyrgðarmönnum þingsins. Hv. 2. þm. Norðurl. v., þingskörungur sem ekki verður orðfátt að ég best veit þegar verið er að fjalla um mál sem hann ber ábyrgð á, í þessu tilviki sem formaður samgn., sér ekki ástæðu til þess að svara neinum efnislegum athugasemdum frá þingmönnum og góðfúslegum tilmælum um skýringar. Ég á mjög erfitt með að ráða í þetta, hæstv. forseti, og get heldur ekki beðið um atbeina forseta til að ráða í það, ég býst við að forseti gæti vísað frá beiðni minni með skýrari rökum en hinum fyrri.

En ég vil þó áður en þessari umræðu lýkur óska eftir því að hv. formaður samgn. skýri fyrir þeim sem hér talar hvað felst í ákveðinni skilgreiningu í 8. gr. frv. Það segi ég með tilliti til þess að skýringar nefndarformanns, auðvitað í framsögu sérstaklega, en þess utan einnig á orðum í frv. og merkingu getur skipt nokkru um framhaldið og hvernig lög eru túlkuð. Hér stendur í 8. gr. undir heitinu „Safnvegir":

„Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð, ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð."

Ég vil biðja hv. formann samgn. að skýra fyrir þeim sem hér talar og kannski fyrir öðrum sem á hlýða hvernig túlka beri þetta mál sem ég las upp úr 8. gr. „...ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð."

Í sömu grein var um að ræða eins og hæstv. samgrh. hefur hneppt í bundið mál orðalag sem vísar til safnvega sem tengir stofnanir við stofnvegi. Hér er um að ræða ákvæði þar sem tengja á safnvegi við aðra vegi, stofnvegi eða tengivegi, og inn í það mál koma býli og íbúðir og ákveðnar vegalengdir. Ég treysti hv. formanni samgn. að ráða í þennan texta áður en umræðu lýkur.

[16:56]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Flestar þær athugasemdir sem fram hafa komið í máli hv. 4. þm. Austurl. komu fram í hans máli við 2. umr. og var þá svarað. Mál þetta er hér til 3. umr. og er afgreitt samhljóða úr nefnd. Svo ég sé ekki ástæðu til þess að endurtaka þau svör sem þá voru gefin eða fyrr í þessari umræðu. Varðandi það sem hann beindi sérstaklega til mín úr 8. gr. undir fyrirsögninni safnvegir, og hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Vegir að öllum býlum sem búseta er á og ekki eru tengd með stofnvegi eða tengivegi. Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfi þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð."

Það er skemmst frá að segja að þetta er óbreytt frá þeirri reglu sem er í gildandi vegalögum og þar er sú regla sem hér er enn fremur haldið að það sem nú er kallað í þessu lagafrv. safnvegir skuli enda 50 m frá hverju býli þ.e. síðustu 50 m kostar bóndi sjálfur ef um býli er að ræða og að meðaltali gildir sú regla þar sem um þéttbýli er að ræða, minni háttar þorp eða aðra þá þyrpingu af íbúðarhúsum sem gefur til kynna að farið sé eftir þeirri meðaltalsreglu sem er hér í lok þessarar málsgreinar.

Ég tel að það sé alveg tilefnislaust að ætla að hv. 4. þm. skilji ekki þetta mætavel eins og það liggur fyrir og ljóst er að það er óbreytt frá því sem er í gildandi lögum.

[16:59]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mikið gladdi mig að hv. 2. þm. Norðurl. v. skyldi sjá ástæðu til að taka þátt í umræðunni þó hann notaði ekki tækifærið til að skýra það sem ég bætti við í mínu máli sem var í 2. umr. og hefði verið ástæða til fyrir hv. þm. að koma að.

En ekki tel ég texta betri ef vitlaus er þó hann hafi verið í gildi eða staðið á blaði áður. Mér sýnist það orðalag sem hér er á ferðinni hefði verið mun skýrara ef það hefði verið orðað með þeim hætti sem hv. þm. gerði með eigin orðum þegar hann fór að lesa í textann heldur en það sem hér stendur þar sem segir: „Vegur samkvæmt þessum lið skal þó aldrei teljast ná nær býli en 50 m ef hann endar þar eða vera inni í þéttri byggð ef vegakerfið þar er styttra en sem svarar 50 m fyrir hvert býli eða íbúð." Þetta er ekki nokkrum manni skiljanlegt orðalag. Og ég verð að biðja hv. þm. velvirðingar á því að það hefur ekki lokist upp fyrir mér sá skilningur sem hann vænti í sambandi við þetta. Ég hefði viljað sjá að þetta væri fært til skiljanlegs máls áður en samþykkt yrði.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög og vörugjald, 3. umr.

Stjfrv., 507. mál (hráefni til garðyrkjuafurða). — Þskj. 991.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, 3. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 829.

[17:03]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er til lokaumræðu frv. til laga um réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings um opna lofthelgi. Þetta mál er komið í gegnum 2. umr. og lá þá fyrir nál. frá hv. utanrmn. sem fjallaði um frv. og lagði til að það yrði samþykkt. Hér kann að vera hið merkasta mál á ferðinni, ég skal ekki vísa því út í neitt hafsauga, en nokkuð kemur það spánskt fyrir sjónir að það skuli þurfa á Alþingi Íslendinga að lögfesta efni af því tagi sem hér er um að ræða og kveðið er á um í 1. gr. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Eftirlitsmenn og flutningsáhafnir, sem starfa á grundvelli samnings frá 19. nóv. 1990 um hefðbundinn herafla í Evrópu og samnings frá 24. mars 1992 um opna lofthelgi, skulu njóta þeirrar friðhelgi, forréttinda og undanþága hér á landi sem kveðið er á um í samningunum."

Síðan er í athugasemdum við þetta mál vísað í málsskjöl, sem eru ekki lítil að vöxtum sem tengjast þessu máli, sem er staðfest fullgilding samnings sem hér að lýtur þann 14. des. 1991 og auglýsingar þar að lútandi sem vitnað er til. Í samningnum er gert ráð fyrir takmörkun ákveðinna tegunda hefðbundinna vopna í Evrópu og er aðildarríkjunum heimilt að senda eftirlitssveitir til annarra aðildarríkja til að tryggja framkvæmd samningsins.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég tel það nokkuð merkilegt að við skulum hér á Alþingi vera að fjalla um mál af þessum toga og það sé þörf fyrir okkur að lögfesta ákvæði eins og hér er um að ræða. Ég hef ekki haft aðstæður til eða tekið mér tíma til að fara ofan í rökin í hólf og gólf fyrir því að fara að lögfesta samninga af þessum toga en ég leyfi mér að láta efasemdir koma fram um að nauðsynlegt sé að skapa þau forréttindi og þær undanþágur sem er verið að lögfesta með frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til vegagerðar, 3. umr.

Stjfrv., 545. mál (endurgreiðsla ökumæla). — Þskj. 992.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, 3. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 859.

[17:07]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það hafi verið á Alþingi á árunum 1979–1981 að hv. þm. Karvel Pálmason flutti fjöldann allan af þingsályktunartillögum, fyrirspurnum og frumvörpum sem snertu sérstaklega lífeyrisréttindi sjómanna og það að þeir fengju lífeyri við 60 ára aldur. Haustið 1981 varð það að samkomulagi í tengslum við kjarasamninga að breytt skyldi tvennum lögum til að koma til móts við þessi sjónarmið. Annars vegar lögum um almannatryggingar, um það að sjómenn gætu fengið ellilífeyri samkvæmt þeim 60 ára gamlir og hins vegar lögum um Lífeyrissjóð sjómanna um það að sjómenn gætu fengið lífeyri úr þeim sjóði 60 ára gamlir.

Þegar frá þessu máli var gengið var það alveg ljóst öllum þeim sem að því stóðu að hér væri um að ræða tilteknar skuldbindingar sem Lífeyrissjóður sjómanna og ríkissjóður væru að taka á sig. Lífeyrissjóður sjómanna annars vegar vegna sjálfs sín og hins vegar ríkissjóður vegna almannatrygginganna og framkvæmd þeirra laga. Þess vegna hefur það alltaf verið dálítið sérkennilegt þegar talsmenn lífeyrissjóða og jafnvel sjómanna hafa verið uppi með að það væri sérstaklega íþyngjandi fyrir þennan sjóð að sjómenn ættu rétt á því að taka lífeyri 60 ára gamlir. Ótrúlegustu yfirlýsingar hafa birst um það efni jafnvel frá einum og einum manni í sjómannasamtökunum og þótt kannski megi segja að hámarki hafi sérkennilegheitin í tengslum við þetta mál náð núna á dögunum þegar það birtist, ég hygg að það hafi verið á Stöð 2, frétt þess efnis að árið 1981 hefði verið gefin út yfirlýsing um að ríkissjóður ætti að standa undir þessum auknu skuldbindingum Lífeyrissjóðs sjómanna, en yfirlýsingin hefði týnst og þess vegna væru menn núna að flytja það frv. sem hér liggur fyrir.

Staðreyndin er sú að yfirlýsingin var aldrei gefin. Hún var aldrei gefin með óyggjandi og skuldbindandi hætti. Hins vegar var það alveg ljóst öllum sem að þessu máli stóðu að þarna var sjóðurinn að taka á sig tilteknar viðbótarskuldbindingar.

Síðan verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst það dálítið sérkennilegt — og ég bið afsökunar á því að ég skuli ekki hafa haft tækifæri til að taka þátt í umræðum um þetta mál fyrr en núna, hæstv. forseti, — að hér er flutt frv. sem er fyrst og fremst flutt vegna þess að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna óskaði eftir áliti lagadeildar Alþingis á því hvort rétt væri að fella niður lög um sjóðinn og taka upp reglugerð í staðinn. Ég hefði gaman af því að sjá framan í þá lagadeild við tækifæri. Byggðist sú ósk stjórnarinnar m.a. á athugasemdum sem fram komu á Alþingi við meðferð lagafrv. um sjóðinn. Í greinargerð segir: „Í áliti lagadeildar þingsins kom m.a. fram að þrátt fyrir að Lífeyrissjóður sjómanna hafi um margt sérstöðu, t.d. varðandi tíð sjó- og vinnslys og ellilífeyrisréttindi frá 60 ára aldri í sérstökum tilvikum, verði ekki séð að almenn rök standi til þess að halda í lögbindingu reglna um skipulag og starfsemi Lífeyrissjóðs sjómanna fremur en annarra starfsstétta né að ástæða sé til þess að Alþingi fjalli um breytingar á reglum þess sjóðs fremur en flestra annarra lífeyrissjóða. Þó var bent á“, segir í greinargerð, „að í lögum um Lífeyrissjóð sjómanna væru ákvæði sem aðeins geta staðið í lögum en ekki reglugerð, og er þar sérstaklega átt við ákvæðið um lögveð í skipum til tryggingar innheimtugjalda. Í því sambandi var bent á að heppilegast væri að flytja frv. til nýrra laga um Lífeyrissjóð sjómanna þar sem kveðið væri á um tilvist sjóðsins og höfð inni ákvæði sem nauðsynlegt væri að hafa lögbundin. Á grundvelli laganna yrði síðan sett reglugerð þar sem kveðið væri á um aðrar reglur sem gilda ættu um starfsemi Lífeyrissjóðs sjómanna.“

Og það sem mér finnst að sé gert hér, hæstv. forseti, er að það er verið að smeygja inn í þingið frv. til alveg nýrra laga fyrir Lífeyrissjóð sjómanna með tæknilegum rökum, eingöngu með tæknilegum rökum. Ég segi alveg eins og er að mér finnst það ekki gott að nota álit lagadeildar Alþingis eins og hér er reynt að gera því að síðar í grg. segir, með leyfi forseta:

„Í framhaldi af áliti lagadeildar Alþingis samþykkti stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna að stefna að því að felld

yrðu úr gildi núgildandi lög sjóðsins en sett yrðu í staðinn stutt lög og síðan reglugerð í þeim tilgangi að auðvelda nauðsynlegar breytingar á reglum sjóðsins án atbeina Alþingis. Samhliða þessum breytingum yrðu reglur sjóðsins endurskoðaðar í heild, sérstaklega í ljósi fjárhagsstöðu hans."

Með öðrum orðum er það þannig að í umræðum um Lífeyrissjóð sjómanna í hittiðfyrra féllu einhver orð um það að kannski væri best að vera bara með lífeyrisréttindi sjómanna eins og önnur lífeyrisréttindi í almennum lífeyrislögum, þ.e. í lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og reglugerð á þeim grunni. Af hverju er verið að hafa sérlög um Lífeyrissjóð sjómanna? Í framhaldi af því stekkur stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna á það hálmstrá að biðja lagadeild Alþingis um álit á því hvort það sé rétt að gera þetta svona eða ekki. Og niðurstaða lagadeildar Alþingis verður svo sú samkvæmt þessu að það sé betra að hafa stutt lög um Lífeyrissjóð sjómanna, alls ekki löng, og síðan reglugerð á grundvelli hinna stuttu laga. En hvað er raunverulega verið að gera, hæstv. forseti? Samkvæmt reglugerðardrögum sem mér hafa borist og fyrir liggja í fjmrn. þá er gert ráð fyrir því að skerða sérstaklega rétt sjómanna til lífeyris við 60 ára aldur. Það er bersýnilega gert ráð fyrir því því að í þeim reglugerðardrögum sem ég hef séð segir svo, með leyfi forseta:

„Heimilt er sjóðfélaga, sem stundað hefur sjómennsku í 25 ár eða lengur og verið lögskráður á íslensk skip í 180 daga að meðaltali á ári, þó ekki skemur en 120 daga ár hvert, að hefja töku ellilífeyris þegar hann er fullra 60 ára. Skal þá upphæð ellilífeyris lækka um 0,4% fyrir hvern mánuð eða brot úr þeirri tölu sem vantar á 65 ára aldur er taka lífeyris hefst."

Það er því augljóslega verið að skerða þennan umsamda rétt sem sjómenn hafa haft alveg frá árinu 1981. Ég segi alveg eins og er að auðvitað má gagnrýna þann sem hér stendur fyrir að hafa ekki vakið athygli á þessu máli fyrr. En engu að síður er 3. umr. til þess að laga hlutina allt til loka meðferðar þeirra á Alþingi og ég segi alveg eins og er að ég sem aðili að þessu máli á sínum tíma, sem flytjandi þess frv. sem var um að ræða í upphafi, sætti mig ekki alveg við að verið sé að smeygja lagabreytingum hér í gegn á algerlega tæknilegum forsendum þó að það sé bersýnilega fyrst og fremst ætlunin að skerða réttindi sjómanna til lífeyris við 60 ára aldur. Og ég spyr: Hafa menn gert sér grein fyrir því hvað hér er í raun og veru á ferðinni? Ég segi alveg eins og er að ég dreg það í efa vegna þess að menn hafa horft á hinar tæknilegu röksemdir en ekki gert sér grein fyrir því að hér er um efnislega skerðingu á kjörum sjómanna að ræða.

Nú getur auðvitað vel verið að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna standi að einhverju leyti að þessu máli og mér sýnist að svo sé og þar með fulltrúar sjómanna þar inni. Það eru engin rök í mínum huga vegna þess að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna er fangi þess veruleika að sjóðurinn á við gífurlegan vanda að stríða. Auðvitað hefði verið eðlilegt að gera Alþingi grein fyrir þeim vanda og að leita leiða með Alþingi til þess að kanna hvort ekki mætti taka á þeim vanda alveg sérstaklega.

Hvað er þetta stór hópur sjómanna sem er verið að tala um? Þeir eru 200 talsins. Það eru 200 sjómenn í dag á 60 ára reglunni hjá Lífeyrissjóði sjómanna. Þó nokkur hluti þessara manna er enn þá úti á vinnumarkaði. Um þriðjungur þessa hóps er vinnandi í landi. Um þriðjungur þessa hóps er vinnandi á sjó. Þriðjungur þessara sjóðfélaga sem hér um ræðir eða um 60–70 manns eru hættir störfum. Hér er sem sagt samtals um að ræða 200 menn af alls 7.600 sjóðfélögum. Ég segi alveg eins og er að ég trúi því ekki að það sé nauðsynlegt við þær aðstæður sem nú eru að skerða þennan rétt einhliða, þennan 60 ára lífeyrisrétt sjómannanna, þegar þess er gætt að rekstrarkostnaður Lífeyrissjóðs sjómanna á ári er 36 millj. kr., á hverju einasta ári. Ég hygg að það sé vandfundinn miklu dýrari lífeyrissjóður í rekstri heldur en Lífeyrissjóður sjómanna.

Þess vegna segi ég það fyrir mitt leyti að ég tek ekki að fullu niðurstöður stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna, þó að þar séu fulltrúar sjómanna, sem dóm í þessu máli. Ég mundi vilja skoða það aðeins betur.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að í frv. er að vísu gert ráð fyrir því að það þurfi að nást samkomulag um reglugerðirnar en það segir svo í 5. gr., með leyfi forseta:

„Nánari ákvæði um skipulag sjóðsins og starfsemi hans skal setja í reglugerð sem stjórn sjóðsins semur og staðfest er af Alþýðusambandi Íslands, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Félagi ísl. botnvörpuskipaeigenda, Landssambandi ísl. útvegsmanna, Sjómannasambandi Íslands, Vinnuveitendasambandi Íslands og fjmrh."

Það er því bersýnilegt að fjmrh. hefur neitunarvald þegar kemur að því að skrifa niður þessa reglugerð þegar búið er að taka 60 ára ákvæðið út úr lögunum eins og er verið að gera tillögu um. Hér er uppi tillaga um að fella 60 ára ákvæðið út úr lögunum um Lífeyrissjóð sjómanna eins og þau eru í dag.

Þess vegna vil ég leyfa mér að bera fram þá fyrirspurn við hæstv. fjmrh., ef ég gæti náð eyrum hans þótt síðar væri í ræðu minni sem getur varað eftir þörfum, hvernig hann hyggist hafa þessa reglugerð. Ég vildi inna hæstv. fjmrh. eftir því hvort reglugerðardrög liggja fyrir og hvort það er ætlunin og þá hvernig að skerða 60 ára lífeyrisrétt sjómannanna samkvæmt þeim reglugerðardrögum sem fjmrn. hefur verið að vinna með.

Ég vil síðan benda á annað í þessu sambandi, hæstv. forseti. Þetta eru ekki einu lögin sem fjalla um 60 ára lífeyri sjómanna. Það gera líka lög um almannatryggingar. Hér eru sem betur fer engar tillögur uppi um að skerða þann rétt, en ég vil spyrja af þessu tilefni: Hefur það komið til tals að skerða líka rétt sjómanna til lífeyris við 60 ára aldur samkvæmt almannatryggingalögum?

Ég held með öðrum orðum, hæstv. forseti, að þetta frv. verði að skoða pínulítið betur. Það liggur ekkert á að afgreiða málið. Það þarf að skoða það miklu betur. Það þarf að fá það til meðferðar í þingnefnd og víðar og fara yfir þessi mál vegna þess að í raun og veru er

um það að ræða að menn eru að gera tillögu um kjaraskerðingu hjá fullorðnum sjómönnum með tæknilegum röksemdum sem eru ekki aðalatriði málsins. Ég sætti mig ekki við það, hæstv. forseti, og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. sé reiðubúinn til að svara ábendingum mínum og við getum átt umræður um málið.

[17:21]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Þessi ræða var eilítið furðuleg. Við erum að ræða um um Lífeyrissjóð sjómanna. Það skal tekið fram að þetta frv. er flutt að tilhlutan stjórnar sjóðsins, enda er það síður að stjórnir lífeyrissjóðanna óski eftir því við fjmrn. að fjmrh. flytji á þingi þau frumvörp sem þarf að flytja til þess að breyta lögum um viðkomandi sjóði. Ég vil fyrst taka það fram að í athugasemdum um þetta frv. kemur fyrir „lagadeild Alþingis". Þetta er það orðalag sem stjórn sjóðsins notaði en það sem átt er við að Elín Blöndal, starfsmaður nefndadeildar þingsins, fékk þessi mál til skoðunar vegna fyrirspurnar frá stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna. Það mun síðan vera misskilningur að kalla þá deild lagadeild Alþingis nema það viti á einhverjar breytingar í þeim efnum sem ég þekki ekki fremur en hv. þm.

Það sem undrar mig hins vegar dálítið í þessu máli er að nál. var gefið út, 2. umr. hefur farið fram og undir nál. skrifa allir hv. þm. sem í nefndinni eru og enginn pólitískur ágreiningur um málið. Það er hárrétt sem kom fram hjá hv. þm., eða ég skildi hann svo, að á sínum tíma var lögum um sjóðinn breytt í þá veru að greiða skyldi sjómönnum lífeyri fyrr en ella. Það eina sem var að þeirri ákvörðun var að enginn virtist ætla sér að borga brúsann. Þegar slíkt gerist lendir það á sjóðnum sjálfum og nú er staðan sú að sjómenn verða að taka á sig þessa skerðingu til þess að sjóðurinn verði ekki eignalaus og geti ekki borgað út í samræmi við sínar reglur.

Þetta vil ég að hér komi fram því að það ódýrasta sem menn geta gert, sérstaklega ráðherrar, er að breyta lögum um sjóði, lofa útborgun fyrr en ella en síðan eru engir fjármunir til að standa við þau loforð sem gefin eru. Ég ætla ekki að kenna hv. þm. um þetta mál, síður en svo, en ég hygg þó að hann geti frekar skýrt þingheimi frá hvernig á því stóð að sú ákvörðun var tekin á sínum tíma en sá sem hér stendur. (**SvG:** Ég gerði það áðan ef ráðherrann hefði nennt að hlusta á mig.) Það er kallað hér fram í, virðulegi forseti, af hálfu hv. þm. sem er mjög ókyrr í sæti sínu, að hann hafi lýst þessu áðan og þá er ég ekkert að gera annað en endurtaka það sem hann sagði.

Varðandi reglugerðardrög um sjóðinn þá er það svo að reglugerðina semur stjórn sjóðsins. Reglugerðina þarf hins vegar að senda til fjmrn. til staðfestingar. Það er því ekki fjmrn. sem semur reglugerð fyrir sjóðinn heldur er það fjmrn. sem staðfestir reglugerð sem sjóðurinn sendir til fjmrn.

Ég vil að þetta komi fram, virðulegi forseti. Það er sjálfsagt og ég hygg að það sé skynsamlegast á þessari stundu að hinkra eilítið með framhald umræðunnar, gera hlé á henni, ég held að það sé skynsamlegast. Enda tel ég að það hafi verið beiðni hv. þm. til þess að nefndinni gefist kostur á að kynna sér málið frekar. En þess skal getið að bæði Árni Guðmundsson og Guðmundur Ásgeirsson hjá Lífeyrissjóði sjómanna komu á fund nefndarinnar og gerðu grein fyrir sjónarmiðum stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna. Aðild fjmrn. að þessu máli er ekki önnur en sú að flytja þetta frv. að beiðni lífeyrissjóðsins og ég held að flestum þyki eðlilegt að lög Lífeyrissjóðs sjómanna séu í takt við lög annarra lífeyrissjóða í landinu og að reglugerðir séu mjög svipaðar frá einum lífeyrissjóði til annars. Það er í takt við það sem er að gerast í þjóðfélaginu þar sem verið er að reyna að samræma lífeyrisréttindi eins og hægt er og þar sem lífeyrissjóðirnir eru að taka til í eigin ranni til þess að sjóðirnir standi undir þeim skuldbindingum sem þeir eiga að gera, að geta greitt sjóðfélögum, þeim sem eiga sjóðinn, út þá fjármuni sem þeir eiga samkvæmt sjóðsreglunum þegar þeir komast á þann aldur að þeir eiga að fá slíka útborgun.

Ég tel, virðulegi forseti, þess vegna full efni til þess vegna orða hv. þm. að nefndin skoði málið, enda treysti ég því að nefndin þurfi ekki lengri tíma en svo að þetta frv. geti orðið að lögum í tíma. Það er flutt af brýnni þörf að mati stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna.

[17:26]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli mínu hér áðan þá geri ég nú kannski ekki mikið með álit stjórnar Lífeyrissjóðs sjómanna að ég telji það hæstaréttardóm í þessu máli. Ég geri það ekki og hef fyrir því ákveðin rök sem ég tiltók hér áðan.

Ég kvaddi mér hins vegar hljóðs til þess að bæði þakka hæstv. ráðherra fyrir að taka vel í það að málið verði skoðað nánar í nefnd, ég vil það gjarnan og tel það mikilvægt, og í öðru lagi svo til að gera athugasemd við að það sé sérkennilegt að athugasemdir af þessu tagi komi upp við 3. umr. málsins. Ég vísa því satt að segja alveg á bug. Athugasemdir mínar í þessu máli koma pólitískum ágreiningi um málið ekkert við og að reyna að hengja hlutina þannig saman að um leið og nefndarmaður eða nefndarmenn einhvers flokks hafi skrifað undir nál. þá sé 3. umr. alveg lokuð fyrir skoðanaskiptum kann ég ekki að meta. Ég kann ekki þau þingsköp sem eru þannig að um leið og búið er að ganga frá nefndarálitum fyrirvaralaust af hálfu flokkanna, þá geti einstakir þingmenn ekki lagt orð í belg. Þar með er verið að segja að 3. umr. á Alþingi sé þýðingarlaus. Ég efast um að það sé skoðun hæstv. fjmrh. og er reyndar sannfærður um að svo er ekki og ég mótmæli því vegna þess að ég vil að þingmenn hafi við hvaða aðstæður sem er, svo lengi sem mál er til meðferðar, frelsi til að tala.

[17:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom reyndar ekkert fram í þessari svarræðu sem ástæða er til að svara annað en það að athugasemd mín var sú að þær athugasemdir

sem hv. þm. lét getið skyldu ekki koma við 2. umr. Það hefði hjálpað okkur. Ég er ekkert að mótmæla því að hægt sé að taka þetta upp við 3. umr. en ég bendi á að hv. þm. er í sama flokki og einn af nefndarmönnunum sem skrifaði undir nál. og ég minni á, sem hv. þm. þekkir ósköp vel, að hann er kannski allra þingmanna mest kunnugur forsögu þessa máls því að ég hygg að hann hafi öðrum þingmönnum fremur átt kost á því að kynna sér málið þegar það var til umræðu fyrir rúmum áratug og aldurinn var styttur eins og hann gat um. Ég hygg nefnilega að hv. þm. hafi komið nær því máli en hann vill kannski vera láta.

[17:29]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Voðalega er stutt í geðvonskuna í hæstv. fjmrh. í dag. Er eitthvað um að vera í Sjálfstfl. sem við höfum ekki frétt af? Ég hef ekki trú á því að hann hafi sérstaklega með sjávarútvegsmál að gera þar sem allt er í keng út af hjá íhaldinu þessa dagana. (**Gripið fram í:** Það skyldi þá ekki vera.) Það skyldi þá ekki vera að hann ætli að fara að borga eitthvað, blessaður.

Veruleikinn er sá að sá sem hér stendur hefur alltaf, eins og oft áður að sjálfsögðu, lýst aðdraganda þessa máls og m.a. aðild minni að þeim aðdraganda. Ég flutti hins vegar ekki frv. um 60 ára lífeyrisaldur sjómanna samkvæmt lífeyrissjóðslögunum eins og hæstv. fjmrh. veit, en ráðherranum er væntanlega kunnugt um það að lífeyrissjóðirnir heyra undir fjmrn. En ég var á þessum tíma ekki fjmrh. heldur heilbr.- og trmrh. þannig að sú löggjöf sem ég beitti mér fyrir mun standa. Eftir því sem ég best veit er ekki meiningin að breyta almannatryggingalögunum.

Hinu vil ég svo sérstaklega mótmæla aftur, sem hæstv. ráðherra kom á nýjan leik upp með, að málin liggi þannig að þegar nál. hafa verið afgreidd, þá sé *búið að banna þingmönnum sem eru ekki í viðkomandi* nefnd að tala. Ég lýsi því þá yfir, hæstv. forseti, í eitt skipti fyrir öll fyrir undirritaðan að svo lengi sem ég sit á Alþingi tek ég ekki mark á þessari lagatúlkun hæstv. fjmrh. og læt hvorki hann né aðra loka fyrir þær athugasemdir sem ég kann að gera. Ef hann hins vegar vill afgreiða sína flokksmenn með þessum dónalega hætti, með leyfi forseta, þá er það hans vandamál en ekki *mitt*.

[17:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég get varla orða bundist því að hv. þm. kemur hér upp og kvartar undan geðvonsku minni og segir að ég vilji túlka lög öðruvísi en hann o.s.frv. Ég vil eingöngu segja hv. þm. það og þingheimi að ég *féllst á það og taldi að ég hefði komið verulega til* móts við sjónarmið þingmannsins þegar ég sagði að eðlilegt væri að nefndin tæki málið upp og ræddi málið í sinn hóp aftur. Og ef það kallast geðvonska og dónaskapur þá held ég nú að hv. þm. eigi einhverju öðru að venjast en ég hélt.

[17:32]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég tek undir að það er rétt að verða við þeim óskum og fallast á það tilboð hæstv. fjmrh. að umræðunni verði frestað og hv. nefnd geti á nýjan leik farið yfir málið. Ég held að það sé tilefni til og skal þess vegna ekki hafa langt mál um það á þessu stigi. Ég vil bara skýra það að undir nál. rita fulltrúar allra fokka í hv. efh.- og viðskn. að það var aldrei í meðferð málsins í nefndinni hreyft neinum sjónarmiðum í þá átt að afgreiðsla frv. sem slíks og sú breyting sem þarna væri verið að gera væri sérstaklega tengd fyrirhugaðri réttindaskerðingu sjómanna. Það var bara ósköp einfaldlega ekki á dagskrá. Sé ástæða til að ætla slíkt og í ljósi þess að nú liggja fyrir, sem ekki lágu fyrir þegar nefndin afgreiddi málið, drög að reglugerð á grundvelli laganna um Lífeyrissjóð sjómanna, þá er fullt tilefni til að fara yfir það á nýjan leik, m.a. vegna þess að það er löngu viðurkennt að það er ekki eingöngu í sjálfsvaldi stjórnar eða forráðamanna Lífeyrissjóðs sjómanna að ákveða hvernig verði með lífeyrisréttindi sjómannastéttarinnar farið. Sú ákvörðun að færa þennan aldur niður í 60 ár var tekin á sínum tíma á pólitískum grundvelli og sama má segja að gildi til að mynda um sjómannafrádráttinn. Það er viðurkenning á því að það sem stundum eru kölluð erfiðismannaákvæði og eru þekkt í löggjöf sums staðar í nágrannalöndunum, að vissar stéttir búa við önnur kjör bæði varðandi starfslokaaldur, lífeyrisréttindi og annað því um líkt, eiga við um íslensku sjómannastéttina. Það voru augljóslega pólitískar ákvarðanir.

Þetta hefur líka verið viðurkennt í verki með því að fjármunir hafa verið settir í Lífeyrissjóð sjómanna til þess að gera honum kleift til að standa undir þessum skuldbindingum gagngert vegna þess að menn vissu að *sjóðurinn gæti það ekki ella einn og óstuddur* því að engar iðgjaldagreiðslur frá fyrri tíð stóðu undir þeim skuldbindingum sem á sjóðinn voru lagðar með þessum breytingum. Og jafnvel þó að þær hefðu ekki komið til þá hygg ég að Lífeyrissjóður sjómanna hefði átt í miklum erfiðleikum með að uppfylla þær skuldbindingar sem á hann leggjast, m.a. vegna þess að aðild sjómannastéttarinnar að lífeyrissjóðum hefur verið *nokkuð margbrotin eins og kunnugt er*.

Ég veit að það er óþarft að rifja það upp fyrir mönnum sem þekkja þessa sögu að í Lífeyrissjóð sjómanna hafa t.d. gengið gengismunafjármunir. Inn í Lífeyrissjóð sjómanna hafa gengið fjármunir úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Nú síðast þegar útgreiðslurnar fóru fram 1992 var hluta af þeim fjármunum ráðstafað til Lífeyrissjóðs sjómanna. Á þessum vetri liggja *fyrir Alþingi mál þar sem Lífeyrissjóð sjómanna hefur* borið á góma og þá nefni ég til að mynda áform hæstv. fjmrh. um að fénýta eftirstöðvar í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins og láta þær renna í rekstur ríkisstofnana. Sjómenn hafa minnt á að það væri í samræmi við hefð og það sem áður hefur verið gert að láta a.m.k. einhvern hluta þeirra fjármuna renna sem framlag í Lífeyrissjóð sjómanna. Með því að vitna í þessi

dæmi held ég að sé nægjanlega rökstutt að menn hafa fyrir löngu gert sér grein fyrir því að eins og Lífeyrissjóður sjómanna stóð 1980 var hann ekki í neinum færum til að mæta þeim skuldbindingum sem pólitískar ákvarðanir voru teknar um að leggja á hans herðar með því að bæta réttarstöðu sjómanna í þessu sambandi.

Þess vegna er að mínu mati ekki heldur rétt að afgreiða málið þannig núna að segja: Þetta er bara ósk Lífeyrissjóðs sjómanna og stjórn sjóðsins sé þar með í sjálfsvald sett að taka eftir atvikum ákvörðun um að skerða réttindin ef svo ber undir, eins og hér er til umræðu.

Ég held að af þessum ástæðum sé augljóslega rétt að nefndin fari aftur yfir málið. Það er líka rétt sem hér kom fram að í nefndinni lágu ekki fyrir nein sérstök eða ný gögn um afkomu eða stöðu lífeyrissjóðsins sem slíks. Nú vill að vísu svo til að mikið hefur verið unnið á öðrum vettvangi í málum lífeyrissjóðanna almennt og þar eru til ýmsar upplýsingar um Lífeyrissjóð sjómanna eins og um aðra lífeyrissjóði. En af þessu tilefni komu ekki sérstakar upplýsingar til nefndarinnar um stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna.

Auðvitað er það svo rétt, sem hér hefur verið bent á, að það er grundvallarmunur á réttarstöðu sjómanna annars vegar ef réttindin eru lögbundin og föst í lögum um sjóðinn og hinu að þau séu færð yfir í reglugerðarákvæði eða samþykkt sem sjóðstjórnin ein og sér hefur á valdi sínu að gefa út og breyta. Auðvitað er það alveg ljóst. Það er því sem bent er á að Alþingi þarf að átta sig á því ef það er vilji manna hér að færa þetta til þannig að það verði opið að breyta því með einfaldri reglugerðarbreytingu.

Þá vaknar sú spurning hvaða umbúnað menn vilja hafa um þessi mál og hvaða pólitískan vilja menn vilja hafa hér til að tryggja lífeyrisréttindi sjómannastéttarinnar eins og áform og hugur manna stóð til þegar breytingarnar voru gerðar um 1980.

Þetta vildi ég taka fram, hæstv. forseti, vegna þeirra orðaskipta sem fóru fram milli hæstv. fjmrh. og hv. 9. þm. Reykv. Aðru leyti fagna ég því að umræðunni verði frestað og efh.- og viðskn. fái á nýjan leik kost á því að fara yfir málið.

Umræðu frestað.

Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, 3. umr.

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 871.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Evrópska efnahagssvæðið, 3. umr.

Stjfrv., 538. mál (birting breytinga og viðauka o.fl.). — Þskj. 994.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 2. umr.

Stjfrv., 242. mál (aðgreining afurða og gjald til Fiskistofu). — Þskj. 280, nál. 979.

[17:40]

Frsm. sjútvn. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Þetta frv. fjallar um breytingu á lögum um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. Það var flutt á síðasta þingi og afgreitt út úr sjútvn. en tími vannst ekki til að afgreiða málið til fullnustu hér á þinginu.

Þessu frv. hefur verið breytt nokkuð. Meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra eru fortakslaus ákvæði um að halda skuli sjávarafurðum, sem sérstaklega eru fluttar inn til vinnslu eða umpökkunar hér á landi en ætlaðar eru til útflutnings, aðgreindum frá innlendum afurðum þar til þær eru fluttar úr landi eins og segir í 3. málsl. 1. mgr. 6. gr. laganna frá 1992. Það hefur komið í ljós að slík skilyrðislaus krafa um aðgreiningu getur í mörgum tilfellum leitt til erfiðleika og þó nokkurs kostnaðarauka við framleiðslu vörunnar og þá er umrædd krafa um aðgreiningu ekki alltaf framkvæmanleg og má þar t.d. nefna landanir erlendra loðnuskipa í íslenskar fiskimjölsverksmiðjur svo að dæmi sé nefnt. Í 2. gr. laganna eru ákvæði um gjald Fiskistofu fyrir viðurkenningu á skoðunarstofum. Fiskistofu ber að viðurkenna starfsemi skoðunarstofa. Sú úttekt sem Fiskistofa þarf að framkvæma til að geta veitt slíka viðurkenningu er bæði tímafrek og krefst mikillar nákvæmni. Það er lagt til í þessu frv. eins og áður að gjald sem Fiskistofa innheimtir fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu verði 200 þús. kr. og er þá miðað við að grunntaxti gjaldsins sé miðaður við byggingarvísitölu í ágúst á sl. ári eða 192,5 stig.

Sjútvn. hefur fjallað um þetta frv. Á fund nefndarinnar komu Árni Kolbeinsson ráðuneytisstjóri og Árdís Steinþórsdóttir, deildarstjóri í sjútvrn. Nefndin mælir með samþykkt frv. Stefán Guðmundsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins og Anna Ólafsdóttir Björnsson sat fund nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Undir nefndarálitið rita auk mín Árni R. Árnason, Gísli S. Einarsson, Jóhann Ársælsson með fyrirvara, Guðmundur Hallvarðsson, Halldór Ásgrímsson, Vilhjálmur Egilsson og Steingrímur J. Sigfússon einnig með fyrirvara.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni þessari umræðu verði frv. vísað til 3. umr.

[17:44]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil með fáeinum orðum gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við þetta mál. Eins og hv. þingmenn muna, þá var þetta mál borið fram á síðasta þingi og náði þá ekki fram að ganga. Það hefur verið gerð nokkur breyting á 1. gr. frv. og það verður auðvitað að segjast að sú breyting er til verulegra bóta. Það var satt að segja ótrúlegt að sjá það í frv. í fyrra eins og það lá fyrir að þar var gert ráð fyrir því að það væri undantekningartilvik að ráðherra gerði kröfu um að það væri aðgreindur fiskur frá öðrum svæðum en Íslandsmiðum. En nú er þessu snúið við og nú er ákvæðið í þá átt að ráðherra geti kveðið á um það í reglugerð í hvaða tilvikum sé ekki krafist aðgreiningar. Að mínu viti er þetta ákaflega mikilvægt mál og mér finnst nú að stríðið um gæðin á íslenskum fiskafurðum verði auðvitað aldrei unnið til enda og menn þurfi auðvitað að passa hvert einasta skref sem stigið er. Það er margt sem hægt er að gera betur en við gerum í dag og fáránlegt að við tökum skref í einhverjar áttir eins og þá að blanda saman fiski af öðrum hafsvæðum án aðgreiningar.

Ég held að það sé mjög mikilvægt fyrir Íslendinga að halda því vel til haga og auglýsa vel þann fisk sem við erum að selja sem íslenska vöru og íslenskan fisk. Því miður eru að gerast hlutir einmitt á þessum missirum sem geta valdið okkur erfiðleikum í framtíðinni. Það er verið að flytja inn fisk til vinnslu sem aðrir aðilar veiða en íslenskir og það er verið að blanda þessum vörum saman þegar þetta er flutt út. Að vísu mun það vera þannig að á farmskjölum er krafist þessarar aðgreiningar en það mun ekki vera þannig að það sé t.d. merkt á umbúðum og það er ekki merkt á umbúðum sé varan t.d. tvífryst. Ég held að þetta séu hlutir sem þurfi að ræða vel um og gera sér vel grein fyrir hvaða áhrif geti haft í framtíðinni á okkar markaði.

Það er auðvitað ýmislegt sem betur mætti fara í þessum efnum og ég hef oft bendi á það þar sem ég hef tekið þátt í svona umræðum, bæði á þingi og annars staðar, að það sé ekki vansalaust að við skulum ekki gera meiri kröfur um merkingar á vörum en við gerum. Og það hefði verið mikið óhappaskref ef við ætluðum ekki að aðgreina allar þær vörur eins vel og við getum sem tæknilega er mögulegt að aðgreina eins og raunverulega var verið að bjóða upp á með frv. eins og það var lagt fyrir í fyrra.

Þá er auðvitað að þakka fyrir það að menn skuli hafa snúið af villu síns vegar í þessu og 1. gr. frv. skuli vera orðin eins og hún er. En ég get ekki stillt mig um það í þessu sambandi að tala um það að auðvitað er miklu fleira sem við þurfum að gera til þess að hefja merkið sem hæst upp fyrir því að íslenskur fiskur sé fyrsta flokks vara og leggja metnað okkar í það að hann sé ævinlega sú besta vara sem hann getur verið. Og til þess að það merki sé haft í efstu stöðu þá verða menn auðvitað að aðgreina og merkja vöruna rétt, ekki bara hvaðan hún kemur, ef hún kemur af öðrum hafsvæðum en Íslandsmiðum, heldur líka hversu góð varan er og þar vantar verulega á og þar hafa stóru sölusamtökin okkar verið með stefnu sem ég get ekki skrifað upp á og læt koma fram hvar sem ég get. Það er nefnilega þannig að í aðalútflutningi okkar, í blokk og flökum, er enginn greinarmunur gerður á því hvort varan er orðin 10–12 daga gömul eftir að hafa verið veidd af einhverjum skipum sem hafa verið í löngum veiðiferðum eða hvort það er tveggja eða þriggja daga gamall úrvalsfiskur sem er í viðkomandi pakkningu. Þetta getur ekki gengið og þarf að breytast en það hefur verið einhver ótrúleg tregða frá hendi þeirra sem ráða ferðinni í þessum málum. Þeir hafa svarað því ævinlega til þegar þessi gagnrýni er uppi höfð að þetta sé allt saman úrvals vara og kaupendurnir séu ánægðir með hana og hvað getum við beðið um meira. Ég held því fram að við höfum vera að tapa t.d. í samkeppninni við frystiskipin og fullvinnsluskipin sem eru að ná til sín meira og meira af þessum útflutningi eða þessari vinnslu vegna þess að við höfum ekki getað notfært okkur möguleikana sem hafa þó verið fyrir hendi í fiskvinnslunni. Ef við hefðum flokkað þessa vöru nægilega vel niður þannig að t.d. allt sem fer í blokk og flök í frystihúsunum sé merkt þannig að menn viti nákvæmlega hvers konar vara það er, þá hefðum við haft möguleika til þess að keppa við þessa vöru sem fullvinnsluskipin eru að selja þar sem þau fengu t.d. fyrir 2–3 árum síðan 10% hærra verð bara fyrir það að það væri hægt að stimpla þetta sem sjófrysta vöru. Auðvitað er sjófryst vara ekkert betri en landfryst vara. Spurningin er bara í hvers konar ástandi hráefnið er þegar menn vinna það. Í frystihúsunum okkar er auðvitað verið að vinna úrvalshráefni líka, en menn geta ekki valið á milli. Menn hafa enga tryggingu fyrir því hvað er í pakkanum. Það getur verið allt saman þokkalega ætur matur, en það er ekki nein trygging fyrir því hversu gamall hann er. Hjá Ríkismati sjávarafurða komust þeir að þeirri niðurstöðu að fiskur sem væri búið að geyma lengur en fjóra daga að meðaltali væri farinn að tapa gæðum þó að hann væri geymdur í ís við sem bestar aðstæður. Það er æðistór hluti af þeim fiski sem fluttur er út sem fyrsta flokks vara sem búið er að geyma lengur en okkar bestu vísindamenn á þessu sviði vilja meina að gott sé.

Um síðari greinina, þ.e. 2. efnisgr. þessa frv., vil ég fara líka fáeinum orðum því að nú er komin töluverð reynsla á þessa nýju skipan sem komið var á með stofnun Fiskistofu og þessum svokölluðu skoðunarstofum sem tóku við eftirliti með frystihúsum og fiskvinnslustöðvum og skipum reyndar líka. Við erum búnir að sjá með hvaða hætti þetta hefur allt saman komið út og það er því miður þannig að allar verstu spár þeirra sem voru á móti þessu hafa ræst. Þetta kerfi er fokdýrt. Aðilarnir sem borga þetta eru auðvitað fiskvinnslustöðvarnar vítt og breitt um landið og þær eru að borga miklu, miklu hærri fjárhæðir fyrir þetta eftirlit en áður var og eftirlitið er allt saman auðvitað að verða tvöfalt með tíð og tíma. Það eru a.m.k. sjö fyrirtæki starfandi við að gera það sem mátti segja að þrír aðilar hefðu annast að mestu leyti áður eða öllu leyti, en nú eru þeir orðnir a.m.k. sjö og gætu þess vegna orðið fleiri og eftirlitsmennirnir keyra hver á eftir öðr-

um allt í kringum landið til þess að skoða frystihús, saltfiskverkunarstöðvar, báta eða hvað það nú heitir allt saman. Hæstv. forsrh. setti nefnd í málið til að skoða eftirlitsiðnaðinn sem hann er sjálfur búinn að standa fyrir að koma upp. Ég er ekki hissa á því þó að hv. þm. Egill Jónsson iði í sætinu til að taka undir það sem ég er að segja því að hann hefur gert sér það ljóst að hann hefur staðið hér að óhappaverki að því leyti til að auðvitað er þetta dýrt. Það kann vel að vera að þetta virki. Það á eftir að koma í ljós hvort þetta eru vönduð vinnubrögð, það á eftir að meta það líka, sem þarna eru stunduð en það þarf a.m.k. ekki að fara lengra í þróuninni til að sjá það að þessi vinnubrögð kosta miklu meiri fjárhæðir en það kerfi sem við höfðum áður. Það var kannski ekki heilagt og það mátti auðvitað breyta því með einhverjum hætti en hér hafa menn tekið upp kerfi sem er auðvitað atvinnuskapandi ef menn leita eftir slíkum lausnum á málunum, þá yrði þetta mjög atvinnuskapandi kerfi, það er engin spurning. Það hefur fjölgað mjög verulega þeim aðilum sem taka þátt í þessu eftirliti og þeim heldur áfram að fjölga. A.m.k. síðast þegar ég vissi var enn að fjölga mönnum sem starfa við þetta. Og síðan á Fiskistofa sjálfsagt eftir að biðja um það að fá að fjölga starfsfólki enn meir til þess að hafa eftirlit með öllum þessum skoðunarstofum og eftirlitsaðilum sem komnir eru í þessa atvinnugrein. Ég er ekkert hissa á því þó að Fiskistofa þurfi að fá kannski eins og 200 þús. kr. fyrir að viðurkenna hverja skoðunarstofu því að það er bara hluti af þeirra eftirliti að viðurkenna þær í upphafinu og svo þarf auðvitað að hafa eftirlit með þeim í framhaldinu á hverju ári og sinna því með fullnægjandi hætti því að erlendir aðilar láta sér ekki nægja stimpil frá skoðunarstofunum. Þeir þurfa að hafa ríkisábyrgð á þeim stimpli sem þeir taka mark á. Það hefur komið skýrt fram að það er fyrst og fremst viðurkenning Fiskistofu sem er þá hinn raunverulegi ábyrgðaraðili á þessu eftirliti sem erlendir aðilar taka gilda þó að þeir út af fyrir sig hafi látið það koma fram að þeir hefðu ekkert á móti þessu eftirlitskerfi sem hér er búið að koma upp.

Ég held að næsta skref í þessu máli hljóti að vera það að leita eftir einhverri meiri hagkvæmni í þetta kerfi en komin er og þar er kannski hægt að skrifa upp á það að það verði gerð tilraun til þess að sameina eitthvað af þessum ósköpum, einhverja af þessum sjö skoðunarstofum þannig að þeim fækki nú eitthvað og það verði meiri hagræðing í greininni sem menn eru farnir að tala um, þessari nýju grein, þ.e. eftirlitsiðnaðinum. Vonandi er einhver hér inni sem getur upplýst hv. þm. um hvað líður störfum þeirrar nefndar sem hæstv. forsrh. skipaði til þess að skoða þennan eftirlitsiðnað. Ég hef ekki heyrt það enn að sú nefnd hafi skilað neinu áliti eða gefið áfangaskýrslu um sín verk en það er auðvitað mjög nauðsynlegt að það komi sem fyrst í ljós áður en menn halda lengra áfram á þessari braut.

Ég held að ég hafi ekki lengri ræðu um þetta mál núna. Ég fagna því að menn skuli hafa snúið frá villu síns vegar gagnvart 1. gr. frv. en ég hvet menn til þess að gefa hvergi eftir í því að hafa mikinn metnað á bak við vinnslu og sölu á íslenskum fiski og að það verði virkilega staðið við það að gera ævinlega greinarmun á íslenskum fiski og fiski sem er fluttur til landsins til vinnslu, þar verði hvergi hvikað. Ég geri mér grein fyrir því að í sumum greinum af þeim fiskiðnaði sem við höfum stundað undanfarið hafa menn flutt töluvert af fiski til landsins til að vinna og það er allt gott um það að segja. En ég tel bara að það sé svo mikils virði fyrir okkur að halda aðgreindum þeim fiski sem við veiðum á Íslandsmiðum og seljum að við getum ekki tekið þá áhættu að láta aðra aðila sem vinna með annars konar hætti, eru með öðruvísi fyrirkomulag á eftirliti með framleiðslu sinna afurða og annað slíkt, að láta vörur frá þeim koma til Íslands og það sé síðan ekki aðgreint nægilega skýrt hvaðan sú vara kemur, það finnst mér óásættanlegt. Það er auðvitað ekkert við því að segja þó að það sé t.d. ekki hægt að aðgreina t.d. loðnuafurðir sem erlend skip hafa landað hér til vinnslu. Ég tel að það sé bara eðlilegur hlutur og verður að vera eins og það er. Það er alveg ástæðulaust fyrir okkur að búa okkur til vandamál. Við höfum auk þess gert samninga við önnur ríki þar sem við skrifum upp á skuldbindingar í því efni að upprunavottorð séu með réttum hætti á þeim vörum sem við framleiðum hér í landinu. Það er að vísu í þeim reglum gert ráð fyrir möguleikum til þess að hluti af þeim vörum geti verið innfluttur en ég tel að við eigum sjálfir að hafa það sem grunn- og aðalreglu að íslenskur fiskur sé íslenskur og að það verði ævinlega gerð sú krafa að það komi skýrt og greinilega fram í útflutningnum.

Útbýting þingskjala:

Stjórnarskipunarlög, 303. mál, nál. stjórnarskrárnefndar, þskj. 1028.

Þjóðarbókhlaða, 470. mál, nál. menntmn., þskj. 1029.

[18:00]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegur forseti. Svo sem fram kemur í nál. á þskj. 979 þá sat ég fundi hv. sjútvn. sem áheyrnarfulltrúi og var þar við afgreiðslu þessa máls sem og í öðrum málum. Ég vil gera grein fyrir því að ég er í hópi þeirra sem standa að afgreiðslu þessa máls með fyrirvara. En þar sem illa er nú hægt að orða það svo að ég hafi setið fundi nefndarinnar með fyrirvara þá hefði ég kannski átt að hafa vara á og láta það koma fram í þessu nál. að ég hef nokkurn fyrirvara á því að standa að afgreiðslu þessa máls. Ég hef að sjálfsögðu ekki tök á að skrifa sér nál. enda held ég að ég geti allt eins komið mínum sjónarmiðum á framfæri hér í ræðu.

Það er raunar við báðar efnismálsgreinar þessa frv. sem ég hef athugasemdir. Varðandi 1. gr. þá er það vissulega rétt að þarna er um töluvert miklu betri texta að ræða en var á því frv. sem var hér til umræðu á sl. ári og náði ekki fram að ganga. Ég held að það geti varla nokkur maður velkst í vafa um að það hefði verið slæmt ef það orðalag sem þá var uppi hefði verið samþykkt þar sem var hægt í undantekningartilfellum að setja sérstaka aðgreiningu á hráefni eftir uppruna og

ráðherra var í sjálfsvald sett hvernig það væri. Það var því gert ráð fyrir þeirri meginreglu að þarna væri sem sagt ekki um aðgreiningu að ræða og það var auðvitað gjörsamlega óviðunandi og engan veginn í takt við afgreiðslu þessa máls sem var eftir mikla vinnu í nefndinni og var afgreitt 20. nóv. 1992 svo sem sjá má á heiti frv.

Það sem mér finnst í rauninni áhyggjuefni og fram kom í umfjöllun nefndarinnar nú er það að smásölukaupandi erlendis á alls ekki skýlaust kost á því að vita hvaðan varan er sem hann kaupir. Hins vegar geta kaupendur erlendis sem kaupa vöru til dreifingar erlendis mjög glögglega vitað hvaða vöru þeir eru að kaupa. Það er að sjálfsögðu algjörlega í takt við það sem á að vera. En þegar í smásölu er komið þá er algjörlega undir hælinn lagt hvort neytandi er að kaupa íslenskan fisk frá Íslandi, veiddan af íslenskum aðilum eða fisk sem landað er á Íslandi og unninn á Íslandi. Ég hef athugasemdir fram að færa við þetta. Mér finnst þetta ekki heppilegt. Þetta kom fram í upplýsingum frá Árna Kolbeinssyni þegar hann kom á fund nefndarinnar og var hann svo sem ekki að verja þetta út af fyrir sig. Við getum ekki sett erlendum dreifingaraðilum skilyrði um það hvernig þeir merkja þá vöru sem þeir dreifa hjá sér. Þvert á móti hefur komið fram t.d. að það eru örfá stórfyrirtæki sem ráða u.þ.b. 90% smásölumarkaði í Frakklandi. Þau hafa það nánast algjörlega í hendi sér hvernig vara er kynnt og merkt á þeim markaði. Við erum í rauninni ofurseld þeim ákvörðunum sem þar eru teknar og við eigum það á hættu að ef sá sem sér um smásöludreifingu í erlendu landi gerir ekki þennan greinarmun þá munum við hugsanlega gjalda þess ef ekki er um sambærileg gæði að ræða á því hráefni sem leyft er og ekki er flokkað sérstaklega frá hinu sannanlega íslenska hráefni. Þetta finnst mér mikið áhyggjuefni. Hins vegar kom það mjög skýrt fram í nefndinni að það eru önnur atriði, sérstaklega varðandi loðnuvinnslu í fiskimjöl, sem valda því að þessar breytingar eru lagðar til og eru núna í 2. umr., komnar út úr nefnd og þá með þokkalegri sátt. Þetta er vandamál sem menn viðurkenna og eru að bregðast við. En ég hef dálitlar efasemdir og þær efasemdir hafa ekki vikið frá mér að við séum að gera þetta með réttum hætti að gefa færi á svona mikilli opnun. Mér finnst miður að svo skuli vera en ber eins og aðrir ábyrgð á því að hér náðist ekki betri niðurstaða. Þetta var einfaldlega niðurstaða nefndarinnar og ég held að það hafi allir verið sammála um að það væri þessi skilningur fyrst og fremst að hér væri verið að bregðast við vandræðum varðandi vinnslu loðnumjöls sem við værum að leysa. Ég hef í sjálfu sér enga athugasemd um það fram að færa.

Varðandi 2. mgr., þá hefur það komið í ljós sem við nokkur og ekki síst við kvennalistakonur bentum á þegar verið var að setja upp þetta mikla píramída- eða topphúfukerfi, með Fiskistofu, skoðunarstofum og síðan því eftirliti sem framleiðandinn sjálfur er með, að hér væri verið að fara út í allt of flókið og viðamikið kerfi sem mundi tvímælalaust leiða til aukins kostnaðar og ég held að þessi viðbót við lög um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra sýni svo ekki verði um villst að þetta var að sjálfsögðu alveg hárrétt.

Ég lít svo á að þessir millilíðir séu óþarfir. Það hefur komið fram æ ofan í æ að eftir sem áður verður opinber aðili að bera fulla ábyrgð á eftirlitinu rétt eins og gert var á vegum Ríkismats sjávarafurða hér áður. Þessi breyting gerir ekkert annað en að auka kostnað, umfang og skrifræði, sem ég held að sé engri framleiðslu til góðs. Ég legg jafnríka áherslu á að staðið sé vel að gæðamati eins og mér finnst það skipta miklu minna máli hversu mörg vottorð liggja að baki hverri vöru. Mér finnst það í rauninni alveg fáránlegt ef við erum orðin uppteknari við að leggja fram pappíra heldur en í raun að sinna gæðamati. Ég óttast það og er ekki ein um þá skoðun að við séum einmitt að þægja skrifræðinu með því kerfi sem við höfum byggt hér upp.

Ég vil benda á að þessar 200 þús. kr. fyrir viðurkenningu á skoðunarstofu eru ekkert peningur sem skoðunarstofur taka bara og borga svona úr eigin vasa af gæðum sínum og notalegheitum heldur er þetta að sjálfsögðu nokkuð sem fer úr í verðlagið og ég er hrædd um að gjald sem einu sinni er komið á fari nú ekki svo glatt af. Ég held að reynslan hafi margsýnt það og sannað.

Það var mikið rætt um það þegar við vorum að breyta lögum um Ríkismat sjávarafurða og samþykkja lögin um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra að hér væri hægt að koma upp algjörlega nýju kerfi sem t.d. félagar okkar í Evrópu litu glaðlega til og litu jafnvel á sem einhvers konar fordæmi fyrir sig og það er það að skoðunarstofur öxluðu meiri ábyrgð en þær gera í öðrum löndum eða hliðstæð battirí, sem ég náttúrlega vona að séu ekki þar en sem sjálfsagt er hægt að finna í einhverjum sanntrúuðum skrifræðisliðum. Þarna áttu sem sagt einkareknar skoðunarstofur að taka af alla ábyrgð og svo kom það náttúrlega í ljós eftir því sem við vorum að vinna þetta mál meira að þarna var um hreina viðbót að ræða í langflestum tilvikum og eftir sem áður var þetta opinbera eftirlit algjör forsenda fyrir því að það væri tekið mark á því eftirliti sem við byðum upp á. Þannig að þetta mikla nýmæli sem við áttum að geta boðið upp á reyndist svo sem ekki nokkur skapaður hlutur og þá var bara verið að halda í þetta nýja kerfi kerfisins vegna og þannig er þetta enn.

Ég er jafnósátt við þá kerfisbreytingu sem gerð var nú og ég var þegar þetta var afgreitt. Ég minnist þess að hafa haft býsna mörg orð um þetta og ég vildi óska að þau orð hefðu verið tekin eilítið alvarlegar en menn hefðu ekki farið að festa sig í þjónkun á einhverju kerfi sem þeir hvorki þekktu né skildu og sitja nú uppi með og þann aukna kostnað sem óhjákvæmilega hlýtur að fylgja. Þetta er aðeins lítið bort af því sem þar blasir við.

Ég sé ekki ástæðu til þess, hæstv. forseti, að fara fleiri orðum um þetta frv. að svo stöddu. Mér þótti hins vegar rétt þar sem ekki er sérstaklega tekið fram í nál. að ég hafi fyrirvara við þetta mál að ég geri þá

grein fyrir honum hér enda er kannski full ástæða til að gera það hér í heyranda hljóði við 2. umr. þessa máls.

Útbýting þingskjals:

Þjóðarbókhlaða, 470. mál., brtt. menntmn., þskj. 1030.

[18:13]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég er einn af þeim nefndarmönnum sjútvn. sem skrifa undir nál. á þskj. 979 með fyrirvara og ég vil láta fáein orð falla til skýringar á þeim fyrirvara mínum. Þetta er nú reyndar nokkuð óvenjulegt frv. að því leyti til að þarna eru á ferðinni breytingar á tveimur alls óskyldum efnisatriðum laganna. Annars vegar því sem fjallað er um í 1. gr., að rýmka má segja að nokkru leyti þau ákvæði sem afgreidd voru í lögum 1992 um meðferð sjávarafurða og eftirlit með framleiðslu þeirra. En þá var sett í lögin fortakslaust ákvæði um að það skuli halda öllum sjávarafurðum sem sérstaklega væru fluttar inn til vinnslu eða umpökkunar hér á landi aðgreindum frá innlendum afurðum. Þetta ákvæði var nú sett að vandlega athuguðu máli og með þeim rökum að það væri mikilvægt fyrir okkur að geta svo óyggjandi væri sýnt fram á og sannað að við værum ekki á einn eða neinn hátt að hafa rangt við í þessum efnum, hvorki sem varðaði það að færa inn undir íslenskar vörur vörur sem teldust samkvæmt alþjóðlegum skilgreiningum erlendar að uppruna og komast þannig til að mynda fram hjá tollmúrum eða öðru slíku. Ekki værum við heldur að villa á okkur heimildir hvað varðaði uppruna vörunnar í efnislegum skilningi og gæðahlið málsins hvað það snertir að lélegri erlend vara eða lélegri vara af erlendum uppruna kæmi inn undir íslensk vörumerki í gegnum það að henni væri blandað saman við innlent hráefni í vinnslu.

Nú er mér ekki kunnugt um að núverandi fyrirkomulag hafi í sjálfu sér valdið vandkvæðum fyrir utan það eitt sem nefnt er að þetta sé erfitt þegar í hlut eigi bræðslufiskur og þá fyrst og fremst væntanlega loðna. En að því eru eins og menn vita einhver brögð á flestum vertíðum að erlend skip landi hér einhverjum slöttum.

Ég var nú þeirrar skoðunar og lét það sjónarmið mitt koma fram strax þegar málið var borið fram að það væri þá eðlilegra að bregðast einfaldlega við með því binda undanþáguna við slík tilvik. Það hefði verið lafhægt að hafa þetta ákvæði þannig að ráðherra væri heimilt að kveða á um það í reglugerð þegar í hlut ætti varningur svo sem loðna eða annar bræðslufiskur sem erfitt væri af tæknilegum ástæðum í vinnslurásinni að halda aðskildum að heimila slíkt á grundvelli ákvæða í reglugerð. Ég held að það sé afar varhugavert að við gefum nokkurn höggstað á okkur varðandi það að ekki sé með skýrum og skilmerkilegum hætti um slíka efnislega aðgreiningu að ræða þar sem ekkert hindrar hana af tæknilegum ástæðum. Nú var að vísu til það hugtak að unnt sé að hafa slíka aðgreiningu fyrst og fremst fjárhagslega eða bókhaldslega en það er ekki það sem í raun og veru er aðalatriði málsins hér, þá er fyrst og fremst aðskilnaðurinn hafður með það í huga að það sé á einhvers konar verðmætisgrundvelli um bókahaldslegan aðskilnað að ræða sem dugi gagnvart tollmeðferð vörunnar og öðru því um líku. Mér er miklu ofar í huga að hinn efnislegi aðskilnaður sé fyrir hendi þannig að við getum staðið á því að vara sem fer héðan á markað sem íslensk sé íslensk að uppruna í efnislegum skilningi. Ég er hef þess vegna fyrirvara á að menn skuli gera þetta með þessum hætti. Það náðist ekki samkomulag um að þessu yrði breytt. Út af fyrir sig ætla ég ekki að fara að leggja stein í götu þess að málið nái fram að ganga en hefði talið heppilegra að þetta væri á þann veg sem ég hef nú gert grein fyrir og það skýrir aðallega fyrirvara minn.

Um hitt atriði frv., þ.e. heimild til gjaldtöku Fiskistofu vegna viðurkenningar á skoðunarstofum, mætti náttúrlega margt segja. Það er fróðlegt að fara yfir það og rifja það upp hvaða umræða varð hér þegar Fiskistofa var sett á laggirnar fyrir ekki svo löngu síðan og heitstrengingar ýmissa manna um það að þarna væri síður en svo ætlunin að setja nokkurt bákn á laggirnar heldur yrði ef eitthvað væri frekar um fækkun og minni útgjöld að ræða. Nú er það náttúrlega komið á daginn svo ekki þarf blöðum um að fletta að það versta hefur gerst í þessum efnum sem menn óttuðust. Þetta hefur vaxið mjög að umfangi og enn er nú alveg ósýnt að þetta fyrirkomulag hafi skilað okkur nokkrum árangri hvað gæðahliðina snertir og það að við séum betur á vegi stödd í þeim efnum, þvert á móti. Því miður heyrast nú ýmsar raddir í gagnstæða átt og er nærtækt að minnast ummæla sem komu fram í tengslum við umfjöllun um stöðu okkar á saltfiskmörkuðum nú nýlega þar sem þeir menn sem gerst mega þau mál þekkja og eru með vöruna í höndunum dagsdaglega, fleiri en einn og fleiri en tveir, lýstu áhyggjum sínum yfir að gæðum íslensku framleiðslunnar væri að hraka, væri að hraka einmitt þessa mánuðina. Og vildu m.a. meina að það væri vegna þess að ýmsir menn væru nú farnir að sýsla í þessu og teldu sig hafa á þessu mikið vit, sem hefðu ekki þá reynslu og ekki þann bakgrunn sem fyrri starfsmenn Ríkismats sjávarafurða hefðu haft. Um það skal ég ekki fjölyrða hér enda í sjálfu sér annað mál. Hér er það fyrst og fremst kostnaðarhliðin í þessu sambandi sem eðlilegt er að sé til umfjöllunar og spurningin um það hvort Alþingi vill heimila það eins og hér er lagt til að Fiskistofa fái þessa gjaldtökuheimild sem auðvitað verður velt beint yfir á sjávarútveginn. Hver haldið þið svo sem að borgi, hæstv. forseti, aðrir en viðskiptavinirnir í sjávarútveginum þetta gjald sem þarna er verið að leggja til? En það er auðvitað alveg augljóst að þetta er að fara á þennan veginn og einkavæðingin fína sem þarna var á ferðinni sýnir sínar bestu hliðar í þessari mynd. Sennilega er þess skammt að bíða að menn fari að sakna Ríkismats sjávarafurða ekki minna en Bifreiðaeftirlits ríkins sem allir gráta nú yfir að hafa misst verandi píndir til viðskipta við hina fínu einkastofnun Bifreiðaskoðun Íslands hf. En þetta er auðvitað alvörumál þar sem í hlut eiga þessi gæðamál og hvernig þeim

er fyrir komið hjá okkur. Eitt er nú það að þetta verði dýrara fyrirkomulag og óþjálla fyrir fyrirtækin. Þessu fylgir meira vottorðafargan og meiri pappírsvinna sem fullyrt er fyrir fyrirtækin almennt svo ekki sé nú talað um þau sem urðu fyrir þeim hremmingum að lenda undir margföldu kerfi eins og á t.d. við um fiskeldisfyrirtækin og er náttúrlega raunasaga miklu meira en til næsta bæjar hvernig þau mál fóru. Í raun og veru eru það margföld vottorð sem þar þarf til eftir að þetta breyttist. En það er nú eitt þó hitt bætist ekki við sem væri auðvitað miklu lakara ef við náum þá ekki a.m.k. að halda utan um gæðamálin þannig að þeim fari ekki að hraka. Það hlýtur maður auðvitað að minna hér á að það er náttúrlega tilgangurinn með þessu öllu saman að við náum að halda okkar stöðu í þeim efnum og tryggja að héðan fari ekki önnur framleiðsla en sú sem hágæðaframleiðsla má teljast.

Það er svo aðeins eitt, hæstv. forseti, sem mig langar til að spyrja um hér. Ég verð að vísu að játa að ég hef efasemdir um að hér sé nokkur sem geti greitt úr og svarað þar sem ríkisstjórnin öll eins og hún leggur sig er fjarverandi og enginn einasti ráðherra nálægur við umræðuna. Ég hefði gjarnan viljað fá að heyra í tengslum við þessa afgreiðslu á heimild til Fiskistofunnar til gjaldtöku: Hvað líður þeirri endurskoðun sem hæstv. forsrh. ku hafa ákveðið að beita sér fyrir á hinum svonefnda eftirlitsiðnaði? En eftirlitsiðnaður er nýtt hugtak sem búið hefur verið til í tíð einkavæðingarstjórnar Davíðs Oddssonar. Það er eftirlitsiðnaðurinn sem hefur vaxið mjög að umfangi og mikilleik í tíð þessa ríkisstjórnarsamstarfs. Og svo langt var gengið að á sl. hausti mun það hafa verið, ef ég man rétt, þá varð það niðurstaðan í ríkisstjórn að það væri nauðsynlegt að fara í sérstaka úttekt á eftirlitsiðnaðinum og væntanlega þar með skoðunarstofum, Fiskistofu og öllu því gúmmulaði (**MB:** Og öllum stofum.) og öllum stofum og eftirlitum sem ríkisstjórnin hefur verið dugleg við að búa til. Ég hefði gjarnan viljað fá upplýst hvar þessi störf eru á vegi stödd. Það er hugsanlegt að fjmrh. geti hér eitthvað greitt úr málum og svarað fyrir um eftirlitsiðnaðinn, hvernig hann blómstrar og hvar úttekt hæstv. ríkisstjórnar á því máli er á vegi stödd. Ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að þegar við í bæði sjútvn. og reyndar einnig í efh.- og viðskn. af öðrum ástæðum höfum spurt út í þessi mál hefur okkur gjarnan verið vísað á úttektarnefnd hæstv. ríkisstjórnar á eftirlitsiðnaðinum. Ég vildi gjarnan fá að heyra hvar sú vinna er á vegi stödd og hvort þess er að vænta að við fáum fyrir þinglausnir einhverjar upplýsingar um það starf sem þarna hefur verið unnið á vettvangi hæstv. ríkisstjórnar. — Nú gerast þau tíðindi að hæstv. fjmrh. biður um andsvar og ég vænti þess þá að það eigi að koma fram upplýsingar um málefni eftirlitsiðnaðarins og ætla þess vegna að ljúka máli mínu og gefa hæstv. ráðherra kost á að svara þessu tafarlaust.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að að lokinni umræðu um þetta mál fara fram atkvæðagreiðslur um þau mál sem nú þegar er lokið umræðu um.

[18:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ef það mætti greiða fyrir þingstörfum, þá er mér ánægja að því að svara hv. þm. um það hvar sé statt frv. til laga um eftirlitsstarfsemi hins opinbera og skýra frá því að á síðasta ríkisstjórnarfundi var samþykkt að leggja það fram á hinu háa Alþingi og það hefur þegar verið samþykkt í þingflokki sjálfstæðismanna. Frv. um þetta mál, um eftirlitsstarfsemi hins opinbera þar sem er að finna mjög ítarlega lýsingu á eftirlitsstarfseminni, verður því lagt fram núna á allra næstu dögum og hægt er þá að óska eftir umsögnum um frv. og þá er til sýnis niðurstaða þeirrar nefndar sem að þessu máli vann.

[18:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta eru auðvitað alveg stórmerk tíðindi að ríkisstjórnin hafi komist að þeirri niðurstöðu eftir athugun á því hvernig eftirlitsiðnaðurinn svokallaði hefur blómstrað í hennar tíð að ekkert dugi minna en löggjöf um eftirlitsstarfsemi hins opinbera (**SvG:** Og eftirlit með eftirlitinu.) og síðan verður væntanlega sett á fót eftirlit með eftirlitinu og einhverjir til að hafa eftirlit með því að lögin um eftirlitsstarfsemi hins opinbera séu framkvæmd á réttan hátt. Þetta eru gagnmerkar upplýsingar og ég þakka fyrir. Það verður fróðlegt að sjá framan í þetta frv. og hvaða ramma það setur þessari blómstrandi atvinnugrein sem dafnað hefur, nánast sú eina á landinu, því miður, í tíð hæstv. ríkisstjórnar því að eins og kunnugt er hefur meira og minna uppdráttarsýki og óáran herjað á allt atvinnulífið nema þennan eina iðnað sem blómstrar í tíð hæstv. ríkisstjórnar, eftirlitsiðnaðinn.

[18:26]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir að það er mjög merkilegt að fá það upplýst hér að það skuli eiga að koma frv. um eftirlitsiðnaðinn því að ég var ein af þeim sem hér gagnrýndu það mjög, allt það eftirlit sem hér var verið að setja á í fyrra og kemur nokkuð inn á þetta frv. Og það er hægt að nefna það hér og vitna í athugasemd með 2. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta: „Því var skoðunarstofum falið eftirlit með því að framleiðendur framfylgi opinberum kröfum og kröfum erlendra kaupenda varðandi hreinlæti, gæði og búnað. Opinbert eftirit var flutt til gæðastjórnunarsviðs Fiskistofu. Hlutverk þess er m.a. útgáfa vinnsluleyfa, viðurkenning á skoðunarstofum og eftirlit með starfsemi ásamt útgáfu heilbrigðis- og upprunavottorða."

Það var sem sagt verið að koma á fót Fiskistofu og síðan átti að koma á fót skoðunarstofum sem Fiskistofan átti síðan að hafa eftirlit með og skoðunarstofurnar að sjálfsögðu að hafa eftirlit með framleiðandunum. Og nú kemur ný eftirlitsstofnun sem á að hafa síðan eftirlit með öllu þessu eftirliti og ég geri ráð fyrir að t.d. Fjarskiptaeftirlit ríkisins hljóti þá að falla undir það ríkiseftirlit.

Það er kannski líka vert að geta þess að það voru mjög margir aðilar sem ruku til á sl. ári og stofnuðu

skoðunarstofur. Það ruku upp nokkrar skoðunarstofur, kannski fjórar til fimm í því sveitarfélagi sem áður hafði nægt eitt einasta Ríkismat sjávarafurða. Framleiðendur eins og það heitir, t.d. fiskiskip af ýmsum stærðum og gerðum urðu síðan að leita til þessara skoðunarstofa til að fá þennan stimpil sem þurfti að hafa. Það kom síðan í ljós að allar þessar skoðunarstofur í ákveðnu sveitarfélagi höfðu ekki rekstrargrundvöll og þar af leiðandi voru ein eða tvær þeirra fljótlega lagðar niður. Þær voru þá nýlega búnar að gera samninga við hin ýmsu fyrirtæki um það að líta eftir framleiðslunni hjá þeim.

Nú hafa þessi sömu fyrirtæki sem leiddu til þessara skoðunarstofa fengið tilkynningu um það að skoðunarstofan sé lögð niður og það sé búið að stofna nýja skoðunarstofu. Nú sjáum við hér að Fiskistofa fær leyfi til þess að taka allt að 200 þús. kr. fyrir það að gefa skoðunarstofu sitt vottorð um að hún megi starfa. Það er þess vegna ekki nóg að fyrirtækin þurfi að leita til einnar skoðunarstofu sem síðan haldi áfram að líta eftir hjá þeim, heldur mega þau alveg eins búast við að sú skoðunarstofa leggist af eftir nokkra mánuði og ný sé komin á laggirnar sem þurfi bæði að fá vottorð frá Fiskistofu og síðan að innheimta önnur viðbótargjöld frá þeim fyrirtækjum sem hún á að þjóna. Það er því alveg greinilegt, og mér finnst nauðsynlegt að vekja athygli á því enn og aftur hér þó að hér sé verið að gera breytingu á lögum sem samþykkt voru í fyrra, að hér er verið að koma á fót óskaplegu eftirlitskerfi sem í raun og veru þjónar engum tilgangi. Ríkismat sjávarfurða er eftir sem áður jafnvel nauðsynlegt því að það eru gerðar þær kröfur að það sé opinbert eftirlit, að opinbert vottorð fylgi framleiðslu sem þarf að selja á erlendum mörkuðum. Það er því miður útlit fyrir það að við höfum ekki bætt þetta eftirlit með öllum þessum ráðstöfunum frá því sem það var þegar Ríkismat sjávarafurða sinnti þessu. Og nýlegar fréttir um það að við værum hugsanlega að missa saltfiskmarkaðina benda einmitt til þess að ekki hefur það sem hér var gert á síðasta ári leitt til þess að það hafi orðið sú breyting að þetta gæðaeftirlit sé betra.

Þessu taldi ég nauðsynlegt að vekja athygli á. Þetta stofnanafargan, sem hér er verið að setja á fót og sem hæstv. fjmrh. og starfandi forsrh. hefur nú upplýst að muni þurfa enn þá annað og efra eftirlit með öllu þessu eftirlitskerfi, mun hvorki færa okkur betri vöru né koma vöru okkar betur á framfæri á erlendum mörkuðum. Það er síður en svo að það hafi leitt til neins góðs frá því að þessi lög voru samþykkt.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:35]

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, JÁ, JGS, JónK, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, VS, ÞorstP, ÖS.

5 þm. (AÓB, HG, JVK, KE, SvG) greiddu ekki atkv.

31 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StH, TIO, VE) fjarstaddur.

2. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, JGS, JónK, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

7 þm. (AÓB, HG, JÁ, JVK, KE, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StG, StH, VE) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, JÁ, JGS, JónK, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

4 þm. (AÓB, HG, JVK, KE) greiddu ekki atkv.

29 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StH, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StH, VE) fjarstaddir.

Vegalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 119. mál (heildarlög). — Þskj. 990, brtt. 997.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:37]

Brtt. 997 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.

29 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StH, VE) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, JÁ, JGS, JónK, JVK, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP,

StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
1 þm. (HG) greiddi ekki atkv.
29 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StH, VE) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:37]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég hef gert nokkrar athugasemdir við þetta mál. Þær varða ekki stóra efnisþætti málsins en ég er afar óánægður með það að samgn. skuli ekki hafa tekið þau álitaefni til efnislegrar athugunar og gert grein fyrir því hvers vegna málið er fyrir lagt eins og það liggur hér fyrir við 3. umr. Nefni ég þar enn sem dæmi 8. gr. frv. og þá flokkun vega sem þar er verið að lögleiða og sem menn eiga eftir að súpa seyðið af væntanlega um nokkurt skeið, e.t.v. árabil í sambandi við vegáætlun. Ég vil láta óánægju mína í ljós með þessa málsmeðferð með því að sitja hjá við 3. umr.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1033).

Tollalög og vörugjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 507. mál (hráefni til garðyrkjuafurða). — Þskj. 991.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:39]
Frv. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
29 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StH, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1034).

Réttindi eftirlitsmanna vegna samnings um herafla í Evrópu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 530. mál. — Þskj. 829.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:40]
Frv. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, JGS, JónK, JVK, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (HG, JÁ, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
30 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, KE, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StH, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1035).

Fjáröflun til vegagerðar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 545. mál (endurgreiðsla ökumæla). — Þskj. 992.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:40]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
30 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StG, StH, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1036).

Heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 558. mál. — Þskj. 871.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:41]
Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, HG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KE, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
30 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StG, StH, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1037).

Evrópska efnahagssvæðið, frh. 3. umr.

Stjfrv., 538. mál (birting breytinga og viðauka o.fl.). — Þskj. 994.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:42]
Frv. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, EgJ, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, HBl, JGS, JónK, LMR, MB, PJ, PBald, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
8 þm. (AÓB, EH, HG, JÁ, JVK, KE, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

30 þm. (ÁRÁ, BBj, DO, EKJ, FI, GE, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JHelg, KHG, KÁ, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SigG, SighB, StG, StH, VE) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1038).

Útbýting þingskjala:

Vísinda- og tækniráð Íslands, 477. mál, nál. menntmn., þskj. 1031; brtt. menntmn., þskj. 1032.

Út af dagskrá voru tekin 8. og 10.–24. mál.

Fundi slitið kl. 18:43.

---

141. FUNDUR

þriðjudaginn 26. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300, nál. 961, brtt. 962. — 2. umr.
2. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 531. mál, þskj. 830, nál. 987. — 2. umr.
3. Þjóðarbókhlaða, stjfrv., 470. mál, þskj. 724, nál. 1029, brtt. 1030. — 2. umr.
4. Vísinda- og tækniráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 732, nál. 1031, brtt. 1032. — 2. umr.
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 579. mál, þskj. 898, nál. 1006, brtt. 1007. — 2. umr.
6. Útflutningur hrossa, frv., 608. mál, þskj. 999. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 393, nál. 1003, brtt. 1004. — 2. umr.
8. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602, nál. 1000. — 2. umr.
9. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 952. — 3. umr.
10. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 242. mál, þskj. 280. — 3. umr.
11. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859. — Frh. 3. umr.
12. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001, brtt. 1002. — 2. umr.
13. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009. — 2. umr.
14. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 1012, brtt. 1011. — 2. umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 246. mál, þskj. 285, nál. 1013, brtt. 1014. — 2. umr.
17. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 1. umr.
18. Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, þáltill., 603. mál, þskj. 978. — Fyrri umr.
19. Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959. — Síðari umr.
20. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 389. mál, þskj. 587, nál. 1025, brtt. 1026. — 2. umr.
21. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494, nál. 1028. — 2. umr.
22. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015. — Síðari umr.
23. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439, nál. 924, brtt. 925. — Síðari umr.
24. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960. — Fyrri umr.
25. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.
26. Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, stjtill., 529. mál, þskj. 828, nál. 1024. — Síðari umr.
27. Samningur um opna lofthelgi, stjtill., 541. mál, þskj. 849, nál. 1023. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,
Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Almannatryggingar, 609. mál, frv. ISG o.fl, þskj. 1020.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 480. mál, svar utanrrh., þskj. 1022.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 483. mál, svar fjmrh., þskj. 1018.

Fæðingarorlof, 610. mál, frv. ISG o.fl., þskj. 1021.

Lax- og silungsveiði, 500. mál, nál. landbn., þskj. 1016; brtt. landbn., þskj. 1017.

Lyfjalög, 255. mál, nál. minni hluta heilbr.- og trn., þskj. 1039.

Lyfjaverslun ríkisins, 121. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1040.

Skuldbreytingar og lán vegna skattaskulda árin 1988–1992, 90. mál, svar fjmrh., þskj. 1019.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, 378. mál, nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 1027.

Athugasemdir um störf þingsins.

Breyting á reglugerð um Atvinnuleysistryggingasjóð.

[13:37]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það hefur spurst með óformlegum hætti að það standi til að ljúka þinginu næstu daga, jafnvel í næstu viku hef ég heyrt. Nú tek ég fram að ég hef ekki mjög áreiðanlegar heimildir fyrir þessu þannig að þetta berst með vindinum í raun og veru (**Gripið fram í:** *Og vorblænum.*) og vorblænum. En tilefni þess að ég bið um orðið, hæstv. forseti, er það að fyrir nokkrum vikum áttum við hér orðastað ég og hæstv. félmrh. um nauðsyn þess að breyta reglugerð atvinnuleysistrygginga þannig að við greiðslu atvinnuleysisbóta og ákvörðun atvinnuleysisbótaréttar kæmu til álita vörubifreiðastjórar og trillusjómenn eða þeir sem hafa gegnt þeim störfum. En þannig hefur verið haldið á þessu að undanförnu að þess hefur verið krafist að trillusjómennirnir seldu trillurnar og vörubílstjórarnir seldu bílana til þess að þeir gætu í skamma hríð fengið atvinnuleysisbætur. Þetta er auðvitað algjörlega óeðlilegt fyrirkomulag og hefur verið mótmælt bæði af mér og fleiri hv. þm. úr fleiri stjórnmálaflokkum en það bólar ekkert á tíðindum í þessu máli. Ég vil spyrja hæstv. félmrh. sem er hér á fundinum hvort hún hafi hugsað sér að leggja fyrir þingmál um þetta sérstaka atriði eða hvort hún hyggst leysa málið með breytingu á reglugerð um Atvinnuleysistryggingasjóð sem ég tel vera unnt að gera og skora reyndar á hæstv. ráðherra að gera.

[13:39]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Að þessu máli sem þingmaðurinn spyr um hefur verið unnið um nokkurn tíma í félmrn. Hér er um að ræða breytingu á reglugerð sem félmrn. telur duga til þess að rýmka rétt þeirra hópa sem þingmaðurinn nefndi. Reglugerð þar að lútandi hefur verið tilbúin um allnokkurt skeið og hefur verið til umfjöllunar í fjmrn. Kostnaður er áætlaður um 100–200 millj. við að breyta þessum ákvæðum en enn hefur ekki náðst niðurstaða milli ráðuneytanna í þessu efni.

[13:40]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir að hreyfa þessu máli hér. Nú liggur fyrir þinginu frv. til laga um breytingu á atvinnuleysistryggingum, flutt af okkur þremur þingmönnum Framsfl. sem gerir ráð fyrir því að réttur vörubílstjóra og trillusjómanna sé tryggður. Og af því að það kemur fram hjá hæstv. félmrh. að þessi reglugerðardrög séu tilbúin í félmrn. þá vildi ég gjarnan fá það upplýst með hvaða hætti gert er ráð fyrir að réttur þessara hópa, þ.e. trillusjómanna og vörubifreiðastjóra, verði tryggður.

[13:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vil láta það sjónarmið koma hér fram að það er algjörlega nauðsynlegt að þessi reglugerð líti dagsins ljós, verði gefin út og kynnt þingmönnum áður en Alþingi lýkur störfum í vor. Það er ekki hægt að búa við það að heilt ár líði þannig að þessir hópar verði af þessum réttindum sem Alþingi ætlaðist til að þeir hefðu og allir voru sammála um að meiningin var að þeir hefðu þegar lögum um þetta efni var breytt á sl. ári. Nú er heill vetur að baki, þó það sé e.t.v. ekki sumarlegt úti enn þá, og heilar stéttir hafa verið án þessara réttinda þennan vetur. Þessi seinagangur er auðvitað með öllu óþolandi. Hér er upplýst af hæstv. félmrh. að það sé hæstv. fjmrh. sem liggi á málinu, dragi lappirnar, neiti mönnum um þessi réttindi af þeim einum ástæðum að auðvitað kostar það peninga að greiða atvinnulausum bílstjórum og atvinnulausum sjómönnum bætur rétt eins og öðrum þegnum í landinu. Það er engin ný speki fyrir okkur hér að það kosti einhverja fjármuni en til þess var ætlast og til þess standa lög að þeir fjármunir séu reiddir fram. Það eru engin rök í málinu að fjmrn. þurfi margar vikur eða marga mánuði til að finna það út að það kosti peninga að borga atvinnuleysisbætur til atvinnulausra manna. Ég segi það aftur að það er nauðsynlegt að þessi reglugerð verði kynnt fyrir þinglok þannig að menn geti skoðað hvort í henni felst fullnægjandi lausn. Ef ekki þá þurfa þingmenn að eiga þess kost og Alþingi að bæta úr því með lagasetningu áður en þingið lýkur störfum.

[13:43]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka þessar umræður og sérstaklega yfirlýsingu hæstv. félmrh. sem er alveg ótvíræð í þá veru að ráðherrann lítur svo á að það standi lagaheimild til þess að breyta reglugerðinni. Það hefur ekki áður verið sagt af ráðherra úr þessum ræðustól og ég tel út af fyrir sig að það sé mikilvægur áfangi í málinu. Ég tek hins vegar einnig undir það með hv. 11. þm. Reykv. og 4. þm. Norðurl. e. að ef málin eru erfið í samskiptum ráðuneytanna þá er auðvitað sjálfsagt mál að taka í gegn annaðhvort það frv. sem hv. þm. Finnur Ingólfsson nefndi eða annað þingmál sem kemur inn á þessi mál. Ég tek einnig sérstaklega undir það sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon sagði að ég tel að það sé í raun og veru útilokað og út í hött miðað við fyrri yfirlýsingar hæstvirtra ráðherra, að ljúka þinginu öðruvísi en þessi reglugerðardrög liggi fyrir og að reglugerðin hafi verið gefin út eða frv. hafi verið tekið í gegnum þingið með venjulegum formlegum hætti.

[13:44]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Já, það berst með blænum að þingi er að ljúka og það eru 50 mál sem hæstv. ríkisstjórn hefur á forgangslista sínum, sem hún vill láta afgreiða hér fyrir þinglok. Ég geri það að tillögu minni að stjórnarandstaðan geri það að forgangsmáli sínu að mál það sem liggur nú fyrir þinginu um breytingar á atvinnuleysisbótum verði tekið fyrir, ekki síðar en á morgun og afgreitt. Vegna þess að í því frv. felst einmitt það sem hér hefur verið um rætt, atvinnuleys-

isbætur fyrir trillukarla og vörubílstjóra. Mér þætti það ekki ofrausn hjá hæstv. ríkisstjórn að við fengjum þetta forgangsmál afgreitt svo framarlega sem við tökum nokkuð í þau 50 mál sem ríkisstjórnin hefur á sínum forgangslista.

[13:45]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get ekki annað en tekið undir þær áskoranir sem hér hafa komið til ríkisstjórnarinnar en ég vil vekja sérstaka athygli á því að fyrir þinginu liggja einnig a.m.k. tvö önnur frv. sem varða breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, mjög brýn að mínu mati. Annað er flutt af okkur kvennalistakonum og hitt af Tómasi Inga Olrich og ég geri ráð fyrir því að stjórnarsinnar styðji við bakið á honum í því máli. En það varðar það að gefa fólki meiri möguleika á því heldur en nú er að nýta atvinnuleysistímabil til frekari menntunar heldur en nú er gert. Ég held að það sé mjög brýnt að það verði einnig hugað að þessu, hvernig svo sem hægt verður að taka utan af því þá skora ég á hæstv. félmrh. að gefa þessu gaum hvort sem það verður með þeim hætti að taka þessi frumvörp sérstaklega til athugunar núna fyrir þinglok eða að líta á hvaða möguleikar eru ef reglugerðir eru eins opnar og sveigjanlegar og hér hefur komið fram.

[13:46]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vildi aðeins minna á það að í þeim umræðum sem hér var vitnað til áðan var einnig rætt um rétt bænda til atvinnuleysisbóta en þeir hafa greitt atvinnuleysistryggingagjald í nokkur ár. En reglugerð sú sem gefin var út í haust er það þröng að það kom fram í svari hæstv. ráðherra við fyrirspurn um það hér í vetur að aðeins fimm bændur hafi öðlast þennan rétt. Það mun vera heimild í lögunum að hafa þessi ákvæði rýmri þannig að þau nýtist fleirum, sérstaklega vegna þess mikla samdráttar sem nú er í þessari atvinnugrein og hæstv. ráðherra tók sérstaklega undir það að margar konur í sveit mundu hafa misst sína atvinnu vegna þessa samdráttar.

Ég vil því vonast til þess að eftir því sé munað í þessari reglugerð og úr því bætt með henni og það sem fyrst.

[13:48]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Við hv. 9. þm. Reykv. tókum þetta mál er varðaði vörubílstjóra og smábátaútgerðarmenn, trillukarla sem svo eru kallaðir, upp í fyrirspurnarformi í febrúarmánuði sl. og þá hét hæstv. félmrh. því að athuga þessi efni, hvort lagaheimild væri til staðar að því er varðaði þessar starfsstéttir. Nú hefur ráðherra upplýst það að hún metur að svo sé. Það er því ekki ástæða ef reglugerðin tekur eðlilega á þessu máli að fara að setja önnur lög um þessi efni, eða taka sérstaklega á því með lagasetningu hér frá Alþingi og engin ástæða að tefja málið út af fyrir sig með slíkri málsmeðferð. En hitt þarf auðvitað að gerast eins og hér hefur verið sagt að hæstv. ráðherra gefi út reglugerðina og væri eðlilegt að hún væri kynnt nú þegar og síðan gefin út á næstu dögum.

Hæstv. ráðherra hefur auðvitað reglugerðarvaldið. Ég skil það vel að ráðherrann kynni þetta fjmrn. en ég tel að ráðherrann geti gefið reglugerðina út þar sem lagastoð er fyrir hendi og það eigi ekki að draga það og ekki að bíða frekar eftir einhverjum svörum frá fjmrn. um þetta efni. Það er engin spurning að ráðherrann hefur fullan þingvilja fyrir því að staðið verði við lagaákvæðið og ég tel að það sé skylda ráðherrans. Ég tek undir það að auðvitað eiga bændur einnig að njóta þess réttar sem þessi lög kveða á um.

[13:49]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það hefur komið fram í umræðum fyrr í vetur í mínu máli að ég hef tekið undir þau rök sem hér hafa komið fram að það þurfi að rýmka rétt ákveðinna hópa, hjá sjálfstætt starfandi, til atvinnuleysistrygginga og að því hefur verið unnið. Það hljóta allir að skilja það þegar hér er um að ræða útgjöld upp á 100–200 millj. að það þurfi atbeina og samþykki fjmrh. til þess að gefa út slíka reglugerð vegna þess að við erum að tala um að það yrði fjárvöntun þá upp á 100–200 millj. ef þessi reglugerð yrði gefin út á þessu ári. En ég vænti þess að það náist niðurstaða milli þessara tveggja ráðuneyta sem eru að skoða þetta mál. Eins og ég sagði áðan er allnokkuð síðan þessi reglugerð var tilbúin og hún hefur verið til skoðunar í fjmrn. og á milli ráðuneytanna varðandi einstaka þætti málsins. Ég vænti þess að niðurstaða fáist í það mál í þessari viku þannig að það verði þá hægt að gefa út umrædda reglugerð.

Lyfjalög, 2. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962.

[13:51]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegur forseti. Í nál. á þskj. 961 er gerð rækileg grein fyrir brtt. sem einnig liggja hér frammi af hálfu meiri hluta heilbr.- og trn. við frv. til lyfjalaga. Þetta mál var fyrst lagt fram á síðasta þingi. Að vísu var fyrst tekið til við undirbúning málsins, ef ég man rétt, í ágústmánuði árið 1991 og má heita að þetta mál hafi verið í vinnslu og undirbúningi allt fram að þessu.

Hv. heilbr.- og trn. hefur lagt mikla vinnu í þetta mál á yfirstandandi þingi. Mig langar að nota tækifærið og þakka öllum hv. þm. í heilbr.- og trn. fyrir gott starf að málinu. Það var nokkuð ljóst strax við 1. umr. málsins að um það mundi verða nokkur ágreiningur. Þrátt fyrir að skiptar skoðanir væru í nefndinni um ýmis grundvallaratriði málsins lögðu allir hv. nefndarmenn sig fram um að vinna málinu allt það gagn sem kostur var á. Ég vil sérstaklega þakka öll þau störf sem hafa skilað málinu hingað til 2. umr. þó einnig liggi hér til umræðu nál. frá minni hluta nefndarinnar.

Á fund nefndarinnar komu fjölmargir umsagnaraðilar sem fóru með nefndinni nákvæmlega yfir efnisatriði frv. og einnig var frv. sent til umsagnar til fjölmargra aðila. Ég tel ekki ástæðu til að rekja nákvæmlega efni allra þeirra brtt. sem hér liggja fyrir. Það er gerð nákvæm grein fyrir þeim í nál. á þskj. 961. En það má segja að brtt. og nál. vitna um alla þá miklu vinnu sem hv. heilbr.- og trn. lagði í málið þannig að það hefur tekið mjög miklum breytingum frá því að það var fyrst lagt fram og það hefur einnig tekið miklum breytingum frá því að það var lagt fram á yfirstandandi þingi.

Meginmarkmiðin með þessu frv. eru nokkur.

Í fyrsta lagi er um það að ræða að samræma reglur við Evrópska efnahagssvæðið er fela það í sér að skilið verði á milli skráningar lyfja annars vegar og markaðsleyfa þeirra hins vegar. Nýjar reglur um skráningar og markaðsleyfi hafa m.a. í för með sér að um samhliða innflutning lyfja munu gilda sömu reglur og nú eru innan EB. Hér er um að ræða lyf sem þegar eru skráð og þekkt hér á landi en kunna að vera framleidd á öðrum stað en tilgreint er í skráningargögnum og fyrir annan markað. Bundnar eru miklar vonir við að samhliða innflutningur lyfja muni lækka lyfjaverð í landinu og væri það mikið framfararspor ef sú yrði reynslan.

Í öðru lagi er eitt markmið frv. það að auka frelsi til að setja á stofn lyfjabúðir. Gert er ráð fyrir að ekki þurfi lengur forsetaleyfi til lyfsölu og ýmsar aðrar reglur um stofnun apóteka verði rýmkaðar. Nefndin gerir þó hér eina mjög veigamikla tillögu til breytingar frá því er fram kom í frv. er varðar stofnun lyfjabúða. Sú breyting felst í því að áður en ráðherra gefur út leyfi til stofnunar lyfjabúðar þá skuli fyrst leitað umsagnar sveitarstjórnar áður en lyfsöluleyfi er veitt og það skuli einnig stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúð og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Breytingunni er ætlað að koma í veg fyrir að rekstrargrundvelli apóteka í dreifbýli verði stefnt í hættu eins og hagsmunaaðilar óttast að óbreyttu frv. Meiri hluti nefndarinnar telur afar mikilvægt að tryggð sé örugg lyfjadreifing um land allt.

Í þriðja lagi er aukið frelsi í verðlagningu lyfja. Verðlagning lausasölulyfja verður gefin frjáls en hámarksverð sett á lyfseðilsskyld lyf bæði í smásölu og heildsölu. Þá er einnig gert ráð fyrir því að breytingar verði gerðar á reglum um auglýsingar lyfja þar sem heimilt verði að auglýsa lausasölulyf í samræmi við reglur sem munu gilda á Evrópska efnahagssvæðinu.

Það kom fram í þeirri vinnu sem hv. heilbr.- og trn. lagði af mörkum að nokkurs ótta gætti um það að verð á lyfjum mundi jafnvel hækka á landsbyggðinni. Það er ekkert í þessu frv. né í þeim brtt. sem kann að miða að slíku, þvert á móti eru miklar vonir bundnar við það að þær breytingar sem hér er verið að mæla fyrir megi líka leiða til lækkunar á lyfjaverði á landsbyggðinni. Það sem tryggir það að lyfjaverð m.a. muni ekki hækka á landsbyggðinni er það að hámarksverð á lyfjum verði ákveðið af lyfjaverðsnefnd í smásölu og einnig í heildsölu. Það er breyting frá því sem í frv. stendur en ekki var gert ráð fyrir hámarksverði í heildsölunni. Það er því mjög raunhæft að gera sér vonir um að sá árangur sem næst með samhliða innflutningi skili sér í lækkun lyfjaverðs á landsbyggðinni líka.

Þá hefur einnig borið á því að nokkurs ótta gæti um að hér sé verið að slaka á öryggiskröfum í sambandi við sölu og meðferð lyfja. Það er ekkert í frv. né í brtt. sem miðar að slíku. Þvert á móti mætti benda á dæmi þess efnis að hér sé verið að herða öryggi og eftirlit með dreifingu og sölu lyfja. Það er heldur ekki verið að gera tillögur um það að breyta um skipulag sölu á lyfjum á landsbyggðinni þar sem t.d. ekki verður óskað eftir því að sett verði á fót lyfjabúð. Þar er gert ráð fyrir því eins og verið hefur allt til þessa að ráðherra sé heimilt að fela heilsugæslustöð að sjá um lyfjasölu eins og tíðkast svo víða um land núna. Hér er því ekki verið að gera tillögur um breytingar á þeirri skipan ef ekki verður sótt um að setja lyfjabúð á stofn á viðkomandi stað.

Það má einnig binda vonir við að það frv. og brtt. sem hér eru til umræðu efli og auki þjónustu varðandi dreifingu og sölu lyfja gagnvart neytandanum. Hér er ég ekki að gagnrýna að þar hafi skort mikið á. Þvert á móti. Aðgengi fólks að lyfsölum hefur verið bærilegt fram að þessu en lengi má gott bæta og er að finna allmörg ákvæði í þessu frv. er styrkja það að þjónustan megi eflast og styrkjast.

Það hefur verið lögð áhersla á það að taka tillit til umsagna eins og frekast er kostur. Hér eru sannarlega miklir hagsmunir í húfi, ekki einvörðungu fyrir ríkissjóð, sem er í raun og veru stærsti kaupandi lyfja þegar á heildina er litið þar sem hann greiðir allt að 70% af lyfjaverði, hér er um mikla hagsmuni að ræða fyrir neytendur sem felast í því að fá lyf afgreidd á sem lægstu verði. Og síðast en ekki síst er hér um mikla hagsmuni að ræða fyrir þá sem að sölu lyfjanna standa, að það verði búið að þeirri starfsemi eins og best verður á kosið.

Virðulegi forseti. Að lokinni 2. umr. legg ég til að málinu verði vísað til 3. umr.

[14:03]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka mikið og að mörgu leyti gott starf í nefndinni eins og hæstv. frsm. gerði einnig. Ég vil einnig harma að ekki skyldi nást samkomulag á lokasprettinum því að á tímabili fannst mér að við værum að ná saman í þessu viðkvæma og efnismikla máli.

Við í minni hlutanum höfum viljað fara varlega í þessum málum og kollvarpa ekki ríkjandi kerfi eins og hendi sé veifað af ástæðu sem hægt er að ná utan um á einfaldari hátt en hér er boðað. Það er hægt að gera meiri kröfur til lyfsala og fjölga apótekum þar sem þess er þörf — ég endurtek þar sem fjölgunar er þörf á apótekum — án þess að kollvarpa öllu kerfinu. Hér er verið að efna til kapphlaups, hér er verið að blása til leiks, hér er verið að blása til leiks um kapphlaup til að opna nýjar lyfjaverslanir.

Ég vil, fyrir hönd minni hlutans í nefndinni, lesa

það nál. sem er á þskj. 1039 um frv. til lyfjalaga. Það er svohljóðandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Frumvarp til lyfjalaga er í eðli sínu tvíþætt, annars vegar breytingar á lyfjamálum við tilkomu EES-samningsins og hins vegar umfangsmiklar breytingar varðandi lyfsölumál óháð fyrrnefndum samningi. Undirritaðir nefndarmenn telja ekki rétt að blanda þessu saman. Ekki eigi að taka ákvörðun um meiri háttar breytingar aðrar en þær er varða EES-samninginn þar sem þær breytingar einar sér eru viðamiklar. Nauðsynlegt er að fylgjast með hvaða áhrif þær munu hafa á lyfjaneyslu í landinu áður en aðrar róttækar breytingar eru ákveðnar.

Þær breytingar á lögum og reglugerðum, sem eru óumflýjanlegar vegna EES-samningsins, eru einkum eftirfarandi níu atriði:

Skráning og markaðsleyfi lyfja, þar með talin ónæmislyf, sem eru bóluefni, eitur eða sermi og efni sem valda ofnæmi, geislavirk lyf, náttúrulækningalyf og hómópatalyf.

Merking lyfja og fylgiseðla með lyfjum.

Prófanir á lyfjum.

Klínískar prófanir á lyfjum.

Litarefni í lyfjum.

Heildsala lyfja.

Auglýsingar og kynningar á lyfjum.

Góðir framleiðsluhættir lyfja (GMP-reglur).

Samhliða innflutningur lyfja.

Þessar breytingar eru mismunandi áhrifamiklar. Gera má ráð fyrir að svokallaður samhliða innflutningur lyfja, þ.e. þegar hægt verður að kaupa lyf frá öðrum aðilum en frumframleiðendum, muni valda nokkurri lækkun á lyfjaverði en um leið fylgir honum sú áhætta á að fölsuð lyf komist inn á markaðinn. Þessi innflutningur kallar þar af leiðandi á aukið eftirlit. Varðandi skráningu samhliða innfluttra lyfja í sérlyfjaskrá gilda ekki sömu reglur og um önnur lyf og orkar það tvímælis.

Auglýsingar á lausasölulyfjum verða leyfðar og er það nýmæli á Íslandi sem engan veginn getur þótt eftirsóknarvert. Markmið auglýsinga er að auka sölu sem leiðir til aukinnar neyslu sem samrýmist vart heilbrigðissjónarmiðum. Sumar aðgerðir Evrópusambandsins eru þess eðlis að hægt er að útfæra þær miðað við innlendar aðstæður og teljum við rétt að Íslendingar notfæri sér það. Til að mynda hafa Danir valið þá leið að banna lyfjaauglýsingar í sjónvarpi og telur minni hlutinn rétt að feta í fótspor þeirra.

Önnur atriði frumvarpsins, óháð EES, eru margþætt. Því fer fjarri að heilbrigðismarkmið séu höfð að leiðarljósi í því frumvarpi til lyfjalaga sem hér er til afgreiðslu. Það hefur þó tekið breytingum til hins betra frá því að það var fyrst lagt fram á 116. löggjafarþingi. Enn er það þó frelsi til að selja lyf sem er aðalinntak frumvarpsins og að mati þeirra sem bera ábyrgð á frumvarpinu á þetta frelsi að lækka lyfjaverð.

Niðurstaða meiri hluta nefndarinnar í þskj. 961 er í miklu ósamræmi við þær upplýsingar sem nefndin hefur aflað sér og gengur í berhögg við meginþorra umsagnaraðila um frumvarpið en þeir skipta tugum. Rétt er að leggja áherslu á að enginn umsagnaraðili fullyrðir að breytingarnar muni lækka verð á lyfjum. Meiri hluti þeirra sem nefndin hefur fengið til sín telur að lyfjaverð komi til með að hækka verulega á landsbyggðinni og öryggi lyfjadreifingar sé stefnt í tvísýnu. Varla getur það talist háleitt heilbrigðismarkmið að verðlagning lyfja sé mismunandi eftir því hvar fólk er búsett í landinu. Ekkert bendir til þess að lyfjaverð lækki á höfuðborgarsvæðinu þar sem fjárfesting mun að öllum líkindum stóraukast samfara fjölda nýrra lyfjaverslana.

Gert er ráð fyrir að verð á lausasölulyfjum sé gefið frjálst en verð á lyfseðilsskyldum lyfjum hafi visst hámark. Því má reikna með að lyfjaverð gæti þróast á þann veg að verð lausasölulyfja verði misjafnt eftir því hvar búið er á landinu, hæst þar sem veltan er minnst.

Stærri matvöruverslanir á höfuðborgarsvæðinu geta orðið sér úti um heimild til að reka apótek þar sem verslunarleyfishafi, sem uppfyllir skilyrði um húsnæði, þarf aðeins að ráða til sín lyfjafræðing til þess að geta rekið lyfjaverslun. Í kjölfarið gæti þróast póstverslun með lyf fyrir þá sjúklinga sem neyta þurfa lyfja reglulega. Lyf fyrir þessa sjúklinga eru um 70% af heildarveltu apótekanna í lyfsölu. Lyfjaverslanir í dreifðum byggðum sætu þá eftir, jafnvel með 30% af núverandi veltu lyfja. Þær verslanir sinntu þá aðeins sjúklingum sem þyrftu bráðaðkallandi lyf. Ljóst er að fáar lyfjaverslanir úti á landsbyggðinni þyldu samkeppni sem þessa. Minnkandi sókn lyfjafræðinga út á land mundi óhjákvæmilega fylgja í kjölfarið.

Verði þetta frv. að lögum munu öryggis- og heilbrigðissjónarmið ekki ráða ferðinni í lyfjamálum heldur blind markaðssjónarmið.

Í breytingartillögum meiri hluta heilbr.- og trn. er lagt til að almenningur njóti fræðslu um lyf og lyfjanotkun. Minni hlutinn tekur undir þau sjónarmið að þarna skorti mikið á að lyfsalar og heilbrigðisyfirvöld hafi sinnt þeim skyldum sínum að fræða sjúklinga um notkun lyfja, áhrif lyfja og aukaverkanir. Í umsögn frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga kemur í ljós að eldra fólk er illa upplýst um sín lyf og tekur þau gjarnan í röngum skömmtum.

Samkvæmt þessu frv. er heimilt að reka sjúkrahússapótek og er sú þjónusta til bóta fyrir sjúklinga. Því tekur minni hlutinn undir það að sjúkrahússapótek geti selt sjúklingum lyf við útskrift og göngudeildarsjúklingar geti fengið sambærilega þjónustu. Þó telur minni hlutinn að útfærslan í frv. varðandi sjúkrahússapótek þurfi að vera mun skýrari.

Minni hlutinn telur öll rök hníga að því að rétt sé að meta áhrif EES-samningsins eftir eitt og hálft ár, en fyrst þá ætti að vera komin nægileg reynsla af honum. Minni hlutinn gerir að tillögu sinni að nefnd verði þegar skipuð sem hafi það verkefni að meta áhrif þeirra breytinga sem samningnum fylgja. Í framhaldi af því fari fram endurskoðun á lögum um lyfjadreifingu.

Minni hluti heilbr.- og trn. mælir með því að sá hluti frv. sem lýtur að ákvæðum EES-samningsins verði afgreiddur en öðrum þáttum frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta álit skrifar Ingibjörg Pálmadóttir, Margrét Frímannsdóttir, Finnur Ingólfsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Með nál. er fjöldi umsagna sem borist hafa til heilbr.- og trn. og styðja það álit okkar að hér sé verið að fara allt of hratt í sakirnar. Við hefðum getað haft miklu fleiri umsagnir en eru hafðar með því segja má að það sé samdóma álit þeirra *tuga manna sem komu* til nefndarinnar að verið væri að breyta lyfjalögum á þann veg að það muni ekki koma almenningi til góða og mun ég rökstyðja það á eftir.

Eins og fram kom í nál. hefur frv. til lyfjalaga sem nú er til 2. umr. verið í meðferð heilbr.- og trn. um nokkurt skeið og hefur tekið miklum breytingum frá því það var lagt fram fyrst á 116. löggjafarþingi. Breytingarnar eru allar til bóta að mati minni hlutans en engan veginn nægjanlegar. Þær eru engan veginn nægjanlegar. Þess vegna teljum við að ef málið hefði fengið að vera áfram í vinnslu hefðu menn getað náð sáttum í þessu máli og náð nokkuð góðu máli, hv. formaður heilbr.- og trn., en asinn er mikill og mikið liggur á. (**Gripið fram í:** Ekki í þessu máli.)

Við teljum að þetta frv. sé ekki fullnægjandi frá heilbrigðissjónarmiði séð því megininntak frv. er frelsi til að selja. Markaðslögmálið verður heilbrigðissjónarmiðum yfirsterkara þrátt fyrir þær brtt. sem meiri hluti heilbr.- og trn. gerir við frv. Brtt. eru 21 talsins og hafa út af fyrir sig ágætis merkingu en því miður reka þær sig hver á annars horn og verða ekki marktækar. Meira að segja má benda á margar gloppur í brtt. frá meiri hluta heilbr.- trn. og ég tel alveg óhjákvæmilegt að taka þetta mál upp á milli 2. og 3. umr. Og þrátt fyrir allar 21 brtt. breyta þær því ekki að lyfjaverð verður mismunandi eftir því hvar búið er á landinu og þjónustan mun verða lakari út á landi en hún er í dag.

Þrátt fyrir öll viðvörunarorð þeirra sem gerst þekkja og þeirra sem mestu reynsluna hafa á sviði heilbrigðis- og lyfsölumála er þetta mál keyrt áfram um leið og Íslendingar eru að aðlaga sig mjög víðtækum breytingum vegna EES-samningsins á lyfjamarkaðnum. Því eins og kemur fram í nál. er frv. tvíþætt, annars vegar breytingar vegna EES-samningsins og hins vegar víðtækar breytingar á lyfsölumálum.

En eins og kom fram hjá hv. frsm. meiri hlutans fékkst með miklum eftirgangsmunum fram breyting á frv. þannig að gildistaka seinni hluta frv. varðandi lyfjamálin dregst til 1. júní 1995. Þá taka gildi VII. kafli frv., sem er um stofnun lyfjabúða og heildsöluleyfi, og XIV. kafli frv. um verðlagningu lyfja. En fresturinn er allt of skammur að mati minni hlutans varðandi svo víðtækar breytingar. Það verður ekki komin nægjanleg reynsla á svo skömmum tíma varðandi EES-ákvæðin og það eru ekki gerðar tillögur um að nefnd fylgist með áhrifum EES-samningsins á þessum tíma, sem minni hlutinn telur nauðsynlegt. Það má því segja að það sé sama hvernig reynslan verði af breytingunum varðandi EES, það á að gera víðtækar breytingar á lyfjadreifingarmálum 1. júní 1995 ef þetta frv. verður að lögum.

Á sama tíma er nýr heilbrrh. að setjast að völdum ef ríkisstjórnin tórir svo lengi. Sá ráðherra sem þá tekur við er að taka við öllum þessum breytingum og sviptingum sem fylgja í kjölfar gildistöku þessa frv.

Þess vegna hefur minni hluti heilbr.- og trn. gert það að tillögu sinni í nefndinni að gildistakan yrði í fyrsta lagi 1. jan. 1996 og að nefnd starfi þangað til *sem fylgist með áhrifum samningsins. Sú nefnd yrði* til ráðuneytis um áframhaldandi skref varðandi breytingar. En meiri hlutinn vill taka mörg skref í einu, skref sem geta verið örlagarík fyrir lyfjadreifingu í landinu og ég mun fara nokkrum orðum um á eftir.

En ég vil fyrst fara orðum um breytingar sem verða á lyfsölumálum með tilkomu EES-samningsins, sem taka á gildi 1. júní nk. Eins og kemur fram í nál. hafa þessar breytingar á lyfjamálum vegna samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði mjög mismunandi áhrif. Áhrifamestur er hlutinn sem snýr að samhliða innflutningi lyfja. Það þýðir að það er hægt að flytja inn lyf án þess að versla við frumframleiðandann og menn reikna með því að geta fengið jafngóð lyf á lægra verði. En um leið eigum við líka á hættu að fá lyf sem eru fölsuð og þess vegna þurfum við að efla eftirlit með lyfjum í leiðinni. En þar sem samhliða innflutningur hefur verið leyfður hefur lyfjaverð lækkað nokkuð. Það eru því vissar vonir bundnar við samhliða innflutning.

Aðrar kvaðir sem á okkur koma varðandi hið Evrópska efnahagssvæði eru að það má auglýsa lausasölulyf og hef ég haft um það mörg orð áður og ætla að spara þau að þessu sinni. Það kemur fram í nál. að við teljum ekki æskilegt að auglýsa lyf því í eðli sínu eru lyf eitur og við viljum ekki auka sölu á lyfjum. En með auglýsingum almennt er verið að reyna að auka sölu lyfja. En það kemur líka fram í nál. að það er hægt að taka tillit til þess sem ríkir í reglum einstaka þjóðríkja. Danir hafa t.d. nýtt sér það að auglýsa ekki lyf í sjónvarpi. Það er samkomulag á milli apótekara í Danmörku að gera það ekki og ég tel það mjög mikilvægt. En ef við erum að fara í bullandi samkeppni þá fara menn út í auglýsingar og það næst ekkert samkomulag um að auglýsa ekki. Það er þess vegna svo mikilvægt á meðan við erum að breyta svona miklu í grundvallaratriðum séum við ekki á sama tíma að fara í bullandi samkeppni.

Það eru líka ýmis minni háttar atriði sem breytast með samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er t.d. nýmæli að nú má rjúfa innsigli á lyfjapakkingum en það hefur ekki mátt undanfarin ár á Íslandi. Það er viss hætta þessu samfara. Það er viss hætta á að það verði ruglingur varðandi lyfjagjafir. Það verður ekki lengur séð utan á pakkningunum hvenær lyfið rennur út þegar það er búið að skipta því í marga skammta og setja það kannski í aðrar umbúðir. Að þessu þarf því sérstaklega að huga. Auðvitað er það viss sparnaður að úr pakkningu sem er með 20 töflum sé hægt að afgreiða 10 þurfi ekki að nota meira en það er viss áhætta fólgin í þessu í leiðinni. Þótt þetta sé kannski ekki stórvægilegt atriði þá finnst mér rétt að benda á það hér.

Það eru þrjú meginatriði sem breytast við samninginn um hið Evrópska efnahagssvæði. Það er að lyfjamarkaðurinn í Evrópu starfi innbyrðis á samræmdari hátt auk þess sem neytendur og læknar fái betri upplýsingar til að stuðla að skynsamlegri notkun lyfja en hingað til, samkeppni aukist og upplýsingar um markaðinn verði aðgengilegri á sameiginlega markaðnum á sviði verðlagningar og þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði. Aðgangur nýrra lyfjategunda verði greiðari inn á hinn stækkaða sameiginlega markað og þaðan inn á heimamarkaðinn með betra skipulagi markaðsleiða í Evrópu, m.a. fyrir atbeina Lyfjastofnunar Evrópu. Þetta eru höfuðbreytingarnar varðandi hið Evrópska efnahagssvæði. Eins og menn heyra þá eru þetta töluverðar breytingar og er þó ekki allt talið.

Þá langar mig til að snúa að frv. sjálfu óháð hinu Evrópska efnahagssvæði og breytingum sem það hefur í för með sér ef að lögum verður. Meginmarkmið frv. er að tryggja landsmönnum nægilegt framboð af nauðsynlegum lyfjum, tryggja gæði og öryggi lyfja og lyfjaþjónustu og draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað. Þetta eru allt saman mjög fögur fyrirheit og góð markmið út af fyrir sig og auðvelt að taka undir þau. En hvernig nást markmiðin með frv.? Ég tek í fyrsta lagi að tryggja landsmönnum nægjanlegt framboð að nauðsynlegum lyfjum. Þessu markmiði höfum við náð á Íslandi en það stefnir allt í að það verði minni þjónusta úti á landi. Það stefnir allt í það um leið og það verður erfiðara að vera með nægjanlegt framboð á nauðsynlegum lyfjum úti um landið.

Tryggja gæði og öryggi lyfja. Eins og ég sagði áðan þá þarf að auka eftirlitið varðandi samhliða innflutning. Og við tryggjum ekki öryggið nema bæta eftirlitið. Með fleiri lyfjaverslunum þá þurfum við líka meira eftirlit vegna þess að maður getur ímyndað sér að í harðri samkeppni þar sem lyfjaverslanirnar eru orðnar mjög margar og mikil pressa þá minnkar öryggið. Það segir sig sjálft.

Að draga úr óhóflegri notkun lyfja. Eins og ég sagði áðan að með því að auglýsa lyf og með því að auka enn aðgengi að lyfjum, t.d. með því að það verði þrjár til fjórar lyfjaverslanir í einum stórmarkaði, þá erum við samhliða að auka neyslu lyfja.

Að minnka lyfjakostnað. Hvernig er hægt að rökstyðja það að þetta frv. lækki lyfjakostnað? Enginn af þeim sem komu á fund nefndarinnar sem, eins og ég sagði áðan, skiptu tugum treysti sér til að segja að ef þetta frv. yrði að lögum þá lækkaði lyfjaverð á Íslandi. Og mér þætti gaman að heyra hæstv. heilbrrh. rökstyðja það á eftir hvernig þetta ætti að lækka vöruverð til neytenda. Vegna þess að menn fara út í bullandi fjárfestingar, fjárfestingar kosta mikla peninga og þá hækkar vöruverð.

Lyfjaverð mun hækka á landsbyggðinni. Ég held að það sé nokkuð ljóst. Lyfjaverð mun hækka á landsbyggðinni vegna þess að verð á lausasölulyfjum verður gefið frjálst en hámarksverð verður sett á lyfsöluskyld lyf. Það segir að þeir sem eru með litla veltu verða að hækka lausasölulyf. Þar með verða lausasölulyf dýrari þar sem veltan er minni og það er úti á landi.

Það er alveg ljóst að lyfseðilsskyld lyf verða í hámarki líka úti á landsbyggðinni. Af því að hv. frsm. brosir mjög mikið þá langar mig til að spyrja hann: Finnst honum eðlilegt að það sé mismunandi lyfjaverð um landið? Það sé mismunandi eftir því hvar þú býrð hvað þú borgar mikið fyrir lyfin? Ég minnist þess að ekki alls fyrir löngu þegar verið var að tala um olíuverð á landinu og að fella ætti niður jöfnunargjöld á olíu þá sagði sami hv. brosandi þm. að það kæmi ekki til greina vegna þess að olíuverð á landinu yrði alls staðar að vera jafnt en þegar kemur að lyfjunum þá gildir eitthvað allt annað. Af hverju skyldi lyfjaverð lækka á Stór-Reykjavíkursvæðinu með auknum tilkostnaði og fjölda nýrra lyfjaverslana? Hvers vegna skyldi það lækka? **(Gripið fram í:** Það á að samræma þetta um allt land. Það á að vera hámarksverð.) Nú er hv. formaður heilbr.- og trn. að boða nýjar breytingar svo ég býst við að við verðum kölluð á fund í kvöldverðarhléinu. Ég heyri að hann er að boða hér breytingar.

Í nál. minni hlutans kemur fram að það sé mjög líklegt að stórir verslunarmarkaðir í Reykjavík setji á stofn póstverslun með lyf. Hvað þýðir það ef t.d. stórverslun eins og Bónus tæki upp á því að setja upp póstverslun með lyf eða einhver önnur stórverslun? Það gæti þýtt það t.d. að sjúklingar sem eru á föstum lyfum, sem er um 70% af heildarveltu lyfja, þ.e. sjúklingar með asma, sjúklingar með gigt, sjúklingar með hjartasjúkdóma, svo eitthvað sé nefnt, þetta er 70% af lyfjaversluninni, yrðu að sjálfsögðu fastir áskrifendur að lyfjunum sínum af því að það er mismunandi lyfjaverð á landinu. Og hvað mundi þetta þýða fyrir landsbyggðarverslunina í lyfjum? Hún sæti eftir með 30% af lyfjaveltunni eins og hún er í dag. Það eru sem sagt bráðalyfin sem eftir eru. Þau yrðu á hæsta prís svo lengi sem lyfjaverslunin mundi lifa þetta af. Hún mundi ekki lifa þetta af nema mjög skamman tíma.

Við erum því að brjóta niður það munstur sem er í dag. Við erum nokkuð ánægð með lyfjaþjónustuna úti um landið þó það megi enn bæta hana. Við erum nokkuð ánægð með hana og við erum hrædd um að við séum að brjóta þetta niður.

Þá kann einhver að spyrja: Er þetta ekki í góðu lagi? Sjúklingarnir fá lyfin sín á enn þá lægra verði gegnum póstverslunina og er þetta bara ekki allt í góðu lagi? Svo munu heilsugæslustöðvarnar sjá um afganginn. Er það stefnan að það séu eingöngu heilsugæslustöðvar úti á landi sem sjá um apótekin? Ég tel að lyfjafræðingar almennt muni hópast burtu úr dreifbýlinu hingað í „bisnessinn". Það er eðlilegt. Og heilsugæslustöðvarnar munu ekki geta mannað stöðu lyfjafræðinga með litla veltu. Er það stefnan?

Það er einnig verið að slaka á kröfunum um fagmennsku. Það á sér hér stað visst tilraunastarf. Ég vil aðeins í framhjáhlaupi benda á eitt varðandi það. Við höfum stundum kvartað undan því að okkur finnst að apótekarar veiti ekki nægilega góða þjónustu í apótekunum, að fólk fái ekki nógu góða fræðslu um lyf og því sé ekki sagt nákvæmlega hvernig það eigi að taka inn sín lyf og um aukaverkanir o.s.frv. Varla verður

það í gegnum póstverslunina. Við þekkjum það úr matvöruverslunum að þar sem vöruverð lækkar er þjónustan miklu minni. Það er t.d. ekki heimsendingarþjónusta í stórmörkuðum þar sem þjónustan er lítil en það er eitt af því sem er nýlunda og mjög til bóta að apótekin eru farin að senda lyf heim til sjúklinga og þarf að vera í miklu meiri mæli en er í dag.

Svo er annað sem kæmi ef lyfjafræðingar flosna af landsbyggðinni. Það hefur verið þannig að lyfsölum úti á landi hefur verið gert að kaupa dýrar eignir og reyndar á Stór-Reykjavíkursvæðinu líka. Segjum t.d. í 6.000 manna byggðarlagi væru allt í einu komin tvö til þrjú apótek þar sem var eitt fyrir. Lyfsali nýbúinn að kaupa hús og þarf að kaupa líka íbúðarhúsnæði sem fylgir lyfjaversluninni, kannski fyrir 40 millj. kr. En komi tvær til þrjár nýjar lyfjaverslanir þá er þetta húsnæði algjörlega verðlaust. Hann gæti kannski selt það á 5 millj. kr. Ég spyr hæstv. ráðherra: Er ríkið skaðabótaskylt í slíkum tilvikum?

Það er eitt atriði í 36. gr. frv. sem ég tel að megi teljast til bættrar þjónustu fyrir sjúklinga. Það er varðandi sjúkrahússapótekin og ég tel að sjúkrahússapótekin eigi rétt á sér en ég býst ekki við því að það sé rekstrargrundvöllur fyrir þeim nema á Stór-Reykjavíkursvæðinu. Hingað til hefur þessi þjónusta verið veitt en aðeins varðandi lyf sem eru sérmerkt, S-merkt lyf, sem eru ekki fáanleg annars staðar en í sjúkrahússapótekunum. En í frv. er gert ráð fyrir því að sjúklingar sem útskrifast af sjúkrahúsum geti keypt lyf um leið og þeir fara heim og göngudeildarsjúklingar geti einnig keypt lyf í sjúkrahússapótekum og þá verða lyfseðlarnir sérmerktir sjúkrahúsunum. Ég tel þetta mjög mikilvægt. Ég efast ekki um að í þessum sjúkrahússapótekum fái sjúklingar mjög góða fræðslu um sín lyf. Í dag þegar sjúklingar eru farnir að útskrifast miklu fyrr af sjúkrahúsum en áður en eru raunverulega mjög veikir þegar þeir eru að útskrifast. Þá er mikilvægt að þeir þurfi ekki að hlaupa eftir lyfjunum sínum út um bæ heldur geti fengið lyfin sín um leið og þeir fara heim. Þó svo að það sé vísir í rétta átt að apótekin eru farin að senda lyf heim þá er það ekki almennt enn þá og þá tel ég þetta vera mjög mikilvægt atriði.

Við höfum talið að þetta gæti skarast varðandi ný samkeppnislög vegna þess að sjúkrahússapótekin, þ.e. ríkisrekin apótek, verða í beinni samkeppni við einstaklinga en samkvæmt umsögn frá Samkeppnisstofnun varðandi 36. gr. um apótek í frv. til lyfjalaga segir svo, með leyfi forseta:

„Í upphafi greinarinnar kemur fram að sjúkrahússapótekum verði heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsi og göngudeildarsjúklinga. Með þessu mun starfssvið sjúkrahússapóteka og almennra einkarekinna apóteka skarast. Sjúkrahússapótekin eru rekin sem hluti af sjúkrahúsunum, sem fá sínar tekjur að mestu sem framlög úr ríkissjóði, en almenn apótek eru einkarekin fyrirtæki í samkeppnisrekstri. Samkeppnisaðstæður almennra einkarekinna apóteka og sjúkrahússapóteka verða því ólíkar.

Athygli er vakin á 2. mgr. 14. gr. samkeppnislaga en þar segir: Þegar um er að ræða opinbert fyrirtæki eða fyrirtæki sem starfar að einhverju leyti í skjóli opinbers einkaleyfis eða verndar er samkeppnisráði heimilt að mæla fyrir um fjárhagslegan aðskilnað, annars vegar á milli þess hluta rekstrar fyrirtækisins sem nýtur einkaleyfis eða verndar og hins vegar þess hluta rekstrar sem er í frjálsri samkeppni við aðra aðila. Skal þess gætt að samkeppnisrekstur sé ekki niðurgreiddur af einkaleyfis- eða verndaðri starfsemi.

Með hliðsjón af þessu ákvæði í samkeppnislögum er æskilegt að orða síðustu setningu 1. mgr. 34. gr. frv. til lyfjalaga þannig: Rekstur sjúkrahússapóteka skal vera fjárhagslega aðskilinn frá öðrum rekstri sjúkrahússins. Einnig má benda á þann möguleika að fela einkareknum apótekum að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsum og göngudeildarsjúklinga. “

Það er því hægt að komast hjá því að þetta skarist við samkeppnislög og við mælum með því að þessi hluti frv. verði samþykktur núna. Vegna þess að við teljum að þetta sé kannski það eina í þessu frv. sem bætir þjónustuna við sjúklinginn.

Mig langar máli mínu til stuðnings að rekja nokkuð umsagnir þeirra aðila sem hafa sent okkur umsagnir sínar um þetta frv. Ég tek aðeins nokkurn hluta þeirra sem ég tel mikilvægt að menn heyri því það er svo undarlegt að þrátt fyrir að tugir manna sem hafa mikla reynslu af þessum málum hafi komið til hv. heilbr.- og trn., þá er eins og menn hafi talað fyrir daufum eyrum. Ég held því að það sé nauðsynlegt að rifja upp nokkur atriði sem eru mjög mikilvæg í þessu sambandi. Með leyfi forseta langar mig að lesa hér hluta af umsögn Alþýðusambands Íslands sem er eitt af fylgiskjölum með nál. minni hlutans.

„Miðstjórn ASÍ hefur yfirfarið umrætt frv. og borið það saman við frv. um sama efni frá vorinu 1993 m.a. í ljósi umsagnar miðstjórnar ASÍ þá.

Meginefni frv. felst í auknu frelsi í lyfjadreifingu, m.a. með afnámi forsetaleyfa til lyfsölu og auknu frelsi í verðlagningu lyfja, og kemur í beinu framhaldi af því að hlutfallsgreiðsla sjúklinga var tekin upp í ágúst 1992. Markmiðið með þessum breytingum er að skapa forsendur fyrir aukinni samkeppni á þessum markaði sem „að öðru óbreyttu“ ætti að leiða til lægri álagningar á lyfjum. Eins og fram kemur í greinargerð með frv. eru þessar breytingar unnar í samræmi við niðurstöður nefndar á vegum heilbrrn. frá því vorið 1992. Ástæða er til þess að gera alvarlegar athugasemdir við þau rök að lyfjaverð lækki með samþykkt þessa frv.

Í fyrsta lagi er gengið út frá því að lyf sé eins og hver önnur neysluvara sem neytendur ákveði alfarið sjálfir hvort þeir kaupi eða láti vera að kaupa. Þetta er auðvitað alrangt, sjúklingurinn hefur í fæstum tilfellum einhver áhrif á ákvörðunina um það hvort hann þurfi lyf eða ekki, sjúkdómsgreining læknis og lyfjaráðgjöf hans í framhaldi af því ræður þessu. Því er afar hæpið að „markaðstengja“ þetta ferli.

Í öðru lagi hefur ekkert tillit verið tekið til samkeppnisstöðunnar í heildsöludreifingu lyfja, bæði innflutningi og framleiðslu þar sem eitt fyrirtæki er nánast allsráðandi með ¾–¼ hluta markaðarins. Þessi

staða veldur því að afar ólíklegt er að aukið frelsi í smásöludreifingu lyfja leiði til verðlækkunar á lyfjum.

Í þriðja lagi er ekki tekið tillit til áhrifa af hámarksverði lyfja. Miðstjórn ASÍ telur nauðsynlegt að hafa hámarksverð á lyfjum til þess að útiloka að einstaka lyfjabúðir, sem njóta einokunaraðstöðu, geti nýtt sér aðstöðuna með óeðlilega hárri álagningu. Það er jafnframt nauðsynlegt að hafa það í huga að reynslan af slíku kerfi er eindregið sú að langflestir dreifingaraðilar nota hámarksálagninguna.

Í fjórða lagi er ekkert tillit tekið til félagslegra og byggðapólitískra sjónarmiða sem lúta að því að allir neytendur eigi þokkalega auðvelt með að kaupa lyf á sama verði alls staðar á landinu.

Í fimmta lagi eru verulegar líkur á því að heildarkostnaður við dreifingu lyfja komi til með að hækka nokkuð frá því sem nú er vegna aukinna fjárfestinga í útsölustöðum á stærstu þéttbýlisstöðunum."

Þetta er úr umsögn Alþýðusambands Íslands. Hún er miklu lengri og Alþýðusambandið gerir miklu fleiri athugasemdir og ég ætla að lesa nokkrar þeirra til viðbótar:

„Í sjötta lagi má einnig velta því fyrir sér hvers vegna helstu nágrannalönd okkar hafa hafnað því að taka upp slíkt frelsi í lyfjadreifingu sem hér er lagt til." — Þetta er spurning til hæstv. heilbrrh. Hvernig stendur á því að nágrannalönd okkar hafa hafnað því að taka upp slíkt frelsi í lyfjadreifingu? Hefur hæstv. heilbrrh. svör við því? Þetta er brennandi spurning. Danmörk hefur t.d. í mörg ár verið að endurskoða sína lyfjadreifingu og sín lyfjamál en þeir eru alfarið hættir við að ganga þá leið sem við erum að leggja inn á núna. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra að þessu og ég vona að hann skrifi niður þessa fyrirspurn og svari henni á eftir.

Og svo ég haldi áfram með Alþýðusambandið og athugasemdirnar:

„Þessi atriði valda því að það er afar ólíklegt að lyfjaverð lækki þegar á heildina er litið og því vandasamt að sjá þjóðhagslegan sparnað eða sparnað ríkissjóðs af slíku kerfi."

Þetta er auðvitað aðalatriðið vegna þess að hæstv. heilbrrh. heldur að hann sé að spara með þessu en það er mikill misskilningur og öll rök sem hníga að því að það er enginn sparnaður. Þvert á móti.

Þá læt ég skilið að svo stöddu við umsögn Alþýðusambands Íslands en langar til að koma með nokkrar athugasemdir frá aðilum utan af landi og taka þá sem hafa verulegar áhyggjur af lyfjadreifingunni úti á landsbyggðinni sem verður öðruvísi en hún er í dag. Ég tek umsögn heilbrigðismálaráðs Austurlands fyrir. Hún hljóðar svo, með leyfi forseta, stutt en ákveðið:

„Heilbrigðismálaráð Austurlands fjallaði um frv. til nýrra lyfjalaga á fundi sínum 3. mars sl.

Ráðið fagnar þeim breytingum sem hafa orðið til batnaðar frá fyrri frumvarpsdrögum en sér ekki fyrir sér að frv. verði lyfjadreifingu á Austurlandi eða annars staðar í dreifbýli til sérstaks framdráttar. Á fundinum komu fram efasemdir um að það takmark laganna að draga úr lyfjanotkun og minnka lyfjakostnað næði fram að ganga heldur gæti samkeppni leitt til meiri lyfjanotkunar og möguleikar væru til hringamyndunar og fákeppni líkt og hefur gerst í smásöluverslun á sumum sviðum. Í frv. vantar möguleika til jöfnunar lyfjaverðs vegna aðstöðumunar dreifbýlis og þéttbýlis. Þá var á það bent að lengja þyrfti þann tíma sem landlæknir gæti krafist upplýsinga um frá lyfjabúðum (24. gr.).

Almennt var rómur fundarmanna sá að flýta beri sér hægt um gleðinnar EES-dyr og láta dóm reynslunnar hjálpa til við að marka stefnu í lyfjadreifingarmálum."

Þetta var umsögn heilbrigðismálaráðs Austurlands.

Það eru margar umsagnir sem væri rétt að líta til. Ég ætla ekki að lesa þær allar en langar til að lesa frá apótekara á Húsavík nokkrar staðreyndir og samviskuspurningar um lyfjamál. Þetta er stutt bréf en margar brennandi spurningar í þessu stutta bréfi, með leyfi forseta:

„Getur þú sætt þig við mismunandi lyfjaverð á landinu, og þá líklega hæst á afskekktum stöðum á landsbyggðinni?

Veist þú að Danir hættu nýlega við líkar breytingar og nú eru boðaðar m.a. vegna þess að þeir óttuðust hærra verð á „afskekktum" stöðum í Danmörku?" — Hér er kannski komið svarið við spurningunni frá Alþýðusambandi Íslands.

„Veist þú að hver sem er (hafi hann verslunarleyfi) getur stofnað apótek fái hann til liðs við sig einhvern lyfjafræðing (samkvæmt framlögðu frv.)?

Getur þú sætt þig við mikla fjölgun apóteka á þéttbýlisstöðum og þar af leiðandi gjaldþrot?

Veist þú að í birgðum apóteka eru mest misnotuðu efnin í dag, þ.e. amfetamín og vefaukandi sterar?

Getur þú sætt þig við að hvatt sé til aukinnar lyfjaneyslu með auglýsingum í fjölmiðlum?

Veistu að ofnotkun ýmissa lausasölulyfja getur valdið alvarlegum sjúkdómum?" — Svo ég skjóti hér inn í þá hefur aldrei mátt minnast á það úr þessum virðulega ræðustól að lausasölulyf geta líka verið eitur sé þeirra neytt í miklu magni. Ég vil minna á það að þar sem er auðvelt að ná í lausasölulyf nýta menn sér það ótæpilega sem á annað borð eru sjúkir í lyf. Það er t.d. mikil hætta gagnvart unglingum sem eru í ýmsu fikti að eftir því sem þetta er nær þeim og eftir því sem þetta er meira auglýst og eftir því sem þetta er meira fyrir augunum á þeim, þeim mun meiri hætta. Þessi svokölluðu lausasölulyf sem ekki þarf lyfseðil við eru ekkert duft sem er ekki hættulegt, þetta er ekkert kartöflumjöl. Þetta er eitur.

Svo ég haldi áfram að lesa upp úr bréfi Vigfúsar apótekara á Húsavík og endurtek þetta:

„Veistu að ofnotkun ýmissa lausasölulyfja getur valdið alvarlegum sjúkdómum?

Veistu að heilbrigðisyfirvöld telja sig hafa sparað tæpa 2,5 milljarða frá 1989–1992 (ekki er enn búið að reikna út 1993) í góðri samvinnu við apótekin?

Veistu að í sömu skýrslu kemur fram að Íslendingar nota minnst lyf Norðurlandabúa að Færeyingum einum undanskildum?" — Þetta er mjög mikið atriði, hæstv. heilbrrh.

Veistu að samkvæmt fyrirliggjandi frv. getur apótekari á landsbyggðinni flutt sig á „betri stað" án þess að fá annan lyfjafræðing í staðinn?" — Þetta er annað mjög mikilvægt atriði.

„Það mætti draga allar þessar staðreyndir saman í eina samviskuspurningu:

Finnst þér að lyfjadreifingin eigi að vera hluti af *heilbrigðiskerfinu eða vera háð markaðslögmálum* almennrar verslunar? Er það þess virði að eyðileggja núverandi dreifikerfi sem af öllum er talið mjög öruggt án þess að nokkur viti hvað við tekur?"

Þetta var frá apótekara úr dreifbýlinu. Hér er umsögn frá Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga sem ég ætla að lesa hluta af, með leyfi hæstv. forseta:

„Það er stjórnmálamanna þessa lands að semja lög og móta hina pólitísku stefnu. Með athugasemdum okkar er félagið hvorki að leggja blessun sína yfir hina mótuðu stefnu í lyfjamálum eða fordæma hana, en við áskiljum okkur rétt til athugasemda og bendum á að lögmál frelsis og samkeppni eiga ekki við á öllum stigum lyfjadreifingarinnar, og síst gilda þau á því stigi er snýr að afhendingu lyfja til neytenda." — Þetta er aðalatriðið, hæstv. heilbrrh. Hér er ekki verið að tala um almennar tuskur í tuskubúð. Í frv. er verið að tala um lyf og það er verið að vara við því að það sé litið á lyf eins og hverjar aðrar tuskur sem seldar eru og það gildi ekki sömu lögmál um lyf og tuskur.

Ég ætla ekki að lesa meira úr áliti Stéttarfélags ísl. lyfjafræðinga. Þetta er nægjanlegt en það koma mjög mörg merkileg atriði fram hjá þeim. Það komu ýmis atriði fram á heilbrigðismálaþingi sem væri hollt fyrir hæstv. heilbrrh. að lesa vandlega.

Hér er umsögn frá *Lyfjatæknafélagi Íslands* en Lyfjatæknafélag Íslands kom einnig á fund heilbr.- og trn. Ég vil taka það sérstaklega fram vegna þess að þetta er ekki mjög gömul starfsgrein, lyfjatæknar á Íslandi, að hún hefur breytt ýmsu einmitt varðandi þjónustuna í apótekum. Þetta er sérmenntað heilbrigðisstarfsfólk sem er mikilvægt að efla. Það eru um 200 manns sem hafa þessa menntun í landinu og það er mjög mikilvægt að apótekin verði ekki svo lítil og ræfilsleg að þau hafi ekki efni á að hafa slíka þjónustu innan borðs. Ég ætla að lesa hluta af umsögn Lyfjatæknafélags Íslands. Þeir segja, með leyfi forseta:

„Með auknu frjálsræði í lyfjasölu óttumst við að fagleg þjónusta verði skert. Samkvæmt 20. gr. frv. er stofnun lyfjabúða háð því skilyrði að húsnæði, búnaður og starfslið fullnægi kröfum Lyfjaeftirlits ríkisins og skal samþykki þess liggja fyrir áður en starfsemi lyfjabúðar er hafin.

Hverjar eru kröfur Lyfjaeftirlits ríkisins, t.d. til starfsliðs?

Stjórn Lyfjatæknafélags Íslands gerir þær kröfur að Lyfjaeftirlit ríkisins tryggi að í þeim lyfjabúðum sem stofnaðar verða samkvæmt nýjum lögum starfi eingöngu fagmenntað starfslið, þ.e. lyfjafræðingar og lyfjatæknar.

Stjórn Lyfjatæknafélags Íslands leggur til að við 24. gr. bætist: Lyfjabúðum er skylt að ráða lyfjatækna til starfa. Fáist ekki lyfjatæknir til starfa er heimilt að ráða annað ábyrgt starfsfólk að fengnu samþykki Lyfjaeftirlits ríkisins, sbr. 28. gr.

Samkvæmt 25. gr. frv. er lyfjabúðum skylt að vista lyfjatækninema og þar með taka þátt í menntun þeirra. Til hvers er verið að sérmennta lyfjatækna ef starfsvettvangur þeirra er síðan ekki tryggður?"

Ég ætla ekki að lesa meira úr umsögn Lyfjatæknafélagsins.

Við erum hér með umsögn Læknafélagsins og þetta er allt á einn veg. Menn óttast að hér sé verið að stíga skref sem eru ekki til heilla fyrir heilbrigðisþjónustuna í landinu.

Í umsögn Læknafélags Íslands eru gerðar tillögur um viðamiklar breytingar á frv. sem ekki er gert ráð fyrir í brtt. frá meiri hluta heilbr.- og trn. Með leyfi forseta les ég hluta úr umsögn Læknafélags Íslands. Síðan ætla ég að lesa örlítið úr umsögn Lyfjafræði lyfsala frá 17. febr. 1994. Í umsögn læknafélagsins er aðalatriðið þetta:

„Frv. virðist bera þess merki að þeir sem það hafa samið þekki ekki nægilega vel til aðstæðna í dreifbýli og hafi fyrst og fremst haft í huga markaðslögmál sem í þessu tilviki eiga þó aðeins við í þéttbýli. Þá er einnig áberandi að mjög er dreginn taumur lyfjafræðinga í frv. þessu."

Síðan koma athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Það eru einar fjórtán athugasemdir sem gerðar eru við frv. og eins og ég segi ekki tekið tillit til þeirra í brtt.

Í umsögn Lyfjafræði lyfsala kemur m.a. fram, með leyfi forseta:

„1. Í I. kafla laganna er fjallað um yfirstjórn lyfjamála. *Þar er gert ráð fyrir að Lyfjaeftirlit ríkisins* svo og Lyfjanefnd ríkisins verði sjálfstæðar stofnanir sem heyri beint undir ráðherra. Hlutverk þessara stofnana tengist mjög mikið og innbyrðis vægi þeirra á eftir að breytast með þeim breytingum sem boðaðar eru í frv. og með breytingum á skráningu lyfja með tilkomu EES. Það er tillaga okkar að öll lyfjamál heilbr.- og trmrn. verði undir einni stjórn (t.d. undir stjórn lyfjamálastjóra). Slíkt fyrirkomulag yrði bæði ódýrara og einfaldara (færri yfirmenn). Með slíku fyrirkomulagi mun ráðuneytið geta sinnt betur hlutverki sínu sem eftirlits- og upplýsingastofnun um lyfjamál.

2. VII. kafli frv. fjallar um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi. Í 20. gr. er að finna ákvæði um að hver sá sem hefur starfsleyfi lyfjafræðings, verslunarleyfi og hefur starfað sem lyfjafræðingur í þrjú ár geti fengið starfsleyfi lyfjafræðings. Það er álit okkar að ef þetta ákvæði verði í lyfjalögunum muni það leiða til þess að apótekum fjölgi mikið í þéttbýliskjörnum. Þessi apótek verða að öllum líkindum flest svo lítil að þau bera ekki nema einn lyfjafræðimenntaðan starfsmann og það verður væntanlega einum starfsmanni ofviða að ætla að sinna lyfjafræðilegri þjónustu eitthvað að marki."

Þetta tel ég vera mjög mikilvægt atriði, hæstv. forseti.

„*Lyfjafræðileg þjónusta (pharmaceutical care)* hefur verið skilgreind þannig að lyfjafræðingurinn noti menntun sína, þekkingu og reynslu til að tryggja sem

bestan hag sjúklingsins, þannig að sjúklingurinn fái rétta, örugga og hagkvæma lyfjameðferð. Að lyfjafræðingurinn fylgist með framvindu lyfjameðferðar og árangri. Það hefur mörgum sinnum verið sýnt fram á að innlagnir á sjúkrahús stafa oft af rangri lyfjanotkun, svo sem of- eða vanskömmtun lyfja, aukaverkana eða skorti á nauðsynlegri meðferð. Það ætti að vera liður í sparnaði í heilbrigðiskerfinu að reyna að bæta meðferðarfylgni og leiðbeina um rétta notkun lyfja."

Hér ætla ég að láta staðar numið en það er Þórdís Kristmundsdóttir prófessor, formaður stjórnarnefndar Lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands, sem skrifar þessa umsögn.

Virðulegi forseti. Það eru margar spurningar sem vakna við 2. umr. frv. og mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh. nokkurra spurninga umfram það sem ég hef þegar gert.

Finnst hæstv. heilbrrh. eðlilegt að lyfjaverð verði mismunandi eftir því hvar búið er á landinu?

Hvernig telur hæstv. heilbrrh. að frv. bæti þjónustu við sjúklinga?

Hvar í frv. er að finna einhvern vott um það sem getur vakið vonir til slíks?

Er það ekki þannig yfirleitt að ef þjónustan verður miklu meiri þá hækkar lyfjaverðið og eftir því sem þjónustan verður verri þá lækkar lyfjaverðið? Ef lyfjaverslanir verða t.d. alfarið í stórverslunum, segjum í matvöruverslunum, þá tel ég yfirleitt að þjónustan í stórverslunum sé þannig að það sé erfitt að vera með mikla heilbrigðisþjónustu þar inni. Ég get ekki ímyndað mér í hraða nútímans að það sé auðvelt að hafa mikla fræðslu í hávaða t.d. í Bónus, þó ég ætli ekki alltaf að vera að auglýsa þá ágætu verslun.

Mig langar að fá skýringar hjá hæstv. heilbrrh. um það enn og aftur hvernig hann telur að lyfjaverð muni lækka almennt, ef EES er ekki tekið inn í. Það kann að vera með samhliða innflutningi en ef EES er ekki tekið inn í hvernig mun lyfjaverð geta lækkað?

Mig langar að spyrja aftur: Hvernig stendur á því að nágrannalöndin eru ekki að fara í þennan farveg sem hæstv. heilbrrh. er að boða núna?

Mig langar líka að endurtaka þá spurningu hvort hæstv. heilbrrh. telur að ríkið muni þurfa að borga skaðabætur til þeirra lyfsala sem hafa keypt sér dýrar eignir úti um landið sem verða síðan verðlitlar með aukinni samkeppni.

Mig langar líka að spyrja að því varðandi 21. gr. frv., sem mér finnst svolítið sérkennileg miðað við annað. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hvert lyfsöluleyfi takmarkast við rekstur einnar lyfjabúðar og ber lyfsöluleyfishafi sjálfur faglega ábyrgð á rekstri lyfjabúðarinnar. Lyfsöluleyfishafa er heimilt að sækja um leyfi til að reka útibú frá lyfjabúð sinni í sveitarfélögum þar sem lyfjabúðir eru ekki reknar. Í fjarveru leyfishafa skal fela lyfjafræðingi daglega stjórn lyfjabúðarinnar í samráði við Lyfjaeftirlit ríkisins.

Starfandi læknar, tannlæknar og dýralæknar mega ekki vera eigendur, hluthafar eða starfsmenn lyfjabúða."

Nú finnst mér ekkert óeðlilegt að þeir megi ekki vera eigendur eða hluthafar en mér finnst óeðlilegt að þeir geti ekki verið starfsmenn lyfjabúða, hæstv. heilbrrh. Hvernig stendur á því? Það er verið að auka vægi heilsugæslustöðvanna varðandi apótek og þar verða trúlega ekki lyfjafræðingar nema að litlum hluta til heldur læknar sem afgreiða lyfin en í 21. gr. er tekinn af allur vafi um að læknar mega ekki afgreiða í lyfjaverslun. Mig langar að fá skýringar á því.

Virðulegi forseti. Ég er alveg að ljúka máli mínu. Þetta er orðið ágætt í bili. Það getur vel verið að í skjóli vissrar viðskiptaverndar hafi apótekarar á stærri stöðum orðið værukærir. Það kann vel að vera að þeir hafi e.t.v. ekki fylgst nægilega vel með kröfum tímans um aukna þjónustu. En ég tel að umræðan um lyfjamál, sem hefur staðið yfir í nokkur ár, hafi skilað verulegum árangri. Lyfsölum og ríkisvaldinu hefur tekist að ná verulega niður kostnaði vegna lyfjakaupa á sl. fjórum árum. Ég vil líka hrósa læknum þar með vegna þess að þessir þrír aðilar hafa tekið höndum saman og náð virkilegri lækkun á lyfjaverði og því ber að fagna og það ber að halda áfram á þeirri braut. En ég tel að í dag séu lyfjafræðingar almennt metnaðarfullir og ungir lyfjafræðingar sérstaklega metnaðarfullir og vilji gera vel. Ég tek eftir því að það er verið að bæta þjónustuna alls staðar, bæði á minni og stærri stöðum, við sjúklinga.

Ég tel óvarlegt að kollvarpa því lyfsölukerfi á þennan hátt sem er ætlast til í þessu frv. Við erum, eins og ég sagði áðan, að ræða um viðkvæma vöru, við erum að tala um heilbrigðismál en ekki bara bein „bisnessjónarmið". Við erum að tala um heilbrigðismál og það er óvarlegt að slíta þetta alveg úr samhengi. Það er ekki hægt að bjóða Íslendingum upp á misdýra og misgóða þjónustu hvað varðar lyfjamál. Því gerum við sem erum í minni hluta heilbr.- og trn. að tillögu okkar hluti frv. varðandi ákvæðin um EES-samninginn verði afgreiddur en öðrum þáttum frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar og menn skoði þessi mál betur og finni betri lausn á þeim en hér er boðað.

[15:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið í ræðum þeirra hv. þm. sem hér hafa talað hefur heilbr.- og trn. fjallað ítarlega um frv. til lyfjalaga.

Við 1. umr. um málið bentum við fulltrúar stjórnarandstöðu á fjölmörg tæknileg atriði sem betur mættu fara í frv. fyrir nú utan það að við drógum stórlega í efa að samþykkt þessa frv. hefði í för með sér lækkandi lyfjaverð sem er þó yfirlýst eitt helsta markmið frv. Þessu markmiði á samkvæmt frv. að ná með auknu frelsi til þess að setja á stofn lyfjaverslun, aukinni samkeppni, frelsi til að verðleggja lausasölulyf og auglýsa. Þó á þetta frelsi að vera takmarkað því ríkið ætlar að fá heimild til að reka apótek á sjúkrahúsum og heilsugæslustöðvum í samkeppni við einkaaðila.

Við lýstum þeirri skoðun okkar að samþykkt þessa frv. gæti haft í för með sér einhverja lækkun á lyfjaverði í Reykjavík og öðrum þéttbýlustu svæðum landsins en í dreifbýlinu gæti lyfjaverð hins vegar hækkað

og margt sem bendir til þess að svo verði.

Við bentum einnig á að 20. gr. frv. feli í sér ákveðna hættu á hringamyndun þar sem stórmarkaðsfyrirtækin sjá sér hugsanlega hag í að reka samhliða matvöru- og lyfjaverslun sem auðvitað er fráleitt.

Sú hugmynd að selja lyf í stórmörkuðum með matvöru hefur verið á kreiki. Það fyrirkomulag þekkist þó ekki í þeim löndum sem við viljum miða okkur við, nágrannalöndum okkar í Evrópu. En þótt við tökum flesta hluti upp eftir nágrannaþjóðunum þá gildir það ekki varðandi fyrirhugaða afgreiðslu á þessu frv. Möguleikinn til þess að selja lyf í stórmörkuðum er enn fyrir hendi.

Athugasemdir okkar í minni hluta nefndarinnar voru miklu fleiri við 1. umr. um málið og ég mun fara betur yfir þær síðar í umræðunni. Í stórum dráttum má segja að nánast allir þeir sem komu á fund nefndarinnar staðfestu allar okkar athugasemdir og bættu reyndar nokkrum mjög veigamiklum athugasemdum við, t.d. hvað það varðar að ekki er gert ráð fyrir skráningu á samhliða innfluttum lyfjum.

Mig minnir að fyrir utan fulltrúa ráðuneytis, sem auðvitað kom fyrir nefndina til að fylgja eftir sjónarmiðum hæstv. ráðherra, hafi aðeins einn aðili sem kom fyrir nefndina talið að samþykkt frv. hefði í för með sér lækkandi lyfjaverð fyrir landsmenn. Allir aðrir drógu það í efa að þetta markmið frumvarpsins næðist, svo ekki sé nú meira sagt. Þessi niðurstaða kemur einnig skýrt fram í þeim skriflegu umsögnum sem nefndinni bárust.

Hér hefur verið dreift brtt. meiri hluta hv. heilbr.- og trn. Þar hefur vissulega verið tekið tillit til ýmissa ábendinga sem við í minni hluta nefndarinnar komum með og búið er að lagfæra ýmsar greinar frv. en ekki hefur verið tekið tillit til annarra veigamikilla breytinga sem við lögðum til. Því treystum við okkur ekki til að skrifa undir nál. hv. meiri hluta eða þær brtt. sem meiri hluti flytur. Þó eru þar, eins og ég sagði áðan, nokkrir ljósir punktar.

Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. gr. frv. þar sem kveðið er á um markmið og yfirstjórn. Í frv. segir að markmið laga þessara sé meðal annars að draga úr óhóflegri notkun lyfja og minnka lyfjakostnað.

Við 1. umr. var bent sérstaklega á þessa órökstuddu fullyrðingu um óhóflega notkun lyfja hér á landi. Meiri hlutinn tók tillit til þessarar ábendingar okkar og leggur til breytt orðalag jafnframt því að bæta inn ákvæði þess efnis að auka beri fræðslu um lyfjanotkun.

Við í minni hluta nefndarinnar tökum undir þessa breytingu í nefndaráliti okkar og teljum að í þessu efni, þ.e. varðandi fræðsluþáttinn, hafi heilbrigðisyfirvöld og heilbrigðisstéttirnar ekki staðið sig nógu vel.

Þá bentum við einnig á við umfjöllun um frumvarpið að óeðlilegt væri að í upptalningu á þeim sem áætlað er að verði hæstv. heilbrrh. til ráðuneytis og aðstoðar við framkvæmd laganna, ef svo ólíklega færi að frv. yrði að lögum, skuli lyfjamálastjóra og lyfjagreiðslunefnd vanta. Nú er lagt til að lyfjagreiðslunefnd heiti lyfjaverðsnefnd. Lyfjamálastjóra var ætlað það hlutverk að annast framkvæmd lyfjamála innan ráðuneytis fyrir hönd ráðherra. Þennan lyfjamálastjóra átti ekki að kalla til í samráðshópinn samkvæmt texta frumvarpsins eins og hann liggur fyrir.

Í brtt. meiri hlutans er lyfjamálastjóra og lyfjaverðsnefnd bætt inn í samráðshóp hæstv. ráðherra. og er það vel.

Þá eru einnig gerðar tillögur um breytingar á 2. gr. frv. þar sem kveðið er á um Lyfjaeftirlit ríkisins eða forstöðumann þess. Þar hafði gleymst að setja inn ákvæði þess efnis að sá lyfjafræðingur sem veitir Lyfjaeftirlitinu forstöðu megi ekki eiga neinna persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja. Á þetta bentum við strax við 1. umr. hér á hv. Alþingi.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar einnig til breytingu á 3. mgr. 2. gr. frv., en þar segir, með leyfi forseta:

„Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með og skal gjaldið standa undir kostnaði við rekstur eftirlitsins."

Ekki kemur fram í frumvarpinu með hvaða hætti þetta gjald verður lagt á og engin takmörk eru á gjaldtökunni. Eðlilegt hefði verið að kveða á um gjaldstofn og hámark eftirlitsgjaldsins. Ég tel að sú brtt. sem hér liggur frammi bæti síður en svo texta frv. En meiri hlutinn leggur til að ákvæði greinarinnar orðist á þessa leið:

„Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.

Verja skal tekjum þessum til greiðslu kostnaðar við eftirlitið og skal miðað við að gjaldið standi undir kostnaði við rekstur eftirlitsins."

Ég vek athygli á því að þessar tvær málsgreinar eiga að koma í stað 3. mgr. í frv. og ef 2. gr. frv. yrði samþykkt svo breytt hljómar hún svona, með leyfi forseta:

Lyfjaeftirlit ríkisins er sjálfstæð stofnun undir yfirstjórn heilbr.- og trmrn. Lyfjafræðingur veitir því forstöðu og má hann ekki eiga persónulegra hagsmuna að gæta í framleiðslu, innflutningi eða dreifingu lyfja.

Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins o.s.frv.

Stingur þetta ekkert í eyru? Er ekki eðlilegra að fyrst komi ákvæði sem heimilar þessa gjaldtöku, síðan komi ákvæði þess efnis að setja skuli í reglugerð nánari ákvæði um eftirlitsgjaldið? Ef brtt. meiri hlutans fer í gegn óbreytt kemur þetta eins og skrattinn úr sauðaleggnum að setja skuli nánari ákvæði um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra án þess að gjaldtakan sé raunverulega heimiluð.

En þótt þetta verði nú lagað þá breytir þessi tillaga nánast engu. frá því sem áður var. Ráðherra hafði í frv. heimild til nánari útfærslu á þessu eftirlitsgjaldi í reglugerð eins og öðrum atriðum sem þarfnast nánari útfærslu. Við vildum hins vegar að gjaldstofninn væri ákveðinn og einnig hámark þessa gjalds því hér er um skattlagningu að ræða.

Það er raunar með ólíkindum hversu erfiðlega gengur að fá ráðuneytin til þess að setja í frumvarpstexta reglur um innheimtu skatta og gjalda af því tagi sem þetta eftirlitsgjald er. Slíkum ákvæðum er auðvitað sleppt til þess að hafa svigrúm til þess að breyta þessari gjaldtöku til hækkunar eða lækkunar án samþykkis Alþingis.

Í þessu tilviki á gjaldið að standa undir kostnaði við eftirlit Lyfjaeftirlits ríkisins og skal upphæð gjaldsins og innheimta nánast ákveðin af Lyfjaeftirlitinu sjálfu, eða betur get ég ekki séð, því eftirlitið sjálft á að gera tillögur þessa efnis til ráðherra.

Reyndar kemur það ekki heldur fram í þessum breytingartillögum hver á að taka við tillögum Lyfjaeftirlitsins og setja reglugerðina um eftirlitsgjöldin, aðeins að Lyfjaeftirlit ríkisins skuli gera tillögu um þau og innheimtu þeirra. Það vantar hins vegar alveg að þess sé getið hver á að taka við þessum tillögum og setja reglugerð. Við verðum þó að ætla að það sé hæstv. ráðherra heilbrigðismála sem sjái um það verk.

Svona lagatexti er náttúrlega ótækur og hlýtur að þurfa að draga þessa tillögu til baka til 3. umr. Forseti virðulegur getur varla látið greiða atkvæði um tillöguna eins og hún er.

Þá má nota tækifærið milli 2. og 3. umr. til að setja inn heimild fyrir gjaldtöku og kveða skýrar á um gjald og gjaldstofn. Það orkar einnig tvímælis að starfsfólk Lyfjaeftirlits ríkisins geri sjálft tillögu um upphæð gjaldsins og innheimtu. Það býður þeirri hættu heim að starfsemin þenjist út og að auknum kostnaði vegna þess verði velt yfir á þá sem eiga að greiða eftirlitsgjaldið því það eru engin ákvæði um það hágmark sem maður gæti ímyndað sér að þyrfti að vera þannig að hægt sé að fylgja eftir með hvaða hætti verður staðið að þessari gjaldtöku eða skattlagningu.

Í 4. gr. frumvarpsins er kveðið á um lyfjanefnd ríkisins, skipan hennar og hlutverk. Ráðherra fer þar alfarið með skipunarvald. Ekki er gert ráð fyrir tilnefningu samtaka, félaga eða þeirra sérfróðu aðila sem að lyfjamálum koma. Ekki náðist fram breyting á þessu í starfi nefndarinnar. Áfram er gert ráð fyrir að hæstv. ráðherra skipi fyrst sinn formann og þeir velji síðan saman aðra nefndarmenn.

Í VI. kafla frumvarpsins er fjallað um auglýsingu og kynningu lyfja. Eins og fram hefur komið eru ákvæði sem heimila að auglýsa lyf, þá sérstaklega svokölluð lausasölulyf, lyf sem seld eru án lyfseðils, eitt af því sem við verðum að lögtaka vegna aðildar okkar að EES-samningnum. Þetta ákvæði getur nú vart talist eftirsóknarvert ef horft er til heilbrigðissjónarmiða, og því full ástæða til þess að nota þær takmarkanir á auglýsingar, sem heimilar eru samkvæmt EES-samningnum.

Eins og fram kemur í minni hluta áliti okkar hafa Danir valið þá leið að banna að auglýsa lyf í sjónvarpi og þeir hafa komist upp með það. Við hefðum viljað sjá einhverjar slíkar takmarkanir í þessu frumvarpi til lyfjalaga eða breytingartillögum meiri hlutans en svo er ekki. Þó er full ástæða til þess að hafa allan vara á varðandi heimildir til að auglýsa lyf því talið er að slíkar auglýsingar auki tvímælalaust lyfjaneyslu og það getur varla verið markmið þessa frv.

Þetta ákvæði er því ekki í anda þeirrar markmiðslýsingar sem er í 1. grein frumvarpsins, að draga úr eða sporna gegn óhóflegri lyfjaneyslu. Þvert á móti er þetta ákvæði lyfjaneysluhvetjandi. Heilbrigðismarkmið þessa frumvarps, þau fáu sem eru til staðar, fara þarna fyrir lítið. Að auglýsa lyf, auka sölu lyfja, auka samkeppni milli lyfsala, færa aukið vald til ráðherra, auka gjaldtöku af þeim sem selja lyf og minnka þátttöku ríkisins í lyfjakostnaði almennings eru hin raunverulegu meginmarkmið frumvarpsins.

Eitt er það sem liggur ekki alveg ljóst fyrir og varðar auglýsingu og verðlagningu á lausasölulyfjum en það er hvernig þau lyf eru skilgreind, sem fást í smáum skömmtum í lausasölu en aðeins afgreidd gegn lyfseðli ef um stærri skammta er að ræða, svokölluð undanþágulausasölulyf. Sem dæmi get ég nefnt ofnæmislyfið teldanex sem fæst í lausasölu í 20 töflu sömmtum en ef skammturinn er stærri þarf lyfseðil. Þannig er þessu farið með margar aðrar tegundir lyfja. Því vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Verður heimilt að auglýsa þessi undanþágulausasölulyf sem seld eru í smáskömmtum sem jafnframt gildir þá sem auglýsing fyrir sama lyf þegar það er selt sem lyfseðilsskylt lyf og þá ekki heimilt að auglýsa það? Það sama á í raun við um verðlagningu þessara lyfja. Séu þau seld í smáum skömmtum í lausasölu er verðlagningin frjáls. Ef þau hins vegar eru afgreidd í stærri skammti gegn lyfseðli þá gilda ákveðnar reglur varðandi verðlagningu. Hvernig hyggst hæstv. ráðherra samræma verðlagningu slíkra lyfja?

Eða verður það svo að þeir sem búa í nálægð við apótek og geta keypt sína litlu skammta af ofnæmislyfinu teldanex sem til dæmis er gefið börnum með ofnæmi fyrir gróðri fái í framtíðinni þetta lyf á mun lægra verði en þeir sem vegna fjarlægðar frá lyfjaverslun verða að kaupa stóra skammta gegn lyfseðli? Verður þetta jafnréttið sem landsmenn koma til með að búa við ef frumvarpið verður samþykkt?

Sú grein sem valdið hefur hvað mestum ágreiningi er líklega 20. gr. frumvarpsins.

Meiri hluti heilbrigðis- og tryggingarnefndar leggur til breytingar á þessari grein sem vafalaust hafa átt að koma til móts við þær athugasemdir sem gerðar hafa verið. Ég leyfi mér þó að draga í efa að þessar tillögur séu til verulegra bóta. Ég sé til dæmis ekki hvort ætlunin er samkvæmt greininni að lyfsöluleyfi verði staðbundið leyfi. Það er að aðeins verði veitt leyfi til að reka lyfjabúð á tilteknu svæði og tilteknum stað, því þurfi nýja umsókn ef leyfishafinn ætlar að færa sig um set innan sama svæðis.

Í brtt. meiri hlutans segir: Umsóknir um ný lyfsöluleyfi skal ráðherra senda viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Við mat umsagnar skal meðal annars stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð frá næstu lyfjabúð.

Setjum nú svo að lyfjafræðingur ákveði að setja upp lyfjabúð á Selfossi. Umsókn hans skal send viðkomandi sveitarstjórn sem í því tilviki er bæjarstjórn Selfoss. Þótt staðreyndin sé sú að lyfjabúð á Selfossi þjóni

einnig nærliggjandi sveitarfélögum eins og til dæmis Sandvíkurhreppi þá segir ekkert um það að þær sveitarstjórnir skuli veita umsögn.

Bæjarstjórn Selfoss mælir með umsókn lyfjafræðingsins og ráðherra veitir honum leyfið. Ef þessi lyfjafræðingur tæki síðan ákvörðun um að staðsetja lyfjabúðina í Sandvíkurheppi en ætlaði að þjóna Selfyssingum, sem vel er framkvæmanlegt fjarlægðarinnar vegna, þarf hann þá að sækja aftur um leyfi og þá fá umsögn þessa sveitarfélags sem hefur örfáa íbúa og teldust vera sá fjöldi sem stæði á bak við lyfjabúðina þó að hún þjónaði í reynd einnig öllum Selfyssingum?

Það er erfitt að fá botn í það hver er raunveruleg hugsun á bak við þetta frumvarp. Frumvarpsgreinarnar eru þannig að hægt er að teygja þær og toga vegna þess hve óskýrar þær eru.

Eins og 20. gr. er sett fram í tillögum nefndarinnar er eins og áður miðað við að umsækjandi þurfi að uppfylla þrjú skilyrði er varða umsækjandann sjálfan og ráðherra veiti lyfsöluleyfi þeim sem uppfyllir þessi skilyrði. Síðan er tekið fram að ráðherra skuli senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi til viðkomandi sveitarstjórnar til umsagnar.

Samkvæmt þessu virðist umsækjandi, eins og áður sagði, sækja um lyfsöluleyfi til þess að reka lyfjabúð í ákveðnu sveitarfélagi án tillits til þjónustusvæðis sem lyfjabúðin getur náð yfir og þar getur verið um fleiri en eitt sveitarfélag að ræða. Leyfið mun því eftir því sem ég best fæ séð væntanlega hljóða upp á heimild til að reka lyfjabúðina innan marka þessa ákveðna sveitarfélags og ekki annars staðar á þjónustusvæði lyfjabúðarinnar.

Núgildandi lyfsöluleyfi kveða á um leyfi til að reka lyfjabúð á ákveðnum stað. Leyfishafar halda leyfum sínum ef þetta frumvarp verður að lögum. Því vaknar með sama hætti sú spurning hvort núverandi apótekarar geti tekið sig upp og flutt rekstur sinn um set án þess að þeir þurfi að sæta ákvæðum 20. gr. um nýtt leyfi frá ráðherra að undangenginni umsögn þess sveitarfélags sem leyfishafinn ætlar að hefja rekstur á nýju apóteki í.

Af texta brtt. meiri hluta nefndarinnar verður ekki annað séð en að lyfsöluleyfi verði áfram staðbundin leyfi og núverandi leyfishafar verði að sækja um nýtt leyfi færi þeir rekstur sinn milli sveitarfélaga en verði þó áfram með sama þjónustusvæði.

Ein undantekning er þó á þessum skilyrðum, það er sú lagfæring sem gerð var á 22. gr. frv. en þar segir að við starfslok sé leyfishafa eða dánarbúi heimilt að selja reksturinn lyfjafræðingi sem öðlast hefur lyfsöluleyfi samkvæmt ákvæðum frumvarpsins. Ekki er getið um að kaupandinn þurfi í þessu tilviki nýtt leyfi eða umsögn viðkomandi sveitarfélags. Enda verður það að teljast hæpið að sveitarstjórn geti lagst gegn veitingu lyfsöluleyfis til aðila sem ætlar að taka við apóteki sem er í rekstri og því síður að hæstv. ráðherra geti í slíku tilviki synjað um leyfi.

20. greinin, eins og hún verður ef tillögur meiri hluta heilbr.- og trn. verða samþykktar, á að tryggja stöðu landsbyggðarinnar umfram það sem er í frv. sjálfu. Ég dreg í efa að svo sé og tel að framkvæmd verði erfið og hæpin. Ég nefni hér nokkur atriði sem vert er að hafa í huga varðandi þá brtt. við 20. gr. frv. sem nú liggur fyrir.

Miðað við að leyfin verði staðbundin er um ákveðið sérleyfi að ræða sem stjórnvöld veita og telja verður að almennar reglur leiði til þess að við veitingu þess konar leyfa verði að auglýsa eftir umsóknum. Á því er ekki tekið í frv. Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að bregðast við, hvernig ætlar hann að standa að auglýsingum lyfsöluleyfa? Ætlar hann að hafa þann háttinn á að fyrst láti umsækjandi hæstv. ráðherra vita af áhuga sínum á ákveðnu svæði og á ákveðnum stað þar sem hann langar ósköp til að reisa apótek og síðan verði auglýst eftir umsóknum?

Ef fleiri en einn sem uppfyllir þau skilyrði sem sett eru sækja um nýtt lyfsöluleyfi á sama stað, hvernig ætlar hæstv. ráðherra að velja á milli umsækjenda? Eftir hvaða reglum á að fara eða verður það eingöngu háð vilja ráðherra hver fær leyfið?

Í brtt. meiri hlutans við 20. gr. er kveðið á um að við mat umsóknar um lyfsöluleyfi skuli meðal annars stuðst við íbúafjölda að baki væntanlegrar lyfjabúðar. Það segir hins vegar ekkert um það við hvaða íbúafjölda skuli miða. Þá segir að tekið skuli mið af fjarlægð frá næstu lyfjabúð. Það segir hins vegar ekkert um það hver fjarlægðin á að vera eða hver á að taka ákvarðanir um þessar viðmiðanir. Er það hæstv. ráðherra eða kannski sú sveitarstjórn sem á að veita umsögn hverju sinni. Getur farið svo að um þetta gildi mismunandi reglur, ein í Hafnarfirði, önnur á Akureyri, enn önnur á Akranesi og fjórða á Selfossi?

Þessar viðmiðanir skipta afar miklu máli fyrir þann sem sækir um reksturinn en einnig fyrir þá sem nýta þjónustu lyfjabúðarinnar. Er ekki nauðsynlegt að setja í lögin heimild til ráðherra til þess að afmarka í reglugerð stærð eða íbúafjölda að baki hverri lyfjabúð? Fyrirvarinn um að hæstv. ráðherra sé heimilt að hafna umsókn ef umsagnaraðili leggst gegn veitingu ný leyfis leiðir til gagnályktunar. Ég hlýt að álykta sem svo að ráðherra geti þá ekki hafnað umsókn um leyfi ef umsagnaraðilinn leggst ekki gegn umsókninni að því gefnu að hann uppfylli 1. til og með 3. tölulið 2. mgr. 20. gr.

Niðurstaðan gæti því orðið sú að ef ráðherra og sveitarstjórn greinir á hvort opna eigi lyfjabúð í sveitarfélagi eða fjölga þeim, þá verði hæstv. ráðherra að veita leyfið ef viðkomandi sveitarstjórn mælir með umsókn, þó svo að hæstv. ráðherra sjálfur sé því mótfallinn að veita lyfsöluleyfið. Þetta er vissulega jákvætt fyrir sveitarfélögin og ákveðinn örygisventill fyrir þau ef rétt reynist.

Þá er ekki kveðið nægjanlega skýrt á um það með hvaða hætti skuli farið með heimildir heilsugæslustöðva til reksturs lyfjabúða þar sem enginn einkaaðili hefur sótt um leyfi til að reka apótek. Ef sú staða breytist og sótt er um lyfsöluleyfi í heilsugæsluumdæminu, eiga stjórnir heilsugæslustöðva þá umyrðalaust að láta af slíkum rekstri?

Hvað gerist þá ef viðkomandi sveitarstjórn sem oft-

ar en ekki á fulltrúa í stjórn heilsugæslustöðva leggst af hagsmunaástæðum eða öðrum ástæðum gegn veitingu leyfisins og telur betra að stjórn viðkomandi heilsugæslustöðvar sinni lyfsölunni áfram? Hvernig mun hæstv. ráðherra bregðast við því? Eða hefur hann á prjónunum að móta um þetta skýrar reglur sem taka af allan vafa og kveða á um með hvaða hætti verður farið með þá fjárfestingu sem lagt hefur verið í og fyrir hendi er hjá heilsugæslustöðvunum? En heilsugæslustöðvar eru nú ríkisreknar þó þær hugmyndir séu uppi að færa þær aftur yfir til sveitarfélaganna.

Þetta yrði enn vandasamara ef sveitarfélagið ræki heilsugæslustöðina, hefði í raun lyfsöluleyfið en ætti jafnframt að vera umsagnaraðili um umsóknir annarra til þess að starfrækja lyfjabúðir á svæðinu. Hvernig sem á þetta er litið getur orðið um verulega hagsmunaárekstra að ræða hvort sem um er að ræða ríkisreknar heilsugæslustöðvar eða reknar af sveitarfélagi, ef af því verður.

Þá vil ég, virðulegi forseti, einnig minna á þær athugasemdir við 20. gr. sem fram komu við 1. umr. um frv. og varða þau skilyrði sem sett eru fyrir veitingu lyfsöluleyfa. Í fyrsta lagi þar sem segir í 2. tölul. brtt. meiri hluta heilbr.- og trn. að viðkomandi þurfi að hafa starfað sem lyfjafræðingur í þrjú ár. Þó má veita undanþágu frá þessu skilyrði ef sérstaklega stendur á.

Þarna bentum við í minni hluta nefndarinnar á að e.t.v. væri eðlilegt að umsækjandi hefði starfað þessi þrjú ár í apótekinu eða a.m.k. hluta þess tíma.

Þá segir í 3. tölul. að umsækjandi skuli hafa verslunarleyfi eða hafa gert samninga við aðila með verslunarleyfi. Lyfjafræðingurinn getur samkvæmt þessu gert samning við einhvern verslunareiganda í nágrenninu. Reyndar er það nú ekki svo að verslunareigandinn þurfi að vera í næsta nágrenni, það er ekkert skilyrði fyrir því. Geri lyfjafræðingur slíkan samning þýðir það að hann ber sjálfur einungis faglega ábyrgð á rekstrinum en ekki fjárhagslega. Þetta ákvæði opnar möguleika á hringamyndun í rekstri apóteka sem aftur stangast á við næstu grein, 21. gr., , þar sem kveðið er á um að koma skuli í veg fyrir einokun og hringamyndun. Þetta ákvæði 20. gr. opnar þó þann möguleika að fullu.

Við 22. gr. frv. eru tillögur til breytinga. Þær eru í rétta átt nema þó þau óvissuatriði sem ég nefndi áðan og felast í brtt. meiri hlutans þar sem leyfishafa er við starfslok heimilt að selja reksturinn lyfjafræðingi sem öðlast hefur lyfsöluleyfi og sama gildir um dánarbú. Leyfi þessi eru þó staðbundin miðað við önnur ákvæði frv.

Þá eru lagðar til breytingar við 24. gr. frv. Hér er að stærstum hluta um að ræða orðalagsbreytingar sem allar eru til bóta og málið á frv. hefur verið lagað verulega. Það er með ólíkindum hversu slæmt mál er oft á frumvörpum sem berast frá ráðuneytum. Ég hef oft velt því fyrir mér fyrir hverja sumir lagatextar hafa verið skrifaðir. Ég tek það fram að þetta á ekkert endilega bara við heilbr.- og trrn. heldur ráðuneytin yfirleitt. Eru þeir skrifaðir fyrir það fólk sem á að fara eftir þeim eða eingöngu fyrir lögfræðinga sem eiga að túlka textann? Það má vera að það sé atvinnuskapandi fyrir þá að hafa lagatextana óskýra og á slæmu máli en það er óskaplega algengt að við sjáum þannig frágang á frumvörpum sem berast hv. Alþingi.

En víkjum aftur að 24. gr. Þar er ákvæði þess efnis að lyfsalar skuli tölvuskrá allar upplýsingar af lyfseðlum á formi sem samþykkt er af landlækni og tölvunefnd sbr. lög nr. 121 síðan 1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Landlæknir getur krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann. Það má vera að slík upplýsingaskylda þurfi að vera fyrir hendi. Nokkrir þeirra sem mætt hafa á fund hv. heilbr.- og trn. hafa vissulega reynt að færa rök fyrir því en mér finnst þetta hins vegar allt of opin heimild til landlæknis. Samkvæmt ákvæðinu þarf landlæknir ekki að bera undir neinn þá ákvörðun að kalla inn upplýsingar heilt ár aftur í tímann. Tilefni til slíkra aðgerða geta verið mörg og misjöfn, t.d. grunur um óhóflega ávísun lækna eða læknis á eitthvert tiltekið lyf. Mér hefði fundist eðlilegt að taki landlæknir ákvörðun um að kalla eftir þessum upplýsingum þurfi embættið að bera þá ákvörðun undir annan aðila, t.d. lyfjamálastjóra eða Lyfjaeftirlitið. Ekkert slíkt ákvæði er í frv. og ekki heldur í þeim breytingartillögum sem hér eru til umfjöllunar.

Þá hefði mér einnig fundist eðlilegt með tilliti til þess að landlækni er veittur réttur til að krefja um upplýsingarnar að láta tölvunefnd eina um að ákveða hvaða upplýsingar af lyfseðlum lyfsalar þurfi að skrá og í hvaða formi það skuli vera.

Þá tekur tillögugreinin ekki á því hvað gerist ef landlækni og tölvunefnd greinir á. Hver sker úr ef slíkur ágreiningur kemur upp?

Þá var það þannig í frv. og er í frumvarpstextanum að lyfjaheildsölum var ekki gert að skrá þessar upplýsingar á sama hátt og lyfsölum. Úr þessu hefur verið bætt í brtt. nefndarinnar við 30. gr.

Í XIII. kafla frv. er fjallað um lyfjaþjónustu á sjúkrahúsum og öðrum heilbrigðisstofnunum. Þar er í 34. gr. veitt heimild til sjúkrahúsa að starfrækja sérstök sjúkrahússapótek. Í 36. gr. segir að sjúkrahússapóteki verði heimilt að afgreiða lyf til sjúklinga sem útskrifast af sjúkrahúsi og til göngudeildar sjúklinga. Sjúkrahússapóteki er þó aðeins heimilt að afgreiða lyfseðla sem merktir eru sjúkrahúsinu og gefnir út af læknum þess.

Vissulega getur starfræksla sjúkrahússapóteka verið til að bæta þjónustu við sjúklinga, það er ekki nokkur vafi. Ég tel hins vegar að það vanti mikið á að þeir sem sömdu frv. hafi fastmótaðar hugmyndir um slíkan rekstur. Ég hygg að eðlilegra hefði verið að takmarka afgreiðslu lyfja frá sjúkrahússapóteki við útskrift sjúklinga. Orðið „göngudeildarsjúklingur“ er að mínu mati hægt að teygja út í það óendanlega. Hvað um sjúklinga sem koma til læknis sem starfa jöfnum höndum við sjúkrahús og heilsugæslu eins og oft er úti á landi, þar sem heilsugæsla og sjúkrahús eru oft í einni og sömu byggingunni? Hvað ef sjúklingur kemur í meðferð eftir legu á sjúkrahúsi á stofu sérfræðings úti í bæ? Er hann þá enn göngudeildarsjúklingur vegna

þess að hann er í viðtali hjá sama lækni og stundaði hann inni á sjúkrahúsinu? Ekkert af þessu er alveg ljóst í texta frv. eða í greinargerð.

Ég tel mig vita hvað þeir sem sömdu frv. hugsuðu en sú hugsun kemst bara alls ekki til skila í lagatextanum og ekki er hægt að verjast þeirri hugsun að þarna fari nú fyrir lítið þetta dýrkaða frelsi. Ríkið ætlar þarna nefnilega í beina samkeppni við einkareksturinn. Markmið frv. eru sem sagt að falla eitt af öðru. Það er ekkert orðið eftir.

Meiri hluti heilbr.- og trn. gerir nokkra breytingu á 40. gr. þar sem áður var fjallað um lyfjagreiðslunefnd og hlutverk hennar. Nú er lagt til að nefndin heiti lyfjaverðsnefnd sem er heldur skárra. Sú breyting er gerð á skipun nefndarinnar að nú er gert ráð fyrir að í nefndinni eigi sæti þrír menn, þar af einn tilnefndur af Hæstarétti Íslands. Ráðherra skipar hina tvo. Þetta er skárri niðurstaða en áður þar sem hæstv. ráðherra átti að skipa fimm menn til setu í nefndinni. Hann mátti velja þá alla sjálfur. Lyfjaverðsnefnd er ætlað að ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum í heildsölu og smásölu. Það má vissulega finna í 40. gr. nokkrar leiðbeiningar fyrir lyfjaverðsnefnd til að taka mið af við verðákvarðanir sínar en hvergi er þó að finna almennar reglur fyrir nefndina til að byggja ákvarðanir sínar um hámarksverð á. Ákvarðanir nefndarinnar eru mikilvægar fyrir kaupendur lyfja en þær eru einnig mikilvægar hvað varðar rekstrargrundvöll apótekanna. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að hafa í lögum einhverjar viðmiðanir þannig að bæði kaupendur og seljendur lyfja geti lagt mat á hvort nefndin hafi farið að lögum og hvort um réttmæta ákvörðun sé að ræða. Með því að ákveða að skipunartími lyfjaverðsnefndar ráðist af kjörtímabili ráðherra er verið að gera því skóna að einhver önnur sjónarmið en þau að eðlileg og réttlát verðlagning lyfja eigi sér stað á hverjum tíma. Með þessu fyrirkomulagi finnst mér verið að ýja að því, bara ýja að því að ákvörðun nefndarinnar fylgi frekar pólitískum vilja hæstv. ráðherra hverju sinni en þeim sjónarmiðum sem nefndin á að hafa til hliðsjónar við ákvarðanir sínar. Þetta fyrirkomulag dregur úr faglegu trausti nefndarinnar og setur hana í pólitíska stöðu þó svo að einn fulltrúi tilnefndur af Hæstarétti eigi að vera frjáls og óháður pólitískum duttlungum hæstv. ráðherra.

Meiri hluti nefndarinnar segir að sú tillaga að láta Hæstarétt tilnefna einn fulltrúa í nefndina sé vegna þess að nefndin fjalli um mikla hagsmuni og mikilvægt sé að ákvarðanir hennar verði hafnar yfir gagnrýni. En hver verður staða þessa eina fulltrúa sem tilnefndur er af Hæstarétti Íslands? Við verðákvarðanir verður hann einn af fjórum fulltrúum í nefndinni. Engin trygging er fyrir því að hann verði skipaður formaður nefndarinnar og það er meira að segja frekar ósennilegt miðað við það pólitíska vægi sem nefndinni er ætlað samkvæmt tillögum meiri hluta heilbr.- og trn. Setjum nú svo að samstaða verði milli fulltrúa Hæstaréttar og fulltrúa samtaka lyfjaheildsala eða lyfsala eða einhvers annars eins aðila í nefndinni og þeir telji að tillaga þeirra um verð sé faglega rétt og byggist á mati á eðlilegum tilkostnaði en tillaga hinna tveggja fulltrúa ráðherra í nefndinni taki ekki tillit til þessa. Sé formaður nefndarinnar annar tveggja fulltrúa ráðherra hafa þessir tveir menn meiri hluta í nefndinni í krafti atkvæðavægis meiri hluta formannsins. Þarna gæti fulltrúi Hæstaréttar því þurft að sitja undir því að ákvörðun nefndarinnar væri gagnrýnd þó svo hann sjálfur væri trúr því hlutverki sem honum er ætlað sem er að sjá til þess að ákvarðanir nefndarinnar verði hafnar yfir gagnrýni. Hér hefði í alla staði verið eðlilegra að sá fulltrúi sem Hæstiréttur tilnefndi væri formaður lyfjaverðsnefndar með tvöfalt atkvæðavægi.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nefndaráliti okkar í minni hluta heilbr.- og trn. teljum við að ekki sé rétt að samþykkja hér aðrar breytingar en þær sem við neyðumst til vegna aðildar okkar að EES-samningnum. Þar hljótum við náttúrlega að verða að haga okkur eins og allar aðrar strengjabrúður í Brussel að afgreiða og rétta upp höndina eða ýta á takkann. Þarna er um veigamiklar breytingar að ræða og nauðsynlegt að fylgjast með því hvaða áhrif þær hafa á lyfjaneyslu í landinu. Það verkefni er nægjanlegt hæstv. heilbrrh. það eina ár sem hann á eftir að sitja sem heilbrrh. ef viðvera hans verður svo löng sem ég leyfi mér að efast um. Við viljum að það verði skipuð sérstök nefnd sem fylgist með og gerir úttekt á þessum EES-breytingum og skili ráðherra og Alþingi síðan skýrslu. Það er lágmark að ætla þennan reynslu- og úttektartíma eitt og hálft ár. Þá og fyrst þá að fenginni þessari reynslu er hugsanlegt að huga að breytingum varðandi dreifingu og sölu lyfja.

Annars búum við við nokkuð gott kerfi. Almenningur hefur ekkert verið að kvarta nema þá helst yfir síaukinni þátttöku í lyfjakostnaði og það er bara ákvörðun hæstv. ráðherra. En að sögn hæstv. ráðherra hefur tekist að lækka lyfjaverð töluvert á síðustu tveimur árum í góðri samvinnu við þá aðila sem að lyfsölumálum koma og þar eru apótekararnir meðtaldir. Það kemur ekkert fram í öllu þessu fjölmiðlafári undanfarna daga sem ráðuneytið hefur staðið fyrir, öllum þessum auglýsingum. En þetta hefur tekist og hæstv. ráðherra hefur flaggað því a.m.k. á hátíðisdögum. Og eins og fram kemur í þeim umsögnum sem hv. heilbr.- og trn. fékk frá fjölda aðila er ekkert, það er ekkert í þessu frv. til lyfjalaga sem tryggir lækkandi lyfjaverð. Þvert á móti getur það falið í sér hækkandi lyfjaverð á landsbyggðinni og jafnvel hér á höfuðborgarsvæðinu samfara aukinni fjárfestingu. Og það er dálítið einkennilegt ef rök heilbrrn. varðandi einmitt þetta, þessa auknu fjárfestingu í þessum geira hefði önnur áhrif en aukin fjárfesting annars staðar, ef við bara hugsum nú aftur í allar þær ræður sem hér hafa verið fluttar við afgreiðslu fjárlaga, það er einkennilegt ef það gilda önnur lögmál varðandi afleiðingar sem aukin fjárfesting eða offjárfesting í þessum geira hefur umfram aðra. Alla vega er það ljóst að landsmenn munu ekki sitja við sama borð hvað lyfjaverð snertir ef frv. verður samþykkt.

Það eru enn fjölmörg atriði sem ég á eftir að fara hér yfir, virðulegi forseti, og við höfum enn tíma til að

sýna hv. þingmönnum, stuðningsmönnum þessarar hæstv. ríkisstjórnar, hvílíkur flumbrugangur það er að samþykkja frv. þrátt fyrir að meiri hluti hv. heilbr.- og trn. hafi reynt að lappa upp á það. Og við munum að sjálfsögðu nýta þennan tíma vel til þess að koma þessum fjölmörgu athugasemdum á framfæri. Og hér á eftir munu koma aðrir nefndarmenn úr hv. heilbr.- og trn. með sín rök og fleiri hv. þm. sem ég veit að hafa brennandi áhuga á því að taka þátt í umræðu um þetta mikilvæga mál. En við erum tilbúin til og höfum verið tilbúin til þess eins og aðrar strengjabrúður að afgreiða EES-ákvæðin. En það er nokkuð sem hv. Alþingi hefur bara samþykkt, aðild okkar að EES og við komumst ekkert undan því. Við getum gert ákveðnar athugasemdir. En ég vil ljúka þessu með því að minna á það að Danir hafa nýtt sér það að banna, þeir geta bannað auglýsingar á lyfjum í sjónvarpi og ég held að við ættum að nýta okkur þessar smugur sem finnast hugsanlega enn þá í þessum EES-samningi og ákvæðum hans og öllum þeim tilskipunum sem EES-samningnum fylgja og koma til með að birtast hér á næstu árum.

Útbýting þingskjala:

Ársreikningar, 613. mál, stjfrv., þskj. 1050.

Bókhald, 612. mál, stjfrv., þskj. 1049.

Kostnaður við snjómokstur yfir Fjöllin veturinn 1993–1994, 611. mál, fsp. HG, þskj. 1041.

Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, 532. mál, nál. iðnn., þskj. 1043; brtt. iðnn., þskj. 1044.

Vöruflutningar á landi, 561. mál, nál. samgn., þskj. 1045.

[15:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þeir hv. nefndarmenn í heilbr.- og trn. sem hér hafa talað og lýst því hvernig þetta frv. er komið til með að líta út hafa gert mjög góða grein fyrir því hver áhrifin af þessu frv. geta orðið ef það verður samþykkt á Alþingi. Þeir hafa jafnframt lýst því yfir að það séu ákveðin atriði í frv. sem tengjast samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og sem trúlega er ekki hægt að komast hjá að afgreiða. Látum það nú vera ef sú afstaða hefði verið tekin að afgreiða þann hluta þessa frv. og láta á það reyna hvernig sú framkvæmd kæmi út, skoða síðan málið eftir einhvern tiltekinn reynslutíma og athuga þá með framhald á því máli hvort eitthvað af þessu frv. til lyfjalaga sem við erum að ræða væri nothæft til að vinna úr áfram. Það er alveg ljóst með öllum þeim breytingartillögum sem við höfum fyrir framan okkur að það hefur verið mjög illa staðið að vinnslu þessa frv. Það er búið að liggja fyrir á þremur þingum. Það var kynnt á fyrsta þingi þessa kjörtímabils, það var talað um það á 116. löggjafarþingi og síðan er það lagt fram núna á 117. löggjafarþingi og nú þykir hæstv. ríkisstjórn nóg komið og vill afgreiða frv. þó að bæði sé búið áður að taka inn í það ýmsar leiðréttingar og síðan koma núna brtt. í mörgum liðum. (**Heilbrrh.:** Ertu á móti þeim?) Nei, ég er alls ekki á móti því að lagfæra slíkt en ég bara tel upp það sem komið er af brtt. og vinnslan sem hér er búin að fara fram sýnir að það sé jafnvel enn mjög margt eftir að leiðrétta í þessu frv. Ég held að betra væri að taka eins og ég sagði áðan þann pakka sem við verðum að taka á okkur sem er EES-hlutinn af þessu frv. og afgreiða hann, fresta síðan gildistöku þessa frv. og skoða málin eftir ákveðinn reynslutíma.

Það er alveg greinilegt að það er ýmislegt sem ætlað er að ná fram með þessu frv. Í fyrsta lagi á að koma á frjálsri samkeppni í lyfjasölu og það á reyndar fyrst og fremst að vera í smásölunni. Í öðru lagi er gert ráð fyrir því að í þessu frv. sé verðlagning á lyfjum algerlega frjáls. Fyrst um sinn verður hún það eingöngu á lausasölulyfjum en síðan virðist jafnvel eiga að gera það á lyfseðlisskyldum lyfjum líka. (**Heilbrrh.:** Hvar stendur það?) Í frv. er hins vegar komið fram að það sé hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum og þar með er aðeins reynt að stemma stigu við þessari frjálsu verðlagningu.

Svo er í þriðja lagi auglýsingaheimildin. Það á að vera heimilt að auglýsa lausasölulyf rétt eins og hverja aðra markaðsvöru. Það er auðvitað alveg nýtt því að það hefur hingað til verið algerlega bannað að auglýsa lyf.

Við vitum það öll að auglýsingar hafa ákveðið áróðursgildi og með því er verið að koma upplýsingum á framfæri við neytendur til þess að sömu neytendur kaupi þá vöru sem verið er að auglýsa. Markmiðið hlýtur að vera að auka neysluna á vörunni. Það liggur í hlutarins eðli. Í þessu tilviki er verið að heimila það að auglýsingar séu notaðar og auka þannig eftirspurn eftir lausasölulyfjum. Mér skilst að það séu um það bil 3.000 lyfjategundir á markaði hér og það er spurning hversu margar af þeim yrði farið að auglýsa. Ég vil vara eindregið við því að þetta ákvæði í lyfjalögunum verði samþykkt. Það nær ekki nokkurri átt að ætla sér að auglýsa lyf, sem tilheyra heilbrigðisþjónustunni og eiga ekki að auglýsast eins og hver önnur markaðsvara, með þessum hætti.

Það er eitt af markmiðunum að verð á lyfjum eigi að lækka og sagt að lægra vöruverð leiði gjarnan af samkeppni en sú samkeppni byggir einmitt á meiri neyslu. Það er hægt að ná niður vöruverði með aukinni samkeppni einmitt vegna þess að neyslan eykst. Ég held að þetta muni gilda varðandi lyf sem eru afgreidd án lyfseðils, þ.e. lausasölulyf. Um það hafa allir umsagnaraðilar verið sammála. Um leið og komnir eru fleiri útsölustaðir og aukin samkeppni, auglýsingar og hugsanlega lægra verð á þéttbýlisstöðunum, mun neyslan aukast. Alla vega hefur það gerst í löndunum í kringum okkur.

Maður skyldi halda að Félag ísl. stórkaupmanna væri mjög ánægt með það að fá svona frv. þar sem þeir sjá fram á það að geta þá bætt við sig fleiri vörum. Þeir sendu þó frá sér bréf núna í apríl sem ég ætla að lesa, með leyfi hæstv. forseta:

„Tilefni þessa bréfs er að vekja athygli á fáeinum, mikilvægum atriðum í tengslum við frv. til nýrra lyfjalaga sem ætlunin mun vera að leggja fyrir þingið á næstunni. Ítrekaðar óskir okkar til ríkisstjórnar, heilbrrh., heilbr.- og trn. þingsins og fleiri aðila, um að

tekið sé tillit til okkar sjónarmiða í tengslum við þetta mál hafa ekki borið árangur og sýnist okkur nú eiga að koma í veg fyrir að við getum haft minnstu áhrif á starfsumhverfi fyrirtækja okkar.

Ekki þarf að fara mörgum orðum um að innflutningur og dreifing lyfja er afar mikilvægur þáttur í heilbrigðisþjónustunni. Hvergi í nágrannalöndum okkar er betri þjónusta á þessu sviði en hérlendis. Þá er ástæða til að minna á að lyfjameðferð er mjög ódýr í samanburði við skurðaðgerðir eða aðrar þær læknisaðgerðir sem krefjast innlagnar á sjúkrahús eins og sést glöggt af því að lyfjakostnaður ríkisins er aðeins um það bil 5% af útgjöldum til heilbrigðis- og tryggingamála. Við teljum að ný lög um þennan málaflokk séu óþörf. Þær breytingar og umbætur sem menn geta verið sammála um að gera þurfi rúmast vel innan núgildandi laga. Við óttumst að verði frv. gert að lögum muni skapast óvissuástand og ringulreið í lyfjamálum og þeim verði í auknum mæli stjórnað með tilskipunum. Við biðjum þig enn fremur að hafa í huga eftirfarandi atriði þegar kemur að afgreiðslu málsins:

Við teljum umrætt frv. ekki boða það frelsi í lyfsölumálum sem gefið hefur verið í skyn. Við teljum að markmið um lægri lyfjakostnað náist ekki með þessu frv. Ekki eru í frv. skýr ákvæði um hvernig grundvöllur lyfjaverðs verður ákvarðaður. Helst er að sjá að það verði háð geðþótta ráðherra hverju sinni.

Við teljum að EES-samningurinn skapi svo mikla óvissu að varhugavert sé að gera aðrar breytingar á lyfjalögum en þær sem EES-samningurinn krefst. Með tilkomu EES mun opnast fyrir samhliða innflutning lyfja. Í frv. er ekkert tekið á því hvernig að þeim innflutningi skuli staðið.

Erlendis hafa menn vaxandi áhyggjur af fölsuðum lyfjum sem geta innihaldið virk efni í lakari gæðaflokki eða jafnvel röng efni. Samhliða innflutningur eykur líkurnar á að þannig „lyf" komist á markað hérlendis.

Með von um að þessar upplýsingar komi að gagni þegar málið kemur til afgreiðslu hins háa Alþingis."

Undir það skrifa formaður lyfjahóps FÍS, sem er Birgir Thorlacius, og framkvæmdastjóri Félags ísl. stórkaupmanna, Stefán Guðjónsson. Með þessu er reyndar líka umsögn lyfjahóps Félags ísl. stórkaupmanna um frv. til lyfjalaga eins og það leit út 28. apríl 1993. Síðan hafa komið inn nokkrar breytingar, en ég hygg þó að þessar umsagnir eigi enn þá við.

Virðulegi forseti. Umsögn lyfjahópsins er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Öll umræða um lyfjadreifingu hér á landi hefur verið á frekar neikvæðum nótum og á lágu plani. Af hálfu stjórnvalda hefur borið mest á ásökunum í garð þeirra aðila sem að lyfjadreifingu standa. Lítið hefur verið rætt um gæði þeirrar þjónustu sem umræddir aðilar veita og þær skyldur sem á herðum þeirra hvílir. Lyfjakostnaðurinn hefur verið mjög áberandi í umræðunni og hann almennt talinn fram úr hófi hár. Til ýmissa aðgerða hefur verið gripið til að draga úr kostnaðinum en með mjög mismunandi og stundum neikvæðum árangri.

Allir geta verið sammála um að lyfjakostnaði skuli haldið niðri innan skynsamlegra marka, en lyfjakostnaðurinn er ekki einangrað fyrirbrigði sem hægt er að hringla með án þess að áhrifa gæti annars staðar. Það er viðurkennd staðreynd að lyfjameðferð er mjög ódýr meðferð í samanburði við skurðaðgerðir eða aðrar aðgerðir sem krefjast innlagnar á sjúkrahús. Notkun sumra þessara lyfja hefur orðið nokkuð mikil og þar með hækkað lyfjakostnaðinn. Þó svo að sparnaður annars staðar í heilbrigðiskerfinu hafi orðið meiri en sem nemur hækkun lyfjakostnaðar af þeirra völdum hafa menn hlaupið upp til handa og fóta og býsnast yfir lyfjakostnaði." — Þó hefur það einnig verið rannsakað að lyfjakostnaður á Íslandi er með því langlægsta sem gerist á Norðurlöndum. — „Með öðrum orðum, lyfjakostnaðurinn hefur verið slitinn úr samhengi við aðra þætti innan heilbrigðiskerfisins. Það skortir alveg heildaryfirsýn sem taki tillit til samvirkandi þátta kerfisins. Það er ekki að sjá að hið nýja frv. til lyfjalaga breyti miklu hvað þetta varðar nema síður sé. Samkvæmt því verði lyfjamálum í auknum mæli nánast stjórnað með tilskipunum frá degi til dags. Lyfjagreiðslunefnd á að ákvarða greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra með hliðsjón af fjárlögum hverju sinni.

Í frv. eru mjög mörg óskýr atriði og það væri ábyrgðarhluti af hálfu þingmanna að samþykkja frv. óbreytt án frekari útskýringa frá heilbrrh. Þrátt fyrir að frv. hafi verið samþykkt af þingflokkum beggja stjórnarflokkanna liggur ekki ljóst fyrir hvernig grundvöllur lyfjaverðs verður ákvarðaður. Talað er um að frjálsræði verði aukið í verðlagningu lyfja. Það kemur fram að lyfjaverðsnefnd skuli ákveða hámarksverð lyfja. Þar mun væntanlega vera átt við verð lyfsins út úr apóteki. Hvergi er minnst á það hvort framleiðslu- eða innkaupsverð lyfja verður áfram hluti af lyfjaskráningu og háð samþykki yfirvalda eða hvort álagning lyfseðilsskyldra lyfja í heildsölu verði frjáls.

Þá eru öll atriði varðandi samhliða innflutning lyfja vægast sagt óljós. Enn hafa ekki sést nokkrar tillögur varðandi tilhögun eða eftirlit með samhliða innflutningi. Í dag eru gerðar strangar kröfur varðandi áletrun lyfjaumbúða. Verður dregið úr þessum kröfum gagnvart samhliða innflutningi? Í dag þurfa framleiðendur lyfja að fá einstaka framleiðslustaði samþykkta af íslenskum heilbrigðisyfirvöldum og innflutningur lyfja, sem framleidd eru annars staðar, er ekki leyfilegur þó um sama lyf sé að ræða. Verður samhliða innflutningur heimilaður frá fleiri framleiðsluaðilum en samþykktir hafa verið af íslenskum yfirvöldum? Það er spurning.

Í dag hvílir sú kvöð á umboðsaðilum erlendra fyrirtækja að eiga á lager öll þau lyf sem skráð eru hérlendis frá viðkomandi fyrirtæki. Þurfa þeir sem kunna að fá leyfi til samhliða innflutnings lyfja að uppfylla sömu skilyrði? Í dag eru greidd skráningargjöld og árgjöld af skráðum lyfjum og verða greidd slík gjöld af samhliða innfluttum lyfjum?

Það eru margar spurningar sem vakna. Erlendis hafa menn vaxandi áhyggjur af fölsuðum lyfjum, þ.e. lyfj-

um sem framleidd eru af óprúttnum aðilum og komið á markað í nákvæmum eftirlíkingum af umbúðum löglegra lyfja. Þessi lyf geta innihaldið efni í lakari gæðaflokki og jafnvel röng efni. Það er ljóst að samhliða innflutningur eykur líkurnar á að þannig „lyf" komist á íslenskan markað.

Það er álit lyfjahóps Félags ísl. stórkaupmanna að í heildina sé umrætt frv. til lyfjalaga opið í alla enda. Það veitir heilbrrh. nánast ótakmörkuð völd með setningu reglugerða. Þá hefur hópurinn áhyggjur af því að með gildistöku þeirra laga sem frv. boðar þurfi ekki lengur að taka tillit til rekstrarumhverfis dreifingaraðila. Þá skal á það minnst að aðilar hópsins sinna mjög mikilvægum þætti í heilbrigðisþjónustu landsmanna, svo sem öruggu birgðahaldi og dreifingu á lyfjum og síðast en ekki síst faglegri upplýsingastarfsemi til heilbrigðisstétta."

Síðan er í lok bréfsins rakið að frv. hafi verið sent til nokkurra aðila og m.a. til Félags ísl. stórkaupmanna og þess vegna er það lyfjahópur þeirra samtaka sem sendir þetta frá sér. Það er alveg greinilegt eins og ég sagði áðan að stórkaupmönnum, þó að þeir sjái líklega fram á að þarna sé einhver aukin velta hjá þeim og þar af leiðandi meiri ábati, líst samt sem áður engan veginn á það frv. sem hér er verið að tala um og hafa mikið við það að athuga.

Apótekarar hafa verið mjög duglegir að senda frá sér ýmsar athugasemdir við þetta frv. og hægt að nefna hér nokkur þeirra atriði sem þeir hafa sett fram þar sem þeir ræða markmið og framtíðarstefnu í lyfjadreifingu. Það er spurning hvort þetta frv. uppfyllir þau atriði. Það er markmið að lyfjadreifing á Íslandi sé þannig skipulögð að ávallt sé tryggt nægjanlegt framboð lyfja á sem hagstæðustu verði að uppfylltum ströngum kröfum um öryggi og þjónustu. Það væri e.t.v. rétt að hæstv. heilbrrh. svaraði því á eftir hvort það sé alveg örugglega tryggt með þessum lyfjalögum að þessu markmiði sé náð og það jafnframt að uppfylltum ströngum kröfum um öryggi.

Í öðru lagi er stefna apótekara sú að lyfjadreifing sé hluti af heilbrigðiskerfinu og lyf séu ekki dagvara, hvorki matvara né nýlenduvara, og eiga þess vegna hvorki að flokkast né seljast með þeim. Til að koma í veg fyrir ónauðsynlega neysluaukningu og til að tryggja öryggi neytenda í hvívetna er nauðsynlegt að fagmenn sjái um og ábyrgist alla dreifingu lyfja. Lyfjadreifingarkerfið á að tryggja að fólk um land allt eigi greiðan og öruggan aðgang að lyfjum. Einnig er nauðsynlegt að halda þeirri reglu að allir landsmenn fái sín lyf á sama verði. Það er ekki gert ráð fyrir því að svo verði í frv. Það er hvergi tekið fram að landsmenn eigi að fá lyfin sín á sama verði.

Í núverandi lyfjadreifingarkerfi eru margir kostir. Helstu kostir þess eru m.a. að þetta kerfi er ekki neysluhvetjandi. Það er mikið öryggi í afgreiðslu lyfja til sjúklings. Gæði lyfja eru tryggð og hætta á því að sjúklingar fái fölsuð lyf er engin. Það er vaktþjónusta til skiptis hjá apótekum. Eftirlit hins opinbera er mjög auðvelt. Greiðsluskipting á milli sjúklings og hins opinbera er einföld. Sama verð er alls staðar og það legg ég ríka áherslu á. Sama verð er alls staðar og apóteksþjónusta er um allt land. Hætta á slysum vegna lyfja er í algeru lágmarki. Hvers kyns ríkisafskipti eru möguleg innan núverandi lyfjalaga. Bestu samvinnumöguleikar eru við aðra hluta mennta- og heilbrigðiskerfisins um t.d. kennslu lyfjafræðinga og lyfjatækna og ekki síst ráðgjöf, upplýsingar og þjónusta við neytendur.

Það sem gæti hugsanlega í fáum orðum leitt af frelsi í lyfjadreifingunni, sem hér er aðalmarkmiðið, er hækkun á lyfjaverði, aukin lyfjaneysla, eins og ég gat um áðan með auglýsingum og auknu framboði, óæskileg fjölgun lyfja á markaði, óæskileg fjölgun útsölustaða í þéttbýli, sem hlýtur að kalla á meiri fjárfestingu eins og kom fram hjá hv. þm. Ingibjörgu Pálmadóttur þegar hún gerði grein fyrir nál. minni hluta heilbr.- og trn., óæskileg fækkun útsölustaða í dreifbýli, sem minnkar þjónustuna við dreifbýlið, ófullnægjandi lyfjabirgðir í apótekum og mismunandi lyfjaverð eftir landsvæðum.

Það er mjög hætt við því að það frelsi sem er stefnt að muni leiða til þessa og jafnframt í framhaldi af þessu öllu saman stóraukins kostnaðar við eftirlit, m.a. vegna aukinnar hættu á því að fölsuð lyf komist á markaðinn. Ég tel að þau atriði sem hafa verið nefnd séu ekki sérlega eftirsóknarverð fyrir neina þjóð.

Það er mikið gert úr því að það þurfi að leggja fram nýtt frv. til lyfjalaga vegna þess að lyfjakostnaður sé svo mikill hér á landi. Þó hefur lyfjakostnaður farið lækkandi frá árinu 1985 og í tíð fyrrv. heilbrrh. náðist talsverður árangur við það að lækka lyfjaverð innan þeirra marka sem núverandi lög leyfa. Hæstv. heilbrigðisráðherrar á þessu kjörtímabili hafa einnig reynt að ná niður lyfjakostnaði og tekist það að því leyti að ríkissjóður þarf að greiða minna af kostnaðinum en honum er velt yfir á neytendur. Kostnaður ríkisins af lyfjum hefur því lækkað en ekki er hægt að segja að heildarkostnaður lyfjanna hafi lækkað sem því nemi því að sjúklingar greiða í dag stærri hluta en áður. Samt verður því ekki neitað að það hefur náðst nokkur árangur í lækkun lyfjaverðs og ég tel alveg hægt að ná fram þeim markmiðum að lyfjaverð lækki innan núgildandi laga.

Þegar verið er að ræða um núverandi lyfjadreifingarkerfi hefur því verið haldið fram að kerfið sé gamalt, það hljóti að vera úrelt og hugmyndafræðin að baki þess taki ekki mið af markaðslögmálum nútímans. Aldur kerfisins einn og sér segir ekkert til um virkni þess og aðlögunarhæfni. Það hefur margoft verið lagað að breyttum aðstæðum í tímans rás. Núverandi lyfjalög eru frá árinu 1984 þannig að þau eru ekki nema 10 ára gömul. Hagur sjúklings hefur þar alltaf verið hafður í fyrirrúmi og þeir sem finna kerfinu allt til foráttu ættu að hugsa um það hvort þeir eru að óska eftir breytingum vegna breytinga eða hvort það er vegna hagsmuna sjúklinga. Hér hefur ekki ríkt lögmál hins frjálsa markaðar lyfjadreifingar og það tel ég eðlilegt. Ég tel óeðlilegt að slíkt ríki hvað varðar lyf. Apótekarar starfa fremur sem þjónustuaðilar en sem kaupmenn. Sjúklingarnir hafa ekki nauðsynlegar forsendur til að geta metið lyfseðilsskyld lyf sem þeir fá í apótekinu. Það er

raunar furðulegt að hugsa til þeirra auglýsinga sem hafa gengið frá hæstv. heilbrrh. eða ráðuneytinu um það að sjúklingarnir eigi að gæta þess að þeir fái ódýrustu lyf sem mögulegt er á markaðnum. Ég tel að það sé ekki hægt um vik hjá sjúklingnum að segja til um það heldur ætti því frekar að vera beint til læknanna. Það eru læknarnir sem ráða því hvað skrifað er upp á á lyfseðlum og hvaða verð er á lyfjum sem þeir velja. Ég geri ráð fyrir að þeir séu að velja fyrst og fremst þau lyf sem hæfa þeim sjúkdómi sem þeir ætla sér að lækna, en séu ekki fyrst og fremst að hugsa um verðið þó að að sjálfsögðu sé hægt að taka tillit til þess. Það verður alltaf læknirinn eða sérfræðingurinn sem ávísar sjúkling lyfjum og sjúklingurinn hefur ekki nema takmarkaðan möguleika til að hafa áhrif þar á.

Eins og ég sagði áðan hefur verið hægt að ná fram nokkrum sparnaði í lyfjakostnaði hins opinbera með breytingum á reglugerðum og það er alveg hægt innan marka núverandi lyfjalaga.

Virðulegi forseti. Það er vissulega mjög margt sem hægt er að segja um þetta frv. Það hefur stundum verið vitnað til þess að í öðrum löndum væri mikið frelsi í lyfjadreifingu. Það er oft og tíðum vitnað til Þýskalands sem mikillar fyrirmyndar um markaðskerfi. Vissulega er mest frelsi í lyfjadreifingu í Þýskalandi en þar er líka hæsta verðið. Það segir því ekki allt um það að þótt verið sé að auka frelsi leiði það til lægra verðs.

Það er nánast furðulegt til þess að vita að það skuli eiga að auglýsa lyf rétt eins og hverja aðra markaðsvöru. Mér finnst að hér sé um svolítið einkennilega frjálshyggju að ræða, sem ég veit að hægt er að kenna þetta frv. við. Það liggur við að maður geti ályktað sem svo að hér sé um eins konar gervifrjálshyggju að ræða því að ég get ekki séð að þetta geti leitt til þess sem stefnt er að.

Virðulegi forseti. Ég hef senn lokið máli mínu við 2. umr. um þetta mál. Ég hef rétt til að taka til máls aftur ef mér sýnist svo. Ég tel að þetta frv. sé stórgallað. Eitt væri hægt að skoða ef hæstv. ríkisstjórn er til viðtals um það að ljúka einhverjum málum fyrir þinglok og það væri að gera nokkrar fleiri breytingar á frv. eða, eins og ég sagði áðan, að taka út EES-kaflann og fresta gildistöku þessara laga. Það væri a.m.k. strax til bóta.

Það er rétt að leggja áherslu á það í lokin, virðulegi forseti, að allir umsagnaraðilar hafa haft efasemdir um og jafnvel verið andvígir þessu frv. Það er merkilegt til þess að vita að ráðherra Alþfl. er orðinn svo blindaður af frjálshyggjuboðskapnum að hann neitar að viðurkenna staðreyndir. Þetta frv. er, eins og ég hef verið að rekja, til engra bóta í lyfjadreifingarmálum. Það er hægt að ná fram hagræðingu innan núverandi kerfis án þess að rústa því skipulagi sem fyrir er og hefur gefið góða raun.

Umræðu frestað.

Þjóðarbókhlaða, 2. umr.

Stjfrv., 470. mál. — Þskj. 724, nál. 1029, brtt. 1030.

[16:19]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1029 og brtt. á þskj. 1030 um frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið sem kveður á um sameiningu Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns í eina stofnun. Á fund nefndarinnar komu fjölmargir aðilar til að reifa málið með nefndarmönnum og einnig bárust nefndinni margar vandaðar umsagnir um frv.

Helstu breytingar sem nefndin leggur til að gerðar verði á frv. eru í fyrsta lagi að safnið beri heitið „Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn". Nefndin lítur svo á að ekki sé heppilegt að nota orðið „Þjóðarbókhlaða" þar sem það er heiti hússins sem mun hýsa hið nýja safn. Þá telur nefndin æskilegt að hinu rótgróna nafni „Landsbókasafn Íslands" verði við haldið með þessum hætti. Jafnframt telur nefndin rétt að nafn Háskólabókasafns verði tengt aðalheitinu þar sem starfsemi nýja safnsins mun öðrum þræði byggjast á þeirri starfsemi sem í dag fer fram í Háskólabókasafni og annað meginhlutverk hins sameinaða safns er að sinna þörfum háskólans. Safninu er í senn ætlað að vera bókasafn sem sinnir þjónustu við almenning og rannsóknar- og háskólabókasafn sem leitast við að sinna sem best þeim sem leggja stund á háskólanám. Nefndin telur afar mikilvægt að bæði þessi hlutverk verði rækt af kostgæfni.

Til samræmis við þessa breytingu er lagt til að starfsheiti forstöðumanns hins nýja safns verði landsbókavörður.

Í þriðja lagi er lagt til að 3. gr. verði breytt með þeim hætti að forsenda skipunar í stöðu landsbókavarðar verði að stjórn bókasafnsins telji viðkomandi hæfan til að gegna embættinu og sama ákvæði gildi einnig við ráðningu aðstoðarlandsbókavarðar. Nefndin leggur ekki til að gerðar verði tilteknar menntunarkröfur þar sem fjölbreytt menntun og reynsla getur nýst í starfinu en telur á hinn bóginn að fagleg hæfni landsbókavarðar verði að vera ótvíræð.

Í fjórða lagi er lagt til að 4. gr. verði breytt á þann veg að landsbókavörður ráði aðstoðarlandsbókavörð. Nefndin telur mikilvægt að góð tengsl séu á milli yfirmanna stofnunarinnar og að landsbókavörður fái með þessum hætti tækifæri til að ráða við hlið sér þann mann sem hún treystir best til starfans. Þá telur nefndin að með þessu gefist svigrúm til að ráða í stöðurnar fólk með mismunandi menntun. Þannig mætti hugsa sér að aðra stöðuna skipi t.d. maður með sérfræðiþekkingu á sviði bókasafnsfræði en hina stöðuna maður með menntun og reynslu á sviði stjórnunar.

Þá vil ég nefna að lagt er til að í 1. mgr. 14. gr. frv. um réttarstöðu starfsmanna verði skýrt kveðið á um að um þá gildi 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Ákvæðið felur í sér að

starfsmenn Landsbókasafns og Háskólabókasafns eigi að öðru jöfnu forgangsrétt til starfa í hinu nýja safni. Kjósi starfsmenn af einhverjum ástæðum að þiggja ekki störf í hinu nýja sameinaða safni er þeim tryggður réttur til biðlauna skv. 14. gr. laga nr. 38/1954 í mislangan tíma eftir starfsaldri.

Nefndin leggur enn fremur fram ýmsar veigaminni breytingar sem flestar eru tæknilegs eðlis.

Enn fremur vill nefndin leggja áherslu á eftirfarandi: Menntmn. hefur í vetur fjallað um þingsályktunartillögu um varðveislu tónlistararfs í Þjóðbókasafni Íslands. Í umfjöllun um frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu kom fram að fyrirhugað væri að leggja rækt við þennan þátt í starfsemi hins nýja safns og telur nefndin mikilvægt að það verði gert með þeim hætti sem yfirmenn safnsins telja hagkvæmast. Að lokum skal þess getið að í umræðum um frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu kom fram að nefndarmenn leggja ríka áherslu á að safnahúsið við Hverfisgötu hýsi í framtíðinni safna- og menningarstarfsemi.

Ég vík frekar að efni frv. Í því er einkum fjallað um grundvallaratriði, svo sem stjórnsýslu og fjármögnun ásamt ítarlegum ákvæðum um hlutverk og markmið hins nýja safns. Í greinargerð með frv. segir:

„Sameining tveggja af meginsöfnum landsins, Landsbókasafns Íslands og Háskólabókasafns, ætti að auka hagkvæmni og skilvirkni í rekstri en ekki er síður mikilsvert að hinu nýja þjóðbókasafni er ætlað að verða framsækin nútímastofnun sem stuðla mun að framþróun og sókn í íslenskum mennta- og menningarmálum jafnframt því sem hún mun varðveita hluta menningararfsins sem fólginn er í rituðum heimildum."

Ástæða er til að árétta sérstaklega tvíþætt hlutverk safnsins að vera í senn þjóðbókasafn og rannsóknar- og háskólabókasafn. Við sameiningu safnanna er nauðsynlegt að gæta þess að Landsbókasafni Íslands Háskólabókasafni verði gert kleift að sinna báðum þessum hlutverkum svo að sómi sé að. Þar má á hvorugt þeirra halla og gæta verður þess að söfnin sameinist en verði ekki tvö söfn sem starfa undir sama þaki.

Einnig er rétt að geta þess að vel búið bókasafn með fjölbreyttri starfsemi er lykill að því að glæða og efla rannsóknarstarfsemi á öllum sviðum. Þjónusta við fræðimenn sem felst í greiðum aðgangi að erlendum gagnagrunnum er meðal þess sem vel búið vísinda- og tæknibókasafn býður til. Aðgangur að slíkum upplýsingum er nauðsynlegur liður í rannsóknum, undirbúningi rannsóknarverkefna og til ákvarða styrki til rannsóknar- og þróunarverkefna. Tilkoma Þjóðarbókhlöðu styrkir stöðu rannsókna á Íslandi.

Við 1. umr. um frv. og umfjöllun í menntmn. kom fram nokkur gagnrýni á að 7. gr. væri jafnnákvæmlega útfærð og raun ber vitni. Það er gert til að tryggja að ekki leiki neinn vafi um hlutverk bókasafnsins og skynsamlegra þótti að binda þessi ákvæði í lög en reglugerð er menn feta sig fyrstu sporin í nýju safni. Um þetta eru eflaust skiptar skoðanir, en fyrst og fremst er stefnt að því að safnið geti orðið nútímalegt bókasafn í stöðugri þróun með fjölþættri upplýsingaþjónustu fyrir háskólann og samfélagið allt.

Eitt af einkennum nútímans er upplýsingaflæði, upplýsingatækni, fjarskipti, flókið samfélagskerfi og vaxandi mikilvægi vísindalegrar þekkingar. Mikilvægt er að marka safninu þá stöðu og skapa þá ímynd sem samrýmist margþættu hlutverki þess og víðtækum skyldum í upplýsingasamfélagi komandi aldar.

Bókasöfn tengjast í vaxandi mæli upplýsingalindum utan eigin veggja, svo sem öðrum bókasöfnum, upplýsingastofnunum og gagnasöfnum. Þau eru þannig hlekkur milli notenda og þeirra efnismiklu og flóknu upplýsingakerfa sem í boði eru. Jafnframt því sem bókasafninu er ætlað framsækið og metnaðarfullt þjónustuhlutverk ber því að varðveita af kostgæfni drjúgan hluta menningararfs þjóðarinnar og vernda hann fyrir eyðandi áhrifum umhverfisins. Ákvæði frv. um hlutverk safnsins í 7. gr. og skýringar við hana ber að skoða í ljósi þessara skyldna.

Eins og áður var getið hefur menntmn. í vetur fjallað um till. til þál. um varðveislu tónlistararfs. Fram kom við þá umfjöllun að í Þjóðarbókhlöðu yrði vel fyrir þeim málum séð í sérstakri deild innan safnsins sem þegar hefur verið markað ákveðið rými. Efniskostur hennar tekur til hvers kyns tónlistarefnis, hvort heldur sem er hljóðritaðs efnis, nótna eða annars prentaðs máls. Tónlistarhandrit verða að miklu leyti geymd í handritadeild safnsins, fágæt tónlistarrit í öryggisgeymslum í kjallara, svo og brothættar og verðmætar hljómplötur. Í tengslum við deildina verða um 25 sæti þar sem safngestir geta notið efnis í tali, tónum eða á myndmiðlum. Einnig er í húsinu samkomusalur sem m.a. er ætlaður til tónlistarflutnings. Sérstakur starfshópur á vegum samstarfsnefndar um nýtt þjóðbókasafn vinnur sem stendur að því að mæla fyrir um tæknibúnað fyrrnefndrar deildar og þjónustuhætti þar. Starfshópurinn leitaði sér ráðgjafar og fyrirmynda, bæði innan lands og utan. Margt fleira mætti nefna, en ljóst er að áhersla hefur verið lögð á að vel yrði séð fyrir þessum þætti í starfsemi safnsins.

Mikið vatn er til sjávar runnið síðan fyrst komu fram hugmyndir um að sameina söfnin tvö og reisa þeim glæsilega umgjörð sem nú er orðin að veruleika. Það er sérstakt fagnaðarefni að safnið taki til starfa á fullveldisdaginn á 50 ára afmælisári lýðveldisins. Það er verðug afmælisgjöf til þjóðarinnar að leiða menningu hennar, menntun og sögu til þess öndvegis sem nýja safnið hlýtur að skipa í framtíðinni.

Miklar vonir eru bundnar við starfsemi safnsins í þjóðarbókhlöðu. Hlutverk þess verður allt annað og meira en hvors safns um sig fyrir sameiningu. Það er mjög mikilvægt að strax í upphafi verði tryggð eðlileg uppbygging starfseminnar og kostir hins nýja húss nýttir til hins ýtrasta. Bókakostur beggja safnanna hefur ekki endurnýjast eins og nauðsynlegt hefði verið í tímans rás og aukið fé verður að koma til svo að safnið geti í framtíðinni sinnt hlutverki sínu að vera í senn þjóðbókasafn og rannsóknar- og háskólabókasafn. Stærra hlutverk og meiri þjónusta kostar fjármuni. Á þessar staðreyndir ber að leggja þunga áherslu við fjárlagagerð næstu ára.

Í Íslandsklukku Halldórs Laxness segir Arnas m.a. við Snæfríði er þau láta sig dreyma um framtíðina: „Ég mun láta gera bókhlöðu af steini og flytja heim aftur í sín heimkynni þær dýrmætu bækur sem ég forðaði frá niðurgrotnun þar í eymdinni undir hervirki þeirra dönsku.“ Draumar þeirra um sameiginlega framtíð rættust ekki. En með byggingu þjóðarbókhlöðunnar hefur sá draumur þjóðarinnar að standa áfram vörð um dýrustu gersemar sínar, menningu og tungu, ræst í glæsilegu húsi vestur á Melum.

[16:32]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ástæðu til þess að láta koma fram að það tókst ágæt samstaða um þetta mál í hv. menntmn. þar sem unnið var að málinu þannig að allt fólkið lagði eitthvað í púkkið og niðurstaðan er samstaða um málið. Það er út af fyrir sig viðeigandi sem fram kemur í máli hv. 10. þm. Reykn. að vitna í hinar dýrustu bókmenntir á þessum örlagaríku tímum þegar við erum að hefja 2. umr. um frv. til laga um Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, eins og við leggjum til að þessi stofnun heiti, og velta því fyrir sér hvaða sess hún mun hafa í íslenskri þjóðmenningu á komandi árum sem verður örugglega allt annar sess en sá sem bókasöfn gegndu fyrir öldum eða fyrir kannski einni öld eða svo þegar voru lögð drög að Landsbókasafninu í Safnahúsinu, að ég tali nú ekki um þau söfn sem Arnas Arnæus dró gögn í fyrir nokkur hundruð árum og brunnu að nokkru leyti. Það rifjast upp frásögnin af því þegar skinnpjatlan dýra, sú dýra membrana, var dregin undan kerlingunni á Rein við Akranes þegar þau komu þar, hann og Snæfríður og hún sagði: „Vinur hví dregurðu mig inní þetta skelfilega hús?“ Það segir örugglega enginn þegar hann kemur í húsið vestur á Melum. Það er nokkuð öruggt hvað sem öllu öðru líður að það verður talið heldur gott hús auk þess sem það er rautt sem er talsvert miklu betra eins og liggur í augum uppi. Ber lit hjarta blóðs eins og vera ber fyrir miðstöð bókasafns og menningar í landinu.

Það sem er kannski líka vert að rifja upp á þessari stundu er að þessi bygging hefur verið mjög lengi á döfinni. Ég hef tekið eftir því að núv. hæstv. menntmrh. hefur lagt á það mikla áherslu að hann hafi gert þetta að forgangsverkefni í sinni tíð og það liggur fyrir að það hefur hann gert. Það er mikið álitamál hvaða verkefni það eru sem á að gera forgangsverkefni fyrir hvern menntmrh. Ég tel að það komi til álita að taka stofnanir eins og þessa, Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, út úr og ljúka því, en ég tel að það komi líka til álita að leggja t.d. enn þá meiri áherslu á aðra þætti sem undir ráðuneytið heyra og menntun landsins barna, t.d. grunnskólann og uppbyggingu hans eða aðra þætti eins og Lánasjóð ísl. námsmanna eða rannsóknar- og vísindastarfsemi. Allt fer þetta eftir því hvað menn telja brýnast og skynsamlegast og í raun inni þarf ekki að felast í þessu neitt annað en það að menn telji að rökin fyrir hlutunum séu mismunandi eftir því hvernig þeir horfa á hina menningarlegu þróun þjóðarinnar, þróun þjóðarinnar í menntamálum.

Ég held að á þessari stundu sé kannski líka rétt að rifja það upp áður en ég kem að sjálfum efnisatriðum breytingartillagnanna að það eru fáeinir þættir sem vert er að fara yfir áður en lengra er haldið. Fyrst það að við eigum löggjöf um uppbyggingu menningarstofnana og sérstaka skattlagningu í sjóð til að byggja þær upp og að halda þeim húsum við sem þar er um að ræða. Ég teldi skynsamlegt að það yrði gerð áætlun til nokkurra ára, kannski fimm eða tíu ára, um endurbætur á þeim húsum sem um er að ræða í þessu samhengi sem eru Þjóðminjasafn, Þjóðleikhús, Þjóðskjalasafn og e.t.v. fleiri. Ég nefni líka í því sambandi af því að við erum einmitt núna að tala um bækur, Amtsbókasafnið á Akureyri. Ég veit að það er ekki hluti af þessu frv. en ég segi alveg eins og er að ég tel mjög brýnt að sýna Akureyrarbæ samstöðu varðandi þau verkefni sem þar er verið að vinna við uppbyggingu á bókasafninu sem hafa dregist úr hömlu vegna fjárkorts en eru engu að síður óhjákvæmileg meðan Amtsbókasafnið er skilaskyldusafn.

Ég vil af þessu tilefni leyfa mér að leggja þá spurningu fyrir hæstv. menntmrh., af því að hann sagði það í blaðagrein fyrir nokkru að það lægju fyrir drög að áætlun um notkun endurbótasjóðs menningarstofnana, hvernig hann sér fyrir sér vinnuna við þá áætlun.

Í öðru lagi vil ég taka mjög eindregið undir það sem fram kemur í síðustu setningu nál. þar sem segir, með leyfi forseta: „Að lokum skal þess getið að í umræðum um frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu kom fram að nefndarmenn leggja ríka áherslu á að Safnahúsið við Hverfisgötu hýsi í framtíðinni safna- og menningarstarfsemi.“

Ég vek athygli á þessu og leyfi mér jafnframt að spyrja hæstv. menntmrh. um viðhorf hans til þessarar yfirlýsingar. Ég hefði reyndar talið koma til greina að ganga feti framar og segja: Árnastofnun og þau gögn sem þar eru geymd, handrit af ýmsu tagi, verða í þessu húsi. Ég hefði verið tilbúinn til að taka þátt í því að gefa slíka yfirlýsingu og vil spyrja um hug menntmrh. í þeim efnum. Þó að ég viðurkenni að málið sé sjálfsagt ekki með öllu einfalt, þá er hitt mjög nauðsynlegt að það liggi alveg fyrir hvaða starfsemi á að vera í Safnahúsinu á Hverfisgötu þegar starfsemin hefur verið flutt í þjóðarbókhlöðuhúsið rauða vestur á Melum.

Varðandi efni frv. og meðferð þess vil ég fyrst segja það að þegar málið kom til meðferðar í hv. menntmn. þá höfðu farið fram hér allítarlegar umræður við 1. umr. og menn höfðu komið á framfæri fjölmörgum athugasemdum, þar á meðal sá sem hér stendur. Um frv. urðu nokkur skoðanaskipti en það komu ekki upp stórfelld ágreiningsefni að mínu mati þó að það örlaði á vissum ágreiningi um grundvallaratriði við 1. umr. þegar í upphafi. Þegar málið kom til meðferðar í hv. menntmn. lá þar fyrir, ég hygg bara á fyrsta fundi eða svo, álit frá millifundanefnd Háskóla Íslands um þetta mál. Háskólinn hafði fjallað um það en hafði ekki komið sínum athugasemdum á framfæri í tæka tíð við ráðuneytið áður en málið var lagt fram. Þær athugasemdir sem háskólinn gerði við frv. eins og það kom frá ráðuneytinu voru mjög í ætt við það sem höfðu ver-

ið gerðar við 1. umr. málsins, m.a. af þeim sem hér stendur.

Við frekari meðferð málsins reyndist vera sterkur og sanngjarn samkomulagsvilji í nefndinni sem að lokum stuðlaði að því að þó nokkur af þeim sjónarmiðum sem sett voru fram af háskólanum og sett voru fram af undirrituðum voru tekin til greina og eru þar með hluti af brtt. á þskj. 1029.

Ég vil aðeins víkja að þeim, hæstv. forseti, og í fyrsta lagi sérstaklega að nafninu. Ég held að ég hafi tekið þannig til orða við 1. umr. að þetta væri mál sem við þyrftum að leita samkomulags um. Það væri ekki okkar hlutverk að slá því föstu endilega í ágreiningi við aðra hvað svona stofnun ætti að heita og niðurstaðan er sú sem liggur fyrir á þessum blöðum og ég er prýðilega sáttur við. Í nefndinni gengur þessi aðferð undir nafninu vestfirska aðferðin en það er eftir ábendingu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar sem á sæti í menntmn. og er þar yfirleitt skemmtilegur eins og annars staðar. Hann benti á að þegar leysa þyrfti flókin mál af því tagi sem hér voru uppi sé leiðin gjarnan sú að nefna viðkomandi, jafnvel barn, öllum þeim nöfnum sem ágreiningur hefur verið um að nota á barnið og verður oft býsna langt og erfitt fyrir barnið að bera það nafn ævilangt, sbr. Dósóþeus forðum, en engu að síður samkomulag foreldra og þeirra sem standa að viðkomandi barni. Það er sú niðurstaða sem hér hefur verið viðhöfð, þ.e. vestfirska aðferðin, eftir ábendingu hv. 2. þm. Vestf. og ég held að það sé ágæt lausn á málinu.

Af því leiðir sú breyting sem gert er ráð fyrir í tölul. 2. Síðan vil ég sérstaklega vekja athygli á þeirri brtt. sem gerð er við 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að því aðeins sé hægt að skipa mann landsbókavörð að meiri hluti stjórnarinnar telji viðkomandi hæfan. Þetta tel ég mikinn áfanga og var eitt úrslitaatriði af minni hálfu varðandi það að standa að nál. óbreyttu eins og það lítur út. Ég hefði að vísu talið koma til greina að nál. og brtt. hefðu verið skarpari að þessu leyti og það hefði verið sagt fullum fetum að viðkomandi þyrfti að fá stuðning meiri hluta stjórnar til starfans en ekki bara að meiri hluti stjórnar teldi viðkomandi hæfan. Þessi varð niðurstaðan, sem er málamiðlun, og ég er prýðilega sáttur við hana.

Sama er að segja hér um 4. gr. frv. þar sem gert er ráð fyrir því að landsbókavörður ráði aðstoðarlandsbókavörð. Ég er mjög sáttur við þá niðurstöðu, en í frv. var gert ráð fyrir því að menntmrh. réði aðstoðarlandsbókavörð. Breyting sú sem hér er gerð tillaga um er í samræmi við önnur frv. sem liggja í þessari stofnun, t.d. frv. til útvarpslaga sem ég hef séð hér á borðum og fleiri mál. Ég hygg frv. til þjóðminjalaga þar sem gert er ráð fyrir því að þjóðminjavörður hafi með að gera veigamikla þætti í ráðningarmálum og mér finnst þetta skynsamlegt. Ég vil einnig segja það að ég tek sterklega undir þá skilgreiningu á þessu máli sem fram kom í framsöguræðu hv. 10. þm. Reykn. og kemur fram í lokum 4. tölul. á bls. 2 í nál.

Þá vil ég einnig víkja aðeins að 7. gr. frv., sem vafðist talsvert mikið fyrir okkur. Þar er eiginlega talið allt upp sem Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn á að gera. Mér finnst þetta vandræðagrein og satt að segja gerði ég smátilhlaup á hana með því að reyna að kreista úr henni safann í 2–3 málsgreinar og að vísa til þess að nánari ákvæði yrðu sett um þetta mál í reglugerð. Hættan við svona nákvæma lagagrein er fyrst og fremst sú að hún yrði framkvæmd málsins til trafala sem kannski sést best á brtt. 5.a. þar sem gert er ráð fyrir því að alþjóðabóknúmerakerfið (ISBN) verði fellt niður af því að svo geti einhvern tíma farið að alþjóðlegt bóknúmerakerfi heiti kannski eitthvað annað en ISBN þó svo að það sé ólíklegt að svo verði í fyrirsjáanlegri framtíð. Þess vegna hefði ég talið að það væri skynsamlegra að höggva þessa grein aðeins niður en niðurstaðan varð þessi og ég stend að henni.

Loks vil ég geta um þá brtt. sem er merkt nr. 9 í nál. og lýtur að 14. gr. frv. og réttarstöðu starfsmanna og leggja á það mikla áherslu sem fram kom í ræðu hv. 10. þm. Reykn., formanns menntmn., að við göngum út frá því, ég tel að það sé alveg skýrt, að þeim sem nú eru starfsmenn í þessum stofnunum verði gert tilboð um starf í hinni nýju stofnun og það sé aðferðin sem verði notuð. Það verði því ekki að öðru jöfnu nema alveg brýnar ástæður standi til þess gengið fram hjá neinum þeirra sem nú eru í ákveðinni stöðu í þessum tveimur stofnunum. Það held ég að sé mjög brýnt að komi skýrt fram. Ég segi fyrir mig alla vega að ég stend að þessu nál. fyrirvaralaust í fullkomnu trausti þess að þessu fólki verði öllu boðin staða við hina nýju stofnun þó ég viti að það kann að vera samkomulagsatriði, fyrirkomulagsatriði, og taka einhvern tíma að komast að niðurstöðu um það hvar nákvæmlega í hinni nýju stofnuninni viðkomandi starfsmenn munu starfa.

Þetta var sem sagt um einstakar breytingartillögur sem ég tek undir og ætla ekki að ræða þær frekar.

Að síðustu, hæstv. forseti, vil ég endurtaka það sem ég sagði við 1. umr. málsins. Það eru tvö söfn sem ég ber fyrir brjósti og spurði um þau, þ.e. kvennasögusafn og handritasafn Halldórs Laxness. Ég spurði um þau. Hæstv. menntmrh. sagði þá að það yrði fyrir þeim söfnum séð. Mér finnst það mikilvægt að sú yfirlýsing liggi fyrir. Ég tek mark á henni og vil ítreka hér við 2. umr. þannig að ekkert fari á milli mála, alla vega skilningur minn á því.

Að allra síðustu er það svo það, hæstv. forseti, að þetta þarf að verða miðstöð rannsókna og bókasafna á Íslandi með sann, ekki aðeins í orði heldur einnig í verki. Til þess að svo megi verða þarf að vera til peningur til þess að endurnýja og bæta gagnakost safnsins. Ég hreyfði þeirri hugmynd við 1. umr. málsins hvort ekki kæmi til greina, ef nauðsynlegt er þá að breyta lögunum, að taka um það ákvörðun að endurbótasjóður menningarstofnana fari að hluta til á næsta ári til þess að koma þarna fyrir góðum bóka- og gagnakosti. Ég vil ítreka þessa hugmynd mína vegna þess að ég óttast það, ég segi það alveg eins og er, að ef ekki er tekin ákvörðun strax um eitthvað svona, þá verði safnið vanbúið um lengri tíma.

Átökin um þetta safn á næstu árum verða aðallega tvíþætt að mínu mati. Þau verða fjárhagsleg og það eru

tveir þættir sem menn munu þar láta vegast á. Annars vegar hversu marga nýja starfsmenn er hægt að fá, því að það verður að bæta við starfsliði, og hins vegar hversu mikið af gögnum og bókum er hægt að kaupa í safnið. Það er alveg ljóst að menn gera ekki hvort tveggja fyrir sömu peningana. Ég tel hættu á því að gagnakosturinn, bókakosturinn, verði látinn mæta afgangi í þessu sambandi og þess vegna hreyfi ég þeirri hugmynd með endurbótasjóðinn að hann verði notaður að hluta til í þessu skyni á árinu 1995. Þar með yrði þetta safn það sem það á að vera, flaggskip íslenskra bókasafna og rannsókna á bókasöfnum og þar með yrði það sú stofnun sem við viljum öll sjá að verði opnuð þann 1. des. nk. og fari að iða af lífi þegar frá fyrsta degi.

[16:50]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil leiðrétta misskilning sem ég tel að hafi komið fram í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Svavars Gestssonar. Breytingin sem gerð er á 3. gr. hljóðar þannig: „Landsbókavörður skal skipaður úr hópi þeirra umsækjenda sem stjórn bókasafnsins telur hæfa.“ En ekki, eins og ég heyrði að hann sagði áðan, úr hópi þeirra umsækjenda sem meiri hluti stjórnar telur hæfa.

Þetta vildi ég bara að kæmi fram og vildi leiðrétta það.

[16:51]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er ágæt ábending og má segja að það komi í sama stað niður því að stjórnin verður ekki stjórn öðruvísi en að meiri hlutinn ákveði það. En ég held að það sé engu að síður mjög mikilvægt að sú skoðun okkar allra liggi fyrir að við viljum að stjórn bókasafnsins telji viðkomandi hæfan til að gegna embættinu. Það er mikil framför frá því sem var í frv. upphaflega. Ég viðurkenni að það er vandasamt að setja svona formúlur inn. Þegar lögin um Landsbókasafnið voru í upphafi undirbúin voru menn með hugmyndir um að orða þetta einhvern veginn þannig að það væri greindur og samviskusamur maður sem gegndi þessu starfi og það yrði sett í lögin. Það var ákveðið að gera það ekki vegna þess að menn höfðu ekki mælikvarða á það hvað væri greind og samviskusemi en þó er þetta út af fyrir sig umhugsunarverð ábending frá því fyrir tæpum 100 árum þegar menn voru að undirbúa þessi mál á sinni tíð.

[16:53]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir vel unnin störf í sambandi við afgreiðslu á frv. og góða samstöðu um afgreiðslu þessa mikilvæga máls í nefndinni. Til þess að gera langa sögu stutta þá vil ég segja það að ég fellst á allar brtt. sem hv. menntmn. flytur og þarf svo sem ekki að eyða neinum orðum í einstakar brtt.

Við 1. umr. ræddum við nokkuð um nafnið á frv., frumvarp til laga um Þjóðarbókhlöðu. Ég lét þess getið að ýmsar aðrar hugmyndir höfðu komið fram og raunar hefði frv. heitið öðru nafni eins og nefndin sem samdi það gekk frá því, en ég nefndi í minni framsögu að m.a. hefði ég fengið ábendingu um það að safnið skyldi heita Landsbókasafn og ég tek það sérstaklega fram að ég get mjög vel fallist á þá brtt. um að safnið heiti Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn.

Aðrar einstakar brtt. ætla ég ekki að eyða neinum tíma í að ræða. Ég fellst á þær allar.

Hér hefur aðeins borið á góma nýting Safnahússins við Hverfisgötu og hv. þm. Svavar Gestsson spurði um viðhorf mitt til nýtingar hússins. Ég ræddi það nokkuð á fundi á hv. Alþingi 18. mars þegar við ræddum einmitt um þjóðarbókhlöðuna og sé ekki ástæðu til þess að endurtaka neitt af því sem ég þá sagði, en efnislega var það í þá veru að ég teldi rétt og eðlilegt að húsið yrði nýtt til safnastarfsemi áfram. Það væri endanlega afgreitt mál að Hæstiréttur yrði þar ekki. Það var m.a. fyrir tilstuðlan fulltrúa míns í þeirri nefnd sem kannaði málið á sínum tíma hvort húsið skyldi nýtt fyrir Hæstarétt og ég lít svo á að það mál sé endanlega úr sögunni.

Ég tek að sjálfsögðu eftir lokaorðunum í nál. hv. menntmn. og er ánægður með þau orð sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Að lokum skal þess getið að í umræðum um frv. til laga um Þjóðarbókhlöðu kom fram að nefndarmenn leggja ríka áherslu á að Safnahúsið við Hverfisgötu hýsi í framtíðinni safna- og menningarstarfsemi.“ Undir þessi orð tek ég.

Hv. þm. Svavar Gestsson ræddi nokkuð um forgangsverkefni einstakra menntamálaráðherra og nefndi þar réttilega að ég hefði gert þetta mál að sérstöku forgangsverkefni. Raunar var það ákvörðun ríkisstjórnarinnar þegar hún tók við völdum vorið 1991. Ég hef lagt áherslu á að því ákvæði yrði komið í framkvæmd *og hillir nú undir lok þessa viðfangsefnis sem hefur* tekið allt of langan tíma. Auðvitað má um það deila hver forgangsverkefni skuli vera, hvernig skuli raðað í forgangsröð. Hv. þm. nefndi grunnskólann, lánasjóðinn o.fl. o.fl. Allt eru þetta mikilvæg viðfangsefni sem sjálfsagt allir ráðherrar mundu vilja sjá sem best borgið. Forveri minn, hv. þm. Svavar Gestsson, lagði t.d. mikla áherslu á endurbyggingu Þjóðleikhússins sem var vissulega verðugt viðfangsefni en er því miður ekki lokið. Þar er verk að vinna enn þá og vonandi verður hægt að taka til við það fyrr en síðar.

Þá nefndi hv. þm. það sem ég hafði látið frá mér fara í blaðagrein fyrir skömmu að drög að áætlun væru til í ráðuneytinu um endurbætur á ýmsum menningarbyggingum og þar verða helst fyrir þær byggingar sem byrja á þjóð. Fyrir utan þjóðarbókhlöðu er það Þjóðskjalasafn, Þjóðminjasafn og Þjóðleikhús. Ég hef látið vinna að slíkri áætlanagerð að undanförnu í ráðuneytinu og nú liggja fyrir drög að áætlun um þessi efni, ekki eingöngu varðandi menningarbyggingar heldur raunar alla skóla sem undir menntmrn. heyra. Ég hef látið í ljós það álit áður að slíka áætlun væri nauðsynlegt að leggja fyrir Alþingi þannig að Alþingi væri ljóst hvaða viðfangsefni blöstu við í þessum efnum.

Það sýnir sig, sem menn svo sem vissu en hafa nú staðfest í drögum að þessari áætlun, að þarna er um margra milljarða framkvæmdir að ræða sem að sjálfsögðu þurfa að dreifast á allmörg ár.

Ég hef hér í höndum fyrstu drög sem eru ekki þannig unnin að þau séu til birtingar enn þá en þar er um að ræða ráðstöfun á endurbótasjóðnum til aldamóta, til ársins 2000, og þegar við teljum með það sem til ráðstöfunar er á þessu ári er um að ræða fjármuni að upphæð tæplega 2,6 milljarðar kr. Svo að ég nefni bara það sem helst blasir við, ég taldi upp nokkrar stofnanir, þá er þar um að ræða Þjóðminjasafnið. Raunar lagði ég fyrir ríkisstjórnarfund í morgun skýrslu byggingarnefndar Þjóðminjasafns þar sem hún leggur fram þrjá kosti í byggingarmálum safnsins og ég lagði fram ákveðna tillögu til kynningar í ríkisstjórninni. Hún verður að sjálfsögðu ekki afgreidd í dag en verður rædd á næstunni vonandi í ríkisstjórninni. Þar er það alveg ljóst að endurbætur á núverandi húsnæði munu kosta sennilega um 600 millj. kr. Einnig er þarna hreyft hugmyndum um nýbyggingu, sérstakt nýtt sýningarhús sem mun kosta 400–500 millj. kr. Þegar við horfum til þessarar stofnunar einnar, þá er þar fjárþörf upp á 1 milljarð til 1.100 þús. kr.

Varðandi aðrar menningarbyggingar sem við sjáum fyrir að þarf að verja verulegum fjármunum til nefni ég Þjóðleikhúsið. Ef við dreifum þeim fjármunum sem endurbótasjóður menningarbygginga mun hafa til ráðstöfunar á þessu árabili til ársins 2000 og að því ári meðtöldu, þá má ætla að til Þjóðleikhússins gæti farið um það bil 0,5 milljarðar á þessu árabili og til Þjóðskjalasafnsins nálægt 400 millj. kr. Þannig yrði fjármunum endurbótasjóðs hugsanlega varið til næstu aldamóta og eins og ég sagði áðan er þar um að ræða nálægt 2,6 milljörðum kr. Þetta á að sjálfsögðu eftir að ræða frekar. Það er sérstök stjórn yfir endurbótasjóðnum sem á eftir að fjalla um þær hugmyndir sem hafa verið settar fram.

Varðandi Þjóðskjalasafnið liggur hins vegar fyrir nákvæm verkáætlun, framkvæmda- og kostnaðaráætlun sem nær yfir árin 1994–1999 og ég hef alveg nýlega fengið í hendur. Þetta vildi ég segja í sambandi við þessar áætlanir.

Ég held að það hafi ekki verið fleiri beinar spurningar til mín. Ég vildi aðeins ítreka þakkir mínar til hv. menntmn. fyrir skjóta og góða afgreiðslu á þessu mikilvæga máli.

[17:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir margt af þeim sjónarmiðum sem fram komu í ræðu hæstv. menntmrh. M.a. vil ég vekja sérstaka athygli á þeim upplýsingum sem fram komu hjá honum varðandi hans viðhorf til notkunar á endurbótasjóði menningarstofnana til næstu ára. Auðvitað þyrftum við að vera með aðstöðu til þess að gera áætlanir til margra ára varðandi uppbyggingu og endurbætur á menningarstofnunum og reyndar viðhaldi mannvirkja yfirleitt. Því miður búum við enn þá við það frumstæða ástand að fjárlög eru bara til eins árs í senn og það er erfitt að gera áætlanir til lengri tíma sem væri þó æskilegt þegar um stórframkvæmdir og viðhaldsverkefni er að ræða. En það er mjög mikilvægt að þær tölur hafa komið fram í svari hæstv. ráðherra sem birtust áðan varðandi Þjóðminjasafnið, Þjóðskjalasafnið og Þjóðleikhúsið. Ég verð þó að segja að þær komu mér í sjálfu sér ekkert á óvart nema mér var nokkuð brugðið þegar ég heyrði töluna liðlega 1 milljarður kr. til endurbóta og nýbyggingar við Þjóðminjasafnshúsið. Það er hærri tala en ég hef nokkru sinni áður heyrt og hlýtur fyrst og fremst að liggja í því að menn geri ráð fyrir verulegri nýbyggingu og nýju sýningarhúsnæði í tengslum við safnið sem er út af fyrir sig sannanlega þörf fyrir og má færa rök að.

Ég vil segja það að lokum, hæstv. forseti, að ég tel mikilvægt að við meðferð fjárlaga fyrir Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn í haust verði farið yfir þessi mál öll og reynt að sjá fyrir endann á þeim eins og kostur er. Ég held að það væri gott fyrir alla aðila, ekki síst fyrir menntmrn. ef það væri hægt að róa fyrir þessar víkur svo að segja allar áður en sú hátíðlega stund rennur upp að hið nýja safn verður opnað í haust.

[17:05]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða til að hafa hér mörg orð því að hv. formaður nefndarinnar hefur flutt ræðu fyrir hönd allrar nefndarinnar þar sem alger samstaða var um þetta mál. Ég tel þó rétt að það komi fram að það var mjög ánægjulegt að vinna að þessu máli í hv. menntmn. sem kemur kannski fyrst og fremst til af því að nefndarmenn voru sammála um það að gera eins gott úr málinu og mögulegt væri.

Þær brtt. sem komnar eru fram af hálfu nefndarinnar eru svo til allar til bóta. Það var smávegis ágreiningur eins og oft vill verða á hv. Alþingi um nafnið og sú sem hér stendur var hlynnt því að safnið héti Þjóðbókasafn Íslands Háskólabókasafn sem undirtitill en gerir það í sjálfu sér ekki að neinu aðalatriði í þessum efnum, en einhvern veginn segir nafnið þjóðbókasafn svolítið meira í minni málvitund en Landsbókasafn þó að maður sé í sjálfu sér ánægður og hafi verið það gegnum árin með það nafn og þyki vænt um það nafn. En ekki meira um það.

Mér fannst mjög mikilvægt að það kom fram hjá hæstv. menntmrh., sem er í sjálfu sér það sama og kom fram fyrr í vetur þegar hann svaraði fyrirspurn þeirrar sem hér stendur varðandi framtíðarnýtingu á Safnahúsinu, að hann teldi að það ætti áfram fyrst og fremst að vera safnahús og fyrir bækur. Það finnst mér vera góð yfirlýsing og ég efast ekki um að hæstv. ráðherra mun vinna áfram á þeim grundvelli. En vegna þess að hér hefur komið fram hjá hæstv. menntmrh., bæði þá og eins í dag, hugmyndir um það að e.t.v. væri ástæða til þess að stofnun Árna Magnússonar flytti inn í Safnahúsið, þá vil ég nota þetta tækifæri til þess að koma fram með efasemdir um að það sé rétt þó að ég hafi ekki kynnt mér það mál algerlega til hlítar. Þegar Árnastofnun var sett á laggirnar voru það rök að stofnunin skyldi vera í háskólaumhverfinu og eins voru

það rök þegar ákveðið var að byggja þjóðarbókhlöðu á Melunum að hún væri í nágrenni háskólans og Árnastofnunar. Á því svæði tengdust Árnastofnun og Handritastofnun sem er hýst í Landsbókasafni Íslands.

Svo eru það líka rök í málinu að mínu mati að Árnastofnun er frekar lokuð stofnun. Mér finnst að Safnahúsið eigi fyrst og fremst að vera opið fyrir þjóðina með sýningum, hugsanlega sýningum líka frá Árnastofnun, ég er ekki að segja það, en sýningum og menningaruppákomum. Auk þess vitum við það að handritin þurfa sérstakt hitastig og rakastig og það getur líka orðið mál sem væri erfitt að leysa í þessu húsi þar sem það er friðað.

Þessar vangaveltur mínar vildi ég láta koma fram við þessa umræðu, hæstv. forseti, en erindi mitt hingað upp var þó fyrst og fremst að koma fram þeirri skoðun minni að hér séum við að afgreiða mjög merkilegt mál sem þjóðin hefur lengi beðið eftir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Háskólinn á Akureyri, 2. umr.

Stjfrv., 531. mál (framgangskerfi kennara). — Þskj. 830, nál. 987.

[17:09]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 987 um frv. til laga um breyting á lögum nr. 51/1992, um Háskólann á Akureyri, frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um málið sem kveður á um lögfestingu framgangskerfis kennara við Háskólann á Akureyri með hliðstæðum hætti og tíðkast hefur í Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands. Í framgangskerfinu felst að heimilt er að flytja lektor í dósentsstöðu og dósent í prófessorsstöðu.

Nefndin telur eðlilegt að samræma lög að þessu leyti og leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

Það er vert að geta þess að frv. þetta er flutt að höfðu samráði við Háskólann á Akureyri til að tryggja að lagagrundvöllur fyrir framgangskerfi kennara við skólann verði hliðstæður og tíðkast hefur við aðra skóla sem eru á háskólastigi. Það verður að telja eðlilegt að samræmis sé gætt í þessum efnum og kennurum við Háskólann á Akureyri séu tryggð sömu réttindi og starfsbræðrum þeirra við sambærilegar stofnanir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vísinda- og tækniráð Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 477. mál. — Þskj. 732, nál. 1031, brtt. 1032.

[17:11]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1031 og brtt. á þskj. 1032 um frv. til laga um Vísinda- og tækniráð Íslands frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um frv. sem kveður á um stofnun Vísinda- og tækniráðs Íslands. Ráðið mun taka við starfsemi Vísindaráðs og Rannsóknarráðs ríkisins en því er einnig ætlað aukið hlutverk í því að fylgjast með framvindu í vísinda- og tæknistarfi, meta árangur rannsóknarstarfs, leita leiða til þess að efla rannsóknarstarfsemi í landinu og efla alþjóðlegt samstarf.

Frv. hefur fengið vandlega umfjöllun í menntmn. Bæði komu fjölmargir aðilar sem málið varðar á fund nefndarinnar og einnig bárust nefndinni ítarlegar umsagnir um frv.

Nefndin telur að lögfesting frv.ýti undir nýsköpun hér á landi og leggur til að það verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Ég mun nú fara nokkrum orðum um þessar breytingar.

1. Lagt er til að nafni ráðsins verði breytt úr „Vísinda- og tækniráð Íslands“ í „Rannsóknarráð Íslands“. Nefndin telur að heiti það sem frv. gerir ráð fyrir sé langt og óþjált og óvíst hvort það yrði notað í daglegu tali. Heitið „Rannsóknarráð Íslands“ lýsir vel fyrirhugaðri starfsemi hins nýja ráðs.

2. Með breytingunni sem lögð er til á 2. gr. er kveðið skýrar á um að nýsköpun sé eitt af meginhlutverkum Rannsóknarráðs Íslands.

3. Lagt er til að 3. gr. verði breytt með tvennum hætti. Annars vegar varðandi orðalag og síðan er lögð til breyting sem ætlað er að tryggja að sjónarmið atvinnulífs komi fram í ráðinu. Nefndin telur mikilvægt að í frv. sé þannig skýrt kveðið á um aðild atvinnulífsins svo að auka megi þátt fyrirtækja í rannsóknar- og þróunarstarfsemi. Þannig telur nefndin að unnt verði með markvissum hætti að byggja upp þekkingu innan fyrirtækja.

4. Lögð er til breyting á skilgreiningu hlutverks Tæknisjóðs sem kveðið er á um í 11. gr. þannig að það taki ekki einungis til nýsköpunar, heldur ekki síður til þróunar.

5. Lögð er til sú breyting á 16. gr. að kveðið verði á að Rannsóknarráð Íslands sjái um rekstur Rannsóknarnámssjóðs í umboði stjórnar hans.

6. Breyting, sem lögð er til á 22. gr., felur í sér að skýrt verði kveðið á um hverjir geti átt frumkvæði að tilnefningu í stöður rannsóknarprófessora. Jafnframt er lagt til að tryggt verði að í slíkar stöður verði einungis skipaðir þeir sem hlotið hafa alþjóðlega viðurkenningu fyrir rannsóknarstörf og að sérstök dómnefnd meti hæfni þeirra. Nefndin telur þetta ákvæði þýðingarmikið þar sem það mun t.d. veita fleiri tækifæri til að kalla til starfa hingað til lands reynda og hæfileikaríka Íslendinga sem hafa fest rætur erlendis.

Við umfjöllun um málið í menntmn. komu fram þau sjónarmið að úthlutunarkerfi það, sem frv. gerir ráð fyrir, væri flókið. Nefndin telur að vel athuguðu máli að rétt sé að láta reynslu skera úr um hvort svo sé.

Þá vill nefndin taka fram að hún telur mikilvægt að Alþingi fái upplýsingar um starfsemi ráðsins eins og kveðið er á um í 11. tölul. 2. gr. frv., þar með talið um tillögur ráðsins um framlög úr ríkissjóði til vísinda- og tæknimála.

Ég vík nú nánar að nokkrum atriðum sem mjög voru til umræðu í menntmn. Þá vil ég sérstaklega nefna 3. gr. frv. sem fjallar um skipun í ráðið. Fram hefur komið, bæði við 1. umr. um frv. og einnig í nefndarvinnunni, sú gagnrýni að það kerfi sem lagt er til að lögfesta sé óþarflega flókið. Ég tel hins vegar að sú aðferð sem gert er ráð fyrir, þ.e. að fleiri aðilar séu tilnefndir en þeir níu sem þar skulu sitja gefi svigrúm til þess að skipa í ráðið á þann veg að sem flest sjónarmið eigi þar málsvara og finnst raunar einnig mikilvægt að í ráðið veljist jafnan sem hæfastir einstaklingar á sem flestum sviðum. Einnig mætti ætla að það gæti orðið eftirsóknarefni að sitja í ráðinu sem einnig er veigamikið atriði.

Sú skylda er lögð á ráðherra að gæta þess við val á fulltrúum að jafnvægi sé á milli vísinda og tækni og að þess sé gætt að sjónarmið atvinnulífsins komi fram í ráðinu. Ég vona að þessi aðferð gefi góða raun og bind raunar heilmiklar vonir við það.

Einnig geri ég að umtalsefni úthlutunarkerfið sem á sama hátt hefur hlotið töluverða gagnrýni. Mér sýnist hins vegar að það kerfi sé ekki eins flókið og virðast kann við fyrstu sýn heldur er full ástæða til að ætla að það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í frv. gæti leitt til skilvirkari vinnu á þessu sviði en hingað til hefur tíðkast. Það er a.m.k. trú þeirrar er hér talar.

Frv. sem er til umræðu felur í sér viðamiklar breytingar á skipan og stjórnun rannsókna og þróunar á Íslandi. Frv. er lagt fram í framhaldi af stefnumörkun ríkisstjórnarinnar í tækni og vísindum og tekur einnig mið af nýlegri úttekt OECD á stöðu þessara mála hér á landi. Í inngangi að greinargerð með vísindastefnu ríkisstjórnarinnar segir svo, með leyfi forseta:

„Tilgangur með vísinda- og tæknistefnu stjórnvalda er að stuðla að því að unnið sé að þeim rannsóknum sem Íslendingar hafa forsendu til að stunda og þurfa á að halda. Ekki er síður brýnt að tryggja, svo sem kostur er, að vel sé að verki staðið í öflun þekkingar og niðurstöður nýtist til skilnings á því hvað það er að vera Íslendingur í heimi hraðfara tæknibreytinga. Þannig nýtast rannsóknir vísindamanna til framfara í atvinnulífi og skilningur okkar eykst á umhverfi okkar, uppruna, arfleifð og vannýttum auðlindum. Stefnunni er ætlað að skapa skilyrði til þessarar mikilvægu starfsemi, leggja áherslur, beina fjármagni til hennar og tryggja að ávallt veljist hæft rannsóknarfólk til starfa. Tryggja verður að nægu opinberu fjármagni sem og framlögum frá atvinnulífi og öðrum sé varið til vísinda- og tæknistarfsemi. Ekki skal þó einungis horft til þess hve miklu fjármagni og mannafla er varið til starfseminnar heldur og til þess árangurs sem næst með þessum fjárfestingum. Mikilvægt er að tryggja að skattpeningar til þessa málaflokks nýtist ekki einungis til þekkingarauka heldur einnig til þess að renna fleiri stoðum undir efnahagslífið, styrkja það atvinnulíf sem fyrir er til nýrrar sóknar og skapa störf til framtíðar. Slíkt er engan veginn auðvelt og því nauðsynlegt að atvinnulíf og opinberir aðilar taki höndum saman og vinni að málinu með skipulegum hætti."

Undir þetta vil ég heils hugar taka og tel að með þessu frv., ef að lögum verður, sé stigið stórt skref fram á veg til eflingar vísindastarfi, tækniþróun og nýsköpun á Íslandi.

[17:19]

Kristín Einarsdóttir:

Herra forseti. Eins og fram kemur í nál. á þskj. 1031, sem hér hefur verið gerð grein fyrir, skrifar Kristín Ástgeirsdóttir, fulltrúi Kvennalistans í menntmn., undir nál. með fyrirvara. Kristín Ástgeirsdóttir er veik í dag og getur því ekki gert grein fyrir fyrirvaranum svo að ég hef tekið að mér það hlutverk að skýra að einhverju leyti í hverju hennar fyrirvari er aðallega fólginn.

Eins og fram kom hjá hv. formanni nefndarinnar hefur nokkuð verið gagnrýnt það skipulag við úthlutun styrkja sem gert er ráð fyrir í frv. og að fyrirkomulagið væri nokkuð flókið og e.t.v. væri þar um margverknað að ræða, a.m.k. tvíverknað. Það komu m.a. fram tillögur frá Háskóla Íslands varðandi þetta atriði en Kristín taldi að það hefði þurft að kanna það miklu nánar og betur og það hefði þurft lengri tíma til að skoða þetta atriði. Þar sem hún taldi að það væri mikilvægt að þetta mál næði fram að ganga á þessu þingi, þá taldi hún eðlilegt að styðja þetta frv. eins og það verður eftir brtt. nefndarinnar og þess vegna skrifar hún undir nál. með þessum fyrirvara sem þó kannski hugsanlega getur verið mikilvægur að því leyti að það þyrfti að kanna úthlutunarreglurnar nokkuð nánar.

Í 25. gr. frv. eru endurskoðunarákvæði þar sem kemur fram að lög þessi skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Sá tími þykir mér nokkuð langur og hefði kosið að hann yrði eitthvað styttri þannig að það væri hægt að skoða þessar úthlutunarreglur fyrr en gert er ráð fyrir í frv. Hins vegar útilokar 25. gr. ekki að endurskoðunin fari fram fyrr þannig að ef í ljós kemur að úthlutunarreglurnar eru eins flóknar og erfiðar og lítur út fyrir, þá sé rétt að endurskoða alla vega þann þátt fyrr.

Ég tel, herra forseti, að þær brtt. sem nefndin hefur lagt til að gerðar verði á frv. séu allar til bóta. Eins og fram kom við 1. umr. málsins þá hefði ég gjarnan viljað ganga nokkuð lengra að því er varðar sameiningu Vísindaráðs og Vísindasjóðs, þ.e. að sameina sjóðina einnig. Ég tel eðlilegt og vænti reyndar að það verði tekið til athugunar þegar sú endurskoðun fer fram sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð en vil lýsa ánægju minni með það að nefndinni skuli hafa tekist að vinna þetta mál eins og hún hefur gert og lagt fram brtt. sem eru til bóta að mínu mati og vona að þær verði samþykktar og mun ég styðja þær.

[17:23]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil bara láta það koma fram hvaða ástæður eru til þess að ég skrifa undir nál. með fyrirvara en þær eru aðallega tvær. Það er í fyrsta lagi að ég tel að í frv. felist í sjálfu sér ekki sú breyting á rannsóknar- og þróunarstarfsemi á Íslandi sem hefði þurft að eiga sér stað og gerist bara með auknum fjármunum. Í þessu frv. eru engir peningar fyrir rannsóknarstarfsemina í landinu. Í öðru lagi er svo það að ég tel það úthlutunarkerfi, sem hér er gerð tillaga um, óþarflega flókið og dreg í efa að það muni skila þeim árangri sem menn eru að gera sér vonir um.

Varðandi brtt. nefndarinnar að öðru leyti þá stend ég að þeim. Ég tel að þær séu allar til bóta. Ég er feginn því að nafninu var breytt. Þó ég hefði getað hugsað mér að stofnunin héti Vísindaráð þá tel ég að þetta sé út af fyrir sig nokkuð góð lending og betra en að kalla þetta Vísinda- og tækniráð. Það er allt of tæknilegur svipur á því og má ekki of mikið gera í þá veru. Það þarf að vera hóf á því eins og öðru. Sérstaklega þegar búið er að tína atvinnuvegina svona mikið inn í þetta eins og gert er í brtt. þá þarf að vera dálítill „balans" á því og má ekki láta það ráða allt of miklu um vísinda- og rannsóknarstarfsemi í landinu. Það á að vera skynsemi í því og það, sem hver étur upp eftir öðrum að manni finnst, með leyfi forseta, að atvinnulífið eigi einlægt að koma við sögu í þessum málum tel ég fínt, sérstaklega ef það lætur einhverja peninga í þetta, en það hefur staðið á því. Ég tel að þau hraðfara augnablikssjónarmið sem ráða rekstri fyrirtækja frá degi til dags þar sem er erfitt að koma við langtímasjónarmiðum megi ekki ráða allt of miklu en öll vísindi og allar rannsóknir byggjast á því að menn sjái a.m.k. fram fyrir tærnar á sér.

Ég tek einnig fram, hæstv. forseti, að ég tel til bóta þá breytingu sem gerð er á 16. gr. sérstaklega. Hún skiptir mig máli þar sem er kveðið á um að Rannsóknarráð ríkisins eigi að sjá um rekstur Rannsóknarnámssjóðs í umboði stjórnar sjóðsins, sbr. 23. gr. Ég tel þetta mikla framför vegna þess að ég tel að Rannsóknarnámssjóður hafi svifið nokkuð í lausu lofti eins og gert var ráð fyrir að búa um hnútana í frv. í upphafi.

Ég vil einnig fagna sérstaklega þeim breytingum sem hafa verið gerðar á 22. gr. vegna þess að þar er um að ræða mjög mikilvægar breytingar. Því er slegið föstu að þeir prófessorar sem ráðnir verða í tímabundnar rannsóknarstöður verði ráðnir í samráði við mennta- og rannsóknarstofnanir í fyrsta lagi og í öðru lagi að það þurfi að koma tillögur um það mál frá mennta- og rannsóknarstofnunum og í þriðja lagi að í stöðurnar skuli einungis ráða þá sem hlotið hafa viðurkenningu á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknarstörf og í fjórða lagi að sérstök dómnefnd skuli meta hæfi umsækjenda. Ég tel að hér sé ágætlega og faglega um hlutina búið og er þess vegna sérstaklega sáttur við þessa brtt. og tel ástæðu til að undirstrika það í máli mínu.

Varðandi síðan frv. að öðru leyti vil ég aðeins víkja að 25. gr. þess sem hefur ekki verið rædd mikið, en hljóðar svo, með leyfi forseta: „Lög þessi skal endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra." Þeir sem hér eru inni þekkja flestir eða allir slík ákvæði. Það hefur komið upp þegar þau hafa runnið sitt skeið á enda að menn velta því fyrir sér hvað þessi ákvæði þýða. Þýða þau að það eigi að leggja frv. fyrir Alþingi? Þýða þau að það eigi að endurskoða lögin í Rannsóknarráði Íslands og það sé nóg að drög að frv. séu send til menntmrn. til skoðunar? Þýða þau að það sé nóg að menntmrn. endurskoði plaggið? Eða þýða þau að Alþingi verði að fá hingað inn frv. til nýrra laga eða endurskoðunar á lögum eða yfirlýsingu um að ekki sé þörf á að endurskoða gildandi lög að því er þessa hluti varðar?

Ég vil láta það koma fram að ég lít þannig á að innan fimm ára frá gildistöku þessara laga, ef þetta frv. verður að lögum, eigi að meta það hvort nauðsynlegt sé að breyta lögunum og að niðurstaðan af því mati þurfi með einhverjum hætti að koma fyrir Alþingi þó ekki væri nema t.d. í formi og í tengslum við skýrslu sem gert er ráð fyrir í tölulið 11 í 2. gr. frv. þar sem segir, með leyfi forseta: „Skila árlega skýrslu til menntmrh. um stöðu og horfur í vísinda- og tæknimálum í landinu. Skýrslan skal lögð fyrir Alþingi, ásamt greinargerð menntmrh., til kynningar og umfjöllunar."

Ég lít sem sagt þannig á að sú vitneskja sem ráðuneytið ætti að komast að í þessum málum hljóti að berast til Alþingis í gegnum þessa skýrslu og ég tel að frumkvæðisskyldan í þessu efni hljóti að vera í menntmrn.

Að öðru leyti tel ég ekki ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál. Þetta var unnið í ágætri sátt og ágætu samkomulagi í hv. menntmn. þar sem þróaðist í tengslum við þetta mál og frv. um þjóðarbókhlöðu, ágætur og sanngjarn vilji til þess að lenda málum með hliðsjón af helstu sjónarmiðum sem uppi eru. Það met ég mikils og tel að það sé gott að vinna þannig, einmitt að málum af þessum toga því að þessi málefnalitla kergja sem stundum einkennir störf nefnda að málum kann ekki góðri lukku að stýra, a.m.k. ekki þegar menn eru að fjalla um Rannsóknarráð Íslands.

[17:31]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Ég vil nota þetta tækifæri til að lýsa ánægju minni með það að hv. menntmn. tókst á skömmum tíma að afgreiða þetta mál. Ég kynnti mér það nokkuð þegar það var fram lagt við 1. umr. og tók þátt í henni þar sem ég lýsti því sem minni skoðun að það væri mikils vert að Alþingi tækist að afgreiða ný lög um það sem ég taldi þá að ætti að heita Rannsóknarráð Íslands, sem og varð niðurstaða nefndarinnar, á þessu vorþingi þannig að það yrði samfella í þeirri vinnu sem hefur verið að undirbúningi þess frv. sem er verið að fjalla um.

Ég nefndi í ræðu minni við 1. umr. að mér fyndist eðlilegt að láta reyna á þessa skipan sem var lögð til á ráðinu. Mér fannst þetta á margan hátt skemmtileg hugmynd sem þar var sett fram og full ástæða til að láta reyna á hana.

Ég vil að lokum segja að þó svo það sé vissulega rétt sem kom fram hjá hv. síðasta ræðumanni að þessi breyting tryggi ekkert nýtt fjármagn til rannsóknarstarfa, og það hlýtur að vera hlutverk Alþingis og ríkisstjórna á næstu árum að gera það, þá er það mín skoðun að þessi breytta skipan eigi að tryggja betri nýtingu þeirra takmörkuðu fjármuna til rannsóknar- og þróunarstarfs, þó að þá þurfi að auka, sem við verðum sjálfsagt að sætta okkur við hér eftir sem hingað til. Þeir fjármunir verða sannarlega alltaf takmarkaðir ef við setjum þá í samhengi við það sem aðrar og miklu stærri þjóðir hafa ráð á að verja til þessara þátta. Ég geri mér einnig von um að þessi breyting verði til þess að vísinda- og rannsóknarstarf verði markvissara og beinist inn á brautir þar sem við höfum vegna okkar náttúrufars og atvinnuhátta möguleika á að hasla okkur völl í þeirri auknu samkeppni sem er í allri menntun og vísindastörfum í dag.

[17:35]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég þakka hv. menntmn. fyrir góða afgreiðslu á þessu máli og sérstakan og einróma stuðning við þetta mjög svo mikilvæga frv. Ég þakka líka þeim hv. þm. sem hér hafa talað og lýst stuðningi sínum við málið. Hv. menntmn. stendur óskipt að þeim brtt. sem hefur verið gerð grein fyrir og eru á þskj. 1032. Ég fellst á allar þessar brtt. og tel þær raunar allar til bóta og ekki neina þörf á að ég fari sérstaklega yfir þær frekar en gert hefur verið af hálfu hv. formanns nefndarinnar.

Þeir fyrirvarar sem tveir hv. nefndarmenn hafa hér gert grein fyrir varða fyrst og fremst úthlutunarreglurnar. Menn hafa efasemdir um það kerfi sem hér er lagt til, sýnist það kannski vera of flókið, en ég lít svo á að þrátt fyrir þær efasemdir sem hafa komið fram hjá einstökum hv. þm. séu þeir tilbúnir að láta á það reyna hvort það kerfi sem er lagt til í frv. að samþykkt verði sé heppilegt. Ég trúi að hér sé um heppilega leið að ræða í sambandi við úthlutun úr sjóðunum og met það að menn skuli reiðubúnir til þess að láta á það reyna hvort hér sé heppilega að verki staðið.

Þá hefur einnig verið nefnt að of langur tími líði þar til endurskoðun skuli eiga sér stað, innan fimm ára, en eins og kom fram í ræðu hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, þá er að sjálfsögðu ekkert sem útilokar það að endurskoðun geti farið fram fyrr.

Hv. þm. Svavar Gestsson velti því fyrir sér hvað ákvæði 25. gr. þýddi þar sem tekið er fram að lögin skuli endurskoða innan fimm ára frá gildistöku þeirra. Ég er honum sammála um það sem hann nefndi síðast að innan þessa tíma eigi að meta það hvort endurskoðunar sé þörf og það sé eðlilegt að Alþingi sé gerð grein fyrir niðurstöðu þess endurmats. Það þarf ekki endilega að þýða að leggja þurfi nýtt frv. fyrir hv. Alþingi. Það er niðurstaða út af fyrir sig ef menn komast að þeirri niðurstöðu að við búum við harla góða löggjöf. En ég tel eðlilegt að hv. Alþingi sé þá gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi líka þann fyrirvara sinn að frv. fylgdu engir peningar og þess vegna væri ekki um nægilega breytingu að ræða. Það er út af fyrir sig rétt að í frv. er ekki gert ráð fyrir sérstaklega auknu fjármagni til rannsókna, en ég bið menn að horfa til staðreynda þar um að á þessu kjörtímabili hefur framlag til Rannsóknarsjóðs og Rannsóknarráðs verið nær tvöfaldað, er komið í 200 millj. kr. á þessu ári úr 110 millj. sem það var 1991. Það er í undirbúningi að efla Vísindasjóð. Rannsóknarnámssjóður hefur verið stofnaður og fær lagagildi með ákvæðum þessa frv. sem við megum ætla að verði að lögum. Það hefur þess vegna svo sannarlega fylgt áformum ríkisstjórnarinnar verulega aukið fjármagn til þessara mikilvægu verkefna og fyrirheitum hefur sem sagt mátt treysta og ég trúi því að svo muni verða áfram.

Þetta frv. felur líka í sér ákveðnar skipulagsbreytingar sem ég er sannfærður um að muni verða til heilla og leiða til miklu markvissara starfs á þessu sviði.

Varðandi 22. gr. sem hv. þm. Svavar Gestsson gerði líka nokkuð að umtalsefni og lýsti sérstakri ánægju sinni með brtt. sem hv. nefnd flytur um 22. gr., þá er ekkert nema gott um þær brtt. að segja eins og aðrar en 1. mgr. er alveg óbreytt frá því sem var í frv., þ.e. að menntmrh. sé heimilt í samráði við mennta- og rannsóknarstofnanir að setja á stofn tímabundna stöðu prófessora er sinni rannsóknum o.s.frv. Annað sem bætt er við var tiltekið í athugasemdum við frv. og það er ekkert nema gott um það að segja að þau ákvæði séu færð inn í lögin. Ég hef ekkert við það að athuga nema síður sé.

Herra forseti. Það er ekkert fleira sem ég þarf að taka fram í sambandi við þetta mál. Ég ítreka þakkir til hv. menntmn. fyrir fljóta og góða afgreiðslu og einróma stuðning við málið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962.

[17:42]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér frv. til lyfjalaga sem komið er til 2. umr. Fyrir liggja nál. og fyrir liggur að hv. heilbr.- og trn. hefur klofnað í afstöðu til þessa máls. Er það raunar ekki að undra eins og það mál er vaxið. Þetta mál kom fram á hinu 116. þingi og ég ræddi það þá, að mig minnir, við 1. umr. málsins, en auk þess vil ég minna á það að á 115. löggjafarþingi lagði ég fram fsp. til heilbrrh. um áhrif EES-samnings á lyfjainnflutning og lyfjadreifingu og svar hæstv. ráðherra liggur fyrir á þskj. 800 frá því þingi. Þar var dregið fram hið helsta sem væntanlega fælist í breytingum samkvæmt EES-samningi og margt af því sem getið var í svari hæstv. ráðherra er komið fram samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir.

Ég hef mjög margt við þetta mál að athuga. Ég tel í rauninni að miðað við umsagnir sem liggja fyrir um

þetta frv. þá sé málið harla óvenjulegt. Eftir að ég hef litið yfir þær umsagnir sem borist hafa hv. heilbr.- og trn. þá held ég að ljóst sé að þær athugasemdir sem fram hafa komið við þetta frv. og sem ekki hefur verið tekið tillit til í brtt. meiri hluta nefndarinnar eru óvenjulega miklar og samhljóða um fjölmörg atriði. Ég vek athygli á nokkrum þáttum sem snerta þetta mál og þá fyrst það að hér er verið að bregðast við kröfum og samþykktum Evrópubandalagsins eins og þær eru til okkar komnar í samningi um Evrópskt efnahagssvæði sem lögleitt hefur verið á Íslandi með öllu sem honum fylgir. Það er því ekki auðvelt fyrir okkur hér á Alþingi að verjast þeim ákvæðum sem þar hafa verið lögleidd. Þó vil ég benda á það að samningurinn veitir samningsaðilum heimild til þess að neita að taka við þeim gerningum sem óviðunandi teljast þannig að Alþingi hefur þrátt fyrir allt formlegan rétt til þess að hafna slíku. Ég tel að við á Alþingi hljótum að láta á það reyna í afstöðu okkar þegar um er að ræða mál sem við teljum óviðunandi og látum þá reyna á ákvæði samningsins um Evrópskt efnahagssvæði sem varða undanþágur frá samningnum eða höfnun á því að fallast á ákvæði sem okkur berast á grundvelli samningsins.

Í mörgum af greinum í fyrri köflum frv. er að finna beina tilvísun til reglna sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Það gildir um 1. gr. að því er varðar markmið laganna. Þar er beinlínis til þess vísað að það sé verið að taka upp þá stefnu sem okkur er gert að fylgja samkvæmi samningi um Evrópskt efnahagssvæði. Það gildir um 4. gr. laganna varðandi skráningu lyfja og umsóknir um markaðsleyfi. Allt skal það fylgja þeim reglum sem settar hafa verið innan Evrópsks efnahagssvæðis. Hið sama gildir um reglur varðandi framleiðslu sérlyfja og annað sem að þeim lýtur. Þar skal fylgt þeim reglum sem hafa verið mótaðar innan EES. Þetta er einnig tekið fram í 5. gr., 6. gr. og 7. gr. frv., svo að nefndar séu nokkrar greinar þar sem beinlínis er skilyrt að fylgja settum reglum innan Evrópubandalagsins. Það er einnig í 16. gr. frv. og hinni 19. sem ég mun koma ögn nánar að hér á eftir.

Ég tel að stærstu ágallar þessa frv. séu fólgnir í því að ákvæði þess, ef samþykkt verða, munu auka lyfjadreifingu og lyfjanotkun í landinu sem á mörgum sviðum er nú langt úr hófi fram vegna misnotkunar sem viðgengst, því miður, á þessu sviði en sem er hætt við að aukist mjög verulega ef þetta frv. verður lögleitt. Það er í rauninni verið að opna fyrir frjálsa dreifingu og sölu og auglýsingar á svonefndum lausasölulyfjum sem er stór þáttur í neyslu lyfja í landinu sem munu falla undir þau ákvæði. Það er auðvitað deginum ljósara að þessi frjálsa dreifing og aukið aðgengi almennings að slíkum lyfjum, sem gyllt verða fyrir almenningi í formi auglýsinga, mun leiða til mjög aukinnar notkunar. Þetta er í rauninni viðurkennt af öllum sem hlutlægt horfa á þessi mál, ekki aðeins hér á landi heldur einnig erlendis. Í umsögnum má finna tilvísanir til þessara þátta sérstaklega. Ég leyfi mér, virðulegur forseti, að benda t.d. á umsögn sem liggur fyrir með nál. minni hluta heilbr.- og trn. frá fulltrúaþingi norrænna lyfjatækna sem um þetta mál hafa fjallað. Í ályktun sem þeir samþykktu segir m.a., með leyfi forseta:

„Lausasölulyf eiga í framtíðinni eins og hingað til einungis að seljast í apótekum.

Lyf eiga ekki heima í stórmörkuðum innan um mjólk og kornvöru eða olíu og ísvara á bensínstöðvum.

Ráðleggingar og aðrar upplýsingar þurfa að fylgja við afgreiðslu lyfja til að tryggja rétta notkun og koma í veg fyrir ranga notkun þeirra.

Við styðjum nýjungar og tækniþróun, en að gefa sölu lausasölulyfja frjálsa er frá faglegu sjónarmiði óverjandi og þjónar einungis hagsmunum verslunarinnar."

Þetta var samþykkt á fulltrúaþingi norrænna lyfjatækna og ég tel að við eigum að leggja hlustir við slíkum aðvörunum á Alþingi. Þær ganga reyndar aftur í umsögnum innlendra aðila, íslenskra samtaka sem ályktað hafa um þessi mál. Þar á meðal liggur fyrir umsögn Alþýðusambands Íslands sem varar mjög við lögfestingu ákvæða frv. og varar raunar við meiri hlutanum af því sem er ráðgert að lögleiða með frv. Einnig umsagnir frá samtökum heilbrigðisstétta, þar á meðal liggja fyrir frá Læknafélagi Íslands aðvaranir að því er varðar mörg atriði frv. eins og menn geta kynnt sér með því að líta í umsögnina sem fylgir áliti minni hluta heilbr.- og trn.

Það er kannski stærsti ágallinn í þessu máli, þetta aukna aðgengi og sá bakgrunnur í málinu sem liggur í því að það eigi að líta á lyf eins og hverja aðra verslunarvöru og opna fyrir dreifingu þeirra, auglýsingar á þeim og markaðsfærslu þannig að ljóslega muni leiða til aukinnar umsetningar.

En það eru fleiri stórir þættir sem snerta málið sem ég vil leyfa mér að gagnrýna. Það er verið að opna fyrir allt aðra skipan mála varðandi sölu á lyfjum, varðandi stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi. Nú er það að vísu svo að menn geta gagnrýnt margt í núverandi skipan mála, en þegar verið er að opna fyrir stofnun lyfjabúða og úthlutun lyfsöluleyfa, eins og gert er ráð fyrir í VII. kafla frv., og þegar það mál tengist síðan þeirri verðlagningarstefnu á lyfjum sem frv. gerir ráð fyrir, þá er alveg augljóst mál að mjög fljótlega eftir að þetta frv. yrði að lögum yrði stofnað til stórfelldrar mismununar á verðlagingu á lyfjum í landinu og um leið á aðgengi að lyfum vissulega, ef menn telja það galla. Þetta er í byggðapólitísku tilliti eins og svo fjölmargt annað sem tengist stefnu núv. ríkisstjórnar. Sumt er byggt á ákvæðum samningsins um Evrópskt efnahagssvæði en annað fundið upp í Stjórnarráðinu á vegum núv. hæstv. ráðherra. Við höfum haft mörg slík mál á dagskrá þingsins og á dagskrá þessa fundar liggja mál sem eru af sama toga og 17. mál á dagskrá fundarins, um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, þar sem verið er að leggja til breytingar sem munu fyrr en varir leiða til verulegrar mismununar á verði á þessari nauðsynjavöru út um hinar dreifðu byggðir landsins.

Þá er einnig á dagskrá þessa fundar, ég leyfi mér að nefna það, 19. mál um stefnumótandi byggðaáætlun

fyrir næstu ár og væri út af fyrir sig, virðulegi forseti, fróðlegt að bera saman ákvæðin og tillögurnar sem þar eru á ferðinni við þau frumvörp sem eru á dagskrá fundarins og leiða beint til mjög aukinnar mismununar eftir búsetu í landinu. Þessu vil ég mótmæla mjög harðlega og þeirri stefnu sérstaklega sem felst í þessu frv. að því er varðar hinar dreifðu byggðir og möguleika á því að bjóða þar lyf með hliðstæðum hætti og á sama verði og annars staðar í landinu um leið og verðlagning lausasölulyfja er gefin frjáls þannig að það verður undir þeim komið sem selur vöruna á hvaða verði hún er seld. Það þarf ekki spekinga til að átta sig á til hvers það muni leiða þegar þannig er á málum haldið eins og frv. gerir ráð fyrir.

Ég vakti athygli á því, virðulegi forseti, hvernig staðið er að málinu í sambandi við reglur hins Evrópska efnahagssvæðis og að þær ættu uppruna sinn innan Evrópubandalagsins. Það endurspeglast einnig í stóru og smáu í frv., t.d. í 6. gr. þar sem vísað er til leiðbeininga um góða framleiðsluhætti í lyfjagerð, svokallaðra GMP-reglna sem kunna að vera góðra gjalda verðar. Þar er vitnað beint í að tilskipanir framkvæmdastjórnar Evrópubandalagsins svo og aðrar leiðbeiningar sem settar eru af þessum aðilum skuli gilda hér á landi. Með þessum ákvæðum er verið að lögleiða að taka beint inn leiðbeiningar og reglur sem settar eru með tilskipunum í Brussel. Það kann að vera að mönnum sé hætt að ofbjóða hvernig hér er haldið á málum gagnvart löggjafarvaldinu á Íslandi, en slík óheillavænleg nýmæli eins og þessi ganga í gegnum hvert frv. á fætur öðru sem við fjöllum um á þinginu.

Varðandi stjórnun þessara mála, þá hef ég líka margt við þá skipun að athuga sem lögð er til samkvæmt frv. Sumt af því er endurtekning á ákvæðum sem verið hafa í lögum og annað telst til nýmæla. Ég ætla ekki að ræða málið út frá neinum samanburði á slíkum þáttum, en ég vek athygli á því nefndakerfi sem er verið að innleiða samkvæmt frv. varðandi lyfjanefnd ríkisins og skipan hennar sem er með nokkuð óvenjuleg þar sem tiltekið er í 4. gr. að heilbr.- og trmrh. skuli skipa formann þeirrar nefndar en aðra nefndarmenn auk fimm varamanna skipar ráðherra í samráði við formann. Aðra nefndarmenn auk fimm varamanna skipar ráðherra í samráði við formann. Hér er sannarlega mjög óvenjulega á máli haldið að því er varðar þessa nefndarskipan.

Fleiri nefndir er hér að finna, sem eiga að starfa undir þessu kerfi, m.a. svonefnd lyfjagreiðslunefnd sem kveðið er á um í 40. gr. frv. og á að ákvarða hámarksverð á greiðsluskyldu á lyfseðilsskyldum lyfjum og dýralyfjum. Þar eru fimm menn skipaðir til fjögurra ára í senn og ráðherra skipar formann. Skipan þessarar nefndar er með réttu gagnrýnd mjög harðlega af Alþýðusambandi Íslands sem segir svo í umsögn sinni um þetta mál, með leyfi forseta:

„Í frv. er lagt til að skilið verði á milli annars vegar skráningarskyldu lyfja og hins vegar greiðsluskyldu almannatrygginga. Það er algjörlega óásættanlegt að ákvörðun um umfang svo veigamikils þáttar í velferðarkerfi okkar sem almannatryggingalöggjöfin er sé í reynd sett í hendurnar á einhverri fimm manna nefnd. Þessu mótmælir miðstjórn ASÍ harðlega og ítrekar þá afstöðu sína að þetta ákvæði verði fellt út úr frv."

Ég hef ekki séð þess merki að það sé gert ráð fyrir breytingu að því er varðar að slík nefnd skuli starfa en brtt. liggur fyrir frá meiri hluta nefndarinnar varðandi 40. gr. og þar er ítrekað að lyfjaverðsnefnd ákvarðar hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum í heildsölu og smásölu. Það hefur því ekki verið orðið við þessari eindregnu kröfu Alþýðusambandsins að því er þetta mál varðar sérstaklega.

Það er hægt að finna margt sérkennilegt í frv., virðulegur forseti, efnislega og hvað snertir framsetningu og orðfæri. Ég hef rekist hér á hugtak sem kann að vera að hafi verið í fyrri lögum, ég hef ekki kannað það sérstaklega, og finna má í 10. og 14. gr. frv. þar sem talað er um frábendingar. Þetta er orð sem mér er ekki sérstaklega munntamt og ég skal nefna það í hvaða samhengi það er fram sett í 10. gr. „Að fengnum tillögum Lyfjanefndar ríkisins gefur heilbr.- og trmrn. út skrá, Sérlyfjaskrá, er greinir skráð sérlyf eftir lyfjaflokkum eða á annan hliðstæðan hátt. Í skránni skal m.a. greina frá ábendingum, frábendingum, skammtastærðum, helstu aukaverkunum og hámarksverði lyfja sbr. 40. gr."

Virðulegur forseti. Ég hefði haft hug á því að heyra í hæstv. heilbr.- og trmrh. þó ekki væri nema um þetta efni, en ég hef ekki orðið var við að hæstv. ráðherra heiðraði okkur með nærveru sinni né heldur formaður heilbr.- og trn. Ég spyr forseta hvar þá ágætu menn er að finna, hæstv. ráðherra og formann nefndarinnar.

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti mun gera ráðstafanir til þess að gera hæstv. heilbrrh. og hv. formanni heilbr.- og trn. viðvart, en ætlunin er að fljótlega verði gert matarhlé til klukkan hálfníu þannig að forseti getur ekki sagt til um það á þessari stundu hvort þessir mætu heiðursmenn, hæstv. ráðherra og hv. formaður nefndarinnar, verða komnir fyrir þann tíma.)

Virðulegur forseti. Eru ekki nefndir þingmenn í húsinu?

(**Forseti** (PJ)**:** Það verður athugað.)

Þetta hugtak, frábending, er einnig að finna í 14. gr. frv. þar sem sagt er varðandi lyfjaauglýsingar: „Í lyfjaauglýsingum skal tilgreina nafn framleiðanda, heiti lyfs, virkra efna, helstu ábendingar og frábendingar er varða notkun hlutaðeigandi lyfja ..." Þetta hugtak gengur því fram í fleiri greinum frv.

16. gr. frv. kveður á um auglýsingarnar og ég vil leyfa mér að vitna beint til efnisgreinarinnar, virðulegi forseti. Þar stendur:

„Heimilt er að kynna og auglýsa lausasölulyf (þ.e. lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld) fyrir almenningi. Auglýsingar um lausasölulyf skulu vera í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins sem nánar er getið í reglugerð.

Lyfjabúðum er heimilt að auglýsa og kynna þjónustu sína, svo sem heimsendingaþjónustu, verð lausasölulyfja og almenn afsláttarkjör.

Upplýsingar í auglýsingum skulu ætíð vera greinilegar og auðlæsar og í samræmi við það sem greinir í

lyfjaskrám, reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, svo og önnur fyrirmæli er að þessu lúta."

Hér sjá menn með hvaða hætti er búið að þessum þætti í frv. að því er varðar auglýsingu lyfja. Það er sem sagt heimilt að kynna og auglýsa lausasölulyf fyrir almenningi, ótvírætt og auðvitað á um það að fylgja reglum og tilskipunum Evrópusambandsins eins og þær birtast okkur gegnum útfærslu markaðar þess innan Evrópska efnahagssvæðisins og reglugerð sem um það gildir.

Svo er einnig fjallað um verslunarþjónustu sem á að tengjast þessari lyfjadreifingu, þ.e. heimsendingarþjónustu sem heimilt er að auglýsa samkvæmt frv. því að það á að auðvelda mönnum aðgang að lausasölulyfjum. Það er greinilegt eitt meginmarkmið og í nál. minni hluta nefndarinnar er sérstaklega vikið að hugsanlegri póstþjónustu með lyf og til hvers slík þjónusta kunni að leiða því að ekkert er það sem séð verður sem útilokar að dreifing á lyfjum fari fram með slíkum hætti.

Hér er lagt út á afar háskalega braut, virðulegur forseti, að því er snertir lausasölulyf. Við vitum lítið um það á Alþingi hvers konar varningur það er í rauninni sem flokkast mun undir þessu heiti. En svo mikið er víst að framboð á lyfjum verður aukið stórfellt samkvæmt frv. og reglum hins Evrópska efnahagssvæðis, því að það gildir það sama og um áfengið að þar verður að hafa allt á boðstólum. Þar má ekki útiloka neitt. Þar verða menn að sjá til þess að allur varningur sem framleiddur er á svæðinu geti verið í boði eða verslað sé með hann. Það er því alveg ljóst að umfang og magn lyfja mun aukast stórkostlega vegna þessa frv. og vegna ákvæða hins Evrópska efnahagssvæðis sem meiri hluti heilbr.- og trn. leggur til að verði lögleitt að tillögu hæstv. heilbrrh.

Ég vil spyrja virðulegan forseta hvað dvelji hæstv. ráðherra og formann heilbrrh. Er það virkilega svo, hæstv. forseti, að hvorki ráðherra málsins né formaður nefndarinnar séu í þinghúsi við þessa umræðu?

(**Forseti** (PJ)**:** Forseti hefur fengið upplýsingar um það að hvorki hæstv. heilbr.- og trmrh. né hv. formaður heilbr.- og trn. séu í húsinu. Vegna athugasemda hv. ræðumanns vill forseti bjóða upp á það að fresta umræðunni þangað til eftir matarhlé ef það hentaði hv. 4. þm. Austurl. Hygg ég þá að hæstv. ráðherra og hv. formaður nefndar verði viðstaddir.)

Virðulegur forseti. Ég geri ráð fyrir því að hæstv. forseti taki undir með mér að það séu ekki viðunandi skilyrði til að ræða mál hér að forráðamenn málsins, alveg sérstaklega formaður nefndarinnar, skuli ekki vera viðstaddir umræðu um málið. Það tel ég satt að segja þannig að forseti ætti í rauninni ekki að hafa stofnað til umræðunnar að þeim fjarverandi, sérstaklega formanni meiri hluta nefndarinnar því að slíkt er í rauninni hrein vanvirða við okkur þingmenn sem erum að ræða málin.

Ég vænti þess að forseti sjái til þess að á framhaldi fundarins síðar á þessum sólarhring verði það tryggt að úr þessu verði bætt. Ég læt máli mínu lokið og met það hvort ég tek aftur til máls síðar við umræðuna að þeim viðstöddum.

[Fundarhlé. — 18:08]

[20:34]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það frv. til lyfjalaga sem er hér til 2. umr. hefur fengið nokkuð rækilega umfjöllun í dag. Meiri hluti hv. heilbr.- og trn. hefur skýrt sín sjónarmið er snúa að þessu máli og það hefur hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir gert fyrir hönd minni hlutans. Ég ætla því ekki að fara sérstaklega í nál. minni hlutans heldur ætla ég fyrst og fremst að ræða um þær afleiðingar sem ég tel að þetta frv., sem á að fara að lögfesta, muni hafa fyrir lyfjaneytendur, lyfsöluna í landinu og lyfjadreifinguna og hvaða áhrif það muni hafa á það meginmarkmið er menn settu sér þegar þeir lögðu þetta frv. fram, að það gæti sparað stórkostlega útgjöld ríkisins. Ég ætla annars vegar að fjalla um þessa hluti og afleiðingar frv. og hins vegar í síðari hluta ræðu minnar að minnast örlítið á það hvaða leiðir ég tel rétt að fara, og það eru aðrar leiðir en hér eru valdar, til þess að tryggja lyfsölu og lyfjadreifingu í landinu, tryggja rétt neytenda og sparnað ríkisins.

Afleiðingarnar af þessu frv. munu að mínu viti verða þessar:

1. Þrátt fyrir að um það sé getið í 1. gr. frv. að lyfsalan og lyfjadreifingin í landinu sé hluti af heilbrigðisþjónustunni er ekkert í frv. sem gerir ráð fyrir því að ríkisvaldið sinni á einn eða neinn hátt þeirri skyldu sinni gagnvart þegnunum að vera hluti af heilbrigðisþjónustunni heldur eru öll sjónarmið og allur andi þessa frv. á þá leið að þar er um „púra bisness" að ræða.

2. Þetta frv. mun leiða til þess að lyfjaverð mun verða mjög mismunandi eftir því hvar menn búa í landinu.

3. Frv. mun auka notkun lyfja og þar af leiðandi þá skaðsemi sem af aukinni lyfjanotkun getur hlotist.

4. Lyfjaútgjöldin munu hugsanlega aukast. Það a.m.k. liggur ekkert fyrir og þeirri spurningu hefur hvorki verið svarað við 1. umr., í starfi nefndarinnar né nú við 2. umr. að eitthvað liggi fyrir um að lyfjaútgjöldin muni dragast saman.

5. Lyfjaverslunin mun flytjast af landsbyggðinni yfir til Reykjavíkur.

6. Eins og málið er vaxið er allt útlit fyrir að álögur á sjúklinga muni stórlega aukast.

Það sem kannski er þó alvarlegast af öllu því er þetta mál varðar eftir þá rækilegu umfjöllun sem það er búið að fá, eftir þau miklu átök sem hafa orðið í stjórnarflokkunum um málið, þá hefur ríkisstjórnin náð saman um eitt og það er um að fá málið lögfest á Alþingi en ætla ekki að bera ábyrgð á framkvæmd málsins. Það gerir ríkisstjórnin með því að nú þegar verði EES-hluti frv. samþykktur og taki gildi en öðrum þáttum málsins, öllu er snýr að lyfsölu og lyfjadreifingu í landinu, lyfjaeftirliti og öðru slíku sem skiptir neytendurna gríðarlega miklu máli, á að fresta a.m.k. þar til þessi ríkisstjórn er farin frá. Og þeir sem munu bera

ábyrgð á lögfestingu málsins á Alþingi treysta sér síðan ekki til þess að bera ábyrgð á framkvæmdinni, ekki einu sinni vera við stjórnartaumana þegar þessir hlutar málsins og þeir alvarlegustu munu taka gildi.

Það eru hins vegar hlutir í þessu frv. sem ég geri mér fullkomlega grein fyrir að nauðsynlegt er að lögfesta eins og það er snýr að samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði. Það eru þeir skilmálar sem við höfum þar undirgengist og hefði að mínu viti verið skynsamlegt að lögfesta nú þann hluta en hafa síðan — og það var boðið upp á í hv. heilbr.- og trn. til samkomulags í þessu máli — gildistökuákvæðið enn þá síðar á öðrum hlutum málsins en EES-hlutanum og skipa nefnd af hálfu hæstv. heilbr.- og trmrh. til að fylgjast með því hver áhrifin yrðu af þeim þætti er nauðsynlega þarf að lögfesta, þ.e. EES-hlutanum, á lyfsölu- og lyfjadreifingarkerfið í landinu og taka síðan í framhaldi af því ákvörðun, hugsanlega með lagabreytingum á Alþingi eða reglugerðarbreytingum sem hæstv. ráðherra gæti beitt sér fyrir eða hver sá ráðherra sem að málinu kemur síðar meir. Fyrst og fremst yrði þetta gert til þess að menn vissu nákvæmlega hvaða skref menn væru að stíga en ekki að henda þessu öllu yfir með skömmum fyrirvara. Þrátt fyrir að málið sé búið að vera lengi í umfjöllun bæði á þingi og milli stjórnarflokkanna þá held ég að gleggsta merkið um það hversu illa undirbúið málið var sé allur sá gríðarlegi fjöldi brtt. sem meiri hluti hv. heilbr.- og trn. leggur til.

Minni hluti hv. heilbr.- og trn. á að vissu leyti nokkurn þátt í ýmsum þeim brtt. er fram koma í áliti meiri hlutans. Aftur á móti er það útilokað fyrir minni hlutann að standa að slíkum brtt. vegna þess að það er ekki nóg að taka út einstaka þætti og breyta, halda öðrum þáttum föstum og gera þannig í raun og veru engar breytingar á eðli málsins í heild þannig að það gangi alls ekki upp í framkvæmdinni.

Ég taldi hér upp sjö meginástæður og þær alvarlegu afleiðingar sem þetta frv. gæti haft verði það lögfest frá þinginu. Auðvitað er hægt að segja: Þetta eru fullyrðingar sem ekkert stendur að baki og ekkert annað en stóryrði og gífuryrði. Því vil ég við þessa umræðu færa rök fyrir öllum þeim fullyrðingum sem ég hafði hér í frammi. Þá kem ég fyrst að því að ég hélt því fram að með frv. og væri verið að stíga það skref í fyrsta skipti að menn væru að taka þá ákvörðun að lyfsölu- og lyfjadreifingarkerfið í landinu skyldi ekki vera hluti af heilbrigðiskerfinu heldur „bisness". Í 1. gr. I. kafla frv. um markmið og yfirstjórn segir svo, með leyfi forseta:

„Við verslun með lyf skal það ætíð haft til hliðsjónar að lyfjadreifing er hluti heilbrigðisþjónustu og starfsmenn við dreifinguna skulu vinna með öðrum aðilum í heilbrigðisþjónustu að opinberum heilbrigðismarkmiðum hverju sinni."

Hér er í sjálfu sér um gott markmið að ræða og ef allt frv. og öll ákvæði frv. væru í samræmi við það sem hér er sett fram væru engin vandkvæði á því að styðja málið. En í 1. gr. frv. er um hrein öfugmæli að ræða. Frv. gerir ráð fyrir því að stórauka samkeppnina milli lyfsala, aukin samkeppni mun í þessu tilfelli á ófullkomnum markaði ekki leiða til verðlækkunar. Hún mun sennilega leiða til verðhækkunar þó svo ég geri mér grein fyrir því að ekki er hægt að fullyrða slíkt og það muni framtíðin verða að leiða í ljós.

Frv. gerir ráð fyrir því að lyfsalar geti farið út í að auglýsa. Auglýsingarnar munu verða til þess að menn reyna að auka veltuna í hverju apóteki. Ef fullyrðingar hæstv. heilbrrh. gengju eftir, sem eru andstæðar mínum, að frv. ætti að lækka lyfjaverðið og á sama tíma eigi að vera hægt að auka veltu apótekanna þá hlýtur það að leiða til þess að menn þurfa að selja meira. Aukin lyfjanotkun mundi því í þessu tilfelli verða niðurstaðan af samkeppninni.

Það er því miður svo að þetta frv. er, eins og ég hef áður sagt, ekkert í átt við þau heilbrigðismarkmið sem menn hafa sett sér heldur fyrst og fremst til að auka viðskipti lyfsala sem margir hverjir hafa verið taldir búa við sæmileg kjör fram undir þetta. Samkeppnin getur í sjálfu sér verið góð en samkeppni á ófullkomnum markaði, eins og ég held að hæstv. heilbr.- og trmrh. gerir sér fulla grein fyrir, mun leiða til þess að verð mun að öllum líkindum hækka. Það mun verða skaðlegt fyrir neytendur og í mörgum tilfellum munu menn bíða heilsutjón með aukinni lyfjanotkun.

Í mörgum umsögnum sem um þetta mál bárust hv. heilbr.- og trn., hvort sem það er frá þeim aðilum er beinna hagsmuna hafa að gæta sem eru heildsalar, lyfsalar, heilbrigðisstéttirnar eða öðrum er að þessu máli hafa komið, er varað við því að auglýsingar og hugmyndir um að reyna að auka veltu apótekanna geti leitt til ófarnaðar og umsagnaraðilar benda á að það sé mjög mikill munur á því, eins og áður hefur komið fram við þessa umræðu, hvort menn eru að selja lyf eða hvort menn eru að selja mjólk eða einhverja munaðarvöru.

Í umsögn frá Apótekarafélagi Íslands segir svo á einum stað: „Ef lyf verða seld inni í stórmörkuðum sem selja matvörur, sem reyndar þekkist ekki í neinu nágrannalanda okkar í Evrópu, þýðir það að tilfinning almennings fyrir því hvað er lyf og hvað er matvara muni með tímanum slævast. Þar með er boðið heim þeirri hættu að menn fari að líta á lyf sem eins konar matvöru og að eiturlyfjavandinn muni aukast."

Nú geri ég mér grein fyrir því að þetta álit láta þeir í ljós sem mikilla hagsmuna hafa að gæta varðandi það að halda óbreyttu fyrirkomulagi. Ég tel hins vegar að full ástæða sé til að taka mark á þeim mönnum sem í fyrsta lagi hafa menntað sig á þessu sviði og í öðru lagi hafa áratuga reynslu af því að höndla með þessa hluti. Auðvitað er hægt að segja sem svo: Þessum mönnum tökum við ekkert mark á vegna þess að hagsmunirnir eru svo miklir. En ég vil trúa því að menn séu að vara við þessum hlutum af fullri ábyrgð af því að þeir sjá ekki bara út frá eigin hagsmunum hvað muni gerast heldur út frá hagsmunum heildarinnar.

Í ágætu bréfi sem við fengum frá Vigfúsi Guðmundssyni apótekara, eins og hann titlar sig sjálfur, á Húsavík, leggur hann fyrir nefndina, og ég þykist vera viss um að hann hafi lagt það einnig fyrir marga hv.

alþm., margar mjög mikilvægar spurningar sem allar snúa að þeim afleiðingum sem þetta frv. muni hafa. Ég held það væri mikilvægt fyrir hvern og einn sem að þessu máli ætlar að standa að spyrja sig einnig þeirra spurninga sem koma fram í áðurnefndu bréfi. Ég vil vitna til þriggja. Í fyrsta lagi segir í bréfinu:

„Veist þú að í birgðum apóteka eru mest misnotuðu efnin í dag, þ.e. amfetamín og vefaukandi sterar?"

Getur það verið svo, hæstv. ráðherra, að með þessu frv. séum við að auka aðgang unglinga að þessum efnum með því að færa þessa hluti, þó við gerum það á ákveðna staði, inn í matvöruverslanirnar?

Í öðru lagi er spurt í þessu bréfi:

„Getur þú" — og þá er átt við hv. alþm. — „sætt þig við að hvatt sé til aukinnar lyfjaneyslu með auglýsingum í fjölmiðlum?"

Ég svara þessari spurningu auðvitað bara fyrir mig og henni er auðsvarað: Mér þykir erfitt að standa að slíkum hlutum og alveg útilokað. En hæstv. ráðherra hlýtur í þessu sambandi einnig að hafa gert upp sinn hug.

Í þriðja lagi er spurt:

„Veistu að ofnotkun ýmissa lausasölulyfja getur valdið alvarlegum sjúkdómum?"

Það vissi ég ekki og í framhaldi af því hlýtur maður að spyrja sig hvers vegna, ef sú staðreynd liggur fyrir, ekki bara hjá núv. hæstv. heilbrrh. heldur mörgum fyrrv. heilbrrh. og sjálfsagt langt aftur í tímann, hefur sífellt verið farin sú leið að fjölga þeim lyfjum sem flokkast undir lausasölulyf? Lyfjaeftirlit ríkisins á að hafa eftirlit og vera umsagnaraðili um þau lyf er heimilað er að gera að lausasölulyfjum. Nú liggja þær upplýsingar fyrir að mörg þessara lyfja geti leitt til alvarlegra sjúkdóma. Það má eiginlega segja að það sé opið fyrir hvern og einn í dag að versla með þessi lyf eða geta keypt þessi lyf án þess að hafa til þess lyfseðil.

Það eru margar fleiri samviskuspurningar í þessu ágæta bréfi Vigfúsar Guðmundssonar. Ég ætla að láta hér staðar numið með að vitna í það en ég held að það væri mikilvægt fyrir alla þá er þátt taka í afgreiðslu þessa máls að gera upp við sig hvernig þeir svara þessum spurningum sjálfir áður en þeir greiða atkvæði við 2. umr. málsins.

Þá kem ég að öðrum lið í þeim fullyrðingum er ég var með hér í upphafi þar sem ég held því fram að lyfjaverð verði mismunandi eftir því hvar í landinu menn búa. Í 39. gr. frv. segir, með leyfi forseta:

„Verðlagning lyfja, sem seld eru án lyfseðils, er frjáls."

Við 40. gr. frv. hafa verið gerðar ítarlegar breytingar, sem ég tek undir að allar eru af hinu góða og eru bornar fram af meiri hluta hv. heilbr.- og trn., en eftir sem áður stendur það í 40. gr. að lyfjaverðsnefnd, sem í frv. heitir lyfjagreiðslunefnd og heitir í núgildandi lögum lyfjaverðlagsnefnd en hefur nú fengið í brtt. meiri hlutans nafnið lyfjaverðsnefnd, á að ákveða hámarksverð lyfja. Ef hæstv. heilbr.- og trmrh. er alvara í því að ætla að spara verulega fjármuni með þessu frv. þá er raunverulega ekkert annað sem hægt er að gera en að knýja á við þessa nýju lyfjaverðsnefnd að hámarksverðið sé lækkað verulega til þess að menn nái sparnaði.

Reykjavíkurapótekin og lyfsalar í Reykjavík og á alstærstu stöðum víða um landið munu þola verulega verðlækkun, þ.e. verulega lækkun á álagningu og ég kem inn á það síðar í ræðu minni. Aftur á móti er það alveg klárt að litlu apótekin úti um allt land munu ekki þola lækkun á álagningu.

Ég hef sannfærst um það að hvert einasta prósentubrot sem álagningin í lyfsölunni, smásölunni, heildsölunni, verði lækkuð mun þýða það að minnstu apótekin vítt og breitt um landið missa fótanna í þessari baráttu og mörg hver fara á hausinn og þannig mun lyfsala þurrkast út á viðkomandi stöðum. Þess vegna er ekkert annað að gera fyrir þær lyfjaverslanir til þess að vega upp á móti lægra hámarksverði, sem ég gef mér að þessi lyfjaverðsnefnd muni setja, en að hækka verð á lausasölulyfjum enda er gert ráð fyrir því að það sé frjálst. Um leið og menn hafa tekið þá ákvörðun á hverjum stað að hækka verðið á lausasölulyfjunum úti á landi þá er svo komið að lyfjaverðið er mismunandi í landinu. Af því að nú er í forsetastóli hv. 1. þm. Vesturl. þá má ég til með að taka dæmi frá Stykkishólmi vegna þess að ég tel það vera að mörgu leyti alveg lýsandi fyrir það sem muni gerast. Stykkishólmur er staður úti á landsbyggðinni þar sem lyfsala stendur mjög höllum fæti. Það mega litlar breytingar verða á þeim stað svo ekki fari illa. Velta þeirrar lyfjaverslunar er svo lítil, auglýsingarnar, hvatningin til þess að kaupa meira af lyfjum sem lyfsalarnir munu verða að fara fram með núna mun ekki leiða til þess að á þessum stað verði um mjög mikla aukningu á veltu að ræða þannig að afkoman verði betri. Því mun það gerast á þessum stað að til þess að hægt sé að reka lyfjaverslunina áfram þá mun hámarksverðið verða ráðandi verð á þeim lyfjum er lyfseðilskyld eru en frjálsa verðlagningin mun gilda um lausasölulyfin þannig að þau munu fara upp úr öllu valdi. Nú spyr ég hv. þm. Vesturlands alla með tölu: Finnst mönnum það vera viðunandi staða að lyfjaverð á Vesturlandi sé miklu hærra og allt annað heldur en í Reykjavík? Ef menn geta sætt sig við það og þá segi ég að um leið eru menn að taka þá ákvörðun að lyfsalan og lyfjadreifingin í landinu séu ekki hluti af heilbrigðisþjónustunni, þá styðja menn auðvitað þetta frv. En ef menn ætla að berjast gegn því þá greiða menn atkvæði gegn frv.

Þessi lækkun á lyfseðilsskyldu lyfjunum, sem munu verða með nýju hámarksverði, mun ekki skila sér í bættum hag ríkissjóðs í Reykjavík eða á alstærstu stöðunum þar sem afkoma lyfjaverslunarinnar er góð. Hún mun hins vegar skila sér til ríkissjóðs á þeim stöðum þar sem afkoma lyfjaverslunarinnar er léleg. Þetta finnst mönnum kannski hljóma dálítið einkennilega en fyrir þessu skal ég færa rök.

Rökin eru þau að á þeim stöðum þar sem lítil velta er mun hámarksverðið gilda. En hámarksverðið mun að öllum líkindum líka verða viðmiðunarverðið í lyfjaverslununum í Reykjavík. En samkeppnin sem myndast milli lyfjaverslana í Reykjavík mun koma fram í

því að lyfsalarnir bjóða einstaklingum afslátt af sinni hlutdeild í lyfjaverðinu. Ríkissjóður, eða Tryggingastofnun, mun því eftir sem áður þurfa að greiða hámarksverð á lyfjum, það sama um allt land, en einstaklingarnir í Reykjavík, sem eiga samkvæmt þeirri reglugerð sem nú er í gildi um greiðsluþátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði að greiða 32% af lyfjakostnaðinum, munu greiða minna vegna þess að afslátturinn mun fyrst og fremst koma fram hjá þeim en ekki í minni útgjöldum ríkissjóðs.

Þetta mun hafa tvöföld áhrif. Í fyrsta lagi mun þetta leiða til þess að lausasölulyfin kosta meira úti um land. Þar munu einstaklingarnir ekki fá afsláttinn vegna þess að apótekararnir geta ekki boðið upp á það og þar af leiðandi munu lausasölulyfin verða ódýrari í Reykjavík og afslátturinn koma fram í Reykjavík en ekki úti um land. Þarna er því um gríðarlega hagsmuni að ræða og mér þykir það alveg stórfurðulegt að ef það er svo að Sjálfstfl., sem hefur talið sig vera málsvara fólksins á landsbyggðinni að einhverjum hluta til, ætlar að standa að því að afgreiða þetta mál frá Alþingi. Það ætla þeir eftir því sem maður veit best þar sem hér er um stjórnarfrumvarp að ræða. Það er því ábyrgðarhluti að ætla að komast þannig frá málinu að láta aðra aðila, þegar þessi ríkisstjórn er farin frá, bera ábyrgð á framkvæmdinni.

Ég trúi því reyndar ekki fyrr en ég tek á að það verði niðurstaðan að Sjálfstfl. greiði þessu máli atkvæði. Það kemur mér hins vegar ekkert á óvart þó að Alþfl. ætli að gera það og mig langar til að vitna í leiðara í Alþýðublaðinu sem birtist sl. vetur. Það væri fróðlegt að vita hvort þau sjónarmið sem þar eru sett fram um lyfjamál og heilbrigðismál almennt séu þau sjónarmið er þessi ríkisstjórn berst fyrir og nýtur stuðnings Sjálfstfl. Í leiðaranum segir svo, með leyfi forseta:

„Það er talsvert stór hópur hér á landi sem á ekki greiðan og öruggan aðgang að ýmiss konar þjónustu. Fyrir utan sveitir landsins hafa fámennir staðir oft þurft að búa við það að þar séu veður válynd. Getur reynst nánast ómögulegt að nálgast lækni eða aðra þjónustu. Þetta er eðlilegur hlutur og ekki á færi nokkurs manns eða þjóðarinnar að geta tryggt öllum það öryggi að hafa lækni og ýmsa aðra þjónustu innan seilingar við öll hugsanleg skilyrði. Slík skilyrði eiga ekki síður við t.d. sjómenn á hafi úti en fólk sem býr afskekkt á landi. Hins vegar er hægt að leysa málin í langflestum tilfellum þegar mikið liggur við."

Þetta er í raun og veru andinn í því frv. sem hér er á ferðinni. Og af því að hv. formaður heilbr.- og trn. er staddur í salnum einmitt á þessu augnabliki þá þætti mér einnig mjög fróðlegt að vita hvort hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson tekur undir þau sjónarmið sem koma fram í leiðara Alþýðublaðsins. Það trúi ég að hann geri vegna þess að það verður ekki sagt um þann ágæta hv. þm. að hann hafi ekki barist fyrir því með oddi og egg og miklum dugnaði að ná þessu máli út úr hv. heilbr.- og trn. þrátt fyrir viðvaranir. Það ber þó að virða við þingmanninn að hann áttaði sig á því að eins og frv. lá fyrir eftir 1. umr. var það óframkvæmanlegt og af þeirri ástæðu átti hann að mörgu leyti, og ég vil í sjálfu sér þakka fyrir það, mjög gott samstarf við stjórnarandstöðuna um það að gera ýmsar mikilvægar breytingar á málinu, breytingar sem ég segi og hef áður sagt að eru allar til bóta en eru þess eðlis að þær einar og sér er ekki hægt að taka út og lögfesta án þess að líta á málið í heild sinni. Og af því að menn gera það ekki og neituðu samkomulagi við stjórnarandstöðuna um hugsanlega samvinnu um málið í lok þingsins þá er það sá andi sem svífur yfir vötnunum, sá andi sem er í þessum leiðara Alþýðublaðsins og ég þykist vera sannfærður um að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson tekur undir.

Áður en ég lýk við þennan þátt í þeim fullyrðingum sem ég hafði í frammi í upphafi um þær hrikalegu afleiðingar sem þetta frv. mundi hafa, þá má ég til með að vitna í umsögn Læknafélags Íslands sem að mörgu leyti var með vinsamlegri umsögnum er nefndinni bárust um frv. Ég er sannfærður um það enn að það var af þeirri ástæðu að menn höfðu ekki áttað sig á eðli málsins. Í þeirri umsögn segir svo, með leyfi forseta:

„Í heild má segja að helstu gallar frv. snúi að lyfjaþjónustu í dreifbýli þar sem hvorki er gætt nægilega að öryggi í lyfjadreifingu né birgðahaldi, auk þess sem gera má ráð fyrir að þjónusta í lyfjadreifingu versni frá því sem nú er. Frv. virðist bera þess merki að þeir sem það hafa samið þekki ekki nægilega vel til aðstæðna í dreifbýli og hafi fyrst og fremst haft í huga markaðslögmál sem í þessu tilviki eiga þó aðeins við í þéttbýli. Þá er einnig áberandi að mjög er dreginn taumur lyfjafræðinga í frv. þessu."

Þetta er náttúrlega mjög harður dómur hjá stjórn Læknafélags Íslands, ekki bara yfir þeim sem frv. sömdu. Nú getur það verið svo að frumvarpssmiðir í þessu tilfelli þekki ekki til aðstæðna víða um land og við því er ekkert að segja, en eftir stendur að þetta frv. er búið að fá mjög rækilega umfjöllun í báðum stjórnarflokkunum. Og það er athyglisvert að Læknafélagið heldur því fram, en auðvitað verður að draga þá ályktun af bréfinu, að þeir sem fjölluðu um málið í stjórnarflokkunum hafi ekki nægjanlega þekkingu á aðstæðum í dreifbýli og hafi fyrst og fremst haft í huga markaðslögmál. Þetta er mjög alvarlegur dómur yfir þingmönnum stjórnarflokkanna sem koma af landsbyggðinni og eiga best að þekkja til á þeim stöðum.

Þá kem ég að þriðju af sjö fullyrðingum sem ég hafði hér uppi um afleiðingar þessa frv. Sú fullyrðing snýr að því að notkun lyfja muni aukast gangi þetta frv. eftir. Ég ætla ekki að eyða mjög mörgum orðum að þessum þætti því það er svo rækilega skýrt í áliti minni hlutans til hversu alvarlegra afleiðinga að þetta frv. geti leitt og ég gerði reyndar í örfáum orðum grein fyrir áðan. En í 16. gr. frv. er það alveg ljóst þar sem segir, með leyfi forseta:

„Heimilt er að kynna og auglýsa lausasölulyf (þ.e. lyf sem ekki eru lyfseðilsskyld) fyrir almenningi."

Hér er náttúrlega um ekkert annað að ræða heldur en gríðarlegan söluhvata og það mun leiða til aukinnar lyfjanotkunar.

Ég held að hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjörg Pálma-

dóttir, hafi gert mjög rækilega grein fyrir því í áliti minni hlutans að fjölgun lyfjabúða á stærstu stöðum eins og í Reykjavík og nágrenni mun náttúrlega kosta gríðarlega fjárfestingu þannig að lyfjaverðið mun ekki nást niður. En fjölgun lyfjabúða mun auka aðgengi einstaklinga að lyfjum og ég tala nú ekki um ef það gengur eftir, sem fram kemur í umsögn Apótekarafélagsins, þeirra fagmanna, að dómgreind einstaklinganna geti orðið svo slævð að menn geri alls ekki greinarmun á því þegar þeir koma inn í matvöruverslun hvort þeir eru hreint og beint að kaupa gríðarlega áhættusöm lyf eða bara að versla munaðarvöru. Auðvitað vona ég nú að svo illa takist ekki til en það er alveg ljóst að lyfjanotkun mun aukast. Ég gæti hér, hæstv. forseti, vitnað í allar þær umsagnir er til nefndarinnar bárust. Það ætla ég ekki að gera en þær tilvitnanir yrðu allar á einn veg. Þær gera allar ráð fyrir því að lyfjanotkun muni stóraukast.

Nú er það svo að lyfjanotkun á Íslandi er nefnilega alls ekki mikil. Hér eru upplýsingar, sem ég hef undir höndum og bárust hv. heilbr.- og trn. og voru þar til umfjöllunar. Við samanburð á lyfjasölu á Norðurlöndum þar sem tekin eru öll helstu algengustu lyf, róandi lyf og geðlyf, háþrýstings- og hjartalyf, verkalyf, sýkla- og súlfalyf, maga- og þarmalyf og sykursýkislyf, kemur í ljós að lyfjanotkun í Svíþjóð og Danmörku er langmest eða um 520 dagskammtar á hverja þúsund íbúa. Á Íslandi og í Finnlandi er þetta 100 dagskömmtum færra og síðan er lyfjanotkunin minnst, rétt rúmlega 400 dagskammtar á þúsund íbúa, í Noregi. Þetta eru glögg merki þess að það öryggiskerfi sem við búum við — nú vil ég alls ekki halda verndarhendi yfir núverandi skipulagi lyfsölumála og lyfjadreifingar í landinu en ég bendi á að þetta sannfærir mann um það að menn hafa út frá góðum og sterkum öryggiskröfum náð þeim árangri í lyfjanotkun að hún er með því lægsta á Norðurlöndum og hygg ég, ef menn víkkuðu aðeins út sviðið, þá væri hún einnig með því lægsta í Evrópu.

Fjórða fullyrðingin var um að lyfjaútgjöldin mundu aukast. Ég er sannfærður um að það muni gerast. Það hefur komið fram hjá mjög mörgum fulltrúum er mætt hafa til fundar við hv. heilbr.- og trn. að þeir telji að allar líkur séu á því að það muni gerast. Bara það atriði að auka aðgengið, auglýsingarnar og hvatning til aukinnar notkunar á lyfjum mun leiða til aukinna útgjalda. Að því leyti til held ég að það liggi nokkuð ljóst fyrir að svo muni fara. En staðreyndin er sú að gagnstætt því sem er í lyfjanotkuninni þá erum við með hæsta lyfjaverð á öllum Norðurlöndunum. Ef við berum það saman þá er heildsöluverð á hvern dagskammt í dollurum 5,5 dollarar í Svíþjóð, 5,20 dollarar í Danmörku, í Finnlandi rétt rúmlega 5 dollarar, á Íslandi 6,5 dollarar og í Noregi rétt um 6 dollarar. Það sem hefur valdið þó ekki hærri útgjöldum ríkisins en þetta, sem þó eru allt of mikil, er fyrst og fremst það að hér er minni lyfjanotkun en hjá nágrannaþjóðunum en lyfjaverðið er miklu hærra. Það er þess vegna sá þáttur málsins sem menn ættu að einbeita sér að en ekki að grípa til svo róttækra breytinga og hér eru lagðar til. Menn eiga að fara beint að rót vandans og skoða hverjar eru ástæðurnar fyrir því að lyfjaverðið er svo miklu hærra hér en annars staðar. Það þarf ekkert að leita og það þarf ekkert að skipa neitt óskaplega margar nefndir til þess, það hefur verið gert. Þær hafa allar komist að sömu niðurstöðu: Ástæðan fyrir háu lyfjaverði á Íslandi er innflutningsverðið. Og til þess að ná því niður eiga menn auðvitað að breyta þar. Það er nefnilega svo merkilegt með þetta frv. að það gerir ráð fyrir því að það skipulag allt sé óbreytt. (Gripið fram í.) Jú, hæstv. ráðherra, því miður er það svo. Það eru engar breytingar lagðar til aðrar en í verðinu. Þar er gert ráð fyrir mismunandi lyfjaverði á landinu. Menn eiga að fara beint í innflutningsverðið og skoða hvaða ástæður liggi þar að baki. Jú, það er augljóst. Við kaupum aðallega inn í gegnum eitt dýrasta land í Evrópu. Við kaupum meginhlutann af okkar lyfjum til landsins í gegnum Danmörku. Við erum með mjög lítinn markað og þessi litli markaður leiðir til þess að við náum ekki hagstæðum kjörum í viðskiptum til landsins. Ég kem örlítið að því síðar í ræðu minni. Þegar ég fjalla um hvaða breytingar eigi að gera á þessum hlutum þá mun ég skýra hvaða leiðir ég vildi fara í þeim efnum.

Þetta frv. gerir ráð fyrir — og það getur vel verið að hæstv. ráðherra eigi við það þegar hann talar um að það megi hugsanlega ná lægra innkaupsverð til landsins í gegnum samhliða innflutninginn. Ég neita því ekki að það getur gerst. Ég er þó sannfærður um að til þess að við náum árangri í lægra innkaupsverði til landsins í gegnum samhliða innflutning þá þurfum við að kaupa inn fyrir mjög stóran markað. Það opnar að það er hægt að versla hvar í heiminum sem er og það er af hinu góða. En við þurfum að versla fyrir mjög stóran markað til að ná verulegum árangri. Við erum hins vegar í þessu tilfelli að versla fyrir mjög lítinn markað, markað sem er svo lítill að hann skiptir í raun og veru lyfjaframleiðendur í heiminum engu máli og ég tala nú ekki um þegar tugir heildsala eru að versla á markaðinum og geta boðið einn magnýltöflukassa hér og annan þar. Undir slíkum kringumstæðum er auðvitað ekki hægt að ná neinum árangri og ná neinu verði niður vegna þess að menn eru að versla inn svo lítið. En það er á þessu sviði, hæstv. heilbrrh., sem menn hafa möguleika á því að spara. Staðreyndin er bara sú að það er þetta fyrir utan samhliða innflutninginn sem EES-hluti málsins knýr okkur til að fara út í. Það er bara þessi hluti, þ.e. samhliða innflutningurinn, sem við getum náð einhverjum árangri í sparnaði.

Frv. er að öðru leyti að leiða yfir okkur dýrasta lyfjasölukerfi sem þekkt er í Evrópu og um leið dýrasta lyfsölukerfi sem þekkt er í Asíu. Það er hugsa ég heimsmet ef mönnum hefur tekist það með þeim óskapnaði sem þetta frv. er að leiða yfir okkur tvö dýrustu lyfsölu- og lyfjadreifingarkerfi í tveimur heimsálfum. Rökin fyrir þessu eru þau að við erum að auka og opna fyrir samkeppnina eins og Þjóðverjarnir hafa gert. Það blandast engum hugur um það og þeir sem hafa ferðast um Þýskaland sjá að í hvaða stórborg eða smábæ sem menn koma er á hverju einasta götuhorni

lyfjaverslun við lyfjaverslun. Þar er samkeppnin til staðar á ófullkomnum markaði og til hvers hefur samkeppnin á ófullkomna markaði leitt? Jú, til þess að lyfjaverð er hæst í Þýskalandi af öllum stöðum í Evrópu.

Japanska kerfið sem er dýrasta kerfið í Asíu gerir ráð fyrir því að læknar hafi beinan fjárhagslegan ábata af því að ávísa á ákveðin lyf og ávísa á ákveðnar lyfjaverslanir. Nú vil ég ekki segja að við séum að taka þetta fyrirkomulag alveg *þráðbeint upp en við förum* örlítinn krók til að komast að nákvæmlega sömu niðurstöðu og því fyrirkomulagi sem nú er í Japan. Þetta frv. gerir ráð fyrir því að fjölskyldur sem standa að læknum og þeim er bein áhrif hafa og vilja taka þátt í „bisness" geti stofnað hlutafélag, orðið eigendur að lyfjaverslun og ráðið síðan til sín lyfjafræðing til að veita þessa þjónustu. Þegar þetta kerfi hefur allt saman verið byggt upp þá er sett við hliðina á lyfsölunni læknastofa þar sem hinn óbeini eigandi starfar og hver einasti lyfseðill sem gefin yrði út af þessari læknastofu yrði auðvitað leystur út í næstu dyrum, í apótekinu sem stendur við hliðina á læknastofunni.

Það er ekkert í þessu frv. sem gerir það að verkum að menn geti takmarkað þennan þátt málsins. Þess vegna á að ganga bara hreint til verks og heimila læknum að vissu marki á þeim stöðum þar sem neyðin kallar á að þeir ávísi á ákveðin lyf en hafi engan fjárhagslegan ábata af því með því að fela opinberum aðilum að sjá um framkvæmdina, t.d. stjórnum heilsugæslustöðva, til að tryggja þjónustuna. *Ég kem örlítið að því* hér á eftir. Það blasir ekkert annað við en að mönnum hafi tekist, verði þetta frv. að lögum, að leiða yfir okkur dýrasta lyfsölukerfi í Evrópu og einnig það dýrasta í Asíu og það hlýtur að vera heimsmet.

Fimmta fullyrðingin er bara, hv. þm., sú fimmta af sjö þannig að það er farið að líða vel á ræðu mína þannig að hv. þm. getur verið alveg rólegur þó svo að ég eigi allan síðari hluta ræðunnar eftir til að gera grein fyrir þeim tillögum og leiðum sem ég hefði viljað fara í þessum málum og ég mun taka örlítinn tíma til þess, hv. formaður heilbr.- og trn. Enda er við þessa umræðu beinlínis gert ráð fyrir að menn hafi rétt til að nýta sinn tíma til að tala og gera grein fyrir sinni afstöðu.

Ég segi og fullyrði að lyfjaverslun, gangi þessar breytingar eftir, muni að stærstum hluta til flytjast til Reykjavíkur. Og af því að í salnum eru nú bæði 1. og 2. þm. Vesturl. þá finnst mér gott að taka enn dæmi úr Stykkishólmi af þeirri ástæðu að lyfsalinn í Stykkishólmi kom á fund hv. heilbr.- og trn. og gerði glögga grein fyrir sinni afstöðu til þessa máls. Án þess að ég sé með það nákvæmlega orðrétt eftir þeirri ágætu konu sem þar mætti þá var hennar umsögn um þetta mál eitthvað á þessa leið: Frv. mun leiða til þess, verði það að lögum, að lyfsala mun leggjast af í Stykkishólmi. Ég mun auðvitað flytja til Reykjavíkur. Ég hef lagt mikið á mig við að halda uppi lyfsölu í Stykkishólmi á undanförnum árum, ég hef viljað vera þar en ég mun flytjast til Reykjavíkur og setja upp lyfjabúð einhvers staðar í miðbænum þar sem ég get tekið þátt í samkeppninni og á meiri möguleika á að afla mér meiri tekna en ég hef á þeim stað sem ég er nú.

Þetta var nokkurn veginn það sem lyfsalinn í Stykkishólmi hafði um þetta mál að segja.

Þá stendur eftir, ekki bara af því að lyfjafræðingurinn úr Stykkishólmi er farinn, ég held þó að Stykkishólmur sé að mörgu leyti betur í stakk búinn heldur en mörg svipuð sveitarfélög vítt og breitt um landið, ég tala nú ekki um sveitarfélög þar sem apótek eru miklu *verr stödd heldur en í Stykkishólmi*, að *menn munu* ekki sjá, ég tala nú ekki um líka á Austurlandi í kjördæmi hv. formanns heilbr.- og trn., sjálfstætt reknar lyfjaverslanir nái þetta frv. fram að ganga. Og þá skortir mikið á að menn geti staðið undir þeim væntingum sem fólkið á þessum stöðum hefur haft til þess að menn tryggi það að þetta sé einn hluti af þeirri þjónustu er snýr að heilbrigðismálum. Menn líta svo á að það sé hlutverk ríkisvaldsins að tryggja þann þátt. Landsbyggðin mun því að stórum hluta til, gangi frv. eftir, verða lyfjafræðinga- og lyfsalalaus.

Ég hélt því fram í upphafi míns máls að álögur á sjúklinga mundu einnig aukast gangi þetta frv. eftir. Frá því er Alþfl. tók við yfirstjórn heilbrigðis- og tryggingarmála 30. apríl 1991 má eiginlega segja að fundinn hafi verið upp nýr skattstofn. Og sá skattstofn snýr fyrst og fremst að sjúklingum. Nú er hæstv. heilbr.- og trmrh. farinn úr salnum og af því að hann er tiltölulega nýr í starfi fyndist mér rétt að hann væri viðstaddur ef forseti gæti gert tilhlýðilegar ráðstafan*ir til þess að hæstv. heilbr.- og trmrh. komi í salinn.* Mér þykir mikilvægt að gera hæstv. ráðherra grein fyrir því hvernig Alþfl., sá flokkur sem hann er fulltrúi fyrir í heilbrrn., hefur gengið þar um dyr er sérstaklega snúa að lyfjamálum. Í tíð fyrrv. hæstv. heilbr.- og trmrh. Sighvats Björgvinssonar þá held ég að ég muni það rétt að á rúmu ári voru gerðar fimm breytingar á þeirri reglugerð er snýr að greiðsluþátttöku almennings í lyfjum. Engin af þessum reglugerðarbreytingum fékk að sanna gildi sitt. Flumbrugangurinn var slíkur í öllum tilfellum að það reyndi aldrei á hvort þær reglugerðarbreytingar, sem verið var að gera, greiðsluþátttakan aukin, breyting á merkingu lyfja og þannig mætti lengi telja, hefði einhvern sparnað í för með sér.

Eftir stendur að nú er staðan þessi: Þegar Alþfl. tók við þessu ráðuneyti greiddu einstaklingarnir 18% af lyfjakostnaði en Tryggingastofnun ríkisins borgaði það sem upp á vantaði. Með sífelldum breytingum á reglugerðum og markvissri stefnu Alþfl. um að skattleggja sjúklinga hefur þessi prósenta hækkað úr 18% upp í 32%. Hvað þýðir þetta *í krónum talið*? Þetta þýðir nálægt 750 millj. kr. Bara þetta eina atriði er skattlagning á sjúklinga upp á 750 millj. kr. fyrir utan skattlagningu á þá sem sækja þjónustu heilsugæslustöðvanna upp á 260 millj. Til viðbótar við skattlagningu á þá sem þurfa að sækja þjónustu sérfræðinganna upp á sennilega 500–600 millj. kr. Þannig mætti lengi halda áfram.

Það sem Alþfl. hefur gert fram undir þetta í lyfjamálum er að hann hefur skattlagt sjúklinga, hann hefur ekki gert neinar skipulagsbreytingar í lyfjamálun-

um er snúa að lyfsölunum og lyfjadreifingunni. Þær eru hins vegar að koma fram núna í þessu frv. og þær eru með slíkum endemum að þær munu — eins og ég hef fullyrt og nenni ekki einu sinni enn að fara að tína til — leiða til þess að gera þetta kerfi enn óhagkvæmara en það þó er.

Fyrir utan þetta hefur tilhneigingin verið sú og ég held að menn þurfi að gá að sér í þeim efnum, ekki síst í ljósi þess sem lyfsalinn á Húsavík benti á í bréfi sem hann sendi hv. heilbr.- og trn. að mikið af þeim lausasölulyfjum sem nú eru á markaði eru skaðleg, að fjölga þá ekki enn frekar lausasölulyfjum á markaðnum. Staðreyndin hefur verið sú að það hefur verið tilhneiging á undanförnum árum og ég hef þá trú að sú tilhneiging sé enn til staðar og að fjölgunin muni halda áfram. Það mun leiða til þess að útgjöldin munu enn aukast á einstaklingana ef menn fara þá leið.

Ég gerði fyrr örlitla grein fyrir því sem ég taldi ábyrgðarleysi ríkisstjórnarinnar að skjóta sér undan að bera ábyrgð á framkvæmd málsins. Sé það alvara hjá ríkisstjórnarflokkunum að lögfesta þetta mál og vilja ekki hlusta á aðvörunarorð stjórnarandstöðu í þinginu, vilja ekki hlusta á aðvörunarorð lækna, hjúkrunarfræðinga, lyfjafræðinga, lyfsala og alls þess fólks sem hefur besta þekkingu á þessum málum og mestu reynslu af að þjóna á þessu sviði þá eiga menn auðvitað að ganga hreint til verks og bera pólitíska ábyrgð á framkvæmd málsins með því að gösla þessu öllu í gegn og ekkert að vera að henda hluta af málinu frá sér fram á mitt ár 1995 þegar það verður alveg klárt mál að ríkisstjórnin verður farin frá. Þetta er auðvitað ábyrgðarhluti. Þess vegna bauð stjórnarandstaðan upp á það í hv. heilbr.- og trn., eins og hefur komið fram áður og ég ætla enn að ítreka, að hafa samvinnu um þetta mál og lögfesta strax EES-ákvæðin en fresta öðrum ákvæðum málsins og þá hefði stjórnarandstaðan verið tilbúin til að bera þá pólitísku ábyrgð sem því er samfara. Fresta öðrum ákvæðum málsins til ársins 1996, skipa nefnd þeirra aðila sem gerst til þekkja, fylgjast með og sjá hver framvinda þessa máls verður og leggja síðan mat á hver áhrifin af EES-breytingunum eru, hvort þá sé óhætt að láta lögin ganga fram. Þá hefðu menn líka haft tíma til þess í fyrsta lagi að fá reynslu á EES-ákvæðin og í öðru lagi að grípa til aðgerða á löggjafarsamkomunni til að tryggja að ekki yrði hér stórslys. Það hefðu menn getað gert á haustdögum 1995 þegar reynsla væri komin.

Staðreyndin er sú að menn velja að tímasetja gildistöku þess hluta er snýr að lyfsölunni og lyfjadreifingunni í landinu um mitt ár 1995, akkúrat á þeim tíma þegar þing ekki situr þannig að ekki sé nokkur einasti möguleiki á því að koma við neinum lagfæringum á málinu. Ég furða mig því á þessari tímasetningu sem þarna er valin og ég furða mig líka á því að menn skuli ekki treysta sér til að hafa samstarf um þessa hluti við stjórnarandstöðuna. Að kanna málið þannig að menn séu ekki að ráðast til atlögu með þeim hætti að menn vita ekki hverjar afleiðingarnar verða ef það fer eins og ég hef spáð. Auðvitað vonast ég til þess að svo illa takist nú ekki til og ég sé ekki forspár í þessu máli, en sá grunur læðist að mér að þetta geti farið á þennan veg og að allar þær hrikalegu afleiðingar sem ég hef hér lýst muni ganga eftir. En fari svo eru mjög alvarlegir hlutir að gerast.

Þá er ég kominn að síðari hluta ræðu minnar og ætla að hafa nein viðvörunarorð frekar í frammi, a.m.k. ekki á þessari stundu, um þær afleiðingar sem þetta frv. mun og getur haft.

Nú hefur hæstv. heilbr.- og trmrh. hlustað grannt. Ekki veit ég hvort ég hef haft nokkur einustu áhrif á hann í þessu máli. Ég á ekki von á því. Ég held að þetta sé eitt af þeim málum sem er þannig vaxið að ríkisstjórnin geti hvorki lifað né dáið með málinu af þeirri ástæðu að það er búið að rígbinda málið og allar breytingar sem gera á þýða ekkert annað en stjórnarslit af hálfu annars hvors aðilans.

Í síðari hluta ræðu minnar ætla ég gera grein fyrir því hvaða aðra leið ég tel að menn hefðu getað valið í lyfsölu og lyfjadreifingarskipulagi í landinu og hvernig ég teldi eðlilegast að byggja það upp. Við nokkrir hv. þm. Framsfl. höfum lagt fyrir Alþingi frv. til lyfjalaga sem gengur þvert á þær hugmyndir sem fram koma í frv. sem hér er til umfjöllunar. Frv. hefur reyndar ekki verið lagt fram á þessu þingi. Mér fannst ekki taka því af þeirri ástæðu að það hefur ekki einu sinni komið til umfjöllunar í hv. heilbr.- og trn., hvað þá að menn hafi nokkuð litið á það og þá er gengið út frá því að allt sem frá stjórnarandstöðunni komi sé bara ómögulegt. En þær hugleiðingar sem ég ætla að setja hér fram nú á eftir eru að nokkru leyti í samræmi við það frv. og að öðru leyti nokkuð breyttar af þeirri ástæðu að mér finnst full ástæða til að taka tillit til breyttra aðstæðna og aðlaga þetta kerfi að því sem er mönnum fyrir bestu á hverjum tíma.

Ég tel nauðsynlegt að út frá því sé gengið þegar menn setjast niður til þess að ákveða hvaða skipulag menn ætla að hafa á lyfjamálunum að það sé forgangsatriði og menn byrji á því að ákveða að lyfsalan og lyfjadreifingin í landinu eigi að vera hluti af heilbrigðisþjónustunni en ekki „bisness". (**Heilbrrh.:** Fyrir neytendur.) Fyrir neytendur, fyrir ríkissjóð og fyrir sjúklingana er það best að lyfsalan og lyfjadreifingin sé hluti af heilbrigðisþjónustunni. Þar geta lyfsalar og lyfjafræðingar auðvitað komið inn í sem þjónar kerfisins en ekki prælar þess. Þar er því nokkur munur á. Ef menn geta gengið út frá þessu og eru ekki, eins og menn gera á flestum stöðum í þessu frv., að rugla tvennu saman, annars vegar hluta af heilbrigðisþjónustunni og hins vegar viðskiptalögmálum, sem ekki eiga við í þessu tilfelli þó þau eigi við á mörgum stöðum, þá ná menn landi að mínu viti með skynsamlegt kerfi.

Í öðru lagi þarf að breyta innflutningsskipulaginu.

Í þriðja lagi þarf að breyta skipulagi heildsölunnar.

Í fjórða lagi þarf að lækka álagninguna í heildsölunni.

Í fimmta lagi þarf að breyta skipulagi smásölunnar.

Í sjötta lagi þarf að lækka álagninguna í smásölunni.

Í sjöunda lagi þarf að vera alveg klárt að menn ætli að tryggja þjónustu lyfsölu og lyfjadreifingar í landinu fyrir neytendur og fyrir þá sem þurfa á þessu skipulagi að halda.

Lyfsalan á að vera hluti af heilbrigðisþjónustunni eins og heilsugæslan, eins og sjúkrahúsin, eins og sérfræðilæknishjálpin og við erum ekkert að bjóða heilsugæsluna út. Við erum ekkert að koma á samkeppni í heilsugæslunni. Við erum ekkert að bjóða út þjónustu sjúkrahúsanna og ég hygg að það væri hægt að finna margar greinar og ummæli núv. hæstv. heilbr.- og trmrh. í þá veru að ekki komi til greina að bjóða út heilsugæsluna, rekstur sjúkrahúsanna eða sérfræðilæknishjálpina nema að mjög afmörkuðu leyti er snýr að rannsóknunum. Ég held að hæstv. heilbr.- og trmrh. sé á réttri braut í þeim efnum, en almennt held ég að við séum ekkert að hugsa um það. Þess vegna eigum við ekkert að vera að hugsa um að koma á samkeppni í lyfsölunni. Ástæðan er sú að við ætlum að tryggja öllum landsmönnum heilsugæsluþjónustuna, sjúkrahússþjónustuna, sérfræðilæknishjálpina og lyfjaþjónustuna alveg óháð því hvar menn búa og öllum á sama verði. Það hefur okkur tekist í heilsugæslunni. Það hefur okkur tekist í sjúkrahússrekstrinum, það hefur okkur tekist í læknishjálpinni. Það hefur okkur líka tekist hingað til í lyfsölunni. En núna er verið að breyta og það er alvarlegur hlutur að við erum að mismuna fólki eftir búsetu með þessum breytingum á lyfsölumálunum því staðreyndin er sú að ríkið hefur skyldur í þessum efnum.

Við þurfum að breyta innflutningsskipulaginu og ég kom inn á það áðan að íslenski lyfjamarkaðurinn er að mörgu leyti mjög lítill. Hann er svo smár að menn vilja tæpast versla við okkur og eitt af því sem veldur að við náum ekki hagstæðum kjörum í lyfjainnkaupum er það að við erum svo litlir. Við höfum líka verið að versla í gegnum eitt land, eins og ég kom inn á hér áðan, í gegnum Danmörku þar sem lyf eru mjög dýr. Íslenski lyfjamarkaðurinn veltir í kringum 5 milljörðum kr. Það er í sjálfu sér mjög lítið á alþjóðlegan mælikvarða. Af þeim 5 milljörðum greiðir Tryggingastofnun ríkisins, örlítið mismunandi eftir árum, í kringum 2,5 milljarða. Einstaklingarnir greiða 1.800 millj. kr. Sjúkrahúsin greiða 700 millj. kr. Þannig eru þetta um 5 milljarðar kr. Nú geri ég mér grein fyrir því að við náum ekki einhverri breytingu og hagstæðari kjörum á sjúklingahlutanum. Hann fylgir af því sem við erum að taka inn í landið þannig lyfjaveltan hjá okkur er í kringum 5 milljarðar. Ef við förum þá leið að láta Tryggingastofnun ríkisins, sem er langstærsti greiðandinn af öllu saman, kaupa öll lyfin, leita útboða á alþjóðlegum mörkuðum fram hjá heildsölum á Íslandi, en segja svo við þá: þið eruð umboðsmenn eftir sem áður en við kaupum ekki hjá ykkur með 13–14% álagningu í heildsölu. Þið fáið bara ykkar umboðslaun erlendis frá frá þeim aðilum sem þið eruð umboðsmenn fyrir.

Ég er sannfærður um að með því að kaupa beint inn og nýta okkur alþjóðlegan markað í þessu sambandi þá getum við náð verulegum sparnaði. Samkvæmt reynslu annarra þjóða á þessu sviði, þar sem lyfjamarkaðir eru stærri en reynslan hlutfallslega sú sama, og þá lítum við bara til Norðurlandaþjóðanna, þá gætu menn sparað 200–250 millj. Bara með því að stór kaupandi, sem væri í þessu tilfelli Tryggingastofnun ríkisins, leitar útboða á alþjóðlegum markaði fram hjá heildsalakerfinu eins og það er núna. Þeir eru umboðsmenn. Um leið værum við að breyta heildsalakerfinu. Það er dálítið merkilegt þegar hæstv. heilbr.- og trmrh. er að leggja til að lyfsalan á smásölustigi verði með mjög svipuðum hætti og verslun í smásölu. Haldið þið að Bónus sé að versla við einhverja heildsala? Þeir versla allt sitt beint inn. Af hverju ganga menn þá ekki þessa leið fyrst menn eru að reyna að lækka lyfjaverðið? Nei, það á að halda gamla heildsalakerfinu við lýði eins og frv. liggur fyrir. Enda er gert ráð fyrir því að lyfjaverðsnefndin eigi að ákveða hámarksverðið bæði í heildsölu og smásölu fyrir heildsalana. Menn eru að halda því kerfi öllu saman til streitu.

Með því að afnema heildsölustigið algjörlega en gera ráð fyrir því að það þurfi að greiða umboðslaun sem eru kannski 5% og lækka þannig raunálagningu úr 13,5% niður í 5% þá eru menn að spara 140 millj. kr. og þeir útreikningar liggja bara fyrir, 140 millj. kr. með því að breyta og afnema álagninguna í heildsölunni og borga heildsölunum bara umboðslaun. Með þessu væru menn að taka upp mjög svipað fyrirkomulag í lyfjainnkaupunum og er í innkaupum á áfengi og tóbaki til landsins. Við erum að versla með alveg sambærilegar vörur. Við erum að versla með alveg sambærilegar vörur og áfengi og tóbak þegar við erum að versla með lyf. Af hverju er þá ekki skynsamlegt að hafa sambærilegt fyrirkomulag á því sem verið er að kaupa inn? Það er ekki gert og það er ekkert í frv. sem gerir ráð fyrir því að slík breyting gangi fram.

Hagkvæmara innkaupsverð, sparnaður 200–250 millj. Afnema heildsölustigið, 140 millj. Og síðan kem ég á eftir að því hvernig eigi að breyta til í smásölunni og hvernig eigi að lækka álagninguna í smásölunni.

Með lækkun álagningar, sem er núna tæp 60%, þegar reiknaður hefur verið inn sá afsláttur sem stærstu apótekin gefa Tryggingastofnun, í 35% eru menn að spara 500 millj. kr. Í innkaupsverðinu, í heildsölunni og í smásölunni ef þessar breytingar gengju eftir væru menn komnir með sparnað milli 850 og 900 millj. kr. í lyfjunum. En nú geta menn sagt: Þetta er ekki rökrétt í framhaldi af því sem ég hef sagt áður. Því má halda fram. Þetta er rökrétt vegna þess að í tillögum mínum geri ég ráð fyrir því að lyfjaverslun muni hjá mörgum apótekurum um landið leggjast af með því að lækka álagninguna úr 60 niður í 35%. Það er ekki nokkur einasti vafi. En þá á það að vera í lyfjalögum að það sé skylda heilbr.- og trmrh. og heilbrigðisyfirvalda að tryggja lyfsölu og lyfjadreifingu í landinu.

Þá er ekkert annað að gera til þess að það sé hægt að tryggja það og bæta þjónustuna en að færa þessa hluti inn á heilsugæslustöðvarnar. Nú má segja að það sé að vissu leyti gert ráð fyrir því í þeim brtt. sem hér liggja fyrir. Það er með þá brtt. eins og margar aðrar

brtt. sem koma frá meiri hluta hv. heilbr.- og trn. að það er ekkert samræmi í þeim miðað við allt annað sem er að gerast og lagt er til í frv. Það er ekkert samræmi í því sem er verið að leggja til. Með því að setja þær kvaðir á stjórnir heilsugæslustöðvanna, þar sem ekki er hægt að halda uppi lyfjadreifingu, að stjórnirnar skulu sjá um það að lyfjadreifing sé trygg þá kann að vanta einhverja til að afgreiða lyfin. Í mörgum tilfellum væri lyfjaveltan það mikil að menn gætu ráðið lyfjafræðinga á þessar stofnanir til að sjá um þessa þjónustu fyrir hönd stjórnanna og það tek ég fram, fyrir hönd stjórnanna, en ekki til þess að hafa fjárhagslegan ábata af því. Með þessu mundi það oft og tíðum nást á mörgum stöðum úti á landi að hægt væri að fjölga fólki í þjónustu. Það væri hægt að bjóða upp á að mörgu leyti vel launuð störf og bjóða störf fyrir vel menntað fólk. Á þeim stöðum þar sem veltan í lyfsölunni væri svo lítil að stjórn heilsugæslustöðvarinnar gæti ekki ráðið lyfjafræðing eða lyfsala þá mætti hugsa sér að láta læknana sjá um framkvæmdina. Læknarnir mega hins vegar ekki hafa fjárhagslegan ábata eða ávinning af því hvernig þeir ávísa. Þess vegna á að gera þeim það skylt að sjá um þessa þjónustu þegar þeir eru ráðnir til þessara stofnana, þ.e. sjá um útgáfuna á lyfseðlunum, sem þeir hafa reyndar skyldu til að gera í dag, og svo hitt að sjá um afgreiðsluna.

Á þó nokkrum stöðum um landið hefur gengið mjög erfiðlega að manna minnstu heilsugæsluumdæmin. Ég minnist þess frá fyrri tíð að þá fóru menn þá leið að menn ráðstöfuðu fjármunum úr ríkissjóði til þess að tryggja að minnstu heilsugæsluumdæmin væru mönnuð af læknum. Þetta var m.a. gert með því að greiða staðaruppbót á nokkrum stöðum, kaupa bíla fyrir þessa lækna, það voru reyndar nokkrar mismunandi leiðir valdar í þessum efnum. Ef sú krafa yrði gerð að læknar sem þarna væru starfandi sæju um þessa þjónustu þá þyrfti jafnvel ekkert að greiða þeim sérstaklega umfram þetta eða fella þessa greiðslu niður og greiða þeim fyrir að sjá um lyfjadreifinguna. Það væri að mörgu leyti hvati hjá mönnum til þess að fara út í minnstu umdæmin. Ég hef þær fréttir og ég hugsa að hæstv. heilbrrh. viti það að frá því að þetta fyrirkomulag var tekið upp hafa öll heilsugæsluumdæmin verið setin. Þarna er því leið til þess að tryggja það að öll heilsugæsluumdæmin séu setin.

Ég fullyrti áðan að sparnaður af þessum aðgerðum í innkaupunum, heildsölunni og smásölunni gæti verið í kringum 850 millj. kr. Það eru kannski ekki peningar sem spöruðust beint í útgjöldum í lyfjamálum. Það mætti alveg hugsa sér og væri eðlilegt að mörgu leyti að ráðstafa einhverjum hluta af þessum 850 millj., segjum bara 300 millj. kr., til þess að bæta rekstrarstöðu heilsugæslustöðvanna, tryggja að þar væri ráðið hæft starfsfólk til þess að sinna þessari þjónustu og þannig mætti lengi halda áfram af því að menn vilja líta á þetta sem hluta af heilbrigðisþjónustunni. En þá stæði eftir nettósparnaður upp á 500 millj. kr.

Af þessum tillögum og af þessari leið er alveg ljóst að menn væru að spara fjármuni og næðu árangri í sparnaði en ekki að taka einhverja áhættu af þeirri hringavitleysu sem hugsanlega myndast ef þetta frv. verður að lögum og hugsanlega engum sparnaði og jafnvel auknum útgjöldum. En sú leið sem ég er hér að leggja til tryggði að vissu leyti þjónustu og bætti þjónustuna. Það væru starfandi sjálfstæðar lyfjaverslanir með apótekurum með svipuðu fyrirkomulagi og eru í dag á þeim stöðum þar sem væri rekstrargrundvöllur fyrir apótekin. Á þeim stöðum þar sem ekki væri rekstrargrundvöllur væri það hlutverk heilsugæslustöðvanna að sjá um það og þá væri þjónustan veitt á heilsugæslustöðvunum.

Ég get nefnt dæmi á mörgum stöðum og ég þykist vera viss um það af því að ég trúi ekki að það sé rétt sem kemur fram í umsögn læknafélagsins að þeir menn sem hafa fjallað um þetta frv., hvort sem þeir væru í stjórnarflokkunum eða hefðu samið frv., þekktu ekki nóg til aðstæðna í dreifbýli og þess vegna ætluðu þeir að samþykkja þetta. En ég held að þingmenn almennt þekki það vel til á þessum stöðum að þeir vita. Ég ætla að nefna eitt dæmi og enn ætla ég að taka Vesturlandskjördæmi. Þó svo að hér hafi orðið forsetaskipti í stólnum ætla ég samt að taka dæmi úr Vesturlandskjördæmi og tek Kleppjárnsreyki sem dæmi. Þeir einstaklingar sem sækja þangað læknisþjónustu þurfa kannski á því að halda að kaupa lyf eftir að hafa farið í skoðun hjá þeim læknum sem þar eru. Þegar þeir koma út þá þurfa þeir að byrja á því að keyra niður í Borgarnes til þess að geta leyst út lyfseðilinn. Ef þessar tillögur sem ég er að leggja hér til gengju eftir þá væri það skylda stjórnarinnar í þeirri heilsugæslustöð að reka lyfsölu. Einstaklingurinn gæti fengið lyfin afgreidd þegar hann labbaði út í næstu dyrum en þar hefði læknirinn engan fjárhagslegan ávinning af því. Það væri stjórnin og rekstur stöðvarinnar sem hefði fjárhagslegan ábata af því ef vel til tækist.

Þetta er alveg andstætt því kerfi sem þetta frv. gerir ráð fyrir þar sem er opnað fyrir þann möguleika að fjölskyldur lækna eigi lyfjabúðir á stærstu stöðunum sem séu reknar við hliðina á stofum lækna og þannig gangi lyfseðlarnir á milli herbergja. Þetta er stórhættulegt fyrirkomulag sem hér er verið að byggja upp.

Virðulegi forseti. Ég er rétt að ljúka máli mínu. Af því, og það man ég frá 1. umr. málsins, að það kom greinilega fram hjá hæstv. heilbr.- og trmrh. að með frv. yrði um verulegan sparnað yrði að ræða ef það næði fram að ganga þá er ég sannfærður um að þetta er handónýtt tæki til að ná fram einhverjum sparnaði og er bara í líkingu við annað og í þeim dúr sem Alþfl. hefur unnið í lyfjamálum. Það er ekki verið að spara fjármuni, það er verið að velta sífellt hækkandi kostnaði af lyfjunum frá ríkinu yfir á einstaklingana, yfir á sjúklingana, yfir á fólkið sem á erfiðast með að borga. Ég hef minnst á áður að greiðsluhlutfall einstaklinganna hefur hækkað úr 18% í 32%. Staðreyndin er nefnilega sú að á sama tíma og menn lækkuðu greiðsluþátttöku einstaklinganna tókst mönnum líka að spara stórkostlega fjármuni í lyfjaútgjöldunum. Þá vil ég vitna í útdrátt sem birtist norrænni skýrslu um lyfjakostnað á Íslandi og á öðrum Norðurlöndum. Útdrátt-

urinn birtist í hinu virta dagblaði Tímanum og ég vil, með leyfi forseta, vitna í skýrsluna:

„Ísland er eina Norðurlandið sem tókst á síðasta áratug, 1989, að snúa við stöðugt hækkandi lyfjakostnaði á íbúa samkvæmt nýrri norrænni lyfjaskýrslu. Og Ísland er líka eina landið þar sem lyfjakostnaður sem hlutfall af heilbrigðisútgjöldum fór lækkandi frá miðjum síðasta áratug til 1991. Með lyfjakostnaði er átt við heildarkostnað, bæði hlut ríkisins og einstaklinganna. Frá 1989 var dæminu síðan snúið alveg við hér á landi. Lyfjakostnaður lækkaði næstu tvö árin um 6% niður í svipaða upphæð og þremur árum áður, 1988. Á sama tíma, þ.e. frá 1988–1991, óx lyfjakostnaður um nærri þriðjung í hinum löndunum. Á þessum átta árum hækkaði lyfjakostnaður á mann mest eða rúmlega 100% í Finnlandi og í Noregi, um 80% í Danmörku og tæplega 60% í Svíþjóð. En Ísland var langt fyrir neðan með 30% hækkun. Þessi munur kom nær allur fram á síðasta helmingi þessa tímabils eins og áður er rakið." Þ.e. frá 1988 til 1991. — Nú sé ég að hv. formaður heilbr.- og trn. er mjög hugsi. (**GunnS:** ... að hugsa um annað.) Þá gat þingmaðurinn farið að hugsa um annað. Það er nefnilega svo með þá alþýðuflokksmenn að akkúrat þegar þeir þurfa að fara að hugsa í alvöru og um eitthvað raunhæft þá byrja þeir alltaf að hugsa um eitthvað annað og því er nú komið sem komið er.

Í íslenskum krónum var lyfjakostnaður 3.890 millj. kr. árið 1991 eða 15.100 kr. á mann. Það var t.d. hækkun úr 11.100 kr. árið 1989 eða 36%. Á sama árabili hækkaði hins vegar framfærsluvísitalan um nærri 49% eða mun meira. Þetta er enn eitt glöggt dæmi þess að menn voru með raunverulegan sparnað. Ísland er líka eina Norðurlandið þar sem hlutur lyfjanna í heilbrigðiskostnaðinum lækkaði á sama tíma og hann hækkaði í hinum löndunum. Árið 1983 fóru meira en 15% heildarútgjaldanna til lyfjakaupa sem var miklu hærra hlutfall en í nokkru hinna landanna. Átta árum síðar hafði þetta lækkað í 12,1%. Það var orðið lægra hér en í Danmörku og ekki miklu hærra en í Finnlandi.

Þessi norræna skýrsla staðfestir ekkert annað en þann árangur sem náðist frá 1987 til 1991. Nú veit ég af því að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er svo minnugur að hann man nákvæmlega hvaða ríkisstjórn var þá við völd, en þessi árangur náðist ekki með því að menn væru sífellt að fikta í reglugerðunum, menn væru sífellt að boða breytingar hér og þar á hinu og þessu án þess að vita nokkurn skapaðan hlut hvað þeir voru að gera. Ástæðunni fyrir þeirri kostnaðarlækkun sem náðist fram á þessu tímabili má lýsa í átta liðum.

Í fyrsta lagi var álagning í heildsölu lækkuð. Hún var lækkuð úr 15% niður í 13,5% og sparaði tugi milljóna kr.

Álagningin í smásölu var lækkuð. Hún var lækkuð úr 71% í tæp 60%. Hvaða breytingar hafa orðið á heildsöluálagningunni og smásöluálagningunni frá því að Alþfl. kom í heilbr.- og trmrn.? Ekki einar einustu. Breytingarnar sem orðið hafa í lyfjamálunum eru þær að sjúklingarnir eru farnir að borga, sem þeir gerðu raunar áður, 750 millj. kr. meira fyrir lyfin. (**GunnS:** Og þú vilt ekki breyta kerfinu?) Jú, hv. þm., ég er tilbúinn til að breyta kerfinu en breytingarnar sem hv. þm. er að leggja til með ríkisstjórnarliðinu gera ráð fyrir að álögurnar séu auknar. Það er það alvarlega. Það er ekki hægt að saka mig um það, hv. þm., að vilja ekki breyta kerfinu vegna þess að ef þingmaðurinn hefur hlustað þá var ég að leggja til áðan breytingar í átta liðum um það hvernig ætti að byggja hér upp lyfsölu- og lyfjadreifingarkerfi í landinu. (**GunnS:** Ég hlustaði vel á það.)

Í þriðja lagi var sett þak á álagningu dýrustu lyfja þannig að apótekararnir fengu ekki tugi þúsunda jafnvel fyrir að afgreiða eitt lyf yfir borðið. Þetta sparaði verulega fjármuni.

Í fjórða lagi var þess krafist að stærstu apótekin gæfu Tryggingastofnun ríkisins stighækkandi afslátt eftir veltu viðkomandi apóteks. Þetta sparaði líka fjármuni.

Í sjötta lagi var gefin út sérstök skrá sem var listi yfir ódýrustu sambærileg lyf þannig að læknar höfðu það alltaf fyrir framan sig þegar þeir voru að skrifa hvern lyfseðil, gátu flett upp á því í bestukaupalistanum hvað væri ódýrast. Er þessi listi til staðar í dag? Ég spyr hv. formann heilbr.- og trn., þar sem hæstv. ráðherra er ekki í salnum.

Sjúklingagjaldinu var breytt þannig að sjúklingurinn greiddi lægra gjald ef hann keypti ódýrara lyfið. Þannig að sjúklingurinn stóð andspænis þeim lækni hverju sinni og varð að spyrja: Er þetta ódýrasta lyfið, því ég vil auðvitað fá það ódýrasta til að greiða sem minnst.

Í áttunda lagi var reynt með auglýsingum að hvetja til notkunar ódýrari lyfja. Það má að vissu leyti segja að það sé gert í dag með auglýsingum á strætisvögnum hingað og þangað um bæinn. En það var undir allt öðrum formerkjum vegna þess að þá voru menn að hvetja til þess að menn ávísuðu á ódýrustu lyfin á bestukaupalistanum hverju sinni.

Það eru þessar aðgerðir sem spöruðu hundruð milljóna króna og eru ástæðan fyrir því að nú er hægt að skrifa norræna heilbrigðisskýrslu sem staðfestir að Ísland er eina Norðurlandið sem hefur náð verulegum árangri í lækkun lyfjaútgjalda án þess að velta því yfir á sjúklingana.

Virðulegur forseti. Ég veit ekki hversu langan tíma þetta mál mun taka við 2. umr. en því meiri umræðu sem þetta mál fær þeim mun betra því í hvert sinn sem um málið er talað upplýsist alltaf eitthvað nýtt. Og ef menn hafa ekki vit á því að ganga til móts við það boð sem stjórnarandstaðan bauð meiri hluta heilbr.- og trn. um að eiga samstarf um þetta mál ef gildistökuákvæðunum væri breytt og ef skipuð yrði sérstök nefnd til að fylgjast með framkvæmd málsins og fylgjast með afleiðingunum þá held ég að því miður séu menn að stíga mörg skref til baka í því að draga úr þjónustu, ekki bara við landsbyggðina heldur við alla þá sem þurfa á þjónustu lyfsölu og lyfjadreifingarinnar í landinu að halda.

Að lokum þetta, virðulegur forseti: Ég vara þá hv.

alþm. við, sem vilja líta á lyfsölu og lyfjadreifingu í landinu sem hluta af heilbrigðisþjónustunni, að greiða frv. atkvæði þegar það kemur til atkvæðagreiðslu.

Útbýting þingskjala:

Alþjóðadómstóllinn sem fjallar um stríðsglæpi í Júgóslavíu, 568. mál, nál. allshn., þskj. 1058; brtt. allshn., þskj. 1059.

Flugmálaáætlun 1994–1997, 469. mál, nál. samgn., þskj. 1060; brtt. samgn., þskj. 1061.

Sala ríkisins á SR-mjöli, 468. mál, skýrsla sjútvrh., þskj. 1064.

Vernd og veiðar á viltum fuglum og spendýrum, 201. mál, nál. meiri hluta umhvn., þskj. 1052; brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 1053; nál. minni hluta umhvn., þskj. 1054; brtt. TIO o.fl., þskj. 1055; brtt. JHelg, þskj. 1056; brtt. KE o.fl., þskj. 1057.

[22:15]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Það frv. til lyfjalaga sem hér er til umræðu á þskj. 300 er umfjöllun um afar mikilvægan málaflokk, hluta af heilbrigðisþjónustunni í landinu. Svo er um hlutina búið í frv. að ástæða hefur verið til að taka um það ítarlega umfjöllun, ítarlega umræðu og mér sýnist sem e.t.v. sumum hv. nefndarmönnum úr heilbr.- og trn. þyki svo um það sem hér er verið að leggja til, það sem þeir eru að boða að þeir séu heldur óværir undir umræðunni. Ég hefði talið nauðsynlegt, virðulegur forseti, að hæstv. heilbrrh. væri hér og hlýddi á þessa umræðu þó honum kunni að þykja erfitt að hlýða á gagnrýni þá sem hér er sett fram á því sem hann boðar og fer eindregið fram á það að hann eyði tíma sínum að þessu sinni í það að hlusta á þessa umræðu. Það er nauðsynlegt að krefjast þess af hæstv. ráðherrum að þeir fylgist með sínum málaflokkum og fylgi því eftir sem þeir eru að leggja til. Ég segi það aftur að ég sakna þess að langtímum saman í þessari umræðu og líklega lengst af frá því að hún hófst í upphafi þingfundar í dag hafa varla sést í þingsal utan hæstv. forsetar, sem hafa gegnt skyldu sinni, hv. þm. Sjálfstfl. og fulltrúar þess flokks í hv. heilbr.- og trn. sem eru þó að leggja til ýmsar breytingar við þetta lyfjalagafrv. Það finnst mér óeðlilegt og mig undrar það að þeir skuli ekki sjá ástæðu til þess að hlýða á umræðuna og hugsanlega að leggja eitthvað orð í belg eða hafa einhverjar skoðanir á því sem hér fer fram.

Hv. formaður nefndarinnar hefur setið stíft undir þessum umræðum og ber að virða það að hann hefur hlýtt á þær. Mér þykir ekki ólíklegt að hann eigi eftir að taka til máls síðar og e.t.v. svara einhverju af því sem hér hefur komið fram í umræðunum eða segja álit sitt á þeim skoðunum sem hér hafa verið settar fram af hv. ræðumönnum. Og ég sakna þess reyndar einnig að hæstv. ráðherra skuli ekki nú þegar hafa komið aðeins inn í umræðuna til þess að gefa svör við fjölmörgum spurningum sem hafa nú þegar komið fram. Það hefði hugsanlega stytt umfjöllun um málið. Það hefði a.m.k. leitt til þess að þeir sem tala á eftir þyrftu ekki að ítreka spurningar vegna þess að þeir álíta að hæstv. ráðherra sé kannski að koma sér undan því að svara þeim spurningum eða honum sé eitthvað illa við að láta álit sitt í ljósi. Ég vænti að svo sé ekki en ég tel að það hefði verið skynsamlegra að hann hefði komið aðeins inn í umræðuna og svarað ýmsum spurningum og reynt að stytta þar með þær umræður sem annars fara óhjákvæmilega fram. Við hljótum að halda áfram að velta vöngum yfir ýmsu því sem hér er um að ræða og ýmsu af því sem við viljum fá svör við á meðan við ekki fáum þau svör skýlaust og afstöðu ráðherra hæstv. til ýmissa þeirra spurninga og álitamála.

Ég sagði í upphafi að lyfjamál væru óhjákvæmilegur og mikilvægur hluti af heilbrigðisþjónustunni í landinu og umfjöllun um lyfjamálin er því líka viðkvæm, hliðstæð því sem er um ýmsa aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar. Það höfum við hv. alþm. margoft orðið vör við þegar heilbrigðisþjónustan og einstakir þættir hennar hafa verið til umfjöllunar í hv. Alþingi að það eru oft og tíðum skiptar skoðanir, þó kannski fyrst og fremst um áherslur og hvernig með mál skuli fara. Almennt held ég að það sé vilji allra hv. þm. og hæstv. ráðherra að búa svo að heilbrigðisþjónustunni í landinu að hún geti starfað af miklum krafti og veitt þeim sem á henni þurfa að halda þá þjónustu sem henni ber og við ætlumst til eða krefjumst af henni, að við höfum góða heilbrigðisþjónstu og hún sé veigamikill hluti af okkar velferðarkerfi.

Mér dettur ekki í hug að halda að hæstv. núv. heilbrrh. hafi aðrar skoðanir eða annan vilja ef litið er til málsins í heild en ég verð þó að segja það sem mína skoðun og láta það koma hér fram að mér finnst ýmislegt sem hæstv. núv. ríkisstjórn hefur verið að gera á sviði þessara mála, á sviði velferðarmála og ekki síst í heilbrigðismálunum, hafa verið með þeim hætti að stundum undrar mann að það geti verið að hlut að máli eigi þeir aðilar sem vilja kenna sig við jafnaðarmennsku og hafa a.m.k. á hátíðarstundum það að leiðarljósi að þeir skipi flokk jafnaðarmanna. Svo er oft og tíðum vegið að þessum málaflokki og þá auðvitað líka á þann hátt að byrðum er velt af þeim sem betur mega sín og betur standa í þjóðfélaginu á þá sem verr eru settir og þurfa á þessari mikilvægu þjónustu að halda. Því miður eru það oftar og oftast nær þeir sem af einhverjum ástæðum, veikindum, sjúkleika margs konar, hafa orðið undir og eiga þá auðvitað líka erfiðara með að standa undir kostnaði. Þess vegna höfum við reynt að byggja upp velferðarþjóðfélag sem hefur það að leiðarljósi að samhjálp þegnanna standi undir þeim kostnaði og það bitni ekki á þeim sem minnst mega sín og eiga um sárt að binda, samhjálpin komi á móti og aðstoði þá við að bera byrðarnar.

Þetta frv. sem hér er til umræðu er lagt fram undir þeim formerkjum að það eigi að auka frelsi í málaflokki lyfja, það eigi að ná niður kostnaði, það eigi að lækka útgjöld hins opinbera og það eigi að auðvelda einstaklingum að opna lyfjaverslanir í þeim tilgangi að gera þetta kerfi, þetta lyfjasölu- og lyfjadreifikerfi okkar skilvirkara og ódýrara.

Auðvitað hafa hér verið flutt margvísleg rök fyrir

því að þetta sé ekki á rökum reist og flestar þær umsagnir sem hér hefur verið vitnað til og hér hafa verið lagðar fram með þingskjölum bera það með sér að svo er hreint alls ekki. Þær bera flestar með sér það álit að við það að frv. þetta fái lagagildi og þær breytingar sem hér eru lagðar til verði gerðar á lyfjadreifingu og lyfsölu þá muni öll umsvif og umsetning lyfjadreifingarinnar verða dýrari, verða kostnaðarsamari fyrir þjóðfélagið og auðvitað að lyfjaverð muni hækka.

Ávísun, meðferð, notkun, dreifing og sala lyfja, þetta er allt saman hluti af heilbrigðisþjónustunni. Og þó að frelsið og markaðshyggjan virðist eiga mjög upp á pallborðið hjá þessari hæstv. ríkisstjórn sem nú situr þá er það ljóst að það getur ekki átt við í svo viðkvæmum málaflokki eins og þessi hluti heilbrigðisþjónustunnar í raun er. Við megum ekki draga úr samhjálpinni á þennan hátt og velta byrðunum á herðar þeirra sem þurfa að nota þessa þjónustu en það er því miður það sem einkennt hefur fyrst og fremst störf núv. hæstv. ríkisstjórnar þegar hún hefur verið að leita að sparnaði í þessum mikilvæga málaflokki.

Það er afar hæpið að markaðstengja á þennan hátt einn þáttinn, eins og hér er lagt til, einn þátt heilbrigðisþjónustunnar. Mig langar til þess að grípa hér t.d. niður í umsögn Alþýðusambandsins um frumvarpið þar sem einmitt er dregin fram sú staðreynd að lyf sé ekki hægt að meðhöndla eins og hverja aðra neysluvöru sem neytendur ákveða alfarið sjálfir hvort þeir kaupa eða láti vera að kaupa. Þetta er kannski undirstöðuatriðið, það getur ekki verið að mönnum detti það í hug að um lyf gildi sömu lögmál og um aðra neysluvöru. Það er í fæstum tilfellum sjúklingurinn sem hefur einhver áhrif á ákvörðunina um það hvort hann þurfi á lyfjum að halda, hvort hann eigi að kaupa lyf eða hvaða lyfja hann eigi að neyta. Það er auðvitað heilbrigðisstarfsfólkið sem hefur þar mest um að segja og þá kannski fyrst og fremst læknirinn sem ávísar lyfjunum sem hlýtur að ráða mestu um það hvort sjúklingarnir nota lyf. Þetta held ég að þurfi að liggja alveg ljóst fyrir og menn þurfi að gera sér ljósa grein fyrir að hér getur markaðshyggjan ekki ráðið ferðinni eins og þó virðist vera boðað og þó undarlegt megi virðast að þá skuli hæstv. núv. heilbrrh. hafa ánetjast þeirri skoðun eða þeirri hugsun.

Í þessari umsögn frá Alþýðusambandi Íslands um málið er sett fram sú skoðun að það sé hægt að nota núverandi kerfi í grundvallaratriðum en gera á því þær breytingar sem lúta að ákvörðunum um heildsölu- og smásöluálagningu ef fyrst og fremst sé verið að leita að leiðum til þess að spara í málaflokkinum.

Þá er einnig bent á það sjónarmið að tekið sé tillit til félagslegra og byggðapólitískra þátta þá geti þeir þættir sem hér eru lagðir til grundvallar ekki náð fram þeim markmiðum sem við leggjum þó ríka áherslu á því það bendir allt til þess að lyfjakostnaður á landsbyggðinni, úti í dreifbýlinu, verði hærri en hann kann að verða hér á höfuðborgarsvæðinu, nái hugmyndir frv. fram að ganga eins og þær eru hugsaðar.

Það hefur töluverðri athygli verið beint að spurningum sem Vigfús Guðmundsson, lyfsali á Húsavík, hefur sent hv. nefnd og vissulega er full ástæða til því þar er velt upp nokkrum grundvallarspurningum sem alþingismenn verða að svara og reyna eftir megni að átta sig á hvort þeir geta sætt sig við að greiða því frv. sem hér liggur fyrir atkvæði eins og það lítur út.

Þessi ágæti lyfsali spyr þeirrar grundvallarspurningar hvort lyfjadreifingin eigi að vera hluti af heilbrigðiskerfinu eða hvort hún eigi að vera háð markaðslögmálum almennrar verslunar eins og ég hef hér verið að nefna og draga fram og kemur fram einnig í öðrum álitum sem hv. nefnd hafa verið send. (**GunnS:** Bréfið hefur verið lesið fjórum sinnum.) Og það virðist því miður, hv. formaður nefndar, ekki hafa dugað til að lesa það fjórum sinnum. Ég get vel ímyndað mér að það þurfi að lesa það æðimikið oftar ef það á að fá hv. þm. og hans stuðningsmenn í hv. heilbr.- og trn. til þess að taka eitthvert tillit til þess sem hér er verið að segja og hér er verið að vara við. Þetta minnir mann eiginlega á þá umræðu sem nú er í hv. sjútvn. og í þjóðfélaginu þegar forsvarsmenn fiskvinnslunnar í landinu ganga fyrir sjútvn. til þess að reyna að gera henni grein fyrir því hvað er á ferðinni og hvaða hætta er þar fyrir hendi ef brtt. sem nú liggja fyrir í hv. sjútvn. um fiskveiðilagafrumvarpið verða gerðar að lögum. Og það er alveg sama hvernig þeir ágætu aðilar reyna að koma skoðunum sínum á framfæri við hv. alþm. sem þar sitja, a.m.k. suma þeirra, það er eins og þeir vilji ekki taka rökum og það er einmitt það sama sem virðist vera um að ræða í þessu frv. og þeim athugasemdum sem gerðar eru við það af hálfu þeirra sem hafa komið til fundar við nefndina og lagt fram ýmsar álitsgerðir, það er eins og það sé alveg sama hversu oft það er tuggið inn í höfuðið á þessum ágætu stuðningsmönnum frumvarpsins, það er eins og þeim sé fyrirmunað að taka rökum og átta sig á því hvað þeir eru hér að leggja út í. (**JVK:** Formaður heilbrigðisnefndar er líka í sjútvn.) Já, það er gott að minna á það og þá fer maður kannski að skilja samhengi hlutanna, maður fer kannski að skilja samhengið í því að það virðist þurfa að lesa erindin og tyggja þau, ekki bara fjórum sinnum, kannski fjörutíu sinnum, eða ég veit ekki hvað oft, í þeirri von að hv. þm. taki eitthvert tillit til þeirra athugasemda sem settar eru fram. (**GunnS:** Og stundum í fjárln. líka.) Já, meinar hv. þm. að hann eigi sæti í fjárln. líka og það þurfi einnig þar að tyggja hlutina aftur og aftur inn í höfuðið á honum í þeirri von að fá hann til þess að skilja einföldustu staðreyndir? Eins og t.d. þetta að það gengur ekki að gera lyfjadreifinguna háða markaðslögum almennrar verslunar einu sinni enn, hv. þm.

Þetta finnst mér vera eitt af grundvallaratriðunum sem sett eru fram í athugasemdum Vigfúsar sem oft er búið að vitna til.

Mig langar líka að minna á það að heildarvelta lyfja í landinu er áætluð vera um 5 milljarðar kr. Auðvitað er það há upphæð, vissulega er það há upphæð og það ber að leita leiða til þess að ná niður kostnaði á öllum sviðum og reyna að gæta aðhalds í opinberum rekstri. Ekki ætla ég að gera lítið úr því. En það má líka nefna hér eða minna á aðra athugasemd sem fram kemur í

þessum minnispunktum Vigfúsar. Þar er bent á það og minnt á það að Íslendingar nota nú minnst lyf allra Norðurlandabúa að Færeyingum einum undanskildum. Það er í þessari lyfjaumræðu stundum látið að því liggja að það sé engu líkt í hvaða óhófi við Íslendingar neytum lyfja. Staðreyndin er bara sú að það er ekki þannig, hv. þm. og hæstv. ráðherra. Við höfum með aðferðum sem við höfum tiltækar innan ramma núverandi löggjafar getað dregið fram og leitt fram verulegan sparnað í lyfjakostnaði í útgjöldum hins opinbera og útgjöldum einstaklinga og það var gerð rækileg grein fyrir því áðan af hv. síðasta ræðumanni og ástæðulaust að rekja það allt saman aftur. En mig langar þó að nefna tvö atriði sem fyrrv. hæstv. ríkisstjórn beitti sér fyrir og voru innan þess lagaramma sem við störfum nú eftir og varðaði álagningarhlutfall. Álagning í heildsölu var lækkuð úr 17% í 13,5% og álagning í smásölu var lækkuð úr rúmlega 70% niður fyrir 60%. Þetta voru umtalsverðar breytingar í lyfjaverðlagningunni.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson sem hér talaði næstur á undan sagði að síðan hefði ekkert gerst í þessum álagningarmálum. Mig minnir þó reyndar að ég hafi heyrt það í umræðum nýlega í fjölmiðlum, og vænti þess að hæstv. ráðherra eða hv. formaður nefndarinnar leiðréttir mig þá ef það er rangt, að álagning hafi lækkað um 0,5% eða svo. Og mig minnir líka að ég hafi séð það eða heyrt að sú lækkun ætti að leiða til 50 millj. kr. sparnaðar á ársgrundvelli. Ég verð þá líka leiðréttur ef þetta er rangminni hjá mér, þessar tölur. Þá bið ég hæstv. ráðherra og hv. þm. að reikna út fyrir mig ef 0,5% spara 50 millj. hver sparnaðurinn er af því að lækka álagningu í heildsölu úr 17% í 13,5% og álagningu í smásölu úr 70% í 60% sem gert var í tíð síðustu ríkisstjórnar. Það náðist nefnilega fram allnokkur sparnaður í tíð fyrrv. ríkisstjórnar þó það hafi verið reynt að gera lítið úr því í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar og allt það brambolt sem síðan hefur verið gert hefur auðvitað fyrst og fremst einkennst af því, eins og margsinnis hefur verið bent á, að hækka greiðsluhlutfall eða greiðsluþátttöku sjúklingsins eða lyfjaneytandans í lyfjakostnaðinum úr 18% í yfir 30%. Ég hef beðið um það í fjárln. sem við eigum báðir sæti í, ég og hv. formaður heilbr. og trn., að fá þar úttekt á því hver sé hinn raunverulegi sparnaður í lyfjaútgjöldum, reyndar í heilbrigðisútgjöldunum í heild, heilbrigðisþjónustunni sem hæstv. núv. ríkisstjórn státar mjög af að hafa náð fram, hver hinn raunverulegi sparnaður af þessum aðgerðum sé og hver sé tilfærslan á sköttum úr samneyslunni í álögur á neytandann. Breytingin er frá því að við greiðum til heilbrigðisþjónustunnar, þar með talið lyfjakostnaðinn, greiðum það í gegnum okkar tekjuskatt og okkar neysluskatta og önnur sameiginleg útgjöld í það að láta þann sem þarf á þessari þjónustu borga fyrir það sem hann þarf á lyfjum eða heilbrigðisþjónustu að halda. Ég vil að þing og þjóð fái alveg afdráttarlaust þær upplýsingar þannig að menn geti séð það svart á hvítu hver er skattatilfærslan og hver er hinn raunverulegi sparnaður sem hæstv. núv. ríkisstjórn er alltaf að hæla sér af.

Þetta hef ég því miður ekki fengið enn þá, ég hef ekki fengið svör við þessu, ég hef ekki fengið þessa vinnu unna þrátt fyrir ítrekaðar óskir mínar í fjárln. um að fá þetta gert og hlýtur að líða að því að það verður að taka það upp með formlegum hætti í hv. Alþingi að krefjast þessarar úttektar þannig að okkur sé ljóst hvað hér er á ferðinni. Ég hef leyft mér að halda því fram að meginhluti af viðbótarsparnaði í lyfjaútgjöldum sé þannig fenginn að einstaklingarnir hafi greitt þann mismun. Ef hægt er að tala um sparnað, það er auðvitað sparnaður fyrir ríkiskassann, það er sparnaður í ríkisútgjöldum en það er enginn sparnaður í lyfjaneyslunni í heild. Hvað hafa 5 milljarðarnir ef það eru 5 milljarða sem við veltum, hvað mikið hafa þeir lækkað eða vorum við kannski að eyða meira en 5 milljörðum í lyf áður en til þessara aðgerða er gripið?

Það fylgir lögmálum markaðarins, framboðsins og eftirspurnarinnar sem hæstv. jafnaðarmaðurinn sem nú skipar stól heilbr.- og trmrh. er að tileinka sér, að eftir því sem varan verður dýrari, eftir því sem þarf að greiða meira fyrir hana þá er auðvitað reynt að spara að neyta þeirrar vöru. Ég get vel ímyndað mér að þessi aukna kostnaðarþátttaka einstaklinganna hafi leitt til þess í einhverjum mæli að lyfjamagnið hafi dregist saman. Ég ætla ekki að gera lítið úr því. En ég tel að það væri mjög gagnlegt og nauðsynlegt að reyna að ná því saman, fá um það upplýsingar eins nákvæmar og mögulegt er hversu mikill þessi sparnaður hefur verið og hvernig hann skiptist í raun.

Í nál. minni hluta heilbr.- og trn. við frv. þetta sem hér er til umræðu er rætt ofurlítið um svokallaðan samhliða innflutning lyfja sem tengist m.a. aðild okkar að EES. Vissulega ber að fagna því ef með því móti næst niður kostnaður við lyfin, ef við náum og getum keypt lyf ódýrar eða á lægra verði inn til landsins en við verðum þá líka að gæta okkar mjög á því að við fáum ekki yfir okkur verri lyf, kannski fölsuð lyf eða hættuleg lyf. Ég leyfi mér að minna á það, ég hygg að það hafi verið á síðasta ári að það varð alvarlegt slys af þessum ástæðum í Portúgal. Þangað tókst að koma inn á markað lyfjum sem ekki stóðust þær gæðakröfur sem til var ætlast og af því hlutust alvarlegar afleiðingar. Þetta er eitt af því sem við þurfum að hafa í huga þegar við gerum breytingar á okkar innflutningi og þó að við sækjumst eftir því að draga úr kostnaði og fá ódýrari lyf þá getur það haft alvarlegar afleiðingar í för með sér ef ekki er gætt ýtrustu varkárni. Við verðum að gæta þess að eftirlit allt sem okkur ber að hafa og nauðsynlegt er að hafa á lyfjainnflutningi og lyfsölu sé eins fullkomið og gott og mögulegt er. Þetta vil ég undirstrika og bið hæstv. heilbr.- og trmrh. að hafa í huga eftir því sem þetta framboð verður meira og eftir því sem við kaupum lyf frá fleiri aðilum og eftir því sem leitað er víðar að hinum ódýrustu lyfjum.

Í greinargerð frv. sjálfs er tekinn kafli upp úr nál. nefndar sem hæstv. þáv. heilbr.- og trmrh., Sighvatur Björgvinsson, skipaði þann 18. ágúst 1991 og skilaði áliti til ráðherra í byrjun apríl 1992. Það er fróðlegt að velta nokkuð fyrir sér þeim athugasemdum og þeim ábendingum sem koma fram í þessu nál. Með leyfi hæstv. forseta langar mig að lesa hér eina eða tvær

málsgreinar úr þessu áliti sem sett er hér inn í athugasemdir við lagafrv. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þá er vert að vekja athygli á að af og til koma mjög dýr lyf á markað. Framleiðendur þeirra hafa að jafnaði einkaleyfi til framleiðslu á þeim til nokkurra ára. Þessi lyf geta verið svo dýr að útgjöld sjúkratrygginga vegna eins slíks lyfs geta hæglega numið tugum og jafnvel hundruðum millj. kr. Mikilvægt er að gerðar séu ráðstafanir til þess að þessi dýru lyf séu ekki notuð í stað ódýrari lyfja ef hjá því verður komist út frá læknisfræðilegu sjónarmiði."

Hér langar mig að gera hlé á lestrinum eða tilvitnunum í þessa skýrslu og vekja aðeins athygli á því sem hér er verið að segja. Við erum stöðugt að taka inn í notkun ný lyf, lyf við nýjum sjúkdómum, lyf sem koma í veg fyrir ýmiss konar annan kostnað í heilbrigðisþjónustunni og það er eins og menn vilji fyrst og fremst alltaf horfa á það að lyfjakostnaðurinn hækkar, þessi nýju lyf eru svo dýr og það er jafnvel eins og hér er ýjað að ástæða til að gera ráðstafanir til að þessi lyf séu ekki notuð. Það er að vísu sagt: Ef hægt er að nota ódýrari lyf. Gott og vel en það er afar ólíklegt að slíkt sé hægt þegar um er að ræða ný lyf sem eru að leysa önnur eldri af hólmi. Við getum nefnt það að t.d. magasárslyf sem oft eru til umræðu og sagt er að Íslendingar noti í miklum mæli. Þau hafa hins vegar komið í veg fyrir og leyst af hólmi skurðaðgerðir í stórum stíl við magasári og þá auðvitað dregið úr öðrum kostnaðarþáttum í heilbrigðisþjónustunni. Það er eins og það sé aldrei hægt að horfa á málið í slíku samhengi að þó við þurfum að hækka lyfjakostnaðinn þá hefur það þó því betur oftar en ekki það í för með sér að hægt er að draga úr öðrum kostnaði við heilbrigðisþjónustuna. Þetta finnst mér vera ástæða til að undirstrika vegna þess að hér er eins og það sé ýjað að því að þetta sé óásættanlegt og það verði að leita allra leiða til að komast hjá því að taka í notkun ný lyf sem eru að koma á markaðinn. Lyf sem betur fer oft og tíðum leysa aðra þætti heilbrigðisþjónustunnar af hólmi.

Síðan segir í þessari sömu skýrslu, með leyfi forseta:

„Þegar óvænt útgjöld koma til, eins og vegna nýrra dýrra lyfja, þarf að vera hægt að beita sveigjanleika annaðhvort með auknum fjárveitingum eða að nefnd skipuð fulltrúum Tryggingastofnunar ríkisins, lyfjanefndar, landlæknis og ráðuneytisins gæti ákveðið aðra tilhögun á greiðsluþátttöku sjúkratrygginga en almennar reglur leyfa."

Hér langar mig aftur til að staldra aðeins við og reyndar að spyrja hæstv. ráðherra, hvort hann geti gefið mér og öðrum hv. þm. nánari skýringu á því að hverju er hér verið að ýja, hvaða hugmyndum er hér verið að koma á framfæri. Er það hugmynd þeirra nefndarmanna sem settu þetta á blað og hæstv. heilbrrh. hefur vafalaust rætt við er þeir skiluðu skýrslu sinni að ef það komi ný og dýr lyf á markaðinn þá verði þau ekki heimiluð, það verði ekki heimiluð notkun þeirra, nema sjúklingurinn sem þarf á þeim að halda, greiði þau annaðhvort í meira mæli eða að fullu. Mér finnst að þetta sé ábending eða athugasemd sem ekki sé hægt að taka við öðruvísi en að fá nánari útskýringar á því hvað er átt við.

Nú kann að vera að á þessu máli sé ekki tekið í því frv. til lyfjalaga sem hér liggur fyrir, að það sé ekki opnað fyrir heimild af þessu tagi. En ef svo er þá hefði ég viljað að hæstv. ráðherra upplýsti okkur um það ef það er hugsunin eða meiningin annaðhvort að stöðva það að við getum tekið þessi nýju lyf í notkun hér á landi eða að reyna með einhverjum hætti að koma í veg fyrir það ellegar ef það er ekki hægt að láta þá einstaklingana sem á þeim þurfa að halda greiða sérstaklega fyrir þau lyf hærra gjald en önnur.

Síðan að lokum tilvitnun í þessa skýrslu, með leyfi hæstv. forseta. Þar segir svo:

„Vilji stjórnvöld koma á frelsi í lyfjadreifingunni telur nefndin ráðlegast að fyrst verði komið á hlutfallsgreiðslum fyrir lyf. Fyrst þegar breyttu endurgreiðslukerfi hefur verið komið á er tímabært að rýmka reglur um lyfsöluleyfi þannig að frelsi til að stofna apótek aukist."

Hvað segir hæstv. heilbrrh. um þessa ábendingu sem hér er sett fram að það sé alls ekki tímabært enn þá að taka upp eða rýmka reglur um lyfsöluleyfi þannig að frelsi til að stofna apótek aukist? Hér er beinlínis lagt til að gripið verði til annarra aðgerða fyrst og látið á það reyna, það er lagt til að hér verði komið á hlutfallsgreiðslum fyrir lyf og látið verði á slíkt reyna um tíma. Sjá hvaða áhrif það hefur á lyfjamarkaðinn og neyslumunstrið sennilega og þá kostnað við lyfjanotkunina áður en gripið sé til róttækari aðgerða eins og verið er að leggja til í þessu frv.

Virðulegur forseti. Ég sagði það í upphafi að það væri auðvitað fjölmargt sem hægt væri að ræða um og þyrfti að ræða um þegar fjallað er um svo mikilvægan og viðkvæman málaflokk eins og lyfjamálin eru, þann hluta heilbrigðisþjónustunnar sem hér er til umfjöllunar og ég vil aftur, eins og ég gerði í upphafi, vara við því að markaðshyggjan sé höfð að leiðarljósi. En það er auðvitað líka ástæðulaust að eyða í þessa umræðu lengir tíma en nauðsynlegt er. Ég hygg að ef hæstv. ráðherra leyfði sér eða gæfi sér tíma til þess að taka þátt í umræðunni og svara nokkrum af þeim spurningum sem hér hafa verið settar fram þá mundi hann hugsanlega getað auðveldað umræðuna og stytt hana. En ég vil aðeins undirstrika það álit mitt að ég tel að með ýmiss konar öðrum aðferðum heldur en byltingu á þessu kerfi og með öðrum aðferðum sem hægt er að grípa til en þeim að láta sjúklinginn greiða þá sé hægt að ná fram ýmiss konar og reyndar margvíslegum sparnaði í þessum málaflokki. Og það á auðvitað að beita sér að þeirri leið.

Hv. þm. Finnur Ingólfsson rakti hér hugmyndir sem hann hefur sett fram í frv. á undanförnum þingum og byggjast að verulegu leyti á nefndarstarfi og frumvarpsvinnu sem unnin var í tíð fyrrv. hæstv. ríkisstjórnar og er því ástæðulaust að fara mörgum fleiri orðum um það. Ég leyfi mér aðeins að vitna til þess sem þar kom fram og hv. þm. fór rækilega yfir. En ýmsar spurningar hafa komið fram og það var það sem ég var að beina til hæstv. ráðherra að hann svaraði

okkur einhverju af því. Hann má gjarnan fara fyrir okkur yfir þann lista sem lyfsalinn á Húsavík hefur sett fram og svara þeim spurningum þannig að við vitum hvert álit hans er og hvort hann ætlar þrátt fyrir þær ábendingar og þær athugasemdir sem þar eru gerðar, hvort hann ætlar þrátt fyrir allt að knýja á um það að frv. eins og það lítur nú út með þeim breytingum sem tillögur eru gerðar um af hálfu meiri hluta nefndarinnar verði lögfest.

Hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir beindi til ráðherrans sex spurningum sem við hefðum gjarnan viljað heyra álit hæstv. ráðherra á. Eins og hvort hann getur sætt sig við og ætlar að sætta sig við mismunandi lyfjaverð í landinu. Hvort hann telur að þetta frv., eins og það liggur nú fyrir, muni bæta þjónustu við almenning. Og hvernig hann getur reiknað út eða sannfært okkur um að frv. muni leiða til verðlækkunar á lyfjum og minni kostnaðar umfram það sem beinlínis tengist EES-samningnum og ég nefndi hér áðan en tel að þurfi að hafa verulega vara á svoleiðis að með svokölluðum samhliða innflutningi lyfja hljótist ekki slys af.

Hún spurði líka hvort hæstv. ráðherra gæti sannfært okkur um að þetta kerfi sem hér er verið að leggja til muni reynast betur hjá okkur en í nágrannalöndunum þar sem menn hafa ekki treyst sér til að taka upp það form sem hér er lagt til og jafnvel í sumum tilfellum horfið frá því þar sem það hefur þó verið reynt. Hv. þm. spurði einnig um hvort það kæmi til álita og hvort það hefði verið skoðað í ráðuneytinu að greiða þyrfti núverandi apótekurum bætur, skaðabætur fyrir þær breytingar sem nú er verið að leggja til. Ekki ætla ég að leggja neinn dóm á það en það væri fróðlegt að heyra álit hæstv. ráðherra á þeim tillögum eða hugmyndum sem hér eru settar fram. Svo var einnig spurt um leyfi lækna til að afhenda lyf t.d. í lyfsölum á vegum heilsugæslustöva ef frv. nær fram að ganga eina og það lýtur út nú.

Ég vildi aðeins, af því að hæstv. ráðherra hafði ekki svarað þessum spurningum, árétta þær. Vonandi er það ástæðulaust, hæstv. ráðherra muni koma hér og veita okkur svör við þessum spurningum til að greiða fyrir umræðunni og gefa okkur upplýsingar um það hver er í raun hans vilji. Ég vil einnig segja það, hæstv. forseti, að það er í sjálfu sér ekkert í mínum huga sem segir að núverandi lyfjadreifingar- og lyfjasölukerfi sé svo heilagt að það megi ekki breyta því, lagfæra það og finna nýjar og ódýrari leiðir. Vissulega hafa menn í umræðunni á hverju ári við skulum segja hverju sumri þegar skattálagning kemur fram þá hafa menn auðvitað spurt: Er eðlilegt að afkoma apóteka og lyfsala sé með þeim hætti að þeir séu mjög víða með hæstu skattgreiðendum? Það hlýtur að vera mál sem má og á og verður að skoða og taka á sérstaklega án þess að setja í hættu þá þætti lyfsölu og lyfjadreifingarmála sem við þurfum að gæta verulega að, að fyllsta öryggis sé gætt, að allir sitji við sama borð, að allir eigi greiðan aðgang að þessum þætti heilbrigðisþjónustunnar og allir greiði sama verð fyrir lyfin. Þetta eru undirstöðuatriði sem ég tel að við megum ekki fórna og megum ekki setja í uppnám þó svo að við breytum eitthvað þeirri tekjuskiptingu í þjóðfélaginu sem sumum finnst stinga og gerir vissulega í augun þegar við sjáum skattskrárnar. Auðvitað þarf að skoða þau mál sérstaklega. Í því frv. sem unnið var í tíð fyrrv. ríkisstjórnar um breytingar á þessum lögum og hv. þm. Finnur Ingólfsson gerði hér grein fyrir áðan þá nefndi hann auðvitað þær leiðir sem við höfum bent á í því sambandi. Hann benti á ýmsa þætti um það hvernig haga mætti lyfsölunni og lyfjadreifingunni án þess að fórna þessum markmiðum öryggis og jafnræðis og réttlætis og án þess að fórna því eða breyta því meginhugtaki að lyfjadreifingin og lyfsalan sé hluti af heilbrigðisþjónustunni í landinu en ekki hluti af þeirri óheftu markaðshyggju sem núv. hæstv. ríkisstjórn hefur haft að leiðarljósi og virðist þá ekki skipta máli hver málaflokkurinn er.

Ég vil svo taka undir að lokum, hæstv. forseti, það sem lagt er til hér í nál. minni hluta heilbr.- og trn. að sá hluti þessa frv. sem lýtur að ákvæðum EES-samningsins verði afgreiddur. E.t.v. kann það meira að segja að vera svo að með því móti einu náum við fram þeim meginmarkmiðum sem hæstv. ráðherra er þó að leggja til grundvallar í þessari frumvarpsgerð og þessari lagabreytingu, þ.e. að ná fram lækkun á lyfjaverði og draga úr heildarlyfjakostnaði. Það hafa að minnsta kosti ýmsar ábendingar komið um að það sé e.t.v. það eina í þessu frv. sem getur náð fram þeim markmiðum, þ.e. sá þátturinn er lýtur að ákvæðum EES-samningsins og því sjálfsagt að afgreiða þann þátt nú á þessu þingi. En öðrum ákvæðum frv. verði vísað til hæstv. ríkisstjórnarinnar á ný og þau tekin til nánari og ítarlegri umfjöllunar.

Útbýting þingskjals:

Fjáröflun til varnar gegn ofanflóðum, 158. mál, nál. félmn., þskj. 1063.

[22:58]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa nú farið fram mjög ítarlegar umræður um lyfjamál og efni þessa frv. Það er ekki í fyrsta sinn á þessu kjörtímabili sem mjög ítarlegar umræður fara fram um lyfjamál. Satt að segja þá held ég að fá mál eða engin hafi verið eins mikið rædd á þessu kjörtímabili og einmitt lyfjamálin. Það má segja að það hafi hafist með reglugerðum sem hæstv. fyrrv. heilbrrh. gaf út sumarið 1991 þar sem gert var ráð fyrir því að taka lyfjaverð mjög mikið niður. Síðan voru þær reglugerðir endurútgefnar nokkrum sinnum vegna þess að þær reyndust vera svo vitlausar, það þurfti að laga þær svo oft. Það má því segja að þessi málaflokkur hafi verið í mikilli óvissu um langt skeið. Þegar unnið var að fjárlögum fyrir árin 1992 og 1993 þá gerðu menn sér tilteknar vonir um sparnað í lyfjakostnaði ríkisins. Niðurstaðan af því varð því miður sú að sá sparnaður náðist ekki eins og gert hafði verið ráð fyrir vegna þess að svo flausturslega hafði verið að málum staðið.

Jafnhliða deilum um lyfin, sem er út af fyrir sig mjög eðlileg að séu uppi vegna þess að þessi þáttur í heilbrigðisþjónustunni er dýr og það er eðlilegt að

menn velti því fyrir sér hvernig á að lækka þennan kostnað og leiti allra leiða í þessum efnum, reyndu menn þetta með ýmsum hætti í gegnum almannatryggingakerfið. Þá var reynt að semja hér frv. til nýrra lyfjalaga og þau eru búin að vera nokkrum sinnum fyrir þinginu, ætli það sé ekki í þriðja sinn á þessu kjörtímabili. Það er allt saman mjög eðlilegt, það er rökrétt að heilbrrn. reyni að leita leiða einmitt þarna til þess að ná niður kostnaðinum. Ég tel að í rauninni hafi verið farið mjög vel af stað í þessum efnum í tíð fyrrv. hæstv. heilbrrh. sem var í stólnum á undan mér, Guðmundi Bjarnasyni, þar sem var tekið á þessum málum með talsvert mikið öðrum hætti en við kynntumst síðan hjá eftirmanni hans, hæstv. ráðherra Sighvati Björgvinssyni. Það er ekki hægt að neita því að í tíð hæstv. ráðherra, Guðmundar Bjarnasonar, þá náðist alveg gríðarlegur árangur að mörgu leyti að því er varðar lyfjaverðið og álagingu lyfjanna. Sá árangur sem náðist í hans tíð birtist síðan skattgreiðendum má segja í fjárlögum áranna 1991 og áfram.

Fyrrv. hæstv. heilbrrh. og kannski eftirmaður hans, ég hef ekki séð það nákvæmlega, hafa hins vegar reynt að finna leiðir til þess að reikna sér alveg gríðarlega mikinn sparnað og það hefur verið satt að segja mjög sérkennilegt hvernig hefur verið að því farið vegna þess að menn hafa alltaf reiknað sparnaðinn frá því sem hefði orðið ef ekkert hefði verið gert. Með öðrum orðum ef enginn heilbrrh. hefði verið til og enginn fjmrh. hefði verið til og engin fjárln. og helst ekki Alþingi heldur og ekki einu sinni forseti Alþingis, að lyfjaverðið hefði spunnist hér upp eftir öllu og algjörlega hömlulaust. Þetta náði miklu hámarki á árinu 1993 í ákveðnum skýrslum sem hæstv. þáv. heilbrrh. lagði fram, m.a. hér á Alþingi. Fyrrv. hæstv. ráðherra reiknaði þetta t.d. út frá því að hann sagði sem svo: Ef ég hefði ekki verið í ráðuneytinu þá hefðu lyfjaútgjöldin 1991 orðið 2.935 millj. kr., ef ekkert hefði verið að gert, en af því að eitthvað var að gert þá urðu lyfjaútgjöldin hins vegar önnur, eða 2.422 millj. kr. Þannig reiknaði hann sér sparnað upp á hálfan milljarð frá því sem hefði orðið ef enginn heilbrrh. hefði verið til og engin fjárln. og ekkert Alþingi og ekki nokkur maður að passa þennan ofboðslega kostnað.

Hæstv. fyrrv. ráðherra sagði einnig að ef ekkert hefði verið að gert þá hefði lyfjakostnaðurinn orðið 3.314 millj. kr. árið 1992 en honum hefði tekist að koma lyfjakostnaðinum niður í 2.620 millj. kr. Síðan tók hæstv. ráðherra sig til og lagði saman það sem munar, bæði árið 1992 og 1991 og niðurstaða hans varð sú að hann væri búinn að spara þarna stórkostlega fjármuni frá því sem hefði orðið ef ekkert hefði verið að gert. Ég skoðaði þessa hluti á sl. ári og bar saman raunkostnað lyfja ríkisins á árinu 1991 við 1992. Samkvæmt þeim tölum sem ég hafði frá Ríkisendurskoðun þá var varið til lyfja á árinu 1991 2.501 millj. kr. nákvæmlega. Sambærileg tala á sama verðlagi fyrir árið 1992 var 2.764 millj. kr. Með öðrum orðum lækkuðu lyfin ekki milli áranna 1991 og 1992, þau lækkuðu ekki í verði, þau hækkuðu í verði um 10,5%. Það er algjörlega óvefengjanlegt að raunkostnaður lyfja á þessum tíma, 1991 til 1992, hækkaði um 10,5%.

Síðan hafa menn velt því fyrir sér hvað hefur verið að gerast síðan. Það sem hefur gerst síðan er það að hlutur sjúklinga hefur aukist. Og nú ætla ég að leggja fyrir hæstv. heilbrrh. nokkrar tölur og biðja hann að taka vel eftir og átta sig á því með mér hvort þetta er einhver vitleysa sem hér veltur senn fram.

Heildarlyfjaútgjöld á Íslandi eru sögð vera 5 milljarðar. Það étur það hver upp eftir öðrum úr þessum ræðustól og ég hef heyrt það notað m.a. af einhverjum opinberum aðilum — 5.000 millj. kr. fara í meðul á ári. Innan spítala er mér sagt að þessi kostnaður sé 700 millj. kr. Þannig að í heildina tekið, á markaðnum ef svo mætti segja, fyrir utan sjúkrahús eru menn að borga fyrir lyf eitthvað um 4.300 millj. kr., 4,3 milljarða. Núna er það þannig samkvæmt skýrslu sem borist hefur frá heilbrrn. að gert er ráð fyrir því að sjúklingarnir borgi, eins og það er orðað í plaggi frá ráðuneytinu, 32% af kostnaðinum. Það stendur í skýrslu sem sagt var frá 23. jan. sl., orðrétt, með leyfi forseta: „Með þessum breytingum hækkaði hlutdeild sjúklinga í heildarlyfjakostnaði úr 24–25% í 31–32% að meðaltali en hlutdeild Tryggingastofnunar ríkisins lækkar að sama skapi."

Sem sagt, breytingin er sú að sjúklingarnir eru núna að borga 32%. Hvað borguðu sjúklingarnir að meðaltali í tíð næstsíðasta hæstv. heilbrrh., Guðmundar Bjarnasonar, á árinu 1991? Hvað borguðu þeir þá? Þeir borguðu 18%. Það sem sjúklingarnir borga hefur því hækkað, hæstv. heilbrrh., um 600 millj. kr. á ári. Miðað við þessar tölur er hækkunin sem sjúklingarnir hafa orðið að taka á sig 600 millj. kr. frá því sem ella hefði verið.

Þessi auknu útgjöld sjúklinganna, þ.e. þessi skattlagning á hina veiku, nemur 2,4 milljörðum kr. á fjórum árum sem allir sjá á þessum kvöldfundi að er fundið þannig út að það er margfaldað saman 4 og 600. Niðurstaðan 2,4 milljarðar kr. á fjögurra ára bili. En hvað hefur þá sparast að mati ráðuneytisins frá því sem hefði orðið ef ekkert hefði verið að gert? Ráðuneytið telur að sparnaðurinn sé 625 millj. kr. á ári. Með öðrum orðum er það sem sjúklingarnir hafa tekið á sig frá því sem ella hefði orðið svipuð tala eða eilítið lægri en það sem talið er að sparast hefði ef ekkert hefði verið að gert. Þetta rökstyður, hæstv. forseti, þá niðurstöðu að mínu mati að niðurskurðurinn á lyfjanotkuninni sé takmarkaður, hann er vafalaust einhver eins og hér hefur komið fram en aðalatriðið er að það sjúklingarnir sem eru að taka á sig alla hækkunina og þar með lækkunina fyrir ríkissjóð. Það sem stendur eftir er að ríkisstjórn Alþfl. og Sjálfstfl. er að leggja á sjúklinga skatta, á þá sem kaupa meðul á Íslandi, um 600 millj. kr. á ári af því að hlutfall sjúklinganna er farið úr 18% upp í 32%.

Það er í rauninni mjög nauðsynlegt að hæstv. núv. heilbrrh. geri sér grein fyrir að það er enginn marktækur sparnaður í þessu kerfi þar sem svo til það eina sem gerst hefur er það að sjúklingarnir eru skattlagðir um 600 millj. kr., eða u.þ.b. um 2,5 milljarða á kjör-

tímabilinu, sem lagðir eru á það veika fólk á Íslandi sem verður að kaupa sér meðul í dag. Þetta er veruleikinn sem blasir við. Og það er von að Jafnaðarmannaflokkur Íslands sé eilítið niðurlútur yfir tíðindum af þessu tagi og telji ástæðu til þess að flýta flokksþinginu hjá sér og halda það í janúar svo hann geti vígbúist fyrir kosningarnar, eins og það heitir, vegna þess að hann verður auðvitað að skýra kjósendum sínum frá því hvað það á að þýða að hafa jafnaðarmannaflokk í ríkisstjórn sem skellir á sjúklingasköttum upp á 600 millj. kr. Sjúklingaskattur upp á 600 millj. kr. á ári á þá sem kaupa lyf.

Ég vil leyfa mér, hæstv. forseti, að inna hæstv. heilbrrh. alveg sérstaklega eftir því: Vefengir hann þessa útreikninga sem byggjast ósköp einfaldlega á þeim veruleika að lyfjamarkaðurinn er um 5 milljarðar kr., 700 millj. þar af eru inni á spítölunum, 4,3 milljarðar eru þar fyrir utan, 32% af því sem sjúklingarnir borga í dag eru 1.400 millj. kr., 18% eins og þetta var eru 770 millj. kr., mismunurinn er í kringum 600 millj. kr. á ári sem verðlag á lyfjum hefur hækkað til sjúklinganna frá því sem ella hefði orðið? Það er auðvitað mjög nauðsynlegt, hæstv. forseti, að fá það alveg á hreint hvort hæstv. núv. heilbrrh. gerir sér grein fyrir því hvaða tölur í rauninni það eru sem hann, sem einn af leiðtogum Jafnaðarmannaflokks Íslands, er að bjóða veiku fólki upp á á Íslandi í dag.

Ég tek eftir því að hann og fleiri eru að halda því fram að sá sparnaður sem hafi orðið hafi ekki komið niður á neinum, heilbrigðisþjónustan sé svona svipuð í grófum dráttum og hún hefur verið. Það er náttúrlega rangt. Heilbrigðisþjónustan er að mörgu leyti miklu lakari á sumum sviðum. Fleiri deildum er lokað en áður í sparnaðarskyni á sumrum. Það er þrengt að þjónustu við aldraða, það er þrengt að þjónustu við fæðandi konur og það hefur verið þrengt að þjónustu við ýmsa aðra aðila fyrir utan þá skatta sem fólk er látið borga. Það er dálítið umhugsunarefni að það skuli vera þannig á Íslandi árið 1994 að lágtekjufólk, með eins og einn eða tvo krakka á framfæri, skuli velta því fyrir sér í alvöru hvort það borgi sig ekki betur að kaupa fúkkalyf handa barninu heldur en að borga á göngudeild verulega fjármuni fyrir þjónustu við barnið. Það er náttúrlega alveg svakalegt. En dæmi um þetta eru til. Menn hafa verið svo önnum kafnir við að skera niður og spara að menn hafa ekki verið tilbúnir til þess að líta á vandamál af þessu tagi.

Ég tel mig hafa sýnt fram á það, hæstv. forseti, með þessum tölum að í raun og veru eru það sjúklingarnir sem hafa borgað þennan sparnað í kerfinu.

En eins og ég sagði áðan er það eðlilegur hlutur og ekkert nema gott um það að segja að ráðuneyti heilbrigðismála velti því fyrir sér hvernig á að spara í lyfjakerfinu því þetta er dýrt kerfi. Það er ekki hægt að neita því. Og það er í raun og veru ekkert undarlegt þó að menn staldri sérstaklega við apótekarana í þeim efnum. Það verð ég að segja alveg eins og er. Það er kerfi sem mér hefur aldrei getist að og hef margoft haft uppi málatilbúnað og tillögur á Alþingi í þeim efnum. Hins vegar er ekki hægt að fara í gegnum Alþingi með eitt frv. bara vegna þess að það slátri lénskerfi apótekaranna, eins og það heitir, ef ýmsir aðrir hlutir eru verulega gagnrýniverðir. Ég held þess vegna að menn verði að átta sig á því að þessi mál þurfa að vera í talsverðu jafnvægi og betra jafnvægi en mér finnst þau vera í frv. eins og það lítur út núna. Ég er fullkomlega sammála því að það er engin reisn yfir því fyrir velferðarkerfið á Íslandi að vera með apótekarana trjónandi hæsta á skattskrám flestra byggðarlaga á landinu ár eftir ár, það er eiginlega til skammar. Það er því út af fyrir sig ástæða til þess að taka undir þau sjónarmið að þar á að taka á. Ég tel hins vegar að það megi gera það með dálítið öðrum hætti en menn eru hér uppi með hugmyndir um og sú gagnrýni sem ég vil hafa uppi við þetta frv. er aðallega tvíþætt.

Í fyrsta lagi að það er augljóst mál miðað við allar venjur í samkeppnisþjóðfélagi, miðað við allar forsendur sem heilbrrn. líka viðurkennir, að með því að auka verulega fjölda þeirra sem versla með lyf er alltaf hætta á því að notkun lyfja aukist. Þetta er t.d. skoðun heilbrrn. að því er varðar áfengismál. Heilbrrn. hefur tekið undir, og gerir enn að ég best veit, stefnu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um það að fjölgun á áfengisútsölustöðum þýði aukinn áfengisvanda, þýði fleiri áfengissjúklinga, þýði dýrara áfengismeðferðarkerfi. Ég er viss um að þetta er rétt. Ég hef engan séð sýna fram á að þeir hlutir séu eitthvað öðruvísi. Þess vegna er það alveg ljóst að þær hugmyndir sem hér eru uppi geta haft það að nokkru leyti í för með sér að notkun á lyfjum aukist frá því sem nú er og ég tel það út af fyrir sig slæmt.

Í öðru lagi verð ég að segja það alveg eins og er að ég óttast það að verð á lyfjum í dreifbýlinu muni fara hækkandi og að líklega muni lyfjaverð í heild hækka. Ég hef engin rök séð sem skjóta niður röksemdir sem koma t.d. ágætlega fram í þessu skjali Alþýðusambandsins. Það væri fróðlegt að vita hvað hæstv. heilbrrh. segir um það mál en ég sé ekki betur en að það séu tiltölulega trúverðug rök sem flutt eru í þessari umsögn Alþýðusambandsins fyrir því að verð á lyfjum muni geta farið talsvert hækkandi. Það eru að sjálfsögðu takmörk fyrir því hversu mikið það getur hækkað, það liggur í augum uppi. Staðreyndin er hins vegar sú að það er nokkuð hart, að ekki sé meira sagt, að vera búin að ganga svo að sjúklingum að þeir séu núna farnir að borga 1,4 milljarða í staðinn fyrir 770 millj. fyrir lyf á ári og það þurfi að leggja á þá enn þá meira vegna þess að menn eru að taka upp kerfisbreytingu í þessum málum sem geti haft það í för með sér að verð á lyfjum hækki talsvert frá því sem er í dag.

Ég held satt að segja að þetta séu atriði sem er ástæða til að staldra við sérstaklega. Það er að segja þessi spurning: Hvaða afleiðingar hefur málið? Ég skil ráðherrann svo að hann leggi ofurkapp á það að ganga milli bols og höfuðs á lénskerfi apótekaranna. En ég segi hins vegar að málið er kannski pínulítið illa búið til ákvörðunartöku á Alþingi þegar þess er gætt að við 2. umr. málsins rétt áður en þinginu lýkur eru fluttar, ætli það séu ekki einar 40–50 brtt. við frv. og ætlast til þess að þingmenn greiði atkvæði um þetta mál og

þessar miklu breytingar vitandi vits og með fullri meðvitund og þekkingu á málinu núna alveg á síðustu dögum þingsins. Þess vegna hefði ég talið að það væri rétt að ákveða það einn, tveir, þrír að hæstv. ráðherra fengi eitthvað af því góða fólki sem er til í ráðuneytinu til að semja í hvelli nýtt lagafrv. vegna þess að það er það sem hér er verið að gera. Það er alveg steypt um upphaflegu frv. og ég tek það fram að margar af þeim brtt. sem eru samdar af meiri hluta hv. heilbr.- og trn. tel ég heldur til bóta. Margar af þeim sýnist mér að séu heldur til bóta en þær eru hins vegar svo viðamiklar að það er tæplega Alþingi bjóðandi að ætla sér að taka þær í gegnum þingið með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Eðlilegra hefði verið að semja í snatri á grundvelli þessara tillagana og með hliðsjón af athugasemdum sem fram hafa komið nýtt frv. um málið.

Auðvitað er það þannig þegar farið er að skrifa frv. af þessu tagi að þá er eins og allt sé á öðrum endanum í þjóðfélaginu oft á tíðum. Ég þekki það. Ég hef farið hér í gegnum þessa stofnun með frv. til laga um lyfjadreifingu og til lyfjalaga. Það var alveg ótrúlegur fyrirgangur í lénsherrunum, ég get ekki neitað því. Ég mun ekki fara yfir það núna í þessum ræðustóli, ég kann ekki við það, ég geri það í ævisögu minni sem kemur út á næstu öld. En það var alveg ótrúlegur fyrirgangurinn og undirgangurinn í lénsherrunum þegar átti að fara að draga burst úr nefi þeirra. Það var satt að segja ævintýralegt. Þess vegna kippi ég mér svo sem ekkert upp við það þó það sé einhver ógn af einhverjum brtt. og umsögnum af þessu tagi sem er með meira og minna faglegu yfirbragði eins og gengur en eru ekki allar eins faglegar þegar upp er staðið vegna þess að menn eru að slá skjaldborg um hagsmuni þar sem menn eru að græða stórkostlega fjármuni á fullkomlega óeðlilegu kerfi.

En þó menn hafi full rök fyrir því að taka á þessu kerfi þá verða menn auðvitað að vanda sig og það vantar talsvert á það að hægt sé að segja það með þessu frv. þar sem er um að ræða á milli 60 og 70 brtt. sem verður að gera á síðustu dögum þingsins. Og það er ekki boðlegt Alþingi að halda þannig á málum að það þurfi alltaf að vera svona síðustu dagana. Þó verð ég að segja að ég hef svo sem séð hann fullt eins svartan og jafnvel svartari en mér finnst þetta ekki gott vegna þess að hér er um að ræða mikilvæg lög þar sem lyfjalögin eru. Þau þurfa að vera góð, vönduð, örugg og traust í alla staði.

Það fer auðvitað ekki fram hjá neinum að undirgangurinn sem hefur verið hér í húsinu og í kringum húsið síðustu daga hefur kannski gert sér með vissum hætti vonir um það að hann fengi bergmál í hinum stjórnarflokknum. Á síðasta þingi tóku menn eftir því að það var eitthvað erfitt hjá þeim. Og einstakir forustumenn Sjálfstfl. höfðu svo mikið við að þeir skrifuðu heilu greinarnar til að reyna að verja sig fyrir því að þeir væru nú ekkert á móti þessu kerfi. Fyrrv. hæstv. heilbrrh. baunaði því á Sjálfstfl. að hann væri á móti frelsi í viðskiptum með lyf. Sjálfstfl. sagði: Ég er ekkert á móti frelsi í viðskiptum með lyf. Út af fyrir sig komu fram ágætar röksemdir í þeim greinum sem birtust um þetta mál eins og þegar hæstv. núsitjandi forseti þingsins skrifaði grein sem heitir: Hvers vegna? Og svo spurningin: Eru sjálfstæðismenn á móti frjálsri verslun með lyf? Og hann sagði að það væri ekki. Sjálfstfl. væri ekkert á móti frelsi. Hann þykist alltaf vera með frelsi en er það yfirleitt aldrei. Svo sagði hæstv. forseti í greininni, með leyfi forseta:

„Við teljum að bullandi óheft sókn verði sett af stað í stofnun lyfjaverslana ef þetta verður með þeim hætti að hver sem er, einungis ef hann er lyfjafræðingur, geti sett upp verslun."

Ég tel að þetta sé skynsamleg aðvörun hjá hv. 1. þm. Vesturl. Auðvitað getur bullandi óheft sókn í þessa fiskstofna, sem eru sjúklingarnir, haft stórkostlega hættulegar afleiðingar bæði fyrir ríkið og fyrir sjúklingana. Hins vegar er það alveg bersýnilegt að þessi mál hafa haft í för með sér miklar innantökur fyrir Sjálfstfl. sem er alltaf troðfullur af þverstæðum þegar kemur af því að innleiða svokallað viðskiptafrelsi af því að hann þarf alltaf á sama tíma að varðveita aðaleinokunarhagsmunina í þjóðfélaginu og er með menn í því og stendur sig ágætlega í því stundum að koma fram í þessu tvöfalda hlutverki að vera bæði með frelsinu og líka á móti því. Hann er t.d. eiginlega alltaf með frelsinu fyrir kosningar sérstaklega alveg síðustu dagana en yfirleitt á móti því strax eftir kosningar og svo dregur úr andstöðunni við frelsið eftir því sem nær dregur kosningum á nýjan leik. Þannig hefur Sjálfstfl. komist upp með þetta lengi. En það er hins vegar engin ástæða til þess að hrökkva til við slíkt.

Ég tel hins vegar að þær athugasemdir og ábendingar sem fram hafa komið, m.a. hjá hv. 1. þm. Vesturl., séu að mörgu leyti allrar athygli verðar og skynsamlegar í þessu máli og full ástæða til að hlýða á þær. Í rauninni held ég að málið liggi þannig að það sé ákaflega víðtæk samstaða um þetta mál í þinginu ef menn leyfðu sér eins og einu sinni eða svo að horfa á hlutina eingöngu málefnalega en settu sig ekki í þessar venjulegu skotgrafir stjórnar og stjórnarandstöðu. Og af þessum ástæðum vil ég eindregið hvetja til þess að það verði íhugað að jafnvel verði skrifað nýtt frv., dregnir inn í þá mynd þeir þingmenn sem hafa komið að málinu að undanförnu og þekkja þetta ákaflega vel og hafa starfað af samviskusemi í heilbr.- og trn. auk allra þeirra fjölmörgu aðila sem hafa komið á framfæri ábendingum og athugasemdum, m.a. forustumenn Alþýðusambands Íslands og forustumenn apótekara sem hafa komið á framfæri mörgum ágætum athugasemdum þó svo maður viti mætavel að á bak við það allt saman eru ákaflega ríkir einkahagsmunir, að ekki sé fastar að orði kveðið.

Ég ætla síðan, hæstv. forseti, aðeins að rifja það upp, sem mér finnst vera aðalatriði málsins, að núv. ríkisstjórn hefur engum sparnaði náð í lyfjum. Hún hefur bara lagt meðalaskatt á sjúklinga. Það er í raun og veru svakalegur hlutur. Eftir öll lætin, alla blaðamannafundina, öll frv., allar auglýsingarnar, alla bandormana, alla leiðarana í Alþýðublaðinu, allar ræðurnar á Alþingi og utan, allar samþykktir Alþfl., Jafnaðarmannaflokks Íslands — hver er niðurstaðan? Hún er

sú að á sjúklinga hafa verið lagðar u.þ.b. 600 millj. kr. á ári af því að hlutdeild sjúklinga hefur hækkað úr 18% upp í 32% af lyfjaverðinu. Hækkunin er úr nálægt 770 millj. kr., miðað við lyfjamarkaðinn í dag, upp í u.þ.b. 1.370 millj. kr. Þetta hlýtur að vera alveg ofboðsleg niðurstaða fyrir unga og efnilega leiðtoga Jafnaðarmannaflokks Íslands að ætla að fara með þetta fyrir kjósendur núna. Þeir segjast ætla að fara að tala við kjósendur. Formaður Alþfl. sagði að það væri meiningin. Þess vegna þurfti að flýta svona mikið flokksþinginu að það á að fara að tala við kjósendur og ekki seinna vænna, þeir hafa ekki gert svo mikið af því að undanförnu. A.m.k. hafa þeir ekki hlustað á kjósendur, svo mikið er víst.

Niðurstaðan er sú að á einu kjörtímabili, fjórum árum, eru auknar álögur á sjúklinga á Íslandi vegna hækkandi lyfjaverðshlutfalls upp á 2,4 milljarða kr. Og hver er sparnaðurinn sem þeir eru að eigna sér? Hver er hann? Hann er 2.500 millj. kr. á fjórum árum eða eilítið hærri. Sjúklingarnir hafa sparað þetta allt, borgað þetta allt þegar upp er staðið og hlutföllin eru skoðuð nákvæmlega eins og þau eru.

Auðvitað reyna talsmenn Alþfl. að setja hlutina allt öðruvísi upp. Þeir setja hlutina þannig upp, eins og kunnugt er, að þeir hafi sparað svo mikið frá því sem ella hefði orðið ef enginn heilbrrh. hefði verið til og engin fjárln. og engin maður á Alþingi Íslendinga. Miðað við það þá hefðu þeir sparað stórkostlega fjármuni. En jafnvel þó maður trúi þeirra eigin tölum þá er niðurstaðan sú að sjúklingarnir, fólkið sem þarf meðulin hefur borgað allt. Þannig er nú mátturinn og dýrðin hjá Jafnaðarmannaflokki Íslands. Hann er hjá veiku fólki. Hálfur milljarður til 600 millj. kr. á ári í skatta á sjúklinga sem þurfa að hlaupa í apótekin til að ná í meðulin sín.

[23:32]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég hygg að sú umræða sem fram hefur farið í dag og kvöld um frv. til lyfjalaga og þær breytingar sem hv. heilbr.- og trn. hefur lagt til á því leiði í ljós þegar saman er dregið að þrátt fyrir allt og andóf af ýmsu tagi sé innst inni talsverður stuðningur við meginefni frv. A.m.k. gat ég ekki merkt annað á ræðu hv. þm. Svavars Gestssonar en að hér væri á ferðinni verkefni sem hafi raunar áður í tíð hans sem heilbrrh. og síðar verið ofarlega á hans verkefnalista. Þ.e. að brjóta upp þetta trénaða kerfi smásölu og heildsölu sem við höfum búið við um alllangt skeið með allt of litlum breytingum. Minn skilningur er raunar sá að langflestir hv. þm. sem hér hafa talað, þó með nokkrum undantekningum, því miður, séu í raun og sanni sammála því að það sé verðugt verkefni og nauðsynlegt að taka á því.

Það voru líka býsna fróðlegar upplýsingar sem fram komu hjá hv. þm. Svavari Gestssyni um þann undirgang sem hann lýsti mjög skemmtilega hér. Ég merki að hann ásamt einhverjum ónefndum þingmönnum öðrum hafi þá orðið fyrir vegna þrýstings hagsmunahópa sem eiga hlut að máli. Nú kann ég það ekki því þessir hagsmunahópar hafa nú um skeið lítið viljað við mig ræða og beint sjónum sínum greinilega eitthvað annað. Auðvitað er það ekkert óeðlilegt að þeir aðilar sem hafa haft af því lifibrauð að selja lyf í smásölu og að því er virðist haft sæmilegt upp úr sér margir hverjir og kannski flestir og svo hinir sem hafa dregið fram lífið á því að flytja inn lyf og versla með þau til smásala bregðist þannig við að þeir finni öllum breytingum ýmislegt til foráttu. Það er kannski bara mannlegt. Ég man satt að segja ekki eftir því að hagsmunahópar hafi farið í fararbroddi fyrir breytingum á því kerfi sem þeir hafa búið við og búa býsna vel við og njóta góðs af. Ég man a.m.k. ekki eftir því að þess væri að vænta að ýmsir hagsmunahópar sem búa í kerfi sem býr vel að þeim hafi haft frumkvæði eða sérstakan áhuga á því að breyta því, jafnvel á þann veg að þeir beri ekki það sama úr býtum á eftir.

Auðvitað er það kjarni þessa máls, virðulegur forseti. Kjarni þessa máls sem við ræðum er sá að þetta frv. mun lækka lyfjaverð. Hvernig? Jú, með því að lækka álagningu hjá heildsölum, hjá innflytjendum og hjá smásölum. Flóknara er þetta mál nú ekki.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég átti satt að segja ekki von á því hjá ýmsum hér að þeir tækju upp stóran slag, skulum við segja, um varðveislu þessara forréttinda, um varðveislu þessa kerfis, sem hv. þm. Svavar Gestsson nefndi lénskerfi, með réttu eða röngu, en er vissulega þannig að þar ríkir ákveðin innri goggunarröð. (**Gripið fram í:** Og ytri líka.) Það tekst illa að komast inn í þennan hóp 43 apótekara eða þar um bil. Þeir þurfa að ganga í gegnum erfiða síu, að því að sagt er, úti á landsbyggðinni í slakari umdæmum en eftir að þeir hafi þraukað þá nálgist þeir höfuðborgina þar sem gullið glóir.

Ég verð að játa það, virðulegi forseti, að ég átti ekki von á því að margir hv. þm. tækju upp harðan slag fyrir þessu fyrirkomulagi og vildu engu eira til að vernda það og festa í sessi. En auðvitað er það í heild og breidd sú niðurstaða sem hv. þm. eru að sækjast eftir með því að kasta í burtu um lengri eða skemmri tíma þeim breytingum sem þó er verið að gera á þessu fyrirkomulagi.

Auðvitað er það skiljanlegt, virðulegi forseti, að það geti verið skiptar skoðanir um ágæti breytinga af þessum toga. En að það skuli vera til að mynda efst í huga hv. þm. Svavars Gestssonar, sem á yngri árum hafði það að meginmarkmiði, ef ég man rétt, að ganga milli bols og höfuðs á heildsalastéttinni, brjóta hana upp, hirða eitthvað af þeim gróða sem þar lægi inni og þjóðnýta. Öðruvísi mér áður brá.

En svo ég víki að meginatriðum þess frv. sem hér er um að ræða þá vil ég undirstrika og það er aðalatriði málsins og það hryggir mig eilítið að ekki fleiri hv. þm. skuli ræða þetta mál út frá þeim punkti að hér er um neytendamál að ræða fyrst og síðast. Hér er um að ræða hagsmuni þess fólks sem þarf lyf en í öðru sæti koma hagsmunir þeirra sem selja. Í öðru sæti koma hagsmunir þeirra sem selja. Það getur ekki verið meginmál löggjafarvaldsins að gæta fyrst að því hvernig fari fyrir þeim aðilum sem fram undir þetta og

síðar hafa með höndum sölu á lyfjum, innflutning á lyfjum, hvernig þeirra hagur muni eftir nauðsynlegar breytingar verða. Meginmálið er það hvernig við tryggjum best í fyrsta lagi eins lága álagningu og þar með lágt verð á lyfjum til sjúklinga og neytenda almennt og nokkur kostur er.

Í öðru lagi. Hvernig tryggjum við fullkomið öryggi í þessari lyfjadreifingu?

Í þriðja lagi. Hvernig tryggjum við traust, gott og lipurt aðgengi neytandans gagnvart þessari heilbrigðisþjónustu?

Þetta eru auðvitað lykilatriðin og út frá þessum þremur meginstraumum eigum við fyrst og síðast að ræða þetta mál og á þeim grundvelli byggir frv. og brtt. sem hér eru til 2. umr.

Viðvíkjandi þeim brtt. sem hér eru fram lagðar af hv. meiri hluta heilbr.- og trn. og eru sannarlega allmargar þá vil ég nú halda því sérstaklega hér til haga að margar þeirra hafa auðvitað komið eftir ítarlegt og ágætt starf í heilbrn. vegna ábendinga m.a. hv. þm. stjórnarandstöðu. Þeir hafa í raun og sanni og það er auðvitað þakkarvert viðurkennt það úr þessum ræðustól að þær breytingar væru flestar þeim til þægðar og til bóta þessu frv. Þær voru auðvitað gerðar í fullkomnu samkomulagi við ráðherra og ráðuneyti. Það hefur ævinlega verið markmið þess sem hér talar og hann gat þess þegar hann mælti fyrir þessu frv. að auðvitað væri mikilvægt ef nokkur kostur væri að ná um þetta víðtækri samstöðu og mér heyrist satt að segja að það sé ekki eins langt í það og margir mundu nú ætla eftir þá löngu og ströngu umræðu sem hér hefur farið fram og á eftir að verða lengri.

Hér er um neytendamál að ræða. Í fyrsta lagi: Hvað gerir þetta frv. varðandi bætt aðgengi? Jú, það tryggir fullkomlega, talsvert betur en nú er, að ekkert heilsugæsluumdæmi á landinu verði án lyfjasölu, án þess að þar verði lyfjabúð af einum eða öðrum toga. Með öðrum orðum, ef svo ber við, sem í raun og sanni hefur nú borið við um alllangt skeið og um árabil og áratuga skeið, að ekki hefur tekist að fá apótekara hér og þar á landinu þá er það tryggt í þessu frv. að undir þeim kringumstæðum geta heilsugæslustöðvarnar gegnt því hlutverki sem lyfsalar eða lyfjabúðir að öðru jöfnu gegna. Það er alveg kýrskýrt. Enn fremur er tekið í þessu frv. á skyldum og réttindum sjúkrahússapóteka, alveg skýrt og gert klárt með hvaða hætti þessi sjúkrahússapótek eiga að starfa og einnig, sem ég hygg að nauðsynlegt sé til að gæta að jöfnuði í þessum efnum, hvernig leikreglum þau eiga að lúta. Með öðrum orðum að þar eigi bókhald sérstaklega að vera aðskilið frá annarri starfsemi sjúkrahússins.

Hér er stigið framfararskref í þá átt að bæta þetta aðgengi. Þannig að það er bókstaflega rangt, virðulegur forseti, þegar því er haldið fram að þetta frv. til breyttra lyfjalaga leiði til þess að þjónustan úti á landi minnki. Þvert á móti mun hún aukast. Hún verður öruggari og tryggari hér eftir en hingað til. Það er málið.

Menn hafa eðli máls samkvæmt staldrað hér við það markmið þessa frv. að lækka álagningu, lækka verð á lyfjum. Því það er auðvitað alveg hárrétt sem ég gat um í framsöguræðu við 1. umr. og sem hér hefur verið áréttað, að það er ekki hægt að una því að við Íslendingar notum lyf, ekki meira og ekki minna en nágrannaþjóðir okkar, en kostnaðurinn við þetta er sá alhæsti, sá alhæsti, sem þekkist á Norðurlöndum. Það er auðvitað staða sem við getum ekki sæst á og það er ekki eingöngu, eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson kom *hér inn á í sinni ræðu, á heildsölustiginu.* Það er því miður ekki síður á smásölustiginu. Þetta hlýtur auðvitað að verða verkefni sem okkur ber skylda til að taka á og það er gert í þessu frv. Ég held að það sé ástæðulaust að fara mörgum orðum um þann þátt þessa frv., sem lýtur að samhliða innflutningi, sem lýtur að EES-þáttum þess, en er auðvitað mjög veigaþungt í verðmyndunarkerfi lyfjanna. Þar er verið að brjóta upp þetta nýlendukerfi, þetta danska nýlendukerfi, sem hefur byggst upp á því að tilteknir innflytjendur hafa einokun á tilteknum merkjum og eru þar með mjög ráðandi um verðákvarðanir eðli máls samkvæmt. Nú er hægt og heimilt, eftir gildistöku þessa frv., að flytja lyfin inn frá öðru landi en upprunalandinu, sem hefur í raun og sanni þýtt Danmörk í langflestum tilfellum fram undir þetta. Og það er auðvitað reynsla annarra þjóða og verður væntanlega sú sama hér að þetta mun leiða til verulegrar lækkunar á verði lyfja.

En áður en lengra er haldið, virðulegi forseti, þá er auðvitað nauðsynlegt að rifja það upp með nokkrum orðum við hvaða verðmyndunarkerfi við búum og höfum búið við núgildandi lög í þessum efnum. Það kerfi sem mér heyrist að margir þingmenn vilji halda í lengst allra orða. Það er kannski einfaldast að greina frá því í dæmi. Ég hygg að öllum hv. þm. sé ofarlega í huga þegar ákvörðun var tekin um afnám aðstöðugjaldsins. Vissulega hafa menn deilt um það hér fram og til baka í hversu miklum mæli afnám aðstöðugjaldsins hafi skilað sér til neytandans í lækkuðu vöruverði. En að *sjálfsögðu var eftir því leitað af hálfu* stærsta kaupandans í lyfjamálunum, ríkisins, að þessi lækkun skilaði sér í lækkaðri álagningu heildsölu og smásölu hvað viðvíkur lyfjunum. En þá bar auðvitað svo við að ýmislegt þurfti að athuga og rannsaka og það var ekki fyrr en fjórtán mánuðuðum, ég segi og skrifa fjórtán mánuðum, eftir að afstöðugjaldið var af tekið að ráðherra heilbrigðismála fékk á sitt borð tillögu sem gekk í þá átt að afnám aðstöðugjaldsins leiddi til lækkunar álagningu í heildsölu og smásölu af lyfjaverði. Og það var ekki fyrr en núna 1. apríl sem þessi lækkun gat komið til framkvæmda. (Gripið fram í.) Ég ætla ekki að rekja í smáatriðum hverjar ástæður þessa voru en vil minna á það, ef einhver man ekki eftir því, hvernig lyfjaverðlagsnefnd ber að standa að verðlagningu lyfja.

Í lyfjaverðlagsnefnd eru fimm aðilar, það er fulltrúi Hagstofu, Tryggingastofnunar, Apótekarafélagsins, Lyfjafræðingafélagsins, starfandi lyfjafræðingur, og síðan fimmti maður, sérfróður um lyfsölumál, og skipar ráðherra hann án tilnefningar. Það hefur gengið á ýmsu með þann mann. Þeir hafa nú ekki verið langlífir þessir sérfræðingar ráðherrans og hagsmunaaðil-

ar yfirleitt kært þá jafnharðan út úr þessari nefnd. Sá síðasti sem skipaður hefur verið, það var raunar sá þriðji á rúmu ári, situr þó enn. En það tók þennan lyfjaverðlagshóp fjórtán mánuði að reikna sig niður á hálft prósent í minnkun álagningar í heildsölu og eins prósents í smásölu.

Þetta fyrirkomulag getur auðvitað ekki gengið, virðulegur forseti. Á þessu ber okkur auðvitað brýn skylda til að taka. Og í því frv. og þeim brtt. sem fram hafa komið frá hv. þingnefnd er lagt til að sérstök lyfjaverðsnefnd komi þar að málum varðandi verðákvörðun lyfja og að því miðað með skipan hennar að þar verði skilvirkni höfð að leiðarljósi og hún vinni hratt og vel eins og lög segja til um.

Í þessari umræðu er því haldið fram að það geri sig og segi sig sjálft að ef til þess komi að lyfjaverslunum fjölgi þá hljóti það að leiða til hækkaðs tilkostnaðar og þar með hækkaðs verðs á lyfjum. Þetta hygg ég að sé allt of skammsýn ályktun. Við þekkjum það auðvitað úr núverandi kerfi að það er dýrt og þunglamalegt. Þeim apótekurum sem eiga að taka við tilteknum héruðum er gert það að kaupa dýran lager, í mörgum tilfellum dýrt húsnæði og ganga inn í það kerfi sem byggt hefur verið upp á löngum tíma ella verða af embættinu.

Ég sé það auðvitað fyrir mér að tilkostnaður geti lækkað mjög verulega við þetta umfang og við smásölu hér á landi. Það gefur auga leið að minni hyggju að þar geti verið lækkaður tilkostnaður. Og það vil ég segja, af því að hér hafa hv. þm. margir hverjir staldrað við þann þátt að það sé nánast „tabú" að nota hugtakið markað þegar rætt er um sölu og kaup á lyfjum. Ég er því algerlega ósammála og það er auðvitað ekki samanburðarhæft þegar í annan stað er því lýst yfir, sem satt er, að það sé ekki vilji hjá þessum ráðherra sem hér talar að fara í rík útboð á þjónustu í heilbrigðiskerfinu og hann vilji hins vegar frekar styrkja og styðja það kerfi sem fyrir er. Á hinn bóginn er þar um óhlutbundna þjónustu að ræða, en í lyfjamálunum er um hlutbundna þjónustu að ræða sem gegnir öðru máli um. Það væri bókstaflega rangt hjá okkur ef við nýttum ekki þá þætti markaðarins sem í samkeppni hafa sannarlega í verslun og þjónustu leitt til lækkaðs verðs. Auðvitað verður ekkert slegið af í öryggismálum og auðvitað þýðir þetta ekki að lyf séu allt í einu einhver mjólkurvara út úr búð eða einhver varningur af þeim toga sem fólk satt að segja kaupir meira af eftir því sem verðið er lægra.

Ég minnist orða hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur þegar hún sagði hér í umræðunni að það væri hægt að leiða það af líkum að ef þjónustan væri verri þá þýddi það lægra lyfjaverð, ef þjónustan væri betri þá hækkaði það lyfjaverðið. Ég er þessu gjörsamlega ósammála. Ég held þvert á móti að við höfum öll efni til að bæta þjónustu en lækka líka lyfjaverð og það er hinn rauði þráður þessa frv. sem við erum hér að fjalla um.

Við höfum á að skipa í þessu frv. lyfjaverðsnefnd sem tekur sannarlega við af breyttu umhverfi, annars vegar í innflutningi og hins vegar í smásölu. Þessi lyfjaverðsnefnd á að skipa málum varðandi hámarksverð í heildsölu annars vegar og smásölu hins vegar. Ég veit svo sannarlega og trúi því að þessi lyfjaverðsnefnd komist mjög fljótlega að því að það sé fullkomið svigrúm til þess að lækka enn frekar álagningu en gert hefur verið fram að þessu. Sannarlega er ástæða til að fagna þeim árangri sem hv. þm. Guðmundur Bjarnason og Finnur Ingólfsson, þegar þeir réðu ríkjum í heilbrrn., náðu í þessum efnum. Það er vissulega þakkarvert. Og það er alveg hárrétt sem fram hefur komið af þeirra hálfu að það er hægt að ganga lengra og það er eitt af markmiðum þessa frv. sem við erum hér að fjalla um.

Það er kalsað um það hér í þessari umræðu að það verði tvenns konar verðlagning í gangi, annars vegar Reykjavíkurverð og hins vegar landsbyggðarverð. Ég vil minna á það, virðulegi forseti, að í þessu frv. eru ákvæði um hámarksverð og auðvitað gildir hámarksverð eitt hið sama um landið allt, um það þarf ekki að fjalla nánar. Á hinn bóginn er auðvitað eftirtektarvert að fylgjast með því í apótekum í Reykjavík, auglýsingum þessara apóteka frá einum tíma til annars þegar tilefni gefast eða þegar engin tilefni gefast, þegar boðið er upp á 10% afslátt í einstaka apótekum hér og þar og alls staðar, sem gefur manni auðvitað tilefni til þess að ætla enn og aftur að það sé svigrúm til varanlegrar lækkunar á álagningu og á verði lyfja. Með öðrum orðum, virðulegur forseti, út af landsbyggðinni, því hér hefur verið staldrað við þætti sem að henni lúta, sé ég fyrir mér og fullyrði að þjónusta batnar og verð lækkar og það er ekki lítill árangur þegar menn spyrja að leikslokum og skoða reynsluna af framgangi þessara mála.

Ég held líka að það sé fullkomlega ástæðulaust að gera lítið úr þeim þætti þessa frv. sem lýtur að auknu upplýsingastreymi til neytenda því það er hárrétt sem margir lyfjafræðingar hafa sagt við mig, þ.e. lyfjafræðingar sem horfa til þess að nú loksins gefist tækifæri til þess að þeir geti notað sína menntun og þekkingu með beinum hætti gagnvart notandanum en þurfi ekki að vera innanbúðarmenn hjá einhverjum apótekurum, vafalaust ágætum, og sjá fram á það í núgildandi kerfi að það verði ekki á næstu árum og jafnvel ekki á næstu áratugum sem möguleikar gefist fyrir þá að spreyta sig á því að reka eigin lyfsölu. Þeir eru margir spenntir fyrir því að fá þar möguleika og margir horfa einmitt út á landsbyggðina. Og ég vil vekja athygli á því, virðulegi forseti, af því að einatt var nú nefnt hér í umræðu um þessi mál að þetta frv. og ekki síst í ljósi þess að það væri að koma þá þýddi það hreinlega stórt stopp í þá veru að það fengjust engir lyfjafræðingar út fyrir borgarmörkin.

Nú nýverið var einmitt ungur lyfjafræðingur að hefja störf á Siglufirði sem var einn þeirra staða sem sérstaklega var nefndur í þessu sambandi. Staður sem telur ekki mjög marga og er auðvitað þannig í sveit settur landfræðilega að sá lyfjafræðingur á litla kosti að selja á stærra svæði eins og raunar algengt er. Þar voru tveir ágætir umsækjendur og vandi að velja. Annar þeirra hefur nú þegar hafið störf og ég er sannfærður um að þegar opnast þessir nýju möguleikar þá verði

það þvert á móti þannig að við sjáum nýtt þjónustufúst og vinnufúst fólk koma til starfa út á landsbyggðina og þjónusta fólk þar. En þó höfum við ævinlega þennan varaventil í þessu frv. og það er heilsugæslan, að hún muni þá hlaupa undir bagga og sinna þessari bráðnauðsynlegu heilbrigðisþjónustu.

Ég held líka, virðulegur forseti, að þar sé dálítið stórt mál að menn horfi á þau hagsmunatengsl sem með réttu eða röngu hafa verið við lýði í þessu lyfsölukerfi okkar. Hér hefur verið á það bent hvort ekki kunni að skjóta skökku við að í frv. er tekið á því afdráttarlaust að læknar geti ekki verið starfsmenn lyfsala. Ég held að þetta sé grundvallaratriði. Ég held líka að það sé grundvallaratriði að læknar hafi það ekki með höndum mikið lengur, eins og verið hefur raunar núna í undantekningartilfellum, að þeir bæði ákvarði um það hvað skuli selja og í hversu miklum mæli og fari síðan hinum megin við borðið og selji það. Það getur auðvitað ekki gengið. Ég held að það sjái hver einasti maður að það gengur þvert á allt siðferði. Ég er hræddur um að það gengi ekki sums staðar annars staðar í okkar ágæta stjórnkerfi. Þannig að um þetta trúi ég að sé almenn samstaða þó það hafi komið dálítið á óvart, ef ég skildi hv. þm. Finn Ingólfsson rétt, sem um margt hélt hér prýðilega ræðu og málefnalega enda þekkir hann þessi mál býsna vel, að það ætti að vera í hans hugmyndum nýtt og breytt kerfi, ákveðin gulrót fyrir lækna úti á landbyggðinni, að fá lyfjatöskuna með og ... (Gripið fram í.) Þá hef ég misskilið það og bið velvirðingar á því. En um þennan þátt held ég að hljóti að vera samstaða.

Það breytir auðvitað ekki því að læknar verða eftir sem áður starfsmenn heilsugæslunnar og enginn kemur til með að amast við því að þeir rétti lyf yfir borðið, en að þeir verði ekki starfsmenn viðkomandi lyfsala. Það er auðvitað grundvallaratriðið. Þeir halda auðvitað áfram að vera þjónar fólksins og takast á við þau verkefni, sérstaklega úti um land þar sem fáir starfsmenn eru, sem á þeim brenna frá einum tíma til annars. Það gefur auga leið.

Í brtt. hv. nefndar er gert ráð fyrir því að gildistími frv. að stórum hluta fari aftar í tíma og verði að ári. Það er auðvitað álitamál. Þau rök hafa verið ofarlega á baugi í þessum efnum að vegna þeirra breytinga sem hér eru lagðar til þá gefist allnokkur aðlögunartími. Ég hygg að það séu ákveðin sanngirnisrök sem þar séu á ferðinni og þess vegna er þessi breyting fram komin. Hún á ekkert skylt við vangaveltur hv. þm. Finns Ingólfssonar að það sé einhver ótti núverandi ráðherra að takast á við þetta verkefni. Hann er óður og uppvægur að takast á við það nú þegar ef svo bæri undir. En ég held að að séu ákveðin sanngirnisrök í því engu að síður þegar jafnstóru og viðamiklu kerfi sem hefur verið lítt breytt um áratuga skeið er loksins breytt þá gerist það með aðlögun. Að vísu held ég að apótekarar hér og þar og alls staðar hafi ekki áunnið sér slíkan helgunarrétt, eins og hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir ýjaði að, að þeir ættu skaðabótarétt á hendur löggjafarvaldinu. Það held ég að sé gersamlega af og frá og út af fyrir sig held ég að ég þurfi ekki að hafa fleiri orð um það. Það er út af fyrir sig enginn slíkur helgunarréttur á þessum viðskiptum og stóri kaupandinn, eins og hv. þm. Finnur Ingólfsson kom inn á, hefur náttúrulega um það talsvert val hvar hann gerir sín viðskipti. Það er út af fyrir sig ekkert í núgildandi lögum sem mælir svo fyrir um að Tryggingastofnun ríkisins eigi að kaupa lyf með þeim hætti sem nú er þó að að sé auðvitað eðlilegt að hún geri það. Þannig að af þeim þætti málsins held ég að þurfi ekki að hafa stórar áhyggjur.

Það er hins vegar, virðulegi forseti, alveg bráðnauðsynlegt að glöggva sig enn frekar á því við hvaða ástand við búum í dag og höfum gert um áratuga skeið. Ég hef nefnt hér og farið nokkrum orðum um smásöluna. Í heildsölunni er það nú raunar þannig að það eru ekki 43 heildsalar sem hafa þar tögl og hagldir heldur eru það mestan part tvö innflutningsfyrirtæki, sem hafa í raun og veru um 70% markaðar. Ég sé það fyrir mér að með hinum samhliða innflutningi rísi upp nýir aðilar. Það getur vel verið að margir þeirra verði ekkert mjög stórir og vissulega er það rétt að við gjöldum þess að nokkru að markaðurinn er að sönnu ekki stærri en hann er. Þó hann sé 5 milljarðar, sem er býsna stór peningur á íslenskan mælikvarða, þá er það kannski ekkert á mælikvarða lyfjaheimsins þar sem velt er 900 milljörðum króna á ári í rannsóknir einar saman, 900 milljörðum króna. En það breytir því ekki og það höfum við séð á öðrum innflutningi, þar sem létt hefur verið af hömlum, að Íslendingar eru býsna ólseigir að leita eftir þegar tækifæri gefast að nýjum leiðum, ódýrari leiðum en áður voru. En auðvitað verður að gæta að því þegar að hinum samhliða innflutningi kemur að fyllsta öryggis sé gætt og á því er tekið mjög skelegglega í frv. með lyfjanefndinni og verksviði hennar. Þannig að hér er ekki látið skeika að sköpuðu heldur þvert á móti tekið á þessum nauðsynlegu þáttum sem menn þurfa auðvitað að hafa mjög í heiðri og í huga þegar kemur að ákveðinni opnun á þessu kyrrstæða kerfi sem við höfum búið við.

Hér hefur líka verið sagt, virðulegi forseti, að ef aðgengi verði of gott, þjónustan verði of góð við fólkið, ef verðið verði of lágt, þá þýði það mikla aukningu á lyfjanotkun. Samkvæmt þessari nálgun málsins má verðið ekki lækka of mikið og það má ekki vera of góð þjónusta úti á landi. Ég er þessu ósammála og menn hafi borið þetta saman við stefnu í áfengismálum. Ég vil minna á það, virðulegi forseti, að að langstærstum hluta til, um 75%, verða viðskipti með lyf á þann veg að það er læknir sem ákvarðar í raun og sanni í samráði við sjúklinginn sinn hvaða lyf hann ætli að kaupa og í hversu miklum mæli. Þetta gengur ekki að öllu jöfnu þannig fyrir sig að sjúklingurinn gangi út í búð eða örvist á þann veg að hann finni sig knúinn til að kaupa meira og meira. Að langstærstum hluta til með lyfseðilsskyldu lyfin er það þannig að það er læknirinn, okkar fagmaður, trúnaðarmaður okkar allra, sem ræður þar för.

Á hinn bóginn hefur það breyst nokkuð og það er held ég fagnaðarefni líka að sjúklingurinn sjálfur er farinn að láta sig varða hvað hann setur ofan í sig, með

hverju læknirinn mælir. Sjúklingurinn er farinn að spyrja: Hvað kostar þetta, læknir góður? Og í annan stað: Hefur þetta lyf aukaverkanir? Þekking fólks hefur sem betur fer aukist stórlega á þessum vettvangi og frv. gerir einmitt ráð fyrir því að auka þessa þekkingu mun meira. Það er liðin tíð sem betur fer að hinn íslenski maður og hin íslenska kona lúti því valdi frá einum tíma til annars sem þau þurfa að sækja til. Læknar hafa til langs tíma verið taldir, oft með réttu, nærri guðlegum verum, en þeir eru auðvitað ekki óbrigðulir frekar en nokkurt okkar og sannarlega hefur fólk áttað sig á því í ríkum mæli og það hefur jafnframt komið fram í afstöðu til lyfja að heilsan er auðvitað fyrst og síðast á ábyrgð okkar sjálfra. En við njótum hjálpar og aðstoðar frá samhjálpinni, frá heilbrigðisþjónustunni, starfsfólkinu, læknum, hjúkrunarfræðingum og frá þeim sem ráðstafa lyfjum frá einum tíma til annars. Þess vegna m.a., virðulegi forseti, af því að það bar nú á góma í umræðu í þinginu ekki fyrir margt löngu, var kynningarátaki heilbrigðisráðuneytisins vegna samheita- og sérlyfja ekki síður beint gagnvart almenningi og vakin athygli hans á þeim valkostum sem byðust í þessum efnum, ekki eingöngu þrengt inn á heilbrigðisstéttirnar.

Hér hefur eilítið verið staldrað við það að við Íslendingar séum einir á báti þegar kemur að hugleiðingum um breytingar á innflutningi lyfja og lyfjadreifingu og jafnan vísað til Dana í því sambandi og hugmynda sem þeir hefðu sett ofan í skúffu sem hefðu verið eitthvað í líkingu við það frv. sem hér er til umræðu. Nú er það þannig, virðulegi forseti, að það er einmitt mjög mikil gerjun alls staðar á Norðurlöndum um breytingar í þessa veru. Að sumu leyti eru þær tilkomnar vegna umsókna Norðurlandaþjóðanna um inngöngu í ESB, að öðru leyti vegna þess að það er mjög mikið og náið samstarf milli Norðurlandaþjóðanna og þær bera sig mjög saman. Mér er kunnugt um það að Danir fylgjast einmitt mjög grannt með því hvað við erum að gera og við með því sem þeir eru að gera. Þannig að við skulum sjá hvað setur í þeim efnum um framhald þróunar í Danaveldi og mér kæmi ekki á óvart þó að þar færu í gang ekki ósvipaðir hlutir og hér eru lagðir til.

Virðulegi forseti. Ég get út af fyrir sig orðlengt þetta og farið nánar ofan í saumana á ýmsum atriðum þessa frv. og skýrt margan þann misskilning sem sannarlega hefur verið hér á ferðinni. Sá undirtónn gengur dálítið aftur í þessari umræðu hjá ýmsum. Þó að að sumu leyti viðurkenni nú allir að einhverju þurfi að breyta, þá plumpar upp svona frá ræðumönnum: Ja, þetta er nú bara býsna gott eins og það er, eigum við nokkuð að vera að breyta þessu? Og ég vil árétta það, virðulegi forseti, að þessum ályktunum er ég gersamlega ósammála og ég trúi því ekki þegar hv. þingmenn skoða hug sinn nákvæmlega, að þeir geti setið rólegir undir þeirri staðreynd að á Íslandi sé langhæsta lyfjaverð sem skattgreiðendur borga, allt að 70% og sjúklingarnir sjálfir úr buddunni sinni að 30%. Það er ástand sem verður auðvitað ekki við unað og er skylda löggjafarvaldsins að taka á og breyta.

Hér gengur auðvitað orð gegn orði í þá veru hvort þetta frv. komi til með að ná þeim markmiðum sem því er ætlað. Reynslan verður sannarlega ólygnust í því. Ég hef hins vegar reynt með örfáum orðum að gera grein fyrir áliti mínu og meiri hluta heilbr.- og trn. í þessum málum og hef leitt getum að því og fært að því rök hvers vegna ég álíti að þjónustan muni batna, að verðið muni lækka og með öðrum orðum að við getum með nokkurri reisn bent á það að við höfum fært lyfjadreifingu og lyfjaverð til nálgunar við það breytta umhverfi sem við búum í. Það er ekki boðlegt lengur að við segjum einfaldlega: Við skulum bara hafa þetta eins og þetta er af því að þetta hefur verið svona. Það áreiti sem við okkur blasir, það þjónustuleysi sem víða er úti um land, það háa verð sem fólkið þarf að borga fyrir þessi lyf er auðvitað áreiti sem við þurfum að bregðast við og það er gert með þeim hætti sem þetta frv. segir til um og mun sannarlega leiða til lækkaðs verðs og betri þjónustu.

[00:15]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þessi ræða sem hæstv. heilbr.- og trmrh. hélt hér var að mínu viti afskaplega merkileg og hún var mjög góð. Og það er eins farið fyrir mér og ég sé að farið er fyrir hv. þm. og formanni hv. heilbr.- og trn., Gunnlaugi Stefánssyni, að við erum báðir jafnsteinhissa því þessi ræða er náttúrlega ekki í neinu samræmi við það sem í frv. er. Frv. er bara allt öðruvísi. Hæstv. heilbr.- og trmrh. hélt ræðu sem er alls ekki um frv. Hann hélt bara ræðu um það hvernig hann vildi hafa þessi mál og ég get að öllu leyti tekið undir það. Þeim væri miklu betur skipað með þeim hætti sem hæstv. ráðherra lýsir hér yfir, en það er bara ekkert af þessu í frv., hæstv. ráðherra. Og ef það er nú breytt afstaða hjá hæstv. ráðherra í þessum efnum þá finnst mér alveg sjálfsagt að málið verði aftur tekið til hv. heilbr.- og trn. og skoðað þar og þessi sjónarmið sem hérna koma fram hjá hæstv. ráðherra sett inn í frv.

Ég sit ekki undir því við þessa umræðu að ég hafi verið að verja núverandi kerfi. Það var síður en svo. Ég notaði meira en helminginn af mínum ræðutíma hér áðan til þess að skýra út nákvæmlega hvernig ég vildi sjá breytt lyfjadreifingar- og lyfsöluskipulag í landinu. Það er í öllu meginatriðum með svipuðum hætti og hæstv. ráðherra lýsti hér áðan. En frv. er bara í engu samræmi við þetta þannig að auðvitað verður að taka málið aftur til nefndarinnar og skoða það.

[00:17]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og hv. síðasti ræðumaður þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessa prýðilega góðu ræðu. Og ef maður vissi ekki betur hvað stæði í frv. þá tryði maður þessu. Hæstv. heilbrrh. sagði að lyfjaverð mundi lækka. Ég sagði hér í dag að það voru tugir manna sem komu til nefndarinnar og það var aðeins einn sem taldi að það gæti verið að lyfjaverð mundi lækka, en hann sagði jafnframt að hann hefði ekki lesið frv. Þannig að þetta passar mjög vel saman.

Hæstv. ráðherra sagði að þeir sem töluðu á móti

þessu frv. væru aðeins að halda utan um apótekara og vígi þeirra. Hefur hæstv. heilbrrh. ekki lesið umsögn Alþýðusambands Íslands, sem er í 8 liðum, mjög athyglisverð gagnrýni einmitt á þetta frv. Áhyggjur Alþýðusambandsins um að lyfjaverð muni hækka og þá sérstaklega á landsbyggðinni og tekur sérstaklega á því að það beytist ekkert á heildsölustiginu.

Hæstv. heilbrrh. kom mjög víða við í ræðu sinni og sagði m.a. að nú segðu sjúklingar þegar þeir kæmu til læknisins: Hvað kostar lyfið, læknir minn góður? Og er að undra. Ætli þeir spyrji ekki: Ætli ég eigi fyrir þessum lyfjum? Vegna þess að sjúklingurinn tekur enn þá meiri þátt í lyfjakostnaði heldur en hann hefur nokkurn tíma gert. (Gripið fram í.) Nú æsist leikurinn og bræðurnir tala báðir í senn. Er ég er búin með ræðutíma minn? En sem sagt, ef það er tilfellið að þetta er vilji hæstv. ráðherra sem kom fram í ræðu hans, þá er ég tilbúin að endurskoða þetta frv. með honum og við náum án efa sátt í þessu máli.

[00:19]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og þeir hv. þingmenn sem hér hafa talað í andsvörum við ræðu hæstv. ráðherra þakka honum fyrir mjög hugljúfa ræðu og að lýsa yfir þessum góða vilja. En ég vil einnig taka undir þá skoðun þeirra þingmanna sem hér hafa talað að það er ekki nóg að hafa þennan góða vilja og þessa hugsun sem hefur svo oft komið fram í umfjöllun um frv. í nefndinni þegar við erum að fjalla um það. Þá hafa skýringarnar við einstaka lagagreinar oft verið þær að þetta sé ekki hugsunin á bak við þessa frumvarpsgrein Við hugsum ekki þetta.

Í ræðu minni hér í dag kom ég með ákveðnar spurningar, allar málefnalegar, út frá efnisatriðum þessa frv. og þeirra brtt. sem hér eru og sýndi fram á hvernig hægt er að hártoga þessar greinar fram og til baka. Hæstv. ráðherra svaraði ekki einni einustu spurningu og ég gat ekki heyrt að hann veitti í raun og veru svör við neinum þeirra spurninga sem hafa komið fram hér í umræðunni, lýsti aðeins yfir þessum góða vilja sínum, sem ég efast ekki um að er til staðar. Ég efast ekkert um það. En það er þá kominn tími til að hann fari með réttu lagi inn í lagagreinar eða frumvarpsgreinar en ekki eitthvert annað.

[00:22]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það hvarflaði að mér að spyrja eftir því hvað tímanum liði. Klukkan nálgast hálfeitt. Hér er því stundum haldið fram á Alþingi að ráðherrar séu yfirleitt með lokuð eyrun. Nú hefur það gerst að við höfum orðið vitni að því að heill ráðherra hefur skipt um skoðun undir gagnlegum umræðum og ég er ekkert viss um að það sé heppilegt að halda þessum fundi áfram, leyfa hæstv. heilbrrh. að fara heim með þessi sinnaskipti og sofa á þeim heila nótt og sjá hvort hann verði ekki sömu skoðunar í fyrramálið þegar við mætum hér. Þannig að ég er svona að mælast til þess, hæstv. forseti, hvort ekki sé hægt að ljúka þessum fundi um þessar mundir til þess að ráðherrann verði ekki ruglaður á nýjan leik. Og þess vegna vil ég spyrja hæstv. forseta, hversu lengi hann ætlar að halda áfram á þessu kvöldi. (**HG:** Hvenær varð ráðherrann ruglaður?) Ja, hæstv. ráðherra varð hér skynsamur. Hann tók rökum, hann hlustaði á gagnrýni og skipti um skoðun og talaði hér af fullri skynsemi og mér finnst ástæðulaust að eyðileggja þá heilbrigðu hugsun sem kom fram hjá honum með því að vera að þvæla hér í þinginu í alla nótt, því við tökum áhættu með því.

[00:23]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram áðan hjá hv. síðasta ræðumanni sem ræddi um stjórn fundarins þá er klukkan farin að halla í eitt og þeir þingmenn sem enn þá eru á fundi eiga flestir að mæta til vinnu að nýju klukkan átta í fyrramálið. Ég hef raunar áður getið um það hér úr þessum ræðustól við þær aðstæður að ég telji að við þingmenn sem erum að setja lög eigum að fara að lögum og vil því minna á lög nr. 46/1980, lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Í 52. gr. segir, með leyfi forseta:

„Vinnutíma skal hagað þannig að á hverjum sólarhring, reiknað frá byrjun vinnudags, fái starfsmenn a.m.k. 10 klukkustunda samfellda hvíld."

Ég vil nú spyrja hæstv. forseta hvort hann hyggst ekki fara að þessum lögum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vegna þessara athugasemda geta þess að enn eru nokkrir hv. þingmenn á mælendaskrá og það hafði verið gert ráð fyrir því að reyna að ljúka einhverjum af þeim ræðum sem ólokið er.

[00:24]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Hér hefur verið vakið máls á því að klukkan sé rúmlega tólf og það kynni að vera að sumir þingmenn væru orðnir þreyttir og einn hv. þm. vitnaði í lög sér til varnar í þeim efnum. Ég vil minna á að það eru fáir dagar eftir af þinghaldi og það bíða mörg mál hér úrlausnar. Það má kannski segja frá því svona til fróðleiks og upplýsinga að það tók hv. heilbr.- og trn. eina 14 fundi að vinna þær brtt. sem hér liggja fyrir og þeir voru margir langir og erfiðir og þar lögðu hv. þingmenn mikið starf af mörkum og á sig mikið erfiði og ekki á ég von á því að þeir komi hér og kvarti yfir því að of mikið sé á hv. þingmenn lagt þó að það sé unnið kannski eitthvað fram eftir nóttu einu sinni eða svo. Það hefur ekki verið svo mikið um næturfundi á þessu missiri þinghaldsins. Ég minnist þess ekki að það hafi verið starfað hér eftir miðnætti eitt einasta kvöld frá því um jól. Það getur einhver leiðrétt mig ef hann veit betur. Þannig að mér finnst ástæðulaust að víkja sér undan vinnu núna, hvað þá á miðju vori þegar dagur er að lengjast og þrekið mikið, þá finnst mér það koma úr hörðustu átt að hv. þingmenn ætli að víkja sér undan því að vinna sín störf. Það þarf að ræða þetta mál ítarlega eins og hv. þingmenn hafa lagt áherslu á og komið hefur fram í máli

þeirra og ég undrast að sömu þingmenn vilja fara að hlaupa af vaktinni og ekki nýta þann tíma sem okkur gefst til að komast til botns í þessum málum og ljúka umræðunni.

[00:27]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla að minna á að það var fundur með formönnum þingflokka og forseta þingsins í gær og þá var um það rætt hvað þessi fundur ætti að standa lengi. Það var talað um að hann stæði til eitthvað á bilinu tólf til hálfeitt. Nú er klukkan hálfeitt þannig að ég tel rétt að slíta þessum fundi.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill geta þess vegna orða hv. síðasta þm. að það hafði ekki legið fyrir neitt sérstakt samkomulag um lok þessa fundar þegar forseti tók við stjórn fundarins.

[00:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það var ákaflega hugljúf ræða sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson flutti áðan og ég vona að hann verði þessa sinnis á morgun og haldi fund í hv. heilbrn. og ræði þau mál sem hér hafa verið á dagskrá því að mér heyrist að þeir bræður báðir séu orðnir þannig sinnaðir að það verði hægt að finna lausn á málinu.

En hvað varðar það sem hann sagði hér áðan, að heilbr.- og trn. sé búin að vinna mjög mikið, þá hafa allar nefndir verið að vinna mjög mikið undanfarið og eiga eftir að gera það. Hins vegar vil ég minna hann á að það er ekki verið að ljúka þinginu. Það hefur ekkert verið um það samið hvenær því ljúki. Við fengum forgangslista frá ráðherrum í gær þar sem eru um 100 mál sem er alveg fyrirsjáanlegt að er ekki hægt að ljúka alveg á næstu dögum. Þannig að út frá því sé ég ekki nokkra einustu ástæðu til þess að halda hér áfram langt fram á nótt þegar vinnudagar eru hér fram undan í þessari viku.

Ég vil einnig nefna það, eins og ég sagði áðan, að í fyrramálið eiga flestallar nefndir að fara að vinna klukkan átta og á fundi þingflokksformanna í gær var að vísu ekki rætt um það að hætta klukkan tólf en ég gerði fyrirvara um að það yrði farið að huga að því að hætta klukkan tólf og meginforseti svaraði því að það væri nú kannski ekki hægt á mínútunni tólf en svona hálfeitt til eitt eftir því hvernig stæði á ræðum.

[00:30]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Kárnar nú gamanið, vaknaður er hv. þm. Geir Haarde, eini þingmaður Sjálfstfl. í þessum sal að þessu sinni (**Gripið fram í:** Þú gleymir forseta.) og sýnist mér — ja, forseti sinnir öðrum skyldum — að sá sé hér kominn til þess að reyna að pína menn áfram til vinnunnar.

Ég vil nú minna hv. þm. Gunnlaug Stefánsson á það að þegar drottinn allsherjar skóp himin og jörð, fugla og mennina, þá var þetta sköpunarverk mjög merkilegt og hann ákvað að hafa dag og sólin skyldi skína og menn skyldu vinna á þeim tíma. Síðan setti hann á nóttina og ákvað að þá skyldu menn hvílast. Og nú er nákvæmlega sá tími upp runninn að flestir í þessu landi hafa gengið til rekkjunnar og eiga draumfarir allgóðar. Þess vegna þykir mér við hæfi að eftir að hæstv. heilbrrh. hefur einnig tekið rökum þá verði hér settur punkturinn aftan við i-ið og við göngum heim. Því eins og ég sagði áðan finnst mér ástæðulaust þegar menn hafa tekið rökum að halda áfram að þvæla yfir þeim. Mér finnst miklu nær að hæstv. heilbrrh. fari heim og sofi á þeim sinnaskiptum sem hann nú hefur tekið eftir hina ágætu ræðu sína og við sjáum við dagsbirtu morgunsins hvort hann verður ekki enn á þeirri skoðun að breyta beri frv. og koma því í það horf eins og hans góða ræða hér áðan var.

[00:32]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að það liggi ekkert á að halda áfram umræðum um þetta mál og satt að segja er alveg með ólíkindum sú dagskrá sem var sett upp fyrir þingið þessa viku. Við höfum verið að í allan dag. Við erum boðaðir á tvo nefndarfundi í einu og höfum verið hér að í matartímum, bæði í hádeginu og kvöldmatnum, og það eru boðaðir fundir klukkan hálfníu í fyrramálið. Á fimmtudag er boðað að það eigi að ræða fjögur sjávarútvegsfrumvörp á einum degi eða fimm, sem ríkisstjórnin hefur verið síðan 1991 að koma sér saman um. Við eigum að afgreiða fimm frumvörp á einum degi, sem þessi ríkisstjórn hefur verið fjögur ár að ná samkomulagi um. (**StG:** Hún náði ekki samkomulagi.) Og náði ekki samkomulagi, upplýsir hv. 4. þm. Norðurl. v.

Þannig að ég held að það sé sjálfgert að hætta þessari umræðu núna, ekki síst af því að það er mikilvægur tímapunktur í henni. Heilbrrh. hefur tekið rökum. Þegar slíkir hlutir koma upp er best að staldra við og ég held að það væri rétt að hætta þessari umræðu því að þingi er ekkert að ljúka. Það eru það mörg mál eftir að þing mun auðvitað standa alla næstu viku, það er alveg ljóst. Þannig að við eigum ekki að standa hér í næturfundum vegna þess að það vekur athygli úti frá þegar Alþingi er á þessum næturfundum fund eftir fund og það vekur tortryggni og vantrú hjá þjóðinni og vekur vantraust á þeirri lagasetningu sem er afgreidd hér frá þinginu.

Ég mæli þessi orð í fullri alvöru því að ef þið hafið, hv. þingmenn, farið út í þjóðfélagið og talað við kjósendur, þá er talað um þetta við ykkur eins og við mig. Þetta eru varnaðarorð.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vildi nú beina því til hv. þingmanna að stytta mál sitt í þessari umræðu ef hægt væri að ná niðurstöðu um að halda umræðunni áfram einhvern stuttan tíma.

[00:36]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég er búinn að hlýða á mál allnokkurra þingmanna í sambandi við fundarhaldið og hvert halda skuli. Það komu hér eindregin hvatningarorð frá formanni heilbr.- og trn. um að nú væri rétti tíminn til þess að gefa í og halda umræðunni áfram, enda var hann staddur á miðju vori. Nú hygg ég að það mundi þykja nokkur tíðindi austur í kjördæmi okkar hv. þm., þar sem snjóalög eru óvenjumikil og aðeins fáir dagar liðnir af sumri samkvæmt almanaki, að við séum staddir á miðju vori. En allt um það. (**GunnS:** Þú horfir sjaldan til himins.) Ég horfi sjaldan til himins, upplýsir hv. þm. Hann fylgist væntanlega grannt með því. Ég veit ekki á hverju hann byggir það. En ég ætlaði nú eiginlega, virðulegi forseti, að taka undir með hv. þm. sem mælti hér að það væri full þörf á því að ræða þetta mál og mér er það nokkuð í mun vegna þess að ég var hér í ræðustól fyrr í dag, eða réttara sagt á síðasta degi, milli kl. 5 og 6 og reyndi þá ég að ná eyrum hv. þm., formanns heilbr.- og trn., sem og hæstv. ráðherra, heilbr.- og trmrh., en hvorugur þeirra var hér í þingsal og hvorugur var í þinghúsi og hvorugur svaraði kalli forseta að koma til þingfundar til þess að vera viðstaddir það mál sem við erum að ræða hér. (**GunnS:** Fremur en hv. þm. í allt kvöld?) Og síðan koma þessir (**GunnS:** Fremur en hv. þm. í allt kvöld?) Virðulegur forseti. Gæti forseti kannski hlutast til um það að hv. þm. kæmi í ræðustól á eftir til þess að flytja sitt mál. Það er einhver vanstilling hér. Ég hélt að hv. þm. mundi fagna því að það kemur hér einhver til að taka undir með honum því að ég á eftir að setja mig hér á mælendaskrá í þessu máli til þess að ná eyrum þessara hv. þm. sem voru ekki viðstaddir umræðu um það mál sem er á þeirra forræði og fyrst og fremst formaður heilbr.- og trn. víðs fjarri þegar málið var rætt hér á björtum degi og ekki finnanlegur til að koma til þings. Og sama gilti um ráðherrann. Og það mátti heyra á þeim sem stýrði þá fundi, hv. 2. þm. Norðurl. v., að hann taldi þetta ekki viðunandi háttalag og ég veit að sá forseti sem nú situr í forsetastóli mundi taka undir varðandi það sjónarmið. Síðan koma þessir hv. þingmenn hér, formaður heilbr.- og trn., um hálfeittleytið til þess að hvetja til þess að menn þreyi umræðuna til næsta dags, ef ég skildi hann rétt. (**GunnS:** Steinar ná skammt úr glerhúsi.) Ekki skal standa á því ef færi er á því að ná samtali við þessa hv. þm. um þetta mál, þá ætla ég að nota mér það hvenær sem það verður, virðulegur forseti.

[00:39]

Geir H. Haarde *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. hefur farið mikinn hér í umræðunni um stjórn fundarins. Hann gat um það þegar drottinn skapaði himin og jörð og fuglana og dýrin og blómin og mennina, en honum láðist að geta þess að hann skapaði líka nokkra furðufugla, sem einstaka sinnum láta að sér kveða hér í sölunum. (**Gripið fram í:** Við sjáum þá.)

Ég vildi eingöngu láta það koma fram hér, virðulegi forseti, vegna þess að það hefur verið minnst á fund formanna þingflokka hjá forseta í gær, að forseti þingsins lagði áherslu á að þessu máli lyki. Því var að vísu mótmælt, m.a. af hv. 6. þm. Vestf. En það varð engin niðurstaða, það var ekkert samkomulag um það hvenær ætti að ljúka og meðan þannig er, meðan ekki er nein niðurstaða, þá er það auðvitað á valdi forsetans, þá er það forsetinn sem ræður því hvort haldið er áfram og hvenær fundinum lýkur.

[00:41]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég sé ekki nokkur efni til þess að frá þessari umræðu þurfi menn að hlaupa nú skyndilega klukkan hálfeitt. Ég varð sérstaklega var við það að lyktum ræðu minnar að hv. 5. þm. Suðurl. gekk hér í salinn og hélt fundi í hliðarherbergi, hafði lítið sem ekkert verið við þessa umræðu en þreyttist mjög hratt um leið og hann kom hér til salar og vildi ganga til hvílu. Ég held að það væri fagnaðarefni að hann gæfi sér einhverjar stundir til þess að hlýða hér á umræðu og heiðra okkur með nærveru sinni. Það væri að vissu leyti óvænt fagnaðarefni.

En ég vil segja það, virðulegi forseti, að eftir talsvert langa meðgöngu í þessu máli þá finnst mér satt að segja ekki stórmannlegt að menn ætli að hlaupa frá þessu hálfkaraða verki en það er það áhyggjuefni sem ég hafði hvað helst, að menn þyrðu ekki að takast á við þetta og vildu frá því hlaupa og það er kannski að koma á daginn. En ég vil segja að það er ekki nokkur efni til þess og ég trúi ekki öðru en menn séu í stakk búnir til þess og vilji ræða þetta mál til hlítar og í botn.

[00:42]

Guðmundur Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það má út af fyrir sig taka undir það með hæstv. heilbr.- og trmrh. að það er svo sem ekki þörf á því að hætta umræðunni skyndilega kl. 12.30 Það verður reyndar ekki gert héðan af því að hún er þegar komin vel fram yfir það. Ef ekki næst einhver niðurstaða í það, sem hæstv. forseti gat um af ræðustól sínum áðan, að ef þessari umræðu um störf þingsins lyki fljótt mætti kannski halda áfram einhvern stuttan tíma, ef ég tók rétt eftir hjá hæstv. forseta, þá langar mig að spyrja hann hvað hann eigi við með því að halda áfram einhvern stuttan tíma. Ef hann getur kveðið upp úr með það þá getur vel verið að við þurfum ekki lengur að spyrjast fyrir um það hvað eigi að halda þingfundinum áfram.

Það er líka ástæða til að nefna það út af ummælum hv. formanns heilbr.- og trn., hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, áðan að það sé nægur tími til að halda áfram umræðunni í kvöld og nótt, eða í nótt héðan af, til þess að ræða málin til hlítar, ræða þau út og ræða við hv. þm. sem hafa verið að fjalla um þetta mál. Það vill nú svo til, og ég gat um það í ræðu minni áðan, að við höfum ekki séð neinn hv. þm. sem skipa meiri hluta nefndarinnar í umræðunni í allan dag nema hv. formann. Ég man ekki eftir neinum þeirra og reyndar engum þingmanni Sjálfstfl. í allt kvöld nema þeim forsetum sem hafa skipst á að gegna sínu embættishlutverki.

Engum öðrum. Það lýsir bara því að menn hljóta að vera eitthvað „nervusir" við þessa umræðu eða hafa einhverjar sérstakar tilfinningar til þeirrar umræðu sem hér fer fram og vilja gjarnan vera sem fjærst henni meðan hún stendur yfir. Það er til lítils fyrir okkur stjórnarandstæðingana að krefjast svara og álits manna á þessu máli ef þeir þora ekki að vera hér til staðar, hlýða á umræðuna og taka þátt í henni.

Ég vil að vísu þakka ráðherra, eins og fleiri sem hér hafa talað á undan mér, fyrir ýmislegt sem hann sagði í ræðu sinni hér áðan. Eins og ég gat um í ræðu fyrr í kvöld hygg ég að sumt af því sem hann sagði nú hefði getað stytt umræðuna nokkuð. En ég hygg líka að ef heldur fram sem horfir að þá sé ýmislegt líka sem reyndar kom þar fram sem þurfi að spyrja nánar um eða fjalla nánar um ef ekki verður gert hlé á umræðunni handa nefndinni til að ráðgast um málið og hæstv. ráðherra að ráðgast við sína meirihlutanefndarmenn. Ef svo yrði nú og út úr því kæmu hugmyndir um það að einhverjar breytingar væri hægt að gera til að nálgast sjónarmið stjórnarandstöðunnar þá mundi það sannarlega stytta umræðuna. Annars getur hún auðvitað orðið löng.

Að lokum, hæstv. forseti, aðeins um samkomulag um þinghaldið í vikunni. Það kann að vera að það hafi ekki verið gengið frá samkomulagi um það að hætta þingfundi milli kl. 12 og 1 í nótt, en hins vegar kom það fram í þingflokki okkar í gær þegar rætt var um þinghaldið í vikunni í heild að meiningin væri sú að umræðan stæði ekki lengur núna, enda væri gert ráð fyrir löngum fundi á fimmtudag sem gæti þýtt fund fram eftir nóttu og svo hugsanlega allan föstudaginn. Ef það á að vera eitthvert samkomulag í heild um þinghaldið þá finnst mér, þó ekki hafi verið gengið frá formlegu samkomulagi, sem kann að vera, ekki sat ég þann fund, að forseti þurfi að skýra okkur frá því hvað hann hugsar sér að gera nú í nótt.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna spurningar hv. þm. vill forseti geta þess að þrír hv. þm. eru á mælendaskrá. Forseti hafði vonast til þess að e.t.v. mætti ljúka þessari umræðu og þeim þremur ræðum sem eftir eru samkvæmt núverandi mælendaskrá. Ef það mætti takast á stuttum tíma þá hefði verið æskilegt að ljúka þessari umræðu.

[00:47]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í ræðu hæstv. heilbr.- og trmrh. áðan þá hafa orðið sinnaskipti hjá hæstv. ráðherra og alger stefnubreyting í þessu máli. Hann talaði nákvæmlega í anda stjórnarandstöðunnar, þeirra málefna sem hún hefur verið að berjast fyrir í minni hluta heilbr.- og trn. Ég tek því undir það með hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni að á þessum tímapunkti hlýtur það að vera afskaplega mikilvægt fyrst formaður hv. heilbr.- og trn. leggur það mikla áherslu á að menn ræði nú málið í botn í þingsalnum að hv. þm. Geir H. Haarde kalli til þá stjórnarsinna sem í hv. heilbr.- og trn. eru og fái þá til að taka þátt í umræðunni fyrst hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson vill velja þennan vettvang til umræðna til að komat til botns í málinu.

Ég ætla ekki að skjóta mér undan því að taka þátt í umræðu þó að hún teygist eitthvað fram á morgun, síður en svo, en minni á það að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson var í forsetastóli á síðasta þingi og ég minnist þess að einn fimmtudaginn óskaði einn hv. þm. eftir því að fundi yrði frestað. Það var bara um miðjan fimmtudag. Þá sleit hv. þm. fundi rétt áður en dómsmrh. gekk í salinn sem ætlaði að fara að mæla fyrir nokkrum málum, en dómsmrh. var bara of seinn. Hv. þm. var búinn að slíta fundinum. Ég held að þetta sé ekki misminni hjá mér. Það væri því allt í lagi að staldra örlítið við núna þegar komið er á annan sólarhring.

[00:49]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Í tilefni af ummælum hv. þm. Guðmundar Bjarnasonar um það að nú væri ástæða til þess fyrir hv. heilbr.- og trn. að koma saman og líta yfir málið aftur með hæstv. ráðherra og í tilefni af því að hv. þm. Finnur Ingólfsson gaf það óbeint í skyn að hann tæki undir þessi ummæli, þá finnst mér mjög ómaklega að verki staðið. Ég get vel skilið það að hv. þm. Guðmundur Bjarnason geti misskilið hlutina vegna þess að hann hefur ekki verið á fundum nefndarinnar en hv. þm. Finnur Ingólfsson veit betur af því að það vill svo einkennilega til að í þessu máli var unnið ærlega og heiðarlega saman. Öll nefndin kom að vinnunni, ekki eins og gerist oft og gengur í stjórn og stjórnarandstöðu þar sem unnið er á grundvelli meiri hluta gegn minni hluta. Hér unnu saman stjórn og stjórnarandstaða af fullum heilindum á mörgum og löngum og ströngum fundum og tekið tillit til skoðana og athugasemda allra hv. þm., hvort sem þeir væru í stjórn eða stjórnarandstöð og að þessu var góð eining. Ég tel því að stjórnarandstaðan sé að gera hér mikil mistök með því að velja þetta mál til pólitískrar gíslingar á lokadögum þingsins og reyna að búa til stöðu sem gerir það að verkum að það gefur ekki gott fordæmi fyrir formenn nefndarstarfa í framtíðinni að fitja upp á slíkum vinnubrögðum sem við höfum gert í þessum máli. (**SvG:** Formaðurinn hefur í hótunum.) Hér er ekki verið að hafa í hótunum heldur þvert á móti verið að leggja áherslu á þau vinnubrögð sem við höfum reynt að viðhafa og það væri eðlilegt og gott fyrir málið í heild sinni að við getum haft þau í heiðri líka við umræðu málsins í þinginu en ekki þau gerð að fordæmi til þess að hv. þm. varist slík vinnubrögð þegar horft er til framtíðar.

[00:51]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni að um þetta mál tókst góð samvinna hv. heilbr.- og trn. Það hefur enginn verið að kvarta undan þeim vinnubrögðum, síður en svo. Þau eru að mörgu leyti til fyrirmyndar og menn lögðu á sig mikla vinnu. Formaðurinn á miklar þakkir skildar fyrir það.

Það sem hér hefur hins vegar gerst er það að hæstv. heilbr.- og trmrh., sem ber ábyrgð á þessu frv. sem aðili að ríkisstjórninni á þingi, hefur breytt um stefnu. Hann talar eins og stjórnarandstaðan í heilbr.- og trn. hefur talað í kvöld. Af þeirri ástæðu finnst mér full ástæða til að ræða málið í botn, eins og hæstv. heilbr.- og trmrh. orðaði það, hvort sem þingsalurinn verður valinn sem vettvangur til þess eða hv. heilbr.- og trn. kölluð saman til að kanna hvort hægt sé að ná einhverjum fleti á samstarfi í þessu máli. Hvor vettvangurinn sem er getur gilt að mínu viti þó ég hyggi hins vegar að það sé betra að taka málið aftur til nefndar og leita leiða til lausna.

[00:53]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég varð undrandi þegar ég heyrði ræðu hv. formanns heilbr.- og trn. áðan þar sem hann sagði að vegna þess að það hafi verið unnið heiðarlega og vel að málinu í nefndinni, sem hann telur að sé einsdæmi í þinginu, þá eigi menn nánast að halda sér saman í ræðustól á Alþingi og a.m.k. ef ágreiningur er um málið þá eigi að lofa stjórnarandstæðingum að tala um það hér og stjórnarliðar eigi að vera í fríi heima eins og þeir eru yfirleitt. Hingað kemur svo einn og einn maður, lítur inn um miðnættið til að sjá (Gripið fram í.) hvað umræðum líður.

Það er ekkert einsdæmi að það sé unnið heiðarlega í nefndum. Það er sem betur fer yfirleitt gert á Alþingi og það á ekki að þurfa að kaupa hv. nefndarformenn til þess með stuttum umræðum eða þögn um ágreining um mál. Þetta vildi ég sagt hafa. Ég skora á hæstv. forseta að slíta þessari umræðu eða fresta henni svo að hv. þm. gefist tími til þess að íhuga málið og það sé hægt að taka málið til nefndarinnar og vinna skarplega að því á heiðarlegan hátt.

[00:56]

Guðmundur Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það er aðeins út af ummælum hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar sem ég vildi taka það fram að mér dettur ekki í hug að efast um það að vel hafi verið unnið í heilbr.- og trn. Ég geri alveg fastlega ráð fyrir því að hann segi það satt og rétt og reyndar hefur hv. þm. Finnur Ingólfsson lýst því yfir líka að nefndin hafi lagt mikla vinnu í þetta frv. og þær brtt. sem liggja fyrir. En það virðist vera svo og hefur komið mjög skýrt fram í umræðunum að þrátt fyrir alla þessa vinnu og góða samstöðu hefur ekki náðst samkomulag. Mér heyrðist á umræðunum í kvöld að allmikill ágreiningur sé enn um málið þar til hæstv. ráðherra svaraði fyrirspurnum frá þingmönnum sem áður höfðu fjallað um málið og gaf virkilega til kynna að það mætti e.t.v. halda áfram að leita samkomulags.

Það var aðeins það, hæstv. forseti og hv. formaður heilbr.- og trn., sem ég var að ræða um áðan að mér fyndist kannski skynsamlegra að fresta umræðu til þess að athuga hvort ekki mætti finna einhvern samkomulagsgrunn í þessu mikilvæga máli. Ella er líklegt að umræðan haldi áfram með það að markmiði að reyna að fá hv. stjórnarliða í heilbr.- og trn. til þess að sannfærast um það að málflutningur stjórnarandstöðunnar sé þrátt fyrir allt réttur, þó það hafi ekki tekist í allri vinnunni í nefndinni, ef það má vera svo að ráðherra hafi tekið nokkurt tillit til þeirrar umræðu og þeirrar athugasemdar sem hafa fallið í umræðunum í dag og í kvöld.

Og svo að lokum, hæstv. forseti. Eins og venja er til er mikil vinna, mörg mál sem þurfa að komast í gegn síðustu dagana fyrir þingfrestun og ég ítreka hvort ekki sé skynsamlegt í því sambandi að leita samkomulags um þinghaldið í nótt eins og reyndar þinghaldið allt í vikunni og ég hélt sannast sagna að hefði verið samkomulag um, skildi það svo á þingflokksfundi okkar framsóknarmanna í gær að ekki væri gert ráð fyrir næturfundi núna heldur aðeins kvöldfundi fram um miðnættið en síðan löngum fundi aftur á fimmtudag og aðfararnótt föstudags.

[00:59]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem kom fram hjá hv. þm. Guðmundi Bjarnasyni. Ég hafði skilið það þannig að hér yrði fundur eitthvað fram eftir kvöldi og jafnvel til hálfeitt eða eitt, en við mættum hins vegar búast við næturfundi næsta fimmtudag. Það verður hins vegar að ráðast af því hvernig samkomulag næst um því að hingað eru þingmenn vissulega komnir til þess að vinna og mér finnst það harkalega að þeim stjórnarandstæðingum vegið sem hafa lagt sig fram við vinnu í hv. heilbr.- og trn. og tekið að fullu þátt í þeirri miklu vinnu sem hefur farið fram í nefndinni eins og hv. formaðurinn hefur gert sjálfur.

Að segja það að við ætlum að víkja okkur undan því að vinna okkar störf á hv. Alþingi held ég að eigi síst við um þá sem hér sitja og þá stjórnarandstæðinga sem hér sitja og starfa með hv. þm. í heilbr.- og trn. Þessi orð hljóta að eiga betur heima á þingflokksfundi hjá Alþfl. á morgun því að fulltrúar Alþfl. hafa ekki verið svo margir hér í dag eða kvöld. Ég held því að það sé nær að beina þeim orðum til þeirra að þeir séu að víkja sér undan vinnu.

Það hefur farið fram málefnaleg umræða í hv. heilbr.- og trn. en ágreiningurinn er þó töluverður. Við höfum verið í umræðum í dag, sú umræða hefur verið málefnaleg en e.t.v. hefði mátt stytta hana verulega ef þingmenn hefðu fengið strax að loknum sínum ræðum svör við þeim spurningum sem við settum fram. En við bíðum enn sum hver eftir því að fá svör. Það má vel vera að það eigi eftir að taka einhvern tíma enn. En ég held að það væri skynsamlegra að við stoppuðum núna og tækjum umræðuna aftur upp síðar.

[01:01]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu um stjórn fundarins en gagnstætt venju er hún um margt gagnleg. Það hefur komið fram sem ég hef verið að sannfærast um hægt og bítandi eftir því sem á umræðuna hefur liði að það er almennari stuðningur við þetta frv. og þær brtt. sem hér liggja fyrir en ég átti von á. Ef þessu heldur fram sem horfir þá á ég ekki von á öðru en því að hér ríki almennur stuðningur við

frv. og þær brtt. sem heilbr.- og trn. í heild sinni hefur unnið svo vel að. Það eru því öll efni og mjög skynsamlegt núna þegar svona vel gengur að menn haldi áfram og leiði málið til lykta.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill nú gera stutt hlé á fundinum og óskar eftir að eiga fund með formönnum þingflokka ef hv. 2. þm. Austurl. gerir ekki athugasemd við það að fresta ræðu sinni. [Fundarhlé. — 01:03]

[01:29]

Jón Helgason:

Herra forseti. Hæstv. heilbrrh. sagði áðan í ræðu sinni að það skyldi ræða þessi mál út frá neytendasjónarmiðum og það er út frá þeim sjónarmiðum sem ég vil ræða það og fara þannig að hans ráðleggingum. Ég gerði það líka þegar sambærilegt frv. var lagt fram á síðasta þingi þegar það var þar til 1. umr. En þá lét ég í ljós áhyggjur mínar yfir því hvaða áhrif þetta hefði á dreifbýlið, fámenn læknishéruð þar sem lyfjaverslun er í hundruð kílómetra fjarlægð og því ekki auðvelt fyrir þá sem þar búa að leita þangað til að sækja sín lyf.

Ég tel að það sem síðan hefur komið fram hafi undirstrikað það sem ég sagði þá um þetta atriði. Því vil ég leyfa mér að lesa hér örstutta setningu úr umsögn Læknafélags Íslands sem er birt í fskj. VI með nál. minni hluta heilbr.- og trn. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Í heild má segja að helstu gallar frv. snúi að lyfjaþjónustu í dreifbýli þar sem hvorki er gætt nægilega að öryggi í lyfjadreifingu eða birgðahaldi, auk þess sem gera má ráð fyrir að þjónusta í lyfjadreifingu versni frá því sem nú er. Frv. virðist bera þess merki að þeir sem það hafa samið þekki ekki nægilega vel til aðstæðna í dreifbýli og hafi fyrst og fremst haft í huga markaðslögmál sem í þessu tilviki eiga þó aðeins við í þéttbýli."

Þegar tekið er tillit til þess að þetta er umsögn Læknafélags Íslands þar sem félagsmenn þess munu að meiri hluta til vera búsettir á höfuðborgarsvæðinu er varla hægt að halda því fram að þetta sé sett fram í eiginhagsmunaskyni af þeirra hálfu. Ég held að það sé líka erfitt að halda því fram að þeir séu þarna talsmenn lyfjafræðinga því næsta setning við er þannig, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er einnig áberandi að mjög er dreginn taumur lyfjafræðinga í frv. þessu."

Þarna virðist því síður en svo að þeir séu að hugsa um hagsmuni lyfjafræðinga. Þeir eru með þá sömu hugsun og hæstv. heilbrrh. lagði áherslu á í sinni ræðu, hugsa um hagsmuni neytendanna. Það eru vissulega margir sem hafa haft þessar sömu áhyggjur. Það kom fram áður að í umsögn Alþýðusambands Íslands er niðurlagið það sama. Þar segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Þá er jafnframt gert ráð fyrir að afnema heimild lækna í dreifbýli til að hafa á hendi sölu almennra lyfja, en dýralæknum hins vegar fengin slík heimild. Þessu mótmælir miðstjórn ASÍ og telur að með þessu sé verið að auka verulega kostnað sjúklinga í dreifbýli við að nálgast lyf."

Ég held að það sé ákaflega langsótt að halda því fram að Alþýðusamband Íslands sé einhver hagsmunagæsluaðili fyrir lyfjafræðinga enda sé ég ekki hvernig innflutningur og heildsala á lyfjum getur tengst skipulagi á dreifingu lyfja í dreifbýli svo langt sem það er nú frá. Þó að rétt sé og sjálfsagt að leggja áherslu á það sama og hæstv. ráðherra gerði að það skiptir auðvitað gífurlega miklu máli að innflutningur á lyfjum sé hagkvæmur og verð þeirra eins lágt og nokkur kostur er, eins og allir hafa tekið undir.

Það komu fram áhyggjur frá fleirum á síðasta ári þegar umræða fór fram um þetta mál og hv. 2. þm. Norðurl. v., sem var í forsetastóli fyrr á þessum fundi, sagði m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta — (**Gripið fram í:** Hann er enn.) Ég bið afsökunar á því, hann er enn í forsetastóli, ég fylgdist ekki með því, ég sé ekki með hnakkanum, en hæstv. forseti sagði þá, með leyfi hæstv. forseta:

„En frjálsræðið er þannig að mér þykir nú stundum þurfa að haga því svo að það sé ekki óbeislað. Frjálsræðinu þurfa að fylgja takmörk og ég lít svo til að einnig í þessu tilviki, lyfjaverslun og sölumeðferð á lyfjum, þurfi frelsið að hafa sín takmörk." — Og enn fremur síðar: „Lyfjaverslun sem hefur svo fáa viðskiptavini, þ.e. í kringum 1.000 manns, á mjög í vök að verjast og getur naumast staðist miðað við það skipulag sem er í dag og enn síður miðað við þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir."

Á fámennustu stöðunum er hins vegar, eins og ég sagði áður, engin sjálfstæð lyfjaverslun á nálægum slóðum sem lyfjafræðingur rekur heldur eru það heilsugæslulæknar á viðkomandi stöðum sem reka lyfjaverslunina. Í frv. er skýrt tekið fram að læknar megi ekki vera eigendur að lyfjabúð.

Þegar ég spurði þáv. hæstv. heilbrrh. um þetta á síðasta þingi þá taldi hann að þrátt fyrir ákvæði þessa frv., ef að lögum verður, sem kveður á um það að læknir megi alls ekki eiga hlut að lyfjaverslun væri hægt að fela lækni að vinna að þessu. En hann sagði þá m.a., með leyfi hæstv. forseta:

„En þetta þýðir það í mesta dreifbýlinu þar sem ekki eru einu sinni aðstæður til þess að hafa opið lyfjaútibú, hvorki með lyfjafræðingi, lyfjatækni né ábyrgum afgreiðslumanni og ekki eru einu sinni aðstæður til þess að heilsugæslustöð afgreiði lyf, þá er lækninum sem gegnir í viðkomandi héraði heimilt að sjá um slíka lyfjaafgreiðslu."

Mér finnst að þetta stangist algjörlega á við það afdráttarlausa ákvæði frv. um að læknar megi ekki eiga aðild að lyfjaverslun og vildi því spyrja hæstv. heilbrrh. að því hvort hann meti það svo að það sé möguleiki að brjóta algjörlega gegn þessu ákvæði.

Ég vakti einnig athygli á því á síðasta ári að það er önnur hætta sem þetta hefur í för með sér. Þar sem eru mjög fáir íbúar í læknishéraði eða umdæmi heilsugæslustöðvar, þá er það takmarkað starf fyrir lækni og því hefur það verið möguleiki fyrir hann að hafa það

til viðbótar að reka lyfjaverslun. Menn óttast það þar sem þannig hagar til að bann við því að læknir hafi þetta með höndum geti leitt til þess að það verði erfitt að fá lækni þar til starfa, a.m.k. þannig að þeir verði þar til lengdar. En það skiptir ákaflega miklu máli fyrir fólk að sjálfsögðu alls staðar að ekki séu allt of tíð skipti lækna. Það veitir fólki öryggi að hafa mann sem það þekkir og treystir. Því er það gífurlegt atriði.

Einnig er hættan sú að mati lækna sem best þekkja til, t.d. var sá sem ritar undir umsögn Læknafélags Íslands starfandi í fámennu héraði við slíkar aðstæður, að þeir óttast að það minnki öryggi í þessum málum að ekki verði völ á nægilegu úrvali lyfja.

Það segir að vísu í frv. að ráðherra geti falið stjórn heilsugæslustöðvar rekstur lyfjabúðar í þeim heilsugæsluumdæmum sem enginn lyfjafræðingur sækir um. Ekki er beinlínis kveðið á um að það skuli vera lyfjafræðingur en miðað við skilyrðin sem á undan koma er ekki hægt annað en að reikna með því. Nema svo kemur síðar, með leyfi hæstv. forseta:

„Stjórn heilsugæslustöðvar, sem falin er rekstur lyfjabúðar, er heimilt að semja við utanaðkomandi lyfsöluleyfishafa um þjónustu, þar með talinn rekstur lyfjabúðar."

Hér er að vísu aðeins um heimildarákvæði að ræða en það er ekki hægt að skilja það öðruvísi en þá verði valið milli þess að ráða lyfjafræðing í fullt starf eða semja við hann úr hundruð kílómetra fjarlægð. Ég held að það sé alveg sama hvor leiðin er farin. Það hlýtur að verða mikill baggi fyrir heilsugæslustöð þar sem aðeins nokkur hundruð manns eru búsett að bæta við sig slíkum útgjöldum. En ekki verður séð annað en sá kostnaður eigi að lenda algjörlega á heilsugæslustöðinni og þar með íbúum héraðsins.

Þannig er sem sagt ærið margt í frv. sem vekur ugg og mér virðist að sé í samræmi við þær umsagnir sem ég var að vísa til, m.a. frá Læknafélagi Íslands og Alþýðusambandi Íslands. Ég tel að það sé ákaflega alvarlegt mál að gera slíkar breytingar og mér finnst að það sé langsóttur málflutningur að halda því fram að það að lýsa yfir áhyggjum sínum yfir stöðu íbúa sem búa við slíkar aðstæður sé stuðningur við mafíu, lyfjamafíu eða eitthvað slíkt, eins og hefur komið fram í umræðum.

Ég ætla ekki að þessu sinni að ræða þetta mál frekar. Það hafa margir aðrir gert. En alveg eins og fyrir ári síðan þá er þetta atriði sem ég hef áhyggjur af og mér sýnist að mikið sé skilið eftir í lausu lofti í frv.

[01:45]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel nauðsynlegt að fara nokkrum orðum yfir þau efnisatriði sem hv. þm. Jón Helgason kom inn á og lutu m.a að hlutverki lækna fram undir þetta við afgreiðslu og dreifingu lyfja úti í dreifbýlinu sem sannarlega hafa fram undir það síðasta og enn að nokkru leyti haft þar hlutverki að gegna. Ég held hins vegar að nauðsynlegt sé að árétta að það ákvæði sem þetta frv. felur í sér varðandi hlutverk heilsugæslustöðvarinnar er þannig hugsað að undir þeim kringumstæðum þar sem ekki virðist vera vilji hjá lyfjafræðingi að hasla sér völl með sjálfstæða lyfsölu þá verði þessi heimild sjálfkrafa veitt ef um er beðið af hálfu viðkomandi heilsugæslustöðvar. Venjan er sú að heilsugæslustöðin hafi ekki af því kostnað heldur þvert á móti tekjur. Það hefur verið gangurinn, jafnvel í fámennustu héruðum. Og eins og ég gat um áðan sé ég það fyrir mér og það er reynsla af því að læknar, eins og aðrir starfsmenn viðkomandi heilsugæslustöðvar, leggi þar hönd á plóg þótt að umsýslan, birgðahald og innkaup sé á hendi utanaðkomandi aðila, lyfsala í nærliggjandi byggðarlagi.

Ég held að það sé nauðsynlegt, og það er vilji lækna sjálfra sem þarna hafa komið nærri, að skilja á milli varðandi þessa erfiðu stöðu, þ.e. að ávísa lyfjum og jafnframt selja þau. Það er vilji þeirra lækna sem hafa haft þetta með höndum og þeir hafa sagt það við mig margir hverjir. Ég skil hins vegar vanda dreifðari byggða varðandi öflun góðs læknis og það að viðhalda honum í héraði. Ég held frekar að nauðsynlegt sé að mæta þeim vandamálum með öðrum hætti. Það hefur m.a. verið gert með sérstökum staðaruppbótum og ég held að það sé nauðsynlegra að skoða þessi tilteknu dæmi á þeim nótum fremur en að halda sig við lyfjauppbótina.

[01:48]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessa yfirlýsingu en ég get hins vegar ekki verið honum sammála um að það sé vilji allra lækna að breyta þessu. Þar sem ég þekki til hefur þetta reynst mjög vel. Það hafa verið samviskusamir menn, læknarnir, sem hafa reynt að sjá íbúunum fyrir góðri þjónustu. Þegar lyfjaverslun verður frjáls og farið verður að auglýsa lyf í fjölmiðlum þá vitum við það að máttur auglýsinganna er mikill og má gera ráð fyrir að þá fari svo að fólk fari þá leið að panta lyf frá fjarlægum verslunum og þá sitji læknirinn eða heilsugæslustöðin uppi með skylduna að hafa lyfin en verslunin fari meira og minna burtu úr héraðinu. Það er þetta sem fólk óttast líka sem býr við þessar aðstæður.

En það sem ég vildi sérstaklega þakka í yfirlýsingu hæstv. ráðherra er að þarna yrði gripið til einhverra staðaruppbóta til þess að bæta það vinnutap sem læknar verða fyrir. Vissulega er það mikils virði þó að sumir séu þannig gerðir að þeir vilji frekar hafa eitthvað fyrir stafni til að nota tíma sinn til þarfra verka en að fara að leggja í þann kostnað að fá sérstakan sérfræðing annan, þ.e. lyfjafræðing, til að sinna þessu verkefni.

[01:50]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Með því frv. sem hér er til umræðu er verið að setja lyfjaverslun í landinu að mestu leyti undir lögmál almennrar verslunar og undir þeim formerkjum að það leiði til lækkunar lyfjaverðs og að það sé verið að berja hér á vondum lyfsölum og apótekurum og þeir sem gagnrýna þetta frv. séu í vörn fyrir þessa slæmu menn.

Það sem ég hef mestar áhyggjur af í þessu frv. er að það verði til þess í fyrsta lagi að auka aðstöðumun fólks í landinu og í öðru lagi að auka lyfjanotkun fólks í landinu. Ég vildi fara örfáum orðum um þessa tvo þætti en það hefur komið fram og leidd að því rök í umræðu í dag að samþykkt þessa frv. geti orðið til þess að lyf verði dýrari á smæstu stöðunum úti á landi og það verði hörkusamkeppni í lausasölulyfjum, m.a. hér í mesta þéttbýlinu, og mikil auglýsingastarfsemi í þeim lyfjum. Það er nú svo að lögmál verslunarinnar eru þannig að menn reyna að bæta sér upp lágt verð með því að auka veltuna. Það er ósköp einfalt mál. Þannig að það er mikil hætta á því að þetta frv. geri þetta tvennt.

Það er eðlilegt að þingmenn hafi áhyggjur af byggðaþættinum í málinu, aðstöðumun hjá fólkinu í landinu og þetta bætist við langan afrekalista ríkisstjórnarinnar á þessu sviði ef þetta frv. verður samþykkt. Það hefur verið samþykkt vörugjald, það eru áform um að olía kosti mismunandi mikið í landinu og hv. 5. þm. Austurl. hefur tekið upp harða baráttu gegn því og vill að olían kosti það sama alls staðar og skil ég ekki þá hörðu baráttu hans hér fyrir misjöfnu lyfjaverði. Það var reynt að leggja virðisaukaskatt á flugfargjöld núna fyrir jólin en það var reyndar horfið frá því vegna harðrar baráttu stjórnarandstöðunnar. Það eru veður öll válynd varðandi flutninga út á landsbyggðina og allar líkur á því að þeir stórhækki í kjölfar þeirra aðgerða sem gerðar hafa verið. Þetta er mynd þessa máls og þessi lyfjalög eru bara einn þátturinn í því að auka aðstöðumun fólksins í landinu og ég skil náttúrlega ekki hvað það er lögð mikil höfuðáhersla á þetta og að reyna að keyra þetta í gegn hér á næturfundum þó það hafi verið fallist á það að semja um þinglok í nótt. Ég ætla ekki að orðlengja þetta mikið frekar. Ég get notað rétt minn þegar umræðunni miðar fram til að taka til máls og þannig að freista þess að málflutningur minn nái þá til eyrna fleiri þingmanna þó séu þungavigtarmenn og konur viðstaddar.

[01:55]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 2. þm. Austurl. lýsti yfir áhyggjum sínum vegna byggðaþáttar þess máls sem hér er til umræðu og sagði orðrétt að hann hefði áhyggjur af því að lyf yrðu dýrari á smæstu stöðum. Ég vil orða þetta öðruvísi. Ég hef miklar áhyggjur af því ef þetta frv. verður ekki samþykkt að þá haldi lyfjaverð á landsbyggðinni áfram að vera eitt það hæsta sem um getur í Evrópu. Og ég get ekki tekið undir það með hv. þm. Jóni Kristjánssyni að það sé góður kostur fyrir landsbyggðarfólk og ég get ekki stætt mig við að landsbyggðarfólk þurfi að búa áfram við slíkan aðstöðumun. Þess vegna er það mjög brýnt að þetta mál nái fram að ganga af því að það miðar að því að lækka verð á lyfjum á landsbyggðinni líka. Ég bið hv. þm. að benda mér á eitt einasta orð í frv. eða brtt. sem miðar að því að hækka verð lyfja á landsbyggðinni. Þvert á móti gæti ég bent á mörg orð í brtt. og frv. er miða að hinu gagnstæða, lægra lyfjaverði á landsbyggðinni. Og ég veit að hv. þm. Jón Kristjánsson vill það því hann er baráttumaður fyrir landsbyggðina. En það virðist eins og hann hafi fengið rangar upplýsingar eða ekki kynnt sér málið gjörla sem ég veit að hann gerir jafnan áður en hann talar í málum.

[01:57]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. 5. þm. Austurl. fyrir hlý orð í minn garð. En því miður hefur hann misskilið það sem ég var að segja. Ég talaði um að þetta frv. yrði til þess að það yrði aðstöðumunur úti á landi og í mesta þéttbýlinu, lyf mundu kosta misjafnt á þessum stöðum og verða hærra verð út á landi. En hv. þm. hefur staðið í þeirri meiningu að ég væri að tala um aðstöðumun í Evrópu og úti á landsbyggðinni. Það er nú í samræmi við Evrópuást þeirra krata.

En hér er umsögn sem hv. heilbrn. hefur borist úr kjördæmi okkar hv. 5. þm. Austurl., heilbrigðismálaráði Austurl. Þar segir, með leyfi forseta:

„Ráðið fagnar þeim breytingum sem hafa orðið til batnaðar frá fyrri frumvarpsdrögum en sér ekki fyrir sér að frv. verði lyfjadreifingu á Austurlandi eða annars staðar í dreifbýli til sérstaks framdráttar. Á fundinum komu fram efasemdir um að það takmark laganna að draga úr lyfjanotkun og minnka lyfjakostnað næði fram að ganga heldur gæti samkeppni leytt til meiri lyfjanotkunar og möguleikar væru til hringamyndunar og fákeppni líkt og gerst hefur í smásöluverslun á sumum sviðum."

Ég skil nú ekkert í að hv. 5. þm. Austurl. skuli ekki taka mark á þeim ágæta manni Stefáni Þórarinssyni sem skrifar undir þetta álit og við þekkjum hann báðir að góðu einu.

[02:00]

Frsm. meiri hluta heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi það álit sem hv. þm. Jón Kristjánsson vitnaði til frá heilbrigðisráði Austurlands þá er þetta ekki álit á frv. samhliða þeim brtt. sem hér liggja fyrir heldur á frv. eins og það lá fyrir þegar það var kynnt. En ég undraðist það mjög mikið að hv. þm. Jón Kristjánsson mundi ekki fagna því ef lyfjaverð á landsbyggðinni lækkaði þó það kynni að vera að það mundi lækka einhvers staðar meira annars staðar. Ég fagna hverri einustu lækkun sem verður á verðlagi á landsbyggðinni og ég samfagna öðrum líka þó það lækki einhvers staðar annars staðar meira. Ætlar hv. þm. Jón Kristjánsson að leggja það til þar sem apótek í Reykjavík eru nú hvert af öðru að auglýsa 10% lækkun á álagningu sinni, 10% lækkun á verði að það verði bannað í Reykjavík af því að sú lækkun skilar sér ekki að fullu út á landsbyggðina? En það er einmitt það sem þetta frv. er að gera. Það er að tryggja það að lækkunin skili sér út á landsbyggðina líka af því að verðið er nú þegar orðið mismunandi en það getur lækkað á landsbyggðinni og hér er verið að skapa skilyrði til þess. Og ég trúi því að hv. þm. Jón Kristjánsson breyti um skoðun um leið og hann fer að kynna sér efni málsins af því að mér heyrist að hann hafi ekki gert það alveg að fullu. Það hlýtur að vera

kappsmál okkar beggja að leggja allt okkar að mörkum til þess að verðlag á lyfjum megi lækka jafnmikið á landsbyggðinni og í Reykjavík. Ég hef áhyggjur af því að verðlagið er nú þegar of hátt og ég uni því ekki að sitja við óbreytt ástand sem verndar ofurdýrt verðlag á lyfjum bæði fyrir landsbyggðarfólk og suðurvesturhornsíbúa.

[02:02]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ekki fengið nein gögn upp í hendurnar sem sýna að verð muni stórlækka á lyfjum á landsbyggðinni við þetta frv. En hitt er ljóst og það segir hv. 5. þm. Austurl. í ræðu sinni að það verður misjafnt verð (**GunnS:** Það er orðið.) í Reykjavík og á landsbyggðinni, það er staðreynd. Það er einmitt það sem er tilfellið og þetta frv. er ein af mörgum aðgerðum ríkisstjórnarinnar til að auka mismun á lífskjörum fólks eftir því hvar það býr á landinu. Það er staðreyndin í þessu máli.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 5.–27. mál.

Fundi slitið kl. 02:03.

---

142. FUNDUR

miðvikudaginn 27. apríl,
kl. 1.30 miðdegis.

Dagskrá:

1. Minnst látins fyrrverandi alþingismanns.
2. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 531. mál, þskj. 830, nál. 987. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Þjóðarbókhlaða, stjfrv., 470. mál, þskj. 724, nál. 1029, brtt. 1030. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Vísinda- og tækniráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 732, nál. 1031, brtt. 1032. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 579. mál, þskj. 898, nál. 1006, brtt. 1007. — 2. umr.
6. Útflutningur hrossa, frv., 608. mál, þskj. 999. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Meðferð og eftirlit sjávarafurða, stjfrv., 242. mál, þskj. 280. — 3. umr.
8. Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, þáltill., 603. mál, þskj. 978. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*
9. Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, stjtill., 529. mál, þskj. 828, nál. 1024. — Síðari umr.
10. Samningur um opna lofthelgi, stjtill., 541. mál, þskj. 849, nál. 1023. — Síðari umr.
11. Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, stjfrv., 532. mál, þskj. 831, nál. 1043, brtt. 1044. — 2. umr.
12. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 389. mál, þskj. 587, nál. 1025, brtt. 1026. — 2. umr.
13. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962. — Frh. 2. umr.
14. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009. — 2. umr.
15. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 1012, brtt. 1011. — 2. umr.
16. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 246. mál, þskj. 285, nál. 1013, brtt. 1014. — 2. umr.
17. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 393, nál. 1003, brtt. 1004. — 2. umr.
18. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602, nál. 1000. — 2. umr.
19. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 952. — 3. umr.
20. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 500. mál, þskj. 767, nál. 1016, brtt. 1017. — 2. umr.
21. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859. — Frh. 3. umr.
22. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001, brtt. 1002. — 2. umr.
23. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.
24. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 1. umr.
25. Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959. — Síðari umr.
26. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494, nál. 1028. — 2. umr.
27. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015. — Síðari umr.
28. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439, nál. 924, brtt. 925. — Síðari umr.
29. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960. — Fyrri umr.
30. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.
31. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 561. mál, þskj. 874, nál. 1045. — 2. umr.
32. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056 og 1057. — 2. umr.
33. Alþjóðadómstólar sem fjalla um stríðsglæpi í Júgóslavíu, stjfrv., 568. mál, þskj. 881, nál. 1058, brtt. 1059. — 2. umr.
34. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 469. mál, þskj. 723, nál. 1060, brtt. 1061. — Síðari umr.
35. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 158. mál, þskj. 176, nál. 1063. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl.,

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Páll Pétursson, 1. þm. Norðurl. v.

Útbýting þingskjala:

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 482. mál, svar félmrh., þskj. 1042.

Athugasemdir Ríkisendurskoðunar og yfirskoðunarmanna ríkisreiknings, 488. mál, svar samgrh., þskj. 1047.

Árangur af einkavæðingu bifreiðaeftirlits, 122. mál, skýrsla dómsmrh., þskj. 1062.

Brunatryggingar, 577. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1067; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1068.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 578. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1069.

Flokkun veitingastaða, 528. mál, svar samgrh., þskj. 1046.

Fullorðinsfræðsla, 496. mál, svar menntmrh., þskj. 1051.

Gjaldskrá Pósts og síma, 540. mál, svar samgrh., þskj. 1048.

Ríkisreikningur 1991, 36. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1070.

Vátryggingastarfsemi, 450. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1065; brtt. heilbr.- og trn., þskj. 1066.

Minning Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur.

[13:30]

Forseti Salome Þorkelsdóttir):

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir, fyrrv. alþingismaður og formaður Sóknar, andaðist í gærmorgun, 26. apríl, á Vífilsstaðaspítala, 72 ára að aldri.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir var fædd 8. ágúst 1921 að Efri-Steinsmýri í Meðallandi, Vestur-Skaftafellssýslu. Foreldrar hennar voru hjónin Bjarnfreður bóndi þar Ingimundarson í Vestmannaeyjum Árnasonar og Ingibjörg Sigurbergsdóttir bónda í Fjósakoti í Meðallandi Einarssonar. Hún naut barnafræðslu að vetrinum árin 1930–1934, nokkrar vikur hverju sinni. Eftir það tók við vinnumennska í sveit og við sjó, var í vist í Reykjavík og síðan vinnukona í Hólmi í Landbroti.

Haustið 1942, rúmlega tvítug, fór hún til starfa við fiskvinnslu í Vestmannaeyjum og varð síðar húsmóðir þar. Árið 1949 varð hún að fara berklaveik að Vífilsstöðum og dvaldist þar á annað ár. Eftir það bjó hún í Reykjavík eða nágrenni við ýmis störf fram til ársins 1963. Þá um haustið fluttist hún austur að Köldukinn í Holtum í Rangárvallasýslu og vann þar að bústörfum rúman áratug.

Snemma árs 1974 fluttist Aðalheiður aftur til Reykjavíkur og árið 1976 var hún kosin formaður Starfsmannafélagsins Sóknar og gegndi formennsku og ýmsum öðrum störfum fyrir félagið til 1987. Við alþingiskosningarnar 1987 var hún í kjöri í Reykjavík fyrir nýstofnaðan Borgaraflokk og náði kosningu. Hún sat á Alþingi á fjórum þingum kjörtímabilsins til 1991. Síðustu árin átti hún heimili á Hvolsvelli.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir ólst upp á barnmörgu heimili, var sjöunda af 20 systkinum. Hún átti mjög takmarkaðan kost á skólanámi en öðlaðist reynslu og þekkingu á fjölbreyttum starfsferli sínum. Hún vann löngum að félagsmálum og kjaramálum verkafólks. Formaður verkakvennafélagsins Snótar í Vestmannaeyjum var hún 1945–1949. Jafnframt formennsku í Sókn var hún í miðstjórn Alþýðusambands Íslands frá 1980. Hún var í framkvæmdanefnd um kvennafrídag 1975 og starfaði í nefnd til að semja frv. til laga um málefni aldraðra og frv. til nýrra framfærslulaga. Í bankaráði Búnaðarbanka Íslands var hún 1990–1993.

Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir þekkti kröpp kjör af eigin raun í æsku og langt fram eftir ævi. Hún vildi rétta hlut þeirra sem minnst máttu sín og annarra sem henni þótti hallað á í þjóðfélaginu. Hugur hennar í þá átt birtist ræðum og greinum í blöðum og tímaritum og um hana var gefin út Lífssaga baráttukonu. Henni var kappsmál að bæta hag kvenna og vannst þar margt til bóta undir forustu hennar í Sókn. Í sömu átt beindust störf hennar á því fjögurra ára tímabili sem hún starfaði á Alþingi.

Ég vil biðja háttvirta alþingismenn að minnast Aðalheiðar Bjarnfreðsdóttur með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Athugasemdir um störf þingsins.

Afgreiðsla mála í iðnaðarnefnd, svar landbrh. við fyrirspurn.

[13:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil vekja athygli hæstv. forseta og jafnframt þingsins á því að fyrir iðnn. þingsins liggja tvö mál sem ég ásamt öðrum í þingflokki Alþb. er flm. að, hið fyrra um jarðhitaréttindi og annað um orku fallvatna. Þessi frumvörp hafa verið flutt á mörgum þingum, komu fyrst fram 1982–1983 á þinginu og hafa verið rædd hér. Það hefur gerst á undanförnum mörgum árum að ráðherrar iðnaðarmála hafa lýst áhuga sínum á lögfestingu í sambandi við þetta efni þó að þeir kunni að hafa haft fyrirvara varðandi þau frumvörp sem ég hef fram borið ásamt fleirum. Ég minni á að 19. nóv. 1991 sagði þáv. hæstv. iðnrh. Jón Sigurðsson um þetta efni: „Frumvarp um eignarhald á orkulindum verði lagt fram mjög fljótlega eftir jólahlé þingsins."

Tæplega ári seinna, þann 8. okt. 1992, sagði sami ráðherra: „Ég get skýrt frá því að frumvörp eru á lokastigi. Það skal vel vanda sem lengi á að standa. Þarna verður byggt á sömu grundvallarreglu og í lögunum um eignarrétt íslenskra ríkisins að auðlindum hafsbotnsins." En það eru lög sem ég átti hlut að að voru sett hér á þingi.

29. apríl í fyrra, virðulegur forseti, sagði formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., um þetta mál: „Ég geri fastlega ráð fyrir því að frumvörpin verði áfram til umfjöllunar í ríkisstjórn og þau verði lögð fram í upphafi þings

næsta haust." Og litlu seinna sagði hæstv. þáv. iðnrh., Jón Sigurðsson: „Eins og fram kom í svari hæstv. utanrrh. munu frumvörpin tvö sem ég hef lýst og verið hafa til athugunar nú um nokkurt skeið koma fram í haust. (Forseti hringir.) Það skal vel vanda sem lengi á að standa." Sömu orð og tveimur árum áður.

Ég hef, virðulegur forseti, fyrir framan mig sáttmála að ég hygg núv. ríkisstjórnar, Velferð á varanlegum grunni, og vísa þar á bls. 34 um þetta efni. Og ég óska eftir því að það komi hér skýringar fram vegna þess að þetta varðar spurninguna um afgreiðslu þessara frumvarpa í iðnn. þingsins.

[13:42]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Þetta fer nú að enda eins og kvæði Guðmundar Inga, skálds frá Kirkjubóli, um heimkomu konunnar hans, „ef hún kemur þá nokkuð í haust". Það er alveg sjálfsagt að upplýsa það að þetta mál hefur verið til umfjöllunar í ríkisstjórn. Málið hefur verið skoðað. Um það eins og það hefur verið úr garði gert er ekki samstaða. Við munum halda áfram að leita samstöðu um flutning þess máls og vonandi kemur það í haust.

[13:43]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hér hljóðs vegna skriflegs svars sem ég hef fengið frá hæstv. landbrh. við fyrirspurn um skýrslu Ríkisendurskoðunar um stjórnsýsluendurskoðun hjá Landgræðslu ríkisins. Mér barst þetta svar fyrir nokkrum dögum síðan og ég vil láta það koma fram hér að ég er mjög ósátt við það. Ég tel það algjörlega ófullnægjandi. Það eru nánast 2–3 línur, svarið við hverri spurningu sem er í allmörgum liðum, og því er á engan hátt svarað þannig að hægt sé að una því. Það er ýmist svarað að það sé í skoðun, það sé í endurskoðun eða engin þörf á því að fara eftir þessum ábendingum. Það má m.a. nefna það að bent er á að það sé nauðsynlegt að endurskoða lög um Landgræðslu ríkisins. Þau lög eru frá 1965 og því er vísað frá vegna þess að þá þurfi jafnframt að skoða önnur lög.

Ég vil mótmæla því að fá svona svar við efnislegum spurningum sem full þörf er á að skoða eftir athugun Ríkisendurskoðunar og óska eftir því að fá nákvæmari svör við þessum spurningum.

[13:44]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Ég er mjög undrandi á því að hv. þm. skuli ekki vera ánægðari yfir þeim svörum sem ég veitti varðandi fyrirspurnina sem voru fullnægjandi. Það hefur verið unnið mikið starf í sambandi við endurskoðun á Landgræðslu ríkisins og Skógræktinni hvernig þar er skipt verkum og hefur verið stofnað sérstakt fagráð Landgræðslunnar sem hefur unnið mjög mikið og gott starf. Það er alveg sjálfsagt ef hv. þm. óskar eftir því að fá ítarlegri svör að við ræðum um það hvort ekki sé hægt að veita þau. Málið liggur ljóst fyrir og er ekki meira um það að segja á þessu stigi málsins.

[13:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst finna að þessari fundarstjórn. Ég tel að það verði að reyna að halda þannig á þessum dagskrárlið að það sé reynt að klára þau mál sem eiga saman þannig að þegar ræðumenn biðja um orðið, þá sé reynt að tryggja það að menn fari inn í sín mál eða þau mál sem þeir eru beinlínis að bregðast við. Ég gagnrýni það í fyrsta lagi og ég óska eftir því að þessi liður í störfum þingsins verði skoðaður betur því að það er ómögulegt að hlaupa á milli mála eins og gert er núna á þessum mínútum. Þar af leiðandi ætla ég að nota þá mínútu sem ég á nú eftir til þess að bregðast við næstsíðustu eða þriðju síðustu ræðu sem hér var haldin, þ.e. ræðu hæstv. iðnrh. Þegar frv. okkar alþýðubandalagsmanna um orkumál komu fram í haust, þá ræddi ég við núv. hæstv. ráðherra. Hann sagði mér að málin kæmu til meðferðar alveg næstu daga. Við áttum síðan samtöl nokkrum sinnum og ég leit þannig á sem formaður iðnn. að þessi stjórnarfrumvörp væru að koma, og ég taldi og tel eðlilegt að þessi mál hefðu verið afgreidd í samhengi í nefndinni. Síðast óskaði ég eftir því að embættismaður frá iðnrn. kæmi á fund hv. iðnn. 24. jan. sl. Hann sagði þá að frv. yrðu tilbúin eftir eina viku. Sú vika er sem sagt löngu liðin og frv. ekki komin. Og fyrir tveimur vikum óskaði ég eftir því að það kæmi fulltrúi frá ráðuneytinu á fund í nefndinni á nýjan leik og sá fulltrúi sagði að það væri ekki komið samkomulag enn þá í ríkisstjórninni um málið og þar með ljóst að það yrði ekki lagt fyrir yfirstandandi þing. Það er bagalegt af því að hér er um að ræða frv. sem áttu að tryggja og eiga að tryggja ótvíræðan yfirráðarétt þjóðarinnar, m.a. yfir orkulindum í iðrum jarðar og orku fallvatna. (Forseti hringir.) Ég tel þess vegna að hér hafi verið haldið á málum með þeim hætti að við máttum trúa því í iðnn. að stjórnarfrumvörpin kæmu en þau komu ekki og þess vegna kannaði ég í nefndinni á næstsíðasta fundi hennar hvort það væri vilji til þess þar að ljúka málunum á grundvelli frumvarpa Alþb. (Forseti hringir.) — Ég skal hætta, forseti, en ég hef ekki nærri lokið máli mínu. — Það var ekki vilji til þess og þess vegna eru þau óafgreidd. Ég óska síðan eftir því að biðja um orðið á nýjan leik, hæstv. forseti.

[13:49]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vænti að öllum sé ljóst að hér er afar brýnt og alvarlegt mál á ferðinni, þ.e. staðan eins og hún blasir við nú. Þetta er spurning um það hvort við smám saman glötum auðæfum þjóðarinnar, orkulindum hennar, réttinum til þeirra til annarra aðila, ekki bara einkaaðila hér á landi heldur hvarvetna af hinu Evrópska efnahagssvæði. Það hefur verið vísað á að það verði frestur út árið 1995 í þessu efni, en þá er betra að vera búinn að ganga frá löggjöf um það efni sem tryggir eignarrétt þjóðarinnar. Í ritinu „Velferð á varanlegum grunni" sem ég nefndi stendur m.a., með leyfi forseta:

„Gerð verður áætlun um rannsóknir og nýtingu orkulinda landsins og landgrunnsins. Lagt verður fram

fumvarp um eignarhald á orkulindum og afréttum og almenningum á 115. löggjafarþingi." — Ég held að það sé 117. löggjafarþing núna, virðulegur forseti. Fleira segir um þetta sem ég ætla ekki að vitna til, hvernig greint verði á milli afrétta og almenninga o.s.frv. sem menn geta lesið sig til um í þessu riti. Ég tel því að það sé alveg hraklega að máli staðið af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. iðnrh. upplýsir að það sé ekkert samkomulag um málið. Þetta er staðan eftir yfirlýsingar ráðherra Alþfl. ár eftir ár eftir ár um þetta efni. Það skal vanda sem vel á að standa, át fyrrv. hæstv. iðnrh. upp eftir sjálfum sér árum saman hér á þingi og svo virðist sem ekki sé búið að tryggja þennan grundvöll enn þá. Ég er ekki að gagnrýna Alþfl. vegna viljaleysis í málinu. Ég gagnrýni Sjálfstfl. fyrir fyrirstöðuna og raunar á Framsfl. a.m.k. að hluta til þá sneið.

[13:51]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel að það sé nauðsynlegt að það komi fram að samkvæmt þeim upplýsingum sem við höfum um þessi mál, m.a. af vettvangi stjórnarflokkanna, er bersýnilega verulegur ágreiningur á milli þeirra flokka um þessi mál og þess vegna hefur ekki tekist að flytja þau. Og ég verð að taka undir það með hv. 4. þm. Austurl. að ég hef ekki orðið var við það að framsóknarmenn ýttu sérstaklega á eftir þessu máli þó að það kunni að hafa orðið breyting á því núna í seinni tíð og er í sjálfu sér ekki seinna vænna.

Hitt málið sem ég ætlaði síðan að nefna, hæstv. forseti, snýr að hæstv. landbrh. og var tekið hér upp af hv. 6. þm. Vestf. Svo vill til að ég flutti fyrirspurn til hæstv. landbrh. um athugasemdir Ríkisendurskoðunar við rekstur Landgræðslunnar. Ég fékk svar frá hæstv. landbrh. Ég tel að það svar sé alls ófullnægjandi. Ég hefði kosið að það hefðu verið aðstæður til þess hér á Alþingi nú að ræða um þessi fjárhagsmálefni Landgræðslunnar. Ég áskil mér allan rétt til þess að koma því á framfæri áður en þinginu lýkur með einhverjum hætti.

[13:52]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það með þeim sem hér hafa vakið athygli á mikilvægi þessa máls og það er leitt ef það strandar á ágreiningi í ríkisstjórninni. Ég vil hins vegar mótmæla því að það standi að nokkru leyti á Framsfl. Hins vegar hafa nokkur ákvæði þessa máls verið til umræðu fyrr, sérstaklega gagnvart stjórnarskránni og eignarréttur gagnvart stjórnarskránni sem mér hefur skilist að hafi ekki verið leystur og það er kannski það atriði sem einstakir þingmenn Framsfl. hafa bent á. En ég vil fullvissa þingheim um það að Framsfl. stendur heils hugar að því að þetta mál verði leyst þannig að þessar mikilvægu orkulindir verði á innlendum höndum. Á því er ekki nokkur minnsti vafi og ég tek undir þá gagnrýni sem hér hefur komið fram um seinagang. Ef þarna eru einhver tæknileg atriði sem valda vandræðum, þá verður vitanlega að setjast niður hið fyrsta og leysa þau. Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið gert. Það mun einhver frestur vera, en hann rennur fljótlega út.

Háskólinn á Akureyri, frh. 2. umr.

Stjfrv., 531. mál (framgangskerfi kennara). — Þskj. 830, nál. 987.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:55]

1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

15 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

15 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

16 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Þjóðarbókhlaða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 470. mál. — Þskj. 724, nál. 1029, brtt. 1030.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:56]

Brtt. 1030,1 samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

19 þm. (ÁJ, BBj, FI, GE, GHelg, GunnS, IBA, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SigG, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
17 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, IP, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RG, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1030,2–8 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–12. gr., svo breyttar, ásamt breyttu heiti III. kafla og nýju kaflaheiti, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1030,9 samþ. án atkvgr.
14. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 1030,10 (ný fyrirsögn frv.) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
16 þm. (BBj, GE, GÁS, GHelg, GunnS, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Vísinda- og tækniráð Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 477. mál. — Þskj. 732, nál. 1031, brtt. 1032.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:59]
Brtt. 1032,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, JónK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
15 þm. (ÁJ, BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1032,2–6 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

2.–22. gr., svo breyttar, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
14 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, HÁ, ISG, MB, ÓE, ÓRG, PP, SP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

23.–26. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 1032,7 (ný fyrirsögn frv.) samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.
13 þm. (ÁJ, BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, MB, ÓE, ÓRG, PP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til um 6. og 8. dagskrármál að þau eru of seint fram komin og verður því að leita afbrigða um að þau megi koma á dagskrá og til umræðu. Verður nú afbrigða um þau leitað í einu lagi.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Frv. voru of seint fram komin. — Samþykkt með 51 shlj. atkv. að þau yrðu tekin til meðferðar og sögðu **já:** AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

12 þm. (BBj, GE, GHelg, GunnS, ISG, MB, ÓE, ÓRG, PP, StG, VE, ÖS) fjarstaddir.

Framleiðsla og sala á búvörum, 2. umr.

Stjfrv., 579. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 898, nál. 1006, brtt. 1007.

[14:03]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég geri hér grein fyrir áliti landbn. en það álit er undirritað af öllum nefndarmönnum. Einn nefndarmaður, hv. þm. Árni Mathiesen, hefur undirritað álitið með fyrirvara og gerir að sjálfsögðu grein fyrir þeim fyrirvara sjálfur.

Hér er fjallað um frv. til laga á þskj. 898, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum. Fyrir frv. talaði hæstv. landbrh. og gerði í þeirri ræðu grein fyrir því hvað í frv. felst. Auk þess fylgdu frv. athugasemdir sem skýra það mál á fullnægjandi hátt.

Landbn. hefur lagt fram brtt. á þskj. 1007 sem eru skýrðar allrækilega í nál. á þskj. 1006 og get ég í meginatriðum vísað til þess sem þar kemur fram. Hins vegar þykir mér vert að geta hér nokkurra atriða til frekari skýringa.

Það er þá fyrir það fyrsta að 2. liður tillagnanna kemur til viðbótar við 1. gr. frv. Í honum felst í raun inni það eitt að hægt er að gera samning og samkomulag undir vissum kringumstæðum við bændur sem kunna af einhverjum ástæðum að æskja þess að leggja niður sauðfjárframleiðslu af öðrum ástæðum heldur en tilgreindar eru í frv. sjálfu án þess að þeir tapi sínum beingreiðslum. Þessi heimild er sem sagt skýrð í 2. tölul. okkar tillagna. Það skýrðist í umræðunni um þessi mál, m.a. vegna tilmæla Stéttarsambands bænda að nauðsynlegt væri að koma á öðrum breytingum í búvörulögunum og féllst nefndin á að fjalla sérstaklega um þau mál og gera þau að tillögum sínum.

Það er þá í fyrsta lagi eins og fram kemur í 1. tölul. brtt. að kveðið er skýrt á um það að landbrh. hafi forræði útflutningsmála og þessari ákvörðun er fundinn staður í 3. gr. laganna. Þetta kemur einkum til af því að umsagnarréttur Stéttarsambandsins féll niður þegar fjallað var um búvörulögin á sl. vetri og 53. gr. þar með breytt. Auk þess hefur landbrh. forræði yfir nokkrum hluta af útflutningi landbúnaðarvara en ekki öðrum og þykir því eðlilegt að þetta sé tekið fram með ótvíræðum hætti. Af þessari ástæðu er gerð tillaga um að breyta 3. gr. búvörulaganna með þeim hætti sem fram kemur í tillögu nefndarinnar.

Allmikil umræða fór fram í nefndinni um framleiðslumálin og birgðasöfnun, einkum í nautakjöti og kindakjöti, og samkvæmt ítarlegum áætlunum sem fyrir nefndina voru lagðar þá liggur það nokkuð ljóst fyrir að birgðir í lok næsta verðlagsárs eru áætlaðar um 400 tonn. Til þess að koma þeim birgðum úr landi er talið að muni þurfa um 80 millj. kr. og í tillögum nefndarinnar er fallist á að veita um eins árs skeið viðbótarheimild til innheimtu á sérstöku gjaldi sem mest má nema 5% af afurðaverði til að mæta þessari fjárþörf. Ég vek á því sérstaka athygli að hér er um bráðabirgðaákvæði að ræða sem varir aðeins næsta framleiðsluár og ég vil líka benda sérstaklega á það í þessu sambandi að gagnstætt því sem er um hliðstætt ákvæði í 20. gr. búvörulaganna þá er þessi heimild til landbrh. ekki skilyrt við samþykki aðalfundar Stéttarsambands bænda eins og 20. gr. gerir ráð fyrir. Ástæðan fyrir þessari ákvörðun er sú að með því að skilyrða ekki þessa heimild er hægt að hefjast þegar handa við undirbúning að þessum útflutningi. Það þarf ekki að bíða haustsins og samþykkis aðalfundar Stéttarsambandsins og þar af leiðandi gefst betri tími og meira ráðrúm til þess að undirbyggja þennan útflutning. Þetta er sem sagt skýringin á því hvers vegna hér er brugðið frá því sem er í 20. gr. og ég vek enn og aftur athygli á því að hér er um að ræða bráðabirgðaákvæði sem er einungis í gildi næsta framleiðsluár.

Ég vænti þess, virðulegi forseti, að mér hafi tekist að skýra hér brtt. og nál. landbn. og legg svo til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til 3. umr.

[14:12]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hef við nál. sem hv. formaður landbn. kynnti hér rétt á undan, en fyrirvarinn varðar 3. lið í brtt. þar sem um er að ræða heimild til innheimtu sérstaks verðskerðingargjalds. Ég tel að sá vandi sem hér er verið að reyna leysa sé kominn til af því að það er ekki samræmi á milli þeirrar framleiðslu sem heimilt er að greiða beingreiðslur vegna, svokallaðs greiðslumarks, og þess verðs á lambakjöti sem hið opinbera ákvarðar og þeirrar skyldu sem lögð er á sláturleyfishafa að staðgreiða til bænda. Ég tel að lausnarinnar á þessum vanda til lengri tíma litið sé að leita í breytingum á þessu kerfi án þess að ég sé hér og nú að kynna einverjar sérstakar tillögur þar um. Það sem hins vegar gerir það að verkum að ég tel mig knúinn til að styðja þessa tillögu eins og málum er nú háttað er sú staðreynd, eða alla vega það sem líklegt er, að Svíar muni ganga inn í Evrópusambandið síðar á þessu

ári eða samþykkja það í þjóðaratkvæðagreiðslu. Það þýðir að innflutningur á lambakjöti til Svíþjóðar mun verða háður reglum ESB og sem stendur eru einungis tvö sláturhús í landinu sem uppfylla þær kröfur sem ESB gerir til sláturhúsa. Þetta mundi þýða að við gætum einungis flutt inn til Svíþjóðar til þess að uppfylla þann innflutningskvóta sem við höfum þar frá þessum tveimur sláturhúsum. Til þess að við mundum ná að uppfylla kvótann og þar sem það verð sem við fáum í Svíþjóð er ekki eins hátt og það verð sem er á innanlandsmarkaði, þá mundi það þýða að þessi tvö sláturhús sem þangað mundu flytja mundu fá miklum mun lægra verð fyrir sína vöru ef ekki kæmi til verðmiðlun hér innan lands. Til þess að við töpum ekki þessum markaði þá tel ég mig knúinn til að styðja þessa tillögu því ég vil ekki hafa það á samviskunni að við misstum þann markað sem þar er og þær afleiðingar sem ég tel að það mundi hafa fyrir sauðfjárframleiðsluna og sauðfjárbændur hér á landi þess vegna.

[14:15]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Nú hafa tíðindi orðið á nýjan leik í hv. landbn. Samhljóða skrifar hún undir nál. eftir ærnar deilur sem stóðu hér má segja allan þennan þingtíma. Þetta sýnir það að þegar menn eru lausir undan þvingu stjórnarsamstarfsins þá fara þeir að vinna sjálfstætt og af heilindum.

Við bjuggum við þann vanda í vetur að hv. formaður landbn. mat líf ríkisstjórnarinnar meira en málefni landbúnaðarins og samstöðuna í landbn. en hér sjáum við þetta á nýjan leik að allir nefndarmenn skrifa undir. Hér er auðvitað verið að flytja mál sem ég held að séu öll mikilvæg landbúnaðinum um þessar mundir.

Fyrsti liðurinn snýr að yfirstjórn á útflutningi. Í mínum huga er það enginn vafi að það er mikilvægt að Framleiðsluráðið komi þar að og miðað við þau miklu tækifæri sem íslenskur landbúnaður á nú þegar fólkið í heiminum gerir kröfur um hreinar og vistvænar afurðir þá verðum við að hafa á þessu atriði heildaryfirstjórn og standa vel að verki. Ég er sannfærður um það, og hef oft sagt það, að íslenskir bændur verða ekki frjálsir á ný fyrr en þeir hafa öðlast þá stöðu að þeirra hreinu og ómenguðu afurðir verða á nýjan leik útflutningsafurðir og þar eigum við ærin tækifæri í mörgum þjóðlöndum, bæði hér í Evrópu og ekki síður í Bandaríkjunum. Og við eigum þann möguleika að selja þessa vöru okkar fyrir mjög hátt verð. Ég veit að landbúnaðinum, við núverandi aðstæður liggur mikið á í þessu efni. En þar mega menn auðvitað heldur ekki flana og því mikilvægt að landbúnaðurinn og heildarsamtök landbúnaðarins og stjórnvöld í landinu standi rétt að þessu máli. Þess vegna styðjum við framsóknarmenn þessa breytingu og teljum hana mikilvæga.

Íslenska ríkisstjórnin glímir nú við það vandamál, sem hún ber alla ábyrgð á, að 8.000 Íslendingar ganga um þessar mundir án atvinnu. Og nú blasir það við þegar skólafólkið er að koma út á vinnumarkaðinn að þá fær það ekki vinnu í þeim mæli sem hér hefur verið um áratuga skeið. Því er mikil vá fyrir dyrum í landinu og því hefði ég talið eðlilegt við núverandi aðstæður að taka upp útflutningsbætur með einhverjum hætti til að flýta framgangi þess að ná þessum ágætu mörkuðum sem við eigum von í fyrir okkar kjöt og mjólkurafurðir.

Síðan var það 2. liður þessarar brtt. sem snýr að því að heimilt sé að halda áfram beingreiðslum til þeirra framleiðenda sem vilja hætta sauðfjárframleiðslu á ákveðnum svæðum, á viðkvæmum gróðurfarslegum svæðum, að það sé heimilt að halda áfram beingreiðslum til þeirra þó þeir láti framleiðsluna af hendi en haldi í rauninni sínum eignarrétti á kvótanum. Þetta finnst mér sjálfsagt mál og styð hæstv. landbrh. í þessari viðleitni eins og nefndin öll.

Síðan kemur þriðja atriðið í brtt. sem er um það að til komi sérstakt verðskerðingargjald bæði á sauðfjárafurðir og nautgripaafurðir til viðbótar því sem nú er heimilt og þetta sé tímabundið eins og hv. formaður nefndarinnar gat hér um.

Í mínum huga er það enginn vafi að þessi ríkisstjórn vann mikið óheillaverk þegar búið var að skrifa undir búvörusamning og ákveða að bændur landsins skyldu bera ábyrgð á framleiðslunni. Þeir höfðu tekið á sig miklar skyldur og ákváðu að bera ábyrgð á framleiðslunni og ríkið átti hér mikið kjöt miðað við það kerfi sem áður hafði verið. Því gerðist það í ágúst 1992 að hæstv. landbrh. stal markaðnum af íslenskum bændum við þessi tímamót. Það voru alvarleg mistök. Ég hygg að hann hafi þar selt ein 500 tonn af lambakjöti á útsölu sem þýddi það að frá 1. sept. þegar bændurnir áttu að bera ábyrgð á markaðnum og taka við að selja sitt kjöt þá höfðu þeir ekki markaðinn því kaupmennirnir voru búnir að fylla sína klefa og frystikisturnar í landinu voru fullar af útsölukjöti ríkisins. Þarna var mikið óheillaverk unnið og íslenska bændastéttin hefur ekki komist frá þessu máli síðan þannig að það er mikið til af umframkjöti sem annars hefði ekki verið. Mín skoðun var ætíð sú að við þessi tímamót þegar íslenskir bændur voru að taka fulla ábyrgð á sölu kjötsins þá hefði það verið eðlilegt að landbrh. hefði beitt sér fyrir því á þeim tíma að það magn sem ríkið átt hér í stórum stíl hefði verið flutt á erlendan markað til þess að bændurnir byggju við þau tækifæri sem þeir bundu vonir við. Þannig styðjum við framsóknarmenn það að gefa nú árs tækifæri til þess að auka verðskerðingu á afurðum sauðfjár og nautgripa en þó eingöngu með það í huga að sá peningur verði notaður til útflutnings- og markaðsstarfa. Það held ég að sé mjög mikilvægt núna.

Vandi landbúnaðarins snýr að ýmsum þáttum. Það er offramleiðsla ekki síst á nauta- og svínakjöti um þessar mundir. Sauðfjárbændur hafa nokkuð haldið sinni kjötsölu og sinni stöðu á markaðnum nú um nokkur missiri og er það vel. Ég er sannfærður um að það snýr ekki síst að þeim hlut að verja byggðir þessa lands. Ég er sannfærður um að það er sauðkindin og sala á afurðum hennar sem ræður því nokkuð hvort hér helst uppi byggð í landinu. Fyrir utan hitt að það er ekki vafi að við erum þar með einhverja bestu kjötaf-

urð sem um getur í veröldinni. Um það vitna bæði innlendir og erlendir menn.

Ég hygg að ef menn stæðu vel að verki þá gætu þeir á tiltölulega stuttum tíma náð tökum á þessum kjötmarkaði. Nú hefur verð til bænda ekki síst á nautakjötinu fallið mjög, kannski án þess að það verðfall hafi náð til neytendanna. Kaupmaðurinn hefur ekki skilað því svo í lægra verði eins og við væri að búast. En ég held að frelsið snúi ekki síst að því að viðhalda eðlilegu skipulagi og þess vegna finnst mér að þetta tímabundna atriði, sem landbn. leggur fyrir þingið, að ráðherra hafi heimild til þess að beita 5% verðskerðingargjaldi nú um eins árs skeið, sé ásættanlegt.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa þessa ræðu öllu lengri en ég fagna því auðvitað að landbn. er farin að vinna á nýjan leik af heilindum eftir margra mánaða deilur. Og ég vænti þess að þannig megi löggjafarþingið á Íslandi vinna í framtíðinni að það verði ekki hagsmunir eða líf ríkisstjórnar sem valdi því að hópur manna í slíkri nefnd séu undir annarlegum áhrifum og vinnubrögðum eða að það gerist að lítill flokkur eins og Alþfl., (**ÓÞÞ:** Og minnkandi.) og síminnkandi, komist upp með það að hafa hér í hendi sinni heilt löggjafarþing sem er skipað 63 frjálsbornum mönnum sem hafa heitið kjósendum sínum og meira að segja eiðstafnum hér að láta sannfæringu sína ráða í störfum sínum. Þess vegna eru þetta mikil tímamót í hv. landbn. sem ber nú að fagna og jafnvel halda upp á.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 1. umr.

Frv. landbn., 608. mál (flutningur með áætlunarskipum). — Þskj. 999.

[14:27]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir litlu frv. sem landbn. Alþingis flytur. Það er um útflutning hrossa og felur það eitt í sér að lengja það tímabil um einn mánuð sem nú er í lögum um að heimilt sé að flytja út hross við vel búnar aðstæður ofan þilja.

Lögin kveða á um það eins og þau eru að frá 1. nóv. til 1. júní sé einungis heimilt að flytja hross til útlanda í flugvélum eða í sérstökum gripaflutningaskipum. Breytingin er sú að þessi skilyrði verði nú bundin við 1. nóv. til 1. maí. Í því felst sú breyting sem þetta frv. gerir ráð fyrir.

Með því að það er nefnd sem flytur þetta frv. þá hygg ég, virðulegi forseti, að það sé óþarft að vísa því aftur til nefndar og geri því tillögu um að því verði vísað til 2. umr.

[14:29]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Það kom fram hjá hv. 3. þm. Austurl., sem rétt er, að það er landbn. sem flytur þetta mál, (**Gripið fram í:** Hvert á fætur öðru.) hvert á fætur öðru og stendur öll sameinuð. (Gripið fram í.) Aftur. Hún hefur aftur sameinast um þetta mál. — Ég hefði hins vegar frekar kosið að við hefðum verið á síðustu dögum þessa þings að afgreiða ný heildarlög um útflutning hrossa eins og efni stóðu til. Það var komið hér fram stjfrv. um nýja heildarlöggjöf varðandi hrossaútflutning. En því miður gerðist það með þetta mál eins og svo mörg önnur að það var seint fram komið og það var mat nefndarinnar að ekki ynnist tími til að fullvinna það sem hefði verið hægt að gera ef við hefðum haft þó ekki hefði verið nema einni til tveim vikum meira, þ.e. ef þetta mál hefði komið fram hálfum mánuði fyrr en það gerði þá hefði okkur tekist að klára það. Ég lýsi vonbrigðum mínum yfir því að það tókst ekki því að þau lög sem hér er unnið eftir eru gömul og þau eru úrelt og í því frv. sem hér var lagt fram var margt sem horfði til bóta þó svo að það hefði þurft að vinna það betur. Að mínu mati var það ekki þannig að það væru mjög deildar meiningar um frv. sem slíkt. Hins vegar þurfa annars vegar Félag hrossabænda og hins vegar nýstofnað Félag hrossaútflytjenda að ná betur saman og ná sameiginlegri túlkun á því hvernig menn mundu ætla að vinna eftir nýjum lögum. Það voru nánast allir aðilar sammála um það að ýmislegt horfði þarna til bóta og ég hlýt að treysta því að aðilar málsins, og að landbrn. hafi þar ákveðna forustu, noti sumarið til þess að vinna og koma sér saman um nauðsynlegar breytingar hvað þetta snertir.

Ég sagði hér við 1. umr. um það mál sem fær ekki frekari afgreiðslu hér að varðandi það útflutningsgjald sem rætt er um að setja á öll útflutt hross, þ.e. að hámarki 7 þús. kr. á hross, að af því gjaldi á að standa straum af lögbundinni skoðun dýralæknis vegna útflutnings. Sömuleiðis renna 5% af því í stofnverndarsjóð íslenska hestsins. Bæði þessi atriði eru til bóta að mínu mati. Sú breyting sem er á gjaldtöku til stofnverndarsjóðsins og að taka lögboðnu skoðunina þarna inn, enda er það ekki eðlilegt að það sé útflytjandinn, seljandinn sem sjái um þann þáttinn og greiði fyrir. Það er miklu eðlilegra að það sé hið opinbera stjórnvald sem á að sjá um það en innheimti þá þetta gjald í staðinn.

Ég benti á það í 1. umr. um það mál sem væntanlega verður ekki unnið meira hér á þinginu að ég teldi að inn í þetta gjald, útflutningsgjaldið, ætti að taka sjóðagjöldin líka. Það þarf að vísu að skoða það mál eilítið vel vegna þess að sjóðagjöldin eru tekin sem prósenta af verðmæti. Það væri þess vegna út frá því sjónarmiði vafamál hvort leyfilegt væri að taka það sem fasta krónutölu á útflutt hross. Ég fór í að skoða þetta nokkuð í framhaldinu og fékk þær upplýsingar hjá Framleiðsluráði landbúnaðarins að í raun væri framkvæmdin á þessu núna að það væri borguð föst krónutala á hross í sjóðagjöld, þ.e. að sjóðagjöldin væru reiknuð út af lágmarksverði sem er 50 þús. kr. Miðað við þær tekjur sem þá fást af þessum sjóðagjöldum og það gjald sem greitt er af hverju hrossi, þá sýnist mér að við framhaldsvinnu á málinu geti þetta atriði fyllilega rúmast innan þessa gjalds sem að hámarki yrði 7 þús. kr. á útflutt hross. Sömuleiðis varð-

andi stofnverndarsjóðinn. Hann er það sterkur í dag. Í honum eru 28 millj. og hann fær auk þess nokkrar árvissar tekjur þarna þannig að ef um það væri hugsað að það fé sem úr honum er lánað sé ávaxtað á eðlilegan hátt, það sé ekki lánað út á aðra gripi en þá sem standa undir því fjármagni sem í þá eru lagðir, þá eigi það að duga gagnvart því hlutverki sem stofnverndarsjóðnum er ætlað.

Annað atriði sem nokkuð deildar meiningar eru um varðandi nýbreytni, varðandi löggjöf í útflutningi hrossa, er markaðsnefndin sem átti samkvæmt frv. að vera þeim til ráðuneytis við setningu reglugerðar um útflutning hrossa og um það stóðu engar deilur, en síðan varðandi það atriði að þetta væri einnig markaðsnefnd sem ætti að sinna markaðsstarfi, það var kannski það mál sem fyrst og fremst strandaði á. Ég vakti athygli á því í umræðu um það mál þegar það var hér fyrir þinginu að það væri nauðsynlegt að þar yrðu settar reglur þess eðlis að það stæðu allir jafnt gagnvart þessu starfi sem þarna yrði innt af hendi, en það gerðist ekki á þann hátt að einhver ný nefnd, markaðsnefnd útflutningshrossa færi beint inn á hina erlendu markaði og e.t.v. gæti ruglað eða jafnvel spillt fyrir starfi sem þar var búið að vinna fyrir. Hún verður að vinna á þeim grunni að hún vinni að kynningu almennt á íslenska hestinum, upplýsingaöflun og það starf verði aðgengilegt fyrir alla sem standa í þessum útflutningi. Ég trúi því að þessir aðilar, Landssamband hrossabænda og Félag útflytjenda, nái saman um þetta mál. Þeir hljóta að ná saman því að það er mjög erfitt að átta sig á því hvernig útflytjendur ætla að standa í útflutningi á þessari vöru verandi ekki í góðu samstarfi við framleiðendurna sem eru í flestum tilfellum félagar í hagsmunasamtökum hrossabænda.

Virðulegur forseti. Það þarf kannski ekki að fara mörgum orðum um það að hér er um að ræða starfsemi sem er vaxandi í okkar landi og það þykir orðið sýnt í dag að það er verulegur markaður erlendis fyrir íslensk hross og ef vel er á málum haldið, þá er hér um að ræða atvinnugrein sem á verulega vaxtarmöguleika. Þeir aðilar sem í þessu eru í dag eru farnir að sjá möguleikana í báðar áttir, annars vegar að flytja út hross og ekki síður að íslensku hestarnir geti haft mikið aðdráttarafl fyrir áhugafólk erlendis sem er þá tilbúið til að koma hingað, dvelja hér í nokkra daga og velja sér sín hross sjálf á íslenskri grund — og ekki spillti nú ef hverju hrossi sem flutt yrði út fylgdi einn íslenskur hundur og vísa ég til umræðna sem hér hafa verið í vetur um ræktun íslenska hundsins. Mundi þá rætast draumsýn hv. þm. Guðna Ágústssonar þar sem hann sá fyrir sér að unnendur íslenska hestins færu um með íslenskan hund og klæddir íslenskum ullarfatnaði og þá væru komin þarna alvörumargfeldisáhrif varðandi þessi viðskipti. (**ÓÞÞ:** Guðni er farinn.) Hv. þm. Guðni Ágústsson mun vera hér í hliðarsölum að undirbúa ræðu sem hann mun flytja hér á eftir í þessu máli þannig að fjarvera hans á sér eðlilegar orsakir.

[14:40]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að gera hér að umræðuefni annað frv. sem er í landbn. heldur aðeins það frv. sem hér er á dagskrá. Ég sé ástæðu til að þakka hv. landbn. fyrir að hafa brugðist svo skjótt við að leysa það brýnasta vandamál sem við var að etja og leggja til rýmkaðar heimildir með flutningum á hestum til útlanda með skipum. Það er verulegt fjárhagslegt atriði fyrir þá sem flytja hross út með skipum og mun einnig hafa áhrif á verðlagningu á flutningi með flugvélum því að allt er þetta í samkeppni. Erindi mitt var þess vegna að þakka fyrir framlagningu þessa frv. og taka undir það sem formaður landbn. sagði hér áðan að ég tel ástæðulaust að vísa málinu til nefndar af þeirri ástæðu að það er flutt af nefnd og tekið út úr frv. sem landbrh. hefur flutt og er í þeim sama anda og hér er verið að leggja til.

[14:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er verið að flytja hérna mikið af frumvörpum um hina fornu höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar, sjávarútveg og landbúnað, og það er þannig að eftir því sem minna verður til skiptanna, eftir því er nákvæmnin meiri í lagasetningunni og prósenturnar fleiri eins og menn þekkja úr drögum að sjávarútvegsfrumvörpum sem einhvers staðar eru til hér í þessum húsum.

Eins er það í þessari landbúnaðarlöggjöf sem við eigum að það er satt að segja alveg ótrúlega langt gengið víða í að kveða á um einstök atriði, fyrirkomulagsatriði í löggjöf sem eru taldir sjálfsagðir hlutir manna í millum. Dæmi um það er í þessu prýðilega frv. sem hér liggur fyrir og ég hef út af fyrir sig enga sérþekkingu á eða vit á að öðru leyti en því að mér finnst nokkuð athyglisvert að hafa hér inni eftirfarandi setningu með leyfi forseta: „enda hafi þau“ þ.e. hrossin „áður verið fóðruð inni á heyfóðri“ ekki kögglum væntanlega „og skulu nánari reglur settar um það“ þ.e. væntanlega fóðrið „í reglugerð.“

Nú er þetta ekki svona, því að reglugerðin á að vera um flutninginn og hvernig að honum er staðið þannig að ég vil heldur mælast til þess að þeir menn sem sitja í landbn. skemmti sér við það milli 2. og 3. umr. að stytta þetta frv. sem hér liggur fyrir og ganga út frá því sem vísu að það séu settar kröfur á milli þeirra aðila sem kaupa og selja hross sem duga í þessum efnum, en að ekki sé kveðið á um það í einstökum atriðum í lögum.

[14:44]

Árni M. Mathiesen:

Hæstv. forseti. Það er kannski óþarfi fyrir mig að koma hér upp til þess að lýsa yfir stuðningi við þetta frv. þar sem ég er einn af flm. þess. En ég tel að það sé um tímabæra rýmkun að ræða að færa tímabilið til 1. maí frá því sem áður var 1. júní vegna þeirra nýjunga og framfara sem orðið hafa í flutningum. Það er hins vegar hægt að taka undir með hv. 9. þm. Reykv. að það er kannski óþarfi að kveða svona nákvæmt að í lögum og það væri hugsanlegt að treysta ráðuneyt-

inu og starfsmönnum þar eins og yfirdýralækni til að setja bara reglugerðir um það hvenær heimilt er að flytja til útlanda hross á þennan hátt.

En ég held að það hafi gætt aðeins misskilnings hjá hv. 9. þm. Reykv. þar sem hann var að fjalla um fornöfnin í greininni „þau" og „það" þar sem ég held að hann hafi misskilið að það hafi átt við fóðrið, þá tel ég að „það" hafi átt við fóðrunina. En það er mjög mikilvægt atriði þegar verið er að flytja hross að þess sé gætt að starfsemi meltingarfæranna sé í sem bestu lagi því að eitt af því sem hrossum í flutningum er hættast við það er að fá hrossasótt. (**SvG:** Síðan hvenær varð hvorugkyn kvenkyn?)

Það sem um er að ræða er að hrossin séu í góðu ástandi, meltingarfærin starfi rétt og þau séu fóðruð á heyi sem er hrossum að öllu jöfnu eðlilegast fóður, eðlilegra en að fóðra þau á kögglum eða á korni. Þessi er ástæðan fyrir því að þetta er tekið fram í greininni og ég held að engin ástæða sé til að gera við það athugasemdir og ættum við að láta það standa.

[14:46]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að segja örfá orð um þetta mál sem hv. landbn. flytur og við teljum mjög mikilvægt að þetta löggjafarþing afgreiði eins og hefur komið fram í umræðum. Í mínum huga er enginn vafi á því að það þarf að liðka til í löggjöfinni og hún má ekki þvælast fyrir breyttum aðstæðum og þær hafa breyst mjög mikið á síðustu árum, samskipti og flutningar á milli þjóðlanda. Þetta frv. stuðlar að því og ég tek undir það sem hér hefur komið fram að ég held að þessi litla lagasetning komi til með að spara stórfé fyrir íslenska bændur eða að segja að stærri hluti af verði hestsins verði tekjur bóndans. Þessi rýmkun mun hafa áhrif, bæði á flutninga á sjó og í lofti.

Hér hafa menn komið að því atriði og hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, gagnrýndi í textanum „enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri". Ég get kannski tekið undir með honum að þetta orðalag eigum við að skoða. Ég fann að hann átti alla vega auðvelt með að misskilja það eða henda að því gaman. Lagatextinn á að vera skýrt orðaður og skorinorður.

Hestar lifa á heyfóðri þannig að það atriði sem þarna þarf kannski að vera inni er að hestarnir sem fluttir eru út séu í góðu ástandi og hafi hlotið dýralæknisskoðun eins og ber í slíkum tilfellum. Ég get því fallist á það að þessi setning fari út úr textanum því að hér segir að nánari reglur skuli settar í reglugerð. Þar eiga menn auðvitað við bæði gripaflutninga, skipin og aðbúnaðinn í flugvélunum, svo og ástand skepnunnar áður en hún leggur í þessa miklu ferð, enda er þetta á margan hátt takmarkað með löggjöf, aldri hestsins o.s.frv. sem ég held að sé mjög mikilvægt. Það er ekki þar fyrir að taka að við höfum notið þess í hv. landbn. að með okkur hefur starfað dýralæknir sem kann vel til verka og er áhugamaður um hrossarækt. Við höfum notið ráða hans og hann hefur í engu brugðist í þeim störfum núna upp á síðkastið þó að þau fyrirheit sem hann gaf þegar hann gekk til þingmennskunnar hafi að vísu brugðist að einu leyti því mig minnir að hann hafi sagt þjóðinni frá því að Sjálfstfl. þyrfti helst á dýralækni að halda, en honum hefur því miður ekki tekist að ganga í þau hrossalækningastörf sem bundnar voru vonir við hann í þeim flokki.

En ég tek undir það sem kom fram í ræðu hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar að íslenski hesturinn er mikið tækifæri fyrir bændur þessa lands til að auka tekjur sínar. Markaðsmöguleikarnir eru miklir sé rétt að verki staðið og ég tek undir það með honum að það er ekkert útilokað að fallegur íslenskur hundur fylgi hverju hrossi. Nú hefur löggjafarþingið ákveðið að skipa nefnd til þess að marka stefnu um að hreinrækta og verja íslenska hundinn og setja þá ræktun kannski á nýtt stig til nýrrar sóknar sem gæti verið hliðarbúgrein við íslenska hestinn, enda er það svo að víða í Evrópu mun það nú vera tíska að ríða fallegum íslenskum gæðingi eftir skógarlundum í íslenskri lopapeysu og á eftir rennur fallegur íslenskur hundur þannig að þetta er ekki bara tækifæri fyrir íslenska bændur að selja lifandi dýr. Þetta er tækifæri líka fyrir íslenskar vinnandi hendur, karla og konur, að setjast á nýjan leik við að prjóna fallega lopapeysu.

Það er enginn vafi að íslenski hesturinn skapar heilmiklar gjaldeyristekjur og þess vegna verður löggjafinn að vera tilbúinn að rýmka og hjálpa til við þau tækifæri sem bændurnar eiga í þessu efni. Það er talið t.d. að í kringum landsmótið á Hellu sem fer fram í sumar muni hingað koma 4–5 þúsund erlendir ferðamenn til að njóta þess að sitja á Rangárbökkum og horfa á íslenska gæðinga. Þessir 4–5 þúsund menn sem koma bara út af þessu móti skapa hér miklar gjaldeyristekjur. Það gætu verið einhverjar 500 millj. sem þessir ferðamenn skila bara út af þessu landsmóti. Ýmsir telja að veltan í hrossræktinni á Íslandi sé hvorki meira né minna en 2–3 milljarðar sem er auðvitað heilmikil velta í atvinnugrein sem lætur ekki meira yfir sér en þetta. Og það hafa sagt mér hestamenn að það sé talið að 30–40 þúsund Íslendingar muni stunda með einhverjum hætti hestamennskuna þannig að hér er mikilvægt að standa vel að verki. Þetta er hliðarbúgrein sem getur hjálpað bændum á þeim erfiðu tímum sem þeir búa nú við og kannski meðan þeir eru að bíða enn stærri tækifæra þannig að ég tek undir að það er kannski líka mikilvægt hjá landbn. að halda áfram milliþingastarfi og skoðun á frumvörpum um útflutning á íslenska hestinum sem hér kom fram fyrr í vetur og verður ekki afgreitt á þessu þingi því að sannarlega er þetta mikilvægur atvinnuvegur sem sameinar sveitamenn og borgarbúa, þéttbýlisfólk til átaka við skemmtilegt verkefni.

[14:55]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. þm. Guðna Ágústssyni hlýleg orð í minn garð, en þar sem hann nefndi störf mín sem dýralæknis í þingflokki sjálfstæðismanna, þá verð ég nú að upplýsa hann um það að mínir bestu viðskiptavinir hér á þingi, ef viðskiptavinir eru rétta orðið til þess að nota í þessu sambandi, eru í þingflokki framsóknarmanna og þingflokki Alþb.

[14:56]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. þm. þessi orð. Svo er oft með unga menn að það er eitthvert lögmál að þeir leita þangað sem þeir sækja þekkingu og ég fagna því sérstaklega að þessi ágæti þingmaður Reyknesinga lýsir því yfir úr ræðustól Alþingis að hann hafi tengst meiri tryggðaböndum við framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn á þessari löggjafarsamkomu en margklofinn og illa leikinn Sjálfstfl.

[14:57]

Árni M. Mathiesen *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. þm. Guðni Ágústsson hafi eitthvað misskilið mín orð en það voru þingmenn í þingflokki Framsfl. og Alþb. sem leituðu til mín vegna minnar þekkingar en ekki öfugt.

[14:57]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Þetta frv. landbn. felur aðeins í sér breytingu á einu orði frá því sem var og er í gildandi lögum, þ.e. að í staðinn fyrir „júní" kemur: maí. Og það er kannski önnur ástæðan fyrir því að ég kom hingað upp, en hin var svo aftur sú ræða sem hv. 2. þm. Vestf. flutti hér áðan og mér þótti vænt um þá ræðu. Það er hárrétt sem hann gat um að hér er um að ræða hagsmuni, kostnaður við flutning á hverju hrossi miðað við þessar aðstæður skilar bóndanum 20 þús. kr. og mér þykir vænt um að þessi hv. þm. skyldi koma hingað upp í ræðustólinn, þakka landbn. fyrir þá leið sem hún fann helsta til þess að koma þessu máli áfram með því að flytja þetta litla frv. með þessari þó enn þá minni breytingu. Ég er sannfærður um það að ef bændur landsins og reyndar aðrir þeir sem eiga hér hagsmuni hefðu hlýtt á þessa umræðu, þá mundu þeir meta mikils með sama hætti og ég gerði innlegg hv. 2. þm. Vestf. í þessa umræðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, fyrri umr.

Þáltill. forsn., 603. mál (ársskýrsla). — Þskj. 978.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, 3. umr.

Stjfrv., 242. mál (aðgreining afurða og gjald til Fiskistofu). — Þskj. 280.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, síðari umr.

Stjtill., 529. mál. — Þskj. 828, nál. 1024.

[15:01]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Utanrmn. hefur fjallað um þáltill. og fullgildingu Torremolinos-bókunarinnar frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa frá 1977.

Nefndin framsendi tillögu þessa til samgn. og fékk svohljóðandi bréf frá samgn. um mál þetta, með leyfi forseta:

„Samgöngunefnd ræddi á fundi sínum í dag þáltill. um fullgildingu Torremolinos-bókunarinnar frá 1993 við Torremolinos-alþjóðasamþykktina um öryggi fiskiskipa, 1977, 529. mál þingsins.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar, enda verður ekki annað ráðið en verið sé að staðfesta reglur sem íslenskar skipasmíðastöðvar hafa unnið eftir fram til þessa."

Á þessum grundvelli og með tilliti til þeirrar umfjöllunar sem fram fór í nefndinni leggur utanrmn. samhljóða til að mál þetta verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um opna lofthelgi, síðari umr.

Stjtill., 541. mál. — Þskj. 849, nál. 1023.

[15:02]

Frsm. utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Um mál þetta gegnir sama máli og um síðasta dagskrármál. Utanrmn. hefur komist að einróma niðurstöðu um að leggja til að ríkisstjórninni verði veitt heimild til þess að fullgilda hinn svokallaða samning um opna lofthelgi sem var undirritaður í Helsinki 24. mars 1992.

Undir nál. í máli þessu rita allir nefndarmenn utan tveir sem fjarverandi voru á fundinum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, 2. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 831, nál. 1043, brtt. 1044.

[15:03]

Frsm. iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um merkingar og upplýsingaskyldu varðandi orkunotkun heimilistækja sem er 532. mál þingsins og stjfrv. sem fjallað hefur verið um í hv. iðnn. sem skilar samhljóða niðurstöðu eins og sést á þskj. 1043.

Á þskj. 1044 flytjum við allmargar brtt. við þetta frv. og verður að segja eins og er að það er alla vega mín skoðun að það hafi mislukkast nokkuð þýðingin á þessum texta en hann er sennilega tekinn upp úr dönsku og fluttur hér til íslensku, upphaflega þannig, og það þurfti allnokkrar lagfæringar á þessum texta í hv. iðnn. sem náðist mjög góð málfarsleg samstaða um.

Það sem í raun og veru er um að ræða í breytingunum er þess vegna nær eingöngu tæknilegar lagfæringar og orðalagslagfæringar í 9. tölusettum brtt. en auk þess er bætt inn í frv. ákvæðum um hávaða sem berst frá heimilistækjum til að tryggja að neytendur fái upplýsingar um hávaða heimilistækja með sama hætti og um orkunotkun heimilistækja. Hér er um að ræða hið þarfasta neytendamál og gagnlegasta mál þannig séð, burt séð frá aðild okkar að Evrópsku efnahagssvæði og um efni málsins ríkir þess vegna full samstaða í hv. iðnn.

Við leggjum sem sagt til að brtt. á þskj. 1044 verði allar samþykktar eins og þær koma þar fyrir og frv. svo breytt fái síðan þinglega meðferð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala notaðra ökutækja, 2. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 587, nál. 1025, brtt. 1026.

[15:06]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. efh.- og viðskn. á þskj. 1025 og brtt. sem fylgja því nál. á þskj. 1026.

Efh.- og viðskn. fjallaði nokkuð ítarlega um þetta frv. og fékk á fund sinn fulltrúa frá viðskrn. til þess að ræða þetta mál en jafnframt bárust nefndinni umsagnir frá Bílgreinasambandinu, Bílasölu Reykjavíkur, Félagi ísl. bifreiðaeigenda, Neytendasamtökunum og Verslunarráði Íslands.

Eftir ítarlegar umræður í nefndinni var ákveðið að leggja til að frv. væri samþykkt með nokkrum breytingum. Þessar breytingar eru þær að í fyrsta lagi er lagt til að í frv. verði kveðið á um hámark tryggingarfjárhæðar á grundvelli 1. mgr. í stað þess að það verði alfarið lagt í hendur ráðherra hver sú trygging skuli vera og hvert hámark hennar skuli verða. Nefndin leggur sem sagt til í brtt. að tryggingarfjárhæðin innan hvers tryggingartímabils skuli nema að hámarki 20. millj. kr.

Þá er í þessu sambandi jafnframt lögð til sú breyting að ekki komi til kasta þessarar tryggingar nema viðkomandi bifreiðasali sé ógjaldfær. Hér er byggt á sömu atriðum og er gert í lögum nr. 30/1993, um neytendalán og jafnframt er í frv. til breytingar á þeim lögum sem nú eru til umfjöllunar í efh.- og viðskn.

Þá er í öðru lagi lagt til að skilyrði lokamálsliðar 2. mgr. 3. gr., sem fjallar um skyldur þeirra sem geta stundað þessi viðskipti, verði breytt með þeim hætti að það verði víkkað nokkuð þannig að það sé ekki eingöngu bundið við framkvæmdastjóra viðkomandi fyrirtækis en gert ráð fyrir því að viðkomandi aðili verði að vera í stjórnunarstöðu innan fyrirtækisins eða eins og segir í brtt. „yfirmaður viðkomandi starfsemi". Það þykir óeðlilegt að gera það að skilyrði að framkvæmdastjórinn, t.d. í stærra fyrirtæki, sé ábyrgðarmaður í þessu sambandi heldur hljóti það að vera yfirmaður viðkomandi deildar eða starfssviðs í viðkomandi fyrirtæki ef það er þá deildaskipt.

Í þriðja lagi er lagt til að það verði kveðið skýrar á um það að með ástandslýsingu á bifreiðum sem eru til sölu samkvæmt frv. komi það fram samkvæmt 4. gr. að hér sé aðeins átt við almenna lýsingu á ástandi bifreiðarinnar en ekki nákvæma úttekt eins og þá sem 5. gr. frv. mælir fyrir um. Síðan er tekinn af allur vafi um afdráttarlausa skyldu bifreiðasala til að láta slíka almenna lýsingu fylgja hverju ökutæki sem hann hefur til sölumeðferðar.

Í fjórða lagi er lagt til að bifreiðasali verði að fullnægja leiðbeiningarskyldu sinni samkvæmt lokamálslið 1. mgr. 5. gr. á sannanlegan máta og jafnframt er tekið fram að kaupandi beri kostnað af því að láta framkvæma slíka skoðun nema um annað hafi verið samið. Það þykir eðlilegt ef kaupandi óskar þess að það fari fram nákvæm úttekt á bifreiðinni að hann beri af því kostnað en að sjálfsögðu er ekki rétt að koma í veg fyrir það eða banna að aðilar semji um annað. En það þykir ekki eðlilegt að hver og einn sem er að hugsa um að kaupa bifreið geti krafist þess af seljanda að hann láti fara fram úttekt á bifreiðinni á kostnað seljandans nema um það sé samið því það er í sjálfu sér engin trygging fyrir því að af kaupunum verði.

Þá er að lokum lögð til sú breyting á 6. gr. að kveðið verði skýrar á um skyldu bifreiðasala til að tilkynna eigendaskipti um leið og nokkur kostur er. Það getur vart talist eðlilegt að meira en einn dagur líði þar til eigendaskipti eru tilkynnt nema mjög sérstæðar aðstæður sem að sjálfsögðu geta ávallt komið upp réttlæti lengri frest. Það er afar mikilvægt að slík eigendaskipti komist í réttar skrár sem fyrst.

Það er rétt að taka það fram að það er hægt að tilkynna eigendaskipti á öllum póststöðvum og því engin ástæða til að það sé dregið þar sem aðilar eiga hægt um vik að koma því á framfæri.

Undir nál. rita allir nefndarmenn efh.- og viðskn. en fjarverandi við afgreiðslu málsins var Ingi Björn Albertsson.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:20]

1. gr. samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1026,1 samþ. með 39 shlj. atkv.
3. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Brtt. 1026,2–4 samþ. með 40 shlj. atkv.
4.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 40 shlj. atkv.
7.–11. gr., og ákv. til brb., samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv.

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 579. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 898, nál. 1006, brtt. 1007.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:23]
Brtt. 1007,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1007,2 samþ. með 39 shlj. atkv.
1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv.
Brtt. 1007,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.
Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv.

Útflutningur hrossa, frh. 1. umr.

Frv. landbn., 608. mál (flutningur með áætlunarskipum). — Þskj. 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:27]
Frv. vísað til 2. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, FrS, GE, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Meðferð og eftirlit sjávarafurða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 242. mál (aðgreining afurða og gjald til Fiskistofu). — Þskj. 280.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:28]
Frv. samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: DO, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, IBA, IP, JGS, JHelg, JónK, KÁ, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SvG, TIO, VS, ÖS.
7 þm. (AÓB, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KE) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKJ, FrS, GE, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, SJS, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1075).

Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, frh. fyrri umr.

Þáltill. forsn., 603. mál (ársskýrsla). — Þskj. 978.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:29]
Till. vísað til síðari umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. vísað til allshn. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.
24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, IBA, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Alþjóðasamþykktin um öryggi fiskiskipa, frh. síðari umr.

Stjtill., 529. mál. — Þskj. 828, nál. 1024.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:30]
Tillgr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.
23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1076).

Samningur um opna lofthelgi, frh. síðari umr.

Stjtill., 541. mál. — Þskj. 849, nál. 1023.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:31]

Tillgr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1077).

Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, frh. 2. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 831, nál. 1043, brtt. 1044.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:32]

Brtt. 1044,1 samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (GÁ, JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (GÁ, JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, JóhS, JGS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Brtt. 1044,2–9 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (GÁ, JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

25 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, SJS, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

2.–10. gr., svo breyttar, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (GÁ, JVK, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

24 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, HÁ, JóhS, JBH, MB, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KE, LMR, MF, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, SvG, TIO, VS, ÖS.

26 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, FrS, GE, GHelg, GunnS, JóhS, JBH, JónK, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, SighB, SP, StG, StH, StB, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962.

[15:35]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Hér er verið að taka á dagskrá 13. málið, lyfjalög, sem rætt var á fundi í gær og er

hér áfram á dagskránni sé ég. Ég er einn af þeim sem eru á mælendaskrá í þessu máli. Ég tók eftir því í byrjun fundar að boðuð var fjarvist af hálfu formanns heilbr.- og trn. sem skilar þessu máli til þingsins og ég tel það ekki koma til greina að þetta mál sé rætt hér á þessum fundi að formanni nefndarinnar fjarstöddum og treysti forseta til að fresta umræðu um þetta dagskrármál þangað til formaður nefndarinnar er viðstaddur.

Ég get bætt því við að ég lagði það á mig að taka þátt fyrr í umræðunni, þ.e. í gærdag, og bjó þá við þær aðstæður að formaður nefndarinnar var ekki í þinghúsinu og þrátt fyrir ítrekaðar óskir fékkst hann ekki á þingfund á meðan ég talaði. Ég tel að svona háttalag gangi ekki og forseti megi til með að sjá til þess að ekki sé verið að ræða mál hér að fjarstöddum þeim sem hafa forræði á málinu eða hafa skilað því inn af hálfu nefndar til þingsins.

[15:36]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði uppi svipaða ræðu hér í nótt þegar hann lagði á það mikla áherslu að þrek hans væri búið og ljúka yrði umræðum. Nú er það svo að formaður nefndarinnar eins og fram hefur komið er með fjarvist í dag, er að sinna sínum erindum, (**Gripið fram í:** Hvar er hann?) er við jarðarför austur á landi ef menn vilja það vita. Hér er hins vegar til staðar ráðherra þess málaflokks sem um ræðir og enn fremur fjórir fulltrúar í hv. nefnd sem standa að þessu meirihlutaáliti þannig að hér eru allir boðnir og búnir til að hlýða á mál hv. þm. og annarra þeirra sem vilja leggja orð í belg.

[15:37]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það verður að reyna að venjast nýjum siðum og það virðist vera hér upp tekinn siður að ráðherrar sem starfa í viðkomandi málaflokkum séu farnir að beita sér í sambandi við spurninguna um það hvernig við óbreyttir þingmenn stöndum að málum og hvernig þingstörfum er hagað í málum sem þeir hafa lagt fram í frumvarpsformi til þingsins. Ég tel að þetta sé í rauninni ráðherra sem slíkum óviðkomandi, enda hefur hæstv. ráðherra e.t.v. verið að tala í gervi þingmannsins.

En ég sé alveg sérsaka ástæðu til þess að mótmæla málflutningi hæstv. heilbr.- og trmrh. Hann staðhæfði hér í ræðustól áðan að ég hafi á síðasta fundi sl. nótt verið að biðjast undan því að málið væri rætt. Ég held að hann hafi orðað það eitthvað svoleiðis, vegna þess að þrek mitt væri þrotið. Hvar eru skilningarvitin hjá hæstv. ráðherrum ef þetta er sýnishorn af því þar sem mínum málflutningi var þó þveröfugt háttað og ég lýsti mig reiðubúinn til að ræða þetta mál (**Gripið fram í:** Í nótt.) í nótt og hvenær sem væri svo fremi að ég næði eyrum þeirra sem hefðu forræði á málinu og hefðu skilað því hér inn, formanni heilbr.- og trn. Mér var ekkert að vanbúnaði. Svo kemur ráðherrann hér og blandar sér í þetta mál til þess að segja ósatt um minn málflutning. Mér finnst þetta alveg dæmalaust ef menn standa þannig að máli hér að geta ekki flutt rétt eftir innan sama sólarhrings. Það verður að sjálfsögðu að virða almennar leikreglur í þinginu, að það sé ekki verið að ræða hér mál að formönnum nefnda sem skila inn álitum fjarstöddum. (Forseti hringir.)

Ég ætla að sjálfsögðu ekki að fara að koma í veg fyrir það, virðulegur forseti, að málið verði rætt þegar hv. þm., formaður heilbr.- og trn. er kominn til þings á ný, væntanlega kemur hann aftur og ég er ekkert að efast um að hann geti haft gild forföll. Það er ég ekki að efast um. En jafnsjálfsagt er það að fresta umræðu um málið við þessar aðstæður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti skildi það svo að það hefði verið gert ráð fyrir því þegar menn ræddu saman sl. nótt að þetta mál kæmi hér á dagskrá og til umræðu um þetta leyti. Það er gert ráð fyrir að þessi fundur standi til kl. 5 í dag. Eins og komið hefur fram er hér hæstv. ráðherra sem málið heyrir undir og forseti biður hv. þm. að taka tillit til þess eins og venja er ef þingmenn forfallast af þeim ástæðum sem hér hefur verið greint frá. Það er alveg ljóst að umræðu um þetta mál lýkur ekki í dag þannig að það verður tækifæri til þess að ræða málið þegar hv. 5. þm. Austurl., formaður nefndarinnar, verður kominn aftur til þings. Það má því nota tímann sem eftir er fram að kl. 5 til þess að ræða málið eins og gert hafði verið ráð fyrir og beinir forseti því til hv. 4. þm. Austurl., og reyndar þess sem er fyrstur hér á mælendaskrá sem er hv. 10. þm. Reykv., að umræðan geti hafist þannig að við getum nýtt þann tíma sem eftir er af þessum fundi.

[15:42]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla auðvitað ekki að tala fyrir aðra í sambandi við þetta mál. Ég er eingöngu að lýsa minni afstöðu og mínu viðhorfi til þess og ég treysti á forseta að halda eðlilega á málum. Ég er að biðja forseta um að halda eðlilega á þessu máli. Ég verð að segja að ég tel það afskaplega óskynsamlegt af hálfu forustu þingsins að ætla að keyra fram umræðu um þetta mál í röskan klukkutíma með þann málagrúa hér á dagskrá sem fyrir liggur og hugsanlega mál sem er meira samkomulag um heldur en þetta mál sem hér um ræðir. Og ég skal ekkert leggja mat á fjarvistir hv. 5. þm. Austurl. Það er náttúrlega svo að ef menn eru tvöfaldir í roðinu í störfum, þá geta menn þurft að velja á milli.

(**Forseti** (SalÞ): Ég vil biðja menn að nota kurteislegt orðalag.)

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst sjálfsagt að fresta umræðunni. A.m.k. biðst ég undan því að taka þátt í henni á meðan hv. formaður nefndarinnar er fjarverandi.

[15:44]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þegar þessu máli var frestað sl. nótt var um það rætt að það yrði hér aftur á dagskrá í dag, það er vissulega alveg rétt. Hins vegar kom það ekki fram í þeim umræðum að hv. formaður heilbr.- og

trn. yrði fjarstaddur. Hann lagði mikla áherslu á það að þessu máli yrði haldið áfram í dag í umræðu en upplýsti það ekki að hann yrði ekki viðstaddur. Ég fæ fyrst að heyra það nú eftir að fundur er hafinn. Ég heyrði það heldur ekki í morgun, þegar rætt var um að þau mál sem hér væru fyrst á dagskrá væru fljótt afgreidd og síðan kæmi að lyfjalögum, að hv. formaður nefndarinnar yrði hér ekki viðstaddur, en það er fyrst núna sem ég heyri um það að hann hafi forföll og reyndar var það upplýst í upphafi fundar. Það hefur verið upplýst hver þau forföll eru og það verður að sjálfsögðu að virða það, en það er á vissan máta óeðlilegt að taka málið til umræðu og ég skil vel athugasemdir hv. 4. þm. Austurl. sem talaði hér í gær án þess að hv. formaður nefndarinnar væri viðstaddur og lagði þá áherslu á það að hann gæti ekki tekið aftur til máls öðruvísi en svo að formaður nefndarinnar væri við. Við þessar aðstæður er það nokkuð óeðlilegt að halda því til streitu að málið verði rætt.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun sjá til þess að hv. 4. þm. Austurl. þurfi ekki að tala aftur öðruvísi en formaður nefndarinnar verði viðstaddur.

[15:45]

Margrét Frímannsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil staðfesta það hér að á þessum fundi okkar í nótt var lögð mikil áhersla á það af hálfu hv. formanns heilbr.- og trn. að mál þetta kæmi á dagskrá í dag og við samþykktum það. Það kom hins vegar ekki fram að hann yrði fjarverandi. En ég vil einnig að það komi fram hér að hann hafði samband við mig sem nefndarmann í heilbr.- og trn. í morgun af því að hann vissi að ég væri fljótlega á mælendaskrá og sagði mér af því að hann yrði í burtu og spurði að því hvort ég gerði athugasemdir við það og ég sagði það ekki vera. Ég vil að það komi fram hér.

[15:46]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég mun vera næst á mælendaskrá þessu máli, þ.e. um lyfjalögin, og ég vil upplýsa það að ég ætlaði mér bara að tala einu sinni í þessari umferð Ég ætlaði ekki að tala aftur og ég ætlaði ekki að hafa hér langt mál. Ég hefði auðvitað kosið að formaður heilbr.- og trn. væri viðstaddur þegar sú umræða færi fram. Mér var ljóst í gærkvöldi að þetta mál yrði aftur á dagskrá í dag og ég vissi þá ekki annað en formaðurinn yrði hér viðstaddur. Nú eru þetta auðvitað lögmæt forföll sem hamla því að formaður sé hér núna, en þau voru sem sé ekki ófyrirséð þannig að það hefði verið mun hreinna gengið til verks ef það hefði verið upplýst í nótt hvernig yrði í pottinn búið og við hefðum þá getað tekið afstöðu til þess þegar málið var rætt á fundi þingflokksformanna í nótt.

[15:47]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þessi umræða kemur mér nokkuð á óvart. Það var rætt á fundi í nótt sem ég var ekki viðstödd að halda áfram hér í dag. Það var rætt á þingflokksformannafundi í dag hjá okkur að halda umræðu áfram. Það er búið að ræða þetta mál stundum saman í gær alveg fram á nótt. Formaður nefndarinnar var búinn að vera viðstaddur allan daginn og ég vil árétta að það kemur mjög oft fyrir að það er kallað eftir ráðherrum að vera viðstaddir en ekki lögð þessi áhersla á formenn nefnda eftir að þeir hafa setið í þingsal svo vel sem formaður heilbr.- og trn. gerði hér í gær. Þetta finnst mér mjög mikilvægt að komi fram. (**HG:** Þingflokksformenn ættu að kynna sér þá viðveru.) Ég vil að sjálfsögðu kynna mér viðveru þingmanna hér, en ég veit að formaður nefndarinnar var hér í gær. Hann er löglega forfallaður í dag. Það er sótt mjög á að ljúka þessari umræðu. Það er samið um að hún verði hér á dagskrá og það sem mér finnst skipta máli er að ráðherrann er viðstaddur. Það er yfirleitt sótt á um að ráðherrar séu við 2. umr. stórra mála og það skortir ekki á það og auk þess sem meiri hluti nefndarinnar er líka viðstaddur þannig að mér finnst mjög undarlegt ef málinu verður frestað á þessum forsendum.

[15:49]

Guðmundur Bjarnason *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins upplýsa það að hv. formaður heilbr.- og trn. gerði mér orð um það að hann gæti því miður ekki setið þennan fund í dag og spurði hvort við framsóknarmenn sem höfum tekið þátt í þessari umræðu mundum leggjast gegn því eða gera athugasemdir við það. Ég tjáði honum að við mundum ekki gera það. Við mundum vegna þeirra aðstæðna sem hann greindi frá fallast á það að umræðan héldi áfram, enda sýndist okkur allar líkur á því að henni lyki ekki í dag, umræðunni lyki ekki á þessum fundi svo að það yrði kostur á að ræða málið aftur að hv. formanni nefndarinnar viðstöddum. En ég vil auðvitað taka það skýrt fram að þetta var aðeins talað fyrir hönd okkar framsóknarmannanna sem tókum þátt í umræðunni og alls ekki neinn bindandi samningur af okkar hálfu fyrir hönd annarra hv. þm., hvorki framsóknarmanna né þeirra annarra sem hér vilja taka þátt í umræðunni. Það verður að vera alveg skýrt af minni hálfu.

Hitt vil ég svo líka taka undir að ég tel að það hefði verið miklu betra ef þetta hefði komið fram í gærkvöld eða réttara sagt í nótt þegar samið var um framgang og áframhaldandi umræðu þessa máls.

[15:51]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér er eitthvað furðulega að málum staðið. Hv. formaður heilbr.- og trn. hefur gert sumum orð og öðrum ekki. Við kvennalistakonur höfðum ekki spurnir af því að hann yrði fjarverandi hér við þessa framhaldsumræðu og ég vil benda á það að fullt traúi okkar í nefndinni á eftir að halda sína ræðu. Ég get ekki sagt annað en að mér finnst mjög eðlilegt að verða við óskum þingmanna að fresta umræðu þegar annaðhvort er óskað eftir nærveru ráðherra eða formanns nefndar nema báðir séu. Hér er um mikið deilumál að ræða og er auðvitað verið að þrýsta á um það að ákveðnar breytingar verði gerðar á þessu frv. sem hér er til umræðu og það er ekki annað en sjálfsagt að verða við þeirri kröfu þingmanna að fresta umræðu

þegar svona stendur á. Ég bendi á það að næstu mál á dagskrá eru samkomulagsmál m.a. úr efh.- og viðskn. sem mættu vel komast að og það er enginn skaði skeður þó að þessari umræðu um lyfjalögin verði frestað og þess beðið að hv. formaður heilbr.- og trn. komi til þings.

[15:52]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það eru hafnar hér sérkennilegar vitnaleiðslur sem ég neyðist til að taka þátt í. Þannig háttar til að ...(**ÓÞÞ:** Sverja fyrst.) Nei, ég hafði nú ekki í hyggju að gera það, enda þarf ég ekki að undirstrika það áður en ég byrja að ég segi satt því að ég geri það ævinlega.

Hv. formaður heilbrn. skýrði mér frá því um hádegisbilið hér niðri í kaffistofu að nokkrum vitnum viðstöddum að hann þyrfti að gegna öðrum skyldustörfum sem hann hefur austur á landi í dag, nánar tiltekið á Egilsstöðum, og það væri brýnt að það gerðist í dag. Þar er um að ræða kistulagningu sem hann hafði verið kallaður til og taldi sig verða að sinna og spurði mig að því hvort ég teldi að það væri í lagi að hann væri í burtu og umræðan héldi áfram. Ég sagði já fyrir mitt leyti og ég staðfesti það já hér fyrir mitt leyti. Ég bind að sjálfsögðu engan í þeim efnum en bendi hins vegar á í þessu sambandi að það væri kannski skynsamlegt að það yrðu til einhverjar reglur um mál af þessum toga við lok þingsins, t.d. þannig að það væri ævinlega svo að bæði formaður nefndar og ráðherra væru viðstaddir því að t.d. í þessu máli er það svo að hv. heilbr.- og trn. hefur gert alveg gríðarlega miklar breytingar á stjfrv. þannig að eiginlega er frv. núna frekar orðið frv. meiri hluta nefndarinnar heldur en hæstv. ráðherra. Án þess að ég fari í mannjöfnuð með þeim bræðrum, þá tel ég að formaður hv. heilbrn. standi síst að baki ráðherranum að því er varðar ábyrgð á stöðu málsins eins og það er í dag. Ég hef hins vegar litið svo til að miðað við að það er ætlunin að halda hér fundum heyrði ég áfram til kl. 5 og nokkrir eru á mælendskrá, þá ætti að vera hugsanlegt að hallvika mælendaskránni þannig að menn yndu þessari sérkennilegu niðurstöðu og hefðu hana eins og hún er. Ég bendi á það hins vegar að það er dálítið óþægilegt þegar þingmenn stjórnarflokkanna og ráðherrar koma til einstrakra þingmanna með þessum hætti eins og hér hefur gerst og eins og t.d. hefur gerst í menntamálum þar sem við höfum fallist á það að afgreiða menntamál að fjarstöddum hæstv. menntmrh. en með góðri viðveru hv. formanns menntmn. (**ÓÞÞ:** Hvenær hefur það komið fram, þetta samkomulag?) Þetta samkomulag hefur aldrei komið fram. Það er að koma fram núna þannig að hér eru málin orðin allsnúin. (**ÓÞÞ:** Nætursamkomulag?) Nei, það var kvöldsamkomulag, hv. þm., þannig að hér eru málin allsnúin og vandinn er bersýnilega sá að hvorki ráðherrar né nefndaformenn virðast kunna faglegar boðleiðir í þessum efnum. Hérna virðast hlutirnir klúðurslegri en þeir þyrftu að vera.

[15:55]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég ætla ekki að fara að gera að umræðuefni jarðarfarir á Austurlandi. Þær hljóta að ganga fyrir sig með eðlilegum hætti án þess að þær séu ræddar hér í þingsölum. Og að sjálfsögðu ekki heldur hvort hv. þm., séra Gunnlaugur Stefánsson, sé fjarverandi eða ekki. Hann á rétt á því eins og aðrir að óska eftir því að vera fjarverandi.

Það sem þingið er komið í er ákaflega sérstæð staða. Milli stjórnarflokkanna virðist ekki vera sú tiltrú eða það traust að annar stjórnarflokkurinn geti liðið hinum að halda áfram dagskránni sem er þó ærin, 35 mál, herra forseti, það verði að taka fyrir þetta mál, annars sé stjórnarsamstarfið fyrir bí. Svo alvarleg virðist staðan. Og auðvitað verður ákveðinn þingmaður á Austurlandi, hv. 4. þm. Austurl., að una því að honum er ekki ætluð sú réttarstaða að ráða því hvort ríkisstjórnin fer frá í dag eða ekki. Þannig stendur málið. (**Gripið fram í:** Því miður.) Því miður. (**StG:** Vill hann fá umboð til þess?) Þetta er alvarleg staða. En hann verður bara að sætta sig við það að stjórnarsinnar vilja ekki leyfa honum að ráða því. Og þetta þýðir það að hér er verið að eyða tíma þingsins í hreina vitleysu. Mér finnst það dálítið skrýtið af því að ég veit að hæstv. heilbrrh. gerir sér grein fyrir því að það er ekki beinlínis skynsamlegt að espa menn upp ef menn vilja nú fá styttri umræður, þá sé ég nú ekki að það hafi verið skynsamlegt að vera með sérstök púðurskot á hv. 4. þm. Austurl. um þreytu hans í nótt sem verður ósönnuð fullyrðing, frekar ótrúleg miðað við það að maðurinn stundar líkamsrækt að staðaldri. Og ég vil nú spyrja hæstv. forseta: Er hugsanlegt að forseti geti breytt þeim ræðulista sem liggur fyrir þannig að þeir sem óska eftir því að ná eyrum formanns nefndarinnar geti beðið með sínar ræður en hinir sem hafa heitið því að tala þó hann sé fjarverandi fái að halda áfram? En það væri náttúrlega möguleiki að sigla þannig málum að þetta gerðist með þessum hætti og koma í veg fyrir fall stjórnarinnar um einn dag í það minnsta ef sá friðarandi væri hér yfir vötnunum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur ekki komið í veg fyrir að hv. þingmenn kveðji sér hljóðs um fundarstjórn forseta. Forseti getur hins vegar breytt röð ræðumanna á mælendaskrá og hefur hugsað sér að gera það þegar menn hafa lokið sér af að ræða um fundarstjórn forseta.

[15:59]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég mun þrátt fyrir að formaður heilbr.- og trn. sé ekki viðstaddur halda þá ræðu sem ég hafði hugsað mér að gera við þessa 2. umr. um frv. til lyfjalaga og mun þá bara ef ég tel ástæðu til taka aftur til máls við umræðuna að formanninum viðstöddum þó að það hafi alls ekki verið meining mín að tala nema einu sinni.

Það hefur margt verið sagt í þessari umræðu, enda hefur hún staðið lengi, sumt spaklegt og annað miður og mig langar aðeins til að leggja nokkur orð í þann belg sem hér hefur verið um þetta mál.

Fyrst er frá því að segja að þetta frv. hefur verið til skoðunar mjög lengi í þinginu. Það var hér inni á síðasta þingi og fékk þá talsverða umfjöllun í heilbr.- og trn., var þá mjög gallað frómt frá sagt og tókst að stöðva það á síðasta þingi. Síðan kom það aftur inn í þingið í haust og var þá búið að gera á því umtalsverðar breytingar og þær voru flestar ef ekki allar til bóta frá því sem var á síðasta þingi. Nú hefur heilbr.- og trn. unnið mikið í þessu máli og þar hafa allir lagt mikið á sig og mikla vinnu í þetta mál hvort sem þeir voru í grundvallaratriðum eða meginatriðum sammála tilgangi frv. eða ekki. Margar þeirra breytingartillagna sem meiri hluti nefndarinnar flytur hér eru í rauninni komnar frá minni hluta nefndarinnar vegna þess að nefndin hefur eins og ég segi, minni hluti ekki síður en meiri hluti, lagt á sig mikla vinnu til þess að gera þetta betra þannig að allt stendur þetta til bóta og er alltaf að batna eins og þar stendur. Lengi getur gott batnað og væri auðvitað best ef það væri hægt að fresta þessu máli þar til á næsta þingi og skoða það á milli þinga og þá er ég viss um að kæmi frv. sem væri vel nothæft. Þetta segi ég m.a. í ljósi þess að hér er flutt af meiri hluta nefndarinnar 21 brtt. sem segir sitt um það að málið var ekki fullbúið þegar það kom inn til þingsins og til heilbr.- og trn.

Nú er það ekki mín skoðun almennt að þingnefndir eigi ekki að breyta málum sem koma inn frá ráðherrum. Mér finnst full ástæða til þess að þær fari mjög ofan í þetta og geri breytingar, en það er hins vegar spurning hvort frv. getur talist fullbúið sem þarf að gera á mjög viðamiklar breytingar og menn hafa stundum sagt það hér að það þýði það í rauninni að það þarf ekki bara þrjár umræður um mál ef málið tekur gerbreytingu inni í nefnd.

Frá því er greint að megintilgangurinn með frv. sé að stuðla að lækkun á dreifingarkostnaði á lyfjum með því að koma á samkeppni á öllum stigum og markmið þessa frv. er sett í 1. gr. og þar kemur fram að markmiðið sé fyrst og fremst samkeppni. Þetta er fyrst og fremst spurning um kaup og sölu þannig að þetta er eiginlega meira frv. um markaðsmál en frv. um lyfjamál.

Í öðru lagi er kveðið á um það í 1. gr. og í greinargerð með frv. að það sé markmið með þessu frv. að gera þær breytingar á lyfjalögum sem óhjákvæmilega hljótast af EES-samningnum og þær breytingar verður að gera til þess að við getum staðið við þær skuldbindingar sem við höfum gengist undir með þeim samningi.

Heilbrigðismarkmiðin eru svo í þriðja sæti í þessu frv. og það er kannski stóri gallinn við frv. hvað helbrigðismarkmiðin mega sín lítils. Þó verður það að segjast eins og er að það hefur heldur verið hert á þeim í brtt. meiri hluta heilbr.- og trn. þannig að það stendur aðeins til bóta. Um þessa hluti gerði ég athugasemdir við 1. umr. um málið og þarf kannski ekki að endurtaka það hér að ég er ekki sátt við hver eru meginmarkmið þessa frv.

Brtt. sem ég hef aðeins minnst á frá meiri hlutanum hafa það í för með sér að það eru ýmsir augljósir agnúar sniðnir af frv. en hins vegar er ekki hróflað við því í meginatriðum og þá er ég að tala um þennan megintilgang um samkeppni eða kaup og sölu sem frv. gengur út á. Við umfjöllun í nefndinni var eins og ég sagði lögð talsverð vinna í þetta og það var sent mjög víða til umsagnar en frómt frá sagt var það þannig að það voru mjög fáar jákvæðar umsagnir sem nefndinni bárust. Í rauninni má segja að þeir umsagnaraðilar séu teljandi á fingrum annarrar handar sem telja frv. ótvírætt til bóta og flestir efast reyndar um að megintilgangurinn náist, þ.e. sá megintilgangur að lækka dreifingarkostnað á lyfjum og það er auðvitað mergur þessa máls. Eitt er að leggja upp með ákveðinn tilgang eins og þann að lækka verð á lyfjum. Hitt er svo að koma því í þann búning að sá tilgangur náist. Ef flestir sem að málinu koma hafa efasemdir um að tilgangurinn náist þá vaknar sú spurning hvort ekki sé betur heima setið en af stað farið því að það er ekki nóg að hafa bara góðan ásetning. Það verður líka að vera hægt að hrinda honum í framkvæmd. Það er eins og ég segi mergur þessa máls að það virðist ekki takast.

Það komu fjölmargar umsagnir og ég ætla ekki að fara að tíunda þær allar hér. Ég vil hins vegar nefna það sem jávætt er og af því að ég sagði að þær væru flestir neikvæðar, það væru flestir sem sæju frv. eitthvað til foráttu en ekki eitthvað til hróss, þá barst umsögn m.a. frá landlækni og sú umsögn er nokkuð jákvæð. Þess vegna vil ég aðeins fjalla um hana hér til að byrja með.

Landlæknir er í grundvallaratriðum andvígur einokun á lyfsöluleyfum. Hann vill gefa lyfsöluleyfi frjáls og það er hans skoðun að það sé kannski stærsti kosturinn við þetta frv. og hann segir m.a. um þetta í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Með þessu frv. eins og áður er sagt er reynt að auðvelda aðgengi að lyfsöluleyfum. Margt telst þó eðlilegt í ljósi aukins frjálsræðis og samkeppni að lyfsöluleyfi séu í allflestum tilvikum bundin lyfjafræðingum. Að vísu er undantekning gerð gagnvart sjúkrahúsum sbr. 35. gr.“ Svo segir landlæknir: „Hvers vegna njóta lyfjafræðingar slíkra sérréttinda? Leyfi til að reka sjúkrastofnanir eru ekki bundin læknum, verkfræðistofur verkfræðingum, skólar skólastjórum og kirkjur prestum. Eðlilegt er að framleiðsla lyfja sé í höndum lyfjafræðinga, en rekstur smásölu ekki sérgrein lyfjafræðinga.“

Landlæknir vill því í rauninni ganga lengra en ráðherra í þessu máli og gefa þetta frjálst öðrum en lyfjafræðingum. Þetta er hans grundvallarskoðun að það eigi að opna á lyfsöluleyfin og gefa þetta nokkuð frjálst. Það verður hins vegar að segjast eins og er og það kemur bæði fram í umsögn landlæknis og kom fram inni í nefndinni að honum virðist nokkuð uppsigað við lyfsala þannig að það kemur kannski ekkert á óvart þessi umsögn frá landlækni. Hann hefur ábyggilega ástæður fyrir því og hann er svo sem ekk-

ert einn um það að verða uppsigað við lyfsala því að það kom fram hjá ýmsum sem komu á fund nefndarinnar að lyfsöluleyfi eins og þau væru í dag væru í raun ávísun á auðæfi og um þetta voru allmargir sammála. En landlæknir er sem sagt þessarar skoðunar m.a. vegna þess að hann telur að lyfjaverð sé mjög hátt hér á landi og hann segir einmitt um það atriði í umsögn sinni að í ljós hafi komið að þrátt fyrir að lyfjaneysla Íslendinga væri minnst að magni til miðað við Norðurlönd og lönd í Vestur-Evrópu væri lyfjaverð einna hæst hér á landi. Þetta finnst mér reyndar athyglisvert og kom mér á óvart við umræðu um þetta mál í nefndinni að þessar upplýsingar komu fram hjá mörgum aðilum að lyfjaneysla hér á landi væri mun minni en víðast hvar annars staðar á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu. Ég hafði einhvern veginn verið þeirrar skoðunar eftir alla þá lyfjaumræðu sem hér hefur verið uppi um mikið át Íslendinga á fúkkalyfjum og mikið át Íslendinga á magalyfjum og ýmsu slíku að hér væri lyfjanotkun óeðlilega mikil. En raunin er sem sagt sú að lyfjaneysla hér er minni en víðast hvar annars staðar. Reyndar finnst mér dálítið merkilegt í því sambandi að það skuli ekki hafa farið fram einhver skoðun á því og rannsókn hvernig á því stendur. Hvað er þá í okkar kerfi sem virkar og veldur því að lyfjaneysla er svona lítil vegna þess að það hljóta að vera gæði í sjálfu sér að halda lyfjaneyslu niðri? Og þau gæði verðum við að reyna að varðveita einhvern veginn hvernig svo sem þessi lyfjamál veltast og snúast. Og ef við ætlum að gera það verðum við að vita hvað veldur. En sem sagt, það segir hér í umsögninni frá landlækni:

„Helstu orsakir þessa háa verðlags voru:

1. Ein hæsta álagning í Evrópu í skjóli þess að lyfjafræðingar hafa lengst af haft meirihlutaaðild í lyfjaverðlagsnefnd.

2. Verulegur hluti lyfja keyptur frá dýrasta markaði í Evrópu." Og hann segir: „Föst prósentuálagning í smásölu gerði það að verkum að dýrustu lyfin voru frekar á boðstólum heldur en ódýrari lyf, t.d. samheitalyf. Of miklu fjármagni var eytt í lyf og minna var til skiptanna til annarrar þjónustu."

Það er sem sagt landlæknir sem er að fjalla um hátt lyfjaverð hér á landi. Hann er ekki einn um að benda á þetta. Umsagnaraðilar eru almennt sammála um að þrátt fyrir að lyfjaneysla sé lítil hér þá sé lyfjaverð hátt.

ASÍ kemur líka inn á þetta í sinni umsögn en þeir segja:

„Miðstjórn ASÍ telur að til þess að ná raunverulegum árangri í lækkun lyfjakostnaðar ríkisins og almennings sé vænlegra að viðhalda núverandi kerfi í grundvallaratriðum" — ég vek athygli á þessu — „að viðhalda núverandi kerfi í grundvallaratriðum en gera verulegar breytingar á þeim lagaákvæðum núgildandi lyfjalaga sem lúta að ákvörðun heildsölu- og smásöluálagningar. Þannig ætti að vera hægt að minnka þann óeðlilega hagnað sem þrifist hefur í þessu kerfi vegna þess að lög kveða á um að tryggja þurfi minnstu lyfjabúðinni á landinu rekstrargrundvöll með nauðsynlegu álagningarhlutfalli án þess að tekin sé afstaða til þeirra lyfjabúða sem búa við mun betri rekstrarforsendur."

Þarna er ASÍ að benda á það sama og landlæknir, að lyfjaverð sé hátt, en þeir segja jafnframt að það þurfi að taka á því á grundvelli núverandi kerfis. Með því að breyta þeim lagaákvæðum í núgildandi lögum sem lúta að ákvörðun heildsölu- og smásöluálagningar væri hægt að taka á þessu háa verði í kerfinu.

Inn á þetta mál kom líka heilbrigðismálaráð Norðurlandshéraðs og þeir sögðu einmitt um þessa hluti, með leyfi forseta:

„Höfuðgalli við núverandi kerfi er að það getur viðhaldið háu verði. Verðlagning lyfja virðist miðuð við að rekstur minnstu apóteka beri sig þannig að óeðlilega mikill ágóði getur orðið af stærstu apótekunum. Réttara þykir í slíku kerfi að verðlagning lyfja sé með þeim hætti að minnstu apótekin séu rekin með tapi sem stærstu apótekin þurfi þá að standa undir."

Þessi skoðun kom reyndar fram hjá mörgum nefndarmanna og var á það bent — mig minnir að m.a. hafi verið á það bent af Hrannari Erlingssyni, sem gerði úttekt á lyfjamarkaðinum á vegum háskólans, að það væri hugsanlegt að leggja jöfnunargjald á stærstu apótekin og miðla þá til minnstu apótekanna sem rekin væru með tapi ef álagningarhlutfallið væri minnkað. Þannig mætti ná niður lyfjaverði. Ég held reyndar að fleiri hafi komið inn á þessa leið.

Menn eru sem sagt almennt sammála um það að lyfjaverð hér á landi sé hátt og það þurfi að ná því niður og það er megintilgangurinn með frv., segir ráðherra, að ná niður lyfjaverði. Þá vaknar einmitt sú spurning hvort frv. muni hafa í för með sér minni útgjöld ríkisins. Mun það draga úr lyfjakostnaði ríkisins? Mun það draga úr lyfjakostnaði heimilanna? Mun það almennt draga úr lyfjakostnaði samfélagsins? Munu lyf lækka í verði?

Af því að landlæknir er einn af þeim sem eru nokkuð jákvæðir gagnvart þessu frv. er athyglisvert að vita hvað hann segir um þetta. Landlæknir er þeirrar skoðunar að lyfjabúðum muni fjölga með frv. En svo segir hann um lyfjaverðið og ég ætla að lesa dálítinn kafla úr umsögn hans, með leyfi forseta:

„Að öllu jöfnu hefur fjölgun útsölustaða í för með sér lægra verð vörunnar." — Þetta er það lögmál sem almennt gildir í viðskiptum. Aukin samkeppni, lægra vöruverð. — „Það er því athyglisvert að t.d. í Japan og Þýskalandi þar sem frjáls sala er á lyfjum hefur verðlag verið einna hæst. Þetta er þversögn í augum margra en lítum nánar á málið. Frjáls markaðsrekstur á vissulega rétt á sér í flestum verslunarviðskiptum en síður innan heilbrigðisgeirans. Ástæðan er einfaldlega sú að markaðsfærsla á vörunni lyf fellur ekki undir sama lögmál og t.d. verslun með klæði, fæði, bifreiðar og fleira. Í fyrra tilfellinu eiga neytendur fáa valkosti vegna þekkingarleysis á vörunni og þeirrar staðreyndar að þriðji aðili, læknirinn, velur fyrir fólk að miklu leyti. Aðhald neytenda sem er forsenda fyrir lágu verðlagi er ekki að öllu leyti til staðar. Í síðara tilfellinu eiga neytendur valkosti vegna góðrar þekkingar á vörunum. Eftirlit og aðhald neytenda varðandi lyfjaverð

takmarkast einnig mjög af þeirri staðreynd að yfirgnæfandi meiri hluti þeirra er lasburða eldra fólk sem litla möguleika hefur til að ferðast milli lyfjabúða í leit að ódýrustu vörunni. Ekki er hægt að útiloka að lyfjaverð hækki, t.d. í dreifbýli."

Svo segir hann einmitt: „Jöfnunargjald á stærstu lyfjabúðirnar og hámarksverð á lyfjum hamlar gegn slíkri þróun en varla nægilega. Jafnar heimildir heilsugæslustöðva til að reka lyfjasölu í samkeppni við aðra eru þó trúlega áhrifaríkar aðgerðir til þess að hamla gegn háu lyfjaverðlagi í smásölu."

Þetta er skoðun landlæknis. Hann vill að opinberir aðilar í heilsugæslunni fái rétt til þess að keppa á smásölumarkaðinum. Og hann bendir einmitt á það sem margir hafa bent á að þetta sé ekki eins og hver önnur vara sem hægt sé að versla með yfir búðarborð og aðhald neytenda geti aldrei verið það sama í þessum málum og öðrum.

Á það hefur líka verið bent af þeim sem hafa komið til nefndarinnar að það er afskaplega erfitt fyrir fólk að reyna að bera saman verð lyfja milli lyfjaverslana vegna þess að fæst fólk getur lesið það sem stendur á lyfseðlunum. Það veit ekki hvaða lyf er verið að skrifa út. Ef það getur lesið það þá er það alveg óvíst að það geti borið fram það sem það getur lesið á blaðinu. Ef það ætti að fara að hringja á milli lyfjaverslana og spyrja hvað skammturinn kostaði þá held ég að það mundi vefjast fyrir mörgum, ekki síst eldra fólki. Mér segir svo hugur að flestir muni fara í næstu lyfjabúð og leysa út lyfjaskammtinn sinn óháð því hve lyfjabúðirnar eru margar.

Hvað segir ASÍ um að lyf muni lækka í verði við þetta frv. verði það að lögum? Þeir segja í sinni umsögn, með leyfi forseta:

„Ástæða er til þess að gera alvarlegar athugasemdir við þau rök að lyfjaverð lækki með samþykkt þessa frv.

Í fyrsta lagi er gengið út frá því að lyf sé eins og hver önnur neysluvara sem neytendur ákveði alfarið sjálfir hvort þeir kaupi eða láti vera að kaupa. Þetta er auðvitað alrangt, sjúklingurinn hefur í fæstum tilfellum einhver áhrif á ákvörðunina um það hvort hann þurfi lyf eða ekki, sjúkdómsgreining læknis og lyfjaráðgjöf hans í framhaldi af því ræður þessu. Því er afar hæpið að „markaðstengja" þetta ferli.

Í öðru lagi hefur ekkert tillit verið tekið til samkeppnisstöðunnar í heildsöludreifingu lyfja, bæði innflutningi og framleiðslu þar sem eitt fyrirtæki er nánast allsráðandi með ⅔–¾ hluta markaðarins. Þessi staða veldur því að afar ólíklegt er að aukið frelsi í smásöludreifingu lyfja leiði til verðlækkunar á lyfjum.

Í þriðja lagi er ekki tekið tillit til áhrifa af hámarksverði lyfja. Miðstjórn ASÍ telur nauðsynlegt að hafa hámarksverð á lyfjum til þess að útiloka að einstaka lyfjabúðir, sem njóta einokunaraðstöðu, geti nýtt sér aðstöðuna með óeðlilega hárri álagningu. Það er jafnframt nauðsynlegt að hafa það í huga að reynslan af slíku kerfi er eindregið sú að langflestir dreifingaraðilar nota hámarksálagninguna.

Í fjórða lagi er ekkert tillit tekið til félagslegra og byggðapólitískra sjónarmiða sem lúta að því að allir neytendur eigi þokkalega auðvelt með að kaupa lyf á sama verði alls staðar á landinu.

Í fimmta lagi eru verulegar líkur á því að heildarkostnaður við dreifingu lyfja komi til með að hækka nokkuð frá því sem nú er vegna aukinna fjárfestinga í útsölustöðum á stærstu þéttbýlisstöðunum.

Í sjötta lagi má einnig velta því fyrir sér hvers vegna helstu nágrannalönd okkar hafa hafnað því að taka upp slíkt frelsi í lyfjadreifingu sem hér er lagt til.

Þessi atriði valda því að það er afar ólíklegt að lyfjaverð lækki þegar á heildina er litið og því vandasamt að sjá þjóðhagslegan sparnað eða sparnað ríkissjóðs af slíku kerfi."

Þessi umsögn segir allt sem segja þarf og ég held að það sé afskaplega hæpið að halda því fram að Alþýðusamband Íslands sé að ganga erinda lyfsala sérstaklega og reyna að halda hagsmunum þeirra á lofti. Þeir eru, eins og margir aðrir sem eru að velta þessum málum fyrir sér, heilbrigðisstarfsfólk, verkalýðshreyfingin og ýmsir aðilar, að „spekúlera" í því hvernig er hægt að ná lyfjaverði niður og hvort lyfjaverð næst niður með þessu frv. Verður þjóðhagslegur sparnaður? Niðurstaðan er sú að hann verður ekki. Ég held að í því sé ekki neitt samsæri fólgið eða annarlegar hvatir eða hagsmunir. Þetta er einfaldlega mat mjög margra sem hafa skoðað þetta mál. Auðvitað kann það að vera að mat þeirra sé ekki rétt. Það er aldrei hægt að fullyrða neitt um það en ég held að ef menn gæfu sér meiri tíma til þess að skoða þetta þá kæmust þeir að niðurstöðu sem hægt væri að una við og þar sem við gætum náð kannski einhverjum árangri í baráttunni við lyfjaverðið.

Þeir komu í sinni umsögn inn á fákeppnina á heildsölustigi. Það kom fram hjá ýmsum umsagnaraðilum sem komu á fund nefndarinnar að annaðhvort samkeppni á heildsölustigi eða magninnkaup ríkisins sé forsenda þess að hægt sé að ná niður lyfjaverði, að hægt sé að ná fram virkri samkeppni á smásölustigi. Þeir töldu að eitt fyrirtæki væri með ⅔–¾ hluta markaðarins. Þetta kom fram hjá fleiri aðilum sem komu á fund nefndarinnar, að það væri eitt fyrirtæki sem hefði algjöra yfirburðastöðu á markaðinum og gæti í raun inni, eins og Hrannar Erlingsson sagði, ráðið gríðarlega miklu um verðlagningu í smásölu. Þetta fyrirtæki gæti ráðið lyfjamarkaðinum innan mjög skamms tíma, sagði þessi aðili sem kom á fund nefndarinnar.

Landlæknir hafði af þessu líka nokkrar áhyggjur og hann, eins og aðrir, bendir á að forsenda þess að hægt sé að ná niður lyfjaverði sé annaðhvort virk samkeppni á heildsölustigi eða magninnkaup. Hann segir að aðrar forsendur hæfilegs lyfjaverðs eru að lyf séu keypt inn í sem mestu magni í einu frá ódýrum mörkuðum. Jafnframt verði tekin upp samhliða innflutningur á lyfjum.

Svo segir hann: „Sá innflutningur nær þó trúlega aðeins til fárra lyfjategunda. Ef innflytjendum fjölgar er ekki trúlegt að innflutningur verði hagkvæmari. Ekki er tekið á þessu máli í frv. enda erfitt nema með róttækum breytingum."

Það eru þessar róttæku breytingar sem þarf að gera og það þarf að ráðast að rót vandans með róttækum aðgerðum í innflutningsmálum. Mér er spurn hvort ekki minnki einmitt möguleikar t.d. ríkisins til að kaupa lyf inn í miklu magni með þeirri einkavæðingu á Lyfjaverslun ríkisins sem nú stendur fyrir dyrum þannig að að ýmsu leyti sé verið að draga úr möguleikum á að hafa áhrif á innflutningsverð.

Þetta sama kom fram í máli fulltrúa frá Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga. Þeir sögðu á nefndarfundi að aðalatriðið væri á hvaða verði menn fá lyfin til landsins og þar lægi aðalávinningurinn í lyfjamálum. Á þetta bendi ég hér vegna þess að ef það er vilji allra að taka á verðinu á lyfjum þá þarf að gera það á réttum stað. Ef þeir sem best til þekkja segja að aðalávinningurinn í lyfjamálum sé innkaupsverðið til landsins þá þurfum við að skoða það mál.

Samhliða innflutningur hefur verið nefndur í þessu sambandi sem eitthvert töfraorð og sjálf hafði ég talsverða trú á því að það gæti haft veruleg áhrif á lyfjaverðið. Ég held ég hafi m.a. nefnt það við 1. umr. að ég hefði trú á því að það gæti lækkað lyfjaverð. Hins vegar er ég aðeins farin að efast um að ávinningurinn af því verði eins mikill og ég hafði vonir um og ýmsir fleiri. Samhliða innflutningur er afskaplega lítið brot af öllum innflutningi. T.d. er hann í Danmörku aðeins um 5%. Það kom fram hjá ýmsum sem komu á fund nefndarinnar að það væri eftir minna að slægjast þar en áður. Tilhneigingin væri almennt sú í Evrópu vegna samhliða innflutnings, sem hefur verið á markaðinum, að verðið væri að hækka í Suður-Evrópu og lækka í Norður-Evrópu. Markaðurinn hefur verið að breytast þannig að það er að koma meira jafnaðarverð í allri Evrópu. Það kemur okkur til góða líka og þar af leiðandi hefur samhliða innflutningur í Evrópu óbein áhrif á vöruverð hér. En að það sé svo flókið mál að flytja inn lyf og þurfi svo mikið umstang við það að enginn fari út í það nema á þeim lyfjum sem langmest eru notuð. Eins og ég segi er þetta 5% af markaðinum í Danmörku og getur ekki haft verulega þýðingu fyrir hann.

Ég er hér m.a. með grein úr Dagens Nyheder, þetta er danskt blað en ekki það sænska, um aukna samkeppni í verði. Ég bendi á að það er verið að tala um aukna samkeppni í verði en Danir eru samt með lyfjakerfi og lyfjadreifingu eins og við erum með í dag. Þeir eru með sama kerfi og við erum með og samt tala þeir um aukna samkeppni í verði sem þeir hafa náð innan núverandi kerfis. Þeir segja að þessi samkeppni hafi haft þá þýðingu að megnið af samhliða innflutt-um vörum sé aðeins örfáum prósentum ódýrari í útsöluverði apóteka en þær vörur sem eru fluttar inn í beinum innflutningi. Þetta virðist því ekki hafa eins mikla þýðingu og ekki vera eftir eins miklu að slægjast og menn kannski héldu.

Það hefur talsvert verið rætt um það í sambandi við þetta mál hvaða áhrif það hefði á lyfjaneyslu. Menn hafa haft nokkrar áhyggjur af því að þegar samkeppnin eykst, lyfsölum fjölgar, auglýsingar verða leyfðar, þá muni það í samræmi við markaðssjónarmið almennt hafa áhrif á lyfjaneysluna, en ein af forsendunum fyrir að aukin samkeppni virki er að það verði aukin velta, aukin neysla. Það má segja að sá ótti taki ekki síst til lausasölulyfjanna og ég held að menn séu nokkuð sammála um það að neysla lausasölulyfja muni aukast með auglýsingum. Auglýsingar eru gerðar til þess að hvetja kaupendur. Þær virka í þessum efnum eins og öðrum. Þetta kom m.a. fram hjá Stéttarfélagi íslenskra lyfjafræðinga sem sögðu að það væri áhyggjuatriði að það skuli vera markmið að selja sem mest á sem lægstu verði af lausasölulyfjum. Hins vegar er það mín skoðun eftir að hafa hlustað á umsagnaraðila sem komu á fund nefndarinnar að það sé almennt ekki ástæða til að hafa áhyggjur af aukinni neyslu lyfseðilskyldra lyfja vegna þess að þar ráða ávísanavenjur lækna en ekki samkeppnissjónarmið. Ég hef því ekki sérstakar áhyggjur af því að neysla lyfseðilsskyldra lyfja aukist. Hins vegar má benda á það að tilhneigingin er sú að færa lyf úr lyfseðilskyldum lyfjum í lausasölulyf, að fjölga lausasölulyfjum og fækka lyfseðilskyldulyfjum. Það þýðir að hægt er að auglýsa þau lyf og það er líklegt að sú neysla muni aukast.

Byggðasjónarmiðin koma hér nokkuð inn í og sérstaklega í þeirri umsögn sem ég las upp áðan frá ASÍ. Ég held að menn séu almennt sammála um að þetta mun þýða fjölgun lyfjaverslana á þéttbýlissvæðum. Forstöðumaður Lyfjaeftirlits ríkisins mat það þannig á fundi nefndarinnar að líklega mundi lyfjaverslunum fjölga um 5–10 í Reykjavík í kjölfar þessara laga en um tvær á Akureyri. Þar yrði helst fjölgunin en svo hafa menn aftur af því áhyggjur að það verði fækkun úti á landi í dreifbýlinu.

Læknafélag Íslands var með skoðanir á þessu máli og í umsögn sem þeir sendu segja þeir, með leyfi forseta:

„Í heild má segja að helstu gallar frv. snúi að lyfjaþjónustu í dreifbýli þar sem hvorki er gætt nægilega að öryggi í lyfjadreifingu né birgðahaldi, auk þess sem gera má ráð fyrir að þjónusta í lyfjadreifingu versni frá því sem nú er. Frv. virðist bera þess merki að þeir sem það hafa samið þekki ekki nægilega vel til aðstæðna í dreifbýli og hafi fyrst og fremst haft í huga markaðslögmál sem í þessu tilviki eiga þó aðeins við í þéttbýli."

Þeir hafa af þessu áhyggjur og þó eru þeir sömu skoðunar og landlæknir að þeir segja að það sé áberandi að mjög sé dreginn taumur lyfjafræðinga í frv. þessu og eru þá væntanlega að vísa til þess að þeir einir geti fengið þessi leyfi og séu ábyrgir fyrir rekstri lyfjaverslana. Svoleiðis að ekki er hægt að væna lækna um það að ganga erinda lyfsala eða lyfjafræðinga heldur eru þetta raunverulegar áhyggjur.

Eins og ég gat um áðan þá kom það fram hjá ýmsum sem komu á fund nefndarinnar og það hefur líka komið fram í umræðunni hér að menn telja að núverandi lénskerfi, eins og það hefur verið kallað, í lyfsölu væri í rauninni ávísun á auðæfi, sérstaklega í þéttbýlinu. Þessu þarf að breyta og ég held að allir í þinginu séu tilbúnir til að taka á þessu máli eða ég vænti þess

að það gildi um alla. Að minnsta kosti er ég sannfærð um að það gildir um alla í stjórnarandstöðunni að þeir eru tilbúnir til að taka á því máli og reyna að finna aðferðir og aðstoða heilbr.- og trmrh. í því efni. Það kom mjög skýrt fram einmitt við umræðuna í gær.

En hvernig á að gera það? Það hafa ýmsar tillögur komið upp í því sambandi, bæði í nál. sem sett hafa verið saman og í umsögnum frá ýmsum aðilum. Það hefur verið nefnt í því sambandi að breyta álagningarreglunum, að koma á jöfnunargjaldi á lyfjaverslanir og að fjölga lyfjabúðum frá því sem nú er vegna þess að sú tala lyfjaverslana sem nú eru starfræktar er engin heilög tala og sérstaklega er í Reykjavík vissulega ástæða til að fjölga lyfjabúðum. En eins og ég sagði eru menn hins vegar ekki tilbúnir til að fórna mikilvægum heilbrigðismarkmiðum í baráttu við lyfjaverðið. Og í mínum huga vegur það mjög þungt og skiptir verulegu máli að hér er minni lyfjaneysla en víðast annars staðar. Mér finnst ekki hafa verið farið ofan í saumana á því og það ekki hafa verið skoðað eins og skyldi hver er ástæðan fyrir því. Og það er talsvert fyrir það gefandi að reyna að halda lyfjaneyslu niðri. Það kom reyndar fram hjá ráðuneytisstjóranum í heilbr.- og trmrn. sú athyglisverða staðreynd, ég held að það hafi verið staðreynd frekar en kenning hans, að lyfjaneysla væri minni þar sem væri vel séð fyrir heilsugæslunni og þar sem hefði verið sami heilsugæslulæknirinn lengi. Á slíkum stöðum væri lyfjaneysla minni en á stöðum þar sem heilsugæsla væri ekki í góðu lagi og mikil umskipti á læknum. Á slíkum stöðum er tilhneiging til að skrifa út lyf. Læknirinn þekkir ekki sjúklinginn og það virðist vera meiri tilhneiging þar til að ávísa á lyf við hvers kyns kvillum sem læknar sem þekkja vel til sinna sjúklinga gera síður. Þetta er eitt af því sem kom fram sem skýring á minni lyfjaneyslu. En það getur kannski ekki skýrt það hvers vegna hér á landi er almennt minni lyfjaneyslu en í löndunum í kringum okkur vegna þess að víða í kringum okkur er vel séð fyrir heilsugæslu, eins og á Norðurlöndunum. Það er því fleira sem þessu veldur.

En frv. hefur, þrátt fyrir að á því séu enn þessir megingallar, tekið talsverðum breytingum í nefndinni, þökk sé þeirri vinnu sem þar hefur verið í það lögð og það er alltaf að batna. Ég vil nefna t.d. brtt. við 20. gr. þar sem er skýrar en áður kveðið á um hverjir hafi leyfi til lyfsölu. Þá vil ég líka nefna brtt. við 24. gr. en þar er settar ákveðnar skyldur á lyfsala og m.a. er þar kveðið á um það, sem ekki var áður, að þeim sé skylt að veita neytendum og heilbrigðisstéttum upplýsingar um lyf, notkun þeirra og geymslu. Það er mjög mikilvægt ef við lítum á lyf sem heilbrigðismál að þessar upplýsingar séu góðar og að reynt sé að búa þannig um hnútana að menn fari rétt með lyf vegna þess að röng notkun lyfja getur valdið fólki miklum heilsuskaða. Það er ekki síst gamla fólkið sem verður fyrir því að nota lyfin ekki rétt.

Þá vil ég líka nefna brtt. við 40. gr. þar sem kveðið er á um lyfjaverðsnefnd. Þar held ég að sé til mikilla bóta að búið er að skilja að hámarksverð í heildsölu og síðan í smásölunni en áður var það bara eitt hámarksverð sem átti að sækja um. Ég held að það sé til mikilla bóta að kveða á um þetta með þessum hætti.

Þá vil ég líka nefna við 41. gr. Þar var áður kveðið á um að lyfjagreiðslunefnd ætti að ákveða fyrir Tryggingastofnun ríkisins þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við lög um almannatryggingar og fjárlög hverju sinni. Þarna fannst manni að verið væri að flytja ábyrgðina frá ráðherra til nefndarinnar, að ráðherra geti skýlt sér á bak við einhverja nefnd í þessum málum og þyrfti ekki að taka pólitíska ábyrgð á þátttöku Tryggingastofnunar í lyfjakostnaði einstaklinganna. Þessu hefur sem sagt verið breytt núna og það er sagt: „Ráðherra ákveður að fenginni tillögu ...“

(**Forseti** (VS): Hæstvirtur.)

Hæstvirtur ráðherra. Það segir það ekki í greininni, virðulegur forseti. Það stendur bara „Ráðherra ákveður að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins.“ Þannig er lagagreinin. Það var hún sem ég var að lesa, virðulegur forseti.

(**Forseti** (VS): Þá hefur líklega þingmanninum láðst að segja: Með leyfi forseta.)

Já, þingmanni láðist það, það er rétt. En, með leyfi forseta, þá stendur svona í brtt.: „Ráðherra ákveður að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins.“

Þetta held ég að sé til mikilla bóta því þarna verður ráðherra ábyrgur gagnvart skjólstæðingum Tryggingastofnunar en getur ekki falið sig á bak við einhverja nefnd. Þetta held ég því að sé ágætt mál.

Hins vegar er sérkennilegt að ráðherra ákveði að fenginni tillögu Tryggingastofnunar ríkisins þátttöku almannatrygginga í lyfjakostnaði sjúkratryggðra í samræmi við almannatryggingar og fjárlög hverju sinni. Þetta opnar dálítið mikið fyrir að það sé svolítið undir hælinn lagt hver þátttakan sé á hverju ári þannig að fólk geti í rauninni ekki gengið að neinu vísu. Það er kannski að verða stærsti gallinn í tryggingakerfinu núna hvað það mismunar fólki frá einu ári til annars eftir því hvernig á stendur hjá ríkinu. Þetta er ekki sú trygging sem ætti að vera ef maður hugsar um að þetta sé tryggingastofnun og almennt er það þannig þegar fólk kaupir sér einhverjar tryggingar þá breytast þær ekki frá einu ári til annars, en þetta opnar talvert fyrir það og er reyndar orðið þannig í dag að fólk getur ekki gengið að neinu vísu í þeim efnum.

Tillögurnar eru til bóta en þær eru 21 talsins. Það segir manni að frv. var ekki fullbúið og hefði þurft meiri yfirlegu í heilbr.- og trmrn. áður en það kom í þingið. Það er mín skoðun að það væri vitlegast að skipta þessu máli í tvennt, þ.e. taka út þá þætti sem varða EES og samþykkja þá á þessu þingi en láta hitt liggja, þ.e. ákvæði VII. og XIV. kafla frv. þar sem tekið er almennt á lyfjamálunum óháð EES, að láta það liggja og koma hér til skoðunar aftur á næsta þingi. Ég sé heldur ekki að það sé neinn skaði að því þegar litið er til þess að samkvæmt brtt. meiri hlutans eiga þessi ákvæði ekki að koma til framkvæmda fyrir en 1. júní 1995. Við höfum því alveg tíma til að skoða þetta mál á haustþinginu vegna þess að það er rúmt ár í það að þetta eigi að taka gildi. Það er mín skoðun í þessu

efni að við hefðum átt að standa þannig að málinu og þá þyrftum við ekki að eiga í þessum miklu deilum sem hér hafa verið um þetta mál og gætum afgreitt það í sæmilegri sátt.

Útbýting þingskjala:

Framkvæmd vegáætlunar 1993, 616. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1082.

Hafnarframkvæmdir 1993, 615. mál, skýrsla samgrh., þskj. 1081.

[16:39]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég biðst forláts að ég var á fundi í hliðarherbergi. Það er hver stund notuð til fundarhalda og samræðna á þessum dögum og stigaherbergið og myndaherbergið og önnur slík eru öll upptekin.

Það er mín skoðun, hæstv. forseti, að hér sé til umfjöllunar einn af mikilvægari málaflokkum þar sem er skipan mála varðandi lyfjadreifingu og lyfsölu í landinu. Ég tek það fram í byrjun að ég er eindregið þeirrar skoðunar að það beri að líta á þetta sem hluta af heilbrigðisþjónustunni og uppbyggingu heilbrigðiskerfisins í landinu. Hér sé heilbrigðismál á ferðinni en ekki eitthvert almennt viðskipta- eða verslunarmál. Þeirra sjónarmiða gætir stundum að þetta eigi að lúta hinum rekstrarlegu lögmálum almennrar vöruverslunar og þarna eigi lögmál framboðs og eftirspurnar og samkeppni að ráða lögum og lofum. Og út frá því ganga ýmsir þegar þeir eru að ræða þessi mál en ég er ekki einn í þeim hópi. Þvert á móti held ég að það væri afar vanhugsað og ólíklegt til farsældar í okkar litla landi og reyndar alls staðar að láta þennan viðkvæma málaflokk lúta frumskógarlögmálunum eins og þau gerast á þeim markaði. Hér er á ferðinni viðkvæm starfsemi sem fléttast inn í heilbrigðismálin með margvíslegum hætti og allar þjóðir sem taka yfir höfuð sín heilbrigðis- og velferðarmál alvarlega viðurkenna þetta.

Þess vegna er ég nokkuð hugsi yfir því hvert verið er að halda í þessu frv. að nokkru leyti. Þá á ég fyrst og fremst við að það er yfirlýstur tilgangur frv. að auka frelsi í verslun með lyf og varðandi verðlagningu á lyfjum. Ég set strax í byrjun, hv. forseti, spurningu við þá meginstefnu, ef svo má að orði komast. Ég hef miklar efasemdir um að hún sé í rétta átt.

Nú hefur borið svolítið á því í þessari umræðu finnst mér miðað við það sem ég hef heyrt og ég hef reynt að gefa henni gaum og fylgjast með henni eftir því sem kostur er, m.a. í gegnum sjónvarp að hluta til í gærkvöldi, að menn stilli þeim upp sem leyfa sér að hafa efasemdir eða önnur sjónarmið en þau sem í frv. og brtt. meiri hlutans koma fram að þeir séu þar með verjendur núverandi kerfis og vilji þar engu breyta, séu ánægðir með það eins og það er í dag. Þetta er nú dálítið barnalegur málflutningur því auðvitað er það ekki svo að menn með því einu að hafa efasemdir um að breytingar gangi til réttar áttar verði að stuðningsmönnum þess sem fyrir er eða óbreytts ástands. Menn hafa að sjálfsögðu fullan rétt til að láta í ljós sín sjónarmið um að halda ætti í aðra átt. (**Heilbrrh.:** En þegar það er sagt berum orðum?) Þá er það náttúrlega mál út af fyrir sig ef menn beinlínis ganga fram fyrir skjöldu sem vörslumenn óbreytts ástands. Þá verður hver og einn að bera ábyrgð á því. En ég vona alla vega að mér verði ekki gerðar upp þær skoðanir og ég ætla aðeins að koma inn á það hvernig ég hef fyrir löngu síðan séð fyrir mér að við ættum í okkar litla landi að byggja þetta upp saman sem hluta af einni heild, heilbrigðisþjónustuna, og efla hana sérstaklega á grunnþrepi, og lyfjadreifinguna og lyfsöluna.

Þetta frv. er tvískipt í aðalatriðum ef svo má að orði komast. Þ.e. annars vegar eru í því ákvæði sem tengjast fullnustu kippu af fyrirskipunum og tilskipunum og hvað það nú heitir frá stórveldinu í Brussel sem hér þarf víst að taka inn í löggjöf eða taka tillit til. Það eru listaðar upp á bls. 12 í frv. ekki færri en 14 tilskipanir með alveg ótölulegum grúa af tölum þannig að það er ekki fyrir hvítan mann að botna í því nema hafa sér við hönd eitthvert orðasafn um það hvað þar er á ferðinni. En ég hef þó skilið það svo að allt þetta þurfi að meðhöndlast hér og taka gildi með einum eða öðrum hætti. Í samræmi við hin nýju lög og hinn nýja rétt beri okkur skylda til að beygja okkur undir þetta. Það er mér ekki mikið umhugsunarefni að ég fæ séð eftir að hafa reynt að átta mig á því hvað þarna er á ferðinni fyrir utan eitt atriði sem ég ætla að koma sérstaklega að og það eru ákvæði um auglýsingar.

En í frv. er annars vegar á ferðinni aðlögun að EES eða EEB eða ESB, eins og á víst að segja í dag fyrir Evrópusambandið, hið upprennandi stórríki, og þau ákvæði koma hér fram á nokkrum stöðum í frv. Að hinu leytinu til eru hér á ferðinni ýmsar breytingar á tilhögun lyfjadreifingar og lyfjasölumála í landinu sem okkur á að heita enn í sjálfsvald sett að stýra í okkar eigin löggjöf. Það er ekki búið að framselja það til Brussel, ekki nema að hluta til. Ég tek það fram og það sama gerir reyndar minni hlutinn í sínu nál., að þetta tvennt hefði að mínu mati mjög gjarnan mátt meðhöndlast alveg sitt í hvoru lagi. Það eru engin rök fyrir því að flýta sér um of varðandi skipulagsbreytingar innan lands í lyfjadreifingarmálum að það þurfi að lagfæra einhver atriði til samræmis við tilskipanir frá Evrópu.

Eitt er það sérstaklega sem maður hnýtur um og er afleiðing af þessum tilskipunum og það er allt það sem varðar auglýsingar í tengslum við lyfjamál. Það hefur verið um það held ég allgott samkomulag að hér skyldu ekki leyfðar almennar eða opinberar lyfjaauglýsingar, slíkt væri þá fyrst og fremst bundið við kynningu í fagtímaritum og á lokuðum vettvangi þeirra sem um þessi mál fjalla. En lyfjahringjunum væri ekki sleppt lausum á menn með sama hætti og gerist sums staðar erlendis. Auðvitað er það svo að við vitum að þetta hefur fundið sér ýmsa farvegi og það ganga náttúrlega sögur um fínheita boðsferðir sem lyfjaframleiðendur eða lyfjadreifingar- eða söluaðilar standi fyrir. En beinar auglýsingar sem ætlað er að höfða til almennings eða notenda og hafa áhrif á það beinlínis að menn kaupi lyf og þá væntanlega í meira mæli eins og er tilgangur allra auglýsinga hafa ekki verið leyfðar hér.

Nú á þarna að brjóta í blað. Að vísu er almenna reglan í 13. gr. frv. sú að banna hvers konar auglýsingar fyrir lyf en svo er talað um undantekningar og þær taldar upp og þá sýnist manni því miður að þetta sé orðið ærið opið. Í fyrsta lagi má áfram auglýsa og kynna lyf sem skráð eru hér í tímaritum og blöðum, eins og verið hefur reyndar með vissum hætti, svo er heimilt að kynna lyfseðilsskyld lyf fyrir heilbrigðisstéttum á þann hátt þó að ekki sé líklegt að það komi almenningi fyrir sjónir. Þá er spurning t.d. með mann eins og mig sem bý við það að ýmiss konar læknablöð koma inn á mitt heimili hvernig eigi að fara með slík vandamál. Ég mundi væntanlega flokkast sem almenningur í þessu tilviki.

Í 16. gr. er svo hins vegar fjallað um að það er heimilt að kynna og auglýsa öll lausasölulyf, þ.e. þau lyf sem ekki eru bundin við útgáfu lyfseðils frá lækni, fyrir almenningi. Síðan er að vísu sagt að auglýsingar um þessi lyf skuli vera í samræmi við reglur Evrópubandalagsins samkvæmt sjálfsagt ótal tilskipunum og reglugerðum sem þar eru gefnar út.

Hér er algerlega brotið í blað. Þetta þýðir að öll lausasölulyf má auglýsa. Það þýðir jafnframt að sjálfsagt velflest ef ekki öll helstu vörumerki í lyfjum má auglýsa. Og kemur þá upp svona sambærilegt mynstur og átt hefur sér stað í sambandi við óbeinar bjórauglýsingar hér á landi þegar menn hafa notað vörumerkin, hver sem þau nú eru, Víking og Egill og Tuborg og Heineken og allt og auglýst þetta út um allt undir því yfirskyni að það væri bara átt við pilsner. (**Gripið fram í:** Nú er þingmaðurinn að auglýsa.) Óáfengan eða léttan mjöð undir áfengismörkunum sem þetta á við. Þarna opnast alveg augljóslega sami farvegur fyrir auglýsingar í lyfjamálum. Og mjög margir lyfjaframleiðendur eru með heilar seríur af lyfjum undir ákveðnum vörumerkjum og geta þá auglýst eins og fara gerist þau vörumerki, þ.e. þann hluta þeirra sem eru lausasölulyf.

Ég verð að segja alveg eins og er að þetta er mér afar ógeðfellt og ég skora á hæstv. heilbrrh. og hv. nefnd að setja í leiðinni eins takmarkandi og þröngar reglur um þetta og nokkur kostur er. Og við höfum heimild til samkvæmt þessum fínu tilskipunum og dótaríi frá Evrópu og ganga þá frekar lengra en skemmra í því og þeir mega þá reyna að veita okkur tiltal ef mönnum sýnist svo. Mér er tjáð að það sé sums staðar þannig að menn t.d. bindi slíkar auglýsingar eingöngu við blöð og banni þær í ljósvakamiðlum. Það er auðvitað verulega takmarkandi aðgerð því að allir viðurkenna áhrifamátt ljósvakamiðlanna og hversu sterkir þeir eru. Einhverjar frekari takmarkanir gætu sjálfsagt komið til greina sem væri rétt að hafa í huga því auðvitað getur það ekki verið í neins þágu þegar upp er staðið að fara að eyða stórkostlegum fjármunum til viðbótar við það sem það kostar að þessi lyf eru notuð í það eitt að reka áróður fyrir þeim. Hver græðir á því? Þegar upp er staðið enginn heldur er það bara viðbótarkostnaður fyrir þjóðarbúið í heild. Og auðvitað er hættan yfirvofandi að sá kostnaður velti fyrst og fremst yfir á herðar notendanna. Þetta vildi ég segja sérstaklega um þann hluta málsins sem snýr að þessum EES hlutum og EES áhrifum.

En þá að hinum meginþættinum. Þar hefur náttúrlega aðallega vakið athygli mína og orðið mér umhugsunarefni á þeim takmarkaða tíma sem ég hef haft til að kynna mér þetta mál eftir að það kom frá nefnd og nál. lágu fyrir og umræðan hófst, það eru möguleg og líkleg áhrif þessara skipulagsbreytinga að lyfjadreifingarmálunum m.a. á lyfsölumál og lyfjaverð á landsbyggðinni. Út af fyrir sig einnig á Reykjavíkursvæðinu því að að sjálfsögðu erum við landsmenn meira og minna öll í sama potti í þessu efni. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það sé endilega útséð um að það verði eingöngu landsbyggðin sem verði fórnarlamb þessara breytinga og fái hærra lyfjaverð og skerta þjónustu. Ég held að það geti orðið hreinasta vitleysa í þessum málum líka á höfuðborgarsvæðinu. Fyrstu afleiðingarnar yrðu líklega bullandi fjárfesting og eyðsla sem er óþörf vegna þess að ég hef ekki orðið var við annað en menn á þessu svæði geti fengið öll þau lyf sem þeir þurfa á að halda sæmilega vandræðalaust. Það er slunkur af apótekum dreifðum út um allan bæ og nágrannasveitarfélög og sæmilega vel skipulagðar á þeim vaktir. Ég hef því ekki orðið var við að það stæði mönnum fyrir þrifum og sé ekki beina þörf fyrir að fjölga þeim. En mér er sagt af þeim sem vel þekkja til að það sé alveg borðleggjandi að það muni upphefjast hér mikið kapphlaup og menn munu ryðjast um fast, menn séu jafnvel búnir að panta nú þegar húsnæði í mörgum helstu verslunarmiðstöðvum landsins til þess að liggja vel við viðskiptavinum og veiða þá í net sín þar sem líklegt er að leið þeirra liggi um og vinsælast sé að vera við hliðina á áfengisútsölunum ef hægt er að fá einhvers staðar laust pláss þar sem þannig hagar til því þangað leggja margir leið sína eins og kunnugt er.

En aftur að afleiðingum þessa fyrir landsbyggðina. Ég tel það mjög alvarlegt mál að menn skuli að jafnlítt athuguðu máli og mér virðist hér vera ætla að gera þessar breytingar og hafa hvergi vað fyrir neðan sig gagnvart því að lyfjaverð fari úr böndunum, að þjónusta versni og það skapist í þessum málum hálfgert ófremdarástand. Ég tel það alveg furðulegt, satt best að segja, að ekki skuli vera sett inn í frv. a.m.k. eitthvert varnaglaákvæði sem er á þá leið að heilbrrh. geti gripið í taumana og skipað lyfsölumálum í einstökum byggðarlögum eða landshlutum með tilteknum hætti ef þetta fyrirkomulag, verði það lögfest, leiði til ófremdarástands. Þá fyndist mér það lágmark að í lögunum væri skilið eftir úrræði til handa ráðherra til að grípa í taumana og skipa lyfsölumálum með einhverjum tilteknum hætti.

Það er dálítið furðulegt, hæstv. forseti, að það skuli vera flokkur sem nýlega hefur talið sig knúinn til þess að taka upp viðhengi við nafn sitt, Jafnaðarmannaflokkur Íslands, sem ber fram þetta frv. Og það skuli vera þingmaður á hans vegum sem veitir forustu þeirri þingnefnd sem stendur fyrir breytingunum og er talsmaður meiri hlutans í þessum efnum. Ég skil það að vísu mjög vel að Alþfl. skuli til öryggis hafa tekið það fram núna á síðustu árum að hann sé jafnaðarmanna-

flokkur, væntanlega með þeim rökum að hann telur sig ekki hafa þurft þess áður. En þegar þannig var komið að Alþfl. var búinn að sitja í hverri ríkisstjórninni á fætur annarri og ástunda þar hina örgustu hægrimennsku, kominn hægra megin við Sjálfstfl. í mörgum málum, þá var svo komið að menn töldu það vissara að taka það fram til að það gleymdist ekki að þetta væri jafnaðarmannaflokkur og því var skeytt aftan við nafnið Alþýðuflokkurinn Jafnaðarmannaflokkur Íslands. Nýjasta þróunin í þessu er svo þau tíðindi að í Jafnaðarmannaflokki Íslands þurfa menn að stofna sérstakt Jafnaðarmannafélag Íslands til verndar jafnaðarstefnunni í jafnaðarmannaflokknum.

En það er sem sagt Jafnaðarmannaflokkur Íslands með Jafnaðarfélagið innan borðs sem stendur fyrir þessu frv. — og út á hvað gengur það? Það gengur bersýnilega út á það að opna fyrir það að lyfjaverðið í landinu verði mismunandi eftir landshlutum og byggðarlögum og þess vegna miklu hærra t.d. í afskekktum byggðarlögum og fámennum. Er það jafnaðarstefna, hæstv. heilbrrh.? Er það jafnaðarstefna? Og er það einhver jafnaðarstefna að ganga þannig frá málinu að það sé alls ekki gert ráð fyrir því að hægt sé að grípa í taumana ef þau mál fara úr böndunum? Þetta er alveg ótrúleg niðurstaða.

Ég er þeirrar skoðunar að lyfjaverð eigi að vera hið sama um allt land. Að sjálfsögðu. Það eru mannréttindi að mínu mati, grundvallarmannréttindi að allir standi jafnt að vígi gagnvart undirstöðuþáttum þjónustu og velferðar af þessu tagi. (**Heilbrrh.:** Jafnhátt alls staðar?) Sama lyfjaverð. Já. (**Heilbrrh.:** Jafnhátt alls staðar?) Auðvitað, jafnlágt. Við getum farið í orðaleiki af þessu tagi, hæstv. ráðherra. Auðvitað er það jafnhátt alls staðar vegna þess að lyfjaverð er hátt, það er allt of hátt. Og það er eðlilegt að menn taki þannig til orða. Það stendur auðvitað í fólki hvað lyfjaverðið er hátt.

En það er alveg ljóst mál að sú hætta er yfirvofandi að lyfjaverðið fari upp, verði óviðunandi hátt í ákveðnum landshlutum og byggðarlögum. Ég er í grundvallaratriðum andvígur því. Það á þá að jafna þann mun sem er á aðstöðu til þess að dreifa lyfjum og koma þeim til fólks og það á að taka það úr sameiginlegum sjóði að tryggja mönnum jafnrétti í þessum efnum. Nóg er nú búið að gera samt í þá veru að velta útgjöldum í heilbrigðismálum yfir á notendur sem auðvitað leiðir til mismununar vegna þess að aðstaða fólks er misjöfn þó ekki bætist þetta við. Ég held að hæstv. heilbrrh. og hv. formaður heilbrn. ættu að hugsa um það augnablik hver aðstöðumunurinn er nú þegar fyrir fólk í afskekktum byggðarlögum að njóta sambærilegrar læknisþjónustu og heilbrigðisþjónustu og þeir sem betur liggja við þeim hlutum í nágrenni t.d. við stærstu og sérhæfðustu heilbrigðisstofnanir landsins. Ætli það sé ekki þannig að fjölskyldurnar á landsbyggðinni og í afskekktu byggðarlögunum beri nú þegar fyrir ærinn bagga af því að liggja langt frá þessari þjónustu þó ekki bætist það nú við að lyfjaverðið snarhækki svo í þeim byggðarlögum þar á ofan. (Forseti hringir.) Ekki er ræðutíminn búinn, hæstv. forseti?

(**Forseti** (VS)**:** Nei, en þannig háttar til að það er komið fram að tíma þingflokksfunda þannig að forseti ætlar að grennslast fyrir um það hjá hv. þm. hvort hann væri u.þ.b. að ljúka ræðu sinni eða hvort hann vildi gera hlé á máli sínu.)

Ég hefði sennilega kosið að geta haldið áfram í eins og 12–15 mínútur, forseti, ef því verði við komið en út af fyrir sig er ég alveg tilbúinn til að gera hlé á ræðu minni og sérstaklega ef henni verður svo fram haldið þegar hv. formaður heilbrrn. er kominn úr kjördæmi sínu, Austurlandi, því auðvitað hefur maður sérstakan áhuga á því að ræða þessi mál við þann ágæta mann og hv. þm. af landsbyggðinni. Ég mundi því kjósa bara að fá að gera hlé á ræðu minni, hæstv. forseti.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjala:

Ríkisreikningur 1991, 36. mál, brtt. minni hluta fjárln., þskj. 1084.

Samstarfsnefnd sjómanna og útgerðarmanna, 614. mál, frv. meiri hluta sjútvn., þskj. 1073.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 551. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1085.

Út af dagskrá voru tekin 14.–35. mál.

Fundi slitið kl. 16:58.

---

143. FUNDUR

fimmtudaginn 28. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv., 614. mál, þskj. 1073. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
2. Háskólinn á Akureyri, stjfrv., 531. mál, þskj. 830. — 3. umr.
3. Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, stjfrv., 470. mál, þskj. 1071. — 3. umr.
4. Rannsóknarráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 1072. — 3. umr.
5. Framleiðsla og sala á búvörum, stjfrv., 579. mál, þskj. 1074. — 3. umr.
6. Útflutningur hrossa, frv., 608. mál, þskj. 999. — 2. umr.
7. Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, stjfrv., 532. mál, þskj. 1078. — 3. umr.
8. Sala notaðra ökutækja, stjfrv., 389. mál, þskj. 1079. — 3. umr.

9. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 952, brtt. 1040. — 3. umr.
10. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009. — 2. umr.
11. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 1012, brtt. 1011. — 2. umr.
12. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 246. mál, þskj. 285, nál. 1013, brtt. 1014. — 2. umr.
13. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 393, nál. 1003, brtt. 1004. — 2. umr.
14. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602, nál. 1000. — 2. umr.
15. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 561. mál, þskj. 874, nál. 1045. — 2. umr.
16. Alþjóðadómstólinn sem fjallar um stríðsglæpi í Júgóslavíu, stjfrv., 568. mál, þskj. 881, nál. 1058, brtt. 1059. — 2. umr.
17. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 551. mál, þskj. 862, nál. 1085. — 2. umr.
18. Brunatryggingar, stjfrv., 577. mál, þskj. 896, nál. 1067, brtt. 1068. — 2. umr.
19. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, stjfrv., 578. mál, þskj. 897, nál. 1069. — 2. umr.
20. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 450. mál, þskj. 663, nál. 1065, brtt. 1066. — 2. umr.
21. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962. — Frh. 2. umr.
22. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 1. umr.
23. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001, brtt. 1002. — 2. umr.
24. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.

Útbýting þingskjala:
Brunavarnir og brunamál, 617. mál, frv. félmn., þskj. 1087.
Framleiðsla og sala á búvörum, 579. mál, þskj. 1074.
Framlög Iðnlánasjóðs, 593. mál, svar iðnrh., þskj. 1080.
Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, 470. mál, þskj. 1071.
Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, 532. mál, þskj. 1078.
Sala notaðra ökutækja, 389. mál, þskj. 1079.
Stytting vinnutíma, 77. mál, nál. félmn., þskj. 1086.

Lagt fram á lestrarsal:
Erindi frá Tómasi Gunnarssyni lögmanni.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Þannig háttar til með 1. dagskrármálið að það er bæði of seint fram komið og einnig er of skammt liðið frá útbýtingu þannig að veita þarf tvöföld afbrigði til þess að það megi koma á dagskrá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:36]
Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 32 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, EH, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SAÞ, SP, VS, ÞorstP.
31 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, FI, FrS, GB, GÁS, GÁ, HBl, IP, JóhS, JBH, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, SalÞ, SigG, SighB, StG, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddur.

Of skammt var liðið frá útbýtingu frv. — Afbrigði samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, EH, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SAÞ, SP, StB, VS, ÞorstP.
29 þm. (ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, FrS, GB, GÁS, HBl, IP, JóhS, JBH, KE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, SalÞ, SigG, SighB, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VE, ÖS) fjarstaddir.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, 1. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 614. mál. — Þskj. 1073.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):
Þannig háttar til að hv. 5. þm. Norðurl. v., sem er framsögumaður í þessu máli er ekki kominn í þinghúsið þannig að forseti verður því miður að fresta þessu máli um sinn og nýta tímann til að taka önnur mál fyrir.

Umræðu frestað.

Háskólinn á Akureyri, 3. umr.

Stjfrv., 531. mál (framgangskerfi kennara). — Þskj. 830.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Framleiðsla og sala á búvörum, 3. umr.

Stjfrv., 579. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 1074.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útflutningur hrossa, 2. umr.

Frv. landbn., 608. mál (flutningur með áætlunarskipum). — Þskj. 999.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, 3. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 1078.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sala notaðra ökutækja, 3. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 1079.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 2. umr.

Stjfrv., 581. mál (veiting atvinnuréttinda). — Þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009.

[10:41]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1005 um breyting á lögum nr. 88/1981, um aukatekjur ríkissjóðs. Hér er um það að ræða að verið er að breyta og samræma og sérstaklega lækka þau gjöld sem tekin eru fyrir það að fá leyfi til málflutnings og til að stunda lækningar og ýmislegt fleira.

Nefndin fjallaði allítarlega um þetta mál og fékk til sín embættismenn frá fjmrn. Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt. Það kom hins vegar fram í starfi nefndarinnar að það hefði verið full ástæða til að fara betur yfir þessi lög og breyta ýmsu öðru sem þeim tengjast, en ekki þótti rétt að gera það að þessu sinni að því er upplýst var af fjmrn. en nefndin væntir þess að haldið verði áfram á þessari braut og reynt að samræma sem best þessi gjöld.

Nefndin mælir með því að frv. verði samþykkt. Steingrímur J. Sigfússon undirritar nál. með fyrirvara.

[10:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fagna því að þessi endurskoðun hefur verið gerð þó hún hefði kannski mátt vera umfangsmeiri heldur en hér liggur fyrir. Það er verst að hæstv. fjmrh. er ekki hér staddur. Hann gæti þá kannski gert hv. þm. grein fyrir því hvernig þessi endurskoðunarmál standa í ráðuneytinu. Ég vil minna á það að á síðasta þingi var þáltill. sem ég flutti um þessa hluti vísað til ríkisstjórnar. Þar var um að ræða þessa gjaldtöku og gjaldtöku ríkisstofnana. Í þáltill. var gert ráð fyrir því að þetta yrði endurskoðað, öll þessi gjaldtaka, með það fyrir augum að ríkið innheimti engin gjöld öðruvísi en að á bak við það væri þjónusta sem fullkomlega væri eðlilegt að innheimta gjöldin fyrir. Við höfum hins vegar séð það í gegnum tíðina að ýmis gjöld sem ríkið innheimtir eru í raun og veru skattlagning og eiga þá eðli máls samkvæmt að vera skattar. En ég fagna því að þetta skref er þó stigið, en satt að segja vonast ég eftir því að þeirri endurskoðun sem raunverulega var verið að samþykkja á hv. Alþingi með því að vísa þessari þáltill. til ríkisstjórnarinnar verði haldið áfram þannig að reglur um gjaldtöku ríkisstofnana og aukatekjur ríkissjóðs verði endanlega endurskoðaðar í þeirri mynd sem til var ætlast.

[10:45]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég á sæti í virðulegri efh.- og viðskn. en var því miður ekki á þeim fundi þegar þetta mál var afgreitt út úr nefndinni og því kemur það ekki fram á nál. að ég styðji þetta frv. Þess vegna vil ég gjarnan að það komi skýrt fram hér í umræðunni að ég styð frv. eins og það er lagt fram en engu að síður hefði ég viljað útvíkka það aðeins og hef því leyft mér að leggja fram brtt. á þskj. 1009.

Þetta mál fjallar um það að lækka gjaldtöku fyrir ýmis leyfi og skírteini, gjaldtöku sem hækkuð var stórlega í fjármálaráðherratíð hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, en núna er verið að lækka aftur til betri vegar og á svona jarðbundnari nótum.

Meginrökin fyrir því eru þau að menn eigi ekki að borga hærri fjárhæð fyrir útgefin leyfi heldur en kostar að gefa þau út og er verið að nálgast þann raunkostnað með þessu og færa þetta niður í 5 þús. kr. Það kemur mér hins vegar spánskt fyrir sjónir að einstakir aðilar eða eintstakar greinar vera teknar út en ekki farið alla leið og gætt samræmis í gjaldtökunni. Þannig er hátekjufólk núna lækkað úr allt að 75 þús. kr. gjaldtöku sem er í dag niður í samkvæmt frv. 5 þús. kr. og má t.d. nefna leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti sem í dag eru 75 þús. kr. en á að lækka niður í 5 þús. kr. Leyfi til að stunda almennar lækningar og sérfræði-

störf er 75 þús. kr. í dag, fer niður í 5 þús. kr. Atvinnuflugmannsskírteini fer úr 25 þús. niður í 5 þús. kr. Löggilding endurskoðenda úr 75 þús. kr. niður í 5 þús. kr. og þannig mætti lengi telja og er þetta allt hið besta mál, enda styð ég málið.

En þegar kemur hins vegar að 11. gr. sem er leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi, t.d. heildsöluleyfi, umboðssöluleyfi, smásöluleyfi, lausaverslanaleyfi og leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki, þá er það óbreytt. Í þeirri grein er gjaldtaka frá 300 þús. kr. og niður í 3 þús. kr. Ég sé engin rök fyrir því að færa ekki þennan flokk niður alveg eins og hinn flokkinn. Ég hef ekki orðið var við það að kaupmaðurinn á horninu eða þeir sem reka söluturna velti sér upp úr fjármagni og sé enga ástæðu fyrir því að þessir aðilar skuli þurfa að borga 50–70 þús. kr. fyrir eitt leyfi sem kostar jafnmikið að gefa út og leyfi til að flytja mál fyrir Hæstarétti. Mér finnst engin efnisleg rök fyrir því að stíga ekki skrefið til fulls og gæta fyllsta jafnréttis sem ekki er gert í þessu tilfelli. Þess vegna hef ég leyft mér að flytja brtt. sem orðast svo, með leyfi forseta:

„Við bætist ný grein, er verði 2. gr., svohljóðandi:

11. gr. laganna orðast svo:

Fyrir leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi skal greiða 5.000 kr.

Fyrir endurnýjun leyfa skv. 1. mgr. skal greiða 1.000 kr.“

Ég vona að hv. þm. kynni sér þetta og sjái hvers lags óréttlæti í raun og veru er þarna á ferð, hvernig atvinnugreinum er mismunað á mjög áberandi hátt og í ljósi þess mun ég þá styðja þessa brtt.

Umræðu frestað.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 614. mál. — Þskj. 1073.

[10:50]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Enn fremur er í frv. kafli þar sem kveðið er á um breytingar á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, nr. 24/1986, með síðari breytingum. Báðir kaflar frv. eru liður í umfjöllun þingsins að þessu sinni um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og þróunarsjóð. Þessi mál hafa verið til umræðu sl. tvö ár á grundvelli endurskoðunar á þeim lögum, samkvæmt ákvæði í gildandi lögum um stjórn fiskveiða frá 1990.

Enn fremur tengist samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og breytingar á lögum um skiptaverðmæti á greiðslumiðlun þeim kjarasamningum sem stóðu yfir í vetur milli útvegsmanna og sjómanna og enduðu í verkfalli og lausn þess verkfalls með bráðabirgðalögum sem er enn þá í fersku minni.

Eitt af því sem var rætt mikið um í kjarasamningaviðræðunum var sá möguleiki að setja upp svokallaða samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, sem hefði það hlutverk að fjalla um álitamál sem tengdust áhrifum viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör á aflahlut sjómanna. Segja má að þetta mál hafi verið einn helsti ásteytingarsteinn aðila í þessu verkfalli og með því frv. sem hér er lagt fram er verið að leita lausnar á því máli. Í bráðabirgðalögunum sem samþykkt voru hér á hv. Alþingi eftir verkfallið kom fram að ríkisstjórnin hugðist beita sér fyrir lausn í þessu máli og sú lausn er hér með boðuð með flutningi þessa frv.

Eins og áður sagði er það hlutverk samstarfsnefndarinnar að fjalla um álitaefni og ágreining er tengjast áhrifum viðskipta með veiðiheimildir á uppgjör og aflahlut sjómanna. Miðað er við að í nefndinni eigi sæti fimm menn, þar af tveir tilnefndir sameiginlega af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sjómannasambandi Íslands og Vélstjórafélagi Íslands, en tveir tilnefndir sameiginlega af Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi ísl. útvegsmanna. Fimmti maðurinn er síðan formaður sem sjútvrh. skipar að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna.

Samstarfsnefndin á samkvæmt frv. að afla ítarlegra gagna um fiskverð, forsendur þess og þau atriði sem kunna að hafa áhrif á aflahlut sjómanna. Það mun verða samkomulagsatriði milli nefndarmanna í samstarfsnefndinni hvernig þessari upplýsingaöflun er nákvæmlega háttað og með hvaða hætti upplýsingarnar verða sundurliðaðar og notaðar þannig að þær gagnist sem best í starfi nefndarinnar.

Til þess að koma málum til þessarar samstarfsnefndar verða þau heildarsamtök sem að tilnefningu samstarfsnefndarinnar standa að leita álits nefndarinnar á ágreiningi og álitamálum sem upp kunna að koma. Það er gefinn 12 vikna frestur frá lokum uppgjörstímabils til þess að taka mál upp fyrir nefndinni. Nefndin þarf síðan að kanna þau mál sem upp koma og leita leiða til lausnar á þeim á grundvelli þeirra upplýsinga sem fyrir liggja.

Samstarfsnefndin skal taka rökstudda afstöðu til þess í einstökum tilvikum hvernig að uppgjöri á aflahlut hefur verið staðið og hún skal sérstaklega láta í ljós afstöðu til þess hvort bersýnilega ósanngjörn viðmið séu fyrir hendi fyrir ákvörðun fiskverðs í tengslum við viðskipti með veiðiheimildir. Hér er kannski komið að kjarna þessa máls og spurningin snýst um það hvað kalla megi „ósanngjörn“ eða „bersýnilega ósanngjörn“ viðmið. Um þetta hefur allmikið verið rætt, en eins og umræður hafa gengið þá má nefna það að ef óskyldur aðili er að kaupa fisk af útgerð þá snýst spurningin um það hvað sé bersýnilega ósanngjarnt um kannski hvaða fiskverð þessi fiskkaupandi er að greiða sjómönnum og við uppgjör til sjómanna á eigin skipum. Ef verðið sem greitt er er mjög úr takt við það sem skyldir aðilar eru að greiða til eigin skipa þá er þar kominn grundvöllur fyrir því hvað menn telja bersýnilega ósanngjarnt í þessu sambandi. Það á að sjálfsögðu að reyna að ná samhljóða áliti samstarfsnefndarinnar um málin, en gerist slíkt ekki verða greidd at-

kvæði í nefndinni. Nefndin fær fjögurra vikna frest ef kostur er til þess að ljúka sínum störfum.

Ef samkomulag er ekki í nefndinni og menn vilja ekki una niðurstöðu hennar þá geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem hafa tilnefnt í nefndina skotið málum til gerðardóms samkvæmt 72. gr. sjómannalaga. Það sem breytist í sambandi við þau lög er að það þarf ekki samþykki gagnaðila til þess að vísa málum til gerðardóms. Síðan er ákvæði um það að kostnaður af störfum nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði og það er að sjálfsögðu háð öllum venjulegum takmörkunum sem fjárveitingar úr ríkissjóði lúta.

Lagt er til að lög þessi öðlist gildi 1. júní nk. og gildi til ársloka 1995. Þetta þýðir að það verður viss reynslutími á lögunum og aðilar að kjaradeilunni fá þar með tíma og möguleika til þess að láta þetta kerfi virka. Ef þeir verða ásáttir um að þessi samstarfsnefnd sé heppilegt fyrirkomulag þá munu þeir að sjálfsögðu á þessum tíma gera sín á milli kjarasamning eða annars konar samning um áframhaldandi störf þessarar nefndar eða þá að fara fram á það við Alþingi að lög þessi verði framlengd. Ef hins vegar kemur í ljós á starfstíma nefndarinnar að hún virkar ekki sem heppilegt fyrirkomulag í þessum deilumálum þá fellur hún að sjálfsögðu sjálfkrafa niður með því að lögin gilda einungis til ársloka 1995.

Um II. kafla laganna er það að segja að þar er verið að lögfesta ákvæði sem var samþykkt á sínum tíma sem yfirlýsing með kjarasamningi milli aðila vinnumarkaðarins. Þetta var yfirlýsing sem var gefin í tengslum við kjarasamninga á árinu 1992. Þar segir svo, þetta er frá 26. apríl 1992:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað. Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Virðulegi forseti. Svo hljóðar þessi yfirlýsing. Með þessu frv. er verið að reyna að gera tilraun til þess að ljúka því máli sem var aðallega ágreiningsefnið í kjarasamningunum um þessa samstarfsnefnd. Um það atriði sem varðar lög um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun hefur náðst að ég tel þokkaleg sátt milli samtaka sjómanna og útvegsmanna og það liggur fyrir að þessir aðilar munu allir tilnefna í þessa samstarfsnefnd til þess að láta reyna á það hvernig þetta fyrirkomulag virkar, ef þessi lög verða hér samþykkt.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, óska þess að Alþingi geti afgreitt þetta mál fljótt og vel þannig að það geti orðið liður í lausn þessa mikla ágreiningsmáls sem hefur verið milli sjómanna og útvegsmanna um uppgjör á fiskverði.

Ég legg til, virðulegi forseti, að þessu máli verði vísað til sjútvn.

[11:03]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Það frv. sem hér var mælt fyrir ætti að vera flutt í tvennu lagi, því annars vegar er um að ræða nýja löggjöf um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og hins vegar er um að ræða breytingar á lögunum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Það er heldur óheppilegt form að flytja slíkt mál í einu lagi, sem annars vegar snerta breytingar á lögum og hins vegar nýja löggöf. En ýmsu eru menn vanir hér á Alþingi í sambandi við smíði á margvíslegum bandormum.

En það er e.t.v. ekki það sem skiptir meginmáli heldur efni þessara mála og ég vil segja það að ég geri engar meiri háttar athugasemdir við þessi mál. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að koma á samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna til þess að fjalla um þau deilumál sem hafa komið upp og munu koma upp í framtíðinni. Ég tek undir það með hv. frsm., 5. þm. Norðurl. v., að slíkur samstarfsvettvangur er nauðsynlegur. Ástæðan fyrir því að þessar deilur hafa komið upp er áreiðanlega sú að það hefur verið skortur á slíkum samstarfsvettvangi. Það hefur verið stefnan upp á síðkastið að leggja niður nefndir og ráð þar sem sjómenn, útvegsmenn og vinnuveitendur hafa komið saman til að taka á sameiginlegum málum. Nægir þar að nefna Verðlagsráð sjávarútvegsins og jafnframt var mikið samstarf milli sjómanna og útvegsmanna þegar verið var að koma á hinu svokallaða kvótakerfi í sambandi við ýmis álitamál sem þar komu upp.

Ég hygg þó að það sem eigi ríkan þátt í þeirri stöðu sem þarna kom upp sé sú staðreynd að stjórnarflokkarnir ákváðu að taka endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða fyrst og fremst inn á sinn vettvang, en halda utan við það starf hagsmunaaðilum og jafnframt stjórnarandstöðuflokkunum. Þetta varð til þess að skapa margvíslega tortryggni og einnig til þess að vekja upp deilur, sem að mínu mati hefðu annars ekki komið upp.

Ég vænti þess að með frv. hafi menn lært af þessari reynslu og sjái að þarna voru menn á rangri braut. Það er þannig í svo flóknum og erfiðum málum að ágreiningur mun ávallt koma upp og einhvers staðar verða menn að geta komið saman til þess að reyna að útkljá hann. Að því leytinu til tel ég þetta frv. vera til mikilla bóta.

Ég vildi aðeins gera athugasemdir að því er varðar tilnefningu í þessa nefnd. Mér finnst eðlilegast að þar séu aðilar sem tilnefndir eru af sjómannasamtökunum, eins og þar kemur fram, og ég hefði talið nægilegt að hinir tveir væru tilnefndir af Landssambandi ísl. útvegsmanna. Landssamband ísl. útvegsmanna er aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og ég sé ekki ástæðu til að það sé sérstaklega tilgreint vegna þess að það eru líka til önnur vinnuveitendafélög, Vinnumálasamband samvinnufélaganna, sem að sjálfsögðu á jafnframt mikilla hagsmuna að gæta á vettvangi sjávarútvegsins. Þannig að ég hefði talið eðlilegast að allir þessir aðilar kæmu sér saman um þessar tilnefningar á vettvangi Landssambands ísl. útvegsmanna, sem eru hagsmunasamtök þar sem allir þessir aðilar koma að með einum eða öðrum hætti.

Það má hins vegar halda því fram að auðvitað skiptir þetta mál líka vinnslustöðvar miklu máli og e.t.v. er

það þess vegna sem þykir rétt að Vinnuveitendasamband Íslands komi að málinu. En ef svo á að vera finnst mér eðlilegt að hvortveggja samtökin hafi þar hönd í bagga. Ég á ekki von á því að það þurfi að vera mikið ágreiningsmál að koma sér saman um aðila til að standa í þessu verkefni.

Í greinargerð með þessu frv. kemur fram að það hafi jafnframt verið ákveðið að gera ýmsar breytingar að því er varðar framsal aflaheimilda og ég vil því fara nokkrum orðum um það í sambandi við þetta mál, jafnvel þótt það sé ekki verið að gera tillögur um það í þessu frv. að gera þar breytingar á. Ég geri mér ljóst að framsal aflaheimilda er umdeilanlegt mál og þar hafa sprottið upp margvíslegar deilur. Ég hafði gert ráð fyrir því að það þyrfti að gera einhverjar breytingar á frv. um stjórn fiskveiða í þessu sambandi og þá ekki síst þá breytingu að fiskvinnslustöðvar gætu ekki haft aflaréttindi. Nú eru margir sem gera mikið úr því að það sé mikilvægt fyrir fiskvinnsluna í landinu að hafa slík réttindi. Ég hef ekki verið þeirrar skoðunar í gegnum tíðina að það ætti að stíga það skref því ég átti von á því að slíkt skref yrði til þess að skapa miklar deildur sem erfitt yrði að leysa. Það var hins vegar ákveðið á sínum tíma, þegar þetta mál var rætt við setningu laganna sem tóku gildi 1991, að til að koma til móts við þau sjónarmið sem uppi voru að því er varðar fiskvinnslustöðvarnar, að framsal aflaheimilda milli skipa væri tiltölulega frjálslegt.

Það eru margar ástæður fyrir því að hefta ekki um of þetta framsal. Sérstaklega eru ástæðurnar ríkar við aðstæður sem nú eru í þjóðfélaginu, þ.e. þá staðreynd að aflaréttindi margra eru afarlítil. Þörfin fyrir það að hagræða og reyna að framleiða vöruna með sem minnstum tilkostnaði er miklu augljósari við slík skilyrði en þegar aflaréttindin eru mikil. Þegar hvert og eitt skip hefur veruleg aflaréttindi þá er þörfin fyrir tilfærslur mun minni.

Ég held að það sé alveg ljóst að með því að taka upp þessar takmarkanir, að ekki megi flytja meira en 15% aflamarks af sömu tegund, þ.e. sem sagt bann við því að flytja aflamark til skips ef meira en 15% aflamarks af sömu tegund hafa verið flutt af skipinu á fiskveiðiárinu og öfugt, mun skapa veruleg vandamál. Og með fullri virðingu fyrir okkar ágætu sjómannastétt, sem er alls góðs makleg, þá er ljóst að það eru líka sjómenn sem munu gjalda þess að þessi regla er tekin upp. Ég geri mér grein fyrir því að þetta kann að leysa þau málefni sem koma upp að því er varðar hluta sjómannastéttarinnar, en það mun skapa vandamál fyrir annan hluta sjómannastéttarinnar. Það er líka ljóst að þetta mun verða til þess að hagkvæmnin verður minni og þar af leiðandi verðmætasköpunin minni.

Ég er þeirrar skoðunar að við þær aðstæður sem nú ríkja í þjóðfélaginu þá verði að skapa þau skilyrði að hægt sé að reka sjávarútveginn með sem mestri hagkvæmni. Það er víða tap í sjávarútveginum og ef þau skilyrði eru sköpuð að þetta tap kunni jafnvel að aukast þá mun það draga úr þjóðartekjum og skapa meira atvinnuleysi. Hér verður því að hafa í huga heildarhagsmuni þjóðarinnar en ekki aðeins hagsmuni afmarkaðs hóps. Ef fyrirtæki í ákveðnu byggðarlagi, tiltölulega litlu byggðarlagi, sem hefur verið að reyna að aðlaga sig þessum reglum, er gert erfiðara um vik og jafnvel ómögulegt að starfa þá hefur það víðtækari áhrif en menn sjá fyrir. Ég held að það sé alveg ljóst að menn hafa ekki farið nægilega vel ofan í áhrif þessara reglna til þess að það sé í reynd verjandi að lögfesta sérstaklega þessa 15% reglu. Það hlýtur að vera skynsamlegra að doka við og fara betur ofan í málið með þeim aðilum sem þarna eiga mestra hagsmuna að gæta og flytja þá nýtt frv. að því er varðar þetta mál á haustþingi. Það er ekkert sem mælir með því að rjúka til og fara út í þessa breytingu.

Við höfum fengið frá hagsmunaaðilum nokkur dæmi um það hverju þetta kunni að valda. Ég held að það sé alveg ljóst að þetta mun fyrst og fremst valda vandræðum þegar aðstæður breytast í samfélaginu, sem gerist mjög oft. Útgerðaraðili sem er tiltölulega bjartsýnn í upphafi vertíðar, t.d. loðnuvertíðar, kann þá að gera ráðstafanir sem verða til þess, ef nýjar aðstæður koma upp, að honum er ómögulegt að aðlaga sig að hinum breyttu aðstæðum. Þó það sé að sjálfsögðu mikilvægt að skipuleggja fiskveiðiárið sem best þá er það staðreynd að það koma upp breyttar aðstæður áður en varir og menn þurfa þá að geta tekið nýjar ákvarðanir.

Ég sé ekki hvaða tilgangi það þjónar að búa til reglur sem gera mönnum ómögulegt að gera breytingar vegna nýrra aðstæðna. Þannig að við í þingflokki Framsfl. erum andvígir þessari breytingu í þeirri mynd sem hún er í og bendum m.a. á að það er óeðlilegt að skylda aðila með þessum hætti án þess að gera sér grein fyrir því hvert verðmætatapið verður. Því er haldið fram af ábyrgum aðilum í greininni að við þetta kunni að tapast milljarðar kr. á ári. Jafnvel þótt það væri ekki nema einn milljarður eða tveir milljarðar og það sé kannski dreginn frá helmingurinn, eins og mátti skilja á talsmanni Þjóðhagsstofnunar í gær, þá held ég að það sé alveg ljóst að niðurstaðan verður sú að milljarðar muni tapast, a.m.k. er útlitið þannig í dag.

Er nú ekki ástæða til þess fyrir íslenskt þjóðfélag að staldra við og athuga hvort ekki sé hægt að koma í veg fyrir það? Eða höfum við efni á því að láta sem ekkert sé þegar því er haldið fram að milljarðar muni tapast? Hverjir hafa hagsmuni af því? Mun sjómannastéttin hagnast á því? Nei, hún mun ekki gera það. Hún mun tapa á því til langframa. Ég held að það sé enginn vafi á því. Mun landverkafólkið hagnast á því? Nei, það mun tapa á því. Ætli það skipti ekki líka máli fyrir ríkissjóð, sem er að berjast hér við allt of mikinn halla, að missa af tekjum sem þessum. Þannig að það er ekki nóg með það að núv. hæstv. ríkisstjórn sé að boða það í tíma og ótíma, a.m.k. ákveðnir talsmenn hennar, að nú eigi að fara að skattleggja þessa atvinnugrein með auðlindaskatti, atvinnugrein sem býr við taprekstur, heldur á jafnframt eins og ekkert sé að búa til reglur sem skapa óhagræði og munu minnka tekjur verkafólks og sjómanna. Jafnvel þótt það sé gert í nafni þess að koma í veg fyrir hugsanlegar deilur þá er það að mínu mati ekki réttlætanlegt að setja niður

deilur með þeim hætti að milljarðar muni tapast. Það er alveg ljóst að þar eru líka aðrir sem hafa mikilla hagsmuna að gæta og munu þá áreiðanlega taka upp álíka mál í samningum við sína viðsemjendur þegar fram líða stundir.

Að því er varðar hina svokölluðu 50% reglu, þ.e. að hvert skip verði að veiða a.m.k. 50% af sínum veiðiheimildum, þá gegnir nokkuð öðru máli. Þessi regla var áður sú að skipið þurfti að veiða 25%. Ég tel að þarna sé of langt gengið, þó ég geti tekið undir að það var ástæða til að hækka þessa prósentu, en að mínu mati verða þá öll skip að vera jöfn innan þeirra marka, en í þessum reglum er gert ráð fyrir því að úthafsveiðiskip njóti sérstakra kjara, ef svo má að orði komast í þessu sambandi. Að mínu mati hefði verið eðlilegra að hafa þessa prósentu eitthvað lægri og allir sætu þá við sama borð.

Ég nefni líka í sambandi við hitt málið að þar sitja aðilar ekki við sama borð. Stóru útgerðirnar munu ekki verða í neinum vandræðum vegna þess að það eru engar hömlur á því að flytja aflaréttindi milli skipa innan sömu útgerðar en þeir smærri munu lenda í vandamálum. Ég bendi á þá mótsögn að það er óeðlilegt að mínu mati að ekki sé þá um leið gripið til ráðstafana sem gera ráð fyrir því að skip hafi einhver lágmarks aflaréttindi til að þau fái veiðirétt. Það er óeðlilegt að skip sem er skyldað til að veiða við skulum segja 200 tonn af sínum aflaréttindum þurfi að gera það á sama tíma og sams konar skip, nákvæmlega sömu gerðar, má gera út þó það hafi ekki nema tíu eða tuttugu tonn og jafnvel minna. Það er hluti af þessum framsalsvanda. Þannig að ef það ætti að vera jafnræði þá hefði verið eðlilegt að taka upp þá reglu að sérhvert fiskiskip þyrfti að hafa tiltekið lágmark. Það er hins vegar ekki einfalt mál að útfæra það í einum vetvangi og ég er ekki með beina tillögu um það á þessu stigi, en ég tel að það hefði þá verið eitt af því sem hefði þurft að fara betur ofan í í sambandi við framsalsmálið.

Ég vil því að endingu lýsa yfir stuðningi við þetta frv. sem hér er komið fram, eins og það lítur út. Hitt er svo annað mál að ég hef mikla fyrirvara að því er varðar málið í heild, sérstaklega vegna þeirra afleiðinga sem breytingar á framsalsreglunum kunna að hafa. Ég hefði talið skynsamlegt að fresta því máli til haustsins og fara betur ofan í það af nefnd sem til þess yrði sérstaklega skipuð.

[11:23]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 1. þm. Austurl. fór í ræðu sinni nokkuð inn á þau frv. sem munu verða síðar til umræðu, þ.e. frv. til laga um breytingu á stjórn fiskveiða. Það er út af fyrir sig ekki óeðlilegt að fjalla um þau frv. í tengslum við það sem hér er til umræðu.

Ástæðan fyrir því að ég veiti hér andsvar við ræðu hv. þm. eru þær fullyrðingar sem komu fram í hans ræðu um væntanlegt milljarða tap vegna breytinga á lögum um stjórn fiskveiða. Ég vildi, vegna þess að hv. þm. leggst náttúrlega eilíflega í vörn þegar fjallað er um breytingar á því stjórnkerfi sem hann stóð fyrir að lögfest yrði, sem út af fyrir sig er ekki óeðlilegt og er mannlegt. Ég vil heyra frá hv. þm. í hverju og hvernig þetta milljarða tap verður. Hann virðist gerast hér inni á Alþingi talsmaður hóps sem hefur sent hv. þm. greinargerð, svokölluðum atvinnumönnum í sjávarútvegi, þar sem fullyrt er með svipuðum hætti að milljarða tap verði ef samþykktar verða þær breytingar sem meiri hluti sjútvn. leggur til. Þá virðist vera gert ráð fyrir því að allir útvegsmenn og stjórnendur fiskvinnslunnar í landinu taki þær vitlausustu ákvarðanir sem hægt er að finna. Ég geri þá kröfu til hv. 1. þm. Austurl. að hann geri þinginu grein fyrir því í hverju þetta milljarða tap liggur, hvernig það verði og hvernig það megi verða að stjórnendur atvinnufyrirtækja í sjávarútvegi taki slíkar ákvarðanir.

[11:25]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ósköp einfalt að svara því. Ég held að það sé alveg ljóst að ef mönnum er bannað að taka skynsamlegar ákvarðanir þá mun það koma við afkomu þeirra. Ef aðili hefur framselt loðnuréttindin sín að einhverju leyti, 15% í upphafi veiðitímabils, vegna þess að hann var ekki mjög bjartsýnn á að veiðarnar gengju vel og var í einhverjum ákveðnum erfiðleikum, síðan breytast aðstæður eins og oft gerist og þá er honum bannað að fá til sín meiri aflaréttindi. Bannað að taka þátt í því að hægt sé að veiða alla þá loðnu sem úthlutað var. Auðvitað er ekki hægt að reikna þetta út nákvæmlega fyrir hv. þm. Það er hins vegar ástæða til að taka alvarlega þær fullyrðingar sem komu fram frá þessum aðilum sem mér fannst nú hv. þm. tala um í heldur niðrandi tón. Þetta eru forstjórar fyrirtækja eins og t.d. Útgerðarfélags Akureyringa, vel rekinna fyrirtækja á Suðurnesjum, í Vestmannaeyjum, á Austurlandi og á Norðurlandi. Ég veit ekki betur en að hér sé um ábyrga aðila að ræða sem ég hef tekið mark á og geri enn. Síðan hefur Þjóðhagsstofnun verið beðin um að fara ofan í þetta mál. Þeir komu á fund nefndarinnar í gær og fullyrtu að auðvitað yrði hér um verulegt verðmætatap að ræða. Mig minnir að þeir segðu að þeir teldu að þessir aðilar gerðu of mikið úr því en það gæti verið nær lagi að þeirra mati að tala um helminginn af þeirri fjárhæð sem þessir aðilar tala um. En ég get því miður ekki sýnt fram á það nákvæmlega hvernig þetta tap mun verða en ég fullyrði að það mun verða verulegt og við höfum ekki efni á því.

[11:28]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það vafðist að sjálfsögðu fyrir hv. 1. þm. Austurl. að gera grein fyrir í hverju þetta tap liggur. Ég er ekki að gera lítið úr þeim ágætu mönnum sem hafa sent okkur orðsendingu. En ég tel engu að síður alveg augljóst, alveg augljóst, að þeir gera ráð fyrir því, eins og ég sagði í minni fyrri ræðu, að nánast allar verstu ákvarðanir séu teknar við stjórn þessara umræddu fyrirtækja. Ég get ekki gert ráð fyrir því að útgerðarmenn reyni ekki innan þeirra heimilda sem lög gera ráð fyrir að stýra sínum fyrirtækjum miðað við hagsmuni þeirra að sjálfsögðu og miðað við hagsmuni þeirra byggða og þess fólks sem byggir afkomu

sína á fiskvinnslu, útgerð og sjómennsku.

Ég held að það sé alveg ljóst að það kerfi sem er í gildi núna getur ekki gengið. Þingmenn hafa komist að þeirri niðurstöðu að það verði að breyta því en nú rísa menn upp gegn því við þá umræðu sem hér er og mæla gegn þessum breytingum sem sjómenn og útvegsmenn hafa fallist á. Ég verð að segja alveg eins og er að ég er mjög undrandi á því að 1. þm. Austurl. skuli vera hér fremstur í flokki við að gagnrýna það sem hefur orðið að samkomulagi milli m.a. sjómanna og útvegsmanna.

[11:30]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta eru alveg nýjar fréttir að hér sé um samkomulagsmál að ræða milli sjómanna og útvegsmanna og væri nauðsynlegt að fá þetta samkomulag á borðið. Ég hef ekki séð það. Sjútvn. hefur ekki verið upplýst um slíkt samkomulag. Við hljótum að kalla eftir því að fá það samkomulag á borðið. Því ef hér hefur verið gert samkomulag við hagsmunasamtökin um málið ... (**StB:** Hefur þingmaðurinn ekki lesið umsagnir sem þessir aðilar veitt?) Ég hef lesið allar umsagnir í sambandi við þetta mál og ég veit alveg hver afstaða sjómannasamtakanna er. Þau eru hins vegar ekki alveg samstiga í málinu. En ég er ekki þeirrar skoðunar að mál þurfi endilega að vera alveg hárrétt jafnvel þótt sjómannasamtökin hafi ákveðna skoðun. Ég tek líka mark á skoðunum annarra í þessu sambandi. En mestu máli skiptir að hagkvæmnin sé höfð í fyrirrúmi. Ég heyri það á hv. þm. að hann telur aðalatriðið að breyta þessum lögum breytinganna vegna bara einhvern veginn. (**StB:** Það er rangt.) Hann flutti hér frv. með öðrum þingmönnum, dæmalaust frv., sem hefði nú orðið til þess, ef það hefði verið lögfest, að það væri ekki lengur hægt að tala um neina hagkvæmni í sjávarútveginum því það hefði nánast ekki verið hægt að reka hann. Þannig að ef aðalatriðið er að breyta bara til að breyta vegna þess að menn eru búnir að tala sig dauða í gagnrýni á þetta kerfi árum saman, án þess að hafa farið neitt ofan í það. Ég býst við að það sé það sem hefur komið fyrir hv. þm. og svo vill hann breyta breytinganna vegna en er alveg greinilega nákvæmlega sama um hvort það er hagkvæmt eða ekki. (**StB:** Hverju vill þingmaðurinn breyta?) (**Gripið fram í:** Engu.)

[11:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. til laga um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Allir hv. þm. þekkja og auðvitað öll þjóðin aðdragandann að þessu máli. Auðvitað er hann allur á ábyrgð hæstv. ríkisstjórnar sem með þeim aðferðum sem hún hefur notað við endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða hefur komið öllu í bál og brand í þessu þjóðfélagi. Það gerðist auðvitað eins og til var stofnað í upphafinu þegar ríkisstjórnin setti á fót tvíhöfða nefndina frægu sem gerði sínar tillögur án samráðs við fjölmarga aðila í þjóðfélaginu, án möguleika fyrir stjórnarandstöðuna og ýmsa aðila til að hafa áhrif eða koma á framfæri sínum ábendingum um hvað þyrfti að lagfæra í því fiskveiðistjórnunarkerfi sem við búum við. Þegar síðan tvíhöfða nefndin skilaði þessum tillögum sínum af sér þá neituðu sjómannasamtökin að taka þátt í því að ráðgast um þessar tillögur nema því aðeins að það yrði tekið á kvótabraskinu. Þannig lá málið fyrir fyrir ári síðan og ríkisstjórnin vissi að það stefndi í óefni og átök á milli útgerðarmanna og sjómanna. En það var ekkert gert til þess að reyna að leysa úr málinu. Það átti bara að keyra áfram með kíkinn á blinda auganu, halda sig við þessi sjávarútvegsfrumvörp sem búið var að semja og svo langt gekk þetta að sjávarútvegsfrumvörpin voru lögð fram óbreytt fyrir jólin þegar vantaði ekki nema nokkra daga í verkfall sjómanna. Þetta segir auðvitað sína sögu um það hvernig þessir hlutir hafa orðið til sem við erum með hér í höndunum og það er ekki nema eðlilegt að það verði átök um lok málsins. Þegar kom síðan að verkfallinu þá var greinilegt að vilji til samninga var ekki fyrir hendi. Og hvers vegna? Vegna þeirrar gömlu sögu að verkföll sjómanna hafa yfirleitt verið bönnuð. Ýmsir aðilar töldu að það væri nú kannski bara betra að það yrðu sett lög á verkfallið heldur en að farið yrði að semja og alvaran í samningunum var þess vegna ekki nægilega mikil. Síðan komu þessi bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar þar sem hún í raun og veru tók að sér að leysa málið og lausn hennar á málinu liggur nú hér á borðum hv. þm.

Ég tel að eftir atvikum sé ekki mjög margt við þessa niðurstöðu málsins að athuga sem hér er lögð fram. Ég tel að það hafi verið sanngjarnar kröfur sjómannasamtakanna að koma á einhvers konar samstarfsnefnd með þessum hætti eða líkum hætti og hér er lagt til. Og ég tel að það hafi verið eðlileg krafa sjómannasamtakanna að það yrði stoppuð af sú aðferð sem notuð hefur verið að láta sjómenn taka þátt í verslun með veiðiheimildir. En á bak við átökin í vetur í verkfallinu var það auðvitað stærst að ýmsir útgerðaraðilar og fiskvinnsluaðilar líka vildu að það yrði ekki samið um að sjómenn slyppu við að taka þátt í kvótakaupum og enn er spurningarmerki við það hvort þessi aðferð muni verða til þess að sjómenn verði losaðir undan því að taka þátt í kvótakaupum.

Það kom í ljós á fundi sjútvn. að skilningur á því frv. sem hér er til umræðu er ekki nákvæmlega eins hjá útvegsmönnum og sjómönnum. Það kom alveg skýrt fram frá hendi forustumanna LÍÚ og forustumanna fiskvinnslustöðva að þeir töldu að það væri hægt að halda áfram að versla með svipuðum hætti eða sama hætti með fisk og veiðiheimildir og vísa til seinni hluta yfirlýsingar sem fylgdi kjarasamningum sjómanna og útvegsmanna frá 1992. Sú yfirlýsing er að hluta til lögfest eða það er hér tillaga um að lögfesta hluta af þeirri yfirlýsingu núna í þessum lögum sem hér eru til umræðu en seinni hluti yfirlýsingarinnar er ekki með. Á grundvelli seinni hluta yfirlýsingarinnar telja útvegsmenn í landinu sig hafa verið að vinna í t.d. þessum svokölluðu tonn á móti tonni viðskiptum og hafa haldið því hiklaust fram og gerðu það á fundi sjútvn. að það væri í samræmi við þessa samninga sem sú verslun færi fram. Fyrri hluti yfirlýsingarinnar sem

vitnað er til í lögunum hér eða raunverulega er verið að lögfesta hér í lögunum hljóðar þannig, með leyfi forseta:

„Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimildum frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað."

En seinni hluti yfirlýsingarinnar hljóðar aftur á móti svona:

„Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samninga einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Þessi seinni hluti yfirlýsingarinnar hefur verið túlkaður með þeim hætti að það mætti taka hið raunverulega söluverð aflaheimildanna inn í fiskverðið þannig að skiptaverð sjómanna lækkaði um söluverð aflaheimildanna. Ég er hér með fyrir framan mig samkomulag, dæmi um samkomulag, sem er gert á milli áhafnar og útgerðar og þetta form er mér sagt að forsvarsmenn útvegsmanna í landinu hafi raunverulega látið fara til sinna umbjóðenda sem tillögu um það hvernig eigi að ganga frá samningum eins og þessum. Þetta samkomulag hljóðar svona, með leyfi forseta:

„Þar sem aflamark skipsins hefur verið skert fiskveiðiárið 1993–1994 eins og raun ber vitni og kvóti skipsins mun ekki þar af leiðandi endast út kvótaárið að óbreyttu eru aðilar sammála um að til þess að halda megi skipinu út til veiða lengri tíma kvótaársins verði að grípa til þess á kvótaárinu að veiða fyrir þriðja aðila. Veiði skipið fyrir þriðja aðila af kvóta sem hann á eða útvegar hvort heldur um er að ræða fiskverkanda, fiskmarkaði eða umboðsaðila, samanber 2. mgr. yfirlýsingar SSÍ og LÍÚ dags. 26. apríl 1992, skal draga andvirði kvótans frá söluverði aflans áður en til skipta kemur til áhafnar. Samkomulag þetta skal gilda kvótaárið 1993–1994 og til staðfestu framanrituðu samkomulagi skrifa aðilar nöfn sín hér undir."

Síðan skrifar áhöfnin og útgerðarmaðurinn undir. Þarna er verið að vísa til seinni hluta yfirlýsingarinnar. Og á fundi sjútvn. kom þessi fullyrðing fram. Ég tel að það sé alveg nauðsynlegt að skilningur á þessu atriði verði alveg klár. (**Gripið fram í:** Þessi yfirlýsing er ekki í yfirmannasamningunum?) Það kemur ekki til mála, finnst mér, að hv. Alþingi staðfesti hér lög þar sem mismunandi skilningur liggur fyrir frá upphafi á því hvernig eigi að framkvæma þau. Ég tel að það þurfi að liggja fyrir alveg skýrt hvað þingmenn eru að meina með því að standa að þessari lagasetningu.

Það er alveg rétt sem kom hér fram í framhjáhlaupi að þessi seinni hluti yfirlýsingarinnar sem er í samningum Sjómannasambands Íslands og Landsambands íslenskra útvegsmanna er ekki í öðrum samningum. Hann er ekki í samningum Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og ekki í samningum Vélstjórafélags Íslands. En samt hafa útgerðarmenn í þessu landi komist upp með að draga þessi verðmæti frá skiptaverði áður en til skipta kemur og það er alveg greinilegt að það er hugmyndin að halda því áfram.

Nú skal ég ekkert um það segja hvort það muni takast en ég tel að það sé a.m.k. nauðsynlegt að hv. Alþingi og hv. alþingismenn séu með alveg skýran hug í því hvað það er sem þeir eru hér að samþykkja í þessu efni.

Það var annars mjög undarlegt að hlusta á samningsaðilana í vetur þegar þeir voru að takast á í verkfallinu. Í fjölmiðlum viðurkenndu t.d. forustumenn íslenskra útvegsmanna aldrei að það væri verið að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Þeir sögðu að það hefði aldrei sannast. Samt liggur þessi yfirlýsing fyrir sem útgerðarmenn nota, sem ég las upp áðan. Síðan höfum við, allir þingmenn, fengið skjal í hendur, býst ég við, a.m.k. fékk ég það í gær, og það eru ábendingar frá einhverjum hópi útgerðarmanna sem hefur tekið sér nafnið atvinnumenn og greinir þá víst frá mönnum sem eru ekki atvinnumenn, sem ég veit nú ekki hverjir eru. En þessir aðilar, sem kalla sig atvinnumenn í útgerð og fiskvinnslu, segja hér á einum stað í sinni yfirlýsingu, með leyfi forseta, til upplýsingar fyrir þá sem kannski hafa ekki verið alveg vissir um það hvor aðilanna hefði haft rétt fyrir sér með það hvort sjómenn væru yfirleitt látnir taka þátt í kvótakaupum. Þá segir hér í einum stað í yfirlýsingu atvinnumannanna, sem hljóta um þetta gerst að vita. Þar er sagt undir fyrirsögninni Samráðsnefnd:

„Ef túlkun sjómannaforustunnar á orðum sjútvrh. um vinnutilhögun samráðsnefndar sjómanna og útgerðarmanna er rétt myndi útgerðarmaður vertíðarbáts þurfa að hækka launagreiðslur til sinna sjómanna í tonn á móti tonni viðskiptum um 25%." Þetta segja atvinnumenn. „Ef framlegð þess báts hefði verið 10% áður yrði hún mínus 4% eftir þessar greiðslur. Allir sem vilja sjá að þessi viðskipti yrðu úr sögunni ef fiskverðið yrði hækkað á þennan hátt."

Ætli menn þurfi nokkuð meiri staðfestingu á því hvað sjómenn hafa verið að segja um það hvernig þessir hlutir ganga fyrir sig annað heldur en þessa yfirlýsingu atvinnumanna í útgerð og fiskvinnslu sem láta þetta fara frá sér, að það muni 25% á kjörum þeirra sjómanna sem taka þátt í kvótakaupum með þessum hætti og hinna sem ekki gera það? En ég geri ekki ráð fyrir að menn muni eyða tíma sínum í það að rífast um þá hluti hér.

Ég vil til upplýsingar fyrir þingmenn til viðbótar við þetta, svo menn sjái þetta svart á hvítu — ég er hér með dæmi um hvernig einn mánuður lítur út hjá skipi sem var gert út frá Suðurnesjum í vetur. Þar kemur í ljós að hásetahlutur hefði átt að vera þennan mánuð, sem gekk mjög vel, 269 þús. kr., en var 161 þús. kr. Mismunurinn var tæplega 108 þús. kr. á því sem hefði átt að koma í hlut hásetans og því sem hann fékk.

Alþb. hefur fjallað um þessi mál. Á landsfundi flokksins í haust voru samþykktar tillögur um sjávarútvegsmál þar sem m.a. var tekin afstaða til þessara mála. Það stendur hér, með leyfi forseta, í ályktun landsfundar:

„Styðja ber baráttu sjómanna gegn viðskiptum með aflaheimildir sem fara fram á þeirra kostnað og banna á með lögum að sjómenn taki þátt í kostnaði við öflun veiðiheimilda." Síðan segir: „Meðan endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur yfir þarf að taka á þeim

vanda sem frjálst framsal aflaheimilda hefur skapað með reglum sem takmarka það verulega, m.a. þannig að fyrst og fremst verði um að ræða skipti á jafngildum veiðiheimildum og sveigjanleika ef bilanir eða óviðráðanlegar orsakir valda röskun á útgerð."

Ég tel rétt að vitna til þessarar ályktunar landsfundar til að menn átti sig á því að í raun og veru hefur Alþb. tekið afstöðu til þessara atriða. Þetta var síðan áréttað á miðstjórnarfund í vetur og ég vil, með leyfi forseta, vitna í þá ályktun. Þar segir m.a.:

„Afstaða Alþb. til grundvallaratriða þeirrar stefnumörkunar liggur fyrir [þ.e. stefnumörkunar í sjávarútvegsmálum og gagnvart endurskoðun fiskveiðistefnunnar] þar sem er í miðstjórnar- og landsfundarsamþykktum. Þar er krafan um afdráttarlausa tryggingu fyrir þjóðareign og auðlindum hafsins efst á blaði, en núverandi kerfi með frjálsu framsali aflaheimilda og sölu á óveiddum fiski í sjó samrýmist ekki þeirri grundvallarreglu."

Það er þess vegna af eðlilegum ástæðum sem við alþýðubandalagsmenn hljótum að lýsa yfir stuðningi við þessi frv. þó við höfum út af fyrir sig ekki ráðið um það með hvaða hætti þau hafa orðið til. Það er þá a.m.k. orðið ljóst að flokkurinn sem slíkur hefur tekið afstöðu til málsins, að það verður að koma þessum málum í betra horf heldur en þau hafa verið og samskiptum sjómanna og útgerðarmanna í eðlilegt horf.

Við höfum séð það hvernig þessir hlutir eru raunverulega að fara með grunninn undir hlutaskiptakerfi sjómanna og útgerðarmanna. Og við höfum hlustað á það í sjútvn. að fleiri en einn og fleiri en tveir útgerðarmenn sem komið hafa á fund nefndarinnar, sem vilja að þetta kvótakerfi verði sem allra frjálsast og framsalsréttur útgerðanna verði sem allra mestur, hafa sagt: Hlutaskiptakerfi sjómanna passar ekki við kvótakerfið. Það er full ástæða til þess að skoða þann möguleika að breyta þess vegna þessu kerfi, þ.e. hlutaskiptakerfi sjómannanna og það er greinilegt að sú barátta er hafin að leggja það niður.

Eins og ég sagði áðan þá er þetta mál auðvitað á ábyrgð hv. ríkisstjórnar. Ég tel samt að það sé full ástæða til þess fyrir þá sem vilja að þessum málum sé komið í eðlilegan farveg að styðja þessa lagasetningu. Ég geri ráð fyrir að við munum skoða vandlega að koma með brtt. eða viðbótartillögu við lögin um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun. Ef það kemst ekki betur á hreint í umfjöllun nefndarinnar hvor skilningur útgerðarmanna eða sjómanna á því hvað er verið að lögfesta er réttur að því leyti til þá er full ástæða til að það verði flutt brtt. sem tekur mjög skýrt á því máli til að forðast vandræði og erfiðleika sem hljóta að verða í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna ef Alþingi afgreiðir lög sem eru strax túlkuð á mismunandi hátt af samningsaðilum sem er raunverulega verið að ljúka samningum fyrir í svo mikilvægu máli.

[11:51]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að vísa því á bug að í starfi tvíhöfða nefndar hafi ekki verið haft samráð við þá aðila sem málið snertir. Í starfi nefndarinnar var haft mikið samráð. Nefndin fór fundaherferð hringinn í kringum landið og hlustaði á sjónarmið væntanlega 1.500 manns sem komu á þessa fundi, það voru haldnar margar og langar ræður og síðan gerði nefndin breytingar á sínum tillögum í framhaldi af þessari fundaherferð. Hins vegar liggur það alveg fyrir að margir áttu eftir ýmislegt ósagt við nefndina og við stjórnarflokkana þrátt fyrir allt þetta samráð. Ég hygg að það verði seint fjallað svo um þetta mál að menn þykist hafa talað út um það.

Það vekur hins vegar athygli mína að það er mikill mismunur á afstöðu Framsfl. og Alþb. til framsalsmálsins og það sýnir kannski betur en margt annað hvað það er erfitt að feta hinn vandratað meðalveg í þessu máli þar sem menn geta verið svona nokkurn veginn sáttir og við málið unað.

Varðandi útgangspunkt nefndarinnar um það hvað er ósanngjarnt verð þá er það mín skoðun eftir viðræður við fulltrúa sjómannasamtakanna að ef segjum sem svo að fiskkaupandi norður í landi sé að greiða um 60 kr. fyrir kíló af þorski af eigin skipum og kaupi síðan þorsk af skipi sem gert er út einhvers staðar annars staðar og borgi fyrir það 70 kr. á kíló þá er mjög erfitt fyrir sjómannasamtökin að segja með einhverjum rökum að 70 kr. verðið sé ósanngjarnt og það þurfi að hækka.

[11:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki gert mér grein fyrir því að hv. 5. þm. Norðurl. v. væri í andsvari við mig. Hann hélt hér merka ræðu og ég hlustaði á hana og ég greindi það ekki mjög að hann væri í andsvari við mig. En hann sagði þó eitt sem ég sé ástæðu til að vekja athygli á og það var að hann talaði um að það væri verulegur munur á afstöðu okkar alþýðubandalagsmanna til hins frjálsa framsals og framsóknarmanna. Það eru varla nýjar fréttir fyrir hv. þm. að vita það en ég geri ráð fyrir að hann hafi verið að taka eftir því að ég las upp úr samþykktum flokksins. Og við alþýðubandalagsmenn höfum verið að leggja það á okkur undanfarin missiri að samræma afstöðu okkar til grundvallaratriða í stjórnun fiskveiða. Það er þess vegna sem ég taldi ástæðu til þess að vekja athygli á samþykktum Alþb. Það er ekki til umræðu hér og ég vildi ekki eyða mínum tíma í það að fara yfir þær þrengingar á framsali sem er í frv. sem eru að birtast hér í dag á lögunum um stjórn fiskveiða. En það getur náttúrlega verið að menn hafi mismunandi afstöðu til þess þrátt fyrir að við höfum lýst því yfir að við teljum að þrengingar á framsali séu eðlilegar til þess að koma í veg fyrir að sjómenn verði látnir taka þátt í kvótakaupum.

[11:55]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Nú er loksins komið að því að á borð okkar þingmenna komi einhverjar afurðir frá bráðum þriggja ára starfi stjórnarflokkanna um mótun fiskveiðistefnunnar. Því miður verður það að segjast alveg eins og er að það er lítið kjöt á beinunum. **(SJS:**

Á ekki að vera fiskur á beinunum?) Það sem við höfum hér fyrir framan okkur er þegar ég tala um málið í heild samsuða sem byggist fyrst og fremst á því að stjórnarflokkarnir geti sýnt fram á að þeir hafi náð að lenda málinu. Og málefnastaðan virðist engu skipta. Það virðist öllu vera fórnandi fyrir samkomulagið. Það er kannski skiljanlegt því að hefði ríkisstjórnin ekki komið sér saman í þessu máli þá er vandséð hvað hún hafði að gera við að sitja lengur. En ég verð að segja það sem mína skoðun að þessi málamiðlun stjórnarflokkanna í fiskveiðimálunum er dýru verði keypt. Og ég hlýt að varpa þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. og hv. 5. þm. Norðurl. v. hvort þeir sjái virkilega ekki ástæðu til að taka tillit til varnaðarorða þeirra aðila sem hafa haft sig í frammi varðandi þetta mál á síðustu dögum. Finnst þeim engin ástæða til að taka tillit til varnaðarorða, svo ég nefni einhverja, forsvarsmanna Útgerðarfélags Akureyringa hf.? Forsvarsmanna fiskvinnslu og útgerðar á Sauðárkróki? Einróma ályktun bæjarstjórnar Sauðárkróks? Forsvarsmanna fiskvinnslu á Dalvík?

Ég nefni þessa aðila til þess að benda á einhverja sem hafa á síðustu árum verið að þróa landvinnslu, verið að þróa fullvinnslu, verið að byggja upp atvinnu í landi og mæla allir einróma á móti þeim breytingum sem nú er verið að gera í heild. Við hljótum að gera þá kröfu til forsvarsmanna stjórnarliðsins að þeir svari þessum spurningum, þeir svari því hvort þeim finnist engu máli skipta álit þessara aðila, sem margir hverjir hafa á umliðnum árum sannanlega verið burðarásar í uppbyggingu sjávarútvegsins. Og hafa verið að reyna að vinna eftir þeim reglum sem eru í gangi og menn hafa trúað að mundu gilda eitthvað lengur.

Varðandi þau mál sem hér eru til umfjöllunar sérstaklega, þ.e. samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og breytingar á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, þá hygg ég að um þær breytingar sé okkuð góð sátt enda hefðu menn átt að láta þar staðar numið í þessari umferð og láta á það reyna hvort þessar breytingar einar og sér hefðu ekki nægt. En samkomulagið blífur og í krafti málamiðlunar stjórnarflokkanna er nú stigið skref til baka frá þeirri þróun sem hefur verið síðustu ár. Sannarlega hafa breytingar á stjórn fiskveiða gerst þannig á síðustu árum að þær hafa alltaf byggst á málamiðlunum. Það viðurkenni ég. En þær málamiðlanir hafa gengið í ákveðna átt. Þær hafa gengið í þá átt að festa aflamarkskerfið í sessi. En nú er tekin sú ákvörðun að stíga skrefið til baka sem gerir það að verkum að útgerðaraðilar og fiskvinnslan verður aftur í óvissu. Menn verða engu nær um hvert framhaldið verður en hin eðlilega ályktun sem þessir aðilar draga af þessari breytingu er sú að nú hafi sú stefna verið tekin að hverfa í áföngum frá aflamarkskerfinu. Það er hin eðlilega ályktun sem menn hljóta að draga.

Virðulegi forseti. Þau frv. sem hér eru til umræðu hljóta eðli máls samkvæmt að leiða hugann að því sem er í frv. um stjórn fiskveiða sem ríkisstjórnin lagði fram í vetur og að brtt. við það sem hafa verið kynntar á síðustu vikum. En þær ganga, eins og hér hefur komið fram, í þá átt að skerða framsalsheimildirnar. Ég hygg að nánast allir þeir sem hafa komið að útgerð og fiskvinnslu á síðustu árum séu sammála um það að ef kvótakerfi er í gildi, aflamarkskerfi er í gildi, þá verða framsalsheimildirnar að vera sem frjálsastar. Það leiðir hugann að því að í raun eru ekki nema fjögur ár síðan aflamarkskerfi var komið á, síðan það náðist pólitísk samstaða um það. Þó svo illu heilli hafi smábátarnir verið undanskildir þá. Að mínu mati er þetta allt of skammur tími til að hverfa að einhverju leyti frá hinu frjálsa framsali á aflaheimildunum. Maður veltir því fyrir sér hvers þeir eiga að gjalda sem á síðustu árum hafa verið að byggja upp sína atvinnustarfsemi undir þessu kerfi. Hefur hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, kynnt sér sjónarmið umbjóðenda sinna? Hefur hann kynnt sér sjónarmið fiskverkafólks á Sauðárkróki, svo ég nefni einhverja aðila?

Það er mín skoðun að einstakir forustumenn sjómanna hafi í þessu máli farið offari í því sem þeir telja að sé að vernda hagsmuni sinna manna. Málið er svo einfalt að ef það er rétt, sem nánast er ekki dregið í efa, að þær breytingar sem nú er verið að gera ganga í þá átt að skerða framleiðnina í sjávarútvegi. Þær ganga í þá átt að skerða það sem er til skipta milli þeirra sem hafa laun sín af þessari atvinnu. Til lengri tíma litið getur það ekki komið öðruvísi út en á þann hátt að tekjur sjómanna lækka.

Virðulegur forseti. Ég ætla að lokum að víkja örfáum orðum að öðrum þætti sem tengist þessu máli og sem kom fram í samkomulagi stjórnarflokkanna í vetur þegar lagt var fram frv. að lögum um stjórn fiskveiða, þ.e. ákvæði um aflaréttindi smábáta. Það ákvæði að frá og með næsta fiskveiðiári verði bátum undir sex tonnum, sem verða þá á sóknarmarki, ætluð 22 þús. tonn af þorski og það verði dregið frá áður en kemur að annarri úthlutun.

Hafa menn gert sér grein fyrir því að þetta þýðir 8–10% samdrátt í þorskaflaheimildum þeirra sem eru á aflamarki? Hafa sjómannasamtökin gert sér grein fyrir því að þetta kemur beint niður á því sem er til skiptanna á milli sjómanna og útgerðarmanna á þeim skipum og bátum sem eru á aflamarki? Ég hef áður í þessum ræðustól lýst eftir talsmönnum til að mynda togarasjómanna hvað þetta varðar. Þetta er að renna upp fyrir hagsmunaaðilum, til að mynda á Norðurlandi eystra, sem eru að átta sig á því að þetta þýðir að það er verið að færa þessar heimildir frá þeim. Það er verið að færa þetta yfir á sóknarmark á krókaleyfisbátum og þeir aðilar sem koma til með að sækja þann afla eru ekki nema að mjög litlu leyti á Norðurlandi. Þeir eru á svæðinu fyrst og fremst frá Vestfjörðum að Reykjanesi og að einhverju leyti sunnan til á Austfjörðum.

Ég býst við að það muni heyrast hljóð úr horni frá þessum aðilum í haust þegar aflamarki verður úthlutað. Ég vil leyfa mér að fullyrða einnig að það að ekki hafi á fyrri stigum náðst pólitísk samstaða til þess að taka á þessu máli með öðrum þáttum í aflamarkskerfinu sé í dag að verða öllum til skaða og ekki síst þeim sem áður en þetta kerfi var sett á höfðu atvinnu sína af rekstri og útgerð á trillum. Þetta hafi að mörgu leyti

verið misskilin hagsmunagæsla. Og ég bendi einnig á það og ég get tekið undir að það geti verið skynsamlegt að taka hluta af þorskaflanum á handfæri. En ég er jafnsannfærður um að það er ekkert vit í því að ganga þannig frá kerfinu til frambúðar að þennan afla eigi fyrst og fremst að taka á báta sem eru sex tonn og minni á meðan tíu tonna bátarnir og þaðan af stærri, sem eru væntanlega miklu hagkvæmari og hagstæðari til þessara veiða, standa ónotaðir uppi á fjörukambinum.

Það er ekkert vit í þessu. Það verður að taka á þessu máli á þann hátt að þeir sem stunda trilluútgerð og hafa gert að aðalatvinnu hafi til þess tækifæri áfram. En ekki á þann hátt sem verið er að gera nú. Það eru engin önnur rök fyrir því að afli á svona litla báta hefur aukist eins mikið og raun ber vitni en þau að þarna var gat í kerfinu. Það eru engin hagkvæmnisrök. Auk þess sem þetta hefur leitt til miklu harðari sóknar en eðlilegt er með svo litla báta.

Virðulegur forseti. Ég ætla að hafa sem lokaorð mín í þessari umræðu tilvitnun í orð hv. 5. þm. Norðurl. e. sem hann viðhafði á fundi um atvinnumál norður á Akureyri fyrir nokkrum vikum. Á þeim fundi sagði hv. þm. að hann hefði bara eitt atriði fram að færa en sem hann taldi hins vegar svo mikilvægt fyrir atvinnulíf á því svæði að hann mundi taka þann tíma sem hann hefði í það eitt. Það var að við breytingar á fiskveiðistjórninni sem væri fram undan þá yrði ekkert gert til þess að hrófla við þeim frjálsu heimildum til framsals á aflamarki sem fyrirtæki á því svæði, sem við þingmenn þekkjum báðir vel, hefðu byggt sína afkomu og sínar framtíðaráætlanir á. Ég hlýt því að spyrja hv. þm. hvort hann ætlar að standa að þeim breytingum sem nú eru boðaðar á framsalsheimildum og aðilar, sem hv. þm. hefur væntanlega verið að tala til á þessum fundi, hafa mótmælt mjög harkalega og sýnt okkur fram á hvað gæti þýtt.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Nú er forseta vandi á höndum. Fjórir hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar og hv. talsmaður Kvennalistans er næstur á mælendaskrá og þarf að komast að fyrir hlé sem var meiningin að gera klukkan hálfeitt. Þá eiga að hefjast fundir í sjútvn. En forseti ætlar að grípa til þess ráðs að fara aðeins fram í hléið með fundinn og leyfa andsvör þannig að hver ræða verði ein mínúta. Það þýðir að við förum eitthvað fram í hádegisverðartímann en það verður þá að fresta fundinum lengur sem því nemur.

[12:13]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það hefði ekki verið nokkurt mál að leyfa sjónarmiðum fleiri flokka að komast að ef hæstv. forseti hefði ekki kosið að leyfa frekar tveimur framsóknarmönnum að tala. Ég hafði litið svo á að það væri farið eftir þeirri sjálfsögðu og eðlilegu vinnureglu, sem ég hef borið undir alla vega tvo aðra forseta núna síðan þetta kom upp á, að fyrst yrði fulltrúum frá fleiri flokkum en einhverjum afmörkuðum sem eru frekar fljótari að biðja um orðið eða frekar í náðinni, ég veit ekki hvað er, að koma sjónarmiðum ... (Gripið fram í.) Sú sem hér stendur var mætt á fund. Það var skyndilega breytt um en hún var hér innan seilingar og kom eins fljótt og hægt er og bað um orðið. En ég þarf ég að fara á annan fund klukkan hálfeitt og ég mun ekki vera á neinum framlengdum fundi. En ég geri alvarlegar athugasemdir við þessa breytingu á verklagsreglum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. afsökunar á þessu. Forseti viðurkennir að það hefði verið eðlilegra að gefa hv. 9. þm. Reykn. orðið þó svo hún hafi beðið um orðið á eftir hv. 6. þm. Norðurl. e. en við þessu verður því miður ekki gert héðan af og forseti endurtekur það að forseta þykir þetta leitt. En það er rétt eins og kom fram í máli hv. 9. þm. Reykn. að þetta er vinnuregla hér þó svo að beðið geti verið um orðið í annarri röð.

[12:14]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi varnaðarorð forustumanna þeirra fyrirtækja sem hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson ræddi um áðan þá vil ég vekja athygli hans á því að sjómenn á þeim stöðum sem þessi fyrirtæki starfa fóru í verkfall. Spurningin snýst þá um það: Af hverju fóru þessir sjómenn í verkfall þrátt fyrir það að vera að vinna gegn hagsmunum sinna fyrirtækja og sinna eigin hagsmuna, eins og hv. þm. heldur fram? Er það ekki svo að sjómenn hjá þessum fyrirtækjum standa enn þá að baki sjómannaforustunni í þeirri kröfugerð sem varð tilefni þeirrar málamiðlunar sem þetta mál allt saman byggist á?

[12:16]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta þótti mér magurt svar því alþingismönnum, sem ber skylda til þess að móta stefnu um sjávarútvegsmál þannig að hún verði öllum aðilum til hagsbóta, geta ekki skotið sér á bak við það að sjómenn á einhverjum tilteknum stöðum hafi farið í verkfall fyrir nokkrum mánuðum. Það hlýtur að vera skylda alþingismanna að ganga þannig frá þeim verkreglum sem gilda um stjórn fiskveiða að það skapi okkur sem mestan arð og að við höfum þar af leiðandi sem mest til skiptanna til launagreiðslna bæði fyrir landverkafólk og sjómenn. Ég minni hv. þm. á að verkafólk á Sauðárkróki, forusta verkalýðsfélagsins þar, er á öðru máli.

[12:17]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að okkur hv. þm. sé kunnugt um að það er hlutverk Alþingis að setja leikreglur um stjórn fiskveiða sem væntanlega eru þess eðlis að um þær geti skapast sem víðtækust sátt þannig að þeir aðilar sem við þær þurfa að búa geti starfað við þær í þokkalegum friði. Þannig var að sjómenn á öllum þessum stöðum fóru í verkfall. Þeir voru á þessum tíma studdir af verkalýðsfélögunum almennt. Það

er kannski eitthvað að breytast núna en enn þá hefur ekki komið neitt annað fram en að sjómenn á þessum stöðum hafi stutt og styðji enn þá sjómannaforustuna í málinu.

[12:18]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom fram í andsvari hv. þm. að sjónarmið manna gagnvart þessum málum væru e.t.v. eitthvað að breytast og ég held að það sé nefnilega málið. Þau eru meira en eitthvað að breytast, þau eru að breytast að verulegu leyti. En þrátt fyrir það á að keyra málið í gegn á grundvelli samkomulags sem er komið á samkomulagsins vegna. Það á að breyta breytinganna vegna, ekki vegna þeirra hagsmuna sem um er að ræða.

[12:18]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. fór mjög út um víðan völl í sinni ræðu og fjallaði um hluti sem eru óskyldir því frv. sem verið er að taka til umræðu. M.a. ræddi hv. 6. þm. Norðurl. e. mjög um það stjórnleysi sem ríkti í fjölgun krókabáta í tíð hæstv. fráfarandi sjútvrh. Það kemur því máli sem hér er verið að ræða samt sem áður ekki við. Aðalatriðið er það að hér var uppi krafa frá sjómannahreyfingunni um skerðingu á framsali í því skyni að mæta óskum þeirra. Nú spyr ég hv. þm.: Er það hans skoðun, úr því að hann segir að hvers konar skerðing á framsali sé skerðing á framleiðni í sjávarútvegi, að það hefði ekki í neinu átt að mæta þeim sjónarmiðum sem sjómenn voru með uppi? Er það hans skoðun að það hefði einfaldlega átt að segja sem svo: Þið hafi á röngu að standa, við munum í engu skerða framsalið vegna þess að við teljum það rangt og við munum ekki í neinu mæta ykkar óskum? Eru það skilaboð hv. 6. þm. Norðurl. e. til sjómannahreyfingarinnar í landinu á þessum degi?

[12:20]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ef hv. þm. hefði hlustað á ræðu mína frá upphafi þá hefði hann heyrt þá skoðun mína að við núverandi aðstæður ætti að lögfesta það frv. sem var verið að mæla fyrir núna og aðra lagabreytingu sem þar er. Koma á samstarfsnefndinni, lögfesta hana og láta þar við sitja í bili. Ég dreg mjög í efa að aðrar breytingar sem á að gera, samanber 50% og 15% regluna, séu til hagsbóta fyrir sjómenn ef við lítum á það mál til lengri tíma. Ég dreg það mjög í efa. Ég veit reyndar að það er engin samstaða um þær breytingar meðal sjómanna. Þar eru mjög mismunandi sjónarmið uppi. (Forseti hringir.)

Varðandi það sem hv. þm. sagði um að ég hefði farið út fyrir það mál sem hér er til umræðu (Forseti hringir.) þá kann það vel að vera rétt en það er jafnljóst að af hálfu ríkisstjórnarinnar eru öll þessi mál undir núna í einum pakka (Forseti hringir.) og þar er ekkert skilið á milli.

[12:21]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem liggur fyrir eftir þetta svar hv. 6. þm. Norðurl. e. er það að hann telur að það eigi ekki að ganga lengra til móts við þær óskir sem uppi voru um skerðingu á framsalinu en gert er ráð fyrir í þessu tiltekna frv. Það liggur í augum uppi og það liggur alveg fyrir að aðgerðir af því taginu og ákvörðun af því taginu hefði ekki leyst þá kjaradeilu sem uppi var. Við skulum ekki gleyma því að þessi kjaradeila snerist um þetta grundvallaratriði. Hún snerist um það að sjómenn töldu að þær framsalsreglur sem eru í núgildandi lögum gætu leitt til þess að þeir væru hlunnfarnir. Þess vegna þyrfti að gera breytingar á þeim lögum. Það er verið að gera með öðrum breytingum á öðrum lögum og mér er alveg fullkunnugt um það að sjómannahreyfingin hefur lýst efnislegum stuðningi við þær breytingar. Það er því rangt hjá hv. þm. að sjómannahreyfingin í landinu sé eitthvað út og suður varðandi það mál. Sjómannahreyfingin styður þær breytingar sem er verið að leggja til.

[12:22]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Frá því að þær deilur voru uppi í vetur sem leiddu til verkfalls þá hefur það runnið upp fyrir stöðugt fleirum og fleirum og ekki síst núna síðasta hálfa mánuðinn að þær breytingar sem nú er verið að leggja til að lögfesta á heftingu framsals, þ.e. 15% reglan og 50% reglan, munu mjög líklega leiða til skertra kjara landverkafólks, skertra kjara fiskverkunarfólks, sem hafa unnið hjá þeim fyrirtækjum sem hafa, m.a. í krafti framsals síns, notað það kerfi sem við búum við til þess að byggja upp vinnslu í landi. Þetta er sjónarmið sem okkur alþingismönnum er skylt að taka tillit til, til jafns við sjónarmið sjómanna þegar kemur að því að við breytum lögum um þessi mál.

[12:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var ýmislegt sem hv. þm. nefndi í sinni ræðu en ég tók eftir því að hann eyddi töluverðum tíma í það að fara yfir þau vandamál sem eru í kringum smábátana og þá stórkostlegu hættu sem af þeim stafar. Hann nefndi að það mundi verða 8%–10% skerðing á aflaheimildum annarra vegna þess að þeir fengju svona mikið til sín. Þá er hann líklega að reikna með því að þeir eigi ekki að fá nokkurn hlut. Ég vil vekja athygli á því að þegar verið er að tala um þessi mál þá eru þau sett mjög ósanngjarnt fram. Það er t.d. aldrei talað um 17.000 tonn sem eru sett til viðbótar til hinna aðilanna, sem nú er verið að bera saman, vegna tvöföldunar á línunni. Það er heldur aldrei minnst á það að 3.000 tonn af karfa sem ríkisstjórnin samdi um að láta útlendinga fá (Forseti hringir.) eru ekki dregin frá. Það er heldur ekki nefnt að þetta er í fyrsta skipti sem verið er að draga þessar tölur frá eftir að búið er að úthluta aflamarki.

[12:25]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Við úthlutun aflamarks á yfirstandandi fiskveiðiári var reiknað með 12.000 tonnum áður en aflamarki var úthlutað á aflamarksskipin. Samkvæmt þeim tillögum sem nú liggja fyrir eiga þetta að

vera 22.000. Þetta verður hvergi annars staðar tekið frá heldur en af aflamarki þeirra báta og togskipa sem eru undir því kerfi. Það liggur alveg ljóst fyrir, ef þetta gengur fram, að þetta þýðir skerðingu á þessu bili á þorskheimildum hjá þessum hluta flotans. Ég leyfi mér að fullyrða að það mun heyrast hljóð úr horni og ekki síst frá sjómönnum þegar þetta rennur upp fyrir viðkomandi aðilum.

[12:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er ekkert að halda einhverju öðru fram en að þetta hafi áhrif. Hins vegar finnst mér það ekki nógu gott þegar menn hafa ekki allar tölurnar með þegar verið er að finna út skerðinguna. Sá hópur sem er verið að tala um bætir sér þetta líka upp, t.d. með línutvöföldun. Það þarf auðvitað að sýna einhverja sanngirni í samanburðinum.

Ég vil síðan vekja athygli á því að það eru ekki bara smábátarnir sem hafa orðið til þess að minnka hlutdeild þeirra báta sem þarna er verið að hafa áhyggjur af. Ég hef t.d. eitt dæmi fyrir framan mig af bát sem aldrei hefur tekið til sín neinar aflaheimildir eða látið frá sér frá því að kvótakerfið var sett á. Hann hafði 0,24% aflahlutdeild árið 1993. Hann hafði 1988 0,14%. Hann hafði einungis 0,14% þá. (Forseti hringir.) Og hann hefur í dag 0,18%. Það eru því einhverjir aðrir en trillubátarnir sem höfðu af honum aflahlutdeildina á þessu tímabili. Það er ástæða til þess að vekja athygli á þessu líka.

[12:27]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. nefndi línutvöföldunina. Það er rétt, hún kemur litlum hluta flotans til góða, en ég bendi hv. þm. á að línutvöföldunin hins vegar skerðir aflamarkið hjá hinum. Það er því ekki svo að það komi öllum til góða.

Varðandi hins vegar smábátana þá vil ég taka það skýrt fram að það er ekki mín skoðun að ekki sé skynsamlegt að taka hluta af þorskinum á króka, á handfæri, en ég leyfi mér hins vegar að segja að það er ekkert vit í því að setja það í lög að 22.000 af þorski verði að taka á báta sem eru sex tonn og minni. Það er algjörlega glórulaust. Að sjálfsögðu væri miklu skynsamlegra að taka þennan krókaafla á báta sem eru (Forseti hringir.) í betri færum til þess.

[12:28]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Norðurl. e. vitnaði réttilega að mér fannst í ummæli mín á fundi á Akureyri um atvinnumálin. Þar lýsti ég þungum áhyggjum af því að framsalsheimildir væru takmarkaðar og hafði fulla ástæðu til þess að hafa áhyggjur af því. Starfandi aðilar í sjávarútvegi, ekki síst á því svæði sem ég þekki best til, eru mér sammála um að það sé full ástæða til að hafa áhyggjur af því.

Ég hygg að frelsi til framsals á aflaheimildum hafi staðið undir verulegri hagræðingu í sjávarútvegi og fiskvinnslu. Hins vegar er það svo að þeir aðilar sem reka sjávarútvegsfyrirtækin og eru sammála mér um það að frjálst framsal á aflaheimildum sé mjög mikilvæg undirstaða þess að ná fram góðum árangri í fiskvinnslu og sjávarútvegi höfðu gefist upp við það, hv. þm., að leysa þá deilu sem um var að ræða. Þeir gátu ekki leyst hana. Það urðu aðrir að gera fyrir þá. Ríkisstjórnin varð að gera það með bráðabirgðalögum. Það er því verið að grípa til neyðarúrræðis og öllum er ljóst að það verður einhver að greiða fyrir það neyðarúrræði.

[12:29]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta var afar athyglisverð yfirlýsing frá hv. þm. Hann lýsir því hér yfir að þær breytingar sem ríkisstjórnin stendur að séu neyðarúrræði vegna þess að aðilar málsins komu sér ekki saman í vetur. Það sé neyðarúrræði og að sjálfsögðu verði einhver að greiða fyrir það neyðarúrræði. Hv. þm. er sem sagt að taka undir þá gagnrýni okkar framsóknarmanna hér að hér sé verið að gera breytingar sem til lengri og skemmri tíma skerði virðisaukann í íslenskum sjávarútvegi. Ég hlýt að spyrja hv. þm.: Ætla þeir þingmenn í stjórnarliðinu sem eru þessarar skoðunar að fylgja þessari breytingu eftir?

[12:31]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur legið ljóst fyrir síðan bráðabirgðalögin voru sett að þetta mál verður ekki leyst gagnvart sjómönnum öðruvísi en að gera einhverjar þrengingar á framsalsheimildunum. Það verður ekki gert öðruvísi en að færa þessar fórnir. Spursmálið er fyrst og fremst hvernig við metum afleiðingarnar af þessum hlutum, hversu alvarlegar þær eru. Ég held að það fari bara ekkert milli mála og hvorki hv. þm., sem ég er að ræða við, né ég sjálfur gerum ágreining um að þetta verður ekki gert öðruvísi en með einhverjum tilkostnaði. Það verður að segjast eins og er að því miður hefur það gerst í þjóðfélaginu á þessum vetri að tiltrú manna á kvótakerfinu hefur stórlega bilað. Því miður. Og ástæðan fyrir því er kannski ekki hvað síst þau göt sem hv. þm. nefndi sérstaklega að hefðu verið á kvótakerfinu sem leiddu til þess að smábátaflotinn óx gífurlega. Það er einnig vandamál sem verður að taka á og þeir standa náttúrlega ábyrgir fyrir því sem stjórnuðu þessum málum þegar flotinn óx.

[12:32]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. sagði að það hefði gerst á þessum vetri að tiltrú manna á kvótakerfinu, á aflamarkskerfinu með framsali, hafi bilað. Það er rétt svo langt sem það nær. Sú umræða var uppi en hún var mjög hávær á miðjum vetri. Ég hygg hins vegar að á síðustu viku hafi sú umræða í grundvallaratriðum breyst. Það hefur runnið upp fyrir aðilum eins og Verkamannasambandi Íslands að þetta kerfi hafi nú kannski ekki verið svo albölvað. Það gæti vel verið að það hafi fært sjávarútveginum verulegan virðisauka, það hafi stuðlað á vissum stöðum að aukinni landvinnslu og fullvinnslu og það sé verið að stefna þessu öllu í hættu. Það er Verkamannasambandið að segja í dag. Það er það sem þeir aðilar sem hafa verið að

byggja þessa atvinnu upp eru að segja í dag. Og okkur sem alþingismönnum ber að hlusta á þessar raddir.

[12:33]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Nú er komið að fundartíma nefnda og í mínu tilviki á ég að vera á tveimur nefndarfundum núna kl. hálfeitt. Hér höfum við heyrt mjög ítarlega rædd sjónarmið framsóknarmanna og rætt um þau og lítillega frá fulltrúum tveggja annarra flokka. Ég held að það hefði auðgað þessa umræðu ef fram hefðu komið fleiri sjónarmið. T.d. vil ég vekja athygli á því að Kvennalistinn hefur alltaf haft mjög sérstaka stefnu í sjávarútvegsmálum og það hefði e.t.v. getað gert þessa umræðu dálítið minna einsleita en hún var ef það hefði verið hægt að hleypa þeim sjónarmiðum að. En það var ekki val forseta að gera það og hún hefur gefið sínar skýringar á því og ég virði það. En ég vil hins vegar spyrja hæstv. forseta hvenær verði framhald á þessum umræðum því hér voru gefin ákveðin fyrirheit um að fólk hefði möguleika á því að vinna sitt verk varðandi þau fjögur frv., sem á tímabili leit út fyrir að yrðu fimm um stjórn fiskveiða, sem er meiningin að ræða. Ég vil fá að vita tímaáætlanir og hvort það er mögulegt að svara því hlutverki sem okkur sem störfum í eða í jaðri sjútvn. er ætlað að koma af okkur. Ég vil fá að vita það frá forseta núna hver vinnuáætlunin er og hvort það er mögulegt að fylgja henni.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hélt að það væri útrætt mál sem varðar það að hv. þm. komst ekki að til að flytja sína ræðu fyrir hádegi og forseti hefur beðið hv. þm. afsökunar á því þó það sé í sjálfu sér ekkert í þingskapalögum sem segi að það eigi að gefa hv. þm. orðið í þeirri röð að það skiptist jafnt á milli flokka. Varðandi það sem þingmaðurinn spurði um og snertir áframhaldandi þingstörf í dag þá er erfitt að svara því nákvæmlega á þessari stundu. Það er ákveðið að gera núna hlé á fundinum til kl. þrjú þannig að það gefist tími til nefndafunda og eins þingflokksfunda. En forseti getur líka greint frá því að um fjögurleytið er reiknað með atkvæðagreiðslu og þá verður sennilega settur nýr fundur. Á þeirri dagskrá er gert ráð fyrir að verði m.a. stjórn fiskveiða. En eins og hv. þm. veit er á þessum síðustu dögum mikið byggt á samkomulagi milli þingflokka og í hléinu verður að sjálfsögðu komið saman og reynt að ná niðurstöðu um framhald fundarins.

[12:36]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég var einungis í upphafi að ræða yfirbragð þessarar umræðu og skoðanir mínar á því sem ég tel að sé hluti af því hvernig forseti stýrir. Að öðru leyti var það mál útrætt. Það var aðeins spurning um jafnvægi milli viðhorfa og mér finnst það skipta máli varðandi framhaldið. Þess vegna tengdi ég þetta tvennt. Ég vil alla vega taka það fram að miðað við það svigrúm sem var ætlast til að okkur yrði gefið sem þurfum að ganga frá ræðum þá er það engan veginn fullnægjandi ef við eigum að byrja kl. þrjú eða fjögur í krefjandi umræðu þar sem það er þegar búið að ráðstafa þessu hléi í ýmsa fundi. Ég tek það skýrt fram að mér finnst þau sjónarmið verða að komast á framfæri þegar þetta mál verður tekið upp núna annaðhvort innan forsætisnefndar eða milli þingflokksformanna að það verður að veita þokkalegan tíma. Við sem erum bundin í þeirri umræðu, sem hefði að réttu átt að vera komin vel í gang í morgun ef það hefði verið byrjað á réttum tíma og það er ekki sök forseta að það var ekki gert, getum ekki á sama tíma verið að undirbúa okkur undir hina miklu umræðu um stjórn fiskveiða.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur heyrt þessar ábendingar frá hv. þm. og verða þær að sjálfsögðu hafðar til hliðsjónar þegar tekin verður ákvörðun um framhald fundarins.

Útbýting þingskjala:

Auðlindakönnun í öllum landshlutum, 172. mál, nál. iðnn., þskj. 1088.

Ríkisreikningur 1991, 36. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 1083.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hafði greint hér frá því að nú yrði umræðu um 1. dagskrármál frestað og fundinum frestað til kl. þrjú.

[Fundarhlé. — 12:38]

Útbýting þingskjala:

Rannsóknir á atvinnulífi og náttúrauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, 321. mál, nál. iðnn., þskj. 1089.

Rannsóknarráð Íslands, 477. mál, þskj. 1072.

Stjórn fiskveiða, 283. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1090; brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1091.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að umræðum um 1. dagskrármálið verður nú frestað um sinn en tekin nokkur mál sem eru samkomulagsmál og verður byrjað á 18. dagskrármáli.

Umræðu frestað.

Brunatryggingar, 2. umr.

Stjfrv., 577. mál (heildarlög). — Þskj. 896, nál. 1067, brtt. 1068.

[15:04]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá hv. heilbr.- og trn. um frv. til laga um brunatryggingar.

Í nefndinni varð eining um þetta mál eins og það liggur núna fyrir með hjálögðum brtt. að undanteknum eftirtöldum hv. þm. er rita undir nál með fyrirvara, þeim Finni Ingólfssyni, Margréti Frímannsdóttur, Ingibjörgu Pálmadóttur og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að 2. gr. verði breytt þannig að unnt sé að fela annaðhvort dómkvöddum matsmönnum eða Fasteignamati ríkisins virðingu skylduvátryggðra húseigna. Nefndin telur rétt að fleiri en Fasteignamat ríkisins geti annast matið og leggur til að tryggingafélögum verði frjálst að semja við aðra, dómkvadda matsmenn, um að annast þetta mat. Nefndin leggur þó til að kveðið verði á um að virðingin sé gerð á grundvelli matseiningakerfis Fasteignamats ríkisins og að dómkvöddum matsmönnum verði skylt að tilkynna Fasteignamatinu um virðingu. Þannig er tryggt eftirlit með því að allar húseignir í landinu séu á hverjum tíma brunatryggðar.

Enn fremur telur nefndin mikilvægt að eftirfarandi komi fram: Í 1. tölul. ákvæðis til bráðabirgða segir að tekjur sem Reykjavíkurborg kunni að hafa af rekstri Húsatrygginga Reykjavíkur skuli leggja í sjóð til eflingar brunavörnum og tryggingarstarfsemi. Nefndin vill leggja áherslu á að skýrt kom fram við umfjöllun um málið að ekki er með því átt við að Húsatryggingar Reykjavíkur geti að óbreyttu haslað sér völl á öðrum tryggingarsviðum en brunatryggingum húseigna. Til að slíkar breytingar kæmu til framkvæmda þyrfti að breyta samþykktum um starfsemi Húsatrygginga Reykjavíkur og endurskoða núgildandi rekstrarleyfi Húsatrygginga. Þá vill nefndin einnig taka fram að þrátt fyrir að frv. geri ráð fyrir að kveðið sé á um framtíð Húsatrygginga Reykjavíkur í ákvæði til bráðabirgða er ákvæðinu ekki markaður tiltekinn gildistími. Ákvæðið mun standa óhaggað svo lengi sem menn kjósa að starfrækja Húsatryggingar Reykjavíkur. Talsverðar umræður urðu í nefndinni um hlutverk fasteignamats, sem skattmats, annars vegar og brunabótamats hins vegar. Nefndin vill leggja áherslu á að grundvöllur fasteignamats húseigna verði ekki hinn sami og grundvöllur brunabótamats og að þessum þáttum verði haldið aðskildum.

Virðulegi forseti. Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði málið afgreitt til 3. umr.

[15:07]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. formanns heilbr.- og trn. þá skrifar öll nefndin undir en minni hlutinn þó með fyrirvara. Ég vil aðeins að það komi fram að fyrirvari minn liggur í því að mér hefði fundist eðlilegt að lög um Brunabótafélag Íslands hefðu fengið sambærilega meðhöndlun og Húsatryggingar Reykjavíkur. Brunabótafélagið hefur, eins og mun koma í ljós á eftir því við erum einnig að fjalla um það í dag, aðlagað sig þeim kröfum sem gerðar voru vegna EES. Hins vegar hafa Húsatryggingar Reykjavíkur viljað fá að starfa áfram og fengu undanþáguheimild til þess og okkur hefði fundist eðlilegt að Brunabótafélag Íslands, sem samdi við mjög mörg sveitarfélög á landinu, sætti sömu kjörum. Í því liggur fyrirvarinn. Að öðru leyti er þetta hið besta mál.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 578. mál. — Þskj. 897, nál. 1069.

[15:08]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegi forseti. Ég vil geta þess að um nál. um frv. til laga um eignarhaldsfélag Brunabótafélags Íslands varð góð eining að undanteknu því að Finnur Ingólfsson, Margrét Frímannsdóttir og Ingibjörg Pálmadóttir rita undir það með fyrirvara. Að öðru leyti leggur nefndin til að frv. verði samþykkt óbreytt eins og það var lagt fyrir.

Ég legg til að að lokinni 2. umr. verði frv. vísað til 3. umr. ásamt brtt.

[15:09]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil gera grein fyrir því hvers vegna við í minni hluta heilbr.- og trn. undirritum nál. með fyrirvara vegna þess að það var mjög góð samstaða í nefndinni um afgreiðslu frv. og hefur ekkert með það að gera. Við teljum frv. vel unnið og styðjum það heils hugar en viljum þó að það komi fram að við teljum að Brunabótafélag Íslands og Húsatryggingar Reykjavíkur hefði átt að meðhöndla á sama hátt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vátryggingastarfsemi, 2. umr.

Stjfrv., 450. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 663, nál. 1065, brtt. 1066.

[15:10]

Frsm. heilbr.- og trn. (Gunnlaugur Stefánsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um vátryggingastarfsemi.

Hv. heilbr.- og trn. var einhuga um afgreiðslu málsins til 2. umr. eins og fram kemur í nál. og hjálögðum brtt. Ég vil í örstuttu máli gera grein fyrir brtt.

1. Lagt er til að 27. gr. verði breytt með þeim hætti að staðfesting Vátryggingaeftirlitsins verði ekki beinlínis forsenda þess að breytingar á samþykktum vátryggingafélags öðlist gildi eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Talið er að slíkt fortakslaust skilyrði sé of bindandi fyrir félögin, enda þótt eðlilegt sé að Vátryggingaeftirlit fái upplýsingar um þær breytingar sem verða á starfsemi vátryggingafélaga. Því er hér lagt til að slíkar breytingar verði tilkynntar innan viku frá samþykkt þeirra þannig að eftirlitinu gefist tækifæri til að gera athugasemdir við þær innan tveggja mánaða.

2. Breytingar þær, sem lagðar eru til á 56., 62. og 63. gr. eru af sömu rót runnar. Nefndin leggur til að rýmkaður verði réttur vátryggingataka skv. 62. og 63. gr. Í þessum ákvæðum frumvarpsins felst að íslensk lög gildi fortakslaust um þá vátryggingasamninga sem Íslendingar kjósa að gera við erlend vátryggingafélög, en að vátryggingataki geti ekki valið sjálfur hvaða reglur hann kýs að semja um. Nefndin telur þessi skil-

yrði óeðlilega þröng og að þau hefti jafnt vátryggingataka og vátryggingafélög og séu þannig í andstöðu við grundvallarmarkmið um frelsi á þessu sviði. Því er lagt til að vátryggingataki geti samið um að löggjöf heimaríkis vátryggingafélags gildi um vátryggingasamninginn. Nefndin telur þó mikilvægt að hagsmunir vátryggingataka séu tryggðir, ekki síst þegar um er að ræða samninga á sviði líftrygginga. Því er lagt til að samhliða rýmkun á 62. og 63. gr. verði gert að skilyrði að vátryggingataka hafi verið kynnt ítarlega efni þeirrar löggjafar sem hann kýs að gangast undir. Leitast er við að tryggja það með breytingu sem lögð er til í 56. gr. frumvarpsins sem kveður á um upplýsingaskyldu.

3. Lagt er til að hinn svonefndi „iðrunarréttur", sem kveðið er á um í 60. gr., gildi einungis um líftryggingar sem teknar eru til sex mánaða eða lengri tíma. Með því er komið í veg fyrir hugsanlega misnotkun vátryggingataka, þ.e. að menn taki slíka tryggingu í tengslum við tiltekna tímabundna áhættu, svo sem vegna lífshættulegrar aðgerðar, en segi henni síðan upp innan 30 daga frestsins.

4. Lagt er til að bætt verði við í ákvæði til bráðabirgða nýrri málsgrein sem tryggi að unnt verði að framfylgja nauðsynlegu eftirliti stjórnvalda með starfsemi erlendra vátryggingafélaga hér á landi. Fyrir liggur að ákvæði tiltekinna gerða EES-samningsins munu ekki taka gildi á sama tíma í öllum aðildarríkjum samningsins og kunna þá lagareglur, reistar á eldri gerðum, enn að vera í gildi í sumum aðildarríkjum. Með breytingunni, sem hér er lögð til, er komið í veg fyrir að misræmi skapist í framkvæmd eftirlits með vátryggingastarfsemi í samskiptum ríkjanna.

Virðulegi forseti. Undir þetta rita ásamt frsm. er hér stendur, Guðmundur Hallvarðsson, Finnur Ingólfsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Margrét Frímannsdóttir, Sigríður A. Þórðardóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Sólveig Pétursdóttir og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.

Ég legg til að þessu máli verði vísað til 3. umr. að lokinni þessari umræðu.

[15:14]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þó við hefðum tiltölulega stuttan tíma til að fjalla um þessi þrjú frv. sem hér eru til afgreiðslu þá vil ég að það komi fram að það komu mjög margir aðilar eins og sést á nál. til fundar við nefndina. Ég hef komið hér og rætt annað mál, stórt mál sem er hjá hv. heilbr.- og trn., lyfjalög, og gagnrýnt vinnubrögð og framsetningu á texta þannig að ég vil að sjálfsögðu segja það sem jákvætt er að ég tel að vinnubrögðin við þessi frumvörp séu til fyrirmyndar. Einu athugasemdirnar sem komu voru frá tryggingamiðlurum sem komu á fund nefndarinnar og var komið til móts við þá með þeim brtt. sem hér eru og allir, held ég, hafi fallist á. En ég vil þakka fyrir þá vinnu sem nefndin lagði í þessi frv.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjals:

Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, 470. mál, brtt. menntmn., þskj. 1092.

Vöruflutningar á landi, 2. umr.

Stjfrv., 561. mál (EES-reglur). — Þskj. 874, nál. 1045.

[15:16]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta til laga um vöruflutninga á landi.

Nefndin fékk á sinn fund Jón Birgi Jónsson ráðuneytisstjóra og Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í samgönguráðuneytinu, og þá Sigurgeir Aðalgeirsson, formann Landvara, sem er landsfélag vörubifreiðaeigenda á flutningaleiðum, og Guðmund Arnaldsson, framkvæmdastjóra þess félags.

Þessir aðilar ásamt öðrum sem að málinu hafa komið leggja til að frv. verði samþykkt. En rétt er að geta þess að þeir fulltrúar Landvara telja þörf á því að sett verði viðtækari löggjöf um vöruflutninga á landi heldur en í gildi er og heldur en það sem felst í frv. Frv. felur fyrst og fremst í sér að það er verið að tryggja réttindi okkar Íslendinga til þess að taka þátt í flutningum á landi innan EES-svæðisins þannig að íslenskir flutningaaðilar geti notað sér kosti EES-samningsins með eðlilegum hætti.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt en fjarverandi við afgreiðslu málsins voru þeir hv. þm. Egill Jónsson og Guðni Ágústsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alþjóðadómstóllinn sem fjallar um stríðsglæpi í Júgóslavíu, 2. umr.

Stjfrv., 568. mál. — Þskj. 881, nál. 1058, brtt. 1059.

[15:22]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um réttaraðstoð við alþjóðadómstólinn sem fjalla um stríðsglæpi í ríkjum fyrrverandi Júgóslavíu. Nál. er á þskj. 1058 og brtt. frá nefndinni á þskj. 1059.

Nefndin fjallaði um málið og fékk á fund sinn Þorstein A. Jónsson, skrifstofustjóra frá dómsmálaráðuneytinu.

Tilgangur frumvarpsins er að framfylgja af Íslands hálfu þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem leiða af ályktun samþykktar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna nr. 827 frá 25. maí 1993 um að koma á fót alþjóðlegum dómstóli þar sem rekin verða mál gegn mönnum sem taldir eru ábyrgir fyrir alvarlegum brotum á al-

þjóðlegum mannúðarreglum frömdum í Júgóslavíu, sem svo hét, frá og með 1. janúar 1991. Þar sem þessi ályktun er tekin með vísan til VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða eru aðildarríki Sameinuðu þjóðanna skuldbundin til nauðsynlegra aðgerða til að unnt sé að framfylgja henni. Ekki er gert ráð fyrir að dómstóllinn, sem hefur aðsetur í Haag í Hollandi, verði varanlegur heldur er honum ætlað að starfa þar til öryggisráðið ákveður annað.

Aðildarríki Sameinuðu þjóðanna eru skv. VII. kafla sáttmála hinna Sameinuðu þjóða skuldbundin til að starfa með dómstólnum og sjá til þess að viðkomandi yfirvöld framfylgi beiðnum hans um réttaraðstoð. Er mikilvægt að frumvarp þetta nái nú fram að ganga þar sem gert er ráð fyrir að dómstóllinn, sem var skipaður síðastliðið haust, hefji meðferð mála ekki síðar en í byrjun júlí á þessu ári.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Vegna ábendinga um að orðalag 3. mgr. 5. gr. kynni að vera óljóst er lagt til að skýrt verði kveðið á um að sá sem úrskurðaður hefur verið í gæsluvarðhald vegna framsalsbeiðni geti eftir 30 daga frá þeim úrskurði krafist úrskurðar dómstóls um hvort hann skuli sitja áfram í gæsluvarðhaldi.

Gísli S. Einarsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarstaddir afgreiðslu málsins.

Þeir sem undirrita nál. eru Sólveig Pétursdóttir, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Jón Helgason, Tómas Ingi Olrich, Kristinn H. Gunnarsson, Ingi Björn Albertsson og Árni M. Mathiesen.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 15:25]

Háskólinn á Akureyri, frh. 3. umr.

Stjfrv., 531. mál (framgangskerfi kennara). — Þskj. 830.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:05]

Frv. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (BBj, EgJ, EKJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, TIO) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1097).

Framleiðsla og sala á búvörum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 579. mál (greiðslumark sauðfjárafurða). — Þskj. 1074.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:06]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1098).

Útflutningur hrossa, frh. 2. umr.

Frv. landbn., 608. mál (flutningur með áætlunarskipum). — Þskj. 999.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:07]

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

20 þm. (ÁRÁ, BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KE, LMR, MF, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

18 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Merkingar varðandi orkunotkun heimilistækja, frh. 3. umr.

Stjfrv., 532. mál. — Þskj. 1078.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:08]
Frv. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, LMR, MF, ÓRG, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
4 þm. (AÓB, JVK, KÁ, KE*) greiddu ekki atkv.
17 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, PJ, RA, StG) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1099).

Sala notaðra ökutækja, frh. 3. umr.

Stjfrv., 389. mál. — Þskj. 1079.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1100).

Vöruflutningar á landi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 561. mál (EES-reglur). — Þskj. 874, nál. 1045.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:09]
1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
22 þm. (BBj, EgJ, FI, GuðjG, GB, GHall, GunnS, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, StG, SvG) fjarstaddir.

2.–7. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
19 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, RG, StG, SvG, VE) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, SighB, StG) fjarstaddir.

Alþjóðadómstóllinn sem fjallar um stríðsglæpi í Júgóslavíu, frh. 2. umr.

Stjfrv., 568. mál. — Þskj. 881, nál. 1058, brtt. 1059.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:11]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, VE) fjarstaddir.

Brtt. 1059 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ,

SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, StG) fjarstaddir.

6.–16. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JóhS, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Brunatryggingar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 577. mál (heildarlög). — Þskj. 896, nál. 1067, brtt. 1068.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:13]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (BBj, EgJ, FI, GB, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, RA, StG) fjarstaddir.

Brtt. 1068 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

3.–6. gr. og ákv. til brb. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (BBj, EgJ, EKG, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 578. mál. — Þskj. 897, nál. 1069.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:15]
1. gr. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

2.–18. gr. og ákv. til brb. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
16 þm. (BBj, EgJ, EKJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Vátryggingastarfsemi, frh. 2. umr.

Stjfrv., 450. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 663, nál. 1065, brtt. 1066.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:16]
1. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
17 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, KHG, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, SJS) fjarstaddir.

2.–26. gr. samþ. án atkvgr.

Brtt. 1066,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁMM, BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

27. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
28.–55. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1066,2–5 samþ. án atkvgr.
56.–63. gr., svo breyttar, samþ. án atkvgr.
64.–100. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1066,6 samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 3.–4., 9., 11.–14., 17. og 21.–24. mál.

Fundi slitið kl. 16:20.

---

144. FUNDUR

fimmtudaginn 28. apríl,
að loknum 143. fundi.

Dagskrá:

1. Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv., 614. mál, þskj. 1073. — Frh. 1. umr.
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 360, nál. 1090, brtt. 1091. — 2. umr. *Ef leyft verður.*
3. Landsbókasafn Íslands Háskólabókasafn, stjfrv., 470. mál, þskj. 1071, brtt. 1092. — 3. umr.
4. Rannsóknarráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 1072. — 3. umr.
5. Útflutningur hrossa, frv., 608. mál, þskj. 999. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
6. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009. — Frh. 2. umr.
7. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 1012, brtt. 1011. — 2. umr.
8. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 246. mál, þskj. 285, nál. 1013, brtt. 1014. — 2. umr.
9. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 393, nál. 1003, brtt. 1004. — 2. umr.
10. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602, nál. 1000. — 2. umr.
11. Vöruflutningar á landi, stjfrv., 561. mál, þskj. 874. — 3. umr. *Ef leyft verður.*
12. Alþjóðadómstóllinn sem fjallar um stríðsglæpi í Júgóslavíu, stjfrv., 568. mál, þskj. 1101 (sbr. 881). — 3. umr. *Ef leyft verður.*
13. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum,

stjfrv., 551. mál, þskj. 862, nál. 1085 og 1094. — 2. umr.

14. Brunatryggingar, stjfrv., 577. mál, þskj. 1102 (sbr. 896) — 3. umr. *Ef leyft verður.*

15. Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, stjfrv., 578. mál, þskj. 897. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

16. Vátryggingastarfsemi, stjfrv., 450. mál, þskj. 1103 (sbr. 663). — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962. — Frh. 2. umr.

18. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 1. umr.

19. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001, brtt. 1002. — 2. umr.

20. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með mörg þeirra mála sem á dagskrá eru og útbýtt hefur verið að ýmist er of skammt liðið frá 2. umr. eða útbýtingu þingskjala, samanber dagskrána, og þarf því að leita afbrigða um að þessi mál megi koma á dagskrá og til afgreiðslu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:30]
Afbrigði samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

19 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn, 3. umr.

Stjfrv., 470. mál. — Þskj. 1071, brtt. 1092.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:32]
Brtt. 1092 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HBl, HG, JÁ, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, HÁ, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, KE, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, IBA, ISG, IP, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1104).

Útflutningur hrossa, 3. umr.

Frv. landbn., 608. mál (flutningur með áætlunarskipum). — Þskj. 999.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:33]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, IBA, ISG, IP, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1105).

Vöruflutningar á landi, 3. umr.

Stjfrv., 561. mál (EES-reglur). — Þskj. 874.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:34]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, IBA, ISG, IP, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1106).

Alþjóðadómstóllinn sem fjallar um stríðsglæpi í Júgóslavíu, 3. umr.

Stjfrv., 568. mál. — Þskj. 1101 (sbr. 881).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, IBA, ISG, IP, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1107).

Brunatryggingar, 3. umr.

Stjfrv., 577. mál (heildarlög). — Þskj. 1102 (sbr. 896).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:35]
Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (BBj, EgJ, FI, GuðjG, GHall, IBA, ISG, IP, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1108).

Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 578. mál. — Þskj. 897.

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:36]
Frv. samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, IBA, ISG, IP, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1109).

Vátryggingastarfsemi, 3. umr.

Stjfrv., 450. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1103 (sbr. 663).

Enginn tók til máls.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:37]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JHelg, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
14 þm. (BBj, EgJ, FI, GHall, IBA, ISG, JBH, JónK, MB, ÓE, ÓÞÞ, RA, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1110).

Tekjuskattur og eignarskattur, 2. umr.

Frv. TIO o.fl., 30. mál (leigutekjur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 31, nál. 1012, brtt. 1011.

[16:37]
Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):
Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1012 um frv. til laga um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, sem flutt var af þingmönnunum Tómasi Inga Olrich, Guðjóni Guðmundssyni og Sturlu Böðvarssyni.

Efh.- og viðskn. hefur haft þetta mál til meðferðar alllengi og tekur undir það að nauðsynlegt sé að breyta skattalögum í því skyni að jafna aðstöðu fólks og það á við um þær aðstæður ef aðili á t.d. húsnæði á Akureyri, flytur tímabundið til Reykjavíkur eða annars staðar á landinu og leigir sína íbúð út en þarf að leigja á hinum staðnum. Í þessu tilviki þarf viðkomandi að greiða tekjuskatt af leigutekjunum en fær ekki kostnaðinn við húsnæði á öðrum stað til frádráttar.

Hins vegar var nauðsynlegt að gera nokkrar breytingar á þessu frv. og brtt. er á þskj. 1011. Þar er ekki verið að breyta málinu beint efnislega heldur verið að taka af vafaatriði og laga frv. að tekjuhugtaki tekjuskattslaganna en í þeim lögum er alfarið byggt á því að skattskyldar tekjur séu skilgreindar sem bruttóstærðir og það varð til þess að nokkrir erfiðleikar komu upp í sambandi við skilgreiningu á málinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegur forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál. Vissulega mætti ræða það lengi og aðra annmarka á skattalögunum. Þetta er ekki eini annmarkinn sem er ástæða til að breyta því að skattalögin eru vissulega full af alls konar ákvæðum sem þyrfti að lagfæra og væri mikil ástæða til þess einhvern tímann áður en þinginu lýkur að taka um það líflega umræðu.

[16:41]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem var flutt ekki aðeins á þessu þingi heldur á þinginu á undan og er raunar efnislega mjög samhljóða frv. sem hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir hafði flutt á þinginu þar á undan. Ég er fyllilega sáttur við vinnuna sem hefur farið í þetta hjá hv. efh.- og viðskn. og tel að þær breytingar sem eru gerðar á frv. séu eðlilegar og sjálfsagðar og vil hér koma á framfæri þakklæti við nefndina fyrir ágæt vinnubrögð.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, 2. umr.

Stjfrv., 294. mál (afskriftareikningur útlána). — Þskj. 393, nál. 1003, brtt. 1004.

[16:43]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1003 frá efh.- og viðskn. um frv. til laga um breytingu á lögum um skattskyldu innlánsstofnana, með síðari breytingum.

Nefndin fékk til fundar við sig fulltrúa frá fjmrn. Einnig bárust umsagnir frá ASÍ, fjmrn., Sambandi íslenskra sparisjóða, Verslunarráði og VSÍ. Það má segja að allar þessar umsagnir hafi verið jákvæðar. Hér er um nánast sjálfsagðar breytingar að ræða, þ.e. að færa þau atriði sem snerta afskriftareglur útlánastofnana í skattalögum að þeim veruleika sem þær standa frammi fyrir og samræmist góðum reikningsskilavenjum.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þær breytingar miðast að því að taka lánastofnanir sem fjallað er um í lögum nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, inn í frv. sem eðlilegt verður að teljast. Slíkar lánastofnanir munu framvegis lúta að mörgu leyti sömu reglum og viðskiptabankar og sparisjóðir, m.a. að því er varðar eftirlit bankaeftirlits Seðlabanka Íslands, eiginfjárkröfur o.fl. og því þykir eðlilegt að samræmdar reglur gildi þar um varðandi skattalega stöðu lánastofnana almennt. Ekki er þó gert ráð fyrir að eignarleigufyrirtæki, sem skilgreind eru í 9. gr. laga nr. 123/1993, þ.e. um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, muni falla undir skattskyldu laga nr. 65/1982 vegna sérsjónarmiða sem um slík fyrirtæki gilda, annars vegar varðandi fjármögnunarleigusamninga og hins vegar kaupleigusamninga.

Þá er lagt til að gildistöku þessa frv., ef að lögum verður, verði frestað um eitt ár frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir í frv.

Undir nál. rita allir nefndarmenn efh.- og viðskn. þannig að full samstaða er um málið og nefndin leggur til að það verði samþykkt með þeim breytingum sem ég hef nú gert grein fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 2. umr.

Stjfrv., 400. mál (stjórn Fasteignamats ríkisins). — Þskj. 602, nál. 1000.

[16:47]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. sem hefur það fallega númer 1000, einn og mikið af núllum. Það er nokkuð ánægjulegt hlutskipti að mæla fyrir þskj. sem hefur svo fallegt númer. Ég sé að salurinn tæmist svo gleðin virðist ekki vera jafnmikil hjá öðrum þingmönnum.

En þetta er út af fyrir sig mjög einfalt frv. Það gerir ráð fyrir að Fasteignamat ríkisins fái yfir sig stjórn og gert er ráð fyrir því að einn skuli tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga en tveir skuli skipaðir án tilnefningar. Til fundar við nefndina komu embættismenn fjmrn., jafnframt Sigmar Ármannsson, framkvæmdastjóri Sambands íslenskra tryggingafélaga, Sigurður Helgi Guðjónsson, lögfræðingur hjá Húseigendafélaginu, og Jón Guðmundsson, formaður Félags fasteignasala, og Sverri Kristinsson, framkvæmdastjóri Félags fasteignasala.

Nefndin leggur til að mæla með að frv. verði samþykkt en telur hins vegar rétt að taka málið aftur til umfjöllunar áður en 3. umr. fer fram, m.a. í tengslum við skipun stjórnar ef hlutverk Fasteignamats ríkisins við brunabótamat verður lögfest með samþykkt 577. máls þingsins, þ.e. frv. til laga um brunatryggingar. Nú virðast allar líkur benda til að það mál verði hér afgreitt þannig að það verður til þess að nauðsynlegt er að nefndin taki málið til umfjöllunar milli 2. og 3. umr. Í ljósi þessa leggur nefndin til að frv. verði samþykkt

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn í efh.- og viðskn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 581. mál (veiting atvinnuréttinda). — Þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009.

[16:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ástæða þess að ég kveð mér hljóðs

er að ég skrifa undir nál. efh.- og viðskn. með fyrirvara og vil gera lítillega grein fyrir því í hverju sá fyrirvari minn er fólginn. Hann felst ekki í því í sjálfu sér að ekki sé góðra gjalda vert að samræma, eins og hér er lagt til, gjaldtökuna fyrir þau leyfi sem um er fjallað í frv. í 1. gr. þess. Þar er lagt til að fyrir útgáfu leyfa og skírteina vegna veitingu atvinnuréttinda og tengdra réttinda skuli greiða 5.000 kr. Áður var þetta með nokkuð misjafnt og gjöldin í flestum tilfellum allmiklu hærri, eða frá 5.000 og allt upp í 75.000 kr. þegar í hlut áttu til að mynda leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti, leyfi til að stunda sérfræðilækningar og fleira því um líkt.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að úr því að verið er að hreyfa við þessum málum á annað borð þá hefði átt að ljúka verkinu og framkvæma heildarendurskoðun á lögunum um aukatekjur ríkissjóðs. Ég get í sjálfu sér ekki séð að það sé miklu brýnna að breyta gjaldtöku fyrir útgáfu leyfa til málflutnings fyrir Hæstarétti heldur en til að mynda líta á ákvæði 2. gr. sömu laga. Má þar nefna ákvæði IV. kafla laganna um aukatekjur ríkissjóðs, 10. gr., og V. kafla, leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi, en þar er að finna mjög mikið misræmi í gjaldtökunni og í sjálfu sér síst minna heldur en það sem hér er verið að lagfæra. Má sem dæmi taka að þar eru gjöld allt upp í 300 þús. kr. T.d. þegar úthlutað er almennu skemmtanaleyfi fyrir veitingastað til lengri tíma en eins árs þá kostar slíkt leyfi 300 þús. kr. En önnur leyfi sem spyrja má hvort séu í sjálfu sér nokkuð ómerkilegri eru kannski seld á 3.000 kr. eða 5.000 kr.

Enn mætti nefna ákvæði 12. gr. VI. kafla þar eru ýmis leyfi til að selja, kaupa og fara með hættuleg efni og tæki. Þar er um mikið misræmi að ræða. Gjaldtaka allt frá 25.000 kr. og niður í 3.000 kr. Gjöld fyrir ýmsar skráningar eru mjög mismunandi eða allt frá 500 kr., þegar lögskráning sjómanna á í hlut, og upp í 100 þús. eða þaðan af meira í öðrum tilvikum. Sama má segja um ýmis vottorð og leyfi skv. 14. gr.

Ég held að það hefði verið full þörf á því að samræma þessi ákvæði öll í heild sinni og er ósáttur við að menn skuli hér eingöngu taka á einum þætti þessa máls þó ég sé ekki að gera lítið úr því að í sjálfu sér hefur sú gjaldtaka verið ærið handahófskennd og svona slumpungsgangur á því hvernig þetta hefur verið ákvarðað í gegnum tíðina.

Það er annað atriði sem ég vil þá í leiðinni nefna og það er sú staðreynd að þessum málum er alls ekki skipað með nógu vönduðum hætti í stjórnsýslunni hjá okkur almennt og á það sérstaklega við um það að ekki er gerður neinn greinarmunur á annars vegar gjaldtöku sem beinn kostnaður stendur á móti hjá stjórnvöldum þannig að menn til að mynda þegar þeir fá tiltekið leyfi séu þá að greiða fyrir þann kostnað sem stjórnvaldið hefur af því að útbúa leyfið, greiða fyrir pappírinn og greiða fyrir vinnuna sem í það fer o.s.frv., og hinu þegar verið er að taka beinlínis inn tekjur með viðkomandi gjaldtöku. Þ.e. að afla fjár til ríkissjóðs og gjaldtakan er þá orðin að skatti. Það er grundvallaratriði í þessum efnum að það sé ljóst hvað er verið að verðleggja og fyrir hvað menn eru að greiða og til hvers þeir fjármunir renna. Hvort þeir renna til þess að kosta viðkomandi umsvif að hluta eða öllu leyti eða hvort að einhverju leyti er á ferðinni bein fjáröflun og þá er það pólitískt atriði hvort menn til að mynda vilja taka inn einhverjar tekjur í ríkissjóð á því að selja mönnum umfram kostnað atvinnuréttindi eða leyfi af þessu tagi sem hér eiga í hlut.

Þessu máli hefur reyndar verið hreyft á Alþingi nýlega eins og ég veit að þegar hefur komið fram í máli hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanns Ársælssonar. Hann hefur flutt á þingi tillögu um að á þessum málum verði tekið og sú tillaga hefur fengið afgreiðslu og var beint til stjórnvalda að vinna að því að endurskoða og samræma löggjöf og framkvæmd stjórnvalda að þessu leyti. Þetta mun hafa gerst á síðasta þingi og þess vegna finnst mér það ekki nógu góð frammistaða hjá ríkisstjórninni, sem hefur væntanlega fengið þetta verkefni, að vera nú ári síðar að leggja til afgreiðslu á eingöngu einum afmörkuðum þætti þessa máls þó sú breyting sé af hinu góða, að segja megi.

Þetta sem ég hef greint frá, hæstv. forseti, varð þess valdandi að ég ákvað að skrifa undir nál efh.- og viðskn. með fyrirvara. Ég mun þrátt fyrir það styðja málið af því að það litla sem það er þá er það til bóta.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 614. mál. — Þskj. 1073.

[16:58]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Svo sem fram kom fyrr í þessari umræðu þá er hér um tvíþætt frv. að ræða og ég hefði talið það eðlilegra að lögð væru fram tvö aðskilin frv. í stað eins eins og hér hefur verið valið. En út af fyrir sig er það engin frágangssök.

Ákvörðun um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna er góðra gjalda verð en hún kemur bara allt of seint og í kjölfarið sigla breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem eru að flestu leyti jafnvondar og tillögur tvíhöfða þótt gallarnir séu aðrir í þeim tillögum heldur en í hinum upprunalegu.

Í þessu samhengi verður að skoða málið og harma það að menn báru ekki gæfu til að leysa það mál sem þeim var falið að leysa án þess að draga allt með sér, allt hið meingallaða fiskveiðistjórnunarkerfi, út á enn vitlausari mið en fyrr. Það er út af fyrir sig engin tilviljun að menn hafa tengt þessi tvö mál í umræðunni í dag því það er það sem stjórnarliðar gera beinlínis í þessu frv. þar sem í greinargerð er að finna eftirfarandi, með leyfi hæstv. forseta:

„Loks tengjast þessu máli okkrar brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða er þrengja möguleika til að misnota viðskipti með afla-

mark. Ber þar sérstaklega að geta eftirtalinna atriða:

Lagt er til að fellt verði úr frv. ákvæði um að heimilt sé að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva.

Lagt er til bann við því að flytja aflamark til skips ef meira en 15% aflamarks af sömu tegund hefur verið flutt af skipinu á fiskveiðiárinu og öfugt.

Lagt er til að ef skip notar ekki 50% eða meira af aflamarki sínu tvö ár í röð falli bæði aflahlutdeild og veiðileyfi þess niður.

Lagt er til að bannað verði að flytja til skips aflamark sem bersýnilega er umfram veiðigetu þess."

Það er engin furða þegar í greinargerð við frv. til laga eins og þetta, sem heitir því afskaplega meinleysislega nafni „um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og um breytingu á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, með síðari breytingum", er síðan verið að ræða breytingar á öðrum lögum eða öðru frv. Og ég verð að taka undir það að vissulega verður að þrengja möguleika til að misnota viðskipti með aflamark. Hver er hlynntur einhverri misnotkun af einu eða öðru tagi í þessu eða öðru? En það sem ég er hins vegar á móti er að ég tel að hér hafi alls ekki verið farin rétt leið. Vissulega hef ég efasemdir um kerfi hins frjálsa framsals og ég er ekki ein þeirra sem reka upp ramakvein út af því að það eigi að fara að takmarka frjálst framsal út af fyrir sig, en ég held að það verði að líta á hvert dæmi í þeirri heild sem það er og gæta þess að það sé ekki verið að breyta í einhverri tímapressu að vori til tvist og bast málum og fá út úr því óskapnað sem menn hvorki skilja né geta varið. Það virðist vera það sem er að gerast núna.

Enn fremur er mér það ekki bara þyrnir í augum, mér finnst það alveg óskaplega slæmt, að það skuli vera hluti af þessu dæmi að fella út úr frv. um stjórn fiskveiða ákvæði um að heimilt sé að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva sem var sá litli vísir af byggðakvóta sem við þó sáum í tillögum tvíhöfða nefndarinnar og í því frv. sem við höfum verið að fjalla um um stjórn fiskveiða fyrr. Það er út af fyrir sig raunar hægt að fara hvora leiðina sem er, að vera með fiskvinnslukvóta annars vegar eða hins vegar að nýta framsalið til þess í raun að búa sér til fiskvinnslukvóta til þess að hafa kerfi sem mér sýnist að verði í alla staði ásættanlegra. Ég verð að viðurkenna að ég er búin að missa nánast alla trú á því að menn taki rökum í þessum málum, en mér finnst þó a.m.k. að þeir verði að hlýða á rök og hæstv. sjútvrh. svo og frsm. þessa máls gera það vissulega. Alla vega eru þeir við þetta og það er út af fyrir sig alveg hreint guðs þakkar vert.

Allt tal um það um að umræðan hafi verið að fara eitthvað út um víðan völl leiðir af frv. sjálfu og það ber enginn ábyrgð á því nema stjórnarliðar. Ég býst við að þingmönnum yrði það ekkert ýkja erfitt að samþykkja það frv. sem hér liggur fyrir ef ekki væri þetta litla leiða viðhengi, frv. um stjórn fiskveiða og þróunarsjóðinn, með þeim breytingum sem einmitt tengist þessu máli og því samkomulagi sem hér hefur verið rætt um að hafi verið gert úti í bæ þótt menn séu almennt afskaplega tregir að kannast við krógann. Eftir því sem dagarnir líða frá þessu meinta samkomulagi við hagsmunaaðila heyrist mér líka að efasemdaraddirnar hækki úr röðum allra þeirra sem hafa komið að máli eða a.m.k. flestra. Menn hafa kannski hægt um sig sem eru næstir toppunum í einhverjum af þessum samtökum, en þegar neðar dregur þá heyrist mér að töluverðrar óánægju sé farið að gæta.

Ég get fyllilega tekið undir þau sjónarmið sem komu einna fyrst fram og einna sterkast við þessum tillögum í heild, að hagsmunir fiskvinnslunnar hafi verið fyrir borð bornir í þessum hrossakaupum. Það er nefnilega nákvæmlega það sem skiptir máli og hagsmunir fiskvinnslunnar eru jafnframt hagsmunir byggðarlaganna og fólksins sem vinnur við fiskvinnslu. Það er kannski ekki nokkur tilviljun að fiskvinnslan á sí og æ undir högg að sækja. Þar eru konur við störf og þær hafa því miður ekki haft eins sterka málsvara og ýmsir aðrir. Þrátt fyrir það er hér verið að leysa mál annars hagsmunahóps sem er mun sterkraddaðri. Ég get tekið undir að það þarf að leysa og það er engin réttlæting að fara að brjóta á sjómönnum þótt það verði reynt að taka á málefnum fiskvinnslunnar af einhverjum myndarbrag. Þess vegna vona ég að menn falli ekki í þá gryfju að fara að hugsa annaðhvort eða því að þeir verða náttúrlega að skilja að það verður að líta heildstætt á málið.

Ég verð að viðurkenna það að fyrstu viðbrögð mín við þeim tillögum sem nú eru að formast ein af annarri og birtast í frv. þegar ég var beðin um að segja álit mitt á því voru að ég lét orð falla eitthvað í þá átt að ég sæi ekki neina skynsemi í því að menn næðu saman um þessar tillögur og það mundi aðeins gerast ef hræðsla eða hrossakaup réðu ferðinni. Mér sýnist því miður að þetta lauslega mat eigi við.

Ég ætla að víkja aðeins að efnisatriðum frv. Ég held að það væri auðvelt að fá góðan meiri hluta fyrir frv. einu og sér og það mætti hugsanlega hnýta við það þeim viðbótum sem þyrfti til þess að taka af öll tvímæli um að kostnað vegna kvótakaupa væri óheimilt að draga frá skiptaverði áður en til hlutaskipta kæmi, því að um það hefur deilan snúist. Nú þykjast menn vera að reyna að taka á því. Það þarf út af fyrir sig ekki að fara ýkja mörgum orðum um þessa leið sem hér er valin, nefndina sem við ræddum í janúar í kjölfar þess að ríkisstjórnin fór á taugum og setti lög um sjómannaverkfallið. Þá hefði verið hægt að semja á þessum nótum. Það þarf varla að rifja það upp fyrir þeim sem hér eru að við kvennalistakonur lögðum ítrekað fram að skipuð yrði slík samstarfsnefnd og við vorum raunar búnir að finna henni stað í gildandi lögum. Ég held að mig misminni ekki að nefna hér 72. gr. sjómannalaganna. Ég geri svo sem ekki athugasemd við það þó að málum sé skipað í sérlög, en ég minni á að það var hart deilt um það hvernig skipa ætti slíka nefnd á janúardögum og á undan í deilu sjómanna og útgerðarmanna. Ég hef út af fyrir sig alls ekki athugasemd við þá leið sem valin var hér að oddamaður hafi atkvæðisrétt. Það er sú leið sem sjómenn töldu rétta og ég sé vel þau rök sem eru fyrir þeirri skipan.

Það er staðreynd að miðað við þá reynslu sem við höfum af meintri þátttöku sjómanna í kvótakaupum, þá er full þörf á slíkri nefnd. Upp geta komið ýmis vafa- og ágreiningsmál og þá er hún nauðsynleg. Það er hlálegt að sjá það nú eftir alla öngvegi sem lágu um kvótaþing og fleira að við erum komin til upphafstillagnanna, enda var það augljóslega alltaf sú leið sem best var að fara. En það var alltaf ljóst frá því að hv. frsm. þessa frv., hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, lýsti andstöðu sinni og fór að mig minnir fremur háðulegum orðum um kvótaþingið með fulltingi ýmissa flokksbræðra sinna og fleiri að sú hugmynd yrði aldrei lausn í málinu þannig að það er síst ofsagt í greinargerð frv. að hugmyndirnar hafi fengið dræmar undirtektir. Þetta er það sem Bretar mundu væntanlega kalla „understatement". Þær voru nánast hakkaðar í spað svo að ég tali skýra íslensku.

Ég held að út af fyrir sig skipti þessi nefnd sköpum í því að það sé yfir höfuð hægt að taka annan hluta frv. í notkun, ekki vegna þess að ég vilji að þar verði gert út um hina stóru grundvallarspurningu, þá mismunandi túlkun sem enn er í gangi á því hvað felist í þeirri bókun sem í öðrum hluta frv. er lagt til að verði lögfest. Það er einnig arfur frá janúarmánuði. Þá var einmitt bent á þessa leið, lögbindingu þessarar frægu bókunar, en því miður er enn á kreiki mjög mismunandi túlkun á því hvað í því felst að lögbinda þann hluta sem hér er lagt til. Og úr því máli verður að sjálfsögðu að skera svo við sitjum ekki uppi með annað búvörumál þar sem nefndarálit gætu gengið á skjön og alla vega túlkanir. Þá gæti ég kannski farið að biðja hv. 2. þm. Vestf. um að koma með brtt. um það hvað skuli gilda sem túlkun ef til þess kæmi. Það gætu þó verið dagblaðsgreinar ef nefndarálitum væri ekki til að dreifa með mismunandi skilningi.

Það er ekki hægt að gera ráð fyrir mjög bitastæðum nefndarálitum frá meiri hlutanum í sjútvn. ef tekið er mið af því nefndaráliti sem við sáum um frv. til laga um stjórn fiskveiða frá þeim ágæta meiri hluta á borðum okkar áðan þar sem fremri síðan er upptalning á þeim sem komu á fund nefndarinnar og síðari síðan í nefndarálitinu er upptalning á þeim brtt. sem verið er að kynna. Efnislega stendur ekki nokkur skapaður hlutur í þessu nefndaráliti, en um það munum við ræða væntanlega síðar.

Hins vegar getur þetta kannski gefið ákveðna vísbendingu um að það yrði að leita túlkana út fyrir nefndarálit ef það verður ekki gengið frá þessum málum skipulega og skörulega og það strax og á ásættanlegan hátt. Mér finnst menn hreinlega vera að skjóta sér undan því að segja að þetta sé skýrt þegar það er ljóst að það eru enn þá mismunandi meiningar úti í samfélaginu. Ég mun stuðla að því ásamt fleirum innan sjútvn. að reyna að fá botn í þetta mál. Mér skilst að það sé einhver hreyfing á því, ég vona að ég hafi skilið það rétt, en ég vona að það dugi ekki bara að gára öldurnar aðeins, það verður að komast til botns í þessu.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri. Ég lýsi mig efnislega sammála þeirri leið sem hér er valin, en ég ítreka það að sé þessi leið aðeins hluti af heild, eins og hún hefur verið kynnt, og jafnórjúfanlegur hluti í raun inni af þessu eins og Ísland var einu sinni af Danaveldi og jafnlélegt fyrirbæri að mínu mati, þá get ég að sjálfsögðu ekki staðið að þeirri heildarafgreiðslu. Mér finnst sjálfsagt að skoða hvert þingmál fyrir sig og væri alveg tilbúin að greiða leið þessa frv. eftir þá athugun sem óhjákvæmilega þarf að fara fram í sjútvn.

Útbýting þingskjala:

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 551. mál, nál. minni hluta menntmn., þskj. 1094.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 282. mál, nál. meiri hluta sjútvn., þskj. 1095; brtt. meiri hluti sjútvn., þskj. 1096.

[17:13]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á því að taka undir með hv. 1. þm. Austurl. með það form sem er á frv., að hér skuli vera lagt fram frv. til laga um ný lög en aftan við það er síðan bætt þremur greinum sem fjalla um breytingu á lögunum sem fyrir eru frá 1986. Ég held að það væri rétt að við reyndum að haga lagasetningunni á annan hátt og vera ekki með í sama frv. óskyld lög. Ég vil koma með þá ábendingu til flutningsmanna hvort þeir vildu ekki athuga það að aðskilja þetta þannig að það yrði afgreitt sitt í hvoru lagi. Þessi bandormalagasetning er ekki til fyrirmyndar og allra síst þegar um er að ræða annars vegar heildarlög og hins vegar breytingu við eldri lög. Ég held það geti ekki haft nein áhrif á framgang málsins eða vinnubrögð þó að þetta yrði gert. Að vísu má segja að efnið tengist því eftir því sem mér skilst er þetta nýja frv. lagt fram til þess að setja lög um að breytingunni á lögunum frá 1986, nýju ákvæðin um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, verði haldið. En engu að síður er hér um sjálfstæða lagasetningu að ræða eða tvenn lög.

Mig langaði einmitt að víkja sérstaklega að því atriði að í þessum nýju lögum um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna er verið ganga frá ákvæðum sem ég skil að séu til þess að breytingin á eldri lögunum nái ótvírætt tilgangi sínum, þ.e. að koma í veg fyrir það að sjómenn taki þátt í kaupum á kvóta. En vegna þess, eins og hefur komið fram í umræðu, að fleira er tengt þessu þá vildi ég spyrja frsm. fyrir frv. hvort þessi nýja lagasetning sé ekki fullnægjandi til að koma í veg fyrir þetta atriði, hvort það vanti eitthvað inn í frv. til þess að tryggja það að tilganginum í hinni síðari lagabreytingu verði náð, þ.e. að sjómenn taki ekki þátt í þessum viðskiptum. Ef frv. er að mati flm. ekki fullnægjandi, hvort ekki sé þá hægt að gera á því einhverjar þær lagfæringar að þær tryggi þetta fullkomlega þannig að ekki þurfi að vera að gera aðrar ráðstafanir vegna þessa máls, þ.e. að koma í veg fyrir greiðslu sjómanna fyrir kvótaviðskipti.

Eins og hér hefur komið fram þá eru ráðgerðar í öðru frv. ýmsar breytingar á viðskiptum með kvótann sem eru mjög umdeildar og taldar verða mjög kostnaðarsamar fyrir bæði viðkomandi fyrirtæki og þjóðar-

búið í heild. Og við hljótum öll að vera sammála um það að síst af öllu megum við við því nú að leggja slíkar byrðar á atvinnuvegina og afkomu okkar þjóðarbús.

Ég vil af þessum sökum lesa örfá atriði úr bréfi sem var að berast okkur þingmönnum Suðurlands frá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, en þar segir m.a. svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Útvegsbændafélag Vestmannaeyja fjallaði á fundi sínum þann 27. apríl sl. um brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Félagið telur að með frv. þessu sé verið að hefta framsal á veiðiheimildum, en frjálst framsal aflaheimilda hefur hingað til verið helsti kostur kvótakerfisins. Afleiðingar þessa sjáum við hér í Vestmannaeyjum á þann veg að rekstur einyrkjaútgerða muni verða fyrir verulegu áfalli og rekstrargrundvelli þeirra ógnað verulega. Á fáum stöðum á landinu er útgerð einyrkja jafnöflug og einmitt í Vestmannaeyjum. Vegna skerðinga í þorski undanfarin ár eru aflaheimildir báta í Vestmannaeyjum svo takmarkaðar að þeir þurfa að ná sér í viðbótaraflaheimildir til þess að lifa af þetta erfiðleikatímabil, sem mun væntalega standa til loka aldarinnar. Hluti flotans hefur stundað hin svokölluð tonn á móti tonni viðskipti sér til hagsbóta, en ljóst er að frv. kemur að verulegu leyti í veg fyrir það fyrirkomulag.

Útvegsbændafélag Vestmannaeyja telur að samráðsnefnd sú sem frv. gerir ráð fyrir sé nægjanleg til þess að koma í veg fyrir þátttöku sjómanna í kaupum á aflaheimildum og telur óþarft að skerða jafnframt framsal aflaheimilda í þeim tilgangi."

Hér er sem sagt verið að setja fram þetta atriði sem ég var að ræða um og beindi fyrirspurn minni til hv. flm. um, hvort væri ekki réttur skilningur hjá mér eins og hjá Útvegsbændafélagi Vestmanneyinga. Svo segir hér áfram m.a., með leyfi hæstv. forseta. Þar er hins vegar átt við frv. um stjórn fiskveiða:

„Frumvarpið felur í sér verulegt verðmætatap fyrir þjóðarbúið í heild. Vaxandi atvinnuleysi heftir úthafssókn og eykur fjárfestingar í frystiskipum. Félagið er reiðubúið til þess að veita allar þær upplýsingar sem þarf á að halda til þess að kynna afleiðingar af frv."

En því er ástæða til þess að minnast á þetta atriði líka vegna þeirra ummæla sem hér voru höfð áðan af sumum stuðningsmönnum ríkisstjórnarinnar, að það ætti e.t.v. ekki að taka allt of alvarlega ábendingar þeirra sem í þessum atvinnurekstri standa um það tjón sem hlýst af því að gera þær breytingar sem fyrirhugaðar eru á stjórn fiskveiða og gefið í skyn að það væru ekki traustar heimildir sem þar væri um að ræða. En ég tel að þeir sem í þessu standa daglega og standa tvímælalaust í mjög harðri baráttu fyrir því að halda sínum fyrirtækjum gangandi, það sé að sjálfsögðu engum ljósara en þeim hvar skóinn muni kreppa að og í hve ríkum mæli eftir að fyrirhugaðar breytingar ná fram að ganga. Það er að sjálfsögðu mismunandi aðstæður milli staða eftir því hvernig er háttað atvinnurekstri í sjávarútvegi og eignarheimildum á bátum og vinnslustöðvum. Eins og kemur fram í því bréfi sem ég var að lesa þá er í Vestmannaeyjum mjög mikil útgerð einstaklinga þar sem aflasamdrátturinn hefur orðið gífurlega mikill, en með þessari nýju skipan er verið að takmarka þau viðskipti sem átt hafa sér stað t.d. milli útgerðarstöðva sem hafa verið með eða eiga fiskveiðiréttindi á togurum, stórum skipum, sem geta frekar leitað á önnur mið og hafa þá í staðinn veitt hinum smærri bátum réttindi til veiða gegn því að leggja upp afla. Og það munu allir vita sem þekkja til þessara mála að þessi háttur síðustu ára hefur hreinlega komið í veg fyrir að margir útgerðarmenn yrðu að gefast upp á sínum rekstri. Þannig að hér er um gífurlega alvarlegt mál að ræða. Því vildi ég varpa því fram hvort það þyrfti að einskorða þetta svona við fyrirtæki, hvort það mætti ekki gera það þá við byggðarlög. Því í huga þeirra sem að sjálfsögðu vilja halda afla innan sinna byggðarlaga þá getur það ekki skipt máli hver innan byggðarlagsins það er sem veiðir aflann. Ég held að það hljóti að vera sameiginlegt hagsmunamál þeirra að það sé gert á hagkvæman hátt og geti orðið til stuðnings sem flestum í viðkomandi byggðarlagi.

Sú breyting sem nú er fyrirhuguð kemur að sjálfsögðu minna við þá staði þar sem fiskvinnsla og segja má öll útgerð er á sömu hendi, þar sem framsal er frjálst innan sama fyrirtækis. Og af hverju er þarna verið að gera þessa mismunun milli staða eftir því *hversu háttar til með eignarhald á atvinnufyrirtækjum?* Er það ekki sanngirnismál að hér gildi hin sama regla, ef það er talið algerlega óhjákvæmilegt að setja þessu svo þröngar skorður? En ég skil ekki af hverju það ætti að vera sjómönnum kappsmál að hafa þetta framsal ekki í því horfi sem það hefur verið og sem hefur tvímælalaust stuðlað að því og átt mikinn þátt í að margir hafa getað haldið áfram sinni útgerð. Ef það er komið algerlega í veg fyrir að sjómenn greiði ekki neitt vegna þessara viðskipta, eins og ég skil að frv. sem hér er nú til umræðu, um samstarfsnefndina, eigi að tryggja.

Það er að sjálfsögðu æskilegt að skapa vettvang fyrir þessa aðila til að ræða saman og útkljá sín deilumál og sjálfsagt er það rétt, sem ég minnist að hv. 16. þm. Reykv. sagði hér í umræðu fyrr í vetur, að ef þetta samkomulag sem gert var í apríl 1992 hefði verið lögfest strax og reynt að fylgja því fram, þá hefðu hlutirnir þróast öðruvísi. Það er því vert að taka undir það að það getur verið mjög mikilvægt að hafa slíkan samstarfsvettvang og viðræðuvettvang til þess að koma í veg fyrir að mál lendi í þeim hnút sem þau hafa gert undanfarna mánuði, komið fram í verkfalli sjómanna í vetur og eiga þátt í eða hafa svo leitt til þess að hér er verið að gera ráðstafanir sem þeir er best til þekkja fullyrða að sé heildinni og þar af leiðandi að sjálfsögðu sjómönnum líka til tjóns þegar til lengri tíma er litið.

[17:31]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af spurningum hv. 2. þm. Suðurl. vil ég taka fram að við samningu þessa frv. var að sjálfsögðu rætt við sjómenn og það var að sjálf-

sögðu ekki sérstakt áhugamál þeirra sem fluttu frv. að það væru sett frekari takmörk á framsal heldur en nauðsynlegt væri til þess að ná sátt við þá. En þetta var okkar mat, að þær takmarkanir á framsali sem komu fram í brtt. við frv. um stjórn fiskveiða kæmu þar inn.

Það er hins vegar því miður nokkuð orðum aukið hvað þessar takmarkanir á framsali þýða í raun og veru. Þessar takmarkanir koma í sjálfu sér ekki í veg fyrir svokölluð tonn á móti tonni viðskipti, heldur snýst málið í því sambandi fyrst og fremst um það verð sem gert er upp við sjómenn á þegar slík viðskipti eiga í hlut. Að sjálfsögðu taka menn ábendingar þeirra sem standa í þessum rekstri alvarlega og það er sannarlega ekki verið að gera það að gamni sínu að takmarka framsalið með þeim hætti sem gert er hér.

Varðandi takmarkanirnar þá snúast þær kannski fyrst og fremst um það að á engan hátt er bannað að framselja aflamark til báta sem þeir ætla að veiða sjálfir, heldur er fyrst og fremst verið að koma í veg fyrir að bátar séu notaðir sem kvótabankar og síðan verið að koma í veg fyrir það að menn geti selt aflamark af bát og keypt það svo aftur á hann eingöngu í því skyni að lækka tekjur sjómanna.

[17:33]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér fannst nú vera mótsögn í orðum hv. 5. þm. Norðurl. v. þegar hann sagði að þó hann vildi taka alvarlega orð þeirra sem best þekkja til í þessum málum og hafa sent frá sér mótmæli þá væri nú orðum aukið það sem þeir sögðu. En ef það er öruggt — mig langar að reyna að fá svar við þeirri spurningu hjá hv. þm. — að sjómenn taki ekki þátt í kvótakaupum, viðskiptum, eins og bann er lagt við hér í síðustu greinum þessa frv. og nýja frv. á að koma í veg fyrir að það verði brotið, hvernig geta þá þessi viðskipti orðið sjómönnum til tjóns? Ég get ekki skilið það þegar það er augljóst, að þessi viðskipti hafa komið í veg fyrir að útgerðir yrðu að hætta vegna aflasamdráttarins sem hefur orðið alveg gífurlegur á mörgum bátum. Það þekkir hæstv. sjútvrh. vel af lýsingunni af fundum okkar t.d. með Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, þar sem það er ótrúlegt hvað aflamagnið hefur hrapað niður.

[17:35]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þegar rætt er um hvort varnaðarorð manna séu tekin alvarlega þá er ekki einungis eitt plagg lagt til grundvallar heldur liggja að baki þessu frv. og þeim brtt. sem hafa verið lagðar fram við stjórn fiskveiða og Þróunarsjóðinn að sjálfsögðu miklu meiri umræður og viðræður við þá sem standa í þessum atvinnurekstri, bæði frá hlið atvinnurekenda og eins sjómanna.

Málið snýst í fyrsta lagi um að samstarfsnefndin fjallar um verðlagninguna á aflanum og hvenær verðlagningin er bersýnilega ósanngjörn. Hins vegar eru inni í framsalskerfinu eins og það er í dag leiðir sem hafa kannski einkum verið gagnrýndar í sambandi við misnotkun á framsali og því að sjómenn hafi verið látnir taka þátt í kvótakaupum. Það er fyrst og fremst verið að reyna að loka þeim leiðum eða takmarka þær. Þar á ég við að hina svokölluðu einstefnuloka þar sem komið er í veg fyrir að hægt sé að selja kvóta af bát og kaupa hann svo aftur beinlínis í því skyni að lækka laun sjómanna. Það er líka verið að koma í veg fyrir í grundvallaratriðum að það sé verið að framselja aflamark á bát sem hann ætlar ekki að veiða. En öll viðskipti sem ganga út á það að flytja aflamark milli skipa, þar sem verið er að flytja aflamark af skipi sem ekki ætlar að veiða viðkomandi tegund yfir á skip sem ætlar að veiða viðkomandi tegund, þau viðskipti verða áfram heimil og það framsal verður áfram heimilt og öllum til hagsbóta.

[17:37]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Já, ég skil þetta kannski ekki alveg því mér finnst hv. 1. flm. segja að þessi samstarfsvettvangur og samstarfsnefnd eigi að sjá um það að í þessum viðskiptum sé ekki gengið á hlut sjómanna þannig að þeir taki ekki þátt í kaupunum. Og ef nefndin sinnir því og nær þeim markmiðum þá get ég ekki séð hvernig viðskiptin geta skaðað sjómenn. Hv. frsm. eða 1. flm. sagði að þetta mundi ekki skaða mikið, það væri aðeins verið að takmarka. Samt sem áður hafa hér verið nefndar tölur og m.a. tekið undir þær að nokkru leyti af Þjóðhagsstofnun, sem eru áreiðanlega allt of háar, bæði fyrir fyrirtækin og þjóðarbúið í heild. Í þessari stöðu, þegar samdráttur er í afla, þá ríður auðvitað á því að gera reksturinn sem hagkvæmastan. Að mínu mati má löggjafarvaldið ekki gera neitt sem kemur í veg fyrir það, miklu frekar þarf það að stuðla að því að rekstur verði hagkvæmur. Það þurfum við að gera á öllum sviðum og leita allra úrræða til þess. Þannig að ég tel að hér sé um slys að ræða ef þetta frv., sem ég tel ganga í rétta átt, er ekki fullnægjandi. Það er það sem ég vil leggja áherslu á, að því verði þá breytt þannig að það nægi.

[17:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu felur í sér lagabreytingar og nýja lagasetningu sem ætlað er að taka á þeim vanda sem leiddi til verkfalls sjómanna í vetur, fyrst og fremst vegna þátttöku sjómanna í kvótakaupum. Það má segja að þau úrræði sem gripið er til felist í þessum tveimur frumvörpum sem hér liggja fyrir og brtt. á frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Með þrennum hætti er þannig tekið á þessu viðfangsefni.

Hv. þm. Framsfl. sem hafa talað hafa haldið því fram eða dregið í efa að það þyrfti svo umfangsmiklar breytingar til að ná sátt í þessum efnum. Við skulum hafa í huga að við erum hér að gera hvort tveggja í senn, að ljúka þeirri endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða og gera þær nauðsynlegu breytingar sem talið hefur verið að gera þyrfti og að leysa þann vanda sem upp kom í verkfalli sjómanna. Af þeim sökum getum við ekki farið frá þessu máli öðruvísi en að niðurstaðan verði talin fullnægjandi lausn á þeim þætti málsins.

Það er vissulega svo að með þessum heildaraðgerðum er komið mjög vel til móts við sjómenn. Ég get sagt það út frá mínum bæjardyrum að það hefði verið heppilegra að þurfa ekki að grípa til takmarkana á framsali. Mér sýnist hins vegar að þær takmarkanir sem hér er verið að fjalla um og vísa til séu ekki mjög miklar. Auðvitað hefði út frá almennum hagkvæmnissjónarmiðum verið betra að komast hjá því að grípa til slíkra aðgerða, en við verðum að horfa á heildarhagsmuni sjávarútvegsins þegar við gerum upp hug okkar hér við afgreiðslu þessa máls á Alþingi.

Við vitum að sjávarútvegurinn í landinu hefði ekki þolað áframhaldandi langa vinnustöðvun á þessum vetri. Mörg fyrirtæki í sjávarútvegi hefðu farið halloka ef verkfallið hefði staðið áfram. Þess vegna var óhjákvæmilegt að grípa inn í verkfallið og leysa það með lögum. Það felur auðvitað í sér ákveðnar skyldur gagnvart stjórnvöldum og Alþingi að leysa þann efnislega ágreining sem þar var uppi.

Hér hefur verið vísað til plaggs atvinnumanna, sem kalla sig svo, í sjávarútvegi. Þetta eru allt mætir forustumenn í íslenskum sjávarútvegi, stjórna margir fyrirtækjum af miklum myndarskap og margir hafa verið að bæta rekstur sinna fyrirtækja og vissulega er kvótakerfið grundvöllur að árangri þeirra í rekstri. En þegar misnotkun fór að grafa um sig í greininni þannig að í einstökum tilvikum — ég held ekkert mjög mörgum, en í einstökum tilvikum — var farið að misnota kerfið á þann veg að sjómenn þurftu að sæta bersýnilega ósanngjörnum skiptakjörum, þá aðhöfðust þessir menn ekkert til þess að koma í veg fyrir það. Þessir menn áttu aðild að kjarasamningum í vetur þar sem deila stóð um þetta efni og þeim tókst ekki að leysa málið þar. Á grundvelli þeirra laga sem bundu enda á verkfallið kom sérstök nefnd fram með tillögur um kvótaþing til þess að taka á þessum vanda og ekki síst fyrir forgöngu manna í þeim hópi var komið í veg fyrir að sú tillaga gæti orðið lausn á þessum vanda. Ekki síst fyrir forgöngu ýmissa manna í þeim hópi. Og nú ætla þessir aðilar að segja: Það á bara að leysa málið á þeim grundvelli sem ekki var nægjanlegur við samningaborðið þar sem þeir sjálfir komu að lausn málsins og áttu þess kost að leysa málið lögum samkvæmt og samkvæmt venjulegum reglum. Svo koma hv. þingmenn Framsfl. og tala hér út frá þessum þröngu hagsmunum þessa hóps, sem ég er ekki að gera lítið úr, en þeir tala út frá hagsmunum þessa þrönga hóps vegna þess að það er ljóst að ef við afgreiðum málið ekki hér þannig að það sé sátt við sjómenn, þá mega menn búast við því allt eins að það komi til nýrra verkfallsátaka síðar á þessu ári. Og ég fullyrði að það þolir sjávarútvegurinn ekki og ég fullyrði að slík átök mundu grafa meir undan kvótakerfinu, hagsmunum þessara fyrirtækja, möguleikanum til hagræðingar og til þess að endurskipuleggja og bæta rekstur heldur en þær takmarkanir sem hér er verið að setja á framsal til þess að leysa þetta mál. Ef við færum hér að óskum þessa hóps og kröfum hv. þingmanna Framsfl. þá erum við að greiða atkvæði með því að verkfallsátök hefjist á ný og það er þess vegna sem ég er ekki reiðubúinn til að taka tillit til þessara sjónarmiða.

En það er ýmislegt satt og rétt í því að of mikil takmörkun á framsali getur dregið úr möguleikum manna til hagræðingar, en í því felst engin mótsögn þó menn viðurkenni þá staðreynd að hér þurfa menn að leysa þetta mál án þess að það komi til nýrra átaka milli sjómanna og útvegsmanna. Það er í raun og veru kjarni málsins. Það er sú staðreynd sem við þurfum að horfa á. Niðurstaðan sem hér liggur fyrir er ekki byggð á samkomulagi við samtök sjómanna og útvegsmanna, en hún kemur að höfðu samráði við þessa aðila og ljóst að á þessum grundvelli er fengin lausn þessa mikla ágreiningsmáls sem stjórnvöld og Alþingi blönduðu sér inn í. Og það er ekki fullkomlega ábyrgt að koma hér og ræða um þessi efni án þess að horfa á stöðu málsins í heild sinni og gera sér grein fyrir því hverjar afleiðingarnar yrðu ef einvörðungu yrði hlustað á afstöðu þessa hóps sem hér er verið að vitna til og hv. þingmenn Framsfl. hafa í umræðunni gerst talsmenn fyrir og hafnað því að hlusta á aðra, eins og til að mynda afstöðu sjómanna. Það er það sem er alvarlegt í málflutningi einstakra þingmanna Framsfl. og kemur svolítið á óvart vegna þess að Framsfl. hefur getið sér orð fyrir það að koma fram með mjög ábyrgum hætti í umræðum um þessi efni. (**Utanrrh.:** Breyta, nýja forustu.)

Það er líka margt missagt og ofgert í fullyrðingum þessa svokallaða atvinnumannahóps. Það er í sjálfu sér eðlilegra að koma í einstökum atriðum að þeim málum í umræðum um fiskveiðistjórnunarfrv., en með því að þetta álit hefur verið dregið með þessum hætti inn í umræðurnar og álit frá öðrum útvegsmannafélögum, eins og Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja er nauðsynlegt að leiðrétta ákveðnar fullyrðingar sem fram koma. Hv. 2. þm. Suðurl. vitnaði í bréf frá Útvegsbændafélaginu í Vestmannaeyjum þar sem látið er að því liggja að þessar breytingar feli í sér að svokölluð tonn á móti tonn viðskipti séu úr sögunni. Þetta er röng fullyrðing og þar af leiðandi dregur hv. 2. þm. Suðurl. rangar ályktanir af því sem hér er verið að gera. Það er ekki hægt að taka tillit til álits sem byggir á röngum fullyrðingum. Þar eigum við miklu fremur að fara út og gera þessum mönnum grein fyrir því hverjar breytingarnar eru og leiðrétta þeirra misskilning til þess að gera umræðurnar markvissari og málefnalegri.

Atvinnumannahópurinn telur að allar úthafsveiðar munu leggjast af vegna þess frv. sem hér er til umræðu. Ekki vegna takmarkananna sem koma fram í frv. um stjórn fiskveiða, heldur vegna þeirrar nefndar sem verið er að setja upp, samstarfsnefndar, í því frv. sem við erum að fjalla um í dag, þá telur atvinnumannahópurinn að úthafsveiðarnar munu leggjast af. Með öðrum orðum, það sem atvinnumannahópurinn er að segja, að forsenda fyrir úthafsveiðum Íslendinga sé að greiða sjómönnum bersýnilega ósanngjarnt fiskverð. Svo koma hv. þingmenn Framsfl. hér og taka undir þessi sjónarmið.

Ég hefði haldið að það hefði farið þessum hv. þm. betur að skoða þessi mál, kynna sér betur forsendurnar í áliti atvinnumannahópsins og á hversu hæpnum

forsendum og á hversu mörgum röngum fullyrðingum sá hópur er að draga ályktanir, áður en þeir koma hér upp og hneykslast. (Gripið fram í.) Þetta álit byggir á því að úthafsveiðar leggist af vegna samstarfsnefndarinnar sem verið er að kveða á um í þessum lögum. Samstarfsnefndin á að koma í veg fyrir að sjómönnum sé greitt bersýnilega ósanngjarnt fiskverð. Þess vegna segi ég: Það er ekki hægt að draga aðra ályktun af þessari niðurstöðu en þá að þeir álíti að forsendur úthafsveiðanna séu að greiða sjómönnum bersýnilega ósanngjarnt fiskverð. Og ég trúi því ekki að þegar á á að herða þá muni hv. þingmenn Framsfl. taka undir þessi sjónarmið. Og ég trúi því ekki að þeir taki fullyrðingar eins og hér eru settar fram góðar og gildar án þess að skoða þær betur vegna þess að ég veit að þeir hafa meiri þekkingu, yfirgripsmeiri þekkingu, á þessum málum en svo að þeir taki áróðursbrögð af þessu tagi eins og góða og gilda vöru. Ég veit að þeim er ljóst að þær tölur sem hér eru settar fram um efnahagslegt tap af þeim litlu takmörkunum á framsali aflaheimilda sem hér er verið að fjalla um eru úr lausu lofti gripnar. Og ég veit að þeim er kunnugt um það að Þjóðhagsstofnun hefur á fundi hv. sjútvn. varað við því að taka þessar tölur góðar og gildar, heldur þvert á móti bent á að þær fá ekki staðist. Ég veit að hv. þm. Framsfl. er kunnugt um að þetta kom fram af hálfu fulltrúa Þjóðhagsstofnunar. Samt koma þeir og gerast hér talsmenn þessa skjals og vitna í þær tölur sem hér eru settar fram eins og þær séu heilagur sannleikur og byggja afstöðu sína í málinu á því. Það gengur alveg þvert á það sem við höfum áður átt að venjast um málefnalegar röksemdafærslur hv. þingmanna Framsfl. í umræðum um þessi efni.

Þessum athugasemdum vildi ég gjarnan koma fram vegna þeirra ummæla sem þegar hafa fallið í þessari umræðu og minna á mikilvægi þess að við gerum okkur grein fyrir heildarhagsmununum. Vitaskuld er það höfuðatriði fyrir sjávarútveginn að hann geti notið allra möguleika sem færir eru til þess að auka hagræðingu í greininni. Og við vitum að það hefur verið forsenda fyrir því að hann hefur náð viðspyrnu í þeim miklu þrengingum sem hér eru. Ég dreg ekki úr því að þær takmarkanir sem hér eru settar fram hafa einhver hamlandi áhrif í þessu efni þó ég haldi að þær séu miklu minni en látið er í veðri vaka.

En við megum svo ekki gleyma hinni hlið málsins, að það verður að vera sæmileg sátt á milli sjómanna og útvegsmanna og við getum ekki skilist við þetta mál hér á Alþingi á þann veg að við tökum áhættu af því að það komi til verkfalls á nýjan leik. Þeir sem ætla að neita að horfast í augu við þá staðreynd taka ábyrgðarlausa afstöðu í málinu hér við lokaafgreiðslu þess. Atvinnumannahópurinn hefur ekki tekið tillit til þessara sjónarmiða, en ég get gert þá kröfu til hv. þingmanna Framsfl. að þeir taki tillit til allra þessara sjónarmiða og þar á meðal hættunnar á því að það komi til nýrra verkfallsátaka. Mér finnst að það sé hægt að gera þá kröfu til hv. þingmanna stærsta stjórnarandstöðuflokksins og það er í því ljósi sem við hljótum að taka afstöðu til málsins.

Ég gæti vel hugsað mér að dregið yrði úr þessum takmörkunum ef ég ætti einn að fá að ráða niðurstöðu þessara mála. Ég neita því að það sé nauðsynlegt og annað væri óábyrgt af minni hálfu en að standa að þeirri málamiðlun sem getur tryggt frið og sátt í þessum efnum og það er á þeim grundvelli sem ég styð þessa niðurstöðu og vona að hv. þingmenn fáist til þess að taka tillit til heildarhagsmuna í þessu efni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þrír hv. þingmenn hafa óskað eftir að fá að veita andsvar. Forseti er því tilneyddur til að stytta leyfilegan ræðutíma niður í eina mínútu.

[17:57]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég veit ekki að hve miklu leyti hæstv. sjútvrh. var að tala til mín þó hann kæmi á eftir minni ræðu því hann talaði hér fyrst og fremst um atvinnumannahóp. Ég minntist ekki einu orði á hann heldur talaði ég um Útvegsbændafélag Vestmannaeyja, sem hafði skrifað okkur hæstv. sjútvrh. bréf. Að vísu munu einhverjir þar vera þeir sömu. Ég veit t.d. að Arnar Sigurmundsson og Sighvatur Bjarnason munu vera í báðum hópunum og hæstv. sjútvrh. mun kannast við þá báða. En það sem ég var að gera var fyrst og fremst að spyrja hvort það væri ekki rétt sem kemur fram í bréfi Útvegsbændafélags Vestmanneyinga að þetta frv. muni nægja. Þeir eru síður en svo að mótmæla því. Svo virðist hæstv. sjútvrh. alls ekki hafa heyrt hvað Verkamannasamband Íslands var að segja í þessu máli. Er það þessi þröngi hagsmunahópur sem var að vara við þessum breytingum á stjórn fiskveiða?

[17:58]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það kemur fram í þeim tillögum sem hér eru lagðar fyrir að það er mat meiri hluta sjútvn. og mitt mat að höfðu samráði bæði við samtök sjómanna og útvegsmanna að þessi nefndarskipun sem hv. þingmenn Framsfl telja duga, dugi ekki ein og sér til þess að leysa verkfallsmálið og koma í veg fyrir að verkfallsátök hefjist á nýjan leik. Þetta kemur fram í tillöguflutningnum og það kom mjög skýrt fram í mínu áliti.

Ég fagna því að Verkamannasambandið hefur skipt um skoðun, sem fyrir ári síðan taldi að framsal á aflaheimildum bryti í bága við stjórnarskrá. Nú telja þeir það vera forsendu byggðaþróunar og aukinnar atvinnu verkafólks í sjávarplássum. Ég fagna því. En ég bendi þeim góðu mönnum, sem þannig hafa verið að opna augu sín fyrir mikilvægi aflamarkskerfisins og framsalsins, að ræða þessi efni nánar við sína félaga innan verkalýðshreyfingarinnar í sjómannafélögunum.

[17:59]

Jón Helgason *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. sjútvrh. fagnar því að Verkamannasambandið er andvígt tillögum hæstv. sjútvrh. og

í öðru orðinu tók hæstv. sjútvrh. undir málflutning okkar framsóknarmanna, því hvað eftir annað sagði hann að hann gæti hugsað sér að ganga skemmra í breytingum á lögunum um stjórn fiskveiða. Að því leyti virðist hann vera sammála okkur þó í hinu orðinu sé hann svo að fordæma málflutninginn. En það sem ég var að leggja áherslu á var að reyna að skemma ekki fyrir okkur, skaða ekki afkomu sjávarútvegsins og þjóðarbúsins. Vissulega veit ég að það er komin upp mikil tortryggni eða kom upp milli sjómanna og útgerðarmanna, m.a. vegna þess að þeim vettvangi sem áður var til til þess að þessir aðilar ræddust við var kippt út með lögum og þess vegna lagði ég áherslu á að það væri mikilvægt það atriði í þessu frv. að þarna væri ræðst við. Afleiðingin af þessu sambandsleysi væri m.a. sá hnútur sem málefnið væri nú komið í.

[18:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það hefur nú verið upplýst og á að vera hv. 2. þm. Sunnl. kunnugt að þær breytingartillögur við frumvörp sem hér liggja fyrir eru m.a. afrakstur af samráði, ekki samkomulagi heldur samráði bæði við forustumenn sjómanna og útvegsmanna. Og ég furða mig á því að hv. þm. skuli vera með útúrsnúninga um það efni þó að ég telji að frv. gæti verið betra ef ég mætti einn ráða, að hann telji það vera til ámælis að ég skuli telja nauðsynlegt að taka tillit til afstöðu sjómanna. Ég tel að mér beri skylda til þess, þó að ég sé ekki nákvæmlega sammála þeim í einu og öllu, að taka tillit til þeirrar afstöðu og reyna að skipa málum endanlega á þann veg að niðurstaðan verði í samræmi við það, þó að ég hafi sjálfur e.t.v. aðra skoðun þar á, vegna þess að ég tel að heildarhagsmunum sjávarútvegsins sé betur borgið á þann veg. En hv. þm. vill ekki taka þetta tillit til sjómanna og með þeim afleiðingum sem það hlýtur að hafa fyrir sjávarútveginn.

[18:02]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hæstv. sjútvrh. talar um að það skorti á ábyrgðartilfinningu okkar framsóknarmanna í þessu máli. Því vísa ég alfarið á bug. Framsfl. hefur á umliðnum árum verið tilbúinn að axla ábyrgð varðandi stjórn sjávarútvegsmála og fiskveiða. Það sem er hins vegar að gerast hér er það að núv. hæstv. ríkisstjórn og núv. hæstv. sjútvrh. er að mistakast algerlega að leiða aðila þannig saman að þeir geti komist að sameiginlegri niðurstöðu og fundið sína sameiginlegu hagsmuni. Hæstv. núv. ríkisstjórn, eftir að hafa unnið að þessu máli í þrjú ár með tvíhöfða nefndinni og niðurstaða hefur alltaf verið á leiðinni, er búin að koma málinu í þann hnút núna að sjómannasamtökin og Verkamannasamband Íslands berast orðið á banaspjótum í þessu máli. Og ég vil minna hæstv. ráðherra á varnaðarorð formanns Verkamannasambands Íslands þegar hæstv. ráðherra talar um að það verði að skoða heildarhagsmuni.

Kjarni málsins er sá að hæstv. ráðherra hefur algerlega mistekist að leiða aðila málsins saman þannig að menn fyndu sameiginlega hagsmuni.

[18:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Þó ýmsu megi nú skella á mig og gera mig ábyrgan fyrir mörgu þá finnst mér býsna langt gengið að ætla að gera mig ábyrgan fyrir ágreiningi milli Verkamannasambandsins og Sjómannasambandsins. Það eru ekki nema örfáar vikur síðan Verkamannasambandið sagði ekki aðeins að framsal á aflaheimildum stangaðist á við stjórnarskrá, heldur þyrfti að banna það þar að auki. Sem betur fer hafa augu þeirra opnast fyrir mikilvægi aflamarkskerfisins og framsalsins, en mér finnst ekki óeðlilegt að gera þá kröfu til þeirra að þeir ræði þau viðfangsefni innan heildarsamtaka launamanna og við sjómenn. En ég segi enn og aftur, mér finnst það býsna langt gengið af hv. 6. þm. Norðurl. e. að ætla að gera mig ábyrgan fyrir þeim ágreiningi sem þarna er kominn upp á milli þessara tveggja stóru höfuðsamtaka launþega.

[18:05]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Með því að knýja þessi mál fram óbreytt eftir, eins og hæstv. ráðherra sagði, að augu manna væru e.t.v. að opnast fyrir öðrum sjónarmiðum í þessu máli — með því að knýja þessi mál fram óbreytt er hæstv. ríkisstjórn að axla ábyrgð á því, eins og ég sagði hér í mínu fyrra andsvari, ósamkomulagi sem er í uppsiglingu á milli þessara aðila. Ef það er svo, eins og hæstv. ráðherra segir, að það séu uppi breytt sjónarmið þá er það eina sem nokkurt vit er í í þessari stöðu að lögfesta eingöngu frv. um samstarfsnefndina, en gefa síðan aðilum málsins tíma og tóm til þess að vinna að sameiginlegri lausn þar sem menn komi auga á sameiginlega hagsmuni. Vegna þess að ég trúi því og ég veit að í þessu máli eru sameiginlegir hagsmunir þessara aðila en ekki andstæðir og ég tel að það sé skylda ríkisstjórnarinnar að stuðla að því að þeir geti komið fram.

[18:06]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það mun hvorki standa á mér né ríkisstjórninni að reyna að greiða fyrir því ef kostur væri að meiri samstaða gæti tekist milli Verkamannasambandsins og sjómannasamtakanna. En ábendingu sinni ætti hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrst að koma á framfæri við sjómannasamtökin og spyrja þau hvort þau séu tilbúin til að taka eitthvert tillit til félaga sinna í verkalýðshreyfingunni.

[18:07]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil nú minna á að það er að sjálfsögðu Alþingi sem er að taka ákvarðanir í þessum málum. Ég skil mjög vel að það þurfi að taka tillit til sjónarmiða hagsmunaaðila í þessu máli. En það er eitt sem við framsóknarmenn getum ekki samþykkt í þessu máli og það er að aðilum sé mismunað, hvort sem það er að kröfu hagsmunasamtaka eða annarra.

Við getum ekki samþykkt það að aðilar sem eiga mörg skip búi við aðrar reglur en þeir sem eiga eitt eða færri skip. Það er grundvallaratriði sem við höfum alltaf staðið á móti.

Við teljum einnig að það sé verið að mismuna í flotanum, það er verið að gera betur við úthafsveiðiskipin en önnur skip sem sækja í vannýttar tegundir. Við teljum þetta líka vera mismunun og á það eigi ekki að fallast. Það á að sjálfsögðu að taka eðlilegt tillit til hagsmuna sjómanna, en við teljum að með þessu sé í reynd verið að rýra kjör margra sjómanna í landinu og fyrir því er hægt að koma með skýr rök. Því minni verðmæti hljóta að verða til þess að kjör fólksins landinu munu skerðast.

[18:09]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er röng fullyrðing hjá hv. 1. þm. Austurl. að það sé verið að ívilna frystiskipum eða fiskvinnsluskipum. Það er ekkert sem segir að landvinnsla á fiski geti ekki tryggt hagsmuni sína með varanlegu framsali aflaheimilda alveg eins og sjófrystingin hefur gert. Þannig að þessi fullyrðing hv. þm. fær ekki staðist.

Hitt er rétt og ég tek alveg undir það með honum að það er nokkurt áhyggjuefni að þessar breytingar fela í sér mismunun á milli einstaklingsútgerða og útgerða þar sem um er að ræða fleiri skip. Það er ágalli á þessum tillögum og ég get ekki neitað að ég deili áhyggjum hv. 1. þm. Austurl. út af því efni. Hér verða menn auðvitað að reyna að vega og meta hvaða heildarhagsmuna eigi að taka tillit til, en þessi gagnrýni er réttmæt hjá hv. þm.

[18:10]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mér þykir vænt um að hæstv. sjútvrh. skuli taka tillit til réttmætrar gagnrýni og ég held að það þjóni alltaf best heildarhagsmunum þjóðarinnar að taka mark á slíkri gagnrýni og reyna að breyta til samræmis við hana. Það er líka mikilvægt að ná sem bestri pólitískri samstöðu um þetta mál hér á Alþingi. Ég hélt að það væri líka markmið.

Að því er varðar mismunun í sambandi við frystiskipin þá endurtek ég að það er gert ráð fyrir því að hvert veiðiskip þurfi að veiða 50% af sínum aflaheimildum, en það er gerð undantekning með þau skip sem stunda veiðar utan landhelginnar. Það tel ég vera mismunun. Ég tel að sérstaða þeirra skipa sé í sjálfu sér ekki mikil umfram önnur skip sem eru að reyna að hagræða með öðrum hætti, með því að stunda ýmsar sérveiðar og veiðar á vannýttum tegundum. Og það er þessi mismunun sem ég tel vera óréttmæta.

[18:11]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi umræða hefur kannski farið dálítið út um víðan völl, ef svo má að orði komast, eða víðan sjó. Út af fyrir sig held ég að hefði verið heppilegt ef mönnum hefði tekist að halda í grófum dráttum aðgreindum þessum mismunandi frumvörpum sem hér eru eða verða á ferðinni í sjávarútvegsmálunum, en auðvitað er þetta allt samhangandi og kannski erfitt við því að gera þó að menn fari að ræða í raun aðallega um efnisatriði sem alls ekki eru á dagskrá í þessu frv. heldur væntanleg hér til umræðu í kvöld, nótt eða á morgun, þ.e. í formi frv. eða brtt. við frv. um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Ég ætlaði þess vegna aðallega að halda mig við það sem snýr að þessu frv. um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Ég vil þó segja, vegna orða sem féllu hér áðan, að mér líkar það heldur illa þegar það liggur við að það sé verið að ýkja upp meintan ágreining og klofning milli einstakra hópa eða stétta úti í þjóðfélaginu, eins og bryddaði á í umræðunni áðan. Ég vara menn við því að vera að stilla málum þannig upp að kominn sé upp einhver heiftarlegur ágreiningur og klofningur til að mynda milli sjómannasamtakanna annars vegar og almennu verkalýðshreyfingarinnar hins vegar. Það er ekki svo. Það liggur alveg fyrir og hefur engin breyting orðið á því að Alþýðusamband Íslands og Verkamannasamband Íslands styðja sjómenn í baráttu þeirra gegn því að viðskipti með kvóta komi með óréttlátum hætti niður á kjörum þeirra. Sú samstaða hefur ekki verið dregin til baka. Um hana hefur verið ályktað í æðstu stofnunum þessara samtaka, á Alþýðusambandsþingum og Verkamannasambandsþingum, ef ég man rétt. Og þess vegna liggur það í hlutarins eðli að þó svo að það kunni nú vegna breytinga á kvótakerfinu, sem er til umræðu, að vera eitthvað mismunandi sjónarmið uppi gagnvart einstökum þáttum hjá Verkamannasambandinu annars vegar og sjómannasamtökunum hins vegar, þá eru það auðvitað ýkjur og ljótur leikur að stilla því upp sem þarna sé á ferðinni einhver meiri háttar grundvallarágreiningur eða andstaða. Ég vara menn við því að stilla málunum upp með þeim hætti og minni á og ítreka það sem ég sagði áðan, að það liggur auðvitað algerlega fyrir að heildarsamtökin styðja sjómenn, sem þeir eru reyndar aðilar að, í baráttu þeirra fyrir því að kjör þeirra séu ekki rýrð eða skert með ósanngjörnum og óréttmætum hætti í gegnum slík viðskipti.

Menn geta svo að sjálfsögðu og eðlilega rætt um mismunandi leiðir í því sambandi til að reyna að stemma stigu við því og það er ósköp eðlilegt að upp komi umræður um aukaverkanirnar af því lyfi sem þar er verið að taka inn. Og auðvitað er það svo og það er vel þekkt að menn þurfa stundum að notast við aðferðir eða meðul sem geta haft í för með sér ýmsar aukaverkanir og það mundi mega segja að hér ætti það við að menn hafi áhyggjur af aukaverkunum, ef svo má að orði komast, í sambandi við þær ráðstafanir sem eru til umræðu og eiga að reyna að stemma stigu við óréttmætum viðskiptaháttum með veiðiheimildir sem koma niður á kjörum sjómanna.

Mér þótti líka hæstv. sjútvrh. fara í óþarflega mikinn habít og er ekki viss um að það sé að öllu leyti skynsamlegt fyrir hann að byrja þessa miklu lotu um sjávarútvegsmálin með þeim hætti sem hann gerði áðan. Að sjálfsögðu verður hæstv. ráðherra að ráða því sjálfur og velja sér verklag í þeim efnum og það er svo sem mér að meinalausu þó hann taki einhverjar snerr-

ur við Framsókn og saki þá jafnvel um ábyrgðarleysi og yfirboðspólitík, eins og fólst í raun og veru í orðum hans hér áðan. Ég vona að það sé samt ekki sérstaklega tengt yfirvofandi forustuskiptum í Framsfl. því það væru þá mikil tíðindi ef þau skyldu marka upphaf samstarfs hæstv. sjútvrh. við hina verðandi forustu Framsfl., þau orð sem hér féllu áðan.

Hæstv. forseti. Það er eiginlega ekki hægt annað en segja það eins og það er að meðferð hæstv. ríkisstjórnar á þessum sjávarútvegsmálum er að verða einhver allra mesta raunasaga í stjórnmálaheimi síðari árin. Einhver allra mesta raunarsaga. Svona til upprifjunar er rétt að minna á það að það er við afgreiðslu laga á Alþingi vorið 1990 sem það verður hluti af samkomulagi um meðferð þeirra mála að setja skuli inn í lögin sérstakt ákvæði til bráðabirgða um heildarendurskoðun lagaákvæða um stjórn fiskveiða og sú endurskoðun skuli fara fram á næstu tveimur árum og henni skuli ljúka fyrir árslok 1992. Nú er aprílmánuður 1994 að verða allur, lifa eftir af honum fáeinir dagar, og þá er þetta verk í því horfi sem hér ber nú raun vitni og það er auðvitað dapurlegt. Verki sem átti að ljúka fyrir hartnær einu og hálfu ári síðan hefur hæstv. ríkisstjórn klúðrað svo rækilega að það er hér enn í höndum manna og hafandi kostað í millitíðinni harðvítug átök, verkföll, lagasetningar og annað því um líkt.

Auðvitað er það ljóst, sagan hefur þegar dæmt það, að meðferð hæstv. ríkisstjórnar á þessum málum er eitthvert argasta klúður sem lengi hefur átt sér stað í íslenskum stjórnmálum. Þar markaði náttúrlega hið ógæfulega verklag sem ríkisstjórnin valdi sér strax brautina. Það kann ekki góðri lukku að stýra, það vita m.a. sjómenn allra manna best, að það séu tveir skipstjórar á hverjum koppi. En það var nú samt sú tilhögun sem einmitt þurfi að ganga yfir menn í sambandi við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða af öllum málum að hæstv. ríkisstjórn setti tvo skipstjóra í brúna í hinni frægu tvíhöfða nefnd. Það var ógæfulegt og afleiðingarnar af því hafa svo sannarlega komið fram.

Sama verður að segja um það að ríkisstjórnin valdi þá ógæfulegu leið að rjúfa langa hefð sem fyrir því var og hafði mótast á umliðnum árum að fulltrúar allra stjórnmálaflokka kæmu jafnan að verki af þessu tagi og sætu í þeim nefndum sem um þau fjallaði eða þau undirbyggju. Og ég minni hæstv. sjútvrh. á að hann getur farið í gegnum það hvernig forveri hans og forverar margir stóðu að slíkum sambærilegum málum. Það var, að ég held, nær undantekningarlaust þannig þegar unnin var forvinna sem varðaði endurskoðun laga um stjórn fiskveiða þá sátu í þeirri vinnu, annaðhvort beint í vinnunefnd eða þá í ráðgjafarnefndum, fulltrúar allra stjórnmálaflokka og oftast með aðilum helstu hagsmunasamtaka einnig.

En hæstv. ríkisstjórn valdi þarna aðra leið. Hún skipaði þrönga nefnd flokksgæðinga núverandi stjórnarflokka með tveimur formönnum og sleit í raun og veru öllu samstarfi og samráði við stjórnarandstöðuna, líka vegna þess að ákvæði um lögbundið samráð við sjútvn. Alþingis voru hundsuð, voru algerlega hundsuð. Og það er ágætt að það fari hérna einu sinni enn inn í þingtíðindin að tvíhöfða nefndin hafði sjálf aldrei frumkvæði að því að tala við sjútvn. Alþingis um þessi mál. Í tvígang komu fulltrúar hennar á þann vettvang. Það var í bæði skiptin vegna þess að sjútvn. sjálf óskaði eftir því að fá upplýsingar um það hvar þau mál væru á vegi stödd. Var það þó ekki hennar hlutverk vegna þess að lagaskyldan hvíldi á sjútvrh. og hvílir enn, því þau lög eru enn í gildi, að þetta samráð skyldi ástundað. Og auðvitað var það þá framkvæmdarvaldsins að sjá um að þannig væri.

Þetta finnst mér rétt að rifja hér upp og svo að lokum varðandi málsmeðferðina, hæstv. forseti, að ekki tók betra við þegar tillögur tvíhöfða nefndar voru að mótast á fyrstu mánuðum ársins 1993. Þá slitu sjómannasamtökin samstarfinu um það verk og gengu út úr því starfi vegna þess að á þeirra sjónarmið og þeirra kröfur var ekki hlustað. Og hver er nú orðin afleiðingin af því og niðurstaðan? Það er m.a. kostnaðurinn af þeim mistökum sem menn eru að greiða hér. Það er vegna þess að menn misstu af því tækifæri sem þeir áttu auðvitað að nýta, að reyna að lenda þessum málum í tillögum tvíhöfða nefndar og í framhaldinu í samkomulagi og samráði við sjómenn. Og það er með endemum að síðan skyldi þannig fara að við sjómenn var svo ekkert talað fyrr en að verkfall skellur á um sl. áramót.

Hæstv. sjútvrh. hefur að vísu sagt úr þessum ræðustóli og víðar að hann hafi verið tilbúinn að tala við sjómenn og síðan væntanlega setið niðri í sjávarútvegshúsi í átta mánuði og beðið eftir að þeir kæmu og bönkuðu á dyrnar. En ég verð að segja alveg eins og er að það er ekki mikið frumkvæði í einum hæstv. sjútvvrh. að bera sig ekki að því að reyna að ná upp samskiptum við heildarsamtök sjómanna og leysa þessi mál. Það er einfaldlega þannig, hæstv. forseti, að svona liggur sagan fyrir í þessu máli og hún mun auðvitað dæma þetta klúður hart. Það er alveg óhjákvæmilegt.

Menn þekkja síðan þau hörðu átök sem hér skullu á og leiddu til verkfalls og hvernig því lyktaði með þeim endemum að sett voru bráðabirgðalög nokkrum dögum áður en Alþingi átti að hefja aftur störf í janúarmánuði. Allt er þetta harla dapurlegt og alveg ljóst að þessi aðdragandi málsins gerir það á margan hátt snúnara og erfiðara viðfangs en ella þyrfti að vera. Það er hlaupin illska í málið, eins og sagt er á venjulegu máli, fyrir löngu auðvitað og það er varla von á öðru eins og að þessu hefur verið staðið.

Nú kemur að því að í frv. er eitt af þeim atriðum á ferð sem er verið að leggja til til þess að reyna að ná aftur einhverju landi með þessi deilumál. Þar er á ferðinni frv. til laga um samstarfsmenn sjómanna og útvegsmanna. Hér er í raun og veru á ferðinni í frumvarpsformi tillaga í grófum dráttum sem lá á borðum sáttasemjara á sl. vetri en strandaði þá á ágreiningi, m.a. um hlutverk þessarar nefndar, oddamann, atkvæðisrétt hans og fleira sem málinu tengjast. Miklu væri nú betur komið ef menn hefðu aðeins sýnt málinu meiri þolinmæði og reynt að leysa þau með farsælum hætti í frjálsum samningum manna á milli á

þessum vetrardögum heldur en að sitja uppi með þessa stöðu.

Maður hlýtur að spyrja sig að því hvað olli því viljaleysi sem þá var á ferðinni gagnvart því að leysa þessi mál. Getur það verið að sú baktrygging annars aðila að deilunni að vita að það var stutt í bráðabirgðalögin hafi valdið því að menn náðu ekki fram lausn sem núna þarf að vera lögfest með miklu torsóttari og krókóttari leið en ella hefði verið hægt? Það er von að spurt sé. Það rifjast líka upp að hæstv. forsrh. neitaði aðspurður að gefa þinginu tryggingu fyrir því áður en það fór heim í jólaleyfi að ekki yrði gripið til bráðabirgðalagasetningar og þau skilaboð flugu auðvitað út í þjóðfélagið.

Um efni þessa frv., hæstv. forseti, að öðru leyti er svo það að segja að ég tel í grófum dráttum að um það sé ekki ágreiningur að það er til bóta að reyna fyrirkomulag af þessu tagi. Menn hljóta í þeirri stöðu sem málin eru að grípa fegins hendi hvað eina sem gefur einhverja von um að málin komist í farsælan farveg og menn a.m.k. myndi vettvang þar sem þeir geta farið að ræða málin og skiptast á skoðunum. Það er kannski í mínum huga ekki síst ávinningurinn af því að lögfesta ákvæði af þessu tagi að það myndast í öllu falli samskiptavettvangur þessara deiluaðila þar sem þeir geta komið saman. Um árangurinn af því starfi verður svo að fara eftir atvikum og reynslan að leiða í ljós hvernig það gengur. Það er svo sem ekki í okkar færum sem hér erum að skiptast á skoðunum að gera annað en vera með spádóma uppi um það. Ég leyfi mér að binda vonir við það að þetta fyrirkomulag í fyrsta lagi sem 1. gr. frv. fjallar um, nefndaskipunina sjálfa, leiði a.m.k. til þess að á nýjan leik hefjist eðlileg samskipti og samtöl þessara deiluaðila. Ég tel að skipan nefndarinnar eða mönnun orki að vísu tvímælis. Það má spyrja sig spurninga í sambandi við það, til að mynda það fyrirkomulag Vinnuveitendasambands Íslands sem heildarsamtök vinnuveitendanna séu þarna aðili að nefndinni öðrum megin frá en hins vegar ekki heildarsamtök frá hlið launamanna þar sem eru eingöngu hin einstöku sjómannasambönd eða félög.

Sömuleiðis hafa vaknað upp spurningar til að mynda um stöðu Vinnumálasambands samvinnufélaganna í þessu sambandi líka vegna þess að skv. 3. gr. eru það þau heildarsamtök ein sem geta vísað málum til úrskurðar í nefndinni. Það þarf náttúrlega að huga að því hvort menn eru með vissum hætti kannski að takmarka, umfram það sem eðlilegt getur talist, aðgengi manna að málinu og þá meina ég ekki bara að nefndaskipuninni heldur líka þar með málskotsréttinn til nefndarinnar því hann hangir saman við réttinn til að tilnefna í nefndina skv. 1. gr.

Ég vil einnig nefna að í 2. gr. er að mínu mati mikið umhugsunarefni hvort það eigi að fela nefndinni sjálfri jafnafdráttarlaust og þar er lagt að standa fyrir þeirri gagnaöflun sem er nauðsynleg vegna nefndarstarfsins. Fiskifélag Íslands hefur þegar bent á að það í reynd aflar þessara gagna nú þegar. Ég hefði talið eðlilegt að þarna væri a.m.k. haft opið fyrir það að samstarfsnefndin léti afla þessara gagna fyrir sig ef svo ber undir. Það má skilja orðalagið þannig eins og það bundið við að hún sjálf standi fyrir þeirri vinnu. Það teldi ég óskynsamlegt og hugsanlega kalla á tvíverknað sem er ástæðulaus. Það er líka best að segja það alveg eins og er að staða Fiskifélagsins hefur verið nokkuð óviss á síðustu tímum, m.a. vegna breytinga sem gerðar voru á lögum og starfsumhverfi þess á síðustu tveimur til þremur árum og hið nýja batterí Fiskistofa hefur verið nokkuð frek til rúmsins, að manni skilst, og nokkuð þrengt að Fiskifélaginu í þeim efnum.

Þá vil ég koma að því sem kannski skiptir þrátt fyrir allt mestu máli og það er hverjir eru möguleikar nefndarinnar til þess að leysa sitt verkefni með farsælum hætti af hendi. Jú, nefndinni er ætlað að meta það og láta í ljósi ef svo ber undir hvort bersýnilega ósanngjörn viðmið séu notuð fyrir ákvörðun fiskverðs í tengslum við viðskipti með veiðiheimildir. Á mannamáli þýðir þetta: Nefndin á að meta það hvort fiskverðið sé svo lágt þegar verið er að einhverju leyti að veiða á grundvelli veiðiheimilda frá öðrum að í gegnum það sé augljóslega um að ræða þátttöku sjómanna í kvótakaupunum. Ef þetta er ekki túlkað þannig þá er þetta náttúrlega allt saman marklaust. Og þá kemur að því að spyrja sig spurningarinnar: Út frá hverju á þá að ganga? Við hvað á að miða því nú er bannað að hafa nokkuð sem heitir lágmarksverð á fiski og kannski ekki til neitt heldur sem hægt er að kalla viðmiðunarverð? Verður þá ekki að búa það til? Ég segi jú. Einhvern veginn verða menn að búa sér til forsendur og viðmiðanir til að ganga út frá. Það er kannski stóri og erfiði vandinn í þessu máli öllu saman. Hvernig menn ætla að finna þá viðmiðun eða þarf e.t.v. að búa hana til með einhvers konar ákvörðun af því tagi sem Verðlagsráð sjávarútvegsins stóð fyrir á árunum? Nú á náttúrlega allt að vera svo óskaplega frjálst og það er nánast bannorð að láta sér detta það í hug að hægt sé að festa einhverjar slíkar viðmiðanir í hinu nýja, fína og frjálsa þjóðfélagi, hinni miklu paradís. En skyldi það nú ekki vera svo samt sem áður að ýmsum sjómönnum verði hugsað til þess hvort hagur þeirra væri ekki í reynd betur tryggður með því að til væri eitthvert viðmiðunarverð, lágmarksverð, eitthvert gólf, sem væri eftir atvikum hægt að styðjast við í þessu sambandi.

Um þau ákvæði sem eru svo á ferðinni í II. kafla og lúta að breytingu á lögum um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins vil ég segja það eitt að Alþb. hefur fyrir löngu síðan ályktað að gera ætti lagabreytingu af þessu tagi. Sá texti sem hér er á ferðinni er nánast orðréttur sá texti sem var í ályktun landsfundar Alþb. í nóvember sl. um þetta mál. Það hefur lengi verið okkar skoðun að ein af aðgerðunum til að koma í veg fyrir óeðlilega viðskiptahætti á þessu sviði væri að lögfesta þósitíft ákvæði sem bannaði þvingaða þátttöku sjómanna í þessum viðskiptum. Þannig að menn gætu farið að sækja sín mál að lögum en þyrftu ekki að byggja á túlkun óljóss ákvæðis í kjarasamningum.

Við fögnum því að sjálfsögðu þessu ákvæði og munum styðja það en gætum vel hugsað okkur að gera

við það brtt. og styrkja ákvæðið, m.a. með því að kveða nánar á um meðferð mála í þessum viðskiptum, svo sem til að mynda að þau skuli jafnan vera á grundvelli skriflegra samninga þar sem aðgreint sé annars vegar verðmæti fyrir veiðiheimildir og hins vegar afla og þeir pappírar séu samstarfsnefndinni aðgengilegir. Ég held að það sé mjög mikilvægt að það sé alveg ljóst hversu sterka stöðu nefndin hefur m.a. til þess að afla slíkra gagna úr viðskiptunum því annars er auðvitað starf hennar ómögulegt og annað eins er nú gert og það að kveða á um einhvern slíkan formlegan frágangsmáta á viðskiptum af þessu tagi.

Það er líka ljóst að uppi er algjörlega gagnstæð túlkun annars vegar sjómanna og hins vegar útvegsmanna á því hvað þetta ákvæði þýðir og það er óhjákvæmilegt að sjútvn. fari rækilega ofan í saumana á því þegar hún fær þessi mál til umfjöllunar.

En að lokum þetta, hæstv. forseti. Við teljum þrátt fyrir allt þau ákvæði sem hér eru á ferðinni vera til bóta. Þau eru í rétta átt, það er óumdeilt og sumpart eru þau atriði sem Alþb. hefur lengi barist fyrir, eins og þetta ákvæði um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun og við erum ábyrgur flokkur og samkvæmir sjálfum okkur og munum að sjálfsögðu styðja þau atriði sem eru í rétta átt.

[18:31]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að það hefði kannski verið bara erfiðara fyrir innanflokksátök í Alþb. ef þeir hefðu átt mikla aðild að tvíhöfða nefnd eða þeirri endurskoðunarvinnu sem var á sínum tíma varðandi þetta mál og leiddi til þess frv. sem hér liggur fyrir.

Varðandi það af hverju Vinnuveitendasambandið tilnefnir í samstarfsnefndina þá er það fyrst og fremst vegna þess að LÍÚ er aðili að VSÍ og VSÍ fer formlega með samningsréttinn fyrir hönd LÍÚ gagnvart Sjómannasambandinu en Sjómannasambandið hefur ekki afhent Alþýðusambandinu þennan samningsrétt heldur fer Sjómannasambandið með þennan rétt sjálft. Vinnumálasamband samvinnufélaga kemur ekki nálægt kjarasamningum við sjómenn.

Varðandi það hvort Fiskifélagið safni upplýsingum þá hlýtur það að sjálfsögðu að verða viðfangsefni nefndarinnar að finna þann aðila sem hún notar til þess að finna þær upplýsingar sem til þarf.

En hvað á vera viðmiðunarverð eða út frá hvaða útgangspunkti á að ganga þá hygg ég að viðskipti milli skyldra aðila hljóti alltaf að verða viss útgangspunktur í því hvað sé ósanngjarnt en hins vegar tel ég að það hafi ekkert upp á sig að tala um að það eigi að vera skriflegir samningar vegna þess að í slíkum skriflegum samningum er að sjálfsögðu hægt að skrá hvaða verð á kvóta sem er.

[18:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég trúi því ekki að framkvæmdastjóri Verslunarráðsins og hv. þm. sé beinlínis að ganga út frá því sem reglu að menn setji bara einhverjar tölur út í loftið á blað og það sé ekkert að marka slíkt. Ef sú kvöð yrði í lögum að svona samningar skyldu liggja fyrir og vera aðgengilegir nefndinni þá vænti ég þess að menn mundu ekki gera sér það að leik að hafa það að engu og setja bara eitthvað og eitthvað á blöð. Þá þekkir hv. þm. aðra menn en ég þekki, svona almennt talað, í þessari grein þar sem menn eru yfirleitt gegnum heiðarlegir.

Staðreyndin er sú að þetta kann að hafa verið mjög erfitt í Sjálfstfl. með tvíhöfða nefndina en það er alveg ástæðulaust fyrir hv. þm. að hafa áhyggjur af því að Alþb. hefði ekki, ef almennilega hefði verið að þessum málum staðið og allir flokkar átt þess kost að starfa á eðlilegum grundvelli við þessa endurskoðun, leyst það verk af hendi. Ég held, hv. þm., að eftir klúðrið, vandræðaganginn, hrossakaupin og öll þau ósköp sem einkennt hafa meðferð ríkisstjórnarinnar á þessum málum þá sé það heldur betur að kasta steinum úr glerhúsi að vera að hafa áhyggjur af hvernig öðrum flokkum hefði reitt af í því ef að þessu hefði verið unnið með eðlilegum hætti og fulltrúar allra flokka átt þarna sæti.

Varðandi viðskipti milli skyldra og óskyldra aðila þá er það alveg rétt að það þarf að finna sér einhver viðmið sem m.a. ganga út frá því að um eðlileg viðskipti milli óskyldra aðila sé að ræða þar sem verðlagningin sé sanngjörn. Það er alveg ljóst. Það þurfa að vera svona armslengdarviðskiptakjör, eins og það heitir víst á fínu máli.

Ég bakka hins vegar ekki með það þó að hv. þm. reyndi að klóra í bakkann að orðalag 2. gr. varðandi upplýsingaöflun er gallað. Það er allt of þröngt miðað við það að nefndin hafi svigrúm til þess að skipa þeim málum með hagkvæmum hætti.

[18:35]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi hvort það þurfa að vera skriflegir samningar eða ekki þá gera menn að sjálfsögðu þá samninga sem eru löglegir og eru þeim í hag. Það þarf ekkert að felast í því að menn séu að gera einhverja samninga út í loftið þó að verð á kvótum í slíkum samningum fari að sjálfsögðu eftir því hvað hvað þeim hentar.

Varðandi Alþb. og áhyggjur af því þá hefur maður fylgst með sinnaskiptum þeirra manna sem samþykktu frv. til laga um stjórn fiskveiða árið 1990 og þeirra málflutning þá og svo hvernig hann er núna. Það getur enginn hlustað á slíka breytingu í málflutningi án þess að hafa af því verulegar áhyggjur.

Varðandi viðmiðunarverðið þá sagði ég áðan að ef það eru skyldir aðilar í viðskiptum og ef fiskkaupandinn, sem er að greiða sínum eigin sjómönnum tiltekið fiskverð, víkur verulega frá því niður á við í viðskiptum við óskylda aðila þá er þar kominn grunnur að því að ákveða hvað sé bersýnilega ósanngjarnt.

[18:37]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að einhvers konar skriflegir samningar um þessi viðskipti séu algjört grundvallaratriði í þessu máli og að þeir samningar skuli að-

greina og tilgreina þau verðmæti sem eru að skipta um hendur, annars vegar veiðiheimildir og hins vegar afla. Þá fyrst er hægt að skoða hvað er að gerast og hvað er á ferðinni. Og auðvitað þýðir þá ekki að setja bara hvaða tölur sem er á blað því menn vita um tiltekin markaðsverð sem eru í gangi í þessum efnum. Það *mundi ekki líta mjög trúlega út* t.d. eins og leigukvótinn er verðlagður þessa dagana upp undir 70 kr. kílóið af þorski ef menn færu allt í einu að sýna samninga þar sem það væri skráð á 15 kr. Ætli nefndinni þætti ekki eitthvað bogið við það?

Varðandi afgreiðslu mála hér 1990 og breytingar á afstöðu Alþb. þá ætti hv. þm. bara að tala varlega aftur. Ég minni hann á það að hann er búinn að vera greiðandi atkvæði í hverju málinu á fætur öðru í vetur sem hann hefur verið algjörlega á móti og er það ekki öllu alvarlegra mál heldur en hitt. Þó svo væri að Alþb. hefði að einhverju leyti breytt um áherslur síðan 1990, enda ekki dauður flokkur, þá held ég að það væri ekki tiltökumál.

[18:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði til okkar sem hér höfum tekið þátt áður í umræðunni og bað okkur að fara varlega þegar við ræddum um átök aðila innan verkalýðshreyfingarinnar um þessi mál. Ég get út af fyrir sig tekið undir það en hins vegar liggja hér fyrir mjög harðorðar yfirlýsingar formanns Verkamannasambands Íslands út af þessu máli. Það er því vissulega ástæða til þess að á það sé bent.

En varðandi ræðu hv. þm. út frá þessu þá talaði hann um óheppilegar aukaverkanir sem alltaf gætu verið deilur um og seinna í sinni ræðu þá talaði hv. þm. um þær reglur sem hann taldi að væri eðlilegt að væru settar um viðskipti með aflamark. Ég hlýt þess vegna að spyrja hv. þm., m.a. með tilliti til orða hv. 5. þm. Norðurl. v. áðan, hvort beri að skilja orð hv. þm. þannig að hann sé, eins og hann greiddi atkvæði 1990, þeirrar skoðunar að það sé æskilegt að við höfum hér aflamarkskerfi og sem frjálsastar heimildir með framsal á aflamarkinu.

[18:39]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gengur náttúrlega ekki þannig að hv. þm. taki mig í próf í andsvarstíma og fari að rekja úr mér garnirnar með alla mína afstöðu til sjávarútvegsmála. Ég mun koma því m.a. rækilega á framfæri í ræðu síðar í þessari lotu hvaða afstöðu við höfum til þeirra mála sem nú liggja fyrir og hún mun birtast í okkar nál., brtt. og afstöðu í atkvæðagreiðslum eins og jafnan gerist. Ég held að það sé miklu betra að við bíðum og sjáum hvernig það rekur sig. Það sem ég var að ræða sérstaklega um í þessu sambandi voru reglur um viðskiptin, akkúrat hvernig þau fara fram. Löggjafinn getur að sjálfsögðu um leið og hann heimilar framsal á veiðiheimildum, hvort heldur er með takmörkunum eða ekki takmörkunum, sett um það reglur hvernig þau gerast, hvernig þau ganga fyrir sig, til að mynda að þau skuli vera á grundvelli skriflegra samninga, sem jafnvel þurfa að lúta tilteknum reglum. Þetta er gert til að mynda núna um leið og verið er að setja lög um leigu á íbúðarhúsnæði. Það er uppálagt að það sé á grundvelli skriflegra formlegra samninga og þinglýstir skulu þeir vera ef menn eiga að fá húsaleigubætur samkvæmt frv. sem liggur fyrir samkvæmt þinginu. Auðvitað er alveg eins hægt að setja slíkan áskilnað í lög sem varða viðskipti með veiðiheimildir. Ég er þeirrar skoðunar að e.t.v. væri einhver öflugasta aðgerðin til að ná þessum málum upp á yfirborðið sem til er að gera þann áskilnað og þá kröfu að þetta skuli vera á grundvelli skriflegra samninga sem lytu tilteknum reglum og aðgreindu verðmætin eins og ég rakti hér áðan.

Ég þakka svo hv. þm. fyrir að taka undir það að menn þurfa að fara varlega gagnvart því að stilla heildarhagsmunum sjómanna og launamanna upp sem einhverjum grundvallarandstæðum í þessu máli.

[18:41]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var á grundvelli ræðu hv. þm. þar sem þingmaðurinn talaði um óheppilegar aukaverkanir sem ég skildi sem svo að væru aukaverkanir af þeim takmörkunum sem er verið að gera tillögur um á framsali aflaheimilda. Það var á grundvelli þess sem ég varpaði fram minni spurningu til hv. þm. Það þarf ekki í sjálfu sér langar ræður eða mikinn tillöguflutning til þess að menn geri grein fyrir grundvallarafstöðu sinni hvað það snertir hvort fiskveiðunum á að stjórna með framseljanlegu aflamarki. Til þess nægir að mínu mati fyllilega helmingur af þeim tíma sem við höfum til andsvara. Út frá þeim forsendum þarf ég því ekkert að draga til baka það sem ég spurði um áðan.

[18:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég minni líka á að ég var að reyna að halda mig við það frv. sem er nákvæmlega hér á dagskrá og reyndi að nota ræðutíma minn mest í það að lýsa efnislega afstöðu minni til þess, eyddi að vísu nokkrum tíma í að rekja aðdragandann og málsmeðferðina og lauk máli mínu á því að lýsa yfir stuðningi fyrir mitt leyti við þetta frv. og hef reiknað með því að svo verði með minn þingflokk að við styðjum þetta frv. af því að það gengur í rétta átt. Ég held að það sé svo miklu betra að við notum tímann þegar að umræðunni kemur um hin frv. til að tjá afstöðu okkar til þeirra. En út af fyrir sig er mér engin launung á því og það er ekkert leyndarmál að Alþb. hefur verið fylgjandi því að það yrðu settar reglur sem tækju á þeim vandamálum sem frjálst framsal hefur haft, ágreining í deilum og vandamálum sem því hafa tengst, reglur um þau viðskipti og eftir atvikum takmarkanir og ég fyrir mitt leyti til að mynda er á því að sú regla um 50% nýtingarkröfu á skip á eigin veiðiheimildum sé í skynsamlega átt og reikna með því að styðja hana svo dæmi sé tekið og ég svari einhverju af því sem hv. þm. spurði um (Forseti hringir.) en nú er tíminn búinn.

[18:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er að vísu svo að hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur gert grein fyrir því atriði sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði athugasemd um og lýtur að skipun fulltrúa í samstarfsnefndina. Ég hef aðeins það til viðbótar að segja um þetta atriði að hérna er stuðst við þá skipan mála sem aðilar sjálfir notuðu í þeim skjölum sem milli þeirra gengu þegar þeir reyndu að koma slíkri samstarfsnsefnd á í samningunum í vetur.

Varðandi svo athugasemd hv. þm. um það að ég hefði setið með hendur í skauti og ekki hreyft mig til þess að fá sjómenn til viðræðna þá er þess að geta og ég hygg að hv. þm. minnist þess að sjómannasamtökin samþykktu með sérstakri ályktun í fyrravor að koma ekki til viðræðna nema stjórnvöld féllust á að afnema frjálst framsal aflaheimilda. Þeim úrslitakostum var ekki hægt að verða við. Ég held, án þess að ég sé með nokkrar ásaknir uppi, að þessi afstaða hafi verið óheppileg. Það hefði verið betra að lýsa slíkri skoðun en lýsa því jafnframt yfir að samtökin væri reiðubúin að koma til viðræðna og þá hefði okkur e.t.v. tekist að skipa málum með heppilegri hætti. Þessi afstaða sjómannasamtakanna var svo endurtekin þegar þau komu fyrir hv. sjútvn. í vetur. Ég hygg að það hefði verið betra að þetta hefði gerst öðruvísi en þetta er skýringin á því að af þessum viðræðum varð ekki þó að fyrir hefði legið mjög skýr vilji bæði minn og ríkisstjórnarinnar til þess.

[18:45]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um mönnun nefndarinnar var ég eingöndu að benda á að um það mætti svo sem deila eða spyrja en ef það er svo að um það sé fullt samkomulag allra aðila þá er það gott og að sjálfsögðu höfum við það þá þannig. Það er nú samt þannig að einn af gestum sjútvn. á undanförnum sólarhringum hafði spurningar varðandi þetta atriði og þess vegna nefndi ég það. En það má kanna betur þegar málið er til vinnslu í nefndinni.

Það er alveg ljóst að það var nauðvörn sjómannasamtakanna að grípa til þeirra ráða sem þau gerðu sl. vor og segja sig frá samstarfi um frekari stefnumótun varðandi lögin um stjórn fiskveiða af því að það var ekkert á þeirra sjónarmið hlustað og því fór sem fór. Og það er auðvitað ekki hægt að stilla málum þannig upp að þar með hafi ekkert verið hægt að tala við mennina. Það er ekki þannig þegar mál eru hlaupin í hnút. Hvað sem menn segja út á við þá verða menn að leita leiða til að koma samtölum aftur í gang, koma vinnu í gang, ef menn vilja reyna að leysa deiluna. Það var það sem brást. Ég tel að hæstv. sjútvrh. hafi þar ekki staðið í stykkinu að hann skyldi ekki reyna með einhverjum ráðum að koma aftur á stjórnmálasambandi og viðræðum í gang og vinnu í gang þó það væri kannski á bak við tjöldin til að byrja með. Þannig voru hlutirnar einfaldlega vaxnir. Það þýðir einfaldlega ekki að skella skollaeyrum við þegar öll sjómannastéttin grípur til aðgerða af þessu tagi. Það verður enginn sjávarútvegur rekinn á Íslandi nema með sjómönnum. Það ætti a.m.k. hæstv. sjútvrh. að vita allra manna best.

[18:47]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ítreka það að bæði af minni hálfu og ríkisstjórnarinnar var fullur vilji til þess allan tímann að samtöl ættu sér stað. Vitaskuld fóru fram óformlegar viðræður en meðan sú afstaða ríkti að það var sett sem skilyrði fyrir formlegum viðræðum að ríkisstjórnin félli skilyrðislaust frá framsalsheimildum varðandi aflamarkið þá var borin von að þær gætu skilað árangri. Ég tel að þetta hafi verið óheppilegt. Ég er ekki að hafa uppi neinar ásakanir í þessu efni í garð sjómanna. Auðvitað voru þeir að taka á alvarlegum vandamálum og þurftu að meta það hvernig það væri heppilegast fyrir þeirra samtök. Ég er ekki að gera lítið úr því en aðeins að gefnu tilefni að skýra það hvers vegna viðræður fóru svo seint af stað.

[18:48]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Þetta mál sem við erum að byrja að ræða og þau mál sem fyrir liggja hafa sem betur fer að mínu viti fengið tíma til að þroskast. Ég held að það hefði verið misráðið ef menn hefðu farið að knýja fram lausnir fyrr en nú.

Það frv. sem er til umræðu hefur haft langan meðgöngutíma þó svo að það sé aðeins örstutt síðan málin fóru í þann hnút sem raun ber vitni. Það hafa einnig margir lagt til málsins frækorn og frumvörp. Frá því að tvíhöfði var í fullum gangi hafa aðstæður breyst í þjóðfélaginu og það verður að segja eins og er að sem betur fer hefur verið næg andstaða við að viðhalda því stjórnunarkerfi fiskveiða sem þjóðin hefur búið við til að koma í veg fyrir að það festist í sessi. Þeir sem fjallað hafa um löggjafarþáttinn eru að gera sér æ betri grein fyrir afleiðingum af kerfinu sem er stórfellt atvinnuleysi og miklu meira atvinnuleysi en takmörkun þorskafla segir til um. Vegna kerfisins hefur fiskvinnslan í miklum mæli færst út á sjó með þeim afleiðingum að afli er fluttur út án þess að hönd landverkafólks komi að þeirri vinnslu.

Ég er ekki talsmaður þess að senda frystivinnsluskipin út í hafsauga, eins og ýmsir hafa nefnt, eða binda þau við bryggju. En það er mín krafa að fiskurinn sem þessi skip afla verði settur til frekari vinnslu í landi í stað þess að vera þiddur upp á erlendri grund til sams konar vinnslu og mætti framkvæma hér á landi. Þannig mætti skapa vinnufúsum höndum atvinnu og auka aflaverðmæti til hagsbóta fyrir alla landsmenn. Mér finnst koma til greina að á meðan við höfum svo takmarkað magn til skiptanna verði gerður samningur við stærstu og öflugustu fljótandi frystihúsin að þeirra þorskkvóti verði lagður í sameiginlegan sjóð fyrir minni skip og báta sem eru háðir kvóta, en á móti verður þeim tryggð ákveðin afkoma ef þeir ná ekki árangri í öflun verðmæta utan lögsögu. Það hlýtur að vera sameiginleg krafa okkar allra að sá þorskafli sem veiðist innan lögsögunnar verði unninn fyrir er-

lendan markað í landvinnslu.

Við erum hér með tillögur, m.a. til lausnar sjómannadeilunni sem leyst var með bráðabirgðalögunum 14. jan. sl. Ég er tiltölulega sáttur við þá lausn sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fyrir í því efni. En ég tel þó að í 4. gr. frv. þurfi að koma haldgóð skýring — ég vona að hæstv. sjútvrh. hlusti — á því við hvað skuli miðað þegar samstarfsnefnd á að taka afstöðu til þess hvort um brot hafi verið að ræða. Ég tel að það þurfi að setja í greinina að miða skuli við gangverð dagsins á fiskmörkuðum á viðkomandi tegund.

Ég vil nefna örlítið 9. gr. frv. Ég vildi gjarnan að í stað þess að setja í greinina árslok 1995 þá geti verið ásættanlegt að setja inn í að lög þessi skuli endurskoða á þremur síðustu mánuðum ársins 1995. Ég vil gjarnan fá viðhorf hæstv. ráðherra til þessarar þessari framsetningar. Ég tel vart unnt að koma betur á móti svo ólíkum sjónarmiðum sem lagasetning þessi lýtur að en gert er og lýsi því yfir að ég mun samþykkja þessi lög þegar þar að kemur.

Frú forseti. Til umfjöllunar er einnig frv. til breytinga á lögum nr. 24 7. maí 1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Þar er um eina breytingu að ræða sem ég tel að þyrfti að gera á greininni. Greinin er svona:

„Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á aflaheimildum."

Ég tel að orðin „eða leigu" verði að koma inn í greinina til að taka af vafa sem getur skapast ef þetta vantar í lagasetninguna.

Ég óska einnig eftir góðri skýringu á athugasemdum við 10. gr. þar sem stendur: „Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín í milli með aflaheimildir, né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Ég hef reyndar heyrt, frú forseti, ýmsar skýringar og ýmsar framsetningar hjá mönnum um þetta atriði, en ég tel að það þurfi að segja það alveg í skýrum orðum hvað menn eru að meina.

Ég hef sagt í umræðum um þessi mál að ég vilji binda þá kvöð að við úthlutun á kvóta varðandi notkun aflamarks skips skuli miðað við 70% af þeim afla sem veiddur er á viðkomandi skip á hverjum tveimur árum. En ég geri mér alveg ljóst að það er varla hægt að búast við meiri breytingum í þessu skrefi en hér er á ferðinni flókin framsetning sem vert er að gefa meiri gaum að. Ég get jafnvel sagt það hér að mitt sjónarmið er að e.t.v. eigi við mismunandi reglur eftir þeim aflategundum sem skip er að sækja í.

Frú forseti. Það er svo að þegar rætt er um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna koma inn í umræðuna flestir þættir málinu tengdir. Ég er búinn að hlusta á ýmsa stjórnarandstöðuþingmenn, m.a. hv. þm. Önnu Ólafsdóttur Björnsson, kalla þær tillögur sem fyrir liggja hrossakaup. Ef gerð eru hrossakaup á þennan veg þar sem vönduð vinnubrögð, að ég tel, eru lögð til grundvallar þá á ekki að tala í neikvæðri merkingu um slíka verslun. Ég lít á hvert skref í þá veru sem hér er verið að gera ráð fyrir sem breytingu til batnaðar. Ég tek þátt í þessari umræðu til að setja fram spurningar og lýsa yfir stuðningi því að afleiðingin af verkfalli sjómanna eru þær tillögur sem hér liggja fyrir. Ég er sáttur með að hafa stutt lagasetningu í janúar sem nú er að leiða að mínu mati til viðunandi niðurstöðu. Við höfðum ekki efni á verkfalli þá. Við höfum ekki efni á verkfalli núna, hvorki sjómenn, útvegsmenn né aðrir landsmenn.

Útbýting þingskjals:

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 260. mál, brtt. sjútvn., þskj. 1111.

[18:57]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér stöndum við frammi fyrir því samkomulagi sem ríkisstjórnarflokkarnir eru búnir að vera að semja um smátt og smátt sl. þrjú ár og nær hámarki með þeim frv. sem við fáum að líta hvert af öðru í dag.

Samkvæmt því sem maður heyrir um allt og kemur fram í því hvernig stjórnarliðar tala er þetta samkomulag sem ekkert verður hreyft við. Raunar eru sumir ósáttir við það og heyrðist mér áðan á hæstv. sjútvrh. að hann væri ekki alveg sáttur við það að ekki væri hægt að leiðrétta og færa til betri vegar það sem greinilega væru ágallar á.

Þetta er endapunkturinn á því að leysa, ef maður getur orðað það svo, verkfall sem sjómenn voru í um áramót og lauk með því að sett voru lög á það verkfall. Það er kannski rétt að minna á það einu sinni enn að e.t.v. hefði ekki þurft að setja lög á það verkfall ef þá þegar hefði verið orðið við því að setja á fót þá samstarfsnefnd sem hér er verið að ræða um. Það var það sem sjómenn og jafnvel útgerðarmenn, þó ekki hefði náðst fullkomið samkomulag um það á þeim tíma, hefðu getað sætt sig við. Hefði löggjafinn þá gripið inn í og sett fram svipað frv. og hér er verið að ræða um hefði trúlega ekki þurft til þess að koma að setja bráðabirgðalög á verkfallið.

Í I. kafla frv. er verið að ræða um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Ég vildi beina spurningu til hv. frsm. nefndarinnar vegna þess að meiri hluti sjútvn. sem flytur þetta frv. samkvæmt því sem hér stendur á blaði. Í 1. gr. er rætt um það hverjir eigi að eiga sæti í nefndinni en síðan segir í 3. gr. að aðeins þau samtök sem standa að nefndinni geti leitað álits hennar. Nú eru fleiri sjómenn og útvegsmenn heldur en eru akkúrat í þeim samtökum sem eru nákvæmlega tilgreind í 1. gr. og ég vildi þá spyrja hv. frsm. nefndarinnar hvort ekki sé eðlilegt að öll sjómannasamtök gætu leitað til þessarar nefndar þegar frv. yrði orðið að lögum. Mér finnst það svolítið sérkennilegt að það séu nokkrir sjómenn og jafnvel samtök og félög sem standi utan við þetta og geti ekki kært til nefndarinnar.

Hugsanlega er hægt að breyta þessu í vinnu nefndarinnar ef, eins og ég sagði áðan, allt er ekki svo niðurneglt.

Í öðru lagi finnst mér nokkuð óskýrt og það komu raunar fram athugasemdir frá gesti fundarins á einum fundi sem ég sat þegar verið var að ræða þessi mál í hv. sjútvn. um það, sem nefndin á því stigi gat ekki

svarað, hvernig á því stæði að ákvæði í 2. gr., 5. gr. og 7. gr. stönguðust á. Þ.e. í 2. gr. segir að það skuli birta reglur eða upplýsingar um fiskverð. Í 5. gr. segir: „Nefndin skal árlega gefa útdrátt úr niðurstöðum sínum." Svo kemur í 7. gr. að nefndarmönnum er óheimilt að skýra óviðkomandi aðilum frá því sem þeir komast að í störfum sínum.

Að vísu er í grg. með frv. sagt um 2. gr., með leyfi forseta: „Í þessari grein er lögð sú skylda á nefndina að leita viðeigandi upplýsinga, vinna úr þeim með skipulögðum hætti og birta upplýsingar um fiskverð. Í lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga, eru lagðar margvíslegar hömlur á skráningu og vinnslu upplýsinga með skipulögðum hætti. Orðalag 2. gr. felur í sér að þar sem þörf er á ganga ákvæði laga þessara framar ákvæðum tilvitnaðra laga frá 1989."

Þá eiga þau lög þar sem lagðar eru hömlur á skráningu og meðferð persónuupplýsinga ekki við en síðan er ekki í ákvæðinu að finna leiðbeiningu um hverra gagna skuli aflað að öðru leyti. Mér finnst því nokkuð óskýrt í þessum greinum og vildi gjarnan fá skýringar á því ef þær eru til.

Í skýringum með frv. er tilgreint atriði við 10. gr. þar sem komið er inn á tillögur til breytinga á fiskveiðistjórnarlögunum. Þar er nefnt að til þess að tryggja frekar það sem verið er að ræða um í þessu frv. — síðan kemur raunar annar kafli þar sem eru önnur lög — sé m.a. lagt til að fellt verði brott úr frv. ákvæði um að heimilt sé að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva. Ég get ekki séð að það þurfi að vera í greinargerð með þessu frv., þar sem verið er að setja á stofn samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna þar sem á að fjalla um álitaefni og ágreining er tengjast áhrifum viðskipta með veiðiheimildir, að það sé búið að fella úr öðrum lögum ákvæði um að það sé heimilt að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva.

Það er reyndar fleira sem er tilgreint hér, m.a. bann við að flytja aflamark til skips ef meira en 15% af sömu tegund hafa verið flutt af skipinu o.s.frv. og einnig er ákvæði um 50%. En mér finnst að þetta um að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva eigi engan veginn nein sérstök tengsl við þetta frv. sem við erum með til 1. umr. þó auðvitað sé hægt að tengja öll þessi frv. saman að einhverju leyti, ég verð að viðurkenna það að vísu, en mér finnst það samt ekki eiga við. Af því að ég nefndi í upphafi að menn væru búnir að semja um ýmislegt og hugsanlega yrði engu hægt að breyta þá sýnist mér á grein sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson skrifaði í DV þann 17. mars sl., þar sem fyrirsögnin er „Fiskvinnslan getur eignast kvóta", að hann mæli mjög með því að slíkt sé hægt og telur að það sé liður í hagræðingu í sjávarútvegi. Eins og segir í þessari grein, með leyfi forseta, örstutt:

„Fiskvinnslukvóti er líka nauðsynlegur liður í hagræðingu í sjávarútvegi.

Fiskvinnslufyrirtæki, hvort sem það er rækjuvinnslur eða vinnsla á bolfiski, geta þá selt frá sér skip án þess að þurfa láta allan kvóta þess fylgja með en samt starfað áfram með því að nota það sem eftir er af kvótanum til þess að tryggja sér hráefni. Sem dæmi má nefna að hagræðingin sem nýlega var gerð milli Tálknafjarðar og Patreksfjarðar byggist á þessari leið og ekki hefði verið neitt óeðlilegt að Tálknfirðingar gætu skráð kvótann beint á fiskvinnsluhús sín í stað þess að geyma hann á bátum.

Fiskvinnslukvótinn eykur samkeppnishæfni landvinnslu gagnvart sjóvinnslu og treystir stöðu hinna dreifðu byggða umhverfis landið. Fiskvinnslukvótinn er því nauðsynjamál sem æskilegt er að samstaða náist um."

Ég trúi því ekki að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hafi skipt um skoðun frá því að hann skrifaði þessa grein, það er ekki svo langt síðan. Í dag standa einmitt fyrirtæki nákvæmlega frammi fyrir því sem nefnt er í greininni, t.d. Tálknfirðingar sem færðu yfir 700 tonn af sínum kvóta af togaranum yfir á lítinn bát sem engan veginn getur veitt þann kvóta. Samkvæmt þessum 15% og 50% reglum mundi hann því verða að afsala sér þeim kvóta, en þeir höfðu auðvitað hugsað sér vegna þess að það hefur legið fyrir frá því að skýrsla tvíhöfða nefndarinnar kom út að með breytingum á fiskveiðistjórnunarlögum yrði lagt til að fiskvinnslan fengi kvóta. Þó að þetta sé ekki akkúrat það frv. sem við erum að ræða þá tengist þetta bæði því að þetta er nefnt sem eitt af atriðunum til að koma í veg fyrir álitaefni um viðskipti með aflaheimildir og einnig vegna þess að segja má að öll þessi frumvörp tengist saman..

Ég ætla ekki að orðlengja þetta frekar. Ég held að ég hafi komið á framfæri því sem ég vildi sagt hafa við 1. umr. um þetta mál, bæði spurningum og hugleiðingum um það hvernig þessi mál hafa farið fram í samkomulagi stjórnarflokkanna.

[19:08]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var rætt allítarlega við samningu þessa frv. hverjir ættu að geta leitað álits samstarfsnefndarinnar og einmitt í ljósi þess sem hv. þm. fjallaði um. Niðurstaðan varð sú að þetta gæti staðið eins og það væri, enda hlyti það að koma þannig út í starfi nefndarinnar að öll þau mál sem ættu erindi þarna inn vegna þess að þar væri verið að deila um fiskveiði í tengslum við viðskipti á aflaheimildum hlytu að koma þar inn á borð þrátt fyrir það að aðeins tilnefningaraðilarnir vísuðu málum til nefndarinnar. Ég hygg að það hafi aldrei verið í starfi sem þessi samtök hafa unnið að þau færu að mismuna mönnum með þessum hætti sem hún var að velta fyrir sér hvort gæti átt sér stað.

Varðandi þær greinar sem hún nefndi um söfnun upplýsinga og birtingu þeirra þá á það fyrst og fremst við um almennar upplýsingar, um meðaltöl, dreifingartölur sundurliðaðar eftir landshlutum og sundurliðaðar eftir þeim viðskiptum sem eiga sér stað. Þar er því ekki um það að ræða að það sé verið að sundurliða upplýsingar á einstaklinga eða slíkt. Þegar talað er um útdrátt á niðurstöðum þá er fyrst og fremst verið að taka nafnlaus mál og lýsa tildrögum og hvernig hefur

verið úrskurðað í slíkum málum og þetta er nauðsynlegt til þess að þeir sem við þetta eiga að búa hafi fordæmi fyrir því hvernig nefnd tekur á málum. Varðandi það að bannað sé að skýra frá þá á það fyrst og fremst við um einstök mál og hagi þeirra einstaklinga eða fyrirtækja sem hlut eiga.

Ég get tekið undir að það væri æskilegt að samstaða næðist um fiskvinnslukvótann. Því miður varð svo ekki en ég tel að það mál sé geymt en ekki gleymt.

[19:10]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki alveg nóg þó hugsunin á bak við 3. gr. sé sú að það eigi ekki að mismuna sjómönnum eða samtökum. Það stendur í 3. gr. að þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu samstarfsnefndarinnar skv. 1. gr. geta leitað álits nefndarinnar. Það stendur ekki að allir geti það þannig að það þyrfti þá að koma skýrar fram. Það hefur raunar oft verið rætt á hinu háa Alþingi að lagatexti sé ekki nægilega skýr og ég beini því til hv. þm. og nefndarinnar í heild að skoða það hvort ekki þurfi að kveða eitthvað skýrara á. Og kannski er þetta ekki svo fastbundið að ekki sé hægt að breyta því.

En ég vil lýsa ánægju minni með það að hv. þm. skuli enn þá vera á þeirri skoðun að fiskvinnslan eigi að geta haft kvóta og ég vona svo sannarlega að hann haldi áfram að beita sér fyrir því því að ég verð að lýsa því yfir að það er svona aðeins í áttina að þeirri stefnu sem við kvennalistakonur höfum haldið fram, að það þyrfti að binda eitthvað af kvótanum í byggðarlögunum og helst sem mest af honum til þess að ekki væri sífellt verið að versla með aflaheimildir og selja þær í burtu með skipunum. Ég tel að það að fiskvinnslan hafi kvóta sé spor í rétta átt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:12]

Útbýting þingskjala:

Stjórn fiskveiða, 283. mál, nál. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1112; brtt. 1. minni hluta sjútvn., þskj. 1113; nál. 2. minni hluta sjútvn., þskj. 1114; brtt. StG og HÁ, þskj. 1115.

Stjórn fiskveiða, 2. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 360, nál. 1090, 1112 og 1114, brtt. 1091, 1113 og 1115.

[21:03]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. meiri hluta sjútvn. við frv. til laga um breytingar á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Nál. er á þskj. 1090 þar sem fram kemur að nefndin hafi fjallað afar ítarlega um frv. og rætt við fjölda manns sem getið er í álitinu. Ég hyggst ekki lesa alla þá nafnarunu upp en vísa til nál. sjálfs í þessu sambandi. Flestir þeir sem komu á fund nefndarinnar skiluðu einnig skriflegum greinargerðum um málið til nefndarinnar.

Meiri hluti nefndarinnar gerir allnokkrar brtt. við frv. Þær eru í 10 liðum og mun ég gera grein fyrir þeim og fjalla um málið með hliðsjón af þeim.

Fyrsta brtt. nefndarinnar fjallar um nokkrar breytingar á ákvæðum 2. gr. varðandi smábáta, þ.e. krókaleyfisbáta. Með leyfi forseta leggur nefndin til að fyrstu tvær efnismgr. orðist svo:

„Bátar minni en 6 brl., sem stundað hafa veiðar með línu og handfærum með dagatakmörkunum, skv. 6. mgr. II. bráðabirgðaákvæðis laganna, skulu frá og með fiskveiðiárinu, er hefst 1. sept. 1994, sæta veiðitakmörkunum eins og kveðið er á um í 2.–6. mgr. þessarar greinar. Þessum bátum er einungis heimilt að stunda veiðar með línu og handfærum. Þó er sjútvrh. heimilt að veita þeim leyfi til að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, og til hrognkelsaveiða í net.

Veiðar skulu bannaðar í desember og janúar sem og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Veiðar skulu enn fremur bannaðar aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar auk föstudaga á undan hvorri helgi. Falli banndagar þessir saman við banndaga um páska eða verslunarmannahelgi flytjast þeir fram sem því nemur."

Í öðru lagi að 6. efnismgr. orðist svo:

„Viðbótarbanndögum skal bætt framan við banndaga á viðkomandi tímabili og skipt eins jafnt niður og unnt er."

Þannig hljóðar þessi breyting og það sem hér er fyrst og fremst um að ræða er tvennt: Í fyrsta lagi er tekið fram að krókaleyfisbátum sé heimilt að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem með plógum og gildrum og eins að stunda veiðar á hrognkelsum. Þetta hefur í reynd verið framkvæmt svona og krókaleyfisbátar hafa mátt stunda þessar veiðar en hér er lagt til að það verði afdráttarlaust tekið á því í löggjöfinni að þeim sé slíkt heimilt. Þá er í öðru lagi breytt banndagareglunni sem gildir um veiðar þessara báta.

Það sem skiptir fyrst og fremst máli í sambandi við takmarkanir á veiðum krókaleyfisbáta er að það gildir sérstakt heildarþak í tonnafjölda á veiðum þessara báta. Ef bátarnir veiða umfram þetta ákveðna þak þá leiðréttist banndagafjöldinn frá ári til árs. Þannig skiptir í sjálfu sér ekki máli hvaða banndagaregla nákvæmlega er notuð heldur miklu meira máli að þak sé til staðar og fari veiðarnar umfram þakið þá er banndögunum fjölgað. Þetta skiptir fyrst og fremst máli og verður til þess að e.t.v. í fyrsta sinn eru veiðar þessara báta takmarkaðar með öruggum og ákveðnum hætti.

Reglan sem hér er tekin upp er þjálli í sjálfu sér fyrir þá sem stunda þessar veiðar. Eins og frv. var upphaflega sett fram var miðað við að banndagarnir kæmu allir í lok hvers mánaðar, en nú hefur þessu verið

breytt þannig að lagt er til að það séu teknar tvær helgar í hverjum mánuði, önnur og fjórða hver helgi, og það tímabil verði síðan lengt ef með þarf í því skyni að halda veiðunum undir því þaki sem um er að ræða. Ef það þarf að fjölga banndögunum vegna þess að bátarnir fara yfir markið þá er það gert með því að lengja viðkomandi helgar þannig að banndögunum fjölgi og veiðitíminn styttist eftir því sem þarf.

Það má segja sem svo að veiðar smábátanna hafi verið afar umdeildar og ég get staðfest það að á fundum tvíhöfða nefndarinnar hringinn í kringum landið var tekist mjög á um veiðar smábátanna. Tvíhöfða nefndin lagði til á sínum tíma að smábátarnir færu allir í kvóta, krókaleyfisbátarnir líka, en um það náðist ekki samstaða. Tvíhöfða nefndin lagði þá til í ljósi þeirrar andstöðu sem tillögur hennar um að kvótasetja alla þessa báta höfðu fengið að það væri sett alveg fast og ákveðið þak og banndögum síðan fjölgað eða fækkað eftir því hvernig bátarnir veiddu þann afla sem þeim væri heimilt að veiða.

Ég tel því að þeim markmiðum sem menn hafa sett sér með því að ná utan um veiðar þessara báta sé náð með þessum brtt. Það má hins vegar alltaf deila um það hvort þetta mark sé of hátt eða of lágt. Mörgum finnst það of lágt en síðan benda aðrir á að það sé of hátt og bitni á veiðum annarra sjómanna. Vissulega er það rétt og satt, en ég hygg að það verði aldrei til neitt endanlegt réttlæti í þessum efnum heldur verði fyrst og fremst að leita þarna leiða þar sem hægt er að sætta sem flest sjónarmið hvað þetta snertir.

Í öðru lagi er lagt til að fyrri málsl. 2. efnismgr. falli brott úr 4. gr. frv. Það sem hér er um að ræða er það að fella niður skilyrði um það að tekjur þurfi að rýrna um meira en 10% milli hverra tveggja ára til að jöfnunaraðgerðir séu heimilar. Í 4. gr. frv. er verið að fjalla um að það hefur komið inn almenn heimild fyrir sjútvrh. til að ráðstafa um 12.000 þorskígildistonnum til þess að mæta áföllum sem eru fyrirsjáanleg vegna þess að afli hafi dregist saman í einhverri ákveðinni tegund. En í frumvarpsgreininni, eins og hún var sett fram, var gert ráð fyrir því að heildaraflinn þyrfti að minnka um meira en 10% eða tekjur þyrftu að minnka um meira en 10% milli hverra tveggja fiskveiðiára. Með því að fella niður þessa kröfu er miðað við að samdráttartími geti staðið lengur en einhver tvö ár og ef það kemur samfellt tímabil þar sem tekjur eru mjög lágar vegna samdráttar í veiði á einhverri tegund þá er heimilt að viðhalda þessum jöfnunaraðgerðum.

Í þriðja lagi er gert ráð fyrir því að yfirfærsluréttur inn verði áfram 20% en ekki 10% eins og var miðað við í frv. Yfirfærsluréttur inn þýðir að ef viðkomandi skip nær ekki kvóta sínum þá má flytja yfir allt að 20% til næsta árs og þetta hefur verið talið nauðsynlegt til þess að viðhalda sveigjanleika í kvótakerfinu og það hafa ekki verið uppi neinar óskir, hvorki af hálfu útvegsmanna né sjómanna, um það að breyta þessu fyrirkomulagi.

Í fjórða lagi er gert ráð fyrir því að 7. gr. falli brott. Í 7. gr. frv. var lagt til að fiskvinnslukvótinn kæmi inn, þ.e. að heimilt yrði að framselja varanlegar aflahlutdeildir yfir á fiskvinnslustöðvar. Ég verð að segja það fyrir mig að þessi brtt. er mér afar sár. Ég sé virkilega eftir því að hafa þurft að leggja þetta til en það gerði ég alla vega í því skyni að ná sátt um þetta mál milli sjómanna og útvegsmanna. Ég hefði talið að þarna hefði verið stigið skref til aukinnar hagkvæmni í sjávarútvegi, skref sem hefði getað nýst fiskvinnslunni, nýst byggðarlögum sem eiga í erfiðleikum og einnig aukið samkeppnishæfni landvinnslu á móti sjóvinnslu, en eins og kunnugt er á sjóvinnslan kvóta sem fiskvinnslan í landi á ekki. En um þetta hefur ekki náðst samstaða við útvegsmenn eða sjómenn og því nær þetta mál ekki fram að ganga að þessu sinni og þarf að nást um það meiri sátt við þá aðila sem starfa í greininni til að það geti náð fram að ganga. En ég vil endurtaka það að það er mér ekki léttbært að flytja brtt. af þessu tagi og mæla fyrir henni hér.

Í fimmta lagi er gerð tillaga til breytinga á 8. gr. frv. Tillagan er að greinin orðist sem hér segir, með leyfi forseta:

„Á eftir 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað var til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu til skipa í eigu annarra útgerða án þess að um jöfn skipti sé að ræða er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins af skipum í eigu annarra útgerða á fiskveiðiárinu án þess að um jöfn skipti sé að ræða. Fiskistofu er þó heimilt að veita undanþágu frá banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.“

Virðulegi forseti. Ástæða er til þess að fjalla nokkuð um þessa tillögu til breytinga á frv. Það sem hér er um að ræða eru tvær breytingar. Í fyrsta lagi er lagt til að þegar meira en 15% af aflamarki af einhverri tegund hefur verið flutt frá skipi þá megi ekki flytja sömu tegund aftur á viðkomandi skip. Þetta er sérstaklega hugsað til þess að girða fyrir þann möguleika að útgerðir geti byrjað á því að selja frá sér allt sitt aflamark í ákveðinni tegund og kaupa síðan aflamark af sömu tegund aftur á skipið með þátttöku sjómanna. Segja má að þetta sé lykilatriði til að girða fyrir þann möguleika.

Enn fremur er girt fyrir það að ef búið er að flytja inn á skip sem samsvarar meira en 15% af ákveðinni tegund þá má ekki flytja frá því aftur. Þetta ákvæði kemur í rauninni í veg fyrir það að skip séu notuð sem svokallaðir kvótabankar nema í takmörkuðum mæli til að flytja kvóta inn á skipið og miðla svo kvótanum út af skipinu aftur. Hvort tveggja hefur verið gagnrýnt af hálfu sjómannasamtakanna og þessi tillaga kemur hér

inn til að koma til móts við þeirra gagnrýni á frv. og á þá löggjöf sem gilt hefur um stjórn fiskveiða. Hér er að sjálfsögðu um það að ræða að verið er að takmarka framsal á aflaheimildum. Því er alls ekki að neita, það liggur að sjálfsögðu í hlutarins eðli. Spurningin sem við stöndum frammi fyrir að svara er hins vegar sú hvort þessi tillaga gangi of langt, hvort hún þrengi svo mikið heimildir manna til þess að stunda viðskipti með aflaheimildir að hún dragi stórkostlega úr hagkvæmni í sjávarútveginum.

Ég vil segja fyrir mig að ég tel að þessi tillaga dragi vissulega úr ýtrustu möguleikum til hagkvæmra viðskipta með aflaheimildir í sjávarútvegi. Ég vil samt halda því fram að þrátt fyrir þessa breytingu sé í grundvallaratriðum enn þá til staðar heimild til hagkvæmra viðskipta með aflaheimildir, að í grundvallaratriðum hafi ekki verið hróflað við framsalskerfinu. Ég vil rökstyðja það með eftirfarandi hætti: Þar sem skip er að láta frá sér aflaheimildir sem það sjálft ætlar ekki að veiða er ekki verið að takmarka rétt til framsals. Þar sem skip er að fá til sín aflaheimildir sem það ætlar að veiða er ekki verið að takmarka framsal. Þannig að í öllum tilvikum þar sem menn eru að láta frá sér kvóta sem þeir ætla ekki að veiða eða fá til sín kvóta sem þeir ætla að veiða er ekki hreyft við neinu. Það sem hreyft er við er hins vegar ef menn ætla sér að vera mikið í því að kaupa og selja sömu tegundina, en það hefur einmitt hlotið mesta gagnrýni af hálfu sjómannasamtakanna.

Menn þurfa að sjálfsögðu líka alltaf að spyrja sig ákveðinnar spurningar í sambandi við allar svona breytingar. Hún er þessi: Hvernig munu aðilar í sjávarútvegi, útgerðarmenn, bregðast við þegar hinar nýju leikreglur hafa verið settar? Við getum nefnilega ekki búist við því að útgerðarmenn hegði sér nákvæmlega eins eftir að búið er að breyta reglunum eins og þeir gera fyrir þær. Við erum jú að setja svona reglur til að girða fyrir ákveðna hegðun eða möguleika á ákveðinni hegðun eða ákveðnum viðskiptum og síðan þegar við erum búin að setja leikreglurnar þá eiga útgerðarmennirnir næsta leik. Og hverjir skyldu þeir leikir verða?

Eitt af því sem hefur verið mest gagnrýnt af hálfu útgerðaraðila og er í sjálfu sér ekkert óskiljanlegt er t.d. að útgerðarmenn noti skip sem er í sjálfu sér haldið til veiða allt árið sem kvótabanka. Segjum að útgerð sé að gera út frystitogara sem haldið er til veiða utan landhelginnar, á karfa eða einhverju slíku, og sé að kaupa þorsk, segjum að hausti, sem sé geymdur á frystitogurunum þangað til fram í júní og þá sé það notað. Hvernig á að fara að í slíku tilfelli? Jú, þetta þýðir að í stað þess að nota skipið sem kvótabanka þá þarf útgerðarmaðurinn eða fiskvinnslan sem stendur kannski að baki slíkum frystitogara að gera samninga um að kaupa kvótann, sem hann ætlar síðan að framselja á annað skip seinna á árinu, þá þarf að gera samning um það að kvótinn sé ekki afhentur fyrr en þegar þarf að veiða hann. Þessi viðskipti munu fara yfir í slíkan farveg. Menn munu gera samninga um það að kaupa kvóta á einum tíma fiskveiðiársins sem ekki er afhentur fyrr en á öðrum tíma fiskveiðiársins þegar er þá ákveðið hvaða skip á að veiða hann. Þannig að menn sem eru að flytja veiðiheimildir með eðlilegum hætti á milli tveggja skipa, þar sem verið er að flytja kvóta af skipi sem ætlar ekki að veiða viðkomandi tegund yfir á skip sem ætlar sér að veiða viðkomandi tegund, þá er hægt að gera það með slíkum samningum og þeir munu örugglega finna sér eðlilegan farveg.

Í annan stað hygg ég að viðskipti með varanlegar aflaheimildir muni verða líflegri þannig að menn færa þá varanlega til þær veiðiheimildir sem þeir telja að séu í samræmi við það veiðimynstur sem þeir ætla að hafa á viðkomandi skipum. Það er í sjálfu sér ekki óeðlileg þróun að ef menn sjá fram á það að eitthvert ákveðið skip sé í rauninni með ákveðið veiðimynstur, að safna smám saman á það varanlegum veiðiheimildum eða aflahlutdeildum sem samræmast því veiðimynstri.

Eitt sem kemur til viðbótar inn í þessa mynd og ég hygg að menn muni reyna að huga meira að í framtíðinni er að menn geri samninga um vistun á varanlegum aflaheimildum á skipum sem eru ekki í þeirra eigu. Það er dæmi sem á t.d. við um Tálknafjörð þar sem hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., rakti hér í ræðu sinni fyrr í dag um samstarfsnefndina. Tálknfirðingar hafa í rauninni sett 700 tonna kvóta á 10 tonna bát sem þeir síðan láta Patreksfirðinga veiða fyrir sig. Þá snýst spurningin um það hvort Tálknfirðingar eigi einhverja möguleika til þess að vista varanlega þessar aflahlutdeildir á bátunum á Patreksfirði án þess að missa á þeim eignarhaldið. Það eru bátarnir á Patreksfirði sem hvort sem er eru að veiða þennan fisk og spurningin snýst þá í rauninni um eignarhaldið á skipunum. Ég hygg að það muni verða fundnar leiðir fyrir útgerðarmenn til þess að vista aflahlutdeildir með slíkum hætti á skipum sem eru ekki í þeirra eigu þannig að það geti staðist bæði gagnvart veðhöfum á skipunum, ráðstöfunarrétti og kröfugerð óskyldra aðila ef um slíkt verður að ræða.

Kjarni málsins tel ég að sé sá að vissulega er verið að takmarka möguleika manna til viðskipta með aflamark. Vissulega er verið að því. En í grundvallaratriðum tel ég að það sem ég kalla eðlileg viðskipti með aflaheimildir, þar sem menn eru að leita hagkvæmni, þar sem menn eru að hætta við að veiða þær tegundir sem þeir geta ekki með einhverjum hætti veitt og flytja yfir á skip sem geta veitt viðkomandi tegundir, það verði áfram í lagi og menn geti hagrætt í grundvallaratriðum innan þessa kerfis. Það sem menn geta hins vegar ekki gert er að eftir þessar takmarkanir geta menn ekki selt frá sér kvóta til að láta sjómennina kaupa kvótann aftur á skipið og menn geta heldur ekki notað skip sem kvótabanka. Þetta er kjarni málsins. Og ég tel að þessir tveir möguleikar sem verið er að taka þarna út séu ekki stór þáttur í spurningunni um hagkvæmni viðskipta með aflaheimildir og séu ekki stór þáttur í því að það sé hagrætt.

Varðandi 6. liðinn. Þar er lögð til sú breyting að í stað 25% kröfunnar um það að fiskiskip verði að veiða a.m.k. 25% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígild-

um talið tvö fiskveiðiár í röð, ef það nær því ekki þá falli aflahlutdeild niður, að þessi 25% krafa sé hækkuð upp í 50%. Þetta er gert til þess að hvetja til frekari úreldingar á fiskiskipum og ég hygg að það sé stefna sem alla vega langflestir sem ég hef heyrt ræða um þessi mál hafa viljað taka undir.

Síðan er gerð ákveðin tillaga um frávik frá þessu. Ef skipum er haldið utan fiskveiðilögsögunnar þá lækkar þetta 50% viðmiðunarhlutfall um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Þetta tel ég að sé nauðsynlegt til þess að það sé til staðar nægileg hvatning fyrir útgerðarmenn að senda skip sín til veiða utan lögsögunnar á tegundum sem ekki koma hér inn í okkar landhelgi og þetta hefur í rauninni sams konar áhrif og að minnka flotann.

Í áttunda lagi er ákveðið 10 þús. kr. gjald sem fyrirhugað er til Fiskistofu á hverja tilkynningu um færslu á aflamarki. Ef búið er að flytja umfram tíu þá falli það niður og ég ætla ekki að fjalla mikið um það.

Í síðasta lagi eru gerðar breytingar á gildistöku-ákvæði hins nýja kerfis varðandi krókaleyfisbátana þannig að það nýja kerfi tekur ekki gildi fyrr en 1. sept. nk. eða frá og með nýju fiksveiðiári og það er rökrétt í ljósi þess að í löggjöfinni um stjórn fiskveiða sem nú gildir frá því í maí 1990 var gert ráð fyrir því að núverandi fyrirkomulag þessara mála gilti út það fiskveiðiár sem hér um ræðir.

Virðulegi forseti. Nú hef ég farið í gegnum þær brtt. sem meiri hluti nefndarinnar leggur til við frv. Ég verð að segja það að þessar brtt. byggjast á tilraunum til þess að ná sátt um allt þetta mál milli hagsmunaaðila í sjávarútvegi, milli sjómanna og útvegsmanna og ná sem víðtækastri sátt almennt í þjóðfélaginu um það stjórnkerfi sem við höfum viljað taka upp á stjórn fiskveiða. Ef við berum saman okkar stjórnkerfi við það sem gildir í öðrum löndum þá hygg ég að það dyljist engum að það stjórnkerfi sem við höfum tekið upp er líklega eitt það hagkvæmasta sem finnst. Og allar þær þjóðir sem eru að leita sér að stjórnkerfi eða breyta stjórnkerfi sínu í átt til aukinnar hagkvæmni líta á okkar stjórnkerfi sem fyrirmynd að slíkum breytingum.

Þær breytingar sem við erum nú að gera á stjórnkerfi fiskveiða hér haggar á engan hátt því að okkar stjórnkerfi verður áfram þessi fyrirmynd. Það sem við erum að gera með þessum breytingum er að styrkja þetta stjórnkerfi, auka um það sátt meðal þeirra sem við það starfa þannig að það muni um fyrirsjáanlega framtíð nýtast okkur áfram og verða undirstaðan, grundvöllurinn undir þá hagkvæmni sem ríkir í íslenskum sjávarútvegi, þá hagkvæmni sem hefur gert Ísland að velferðarríki og í hópi tekjuhæstu þjóða í heimi.

[21:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var undarlegt að heyra ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., formanns tvíhöfða nefndar, sem var að koma úr einhverjum grátlegasta leiðangri sem nokkur maður hefur farið. Það mætti líkja honum við mann sem hefði lagt af stað í hvalveiðiferð og komið með tvo rauðmaga að landi. En hann er ánægður, hann segir að kerfið sé hagkvæmt. Hann lagði fram skýrslu í nafni tvíhöfða nefndar sem var tommu þykk og hvað var mikið í þeirri skýrslu um hagkvæmnina? Það voru nákvæmlega 5 eða 6 línur um hagkvæmnina og hver vegna? Vegna þess að það fundust ekki tölulegar upplýsingar sem voru boðlegar til að setja fram í vísindalegri skýrslu eins og þessi skýrsla átti að heita. Og það hefur ekki ennþá tekist að fá þessar tölur upp um alla þessa hagkvæmni í kerfinu sjálfu. Íslenskir sjómenn urðu þeir afkastamestu í heiminum áður en þetta kerfi varð til og það er öruggt að afköst íslenskra sjómanna hafa ekki aukist á undanförnum árum undir kvótakerfinu. Það kann að vera að eitthvað í nýrri tækni og annað hafi getað gefið eitthvað af sér, en afköst flotans hafa ekki bæst og hagkvæmniauking í sjálfri útgerðinni hefur orðið ákaflega grátlega lítil. Kvótakerfið hefur ekki sannað sig með neinum þeim hætti að menn hafi getað sett um það tölur á blöð. Og ég efast satt að segja ekki um að vilji hafi verið til þess að sanna það.

[21:36]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem harla kátur hingað eftir starf mitt í tvíhöfða nefndinni og ætla ekki að biðja hv. þm. Jóhann Ársælsson nokkurrar afsökunar á því starfi eða þeim niðurstöðum sem þar fengust eða því frv. sem hér er til umfjöllunar eða þeim brtt. sem hér eru til umfjöllunar. (**Gripið fram í:** Á hverju á að biðjast afsökunar þá?) Engu, hv. þm.

Það sem máli skiptir varðandi hagkvæmnina og hv. þm. Jóhann Ársælsson kom inn á er þetta: Norðmenn veiða að meðaltali um þriðjungi verðmeiri afla heldur en við. Þeir nota hins vegar til þess þrisvar sinnum fleiri sjómenn heldur en við og ef maður kemur með sams konar samanburð fyrir önnur Evrópulönd þá er samanburðurinn enn þá hagstæðari fyrir okkur. Kvótakerfið hefur leitt til aukinnar hagkvæmni í útgerðinni, um það er ekki deilt. Menn báru þetta gjarnan saman á árunum eftir að kvótakerfið var tekið upp og það eru ótrúlegar tölur sem þar komu fram. Og ég hygg að því verði hvergi í móti mælt, hvorki hér á Íslandi né heldur erlendis þar sem fjallað er um stjórnkerfi fiskveiða, að það hefur ekki tekist að sýna fram á hagkvæmara kerfi heldur en það stjórnkerfi fiskveiða sem við búum við.

[21:38]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að segja alveg eins og er að það þarf lítið til að gleðja hv. 5. þm. Norðurl. v. úr því að hann er kátur yfir þessum endalokum starfs síns í tvíhöfða nefndinni. Það er ekki mikill afraksturinn af því sem tillögurnar gengu út á. Ég ætlast ekki til þess að hann biðji mig afsökunar eða aðra á því sem hann gerði. Hann var að vinna samkvæmt sinni sannfæringu og ég efast ekkert um það, hreinskilinn maður og segir sína meiningu og það er ekkert nema gott um það allt að segja. (**Gripið fram í:** Og biðst ekki afsökunar.) Nei.

Norðmenn nota fleiri menn til að veiða fisk heldur en Íslendingar, sagði hann. Gerðu þeir það ekki áður en kvótakerfið var fundið upp á Íslandi? Ég held það. Og hann hélt því fram að það væri enn þá verri hagkvæmnin í veiðum annars staðar í Evrópu. Þetta segir nákvæmlega ekki neitt um það hvort við höfum verið að bæta okkur með því að taka kerfið upp. En þær tölur sem ég hef getað fengið í hendurnar og hef reyndar sagt frá áður hér í þinginu benda til þess að það hafi enginn árangur orðið. Við notum meira vélarafl, við notum meiri orku, meiri olíu og meiri tíma sjómanna til þess að veiða fisk í dag heldur en við gerðum áður en þetta kerfi kom á. Það eru þær einu tölur sem ég hef getað séð. Og þó svo að fullyrðingar um það að menn hafi verið að bera þessi kerfi saman við einhver önnur kerfi úti í heimi og niðurstaðan sé að íslenska kerfið sé svona óskaplega gott þá á það ekki að segja okkur neina sögu. Við þurfum að bera það saman við það sem við gerðum áður en þetta kerfi var fundið upp til þess að vita hvort við erum á réttri leið.

[21:40]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hélt að hv. þm. Jóhann Ársælsson kynni meira í sögu íslenska sjávarútvegsins en svo að það hefði algerlega farið fram hjá honum að togurum fjölgaði mjög mikið á áttunda áratugnum, m.a. með því að það var gert sérstakt átak til þess að fjölga togurum og stækka skipastólinn langt umfram það sem afrakstursgeta fiskstofnanna leyfði. Man hv. þm. ekki eftir svörtu skýrslunni 1973 og þeim aðgerðum sem þurfti að grípa til til þess að minnka flotann? Þegar mál voru komin í algert óefni 1983 var ákveðið að taka upp þetta stjórnkerfi fiskveiða sem síðan hefur dugað okkur stórt séð í þessi ár og skilað okkur stórkostlegri hagkvæmni. Ég hygg að ef þessa kerfis hefði ekki notið við þá væri ástandið annað hér hjá okkur, bæði varðandi okkar lfskjör og eins hygg ég að það hefði verið enn þá meira ábyrgðarleysi ríkjandi í sambandi við veiðarnar í heild.

[21:42]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það var óneitanlega nokkuð kynduget að heyra frsm. meiri hlutans eyða þó nokkru af ræðutíma sínum í það áðan að útskýra fyrir mönnum hvernig væri hægt að komast fram hjá þeim takmörkunum sem hann átti engu að síður að vera að mæla fyrir og meiri hlutinn leggur til að gerðar séu varðandi til að mynda framsal veiðiheimilda. En hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hughreysti menn með því að þetta yrði allt lagi því þeir á Tálknafirði og víðar mundu finna aðferðir til þess að komast fram hjá þessum þröskuldum sem þeir væru engu að síður að reisa fyrir þá, hv. þm. og hans stuðningsmenn. Margt er nokkuð skondið í þessu svo að ekki sé meira sagt.

Nú háttar þannig til að það eru rétt um fjögur ár liðin síðan það starf átti að hefjast sem hér á nú að heita að sé að ljúka, þ.e. að endurskoða ákvæði laga um stjórn fiskveiða. En það var eins og kunnugt er hluti af samkomulagi um afgreiðslu málanna hér á Alþingi á vordögum 1990 að á næstu tveimur árum rúmum, þ.e. fyrir árslok 1992, skyldi fara fram heildarendurskoðun lagaákvæða um stjórn fiskveiða. Síðan var fyrir um það mælt með sérstökum hætti hvernig að því skyldi staðið. Auðvitað er það þannig að það er á engan hátt vansalaust hvernig þessu starfi er svo að ljúka og við hvaða aðstæður og þá er ég auðvitað alveg sérstaklega að *vísa til þess að eftir allan þennan* óratíma, hartnær fjögur ár, skuli það samt gerast að hin eiginlega efnisvinna málsins þarf að fara fram á nokkrum sólarhringum. Og af hverju er það nú? Það er vegna þess að þrátt fyrir tvíhöfða nefndina og allt starfið og allan tímann þá er það ekki fyrr en með hrossakaupum á síðustu sólarhringum að stjórnarflokkarnir ákveða hvernig þeir ætla að hafa þessi mál. Síðan er þinginu og sjútvn. í raun og veru ætlað að afgreiða þau mál á sáralitlum tíma. Það er alveg ljóst að til þess að vinna málin með fullnægjandi efnislegum hætti, þannig að sómi hefði verið að, hefði sjútvn. og Alþingi þurft einar þrjár vikur frá því að breytingartillögur stjórnarflokkanna komu fram til þess að ræða við aðila, til þess að afla gagna, láta gera útreikninga og fara rækilega í saumana á þessum hlutum.

Það er t.d. alveg ljóst að hugmyndir manna um það hvaða áhrif verði af lögfestingu þessara breytinga eru enn á miklu getgátustigi. Það liggja fyrir mjög misjafnar og misvísandi tillögur manna um það hver áhrifin af þessu verði og það er eðlilegt vegna þess að menn hafa haft fáeina sólarhringa til að skoða þessi mál. Ég vil samt taka það fram að ég er ekki með því að lasta það starf sem síðan hefur verið unnið. Ég tel að sjútvn. hafi reynt eftir föngum að vinna þessi mál og þrátt fyrir allt hefur okkur tekist að kalla til viðtals allmarga af mikilvægum hagsmunaaðilum í málinu og draga að okkur gögn og ég vil þakka nefndarmönnum þar fyrir samstarfið í þessu starfi. En það er alveg ljóst og óhjákvæmilegt að láta það koma hér fram að til þessa hefði þurft miklu meiri tíma. Eins og ég segi og endurtek, 2–3 vikur hið minnsta.

Það er mjög bagalegt þegar hlutirnir gerast með þessum hætti og í reynd er það þannig að þessi mikilvægustu málefni sjávarútvegsins hafa orðið verslunarvara í tvígang milli stjórnarflokkanna og innbyrðis í stjórnarflokkunum, nánast fyrir opnum tjöldum. Í fyrra skiptið var það fyrir ári síðan þegar hæstv. sjútvrh. og hæstv. utanrrh. gerðu með sér kaupskap mikinn og náðu samkomulagi um ýmislegt sem tengdist meðferð þessara mála, framlagningu Þróunarsjóðsins o.fl. Sumir vilja meina að þar hafi verið dýru verði keypt óbreytt fyrirkomulag við stjórnun fiskveiða þegar hæstv. sjútvrh. lét eftir Alþfl. upptöku vísis að auðlindaskatti frá og með miðju ári 1996 og skyndileg eftirgjöf varð gagnvart kröfum Íslendinga í viðræðum við Evrópubandalagið um tvíhliða samning um samstarf á sviði sjávarútvegsmála.

Þessir hlutir eru auðvitað ekki í þeim farvegi sem þeir eiga að vera og það er næsta nöturlegt þegar það er beinlínis kynnt og viðurkennt fyrir opnum tjöldum

að hluti af því að ná samkomulagi í stjórnarflokkunum og innbyrðis í öðrum stjórnarflokknum hafi verið útdeiling á óskyldum ákvörðunum þó að þær eigi að vísu að heita tengdar sjávarútvegi. Og það er að sjálfsögðu ekki þannig sem hlutirnir eiga að gerast að 7 þús. tonn af rækju sé orðin verslunarvara í tengslum við framtíðarstefnumörkun okkar á sviði stjórnunar fiskveiða eða lokun eða breytingu á togveiðihólfum í tilteknum landshlutum eða fyrir tilteknum landshlutum. En þannig birtist þetta því miður þingi og þjóð og er eins og ég segi, hæstv. forseti, ámælisvert.

Í nefndaráliti okkar 1. minni hluta sjútvn. er í allítarlegu máli rakinn aðdragandinn að því lagaendurskoðunarstarfi sem hér á að heita að sé að fara fram og byrjað, eins og áður var reyndar nefnt, við afgreiðslu málanna á vori 1990. Ég fór reyndar lítillega yfir það í dag, hæstv. forseti, hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur í raun og veru klúðrað þessu verkefni svo rækilega að það hlýtur að koma til með að standa á spjöldum sögunnar um ókomin ár hvílík þrautaganga og raunasaga málefni sjávarútvegsins og meðferð á þeim hlutum öllum hefur verið í tíð þessarar ríkisstjórnar og er þar af miklu að taka satt best að segja. Væri það svo að eina klúðrið í þessum málum væri vinnan að þessum frumvörpum eða lögum um stjórn fiskveiða þá væri það kannski sök sér og eru þar þó engin smámál á ferðinni. En staðreyndin er sú að nánast hvert einasta atriði sem upp hefur komið og einhverju umtalsverðu máli hefur skipt í sambandi við sjávarútveg á þessu kjörtímabili hefur orðið að vandræðamáli og klúðri í höndunum á hæstv. ríkisstjórn. Hver man ekki endaleysuna varðandi meðferðina á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs? Jafnvel einfaldur hlutur eins og sá að hrinda í framkvæmd löngu tekinni ákvörðun Alþingis Íslendinga um að kaupa björgunarþyrlu vefst mánuð eftir mánuð og ár eftir ár fyrir þessari hæstv. ríkisstjórn og reyndar er það orðið þannig að það er yfir höfuð vandfundið það mál sem þeim tekst ekki að vefja upp í hnút. Mennirnir komast ekki einu sinni lengur til útlanda án þess að það verði að stórpólitísku deilumáli, annaðhvort vegna þess að þeir gleyma að talast við um þau ferðalög eða vegna þess að þeir gera eitthvað í útlöndum án samráðs við samstarfsmenn sína í hæstv. ríkisstjórn.

Þetta er auðvitað yfirgengilegt, hæstv. forseti. Ríkisstjórn sem er svona á sig komin, eins og þessi, samanber búvörudeilur, þyrlukaupamál, rifrildi um utanlandsferðir og þessi endemis ósköp hér í sambandi við sjávarútvegsmálin á að sjá sóma sinn í því að segja af sér og fara frá. Hún er óstarfhæf og það hefur aldrei orðið ljósara heldur en einmitt þessa vordaga hér í þinginu. Í raun og veru er ekki haldið utan um nokkurn skapaðan hlut. Það er komið fram á þá sólarhringa þegar Alþingi átti að vera að ljúka störfum og það örlar ekki á viðleitni af hálfu verkstjórnarmeirihlutans hér til þess að ná eitthvað utan um þessi mál og semja um einhver eðlileg þinglok. Það örlar ekki á viðleitni til þess og allt er þetta með hreinum hörmungum.

Þessi hrossakaupaprangmarkaður sem einkennt hefur öll störf á þessu sviði er auðvitað neðan við allar hellur, hæstv. forseti. Nóg er nú samt sem íslenskur sjávarútvegur og íslensk sjómannastétt og öll þessi grein þarf að glíma við þó að svona sé ekki á málum hennar haldið, að nánast jafnt hið minnsta sem hið stærsta verði að endemis klúðri og vandræðagangi í höndunum á hæstv. ríkisstjórn. Reyndar hefur gengið svo langt á köflum að hæstv. sjútvrh. hefur beinlínis verið afmunstraður og þá hefur það gjarnan verið talið henta að kalla viðkomandi mál ekki sjávarútvegsmál heldur byggðamál og verið sérstök aðferð þegar hæstv. forsrh. eða þeir í púkki, hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh., hafa þurft að ná sér niðri á hæstv. sjútvrh. að þá hafa skyndilega ólíklegustu mál sjávarútvegsins verið orðin að byggðamálum og eru þá meðhöndluð sem slík og tekin úr höndum sjútvrh. Það var t.d. um tíma niðurstaðan með endaleysuna um veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs.

Eitt er alveg ljóst, hæstv. forseti, og það er að þessi vandræðagangur er auðvitað orðinn greininni mjög dýr, sjávarútveginum mjög dýr. Og ég leyfi mér að fullyrða að íslenskur sjávarútvegur hefur aldrei búið við annað eins harðræði af manna völdum eins og hann hefur gert á þessu kjörtímabili. Aldrei. Hvernig leið árið 1992 í málefnum íslensks sjávarútvegs? Það leið þannig á enda að ríkisstjórnin kom sér ekki saman um nokkurn skapaðan hlut sem sneri að málefnum sjávarútvegsins fyrir utan það eitt að á síðustu dögunum áður en þingið fór heim vorið 1992 mannaði hæstv. sjútvrh. sig upp í það, hvattur til þess af stjórnarandstöðunni, að flytja hér frv. um að tæma Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Það var það eina sem ríkisstjórnin kom sér saman um í málefnum sjávarútvegsins það ár, að tæma upp, þurrka upp allan skyldusparnað greinarinnar og nota hann til að halda sjávarútveginum á floti það ár. Út af fyrir sig má segja að það var betra en ekki neitt, það var betra heldur en að láta hann stöðvast. En það var auðvitað dýrkeypt að ekkert var gert til að laga skilyrði greinarinnar allt það ár og hann varð að lifa á því að éta upp þennan skyldusparnað sinn. Og hefði nú verið betra að eiga til að mynda venjulegar inngreiðslur í Verðjöfnunarsjóði til að borga út eftir að afurðaverðið fór að falla, þegar það féll svo líka saman við minni veiðiheimildir á árinu 1993 og á þessu ári.

Óþarfi er auðvitað að fara yfir það hér, það er mönnum í svo fersku minni, hvernig þessi vinnubrögð ríkisstjórnarinnar, klúðrið í þessum málum, kölluðu yfir greinina verkfallsátök í vetur og ollu þar stöðvun í allri greininni, að segja má, um margra vikna skeið. Sú deila var svo leyst eða öllu heldur ekki leyst heldur henni frestað með því gerræði að setja hér bráðabrigðalög á sjómenn nokkrum dögum áður en Alþingi átti að koma saman til starfa, jafnsmekklegt og það nú var. Nú eru málin í raun og veru í miklu verri hnút heldur en þau hefðu þurft að vera ef eðlilega hefði verið að þessu unnið.

Og málflutningur hæstv. sjútvrh., eins og kom fram í dag — og er nú í raun og veru alveg ótrúlegur dagur hjá hæstv. sjútvrh. því hann skaut svoleiðis á báða bóga að þeir fáu menn sem helst hafa tekið upp þykkj-

una fyrir hann gerði hann umsvifalaust að óvinum sínum jafnharðan — stór hluti af ræðu hæstv. sjútvrh. af einhverjum undarlegum ástæðum gekk út á það að ráðast á Framsfl. (Gripið fram í.) Já, það er svo aftur sérstök íþrótt hjá hæstv. sjútvrh. að ráðast mest á þá sem hann er sammála, það er hans mál. En það eru náttúrlega nokkur tíðindi af því að hæstv. sjútvrh. hefur gjarnan reynt að merkja sig því að vera í grófum dráttum sammála forvera sínum um þetta kvótakerfi og allt það, en engu að síður fór þetta nú svona hjá honum í dag.

En hann skaut í fleiri áttir, hæstv. sjútvrh. Hann gerði hér harla lítið úr málflutningi hinna svokölluðu athafnamanna sem hafa verið að senda frá sér athugasemdir og áhyggjur af ýmsu sem þeir telja að verði áhrif af þessum breytingum sem nú eru lagðar til. Nú er ég ekki að gera þeirra málflutning að mínum, síður en svo. Ég tel reyndar að þeir gangi býsna langt í mati sínu eða túlkun sinni á líklegum áhrifum af þessu. En það breytir engu um það að mér fundust þau ummæli sem höfð voru um þessa forustumenn margra mikilvægustu sjávarútvegsfyrirtækja vítt og breitt um landið ekki mjög skynsamleg.

Nú, samskipti hæstv. sjútvrh. við sjómenn þekkja menn. Hæstv. sjútvrh. er enn að klifa á því að það hafi ekki verið hægt að ræða við sjómenn af því að þeir hafi sett einhverja úrslitakosti og skilyrði þegar þeir neyddust til að standa upp frá samráðsborði eftir margra mánaða og missira árangurslausa setu þar inni þar sem ekkert var hlustað á þeirra kröfur. Og þá ber hæstv. sjútvrh., sem ber ábyrgð á þessum málum, það á borð fyrir okkur að það sé frambærileg frammistaða af æðsta manni þessa málaflokks að tala ekki við samtök sjómanna í meira en hálft ár, heldur láta allt fljóta sofandi að feigðarósi og enda í verkfalli. Auðvitað er þetta enginn málflutningur. Auðvitað getur enginn ábyrgur stjórnmálamaður látið svona, talað svona, að það sé afsökun fyrir því þó að mál hafi lent í hnút og menn hafi orðið ósáttir og staðið upp frá einhverju fundarborði að menn þurfi ekki með einhverjum hætti að brjóta odd af oflæti sínu og laða fram möguleika til þess að menn geti sest niður á nýjan leik og farið að tala saman. Það leysist engin deila öðruvísi. Það er auðvitað hægt að skjóta þeim á frest með lagasetningu og bráðabirgðalögum ef svo vel vill til að þingið er ekki starfandi, eins og þessi ríkisstjórn hefur verið gjörn á að gera. En það læknar ekki meinið að beita slíku ofbeldi.

Og hvernig er svo staðan núna? Hvernig horfir með afgreiðslu þessara mála núna? Er það mjög gæfulegt? Lítur út fyrir mikla samstöðu á þingi og í þjóðfélaginu um lendinguna í þessum málum? Er hér að verða til sú heildstæða sjávarútvegsstefna sem stendur svo fallega um í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar? Er hér að verða til fiskvinnslustefna? Er hér að verða til fullvinnslustefna? Er hér að verða til einhver framtíðarsýn um þróun íslensks sjávarútvegs þegar komið er sem betur fer undir lok kjörtímabilsins og ríkisstjórnin ætti að vera að skila af sér uppskerunni í þessum málum, ef einhver væri? Nei, því er nú ekki aldeilis að heilsa, aldeilis ekki. Hér eru á ferðinni nokkrar upp álappanir eða plástrar, ef svo má að orði komast, á það kerfi sem sætt hefur mikilli gagnrýni og að mörgu leyti vaxandi á undanförnum missirum og það er síður en svo að það horfi til einhverrar meiri sáttar um þessi mál í þjóðfélaginu heldur en verið hefur.

Auðvitað er það nánast orðin þjóðarógæfa á Íslandi hversu illa okkur hefur gengið að ná landi með sæmilega heildstæða stefnumörkun fyrir þennan undirstöðuatvinnuveg sem allir geta sæmilega sáttir við unað, útgerðarmenn, sjómenn, fiskvinnslufólk í landi, fiskvinnslan, byggðarlögin við sjávarsíðuna, sveitarfélögin og þjóðfélagið allt. En það er nú öðru nær. Í raun og veru er það að mínu mati fjær heldur en um langan aldur og líklega nokkru sinni að menn séu að ná landi hér með einhverja heildstæða stefnumörkun. Þannig er nú uppskeran eftir rétt tæpa, svo nemur einum eða tveimur sólarhringum, þriggja ára setu hæstv. ríkisstjórnar á stólunum. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að draga það alveg sérstaklega fram hér að það er fólgin í þeirri niðurstöðu sem hér er verið að bera á borð fyrir okkur fullkomin og algjör uppgjöf gagnvart því verkefni sem ríkisstjórnin hafði sett sér og talað fagurlega um, að móta hér heildstæða stefnu sem tæki til allra meginþátta sjávarútvegsins, veiða, vinnslu og markaðsmála, eins og það er orðað ef ég man rétt, sem ég held að ég geri, í Viðeyjarkverinu og hvítu bókinni frá því um haustið 1991.

Fyrsti minni hluti, sem ég og hv. þm. Jóhann Ársælsson skipum, leyfir sér að lýsa af þessum sökum og með þessum rökum sem hér hafa verið flutt, fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir meðferð þessara mála. Þær umsagnir sem nefndinni, sjávarútvegsnefnd, hafa borist um þetta mál, bæði áður en breytingartillögurnar komu fram sem nú eru á dagskrá og eins eftir það, tala sínu skýra máli um það hversu víðs fjarri menn eru því að lenda hér einhverri heildstæðri stefnumörkun sem ánægja ríkir með. Og auðvitað er það átalið, sérstaklega af þeim hagsmunaaðilum sem hafa bundið vonir við það að til yrði með þessari endurskoðun einhvers konar heildarstefna sem tæki til vinnslunnar, til atvinnuöryggisins og þróunarinnar í greininni, að sjá þar nánast ekki neitt á blaði.

Það eina sem segja mátti að fram kæmi í frumvörpum ríkisstjórnarinnar og gæti út af fyrir sig vísað til slíkrar áttar, og þó allt saman eftir því hvernig þar hefði til tekist og þróunin orðið, þ.e. heimild fiskvinnslustöðva til að eignast veiðiheimildir, er tekið út. Nú er það svo að það er í sjálfu sér ekkert sjálfgefið og einfalt mál að sjá fyrir um það hvernig það hefði þróast fyrir hönd vinnslunnar eða rekstursins í landi, en það var þó a.m.k. hægt að viðurkenna að í því gátu falist möguleikar sem hefðu hugsanlega getað þýtt ákveðna þróun og sterkari stöðu vinnslunnar í landi þegar frá leið. Og á það hefur til að mynda verið bent að í því sé ákveðið misræmi að vinnsla á sjó njóti í raun þess að geta átt veiðiheimildir en ekki hin sem í landi er, nema að sjálfsögðu í gegnum þau blönduðu fyrirtæki sem stunda hvort tveggja útgerð og fiskvinnslu, sem reyndar er stór hluti rekstrarins. En það

breytir ekki hinu að réttarstaðan er þessi. En þessu er nú ekki að heilsa eins og kunnugt er.

Í ljósi þess að í raun og veru hafa ekki skapast hér á Alþingi neinar aðstæður til þess að vinna að verkinu með þeim hætti, til að mynda að sjávarútvegsnefnd þingsins gæti lagt í það vinnu að reyna fyrir sitt leyti að móta einhverjar áherslur og ná samstöðu um hluti, þá er okkur í stjórnarandstöðunni auðvitað ekki boðnir aðrir kostir en þeir að taka með tiltölulega einföldum hætti á afgreiðslu þessara mála því við höfum haft fáeina sólarhringa til þess að bregðast við þeim kostum sem hrossakaup stjórnarflokkanna stilla okkur frammi fyrir, stilla þinginu og sjávarútvegsnefnd og a.m.k. stjórnarandstöðunni frammi fyrir. Og það er best að segja það alveg eins og það er, vegna þess að það er það sem liggur á borðinu, að í raun og veru hefur hér ekki verið boðið upp á neitt eiginlegt samstarf um að reyna að breyta þessum hlutum eða ná samkomulagi um málið. Það liggur fyrir að stjórnarflokkarnir hafa í sínum herbúðum með hrossakaupum komist að tiltekinni niðurstöðu sem hér á að ganga í gegnum þingið óbreytt og upp á annað er ekki boðið. Þannig liggur það. Auðvitað eru það ekki þau vinnubrögð sem skemmtilegt er að ástunda. Með því er ekki verið að segja að meiri hlutinn að sjálfsögðu ráði ekki út af fyrir sig sem slíkur niðurstöðu mála hér, en það eru ekki skemmtileg vinnubrögð þegar stórmál af þessu tagi, þar sem meira að segja í lögum er kveðið á um samráð við alla stjórnmálaflokka, eru unnin svona.

Við í 1. minni hluta lýsum því í fyrsta lagi fullri ábyrgð á hendur ríkisstjórninni fyrir þessa stöðu og fyrir þessi vinnubrögð og leggjum svo að öðru leyti til eingöngu nokkrar grundvallarbreytingar sem undirstrika okkar áherslur gagnvart fáeinum mikilvægum atriðum þessa máls. Að öðru leyti munum við taka efnislega afstöðu til einstakra greina frv. og brtt. sem hér eru á ferðinni og afstaða okkar endurspeglast í því. Við munum að sjálfsögðu, þrátt fyrir að málið sé svona vaxið, styðja það sem við teljum til bóta í þessum breytingum eða frv. en eftir atvikum sitja hjá eða greiða atkvæði gegn öðru sem við teljum ekki ganga í rétta átt. Það má segja að það hefði verið nærtækt og að mörgu leyti rökréttast fyrir stjórnarandstöðuna við þær aðstæður sem henni er boðið upp á að vísa málinu frá sér og taka ekki þátt í afgreiðslu þess þegar svona er að hlutunum staðið. En eftir sem áður og þrátt fyrir þetta og þrátt fyrir mikla óánægju okkar með það hvernig stjórnin stendur að málum þá munum við eftir sem áður taka efnislega afstöðu til einstakra þátta málsins. Við höfum ekki heldur ástundað það að tefja fyrir því að ríkisstjórnin kæmi þessum málum fram úr því að það er orðin hennar niðurstaða og hennar vilji að keyra þetta í gegn með þessum hætti sem raun ber vitni. Hversu mikið gæfuskref það er svo á hinn bóginn verður að koma í ljós og vissulega hefur maður þar efasemdir um ýmislegt.

Fyrsta brtt. okkar, sem flutt er á þskj. 1113, er við 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Við teljum rétt í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í gegnum sívaxandi eignarréttarígildi veiðiheimildanna hjá handhöfum að undirstrika með enn skýrari hætti en áður hefur verið í lögunum sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávarins. Ef farið er yfir það mál, vegna þess að það þarf stundum að rifja það upp fyrir Alþfl. sem heldur að hann hafi fundið upp hjólið í þessum efnum, þá var það 1983 sem Alþb. flutti fyrst brtt. við frv. til laga um stjórn fiskveiða, sem þá hét víst öðru nafni, gott ef ekki veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, að koma skyldi inn ákvæði um sameign íslensku þjóðarinnar á auðlindum sjávar. Og svo merkilegt sem það nú er og ótrúlegt í dag að segja það þá var það ákvæði fellt í atkvæðagreiðslu í báðum deildum þingsins þann vetur. Þá var nú skilningurinn ekki meiri en svo á þessum áherslum okkar alþýðubandalagsmanna. En við gáfumst ekki upp og endurfluttum þetta ákvæði þegar frumvörpin voru hér til afgreiðslu á næstu tveimur til þremur árum. Síðan uppgötvaði Alþfl. að þetta væri skynsamlegt mál, gekk í lið með okkur og það smáfjölgaði í hópnum þangað til að þessi ákvæði komust inn í lög einhvern tíma um miðbik níunda áratugarins og voru svo reyndar styrkt enn frekar með breyttu orðalagi þegar frumvörpin voru til afgreiðslu hér á vordögum 1990.

En með því að gera þarna enn betur og það er verið að bæta inn í þá setningu sem um þetta fjallar í lögunum um stjórn fiskveiða eftirfarandi setningu: „Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt, ígildi eignarréttar“ — sem er nýtt — „eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“ — Breytingin yrði þessi með „ígildi eignarréttar“ og með því viljum við auðvitað undirstrika það að hvorki eignarréttur í eiginlegum og stjórnarskrárvörðuðum skilningi, né ígildi hans í reynd, í praxís, né óafturkallanlegt forræði getur myndast hjá neinum einstökum aðila gagnvart þessari sameiginlegu auðlind þjóðarinnar. Og ég vænti þess að þessi brtt. okkar njóti skilnings og stuðnings, og ef menn ekki bera gæfu til að samþykkja þetta núna þá muni menn væntanlega gera það fljótlega eins og raunin varð á með okkar tillöguflutningi í þessum efnum á níunda áratugnum.

Í öðru lagi leggjum við til að við 3. gr. laganna bætist ný málsgrein er orðist svo, með leyfi forseta:

„Nú metur Fiskistofa það svo að áliðnu fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð að ekki takist að veiða þann heildarafla tiltekinnar tegundar eða tegunda sem sjútvrh. hefur ákvarðað skv. 1. mgr. þessarar greinar þá skal ráðherra afnema aflamark þeirrar tegundar eða tegunda og gefa veiðar frjálsar á þeim tiltekið tímabil innan fiskveiðiársins eða til loka þess. Um slíkar ákvarðanir skal sjútvrh. hafa samráð við Hafrannsóknastofnun og þess gætt að afkomu viðkomandi stofna sé ekki stefnt í hættu. Ráðherra skal heimilt að afturkalla ákvörðun sína ef að mati Hafrannsóknastofnunar er útlit fyrir að veiðar verði meiri en að var stefnt með úthlutun aflamarks.“

Þessi brtt. gengur sem sagt út á það að í raun verði til visst millistig milli þess ástands sem ríkir í dag, að sumar tegundir eru bundnar kvóta en aðrar ekki. Það verði sem sagt möguleiki að gefa frjálsar veiðar á teg-

und sem lotið hefur takmörkunum aflamarks ef til að mynda sú er orðin niðurstaðan að ár eftir ár er sá stofn ekki fullnýttur, það er minna veitt af honum en Hafrannsóknastofnun telur að óhætt sé að gera og ef það er jafnframt ljóst að ástæðan er ekki sú að ekki sé af nógu að taka. Ef þessar forsendur eru báðar uppfylltar þá spyrja menn sig eðlilega að því: Til hvers þá að viðhalda ár eftir ár kvóta í slíkri tegund? Nærtækasta dæmið er úthafsrækja, en flest undanfarin ár hefur aflamark á úthafsrækju ekki náðst. Líklega núna þrjú ár í röð vantar nokkuð upp á að svo hafi verið. Og þá vaknar eðlilega sú spurning: Hvers vegna þá að burðast með kvótann? Og er ekki a.m.k. óhætt, þegar eftir lifa kannski fáeinir mánuðir fiskveiðiársins og það er ljóst að stofninn er ekki fullnýttur og gefur ekki af sér þær tekjur inn í þjóðarbúið sem hann gæti gert vegna þess að af einhverjum ástæðum er ekki sótt í hann af þeim krafti sem til þarf, að hvetja til slíkrar sóknar með því að gefa veiðarnar frjálsar?

Auðvitað er það svo að kvóti á tegundina er hamlandi í sjálfu sér gagnvart sókn í hana þegar þannig háttar til vegna þess að skip sem ekki hafa veiðiheimildir í viðkomandi tegund taka síður ákvörðun um að hverfa til slíkra veiða þegar það er vitað fyrir fram að þau þurfa að byrja á því að kaupa sér veiðiréttinn, t.d. fyrir 12, 15 eða 18 kr. kílóið eins og á við um rækjuveiðina. Þetta yrði að sjálfsögðu að metast eftir aðstæðum og fara eftir því hvað skynsamlegt væri talið í hverju tilviki. Ég er t.d. þeirrar skoðunar af því að það hefur verið til umræðu að gera þetta og m.a. þingmál á ferð í þinginu sem hnígur í svipaða átt, gengur reyndar miklu lengra en hér er lagt til og nálgast málið með öðrum hætti, að það ætti að koma til skoðunar að fella niður, a.m.k. tímabundið, kvótann á úthafsrækju af því að sá kvóti hefur ekki náðst þrátt fyrir ágætt ástand stofnsins og nóga veiði. Með öðru orðum er ástæðan ekki sú að það hafi ekki veiðst vel af rækju hjá þeim sem hafa sótt í stofninn. En hluti af rækjukvótanum er hjá skipum sem alls ekkert hafa nýtt sér möguleika til rækjuveiða undanfarin ár og hafa alls ekki haft áhuga á því. Það eru til að mynda fjölmörg loðnuskip með rækjukvóta sem lítið eða ekkert hafa stundað þær veiðar. Ég er þess vegna þeirrar skoðunar að í því tilviki geti vel komið til greina að gefa kvótann frjálsan.

Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að það væri ekki rétt að gera t.d. gagnvart ýsu þó að kvótinn þar hafi ekki heldur náðst líklega tvö eða þrjú ár í röð. Og hvers vegna ekki? Vegna þess að það er af öðrum ástæðum. Það er vegna þess að ýsan hefur hreinlega ekki veiðst. Þar vantar ekki sóknina. Og þá náttúrlega spyr maður sig að því: Eru það ekki akkúrat vísbendingar um að ef eitthvað er þá sé kvótinn of mikill og það þurfi að hlífa stofninum meira? Og þá gefa menn að sjálfsögðu ekki lausan kvótann og sleppa óheftri sókn á þann stofn, akkúrat þveröfugt. Þess vegna er það að mínu mati þannig að það getur verið skynsamlegt að hafa þetta milliúrræði í kerfinu. Hvers vegna er það t.d. sjálfgefið að það sé kvóti á ufsa en ekki á steinbít? Má ekki eitthvað á milli vera að það sé bara annaðhvort eða? Sumar tegundir séu innan aflamarks og þá skuli þær bara vera það um aldur og ævi hvort sem þörf er á því að takmarka sóknina í þær eða ekki, en aðrar séu þarna fyrir utan og frjálsar?

Ég held að þetta gæti til að mynda þróast þannig að ef það nú er, sem margt bendir til, að vegna skilyrða í sjónum og e.t.v. því miður vegna þess að það er minna afrán á rækjunni vegna minni bolfiskgengdar á miðin, að rækjustofninn sé jafnvel í bullandi uppgangi áfram og það sé að þróast í þá átt að e.t.v. megi taka enn meiri rækju án þess að ganga of nærri stofninum heldur en gert hefur verið, samanber nýlega ákvörðun um að sulla út 7 þús. tonnum í viðbót bara sisona. Ég ætla hæstv. sjútvrh. ekki það ábyrgðarleysi að gera slíkt nema einhver rök standi fyrir því að það sé óhætt. Og væri þá ekki hægt að hugsa sér það að í apríl, maí, júní, þegar ljóst væri orðið t.d. á þessu eða næsta fiskveiðiári að rækjukvótinn mundi alls ekki klárast að þá væri sóknin einfaldlega gefin frjáls? Segjum nú sem svo að þetta gæfist vel og menn mundu taka inn 45 þús. tonn og Hafrannsóknin mundi segja: Þetta er allt í lagi, stofninn þolir þetta. Svo gerist það sama næsta ár að í maí eru menn ekki búnir að veiða nema 32 þús. tonn og þá segir Hafrannsóknastofnun: Það er óhætt að taka 15 þús. tonn í viðbót. Við skulum aftur sleppa kvótanum lausum. — Og menn gera þetta kannski tvö til þrjú ár og það gengur vel. Hvert haldið þið að yrði þá framhaldið? Menn mundu að lokum segja: Nú heyrðu, það þarf ekki kvóta á þessa tegund. Að óbreyttu þarf þess ekki og hún má vera frjáls eins og steinbíturinn og skráplúran og hvað það nú heitir.

Ég held að menn verði að varast það að festast þannig í viðjar kerfisins að kerfið fari að lifa af sjálfu sér hvort sem menn eru meira sannfærðir eða minna sannfærðir um ágæti aflamarksfyrirkomulags í sjálfu sér, og er ræðumaður í þeim hópi sem aldrei hefur tekið neina trú á það kerfi. Það hefur aldrei orðið að einhverri leiðsögn í lífi mínu að það skuli endilega og alltaf vera aflamark og það sé örugglega eina fyrirkomulagið sem geti gengið í þessum efnum. Hér tala stundum menn nánast eins og heilagir menn, að þeir hafi tekið nýja trú. Gott ef ekki síðasti ræðumaður, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, var svona nokkurn veginn í þessum trúaða hópi.

Ég er ekki í þeim hópi. Ég hef frá upphafi séð bæði kost og löst á þessu kerfi og ég geri það enn þá. Það hefur marga góða eiginleika, það er rétt, en það hefur líka marga galla. Ég held að menn eigi að reyna þróa sig í burtu frá þessari kerfislægu nálgun og varast það að fara að líta þannig á þessi mál og lifa í þeim hugarheimi að kerfið sé farið að lifa af sjálfu sér. Því fyrir hvern er kerfið að lifa ef því er ár eftir ár viðhaldið á tegund sem reynslan hefur sýnt að er ekki þörf fyrir að takmarka sóknina í?

Ég hef líka spurt mig sömu spurningar til að mynda um loðnuveiðarnar þó að það sé að vísu ljóst að framkvæmd kvótans gagnvart loðnuveiðunum hefur á margan hátt gengið betur heldur en í öðrum veiðum og líklega er það svo að menn hafi unað einna skást og verið hvað sáttastir við framkvæmdina þegar kemur að

kvótanum í loðnu og síld og að nokkru leyti á sérveiðunum þar sem þetta hefur að mörgu leyti gengið allvel, til að mynda á innfjarðarækjunni. Ég held að það kerfi og það fyrirkomulag sem verið hefur á innfjarðarækju og hörpudiski hafi í heildina tekið gefist mjög vel enda er það nú svo merkilegt að það er einmitt eitt af því sem á að fara að eyðileggja núna með því að fella niður tengingu innfjarðarækjukvótans við löndunarstað, sem er að mínu mati hreint skemmdarverk gagnvart þó nokkrum byggðarlögum sem byggja á þeim réttindum, til dæmis Kópasker og Stykkishólmur, og er fullkomin ástæða til að ræða hér, hæstv. forseti, og væri þá skemmtilegra að hæstv. sjútvrh. héldist við í stólnum og í þingsalnum. Ég held að honum sé varla meiri vorkunn en til að mynda okkur nefndarmönnum í sjútvn. sem höfum lagt nótt við dag í bókstaflegri merkingu undanfarna sólarhringa til þess að vinna að þessum málum, eins og sjálfsagt má sjá og heyra á sumum okkar.

Ég skýt því að í leiðinni af því það liggur vel við, stendur vel á spori eins og maðurinn sagði, að ég er algjörlega andvígur því sem sjútvrh. áformar að gera í sambandi við meðferð innfjarðarækjukvótans og reyndar hörpudisksveiðanna líka, að falla frá því að tengja þau réttindi við löndunarstað eins og gert hefur verið með innfjarðarækjuna og hörpudiskinn til að mynda. Ég veit ekki hvers þeir staðir eiga að gjalda sem hafa byggt sig upp við það fyrirkomulag. Það er oft sagt að það megi ekki raska högum manna með gerræðislegum og skyndilegum ákvörðunum í stjórnkerfinu og þess vegna þurfi það að vera til langs tíma og það eigi að vera festa í þessu og stefnumörkun. Ég bið þá um það líka gagnvart stöðum eins og Kópaskeri og Stykkishólmi sem hafa byggt sig upp, fjárfest og skipulagt sín mál á grundvelli þess að þeir héldu þessum réttindum. Hvers eiga þeir að gjalda? Hvaða réttlæti er í því að rífa þau réttindi af þeim núna með einni gerræðislegri ákvörðun hæstv. ráðherra í reglugerð? Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. svari því hér við þessa umræðu hvað fyrir honum vakir með því og hvort hann er tilbúinn til að taka þau mál til endurskoðunar. Ég er til að mynda sannfærður um að þingmenn Norðurl. e. eru því fylgjandi, vonandi allir, a.m.k. sá sem hér talar, að það yrði gert vegna staðbundinna aðstæðna í okkar kjördæmi.

Í brtt. á þskj. 1113, hæstv. forseti, er svo í þriðja lagi lagt til að við frv. bætist þrjú ný bráðabirgðaákvæði í stað þeirra sem meiri hlutinn reyndar leggur til að felld verði niður og eru þau svohljóðandi:

Í fyrsta lagi bráðabirgðaákvæði I:

„Bátum minni en 6 brl., sem hafa leyfi til veiða með aflamarki," — þ.e. þeir smábátar sem völdu aflamark á sínum tíma — „skal gefast kostur á að velja um að stunda veiðar með línu og handfærum.

Skulu þeir sem þann kost velja sækja um slíkt leyfi til sjútvrn. fyrir 1. ágúst 1994. Skilyrði fyrir veitingu slíks leyfis er að aflahlutdeild viðkomandi báts sé ekki minni en hún var á árinu 1990.

Aflahlutdeild þeirra báta, sem þannig bætast við í hóp þeirra báta sem stunda veiðar með línu og handfærum, skal bætast við hinn sameiginlega heildarafla hópsins."

Þetta þýðir, hæstv. forseti, að við erum að leggja til að þeir smábátanna, báta undir 6 brl., sem völdu aflamarkið á sínum tíma og hafa síðan tekið á sig miklar skerðingar gefist nú kostur á að velja til baka enda gangi þeirra aflamark inn í pottinn. Hvers vegna er þetta lagt til? Jú, það er vegna þess að það er mikið réttlætismál að þessir bátar eigi þennan kost. Margir þeirra eru nú komnir í svo herfilega stöðu hafandi tekið á sig að fullu skerðingarnar undanfarið að möguleikar þeirra eru orðnir stórum minni en þeir væru ef þeir ættu kost á því að róa á krókaleyfisfyrirkomulagi. Það hlýtur að vera svo að það sé ósanngjarnt að mismuna innbyrðis þessum bátaflokkum. Og við í Alþb. erum fyrir okkar leyti tilbúnir til að styðja það að valið sé ekki í hina áttina, eins og lagt er reyndar til í breytingartillögum meiri hlutans, með öðrum orðum að það verði fallið frá því að leyfa mönnum að velja í hina áttina, að krókaleyfisbátar sem myndað hafa aflareynslu megi færast yfir á aflamark, eins og frv. gerir ráð fyrir, og mundum því styðja það fyrirkomulag að þetta yrði bara á þennan veginn.

Landssamband smábátaeigenda er að mínu mati einnig tilbúið til að styðja það að þetta verði niðurstaðan og falla frá kröfum um að valið gangi í hina áttina. Og þá held ég að menn eigi að grípa það tækifæri vegna þess að þetta mun væntanlega þýða að langstærstur hluti þessa flota verður á einu og sama kerfinu. Því að mínu mati mundi talsverður hópur velja leiðina til baka og það er réttlætismál og sanngirnismál og einfaldar ef eitthvað er heldur stöðuna og veitir þá ekki af. Vegna þess að það er þannig að staða bátanna, smábátanna, bátanna á milli 6 og 10 tonn og næstu stærðarflokka þar fyrir ofan er kannski að öllu samanlögðu ljótasti hlutinn af því hvernig þessi mál hafa þróast. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því að sá hópur sem farið hefur langverst út úr þessum skerðingum undanfarin ár og er í langverstri stöðu í dag eru minni bátar á aflamarki. Það eru bátar undir 6 tonnum sem völdu aflamarkið og eru núna kannski komnir niður í fáein tonn og algjörlega gjörsamlega ólífvænlega stöðu, miklu lakari en ef þeir mættu sækja á og sæta stjórnartakmörkunum. En það eru líka og ekkert síður bátar á milli 6 og 10 tonn og bátar sem eru 11 tonn eða 15 tonn eða 30 tonn og hafa sambærilega aflareynslu í þorski að langmestu leyti og hafa þar af leiðandi tekið á sig skerðingarnar með fullum þunga.

Þegar kemur svo aftur upp í stærri stærðarflokkana, bátarnir orðnir 50–100 tonn eða þar yfir, þá vitum við að möguleikar þeirra aukast, möguleikar þeirra á því að sækja í aðrar tegundir, á dýpra vatn o.s.frv., möguleikar til úthafsrækjuveiða og annað þar fram eftir götunum. En sá hluti bátaflotans sem ekki hefur kvóta á einhverjum sérveiðum með bolfiskinum hefur ekki kvóta í innfjarðarækju eða humri eða öðru slíku heldur eingöngu bolfisk er að mínu mati í áberandi verstri stöðu. Það stingur gjörsamlega í augu að það skuli ekkert vera gert eða lagt til að gera til að lagfæra þeirra stöðu. Enda er stór hluti þessarar bátaútgerðar á útleið og það

af henni sem tórir gerir það gjarnan fyrst og fremst út á það að geta frekar en ekki tekið þátt í að veiða að einhverju leyti veiðheimildir annarra og landa þeim á lægra verði til vinnslu.

Hitt er svo annað mál og það skal fúslega viðurkennt að það er hægara sagt en gert og það er ekkert einfalt mál að finna formúlur til að lagfæra þessa stöðu. Auðvitað benda útgerðarmenn stærri skipa á það að allt sem gert sé til að lagfæra stöðu einhverra aðila eins og smábátanna sé á þeirra kostnað. En í allri sanngirni sagt þá er það þannig að möguleikar stærri skipanna eru allt aðrir til þess að bæta sér til að mynda að einhverju leyti upp skerðinguna í þorskveiðum með veiðum á öðrum tegundum. Trillur og bátar, minni bátar, fara ekki á Reykjaneshrygg til úthafskarfaveiða eða sækja djúprækju á Dohrn-banka eða annað því um líkt, það vitum við. En það geta stærri skipin gert og það rýmkar þeirra möguleika.

Vissulega, hæstv. forseti, væri þess vegna ástæða til, og ég tek það skýrt fram að við teljum að það sé ástæða til að skoða fleira í þessum efnum, en við völdum þá leið að leggja hér til þessa einu brtt. af því að að okkar mati er hún svo nærtæk og sjálfsögð að ég hlýt að harma það alveg sérstaklega ef meiri hlutinn er ekki einu sinni tilbúinn til að skoða þetta atriði. Ég tel það mjög óskynsamlegt að menn skuli ekki nota tækifærið og reyna að ná þó aðeins meiri sáttum um þessi mál með því að gefa þennan kost. Við höfum tölur yfir það hversu margir gætu átt í hlut og það er ljóst að þetta er ekki neinn óskaplegur fjöldi því að það hefur fækkað mjög í þessum útgerðarhópi á undanförnum árum. Mjög margir bátar hafa horfið úr rekstri, selt frá sér veiðiheimildir en þeir sem þarna þrauka enn þá eru í mjög erfiðri stöðu. Staðreyndin er sú, það er a.m.k. mitt mat, mín tilfinning, að í þeim hópi séu einmitt margir þeirra manna sem hafa haft útgerð smábáta að ævistarfi og höfðu stundað þennan atvinnuveg um langan aldur áður en nokkurt kvótakerfi og krókaleyfi komu til sögunnar. Og manni svíður að mörgu leyti sárast fyrir þeirra hönd, kannski fullorðinna smábátasjómanna sem gert hafa út sína báta um árabil, höfðu þolanlegt aflamark í upphafi þegar þeir stóðu frammi fyrir valinu sem þeir töldu nægja nokkurn veginn sér til framfæris en hafa núna mátt sæta skerðingunum ár eftir ár að fullu og eru í gjörsamlega óþolandi stöðu.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, er lagt til að ákvæði til bráðabirgða II hljóði svo:

„Engum nýjum eða nýkeyptum skipum má veita leyfi til fullvinnslu sjávarafla innan íslenskrar efnahagslögsögu, sbr. lög nr. 54/1992," — sem eru lög um fullvinnslu sjávarafla — „frá gildistöku laga þessara og til sama tíma að ári liðnu nema þinglýstir samningar um kaup eða smíði hafi legið fyrir við gildistöku þessara laga."

Við leggjum það sem sagt til með þessari brtt. að það verði sett á frysting í eitt ár á meðan þessir hlutir eru að róast niður á nýjan leik eftir þessar breytingar og ekki verði veitt frekari leyfi um eins árs skeið til að bæta nýjum fullvinnsluskipum við íslenska flotann. Það óttast margir jafnvel enn eina holskeflu í þeim efnum í kjölfar þessara breytinga. Sumir hafa stór orð uppi um að þetta muni ýta mönnum í stórum stíl yfir í rekstur fullvinnsluskipa. Nú skal ég ekki leggja dóm á það hversu vel ígrundaðar eða rökstuddar slíkar fullyrðingar eru. Ég er í sjálfu sér ekki í þeim hópi sem sé beinlínis efni til stórfelldra breytinga endilega strax umfram það sem rekstraraðstæður og fyrirliggjandi aðstæður hafa í sjálfu sér kallað á. En eftir sem áður er það mikið áhyggjuefni hversu hratt vinnslan hefur verið að færast út á sjó undanfarin missiri í meiri grófvinnslu á hráefninu sem hefur leitt til minni verðmætasköpunar í heild fyrir þjóðarbúið að flestra dómi þó að afkoman hjá viðkomandi útgerðum geti að sjálfsögðu verið ágæt eftir atvikum. Út frá þeim forsendum sem við stöndum frammi fyrir gagnvart atvinnumálum og öðru slíku þá er það tvímælalaust óhagstætt að slík þróun eða holskefla ríði yfir.

Við teljum að með því að skapa svona vissa ró um þessi mál í eitt ár á meðan hlutirnir eru að skýrast þá sé a.m.k. þeirri hættu afstýrt að nú verði enn ein kollsteypan og menn rjúki upp til handa og fóta, e.t.v. að einhverju leyti í vissum hugaræsingi þeirrar umræðu sem nú hefur stormað um þjóðfélagið og sjávarútveginn á síðustu sólarhringum, og fari að taka miklar ákvarðanir um að færa vinnsluna í enn stærri stíl á haf út.

Nú er það svo og hefur lengi verið að rekstur vinnsluskipa og frystiskipa á fullan rétt á sér og á að vera hluti af þróun íslensks sjávarútvegs, en ég segi aðeins hluti. Og sú ógæfa má ekki henda okkur að fara að veðja eingöngu á þann þátt. Við eigum að varðveita og viðhalda fjölbreytninni í íslenskum sjávarútvegi. Reynslan hefur sýnt okkur aftur og aftur og aftur að það er fjölbreytnin, það er aðlögunarhæfnin og sveigjanleikinn sem er einhver verðmætasta eignin sem til er í íslenskum sjávarútvegi. Það eru möguleikar greinarinnar aftur og aftur og aftur til þess að bregðast við breyttum aðstæðum og aðlaga sig hratt að breytingum, hvort heldur er í sambandi við aflabrögð, verðlag eða annað því um líkt. Og hvers vegna hefur sjávarútvegurinn getað gert það? Það er vegna þess að hann er fjölbreyttur, hann er fjölþættur. Og hann hefur átt yfir að ráða fjölbreytilegum skipakosti og vinnslumöguleikum.

Haldi sú þróun áfram á fullri ferð, sem verið hefur í gangi, um stóraukinn flutning og áframhaldandi aukinn flutning vinnslunnar út á haf þá er það ekki þróun í átt til meiri fjölbreytni í íslenskum sjávarútvegi heldur akkúrat öfugt. Það væri þróun til aukinnar einhæfni og það væri afturför að mínu mati. Rekstur stórra og öflugra frystiskipa og vinnsluskipa, sérstaklega í því skyni að sækja á fjarlægari mið og dýpra vatn er æskilegur og nauðsynlegur hluti af þróuninni og rekstrinum í íslenska sjávarútveginum en á aðeins að vera hluti hans. Og það eru stórfelldar hættur fólgnar í því að sú þróun gangi of langt og of hratt fyrir sig. Slíku viljum við spyrna gegn, m.a. með þessari tillögu.

Í þriðja og síðasta lagi leggjum við svo til, hæstv. forseti, á þskj. 1113, í c-lið 3. tölul. brtt. að svofellt

ákvæði til bráðabirgða III bætist við frv.:

„Ráðherra skal með útgáfu reglugerðar heimila löndun á fiski utan kvóta og ákveða verð sem fyrir hann skal greiða.

Skal við það miðað að útgerðir geti ekki hagnast á að gera sérstaklega út á slíkar veiðar en skaðist þó ekki á því að koma með aflann að landi.

Fiskur, sem landað er samkvæmt þessari heimild, skal seldur hæstbjóðanda og mismunur þess verðs sem útgerðin fær til sín og þess verðs sem fæst fyrir fiskinn skal renna í Þyrlukaupasjóð Landhelgisgæslunnar.

Verði það upplýst að afla sé fleygt fyrir borð skal útgerð viðkomandi skips sæta refsingu, sbr. ákvæði 19. gr., en missi veiðiheimilda ef um ítrekað brot er að ræða."

Í þessu ákvæði felst það, hæstv. forseti, að opnuð er leið fyrir menn til þess að koma með meðafla eða annan afla að landi sem þeir eiga ekki kvóta fyrir eða er utan kvóta án þess að þeim sé refsað fyrir það og nema síður sé. Þeir fái vissa þóknun sem svona gangi langleiðina til þess að duga til að bæta þeim beinan útlagðan kostnað sem því fylgir að hantéra aflann og koma með hann að landi en það endurgjald sé hins vegar það lágt að það borgi sig augljóslega ekki fyrir viðkomandi aðila að gera út með þeim hætti. Samhliða þessu verði svo tekið upp pósitíft ákvæði sem banni það að fiski sé fleygt í sjóinn. Nú má segja að það sé kannski óbeint fyrir í lögum af því mönnum ber að koma með afla að landi og beint má reyndar segja. En hér er það sett fram í samhengi við þetta fyrirkomulag og tengt við refsiákvæði laganna þannig að ekkert fari á milli mála að um refsivert athæfi sé að ræða.

Ég ætla að taka nærtækt dæmi sem ég þekki ágætlega af slóðum sem mér eru vel kunnar. Það er til að mynda meðafli sem gjarnan slæðist í net grásleppusjómanna. Algengur fiskur á grásleppuslóð er ufsi sem grunur leikur á að éti stundum grásleppuna eða sé að þvælast eitthvað í henni og snudda með henni og lendi þar af leiðandi af og til í netin. Ég þekki vel þess dæmi að grásleppusjómenn eru að vitja um net sín hlið við hlið á sömu slóð og dag eftir dag komi einn með hálft tonn af ufsa að landi en bátur sem liggur með net á sömu slóðum komi ekki með eitt einasta kíló sömu daga, dag eftir dag, viku eftir viku. Og hvers vegna er það? Það er þá vegna þess að annar báturinn á ufsakvóta en ekki hinn. Auðvitað verður að ræða um þessa hluti bara eins og þeir eru. Og þá er það þannig, því miður, að menn kannski eru ekki að standa í því að hafa fyrir því að kaupa sér ufsakvóta til þess að geta komið með hann að landi og leggja á sig það mas að hirða þennan fisk, sem er nú ekki borgað mjög hátt verð fyrir, þannig að hann fer í hafið.

Þetta er svona. Og menn þekkja og vita um dæmi vítt og breitt um landið þar sem meðafla er hent o.s.frv. Það þýðir ekkert annað en tala um þessa hluti eins og þeir eru. Af þessu er gífurlegur óþrifnaður og þessu þarf að útrýma. Ég er alveg sannfærður um og það er okkar skoðun að fyrirkomulag af þessu tagi mundi vera mjög beitt vopn í þeim efnum. Í fyrsta lagi vegna þess að menn fengju greidda lágmarksþóknun fyrir það. Þeir skaðast þá ekki beinlínis á því að leggja þá vinnu á sig að hirða aflann. Í öðru lagi vegna þess að mismunurinn sem fengist fyrir það að fiskurinn væri seldur hæstbjóðanda og þess verðs sem væri hins vegar greitt til þess sem kemur með aflann að landi rynni til þarfra málefna í þágu sjómanna, til að mynda í Þyrlukaupasjóðinn, eins og lagt er til og veitir víst ekki af að ýta við mönnum í þeim efnum.

Þegar það væri svo í þriðja lagi tengt beint við að það væri refsivert athæfi að henda fiski í sjóinn og menn skyldu sæta sektum eða missi veiðiheimilda ef út af væri brugðið ítrekað þá held ég að til samans væri þarna komin býsna beitt aðgerð til þess að bæta ástandið í þessum efnum. Og ég segi alveg eins og er að ég á eftir að sjá framan í þá íslensku sjómenn sem vitandi af því að með því að henda tonni af ufsa í hafið væru þeir að ræna Þyrlukaupasjóð 30 þúsund krónum, að þeir mundu gera það. Ég spái því að hugur þeirra standi til hins gagnstæða og auðvitað svíður öllum hugsandi mönnum það sem gerist á miðunum og við vitum af. Dæmið gæti litið þannig út að fyrir tonn af ufsa sem kæmi í net grásleppusjómanns á tveimur dögum, hálft tonn í hvort skipti, fengi hann segjum 10 þúsund krónur í þóknun fyrir að hirða þetta að landi. Síðan væri kannski annar kostnaður við að koma aflanum á markað eða leita tilboða í hann og selja hann 2 þúsund krónur og síðan fengjust á markaðnum 42 þúsund krónur. Þá drægjust tólf þúsund frá og eftir standa 30 og þau færu í Þyrlukaupasjóðinn.

Ætli það gæti ekki líka gerst að bátar sem eru t.d. á ýsuveiðum og eiga engan þorskkvóta lengur og landa viku eftir viku 20–50 tonnum af ýsu en engu einasta kílói af þorski færu af og til að koma með svolítið af þorski með? Er það ekki hugsanlegt ef svona fyrirkomulag væri tekið upp? Ég held að í öllu falli sé fullkomlega tilefni til og ástæða til að ræða um þessi mál og að mínu mati er það dapurlegt og mikil uppgjöf að í tillögum meiri hlutans og frv. eins og það liggur fyrir eru menn að loka alveg gjörsamlega augunum fyrir því sem á sér stað í þessum efnum og allir vita af og mikið er talað um og sennilega aldrei meira heldur en einmitt nú. (**VE:** Það eru engar mælingar á því.) Ég þarf engar mælingar, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, enda er ekki hægt að mæla þetta. Ef þú mættir vera að því að vera hérna í salnum smástund þá er hægt að ræða þetta við þig. Hvernig í ósköpunum á að mæla það sem ekki er hægt að mæla eða vigta? Er það ekki dálítið snúið? Eða ætlar hæstv. sjútvrh. að manna hvern einasta kopp með eftirlitsmanni sem vigtar allt áður en það fer út um lúgurnar?

Er það ekki þannig að það sé í öllu falli hægt að leiða að því mjög sterkar líkur að þegar ástandið í kvótamálunum er eins og það er núna þegar þorskurinn hefur dregist saman og menn eru að flýja hann unnvörpum á miðunum hringinn í kringum landið, baksast við að reyna að komast í ýsu, karfa, ufsa, grálúðu eða annað því um líkt og margir eru farnir að stunda sjó mánuðum saman án þess að eiga eitt einasta kíló af þorskkvóta — og reyndar er þorskkvóti

nánast ófáanlegur, hann fæst ekki frekar en glóandi gull og eru menn þó að bjóða fyrir hann upp í 72–75 kr. á kíló að mér er sagt núna — sé viss hætta á því að hjá bátum sem eru við veiðar vítt og breitt um landið án þess að hafa þorskkvóta eigi sér stað óskemmtilegir hlutir í þessu sambandi? Ég óttast það.

Ég hef ekki heyrt hvernig hæstv. sjútvrh. eða meiri hlutinn hugsar sér að reyna að taka á þessum málum á einn eða neinn hátt. Ég tel að með því ákvæði sem við þingmenn Alþb. erum að leggja til sé a.m.k. bent á leið og útfærð leið sem er sú langskásta og líklegasta til árangurs sem ég hef séð enn á prenti í þessum efnum. Vissulega hafa verið ýmsar fleiri hugmyndir og í frv. sem hér var lagt fram og flutt af ekki færri en 16 þingmönnum, og munar nú um minna, þar af 11 eða 12 stjórnarsinnum, er verið að hreyfa við sama máli þannig að ég veit að það er ekki þannig að stjórnarliðar viti ekki af þessu vandamáli eða hvað? A.m.k. þeir 12 sem fluttu frv. En var ekki hugmyndin þar sú að menn mættu koma með allt að 15% meðafla þó þeir hefðu ekki kvóta fyrir því? Einhvern veginn þannig minnir mig að það hafi verið. Og það er miklu groddalegri leið en í sjálfu sér er verið að leggja til hér.

Ég hvet því til þess, hæstv. forseti, og vona að menn fáist til að skoða þessar hugmyndir í alvöru.

Ég ætla svo að lokum að gera að umtalsefni fáein atriði í brtt. meiri hlutans og frv. eins og það liggur fyrir og ræða lítillega sérstaklega ein tvö, þrjú atriði og er ég þá að tala um brtt. á þskj. 1091 fluttar af meiri hluta sjútvn.

Ég vil fyrst segja um þá tilhögun sem þar er lögð til í 1. tölulið um smábátana að ég tel þá útfærslu málsins nokkuð gallaða. Ég held að það sé mjög ólánlegt að lenda í því að búa í reynd til ákveðinn samkeppniskvóta innan þessara tímabila sem þarna eru upp sett. Mér er auðvitað ljóst að engin ein leið er einföld eða auðrötuð en ég óttast pínulítið það fyrirkomulag sem þarna er verið að setja upp. Og ég hefði sjálfur talið að langskynsamlegasta fyrirkomulagið í þessu væri það að setja þak á hvern og einn bát sem e.t.v. mætti vera eitthvað breytilegt og taka mið af stærð bátsins og láta síðan menn hafa tiltekinn fjölda sóknardaga sem meira svigrúm væri fyrir hendi til að velja en nú er og láta það síðan nokkuð ráðast af sókninni sem yrði breytileg milli ára hver útkoman og heildarveiðin yrði hjá þessum flota.

Ég tel það vitleysu að láta krókaleyfisbáta ef því er að skipta hala inn á sig jafnvel 150–200 tonn. Það eru dæmi um krókaleyfisbáta sem nánast er róið á á vöktum, sótt af fullri hörku allt árið og við sjáum aflatölur upp á 100, 150, 200 tonn. Það er engin ástæða til þess að mínu mati að smábátur sem fékk leyfi til krókaveiða á sínum tíma geti farið svona langt upp í afla á sama tíma og sambærilegir bátar sem völdu aflamark eru að lepja dauðann úr skel og finnst varla nokkurt einasta dæmi orðið um bát sem hefur meira en fáeina tugi tonna í aflamark. Ég tel það vitleysu að menn skuli ekki hafa mannað sig upp í að setja þak. Og það er alveg borðleggjandi að staða krókaleyfisbáta sem mættu sækja segjum 50–80 tonn er orðin prýðilega lífvænleg og ágæt borið saman við allan þorrann af minni bátum á aflamarki. Ég býð upp á að ræða slíka hluti. Ef menn með því yrðu nú ásáttir um að þeir væru að takmarka talsvert líklegan heildarafla þessa hóps væri þá ekki á móti hægt að hafa söknarreglurnar aftur rýmri? Ég held það.

Staðreyndin er líka sú að það er mjög óréttlátt að hafa eina reglu fyrir þessa báta hringinn í kringum landið. Aðstæður smábátanna fyrir norðan og austan eru allt aðrar heldur en fyrir sunnan og vestan. Og staðreyndin er sú að útgerðarmenn smábáta fyrir sunnan og vestan vilja sjálfir breytt fyrirkomulag og velja aðra hluti heldur en smábátarnir annars staðar. Forsvarsmenn þeirra hafa m.a. komið því á framfæri við sjútvn. að þeir óski eftir því að fá að velja það sjálfir hvort þeir taka á sig tveggja mánaða stopp í desember og janúar eða yfir sumarmánuðina. Rök þeirra eru þau að á línuveiðum yfir vetrarmánuðina geti þeir náð ágætis árangri, t.d. við ýsuveiðar. Og þeir mundu þá alveg eins vilja leggja sínum bátum á sumrin og þá á auðvitað að leyfa mönnunum það. Það er borðleggjandi og augljóslega hagkvæmt að haga því þannig og það tryggir sókn í aðra stofna.

Hvers vegna er þetta ekki gert? Af hverju er ekki tilboði af þessu tagi tekið? Hvers vegna í ósköpunum eru menn svo heillum horfnir í þessu að þeir ansi ekki einu sinni óskum um slíkar skynsamlegar lagfæringar sem menn biðja um sjálfir? Ég bið um rök. (Gripið fram í.) Það er ekki frambærilegt að segja bara: Stjórnarflokkarnir eru búnir að ná landi með hrossakaupum og það samkomulag er svo vakurt að við þorum ekki að breyta einu einasta atriði. Það er enginn málflutningur en það er það sem er verið að bera hér á borð. Það má ekki einu sinni opna á það að lagfæra sjálfsagða hluti af þessu tagi. Og auðvitað er hægt að sjá við slíku, hv. þm., frammíkallandi. Mér finnst það, hæstv. forseti, afar dapurlegt að menn skuli ekki einu sinni opna á úrræði af þessu tagi.

Ég vil svo nefna næst 3. tölul. brtt. meiri hlutans til þess að taka undir hann. Ég held að það sé skynsamlegt að falla frá því að lækka geymsluheimildirnar milli ára úr 20 í 10% eins og áður var áformað. Ég held í öllu falli að það hafi verið óskynsamlegt að gera þetta í einu stökki þannig að menn þyrftu þá að veiða 110% af afla sínum á einu ári til þess að fara ekki illa út úr því. Það hefði e.t.v. komið frekar til álita að taka þetta í tveimur skrefum, niður í 15% fyrst og svo í 10 en að mörgu leyti held ég að það standi full efni til að hafa þessa heimild u.þ.b. þetta rúma, a.m.k. gagnvart langlífari tegundum.

Um 5. tölul. þar sem er hin svonefnda og fræga 15% regla, vil ég segja þetta, hæstv. forseti, þó að ég hafi verið og sé stuðningsmaður þess að setja reglur um framsal og ég sé ekki feiminn við að í þeim reglum felist að einhverju leyti takmarkanir. Það hefur lengi verið skoðun okkar alþýðubandalagsmanna að að sjálfsögðu gætu menn sett um þetta reglur til þess að reyna að ná meiri sátt um framkvæmd stefnunnar á meðan menn þá búa við þetta fyrirkomulag aflamarks með framsali og það verður að vera þarna einhver

hreyfanleiki, það er öllum ljóst, og með einum eða öðrum hætti þarf að koma honum fyrir. Sumir eru trúaðir á og heilaglega trúaðir á að það eina rétta í því sé frjálst framsal. Aðrir telja og benda á að fleiri hreyfanleikamöguleikar séu svo sem inni í myndinni en þeir. Þess vegna erum við jákvæðir gagnvart þeirri reglu, sem annars staðar kemur að um 50% nýtingarkröfu á hvert skip á sínum veiðiheimildum, en ég held að það orki mjög tvímælis að setja 15% regluna með þessum hætti sem þarna er gert. Í öllu falli segi ég: Hún á a.m.k. ekki að eiga við um loðnu- og síldveiðar. Þar á hún a.m.k. ekki að eiga við. Ég held að það sé ákaflega misráðið að láta hana taka til þeirra veiða eins og þær hafa þróast undanfarin ár. Mér er satt best að segja með öllu óskiljanlegt hvernig hæstv. sjútvrh. sér fyrir sér t.d. að síldveiðarnar gangi ef þessi regla verður svona fram sett. Ég held að það sé mjög kantað.

Staðreyndin er náttúrlega sú að stór hluti síldarkvótans hefur undanfarin ár skipt um hendur af veiðitæknilegum ástæðum, ekki síst vegna þess að síldin hefur einfaldlega ekki náðst á minni báta. Hún hefur dýpkað þannig á sér að það eru fyrst og fremst stóru nótaskipin sem hafa getað náð henni. Og sum þeirra, skip eins og Húnaröst og Þórshamar, hafa í raun og veru haldið uppi síldarvinnslunni í heilum byggðarlögum og tryggt það, að því marki sem það hefur þó tekist að standa við sölusamninga á síld til manneldis, með því að veiða margfalda, margfalda síldarkvóta, veiða kannski upp í tíu kvóta. Og hvaða vit er þá í því að láta þetta gilda á þessu sviði a.m.k.? Ég tel að í sjálfu sér gegni talsvert öðru máli gagnvart bolfiskveiðunum og sérstaklega er það gagnvart þeim skipum sem eru með fjölbreytta samsetningu á veiðiheimildum. Þau hafa miklu rýmri möguleika gegnum jöfn skipti og annað því um líkt, en bátar sem eru sérhæfðari og þar sem tilflutningur hefur verið mikill geta augljóslega lent í miklu meiri vandræðum.

Ég verð því að segja alveg eins og er að ég á afar erfitt með að ganga inn á það og styðja þessa reglu, ég tala nú ekki um ef hún á að ganga jafnframt yfir veiðar á loðnu og síld. Ég óskaði eftir því að að það yrði rætt og skoðað í sjútvn. hvort menn gætu sameinast um breytingu af þessu tagi en því var því miður ekki að heilsa frekar en öðru að það mætti skoða það. Er ég þó reyndar á því að ef nefndin hefði fengið til þess frið og haft til þess leyfi að þá hefði m.a. atriði af þessu tagi vel getað greitt fyrir meiri samstöðu um mál. Ég leyfi mér að slá því hér fram og þykist þá þekkja nokkuð inn á hug manna í þeim efnum. Nei, en þetta mátti ekki frekar en annað af því að hrossakaup stjórnarflokkanna gengu ekki út á þetta. Það hefur sennilega bara gleymst eða ekki verið munað eftir því, því mér er ekki kunnugt um í sjálfu sér til að mynda að sjómenn hafi gert sérstakar kröfur um að þetta tæki til þessara veiða. Sé svo þá væri fróðlegt að fá það fram.

Þá vil ég nefna 6. tölul. brtt. Eins og ég sagði áðan þá erum við alþýðubandalagsmenn jákvæðir gagnvart honum. Við höfðum sjálfir í okkar röðum rætt um aðgerðir af þessu tagi. Ég held að það sé ekki ósanngjörn málamiðlun og niðurstaða að stýra málum í þann farveg að skipin veiði að meðaltali a.m.k. helming af sínum veiðiheimildum sjálf og menn aðlagi sig að þeim veruleika og þeirri framtíð í gegnum varanlegt framsal veiðiheimilda. Ef sú þróun er að verða að veiðiheimildasamsetning þeirra býður upp á minni nýtingu þá held ég að það sé ósköp einfaldlega eðlilegt að það gerist í gegnum það að menn stilli það af og aðlagi sig að því í gegnum skipti og varanlegt framsal. Hvort 50% er nákvæmlega rétta talan — ég sé að hv. þm. Framsfl. eru að leggja til 40% og það má að sjálfsögðu ræða hvar menn eigi nákvæmlega að lenda. Ég bendi á að ýmsir, þar á meðal sjómenn, hafa rætt miklu hærri tölu, allt upp í 80%. En ég er í sjálfu sér ekki ósáttur við að þetta sé á þessum slóðum, nálægt helmingi.

Sérstaklega vegna þess að síðan kemur í 7. tölul. ákvæði sem heimilar þeim skipum sem sækja veiðar út fyrir landhelgina frádrátt frá þessari nýtingarkröfu svo nemur 5% fyrir hvern heilan mánuð utan landhelgi við veiðar. Ég er fylgjandi þessari tillögu og tel að hún sé skynsamleg. Ég held að hún sé það fyrst og fremst vegna þess að hún hvetur til og ýtir undir að menn reyni að nýta sér möguleika utan landhelginnar og það er gott. Við þurfum á því að halda. Auðvitað fagna ég því að það skuli nú vera orðin stefna studd af meiri hlutanum eða hæstv. ríkisstjórn, en það hefði mátt ætla síðsumars í fyrra að annað væri upp á teningnum.

Ég held að það sé alveg tvímælalaust rétt, a.m.k. til einhverra ára, að skip sem eru að sækja stórkostleg verðmæti á fjarlæg mið, dæmi Sunna frá Siglufirði á rækjumiðum á Flæmska hattinum undan ströndum Kanada, og eru stóran hluta ársins að veiðum utan landhelginnar, fái á meðan að geyma sinn veiðirétt hér heima. Enginn veit jú hversu varanlegir þessir möguleikar eru og hvernig þau mál þróast til frambúðar þannig að eðlilega væru menn ekki spenntir fyrir því að afsala sér réttindum sínum heima fyrir á þeim skipum sem á annað borð hafa hér veiðimöguleika og þá verða menn með einhverjum hætti að geta nýtt þær heimildir og til þess þurfa menn að geta fært þær á milli skipa. Ég tel eðlilegt að menn hafi þar af leiðandi svigrúm af þessu tagi. Ég held að það þurfi ekki og sé alveg gjörsamlega ástæðulaust að rökstyðja hversu mikilvægt það er okkur, hæstv. forseti, að þessir möguleikar séu nýttir.

Þessi atriði vildi ég nefna og hef hlaupið mjög hratt yfir sögu, aðeins komið inn á nokkur þeirra atriða sem ég taldi sérstaka ástæðu til að fjalla um. Reyndar er hér eitt atriði enn sem ég nefndi lítillega í upphafi, þ.e. sú tillaga að fella niður heimildir fiskvinnslustöðva til að eiga veiðiheimildir sem mætti svo sem margt um segja. Það er alveg ljóst að það eru þeim vonbrigði sem bundu við það nokkrar vonir að í gegnum hana væri kannski að örla á einhverri fiskvinnslustefnu, einhverri stefnumörkun gagnvart vinnslunni, að þessu skuli þá vera kippt út. Á hinn bóginn er það ekkert einfalt eða sjálfgefið að sú þróun hefði orðið að þetta atriði sem slíkt hefði sérstaklega nýst vinnslunni og þróun í átt til frekari fullvinnslu sjávarafurða hér. Þó má vel gæla við þær hugmyndir.

Ég hef undanfarin tvö ár eða svo bæði í ræðu og riti sett fram þær hugmyndir að það ætti að móta á Íslandi það sem ég hef kallað landvinnslufullvinnslustefnu og gengi út á það að að meðaltali væri ekki minna en 70% af aflanum unnin í landi og fullunnin eins og kostur er. Það væri ýtt undir og hvatt til slíkrar þróunar með ýmsum hætti, þess vegna með beinum stuðningsaðgerðum við frekari þróun í átt til fullvinnslu vörunnar hér heima. Hvers vegna skyldum við horfa upp á samkeppnisþjóðir okkar, eins og fiskveiðiþjóðir Evrópubandalagsins, dæla styrkjum í uppbyggingu sinnar fiskvinnslu og fullvinnslu í harðri samkeppni við okkur um hráefni gerandi bókstaflega ekki neitt hér heima til þess að styrkja stöðu landvinnslunnar og jafna hennar samkeppnisskilyrði en á því hefur ekki örlað.

Þá er nú svo komið, hæstv. forseti, að ég hyggst fara að ljúka *máli mínu* og verð því satt best að segja nokkuð feginn að hafa lokið því erindi sem ég átti hingað í ræðustólinn, að mæla fyrir nál. 1. minni hluta og gera grein fyrir þeim brtt. sem við flytjum, item það að ræða lítillega og fara yfir það sem ég kalla helstu atriðin í tillögum meiri hlutans og gagnrýna nokkuð það sem er gagnrýni vert. Það er því miður af miklu að taka þar og mætti nú margt og mikið um það segja svo sem til viðbótar því sem hér hefur verið sagt. En ég vænti að ég verði ekki alveg einn á ferðinni í þeirri sveit sem hefur ýmislegt að segja við stjórnarliðið, meiri hlutann og hæstv. sjútvrh., eins og staðið hefur verið að málum á þeim bæ. Svo er það einnig hugsanlegt að leið mín kunni að liggja í þennan ræðustól oftar í umræðunni.

Útbýting þingskjals:

Rannsóknarráð Íslands, 477. mál, brtt. menntmn., þskj. 1117.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar til með brtt. á þskj. 1113 og 1115 að of skammt er liðið frá útbýtingu og þarf því að leita afbrigða.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [22:57]

Afbrigði samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IBA, JóhS, JGS, KHG, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StH, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

30 þm. (BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, GÁ, GunnS, HÁ, ISG, IP, JÁ, JBH, JHelg, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SP, StB, ÖS) fjarstaddir.

[23:00]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Ég tala fyrir áliti 2. minni hluta sjútvn. en undir það nál. skrifar ásamt þeim sem hér talar hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson. Í nál. 2. minni hluta segir svo:

„Það frv. sem hér er til umfjöllunar hefur haft langan aðdraganda. Gildandi lög um stjórn fiskveiða voru sett *í maí* 1990 og tóku gildi í upphafi árs 1991. Sú reynsla sem fengist hafði á lögum sem giltu til skamms tíma var slæm og því náðist að lokum samkomulag um að setja varanlega löggjöf um stjórn fiskveiða. Þó var ákveðið að sjútvrh. skyldi láta endurskoða lögin fyrir árslok 1992. Stjórnarflokkarnir hafa tekið nær þrjú ár í að endurskoða löggjöfina og sáralítið samráð hefur verið haft við hagsmunaaðila og stjórnarandstöðuflokkana á Alþingi um málið. Allt hefur þetta flækt málsmeðferðina og ósamkomulag innan ríkisstjórnarflokkanna hefur skapað verulega óvissu í atvinnugreininni.

Það er út af fyrir sig fagnaðarefni að þessu starfi skuli nú loks vera að ljúka, en það er að sjálfsögðu ekki sama hvernig því lýkur. Við lok málsins verður að hafa í huga heildarhagsmuni þjóðarinnar og þá staðreynd að sjávarútvegurinn er langmesta auðsuppspretta þjóðarinnar. Hagkvæmni sjávarútvegsins skiptir sköpum fyrir sérhvern einstakling í samfélaginu og á tímum minnkandi þjóðartekna og atvinnuleysis verða starfsskilyrði atvinnuveganna að mótast af hagkvæmnissjónarmiðum. Starfsskilyrði sjávarútvegsins þurfa ávallt að vera góð ef hann á að geta staðið undir þeim kröfum sem samfélagið gerir til hans og verið samkeppnishæfur á erlendum mörkuðum. Þær leikreglur sem starfað er eftir þurfa því að skapa vissu en ekki óvissu og vera það skýrar að þær séu aðgengilegar fyrir alla. Engin leið er að komast hjá hagsmunaárekstrum í sambandi við þetta mikla og flókna mál, en hér sem annars staðar verða heildarhagsmunirnir að ráða ferðinni og sú staðreynd að fyrirtæki í sjávarútvegi eru víða að berjast fyrir lífi sínu og búa við slæma afkomu. Mörg þessara fyrirtækja eru meginundirstaða heilla byggða. Öll óvissa í þessum efnum skapar svartsýni og dregur úr krafti fólksins til að takast á við verkefni framtíðarinnar.

Annar minni hluti nefndarinnar telur mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem hefur ríkt og festa í sessi þá fiskveiðistefnu sem hér hefur verið rekin. Annar minni hluti harmar það hins vegar að ekki hefur þótt ástæða til að reyna að skapa breiðari samstöðu um málið. Framsóknarflokkurinn ber mikla ábyrgð á núverandi fiskveiðistefnu. Undirritaðir nefndarmenn eru sannfærðir *um* að sjávarútvegurinn væri mun verr staddur ef ekki hefði verið tekið upp fyrir nokkrum árum það fiskveiðistjórnarkerfi sem við nú búum við. Hagkvæmni þess er augljós umfram það sem áður var og verðmætasköpunin hefur stóraukist með tilkomu þess.

Annar minni hluti getur ekki samþykkt breytingar sem verða til þess að draga úr hagkvæmni í atvinnugreininni. Annar minni hluti getur ekki fallist á að þær skorður séu settar á framsal aflaréttinda sem gert er ráð fyrir í brtt. meiri hlutans. Það verður heldur ekki séð að þær breytingar leysi þau vandamál sem upp hafa komið milli sjómanna og útvegsmanna. Þau vandamál verður fyrst og fremst að leysa í samstarfi þessara aðila. Ef samstarfið á að byggjast á að draga úr hagkvæmni og skapa vandamál fyrir verkafólk víðs vegar um land og sjómannastéttina að hluta er illa af stað farið. Annar minni hluti getur því ekki fallist á þá brtt.

við 3. mgr. 12. gr. sem gerir ráð fyrir því að lagt verði bann við að flytja aflamark til skipa nema meira en 15% aflamarks af sömu tegund hafi verið flutt af skipinu á fiskveiðiárinu eða öfugt. Þessi regla mun leiða til óhagræðis og skapa vandamál sem ekki er hægt að sjá fyrir endann á. Hún mun hugsanlega leysa einhver þau ágreiningsmál sem upp hafa komið milli sjómanna og útvegsmanna, en það er ósanngjarnt að það bitni á fjöldanum. Með þessari reglu er líka verið að mismuna aðilum því að gert er ráð fyrir að útgerðarfyrirtæki, sem eiga mörg skip, geti verið frjáls í að hagræða milli skipa sinna, en minni aðilarnir, sem aðeins eiga eitt skip, geti ekki komið við slíkri hagræðingu. Þetta mun m.a. hafa þau áhrif að aflaheimildir færast á hendur færri og stærri aðila sem er þróun sem 2. minni hluti telur að eigi að sporna við. Mörg dæmi hafa verið nefnd um þau vandamál sem upp geta komið og vísast í því sambandi til fylgiskjala með nefndarálitinu.

Annar minni hluti telur eðlilegt að sérhvert fiskiskip þurfi að veiða ákveðinn hluta af aflamarki sínu. Fram til þessa hefur það þurft að veiða 25% en meiri hluti nefndarinnar leggur til að það verði hækkað í 50%. Annar minni hluti getur fallist á að þessi mörk verði hækkuð og leggur því til að þau hækki úr 25% í 40%. Annar minni hlutinn hefði talið eðlilegt að sérhvert skip þyrfti að hafa lágmarksaflaréttindi til að hafa réttindi til veiða. Annar minni hluti er ekki á þessu stigi tilbúinn með slíka brtt. en er tilbúinn til samstarfs um að setja slíkar reglur. Annar minni hluti telur hins vegar að betri tíma þurfi til að fara ofan í þessi framsalsmál og telur rétt að fresta ákvörðunum um þau til haustsins. Eðlilegt væri að skipa nefnd hagsmunaaðila og stjórnmálaflokka til að fara yfir málið.

Þjóðarbúið má ekki við því að tapa verðmætum. Öll löggjöf og starfsskilyrði atvinnugreinarinnar eiga að miða að því að hægt sé að koma við hagræðingu og sparnaði í rekstri fyrirtækjanna til aukinnar verðmætasköpunar. Stjórnvöld, sem banna skynsamlega hluti, munu ekki skapa traust hjá þjóðinni og byggja upp vonir um betri tíð. Þetta frv. eykur svartsýni á þeim tímum þegar við þurfum mest á því að halda að efla bjartsýni og fá kraft inn í íslenskt atvinnulífið. Fjölmargir forsvarsmenn í sjávarútveginum hafa lýst afleiðingum þessa máls. Þeir telja að með samþykkt þess muni tapast milljarðar fyrir þjóðarbúið. Þjóðhagsstofnun hefur verið fengin til að fara yfir þessa útreikninga, en ekki hefur gefist tími til að bíða eftir niðurstöðum hennar. Svo mikið liggur á að ekki er beðið eftir því að fá álit þeirra sem mesta reynslu og þekkingu hafa á málinu.

Annar minni hluti flytur brtt. á þskj. 1115 og mun gera nánari grein fyrir áliti sínu við umræður um málið. Verði brtt. ekki samþykktar munu undirritaðir nefndarmenn greiða atkvæði á móti málinu í heild sinni. Allt er það undirbúið af og á ábyrgð stjórnarflokkanna sem hafa afneitað eðlilegu samstarfi um málið."

Eins og ég vék að, virðulegur forseti, þá flytjum við brtt. við þetta frv. Ég vil aðeins skýra þær og vitna fyrst til þess sem segir í brtt. meiri hluta nefndarinnar. Ég ætla að lesa alla brtt. meiri hluta nefndarinnar. Þar segir svo:

„Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað var til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu til skipa í eigu annarra útgerða án þess að um jöfn skipti sé að ræða er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins af skipum í eigu annarra útgerða á fiskveiðiárinu án þess að um jöfn skipti sé að ræða. Fiskistofu er þó heimilt að veita undanþágu frá banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess."

Hér er að okkar mati algerlega óásættanlegt hversu langt er gengið í skerðingu á framsalsréttinum. Mér er það í minni að einn af þeim aðilum sem kom til viðtals við sjútvn., þegar við vorum að ræða þessi mál og kynna okkur viðhorf þeirra sem í þessari atvinnugrein starfa og við þetta eiga að búa, var fulltrúi frá Suðurnesjum. Ég spurði hann að því hvað hann vildi segja okkur um þetta kerfi og hvað það þýddi fyrir útgerð á Reykjanesi ef þessar tillögur meiri hlutans næðu fram að ganga. Hann svaraði mér að bragði og sagði að það þyrfti ekki nema eina setningu til: Þetta mundi rústa bátaútgerð á Reykjanesi, það lægi ljóst fyrir. Þannig að það þarf enginn að vera undrandi á því þó umræðan um þetta mál muni taka hér tíma því hér er svo sannarlega tekist á um stórmál.

Annar minni hlutinn gerir þá tillögu um breytingu á þessum lið að í stað 15% skerðingarinnar komi 40%. Þessi grein mundi þá hljóða þannig:

„Á eftir 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þegar meira en 40% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað var til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu til skipa í eigu annarra útgerða án þess að um jöfn skipti sé að ræða er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins." — Seinni hluti þessarar brtt. meiri hlutans leggjum við til að falli niður.

Ég trúi því að ef Alþingi bæri gæfu til þess að samþykkja þessar tillögur 2. minni hluta nefndarinnar þá mundi takast býsna góð sátt um það fyrir þá sem við þessa grein starfa. Og ég vil hvetja menn til þess að nota þann tíma sem við eigum hér til þess að skiptast á skoðunum um þetta mál, að hugleiða það hvort ekki sé hægt að mætast hér í þessari tillögu.

Við flytjum líka brtt. við 6. tölul. brtt meiri hlutans á þskj. 1091, sem er við 9. gr. frv., þar sem stendur:

„Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur."

Hér leggjum við til að í stað 50% af samanlögðu aflamarki komi 40%. Þetta eru þær tillögur sem við leggjum til, 2. minni hlutinn, og ég vænti þess satt að segja að við getum skoðað þetta mál og velt því fyrir okkur, eins og ég sagði áður, hvort það væri hægt að finna hér einhverja lausn því ég tel að við hitt sé illbúandi.

Virðulegur forseti. Við erum komin að því hér og nú að ræða um þetta mikilvæga mál sem er stjórn fiskveiða og er örugglega eitt allra mikilvægasta málið sem við höfum fjallað um á þessu þingi. Ég vona að við getum tekið okkur allan þann tíma sem þarf til að ræða það því mikið er í húfi að okkur takist vel til við að smíða þessa löggjöf. Það var og hefur verið vikið að því starfi sem að baki þessu áliti liggur, sem var nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu. Ég er með þessi drög fyrir framan mig og í inngangi að þessum drögum stendur, með leyfi virðulegs forseta:

„Samkvæmt erindisbréfi er nefndinni falið að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu er tekur til veiða, vinnslu og markaðssetningar sjávarfangs. Þá er nefndinni falið að setja sjávarútveginum framtíðarmarkmið og koma með tillögur um hvernig megi ná þeim markmiðum sem sett verða þannig að sem víðtækust sátt geti tekist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmál."

Það væri betra að fleiri væru hér í salnum núna og ég tala nú ekki um þá sem hafa verið að smíða þessi drög. (**HG:** Þeir þora nú ekki að láta sjá sig.) (**Gripið fram í:** Þeir eru hér í salnum.) Já, þeir eru hér. Það væri fróðlegt að vita hvernig þeim sjálfum litist á þetta verk sitt núna ef þeir litu yfir sviðið og hvernig þeim hefði tekist að ná þessu markmiði. Trúa þeir því sjálfir að það hafi tekist um þessar tillögur víðtæk sátt í þjóðfélaginu? Trúa þeir því? Hvert er framtíðarstefnumarkmiðið sem kemur fram í þessum tillögum? Ég spyr.

Og áfram segir í þessari skýrslu og það í inngangi:

„Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórnun fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans."

Hefur þessi athugun farið fram? Það væri fróðlegt að spyrja hæstv. sjútvrh. Hefur þessi athugun farið fram? Mér sýnist ekki. Mér sýnist hendingin ein ráða því hvernig við byggjum flotann upp í dag. Menn eru nú á hröðu undanhaldi frá hefðbundnum ísfisktogurum út í frystiskip. Vegna hvers? Vegna þess að þannig er búið að hefðbundnum ísfiskveiðum að þar er svo glórulaus taprekstur að það getur enginn verið þar. Hagnaðarvonin öll liggur hinum megin í frystitogurunum. Og hvaða afleiðingar mun þetta hafa í för með sér fyrir byggðarlögin og fólkið sem starfar í landi? Var ekki meiningin að setjast yfir það og reikna það út og sýna okkur fram á og sannfæra okkur um að það væri þetta sem væri hagkvæmasti kosturinn, að fara með vinnsluna út á sjó? Hefur það verið gert? Ég segi nei.

Áfram segir hér: „Með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga ..." — Hagsmuni fiskverkafólks og einstakra byggðarlaga, — er verið að gera það með þessum tillögum? Er verið að gera það? Ég spyr. Ekki segja þeir okkur það sem hafa komið til viðtals við sjútvn. Ekki bera bréfin þess vott sem koma núna frá verkalýðsfélögunum vítt og breitt um landið og sveitastjórnunum að það sé verið að tryggja atvinnuöryggi fólks. Nei ekki aldeilis, það er þveröfugt.

Þá segir einnig í þessum sama inngangi: „Hafa skal samráð við sjútvn. Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þessa endurskoðun." Enn spyr ég: Var það gert? Ekki kannast ég við að það hafi verið haft mikið samráð við sjútvn. um þessa smíð, enda ein samfelld axarskaftasmíð.

Enn skal ég lesa úr þessum sama inngangi: „Við mótun sjávarútvegsstefnu er það hlutverk stjórnvalda að setja leikreglur og tryggja starfsskilyrði sem gera íslenskan sjávarútveg samkeppnishæfan í helstu viðskiptalöndum okkar."

Er verið að gera það? (**VE:** Já.) Já, stynur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Það væri fróðlegt að næstu daga þegar við ræðum þetta mál tækist honum að sannfæra þingheim um það. Hann sem er að rústa þeim möguleika sem menn höfðu til þess og eyddi lengstum tíma ræðu sinnar til að afsaka það að hann skyldi vera þátttakandi í því. Og áfram segir: „Í því sambandi er mikilvægt að leikreglurnar séu skýrar og varanlegar og að forsendum ákvarðana verði ekki breytt með skömmum fyrirvara. Traust og framsýn fyrirtækjastjórnun byggist öðru fremur á þessum grundvallaratriðum."

Ég ætla að lesa þetta aftur og bið nú hv. samþingmann minn úr Norðurl. v. að leggja við hlustir. Þarna stendur: „Í því sambandi er mikilvægt að leikreglurnar séu skýrar og varanlegar og að forsendum ákvarðana verði ekki breytt með skömmum fyrirvara. Traust og framsýn fyrirtækjastjórnun byggist öðru fremur á þessum grundvallaratriðum."

Hvar hafa þessir menn verið? Vita þeir ekki að menn hafa verið — ég ætla ekki að fara að nefna fyrirtæki með nöfnum, en ég veit að menn eiga að vita hvað hér er verið að tala um — síðustu vikur og mánuði að komast hjá þeim alvarlegu hlutum að lenda í gjaldþroti. Menn hafa gripið til örþrifaráða til þess að halda velli. Þeir hafa fórnað hundruðum milljóna króna í þessar aðgerðir. (Gripið fram í.) Allar þessar aðgerðir hafa verið miðaðar við, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, það kerfi sem þeir lifðu við og það rekstrarumhverfi. Síðan koma þessir ágætu menn á einni nóttu þvert á það sem hér segir og segja: Nú er þetta allt búið. Þetta er bara rugl, reglunum er breytt. Hvaða afleiðingar hefur þetta fyrir þessa aðila? Þeir verða að byrja upp á nýtt, tapa hundruðum milljóna króna. Það er til lítils að setja svona á blað ef menn gera svo ekkert meira með það.

Það er sorglegt, virðulegur forseti, að — já, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson stynur þungan og það hefði verið betra að sumartíminn væri kominn hjá honum núna. (Gripið fram í.) Já, akkúrat. En ég vil þó aðeins halda áfram að vitna í þessa bók. (**JVG:** Það er fimmtudagur í dag. Það eru enn þá fimmtudagar.) Já, en var ekki hugmyndin að fella fimmtudagana niður og hafa föstudagana af því að þeir eru svo miklu skemmtilegri? (**Gripið fram í:** Jú.) Já, ég hélt það. (Gripið fram í.) Það mun vera rétt.

En það segir hér á bls. 12, virðulegi forseti: „Aflamarkskerfið sem leyfir greið viðskipti með aflahlutdeildir er það fyrirkomulag sem stuðlar að hvað mestri hagkvæmni í uppbyggingu sjávarútvegsins. Það treystir atvinnu í sjávarútvegi og tengdum greinum atvinnulífsins og stuðlar að því að sjávarútvegurinn geti orðið samkeppnishæfur um hæft starfsfólk til sjós og lands. Með því móti verður sjávarútvegurinn áfram burðarás í íslensku atvinnulífi og undirstaða byggðar víðs vegar um land."

Þetta eru allt göfug markmið en það er bara að standa við þau og fara eftir þeim, vinna ekki gegn þeim eins og gert er. Menn verða nefnilega að átta sig á því að stjórn fiskveiða, og það hef ég sagt áður í þessum ræðustól, er engin sáttagerð á milli einungis sjómanna og útgerðarmanna. Það er mikill misskilningur. Þar þarf einnig fiskverkafólkið að koma til. Það þarf líka að vera sáttargjörð á milli þess. Það er málið. Um það hefur ekki verið hirt í þessum tillögum, því miður.

Virðulegi forseti. Það er nánast ótrúlegt að vera að fjalla um þessi mál nú á þennan hátt miðað við þær undirtektir, þær umsagnir og þær umræður, sem þetta mál hefur fengið hjá nánast öllum þeim aðilum sem fyrir sjútvn. hafa komið og hún hefur leitað álits hjá. Það er ótrúlegt hvað þessi ríkisstjórn ætlar sér að fara langt gegn hagsmunum þessa fólks.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði hér: Hvernig munu útgerðarmenn bregðast við? Það er umhugsunarefni hvernig útgerðarmenn munu bregðast við og fleiri sem í atvinnugreininni starfa, ekki bara útgerðarmenn. Það er umhugsunarefni fyrir okkur í dag, eins og ástandið er í þjóðfélaginu, hvernig þessir hópar munu bregðast við þegar slíkum starfsháttum er beitt eins og hér er gert.

Hv. þm. sagði einnig, og það veit ég að er rétt, að okkar stjórnkerfi í sjávarútvegi væri eitt það fullkomnasta sem til er. Samt koma þessir menn og gera tilraunir til þess að rústa það grundvallaratriði sem kerfið er byggt upp á. Mér finnst menn fara heljarstökk í þessari vitleysu.

Ég hefði líka áhuga á því að spyrja hæstv. sjútvrh., af því að hann er með okkur í þessari umræðu, að því hvað það var þegar gengið var til samninga um þetta mál milli Alþfl. og Sjálfstfl., þegar raunverulega allt var komið í hnút og hinir mætustu menn í þjóðfélaginu sem töldu sig hafa mikla hagsmuna að gæta reyndu að leiða þessa menn saman og leiða þá til sátta eða a.m.k. alla tíð að finna þá leið að þurfa ekki að ganga fyrir hvers manns dyr og fara út í kosningar. Því það eitt eiga þessir flokkar sameiginlegt, Alþfl. og Sjálfstfl., að það vilja þeir síst af öllu í dag. Þess vegna þurfti að gera aðrar ráðstafanir til þess að leiða þetta lið saman og því langar mig til þess að spyrja hæstv. sjútvrh. um grein í blöðunum, ég veit ekki hvort hún er sönn. (**Gripið fram í:** Það er nú verra.) Það er verra. Það er nefnilega málið.) Þess vegna gef ég hæstv. sjútvrh. núna tækifæri á að leiðrétta það ef greinin er ekki sönn vegna þess að hæstv. ráðherra hefur hvergi leiðrétt þessa grein.

Í greininni var látið að því liggja að það ætti að auka rækjukvóta um 7.000 tonn. Það ætti einnig að takmarka togveiðar í einhverjum tveimur hólfum fyrir vestan. Það hefur sjálfsagt róað einhverja fyrir vestan, hvort sem það var á Vestfjörðum eða Vesturlandi, kannski á báðum stöðunum. (**Gripið fram í:** Hann sagði að þetta væri í frjálsræðisátt.) Trúlega er þetta til þess einnig að ýta ísfisktogurunum enn fjær heldur en verið hefur. Það var einnig sagt að það ætti að banna netaveiðar lítilla báta og síðan átti að skipa nefnd til að athuga um nýtingu á fiskveiðilögsögunni og hólfaskiptingum og sem ætti einnig að taka á þeim vandamálum hvernig gengið er um auðlindina. Ég fagna því. Þar er verk að vinna.

En eitt var það að ég spurðist fyrir um þetta í sjútvn. og þá varð fyrir svörum hv. talsmaður meiri hluta sjútvn. og svaraði því til að það væri nokkuð til í þessu og ég gat helst skilið að þetta væri allt rétt. Ég spurði hann að því hvort það væri þá til í því líka sem hefði verið sagt í þessari grein að liðka ætti fyrir því að eitthvað af þorski mætti vera með í afla í bátum sem stunduðu sérveiðar og erum við þá komnir að títtnefndum fjölda þingmanna sem lögðu mikla áherslu á þetta mál á sínum tíma. (**Gripið fram í:** 16.) 16 voru þeir. Ég hefði áhuga á því að hæstv. sjútvrh. segði okkur aðeins frá þessu máli, hvar það stæði og hvort þetta væri rétt. Alla vega er það víst að sættir tókust eftir að þetta var gefið út og menn fóru að ganga á ný til starfa með það að markmiði að afgreiða þetta mál á þessu þingi og það var gefið út að fulltrúar stjórnarflokkanna hefðu náð niðurstöðu í málinu og náð sátt um málið. Þess vegna spyr ég: Var það þetta sem þurfti til?

Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að mér finnst það mikið og alvarlegt slys hversu menn hafa gengið hér djarflega fram í þessu máli. Ein aðalástæðan fyrir því að menn hafa gengið svo fram er sú að menn hafa notað sem skálkaskjól í því máli kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna. Þess vegna hafi þurft að gera slíkar grundvallarbreytingar á því fiskveiðistjórnunarkerfi sem við búum við.

Ég spurði hæstv. sjútvrh., þegar menn fjölluðu um bráðabirgðalögin sem sett voru á sjómenn á sínum tíma, hvort að hann væri ekki tilbúinn að leysa þetta mál, að flytja um það frv. og lögfesta á Alþingi þá yfirlýsingu sem gefin var 26. apríl 1992 og undirrituð var af Sjómannasambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands, þar sem segir svo: „Samningsaðilar eru sammála um að útgerðarmanni sé óheimilt að draga útlagðan kostnað vegna leigu eða kaupa á aflaheimild-

um frá heildarsöluverðmæti aflans áður en skiptaverð til sjómanna er reiknað."

Er þetta ekki kjarni málsins? Snerist ekki verkfallið um þetta mál? Mér er spurn. Og hvað stendur í brtt. meiri hlutans? Hvað stendur þar? Þar stendur:

„Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað vegna kaupa á veiðiheimildum."

Er þetta ekki nákvæmlega sama og skrifað var undir? Er þetta ekki nokkurn veginn nákvæmlega sama orðalag?

Síðar segir í þessari yfirlýsingu sem undirrituð var af Sjómannasambandinu og Vinnuveitendasambandinu:

„Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli með aflaheimildir né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Hvað segir um þetta í brtt. nefndarinnar? Þar segir orðrétt og það er það sem er verið að lögbinda nú:

„Yfirlýsing þessi hefur engin áhrif á frjáls viðskipti útgerðarmanna sín á milli um aflaheimildir né samninga áhafna og einstakra útgerða við fiskkaupendur um fiskverð."

Er hægt að tala öllu skýrara máli í þessu? Mér er lífsins ómögulegt að skilja það. Og því skildi ég aldrei, hæstv. sjútvrh., vegna hvers ekki var hægt að verða við því að samþykkja þessa yfirlýsingu sem undirrituð var af Sjómannasambandinu til þess að koma í veg fyrir það sem menn kalla þátttöku sjómanna í kaupum á afla. Það var útilokað að menn næðu ekki samkomulagi um það að koma þessari álitanefnd upp. Það var bara fyrirsláttur. Auðvitað var lending í því máli. En þess vegna er það svo að hér hefur eitthvað meira gerst og það er það alvarlega í málinu. — Það er von að hv. þm. stynji. Hann áttar sig á því hvað hefur hér verið gert. En það er heldur seint trúlega, því miður. (**GB:** Það er betra seint en aldrei.) Já, það er rétt hv. þm. Guðmundur Bjarnason, það er betra seint en aldrei og við skulum vona að við eigum eftir að fjalla um þetta aftur og kannski ná saman.

En ég hef aldrei getað skilið það vegna hvers ekki var hægt strax að lögfesta þessa yfirlýsingu sem er undirrituð af fulltrúum Sjómannasambandsins og Vinnuveitendasambandsins.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þetta mikið lengra nú, tíminn æðir frá okkur, en það er samt mikið enn ósagt í þessu máli og ég mun geyma mér það að ræða almennt um sjávarútvegsmálin, stöðu greinarinnar og hvernig að henni er búið. Það er vitaskuld alveg óásættanlegt að ekki skuli vera brugðist við þeim vanda sem að greininni steðjar og þar er ég að tala um rekstrarvandann og afkomuna í sjávarútveginum. Ég trúi því ekki að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson stynji þegar ég segi það að sjávarútvegurinn þurfi að hafa rekstrargrundvöll því það liggur fyrir að þar er um milljarða tap að ræða. Og það er meira en sjávarútvegurinn, það eru framleiðslubyggðarlögin. Þau þola ekki það fjárstreymi, þá milljarða sem fluttir eru frá byggðarlögunum í gegnum þennan eilífa hallarekstur sem í sjávarútveginum er. Það getur vel verið að það dugi ekkert annað til þess að breyta hér um en að það verði að koma þessari ríkisstjórn frá og þá verða menn bara að ganga í það verk. Ég hef trú á því að stuðningur við þá skoðun hafi aukist síðustu daga og eigi enn eftir að aukast.

[23:43]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hlusta á mismun á ræðu hv. þm. Stefáns Guðmundssonar og síðan þær aðfinnslur sem komu frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og frá hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Hér eru nefnilega tveir pólar. Gagnvart þeim tillögum sem liggja fyrir frá meiri hluta nefndarinnar kemur sú skoðun frá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að það sé verið að rústa kvótakerfið en frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni kemur sú skoðun að hér sé verið að halda í kvótakerfið, festa það í sessi til hins verra fyrir land og þjóð.

Ég hygg því að þær tillögur sem hér liggja fyrir af hálfu meiri hluta nefndarinnar séu býsna góð sátt milli mismunandi sjónarmiða í sjávarútveginum, milli útvegsmanna, sjómanna, fiskvinnslufólks, fiskvinnslufyrirtækja og stjórnmálaflokka.

Ég verð að segja að ég tel að það starf sem hér er að ljúka og hófst með vinnu tvíhöfða nefndarinnar hafi skilað býsna góðum árangri, að núna sé komin mjög víðtæk sátt um grundvallaratriði þessa hagkvæmasta fyrirkomulags í stjórn fiskveiða í heiminum í dag. Það sem hefur verið gert í sambandi við þær takmarkanir sem eru á framsali er að koma í veg fyrir misnotkun á þeim heimildum til viðskipta sem hafa verið í lögunum en takmarka á engan hátt skynsamlega hagræðingu og er síður en svo að það sé verið að rústa útgerð á Suðurnesjum heldur hygg ég að hún muni þvert á móti verða blómlegri en nokkru sinni fyrr.

[23:46]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi svo sannarlega að vinur minn og samþingsmaður, Vilhjálmur Egilsson, hefði rétt fyrir sér í þessum síðustu orðum. Svo sannarlega vildi ég það. Því miður verð ég að hryggja þingmanninn með því að svo mun ekki vera og ég ætla bara, vegna þess að við erum í andsvari, ég get talað um það síðar og mun gera það en ég ætla þó að biðja þig — kvöldið mun ekki duga til þess, kæri félagi og vinur, — að líta á það sem fylgir með nál. 2. minni hluta, biðja hv. þm. að lesa þetta, vita hvort hann kemst ekki að þeirri niðurstöðu að það er nánast enginn í öllum þessum bunka sem segir að hér sé verið að gera rétta hluti. Það er það alvarlega í málinu. Það er fólkið, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem lifir og starfar í þessari atvinnugrein sem við leituðum umsagnanna hjá.

[23:47]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil gjarnan biðja hv. þm. Stef-

án Guðmundsson, minn kæra vin og félaga og fótboltaspilara um mörg ár, að velta því aðeins fyrir sér af hverju sjómenn við Skagafjörð samþykktu að fara í verkfall í vetur. Á hvaða forsendum var það? Hafa sjómenn við Skagafjörð sem fóru í verkfall, illu heilli, dregið til baka umboð sitt til sjómannaforustunnar um stuðning við þær breytingar sem verið er að gera á löggjöfinni um stjórn fiskveiða og stuðning við þær tillögur sem meiri hluti nefndarinnar hefur lagt fram? Ég hygg ekki. En ég tel að það skipti ansi miklu máli að gera sér grein fyrir stöðu þess máls og gera sér grein fyrir því líka, hv. þm. og góði, kæri vinur og félagi, að það skiptir býsna miklu máli að sjómenn séu almennt sáttir við það stjórnkerfi sem við höfum á fiskveiðum og íslenskir sjómenn hafa það fram yfir marga aðra í heiminum að styðja hagkvæmt fiskveiðistjórnunarkerfi og það má segja þeim til hróss.

[23:49]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get sagt þér það að ég þekki sjómenn við Skagafjörð býsna vel, starfaði með þeim í ein tíu ár, býsna náið, og ég lái þeim það ekki að standa með félögum sínum. Ég lái þeim það ekki. Ég bara met þá frekar fyrir það að sjómenn skuli þó standa saman. Það gerðu þeir. Svo má um hitt deila. En það sem ég finn að er að menn skyldu ekki hafa leyst þetta verkfall á annan hátt. Menn þurftu ekki að grípa svo hastarlega inn í lögin um stjórn fiskveiða eins og hér er verið að gera, menn þurftu ekki að gera það. En ég veit að sjómenn við Skagafjörð vita alveg hvað stjórnunarkerfi fiskveiða hefur gefið þeim og öðrum sjómönnum.

[23:50]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að þegar nefndarálit 2. minni hluta sjútvn. er skoðað kemur í ljós að þeir hafa notað flest annað heldur en það sem segir frá ályktun stofnfundar Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerðar. Það er merkilegt að þeir skuli ekki nota það í sinni greinargerð vegna þess að þar segir að sjómenn séu á réttri leið með þeirri samþykkt sem þeir hafa gert og þessir tveir aðilar taka undir það sem meiri hluti sjútvn. er hér að leggja til.

Það er líka athyglisvert að hlusta á þennan hv. þm. tala um að það sé verið að flytja fiskvinnsluna í burtu og það sé verið að fórna hagsmunum fólks í fiskvinnslu. En þegar maður skoðar hvað hefur gerst í kjördæmi þessa hv. þm. kemur í ljós að ágæt útgerð á Sauðárkróki hefur flutt 3.359 tonn úr landinu óunnin, togarar hafa siglt ýmist til Þýskalands eða Englands, og það er hvorki meira né minna en 18,4% af siglingu þeirra skipa og afla þeirra skipa sem selt hafa á erlendum markaði. Og meðal þessara aðila sem eru að lýsa því yfir að það sé verið að fórna hagsmunum fiskvinnslunnar er sá sem stjórnar þessu fyrirtæki fyrir norðan, sem hefur verið svo drjúgt í því að selja ferskfisk úr landinu og um leið að rýra atvinnumöguleika fiskvinnslufólks sem þessir aðilar hafa svo miklar áhyggjur af.

Nei, hagsmunir sjómanna og fiskvinnslufólks fara saman. Það fer saman í því að passa upp á það og koma í veg fyrir það að meira kvótabrask verði heldur en orðið er. Vegna þess að ef þið ætlið að setja kvóta á fiskvinnsluhúsin þá líður ekki langur tími áður en teknar verða 10 kr. eða 20 kr. af unninni klukkustund fiskvinnslufólks til þess að kaupa kvóta. Menn eru hér á algerum villigötum. Og þegar menn eru að tala um að það sé verið að tapa hundruðum millj. kr. Um hvað eru menn að tala? Það hafa engin rök komið fyrir þeirri upphæð sem menn eru að tala um. Það er nánast hægt að segja: Þetta er bara skot út í loftið og menn eru hér að bulla um eitt og annað sem þeir geta hreinlega ekki staðið við.

Það er athyglisvert, hv. 4. þm. Norðurl. v., að þið skuluð ekki nota þetta plagg frá ályktun stofnfundar Samtaka fiskvinnslustöðva því að þeir segja, með leyfi forseta: „Á síðustu dögum hafi miklar umræður og átök átt sér stað um þau sjávarútvegsfrumvörp sem eru til meðferðar á Alþingi.“ — Og þeir segja að þetta sé allt með slíkum eindæmum að það eigi auðvitað að landa öllum afla á frjálsan fiskmarkað til þess að efla fiskvinnsluna í landi.

[23:54]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sér er nú hvert bullið, það verð ég að segja. Það er alveg hárrétt sem hv. þm. sagði að togarar frá Útgerðarfélagi Skagfirðinga og Fiskiðjunnar hafa selt erlendis. Þeir sigla með karfa á markað og hafa gert lengi. Staðreyndin er sú að fyrir norðan hafa menn ekki náð fullkomnum tökum á því að vinna karfann, það er rétt. Menn hafa hins vegar verið að styrkja þarna útgerðina og byggja hana upp og þetta hefur verið einn liðurinn í því. En ég hugsa að það sé óvíða á sama tíma unnið jafnmarkvisst að því að efla fullvinnslu afurða í landi og hjá þessu fyrirtæki. Þetta kostar peninga. Þetta fyrirtæki hefur reynt að afla sér þeirra tekna til þess að búa sig þannig í stakk að það geti gert slíka hluti.

Úr því að hv. þm. var með þessa tölu sem þeir hafa nú ekki látið mig hafa frá Sjómannasambandinu, en sjálfsagt hafa þeir dreift þessu til annarra hér — ég fæ þetta sjálfsagt hjá þeim hér á eftir — þá væri nú fróðlegt að vita hvort hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefði lesið álit sem barst og honum var afhent persónulega, að ég best veit, frá Verkamannafélaginu Fram á Sauðárkróki. Hvað þeir segja um það fyrirtæki sem hann var hér að vitna til? Hvað segja þeir um það? Það væri fróðlegt fyrir þingmanninn að lesa það í kvöld þegar hann kemur heim.

Um hundruð milljarðana sem hann sagði að ég hefði verið að bulla um. Hvar hefur þessi þingmaður verið? (**GHall:** Hundruð milljóna.) Hundruð milljóna, já, hundruð milljóna. Og ég segi: Hvar hefur þessi þingmaður verið? Hefur hann ekki fylgst með því hvað þessi fyrirtæki vítt og breitt um landið, sem hafa verið í erfiðleikunum, hafa verið að gera? Hafa þau ekki verið að selja frá sér skip sem núna með þessari löggjöf sem hann er að setja mun krefja þau um að kaupa

til sín aftur skip? (Forseti hringir.) Tíminn er búinn og ég ætla að láta þetta duga.

[23:56]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. byrjaði á því að tala um að þvílíkt væri bullið, en sagði svo að þetta væri rétt og satt sem ég hefði sagt. Það er eitt sem menn gleyma í þessari umræðu. Þeir gleyma því að 80% fiskvinnslunnar og útgerðarinnar eru í einni og sömu sænginni. Og ef menn eru í alvöru að tala um að það eigi að færa kvóta yfir á fiskvinnsluna þá eru þeir í reynd að stýra málum í þá höfn að kvótinn verði alfarið á fleygiferð, ýmist til fiskvinnslunnar eða til fiskiskipanna eftir því hvernig best stendur á hjá útgerðinni og áfram mun kvótabraskið halda með enn meiri fítonskrafti og í enn meiri vitleysu. Það er nú svo að útgerðin hefur meira og minna ítök í þessu hvort sem er til sjós eða lands. Og það er auðvitað alvarlegur hlutur þegar ábyrgur aðili kemur fram í fjölmiðlum og segir að það sé verið að fórna hagsmunum fólks í fiskvinnslu ef það sé gengið inn á þá braut til lausnar, m.a. í því deilumáli sem var fyrr á árinu gagnvart sjómönnum. Á sama tíma og þessi aðili heldur þessu fram er hann að flytja 18,4% af öllum ísfiski sem seldur er erlendis, þá er hann að framkvæma þetta. Menn eru bara ekki sjálfum sér samkvæmir og því miður heldur ekki þessi *ágæti þingmaður, 4. þm. Norðurl. v. Menn eru* bara að vaða reyk.

[23:57]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg rétt að ég sagði þvílíkt bull. Það er staðreynd að það var nánast allt bull sem hv. þm. sagði hér fyrr, nema það eitt sem hann sagði um útflutning á karfa. Það tók ég fram að væri rétt og reyndi að skýra það mál í stuttu máli. (Gripið fram í.) Það var það eina sem ekki var bull. Það er rétt og ég viðurkenni það og reyndi að færa rök fyrir því hvers vegna það væri gert. Við erum líka að hugsa um hag sjómanna.

Ég hefði líka áhuga á að spyrja hv. þm., hann getur ekki komið hér upp aftur og svarað en gerir það kannski seinna: Hvaðan kemur honum einhver vitneskja um það að ég sé talsmaður fiskvinnslukvóta? Það væri fróðlegt að vita það. Stendur það í skýrslunni eða bréfi frá Sjómannasambandinu, hv. þm.? Var það í bréfinu frá Sjómannasambandinu, að ég væri talsmaður fiskvinnslukvóta? Ég hef alla tíð þegar ég hef rætt um þessi mál verið andvígur fiskvinnslukvóta, alla tíð. Ég held því að það sé einhver vitleysa í bréfinu.

Útbýting þingskjala:

Reynslusveitarfélög, 554. mál, brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1118; nál. meiri hluta félmn., þskj. 1119.

[23:59]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeirri umræðu sem varð hér rétt á undan þá vil ég taka fram að fyrr í dag var ágæt umræða um það hvers vegna allar þessar breytingar liggja nú fyrir um frv. til laga um stjórn fiskveiða, hvers vegna þær eru svo óskipulegar og hvers vegna þær ganga í rauninni ekki upp. En það er vegna þess að það er verið að leysa allsendis óskylt mál með því að fara að krukka í lög sem vissulega eru ekki góð, brtt. sem lagðar eru fram við endurskoðun sem heldur eru ekki góðar og síðan að gera enn aðrar breytingar og þær eru ekki heldur góðar. Þannig að þegar þrjú sett af villum koma saman þá er ekki á góðu von og það er nákvæmlega það sem er að gerast hér. Allt er þetta gert í nafni þess að leysa deilu sem í raun réttu hefði átt að leysa hér í janúar. Það er búið að taka upp þær hugmyndir sem þá lágu fyrir og gera þær að sjálfsögðu að þeirri lausn sem blasir við, en til þess þurfti bæði hrossakaup og hræðslu. Ég ítreka það enn og aftur að þetta er í rauninni meginþemað í allri þessari umræðu, hrossakaup og hræðsla.

Áður en ég hef mína eiginlegu ræðu hér vil ég einnig gera létta athugasemd við nál. meiri hluta hv. sjútvn. sem er mér mikil ráðgáta. Ég held að ég yki ekki ef ég segi að það sé allsendis ófullnægjandi. Ég gat þess í umræðu fyrr í dag hvernig það var og ég ætla að endurtaka það hér, því ég veit að fólk hefur varla trúað sínum eigin augum þegar það sá þetta, en það samanstendur einungis af upptalningu á þeim sem komu á fund nefndarinnar og síðan stuttri upptalningu *á brtt. meiri hlutans. Meiri hluti hv. nefndar* hefur ekkert og þá meina ég ekkert efnislega og hvað þá málefnalega um þetta stóra mál að segja. Það er lýsandi fyrir innistæðuleysi sjávarútvegsstefnu ríkisstjórnarinnar að skila innihaldslausu nál. Auk þess afhjúpar þessi staðreynd átakanlega bæði sundrungu og málefnaágreining stjórnarliða, sem margir eru, sem kunnugt er, mjög ósáttir við að eiga aðild að þessu samkomulagi. Að vísu hafa einhver fyrirheit verið gefin um dúsur af ýmsu tagi, en ég verð að viðurkenna að ég heyri sífellt minna um slíkt getið eftir því sem dagarnir líða. Annaðhvort er að renna á menn tvær grímur eða þeir vilja ekki að þetta sé í hámælum haft nema hvort tveggja sé.

Ég vík þá að efnislegri umræðu því ég kvíði ekki þeirri umræðu, eins og ætla mætti að stjórnarliðar geri eftir því nál. sem ég var hér að rekja. Stefna Kvennalistans um að koma á byggðakvóta hefur sjaldan verið brýnni heldur en í þeirri upplausn sem nú ríkir í umræðunni um stjórn fiskveiða. Núverandi kvótakerfi hefur reynst meingallað og það er nauðsynlegt að gera á því grundvallarbreytingar. Miklar deilur hafa staðið um hina lögbundnu en síðbúnu endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða. Sú endurskoðun fór fram án samráðs við stjórnarandstöðu, hagsmunaaðila og sjútvn. og þar með í trássi við lög. Nýjustu brtt. ríkisstjórnarinnar hafa síðan hellt olíu á eldinn. Deilan snýst nú ekki síst um það hvort hagsmunir fiskvinnslunnar hafi verið fyrir borð bornir og þá ekki síst atvinnuhagsmunir fiskvinnslufólks. Það er eins og skyndilega sé fólk að uppgötva fiskvinnslufólk og það meira að segja hér í sölum Alþingis, en það er alveg átakanlega sjaldan sem það hefur verið nefnt hér frá því að ég settist á þing fyrir fimm árum síðan, og það er að sjálfsögðu af-

skaplega ánægjulegt og ég vona að framhald verði á því.

Fjöldi verkalýðsfélaga, fulltrúar fiskvinnslu og einstakra byggðarlaga hafa vakið athygli á því að það megi að sjálfsögðu ekki fara að leysa kjaramál sjómanna á kostnað fiskvinnslufólks. Fiskvinnslukonur hafa fram til þessa ekki verið sterkur þrýstihópur og það er, eins og ég gat um áðan, ánægjulegt að heyra að þær eiga svo marga málsvara hér sem annars staðar og vonandi að framhald verði á því.

Það er í rauninni með ólíkindum úr hve mörgum áttum slíkur stuðningur kemur, en að vísu verð ég að halda því til haga sem flestir glöggir hlustendur hafa sjálfsagt heyrt, þeir sem hafa hlýtt á hér í þingsal og annars staðar, að rökstuðningurinn er mjög misjafn hvað sé fiskvinnslunni fyrir bestu. En þetta nýja lausnarorð, að efla hag fiskvinnslunnar, er þó a.m.k. góð byrjun. Síðan verða menn að sjálfsögðu að fara að reyna að komast að því hverig það verður best gert. Og ég verð að segja, að mér þykir það hljóma hér um bil eins og brandari, en það er auðvitað ekkert fyndið, þegar fiskvinnslufólkið á að vera ein helsta ástæðan fyrir því að halda áfram sem frjálsustu framsali. Mér finnst það bara hljóma sem öfugmæli og ég hef ekki heyrt neina fulltrúa óbreytts fiskvinnslufólks ræða þetta á þessum nótum og ég er ekkert viss um að ég mundi heyra það.

Eins og sjá má á þeirri miklu upptalningu sem er á fyrri síðu hins rýra nefndarálits meiri hlutans þá hafa nefndinni borist feykilega margar umsagnir því flestir, eins og þar segir, skiluðu skriflegri umsögn. Einna mesta athygli nýverið hefur væntanlega vakið ályktun Samtaka fiskvinnslustöðva eða frétt sem þeir sendu frá sér og erindi sem þeir sendu sjútvn. þann 19. apríl sl., en þar mótmæla þessi samtök harðlega áformum meiri hluta sjútvn. um að falla frá þeirri hugmynd að heimilt verði að framselja aflahlutdeild fiskvinnslufyrirtækja. Í þessari fréttatilkynningu og áliti tala þeir sérstaklega um það að þarna hafi verið um jákvæða aðgerð að ræða til að ná sátt um þá sjávarútvegsstefnu sem fram kom í tillögum tvíhöfða nefndarinnar á sínum tíma. Ég hef tekið það hér fram að þetta er eitt af því fáa sem þó var þar bitastætt og ég mun nánar koma að grátræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. þegar hann var að lýsa hér trega sínum yfir því að vera búinn að yfirgefa þessar göfugu hugmyndir. Það er mjög ánægjulegt að geta einstöku sinnum verið sammála þeim hv. þm. og í þessu er ég vissulega sammála honum. Þetta hefði þurft að vera áfram inni og enn á eftir að afgreiða þetta mál. Ég bið menn að reyna að fara að hlýða á samvisku sína og skynsemi í þessu máli sem öðrum því ég hélt að menn væru beinlínis lögbundnir af sannfæringu sinni en ekki einhverjum hrossakaupum úti í bæ. Ég hef alla vega ekki séð það í neinu drengskaparheiti að menn skuli virða neitt annað en sannfæringu sína.

Það kemur líka fram í þessari ágætu ályktun eða yfirlýsingu Samtaka fiskvinnslustöðva sú skoðun sem ég get gert að minni að aflaheimildir til fiskvinnslufyrirtækja hafi ekkert með kjarasamninga um skiptingu fiskverðs milli útgerðar og sjómanna að gera og þar af leiðandi mótmælir auðvitað fiskvinnslan því harðlega að fiskvinnslukvótanum verði fórnað á Alþingi til lausnar þeirri deilu. Þarna er einmitt orðalag sem ég get mjög vel tekið undir. Þarna er verið að færa fórn. Ég hefði satt að segja haldið að samskiptamunstur ætti að vera öllu þroskaðra en það að menn færu að færa útgerðarmönnum einhverjar fórnir svona í gömlum trúarbragðaanda, en það getur vel verið að menn eigi eftir að vinna sig út úr þessum vanda og ég vona að þeim takist það.

En það sem mér finnst kannski mikilvægast, og kemur raunar fram þarna og í flestum þeim umsögnum sem fara út á sömu svið, er að frá byggðasjónarmiðum er mjög mikilvægt að hafa möguleika á því að binda kvóta við fiskvinnslufyrirtæki eða við byggðarlögin sjálf. Þessi byggðarök eru þau sem vega að sjálfsögðu langsamlega þyngst vegna þess að það er hreinlega verið að tala um afkomu fólks, atvinnu og starfsemi fyrirtækja í þessum byggðarlögum og það er ekkert smáræði. Og ég blæs á allt þetta kjaftæði um hagræðingu, ef hagræðing á að fela það í sér að það sé hægt að skáka hér byggðarlögum inn og út af kortinu eftir því hvernig kaupin gerast á eyrinni. Það er ekki hagræðing að mínu mati og ég hef aldrei skilið þá útreikninga sem byggjast á því að það sé einhver hagræðing í því að gera heilu þorpin meira og minna líflvana og máttlaus vegna þess að atvinnunni er svipt af staðnum, en núverandi kvótakerfi og það framsal sem það heimilar býður nákvæmlega upp á þetta.

En fiskvinnslan á fleiri hauka í horni. Meira að segja títtnefndir atvinnumenn, sem hæstv. sjútvrh. kaus að tala, að mínu mati, heldur í hæðnistón um, en hann reyndar kaus að líta öðruvísi á og ég skal ekki gera athugasemd, að hann hafi leyfi á að hafa skoðun á því hvað hafi falist í hans orðum. En þessir svokölluðu atvinnumenn, sem eru samstarfshópur um hagkvæma stjórn fiskveiða, örugga atvinnu og aukna verðmætasköpun til sjós og lands, sendu frá sér ábendingar þann 25. apríl sl., fyrir þremur dögum, og í þeirra athugasemdum er meira að segja tekið undir þetta sjónarmið þar sem þeir segja: „Fiskvinnslukvóti er ekki leyfður samkvæmt þessum tillögum“ og eiga þá við þær brtt. sem meiri hluti hv. sjútvn. ber ábyrgð á. „Ákvæði um að skip megi ekki taka til sín kvóta umfram veiðigetu er þrengt mjög verulega. Þetta ákvæði hefur í raun verið frjálslega túlkað fram að þessu og hefur virkað sem óbeinn fiskvinnslukvóti. Þessar breytingar saman munu þrengja allverulega að fiskvinnslufyrirtækjum sem hafa fækkað skipum eða selt skip.“ Hæstv. forseti, ég leyfi mér að vitna nokkuð beint til þess án þess að hafa beðið um leyfi fyrir fram og vona að það verði veitt eftir á, þar sem ég vék eigin orðum inn í þessa tilvitnun líka.

Það sem hér kemur í rauninni fram er það að menn eru meira og minna að berjast fyrir því að fá fiskvinnslukvóta en gjarnan þannig að það sé hægt að kalla hann eitthvað annað, svona alla vega í bland og fara aðrar leiðir að sama marki. Ég kem á eftir betur að stefnumörkun kvennalistakvenna, þar sem við viljum gera hlutina hreint og klárt og ekki vera að leita ann-

arra leiða heldur en þeirra beinustu að því marki sem við erum að reyna að ná.

Alþýðusamband Íslands hefur líka tekið svari fiskvinnslufólks og er það mjög vel við hæfi, enda er það mjög mikilvægt atvinnumál að fiskvinnslufólk haldi sinni vinnu. Í ágætri umsögn úr þeim búðum, sem er raunar ódagsett, kemur fram gagnrýni á það að fella út þessa heimild um að framselja aflahlutdeild til fiskvinnslustöðva og það er spurt þeirrar spurningar hvaða áhrif þessar breytingar á stöðu landvinnslunnar muni hafa. Þarna er enn og aftur verið að tefla saman þessum tveimur leiðum, annars vegar að vera með beinan byggða- eða fiskvinnslukvóta og hins vegar því að tryggja frjálst framsal. Ég get ekki tekið undir þá hugsun sem kemur fram hjá ASÍ að það verði trúlega ekki áhrif til minnkunar á því heildarmagni sem fer til vinnslu í landi með því að hætta við að hafa fiskvinnslukvóta. Ég held að það mundi tvímælalaust hafa jákvæð áhrif á það sem færi til vinnslu í landi ef fiskvinnslan réði yfir kvóta.

Helsta gagnrýni ASÍ á þessar fyrirætlanir, að hætta við þennan fiskvinnslukvóta, er sú að þetta muni hafa veruleg áhrif á möguleika einstakra byggðarlaga til að vinna sig út úr fjárhagslegum þrengingum. Og þá erum við kannski komin að þeim mýmörgu dæmum sem við höfum fengið um það að ýmsir hafa verið að endurskipuleggja sinn rekstur beinlínis miðað við að þessi fiskvinnslukvóti kæmi og hafa verið að reyna að aðlagast því kerfi, ekki vegna þess að það sé einhver þrautalending heldur vegna þess að þeir eygðu ákveðna von sem annars hefði ekki verið fyrir hendi. Þetta finnst mér að sjálfsögðu mjög merkilegt hvað menn virðast fljótt hafa gripið þessa hugmynd á lofti því það er ekkert launungamál að byggðakvótahugmyndir hafa mætt nokkurri tortryggni, alla vega í upphafi, en sífellt fleiri eru að taka undir þessar hugmyndir. Og þegar örlar á hugmyndum í þessa átt þá eru menn mjög snöggir að grípa tækifærið og nýta þá möguleika sem þetta býður upp á. Það er nákvæmlega það sem við stöndum nú frammi fyrir. Með leyfi forseta, segir hér í umsögn ASÍ eða plaggi sem er ættað frá þeim:

„Í þeim fjárhagslegu þrengingum sem einstaka sjávarúvegsfyrirtæki hafa lent í undanfarin ár hafa þeir neyðst til að selja frá sér eignir, oftast fiskiskipin. Sum þessara fyrirtækja hafa reynt að halda einhverjum hluta aflaheimilda eftir í viðkomandi plássum með því að færa þær á þau skip sem eftir eru, þrátt fyrir að þessi skip komi ekki til með að geta notað þessar heimildir sjálf. Þessar heimildir hafa síðan verið notaðar í tonn á móti tonni viðskiptum, en vafasamt hefur verið samkvæmt gildandi lögum hvort heimilt sé að skrá meiri heimildir á skip en það getur veitt. Ekki hefur reynt á þetta og má segja að sjútvrn. hafi horft í gegnum fingur sér við þetta. Með því að taka upp formlegan fiskvinnslukvóta hefði verið tryggt að þetta væri löglegt.

Þær breytingartillögur sem nú liggja fyrir Alþingi ganga hins vegar í þveröfuga átt og nú er ætlunin að koma algerlega í veg fyrir þetta, bæði með því að fella niður fiskvinnslukvótann og jafnframt að banna að skráðar séu meiri aflaheimildir á skip en þau geti sjálf veitt. Þau fyrirtæki sem stundað hafa þessi viðskipti verða nú annaðhvort að selja frá sér aflaheimildir og í framhaldi af því að leggja vinnsluna niður vegna skorts á hráefni. Hinn möguleikinn er að kaupa til sín skip aftur, en þar sem í flestum tilfellum er um tiltölulega litlar heimildir að ræða er lítil von til þess að slík útgerð standi undir sér og því mundi stöðvun rekstrar aðeins frestast um sinn."

Þetta finnst mér auðvitað mergurinn málsins að hér er verið að hugsa um það mjög skýrlega að halda veiðiheimildum vegna þess að veiðiheimildunum fylgir atvinna og að sjálfsögðu væri langeinfaldast, hreinlegast og skynsamlegast að vera með hreinan byggðakvóta. Það er ekki nokkur vafi í mínum huga.

Niðurstaða Alþýðusambandsins er sú að þessi málamiðlun sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa náð hafi neikvæð áhrif á fiskvinnsluna í landi og þá muni annað tveggja gerast að það yrði aukinn gámaútflutningur eða fjölgun frystitogara. Það er mat Alþýðusambandsins að mikilvægt sé að finna aðrar leiðir til að tryggja að sjómenn verði ekki þvingaðir til að taka þátt kvótakaupum og þeir benda á að þetta sé að sjálfsögðu hægt sé vilji fyrir hendi. Það er ekki þetta stóra vandamál og auðvitað eiga menn ekki að vera að hlaupa á einhvern flótta sem þeir ráða ekki einu sinni við.

Það eru býsna mörg dæmi um þetta sem ASÍ segir í þessum minnisblöðum atvinnumannanna sem okkur bárust fyrir þremur dögum og m.a. er talað um dæmi frá Vinnslustöðinni í Vestmannaeyjum þar sem það hefði alveg skipt sköpum að fá fiskvinnslukvóta. Þarna segir að sú ákvörðun að leyfa ekki fiskvinnslukvóta kollvarpi í rauninni öllum þeim áætlunum sem þar hafi verið unnið eftir og muni leiða til minnkandi vinnu í landvinnslu og þetta finnst mér alvarlegt mál.

Á sama hátt má segja að Borgey á Höfn telur að þessar ráðstafanir kippi grundvellinum undan endurskipulagningu, en svo sem kunnugt er var farið að rofa til þar og mjög góðir möguleikar á því að þar yrði burðugur rekstur ef hægt yrði að vinna eftir þessum fiskvinnslukvótahugmyndum. Hér hefur töluvert verið nefnt dæmi frá Táknafirði þar sem togari var seldur og hálfum kvóta haldið eftir og þarf auðvitað heilmikið möndl til að útvega sér skip til að veiða þennan kvóta og er langeinfaldast að byggðarlagið haldi bara kvótanum. Þetta ber allt að sama brunni. Við erum að fá þessi skilaboð með einum eða öðrum hætti, mjög oft dulbúin, en þó sífellt oftar hreint út sagt.

Það hafa komið fram athugasemdir um að þetta eigi ekki við alla þá upptalningu sem um getur í þessum ábendingum frá atvinnumönnunum, en ég hef ekki heyrt það hrakið að svipuð staða geti verið á Grenivík, í Vestmannaeyjum, á Seyðisfirði, á Hornafirði, í Þorlákshöfn og á Akranesi. Hins vegar voru einhverjar athugasemdir varðandi Bíldudal og Flateyri og ég er ekki nógu kunnug þar til þess að geta hrakið það. Hitt er annað mál að hinir staðirnir eru ærið nóg og það hefur fengist staðfest dæmi um það að þetta er mat manna m.a. í Vestmannaeyjum og á Hornafirði, eins og ég gat hér um áðan. Og í stað þess að lesa hér orð fyrir orð þá vísa ég mönnum bara á að fara betur í gegn-

um þessar umsagnir og þessar ábendingar. Þarna er um hrein dæmi að ræða, rökstudd og það er ekki verið að alhæfa hér eitthvað út í loftið. Það er verið að taka raunveruleg dæmi.

Ekki sakar að nefna það að Alþýðusamband Vestfjarða sendi ályktun þann 25. apríl 1994 og 1. mgr. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Alþýðusamband Vestfjarða skorar á Alþingi að samþykkja engar breytingar á lögum um fiskveiðar sem ekki fela í sér rétt fiskvinnslunnar til eignarhalds á veiðiheimildum. Núverandi reglur mismuna fiskvinnslu úti á sjó og fiskvinnslu í landi herfilega."

Undir þetta get ég að sjálfsögðu tekið. Ég bæti þá kannski úr því sem vantaði hjá seinasta ræðumanni, sem fór undan í flæmingi þegar upp á hann var borið að hann væri fylgjandi fiskvinnslukvóta. Það var eitthvert feimnismál, þó mér heyrðist nú á málflutningi hans að það væri vel hægt að draga þá ályktun með góðri samvisku. Ég ætla ekki að gera honum upp hugmyndir, en það er þó alla vega kominn hér annar þingmaður í stólinn sem gengst vel við því að vera fylgjandi fiskvinnslukvóta.

Meðan frv. var enn í fyrra horfi komu fjöldamargar athugasemdir um það og langflestar voru nú frekar neikvæðar um ýmsa hluti. En það brá svo við um 7. gr. að þótt skiptar skoðanir væru um hana, en það er einmitt greinin um fiskvinnsluna, þá komu bæði frá Útvegsmannafélagi Vestfjarða — og ég vek athygli á að þar er um útvegsmannafélag að ræða — sem taldi vel geta komið til greina að undir vissum kringumstæðum væru aflaheimildir skráðar á fiskvinnslustöðvar, enda finnst mér það í mjög miklu samræmi við stöðu mála víða þar og um Samtök fiskvinnslustöðva þarf ekki að fjölyrða. Að sjálfsögðu studdu þau þessar breytingar. Íslenskar sjávarafurðir svo og Verkamannasamband Íslands voru einnig með jákvæðar umsagnir í þessa veru.

Ég hef líka haft eyrun opin í vinnu nefndarinnar og ég þykist vita að alla vega mörgum sjálfstæðismanninum sé frekar órótt innanbrjósts, þó ég segi nú ekki meira, að vera að taka þátt í þessu rugli sem núna er komið í gang. Aftur á móti með kratana þá er alltaf dálítið erfiðara að glöggva sig á þeim og ... (**StG:** Þeir eru ruglaðir.) Hér er nú hv. frammíkallandi og síðasti ræðumaður sem finnur þá skýringu að þeir séu ruglaðir. Ég held að málið sé nú ekki svo einfalt. Þeir eru hins vegar ekki hér til að svara fyrir nema — mig minnir að þegar ég kom hér í stólinn hafi hæstv. forseti verið úr þeirra hópi og svo mun enn vera. Ég treysti því að einhverjir úr þeim flokki sem kallast Alþfl. og gott ef ekki eitthvað með jafnaðarmenn þarna aftan við flokksheitið. (Gripið fram í.) Ég treysti því að sá hæstv. forseti sem nú situr, bundinn í forsetastól og kemst kannski ekki í andsvar, muni upplýsa þetta mál á eftir, því ég held að mig misminni ekki að þessu jafnaðarmannahugtaki hafi verið hnýtt aftan við hitt heitið líka þó að það sé búið að stofna jafnaðarmannafélag líka.

En í nafni jafnaðar finnst mér ástæða til þess að rifja upp grein sem birtist í Alþýðublaðinu fimmtudaginn 24. mars sl. og tók heilan áttunda part af þessu blaði, málgagni og er með stríðsfyrirsögn: Fiskveiðiréttindi sjávarplássa. Þetta er undir dálknum sjávarútvegsmál og síðan pallborðið Njáll Harðarson. Hér eru bara komnar hugmyndir Kvennalistans um fiskvinnslukvóta og mér er alveg sama þó að þessi ágæti maður haldi að hann hafi fundið þetta upp, þess þá meiri gleði. (**Gripið fram í:** Hver stal þessari hugmynd?) Vegna frammíkalls hér tel ég mér bæði rétt og skylt að endurtaka það að maðurinn heitir Njáll Harðarson og er titlaður framkvæmdastjóri og fyrrv. sjómaður. Ég skal bæta um betur og gefa hv. þm. þessa grein á eftir, eða réttara sagt afrit hennar, þar sem hún er einkar fróðleg og mundi kannski geta orðið honum til mikillar upplýsingar, enda er hún nánast samhljóða stefnu Kvennalistans um byggðakvóta. Að vísu þykir mér dálítillar ofstýringar gæta hjá honum. Hann vill útfæra málið þannig að það er kannski einum of mikil ofstjórn, en það má áreiðanlega sníða af þá hnökra. En ég ætla ekki að lesa nema örlítil brot úr þessari grein. En fyrsti liður af fimmtán sem er sleginn upp með alla vega fjórtán ef ekki sextán punkta letri, sem er býsna stórt, hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta og hv. alþýðuflokksmanns á staðnum:

„Fiskveiðistjórn úthlutar kvóta til byggðarlags í samræmi við sögulega og landfræðilega afstöðu byggðarlagsins til fiskimiða þeirra tegunda sem kvótinn tekur til."

Síðan koma fjórtán aðrir punktar sem útfæra þessa hugmynd mun nánar, en slagorðin eru: Kvótann heim, höggvum á hnútinn, stokkum spilin og gefum upp á nýtt, ekki fleiri plástra, förum í uppskurð. Þetta eru millifyrirsagnirnar og kannski slagorðin og andrúmsloftið í þessari ágætu grein. En hún er alveg feykilega skemmtilega og lipurlega skrifuð og ekki sakar og dregur úr ánægjunni að hugmyndirnar eru alveg einstaklega skynsamlegar og þessu beinir greinarhöfundur til alþýðuflokksmanna. Það er kannski það eina sem er vandamál að þetta fer í lítt útbreitt blað, nær til fárra og kannski ekki eyrum nema eins eða tveggja. (**Gripið fram í:** Hvaða blað er það?) Þetta er Alþýðublaðið, því er nú verr og miður, og þess vegna ... (**Gripið fram í:** Er það gefið út enn þá?) 24. mars sl. var það enn gefið út. Ég fylgist ekki mjög náið með. En alla vega varð þessi grein á vegi mínum og í fimm liðum er m.a. rakinn ákveðin hugmyndagrunnur og hann er að beina beinlínis í kjölfarið á sundurliðuðum tilvísunum í ályktanir Alþfl., merkt frá a til i, þá segir hann: „Til þess að hafa grundvöll að vinna út frá, þá gerum við ráð fyrir eftirfarandi staðreyndum," með leyfi hæstv. forseta.

„1. Að fiskveiðar séu undirstöðuatvinnuvegur sjávarplássa í landinu.

2. Að flest bæjarfélög í landinu séu sjávarpláss.

3. Að kvóti hafi farið á flakk milli byggðarlaga.

4. Að fari kvóti úr sjávarplássi þá muni það koma niður á afkomu staðarins.

5. Að kolkrabbinn sé þjóðhagslega hættuleg ófreskja sem þrífst á kvóta."

Ég held ég verði að rekja fyrir hv. þm. að hug-

myndir þessa ágæta greinarhöfundar eru að það þurfi að stokka spilin upp á nýtt til þess að landkrabbar fái betri spil en kolkrabbar.

Þetta finnst mér athyglisverð hugsun og allra góðra gjalda verð.

Í raun þá gæti ég gert hvort sem er að dreifa sjávarútvegsstefnu Kvennalistans til margra ára eða dreifa þessari grein en mér þykir að þetta fari bara alveg ljómandi vel saman. Ég held að fólk verði endilega að kynna sér þetta betur frekar en að ég fari að lesa heilan áttunda part úr Alþýðublaðinu fyrir þingmenn þó ég telji það að sjálfsögðu ekki eftir mér.

Ein tilvitnun þó sem ég var búin að lofa sjálfri mér að koma með áður en ég segi skilið við Njál Harðarson, pallborð um sjávarútvegsmálin og Alþýðublaðið. Með leyfi hæstv. forseta segir Njáll:

„Ég er því algjörlega ósammála að ekki sé til betri lausn" — og á hann þá við núverandi kvótakerfi — „og bendi hér með á eina leið til úrlausnar þessum vanda og kalla hana staðbundinn kvóta til höfuðs farandkvótanum og er það í beinu samræmi við aragrúa af ályktunum flokksþinga og funda sem Alþfl. hefur staðið að. Þessi breyting er fólgin í því að viðurkenna að kvóti og sjávarþorp eru óaðskiljanleg og að stjórna þurfi sóknarþunga veiðiskipa með kvótaúthlutun. Spurningin er bara hvert. Þetta er að mínu mati ekki spurningin um það hvernig við stöndum að talningu á þorskhausum eða hvort sjómenn taki þátt í verslun með kvóta, heldur hvort sjávarplássin og allt það sem þeim fylgir eigi rétt á sér eða ekki. Það væri gott ef við gætum gert það upp við okkur hvort við eigum að gefa sjávarplássunum líf eða slá þau af." (**Gripið fram í:** Sagði Njáll þetta?) Já. (**Gripið fram í:** En hvað sagði Skarphéðinn?) Virðulegi forseti. Hér koma spurningar sem ekki er hægt að svara að svo stöddu. Það mál verður kannað.

Ég verð nú að víkja aftur að hinum gráa veruleika sem við erum að fjalla um en það er sá óskapnaður sem ég lýsti áðan þar sem við í fyrsta lagi sitjum uppi með kolómögulegt kerfi, slæmar brtt. við það og enn verri brtt. við brtt.

Eins og ég gat um áðan hafa aðallega tvær leiðir verið ræddar til að tryggja hagsmuni fiskvinnslunnar og það eru einmitt þær leiðir sem komu fram í þeim umsögnum sem ég hef verið að fara í gegnum. Það er sem sagt annars vegar að hafa framsal fiskveiðiheimildanna tiltölulega frjáls og hins vegar að taka upp byggðakvóta eða fiskvinnslukvóta. Það er ljóst að ef fyrri leiðin er valin þá kemur það ekki til móts við sjónarmið sjómanna sem látnir hafa verið taka þátt í kvótakaupum útgerða, þ.e. þeirra sjómanna. Viðskipti með kvóta hafa einnig ýmsa aðra ókosti, svo sem byggðaröskun og atvinnuleysi ef veiðiheimildir eru seldar frá byggðarlögum. Þar að auki hefur núverandi kvótakerfi ekki leitt til þeirrar hagkvæmni sem menn vonuðust eftir þótt menn hafi vissulega sýnt mjög góða tilburði í átt til hagræðingar en það hefur verið meira og minna af öðrum orsökum og ekki síst vegna þess harða niðurskurðar sem verið hefur vegna minnkandi fisks á miðunum.

Hin leiðin, byggðakvótinn eða fiskvinnslukvótinn, kemur til móts við hagsmuni beggja aðila. Þar með er unnt að tryggja hráefni og atvinnu fiskvinnslufólks og jafnframt er hægt að takmarka eða jafnvel taka fyrir viðskipti með kvóta og þar með þátttöku sjómanna í þeim.

Ég þarf varla að taka það fram hve mikilvægt það er ef sátt næst milli þessara aðila og ég tel einnig að hagsmunum útgerðar yrði a.m.k. vel borgið ef ekki bara bráðvel með byggðakvóta og áreiðanlega einnig með blöndu af útgerðar- eða fiskvinnslukvóta ef ekki vildi betur verkast. Ég vek athygli á því að einhverjir fulltrúar útgerða hafa meira að segja tekið undir þau sjónarmið á síðustu dögum og það er að sjálfsögðu í takt við það að veiðar og vinnsla er víða á sömu hendi. Þau vandamál sem við erum að setja eftir og erum raunar að víkjast undan að taka skýrt á eru geymsla á kvóta og þær flóknu framsalsreglur sem menn greinir að sjálfsögðu mjög á um hvernig eigi að vera.

Í fyrirliggjandi frv. um stjórn fiskveiða er gert ráð fyrir því að heimila fiskvinnslustöðvum að eiga kvóta skv. 7. gr. og það er vissulega skref í áttina að byggðakvóta. Þó skammt sé gengið í þessari heimild er skrefið þó í rétta átt og því styður Kvennalistinn þessa grein frv. En sömu sögu er ekki að segja um flm. þess, þ.e. ríkisstjórnarmeirihlutann, sem ætlar að fella þetta heimildarákvæði út úr frv. með brtt. Mér finnst það vera hálfhlálegt að vera orðin ein af fáum málsvörum þessa eina nýtilega afsprengis úr vinnu tvíhöfða nefndarinnar. Ég er sannfærð um að það eru margir sem þurfa að greiða atkvæði sér þvert um geð ef þeir taka sig til og fella 7. gr. út úr því og þar fer fremstur í flokki hv. 5. þm. Norðurl. v., frsm. meiri hluta hv. sjútvn., sem sagði að þetta væri sér afar sárt. Það voru hans orð og fannst mér ástæða til að glósa þau skýrt, að þetta væri afar sárt. Ég er því alveg hjartanlega sammála, þetta hlýtur að vera alveg hræðilega sárt fyrir hv. þm.

Það er einnig vel kunnugt þeim sem hafa fylgst með umræðu Kvennalistans um sjávarútvegsmál að Kvennalistinn hefur jafnframt bent á að það þurfi að hlúa að smábátaveiðum. Ég er vel reiðubúin að fara út í þær hörðu deilur sem verið hafa um hvað séu réttar tölur um það hvernig aflaheimildir hafa færst á milli en ég vek sérstaka athygli á því að það er ekki hægt að leggja að jöfnu smábátaveiðar og veiðar stærri skipa sem hafa sem betur fer möguleika á að leita víðar og jafnvel að fara út í vannýtta stofna og þar tel ég að við eigum gífurlega möguleika svo framarlega sem við berum gæfu til þess að rækta þá möguleika. Og það er ekkert því til fyrirstöðu að við styðjum við bakið á þeim sem eru að vinna að nýsköpun því það mun verða okkur auðævi seinna.

Veiðar á smábátum skila að öðru jöfnu meira hráefni til vinnslu í landi en ýmsar aðrar veiðar. Þær teljast visthæfar m.a. á mælikvarða umhverfisráðstefnunnar í Ríó og einnig má geta þess að þær kalla ekki á þá gríðarlegu fjárfestingu sem ýmsar aðrar greinar sjávarútvegs hafa farið út í. Kvennalistinn telur það einkum nauðsynlegt að taka tillit nú til smábáta á aflamarki sem orðið hafa fyrir gífulegri kvótaskerðingu og

yfirleitt án þess að eiga möguleika á því að útvega sér viðbótarkvóta. Þannig er bara staðan.

Kvennalistinn hefur einnig lýst stuðningi við áframhaldandi krókaleyfi. Þær takmarkanir sem nú eru boðaðar á krókaleyfinu má deila um og ég tel að þar sé farið alveg út á ystu nöf og vildi gjarnan að ég vissi nákvæmlega hver niðurstaðan yrði en ég bendi á að veðurfarsþættir hafa jafnan takmarkað sókn töluvert mikið.

Kvennalistinn hefur lýst þeirri skoðun sinni að það sé alveg óhjákvæmilegt að taka stjórn fiskveiða til endurskoðunar frá grunni og byggja upp réttlátt kerfi sem byggir á byggðakvóta, skynsamlegri nýtingu auðlindarinnar og stórauknum rannsóknum á lífríki hafsins. Vegna þess síðasta sem ég er að tala um, skynsamlega nýtingu auðlindarinnar og stórauknar rannsóknir á lífríki hafsins, þá vil ég einnig geta sérstaklega um, þótt þess hafi raunar verið getið aðeins fyrr í dag, að fyrir þinginu liggur frv. til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða á þskj. 873 sem við kvennalistakonur flytjum. Þar erum við sérstaklega að fjalla um hvernig samráði milli vísindamanna, fiskvinnslu, sjómanna og útgerðar gæti verið háttað í framtíðinni vegna þess að það er mjög mikilvægt að mínu mati að við finnum einhvern veginn og náum tökum á því hvernig að sátt getur orðið um það hvernig fjallað er um tillögur Hafrannsóknastofnunar á hverju ári og einnig önnur atriði sem varða nýtingu auðlindarinnar, sérstaklega á þeim skerðingartímum sem núna eru. Vonandi verða þeir ekki mörg ár í viðbót en það er algjörlega ljóst að það verður að fara að taka á þessu og ég held að við ættum að láta okkur það verða víti til varnaðar hvað skortur á samráði getur dregið þungan dilk á eftir sér. Skortur á samráði er einmitt sá akkilesarhæll sem við erum að glíma við núna og við erum í rauninni í mjög vondum málum vegna slíks skorts á samráði.

En þetta frv. felst í því að við 14. gr. núgildandi laga um stjórn fiskveiða bætist ný málsgrein er orðist svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérstök samráðsnefnd skal skipuð tíu fulltrúum, þremur tilnefndum af helstu samtökum sjómanna og fiskvinnslufólks, þremur tilnefndum af helstu samtökum útvegsmanna og eigenda fiskvinnslu og þremur tilnefndum af Hafrannsóknastofnun, auk formanns sem skipaður er af ráðherra án tilnefningar. Nefndin skal fjalla um tillögur Hafrannsóknastofnunar um veiðiheimildir hvers árs áður en ráðherra ákveður árlegan heildarafla með reglugerð skv. 3. gr. laga þessara. Nefndin skal einnig koma saman til að fjalla um tillögur Hafrannsóknastofnunar ef um endurskoðun á fyrri úthlutun á botnfiskafla er að ræða og oftar ef þurfa þykir."

Þessi ákveðna breyting sem við leggjum til á lögum um stjórn fiskveiða er að mínu mati mjög veigamikil ef við eigum að ná tökum á því að stilla saman strengi þeirra sem sjá um rannsóknir og þeirra sem nýta auðlindina, bæði til veiða og vinnslu.

Það er alveg ljóst að ákveðið samráð hefur verið haft og ég hef haft það að reglu að spyrja í hvert sinn sem ég hef haft tækifæri til hvernig slíku samráði er háttað og það er alveg ljóst að það er ekki með skipulegum, formlegum hætti. Þetta hefur gefið færi á ákveðinni gagnrýni og þetta hefur einnig gefið færi á því að menn axla ekki ábyrgð. Annars vegar geta fulltrúar nýtingarinnar sagt: Við berum enga ábyrgð á þessum vitlausu tillögum frá vísindamönnum. Hins vegar geta vísindamennirnir sagt: Þeir sem eru hagsmunaaðilar eru ekki hæfir til að fjalla um þetta. Hvorugt er að sjálfsögðu rétt. Ég er ekki að segja að þetta gangi alltaf út í þessar öfgar, það er nokkuð vaxandi skilningur á þeim tillögum sem fram hafa komið en engu að síður held ég að báðir aðilar hefðu mjög gott af því að hlusta á hina. Ég held að það þurfi að reiða fram rök og hafa fullt samráð og slíkt samráð mundi vera af hinu góða og vera bæði sparnaður á tíma, orku og mjög líklega einnig peningum.

Það eru ekki mörg atriði í viðbót, hæstv. forseti, sem ég ætla að taka sérstaklega fyrir. Þó vil ég vekja athygli á því að er fulltrúi Þjóðhagsstofnunar kom á fund nefndarinnar þá lýsti hann þeirri skoðun sinni eftir fyrirspurn frá mér um að það væri ekkert því til fyrirstöðu að ná hagkvæmni með fiskvinnslukvóta. Það væri síst af öllu til bölvunar, frekar til blessunar og mér fannst ljómandi gott að heyra það. Ég var ekkert sérlega undrandi en mér finnst alltaf gott þegar tekið er af skarið með slíkt.

Varðandi þær tvær meginástæður sem ég hef kosið að gera að umfjöllunarefni sérstaklega þá langar mig í lokin að benda á það að þetta hvort tveggja er töluvert tengt. Þetta byggist á því í fyrsta lagi að taka höfuðtillit til byggðarlaga og atvinnu fólks þegar verið er að ráðstafa þessari auðlind okkar og reikna dæmið í heild þannig að líka sé litið á það sem hagkvæmni að halda atvinnu og halda byggð þar sem hún hefur verið byggð upp. Vissulega þarf alltaf í slíku kerfi að vera ákveðinn sveigjanleiki til þess að eðlileg þróun eigi sér stað og í tillögum okkar kvennalistakvenna er einmitt gert ráð fyrir því. En ég ítreka það að þetta er í sátt við þjóðlíf, mannlíf og atvinnulíf sem ég held að fólk sé smátt og smátt að átta sig á að skiptir verulegu máli, þ.e. að halda atvinnu í landinu.

Á vissan hátt og að hluta til passar líka sú áhersla sem við höfum haft sérstaklega á því að styðja við bakið á smábátaútgerð við þetta. Þar að auki er í öllu þessu sérstaklega verið að hyggja að hinum smærri plássum sem byggja afkomu sína nánast eingöngu á því að fá fisk til vinnslu og oft og tíðum eru það einmitt smábátarnir sem færa hann að landi.

Smábátamenn hafa verið býsna duglegir að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og stundum dettur mér í hug að það sé jafnvel farið að vera þeim til trafala í málflutningi sínum hvað þeir hafa verið iðnir við það. Þeir komust, má segja, að vissu leyti í tísku hér í vetur og ég er ekki að segja það neinum til hnjóðs, hvorki þeim sem ginu við því né smábátasjómönnum. Ég lýsi fullum stuðningi og hef í mörg ár gert við það að við styðjum sérstaklega við bakið á smábátaútgerð og fyrir því eru veruleg efnisleg rök. En jafnframt hefur mér fundist á síðustu vikum að sjónarmiða þeirra gætti ekki eins mikið og kannski ekki sem skyldi. Engu að síð-

ur eru í frv. einhvers konar málamyndaákvæði sem eiga að vera til einhverra sátta sem allir eru meira og minna óánægðir með en ég held að sé fyrir hluta hópsins hægt að una við. Spurningin er bara hvernig fer með hina og þá eru það sérstaklega smábátamenn á aflamarki sem ég er ekki farin að sjá að geti spjarað sig sem skyldi á því kerfi sem við gerum hér ráð fyrir. Ég held einfaldlega að það verði að taka sérstakt tillit til smábátanna því þeir fara ekki að veiða langt utan við landhelgi, þeir fara ekki að sækja í hvaða stofna sem er, þeim er sniðinn mun þrengri stakkur en mörgum öðrum.

Virðulegi forseti. Ég er reiðubúin að fara áfram og meira í þessa umræðu þegar á hana líður. Þetta eru þau tvö atriði sem ég ákvað einkum að einskorða mig við í upphafsmáli mínu til að fara ekki að drepa á dreif en ég ítreka það að því miður er engin sérstök ástæða til þess að fagna flestum öðrum greinum, hvorki í lögunum, frv. sem lagt er hér til, né þeim brtt. sem lagðar eru fyrir hér.

[00:50]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það sem ég ætla að spyrja hv. þm. að er það hvort hún setji samasemmerki á milli þeirra hugmynda um fiskvinnslukvóta sem voru í frv. ríkisstjórnarinnar og þeim hugmyndum um byggðakvóta sem Kvennalistinn hefur sett fram.

Í öðru lagi varðandi það að hv. þm. lýsti ánægju sinni yfir því að fulltrúi Þjóðhagsstofnunar hafi lýst því yfir á fundi í sjútvn. að það væri hægt að ná hagkvæmni með fiskvinnslukvóta. Ég vil spyrja hv. þm. að því hvort það hafi komið fram í máli fulltrúa Þjóðhagsstofnunar hvort hann reiknaði með því að sá kvóti væri að fullu framseljanlegur því það er grundvallaratriði hvað þetta snertir.

[00:52]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef hv. þm. hefði verið við alla ræðu mína þá hefði hann ekki þurft að spyrja fyrri spurningarinnar. Svo er ekki. Ég set ekki samasemmerki á milli fiskvinnslukvótans eins og þær hugmyndir eru í frv. ríkisstjórnarinnar, sem nú á að fella út, og byggðakvóta Kvennalistans og það tók ég mjög skýrt fram í upphafi máls míns. Ég leit einungis svo á að þarna væri um ákveðna viðurkenningu að ræða og ég orðaði það sem svo að þarna væri skref í rétta átt en síðar en svo nógu langt gengið að mínu mati. Engu að síður tel ég að þessi viðurkenning sé í rétta átt.

Varðandi hagkvæmnina og fiskvinnslukvótann þá er það vissulega rétt og ágætt að það komi hér fram að þar er einmitt gert ráð fyrir þessu framsali og ég er ekki, eins og fram hefur komið fyrr í dag, talsmaður þess að þetta framsal sé æskileg stefna. Hins vegar finnst mér að hver og ein stefna eins og hún er verði að vera sjálfri sér samkvæm og miðað við það kerfi sem við búum við núna þá eru ákveðin rök fyrir því en það eru svoleiðis ótal miklir gallar og það eru þeir sem ég eyddi kannski ekki nógu miklum tíma en nokkrum tíma í að rekja og það er ekki stefna sem ég tek undir. Hins vegar finnst mér það illskárra að það sé þá rekið þannig að fiskvinnslan geti komið að málunum líka heldur en að hún geti það ekki. Þarna er ég einfaldlega að tala um skástu leið í vondu kerfi.

[00:55]

Gunnlaugur Stefánsson:

Hæstv. forseti. Þessar umræður um sjávarútvegsmál á hinu háa Alþingi í dag hafa vakið athygli mína m.a. fyrir það að svo virðist sem það hafi komið stjórnarandstöðunni verulega mikið á óvart að ríkisstjórninni skyldi hafa tekist að ná jafngóðu samkomulagi um lausn hinna erfiðu viðfangsefna og raun ber vitni í þeim brtt. sem hér eru til umræðu og byggjast á því frv. sem hefur verið til umræðu fyrr á þessu þingi. (Gripið fram í.) Satt er það, það kom stjórnarandstöðunni í opna skjöldu. Það mátti heyra það á máli hv. þm. bæði úr ræðustól og víðar að þeir voru að verða úrkula vonar um að ríkisstjórnin mundi koma með nokkrar tillögur eða einhverja niðurstöðu í þessum efnum. Ekki segi ég að það hafi hlakkað í stjórnarandstöðunni vegna þess að hún hlýtur að hafa gert sér grein fyrir því hvaða afleiðingar það mundi hafa ef Alþingi hefði ekki tekist að afgreiða niðurstöðu og takast á við það öngþveiti sem hefði annars skapast. (**StG:** Hvað hefði gerst?) Það er gott að hv. þm. Stefán Guðmundsson er að átta sig á því fyrst núna við þessi orð mín, og tími kominn til, hvað hefði þá gerst. Þetta var vel spurt. Ég ætla einmitt að svara þessari spurningu, en kemur mér eigi að síður á óvart að hv. þm. skyldi ekki hafa áttað sig á að reyna að leita svara við þessari grundvallarspurningu.

Það sem hefði gerst m.a. er að það hefði orðið verkfall í sumar og það hefði haft afdrifaríkar afleiðingar.

Í öðru lagi hefði það þýtt að krókaleyfisbátar hefðu samkvæmt lögum, sem sett voru undir forustu Framsfl., orðið að skipta á milli sín kvóta í aflahlutdeild er nam 2,2% af heildarúthlutun. Það hefði þýtt kannski um 7.000 tonn.

Í þriðja lagi hefði þetta þýtt það að Hagræðingarsjóður sjávarútvegsins hefði tekið gildi 1. sept. og sú gjaldtaka sem honum fylgdi kæmi í kjölfarið sem næmi 500–600 millj. kr.

Það kann að vera að þetta hafi í raun verið tillögurnar eða óskhyggjan sem stjórnarandstaðan bar í brjósti. Ég er ekki að segja það en ég kemst ekki hjá því að nefna þetta vegna þess að það virðist eins og stjórnarandstaðan hafi orðið fyrir nokkrum vonbrigðum með að ríkisstjórnin skyldi hafa komist að niðurstöðu um þetta mál.

Þær tillögur sem hér liggja fyrir taka á viðfangsefnum í framhaldi af því frv., sem áður hefur verið lagt fram og rætt og sérstaklega þurfti að skoða, er lýtur að krókaleyfisbátum og í öðru lagi verkfalli sjómanna.

Það sem hæst ber í sambandi við breytingar frá frv. eins og það var lagt fram og tillögurnar fela í sér er varðar krókaleyfisbátana er það helst að banndögum verður fækkað um einn í hverjum mánuði og uppsetningu banndaganna verður breytt. Í stað þess að miða við sjö daga í lok hvers mánaðar er nú miðað við þrjá daga, tvær helgar í mánuði, aðra og fjórðu helgi í mánuði. Ég tel að þarna hafi náðst fram góður árangur í að

breyta fyrirliggjandi frv. Það var ósættanlegt að bannið skyldi spanna jafnmarga daga á samfelldu tímabili í lok mánaðar. Það hefði haft í för með sér, sérstaklega á smærri stöðum, að það hefði haft slæm áhrif á vinnsluna í landi og ekki skapað þann grundvöll til hagræðingar og skipulagningar veiðanna fyrir bátana sjálfa eins og best hefði verið á kosið.

Einnig er banndögum fækkað. Það má alltaf deila um það hvað banndagarnir eiga að vera margir til þess að því markmiði verði náð að aflinn fari ekki fram úr því hámarki sem tiltekið er í frv. er nemur rúmu 21.000 tonni þar sem skerðingarbanndagar koma þá á næsta veiðitímabil, á næsta fiskveiðiári, eins og kunnugt er.

Þá er einnig þess að geta að í brtt. hefur verið bætt heimild fyrir krókaleyfisbátana til þess að mega stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf og veiðar á grásleppu í net. Þetta er mjög mikilvægt atriði.

Það þarf ekki að fara mörgum orðum um málefni krókaleyfisbáta. Hér held ég að sé komin ásættanleg niðurstaða miðað við það litla svigrúm sem við höfum við endurskoðun þessara laga. Það verður að taka mið af því að sú endurskoðun sem nú hefur farið fram hefur gerst við mjög erfiðar og þröngar aðstæður. Á yfirstandandi fiskveiðiári erum við að veiða minna af þorski en við höfum gert um áratuga skeið. Það hlýtur að setja mark sitt á þessa endurskoðun. Ef við værum að veiða um 400 þús. tonn af þorski, 350–400 þús. tonn, þá er alveg ljóst að svigrúmið væri meira og niðurstaðan tæki mið af því. En svigrúmið er þröngt og þetta tekur mið af því.

Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson ræddi um málefni krókaleyfisbáta í dag og hafði áhyggjur af að þær tillögur sem nú liggja á Alþingi til afgreiðslu þýði það að verið sé að skerða aflahlutdeild annarra í kvótakerfinu um 8%. Mér er spurn: Hvar hafa krókaleyfisbátarnir verið að veiða á undanförnum árum? Í hvaða fiskstofna hafa krókaleyfisbátarnir sótt? Hafa þeir sótt í einhverja aðra fiskstofna heldur en þá sem kvótabátarnir eru að sækja í? Ætlar hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson að segja það við hv. þm. og fyrrv. sjútvrh. Halldór Ásgrímsson að þegar hann var að taka ákvarðanir um hámarksafla hafi hans heildaryfirsýn ekki verið meiri en sú að hann hafi ekki séð smábátana? Ekki trúi ég því. Hann hefur örugglega haft skilning á því að krókaleyfisbátar, smábátar, voru að veiða í sama stofni og aðrir og það hefur náttúrlega núv. sjútvrh. haft fullan skilning á þegar hann kynnti ákvörðun sína um hámarksafla. Það er því ekkert nýtt að tala um að allir séu að veiða á sömu miðum úr sama stofni. En við skulum vona það að sú skerðing sem aflamarksbátar hafa orðið fyrir á undanförnum árum, sem er mikil, sérstaklega hjá þeim bátum sem hafa sína aflahlutdeild bundna að stærstum hluta í þorski, það er talað um að hún hafi skerst um 60–70% á síðustu árum, sé geymd í sjónum til ávöxtunar og megi skila sér til baka í öflugri stofnum sem gefi síðan þessum bátum stærri hlutdeild. Það er a.m.k. von allra.

Hvort kvótakerfið tryggir þann árangur hef ég alltaf efast um, enda eru fleiri farnir að efast um það núna hvort kvótakerfið sé verndunarvænt kerfi. Það hefur meira að segja heyrst í umræðum og m.a. frá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni, sem þekkir þessi mál best, að það sé raunverulega ekki hlutverk kvótakerfisins að vernda fiskstofnana heldur sé það ákvörðunin um það hversu mikið má veiða. (**JGS:** Það er skylt skeggið hökunni.) Vissulega er skeggið hökunni skylt en ef hv. þm. les 1. gr. í lögunum um fiskveiðistjórnunarkerfið þá þarf hann ekki að lesa margar línur þar sem háleitum markmiðum er lýst en að eitt aðalmarkmiðið sé það að vernda fiskstofnana. Og hver hefur árangurinn orðið frá 1983 til dagsins í dag af þessu kerfi? Það þarf ekki að fara yfir það. Það er okkar vandi og það er það sem setur þessari endurskoðun einmitt svo þröngar skorður eins og ég hef komist að.

Það hefur einnig verið rætt um það að kvótakerfið sé núna fyrst að skila hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna. Já, rétt er að fagna þó seint sé fram komið. Því er samt ekki að leyna að erfiðleikar fyrirtækja í sjávarútvegi hafa verið mjög miklir, ekki núna heldur áður en sú mikla skerðing sem hefur blasað við okkur sl. tvö ár kom til. Erfiðleikar Borgeyjar á Höfn t.d. koma í framhaldi af stórum fiskveiðiárum, ekki skerðingarárum heldur stórum fiskveiðiárum. Var það kvótakerfinu að kenna hvernig fór fyrir Borgey á Höfn í Hornafirði? Er það kvótakerfinu að kenna hve skuldsetning margra sjávarútvegsfyrirtækja í Vestmannaeyjum er mikil?

Þetta eru spurningar sem verður að svara þegar við erum að meta árangurinn af þessu kerfi. Sannarlega hefði mátt endurbæta þetta kerfi frekar en það er ekki aðstaða til þess nú eins og ég hef sagt.

Það er rétt, hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, að það er hægt að gagnrýna eigendur krókaleyfisbátanna fyrir það að voga sér að biðja um rétt til áframhaldandi veiða. Mikill er yfirgangurinn og að undrast svo að það kunni að taka frá einhverjum öðrum vegna þess að einu sinni er það svo að það er einn stofn sem er til skiptanna og hann skiptist á milli allra sem veiðarnar stunda. Það er rétt að minna hv. þm. á það hvort það geti verið að Framsfl. beri einhverja ábyrgð á þeirri fjölgun krókaleyfisbáta sem hefur orðið á sl. tíu árum. Ég man ekki betur en Framsfl. hafi farið með forustu í sjávarútvegsmálum þjóðarinnar, alla vega síðan 1983 og lengur og akkúrat á þeim tíma sem þessi fjölgun krókaleyfisbáta var mest. Og að koma svo hér í ræðustól á árinu 1994 og efast um þann rétt að eigendur krókaleyfisbáta megi halda áfram að nýta auðlindina í réttu hlutfalli við aðra. (Gripið fram í.) Hv. þm., þetta minnir mig svolítið á kínverskt spakmæli sem segir: Að gefa hungruðu barni brauð en refsa svo barninu fyrir að borða það. Mér finnst það eiga við þau öfugmæli sem haldið hefur verið fram af hv. þm. Jóhannesi Geir um þetta mál í dag þegar hann ræddi um krókaleyfisbátana.

Það má lengi deila um eignarhaldið á kvótanum, hverjum ber að eiga kvóta. Um það hefur verið bærilegt samkomulag hingað til að eignarhaldið skuli bundið við skip. Það hefur löngum verið rædd sú hugmynd

að gefa líka fiskvinnslustöðvum kost á því að eignast kvóta og lítur sú hugmynd vel út við fyrstu sýn. Sjómenn hafa líka krafist þess að geta eignast hlutdeild í kvóta og það kann líka að líta vel út við fyrstu sýn. Það kom fram á fundi sjútvn. Alþingis hjá fulltrúum sjómannasamtakanna þegar fiskvinnslukvótinn var ræddur að þeir lögðu áherslu á þá kröfu sína að þeir sæju ekkert réttlæti í því að fiskvinnslustöðvum yrði gefin heimild til þess að eignast kvóta en þeim ekki. *Þeir stæðu þó ekki fjarri fiskveiðunum en frystihúsin.*

Það er erfitt að gera svo öllum líki, það er staðreynd. Niðurstaðan hefur orðið þessi og um það verið bærileg sátt að binda kvótann við skip.

Ég rifja það upp hér að ég spurði ráðuneytisstjórann í sjútvrn. að því fyrr á þessu þingi á fundi sjútvn. Alþingis hvort þeir í sjútvrn. hefðu séð fyrir alla þá möguleika sem gildandi lög mundu opna um viðskipti um aflaheimildir. Hann sagði nei, við sáum þetta ekki allt fyrir. Þetta hefur þróast öðruvísi en við ætluðum. Þetta var mjög merkileg yfirlýsing og segir okkur náttúrlega mjög mikið um það hvað hér er um vandmeðfarið og flókið efni og viðkvæmt líka. Þá vaknar sú spurning: Sjáum við nú fyrir um það hvaða afleiðingar þessar brtt. kunna að hafa? Mér er t.d. mjög ofarlega í huga þessi spurning: Mun auðlindaskattur kvótans, sem felst í kvótakerfinu, hækka eða lækka? Auðlindaskattur kvótans er það verð sem verður að borga fyrir aflaheimildirnar og aflahlutdeildina. Það heitir auðlindaskattur kvótans. Skatturinn sem Framsfl. er að berjast fyrir og viðhalda og helst hækka sýnist mér. Þegar svona er spurt þá er rétt að reyna að meta svörin. (Gripið fram í.) Verðið hefur farið hækkandi núna síðustu mánuði. Það er ekki lengur verið að tala um 60 kr., það er verið að tala um 70 kr. Hafa hv. þm. ekki neinar áhyggjur af þessari skattheimtu? Hafa hv. þm. engar áhyggjur af því hvort útgerðin og sjávarútvegurinn í landinu geti borgað þetta auðlindagjald, þennan auðlindaskatt, þennan framsóknarskatt? (**JGS:** Hver er stefna þingmannsins?) (**StG:** Af hverju kallarðu þetta framsóknarskatt? Fyrir hvað?) Ég efast um að hún sé það. Þá er spurning: Getum við leitað leiða til að draga (**Gripið fram í:** Af hverju kallarðu hann það?) úr þessum skatti. Ein leiðin er sú að reyna að takmarka framsal (Gripið fram í.) með aflaheimildina.

(**Forseti** (VS)**:** Hv. þm. eru beðnir um að vera ekki með svona mörg frammíköll.)

Hæstv. forseti. Ég hef ekkert á móti því þótt hv. þm. kalli fram í og vilji fá svör við spurningum sem brenna á vörum þeirra enda kemur í ljós að þeir vilja fá svör við sínum spurningum og er það vel. En rétt er það að við eigum að gæta þess að hér séu góðir siðir viðhafðir og ég vil stuðla að því náttúrlega eins og frekast er kostur.

Ég var að tala um eignarhaldið á kvótanum og ég var að tala um auðlindaskattinn, auðlindaskatt kvótans. (**Gripið fram í:** Og framsóknarskattinn.) Og framsóknarskattinn. Mér segir svo hugur að þær breytingar sem koma fram í tillögunum og tengdar hafa verið hinni svokölluðu 15% reglu kunni að geta stuðlað að því að verðið á kvótanum lækki vegna þess — (**Gripið fram í:** Það þarf skip til að ná honum.) — rétt er það, það þarf skip til að ná honum. Fleiri skip, ég er ekki viss um það. Það kann að vera að það sé spurningin um réttlátari dreifingu kvótans á milli þeirra skipa sem nú eru við veiðarnar. (Gripið fram í.) Er það stefnan núna að stofna fáeina stóra kvótabanka í landinu í kringum fáeinar stórar útgerðarstöðvar sem síðan útdeili kvóta til þeirra sem minna mega sín? (**JGS:** Frv. flýtir fyrir því.) Er það stefnan? (**Gripið fram í:** Já, í frv.) Það er einmitt ekki stefnan í frv. heldur er stefnan í frv. hvetjandi til þess að hin varanlega aflahlutdeild megi dreifast með réttlátari hætti og fleiri eiga hlutdeild í (Gripið fram í.) heildarkvótanum.

(**Forseti** (VS)**:** Nú er forseta alveg nóg boðið. Ég vil biðja hv. þm. að gefa ræðumanni hljóð.)

Eitt er að gera út á framsal og annað að gera út á fisk. Ég er farinn að halda að hér sé um tvenns konar búskap að ræða. Kann að fara saman í mörgum tilfellum en eigi að síður þá bera dæmi vitni um hið gagnstæða. Það var orðið svo ágengt braskið með kvótann að það gekk fremur út á að versla með framsalið en að veiða fisk. Við því erum við að bregðast, þetta var gengið út yfir allar öfgar. Það var þess vegna sem sjómenn fóru í verkfall. Það er rétt að rifja upp að það var þess vegna sem sjómenn fóru í verkfall. Þeir voru ekki einvörðungu að mótmæla þessu misrétti og óréttlæti, þeir voru að verja kjörin sín, þeir voru að verja launin sín, þeir voru að verja lífsbjörgina sína. Og það er sannarlega fagnaðarefni að það hefur tekist sátt með sjómönnum og heildarsamtökum útgerðarmanna um þessa niðurstöðu og það er staðreynd.

Auðvitað eru hópar sem eru misánægðir með niðurstöðuna, jafnólíkir hagsmunir og hér eru til umræðu. Það er ekki hægt að gera svo öllum vel líki. En hér er verið að reyna að leysa deilu sem virtist óleysanleg um tíma en hefur fengið vonandi farsæla lausn núna. Að segja að þessi lausn séu hrossakaup (**Gripið fram í:** Hrossakaup?) stjórnarliða af því að það hefur tekist góð sátt um málið í stjórnarflokkunum finnst mér köld kveðja til sjómanna. Það finnst mér afar harkaleg kveðja til sjómanna að segja það að farsæl lausn er tryggir lausn á verkfallinnu og vinnu sjómannanna séu hrossakaup. Það undirstrikar það sem *ég sagði í upphafi* að menn virðast hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með það að okkur hefur tekist í stjórnarliðinu að ná niðurstöðu í málunum og þannig forða því öngþveiti sem annars við blasti.

Virðulegi forseti. Ég ætla að stöðva mitt mál núna. Að lokum vildi ég segja það að auðvitað hefðum við öll viljað geta gert meira fyrir alla. En staðan er þröng og vandamálin mörg sem við blasa og enn um sinn verðum við að vona að lífsbjörgin í sjónum megi eflast og styrkjast og færa öllum og þjóðinni líka styrkari kjör og árangur sem kerfið kann líka að geta stuðlað að.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar. Ræðutími er ein mínúta hverju sinni.

[01:21]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar til að spyrja hv. þm., vegna þess að hann hafði langt mál um smábátveiðar, hvers vegna meiri hlutinn hafi ekki viljað taka undir tillögu alþýðubandalagsmanna um að aflamarksbátum undir sex tonnum verði gefinn kostur á því að koma inn í krókakerfið. Sú lausn mundi ekki kosta neitt. Trillumenn sjálfir hafa boðið upp á þá lausn og hún mun ekki kosta neitt en gæti aukið svolítið það réttlæti sem menn sækjast jú eftir.

Síðan langar mig að spyrja: Var það fyrir sjómenn þegar Þróunarsjóðurinn fylgdi með í kaupunum um þessa farsælu lausn sem hann var að tala um hér áðan?

[01:22]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég var spurður um það af hverju við hefðum ekki viljað taka undir þá tillögu sem fram kom um að heimila aflamarksbátum undir sex tonnum, sem mér skilst að séu um 200 talsins, að velja að fara aftur inn í krókaleyfið. Það má segja að það hafi fremur verið gagnrýnt hið gagnstæða, að krókaleyfisbátarnir væru of margir. Hugmyndin felst í því að aflamarksbátarnir hefðu þá komið með aflahlutdeildina sína og lagt hana við heildarpottinn. (Forseti hringir.) Virðulegur forseti. Ég held að hér hafi orðið mistök því ég er að tala á tíma.

(**Forseti** (VS): Forseti hafði tilkynnt að ræðutími væri ein mínúta hverju sinni. Hv. þm. hefur lokið við þessa einu mínútu.)

Ég tek mark á því.

[01:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mínúturnar endast mjög illa hér hjá okkur í þessum stuttu andsvörum. En ég tel að ég þurfi að fá heldur fyllra svar en þetta. Það er furðulegt finnst mér ef ekki má koma til móts við þá aðila sem hafa farið svona skelfilega út úr síðustu árum í sambandi við sínar veiðiheimildir vegna þess að félagar þeirra í sömu samtökum hafa boðið upp á þessa lausn. Í heildarafla er ekki verið að tala um að veiðar þeirra báta sem eru samanlagðir í einum hóp aukist, þeirra sem vilja nýta sér þennan möguleika. Mér finnst það satt að segja furðulegt ef ekki er hægt að ná samkomulagi um að koma pínulitlu réttlæti inn í þennan hóp sem er undir sex tonnum.

[01:24]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það náðist ekki samkomulag um þetta og það eru líka gallar á þessu. Og eins og ég sagði þá er hér um mikinn fjölda báta að ræða sem mundi koma með nokkurn afla inn í heildarpottinn en það hefur frekar verið vilji margra að fækka í hópi krókaleyfisbáta heldur en að fjölga. Vonin liggur náttúrlega í því að skerðingin sem þessir bátar hafa orðið fyrir á aflamarki sínu sé geymd í sjónum og vonandi skilar hún sér til ávöxtunar þegar verndin fer að skila árangri.

Í sambandi við Þróunarsjóðinn sem ég var einnig spurður um þá er það rétt að Þróunarsjóðurinn er mjög göfugt málefni sem ég veit að á eftir að verða sjávarútveginum til mikilla heilla.

[01:25]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. ræddi nokkuð um ræðu mína í dag og afstöðu mína til krókaleyfisbátanna. Ef ég skildi hann rétt var hann að benda mér á þau einföldu sannindi að þarna væri verið að taka úr óskiptum potti með öðrum sem sækja þorsk í sjó. Það er alveg rétt. Málið er það að á yfirstandandi fiskveiðiári eru ætluð til úthlutunar 12.000 tonn vegna krókaleyfisbátanna en í þeim tillögum sem hv. þm. er að leggja fram er reiknað með að sá afli sé 22.000 tonn. Mismunurinn verður þá tekinn við úthlutun næsta fiskveiðiárs af aflahlut aflamarksbátanna sem getur þýtt um 8% skerðingu á þorskveiðiheimildum. Hv. þm. getur síðan reiknað út, af því að hann ræddi hér um kjör sjómanna, hvað það þýðir fyrir kjör til að mynda sjómanna á togurum.

[01:26]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er náttúrlega öllum kunnugt um það að afli smábátanna á síðasta fiskveiðiári var eitthvað um 24.000 tonn og hann stefnir í það á þessu ári að ná a.m.k. 20.000 tonnum þó það sé erfitt um það að spá. Þetta hefur öllum verið kunnugt og allir geta séð fyrir um. Það er alveg ljóst að þessi afli kemur af heildaraflanum og hæstv. sjútvrh. kunna að meta þetta og taka tillit til þess. Það er því rétt að hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson skoði það alveg niður í kjölinn hvernig hann ætlar sér þá, án þess að það verði tekið tillit til heildarstofnsins, að tryggja það að þessi útvegur geti bjargast með einhverjum hætti út úr þrengingunum sem blasa við okkur núna. Þetta er kjarnaspurningin.

[01:28]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. sagði í sinni ræðu, sem ég hafði ekki tíma til að svara áðan, að Framsfl. bæri nokkra ábyrgð á fjölgun krókaleyfisbátanna. Ekki mun ég skorast undan því. En ég minni hv. þm. á að það hefur um árabil verið stefna Framsfl. að koma á aflamarki á sem flestum sviðum. En um það náðist ekki pólitísk samstaða. Og ég er sannfærður um að þeir aðilar í trilluútgerð sem höfðu lífsviðurværi sitt af henni þegar kvótakerfið var sett í upphafi væru mun betur settir í dag ef þá hefði verið sett aflamark á allt.

Þeim aðilum er enginn greiði gerður með þeirri gegndarlausu fjölgun sem hefur orðið í smábátum á þessum tíma. Það skyldu þeir hafa í huga sem ekki fengust til að taka á þessum málum á þessum tíma.

[01:29]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að minna hv. þm. á það að sú mikla fjölgun, sem ég ræddi og hann var að staðfesta að hefði orðið, varð fyrir árið 1991, þeim hefur þá ekki fjölgað frá árinu 1991 heldur varð þessi fjölgun öll á síðasta áratug. Það er dálítið merkilegt að

heyra nú hv. þm. Framsfl. lýsa því yfir að þetta hefðum við svo sem ekkert viljað en varð samt. Þetta minnir mig á annað spakmæli sem segir: Það sem ég vil það geri ég ekki og það sem ég geri það vil ég ekki. Ekki trúi ég því að Framsfl. með forræði sjávarútvegsmála jafnlengi, allan síðasta áratug, hefði unað því svona lengi að hafa ekki ráðið stefnunni í sjávarútvegsmálum eftir allt saman.

[01:30]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson vék að því og sagði að við stjórnarflokkarnir hefðum náð góðu samkomulagi í þessu máli, en ekki fyrr, ætla ég að bæta við, en verslunin hafði gengið um garð og menn voru búnir að ná samkomulagi um 7.000 tonn af rækju, útfærslu á togveiðiheimildum og fleira og fleira. Þá varð samkomulagið. Hv. þm. segir líka að okkur séu það vonbrigði að ríkisstjórnin hafi náð samkomulagi í þessu máli. Það eru ekki vonbrigði, það veldur miklu fremur áhyggjum vegna þess hversu vondur samningurinn er sem stjórnarflokkarnir hafa verið að gera. Það veldur okkur miklu fremur áhyggjum.

[01:31]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þau mál er hv. þm. Stefán Guðmundsson nefndi í tengslum við þá niðurstöðu sem hér er til umræðu um að auka við rækjukvóta og takast á við aldursákvæði laga um innflutning skipa og svo framvegis — að segja að þetta séu hrossakaup finnst mér ekki ósanngjarnt, það er óréttlátt við þennan málstað vegna þess að ég veit að við erum hjartanlega sammála um það að öll þessi málefni sem hér hafa verið nefnd horfa öll til heilla. Og að tala um að það séu hrossakaup af því að það nást fram góð mál finnst mér skrýtin pólitík. Ég trúi því ekki að svoleiðis viðskipti viðgangist í Framsfl. Ég hef meiri trú á þeim flokki en svo að það geti gerst.

[01:32]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, þau viðgangast ekki í Framsfl. Þess vegna er þetta okkur býsna framandi að horfa upp á þetta sem þarna gerist.

Hv. þm. vék einnig að smábátunum. Staðreyndin í málinu er sá að fjöldi smábáta hefur á nokkrum árum tvöfaldast, afli þeirra þrefaldast og hluti þeirra í heildarafla landsmanna hefur fimmfaldast. Þetta er staðreyndin í málinu.

Hv. þm. er líka að lýsa því yfir að hann hafi miklar áhyggjur af fjölda smábáta. Sá sem hér talar var í sjútvn., gott ef hann var ekki formaður sjútvn. þegar slagurinn var tekinn um smábátana. Það er staðreynd í málunum að það stoppaði á Alþfl. á sínum tíma þegar átti að setja takmörk á fjölgun smábáta. Það var Alþfl. sem stoppaði það þá í ríkisstjórninni. Og ég veit að þeir alþýðuflokksmenn sem þá voru á Alþingi og tóku þátt í þessu muna þetta. Það var Alþfl. sem stoppaði það.

[01:33]

Gunnlaugur Stefánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var ekki að lýsa yfir áhyggjum mínum vegna fjölgunar smábáta. Ég var að segja frá því að það hefði komið fram í máli nokkurra hv. þm., m.a. í máli hv. þm. Jóhannesar Geirs Sigurgeirssonar, að það væri áhyggjuefni. Ég tel að þetta sé útvegur sem þurfi að hlúa að og gefa skilyrði til þess að blómstra innan íslensks sjávarútvegs. Ég tel að hann gegni þar mjög veigamiklu og gildu hlutverki. Það hefur verið stefna Alþfl. að reyna að halda ákveðnu og góðu jafnvægi í útgerðarmynstri þjóðarinnar. Það þurfum við auðvitað alltaf að hafa auga á og verja að þar sé ákveðið og gott jafnvægi.

En vandinn er sá að fjöldinn virðist meiri þegar jafnmiklar þrengingar er við að stríða og raun ber vitni núna þegar jafnlítill fiskur er til skiptanna og staðreyndirnar tala um.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4., 8., 13. og 17.–20. mál.

Fundi slitið kl. 01:36.

---

145. FUNDUR

föstudaginn 29. apríl,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 31, nál. 1012, brtt. 1011. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
2. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 393, nál. 1003, brtt. 1004. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
3. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602, nál. 1000. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv., 614. mál, þskj. 1073. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
6. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 952, brtt. 1040. — 3. umr.
7. Rannsóknarráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 1072, brtt. 1117. — 3. umr.
8. Brunavarnir og brunamál, frv., 617. mál, þskj. 1087. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
9. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 500. mál, þskj. 767, nál. 1016, brtt. 1017. — 2. umr.
10. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.

11. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001 og 1120, brtt. 1002. — 2. umr.
12. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 551. mál, þskj. 862, nál. 1085 og 1094. — 2. umr.
13. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056 og 1057. — 2. umr.
14. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38, nál. 1070 og 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
15. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962. — Frh. 2. umr.
16. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.
17. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 1. umr.
18. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 360, nál. 1090, 1112 og 1114, brtt. 1091, 1113 og 1115. — Frh. 2. umr.
19. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359, nál. 1095, brtt. 1096. — 2. umr.
20. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr.
21. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859. — Frh. 3. umr.
22. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960. — Fyrri umr.
23. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494, nál. 1028. — 2. umr.
24. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 158. mál, þskj. 176, nál. 1063. — 2. umr.
25. Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959. — Síðari umr.
26. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 469. mál, þskj. 723, nál. 1060, brtt. 1061. — Síðari umr.
27. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 554. mál, þskj. 865, nál. 1119, brtt. 1118. — 2. umr.
28. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015. — Síðari umr.
29. Stytting vinnutíma, þáltill., 77. mál, þskj. 80, nál. 1086. — Síðari umr.
30. Auðlindakönnun í öllum landshlutum, þáltill., 172. mál, þskj. 190, nál. 1088. — Síðari umr.
31. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439, nál. 924, brtt. 925. — Síðari umr.
32. Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 321. mál, þskj. 512, nál. 1089. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:
Björn Bjarnason, 3. þm. Reykv.,
Halldór Blöndal landbrh.,
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.

Útbýting þingskjala:
Brunatryggingar, 577. mál, þskj. 1102.
Lyfjaverslun ríkisins, 121. mál, nál. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1121.
Vátryggingastarfsemi, 450. mál, þskj. 1103.

Lyfjaverslun ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 952, nál. 1121, brtt. 1040.

[10:33]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er nú að hefjast 3. umr. um frv. til laga um Lyfjaverslun ríkisins sem hefur dregist allmjög að kæmist á dagskrá af ýmsum ástæðum og ég vil þakka fyrir þá biðlund sem mér hefur verið sýnd í þeim efnum. Ég fór héðan af þingi um tveggja vikna skeið vegna opinberra starfa erlendis og á meðan ég var í burtu átti sér stað 2. umr. um þetta mál.

Það áttu sér stað heldur óvenjulegir atburðir við þróun þessa máls. Þegar málið var afgreitt úr nefndinni í febrúar þá ákvað ég ásamt fleirum að standa að sameiginlegu nál. og skrifaði undir það með fyrirvara. Sá fyrirvari var býsna stór af minni hálfu en ég taldi með þeirri brtt. sem nefndin kom sér saman um væri verið að milda þetta mál. Síðan gerðist það að í öðrum nefndum sem ég á sæti í var verið að fjalla um önnur einkavæðingarfrumvörp og sú umræða sem þar átti sér stað ásamt margítrekuðum mótmælum og athugasemdum stéttarfélaganna, m.a. BSRB og BHMR, leiddi til þess að ég komst að þeirri niðurstöðu að ég gæti alls ekki staðið að samþykkt þessa máls. Þar við bætist sú mikla umræða sem átti sér stað á undanförnum mánuðum um SR-mjöl og hvernig þar hefur verið staðið að málum sem ég ætla reyndar að koma hér betur að á eftir.

Hið sama gerðist með fulltrúa Alþb. í hv. efh.- og viðskn., Steingrím J. Sigfússon. Hann var einnig fullur efasemda og ákvað milli 2. og 3. umr. að draga sinn stuðning til baka og ég ætla hér að mæla fyrir nál. sem undirritað er af Steingrími J. Sigfússyni og mér. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Efnahags- og viðskiptanefnd afgreiddi frá sér frumvarp til laga um Lyfjaverslun ríkisins snemma þessa vorþings þótt dregist hafi að málið kæmi til endanlegrar afgreiðslu. Undirritaðir nefndarmenn stóðu að afgreiðslu frumvarpsins ásamt öðrum nefndarmönnum og rituðu undir nefndarálit með fyrirvara. Við meðferð málsins í nefnd var komið til móts við sjónarmið þeirra nefndarmanna sem gagnrýndu hvernig staðið hefur verið að einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum og breytingartillaga lögð fram þar sem gert er ráð fyrir því að stjórnvöld þurfi að leita heimildar Alþingis eigi að selja meira en helming hlutafjár í hinu fyrirhugaða hlutafélagi. Með þeirri tillögu töldu undirritaðir nefndarmenn að verið væri að milda málið þótt vandi starfsfólksins væri óleystur.

Síðan málið var afgreitt í sátt frá nefndinni, þó með alvarlegum fyrirvörum væri, hefur mikið vatn runnið til sjávar sem leiðir til þess að undirritaðir nefndarmenn draga stuðning sinn við málið til baka og geta ekki staðið að þeirri einkavæðingu sem fyrirhuguð er á Lyfjaverslun ríkisins.

Í nóvember sl. gaf fjármálaráðherra út yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga um viðræður ríkisins og BSRB um samskipti þessara aðila. Að mati BSRB áttu þær m.a. að ná til einkavæðingaráforma ríkisstjórnarinnar. Það dróst á langinn að viðræður hæfust en nú standa þær yfir og eru í góðum farvegi að mati forustumanna BSRB. Það er ljóst að sala eða breyting á ríkisfyrirtækjum hefur áhrif á stöðu og kjör ríkisstarfsmanna og því er í hæsta máta óeðlilegt að standa að frekari einkavæðingu meðan þessar viðræður eiga sér stað. Ríkisstarfsmenn óttast að fyrirhugaðar breytingar hafi í för með sér fækkun starfa, launalækkun og réttindamissi í kjölfar þess að fólk neyðist til að skipta um stéttarfélög. Það varð reynslan af þeim breytingum sem átti að knýja í gegn hjá Strætisvögnum Reykjavíkur en sem kunnugt er var Reykjavíkuríhaldið neytt til að hætta við þau áform. Ríkisstjórnin ætti að læra af þeirri reynslu og hætta við áform um einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins.

Fulltrúar þeirra stéttarfélaga, sem komu á fund nefndarinnar, fullyrtu að breytingar þær, sem felast í 3. gr. frumvarpsins og vísa til réttinda og skyldna opinberra starfsmanna, feli í sér stjórnarskrárbrot. Í undirbúningi eru málaferli vegna sambærilegra breytinga á réttindum starfsmanna hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Þar er komin enn ein ástæðan til að fresta þessu máli. Rétt er að bíða niðurstöðu dómstóla, enda óþolandi að ríkið skuli sífellt standa í málaferlum við starfsmenn sína. Falli dómur ríkinu í óhag kann það að kosta ríkissjóð tugi milljóna síðar meir.

Þá er að nefna þann tíma sem valinn er til einkavæðingarinnar. Samdráttur ríkir í efnahagsmálum og ótrúlegt verður að teljast að sanngjarnt verð fáist fyrir eignir ríkisins á tímum sem þessum. Því er óskynsamlegt út frá almannahagsmunum að leggja út í breytingar og rétt að bíða betri tíma og hærra verðs verði það niðurstaða Alþingis síðar meir að rétt sé að gera breytingar á Lyfjaversluninni.

Síðast en ekki síst er reynslan af einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar með þeim hætti að Alþingi hlýtur að segja hingað og ekki lengra. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins kemur fram hörð gagnrýni á hvernig staðið hefur verið að málum auk þess sem þau mál eru nú fyrir dómstólum. Einkavæðingin þarfnast því skoðunar af hálfu Alþingis. Margt bendir til að verksmiðjurnar — eign almennings í landinu — hafi verið afhentar á silfurfati og við höfum horft upp á núverandi eigendur stinga gróða síðasta árs í eigin vasa. Þetta eru ólíðandi vinnubrögð og því ber ríkisstjórninni að hætta við fyrirhuguð áform um frekari einkavæðingu. Óvissunni um framtíð Lyfjaverslunar ríkisins og framtíð starfsmanna hennar verður að linna með því að Alþingi vísi málinu aftur til föðurhúsanna. Því leggja undirritaðir nefndarmenn til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Virðulegi forseti. Það er ýmislegt sem vert er að ræða af því sem fram kemur í þessu nál. og þá er fyrst að reyna að átta sig á því hvað er verið að gera með einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Nú vil ég taka það skýrt fram að ég er alls ekki á móti einkavæðingu sem slíkri þar sem hún á við og ég tel að hún eigi við í þeim tilfellum þar sem ríkið er að vasast í ýmiss konar atvinnurekstri í samkeppni við aðila úti í þjóðfélaginu, atvinnurekstri sem ekki þjónar öllum almenningi í landinu og oft á rætur að rekja til ástands jafnvel allt aftur til kreppuáranna. Þannig var ég því fylgjandi að Síldarverksmiðjur ríkisins væru einkavæddar, þó með þeim fyrirvara auðvitað að því yrði staðið á sómasamlegan hátt og að réttindi starfsmanna væru tryggð.

Nú gildir það auðvitað um Síldarverksmiðjurnar eins og önnur þau fyrirtæki sem hafa verið til einkavæðingar að þessi málefni starfsmanna, það sem snýr að réttindum þeirra, eru einfaldlega óleyst og menn hefðu átt að reyna að komast að einhverri niðurstöðu í þeim málum í stað þess að halda svona áfram, reyna annaðhvort að ná samningum, sem hefði verið það besta, eða bíða niðurstöðu dómstóla.

Varðandi Lyfjaverslun ríkisins, þá er hún fyrirtæki sem er þarna alveg á mörkunum. Lyfjaverslunin er vissulega í samkeppni við fyrirtæki á lyfjamarkaði og í lyfjaframleiðslu en þar við bætist, og það skiptir auðvitað verulegu máli, að Lyfjaverslunin og hennar starfsemi snertir mjög almannahag og ekki síst hag ríkisins vegna þess hvað ríkið er stór lyfjakaupandi í landinu. Þar af leiðandi er það spurning hvort ríkið á ekki að veita aðhald í þeim efnum. Auðvitað er hægt að koma þeim málum fyrir með öðrum hætti og í raun inni finnst mér vega þyngra í minni afstöðu þessi starfsmannamál, þessi tími sem nú er verið að velja til einkavæðingar og sú óvissa sem fram undan er í þessum málum. Þegar við horfum hér upp á vaxandi atvinnuleysi þá er ólíðandi að standa þannig að málum að vera að rýra kjör fólks því að það er alveg ljóst að gangi þessi áform í gegn og hluti starfsmanna Lyfjaverslunar ríkisins þurfi að gerast félagar í Iðju og Verslunarmannafélagi Reykjavíkur sem einkum hafa verið nefnd í þessu samhengi, þá þýðir það auðvitað breytingu á kjörum rétt eins og gerðist hjá starfsmönnum Strætisvagna Reykjavíkur og ég get ekki staðið að því að rýra kjör láglaunastétta eða láglaunahópa hér í landinu.

Það er kannski stórt fullyrt í þessu nál. um það að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi verið afhentar á silfurfati en það er mál sem þarf að skoða mjög rækilega. Ég er að koma beint á þennan fund af fundi fjárln. þar sem menn sitja yfir skýrslu Ríkisendurskoðunar um söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins og þar hafa menn verið að mæta sem unnu að framkvæmd þessa máls og eru auðvitað að reyna að verja sinn hag. Það er alltaf spurning hvernig menn standa að verðmætamati á þessum ríkisfyrirtækjum og hvernig að verki er staðið, en sú reynsla sem við höfum fengið af sölu Síldarverksmiðjanna segir okkur það að nú á að hægja á, nú eig-

um við að skoða okkar gang. Og mín stóra spurning til hæstv. fjmrh. er sú, ef svo skyldi nú fara að þetta frv. yrði afgreitt hér á hinu háa Alþingi, hvernig hefur hann hugsað sér að standa að þessum breytingum á Lyfjaversluninni? Það er greinilegt af gangi mála hjá SR-mjöli hve gríðarlega nauðsynlegt það er að standa þarna vel að verki.

Á fundi fjárln. í morgun kom fram hjá Hreini Loftssyni að í öðrum tilvikum þar sem um einkavæðingu hefur verið að ræða hefur í rauninni verið staðið eins að því að fá aðeins einn aðila til að meta verðmæti þessara fyrirtækja og það hafa ekki orðið eftirmál í öðrum tilvikum en þessum með Síldarverksmiðjurnar. Náttúrlega kom einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar ekkert að breytingunni á Strætisvögnum Reykjavíkur. Hins vegar kom að því máli einn af frambjóðendum Sjálfstfl. í Reykjavík, og hefur reyndar verið mjög til umræðu, en það dæmi er líka önnur hörmungarsaga í þessum efnum. Og allt bendir þetta til þess að hér þurfi að staldra við.

Svo að ég gleymi ekki þeim punkti, þá vakti það nokkra furðu hjá félögum mínum í efh.- og viðskn. og kom fram í 2. umr. um þetta mál að ég hefði verið beitt miklum flokksaga í mínum þingflokki, snúið upp á hendur og ég veit ekki hvað og hvað, en það er algjörlega fjarri sanni að nokkrum slíkum þrýstingi hafi verið beitt. Ég var afar tvístígandi varðandi þetta mál. En ég get sagt sem svo að flokksaginn mætti stundum vera meiri ef eitthvað er, en því fer fjarri og allar fullyrðingar í þá veru eru algjörlega út í hött. Það orkar margt tvímælis í þessar einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar. Fyrirtækin eru misjöfn. Ég vil benda á það að í fyrra þegar við vorum að ræða hér um Áburðarverksmiðju ríkisins, þá var ég tilbúin til að standa að þeirri breytingu sem þar var fram undan að öðru leyti en því að þar var um EES-mál að ræða og ég gerði athugasemdir varðandi þann þátt. En í mínum huga er Áburðarverksmiðja ríkisins dæmi um rekstur sem ríkið á ekkert endilega að vera í. Í rauninni ætti sú verksmiðja, ef eitthvað er, að vera í félagseign bænda og vera þeirra fyrirtæki eins og hún reyndar var á sínum tíma. En varðandi hana gildir það sama að málefni starfsmanna eru óleyst. Þar, eins og reyndar í fleirum af þessum ríkisfyrirtækjum sem hafa verið einkavædd, hefur starfsfólki fækkað mjög mikið. En það er sama sagan, fulltrúar starfsmanna sem eru í BHMR og komu á fund landbn. héldu þessu sama fram að þarna væri verið að leggja út í stjórnarskrárbrot, að breytingarnar feli í sér stjórnarskrárbrot og þar af leiðandi kann sú breyting, ef af verður, líka að kalla málaferli yfir ríkið ef það mál sem BSRB er að fara út í verður ekki eins konar prófmál í þessu dæmi öllu saman.

Að mínum dómi mælir mjög margt með því að þessu máli verði frestað og það verði einfaldlega hætt við þessi áform að sinni. Ég sé ekki hvað liggur á eða hvers vegna í ósköpunum má ekki fresta þessu meðan Alþingi hefur hér til umfjöllunar þetta alvarlega mál með Síldarverksmiðjur ríkisins sem við munum væntanlega ræða hér í næstu viku.

Svo ég dragi þetta saman, ég sé ekki ástæðu til að vera með mjög langa umræðu hér að sinni. Það er búið að ræða þetta mál ítarlega og einkavæðingarmálin munu verða rædd hér áfram eins og ég nefndi áðan þegar skýrsla Ríkisendurskoðunar kemur til umræðu. En það eru þessi atriði, í fyrsta lagi það sem snýr að starfsmönnum, að það verði ekki farið að senda tugi starfsmanna út í óvissuna og að þeirra kjör verði ekki rýrð. Í öðru lagi, og það er mikilvægt, er þessi tímasetning sem við stöndum frammi fyrir og hvort þess megi vænta að breytingar á fyrirtækinu muni leiða til þess að það fáist fyrir það réttlátt verð. Við getum auðvitað spurt okkur: Hvað er verið að selja? Hvað er einhvers virði í þessu fyrirtæki? Það væri ágætt að hæstv. fjmrh. skýrði það hér. Hvað er það í rauninni sem á að fara að selja? Þetta fyrirtæki er ekki það stærsta hér á markaði. Það eru tvö önnur lyfjaframleiðslufyrirtæki sem hafa mun stærri markaðshlutdeild. Og sú sérstaða sem Lyfjaverslunin hefur haft varðandi dreifbýlið, það er ekkert sem segir að aðrir geti ekki tekið upp framleiðslu á þeim lyfjum og vonandi flyst sú framleiðsla ekki út úr landinu við þessa breytingu á Lyfjaversluninni. Ég veit reyndar ekki hvort sú framleiðsla út af fyrir sig telst vera hagkvæm.

Öryggishlutverkið. Það er ekkert sem segir að það öryggishlutverk sem Lyfjaverslun ríkisins hefur gegnt verði áfram hjá þessu fyrirtæki. Ríkið getur samið við aðra um að gegna því öryggishlutverki ef þannig vill verkast þannig að spurningin er: Hvers virði er þetta fyrirtæki í raun og veru? Hvað er verið að selja ef horft er frá þeim beinu eignum sem fyrirtækið á, þ.e. húseignir, tæki og annað slíkt?

Síðast en ekki síst er það þetta mikla atriði og mikilvæga, hvernig staðið hefur verið að þessum málum. Ég lýsi því hér sem minni skoðun að ég treysti ekki þessari ríkisstjórn til þess að standa að frekari einkavæðingu. Ég tel að við hér á hinu háa Alþingi verðum að stöðva þetta. Við verðum að stöðva það að eignir almennings séu afhentar og að í kjölfarið fylgi endalaus málaferli og deilur. Við eigum að komast að samkomulagi um það hvernig Alþingi — sem er hinn rétti aðili til þess að ákveða það hvernig að málum skuli staðið — við þurfum að komast að góðu samkomulagi um þessi mál. En atburðir síðustu vikna hafa ýtt undir þá skoðun og þá sannfæringu mína að þessi einkavæðingarstefna ríkisstjórnarinnar, sem reyndar hefur meira og minna mistekist og sem auðvitað hefur komið fram í fjárlögum undanfarinna ára þar sem átti að ná inn stórum upphæðum sem alls ekki hafa skilað sér, þessi áform eru óraunsæ. Það hefur verið illa að þeim staðið og þess vegna á að hætta þessu. Það eru mín lokaorð, virðulegi forseti, en ég mun ef ég sé ástæðu til, taka aftur til máls í þessari umræðu.

[10:54]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er kannski ástæða til þess að velta því aðeins fyrir sér hvað liggur svo mikið á með þetta mál. Var ekki verið að tala hér um sjávarútvegsmál í alla nótt eða fram eftir nóttu? Það er dálítið skrýtið að það mál skuli ekki halda áfram. Er það ekki lengur á forgangslista ríkisstjórnarinnar að ljúka þess-

um sjávarútvegsmálum? Hvað liggur á að vera að taka þetta mál, Lyfjaverslun ríkisins, fram fyrir með þeim hætti sem hér er gert? Það er satt að segja alveg furðulegt. Það er eins og himinn og jörð muni farast ef ekki tekst að breyta þessum lögum um Lyfjaverslun ríkisins þannig að það megi selja helminginn af fyrirtækinu. Ég segi alveg eins og er að ég hef ekki skilning á því hvað það er sem rekur svona óskaplega á eftir þessu máli þegar vitað er að þetta er mjög umdeilt mál. Það hefur komið fram að bæði stjórnarandstaðan og fjölmargir fleiri aðilar hafa ýmislegt að athuga við þetta frv. og málsmeðferð alla og síðan hafa verið skrifaðar skýrslur og komið um það fréttir síðustu daga að ríkisstjórninni er ekki treystandi fyrir einkavæðingu. Það er nú það ljóta í málinu. Það er sú staðreynd sem blasir við að þessu fólki er ekki treystandi fyrir almannafé. Það er reyndar ekkert nýtt með Sjálfstfl. Hann fer yfirleitt illa með almannafé vegna þess að hann hefur þá stefnu að sanna það að ríkisrekstur og félagslegur rekstur borgi sig ekki og tekst það oft mjög vel með slugsi og sleifarlagi í ríkisrekstri.

Fyrir nokkrum dögum birtist hér skýrsla frá Ríkisendurskoðun um sölu á Síldarverksmiðjum ríkisins, heitir skýrsla um sölu ríkisins á SR-mjöli, og þar er farið mjög rækilega yfir það hvernig staðið var að sölunni á SR-mjöli af hálfu Sjálfstfl. og Alþfl. Ég hlýt að fara aðeins yfir það mál á þessu stigi málsins þar sem uppi eru hugmyndir um það að ljúka afgreiðslu þessa frv. um Lyfjaverslun ríkisins núna fyrir lok þingsins.

Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu varðandi söluna á SR-mjöli að þeim verklagsreglum sem samþykktar voru í ríkisstjórninni 12. okt. 1993 og fylgja skal við framkvæmd á einkavæðingu hafi ekki verið fylgt sem skyldi við undirbúning og sölu hlutabréfa í SR-mjöli. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. í fyrsta lagi: Hvaða verklagsreglum hyggst hann fylgja við sölu á þessum hlut í Lyfjaverslun ríkisins? Hyggst hann taka tillit til þeirra sjónarmiða sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um söluna á SR-mjöli? Hyggst hann fylgja þeim verklagsreglum sem samþykktar voru af ríkisstjórninni 12. okt. 1993 eða einhverjum öðrum verklagsreglum? Þessar verklagsreglur hafa svo mér sé kunnugt um ekki verið lagðar hér í þessari stofnun fyrir neina nefnd eða neinn aðila til að fjalla um, en það væri fróðlegt að vita hvaða reglum hæstv. ráðherra ætlar að fylgja.

Í öðru lagi stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að að mati hennar hafi sú ráðgjöf sem stjórnvöld fengu við söluna ekki að öllu leyti verið eins vönduð og æskilegt hefði verið og þá vil ég spyrja hæstv. fjmrh. í öðru lagi: Hvaða ráðgjöf hyggst hann reyna að fá? Hvaða aðilar eru það sem hann hyggst leita til, ef hann fær þessa lagaheimild sem mér sýnist margt stefna í, varðandi sölu á Lyfjaverslun ríkisins? Hvernig hyggst hann tryggja það að sú ráðgjöf sem stjórnvöld fá við söluna á Lyfjaverslun ríkisins verði eins vönduð og æskilegt er? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá upplýsingar um þetta í þessari umræðu. Í greinargerð Ríkisendurskoðunar segir enn fremur, með leyfi hæstv. forseta:

„Mikilvægasti þátturinn og sá vandasamasti við sölu á ríkisfyrirtæki er að jafnaði mat á virði þess. Ákvæði í verklagsreglum framkvæmdanefndar um einkavæðingu eru skýr og að flestu leyti ásættanleg hvað þetta varðar. Hins vegar telur Ríkisendurskoðun óviðunandi að fela eingöngu einum aðila að meta framtíðartekjuvirði fyrirtækisins."

Og þá ætla ég að spyrja hæstv. fjmrh. í þriðja lagi: Hyggst hann fela fleirum en einum aðila að meta framtíðartekjuvirði Lyfjaverslunar ríkisins eða ætlar hann að láta það nægja að fela það einkum aðila að meta framtíðartekjuvirði Lyfjaverslunar ríkisins? Síðan segir hér, með leyfi forseta: „Nauðsynlegt er einnig að eigandinn sjálfur eða annar á hans vegum geri til samanburðar slíka úttekt." Og svo segir enn fremur, með leyfi forseta: „Samanburður á mati tilboðsgjafa og framtíðartekjuvirði SR-mjöls hf. og mati VÍB bendir til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en endanlegt kaupverð."

Hvað er verið að segja með þessu? Það er verið að segja það að með sölunni á SR-mjöli hafi verið staðið þannig að málum að það hafi verið hafðir af íslensku þjóðinni fjármunir. Það er verið að segja það að þjóðin verði að borga hærri skatta í framtíðinni vegna þess hve illa var staðið að málum af hálfu hæstv. núv. ríkisstjórnar. Það er náttúrlega dálítið umhugsunarefni að það skuli gerast með jafnafdrifaríkum hætti og hér er sýnt fram á í þessari skýrslu Ríkisendurskoðunar með sölu á SR-mjöli. Og það er náttúrlega ekki von að maður treysti vel fjmrh. eða flokksbræðrum hans þá til þess að standa fyrir sölu á félagslegum fyrirtækjum yfirleitt þegar reynslan af SR-mjöli liggur fyrir, þegar reynslan af SVR liggur fyrir hér í Reykjavík. Fleiri dæmi mætti nefna um vinnubrögð þessara manna á undanförnum árum sem hafa fyrst og fremst verið að þjóna ofstækisfyllstu viðhorfum hægri hluta Sjálfstfl. þar sem er hvorki skeytt um skömm né heiður. Það er bara selt hvað sem tautar og raular af því að þá verða menn útnefndir heiðursþingmenn Heimdallar á næsta aðalfundi hans eða eitthvað þaðan af betra sem er óskaplega mikilvægt eins og kunnugt er í skoðanakönnunum, eða hvað það nú heitir, í prófkjörum í Sjálfstfl. ef viðkomandi hefur verið útnefndur sérstakur þingmaður ársins í Heimdalli, en það eru jafnan þeir sem lengst ganga í hægri hyggjunni á hverjum tíma.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar stendur líka:

„Ríkisendurskoðun telur það aðfinnsluvert að hvorki framkvæmdanefnd um einkavæðingu, söluhópurinn né VÍB sáu ástæðu til að gera skriflegan samning um þjónustu VÍB við söluna."

Þá vil ég í fjórða lagi spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann hafi hugsað sér að það verði gerður skriflegur samningur um þá þjónustu sem efnt verður til ef menn ætla sér að selja helminginn í Lyfjaverslun ríkisins. Eða ætlar hann að hafa sömu vinnubrögð og voru höfð við söluna á SR-mjöli og kalla yfir sig þá stórkostlegu gagnrýni sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar? Þessi skýrsla Ríkisendurskoðunar er mjög ítarleg og vel rökstudd. Þar segir t.d. svo í niðurstöðunum, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun telur það hafa verið mjög óheppilegt að útboðsgögn hafi ekki legið fyrir þegar bréf VÍB frá 7. des. 1993, um þátttöku í útboði hlutabréfa í SR-mjöli hf., var sent þeim fjórtán aðilum sem gefið höfðu sig fram við VÍB með vísan til tilkynninga frá 17.–19. nóv. 1993 um að hlutabréfin væru þar til sölu. Að mati stofnunarinnar hefði átt að kynna þau skilyrði sem fram komu í nefndu bréfi strax í áberandi auglýsingu um útboð hlutabréfanna.

Grunnupplýsingar um SR-mjöl hf. voru ekki veittar fyrr en við afhendingu útboðsgagna hinn 17. des. 1993. Að mati Ríkisendurskoðunar var óeðlilegt að setja þeim sem áhuga höfðu á kaupum þau skilyrði fyrir afhendingu útboðsgagnanna að þeir hefðu áður sýnt fram á fjárhagslegt bolmagn til kaupanna og rekstur fyrirtækisins, svo og ...“

(**Forseti** (SalÞ): Forseti vill nú biðja hv. þm. að hafa í huga að það á eftir að ræða um þetta mál sem hv. þm. er aðallega að tala um, SR-mjöl, síðar í næstu viku, en að halda sig við dagskrármálið eins og mögulegt er sem er Lyfjaverslun ríkisins.)

Ég þakka forseta fyrir þessa ábendingu. Ég ætla að halda áfram niður þessa málsgrein og síðan ætla ég að gera athugasemdir við athugaemd forseta. Með leyfi forseta:

„Engu að síður má gagnrýna það að einn þeirra sem áhuga sýndi á hlutabréfunum, fékk útboðsgögnin afhent án þess að uppfylla nefnd skilyrði. Slíkt fól í sér *mismunun gagnvart öðrum er áhuga höfðu sýnt á* hlutabréfunum en þeim var ekki gefinn kostur á að kynna sér útboðsgögnin án þess að uppfylla skilyrðin.“

Og að lokum segir hér: „Þegar á heildina er litið telur Ríkisendurskoðun að hvorugt tilboðanna í hlutabréf í SR-mjöli hf. hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett höfðu verið í útboðsskilmálunum.“

Hér er með öðrum orðum komin mjög ítarleg og nákvæm niðurstaða um það að þarna væri ekki rétt að málunum staðið. Þjóðin tapaði mörg hundruð milljónum e.t.v. á þeim vinnubrögðum sem þarna voru viðhöfð. Það er af þessari ástæðu, hæstv. forseti, sem ég taldi óhjákvæmilegt að draga þetta fram, að hér á líka að fara að selja ríkisfyrirtæki sem heitir Lyfjaverslun ríkisins og er hluti af heilbrigðisþjónustunni á Íslandi. Það er alveg óhjákvæmilegt að ræða þessi mál í samhengi og ég hefði út af fyrir sig kosið að 3. umr. um Lyfjaverslun ríkisins yrði haldið áfram eftir að menn hefðu rætt hér um söluna á SR-mjöli en ekki áður eins og ætlunin er að gera núna. Ég vil inna eftir því hvort það er virkilega ætlunin að ljúka afgreiðslunni á frv. um Lyfjaverslun ríkisins áður en skýrslan um SR-mjöl verður rædd. Og er það virkilega ætlunin að ljúka umræðunni um sölu á Áburðarverksmiðju ríkisins, sem er líka á dagskrá þessa fundar, hæstv. forseti, áður en umræðan um söluna á SR-mjöli fer fram? Er það virkilega meiningin að hæstv. forseti og forusta þingsins ætlist til þess að við samþykkjum hér orðalaust sölu á tveimur stórum og þýðingarmiklum ríkisfyrirtækjum á sama tíma og það er yfirvofandi umræða um stórfelld afglöp ríkisstjórnarinnar við söluna á SR-mjöli? Það gengur auðvitað ekki fyrir þingið að láta bjóða sér trakteringar af þessum toga þannig að ég er viss um að hæstv. forseti er mér sammála um að það er óhjákvæmilegt að víkja aðeins að sölunni á SR-mjöli í tengslum við hugmyndir um söluna á Lyfjaverslun ríkisins. Að það er sett á dagskrána á sama degi, 6. mál, Lyfjaverslun ríkisins, og svo aftur á sömu dagskrá 16. mál, Áburðarverksmiðja ríkisins, þannig að á einum og sama fundinum 29. apríl 1994 er það á dagskrá hér á Alþingi Íslendinga að selja tvö stór og þýðingarmikil ríkisfyrirtæki á vegum sömu ríkisstjórnar sem skandalíseraði, með leyfi forseta, við söluna á SR-mjöli og allir viðurkenna, meira að segja ríkisstjórnin sjálf, og þeir eru heldur beygðir út af, a.m.k. óvenju lítið glenntir miðað við það sem maður á að venjast af þeim sumum. Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér finnst það mikil tilætlunarsemi af forustumönnum þingsins að ætlast til þess að maður uni því þegjandi og hljóðalaust að Lyfjaverslun ríkisins og Áburðarverksmiðja ríkisins séu seldar á einum og sama deginum á meðan *yfirvofandi er umræðan um skýrsluna* á SR-mjöli. — Ég sé að hv. formaður landbn. bíður hér spenntur eftir því að komast í ræðustólinn til að selja Áburðarverksmiðjuna. Það er kannski næsta mál á dagskrá? Ég segi það alveg eins og er vegna þess að hér er hoppað á milli mála, þetta er fyrsta málið sem er tekið í dag, 6. málið, það verður kannski 16. málið næst og þannig koll af kolli af því að það liggur svo mikið á að selja ríkisfyrirtækin? Hvers lags eiginlega er þetta og hverjir eru þessir kaupendur allir? Er nóg til af peningum í þjóðfélaginu, hæstv. fjmrh., til að kaupa þessi ríkisfyrirtæki? (**Fjmrh.**: Lyfjaverslunin er fyrsta málið ...) Lyfjaverslunin er 6. málið á dagskránni í dag. (**Fjmrh.**: Hv. þm. er ekki læs ef hann getur ekki lesið að fyrstu fimm málin eru bara atkvæðagreiðslur.) Hæstv. fjmrh. fullyrðir að þingmaðurinn sé ekki læs og það er misskilningur. Þingmaðurinn er einmitt mjög góður í lestri. Þingmaðurinn er mjög vanur að lesa og fékk mjög háar einkunnir í lestri strax í barnaskóla þannig að hæstv. fjmrh. er orðinn lasinn af óþolinmæði af því að hann langar svo til að fara að selja núna á eftir — eina SR-sölu í viðbót og nú er það LR-salan á eftir — að hann getur ekki setið kyrr og vænir þingmenn um að þeir séu ekki læsir. Ég held nú að það séu einhverjir aðrir þingmenn sem eru frekar illar læsir heldur en sá sem hér stendur. Ég segi það alveg eins og er. En það getur vel verið að það mætti bæta mína lestrarkunnáttu. Mér þætti vænt um að hæstv. fjmrh. tæki mig í tíma í þeim efnum. Ég held að ég gæti nú kennt honum ýmislegt líka þannig að ég frábið mér það að hæstv. fjmrh. sé að dunda við leiðbeiningar af þessari sort hér úr sínum stól. (**Fjmrh.**: Mér sýndist ekki af veita.) Mér sýndist ekki af veita? Það er sérkennilega tekið til orða, verð ég að segja. Ég hélt nú frekar að honum heyrðist ekki af veita því að þetta var lestrarkunnáttan sem hæstv. fjmrh. var að ráðast á þingmanninn fyrir.

(**Forseti** (SalÞ): Ég vil biðja menn að vera ekki að tala saman hér á milli stóla.)

Mér þætti vænt um það, hæstv. forseti, ef hæstv.

forseti beitti sér fyrir því að hæstv. fjmrh. blandaði sér ekki inn í lestrarkunnáttu þingmanna hér í ræðum af því að það heyrir undir menntmrh.

(**Forseti** (SalÞ): Þetta á við um þá sem eru með frammíköll alveg eins og þá sem eru í ræðustól, að vera ekki að tala saman á milli stóla.)

Það er greinilegt að hæstv. forseti hlífist við að veita hæstv. fjmrh. þá ofanígjöf sem hann á skilið því að hann er að blanda sér í þau mál sem eru á sviði hæstv. menntmrh., þ.e. lestrarkunnátta almennt kemur hæstv. fjmrh. ekkert við. Hæstv. fjmrh. á bara að sitja rólegur og bíða. Ég veit ekki betur en hann geti farið hér inn sem annar hver ræðumaður ef honum sýnist samkvæmt þingsköpum sem voru samþykkt hér fyrir ekki löngu.

Það kann að vera að það sé biðröð eftir því að fá að kaupa hlutabréfin í LR-meðali hér núna eftir hádegið. Menn vilja endilega fara að kaupa hlutabréfin. Það verður fróðlegt að sjá skýrsluna, hæstv. forseti, frá Ríkisendurskoðun þegar kemur hér skýrsla til meðferðar um sölu á LR-meðali hingað inn eftir að búið verður að fara yfir það mál af Ríkisendurskoðun, ef þeir ætla að vinna svona eins og þeir gera, þetta lið. Það fer illa með almannafé. Það er vandinn.

Ég lagði hér fyrir hæstv. fjmrh. nokkrar spurningar. Ég spurði hann að því hvort hann ætlaði að fylgja þeim verklagsreglum sem samþykktar voru í ríkisstjórninni 12. okt. 1993 um framkvæmd á einkavæðingu. Ég spurði hann að því. Ég spurði hann að því hvort hann ætlaði að tryggja það að ráðgjöfin sem hann fengi yrði vandaðri með hliðsjón af athugasemdum Ríkendurskoðunar. Ég spurði hann að því hvort hann ætlaði að fela fleirum en einum aðila að meta framtíðartekjuvirði fyrirtækisins. Og ég spurði hann að því hvort hann hefði hugsað sér að standa þannig að málum að gerður yrði skriflegur samningur á milli þeirra aðila sem stæðu að þessum málum fyrir hans hönd þegar kæmi að því að selja hluta í LR, þ.e. Lyfjaverslun ríkisins, LR.

Staðreyndin er sú að ég á alveg eins von á því að hæstv. fjmrh. svari öllum þessum spurningum með jái. Þar með er hann auðvitað að fella mjög þungan áfellisdóm yfir þeim sem stóðu að sölunni á SR-mjöli. Það verður mjög fróðlegt að heyra hvað hæstv. fjmrh. segir í ræðu sinni varðandi það hvernig hann hyggst haga sölunni á LR öðruvísi en henni var hagað á SR. Það verður mjög fróðlegt að fara yfir það hvernig hæstv. fjmrh. vill gera það. Og ég er alveg sannfærður um að hann er vís með að biðja um orðið til þess að segja um það nokkur vel valin orð, því að eins og kunnugt er þá getur hann talað alveg þindarlaust hér í allan dag sem annar hver maður.

Ég held, með leyfi forseta að segja, að það verði að meta þetta mál með hliðsjón af sölunni á SR og þess vegna væri rétt að fresta þessu máli og eins sölunni á Áburðarverksmiðju ríkisins, sem nú á að fara að selja seinna á þessum fundi. Það eru tvö fyrirtæki sem á að klára í dag og selja. Hv. formaður landbn. er mættur — ég veit ekki hvað varaformaður landbn. segir sem gengur nú í salinn, ég veit ekki hvort þeir eru sammála um söluna á Áburðarverksmiðju ríkisins. En það er greinilegt að þeir ætla að selja þessi tvö fyrirtæki í dag, þessir höfðingjar og vonandi spila þeir í takt á hljóðfærið þó það sé útlent, þegar þar að kemur. (Gripið fram í.) Gera það eins og kunnugt var. (**Gripið fram í:** Hvaða fyrirtæki er verið að fjalla um?) — það er verið að selja Lyfjaverslun ríkisins núna og Áburðarverksmiðju ríkisins seinna í dag og svo á að fara að ræða um söluna á SR-mjöli eftir nokkra daga, þannig að það er mikilvirkur heyskapur hér hjá einkavæðingarliðinu þessa sólarhringana eins og menn sjá, hæstv. forseti.

Ég vil þá næst víkja aðeins að því sem gerst hefur síðan í þessu máli frá því að við töluðum saman síðast. Og áður en ég kem að því þá vildi ég spyrja hæstv. forseta: Er heilbrrh. hér í húsinu? Ég tel mjög æskilegt að hæstv. heilbrrh. verði kallaður til til þess að ræða um þetta mál vegna þess að þetta er lyfjaverslun og lyf eru, eins og kunnugt er, heilbrigðismál. Ég vil því beina því til hæstv. forseta að það verði gerðar ráðstafnir til þess að hæstv. heilbrrh. verði við í þessari umræðu því það er auðvitað mjög óþægilegt að ræða um sölu á Lyfjaverslun ríkisins án þess að heilbrrh. sé við vegna þess að þetta er fyrirtæki sem er heilbrigðismál. Mér sýnist einboðið að það sé óhjákvæmilegt að hæstv. heilbrrh. verði kvaddur til þessarar umræðu og ég vænti þess að hæstv. forseti taki þeirri beiðni vel. Ég tel að það sé eiginlega nauðsynlegt að fá hann til þess að halda þessari umræðu áfram því að ég ætlaði að leggja fyrir hæstv. heilbrrh. fáeinar spurningar og ég óska eindregið eftir því að hann verði kallaður hér til fundar.

Meðan ég bíð eftir hæstv. heilbrrh. ætla ég hins vegar að víkja aðeins að áliti minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 1121 sem hv. 18. þm. Reykv. gerði glögga grein fyrir áðan. Í því nál. kemur fram að þeir þingmenn sem þar um ræðir hafa ákveðið að leggja til, eins og segir hér í síðasta málslið, að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Og í nál. þeirra segir, með leyfi forseta: „Undirritaðir nefndarmenn stóðu að afgreiðslu frumvarpsins ásamt öðrum nefndarmönnum og rituðu undir nefndarálit með fyrirvara. Við meðferð málsins í nefnd var komið til móts við sjónarmið þeirra nefndarmanna sem gagnrýndu hvernig staðið hefur verið að einkavæðingu á ríkisfyrirtækjum og breytingartillaga lögð fram ...“

Síðan segir hér um snúningspunktinn í málinu miðað við það hvernig það stóð þá og hvernig það stendur núna:

„Í nóvember sl. gaf fjármálaráðherra út yfirlýsingu í tengslum við kjarasamninga um viðræður ríkisins og BSRB um samskipti þessara aðila. Að mati BSRB áttu þær m.a. að ná til einkavæðingaráforma ríkisstjórnarinnar. Það dróst á langinn að viðræður hæfust en nú standa þær yfir og eru í góðum farvegi að mati forustumanna BSRB. Það er ljóst að sala eða breyting á ríkisfyrirtækjum hefur áhrif á stöðu og kjör ríkisstarfsmanna og því er í hæsta máta óeðlilegt að standa að frekari einkavæðingu meðan þessar viðræður eiga sér stað.“ — Í hæsta máta óeðlilegt að standa að frekari

einkavæðingu meðan þessar viðræður eiga sér stað. — „Það varð reynslan af þeim breytingum sem átti að knýja í gegn hjá Strætisvögnum Reykjavíkur en sem kunnugt er var Reykjavíkuríhaldið neytt til að hætta við þau áform," segir svo hér eftir að bent hefur verið á að ríkisstarfsmenn óttast að fyrirhugaðar breytingar hafi í för með sér fækkun starfa, launalækkun og réttindamissi í kjölfar þess að fólk neyðist til að skipta um stéttarfélög.

Síðan segja þingmennirnir, hæstv. forseti, sem er kannski sérstakt umhugsunarefni og væri ástæða til þess að láta reyna á með formlegum hætti hvernig svona mál standa, því þeir segja hér:

„Fulltrúar þeirra stéttarfélaga, sem komu á fund nefndarinnar, fullyrtu að breytingar þær, sem felast í 3. gr. frumvarpsins og vísa til réttinda og skyldna opinberra starfsmanna, feli í sér stjórnarskrárbrot."

Mér finnst það satt að segja mjög athyglisvert sem hérna kemur fram, að fulltrúar þeirra stéttarfélaga sem hér um ræðir hafi fullyrt á fundi nefndarinnar að þetta feli í sér stjórnarskrárbrot. Það eru nú ekki lítil tíðindi, hæstv. forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að leggja þá spurningu fyrir hæstv. fjmrh. í fimmta lagi: Hvernig svarar hann þessum ábendingum? Hvernig svarar hann þessum ábendingum sem fram koma hér um það að þessi vinnubrögð feli í sér stjórnarskrárbrot?

Hér er bent á það í nál. hv. minni hluta efh.- og viðskn. að í undirbúningi séu málaferli vegna sambærilegra breytinga á réttindum starfsmanna hjá Síldarverksmiðjum ríkisins. Og hér koma þau nú enn við sögu, hæstv. forseti, þannig að það er nokkuð langt gengið, verð ég að segja, að banna þingmanni að nefna Síldarverksmiðjur ríkisins hér í tengslum við þetta mál. Því að það stendur í nefndaráliti, án þess að neinn hafi mótmælt því. Ég veit ekki til þess að skrifstofa Alþingis hafi gert athugasemdir við það að nefna Síldarverksmiðjur ríkisins hér í nefndaráliti. En í álitinu segir:

„Þar er komin enn ein ástæðan til að fresta þessu máli. Rétt er að bíða niðurstöðu dómstóla, enda óþolandi að ríkið skuli sífellt standa í málaferlum við starfsmenn sína. Falli dómur ríkinu í óhag kann það að kosta ríkissjóð tugi milljóna síðar meir."

Hér er um að ræða mjög afdráttarlausa og skýra niðurstöðu og þess vegna fagna ég því að hv. þm. leggja hér til að málinu verði á þessum forsendum vísað til ríkisstjórnarinnar. Af því að hér sé um að ræða að mati forustumanna stéttarfélaganna stjórnarskrárbrot. Af því að í raun og veru stefni þetta samskiptum ríkisins og opinberra starfsmanna í verulega hættu. Og af því að reynslan af einkavæðingunni á vegum ríkisstjórnarinnar hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, eins og það er nefnt hér, með leyfi forseta, og hjá Sjálfstfl. hjá Strætisvögnum Reykjavíkur, sú reynsla er ekki allt of góð. Þess vegna er það eðlilegt og full rök fyrir því að biðja um það að þessum málum verði frestað því að auðvitað liggur ekkert á. Út af fyrir sig geta menn verið þeirrar skoðunar að það eigi að einkavæða þetta og hitt en allt hefur nú sinn tíma, eins og þar stendur, og ég get ómögulega séð af hverju þessi ógnarasi er einmitt á þessu máli núna og því að selja Áburðarverksmiðjuna á sama tíma og það liggur fyrir að það eru hér á dagskrá þingsins fleiri tugir mála og Alþingi hefur hið mesta að starfa eins og vitað er.

Það vekur einnig athygli mína, hæstv. forseti, í tengslum við þetta nál. að mér finnst vanta þar nöfn. Ég sakna þar vina í stað, verð ég að segja, undir þetta nál. Ég er út af fyrir sig ekki að gera neinar kröfur til þess að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sé mikið undir svona nál. En t.d. hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson, sem er framsóknarmaður, og hv. þm. Halldór Ásgrímsson sem er í nefndinni og hann er einnig framsóknarmaður. (**Gripið fram í:** Löngu ljóst.) Og alllöngu ljóst. Og einmitt þess vegna eru menn þeim mun meira undrandi. (**Gripið fram í:** Á hverju?) Á því að þessir hv. þm. skuli ekki leggja til að málinu skuli vísað til ríkisstjórnarinnar. Það er dálítið sérkennilegt að Framsókn skuli slíta sig út úr fylgilagi við hina stjórnarandstöðuflokkana í máli af þessu tagi. (**Gripið fram í:** Hverjir slitu sig út úr?) Ég lít þannig á að það sé Framsfl.

(**Forseti** (SalÞ): Ekki frammíköll.)

(**Gripið fram í:** Þú verður að líta á forsöguna.) Það er auðvitað rétt hjá hv. þm. að fara aðeins yfir forsöguna í þessu máli. Hæstv. fjmrh. var að skjóta því hér inn í að ræðumaðurinn væri að tefja málið. Það er mikill misskilningur. Hérna er bara verið að ræða málin. En það er mjög skrýtið að hv. þm. Framsfl. skuli ekki verða samferða hinum stjórnarandstöðuflokkunum einmitt í þessu máli. Það er mjög athyglisvert. Ég tel að þeir hefðu auðvitað átt að taka tillit til þeirra ábendinga sem fram komu hjá stéttarfélögunum. Það er mjög merkilegt að Framsfl. skuli ekki verða samferða hinum stjórnarandstöðuflokkunum í þessu máli. Hvaða grundvallaratriði er það sem er svo mikilvægt í þessu máli að Framsfl. getur ekki orðið samferða stjórnarandstöðunni að öðru leyti? Hvaða þverhnípta bjarg er það sem Framsfl. leggur ekki í að klífa til þess að ná samstöðu með stjórnarandstöðuflokkunum að öðru leyti í máli af þessu tagi? Ég segi það eins og það er, virðulegi forseti, fram undan er eins og kunnugt er 1. maí og fæðingardagur Jónasar frá Hriflu þar af leiðandi um leið. Hvernig í ósköpunum stendur á því — (Gripið fram í.) eldri en Framsókn — hvernig í ósköpunum stendur á því að Framsfl. leggur ekki í það að klífa þennan þrítuga hamar og er svo hræddur við svarrandi brimið neðan við hamarinn — eða hvað — að hann þorir ekki að verða samferða hv. 18. þm. Reykv.? (**JGS:** Ekki ertu að segja að hún sé að stökkva fyrir björg?) Nei, en hv. 18. þm. Reykv. er hins vegar alin upp, þingmaðurinn, í Vestmannaeyjum þar sem menn hafa sýnt meiri kjark í sigi og baráttu við kletta og náttúruöfl heldur en í ýmsum öðrum landshlutum þar sem kyrrara loft er og lygnara inn til dala heldur en tíðkast í hinum kröppu björgum Vestmannaeyinga. (**JGS:** Það eru nú klettar þar.) Það er auðvitað ljóst að þar eru klettar, já, og ýmsir hafa auðvitað unnið mikil afrek í klettum, eins og hv. þm. bendir á, þó að frægastur maður í seinni tíð í þeim efnum sé Eggja-

Grímur, sem hv. formaður Alþfl. hefur gert grein fyrir í ræðu og riti að undanförnu og hefur hins vegar (Gripið fram í.) ekki gert grein fyrir því, eins og hv. þm. veit, hvernig þau mál þróuðust nú öll saman og verður gerð grein fyrir því á öðrum vettvangi síðar þar sem mér tekst örugglega ekki að sanna það fyrir hæstv. forseta að Eggja-Grímur sé hluti af þessu máli, ekki kannski alveg beint.

Hv. þm. Framsfl. töldu að þeir væru að ná hér fram miklum árangri í þessu máli og ég heyrði það — ég held við 2. umr. málsins — að það hefðu orðið miklar breytingar á frv. sem væru nú heldur til bóta. Ég verð að segja alveg eins og er að ég hef ekki þá tilfinningu að þessar breytingar breyti í raun og veru mjög miklu nema hvað það er talað um það að salan á þessu fyrirtæki muni aðeins ná til heilmings þess, alla vega í fyrstu umferð. En í síðsta málslið 4. gr. þessa frv. segir svo, með leyfi forseta:

„Við sölu hlutabréfa skal þess gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja." Það hafa engar upplýsingar borist um það hvernig á að tryggja samkeppni á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja eftir að menn hafa selt Lyfjaverslun ríkisins. (**ÓÞÞ:** Gefið Lyfjaverslun ríkisins.) Nákvæmlega, hæstv. forseti.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki frammíköll.)

Nákvæmlega, hæstv. forseti. Hv. 2. þm. Vestf. nefndi einmitt mjög mikilvægt atriði sem ég vil þakka honum sérstaklega fyrir og mér hafði láðst að nefna alveg sérstaklega. Hættan er auðvitað sú að þeir gefi Lyfjaverslun ríkisins. Það er nákvæmlega yfirvofandi því að eins og sást í SR-mjöli, með leyfi forseta, þá er þeim varla treystandi til þess, varla treystandi til þess að fara með sölu á ríkisfyrirtækjum, því að þeir vilja einlægt hyllast til þess að gefa þau ríkisfyrirtæki sem þeir í orði kveðnu er að selja. (**ÓÞÞ:** X-D dugar ekki.) X-D dugar ekki, segir hv. þm. (**ÓÞÞ:** Það verður að vera súper X-D.) Hv. þm. leggur mjög (Forseti hringir.) margt þarft til þessarar umræðu, hæstv. forseti.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki frammíköll.)

Það er náttúrlega nokkuð athyglisvert með þessi frammíköll, hæstv. forseti, og spurning hvort þingmenn eiga ekki að hafa burði til að verja sig fyrir þeim sjálfir.

Í ákvæði til bráðabirgða hygg ég að sé það atriði sem þeir nefndarmenn telja mestan sigur í þessu máli, einhverjir. Þar segir:

„Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir stofnun hlutafélags skv. 1. gr. þannig að fullnægjandi öryggissjónarmiða sé gætt."

Ég vil spyrja, og spurði að því vi/ð 2. umr.: Hver leggur þessa skýrslu fram um birgðahald fyrir Almannavarnir á lyfjum? Er það hæstv. fjmrh.? Varla, því að Almannavarnir heyra ekki undir hann. Er það hæstv. dómsmrh.? Kannski, af því að Almannavarnir heyra undir dómsmrh. Eða er það hæstv. heilbrrh. af því að hann ber ábyrgð á heilbrigðismálum og þar með töldum lyfjamálum? Þegar þetta mál var rætt hér við 2. umr. þá kom það í ljós að hæstv. fjmrh. vissi ekkert um það hvernig þessu ætti að haga. Hann hafði ekkert hugsað fyrir því atriði, ekki gert sér neina grein fyrir því með hvaða hætti ætti að fara með þessa skýrslu og ekki einu sinni hver ætti að skrifa hana. Og ég vil einnig spyrja hæstv. heilbr. og trmrh. sem nú er kominn í salinn: Hver á að annast birgðahald samkvæmt þessu frv. ef það verður að lögum? En hér stendur:

„Ráðherra skal leggja fyrir Alþingi skýrslu um hvernig birgðahaldi fyrir Almannavarnir ríkisins, sem Lyfjaverslun ríkisins annaðist, verði háttað eftir stofnun hlutafélags skv. 1. gr. þannig að fullnægjandi öryggissjónarmiða sé gætt."

Hver er þessi ráðherra? Er það fjmrh., sem fer með forræði þessara laga, sem er þó í raun og veru að selja sig út úr því? Er það dómsmrh., sem fer með málefni almannavarna? Eða er það heilbrrh., sem fer með lyfjamál? Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir að koma í salinn og ætla þá að bæta við handa honum eins og einni spurningu varðandi þetta mál, vegna þess að ég tel að þetta mál hafi ákveðna skírskotun, ákveðna mikilvæga stöðu gagnvart heilbrigðiskerfinu í landinu. Salan á Lyfjaverslun ríkisins snertir heilbrigðismál. Lyf eru hluti af heilbrigðismálum. Það er alveg ómótmælanlegt. Ég vil spyrja hæstv. heilbrrh.: Óttast hann ekki að ríkið missi þetta fyrirtæki, Lyfjaverslun ríkisins, þannig að vaxandi einokun á þessu sviði sé yfirvofandi, af því að núna er það þannig að tilteknir einkaaðilar eru með yfirgnæfandi meiri hluta af lyfjamarkaðinum í sinni hendi? Ríkið hefur veitt þar örlitla samkeppni í gegnum Lyfjaverslun ríkisins og ég óttast að þessir hákarlar gleypi þennan hlut ríkisins sem verður falur í Lyfjaverslun ríkisins þannig að það verði ekki hægt að hafa það eftirlit með lyfjamarkaðinum sem Lyfjaverslun ríkisins gerir mögulegt fyrir hæstv. heilbrrh. eins og nú er og hæstv. heilbrrh. hefur staðið í ströngu við að fara í gegnum þingið með lyfjalög sem eru mjög umdeild. Sjálfstfl. er mjög í beyglu með að standa að þeim lögum, eins og kunnugt er. Það er aðallega vegna þess að lénsveldi apótekaranna verður skert og það er eini kosturinn við þetta frv., að öðru leyti er það talsvert gallað.

En það er auðvitað nauðsynlegt fyrir hæstv. heilbrrh. að hafa mörg tæki í þessu máli. Í fyrsta lagi lyfjalögin, lyfjaverðlagið, almannatryggingarnar og hann getur líka beitt fyrir sig lyfjafyrirtækjum eins og Lyfjaverslun ríkisins, líkt og t.d. ríkið hefur um árabil rekið í gegnum Háskóla Íslands Lyfjaverslun Reykjavíkur hér úti, sem menn þekkja, auk þess sem lyfjaverðlagsnefnd hafði og hefur kannski enn samning við tiltekið apótek þar sem farið er yfir rekstrarkostnað einstakra þátta í smásöludreifingu lyfja. Ég held að það sé mjög hollt samkeppnisatriði og öryggisatriði fyrir heilbrigðisþjónustuna um leið að fyrirtæki af þessu tagi sé til eins og Lyfjaverslun ríkisins. Ég tel að það sé mikil eftirsjón af því fyrir hæstv. heilbrrh. sem vill taka niður lyfjaverðið. Mér þætti vænt um að hann gerði Alþingi grein fyrir því hvað hann hugsar sér að komi í staðinn fyrir þá möguleika sem Lyfjaverslun ríkisins óneitanlega skapar fyrir ráðuneytið til þess að

halda uppi eftirliti með þessum lyfjamarkaði.

Þetta eru náttúrlega engir smápeningar sem er verið að hleypa mönnum inn í hérna. Lyfjamarkaðurinn alls í landinu er talinn vera eitthvað um 5 milljarðar, ég heyrði að menn nefndu það fyrir nokkrum dögum hver á fætur öðrum. 5.000 millj. kr., þetta er stór markaður. Þar af utan sjúkrahúsa 4.300 millj. kr. Þetta eru gríðarlegir fjármunir. Það hefur auðvitað sést á þessu sérkennilega skrauti á öllum útsvarslistum sem apótekararnir hafa verið svo að segja allt í kringum landið, ekki úti á landi heldur einkum og sér í lagi í þéttbýlinu. Þetta hefur verið eftirsótt, þetta hefur skapað mönnum miklar tekjur og það þarf að hafa með þessu strangt eftirlit. Það er skylda heilbrrh. bæði af því að hann á að passa það að farið sé vel með peninga almennings og ekki síður vegna þess og náttúrlega fyrst og fremst vegna þess að hann á að passa það að heilsa almennings verði ekki fyrir skakkaföllum vegna þess að menn séu að gera sér veikindi fólks að féþúfu að einu eða öðru leyti.

Þegar þessi mál komu til meðferðar fyrir nokkrum dögum þá spurði ég hæstv. fjmrh. að því hvort hann væri ekki tilbúinn til þess að fresta þessu máli og reyna að ná áður samkomulagi við opinbera starfsmenn. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh., þá í sjötta lagi, það er mín sjötta spurning til hans: Hafa síðan farið fram viðræður við opinbera starfsmenn eftir að 2. umr. um málið fór fram fyrir nokkru? Hvað kom fram í þeim viðræðum? Óttast hæstv. ráðherra ekki að það að keyra þetta mál í gegnum þingið verði til þess að spilla fyrir viðræðum fjmrn. og samtaka opinberra starfsmanna?

Þegar 1. umr. um þetta mál fór fram sagði hæstv. fjmrh. líka að út af fyrir sig kæmi til greina að færa gildistímann fram í júlí eða september. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. af hverju er þá flutt brtt. um 1. júlí úr því að hann hafði nefnt september? Hvað er það sem hæstv. ráðherra óttast? Liggur svona mikið á að koma fyrirtækinu af höndum ríkisins? Er hann kannski með kaupanda á hendi? Liggur svona mikið á að losa sig við þetta fyrirtæki? Af hverju endilega 1. júlí? Af hverju ekki september eða jafnvel einhver síðari tími, af hverju ekki að geyma þetta bara til haustsins? Ljúka viðræðunum við opinbera starfsmenn og fara síðan í þetta mál þegar haustar á Alþingi ef ríkisstjórnin situr. Þá er auðvitað kannski komið að því sem mig grunar aðeins í sambandi við þetta mál að fjmrh. sé eins og fleiri farinn að gera sér grein fyrir því að það sé kannski ekkert mjög langt eftir hjá þessari ríkisstjórn og þess vegna sé vissara að hafa þetta 1. júlí. Það er óruggara að hafa þetta 1. júlí heldur en 1. sept. eins og nefnt var á dögunum. Er hæstv. fjmrh. virkilega svona hræddur um það að ríkisstjórnin fari að bresta? Það er auðvitað mjög algengt viðhorf, það má segja að það sé kannski blandið því að fólk vilji gjarnan að þessi stjórn fari að hætta. En er það svo að fjmrh. haldi að stjórnin fari að fara og þess vegna sé ekki við því að búast eða ekki rétt að draga það fram í september að selja þetta fyrirtæki.

Ég vil sem sagt spyrja hæstv. ráðherra af hverju lendingin varð 1. júlí en ekki september, sem hefði þó verið dálítið annað því þá hefði verið hægt að halda viðræðunum áfram. Eða telur hæstv. fjmrh. sanngjarnt að samþykkja fyrst að selja fyrirtækið og ræða svo við opinbera starfsmenn? Finnst honum það sanngjarnt gagnvart opinberum starfsmönnum að byrja á því að selja fyrirtækið og ræða svo við fólkið á eftir um það hvað verður um þess kjör? Mér finnst þetta ekki sanngjarnt, ég segi alveg eins og er. Finnst hæstv. fjmrh. sanngjarnt að fara í málin með þeim hætti sem hann ætlar að gera með þessu móti? Ég tel þess vegna að út frá almennum sanngirnissjónarmiðum hefði verið eðlilegast að hinkra með þetta mál til haustsins.

Út af fyrir sig leiðir þetta mál nokkuð hugann að hinum almennu rökum varðandi rekstur fyrirtækja. Hvernig á rekstur og eignarhald fyrirtækja að vera? Og þá held ég að það séu í raun og veru allir vaxnir upp úr því nema ef það væri einhver hluti Sjálfstfl. að hafa, mér liggur við að segja, trúarleg viðhorf í þessum málum. Fyrirtæki eiga að vera af ýmsum gerðum, stærðum og rekstrarformi. Það á ekki að skrifa það niður, hvorki í þessari ríkisstjórn né öðrum, nákvæmlega hvernig þessir hlutir eiga að vera. Það er auðvitað hugsanlegt að hafa þetta þannig, og ég tel að það sé skynsamlegast að hafa þetta þannig, að fyrirtækin og eignarhald þeirra ráðist af því hvað skynsamlegast og heppilegast er talið fyrir aðilana á viðkomandi svæði, hverjir svo sem það eru og það eigi ekki að búa til einhverja formúlu sem menn hanga á. Er það t.d. þannig að það sé skynsamlegt, þegar menn setjast inn í ríkisstjórn, að birta lista yfir öll ríkisfyrirtækin sem á að selja, segja markaðinum nákvæmlega að helst verði öll þessi fyrirtæki til sölu, sum þeirra jafnvel á hálfvirði eins og Búnaðarbankinn, án þess að undirbúa málin með skipulegum hætti áður, án þess að kanna markaðsaðstæður og án þess að gera sér grein fyrir því hvaða rök eru á bak við málið hjá hverju fyrirtæki fyrir sig. Það verður auðvitað að skoða hvert fyrirtæki fyrir sig. En einhver almenn yfirlýsing um einkavæðingu allra ríkisfyrirtækja er auðvitað algjörlega fráleit. Á sama hátt væri fráleitt að segja að það ætti t.d. að gera öll hlutafélög að sambandsfyrirtækjum. Það er algjörlega fráleitt. Og sem betur fer hafa þeir sem aðhyllast félagsleg sjónarmið í þjóðfélaginu fyrir löngu hrist af sér þessa kreddur sem eru uppivaðandi með öðrum formerkjum í Sjálfstfl., eina flokknum.

Hv. 4. þm. Reykv. skrifaði fyrr á árum margar greinar og ágætar bækur um þessi mál. Á hverju byggðust þær greinar og á hverju byggðust þær bækur? Þær byggðust fyrst og fremst á því að það ætti að reyna að virkja fjöldann í þessum málum. Þær byggðust með öðrum orðum ekki aðeins á hagnaðarsjónarmiðum þeirra aðila sem ættu hlutabréfin, heldur byggðust þær á lýðræðislegum sjónarmiðum, lýðræðislegum forsendum, þ.e. fólkið sjálft ætti hluti í fyrirtækjunum og hefði þannig áhrif á rekstur þeirra með beinum hætti. (**GÁ:** Auðstjórn almennings.) Hann kallaði þetta, hv. þm., auðstjórn almennings.

Hér er hins vegar um að ræða viðhorf sem eru með allt öðrum hætti hjá hæstv. núv. ríkisstjórn. Fyrir nú utan það hvað það er í rauninni vitlaus efnahagsstjórn

að ætla að bjarga hallanum á ríkissjóði með því að selja ríkisfyrirtækin nærri öll á sama tíma. Því um leið og menn selja þessi ríkisfyrirtæki öll á sama tíma þá eru menn auðvitað að upptaka þetta fjármagn þannig að það verður ekki notað í uppbyggingu í atvinnulífinu að öðru leyti á sama tíma. Menn nota þetta fjármagn ekki til þess að kaupa hlutabréf á tveimur stöðum í einu þannig að það er alveg ljóst að það fyrirtæki sem er bundið í sölu ríkisfyrirtækja, sem verið er að fara út í núna, það fjármagn verður ekki notað á nýjan leik til þess að efla atvinnulífið allt í kringum landið. Það er auðvitað einn aðalvandinn í núv. ríkisstjórn og hennar tíð og hvernig hún hefur haldið á málum að hún hefur lagt á það megináherslu að horfa á ríkisfjármálin sem snúningspunkt efnahagskerfisins en ekki atvinnulífið. Þess vegna er það sem menn hafa leyft sér það í núv. ríkisstjórn að hugsa hlutina þannig: tökum peninga út úr efnahags- og atvinnulífinu til ríkissjóðs, til þess að kaupa hlutafé, til þess að bjarga rekstrinum á ríkissjóði.

Auðvitað snúa hlutirnir ekkert svona, hæstv. forseti. Auðvitað snúast hlutirnir ekki öðruvísi en þannig að það er atvinnulífið úti í þjóðfélaginu sem er grundvöllurinn undir því að það sé hægt að reka ríkissjóð af viti. Hann liggur þar. Og þeir sem eru orðnir svo ríkistrúar af teknókratískum forsendum uppi í Arnarhvoli að þeir sjá ekkert nema ríkissjóð — hvað gera þeir? Þeir vinda atvinnulífið, þeir vinda efnahags- og atvinnulífið þannig að þar verða ekki eftir fjármunir til þess að tryggja vinnu sem aftur getur tryggt ríkissjóð. Þessir menn eru læstir inni í þröngum hirslum Arnarhvols og sá ekkert út fyrir hann. Þessir menn sem sögðu einu sinni þegar þeir voru ungir „Báknið burt" eru núna orðnir óafmáanlegur mosavaxinn hluti af kerfinu uppi í Arnarhvoli. Og það er stórhættulegt að halda hlutunum þannig til lengdar, það er stórhættulegt að ríkið sé snúningspunkturinn í efnahagslífinu í landinu. Atvinnuvegirnir, efnahagsreksturinn í heild, sveitarfélög og fyrirtæki af margvíslegum toga verða auðvitað að geta gengið með eðlilegum hætti. En að ætla sér að rífa þessa fjármuni, þessa aðila, inn í ríkissjóð á þann hátt sem hæstv. fjmrh. núv. ríkisstjórnar hefur reynt að gera, er fráleitt. En það er meira en fráleitt, hæstv. forseti, það er stórhættulegt. Vegna þess að ríkisstjórn sem situr of lengi, sem sér ekkert nema ríkissjóð, gengur frá atvinnulífinu að lokum. Og hvað ætli þessi þröngu ríkissjóðssjónarmið séu stór hluti af atvinnuleysinu á Íslandi í dag, þar sem eru 7.000 manns skráðir á atvinnuleysisskrá? Þar sem eru 3.000 í Reykjavík einni, í kjördæmi mínu og hæstv. fjmrh., á atvinnuleysisskrá á þessum vordögum.

Þess vegna er það auðvitað þannig að út frá öllum venjulegum efnahagssjónarmiðum, burt séð frá því hvort það á að einkavæða fyrirtæki eða ekki, þá er áherslan vitlaus og það er kannski meginvandinn. Það er kannski meginvandinn að þessi ríkisstjórn hefur ekki séð neina lausn af neinu tagi í efnahagsmálum aðra en þá að einkavæða, selja, selja ríkisfyrirtæki, selja þjóðareign og skeytir þar hvorki um skömm né heiður og fær svo í hausinn skýrslur eins og þessa frá Ríkisendurskoðun um SR-mjöl á dögunum.

Hér erum við auðvitað komin alveg að kjarnanum í þeim vanda sem núv. ríkisstjórn stendur frammi fyrir, þar sem þessi mosavöxnu kerfissjónarmið eru látin ráða í bland við hægra ofstækið í Sjálfstfl., einkavæðingarofstækið, um að það muni leysa alla hluti. Þannig er það ekki. Þess vegna er það auðvitað þannig, hæstv. forseti, að þessi sala á Lyfjaverslun ríkisins er fráleit.

Ég mun styðja álit minni hluta efh.- og viðskn. og greiða því atkvæði þegar þar að kemur. Ég harma það ef þetta mál kemur til atkvæða áður en skýrslan um SR-mjöl verður rædd. Ég harma það ef frv. um sölu á Áburðarverksmiðju ríkisins kemur til umræðu áður en skýrslan um SR-mjöl verður rædd. Það er kolöfugt að hlutunum farið og ég skora á forsetann og forustu þingsins að halda þannig á málum að þessum málum ljúki ekki fyrr en skýrslan um SR-mjöl hefur verið rædd, því það er algjörlega fráleitt að setja hlutina saman með þessum hætti.

Hæstv. forseti. Ég hef lagt hér einar sex spurningar fyrir hæstv. fjmrh., sem ég vænti að hann muni svara í þeim umræðum sem fram undan eru um þetta mál, en þeim er að sjálfsögðu ekki lokið, þannig að það megi kannski greiða úr málinu. Eðlilegast væri auðvitað að hæstv. fjmrh. tæki um það ákvörðun hér og nú að hætta þessu nuddi, láta þetta frv. bara liggja, því það er ekki til neins, það bjargar engu, það leysir ekki neitt, það er gagnrýnt, það er til bölvunar, opinberir starfsmenn segja að þetta frv. sé í raun og veru stjórnarskrárbrot. Það á að taka tíma í að skoða þetta mál, það liggur ekkert á. Og þessi einkavæðingarkeyrsla sem hér gengur yfir er ekki í þágu lands og þjóðar. Það er pínulítill hópur inni í Sjálfstfl. sem rekur trippin að því er þetta mál varðar, pínulítill hópur.

Þegar upp er staðið þá vill það auðvitað oft verða þannig, hæstv. forseti, að þegar Sjálfstfl. er skoðaður niður í kjölinn þá talar hann fyrir mjög þrönga hagsmuni, þó mörgum ágætum þingmönnum hafi tekist ágætlega að breiða yfir það. Sjálfstfl. er hagsmunaflokkur fjármagnsins. Hann ætti að hafa kannski svona 5% vegna þess að þeir eru ekki fleiri auðkýfingarnir á Íslandi í mesta lagi. En honum hefur tekist að breiða yfir sitt innsta eðli og leggur sig fram í því og tekst það oft vel, stundum allt of vel. Það glyttir sjaldan í innsta eðli Sjálfstfl. með jafnskýrum hætti og einmitt í málum af þessu tagi. Til hvers? Er þetta fyrir sjúklinga? Er þetta fyrir ríkissjóð? Er þetta fyrir þjóðina? Er þetta fyrir atvinnulífið? Fyrir hverja er það, af hverju er verið að þessu? Nei, þetta er fyrir þrengstu hægri klíkuna í Sjálfstfl. og enga aðra. Hún er búin að fá alveg nóg, sú grúppa, með leyfi forseta, hér á seinni árum. Það er kominn tími til þess að hætta að mata hana á eignum þjóðarinnar eins og gert var þegar hún fékk SR-mjölið forðum. Það er kominn tími til þess að hætta slíkum vinnubrögðum og ég vænti þess að hæstv. fjmrh. láti sér þessa ræðu að kenningu verða og hendi þessu frv., a.m.k. í sumar.

[11:51]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. eyddi nokkrum hluta

ræðu sinnar í afstöðu Framsfl. í þessu máli og harmaði það að hann skyldi hafa stokkið frá borði með öðrum stjórnarandstöðuflokkum. Ég lít reyndar ekki þannig á málið. Framsfl. taldi að það skipti verulegu máli að ná fram þeim breytingum sem voru gerðar á frv. í meðferð nefndar. Það var Framsfl. sem hafði frumkvæði að því að ná þeim breytingum og því samkomulagi sem endaði með því að allir nefndarmenn skrifuðu undir. Nú er ég ekkert að gagnrýna það að fulltrúar tveggja flokka kusu að breyta sinni afstöðu. Þeir hafa sínar ástæður til þess. En eins og ég sagði þá hafði Framsfl. frumkvæði að því að ná þessu fram og ég tel afar mikilvægt að hafa náð því þarna inn að það yrði ekki seldur nema helmingur hlutabréfa í fyrirtækinu óðruvísi heldur en Alþingi fjallaði um það.

Við 2. umr. um sölu á Áburðarverksmiðju ríkisins fór ég fram á það að það mál yrði tekið fyrir milli 2. og 3. umr. og skoðað hvort ekki væri hægt að ná þar samstöðu um sams konar ákvæði.

Þannig að þetta eru hin efnislegu rök fyrir afstöðu Framsfl. í þessu máli og ég tel að þau séu í raun mjög gild og þýðingarmikil í þeirri umræðu sem nú fer fram um sölu ríkisfyrirtækja.

[11:53]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka hv. 6. þm. Norðurl. e. fyrir að hafa gert grein fyrir þeim rökum sem liggja að baki þeirri niðurstöðu framsóknarmanna að standa ekki að þessu framhaldsnefndaráliti eins og aðrir fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna og ég tek orð hv. þm. fullkomlega gild í þeim efnum.

Ég verð þó að segja að mér finnst dálítið vafasamt að setja málið upp með þessum hætti vegna þess að þetta snýst kannski sérstaklega um samskiptin við verkalýðshreyfinguna, málið eins og það stendur núna, þó það hafi kannski ekki staðið jafnskýrt þegar málið kom til meðferðar í upphafi. Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að þeir sem nú eru í stjórnarandstöðu geri sér a.m.k. sem best ljóst hvernig heppilegast er á hverjum tíma að taka á málum eins og þessu, sem lúta að verkalýðshreyfingunni og samskiptum við hana, þegar þeir eru í stjórnarandstöðu sem kannski er til marks um það sem koma skal ef svo skyldi fara að þessir flokkar lentu einhvern tímann í ríkisstjórn, sem vel getur farið svo. Þess vegna tel ég að niðurstaða hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og Steingríms J. Sigfússonar sé mjög mikilvæg í þessu sambandi, en ég vil þakka hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni svarið, það er út af fyrir sig gilt og hans rök í málinu eru skýr. Mér þykir til þess koma að menn skuli gera með rökum grein fyrir afstöðu sinni þó ég sé ekki sammála rökunum.

[11:55]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. nefndi að veigamikil atriði í þessu máli væru afstaða verkalýðshreyfingarinnar, í þessu tilfelli Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og Starfsmannafélags ríkisstofnana. Vissulega ber ég fulla virðingu fyrir afstöðu þeirra. Að mínu mati snýr hún hins vegar ekki fyrst og fremst að grundvallarspurningum um það hvort það eigi að selja ríkisfyrirtæki eða ekki. Hún lýtur fyrst og fremst að ákveðnum þáttum varðandi réttindi þeirra sem starfsmanna í ríkisfyrirtækjum. Ég vil þá að það komi hér fram að það kom mjög skýrt fram hjá forustumönnum þessara samtaka að þær viðræður sem nú væru í gangi við ríkið væru á góðu skriði og yfir þeim væri ekkert að kvarta.

En að lokum vil ég benda hv. þm. á það, ef það ætti að vera afstaða þessara samtaka sem réði alfarið afstöðu okkar í þessu máli og ef það ætti að vera hin almenna regla, þá minni ég bara hv. þm. á það hversu mikið tillit þingmaðurinn og hans flokkur tóku til skoðana þessara sömu samtaka þegar við vorum að afgreiða skattamál í vetur, sem kannski sýnir í hnotskurn að Alþingi verður að taka sjálfstæða afstöðu í málum. Það er því miður orðið allt of mikið um það og það kristallast í sjávarútvegsumræðunni þessa dagana að alþingismenn vísi til afstöðu samtaka utan þings. Þó vissulega sé afstaða slíkra samtaka fullrar virðingar verð þá verða þingmenn að gera einstök mál upp við sína samvisku.

[11:57]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg viss um að þegar hv. þm. les svarið sitt þá sér hann að það er pínulítill misskilningur í því vegna þess að það mál sem hér um ræðir snertir grundvallaratriði. Þetta mál liggur þannig ... (Gripið fram í.) Já, það snertir grundvallaratriði við sölu ríkisfyrirtækja. Það gerir það með þeim hætti, hv. þm., að það eru deilur um þetta mál og ævinlega þegar ríkisfyrirtæki eru seld, og þannig hefur það verið áður, þá fara af stað málaferli þegar um er að ræða réttarstöðu starfsmanna, biðlaun eða lífeyrisrétt. Ég tel að það sé skynsamlegt og sjálfsagt, sjálfsögð virðing og lágmarksvirðing og tillitssemi við verkalýðshreyfinguna í landinu að semja um svona mál í heild, ekki frá fyrirtæki til fyrirtækis heldur í heild. Auðvitað þarf að vera leið til þess að einkavæða fyrirtæki, það segir sig alveg sjálft, alveg eins og það á að vera hægt að breyta fyrirtækjum úr einkarekstri í einhvern annan rekstur þá á að vera hægt að einkavæða fyrirtæki. En það þarf að vera sátt um aðferðina við opinbera starfsmenn í þessu tilviki og aðra verkalýðshreyfingarmenn í öðrum tilvikum. Mér finnst það satt að segja algjörlega fráleitt, sem ég get rökstutt við síðara tækifæri en ætla ekki að gera úr þessum ræðustól að sinni af því að hv. þm. hefur lokið sínum andsvarsrétti, en mér finnst það algjörlega út í hött að bera saman annars vegar matarskattinn og afstöðuna til hans og hins vegar þessi grundvallarmannréttindi sem þarna er um að ræða.

[11:59]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér hefur hv. þm. Svavar Gestsson lýst yfir áhyggjum sínum yfir því ef til sölu á Lyfjaverslun ríkisins kemur og áhrifum þeirrar sölu á verðmyndunarkerfi lyfja í landinu. Ég vil í fyrsta lagi benda á ákvæði 4. gr. laga í frv. þar sem þess er gætt

og það tekið sérstaklega fram að þess skuli gætt að samkeppni verði tryggð á sviði dreifingar og framleiðslu lyfja ef til notkunar þessarar heimildar kemur.

Það er alveg hárrétt sem fram kemur hjá hv. þm. að núverandi verðmyndunarkerfi lyfja í landinu er áhyggjuefni og þá ekki síst vegna þess að þar eru fáir aðilar sem hafa allt of mikil áhrif varðandi innflutning og dreifingu í heildsölu á lyfjum í landinu. Þess vegna er einmitt svo mikilvægt að frv. til lyfjalaga, sem hér hefur verið til umfjöllunar dögum saman og er á lokaspretti, fái hraða og góða afgreiðslu því það eru einmitt þau lög og það frv. sem tekur hressilega á þessu einokunarkerfi í verðmyndun og brýtur það upp. Í fyrsta lagi með samhliða innflutningi sem gefur þá nýjum aðilum kost á því að flytja inn lyf til landsins, væntanlega ódýrar en þekkst hefur og í annan stað með breyttri skipan nefndar sem ákveður hámarksverð, svokallaðri lyfjaverðsnefnd, sem tekur við hlutverki lyfjaverðlagsnefndar, sem að allt of stórum hluta til, að minni hyggju, hefur verið skipuð hagsmunaaðilum. Þess hefur gætt mjög verulega í störfum þeirrar nefndar sem birtist kannski hvað skýrast í því dæmi að það hefur tekið 14 mánuði að ná út úr álagningu lyfjaverðs afnámi aðstöðugjaldsins — 14 mánuði og það tókst loksins um síðustu mánaðamót.

Með öðrum orðum, lyfjaverðsnefnd mun þar koma til skjalanna og sinna sínu starfi með skilvirkum hætti, við breyttar aðstæður í lyfjadreifingu og lyfjainnflutningi. Þannig að það aukna frelsi og sú aukna samkeppni sem þar mun ráða ríkjum mun einmitt verða gagn og tól og tæki til þess að brjóta upp þessa einokun sem við deilum áhyggjum af, ég og hv. þm. Svavar Gestsson.

[12:00]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. heilbrrh. fyrir svörin. Mér fundust það satt að segja mikil tíðindi, sem hann sagði frá í sínu andsvari, að aðstöðugjaldið — var það ekki lagt af um síðustu áramót? (**Gripið fram í:** Næstsíðustu áramót.) Næstsíðustu áramót, að það fór loksins núna út úr lyfjaverðinu í landinu. Það hefur sem sagt verið borgað aðstöðugjald í meðalaverði í landinu í nærri hálft annað ár þó að aðstöðugjaldið hafi verið lagt niður um næstsíðustu áramót. Þetta eru alveg ótrúleg tíðindi. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að upplýsa það.

Í öðru lagi vil ég segja við hann að ég er viss um að verði hann heilbrrh. í mörg ár í viðbót, sem auðvitað getur út af fyrir sig orðið, eða a.m.k. fræðilegur möguleiki, þá muni hann einhvern tímann á því ferli sakna vinar í stað þar sem er Lyfjaverslun ríkisins, ef hún verður seld, til þess að hafa eftirlit með þessu kerfi. Ég er viss um að það er nauðsynlegt fyrir alla heilbrigðisráðherra að sjá inn í markaðinn, sjá inn í kerfið með því að eiga beina aðild að fyrirtæki eins og Lyfjaverslun ríkisins hefur verið. Þess vegna er það andstætt heilbrigðissjónarmiðum að mínu mati að selja Lyfjaverslunina vegna þess að það veikir eftirlitsmöguleika heilbrrh.

[12:01]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég er aðili að nál. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 1121. Undir það ritar ásamt mér hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, sem áðan gerði ítarlega grein fyrir okkar afstöðu í þessu máli í framsöguræðu. Sömuleiðis hefur hv. 9. þm. Reykv. flutt ítarlega ræðu og ég get þess vegna stytt mitt mál því undir flest af því sem þar kom fram, í þessum tveimur ræðum, tek ég.

Ég gerði grein fyrir því við 2. umr. málsins að fyrirvari minn við málið lyti ekki síst að stöðu þess þátta sem snýr að samskiptum ríkisins við opinbera starfsmenn og rakti það jafnframt að aðstæður hefðu breyst frá því að efh.- og viðskn. var um miðjan vetur að vinna að þessu máli og lauk reyndar umfjöllun sinni um það í febrúarmánuði sl. Það dróst síðan alllengi að málið kæmi á dagskrá og talsverðar breytingar hafa orðið á aðstæðum síðan þá. Ber þar auðvitað fyrst að nefna að þegar málið var til umfjöllunar í efh.- og viðskn. voru gefnar vonir um það að samskipti ríkisins og opinberra starfsmanna væru að komast í friðvænlegra horf hvað þessi mál snertir og jafnvel lá í loftinu að hugsanlega kynnu að takast einhverjir samningar eða samkomulag milli þessara aðila um meðferð þessara starfsmannamála.

Þá hafði komið á daginn og verið til umfjöllunar á næstliðnum mánuðum að í raun eru fjölmörg og viðkvæm samskiptamál sem upp koma milli ríkisins og starfsmanna þess eða hins opinbera og starfsmanna þess, hvort sem í hlut eiga ríki eða sveitarfélög, ef breytingar eru gerðar á fyrirtækjum af þessu tagi. Hið fræga SVR-mál hafði þá verið mjög til umfjöllunar og þar hafði komið á daginn að ekki einasta snúast þessi mál um biðlaunaréttinn og það ákvæði þessa frv. sem snýr að því að taka hann með sérstökum hætti af opinberum starfsmönnum sem þarna breyta um vinnuveitanda og færu að vinna hjá hlutafélagi, ef þetta gengur fram, heldur eru þarna líka á ferðinni mjög viðkvæm og vandasöm mál sem lúta að til að mynda aðild opinberra starfsmanna að stéttarfélögum og lúta að lífeyrisréttindum og meðferð þeirra mála og fleira mætti reyndar nefna.

Nú hlýtur það að vekja nokkra furðu satt best að segja í ljósi þess að hæstv. ríkisstjórn hefur ætlað sér að hafa það sem eitt af sínum meginverkefnum á kjörtímabilinu að einkavæða ríkisfyrirtæki. Hún hefur gengið fram undir hefðbundnum klassískum formerkjum einkavæðingarstefnu og er reyndar svo komið að ríkisstjórn Íslands og Ísland er nánast að verða síðasta vígi þessarar fordildar og kreddu sem gekk hér yfir eins og logi yfir akur, sérstaklega á 9. áratugnum.

Nú eru menn löngu uppgefnir á því, hvort heldur eru íhaldsmenn í Bretlandi eða annars staðar, að selja mönnum einkavæðingu í sjálfu sér sem einhvert trúaratriði og lausnarorð og umræðan snýst meira um það í öðrum löndum hvaða mistök menn hafi gert í einkavæðingarmálunum, sérstaklega þar sem ofstæki bar menn ofurliði. Það er t.d. og hefur verið afar fróðlegt að fylgjast með umræðum um þessi mál í Bretlandi

undanfarin missiri þar sem ekkert síður íhaldssamir stjórnmálamenn heldur en aðrir taka þátt í umræðum um það hvernig það gerðist í Bretlandi að offorsið tók af mönnum völdum, ofstækið gekk út yfir öll takmörk þannig að menn lentu í þeim ógöngum á Bretlandi að einkavæða jafnvel fákeppnis- eða einokunarfyrirtæki, afhenda þau einkaaðilum, sem síðan hafa í skjóli einokunar- eða fákeppnisaðstöðu rakað til sín óheyrilegum gróða. Niðurstaðan er gjarnan sú að þjónustan hefur versnað og orðið dýrari, gróðasöfnun fárra eignaraðila hefur orðið gífurleg, launakjör nokkurra toppa í fyrirtækjunum hafa farið upp úr öllu valdi á sama tíma og þjarmað hefur verið að almennu starfsfólki og það svipt ýmsum réttindum.

Þetta á til að mynda við um þá sorgarsögu sem er einkavæðing í Bretlandi á ýmsum veitustofnunum og að hluta til í samgöngugeiranum þar sem fyrirtækin eru nánast í einokunar- eða fákeppnisaðstöðu. Auðvitað þarf svo sem ekki mikla speki til að skilja eða átta sig á því að einkavæðing til að mynda vatnsveitu, sem er eini aðilinn sem á lagnir í viðkomandi borg eða byggðarlagi, afhending á slíkri aðstöðu yfir í hendur eignaaðila, samtímis því að lítið eða ekkert eftirlit er haft með verðlagningu og gæði þjónustunnar, kann ekki góðri lukku að stýra.

Hitt er svo alveg ljóst að einkavæðing í öðrum tilvikum hefur gengið þokkalega og alveg átt fullan rétt á sér. Það er til að mynda athyglisvert að einkavæðing breska flugfélagsins hefur í raun og veru gengið vel, það fyrirtæki hefur blómstrað. Þannig var að vísu að þeirri einkavæðingu staðið að því var breytt í almenningshlutafélag og sett á markað í áföngum á alllöngum tíma og með tiltölulega skynsamlegum hætti að því staðið.

Það var ástæða þess að við sem nú skipum minni hluta efh.- og viðskn. stóðum að nál. og brtt. við 2. umr., með fyrirvara þó, að við óumdeilanlega töldum þær breytingar sem verið var að gera á frv. til bóta og ganga til réttrar áttar. Þær voru og eru viðurkenning á því að málatilbúnaðurinn eins og hann var upphaflega lagður fyrir af hæstv. ríkisstjórn í upphaflegu frv. var auðvitað óskynsamlegur. En nú hefur því miður komið á daginn að það hefur ekki náðst sá árangur í samskiptum ríkisvaldsins við opinbera starfsmenn sem okkur voru gefnar vonir um að gæti gerst á sl. vetri og enn fremur hefur auðvitað komið á daginn að meðferð hæstv. ríkisstjórnar á þessum málum almennt er með þeim hætti að það er auðvitað ekki nokkur leið að bera hina minnstu ábyrgð á því. Stjórnarandstaðan, að mínu mati, a.m.k. við sem þennan minni hluta skipum, hljótum ósköp einfaldlega að frábiðja okkur slíkt. Og það er auðvitað hárrétt sem hér hefur komið fram að langeðlilegast væri að láta þessi mál nú liggja, hreyfa ekki frekar við þeim og reyna að koma þeim í einhvern eðlilegan farveg.

Tvennt held ég að þar sé mikilvægast. Það fyrra snýr að því sem ég hef þegar nefnt, samskiptunum við starfsmenn. Og af því að það er komið í gang samráð og samtöl við samtök opinberra starfsmanna um þessi mál og það bíða mikil verkefni á því sviði ef menn ætla að ná landi með hluti eins og til að mynda flutning grunnskólans yfir til sveitarfélaganna, sem er auðvitað náskylt mál því þá koma upp mörg sömu álitamálin sem varða réttindi starfsmanna sem eru þá að skipta um vinnuveitanda, að menn setjist frekar niður á réttum vettvangi með þessum aðilum og reyni að lenda þessum málum með samkomulagi og leggi í það vinnu.

Ég fullyrði við hæstv. fjmrh. að hann gæti ekki varið tíma sínum og sinna starfsmanna betur í sumar heldur en að reyna að ná þarna niðurstöðu. Og þó að afgreiðsla á þessum frv. um Lyfjaverslun ríkisins, Áburðarverksmiðjuna eða eitthvað annað biði haustsins, þá væru það hreinir smámunir í samanburði við hitt ef hæstv. fjmrh. næði þeim árangri, leyfi ég mér að segja, að ná landi í samskiptunum við samtök opinberra starfsmanna um það hvernig með þessi mál skuli farið þegar breyting er að verða á eignarhaldi eða rekstrarformi fyrirtækis sem áður hefur verið hefðbundið ríkisfyrirtæki.

Ég endurtek það sem ég hef áður sagt. Ég skil eiginlega ekki þann barnaskap og þá pólitísku glópsku, leyfi ég mér að segja, hæstv. forseti, að ætli menn sér að ná einhverjum árangri í þessum einkavæðingarmálum að þá skuli þeir ekki byrja á byrjuninni og reyna að tryggja sæmilegan frið og sæmilegt andrúmsloft í kringum þær breytingar með því að leita eftir og ná samningum við samtök opinberra starfsmanna um það hvernig þær breytingar ganga fyrir sig. Auðvitað átti að byrja á því. Ef hæstv. ríkisstjórn var nokkur alvara með það að hún vildi fara í víðtækar skipulagsbreytingar og einkavæðingu eins og það er kallað þá átti hún að sjálfsögðu að byrja á því að leggja vinnu í þetta atriði en ekki vera með málin í þeim farvegi sem nú er orðinn, að það séu bullandi málaferli og átök um einstaka þætti þessa máls. Það er auðvitað eins óskynsamlegt og ógæfulegt og nokkuð getur verið, enda er náttúrlega niðurstaðan að verða sú þegar einn dagur er eftir í þriggja ára starfsafmæli þessarar ríkisstjórnar að hún hefur sáralítið gert, sáralitlu komið fram, sem betur fer leyfir maður sér kannski að segja, í þessum einkavæðingarmálum. Og það sem hún hefur gert er allt tómt klúður. Auðvitað er það þannig að sennilega er þjóðin og vonandi þingið einnig að verða búið að fá sig svo fullsatt af því hvernig að þessum málum hefur verið unnið að það verði nú ekki, að menn tommi nú ekki mikið með þessa vitleysu á næstu árum, enda er þetta að mínu mati ekki eitthvað sem þjóðin þarf sérstaklega á að halda að menn séu að eyða tíma sínum í.

Hitt sem ég vildi nefna sérstaklega og gerir það að verkum að ég held að það sé ástæða til þess að staldra við er auðvitað ósköp einfaldlega það að í ljós hefur komið að vinnubrögðin og verklagið við þessar sölur, ef sölur skyldi kalla, eru náttúrlega fyrir neðan allar hellur. Það vantar alveg gjörsamlega verklagsreglur og stefnu um það hvernig með þessi mál skuli farið og það er ekkert einkamál ríkisstjórnarinnar. Ég gef satt best að segja lítið fyrir einhverjar vinnureglur, innanbúðarreglur ríkisstjórnar, sem ríkisstjórnin setur sér og

fer svo reyndar ekki eftir, samanber skýrslu Ríkisendurskoðunar um söluna á SR-mjöli. Það er auðvitað Alþingi sem fer með fjárveitingavaldið og ber í reynd ábyrgð á „forvöltun" eigna ríkisins sem ætti að afgreiða hér lög um meðferð þessara mála. Í raun og veru er það orðið alveg ljóst að það vantar lög um sölu á eignum ríkisins sem þyrfti að setja. Ég mundi þá leyfa mér að leggja það til að það yrði skipuð nefnd allra þingflokka sem ynni að gerð slíks frv. í sumar vegna þess að það er alveg bersýnilegt að þarna þurfa að koma til skýr lagaákvæði. Óðruvísi verður ekki um þetta neinn friður.

Það er manni nokkuð umhugsunarefni, hæstv. forseti, þegar maður skoðar það sem gerst hefur í þessum málum og er e.t.v. fram undan að menn eru með flóknar og miklar reglur um það hér á Alþingi og í lögum hvernig standa skuli að útgjöldum á vegum ríkisins. Það er mikið kerfi í gangi í sambandi við það. Það er fjárln., það er efh.- og viðskn., það eru alls konar endurskoðunarferli þar í gangi og reglur. En þegar kemur að hinni hliðinni, sem er auðvitað alveg jafnsjálfsögð, þ.e. hvernig með eignir ríkisins sé farið og sölu eða afhendingu á þeim, þá virðist þetta meira og minna vera allt saman í lausu lofti. Hvers vegna er fjárln. kófsveitt sitjandi yfir því vikur og mánuði að fara ofan í saumana á 50 þús. kr. hér og 100 þús. kr. þar, en svo sulla menn bara út heilum ríkisfyrirtækjum að verðmæti milljarða kr. eins og ekkert sé og það virðist ekki skipta neinu máli hvort fyrir þau fást 50 millj. eða 500. Er eitthvert samhengi í þessu? Ég segi nei. Það er alveg jafnmikilvægt að fara vel með fjármuni þegar menn eru að láta frá sér eignir eins og þegar menn eru að fara yfir útgjöld ríkisins. Af hverju er fjárln. þingsins til að mynda ekki látin fara jafnrækilega ofan í saumana á því hversu mikið verðmæti menn þurfa að fá fyrir einhverjar eignir ríkisins til að það sé rétt að selja þær, eins og hún er látið puða og puða og puða vikum saman yfir einhverjum 50 þús. kr. í framkvæmd hér eða útgjöld þar?

Það er náttúrlega ekki nokkur glóra í þessu og allra síst þegar í landinu situr ríkisstjórn sem er ber að þvílíku ábyrgðarleysi að hún er jafnvel tilbúin til að selja verðmætar eignir ríkisins á hálfvirði bara til að þjóna þeirri lund sinni að selja.

Hæstv. forseti. Ég hef svo ekki miklu við það að bæta sem ég var búinn að segja við fyrri umræður um þetta tiltekna mál, breytingarnar á Lyfjaverslun ríkisins. Ég varaði þar við ýmsu sem í því máli liggur og ég held að það sé að mörgu leyti afar mikið álitamál hvort ríkið á yfir höfuð nokkuð að vera að draga sig út úr þessum atvinnurekstri. Staðreyndin er sú að aðstæður á okkar lyfjamarkaði eru manni nokkurt umhugsunarefni. Hér er eitt mjög stórt og sterkt fyrirtæki sem út af fyrir sig er góðra gjalda vert, en því fylgir sú staða að það er tiltölulega drottnandi á hinum íslenska lyfjamarkaði, líklega með milli 60 og 70% markaðshlutdeild. Samkvæmt öllum reglum og lögum sem ég hef farið yfir í sambandi við samkeppnismál þá er enginn vafi á því að slík staða er alls staðar á byggðu bóli, nema þá á Íslandi, skilgreind sem markaðsráðandi staða. Í bresku samkeppnislögunum er fyrirtæki talið markaðsráðandi ef það nær meira en 33% hlutdeild af markaðinum í sínar hendur, jafnvel þó það keppi við allmörg minni fyrirtæki, ósköp einfaldlega vegna þess að þar er sagt: Fyrirtæki sem er orðið með það sterka stöðu á markaðinum, það hefur orðið þvílíka möguleika til að stýra honum beint eða óbeint í sína þágu, að menn verða að setja fyrirvara á gagnvart því að eðlileg samkeppni ríki.

Það er því auðvitað ljóst að á íslenska lyfjamarkaðinum ríkir fákeppnisástand, hreint fákeppnisástand ef ekki einokunarástand. Þá spyr maður sig að því: Er það þá skynsamlegt út frá samkeppnissjónarmiðum, verðlagningarsjónarmiðum og út frá heilbrigðispólitík í landinu, að ríkið hætti þátttöku í þessum rekstri og dragi sig út af markaðinum að þessu litla leyti sem það hefur verið þarna gerandi í málum? Ég hef um það mjög miklar efasemdir. Ég minni líka á að á bak við liggja viðkvæmir hagsmunir svo sem þeir sem lúta að birgðahaldi lyfja í tengslum við almannavarnir í landinu og framleiðslu dreypilyfja fyrir sjúkrahús, en Lyfjaverslun ríkisins er eins og kunnugt er eini framleiðandi slíkra lyfja hér í landinu.

Ég óttast líka að jafnvel þó svo færi nú að ríkið fengi gott verð fyrir þetta fyrirtæki og tapaði ekki á því að selja það sem slíkt og menn gætu farið að leika sér með tölur og reikna söluandvirðið og vexti af því o.s.frv., þá óttast ég að ríkið gæti lent í útgjöldum á móti sem yrðu jafnvel alveg þung í skauti. Til að mynda í gegnum það að það jákvæða samstarf sem Lyfjaverslun ríkisins og sjúkrahúsin í landinu hafa átt með sér og enginn vafi er á að hefur verið hagstæður báðum aðilum, þá ekki síður sjúkrahúsunum, til að mynda gert þeim kleift að halda minna af birgðum í lyfjum en þau ella hefðu þurft, þessar breytingar geta auðvitað kostað ríkið útgjöld hinum megin. Menn verða að horfa á svona hluti í heild og skoða alla myndina ef þeir ætla að fá einhvern botn í málið.

Hæstv. forseti. Að lokum ítreka ég þær óskir sem hér hafa komið fram að ríkisstjórnin taki sönsum í þessu málum, að hún falli frá áformum um að pína þessi mál í gegn á þessu vori, þ.e. Lyfjaverslun ríkisins og Áburðaverskmiðjuna og önnur slík, ef þau skyldu vera fleiri. Við höfum alveg nóg með tíma okkar að gera þessa síðustu sólarhringa sem vonandi lifa eftir af þinghaldinu, því ætlunin hefur verið að ljúka því á skikkanlegum tíma fyrir sveitarstjórnarkosningar. Ég leyfi mér að fullyrða að það eru flest mál brýnni á þinginu og liggur meira á að þau séu afgreidd heldur en þetta. Við ættum að einbeita okkur að því að taka á dagskrá og ræða mikilvægustu málin sem þurfa að ná afgreiðslu en láta hluti af þessu tagi, sem með öllu er ástæðulaust að vera að þvinga fram og í raun beinlínis skaðlegt að mínu mati og óskynsamlegt upp á stöðu mála, taka hér upp tíma okkar.

Ég veit svo sem ekki hvaða þýðingu það hefur að beina slíkum orðum til hæstv. fjmrh. eða hæstv. ríkisstjórnar eða hæstv. forseta þess vegna, sem hlýtur náttúrlega að vera nokkuð hugsi yfir framgangi mála í þinghaldinu síðustu sólarhringana. Ég leyfi mér nú

samt að gera það og ítreka þær óskir og þau tilmæli sem fram hafa komið um þetta atriði í góðri trú, í þeirri von að menn séu hér þrátt fyrir allt að ræðast við með rökum og hlusta á málflutning hvers annars. Það er í raun og veru ekkert nema þrjóska og einber þrjóska að vera að nudda með þessi mál áfram hér.

Útbýting þingskjala:

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, 537. mál, nál. 1. minni hluta utanrmn., þskj. 1093; nál. meiri hluta utanrmn., þskj. 1122.

Gjald á vörur sem geta orðið að spilliefnum, 619. mál, stjfrv., þskj. 1124.

Tryggingagjald, 546. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1120.

[12:24]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Það eru aðeins örfá atriði sem ég ætlaði að bæta við mál mitt frá því áðan vegna þeirrar umræðu sem hér hefur átt sér stað. Ég vil aðeins nefna, ég kom ekki inn á það í minni framsöguræðu nema örstutt, þá brtt. sem samstaða náðist um í nefndinni og varðar það að ríkisstjórninni eru skorður settar varðandi sölu á hlutabréfum í Lyfjaverslun ríkisins. Ég vil láta þá skoðun koma hér fram að ég tek auðvitað undir það að þessi breyting felur í sér að ævintýri á borð við það — eða á ég að segja harmleikur, það er spurning hvaða orð ég á að nota — sem gerðist varðandi söluna á SR-mjöli, eða mistök, að þau ætti varla að eiga sér stað. Hitt er annað mál að ég held að gagnvart okkur þingmönnum þá sé því miður heldur lítið hald í þessu því eins og við vitum þá þarf ekki annað en það komi inn í 6. gr. fjárlaga heimild til fjmrh. um að selja afganginn af hlutabréfunum og við vitum auðvitað af fenginni reynslu að það er afar erfitt að breyta slíkum ákvæðum þó við gætum auðvitað lagst í miklar umræður um þau mál.

Ég þykist vita að hæstv. fjmrh. ætli að svara ýmsu því sem til hans hefur verið beint og ég vil þá bæta spurningu við það sem ég kom að áðan og varðar það hvernig hann hefur hugsað sér að standa að framkvæmd þessa máls. Þá vil ég nefna það að í skýrslu Ríkisendurskoðunar um söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins er það gagnrýnt mjög harðlega að einungis skuli hafa verið leitað til eins aðila við mat á verði fyrirtækisins. Ég nefndi það hér áðan að þannig hefur verið staðið að málum varðandi hin einkavæðingaráformin eða það sem hefur verið gert í einkavæðingarmálum en þetta telur Ríkisendurskoðun mjög aðfinnsluvert. Mig langar að biðja hæstv. fjmrh. um hans álit á þessu, hvort hann telji að það sé hægt að standa að þessu með öðrum hætti þannig að fleiri komi að mati á verði hlutabréfa sem á að selja.

Mig langar líka til að spyrja hann varðandi kostnaðinn við þessa einkavæðingu, því það kemur fram í skýrslunni að VÍB, sem tók endanlega að sér verkið, var með tilboð upp á 11,4 millj. kr. Þetta fyrirtæki, sem er náttúrlega tengt Íslandsbanka, er eign Íslandsbanka, fékk greiddar 11,4 millj. fyrir að vinna þetta verk. Ef menn færu út í það eða yrðu við þeirri athugasemd Ríkisendurskoðunar að láta fleiri aðila meta verð hlutabréfa þá liggur í augum uppi að þetta er auðvitað gríðarlegur kostnaður. Og þegar við erum í þessu tilviki að tala um sölu hlutabréfa upp á ekki mörg hundruð millj. alla vega þá er auðvitað spurningin hvað er vert að leggja í mikinn kostnað við einkavæðinguna. Mig langar sem sagt að biðja hæstv. fjmrh. að velta því fyrir sér hvað hann sér fyrir sér varðandi kostnaðinn við þessa einkavæðingu.

Þetta eru mjög mikilvæg mál. Það er mjög mikilvægt að verði af frekari einkavæðingu þá verði öll vinnubrögð í þeim efnum bætt og það endurtaki sig ekki það sem náttúrlega hefur verið gert að umtalsefni í morgun, þessi læti öll í kringum söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins, sem auðvitað varða það að aðilar sem hugðust gera þar tilboð töldu að sér væri mismunað og að allt of skammur tími hefði gefist í þessi mál. Ég vil líka vekja athygli á því að þar, eins og annars staðar þar sem einkavæðingin hefur komið við sögu, eru starfsmannamálin í óvissu og einnig þar er málshöfðun fyrir hendi. Það er nú illa af stað farið ef þessi einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar enda í því að verða paradís fyrir lögfræðinga og málafærslumenn í landinu.

[12:28]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég mun leitast við að svara nokkrum þeirra fyrirspurna sem til mín hefur verið beint og ræða örlítið um þau atriði sem hafa verið í þessari 3. umr. Reyndar hafa fjölmörg atriði sem hafa komið fram í umræðunni einnig verið rædd við 2. umr. málsins enda hefur málið verið rætt allítarlega hér á hinu háa Alþingi.

Varðandi þá nýju stöðu sem komin er upp í afstöðu einstakra manna og flokka til málsins þá er það mín skoðun að ekkert það hafi gerst sem í raun réttlætir afstöðubreytingu hv. þingmanna í efh.- og viðskn. Það er mín skoðun og ég hef ekki heyrt nein sannfærandi rök fyrir því að ástæða hafi verið til þess að breyta um afstöðu til málsins vegna atvika sem orðið hafa frá því að undir nál. var ritað hinn 2. mars sl. og til dagsins í dag. Ég vil einnig benda á að í hinu nýja nál., sem er nú komið fram við 3. umr. og er nál. minni hluta nefndarinnar, verður vart þeirrar skoðunar að nál. byggist á almennri andstöðu við einkavæðingu á samdráttartímum. Á þetta vil ég benda sérstaklega því slík yfirlýsing skýrir stefnu hv. þm. þegar hún felst í því að það sé rangt að efna til einkavæðingar og selja opinber fyrirtæki á samdráttartímum eins og sagt er, ég vil segja berum orðum, í nál.

Það skýrir hins vegar almenna afstöðu til einkavæðingar og þá þarf ekki að rökstyðja með mörgum orðum hvers vegna afstaðan er á þessa leið. Það eitt nægir til þess að segja í einni setningu að aðilar séu á móti því að slíkar eignir séu seldar á slíkum tímum en í því felst veruleg breyting á afstöðu manna, t.d. hv.

þm. Steingríms J. Sigfússonar sem hefur sagt frá því að hann styðji einkavæðingu ef um sé að ræða samkeppni og hún sé til staðar.

Menn hafa nokkuð rætt um samráð fjmrn. við BSRB sem byggðist á yfirlýsingu sem fjmrh. gaf um það leyti sem kjarasamningur var gerður milli fjmrn. og BSRB. Ég hef margoft fjallað um þetta mál við 2. umr. um málið. Það var skilningur beggja aðila að sá samráðsvettvangur og þær viðræður sem þar áttu sér stað áttu ekki að hafa áhrif á einstakar ákvarðanir stjórnvalda. Reyndar er það tekið fram í textanum að það er ákvörðun stjórnvalda sem ræður á hverjum tíma hvaða fyrirtæki eru seld. Samráðsvettvangurinn var til þess að fjalla almennt um réttindi opinberra starfsmanna og samstarfið á þessum vettvangi hefur verið mjög gott, viðræður verið góðar og ýmislegt gagnlegt komið upp á borð sem er full ástæða til þess að halda áfram að ræða.

Ef það hefði legið fyrir frá upphafi að BSRB hefði sagt: Við ætlum að efna til samráðs og það má ekki einkavæða fyrr en við höfum komist að sameiginlegri niðurstöðu, þá sjá allir að til slíks samráðs hefði ekki verið boðað af hálfu ríkisvaldsins. Þetta var báðum aðilum mjög skýrlega ljóst strax í upphafi.

Það er hins vegar rétt, sem kemur fram í nál. minni hlutans, að þær viðræður eru í mjög góðum farvegi og fyrir því hef ég orð, m.a. formanns BSRB.

Nokkuð hefur mönnum orðið tíðrætt um stjórnarskrárbrot og því hefur margoft verið svarað. Það eru mismunandi sjónarmið uppi, annars vegar af hálfu ríkisvaldsins og hins vegar af hálfu BSRB, hvað felist í bíðlaunaréttinum. Ég hef rifjað það upp áður í umræðum um þetta mál að 1992 stóð til af hálfu ríkisvaldsins að breyta lögunum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna og sérstaklega með tilliti til þessa ákvæðis sem er löngu úrelt og átti einungis við þegar enginn samningsréttur var, enginn verkfallsréttur og opinberir starfsmenn voru tiltölulega miklu færri en þeir eru í dag.

Það er þó alveg skýrt og það hefur ríkisvaldið aflað sér upplýsinga um af hálfu lögmanna að það er hægt að standa á því sjónarmiði og mjög auðvelt að þessi réttindi eru ekki réttindi sem mynda eign í skilningi stjórnarskrárinnar. Afstaða ríkisvaldsins er mjög skýr í því sambandi og þetta er ekki eign í sama skilningi og t.d. þau réttindi sem felast í lífeyrisréttindum fólks. Enda er auðvelt að sýna fram á það því sá aðili sem segir upp hjá opinberu fyrirtæki — segjum bara nokkrum vikum áður en fyrirtækið er einkavætt eða því breytt í hlutafélag á engan rétt, á engan biðlaunarétt og hann færist ekkert með viðkomandi starfsmanni. Það væri út í hött að starfsmaður ríkisins sem á þennan biðlaunarétt verði á tvöföldum launum þó að fyrirtæki ríkisins sé breytt úr almennu fyrirtæki í hlutafélag.

Þetta eru sjónarmið ríkisins. BSRB og samtök opinberra starfsmanna hafa aðra skoðun á þessu máli. Þau hafa ekki tekið undir sjónarmið ríkisvaldsins og málið getur farið á þann veg að úrskurða verði af hálfu íslenskra dómstóla. Það eru engin rök að geyma einkavæðingaráform aðeins vegna þessa. Það eru fjölmörg atriði sem geta komið upp í þessu máli eins og svo víða í þjóðfélaginu þegar um er að ræða slíkar breytingar. Þetta mál var rætt margoft við 2. umr. um frv.

Þá hefur verið inn í 3. umr. blandað skýrslu um SR-mjöl. Ég vil segja frá því að eins og kom fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur þá er hv. fjárln. að ræða þessi mál einmitt núna. Hún er að ræða þessi mál vegna þess að nú liggja fyrir skýrslur annarra heldur en Ríkisendurskoðunar og ég vil láta það koma fram hér og nú að ég hef alvarlegar áhyggjur af því, mjög alvarlegar áhyggjur af því að skýrsla Ríkisendurskoðunar verði talin skýrsla sem því miður sé svo illa unnin að hún komi til með að skaða Ríkisendurskoðun stórkostlega. Ég hef kynnt mér þessi mál að sjálfsögðu og ég hef af þessu stórar áhyggjur. Því að okkur alþingismönnum er nauðsyn á því að geta treyst Ríkisendurskoðun þegar hún skoðar tiltekin mál.

Það er ekki víst að allir alþingismenn viti það að Ríkisendurskoðun kom að málinu sem varðaði SR-mjöl. Ólafur Nilsson sem fór yfir og setti niður hugmyndir um það hvernig færa ætti upp efnahagsreikning fyrirtækisins gerði það í fullu samráði við Ríkisendurskoðun. Fjmrn. var óánægt með niðurstöðu Ríkisendurskoðunar og Ólafs Nilssonar en eftir að ríkisskattstjóri hafði tekið á málinu sáum við ekki að við ættum að halda málinu áfram. Áhyggjur fjmrn. beindust að því að við í fjmrn. töldum að með því að færa efnahagsreikninginn upp með þeim hætti sem þarna var gert væri hætta á því að ríkið í framtíðinni tapaði sköttum. Á þetta féllust ekki Ríkisendurskoðun, sem kom að þessu máli, né heldur ríkisskattstjóri. Þetta voru þau áhorfsmál sem voru uppi á milli fjmrn. annars vegar og sjútvrn. hins vegar. En það skal tekið fram að fulltrúi fjmrn. var hins vegar í söluhópnum.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um mínar áhyggjur af þessu máli en ég hef sagt hér og nú að ég ætla ekki að kveða upp neinn dóm um það hvort skýrsla um SR-mjöl sé afleit eða ekki en ég hef alvarlegar áhyggjur samt af þessari skýrslu vegna þess sem ég hef lesið af þeim svörum frá þeim aðilum sem hlut eiga að máli. Um þetta mál verður fjallað og er nauðsynlegt að fjalla áður en þingið fer heim. Mjög nauðsynlegt og ég tel það vera afar brýnt til þess að hreinsa þá menn sem sökum eru bornir í þessari skýrslu.

Ég vil að það komi fram að styð brtt. þá sem meiri hluti nefndarinnar hefur flutt. Það er rétt sem á hefur verið bent að ég nefndi tvær dagsetningar, í júlí og september. Júlídagsetningin hefur orðið fyrir valinu, kannski m.a. vegna þess að hún kemur fram í öðru þingskjali sem varðar Áburðarverksmiðju ríkisins. Og það að taka gildi þýðir ekki að salan eigi að eiga sér stað á því augnabliki heldur að til hlutafélagsins sé stofnað.

Hv. þm. Svavar Gestsson undraðist það að málið væri tekið fyrir nú á þessu stigi. Ég vona að ég brjóti engan trúnað og ég held að það sé ekkert leyndarmál en í gær ræddi ég við þá þingmenn sem hafa skipt um skoðun í málinu og skila sérnefndaráliti um það að taka málið ekki fyrir fyrr en í dag, klukkan hálfellefu,

og um það var gott samkomulag hygg ég við þessa hv. þm. Sú er ástæðan fyrir að málið var tekið fyrir í dag. Ég tek það fram að undir nál. var ritað 2. mars, fyrir tveimur mánuðum, og ég skora á hv. þm. Svavar Gestsson að koma hér í ræðustól á eftir og benda mér á að annað mál sé til meðferðar í þinginu þar sem tveggja mánaða gamalt nál. liggur fyrir og svo undrist menn að málið skuli tekið fyrir. Það er þannig að sá sem hér stendur hefur margsinnis samþykkt að beðið sé um frest í málinu og hefur orðið við þeim óskum, ég hef meira að segja beðið eftir því að þingmaður hafi farið út af þinginu og komið aftur o.s.frv., af því að ég hef viljað hafa sem allra best samráð við þingmenn um framgöngu málsins á þinginu.

Hv. þm. ræddi síðan heilmikið um SR-mjöl og ég vísa til þess sem ég hef sagt áður en sú umræða á eftir að fara fram. Ég tel að það eigi að nota verklagsreglur ríkisins eins og þær voru samþykktar í ríkisstjórninni á sínum tíma. Þær reglur eru ekki guðsorð eða boðorð sem eru óbreytanleg. Það þarf að líta á þessar verklagsreglur á hverjum tíma. En ég tel að þær séu þó það skásta sem til er til þess að fara eftir í málinu og auðvitað ber ríkisstjórninni að fara eftir sínum eigin hugmyndum.

Það verður vandað til ráðgjafarinnar. Það er ekki neitt ákveðið á þessu stigi málsins um sölu fyrirtækisins og hvernig að því verður staðið. Varðandi framtíðartekjuvirði fyrirtækisins þá vil ég taka fram að í SR-mjöl málinu mun koma í ljós að það var leitað til fleiri en eins aðila í því sambandi. Það lágu fyrir hugmyndir frá fleiri en einum aðila. Mér finnst það sjálfsagt að menn reyni að glöggva sig sem allra best á framtíðartekjuvirði fyrirtækja eins og þeirra sem ríkið hyggst selja eða hefur verið að selja.

Þá var spurt um hvort ég mundi gera skriflegan samning um söluþjónustuna. Það er alveg sjálfsagt að lýsa því yfir að það er einfalt að þeir sem munu standa að þessu máli geri skriflegan samning ef um söluþjónustu verður að ræða. En ég vil taka það fram, af því að þetta hefur verið gert að stóru máli í SR-mjöli, að ég er mjög hissa á skýrslu Ríkisendurskoðunar sem snertir þetta atriði. Það liggur fyrir tilboð frá tilteknum aðila og tilboðinu er tekið og það er gerð ein breyting á tilboðinu, þ.e. að þóknun er lækkuð úr 2% í 1,5%. Þannig að í raun er þetta skriflegur samningur. Alveg eins og hv. þm., sem sjálfsagt hefur staðið í íbúðarkaupum, veit að það er samþykkt að taka tilboðinu með pínulítilli breytingu. Það er skriflegur gerningur og liggur fyrir nánast sem skriflegur samningur. Öllum má því ljóst vera að þarna er verið að toga lítið atriði og gera það að stóru atriði og gera það ótrúverðugt þegar um SR-mjöl er að ræða. Þetta er skriflegt tilboð og því er breytt með því að taka töluna 2% niður í 1,5%. Það er allt og sumt sem gerðist í því máli.

Það var einnig í skýrslu Ríkisendurskoðunar um SR-mjöl fjallað um svokallaða útboðsskilmála. Því verður svarað og hefur sjálfsagt verið svarað í morgun í fjárln. um hvers konar „útboð" var verið að tala.

Hv. þm. ræddi um stjórnarskrárbrotið. Ég hef þegar rætt um það.

Um lokamálslið 4. gr. hefur því verið svarað við 2. umr. til að mynda og reyndar einnig við 1. umr. málsins að það verði kappkostað og lagaskylda að tryggja samkeppni í greininni. Það þýðir m.a. að það er ekki hægt að selja stærstu fyrirtækjunum í þessari grein þetta tiltekna fyrirtæki.

Það er líka eðlilegt að það sé fjmrh. sem leggi fram skýrsluna um birgðahaldið til þingsins enda er það hann sem ber ábyrgð á þessum lögum. Það mun hann gera í samráði við önnur ráðuneyti, eins og reyndar áður hefur verið svarað í 2. umr.

Ég vil einnig taka það fram að haldinn hefur verið einn fundur, minn og formanns BSRB og formanns SFR, eftir að 2. umr. lauk og eftir að málið hafði verið rætt í nefnd og eftir að formaður BSRB hafði mætt á fund nefndarinnar. Á þeim fundi kom það fram að það er áhugi á því af hálfu formanns BSRB og formanns SFR að málinu verði frestað til haustsins. Það hefur komið fram og ég ætla ekkert að leyna því. En ég tel að það hafi ekkert efnislegt nýtt komið fram sem ætti að breyta ákvörðun ríkisstjórnarinnar í þessu efni og ég sagði þeim alveg umbúðalaust á þessum fundi sem haldinn var í þinghúsinu að ég gæti ekki orðið við þeim óskum. En sá fundur hefur verið haldinn og ég vil taka það fram að samstarf mitt við þessa aðila hefur ávallt verið mjög gott þótt auðvitað séu skoðanir skiptar á fjölmörgum atriðum eins og eðlilegt er.

Ég held að ég hafi að flestu leyti a.m.k. reynt að svara fyrirspurnum sem til mín hefur verið beint. Ég hef ekki getað rætt það, og get það ekki því það liggur ekkert fyrir um málið, í einstökum atriðum hvernig ég hugsa mér sölu fyrirtækisins. Þessi lagaheimild kemur og það fyrsta sem verður gert er að undirbúa stofnun hlutafélagsins og um söluna hefur ekki enn þá verið neitt ákveðið enda finnst mér það ekki vera viðeigandi að ég sé á þessu stigi málsins að ræða við einhverja aðila við að undirbúa sölu til ákveðinna aðila. Ég vil að það komi skýrt fram að um það hefur ekkert verið rætt við einn eða neinn og ég áskil mér þann rétt að það fari fram með þeim hætti sem ég tel vera best viðeigandi, með vönduðum hætti, og þá er ég tilbúinn til þess að sjálfsögðu að svara fyrir það hvernig það mun ganga fyrir sig á hinu háa Alþingi næsta haust ef sala fer fram áður en þingið kemur saman.

Þetta vil ég að komi fram en á þessu stigi liggur ekkert fyrir um málið enda hef ég talið það óviðeigandi að vera að ræða við hugsanlega kaupendur um málið á meðan ég hef ekki þá lagaheimild sem ég þarf á að halda.

Virðulegur forseti. Ég vænti þess að þessi ræða mín skýri a.m.k. sumt af því sem um var beðið. Mér er það ljóst að ég get ekki svarað öllum fyrirspurnum út í hörgul en það er þá vegna þess að það liggja ekki fyrir upplýsingar eða ákvarðanir á þessu stigi málsins um þau atriði sem um var spurt.

Útbýting þingskjals:

Skipun nefndar um vatnsútflutning, 618. mál, þáltill. JHelg, þskj. 1123.

[12:49]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þetta síðasta sem hæstv. fjmrh. kom inn á, þ.e. hvernig verði staðið að sölunni, þá laut mín spurning ekki síst að því hvernig hann hyggst haga málum í ljósi þess sem fram hefur komið í sambandi við söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins og þeirri gagnrýni sem hefur komið fram á þau mál og hvernig að hefur verið staðið.

Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir í upphafi sinnar ræðu að hann teldi að ekkert það hefði gerst sem réttlætti breytta afstöðu nefndarmanna í hv. efh.- og viðskn. Ég skýrði það í minni ræðu í morgun að ég var ákaflega tvístígandi varðandi stuðning við málið og vildi reyndar leggja mitt til þess að reyna að milda það ef hægt væri. En síðan hef ég verið að vinna að svipuðum málum í hv. landbn. og í mínum huga hefur allt þetta mál einfaldlega verið að skýrast og eftir því sem fréttir bárust af Síldarverksmiðjum ríkisins komst ég að þeirri niðurstöðu að ég gæti ekki staðið að þessum breytingum. Þá hafði ég ekki síst í huga framgöngu ríkisstjórnarinnar í þeim efnum og svo það sem sneri að starfsfólki. Ég er því mjög sátt við mína afstöðu nú.

Hæstv. fjmrh. kom inn á það að í nál. okkar hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar kæmi fram almenn andstaða við einkavæðingu á samdráttartímum og það er rétt. Það er bent á að þetta séu ekki réttu tímarnir til þess að vera að breyta ríkisfyrirtækjum. Það ræðst annars vegar af því að þegar fáir geta keypt þá er ákaflega ólíklegt að sanngjarnt verð fáist fyrir eignirnar. Hitt snýr auðvitað að starfsmönnum og því atvinnuleysi sem við búum við, því miður.

[12:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tel að hv. þm. hafi í sinni ræðu staðfest það sem ég hef verið að segja en ég ætla ekkert að gagnrýna hv. þm. fyrir að skipta um skoðun á málinu. Ég tel að þingmenn eigi fullan rétt á því að skipta um skoðun þegar þeim sýnist og jafnvel þótt ekki sé sjáanleg nein ástæða fyrir því.

[12:51]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að ástæður sé vissulega að finna. Þær er að finna í þeirri þróun sem við höfum horft upp á á undanförnum mánuðum og það er alveg fráleitt að hæstv. fjmrh. skuli ekki viðurkenna þá staðreynd að hér hafa verið miklar umræður um gang mála í Síldarverksmiðjum ríkisins. Við höfum verið að horfa upp á að þar hefur stefnt í málaferli, sem nú eru hafin, og allt þetta hefur áhrif, þetta er nýtt í málinu. Það er ekki hægt að segja annað, virðulegi forseti, enda gildir það líka um það sem að starfsmönnum snýr að þau mál eru líka á leið í dóm. Og ég ítreka það sem ég sagði fyrr í morgun að það er áhyggjuefni hvernig samskipti ríkisins við starfsmenn og við ýmsa aðra aðila eru sífellt að leiða til dómsmála.

[12:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú fara að vandast málin og tíðkast mjög hin breiðu spjótin, eins og segir í fornum sögum, hjá hæstv. fjmrh. Hann sagði áðan að hann hefði alvarlegar áhyggjur af því að skýrsla Ríkisendurskoðunar um SR-mjöl skaðaði Ríkisendurskoðun stórkostlega. Það eru býsna mikil tíðindi og býsna mikill dómur frá hæstv. fjmrh. að hann telur að skýrsla Ríkisendurskoðunar um SR-mjöl skaði þá stofnun stórkostlega.

Nú vill svo til að Ríkisendurskoðun starfar samkvæmt lögum á vegum Alþingis, eins segir í 1. gr. þeirra laga. Og síðan segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Forsetar Alþingis ráða í sameiningu forstöðumann stofnunarinnar til sex ára í senn og nefnist hann ríkisendurskoðandi.“ Í lok sömu greinar segir: „Forsetar Alþingis geta, að fengnu samþykki sameinaðs Alþingis, vikið ríkisendurskoðanda úr starfi.“

Ég held að orð hæstv. fjmrh. séu með þeim hætti að forsetar Alþingis eða forseti Alþingis sem nú er staddur í salnum hljóti að velta því fyrir sér hvort það er óhjákvæmilegt, ef það er rétt sem hæstv. ráðherra segir að hér sé um meiri háttar afglöp að ræða, að víkja Sigurði Þórðarsyni ríkisendurskoðanda úr starfi. Ég tel satt að segja að þessar yfirlýsingar hæstv. fjmrh. séu ekki einasta stórfelld söguleg tíðindi heldur séu þær líka í hæsta máta lítið smekklegar nema hæstv. fjmrh. hafi þegar látið hæstv. forseta Alþingis vita um þá skoðun sína að ríkisendurskoðandi sé tæplega starfi sínu vaxinn.

Ég mótmæli þessari yfirlýsingu hæstv. fjmrh. Ég tel hana ekki smekklega á þessu augnabliki.

[12:55]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka það skýrt fram að ég sagði mjög skýrt að ég væri ekki að fella dóm, ég væri ekki að fella neinn úrskurð. Það sem ég sagði var það að ég hef áhyggjur af því að skýrsla Ríkisendurskoðunar geti skaðað Ríkisendurskoðun og það væri afar slæmt fyrir okkur hv. þm. vegna þess að við þurfum á því að halda að Ríkisendurskoðun starfi þannig að um trúverðugleika sé að ræða hjá stofnuninni. Ég hef af þessu áhyggjur vegna þess að ég hef séð þau gögn sem lögð hafa verið fram vegna skýrslunnar um SR-mjöl. Annað sagði ég ekki. Ég lýsti áhyggjum mínum en ég var ekki að fella dóm né úrskurð. Þetta sagði ég að því gefna tilefni að SR-mjöl skýrslan var dregin inn í þessa umræðu og um leið hvatti ég til þess að sú skýrsla yrði tekin til umræðu á þinginu fyrir þinglok. Og ég sagði að það væri vegna þess að ég held að allur sannleikurinn þurfi að koma fram í þessu máli.

[12:56]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Því miður er það svo að þegar menn láta í ljós álit sitt á hlutum, gerðum, niðurstöðum og málefnum þá hefur það misjafnt vægi af ýmsum ástæðum. Það hefur mjög mikið vægi sem hæstv. fjmrh. landsins segir um skýrslu eins og skýrsluna um

SR-mjöl og þar með um faglegan bakgrunn hennar. Það var rétt hjá hæstv. fjmrh. sem hann sagði núna að hann lýsti því yfir að hann hefði áhyggjur af málinu og hann tók það einnig fram, ekki aðeins í svari sínu núna heldur einnig áðan, að hann væri ekki að fella dóm. Ég er hins vegar sannfærður um það að þessi skoðun ráðherrans og áhyggjur hans, sem hann lætur í ljós með þessum hætti, hljóta að vekja mjög mikla athygli sérstaklega ef ráðherrann hefur ekki komið þessu áður á framfæri með einum eða öðrum hætti við forsrh. og þó alveg sérstaklega hæstv. forseta Alþingis vegna þess að Ríkisendurskoðun er stofnun Alþingis.

Við stóðum að því, ég og hæstv. núv. fjmrh. sem þingmenn þá í fjh.- og viðskn. neðri deildar á sínum tíma að taka í gegnum þingið núgildandi lög um Ríkisendurskoðun. Um það var mjög góð samstaða og við höfðum mjög góða samstöðu um það til hvers við ætluðumst af þessari stofnun. Við töldum hana mikilvæga. Ég tel að trúverðugleiki stofnunarinnar sé að veikjast ef hæstv. fjmrh. ómótmælt lætur frá sér fara yfirlýsingar af því tagi sem hann gerði hér áðan.

Umræðu frestað.

[Fundarhlé. — 12:58]

Þingmennskuafsal Steingríms Hermannssonar.

[14:02]

Steingrímur Hermannsson:

Virðulegi forseti. Hæstvirtir ráðherrar. Háttvirtir þingmenn. Ég kveð mér ekki hljóðs til þess að gera athugasemdir við störf þingsins eins og oft er við slík tækifæri þegar menn tala í upphafi dagskrár. Þvert á móti. Nú þegar ég yfirgef þingsali kveð ég mér hljóðs til þess að lýsa mikilli ánægju með störf þingsins þegar á heildina er litið þau 23 ár sem ég hef verið í þessum virðulegu sölum.

Vissulega er það svo að stundum hefur mér þótt þingmenn heldur skilningslitlir á þau ágætu mál sem ég hef viljað fá afgreidd og andstaðan stundum nokkuð hörð, en þegar ég lít til baka geri ég mér grein fyrir því að sú andstaða hefur eflaust verið byggð á jafngóðri sannfæringu og mitt fylgi við slík mál og reyndar er það ákaflega mikilvægt á hinu háa Alþingi speglist sem flest viðhorf sem eru í þjóðfélaginu. Þegar ég lít yfir þessi ár þá finnst mér að af miklum drengskap hafi verið staðið að málfærslu hér, hvort sem menn hafa verið mér fylgjandi eða andsnúnir og fyrir það er ég ákaflega þakklátur og bað um tækifæri að mega þakka fyrir það.

Ég er, eins og þið eflaust vitið, alinn upp við skráargat stjórnmálanna og ég reyndar sannfærðist um það þá strax að stjórnmálin og þingstörfin eru með mikilvægustu störfum í þjóðfélaginu. Engu að síður var það nú með mig eins og svo marga unglinga að mér þótti ekki eftirsóknarvert að sækjast eftir stjórnmálastarfinu, en ég komst að því eftir að ég kom hingað inn og hef starfað þennan tíma að þingmannsstarfið er eitt hið mest krefjandi starf í þjóðfélaginu og ég hef sannfærst um það að þeir þingmenn, og það gera langflestir þingmenn sem sinna sínum störfum vel, bæði á þingi og í sínum kjördæmum, eru fróðari en aðrir um ástand atvinnuvega, þarfir fólksins og það sem hér þarf að gera til að bæta úr. Ég hef reyndar stundum sagt að ég tel að það sé á við mörg háskólapróf, meira að segja á við doktorspróf í hagfræði.

En ég ætla nú ekki að ræða þetta lengur. Ég stend hér upp til að þakka og til að kveðja. Ég endurtek mínar þakkir til þingmanna fyrir ágætt samstarf og ég þakka starfsliði þingsins, en ég tek við öðru mikilvægu starfi 1. maí nk. og hef því ritað virðulegum forseta bréf þar sem ég afsala mér þingmennsku frá og með þeim sama degi.

[14:05]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég vildi mega í nafni ríkisstjórnarinnar og einkum í nafni þess embættis sem ég gegni nú um sinn og hv. fráfarandi þm. hefur gegnt lengst allra núlifandi manna færa honum og fjölskyldu hans heillaóskir í tilefni þess að hann skiptir nú um starfsvettvang. Það stendur nú yfir viðgerð á ráðherrabústaðnum og þar fundust við viðgerðina nokkrir tindátar. Þeim hefur, hygg ég, verið komið til skila til hv. þm. Þar á meðal munu vera nokkrir riddarar, en hv. þm. hefur einmitt verið heilmikill riddari í hinu pólitíska lífi á Íslandi. Ég óska honum og hans fólki velfarnaðar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Nú við afsögn hv. 7. þm. Reykn., Steingríms Hermannssonar, formanns Framsfl., hverfur af þingi sá stjórnmálamaður sem um tveggja áratuga skeið hefur verið í forustuhlutverki á Alþingi, átt hér sæti í samfellt 23 ár og verið meiri hluta þess tíma í ráðherrastörfum, lengst sem forsætisráðherra. Við þessi tímamót vil ég færa fyrir hönd Alþingis og alþingismanna Steingrími Hermannssyni þakkir fyrir þau störf sem hann hefur unnið á vettvangi Alþingis. Verka hans sér víða stað, en hann hefur sett sterkan svip á störf Alþingis á þingferli sínum.

Ég óska honum og fjölskyldu hans allra heilla í nýju starfi og endurtek þakkir okkar alþingismanna fyrir ánægjuleg kynni og ánægjulegt samstarf á undanförnum árum.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 2. umr.

Frv. TIO o.fl., 30. mál (leigutekjur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 31, nál. 1012, brtt. 1011.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Brtt. 1011,1 (ný 1. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH,

JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, BBj, DO, GuðjG, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SAÞ, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 1011,2 (ný 2. gr.) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, BBj, DO, EgJ, HÁ, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, StG, SvG) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, BBj, DO, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

1. gr. (verður 2. gr.), svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, BBj, DO, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 1004,3 (ný grein, verður 3. gr.) samþ. án atkvgr.
2. gr. (verður 4. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 1004,4 (ný 3. gr., verður 5. gr.) samþ. án atkvgr.
Ákv. til brb. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, ÞorstP, ÖS.
14 þm. (ÁJ, BBj, DO, HBl, ISG, JHelg, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG, VE) fjarstaddir.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 2. umr.

Stjfrv., 294. mál (afskriftareikningur útlána). — Þskj. 393, nál. 1003, brtt. 1004.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:10]
Brtt. 1004,1 (ný grein, verður 1. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, BBj, DO, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Brtt. 1004,2 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
12 þm. (ÁJ, BBj, DO, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Skráning og mat fasteigna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 400. mál (stjórn Fasteignamats ríkisins). — Þskj. 602, nál. 1000.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:13]
1. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.
13 þm. (ÁJ, BBj, DO, HBl, ISG, JHelg, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÖS.
15 þm. (ÁJ, BBj, DO, HÁ, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG, VS) fjarstaddir.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frh. 1. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 614. mál. — Þskj. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:15]

Frv. vísað til 2. umr. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, BBj, DO, GÁS, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. vísað til sjútvn. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HG, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, StH, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP, ÖS.

15 þm. (ÁJ, BBj, DO, EgJ, HÁ, HBl, ISG, JVK, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, SigG, SighB, SvG) fjarstaddir.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 2. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056 og 1057. [14:17]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Frú forseti. Umhvn. hefur fjallað ítarlega um frumvarpið sem ætlað er að samræma löggjöf um villt dýr og leysa af hólmi sundurleit lagaákvæði á því sviði. Frumvörp um þetta efni voru lögð fram á 115. og 116. þingi án þess að hljóta afgreiðslu. Það frumvarp, sem liggur fyrir 117. þingi, er nokkuð breytt frá fyrri frumvörpum. Fæstar breytingar eru þó efnislegar.

Meiri hluti nefndarinnar telur mikilvægt að sett verði hér á landi ný heildarlöggjöf um villt dýr og mælir með samþykkt frv. með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstökum þingskjölum. Einstakir nefndarmenn flytja brtt. við tiltekin ákvæði í samræmi við fyrirvara sem gerðir eru í nefndaráliti þessu. Breytingar, sem meiri hlutinn leggur til eru á þskj. 1053 og á þskj. 1052 er gerð grein fyrir brtt. á nál. meiri hluta umhvn. Ég vil taka það fram að hv. þm. Tómas Ingi Olrich tók þátt í vinnslu frv. og vann með okkur að þeim brtt. sem lagðar eru til í frv. þótt hann skili sérstöku nál. og standi ekki að brtt. meiri hlutans.

Þótt breytingarnar séu í mörgum liðum og við allar greinar frv. eru þær aðeins að hluta efnislegar þar sem víða er aðeins um orðalagsbreytingar að ræða til að gera ákvæðin skýrari. Ég mun nú gera grein fyrir helstu breytingunum.

Við 1. gr. frv. er lagt til að hugtakið „friðun" taki einnig til eggja og hreiðra friðaðra fugla. Er það í samræmi við 3. mgr. 8. gr. laga um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 33/1966, sem lögum þessum er ætlað að leysa af hólmi. Breytingin er enn fremur í samræmi við Parísarsamþykktina frá 1956, Bernarsáttmálann og tilskipun ESB 79/409. Þá er lagt til að skilgreiningu á „lífsvæði" verði breytt á þann hátt að hún sé ekki einskorðuð við land eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, enda nær frumvarpið til sjófugla, sela, hvítabjarna og efnahagslögsögunnar allrar.

Eins og fram kemur í brtt., tölul. 23, er lagt til að orðin „öðrum en hvölum" falli út úr heiti frv. Talið er heppilegra að taka sérstaklega fram að lögunum sé ekki ætlað að taka til hvala. Lagt er til að slíkt ákvæði komi í 2. gr. Um hvali gilda sérstök lög, lög um hvalveiðar, nr. 26/1949, sem fjalla bæði um veiðar, vernd og friðun tiltekinna hvalategunda. Þá gilda einnig um hvali ákvæði í Rekabálki Jónsbókar, Alþingisdómur um rekamark frá um 1300, Konungsbréf frá 23. júní 1779 og opið bréf frá 4. maí 1778.

Lagt er til að heiti „villidýranefndar" í 3. gr. verði breytt í „ráðgjafarnefnd um villt dýr" þar sem mjög skiptar skoðanir eru um fyrrnefnda heitið. Bent hefur verið á að það geti verið villandi þar sem hugtakið „villidýr" vísi í málvitund manna til stórra rándýra. Ég tek fram, virðulegur forseti, að nokkrir nefndarmenn, þar á meðal ég, töldu óþarft að gera þessa breytingu.

Lagt er til að í stað þess að taka fram í 6. gr. að mýs, rottur og minkar séu ekki friðuð samkvæmt lögunum sé það tekið fram í 13. gr. sem fjallar um minka og 15. gr. þar sem fjallað um mýs og rottur að þessar dýrategundir njóti ekki friðunar. Meiri hlutinn leggur til þá efnisbreytingu að hagamýs skuli njóta friðunar eins og önnur dýr samkvæmt frv. nema þær séu í húsum inni. Ekki þykir rétt að hagamýs séu ófriðaðar úti í náttúrunni, enda tegundin hérlendis a.m.k. jafngömul landnámi.

Lagðar eru til nokkrar breytingar á 7. gr. frumvarpsins. Leitast er við að samræma fyrirkomulag varðandi setningu reglugerðarákvæða. Lagt er til að ráðherra leiti eftir beinum tillögum ráðgjafarnefndarinnar eða styðjist við umsagnir nefndarinnar við allar meiri háttar ákvarðanir sem snerta efni væntanlegra laga. Þá er talið rétt að taka af öll tvímæli um að ákvarðanir um að aflétta friðun byggist einungis á þeim atriðum sem tiltekin eru í 1. mgr. 7. gr. og því er lagt til að orðin „fyrst og fremst" falli brott. Þá er lagt til að í reglugerð verði kveðið á um hvaða fuglar teljist til „fágætra" fugla og um skylduskil á þeim. Loks er lagt til að haft verði samráð við landeigendur þegar Náttúrufræðistofnun nýtir heimild til að láta veiða fugla og safna eggjum handa stofnuninni. Við leggjum áherslu á að ekki er ætlast til að það nægi að starfsmaður Náttúrufræðistofnunar tilkynni landeigendum áform sín heldur er mikilvægt að haft sé samráð við landeigandann. Hér var höfð til hliðsjónar 15. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun Íslands. Aðrar breytingar sem lagðar eru til varða orðalag en meiri hlutinn vill leggja áherslu á að ákvarðanir ráðherra um að

beita sér fyrir útrýmingu stofna séu byggðar á niðurstöðum vísindalegra rannsókna.

Lagt er til að hugtakið „efnahagslögsaga" sé notað í stað hugtaksins „landhelgi" í samræmi við síðari málsgrein 2. gr. um að lögin nái til efnahagslögsögunnar. Breytingin felur í sér að lögin munu gilda um svæðið allt að 200 mílum frá grunnlínum landhelgi en ekki einungis 12 mílna landhelgi. Breytingin er að öðru leyti í samræmi við þann rétt sem gildir innan efnahagslögsögunnar. Enn fremur er lagt til að við 8. gr. bætist reglur sem eru nú í lögum nr. 33/1966, um fuglaveiðar og fuglafriðun. Samkvæmt athugasemd við 8. gr. frumvarpsins felur ákvæðið ekki í sér breytingu frá gildandi rétti og telur meiri hlutinn m.a. af þeim sökum rétt að viðkomandi ákvæði í núgildandi lögum verði látin halda sér. Þetta eru ákvæði um dýraveiðar og landareign sem eru í óskiptri sameign og ákvæði um dýraveiðar þar sem forn venja er til að dýraveiðar í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni landareign og að sú venja skuli ríkja eftirleiðis. Ekki þykir rétt að fella burt slík ákvæði úr núgildandi rétti. Þá er lagt til að í stað opinnar reglugerðarheimildar í 6. mgr. verði skýrt kveðið á um að erlendum ferðamönnum, sem hyggjast veiða hér á landi, beri að hlíta sömu skilyrðum og sett eru gagnvart innlendum veiðimönnum. Meiri hlutinn telur eðlilegt að gerðar verði sömu kröfur til allra handhafa veiðikorta. Ekki eru lagðar til frekari breytingar á 8. gr. en bent er á að ákvæði greinarinnar varða álitaefni um eignarhald og umráðarétt á almenningum og afréttum sem ekki verður tekið á í frumvarpi þessu. Fallið hafa nokkrir hæstaréttardómar um álitaefnið. Má þar nefna Hrd. 1955:108, „Landmannaafréttardóm fyrri", og Hrd. 1981:1584, „Landmannaafréttardóm síðari". Í fyrri dómnum var talið að landeigendur ættu ekki ótvíræðan eignarrétt á Landmannaafrétti og í „Landmannaafréttardómi síðari" var tekist á um það hvort ríkisvaldið teldist þá eiga eignarrétt á afréttinum. Hæstiréttur klofnaði í afstöðu sinni til þess hvort svo væri. Meiri hluti réttarins komst að þeirri niðurstöðu að íslenska ríkið hefði ekki sett fram fullnægjandi rök fyrir eignartilkalli til afréttarins og orðrétt sagði í dómsorði, með leyfi forseta: „Alþingi hefur ekki sett lög um þetta efni, þó að það hefði verið eðlileg leið til að fá ákvörðun handhafa ríkisvalds um málsefnið." Minni hlutinn taldi að íslenska ríkið ætti beinan eignarrétt yfir afréttinum með þeim takmörkunum sem leitt gætu af lögmæltum og venjuhelguðum réttindum þeirra sem upprekstur ættu á svæðinu. Telja verður þá réttaróvissu, sem framangreindir dómar bera vott um, afar óæskilega. Hún kemur sér m.a. illa fyrir veiðimenn og aðra þá sem vilja nýta sér almannarétt.

Lagt er til að gerðar verði nokkrar breytingar á 9. gr. Í 4. tölul. greinarinnar er lagt til að heimilt sé að veiða lunda og álku, langvíu og stuttnefju í háf. Fjölmargir umsagnaraðila lýstu sig andsnúna því að veitt yrði almenn heimild til að veiða aðra bjargfugla í háf en lunda nema þar sem um hefðbundna nýtingu hlunninda er að ræða eins og fram kemur í 19. gr. frv. Í Grímsey mun t.d. tíðkað að veiða álku, langnefju og stuttnefju í háf án þess að það hafi óæskileg áhrif. Ekki er lagt er til að hróflað verði við slíkri hefðbundinni nýtingu. Frumvarpið gerir ráð fyrir að að nýting netafugls sé bönnuð en meiri hlutinn telur of langt gengið að banna notkun fugls til eigin þarfa. Ekki verður komið í veg fyrir að fugl slæðist í fiskinet sem lögð hafa verið og hætt er við að of ströng ákvæði dragi úr virðingu veiðimanna fyrir lögunum. Því er lagt til að önnur ráðstöfun en nýting veiðimanns sjálfs verði bönnuð með sama hætti og gert er ráð fyrir með nýtingu andareggja og heiðargæsaeggja en gert er ráð fyrir að ekki verði heimilt að bjóða til sölu, kaupa, gefa né þiggja að gjöf fugla sem drepast í netum.

Efnisleg breyting á 10. tölul. er að lagt er til að heimilt verði að nota ljósgjafa við refa- og minkaveiðar. Refaskyttur hafa tíðkað að lýsa upp agn við skothús sem notuð eru til refaveiða að vetrarlagi. Þar sem um er að ræða veiðar sem að hluta til eru kostaðar af ríkissjóði og fyrirkomulagið getur sparað útgjöld þykir rétt að heimila það. Þá má færa fyrir því rök að minni líkur séu á að dýr sem leita í agnið særist ef agnið er upplýst. Í 14. tölul. er lagt til að breytt verði þannig að skýrt sé að notkun sjálfvirkra skotvopna sé með öllu bönnuð en að notkun hálfsjálfvirkra skotvopna og handhlaðinna fjölskotabyssa sé heimil svo fremi þau séu ekki með skothylkjahólfum sem taka fleiri en tvö skothylki. Lagt er til að í stað orðsins „pumpa" verði notuð orðin „handhlaðin fjölskotabyssa". Betur er talið fara á því að nota síðarnefnda orðið enda þótt veiðimönnum sé tamt að nota orðið „pumpa" yfir þessa tegund skotvopna. Í 17. tölul. er gert ráð fyrir að vélknúin ökutæki séu bönnuð nema við fuglaveiðar á sjó. Lagt er til að undantekning gildi einnig varðandi selveiðar. Eðlilegt er talið að heimila selveiðar á bátum á sama hátt og við fuglaveiðar. Þá er lagt til að skotvopn skuli vera óhlaðin nær farartækjum á landi en 250 m í stað 50 m eins og frv. gerir ráð fyrir. Loks leggur meiri hlutinn til að aðeins sé heimilt að veita tímabundnar heimildir til að nota þær veiðiaðferðir sem 9. gr. bannar og að ákvarðanir séu teknar í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr.

Almennt gera breytingartillögur meiri hluta umhvn. ráð fyrir auknu vægi ráðgjafarnefndarinnar að því er varðar stjórnvaldsákvarðanir.

Meiri hluti nefndarinnar telur nauðsynlegt að kveðið verði á um í lögum hver annist útgáfu veiðikorta og telur eðlilegt að það verði falið embætti veiðistjóra enda er gert ráð fyrir því í drögum að reglugerð um veiðikort. Þá er lagt til að tekið verði fram að veiðikortunum sé ekki ætlað að taka til eggjatöku. Nefndin kynnti sér drög að reglugerð sem umhvrh. hyggst setja um veiðikort, en nokkur umræða varð í nefndinni um stöðu landeigenda í þessu efni. Meiri hlutinn leggur til að lögleiddar verði sérstakar reglur að því er varðar hlunnindabændur og gerir jafnframt að tillögu sinni að sama gjald verði tekið fyrir þau kort og almenn kort. Eins og fram kemur í 11. gr. er gjaldinu fyrir veiðikort ætlað að renna til rannsókna og stjórnunar á stofnum villtra dýra og eðlilegt er því að allir greiði sama gjald fyrir kortin. Þá leggur meiri hluti

nefndarinnar til að hámark gjaldsins verði lögbundið, þ.e. 1.500 kr.

Sú efnisbreyting sem lögð er til í frv. að því er varðar refi er að aðeins sveitarstjórn er ætlað að ráða menn til refaveiða á svæðum þar sem friðun refs er aflétt og eru refaveiðar óheimilar öðrum. Þó mega bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum skjóta refi sem búfénaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af. Loks er lagt til að umhvrh. geti heimilað sveitarstjórnum að láta veiða refi á tilteknum svæðum til viðbótar því sem veiðistjóri hefur talið nauðsynlegt og að reglur um greiðsluskyldu ríkissjóðs gildi ekki um þær veiðar.

Í tilskipun frá 20. júní 1849 er lagt bann við skotum nær friðlýstum látrum en hálfa danska mílu. Ekki var ætlunin að gera breytingar frá núgildandi rétti. Þar eð vegalengdin hálf dönsk míla samsvarar 3,7 km er lagt til að þessi misskilningur verði leiðréttur. Einnig er lagt til að bannað verði að leggja net í sjó nær friðlýstu selalátri en 250 m í stað hálfs km eins og frv. gerir ráð fyrir. Breytingin er í samræmi við það að frv. gerir ráð fyrir að ekki megi leggja net nær æðarvarpi en 250 m.

Í 18. gr. frv. eru ákvæði um það að aflétta megi friðun ákveðinna fuglategunda innan þeirra tímamarka sem þar eru tilgreind. Meiri hluti umhvn. leggur til að ekki sé hægt að aflétta friðun á kjóa um varptímann eins og frv. gerir ráð fyrir, en heimilt sé að skjóta hann nærri æðarvarpi. Einnig er lagt til að ekki megi hefja fuglaveiðar fyrr en 1. sept. þar sem síðari hluta ágústmánaðar er enn mikið um ófleyga eða illa fleyga fugla, en gert er ráð fyrir því í frv. að veiði geti hafist 20. ágúst á mörgum fuglategundum.

Þá er lagt til að ekki megi veiða svartfugl eftir 30. apríl í stað 19. maí eins og frv. gerir ráð fyrir. Fuglafræðingar hafa bent á að svartfugl leiti í fuglabjörg löngu fyrir 19. maí og að eðlilegt sé að veiðum á þeim sé lokið þegar varpundirbúningur hefst. Vorveiðar á þessum fuglategundum munu alfarið bannaðar á öðrum Norðurlöndum. Enn fremur er lagt til að aldrei megi aflétta friðun á bjartmáv þar sem sérfræðingar á sviði fuglafræði telja óeðlilegt að sú fuglategund falli undir ákvæðið. Bjartmávur sem er vetrargestur hér á landi hefur aldrei verið veiddur hér til matar né verið til óþurftar eins og sumar aðrar tegundir máva.

Lagt er til að umhvrh. geti ákveðið svæðisbundna friðun að ósk viðkomandi sveitarstjórna innan tilteknna tímamarka. Fram kom í umfjöllun nefndarinnar að mikil umferð veiðimanna getur valdið truflun og jafnvel hættu, ekki síst um göngur á haustmánuðum. Þá fjölgar ferðamönnum sem leggja leið sína um ákveðin svæði í óbyggðum utan hefðbundins ferðamannatíma og nauðsynlegt getur verið að takmarka veiðar tímabundið til að koma í veg fyrir árekstra. Talið er mikilvægt að sveitarstjórnir geti því ef ástæður þykja til óskað eftir friðun á tilteknum stöðum. Þá er lagt til bannað að verði að fljúga flugvélum og vera með annan óþarfa hávaða nærri fuglabjörgum, svo sem vegna umferðar hraðbáta.

Sú breyting sem lögð er til við 19. gr. er ekki efnisleg en í henni felst að taldar eru upp þær tegundir sem heimilt er að taka egg frá í stað þess að tiltaka undan hvaða tegundum sé óheimilt að taka egg. Þá er lagt til að kveðið verði á um að auk andareggja verði óheimilt að bjóða til sölu, selja, kaupa, gefa eða þiggja að gjöf heiðargæsaregg en frv. gerir ráð fyrir að heimilt sé að taka heiðargæsaregg á sama hátt og grágæsaregg.

Lagt er til að gildistökutími frv. verði 1. júlí 1994. Þá leggur meiri hlutinn til að ákvæði Jónsbókar, sem vísað er til í 1. tölul. 20. gr., haldi gildi sínu þar sem engin rök eru til þess að þau verði felld brott í tengslum við gildistöku þessara laga. Þá er lagt til að tiltekið verði hvaða ákvæði tilskipunar um veiðitíma frá 20. júní 1849 falli brott verði þetta frv. að lögum.

Petrína Baldursdóttir, Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason og Lára Margrét Ragnarsdóttir undirrita nál. þetta með fyrirvara. Þau ásamt Tómasi Inga Olrich, sem skilar sérstöku nál., flytja brtt. sem fela í sér að Náttúrufræðistofnun Íslands gegni því hlutverki sem veiðistjóra er falið samkvæmt frv. þessu. Þau munu gera grein fyrir tillögum sínum í umræðum um málið.

Þá rita auk mín Hjörleifur Guttormsson og Ólafur Ragnar Grímsson undir með fyrirvara varðandi 16. gr. þar sem við teljum að málefni varðandi seli eigi að heyra undir umhvrh. Jón Helgason ritar einnig undir með fyrirvara, m.a. vegna 16. gr. þar sem hann telur að nýting selastofna eigi að heyra undir landbrh. Þessir nefndarmenn munu flytja brtt. varðandi 16. gr.

Ég vil þakka nefndarmönnum fyrir samvinnu í nefndinni við vinnslu málsins og nefndarritara, Ragnhildi Arnljótsdóttur, fyrir mikla aðstoð.

Virðulegur forseti. Það verður að teljast óvenjulegt ef ekki einsdæmi að allir nefndarmenn skuli hafa fyrirvara um afgreiðslu máls með þessum hætti sem ég hef nú gert grein fyrir. Að mínu mati þarf það þó ekki að vera óeðlilegt. Hér er um viðamikinn málaflokk að ræða sem tekur til fjölmargra þátta og því eðlilegt að það geti verið skiptar skoðanir um einstaka afmarkaða þætti. Það verður þó að viðurkennast að þær breytingartillögur sem stjórnarliðar hafa flutt við frv. liggja til grundvallar og er það nokkuð óvanalegt þegar um stjfrv. er að ræða. Ég mun hins vegar ekki gera það að umtalsefni nú. Eins og fram kom í máli mínu flyt ég ásamt öðrum brtt. við frv. og mun ég gera grein fyrir þeim síðar í umræðunni.

Virðulegur forseti. Ég hef þá lokið við að gera grein fyrir áliti meiri hluta umhvn. varðandi þetta frv.

[14:35]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ekki fer á milli mála að í nál. meiri hluta umhvn. koma fram afar áköf friðunarsjónarmið, jafnvel svo að sums staðar má tala um að þau gangi út í öfgar. Ég verð að segja að mér finnst afkáralegt að lesa í nál. meiri hluta umhvn. þar sem vikið er að 15. gr. og segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Lagt er til að í 15. gr. sé tekið fram að rottur og húsamýs, svo og hagamýs í húsum inni, séu ekki friðaðar og er breyting þessi í samræmi við breytingu sem

lögð er til á 6. gr. frv. Rétt þykir að hagamýs séu friðaðar úti í náttúrunni enda er tegundin hérlendis a.m.k. jafngömul landnámi."

Ég verð nú að segja eins og er, virðulegi forseti, þó að ég hafi afskaplega litla þekkingu á þessum málaflokki, þá finnst mér þetta með eindæmum. Dettur einhverjum í hug að slík vá sé nú uppi í náttúru Íslands að hagamúsinni stafi slík hætta af að það þurfi að lögfesta sérstaklega á hinu háa Alþingi ákvæði sem kveður á um það að hagamúsin úti njóti sérstakra friðunarákvæða í löggjöf landsins? Hvað er að gerast nú sem gerir það að verkum að menn ætla það í fyrsta skipti eftir landnám að það þurfi að setja fram sérstakt ákvæði til að verja þetta litla dýr? Er eitthvað í náttúrunni sem er að gerast með þeim hætti? Er það að gerast þannig kannski að mannskepnan sé líkleg til að fara að leggjast á músina í því skyni að útrýma henni?

Samkvæmt þessu sýnist mér að menn megi einungis bregðast við músagangi heima hjá sér með því að bíða eftir að músin skríði inn og leggja þá til atlögu við hana ella séu menn brotlegir gerðir við lög landsins.

[14:38]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það er þannig í þessu frv. að öll villt dýr á Íslandi eru friðuð. Það gildir ekki bara um hagamúsina heldur öll dýr. Síðan í 7. gr. eru heimilaðar undantekningar frá þessu. Það er hægt að taka ákvörðun um að aflétta friðun og það er engin ástæða til þess að hagamúsin sé sérstaklega undanskilin þeirri almennu friðun á villtum dýrum sem frv. gerir ráð fyrir. Það var álit umhvn. og mér þykir það ákaflega eðlilegt að svo sé. Ég tek það fram að það gildir að vísu ekki um minka, rottur og húsamýs og mýs sem eru inni í húsum. Það eru einu undantekningarnar frá þeirri almennu reglu að öll villt dýr séu friðuð. Þess vegna er mjög eðlilegt að hagamúsin njóti sömu friðunar og önnur villt dýr og ekki sérstök ástæða til að hún sé réttdræp hvar sem til hennar næst.

[14:39]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég nefndi þetta dæmi varðandi hagamúsina til að undirstrika það sem ég sagði að í nál. meiri hlutans kæmu fram afar áköf friðunarsjónarmið. **(Gripið fram í:** Er þetta í frv.?) Og ég nefndi það vegna þess að ég taldi að hér væri verið að ganga út í öfgar. Hér var kallað fram í: Er þetta ekki í frv.? Í 6. gr. frv. segir svo:

„Villt dýr, önnur en mýs, rottur og minkar, þar með talin þau sem koma reglulega eða kunna að berast til landsins, eru friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum" o.s.frv., sem sagt í upphaflega frv. Það hefur verið stefna hæstv. umhvrh., (Gripið fram í.) eftir því sem ég hef skilið að blessuð músin mundi ekki njóta þessa friðarákvæðis sem hv. framsíkallandi hefur hins vegar beitt sér sérstaklega fyrir að yrði gert með þeim brtt. sem kynntar eru í nál. meiri hlutans.

Ég endurtek það, án þess að þetta eigi að vera stór þáttur í efnisumræðu þessa mikla máls, er ekki verið að ganga út í öfgar og kunna að finnast önnur viðlíka dæmi þegar verið er að tína upp svona ákvæði og festa í lög, svo fráleitt sem það er að vera að friða hagamýs úti á túnum fullkomlega að ástæðulausu?

[14:40]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tek undir þann málflutning sem kom fram hjá hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni að þetta virðist ganga út í öfgar. Hann nefndi dæmi um hagamúsina og ég verð að segja að það liggur við að maður sé hissa á því að sjá ekki verndun og friðun kartöflumúsarinnar í þessu, svo langt gengur málið.

En að þessu sinni í þeim stutta tíma sem ég hef vildi ég gjarnan spyrjast fyrir um þá brtt. sem meiri hlutinn gerir varðandi óhlaðin skotvopn. Í frv. er sagt að þau verði að vera óhlaðin 50 metra frá vélknúnu farartæki en sú fjarlægð er aukin í 250 metra í brtt. Mig langar að spyrja hvernig meiri hlutinn hugsar þetta mál. Nú hagar þannig til að mjög víða er hægt að keyra eftir vegum og vegslóðum alveg upp í fjallsrætur og síðan upp á fjallið, jafnvel upp á topp. Þetta eru kannski ekki nema 30–40 eða einhverjir tugir metra þegar menn eru komnir inn á veiðisvæðið. Hvernig ætla menn að túlka þetta? Eru menn faktískt að loka eða friða heilu fjöllin fyrir skotveiðinni eða ber mönnum að leggja bílnum langt í burtu og taka það hagræði af mönnum að geta keyrt upp að fjallsrótum? Ég spyr þá líka: Hvernig sér meiri hlutinn það fyrir sér að framfylgja slíku ákvæði? 50 metrarnir þóttu nú ærið en það ákvæði að fara upp í 250 metra og gera mönnum bara erfiðara fyrir úti í náttúrunni skil ég ekki og ég óska eftir frekari skýringum á því.

Ég óska líka eftir að heyra hver viðurlögin eru ef maður keyrir upp að fjallsrót og leggur bílnum sínum þar og labbar síðan 50 metra upp á fjall og fer síðan að skjóta rjúpu. Hver verða viðurlögin?

Í þriðja lagi. Hvernig í ósköpunum ætla menn að fylgja þessu eftir? Hvar verða lögreglusveitirnar að fylgja þessu eftir? Þetta eru náttúrlega ákvæði sem er ekki hægt að framfylgja og því er þetta tóm della.

[14:43]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi ákvæðið með 50 metrana vil ég í fyrsta lagi benda hv. þm. á að akstur utan vega er bannaður og þess vegna er varla hægt að keyra mikið upp á fjöll nema þar sem eru vegir. Mjög víða erlendis er bannað að skjóta nær farartækjum en 250 metra. Auk þess fengum við fjölmargar ábendingar að því er þetta varðar. Nú hef ég ekki tíma til að skoða það núna en mig minnir að það hafi m.a. verið frá skotveiðimönnum sem við fengum þá ábendingu að það væri óeðlilegt að hafa þetta svona stutt því að það væri nánast hægt að skjóta úr bifreiðum, þetta er svo til rétt við. En það er algerlega bannað að elta dýr á vélknúnum farartækjum en auðvitað má keyra á milli veiðilenda eins og kemur fram í 9. gr. Þar er tekið sérstaklega fram að ekki megi nota vélknúið farartæki við veiðar. Og við tökum undir það en leggjum til að fjar-

lægðin sé 250 metrar.

Ég tel að það sé afar óeðlilegt að heimila hlaðnar byssur nær farartækjum en 250 metra. Þeir sem eru á ferð um vegi geta annars verið í hættu. En ég vil taka það fram að ég geri ekki ráð fyrir því að menn séu að brjóta lög um akstur utan vega.

Varðandi viðurlög þá, eins og kemur fram í 20. gr. frv., fer eftir almennum hegningarlögum að því er varðar brot á þessum lögum sem og öðrum lögum.

[14:45]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er hræddur um að hv. þm. hafi að einhverju leyti misskilið mig. Ég talaði hvergi um það að menn væru að keyra upp á fjöll. Ég talaði held ég mjög skýrt um það að það væri keyrt að fjallsrótum eftir merktum vegarslóðum sem er heimilt samkvæmt frv. Þar segir orðrétt:

„Vélknúin farartæki á landi má nota til að flytja veiðimenn til og frá veiðlendum og þá eingöngu á vegum eða merktum vegarslóðum."

Ég þekki alveg nógu vel til þess að vita að það eru fjölmargir merktir vegarslóðar upp að fjallsrótum og með þessu ákvæði hér er verið að meina mönnum að nota farartæki innan 250 metranna. Menn þurfa ekki annað en fara t.d. upp í Þrengsli. Þeir yrðu þá að leggja úti á þjóðvegi. Ég er hræddur um að það gæti stafað aukin hætta af því ef menn þurfa að leggja þar í vegarkantinum. Er það það sem hv. nefnd er að leggja til, að leggja til aukna slysahættu á þjóðvegum landsins? Það er eina afleiðingin sem getur orðið af þessu.

Það er því alveg skýrt hvað frv. segir og það er alveg skýrt hver afleiðingin verður af þessu. Það efast enginn um að menn megi keyra á milli veiðisvæða, þó nú væri. Það væru aldeilis öfgarnar ef það væri líka bannað. Ég er því hræddur um að hv. þm. hafi misskilið mig verulega.

Ég tel að þetta ákvæði hafi verið fullstrangt með 50 metrunum en með 250 metrunum sé farið út í hreinar öfgar og það verður að stöðva.

[14:46]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Nei, ég misskildi ekki nema að því leyti til að mér fannst að verið væri að tala um upp á fjöll og ég tók það einmitt fram að ef mann væru að ræða vegarslóða eða vegi þá fyndist mér mjög óeðlilegt að heimila veiðar svo nálægt vegarslóðum því að þar getur verið umferð annarra farartækja.

Að stærstum hluta tókum við tillit til umsagnar Skotveiðifélags Íslands sem benti okkur sérstaklega á það atriði að það væri eðlilegt að auka þessa vegalengd úr 50 í 250 m. Auk þess fengum við ábendingar um að þetta væri víðast svo í nágrannalöndunum og reyndar voru það aðilar frá Skotveiðifélagi Íslands sem gerðu þetta og við reyndum að taka eins mikið mark á góðum ábendingum og við gátum og við tókum mark á t.d. þessu atriði. Og við fórum að skoða hvernig þessi réttur væri annars staðar og komumst að þessu og þess vegna lögðum við til þessa breytingu. Og það verður að vera skýring á því af hverju við í meiri hluta nefndarinnar leggjum það til að ákvæðið sé með þessum hætti.

[14:47]

Frsm. minni hluta umhvn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta umhvn. um frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum. Nál. er til þess að gera stutt og ég vil, með leyfi virðulegs forseta, lesa upp úr nál:

„Umhverfismál ganga inn á svið mjög margra annarra málaflokka. Þess verður að gæta við stjórn umhverfismála að saman fari hagnýt sjónarmið og tillit til umhverfisins sé þess nokkur kostur. Þetta gildir almennt, en þó sérstaklega þegar í hlut á þjóð sem byggir efnahag sinn á nýtingu villtra dýrastofna eins og Íslendingar gera.

Nýting villtra dýrastofna, sem frv. þetta nær yfir, er tæplega undirstaða atvinnurekstrar hérlendis ef undan eru skildar selveiðar. Frv. snertir aðeins með óbeinum hætti þá auðlindanýtingu sem hefur meginþýðingu fyrir efnahag þjóðarinnar, þ.e. nýtingu fiskimiðanna og gróðurlendisins.

Engu að síður er mjög æskilegt að við lagasetningu af þessu tagi sé þess gætt að fram komi ákveðin grundvallarafstaða til nýtingar náttúrulegra gæða. Ekki er skynsamlegt að ganga út frá því sem grundvallarreglu að villtir dýrastofnar séu friðaðir og að nýting þeirra heyri til undantekninga. Efnahagur þjóðarinnar byggist að verulegu leyti á nýtingu villtra dýrastofna, og mun svo verða um fyrirsjáanlega framtíð. Ekki verður séð að nein sérstök rök verði færð fyrir því að um nýtingarrétt eigi við önnur grundvallarviðhorf þegar fuglar og spendýr eiga í hlut en þegar fjallað er um nýtingu fiskimiðanna eða t.d. um nýtingu hvala.

Það er æskilegt að umhverfisvernd og hagnýt sjónarmið finni sér sameiginlegan farveg, ekki síst með þjóð sem byggir afkomu sína á auðlindum náttúrunnar. Undirstaða þeirra lagabálka, sem um gæði náttúrunnar fjalla, á því að vera réttur mannsins til að nýta þessi gæði á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Sú leið er ekki farin í því frv. sem hér um ræðir. Minni hlutinn er ósamþykkur þeirri meginreglu sem fram kemur í 6. gr. frv. að dýr séu friðuð en að ráðherra geti heimilað nýtingu þeirra. Eðlilegra hefði verið að setja þá grundvallarreglu að öll dýr skuli njóta verndar í þeim skilningi að vernd feli í sér skynsamlega nýtingu. Hefði sú leið verið farin hefði verið nauðsynlegt að lögfesta friðun og veiðitíma einstakra tegunda.

Þótt mikilvæg grundvallarsjónarmið, sem fram koma í frv. séu gagnrýnd eru allmörg einstök efnisatriði í því til bóta miðað við gildandi lög. Áskilur minni hlutinn sér rétt til að taka aðra afstöðu en meiri hlutinn til einstakra greina frv. og til brtt. meiri hlutans sem varða frv. í heild. Hins vegar stendur undirritaður að breytingartillögum varðandi embætti veiðistjóra ásamt öðrum þingmönnum stjórnarflokkanna."

Virðulegi forseti. Í þessu máli hafa komið fram afar andstæð sjónarmið þeirra sem hafa fjallað um þetta frv.

sem benda til þess að um málið verði erfitt að ná sátt í þjóðfélaginu. Það er hins vegar svo að það er til mikils að vinna að leita víðtækrar sáttar um umhverfisstefnu. Löggjöf um umhverfismál er í raun og veru aðeins hluti af umhverfisstefnu. Það er nauðsynlegt að löggjöf, ef hún á að vera raunhæf og koma að gagni, styðjist við umhverfissinnaðan bakgrunn og njóti stuðnings umhverfissinnaðrar þjóðar sem sér fara saman umhverfisverndina og undirstöðuhagsmuni sína. Það er þess vegna mjög mikils virði að þingið leiti leiða til *þess að saman fari hin hagnýtu sjónarmið sem snerta* mikilvæga hagsmuni og umhverfismál.

Þau viðhorf sem sá sem hér talar hefur reifað varðandi nýtingarrétt á gæðum náttúrunnar beinast alls ekki gegn því sjónarmiði sem kemur fram í gildandi lögum um friðun einstakra dýrategunda. Friðun dýrategunda á fullan rétt á sér og er hægt að færa rök fyrir því að við gætum á vissa hátt gengið lengra í þeim efnum heldur en við höfum gengið nú, ekki síst við vissar aðstæður. Friðun dýrategunda á fullan rétt á sér, bæði ef viðkoma stofnsins krefst þess en svo má ekki gleyma því heldur að einnig getur friðun þjónað ýmsum öðrum markmiðum sem verður að telja í eðli sínu hagnýt og mun ég koma að því síðar. Hins vegar get ég ekki fallist á það sjónarmið að dýr séu friðuð á þeirri forsendu að veiðar eða nýting villtra dýrastofna sé í sjálfu sér óæskileg, óviðeigandi eða ósiðleg. Slík sjónarmið get ég ekki stutt. Nýting getur verið og á raunar að vera afar víðtækt hugtak. Nýtingin nær að sjálfsögðu sem hugtak yfir veiðar eða sambærilega nýtingu, en hún getur líka og á að geta náð yfir friðun, a.m.k. ef verið er með friðun náttúrlegra gæða, svo sem dýralífs, gróðurlendis eða annarra fyrirbæra náttúrunnar, að tryggja ákveðna tegund hagnýtingar. Þannig má t.d. segja að griðastaðir fugla séu vettvangur fuglaskoðunar, hefðbundin friðun selalátra er tengd hlunnindum og vernd æðarfugls er grundvölluð á dúntekju.

Ég mun ekki fara fleiri orðum um þetta frv. í heild. Ég vil taka það fram, eins og ég gat um áðan í nál., að þó að mikilvæg grundvallarsjónarmið sem fram komu í frv. séu í máli mínu gagnrýnd, þá eru allmörg einstök efnisatriði í því til bóta miðað við gildandi lög. Ég nefni þar sérstaklega þau ákvæði frv. sem skapa möguleika til þess að meta ástand dýrastofna og veiðiþol þeirra með skipulegum hætti.

[14:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það kom held ég fleirum en mér á óvart þegar hv. talsmaður minni hluta umhvn. tilkynnti nefndinni það að hann mundi skila séráliti í málinu og hefði fyrirvara um brtt. rétt undir lok á afgreiðslu á málinu frá umhvn. Ég álasa engum það að ræða viðhorf og sjónarmið af því tagi sem fram koma í nál. hv. þm. Tómasar Olrich. Þau sjónarmið geta alveg átt rétt á sér eða a.m.k. verið fyllilega umræðunnar virði og hér er um álitaefni að ræða eins og raunar mátti heyra í máli þingmannsins En þegar ég fer að líta á það hvernig hv. þm. hélt á máli við 1. umr. þessa máls 9. mars 1992, þegar þetta frv. með þessum ákvæðum lá fyrir sem stjfrv., þá er alveg greinilegt að hv. þm. hefur alveg snúið við blaðinu því að í þeirri ræðu þingmannsins þegar hann lýsir almennum viðhorfum til frv. þennan nefnda dag í þinginu þá er ekki að finna stafkrók það ég fæ séð sem varðar það sjónarmið sem hann nú er farinn að túlka sem grundvallarsjónarmið. Hv. þm. hefur því fengið hugljómun, og það er auðvitað hans góði réttur í þessu máli, og tekið þetta sjónarmið upp jafnákveðið og það birtist í þessu minnihlutaáliti. Ályktunorð hv. þm. í lok málsins 9. mars 1992 voru, með leyfi forseta.:

„*Hins vegar sýnist mér að þegar þetta frv. fer til* umfjöllunar í umhvn. sé rétt að skoða frv. í heild út frá því hvort þar felist of mikil miðstýring“ — það ræðir þingmaðurinn nokkuð — „en ég tel hins vegar ekki að þær athugasemdir sem hafa komið fram hrófli við frv. í grundvallaratriðum.“

[14:57]

Frsm. minni hluta umhvn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég geri ráð fyrir því að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson geri sér grein fyrir því að málefni ganga í gegnum ýmis vinnslustig og eitt af mikilvægustu vinnslustigum þingsins eru umsagnir sem um frv. eru gefnar og það er ekkert óeðlilegt við það að þegar málið er í vinnslu í þinginu þá breyti menn viðhorfum sínum til ýmissa atriða, ekki síst vegna þess að þá leggjast menn yfir málið og skoða það í þaula.

Það kann að vera að hv. þm. líti á það sem sérstakt manngildi að halda fast við afstöðu sína frá upphafi til enda og verður hann að eiga við sjálfan sig hvort hann bítur sig í þá afstöðu. Ég lít ekki svo á að ég geti ekki tekið tillit til þess sem fram kemur t.d. í umsögnum og tel mig hafa fulla heimild til að láta málið þroskast í huga mér eftir þeim leiðum sem ég kýs.

Ég vil geta þess að við vinnslu þessa máls og kannski ekki síður við umfjöllun þingsins um annað mál sem snertir þetta að vísu óbeint, þ.e. dýraverndarfrv., fylltist ég efasemdum um að við værum að fara eftir fyllilega réttum leiðum. Þetta hefur styrkst í huga mér og farið í þann farveg að ég hef kosið að taka þessa afstöðu til málsins hér og nú. Hafi ég gefið hv. þm. einhverjar tálvonir í upphafi umræðunnar bið ég hann velvirðingar á því, en ég biðst ekkert afsökunar á því að hafa látið málið þroskast í huga mér.

[15:00]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Fyrir rösklega einu ári segir hv. þm. í 1. umr. um þetta mál, ég leyfi mér að vitna til þess:

„Það er svo að víða er ekki gripið til ráðstafana á þessu sviði“, þ.e. í sambandi við vernd dýrastofna, „fyrr en það er orðið heldur seint. Ég hef átt þess kost að kynnast svolítið veiðum á fuglum og spendýrum erlendis og þekki nokkuð til þeirra mála, t.d. í Frakklandi og það verður að segjast eins og er að þar er hið ömurlegasta ástand. Þar er búið að ganga svo nærri fjölmörgum stofnum fugla og dýra að það verður að flokkast undir meiri háttar slys. Það er með öðrum orðum ekki nógu gott að bíða þar til menn standa frammi fyrir slysinu og reyna þá að grípa til aðgerða. Það er

rétti tíminn að grípa til aðgerða meðan ástandið er tiltölulega viðunandi."

Þetta er rökstuðningur fyrir þeirri stefnu sem fram kemur í frv., skýr rökstuðningur, og ég hlýt að vekja athygli á þessu. Ég mun síðar í umræðunni ræða frekar þau sjónarmið sem fram koma í nál. minni hlutans en ég undrast það nokkuð að það skuli af stjórnarliða vera snúið svo við blaði á tveimur árum í þýðingarmiklu máli eins og hér um ræðir þar sem um er að ræða undirstöðuatriðið í frv.

[15:01]

Frsm. minni hluta umhvn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég verð að gera athugasemd við ræðu hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar. Þau ummæli sem hann vitnaði í stend ég við í einu og öllu. Fyrirvari minn snerti þetta ekki neitt. Það er hægt að nálgast það markmið sem ég lýsti þarna sem æskilegu markmiði, að gera bót á ástandinu í Frakklandi, ef menn vilja ræða það, með ýmsum aðferðum og það er einmitt aðferðin sem ég er að gagnrýna en ekki niðurstaðan. Ég hef ekkert breytt um skoðun í þessum efnum. En ég hef leyft mér að láta málið þroskast í huga mér að því er varðar leiðina sem farin er í frv.

Ég vil því mælast til þess, þó að ég hafi ánægju af því að fá að skiptast á skoðunum við hv. þm. því að hann hefur mikla þekkingu á þessu málum þó að hann nálgist þessi mál með öðru hugarfari en ég, að hann snúi ekki út úr orðum mínum.

[15:02]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. við frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum sem er á þskj. 1055. Brtt. er flutt af meiri hluta umhvn. sem auk mín eru hv. þm. Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason, Tómas Ingi Olrich og Lára Margrét Ragnarsdóttir.

Tillaga þessi er nær samhljóða þeirri breytingu sem umhvrh. óskaði eftir með bréfi til umhvn. 16. mars sl. að gerð yrði á frv. Kjarni brtt. er að fela Náttúrufræðistofnun Íslands þau verkefni sem veiðistjóra er ætlað að sinna samkvæmt frv. Fallið er frá þeirri leið sem sett er fram í 4. gr. frv. að setja á fót sérstaka stofnun á grundvelli embættis veiðistjóra til þess að annast stjórn á stofnstærð villtra fugla og villtra spendýra og rannsóknir á þessum dýrum.

Meiri hluti umhvn. telur eðlilegra að fela Náttúrufræðistofnun Íslands þetta hlutverk í stað þess að byggja upp nýja stofnun við hlið Náttúrufræðistofnunar sem lögum samkvæmt skal stunda rannsóknir á náttúru landsins og leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda, þar á meðal villtra dýra. Brtt. miðar því að aukinni hagræðingu og skilvirkara starfi jafnframt því að laga þessa nýju löggjöf um vernd og veiðar villtra dýra að gildandi lögum.

Í 1. tölul. brtt. meiri hlutans er lagt til að 3. gr. frv. verði breytt á þann veg að í stað veiðistjóra tilnefni Fuglaverndarfélag Íslands fulltrúa í villidýranefnd, sem samkvæmt brtt. á þskj. 1053 mun heita ráðgjafarnefnd um villt dýr.

Með frv. er verið að leggja til að lög um fuglaveiðar og fuglafriðun, nr. 50/1966, verði felld að löggjöf um vernd og eftirlit með villtum dýrum og veiðar á þeim. Jafnframt er gert ráð fyrir að fuglaverndarnefnd, sem starfar samkvæmt lögum um fuglaveiðar og fuglafriðun, verði lögð niður. Verulegur hluti þeirra mála sem ráðgjafarnefndin um villt dýr kemur til með að fjalla um mun lúta að fuglaveiðum og fuglavernd og þess vegna þykir nauðsynlegt að Fuglaverndarfélag Íslands tilnefni fulltrúa í ráðgjafarnefndina.

Þá er lagt til að 4. gr. frv. verði breytt á þann veg að í stað 1.–5. mgr. komi tvær nýjar málsgreinar sem hljóði svo:

„Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með og stjórnar þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla laga þessara.

Náttúrufræðistofnun Íslands leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Stofnunin getur með leyfi ráðherra gerst aðili að rekstri hundabús til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda."

Þær breytingar á frv. sem lagðar eru til í 3.–8. tölul. brtt. miða eingöngu að því að laga aðrar greinar frv. að þessum ákvæðum.

Í 8. tölul. brtt. er lagt til að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða sem kveður á um að starfsemi embættis veiðistjóra haldist óbreytt til 1. jan. 1995. Þessi frestur þykir nauðsynlegar þar sem gert er ráð fyrir í 22. gr. frv. að lagastoð fyrir embætti veiðistjóra verði numin úr gildi 1. júlí 1994. Gefa þarf tíma til að laga þau verkefni sem nú eru unnin hjá veiðistjóraembættinu að starfsemi Náttúrufræðistofnunar og er þá einkum átt við umsjón með veiðum og rannsóknum á ref, mink og hreindýrum.

Rannsóknir sem miða að því að meta ástand stofna, stofnstærð og veiðiþol þeirra er grundvöllur fyrir skynsamlegri nýtingu á dýrastofnum. Slíkar rannsóknir hafa verið í lágmarki hér á landi, enda höfum við verið langt á eftir nágrannaþjóðum hvað varðar eftirlit með stofnum dýra sem veitt er úr. Með frv. er verið að færa þessi mál til betri vegar. Þar er nú gert ráð fyrir því að stórefla veiðistjóraembættið, bæði sem rannsóknarstofnun og eftirlitsaðila með veiðum. Í 4. gr. frv. er t.d. verið að fela embætti veiðistjóra verkefni sem það hefur ekki í dag og hefur aldrei haft.

Samkvæmt gildandi lögum á veiðistjóri að hafa umsjón með eyðingu þriggja dýrategunda, refs, minks og svartbaks og stjórna veiðum á hreindýrum. Samkvæmt frv. skal embættið hins vegar stunda hagnýtar rannsóknir á villtum fuglum og villtum spendýrum og annast stjórn á öllum aðgerðum af hálfu hins opinbera sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Hér er því um mjög mikla breytingu að ræða frá því sem nú er.

Embætti veiðistjóra var stofnað með lögum nr. 52/1957, um eyðingu refa og minka. Í 2. gr. þeirra laga segir, með leyfi forseta:

„Veiðistjóri skal, svo sem kostur, er afla upplýsinga um refa- og minkastofninn og útbreiðslu hans í landinu, leiðbeina veiðimönnum er fást við eyðingu

refa og minka, halda námskeið fyrir veiðimenn og skipuleggja aðgerðir á stærri svæðum, þegar nauðsyn þykir, og gera tilraunir með ný tæki og vinnsluaðferðir er líklegar þykja til þess að eyða dýrum þessum."

Í lögunum er hvorki ætlast til að veiðistjóri stundi miklar rannsóknir né hann stundi veiðar, enda eru þær samkvæmt lögunum á ábyrgð sveitarstjórna. Á vegum sveitarstjórna voru engar rannsóknir stundaðar fyrr en eftir 1985 að núverandi veiðistjóri tók við því embætti og þær hafa að mestu verið takmarkaðar við ref þar til á allra síðustu árum að rannsóknir á hreindýrum og aðferðum við að fækka mávi hafa komið til.

Hreindýrarannsóknir veiðistjóra byggja á fyrri rannsóknum Náttúrufræðistofnunar. Kjarninn í starfsemi veiðistjóra allt frá árinu 1957 hefur verið leiðbeiningarstarf, skipulagning á veiðum og, þrátt fyrir ákvæði laganna, veiðar á ref og mink. Á síðustu árum hefur þó dregið úr veiðum á vegum embættisins og ferðum veiðistjóra um landið í leiðbeiningarskyni. Umsýsla reikninga og veiðiskýrslna vegna greiðslu ríkisins vegna minka- og refaveiða vegur þungt í starfsemi embættisins, enda eru starfsmenn þess fáir.

Þá má nefna að með lögunum nr. 68/1969 var veiðistjóra falið að hafa eftirlit með loðdýrabúum sem hann gerði allt til ársins 1988. Með lögum nr. 50/1965 var veiðistjóra fengið það hlutverk að eyða svartbaki en litlu fé hefur verið varið til þessara mála á fjárlögum. Með reglum um hreindýraveiðar nr. 76/1992 var veiðistjóra í fyrsta skipti með skýrum hætti falið að stunda hagnýtar rannsóknir. Með lögunum nr. 47/1990 er ráðherra heimilt að fela veiðistjóra störf sem miða að stjórn á stærð villtra stofna. Á þessum grundvelli fól umhvrh. veiðistjóra á síðasta ári að rannsaka æðarfugl á Íslandi í samvinnu við Náttúrufræðistofnun. Til þessa verkefnis var ráðinn sérstakur maður tímabundið sem nú er á launaskrá Náttúrufræðistofnunar.

Af þessu er ljóst að starfsemi veiðistjóra hefur verið á þröngu sviði þó á síðari árum hafi embættið verið að þróast æ meira inn á það verksvið sem Náttúrufræðistofnun Íslands er falið að sinna samkvæmt lögum nr. 60/1992. Að óbreyttu frv. yrðu hlutverk þessara stofnana að verulegu leyti þau sömu sem ekki getur verið æskilegt.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur áratuga reynslu af rannsóknum á dýrastofnum og hefur m.a. haft nær allar rannsóknir og stjórnun á fuglaveiðum á sinni hendi. Samkvæmt gildandi lögum stýrir stofnunin starfi fuglafriðunarnefndar sem er stjórnvöldum til ráðgjafar um öll mál er varða fuglaveiðar og fuglafriðun. Stofnunin hefur jafnframt ein leyfi til að láta merkja fugla í vísindalegum tilgangi og er gert ráð fyrir í frv. að svo verði áfram. Verði 4. gr. frv. óbreytt mun veiðistjóri hins vegar þurfa að annast fuglarannsóknir og stjórn á stofnstærð fugla og taka þar að verulegu leyti við því verkefni sem Náttúrufræðistofnun hefur haft. Í gildandi lögum er kveðið á um að Náttúrufræðistofnun Íslands skuli leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda, einnig að stofnunin beri að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla í samvinnu við embætti veiðistjóra.

Í 4. gr. frv. er sagt að á vegum veiðistjóraembættisins skuli stundaðar hagnýtar rannsóknir á villtum dýrum í samvinnu við Náttúrufræðistofnun Íslands eftir því sem um semst á milli stofnana. Hvorki lögunum um Náttúrufræðistofnun né í frv. er kveðið á um hvernig þessari samvinnu skuli háttað. Það sem við blasir er því að tveimur stofnunum undir sama ráðuneyti er ætlað að sinna sams konar verkefnum. Í stað þess að byggja upp embætti veiðistjóra, eins og frv. leggur til, gengur brtt. sem ég mæli fyrir í þveröfuga átt: Að Náttúrufræðistofnun taki að sér þau verkefni sem veiðistjóra er ætlað sinna samkvæmt frv. Langflest þessara verkefna hefur Náttúrufræðistofnun nú þegar á hendi. Það sem bætist við er stjórnun aðgerða til að halda aftur af stofnstærð ákveðinna dýrastofna og sú aukna umsýsla sem útgáfa veiðikorta hefur í för með sér. Náttúrufræðistofnun mun því taka að sér það fræðslu- og leiðbeiningarhlutverk sem veiðistjóri hefur í dag. Ekki er ástæða til að byggja upp embætti veiðistjóra þegar önnur stofnun er til staðar í dag til að sinna því rannsóknarhlutverki sem veiðistjóra er ætlað í frv. Til þessara hluta rennur takmarkað fé og því er nauðsynlegt að nýta það vel í framtíðinni. Samkeppni stofnana um fé og skörun á starfssviði er ekki af hinu góða. Til lengri tíma litið er það tvímælalaust til mikillar hagræðingar að byggja upp eina stofnun í stað tveggja.

Skynsamleg nýting villtra dýrastofna byggir á rannsóknum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Sú rannsóknarstofnun heyrir undir umhvrn. og því eðlilegt að fela henni stjórnun á þeim aðgerðum sem ríkisvaldið grípur til í þeim tilgangi að hafa áhrif á veiðar og stofnstærð villtra dýra. Hér tengjast saman rannsóknir og stjórnun á veiðum eins og nauðsynlegt er. Stjórnun veiðanna er ekki í andstöðu við hlutverk Náttúrufræðistofnunar þó að slík stjórnun yrði nýlunda í starfsemi hennar, sérstaklega hvað varðar spendýr.

Í ályktun Búnaðarfélagsins um þessa breytingu á 4. gr. frv., sem félagið hefur sent frá sér, segir m.a., með leyfi forseta:

„Ekki er ástæða til að embætti veiðistjóra verði rannsóknarstofnun við hlið þeirrar sem fyrir er heldur ætti að kveða á um það í lögum að þeim stofnunum sem ætlað er að stunda náttúrufræðirannsóknir verði skylt að stunda rannsóknir á þeim dýrum sem valda tjóni þannig að embætti veiðistjóra geti síðan á grunni þeirra stundað leiðbeiningar, fækkun og hvernig best megi verjast tjóni sem villt dýr valda."

Hér kemur fram sama hugsun og í brtt. Hins vegar skilur á milli okkar og Búnaðarfélagsins í því að Búnaðarfélagið vill vista starfsemi veiðistjóra hjá félaginu og færa hana til fyrra horfs eins og hún var á meðan embættið starfaði á vegum Búnaðarfélagsins áður fyrr. Rökin fyrir að gera það ekki eru þrenns konar:

Í fyrsta lagi er hagræðing af sameiningu stofnana. Í öðru lagi er æskilegt að veiðistjórnunin sem slík verði í sem nánustum tengslum við rannsóknir þannig að hvort hafi áhrif á annað. Í þriðja lagi gefa veiðiskýrslurnar, sem kveðið er á í 11. gr. frv., miklar upplýsingar um stofnstærð og dreifingu dýra um landið og

hafa þannig áhrif á rannsóknir. Brtt. stefnir þannig að sama markmiði og Búnaðarfélagið vill ná en eftir ólíkum leiðum.

Náttúrufræðistofnun Íslands er byggð upp með setrum sem hvert um sig hafa sjálfstæðan fjárhag. Heimilt er að hafa slík setur í hverjum landsfjórðungi, en í dag eru setur í Reykjavík og á Akureyri. Skv. 7. gr. laganna um Náttúrufræðistofnun er heimilt að deildaskipta setrum með reglugerð. Í brtt. er kveðið á um Náttúrufræðistofnun Íslands en ekki tiltekið nánar hvernig málum verður háttað innan stofnunarinnar. Eðlilegt þykir að ráðherra ákveði með reglugerð hvar og hvernig veiðistjórninni verði fyrir komið innan Náttúrufræðistofnunar. Óeðlilegt er að lögbinda slíkt en ákveða skipulag stofnunar að öðru leyti með reglugerð.

Ráðherra hefur þegar ákveðið að embætti veiðistjóra verði flutt til Akureyrar. Ráðherra hefur einnig lýst því yfir að verði sú tillaga sem hér er til umræðu samþykkt mun starfsemi veiðistjóra verða sameinað setrinu á Akureyri. Í framhaldi af ákvörðun um flutning á embætti veiðistjóra, sem tilkynnt var í janúar sl., fól umhvrh. þeim Kristni Hauki Skarphéðinssyni líffræðingi og Sigurði Rúnari Sigurjónssyni viðskiptafræðingi að gera tillögur um hvernig þetta yrði best gert. Þeirra tillögur fela það í sér að stofnuð verði sérstök veiðideild við setrið á Akureyri sem annist það stjórnsýsluhlutverk sem veiðistjóra er ætlað samkvæmt frv. Samkvæmt þeirra tillögum felur þetta í sér:

að annast þann ráðgjafarþátt sem veiðistjóra er ætlaður, t.d. varðandi hreindýr og hreindýraráð,

að skipuleggja og bera ábyrgð á veiðum á þeim dýrum sem ríkisvaldið tekur þátt í að halda í skefjum og hafa umsjón með öðrum aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón af völdum þessara dýra,

að leiðbeina almenningi, bændum og öðrum um aðferðir til að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra,

að sjá um útgáfu veiðikorta,

að taka saman upplýsingar um veiði og nytjar af þeim hlunnindum sem getið er í frv.,

að gera tillögur um hvernig skuli verja arði af sölu veiðileyfa, þar með talið til hagnýtra rannsókna á þeim dýrum sem frv. fjallar um.

Samkvæmt þeirri tillögu munu þær rannsóknir sem veiðistjóra er ætlað að stunda samkvæmt frv. verða samræmdar öðrum rannsóknum Náttúrufræðistofnunar. Með því móti skapast betri forsendur fyrir heildstæðri rannsóknarstefnu og hámarksnýtingu á fé og mannafla.

Í brtt. er gert ráð fyrir að Náttúrufræðistofnun geti með leyfi ráðherra gerst aðili að rekstri hundabús til ræktunar minkahunda. Í 4. gr. frv. segir:

„Veiðistjóraembættinu skal heimilt að reka hundabú til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda."

Að okkar mati sem að þessari brtt. stöndum getur ríkið komið að rekstri hundabús með margvíslegum hætti. Ekki þykir sjálfsagt að ríkið reki hundabú en eðlilegt getur verið að það komi að slíkum rekstri með styrkjum eða annarri aðstoð við reksturinn ef það er talið nauðsynlegt. Við leggjum því til að ákvæðinu varðandi rekstur hundabú verði breytt eins og fram kemur í 2. tölul. brtt. okkar.

Frá sjónarhóli ríkisins getur rekstur hundabús verið nauðsynlegur af tveim ástæðum, annars vegar þjálfunar hunda og kennslu við notkun þeirra og hins vegar til að tryggja góða veiðihunda og þar með árangursríkar veiðar. Þetta þýðir þó ekki að ríkið þurfi sjálft að reka hundabú heldur veiti einstaklingum og/eða sveitarfélögum fjárhagslega og annars konar aðstoð við rekstur búsins.

Samkvæmt gildandi lögum og því frv. sem hér liggur fyrir ber sveitarfélögum að sjá um eyðingu á ref og mink og ráða til þess veiðimenn. Hundar á hundabúi veiðastjóra veiða nú um 40% af minki í landinu, mest á Suður- og Vesturlandi. Á það ber að leggja áherslu að þó að rekstrarform hundabúsins geti verið með margvíslegum hætti munu framlög ríkisins til þess áfram verða sjálfsagður hluti af heildarútgjöldum til eyðingar minks í landinu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar. Er því forseta nauðugur einn kostur að skera niður ræðutíma í eina mínútu.

[15:23]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég leyfi mér að spyrja síðasta hv. ræðumann, 11. þm. Reykn., eftirfarandi: Í hverju felst sú hagræðing sem hér er verið að leggja til? — Ég bið þingmanninn um að vera í þingsal meðan ég ber fram spurningarnar. (**PBald:** Já, hún er í þingsalnum.) Í hverju felst sú hagræðing sem þingmaðurinn talaði um? Hefur þingmaðurinn borið það saman við skýrslu, sem ræðumaður nefndi einnig, þá sem hæstv. umhvrh. pantaði? Hvernig væri að þingmaður væri í þingsal og aðstoðarmaður ráðherra væri ekki að trufla þingmanninn?

Í öðru lagi, telur þingmaðurinn að það samræmist breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands að fella það inn í lög um friðun, vernd og veiðar, inn í allt aðra löggjöf? Ég sé að hér er viðurkennt að það þurfi breytingu á lögum um Náttúrufræðistofnun Íslands, en gengur það upp? — Enn er aðstoðarmaður ráðherra að trufla þingmanninn. — Gengur það upp að fella það inn í allt aðra löggjöf? Ég tel að þetta standi gegn öllum venjulegum stjórnsýsluháttum og löggjafaratriðum og það er ýmislegt fleira sem ég kem að síðar, virðulegi forseti.

[15:25]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Já, ég tel að með því að sameina þessar stofnanir sé hagræðing aukin og það verði meiri skilvirkni í starfi. Og ég get ekki séð annað en ef við horfum langt fram í tímann geti einmitt verið það langtímamarkmið að við séum að hagræða og spara. Varðandi seinni spurninguna segi ég bara já.

[15:25]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Í skýrslu sem hæstv. umhvrh.

pantaði frá tveimur ágætum mönnum og veitti forsögnina um hvað þeir skyldu gera í sambandi við flutning á verkefnum segir, með leyfi forseta:

„Embætti veiðistjóra samnýtir nú aðstöðu og starfsmenn með Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruverndarráði. Vegna þessarar samnýtingar er ekki sjáanleg hagræðing af flutningi stjórnunarhlutverks veiðistjóra til Náttúrufræðistofnunar."

[15:26]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það stendur í skýrslu um embætti veiðistjóra að sameining á rannsóknarhlutverki veiðistjóra og Náttúrufræðistofnunar eigi að leiða til betri nýtingar á fjármunum og markvissari rannsóknum beggja stofnana.

[15:27]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Frú forseti. Á þeirri einu mínútu sem mér er ætluð hef ég ekki tíma til að fara efnislega ofan í ræðu hv. 11. þm. Reykn., Petrínu Baldursdóttur, en ég mun gera það síðar og hún getur þá reynt að svara. En það sem vakti athygli mína og kannski fleiri var að hún talaði gegn frv. umhvrh. sem hér liggur fyrir í meginatriðum. Þetta var nánast dauðadómur yfir frv. Það var allt ómögulegt við þær tillögur sem þar komu fram í nánast einu og öllu. En það sem er kannski merkilegt er að hún fylgir þessu stjfrv. meira og minna en talar samt gegn því.

En það er annað sem ég vildi taka fram, virðulegur forseti, og það er að þingmaðurinn talaði a.m.k. einu sinni ef ekki tvisvar um meiri hluta umhvn., en í þessari umræðu er meiri hluti umhvn. skráður á þskj. 1052 og það verður að halda því til haga að það er meiri hluti umhvn. Þó að ákveðnir nefndarmenn flytji brtt. þá verður að halda því til haga hverjir flytja þá brtt. svo að það rugli ekki þá sem fylgjast með umræðu eða lesa í þingtíðindum hvað þarna er um að ræða.

[15:28]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvort hv. þm. Kristín Einarsdóttir hlustaði á mína ræðu. Ég var ekkert að tala á móti þessu frv. sem ég stend að með meiri hluta umhvn. Ég varð aðeins að mæla fyrir brtt. við eina grein frv., 4. gr. frv., um það að fela Náttúrufræðistofnun Íslands þau verkefni sem veiðistjóra er ætlað að sinna samkvæmt frv.

[15:29]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki ætla ég að taka þátt í deilum um það hver er raunverulega í meiri hluta þessarar ágætu hv. nefndar þar sem allir undirrita meira og minna með fyrirvara, en ég vil þó fagna því sérstaklega að þetta mál skuli þó vera komið hér inn eftir þiggja ára umfjöllun. Mér skilst að þetta sé þriðja þingið sem frv. er til skoðunar hjá nefndinni og mér finnst það mjög gott að það skuli vera komið hér inn.

En meginástæða þess að ég bað um að fá að fara hér upp í andsvör er sú að hv. þm. nefndi áðan að það ætti að flytja veiðistjóraembættið til Akureyrar. Ég vil fagna þeirri ákvörðun sérstaklega þar sem það hefur verið á stefnuskrá ýmissa ríkisstjórna að flytja stofnanir út á land en því hefur lítið verið fylgt eftir. En þó vil ég spyrja: Er það nokkuð sem er beint í þessu frv.? Samþykkt frv. hefur ekkert með það að gera.

[15:29]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nei, það hefur ekkert með það að gera vegna þess að þessi brtt. gengur ekki út á það að flytja embættið til Akureyrar. Það er hins vegar umhvrh. sem hefur ákveðið að gera það samkvæmt stefnu- og starfsáætlun ríkisstjórnarinnar um að flytja stofnanir út á land. (Gripið fram í.) Nei.

[15:31]

Jón Helgason:

Hæstv. forseti. Hér er til umræðu frv. ríkisstjórnar Sjálfstfl. og Alþfl. Frv. er um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum og öðrum en hvölum. Hér er um mjög yfirgripsmikið og viðkvæmt mál að ræða svo að sannarlega er við því að búast að skiptar skoðanir verði til margra atriða þess.

Þegar umhvn. fékk málið til meðferðar og fór að vinna í því þá settust nefndarmenn niður við það verk til þess að reyna að leita leiða til að ná sem mestri samstöðu um málið og formaður nefndarinnar lagði sig mjög mikið fram um það. Það voru mörg atriði sem var álitamál um og augljóst að þar þyrfti hver einstakur nefndarmaður að vega og meta hvort hann ætti að standa að þessari vinnu og reyna að nálgast þá skoðun sem hann hafði með því að koma breytingum í þá átt að það nálgaðist þá skoðun, þó að það mundi þá leiða til þess að í ýmsum atriðum yrði þetta öðruvísi heldur en hver og einn óskaði eftir. Það varð niðurstaðan við þetta nefndarstarf að menn settust niður og unnu verkið út frá því sjónarmiði. Á því varð síðar breyting við meðferð málsins í nefndinni, eins og ég mun síðar víkja að.

Frv. gerir ráð fyrir mikilli breytingu á meðferð þessara mála. Það er einkum tvennt sem má segja að hafi verið gagnrýnisatriði almennt um frv. og óvíst um það hvernig eða mismunandi viðhorf til þeirra atriða. Í fyrsta lagi er hér er um rammalöggjöf að ræða, þ.e. það eru mjög mörg atriði sem eru sett í vald ráðherra og hann á síðan að kveða nánar um þau. Hitt er að hér er sú breyting frá því sem er í gildandi lögum að öll dýr eru friðuð, en síðan koma ákvæði sem afturkalla þá friðun, eins og nánar er tilgreint í frv. Undanþegin eru að vísu þau dýr sem hér hafa verið nefnd áður.

Þessi breyting er vissulega í samræmi við þróun þessara mála á alþjóðavettvangi. Við vitum að einn hluti af hinni miklu vá okkar samtíma er hin gífurlega hraða útrýming fjölmargra dýrategunda víða í heiminum. Ég man nú ekki hvað það eru margar tegundir sem eru taldar hverfa á degi hverjum, en það er ótrúlegur fjöldi, vegna þess hvernig maðurinn leggur undir sig æ stærri hluta af yfirborði jarðar beinlínis til sinna nota og einnig vegna annarra ástæðna sem ekki er hægt að segja að séu beinlínis vegna þarfa mannsins. Síðan er auðvitað mengunarhætta og ýmislegt fleira. En við þekkjum þetta auðvitað hér á landi líka. Ég býst við að

það hafi fest okkur öllum vel í minni frásögnin um dráp síðustu geirfuglahjónanna hér við land á fyrri hluta síðustu aldar og sú áhersla sem á það var lögð í kennslubókum hvað það hefði verið mikið slys. Þannig að það er vissulega ekki að tilefnislausu að þessi breyting er gerð.

Hins vegar þurfum við að leggja áherslu á jafnvægi í náttúrunni. Við vitum að það hefur líka gerst fyrir atbeina mannsins að ákveðnum tegundum fjölgar og jafnvel að maðurinn kemur með nýjar dýrategundir inn í lífríki landa eins og hefur gerst hér á Íslandi. Langstærsta slysið á þeim vettvangi hér á landi er tvímælalaust innflutningur á minknum og tilvera hans úti í náttúrunni því það hefur gerbreytt fuglalífi víða og líka örugglega haft áhrif á stofna fiska. Þannig að það er vissulega ekki að ástæðulausu heldur fyrir okkur að hugsa um þessa hlið málsins.

Hins vegar hafa villt dýr verið nytjuð hér á landi frá því að maðurinn kom hingað og margar þessar nytjar hafa verið á þann hátt að jafnvægi hefur ríkt. Sem betur fer munu það ekki vera margir stofnar hérlendis aðrir en geirfuglinn sem maðurinn hefur útrýmt. Þannig að nýtingarsjónarmiði vil ég vissulega halda á lofti og að því leyti er ég sammála hv. 5. þm. Norðurl. e., þó ég hafi kosið að fara aðra leið í sambandi við afgreiðslu þessa máls heldur en hann. Nýtingarsjónarmiðið byggist á því að maðurinn þarf að lifa á öðrum lifandi dýrum, auðvitað fyrst og fremst þeim sem hann elur sjálfur, en einnig hefur það, eins og ég sagði áður, verið á villtum dýrum. Ég vil samt leggja áherslu á að maðurinn eigi að bera virðingu fyrir hinum lifandi dýrum og ekki vera að drepa að nauðsynjalausu. Ég tel að það sé þörfin sem eigi að skapa það, annaðhvort að nýta það sem menn drepa eða þá ef það þarf að eyða því til þess að halda jafnvægi í náttúrunni.

Í brtt. meiri hlutans er að nokkru leyti komið til móts við þetta nýtingarsjónarmið með því að í brtt. við 6. gr. frv. kemur strax á eftir að villt dýr séu friðuð, að undantekningar séu varðandi einstakar tegundir í VI. kafla og nýtingu hefðbundinna hlunninda í VII. kafla. Þarna er því lögð áhersla á nýtingarsjónarmiðið sem ég vildi taka undir.

Einn af þeim dýrastofnum sem nýttir hafa verið lengi eru selir. Eins og allir vita kæpa þeir uppi á landi og innan marka einstakra jarða og selalátur og selveiðar hafa því verið hluti af verðmæti einstakra jarða frá landnámstíð. Í samræmi við það sem ég hef hér áður sagt vil ég leggja áherslu á að svo verði áfram. Þess vegna er ég algerlega andvígur stefnu frv., þessa stjfrv., sem kemur fram í 16. gr. þess, þar sem segir að það sé sjútvrh. sem á að gera tillögur til umhvrh. um að aflétta friðun landsels, útsels, blöðrusels og vöðusels og að sjútvrh. eigi að stjórna nýtingu selastofna. Þar með væri verið að taka forræði bænda af þessum hlunnindum sínum. Það er ekki aðeins til tjóns fyrir bændur ef þannig væri að farið því eins og ég sagði áður þá hefur nýting á flestum stofnum sem nýttir hafa verið, villtum stofnum hér á landi, verið á þann hátt að jafnvægi hefur verið í stofninum og svo hefur einnig verið með selastofninn. Að vísu hefur nýting á selastofninum dottið nokkuð niður síðustu árin vegna þess að harður áróður var hafður uppi gegn því að nota selskinn til fatnaðargerðar, en ýmislegt bendir til þess að það sé nú að breytast. Það hefur verið unnið að því að gera selskinnin að eftirsóttri vöru aftur, m.a. fyrir forgöngu hlunnindaráðunauts Búnaðarfélags Íslands og það starf og sú þróun sem er að verða nú virðist ætla að bera árangur.

Það var því eðlilegt að sú breyting sem gert er ráð fyrir hér í stjfrv. leiddi til harðra viðbragða af hálfu bænda sem hefðu þá misst forræði yfir þessum hlunnindum og þess vegna hafa borist mótmæli frá þeim. Búnaðarþing hefur rætt þetta mál á undanförnum árum, allt frá því að þetta frv. kom fram og það mun vera fyrst á Búnaðarþingi 1992 sem gerð var ályktun um þetta mál og ég vil hér lesa, með leyfi hæstv. forseta, þann kafla sem fjallar um þetta atriði:

„Selveiði hefur aldrei heyrt undir sjútvrh. Selalátrin tilheyra bújörðum og veiði í þeim hefur jafnan verið talin til hlunninda á viðkomandi jörðum og metin með öðru jarðargagni í fasteignamati. Einstaklingar hafa mátt skjóta sel utan friðlýstra svæða, en aldrei hefur verið gert út á sel hér við land á borð við íshafsselveiðar sumra þjóða, enda engin aðstaða til þess við Ísland. Helst mætti þó nefna þá stórfelldu selaslátrun sem greitt var fyrir á árabili í því skyni að fækka sel við landið. Þar var í mörgum tilfellum ýtt undir lagabrot einstaklinga og getur sá hernaður á engan hátt verið forsenda þess að selastofnarnir skulu eftirleiðis heyra undir sjútvrh., enda gengi slíkt þvert á ákvæðin tvö sem bent er á hér að framan. Skotveiði skal ætíð bönnuð í látrum, segir í frv. og er þar um sjálfsagt ákvæði að ræða í samræmi við eldri lög og hefðir. Jafnframt kynni að vera ástæða til að árétta að selalátrin tilheyrðu bújörðum eftirleiðis sem hingað til."

Þá segir: „Öll skot eru bönnuð nær friðlýstum látrum en tvo km. Samkvæmt gildandi lögum frá 1849 er bannað að skjóta sel nær selalátrum en svarar hálfri mílu, en það eru um 3,7 km. Æskilegt má telja að miða áfram við svipaða friðhelgi selalátra."

Ég vil geta þess að á þetta sjónarmið, eins og margar fleiri ábendingar, féllst umhvn. og er það því ein af þeim brtt. sem hér hefur verið gerð grein fyrir af frsm. meiri hluta. En ég ætla svo að lesa áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Innanverður Breiðafjörður er afar sérstætt svæði sem náttúruverndarmenn bera fyrir brjósti að ekki sé spillt. Þarna eru gósenlönd margra fuglategunda, m.a. æðarfugls, skarfa og lunda. Selalátur eru þar um allt frá fornu fari, við fastaland og úti um eyjar. Þess vegna var svæðið friðað í heild fyrir selaskotum á miðri síðustu öld og hefur verið það til þessa. Núgildandi lög um þetta eru frá 1925. Gert er ráð fyrir því í frv. að afnema þau og opna þar með svæðið fyrir þeim sem vilja sækja þangað til fanga. Einkennilegt er að slík tillaga komi frá hinu nýja umhvrn. en líklegast er að um mistök sé að ræða. Eigi samhliða að afnema friðunarlínuna frá 1925 og afhenda sjávarútveginum öll umráð yfir selastofninum utan látra hlýtur umhvrn. að þurfa að átta sig betur á hlutverki sínu.

Ekkert launungarmál hefur það verið alllengi undanfarið að áhugi sjávarútvegsmanna fyrir selastofnunum við landið beinist að því einu að skerða þá sem mest. Búnaðarþing leggur á það áherslu að löggjöf sé við það miðuð að selaafurðir geti orðið verðmætar á ný og til gagns og hlunninda á fjölda veiðijarða umhverfis land, svo sem löngum áður. Nægi ekki hefðbundnar nytjar til að halda stofninum innan æskilegra stærðarmarka sé það hlutverk umhvrn. að grípa til aðgerða. Varðandi friðaða svæðið á innanverðum Breiðafirði bendir ýmislegt til að þar og víðar fari að verða tímabært að takmarka grásleppuveiðar og þann mikla netafjölda sem þeim fylgir allt að landsteinum eigi þær ekki að valda skaða í lífríki landsins."

Hæstv. umhvrh. virðist hafa tekið tillit til þeirra ábendinga sem hér koma fram þar sem hann hefur lagt fram sérstakt mál á Alþingi um lífríki Breiðafjarðar þar sem tekið er undir þessi sjónarmið og er það vissulega ánægjulegt.

En í samræmi við þetta viðhorf mitt, sem ég hef rakið hér, hef ég flutt á þskj. 1056 brtt. við 16. gr. frv., að í stað orðsins „sjútvrh." í 1. og 2. málsl. 1. mgr. komi: landbrh. Það styðist einnig við þörf selabænda sem kemur fram í bréfi sem fulltrúar þeirra afhentu á fundi með umhvn. og jafnframt mótmælabréfum sem eru á þessa leið, með leyfi forseta:

„Undirritaður félagi í Samtökum selabænda mótmælir því hér með harðlega að stjórn og nýting selastofna við landið verði færð til sjútvrh. eins og lagt er til í 16. gr. frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum sem nú liggur fyrir Alþingi.

Jafnframt vill undirritaður benda á að eðlilegt sé að stjórn og nýting selastofnanna heyri undir landbrn. því frá fornu fari hafa sellátur tilheyrt bújörðum og munu vonandi gera það áfram, enda eru þau eðlilegur þáttur í nýtingu hlunninda við landið."

Ég hef ekki talið hversu mörg þessi bréf eru, en það er þessi bunki sem er hér í möppunni. Og á undan er bréf frá formanni stjórnarsamtaka selabænda. Niðurlag þess bréfs er athyglisvert af fleiri en einni ástæðu og ég ætla að leyfa mér að lesa það, en ekki að tefja tímann með því að lesa það allt. Það segir í niðurlaginu, með leyfi hæstv. forseta:

„Eins og að framan getur samþykkti aðalfundur Samtaka selabænda 13. nóv. sl. að reyna með samstilltu átaki að hindra löggjafarvaldið í að afgreiða málið á þennan hátt" — eins og er í frv. „Við höfum jafnan talið að farsælast sé að viðhalda fornu fyrirkomulagi á nýtingu selastofna og verði selskinn verðmæt á ný, sem við vonum að geti orðið, eru veiðar bænda í eigin selalátrum eina raunhæfa nýtingarleiðin. Þess vegna álítum við nauðsynlegt að selveiðin sé skilgreind sem landbúnaðarmál og heyri þar með undir viðkomandi ráðuneyti eins og önnur málefni bænda og bújarða.

Okkur er fullkunnugt um rök sjávarútvegsmanna um nauðsyn þess að hindra offjölgun sels, en teljum einmitt nýtingu bænda æskilegustu leiðina í því efni. Reyndar hefur þegar náðst nokkur samstaða milli bænda og sjávarútvegsmanna um selveiðimál og er það vel. Á hitt má einnig líta að þrátt fyrir að ýmsir óttuðust að landsel mundi fjölga úr hófi fram þegar hefðbundin kvópaveiði lagðist að mestu af er staðreyndin sú að honum hefur stórfækkað á undanförnum árum. Það kann því að vera að ýmislegt í umhverfinu og umstangi manna eigi eftir að reynast selastofninum skeinuhætt í framtíðinni og að ekki þurfi lagaákvæði til að stuðla að fækkun/útrýmingu."

Þetta síðasta finnst mér vera athyglisvert því um þetta var nokkuð rætt í nefndinni, að það eru vísbendingar um að skynsamleg og hófleg nýting á villtum dýrum stuðli beinlínis að viðhaldi stofnsins. Þar er náttúrlega langþekktast æðarræktin, æðarvarpið, sem þarfnast umönnunar mannsins og nærveru hans. Ef hætt er að sinna því hrakar varpi og æðarfugli fækkar, en svo mun einnig geta verið um fleiri stofna. Ég vonast til þess að meiri hluti Alþingis muni taka tillit til þessara raka selabænda og annarra sem leggja áherslu á það að umráðaréttur yfir selnum verði ekki settur undir sjútvrn.

Ég ætla ekki að fara ítarlega yfir margar greinar þessa frv. en vil þó vekja athygli á einni brtt. meiri hluta umhvn. Það er 18. brtt. við 18. gr., g-liður, en hún er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta.

„Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Nú hefur umhverfisráðherra ákveðið að aflétta friðun skv. 1. mgr. og getur hann þá að ósk sveitarstjórnar ákveðið að friðun gildi áfram í tiltekinn tíma á ákveðnum svæðum þar sem umferð veiðimanna er talin óæskileg."

Þetta byggist m.a. á ítrekaðri samþykkt búnaðarþings um þetta efni og rökin fyrir þessari brtt. eru þau að á síðustu árum hefur borið á því í vaxandi mæli að gæsaveiðimenn fara um afrétti á meðan fénaður er þar og meðan á göngum stendur og því miður hefur það komið fyrir að fé hefur komið með skot í sér. Einnig er þá enn þá umferð ferðafólks um öræfi landsins til þess að skoða náttúruperlur okkar og njóta umhverfisins á öræfunum, sem ég held að flestir sem um það fara viðurkenni að er alveg sérstakur heimur út af fyrir sig vegna þeirrar kyrrðar sem þar ríkir. Þetta er talið eitt af því sem gefur okkur tækifæri til að fá hingað fleiri gesti í heimsókn og einmitt að lengja ferðamannatímann með því að bjóða erlendum gestum að fara um öræfin, þar sem það er hægt, í septembermánuði. Og það stingur þá að sjálfsögðu í stúf við það að vera að bjóða upp á friðsæla náttúru og kyrrð fyrir ferðamanninn ef þar kveður við hávær skothríð. Það er því gert ráð fyrir í þessari brtt. að þar sem þannig hagar til, sem vissulega er ekki nema á takmörkuðum svæðum, þá geti sveitarstjórnir óskað eftir því við umhvrh. að veiðar og skothríð verði ekki heimiluð nema á ákveðnum tímum og vissulega er þess vænst að hæstv. umhvrh. taki þessar ábendingar til greina.

Ég ætla ekki að eyða tímanum í að fara um fleiri atriði frv., en vil að lokum geta þess sem setti stórt strik í reikninginn í nefndarstarfinu og má segja að hafi komið því í algert uppnám. Það var bréf frá hæstv. umhvrh. til nefndarinnar þess efnis að Náttúrufræði-

stofnun Íslands skyldi taka að sér verkefni veiðistjóra og það embætti lagt niður. Fimm nefndarmenn í allshn. tóku það þannig að hér væri um fyrirmæli að ræða sem skyldi hlíta og hafa í samræmi við það flutt brtt. sem gerð hefur verið grein fyrir hér af hv. 11. þm. Reykn.

Þetta bréf kom mjög á óvart og virðist ekki hafa verið fjallað mikið um það áður, a.m.k. kom fram hjá formanni stjórnar Náttúrufræðistofnunar, sem kom til umhvn. nokkrum vikum eftir að bréfið kom, að henni ekki kunnugt um þetta bréf. Nefndin fékk í hendur skýrslu þá um embætti veiðistjóra sem hv. 11. þm. Reykn. sagði frá og á sama hátt og hv. 4. þm. Austurl. les ég hana á nokkuð ólíkan hátt við það sem hv. 11. þm. Reykn. gerði. Ég ætla ekki að lesa mikið úr þessari skýrslu, en vil taka nokkur sýnishorn úr helstu niðurstöðum. Þá segir hér, með leyfi hæstv. forseta:

„Hlutverk veiðistjóra er að hafa umsjón með eyðingu refa, minka og svartbaks og annast stjórn á hreindýrastofninum. Embætti veiðistjóra sinnir jafnframt nauðsynlegum rannsóknum á stofnum þessara dýra og leiðibeinir veiðimönnum. Starfsemi veiðistjóra hefur í öllum meginatriðum verið innan þess ramma sem lög og reglur kveða á um."

Það er athyglisvert að hér er lögð áhersla á það að starfsemi veiðistjóra hefur verið innan ramma laga og reglna. Hann hefur gert það sem honum hefur verið ætlað. Hér segir, svo að ég lesi áfram, með leyfi hæstv. forseta:

„Rannsóknir veiðistjóra hafa leitt til haldgóðrar þekkingar á stofnvistfræði refa. Minna er vitað um mink og svartbak, enda hefur litlu fé verið veitt til rannsókna á þessum dýrum. Rannsóknir veiðistjóraembættis eru forsenda vísindalegrar stjórnunar á hreindýrastofninum og byggjast á fyrri rannsóknum Náttúrufræðistofnunar Íslands."

Það er athyglisvert sem kemur fram hér í skýrslu sem unnin var fyrir hæstv. umhvrh. að sú eina haldgóða þekking sem er til um stofnvistfræði villtra dýra hér á landi er vegna rannsókna núverandi veiðistjóra því að aðrir hafa ekki rannsakað þessi atriði. Þó að þessar rannsóknir séu eitt af hlutverkum Náttúrufræðistofnunar þá hafa þær því miður ekki verið gerðar, enda, eins og við vitum, er það takmarkaðað fjármagn sem varið er til rannsóknastarfsemi hér á landi. Það fjármagn sem Náttúrufræðistofnun hefur fengið hefur farið í grunnrannsóknir en ekki þær sem fyrst og fremst geta stuðlað að aukinni þekkingu á því hvernig ástand þessara tegunda er og hvaða ráð eru skynsamlegust til þess að halda þar jafnvægi og útrýma að sjálfsögðu minknum sem, eins og ég hef sagt áður, er mikið slys í íslenskri náttúru.

Áfram vil ég lesa í helstu niðurstöðum í skýrslu til hæstv. umhvrh., með leyfi forseta:

„Töluverð skörun er á rannsóknarhlutverki veiðistjóra samkvæmt villidýrafrv. við hlutverk Náttúrufræðistofnunar. Í reynd hefur verið lítil skörun á starfi þessara stofnana vegna mismunandi verkefnavals."

Hér kemur það fram að það hafi verið svo glögg verkaskipting milli veiðistjóra og Náttúrufræðistofnunar Íslands að þarna hafi ekki verið skörun, enda um mjög góða samvinnu að ræða. Það kom fram í máli hv. 11. þm. Reykn. að hún taldi að með þessu frv. væri verkefni veiðistjóra aukið hlutverk og það var sem sagt stefna hæstv. umhvrh. þegar hann leggur frv. fyrir Alþingi. Hefði þá ekki verið eðlilegra að byrja á því skrefi að auka ekki við og láta það haldast áfram sem hefur reynst mjög vel, bæði verið árangursríkt vegna þess hvernig upplýsingar hafa fengist fyrir veiðistjóra í starfi hans og líka að það hefur verið mjög góð samvinna á milli þessara stofnana og verkaskipti? Þá vil ég lesa hér áfram, með leyfi hæstv. forseta, úr helstu niðurstöðum, skýrslu tvímenninganna:

„Hundabú veiðistjóra gegnir þýðingarmiklu hlutverki við minkaveiðar í landinu og lagt er til að rekstur þess verði að mestu óbreyttur. Frá hundabúinu eru lánaðir minkahundar til 40 sveitarfélaga og búið hýsir hunda veiðimanna sem stunda minkaveiðar í 80 sveitarfélögum. Kostnaður vegna hundabús og fræðslu minkaveiðimanna er lítill hluti af heildarútgjöldum ríkis vegna minkaveiða árið 1993 eða 17%. Marka þarf skýrari stefnu um starfsemi hundabúsins og kanna til þrautar leiðir til að auka sértekjur búsins."

Hér er sem sagt verið að leggja til að reyna að auka hagkvæmni. Síðar í skýrslunni segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Hundabú veiðistjóra gegnir lykilhlutverki í veiðum á minkum hér á landi." Og þar segir enn fremur: „Þegar Samband dýraverndarfélaga kvartaði undan aðbúnaði á búinu í Helgadal í ársbyrjun 1989 var brugðið hart við og nýtt hundahús byggt fyrir árslok. Kostnaður var um tvær millj., 12 stíur fyrir allt að 24 fullorðna hunda. Til samanburðar má geta þess að á sínum tíma var ráðgert að reisa einangrunarstöð fyrir hunda í Hrísey með átta stíum fyrir 8 millj. Hundaræktun á vegum veiðistjóra hefur fyrst og fremst beinst að því að fá fram veiðihunda sem henta við minkaveiðar."

Það var líka bent á það á fundi umhvn. að hér á Suðvesturlandi eru flestir minkar og það er nauðsynlegt að fá tækifæri, ef á að þjálfa hundana, að þeir geti fundið mink, öðruvísi verða þeir ekki þjálfaðir. Og til þessarar þjálfunar hafa fengist sjálfboðaliðar á Suðvesturlandi eða hér á hundabúinu í Mosfellsbæ sem hafa gert það að kostnaðarlausu að þjálfa hundana. Þannig að það er að sjálfsögðu ákaflega mikilvægt að geta notið slíkrar aðstöðu. Vissulega er ég ekki mótfallinn því að opinber starfsemi dreifist víða um land og gott að geta stuðlað að slíku. En það má þó ekki verða á kostnað þess að sú þjónusta sem er látin í té lamist.

Það má einnig benda á að það er mest um refi á vestanverðu landinu, frá Reykjanesskaga að Vestfjarðakjálka. Þar af leiðandi er líka meiri þörf þar þó að hundarnir séu að vísu fyrst og fremst notaðir til minkaveiða og eru þar algerlega nauðsynlegir.

Þá vil ég lesa áfram úr niðurstöðum tvímenninganna, með leyfi hæstv. forseta:

„Ef hugmyndir umhvrh. um sameiningu embættis veiðistjóra og Náttúrufræðistofnunar ná fram að ganga

er lagt til að stjórnsýsluhlutverk veiðistjóra verði skýrt afmörkuð eining, „veiðideild", innan Náttúrufræðistofnunar.

Hér er gerður sá fyrirvari að núverandi lög og reglur um Náttúrufræðistofnun Íslands gera tæplega ráð fyrir að hægt sé að fela stofnuninni öll þau verkefni sem veiðistjóra er ætlað að sinna samkvæmt villidýrafrv. Þetta á einkum við um umsjón og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra og tjón af völdum þeirra."

Hér er sem sagt lagt til að verði þessi verkefni færð undir Náttúrufræðistofnun þá verði sett á fót „veiðideild" sem hér er kölluð innan gæsalappa, þ.e. ný stofnun innan Náttúrufræðistofnunar. Það sé eina leiðin til þess að geta komið þessari starfsemi fyrir því vitað er að veiðistjóri hefur oft þurft að standa fyrir óvinsælum fækkunaraðgerðum, t.d. svæfingu vargfugla, sem einstakir starfsmenn Náttúrufræðistofnunar hafa mótmælt harkalega. Og þá er spurningin þegar þessi starfsemi er komin undir Náttúrufræðistofnun, verður þá öllum slíkum aðgerðum hætt eða ætlar Náttúrufræðistofnun að tala tveimur tungum, bæði að vera á móti fækkunaraðgerðum og vinna líka að þeim eða verður starfsmönnum kannski bannað að láta í ljós skoðanir sínar eins og þeir hafa gert hingað til og sagt að byrgja þær inni?

Þá ætla ég að lesa að lokum síðustu greinina í þessum niðurstöðum þeirra í skýrslunni til umhvrh. um embætti veiðistjóra, með leyfi hæstv. forseta:

„Embætti veiðistjóra samnýtir nú aðstöðu og starfsmenn með Náttúrufræðistofnun Íslands og Náttúruverndarráði. Vegna þessarar samnýtingar er ekki sjáanleg hagræðing af flutningi stjórnunarhlutverks veiðistjóra til Náttúrufræðistofnunar. Jafnframt er ekki unnt að meta ávinning sem verður af sameiningu embættis veiðistjóra við setu Náttúrufræðistofnunar á Akureyri þar sem skipurit um starfsemi Náttúrufræðistofnunar liggur ekki fyrir."

Það hefur sem sagt ekkert verið unnið faglega að undirbúningi málsins. Og það sem er kannski alvarlegast við þetta mál er hvernig að því hefur verið staðið.

Embætti veiðistjóra var stofnað, eins og áður hefur komið fram, árið 1957 með ráðningu starfsmanns til Búnaðarfélags Íslands og þar var þessi starfsemi til ársins 1990 þegar þetta verkefni var fært undir umhvrh. Hv. 11. þm. Reykn. sagði að Búnaðarfélag Íslands byði það nú að taka við þessu verkefni aftur. Það tilboð kom ekki fram fyrr en þessi tillaga um að leggja embættið niður var komin frá umhvrh. Þar sem Búnaðarfélagið telur að það sé ákaflega mikið glapræði að gera þá breytingu og vill mikið til þess vinna að þetta embætti geti haldið áfram og þá að hýsa þessa starfsemi aftur og halda kostnaði við það í algeru lágmarki. En á þetta hefur ekkert verið hlustað af þingmönnum stjórnarflokkanna.

En það eru ekki aðeins bændur sem hafa mótmælt þessari skyndiákvörðun hæstv. umhvrh. Um það vitnar sá mikli fjöldi bréfa og símhringinga sem nefndarmenn umhvn. og reyndar miklu fleiri alþingismenn hafa fengið síðustu dagana eftir að þessi ákvörðun lá fyrir og stuðningur stjórnarflokkanna við þetta verkefni.

Hér er bréf sem ég ætla að lokum að lesa, með leyfi hæstv. forseta, frá Skotveiðifélagi Íslands. Það er opið bréf til alþingismanna:

„Hinn 18. apríl vorum við undirritaðir á fundi með umhvn. hins háa Alþingis, boðaðir sem fyrrverandi og núverandi formenn Skotveiðifélags Íslands. Eitt mál var á dagskrá, þ.e. embætti veiðistjóra í tengslum við frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum, svonefnt villidýrafrv. Okkur þykir nauðsynlegt að allir alþingismenn frétti af afstöðu Skotvíss til málsins og því er þetta bréf skrifað.

Aðalfundur Skotveiðifélags Íslands 16. apríl 1994 samþykkti eftirfarandi ályktun einróma:

„Fundurinn átelur harðlega fyrirætlun umhvrh. um að leggja niður embætti veiðistjóra með áætlun um að setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri yfirtaki hlutverkið. Það er ótrúlegt gerræði að ætla að rífa upp með rótum margslungið og árangursríkt vísindastarf sem nærst hefur af samvinnu og aðstöðu við margar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Eðlilegra væri að huga að uppbyggingu á Akureyri án þess að fremja óbætanleg spellvirki í Reykjavík."

Skýringar okkar til umhvn. Alþingis með þessari ályktun Skotvíss voru einkum eftirfarandi:

Embætti veiðistjóra er virk og vel rekin eining með aðstöðu við nokkrar aðrar stofnanir á höfuðborgarsvæðinu. Verkefni embættisins verða því ekki án áfalla flutt út á land, jafnvel þótt miklu fé yrði til kostað og jafnvel þótt starfsmenn flyttu, en svo er ekki. Refarannsóknir veiðistjóra eru með því vandaðasta sem gert er á þessu sviði í heiminum. Ýmsar aðrar rannsóknir hafa farið vel af stað og eru í fullum gangi. Þess vegna blasir við að botninn dettur úr rannsóknum og Íslendingar hljóta álitshnekki víða um heim þar sem embætti veiðistjóra er í tengslum við einstaklinga og stofnanir.

Í villidýrafrv. er embætti veiðistjóra algert lykilatriði varðandi rannsóknir á veiðidýrastofnum og eftirlit með veiðum. Undirtektir íslenskra skotveiðimanna við frv. byggjast á tiltrú þeirra á þetta embætti og starfsmenn þess. Hér er mikilvægri tiltrú og samstarfsvilja stefnt í voða.

Nú situr þriðja þingið sem hefur villidýrafrv. til meðferðar. Allan tímann hefur embætti veiðistjóra verið sú fasta stærð sem öll framkvæmd laganna hefur hvílt á. Umrædd breyting kemur því eins og skrattinn úr sauðarleggnum og er almælt meðal skotveiðimanna að aðförin að embætti veiðistjóra sé sprottin af hefnigirni eins ráðherra. Víst er að það verður engum alþingismanni til sóma að ljá slíku gerræði stuðning sinn. Áreiðanlega er nóg um markverð verkefni fyrir setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri, m.a. í samvinnu við embætti veiðistjóra í Reykjavík. Nýjungar úti á landi eiga til að koma án þess að spillt sé góðu og rótgrónu starfi annars staðar. Glænýtt dæmi þar um er

jöklarannsóknastöð á Kvískerjum í Öræfum.

Reykjavík, 22. apríl 1994.

Bjarni Kristjánsson,
fráfarandi formaður Skotveiðifélags Íslands.
Ólafur Karvel Pálsson,
formaður Skotveiðifélags Íslands."

Ég ætla ekki að bæta mörgum orðum við þetta bréf. Þetta er sýnishorn af þeim viðbrögðum sem þessi vinnubrögð fulltrúa stjórnarflokkanna í umhvn. hafa fengið og virðist ljóst að þessi ákvörðun þeirra veldur því að það verður enginn friður um þessa lagasetningu. Það mun að sjálfsögðu leiða til þess að hætt er við að ýmislegt af því sem menn voru búnir að teygja sig til móts við sjónarmið annarra til þess að reyna að ná samkomulagi um þetta mikilvæga mál muni ganga til baka þegar svona er unnið að málum eins og refur í hænsnahúsi.

Útbýting þingskjala:

Alferðir, 293. mál, nál. samgn., þskj. 1128.

Skipulag ferðamála, 562. mál, nál. samgn., þskj. 1129; brtt. samgn., þskj. 1130.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 201. mál, brtt. umhvrh., þskj. 1131.

[16:31]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og forseti var að nefna og við sáum hér á borðum fyrir fáeinum mínútum þá er búið að dreifa þskj. 1131, brtt. frá umhvrh. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að það sé nokkuð sjaldgæft að þegar nefnd er búin að verja mörgum mánuðum í að fjalla um frv., búin að fytja um það fjölmargar brtt., búin að fá sérstakt erindi um brtt. frá ráðherranum fyrir mörgum vikum síðan þá gerist það í upphafi 2. umr. um málið að dreift er á borðin brtt. frá umhvrh. sem nefndin hefur aldrei séð og hafa vitanlega ekki verið kynntar neinum nefndarmanni og formaður nefndarinnar getur þess að honum hafi verið ókunnugt um.

Nefndin hefur lagt gífurlega vinnu í þetta mál, m.a. fjallað ítarlega um þau atriði sem umhvrh. er nú að leggja til breytingar á. Fulltrúar ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni hafa aldrei orðað þær brtt. sem umhvrh. er nú að leggja til. Það vaknar því auðvitað upp sú spurning hvort hann er að flytja þetta sem einstakur þingmaður eða hvort hann er að flytja þetta sem ráðherra í umboði ríkisstjórnarinnar við stjfrv.

Ég kvaddi mér hljóðs til þess að spyrja virðulegan forseta hvernig forseti hyggst halda áfram umfjöllun um þetta mál nú þegar fyrir liggja brtt. frá hæstv. ráðherra. Mér er tjáð að hæstv. ráðherra sé á mælendaskránni og það er kannski ekki óeðlilegt að hann ávarpi þingið og geri einhverja grein fyrir því hvað hér er eiginlega að gerast. En að þeirri ræðu lokinni og ef hún verður kannski fram til kl. 5 þá er það kannski í sjálfu sér sjálfgert — **(Gripið fram í:** Ekki um tillögur sem ekki eru komnar á dagskrá.) Nei, það er út af fyrir sig rétt að ráðherrann á erfitt með að fjalla um tillögur sem ekki eru komnar á dagskrána. Það er út af fyrir sig alveg rétt samkvæmt þingsköpum. En mér finnst fullkomlega óeðlilegt, virðulegi forseti, að halda áfram að fjalla um málið og við sem höfum starfað í nefndinni eigum óhægt um vik þegar búið er að dreifa þessum brtt. Ég vil því mælast til þess að það verði haft samráð um það hvernig haldið verði áfram með þessa umræðu í ljósi þess sem var að gerast á síðustu mínútum.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Að þessu gefna tilefni vill forseti upplýsa að þessar umræddu brtt. geta ekki verið á dagskrá þar sem þær yrði að taka á dagskrá með afbrigðum. Það eru ekki nógu margir hv. þm. í húsinu til þess að mögulegt sé á að sú atkvæðagreiðsla fari fram þannig að þetta þskj. getur ekki verið til umræðu í dag. Auk þess hafði um það samist milli formanna þingflokka að umræðum yrði lokið upp úr 5, eins og orðað var, þar sem nú er að hefjast flokksfundur Framsfl. og að venju er ekki haldinn þingfundur meðan á honum stendur.

[16:35]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og bent hefur verið á getur hæstv. umhvrh. ekki vikið að þessum brtt. sínum í þeirri ræðu sem hann hyggst flytja á eftir. Jafnframt hefur það komið fram, kom fyrst fram á nefndarfundi í morgun og hæstv. umhvrh. hefur staðfest það í samræðum við mig í dag, að hann verði vegna ýmissa anna að hverfa af landi brott nú um helgina. Áformað er að ljúka þinginu í næstu viku. Afbrigði verða ekki veitt fyrr en eftir helgina samkvæmt ummælum forseta þannig að ég sé ekki hvernig hæstv. umhvrh. ætlar að leysa þessa þraut. Ef hann verður ekki sjálfur á landinu eftir helgina þá getur hann ekki mælt fyrir þessum brtt. og mér finnst vera fullkomlega óeðlilegt að staðgengill hans fari að tala fyrir þessum brtt. Þá eru samskipti ráðherrans um þetta frv. komin í slíkar ógöngur að ég tel það ekki vera mjög farsælt.

Meðferð sela í nefndinni hefur verið mikið deiluatriði. Nú er komin brtt. um meðferð sela sem hlýtur að hafa áhrif á frv. í veigamiklum atriðum, sérstaklega í ljósi þeirrar brtt. sem við sum í nefndinni höfum flutt og okkur var tjáð af fulltrúum ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni að þeir gætu ekki staðið að. Í ljósi þeirra ummæla fulltrúa ríkisstjórnarflokkanna í nefndinni tel ég ekki sjálfgefið að þeir styðji þær brtt. sem umhvrh. er hér að flytja. Mér finnst þetta þess vegna vera orðið þannig að ekki sé nokkur leið að átta sig á málinu í ræðustól Alþingis heldur verði nefndin að fá tækifæri til að fjalla um málið áður en umræðan heldur áfram. Ég ætla ekki að gera athugasemd við það þó að hæstv. ráðherra tali en að því loknu, ef hann talar skemur en til kl. 5, finnst mér einsýnt í ljósi þess að ljúka þessari umræðu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti telur að tvær leiðir séu til í þessu máli. Önnur er sú að gert yrði hlé á umræðu og nefndin fengi þessar nýju brtt. til meðferðar. Hin er að þær komi til meðferðar nefndarinnar milli 2. og 3. umr. Forseti sér ekki aðrar leiðir í því en það er komið undir vilja hv.

þm. hvernig þeir kjósa að ráða þeim málum.

Forseti vildi nú leggja til að hlé verði gert í 5 mínútur þar sem hv. formaður umhvn. og nefndarmenn gætu átt viðræður við hæstv. umhvrh. um frekara framhald þessa fundar.

[16:39]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er ekkert óeðlilegt við það þó að ráðherra í ríkisstjórninni leggi fram brtt. við stjfrv. Það hefur gerst, að ég hygg í þessari viku eða þeirri síðustu, við eitt af sjávarútvegsfrumvörpum ef ég man rétt. Hæstv. sjútvrh. lagði fram brtt. sjálfur við slíkt frv.

Eins og fram kom í máli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þá gerði hann ekki athugasemd við það að umhvrh. héldi sína tölu fyrir kl. 5 og ég vil líka benda forseta og þingmönnum á að það er ráðgerður fundur í umhvn. eftir kl. 5. Mér þykir það því í hæsta máta óeðlilegt að ekki verði hægt að standa við það samkomulag að hér verði umræður til kl. 5 og ég sé ekki að þetta þskj. breyti þar nokkuð um. Hér er ekkert óeðlilegt á ferðinni.

[16:39]

Jón Helgason *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hafði ekki séð þessar brtt. hæstv. umhvrh. þegar ég flutti mína ræðu áðan, en mér sýnist að hér sé um að ræða svo veigamikið atriði að það sé gersamlega útilokað að halda áfram umræðum um þetta mál án þess að umhvn. gefist tóm til að athuga hvað í þessum brtt. felst. Ég sé að hér er gert ráð fyrir því að 16. gr. frv. falli brott, þ.e. greinin sem á að heimila selveiðar. Og það er sjálfsagt í öðrum liðum einhvern veginn reynt að láta eitthvað annað koma í staðinn, en það verða menn auðvitað að gera sér grein fyrir til þess að geta rætt um málið af einhverju viti. Það er ekki hægt að bjóða umhvn. að halda umræðum áfram um mál eftir að svona róttækt brtt. kemur fram án þess að gefa henni tækifæri til að átta sig á því og ræða það.

[16:41]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Ég sá þessa brtt. um leið og aðrir þingmenn þegar hún kom á borð þingmanna fyrir nokkrum mínútum þannig að hún kom mér jafnmikið á óvart og öðrum, bæði þingmönnum sem sitja í umhvn. og öðrum en hún er ekki á dagskrá þar sem hún kemur það seint fram að það þarf að leita afbrigða til að hún megi koma til umræðu.

Það er rétt að ég hafði boðað örstuttan fund í umhvn. núna kl. 5. Að vísu geta ekki allir nefndarmenn komið þar sem ég hafði svo stuttan fyrirvara á boðun fundarins, en ég tel eðlilegt og get lýst því hér að hæstv. ráðherra geti haldið sína ræðu, en auðvitað ekki um þessar brtt. að sjálfsögðu, af því að það hefur verið upplýst að hann sé á förum þá vildi ég mæla með því. Að öðru leyti er það auðvitað í hendi forseta hvernig hann heldur á málum í framhaldinu. En ég tel nauðsynlegt að umhvn. fjalli um þessa brtt. því að nú erum við farin að fá mikið af brtt. við frv. sem gerbreyta því í raun þannig að það er spurning hvað við erum með í höndunum núna til umræðu hér.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Hæstv. umhvrh. tekur nú til máls, en forseti vill ítreka að sú brtt. sem nú hefur komið fram og ekki hefur verið sett á dagskrá er að sjálfsögðu ekki til umræðu.

[16:43]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson):

Virðulegi forseti. Sú ræða sem ég ætla að flytja fjallar heldur ekki um þessa brtt. sem hér hefur verið dreift. Hins vegar vil ég segja það að gefnu tilefni að það er í hæsta máta eðlilegt að gera þetta, enda var borið undir þingreynda menn hvort hér væri ekki rétt að málum staðið og það er svo, það er alveg klárt.

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að segja að það frv. sem hér liggur fyrir til umræðu tekur á mörgum umdeildum málum. Það hefur legið fyrir þinginu einum þrisvar sinnum. Þetta er í þriðja skiptið og það er eðlilegt að um það sé deilt. Ég tel að hv. umhvn. hafi unnið mjög gott verk og lagt sig fram um það að ná samstöðu um meginatriðin í frv. Og ég tek eftir því að það kemur fram að um meginatriði frv. hefur tekist ágæt sátt.

Þetta frv., virðulegi forseti, byggir á því grundvallarsjónarmiði að öll villt dýr önnur en mýs, rottur og minkar skuli njóta verndar og veiðar séu í raun aðeins heimilar til nytja ef viðkomandi stofn er talinn þola veiðar eða til þess að koma í veg fyrir tjón. Í frv. eru því sætt hin mismunandi sjónarmið verndarstefnu annars vegar og nytja hins vegar. Þetta er mjög í takt við þróunina annars staðar og tekur einnig mið af þeim alþjóðlegu samningum sem Ísland er aðili að.

Vegna þess að fram hefur komið í þessari umræðu og í fjölmiðlum síðustu daga að skotveiðimenn til að mynda séu afar óánægðir með frv., í því sambandi hefur til að mynda verið drepið á veiðikortin sem fjallað er um í 11. gr. frv., þá vil ég, virðulegi forseti, nota tækifærið og rifja upp umsagnir Skotveiðifélags Íslands um frv. Í umsögn félagsins sem dags. er 14. apríl 1992 segir svo, með leyfi forseta:

„Stjórn Skotvíss lýsir stuðningi sínum við þá tilraun sem í frv. felst til þess að taka heildstætt á friðun, vernd og veiðum fugla og spendýra. Hluti þessa máls er veiðikortið sem reyndar er bráðum áratuga gömul tillaga Skotvíss."

Og í umsögn félagsins sem er dags. 31. mars 1993 segir, með leyfi forseta: „Við ítrekum umsögn okkar um téð frv. 14. apríl 1992."

Síðan segir á öðrum stað um 11. gr. sérstaklega, með leyfi forseta: „Stjórn Skotvíss telur að þær breytingar sem gerðar hafa verið á greininni frá því að frv. var lagt fram á síðasta þingi séu til bóta. Skotvís hefur lengi verið því fylgjandi að menn gangist undir hæfnispróf áður en þeir fá leyfi til veiða og allir sem veiðar stunda fái sér veiðikort. Einnig eru menn sammála því að fyrir kortið sé greitt sanngjarnt gjald, enda renni það til rannsókna á stofnum veiðidýra eins og

segir í frv. Auknar rannsóknir á veiðidýrum og skráning veiðidýra er að okkar mati löngu tímabær."

Það er rétt að árétta að í þessum umsögnum Skotveiðifélags Íslands kemur ekki fram neinn grundvallarágreiningur við meginstefnuna í frv.

Hér hefur eðlilega verið rætt talsvert um þá brtt. sem meiri hluti umhvn. hefur flutt og gengur út á það að sameina ...(**ÓRG:** Nei, nei, rangt hjá ráðherranum.) (**Gripið fram í:** Ekki meiri hlutinn.), sem fimm hv. þm. í umhvn. hafa flutt um að sameina embætti veiðistjóra Náttúrufræðistofnun Íslands. Þessi tillaga er flutt í kjölfar ákvörðunar um að flytja þetta embætti til Akureyrar og yfirlýsts vilja umhvrh. til að styrkja hið nýja setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri með því að fella undir það embætti veiðistjóra.

Hv. þm. Jón Helgason, sem nú er horfinn af vettvangi, talaði um það að bréf sem barst frá ráðuneytinu til hv. umhvn. hefði komið m.a. stjórnarformanni Náttúrufræðistofnunar Íslands á óvart. Eigi að síður er það svo að þær tillögur sem þar koma fram eru unnar í samræmi við forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands þannig að það á ekki að koma stofnuninni á óvart. Ég vil hins vegar taka það fram, virðulegi forseti, að þó að þessar tvær ákvarðanir, annars vegar um að flytja embættið til Akureyrar og hins vegar að sameina starfsemi þess Náttúrufræðistofnun Íslands, setur þess á Akureyri, séu nátengdar þá standa þær ekki eða falla hvor með annarri. Brtt. sem er flutt af fimm hv. þm. í umhvn. gengur einungis út á það að sameina embætti veiðistjórans við Náttúrufræðistofnun Íslands þannig að jafnvel þó sú staða kæmi upp að hv. Alþingi féllist ekki á þessa tillögu þá stendur eftir sem áður óhögguð sú ákvörðun að flytja embætti veiðistjórans norður til Akureyrar.

Virðulegi forseti. Það ætti ekki að koma nokkrum þingmanni á óvart að sá umhvrh. sem hér stendur hefur á því talsverðan áhuga að flytja stofnanir, sem til þess eru fallnar, út á landsbyggðina. Tilgangurinn með því er vitaskuld sá að styrkja þannig byggðir utan höfuðborgarsvæðisins. Þetta ætti engum að koma á óvart. Ég hef lýst þessum áhuga mínum í fjölmiðlum og það er vel kunnugt að slíkir flutningar eru til skoðunar. Það er í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar, og raunar fleiri flokka en að henni standa, að flytja þjónustu og stofnanir hins opinbera eftir því sem á við út á landsbyggðina. Ákvörðun um flutning á embætti veiðistjóra er þess vegna byggðapólitísk ákvörðun, en hún er jafnframt byggð á því mati að staðsetning á embættinu utan Reykjavíkur getur með engu móti haft áhrif á störf og verkefni embættisins. Það er einfaldlega fráleitt að halda öðru fram og ég fullyrði það hér að engin stofnun sem ég þekki innan hins opinbera geira er jafn vel fallin til þess að verða vistuð á landsbyggðinni og einmitt embætti veiðistjóra. Nánast öll verkefni og störf veiðistjórans tengjast landsbyggðinni. Þær rannsóknir, sem vissulega eru mikilvægar eins og fram hefur komið í ræðum hv. þm. og ég tek undir það, sem hafa byggst upp á síðasta áratug lúta allar að landsbyggðinni. Ef slíka stofnun er ekki hægt að vista utan Reykjavíkur þá geta menn strax í dag hætt að velta því fyrir sér að flytja stofnanir frá Reykjavík og það er rétt að menn geri sér grein fyrir því.

Virðulegi forseti. Á sl. hausti tók svo Náttúrufræðistofnun Íslands yfir Náttúrufræðistofnun Norðurlands samkvæmt sérstökum samningi og varð þá að sérstöku setri stofnunarinnar eins og er heimilað í lögum um hana. Mér gafst þá tækifæri til að skoða og kynna mér mjög rækilega starfsemi þessa nýja seturs. Ég komst að þeirri niðurstöðu að setrið væri veikt, í rauninni of veikt, og það lá í augum uppi að með því að flytja embætti veiðistjórans norður og sameina það setri Náttúrufræðistofnunarinnar á Akureyri væri kleift að gera tvennt í senn: Að flytja starfsemi í opinbera geiranum út á land en styrkja um leið verulega setrið á Akureyri og þar með starfsemi Náttúrufræðistofnunar í heild, styrkja náttúrufræðigeirann í landinu.

Setrið á Akureyri er sérstakt að því leyti til að það hefur einungis örfáum starfsmönnum á að skipa og einungis á sviði grasafræði og jarðfræði. Þar er hins vegar ákaflega sterkur grunnur að því leyti til að mikla reynslu og þekkingu á sviði ákveðinna greina grasafræði er þar að finna og er á heimsmælikvarða. Þar er hins vegar enginn dýrafræðingur, hvorki fastráðinn né í tímabundnum verkefnum. Það veikir auðvitað setrið og starfsemi þess, þrengir möguleika til þess að sinna alhliða rannsóknum á náttúru. Með því að fella setrið og embætti veiðistjóra saman, eins og ég tel að væri æskilegt, þá er um leið búin til tiltölulega öflug rannsóknarstofnun á okkar íslensku vísu sem byggir yfir alhliða atgervi á sviði náttúruvísinda. Ég minni síðan á það, virðulegi forseti, að þegar ég fór á sínum tíma norður til Akureyrar til þess að taka formlega við hinu nýja setri fyrir hönd ríkisins þá lýsti ég því yfir að ég hygðist beita mér fljótlega fyrir rækilegri eflingu þess. Ég benti sérstaklega á þörfina á því að styrkja dýrafræðigeirann, koma fyrir dýrafræðingum við stofnunina, og ég stóð við það. Ég lýsti því yfir að höfðu samráði við ríkisstjórnina að ég hefði tekið ákvörðun um að flytja embætti veiðistjórans norður á Akureyri og í kjölfar þess að sameina starfsemi þess setri Náttúrufræðistofnunar á Akureyri ef Alþingi heimilar.

Það er vert að undirstrika að þessi fyrirhugaði samruni er mjög rökréttur. Stofnanirnar báðar sinna rannsóknum á lífríki Íslands. Náttúrufræðistofnun á lögum samkvæmt að stunda grunnrannsóknir á náttúru Íslands. Hún á að sjá um skipulega söfnun heimilda um náttúru Íslands og er það meðal aðalverkefna hennar að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrlegra auðlinda en hún á jafnframt að vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla í samræmi við embætti veiðistjóra. Þess vegna er ljóst, virðulegi forseti, að þarna er um að ræða tvær stofnanir undir sama ráðuneyti sem eru að vinna á mjög skyldum sviðum. Rannsóknahlutverk þeirra skarast þó að í praxís hafi verkefnaval til þessa verið mismunandi. Það er af þessum sökum, virðulegi forseti, sem ég tel mjög eðlilegt að sameina þessar tvær stofnanir.

Ég ítreka það að nær öll verkefni embættis veiðistjóra lúta að landsbyggðinni og það er því rökrétt, ef menn ætla sér á annað borð að flytja stofnanir frá höf-

uðborgarsvæðinu og styrkja með því byggðir á landsbyggðinni, að einmitt þessi stofnun verði fyrir valinu. Það er alveg ljóst að staðsetning þessarar stofnunar mun í engu hamla vinnslu þeirra verkefna sem hún hefur með höndum. Það er alveg klárt. Það er borðleggjandi að það er engin önnur stofnun á Íslandi innan opinbera geirans sem hentar jafn vel til flutnings. (**ÓRG:** Umhvrn.) Hún er að vinna á landsbyggðinni og næstum því öll hennar verkefni og rannsóknir eru á landsbyggðinni. Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir umhvrn. Ég veit að vísu ekki um afstöðu hans til þessa máls og flutnings stofnana almennt, en minnist þess að hann var formaður flutninganefndar árið 1974 sem vildi flytja 25 stofnanir út á landsbyggðina. Það fór að vísu engin. Það eru víða refir en refir eru tiltölulega fátíðir í Reykjavík nema kannski á einhverjum sérstökum stöðum.

Hv. þm. Jón Helgason hafði efasemdir um að það væri kleift að stofna sérstaka deild innan setursins á Akureyri um þessa starfsemi. Nú er það ekki svo. Í 7. gr. laganna um Náttúrufræðistofnun Íslands er heimild til að deildaskipta setrum þannig að það er mjög vel hægt. Hv. þm. Jón Helgason taldi jafnframt að það hefði ekki verið unnið nægilega vel að undirbúningi framtíðarskipulags ef af þessu yrði. Það er nefnilega það. Hann las upp úr skýrslu og það var einmitt skýrsla tveggja sérfræðinga sem var falið að gera tillögur um hvernig ætti, ef af þessari sameiningu yrði, að sameina þessar tvær stofnanir og hvernig ætti innan þessarar sérstöku veiðideildar að leggja upp þá starfsemi sem embætti veiðistjóra hefur með höndum í dag. Og samkvæmt tillögum þessara tveggja heiðursmanna ætti veiðideildin að annast þann þátt ráðgjafar sem veiðistjóra er ætlaður, t.d. varðandi hreindýr og hreindýraráð, að skipuleggja og bera ábyrgð á veiðum á þeim dýrum sem ríkisvaldið tekur þátt í til að halda í skefjum og hafa umsjón með öðrum aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón af völdum þessara dýra. Jafnframt mundi veiðideildin sjá um að leiðbeina almenningi, bændum og öðrum um aðferðir til að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Enn fremur að sjá um útgáfu þeirra veiðikorta sem lagt er til að verði komið á fót samkvæmt frv. sem hér liggur fyrir til umræðu. Sömuleiðis ætti deildin að sjá um að taka saman upplýsingar um veiði og nytjar af þeim hlunnindum sem er getið um í frv. Enn fremur, sem er mikilvægt, að gera tillögur um hvernig skuli verja arði af sölu veiðikortanna, þar með talið til hagnýtra rannsókna á þeim dýrum sem frv. fjallar um.

Það er alveg ljóst af þessu að samkvæmt þessum tillögum þá gera þær ráð fyrir verulegri styrkingu á setri Náttúrufræðistofnunar á Akureyri. Það er tilgangur minn. Það er alveg ljóst. En það er með engu móti hægt að segja að staðsetningin eða það að þetta verði að sérstakri deild innan setursins á Akureyri hamli með einhverju útfærslu þeirra verkefna sem stofnunin hefur með höndum.

Við skulum ekki gleyma því að á síðustu árum hefur starfssvið þessara tveggja stofnana verið að falla æ meira saman að því leyti til að þær sinna báðar rannsóknum. Nú er það að vísu svo að samkvæmt lögunum um eyðingu refa og minka frá 1957 og öðrum lögum sem tengjast stofnuninni og verkefnum á hennar vegum, þá er ekkert getið um rannsóknir en svona hefur þetta þróast. Við vitum það líka að Náttúrufræðistofnun Íslands á að sinna rannsóknum á náttúru Íslands. Hún á líka að leiðbeina um hóflega nýtingu náttúruauðlinda þannig að þarna er um að ræða tvær stofnanir sem sinna svipuðum hlutum eins og einmitt er bent á í umsögn Búnaðarfélags Íslands. Þetta er því ekki jafnslæm tillaga og sumir virðast halda og kannski hafa menn einfaldlega ekki kynnt sér málið nógu vel.

En ég ítreka það, virðulegi forseti, að þessar tvær hugmyndir, annars vegar að flytja embætti veiðistjóra norður og hins vegar að sameina það náttúrufræðisetrinu á Akureyri eru nátengdar en þær standa ekki og falla hvor með annarri. Það hefur verið tekin ákvörðun um að embættið verði flutt norður og það er alveg ljóst að sú staðsetning mun ekki hamla verkum embættisins. Og ef menn komast að þeirri niðurstöðu, virðulegi forseti, að það sé út í hött að flytja embætti veiðistjóra til Akureyrar þá er það bara tómt píp sem bæði stjórnarflokkarnir og ýmsir flokkar í stjórnarandstöðu hafa verið að tala um aftur og aftur árum saman, að það sé rétt á byggðapólitískum forsendum að flytja stofnanir sem til þess eru fallnar út á land. Ég er þeirrar skoðunar að það sé rétt. Ég er höfuðborgarbúi, borinn hér og barnfæddur, en ég tel að það sé rétt að gera það. Landsbyggðin greiðir líka með sínum sköttum kostnaðinn við starfsemi þessara stofnana og það er eðlilegt að hún njóti líka þeirra jákvæðu ávinninga fyrir athafnalíf, margfeldisáhrifanna fyrir athafnalífið sem staðsetning slíkra stofnana getur haft í för með sér.

Ég tel til að mynda af því að mér verður hér tíðrætt um Akureyri að það yrði óskaplega gott fyrir þann litla vísi, sem þó er ört stækkandi og er að verða þróttmikill, að akademísku umhverfi á Akureyri að fá einmitt svona stofnun til Akureyrar sem hefur yfir að ráða hæfum starfsmönnum, vel menntuðum, auk þess sem hún fellur vel inn í það stofnanaumhverfi sem þar er að verða til. Ég vil því biðja menn að íhuga þetta afskaplega vel og vandlega.

Virðulegi forseti. Ég gaf forsetadæminu loforð um það að ljúka máli mínu stundvíslega kl. 5 og ég ætla að standa við það. Ég ætla mér ekki að ræða þá tillögu sem ekki er komin á dagskrá um selinn. En ég ætlaði mér hins vegar í minni ræðu að greina frá því að til þess að greiða fyrir þessu máli og vegna þess að mér eru ljósar þær miklu deilur um einmitt vistun sela þá ætlaði ég að greina frá því án þess að rökræða tillöguna að það hefur orðið að samkomulagi milli mín og sjútvrh. að leggja til að þetta mál verði tekið alveg út úr frv., það verði geymt og unnið að því í samráði þeirra ráðuneyta sem málinu tengjast í sumar til þess að reyna að finna flöt á farsælli lausn fyrir haustið.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Fjórir hv. þm. hafa óskað eftir því að veita andsvar við ræðu hæstv. umhvrh. og verður forseti því að stytta

þann ræðutíma sem hver og einn hefur og verður ræðutíminn ein mínúta.

[17:01]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Á einni mínútu er ekki margt hægt að segja svo mikið sem þyrfti í rauninni að segja vegna ræðu hæstv. ráðherra því að það var svo fjölmargt í henni sem var þess eðlis að það þarf langt mál til að ræða það og sýna fram á hversu rangt mál hann fer með að mínu mati.

En það voru nokkur atriði sem ég má til að koma hér á framfæri og það er vegna þess að ráðherrann gerði nokkuð úr stuðningi Skotvíss við þetta frv. Það er alveg rétt. Það komu til nefndarinnar umsagnir varðandi þetta frv. en tveir fulltrúar félagsins komu hins vegar á nefndarfund og reyndar var lesin upp hérna ályktun frá aðalfundi þess félags og þeir féllu frá stuðningi við frv. vegna þeirrar meðferðar á veiðistjóraembættinu sem tillögur gerðu ráð fyrir, ekki frv. heldur tillögur sem boðaðar höfðu verið. Ég vil koma því á framfæri vegna þess að þeir gerðu mjög skýra grein fyrir því á fundi nefndarinnar.

Það kom einnig fram að þær tillögur sem ráðherrann varði mestum tíma sínum í að skýra væru unnar í samráði við forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, en í 3. gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands segir mjög greinilega, með leyfi forseta:

„Forstjóri starfar í umboði stjórnar sem framkvæmdastjóri hennar og stofnunarinnar í heild.“ Þess vegna komu þessi orð ráðherrans mjög á óvart í ljósi þess að formaður stjórnar vissi ekki af þessum tillögum fyrr en umhvn. óskaði eftir umsögn um málið.

[17:03]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er mætavel ljóst að flutningur á embætti veiðistjóra til Akureyrar er mjög umdeilt mál. Það er mjög eðlilegt að flutningur stofnana yfirleitt sé afskaplega umdeildur. Í þeirri skýrslu sem til að mynda nefnd undir forustu Þorvaldar Garðars Kristjánssonar gerði fyrir ríkisstjórnina kemur það beinlínis fram t.d. að gera skuli ráð fyrir því að starfsmenn viðkomandi stofnana séu ævinlega andsnúnir slíkum flutningi. Það er því eðlilegt að það séu sterkar tilfinningar og menn séu andsnúnir þessu.

Ég vil hins vegar segja það varðandi afstöðu skotveiðimannanna að þegar þeir tóku afstöðu á efnislegum forsendum til meginatriða í frv. þá var hún jákvæð. Að því er varðar forstjóra Náttúrufræðistofnunar þá má gera ráð fyrir því að forstjórar starfi einmitt í umboði sinna stjórna og hafi samráð um slíka hluti. Þó ég hafi ekki sjálfur farið yfir þessar tillögur með stjórn stofnunarinnar þá ræddi ég þennan flutning á sínum tíma og þær efnislegu tillögur sem ég mundi vilja að yrði lagðar fram um það við formann stjórnar Náttúrufræðistofnunar.

[17:04]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég fékk ekki tíma til að ræða allt sem ég vildi í fyrra andsvari við ræðu hæstv. ráðherra, en það var einmitt það atriði sem hann minntist á um flutning stofnana út á land og nefnd undir forustu Þorvaldar Garðars Kristjánssonar, sem vann á vegum forsrn. ef ég man rétt, og kom með ýmsar tillögur varðandi flutning stofnana út á land. Kvennalistinn átti fulltrúa í þeirri nefnd og það var ekki minnst á veiðistjóraembættið í því sambandi. Það var ekki minnst á það í skýrslu nefndarinnar ef ég man rétt. Það er hins vegar kannski aukaatriði í sjálfu sér en það sem skiptir máli er að vel sé vandað til ef flytja á stofnanir út á land og það var ekki gert í þessu tilviki. Fyrir utan að ekki er verið að tala um að flytja stofnun út á land heldur er verið að tala um að bæði flytja stofnun út á land og leggja hana niður um leið. Það finnst mér mjög sérkennilegt og get ekki skilið að það sé hægt að flytja stofnun út á land þegar á að leggja hana niður og rústa raunverulega embættið um leið. Ég er hins vegar ekkert að segja að ekki geti komið til greina að gera það en þá á að gera það þannig að vel sé vandað til verksins. Það var ekki gert í þessu tilviki.

[17:05]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Með ákvörðunum sínum, sem hæstv. umhvrh. kynnti 6. eða 7. jan. sl., um að flytja embætti veiðistjóra í því formi til Akureyrar og sameina það Náttúrufræðistofnun Íslands er málstaðnum um það að dreifa stjórnsýslunni í landinu unnið eitthvert mesta ógagn sem gert hefur verið til þessa. Ákvörðun ráðherrans eins og að henni var staðið er mesta valdníðslan sem mér er kunnugt um að beitt hafi verið í Stjórnarráði íslands, hef þó ekki kannað það mál sérstaklega og fer eftir kynnum mínum af Stjórnarráðinu. Ráðherrann tók ákvörðun um þetta efni án þess að tala við nokkurn starfsmann veiðistjóraembættisins um ákvörðun sína áður en hún var kynnt, án þess að tala orð við stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands og án þess að tala orð við forstöðumann seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri. Þetta er valdníðsla af því tagi að fáheyrt verður að teljast. Þetta er eitthvert mesta ógagn sem unnið hefur verið gagnvart opinberum stofnunum í landinu og það er alveg með fádæmum að þessi ráðherra skuli koma og ætla að slá sig til riddara með þessum gerningi.

[17:07]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ræða hv. síðasta ræðumanns sýndi það í hnotskurn sem ég var að segja hérna áðan, að flutningi ríkisstofnana tengjast miklar tilfinningar og það er eðlilegt og það er skiljanlegt. Ég hjó hins vegar eftir því að hann tók það fram að þetta væri mesta valdníðsla sem þingmaðurinn hefði kynnst í Stjórnarráði Íslands, en tók það síðan fram að hann hefði að vísu ekki kannað það sérstaklega.

Ég verð einungis að segja það, virðulegi forseti, að

það eru til ýmsar leiðir, kannski aðallega tvær leiðir til þess að flytja stofnanir út á land. Ein er sú að taka um það pólitíska ákvörðun og það kostar kjark, kostar mikið erfiði. Önnur er sú að taka til þess afar langan tíma eins og menn hafa rætt um, 5–6 ár og það verður aldrei neitt úr því. Ég veit að þetta kostar erfiði, blóð, svita og tár, miklar tilfinningar sem tengjast þessu. En ef menn ætla sér að keyra út svona hluti þá verða þeir bara að taka hraustlega á. Hv. þm. kallar þetta valdníðslu. Það er eigi að síður svo að þarna eru engin lög brotin og það er ekkert að því segi ég sem maður sem hefur búið örstuttan tíma, ár og ár í senn, úti á landsbyggðinni að flytjast út á landsbyggðina í gott starfsumhverfi, ekkert að því.

[17:09]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það fer að fækka rökunum í málflutningi hæstv. ráðherra og talsmanna hans hér í þinginu. (**GunnS:** Ert þú á móti uppbyggingu á landsbyggðinni?) Ein meginröksemdin fyrir þessari ákvörðun á að vera hagræðing. Hæstv. ráðherra segir hér: Hvað sem verður um afdrif þessarar brtt. fimm þingmanna, sem hér liggur fyrir, þá skal embættið samt norður. (**GunnS:** Þú ert á móti.) Þessi frammíkallari hér, hv. 5. þm. Austurl., varði þessa ákvörðun sérstaklega á þingi og taldi hana til einstakrar fyrirmyndar, svo að það er von að hann sé farinn að ókyrrast, presturinn sem ég hélt að væri stundum í sáttahlutverki en ekki að hella olíu á eldinn. Og hæstv. umhvrh. leyfir sér að vitna til skýrslu stjórnskipaðrar nefndar undir forustu Þorvaldar Garðars Kristjánssonar máli sínu til stuðnings. Hvað stendur í þeirri skýrslu, virðulegi forseti? (**GunnS:** Ertu á móti henni líka?)

Virðulegur forseti. Ég fæ ekki frið. Tíminn er útrunninn. Ég leyfi mér tvær örstuttar tilvitnanir. Það stendur um starfsmenn stofnana sem ráðgert er að flytja: „Hins vegar varðar miklu að stofnun geti haldist á starfsmönnum sínum. Verður að leita allra ráða til þess að stofnun haldist á starfsmönnum sínum."

[17:11]

Umhverfisráðherra (Össur Skarphéðinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson spurði: Hvar er hagkvæmnin sem felst í því að flytja þessa stofnun út á land? Ég greindi frá því í mínu svari áðan að þegar menn taka ákvarðanir um það að flytja stofnanir út á land þá eru það byggðapólitísk sjónarmið sem ráða. Það er ekki endilega alltaf hægt að benda á einhverja tiltekna hagræðingu sem hægt er að mæla í krónum og aurum. En það er hins vegar gefið mál að þegar byggðarlög eru styrkt með þeim hætti að flytja þangað traustar stofnanir sem hafa yfir atgervi að búa þá hefur það margfeldiáhrif. Það rennir auknum og traustari burðarstoðum undir athafnalífið á viðkomandi stað. Það eru menn fyrst og fremst að hugsa um þegar þeir tala um að flytja stofnanir frá Reykjavík út á land. Það er ekki bara einhver hagræðing sem hægt er að mæla í krónum og aurum. Menn eru að tala um það að taka byggðapólitískar ákvarðanir sem styrkja viðkomandi byggð. Út á það gengur þetta.

[17:12]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eins og hæstv. umhvrh. vék að þá veitti ég forstöðu nefnd á sínum tíma um flutning ríkisstofnana. Sú nefnd starfaði í um það bil þrjú ár, fór vandlega yfir það mál allt saman og gerði ítarlegar tillögur. Ég get sagt við hæstv. umhvrh.: Hann hefur brotið allar þær vinnureglur sem sú nefnd taldi eðlilegar varðandi flutning ríkisstofnana í þessu máli. Það er athyglisvert að hann er líka að brjóta þær vinnureglur sem sú nefnd sem Þorvaldur Garðar Kristjánsson veitti forstöðu og Alþfl. átti fulltrúa í setti sér í þessum málum. Enda er það líka umhugsunarvert fyrir hæstv. umhvrh. að það hefur enginn sem yfir þetta mál hefur farið vandlega á allra síðustu árum lagt til flutning veiðistjóraembættisins, heldur ekki þingmaðurinn Gunnlaugur Stefánsson sem mig minnir að hafi verið fulltrúi Alþfl. í þessari nefnd. Hann lagði það ekki til að veiðistjórinn yrði fluttur. Ef það er svona gráupplagt og sjálfsagt eins og hæstv. umhvrh. er að reyna að sannfæra menn um hér hvernig stendur þá á því að sú stjórnskipaða nefnd sem starfaði sérstaklega á vegum forsrh. og var með þennan virðulega þingmann Alþfl. innan borðs lagði þetta ekki til?

[17:13]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er sýnkt og heilagt gripið til þess að vitna í umsagnir Skotveiðifélags Íslands eða Skotvíss þegar færa þarf rök fyrir því að taka upp það kerfi sem veiðikortið kallar á. Í umræðum þegar þetta mál var fyrst til umræðu og hæstv. fyrrv. umhvrh. mælti fyrir því þá taldi hann að skotveiðimenn á Íslandi væru 15 þúsund. Nú skilst mér að í hv. umhvn. sé þessi tala komin í 5–7 þúsund og skil ég ekki alveg hvernig hún hefur getað minnkað um helming á svo skömmum tíma. Ég vil því leyfa mér að efast um það að Skotveiðifélag Íslands, Skotvís, séu hinir raunverulegu talsmenn skotveiðimanna á Íslandi og leyfi mér því að spyrjast fyrir um það hvort menn geri sér grein fyrir því hvað margir eru aðilar að því félagi af þeim núna eru komnir í 5–7 þúsund en voru 15 þúsund fyrir tveimur árum síðan.

Útbýting þingskjala:

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 285. mál, nál. umhvn., þskj. 1132; brtt. umhvn., þskj. 1133.

Neytendalán, 430. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1134.

Tollalög, 547. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1135.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 4., 7.–12. og 14.–32. mál.

Fundi slitið kl. 17:16.

146. FUNDUR

mánudaginn 2. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Tekjuskattur og eignarskattur, frv., 30. mál, þskj. 1125. — 3. umr.
2. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 1126. — 3. umr.
3. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602. — 3. umr.
4. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Rannsóknarráð Íslands, stjfrv., 477. mál, þskj. 1072, brtt. 1117. — 3. umr.
6. Brunavarnir og brunamál, frv., 617. mál, þskj. 1087. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
7. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 500. mál, þskj. 767, nál. 1016, brtt. 1017. — 2. umr.
8. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Fyrri umr.
9. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001 og 1120, brtt. 1002. — 2. umr.
10. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 952, nál. 1121, brtt. 1040. — Frh. 3. umr.
11. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 551. mál, þskj. 862, nál. 1085 og 1094. — 2. umr.
12. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960. — Fyrri umr.
13. Tollalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 858, nál. 1135. — 2. umr.
14. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642, nál. 1134. — 2. umr.
15. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 285. mál, þskj. 362, nál. 1132, brtt. 1133. — 2. umr.
16. Skipulag ferðamála, stjfrv., 562. mál, þskj. 875, nál. 1129. — 2. umr.
17. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391, nál. 1128. — 2. umr.

Fjarvistarleyfi:

Jóhannes Geir Sigurgeirsson, 6. þm. Norðurl. e.

Útbýting þingskjala:

Álitsgerðir frá stofnunum Háskóla Íslands, 515. mál, svar forsrh., þskj. 1116.

Innflutningur á forunnum kartöflum, 620. mál, fsp. IBA, þskj. 1136.

Nýting heimilda samkvæmt jarðalögum, 591. mál, svar landbrh., þskj. 1127.

Skattskylda innlánsstofnana, 294. mál, þskj. 1126.

Tekjuskattur og eignarskattur, 30. mál, þskj. 1125.

Jóhann Einvarðsson tekur sæti á Alþingi.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram kom á fundi sl. föstudag hefur Steingrímur Hermannsson, hv. 7. þm. Reykn., ritað forseta bréf þar sem hann afsalar sér þingmennsku frá 1. maí að telja. Við sæti Steingríms Hermannssonar tekur 1. varaþm. Framsfl. í Reykjaneskjördæmi, Jóhann Einvarðsson, og verður 7. þm. Reykn.

Jóhann Einvarðsson er enginn nýgræðingur í þingstörfum, hann hefur tvívegis áður tekið fast sæti á Alþingi, þ.e. að af afloknum þingkosningum 1979 og 1987.

Ég býð Jóhann Einvarðsson velkominn til starfa á Alþingi.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dagsett 29. apríl 1994:

„Þar sem ég verð fjarverandi erlendis á næstunni og get því ekki sótt þingfundi leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Framsfl. í Suðurlandskjördæmi, Þuríður Bernódusdóttir verkstjóri, Vestmannaeyjum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Jón Helgason, 2. þm. Suðurlandskjördæmis."

Þuríður Bernódusdóttur hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Tekjuskattur og eignarskattur, 3. umr.

Frv. TIO o.fl., 30. mál (leigutekjur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 1125.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, 3. umr.

Stjfrv., 294. mál (afskriftareikningur útlána). — Þskj. 1126.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Óskað hefur verið eftir því að fresta 2. og 3. dagskrármálinu og verður orðið við því.

Umræðu frestað.

Tekjuskattur og eignarskattur, frh. 3. umr.

Frv. TIO o.fl., 30. mál (leigutekjur af íbúðarhúsnæði). — Þskj. 1125.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:41]

Frv. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, VE, ÞBern.

1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

29 þm. (DO, EH, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, KHG, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SighB, SP, SJS, SvG, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1138).

Rannsóknarráð Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 477. mál. — Þskj. 1072, brtt. 1117.

[10:41]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um það mál sem hér er til umræðu til að gera grein fyrir brtt. frá menntmn. við 22. gr. frv. Í greininni er menntmrh. heimilað að setja á stofn sérstakar stöður prófessora sem einungis sinni rannsóknum á sviðum sem talin eru sérstaklega mikilvæg og áhugaverð. Í stöðu rannsóknarprófessors yrðu aðeins ráðnir einstaklingar sem metnir hafa verið hæfir til að gegna stöðu prófessors og hafa aflað sér viðurkenningar á alþjóðlegum vettvangi fyrir rannsóknarstörf. Rannsóknarráð Íslands er einn þeirra aðila sem fjallað gæti um eða gert tillögur um stofnun stöðu rannsóknarprófessors. Tillögur um fræðasvið sem til álita koma fyrir stöðu rannsóknarprófessora yrðu gerðar til menntmrh. en hæfni umsækjenda metin af sérstaklega skipaðri dómnefnd. Brtt. er flutt til að kveða skýrt á um að þeir fræðimenn sem hafa starfað að íslenskum fræðum og lagt fram markverðan skerf til íslenskrar menningar geti skipað stöðu rannsóknarprófessors.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:43]

Brtt. 1117 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞBern.

25 þm. (DO, EH, EKJ, FI, GHall, GÁS, GÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, KHG, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, SJS, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KÁ, KE, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞBern.

25 þm. (DO, EH, EKJ, FI, GHall, GÁS, GÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, KHG, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, SJS, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1139).

Brunavarnir og brunamál, 1. umr.

Frv. félmn., 617. mál (rannsókn eldsvoða). — Þskj. 1087.

Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 35 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GB, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KÁ, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞBern.

28 þm. (DO, EH, EKJ, FI, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, HBl, ISG, JóhS, JGS, JBH, KHG, KE, LMR, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SighB, SP, SJS, VS, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[10:44]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir frv. til laga um breytingu á lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, frá félmn.

Samkvæmt 1. gr. frv. gerir félmn. tillögu um breytingu á þá lund að 22. gr. laganna orðist svo:

„Lögreglan rannsakar eldsvoða samkvæmt ákvæðum laga um meðferð opinberra mála og kveður til sérfróða menn eftir því sem hún telur þörf á. Hún tilkynnir Brunamálastofnun ríkisins og Rafmagnseftirliti ríkisins um eldsvoðann og rannsókn sína.

Að lokinni rannsókn sendir lögreglan afrit af rannsóknargögnum til Brunamálastofnunar, hlutaðeigandi slökkviliðsstjóra og vátryggingafélags nema öðruvísi sé mælt fyrir í lögum."

2. gr. frv. er um að á eftir 22. gr. laganna komi ný grein, 22. gr. a, sem orðist svo:

„Þegar um mikið brunatjón er að ræða skal Brunamálastofnun ríkisins, óháð lögreglurannsókn, rannsaka útbreiðslu eldsins, hvernig brunavarnir byggingarinnar hafi staðist hann og hvernig að slökkviliðsstarfi hafi verið staðið. Kanna ber síðustu úttektir eldvarnaeftirlits fyrir brunann, hvaða athugasemdir hafi þar verið fram settar og hvernig eftir þeim hafi verið farið."

3. gr. er um að lög þessi öðlast þegar gildi.

Með frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á ákvæðum um skipulag brunarannsókna í lögum um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992. Er félagsmála-

nefnd hafði fyrr á þessu þingi til meðferðar frumvarp til breytingar á fyrrgreindum lögum bárust henni ábendingar frá félagsmálaráðuneytinu um að brýnt væri að breyta lögunum til lausnar á þeim aðstæðum sem nú ríkja varðandi skipulag brunarannsókna í landinu.

Í núgildandi 22. gr. laga nr. 41/1992, um brunavarnir og brunamál, er fjallað um fyrirkomulag brunarannsókna. Er þar kveðið á um að Brunamálastofnun ríkisins skuli sjá um að rannsókn fari fram á orsökum eldsvoða þegar eftir brunatjón, en Rannsóknarlögregla ríkisins eða lögreglustjóri skuli sjá um að lögregluransókn fari fram leiki grunur á að um refsivert athæfi hafi verið að ræða. Við lögreglurannsóknir skuli enn fremur haft samráð við Brunamálastofnun ríkisins. Nýlega hafa gengið tveir dómar, sbr. dóm Hæstaréttar frá 10. febrúar 1994 í máli nr. 360/1993 og dóm héraðsdóms Vesturlands frá 24. febrúar 1994 í máli nr. 93/1993, þar sem í forsendum er fundið að því að við brunarannsókn hafi ekki verið farið eftir ákvæðum 22. gr., það er haft samráð við Brunamálastofnun ríkisins og leitað eftir sérfræðingum þaðan.

Nefndin skoðaði mál þetta ítarlega og fékk á fund sinn fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu, Landssambandi slökkviliðsmanna, Brunamálastofnun ríkisins og Rannsóknarlögreglu ríkisins. Eftir þá umfjöllun varð niðurstaða nefndarinnar að nauðsynlegt væri að koma á eðlilegri skipan á verklagi við rannsókn bruna, jafnt í lögum sem framkvæmd. Er mat nefndarinnar að með breytingu á 22. gr. laganna verði þeim tilgangi náð. Lagt er til að lögregla sjái almennt um rannsóknir á eldsvoðum, í samræmi við ákvæði laga um meðferð opinberra mála, en kveðji til þess sérfræðinga eftir því sem þörf þykir á. Þá er lagt til að með nýrri grein, 22. gr. a, verði komið á þeirri skyldu Brunamálastofnunar að framkvæma sjálfstæðar athuganir á ýmsum þáttum varðandi stærri eldsvoða, óháð lögregluransókn.

Virðulegi forseti. Ég legg til að þetta frv. verði samþykkt. Félmn. flytur frv. og ég tel óþarft að vísa málinu til nefndar. Við erum búin að liggja yfir því, höfum verið með þessi lög á tveimur þingum og skoðað mjög nákvæmlega þessa grein og leggjum samhljóða til að hún breytist á þessa lund. Ég mundi því telja að það væri hægt að vísa frv. til 2. umr.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 2. umr.

Stjfrv., 500. mál. — Þskj. 767, nál. 1016, brtt. 1017.

[10:50]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Forsaga þessa máls er sú að það var flutt hér á síðasta þingi. Í landbn. var leitað umsagna um frv. en það hlaut ekki afgreiðslu á þinginu. Aftur á móti afgreiddi landbn. málið með þeim hætti að vísa því til landbrn. og þess óskað að við endurskoðun og endurtekin flutning málsins hér á þinginu yrði tekið tillit til þeirra umsagna sem borist höfðu. Málið er þess vegna flutt hér öðru sinni og þá að teknu tilliti til þeirra umsagna sem fyrir lágu fyrir einu ári síðan. Málið var svo lagt fram á þskj. 767. Eins og menn minnast væntanlega fór fram ítarleg umræða um málið þá og vísa ég til þeirrar umræðu að því er varðar efni frv., auk þess sem að sjálfsögðu var tekið tillit til þess við afgreiðslu málsins hvaða ábendingar komu þá fram. Nú hefur landbn. komist að sameiginlegri niðurstöðu þar sem hún leggur fram brtt. við frv. á þskj. 1017 og nál. er á þskj. 1016 og hafa allir landbúnaðarnefndarmenn undirritað það athugasemdalaust.

Nál. skýrir brtt. nefndarinnar sem, eins og ég sagði, eru lagðar hér fram á þskj. 1017 og þykir mér ekki ástæða til að fara yfir þær að öðru leyti heldur en nál. gefur til kynna og ég vænti þess að það sé fullgild skýring á tillögum landbn.

Mér finnst hins vegar vert að geta þess, virðulegur forseti, að í nefndinni fór fram víðtæk umræða um þetta mál. Það var haft samráð við ýmsa aðila, reyndar alla aðila sem hér eiga hlut að máli og ég fullyrði að niðurstaða í nefndinni og tillögflutningur er í samræmi við samkomulag þeirra sem þar hafa fjallað um.

Mér þykir vert til frekari skýringar að geta þess hverjir það voru sem komu til viðræðna við nefndina eða lögðu fram umsagnir um málið.

Þar ber fyrst að telja Jón Höskuldsson, deildarstjóra í landbúnaðarráðuneytinu, Árna Ísaksson veiðimálastjóra, frá félagi veiðiréttareigenda við sjó og vötn í Vestur-Húnavatnssýslu, Ólaf Þórhallsson, formann þess félags, Tryggva Eggertsson og Heimi Ágústsson og frá Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva Vigfús Jónasson og Júlíus Birgi Kristinsson. Þá bárust nefndinni umsagnir frá Búnaðarfélagi Íslands, Sókn, Hafrannsóknastofnun, Landssambandi veiðifélaga, veiðimálanefnd, veiðimálastjóra, fisksjúkdómanefnd, Landssambandi fiskeldis- og hafbeitarstöðva, Stéttarsambandi bænda og Stangaveiðifélagi Hafnarfjarðar.

Af þessari upptalningu má sjá að umræðan í landbn. um málið var býsna víðtæk og eins og kemur fram á þskj. 1017 hefur nefndin lagt fram allmargar tillögur til breytinga sem ég held að séu til bóta á frv. Ég met svo að víðtæk sátt sé um það, ekki einungis milli landbúnaðarnefndarmanna heldur líka annarra þeirra sem hér eiga hagsmuna að gæta.

Virðulegur forseti. Ég sé ekki ástæðu til að orðlengja þetta mál frekar en að lokinni þessari umræðu geri ég tillögu um að málinu verði vísað til 3. umr.

[10:56]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ein af brtt. við þetta frv. sem hér liggur fyrir er sú að það er lagt til að 72. gr. falli brott, en þar er fjallað um heimildir hafbeitarstöðva, að fengnu leyfi ráðherra, til laxveiða í sjó innan við 200 metra frá frárennsli. Nú langar mig að spyrja hv. formann nefndarinnar: Hvaða áhrif hefur þetta á þær veiðiaðferðir sem stundaðar eru í sumum hafbeitarstöðvum þar sem menn hafa komið sér upp eins kon-

ar nót til að veiða fiskinn í fyrir utan ós þeirra vatna eða áa sem um er að ræða, með sérstöku leyfi frá Veiðimálastofnun og undanþágum? Ég spyr: Hver eru t.d. áhrifin á þessar veiðar? Ég vil nefna dæmi eins og í Hraunsfirði og Lárós, þar sem þessar veiðar hafa verið stundaðar og hafa verið mjög gagnrýndar af þeim sem eiga veiðiár í nágrenninu þar sem talið er að töluvert magn af laxi, náttúrulegum laxi úr ánum í kring, sé tekið með hafbeitarlaxinum sem veiddur er þannig fyrir utan ármynnin.

[10:57]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er þá fyrst frá því að segja að 72. gr., eins og hún er í þessum lögum núna, hefur ekki verið virk. Það hafa reyndar fengist fregnir um það að fyrir eitthvað liðlega áratug hafi landbrh. notað heimild þessarar greinar til að leyfa hafbeitarstöð að sækja sjó innan þessara 200 metra. Að öðru leyti hefur þessi grein ekki verið virk og það hefur enginn getað sótt lax í sjó á grundvelli hennar.

Það kemur fram í nál. að þrátt fyrir að hún væri nú alveg óbreytt frá því sem verið hefur þá kom fram andstaða við greinina og þar sem hún hefur ekki þjónað neinum tilgangi er lagt til að hún verði felld út. Þess í stað koma tvær áréttingar við þessa skoðun fram í afgreiðslunni núna. Það er þá í fyrsta lagi 67. gr. eins og hún er í frv., en þar segir: „Þrátt fyrir ákvæði 66. gr. skal ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar setja reglur um töku á laxi, er kemur úr sjó í hafbeitarstöð, og um merkingar á sýnatöku úr fiskum." Landbn. skýrir í tillögum sínum þessa grein enn betur með 4. mgr. í 5. gr. brtt., en þar er kveðið á um að innan árs frá því að þessi lög verða staðfest eigi að setja reglur fyrir hverja og eina hafbeitarstöð og þar er gengið út frá að m.a. verði kveðið á um rétt hafbeitarstöðva til að sækja lax í sjó.

[11:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mig langar í framhaldi af þessu að spyrja: Á grundvelli hvaða laga hefur það þá byggst að þessar umræddu stöðvar hafa getað veitt lax í sjó með þessum hætti úr því að þessi grein hefur ekki verið virk sem þarna er verið að fella niður, þ.e. 72. gr.? Ég spyr einnig: Á grundvelli hvaða lagagreinar er þá leyfilegt fyrir ráðherranna að gefa út akkúrat þessa reglugerð? Ég hef skilið málið þannig að ef þessi lagagrein fellur niður þá sé hvergi stoð í lögunum fyrir því að leyfa veiðar fyrir utan sjálf ármynnin, þ.e. utan ákvörðuð straummæti árinnar. Ég spyr þá bara beint — veiðar sem hafa verið stundaðar, þó ekki sé mjög langt fyrir utan ármynnin, verða þær þá ekki bannaðar eða mun ráðherra hafa möguleika til að leyfa veiði sem fer fram utan við straummæti ár?

[11:02]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég játa hreinskilnislega að ég get ekki svarað því, sé það svo að lax hafi verið sóttur í sjó, á hvaða lagagrundvelli það hefur verið gert. Ég tel hins vegar að við höfum alveg gengið úr skugga um það að 72. gr., sem við erum hér að fjalla um, hefur ekki verið nýtt til þeirra ákvarðana. En ég minni svo á það sem ég sagði hér áður að nú er kveðið á um að það eigi að gefa út rekstrarleyfi fyrir hverja hafbeitarstöð innan árs frá því að þessi lög verða samþykkt. Og ég minni á að 67. gr. veitir undanþágur frá 66. gr., sem fjallar um þessi viðtæku bönn. Og enn einu sinni minni ég á 4. mgr. 5. gr. í brtt. landbn., þar sem kveðið er á um rekstrarleyfi sem eigi að gefa út innan árs frá gildistöku þessara laga. Við höfum gengið út frá því að mæta þeim heimildum sem kunna að hafa verið í 72. gr. með þessari afgreiðslu.

Ég vil sérstaklega taka það fram í þessum efnum að það gekk inn í þessa umræðu að mjög erfitt væri að miða við þessa 200 metra línu í framkvæmd, m.a. vegna þess að aðstæður eru svo ólíkar við hafbeitarstöðvar og nú getur þessi fjarlægð bæði orðið minni og meiri eftir staðháttum á hverjum stað.

[11:04]

Jóhann Ársælsson:

Virðulegur forseti. Það er í framhaldi af því máli sem ég var að fá upplýsingar um frá hv. formanni nefndarinnar. Mér skilst, eftir að hafa fengið þessar upplýsingar, að nú eigi það að vera alfarið í höndum ráðherra að ákvarða um það hve langt á haf út hafbeitarstöðvar mega fara til að veiða fisk. Það sé því í raun og veru ekki nóg með að ráðherra geti ákveðið að leyfa áfram veiðar með þeim hætti sem ég lýsti hér áðan að væri gert í hafbeitarstöðvunum þarna á Snæfellsnesinu heldur geti jafnvel verið að leyft verði að veiða enn utar ef ráðherra telur það í lagi.

Ég vil spyrja hv. formann nefndarinnar hvort það hafi farið fram um þetta atriði viðtæk umræða í nefndinni, með hvaða hætti ætti að ákvarða hve langt mætti ganga í þessum veiðum og hvort það sé einhvers staðar gert ráð fyrir eftirliti sem eigi að beinast að því að finna út hve mikið er veitt af náttúrulegum laxi með þessum hætti í hafbeitarstöðvunum. Því það er ekki hægt að ganga fram hjá því að margir af eigendum og forráðamönnum veiðiáa í nágrenni við þessar hafbeitarstöðvar fullyrða og eru með tölur um veiðar í sínum ám sem benda til þess að þarna sé á ferðinni einhver veiði og það hefur líka fundist fiskur í þessum hafbeitarstöðvum sem er upprunninn úr þessum veiðiám.

Ég verð að segja alveg eins og er að þrátt fyrir að hv. formaður nefndarinnar hafi talað um að þarna hafi farið fram mikil og ítarleg umfjöllun, sem ég efast ekkert um, að þá óttast ég að þarna hafi menn ekki gætt að sér og ekki farið nægilega vel yfir hvernig ætti að skipa þessum málum í framtíðinni. Þetta er að mínu viti töluvert alvörumál vegna þess að veiðar þessara hafbeitarstöðva eru ekkert smáræði. Það er verið að veiða marga tugi þúsunda laxa í þessum hafbeitarstöðvum. Ætli það hafi ekki verið veiddir 80 eða 90 þús. laxar t.d. í Hraunsfirðinum á sl. ári. Það getur gjörsamlega kollvarpað náttúrlegum veiðiám sem eru í nágrenninu ef inn í þessum veiðum eru þó ekki sé nema örfá hundruð fiska úr þessum árm. Ég verð að segja alveg eins og er að þegar hv. nefnd var að fjalla um þessa hluti þá held ég að hún hefði nú þurft að

setja einhver skilyrði um það hvernig yrði tekið á þessum hlutum úr því að þarna er verið að leggja til að ráðherra hafi algert úrskurðarvald um það með hvaða hætti eigi að koma þessum málum fyrir.

Að öðru leyti hef ég ekki athugasemdir við þetta frv. Ég sé að það hafa verið sniðnir af því svona augljósir agnúar eins og það að það eigi að sleppa löxum aftur í sjó ef þeir veiðast, hvort sem þeir eru dauðir eða lifandi, eins og var í fyrri tillögunni og sjálfsagt hefur margt fleira verið lagað. En ég hef ekki lesið þetta mjög grannt í gegn þannig að ég ætla ekki að fara að fjalla um frv. að öðru leyti. En ég vil lýsa áhyggjum mínum yfir því að á því máli sem ég hef vakið hér máls á hefur ekki verið tekið, að mér sýnist, eins og nauðsynlegt hefði verið.

[11:09]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson):

Virðulegi forseti. Það er grundvallarmarkmið þessara laga og þessara breytinga að tryggja að þær leiðir sem lax velur sér í sínar ár verði ekki truflaðar. Ég vek t.d. athygli á 71. gr. þar sem segir: „Ráðherra er rétt, að fengnum meðmælum veiðimálastjóra, að ákveða friðunarsvæði í sjó framan við frárennsli fiskeldis- og hafbeitarstöðva" sem nánar er vitnað í í sambandi við 7. og 8. mgr. 14. gr. Reyndar eru fleiri ákvæði í þessum lögum sem eiga að tryggja að ekki séu truflaðir venjulegir laxavegir til sinna heimkynna.

Sérstaklega vil ég minna á í þessu sambandi, af því það mátti skilja orð hv. 3. þm. Vesturl. með þeim hætti að hér væri landbrh. veitt víðtækt vald, að í 67. gr., þar sem hún er takmarkandi fyrir ákvæði 67. gr., segir: „Þrátt fyrir ákvæði 66. gr. skal ráðherra eftir tillögum veiðimálastjóra og með samþykki veiðimálanefndar setja reglur um töku á laxi, er kemur úr sjó í hafbeitarstöð, og um merkingar og sýnatöku úr fiskum."

Þannig að það er nú ekki eins og það sé bara ráðherrann sem geti tekið ákvörðun um þetta heldur þarf bæði að liggja fyrir samþykki veiðimálastjóra og veiðimálanefndar sem, eins og liggur hér fyrir, er nú styrkt í þessum breytingum frá því sem er. Og það er alveg ljóst, eins og menn væntanlega þekkja nú til, að ákvarðanir eins og þessar, sem mundu þá verða bundnar við rekstrarleyfi hverrar stöðvar fyrir sig, ganga auðvitað ekki fram nema í miklu samkomulagi. Þar vitnar m.a. um að landbrh. hefur ekki nýtt sér nema einu sinni ákvæði 72. gr. eftir þeim upplýsingum sem við höfum fengið og það segir það eitt út af fyrir sig hvað þessi mál eru vandasöm í framkvæmd. Þannig að ég held að það sé alveg ljóst að hér sé miklu betur séð fyrir þessum málum og í huga landbn. var m.a. sú reynsla sem fengist hefur í þessum efnum. Með því að nú á að gefa út rekstrarleyfi innan árs fyrir allar hafbeitarstöðvar, hverju nafni sem þær nefnast og hvaða pappíra sem þær kunna að hafa í höndunum, þá er það auðvitað mjög mikilvæg trygging fyrir því að þessi rekstur verði í fastara horfi heldur en verið hefur, því þau fyrirmæli sem þessi lög gefa eru miklu fastari í formi heldur en verið hefur.

[11:13]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég undrast nú að það skuli aðeins einu sinni hafa verið gefið út leyfi samkvæmt 72. gr., eins og hv. þm. sagði hér áðan, einfaldlega vegna þess að sá búnaður til veiða sem ég lýsti áðan er a.m.k. í tveimur hafbeitarstöðvum og búinn að vera þar í mörg ár. Þannig að ég vil gera ráð fyrir því að það hafi verið með leyfi, með tilvísun í einhver lög, og ég hafði ímyndað mér að það væri þá með tilvísun í þá grein sem þarna er verið að tala um.

Það er líka gert ráð fyrir því að starfsemi hafbeitarstöðva hafi áhrif á veiðar á öðrum vatnasvæðum. Það er til dæmis að taka að hér er nefnt í i-lið, þar sem á við 70. gr.: „Nú veldur eldisstöð rýrnun á veiði í vatni og skal þá bæta tjónið eftir mati ef eigi semur." Það er því greinilegt að menn reikna með því að þarna verði einhver afföll á veiðum í nágrenni.

Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu meira. Ég tel að það sé ástæða til að fylgjast vel með því hvernig þessum málum verði skipað í framtíðinni. Það er gert ráð fyrir að hafbeitarstöðvarnar geti veitt fisk fyrir utan sín svæði. Ég bendi á að t.d. í 73. gr. er gert ráð fyrir að það megi, þrátt fyrir friðun, veiða fisk innan við 200 metra frá stöðinni ef menn missa út fisk og það getur nú gerst býsna oft að menn missi hann út og þurfi þess vegna að nota sér þetta leyfi.

[11:16]

Frsm. landbn. (Egill Jónsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í rauninni einvörðungu af virðingu við þingmanninn sem ég kem hér upp einu sinni enn því ég er búinn að skýra þetta mál eins og ég á frekast kost á. Ég vil hins vegar undirstrika það tvennt sem kom fram í máli hans um réttindi veiðiréttareigenda. Þeir geta fengið úttekt á sinni veiði og bætur og þannig er grunnurinn í þessum lögum að þar er leitast við að tryggja rétt þeirra sem allra, allra best. Að öðru leyti treysti ég mér ekki að skýra málið frekari en ég hef nú þegar gert.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, fyrri umr.

Þáltill. sjútvn., 602. mál. — Þskj. 968.

[11:17]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd og nýtingu síldarstofna, sem flutt er af sjútvn.

Þannig er að til sjútvn. var vísað tveimur þáltill. á þessum vetri. Sú fyrri er á þskj. 154, till. til þál. um nýtingu síldarstofna, flm. Jóhann Ársælsson o.fl. Sú síðari er á þskj. 259, till. til þál. um endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, flm. Gunnlaugur Stefánsson o.fl.

Eftir talsverðar umræður í sjútvn. um efni þessara tillagna varð það einróma niðurstaða að leggja til við Alþingi að afgreidd yrði ein þáltill. sem sameinaði efni beggja tillagnanna. Er það lagt til á þskj. 968, með svofelldum hætti, með leyfi hæstv. forseta:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd til að gera tillögur sem miði að því að auka nýtingu síldar til manneldis og nýta betur þá möguleika til atvinnusköpunar og gjaldeyrisöflunar sem felast í veiðum og vinnslu síldar. Nefndin endurskoði m.a. í þessu sambandi lög nr. 62/1962, um síldarútvegsnefnd og útflutning saltaðrar síldar, í þeim tilgangi að efla markaðsöflun fyrir síldarafurðir."

Það varð sem sagt einróma niðurstaða sjútvn. að ástæða væri til að hreyfa við þessum málum eða taka á þeim með þessum hætti og lofsvert væri það frumkvæði sem fólst í tillöguflutningnum á þskj. 154 og 259.

Ég hygg, hæstv. forseti, að það sé ekki ástæða til að orðlengja hér um rökstuðning fyrir þessari ályktun. Í sérstakri greinargerð er farið yfir það helsta sem á vettvangi sjútvn. var rætt, en einnig má vísa í greinargerðir með áðurnefndum tveimur þáltill. og þær umræðum sem um þær urðu. En ég leyfi mér að túlka það svo að í heildina tekið hafi verið jákvæðar undirtektir undir efni þessara tillagna.

Þar sem ályktunin er flutt af sjútvn. gerum við ekki tillögu um að henni verði vísað til nefndar á nýjan leik heldur eingöngu til seinni umræðu og afgreiðslu.

[11:20]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég vil fagna því að þessi till. til þál. er komin hér fram. Ég á sæti í sjútvn. og tók þátt í því að ræða málið þar og þessi niðurstaða varð þar samhljóða. Ég tel að þarna séu á ferðinni mál sem sé mjög nauðsynlegt að gefa gaum að. Atburðirnir í vetur í sambandi við veiði á síld til manneldis hafa líka sannað það sem hér hefur verið sett fram í þeim tillögum sem urðu undanfari þessarar tillögu, að það er mjög nauðsynlegt að fara yfir þessi mál í heildinni til að átta okkur á því hvaða möguleika við eigum í framtíðinni til að nýta sem allra best síldarstofna okkur til margs konar atvinnusköpunar. Þar er örugglega margt sem menn eiga eftir að vinna betur í og vonandi tekst að ná áfanga í þessu strax á næsta hausti eða vetri þannig að það verði komin betri skipan á þessi mál en verið hefur á undanförnum árum að næsta vetri liðnum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að það er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslur fari fram kl. þrjú í dag.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (veitingarekstur og útleiga bifreiða). — Þskj. 857, nál. 1001 og 1120, brtt. 1002.

[11:22]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. meiri hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um tryggingagjald, með síðari breytingum.

Nefndin fjallaði allmikið um þetta mál og fékk á sinn fund þá Indriða H. Þorláksson og Snorra Olsen frá fjármálaráðuneytinu. Þá fékk nefndin umsagnir frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti, Sambandi veitinga- og gistihúseigenda og Samtökum fiskvinnslustöðva. Enn fremur komu á fund nefndarinnar fulltrúar Samtaka iðnaðarins og hugbúnaðarfyrirtækja.

Meiri hluti nefndarinnar vill gera þá tillögu til breytinga á frv. að það verði tekið inn að hugbúnaðariðnaður falli undir lægra þrepið í tryggingagjaldinu. Í stað þess að lægra þrepið hækki úr 2,85% í 2,95% þá verði hækkunin úr 2,85% upp í 3%, sem lægra þrepið færi þá í.

Það var áformað á sínum tíma að lækka tryggingagjald af ferðaþjónustu, þ.e. hótelgistingu, veitingarekstri og útleigu bifreiða, niður í 2,85% en um sl. áramót var þeirri lækkun kippt til baka í framhaldi af breytingu á virðisaukaskattslögum. Þá kom upp mikil óánægja hjá þessum aðilum en núna er sem sagt verið að staðfesta það að þessi lækkun verði þannig að ferðaþjónustan fari í lægra þrepið og eins hugbúnaðariðnaðurinn.

Það hefur komið fram að hugbúnaðariðnaðurinn á Íslandi er kominn í mjög mikla samkeppni við erlendan hugbúnað. Eins hefur það komið fram að þau fyrirtæki sem vinna að hugbúnaðarframleiðslu eru í auknum mæli farin að hasla sér völl á erlendum mörkuðum og að selja framleiðslu sína þangað. Það þýðir að hið háa tryggingagjald er farið að verða þessari atvinnugrein til mikilla trafala og því er lagt til af meiri hluta nefndarinnar að hugbúnaðariðnaðurinn fari í lægra þrepið.

Nú er það svo að lægra þrepið stendur í 2,85% en vegna þessarar lækkunar verður ríkissjóður af töluverðum tekjum og því þarf að hækka lægra þrepið upp þannig að þetta verði samt svipaðar tekjur sem nást af þessum gjaldstofni. Það má kannski segja sem svo að það sé óeðlilegt til að byrja með að það séu tvö þrep í tryggingagjaldinu, að það væri eðlilegra að það væri bara eitt þrep fyrir allar atvinnugreinar vegna þess að mörkin á milli þess hvað er samkeppnisgrein og hvað er heimamarkaðsgrein eru sífellt að verða óljósari. En meiri hluti nefndarinnar gerir alla vega ekki á þessu stigi málsins tillögur til frekari breytinga á þessu kerfi.

[11:26]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1120. Undir það rita ásamt mér hv. þm. Halldór Ásgrímsson og Jóhannes Geir Sigurgeirsson.

Nál. hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fyrsti minni hluti nefndarinnar styður þá lækkun sem hér er lögð til á tryggingagjaldi í ferðaþjónustu og hugbúnaðariðnaði. Hann er hins vegar andvígur þeirri hækkun sem lögð er til á öðrum atvinnugreinum til þess að mæta þessari lækkun. 1. minni hluti bendir á að í tillögum sínum varðandi skattamál nú fyrir jól sýndi hann fram á að ekki hefði þurft að hækka tryggingagjald um þau 0,35% sem ríkisstjórnin knúði þá fram.

Hækkun tryggingagjalds við þær erfiðu aðstæður, sem nú eru í atvinnulífinu, er afar óskynsamleg aðgerð. Nú er aftur verið að leggja til hækkun á gjaldinu um 0,15% á nokkrum atvinnugreinum. Núverandi ríkisstjórn er því á hálfu ári búin að hækka tryggingagjald um 0,5%, eða úr 2,5% í 3% á grundvallaratvinnuvegum þjóðarinnar.

Útreikningar Þjóðhagstofnunar á tillögum 1. minni hluta í vetur sýndu fram á að með þeim þurfti ekki að grípa til hækkunar á tryggingagjaldi. Þá sýndu útreikningarnir fram á að tillögurnar hefðu getað mætt þeirri hækkun sem nú er verið að leggja á til þess að mæta lækkuninni á ferðaþjónustu og hugbúnaðariðnaði án þess að íþyngja ríkissjóði ef miðað var við aðgerðir ríkisstjórnarinnar. Auk þess hefðu verðlagsáhrifin verið hagstæðari."

Eins og ég nefndi hér fyrr þá rita undir þetta nefndarmennirnir Jóhannes Geir Sigurgeirsson, Halldór Ásgrímsson og Kristín Ástgeirsdóttir.

Nú er það að nefna, virðulegi forseti, að fyrir jólin 1992 og 1993 urðu miklar umræður hér um skattamál og allt það hringl sem við upplifðum bæði árin í skattastefnu ríkisstjórnarinnar þar sem menn voru m.a. að leika sér með tryggingagjaldið. Ef ég man rétt þá var samið um tryggingagjaldið í kjarasamningum sl. sumar en síðan hafa menn nú verið að breyta þeim niðurstöðum nokkuð.

Það er auðvitað ástæða til að fagna því að þessi skattlagning á ferðaþjónustuna skuli vera samræmd og lækkuð vegna þess að eins og við vitum þá er ferðaþjónusta einn helsti vaxtarbroddur í íslensku atvinnulífi og í rauninni voru það makalausar tillögur sem hér voru samþykktar á sínum tíma um það að setja 14% virðisaukaskatt á ferðaþjónustu. Sem betur fer tókst að stöðva þau áform og ég þakka það bæði mikilli andspyrnu út í þjóðfélaginu og einnig því andófi sem var hér innan þings. Það tókst að breyta þessum áformum.

Þegar til stóð að leggja virðisaukaskatt á ferðaþjónustuna þá átti á móti að lækka tryggingagjaldið til að vega upp á móti þessari skattlagningu, sem reyndar hefði nú ekki náð því og hefði auðvitað komið allt öðruvísi út. En hér er ríkisstjórnin sem betur fer að horfast í augu við staðreyndir og þá nauðsyn að bæta stöðu ferðaþjónustunnar, gefa henni aukin sóknarfæri, því eins og segir hér í athugasemdum við frv. sjálft, með leyfi forseta: „Lækkun tryggingagjaldsins nú bætir því rekstrarskilyrði þessara greina" þ.e. ferðaþjónustunnar og hugbúnaðariðnaðarins. Og það er rétt að ítreka það að það er hið besta mál að taka hugbúnaðariðnaðinn inn í þessa lækkun hér, en um leið er jafnframt verið að hækka tryggingagjaldið á þær greinar sem falla undir þennan flokk. Og við hljótum auðvitað að spyrja okkur hvernig atvinnulífið almennt er reiðubúið til að mæta þessari hækkun.

Eins og hér kom fram vorum við sem stöndum að þessu nál. með aðrar áherslur í skattamálum og aðrar tillögur, vildum fara aðra leið í þeim miklu breytingum sem þá áttu sér stað og við verðum auðvitað að vera samkvæm sjálfum okkur og bendum á það að þá voru nefndar leiðir til tekjuöflunar. Í stað þess að vera að hækka tryggingagjaldið á ýmsar atvinnugreinar þá vildum við fara aðrar leiðir sem ég ætla nú ekki að fara að rifja upp hér eða rekja. Ég ætla ekki að fara að tefja þessa umræðu, en í rauninni er málið það að atvinnulífið er á engan hátt í stakk búið til þess að taka við auknum álögum, þ.e. þegar maður horfir á greinarnar í heild þó að einstök fyrirtæki séu reyndar þessa dagana að skila miklum hagnaði og ættu auðvitað að greiða hluta af því til okkar sameiginlegu þjóðfélagslegu þjónustu.

[11:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins eitt smáatriði í framsöguræðu hv. þm. sem ég vil leiðrétta hér og nú. Það er að þeir kjarasamningar sem gerðir voru fyrir tæpu ári síðan gerðu aðeins ráð fyrir því að tryggingagjald af útflutningi félli tímabundið niður. Það hefði ekkert með það tryggingagjald og þær tryggingagjaldabreytingar að gera sem hér er verið að fjalla um og voru gerðar fyrir áramótin 1992/1993 og svo aftur 1993/1994. Þetta eru alveg tvö aðskilin mál.

[11:32]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu alveg hárrétt hjá hæstv. fjmrh. að það var samið um tímabundna lækkun, en það sem ég var að benda á er ekki síst þetta hringl sem hefur verið á tryggingagjaldinu, þar sem ýmist er verið að lækka það eða hækka og verið að færa á milli flokka. Þetta tengist spurningunni sem kom svo sterkt fram í umræðunni fyrir jólin: Hver er stefnan í skattamálum? Það er þetta eilífa hringl sem skapar óöryggi bæði gagnvart einstaklingum og fyrirtækjum og menn verða einfaldlega að fara að móta langtímastefnu og vera ekki í þessum sífelldu breytingum sem valda ómældum kostnaði og erfiðleikum í atvinnulífinu.

[11:33]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er frá því að segja í þessu sambandi að sú stefna var uppi að tryggingagjaldið breyttist í þeim rekstri þar sem virðisaukaskattur yrði

jafnframt lagður á, en þær breytingar urðu fyrir síðustu jól að ákveðið var að hverfa frá því að leggja virðisaukaskatt á verulegan hluta ferðaþjónustunnar. Þar af leiðandi þótti ekki ástæða til þess að halda í þá stefnu að lækka tryggingagjaldið, en þess skal getið að veitingastarfsemin varð ekki fyrir neinum skattalegum áhrifum fyrir síðustu áramót öðrum en þeim að það er auðvitað þeim til hagsbóta að virðisaukaskattur af matvælum lækkaði. Það eina sem ríkisstjórnin hefur því gert að öllu samanlögðu hingað til og Alþingi að sjálfsögu líka gagnvart þessari sérstöku grein er að lækka matvælin sem styrkir samkeppnisstöðu þeirra fyrirtækja sem sækjast m.a. eftir erlendum ferðamönnum sem sínum viðskiptamönnum.

[11:35]

Egill Jónsson:

Virðulegi forseti. Ég gat þess með skýrum hætti þegar þetta mál var kynnt í mínum þingflokki að ég hefði miklar efasemdir um þá skattlagningu sem frv. gerir ráð fyrir. Rökstuðningur minn var að því leyti og er afskaplega einfaldur að árið 1990, að því er ég hygg, var tryggingagjald hækkað, m.a. á landbúnað. Við umfjöllun málsins í þinginu kom það skýrlega fram að þessari hækkun á tryggingagjaldi ættu að fylgja réttindi til atvinnuleysisbóta í sveitum. Sjálfur var ég ekki sérstaklega ánægður með þessar breytingar, hvorki skattinn né heldur að bændur fengju þennan bótarétt því að ég sá fyrir mér að það yrði erfitt að framkvæma hann með sanngjörnum og eðlilegum hætti. Og nú hafa menn orðið vitni að því að það hafa verið settar reglur um greiðslu atvinnuleysisbóta sem gera það að verkum að vissir aðilar í þjóðfélaginu geta ekki notið atvinnuleysisbóta. Hér nefni ég til trillusjómenn, vörubifreiðastjóra og bændur. Og svarið við þeim áherslum sem komu fram árið 1990 birtast í hækkun á tryggingagjaldi. Í staðinn fyrir að njóta réttinda er mönnum gert að greiða hærri skatta. Ég hefði fyllilega getað fellt mig við að þessi réttindi væru felld út, t.d. gagnvart landbúnaðinum, og tryggingagjaldið væri lækkað á landbúnaði að sama skapi. Það væri fullkomlega ásættanlegt frá minni hendi. En það að sleppa atvinnuleysisbótarétti gagnstætt því sem var lagt til grundvallar árið 1990 og auka skattheimtu getur auðvitað ekki gengið upp. Það er að sjálfsögðu alveg útilokað að vinna með þeim hætti.

Ég skil út af fyrir sig stöðu ferðaþjónustunnar og hér hefur verið fjallað um erfiðleika í þeim rekstri sem víða kemur fram. En er eitthvað betra umhorfs í sveitum landsins? Er staða íslenskra bænda þannig að það sé hægt að miðla fjármagni frá þeim yfir í hótelrekstur á Íslandi eða ferðaþjónustu? Ég segi nei. Og ég fullyrði að það sé ekki hægt. Og það er engan veginn ásættanlegt að afgreiðslan á tryggingagjaldinu verði eins og hér er lagt til. Ég skora á frsm. að taka þetta mál til endurskoðunar og breyta þessum tillögum fyrir 3. umr. Annað er ekki ásættanlegt frá minni hendi.

[11:39]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Agli Jónssyni að það er að sjálfsögðu ekki þægilegt fyrir bændur eða aðra að fá á sig hækkun á þessu gjaldi úr 2,85% upp í 3%. Við höfum byggt upp þetta tryggingagjaldskerfi og það var á sínum tíma hugsað til samræmingar á ýmsum gjöldum sem var steypt saman í eitt gjald og kallað tryggingagjald og hugsað í því samhengi að það væri skattstofn og tekjur af honum notaðar til þess að standa undir m.a. atvinnuleysistryggingum. Ég get alveg tekið undir að það ætti í rauninni að endurskoða þetta gjald og gera það í samhengi við atvinnuleysistryggingarnar þannig að þeir aðilar sem af einhverjum ástæðum geta ekki verið inni í því kerfi með eðlilegum hætti þurfi ekki að borga þetta tryggingagjald. Það á bæði við um landbúnaðinn og það á í rauninni við um alla sjálfstæða atvinnurekendur því að það er mjög erfitt að koma þeim inn undir atvinnuleysistryggingarformið eins og það er í dag.

[11:41]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka þessi skýru viðbrögð og drengilegu afstöðu. Ég hlýt að mega í ljósi þeirra orða sem féllu af munni hv. frsm. vænta þess að mínar óskir verði teknar til umfjöllunar aftur og málið verði leiðrétt fyrir 3. umr. Því að eins og hér kom fram, þá talaði hv. frsm. alveg nákvæmlega eins og ég og þar af leiðandi liggur ljóst fyrir að það ætti ekki að vera vandi fyrir okkur að komast að sameiginlegri niðurstöðu. Þessi skattlagning getur einfaldlega ekki gengið fram með þeim hætti sem hér er lagt til. Það standa engin efni til þess og ég stórefa að það sé meiri hluti fyrir því í þinginu.

[11:42]

Frsm. meiri hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mun að sjálfsögðu reyna á það hvort það er meiri hluti fyrir þessu í þinginu eða ekki. Ég hygg að við verðum að láta þetta ganga fram eins og málið er sett upp núna, en hins vegar mun ég með mikilli ánægju taka þátt í því með hv. þm. að finna leiðir til þess að losa landbúnaðinn og aðra sjálfstæða atvinnurekendur út úr þessu tryggingagjaldi og út úr atvinnuleysistryggingakerfinu sem sýnt er að virki ekki.

[11:42]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það leynir sér ekki hvert hugur hv. frsm. stefnir í þessum efnum. Ég er fús til þess að hefja þetta starf sem frsm. bauð mér upp á þegar í stað. Landbn. er búin að ljúka sínum störfum og formaður þess vegna ekki sérstaklega upptekinn og það liggur líka fyrir að þessi umfjöllun hefur átt sér stað án þess að þessi afgreiðsla hafi verið orðuð við landbn. Það hefði náttúrlega verið sjálfsagður hlutur að leggja málið að þessu leyti fyrir landbn. til umsagnar. Ég fagna þessari yfirlýsingu og reyndar skoðunum frsm., sem ég

hefði reyndar getað rennt grun í með því að maðurinn er bæði vitur og sanngjarn, og lýsi mig reiðubúinn til þess að ganga til samstarfs við hann um tillögur sem gætu leiðrétt þetta mál áður en það færi út af þinginu núna.

[11:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skil vel áhyggjur hv. þm. En vegna þess að hér hefur komið fram álit á sögunni hvernig þetta gerðist í upphafi vil ég láta það koma skýrt fram að um áramótin 1990/1991 kom fram frv. um tryggingagjald sem gerði ráð fyrir hækkun á bændum án þess að því ætti að fylgja réttindi. Réttindi bænda til atvinnuleysisbóta komu síðar og voru alveg skilin frá þessu.

Ég vil einnig að það komi fram að í frv., af því að ég sat í nefndinni sem fjallaði um málið sem var fjárhags- og viðskiptanefnd, kom skýrt fram að hugmynd þáverandi ríkisstjórnar var að samræma gjaldið á nokkrum árum þannig að það yrði jafnhátt alveg burt séð frá því hvaða atvinnugreinar ættu í hlut. Þetta er ég ekki að segja vegna efnis málsins heldur vegna þess hvaða söguskýring kom fram.

[11:45]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þau réttindi sem landbúnaðinum hafa verið ætluð í þessum efnum og hæstv. fjmrh. er nú að koma á framfæri með því frv. til laga um breytingar á tryggingagjaldi sem hér er verið að ræða tóku mið af hækkun á tryggingagjaldinu eins og það var ákveðið árið 1990, þ.e. þau réttindi sem aldrei hafa orðið að neinum veruleika. Og afstaða mín til þessarar hækkunar árið 1990, og það hygg ég að hafi verið með marga fleiri þingmenn, tók mið af því að þarna áttu að fylgja réttindi þó að það kunni að vera rétt að frá þeim hafi verið gengið eitthvað síðar. En það breytir engu um það að hér eru komin viðbrögð við þeim ákvörðunum sem hafa verið tekin um þessi mál og viðbrögðin eru þau að það á að hækka tryggingagjaldið án þess að gera nokkrar ráðstafanir til þess að þeir sem greiða geti notið þess, þ.e. landbúnaðurinn. Það er auðvitað aðalatriði þessa máls að það er verið hækka tryggingagjaldið þrátt fyrir að það liggi fyrir að full brigð hafa verið á þeim ákvörðunum sem hafa verið teknar um að landbúnaðurinn gæti notið atvinnuleysisbóta eftir þá hækkun sem varð á tryggingagjaldinu árið 1990. Þetta er mergur málsins.

[11:47]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um þetta. En það sem skiptir máli í söguskýringunni er einfaldlega það að um áramótin 1990/1991 þegar við, hv. þm. og ég, vorum í stjórnarandstöðu kom frv. sem sameinaði ýmsa gjaldaliði á atvinnureksturinn í eitt tryggingagjald. Þá urðu heilmiklar umræður um hvort þessu tryggingagjaldi, sem m.a. var á bændur, ætti að fylgja atvinnuleysisbótaréttur og bótarétturinn fylgdi ekki í það skiptið. Það er síðari tíma mál sem það gerist. Um þetta urðu miklar umræður og þeir sem lögðust gegn þessu á sínum tíma voru m.a. Alþýðusamband Íslands. Á síðari stigum málsins þegar var verið að ræða um atvinnuleysisbætur fyrir skömmu síðan á yfirstandandi kjörtímabili var gerð sú breyting sem hv. þm. er nú að tala um. Ég skil hans afstöðu mjög vel að það er auðvitað eðlilegt að það komi fram sú krafa að horfið verði frá því að bændur greiði þennan hluta gjaldsins sem fer í Atvinnuleysistryggingasjóð og þá verði afnumin réttindin í staðinn. Þá lógik skil ég fullvel.

[11:48]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er þakklátur hæstv. fjmrh. fyrir þau orð sem hann lét falla í andsvari. Fyrir mér er það ekkert sérstakt efni hvernig sagan hefur gerst í þessu máli heldur staðfesting hans á því að þessi réttindi liggja fyrir. Og alveg burt séð frá því hvernig þau kunna að vera til komin, sem ég hef mínar meiningar um og er vel hægt að fletta upp, þá er ekki um efndir að ræða. Þess vegna standa engin efni til þess að hækka þetta tryggingagjald núna til þess að færa það til stuðnings við aðra atvinnuvegi því að þó að þeir séu kannski illa komnir, eins og ferðamannaþjónustan, þá er landbúnaðurinn enn þá verr kominn. Ég veit ekki hver getur verið þess umkominn að kveða upp þá dóma að það sé hægt að taka fjármuni af bændum landsins og færa þá yfir í aðrar atvinnugreinar, væntanlega á grundvelli þess að þar sé um auðugan garð að gresja. Slíkar áréttingar eru rangar og ég mótmæli þeim.

[11:50]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er nokkuð sérkennilegt á síðustu dögum þingsins að hlusta á stjórnarliða vera í svörum og andsvörum um meiningarmun sem er allmikill. Maður hlýtur að spyrja sig að því hvort sambandsleysi innan ríkisstjórnarflokkanna sé orðið svona mikið. Hér er í gangi 2. umr. um þetta mál sem virtist vera lítið mál þegar það kom fram en það býr oft ansi mikið að baki þeim málum sem ekki fer mikið fyrir á blaði.

Hér eru sem sagt í gangi umræður um breytingar á tryggingagjaldi og það er rétt að spyrja hv. þm. Egil Jónsson að því hvort hann hyggist e.t.v. fara að taka upp þessi skattamál í landbn. Ég vil benda honum á það líka, sem hann hefur ekki enn þá komið fram með, að samkvæmt frv. eins og það liggur á borðinu fyrir framan okkur þá er hér um afturvirk lög að ræða því þau eiga að taka gildi 1. maí sem var í gær.

[11:52]

Egill Jónsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er engin furða á því þótt hv. 6. þm. Vestf. verði hissa þegar skýringar koma fram á afstöðu manna í þinginu, í þessu tilviki minni afstöðu. Ég gat þess að ég hefði haft fyrirvara um stuðning við málið þegar það var rætt í mínum þingflokki. Og þegar menn hafa slíkan fyrirvara á sinni afstöðu kemur það að sjálfsögðu mönnum sem þar vitna um ekkert á óvart þó fyrir henni sé talað í þinginu.

[11:52]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þetta frv. er nokkuð margrætt því í því felast óumdeilanlega jákvæðir þættir þar sem er samræming tryggingagjaldstökunnar innan ferðaþjónustunnar. Á það var og hefur margoft verið bent þegar skattlagningarmál ferðaþjónustunnar hafa verið til umfjöllunar á undanförnum missirum, nú síðast fyrir síðustu áramót, að uppgjör þessara mála á þeim grundvelli sem þar var ráð fyrir gert væri gersamlega vonlaust. Ég man að ég margspurði að því og benti á það í ræðum í desembermánuði sl. hvort menn ætluðust virkilega til þess að hótelrekstur og samsettur rekstur í ferðaþjónustunni færi að leggja það á sig að reyna að greina þetta sundur og borga af þessu með mismunandi prósentum og að það yrði gert af einhverju viti. Auðvitað er niðurstaðan sú að það er alveg ómögulegt og ég fagna því að menn hafa áttað sig og leggja nú til að eitt verði látið yfir ganga, bæði hótelgistingu, sem fengið hefur á sig virðisaukaskatt illu heilli, og einnig veitingarekstur og útleigu bifreiða þó þar sé ekki um virðisaukaskattsskylda þjónustu að ræða. Þetta er gott og blessað og sömu leiðis sú brtt. meiri hlutans sem samstaða var um í efh.- og viðskn. að taka hugbúnaðariðnaðinn þarna með. Þá er líka upptalið það sem er jákvætt í þessu frv.

Það sem er neikvætt í því er auðvitað sú hækkun á lægra þrepinu sem er lögð til grundvallar til að fjármagna tekjutapið vegna niðurfellingarinnar á hinum þáttunum. Það er að mínu mati afar óheppileg ráðstöfun að velja þá leið að fjármagna tekjutap ríkissjóðs að fullu og öllu með sambærilegri hækkun hvað tekjur snertir í lægra þrepinu. Auðvitað eru engin sérstök rök fyrir því að tekjutap ríkissjóðs vegna þess að tryggingagjald er lækkað á tilteknum útflutningsgreinum skuli endilega borið uppi með meiri tekjuöflun af lægra þrepi tryggingagjalds. Það er ekki svo. Að sjálfsögðu getur ríkissjóður bætt sér þetta með öðrum hætti, annarri tekjuöflun eða hreinlega látið það ógert og látið það mál bíða afgreiðslu næstu fjárlaga og næstu tekjuöflunaráætlunar ríkissjóð fyrir árið 1995. Það yrði enginn héraðsbrestur þó að á síðari hluta þessa árs töpuðust nokkrar tekjur vegna þessarar niðurfellingar. Ég bendi á að þetta á ekki að taka gildi fyrr en 1. maí reyndar samkvæmt frv., það verður nú tæplega úr þessu, hæstv. forseti, þannig að ég gef mér að gildistökunni verði frestað a.m.k. til 1. júní eða eitthvað því um líkt og þá er árið langleiðina hálfnað. Þannig að tekjutapið sem hér er reiknað út á ársgrundvelli yrði þá niður undir helmingurinn af því. Það er því auðvitað enginn héraðsbrestur hvað þá landsbrestur þótt ríkissjóður yrði af einhverjum tugum milljóna á síðari hluta ársins.

Það sem er afar óheppilegt við þessa aðferð sem hér er lögð til er það að með þessu er atvinnugreinunum í raun stillt upp sem andstæðingum. Og útflutningsgreinarnar, sjávarútvegur, landbúnaður og aðrar greinar sem eru á lægra þrepinu koma út sem hálfgerðir andstæðingar hinna greinanna sem fá tiltekna lagfæringu. Af því að það er ekki svo að tekjuöflun ríkisins sé svo nákvæmlega niðurhólfuð að akkúrat einhver tiltekin prósenta skuli koma af tryggingagjaldi og enn önnur frá tekjuskatti fyrirtækja eða einstaklinga og svo framvegis þá er þetta auðvitað ekki frambærilegt. Að vísu má segja að tekjum af tryggingagjaldi sé að hluta til ráðstafað með ákveðin verkefni í huga, þ.e. Atvinnuleysistryggingasjóð, Vinnueftirlit ríkisins, slysa- og sjúkratryggingar og fleira því um líkt. Þá eru það kannski rök í einhverra huga fyrir því að færa þetta til innan tryggingagjaldsins. En þau eru ekki fullnægjandi að mínu mati með þeim rökum sem ég hef gert grein fyrir að það er afar óheppilegt að stilla málinu svona upp að aðrar greinar óskyldar þurfi að borga þessa lagfæringu á starfsgrundvelli ferðaþjónustunnar og hugbúnaðariðnaðarins. Það er ekki mjög gott að málin lendi í þannig uppstillingu. Það er alveg bölvað. Og tekur náttúrlega steininn úr þegar svo háttar til eins og hér gerist a.m.k. gagnvart landbúnaðinum, að þessi íþyngjandi ráðstöfun gagnvart landbúnaðinum vegna þess að verið er að lagfæra starfsskilyrði hugbúnaðariðnaðarins og ferðaþjónustunnar bitnar á grein sem ekki nýtur svo réttindanna sem á bak við standa. Það er von að hv. þm. Agli Jónssyni, formanni landbn., sem varð heimsfrægur í vetur, að vísu varð kannski dálítið stjörnuhrap að lokum þegar ríkisstjórnin magalenti og ekki síst hv. þm. í búvörudeilunni, renni blóðið til skyldunnar og hann leggi leið sína hingað í ræðustólinn og mótmæli þessu. Eins og þetta birtist landbúnaðinum, að fá á sig 0,15% hækkun tryggingagjaldsins vegna lagfæringar á starfskjörum óskyldra atvinnugreina og njóta svo engra réttinda á móti, þá er náttúrlega varla von að menn séu mjög hýrir með það. Þeir komu á fund efh.- og viðskn. frá sjávarútveginum og fleiri og töldu þetta svo fráleitan málflutning að það tæki engu tali og þyrfti varla að ræða það að svona gætu menn ekki gert. Ég man að framkvæmdastjóri LÍÚ gekk út úr dyrunum með þeim orðum að hann sæi ekki ástæðu til að vera að mæta á fund nefndarinnar út af þessu máli svo sjálfgefið væri það að svona gætu menn ekki afgreitt það. Það væri svo fráleitt og út úr öllu korti að honum datt ekki í hug að nefndin mundi leggja það til og taldi þess vegna að það gæti ekki verið tilefni til að koma sérstaklega á fund nefndarinnar út af þessu litla máli.

Vegna þeirra orðaskipta sem urðu á milli hv. þm. Egils Jónssonar annars vegar og hins vegar hæstv. fjmrh. og hv. 5. þm. Norðurl. v. ,Vilhjálms Egilssonar, út af þessu þá vil ég náttúrlega segja að það var rétt sem fram kom hjá hæstv. fjmrh. að þegar tryggingagjald var innleitt gagnvart landbúnaðinum um áramótin 1990/1991 þá var það ekki í neinum beinum tengslum við lagabreytingar eða ákvarðanir um réttindi þeim til handa til atvinnuleysisbóta sem landbúnað stunda en sú umræða kom upp beint í kjölfarið. Mér er það mjög minnisstætt sem þáv. landbrh. að bændur komu strax fram með þær réttmætu kröfur að um leið og þeir væru orðnir aðilar að þessu kerfi og greiddu tryggingagjald yrði að taka atvinnuleysisbótaréttindi þeirrar stéttar til skoðunar. Og í þeirri vinnu sem á næstu mánuðum fór fram við gerð búvörusamningsins var þetta mál iðu-

lega tekið upp á borðið. Það er því hvort tveggja rétt að þetta var ekki í beinum tengslum varðandi afgreiðslu á Alþingi en hitt er jafnljóst að frá upphafi voru forsvarsmenn bænda með þá eðlilegu og réttmætu kröfu uppi að þeir sem á annað borð væru farnir að greiða gjöld til þessa kerfis og fjármagna það yrðu auðvitað að koma til álita sem njótendur réttindanna.

Þá verð ég í leiðinni, hæstv. forseti, af því að tryggingagjaldið er á dagskrá og umræðan hefur leiðst inn á þetta svið, réttindin sem á móti koma, að inna hæstv. fjmrh. eftir því hvernig þessi mál standa. Er það virkilega svo að þingið eigi að fara heim í maímánuði 1994 og það hafi ekkert gerst varðandi réttindi sjálfstætt starfandi og einyrkja í þessum atvinnurekstri? Þá er ég auðvitað ekki bara að tala um bændurna heldur er ég líka að tala um þá hópa sem misstu beinlínis réttindi við síðustu breytingar, eins og vörubílstjóra og trillusjómenn.

Hæstv. félmrh. upplýsir það í umræðum á Alþingi að það sé löngu tilbúin reglugerð í félmrn. sem eigi að rýmka réttindi sjálfstætt starfandi atvinnurekenda, hún sé til skoðunar í fjmrn. og þar við sitji. Það var ekki hægt að skilja hæstv. félmrh. öðruvísi en svo að fjmrn. lægi á reglugerðinni. Ég spyr hæstv. fjmrh.: Er þetta svona? Er fjmrn. að þvælast fyrir í þessu máli og stöðva reglugerð félmrh.? Ef svo verður þá um endanlega stöðvun að ræða eða er þess að vænta að pappírinn komist í gegnum síuna einhvern tímann á næstu dögum?

Ég hef áður lýst því yfir, hæstv. forseti, að ég mun ekki þegjandi og hljóðalaust una því að þingið verði sent heim fyrr en kominn er botn í þetta mál. Það er alveg gjörsamlega óviðunandi og ekki hægt fyrir þingið sem afgreiddi í fyrra lagabreytingar með það í huga að auka réttindi manna gagnvart þessum efnum og taka nýja hópa inn. Það var gagngert yfirlýstur tilgangur breytinganna að rýmka reglur um atvinnuleysisbætur þannig að sjálfstætt starfandi atvinnurekendur sem áður höfðu legið utan garðs kæmust þarna inn. Það var aldrei á það minnst að einstakir hópar ættu að missa réttindi sín. En hver er niðurstaðan? Heilt ár er liðið þannig að þessar breytingar hafa kostað hópa réttindin sem höfðu þau áður. Þvert ofan í það sem Alþingi ætlaðist til með breytingunum. Og þá verður annað tveggja að gerast að Alþingi hreinlega með afdráttarlausum hætti í lögum tryggi þessum hópum þessi réttindi eða það sem hæstv. ríkisstjórn hefur þóttst geta gert það geri hún og komi loksins frá sér þessari breyttu reglugerð sem opni sjálfstætt starfandi atvinnurekendum leið inn á bótakerfið, þar með talið þeim sem höfðu það fyrir, eins og vörubílstjórar, en misstu þær við þessar ólánssömu breytingar.

Það er alveg úrslitaatriði af minni hálfu að þingið fari ekki heim fyrr en kominn er botn í þetta mál. Og úr því að þetta mál ber á góma undir þessu dagskrármáli og hv. 3. þm. Austurl. m.a. tekur það gagngert upp vegna bændanna þá fylgi ég því eftir.

Þannig er, hæstv. forseti, að ég er ekki aðili að nál. minni hluta efh.- og viðskn. sem er birt á þskj. 1120 og er þar titlaður sem 1. minni hluti. Ég hef ekki skilað sjálfstæðu nál. en ætla að gera grein fyrir afstöðu minni til málsins munnlega og áskil mér allan rétt til að fylgja því eftir ef svo ber undir með einhvers konar frhnál. eða nál. á síðari stigum.

Ástæða þess að ég skrifa ekki upp á nál. er ekki sú að ég sé efnislega í grundvallaratriðum ósammála 1. minni hluta, en hann skipa þingmenn Kvennalista og Framsfl., heldur að í því nál. er vísað til tillagna þess sama minni hluta í skattamálum um áramótin. En þannig háttaði til að ég varð ekki samferða þeim minni hluta efh.- og viðskn. hvað varðaði afstöðu til skattamála og meðferð þeirra á þinginu og flutti um það sjálfstæðar og sérstakar breytingartillögur því Alþb., sjálfu sér samkvæmt, studdi þá lækkun á matarskatti sem kom til framkvæmda um síðustu áramót öfugt við Framsfl. og Kvennalistann. Alþb. hafði lengi og í raun og veru frá upphafi barist fyrir því að skattlagning á brýnustu lífsnauðsynjar, matvæli og fleiri vörur, væri lægri en á aðrar neysluvörur og þess vegna töldum við sjálfgefið að taka þátt í því að afgreiða þá breytingu um síðustu áramót og greiddum henni atkvæði okkar. Af þeirri einu ástæðu kom strax í upphafi ekki til álita af minni hálfu að skrifa upp á nál. 1. minni hluta úr því að það var svona úr garði gert sem var í sjálfu sér ekki mitt mál að ákvarða heldur útbúið svona af fulltrúum þessara flokka. Þá verð ég að segja að úr því það mál kemur hér einnig fyrir í formi þessarar vísunar í nál. 1. minni hluta þá er óhjákvæmilegt að rifja það upp í leiðinni, úr því að minni hlutinn er nú enn við það heygarðshorn að vísa í sínar merkilegu tillögur um skattamál frá síðasta þingi, að nú er kominn tiltekinn dómur reynslunnar á þessar breytingar. Hvernig er hann? Jú, hann er sá að matvælaverðið hefur lækkað fyllilega til samræmis við það sem spáð var og vonir stóðu til fyrir síðustu áramót þegar verið var að afgreiða þessar breytingar. Ítarleg könnun sem Hagstofan hefur unnið í samráði við verkalýðshreyfinguna hefur verið birt. Alþýðusamband Íslands hefur staðið fyrir birtingu á henni og sent frá sér fréttatilkynningu um það. Þar kemur í ljós að verðið á viðkomandi matvörum hefur í mörgum tilvikum lækkað um full 10% og í raun og veru hafa gengið eftir björtustu vonir manna og væntingar um það að matvælaverðið mundi lækka með þessum breytingum.

Þetta er hlutur sem á fullkomlega erindi inn í umræðuna og á þingspjöldin eftir alla umræðuna sem varð um síðustu áramót. Það er út af fyrir sig athyglisvert að fulltrúar 1. minni hluta skuli vera svo kjarkaðir að vísa eftir sem áður í þessa skattaafgreiðslu um jólin vegna þess að hinu gagnstæða var haldið fram ekki síst af þessum hv. þm. Ég vil sem sagt leyfa mér að minna á þetta af því að málið er svona fram borið af 1. minni hluta að það er vitnað í þessar skattatillögur og jafnframt undirstrika að við þingmenn Alþb., sem studdum þessar breytingar og lækkun á matarskattinum, höfum síður en svo ástæðu til að sjá eftir okkar afstöðu í þessum efnum því nú hefur dómur reynslunnar sýnt að það var rétt að þarna var á ferðinni beitt aðgerð til að lækka verð brýnustu lífsnauðsynja fjölskyldnanna í

landinu og hefur sannanlega skilað sér með þeim hætti að það er ástæða til að fagna því.

Ég held þess vegna að það sé ekki í sjálfu sér endilega tilefni til að vera að vísa í einhverjar tilteknar hugmyndir um tekjuöflun öðrum fremur. Staðreyndin er sú, eins og ég sagði hér í upphafi, að það er ekkert stórmál þó þessi lagfæring á tryggingagjaldinu kæmi til framkvæmda gagnvart ferðaþjónustunni og hugbúnaðariðnaðinum og síðan yrði tekið á fjáröflun á móti í tengslum við almenn fjáröflunarmál við afgreiðslu næstu fjárlaga. Þarna væru á ferðinni einhverjir tugir milljóna sem er ekki stórmál í mínum huga. Jafnvel mundi ég frekar vilja, ef málið snýst um það að afla tekna, skoða það með hæstv. fjmrh. að gera það með einhverjum öðrum og almennari hætti en þeirri uppstillingu mála að lagfæring á starfskjörum tveggja atvinnugreina, eins og ferðaþjónustunnar og hugbúnaðarins, sé borguð með íþyngjandi ráðstöfunum gagnvart öðrum og óskyldum þáttum í atvinnulífinu og það jafnvel greinum eins og landbúnaðinum sem ekki nýtur neinna réttinda á móti. Það er alveg ómöguleg uppstilling.

Auðvitað er það svo að skattlagningar- og fjáröflunarmál, ekki síst atvinnulífsins og fyrirtækjanna, þarf að taka til heildarendurskoðunar og samræmingar. Þetta er allt of mikið út og suður og ég held að það þurfi að fara yfir það hvernig sköttum hefur verið létt af fyrirtækjunum í stórum stíl sem er auðvitað ein ástæða þess að nokkur fyrirtæki eru nú að gera upp með alveg bærilegum hagnaði og gætu vel greitt af þeim hagnaði skatttekjur til ríkisins. Ég tel að það sé búið að ganga allt of langt í lækkun tekjuskatts fyrirtækja. Það er engin ástæða til að færa hann svona langt niður fyrir skattprósentu einstaklinganna og það furðulega er þegar það er athugað að Ísland er farið að skera sig úr í hópi vestrænna ríkja, OECD-ríkja, fyrir hvað? Ekki fyrir háa skatta á fyrirtækjum, eins og hér er búið að tönnlast á, nei, fyrir lága skatta á fyrirtækjum. Menn geta farið yfir þetta ef þeir trúa mér ekki. Ég hef nýlega gert það og fengið vandaða úttekt á því sem styðst við gögn frá Efnahags- og framfarastofnuninni að Ísland og reyndar mörg hinna Norðurlandanna einnig eru að verða í sérflokki hvað snertir lága skatta á fyrirtæki en háa skatta á almenna launamenn í formi hárra tekjuskatta og hárra neysluskatta. Og það er t.d. athyglisvert að einmitt skattar á atvinnulífið sem tengjast launaútgjöldunum eru með því lægsta sem þekkist á Íslandi. Þær tölur eru víða á bilinu 6, 8 og upp í 12–14% annars staðar, en hér erum við að tala um mun lægri tölu.

Ég er að vísu þeirrar skoðunar að tekjuskattsálagning sé auðvitað miklu réttlátari og þá önnur afkomutengd tekjuöflun. Í staðinn fyrir aðstöðugjaldið sem var meingallaður skattstofn komi t.d. aðrir afkomutengdir gjaldstofnar þannig að skattlagningin verði ekki í sama mæli flöt og áður var. En það er alveg ljóst að mínu mati að það þarf að fara yfir og skoða þessi mál öll í samhengi.

Ég held að það þurfi t.d. líka að velta því fyrir sér hvernig þessar breytingar í heild sinni hafa komið út gagnvart einstökum greinum. Því er haldið fram af mörgum sem starfa í sjávarútvegi að öfugt við það sem sagt var, að niðurfelling aðstöðugjaldsins þar mundi leiða til bættra starfsskilyrða sjávarútvegsins, þá hafi hækkun tryggingagjaldsins og upptaka tryggingagjalds á t.d. launagreiðslur til sjómanna verkað þannig að í raun sé um íþyngingu að ræða. Fyrirtæki sem kannski borguðu 15 millj. í aðstöðugjald borgi núna 30 millj. meira en áður í launatengdum gjöldum. Þessa hluti þarf auðvitað að fara yfir því hver var ein meginröksemdin fyrir almennri niðurfellingu aðstöðugjalds? Hún var erfiðleikar sjávarútvegsins. Og menn gengu svo langt í því, menn voru svo flottir á því, að þeir felldu niður aðstöðugjaldið af Eimskipafélaginu vegna þess að sjávarútvegsfyrirtæki einhvers staðar úti um landið áttu bágt og í erfiðleikum. En nú er Eimskipafélag Íslands að gera upp með hartnær 400 millj. kr. hagnaði og inn í það kemur auðvitað einhverra tuga milljóna króna niðurfelling aðstöðugjalda af því fyrirtæki. Ég spyr: Er þetta skynsamlegt og gáfulegt? Er Eimskipafélagið ekki aflögufært í sameiginlega sjóði landsmanna borið saman við til að mynda þær skattahækkanir á almenna launamenn sem gengið hafa yfir að undanförnu? Ég held það. Og að vera kominn með tekjuskattsprósentu fyrirtækjanna niður í 33% en hæstu skattprósentu á einstaklingum um eða yfir 45%, og náttúrlega enn hærri þegar tekjutenging ýmissa bóta er tekin með í reikninginn, þá er jaðarskattprósentan á launum á ákveðnum tekjubilum milli 100 og 200 þús. kr. á mánuði hjá fjölmörgum fjölskyldum í landinu milli 60–75%. Það er auðvitað alveg óheyrilegt að menn skuli vera að borga í raun af krónum sem þeir fá í kaup á því bili, fjölmargar fjölskyldur í landinu, svona prósentur á sama tíma og gróðafyrirtækin eru komin niður í 33%.

Ég vil því, hæstv. forseti, að lokum beina þeim eindregnu tilmælum til hæstv. fjmrh. að hann taki það til íhugunar að frekar en að afgreiða frv. svona, sem er meingallað og sætir hér andstöðu m.a. frá stjórnarþingmönnum, þá verði það tekið til skoðunar að gera þessa lagfæringu núna um mitt árið því að gildistakan verður varla fyrr og láta það liggja á milli hluta hvort um sérstaka fjáröflun á móti verði að ræða. Ætli það sjáist nú á svörtu, hallann hjá hæstv. fjmrh., einhverjir fáeinir tugir milljóna út af þessu. Það er náttúrlega svo langt, langt innan skekkjumarka að það er ekki nokkur leið að mæla það og ýmislegt annað hægt að gera líka ef menn vilja sérstaklega hafa það í huga að jafna reikningana, t.d. skera niður einhverjar flottframkvæmdir hér sem eru kannski ekki alveg lífsnauðsynlegar eða brýnar. Ætli þeir þyldu það ekki í Hæstaréttarhúsinu að hægt væri þar á framkvæmdum um einhverja tugi milljóna og það látið mæta þessu eða svo, væri ekki vitlausara en hvað annað. En svona uppstilling er afar óheppileg og vanhugsuð.

Að lokum, hæstv. forseti, þá held ég að það sé alveg borðleggjandi eftir orðaskipti stjórnarliða hér áðan að við stjórnarandstæðingar hljótum að óska eftir því að málið komi aftur inn í efh.- og viðskn. Það var aldrei á það minnst í meðförum nefndarinnar að það

væri ágreiningur í stjórnarliðinu um meðferð þessa máls og að það væri ekki stutt af öllum stjórnarþingmönnum. Við höfum gengið út frá því að hér væri venjulegt stjfrv. á ferðinni og nyti stuðnings meiri hlutans og allra stjórnarþingmanna en nú er annað uppi á teningnum. Nú koma hér upp stjórnarþingmenn og lýsa yfir andstöðu við málið. Þeir segjast að vísu hafa haft um það fyrirvara í sínum þingflokkum en það vissum við ekki. Í ljósi þessa held ég að það sé alveg einsýnt mál að í kjölfar þessarar umræðu og reyndar væri nú enn heppilegra á meðan hún hún stendur, þá verði henni bara frestað og málið komi aftur til efh.- og viðskn. þar sem okkur gefist þá tóm til þess að fara yfir það í ljósi þessara nýju upplýsinga.

[12:17]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst taka fram að tryggingagjaldið rennur til ákveðinna þarfa og oft eru þessar útgjaldaþarfir til komnar vegna samninga á milli aðila vinnumarkaðarins. Þess vegna er afar nauðsynlegt að þessum stofni sé til skila haldið þannig að ekki skerðist heildartekjur tryggingagjaldsins. Ég er sammála formanni Alþb., fyrrv. fjmrh., um það að það sé rétt að vinna að því að samræma þetta gjald. Þannig var gengið frá frv. í upphafi. Ég tel þess vegna afar eðlilegt og lógískt að ef einhver hópur fyrirtækja fer úr efri flokknum í þann neðri, þá hækki gjaldið á neðri hópnum því að markmiðið hlýtur að vera það að samræma gjaldið áður en yfir lýkur.

Vegna réttinda sjálfstætt starfandi skal það tekið fram að það eru viðræður á milli ráðuneytanna og ég á von á því að á næstunni verði hægt að gefa út reglugerð af hálfu félmrn. Eitt af því sem auðvitað hefur verið rætt, þótt ég eigi ekki von á því að það verði niðurstaðan, er að kippa sumum þeirra út úr kerfinu þannig að þeir séu ekki að borga inn í almenna sjóðinn og fá lítil réttindi. Það mætti líka hugsa sér að hafa þá í sérsjóði, en ég vil geta þess að 0,15% hækkun t.d. á bændum þýðir um það bil 100 kr. á mánuði frá hverju býli að meðaltali eða um það bil.

Þetta vildi ég að kæmi hér fram og það má ekki rugla aðstöðugjaldinu inn í þessa umræðu. Þar erum við með fjóra milljarða í húfi, eitthvað þar um bil, en í þessu frv. er verið að ræða um peninga sem eru jafnvel innan við 100 milljónir. Svo það er verið að bera saman títuprjónshaus og fótbolta þegar menn ræða þetta í sama orðinu.

[12:18]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljóst að tryggingagjaldið rennur til markaðra verkefna sem reyndar eru talin upp í greinargerð, atvinnuleysistrygginganna, sjúkrahústrygginganna og fleiri þátta. En það breytir auðvitað ekki hinu að hægt er að mæta því tekjutapi með öðrum aðgerðum ef svo ber undir. Jafnframt er ljóst að ríkið er að greiða þar fyrir utan stórkostlega fjármuni inn í atvinnuleysistryggingarnar þannig að það er náttúrlega bókhaldsatriði í raun hvernig þeirra tekna er aflað og hvenær þær eru færðar. Ætli það vanti ekki sjálfsagt eina tvo milljarða eða svo a.m.k. inn í Atvinnuleysistryggingasjóð til að standa undir útgjöldum hans og þann halla ber ríkið lögum samkvæmt, ábyrgist greiðslurnar, eins og allir þekkja.

Varðandi þetta með samræmingu tryggingagjaldanna þá er sú hugsun svo sem alveg eðlileg og margt til í því, en það verður auðvitað að vera í samhengi við aðra þætti sem tengjast afkomu greinanna og stöðu þeirra. Það er hægt að samræma einn svona gjaldstofn án þess að það þurfi að valda nettóþyngingu hjá viðkomandi grein. Það má hugsa sér að lagfæra þá starfsskilyrði hennar með öðrum hætti á móti o.s.frv. Og fram hjá einu verður auðvitað ekki horft að á sama tíma og menn telja ástæðu til að gera lagfæringar á starfskjörum einnar greinar eins og ferðaþjónustunnar og það er gott og hún er vaxandi grein og verður vonandi áfram. Þá er ekki sanngjarnt að skella þeirri þyngingu yfir á aðrar greinar sem eru jafnvel að berjast við gífurlega erfiðleika eins og landbúnaðurinn er. Því er alveg ómótmælt að það er mikill samdráttur og miklir erfiðleikar í landbúnaðinum.

Það kann vel að vera skynsamlegt að skoða það að t.d. bændur, sjómenn, vörubílstjórar og vinnuvélaeigendur myndi einhvers konar sjálfstæðan hóp eða deild eða jafnvel alveg sjálfstæðan sjóð í þessu kerfi. En ég er hins vegar alveg andvígur því að menn gangi inn í þá umræðu út frá þeim grundvelli að þessir hópar eigi ekki að njóta réttindanna. Það verður að vera markmiðið að allar stéttir njóti þessara réttinda, ekki síst eins og atvinnuástandi er nú háttað í tíð atvinnuleysisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh.

[12:21]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að það hefur ekki komið viðbragð við því enn þá hvort þetta mál verður tekið aftur til hv. efh.- og viðskn. sem skiptir kannski dálitlu máli upp á meðferð málsins og ræðuhöld. Það hefur komið fram mjög eindregin ósk um það frá hv. þm. Agli Jónssyni að málið verði tekið aftur til meðferðar í hv. efh.- og viðskn. og það hefur verið tekið undir það, hygg ég, af hv. 4. þm. Norðurl. e. og ef til vill fleiri. Ég vil því byrja mál mitt á því að ítreka þá spurningu því hún skiptir miklu máli í því sambandi sem hér er uppi. Ég hefði nú talið að það skipti miklu máli og þá einnig í tengslum við það sem ég ætla hér að flytja vegna þessa máls.

Það sem ég vildi koma hér á framfæri, hæstv. forseti, snertir aðallega greiðslu Kísiliðjunnar við Mývatn á tryggingagjaldi. Þannig háttar til að hv. iðnn. skrifaði hv. efh.- og viðskn. bréf um greiðslu Kísiliðjunnar á tryggingagjaldi og mér er ekki kunnugt um að það hafi komið neitt viðbragð fram frá hv. efh.- og viðskn. um þetta mál. Hv. frsm. nefndarinnar, Vilhjálmur Egilsson, nefndi þetta bréf ekki í sinni ræðu né heldur aðrir þeir úr nefndinni sem talað hafa þannig að ég verð auðvitað að byrja á að spyrja að því hvort formaður nefndarinnar eða varaformaður eru staddir í húsinu til þess að svara því hvaða skoðun þeir hafa á þessu erindi hv. iðnn.

(Forseti (SalÞ)**:** Svo að forseti svari því sem hann

getur svarað þá er formaður nefndarinnar ekki í húsinu á þessu augnabliki samkvæmt töflu.)

En ætli hv. frsm. sé í húsinu?

(**Forseti** (SalÞ): Þá er forseti að vitna til frsm., hv. 5. þm. Norðurl. v.)

Varaformann nefndarinnar?

(**Forseti** (SalÞ): Já, varaformaður nefndarinnar.)

Já, takk fyrir.

(**Forseti** (SalÞ): Hv. 1. þm. Austurl., formaður nefndarinnar, er heldur ekki í húsinu.)

Það er þá spurning, hæstv. forseti, hvort ég gæti farið fram á það að það yrði hinkrað með málið þangað til þessir höfðingjar eru viðstaddir, annar hvor eða báðir, og ég héldi þá áfram ræðu minni einhvern tíma seinna í dag.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti sér ekkert athugavert við það þar sem er líka komið að því að fresta þessum fundi. Frestar þá hv. 9. þm. Reykv. ræðu sinni.)

[Fundarhlé. — 12:24]

Útbýting þingskjals:

Græn símanúmer, 207. mál, nál. meiri hluta samgn., þskj. 1141.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, frh. fyrri umr.

Þáltill. sjútvn., 602. mál. — Þskj. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]

Till. vísað til síðari umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

18 þm. (EKG, EKJ, FI, FrS, GB, GÁ, HG, JÁ, JE, JGS, KHG, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Lax- og silungsveiði, frh. 2. umr.

Stjfrv., 500. mál. — Þskj. 767, nál. 1016, brtt. 1017.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]

Brtt. 1017,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (EKG, EKJ, FI, GÁ, JE, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

13 þm. (EKG, EKJ, GÁ, HÁ, IP, JE, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1017,2–6 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

13 þm. (EKG, EKJ, GÁ, HÁ, JÁ, JE, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr., svo breyttar, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (EKJ, GÁ, HÁ, JÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

7.–8. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (EKJ, FI, GÁ, JÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

9 þm. (EKJ, GÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brunavarnir og brunamál, frh. 1. umr.

Frv. félmn., 617. mál (rannsókn eldsvoða). — Þskj. 1087.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:00]

Frv. vísað til 2. umr. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

8 þm. (EKJ, GÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 2. umr.

Stjfrv., 581. mál (veiting atvinnuréttinda). — Þskj. 900, nál. 1005, brtt. 1009.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]

1. gr. samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

9 þm. (EKJ, GÁ, JGS, JónK, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1009 felld með 31:9 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, FI, GÁ, GHelg, IBA, JÁ, ÞBern, JVK, KHG.

nei: SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁS, GunnS, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SigG, SalÞ.

17 þm. (StG, JE, SvG, VS, AÓB, GB, HÁ, HG, ISG, IP, JónK, KÁ, KE, MF, ÓRG, PP, RA) greiddu ekki atkv.

6 þm. (ÖS, EKJ, JGS, MB, ÓÞÞ, SighB) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 55 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

8 þm. (EKJ, FI, JGS, MB, ÓÞÞ, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, ISG, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

10 þm. (EKG, EKJ, GÁ, IP, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 3. og 10.–17. mál.

Fundi slitið kl. 15:07.

---

147. FUNDUR

mánudaginn 2. maí,
að loknum 146. fundi.

Dagskrá (fyrirspurnir):

Til menntamálaráðherra:

1. Endurbætur á Þjóðminjasafni, fsp., 518. mál, þskj. 798.

2. Þjónusta Ríkisútvarpsins við heyrnarskerta og heyrnarlausa, fsp., 589. mál, þskj. 941.

Endurbætur á Þjóðminjasafni.

Fsp. KÁ, 518. mál. — Þskj. 798.

[15:08]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Á þskj. 798 leyfi ég mér að spyrja hæstv. menntmrh. eftirfarandi spurninga varðandi endurbætur á Þjóðminjasafninu:

„1. Hversu miklu fé hefur verið varið til endurbóta á Þjóðminjasafninu frá því að viðgerð þess hófst og hvað hefur verið gert?

2. Hvaða skýring er á því að samningnum var rift við þær arkitekta- og verkfræðistofur sem undirbjuggu áætlanir um viðgerðir á Þjóðminjasafninu og önnuðust þær?

3. Hvað hafði arkitekta- og verkfræðistofunum verið greitt mikið fé áður en samningum var rift og hvað hafa þær fengið miklar skaðabætur hvor um sig?

4. Eftir hvaða áætlun er nú unnið að viðgerðum við Þjóðminjasafnið og hvaða aðilar hafa verið ráðnir til að annast þær í stað þeirra sem samningum var rift við?“

Eins og kemur fram í þessum spurningum, virðulegi forseti, þá bar það til tíðinda við viðgerðirnar á Þjóðminjasafninu að af einhverjum ástæðum var ákveðið að rifta þar samningum sem leiddu til þess að greiða þurfti skaðabætur. Það vakna auðvitað spurningar hvað hefur verið þarna á ferð, hvað hefur verið að gerast þarna innan veggja. En það má ljóst vera að þegar stofnun eins og Þjóðminjasafnið, sem hefur takmarkað fé til umráða, fer út í það að rifta samningum þá tefur það auðvitað bæði framkvæmdir og eins fara peningar forgörðum.

Fyrir Alþingi liggur og er til vinnslu í hv. menntmn. frv. til laga um breytingar á þjóðminjalögum sem gera ráð fyrir töluverðum skipulagsbreytingum. Ef það verður samþykkt á þessu vori þá koma þar væntanlega aftur nýir aðilar að þessum viðgerðum, en það hlýtur að vera augljóst hversu mikilvægt það er að samfella sé í vinnunni við þetta mál. Húsið er afar illa farið eins og menn vita og það liggur ljóst fyrir að það þarf að verja gífurlegum fjárhæðum í að gera við húsið því það hefur því miður verið látið drabbast niður um árabil. Því er afar mikilvægt að þarna verði vel að verki staðið, ekki síst í ljósi þess líka að það eru uppi hugmyndir um einhvers konar viðbyggingu eða tengibyggingu við Þjóðminjasafnið. Þar af leiðandi skiptir mjög miklu máli hvernig staðið er að verki og að að þessu komi færustu arkitektar og verkfræðingar og þeir sem hafa reynslu af söfnum á borð við Þjóðminjasafnið eða þeir sem gera sér grein fyrir því hvers konar starfsemi fer fram innan Þjóðminjasafnsins. Ég bíð spennt eftir því að heyra svör menntmrh.

[15:11]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Fyrsta spurning hv. þm. er: „Hversu miklu fé hefur verið varið til endurbóta á Þjóðminjasafninu frá því að viðgerð þess hófst og hvað hefur verið gert?"

Endurbygging húseignar Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu hófst árið 1991. Fjárveitingar á þessu tímabili hafa verið sem hér segir: 1991 30 millj. kr., 1992 10 millj. kr., 1993 90 millj. kr. og 1994 30 millj. Samtals 160 millj. kr.

Það sem unnið hefur verið við er endurnýjun þaks og þakefna, glersteinsgluggar hafa verið endurnýjaðir, þakkantur og þakrennur uppbyggðar, lagðir loftræstistokkar, auk ýmissa tilfallandi smærri viðhaldsverkefna. Áfallinn kostnaður vegna undirbúnings og framkvæmda er þessi: Árið 1991 22,6 millj., auk 7,7 millj. kr. vegna undirbúningskostnaðar sem fór umfram heimildir 1990 eða alls 30,3 millj. 1992 21,3 millj., 1993 26,4 millj. Heildarkostnaður á þessu árabili er því 78 millj. kr. Til ráðstöfunar eru því nú á þessu ári 82 millj. kr., þ.e. fjárveiting 1994 og geymd fjárveiting frá fyrra ári.

Á þessu ári er stefnt að því að ljúka viðgerðum utan húss með útboði á endurnýjun glugga og endursteiningu útveggja. Talið er að þær fjárveitingar sem nú eru til ráðstöfunar muni duga til að ljúka því verki.

Í öðru lagi er spurt: „Hvaða skýring er á því að samningnum var rift við þær arkitekta- og verkfræðistofur sem undirbjuggu áætlanir um viðgerðir á Þjóðminjasafninu og önnuðust þær?"

Á árinu 1989 var skipuð nefnd til að undirbúa viðgerðir og endurbætur á húsakosti Þjóðminjasafns. Nefndin lét m.a. vinna frumáætlun um endurbætur og uppbyggingar sem kynnt var í júní 1990. Niðurstaða menntmrn. var sú að enda þótt í áætluninni kæmu fram áhugaverðir kostir þyrfti að leita nýrra leiða til lausnar á húsnæðismálum Þjóðminjasafns Íslands. Þetta var byggingarnefnd tilkynnt í lok nóvember 1992 og jafnframt var ákveðið að skipa nýja byggingarnefnd til að leita nýrra lausna. Hönnuðir og ráðgjafar fyrri byggingarnefndar voru eftirtaldir: Hjörleifur Stefánsson arkitekt, Gunnar St. Ólafsson verkfræðingur, Guðni A. Jóhannesson verkfræðingur, Sveinn Áki Sverrisson, á Verkfræðistofu Guðmundar og Kristjáns, og Jón Otti Sigurðsson, hjá Rafhönnun hf. Hjörleifur Stefánsson lét af störfum að eigin ósk sumarið 1991 og Guðni A. Jóhannesson fluttist af landi brott. Í stað Hjörleifs komu arkitektarnir Stefán Örn Stefánsson og Grétar Markússon til starfa hjá fyrri byggingarnefnd. Ekki var gerður bindandi samningur við hönnuði.

Ný byggingarnefnd var skipuð í byrjun febrúar 1993. Henni var falið að stjórna viðgerðum og endurbótum á húsnæði safnsins jafnframt því að gera tillögur um framtíðarskipan húsnæðismála. Nefndinni var falið að ráða hönnuði til starfa og leita tæknilegrar ráðgjafar eftir því sem þörf krefur. Byggingarnefnd ákvað að leita eftir ráðgjöf nýrra hönnuða við tillögugerð að nýjum lausnum. Því var ekki leitað eftir ráðgjöf hjá þeim arkitektum sem komu í stað Hjörleifs né heldur Gunnari St. Ólafssyni verkfræðingi. Að öðru leyti hefur hún nýtt sér þjónustu fyrrv. ráðgjafa.

Rétt er að taka það fram að ekki voru gerðir sérstakir bindandi samningar við hönnuði og er því ekki um það að ræða að samningum hafi verið rift. Nýrri byggingarnefnd var í sjálfsvald sett til hvaða hönnuða og ráðgjafa hún leitaði.

Þriðja spurning: „Hvað hafði arkitekta- og verkfræðistofunum verið greitt mikið fé áður en samningum var rift og hvað hafa þær fengið miklar skaðabætur hvor um sig?"

Þar sem ekki var um riftingu samninga að ræða hefur ekki komið til greiðslu skaðabóta. Nokkrir óuppgerðir reikningar voru við Gunnar St. Ólafsson vegna vinnu hans fyrir fyrri byggingarnefnd. Þau mál voru gerð upp og þeim lokið með sérstöku samkomlagi. Heildargreiðslur til Gunnars, sem ná allt aftur til ársins 1989, nema 5.964.895 kr. með virðisaukaskatti. Heildargreiðslur til Stefáns Arnar Stefánssonar og Grétars Markússonar, teiknistofunnar Skólavörðustíg, greiddar á árunum 1990–1992, námu 1.242.496 kr.

Síðasta spurning: „Eftir hvaða áætlun er nú unnið að viðgerðum við Þjóðminjasafnið og hvaða aðilar hafa verið ráðnir til að annast þær í stað þeirra sem samningum var rift við?"

Eins og áður var skýrt frá verður í sumar unnið að því að endurnýja glugga og endursteiningu útveggja. Verður unnið að því verkefni í samræmi við áætlun sem byggð er á ráðgjöf verkfræðistofunnar Línuhönn-

unar, Ögmundar Skarphéðinssonar arkitekts og sérfræðinga Framkvæmdasýslunnar. Ekki hafa verið gerðir formlegir bindandi samningar við hönnuði eða ráðgjafa.

[15:17]

Fyrirspyrjandi (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þessi svör. Það kom mjög greinilega fram í hans inngangi og hans svörum hversu mikil hreyfing hefur verið á þessum málum og nýjar og nýjar nefndir skipaðar til þess að vinna nýjar og nýjar áætlanir og gera nýjar tillögur um það hvernig að málum skuli staðið. Ekki skal ég gera lítið úr því að það er mjög flókið mál að byggja upp að nýju eða gera við byggingu eins og Þjóðminjasafnið, en ástæða þeirra fyrirspurna sem ég hef lagt fram er einmitt sú að mér bárust fregnir af því að þarna hefði verið staðið eitthvað sérkennilega að verki. Þó að hæstv. menntmrh. fallist ekki á það að samningum hafi verið rift, og ég skal ekki draga í efa að það hefur sennilega ekki verið um bindandi samninga að ræða, þá hefur samt sem áður þurft að greiða bæði verkfræðingum og arkitektum upp í verk sem þeir ætluðu að vinna og verk sem þeir hugðu að væru fram undan á þeirra stofum. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég fékk voru greiddar þarna í öðru tilvikinu 3 millj. kr. sérstaklega vegna þessara breytinga sem þarna áttu sér stað. Ég talaði við arkitekta sem að þessum málum standa og síðast þegar ég vissi var sú arkitektastofa sem tók við af Hjörleifi Stefánssyni í einhvers konar samningamálum við Þjóðminjasafnið til að fá greitt fyrir það tap sem þeir töldu sig verða fyrir vegna breytinga á fyrirkomulagi. En ég dreg ekki í efa að menntmrh. fari þar rétt með að þar hafi ekki verið um bindandi samninga að ræða. En þetta er nokkuð sérkennilegt og eins og kom hér fram hefur verið margbreytt um nefndir og eflaust mismunandi skoðanir á því hvernig að verki skuli staðið. Tíminn verður auðvitað að leiða í ljós hvort þarna hefur verið rétt að verki staðið.

[15:19]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Ég vona að það sé alveg ljóst að það hefur engum samningum verið rift og þess vegna er orðalag fyrirspurnarinnar að miklu leyti byggt á misskilningi. Það er heldur ekki rétt að orða það svo að hér hafi nýjar og nýjar nefndir verið skipaðar. Það hafa aðeins tvær nefndir, eftir því sem ég veit best, starfað að þessum málum og í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það þótt ný byggingarnefnd leiti til annarra hönnuða en hin fyrri hafði gert. Það út af fyrir sig getur ekki verið neitt óeðlilegt.

Hv. fyrirspyrjandi nefndi í seinni ræðu sinni að kunnugt væri að öðrum aðilanum hefðu verið greiddar 3 millj. kr. Ég veit ekki alveg hvaðan sú frétt er komin. Ég veit hins vegar að það hafa verið gerðir upp reikningar við Gunnar St. Ólafsson og þeir reikningar námu um 2,5 millj. kr., rétt liðlega 2,5 millj. kr., þannig að það eru engar deilur uppi við hann. Hins vegar hafa þeir haldið uppi kröfum, hinir aðilarnir, sem höfðu unnið fyrir fyrri byggingarnefnd en það hefur ekki komið til nein sérstök greiðsla til þeirra.

Aðalatriðið er sem sagt að það hefur engum samningum verið rift vegna þess að það voru engir sérstakir samningar í gildi. Það hafði verið leitað til ákveðinna hönnuða og þjónusta keypt af þeim og fyrir þá þjónustu hefur verið borgað.

Þjónusta Ríkisútvarpsins við heyrnarskerta og heyrnarlausa.

Fsp. TIO, 589. mál. — Þskj. 941.

[15:22]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Lögum samkvæmt hvílir sú skylda á Ríkisútvarpinu að ná með útsendingum sínum til landsmanna allra. Stofnunin hefur leitast við að uppfylla þessa lagaskyldur sínar í landfræðilegum skilningi og hefur náð umtalsverðum árangri.

Til er sá hópur Íslendinga sem sjónvarpssendingar Ríkisútvarpsins ná ekki til nema að mjög takmörkuðu leyti. Þessi hópur, heyrnarlausir, eru þó þeim mun háðari þeim upplýsingum og því efni sem í sjónvarpi er flutt þar sem fötlun þeirra meinar þeim aðgang að hljóðvarpi með öllu. Fötlun heyrnarlausra er sérstæð að því leyti að hún er ósýnileg. Það er eflaust m.a. af þeim sökum sem okkur hættir til að vanmeta aðstæður þessa hóps. Aðgangur að upplýsingum er meðal undirstöðuatriða nútímasamfélaga sem stæra sig af auknu, aðgengilegu og ódýru upplýsingaflæði. Sjónvarp er orðinn einn af höfuðmiðlum upplýsinga og gegnir sívaxandi hlutverki sem uppeldisstofnun. Það verður því að skoðast sem alvarlegt umhugsunarefni ef töluverður hópur Íslendinga á afar takmarkaðan aðgang að þeim miðli sem löggjafinn hefur lagt á þær skyldur að hann skuli ná til allra landsmanna.

Virðulegi forseti. Þótt fötlun heyrnarlausra sé með þeim hætti að seint muni okkur takast að bjóða þeim sömu þjónustu og öðrum er hér í dag vakin athygli þingsins og ríkisstjórnar á málefnum þessa hóps með því að beina til hæstv. menntmrh. eftirfarandi fjórum spurningum sem hljóða svo, með leyfi hæstv. forseta:

„1. Hve margir eru þeir Íslendingar sem ekki eru taldir geta nýtt sér þjónustu Ríkisútvarpsins vegna heyrnarleysis eða heyrnarskerðingar?

2. Á hvern hátt hefur Ríkisútvarpið reynt að koma til móts við þennan hóp?

3. Hefur verið dregið úr þjónustu Ríkisútvarpsins við heyrnarlausa?

4. Er áformað að auka þjónustu Ríkisútvarpsins við heyrnarlausa?“

[15:25]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Svör mín við spurningum hv. þm. Tómasar Inga Olrich eru byggð á upplýsingum sem ég hef fengið frá Ríkisútvarpinu.

Í fyrsta lagi er spurt: Hve margir Íslendingar eru ekki eru taldir geta nýtt sér þjónustu Ríkisútvarpsins vegna heyrnarleysis eða heyrnarskerðingar?

Heyrnarlausir eru taldir vera á bilinu 200–300 manns. Ekki er vitað hversu margir eru heyrnarskertir, en áætlað að þeir séu allt að 25 þús.

Í öðru lagi er spurt: Á hvern hátt hefur Ríkisútvarpið reynt að koma til móts við þennan hóp?

Sjónvarpið kemur til móts við heyrnarlausa með flutningi daglegra táknmálsfrétta við upphaf dagskrár á virkum dögum og á svipuðum tíma um helgar. Einnig hefur Félag heyrnarskertra til eigin afnota 20 síður í textavarpi, auk þess sem almennt textavarp þjónar þessum hópi.

Í þriðja lagi er spurt: Hefur verið dregið úr þjónustu Ríkisútvarpsins við heyrnarlausa?

Ekki hefur verið dregið úr þjónustu við heyrnarskertra. Tími táknmálsfrétta hefur verið lengdur úr fimm í átta mínútur, auk þess sem sjónvarpið hefur tekið að sér að greiða laun táknmálsþuls og aðstoðarmanns hans, en í upphafi var þessi þjónusta kostuð af heyrnarlausum sjálfum og félagssamtökum þeirra.

Í fjórða lagi er svo spurt: Er áformað að auka þjónustu Ríkisútvarpsins við heyrnarlausa?

Í framtíðinni hlýtur þjónusta við heyrnarlausa fyrst og fremst að verða í textavarpi. Um síðustu áramót var komið upp búnaði til textunar innlendra dagskrárliða í textavarpi og eru þá neðanmálstextar kallaðir fram á sérstakri síðu í textavarpi þannig að textunin truflar ekki þá sem ekki vilja sjá texta á myndfletinum. Helstu innlendir liðir jóla- og áramótadagskrár sjónvarpsins eru textaðir á þennan hátt. Framhald þessarar þjónustu ræðst af því hvort heilbrigðis- eða félagsmálayfirvöld taka að sér að greiða þann kostnað sem þessari sértæku þjónustu fylgir.

[15:27]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Ég vil satt að segja vísa á bug þeirri aðferð sem fram kom í lok ræðu hæstv. menntmrh., að vísa þessu máli á heilbrigðis- og félagsmálayfirvöld, þ.e. túlkaþjónustunni almennt. Það gengur alls ekki.

Ég vek athygli á því að það eru stödd á pöllunum hjá okkur í dag í fyrsta sinn í sögu Alþingis einstaklingar sem eru að túlka fyrir heyrnarlausa, flytja táknmál heyrnarlausra hér í þessum sal, íslenska táknmálið, sem er í raun og veru mál þessara einstaklinga. Hér þarf að taka ákvörðun um það að íslenska táknmálið verði viðurkennt sem móðurmál þessa fólks þannig að það njóti fullra réttinda hér á Íslandi eins og aðrir einstaklingar. Það er ekki hægt að leggja þetta tungumál að jöfnu við önnur tungumál sem eru gerðar kröfur um túlkun á, hér er um allt annan þátt að ræða, hluta af íslensku þjóðlífi sem væri ástæða til að ræða nánar hér en ekki er kostur á vegna þess að tíminn er búinn. (Forseti hringir.)

Ég þakka hv. þm. Tómasi Inga Olrich fyrir að hreyfa þessu máli. Ég tel að í málefnum heyrnarlausra séu að gerast stórkostleg tíðindi á Íslandi og það þarf að halda því verki áfram, m.a. með því að tryggja að táknmálið íslenska verði viðurkennt sem móðurmál þessa fólks, sem hluti af íslenskum menningarverulega.

[15:29]

Lára Margrét Ragnarsdóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel nauðsynlegt að skoða vel hvernig þróa má sem besta þjónustu Ríkisútvarpsins í framtíðinni við heyrnarskerta og heyrnarlausa og að við dagskrárgerð og stefnumótun verði ávallt haft í huga hvernig hagsmunum þessa hóps verði gerð sem best skil. Það eru t.d. sjálfsögð mannréttindi að heyrnarskertir eða heyrnarlausir fái notið sem bestrar fréttaþjónustu í sjónvarpi og það á eðlilegum tíma, þ.e. á þeim tíma sem ætla má að fólk sé komið heim úr vinnu. Sömuleiðis tel ég rétt að skoða stöðugt hvernig sú tækni og þau tækifæri sem textavarpið gefur gagnist þessum hópi hvað best. Í dag tel ég að sú tímasetning sem hefur verið valin fyrir fréttir í sjónvarpi fyrir heyrnarlausa sé tæpast sá tími sem henti þeim best og ég tel að það megi endurskoða það mál.

[15:30]

Fyrirspyrjandi (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka menntmrh. fyrir þau svör sem hann gaf hér. Í sambandi við svar hans við þriðju spurningu minni, hvort dregið hefði verið úr þjónustu við heyrnarlausa, þá vil ég taka fram að sá breytti tími á þjónustu við heyrnarlausa með táknmáli getur tæplega talist viðunandi og er nauðsynlegt að taka á því máli sérstaklega.

Textavarpstæknin gefur vissulega möguleika á því að koma mjög verulega til móts við heyrnarlausa og heyrnarskerta en það er það að sjálfsögðu, að því tilskildu þó, að þessi tækni sé aðgengileg fyrir þennan hóp, en það hefur komið í ljós við athuganir að mjög fáir af heyrnarlausum ráða yfir tækjum sem nýtanleg eru til þess að notfæra sér þessa nýju tækni og erindum um niðurfellingu á gjöldum á tækjum af þessari tegund hefur verið hafnað á þeim grundvelli að lagafyrirmæli hindri að það sé hægt að koma til móts við það.

Það eru því enn sem komið er því miður allmargir annmarkar á því að heyrnarlausir og heyrnarskertir geti nýtt sér þessa tækni, sem er góð og nýtanleg til þess að bæta stöðu þeirra, en kemur ekki að gagni nema komið sé til móts við þennan hóp að því er varðar kaup á þessum tækjum.

Að öðru leyti tel ég að það komi allmörg atriði til álita, ef við lítum til þess sem nú brennur mest á heyrnarlausum, þá sé hægt að gera margt til þess að koma til móts við óskir þeirra án þess að til verulegs kostnaðar leiði. Ég nefni alveg sérstaklega, fyrst þetta tækifæri gefst hér í lok ræðu minnar, fréttir af hættuástandi. Það er að sjálfsögðu alveg óviðunandi að heyrnarlausir skuli ekki geta fengið viðbrögð og fréttir af hættuástandi án þess að það sé textað.

[15:33]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Hv. þm. Svavari Gestssyni féllu ekki þau lokaorð mín að það kynni að ráðast af því hvort heilbrigðis- eða félagsmálayfirvöld tækju að sér að greiða þann kostnað sem af þessari sérstöku þjónustu leiðir. Sem fyrrv. menntmrh. þekkir hv. þm. Svavar

Gestsson mætavel að það er ýmislegt lagt á Ríkisútvarpið sem er ákveðið af öðrum eins og t.d. niðurfelling afnotagjalda til fjölmargra aðila sem veldur tekjutapi hjá Ríkisútvarpinu upp á tugi milljóna króna. Það er einfaldlega þetta sem Ríkisútvarpið er að láta í ljós þegar það nefnir í sínum upplýsingum til mín að það kunni að ráðast af því hvort aðrir aðilar greiði að hluta til þessa þjónustu.

Ég vil svo aðeins í lokin taka undir með þeim sem leggja áherslu á sem besta þjónustu við heyrnarlausa og heyrnarskerta og ég trúi því að um það geti þingheimur allur sameinast.

Fundi slitið kl. 15:35.

---

148. FUNDUR

mánudaginn 2. maí,
að loknum 147. fundi.

Dagskrá:

1. Sala ríkisins á SR-mjöli, skýrsla, 468. mál, þskj. 1064. — Ein umr.
2. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962. — Frh. 2. umr.
3. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 469. mál, þskj. 723, nál. 1060, brtt. 1061. — Síðari umr.
4. Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959. — Síðari umr.
5. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 554. mál, þskj. 865, nál. 1119, brtt. 1118. — 2. umr.
6. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841. — Síðari umr.
7. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056, 1057 og 1131. — Frh. 2. umr.
8. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38, nál. 1070 og 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
9. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.
10. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 1. umr.
11. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 360, nál. 1090, 1112 og 1114, brtt. 1091, 1113 og 1115. — Frh. 2. umr.
12. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359, nál. 1095, brtt. 1096. — 2. umr.
13. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr.
14. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859. — Frh. 3. umr.
15. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494, nál. 1028. — 2. umr.
16. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 158. mál, þskj. 176, nál. 1063. — 2. umr.
17. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015. — Síðari umr.
18. Stytting vinnutíma, þáltill., 77. mál, þskj. 80, nál. 1086. — Síðari umr.
19. Auðlindakönnun í öllum landshlutum, þáltill., 172. mál, þskj. 190, nál. 1088. — Síðari umr.
20. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439, nál. 924, brtt. 925. — Síðari umr.
21. Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 321. mál, þskj. 512, nál. 1089. — Síðari umr.

Sala ríkisins á SR-mjöli.

Skýrsla sjútvrh., 468. mál. — Þskj. 1064.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það hefur orðið samkomulag milli þingflokka, sbr. 48. gr. þingskapa, um að fyrstu ræðumenn hvers þingflokks hafi allt að 30 mínútur í fyrri umferð og ráðherra allt að 45 mínútur. Að öðru leyti gilda ákvæði 48. gr. um að ræðumenn hafi allt að 15 mínútur í hvort sinn.

[15:37]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Hér liggur fyrir skýrsla af minni hálfu um sölu á hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli hf. Eins og þessi skýrsla ber með sér er hér um mjög viðamikið verk að ræða, sem var sala á hlutabréfum í Síldarverksmiðjum ríkisins, sem svo hétu. Undirbúningur að þessari sölu hefur staðið í alllangan tíma og af skýrslunni má glöggt ráða að niðurstaða þessa máls er augljóslega á þann veg að hér hefur vel tekist til. Það er ljóst að verksmiðjurnar hafa verið seldar við sanngjörnu verði. Það hefur verið tryggt að rekstur þeirra er í öruggum höndum. Það hefur tekist að koma þessari sölu fram í mikilli sátt við starfsmenn verksmiðjanna og heimaaðilana þannig að allt rekstrarumhverfi og starf í verksmiðjunum hefur gengið fyrir sig eins og best verður á kosið. En eins og hv. þingmönnum er kunnugt hafa einmitt þessi atriði oft verið hvað erfiðust og viðkvæmust þegar sala hefur farið fram á opinberum fyrirtækjum. Í öllum þessum meginatriðum hefur sem sagt tekist vel til og við höfum náð þeim árangri sem að var stefnt að selja fyrirtækið við sanngjörnu verði með mjög dreifðri eignaraðild, þátttöku heimamanna og starfsmanna.

Þær umræður sem farið hafa fram síðustu vikur um söluna hafa á hinn bóginn gengið þvert gegn þessum raunveruleika málsins. Af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar innan þings sem utan hefur því verið haldið fram að rétt hefði verið að selja Haraldi G. Haraldssyni fyrirtækið þó í ljós hafi komið þegar á frum-

stigi að hann hafi ekki getað sýnt fram á fjárhagslegan styrk til þess að kaupa fyrirtækið og sú skoðun hafi verið staðfest í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Með afstöðu af þessu tagi eru menn hins vegar að taka afstöðu gegn hagsmunum ríkissjóðs, gegn hagsmunum verksmiðjanna og gegn atvinnuhagsmunum starfsmannanna. Einn af starfsmönnunum lét þau orð falla að fyrstu kynni hans af viðleitni Haraldar G. Haraldssonar til að ná sambandi við starfsmennina hafi verið stefnan sem út var gefin. En kjarninn í þessari gagnrýni felst í því að þeir sem þannig ræða um þetta efni telja mikilvægara að þyrla upp pólitísku moldviðri og koma höggi á pólitíska andstæðinga en að gæta að raunverulegum hagsmunum ríkissjóðs, raunverulegu rekstrarumhverfi verksmiðjanna og atvinnuhagsmunum þeirra fjölmörgu starfsmanna sem hér eiga hlut að máli.

Ef við víkjum svo að efnisþáttum þeirrar gagnrýni sem fram hefur verið borin má greina hana í þrjá meginþætti:

Í fyrsta lagi hefur verið látið að því liggja í opinberri umræðu að ráðherrann sem fer með þessi mál hafi misfarið með opinbert vald sitt til að hygla gæðingum og koma eignum ríkisins yfir til kolkrabbans. Þetta hefur verið uppistaðan í þeirri ómálefnalegu umræðu sem fram hefur farið um þetta efni.

Í annan stað hefur því verið haldið fram að ráðherrann hafi staðið fyrir því að gefa eignir ríkisins þessum áðurnefndu gæðingum. Þetta er uppistaðan í þeirri gagnrýni sem talsmenn stjórnarandstöðunnar hafa haldið fram.

Í þriðja lagi má svo nefna þá gagnrýni sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar á einstaka efnisþætti í málsmeðferð söluhópsins sem skipaður var og ráðgjafafyrirtækisins, Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka. Þessi gagnrýni er af allt öðrum toga og kemur hvergi nærri þeim stóryrðum sem hafa einkennt málflutning talsmanna stjórnarandstöðunnar og mun ég víkja að þeim þáttum síðar í ræðu minni.

Til þess að sýna sem gleggst fram á að enginn fótur er fyrir þeim gífuryrðum sem legið hafa í málflutningi stjórnarandstöðunnar og þeirri gagnrýni er rétt að minna á hinn langa og vandaða undirbúning að þessu máli. Í tíð þessarar ríkisstjórnar hófst sá undirbúningur með sérstakri nefndarskipan, undir forustu Eggerts Haukssonar viðskiptafræðings, sem kannaði alla möguleika og allar aðstæður og gerði tillögur um hvernig með málið skyldi farið. Í þessum athugunum fóru fram ítarlegar viðræður við heimaaðila og starfsmenn til þess að unnt væri að átta sig á því á hvern veg hægt væri að koma sölunni fram án þess að raska þessum hagsmunum. Áður hafði, í tíð fyrri ríkisstjórnar, verið gerð svipuð athugun af nefnd undir forustu Helga Bergs og komst sú nefnd að svipaðri niðurstöðu. Í framhaldi af þessum viðamiklu undirbúningsathugunum og tillögum um það hvernig með málið skyldi fara var lagt fram frv. fyrir Alþingi sem síðan var samþykkt.

Eftir að fyrirtækinu hafði verið breytt í hlutafélag fól ég stjórn nýja hlutafélagsins að gera tillögur um það hvernig staðið skyldi að framhaldi málsins, sölu hlutabréfanna. Þær tillögur voru sendar mér 7. okt. og eru ítarlegar og settar fram eftir langa og málefnalega umfjöllun stjórnarinnar um viðfangsefnið.

Í tillögum stjórnarinnar segir: Með hliðsjón af framansögðu er það skoðun stjórnar SR-mjöls hf. að ekki eigi að reyna að selja SR-mjög hf. með almennu hlutafjárútboði. — Ekki að selja það með almennu hlutafjárútboði. — Þá er hinn kosturinn eftir, þ.e. að selja hlutabréfin til einstakra fjárfesta eða hóps fjárfesta. Síðan er skilgreint um hvaða aðila sé verið að ræða í því efni. Það er minnt á stóra rekstraraðila í sjávarútvegi, starfsmenn SR-mjöls hf., aðra stóra fjárfesta og e.t.v. sveitarfélög.

Síðan segir: Stjórn SR-mjöls hf. telur mikilvægt að ná sem víðtækastri samstöðu um sölu félagsins þannig að hún nái fljótt og örugglega fram að ganga.

Á það var lögð mikil áhersla að málið drægist ekki þannig að óvissa um framtíðina tæki ekki marga mánuði, hvort tveggja út frá rekstrarhagsmunum fyrirtækisins og atvinnuhagsmunum starfsmannanna. Undir þetta álit skrifar stjórnin, Arndís Steinþórsdóttir, Arnar Sigurmundsson, Hermann Sveinbjörnsson, Pétur Bjarnason og Þórhallur Arason.

Í öllum meginatriðum féllst ég á þá tillögu um málsmeðferð sem stjórnin lagði til í þessu efni og þau markmið og þau vinnubrögð sem liggja skyldu til grundvallar sölumeðferðinni. Sérstakur söluhópur var skipaður samkvæmt þessum tillögum og óháð ráðgjafarfyrirtæki fengið til að framkvæma verðmat og annast milligöngu um söluna. Sérstökum óháðum aðilum var falið að meta eignir fyrirtækisins, allt samkvæmt þessum tillögum og ákvæðum í lögum um stofnun hlutafélags úr Síldarverksmiðjum ríkisins. Í einu og öllu fór ég að tillögum þeirra ráðgjafa sem hér áttu hlut að máli og í engu efni hefur verið sýnt fram á að ég hafi vikið frá þeim og í engu efni hefur verið sýnt fram á að ég hafi gert minnstu tilraun til að mismuna þeim aðilum sem hér áttu hlut að máli og sóttust eftir að kaupa hlutabréf í verksmiðjunum. Þetta er kjarni málsins um undirbúninginn og þau vinnubrögð sem viðhöfð hafa verið í þessu efni.

Síðan komum við að stóru fullyrðingunum um það að hlutabréfin hafi verið afhent sérstökum gæðingum. Sérstökum gæðingum ráðherrans, kolkrabbanum og öðru liði sem því tengdist. Horfum nú nánar á þessar fullyrðingar. Gerum okkur nú nokkra grein fyrir því hverjir eru hinir raunverulegu kaupendur að hlutabréfum ríkisins í SR-mjöli. 60% af hlutafénu er nú í höndum átta lífeyrissjóða, Eignarhaldsfélags Alþýðubankans, 77 starfsmanna, fjögurra sveitarfélaga þar sem verksmiðjurnar eru starfræktar og 19 skipstjóra og útgerðarmanna loðnuskipa. 60% eru í höndum þessara aðila. 37% þar af eru í höndum Eignarhaldsfélags Alþýðubankans, lífeyrissjóða og starfsmanna. Ætla menn svo að koma og halda því fram að hér hafi farið fram einhver sala til sérstakra gæðinga ráðherrans eða kolkrabbans, eins og gjarnan er talað um í umræðunni. (**Gripið fram í:** Hver er þá kolkrabbinn?) Nei, hér hefur það markmið náðst að selja fyrirtækið á þann veg að

það er dreifð eignaraðild fjölda einstaklinga, lífeyrissjóða, sem verkafólkið í landinu á hagsmuna að gæta í, heimamanna og starfsmanna og skipstjórnarmanna og útgerðarmanna, sem eiga viðskiptahagsmuna að gæta við fyrirtækið.

Það hefur verið gagnrýnt að fyrirtækið Sjóvá-Almennar sé meðal hluthafa. Það á 7,5% hlut í fyrirtækinu. Enginn einn aðili á meira en 7,5%, en það eru Sjóvá-Almennar og Lífeyrissjóður Austurlands og fáeinir aðilar aðrir. Með öðrum orðum, listinn yfir hluthafana sem hér er birtur hrekur allar fullyrðingarnar um að hér hafi farið fram sala til þess að afhenda gæðingum þetta fyrirtæki. Þær eru hraktar hér með þeim einfalda hætti að birta listann yfir hluthafana.

Þá komum við að því atriði í gagnrýninni að fyrirtækið hafi verið gefið. (**Gripið fram í:** 500 millj. gefnar.) Þá skulum við huga að því á hvern hátt var að því staðið að finna eðlilegt verð. Fyrst skulum við horfa til þess að óháð verðbréfafyrirtæki var fengið til að leggja mat hér á. Í skýrslunni á bls. 83 og 84 gerir þetta fyrirtæki mætavel grein fyrir ýmsum veigamiklum atriðum sem hér koma til skoðunar. Þar er minnst á innra virði, sem svo er kallað, fyrirtækja, bókhaldslegt verðmæti, sem fyrirtækið telur að að meðaltali sé um 100% hjá fyrirtækjum á innlendum hlutabréfamarkaði þar sem eignir hafa ekki verið uppfærðar. Ef við tökum síðasta efnahagsreikning Síldarverksmiðja ríkisins áður en eignirnar eru uppfærðar þá var söluvirðið 72% hærra en að meðaltali hjá öðrum fyrirtækjum í landinu. Ef við tökum það hins vegar eftir uppfærsluna þá er það um 68% eða svipað og gilti um sölu á hlutabréfum á síðasta ári í fyrirtækjum eins og Íslandsbanka, Hampiðjunni og Flugleiðum. Með öðrum orðum, af þessum upplýsingum má glöggt sjá að salan á þessum hlutabréfum er mjög í samræmi við verð á hlutabréfum hér á innlendum markaði í dag.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir svo um þetta efni, með leyfi forseta:

„Erfitt er að segja til um hvert sé eðlilegt verð á fyrirtækinu. Það kemur ekki í ljós fyrr en kaupendur leggja fram ákveðið verðtilboð.“ Hér er auðvitað um kjarna málsins að ræða. Það er auðvitað markaðurinn sem segir mest um það hvers virði fyrirtæki eru og hér er það staðfest mat af hálfu Ríkisendurskoðunar. Á öðrum stað segir, með leyfi forseta, þegar vitnað er til útreikninga VÍB:

„Þessir útreikningar voru byggðir á ákveðnum forsendum sem getið er hér að framan og byggjast á því sem þekkt er í rekstri verksmiðjanna.“ — Loks segir: „Ríkisendurskoðun telur ekki ástæðu til að gagnrýna aðferðafræðina við mat VÍB en hún byggir eingöngu á óbreyttu rekstrarumhverfi í framtíðinni.“

Það er ekki sett fram gagnrýni á vinnubrögð VÍB við þetta verðmat, skýrt og skilmerkilega skrifað í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

Höfum það líka í huga að hér er um áhætturekstur að ræða og á árunum 1980–1992 var meðaltap á hverju ári 90 millj. kr. á rekstri fyrirtækisins. Fór eitt árið upp í 350 millj. kr. hagnað, en var allt þetta tímabil samt að meðaltali með tap upp á 90 millj. kr. og er þá hagnaður síðasta árs inni í þeirri tölu. Þegar horft er til framtíðar og lagt mat á það við hvaða skilyrði var verið að selja fyrirtækið þá þarf að reka fyrirtækið til þess að það geti skilað eigendum eðlilegum arði með 60 millj. kr. hagnaði að meðaltali á næstu tíu árin, í staðinn fyrir 90 millj. kr. tap sem reynslan segir af síðustu árum. Með öðrum orðum, til þess að verðforsendurnar standist þurfa nýir eigendur að snúa rekstri fyrirtækisins við um 150 millj. kr. að meðaltali á hverju ári næstu tíu árin. Vonandi tekst það og vonandi má gera betur. En það getur líka farið á hinn veginn. Við fengum dæmi um það á síðustu tíu árum að gróðinn á einu ári gat farið upp í 350 millj. kr., en það breytti því ekki að að meðaltali hefur tapið verið 90 millj. kr. Ef einhver getur fullyrt hér að loðnustofninn verði minna duttlungafullur á næstu tíu árum en hann hefur verið á þeim síðustu, þá hlakka ég til að hlusta á þær röksemdir og þær líffræðilegu röksemdir sem færðar eru fram þeirri fullyrðingu til fulltingis. (**Gripið fram í:** Verðum við ekki að gefa bara meiri peninga?)

Aðalatriðið í þessu er auðvitað þetta: Að með þessum tölum hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi hætti að fyrirtækið var selt við eðlilegu verði. Og það kemur enda hvergi fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar hversu sem menn leita þar með logandi ljósi að fyrirtækið hafi verið selt á óeðlilegu verði. Ríkisendurskoðun heldur því hvergi fram. Og við skulum hafa það í huga að í stofnefnahagsreikningi sem Ríkisendurskoðun staðfesti er hlutaféð skráð á 650 millj. kr. Í nýjum stofnefnahagsreikningi sem Ríkisendurskoðun staðfesti er hlutaféð skráð á 650 millj. kr. Þetta eru þær staðreyndir sem fyrir liggja og hrekja með öllu gífuryrði um það að hér hafi farið fram einhver gjöf á eignum ríkisins. (Gripið fram í.) Ég ætla ekkert að halda því fram að fyrirtækið hafi verið selt á mjög háu verði, en ég held að það hafi verið selt á sanngjörnu verði fyrir báða aðila. Sanngjörnu verði fyrir seljandann og fyrir kaupendur í ljósi þeirrar áhættu sem hér er um að tefla í þessum rekstri. Því ég hygg að það séu fá fyrirtæki í landinu sem eru jafnháð áhætturekstri og þetta fyrirtæki. (**ÓRG:** Er það líka skoðun fjmrn.?)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki frammíköll.)

Frú forseti. Stjórnarandstæðingar eru greinilega ókyrrir í sætum sínum og þola illa að hlusta á staðreyndir þessa máls. (**ÓRG:** Við viljum fá fjmrh.) Það er rétt að taka þetta fram, vegna þess hversu formaður Alþb. er ókyrr hér og þolir ekki að hlusta á staðreyndir, að ákvörðun um þetta söluverð var ekki einasta tekin á grundvelli þessarar faglegu ráðgjafar eftir að ráðgjafarfyrirtækið hafði metið fyrirtækið, söluhópur sjútvrn. gert sér glögga grein fyrir því hvert væri eðlilegt söluverð, svo og fjmrn., þá kom söluhópurinn að ákvörðuninni og studdi hana og fjmrn., sem reyndar skrifar undir samninginn til staðfestingar. Þannig að í einu og öllu er hér um að ræða vandaðan undirbúning að yfirveguðu ráði margra aðila og með samþykki bæði sjútvrn. og fjmrn., sem bæði skrifa undir samninginn, svo öllu sé nú til skýrt svarað hér og öllum efasemdum eytt.

Lítum þá aðeins á helstu gagnrýniatriði sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar. En ég tek sérstaklega fram að þau gagnrýniatriði eru af allt öðrum toga og allt annars eðlis heldur en sá gífuryrðamálflutningur sem einstakir þingmenn stjórnarandstöðunnar og talsmenn hennar hafa haft í frammi á síðustu vikum og á reyndar fátt skylt við þann málflutning.

Í skýrslunni er gagnrýnt að tímafrestir hafi verið of knappir. Auðvitað má alltaf deila um það. En ég minni á að stjórn verksmiðjunnar lagði mikla áherslu á að hér yrði unnið hratt og örugglega til að eyða allri óvissu og út frá þeirri ósk var gengið í allri vinnu, enda gátu allir aðilar fengið þær upplýsingar sem nauðsynlegar voru og komið sínum tilboðum á framfæri.

Það er gagnrýnt að í einu og öllu hafi ekki verið farið eftir verklagsreglum einkavæðingarnefndar. Ég fullyrði að eins og starfshópnum var falið þá hafi starfshópurinn og ráðgjafarfyrirtækið í öllum meginatriðum haft hliðsjón af reglum einkavæðingarnefndar og í engum veigamiklum atriðum vikið þar frá og engum sem efnislegu máli skipta.

Þá er því haldið fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að ekki hafi verið um að ræða fullgilt tilboð af hálfu þeirra sem endanlega var samið við. Nú er það vissulega svo að um þetta geta menn deilt en þar er fyrst og fremst um að ræða formsatriði en ekki efnisatriði og í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem kom í morgun, segir svo um þetta atriði, með leyfi forseta:

„Í sjálfu sér sá Ríkisendurskoðun ekkert óeðlilegt við framgang málsins miðað við að aðilar hefðu tekið upp hefðbundnar samningaviðræður um kaup á hlutabréfunum." — Og síðar: „Því má ekki skoða umrædda frásögn af atburðum sem ásökun á hendur seljendum um að halda ekki í heiðri reglur sem gilda um útboð og samþykki tilboða. Þar sem þeir á hinn bóginn líta greinilega svo á að um ásökun sé að ræða er beðist velvirðingar á þeirri ónákvæmni sem gætir í frásögninni af þessum þætti málsins."

Með öðrum orðum kemur glöggt fram í svari Ríkisendurskoðunar um þetta efni að það er ekki neinn efnislegur ágreiningur um þetta atriði.

Þá kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að ekki hafi verið um skriflegan samning að ræða við verðbréfafyrirtæki. Það er vissulega rétt og vissulega réttmæt ábending að heppilegra hefði verið að gera slíkan skriflegan samning. En í starfi þeirra aðila sem þarna komu að reyndi aldrei á þetta og aðalatriðið er svo hitt að það var lagt fram skriflegt tilboð af hálfu verðbréfafyrirtækisins og það skriflega tilboð var samþykkt með lítils háttar breytingu eða lækkun á söluþóknun. Það var skriflegt tilboð lagt fram og það var samþykkt. En ég get vel tekið undir það að betur hafði farið á því að hafa þetta skriflegan samning en sá ágreiningur kom aldrei upp í meðferð málsins að nokkurn tímann reyndi á þetta og þetta hefur því enga efnislega þýðingu um framgang málsins.

Þá er að því vikið í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þau skilyrði að aðilar sýndu fram á fjárhagslegan styrk hafi komið fram of snemma í atburðarásinni eða söluferlinu. Það er ekki gagnrýnt að slík skilyrði skuli sett og að menn verði að gera grein fyrir því að þeir geti keypt fyrirtækin, en það er talið að þau hafi komið fram of snemma. Á bls. 34 segir um þetta efni, með leyfi forseta:

„Rétt er að undirstrika að þó svo að Ríkisendurskoðun þyki óeðlilegt að skilyrða afhendingu grunngagna á framangreindan hátt er að hennar mati fullkomlega eðlilegt að setja slík skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu eða fyrir því að tilboð verði tekið gilt." — Fullkomlega eðlilegt fyrir þátttöku í útboðinu og að tilboð verði tekið gilt.

Hér er því ekki um neinn efnislegan ágreining að ræða við Ríkisendurskoðun en um þetta má auðvitað deila og ég ætla ekki að gera stórt mál úr því á hvaða stigi hefði átt að setja þessi skilyrði fram.

Varðandi þær upplýsingar sem fyrir liggja er það alveg ljóst að allar meginupplýsingar lágu fyrir. Hitt má vel segja að stofnefnahagsreikningurinn hefði mátt koma fyrr fram en það hefur þó ekki efnislega þýðingu fyrir framgang málsins.

Þegar þannig er búið að fara yfir öll helstu efnisatriðin í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem söluhópurinn og Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hafa gagnrýnt og Ríkisendurskoðun svarað er samt sem áður alveg ljóst að Ríkisendurskoðun kemur hvergi fram með þá athugasemd að aðilum hafi verið mismunað nema í einu tilviki. Það var þegar mér var ráðlagt að veita Haraldi G. Haraldssyni lengri frest en leikreglurnar sögðu til um til að sýna fram á að hann hefði fjárhagslegan styrk. Það var eina ívilnunin þar sem aðilum var mismunað og það er eina athugasemdin sem Ríkisendurskoðun gerir um það að í þessu ferli hafi verið þannig staðið að málum að ekki hafi verið gætt jafnræðis á milli allra aðila.

Við yfirferð á skýrslu Ríkisendurskoðunar, þó að taka megi undir sumt í þeirra gagnrýni sem betur hefði getað farið í málsmeðferðinni, er þar því ekkert sem raskar efnislegum niðurstöðum og ekkert sem rökstyður fullyrðingar um að aðilum hafi verið mismunað. Það er kjarni málsins.

Afstaða stjórnarandstöðunnar er á hinn bóginn býsna kynleg. Þrátt fyrir þessa niðurstöðu í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem hefur sýnt fram á það að Haraldur G. Haraldsson hafði ekki þann fjárhagslega styrk sem nauðsynlegur var til að kaupa fyrirtækið og hagsmuna ríkissjóðs hefði ekki verið gætt ef við hefðum selt honum fyrirtækið, hagsmuna starfsmanna hefði ekki verið gætt og hagsmuna fyrirtækisins í heild hefði ekki verið gætt, þá er því enn haldið fram að það hefði verið rétt að selja fyrirtækið öðrum aðila en gert var. Þar með eru menn ekki að gæta hagsmuna ríkissjóðs og starfsmanna.

Einn af talsmönnum stjórnarandstöðunnar hefur haldið því fram eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar lá fyrir að til álita komi að rifta samningnum. Hvaða áhrif mundi það hafa ef ríkið af fullkomlega ómálefnalegum ástæðum, án nokkurs málefnalegs rökstuðnings færi að rifta samningi sem það hefði gert? Það mundi raska svo starfsumhverfinu, rekstri verksmiðjunnar og atvinnuöryggi fólksins, svo ég tali nú ekki um fjárhags-

legum hagsmunum ríkissjóðs, að það væri ekki verjandi með nokkru móti. Ég vildi ekki vera sá þingmaður og koma í heimsókn í þessar verksmiðjur og færa rök fyrir því að á þann veg ætti að bregðast við skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég vildi ekki þurfa að verja það fyrir starfsmönnum verksmiðjanna sem eiga atvinnuhagsmuna sinna að gæta.

Skýrsla Ríkisendurskoðunar felur ekki í sér neinn áfellisdóm um það að vikið hafi verið frá settum leikreglum þannig að aðilum hafi verið mismunað. Hún felur ekki í sér neitt sem bendir til þess að meðferð málsins hafi verið með þeim hætti að ástæða sé til riftunar á samningnum. Og í þriðja lagi felur hún ekki í sér neina fullyrðingu um það að verðið hafi verið óeðlilegt. Enga fullyrðingu um það. Og ég er alveg sannfærður um það að yrði eftir því gengið þá mundi Ríkisendurskoðun staðfesta þessa túlkun mína á niðurstöðum skýrslunnar.

Það liggur með öðrum orðum fyrir þegar farið hefur verið málefnalega yfir sviðið að það hefur tekist að selja verksmiðjurnar á sanngjörnu verði. Það hefur tekist að selja þær á þann veg að eignaraðildin er dreifð. Það hefur tekist að selja þær þannig að engin einn aðili á meira en 7,5% og að lífeyrissjóðir, starfsmenn og heimamenn og sjómenn og útvegsmenn eiga 60% í fyrirtækinu. Þó að Ríkisendurskoðun telji að á nokkrum stöðum hafi verið hnökrar í meðferð söluhóps og ráðgjafaraðila þá hefur því hvergi verið haldið fram af hennar hálfu að þeir hnökrar hafi leitt til mismununar sem réttlætt gæti riftun eða gagnrýni sem sett hefur verið fram af hálfu talsmanna stjórnarandstöðunnar.

Mín niðurstaða er því alveg ótvírætt sú að hér hafi tekist vel til. Við höfum selt fyrirtækið á viðunandi verði og kjarni málsins í því öllu saman er sá að það tókst að leysa þau vandamál sem erfiðust eru þegar opinber fyrirtæki eru seld, að komast hjá ágreiningi við starfsmenn, að tryggja rekstraröryggið og eðlilegt samband verksmiðjanna eða fyrirtækisins við viðskiptamenn sína, bæða þá sem selja henni hráefni og hina sem kaupa afurðirnar. Óróleiki á þessum sviðum hefur verið meginvandi við sölu ríkisfyrirtækja. Allt þetta tókst að leysa. Engin misfella kom upp í aðalatriðum málsins. Niðurstaðan í þessu efni er því skýr. Hér held ég að hafi vel tekist til og í fullu samræmi við þau fyrirheit sem gefin voru þegar lögin um Síldarverksmiðjur ríkisins voru samþykkt á Alþingi.

[16:10]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef ekki áður hlýtt á jafnæstan ræðumann fullyrða jafnoft að vel hafi tekist til í ákveðnu máli en ljúka svo máli sínu á því að lýsa því yfir „hér held ég að hafi vel tekist til". Ef hann hefði nú talað í tvo tíma þá hefði hann trúlega komist að hinu gagnstæða, þ.e. hann hefði fullyrt: hér tókst illa til.

Hæstv. ráðherra varð það nefnilega á að hefja hér miskunnarlausa skothríð með fúkyrðum og stóryrðum án þess að skilgreina sjálfur hvað hann var að tala um. Hver er kolkrabbinn? Vill hæstv. ráðherra svara því úr sæti sínu? Hver er kolkrabbinn? — Hann brosir, hæstv. ráðherra, það er ekkert svar. Nú hlær hæstv. ráðherra. Hver er kolkrabbinn? (**Fjmrh.:** Frændi Páls Péturssonar.) Nú er svo komið að frændi Páls Péturssonar, hæstv. fjmrh., er farinn að hjálpa hæstv. sjútvrh. en það er ekki eining um svarið.

Ég veit ekki til að ég hafi í mínum málflutningi nokkurn tímann haldið því fram að það bæri að selja einhverjum einum fremur en öðrum þetta fyrirtæki. Umræðan hefur ekkert verið á því stigi. Það vita allir að þegar það gerist að hópur þingmanna biður um skýrslu þá er það til að leita upplýsinga og sú skýrslubeiðni sem hér lá fyrir inniheldur hvergi ásakanir um að kolkrabbinn hafi verið að fá eitthvað. Hvar í skýrslubeiðninni eru þær ásakanir? Hvar er krafan um það að Haraldur í Andra hefði átt að fá þetta fyrirtæki? Hvar eru þessar ásakanir? Þær eru ekki til, hæstv. ráðherra. Þú býrð þér til fjandmenn og ferð að grýta þá. Maður spyr sjálfan sig: Hvernig hefur hæstv. ráðherra sofið undanfarnar nætur? Eru miklu fleiri í salnum en þeir sem við hinir sjáum þegar hæstv. ráðherra er kominn í ræðustól?

Ég held að það sé óhjákvæmilegt að byrja á því að vekja athygli hæstv. ráðherra á samþykkt ríkisstjórnar Íslands á leikreglunum. 12. okt. 1993 eru samþykktar leikreglur um sölu á ríkisfyrirtækjum. Þessar leikreglur eru trúlega settar fram og samþykktar af ríkisstjórninni vegna þess m.a. að það eru tveir flokkar í ríkisstjórn og annar stjórnarflokkurinn, sem ekki kemur til með að hafa hönd í bagga með sölunni, vill hafa áhrif á það hvaða leikreglur eru notaðar. Er það óeðlilegt? Er ekki hægt að gera ráð fyrir því að Sjálfstfl. hafi á að skipa slíku liði vitsmunamanna að þeir geti samið leikreglur og staðið við þær? Þær eru samþykktar 12. okt. 1993 í ríkisstjórn Íslands og gildissviðið er skv. 11. gr., sem ég held að sé óhjákvæmilegt annað, herra forseti, en að ég lesi hana:

„Reglur þessar taka til allra fyrirtækja sem ríkissjóður selur eða hyggst selja. Reglurnar taka einnig til eignarhluta í fyrirtækjum sem ríkissjóður selur eða hyggst selja. Viðkomandi ráðuneyti og framkvæmdanefnd um einkavæðingu bera ábyrgð á að farið sé að verklagsreglum þessum."

Hvorki meira né minna. Það er ekki nóg að það séu settar reglur heldur eru settir ábyrgðaraðilar til að sjá til þess að farið sé eftir reglunum. Hvað segir svo Ríkisendurskoðun? Það var ekki annað á ráðherra að heyra en að skýrsla Ríkisendurskoðunar væri bara lofgjörð um framkvæmdina. Samt stóð ansi mikið á því að þessi skýrsla fengist birt.

Ríkisendurskoðun segir svo í niðurstöðum, með leyfi hæstv. forseta, upphafsorð Ríkisendurskoðunar um niðurstöður:

„Ríkisendurskoðun telur að þeim verklagsreglum sem samþykktar voru af ríkisstjórninni 12. okt. 1993 og fylgja skal við framkvæmd á einkavæðingu hafi ekki verið fylgt sem skyldi við undirbúning og sölu hlutabréfa í SR-mjöli hf. Að mati stofnunarinnar var sú ráðgjöf sem stjórnvöld fengu við söluna ekki að öllu leyti eins vönduð og æskilegt hefði verið."

Þetta eru dómsorðin. Eftirlitsaðilarnir með að regl-

urnar skyldu virtar brutu reglurnar. — Og nú er hæstv. sjútvrh. horfinn úr salnum. (Gripið fram í.) Nei, hann er bara að leita ráða í hliðarsölum. Það er ekki skrýtið þó hann þurfi að leita ráða í hliðarsölum. Það er svo að það er ekki hægt að geyma vitið í handtöskunni. Það verður stundum að geyma það annars staðar. Og ef svo er komið að það þurfi að hafa aðstoðarmenn, hvers vegna er þeim ekki skipað í stóla fyrir aftan ráðherrann og látnir hvísla í eyra hans hvað hann eigi að segja? Hvers vegna þarf að geyma þá í hliðarsölum? Er það hugsanlegt að hæstv. ráðherra hafi bara ekki kynnt sér málið en sé farinn af stað núna að fá upplýsingar um þetta?

Dómur Ríkisendurskoðunar er tvímælalaus. Reglurnar voru brotnar. Reiðist þá ekki hæstv. forsrh., æðsti yfirmaður eftirlitsins yfir reglunum? Nei, hann reiðist ekki. Og hver skyldi skýringin vera? Herra forseti, skýringin er merkileg. Hæstv. forsrh. skrifar undir sem fjmrh. þegar salan á sér stað. Það er skýringin á því hvers vegna hæstv. fjmrh. situr svo rólegur í stól sínum. Það er ekki sanngjarnt að skjóta á hann. Hann veit það, enda brosir hann og er kátur. Honum líður vel. Aldrei þessu vant líður hæstv. fjmrh. vel á þessu kjörtímabili. Hann hefur átt marga dapra daga, það skal viðurkennt.

Sá dómur Ríkisendurskoðunar að reglurnar voru ekki virtar er jafnframt yfirlýsing um það að samstarfsreglur Alþfl. og Sjálfstfl. í þessu máli voru brotnar. Það merkilega er að Alþfl. getur staðið uppréttur í málinu og sagt: Þær leikreglur sem við settum voru brotnar. Það var ekki farið eftir þeim.

Þá hlýtur að vera næsta spurning í málinu: Hvers vegna var markaðinum ekki treyst til að verðmeta hlutabréfin? Stórfyrirtæki eru alltaf af og til til sölu. Hlutabréfin eru seld í heilu lagi, þ.e. öll eða hluti af þeim, og þá er það markaðurinn sem verðleggur. Og hverjar eru hinar eðlilegu leikreglur þegar markaðurinn verðleggur? Ég ætla, með leyfi forseta, að reyna að lýsa því eins og mér sýnist eðlilegt að staðið sé að undir þeim kringumstæðum.

Af hverju var ekki útboðið á hlutabréfunum með líkum hætti og þegar hlutafélög eru að fara í fyrsta sinn á almennan markað eða þegar hlutafélög á almennum markaði er að auka hlutafé sitt? Þá er algengt að verðbréfafyrirtæki útbúi útboðsgögn og hlutabréfin eru sett á markaðinn á ákveðnu gengi. Það fer síðan eftir viðtökum markaðarins hvort gengið er of hátt eða lágt. Með þessum móti eiga allir möguleika á að kaupa hlutabréf. Allir fá aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til að meta hlutabréfin sem fjárfestingarkost og þar með ákvarðar markaðurinn verið á hlutabréfunum og því fæst hið rétta verð fyrir hlutabréfin. Í viðskiptum sem þessum eru hlutabréfin nánast undantekningarlaust staðgreidd. Ef framkvæmdin hefði verið með þessum hætti hefðu allir landsmenn og þar með talin öll fyrirtæki, stofnanir og sjóðir í landinu haft jafna möguleika á að kaupa hlutabréfin í þessu arðvænlega fyrirtæki.

Hvað er þetta gamalt fyrirtæki? Þetta er 63 ára gamalt fyrirtæki sem hefur þá verið sett af stað á milli 1930 og 1940. Það er virkilegt umhugsunarefni þegar ung fyrirtæki hrynja í landinu hvert eftir annað þá líti menn svo á að þetta fyrirtæki búi við svo sveiflukennt ástand að menn þurfi nánast að geta séð fyrir hvernig loðnan hegðar sér, skilgreint það fram í tímann hvað hún ætli að gera, til að vera færir um að meta það á hvaða verði eigi að selja svona fyrirtæki. Þetta er 63 ára gamalt fyrirtæki og hvað segja stjórnendur þess um þetta fyrirtæki? Á bls. 10 í skýrslu sjútvrh. stendur, með leyfi forseta:

„Síldarverksmiðjur ríkisins höfðu starfað í 63 ár er félaginu var breytt í hlutafélag. Framlög ríkisins til félagsins voru óveruleg ef nokkur allan þann tíma en þá eru undanskildar þær 400 millj. sem ríkissjóður er nú að yfirtaka af skuldum Síldarverksmiðja ríkisins."

Hvert var svo staðgreiðsluverðið? Ef tilboðið sem samþykkt var upp á 725 millj. er fært yfir í staðgreiðslu þá er verðið 664 millj. kr. og um 250 millj. í reiðufé í fyrirtækinu. Ef við leggjum svo saman þær 400 millj. sem ríkið var búið að yfirtaka af skuldunum og bætum við peningunum sem eru inni, hvað er þá eftir, hæstv. ráðherra? Hver er þá hlutur ríkisins út úr sölunni þegar þetta er skoðað? Hæstv. ráðherra ætlar ekki að notast við tölvu að þessu sinni heldur leggja þetta saman á blaði fyrir framan sig og ég vona að það viti á gott.

Hverjir eru vitnisbærir í svona máli? Hverjir hafa sannarlega engra hagsmuna að gæta þannig að hægt sé að segja að þeirra skrif um þessi mál mótist af viðhorfum þeirra? Þeir hljóta að vera til í landinu.

Einn af þeim sem hefur skrifað um þetta mál er dr. Gunnlaugur Þórðarson. Dr. Gunnlaugur skrifaði líka um söluna á Útvegsbankanum á sínum tíma. Og það verður að segjast eins og er að hann hitti naglann á höfuðið í þeirri umræðu. Hvað skyldi hann kalla greinina sem hann skrifar um þetta mál? Hann kallar hana: „Upptaka á almannafé." Engar ásakanir um það að verið sé að selja kolkrabbanum, ef hann veit hvað kolkrabbinn er frekar en sá sem hér stendur. Sjútvrh. virðist hafa það á hreinu. Engar yfirlýsingar um að það hefði átt að selja Haraldi í Andra þetta fyrirtæki. Hann er þó jafnréttháir og hver annar til að mega bjóða í eignir á Íslandi og kaupa þær ef því er að skipta. Engar yfirlýsingar um slíkt, aðeins sett fram sú kenning að hér sé um að ræða upptöku á almannafé. Og það, hæstv. ráðherra, sýnist mér að hafi gerst.

Það er komið í veg fyrir það að markaðurinn fái að verðleggja fyrirtækið. Markaðnum er ekki treyst. Markaðurinn er ekki einhverjir þrír menn, fjórir eða fimm, sem ákveða hvað hlutirnir eiga að kosta. Ef markaðurinn væri það þá hefði Sovétskipulagið staðist. Þeir voru með fleiri í æðstaráðinu til að ákveða hvað hlutirnir ættu að kosta. En þeir eru margir sem vilja nota rússnesku miðstýringuna (**SJS:** Síðustu leifarnar.) síðustu leifarnar. Vilja nota rússnesku miðstýringuna til að ákveða verðið. Er það þannig markað sem verið er að tala um? (**GÁ:** Einkavinavæðing.) Markaðurinn á Íslandi er að vísu ekki í mjög skipulegu formi. Þó er kominn löglegur hlutabréfamarkaður í landinu þar sem einkafyrirtækin eru að selja hlutabréf. Sá markaður er

nógu góður til að einkafyrirtækin treysti sér til að selja hlutabréfin á honum. Hvers vegna treystir íslenska ríkisstjórnin ekki markaðnum? Hvers vegna treystir hún ekki hlutabréfamarkaðnum til að verðleggja hlutabréfin? Það getur ekki verið nema ein skýring á því hvers vegna þeir treystu ekki markaðnum. Þeir vilja ráða því hver niðurstaðan verður um verðið og selja í samræmi við það. Það er ekkert skrýtið þótt hv. þm. Vilhjálmur Egilsson þurrki sér um augun. Það hefur margur gert það af minna tilefni. (Gripið fram í.) Ég fullyrti ekkert um það, hv. þm., hvort hann hefði fellt tár. Það er hans einkamál.

Það er umhugsunarefni að ríkisstjórn sem vill markaðsvæðingu, vill einavæðingu, treystir ekki markaðnum til þess að meta verð á fyrirtæki eins og þessu. Auðvitað getur ráðherrann sagt að það hafi ekki orðið nein uppreisn í Síldarverksmiðjum ríkisins þó þessi sala hafi farið fram. Ég kannast ekki við neina uppreisn í íslenskum fyrirtækjum þó þau hafi verið seld. Að vísu hopaði yfirherdeild Reykjavíkurborgar fyrir strætisvagnabílstjórum. Það var þó ekki uppreisn af þeirra hendi, alls ekki. Þeir rétt létu síga á sér brýrnar. Rétt létu brýrnar síga og þá hopaði liðið.

Hér er aftur á móti látið í það skína að ef ekki hefði verið staðið svona að þessu máli hefði orðið uppreisn í Síldarverksmiðjum ríkisins, kaupendurnir e.t.v. líka hætt að kaupa mjölið. Seljendurnir, þ.e. veiðiskipin, hætt að selja. Hver trúir svona rugli? Fyrir hvern er þessi málflutningur?

Ég ætla að vitna í grein dr. Gunnlaugs Þórðarsonar aftur og vekja athygli á því sem mér finnst vera þar eitt af því stóra, með leyfi hæstv. forseta:

„Á það má benda að nú stendur til að reisa fiskimjölsverksmiðju í Helguvík og er áætlað að hún kosti um kr. 700 millj. kr. en hin selda eign á velviðhaldnar voldugar verksmiðjur á fimm stöðum á landinu. Söluverð hlutafjár SR-mjöls er kr. 725 millj."

Þá er hann að tala um það eins og það er skráð, ekki metið til staðgreiðsluverðs. Í Helguvík telja þeir arðbært að byggja verksmiðju upp á 700 millj. kr. Það er verið að selja fimm verksmiðjur á staðgreiðsluverði upp á 664 millj. kr. (**VE:** Yfirteknar skuldir líka.) Hvernig skyldi það vera með hv. þm. Vilhjálm Egilsson, fulltrúa Verslunarráðsins? Ætli enginn „goodwill" hafi verið með í þessari sölu hjá 63 ára gömlu fyrirtæki. (**Landbrh.:** Enginn hver?) Hann er að leita. Hæstv. fulltrúi Verslunarráðsins er að leita í skjölunum fyrir framan sig að „goodwillinni". (**SJS:** Vill þingmaðurinn íslenska fyrir landbrh.?) (**Gripið fram í:** Viðskiptavild.) Viðskiptavild. (**Landbrh.:** Var þingmaðurinn að tala um dótturfyrirtæki sem var fallítt?) Nú hefur hæstv. landbrh., sem er manna mestur húmoristi þegar vel liggur á honum, það er að vísu bundið við það, tekið feil á því hvaða mál er á dagskrá og talið að það sé eitthvert dótturfyrirtæki. Svo er alls ekki. Hér er verið að ræða um fyrrum Síldarverksmiðjur ríkisins og það er ekki, hæstv. landbrh., verið að deila á kaupendurna. Það er ekki verið að deila á kaupendurna, ekki einu orði. Það kemur nefnilega í ljós að hjá þeim reyndist mun meira vit en á hinum staðnum. Ég vil nefnilega taka undir það hjá hæstv. sjútvrh. að ég held að þeir hafi haldið vel á sínum spilum. Og við eigum að meta það við menn þegar þeir halda vel á sínum spilum. Við eigum að meta það við þá. Það er spurning hvort ekki bæri að skipta.

En hin staðreyndin blasir við, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, að 63 ára gamalt fyrirtæki, sem ekki hefur verið á framfæri ríkisins, sett á stofn með ábyrgðum á sínum tíma, ekki sett á stofn með ríkisframlögum, er selt á þann hátt að það fæst ekki rétt verð fyrir eignirnar. Það veit hvert einasta mannsbarn í landinu að þetta var það sem gerðist. Og þeir sem eru fróðastir um það eru ráðherrarnir í ríkisstjórn Íslands. Þeir vita þetta allir með tölu. Þeir halda því fram að þetta hafi verið skynsamlegt til að koma í veg fyrir að það yrði uppreisn í verksmiðjunni, til að hægt væri að tryggja að þeir gætu keypt loðnuna, til að hægt væri að tryggja það að hægt hefði verið að selja. En þetta eru falsrök í málinu. Þeir vita að það var ekki þetta. Og enn einu sinni skal það tekið fram til að fyrirbyggja misskilning: Ég ætla ekki að kasta úr þessum ræðustóli einu einasta styggðarorði að þeim sem keyptu. Ekki einu einasta styggðarorði að þeim sem keyptu. Ég álasa mönnum ekki fyrir það að gera góð kaup. (**GHelg:** Auðvitað ekki.) Auðvitað ekki, segir fyrrv. stuðningsmaður Sósíalistaflokks Íslands og núv. stuðningsmaður Alþb. og sérfræðingur í markaðsviðskiptum líka því hún hefur bent á að það sé hægt að græða á frímerkjum þegar Póstur og sími með einhverjum ástæðum skildi það ekki að frímerki eru verðmæt vara í sölu. (**GHelg:** Enda sýndi það sig.) Enda sýndi það sig.

Það getur vel verið að með ræðutækni sé hægt að standa hér upp, fullyrða að menn séu að bera sakir á ráðherrann fyrir einhverja hluti, fullyrða að það sé árás á ráðherrann, fullyrða að við séum að krefjast ákveðinnar niðurstöðu í sölumálunum en þetta eru blekkingar. Ég trúi því ekki að ræðutækni hæstv. sjútvrh., sem er mikil, dugi til þess að verja slíkar blekkingar. Það er aðeins eitt sem íslenska þjóðin horfir á í þessu sambandi og það orðaði dr. Gunnlaugur Þórðarson svo eftirminnilega, þ.e. upptaka á almannafé.

Það er alveg ólíðandi að ekki sé hægt hér í sölum Alþingis að tala um það með eðlilegum hætti að selja fyrirtæki, sem við oft á tíðum teljum betur komin í höndum einkaaðila en ríkisins, vegna þess að við treystum ekki ráðherrum landsins til að annast söluna. Vegna þess að það er eins og það sé smitandi sjúkdómur hjá ráðherrum landsins að forðast það að selja fyrirtækin á réttu verði. Hæstv. sjútvrh. veit það mætavel að í þessum sal átti hann stuðning við að þetta fyrirtæki yrði selt. Hann veit það mætavel. Það þýðir ekki að koma með árásir eins og þær að við séum að fárast yfir því að þessi eða hinn hefði átt að fá þetta fyrirtæki. Deilan snýst ekki um það. Deilan snýst um hitt, enn og aftur, við viljum að eignir ríkisins séu seldar á réttu verði og við trúum því að það sé markaðurinn sem eigi að ráða.

Hvernig er hægt að koma í veg fyrir það að markaðurinn ráði? Stundum er sú aðferð notuð að hafa svo

mikið óðagot við söluna að menn séu ekki búnir að átta sig á því hvaða verðmæti eru boðin til sölu. Stundum er reynt að ýta öðrum út af borðinu eftir ýmsum „teknískum" leiðum, talað um að það skuli vera traustir fjárfestar, það skuli vera ákveðnar fyrir fram svo nákvæmar tímasetningar að hægt sé að ýta út af borðinu aðila þó hann óski eftir fresti vegna þess að það liggi svo mikið á að framkvæma hlutina. Í skýrslunni stendur: „ekki var hægt að verða við" þessu eða hinu út frá þessu sjónarhorni. Það er hægt að halda því fram finnst sumum að ef boðist er til að staðgreiða sé samt ekki hægt að treysta manninum til að kaupa. Nú gerist það ekki við staðgreiðslu að menn fái neitt afhent nema þeir borgi. Það er reglan í búðinni í það minnsta. Í sjoppunum hafa þeir ágætis „kontrol" á þessu. Þeir afhenda bara ekki vöruna yfir borðið nema hún sé borguð, einfaldar leikreglur. Markaðurinn sér alveg um þetta og er ekki í neinum vandræðum. Ef það er staðgreitt þá er ekkert afgreitt nema það sé staðgreitt.

Auðvitað geta menn deilt um það fram og til baka hvort 9 millj., sem ákveðið var að láta Verðbréfamarkað Íslandsbanka fá umfram það sem aðrir buðust til að vinna verkið fyrir, sé vinargreiði, þóknun, eða hvað við eigum að kalla það. 9 millj. eru náttúrlega 9 millj. En við skulum ekki vera þau börn að telja að það sé aðalatriði málsins. Það er skiptimyntin í þessu dæmi. Hæstv. ráðherra er ánægður, hann heldur að þetta hafi verið gott hjá sér, íslenska þjóðin veit betur.

[16:40]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég var æ meira undrandi á ræðu hv. þm. eftir því sem ég hlýddi lengur á hana vegna þess að hann talaði þar í öðrum tón en þegar ég hef rætt við hann m.a. í stjórn Byggðastofnunar um það öryggi sem verkafólk og sjómenn úti á landi þurfa að hafa í sambandi við vinnslustöðvar og úrvinnslu sjávarafurða. Það er rétt hjá honum að staðgreiðsla gildir í sjoppurekstri í Reykjavík en á hinn bóginn ef við erum að tala um öryggi þeirra verkamanna sem búa m.a. hjá Raufarhöfn, sem er að vísu ekki í Vestfjarðakjördæmi, á Siglufirði, sem að vísu er ekki í Vestfjarðakjördæmi, á Seyðisfirði, sem að vísu er ekki í Vestfjarðakjördæmi, ef við erum að tala um það og erum að tala um það að þeir sem kaupa síldarverksmiðjurnar er fjöldinn allur af lífeyrissjóðum, fjöldinn allur af útgerðum og verkafólkinu sjálfu sem leggur fram af sínum launum 100, 200 eða 300 þús. kr. þá sjáum við að á bak við þessa sölu er sterkur vilji þeirra sem á síðustu áratugum hafa alið aldur sinn á þessum stöðum, sem eiga lífsafkomu sína og allar sínar eignir undir því að þeir geti áfram búið á þessum stöðum.

Mér finnst satt að segja undarlegt eins kröfuharður og hv. þm. er fyrir Vestfirði þegar svo ber undir og eins litla virðingu og hann sýnir á stundum fjármunum ríkisins þegar hans kjördæmi er annars vegar, að hann skuli leyfa sér að koma hér upp með þær dylgjur sem hann hefur komið með. Ég hlýt að láta í ljósi mikla undrun á því.

Á hinn bóginn get ég sagt að ef ég hefði getað kosið mér þann mann sem ætti að hefja þessar umræður í þeim anda sem hv. þm. gerði þá hefði ég engan kjörið fremur.

[16:42]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hér voru í reynd sagðir þeir hlutir sem hæstv. ráðherra hefði betur látið ósagða. Það er ekki nokkur deila um það að þessir menn séu æskilegir kaupendur. En jafnvel æskilegir kaupendur þurfa að greiða fyrir hlutina það sem þeir kosta. Ég man ekki eftir því að hæstv. landbrh. hefði haldið öðru fram, en er það svo að sumir eigi að greiða fyrir hlutina það sem það kostar en öðrum nægi að vera æskilegir kaupendur? Er það það sem er verið að segja? Og er það kannski svo að það hafi verið landbrh. sem seldi?

[16:44]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það liggur fyrir að eftir þau 63 ár sem Síldarverksmiðjur ríkisins höfðu starfað var efnahagur þeirra ekki betri en svo að hið opinbera varð að hlaupa undir bagga til þess að reksturinn gæti haldið áfram. Það kom líka fram í umræðum sem voru mjög áberandi í fjölmiðlum að Landsbanki Íslands óttaðist um þau veð sem hann hafði á Síldarverksmiðjunum og það liggur líka fyrir að verulegar kröfur sem Síldarverksmiðjur ríkisins áttu m.a. á sitt dótturfyrirtæki voru mjög hæpnar og síðan hefur komið í ljós að það fyrirtæki varð gjaldþrota. (**StG:** Síldarverksmiðjur ríkisins hafa alltaf ...) Ég held við skulum gera okkur grein fyrir því að boginn var spenntur mjög hátt varðandi verðið og það er ekki rétt hjá hv. þm. að þetta verð sé lágt. Það er misskilningur. Það liggur þvert á móti fyrir að þeir aðilar sem keyptu Síldarverksmiðjur ríkisins voru ekki reiðubúnir til þess að fara hærra. Ég hygg að ég muni það rétt að hv. þm. Ólafur Ásgrímsson sem nú er formaður Framsfl. hafi einhvers staðar látið þau ummæli falla að hann telji (Gripið fram í.) — er formaður Alþb. að grípa fram í, sem seldi Þormóð ramma? (Gripið fram í.)

(**Forseti** (VS): Gefið ræðumanni hljóð.)

Mig minnir að hann hafi látið falla orð um það að það væri æskilegt, ef Síldarverksmiðjur ríkisins yrðu gerðar að einkafyrirtæki, að þá væri nauðsynlegt að það yrði breiður grunnur á bak við það hlutafélag sem Síldarverksmiðjurnar keyptu. Það hefur verið gert. Ég var á sínum tíma gagnrýndur af þessum sama manni og þessum sama hópi fyrir það að selja Skipaútgerð ríkisins. Við erum að tala um einkavæðingu, við erum að tala um að skjóta styrkum stoðum undir rekstur síldarverksmiðjanna, við erum að tala um að halda þeim í höndum okkar Íslendinga, og við erum að tala um að þeir menn sem búa á stöðunum og þeir menn sem gera út á loðnuna standi einnig og beri ábyrgð á rekstri þessara verksmiðja af því að það er affarasælast bæði í bráð og lengd.

[16:46]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. landbrh. var ekki við nema

brot af þessari umræðu og sennilega stafar hluti af hans málflutningi af því að sá sem ekki hlýddi á alla umræðuna er náttúrlega ófær um að meta það sem hér var sagt. En þegar fyrirtæki eins og Síldarverksmiðjum ríkisins er lánað fé þá er þar ríkisábyrgð á bak við, það veit hæstv. ráðherra, þannig að þar er verið að tala um 100% öruggar greiðslur. Ég efa að bankinn hafi tekið veð í einu einasta húsi, ég hygg að hann hafi látið sér nægja ríkisábyrgðina. Þess vegna er ekkert óeðlilegt þó að ríkisbanki hafi ákveðnar hugmyndir um það vegna þess að það er hægt að taka fé út úr svona fyrirtækjum, það er mjög auðvelt að gera það ef mönnum sýnist svo.

Hæstv. ráðherra varð á ruglingur á nafni á formanni Framsfl., það leiðréttist af sjálfu sér, það eru mismæli sem geta hent alla. En deilan stendur ekkert um það hvort þessir aðilar eru æskilegir eða óæskilegir. Við erum ekki að sortéra menn í þessum efnum nema það sé þá innan Sjálfstfl. sem menn séu með tvenns konar flokksskírteini, aðrir sem eiga að njóta og hinir sem eiga að halda flokknum uppi. Það er út af fyrir sig spurning hvort það sé svo. Ég hef ekkert út á þá aðila að setja sem keyptu. Ég hef sagt það úr þessum ræðustól og segi það enn og aftur, málið snýst ekki um það, málið snýst um það hvers vegna markaðurinn fékk ekki að verðleggja bréfin. Hvers vegna var komið í veg fyrir það og notuð rússnesk aðferð við verðlagninguna?

[16:48]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það heyrir til tíðinda þegar hv. 2. þm. Vestf. skjöplast í röksemdafærslunni í umræðum á Alþingi en þau tíðindi hafa orðið hér í dag í ýmsum efnum. Ég bendi á þann kafla í ræðu hans þar sem hann var að fjalla um þá peninga sem til eru í sjóði félagsins en gleymdi því auðvitað, vonandi ekki af ásettu ráði, að fyrirtækið situr uppi með 1,3 milljarða í skuldum sem þarf að greiða. Síðan ræðir hv. þm. hér sem aðalatriði málsins að markaðurinn hafi ekki fengið að ráða. Auðvitað fékk markaðurinn að ráða. Það var höfð ákveðin aðferð við að leita eftir líklegum kaupendum sem gætu tryggt áframhaldandi rekstur fyrirtækisins. Þeim var gefinn kostur á að bjóða í fyrirtækið og sýna við hvaða verði þeir gætu keypt fyrirtækið þannig að hér fékk markaðurinn fullkomlega að ráða. Eins og skýrlega er bent á í athugasemdum Ríkisendurskoðunar hlýtur það svo að vera hin endanlega viðmiðun í þessu efni. En ég vil líka minna hv. 2. þm. Vestf. á það að tillagan um þessa málsmeðferð sem ég vitnaði hér til í upphafi ræðu minnar kom frá fyrrv. stjórn síldarverksmiðjanna og í henni átti m.a. sæti ekki ómerkari maður en fyrrum aðstoðarmaður núv. formanns Framsfl. og hann mælti með því að þessi aðferð yrði höfð við sölu á fyrirtækinu.

[16:50]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var það tekið fyrir að ríkisstjórn Íslands samþykkti ákveðnar leikreglur. Hér var það staðfest að Ríkisendurskoðun telur að þær leikreglur hafi verið brotnar, fullyrðir að svo sé. Voru þá leikreglur ríkisstjórnarinnar vitlausar, ónothæfar, einskis virði? Ríkisendurskoðun segir að þær hafi verið ásættanlegar en þær voru ekki virtar. Markaðurinn fékk ekki að ráða. Ég lýsti því hér mjög nákvæmlega hvernig stórfyrirtæki fara að því að markaðssetja sín hlutabréf, hvernig verðið er fundið. Aðferðin er talin ónothæf af hæstv. sjútvrh.

Ef markaðurinn er einhverjir örfáir menn sem horfa fyrst til hægri og svo til vinstri og segja svo: Þetta er sanngjarnt verð miðað við það að loðnan er duttlungafull skepna, þá er náttúrlega markaðurinn eitthvað allt annað en ég hef skilið. Markaðurinn er það sem menn vilja greiða fyrir bréfin. Það er aðferðin sem stórfyrirtækin nota til að finna út hvernig eigi að verðleggja þeirra bréf.

[16:52]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Eins og hv. þm. er kunnugt eru ýmsar aðferðir til þess að leita eftir því að láta markaðinn segja til um verð á hlutabréfum. Sú leið sem hér var valin er ein af viðurkenndum leiðum í því efni. Hún er ekki mín uppfinning, hún er tillaga páv. stjórnar fyrirtækisins, hún er tillaga óháðs verðbréfafyrirtækis, hún er tillaga söluhóps sem átti aðild að þessu máli og á þessum grundvelli fékkst fram hvað markaðurinn var reiðubúinn að greiða. Þetta eru staðreyndir málsins og fullkominn útúrsnúningur hjá hv. þm. að halda öðru fram. Þessi aðferð sem notuð var er viðurkennd aðferð til að leita til markaðarins og í fullu samræmi við þær leikreglur sem ríkisstjórnin setti og kenndar eru við einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar, enda gerði hún engar athugasemdir við að þessum leikreglum yrði fylgt og tók eðlilegan þátt í meðferð málsins og lokafrágangi þess og niðurstaðan staðfest af þeim ráðherra sem fer með yfirstjórn þeirra mála. Þannig að allar þessar fullyrðingar eru haldlausar hjá hv. þm. og sýna þann flótta sem hann er á í málinu.

[16:53]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er ljóst að það var mikið áfall fyrir fjmrn. þegar Ríkisendurskoðun var sett undir þingið. Þá var ekki hægt að skipa þeim mönnum fyrir eins og áður hafði verið gert. Hæstv. fjmrh. hefur í blaðagrein látið í það skína að hann sé farinn að efast um hæfni stofnunarinnar. Þessi stofnun hefur staðfest það að leikreglurnar voru brotnar, hæstv. sjútvrh. Hæstv. sjútvrh. hefur skýrsluna fyrir framan sig á borðinu. Hæstv. sjútvrh. hefur lesið skýrsluna. Samt lýsir hann því yfir að í þessari skýrslu sé ekki að finna slíkar ásakanir. Það er í upphafsorðunum í niðurlaginu sem þetta er. Hæstv. ráðherra fer hér með hrein ósannindi til að reyna að verja sitt mál. Hæstv. ráðherra verður að gera sér grein fyrir því að það er nóg áfall fyrir hæstv. ráðherra að hafa staðið að þessari sölu þó að hæstv. ráðherra leggist ekki svo lágt að þræta fyrir hvað standi í skýrslunni.

[16:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni ákaflega alvarlegt mál. Það hafa verið bornar fram þungar ásakanir á hendur þeim sem hafa stýrt þessum einkavæðingarmálum ríkisstjórnarinnar og þar er ráðherra auðvitað undir mesta ámælinu sem aðalábyrgðamaður þessara hluta. Ég vil fyrst, vegna þess sem kom hér fram áðan til þess að það haldist í samhengi, vekja athygli á því að hæstv. ráðherra er ekki færri sinnum en þrisvar búinn að halda því fram að hann hafi farið alfarið eftir tillögum hópsins, þ.e. stjórnar SR-mjöls hf., við framgang þessa máls. Þá vil ég vitna, með leyfi forseta, í skýrslu Ríkisendurskoðunar en þar stendur á bls. 13 með hvaða hætti þessar reglur voru settar. Þar segir:

„Í samræmi við vilja ráðherra sem kom fram á nefndum stofnfundi gerði stjórnin tillögur um framtíðarskipan fyrirtækisins. Stjórnin lagði fram tillögur sínar 7. október 1993."

Helstu niðurstöðurnar voru hvernig ætti að standa að sölu fyrirtækisins. Það hafði ekkert farið á milli mála með hvaða hætti hæstv. ráðherra vildi að yrði staðið að sölu fyrirtækisins og stjórnin gerði þá tillögu eftir því sem ég a.m.k. veit best í fullu samkomulagi og samráði við hæstv. ráðherra. Þannig að hann var aldeilis ekki að hlaupa eftir einhverjum mönnum úti í bæ, hann var að framkvæma þá hluti sem hann hafði í fullu samráði við stjórn SR unnið að því að undirbúa. Hann virðist vera að segja sig frá þessum reglum núna, að hann hafi tekið þátt í því að undirbúa þær.

Það eru feikilega miklir hagsmunir í húfi í þessu fyrirtæki sem við erum að fjalla um. Þetta fyrirtæki hefur starfað í 63 ár og ég vil benda á það sem stendur í skýrslu hæstv. sjútvrh. vegna þess sem hæstv. landbrh. sagði hér áðan að fyrirtækið hefði sótt peninga til ríkisins. En á bls. 10 í skýrslunni um SR-mjöl hf. stendur:

„Síldarverksmiðjur ríkisins höfðu starfað í 63 ár er félaginu var breytt í hlutafélag. Framlög ríkisins til félagsins voru óveruleg ef nokkur allan þann tíma en þá eru undanskildar þær 400 millj. kr. sem ríkissjóður er nú að yfirtaka af skuldum Síldarverksmiðja ríkisins."

Þetta lætur hæstv. ráðherra í sína skýrslu og mótmælir hvergi. Svo kemur hæstv. landbrh. og heldur því fram hér í ræðustól að það hafi verið mokað peningum í þetta fyrirtæki.

Ég held því fram að upplýsingum um stöðu fyrirtækisins hafi ekki verið komið á framfæri með fullnægjandi hætti og ég mun rökstyðja það hér á eftir. Ég held því fram að söluverð fyrirtækisins hafi verið langt frá sannvirði. Ég held því fram að rangur tími hafi verið valinn til að selja fyrirtækið. Ég held því fram að tímafrestir í málinu hafi verið óskynsamlegir, þeir hafi verið allt of stuttir og kaupendur hafi ekki getað unnið með eðlilegum hætti að gerð sinna tilboða. Ég held því fram að öflugasti kaupandinn hafi ekki fengið tækifæri til þess að gera tilboð. Ég held því fram að fjölmargar ásakanir sem hafa komið fram um meðferð málsins frá hendi Ríkisendurskoðunar og öðrum aðilum séu sumar hverjar réttar. Ég held því fram að þarna hafi menn gengið fram í blindri trúarvissu um það eitt og stefnt að því eina markmiði að selja fyrirtækið hvað svo sem fengist fyrir það.

Í þessari skýrslu sem hæstv. ráðherra hefur lagt á borð segir svo til fremst:

„Í 3. gr. laga nr. 20/1993 eru ákvæði þess efnis að sjávarútvegsráðherra fari með eignarhlut ríkisins í félaginu og sé heimilt að selja hlutabréfin öll eða hluta þeirra."

Það stendur líka, og þar er vitnað í greinargerð með frv., að meta þurfi sérstaklega hvenær aðstæður séu ákjósanlegar til sölu áður en til ákvörðunar kemur.

Og á bls. 13 í skýrslunni stendur og ég vil vekja athygli á því að það er það eina sem kemur fram um það að menn hafi reynt að átta sig á því hvort aðstæður til að selja fyrirtæki væru heppilegar. En það er í lok skýrslu stjórnarinnar. Þar stendur:

„Stjórn SR-mjöls hf. telur sig hafa orðið vara við áhuga fjárfesta á kaupum á hlutafé í fyrirtækinu. Samkvæmt upplýsingum Hafrannsóknastofnunar má vænta góðrar loðnuveiðar a.m.k. næstu tvær vertíðar. Með tilliti til þessara atriða telur stjórnin ekki eftir neinu að bíða og leggur til að starfshópurinn hefjist handa við að láta verðmeta hlutaféð og vinna aðra nauðsynlega undirbúningsvinnu þannig að sala geti farið fram sem allra fyrst."

Þetta er það eina sem kemur fram í þeim gögnum sem hafa verið lögð fram í þessu máli og bendir til þess að reynt hafi verið að meta sérstaklega hvort aðstæður væru ákjósanlegar til að selja fyrirtækið á þeim tíma sem látið var til skarar skríða.

Það segir á bls. 2 í skýrslunni, og ég ætla að fara í gegnum skýrsluna í þeirri röð sem málefnin eru þar talin upp þó það geti kannski verið svolítið ruglingslegt stundum. Þar stendur, með leyfi forseta:

„Þegar þessari spurningu er svarað, er nauðsynlegt að hafa í huga að þegar framkvæmdanefnd um einkavæðingu mælti með því við sjútvrn. að samið yrði við Verðbréfamarkað Íslandsbanka hf. vissi enginn hverjir yrðu kaupendur að hlutabréfum í SR-mjöli. Á þeim tímapunkti hafði ekkert komið fram um hugsanlega viðsemjendur sem gaf tilefni til vanhæfis VÍB." Síðan kemur og ég sleppi úr þarna á milli: „Engin athugasemd kom þá fram af hálfu tilboðsgjafanna. Hefði einhver af væntanlegum tilboðsgjöfum viljað bera vanhæfi VÍB fyrir sig hefði átt að gera það þá, það hefði verið rétti tíminn."

Þarna virðist vera einhver reginmisskilningur á ferðinni. Ásakanir á hendur þeim sem vildu bjóða í fyrirtækið um að þeir hefðu átt að gera vart við það að þeir væru óánægðir með þessa hluti. Vanhæfi af þessu tagi sneri ekki að þeim endilega. Ég tel að þarna hafi fyrst og fremst verið verkefni og umhugsunarefni fyrir hæstv. ráðherra þegar það kom í ljós hverjir áttu aðild að tilboðum í fyrirtækið að átta sig á því hvort þeir sem um þetta áttu að fjalla væru til þess hæfir úr því að þeir áttu óbeina aðild að kaupum á fyrirtækinu.

Síðan stendur: „Verðbréfamarkaður Íslandsbanka skilaði söluhópi verðmati í lok nóvember — sjá fylgiskjal 3. Hafa verður í huga að mjög miklar sveiflur eru

í rekstri fyrirtækis á borð við SR-mjöl hf. þannig að mikil áhætta er fólgin í rekstri fyrirtækisins. Rekstur Síldarverksmiðja ríkisins gekk illa á árunum 1980–1992. Samanlagt tap tímabilsins var um 1.300 millj. kr. miðað við verðlag í ágúst 1993. Afkoman sveiflaðist mikið milli ára en að meðaltali töpuðu Síldarverksmiðjur ríkisins um 90 millj. kr. ár hvert."

Þetta var nákvæmlega það sem hæstv. ráðherra vitnaði til áðan og vildi gera að aðalröksemdinni fyrir því að ekki hefði verið hægt að fá meira verð fyrir fyrirtækið.

Ég vil vekja athygli manna á því að það hefur orðið algjör umsnúningur í möguleika fyrirtækisins til þess að vera rekið með hagnaði. Og ég held að þeim hlutum hafi illa verið komið til skila. Í fyrsta lagi þegar menn meta undanfarin ellefu ár fyrirtækisins verða menn að gera sér grein fyrir því að á þessum tíma hafa Síldarverksmiðjur ríkisins byggt gjörsamlega upp og endurnýjað verksmiðjur sínar t.d. á Siglufirði. Sú verksmiðja var algjörlega endurbyggð og það er stærsta og afkastamesta verksmiðjan í landinu. Það er líka nýlega búið að taka í notkun nýjustu verksmiðju fyrirtækisins á Seyðisfirði, algjörlega nýja verksmiðju sem framleiðir gæðamjöl sem fyrir fæst verulega mikið hærra verð heldur en annað mjöl. Það hefur fengist upp undir 40% hærra verð á stundum fyrir það mjöl sem sú verksmiðja framleiðir.

Síðan er vert að vekja athygli á því að þær hömlur sem ríkisvaldið lagði á Síldarverksmiðjur ríkisins á meðan þær voru í eigu ríkisins eru ekki lengur fyrir hendi. Það var t.d. ekki leyfilegt að Síldarverksmiðjur ríkisins tækju þátt í útgerð loðnuskipa. Aðrar verksmiðjur í landinu hafa verið að gera slíka hluti og haft út úr því ákveðna möguleika, bæði til þess að fá hráefni til sín og hafa áhrif á verð á hráefni. Allt þetta þarf að meta þegar menn eru að velta því fyrir sér hvort þetta fyrirtæki geti skilað hagnaði á næstu árum.

Þá kem ég að því sem ég vil segja að segi best sögunna um það hvort rétt hafi verið staðið að sölunni á fyrirtækinu. Það er að þegar fyrirtækið var auglýst til sölu lýstu 14 aðilar áhuga sínum á kaupum á fyrirtækinu. Hvernig endaði svo sú saga? Hún endaði þannig að einungis einn aðili kom til greina samkvæmt mati þeirra sem stóðu að sölunni á fyrirtækinu. Og söguna þekkja allir. Þann 21. des. fengu menn frest til að skila tilboðunum fyrir 28. des., held ég að það hafi verið. Skyldi nokkrum lifandi manni sem hefði verið að selja eignina sína, við skulum bara segja húseignina sína, hafa dottið í hug að bjóða mönnum upp á það að selja þeim hana á þessum tíma, auglýsa hana, afhenda útboðsgögn og ganga frá hlutunum 21. des. og segja: Elskurnar mínar, nú klárum við þetta fyrir 28. des. því ég má ekki vera að því að bíða eftir þessu lengur.

Síðan voru ýmis atriði sem starfshópurinn, sem bar ábyrgð á þessu en auðvitað ber ráðherrann fyrst og fremst ábyrgð í málinu, setti fram til þess að þrengja kaupendahópinn. Það virðist hafa verið að yfirlögðu ráði sem það var gert. Það er a.m.k. erfitt að skilja það öðruvísi.

Það er t.d. alveg makalaust að þegar leið að áramótunum og þessi furðulegi frestur var að renna út þá kom beiðni frá öflugasta aðilanum, sem hafði áhuga fyrir því að kaupa fyrirtækið, en það var Akureyrarbær. Í skýrslu hæstv. ráðherra segir, með leyfi forseta: „Ekki var unnt að verða við þeirri málaleitan." Það er nákvæmlega ekki eitt einasta orð um hvers vegna það var ekki hægt. Ég vil biðja hæstv. ráðherra að gera þinginu skilmerkilega grein fyrir því hvers vegna í ósköpunum ekki var hægt að verða við þessari málaleitan, rökstyðja það þannig að menn skilji. Ég trúi því ekki að ef einkaaðilar hefðu verið að selja þetta fyrirtæki hefðu þeir ekki gefið jafnöflugum kaupanda og þarna var á ferðinni möguleika til þess að gera tilboð í fyrirtækið. Kannski er að finna einhverjar skýringar á þessu sem menn geta lesið út úr skýrslunum sem menn hafa í höndunum.

Um verðmæti þessa fyrirtækis er hægt að ræða margt fram og til baka. Ég tel að það sem Ríkisendurskoðun segir um verðmæti fyrirtækisins geti verið rétt. Og það getur verið rétt að segja að það sé markaðurinn sem að lokum segir til um það hvert verðmæti fyrirtækisins er. En það hefur ævinlega verið hygginna manna háttur að láta ekki markaðinn ráða gjörsamlega yfir gerðum sínum og mér finnst furðulegt að hæstv. ráðherra skuli ekki fresta sölu á fyrirtækinu þegar hann sá hvað hann var að fá fyrir það. Það hafði komið fram í verðmætamati sem var gert á fyrirtækinu að það var talið 2 milljarða 362 millj. kr. virði. Það hafði komið fram að það hafði verið metið niður af þeim aðilum sem um þetta fjölluðu í 1.880 millj. kr.

Það hafa komið fram ýmsar tölur um hvers virði þetta fyrirtæki geti verið. En skyldi það ekki segja einhverja sögu um það hvað menn eru með í höndunum að endurstofnverð þessa fyrirtækis nálgast 5 milljarða kr.? Það liggja fyrir útreikningar á því. Og þrátt fyrir að á því hvíli nokkrar skuldir er greinilegt af þeim hagnaði sem fyrirtækið skilaði á síðasta ári að hér er á ferðinni mjög sterkt og öflugt fyrirtæki.

Mínar ásakanir í þessu máli eru ekki af því taginu að ég sé að setja út á það hvaða kaupendur hafa nú eignast fyrirtækið. Það sem ég set út á í þessu máli er fyrst og fremst málsmeðferðin. Og ég tel fullsannað að hagsmuna ríkisins hafi ekki verið gætt. Hver hefði látið sér detta það í hug að rjúka til og selja fyrirtæki sem búið er að reka áralangt með tapi, nýbúið að byggja upp með nýjum tækjum og loksins farinn að sjást hagnaður af rekstrinu, áður en upplýsingar um stöðu fyrirtækisins komast til skila út í þjóðfélagið? Ríkisendurskoðun segir t.d. í sinni skýrslu að það sé vafasamt að framlag ríkisins, 400 millj. í reiðufé og yfirtaka á skuldum vegna lífeyrisskuldbindinga, hafi komist til skila þannig að markaðurinn vissi það. Og það voru alveg nýjar fréttir að hagnaðurinn væri orðinn svona mikill af fyrirtækinu. Hafa menn t.d. gert sér grein fyrir því að í efnahagsreikningi fyrirtækisins um áramótin 1992–1993 þá var fyrirtækið talið eiga 21 millj. kr. í eigið fé? En ári síðar, á efnahagsreikningi næstu áramót á eftir, er eigið fé fyrirtækisins talið um 1.300 millj. kr. Það hafði nefnilega ýmislegt gerst á þessu tímabili og ég er ansi hræddur um að æðimarg-

ir sem hafa áhuga á að leggja peninga í hlutabréf í fyrirtækjum hafi ekki haft hugmynd um hvað var að gerast í þessu fyrirtæki.

Hæstv. ráðherra gerði mikið úr því að stjórnarandstaðan væri með ósanngjarnar ásakanir á hendur honum um að hann hafi t.d. verið að gefa fyrirtækið og hafi brotið allar reglur. Ég kannast ekki við að hafa látið eitt einasta orð frá mér opinberlega í þessu máli fyrr en nú. Ég tel að aftur á móti hafi ýmsir aðilar, sem full ástæða er til að taka mark á, sett fram ásakanir sem ekki er hægt annað en viðurkenna að hafi við rök að styðjast. Ég tel að það hafi verið ástæða til að halda að menn hafi t.d. viljað ráða því hverjir keyptu þetta fyrirtæki. Allt ferli málsins bendir til að það hafi verið meiningin.

Ég vil leggja mesta áherslu á það í þessu máli að gjörsamlega breytt rekstrarstaða fyrirtækisins var ekki kynnt og að það var ekki gert er að mínu viti kannski einn alvarlegasti hlutur þessa máls. Ég tel að það hafi ekki verið kominn tími til að selja þetta fyrirtæki. Ríkið átti að eiga fyrirtækið eftir að búið var að gera það að hlutafélagi um tíma á meðan verið var að gera markaðnum fulla grein fyrir því hvernig staða fyrirtækisins væri. Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta fyrirtæki verður sterkt og öflugt fyrirtæki áfram. Það hefði getað orðið það þó hæstv. ráðherrar hefðu ekki klúðrað sölunni á því.

Hæstv. ráðherra kom í ræðustól og var mjög æstur. Það var hans fyrsta fullyrðing að vel hefði tekist til með söluna og sanngjarnt verð hefði fengist fyrir fyrirtækið. Það var sem sagt ekki meira virði en sem svaraði 130–140 millj. kr. því mismununinn á því sem ríkið lagði fram í þetta fyrirtæki og því sem það fékk til baka var eitthvað um það bil 130–140 millj. kr. eftir að búið var að leggja í fyrirtækið 520 millj. á árinu eða verðmæti í kringum það. Þá er hæstv. ráðherra bara ánægður með niðurstöðuna að selja fyrirtæki sem á eigið fé upp á 1.300 millj. kr. og fá út úr því þessa peninga. Fyrirtæki sem er metið á að minnsta kosti tæpar 1.900 millj. kr. sem stofnvirði. Í sömu skýrslu kemur reyndar fram að upphaflegt mat var 2.300 millj. kr. Fyrirtæki sem þrátt fyrir þessa stöðu, sem menn virðast halda fram að hafi ekki verið góð, hafði þó rekstrarhagnað á árinu 1993 sem svaraði til 235–236 millj. kr. Það var ekkert minna.

Hæstv. ráðherra sagði: „Langur og vandaður undirbúningur áður en kom að þessari sölu, „fór í einu og öllu að tillögu ráðgjafanefndarinnar". Ég lýsti því hér áðan hvernig sú tillaga varð til, þ.e. fyrir frumkvæði hæstv. ráðherra. Hann sagði að eitt af markmiðunum hefði verið að vinna hratt og örugglega. Ég held að það hafi nú verið það markmið sem best var farið eftir. Það markmið var að minnsta kosti ekki svikið. Það var unnið hratt og örugglega. Og á gamlársdag gengu menn frá sölunni.

Ég held að Alþingi Íslendinga þurfi að láta sér þetta mál að kenningu verða. Og að láta ekki svona stórt mál eins og þetta í hendur hæstv. ráðherra. Svona ákvörðun þarf að koma til Alþingis til staðfestingar eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Alþingi hlýtur að þurfa að hafa einhverja möguleika til að taka á þegar eitthvað misferst eða þegar það kemst að þeirri niðurstöðu að ekki hafi verið nægilega vel staðið að málum. Ég er sannfærður um það að í þessu máli hefur ekki verið staðið rétt að hlutunum. Ég er sannfærður um að það hefði verið hægt að fá hærra verð fyrir fyrirtækið. Ég er sannfærður um að það hefði verið hægt að tryggja framtíð þess ekki síður með öðrum aðferðum en þarna var beitt. Það þurfti ekki að taka ákvörðun um það fyrir fram hverjir ættu að fá að kaupa þetta fyrirtæki og það var nógur tími fram undan til að selja það. Það horfir vel um rekstur þessa fyrirtækis og vonandi mun það ganga eftir sem menn eru að vona. Ég óska þessu fyrirtæki sannarlega velfarnaðar. En ég lýsi ábyrgð á hendur þeim sem fara með fjármuni ríkisins eins og raun ber vitni í þessu máli.

[17:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það eru aðeins örfá atriði. Í fyrsta lagi vil ég segja: Verklagsreglum þeim sem ríkisstjórnin setti á sínum tíma var fylgt að áliti framkvæmdanefndarinnar sem hafði með þessi mál að gera og með framkvæmdina að gera. Það er enginn ágreiningur á milli framkvæmdanefndarinnar annars vegar og söluhópsins hins vegar.

Í öðru lagi vegna verðsins á fyrirtækinu og endurstofnverðsins vil ég taka það fram að fulltrúi Ríkisendurskoðunar sem skoðaði reikninga Síldarverksmiðja ríkisins haustið 1991 varaði við framreikningi á stofnverðinu. Það var deila á milli fjmrn. og sjútvrn. um stofnefnahagsreikninginn og fjmrn. taldi hann of hátt metinn, vildi nefna töluna 725 millj. sem lá nær því að vera markaðsverð á fyrirtækinu, m.a. til þess að afskriftarverðið væri ekki of hátt. Það var tekist á um þetta á milli ráðuneytanna. Ríkisendurskoðun tók afstöðu til þessa máls og hefur tekið afstöðu með sjútvrn. málinu, ég vil láta það koma hér skýrt fram. Ríkisskattstjóri lýsti því síðan yfir að það væri ekkert sem bryti í bága við lög varðandi það þegar efnahagsreikningurinn var færður upp með þeim hætti.

Og loks vil ég, virðulegur forseti, að það komi hér skýrt fram að það er ekkert sem hefur komið fram í þessum umræðum, ekkert sem hefur komið fram hjá Ríkisendurskoðun nema síður sé um að fyrirtækið hafi verið selt á einhverju röngu verði. Það held ég að hljóti að hafa verið niðurstaðan í þessum umræðum og ég er sannfærður um að menn eru tilbúnir til þess að staðfesta það, einnig þeir sem hafa verið beðnir um að skila skýrslu um málið.

[17:22]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta síðasta fyrst. Auðvitað munu menn þræta um það endalaust hvort selt hafi verið á réttu eða röngu verði. En ég held nú að það að fara yfir stöðu fyrirtækisins síðustu tvö árin og skoða hvernig aðstæður hafa breyst, skoða hvaða fyrirtæki menn eru með í höndunum og bera það saman við þá fortíð sem fyrir liggur í þessu máli, hljóti að sannfæra hvern þann sem það gerir heiðarlega um það að þetta

fyrirtæki getur skilað gífurlega miklum arði og að aðstæður þess til þess að skila þessum arði eru miklu betri en þær hafa verið og það er fáránlegt að taka síðustu 11 ár rekstrar fyrirtækisins og láta niðurstöðu af þeim rekstri ráða því hvað menn fá út úr rekstrarframtíð fyrirtækisins.

Hæstv. ráðherra kaus að vekja athygli á því að það var ekki samkomulag á milli ráðuneytanna um það með hvernig þetta mál var farið. Það út af fyrir sig segir sína sögu. Ég er ekki hissa á því þó að hæstv. fjmrh. sé ekki kátur yfir því að þetta fyrirtæki mun þrátt fyrir góðan hagnað næstu ár ekki þurfa að borga mikið í skatta, einfaldlega vegna þess að efnahagsreikningurinn var þannig færður upp að það verður hægt að afskrifa býsna mikið þó að fyrirtækið væri ekki keypt á hærra verði heldur en þetta.

[17:24]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var að vonum lítið um svör hjá hv. þm. Fyrirtækið mun reyndar greiða skatt á þessu ári en það sem skiptir máli í því sambandi sem við erum að ræða hér og skiptir þá ekki máli hvort sá sem hér stendur er fjmrh. eða ekki er að Ríkisendurskoðun tekur afstöðu á bls. 23 í skýrslunni og segir, með leyfi forseta:

„Miðað við þá útreikninga sem eignarmats- og tekjuvirðisaðferðir gefa til kynna telur Ríkisendurskoðun að stofnefnahagsreikningurinn sé ekki ofmetinn."

Ríkisendurskoðun sjálf tekur þessa afstöðu til málsins, ég var því ekki sammála en ég hef fallist á niðurstöðuna, ekki síst eftir að ríkisskattstjóri hafði fjallað um málið og sagt að það bryti ekkert í bága við lög í þessu sambandi.

Þeir sem nenna að lesa það sem fulltrúi Ríkisendurskoðunar sagði á sínum tíma um þetta mál, sjá það strax í hendi sér hve erfið staða fyrirtækisins var þannig að menn verða að skoða þetta mál í ljósi sögunnar.

Loks hjó ég eftir því að hv. þm. mótmælti því ekki sem menn verða að taka tillit til, að verklagsreglurnar eru reglur sem framkvæmdanefndin á að fara eftir. Framkvæmdanefndin hefur sagt að söluhópurinn hafi farið að þessum reglum. Þetta er ekkert flóknara mál en svo. Menn verða að taka tillit til þess sem gerðist, sérstaklega þegar sjútvrn. var með málið í upphafi, þá voru þessar reglur ekki til. Svo einfalt er þetta mál. Það má hins vegar sífellt koma upp og gera málið grunsamlegt en ég verð að taka það fram sem ég hef sagt hérna til þess að menn skilji við hvað er átt þegar upp kom ágreiningur á milli ráðuneytanna, eðlilegur ágreiningur á sínum tíma. Niðurstaðan er fengin og fjmrn. sættir sig við niðurstöðuna m.a. vegna þess að Ríkisendurskoðun tók afstöðu með sjútvrn.

[17:26]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það stendur nú í niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls hf. og á mati VÍB bendi til þess að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en endanlegt kaupverð þannig að skoðun Ríkisendurskoðunar liggur alveg fyrir í því efni. Það að fyrirtækið mun greiða skatta á þessu ári, þ.e. fyrir reksturinn á síðasta ári, segir ekki mikla sögu. Það þarf nefnilega töluvert mikinn gróða til þess að fyrirtækið borgi skatta á öllum næstu árum. Ef ég man rétt þá er það einhvers staðar langleiðina í 100 millj. kr. í hagnað á hverju einasta ári sem þarf til þess að fyrirtækið fari að borga skatta.

Nei, ég held að það sé engin spurning um það að hvað sem menn segja í þessari umræðu þá hlýtur niðurstaðan að verða sú að hér voru á ferðinni allt of hroðvirknisleg vinnubrögð ríkisstjórnarinnar eða réttara sagt ráðherra úr ríkisstjórninni og hæstv. forsrh., sem skrifaði undir þetta, það er kannski út af fyrir sig skemmtilegt að það skuli vera með. Hæstv. forsrh. skrifaði undir þessa sölu og þannig hefur öll ríkisstjórnin af þessu auðvitað hinn mesta ama og mun hafa svo lengi sem menn ræða þetta mál.

[17:28]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Auðvitað var það réttur tími sem var valinn til að selja verksmiðjurnar þegar vel árar og allar getsakir um annað eru út í bláinn. Þegar hv. 3. þm. Vesturl. spyr um það af hverju Akureyrarbær hafi ekki fengið frest þá liggur málið einfaldlega þannig að sú beiðni kom fram eftir að fresturinn var útrunninn. Akureyrarbær fékk öll sömu tækifæri og aðrir, hafði alveg sömu tækifæri og aðrir að fá sömu upplýsingar og hafði sömu fresti og fyrst hinir gátu sett fram tilboð þá hefði Akureyrarbær auðvitað getað gert það ef hann hefði tekið við sér í tíma. (**Gripið fram í:** Af hverju lá svona mikið á?) Svo kemur hér svolítið einkennilegt upp þegar talsmenn Framsfl. og Alþb. eru búnir að tala. (**ÓÞÞ:** Við hverjum er verið að veita andsvar?) Hv. 2. þm. Vestf. sagði í sinni ræðu að það hefði skort á að markaðurinn hefði fengið að ráða. Hv. 3. þm. Vesturl. segir svo, það gekk of langt hvað markaðurinn fékk að ráða. Og svo eiga menn að taka mark á þeirri gagnrýni sem svona er borin fram og gengur hvor í sína áttina.

Varðandi þau sjónarmið sem uppi voru um það hvort endurmeta hefði átt stofnefnahagsreikninginn þá er rétt að minna á það sem hæstv. fjmrh. hefur sagt að Ríkisendurskoðun staðfesti afstöðu sjútvrn. í því efni. Ef hin leiðin hefði verið farin þá hefði verðið orðið lægra og verksmiðjurnar hefðu eðlilega fengið að yfirfæra uppsafnað tap og hefðu ekki borgað skatta í mörg, mörg ár. En í stað þess borga þær núna á þessu ári væntanlega um 60 millj. kr. í tekju- og eignarskatta sem þær hefðu ekki greitt ef fyrirtækinu hefði ekki verið breytt og stofnefnahagsreikningnum hefði ekki verið breytt, þá hefði það enga skatta greitt til ríkisins á þessu ári eins og það mun hins vegar gera.

[17:30]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. ráðherra heldur sig við það

að það hefði auðvitað verið rétti tíminn til að selja. Ég er á allt annarri skoðun í því máli og ég tel mig hafa rökstutt það hér. Fyrirtækið var komið á allt annan rekstrargrundvöll en það hefur haft til margra ára litið og það hafði ekki komist til skila til markaðarins hvers konar ástand fyrirtækið var komið í. Það hlýtur hver maður sem vill hafa skynsemi á hlutunum að hafa hugsað sig um að fara að selja fyrirtækið áður en þær ráðstafanir sem búið var að standa yfir í mörg ár og voru gerðar til þess að koma þessu fyrirtæki í gott rekstrarform voru farnar að skila sér. Þetta er það sem var aðalatriði málsins. Ekki það hvort verið væri að spá í tveggja ára loðnuveiði því menn þurftu auðvitað að horfa til miklu lengri tíma þegar þeir voru að meta það hvort það væri rétt að selja fyrirtækið nú eða síðar. Um það að markaðurinn hafi fengið að ráða og það sé mismunandi skoðun á því hjá þeim sem hafa hér talað fyrir hönd stjórnarandstöðunnar, þá vil ég bara segja það að markaðurinn fékk að ráða með ákveðnum þvingunarráðstöfunum. Menn stjórnuðu bókstaflega öllu ferlinu til enda. 14 aðilar vildu fá tækifæri til að bjóða í fyrirtækið. Það var einn eftir að lokum sem hafði möguleika og aðstæður til að bjóða í það. Þannig var þessu máli stjórnað. Og auðvitað gat Akureyrarbær ekki boðið í fyrirtækið vegna þess að tíminn var ekki nægur til þess að gera þetta almennilega. Mér þykir það einkennilegt þegar hæstv. ráðherra kemur og seilist eftir rökum í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem Ríkisendurskoðun segist ekkert hafa við það að athuga þó það sé sest að samningaborði við eitthvert fyrirtæki og menn séu ekki að líta á þetta sem tilboð. Í öðru orðinu tekur hann þetta sem rökstuðning fyrir málinu og svo mætir hann aftur í ræðustólinn og bendir á það að t.d. Akureyrarbær hefði átt að geta verið búinn að skila sínu tilboði því honum hefði ekki verið vandara um þó að fresturinn hafi verið stuttur, en öðrum fyrirtækjum.

[17:33]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég minni hv. 3. þm. Vesturl. á það að eina athugasemdin sem Ríkisendurskoðun gerir um málsmeðferðina sem felur í sér þá gagnrýni að aðilunum hafi verið mismunað er sú athugasemd að ég hafi að tillögum ráðgjafa veitt Haraldi G. Haraldssyni rýmri frest en öðrum til þess að sýna fram á að hann hefði fjárhagslegan styrk. Þetta er eina athugasemd Ríkisendurskoðunar sem gengur út á það að aðilum hafi verið mismunað. Og ég get tekið undir þessa athugasemd, hún á vissulega rétt á sér þó ég hafi talið eðlilegt að gefa honum þennan rýmri frest. (**SvG:** Eina athugasemdin?) En þetta er eina athugasemdin sem gengur út á það að aðilum hafi verið mismunað og það á við nokkur rök að styðjast. Það er auðvitað grundvallaratriði að láta reglurnar gilda og við hefðum auðvitað fengið yfir okkur enn harðari athugasemdir ef við hefðum farið að framlengja frestinn vegna óska annarra aðila. Þetta held ég að hv. þm. hljóti að gera sér grein fyrir og er auðvitað grundvallaratriði þessa máls.

Eftir þessa umræðu og ræðu hv. þm. þá stendur það enn óhaggað að í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir hvergi að verksmiðjurnar hafi verið seldar við óeðlilegu verði. Þar er beinlínis tekið fram að það er ekki sett gagnrýni fram á verðmat Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka. Þetta eru auðvitað lykilatriði í þessu sambandi og það hefur með skýrum rökum verið sýnt fram á það að salan á þessum hlutabréfum er í fyllilegu og algjöru samræmi við sölu á öðrum hlutabréfum í stórum fyrirtækjum á sl. ári.

[17:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held ég verði að endurtaka það einu sinni enn að í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar stendur skýrum stöfum: „Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls hf. og mati VÍB bendir til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en endanlegt kaupverð."

Þetta eru orð Ríkisendurskoðunar í þessu máli. Það er ekkert verið að tala um hversu miklu hærra en það er sagt hærra. Hæstv. ráðherra getur ekkert haldið einhverju öðru fram hér í ræðustól.

Síðan er hann mjög ánægður með sig yfir því að hann hafi mismunað aðilum Haraldi Haraldssyni í vil. Mér finnst það skrýtið að koma í ræðustól hvað eftir annað til að hæla sér að því.

En ég endurtek það að það er líka undarlegt að hæstv. ráðherra skuli sækja sér vopnin í skýrsluna frá Ríkisendurskoðun þegar hann er að tala um þessi tilboð og þegar hann er að tala um að þessi frestur hafi verið lengdur en kemur síðan núna í ræðustól og fer að tala um allt aðra hluti. Það finnst mér furðulegt.

[17:36]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þegar hæstv. ráðherra mælti áðan fyrir þessari skýrslu þá sagði hann að stjórnarandstaðan hefði lýst því yfir að það hefði átt að taka tilboði Haraldar Haraldssonar. Nú minnist ég þess ekki að ég hafi heyrt menn segja að það ætti að taka því tilboði. Hins vegar hefur því verið lýst yfir að það ætti að skoða það alveg jafnt og hitt tilboðið. Ef þessi tilboð voru á annað borð bæði metin af þeim hópi sem átti að skoða það mál, ef þau voru bæði metin jafnhæf, hvers vegna var þá ekki alveg jafnt skoðað hvort Haraldur gæti staðið við þetta? Það hefur einnig komið fram að hæstv. ráðherra vill ekki viðurkenna það að þarna hafi fyrirtækið í raun og veru verið selt fyrir umtalsvert lægra verð en hugsanlega hefði verið hægt að fá fyrir það þótt ekki sé verið að tala um nema þessa tvo aðila hér sem gerðu síðan tilboð í fyrirtækið. En það liggur alveg fyrir að milli þessara tveggja tilboða eru uppreiknaðar 107 millj. kr. Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun þá eru hér uppreiknaðar 107 millj. kr. þótt við séum ekki að tala um annað en mismuninn á milli þessara tveggja tilboða. Stjórnarandstaðan hefur á engan hátt lýst því yfir að það hefði átt að taka þessu tilboði endilega vegna þess að það væri miklu betra tilboð, það væri öruggara tilboð. Það átti auðvitað að skoða þessi tilboð alveg jafnt. Hins vegar er ekki hægt að segja fyrir um það hvort þetta verðmat fyrir-

tækisins hefur verið rétt nema því aðeins að það væri metið af fleiri en einum aðila.

Á bls. 24 í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir, eins og hæstv. ráðherra reyndar vitnaði í hér hluta af áðan, með leyfi forseta: „Erfitt er að segja til um hvert sé eðlilegt verð á fyrirtækinu. Það kemur ekki í ljós fyrr en kaupendur leggja fram ákveðið verðtilboð. Það er síðan eiganda að meta það hvort hann vill selja á því verði sem boðið er. Engu að síður er nauðsynlegt fyrir eiganda að gera sér fyrir fram sem gleggsta grein fyrir virði fyrirtækisins og getur hann gert það á þann hátt að skoða efnahaginn, meta eignirnar og gera sér jafnframt grein fyrir framtíðartekjuvirðinu."

Það sem ekki virðist hafa verið gert þegar ákveðið er að skoða þessi tvö tilboð og raunar ekki nema annað tilboðið þegar til kemur, er að menn hafa ekki fyrst verið búnir að gera sér grein fyrir því hvað þeir ætluðu að fá fyrir fyrirtækið. Þeir eru tilbúnir að setjast niður og fara að semja við það fyrirtæki sem þeir ákveða að semja við sem raunar hafði ekki lagt fram lögmætt tilboð, heldur aðeins lagt fram viljayfirlýsingu um að ganga til samninga en á þeim tíma er allt sem bendir til að ríkissjóður hafi í raun og veru ekki verið búinn að gera sér grein fyrir því hvert verðmat fyrirtækisins var.

Við breytingu á Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag var fljótlega stefnt að sölu. Það lá fyrir við samþykkt þeirra laga. Það eru sett fram ákveðin skilyrði sem skuli vinna að við þá sölu. Síðan lýsir ráðherrann því yfir á stofnfundi fyrirtækisins í byrjun júlí að það muni verða stefnt að sölu hið allra fyrsta. Þetta er stórt fyrirtæki og þó að ríkisstjórnin sé ákveðin í því að framfylgja sinni einkavæðingarstefnu þá hefði hún átt að skoða þetta mál út frá því að hér er eitt stærsta einkavæðingarmálið og það er mikilsvert að vel takist til.

Verklagsreglur einkavæðingarnefndar eru samþykktar 12. okt. og strax 13. okt. er skipaður þriggja manna starfshópur sem á að sjá um sölu á fyrirtækinu. Það er byrjað með því að óska eftir tilboðum frá verðbréfafyrirtækjum. Það koma tvö tilboð sem er verið að skoða, reyndar fleiri í upphafi, en í skýrslu Ríkisendurskoðunar eru fyrst og fremst nefnd tvö tilboð sem hugsanlega hefði verið hægt að taka. Landsbréf gerir tilboð upp á 1,9 millj. og VÍB tilboð upp á 11,4. Um þetta segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta:

„Af hálfu framkvæmdastjóra Landsbréfa hf. kom fram að hann taldi Landsbréf hf. á engan hátt hafa verið vanhæft heldur hafi hann ákveðið að láta málið kyrrt liggja eftir samtal við formann framkvæmdanefndar um einkavæðingu." Þ.e. eftir að búið er að hafna því að Landsbréf sjái um söluna. „Landsbréf hf. hafi álitið að ef nefndin teldi einhverja hnökra geta komið upp þá væri betur heima setið en af stað farið. Framkvæmdastjórinn tók fram að Landsbréf hf. hafi átt farsælt og hnökralaust samstarf við framkvæmdanefnd um einkavæðingu. Þeir hefðu m.a. séð um undirbúning og sölu á hlutabréfum í Gutenberg hf. sem engan eftirmála hefði haft í för með sér.

Í ljósi laga nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti, er það mat Ríkisendurskoðunar að litlar líkur hafi verið á því að Landsbréf hf. yrði talið vanhæft til að annast sölu bréfanna. Því hefði verið eðlilegt að látið hefði verið reyna formlega á tilboð Landsbréfa hf. í ljósi þess að félagið bauð rúmlega 9,5 millj. kr. lægra í verkið en VÍB og hefði auk þess áður sinnt sambærilegri þjónustu hnökralaust."

Þetta er nú það fyrsta sem er einkennilegt við þessa málsmeðferð.

Í öðru lagi eftir að tilboði VÍB var tekið er eins og segir í skýrslu sjútvrh. gerður samningur 3. nóv. 1993 á grundvelli tilboðs VÍB. Þar var sem sagt Verðbréfamarkaði Íslandsbanka falið að verðmeta eignir SR-mjöls og hafa umsjón með sölu hlutabréfanna. Það var ekki gerður skriflegur samningur og það er einnig gagnrýnt í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Hér er um stórt og mikið mál að ræða, mikla hagsmuni, og það hlýtur að verða að gera þá kröfu að það liggi alveg skýrt fyrir hvernig á að standa að þessu verki. Það var ekki talin þörf á því að gera skriflegan samning um vinnuna.

Síðan fer allt ferlið af stað og raunar hefur hæstv. ráðherra viðurkennt það hér að tímafrestir hafi nú verið nokkuð stuttir. Þegar fyrirtækið er auglýst til sölu þá lýsa 14 aðilar áhuga á kaupum. Öllum þessum aðilum er tilkynnt með bréfi 7. des. að þeir þurfi að gefa seljanda bréfanna upplýsingar sem eru taldar upp í fimm liðum. Þær upplýsingar eiga koma fyrir kl. 16 mánudaginn 13. des. 1993. Síðan er jafnframt tilkynnt að haft verði samband við þátttakendur sem teljast fullnægja þessum skilyrðum fyrir kl. 12 föstudaginn 17. des. Það eru sem sagt aðeins þarna fjórir dagar á milli. Í framhaldinu á svo að óska eftir tilboðum í hlutabréfin með tilboðsfresti til kl. 16 þriðjudaginn 28. des.

Hvers vegna var lögð svona mikil áhersla á að allt gengi svona hratt fyrir sig? Með því að lesa þær skýrslur sem hér liggja fyrir um málið þá kemur á engan hátt nein skýring á því, ef við erum að hugsa um hag ríkissjóðs, hvers vegna lá svona mikið á og hvers vegna var ekki fylgt venjulegum reglum um útboð og útboðsfresti. Það kemur einnig fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að þrír aðilar hafi síðan verið metnir hæfir til að bjóða í fyrirtækið.

Þriðji aðilinn sem við höfum lítið rætt hér, Akureyrarbær, fór fram á framlengingu tilboðsfrests til 20. janúar 1994. Ekki var unnt að verða við þeirri málaleitan, segir í skýrslu hæstv. sjútvrh., og verður því ekki fjallað um þann tilboðsgjafa frekar hér. Nú hefur hæstv. sjútvrh. lýst því yfir að hann hafi gefið einum af þessum tilboðsgjöfum lengri frest en ástæða var til eða raunverulega löglegt var. Hvers vegna var þá ekki hægt að gefa Akureyrarbæ þennan frest til þess að skila inn tilboði? Það liggur fyrir að þeir hafa ekki fengið þau gögn sem þeir þurftu að nota fyrr en 21. desember. Það er ekki hægt að segja annað heldur en það að allir frestir í þessu máli eru mjög stuttir og það er ekki tekið eðlilegt tillit til þeirra sem þó hafa hugsað sér að bjóða í fyrirtækið. Það er líka athyglisvert að Ríkisendurskoðun metur það svo að af þessum prem-

ur aðilum sem ætlað er að bjóða í fyrirtækið og eru metnir hæfir í fyrstu umferð þá hafi í raun og veru báðir þeir aðilar, sem síðan teljast hafa sent inn tilboð, ekki skilað inn löglegum tilboðum.

Það má lesa það út úr skýrslu Ríkisendurskoðunar að í raun og veru hafi Akureyrarbær verið sá eini sem hafi verið hæfur til þess samkvæmt þeim reglum sem settar voru að leggja fram tilboð en þeim aðila er ekki gefinn sá frestur sem hann þurfti nauðsynlega til þess að ganga frá eðlilegu tilboði. E.t.v. hefði Akureyrarbær átt að gera eins og sá hópur sem síðan fékk þetta fyrirtæki. Hann hefði e.t.v. átt að gera eins og segja bara: Við lýsum yfir vilja til þess að ganga til samninga. Við erum tilbúnir að ræða málin og skoða hvað við getum gert og hverja við fáum til þess að vera með í tilboðinu hjá okkur því það er nánast það sem þeir aðilar gerðu sem síðan var selt fyrirtækið.

Allt í kringum þetta mál er mjög einkennilegt og það er kannski ekki undarlegt að það hafi verið sagt í umræðum um þetta mál eftir að skýrsla Ríkisendurskoðunar kom út að það þurfi virkilega að skoða það hvort til álita komi að rifta þessum samningi. Það liggur þá fyrir að öll málsmeðferð í þessu máli hefur vægast sagt verið nokkuð einkennileg.

Það má kannski minna á það að þegar hv. fjárln. fjallaði um þetta mál 12. jan. sl. kom fram eindregin ósk, sem lögð var áhersla á með bókun frá minni hluta fjárln., um það að ekki yrði gengið frá sölunni fyrr en skýrsla Ríkisendurskoðunar um málið lægi fyrir. Það hefur jafnframt komið fram að þeim aðilum sem tilboðinu var tekið hjá eða samið var við var gefinn frestur til 1. febr. til þess að ganga frá sínum málum og skila inn endanlegu tilboði. 12. janúar hefði því vel verið hægt að fresta að ganga frá sölunni og taka tillit til þeirra ábendinga sem komnar voru um það að mönnum þætti einkennilega vera staðið að þessari sölu.

Á bls. 43 í skýrslu Ríkisendurskoðunar er farið yfir atburðarásina við sölu á hlutabréfunum í SR-mjöli og með leyfi forseta ætla ég að lesa það upp:

„a. 17.–19. nóv. 1993 var tilkynning birt um að selja ætti hlutabréfin.

b. 7. des. 1993 var áhugasömum aðilum sent bréf með skilyrðum fyrir þátttöku.

c. 13. des. var lokadagur til að svara bréfinu frá 7. des.

d. 17. des. voru útboðsgögn afhent.

e. 28. desember voru tilboðin opnuð."

Það var gert án þess að gefa tilboðshöfum færi á að vera við. Þeim var ekki boðið það. Í skýrslu hæstv. sjútvrh. segir að engin ósk hafi komið frá tilboðsgjöfum um það að vera viðstaddir opnun tilboðanna. Ég hélt bara að það væri viðtekin regla og viðtekin venja að þeim tilboðsgjöfum sem ættu tilboð í verk eða í eitthvert fyrirtæki væri boðið að vera við opnun tilboðanna. Það gildir a.m.k. á flestum þeim stöðum sem ég þekki til. En það er eins og annað í þessu máli. Það virðist ekki hafa verið fylgt viðurkenndum reglum og lögum.

Af því sem hér er hægt að lesa má ráða það að tíminn frá tilkynningu til skilyrðabréfs er aðeins 18 dagar. Tími til að uppfylla skilyrði var 6 dagar og tilboðin voru opnuð 11 dögum eftir afhendingu útboðsgagna. Það voru sem sagt 39 dagar frá því að tilkynningin birtist um að VÍB hafi hlutabréf SR-mjöls til sölumeðferðar þangað til tilboð í hlutabréfin voru opnuð. Þess vegna sýnist nú vera rétt að benda á það að í bréfi Akureyrarbæjar til VÍB, sem er dagsett 28. des. sýnist með nokkrum rétti vera kvartað yfir of skömmum tíma til undirbúnings og tilboðsgerðar. Þar segir Akureyrarbær að þeir hafi ekki fengið gögnin fyrr en þriðjudaginn 21. des.

Menn hafa nokkuð reynt að toga það hvort hér sé um venjulegt útboð að ræða, sem fylgja eigi reglum og lögum um útboð, eða hvort hér sé um almennt hlutafjárútboð að ræða sem fylgja eigi lögum um verðbréfaviðskipti. Í þeim lögum, þ.e. lögum nr. 9/1993, um verðbréfaviðskipti, er ekki að finna neinar sérstakar reglur um útboð eða sölu á hlutabréfum, a.m.k. er samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar ekki neitt sem getur átt við söluna á hlutabréfum í SR-mjöli. Aftur í lögum nr. 65/1993, um framkvæmd útboða, segir hér í skýrslu Ríkisendurskoðunar, með leyfi forseta. Þar er sérstaklega rætt um auglýsingar á útboði:

„...en þar segir m.a. að almenn útboð skuli auglýsa í blöðum, útvarpi eða með öðrum almennum hætti þar sem fram komi hvar og hvenær útboðsgögn séu til afhendingar. Bjóðendur skulu hafa aðgang að upplýsingum um það sem verið er að bjóða. Þá skal kveða á um hæfilegan frest til að skila tilboði. Einnig er fjallað um hvernig meta eigi tilboð, eðli útboða, þ.e. hvort þau eru opin eða lokuð o.s.frv. Lög þessi gilda þegar útboði er beitt um verk, vöru eða þjónustu. Þau gilda ekki um útboð á fjármagns- og verðbréfamarkaði. Engu að síður sýnist mega hafa þessi ákvæði og sjónarmið sem að baki þeim búa til hliðsjónar við útboð á hlutabréfum af því tagi sem hér er rætt um."

Þetta segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Og í reglum um innkaup ríkisins segir einnig:

„Frestur til að skila tilboðum skal vera 21 almanaksdagur."

Ég held að það sé vert að taka undir lokaorðin í skýrslu Ríkisendurskoðunar þar sem segir að ekki hafi verið veittur nægjanlegur frestur til að skila tilboðum og bendir Ríkisendurskoðun á að mikilvægt sé að útboðsskilmálar séu skilmerkilegir og í samræmi við almennar leikreglur. Þá telur Ríkisendurskoðun einnig að setja þurfi ákvæði í útboðsgögn um það í hve langan tíma bjóðendur þurfi að standa við tilboð sín.

Það er auðvitað eins og hv. þm. Jóhann Ársælsson sagði hér áðan endalaust hægt að velta því fyrir sér hvert verð fyrirtækisins hefði átt að vera, hvort það verð sem fékkst fyrir það er það eina sem hægt hefði verið að fá eða ekki. En það hlýtur þó að vera skilyrði þegar ríkissjóður er að selja eina af sínum stærstu eignum, sem ákveðið er að selja, þá sé einn mikilvægasti þátturinn og sá vandasamasti að meta virði þess sem á að selja. Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls og á mati VÍB bendir til þess að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra heldur en endanlegt kaupverð. Fyrirtæki hafi sem sagt verið selt of

lágt. En vitaskuld er Ríkisendurskoðun ekki að fullyrða eða koma með ásakanir í þessari skýrslu.

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun á hún að vera þingnefndum til ráðuneytis og um það sem snertir fjárhagsmálefni ríkisins og hún kveður ekkert upp neinn dóm eða úrskurð. Það er einfaldlega ekki hlutverk Ríkisendurskoðunar.

Eins og segir í lögum nr. 12/1986, um Ríkisendurskoðun, þá á stofnunin að endurskoða reikninga ríkissjóðs og ríkisstofnana, hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins en Ríkisendurskoðun fer ekki með úrskurðarvald af neinu tagi. Hún lætur í ljós álit en kveður ekki upp úrskurði. Það sem gerðist við fyrstu skýrslu sem um þetta mál var gerð, þ.e. skýrslu Ríkisendurskoðunar, er að hún er að svara fjárln. Alþingis sem með bréfi þann 12. jan. óskaði eftir því að gerð yrði athugun á því hvernig staðið var að undirbúningi og sölu á hlutbréfum í SR-mjöli.

Það sem Alþingi hlýtur að vilja fá fram þegar það óskar eftir slíkri skýrslu er hvort rétt hafi verið staðið að málum. Hvort öllum lögum og reglum hafi verið framfylgt til hins ýtrasta. Hvort ríkissjóður hafi fengið fyrir þetta fyrirtæki, sem hann var að selja, það sem eðlilegt getur talist og hvort gætt hafi verið hagsmuna starfsmanna, sem var eitt af atriðunum í greinargerð með frv. því sem samþykkt var um að breyta Síldarverksmiðjunum í hlutafélag.

Ég tel að í þessu máli hafi menn flýtt sér um of. Það er ekkert sem segir að á þessum fáu mánuðum hafi nauðsynlega þurft að selja þetta fyrirtæki sem var í góðum rekstri og hafði skilað yfir 200 millj. kr. hagnaði frá því að fyrirtækinu var breytt í hlutafélag þannig að það var þá útlit fyrir að eitthvað fengist upp í þann fjárfestingarkostnað sem ríkissjóður hafði lagt í með því að gera fyrirtækið að því sem það var orðið. Það var búið að endurnýja allar eignir fyrirtækisins og það var orðið samkeppnisfært við aðrar loðnuverksmiðjur. Það lá ekkert á þessu annað en það að ríkisstjórnin varð að framfylgja sínum einkavæðingaráformum og það varð að ganga hratt.

Ég tel að það sem framkvæmdarvaldið, þeir sem falið er að standa að slíkri sölu og einnig við á Alþingi eigum að læra af þeirri málsmeðferð sem við erum hér að ræða sé það að þegar staðið er í slíkri sölu þarf að gæta þess að öll málsmeðferð sé með þeim hætti að hún sé hafin yfir gagnrýni. Það hafa áður verið seld ríkisfyrirtæki eða eignir ríkisins og engin eftirmál orðið af því. En í þessu máli var ekki unnið á þann veg. Og það er eðlilegt og í hæsta máta nauðsynlegt að Alþingi veiti framkvæmdarvaldinu aðhald og skýrsla Ríkisendurskoðunar og raunar einnig skýrsla hæstv. sjútvrh. staðfestir að það er full þörf á slíku aðhaldi.

[18:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. 6. þm. Vestf. sagði í ræðu sinni að gera yrði þá kröfu að öll tilboð væru skoðuð jafnt við sölu eins og þessa. Það er einmitt það sem gert var. Öll tilboð voru skoðuð jafnt og eins með þau farið. Eini mismunurinn sem gerður var, eins og hér hefur komið fram og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, var sá að Haraldur Haraldsson fékk rýmri frest til að sýna fram á hvort hann uppfyllti skilyrði um fjárhagslegan styrk sem hann síðar gat ekki sýnt fram á. En öll tilboðin, allir þeir sem sýndu áhuga fengu sömu meðferð. Og það kemur ekkert fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem bendir til þess að aðilum hafi verið mismunað í meðferð málsins. Það hefur enginn getað sýnt fram á og Ríkisendurskoðun gerir enda ekki tilraun til þess að halda því fram.

Það var svo athyglivert að hv. 6. þm. Vestf. endurtók það sem hv. 3. þm. Vesturl. hafði reyndar áður sagt í sinni ræðu, að endalaust væri hægt að deila um verð af þessu tagi. Auðvitað eru engin ákveðin vísindi sem segja nákvæmlega fyrir um þetta og rétt sem fram kemur í skýrslu Ríkisendurskoðunar að á endanum er markaðurinn besti dómarinn í því efni en hann er ekkert óskeikull dómari eigi að síður. Það er líka rétt sem hv. 6. þm. Vestf. sagði að Ríkisendurskoðun fullyrðir ekkert um það að fyrirtækið hafi verið selt við of lágu verði. Á þetta hef ég margsinnis bent og þakka hv. þm. fyrir að taka það skýrt hér fram. Það var málefnalegt framlag af hennar hálfu í þessa umræðu og sýnir að sá fullyrðingarstíll sem er á þessari umræðu af hálfu sumra sem í henni taka þátt á ekki við rök að styðjast.

[18:06]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að það er hægt að deila um það en sá sem er að selja fyrirtæki hlýtur að verða að gera sér grein fyrir því fyrst hvað hann ætlar að fá fyrir fyrirtækið. Og það virðist ekki hafa verið gert hér. Ríkissjóður virðist ekki hafa gert sér grein fyrir því í upphafi hvað hann vildi fá fyrir fyrirtækið. Það hefur verið farið fyrst og fremst eftir því sem þessi eini aðili, sem sest var niður til að semja við, vildi greiða fyrir það og það voru ekki mjög margir sem fengu að gera tilboð.

Það er líka athyglisvert í sambandi við tilboðin að þegar á heildina er litið telur Ríkisendurskoðun að hvorugt tilboðanna í hlutabréfin hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett höfðu verið í útboðsskilmálunum.

Þetta er nú það sem við erum hér að gagnrýna. Mér sýnist að hæstv. ráðherra geti á engan hátt hrakið það.

[18:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil aðeins í þessu sambandi minna á að samkvæmt verklagsreglum einkavæðingarnefndar þá er aðeins gert ráð fyrir að eitt óháð fyrirtæki framkvæmi verðmat. Vel má vera að það sé rétt ábending að fleiri óháð fyrirtæki komi að þegar slík sala er gerð en verklagsreglurnar mæla ekki fyrir um það. Enda var ekki fleiri aðilum falið að gera það með formlegum hætti en söluhópurinn hafði vitaskuld gert sér grein fyrir því hvað væri eðlilegt verð í þessu efni. Það hafði fjmrn. einnig og þegar kom að því að meta tillögur

ráðgjafarfyrirtækisins voru báðir þessir aðilar reiðubúnir að leggja á það mat vegna undirbúningsvinnu af sinni hálfu. Það er ljóst að endanlegt verð var innan þess verðmats sem verðbréfafyrirtækið hafði lagt á þetta. Það er líka ljóst að Ríkisendurskoðun gerir ekki athugasemd við reikningsaðferðir og vinnubrögð verðbréfafyrirtækisins að þessu leyti.

Það liggur líka fyrir að verðið í hlutfalli við innra verðmæti eða bókhaldslegt verðmæti fyrirtækjanna er fyllilega sambærilegt við söluverð á öðrum hlutabréfum á markaði hér. Ef horft er á enduruppfært verð þá var hlutfallið um 68% á meðan hlutabréf í Flugleiðum, Íslandsbanka og Hampiðjunni voru seld á 70%. Ef horft er á reikninginn áður en uppfærslan átti sér stað þannig að samanburðurinn sé sambærilegur við önnur fyrirtæki þá var það selt á 72% hærra verði en almennt gekk varðandi sölu á hlutabréfum á sama tíma. Það eru þessar tölur sem eru besta og gleggsta vísbendingin um það hvort við vorum að fá sanngjarnt verð fyrir fyrirtækið eða ekki og þær liggja alveg skýrar fyrir.

[18:10]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var aðeins eitt fyrirtæki sem var metið hæft til að ganga til viðræðna um sölu. Það hefur verið rakið hér hve allir frestir voru stuttir. Hefði ekki verið eðlilegra að auglýsa aftur? Hvað lá á að ganga frá þessu á síðasta degi ársins 1993? Var það rétti tíminn?

Það eru núna að koma fram ársreikningar fyrirtækja frá síðasta ári sem sýna hagnað. Við höfum horft upp á það núna síðustu dagana jafnvel að hlutabréf í Íslandsbanka, sem tapaði umtalsvert á síðasta ári, hafa hækkað mikið í verði.

Virðulegi forseti. Ég tel að hér hafi ekki verið skoðað og það raunar sannað að þetta var ekki rétti tíminn til að selja fyrirtækið.

Útbýting þingskjala:

Fullgilding sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, 537. mál, nál. 2. minni hluta utanrmn., þskj. 1146.

Fjáraukalög 1993, 452. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 1140.

[18:11]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Í júlí 1991 skipaði sjútvrh. þriggja manna nefnd til að vinna að undirbúningi að breytingum á rekstrarformi SR og sölu á eignum félagsins. Þessi þriggja manna nefnd starfaði næstu mánuði ötullega að því verkefni sem henni var falið.

Mér er kunnugt um að nokkuð skiptar skoðanir voru innan nefndarinnar um sölufyrirkomulag hlutafjárins. Þannig voru uppi sjónarmið um að sölunni yrði dreift á fimm ár þannig að einungis 20% hlutafjárins yrðu seld árlega. Þar að auki voru hugmyndir um að starfsmönnum yrði gefinn kostur á kaupum á allt að 8% hlutafjárins með 25% afslætti og greiðslukjörum, en slíkar reglur hafa gjarnan verið notaðar við einkavæðingu fyrirtækja erlendis, t.d. í Bretlandi. Þá var og gerð tillaga um að sjútvrh. og viðskrh. færu að hálfu hvor með atkvæði fyrir eignaraðild ríkisins.

Eins og kunnugt er náðu þessar hugmyndir ekki fram að ganga í þeirri mynd sem gat um hér að framan. Hins vegar má segja að eitt meginmarkmiðanna, þ.e. að tryggja heimamönnum og starfsmönnum fyrirtækisins nokkurn forgang, hafi birst í athugasemdum með 3. grein frv. á sínum tíma, en ég mun víkja nánar að því síðar.

Að því er ég best veit hefur tvívegis á síðustu árum orðið verulegur ágreiningur um hvort ráðherrar hafi farið eins og best verður á kosið með sölu hlutafjár í eigu ríkisins sem leitt hefur til þess að hið háa Alþingi hefur óskað eftir úttekt Ríkisendurskoðunar þar að lútandi. Hið fyrra tilvik var við sölu hlutabréfa í Þormóði ramma undir forustu þáv. fjmrh., hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, og hið síðara, sem hér er um fjallað nú, þ.e. sölu hæstv. sjútvrh. Þorsteins Pálssonar á SR-mjöli hf.

Ég tel nauðsynlegt í þessu sambandi að líta til helstu niðurstaða Ríkisendurskoðunar varðandi sölu Þormóðs ramma hf. áður en lengra verður haldið. Þar segir, með leyfi forseta:

„Þó svo í lögum sé ekki að finna bein fyrirmæli eða reglur um það hvernig standa skuli að sölu hlutabréfa í eigu ríkissjóðs sýnist sem almennra jafnræðissjónarmiða hafi ekki verið gætt í nægilega ríkum mæli við sölu hlutabréfa ríkisins í Þormóði ramma hf. Þar kemur einkum til að hvorki sala hlutabréfanna né þeir skilmálar og skilyrði er sett voru fyrir sölunni voru auglýst opinberlega."

Enn fremur segir:

„Full þörf sýnist vera á því að setja með formlegum hætti samræmdar, almennar reglur um það hvernig standa skuli að sölu á eignum ríkisins með sama hætti og settar hafa verið reglur um hvernig standa skuli að opinberum innkaupum, sbr. lög nr. 52/1987."

Þá segir og:

„Miðað við þær forsendur sem Ríkisendurskoðun gaf sér við útreikning á virði Þormóðs ramma hf. og að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem fjmrn. setti fyrir sölunni telst verðmæti alls hlutafjár í félaginu á söludegi vera á bilinu 250 til 300 milljónir króna. Við sölu hlutabréfa ríkissjóðs var hins vegar verðmæti þeirra metið á 150 milljónir króna."

Lítum nú dálítið nánar á megininntakið í niðurstöðum Ríkisendurskoðunar varðandi söluna á Þormóði ramma og það hvort af þeim niðurstöðum hafi verið dregnar lærdómur.

Í fyrsta lagi gagnrýndi Ríkisendurskoðun í Þormóðs rammamálinu, að hvorki hafi sala hlutabréfanna né þeir skilmálar og skilyrði er sett voru fyrir sölunni verið auglýst opinberlega. Með sama hætti gagnrýnir Ríkisendurskoðun í SR-málinu, og vitna ég beint í skýrslu stofnunarinnar, með leyfi forseta:

„Grunnupplýsingar um SR-mjöl hf. voru ekki veittar fyrr en við afhendingu útboðsgagna hinn 17. des. 1993. Að mati Ríkisendurskoðunar var óeðlilegt að setja þeim sem áhuga höfðu á kaupum þau skilyrði fyrir afhendingu útboðsgagna að þeir hefði áður sýnt fram

á fjárhagslegt bolmagn til kaupanna og reksturs fyrirtækisins, svo og gert grein fyrir lánveitendum og tryggingum sem lánveitendum væru boðnar ef kaupin yrði fjármögnuð með lántökum að einhverju leyti. Engu að síður má gagnrýna það að einn þeirra sem áhuga sýndi á hlutabréfunum fékk útboðsgögnin afhent án þess að uppfylla nefnd skilyrði. Slíkt fól í sér mismunun gagnvart öðrum er áhuga höfðu sýnt áhuga á hlutabréfunum en þeim var ekki gefinn kostur á að kynna sér útboðsgögnin án þess að uppfylla skilyrðin".

Af mistökum þeim sem ég tel að hafi orðið við sölu Þormóðs ramma hf. var nauðsynlegt að mínu mati að draga nokkurn lærdóm. Það var og gert. Ríkisstjórnin samþykkti á fundi sínum hinn 12. okt. sl. skýrar verklagsreglur um framkvæmd einkavæðingar. Vissulega hafa slíkar verklagsreglur ekki lagagildi. Ætla verður þó að það sé afdráttarlaus vilji ríkisstjórnarinnar að fara að þeim reglum í einu og öllu. Því tel ég að vafasamt hafi verið að skipa sérstakan starfshóp til að annast söluna á SR-mjöli hf. daginn eftir að nefndar verklagsreglur voru samþykktar. Því hefði verið sjálfsagt og eðlilegt að svonefnd framkvæmdanefnd um einkavæðingu hefði annast söluna. Þess ber og að gæta að nefndar verklagsreglur hljóta að hafa verið í undirbúningi um nokkurn tíma og varla verið þeim sem hlut áttu að máli ókunnugt um að setning þeirra stæði til.

3. grein verklagsreglnanna hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Auglýsingar. Fyrirtæki sem til stendur að selja skulu ávallt auglýst almenningi til kaups þannig að öllum sem áhuga hafa sé tryggður réttur til að bjóða í þau."

Þessari reglu um auglýsingar fylgdi nefndin um sölu SR-mjöls hf. og setti að auki skilyrði sem bar að uppfylla. Ég tek undir með Ríkisendurskoðun að skilyrðin hafi verið óeðlileg og hafi farið á svig við 3. gr. verklagsreglnanna þar sem segir að öllum sem áhuga hafi sé tryggður réttur til að bjóða. Á sama hátt og Ríkisendurskoðun taldi að jafnræðissjónarmiða hafi ekki verið gætt við söluna á Þormóði ramma hf. 1990 tel ég að slíkra sjónarmiða hafi ekki verið nægjanlega gætt við söluna á SR-mjöli hf. Hafi menn hins vegar ekkert við hin auglýstu skilyrði starfshópsins að athuga er það vert gagnrýni að einn þeirra aðila sem útboðsgögnin fékk afhent uppfyllti alls ekki þau skilyrði sem sett voru. Þannig var hvorki fylgt þeim jafnræðissjónarmiðum, sem ég tel að í verklagsreglunum felist, né að jafnræðissjónarmiða gætti við ákvörðun söluhópsins um hverjir skyldu fá gögnin undir hendur.

Í upphafi máls míns vitnaði ég til athugasemda við 3. grein frv. til laga sem síðar urðu lög nr. 20/1993. Þar segir, með leyfi forseta:

„Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign þannig að enginn einn aðili eignist meiri hluta. Frá þessu má þó víkja ef almenningshlutafélag á í hlut. Jafnframt skal við söluna sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna á þeim stöðum sem verksmiðjurnar eru starfræktar. Skal óskað eftir viðræðum við heimamenn og/eða samtök þeirra um hugsanleg kaup á hlutabréfum."

Ég tel að starfshópurinn hafi við söluna gætt þess vandlega að hlutafjáreign dreifðist. Hins vegar tel ég að starfshópurinn hafi ekki farið að skýrum vilja löggjafans um það að óska eftir viðræðum við heimamenn og/eða samtök þeirra. Í það minnsta hef ég ekki heyrt af slíkum viðræðum og er það miður. Hitt er svo annað mál að heimamenn og starfsmenn komu síðar til samstarfs við þá aðila sem höfðu forgöngu um kaupin og er ekkert nema gott um það að segja. Ég tel hins vegar óhæft að starfshópurinn skyldi í raun framselja þá ótvíræðu kvöð sem á seljendum hvíldi að eiga viðræður við heimamenn.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er að því vikið að vandasamasti og mikilvægasti þátturinn við sölu ríkisfyrirtækja sé að jafnaði mat á virði þess. Engum heilvita manni dettur í hug að mótmæla því. Ég tel hins vegar í fyllsta máta vafasamt að fullyrða, eins og Ríkisendurskoðun nánast gerir, að fyrirtækið hafi verið selt of lágu verði. Það gerir Ríkisendurskoðun á bls. 7 í niðurstöðum sínum, með leyfi forseta:

„Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls hf. og mati VÍB bendir til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en endanlegt kaupverð."

Ég fæ hins vegar ekki séð að Ríkisendurskoðun sýni með skýrum hætti fram á að það hafi verið gert. Nú hefur sá sem hér mælir hvorki næga þekkingu né forsendur til að leggja mat á söluverðið. Þá hlýtur jafnan að vera nokkuð huglægt hvað telst ásættanlegt verð í slíkum tilvikum. Hitt vil ég taka undir með Ríkisendurskoðun að ég tel mikilvægt að fela fleirum en einum aðila að meta framtíðartekjuvirði fyrirtækja þegar hið opinbera selur hlut sinn í fyrirtækjum sem SR-mjöli hf. Slík vinnubrögð munu einungis treysta það verk sem verið er að vinna hverju sinni.

Ríkisendurskoðun gerir athugasemdir við að tilboði VÍB í sölu á hlutabréfum í SR-mjöli hf. skuli hafa verið tekið en ekki tilboði Landsbréfa sem var tæpum 10 milj. kr. lægra. Undir það verður að taka. Á hinum tiltölulega umsvifalitla fjármagnsmarkaði sem hér á landi er fæ ég ekki séð annað en einhver tengsl og hagsmunir hljóti að skarast í slíkum tilvikum. Hjá því verður vart komist. Ég tel hins vegar að Landsbréf hafi ekki haft þau tengsl við mál þetta að bannað hafi að taka tilboði fyrirtækisins.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að hvorugur þeirra aðila sem sendu inn tilboð í hlutabréf SR-mjöls hafi fullnægt þeim skilyrðum sem sett höfðu verið í útboðsskilmálum. Ég hygg að óumdeilt sé að annar aðilanna, sem fengu útboðsgögnin afhent, hafi alls ekki uppfyllt þau skilyrði sem sett voru. Með því hins vegar að afhenda honum gögnin hafi verið gengið á svig við jafnræðisreglur, eins og ég gat um hér á undan, að aðilum sem sýnt höfðu málinu áhuga hafi verið mismunað

Um það má hins vegar deila hvort hinn hópurinn hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett voru. Raunar tel ég að svo hafi ekki verið. Allt of almennt var komist að orði um þá aðila sem að hópnum stóðu, þ.e hvort fjármögnun hafi átt að vera af eigin fé eða lánsfé, svo og hverjir tilheyrðu hópnum. Í ljósi þess hversu gífurleg-

ir hagsmunir voru í húfi tel ég að við þessar aðstæður hefði átt að lengja fresti og/eða hefja sölumeðferð að nýju.

Við opnum tilboða kom bréf frá Akureyrarbæ um að frestur yrði lengdur til 20. jan. Þar kom einnig fram að útboðsgögnin hefðu borist bæjaryfirvöldum seint í hendur og ekki hafi unnist tími til að ljúka viðræðum við nokkra aðila um samstarf. Vissulega kom beiðni Akureyrarbæjar seint fram. Hefði Akureyrarbær hins vegar lýst vilja sínum til að ganga til samninga með svipuðum hætti og þeir gerðu sem síðar urðu kaupendur er erfitt að sjá að mögulegt hefði verið að ganga fram hjá Akureyrarbæ. Akureyrarbær gekk hins vegar fram í þessu máli í fullkomnu samræmi við þau skilyrði sem sett voru og taldi sig ekki uppfylla þau skilyrðin eins og ég tel raunar að enginn aðila hafi gert.

Virðulegi forseti. Það er óumdeilt að samkvæmt lögum nr. 20/1993 var það alfarið sett í hendur hæstv. sjútvrh. að annast sölu hlutabréfanna í SR-mjöli hf. Hæstv. sjútvrh. kaus að fela sérstökum söluhópi verkið. Ég tel að það hefði verið heppilegra að fela framkvæmdanefnd um einkavæðingu verkið og tryggja þannig að farið yrði að þeim verklagsreglum sem ríkisstjórnin hafði samþykkt um slíka framkvæmd. Það er einnig óumdeilt að kaupendur fyrirtækisins hafi í einu og öllu staðið við kaupsamning þann sem gerður var til þessa og þannig reynst traustir kaupendur hvað það varðar. Hins vegar tel ég að þeim hafi ekki verið gert að uppfylla þau skilyrði til fullnustu sem sett voru í skilmálum VÍB og því ekki átt að fá útboðsgögnin afhent á sínum tíma. Ég tel að jafnræðis hafi ekki verið gætt sem skyldi. Því hefði verið heilladrýgst að lengja frestinn eða hefja sölumeðferð að nýju.

Það sem upp úr stendur er þetta: Af mistökum þeim sem gerð voru við sölu hlutabréfa ríkissjóðs í Þormóði ramma hf. var dreginn nokkur lærdómur. Settar hafa verið verklagsreglur af ríkisstjórn um það hvernig staðið skuli að slíkri sölu. Það er hins vegar ekki nægjanlegt að segja reglur ef ekki er tryggt að eftir þeim sé farið. Því tel ég nauðsynlegt að færa slíkar reglur í lagabúning þannig að tekin séu af öll tvímæli. Með því verði tryggt að sala á hlutabréfum ríkissjóðs í framtíðinni verði með eins hreinlegum og ótvíræðum hætti og mögulegt er til þess að grunsemdir af nokkru tagi geri ekki vart við sig.

[18:26]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Margt af því sem kom fram hjá hv. þm. get ég tekið undir. Það er þó tvennt sem ég vil gera athugasemdir við. Í fyrsta lagi varðandi verklagsreglur þær sem ríkisstjórnin samþykkti þá ber að taka fram að sjútvrh. á ekki aðild að framkvæmd um einkavæðingu. Það er alveg ljóst að sjútvrn. fylgdist ekki með undirbúningi tillagnanna meðan sá undirbúningur átti sér stað en eftir að söluhópurinn tók til starfa var engin athugasemd gerð af hálfu framkvæmdanefndar um einkavæðingu sem fylgir eftir þessum reglum. Það er nauðsynlegt að þetta komi fram.

Þegar rætt er um Þormóð ramma má heldur ekki gleymast með hvaða hætti var staðið að þeirri sölu á sínum tíma því það er skólabókardæmi um það hvernig ekki á að standa að sölu á opinberum eignum. Það kom í ljós vegna þess að virði fyrirtækisins var fært upp úr öllu valdi og síðan þegar andvirðið var greitt af hálfu kaupanda fyrirtækisins var það gert með húseign í Reykjavík sem reynst hefur metin tvisvar til þrisvar sinnum of hátt. Þetta er aðferð sem ekki ætti að sjást og athugasemd hefur komið við. Þetta vildi ég að kæmi fram þegar verið er að bera saman þessar tvær sölur sem eru ólíkar á miklu fleiri sviðum en hv. þm. sagði frá.

[18:27]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil ítreka, eins og fram hefur komið af hálfu hæstv. fjmrh., að enginn ágreiningur var um það milli einkavæðingarnefndar og sjútvrn. hvaða háttur var hafður á um söluna og að skipa skyldi sérstakan starfshóp. Reyndar var starfsmaður einkavæðingarnefndarinnar einn af fulltrúum í þeim starfshópi og fullkomin samstaða á milli þessara aðila um framkvæmd málsins.

En vegna þess sem hv. þm. sagði um afstöðu Ríkisendurskoðunar til þeirra skilyrða sem sett voru, að Ríkisendurskoðun hafi talið þau óeðlileg, þá hygg ég að það hljóti að byggja á misskilningi því að í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 34 segir svo, með leyfi forseta:

„Rétt er að undirstrika að þó svo að Ríkisendurskoðun þyki óeðlilegt að skilyrða afhendingu grunngagna á framangreindan hátt er að hennar mati fullkomlega eðlilegt að setja slík skilyrði fyrir þátttöku í útboðinu eða fyrir því að tilboð verði talið gilt."

Með öðrum orðum segir Ríkisendurskoðun: Það er eðlilegt að setja skilyrði eins og sett voru fyrir þátttöku í útboði og fyrir því að meta tilboð gilt en hún telur hins vegar ekki að það eigi að setja slík skilyrði fyrir því að gögn séu afhent.

Þetta er sjónarmið sem vert er að íhuga en aðalatriði málsins er það að Ríkisendurskoðun telur eðlilegt að slík skilyrði séu sett fyrir þátttöku í útboðinu.

[18:29]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins vegna þessa. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar kemur fram að það var gagnrýnt á fundi framkvæmdanefndar um einkavæðingu að framkvæmdanefndin skyldi ekki annast verkið. Hvort þau skilaboð komust á leiðarenda skal ég ekki um segja. Það kom reyndar fram á fundi fjárln. nú á dögunum að formaður framkvæmdanefndarinnar skýrði okkur frá að rétt væri með farið í skýrslunni hvað varðar þessa gagnrýni.

Í niðurstöðu Ríkisendurskoðunar segir efst á bls. 8:

„Að mati Ríkisendurskoðunar var óeðlilegt að setja þeim sem áhuga höfðu á kaupunum þau skilyrði fyrir afhendingu útboðsgagna að þeir hefðu áður sýnt fram á fjárhagslegt bolmagn til kaupanna og reksturs fyrirtækisins" o.s.frv. Ég tek undir þetta. Ég tel að jafnræð-

is hafi ekki verið gætt og það sé fólgið í verklagsreglum og sé sjálfsagt og eðlilegt að öllum sé gefinn kostur á að sitja við sama borð.

[18:30]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Það liggur alveg skýrt fyrir að Ríkisendurskoðun telur ekki óeðlilegt að setja slík skilyrði fyrir þátttöku í útboðum fyrir að meta tilboð gilt. En hún segir að það hafi verið óeðlilegt að setja skilyrði fyrir afhendingu gagna. Þegar þetta hvort tveggja féll saman í tíma var örðugt um vik að bregðast á annan veg við en hér segir. En kjarni málsins er sá að þetta breytir engu varðandi jafnræði aðila. Allir aðilar sátu þrátt fyrir þetta við sama borð. Í þessu fólst engin mismunun milli aðila að öðru leyti en því sem áður hefur verið vikið hér að að Haraldi Haraldssyni var veittur lengri frestur en öðrum. Það gagnrýnir Ríkisendurskoðun og ég get í sjálfu sér tekið undir að það hafi verið gagnrýni vert. En að öðru leyti er alveg ljóst að þetta atriði leiddi ekki til mismununar á milli aðila.

[18:32]

Sigbjörn Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er fullkomlega ósammála hæstv. sjútvrh. vegna þess að ég tel einmitt að skilyrðin hafi leitt til mismununar. Það er rétt, og ég tók fram í ræðu minni, að hópur sá sem kenndur er við Harald Haraldsson uppfyllti alls ekki skilyrðin. Ég reyndi að sýna fram á það með rökum að hópurinn sem valinn var sem kaupandi hefði heldur ekki uppfyllt skilyrðin og vísaði þar til verklagsreglna.

Hins vegar var Akureyrarbæ fullkomlega ljóst að þeir uppfylltu ekki skilyrðin eins og þau voru sett fram og þess vegna hætti Akureyrarbær við. Akureyrarbær treysti sér ekki til að vinna verkið til fullnustu á þeim skamma fresti sem gefin var.

[18:33]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er fyrst til að taka að það vakti athygli mína hve þung skot komu frá síðasta ræðumanni til þeirra vinnubragða sem ríkisstjórnin hefur viðhaft í þessu máli. Ég átti satt best að segja ekki von á því að það gætti svo mikillar bersögli. Hér var staðfest af Sigbirni Gunnarssyni, hv. 7. þm. Norðurl. e., að Ríkisendurskoðun heldur því fram að verðið hafi verið of lágt. Það var staðfest. Hv. þm. staðfesti líka að hann telur að jafnræðis hafi ekki verið gætt en sá er stóri munurinn frá sölunni á Þormóði ramma og þeirri sölu sem nú fór fram að það er búið að samþykkja stjórnsýslulög í landinu og það var dómsmrh. sem að sjálfsögðu flutti frv. Þar er jafnræðisreglan nr. 11 en þau lög voru ekki í gildi þegar Þormóður rammi var seldur á sínum tíma. Alþingi Íslendinga var búið að stöðva frv. frá fjárveitinganefnd um fjárgreiðslur úr ríkissjóði þar sem ætlunin var að taka á öllum þessum þáttum.

Ég er sammála því sem kom fram hjá hv. þm. Sigbirni Gunnarssyni að það þurfa að vera leikreglur. Þess vegna var samþykkt ríkisstjórnarinnar góð en það verður líka að fara eftir leikreglunum.

[18:35]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Það mál sem nú er til umræðu hefur vissulega valdið allmikilli umræðu í þjóðfélaginu og nokkrum deilum, málsmeðferðin öll og hvernig að hefur verið staðið. Það má segja að strax og fréttist af þessari sölu seinustu daga nýliðins árs þá upphófst hávær gagnrýni og hún var síður en svo aðeins hjá stjórnarandstöðunni eins og þó mátti helst skilja á orðum hæstv. sjútvrh. áðan. Þetta var almenn gagnrýni í þjóðfélaginu yfir því hvernig virtist þarna hafa verið hagað málum. Við þingmenn Framsfl. í fjárln. óskuðum fljótlega eftir að haldinn yrði fundur í nefndinni þar sem fjallað yrði um þetta mál þar sem við gætum gengið eftir eða óskað eftir upplýsingum og var vissulega fallist á það eins fljótt og mögulegt var eftir áramótin. Á fundi nefndarinnar 7. jan. lögðu fulltrúar stjórnarandstöðunnar fram hugmynd um það hvernig við vildum að staðið væri að málsmeðferðinni og hvað við töldum að þyrfti að skoða. Mig langar, með leyfi forseta, að lesa þá tillögu eins og hún var flutt af hálfu fulltrúa stjórnarandstöðunnar. Þar segir:

„Fjárlaganefnd Alþingis fer fram á það að Ríkisendurskoðun geri athugun á hvernig staðið var að undirbúningi og sölu á hlutabréfum í SR-mjöli hf. og gefi nefndinni skýrslu þar um.

Í skýrslunni komi m.a. fram álit Ríkisendurskoðunar á því hvort málsmeðferð samrýmdist reglum um útboð jafnframt því sem mat verði lagt á tilboðin sem bárust með tilliti til hagsmuna ríkissjóðs og hvort söluverð geti talist ásættanlegt. Ríkisendurskoðun hraði þessari skýrslugerð svo sem kostur er. Farið er fram á að sjávarútvegsráðherra fresti endanlegri afgreiðslu málsins þar til skýrsla Ríkisendurskoðunar liggur fyrir."

Þetta var okkar ósk um málsmeðferð. Því miður treysti meiri hluti nefndarinnar sér ekki til að samþykkja þessa tillögu og bað um frest á málinu. Nokkrum dögum síðar var haldinn annar fundur í nefndinni þar sem í raun var fallist á það af fjárln. allri að biðja Ríkisendurskoðun að skoða málið. Það finnst mér út af fyrir sig vera nokkur staðfesting á því að ekki bara stjórnarandstaðan heldur ýmsir hv. alþm. höfðu hug á að fá upplýsingar um það af hálfu þess aðila sem á að aðstoða Alþingi og hv. alþm. í störfum sínum um það hvernig hún liti á söluna og framkvæmd málsins. Bréfið sem fjárln. sendi Ríkisendurskoðun er dags. 12. jan. 1994 og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fjárlaganefnd Alþingis óskar eftir að stofnunin geri athugun á hvernig staðið var að undirbúningi og sölu á hlutabréfum í SR-mjöli hf."

Undir þetta ritar hv. formaður nefndarinnar, Sigbjörn Gunnarsson, fyrir hönd fjárln. Alþingis allrar.

Skýrslan var síðan lögð fram í nefndinni 26. apríl sl. og ég vil leyfa mér að fullyrða að í þeirri skýrslu séu staðfest flest þau atriði sem við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í fjárln. gagnrýndum í upphafi máls og lögðum til að yrði skoðuð.

Ef við lítum aðeins á þau atriði þá má í fyrsta lagi segja að leikreglum um útboð hafi ekki verið fylgt. Í öðru lagi að mat á tilboðum eru að áliti Ríkisendurskoðunar gagnrýnisverð. Í þriðja lagi er söluverð varla ásættanlegt. Í fjórða lagi er niðurstaðan sú að fresta hefði átt afgreiðslu málsins.

Ég ætla að fara aðeins nánar yfir þessa þætti síðar, hæstv. forseti, ef mér gefst tími til. En það var alveg ljóst að óánægjan sem ríkti um málið og álitaefnin í umræðunni allri eru staðfest. Það er staðfest að ekki hafi verið nægjanlega vel að málunum staðið og málsmeðferðin því ekki nægjanlega vönduð.

Ýmsa þætti má reyndar nefna því til staðfestingar, má þar nefna alla umræðuna sem er í gangi í þjóðfélaginu enn í dag og auðvitað hefði ekki þurft að hafa uppi og vera að gagnrýna málin ef engin umræða hefði verið um það og þetta hefði bara verið nöldur í einhverjum örfáum fulltrúum stjórnarandstöðunnar á þingi. En mig langar að nefna nokkur atriði.

Í fyrsta lagi að allir þeir sem fengu útboðsgögn hafa gagnrýnt málsmeðferð. Það má fyrst nefna Jónas Aðalsteinsson og umbjóðendur hans. Þeir hafa lýst yfir óánægju sinni með það að Haraldi Haraldssyni skyldi gefinn lengri frestur til þess að sanna mögueleika sína á að geta gert tilboð í fyrirtækið. Þetta hefur raunar hæstv. sjútvrh. staðfest einnig.

Haraldur Haraldsson lýsir afstöðu sinni til málsmeðferðarinnar með því að leggja hana fyrir dómstóla þannig að varla hefur hann verið ánægður. Og þriðji aðilinn sem fékk útboðsgögn, þ.e. bæjarstjórinn á Akureyri fyrir hönd Akureyrarbæjar, Halldór Jónsson, telur að Akureyrarbæ hafi verið skákað út af borðinu með þröngum tímamörkum. Þetta er álit þeirra þriggja sem fengu útboðsgögnin á málsmeðferðinni.

Í öðru lagi má síðan nefna það að framkvæmdanefnd um einkavæðinguna hefur látið í ljósi óánægju með málsmeðferð. Það kemur ítrekað fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Tímans vegna ætla ég ekki að lesa það upp en það má vitna til þess.

Í þriðja lagi er það sem ég nefndi í upphafi að fjárln. öll óskar eftir að málið verði athugað í heild sinni. Ég er ekkert að gera einstökum nefndarmönnum upp neinar skoðanir í því efni, hvað hafi legið á bak við það, en þeir fallast á að það sé eðlilegt að Ríkisendurskoðun veiti Alþingi upplýsingar um málsmeðferð.

Í fjórða lagi er mikil umræða í þjóðfélaginu um málsmeðferðina alla. Það má vitna til frétta í fjölmiðlum, það má vitna til leiðaraskrifa blaða, það má vitna til fjölmargra greina sem ritaðar hafa verið í blöðin um málið og svo auðvitað, þó að ég viti ekki hversu mikið á að leggja upp úr því, hafa síðdegisþættir í ljósvakamiðlunum, sem kalla má kannski þjóðarsálarþætti, ekki farið varhluta af þeirri umræðu. Það er því ljóst að einhverra hluta vegna hefur þótt mikil ástæða til þess að taka upp ítarlega umræðu um málið allt í þjóðfélaginu, virðulegur forseti. Skýrsla Ríkisendurskoðunar staðfestir síðan þessi atriði og sjónarmið í veigamiklum atriðum.

Mig langar til að segja það út af því sem kom fram hjá hæstv. sjútvrh. áðan að einum hv. þm. hafi meira að segja látið sér detta í hug að til greina kæmi að rifta þessum samningi þá er það sá sem hér stendur. Ég skýt mér ekki undan því og leyfi mér að vitna til þess sem ég sagði við ljósvakamiðla, nánar tiltekið við sjónvarpið, 26. apríl. Það kom síðan fram í ellefufréttum sjónvarpsins þar sem fréttamaður sagði í inngangi fréttarinnar, með leyfi forseta: „Guðmundur Bjarnason Framsóknarflokki segir efni til þess að íhuga riftun á sölu fyrirtækisins.“ Síðar í þessari frétt er haft eftir þeim sem hér stendur að eftir þá gagnrýni sem kemur fram hjá Ríkisendurskoðun sé ástæða til þess að fjalla um það hér í þinginu hvort málið sé ekki hreinlega svo alvarlegt að það verði að rifta sölunni.

Um þetta langar mig síðan að segja það, virðulegur forseti, að niðurstaða mín hefur orðið eftir umhugsun og athugun á málinu að sá kostur sé í sjálfu sér ekki fyrir hendi. Við sitjum vissulega uppi með orðinn hlut, hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þessi sala er frágengin og sá kostur ekki fyrir hendi sem ég setti fram í hita umræðunnar eftir að hafa lesið skýrslu Ríkisendurskoðunar. Eftir að hafa heyrt og hlýtt á þau rök sem þar eru sett fram og þá gagnrýni sem sett er fram á söluna veltum við því fyrir okkur hver sé afstaða Alþingis til málsins.

Niðurstaða mín er sem sagt þessi sem ég hef út af fyrir sig gert grein fyrir og get alveg kinnroðalaust staðið við: Alþingi hafði samþykkt þessa málsmeðferð og Alþingi hafði fært hæstv. sjútvrh. ótvírætt vald í málinu og það er ekki ágreiningsefni að salan var á hans forræði.

Hitt vil ég segja við hæstv. ráðherra að ég óttast ekki mjög viðbrögð starfsmanna við Síldarverksmiðjur ríkisins hvort heldur það er á Siglufirði eða Raufarhöfn þegar þetta mál kann að verða rætt við þá eða á þeim vettvangi af því að ég veit að þeir vilja allir saman að almennar leikreglur séu virtar og þeir vilja ekki að ríkiseignir séu gefnar. Það er ekkert sem segir það að þó að markaður í þessu tilfelli eða einhverju öðru gefi eiganda fyrirtækis eða eignar, jafnvel ef ég vil selja bílinn minn þá er enginn sem segir mér að þótt markaðurinn hafi búið til eitthvert verð á hann sé ég tilneyddur til að selja hann. Það hlýtur að vera mín ákvörðun og það var ákvörðun hæstv. sjútvrh. að selja fyrirtækið með þeim aðferðum sem við nú þekkjum og vitum um.

Lagasetningin var á sínum tíma sem sagt ótvíræð, en það má minna á það að stjórnarandstaðan taldi á sínum tíma að það væri eðlilegt að standa öðruvísi að sölu fyrirtækisins en ákveðið var að gera í lögunum. Þar var lagt til að heimilt yrði að selja allt að 40% hlutafjárins, þó ekki fyrstu þrjú árin, og ef til frekari sölu ætti að koma þyrfti sérstakt samþykki Alþingis til þess. Þar var vilji stjórnarandstöðunnar til þess að standa öðruvísi að málinu heldur en niðurstaðan varð, þegar skjalfest og liggur fyrir.

Auðvitað hefði mátt fara öðruvísi að þessu. Það mátti gera fyrirtækið að almenningshlutafélagi og markaðssetja fyrirtækið með almennu hlutafjárútboði, hugsanlega í einhverjum skömmtum, reyna með því

móti að fá eðlilega verðmyndun sem kannski hefði myndast meiri sátt um og menn getað verið sammála um. Ég held líka að ekkert hafi í raun legið á í málinu en ég ætla að koma nánar að því á eftir. En það er einmitt verðið og tímasetningarnar sem hafa sætt mikilli gagnrýni við meðferð málsins.

Ég vil taka það skýrt fram, virðulegur forseti, að athugasemdir mínar við málsmeðferðina beinast ekkert að þeim aðilum sem endanlega voru valdir og að það hefði átt að selja einhverjum fyrirtækið öðrum fremur. Ég hef aldrei sett fram neina skoðun eða álit á því. Ég held að þeir aðilar sem voru endanlegir kaupendur fyrirtækisins hafi unnið sína heimavinnu mjög vel. Þeir náðu víðtækri samstöðu um kaupin á fyrirtækinu við starfsmenn, við sveitarfélögin og ýmsa hagsmunaaðila og ber út af fyrir sig að fagna því. En ég hef fyrst og fremst talað um að það yrði að virða þær leikreglur sem við hefðum sett og að þeir sem hafa sýnt áhuga fái nauðsynlegar og eðlilegar upplýsingar og eðlilegan og nauðsynlegan tíma til þess að vanda vinnubrögð sín við kaupin á fyrirtækinu eða tilboð í það.

Ég minnist þess ekki að ég hafi nokkurn tíma látið þau orð falla sem mætti skilja þannig að ég væri talsmaður Haralds Haraldssonar, eins af þeim sem fékk útboðsgögn og gerði tilboð í fyrirtækið. Ég hef hins vegar spurt bæði Ríkisendurskoðun og fulltrúa Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, sem gengu á fund fjárln., hvort ekki hefði verið réttlætanlegt að gefa Haraldi Haraldssyni og þeim aðilum sem með honum stóðu að tilboði frest í þennan hálfa mánuð sem hann bað um til þess að sanna möguleika sína á því að kaupa fyrirtækið. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar, söluhópsins og VÍB var hins vegar sú að Haraldur hefði ekki getað fullnægt settum skilyrðum og ekki getað svarað því hvernig hann ætlaði að standa að þessu og ég hef út af fyrir sig ekkert gagnrýnt þá skoðun sem þessir aðilar hafa sett fram og tek hana sem svar við þeirri spurningu minni.

Ég tel hins vegar að tímasetningar hafi allar verið of þröngar í málinu. Akureyrarbæ var nánast skákað út af og það eru ekki bara þessir tveir aðilar, sem þó gera endanlega tilboð ef hægt er að kalla það tilboð, sem hafa lýst því yfir að þeir teldu að tímaskortur hafi háð málsmeðferð heldur má segja líka að við vitum ekki hvað þeir 14 aðilar sem sýndu málinu alvöruáhuga hefðu gert ef þeim hefði verið gefinn tími líka til þess að bjóða í fyrirtækið.

Ég sé, virðulegi forseti, að tími minn er því miður alveg að renna út. Ég á kost á því að koma hér aftur í ræðustól og láta í ljósi skoðanir mínar sem ég hef nefnt að ég vildi láta koma fram varðandi bæði tímasetningu og verð. Ef reynt er að draga saman í lokin niðurstöður Ríkisendurskoðunar sem koma fram í skýrslu hennar og ég gerði að umtalsefni í upphafi að hefði verið það sem við vorum að leggja áherslu á, þá er í fyrsta lagi sagt að Ríkisendurskoðun telji að málsmeðferðin og sú ráðgjöf sem stjórnvöld fengu við söluna hafi ekki verið eins vönduð og æskilegt hefði verið. Í öðru lagi er ítrekað að það sé óviðunandi að fela aðeins einum aðila að meta fyrirtækið. Það má að vísu segja að það sé skoðun Ríkisendurskoðunar en ekki brot á leikreglum.

Í þriðja lagi er hér sagt: „Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls og mati VÍB bendir til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en endanlegt kaupverð." Það þýðir bara að fyrirtækið hafi verið selt of ódýrt. Að lokum segir: „Þegar á heildina er litið telur Ríkisendurskoðun að hvorugt tilboðanna í hlutabréf SR-mjöls hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett höfðu verið í útboðsskilmálum." Þetta skil ég bara þannig að það hefði átt að fresta málsmeðferðinni og taka það upp aftur í nýju formi.

[18:51]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna ræðu hv. 1. þm. Norðurl. e. vil ég segja að það var ekki með nokkrum hætti tekið undir gagnrýni stjórnarandstöðunnar á sölu SR-mjöls með því að óska eftir því að Ríkisendurskoðun gerði athugun á þessu máli. Því fór fjarri. Fyrir fjárln. komu fulltrúar m.a. úr söluhópnum og gerðu ítarlega grein fyrir hvernig að þessu máli var staðið og það var ekkert sem kom fram í þeim viðtölum sem gaf tilefni til þess að það þyrfti að skoða undirbúning eða aðdraganda að sölunni sérstaklega.

Þetta vil ég að komi fram hér vegna þess að mér fannst að það kæmi fram í ræðu hv. þm. að með því að fela Ríkisendurskoðun athugun á málinu væri verið að taka undir gagnrýni á þetta mál.

[18:52]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég benti aðeins á það að hv. fjárln. hefði öll staðið að því að óska eftir því að Ríkisendurskoðun gæfi álit sitt á málinu, gæfi þinginu skoðun sína á málsmeðferðinni, tók það meira að segja fram, held ég, að ég væri ekkert að gera einstökum hv. nefndarmönnum upp neina skoðun á því hvað lá þar að baki heldur undirstrika að um það var samstaða og vilji fjárln. allrar að Ríkisendurskoðun fjallaði um málið og skilaði skýrslu sinni til nefndarinnar sem vita mátti að mundi að sjálfsögðu fara inn í þingið.

Annað hef ég ekki um það að segja, virðulegur forseti, út af þessum ummælum hv. 1. þm. Vesturl.

[18:53]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fagna því að hv. 1. þm. Norðurl. e. skuli staðfesta það sem ég sagði hér. Ég lagði á það ríka áherslu að Ríkisendurskoðun var falið að gera úttekt á þessu máli vegna þess að þetta er sérstakt mál, vandmeðfarið, og þess vegna nauðsynlegt að gefa mönnum færi á því að draga fram í dagsljósið allan raunveruleikann í því.

Ég vil bara ítreka það sem ég sagði áðan að fulltrúar söluhópsins sem komu fyrir fjárln. gerðu mjög vel grein fyrir öllum aðdraganda og undirbúningi þessa máls og það kom ekkert fram hjá þeim sem gaf tilefni til þess að sérstök athugun yrði gerð á þessu máli. En vegna stærðar þess varð fjárln. sammála um að það væri sjálfsagt að athuga það.

[18:54]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er í senn athyglisvert og ánægjulegt að hv. þm. skuli hafa dregið það til baka að hann vilji rifta kaupunum. Það er líka í senn áhugavert og ánægjulegt að hv. þm. skuli lýsa því yfir að það beri að fagna því samkomulagi sem hafi náðst um þá sem stóðu að kaupum á SR, að það skyldi hafa tekist, eins og ég skildi hv. þm., vegna samsetningar fólksins, bæði vegna þess að í hópnum eru sveitarfélög, verkalýðsfélög, verkamenn og þar fram eftir götunum eins og ég hef hér áður rakið. Þetta hvort tveggja er ánægjulegt og sýnir að hv. þm. er svona orðinn vaklandi í málinu.

Hitt er bara til þess að standa í hvorugan fótinn og reyna að vera engum trúr að halda því fram að þessi hópur hefði keypt Síldarverksmiðjurnar fyrir hærra verð. Það liggur fyrir að það hefði hópurinn ekki gert. Hópurinn hafði farið eins hátt og hann vildi og það var að sjálfsögðu rétt pólitískt mat að það var nauðsynlegt að Síldarverksmiðjur ríkisins lentu í góðum höndum.

[18:55]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þarf ekki að tala frekar um þessar hugleiðingar mínar um riftun kaupanna, ég er búinn að því og ég get út af fyrir sig ítrekað það aftur að ég lýsi ánægju minni með það hvernig núverandi kaupendahópur er samsettur. Það segir ekkert um það að ég hafi verið ánægður með málsmeðferðina í heild sinni. Það segir ekkert um það að ég sé ánægður með verðið sem hópurinn kaupir á og það segir mér ekkert dag þó að þessi hópur segi núna: Við vorum ekki tilbúnir til að kaupa fyrirtækið á hærra verði. Hvað getur hann sagt annað? Dettur einhverjum í hug að þeir kæmu núna fram og segðu: Nei, við vitum það að 725 millj. eru allt of lágt verð. Við hefðum miklu heldur viljað kaupa það á 1 milljarð eða 1 milljarð og 11 millj. kr. sem var það mat sem VÍB lagði á og voru hærri verðviðmiðunarmörk þess ágæta fyrirtækis. Ýmislegt bendir til þess, álít ég, þó að ég hafi ekki tíma til þess nú að rökstyðja það, að það hefði mátt ná betra verði en tókst að ná með þeim samningi sem gerður var.

[18:57]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þekkjum það báðir frá þingmannsferli okkar fyrir norðan hvaða áhrif það hefur ef mikið óöryggi ríkir um Síldarverksmiðjur ríkisins, t.d. á Raufarhöfn, ég tala nú ekki um ef Síldarverksmiðjurnar lentu í erlendum höndum. Kjarni málsins er sá að það er ekki hægt að gera hvort tveggja í senn, að tryggja það að rekstur sem þessi lendi í höndum kunnáttumanna og að vel sé að honum staðið og segja í hinu orðinu að það hafi verið rétt að láta skeika að sköpuðu hverjir keyptu fyrirtækið á almennum markaði af því að fyrirtækinu hefði átt að breyta í almenningshlutafélag. Ég held að hv. þm. vær hollt sem þingmanni Norðurlands að rifja upp hvers vegna Síldarverksmiðjur ríkisins voru stofnaðar á sínum tíma, og honum væri líka hollt að rifja upp hvernig þeir menn líta á þessi mál sem eiga bæði atvinnu sína, eignir og annað undir því að Síldarverksmiðjur ríkisins séu fjárhagslega sterkt fyrirtæki og rekið af myndarskap og framsýni.

[18:58]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef kannski ekki miklu við að bæta almennar hugleiðingar hæstv. landbrh. og óskir hans um það að þetta fyrirtæki megi halda áfram að blómstra. Ég tek alveg undir það með honum. Ég veit að það hefur nú þegar veitt mörgum atvinnu og rekstur þess skipt sköpum fyrir bæjarfélögin og sveitarfélögin þar sem verksmiðjurnar eru starfræktar og fyrir þjóðarbúið í heild þegar vel hefur gengið, sem hefur því betur gerst oft þó að líka hafi á móti blásið.

En ég ítreka það enn og aftur að mér finnst ekkert hafa komið fram hjá hæstv. ráðherra í andmælum hans sem raunverulega segir það að ég sé engum trúr í málinu og vaklandi í málinu. Ég hef sett fram mínar skoðanir á því og hef sama rétt og hann til að hafa þær. Ég tel að 725 millj. kr. með þeim greiðsluskilmálum sem á þeim voru geti verið til núvirðis metnar á kannski 665 millj. eða svo sem þýðir að það er komið undir lægri verðviðmiðunarmörk VÍB, sem voru 695 millj., að ógleymdum hagnaðinum sem var greiddur út örfáum dögum síðar að upphæð 65 millj. kr. Endanlegt söluverð er því kannski ekki nema 600 millj. kr. Það tel ég of lágt, hæstv. landbrh.

[18:59]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þess að hv. 1. þm. Norðurl. e. fullyrti það að fyrirtækið hefði verið selt á undirverði og kom þar inn á svipaðar athugasemdir og hafa komið fram í máli allmargra þingmanna, þar á meðal hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, þá hefði ég gjarnan viljað fá upplýsingar um það hvar í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu ríkisins á SR-mjöli hf. þessi fullyrðing kemur fram. Í niðurstöðunum segir, með leyfi forseta:

„Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls hf. og mati VÍB bendir til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en endanlegt kaupverð."

Á bls. 25 stendur einnig: „Ef rekstraráætlanir bjóðenda eru metnir á sama hátt og VÍB gerði við mat á framtíðarafkomumöguleikum SR-mjöls hf. má ætla að verðmæti fyrirtækisins hafi verið nokkru hærra en sem nam endanlegu kaupverði og frekar legið nærri efri mörkum mats VÍB."

Hvar er sagt í þessum niðurstöðum að fyrirtækið hafi verið selt á undirverði?

[19:01]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. e. svaraði sér auðvitað sjálfur í þessum fyrirspurnum sem ég held að hann hafi beint til mín. Hann las upp nákvæmlega það sem ég gerði í minni ræðu áðan og eru þau rök þegar maður les þessa setningu, ég get ekki skilið hana

örðuvísi, ég ætla ekki að eyða tímanum í að lesa hana aftur, en í henni standi í raun á mannamáli, eins og stundum er nú sagt, að fyrirtækið var selt of ódýrt, fyrirtækið var selt á of lágu verði. Hann getur lesið þetta eins oft og honum sýnist fyrir mér án þess að það breytist, að þetta er niðurstaðan.

Ég rakti það áðan í lok svars míns til hæstv. landbrh. hvernig mér sýndist hið raunverulega verð á fyrirtækinu vera kannski 600 til 650 millj. Það er undir því verði sem VÍB mat í lægri kantinum. Síðan má segja það og hæstv. sjútvrh. hefur sagt það í umræðunum að það er enginn sem segir að verðið sé nákvæmlega þetta eða nákvæmlega hitt. Það verður að vera tilfinning þeirra sem eru að selja og ég sagði áðan að ég teldi að verðið væri of lágt. Sjútvrh. er búinn að segja það með því að samþykkja söluna að hann hafi talið verðið ásættanlegt.

[19:02]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur skýrt fram í þessari skýrslu á bls. 24 þar sem talað er um forsendur verðmatsins. Þar segir, með leyfi forseta:

„Í verðmati því sem VÍB lagði fyrir sölunefnd SR-mjöls var annars vegar tekjuvirði núvirt miðað við 15% ávöxtunarkröfu og hins vegar 20% sem gaf líklegt tekjuvirði á bilinu 695 millj. kr. til 1.011 millj. kr."

Með öðrum orðum er sagt hér að það sé ákveðið verðbil í gangi og niðurstöðutalan er innan þessa verðbils og þar af leiðandi er hvergi getið um það að um undirverð sé að ræða. Það er ekkert rétt verð til í þessum viðskiptum, hv. þm. Það er að sjálfsögðu ekkert rétt verð til og Ríkisendurskoðun er ekkert hæfari til þess að meta hvað sé rétt verðmið í viðskiptum en aðrir aðilar. Það ræðst að sjálfsögðu af því hverjir bjóða í fyrirtækið og á hvaða verði. Og verðið sem boðið var í var innan svigrúmsins.

[19:03]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. heldur sig við það að ég lesi eitthvað út úr þessu annað en það sem stendur í skýrslunni. Ég vísa því á bug. Það segir og hann las það sjálfur upp að áætlun VÍB um söluverðið sé á bilinu 695 millj. til 1.011 millj. kr. Ég hef út af fyrir sig ekkert gagnrýnt þann útreikning og dettur ekki í hug að gera það.

Í fyrsta lagi var það verð sem tekið var, 725 millj. kr., í lægri kantinum og Ríkisendurskoðun gerir því skóna á tveimur stöðum, sem hv. þm. er búinn að vitna til, að það hefði mátt áætla það af því sem fram hefur komið við athugun málsins að verðið hefði getað verið hærra og að þeir sem gerðu tilboðin hafi metið það svo að verðmæti fyrirtækisins væri hærra en endanlegt kaupverð var. Fyrir svo utan það, sem ég reyndi að segja hv. þm. hér í tvígang, að ég tel að í raun hafi ekki fengist fyrir fyrirtækið þær 725 millj. sem þó eru, eins og sagt er hér, núvirði en það er það ekki þar sem ekki er um staðgreiðslu að ræða.

[19:04]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég er ekki sammála hv. 1. þm. Norðurl. e. um ályktanir þær sem hann dregur af skýrslu Ríkisendurskoðunar um verð fyrirtækisins. En ræða hans var hins vegar um margt málefnaleg. Það er athyglisvert að hann staðfestir hér þá skoðun sína að það hafi ekki komið til greina að selja Haraldi Haraldssyni bréfin á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu. Hann lýsir því sem sinni skoðun eftir nánari athugun á þeim gögnum sem fyrir liggja að það sé ekki tilefni til að rifta. Þetta eru hvort tveggja mjög mikilvæg atriði og ég met það málefnalega framlag hv. þm. í þessu efni.

Hann sagði að það hefði mátt gera þetta fyrirtæki að almenningshlutafélagi. Sannleikurinn er sá að það finnst varla traustara almenningshlutafélag en einmitt SR-mjöl hf. í höndum núverandi eigenda, 177 eigenda þar sem enginn einn aðili fer með meira en 7,5%, þar sem heimaaðilar og starfsmann eru þátttakendur, þar sem 19 skipstjórar og útgerðarmenn sem skipta við verksmiðjurnar eru meðal hluthafa. Ég held því að þessu markmiði hafi að fullu verið náð og fagna því að það er raunverulega skoðun hv. þm.

[19:06]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Um Harald þarf ekki að ræða frekar. Ég las það upp sem stendur í skýrslunni og þau svör sem fjárln. hefur fengið við hans tilboði og ítreka ég það. Út af því sem kom fram áður frá hæstv. ráðherra að einstakir þingmenn stjórnarandstöðunnar hafi verið að gerast sporgöngumenn einhverra ákveðinna aðila eða jafnvel umboðsmenn þeirra við þessa sölu hafna ég alfarið og vísa því frá mér. Ég hef ekki einu sinni gerst sérstakur umboðsmaður Akureyrarbæjar í þessu sem ég tel þó að hafi verið farið heldur illa með í málsmeðferðinni allri. Ef þeir hefðu fengið aðeins lengri tíma og hæstv. ráðherra hefði ekki legið svona á, þá hefði hugsanlega verið hægt að fá fleiri aðila, trausta og trúverðuga, til þess að gera tilboð í þetta fyrirtæki og gerast kaupendur að því.

Það var kannski ekki alveg rétt haft eftir mér hjá hæstv. ráðherra að ég hafi viðurkennt að það hafi ekki verið tilefni til að rifta. Ég sé ekki að það séu neinir möguleikar á því. Staðan er sú við málsmeðferðina að við eigum ekki þann kost fyrir hendi. Það er ekkert til í myndinni. Við verðum að sætta okkur við þær leikreglur sem þingið hefur samþykkt og lögfest þó að við sumir stjórnarandstæðingar höfum verið ósammála því þegar frv. var til meðferðar hvernig að samþykkt þess var staðið.

[19:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef það væri tilefni til að rifta þá væru möguleikar fyrir hendi. Ég hygg að þrátt fyrir allt séum við hv. þm. sammála um að það sé óskynsamlegt og ekki tilefni og ekki ástæður til að rifta samningunum vegna þess að fyrirtækið er í traustum höndum og það hefur tekist að selja það á þann veg að við getum

treyst áframhaldandi rekstur þess, við getum treyst á atvinnuöryggi og atvinnuhagsmuni fólksins í byggðunum. Það var mjög mikilvægt að líta til þeirra sjónarmiða. Ég geri fyllilega ráð fyrir því að hv. þm. sé mér sammála í því að það sé eitt af höfuðatriðunum við sölu fyrirtækis af þessu tagi að líta til þeirra sjónarmiða og hafa það í huga því að það væri mikið ábyrgðarleysi að selja fyrirtækið ef einhver hætta væri á því að rekstur fyrirtækisins raskaðist og atvinnuhagsmunir fólksins í byggðunum væru ekki tryggðir.

Ég lít svo á og var að hrósa hv. þm. fyrir það að ég teldi að við værum sammála um þessi meginatriði.

[19:08]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tek undir það með hæstv. ráðherra að ég vona svo sannarlega að rekstur þessa fyrirtækis sé tryggður. Ég tel afar mikilvægt að svo sé fyrir þá sem eiga svo mikið undir því að fyrirtækið starfi. Ég ber ekki neitt vantraust í brjósti til þeirra aðila sem nú eru eigendur þessa fyrirtækis að þeir haldi því ekki áfram. Ég treysti því svo sannarlega að þeir geri það og vona það vegna þess hversu mikilvægt þetta fyrirtæki er í þeim byggðarlögum sem það starfar í.

Það breytir ekki því, virðulegur forseti, að okkur kann að greina á bæði um málsmeðferð og um endanlegt kaupverð. Það er svo aftur bara annað mál og það hefur komið alveg skýrt fram að ráðherra hefur sínar skoðanir á því og ég mínar og þar er eitthvert bil á milli. Varðandi það að rifta eða ekki rifta, þá liggja lögin fyrir, eins og ég segi, og við vitum hvaða möguleika við höfum í því efni. Það er ekki fyrir hendi. Það er líka mikill ábyrgðarhluti þegar maður athugar það nánar hvort nokkurt vit er í slíkri gjörð. Hún mundi auðvitað kalla á skaðabótakröfu á hendur ríkinu og mundi stefna rekstri fyrirtækisins í mikla óvissu sem ég vil ógjarnan vera valdur að.

[Fundarhlé. — 19:10]

[20:30]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram allítarleg umræða í dag um sölu ríkissjóðs á hlutabréfum í SR-mjöli en strax í upphafi dugði hvorki ræðutækni hæstv. sjútvrh. né hinir löngu sérhljóðar til þess að sannfæra hv. þingheim um að þarna hefði verið allt með felldu. Hæstv. ráðherra hóf mál sitt með því að segja ósatt. Það er ósatt að nokkur úr stjórnarandstöðuflokkunum hafi lagt á það áherslu að selja hefði átt Haraldi G. Haraldssyni Síldarverksmiðjur ríkisins. Það hefur enginn maður sagt og er alveg óþarfi að blanda honum yfirleitt í þetta mál. Hans mál er á öðrum stað og er fyrir dómstólum og er þessari umræðu að mestu óviðkomandi.

Síldarverksmiðjur ríkisins eru milljarðafyrirtæki, segja menn. Það þarf að vera traust og öflugt. Samt voru þessar síldarverksmiðjur seldar á 725 millj. kr. sem hafa verið greiddar eins og hér segir: 1. febr. 1994 voru greiddar út 125 millj. 15. mars voru greiddar 100 millj., og það er allt sem greitt hefur verið hingað til. 1. sept. í haust verða greiddar 100 millj. og 1. des. 1994 200 millj. Síðan verða síðustu 200 millj. greiddar í desember 1995.

Þegar horft er til þess að áður hafði ríkissjóður leyst til sín 400 milljarða skuldir auk þess sem mikil uppbygging og miklar endurbætur höfðu farið fram á verksmiðjunum, þá verða þetta að teljast afar hagstæð viðskipti og hagstætt verð og ekki að undra þó að þjóðinni sem á þetta fyrirtæki blöskri. Þegar litið er til þess hvernig að þessu var staðið verður fólki ljóst að þetta tók ekki langan tíma. Það er ekki tímafrekt verk að selja milljarðafyrirtæki sem hundruð manna eiga atvinnu sína og lífskjör undir eins og hér hefur svo fallega verið sagt. Lög nr. 20/1993, um að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag, voru sett 5. apríl 1993, fyrir réttu ári síðan. SR-mjöl er síðan stofnað 6. júlí 1993 og starfshópur til að annast söluna er ekki stofnaður fyrr en 13. okt. í haust. Og allt er síðan um garð gengið 28. des. eða rúmum tveim mánuðum seinna. Og þó ekkert væri nú annað, þá er ærin ástæða til að undrast hvernig það má gerast að svona sé rokið í hlutina á örskömmum tíma eins og allt sé að farast.

Fljótlega eftir áramótin varð fólk þó enn þá meira undrandi þegar ljóst var að 300 millj. ágóði yrði af fyrirtækinu á árinu 1993. Þá skyldu nú skynugir menn halda að þessu bæri vitaskuld að fagna og þessi ágóði yrði notaður til að greiða skuldir fyrirtækisins eða ógreidd hlutabréf. En hvað gerðist? Samstundis eru 65 millj. greiddar hinum glænýju hluthöfum í arð sem enn eiga eftir að greiða ríkissjóði 500 millj. og 1,3 milljarða í skuldir. Það verður hver sem vill að lá landsmönnum þó þeir undrist þessar aðfarir.

Það var því ekkert að undra að fjárln. hins háa Alþingis óskaði eftir að það yrði kannað hvort hér hefði verið að staðið eins og ætlast verður til lögum samkvæmt. En þá upphófst þetta vandræðamál sem síðan hefur orðið til þess að nær allir hafa orðið sér til minnkunar, það verður að segjast eins og er, fjárln. Alþingi og ríkisstjórnin. Þetta mál hefur því satt að segja á sér heldur ömurlegan svip.

Hér er búið að fara í mörg atriði þessa máls og ég mun þess vegna ekki endurtaka það sem allir aðrir eru búnir að segja. En ég vil aðeins gera örfá atriði að umtalsefni. Það eru allir sammála um að verðmæti fyrirtækisins hafi verið mun meira heldur en endanlegt kaupverð og ég held að við þurfum ekkert að deila um það lengur. Það er auðvitað lofsvert að hæstv. landbrh., sem hefur sýnt þessu máli verðugan áhuga og satt að segja lofsverðan, hafði orð á því í dag að „réttir aðilar" hefðu orðið hlutskarpastir við sölu fyrirtækisins. Ég hefði gaman af að spyrja hæstv. landbrh. hvort hann telur þar með að Akureyrarbær, sem var sópað út af borðinu, eins og menn sögðu í dag, hafi ekki verið „réttur aðili" til að kaupa Síldarverksmiðjur ríkisins eða SR-mjöl. Það væri fróðlegt að heyra hæstv. ráðherra og þingmann Norðurlandskjördæmis eystra lýsa því yfir að þeir aðilar sem hnossið hrepptu hafi verið æskilegri og réttari en Akureyrarbær.

Allt hefur þetta mál verið með þeim endemum að fram hjá öllum venjulegum viðskiptareglum hefur verið farið, tímafrestirnir svo litlir að nær ógerlegt var öllum öðrum aðilum en þeim sem hnossið hrepptu að ná áttum áður en einhver niðurstaða fengist. Þegar fyrirtækið er síðan auglýst til sölu eftir miðjan nóvember 1993 þá hafði VÍB ekki einu sinni lokið vinnu sinni við mat á verðmæti þess. Eins og Ríkisendurskoðun segir þá er þetta í ósamræmi við tillögu stjórnar SR-mjöls hf., en þar segir í 4. lið: „Félagið verði auglýst til sölu strax að lokinni verðlagningu." Hvernig í ósköpunum á að gera tilboð í fyrirtæki sem enginn veit hvað kemur til með að kosta eða hvers virði er?

Þá verður það að teljast með ólíkindum að svo virðulegt fyrirtæki sem VÍB skuli ekki ganga frá skriflegum samningi um laun fyrir sína vinnu. Það er kannski að bera í bakkafullan lækinn að minnast á þetta vegna þess að enginn hefur mótmælt þessari gagnrýni okkar alþýðubandalagsmanna. Þó að þessum stórfyrirtækjum þyki 11,4 millj. kannski ekki peningar þá erum við mörg önnur ekki lengra komin en svo að okkur finnst það vera heilmiklir peningar og í raun og veru fráleitt að ganga ekki frá því á sérstökum samningi hvernig þeim greiðslum skyldi háttað. Það verður að segjast VÍB til hróss að þeir hafa þegar viðurkennt að þarna hafi ekki verið eðlilega að farið.

Þá verður það enn að teljast undarlegt að bjóðendum skuli ekki hafa verið gefinn kostur á því að vera viðstaddir opnun tilboðanna. Ég held að það hljóti að vera afar óvenjulegir viðskiptahættir. Við opnunina voru einungis viðstaddir söluhópurinn, starfsmenn VÍB og formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Það er ánægjulegt að sjá að hann hefur þó haft eitthvað í þessu máli að segja vegna þess að það er afar erfitt að sjá hvert hans hlutverk hefur verið í þessu máli. Ég hélt að framkvæmdanefnd um einkavæðingu ætti að annast einkavæðingu en hún er kannski bara til þess að halda einhverju fólki á launum. Sú nefnd virðist hafa gert það eitt að fela öðrum að annast söluna.

Síðan þegar efasemdir t.d. hv. þingmanna í fjárln. koma fram og Ríkisendurskoðun er beðin um skýrslu gerist sá undarlegi hlutur að ríkisendurskoðandi vill ekki afhenda skýrsluna. Á því máli kann ég satt að segja engin skil og það eru auðvitað mikil mistök, bæði hv. fjárln. og enn alvarlegri mistök hv. forsætisnefndar að skýrslan skyldi ekki koma fram þá þegar. Sjáum við nú kjánalegt útspil þess máls þar sem ríkislögmaður heimtar nú upptöku málsins sem er fyrir dómi. Þó var það ástæðan fyrir því að skýrslan var ekki lögð fram að málið væri fyrir dómi og er það satt að segja ekki nokkrum manni í þessu húsi til sóma.

En loks kom skýrslan og þá fara menn að gefa út aðrar skýrslur og það birtist greinargerð starfshóps um sölu hlutabréfa ríkissjóðs í SR-mjöli hf., rituð í tilefni af skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu ríkisins á SR-mjöli hf. eins og það heitir. Í söluhópnum er auðvitað stjórnarmaður SR-mjöls sem að sjálfsögðu var mjög annt um að þessi sala færi fram og því auðvitað engan veginn hlutlaus þannig að það er nú eitt sem mætti kannski gera athugasemd við en hvað um það. En hæstv. forseti. Orðbragðið á þessari greinargerð er á þann veg að við það verður ekki unað. Það er ekki verkefni embættismanna ríkisins eða starfsmanna ráðuneyta að tala til Ríkisendurskoðunar sem heyrir beint undir Alþingi Íslendinga á þann veg sem gert er í þessari skýrslu og skal ég leyfa mér að taka nokkur dæmi, með leyfi hæstv. forseta:

„Í skýrslu Ríkisendurskoðunar er í löngu máli" segir hér „sett fram gagnrýni. Þessari gagnrýni vísar starfshópurinn á bug." Á öðrum stað stendur, virðulegi forseti: „Og því virðist starfshópnum sem þessi aðfinnsla Ríkisendurskoðunar sé nánast rökleysa." Á enn einum stað segir: „Sú spurning hlýtur að vakna í því sambandi hvort Ríkisendurskoðun telji að stjórnvöld séu bundin af slíkum pólitískum leikreglum gagnvart Alþingi og að Ríkisendurskoðun sé þar af leiðandi hinn rétti aðili til að úrskurða um hvort reglunum hafi verið fylgt eða ekki." Þessu má svara þannig að Ríkisendurskoðun hefur allt vald til að hafa þá skoðun sem henni sýnist, hún er sjálfstæð stofnun sem heyrir einungis undir Alþingi sjálft. Hér stendur enn: „Furðulegt er því að Ríkisendurskoðun skuli taka þær inn" þ.e. fundargerðir framkvæmdanefndar um einkavæðingu „og meta sem gögn í málinu." Enn segir: „Raunar er það líka ranghermi í skýrslunni að formaður framkvæmdanefndar um einkavæðingu hafi gengið frá slíku samkomulagi við VÍB. Einkavæðingarnefndin gerði tillögu um það til ráðuneytisins og ráðuneytið gekk síðan frá samkomulaginu við VÍB." Svo segir loks:

„Ríkisendurskoðun kýs hins vegar af einhverjum ástæðum að líta algerlega fram hjá þeirri staðreynd að einhver þekking á þessu atriði kunni að hafa verið fyrir hendi hjá þeim aðilum sem falið hafði verið að undirbúa söluna, þ.e. hjá seljandanum sjálfum."

Hæstv. forseti. Hér er meira að segja Ríkisendurskoðun lýst á bls. 3 með upphrópunarmerki á eftir. Og þar segir síðar á blaðsíðunni, með leyfi hæstv. forseta: „Starfshópnum virðist sem Ríkisendurskoðun geri í þessu sambandi ekki greinarmun á hugtökunum hæfi og hæfni." Og loks segir: „Ríkisendurskoðun var gerð grein fyrir þessu þegar unnið var að skýrslu stofnunarinnar, en hún hefur af einhverjum ástæðum kosið að fjalla ekki um þessar skýringar í skýrslu sinni."

Hæstv. forseti. Hér bera starfsmenn sjútvrn. og annarra ráðuneyta og starfsmenn starfshópsins Ríkisendurskoðun þungum sökum og ótal dylgjum sem hlýtur að verða að víta. Auðvitað hafa menn leyfi til að vera ekki á sömu skoðun og Ríkisendurskoðun í öllum málum. En Ríkisendurskoðun hefur þá stöðu að við hana ber að ræða af virðingu. Það er ólíðandi að láta svona skýrslu frá sér fara. (Forseti hringir.) Er ég búin með tímann, hæstv. forseti?

(**Forseti** (SalÞ): Já, tíminn er búinn.)

Þá ætla ég að segja að lokum og ég geri mér grein fyrir að ég verð að biðja aftur um orðið að varðandi þá dreifingu sem átti að vera á hlutabréfunum ætla ég að lesa síðar í kvöld um samhengið í þeirri tilveru hverjir eiga hvað, hverjir fengu hvað og hverjir eru skyldir hverjum. Ég bið um orðið aftur, hæstv. forseti.

[20:46]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér hafa umræður um SR-mjöl eða söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins staðið lengi dags og margir tekið til máls en þrátt fyrir það eru ýmis atriði í þessu máli sem mér finnst við ekki hafa fengið svör við og ég mun koma inn á seinna í mínu máli.

Að mínum dómi snýst þetta mál fyrst og fremst um tvennt: Það er í fyrsta lagi það hvort Síldarverksmiðjur ríkisins eða SR-mjöl eins og fyrirtækið hét þegar það var selt var selt á of lágu verði, þetta hafi verið á einhvers konar útsölu, og svo hitt atriðið hvort rétt hafi verið að málum staðið við sölu hlutabréfa í fyrirtækinu. Ég vil taka það skýrt fram að við kvennalistakonur höfum aldrei nefnt það einu orði að fyrirtækið hafi verið selt röngum aðila eða það hefði átt að selja það öðrum þeim sem gáfu sig fram og sýndu áhuga á fyrirtækinu. Hitt er svo annað mál hvernig hópurinn er saman settur sem keypti fyrirtækið. Eins og hér hefur komið fram er eignaraðildin mjög dreifð, mjög margir sem hafa komið þar að verki, en þar eru líka inni á milli býsna sterkir aðilar sem eiga víða í fyrirtækjum.

Varðandi fyrra atriðið, það hvort fyrirtækið hafi verið selt á of lágu verði, þá er eins og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar erfitt að segja til um það hvert er eðlilegt verð á fyrirtæki eins og Síldarverksmiðjum ríkisins og þar er auðvitað komið inn á megingagnrýnina í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem er það atriði að ekki skuli hafa verið leitað til fleiri aðila þegar verið var að meta verðgildi fyrirtækisins. Þetta er mikill galli og þó að það komi fram hjá hæstv. sjútvrh. að stjórn fyrirtækisins hafi haft hugmyndir um það hvers virði fyrirtækið væri þá er það aðeins einn aðili sem mat það hvað fyrirtækið ætti að kosta eða hvers virði það væri, aðeins einn óháður aðili, og ég tek undir þá skoðun Ríkisendurskoðunar að ég held að þegar um svona stórfyrirtæki í eigu ríkisins er að ræða þá sé eðlilegt að fleiri komi að því mati. Þetta er auðvitað langstærsta dæmið um einkavæðingu sem við erum hér að ræða og í fyrsta sinn sem verulegar deilur verða um það hvernig staðið er að málum og eins og við höfum horft upp á þá eru hafin málaferli vegna þessarar sölu. Það er ekki rétt sem fram kom í máli hæstv. sjútvrh. að allt hafi þetta gerst í sátt við starfsmenn því að BSRB er að undirbúa málaferli vegna réttinda starfsmanna hjá Síldarverksmiðjum ríkisins eins og þær hétu þá.

Ef maður reynir að átta sig á því hvort fyrirtækið hafi verið selt of lágu verði þá er vert að huga að því hvað var verið að selja og í fyrsta lagi er þar að nefna gríðarlegar húseignir á nokkrum stöðum á landinu, þar á meðal mikil verksmiðjuhús og nýuppgerð verksmiðjuhús og reyndar verksmiðjur og vélar, bæði á Siglufirði og Seyðisfirði. Ég hef skoðað báðar þessar verksmiðjur og komið m.a. í Síldarverksmiðjur ríkisins á Siglufirði sl. sumar áður en breytingin átti sér stað. Það er náttúrlega verið að selja allt innbúið í þessum húsum, þ.e. vélarnar, rannsóknastofurnar og jafnframt er líka verið að selja 63 ára reynslu af rekstri síldarverksmiðja og með allri þeirri þekkingu og reynslu sem starfsmenn hafa og það er líka verið að selja ákveðna viðskiptavild.

Inn í þetta fléttast svo sú áhætta sem eins og hér hefur réttilega komið fram fylgir rekstri af þessu tagi og þessi 63 ára saga ber vott um, en ég spyr mig samt sem áður: Eru 725 millj. kr. sanngjarnt verð fyrir þessar gríðarlegu eignir og þá gríðarlegu möguleika sem þessar verksmiðjur hafa? Auðvitað kemur þarna inn í að fyrirtækið er skuldugt, skuldir upp á um það bil 1.300 millj. kr. en eignirnar eða matið á sjálfum eignunum er þá langt umfram skuldirnar og þessar skuldir stafa að hluta til vegna mjög nýlegra fjárfestinga sem hafa gert fyrirtækið mun öflugra og sterkara. Ég hef að sjálfsögðu ekki forsendur til þess að meta það hvort þarna sé um of lágt verð að ræða en mér finnst nú mjög margt benda til þess. Mér finnst alveg með ólíkindum að svona miklar eignir skuli ekki metnar á hærra verð, mér finnst það alveg með ólíkindum.

Ég hlustaði á fulltrúa VÍB sem sá um þetta mat. Hann skýrði frá því á fundi fjárln. hvernig það hefði farið fram og hvernig að því hefði verið staðið. Hann nefndi það sem síðustu aðferðina til þess að meta verðgildi fyrirtækisins að láta markaðinn ráða og get ég tekið undir það. Þar komum við að þeirri spurningu, fékk markaðurinn að ráða? Gafst í rauninni ráðrúm til þess að leyfa nógu mörgum aðilum að bjóða í verksmiðjurnar, að bjóða í hlutabréfin? Gaf þessi mikli hraði, sem var á verkinu, rétta mynd af verðgildi verksmiðjunnar? Ég leyfi mér að draga það í efa.

Þá kem ég að síðara atriði, sem ég nefndi hérna áðan, þ.e. hvort rétt hafi verið að málum staðið og eins og fleiri sem hér hafa talað í dag þá hlýtur maður auðvitað að velta fyrir sér hvers vegna lá svona mikið á. Hvers vegna þessi mikli hraði og hvaða áhrif hefur það á markaðsverð fyrirtækis þegar ljóst er að það er pressað á um sölu fyrirtækisins? Það er upp á líf og dauða verið að selja fyrirtækið. Ég get ekki annað en tengt þetta einkavæðingaráformum ríkisstjórnarinnar. Það lá fyrir þegar við vorum að ræða frv. til fjárlaga fyrir árið 1994 að einkavæðingaráform ríkisstjórnarinnar höfðu algerlega mistekist. Samkvæmt því frv. sem þá var lagt fram stefndi í það að eignir ríkisins yrðu seldar fyrir 100 millj. kr. í stað 1.500 millj. Það var sem sagt mínus upp á hvorki meira né minna en 1.400 millj. kr. í frv. til fjárlaga fyrir árið 1994. Það er náttúrlega ljóst að sá árangur var algert skipbrot fyrir einkavæðingarstefnu ríkisstjórnarinnar og því lá mjög á að reyna að rétta kúrsinn af, selja Síldarverksmiðjur ríkisins hvað sem það kostaði til þess að reyna að forðast þetta skipbrot sem þarna var fram undan. Ég get ekki annað en lýst ábyrgð á hendur hæstv. sjútvrh. fyrir þann mikla hraða sem var á sölunni og ég spyr: Hvers vegna var ekki beðið eftir niðurstöðum úr ársreikningum fyrirtækisins þannig að það lægi fyrir hvernig reksturinn gengi? Hvers vegna var ekki beðið eftir því að loðnuvertíðinni lyki þannig að menn hefðu allt dæmið frammi fyrir sér og sæju hvernig staðan væri?

Það vakna auðvitað stórar spurningar varðandi þennan hamagang við söluna og þó að það sé alveg

ljóst að það var stjórn verksmiðjunnar, stjórn SR-mjöls sem lagði til að það yrði gengið fram með þessum hætti, þá getur maður ekki annað en spurt sig: Hvernig stendur á þessu?

Þegar frv. um Síldarverksmiðjur ríkisins var lagt fram sagði þar í greinargerð og kemur reyndar margsinnis fram í gögnum og reyndar hefur hæstv. sjútvrh. ítrekaði í ræðu sinni á Siglufirði þegar breytingin á fyrirtækinu átti sér stað, þá var þar margsinnis sagt, með leyfi forseta:

„Meta þarf sérstaklega hvenær aðstæður eru ákjósanlegar til sölu áður en ákvörðun verður tekin þar um." Ég hef ekki enn þá fengið svar við þeirri spurningu hvaða ákjósanlegu aðstæður voru til staðar þessa síðustu mánuði ársins 1993. Hvaða ástæða var fyrir því að stjórn SR-mjöls komst að þeirri niðurstöðu að best væri að gera þetta með þessum hætti og með þessum mikla hraða sem raun bar vitni. (**GHelg:** Það var gróði af fyrirtækinu.) Já, það kann vel að vera, ég veit að stjórn fyrirtækisins hefur verið ljóst hver staðan var og það er það sem manni finnst erfitt upp á að horfa að fyrirtækið sé selt með þessum stórgróða og það byrjar á því að hann rennur í vasa nýrra eigenda. Þetta er allsérstætt upp á að horfa hvernig þarna er að málum staðið.

Ég ætla aðeins að koma hér inn á það sem snýr að VÍB. Það kemur fram gagnrýni í skýrslunni á það að ekki skuli hafa verið gerður samningur við fyrirtækið. Því svara forsvarsmenn þess þannig að þeir sendu bréf með ákveðnu tilboði og það var litið á það bréf sem ígildi samnings. Það sem aðallega snýr að VÍB er þetta atriði hvort fyrirtækið hafi verið hæft til þess að meta verðgildið. Ég lít þannig á að þegar vinnan fer af stað, þá var VÍB hæft til þess að vinna þetta verk, en þegar það er komið fram að eigendur Íslandsbanka og hluthafar Íslandsbanka eru inni í þessum hópi, hópi hugsanlegra kaupenda að Síldarverksmiðjunum, þá er VÍB kominn þarna í ákveðin óæskileg hagsmunatengsl þó að ég sé ekki að gera því skóna að eigendur bankans séu á nokkurn hátt að skipta sér af rekstri þessa verðbréfafyrirtækis eða hvernig þar er að verki staðið, þá verður samt ekki fram hjá því horft að þarna voru eigendur þessa fyrirtækis komnir inn í málið og þá hefði auðvitað verið rétt að fyrirtækið drægi sig til baka og aðrir tækju við þessu verki. Ég held að menn hljóti að verða að horfa betur á þessi mál í framhaldinu ef og þegar kemur að einkavæðingu annarra fyrirtækja. Ég minni á það að við erum hér með tvö einkavæðingarfrumvörp til umfjöllunar í þinginu, um Lyfjaverslun ríkisins og um Áburðarverksmiðju ríkisins. Ef til þess kemur að þær verði seldar þá verður að standa miklu betur að verki en hér hefur verið gert. Þau átök sem hafa orðið í kringum þetta mál eiga að verða okkur víti til varnaðar. Menn verða einfaldlega að vanda sig betur í vinnubrögðum þannig að það sé ekki verið að kalla yfir ríkið og starfsfólk endalaus málaferli. Þetta er að verða sorgarsaga í kringum þessa ríkisstjórn að það eru endalaus málaferli út af öllum mögulegum hlutum.

Virðulegi forseti. Við höfum á undanförnum árum horft upp á mikla einkavæðingaráráttu þessarar ríkisstjórnar. Ég get ítrekað það hér enn og einu sinni að ég er þeirrar skoðunar að það eigi að skoða það rækilega í hvers konar rekstri ríkið eigi að vera. Ríkið á ekki að vera að skipta sér af rekstri atvinnufyrirtækja sem eru í beinni samkeppni við önnur fyrirtæki svo framarlega sem þar er ekki um það að ræða að reyna að halda verðlagi í skefjum eða halda uppi ákveðinni þjónustu. En þegar um er að ræða fyrirtæki sem þjóna öllum almenningi í landinu eins og Lyfjaverslun ríkisins, þá horfir málið öðruvísi við. Hér var nokkuð breið samstaða um það að breyta Síldarverksmiðju ríkisins á þeim grundvelli að þar er dæmi um rekstur sem á rætur að rekja til fortíðarinnar og svo sem engin rök mæla fyrir að ríkið stundi. Þess vegna vorum við kvennalistakonur samþykkar því að breyta fyrirtækinu en höfðum fyrirvara varðandi starfsmannamálin sem valda vandræðum í hverju málinu á fætur öðru.

Hins vegar hefur verið þannig að verki staðið í þessu máli að Alþingi hlýtur að segja: Hingað og ekki lengra. Við hljótum því að fresta þeim tveimur málum sem þingið hefur nú til umfjöllunar um einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins og Áburðarverksmiðju ríkisins.

[21:02]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Mig langar að segja nokkur orð í þessari umræðu. Það fyrsta sem mig langar til er að líta á þetta mál út frá sjónarhóli bæjarfélagsins Siglufjarðar. Það er ekki langt síðan að á Siglufirði voru helstu atvinnufyrirtæki bæjarins í ríkiseigu en á síðustu tíu árum eða svo hafa helstu atvinnufyrirtæki bæjarins verið einkavædd. Það er athyglisvert að í öllum þessum tilfellum hefur salan á viðkomandi fyrirtæki verið umdeild. Við getum fyrst nefnt Siglósíld þegar hún var seld. Síðan fóru þeir kaupendur á hausinn. Ríkissjóður gekkst fyrir því að selja það fyrirtæki aftur. Nú stendur það fyrirtæki með ágætum blóma. Við getum nefnt söluna á Þormóði ramma. Vissulega var sú sala umdeild á sínum tíma. Nú stendur það fyrirtæki með miklum blóma. Við getum síðan verið fullviss um það að eftir að búið er að einkavæða Síldarverksmiðjur ríkisins mun það fyrirtæki ekki starfa af minni myndarskap heldur en hin tvö.

Í rauninni hafa allir flokkar komið að sölu fyrirtækja á Siglufirði með einum eða öðrum hætti og allir hafa verið skammaðir fyrir sína aðild að því máli en þegar upp er staðið þá stendur Siglufjörður miklu sterkari en áður og eitt myndarlegasta sjávarplássið á landinu þar sem hvað mestur uppgangur ríkir. Það er annað að koma til Siglufjarðar í dag og skoða bæjarbraginn miðað við það sem var fyrir nokkrum árum.

Varðandi Síldarverksmiðjur ríkisins sérstaklega er spurningin þessi: Hvernig átti að selja fyrirtækið? Það var mikið rætt um það hvort ætti að selja það í bútum. Átti að selja Siglufjarðarverksmiðjuna sér, Seyðisfjarðarverksmiðjuna sér o.s.frv.? Það var mikið rætt um það hvort það væri eðlilegt að selja fyrirtækið í heilu lagi eða hvort það ætti að selja það smátt og smátt, að ríkið færi niður í 90%, 80%, 70% o.s.frv. Ég hygg að

þeir sem hafa skoðað þetta mál hljóti að vera sammála um að það hafi verið skynsamlegt að selja fyrirtækið heilu lagi, ekki að brjóta það upp, vegna þess að í því felst styrkur þess að vera keðja af verksmiðjum á mörgum stöðum á landinu.

Ég hygg líka að ef menn skoða málið hvort ríkið hefði smám saman átt að losa sig við sinn eignarhlut eða selja hann í einu lagi þá hafi ríkið fengið mest út úr fyrirtækinu með því að selja það í heilu lagi. Það hefði fengist lægra verð á hlutnum í heild með því að selja fyrirtækið í smáskömmtum. Til þess að koma út svona fyrirtæki, við erum að tala um stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða, þá þarf að búa til öfluga kaupendur sem hafa hagsmuni af því að reka fyrirtækið og geta veitt því forustu og það verður ekki gert með því að dreifa því út í smáskömmtum. Þess vegna held ég að það hefði ekki verið skynsamleg leið að mjatla inn á hlutabréfamarkaðinn einhverjum milljónatugum á nokkrum árum. Það hefði þegar upp er staðið ekki skilað ríkinu því verði fyrir fyrirtækið sem það fékk.

Menn hafa velt því fyrir sér hvort kaupendurnir hafa að einhverju leyti ekki þekkt fyrirtækið eða hvort þeir hafi ekki fengið neinar upplýsingar. Ég tel mig vita nægilega mikið um þetta mál og hafa talað við nægilega marga til þess að vita að fjölmargir aðilar vissu mikið um þetta fyrirtæki, voru búnir að kynna sér rekstur þess og voru búnir að bíða eftir því að þetta fyrirtæki kæmi á markaðinn og höfðu fylgst með því í langan tíma. (**ÓÞÞ:** Hvað varð af þessum fjölmörgu aðilum?) Þeir buðu í fyrirtækið. Útgerðaraðilarnir, sem eru á hluthafaskránni, sem þú getur hér lesið, slógu sér hins vegar saman, hv. þm., og tóku meira að segja í lið með sér ágætan framsóknarmann á Siglufirði, bæjarfulltrúa þar sem stendur að þessu með þeim. (**ÓÞÞ:** Það er einn framsóknarmaður í hópnum.) Þeir eru miklu fleiri, hv. þm. Þú ættir að vita betur en ég hverjir eru í Framsfl. (**ÓÞÞ:** Hvað eru þeir margir?) Virðulegi forseti. Ég nenni ekki að eyða hér dýrmætum tíma í það að svara hv. þm. mjög oft.

Varðandi það sem kemur næst upp er spurningin: Var nauðsynlegt að vinna hratt? Var nauðsynlegt að salan færi fram tiltölulega hratt eftir að búið var að ákveða að selja fyrirtækið á annað borð? Og ég segi já. Það er nefnilega þannig að fyrir svona fyrirtæki er óþolandi staða að vera í lausu lofti með það hvort selja á fyrirtækið, hverjum á að selja fyrirtækið, fyrir hvað, hvað tekur það langan tíma o.s.frv. Það er nauðsynlegt fyrir starfsandann í fyrirtækinu, vinnu þeirra sem eru að stjórna fyrirtækinu, skipulagningu til framtíðar að það sé unnið hratt, ákveðið og örugglega.

Þá kemur næsta spurningin um verðið. Var það of hátt eða lágt? Ég hygg að það megi frekar segja að verðið hafi verið of hátt en of lágt. Ég hygg í rauninni að það megi segja það að verksmiðjan hafi verið seld á uppsprengdu verði ef eitthvað er og ég skal rökstyðja það.

Kaupverðið er 725 millj. Það er tekin yfir stór skuld upp á 800 millj. en berum síðan þetta verð saman við söluverð annarra verksmiðja sem hafa gengið kaupum og sölum á síðustu missirum. Verksmiðjan í Bolungarvík er í upphafi vertíðar seld á 50 millj. og kaupverðið meira og minna lánað. Og hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson er að standa að því að selja verksmiðju á Seyðisfirði, Hafsíldarverksmiðjuna, af Byggðastofnun á 64 millj. Og það er skuldlaust fyrirtæki. Það eru borgaðar bara 64 millj. fyrir allar eignirnar og engar skuldir yfirteknar. Og sama á Bolungarvík, 50 millj. og engar skuldir yfirteknar. Hérna erum við að tala um 725 millj. og yfirtaka á skuldum upp á 800 millj., (**Sjútvrh.:** 1.300 millj.) 1.300 millj., segir ráðherrann. Það er enginn smáræðismunur. Svo eru menn að tala um það að Síldarverksmiðjur ríkisins hafi verið seldar á útsölu.

Annað sem kemur inn í þessa mynd er það að þeir sem hafa vit á þessum rekstri og þessum fjárfestingum fullyrða það að erlendis megi fá notaðar verksmiðjur fyrir minni pening en verið er að setja núna í Síldarverksmiðjurnar og flytja þær hingað til lands og setja upp. (**SJS:** Já, eina kvörn.) Eina kvörn. Það er verið að tala um stóra verksmiðju sem hægt væri að kaupa fyrir sambærilegt verð. Ég hygg því að ef við skoðum bara gangverð þeirra verksmiðja sem hafa verið seldar á síðustu missirum þá geti enginn haldið því fram að það sé verið að selja Síldarverksmiðjur ríkisins fyrir eitthvert gjafverð, þvert á móti.

Næsta sem má tala um er hvernig var staðið að málunum við það að velja kaupendur. Nú verð ég að viðurkenna það að Haraldur í Andra er einn af mínum nánu, persónulegu vinum og ég á líka marga ágæta vini og samherja í hópi kaupendanna. (**GHelg:** Það er engin skömm að því.) En ráðherrann mat það þannig að Haraldur hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til þess að kaupa þetta fyrirtæki. Það var hans hlutverk að meta það og hann tekur á sig fulla ábyrgð af því mati, en ég hef líka sagt að ef Haraldur í Andra er óánægður með það og telur sig hafa verið hlunnfarinn þá á hann að sjálfsögðu líka fullan rétt á því að fara í mál, sem hann hefur og gert. Og úr því verður skorið fyrir dómstólum hvort ráðherrann hefur farið offari í því að meta það að Haraldur hefði ekki bolmagn til að kaupa verksmiðjuna og hvort hann hafi staðið að þessu með ósanngjörnum hætti.

Ráðherrann hefur tekið á sig fulla ábyrgð. Ég virði hans mat, en úrskurðurinn verður alltaf fyrir almennum dómstólum en ekki í einhverju pólitísku réttarhaldi í þessum sal.

Að lokum vil ég ræða um eitt. Að sjálfsögðu hlýtur Alþingi að hafa eftirlitshlutverk með því hvernig framkvæmdarvaldið stendur að þessum málum. Það getur enginn í sjálfu sér kvartað undan því að Alþingi taki þessi mál til meðferðar og gagnrýni ráðherrann ef því finnst ástæða til. Það er hlutverk Alþingis og menn verða að uppfylla þá skyldu sína sem þingmenn á löggjafarþinginu. Um annað er ekki að ræða.

En það þarf líka að huga að því að Síldarverksmiðjur ríkisins eru ekki eitthvert dautt apparat eins og steinn. Síldarverksmiðjur ríkisins eru lifandi fyrirtæki sem er í fjárfestingum, hyggst fara í fjárfestingar. Það þarf að endurnýja á Siglufirði. Það þarf að byggja upp verksmiðjurnar á Raufarhöfn og Reyðarfirði. Þetta er

fyrirtæki sem þarf að fara út á lánsfjármarkaðinn, jafnvel á erlendan lánsfjármarkað, til þess að afla sér lána til að byggja upp fyrirtækið. Þetta er fyrirtæki sem stendur í samningum um sölu á mjöli úti um allan heim og þetta er tiltölulega þröngur heimur í sjálfu sér þessi mjölbransi, eins og maður getur orðað það. Það skiptir miklu máli að meðan Alþingi er að rækta það hlutverk sitt að veita framkvæmdarvaldinu aðhald sé ekki gengið svo langt að það skaði fyrirtækið sjálft, að mennirnir sem stjórna fyrirtækinu og fólkið sem vinnur þar fái starfsfrið.

Það hefur verið kvartað undan því af hálfu þeirra sem eru að stjórna þessu fyrirtæki í dag og eru að reyna að halda uppi atvinnu víðs vegar um land og byggja fyrirtækið upp að þeir hafi því miður ekki haft nægilega góðan starfsfrið í þessu máli. Að það hafi verið þyrlað upp miklu, pólitísku moldviðri sem nái út yfir eðlilegt hlutverk löggjafarvaldsins að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Og ég vil biðja hv. þingmenn að veita vissulega framkvæmdarvaldinu aðhald en gera það af þeirri hófstillingu og með þeim hætti að það skaði ekki fyrirtækið sjálft því að ég get ekki ímyndað mér að það sé vilji eins einasta þingmanns að standa þannig að verki að fyrirtækið sjálft skaðist hvernig sem menn vilja koma til skila gagnrýni sinni á ráðherrann.

[21:15]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það undrar mig þegar hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir að meira að segja framsóknarmaður á Siglufirði sé hluthafi. Hvers lags ósvífni er þetta? Veit hann ekki að framsóknarmenn eru í hlutafélögum vítt og breitt um allt land í atvinnurekstri? Hvaðan er maðurinn að koma? Var það eitthvað svo stórkostlegt að það skyldi vera framsóknarmaður í hópnum? Ég vona að þeir séu fleiri, ég segi það hreint út.

Þetta segir nefnilega merkilega sögu. Það er hugsanlegt að á einum stað hafi verið farið yfir listann til að skoða þetta og merkja hvar menn væru í pólitík. Og fulltrúi Verslunarráðsins, hv. 5. þm. Norðurl. v., fór í að skoða þetta eftir að búið var að merkja. (**StG:** Og borið saman við kjörskrána.) Og borið saman við kjörskrána. Þetta er alveg furðulegt að hv. þm. skuli leyfa sér slíka ósvífni úr ræðustól og ég vona að það gerist aldrei aftur að menn fari að blanda pólitík inn í hlutafjárkaup hjá ríkinu.

[21:16]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kemur skrýtilega út þegar hv. þm. Ólafur Þórðarson er að tala um að það sé verið að blanda pólitík inn í þetta mál. En tildrögin að því að ég fór að líta á þennan lista eru þau að sessunautur minn á ská hinum megin við ganginn hér, hv. þm. Guðni Ágústsson, var að kalla til mín að hæstv. sjútvrh. hefði afhent kolkrabbanum fyrirtækið. Ég fór því að kíkja á þann lista sem innihélt nöfn hluthafa og ég verða að segja að ég sá þar marga vini mína og kunningja og þar á meðal ýmsa frá Siglufirði og frá öðrum stöðum á landinu og þar á meðal einn ágætan framsóknarmann á Siglufirði sem er ágætisvinur minn. Ég var bara mjög ánægður með það að sjá hans nafn á þessum lista. (**SvG:** Kolkrabbinn er ekki í Framsfl.)

[21:17]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hef ítrekað óskað eftir skilgreiningu kolkrabbanum. Hvað er það sem menn eru að tala um þegar þeir tala um kolkrabba? Hvað á ræðumaður við? Hæstv. sjútvrh. upplýsir það ekki hvað hann á við þegar hann talar um kolkrabbann. Hv. 5. þm. Norðurl. v. talar um hann eins og einhvern einkavin sinn sem þurfi ekki að skilgreina frekar, hvorki búsetu, nafnnúmer eða nokkurn skapaðan hlut, það er bara kolkrabbinn. Og það er orðið tímabært að þeir fari að gera grein fyrir því hvaða skepna þessi kolkrabbi er þannig að við hinir komumst inn í umræðuna.

[21:18]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var sessunautur minn sem var að gauka þessu að mér og ég er bara búinn að fá ágæta skýringu á því hvað kolkrabbinn er. Það er þessi listi, hérna er hann.

[21:19]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það komu hér fram tvær alveg ótrúlegar fullyrðingar í máli hv. þm. Vilhjálms Egilssonar. Sú fyrri var réttlæting hans á því að halda brunaútsölu á fyrirtækinu eins og lífið lægi við að selja það bara einn, tveir, þrír. Og að bera það á borð að það séu skynsamleg vinnubrögð að neita sterkum áhugaaðilum eins og Akureyrarbæ um nokkurra daga frest gengur ekki upp, hvorki í markaðslegu tilliti né á nokkurn hátt. Það vita allir. Þá gengur mönnum eitthvað annað til en að fá hæsta verð fyrir fyrirtækið.

Svo kom þetta með verðið. Að það mætti í raun og veru segja að fyrirtækið hefði verið selt á uppsprengdu verði og alveg bara óskaplegt hvernig farið hefði verið með þessa menn að okra svona á þeim og fyrirtækinu. Að heyra það sagt og rökin sem hv. þm. flutti voru náttúrlega alveg ótrúleg þegar staðreyndin liggur á borðinu að ríkið hafði nettó 130 millj. kr. út úr því að afhenda þetta mikla fyrirtæki með endurstofnverði upp á líklega 4 milljarða kr. og splunkunýjar verksmiðjur eins og á Seyðisfirði og afkastamestu verksmiðju landsins eins og á Siglufirði. Þetta er þvílíkt fleipur og þvílíkur málflutningur að ég held að hv. þm. ætti ekki að segja meira í þessari umræðu.

[21:20]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra hefur skýrt hér ágætlega hvernig málin stóðu af sér með Akureyrarbæ og ég ætla ekki að endurtaka það.

En út af verðlagningunni vil ég bara minna hv. þm. á það að við fórum tveir saman í ferðalag austur á firði á vegum sjútvn. og þar komum við í loðnuverksmiðju á Eskifirði sem var verið að endurnýja. Það var verið að setja í hana 200–300 millj. kr. fjárfestingu. Þá var verið að tala um nýjan þurrkara til þess að búa til svo-

kallað hágæðamjöl. Ég fullyrði það að með því að setja sambærilegan pening t.d. í verksmiðjuna á Bolungarvík sem leggur sig á 50 millj. í Hafsíldarverksmiðjuna á Seyðisfirði sem leggur sig á 64 millj., þar af 4 millj. borgaðar út og hitt á 10 árum, þá væri hægt að ná mjög góðri og frambærilegri verksmiðju sem framleiddi af svipuðum styrk og Seyðisfjarðarverksmiðjan.

[21:21]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta er auðvitað algjör fjarstæða. Hv. þm. veit greinilega ekkert hvað hann er að tala um. Það að bera þetta saman við kaup á t.d. þurrkara inn í fullbyggða verksmiðju, einu tæki inn í framleiðslurásina, eru gersamlega ósambærilegir hlutir. Ég held að hv. þm. ætti að kynna sér hvað það kostar að byggja Seyðisfjörð upp. Ætli það sé ekki bara í nágrenni við milljað kr. eða rúmlega það? Þar stendur það mikla mannvirki klárt. Það að kaupa einn og einn þurrkara eða eina og eina kvörn eða eina og eina pressu inn í verksmiðju sem að öðru leyti er fullbyggð eru bara ósambærilegir hlutir. Bæði Hafsíld á Seyðisfirði og Bolungarvíkurverksmiðjan eru verksmiðjur sem þarfnast mjög gagngerrar enduruppbyggingar ef þær eiga að komast í sambærilegt horf hvað gæði snertir og hinar. Og bara til að fara aftur með þessar tölur, hæstv. forseti, um verðlagninguna, þá er þetta svona: Kaupverðið er 730 millj. Yfirteknar skuldir upp á 520 eða þar um bil. 65 millj. í arð í viðbót og 15 millj. í einkavæðingarkostnað. Eftir standa 130 millj. sem ríkið fær nettó. Og er það uppsprengt verð, hv. þm.? 130 millj. fyrir þetta mikla fyrirtæki?

[21:23]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hvar hv. þm. hefur verið þegar við löbbuðum saman í gegnum verksmiðjuna á Eskifirði. Það var verið að gera þar miklu meira heldur en að skipta um þurrkara, hv. þm. Það var verið að gera gagngerar breytingar á þeirri verksmiðju til þess að gera henni kleift að framleiða hágæðamjöl. Það var verið að setja í þessa verksmiðju 200–300 millj. til þess að gera hana í stand til að vera samkeppnisfær. Ég fullyrði að það væri hægt að gera Hafsíldarverksmiðjuna og Bolungarvíkurverksmiðjuna klárar í hágæðamjölsframleiðslu fyrir svipaðan pening. Þetta eru algerlega pottþétt rök og pottþéttar staðreyndir fyrir því að sýna fram á það að kaupverðið á SR var frekar of hátt heldur en of lágt. Styrkur SR liggur nefnilega ekki í hverri einni verksmiðju um sig, heldur í því að þetta er keðja af verksmiðjum sem hægt er að reka saman með miklu rekstraröryggi allt eftir því hvernig loðnan gengur á hverri vertíð.

[21:24]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 5. þm. Norðurl. v. lagði á það áherslu, og þykir mér það vel, að löggjafarvaldið ætti að hafa eftirlit með framkvæmdarvaldinu. Ég vil benda á að það væri náttúrlega langeðlilegast að Ríkisendurskoðun gæfi umsagnir um slíka sölu áður en sala fer fram. Þannig á eftirlitið að vera. En það vildi svo til að því var hafnað og því er nú verr. En ég fagna því sannarlega að hv. 5. þm. Norðurl. v. telur að eftirlitshlutverk Alþingis eigi að vera, en þannig hefði það átt að fara fram.

[21:25]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Þessar umræður hafa á marga lund verið mjög fróðlegar, einkanlega fyrir þær sakir hversu sannfærðir sumir þingmenn virðast vera um það að unnt hefði verið að ná fram betri kosti og betri kjörum en gert var með sölunni á Síldarverksmiðjum ríkisins. Það er athyglisvert í ljósi þess að við höfum áratuga reynslu fyrir því hvað það þýðir ef fyrirtæki eru rekin með þeim hætti að á bak við þau standa ekki sterkir eigendur sem eru reiðubúnir til þess að leggja fé af mörkum ef hallar undan fæti. Við getum litið í kringum okkur, við getum farið hingað til Reykjavíkur, við getum farið um landið allt.

Ég hygg að ef við byrjum á þeim punkti sé það sennilegt að samstilltur og heilsteyptur hópur hefði staðið að baki nýju fyrirtæki á grunni Síldarverksmiðja ríkisins ef efnt hefði verið til almennra útboða á hlutabréfamarkaði eins og hér var gefið í skyn áðan. Og er líklegt að frv. af því tagi hefði náð samþykki hér á Alþingi? Er líklegt að þingmenn sem eru kunnugir atvinnuháttum, eru kunnugir atvinnusögu og þekkja vel til á einhæfum sjávarplássum — vegna þess að ég heyrði að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon talaði um útsölu, er trúlegt að hann eða einhver annar þingmaður hér hefði verið reiðubúinn til þess að ríkið hefði í einu vetfangi skorast undan þeirri miklu ábyrgð sem það hefur með því að hafa rekið þessar verksmiðjur sem opinberar verksmiðjur í 63 ár, er það þá þeirra skoðun að ríkið geti undir slíkum kringumstæðum kastað fyrirtækinu á markaðinn og látið sig engu skipta hverjir það eru sem hefðu kosið að kaupa einstök hlutabréf? (**SJS:** Hver er að segja það?) Mér heyrðist það á hv. þm. Steingrími Sigfússyni. Er það líklegt? (**SJS:** Kjaftæði.) Hann segir kjaftæði.

Nú er það svo að ef við horfum til þeirrar síldarverksmiðju sem er á Þórshöfn sem hv. þm. ber mjög fyrir brjósti, þá er það að vísu rétt að Síldarverksmiðjur ríkisins hlupu undir bagga með þeirri verksmiðju á sínum tíma og það var mjög gagnlegt og átti m.a. þátt í því að styrkja undirstöður þess. Með sama hætti var svo niðurstaðan hjá síðustu ríkisstjórn meðan Ólafur Ragnar Grímsson var fjmrh. ...

(**Forseti** (SalÞ): Hv. þm.)

að bjóða fram sérstök kostakjör á Siglufirði til þess að fyrirtækið sem þar er gæti fengið styrk af mönnum sem hafa mikla reynslu af útgerð og fiskvinnslu, mönnum sem hafa síðan sýnt sig í því að reka það fyrirtæki til mikillar fyrirmyndar þannig að það er enginn vafi á því eftir á að hyggja að sú fórn sem ríkið færði þar var á rökum reist. Með hvaða hugarfari aftur stofnað var til þeirra viðskipta veit ég ekki, en eitthvað var verið að reyna að verja það með því að keyptar voru eignir í Reykjavík skömmu síðar af Sláturfélagi Suðurlands og var hluti söluverðsins ónýtir skúrar hér í Reykjavík þannig að undir þeim kringumstæðum var áreiðanlega

um það að ræða að ríkið tók þátt í viðskiptum sem ekki eru venjuleg eða tíðkast á hinum almenna hlutabréfamarkaði ef framsóknarmenn og alþýðubandalagsmenn vilja halda sig við það.

Það var sem sagt alveg ljóst hér á Alþingi þegar við vorum að tala um það að einkavæða Síldarverksmiðjur ríkisins að til grundvallar yrði að liggja í fyrsta lagi að það yrði áfram sæmilegt atvinnuöryggi í þeim sjávarplássum þar sem Síldarverksmiðjurnar höfðu haslað sér völl. Þá er ég bæði að tala um Seyðisfjörð, ég er að tala um Siglufjörð, ég er að tala um Raufarhöfn, svo að ég taki hinar stærstu.

Það var alveg ljóst í öðru lagi við þær umræður að enginn þingmaður var reiðubúinn til að lýsa því yfir þá að ekki væri eðlilegt að taka tillit til vilja verkalýðshreyfingarinnar á viðkomandi stöðum, til starfsmanna Síldarverksmiðjanna á þessum stöðum eða til vilja sveitarfélaganna á þessum stöðum. Og það var líka alveg ljóst í þeim mörgu viðræðum sem hafa átt sér stað, m.a. við Raufarhafnarbúa og líka á Seyðisfirði, um það að ef þessar verksmiðjur hyrfu úr ríkiseign væri þýðingarmikið að fá til þess að taka þátt í áframhaldandi rekstri ýmsa þá útgerðarmenn sem eiga yfir loðnuskipum og loðnukvóta að ráða. Þessa alls var gætt. Það er ekki ein einasta gagnrýnisrödd hér inni um það að þessi viðskipti hafi haft það í för með sér að verið væri að stofna sveitarfélögum í hættu, að verið væri að stofna atvinnu fólks í hættu, að hér sé ævintýramennska á ferðinni vegna þess að hinir nýju eigendur standi ekki undir þeim sjálfsögðu kröfum sem óhjákvæmilegt er að gera til slíkra viðskipta.

Ég vil líka minna á annað atriði. Síldarverksmiðjur ríkisins voru á sínum tíma stofnaðar til þess að tryggja það að þessi rekstur yrði í íslenskum höndum. Og þegar við lítum á hinn mikla fjölda hluthafa í SR nú sjáum við að fyrir því er mjög vel séð að yfirráð þessara mikilvægu framleiðslutækja séu bæði beint og alls ekki óbeint í eigu íslenskra aðila. Þar er ekki farið í kringum neitt. Þar er gengið hreint til verks. Á bak við það stendur sú samstaða lífeyrissjóða og verkalýðsfélaga sem stóðu að þessum kaupum. Og það er sannast sagna undarlegt þegar umræður af þessu tagi vakna hér á Alþingi að þeir alþingismenn sem taka til máls skuli ekki ræða málið út frá þessum sjálfsagða grundvelli.

Við höfum fyrir okkur dæmi um fyrirtæki sem ríkið hafði átt meirihlutaaðild í, eigum við að segja um aldarfjórðung eða eigum við að láta okkur nægja að segja síðan 1971 eða svo, og þá er ég að tala um Slippstöðina á Akureyri. Þegar erfiðleikar komu upp í því fyrirtæki kom fljótt og snöggt í ljós að það var ekki mikil trygging fyrir þá sem þá unnu að eignaraðilinn var sterkur, ríkið sjálft. Ég hygg að sama niðurstaðan sé hjá þeim sem vildu halda því fram á sínum tíma að það væri þó eitt sem mætti ganga út frá í sambandi við samvinnuhreyfinguna, að atvinnutækifærin hlypu ekki burtu því að samvinnuhreyfingin yrði kyrr á sínum stað. Við getum horft í kringum okkur. Okkur er kunnugt um það að ýmislegt hefur verið brallað og það hefur ýmislegt verið gert til þess að reyna að treysta og standa á bak við þann rekstur. En við sjáum líka að í því rekstrarformi var sá veikleiki sem ekki getur staðist í nútímaþjóðfélagi og er óþarfi að hafa um það mörg orð.

Í sambandi við Síldarverksmiðjur ríkisins aftur á móti horfir málið þannig við að þar eru einstaklingar, þar eru sjóðir og þar er á bak við sterkt afl sem hefur ráð á því ef erfiðleikar koma upp að standa á bak við þetta fyrirtæki í þeim erfiða rekstri sem stundum kemur í sambandi við loðnuveiðarnar og loðnuvinnsluna í heild. Áhættan er svo mikil í sambandi við loðnuna að tekin var ákvörðun um það hér á Alþingi að sú sérstaða skyldi gilda um loðnubáta vegna þess að það væri óvíst að loðnan héldist við landið að heimilt yrði að taka kvóta frá þorskveiðibátum til þess að afhenda loðnubátunum ef loðnan skyldi hverfa. Og auðvitað var það ekki gert hugsunarlaust, enda kemur það fram í máli þeirra manna sem hafa metið söluverð loðnuverksmiðjanna að hér er um áhættusaman rekstur að ræða, kannski einhvern áhættusamasta rekstur sem við vitum um í landinu.

Það er auðvitað alveg rétt, vegna þess að við erum að tala hér um hið gamla fyrirtæki, Síldarverksmiðjur ríkisins, sem því miður eru ekki jafneignasterkt fyrirtæki og maður hafði vonast til, að auðvitað er skýringin þessi mikla áhætta, ekki aðeins í loðnunni heldur líka í síldinni áður. Eða eru þingmenn hér að gera því skóna að þeir muni ekki eftir því þegar loðnuveiðar voru með öllu bannaðar hér á landi? Þykjast þingmenn ekki lengur muna eftir því? Það gefur alveg auga leið að hér er um áhættusaman rekstur að ræða, og það gefur líka auga leið að spurningin stóð um það hvort þeir sterku aðilar sem komu að þessu máli væru reiðubúnir til þess að kaupa Síldarverksmiðjur ríkisins við því verði sem þær voru seldar eða ekki. Því er spurningin þessi, og það er ekki hægt að leggja hana öðruvísi fyrir nema vera óheiðarlegur: Eru þingmenn hérna inni sem hefðu kosið að einhverjir aðrir, þótt verðið hefði kannski verið 10 eða 15 millj. hærra, hefðu komið að verksmiðjunni eða stendur vilji þingmanna hér til þess að sá samstæði og breiði hópur sem kemur að þessu máli fái að spreyta sig á þessu verkefni sem er upp á líf og dauða fyrir þetta fólk sjálft? Auðvitað vitum við að hver þingmaður hér sem hefði komið að málinu fyrir fram, áður, þá hefðu menn ekki talað svona gegn þessum viðskiptum. Halda menn að þingmaður á Austurlandi hefði talað gegn því að lífeyrissjóðirnir þar kæmu með þessum hætti inn í atvinnulífið til þess að tryggja atvinnugrundvöllinn á Austurlandi? Halda menn að þingmenn á Norðurlandi eystra mundu mótmæla þessum kaupum, mótmæla því að verkalýðshreyfingin sjálf komi með þessum hætti að því að styrkja atvinnugrundvöllinn? Eða hvers vegna skyldi það vera að jafnvel Lífeyrissjóður Dagsbrúnar kemur að þessu máli? Ber það vott um að að sé einhver spilling í þessu máli? (Gripið fram í.) Auðvitað ber það ekki vott um það. (Gripið fram í.) Hitt er svo annað mál, vegna þess að Svavar Gestsson grípur hér fram í,

(**Forseti** (SalÞ): Hv. þm.)

að það hefði verið nokkurn veginn sama (**SvG:** Hver var að mótmæla ...?)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki frammíköll.)

það má vera að það sé nokkurn veginn sama, Svavar Gestsson,

(**Forseti** (SalÞ)**:** Hv. þm.)

á hvaða tíma rætt hefði verið um það við þá menn sem ungir hölluðust að þeim hugsjónum sem voru austan járntjalds og fóru þar til mennta — ég heyri að hv. þm. Guðrún Helgadóttir hlær líka — þetta hafa nú ekki verið þeir þingmenn sem hafa talað af mestri þekkingu, bjartsýni og raunsæi um einkarekstur í landinu og atvinnulífið yfir höfuð að tala, þannig að þó að þessir þingmenn sem ánetjuðust sósíalismanum í æsku sinni og hafa ekki getað hreinsað sig af honum, þótt þessir þingmenn séu á móti því að við stöndum fyrir einkavæðingu og við viljum standa fyrir því að fyrirtæki séu vel rekin, að við viljum standa fyrir því að þau geti greitt eðlilega skatta til ríkisins og staðið undir traustu atvinnulífi, þótt menn af þessu tagi með þessar skoðanir og þessar hugsjónir og þetta uppeldi séu því andvígir, þá kemur það og þarf ekki að koma neinum manni á óvart.

Kjarni málsins er auðvitað sá að í þessari umræðu erum við öðrum þræði að tala um lífsskoðanir. Við erum öðrum þræði að tala um það hvort við viljum horfa raunsætt á það erfiða rekstrarumhverfi sem nútíminn býður upp á. Það gefur auga leið að þegar við erum að verja Síldarverksmiðjur ríkisins og þá miklu tryggingu sem í því felst að sú verksmiðja sé í réttum höndum, þá er það auðvitað bæði í anda sjálfstæðisstefnunnar, það er í anda frjáls markaðsbúskapar og það er líka í þeim anda að menn beri virðingu fyrir sögunni, beri virðingu fyrir þeim atvinnurekstri sem byggður er upp á þessum stöðum og tali hvorki né geri eitthvað í þeim efnum sem geti með einhverjum hætti skert atvinnuöryggi þessa fólks og spillt eigum þeirra.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fjórir hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar og verður tímanum skipt þannig að hver fær eina mínútu í hvort sinn.

[21:40]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Þessi ræða hæstv. landbrh. var nú með þvílíkum eindæmum að henni verður ekki svarað í stuttu andsvari. Hæstv. ráðherra byrjaði á því að bera mönnum það á brýn að þeir vildu kasta fyrirtækinu á markað og hélt um það mikla tölu í upphafi hvílíkt ábyrgðarleysi það væri, endaði svo á því að fara hér með ástarjátningu til frjáls markaðsbúskapar og einkavæðingar. Þannig var samfellan í málflutningnum.

Loðnuverksmiðja Hraðfrystistöðvar Þórshafnar er þessu máli óviðkomandi. Það er rangt sem hæstv. ráðherra sagði að menn hefðu fengið einhvern sérstakan stuðning við uppbyggingu hennar frá Síldarverksmiðjum ríkisins. Sú verksmiðja var keypt af heimamönnum og byggð upp af þeim.

Gagnrýni mín og reyndar annarra sem ég hef heyrt tala hér í dag beinist ekki að því að þessir kaupendur hafi ekki verið jafngóðir öðrum eða jafnvel betri til að kaupa fyrirtækið. Málið snýst ekki um það, hæstv. landbrh. Það væri til tilbreytingar gott fyrir hæstv. ráðherra að hlusta einu sinni á það sem sagt er í þessum umræðum. Málið snýst um það hvernig að þessu var staðið. Málið snýst um málsmeðferð. Það er hún sem Ríkisendurskoðun og þingmenn hér hafa gagnrýnt en ekki hverjir eru kaupendurnir.

[21:41]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Það liggur alveg ljóst fyrir að hér er verið að ræða um kaupin og söluna á Síldarverksmiðjum ríkisins. Það er umræðuefnið. (**SJS:** Það er rétt.) Ef hv. þm. er andvígur því að þetta fólk, þessir aðilar, verkalýðshreyfingin, útgerðarmennirnir, verkamennirnir fengu þessa verksmiðju með þessum kjörum og þessum skilmálum, þá á hann að segja það opinskátt en ekki að reyna að fela sig. Staðreyndin er sú að þetta verð er hátt. Staðreyndin er sú að Síldarverksmiðjur ríkisins er mikill áhætturekstur eins og sést best á því að ríkissjóður varð að hlaupa undir bagga með þessum rekstri með 400 millj. kr. nú nýlega. Auðvitað sýnir þetta áhættuna.

Það sýnir líka áhættuna að hér varð að banna loðnuveiðar með öllu til þess að byggja þann stofn upp á nýjan leik þannig að þetta er áhætturekstur. Það sem hv. stjórnarandstaða er að reyna að gera er auðvitað að grugga vatnið en hún þorir hins vegar ekki að koma hreint fram í málinu.

[21:42]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)***:**

Það er nú, hæstv. forseti, langt síðan legið hefur svona mikið við hjá hv. þm. Engeyjarættarinnar að tala í máli hér á Alþingi,

(**Forseti** (SalÞ)**:** Hæstv. ráðherra.

hæstv. ráðherra, með þessum tilþrifum sem hér gerist og spyr svo ef menn séu á móti því að þetta fólk, þessir aðilar fái að kaupa fyrirtækið, þá eigi þeir að segja það hreint út. Það er margbúið að segja það hér, bæði af mér og öðrum, að málið snýst ekki um það. Hins vegar er það greinilegt að málstaður íhaldsins er svo lélegur að þeir hafa þá einu vörn fram að færa hér vegna þeirrar réttmætu gagnrýni á málsmeðferðina sem hefur fram komið að reyna að snúa þessu upp í deilu um það hvort þessir aðilar eða einhverjir aðrir hafi átt að kaupa fyrirtækið. Málið snýst bara alls ekki um það. Það hafa allir tekið fram. Þetta er ónýt málsvörn, hæstv. ráðherra, gjörsamlega ónýt. Og ég tel það vera til afhjúpunar á afspyrnulélegum málstað gagnvart þeirri gagnrýni sem fram hefur komið að reyna að snúa út úr málinu með þessum hætti. Það hefur enginn maður í þessum umræðum gagnrýnt það út af fyrir sig að kaupendahópurinn væri samsettur með þessum hætti (Forseti hringir.) og þetta eru upp til hópa sómamenn og ágætis útgerðir o.s.frv. og gott að starfsfólkið sé þarna með o.s.frv., o.s.frv. En málið snýst ekki um það og reyndu ekki, hæstv. ráðherra, að snúa svona endalaust út úr í þeim efnum.

[21:44]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það lá fyrir að þessi hópur var ekki reiðubúinn til þess að greiða meira enda var verðið hærra en áður hafði verið búist við og það lá alveg ljóst fyrir að þessi hópur hefði ekki keypt verksmiðjurnar hærra verði. Spurningin er þess vegna bara sú hvort menn vildu selja þessum hópi verksmiðjurnar við þessu verði eða ekki. Við höfum heyrt það sem hv. þm. Steingrímur Sigfússon segir. Hann segir að það hafi átt að standa öðruvísi að þessu, það hafi átt að reyna að fá meira fyrir það. Þá hvarf þessi hópur frá sem þýðir á mæltu máli, ef menn eru hreinskilnir við sjálfa sig og reyna ekki að hlaupa frá staðreyndum, að hann vildi að aðrir menn yrðu kvaddir til fremur heldur en að selja þessum hópi verksmiðjuna við þessu verði.

[21:45]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hygg að hæstv. landbrh. hafi flutt einhverja sérstæðustu ræðu sem hann hefur nokkurn tíma flutt. Öll ræðan fór í að sanna að það væru tveir Jónar í þessu landi, Jón og séra Jón. Og í þessu tilfelli hefði það verið séra Jón, hinn rétti sem hefði fengið þetta. Öll ræðan fellur um sjálfa sig nema hæstv. ráðherra vilji lýsa því hér yfir úr ræðustól að það hafi verið óæskilegt að Akureyrarbær keypti verksmiðjurnar ásamt öðrum aðilum. Þar eru verkamenn. Þar eru útgerðarmenn, þar er venjulegt fólk. Er hæstv. ráðherra reiðubúinn að lýsa því yfir að það hafi verið venjulegir Jónar og það hafi verið óæskilegt að þeir keyptu? Ég bíð eftir svarinu og ég vil heyra það svar.

[21:46]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þeir sem stóðu að kaupum á Síldarverksmiðjum ríkisins við þessu verði — mönnum var frjálst að koma að því tilboði eins og tilboðið ber með sér þannig að þarna var ekki um lokaðan hóp að tefla og það er hv. þm. mjög vel kunnugt.

[21:46]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Nú eru vonbrigðin mikil. Bæði hæstv. samgrh. og landbrh. brast kjark til að svara einfaldri spurningu. Það hefði verið betra að fara ekkert í stólinn heldur en að leggja á flótta undan þeirri einföldu spurningu: Var Akureyrarbær óæskilegur kaupandi? Það er það sem var inntakið í allri ræðunni sem hæstv. ráðherra flutti hér áðan. Þetta er vopnaburður, hæstv. ráðherra, sem ekki gengur upp. Menn þora að segja eitt og annað. Ég hélt að hæstv. ráðherra þyrði að lýsa því yfir að hann væri á móti því að Akureyrarbær keypti á þeirri forsendu að það væri sósíalismi eða eitthvað því um líkt.

[21:47]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að hv. þm. viti það jafn vel og ég að auðvitað kom það ekki til greina að Akureyrarbær einn keypti Síldarverksmiðjur ríkisins. Auðvitað kom það ekki til greina eins og þær lögðu sig. Þeir fjármunir sem til þess hefði þurft væru slíkir að auðvitað kom það ekki til greina eins og á stóð.

[21:48]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. foreti. Getur það verið að menn láti sig það engu skipta hverjir fá að kaupa Síldarverksmiðjur ríkisins? sagði hæstv. ráðherra hér áðan. Og síðan talaði hann um að það hefði verið mjög mikilvægt og eitt það mikilvægasta af þessu öllu að þetta lenti í réttum höndum.

Ég held að það sé ástæða til að velta því fyrir sér hvort skýringanna á því hvernig með þetta mál var farið sé að leita í orðum eins og þessum. Hér í skýrslunni um SR-mjöl segir t.d. þar sem vitnað er í stjórn fyrirtækisins:

„Ekki er útilokað að aðrir fjárfestar, t.d. stórfyrirtæki og lífeyrissjóðir svo einhverjir séu nefndir, hafi áhuga á að hasla sér völl á nýju sviði. Sveitarstjórnir Reyðarfjarðar og Raufarhafnar hafa lýst því yfir að ef brjóta eigi fyrirtækið upp (sem sveitarfélögin eru reyndar alfarið á móti) hafi þau áhuga á „sinni" verksmiðju. Hins vegar má velta fyrir sér þeirri spurningu hvort það flokkist undir einkavæðingu að sveitarfélög kaupi SR-mjöl hf."

Gæti það nú verið að ástæðuna fyrir því að ekki mátti skoða tilboð frá Akureyrarbæ væri að finna í þessari skoðun stjórnar Síldarverkmsiðja ríkisins?

[21:49]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það voru viss rök sem gátu hnigið að því að Síldarverksmiðjur ríkisins yrðu ekki seldar allar í einu lagi. Það var auðvitað hugsanlegt að selja þær líka þannig að Síldarverksmiðjurnar á Siglufirði yrðu boðnar út sérstaklega og einnig á Raufarhöfn o.s.frv. Auðvitað var það hugsanlegt. Aðalatriðið í þessu máli er að sveitarfélögin á þeim stöðum þar sem Síldarverksmiðjurnar eru komu að þessu máli, verkalýðshreyfingin kom að þessu máli og það er búið að byggja upp mjög trausta samsteypu sem á að tryggja hvort tveggja í senn að verksmiðjan verði rekin og eins hitt að íslenskir sjómenn sitji þar við sambærilegt borð og íslenskir útgerðarmenn þannig að íslenskir hagsmunir eru tryggðir.

[21:50]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér finnst liggja í orðum hæstv. ráðherra að hann hafi ekki treyst forgöngumönnum Akureyrarbæjar fyrir því að leiða slíka samsetningu hóps sem ætti að fá að kaupa Síldarverksmiðjur ríkisins. Það virðist liggja nokkuð ljóst fyrir að það sé niðurstaðan af þeim orðræðum sem hafa farið hér fram um þetta mál.

[21:51]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef hlustað með athygli á þess-

ar umræður allar frá því í dag þangað til núna og það hefur margt merkilegt komið fram. En það langmerkilegasta er í raun og veru ræða hæstv. landbrh. og samgrh. og árásir hans á mig og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur persónulega hér áðan sýndu bara það að hæstv. ráðherra hefur vonda samvisku í þessu máli. Það sem hann hefur verið að segja hér í allt kvöld er það að hann treystir ekki fulltrúum Sjálfstfl. í bæjarstjórn Akureyrar til að meta það hvað er Akureyrarbæ fyrir bestu og það er auðvitað alveg kostulegt að reyna að breiða yfir vantraust sitt á flokksfélögum sínum með þessum ómerkilegu árásum á mig og hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem allt í einu gaus hér upp úr hæstv. ráðherra áðan.

Það stendur svo upp úr, hæstv. forseti, í þessari umræðu allri sá veruleiki að ekki einu einasta orði í ábendingum Ríkisendurskoðunar hefur verið haggað, ekki einu einasta orði. Og ég skora á þingmenn að lesa einmitt þessar athugasemdir yfir og sjá að þær standa allar að fullu og það er það auðvitað líka sem veldur hæstv. ráðherra þessum innantökum sem birtast hér í ræðustólnum með þeim hætti að hann minnir á ekki neitt nema sjálfan sig fyrir fjórum árum eða svo.

[21:52]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er athyglisvert að heyra það þegar hv. þm. Svavar Gestsson kallar það persónulegar árásir þegar rifjað er upp hversu hraustlega og djarflega hann á sínum yngri árum barðist fyrir sósíalisma. (**GHelg:** Ég líka.) Og hv. þm. Guðrún Helgadóttir og er kannski svolítið undarlegt að þessir hv. þm. skuli ekki einmitt þakka fyrir það að einhver skuli muna eftir þeirra góðu frammistöðu. En skýringin er kannski sú að þeir finna nú eftir á að þar hafi verið falskur strengur sleginn (**GHelg:** Langt í frá.) og átti sig á því að sá mikli sálmasöngur sem þá kvað við af þeirra munni á nótum Þjóðviljans hafi kannski ekki allur verið hreinn.

Hitt er svo örlítið skemmtilegt og gaman að því þegar menn eru hér að reyna að eggja mig með því að þeir Akureyringar skuli ekki hafa keypt Síldarverksmiðjur ríkisins. Þeim stóð það áreiðanlega til boða eins og öðrum að hafa samband við þennan hóp. Það liggur fyrir að Akureyrarbær hefur lagt mjög mikið fjármagn til atvinnurekstrar og fyrirtækja nú á síðustu missirum. (Forseti hringir.) Ég hef ekki rætt það sérstaklega en ég hygg að hann hafi ekki verið aflögufær um þær fjárhæðir sem hv. þm. Alþb. ætluðust til að fá fyrir Síldarverksmiðjur ríkisins.

[21:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sú forræðishyggja sem birtist hér í ræðum hæstv. landbrh. (**ÓÞÞ:** Sósíalismi.) að hafa vit fyrir bæjarstjórnarmönnum Sjálfstfl. á Akureyri er auðvitað alveg með ólíkindum. Aðalatriðið er það sem ég benti hér á áðan og hæstv. ráðherra hefur ekki treyst sér til að svara einu einasta orði, aðalatriðið þetta: Allar ábendingar Ríkisendurskoðunar standa. Hverjir segja það? Stjórnarandstæðingar segja það, en það segir líka hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, 6. þm. Norðurl. e. sem þekkir gjörla til í þessu máli og er auk þess formaður fjárlnefndar. Sjálfstfl. stendur aleinn og berstrípaður í þessu máli. Það er niðurstaða umræðunnar, hæstv. forseti.

[21:55]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þessi síðasta ræða hv. þm. Svavars Gestssonar var að því leyti sérstök að hann vék ekki einu einasta orði að því frekar en aðrir stjórnarandstæðingar hér að Síldarverksmiðjur ríkisins eru mjög traust fyrirtæki, sterkt fyrirtæki eins og þær eru byggðar upp. Það kom raunar líka fram í hans máli áðan að hann treysti sér ekki til að gagnrýna það hverjir komust að Síldarverksmiðjunum og að það sé vel staðið að málum. Hins vegar eru þessar örökstuddu aðdróttanir hv. þm., ég vil ekki segja óvenjulegar hér í þingsölum, en þær falla dauðar niður. Það er búið að hrekja skýrslu Ríkisendurskoðunar lið fyrir lið, ekki einungis af pólitískum ráðherrum heldur einnig af öðrum mönnum sem að þessu hafa komið. Þannig er nú staðreyndin í málinu. Síldarverksmiðjur ríkisins eru í góðum höndum. Þeir menn sem hjá þeim vinna finna að í þeim er meiri styrkur en áður og eru öruggari um atvinnu sína og atvinnuöryggi. (**SvG:** Hringdu norður.)

Útbýting þingskjala:

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, 23. mál, nál. menntmn., þskj. 1147; brtt. menntmn., þskj. 1148.

Happdrætti Háskóla Íslands, 445. mál, nál. meiri hluta allshn., þskj. 1158; brtt. allshn., þskj. 1159.

Leikskólar, 550. mál, nál. menntmn., þskj. 1153; brtt. menntmn., þskj. 1154; brtt. ÓÞÞ, þskj. 1155.

Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, 238. mál, nál. menntmn., þskj. 1149; brtt. menntmn., þskj. 1150.

Náttúrufræðikennsla og sveitadvöl nemenda, 451. mál, nál. menntmn., þskj. 1151; brtt. menntmn., þskj. 1152.

Söfnunarkassar, 446. mál, nál. allshn., þskj. 1156; brtt. allshn., þskj. 1157.

[21:57]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Allt frá því að lög nr. 20/1993, um stofnun hlutafélags um Síldarverksmiðjur ríkisins, voru samþykkt hér á Alþingi var ljóst að um sölu hlutabréfa fyrirtækisins yrðu deilur. Í atkvæðaskýringum við afgreiðslu málsins á síðasta ári kom fram hjá hv. 1. þm. Norðurl. v. að verið væri að splundra þjóðþrifafyrirtæki sem á undanförnum áratugum hefði malað þjóðarbúinu gull. Þá kom fram hjá hv. þm. að hann spáði óvissu í þeim byggðarlögum sem Síldarverksmiðjurnar hafa starfað í og verið þar burðarás atvinnulífsins og öryggi starfsmanna yrði stefnt í hættu. Á þessari stundu bendir ekkert til þess að þær hrakspár rætist, því starfsmenn, sveitarfélög, viðskiptamenn, lífeyrissjóðir og fleiri úr þeim byggðum þar sem verk-

smiðjurnar eru reknar hafa orði eigendur hluta í fyrirtækinu. Það bendir vissulega til þess að þeir aðilar sem eiga svo mikið undir þessum rekstri treysta þeim hópi sem fer fyrir eigendum fyrirtækisins.

Í samræmi við 3. gr. laganna um SR-mjöl hf. var hlutafélag fyrirtækisins selt eins og hv. þm. vita. Í skýrslu hæstv. sjútvrh. sem hér liggur fyrir og í ræðu hæstv. ráðherra hér fyrr í dag var gerð ítarleg grein fyrir aðdraganda, öllum undirbúningi og viðbrögðum ráðuneytisins við þeirri gagnrýni sem hefur komið fram vegna sölunnar. Þá liggja fyrir skýrslur um málið hjá hv. fjárln. hjá Ríkisendurskoðun og þeim sem að sölu hlutabréfanna stóðu fyrir hönd sjútvrn. Öll þessi gögn eru mikilvæg til þess að við þingmenn getum sem best áttað okkur á því hvað megi betur fara við framkvæmd sölu ríkisfyrirtækja sem munu verða seld á næstu mánuðum og næstu árum.

Í samræmi við þingsköp og lög um Ríkisendurskoðun óskaði fjárln. eftir því að Ríkisendurskoðun athugaði hvernig staðið var að undirbúningi og sölu á hlutabréfum SR-mjöls hf. Sú samþykkt var gerð vegna umfangs málsins og í ljósi þeirra umræðna sem fram fóru hér í þinginu. Þá þegar var af hálfu stjórnarandstöðunnar reynt að gera málið tortryggilegt og sköpuð neikvæð umræða um einkavæðingu ríkisfyrirtækja.

Vegna málareksturs fyrir héraðsdómi Reykjavíkur hefur þetta mál fengið mikla umfjöllun og verið sett í mjög sérkennilegt ljós fjölmiðlanna. Það var því við því að búast að skýrsla Ríkisendurskoðunar mundi fá aðra umfjöllun en æskilegt er þegar hún var lögð fram á Alþingi og reyndar kynnt fyrir fjárln. fyrst. Hins vegar hefur sú skýrsla sem hæstv. sjútvrh. hefur lagt fram um málið fengið minni umfjöllun í fjölmiðlum en eðlilegt hefði verið að mínu mati þegar hún kom fram hér á þingi.

Við þessa umræðu vil ég, virðulegi forseti, gera að umræðuefni nokkur atriði sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar um sölu SR-mjöls hf. en skýrslan er til umfjöllunar og athugunar í fjárln. ásamt þeim greinargerðum sem hafa verið lagðar fram vegna þessa máls.

Ég vil nefna, virðulegi forseti, sex þætti sem einkum koma fram og hafa verið til umræðu í dag hjá mörgum þingmönnum. Í fyrsta lagi hefur verið nokkuð rætt um verklagsreglurnar sem settar voru upp. Þær reglur sem ríkisstjórnin samþykkti og þær vinnureglur sem farið hefur verið eftir við undirbúning þessa máls. Vissulega er mikilvægt að settar séu skýrar reglur um sölu ríkisfyrirtækja. Það er afar mikilvægt og nauðsynlegt. Það kemur fram gagnrýni hjá Ríkisendurskoðun á framvindu málsins, en ég tel að sú gagnrýni sé fyrst og fremst leiðbeinandi, hún breytir ekki í neinu í grundvallaratriðum framvindu þessa máls, né heldur að hún bendi til þess að ef ekki hefðu komið fram þau atriði sem gagnrýnd eru hefði hópurinn eða hæstv. sjútvrh. komist að annarri niðurstöðu um verðlagningu eða framkvæmd þessa máls. Þess vegna tel ég að ábendingar Ríkisendurskoðunar séu fyrst og fremst mikilvægar leiðbeiningar í þessu afar mikilvæga máli.

Í öðru lagi hefur verið gagnrýnt og kemur reyndar fram ábending og athugasemdir frá Ríkisendurskoðun um mat á virði þessa fyrirtækis. Það átti ekki að koma nokkrum manni á óvart og allra síst hv. þingmönnum að það gæti orðið mismunandi túlkun og mismunandi mat manna í þjóðfélaginu og ekki síst hér á hinu háa Alþingi um hvert verð ætti að vera fyrir þetta stóra og mikilvæga fyrirtæki. Það er gagnrýnt m.a. í skýrslu Ríkisendurskoðunar að það hafi ekki verið fenginn nema einn aðili til þess að meta virði fyrirtækisins. Ég get út af fyrir sig tekið undir þá athugasemd en ég tel samt sem áður að það hafi verið sýnt fram á það bæði í skýrslum söluhópsins og þeirra ráðgjafa sem unnu fyrir söluhópinn og sjútvrn. að þetta hafi út af fyrir sig ekki skipt sköpum en vissulega ber að taka þessar ábendingar Ríkisendurskoðunar til greina og læra af þeim og hafa til hliðsjónar þegar undirbúin er sala á þeim fyrirtækjum sem kunna að koma til sölu á vegum ríkisins. En ég get ekki séð, virðulegi forseti, að neitt komi fram í þeim gögnum sem hér liggja fyrir, í þeim skýrslum sem liggja fyrir, sem bendir til annars en að viðunandi verð hafi fengist fyrir fyrirtækið.

Í þriðja lagi vil ég nefna það sem gagnrýnt er um þátt Landsbréfa en Landsbréf buðust til þess að vinna að sölu SR-mjöls hf. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að ég tel, með hliðsjón af þeirri hörðu gagnrýni og þeim miklu athugasemdum sem forsvarsmenn Landsbankans settu fram um það leyti sem var verið að undirbúa söluna, þá fannst mér það eðlileg niðurstaða hjá söluhópnum að líta svo á að það væri ekki æskilegt að Landsbréf, sem er hluti af Landsbankanum, væri sá aðili sem væri meginráðgjafi við sölu fyrirtækisins. Þess vegna get ég ekki fallist á þann þátt í gagnrýninni.

Í fjórða lagi er svo minni háttar athugasemd frá Ríkisendurskoðun varðandi það að ekki hafi verið gerður skriflegur samningur við Verðbréfamarkað Íslandsbanka um ráðgjöf. Út af fyrir sig er það auðvitað rétt ábending og gagnrýni, auðvitað ber að gera skriflega samninga um svo viðamikið viðfangsefni. En það hefur komið hér fram að gengið var að tilboði, skriflegu tilboði, þar sem öll atriði komu fram sem skiptu máli og fallist á það, þannig að í raun var þar um skriflegan samning að ræða þó hann væri ekki formlegur. En þetta er auðvitað ábending sem ég tel að sé eðlilegt að taka til greina.

Í fimmta lagi hefur verið gagnrýnt að sett væru svo ákveðin og ströng skilyrði um fjárhagslega getu þeirra sem ættu og fengju að bjóða. Ég get ekki fallist á þá gagnrýni sem hefur komið fram um það. Ég tel að það hafi verið eðlilegt af söluhópnum að setja ströng skilyrði um það með hvaða hætti efnahag þeirra væri háttað sem fengju að ganga til þess að bjóða í fyrirtækið. Þannig að ég get ekki fallist á þær athugasemdir, en auðvitað þarf samt sem áður hvað þann þátt varðar að líta til þess sem Ríkisendurskoðun hefur fram að færa í þessu sambandi og eins og ég hef nefnt fyrr, læra af því og meta hvað af þessum athugasemdum getur orðið innlegg í góðan undirbúning og vönduð vinnubrögð í framtíðinni hjá þeim sem standa fyrir sölu ríkisfyrirtækjanna.

Í sjötta lagi vil ég svo nefna það, virðulegur forseti, og velta fyrir mér þeirri spurningu hvort bjóðendur hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett voru. Þessir tveir, einkum og sér í lagi, sem styrinn hefur staðið um, annars vegar sá hópur sem hreppti nú hnossið og hins vegar Haraldur Haraldsson og fleiri. Í athugasemdum Ríkisendurskoðunar kemur fram að í raun hafi hvorugur aðilinn uppfyllt skilyrðin. Þetta er auðvitað mjög mikilvæg niðurstaða hvað varðar þann aðilann sem hefur síðan höfðað mál fyrir dómstólum til þess að ná fram rétti sínum. Á hinn bóginn vil ég vekja athygli á því að þessi niðurstaða Ríkisendurskoðunar er ekki afdráttarlaus, eins og segir á bls. 41 í skýrslunni, með leyfi forseta:

„Jafnframt er að mati stofnunarinnar umdeilanlegt hvort þeir hafi uppfyllt margnefnd skilyrði 3. og 5. liðar í bréfi VÍB frá 7. des. 1993." — Þá var verið að fjalla um þann hóp sem Jónas Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður og fleiri stóðu fyrir. (**Gripið fram í:** Á hvaða blaðsíðu?) Á bls. 41 í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þarna er sleginn varnagli, þarna er sleginn fyrirvari hjá Ríkisendurskoðun um það að þessir tveir aðilar, það gildi í raun ekki það sama um það að þeir hafi ekki uppfyllt skilyrði.

En þegar litið er yfir þetta mál með sanngirni, virðulegi forseti, hljótum við að komast að þeirri niðurstöðu að sjútvrh. hefur lagt allt kapp á það að vinna sem best að undirbúningi þess og gefið fyrirmæli um vandaðan undirbúning, ekkert annað hefur komið fram að mínu mati. Hins vegar hefur það orðið til þess að skerpa umræður um mikilvægt hlutverk Ríkisendurskoðunar og nauðsyn þess að í gildi séu skýrar verklagsreglur um sölu ríkisfyrirtækja. Hins vegar verður að setja verklagsreglur að sjálfsögðu og endurskoða þær í ljósi hvers viðfangsefnis hverju sinni þó að meginreglur og lagafyrirmæli séu og þurfi að vera skýr.

Við þingmenn verðum að varast að draga embætti Ríkisendurskoðunar inn í pólitísk deilumál eins og hér hefur verið gert og notfæra okkur faglegar athugasemdir og ágreining um aðferðafræði viðskiptanna í pólitískum tilgangi. Meginatriði þessa máls hlýtur að vera það að fyrirtækið er í höndum 176 eigenda, einstaklinga, sveitarfélaga, lífeyrissjóða og félaga, sem hafa fest kaup á fyrirtækinu. Um það er friður meðal þeirra sem reksturinn varðar mestu, þ.e. sjómanna, útvegsmanna, starfsfólks í landi og heimamanna allra, sem eiga svo mjög undir því að verksmiðjurnar verði vel reknar og séu í traustum og öruggum höndum.

Allar þessar umræður draga hins vegar fram þá staðreynd að okkur er nauðsynlegt að marka skýrari verklagsreglur og/eða lagafyrirmæli um skýrslugerð Ríkisendurskoðunar til þess að tryggja stöðu Ríkisendurskoðunar og sjálfstæði þingsins gagnvart framkvæmdarvaldinu. Við þingmenn megum hins vegar ekki sýna þeim embættismönnum sem í góðri trú hafa unnið í málinu það virðingarleysi sem mér hefur fundist örla á hér í umræðunum þegar því er haldið fram að málið sé litað af annarlegum tilgangi eða óvönduðum vinnubrögðum sem ég tel fjarri öllu lagi.

Að lokum vil ég taka undir það, virðulegi forseti, sem segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar sem var lögð fyrir fjárln. í morgun að viðfangsefni af því tagi sem hér er til úrlausnar er mjög viðkvæmt og vandasamt. Það á ekki síst við þegar málið er í meðferð dómstóla landsins.

Virðulegi forseti. Ég tel ekkert hafa komið fram í þessari umræðu sem gefur tilefni til frekari umræðu eða aðgerða af hálfu þingsins. Því ber að fagna.

[22:12]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Sala hlutabréfanna í SR-mjöli er stærsta átak sem gert hefur verið til einkavæðingar hér í þessu landi. Það verður því að ræða mjög ítarlega reynsluna af því máli því þetta mál verður auðvitað fordæmi fyrir frekari aðgerðir á þessu sviði ef til þeirra kemur og ef til þess kemur að enn þá meiri aðgerðir verða gerðar í þessa átt.

Ég hef tilhneigingu til þess að líta á þetta mál frá sjónarhóli fjárln. því þannig kom það fyrst til minna kasta. Við fjárlaganefndarmenn báðum um skýrslu um málið og töldum sjálfsagt að Ríkisendurskoðun yfirfæri þetta mál og lögðum inn beiðni um það í fjárln., sem var að vísu ekki samþykkt á þann hátt sem við vildum, að sölunni yrði frestað þangað til sú skoðun lægi fyrir. Eigi að síður var beðið um hana og grundvöllurinn að henni var að gera sér grein fyrir því hvort það hefði verið haldið nægilega vel á hlut ríkisins í þessum viðskiptum, hvort hagsmuna ríkissjóðs hefði verið gætt nægilega vel með því verði sem gefið var fyrir fyrirtækið. Þetta verð hefur verið mikið til umræðu í dag, verið rætt ítarlega og skiptar skoðanir um það og ég kem að því síðar.

Ég vil undirstrika það að mér finnst mikilvægt atriði í þessu efni að reglur varðandi slíkt útboð og slíka sölu hlutabréfa verði bættar og þingið dragi lærdóm af því sem hér hefur farið fram. Ég tel þátt Ríkisendurskoðunar í því máli vera afar mikilvægan. Ég tel að við allar slíkar meiri háttar sölur ríkiseigna eigi Ríkisendurskoðun að gefa umsögn. Ríkisendurskoðun er ekki dómari í þessu máli, viss þáttur þess er fyrir dómstólum, en eigi að síður er rétt að mínu mati að Alþingi standi þannig að eftirlitshlutverki sínu gagnvart framkvæmdarvaldinu.

Afstaða Framsfl. til sölu hlutabréfa í SR-mjöli liggur fyrir og hún lá fyrir í brtt. við frv. til laga um stofnun Síldarverksmiðja ríkisins, sem var flutt af minni hluta sjútvn. Þær brtt. voru á þá leið að heimilt væri að selja 40% hlutafjár í fyrirtækinu, þó ekki fyrstu þrjú árin. Og til frekari sölu þyrfti samþykki Alþingis.

Hins vegar var farin önnur leið og fyrirtækið selt í einu lagi og á þeirri sölu var mikill flýtir. Margt bendir til þess að sá mikli flýtir sem var hafður við að ganga frá sölunni hafði orðið til þess að það var ekki sannreynt hvort það væri hægt að selja fyrirtækið á hærra verði þrátt fyrir fullyrðingar hæstv. landbrh. — og er nú verst að hann er ekki viðstaddur — þar um. Hæstv. landbrh. fullyrti í sinni ræðu að sá hópur sem keypti að lokum SR-mjöl hefði horfið frá ef sett hefði verið upp hærra verð. Það vill nú þannig til að þessi

hópur var ekki til þegar gengið var frá sölunni. Mér er alveg fullkunnugt um það að t.d. Lífeyrissjóður Austurlands, sem er einn af stærstu hluthöfunum, hafði ekkert ákveðið um að taka þátt í þessu þegar gengið var frá sölunni. Þessi hópur sem kallað er og þeir sem stóðu fyrir þessum kaupum fengu frest til 1. febr. til að ganga frá sínum málum og safna þessum hóp saman. Þannig að ef Akureyrarbær hefði fengið möguleika til að spreyta sig á málinu þá liggur ekkert fyrir um annað en að Akureyrarbær hefði getað safnað í kringum sig hópi af traustum aðilum til að kaupa fyrirtækið.

Því hefur verið haldið fram hér að við sem höfum gagnrýnt vissa þætti þessarar sölu séum að vantreysta þeim mönnum og þeim aðilum sem hafa keypt fyrirtækið. Ég vantreysti þeim ekki neitt. Það má vel vera og er líklegt og vonandi gengur það eftir að þeir geti rekið þetta fyrirtæki á traustan og öruggan hátt. Það er mikið í húfi enda tóku lífeyrissjóðir, starfsmenn og sveitarfélög þátt í þessum kaupum til þess að tryggja það að þarna yrði áframhaldandi rekstur. En það er alveg rétt, þetta er áhætturekstur. Hins vegar var að heyra á máli hæstv. landbrh. áðan að þessi hópur væri svo traustur að reksturinn væri algjörlega óforgengilegur og það gæti ekkert komið fyrir framar. Vonandi verður það svo. Þetta er afar mikilvæg starfsemi fyrir þau byggðarlög sem þarna eiga hlut að máli og landið í heild. Það reyndi því í raun aldrei á það hvort það væri hægt að fá hærra verð fyrir þetta fyrirtæki, flýtirinn var svo mikill í þessu máli.

Hæstv. sjútvrh. talaði um það í ræðu sinni í dag að eitt af atriðunum sem gerir það að verkum að þetta er áhætta var að nýir eigendur yrðu að snúa rekstri fyrirtækisins til betri vegar á næstu árum og sá viðsnúningur yrði að verða mjög mikill. Nýir eigendur yrðu að snúa rekstrinum við til betri vegar sem svarar til 150 millj. kr. næstu árin ef ég hef tekið rétt niður ummæli hæstv. ráðherra.

Ég tók ekki eftir því að hæstv. ráðherra minntist á það í þessu sambandi að í greinargerð VÍB frá 28. apríl 1994 kemur fram að afkoma SR hafi verið um 90 millj. kr. tap árin 1980–1982 en í tekjuvirðismati VÍB er gert ráð fyrir 60 millj. kr. hagnaði að meðaltali næstu tíu árin frá og með 1993. Það verður að hafa í huga í þessu sambandi að ríkissjóður yfirtók 400 millj. kr. langtímalán og 140 millj. kr. eftirlaunaskuldbindingu áður en félaginu var breytt í hlutfélag.

Ég tók ekki eftir að þetta kæmi fram í máli hæstv. ráðherra. Af þessu leiðir auðvitað að fjármagnskostnaður vegna eftirlaunaskuldbindinga er til muna lægri hjá hlutafélaginu en var hjá Síldarverksmiðjunum og fjármagnskostnaður vegna skulda til muna lægri þannig að munar tugum milljóna. Þegar afkoma Síldarverksmiðjanna á undanförnum árum og áætluð afkoma í framtíðinni er metin verður að hafa þetta í huga. Þetta mál er því ekki svo einfalt í sniðum sem hæstv. ráðherra vildi vera láta.

Það er rétt að þessi rekstur felur í sér áhættu en það vill nú svo til að fram undan er gott útlit og það er áætlað að góð loðnuveiði muni verða á yfirstandandi ári og á árinu 1995. Það er ljóst að salan á SR-mjöli átti sér stað í byrjun uppsveiflu í loðnuveiðum og vinnslu. Það er því eðlilegt að spurt sé hvort þessi tímasetning á sölunni og þessi flýtir hafi ekki verið rangur. Það vannst ekki einu sinni tími til að ljúka reiknisskilum fyrir tímabilið ágúst til desember árið 1993 þegar salan á hlutabréfunum átti sér stað. Svo ekki sé meira sagt vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvort það hefði ekki verið betra að bíða e.t.v. eitt ár, t.d. fram í febrúar 1995 eða fram á mitt ár 1994 því líklegt er að fjárhagsstaða félagsins hefði þá verið mun betri og e.t.v. hefðu verið möguleikar á að greiða þann arð sem hluthafar greiddu sér út um áramótin í ríkissjóð.

Ég held að af þessari sölu verði að læra. Það er rangt sem kom fram í máli hæstv. sjútvrh. og fleiri að við stjórnarandstæðingar séum talsmenn einhverra ákveðinna kaupenda. Það reyndi einfaldlega ekki nógu vel á það hvort hægt væri að fá meira fyrir þessi bréf. Þó það hefði munað 50 millj., 100 millj., þá eru það verulegir peningar. Þó það sé ekki há upphæð á mælikvarða fjárlaganna þá munar ríkissjóð um það fjármagn.

Ég vil taka það fram að ég ber að sjálfsögðu fullt traust til þeirra sjóða, þeirra starfsmanna og þeirra sveitarfélaga sem hafa keypt þetta fyrirtæki og vona að rekstur þess gangi vel. Ég hef ekki ástæðu til að væna þá um að hafa einhverjar annarlegar hvatir með kaupum þessa fyrirtækis en hitt réttlætir ekkert þær aðferðir sem hafa verið hafðar við söluna. Þær má bæta. Ég er ekkert að halda því fram að í þetta hafi ekki verið lögð veruleg vinna af þeim embættismönnum sem undirbjuggu hana, að þeir hafi unnið verk sitt eftir þeim fyrirmælum sem þeir fengu frá sínum yfirmönnum. En þær pólitísku ákvarðanir sem teknar voru um flýtinn á þessu máli eru á ábyrgð hæstv. sjútvrh. og hæstv. starfandi fjmrh., sem er hæstv. forsrh. Hann sat í stól fjmrh. á þeim tíma sem þessar ákvarðanir voru teknar. Af þessu máli eigum við að læra, endurbæta þær aðferðir sem eru hafðar við slíkar sölur ef til þeirra kemur í framtíðinni.

Útbýting þingskjala:

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 566. mál, nál. allshn., þskj. 1160.

Mat á umhverfisáhrifum nýrrar lagasetningar, 40. mál, nál. minni hluta umhvrn., þskj. 1137.

Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, 603. mál, nál. allshn., þskj. 1163.

Veiting ríkisborgararéttar, 460. mál, nál. allshn., þskj. 1161; brtt. allshn., þskj. 1162.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 201. mál, brtt. KE, þskj. 1166.

[22:31]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í því máli sem er til umræðu í kvöld, skýrslu um sölu ríkisins á SR-mjöli hf., hafa umræðurnar gengið nokkuð vítt um völlinn. Ég mun aðeins taka á þremur þáttum þessa máls. Í fyrsta lagi þeim aðfinnslum almennt sem koma fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, á þeirri gagnrýni að of hratt hafi

verið staðið að málinu. Ég mun koma inn á athugasemdir Ríkisendurskoðunar um hið rétta verð, sem mörgum þingmönnum hefur orðið tíðrætt um í kvöld, og ég mun einnig minnast lítillega á hlut Akureyrarbæjar í þessu máli.

Að sjálfsögðu gerir stjórnarandstaðan fyrst og fremst athugasemdir við það að í skýrslu Ríkisendurskoðunar koma fram fjölmargar ábendingar um að ekki hafi að öllu leyti verið staðið að þessu máli með hagsmuni ríkissjóðs í huga. Stjórnarandstaðan reynir fyrst og fremst að gera sér mat úr því sem hún leyfir sér að lesa úr þessari skýrslu sem gagnrýni á að ekki hafi verið staðið að málum með hagsmuni ríkissjóðs í huga. Að sjálfsögðu er það svo að Ríkisendurskoðun lítur á þetta mál frá upphafi til enda frá þröngu sjónarhorni ríkissjóðs enda ber Ríkisendurskoðun að gera það. En þá vaknar sú spurning hvort þetta mál snúist eingöngu um hag ríkissjóðs. Þó að Ríkisendurskoðun geti litið svo á að málið snúist ekki um annað þá vaknar sú spurning hvort ríkisstjórnin eða þingið geti litið svo á að málið snúist um hagsmuni ríkissjóðs eingöngu eða hvort þar eigi að koma til álita hagsmunir fleiri aðila.

Ég tel óhjákvæmilegt að beina athygli þingsins að því að sala hlutabréfa í SR-mjöli hf. er stærsta einkavæðingarmál sem ríkisstjórnin hefur haft með höndum til þessa. Fyrirtækið er að því leyti til sérstætt að það rak verksmiðjur í fjórum sveitarfélögum, með öðrum orðum vítt og breitt um landið, og hagsmunir þessa fyrirtækis tengdust því hagsmunum íbúa í byggðarlögum víða um landið. Það var þess vegna ekki einungis um hagsmuni ríkissjóðs að ræða í þessu máli þótt Ríkisendurskoðun hafi fulla heimild til þess að líta á málið frá þeim þrönga sjónarhóli. Það var að sjálfsögðu einnig um þjóðhagslega hagsmuni að ræða en einnig um verulega atvinnu- og byggðahagsmuni að ræða sem tengdust sölu þessa fyrirtækis. Fólkið sem býr á stöðum þar sem verksmiðjur SR-mjöls hf. starfa hafði mikinn áhuga á þessu máli og líka miklar áhyggjur af því. Það er alveg ljóst að það var fylgst með framgangi þessa máls af miklum áhuga en jafnframt með nokkrum áhyggjum yfir því hvernig það mundi þróast. Í því erfiða atvinnuástandi sem hér ríkir var að sjálfsögðu mjög brýnt að vinna að málinu með tilliti til hinna margvíslegu hagsmuna sem tengdust því. Hér var sem sagt á ferðinni afar viðkvæmt mál sem hefði hæglega getað orðið brennandi deilumál milli byggðarlaga eða landshluta.

Í frv. til laga um stofnun hlutafélags sem tæki við rekstri Síldarverksmiðja ríkisins kom þessi þáttur málsins fram í athugasemdum með 3. gr., en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Skal við söluna stefnt að dreifðri hlutafjáreign þannig að enginn einn aðili eignist meiri hluta. Jafnframt skal við söluna sérstaklega horft til heimamanna og starfsmanna. Á þeim stöðum þar sem verksmiðjurnar eru starfræktar skal óskað eftir viðræðum við heimamenn og/eða samtök þeirra um hugsanleg kaup á hlutabréfum."

Upplýsingar um þetta atriði málsins höfðu borist frá lögmönnunum Benedikt Sveinssyni og Jónasi Aðalsteinssyni sem svar við bréfi Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka hf. Þar kom fram að starfsmönnum félagsins yrði gert kleift að kaupa hlut í félaginu og að starfsmannafélag verksmiðju SR-mjöls hafi lýst yfir stuðningi við kaup hópsins á hlutabréfum í félaginu. Svo var einnig um þau sveitarfélög sem verksmiðjur SR eru staðsettar í.

Það er rétt að benda sérstaklega á það að sá hraði sem hafður var á málinu tengist að sjálfsögðu því hversu miklir hagsmunir voru í héraði við það hvernig málið gengi fram. Og það vekur nokkra undrun mína að heyra hv. þm., ég nefni sérstaklega hv. þm. Jón Kristjánsson sem mæltist til þess að beðið hefði verið í eitt ár með að ganga frá kaupunum, að þeir skulu alveg horfa fram hjá hagsmunum heimabyggðanna sem höfðu atvinnu af því að þessi fyrirtæki gengju vel og að framtíð þeirra yrði tryggð.

Þegar viðræður voru teknar upp við lögmennina og kaupsamningur var gerður var samið um breytingar á kaupendahópnum sem upphaflega hafði verið tilgreindur. Í þeim viðræðum bættust við 77 starfsmenn SR-mjöls hf. og þau fjögur sveitarfélög þar sem verksmiðjurnar voru starfandi ásamt fjölda annarra heimamanna. Auk átta lífeyrissjóða og annarra fjárfesta var með þessum hætti verið að tryggja mikla dreifingu hlutafjáreignar þar sem enginn einn aðilinn ræður yfir stærri hlut en 7,5% hlutafjárins. Kaupendurnir voru samtals 177.

Þegar litið er yfir listann sem birtur er í fylgiskjölum yfir eigendur fyrirtækisins fer það ekki fram hjá neinum hve vel hefur tekist til að koma til móts við þá miklu og dreifðu hagsmuni sem tengdust sölu fyrirtækisins.

Það er kannski rétt að menn hugleiði það einnig að með þessum hætti varð mjög almenn þátttaka í kaupum á félaginu af hálfu heimamanna. Mér telst svo til að um 27 aðilar á Reyðarfirði, 31 aðili á Siglufirði, 33 aðilar á Seyðisfirði og 21 aðili á Raufarhöfn séu meðal hluthafa á hluthafaskránni sem birt er í fylgigögnum með þessu máli. Langflestir þessara aðila eru einstaklingar sem leggja sína eigin fjármuni, mismunandi mikla en allt frá 20 þús. og upp í nokkur hundruð þús. kr. í hlutafé í félaginu. Og þótt hlutur hvers og eins sé að jafnaði ekki mjög stór þá endurspeglar þessi dreifða hlutafjáreign og þessi mikla þátttaka heimaaðilanna þá miklu staðbundnu atvinnuhagsmuni sem málinu tengjast. Að öðru leyti en þessu dreifist hlutafjáreignin mjög víða um landið og kemur því þetta fyrirtæki til með að hafa rætur í nánast flestum byggðarlögum og landshlutum.

Ég held að það sé óhjákvæmilegt annað en að undirstrika það hversu mikilvægt það er að þessu máli skuli hafa verið lokið með þeim hætti að mjög víðtæk sátt, hygg ég, hafi myndast um það í heimabyggðum verksmiðjanna að svona væri á málinu haldið.

Ein af höfuðástæðunum fyrir því að nokkuð hratt var gengið fram í málinu er sú staðreynd að það voru mjög margir í heimabyggðunum sem töldu sínum hagsmunum nánast teflt í uppnám ef lengi væri beðið eftir úrlausn málsins. Að þessu leyti er einnig rétt að

minna á það að stjórn SR-mjöls ályktaði um það sérstaklega að málinu skyldi hraðað af þessum ástæðum.

Ég ætla síðan að koma að því er menn hafa margsinnis vikið að í þessari umræðu í dag að fyrirtækið hafi verið selt á undirverði. Ég endurtek það sem ég hef þegar sagt í andsvari að þess er ekki að finna neinn stað í skýrslunni að fyrirtækið hafi verið selt á undirverði. Það kemur skýrt fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að við mat á fyrirtækinu var notuð ákveðin aðferð. Sú aðferð leiddi til ákveðins svigrúms. Menn mátu það svo að verðmæti fyrirtækisins gæti verið á bilinu tæplega 700 millj. kr. og upp í rúmlega 1 milljarð. Aðferðin við að meta þetta er ekki gagnrýnd af Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun lætur ekki gera neitt sjálfstætt mat á virði fyrirtækjanna. Engu að síður telur Ríkisendurskoðun sig hafa heimild til þess að fullyrða að á einhverju ákveðnu bili á svigrúmi matsins sé hið rétta verð. En í markaðsviðskiptum hefur Ríkisendurskoðun að sjálfsögðu alls ekki nein tök á því að meta hvað er hið rétta verð. Það er ekki neitt rétt verð í þessu tilfelli. Það er til mat þeirra aðila sem að sölunni standa á því innan hvaða verðbils slík verðlagning geti verið skynsamleg og síðan verður söluaðilinn að vega það og meta þegar tilboð liggur fyrir hvort hann gengur að því eða ekki. Tilboð lá fyrir frá þeim aðila sem hafði verið metinn með hæft tilboð og var gengið að því. Auðvitað var það mat kaupenda að ekki væri bjóðandi meira í fyrirtækið en þetta. Og svo geta menn deilt endalaust um það í þingsalnum hvort þetta hafi verið hið rétta verð eða ekki. En enginn er þess umkominn að ákveða hvað er rétt verð fyrir fyrirtæki af þessari gráðu í markaðsbúskap, hvorki Ríkisendurskoðun né einstakir þingmenn, virðulegi forseti.

Það þarf ekki að geta þess neitt sérstaklega að auðvitað hlýtur sú mikla óvissa sem er um þennan rekstur og rekstrargrundvöll fyrirtækja af þessu tagi að auka það bil, það svigrúm, sem menn hafa um að skilgreina raunvirði félagsins.

Að lokum vil ég koma aðeins inn á það að hér hefur verið talað nokkuð fjálglega um það að Akureyrarbær hafi ekki haft tækifæri til að koma með tilboð og Akureyrarbæ hafi verið skákað burtu af tilboðsmarkaðnum. Ríkisendurskoðun kemur inn á þetta lítillega í sinni skýrslu en fer ekki um það mörgum orðum, segir aðeins, með leyfi forseta, á bls. 36 um opnun tilboða:

„Bréf kom frá Akureyrarbæ en það var ekki tilboð heldur beiðni um að opnun yrði frestað til 20. jan. 1994."

Það kemur ekki fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar, sem er mergurinn málsins í sambandi við þennan þátt, að tilboðsfresturinn, eins og fram hefur komið í máli hæstv. sjútvrh., rann út kl. 16.00. Sá tilboðsfrestur hafði verið ákveðinn fyrir fram og tilkynntur og beiðni Akureyrarbæjar barst ekki áður en fresturinn rann út. Hún kom eftir að fresturinn hafði runnið út, raunar rétt eftir að fresturinn rann út þá barst þessi beiðni á símbréfi.

Auðvitað er það svo að ef menn setja slíkan frest þá verður að halda fast við hann og það er ekki hægt að samþykkja það að einn aðili fái að skila tilboði eftir að fresturinn rennur út. Það gengur ekki. Það mætti segja mér ef það hefði gerst þá hefði Ríkisendurskoðun fundið sér tilefni til harðrar gagnrýni.

Þetta vildi ég láta koma hér fram, virðulegi forseti, í umræðum um þetta mál.

[22:47]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er fyrst út af ummælum hv. 5. þm. Norðurl. e. að hann undraðist þau ummæli hv. þm. Jóns Kristjánssonar að hugsanlegt hefði verið að finna annan heppilegan tíma fyrir sölu á þessu fyrirtæki, t.d. að fresta því um hálft ár eða jafnvel eitt ár af því að með því hefði hann verið að setja fyrirtækið í uppnám, afkomu þess fólks sem vinnur við fyrirtækið í uppnám og leiddi að því líkur að það hefði eitthvað það verið að gerast í fyrirtækinu nú um áramótin eða nú þessa dagana eða vikurnar sem hefði leitt til þess að fyrirtækið var bara að stoppa eða allt að hrynja. Ég skildi ekki hvaða athugasemd þetta var hjá hv. 5. þm. Norðurl. e. og finnst hún algjörlega úr lausu lofti gripin.

Hinu langar mig að koma að einu sinni enn. Það er varðandi matið á verði fyrirtækisins. Auðvitað er það rétt eins og hv. þm. sagði áðan og ég hef lýst líka að þetta er spurningin um það hvað eigandinn telur ásættanlegt, hvað hann vill selja fyrirtækið á. Ég hef lýst því yfir hér og ég hygg að það séu margir hv. þm. mér sammála um það að okkur finnst að valin hafi verið tala sem er í lægri kantinum ef talan er ekki hreinlega óásættanleg en hæstv. sjútvrh., sem fer með málið, hefur talið þetta ásættanlegt og ákvað að selja fyrirtækið á því verði.

Hins vegar komu fram í greinargerð Ríkisendurskoðunar, sem fjárln. fékk í dag um þetta mál, miklar, við getum sagt vangaveltur um að það hefði kannski átt að koma betur fram í umsögn og áliti Verðbréfamarkaðarins hvernig fyrirtækið liti út eftir einkavæðingu, eftir sölu og vitnað til verklagsreglnanna ríkisstjórnarinnar þar sem segir, með leyfi forseta:

„Áður en viðkomandi ráðuneyti tekur ákvörðun um sölu fyrirtækisins fer fram ítarleg úttekt á rekstri fyrirtækisins og rekstrarumhverfi þess og hvernig einkavæðing hefur áhrif á þessa þætti." (Forseti hringir.) — Og síðar segir — eina málsgrein, virðulegi forseti, með leyfi: „Ekki er sjálfgefið að viðbótarábati sem hlýst af breyttu rekstrarfyrirkomulagi falli allur í hlut kaupanda heldur má eðlilegt telja að seljandi áskilji sér hluta hans."

Það er þessi skoðun (Forseti hringir.) sem Ríkisendurskoðun er að koma á framfæri í skýrslu sinni og hún telur ekki koma nægilega vel fram í áliti VÍB. Ríkisendurskoðun finnur að því í skýrslu sinni að söluaðili hafi ekki farið að því ákvæði verklagsreglnanna (Forseti hringir.) að meta hvernig einkavæðingin hefur áhrif á þessa þætti.

[22:50]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það þurfi ekki að leita

langt skýringanna á því hvers vegna heimaaðilar töldu að það væri mikilvægt að ganga sem fyrst frá þessu máli. Í augum þeirra hefði málið sannarlega verið í uppnámi ef það hefði verið látið bíða í eitt ár og ég held þess vegna að ákvörðun stjórnarinnar að setja það fram sem sérstakt áhersluatriði að frá þessum kaupum yrði gengið hið fyrsta hafi verið rétt og skynsamleg og ef engir aðrir sérstakir annmarkar hafi verið á því þá hefði verið rétt að láta það ganga þann veg og það voru engir sérstakir annmarkar á því, hv. þm.

[22:50]

Guðmundur Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vona að hv. 5. þm. Norðurl. e. misskilji mig ekki í því að ég á ekki við að eftir að málið var komið í þann farveg sem það fór í um áramótin væri um frestun að ræða. Við erum að tala um það, og það hygg ég að hv. þm. Jón Kristjánsson hafi nefnt líka, að ríkisstjórnin hefði valið þann tíma hvenær hún vildi bjóða fyrirtækið til kaups yfir höfuð. Og ekki hefði átt að fara af stað með það ferli í októbermánuði eða nóvembermánuði sl. eða hvenær sem það var sem það hófst, heldur annaðhvort núna í vor eða jafnvel að ári þegar e.t.v. væri útlit fyrir að það væri betri tími til að markaðssetja fyrirtækið.

En mín athugasemd á alls ekki við að það hefði átt að fresta málinu nú eftir að það var allt komið í gang og þetta ferli hafið. Það átti hins vegar að gefa betri tíma til allra þeirra þátta sem lagðir voru upp. Við höfum rakið það og ég ætla ekki að fara yfir það allt saman aftur, hæstv. forseti, að frestir um viku eða tíu daga til þess að annast alla tilboðsgerð og svara fyrir um þau gögn sem þurfti að leggja fram tel ég að hafi verið of skammur frestur og óaðgengilegur fyrir tilboðsgjafana.

En aðalatriðið sem ég var að andmæla hv. þm. var það að ég hafði skilið hv. þm. Jón Kristjánsson svo að hann meinti að það hefði átt að velja annan tíma til að markaðssetja fyrirtækið og fara ekki af stað með það ferli í haust heldur kannski núna fyrri hluta þessa árs eða jafnvel að ári þegar við sæjum hver afkoma fyrirtækisins hefði verið og í ljósi þeirra væntinga sem menn hafa um góða loðnuvertíð.

[22:52]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Aðeins örstutt. Um það atriði málsins hvort það hefði verið skynsamlegra að bíða lengur til þess að sjá hvort markaðsstaða fyrirtækisins batnaði er hægt að deila endalaust. Ég held að það þjóni ekki miklum tilgangi í þingsölum að fara að deila um þetta atriði. Ég er þeirrar skoðunar að tímasetningin á þessu hafi verið rétt.

[22:53]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það eru tíðindi að hv. þm. Tómas Ingi Olrich flokkar Sigbjörn Gunnarsson með stjórnarandstöðunni. Það má merkilegt vera ef hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, formaður fjárln., er almennt flokkaður með stjórnarandstöðunni. Ég hygg að það séu tíðindi þegar menn halda þannig á máli í ræðustól að kalla þá alla stjórnarandstæðinga sem tala gegn málinu.

Annað: Ríkisendurskoðun komst að þeirri niðurstöðu að hvorugt tilboðið sem barst væri fullnægjandi. Akureyrarbær var af þeirri ástæðu einfaldlega með inni í næstu rúllettu hefði verið haldið áfram. Það hefði þess vegna engin gagnrýni komið frá Ríkisendurskoðun. Það er gjörsamlega tilbúið að það hefði kostað einhverja gagnrýni þó að það hefði verið boðið út á nýjan leik og látið reyna á það hvort að menn hefðu þá lagt inn fullnægjandi tilboð. Ég skil ekki þennan málflutning nema þá að reynt sé að fela það hér og reynt að fela það fyrir norðan að þingmenn Sjálfstfl. úr Norðurlandskjördæmi eystra voru andvígir því að Akureyrarbær keypti ásamt öðrum þetta fyrirtæki. Það er málflutningurinn sem þeir eru orðnir uppvísir að í kvöld og njóti þeir vel norðan heiða.

Það er merkilegt að hlusta á það þegar menn tína út úr skýrslu Ríkisendurskoðunar það sem þeir telja að sé rétt, hitt er bara vitlaust. Svona málflutningur á ekki upp á pallborðið hjá mönnum sem vilja halda uppi rökrænni umræðu.

[22:55]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð víst að hryggja hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson með því að ég verð að endurtaka hluta af því sem ég sagði hér áðan. Það hefur verið gefin fullnægjandi skýring á því hvers vegna Akureyrarbær fékk ekki frest til þess að bjóða í félagið. Það hefur verið gefin fullkomlega gild skýring á því að beiðni hans um frestun barst eftir að fresturinn rann út og þessi ágæti þingmaður hlýtur að skilja það að slík viðhorf hljóta að vera tekin gild.

Að því er varðar svo meintan fjandskap okkar þingmanna í Norðurlandskjördæmi eystra við það að hagsmunir Akureyringa hafi verið fyrir borð bornir í þessu máli þá get ég ekkert gert að því þó hv. þm. kjósi að fara sömu leið og sá prúði riddari Don Kíkóti, sem á reyndar ekki holdarfarið sameiginlegt með þessum virðulega þingmanni, hann réðist á vindmyllur. Í þessu tilfelli er þetta hugarburður þingmannsins sjálfs. Auðvitað er ekkert hægt að fullyrða um það að Akureyrarbær hefði haft áhuga á því að bjóða í fyrirtækið á þessum grundvelli en hann fékk ekki tækifæri til þess vegna þess að beiðni hans barst of seint.

Þess er hins vegar að geta ef litið er yfir hluthafa í skrá yfir hluthafa sem er að finna í fylgigögnum málsins þá sést þar að hagsmunir Akureyringa eru þar inni eins og hagsmunir víða af að landinu. Við höfum þann háttinn á velflestir þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra að við lítum almennt vítt á þessa hagsmuni sem eru í húfi á Akureyri. Þar fara bæði hagsmunir bæjarfélagsins, sem þarf á sínum peningum að halda til ýmissa hluta, en einnig hagsmunir atvinnulífsins sem að hluta til eignaðist hlut í þessu fyrirtæki.

[22:57]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er ekki til að hryggja hv. þm. Tómas Inga Olrich að ég sé mig knúinn til að lesa það sem stendur neðst á bls. 8 í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Þar stendur svo, með leyfi forseta:

„Þegar á heildina er litið telur Ríkisendurskoðun að

hvorugt tilboða í hlutabréf í SR-mjöl hf. hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett höfðu verið í útboðsskilmálum."

Svo mörg voru þau orð. Þar með var ekkert tilboð gilt. Þar með hlaut rúllettan að fara af stað aftur ef menn vildu vinna heiðarlega. Þar með hefði Akureyrarbær átt kost á því að koma inn aftur. Svo einfalt er það mál.

Auðvitað getur vel verið að stjórnarsamstarfið meiri hlutans á Akureyri hafi verið á þann veg að alþýðubandalagsfulltrúinn hafi viljað kaupa en sjálfstæðisfulltrúarnir verið á móti og hringt suður í sína menn og sagt: Þið stoppið þetta hér. Það getur vel verið. Þess vegna séu þeir svona rólegir að vinna gegn Akureyrarbæ. Þeir hafa viljað koma vitinu fyrir þá fulltrúa sem þar sitja. E.t.v. getur líka ástæðan verið sú að þeir telji bara að þetta séu ekki nógu hæfir menn til að meta hvað Akureyri sé fyrir bestu. Þeir vísu menn séu hér á þingi sem viti hvað Akureyri er fyrir bestu. Þeir taki skynsamlegar ákvarðanir og svo þegar þeir komi norður þá segir þeir þeim einfaldlega frá því: Þið áttuð ekki peninga fyrir þessu, við vissum það, en það er miklu skemmtilegra að falla á þeirri forsendu að þið hafið ekki haft tíma til að gera þetta heldur en að upplýsa það fyrir alþjóð að þið hafið ekki átt peninga til að kaupa.

Nei, ég hygg að þeir þurfi að endurskoða sinn málflutning, þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra sem tilheyra Sjálfstfl. í þessu máli. Hann er með eindæmum.

[22:59]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson kann að lesa og las rétt textann á bls. 8. Hins vegar ef hann lítur yfir texta Ríkisendurskoðunar á bls. 41 þá sér hann að það má, ef menn hafa á annað borð eitthvert sjálfstæði gagnvart skýrslu eins og þessari sem hv. þm. virðist ekki hafa ... (**ÓÞÞ:** Sjálfstæði?) Sjálfstæði já. Þegar þú lest út úr þessu plaggi og reynir að leggja mat á það sjálfur hvort það er rétt eða ekki sem hér er sett fram, þá má gagnrýna það það hvort þessi niðurstaða sem er birt á bls. 8 sé fyllilega í samræmi við þá umfjöllun sem er að finna á bls. 41. Þar er gerður talsverður greinarmunur á þeim annmörkum sem sagðir eru vera á tilboði Jónasar Aðalsteinssonar og Benedikts Sveinssonar annars vegar og tilboði sem Sigurður G. Guðjónsson gerði hins vegar. Það er verulegur munur þarna á þó svo að menn kjósi að komast að þeirri niðurstöðu að þarna hafi enginn munur verið á.

Ég legg það mat á þetta, sem ég leyfi mér að gera sem þingmaður, að það beri ekki að skilja þetta svo að tilboð Benedikts Sveinssonar og Jónasar Aðalsteinssonar hafi ekki verið í samræmi við útboðsskilmálana enda segir það í raun og veru hvergi hér. (**Gripið fram í:** Hvað segir?)

[23:01]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Aðeins í beinu framhaldi af orðum hv. 5. þm. Norðurl. e. núna og þeim orðaskiptum sem fóru fram um það mál þá stendur á bls. 41:

„Að mati Ríkisendurskoðunar verður tilboð Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl. og Benedikts Sveinssonar hrl. ekki talið verðtilboð í skilningi útboðsgagnanna heldur fremur staðfesting á áhuga þess hóps sem þeir fóru fyrir" o.s.frv.

Þetta er niðurstaðan. Þannig að hvorugur aðilinn er með gilda niðurstöðu samkvæmt þessum texta þó að að því er varðar Sigurð Guðjónsson hrl. sé fastar að orði kveðið en í hinu tilvikinu. (**ÓÞÞ:** En breytist merkingin ef sjálfstæðir þingmenn skoða þetta?) Það er þess vegna útúrsnúningur að setja hlutina upp eins og hér var gert áðan, hæstv. forseti.

Virðulegur forseti. Ég tel að hér hafi farið fram að mörgu leyti mjög merkileg umræða. Ríkisendurskoðun sendir okkur skýrslu og það hefur tekið talsverðan tíma að fá þá skýrslu, koma henni til umræðu og fá hana til eðlilegrar meðferðar. Ríkisendurskoðun fær við útgáfu þessarar skýrslu býsna alvarlegar ásakanir yfir sig frá hæstv. fjmrh. sem segist hafa verulegar áhyggjur, að ég segi ekki stórkostlegar áhyggjur af Ríkisendurskoðun, vegna þessarar skýrslu og í framhaldi af henni koma síðan nokkrir aðilar og gera athugasemd við skýrsluna. Hvað gerist þá? Ríkisendurskoðun sendir hér inn í dag nýja skýrslu upp á 24 vélritaðar A4 síður þar sem í rauninni öll þau atriði sem eru talin gagnrýniverð í hinum skýrslunum eru tekin til meðferðar og þeim er svarað fullum hálsi og með fullum rökum í þessu plaggi.

Ég held að það sé nauðsynlegt að hafa það í huga að hér er ekki um það að ræða að Ríkisendurskoðun, þessi stofnun Alþingis, hafi látið fjmrh. eða aðra aðila á hans vegum eða annarra berja sig niður. Ríkisendurskoðun heldur fast við sín sjónarmið í þessu máli. Mér finnst það satt að segja dálítið alvarlegur hlutur ef þessi virðulega stofnun ætlar að segja sem svo: Við látum það sem vind um eyru þjóta.

Ég tel að oft megi gagnrýna Ríkisendurskoðun. Ég tel að það sé nauðsynlegt að leggja á það áherslu að það sem Ríkisendurskoðun segir er ekki dómur heldur umfjöllun og niðurstaða stofnunar. Engu að síður er það svo að í þessu máli er sérstök ástæða til þess að hlusta og hvað hefur svo komið fram í dag? Í þessum löngu, miklu umræðum um málið hefur þetta komið fram, með leyfi forseta:

Í fyrsta lagi segir Ríkisendurskoðun að reglur um framkvæmd einkavæðingar hafi ekki verið framkvæmdar eins og þær voru samþykktar í ríkisstjórninni. Það er viðurkennt af öllum. Það er gagnrýnisatriði númer eitt og viðurkennt af öllum aðilum.

Í öðru lagi: Ráðgjöfin er ekki eins vönduð og æskilegt hefði verið. Ég viðurkenni út af fyrir sig að þetta er mat Ríkisendurskoðunar en það er ekki hægt að hrekja það í sjálfu sér með þeim yfirlýsingum sem fram hafa komið m.a. frá hæstv. sjútvrh.

Í þriðja lagi segir: Það er óviðunandi að fela einum aðila að meta framtíðartekjuvirði fyrirtækisins. Þessu mótmælir enginn og hæstv. fjmrh. viðurkenndi fyrir nokkrum dögum í umræðum um Lyfjaverslun ríkisins að það væri eðlilegt að fela fleiri en einum aðila að meta framtíðartekjuvirði fyrirtækja sem væri verið að fjalla um að selja.

Í fjórða lagi segir Ríkisendurskoðun: Eigandi á við þessar aðstæður, þ.e. ríkið, að gera samanburðarúttekt á málinu áður en hrapað er að niðurstöðu. Því mótmælir enginn.

Í fimmta lagi er sagt í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 7 og rökstutt síðar: „Verðmæti fyrirtækisins var hærra en endanlegt kaupverð.“ Fyrirtækið var selt á undirverði, segir Ríkisendurskoðun.

Í sjötta lagi segir: Það vantaði skriflegan samning um þjónustu sem veitt var vegna sölu þeirra hluta sem þarna var um að ræða. Og enginn mótmælir því.

Í sjöunda lagi er það gagnrýnt að það er tekið, ekki lægsta heldur næstlægsta tilboði í þessa þjónustu sem er 9,5 millj. kr. hærra en það hefði þurft að vera. Enginn mótmælir því að hér hafi verið gengið furðu langt fram af þeim aðilum sem seldu fyrirtækið, eins og fram kemur á bls. 20.

Loks er það svo, sem Ríkisendurskoðun gerir í sjálfu sér ekki svo mikið úr en ég tel sérstaklega gagnrýni vert, að fresturinn er fáránlega stuttur. Sjá menn ekki hvað það er fráleitt að ætla sér að selja fyrirtæki, tilkynna það 21. des. og fresturinn sé til 28. des. Hvað eru margir vinnudagar frá 21. til 28. des.? Þeir eru þrír. Það var alveg útilokað fyrir aðila eins og bæjarstjórn Akureyrar að ná saman sínu fólki til eðlilegra fundarhalda og samráðs og kalla til enn fleiri aðila til að ná lendingu í málinu og til að gera tilboðið.

Ég dreg þess vegna þá ályktun, hæstv. forseti, að það hafi vísvitandi verið haldið þannig á málum að það var útilokað fyrir aðila eins og Akureyri að gera tilboð í þetta fyrirtæki.

Auk þess er það svo þannig, hæstv. forseti, þegar maður les þessa skýrslu nokkuð grannt að á fjórum stöðum er sýnt fram á það að reglur hafa verið brotnar, eðlilegar og venjulegar reglur. T.d. er á bls. 18 vitnað í fundargerð framkvæmdanefndar um einkavæðingu. Á bls. 21 er einnig fjallað um þessi mál sérstaklega úr fundargerð framkvæmdanefndar um einkavæðingu þar sem talað er um allt of mikil afskipti söluhóps af málinu sem gæti leitt til vandræða o.s.frv. Á bls. 44 er fjallað um reglur sem í gildi eru almennt um innkaup ríkisins, þar sem stendur: „Frestur til að skila tilboðum skal vera ...“ — hver? — „21 almanaksdagur.“ Þetta eru fjögur atriði í reglum sem ríkið hefur samþykkt og gefið út sem hafa verið brotin.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, er það kannski enn alvarlegra að það er sýnt fram á það með beinum hætti í skýrslu Ríkisendurskoðunar að lög voru brotin. Lög sem voru sett á Alþingi. — Hvenær? Í fyrra. Fyrir rúmlega einu ári, þ.e. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 9/1993.

Í þriðja lagi er það ljóst að jafnvægis og jafnræðis á milli aðila er ekki gætt. Reglum er hagað eins og raun ber vitni um til að útiloka aðila eins og Akureyri. Þess vegna er það mín skoðun að það átti að auglýsa aftur og setja nýja fresti og það eru afglöp hjá ríkisstjórninni í þessu máli að gera það ekki og standa ekki þannig að málum.

Í fjórða lagi, hæstv. forseti, liggur það einnig fyrir sem niðurstaða mín eftir þessa umræðu og kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar: Verðið sem niðurstaða varð um að nota í þessu sambandi er bersýnilega vitlaust, að ekki sé talað um þá tölu sem fram kom áðan í máli hv. 4. þm. Norðurl. e. og nú ætla ég að leggja fyrir hæstv. fjmrh. Uppsetning málsins er svona: Verðið var 725 millj. kr. Framlag ríkissjóðs til fyrirtækisins hafði verið 540 millj. kr. Hagnaðurinn sem féll í hlut hinna nýju kaupenda var 65 millj. kr. Kostnaðurinn við einkavæðinguna var 15 millj. kr. Samtals er þarna um að ræða 620 millj. sem er rétt að draga frá verðinu upp á 725 millj. (**Gripið fram í:** Staðgreiðsluverð.) Mismunurinn er 105 millj. kr. sem eru greiddar fyrir þetta fyrirtæki sem kostar að endurstofnverði 5.000 millj. kr. samkvæmt tölum sem nefndar hafa verið hér fyrr í dag.

Ég segi eins og er, hæstv. forseti, er þetta boðlegt? Er það boðlegt að hæstv. sjútvrh. setji málin upp í dag eins og hann gerði, eins og ekkert væri að málinu? Það er ekki rétt af ráðherra að setja hlutina upp þannig.

Og þá komum við að því sem við þyrftum auðvitað öll að reyna að læra af þessari umræðu. Hvað er það? Það er það sem hv. 1. þm. Vesturl. nefndi fyrr í kvöld. Það þarf að setja skýrar verklagsreglur um sölu ríkisfyrirtækja og helst að binda þær reglur í lögum. Það á ekki að vera þannig að um það komi ævinlega upp flokkspólitískar deilur, liggur mér við að segja, eins og þær eru núna þegar Sjálfstfl. segir, rétt eins og það sé stefna Sjálfstfl., að fresturinn hafi verið hæfilegur, eins og síðasti ræðumaður sagði. Það er í raun og veru meira en lítið bogið við Alþingi Íslendinga og vinnubrögð þar þegar hlutirnir eru settir upp þannig að það hefjast ævinlega flokkspólitískar deilur milli stjórnar og stjórnarandstöðu um sölu ríkisfyrirtækja eða hluta í ríkisfyrirtækjum. Þetta er frumstætt kerfi að þessu leyti sem við búum við. Ég tel þess vegna að það eigi að setja reglur og að binda þær í lög um það hvernig fara að við sölu ríkisfyrirtækja, um frestina, um matið, um greiðslurnar, um alla þessa hluti lið fyrir lið. Þar á ekki að vera neitt hér um bil og kannski eða hér um bil nokkurn veginn.

Við hljótum að spyrja okkur að því, hæstv. forseti: Hver er það svo sem ber ábyrgð á þessu máli? Þjóðin spyr að því. Þjóðin segir: Alþingismenn standa þarna langtímum saman og ræða þessi mál eins og eðlilegt er en hver ber ábyrgðina og hver axlar ábyrgðina? Er um það að ræða að þetta fyrirtæki hafi verið selt þannig að ríkið hafi tapað mörgum hundruðum milljónum kr. Hver ber ábyrgðina? Hinn formlegi ábyrgðaraðili er ráðherrann, sjútvrh. Það er náttúrlega býsna sérkennilegt að vera með stjórnkerfi sem er svo ófullkomið og frumstætt, rétt eins og í svörtustu Afríku, svo ég vindi mér þangað, að úrslitamatið í þessu máli — á hvern er það lagt? Er það einhver fagnefnd? Dómnefnd? Matsnefnd? Nei, það er lagt á ráðherrann. Eða eins og hv. 1. þm. Vesturl. sagði fyrr í kvöld sem er setning dagsins að mínu mati: „Ráðherra tekur á sig fulla ábyrgð á því mati að Haraldur hefði ekki bolmagn til að kaupa fyrirtækið.“ — Ráðherrann mat það svo. Ég segi alveg eins og er, hæstv. forseti, stjórnkerfi sem er svo frumstætt að það er ætlast til þess af okkar ráðherrum að þeir hafi vit á málum af þessu tagi í einstökum atrið-

um er stjórnkerfi sem þarf að breyta.

Ég tel þess vegna fulla ástæðu til þess að menn sameinist um það að reyna að læra af því sem hér hefur gerst. Hér hafa átt sér stað alvarleg mistök. Ríkisendurskoðun stendur jafnrétt eftir alla þessa umræðu með sínar athugasemdir og gagnathugasemdir. Menn eiga að sameinast um að læra af þessari umræðu en ekki að hrista sig með kokhreysti eins og mér finnst því miður að hæstv. sjútvrh. hafi einvörðungu gert hér í dag.

[23:14]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. dró þá ályktun af skýrslu Ríkisendurskoðunar að SR-mjöl hf. hafi verið selt á undirverði, eins og hann komst að orði. Ég tel að það sé alröng ályktun sem hv. þm. dregur af þessari skýrslu. Í fyrsta lagi komst það fyrirtæki sem reyndi að verðmeta SR-mjöl, Verðbréfamarkaður Íslandsbanka, að því að óvissan við verðmatið var u.þ.b. 300 millj. kr. Annars vegar var um að ræða verð sem var tæplega 700 millj. kr. og hins vegar verð allt að rúmum milljarði. Ef við hins vegar skoðum seinni skýrslu Ríkisendurskoðunar þá kemur í ljós að Ríkisendurskoðun vekur á því athygli að hvergi í sinni fyrri skýrslu hafi því verið haldið fram að kaupendahópurinn, sem markaði markaðsverðið, hafi verið tilbúinn til að greiða hærra verð fyrir fyrirtækið en sem nam 725 millj. kr. Og síðan hitt, og það er mjög merkilegt, og hefur ekki komið fram í þessum umræðum í kvöld, að verðmat Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka byggðist á því að þeir gerðu ekki ráð fyrir því að á næstu tíu árum ættu sér stað neinar fjárfestingar sem nokkru næmi í fyrirtæki sem þó rekur fimm loðnuverksmiðjur. Ég held að það þurfi ekki mjög kunnuga menn í þeim rekstri til að gera sér grein fyrir því að það er óhugsandi. Það er gjörsamlega óhugsandi að hægt verði að komast hjá því við annan eins rekstur og þennan að þar eigi sér stað verulegar fjárfestingar. Þeir sem þekkja til í þessum rekstri og hafa verið að fylgjast með fréttum úr þessum rekstri upp á síðkastið vita það að þegar um er að ræða verulegar umbætur, eins og þurfa að eiga sér stað á nokkrum þessara verksmiðja, þá erum við ekki að tala um fjárfestingar upp á 10, 20, 30 millj. heldur erum við að tala um fjárfestingar upp á hundruð milljóna. (Forseti hringir.) Enda er það svo að það var mat þeirra fjárfesta sem að lokum keyptu fyrirtækið að það þyrfti að fjárfesta í því fyrir 60 millj. á ári hverju næstu tíu árin. (Forseti hringir.) Tæpar 600 millj. á tíu árum. Það er þetta sem skilur á milli og það er þetta sem gerir það að verkum að verðmat það (Forseti hringir.) sem menn byggja á er villandi.

[23:17]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nýjasta útgáfan af stefnu Sjálfstfl. í þessu máli, hæstv. forseti, er sú að fyrirtækið hafi verið allt of dýrt. Það hafi verið selt á uppsprengdu, svívirðilegu verði. Næsta tillaga sem verður bersýnilega flutt af hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Einari Guðfinnssyni er um það að lækka verðið og endurgreiða mönnum eitthvað af þessum peningum. Þvílík kokhreysti.

Veruleikinn er sá að fyrirtækið var selt á 725 millj. kr. 540 millj. höfðu verið greiddar af ríkissjóði til að rétta fyrirtækið við á síðustu missirum. 65 millj. voru hagnaður sem kom í hlut kaupendanna. 15 millj. kr. fóru í kostnað við að einkavæðinguna. Samtals eru þetta 620 millj. kr. Hvað hafði ríkið upp úr krafsinu? 105 millj. kr. fyrir fyrirtæki sem er á endurstofnverði upp á 4–5 milljarða. Svo kemur það eins og einhver frétt frá hv. þm. Einari Guðfinnssyni að það þurfi 50–60 millj. kr. á ári til að fjárfesta í þessu fyrirtæki. Auðvitað þarf að gera við þetta fyrirtæki og sinna því eitthvað, fyrir kannski eins og 10% af endurstofnverði þess eða reyndar er það 1% sem hv. þm. er að tala um.

Hér er verið að setja hlutina upp með ótrúlegum hætti að mínu mati og það versta er það að ungur þingmaður í fjárln. fyrir Sjálfstfl. skuli ekki, þegar hann kemur upp í andsvari á eftir minni ræðu, taka undir það aðalatriði að menn setjist niður og semji verklagsreglur þannig að vinnubrögð af því tagi sem hér er um að ræða, þegar verið er að gefa ríkisfyrirtæki, endurtaki sig ekki framar. (**SJS:** Hvað á að endurgreiða mikið?)

[23:19]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hendir sig oft þegar menn eru komnir í alvarleg rökþrot eins og bersýnilega átti sér stað með hv. þm. Svavar Gestsson þá búa menn sér bara til rök til þess að glíma við. Ég hélt því aldrei fram að þetta fyrirtæki hefði verið selt of dýru verði. Ég var einfaldlega að mótmæla því sem hv. þm. sagði að þetta fyrirtæki hefði verið selt á undirverði. Ég tel að niðurstaðan við verðmatið hafi verið afskaplega eðlileg á þeim grundvelli sem það verðmat fór allt saman fram. Þess vegna var það mjög sérkennilegt þegar hv. þm. fór hér út um víðan völl og var að glíma við einhver rök sem hann bar upp á mig sem ég hafði aldrei þó sagt. En þetta er dæmigert fyrir menn sem vita ekki hvernig þeir eiga að bregðast við heilbrigðri skynsemi og heilbrigðum upplýsingum sem hér líta dagsins ljós í skýrslu Ríkisendurskoðunar. Því var einfaldlega aldrei haldið fram af mér að þetta fyrirtæki hefði verið selt of dýru verði.

Hv. þm. segir að ég hafi komið með það sem einhverja frétt að það þyrfti að fjárfesta í þessu fyrirtæki. Ég sagði það að hver einasti maður sem minnsta inngrip hefði í rekstri á síldar- og loðnuverksmiðjum vissi það að slíkar verksmiðjur eru mjög fjármagnsfrekar og þurfa mikið viðhald og þurfa mikla fjárfestingu. Hins vegar vakti það athygli mína að verðmat Verðbréfamarkaðar Íslandsbanka, það hefur verið upplýst í skýrslu Ríkisendurskoðunar hinni síðari, byggðist einfaldlega á því að þar hafi ekki verið gert ráð fyrir fjárfestingum. Þetta voru þær fréttir sem ég var að færa hv. þm. og ég held að hv. þm. ætti að vera þakklátur fyrir það að ég skyldi flytja honum þessar fréttir því þær virtust hafa farið fram hjá honum þegar hann var sjálfur að leggja mat á verðmæti fyrirtækisins. Ég er hins vegar alveg sammála hv. þm. um það að það eiga að vera í gildi skýrar reglur um sölu ríkiseigna og það þarf ekkert hann eða mig eða einhvern hér og nú til

þess að segja okkur þetta því þessar reglur liggja fyrir verklagsreglum einkavæðingarnefndar. Ég vænti þess að hv. þm. geti tekið undir það að eftir þeim reglum eigi að fara.

[23:21]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú ekki eins og guð hafi sagt það þó það liggi fyrir í verklagsreglum einkavæðingarnefndar. Auðvitað eru hlutirnir þannig að það þarf að fara yfir þessa hluti og reyna að skapa um það pólitíska samstöðu á Alþingi. Einhverjar verklagsreglur sem eru samdar uppi í Stjórnarráði af Sjálfstfl. svo að segja einvörðungu koma í raun og veru þessu máli mjög lítið við, en ég spyr: Af hverju var þá ekki þessum góðu reglum fylgt úr því að þær eru eins góðar og hv. þm. var að segja?

En úr því að hv. þm. vænir mig um það að fara með rangt mál þá les ég fyrir hann á bls. 7, með leyfi forseta, en ég vona að þingmaðurinn sé kominn þangað, bls. 7, önnur greinarskil. Hér stendur:

„Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls hf. og mati VÍB bendir til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra en endanlegt kaupverð."

[23:22]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það vakti athygli mína að ekki var hægt að skilja orð hv. þm. öðruvísi en svo að hann hefði fremur kosið að Haraldi í Andra yrði seld verksmiðjan en þeim hópi sem fékk hana og var það mjög athyglisvert í ræðu hv. þm.

Ég vil í öðru lagi benda á að í síðari skýrslunni er tekið ýmislegt til baka af því sem áður var sagt og skýrt tekið fram og áréttað að heimildir sjútvrh. til þess að ganga frá sölunni með þeim hætti sem hann gerði séu ekki dregnar í efa. Þetta er tekið fram skýrt og afdráttarlaust.

Í þriðja lagi vegna þeirrar talnaþulu sem hv. þm. fór með er rétt að rifja upp að vegna þess að síðasta ríkisstjórn tímasetti á vitlausum tíma þær framkvæmdir og þá fjárfestingu sem gerð var á verksmiðjunni á Seyðisfirði var óhjákvæmilegt að hlaupa undir bagga með síldarverksmiðjunum á sl. ári um 400 millj. kr. vegna þess að það stóðu ekki tekjur undir þeim kostnaði sem þar var kominn. Þannig að það má rekja þær greiðslur og það að ríkissjóður neyddist til að taka þær skuldir yfir beinlínis til óráðsíu síðustu ríkisstjórnar.

[23:23]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er bersýnilega erfitt ástandið í Sjálfstfl. á Akureyri þegar menn þurfa að grípa til útúrsnúninga af þessu tagi til að reyna að verja sig á síðkvöldum hér á þessum fallega vordegi. Satt að segja finn ég frekar en hitt til með hæstv. landbrh. og nenni ekki að svara skætingi hans frekar, hæstv. forseti.

[23:23]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég tók eftir orðavali hv. þm., hann var ráðherra í síðustu ríkisstjórn. Á meðan hann sat í henni var m.a. ráðist í það að selja hlutabréf í Þormóði ramma og er í skýrslu Ríkisendurskoðunar á þeim tíma mjög harðlega gagnrýnt hvernig var staðið að þeirri sölu og munar miklum fjárhæðum hversu minna fékkst fyrir hlutabréfin en eðlilegt var talið af Ríkisendurskoðun. Eins og ég sagði áður þá hefur síðar komið í ljós að hinir nýju eigendur standa vel að rekstri síns fyrirtækis og kunna til verka og þetta hefur orðið styrkur fyrir Siglufjarðarkaupstað.

Í annan stað ítreka ég það sem ég sagði áðan, skýringin á því að ríkissjóður þurfti að taka yfir skuldbindingar Síldarverksmiðja ríkisins var og er sú að fjárfestingin á Seyðisfirði var vitlaust tímasett. Það er auðvitað algjörlega út í hött að koma og draga það hér inn í umræðuna á einhverjum öðrum forsendum. Þeir menn sem eru yfirskoðunarmenn ríkisreiknings og fjalla um mál eins og þessi eiga auðvitað að tala um þetta með réttum hætti og í fullri alvöru en ekki að vera með skæting hér uppi sem er auðvitað ekki undarlegt af hv. þm. með hliðsjón af fortíð hans og með hliðsjón af því hvernig hann hefur í gegnum tíðina litið til einkavæðingar og heilbrigðs markaðsbúskapar.

[23:25]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Í upphafi þessarar umræðu staglaðist hæstv. sjútvrh. á því að þessi sala hefði tekist vel. Menn hafa verið að hneykslast á því í allan dag en ég er ekki hissa. Vilji ráðherrans náði nákvæmlega fram að ganga. Því miður var þessi vilji ráðherrans almenningi dýr. Mig langar til, herra forseti, að lesa nokkur orð sem ég sagði þegar frv. til laga um að breyta Síldarverksmiðjum ríkisins í hlutafélag var hér til umræðu, 28. okt. 1992. Þá sagði ég, með leyfi forseta:

„Hér er um að ræða skref til einkavæðingar. Eins og ríkisstjórnin hefur meðhöndlað einkavæðinguna til þessa og eins og hún hefur birt áform sín um einkavæðingu og unnið að málinu hlýtur maður að hrökkva við þegar maður heyrir einkavæðinguna nefnda. Það er sannarlega ekki til fyrirmyndar hvernig haldið hefur verið á henni.

Þetta er tekið í tveimur skrefum. Fyrst er stofnað hlutafélag og hvað breytist við hlutafélagsstofnunina? Jú, ráðherra kemur til með að hafa vald á stjórninni með öðrum hætti. Hún kemur ekki til með að starfa í umboði Alþingis. Ráðherra velur stjórnarmenn. Þetta á almennt við um þá breytingu að gera ríkisfyrirtæki að hlutafélögum. Ég er ekki búinn að sjá að þessi breyting skipti verulegu máli. Það er auðvitað ágætt fyrir ráðherrann að geta raðað þarna flokksbræðrum sínum. En að stjórnin verði starfhæfari fyrir það, því hef ég ekki trú á.

Næsta skref, sem líka er í þessu tilfelli ýjað að að tekið verði, er að selja þetta fyrirtæki. Það væri kannski eðlilegra fyrir þá að tala um að afhenda fyrirtækið því það hefur venjulega verið reynslan þegar ríkisstjórnin hefur verið að einkavæða, að afhenda það sem fémætt er af eignum ríkisins einhverjum þóknanlegum aðilum. Hér er farið vinsamlegum orðum um að heimamenn geti gjarnan keypt þetta. Ég geri heldur lítið með það. Það er ekkert alveg víst að heimamenn hafi á hverjum stað tækifæri eða peninga til að ráðast í þessa fjárfestingu."

Þetta var það sem ég sagði 28. okt. 1992. Síðan er mikið vatn til sjávar runnið en þessi spádómur hefur ræst nákvæmlega og hæstv. sjútvrh. hefur tekist ætlunarverk sitt og ég verð að segja að hann hefur sýnt ekki litla dirfsku. Hann hefur reyndar gert meira því hann hefur sýnt kristilegt hugarfar eins og kirkjumálaráðherra ber. Hann réttir þarna kolkrabbanum hinn vangann. Hann reiddist ekkert við kolkrabbann, hann var ekkert að erfa það við hann þó að kolkrabbinn hafi magnað á hann Davíð Oddsson á sínum tíma til þess að steypa honum úr formannsstóli í Sjálfstfl. Nei, nei, hann var bara góður við hann. (**Fjmrh.:** Hvað er kolkrabbinn?) Það er hæstv. fjmrh. sem slapp og það er von að hann sé kotroskinn, þessi hæstv. frændi minn, í fjármálaráðherrastól sínum. Það er vegna þess að Davíð Oddsson gat þarna unnið dálítið fyrir þingsætinu sínu og skrifað undir. Hæstv. fjmrh. var úti í löndum einhvers staðar að pissa og hæstv. forsrh. fór með fjmrn. og skrifaði undir gerninginn og þar af leiðandi verður þessi hv. frændi minn, fjmrh., sýkn saka í málinu.

Það eru valdir kaupendur, sérvaldir kaupendur, fyrirsvarsmenn til að taka við fyrirtækinu og síðan er farið að vinna að því að koma fyrirtækinu í hendur þeirra fljótt og örugglega og fyrir náttúrlega mildilegt verð.

Það var ekki hægt að gefa Akureyringum frest. Það var ekki hægt að ganga siðmannlega að þessari sölu. Hæstv. sjútvrh. var að veifa hér löngum lista um kaupendurna, hve óskaplega breiður hópur hefði keypt þetta fyrirtæki. Og VÍB var falið að markaðssetja fyrirtækið og annast söluna. Af hverju vildi hæstv. sjútvrh. láta VÍB taka við þessu, jafnvel þó að VÍB þyrfti 9,5 millj. meira fyrir að annast söluna en Landsbréf buðust til þess að gera það? Jú, það var vegna þess að Verðbréfamarkaðurinn er tengdur Íslandsbanka og kaupendurnir voru, ýmsir þeirra, töluvert mikið tengdir Íslandsbanka. Það var betra að vera ekkert að láta þá Landsbankamenn vera að krafsa í þessi mál.

Í þessum breiða lista kaupendanna eru sjö aðilar sem eiga samtals 278 millj. eða eru skrifaðir fyrir. Þeir hafa ekki þurft að borga þessar milljónir. Það eru sjö aðilar sem eiga rúm 42% í fyrirtækinu. Það eru 17 aðilar sem eiga 10–16 millj. eða samtals 232,5 millj. eða tæp 36%. Þarna sýnist mér að komin séu 78% á 24 hendur. Það eru 16 aðilar sem eiga 5–10 millj. eða rúm 15% og þá eru það orðin 93% og svo kemur breiði hópurinn sem hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, var að tala um, Siglfirðingarnir og Seyðfirðingarnir og Raufarhafnarbúarnir með sína 100 þús. kr. eða 50 þús. kr. Þeir eiga samtals 39 millj. kr. Þessir 140 aðilar sem þarna eru á þessum langa lista þeir eiga samtals 7% í fyrirtækinu og það verða ekki þeir sem ráða því. Stóru hluthafarnir koma til með að ráða fyrirtækinu og þeir eru flestir tengdir þessum fræga Íslandsbanka og hann er tengdur sjávardýri sem ég ætla ekki að nefna.

Smáu hluthafarnir fara ekki að ómaka sig, þessir sem eiga 50 þús. kr., þeir fara ekki að ómaka sig á aðalfundi SR-mjöls til að gera þar byltingar. Þeir verða ánægðir og taka við arðgreiðslunum þegar þær verða sendar. Það verða auðvitað þessir sjö aðilar sem eiga 42% í fyrirtækinu, það nægir þeim alveg. Þeir ráða þessu alveg. Þetta eru snilldarmenn, þ.e. harðskeyttir menn. Ég dái þá að vissu leyti fyrir hvað þeir hafa staðið snilldarlega að þessari yfirtöku. Þeir fóru um landið, þeir komu sér vel við fólkið, þeir buðu því að eiga þetta með sér. Þeir ætluðu bara að eiga 42% eða rétt um helming. Hinir mættu eiga restina. Svo komu menn með 50 þús. kr. sínar og 100 þús. kr. sínar, nei, þeir komu ekki með þær því þeir þurftu ekki að borga þær. Þeir þurftu að borga pínulítinn part af þessum aurum sem þeir skrifuðu sig fyrir. Þessi hópur sem stjórnar núna eru harðskeyttir bisnessmenn og ég trú þeim vel til þess að reka þetta fyrirtæki með verulegum hagnaði og það er alveg ábyggilegt að í árslok geta þeir greitt út arð a.m.k. ekki minni en þessar 65 millj. sem þeir sendu út mánuði eftir að þeir tóku við fyrirtækinu. Þessir menn hafa loðnuflotann á bak við sig. Þeir hafa mikinn hluta loðnuflotans á bak við sig. Þeir fengu þetta fyrirtæki fyrir ákaflega lítið verð, miklu minna en hálfvirði. Það hefur komið fram að það kostar upp undir milljarð að byggja verksmiðju eins og er á Seyðisfirði, fyrir utan allar hinar eignirnar.

Það var ekki erfiðara að kaupa fyrirtækið, þeir tóku það ekki nær sér en það að þeir gátu borgað 10% arð strax nokkrum dögum eftir að þeir tóku við því. En með því að hafa loðnuflotann á bak við sig, með því að vera búnir að fá þessar verksmiðjur í hendur þá er þetta fyrirtæki innan örfárra ára orðið algjörlega markaðsráðandi í fiskimjölsiðnaði á Íslandi og þá ræður þetta fyrirtæki loðnuverði til sjómenna. Þá kann að vera komið annað hljóð í strokkinn. Auðvitað njóta þessir menn fyllsta trausts viðskiptamanna sinna og eins og hér hefur komið fram þá var í þessum samningum ekkert minnst á viðskiptavild. Það er ekki seld svo ómerkileg sjoppa að viðskiptavild sé ekki metin til fjár. Þetta fyrirtæki þurfti ekkert á því að halda. VÍB var ekkert að vesenast í svoleiðis smáatriðum.

Málið er það að það þurfti ekkert að gera SR að hlutafélagi. Það var alveg óhætt fyrir ríkið að eiga það. Þær 400 millj. sem hæstv. landbrh. var að býsnast yfir áðan að ríkið hefði yfirtekið frá SR á sínum tíma voru fórnarkostnaðurinn við að gera fyrirtækið að hlutafélagi. Það var bara fórnarkostnaðurinn við það. Það var alveg óhætt fyrir ríkið að eiga þetta fyrirtæki. Það þurfti ekkert að selja það, það þurfti ekkert að selja þessum hópi Benedikts Sveinssonar eða Haraldar í Andra. Það þurfti ekki einu sinni að selja Akureyrarbæ. Af þessum þremur hefði ég talið eðlilegast að Ak-

ureyrarbær hefði fengið tækifæri til þess að eignast fyrirtækið eða bjóða í það.

Hér er náttúrlega um að ræða einkavinavæðingu eins og hún er ógeðfelldust hjá þeim stjórnarherrum. Hér er um ákaflega spilltar stjórnvaldsaðgerðir að ræða og hæstv. sjútvrh. hefur orðið sér til minnkunar í þessu máli, hann er ánægður með að hafa getað þjónað sínum flokki og sínum sjávardýrum en hann hefur hagað sér eins og rangláti ráðsmaðurinn.

[23:37]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hv. síðasti ræðumaður hafði af einhverjum ástæðum orð á því, og lagði lykkju á leið sína, að sá sem hér stendur pissaði í útlöndum. Nú er það svo að hv. þm., frændi minn Páll Pétursson, fer mjög oft til útlanda og það vona ég að guð gefi að hann pissi í útlöndum því bara hans vegna og þeirra sem í flugvélinni eru að hann passi sig nú á því að halda ekki svo lengi í sér að hann geymi það þar til hann kemur heim. Þetta segi ég við hv. þm. sem þurfti að hafa sérstaklega orð á þessu hér og kem þessari ábendingu til skila. (**ÓÞÞ:** Hefur ráðherrann lent í þessum vandræðum?) Nei, ég hef ekki þurft að hafa neitt með hv. þm. að gera þannig að ég hef ekki lent í neinum vandræðum með hann.

Það var líka athyglivert að hlusta á það að hv. þm. Páll Pétursson kom til þess að bjarga Framsfl. við í þessari umræðu sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hóf af þeirra hálfu. Og aðalerindi hv. þm. Páls Péturssonar í þennan ræðustól var að sýna fram á það að svokallaður kolkrabbi hefði keypt þetta fyrirtæki. Þetta var þeim mun athyglisverðara sem það kom mjög rækilega og skýrt fram hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að hann gerði ekkert með það hverjir hefðu keypt fyrirtækið og hann spurði margsinnis um það hver væri þessi kolkrabbi. Því hefur aldrei verið haldið fram að einhver kolkrabbi hefði keypt þetta, það kæmi ekki málinu við. Örskömmu síðar kemur flokksbróðir hans (**ÓÞÞ:** Vilhjálmur Egilsson lýsti því yfir að það hefði verið kolkrabbinn sem hefði keypt.), formaður þingflokks Framsfl., og eina erindið sem hann á í ræðustól fyrir utan það sem ég hef þegar nefnt í minni ræðu er að skýra það út eða reyna að koma því til skila að þetta hafi verið þessi sami kolkrabbi. Svona stangast nú hvað á annars horn í málflutningi þeirra framsóknarmanna. (**SvG:** Hvort heldur þú að sé rétt?)

Það sem hér hefur verið rætt í dag og kannski skiptir mestu máli í þessari umræðu er það, eins og flestir ræðumenn hafa komið að, þeir sem efnislega hafa fjallað um þetta mál, hvort rétt hafi verið að sölu fyrirtækisins staðið í fyrsta lagi og hvort söluverðið sé eðlilegt.

Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að ég tel að verklagsreglum ríkisstjórnarinnar í þessum efnum hafi verið fylgt allt frá því að söluhópurinn, sá starfshópur sem skipaður var til þess að fara með söluna, tók það starf að sér. Það er álit framkvæmdanefndarinnar og ég hef orð framkvæmdanefndarinnar fyrir því. Ríkisendurskoðun bendir reyndar á að það hafi verið mismunun í því eina tilviki að Haraldi Haraldssyni hafi verið gefinn kostur á umfram aðra sem að þessu máli komu að fá að sjá ákveðin gögn og ég taldi það á sínum tíma vera sanngjarnt. En vissulega má segja að í því felist mismunun á milli þessara aðila Haraldi Haraldssyni í vil.

Í öðru lagi spyrja menn: Er söluverðið eðlilegt? Og ég vil að það komi skýrt fram að af hálfu fjmrn. sem auðvitað ber skylda til að fara með eigur ríkisins eins og best verður á kosið, að fá sem mest fyrir þær verði þær seldar, þá telur fjmrn. og fjmrh. að söluverðið sé afar eðlilegt. Það er hins vegar rétt að það komi fram og hefur komið fram áður í umræðunni að það voru deilur á milli ráðuneytanna tveggja, fjmrn. og sjútvrn., eða ágreiningur um það hvernig setja ætti upp stofnefnahagsreikning fyrirtækisins. Fjmrn. vildi að markaðsverð fyrirtækisins, söluverðið, væri látið ráða. Það væri svona á að giska 700–750 millj. sem áttu að fara í stofnefnahagsreikninginn en sjútvrn. vildi hafa hærri tölu og Ríkisendurskoðun hefur tekið undir það. Ástæðan fyrir því að fjmrn. vildi hafa lægri tölu var að lægri tala hefði gefið lægri afskriftarstofn og þess vegna verið meiri möguleiki á því að fyrirtækið greiddi skatta fyrr en ella.

Ríkisendurskoðun gekk í lið með sjútvrn. og það er ekkert við því að segja. Það voru færð rök fyrir því og það hefur verið bent á að þetta hefði líka áhrif á söluverð fyrirtækisins hvernig stofnefnahagsreikningurinn var settur upp. Ríkisskattstjóri var spurður og ríkisskattstjóri sagði: Það fer ekkert í bága við lög að setja reikninginn upp með þessum hætti.

Þetta vil ég að komi fram og það er ekkert við þetta að athuga. Ég vil benda á í leiðinni að Ríkisendurskoðun hefur komið að framkvæmd þessa máls og eitt af því sem ég tel vera gagnrýnisvert er að Ríkisendurskoðun sé að fjalla efnislega með gagnrýnum hætti um mál sem Ríkisendurskoðun hefur komið að sjálf. Ég vil taka það fram, ég er ekkert að ofsækja þá eða ásaka þá með neinum hætti, heldur bendi ég á þetta vandamál sem getur komið upp og kemur margoft upp að Ríkisendurskoðun kemur að máli en er síðan beðin um að líta yfir málið á síðari stigum. Slíkt er auðvitað mjög óþægilegt, ekki síst fyrir stofnunina sjálfa.

Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir velti fyrir sér hvort fjármagnið sem fengist hefur fyrir fyrirtækið mundi koma inn á síðasta ári eða yfirstandandi ár. Samkvæmt greiðsluuppgjöri kæmu fjármunirnir inn á þessu ári, en skuldbindingin í ríkisreikningi væntanlega sl. ár, þó er það ekki alveg ljóst og ég verð að viðurkenna að það er ekki alveg öruggt mál hvernig færa skuli, en ég vil þó taka fram að það hafði enga þýðingu þegar var verið að ákveða það hvenær fyrirtækið var selt, hvort fjármagnið sem fékkst fyrir söluna kæmi inn á árinu 1993 eða 1994. Það er mikill misskilningur ef menn halda það.

Það hefur verið rætt nokkuð um Ríkisendurskoðun og menn hafa verið harla ánægðir sumir hverjir með það sem frá Ríkisendurskoðun kemur og ég skal taka undir það að sumt er auðvitað ágætt og annað er því miður mjög slæmt. Ég tek hér eitt dæmi sem mér finnst vera eitt það lakasta sem ég sé og ekki hefur

verið nægilega mikið rætt hérna. Það má lesa það á bls. 12 og 13 í greinargerð Ríkisendurskoðunar. Söluhópurinn vísar á bug þeirri staðhæfingu sem kom fram í sjálfri skýrslunni að í viðræðum söluhópsins við þá Benedikt og Jónas kæmi fram að sjútvrn. gæti fallist á söluverð fyrir öll hlutabréfin sem væri á bilinu frá 700–750 millj. kr. Starfshópurinn vísar þessu á bug og síðan gerir Ríkisendurskoðun tilraun til þess að svara því. Þegar það er lesið, þá sér maður hvernig Ríkisendurskoðun fer Krýsuvíkurleiðina í sínu svari og svarar þessu aldrei heldur kemur einungis fram í greinargerðinni að þeirri hugmynd hafi verið velt upp af Jónasi Aðalsteinssyni að rétt væri að VÍB og þeirra reiknimenn kæmu sér saman um hvað væri eðlilegt verð fyrir fyrirtækið. Auðvitað kom það aldrei til greina að hópurinn léti þessa upphæð fara til þeirra sem voru hugsanlegir kaupendur en það er ekki einu sinni tekið á því í greinargerðinni heldur látið liggja að því að það sé verið að svara þessu. Þetta er nokkuð athyglisvert hvernig farið er að. Það mætti nota orðið útúrsnúningur um þessa greinargerð en í raun og veru held ég að það sé rétt að segja að þetta er ekkert svar við því sem kemur fram frá hópnum, þetta er ekkert svar. Menn eru að reyna að koma sér hjá því að svara því sem varð tilefni þeirrar athugasemdar sem ég minntist á.

Nú er það svo að það er auðvitað ákaflega erfitt fyrir Ríkisendurskoðun að fara yfir mál eins og þetta og ég hef lýst því yfir að ég hafi verulegar áhyggjur af því að Ríkisendurskoðun geti skaðast við sitt starf. Þó er það svo að miklar breytingar hafa orðið á undanförnum árum af ýmsum ástæðum. Þar á meðal höfum við þrjú verðbréfafyrirtæki, við höfum verklagsreglur ríkisstjórnarinnar þannig að við höfum margt lært. Það er t.d. athyglivert að fletta hér upp í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá janúar 1991 um Þormóð ramma og lesa þar, með leyfi forseta, þessa setningu hér:

„Þó svo að í lögum sé ekki að finna bein fyrirmæli eða reglur um það hvernig standa skuli að sölu hlutabréfa í eigu ríkissjóðs sýnist sem almennra jafnræðissjónarmiða hafi ekki verið gætt í nægilega ríkum mæli við sölu hlutabréfa ríkisins í Þormóði ramma hf. Þar kemur einkum til að hvorki sala hlutabréfanna né þeir skilmálar og skilyrði sem sett voru fyrir sölunni voru auglýst opinberlega."

Þetta er hörð árás á páv. fjmrh. Ef við lítum á skýrsluna núna þá er hvergi nærri því vikið með föstum skotum að sölu fyrirtækisins, sem við erum að fjalla hér um, einfaldlega vegna þess að menn hafa bætt vinnubrögðin sem betur fer. Síðan segir í þessari sömu skýrslu, ég er að lesa niðurstöður í skýrslunni um Þormóð ramma, með leyfi forseta:

„Miðað við þær forsendur sem Ríkisendurskoðun gaf sér við útreikning á virði Þormóðs ramma hf. og að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem fjmrn. setti fyrir sölunni, telst verðmæti alls hlutafjár í félaginu á söludaginn á bilinu 250–300 millj. kr. Við sölu hlutabréfa ríkissjóðs var hins vegar verðmæti þeirra metið á 150 millj. kr."

Með öðrum orðum, þetta er nánast tvöföldun á upphæðinni. Menn sjá auðvitað hérna að sú gagnrýni sem kemur hér fram er margfalt alvarlegri því að Ríkisendurskoðun hefur sagt í sinni fyrri skýrslu að það hafi mátt fá hærra verð en þetta er auðvitað margfalt alvarlegra sem hér kemur fram í þessari gömlu skýrslu. Ég ætla ekki að áfellast fyrrv. ráðherra fyrir þetta vegna þess að ég held að sem betur fer hafi verklagsreglurnar breyst og batnað og við höfum miklu betri tæki í höndunum í dag til að fást við þessa hluti en þá var þannig að ég get ekki vegna þessa atriðis ráðist á fyrrv. ráðherra.

Hins vegar er það mjög sérkennilegt þegar maður les síðan um söluna á Siglósíld að sjá hvernig það var gert. Ég held að hv. þingmenn ættu að skoða það því að slíkt kemur varla fyrir held ég aftur. Þar gerist það að til þess að hækka nafnverð á Siglósíld, þá er tekið við eign Ingimundar sem var kaupandi fyrirtækisins og sagt: Hún er 117,5 millj. kr. virði. Á sama árinu er þessi eign síðan afhent Sláturfélagi Suðurlands og hvert er þá skráð verðmæti eignarinnar? 54,5 millj., meira en helmingi lægra heldur en nafnverðið var þegar Ingimundur keypti Sigló, svo fær ríkið eignina í Súðarvogi og borgar með henni og þá er hún orðin helmingi lægri. Ég get bætt við þessa sögu að fulltrúar Sláturfélags Suðurlands komu síðan á minn fund og buðu mér þessa eign á rúmlega helminginn af því sem þeir höfðu tekið hana á. Þetta mat sem er kannski þrefalt til fjórfalt er sett mat til þess að hækka nafnverð á fyrirtæki, þetta mundi aldrei geta gerst í dag einfaldlega vegna þess að við höfum betri tæki, við höfum mun betri tæki en fyrrv. ráðherra hafði á sínum tíma. En þetta segir kannski sína sögu hvers konar gífurlegur munur er á því sem er að gerast núna og hinu sem gerðist fyrir nokkrum árum síðan og á þessu hafa menn auðvitað lært, þessi ríkisstjórn og vonandi þær sem eiga eftir að koma.

Ég lýsti því í umræðu um Lyfjaverslun ríkisins að ég hefði alvarlegar áhyggjur af stöðu Ríkisendurskoðunar og ég hef það vegna þess að ég veit og ég held að ég tali fyrir hönd allra hv. þingmanna þegar ég segi að okkur er nauðsynlegt að hafa Ríkisendurskoðun sem hægt er að treysta og vinnur sitt verk faglega. Það er gífurlega mikilvægt. Þegar ég var að segja þetta var það ekki neinn dómur yfir Ríkisendurskoðun. Ríkisendurskoðun er oft af þingmönnunum sjálfum og nefndum þingsins og stjórnendum þingsins sett í slíka stöðu að það er ákaflega erfitt fyrir hana að starfa.

Ég var að benda á það, og það ætla ég að gera að mínum lokaorðum, hvað það er t.d. erfitt fyrir stofnunina að þurfa að fást við mál þar sem Ríkisendurskoðun hefur komið að málinu eins og t.d. í þessu dæmi hér. Fulltrúar Ríkisendurskoðunar sem Ríkisendurskoðun skipaði fyrir sína parta endurskoðaði reikninga SR og ef menn lesa t.d. reikningana frá 1991, þá held ég að menn þyrftu ekkert annað heldur en lesa þá yfir og skoða hvaða álit Ríkisendurskoðun hafði á málum þá til þess að sjá hve erfitt er fyrir fyrirtækið í dag að skrifa hlutlausa skýrslu um það hvað hefur gerst núna þegar fyrirtækið var selt einkaaðilum.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa þessi orð

fleiri. Ég vona aðeins að þessi umræða sem ég tel að hafi verið góð sýni það að stjórnvöld eru smám saman að ná miklu betri tökum á sölu slíkra fyrirtækja eins og SR-mjöls en áður var hægt og ég hef rakið það hér með dæmum sem ekki er hægt að hrekja.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Nú hafa fimm hv. þingmenn óskað eftir að veita andsvar við ræðu hæstv. fjmrh. og verður því að takmarka ræðutíma hvers og eins og mun verða byrjað á því að miða við eina mínútu hverju sinni.

[23:52]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sammála því í fyrsta lagi að það er auðvitað alveg afleit staða sem Ríkisendurskoðun er sett í aftur og aftur þegar henni er ætlað að undirbúa mál og endurskoða síðan sömu mál og stofnunin hefur fjallað um. Það er ósiður sem Alþingi á auðvitað að venja sig af að setja Ríkisendurskoðun í.

Í öðru lagi segi ég það að þær tölur sem ég nefndi hér áðan varðandi verðið á fyrirtækinu og að ríkið hafi haft upp úr krafsinu 105 millj. kr., ég hefði gjarnan viljað að hæstv. fjmrh. hefði farið einhverjum orðum um það mál. Og loks svo það sem hæstv. ráðherra gerði að aðalgagnrýni sinni á stofnunina, Ríkisendurskoðun. Ég tel að í raun og veru komi það fram á bls. 13 hvaðan þær upplýsingar eru sem mótmælt er með feitu letri á bls. 12 og ég hef því miður ekki tíma til að lesa, hæstv. forseti.

[23:53]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. 9. þm. Reykv. fór með reikningsþraut áðan. Hann sagði að í raun og veru hefði salan numið 105 millj. kr. og það fékk hann með því að taka 725, draga frá 540 sem er 400 sem er framlag ríkisins plús lífeyrisskuldbindingar, 65 í hagnað og 15 í kostnað. Ég vil taka það fram af þessu tilefni að ríkið hefði þurft að taka á sig skuldbindingarnar hvort sem var, a.m.k. þessar 400 og jafnvel þessar 540 sem auðvitað eru ofmetnar því að það þarf að núvirða þá tölu.

Í öðru lagi, eigið fé fyrirtækisins var 25 millj. kr. fyrir yfirtökuna, 21 millj. kr. og það láðist hv. þm. að geta um og í þriðja lagi er auðvitað um yfirtöku á skuldum að ræða, það þarf ekkert að taka nettótölurnar og það veit ég að hv. þm. er svo góður í reikningi og það góður í bisness að hann hlýtur að skilja.

[23:55]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er enginn kostur á að skiptast á ítarlegum upplýsingum, skoðunum eða rökum um málið í andsvaratíma. En mér fannst hæstv. ráðherra ekki hrekja það sem ég sagði áðan að það sem ríkið hafði upp úr krafsinu út úr þessu 4–5 milljarða fyrirtæki hafi verið svona um það bil 100 millj. kr.

Ég ætla síðan að endurtaka það sem mér fannst mikilvægt og ég gat ekki leiðrétt eða komið á framfæri hér áðan, að á bls. 13 í skýrslu Ríkisendurskoðunar frá í dag segir svo, með leyfi forseta: „Bókanir úr viðtölum við tvo úr starfshópnum og forstjóra VÍB eru algerlega samhljóða um að málið hefði gengið fyrir sig eins og lýst er í skýrslunni". Ég tel að í raun og veru sé þarna staðfest hvernig það er til komið að það er nefnt í skýrslu Ríkisendurskoðunar að menn hafi verið með þær upplýsingar í höndunum að sjútvrn. gæti hugsanlega fallist á að söluverð fyrir öll hlutabréfin væri á bilinu 700–750 millj. kr.

[23:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Fyrst vil ég segja út af fyrirtækinu að ég hafi samþykkt töluna 105. Ég hef samþykkt hana reikningslega. Það er ekkert rangt við það sem hv. þm. sagði þegar hann lagði töluna saman, en það átti eftir að núvirða skuldbindingarnar og ég vil taka það fram að fyrirtækið hefur verið rekið með gífurlegum halla, 90 millj. halla á ár, undanfarin ár og það verður auðvitað að taka tillit til þess.

Í öðru lagi er vitnað til bls. 13 í greinargerð frá Ríkisendurskoðun. Ég vil bara benda á að í klausunni sem tekin er úr þessu minnisblaði kemur ekkert fram sem bendir til þess að þeir sem í hópnum voru hafi gefð upplýsingar til Jónasar Aðalsteinssonar og Benedikts Sveinssonar jafnvel þótt Jónas Aðalsteinsson hafi beðið um það. Ef þetta er lesið grannt þá veit ég að hv. þm. hlýtur að samþykkja það sem ég sagði hér áðan að það er ekkert í textanum sem sýnir fram á það að þau mótmæli sem komu frá starfshópnum séu röng.

[23:57]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. spurði hvort eðlilega hefði verið staðið að sölunni. Það er búið að sanna það 100 sinnum úr þessum ræðustól í dag að svo var ekki. Nú hótar hann Ríkisendurskoðun og segir að hún geti skaðast af þessu máli.

Hann spurði líka hvort söluverðið væri eðlilegt. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar á bls. 24 kemur fram að verðmat VÍB miðað við tekjuvirðisaðferð sé á bilinu 695–1.111 millj. kr. Í kaupsamningnum sem var undirritaður hinn 29. des. er söluverð hlutabréfanna 725 millj. Greiðslur eru hvorki verðtryggðar né vaxtaberandi. Sé kaupverðið núvirt miðað við 10% ávöxtunarkröfu kemur í ljós að núvirt kaupverð er um 664 millj. og því vaknar sú spurning hvort þetta kaupverð sé ekki lægra en lægstu mörk í verðmati VÍB. Hinir nýju eigendur SR-mjöls hafa ákveðið skömmu eftir þeir eignuðust félagið að greiða sér 10% arð eða 65 millj. sem var næsta auðvelt því að í árslok 1993 er handbært fé félagsins 255 millj. kr. Og þá kemur mjög til álita að líta á þessa arðgreiðslu til hluthafanna sem lækkun á kaupverði þeirra á hlutabréfunum. Sé það gert er eiginlegt kaupverð hlutabréfanna í hendi kaupenda um 600 millj. kr. og það er ekki eðlilegt kaupverð.

[23:58]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má auðvitað alltaf deila um

það hvaða kaupverð sé eðlilegt og hvaða kaupverð sé sanngjarnt. Það hefur komið fram í umræðunni að það sem ég sagði var það að fjmrn. hefur ekki gert athugasemdir við kaupverðið og telur það vera eðlilegt. Það getur vel verið að hv. þm. Páll Pétursson treysti sér til að selja fyrirtækið á hærra verði. Niðurstaðan er sú að það voru ekki neinir aðilar tilbúnir til þess að gefa meira fyrir fyrirtækið á þessari stundu nema Haraldur Haraldsson og hann gat ekki samkvæmt því sem hópurinn komst að niðurstöðu um sýnt fram á það að hann væri með það fjármagn sem til þyrfti. Þetta er það sem skiptir máli og ég tel að það megi ekki lesa það út úr orðum Ríkisendurskoðunar að þeir telji að kaupverðið sé fyrir neðan lægstu mörk eins og hv. þm. gat um í sinni ræðu. Þvert á móti telja þeir ef ég les þetta rétt og les í þeirra mál að það sé innan þeirra marka sem um var talað þótt auðvitað megi fabúlera um annað.

[00:00]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það liggur náttúrlega alveg ljóst fyrir í skýrslu Ríkisendurskoðunar að hún álítur kaupverðið of lágt. Hæstv. fjmrh. sagði að það hefðu ekki aðrir verið tilbúnir að gefa meira fyrir fyrirtækið. Akureyringum gafst ekki tækifæri til þess að gera tilboð. Þeim var með bolabrögðum skákað út úr málinu í staðinn fyrir að gefa þeim eðlilega fresti. Þá þegar af þeirri ástæðu er meðferð málsins vítaverð.

Hæstv. fjmrh. var í ræðu sinni að vitna í söluna á „rammanum" og Siglósíld og ég ætla sannarlega ekki að fara að verja þær sölur. Að mörgu leyti var þó skár staðið að þessari en sölunni á „rammanum", það skal ég viðurkenna. En það bætir hins vegar ekki hlut hæstv. fjmrh. og hæstv. sjútvrh. núna þó að illa hafi verið staðið að verki í tíð fyrrv. fjmrh.

[00:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt nokkuð langt gengið að ræða um þetta kaupverð sem við komumst seint að niðurstöðu um, a.m.k. sameiginlegri niðurstöðu hygg ég, en það er alltaf verið að reyna í þessari umræðu að gera verðið tortryggilegt og menn nota til þess öll brögð. Það er verið að reyna að gera þetta tortryggilegt og nú síðast greip hv. þm. til þess ráðs að draga 400 millj. frá verðinu til þess að það sýndist miklu lægra. En af hverju ræðir hv. þm. aldrei um þessar 1.300 millj. sem eru aðrar skuldir sem hvíla á fyrirtækinu og tekur það inn í kaupverðið og bætir því við? Það er vegna þess að hann kýs að horfa einungis á þá hlið sem hann býr til sjálfur á þessu máli. Það er alvarlegt þegar menn seilast svona langt í sínum reikningi eins og hv. þm. hefur gert í sinni ræðu.

[00:02]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Varðandi umræður sem hafa verið um verð fyrirtækisins vil ég benda á bls. 23 í skýrslu frá Ríkisendurskoðun sem var dreift hér í dag. Þar segir svo, með leyfi forseta:

„Ríkisendurskoðun hafði aðgang að rekstraráætlunum bjóðanda og gat á þann hátt núvirt fjárstreymi á sama hátt og VÍB. Niðurstaða þess mats í samanburði við mat VÍB miðað við 15 og 20% ávöxtunarkröfu var eftirfarandi." Þar kemur fram að Jónas Aðalsteinsson hæstaréttarlögmaður fyrir hönd fjárfesta metur fyrirtækið á 1.090 millj. kr. miðað við 15% ávöxtun og 958 millj. kr. miðað við 20% ávöxtun. Þetta er mat kaupendanna. Síðan geta menn leikið sér að tölum um það hvort þetta hafi verið of hátt eða lágt verð. Ég held að ekki sé ofmælt að verðið sé tortryggilegt, ef svo má segja.

[00:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta er allt saman rétt lesið úr greinargerðinni. En ef menn lesa áfram á næstu blaðsíðu, blaðsíðu 24 í lok kaflans þá segir Ríkisendurskoðun þar orðrétt, með leyfi forseta:

„Ekki má draga þá ályktun af skýrslunni að Ríkisendurskoðun telji að bjóðendur hafi verið tilbúnir að fallast á verð sem lá nærri efri mörkum í mati VÍB." — Það er í efstu línunni á bls. 24. Með öðrum orðum er eitt að reikna hluti út frá gefnum forsendum og annað að ákveða verð þegar tekið hefur verið tillit til annarra þátta sem hljóta að hafa áhrif á verðið eins og ég veit að hv. þm. þekkir sem er alvanur að vinna fyrir kaupfélög hér á landi sem þurfa að gera útreikninga eins og þessa.

[00:04]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vil þá lesa eina tilvitnun í viðbót sem hæstv. fjmrh. hljóp yfir og hún er svo, með leyfi forseta:

„Ef rekstraráætlanir bjóðenda eru metnar á sama hátt og VÍB gerði við mat á framtíðarafkomumöguleikum SR-mjöls hf. má ætla að verðmæti fyrirtækisins hafi verið nokkru hærra en sem nam endanlegu kaupverði og frekar legið nærri efri mörkum mats VÍB."

Ég skal ekkert segja um það nákvæmlega hvaða verð er sanngjarnt fyrir þetta fyrirtæki en það reyndi bara aldrei á það hvort þessi hópur var tilbúinn að borga hærra verð fyrir fyrirtækið. Hæstv. landbrh. fullyrti að þessi hópur hefði snúið frá en hann var bara einfaldlega ekki til 29. des. því það lá ekkert fyrir um hverjir mundu taka þátt í þessum kaupum þá.

[00:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er eins konar samlestrarnámskeið því að skýringin á þessu kemur líka fram í beinu framhaldi af því sem hv. þm. las. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Skýringin á mismuninum á þannig útreiknuðu verði og kaupverði liggur m.a. í því að þeir töldu nauðsynlegt að leggja í verulegar fjárfestingar til að viðhalda rekstrarhæfi fyrirtækisins. Í áætlun Jónasar A. Aðalsteinssonar hrl. fyrir hönd fjárfesta er fjárfestingarþörf talin vera að jafnaði 58 millj. kr. á ári næstu tíu árin. Í áætlun Haralds Haraldssonar fyrir hönd fjár-

festa er fjárfestingarþörf þannig talin vera tæpar 30 millj. kr. á ári næstu fimm árin. Áætlanir þeirra eru að þessu leyti frábrugðnar áætlunum VÍB sem ekki virðist hafa gert ráð fyrir fjárfestingum." Hér er verið að reikna út frá gefnum forsendum en auðvitað þarf að taka tillit til fleiri þátta.

[00:07]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir úr ræðustól að hann vonaðist til að við eignuðumst ríkisendurskoðun sem hægt væri að treysta. Í reynd var hann að segja að við ættum ríkisendurskoðun sem ekki væri hægt að treysta. Sjálfstfl. skipaði þann mann sem stýrir þeirri stofnun í dag. Stór hópur undirmanna eru komnir úr fjmrn. Þetta er einhver mesta ósvífni sem ég hef heyrt úr ræðustól á Alþingi Íslendinga.

Hæstv. ráðherra ætti að vita að íslenska þjóðin bíður eftir því að eignast ráðherra sem hægt er að treysta. Það er stóra málið.

[00:08]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Að svo miklu leyti sem ég skildi ræðu hv. þm. þá var hann að halda því fram að ég hefði sagt að við ættum ekki ríkiendurskoðun sem hægt væri að treysta. Þar með leggur hann mér orð í munn. Ég hef sagt að ég hafi alvarlegar áhyggjur af stöðu Ríkisendurskoðunar af því að við þurfum á því að halda að hægt sé að treysta Ríkisendurskoðun. Síðan rakti ég það, og það gerði reyndar hv. þm. Svavar Gestsson líka, hvaða erfiðleikar væru fyrir hendi hjá Ríkisendurskoðun sem er sífellt að búa til greinargerðir og skýrslur jafnvel um mál sem hún hefur sjálf komið að framkvæmdinni á og það er þetta sem ég hef verið að benda á. Ég vona að hv. þm. leyfi sér ekki að endurtaka það sem hann sagði áðan því að ég treysti Sigurði Þórðarsyni sem persónu og sem endurskoðanda ákaflega vel, enda er það rétt sem hv. þm. sagði að Sigurður Þórðarson er góður og gegn sjálfstæðismaður en það nefndi hv. þm. sem mikið lof fyrir ríkisendurskoðanda og ég skal taka undir það með honum.

[00:09]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er nú komið svo fyrir hæstv. ráðherra að hann hvorki tekur eftir því hvað aðrir segja né man stundinni lengur hvað hann sjálfur sagði. Ég sagði að Sjálfstfl. hefði skipað núv. ríkisendurskoðanda. Ég úrskurðaði ekki um það hvar hann væri í pólitík. Það hefur aftur á móti nú verið upplýst að á því hefur verið tékkað áður en skipunin fór fram.

Hins vegar getur hæstv. ráðherra ekki hlaupið frá því að hann lýsti því yfir að hann væri að tala fyrir hönd alls þingsins þegar hann óskaði eftir því að við eignuðumst ríkisendurskoðun sem hægt væri að treysta. Þessi setning er út í hött nema sá skilningur sé í það lagður, sem á bak við býr, skoðun ráðherrans að í dag eigum við ekki slíka ríkisendurskoðun. Það var þetta sem mér þótti makalaus ósvífni.

Það er umhugsunarefni að það er þá upplýst að það voru sjálfstæðismenn sem lögðu mat á söluna á Þormóði ramma og Siglósíld. (Forseti hringir.) Forseti hefur barið í bjölluna. Hann hefur gert það áður. — Hvernig hefði skýrslan litið út núna ef það hefði verið sósíalisti sem hefði samið skýrsluna fyrir Ríkisendurskoðun?

[00:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það getur vel verið að mér förlist og ég taki ekki vel eftir og muni ekki hluti mjög vel, en ég man þó ekki betur en Sigurður Þórðarson hafi verið ráðinn af forsætisnefnd Alþingis sem ríkisendurskoðandi eftir að Halldór V. Sigurðsson hætti og þótt (**ÓÞÞ:** Hvar er sú nefnd í pólitík?) Sjálfstfl. sé sterkur og stór þá er það svo að forsætisnefndin komst einróma að niðurstöðu um það, ef ég veit rétt, að ráða Sigurð Þórðarson, þann ágæta mann sem hv. þm. er að reyna að láta líta svo út að ég sé að gera lítið úr. Ég kannast ekki við það að fulltrúar annarra flokka en Sjálfstfl. hafi gert ágreining um það í forsætisnefndinni að Sigurður Þórðarson væri ráðinn. Ég kannast ekki við það. Það eru því tómar dylgjur að halda því fram að Sjálfstfl. hafi ráðið mann sem forsætisnefnd Alþingis réð að því er ég best veit samhljóða. (**ÓÞÞ:** Það er ekki forsætisnefnd sem ræður heldur forseti þingsins.)

Útbýting þingskjala:

Skattskylda innlánsstofnana, 294. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1165.

Umboðsmaður barna, 377. mál, brtt. IBA og ÓÞÞ, þskj. 1168.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 282. mál, nál. minni hluta sjútvn., þskj. 1145.

[00:13]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tek undir það með hæstv. fjmrh. að ég deili áhyggjum hans af framtíð Ríkisendurskoðunar en af allt öðrum ástæðum en hann. Sannleikurinn er sá að meðan fjmrn. réð yfir Ríkisendurskoðun gat ráðuneytið haft Ríkisendurskoðun eins og því þóknaðist. Til þess var Ríkisendurskoðun færð undan framkvæmdarvaldinu og undir Alþingi beint að Ríkisendurskoðun væri sjálfstæð stofnun sem Alþingi bæri ábyrgð á. Síðan það gerðist hefur Ríkisendurskoðun ekki verið vært og í einu máli eftir öðru hefur Ríkisendurskoðun mátt sæta gagnrýni framkvæmdarvaldsins ef eitthvað annað hefur komið í ljós en því hefur líkað. Svo langt hefur þetta gengið um einfalda hluti, kannski ekki einfalda en þó mál sem ætti að vera hægt að leysa, að nefnd hefur setið að störfum nú um langt skeið til að reyna að bögglast við að ákveða hvernig ganga skuli frá ríkisreikningi. Síðast var fjárln. Alþingis lofað að þessi nefnd lyki störfum og skilaði okkur skýrslu 6. mars sl. Sú skýrsla er ekki komin enn og ég efast um að hún komi. Og ekki yrði ég hissa, eigi þessi lánlausa hæstv. ríkisstjórn einhverja lífdaga fram undan, þó það næsta sem við sæjum yrði lagafrv. um að ráðuneytið fengi aftur yfirráð yfir Ríkis-

endurskoðun. Það er eina ráðið til að hafa hana góða. Sú smekklausa umræða sem hefur átt sér stað hér í dag um persónu ríkisendurskoðanda er alveg óheyrð í sögu þingsins.

Ég vil benda hæstv. fjmrh. á að ríkisendurskoðandi vinnur á ábyrgð Alþingis og það hefur komið fram í dag að meiri hluti Alþingis er honum sammála um gagnrýni í þessu máli. Meiri hluti þingsins er sammála Ríkisendurskoðanda og vænti ég svo að sú umræða verði látin niður falla að tala hér um og draga í efa að Ríkisendurskoðun vinni af heilindum við eftirlit með meðferð fjármuna þjóðarinnar. Þetta er fráleitt að hlusta á.

Það ætti kannski að vera nokkur skýring á þeim æsingi sem er í þessu máli af hálfu þeirra hv. sjálfstæðismanna hver áhugi hæstv. landbrh. hefur verið á þessu máli í dag. Hingað til hef ég ekki haldið að þetta mál heyrði beint undir hans ráðuneyti. En það skyldi aldrei eiga sér skýringar? Alþingi Íslendinga hefur verið að horfa upp á það og næsta aðgerðalítið eða aðgerðalaust að það er verið að færa alla þætti þessa samfélags á hendur sama fólksins. Það verður einhver að segja þetta upphátt og ef enginn annar gerir það skal ég þá gera það.

Margumræddur Benedikt Sveinsson hrl. var fulltrúi einna þriggja kaupenda. Skyldi nú aldrei vera að það vilji svo til að hann sé stjórnarformaður í Sjóvá-Almennum og bróðir hans Einar Sveinsson framkvæmdastjóri. Og þegar litið er á hluthafana og meðstjórnendur koma gamlir kunningjar í ljós. Þetta fyrirtæki á nú 7,5% í hinu nýja fyrirtæki. Önnur 7,5% á eignarhaldsfélag Alþýðubankans. Muna menn nokkuð hvaða önnur eignarhaldsfélög eða fulltrúar hvaða annarra eignarhaldsfélaga runnu þar inn? Minnast menn eignarhaldsfélags Verslunarbankans? Ég ætla ekki að fara út í það hvaða menn komu svo inn í stjórn bankans einn á fætur öðrum. Það skyldi ekki vera þetta sama fólk? (Gripið fram í.) Það skyldi ekki vera sama fólkið sem hefur lagt undir sig alla flutninga á láði og legi í landinu, komið sér fyrir í stjórn Flugleiða, í stjórn Eimskipafélags Íslands og í tilefni af því var það talin góð aðgerð að selja Ríkisskip og hvað varð svo um aumingja litla fyrirtækið sem keypti Ríkisskip? Það lagðist á hnén um leið. Og hverjir skyldu nú hafa gleypt það og flesta þess flutninga? Það skyldi þó aldrei hafa verið Eimskipafélag Íslands? Í vetur sáum við svo þessu góða félagi fyrir hafnaraðstöðu eins og fara gerði. Maður spyr á endanum: Hvar er þetta sama fólk ekki með ítök? Það er eins og hv. 9. þm. Reykv. segir. Það má svo sannarlega segja: Þetta er ár fjölskyldunnar.

Auðvitað er þetta ástæðan fyrir því offorsi sem þetta mál var sótt af. Hvaða vit er í því að það skuli líða tveir mánuðir frá því að starfshópurinn er settur á laggirnar, nánar tiltekið frá 13. okt. til 28. des. og þá er bara allt um garð gengið? Mönnum er sagt: Ef þið kaupið ekki fyrirtækið sem á eignir upp á 5 milljarða á fjórum dögum þá fáið þið bara ekki neitt að kaupa. Hvers konar viðskiptahættir eru þetta? Og svo undrast menn að hér skuli haldið uppi umræðu um þetta. Þjóðin horfir agndofa á þessar aðgerðir, beinlínis agndofa. Síðan leyfa menn sér hér í fullri alvöru, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. í kvöld, að bera saman þetta fyrirtæki, sem vitað var þegar það var selt að það mundi skila 300 kr. arði á sl. ári og trúlega enn meiri arði í ár, og gjaldþrota fyrirtæki á hinum ýmsu stöðum á landinu þar sem enginn rekstur er í gangi. Án þess að blikna eða blána ber formaður Verslunarráðs Íslands saman slík fyrirtæki og Síldarverksmiðjur ríkisins eða SR-mjöl.

Þetta er fráleitur málflutningur. Það verður sama sagan hér og hefur átt sér stað í öðrum slíkum fyrirtækjum að hringurinn á eftir að þrengjast. Það verður ekki verkafólkið, sem alltaf er notað til veðsetningar, það er almenningur, það er ekki verkafólkið sem er að kaupa þessi fyrirtæki. Það voru líka fátækir Íslendingar sem keyptu Eimskipafélag Íslands á sínum tíma, lögðu sinn síðasta eyri í þetta óskabarn þjóðarinnar. Það vill svo til að þrjú bréf frá þeim tíma eru enn þá til í minni fjölskyldu, að vísu búin að taka ýmsum breytingum síðan. Arðurinn af þeim kom í gær, 255 kr. Það er arður ársins 1993. Ætli það fari ekki svo að hinn fjölmenni hópur verkamanna hafi harla lítið upp úr SR-mjöli. En það gæti verið að þeir sem allt eiga hafi þeim mun meira upp úr því.

Hæstv. forseti. Það verður að stöðva þetta. Hvar er nú hæstv. ráðherrann sem spurði einhvern tíma: „Hverjir eiga Ísland?“ Hann lætur ekki sjá sig. Kannski hann sé búinn að uppgötva hverjir eiga Ísland síðan hann fór að taka þátt í þessari ríkisstjórn. Hann vissi það augljóslega ekki þá þó að við hefðum getað sagt honum það. Ég vil mælast til að menn átti sig á því hvað er að gerast í samfélaginu. Halda menn að það hefði ekki verið nær að standa þannig að þessari sölu að hún væri boðleg? Það er alltaf sama sagan, sömu hótanir. Hér koma þingmenn þeirra kjördæma þar sem verksmiðjurnar eru staðsettar, mæra þá sem reka fyrirtækin, sjálfsagt að verðleikum, og skírskota til hins almenna manns sem á allt undir því að atvinnulífi sé haldið uppi í kjördæmunum og segja: Ef þið segið orð þá missið þið vinnuna. Haldið þið að þetta sé ekki gamalkunnug lumma?

Sama gerist þegar verið er að setja fyrirtækin á hausinn á hinum ýmsu stöðum. Fólki er hótað öllu illu, ríkissjóði er hótað. Ef við fáum ekki peninga þá leggst byggðarlagið í rúst. Þetta heitir að veðsetja verkafólk í landinu og við erum orðin leið á að láta veðsetja það. Þetta verður að stöðva. Íslenska þjóðin lætur ekki bjóða sér þetta lengur.

Hitt er svo annað mál, hæstv. forseti, að forsætisnefnd þingsins og Alþingi sjálft verður að gera upp við sig hvers konar stofnun það vill reka sem heitir Ríkisendurskoðun. Ef Alþingi vill ekki bera ábyrgð á Ríkisendurskoðun þá verður að breyta lögunum. Ef hæstv. fjmrh. líkar ekki við ríkisendurskoðanda, segir að margt sé illa gert í hans verkum, þá verður hann að koma til forseta Alþingis og segja: Það er ekki hægt að hafa svona ríkisendurskoðanda. Ég held hins vegar að hann hefði ekki meiri hluta fyrir því í þinginu. En menn verða að vita hvað þeir eru að gera.

Það verður skemmtileg framtíðarsýn ef þessu vindur fram þegar þessir fáu einstaklingar leika sér að því að hafa fjöregg þjóðarinnar í hendi sér. Hverjir ætla svo að keppa við SR-mjöl? Hvar er samkeppnin? Hverjir ætla að keppa? Það verður einokun á því eins og það er einokun á flugi í landinu og einokun í siglingum. Ég er ansi hrædd um að menn ættu að kynna sér svolítið við hvern þeir ætli að keppa. Hvar er hin frjálsa samkeppni?

Hæstv. forseti. Ég skal ekki orðlengja þetta. Ég býst við að landbrh. komi hlaupandi enn eina ferðina heiman að frá sér til að sýna þessu máli þennan sérkennilega áhuga sem hann hefur sýnt á því í dag.

[00:24]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðrún Helgadóttir fór mikinn yfir því að hér væri að safnast saman á fárra hendur mikið vald með sölunni á SR-mjöli hf. og nefndi í því sambandi fyrirtæki nokkurt sem heitir Sjóvá-Almennar hf. sem er réttilega á meðal nokkurra annarra fyrirtækja sem eru stærstu hluthafar í hinu nýja fyrirtæki, SR-mjöli hf. En ég undrast þennan málflutning hv. þm. mjög þegar maður les síðan yfir þennan lista sem birtist í skýrslu hæstv. sjútvrh. um sölu þessa fyrirtækis og sér þar aðila og fyrirtæki á borð við Draupnissjóðinn hf., eignarhaldsfélag Alþýðubankans hf., hið myndarlega fyrirtæki Ingimund hf., sem rekur ágæta rækjuverksmiðju m.a. á Siglufirði, Lífeyrissjóð Austurlands, Lífeyrissjóð rafiðnaðarmanna, Lífeyrissjóð sjómanna, Lífeyrissjóð Vestmannaeyja, útgerðarmanninn Pétur Stefánsson og Sameinaða lífeyrissjóðinn svo að ég taki nokkur dæmi af þeim stóru hluthöfum sem eru í þessum hópi og heyra síðan þráðinn spunninn um að þetta sé allt til marks um það að hér séu að safnast á fárra hendur, að mér skilst hinna frægu fjórtán fjölskyldna, allt vald með sölunni á SR-mjöli. Mér finnst einmitt þessi listi sýna hið gagnstæða og ég fullyrði það að einmitt þátttaka útgerðarmanna og sjómanna og tuga starfsmanna SR-mjöls sýni að hér sé um býsna dreifða eignaraðild að ræða. Mig grunar að þróunin verði fremur sú á næstu árum ef fram heldur, sem eru áætlanir eigenda fyrirtækisins að opna fyrirtækið frekar til aukinnar hlutafjársöfnunar, að dreifing eignaraðildarinnar muni aukast fremur en hitt. Ég tel því að röksemdafærsla hv. þm. stangist gersamlega á við þær upplýsingar sem birtast í þessari skýrslu.

[00:27]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það eru 14 þúsund hluthafar í Eimskipafélagi Íslands. Hverjir ráða Eimskipafélagi Íslands?

[00:27]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að fara að ræða hér um innanbúðarmál Eimskipafélagsins við hluthafa Eimskips hf. (**GHelg:** Ég er ekki hluthafi Eimskips.) En ég vil vekja athygli á því að í upptalningu minni áðan er um að ræða býsna marga lífeyrissjóði, fulltrúa fólksins í landinu, sjálfstæða útgerðarmenn og starfsmenn SR-mjöls sem eiga verulegan hlut í fyrirtækinu. Og þessi upptalning í skýrslu hæstv. sjútvrh. sannar einfaldlega það að hér er um að ræða mjög dreifða eignaraðild. Það vita allir sem hafa fylgst með þessum bransa að það var einmitt meining útgerðarmannanna sem standa nú m.a. að kaupum þessa fyrirtækis að tryggja það að þetta fyrirtæki yrði ekki markaðsráðandi. Menn vildu koma í veg fyrir það að eigendur loðnuverksmiðja annars staðar á landinu eignuðust þetta fyrirtæki og kæmu þannig í veg fyrir eðlilega verðsamkeppni. Ég fullyrði það að einmitt sú staðreynd að loðnuútgerðirnar í landinu komu með svona virkum hætti inn í kaupin á SR-mjöli hf. núna gerir það að verkum að það verði um að ræða virka verðsamkeppni á þessum markaði því að það er fyrst og fremst hagsmunir útgerðarmannanna, miklu stærri hagsmunir útgerðarmannanna, að tryggja að um eðlilega verðmyndun á þessum markaði verði að ræða til þess að rekstrargrundvöllur þeirra eigin skipa verði með eðlilegum hætti.

Þess vegna held ég að það sé röng niðurstaða sem hv. þm. dregur af sínum málflutningi og dregur af þeim gögnum sem fyrir okkur hafa verið lögð á síðustu dögum að hér sé um að ræða dæmi um einkavæðingu sem hafi leitt til valdasamþjöppunar. Ég held að einmitt hið gagnstæða sé að líta dagsins ljós með þeirri einkavæðingu sem við erum að ræða um.

[00:29]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Enga ósk á ég heitari SR-mjöli til handa en að starfsmenn þess fái að sjá þetta fyrirtæki vaxa og dafna. En ég veit hins vegar hvernig það fer. Það getur vel verið að hv. 3. þm. Vestf. sé slíkur bjartsýnismaður og kannski svo nýkominn hingað á hið háa Alþingi að hann hafi ekki fylgst með hvernig farið hefur fyrir fyrirtækjum á borð við þetta.

Þingmaðurinn ætti a.m.k. að muna eftir umræðunni um Samskip fyrir einu og hálfu ári. Hvernig hefur farið fyrir því? Það er auðvitað búið að gleypa það eins og allt er gleypt af fólki sem hefur ítök alls staðar og ekki bara í fyrirtækjum. Þetta fólk hefur ítök í bönkunum. Það ræður öllu sem það vill ráða. Og að ímynda sér að hinn venjulegi starfsmaður þessa fyrirtækis eigi að hafa eitthvað um það fyrirtæki að segja, haldi þingmaðurinn það vona ég að honum verði að ósk sinni en ég er ekki eins bjartsýn og hann.

[00:31]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hefur margt stórmerkilegt verið sagt í þessari umræðu og ég tel að þeir menn sem gengið hafa vasklega fram fyrir skjöldu skuldi öðrum sem hér hafa setið, fylgst með og hlustað á það að vera viðstaddir þegar að því kemur svo að menn vilja hugsanlega einhverju við bæta eða svara þeirra frammistöðu. Mér þætti t.d. ákaflega vænt um ef þeir heiðurssómamennirnir hv. þm. Tómas Ingi Olrich og hæstv. landbrh., báðir þingmenn Sjálfstfl. í Norðurlandi eystra, létu svo lítið sem að vera viðstaddir stundarkorn því mig langaði til að víkja lítillega að einum

þætti þessa máls sem nokkuð hefur borið á góma og þeir báðir töluðu um sem er þáttur annars vegar Akureyrarkaupstaðar í þessu máli og hins vegar það sem þeir tíðræddu mjög um sem var óvissan sem þessu blessaða fólki í byggðarlögunum og starfsmönnum hefði verið búin ef fyrirtækið hefði ekki verið selt í svona hvínandi hvelli og strax eins og gert var. Er það nú ekki spurning, hæstv. forseti, hvernig er háttað ferðalögum eða viðveru þessara tveggja manna sem gerðust nokkuð rúmfrekir í umræðunni fyrr í kvöld, ef hæstv. forseti vildi aðeins upplýsa það.

(**Forseti** (StB): *Forseti sér ekki annað en hv. 5. þm.* Norðurl. e. og hæstv. landbrh. séu í húsinu og ættu að geta hlýtt á mál hv. þm.)

Mér þætti vænt um að forseti gerði þeim viðvart um að nærveru þeirra er óskað.

Það sem kom fram í máli þeirra, ekki síst hv. þm. Tómasar Inga Olrich, var að það hefði ekki verið um annað að ræða en drífa í að selja fyrirtækið fyrir áramótin því að annars hefðu menn skapað svo mikla óvissu um hagi starfsfólksins og byggðarlaganna, atvinnuöryggi þar o.fl. Ég spyr: Hver skapaði óvissu í þessu máli? Hver hóf þetta mál? Er það stjórnarandstaðan með gagnrýni sinni á málsmeðferðina sem er að baka fólki óvissu úti í byggðum þar sem fyrirtækið er? Svarið er nei. Það er ríkisstjórn hæstv. forsrh. Davíðs Oddssonar sem hóf þetta mál með ákvörðun um að einkavæða fyrirtækið og standa svona að því. Og það er furðulegur viðsnúningur í málflutningi að koma svo hér upp eins og þeir gera, hæstv. landbrh. og hv. þm., og nánast ásaka þá þingmenn stjórnarandstöðunnar, sem hafa leyft sér að gagnrýna málsmeðferðina þar með talinn flýtinn, um það að menn hafi viljað viðhalda einhverri óvissu um málefni fyrirtækisins.

Það er ein aðferð í röksemdafærslu að byrja á því að búa til óvissuna, koma svo og segja: Ég ætla að losa ykkur við hana með því að selja þetta fyrirtækið í hvelli. En þetta gengur ekki upp þegar betur er að gáð.

Staðreyndin er sú að það bar enga nauðsyn til að hrapa svona að þessu máli. Jafnvel þó menn hefðu viljað breyta Síldarverksmiðju ríkisins í hlutafélag, þá gátu menn gert það í rólegheitum, menn gátu stofnað það hlutafélag og menn gátu rekið það hlutafélag og menn gátu eftir atvikum skipt því upp í áfanga með hvaða hætti því væri breytt eða fleiri teknir inn í það.

Og ég hlýt að spyrja: Var það reynslan af rekstri fyrirtækisins fyrstu fjóra mánuðina í hlutafélagsformi sem pressaði svona á menn að selja fyrir áramótin? Er það reynslan af því að reka fyrirtæki sem hlutafélag í eigu ríkisins frá því 1. sept. 1993 til 30. des., eða hvenær það var sem skrifað var undir sölusamninginn, sem ýtir á eftir mönnum? Er það sú reynsla að fyrirtækið var rekið með 220 millj. kr. hagnaði á þessum tíma? Var eigandinn svona logandi hræddur eftir að hafa grætt 200 millj. á því að eiga fyrirtækið í fjóra mánuði að hann varð að selja það alveg eins og væru ótal eldflaugar í afturendanum á honum? Það mætti halda það. Þetta er merkilegasti eignarhaldari á nokkrum hlut sem ég hef fyrir hitt ef málið er svo í pottinn búið.

Auðvitað er þessu akkúrat öfugt farið. Menn geta ekki borið það fyrir sig að með því að skapa fyrst óvissu, ugg og kvíða um meðferð málsins séu þeir síðan að koma eins og frelsandi englar og eyða henni með því að selja fyrirtækið á útsölu. Þá á ég sérstaklega við hraðann sem á málinu.

Þetta er í fyrsta lagi, hæstv. forseti, stórkostlega gagnrýnisvert og um það fjallar Ríkisendurskoðun og bendir réttilega á að þeir frestir sem þarna voru settir samrýmast ekki neinum reglum, hvorki verklagsreglum ríkisstjórnarinnar sjálfrar né heldur almennri og góðri venju í svona framkvæmd. Það kemur hér fram að grunnupplýsingar um SR-mjöl voru ekki veittar fyrr en við afhendingu útboðsgagna hinn 17. des. 1993 og fyrirtækið er selt þann 29. Hvað þýðir þetta á mæltu máli? Þetta þýðir að óskyldir aðilar, sem ekki gátu aflað sér upplýsinga með einhverjum öðrum hætti, komist í þær eftir krókaleiðum, fengu fyrst 17. des. í hendur gögn til að meta stöðuna, þar á meðal Akureyrarbær. Það kemur fram í seinni greinargerð Ríkisendurskoðunar að í viðræðum kvörtuðu tilboðsaðilarnir undan því að þessi frestur væri allt of skammur, enda er hann miklu skemmri en tíðkast.

Það segir hér á bls. 12 í þessari greinargerð frá Ríkisendurskoðun sem kom núna nýlega:

„Í viðræðum Ríkisendurskoðunar við þá tvo aðila sem gerðu tilboð í bréfin töldu þeir báðir tímann frá afhendingu útboðsgagnanna of skamman til að gera tilboð á grundvelli þeirra. Þeir höfðu undirbúið söluna í langan tíma og notað til þess gögn sem þeir fengu eftir öðrum leiðum. Þegar slík sala sem hér um ræðir á sér stað er nauðsynlegt að gefinn sé hæfilegur frestur frá afhendingu útboðsgagna til opnunardags."

Á sömu blaðsíðu kemur fram gagnrýni bæjarstjórans á Akureyri um það hvernig þeim var ýtt út af borðinu með því að gefa þeim ekki viðbótarfrest.

Og ég endurtek það sem ég hef áður sagt: Þegar engin knýjandi nauðsyn er til þess að hraða sölunni, þá gengur mönnum eitthvað annað til en það að sannreyna hvaða verðmæti er hægt að fá fyrir fyrirtækið að afþakka það að öflugur kaupandi eins og Akureyrarkaupstaður, nærri 15 þúsund manna vel stæður kaupstaður, fái nokkurra daga frest til að kanna betur sín mál og leggja fyrir tilboð. Eða eru menn að segja að þeir hafi vitað að þetta væri bara í plati og upp á grín hjá Akureyrarbæ? Ég hef ekki ástæðu til að ætla það. Akureyrarkaupstaður lagði fram — hvað lagði Akureyrarkaupstaður fram? Hann lagði fram ársreikning bæjarins. Hvað kemur fram m.a. í ársreikningi Akureyrarbæjar? Þar kemur m.a. fram eiginfjárstaða framkvæmdasjóðs Akureyrarbæjar og hún er ágæt. Og ég undrast þau ummæli sem hér féllu hjá hæstv. landbrh. að Akureyringar hefðu ekki peninga til að taka þátt í þessu verkefni. Auðvitað gat Akureyrarbær keypt þetta einn og óstuddur ef hann vildi. Hann hefur miklu meira en nóga fjárhagslega burði til þess. Eignarhluti Akureyrarbæjar í Útgerðarfélagi Akureyringa einn saman er verðmætari en það sem hér á í hlut. Það er bara þannig og meira en 50% eignaraðild í því fyrirtæki er meira en nóg trygging í gegnum framkvæmdasjóð bæj-

arins til þess að Akureyrarbær sé borgunarmaður fyrir þessu.

Og ég tel líka rétt að það komi hér fram hver var hugsun Akureyrarbæjar í því að fara inn í þetta mál. Ég tel mig geta upplýst sæmilega hlutlægt um hana vegna þess að ég átti viðræður við forsvarsmenn bæjarins um svipað leyti og þetta var að ganga yfir. Þeir reka og eiga loðnubræðslu sem þeir höfðu og hafa vonandi enn mikinn áhuga á að koma inn í þetta samstarf, og það er skynsamleg ráðstöfun, bræðsluna í Krossanesi. Þeir höfðu auðvitað líka áhuga á því að sem mest af umsvifum þessa fyrirtækis og hugsanlega höfuðstöðvar þess færðust norður fyrir heiðar og yrðu t.d. á Akureyri. Er það nema eðlileg hugsun? Akureyrarbær hefði því með sinn fjárhagslega styrk, með Krossanesverksmiðjuna inn í fyrirtækið til að stækka það enn og efla og hugsanlega með myndarlegt viðbótarhlutafjárframlag inn í samstarfið orðið t.d. sá aðili sem safnaði að sér áhugasömum þátttakendum. Gat það þá ekki gengið jafn vel upp og það sem hér ber á góma?

Við vitum það allir hv. þm. sem höfum eitthvað farið ofan í þetta mál að hinn svokallaði kaupendahópur var að verða til mestan part í janúarmánuði eftir að skrifað var undir kaupin. Það liggur alveg fyrir að viðræður hófust við lífeyrissjóðina og fleiri stóra fjárfesta í dæminu vikum eftir að undirritaður var kaupsamningur. Það liggur á borðinu. Og var þá Akureyrarbær verr að því kominn að fá sambærilegan tíma til að vinna sín mál ef út í það er farið? Ég held ekki. Ég vil því fyrir þann þátt málsins virkilega gagnrýna það hvernig menn stilla málum hér upp og segja að með því að Akureyrarbær var ekki með tilboð, sem hvorugur hinna aðilanna reyndar var, á réttum tíma þá hafi hann verið úr leik. Það er niðurstaða Ríkisendurskoðunar að hvorugt tilboðið hafi fullnægt skilyrðum þannig að í raun og veru var það þá þannig að samkvæmt öllum venjum og reglum átti að opna málið upp á nýtt og gefa fleiri fresti. Ef ekki það sem skynsamlegast hefði auðvitað verið að segja sem svo: Þetta mál er greinilega ekki nógu þroskað og við skulum gefa okkur viðbótartíma og þeim aðilum sem eru áhugasamir meiri tíma til að vinna sín mál. Það hefði auðvitað verið eðlilegast.

Um verðið má auðvitað mikið segja, hæstv. forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fara út í það mörgum orðum, enda hef ég ekki tíma til þess. Það er ekki aðalatriði málsins í mínum huga sem hér er á ferðinni. Það má endalaust deila um það hvort 700 millj., 1.000 millj., 600 millj. séu nær eða fjær sanni. Það bara liggur þannig. Það er matsatriði og það er ekki hægt að gefa upp neinar nákvæmar tölur um slíkt. Mér er það vel ljóst. En mér finnst samt sem áður margt sem sagt hefur verið um það mál furðulegt, m.a. í ljósi þess að afkoma fyrirtækisins eins og það stendur í dag er jafngóð og raun ber vitni. Aðstaða fyrirtækisins er jafnsterk. Fyrirtækið er nú í mjög góðum færum til að skila góðum arði. Þökk sé m.a. uppbyggingunni á Seyðisfirði sem er verðmætasta eign þessa fyrirtækis í dag og sú sem getur gefið því langmestar tekjur og hagnað á næstu árum og mun væntanlega gera það. Ég held nú að það þurfi að athuga það aðeins betur heldur en hér er gert af hæstv. ráðherrum að fullyrða að uppbyggingin á Seyðisfirði hafi verið tímaskekkja, vitlaust tímasett. Hver hefur reiknað það dæmi í botn? Hvers virði er Seyðisfjörður búinn að vera núna á þeim góðu vertíðum sem hafa gengið yfir, tilbúinn í framleiðsluna um leið og loðnuveiðarnar jukust aftur? Ætli m.a. hagnaðurinn í ár og útkoman á síðasta ári og útkoman nokkurn veginn í jafnvægi á árinu 1992 skýrist ekki fyrst og fremst af því að þessi verðmæta framleiðslueining á Seyðisfirði með hágæðaframleiðslu var komin til og tilbúin til starfa þegar veiðar hófust aftur af auknum krafti?

Sú staðreynd hefur ekki verið hrakin hér að nettótekjur ríkissjóðs af sölunni þegar upp er staðið verða kannski rétt í kringum 100 millj. kr. og reyndar minni ef út í það væri farið að núvirða yfirtöku ríkissjóðs. Ef við leyfðum okkur svo t.d. að draga frá minni skatttekjur vegna hækkunar á afskriftastofni, þá er sjálfsagt auðvelt að setja upp reikningsdæmi þar sem þetta er komið niður í núll. Menn geta svo endalaust hrist hausinn, en þetta er náttúrlega svona. Staðreyndin er sú. Kaupverðið var þetta, 725 millj. og síðan koma þessir frádráttarliðir. Og varðandi það að eigið fé fyrirtækisins hafi ekki verið nema 21 millj. um áramótin 1992–1993, hvert er það samkvæmt ársreikningunum hér? Hvert er það um síðustu áramót? Það eru 1.300 millj. Og urðu þær til úr engu? Er ekki hér á ferðinni býsna verðmæt eign? Ég ætla það.

Staðreyndin er auðvitað sú að í þau 63 eða 65 ár eða hvað það nú er sem þetta fyrirtæki hefur verið rekið, þá hefur ríkissjóður nánast aldrei lagt því neina fjármuni fyrr en nú með yfirtökunni á þessum 400 millj. og ég fullyrði það að ef fyrirtækið hefði fengið þetta lánað tímabundið með ábyrgð ríkisins, þá gat það vel endurgreitt það fé aftur. Síldarverksmiðjur ríkisins hafa í 63 ár séð um sig sjálfar, auðvitað með sveiflum, tapi og hagnaði á víxl, það er einu sinni eðli þessarar starfsemi. Og þó að menn miklist yfir 90 millj. kr. tapi á ári nokkur undanfarin ár þar sem tvö loðnubreststímabil koma inn, þá ættu menn að muna það að hagnaðurinn hleypur líka á mörgum hundruðum millj. kr. þegar vel gengur og á þessum tíma er t.d. eitt ár með 360 millj. kr. hagnaði. Og slík ár eru fljót að breyta stöðu fyrirtækisins og það er nákvæmlega það sem í gegnum tíðina hefur verið styrkur þess að það hefur haft góðan hagnað þegar vel árar þó svo miður gangi á köflum.

Hæstv. forseti. Það mætti margt um þetta segja. Ég held að það standi algjörlega óhaggað að málsmeðferðin í þessu sambandi er gagnrýnisverð í fjölmörgum atriðum. Því hefur ekki verið neitað hér og það hefur ekki verið hrakið. Menn geta sagt: Svo skal böl bæta að benda á annað verra, eins og hæstv. fjmrh. er að reyna hér. Það er ekki merkileg málsvörn í sjálfu sér. Við erum að ræða um þetta mál og það sem er gagnrýnivert í því og mér finnst það leiðinlegt og útúrsnúningur að reyna sífellt að vera að draga síðan kaupendahópinn inn í það mál. Það er ekki það sem hér er verið að gagnrýna, a.m.k. ekki af minni hálfu.

Það eru margir sómamenn og ágætis útgerðaraðilar í þeim hópi og vel að því komnir að eiga hluti í loðnubræðslum. Það er ekki málið.

Hvers vegna eru menn sífellt að drepa málinu á dreif með slíkum tilburðum ef það er ekki vegna þess að þeir hafa enga málvörn gagnvart því að það var hrapað að þessu máli? Menn flýttu sér um of. Það bar enga nauðsyn til að hraða svona sölunni. Menn gátu tekið sér tíma til að vanda það og standa vel að því.

Að lokum vona ég svo, hæstv. forseti, og það skulu vera mín síðustu orð, að allur þessi gauragangur og málsmeðferð og klúður hæstv. ríkisstjórnar verði ekki til þess að skaða þetta góða fyrirtæki sem í gegnum tíðina hefur verið mikilvægur vinnuveitandi og fært mikla björg í bú. Það á betra skilið en það að þessi handarbakavinnubrögð hæstv. ríkisstjórnar verði því til tjóns.

[00:46]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Sú umræða sem hér hefur farið fram hefur nú staðið alllengi og satt best að segja hafa komið fram furðulegar kenningar af og til. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson komst að þeirri niðurstöðu að verðið væri allt of hátt. Það verður ekki skilið á þann veg en hann telji að Benedikt Sveinsson hafi ekki kunnað fótum sínum forráð í þessum kaupum og dregið heilan hóp manna með sér til að fjárfesta á óeðlilega háu verði. Það er mikil kokhreysti hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni, þó hann sé framkvæmdastjóri Verslunarráðs, að halda fram öðrum eins þvættingi.

Einn af fjármálamönnum Framsfl. sem ég kynntist ungur að árum sagði við mig: „Það skyldi enginn maður vanmeta mann af Engeyjarætt." Hann sagði þetta ekki einu sinni heldur tvisvar. Og árásirnar sem komu fram frá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni á hendur Benedikt Sveinssyni með svona yfirlýsingum eru högg fyrir neðan beltisstað og honum ekki sæmandi.

Ég ætla að bæta því við að mér þótti það nokkuð langt seilst í vopnaburði þegar hv. þm. Tómas Ingi Olrich, sem ég þarf ekki að taka fram að er læs, við vitum það öll að hann er læs, neitar að draga þá ályktun sem hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson staðfesti þó í sinni ræðu að Ríkisendurskoðun fullyrti að kaupverðið væri of lágt. Það er hægt að kalla menn kommúnista, það er hægt að skamma mig fyrir það að ég sé á móti verkamönnunum á Raufarhöfn og Siglufirði, en hvaða sakir eru það sem valda því að formaður fjárln. ákveður að bera sannleikanum vitni í málinu? Fyrir hvað er það sem hann situr uppi með það að vera kallaður stjórnarandstæðingur fyrir vikið? (**SJS:** Það er hrósyrði.)

Það er dálítið sérstætt að sjálfstæðismenn standa frammi fyrir þeirri staðreynd að annar stjórnarflokkurinn hefur látið sinn talsmann í þessari umræðu á mjög prúðmannlegan hátt en með skipulegum hætti koma því á framfæri að samþykkt ríkisstjórnarinnar um leikreglur hafi verið brotin, að Akureyrarbæ hafi með óeðlilegum hætti verið ýtt út af borðinu af því að það hafi engin tilboð komið sem stóðust þær kröfur. Og ég hygg að hæstv. sjútvrh. telji að sér hafi enginn greiði verið gerður með málflutningi hæstv. landbrh. Hvers vegna? Vegna þess að hæstv. landbrh. ýtti öllum hugmyndum um verð til hliðar. Það var ekki nema eitt aðalatriði í málinu. Fyrirtækið væri í góðum höndum. Sjálfur stóð hæstv. samgrh. að því að selja Ríkisskip og seldi það til Samskipa. Var hann þá að beita sér fyrir því að það væri í góðum höndum að hans dómi? Ég veit ekki hvaða hugsun liggur á bak við þetta. Ég veit það aftur á móti að hv. þm. Björn Bjarnason hafði þá skynsemi til að bera að blanda sér ekki í þessa umræðu. Þessi umræða á ekki að standa um það hvort þeir sem keyptu séu æskilegir eða óæskilegir kaupendur. Það hefur enginn af þeim sem hér hafa talað og gagnrýnt þetta mál haldið því fram að þeir séu óæskilegir kaupendur. Því hefur verið haldið fram að þeir hafi fengið þetta keypt á óeðlilega lágu verði og það er allt annað.

Ég vil undirstrika eitt: Þegar hæstv. ráðherra Halldór Blöndal vill halda því fram, og þeir eru margir fleiri sem hafa viljað halda því fram, að það sé óeðlilegt að selja hlutabréf, það verði að selja fyrirtækið allt, þá eru þessir menn í reynd að segja að leikreglur hins vestræna lýðræðis, m.a. aðalleikreglurnar í sölu hlutabréfa í Bandaríkjunum, séu rangar, að láta markaðinn meta verð hlutabréfanna. Það eigi að selja fyrirtækin í heilu lagi. Er þá ekki verið að blekkja almenning þegar verið er að hvetja hann til að taka þátt í kaupum á hlutabréfum í gegnum hlutabréfamarkað á Íslandi? Er þá ekki verið að blekkja? Önnur reglan getur ekki verið svo heilög að hún útrými hinni.

Hvers vegna lá svona rosalega mikið á að selja? Hver er skýringin? Hvers vegna voru allir frestir hafðir styttri en þegar menn eru að tala um miklu minni verðmæti? Því miður læðist að manni sá grunur að það séu ekki allir hlutir sagðir í þessu máli. Hæstv. landbrh. talaði á þann veg að ég er ekki lengur viss um að þegar ég beindi orðum mínum til hæstv. sjútvrh. af fullum þunga þá hafi ég verið að skamma réttan aðila. Er hugsanlegt að hæstv. sjútvrh. hafi aðeins verið hlýðinn þjónn en ekki gerandinn í þessari sölu? Er hugsanlegt að það vald sem samkvæmt lögunum átti að vera hjá hæstv. sjútvrh. hafi í reynd verið í annarra höndum? Hvers vegna vantreystir hæstv. landbrh. hæstv. sjútvrh. til að halda uppi vörnum hér í kvöld og ryðst fram þó að málið heyri ekki undir hann? Hann er með aðdróttanir varðandi Byggðastofnun. Ég þori fullkomlega að bera mín verk þar saman við verk hæstv. ráðherra Halldórs Blöndals. Hann er með aðdróttanir varðandi það að þeir sem tali og krefjist þess að leikreglur séu virtar séu á móti verkamönnum norður í landi. Er hæstv. ráðherra maður til að standa við svona yfirlýsingar? Er hann maður til að standa við svona aðdróttanir? Ég segi nei. Hann er enginn maður til að standa við svona aðdróttanir. Þær eru honum til minnkunar. Svo hreint er það mál.

Það þarf að ræða þetta mál efnislega og það sem gagnrýnt hefur verið efnislega í þessu er að leikreglur hafa ekki verið virtar. Það þýðir ekkert að segja eins og hæstv. fjmrh.: Við gerðum þetta hér um bil rétt. Við gerðum þetta betur en áður var gert. Það er framför hjá okkur. Það er aldeilis lögfræðispeki sem liggur á bak

við þetta. Ef menn lenda nú í annað skiptið hjá dómara fyrir afbrot og segja: Ég stal miklu minna núna en seinast, ætli það sé talin góð málsvörn? Nei. Annaðhvort eru menn að setja lög til að fara eftir þeim og það verður að segja um hæstv. sjútvrh. sem jafnframt er dómsmrh. að það var til fyrirmyndar hjá hæstv. ráðherra á sínum tíma að beita sér fyrir því að sett væru stjórnsýslulög. Það er ekkert vafaatriði að þegar farið verður yfir hans sögu í þessari ríkisstjórn, þá ber það af langt fyrir ofan allt sem hæstv. ráðherra hefur lagt til, að hafa beitt sér fyrir setningu stjórnsýslulaganna. Þess vegna er það enn þá erfiðara að þurfa að horfa upp á þá staðreynd að þegar kemur að því að ráðherrann sem ætlar öðrum að fara að reglum kemur sér sjálfur undan því að virða leikreglur. Það er tvöfalt siðgæði. E.t.v.er skýringin sú, eins og ég gat um hér áðan, að hæstv. ráðherra hafi aðeins verið hlýðinn þjónn í þessu máli. Valdið sem skipaði honum fyrir hafi verið það sterkt að hann hafi metið það svo að annaðhvort væri að hlýða eða að stóllinn væri í hættu. Auðvitað getur það verið að menn telji að þá sé réttara að verja stólinn og trúa því að þeir geti gert svo margt jákvætt að þó þeir virði ekki þessar leikreglur, þá geti þeir komið í veg fyrir annan skaða og meiri. Það má vel vera að hæstv. ráðherra hafi hugsað svo. En eftir stendur að það eru sjálfstæðismenn innbyrðis sem deila um þessa framkvæmd. Hæstv. fjmrh. lýsti því yfir að ríkisendurskoðandi væri sjálfstæðismaður. Ég er rengi það ekki, ég veit það einfaldlega ekki. Sé það rétt þá er það þungur áfellisdómur frá skoðanabróður sem þar kemur fram. Dr. Gunnlaugur Þórðarson, sem ég vitnaði í í minni framsögu, kvað upp þungan áfellisdóm og það er spauglaust að Morgunblaðið skuli birta þá grein sem ég vitnaði í og ber nafnið „Upptaka á almannafé". Ef til vill er svo komið að sjálfstæðismenn innbyrðis geri sér grein fyrir því að þeir verða að fara að aga sitt eigið lið.

[01:02]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Fyrst vildi ég víkja örfáum orðum að þeirri staðhæfingu 2. þm. Vestf. að ég hafi beitt mér fyrir flutningi stjórnsýslulaga á Alþingi. Vissulega studdi ég það mál og stóð að því í ríkisstjórn. En eins og hv. þm. er þó mætavel kunnugt var það mál flutt af hæstv. forsrh. sem ríkisstjórnarfrv. En að gefnu þessu tilefni er kannski ástæða til að velta því fyrir sér hvort sömu leikreglur og þar er kveðið á um fyrir stjórnsýsluna ættu ekki að gilda fyrir stofnanir Alþingis, til að mynda Ríkisendurskoðun. Ég hygg að hægt hefði verið að komast hjá margs konar misskilningi varðandi umfjöllun um þetta mál ef til að mynda andmælaréttarreglan gilti í meðferð og vinnslu skýrslu af þessu tagi þannig að aðilar máls ættu þess kost að koma að athugasemdum á frumstigi þannig að Ríkisendurskoðun geti áður en hún kemst að endanlegri niðurstöðu tekið tillit til þeirra röksemda sem fram eru færðar. Það held ég að væru miklu betri og vandaðri vinnubrögð og alveg spurning hvort þessar meginreglur stjórnsýslulaganna ættu ekki einmitt að eiga líka við um stofnanir sem heyra undir Alþingi.

Sú umræða sem hefur farið fram á undanförnum klukkutímum hefur um margt verið athygli verð þó hún hafi ekki bætt mörgu nýju við þær upplýsingar sem legið hafa fyrir. Að mínu mati eru þó nokkur atriði sem ástæða er til að leggja áherslu á eftir alla þessa umræðu. Það er alveg ljóst að í þessari umræðu hefur því ekki verið haldið fram að það hafi verið rangt mat að Haraldur Haraldsson hafi ekki uppfyllt þau skilyrði sem sett voru og því hefur ekki verið haldið fram að borið hafi að selja honum fyrirtækið. Þetta er grundvallaratriði og er meginniðurstaða sem við komumst að við meðferð málsins og mér sýnist að ekki sé mikill ágreiningur um í þessari umræðu.

Í annan stað er alveg ljóst að þrátt fyrir gagnrýni Ríkisendurskoðunar á einstaka þætti í meðferð málsins þá hefur hvorki Ríkisendurskoðun né hv. þm. komist að þeirri niðurstöðu í umræðunni að aðilum hafi verið mismunað í meðferð málsins ef undan er skilin sú ívilnun sem Haraldur Haraldsson fékk til þess að gera grein fyrir því hvort hann gæti uppfyllt skilyrðin og ég hef áður viðurkennt að var ívilnun honum til handa og ekki fyllilega í samræmi við settar leikreglur. Ekkert annað hefur komið fram í þessari umræðu og það staðfestir þá niðurstöðu Ríkisendurskoðunar að í meðferð málsins, þó að hún telji að þar hafi komið fram vissir ágallar, var ekkert það sem mismunaði aðilum eða benti til að ráðherra hafi verið að reyna að hygla einum á kostnað annars. Þetta eru grundvallaratriði sem eftir standa í þessari umræðu.

Rétt vegna þeirrar umræðu sem orðið hefur um aðild Akureyrarbæjar þá er nauðsynlegt að minna á að Akureyrarbær hafði alla sömu möguleika og aðrir aðilar til að undirbúa tilboð í fyrirtækið og ekki við ráðuneytið að sakast þó þeir hafi seinna en aðrir farið að huga að því máli. Varðandi beiðni þeirra um frest þá er það svo, eins og hér hefur áður komið fram, að hún kom eftir að tilboðsfresturinn rann út. Það er alveg ljóst að komi fram beiðni um að framlengja frest áður en hann rennur út þá er hægt að taka það til skoðunar. En þegar frestur er útrunninn er ekki hægt að framlengja hann og það er kjarni þessa máls. Fyrir þá sök var ekki unnt að taka tillit til þessarar óskar frá Akureyrarbæ vegna þess að hún kom fram eftir að tilboðsfresturinn rann út og það er ekki hægt að framlengja frest sem er útrunninn. Að öðru leyti get ég alveg tekið undir það, eins og reyndar söluhópurinn og verðbréfafyrirtækið höfðu komist að niðurstöðu um, að Akureyrarbær uppfyllti skilyrði um þann fjárhagslega styrk sem til þyrfti til að geta tekið þátt í þessum kaupum. En ég hygg að það sé alveg rétt sem hv. 4. þm. Norðurl. e. dró hér inn í umræðurnar að aðaláhugi Akureyrarbæjar í þessu efni lá í því að koma Krossanesverksmiðjunni inn í Síldarverksmiðjurnar en rekstur þeirrar verksmiðju hefur verið mjög erfiður og mikill baggi á Akureyrarbæ eins og hv. þm. er kunnugt um.

Það hafa eðlilega orðið talsvert miklar umræður um söluverðið. Það er eitt aðalatriði þessa máls og því eðlilegt að menn hafi fjallað ítarlega um það atriði. Aðeins vegna þeirra reikniæfinga sem hér hafa verið settar fram um að draga eigi 400 millj., sem ríkissjóð-

ur hafði áður yfirtekið af skuldum fyrirtækisins, frá kaupverðinu þá mætti með sömu röksemdum halda því fram að bæta ætti við kaupverðið þeim hluta skuldanna sem nýir eigendur þurfa að greiða niður um 1.300 millj. kr. en hvort tveggja er rangt. En það er nauðsynlegt að taka það fram til að sýna að þessar reikniæfingar eiga ekki við rök að styðjast.

Þegar horft er á söluverð eignanna skulum við hafa það í huga að hlutaféð er skráð í stofnefnahagsreikningi og nýjum efnahagsreikningi félagsins samkvæmt úrskurði Ríkisendurskoðunar á 650 millj. kr. Í stofnefnahagsreikningi staðfestum af Ríkisendurskoðun er hlutaféð skráð á 650 millj. kr. Í annan stað skulum við hafa það í huga að samkvæmt þeim almennu viðmiðunum sem hafa verið í gildi á sölu hlutabréfa kemur í ljós að sala, miðað við innra virði eða bókhaldslegt verðmæti fyrirtækisins, var um 72% yfir meðaltali á hlutabréfamarkaði hér á sl. ári ef ekki er tekið með í reikninginn að búið var með endurmati að uppfæra verðmæti fyrirtækisins. En það er í sjálfu sér eðlilegur verðsamanburður vegna þess að önnur fyrirtæki eru ekki með uppskrifaðar eignir í sínum reikningi. Það er því eðlilegur samanburður. Sé hins vegar þessi samanburður ekki notaður og hlutfallið miðað við nýútgefinn reikning með uppskrifuðum eignum þá er verið að selja þessi bréf á svipuðu verði og hlutabréf í Íslandsbanka, Flugleiðum og Hampiðjunni voru seld á á sl. ári. Þessi vísbending gefur mjög glögga mynd af því að það var ekki verið að selja fyrirtækið á allt of lágu verði. Glögga mynd af því.

Við skulum svo í þriðja lagi hafa það í huga að verðforsendurnar gera ráð fyrir því að snúa meðaltalstapi sl. tíu ára úr 90 millj. kr. yfir í 60 millj. kr. hagnað á næstu árum. Þá er hagnaður síðasta árs talinn með fortíðinni og þá er 350 millj. gróðinn sem hv. 4. þm. Norðurl. e. nefndi hér líka talinn með fortíðinni. En við væntum þess að næsta vertíð og jafnvel sú sem þar kemur á eftir verði góð en reiknum með því að loðnan verði duttlungafullur stofn á næstu tíu árum eins og hún hefur verið. Ég hef áður lýst eftir því: Getur nokkur fært önnur líffræðileg rök fram í því efni? Með öðrum orðum þarf umsnúning í rekstri upp á 150 millj. kr. á ári að meðaltali til að þessar verðforsendur standist.

Þegar á öll þessi atriði er litið er alveg ljóst að mínu mati að við höfum fengið sanngjarnt verð fyrir fyrirtækið. Enda kemur það hvergi fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að fyrirtækið hafi verið selt við of lágu verði. (**Gripið fram í:** Ha?) Það kemur hvergi fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að fyrirtækið hafi verið selt við óeðlilega lágu verði. Það kemur að sjálfsögðu fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að hér getur verið um mat að ræða sem erfitt er að kveða upp úr um enda hafa fjölmargir þingmenn dregið það fram í umræðunni, sem er á að vera á almennu vitorði, að hér eru engin nákvæmnivísindi og ekki hægt að kveða upp úr um það. Það gerði hv. 6. þm. Vestf. og hv. 4. þm. Norðurl. e., sem bætti því við að verðið væri ekki aðalatriði. Ég er ekki sammála honum í því. Ég held að verðið skipti gífurlega miklu máli í þessari umræðu allri. En aðalatriðið eru þó þær staðreyndir sem fyrir liggja í þessu efni varðandi mat á verðinu. Og fyrir því hafa ekki verið færð nein gild rök að fyrirtækið hafi verið selt við of lágu verði.

Það kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að hún gerir ekki athugasemdir við reikniaðferðir og verðbil eða verðmætamatið sem Verðbréfamarkaður Íslandsbanka gerir. Hér er fjöldi álitaefna og auðvelt eftir á að segja að verðið hefði átt að vera í efri mörkunum en ekki neðri mörkunum. Það er auðveldasti hlutur í heimi og allir gera sér grein fyrir því. En eins og segir í skýrslu Ríkisendurskoðunar þá er það á endanum markaðurinn sem ræður því hvað er eðlilegt verð. Og sú aðferð við að leita til markaðarins sem söluhópurinn lagði til er fullkomlega eðlileg, ein af fjölmörgum aðferðum sem viðurkenndar eru til að leita eftir viðbrögðum markaðarins.

Ég held því, virðulegur forseti, að að lokinni þessari umræðu þá standi það eftir að fyrirtækið hefur verið selt við sanngjörnu verði. Það er í höndum traustra kaupenda, það er mjög dreifð eignaraðild að fyrirtækinu og þar koma að almannasamtök eins og lífeyrissjóðirnir í landinu, eignarhaldsfélag Alþýðubankans, lífeyrissjóðir, heimamenn og skipstjórar og útgerðarmenn eiga um 60% af hlutabréfunum. Það er alveg nýtt fyrir mér þegar talsmenn Alþb. gera svo lítið úr lífeyrissjóðunum í landinu að halda því fram að þar séu einhverjar fámennar klíkur á ferðinni en að baki þeim standi ekki alþýða manna sem borgar í lífeyrissjóðina. Það er alveg nýtt og ég hef reyndar aldrei heyrt það áður frá talsmönnum Alþb. að það beri að líta á þann veg á lífeyrissjóðina að þar fari einungis fámennar valdaklíkur en að baki þeim standi ekki hinn breiði fjöldi vinnandi fólks í landinu.

Herra forseti. Ég ítreka þess vegna þá skoðun mína að fyrirtækið hafi verið selt við sanngjörnu verði til fjölmargra eignaraðila þannig að áform um dreifða eignaraðild hafi ræst og að við höfum tryggt eðlilegt viðskiptaumhverfi verksmiðjanna og sátt við heimamenn og starfsmenn. Það er meginatriði í þessu efni og ekkert óeðlilegt við það nema síður sé að ríkisstjórn og Alþingi taki eðlilegt tillit til mikilvægra atvinnuhagsmuna í þeim byggðarlögum þar sem verksmiðjur af þessu tagi eru. Því ber ég ekki á móti heldur ítreka hér að það var horft til þess að reksturinn yrði áfram í öruggum höndum og það væri sátt um hann í byggðarlögunum þar sem verksmiðjurnar eru og við starfsmenn verksmiðjanna.

[01:18]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra foreti. Ég tel að þar sem Haraldur Haraldsson í Andra er í málaferlum við hæstv. sjútvrh. þá sé rétt að dómstólar úrskurði en menn séu ekki hér með einhvern úrskurð í því máli út af fyrir sig. En ég undirstrika það sem stendur neðst á bls. 8 í skýrslu Ríkisendurskoðunar: „Þegar á heildina er litið telur Ríkisendurskoðun að hvorugt tilboðanna í hlutabréf í SR-mjöl hf. hafi uppfyllt þau skilyrði sem sett höfðu verið í útboðsskilmálunum."

Þá tel ég rétt að það komi fram enn einu sinni að undir slíkum kringumstæðum átti að óska eftir nýjum

tilboðum. Og þá var að sjálfsögðu Akureyrarbær sjálfkrafa aftur inni í myndinni.

Herra forseti. Það er talað um að 15–20% arður hafi verið það sem lagt var til grundvallar. Fjmrh. talar um 5% ávöxtun ríkisskuldabréfa. Segir það ekki dálítið um verðmatið á fyrirtækinu?

[01:19]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hafi einhver efast um að núv. eigendur uppfylltu þær kröfur sem gerðar voru um fjárhagslegan styrk þegar samningurinn var gerður hefur reynslan leitt hið sanna í ljós. Hún hefur sýnt að þeir eru traustir kaupendur, hafa staðið í skilum með sínar greiðslur, og ekki minnsta ástæða til að ætla annað, og skapað traust og öryggi um rekstur fyrirtækisins, bæði gagnvart starfsmönnum og viðskiptamönnum.

[01:20]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fyrst út af Akureyrarbæ og því sem hæstv. ráðherra sagði um það að ekki hefði verið hægt að framlengja frestinn vegna þess að hann hefði verið útrunninn þá segir í 6. lið í tillögum stjórnar SR-mjöls, sem hæstv. ráðherra segist hafa farið svo nákvæmlega eftir: „Tekið verður hagstæðasta tilboði að teknu tilliti til markmiða. Áskilinn verði réttur til að hafna öllum tilboðum og fresta sölu ef ekkert tilboð reynist viðunandi."

Ég tel að þarna hafi verið ákvæði sem var rétt að nota í þessu tilfelli.

Mig langar síðan að segja um það sem hæstv. ráðherra endurtók að það hafi verið réttur skilningur á virði félagsins að skoða 11 ára tímabil og finna út frá því hvers virði fyrirtækið var að menn verða að muna eftir því að þetta fyrirtæki er ekkert sambærilegt við það hvernig fyrirtækið hefur verið rekið á sl. 11 árum. Það er búið að byggja þetta fyrirtæki algjörlega upp á þessu tímabili, endurnýja verksmiðjuna á Siglufirði, smíða nýja verksmiðju á Seyðisfirði og nú verður aflétt kvöðum sem hafa verið á því fyrirtæki í gegnum langa tíð, þ.e. fyrirtækið hefur ekki mátt taka þátt í rekstri loðnuskipa.

[01:22]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er vissulega rétt hjá hv. þm. að ríkið áskildi sér allan rétt til að hafna öllum tilboðum og fresta sölunni en það var ekki ástæða til þess þegar fyrir lá að það var traustur kaupendahópur fyrir hendi sem fullnægði þeim markmiðum að um dreifða eignaraðild og þátttöku heimamanna og starfsmanna væri að ræða og hópurinn var eftir viðræður reiðubúinn að kaupa fyrirtækið á sanngjörnu verði. Við þær aðstæður var ekki tilefni til að beita þeim fyrirvara.

[01:23]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það þýðir víst ekki að ræða þetta við ráðherrann, hann er svo ánægður með þennan samning.

En ég vil koma að öðru atriði. Hæstv. ráðherra sagði að hvergi hefði komið fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að það hefði verið um of lágt verð að ræða á fyrirtækinu. Það stendur hér og það hafa margir þingmenn lesið það fyrir hæstv. ráðherra í dag: „Samanburður á mati tilboðsgjafa á framtíðartekjuvirði SR-mjöls hf. og mati VÍB bendir til að verðmæti fyrirtækisins hafi verið hærra heldur en endanlegt kaupverð."

Ég veit ekki hve oft þarf að lesa þetta fyrir hæstv. ráðherra til þess að hann átti sig á því að þarna er Ríkisendurskoðun að segja það skýrum orðum að hún telji að fyrirtækið hafi verið selt fyrir of lágt verð.

[01:24]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér er verið að vitna til þess hvar innan verðmatsins eðlilegt verð hefði legið. Það kemur hins vegar hvergi fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að fyrirtækið hafi verið selt við of lágu verði. Ríkisendurskoðun bendir á þetta verðbil og segir að verðmatið hafi getað legið ofar en endanlegt söluverð en hvergi í skýrslunni eru nein ummæli um það að fyrirtækið hafi verið selt við of lágu verði.

[01:25]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. sjútvrh. hefur gripið til nokkurra rangfærslna í vörn sinni í málinu. Hann sagði að við stjórnarandstæðingar hefðum haldið því fram að það ætti að draga 400 millj. frá kaupverðinu og menn ættu þá með sama rétti bæta skuldunum við. Ég hef ekki haldið því fram. Hins vegar hef ég haldið því fram að niðurfelling skulda upp á 400 millj. og yfirtaka lífeyrisskuldbindinga upp á 140 millj. auki verðmæti fyrirtækisins. Það er hið rétta í málinu varðandi verðið.

Í öðru lagi er það ekkert þakkarvert þó að þeir sem hafa fengið þetta fyrirtæki á hóflegu verði standi í skilum með kaupverðið. Ég þakka þeim það nú ekki.

[01:26]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Í verðmatinu sem gert var var búið að taka tillit til þess að 400 millj. höfðu verið yfirteknar af ríkissjóði. Þegar Ríkisendurskoðun er að fjalla um verðmatið þá er hún að viðurkenna og tekur það beinlínis fram að það verðmat sé gert á eðlilegan og réttan hátt og gagnrýnir engan veginn hvernig það var gert. Ég mótmæli þess vegna algjörlega þeirri staðhæfingu að ég hafi á nokkurn hátt verið að fara með rangfærslur í mínu máli.

[01:27]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil benda á að hæstv. sjútvrh. sagði einnig í dag að nýir kaupendur yrði að snúa rekstrarafkomunni við um 150 millj. kr. á ári næstu fimm árin. Hann minntist ekkert á það, eins og það kæmi málinu ekkert við, að þessar skuldir hefðu ver-

ið felldar niður. En það munar 40–50 millj. kr. á ári í rekstrarhagræðingu.

[01:27]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Hér var verið að minnast á meðaltalstap á sl. tíu eða tólf árum miðað við þann hagnað sem gert er ráð fyrir í verðmatinu á næstu tíu árum. Stór hluti þeirra skulda sem hér um ræðir er til kominn vegna mjög nýlegra fjárfestinga þannig að þessi athugasemd hv. þm. á ekki heldur við.

[01:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta gengur ekki þannig fyrir sig að hæstv. sjútvrh. komi hér upp í lokin á umræðunni og túlki daglanga umræðu þannig að hún hafi hvítþvegið hann af allri gagnrýni. Þetta er akkúrat öfugt. Niðurstaða þessarar umræðu er sú að allir höfuðþættir gagnrýni Ríkisendurskoðunar og þeirrar gagnrýni sem hér hefur verið flutt í dag standa. Það er meginniðurstaðan. Út af fyrir sig er það skiljanlegt að hæstv. sjútvrh. hefur ekkert annað til að halda sér í en sínar eigin yfirlýsingar um að þetta sé allt í lagi og nánast fullkomið. En það er ekki svo.

Í öðru lagi er það dálítið merkilegt að heyra hæstv. sjútvrh. draga úr því á allan hátt að þetta fyrirtæki sé álitleg eign og geti spjarað sig með því að mikla hér og halda á lofti og veifa tölum um 90 millj. kr. tap að meðaltali sl. 10–12 ár. Hvernig eru þau 10–12 ár? Á þeim koma til tvær stórar fjárfestingar í fyrirtækinu, Siglufjörður og Seyðisfjörður, og tveir loðnubrestir. Þessi ár eru ekki dæmigerð tímabil í ævi þessa fyrirtækis eins og 63 ára saga þess, án þess að ríkið hafi lagt í nokkurt fé fyrr en núna að síðustu, sannar.

Þetta er því enginn málflutningur hjá hæstv. sjútvrh.

[01:30]

Páll Pétursson:

Herra forseti. Þetta er að verða dálítið staglkennt og ég veit ekki hvað þýðir að halda þessu mikið lengur áfram. Það er eins og hæstv. sjútvrh. kunni ekki að lesa. Nú er hann maður sem maður hélt að kynni að lesa en það getur verið að honum falli ekki letrið á þeim texta sem við höfum fjallað um í dag. Ég veit ekki hvort hann þarf að fá sér gleraugu til að sjá hvað stendur í skýrslunni því hann hefur hvað eftir annað verið að túlka skýrsluna með allt öðrum hætti en raunhæft er.

Niðurstaðan af umræðunum er þessi: Það var óþarfi að selja þetta fyrirtæki og ekki skynsamleg ráðstöfun. Það var kolóeðlilega staðið að sölunni. Það voru þverbrotnar reglur sem ríkisstjórnin hafði sjálf sett um hvernig skyldi standa að svona sölu og verðið fyrir fyrirtækið var allt of lágt.

Það er búið að margsanna öll þessi atriði í þessari umræðu. Hæstv. ráðherra ber enn þá höfðinu við steininn. Að vísu er úr honum mesti vindurinn. Það var meiri galsi í honum fyrst þegar hann var að stressa sig upp í að reyna að verja þetta en hann er þó enn að tuða. Ég held að hann hafi ekki bætt alin við lengd sína með þessu máli. Þó að hann hafi komið fram vilja sínum, þó hann hafi komið fyrirtækinu í hendur aðila sem honum voru þóknanlegir og sjálfsagt koma til með að launa honum það einhvern tímann síðar vel og rausnarlega, þá er ástæðulaust að óska honum til hamingju með það vegna þess að þessi gerningur á eftir að fylgja honum á hans stjórnmálaferli.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056, 1057, 1131 og 1166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of var skammt liðið frá útbýtingu brtt. 1166. — Afbrigði samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GHelg, HBl, IBA, JÁ, JE, JóhS, JónK, KÁ, KE, MF, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

31 þm. (AÓB, ÁRÁ, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GE, GÁ, GunnS, HÁ, HG, ISG, IP, JGS, JBH, JVK, KHG, LMR, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SigG, SighB, SAÞ, SP, StG, VS, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

[01:33]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil bara í allri vinsemd spyrja hvað standi til með fundarhaldið. Ég hafði gefið mér það satt best að segja að við hlytum að láta nótt sem næmi þegar þessari miklu umræðu lyki sem hefur staðið í allan dag í ljósi þess einnig að nú er búið að boða fund strax hálfellefu í fyrramálið sem er frekar óvenjulegt að í byrjun viku hefjist fundir dag eftir dag á þeim tíma. Hér hafa verið á dagskrá ýmist á nefndarfundum eða í umræðum síðan klukkan átta eða níu í morgun málefni sem tengjast sjávarútveginum nánast stanslaust og á morgun klukkan hálfellefu á að hefjast umræða um fyrirliggjandi mál á sviði sjávarútvegs og væntanlega standa til kvölds eða þess vegna fram á nótt.

Ég segi alveg eins og er að mér finnst þetta vera orðið nokkuð stíft áframhald. Ef ég man rétt þá er ég á mælendaskrá, e.t.v. fyrstur, í því máli sem nú á að hefja umræðu um og ég hafði hugsað mér að fylgjast með. Ég tel mig í sjálfu sér ekki neitt heysknari við vinnuna en hvern annan og reyni að ástunda sæmilega mætingu og þátttöku í þingstörfunum en ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta vera orðið ágætt í dag og miðað við framhaldið sem er hjá okkur á morgun og þau verkefni sem þá liggja fyrir er mér spurn hvort ekki sé hægt að hagræða þessu einhvern veginn þannig að ekki þurfi að standa hér lengri fundur í nótt.

Ég vil inna forseta eftir því hvaða áform eru um fundarhaldið.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill gera grein fyrir því að það hafði verið gert ráð fyrir þeirri tilhögun að reyna að ljúka umræðu um 7. dagskrármálið. Það er gert ráð fyrir því að hv. 15. þm. Reykv. mæli fyrir brtt. sem hér liggja fyrir í fyrstu og síðan verði gengið til mælendaskrár eins og hún liggur fyrir.

[01:35]

Árni M. Mathiesen *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hefði talið að það færi vel á því að við héldum örlítið áfram með umfjöllun 7. dagskrármálsins og reyndum að klára þá umræðu. Það hefur náðst mjög breið samstaða um það mál í nefndinni. Það hafa orðið deilur um örfá atriði en til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins hefur annars vegar verið dregin til baka tillaga á þskj. 1055 og hins vegar hefur verið lögð fram önnur brtt. frá formanni nefndarinnar á þskj. 1166. Ég átti von á því að hvort tveggja þetta yrði til þess að liðka fyrir afgreiðslu málsins og að við ættum ekki að þurfa að hafa mjög langar umræður þótt ég vilji auðvitað ekki að málfrelsi þingmanna sé skert á nokkurn hátt. En ég vísa til þess að það hefur verið góð samstaða um málið og þessar aðgerðir ættu einmitt að styrkja þá samstöðu þannig að við ættum að geta afgreitt málið á tiltölulega stuttum tíma.

[01:37]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það er að verða dálítið liðið á nóttina og tvísýnt um það hvort skynsamlegt sé að halda þessum þingfundi áfram. Hér hafa menn mjög reynt á þrek sitt í dag og því hefur verið lýst yfir með þetta mál sem menn vilja fara að ræða í skjóli nætur að um það hafi verið að nást einhver samstaða. Ég hef séð að þetta er eitthvert mesta fyrirvaralið sem birst hefur á þingskjali því hver og einn einasti maður skrifar undir með fyrirvara en ég hef auðvitað sannar fregnir af því að hæstv. umhvrh. hafi mjög leitað og nefndarmenn lagt sig fram um að ná fram ýmsum breytingum og séu á góðri leið með það. Þess vegna teldi ég það heppilegt málsins vegna að umræðunni yrði frestað og þess freistað með skynsamlegum hætti að þingflokkarnir nái saman um þetta mál.

Því er ekki að leyna, hæstv. forseti, að það eru gjörsamlega óþolandi vinnubrögð að láta sér detta það í hug að menn haldi þinginu svona til vinnu. Hér eru margir þingmenn boðaðir til nefndarstarfa hygg ég kl. 8 í fyrramálið og þingfundur skal settur klukkan 10.30. Bera þessir menn enga virðingu fyrir vinnulöggjöfinni sem hér starfa? Ég spyr.

Ég get vel fallist á það að hv. 15. þm. Reykv. mæli fyrir brtt. og málinu síðan frestað eða alla vega að því loknu leitað samkomulags um það hve lengi á að halda áfram, hæstv. forseti. Ég held að það sé heppilegt upp á lok þingsins. Við höfum ekki langan tíma. Stjórnarliðið hefur boðað að þinginu skuli ljúka í þessari viku. Hér verður lítið um þinghald á miðvikudag og þess vegna er miklu betra að reyna að ná sátt um framhald þinghaldsins og gera það í samráði við bæði stjórnarflokkana og ekkert síður stjórnarandstöðuna. Ég ber mikla umhyggju og samúð fyrir þessu máli og að hæstv. umhvrh. haldi haus og fái eitthvað afgreitt. En ég legg til hans vegna að nefndin kynni sína brtt. og leiti síðan samráðs við okkur í þingflokkunum um fullnaðarbreytingar á frv.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka undir það sem hv. þm. nefndi að það er mikilvægt að ná góðu samkomulagi, enda tel ég að síðustu daga og síðustu vikur hafi verið leitað náins samstarfs og samkomulags um þinghaldið og reynt að koma til móts við þær aðstæður sem hafa verið í þinginu. Forseti lítur því svo á að að sjálfsögðu verði reynt að gera það áfram.

[01:41]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Það mál sem hér er til 2. umr. hefur legið fyrir tveimur þingum áður. Nú hefur verið gerð mikil atrenna að þessu máli af umhvn. þingsins. Það hafa verið þó nokkrar væringar uppi í kringum málið á seinni stigum þess, eins og kom fram þegar það var rætt sl. föstudag. Þá var tekist á en síðan hafa orðið þó nokkur tíðindi í málinu. Hæstv. umhvrh. hefur beitt sér fyrir því að mjög umdeild brtt. var dregin til baka eins og lýst hefur verið úr forsetastóli. Formaður umhvn. hefur beitt sér fyrir breytingum á tillögum sem nefndin hafði boðað og reyndar kynnt svo að það er mitt mat að þetta mál sé komið á þann rekspöl að það sé skynsamlegt að þoka því í gegnum 2. umr. Menn geta þá gaumgæft málið að henni lokinni hvort það sé enn þörf einhverra lagfæringa á þessu ágæta plaggi, en ég býst nú við að fáir fái allar sínar óskir, virðulegur forseti, uppfylltar í sambandi við það, svo flókið og margþætt sem málið er. Auðvitað er sá kostur eftir að láta málið liggja til fjórða þingsins og taka þá til við það. Það er kannski það sem menn eru að sækjast eftir. Mér finnst það ekki skynsamlegt, frekar að reyna að gera breytingar að fenginni einhverri reynslu af frv.

Virðulegi forseti. Ég skil eiginlega ekki þá ungu menn sem hafa komið einn af öðrum upp í ræðustólinn og beðist undan að nota þessa ágætu nótt til þess að ræða þetta mál svolítið frekar. Ég held að það sé alveg sjálfsagt að við förum nokkuð yfir málið og ræðum það. Ég er held ég fyrstur á mælendaskrá í því máli sem mér sýnist að sé á dagskrá í fyrramálið og ég var satt að segja að vona að ég slyppi við að fara heim og gæti tekið til máls kl. hálfellefu um stjórn fiskveiða, en ef ég man rétt þá er ég þar á mælendaskrá. (**ÓÞÞ:** Er ætlunin að þingmaðurinn tali þangað til?)

[01:43]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég tek eindregið undir orð hv. seinasta ræðumanns. Út af því sem hér hefur verið sagt um að þegar sé búið að ræða vel í dag þá er það alveg hárrétt. Hér hefur farið fram löng, gagnmerk og málefnaleg umræða. Satt best að segja vorum við þingflokksformenn svo bjartsýn á fundi okkar í dag að við áttum eins von á því að við lykjum umræðunni um SR-mjöl jafnvel um kvöldmatarleytið og yrðum kom-

in langt á veg um þetta leyti með önnur mál þingsins. Það var hins vegar niðurstaða okkar á fundi síðar í dag að taka eingöngu eitt mál fyrir að loknu SR-mjöli og ég hef litið svo á að það væri nokkurt samkomulag um það. Það er mjög ánægjulegt að heyra að nefndin hefur náð samstöðu í máli sem var nokkur, maður getur sagt ágreiningur eða alla vega mismunandi sjónarmið uppi. Það er afar mikilvægt að við drífum okkur í það að hlusta á hver niðurstaða nefndarinnar er.

Ég ætla líka að nefna það af því að hér var nefnd vinnulöggjöf. Ég held að það sé í gildi nákvæmlega sama vinnulöggjöf og var á síðasta þingi og síðasta kjörtímabili líka og ég hef tekið þátt í nokkrum næturfundum í þessum sal. Það hefur ekki verið mjög mikið um slíka fundi á þessum vetri og síðasta vika þessara, maður getur sagt þingloka hefur satt best að segja verið afskaplega létt. Við verðum aðeins skammt fram á eftirmiðdegi á föstudegi og frí á laugardegi og þetta er nokkuð létt fram undan því að mér sýnist að við hljótum að ná samkomulagi um það sem eftir lifir af málum. Þó stór séu og mikilvæg þá hefur þetta gengið afskaplega vel hjá okkur og þokast vel. Varla förum við í mikinn ágreining núna um að byrja á máli sem samstaða er um meðal nefndarmanna að taka fyrir nú. Ég hvet eindregið til þess að við göngum áfram til næsta máls.

[01:46]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil lýsa óánægju með framkvæmd þinghaldsins. Það virðist vera þannig að formenn þingflokka eru kallaðir til funda hjá forseta og það er rætt um hvenær eigi að ljúka fundi. Mér er kunnugt um það að formenn þingflokka fóru fram á það á fundi með forseta í dag að fundi lyki svona einhvern tíma um miðnætti eða einhvers staðar þar í kring og því var ekki svarað. Það varð engin niðurstaða af því, sú ákvörðun var tekin að þumbast við og hafa enga niðurstöðu, hafa þetta opið og svona gengur þetta dag eftir dag. Ég held að það sé engin ástæða til og flýti ekkert fyrir þingstörfum að halda áfram næturfundum, hvorki um þetta mál né annað. Ef þetta mál er á svona góðum vegi og gott samkomulag í uppsiglingu um það þá er í lófa lagið að klára það á skikkanlegum tíma og mun áreiðanlega ekkert spilla fyrir framgangi þess þó að ekki sé verið að keyra það áfram á næturfundum.

Ég hef áður látið þá skoðun í ljós að miða við það að hafa þinghaldið á daginn og kvöldin. Hér höfum við verið á kvöldfundum kvöld eftir kvöld. Það var einu sinni talað um að ekki væru nema tveir kvöldfundir í viku í mesta lagi, en það er löngu búið að afleggja þá reglu. Hér eru kvöldfundir dag eftir dag og byrjað á fundum kl. 10.30 á morgnana og nefndarfundir í hádeginu og í kvöldmatartímanum. Mér finnst að þegar þannig er haldið áfram á daginn þá eigi ekki að halda áfram fundum á nóttunni. Ég hef látið þá skoðun í ljós. Mér er alveg sama hvaða mál er á dagskrá, við eigum að leggja af næturfundi.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill vekja athygli hv. þm. á því sem hér hefur komið fram, að formaður hv. umhvn. hefur beitt sér fyrir tilteknu samkomulagi innan nefndarinnar sem er auðvitað afar mikilvægt í þessari stöðu. Forseti hafði vænst þess að það mætti á grundvelli þess samkomulags ná fram þeim áfanga að ljúka umræðunni. Forseti vill auk þess hvetja hv. þm. til að stytta umræður sínar um stjórn þingsins ef það mætti verða til þess að samkomulag næðist um framhaldið.

[01:50]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég skal ekki gera frekari athugasemdir við fundarhaldið í nótt fyrir utan þá sem nú verður flutt.

Ég var enga afstöðu að taka til þessa þingmáls þegar ég kom upp en bar fram einfalda og saklausa fyrirspurn, að ég taldi, um það hvað forseti ætlaðist fyrir um fundarhaldið. Það hafði alls ekki komið fram og hefur ekki komið fram, enda hef ég ekki talað í málinu enn þá, hver mín afstaða er til þess.

Síðan er kynnt fyrir okkur um miðja nótt samkomulag sem orðið hafi meðal nefndarmanna í umhvn. í máli sem nýlega hefur verið til umræðu á grundvelli nefndarálits og breytingartillagna þar sem hin hv. þingnefnd klofnar í nánast allar frumeindir sínar. Hver einasti nefndarmaður skrifar undir með fyrirvara og fluttar eru misvísandi breytingartillögur út og suður. Þetta eru allt saman nýjar upplýsingar fyrir okkur óbreytta þingmenn. Ég hef ekki orðið þeirrar gæfu aðnjótandi að vera leiddur inn í þessar vígðu herbúðir og fá upplýsingar um þetta samkomulag fyrir utan eitt óformlegt símtal um miðjan dag í gær sem formaður nefndarinnar átti við mig og var þá að reifa hugmyndir um að e.t.v. væri unnt að ná samkomulagi í þessa veru. Þetta mál hefur ekki verið tekið fyrir í mínum þingflokki og var þó fundur þar í dag þannig að ég er að fá þessar fréttir í fyrsta sinn.

Jafnvel þó svo mönnum kunni að lítast vel á þetta samkomulag, sem ég dreg reyndar ekki í efa því að við berum auðvitað djúpa lotningu fyrir hv. nefnd og vinnu hennar að þessu máli sem ku hafa á mörgum lærðum fundum rætt þetta í vetur meira og minna frá jólum, þá kunna menn að vilja láta í ljós einhverjar almennar athugasemdir og lýsa viðhorfum sínum til málsins, með því eða móti því og gera fyrirvara um einstaka þætti þess. Það er algerlega burt séð frá þessum tíðindum úr umhvn.

Ég vil svo að öðru leyti segja það og sérstaklega út af orðum hv. 4. þm. Austurl. að ég tel mig ekki hafa verið öðrum mönnum sérhlífnari varðandi það að stunda fundi og hef yfirleitt ekki verið að kvarta undan fundarhaldinu og reynt að taka sómasamlega þátt í störfum þingsins hér. Hinu kann ég heldur illa að einfaldar athugasemdir og spurningar til forseta séu lagðar upp sem einhver sérhlífni eða aumingjadómur gagnvart því að sinna sínum þingskyldum og sérstaklega af hálfu ungra manna, eins og hér var sagt. Ég kann því satt best að segja ekkert sérstaklega vel.

Ég skal ekki hafa um þetta fleiri orð en held að menn ættu að minnast þess að menn eiga ekki að taka afstöðu til réttmætra og eðlilegra umræðna um tilhög-

un þinghaldsins út frá því og því einu hvort það mál sem nákvæmlega þá og þá er á dagskrá er þeim þóknanlegra eða ekki þóknanlegra en önnur. Það er tvennt aðskilið. Annars vegar aðstaða manna til viðkomandi mála og hins vegar það hvernig við högum starfinu og hvaða virðingu við berum fyrir í sjálfu sér eðlilegum óskum um hvíldartíma og skipulagningu þingstarfanna o.s.frv. sem hefð hefur verið fyrir að menn fengju að flytja hér sæmilega óáreittir.

[01:53]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég er síst að mæla gegn því að gert sé samkomulag um þinghaldið til loka og er svo sem ekki verið endilega að mæla með því að menn vinni langt fram á nætur. Ég hef hins vegar lagt mikið upp úr því að við gætum rætt um það mál sem var búið að boða að yrði tekið fyrir á dagskránni og hef beitt mér mjög fyrir því að það yrði gert. Var ég að vonast til þess að menn gætu sæst á það að hér hæfust umræður og hægt væri að ljúka 2. umr. um málið. Ég ætlast alls ekki til þess að fólk talaði ekki í málinu og segði ekki álit sitt á því.

Ég vil hins vegar taka það fram vegna þess sem hér kom fram, ég man reyndar ekki lengur í máli hverra, að þær breytingartillögur sem var talað um að ég mundi mæla fyrir eru breytingartillögur sem ég flyt, að vísu eftir samráð í nefndinni en það voru ekki allir nefndarmenn sem stóðu að þeim breytingartillögum, enda var nefndin búin að afgreiða málið. Eins og við höfum séð á breytingartillögunum þá er það ekki nefndin sem flytur þær sem heild.

Hins vegar vil ég taka það fram að nú hefur verið fallið frá ákveðnum breytingartillögum sem gerðu t.d. það að verkum að ákveðnir fyrirvarar voru í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar. Mér finnst hins vegar óeðlilegt að vera að lýsa því akkúrat hér og nú undir þessum dagskrárlið. Það er eðlilegra að lýsa því við umræðu um málið. Ég vildi bara taka það fram að ég hefði lagt mikið upp úr því að við hefðum getað rætt þetta mál hér og nú. Ég ætla hins vegar ekki að tíunda það nákvæmlega af hverju mér þykir endilega nauðsynlegt að gera það einmitt núna á þessum fundi. Það verður bara að koma í ljós ef menn vilja alls ekki ræða málin en ég vildi lýsa því að ég legg sjálf mikið upp úr því að við getum tekið þetta mál fyrir og rætt þær breytingartillögur sem hafa verið lagðar fram og hafði ég vonast til þess að það mundi liðka til fyrir málinu þó að ég geri mér alveg grein fyrir því að það verður seint hægt að komast að sameiginlegri niðurstöðu þannig að allir geti fengið sitt fram og vel við unað.

[01:56]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég held að það væri skynsamlegt að láta staðar numið í nótt. Við höfum nú verið að meira og minna síðan snemma í morgun og hér hefur staðið þingfundur, að vísu með tveim litlum hléum síðan kl. hálfellefu og þetta er orðið út af fyrir sig forsvaranlegt dagsverk.

Rétt er það að við gerðum okkur vonir um að umræður um skýrslu um SR-mjöl mundu ekki taka svona langan tíma eins og þær gerðu. Því miður kunni hæstv. sjútvrh. ekki að skammast sín og forhertir flokksbræður hans reyndu að halda hér uppi einhverjum vörnum og umræðan dróst mikið á langinn. Hæstv. umhvrh. er fjarstaddur og ég tel mikinn sjónarsvipti að honum við þessa umræðu og eiginlega ófært að ræða málið öðruvísi en hann sé við með sínar athugasemdir og útskýringar.

Það getur vel verið að það sé mikil samstaða um þetta mál í hv. umhvn. en ég vil láta það koma fram að ég hef ekki orðið var við þessa samstöðu meðal annarra þingmanna því að hvort sem samstaða er í umhvn. eða ekki þá er þetta enn þá arfavitlaust mál. Frv. hefur skánað að sumu leyti, versnað að öðru leyti en enn þá eru sjálfsagt ein 20 atriði sem eru meira og minna aðfinnslu verð. Ég óttast það að ef á að fara að keyra málið núna verði hér endalausar umræður.

Menn hafa verið að vitna til þess að það yrði að gera það fyrir hæstv. umhvrh. að afgreiða þetta mál á þessu þingi svo að hann héldi nú sóma sínum. Ég vil minna á að við erum nýlega búnir að afgreiða fyrir hann dýraverndarmálið og mér finnst að það dugi fyrir sóma hans á þessu þingi, honum sé alveg prýðilega borgið með því. Það mál var búið að ganga þing eftir þing áður en það komst í þann búning að það slyppi í gegnum lokaafgreiðslu. Ég held að það þurfi a.m.k. fjögur þing áður en þetta villidýramál verður í brúklegum búningi.

[01:59]

Finnur Ingólfsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að það væri samkomulag um þetta mál í umhvn. Ég þarf að fá upplýsingar um það hjá hv. þm. hvar hún fær þær upplýsingar að það sé samkomulag um málið í nefndinni. Það var fundur í nefndinni kl. 7 í kvöld þar sem ég mætti fyrir Jón Helgason þar sem hann var fjarstaddur. Ég gerði þar allan fyrirvara við þetta mál og sagðist ekki styðja þær brtt. sem væru boðaðar þó að ég teldi þær til bóta við frv., enda, eins og kom fram hjá hv. formanni nefndarinnar, eru þær ekki fluttar af nefndinni. Þær eru fluttar af formanni nefndarinnar. Málið var upphaflega með fyrirvörum allra þeirra manna er í umhvn. sátu þegar það kom til 2. umr. Það var leitað eftir samstöðu í kvöld um ýmsar breytingartillögur. Samstaða er ekki meiri en sú að það er formaður nefndarinnar sem flytur málið. Þess vegna hefði ég gaman að vita hvar það hefur komið fram að um þetta mál væri samkomulag í umhvn.

Ég skil það heldur ekki, sem fram kom hjá hv. 15. þm. Reykv., formanni umhvn., að það sé svo nauðsynlegt að mæla fyrir og afgreiða málið til 3. umr. akkúrat á þessum fundi í skjóli nætur. Það verður formaður nefndarinnar að skýra.

[02:00]

Árni M. Mathiesen *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það er rétt sem kemur fram hjá hv. þm. Finni Ingólfssyni að það var ekki samkomulag um

þær breytingartillögur sem formaðurinn flutti, enda er málið ekki til meðferðar hjá nefndinni. Hins vegar varð breið samstaða um nefndarálitið og þær breytingartillögur sem meiri hlutinn flutti sameiginlega.

Það er rétt sem fram hefur komið að það var skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara en sá fyrirvari var við tvö atriði í frv., annars vegar það atriði er varðaði brtt. við embætti veiðistjóra og hins vegar við 16. gr. sem varðaði selveiðarnar. Núna hefur annars vegar verið dregin til baka brtt. um veiðistjórann og hins vegar hefur komið fram tillaga frá umhvrh. um það að 16. gr. og það sem að henni lýtur annars staðar í frv. væri tekið út úr frv.

Þess vegna hryggir það mig mjög að finna fyrir þeirri andstöðu sem er gegn því að taka málið á dagskrá hjá framsóknarmönnum þar sem þeirra fulltrúi skrifaði undir nefndarálitið með fyrirvara um 16. gr. en síðan hefur komið fram tillaga um það að hún verði tekin út úr frv. Ég er sannfærður um að það hryggir örugglega líka hv. þm. Jón Helgason að þetta skuli mæta þessari andstöðu hjá hans flokksmönnum.

[02:02]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég var að vona að það væri ágreiningslaust hvaða dagur væri í dag. Ég finn enga dagskrá með þeim degi sem er í dag og hefði talið rétt að það væri dreift slíkri dagskrá. Seinasta dagskrá sem ég finn á mínu borði er frá dagskrá mánudagins 2. maí með 21 máli á dagskránni. Ég hefði því talið að það væri ráð hjá hæstv. forseta að slíta nú fundi og boða annan fund og láta þá dreifa dagskrá þannig að dagskráin sé í takt við þann dag sem um er að ræða.

Það er mjög skýrt tekið fram af mönnum að hv. þm. Jón Helgason hafi skrifað upp á frv. Ég hefði gjarnan viljað fá smátíma til að spyrja hann út úr um efnisatriði þó ekki væri um annað en ábyrgð eigenda á heimilisketti ef hann færi á músaveiðar utan dyra. Ég átta mig bara hreint ekki á því hvort það yrði kötturinn sem yrði dæmdur eða eigandinn eða hvernig ætlunin er að standa að verki. En það mundi draga úr umræðunni ef við fengjum að heyra álit okkar fulltrúa í nefndinni á ýmsum atriðum frv.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill ítreka það við hv. þm. að þeir ræði um stjórn fundarins óski þeir eftir að gera það.

[02:04]

Rannveig Guðmundsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég þarf ekki að koma aftur til að ræða stjórn fundarins en ég tel skynsamlegt að ég svari því sem til mín var beint af hv. 11. þm. Reykv. Það er hárrétt að það er ekki rétt af mér að nota orðið samkomulag. Það er of í lagt í þeim skilningi að samkomulag væri um allt þetta stóra mál sem var með svo miklum fyrirvörum í nefndaráliti. Hins vegar legg ég mjög mikla áherslu á þá sátt sem náðist í nefndinni um afgerandi þætti málsins og m.a. það sem mestur fyrirvari var við.

Ég vil því bara lýsa því að ég hafi notað of sterk orð um þetta þannig að það þurfi ekki að valda neinum misskilningi. Ég legg mikla áherslu á það að hv. þm. gangi nú til verka og hefji málefnalega umræðu um þetta góða og þarfa mál því að það er greinilega mjög erfitt fyrir þingmenn að koma hér og ræða stjórn fundarins eins og við höfum orðið vör við án þess að koma örlítið inn í efnislega umræðu. Ég legg mikla áherslu á að við höldum áfram og minni enn á það að hér hafa ekki oft verið næturfundir. Hér hafa verið óvanalega fáir kvöldfundir á liðnum vikum og nú skulum við bara einhenda okkur í þetta ágæta mál og sjá hvort við getum jafnvel ekki lokið því.

[02:06]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Klukkan er núna farin að ganga þrjú að nóttu þegar ætlunin er að taka nýtt mál til meðferðar á fundinum. Ég hlýt að taka undir með þeim sem krefjast þess að fundi verði núna slitið og þessi umræða hefjist ekki. Við erum búin að sitja hér síðan hálfellefu í morgun, í 15½ tíma, farið að ganga vel á 16. tímann og ég verð að segja eins og er að mér finnst þetta ómanneskjulegt og mér finnst það engin rök í málinu þó að fáir næturfundir hafi verið. Það eru ákveðin rök fyrir því að halda áfram þegar menn eru að klára eitthvert tiltekið mál en að taka nýtt mál á dagskrá og hefja nýja umræðu klukkan að ganga þrjú að nóttu er ekki hægt. Það er ekki hægt við það að una.

Ég vil enn fremur segja það að þó að hv. formaður nefndarinnar standi sig vel í að reyna að ná samstöðu um málið þá hef ég ekki orðið var við þá samstöðu. Við mig hefur ekki verið talað eitt orð. Þó hefur ákveðin andstaða af minni hálfu alla tíð legið fyrir frá upphafi þess að þetta mál kom hingað inn fyrir rúmum tveimur árum. Þar fyrir utan vil ég segja að þó að samstaða náist í nefndinni þá tekur hv. umhvn. ekki afstöðu til mála fyrir mína hönd þannig að sú afstaða gildir ekki lengra heldur en fyrir þá níu sem þar sitja, enda hefur það komið skýrt fram hjá öðrum nefndarmönnum.

Það kom fram hjá hv. þm. Páli Péturssyni að hann hefði athugasemdir við a.m.k. 20 atriði. Ég hugsa að ég hafi eitthvað svipað þannig að mér þykir alveg einsýnt að ef það á að keyra áfram umræðu, þá mun hún fara inn í þann fund sem á að hefjast hér kl. hálfellefu í fyrramálið. Ég held að það sé alveg ljóst. Ég vil því frekar taka undir þá tillögu sem kom frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að málið verði látið liggja og það fari í fjórða sinn fyrir þing því þá von að það komi aðeins skárra út úr nefndinni heldur en það er núna. (**HG:** Það var ekki mín tillaga.) Þetta voru orð hv. þm. og ég greip það sem tillögu. Það má draga hana til baka.

Ég vil aðeins segja vegna dylgna sem hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hafði í garð ungra manna þá finnst mér það nú ekki karlmannlegt þegar rosknir menn koma upp og reyna að hefja upp karlmennskuímynd sína á kostnað ungra manna.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vildi nú freista þess að ná einhverju samkomulagi um framhaldið á fundinum og mun gera 5 mínútna hlé á fundinum og vildi biðja formenn þingflokka að koma til skrifstofu forseta til þess að ræða um framgang mála. [Fundarhlé. — 02:12]

Það hefur orðið sú niðurstaða hjá forseta að gera ráð fyrir því að ljúka þessari umræðu á þessum fundi með því að vera eina klukkustund til viðbótar og sjá til hvernig tekst að þoka þessu máli fram. Forseti væntir þess að það megi ná nokkrum árangri með því og þingmenn virði þá ákvörðun forseta.

[02:40]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Það hafa orðið nokkur tengslarof við fortíðina varðandi venjur í þinginu. Þegar tilkynnt var að hér yrði 5 mínútna hlé á fundinum litum við á klukkuna til að átta okkur á því hvenær við ættum þá að mæta hér aftur. Og ég verð að segja eins og er að þetta er með lengri 5 mínútum sem ég hef lifað. Mér finnst að það sé nauðsynlegt að forseti viðhaldi þeirri fornu venju sem hér var að halda þá aftur til fundar og tilkynna að enn eigi að fresta fundinum en það sé ekki hægt að ætlast til þess að almennir þingmenn taki það sem góða og gilda vöru að það sé hægt að lengja 5 mínútur eins og mönnum sýnist. Það er alveg ný regla og ég veit ekki til að það hafi verið gerð nein breyting á þingsköpum sem réttlæti slíkt.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðjast velvirðingar á því hve langar þessar 5 mínútur urðu.

[02:41]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir):

Herra forseti. Ég mæli fyrir tveimur brtt. Í fyrsta lagi er um að ræða brtt. á þskj. 1057 sem ég flyt ásamt hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og Ólafi Ragnari Grímssyni við 16. gr. frv. en sú grein fjallar um seli og rostunga. Í henni er gert ráð fyrir að umhvrh. fari með málefni að því er varðar sel, þó þannig að sjútvrh. kemur þar við sögu og kemur með tillögur að því er varðar afléttun friðunar á landsel, útsel, blöðrusel og vöðusel eins og þar kemur fram. Þessi brtt. hljómar þannig, með leyfi forseta:

„Við 16. gr. Fyrri málsgrein orðist svo:

Umhvrh. getur í reglugerð aflétt friðun landsels, útsels, blöðrusels og vöðusels á tilteknum svæðum og árstímum samkvæmt tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr. Umhvrh. hefur yfirumsjón með nýtingu selastofna og þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu sela eða tjón af þeirra völdum."

Við sem flytjum þessa tillögu teljum að engin rök mæli með því að sjútvrn. fari með vernd og veiðar á villtu dýri sem fyrst og fremst er nýtt af landi og innan netalagna og geta nytjar á þessu dýri á engan hátt talist til sjávarútvegs. Þess vegna teljum við eðlilegast að umhvrn. hafi umsjón með aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu allra villtra dýra og einnig sela.

Það hafa verið mjög skiptar skoðanir að því er varðar það atriði undir hvaða ráðuneyti málefni er varða seli eigi að vistast. Að okkar mati er eðlilegt að það falli undir umhvrn. Við erum þeirrar skoðunar að styrkja eigi umhvrn. og það sé eðlilegt að málefni eins og þessi falli þar undir. Ég vil taka það fram, og það kom reyndar fram í máli hv. 2. þm. Suðurl. í umræðunni á föstudaginn var þegar rætt var um þessa tillögu, að það kom fjöldi undirskrifta frá samtökum selabænda að því er varðar þessa grein frv. þar sem þeir mótmæla því að þessi mál heyri að nokkru leyti undir sjútvrn. Ég vil af því tilefni lesa örlítinn kafla úr umsögn sem selabændur sendu nefndinni, með leyfi forseta:

„Furðulegt er að blanda sjútvrh. inn í þessi lög sem annars eiga að heyra undir umhvrh. Lítið hefði verið hægt að segja við því þó að þessi málaflokkur hefði líka tilheyrt umhvrn. þó best hefði okkur þótt að selamál hefðu áfram tilheyrt landbrn."

Þetta er örlítið brot af því sem selabændur sendu nefndinni þar sem kemur fram að þeir telja að það sé eðlilegra að málefni sem varða seli tilheyri umhvrn. heldur en sjútvrn. að hluta þó að þeir telji að eðlilegast sé að þau tilheyri landbrn.

Eins og menn vita lagði umhvrh. fram brtt. þar sem hann leggur til að 16. gr. grein falli brott og að öll málefni sem varðar seli falli út úr frv. og fyrirkomulagið varðandi seli verði óbreytt frá því sem nú er. Ég verð að lýsa því að ég get ekki fallist á það fyrirkomulag sem umhvrh. lagði fram sem er brtt. á þskj. 1131.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um brtt. sem fjallar um að málefni er varða seli falli undir umhvrn.

Ég ætla síðan að mæla fyrir brtt. minni á þskj. 1166 við 18. gr. frv. Eins og hér hefur komið fram fyrr, reyndar í umræðu um fundarstjórn forseta þó að það hafi kannski verið óheppilegt að það skyldi koma fram undir þeim lið því að það á auðvitað að koma fram undir þessu máli, þá hélt umhvn. fund í kvöld þar sem við ræddum hvort einhver möguleiki væri á því að meiri hluti nefndarinnar mundi flytja brtt., þ.e. sami meiri hluti og flutti allar aðrar brtt. sem eru lagðar til af hálfu meiri hluta umhvn. Eins og þingmenn vita þá er einn hv. þm. sem er með sérálit í þessu máli þannig að nefndin stendur ekki öll að málinu. En það hefur einnig komið fram að dregin hefur verið til baka brtt. frá fimm þingmönnum í hv. umhvn., þ.e. þeim þingmönnum sem hafa stutt ríkisstjórnina, ef maður getur orðað það svo. Sú brtt. olli miklum deilum og þá er ég ekki endilega að tala um í umræðunni núna heldur kannski fyrst og fremst annars staðar. Það hafa verið miklar deilur að því er varðaði þetta mál úti í þjóðfélaginu. Þess vegna taldi ég að það yrði til að liðka til fyrir málinu að þær brtt. voru dregnar til baka.

Hins vegar hafa orðið mjög miklar umræður um að tillögur nefndarinnar gengju of langt í því að leggja til að það væri óheimilt að aflétta friðun á gæsum. Við höfum lagt til að dagsetningin flyttist frá 20. ágúst til

1. sept. Þetta hefur verið verulega gagnrýnt en við töldum það þegar við fluttum þessa brtt., og ég er enn þá þeirrar skoðunar, að það væri heppilegast að hafa þessa dagsetningu 1. sept. þannig að allar veiðar byrjuðu sama dag. Ég hef hins vegar talið það rétt til þess að reyna að liðka til fyrir því að menn gætu frekar sætt sig við frv. og þær breytingartillögur sem við gerum að flytja tillögu að því er varðar grágæs og heiðargæs og að veiðitímabilið á þeim gæti hafist þann 20. ágúst. Þetta er eitt af því sem hefur verið verulega gagnrýnt og ég tel rétt að reyna að koma til móts við þau sjónarmið sem þar hafa verið höfð í frammi. Þess vegna legg ég til að á eftir 1. tölul. 18. gr. komi nýr töluliður sem segir að frá 20. ágúst til 31. mars sé heimilt að aflétta friðun á grágæs og heiðargæs.

Eftir sem áður er ekki hægt að aflétta friðun á þeim fuglategundum sem taldar eru upp í 2. tölul. 18. gr. frv. frá 1. sept. til 31. mars ef tillögur nefndarinnar ná fram að ganga.

Síðan hefur einnig verið gagnrýnt í 3. tölul. 18. gr. um svartfugl en þar segir að það megi aflétta friðun á álku, langvíu, stuttnefju, teistu og lunda frá 1. sept. til 19. maí. Við höfum lagt til að dagsetningin 19. maí flyttist til 30. apríl. Ég og þeir nefndarmenn sem styðja brtt. viljum seinka þessu örlítið og legg ég því til að þessi dagsetning verði 10. maí, þ.e. það sé heimilt að aflétta friðun á þessum fuglategundum frá 1. sept. til 10. maí. Þetta er gert til að reyna að koma til móts við þau sjónarmið sem hér hafa komið fram og aðalgagnrýnina sem fram hefur komið á brtt. meiri hluta nefndarinnar. Þá er ég ekki að segja að það hafi ekki verið gagnrýni á ýmsa aðra þætti. Eins og ég hef sagt áður verður sjálfsagt seint hægt að gera öllum til hæfis að því er varðar svo stórt og viðamikið frv. Ég var að vona að hægt væri að ná nokkrum sáttum í þessu máli með því að flytja þessa brtt. og það vildi ég gera til þess að reyna að auka líkurnar á því að menn gætu fellt sig við frv.

Ég hef sjálf talið að þetta væri orðið sæmilega gott mál þegar búið væri að gera þær breytingar sem nefndin leggur til og eru á þskj. 1053 og við erum búin að vinna að í nokkuð langan tíma. Við höfum reynt að taka tillit til ýmissa sjónarmiða. Við höfum fengið heilan haug af umsögnum, t.d. frá skotveiðifélögum víða af landinu. Þeir sem þær skrifuðu gerðu ýmsar athugasemdir en í heildina litið mæltu þeir með því að frv. yrði samþykkt. Þess vegna hefur komið mér mjög á óvart sú mikla gagnrýni sem hefur komið fram varðandi frv. en eftir því sem mér skilst er sú gagnrýni fyrst og fremst komin til vegna atburða sem ekki beinlínis tengjast frv. lengur, þ.e. ákvörðun umhvrh. varðandi veiðistjóraembættið. Sú gagnrýni hefur í raun gert það að verkum eftir því sem ég kemst næst að aðilar, og þá fyrst og fremst skotveiðimenn og þeirra félög, hafa lýst því yfir að þeir hafi fallið frá stuðningi við frv. Ekki vegna þess að í sjálfu sér hafi þeir fallið frá þeim grundvallarsjónarmiðum sem þeir lýstu í umsögnum sem þeir sendu umhvn. Það er fyrst og fremst framganga hæstv. umhvrh. varðandi veiðistjóraembættið og hvernig að því máli hefur verið staðið sem er orsök þess að menn hafa brugðist við eins og raun ber vitni. Það má kannski segja að upphafið hafi verið það sem kom fram fyrr í vetur þegar veiðitíma á rjúpu var styttur og síðan það, sem kom í beinu framhaldi af þeirri ákvörðun, að veiðistjóraembættið skyldi flytjast frá Reykjavík til Akureyrar. Það endaði með því að ákveðið var að sameina embættið Náttúrufræðistofnun Íslands sem síðan hefur verið fallið frá aftur í bili. Það er það sem menn gagnrýna einna mest og virðist vera ástæðan fyrir því að menn hafa hætt að treysta því að farið verði málefnalega að í þessu máli. Það er fyrst og fremst það sem menn gagnrýna.

Auðvitað verð ég að taka undir þá gagnrýni sem fram hefur komið á framgöngu hæstv. ráðherra varðandi veiðistjóraembætti. Það kann ekki góðri lukku að stýra að fara fram með þeim hætti sem þar hefur verið gert, þ.e. að láta sér detta það í hug eftir hádegið á Þorláksmessu að nú sé best að flytja veiðistjóraembættið og það skuli ekki undirbúið eins og nauðsynlegt er til þess að slíkt megi heppnast vel. Ég tel nauðsynlegt að kanna það mál miklu betur og undirbúa það. Mér finnst að ríkisstjórnin ætti að lýsa því yfir að höfuðstöðvar veiðistjóraembættisins yrðu ekki flutt af Reykjavíkursvæðinu nema eftir eðlilegan og viðunandi undirbúning þannig að komið verði í veg fyrir að embættið verði lagt í rúst. Það er fyrst og fremst það sem maður sér fyrir sér núna og það sem þeir sem gagnrýna málsmeðferðina harðast utan þessa salar benda sérstaklega á. Það gengur auðvitað ekki að það sé hægt að flytja stofnanir fram og til baka um landið eftir geðþóttaákvörðun einstakra ráðherra. Það getur alls ekki gengið. Það þarf góðan og vandaðan undirbúning til þess að hægt sé að flytja heilu stofnanirnar sem hafa starfað farsællega og í sátt við þá sem þangað hafa þurft að leita.

Ég hefði, virðulegur forseti, gjarnan viljað ræða ýmislegt fleira, t.d. framgöngu forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands í þessu máli og hvernig gengið hefur verið fram hjá stjórn stofnunarinnar og ýmislegt í því sambandi sem kom fram í máli hæstv. ráðherra á föstudaginn. Ég ætla hins vegar að spara mér það í þessari ræðu, en þar er ýmislegt sem er mjög gagnrýni vert og þyrfti að ræða sérstaklega.

[02:59]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. Kristínar Einarsdóttur, formanns umhvn., að það væri búið að leggja mikla vinnu í þetta mál og það hefði tekið langan tíma. Af því hlýtur maður að draga þá ályktun að öll vinnubrögð sem snúa að málinu séu þannig að það sé vísindalega að öllu staðið. Því má ég til með að spyrja hv. þm. einnar spurningar. Hún leggur fram brtt., sem auðvitað gerir ráð fyrir þó nokkrum breytingum á frv. og ég hef sagt að sé til bóta. Í 2. tölul. 18. gr. frv. eru taldar upp ákveðnar fuglategundir og tímabil þegar þær skulu friðaðar en í brtt. hv. formanni nefndarinnar eru grágæsin og heiðargæsin sérstaklega teknar út og talið að veiðiþol þeirra sé meira en þeirra fugla sem tilgreindir eru í 2. tölul. 18. gr. Því vil ég spyrja hv. formann nefndarinnar: Hvaða upplýs-

ingar liggja fyrir og frá hvaða aðila er þær að þessar tvær tegundir þoli meira álag skotveiðimanna en aðrar tegundir sem tilgreindar eru í 2. tölul.?

[03:00]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og ég sagði þegar ég gerði grein fyrir brtt. nefndarinnar á þskj. 1053 þá gerðum við ráð fyrir að stytta mögulegan veiðitíma allra þeirra fuglategunda sem taldar eru upp í 18. gr. en miðað við núgildandi lög eru flestar þessar fuglategundir friðaðar til 1. sept. Að því leyti var það til samræmis við núgildandi lög sem virðast hafa reynst nokkuð vel að því er það varðar. Að vísu tókum við út t.d. bjartmáv af því að hann er bara gestur hér á landi og við töldum óeðlilegt að það mætti veiða hann.

Það sem liggur fyrst og fremst að baki eru upplýsingar frá fuglafræðingi Náttúrufræðistofnunar Íslands. Ég tek það fram að þetta er ekki varðandi veiðiþolið. Þetta er fyrst og fremst siðferðilegt spursmál um að fuglar séu ekki veiddir þegar þeir eru illa fleygir eða ófleygir. Það er ekki oft en það kemur nokkuð fyrir eftir því sem fuglafræðingurinn segir að þessir fuglar séu ekki orðnir vel fleygir í lok ágúst þannig að það er fyrst og fremst það sem liggur að baki. Það eru ekki vísindalegar rannsóknir sem við leggjum til grundvallar því að veiðiþolið sé endilega meira þó að ýmislegt bendi til að svo sé, heldur er það hins vegar það sem þarf að taka afstöðu til þegar á að aflétta friðun. Og eins og kemur fram í frv. og brtt. sem nefndin gerir verður það að aflétta friðun að byggja á tillögum ráðgjafarnefndar um villt dýr. Það er miðað við að sé gert miðað við veiðiþol stofnanna. En þegar verið er að hugleiða t.d. í hvort megi veiða dýr á varptímanum þá er það mjög oft siðferðileg spurning frekar en líffræðileg.

[03:03]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. fyrir þessar upplýsingar sem ég tel góðra gjalda verðar. En þá spyr ég í tilefni af brtt.: Liggja fyrir upplýsingar um það að grágæsin og heiðargæsin séu verr fleygar 20. ágúst en t.d. blesgæsin, helsingi og svo þær andategundir sem upp eru taldar?

Það hlýtur að vera grundvallaratriði þegar svona brtt. er flutt við mál sem hefur fengið þessa gríðarlegu umfjöllun og vönduðu vinnubrögð í nefndinni, að menn séu með það alveg á hreinu frá þeim aðilum er gerst til þekkja hvort þessar tegundir séu verr eða betur á vegi staddar en aðrar.

[03:04]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Eins og fram kemur í brtt. nefndarinnar var lagt til að allar fuglategundir yrðu friðaðar til 1. sept. vegna þess sem ég er að tala um. Það gilti reyndar það sama með svartfuglinn og þeir fuglafræðingar sem við höfðum samband við, nú getur vel verið að það sé deilumál en ég hef ekki orðið vör við það, bentu á að allir þessir fuglar geti verið illa fleygir eða ófleygir á þessum tíma. Það gildir nákvæmlega það sama með svartfuglinn. Hann fer að undirbúa varp upp úr mánaðamótum apríl/maí víðast hvar og hann er ekki farinn að verpa þá. Ef maður vildi vera á öryggismörkunum þá væri eðlilegast að fara alveg til 30. apríl. Ég vil benda á að t.d. á Norðurlöndum er ekki leyfð nein vorveiði á svartfugli, ekki frá áramótum.

Sjálfsagt hefði því verið öruggast að friða hann frá þeim tíma. En þegar verið er að reyna að sætta ýmis sjónarmið þá teygir maður sig stundum eins langt og mögulegt er til þess að reyna að ganga ekki líffræðilega á stofnana, það má náttúrlega aldrei gerast, og eins líka siðferðilega. T.d. er alltaf bannað að veiða fugla í sárum. Það er ekki vegna þess að maður sé að velta því fyrir sér hvort stofnanir séu í hættu heldur er það siðferðileg spurning. Það verður líka að taka tillit til í þessu máli og ég bendi á að grundvallaratriðið í þessu frv. er að öll dýrin eru friðuð með ákveðnum undantekningum, þ.e. minkar, rottur og mýs. Það er grunnurinn. Síðan er miðað við að aflétta friðun og sú ákvörðun þarf að byggjast á vísindalegum rökum.

[03:06]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Í örfáum orðum vil ég mæla fyrir brtt. á þskj. 1131 um frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, öðrum en hvölum.

Tillagan felur það í sér að frv. fjalli ekki um vernd, friðun og veiðar á selum og að núgildandi löggjöf um seli gildi áfram um sinn. Til að flýta fyrir afgreiðslu málsins á Alþingi varð að samkomulagi að taka 16. gr. út úr frv. og láta núgildandi löggjöf gilda áfram óbreytta á þessu stigi. Samkomulag er um það milli umhvrh., sjútvrh. og landbrh. að leggja fram frv. í haust um vernd sela og veiðar á þeim. Verður sumarið notað til að ná sátt í málinu sem er viðunandi fyrir alla aðila. Vegna þessa þarf að gera þær breytingar á frv. sem felast í tillögu minni og jafnframt þarf að fella burt 1. tölul. 22. gr. frv. eins og lagt er til í brtt. frá meiri hluta umhvrn. á þskj. 1153.

Vegna orða hv. þm. Kristínar Einarsdóttur um umræðu um flutning veiðistjóra til Akureyrar þá tel ég hyggilegt, ekki síst í ljósi þess að vilji er hjá hv. formanni og raunar fleiri þingmönnum að liðka fyrir afgreiðslu þessa máls að í umræðum haldi menn sig við þau efni sem í frv. eru en láti önnur atriði, eins og flutning veiðistjóra sem er óháð frv. sem slíku, liggja í þagnargildi.

[03:08]

Pálmi Jónsson:

Herra forseti. Þegar 2. umr. um þetta mál hófst sl. föstudag þá bað ég um orðið og reiknaði með að þurfa að flytja langa ræðu. Hefði málið komið til atkvæða í þeim búningi sem það var þá hefði ég greitt atkvæði gegn því. Nú hafa verið boðaðar verulegar breytingar á frv. sem ég met mikils því að þær sníða verulega agnúa af þeim brtt. sem fluttar voru við 2. umr. eins og þær voru þegar hún hófst. Það hefur verið gerð grein

fyrir þessum breytingum og ég skal ekki fara yfir það í mörgum orðum, en þær eru í stuttu máli þær að brtt. á þskj. 1055 verði dregnar til baka. Þær eru í átta töluliðum og snerta veiðistjóraembættið, þar á meðal þá fyrirætlan sem var boðuð í tillögunum að innlima það í aðra stofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands. Ég skal ekki fjölyrða um það vegna þess að þessar tillögur hafa verið dregnar til baka, en aðeins geta þess að veiðistjóraembættið hefur byggt upp ákaflega þýðingarmikil tengsl við veiðimenn um allt land og einnig tengsl við bændur á mörgum svæðum landsins, verið til aðstoðar við veiði, verið til leiðbeiningar um veiði og lagt til í mörgum tilvikum tæki og annað það sem þarf til og hafa þau tengsl verið hin ágætustu. Með því að innlima það embætti í aðra stofnun sem ekki hafði sinnt slíkum tengslum er hætt við að þau hefðu rofnað og þær tillögur allar voru mjög svo óaðgengilegar og ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hafa beitt sér fyrir því að þær skyldu verða felldar brott.

Í öðru lagi er fallið frá því að stytta veiðitíma gæsa og enn fremur að ekki skuli gengið jafnlangt og tillögurnar höfðu áður boðað að stytta veiðitíma svartfugls að vori. Ég vil aðeins segja vegna athugasemda sem komu fram í andsvari hv. 11. þm. Reykv. að það leynist ekki þeim sem fara um landið hvílíkur gífurlegur floti gæsa er víða hvar um landið og það er engin spurning að a.m.k. grágæsin, ég þekki minna heiðargæsina, að þar er veiðiþol þannig að það er ekki nokkur ástæða eða tilefni til að stytta þann veiðitíma sem hefur verið á þessum fugli.

Ég hef bent á það áður í umræðum um þetta mál að ýmsar andategundir sem þar eru í sama flokki, þ.e. sem taldar eru upp í 18. gr., t.d. stokkönd, ég tala nú ekki urtönd, rauðhöfðaönd og duggönd, eru á sumum svæðum landsins nærri að verða aldauða og þar auðvitað sá mikli skaðvaldur í íslenskri náttúru, minkurinn, sem hefur ráðið þar mestu um því það urðu skjót og mikil umskipti þegar hann haslaði sér völl í lífríki og náttúrufari landsins. En ég skal ekki ræða það frekar en ég þakka einnig fyrir þessar brtt. sem mér finnst ganga mjög í rétta átt.

Í þriðja lagi eru brtt. sem hér var mælt fyrir af hæstv. heilbrrh. varðandi það ágreiningsefni sem uppi hefur verið um seli og selveiðar og hvaða ráðuneyti skuli fara með þau mál. Skal ég engu bæta við það að öðru leyti en því að ég tel þær tillögur fullnægjandi og þær yfirlýsingar sem hæstv. heilbrrh. og starfandi umhvrh. hefur gefið.

Ég met þessar breytingar það mikils að ég treysti mér til þess að standa með þessu frv. þrátt fyrir það að ég sé enn mjög óánægður með ýmsa þætti málsins og þá sérstaklega með það grundvallaratriði í þessari lagasetningu sem ég hef mest gagnrýnt, bæði á síðasta Alþingi og eins næst síðasta Alþingi, en það er þá miklu miðstýringu sem er í þessu frv., ef það verður að lögum, þar sem öll dýr og fuglar að heita má eru friðuð en síðan er það á valdi eins manns, hæstv. umhvrh., hverju sinni að ákveða hvernig gefnar verða undanþágur frá þessari friðun þó að því marki sem rúmast innan ramma þessara laga. Á þessum atriðum er ekki tekið og finnst mér það vitaskuld miður. Ég tel að það færi betur ef löggjöf um þessi efni væri skýr, það lægi ljóst fyrir hvenær og hversu lengi og hvaða dýr mætti veiða á tilteknum tímum ársins og ef þau dýr væru ýmist í verulegri hættu ellegar þá að veiðiþol þeirra væri miklu meira en áður hafði verið gert ráð fyrir þá hefði hæstv. ráðherra heimild til þess að veita frávik frá slíkri meginreglu.

En þetta rímar auðvitað mjög vel við það nefndarálit sem hér er birt frá minni hluta nefndarinnar, undirritað af hv. þm. Tómasi Inga Olrich. Ég sakna þess auðvitað mjög úr því að hv. þm. birti nál. sem lýsir viðhorfi hans nokkuð með sama hætti og ég hef kynnt hvað eftir annað á hv. Alþingi um þessi efni og um þetta grundvallarafdrif í þessari lagasetningu að það skyldi þá ekki fylgja því nál. brtt. sem sá hv. þm. og nefndarmaður í umhvn. hefði unnið upp. Þrátt fyrir þessa ágalla og ýmsa smærri sem menn geta auðvitað deilt um eða togast á um sem ekki varða miklu þá get ég sætt mig við frv. eins og það liggur fyrir með þessum breytingum og mun sýna það að ég virði þá vinnu sem lögð hefur verið í það að bæta frv., bæði af hálfu hv. nefndar, hv. formanni umhvn. og eins fyrir tilstilli hæstv. ráðherra, þá mun ég treysta mér til þess að standa að afgreiðslu þess.

[03:17]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Herra forseti. Aðeins til áréttingar vegna orða hv. þm. um það að það væri á valdi eins manns að aflétta friðun, þá hefur nefndin einmitt lagt til breytingar á þessu frv. þannig að það er lögð áhersla á að það sé alltaf haft samráð við ráðgjafarnefnd um villt dýr, eða „villidýranefnd“ eins og hún er nefnd í frv. um það hvenær aflétta eigi friðun. Það sé leitað eftir umsögnum og það séu tillögur frá þessari nefnd en það sé ekki eingöngu í valdi ráðherra að taka allar þær ákvarðanir einn og sér, hann verði að hafa samráð við þessa nefnd. Þetta vildi ég að kæmi fram vegna orða hv. þm.

[03:18]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég þakka hv. þm. Kristínu Einarsdóttur, hv. formanni umhvn., fyrir þessa ábendingu. Þess var að vísu ekki þörf, mér var það fullljóst að það er sett upp ráðgjafarnefnd í þessum efnum til að gefa hæstv. ráðherra góð ráð. Eigi að síður er það hann og hann einn sem hefur valdið til þess að kveða á um það hvenær og hversu lengi og í hvaða tilvikum þær heimildir skuli notaðar sem finnanlegar eru í þessu frv. Ég verð að treysta því að hæstv. ráðherra fari þannig með það vald að það ofbjóði ekki þeim sjónarmiðum fólks í landinu sem vill gjarnan að við nýtum með hæfilegu móti þennan hluta af náttúrufari landsins, okkur bæði til ánægju og framfærslu.

[03:19]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi mig heyra það rétt hjá hv. þm. Pálma Jónssyni að hann væri ósáttur við þetta frv. eða það sem hann hefði athugasemd við væri miðstýr-

ingin sem fælist í því að ráðherra hefði svo mikið reglugerðarvald. Ég fyrir mitt leyti sé ekki að mikið hafi breyst frá upphaflegu frv. þótt það sé komið inn ákvæði um að það skuli hafa samráð við ráðgjafarnefnd því það er ekkert sem segir að eftir því skuli farið. Það er ekki kveðið sterkt að orði um þetta og við þekkjum það alveg úr slíkri löggjöf og slíkum ákvæðum að þó það sé ákvæði um samráð þá þýðir það ekki endilega að það sé farið eftir þeim ábendingum sem í samráðinu koma fram.

[03:21]

Pálmi Jónsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 6. þm. Vestf. virðist hafa komið upp í ræðustólinn til þess að staðfesta svar mitt við athugasemd hv. 15. þm. Reykv. Ég þakka fyrir það. Hv. þm. hefur áréttað svar mitt sem ég gaf rétt áðan.

[03:21]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það gleður mig stórkostlega að fá loks tækifæri til að flytja þá ræðu sem ég hef lengi beðið eftir því ég bað um orðið einhvern tímann seint í síðustu viku og nú er nokkuð liðið á þessa nótt og hefur talsvert dregist að við kæmust til þess að ræða þetta gagnmerka mál. En ég ætla ekki að hafa um þetta ýkja mörg orð heldur koma eingöngu á framfæri athugasemdum mínum eða hugleiðingum í sambandi við þetta mál sem ég hafði hugsað mér að flytja og mun gera og eru í sjálfu sér að hluta til óskyldar þeim umræðum sem hér hafa orðið um breytingar og ekki breytingar fram og til baka á þessu frv. Satt best að segja verð ég að segja fyrir mitt leyti og mína hönd og vandamanna að mér finnst afgreiðslan á þessu vera svona nokkuð ruglingsleg. Kemur það m.a. fram í því að hver einasti nefndarmaður skrifar undir málið með fyrirvara og brtt. eru svo fluttar út og suður, hafa verið boðaðar fram og til baka, þar á meðal af hæstv. ráðherra og síðan dregnar til baka og fleira þar fram eftir götunum. Þannig að það er hugsanlegt, kannski leyfi ég mér að trúa að einn og einn maður sé pínulítið ruglaður í því hvernig þetta nákvæmlega eigi að afgreiðast og berast upp.

Það sem ég í fyrsta lagi vildi gera að umtalsefni, hæstv. forseti, er reyndar grundvallaratriði þessa máls sem hér hefur nokkuð verið til umræðu og kemur auðvitað fram í mismunandi sjónarmiðum nefndarmanna og það er spurningin um framsetningu friðunar- eða verndunarreglunnar gagnvart aftur nýtingarsjónarmiðum á þessum tegundum. Nú má segja að það sé kannski í aðalatriðum akademísk spurning hvernig þetta er fram sett, a.m.k. tæknilega séð. Það er auðvitað smekksatriði næstum að segja hvort menn velja sér fyrst þá leið að banna hlutina en veita síðan undanþágu frá því banni eða öfugt, að leyfa hlutina en hafa inni heimildir til að banna þá og er svo sem alþekkt að menn þræti um þetta.

Ég vil gjarnan líta á þetta út frá bæði sögulegum forsendum og réttarfarslegum að nokkru leyti og líka pólitískum og þá meina ég aðallega pólitískum út frá þeim nýtingarforsendum og þeirri nýtingarpólitík sem Ísland byggir sína tilveru á. Sem sagt, til að gera langt mál stutt, hæstv. forseti, þá leita á mig vissar efasemdir um það að sú almenna framsetning sem fram kemur fyrst og fremst í 6. gr. að villt dýr önnur en þrjár tegundir kvikinda sem þar eru talin upp, mýs, rottur og minkar, skuli friðuð nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða reglugerðum byggðum á þeim. Þetta er grundvallarregla málsins eins og hún er sett fram hér og ég segi að það leita á mig efasemdir um að þessi framsetning eins og hún er fram borin ein og sér sé skynsamleg. Ég hefði gert mikinn greinarmun á því ef í sömu málsgrein eða sömu lagagrein verði jafnframt komið það sjónarmið að þrátt fyrir þessa almennu reglu eða útgangsreglu skyldu gilda og standa þau sjónarmið að rétt væri að stefna að nýtingu þeirra stofna sem nýtanlegir eru með sjálfbærum hætti ef það megi verða til aukinnar verðmætasköpunar og velmegunar landsmanna og í þágu matvælaframleiðslu eða annarra slíkra hluta. Þannig að þetta væri þá a.m.k. tengt saman með þeim hætti. Ég vil segja það að ég er að mörgu leyti nálægt þeim sjónarmiðum sem fram koma í nál. á þskj. 1054 hjá hv. þm. Tómasi Inga Olrich hvað þetta snertir. Þar gætir sennilega uppeldis ræðumanns í einhverjum mæli því ég er nú einu sinni fæddur nánast og uppalinn við það að vera síveiðandi og skjótandi svo lengi sem ég man eiginlega eftir mér í mínum uppvexti, tilheyrir enn því umhverfi sem ég er upp úr sprottinn. Það er náttúrlega erfitt að breyta þeim hugsunarhætti og innræti sem manni er þannig kennt, því lengi býr að fyrstu gerð, eins og þar segir.

Þetta er þó að mínu mati nokkuð eftir því, þessi framsetning, hvað við á í hverju tilviki. Það er til að mynda þannig að ég held að þessi regla, framsett eins og frv. í byrjun gerði ráð fyrir, gagnvart sjávarspendýrunum sem þarna heyra undir, selir og rostungar, hefði getað verið varhugaverðari að mörgu leyti en gagnvart villtum dýrum að öðru leyti og þá er ég fyrst og fremst að hugsa til þess að það er stutt á milli þessara sjávarspendýra og hvalanna. Við erum í tiltekinni stöðu með þau mál og eigum undir högg að sækja í samfélagi þjóðanna vegna okkar afstöðu til þess að það eigi að nýta þann stofn eins og aðra. Og þá er spurningin auðvitað: Hefur það áhrif á vígstöðu okkar og viðhorf almennt hvor reglan er lögð til grundvallar, nýtingarreglan eða friðunarreglan? Nú eru þær ekki andstæður í sjálfu sér eins og málin eru fram borin og ég er ekki að gera mönnum það upp að í þessum framsetningarmáta endurspeglist endilega einhver vilji til þess að hafa beint áhrif á stefnu okkar á þessu sviði. En menn hljóta auðvitað að fara í gegnum það þegar þetta er rætt hvor framsetningin sé þá heppilegri.

Sömuleiðis er það þannig, hæstv. forseti, að ég á satt best að segja í nokkrum erfiðleikum með þá hugsun að friða íslenska refinn, að ganga út frá því að hann skuli vera friðaður en eyðing hans sem ég er sannfærður um að muni hér eftir sem hingað til þurfa að koma til til að halda stofninum í jafnvægi skuli vera undanþæg regla. Og þá spyr ég menn náttúrlega að því hvort það sé ekki nokkuð mótsagnarkennt annars vegar að byggja á þeirri grundvallarreglu í löggjöfinni að

tegundin sé friðuð en hins vegar veita til þess fé á fjárlögum hverju sinni að kosta eyðingu hennar beinlínis vegna þess að það sé nauðsynlegt að leggja til þess opinbera fjármuni frá ríki eða sveitarfélögum að halda niðri viðkomandi tegundum. Menn kunna að segja að sé þrætubókarlist og tittlingaskítur að vera að eltast við þetta hér en eins og ég lít á málið þá er það spurning hvort það er að öllu leyti rökrétt framsetning í löggjöf og stjórnsýslu að hafa grundvallarreglu í löggjöf að friðun en leggja síðan fjármuni í eyðingu á viðkomandi tegund í verulegum mæli. Þar gegnir t.d. öðru um minkinn sem á ekki að vera friðaður. Sama má víst segja um selinn því ég held ég fari rétt með það að enn séu lagðir fjármunir í það af hinni frægu hringormanefnd að hvetja til fækkunar og eyðingar á þeirri tegund.

Þá fáein orð um önnur atriði þessa máls. Ég vil spyrja gagnvart ákvæðum 9. gr. þar sem er gífurleg upptalning á öllum þeim aðferðum sem ólöglegar skuli teljast við veiðiskap, svo sem að bana dýrum með grjótkasti og hvað eina. Þar kemur í lið 14 að hálfsjálfvirkum eða sjálfvirkum skotvopnum og þar vil ég spyrja í samhengi við síðustu málsgrein greinarinnar sem gengur út á það að umhvrh. geti heimilað notkun ofangreindra veiðiaðferða, þ.e. þeir sem búið er að telja upp í 17 töluliðum ef ég skil rétt, í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta. Er það ætlunin að þetta ákvæði til að mynda nái yfir grenjavinnslu? Er þá meiningin til að mynda að áfram sé hægt að leyfa grenjaskyttum notkun á sjálfvirkum haglabyssum eða sjálfvirkum skotvopnum við veiðiskap? Ef svo er ekki þá bið ég um rökin fyrir því að falla frá því. Nú vita menn væntanlega sem til þekkja að velflestar grenjaskyttur landsins hafa fjárfest í eða eiga svona vopn og hafa haft til þess leyfi sérstaklega og undanþágur á undanförnum árum að hafa þau með höndum til þess og til þess eingöngu að nota þær við grenjavinnslu. Er sem sagt ætlunin að þessu verði breytt? Koma þá bætur fyrir af því að þessir menn hafa haft það að starfa að sinna þessum verkefnum og verið launaðir til þess af ríki og/eða sveitarfélögum og þessi vopnabúnaður hefur tilheyrt þeirra starfi. Sömuleiðis kunna ýmsir að telja þetta smávægilegt atriði en mér finnst rétt að málin séu rædd eins og þau liggja fyrir og staðreynd er að þessi útbúnaður hefur verið hluti af tækjabúnaði manna við þessa iðju á undanförnum árum.

Ég vil gjarnan fá á hreint hvernig þetta liggur og vona að þó síðar verði komi svör við þessu áður en málið verður afgreitt.

Eins er það örstutt, hæstv. forseti, um ákvæði 11. gr. um veiðikortin. Ég vil spyrja að því hvort aldrei hafi komið til álita að gera greinarmun annars vegar á sportveiði og slíkum veiðiskap og hins vegar hefðbundnum nytjum, t.d. bænda á eigin landi við veiðiskap eða manna við sjávarsíðuna gagnvart t.d. svartfuglaveiðum. Telja menn það nauðsynlegt samræmisins vegna að þetta gangi yfir allan veiðiskap og allar nytjar hversu óskyldar sem þær eru, allt frá hreinni sportveiðimennsku, t.d. rjúpnaveiðum á þeim takmarkaða tíma og yfir í, segjum þá, svartfuglaveiði manna við sjávarsíðuna? Mér finnst það svo sem spurning hvort þar hefði ekki mátt að einhverju leyti aðgreina mismunandi tegundir veiði.

Þá vildi ég, hæstv. forseti, aðeins nefna fuglafriðunarákvæðin eða 18. gr. Þar er gert ráð fyrir því að hæstv. umhvrh. geti í reglugerð aflétt friðun sem er grundvallarreglan þannig að hún gildir meira að segja líka um þær tegundir sem réttdræpar hafa talist á Íslandi allt árið, svo lengi sem elstu menn muna held ég, eins og hrafn og svartbakur, en friðun skal það samt heita og síðan heimild til ráðherra til að aflétta þessu allt árið. Svo kemur að gæsinni og þar hefur orðið sú breyting, ef ég hef náð að nema rétt, að nú er lagt til á nýjan leik í 2. tölul. gagnvart þeim fuglum sem þar eru taldir upp að tímabilið skuli vera frá 20. ágúst til 31. mars. Þá kemur að því að ég vil í fyrsta lagi fagna því að veiðitíminn er lengdur í annan endann sem sagt. Áður gilti þarna dagsetningin 15. mars um a.m.k. nokkrar af þessum tegundum en þetta er fært aftur til 31. mars.

Ég hefði að mörgu leyti talið rétt að skipta þessu upp því þarna er blandað saman tegundum sem að mínu mati eiga orðið fátt sameiginlegt eins og nokkrum tegundum anda sem réttilega kom fram áðan hjá hv. 2. þm. Norðurl. v. að í sjálfu sér er álitamál hvort það eigi að vera að leggja undir jafnmikla veiði og hér er opnað fyrir og hins vegar til að mynda gæsastofnum sem í raun og veru hefur fjölgað ískyggilega undanfarin ár og ef eitthvað væri væri ástæða til að hvetja til aukinnar veiði á. Það á bæði við um grágæs og heiðargæs af því að hv. þm. nefndi það. Ég þekki það vel af slóðum sem mér eru kunnar að heiðargæsin hefur verið að færa út kvíarnar í stórum stíl og ýta meira að segja grágæsinni af hefðbundnum varpslóðum á hálendi Norðausturlands og það er enginn vafi á því að báðar tegundir hafa verið í sókn.

Ég er þeirrar skoðunar og vil láta það koma hér fram að það hefði verið gagnvart gæsinni fullkomlega réttlætanlegt að lengja vorveiðitímann, jafnvel fram til 10. eða 15. aprílmánaðar. Auðvitað var þessi regla um 15. mars eins og hún hefur staðið í lögum hreint út sagt hláleg því það heyrði til undantekninga að gæsir, aðrar en þær sem hafa hér vetursetu, sem eru nokkur hundruð stykki aðallega við Tjörnina í Reykjavík, sæjust á Íslandi fyrir þennan tíma. Þannig að það var hreint fræðilegt atriði að hafa þennan tíma til 15. mars. Sé hann hins vegar kominn um mánaðamót eða ég tala nú ekki um ef hann væri færður aftur til 10. apríl þá væri ákveðin vorveiði orðin möguleg á gæsinni og það mundi líka falla að því að gæsin er hinn mesti vágestur í túnum víða og fullkomlega réttlætanlegt að mínu mati að leyfa veiði á henni. Reyndar hefur verið heimilt, ef ég man rétt, að veita undanþágur ef sérstaklega hefur verið um það sótt og það blessað af sveitarstjórnum en því miður held ég að allt of fá dæmi hafi verið um það að slíkt hafi verið notað og fremur borið við jafnvel að eitthvað hafi verið um veiði án þess að slíkrar undanþágur hafi verið aflað.

Og af því að ég var að ganga út frá nýtingarregl-

um og nýtingarhugsun í sambandi við minn málflutning þá vil ég láta það koma fram sem ég hef líka hugleitt hvort þessi alfriðun á álftinni sé ekki tímaskekkja. Þeirri tegund hefur líka fjölgað mikið og hún er býsna aðgangshörð að landinu þar sem hún fer um í miklum flokkum. Það á meðal annars við um nýgræðing á vorin þar sem hún gengur sérstaklega hart að landinu. Ég er þeirrar skoðunar að sú tegund eigi nákvæmlega með sama hætti að falla undir eðlileg nýtingarsjónarmið og aðrar, hef enga tilfinningasemi gagnvart því þó einn og einn maður hafi ort fallega um svanasöng á heiðum þá þekkist líka hugtakið „álftagarg" á mínum heimaslóðum og þykir ekki alltaf jafnfallegt. Ég hefði talið að það kæmi til greina að með einhverjum hætti væri sömuleiðis hægt að opna fyrir eðlilega nýtingu á þeirri tegund, e.t.v. á öðrum og afmarkaðri tíma en hér er fjallað um.

Þá vil ég líka koma að síðasta hluta frv., hæstv. forseti, þar eru tvö ákvæði sem ég staldra við. Það er í 1. tölulið 22. gr. að frv. gerði ráð fyrir að fella niður ákveðin ákvæði Jónsbókar sem fjalla um seli, rostunga og hvítabirni. Ef ég man rétt tel ég mig þó hafa fundið að nefndin leggi til að frá þessu verði horfið og ég fagna því og þakka það ef það er rétt skilið. Það er mér alveg sérlegur þyrnir í augum þegar menn eru að ólmast við það hér að fella úr lögum að ástæðulausu jafngöfugan og merkan rétt eins og þann sem enn er að finna í íslenska lagasafninu og er að verða elsti réttur-inn í lögum í landinu sem eru ýmsir kaflar Jónsbókar fyrir utan tilteknar kristnitilskipanir sem eru enn eldri, þá eru þarna á ferðinni landlegubálkur, rekabálkur og fleiri slík ákvæði Jónsbókar að verða þau elstu sem í lögum finnast. Það á að sjálfsögðu ekki að vera að henda slíku út og allra síst ef ákvæði þeirra standast í raun og veru tímans tönn eins og þau gera furðulega vel þegar betur er að gáð.

Sömuleiðis ætlaði ég að spyrja hvort það væri hugsun manna að fella úr gildi XII. kafla laganna um lax- og silungsveiði sem er um ófriðun sels. Nú er að vísu lagt til að ákvæðið um sel hverfi út úr þessu frv. og þá væntanlega einnig þetta, þessi 10. töluliður. En hvað er fjallað um í þessum ákvæðum laganna um lax- og silungsveiði, um ófriðun sels? Jú, það er m.a. 83. gr. þeirra laga í XII. kafla, en þar segir undir fyrirsögninni um ófriðun sels sem skilst vonandi enn þá: „Rétt er að skjóta eða styggja sel í veiðivatni og í ósi þess eða ósasvæði enda sé eigi öðruvísi mælt í lögum."

Þetta er nokkuð fornlegt málfar en skilst vonandi vel og kannski nokkuð til vitnis um annan hugsunarhátt en þann sem gengur nú í gegnum lagasetningu þegar svona er tekið til orða að rétt sé að stugga sel úr ósum veiðivatna enda gera þeir þar hinn mesta óskunda. Það heyrði nánast undir kvöð á landeigendum sem áttu land að ósum mikilla veiðivatna á mínum heimaslóðum að sjá um það hlutverk að stugga sel úr ósi og var talið nánast falla undir kvaðir svipað og lögferjur og annað því um líkt. En þetta stendur sem sagt til bóta og ákvæði um ófriðun sels verða þá áfram í gildi ef þetta verður niðurstaðan að selahluti málsins falli úr gildi.

Ég ætla tímans vegna, hæstv. forseti, ekki að blanda mér inn í þær spaklegu umræður sem nokkuð hafa orðið um það hvar skuli vista selamálin. Á því eru uppi ýmsar kenningar og menn hafa á því nokkurn áhuga, m.a. þeirri sögu sem komist hefur á loft að í ríkisstjórninni hafi verið gert magnað samkomulag um það hvernig með það mál skuli fara og hefur gengið út á það að útselur skuli heyra undir sjútvrh., landselur undir landbrh. og blöðruselur vera í umhvrn. og þótti Akureyringum a.m.k. nokkuð skondið og snjallt hvernig þessu máli hefði verið lent í ríkisstjórninni. En nú er sem sagt meiningin að setja þetta mál í gerð í sumar og hvort sem þetta verður niðurstaðan eða ekki þá held ég að það sé þrátt fyrir allt skynsamlega ráðið. Sönnu nær er þó að þetta mál hlýtur auðvitað að vera samstarfsverkefni og ég hefði talið ekki óeðlilegt að vistunin sem slík væri hjá umhvrh. en eðlilegt að um þau mál væri eftir atvikum haft samstarf við landbrh. þar sem svona hefðbundnar nytjar selabænda eiga í hlut á sínum eða fyrir sínum bújörðum en eftir atvikum einnig við sjútvrh. ef málið snýst um eitthvert jafnvægi í lífríki sjávarins.

Og þá er nú aðeins eitt eftir, hæstv. forseti, sem ég ætlaði að nefna og það er veiðistjóraembættið. Nú eru boðuð mikil tíðindi í því að náðst hafi samkomulag um að hætta við að leggja veiðistjóraembættið niður og ég held ég verði bara að segja að ég fagna því. Mig tekur nokkuð sárt til þess embættis og þeirrar starfsemi sem þar hefur verið. Ég átti þátt í því á sínum tíma að ná samkomulagi um að það embætti væri flutt frá fyrri slóðum og yfir í umhvrn. þegar það var stofnað og reyndar er það þannig að á þeim tíma þegar umhvrn. varð til þá kom það í minn hluta sem landbrh. og samgrh. að leggja því embætti til flestar stofnanirnar ef svo má að orði komast, þ.e. þær flestar sem fluttust yfir í umhvrn. og mynduðu þann stofn kom frá þessum tveimur ráðuneytum, landbrn. og samgrn., eins og menn geta skoðað ef þeir rifja upp söguna. Það var hins vegar aldrei með í kaupunum að þannig yrði við veiðistjóraembættinu tekið og þannig með það farið að það yrði lagt niður innan skamms og hefði náttúrlega verið rétt að þinglýsa kvöð á afhendingarsamningnum að það skyldi rekið eða starfrækt um ókomin ár ef út í það hefði verið farið. En auðvitað er það ekki aðalatriðið eða mergurinn málsins heldur að fyrir þessari starfsemi sé séð og ég hef ekki haft þá sannfæringu að menn væru búnir að útbúa sig nógu vel til þess að fara í þessar breytingar eins og málin hafa staðið. Ég held að eftir atvikum hafi þarna verið unnið hið merkasta starf á ýmsan hátt og ástæða sé til að vanda sig gagnvart öllum breytingum á því.

Vegna þess að umræða um flutning á þessu embætti sem nokkuð hefur komið í loftið hefur verið til umfjöllunar þá vil ég fyrir mitt leyti taka það fram að ég er stuðningsmaður þess almennt séð að leitað sé leiða til að dreifa verkefnum og hinni opinberu þjónustu úti um landið og það er ekki nokkur vafi á því að ýmis embætti og ýmsar stofnanir eða þættir í starfsemi þeirra geta og mega mjög vel flytjast til og ég held að það sé hægt að nefna dæmi um slíkt þar sem sæmi-

lega vel hefur tekist. Þannig að ég er síður en svo að mæla gegn því að það sé skoðað að þetta embætti eins og önnur sé athugað í því sambandi. Með því er ég á hinn bóginn ekki að skrifa upp á hvernig að því hefur verið staðið af hálfu núv. hæstv. ráðherra án þess að ég ætli að fjölyrða um það mál á þessu stigi og um þetta leyti nætur frekar en hér hefur þá verið gert.

Að síðustu þetta, hæstv. forseti. Ég dreg það ekki í efa enda væntanlega ástæðan fyrir því að hér hefur verið endurflutt æ ofan í æ frv. um þetta efni að þörf sé orðin á því að endurskoða ákvæði sem um þetta gilda og samræma þau í nýrri heildarlöggjöf og ég held að að langmestu leyti séu málin á réttri leið og ákvæðin til bóta. Ég tel einnig að þær breytingar sem hér hafa verið kynntar á málinu auðveldi afgreiðslu þess eða samkomulag um það hér en engu að síður er það þannig að ég hef haft um þetta mál tilteknar efasemdir sem ég hef gert grein fyrir og ég hef ekki endanlega gert upp hug minn um það hvort ég veiti þessu máli brautargengi með atkvæði mínu. Ég er miklu nær því nú heldur en ég var eins og það kom fyrir óbreytt og eins og það lá með hinni nokkuð svo margbrotnu afgreiðslu nefndarinnar en hef sem sagt ekki endanlega gert það upp við mig hvernig ég ráðstafa mínu atkvæði í þessu efni.

[03:46]

Frsm. meiri hluta umhvn. (Kristín Einarsdóttir) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vildi benda hv. þm. á að í brtt. á þskj. 1053, 9. tölulið, er gert ráð fyrir brtt. við 9. gr. sem hann vitnaði til. Þar segir, með leyfi forseta: „Umhverfisráðherra getur í samráði við ráðgjafarnefnd um villt dýr veitt tímabundna undanþágu til að nota ofangreindar veiðiaðferðir í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta."

Þannig að það er í valdi þessarar ráðgjafarnefndar að meta það hvort heimilt sé að veita undanþágur frá þeim veiðiaðferðum sem þarna eru nefndar. Þannig að ég get ekki svarað því öðruvísi varðandi það hvort það muni ná til þeirra atriða sem hv. þm. nefndi því það er í valdi þessarar ráðgjafarnefndar og ráðherra að meta hvort það er talið nauðsynlegt. En meginreglan er auðvitað sú að það eigi ekki að nota þessar byssur sem hann nefndi.

Síðan ætla ég að benda á að við 11. tölulið í brtt. af hálfu nefndarinnar er talað um hlunnindaveiðikort og þar segir, með leyfi forseta: „Hlunnindakort gilda fyrir eiganda og ábúanda og það fólk sem honum er nauðsynlegt að hafa með sér við nýtingu hlunnindanna og við varnaraðgerðir við ágangi tjónvalda."

Það er því lagt til að gerður verði ákveðinn munur þar á af því að það var spurt sérstaklega að því atriði eða bent á það. Síðan vildi ég bara benda á það að því er varðaði brtt. við 18. gr. og ég skil ákaflega vel að þetta sé að verða dálítið ruglingslegt að fólk átti sig ekki á því, en það er einmitt gert ráð fyrir að það gildi sérstakt að því er varðar gæsir, þ.e. að veiðitímabil gæsa geti verið frá 20. ágúst til 31. mars, þ.e. að því er varðar grágæs og heiðargæs en síðan séu hinar fuglategundirnar sem taldar eru upp í 2. tölulið frv., það gildi um þær áfram 1. september til 31. mars. Ég skil mjög vel að það sé ekki mjög skýrt en svona er það samt. Þetta vildi ég skýra, virðulegur forseti.

[03:48]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka fyrir þessi svör. Þau skýra málið að nokkru leyti og sérstaklega þakka ég fyrir þessa ábendingu og brtt. nefndarinnar um sérstök veiðikort fyrir ábúendur hlunnindajarða eða þá sem eru að nýta hlunnindi og hefðbundnar, og ég vil þá leyfa mér að trúa, nytjar manna sem hafa haft af því tekjur eða umtalsverð störf að ástunda slíkt. En varðandi hið breytta orðalag á síðustu mgr. 9. gr. þá í sjálfu sér skýrir það ekki málið gagnvart þeim sem varpa fram þessari ósköp einföldu spurningu: Verð ég að henda þeim tækjum og eru þau mér ónýt sem ég hef kannski nýlega keypt í atvinnuskyni af því að ég er grenjaskytta?

Það kann vel að vera að sú stétt njóti ekki mikillar samúðar hér en hún er til samt. Og þá mundi maður náttúrlega í næstu umferð spyrja: Gott og vel, þessi nefnd og ráðherra eiga í samráði að taka á svona málum en hver er stefnan? Er ekki hægt að gefa einhverjar upplýsingar um það? Hvaða afstöðu hefur t.d. hæstv. umhvrh.? Hvað vill hann gera? Er hann tilbúinn að segja hér að hann vilji leggja það til að menn geti notað þetta áfram eða notað út úr þeim tækjum sem þeir eiga eða eitthvað í þeim dúr?

Staðreyndin er ósköp einfaldlega sú að þegar svona mál koma fram þá fá menn ýmsar spurningar af þessu tagi sem eðlilegt er. En ég svo sem tek það gilt að sumt af þessu er framkvæmdaratriði sem nýjar og fínar samráðsnefndir og ráðherrann eiga að leysa úr og auðvitað verður það alltaf svo að stjórnvöld þurfa að taka á einhverjum slíkum málum sem annast framkvæmdina. En ég held að það sé alveg ljóst samt, hæstv. forseti, að flest af því sem hér er verið að leggja til í þessum brtt. er til bóta svo langt sem það nær og þá vaknar náttúrlega enn sú spurning hvort þetta yrði ekki enn betra ef nefndin leggði það á sig að vinna pínulítið meira í þessu.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–6. og 8.–21. mál.

Fundi slitið kl. 03:50.

149. FUNDUR

þriðjudaginn 3. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 360, nál. 1090, 1112 og 1114, brtt. 1091, 1113 og 1115. — Frh. 2. umr.
2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359,nál. 1095 og 1145, brtt. 1096. — 2. umr.
3. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr.
4. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960. — Fyrri umr.
5. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 1126, brtt. 1165. — Frh. 3. umr.
6. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602, brtt. 1164. — 3. umr.
7. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900. — 3. umr.
8. Brunavarnir og brunamál, frv., 617. mál, þskj. 1087. — 2. umr.
9. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 500. mál, þskj. 1144. — 3. umr.
10. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Síðari umr.
11. Tollalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 858, nál. 1135. — 2. umr.
12. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642, nál. 1134. — 2. umr.
13. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 285. mál, þskj. 362, nál. 1132, brtt. 1133. — 2. umr.
14. Skipulag ferðamála, stjfrv., 562. mál, þskj. 875, nál. 1129. — 2. umr.
15. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391, nál. 1128. — 2. umr.
16. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 566. mál, þskj. 879, nál. 1160. — 2. umr.
17. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 460. mál, þskj. 691, nál. 1161, brtt. 1162. — 2. umr.
18. Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, þáltill., 603. mál, þskj. 978, nál. 1163. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.,
Sólveig Pétursdóttir, 6. þm. Reykv.

Athugasemdir um störf þingsins.

Fundarhald í heilbrigðis- og trygginganefnd.

[10:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Þannig háttar til að okkur er sagt að það eigi að fara að ljúka störfum þingsins einhvern tíma á næstunni, a.m.k. hef ég ekki frétt af því að það standi til að þing verði samfellt fram á þann 17. júní þegar meiningin er að menn hittist kannski hvort eð er. Ástæðan til að ég kvaddi mér hljóðs er sú að ég frétti að það hefði verið felldur niður fastur fundur í heilbrn. þingsins. Það finnst mér nokkuð sérkennilegt með hliðsjón af því að fyrir nefndinni liggur frv. um málefni aldraðra sem er gott samkomulag um og við alþýðubandalagsmenn höfum lagt mikla áherslu á að fái afgreiðslu á þessu þingi ef nokkur kostur er. Þess vegna vil ég biðja hæstv. forseta um að hlutast til um að það verði kannað hvort ekki er hægt að kalla saman fund í heilbrn. þannig að þar verði, eins og annars staðar, afgreidd þau mál sem þingmenn og ráðherrar hafa lagt sérstaka áherslu á. Við höfum í þeim nefndum sem ég þekki til, t.d. bæði í menntmn. og iðnn., gengið býsna langt í því að hreinsa borðið eftir þennan vetur og ég fer fram á það að hæstv. forseti kynni sér það hvernig þessi mál standa hjá hv. heilbr.- og trn. og formanni hennar. Ég hef á skotspónum sögusagnir um að ástæðan fyrir fundarfallinu sé sú að menn vilji braska með mál í lok þingsins og vilji gjarnan sjá fyrir endann á lyfjamálum áður en önnur mál eru tekin fyrir í nefndinni. Ég vísa svona aðferðum á bug þó að þær kunni að tíðkast einhvers staðar.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur heyrt þessar ábendingar frá hv. þm. og mun kynna sér málið frekar.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 360, nál. 1090, 1112 og 1114, brtt. 1091, 1113 og 1115.

[10:35]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er til 2. umr. frv. til laga um stjórn fiskveiða. Heitið er gamalkunnugt frá fyrri þingum og oft sem þreyttar hafa verið langar umræður um þetta efni sem gjarnan er skipt í þætti fyrir og eftir kvóta, þ.e. frá því að núv. fiskveiðistjórnunarkerfi var upp tekið 1984 og það stjórnkerfi sem áður var notað í því sambandi.

Ég ætla, virðulegur forseti, þar sem ég hef ekki tekið þátt í umræðu um þetta mál áður að fara yfir nokkra þætti þess, tengsl þess við stöðu atvinnumála í landinu og atvinnuleysið sem hér ríkir, stöðuna að því er varðar ástand fiskstofnanna og spurninguna um fiskvernd, stöðuna út á við gagnvart Evrópusambandinu og þau miklu tíðindi sem voru að gerast um síðustu helgi á miðstjórnarfundi Framsfl. í þeim efnum. Þau tíðindi tengjast þessu máli beint þar sem það kerfi sem við búum við í stjórn fiskveiða varðar samskiptin út á við, spurninguna um það hvernig það fellur inn í samninga við aðrar þjóðir, ekki síst spurninguna um samskiptin við Evrópusambandið sem er nú að fá á sig verulega

aðra mynd eftir það sem gerðist um og fyrir síðustu helgi og túlkað hefur verið síðan sérstaklega af nýrri forustu í Framsfl.

Hér eru á ferðinni, virðulegur forseti, tengt þessu máli og enn frekar spurningunni um samskipti við Evrópusambandið, veðrabrigði í íslenskum stjórnmálum sem gæta kann lengi. Það hefur verið boðað af fleiri en einum forustumanni stjórnmálaflokka að þetta hljóti að verða meginefnið í komandi alþingiskosningum sem menn eru, virðulegi forseti, að biðja um sumir hverjir að fari fram þegar á komandi hausti þó margir hefðu vafalaust kosið að þær kæmu fyrr.

Það er því, virðulegi forseti, af nógu að taka í sambandi við umræður um þetta mál eins og þau standa. Ég ætla fyrst að fara yfir nokkur atriði sem snúa beint að frv. og því stjórnkerfi fiskveiða sem verið er að festa í sessi áfram, kvótakerfið, þó með þeim takmörkunum sem tillögur standa um að settar verði inn í þetta kerfi til vissrar hömlunar sem geta verið álitaefni í sambandi við afgreiðslu þessa máls.

Við alþýðubandalagsmenn vorum andstæðir þessu stjórnkerfi eins og það var sett fram 1984 af þáv. ríkisstjórn og þáv. hæstv. sjútvrh. og börðumst gegn margvíslegum ágöllum á því og settum fram okkar tillögur um það efni. Í því sambandi minni ég á tillögur flokksins um byggðakvóta til þess að koma í veg fyrir að grundvelli yrði kippt undan heilu sjávarplássunum í landinu. Það var um 1987 sem þær tillögur voru settar fram og við erum enn með það á stefnuskrá okkar og í tillögum okkar að andæfa gegn mörgum þáttum í þessu stjórnkerfi, þeirri markaðsvæðingu sem það felur í sér með þeim hrikalega afleiðingum sem það mun hafa fyrir sjávarútveginn í landinu og byggðina í landinu ef það færi að þróast áfram með þeim hætti sem efni standa til samkvæmt ákvæðum þessa stjórnkerfis.

Ég vil taka það fram, virðulegur forseti, að það er auðvitað hægt að hugsa sér marghátttuð kerfi í sambandi við takmörkun á hámarksafla og hámarkssókn í fiskstofna við landið. Ég hef ekki hafnað því að menn geti notast við aflamarkskerfi og að skipta afla niður á veiðiskip til þess að ná þessum markmiðum. Það var lengi vel meginaðferðin að því er varðaði botnfiskveiðarnar í stjórnkerfi fiskveiða á árunum fyrir 1990 á meðan framsalsheimildir í þessu stjórnkerfi voru takmarkaðar mjög verulega og áður en opnað var fyrir þær með þeim hætti sem gerðist 1990. Þá breytti þetta kerfi með vissum hætti um eðli og síðan hefur það verið að mala undir sig. Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að eftir fáu sé ég eins mikið og því að láta mig hafa það að ljá þessum breytingum atkvæði mitt 1990 þegar við alþýðubandalagsmenn áttum sæti í ríkisstjórn og mjög var að okkur sótt í sambandi við þetta efni og sá sem hér stendur hafði margan málstað að verja og taldi ekki á það bætandi í þeirri stöðu sem var í stjórnarsamstarfinu vorið 1990, að mig minnir, sem þetta uppgjör fór fram. Þá voru hlutirnir þannig, og það segi ég vegna þess sem hér hefur verið rifjað upp í umræðunni, varðandi aðstöðu þingsins til að ræða þessi mál að ég held að menn ættu að fara yfir þær aðstæður sem mönnum voru búnar og skilyrði í neðri deild Alþingis þar sem ⅓ hlutar alþingismanna sátu á þeim tíma áður en sameinað var í eina málstofu. Þetta frv. kom úr efri deild þingsins þar sem það fékk sína mótun og afgreiðslu í rauninni og staldraði við í einn og hálfan sólarhring í þingsölum neðri deildar sem þá sat í þessum virðulega þingsal. Sjútvn. neðri deildar þingsins held ég að hafi fjallað um þetta mál með þeim afdrifaríku breytingum sem þá fóru fram í einn og hálfan klukkutíma. Hv. þm. Einar Guðfinnsson man þetta kannski betur því að ég held að hann hafi verið einn af mörgum sem áttu sæti í sjútvn. þingsins þá. (**EKG:** Því miður ekki.) Það er misskilningur, en hv. þm. sat þá á þingi, man ég eftir, og var eins og fleiri og sá sem hér stendur ekki ánægður með þau vinnubrögð sem okkur voru búin í sambandi við þetta afdrifaríka mál.

Deilurnar sem staðið hafa um þetta stjórnkerfi hafa verið margvíslegar og það eru, virðulegur forseti, engin tök á því að vera að rifja það upp í einstökum atriðum í umræðum um þetta mál en ég vil nefna meginásteytingsefnin síðari árin eftir að þetta stjórnkerfi var sett á 1984. Það hefur öðru fremur varðað veiðar smábáta, aðstöðu smábáta til sóknar á miðin og veiðiheimildir til þeirra og það hefur varðað framsal aflaheimilda. Það eru í rauninni stóru deiluefnin hin síðari árin sem varða þetta stjórnkerfi fyrir utan þá sem hafa viljað slá aflamarkskerfið af sem slíkt og mælt með upptöku á gerbreyttri stýringu á veiðunum. Síðan, virðulegur forseti, hefur bæst við deilan um hlutaskiptin, það sem kallað er í daglegu tali kvótabrask, og þær tilraunir útgerðarmanna og fyrirtækja í sjávarútvegi til þess að fara fram hjá hlutaskiptakerfinu, hlunnfara sjómenn, gera þá að þátttakendum í kvótakaupum og það er vissulega ríkur þáttur þess máls sem við erum að ræða nú, virðulegur forseti. Það eru þessi þrjú atriði sem ég vil minna alveg sérstaklega á í sambandi við þessa umræðu.

Þessu tengist síðan það stóra mál sem snertir 1. gr. gildandi laga um stjórn fiskveiða og sem snertir aðrar greinar og þróun þessa máls skattalega, út frá eignarréttarviðhorfum, spurninguna um raunverulega sameign þjóðarinnar á fiskveiðiauðlindinni og hins vegar yfirráð þeirra sem fá úthlutað eða kaupa sér aflaheimildir í raun yfir fiskveiðiauðlindinni og, eins og það hefur verið hjá okkur, án sérstaks endurgjalds en þar standa uppi deilur eins og menn þekkja. Umræðan snýst um ýmsa þætti, veiðileyfagjald og fleira sem ég hef ekki verið talsmaður fyrir eða ekki mælt með að upp yrði tekið.

Við alþýðubandalagsmenn höfum frá því að þessi umræða hófst fyrstir manna á Alþingi og sá sem hér talar var fyrstur til þess að taka þetta mál upp í sambandi við fyrsta kvótafrv. sem hæstv. fyrrv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, mælti fyrir snemma á fyrri hluta síðasta áratugar. En þá var ekkert ákvæði í 1. gr. frv. um sameign þjóðarinnar og það má Alþfl. eiga, þó að fátt mæli hann nú af viti í þessum efnum, þá tók hann undir þetta þegar hann kom í ríkisstjórn 1987 og átti hlut að því við endurskoðun laganna þá að inn var tek-

ið í þríhöfða stjórninni, þriggja flokka stjórninni sem þá sat, þetta ákvæði í 1. gr. Síðan horfa menn hins vegar upp á það að raunverulegt inntak þessa ákvæðis er sáralítið, er afar veikt, svo ekki sé fastar að orði kveðið og þó hefur verið reynt að styrkja það frá endurskoðun til endurskoðunar. Menn hafa út af fyrir sig fallist á vissar breytingar sem áttu að vera til styrktar en hin raunverulega meðferð málsins er þannig að það er lítt sannfærandi, virðulegi forseti, fyrir þá sem skoða málið og fylgjast með þróun þessa kerfis að þetta ákvæði hafi eitthvert raunverulegt inntak og þó er ég síður en svo að mæla gegn því að það sé þarna. Ég vil miklu frekar styrkja það eins og brtt. okkar alþýðubandalagsmanna við þetta frv. sem hér liggur fyrir standa til um. Þar gerum við tillögu um það að reyna að styrkja þetta ákvæði til þess að halda umræðunni við á Alþingi, til þess að reyna að andæfa gegn því sem er að gerast í praxís í sambandi við yfirráðin yfir kvótanum og það framsal sem þar á sér stað fram og aftur með aflaheimildirnar og sem er að færa yfirráðin og valdið yfir auðlindinni á færri og færri hendur, hvað svo sem menn segja um að þeim fjölgi eitthvað sem eiga einhvern smáhlut í fyrirtækjum, sem skiptir auðvitað engu hvað snertir yfirráð í raun.

Og það er Framsfl. sem er meginhöfundur þessa kerfis. Það má Framsfl. eiga. Og hann stendur í því mjög stríttt á Alþingi að gæta þess og hefur notið til þess nokkuð dyggs stuðnings hluta af Sjálfstfl. og þeim sem með völdin fara þar til að halda verndarhendi yfir þessu kerfi. (**StG:** Og Alþb.) Og Alþb. hefur meira að segja látið sig hafa það, virðulegi forseti, að hlaupa undir með Framsfl. þegar lagst hefur verið á það að mundanga þessu máli fram í þingsölum við þær aðstæður sem ég rifjaði upp í upphafi fyrr í ræðu minni.

Það eru víða tvö höfuð á skepnunni, virðulegi forseti. Þau koma víða við sögu í þessu. Það er tvíhöfða nefnd sem undirbýr endurskoðun á lögunum og þá vil ég biðja virðulegan forseta að kanna hvar annað þessara tveggja höfða, sem stundum skýtur upp kollinum á Alþingi, muni vera statt, virðulegur forseti. Ég á við hv. þm. Vilhjálm Egilsson sem ég veit ekki betur en sé talsmaður þessa hér og ég vildi gjarnan að væri viðstaddur þessa umræðu. (**StG:** Höfuðið er ábyggilega á þingmanninum.) (**JÁ:** Frsm. meiri hluta.) Frsm. meiri hluta málsins.

(**Forseti** (VS)**:** Hv. 5. þm. Norðurl. v. er í þinghúsinu og mun forseti láta hann vita að hans sé óskað.)

Þá vildi ég gjarnan biðja hann um að vera hér svo það hilli aðeins undir þennan koll af þeim tvíhöfðanum. En tvíhöfðarnir eru sem sagt fleiri því að núv. sjútvrh. og fyrrv. sjútvrh. eru nokkuð samgrónir í þessu máli eins og menn hafa tekið eftir og fylgst með og það er ekki dónalegt innlegg inn í það sambýli sem verið er að innrétta fyrir þessa dagana. Það sem á að taka við þegar þeir verða hlaupnir sitt hvoru megin út úr bólinu sem nú verma það, forustumenn núverandi stjórnarflokka. Það er þegar farið að búa upp um og ekki skaðar það að núv. hæstv. sjútvrh. og fyrrv. eru í einni sæng nú þegar í sambandi við þetta mál og hafa verið það því að hæstv. núv. sjútvrh. hefur lítið gert annað en að stúdera fræðin frá forvera sínum og gæta þess með vaktmönnum kvótakerfisins, sem eru víða úti í samfélaginu og þarf ég engin nöfn að nefna, að svokallaðir valdsmenn, sem fara með málin hverju sinni, spilli nú ekki þessu ágæta kerfi.

Virðulegi forseti. Ég ætla að koma hér að einum veigamiklum þætti frv. og breytingum við það sem varðar veiðar smábáta. Það hefur með mjög sérkennilegum hætti verið þannig búið um hnútana að það hefur aldrei verið reynt að koma þessum smábátaveiðum þannig fyrir í eða til hliðar við stjórnkerfi fiskveiða að í því væri í rauninni nokkurt vit, hvað þá nokkurt öryggi fyrir það fólk sem stundað hefur þá útgerð. Þess hefur alltaf verið gætt að hafa einhverjar þær smugur á að það væri hægt að segja: Þetta gengur ekki, þetta er ótækt. Og enn eru menn að búa þannig um hnútana í þessu frv. að það eru ekki miklar líkur á að það geti staðið til mikillar frambúðar.

Þó vil ég taka það fram, virðulegur forseti — og fagna ég því að hér hillir undir tvíhöfða, einn af fjórum sem ég nefndi til sögunnar — að í þessu frv. eru ákvæði sem varða smábátana sem er veruleg breyting frá upphaflegum tillögum tvíhöfða nefndarinnar. Þar var hugmyndin að færa kvótakerfið yfir allar fleytur, afnema það sem kallað er kvótakerfi, afnema aðgengi minnstu báta að miðunum við landið og loka þessu kerfi sem er óskastaðan og fremsta óskin hjá þeim sem hafa borið þetta fram því að þeir eru sannfærðir um að kerfið sé svo fullkomið að það verði yfir alla að ganga. En vegna mjög eindreginna og ákveðinna mótmæla gegn þessari fyrirrætlun tvíhöfða nefndarinnar var dregið í land og búið um hnútana eins og við sjáum í þessu frv. sem tryggir það út af fyrir sig að krókaveiðar báta undir 6 tonnum geta haldið áfram með þeim miklu takmörkunum sem á þær eru settar og þeirri sérkennilegu skiptingu ársins sem annar hv. tvíhöfði, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, er sérfræðingur í. Hann er orðinn sérstakur sérfræðingur í rímfræði og þessi skipting í sambandi við smábátana, þessi fjórhólfun, tengist því nýja rími sem hv. þm. er talsmaður fyrir og hefur flutt meira að segja tillögur um á Alþingi. Gæti ég trúað að ef vitringar sem spá í himintunglin mundu skoða rímfræði smábátaveiðanna þá mundi hún ekki fá miklu mildari dóma en tillögur og hugmyndir hv. þm. Vilhjálms Egilssonar hafa fengið um að færa til ekki aðeins klukkuna og helgidaga í landinu, heldur gera afar róttækar breytingar, eins og menn þekkja, til hagræðingar, ekki síst fyrir viðskiptalífið. Því að vissulega má framkvæmdastjóri Verslunarráðsins eiga það að hann er trúr köllun sinni og því verkefni sem hann hefur tekið að sér. Fyrir utan það að sitja á Alþingi sem fulltrúi Norðurlands vestra gætir hann hagsmuna Verslunarráðsins í hvívetna, einnig í sambandi við tímatalið.

Í þeim ákvæðum sem eru innleidd í frv. varðandi smábáta finnst mér vera, þó að þau séu til verulegra bóta og allt annars eðlis en það sem lagt var upp með, geysilegir annmarkar sem varða m.a. það fasta banndagakerfi sem þar er innleitt. Það hefur sína stóru annmarka ekki síst þegar litið er til breytileikans á fiskislóðinni við Ísland, hinna mjög ólíku aðstæðna sem þar

eru. Síðan það að ekki er verið að setja nein takmörk á fleyturnar. Þær geta athafnað sig eins og þær mögulega geta að veiða í þessa potta sem síðan á að taka til endurmats og endurskoðunar árið eftir eins og búið er um hnútana í frv. Ég verð að segja það að ég hefði talið miklu skynsamlegra og einnig fyrir hagsmuni smábátaútgerðarinnar í landinu að það yrði sett ákveðið þak á veiðar hvers báts, þokkalega rúmt þak í staðinn fyrir að láta menn vera að veiða í einn pott í þessu kerfi sem er í rauninni sama gildran, ef ég les rétt í þessi fræði, og búin var til 1990. Þá fengu menn þriggja ára möguleika til að veiða innan krókaleyfiskerfisins en ef aflinn færi yfir ákveðið mark, þá yrði skellt í lás. Það er sá lás sem menn horfðu á, var fram undan ólokaður 1. sept. 1994 þegar átti að loka þessu að gildandi lögum.

Þetta er ekki fallegur arfur sem fyrrv. ríkisstjórn og stjórn sjávarútvegsmála í þeirri ríkisstjórn skildu eftir sig að því er varðaði smábátana og gátu auðvitað allir séð í hvað stefndi að því leyti. Hér hafa menn þó heykst á því að yfirfæra blessunina á þessar minnstu fleytur og ég fagna því, virðulegi forseti.

Það er alveg með eindæmum í rauninni hvaða skilningsleysi blasir við og birtist í orði, m.a. og ekki síst úr röðum margra sem stunda sjávarútveg og ráða yfir stærri fleytum, gagnvart smábátaútgerðinni í landinu og þeim ofsjónum sem margir útgerðaraðilar sjá yfir þeim aðgangi sem smábátarnir þó hafa haft til veiða við landið. Það mætti stundum halda að þetta væri höfuðandstæðingurinn. Mér finnst satt að segja að margt í þeim málflutningi sé þannig að varla geti siðlegt talist. Auðvitað er það hlutverk okkar hér á Alþingi að gæta þess að hákarlarnir fari ekki offari eða hafi möguleika til að gleypa þessa minnstu fiska í útgerðinni við Ísland upp til agna, eins og þeir hafa verið að gera, þá sem hafa haft framseljanlegan kvóta og hafa neyðst til að selja sinn kvóta eða séð sér hag í því, sem völdu aflamarkið fyrir smábátinn sinn 1990. Margir þeirra, þeir skipta hundruðum, hafa ráðstafað því til stærri útgerða sem hafa keypt það upp innan þess kerfis sem Framsfl. er flokka sælastur yfir og má helst ekki sjá hróflað í hinu minnsta nema helst að færa það til enn frekari markaðsvæðingar ef nokkuð er.

Hið opna markaðskerfi og óhefta markaðskerfi er að verða í dag fagnaðarboðskapurinn einnig á því heimili og hefði einhvern tíma til tíðinda talist. Fjórfrelsið, framsal veiðiheimilda og opið óheft markaðskerfi er að verða aðalflaggstöngin einnig hjá Framsfl. Það er ekki bara Alþfl. og drjúgur hluti Sjálfstfl. sem ber þetta merki. Nú geta þeir einnig flaggað með Framsókn. Og Framsókn er orðin svo áköf í þessu að hún lítur á það sem aðalmál á Íslandi að komast til áhrifa í Brussel eins og það heitir, komast inn í ráðherranefndirnar í Brussel. Það verða fallegar sendinefndirnar, hæstv. utanrrh. Jón Hannibalsson, og verður kannski orðinn fyrrv., þegar verðandi utanrrh. þeirrar tvíhöfða stjórnar sem verið er að búa upp um núna, virðulegur forseti, fer í leiðangrana til Brussel með þeim sem ætlar sér að vera áfram í forsrn. og hefur þegar boðað för sína þó að ekki sé búið að dagsetja hana. Hér spyr hv. þm. Gísli Einarsson hvort tvíhöfða forustan fái ekki að skjótast með og halda á töskunni fyrir einhvern af þessum höfðingjum. Ég er ekkert frá því að það geti farið svo að þeir fái að vera þar og minni á að hinn tvíhöfðinn er aðstoðarmaður núv. hæstv. utanrrh. og býsna vanur töskuburði geri ég ráð fyrir. Það er því ekkert ólíklegt að þessi sveit, sem ætlar að banka upp á og reyna að smeygja sér inn fyrir í ráðherranefndum Evrópusambandsins, hafi nokkurt fylgdarlið. Svo mikið er víst að þar ytra bíður stækkandi sveit hálaunaembættisliðs sem hefur verið raðað að kjötkötlunum, hefur verið raðað í verkefnin í Brussel og hefur það svona til viðbótar við hið fastbundna dagsverk að skrifa heilsíðugreinar í Morgunblaðið, sem er ein aðallesning þjóðarinnar, um nauðsynina að fara alla leið fyrr en seinna og láta ekki einangra sig, við vesalingarnir hér í útnorðri, að passa það að binda okkur rækilega aftan í þennan vagn.

Ég er ekki að segja það, virðulegi forseti, af því að ég tengi þetta þessari umræðu, að það sé uppgert mál í Framsfl. að sækja um aðild að Evrópusambandinu. En það er ansi hætt við því að varnirnar minnki og það þyngist fyrir hjá þeim sem ekki vilja sjá þá niðurstöðu þegar hin nýja forusta Framsfl. er farin að hvetja til sóknar í þeim efnum og lítur á það sem meginmálið, einhverja þriðju leið. Nú er búið að kasta rekunum á leiðina sem hv. fyrrv. formaður Framsfl. hafði uppi. Það var vel um þá hnútana búið. Það var vel skipulögð sú gröf sem tekin var og hjálpuðu til þeir sem nú sitja í Stjórnarráðinu með mjög skýrum hætti til að greiða fyrir þessu. Það er víða ráð í ráðum, hv. þm. Einar Guðfinnsson, það er víða ráð í ráðum þessa dagana og þessa mánuðina. (**EKG:** Réð ekki Sighvatur þessu?) Hv. þm. sem mælir hér úr hliðarsal og ég nem orð hans spyr: Réð ekki Sighvatur þessu? Ætli málið sé nú það einfalt? Ætli það sé ekki eitt með því snjallara sem núv. hæstv. forsrh. hefur komið í kring að láta Alþfl. um hina formlegu hlið málsins.

Virðulegur forseti. Framsal veiðiheimilda — svo að ég víki frá smábátaveiðunum og eins og um þær er búið hér, eins og kerfinu var breytt 1990 og eins og það hefur þróast orðið svona undirstöðuatriði í stjórnkerfi fiskveiða — við sjáum í viku hverri úttektir ýmissa sem eru að fara ofan í það hvernig þetta stjórnkerfi virkar á aðgang að aflaheimildum, þróun fyrirtækjanna o.s.frv. Menn greinir þar á. Einna sterkustu stoðirnar á bak við þetta stjórnkerfi er að finna uppi í Háskóla Íslands hjá lærðum mönnum þar sem telja því flest til ágætis vegna þess að það gefur möguleikana til hagræðingar í sjávarútveginum sem sé alveg lífsnauðsyn fyrir okkur, að tryggja hagræðingu í sjávarútveginum og samkeppnishæfni sjávarútvegsins með aðstoð þessa kerfis.

Virðulegur forseti. Það er margt borið fram þessi árin undir merkjum hinnar hörðu kröfu um hagræðingu, samkeppnisfærni, eða hvað þetta nú heitir á stofnanamáli, atvinnulífsins í landinu. Það er margt borið fram og ég ætla ekki að gera lítið úr því að vandi þeirra sem ráða fyrir fyrirtækjum í sjávarútvegi sem og öðrum rekstri hér á landi er ekkert lítill eins og stað-

ið hefur verið að stjórn efnahagsmála í landinu á mörgum undanförnum árum, með því verði á fjármagni sem hér hefur verið og haldið hefur verið hlífiskildi yfir og tvíhöfða stjórnin 1983–1987 undir forsæti Framsfl. hélt hlífiskildi yfir, þó að hún hafi ekki átt höfundarréttinn, vaxtaokrinu eins og það hefur verið kallað. Það hefur ekkert verið einfalt að reka fyrirtæki hér á landi og það hefur ekkert verið einfalt að reka fyrirtæki í sjávarútvegi með þeirri þróun auðlindarinnar, fiskstofnanna, sem við höfum horft upp á á undanförnum mörgum árum, því miður, þeim gífurlega samdrætti í þýðingarmesta veiðistofni okkar, þorskstofninum, þar sem ráðgjöfin á yfirstandandi fiskveiðiári mælti með því að aðeins yrðu tekin 150 þúsund tonn upp úr sjó af okkur Íslendingum á Íslandsmiðum. Þetta eru auðvitað þannig kostir fyrir þá sem reka fyrirtæki í sjávarútvegi að það er auðskiljanlegt að af hálfu þeirra og þeirra sem þar hafa reynt að róa og sjá fyrir sínum fyrirtækjum, séu uppi harðar kröfur um það: Breytið ekki forsendum í þessu kerfi við þessar aðstæður sem við búum við, við sem erum að berjast í því hörðum höndum að halda okkar fyrirtækjum gangandi. Þetta er ein hlið málsins og á hana verður auðvitað að líta þegar menn standa frammi fyrir ákvörðunum og tillögum um breytingar á þessu kerfi og þeim tillögum sem hæstv. sjútvrh. og þingið og þingnefnd, hv. sjútvn., hefur verið að vinna að með þeim takmörkunum sem kenndar eru við 15% og 50% og annað sem er hér til umræðu í tengslum við fram komnar breytingartillögur við frv. sem lagt var fram fyrir jól. Við verðum auðvitað að taka á þeim málum út frá efnislegum forsendum og stöðunni í sjávarútveginum, meta það sem og spurninguna sem snýr að sjómönnum landsins og inngripunum í þeirra starfskjör sem hafa farið fram innan þessa kerfis. Þannig getum við hér á Alþingi verið í þeirri aðstöðu að þurfa að taka afstöðu til breytinga og breytingartillagna sem eru langt frá því að varða framtíðarsýn okkar, hvernig æskilegt væri að málin þróuðust til lengri tíma litið. Og við verðum auk langtímasjónarhornsins og þess málflutnings sem við höfum hér uppi að taka afstöðu til tillagna út frá stöðu augnabliksins og hinni mjög tæpu rekstrarstöðu sem er í sjávarútveginum um þessar mundir.

Ég segi þetta vegna þess, virðulegur forseti, að t.d. sú tillaga sem fyrir liggur um takmarkanir á framsalsmöguleikum og kennd er við 15% getur verið snúið mál. Hún getur verið þungur baggi og hún getur þýtt erfið inngrip í rekstur einstakra fyrirtækja sem veita mörgum vinnu, sem hafa verið að berjast í bökkum. Ég vil nefna eitt dæmi bara til að skýra og stytta þá mitt mál um þetta, eitt dæmi sem ég tek úr mínu kjördæmi vegna þess að ég þekki það og á það hefur verið bent á í erindum sem fram hafa komið hér, m.a. frá svonefndum atvinnumönnum. Ég vil leyfa mér að tilfæra eitt dæmi sem þar er að finna undir fyrirsögninni: Grundvelli kippt undan endurskipulagningu. Þar eru þeir að andæfa gegn þeim tillögum sem hér liggja fyrir, með leyfi forseta, með þessum hætti:

„Borgey hf. á Höfn er nýlega búin að endurskipuleggja rekstur sinn og fjárhag. Þáttur í því var sala skipa og kvóta. Skipum hefur verið fækkað úr fjórum í eitt. Fyrirtækið á nú kvóta töluvert umfram veiðigetu skipsins. Samstarf hefur náðst um bátaútgerð á Höfn um að veiða þennan kvóta. Með fyrirhuguðum lagabreytingum er forsendum kippt undan þessum ákvörðunum. Afleiðingin er tap fyrir Borgey hf., verkafólk í landi, bátaútgerðina og þá ekki síst fyrir sjómenn. Ákvarðanir Borgeyjar voru teknar á haustmánuðum út frá gildandi lögum um fiskveiðistjórnun og þeim hugmyndum sem uppi voru um breytingar á þeim. Með því að kippa þannig grundvellinum undan hagræðingaraðgerðum fyrirtækisins bregðast stjórnvöld þeirri skyldu sinni að skapa almenn skilyrði rekstrar og festu í þjóðfélaginu."

Þetta er mjög skýrt mál sem hér er talað og í rauninni miklu skárra dæmi heldur en mörg af þeim sem þarna eru framreidd, ég tala nú ekki um nokkuð yfirspenntar fullyrðingar á köflum í þessu annars ágæta erindi sem kom frá svonefndum atvinnumönnum. Þar er ég meira að hugsa um almennar áherslur sem þar komu fram þar sem mér finnst hlutirnir sumpart dregnir nokkuð dökkum litum eða réttara sagt, það sé nokkuð yfirdrifið þegar menn eru að meta áhrif þeirra breytinga sem hér er um að ræða á vissa þætti, þar á meðal á sjófrystingu, úthafsveiðar og fleiri þætti af þeim toga. En út í þá sálma ætla ég ekki að fara frekar hér.

Ég tel, virðulegi forseti, að þessi sérkennilega 15% regla, sem hér er hluti af þessum brtt. og kannski ekki sú sem minnstu skiptir fyrir augnablikið, sé ekki mjög rökrétt. Þetta segi ég um leið og ég er að andæfa og andmæla gegn langtímaáhrifum þessa framsalskerfis í stjórn fiskveiða. Þannig að ég mun ekki treysta mér til þess og mun ekki stuðla að því að þessi breyting nái hér fram að ganga, mér finnst hún það óskynsamleg. Ég tel í rauninni að sjómenn þrátt fyrir allt hafi fengið nokkra viðspyrnu með þeirri tillögu um samstarfsnefnd sem hér hefur verið rædd og mælt fyrir og með þeirri reglu sem kennd er við 50% og tillögur eru um í sambandi við þetta efni þannig að ekki væri kippt grundvellinum undan þeirra málstað þó að þessi tillaga um 15% yrði felld út.

Ég held að forustumenn sjómanna þurfi einnig að horfa á þetta út frá áhrifum þessara breytinga, tímabundnum áhrifum, áhrifum stundarinnar á atvinnumöguleika sinna umbjóðenda. Ég vænti þess að þeir mundu að athuguðu máli geta unað því að þarna yrði breyting á gerð. Og ég vil hvetja hæstv. sjútvrh. til þess að líta á það efni. Ég geri ráð fyrir því að það gæti orðið til þess að eitthvað skárri samstaða yrði um afgreiðslu mála hér þó að mikill ágreiningur sé um ýmis grundvallaratriði sem snerta kannski ekki nema að takmörkuðu leyti niðurstöðuna í þessu máli. Ég er fyrst og fremst að tala um þetta miðað við þær breytingartillögur sem settar hafa verið fram frá því sem var frá því frv. sem lagt var inn í þingið fyrir jólin.

Virðulegur forseti. Ég ætla að koma svolítið frekar inn á hagræðingarsvipuna í sjávarútveginum, þá hörðu svipu sem þetta kerfi þjónar, þetta kvótakerfi með sínu framsali, og á að greiða fyrir. Ég held að við þurfum að gæta okkar, gæta vel að því hvert verið er

að fara í sambandi við hina stóru drætti í íslenskum sjávarútvegi og þar þurfi menn að horfa til fleiri átta heldur en til hagræðingarmöguleikanna einna saman. Menn þurfa að meta áhrif þeirra á byggðaþróunina í landinu, áhrifin á byggðina í landinu og hvað það kostar þessa þjóð og samfélagið allt að kippa undirstöðum undan fjölda sjávarplássa á Íslandi eins og verða mun niðurstaðan ef þetta kerfi fær að mala áfram samkvæmt markaðseðli sínu þar sem veiðiheimildirnar munu safnast á æ færri hendur. Og við munum hér innan ekki langs tíma sitja uppi með örfá fyrirtæki í sjávarútvegi á Íslandi, teljandi kannski á fingrum annarrar handar. (**StG:** Er það síldarvinnslan?) Hv. þm. Stefán Guðmundsson kallar: Er það síldarvinnslan? Og þar kemur nú einmitt að því. Þetta er alveg dæmigerður málflutningur fyrir skammtímasjónarmiðin sem haldið er upp í sambandi við þetta mál. Það á að raða mönnum á einhverja bása út frá viðhorfi til einstakra fyrirtækja í landinu og þau eru nafngreind hér í þingsölum. Ég verð að segja það, virðulegur þm. Stefán Guðmundsson, að ég met þinn málflutning mikils í mörgum málum og ekki síst þegar þú hefur reynt að leiðbeina forustu flokks þíns í sambandi við galeiðuna sem verið er að binda flokkinn á í sambandi við Evrópusambandið, þar met ég málflutning þinn. En ég met það ekki að þú sért að halda því að okkur að við séum að ganga erinda einstakra fyrirtækja hér í landinu, einstakra fyrirtækja, þegar við erum að líta til fjölkerfis í fiskveiðum og megindráttanna í sambandi við atvinnuuppbyggingu í landinu. Þá eigum við þingmenn að geta skoðað þetta óbundnir og frjálst, horft til lengri tíma og ekki láta binda okkur af einhverjum hagsmunum Péturs eða Páls sem allir eru meira og minna góðs maklegir.

Hagræðingarkrafan, samsöfnunin á aflaheimildum, samþjöppunin í atvinnu tengdri sjávarútvegi og hin hliðin á krónunni, eyðingin í byggðarlögum, hrunið í fjölda byggðarlaga, í atvinnu undirstöðufyrirtækja, þannig birtast afleiðingar þessa kerfis okkur þessi árin. Það eru kannski ekki stórtíðindi hvern mánuðinn, en þegar menn líta á þetta milli ára og frá ári til árs þá sjá menn í hvað stefnir og menn þurfa að svara því: Ætla þeir að greiða fyrir því að svo fari?

Ég held að markaðsvæðingin, kennd við nýfrjálshyggju hér áður fyrr en nú orðin eitt af flöggunum í flokkum sem einu sinni kenndu sig við félagshyggju og reyna að gera það enn, m.a. í Framsfl., sem vildi og tók á sem félagshyggjuflokkur í landinu en er nú orðin ein aðaldriffjöðrin í fjórfrelsinu og öllu því sem þar tilheyrir — þá er ég að tala um forustuna, ekki fólkið sem enn vonar og heldur að einhvers sé að vænta þarna. (**IP:** Þetta er sorgleg saga.) Það er sorgleg saga, virðulegur þingmaður Ingibjörg Pálmadóttir, og ég gæti trúað að það ætti eftir að reyna á þolrifin hjá virðulegum þingmanni og ég tala nú ekki um umbjóðendum hennar þegar þetta kerfi sem Framsfl. stendur vörð um í sambandi við stjórn fiskveiða, að ekki sé talað um fjórfrelsisfánann sem nú er veifað hátt af forustu flokksins og ný forusta lítur á það sem fremsta markmið sitt að berja að dyrum hjá ráðherranefndunum í Brussel og reyna að komast inn fyrir, með öllu því sem það mun kosta, sá aðgangseyrir, með þeim aðgangseyri sem þar verður krafist ef menn vilja reyna að fá það sem þeir kalla áhrif, en auðvitað mun ekki þýða nokkurn skapaðan hlut í þá veru fyrir okkur, okkar hagsmuni. Þess vegna er þarna stefnt í ranga átt og mjög háskalegar hugmyndir á ferðinni, virðulegur forseti.

En hagræðingarkrafan og krafan sem gerð er til sóknar og afla á íslenskum fiskimiðum hefur líka áhrif, virðulegur forseti, á sjálfa undirstöðuna, á sjálfa auðlindina, fiskstofnana við landið og það er þáttur sem við getum og megum ekki ganga fram hjá hér þegar við erum að ræða þetta mál og taka ákvarðanir. Það er ekki skynsamlegt, virðulegur forseti, að ætla að byggja útgerðina á Íslandi og sókn á íslensk fiskimið einvörðungu á togaraflota, einvörðungu á stórum skipum, ég tala nú ekki um á vinnslu á hafi úti sem meginburðarási í fiskvinnslu. Það er ekki sú framtíðarsýn sem ég vil sjá gerast á íslenskum fiskimiðum þar sem þorfin er á blönduðum útgerðarháttum, ekki síður minni báta á grunnslóð sem og stærri skipa sem geta sótt lengra og dýpra. En það er gegn þessu sem þetta kerfi vinnur. Smábátaútgerðin á Íslandi og útgerð minni báta mun heyra sögunni til að mestu leyti, virðulegur forseti, innan ekki langs tíma, ef þetta kerfi fær að malla með sínum ókostum. Ég tala nú ekki um ef það næst í næstu lotu, sem menn ætluðu að ná í þessari, að loka fyrir frjálsar veiðar minnstu bátanna og skila þeim inn í ryksugu hinna stærri. Hér er um að ræða, fyrir utan sóknarmynstur, virðulegur forseti, margháttuð inngrip inn í fiskimiðin og veiðislóðina sem er allt of lítill gaumur gefinn.

Þróun tækni við veiðar, virðulegur forseti, hefur verið hraðfara og róttæk í þessum atvinnurekstri ekki síður en á öðrum sviðum en virðist dyljast mörgum sem ekki eru þeim mun nátengdari sjávarútvegi hvað þar er á ferðinni, hvaða möguleika menn hafa til þess að elta kvikindin í sjónum og afla þeirra og fanga þau. Hér er beitt, að sjálfsögðu segja menn og kannski með réttu, fullkominni tækni. En fullkomnasta tæknin er mjög hættulegt tæki og vandmeðfarið tæki a.m.k. í samskiptum við lífríkið. Hvaða breytingar halda menn að hafi orðið á botninum á Íslandsmiðum á aðaltogslóðum við landið á undanförnum áratugum á þessari öld? Það væri fróðlegt ef við gætum lyft þessum botni upp eins og hann leit út, hefðum módel, um aldamótin síðustu áður en togveiðar hófust á Íslandsmiðum og bærum það saman við það landslag sem nú er á botni. Ég hugsa að það væri óþekkjanlegt, virðulegur forseti.

Menn hafa að mínu mati, ekki bara hér heldur á heimsmælikvarða, ekki gáð að sér, ekki gætt þess að stunda a.m.k. rannsóknir, að fylgjast með því sem þarna er að gerast, reyna að átta sig á því inngripi, að mörgu leyti mjög grófa inngripi, sem botnvarpan og önnur botnveiðitæki eru í veiðislóðina og áhrif þess á lífríkið og samspilið við það. Það er fyrst nú á allra síðustu árum, virðulegur forseti, sem menn eru byrja að skoða þessi efni. Alþjóðahafrannsóknaráðið hefur verið að safna gögnum síðan 1990 um þessi mál og

þegar menn fara að skoða þetta þá eru spurningarnar fjölmargar og margar grundvallarspurningar sem okkur vantar svar við um áhrif þessara veiðiaðferða okkar. Við bætum ekki um það sem fyrir er en okkur ber skylda til að skýra þessa mynd fyrr en seinna og átta okkur á því að hér getur verið einn þátturinn af mörgum sem veldur rýrnandi uppskeru af Íslandsmiðum.

Virðulegur forseti. Sem betur fer er vísir að athugun á þessum málum. Fyrsti vísirinn er í gangi hér. Það er hafin könnun á samfélögum botndýra við Ísland og áhrifum botnveiðarfæra á botndýralíf. Það er verið að fara af stað með þessi efni, mjög veikur vísir. Okkur ber skylda til að styrkja þessar athuganir og spara ekki til þess fjármagn eins og gætt hefur varðandi undirstöðuþætti í sambandi við okkar sjávarlíf. Menn hafa verið að fella hér tillögur um smáupphæðir til þess að skoða samhengið í sambandi við hrygningu og klak á aðalnytjastofnum okkar eins og þorskinum. Fella hér á Alþingi tillögur sem sá sem hér talar hefur verið að bera fram og fleiri sem undir það mál hafa tekið, um litlar upphæðir, 5, 10, 15 millj., til þess að fylgjast með hrygningu og klaki þorskstofnsins til að svara grundvallarspurningum sem við þurfum auðvitað að hafa upplýsingar um.

Virðulegur forseti, það má kannski ekki segja það, en það er margt sem mætti segja á þessu afmælisári lýðveldisins, við erum eins og villimenn að mörgu leyti í okkar samskiptum við lífríki hafsins, í sambandi við sóknina, í sambandi við það alveg sérstaklega hvað við spörum við okkur, hvað við erum sparir á spurningar, að spyrja spurninga og veita fé til að afla svara um þessa undirstöðu.

Ég nefndi Alþjóðahafrannsóknaráðið og ég hef hér gögn, virðulegur forseti, sem tengjast þeim athugunum sem eru að fara í gang á þeim vettvangi varðandi það sem ég hef verið að koma að hér. Við eigum að fylgjast með hvað er að gerast á alþjóðavettvangi í þessum efnum vegna þess að ég er sannfærður um að það getur varðað miklu fyrir framtíð okkar og undirstöðu okkar efnahagslega sem er sjávarútvegurinn og mun lengi verða.

Annað er síðan, virðulegur forseti, hvernig við höldum á úthlutun aflaheimilda, hvað við opnum fyrir mikla nýtingu á okkar veiku fiskstofnum, fiskstofnum sem verið hafa sannanlega veikir hin síðari ár. Þar blasir ekki við sérstaklega falleg mynd, virðulegi forseti, litið til síðari ára. Það þarf ekki að fara langt til þess að sjá hvernig gleikkað hefur á milli ráðgjafar vísindamanna og ákvarðana stjórnmálamanna, hvernig við stjórnmálamenn — ég vil ekki vera að skera mig frá í því mengi stjórnmálamanna — höfum staðið að málum í sambandi við ákvarðanir á hámarksafla langt umfram vísindalega ráðgjöf. Ég vil þó segja núv. hæstv. sjútvrh. til nokkurs hróss — ég þarf ekki að segja málsbóta, hann stendur fyrir sínu hæstv. ráðherra, vel meinandi út frá sínum sjónarhóli — en ég verð að segja honum það til hróss að ég tel að hann hafi staðið sæmilega í ístaðinu gegn kröfum um algerlega óábyrgar ákvarðanir að því er varðar sóknina, varðar hámarksafla, í okkar meginnytjastofn og þar hefur verið knúið á við ríkisstjórnarborð eins og við þekkjum. Og ég vænti þess að hver sem á máli heldur þá færumst við frekar í þá áttina að vera varúðarmegin varðandi þessa undirstöðu og það er alveg sérstök nauðsyn á því í ljósi þeirrar miklu óvissu sem er um samhengið í lífríki hafsins á Íslandsmiðum og þess vaxandi misræmis á milli tæknivæðingar og tæknilegra möguleika og þekkingar okkar á auðlindinni.

Virðulegur forseti. Ég vék að því að einn þáttur þessa máls og hef reyndar komið aðeins að því, snertir samskiptin út á við í sjávarútvegsmálum. Þar var gerður samningur í tengslum við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, um samskipti Íslands við það sem nú er kallað Evrópusambandið. Það er samningur sem felur m.a. í sér að innan ekki langs tíma, líklega frá miðju sumri, koma fyrstu fleyturnar frá Evrópusambandinu inn á Íslandsmið til þess að keppa við íslenska sjómenn um veiðar úr okkar takmörkuðu auðlind, til að sækja þau 3.000 þorsígildistonn sem þar er opnað fyrir innan ákveðinna svæða. En svo haganlega er um þennan samning búið, eins og flest annað sem lýtur að samskiptum við Evrópusambandið og tengist samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, að það er Evrópusambandið sem hefur undirtökin. Því þó að reynt hafi verið að marka þessi svæði af þá eru innbyggðar inn í samninginn sjálfan heimildir til þess að fara út fyrir ef þeir ná ekki sínum afla innan hinna afmörkuðu svæða og veiðarnar reynast óhagkvæmar. Þessi tvíhliða samningur sem þarna er skollinn á, genginn í gildi, er ein af þessum dæmalausu ákvörðunum sem minnir á samskipti nýlenduveldis og hálfnýlendu í sambandi við ákvæði hans.

Virðulegur forseti, það er gert ráð fyrir því að þessi samningur gildi í 10 ár og hann er nánast að segja óuppsegjanlegur svona eins og reynt er að búa um hlutina. Auðvitað er það sem betur fer svo að það má hrista af sér hlekki ef vilji er fyrir hendi. En þannig er um hnútana búið í þessum samningi, í 12. gr. samningsins við Efnahagsbandalag Evrópu, eins og það hét, í fyrirsögn um fiskveiðimál og lífríki hafsins, með leyfi forseta:

„Þessi samningur skal í fyrstu gilda í 10 ár frá gildistökudegi hans. Ef hvorugur aðili hefur sagt samningnum upp með tillkynningu um uppsögn a.m.k. 9 mánuðum áður en sá tími rennur út“ — þ.e. þessi 10 ár — „skal hann gilda áfram í 6 ár í senn upp frá því að því tilskildu að tilkynning um uppsögn hafi ekki borist a.m.k. 9 mánuðum áður en hvert slíkt tímabil rennur út.“

Þetta er svona sýnishorn af þessum hliðarsamningi sem þarna var gerður við Evrópusambandið um fiskveiðimál og lífríki hafsins eins og það heitir. Síðan segir í 2. tölul. sömu greinar, virðulegur forseti:

„Ef samningnum er sagt upp í samræmi við ákvæði fyrri mgr. skulu aðilar hefja viðræður um annan samning til að tryggja lagalegan grundvöll á framkvæmd á samkomulagi því sem felst í erindaskiptum um fiskveiðimál sem voru undirrituð í Óportó 2. maí 1992“, en þar var það sem grunnurinn var lagður að niðurstöðunni í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið og

þetta er einn af fylgisamningum þess.

Nú ætla ég ekki að fara út í þennan samning einan sér, virðulegur forseti, en ég vil aðeins áður en ég kveð þetta mál koma frekar að því sem snertir hin nýju siglingaljós sem verið er að draga upp í sambandi við samskipti Íslands og Evrópusambandsins. Það eru auðvitað ekki lítil tíðindi, virðulegi forseti, þegar næststærsti flokkur þjóðarinnar, Framsfl., breytir um stefnu með þeim hætti sem birtist mönnum á miðstjórnarfundi flokksins um síðustu helgi. Tók það sem núv. hæstv. forsrh. landsins kallar vinkilbeygju í áttina að sjónarmiðum sínum, hver svo sem þau nú eru. Þau hafa kannski ekki verið skilgreind mjög nákvæmlega af hæstv. forsrh., hvaða veganesti hann ætlar að vera með í töskunni þegar hann fer í erindreksturinn til Brussel. Þessa ótímasettu ferð sem hann hefur undirbúið án þess að kalla til utanrrh. landsins, því það er ekki hann sem á að vera þar til leiðsagnar, virðulegi forseti, heldur trúlega einhverjir aðrir sem farið er að kalla til. Kannski þeir sem tóku þessa snilldarvinkilbeygju um síðustu helgi í Evrópumálunum.

Það er nefnilega komið á daginn, virðulegur forseti, að Framsfl. hefur gefið þeirri samþykkt sem gerð var á Alþingi Íslendinga í fyrravor, um tvíhliða samskipti við Evrópusambandið, alveg nýtt inntak með þeirri þriðju leið svokölluðu sem nýbakaður formaður flokksins hefur boðað alþjóð og vill að verði eitt aðalátakamálið í komandi kosningum. Í stað þess að Íslendingar leiti tvíhliða samnings utan við Evrópusambandið, standandi utan við Evrópusambandið, þá er það nú boðað að inn í sali ákvarðana þurfum við að komast. Það er stefnan, það er veganestið sem hin nýja forusta í Framsfl. er farin að sýna þjóðinni og ætlar að leggja upp með, e.t.v. til aðstoðar núv. hæstv. forsrh. þegar hann tekur ákvörðun um að fara þessa ferð sem enn er ótímasett.

Virðulegur forseti. Ég var í hópi þeirra hér á Alþingi, þeir voru nú ekki margir, í fyrravor sem bentu á að það væri heldur ótryggt innihaldið í þeirri samþykkt sem gerð var að tillögu utanrmn. í tilefni þáltill. um tvíhliða samkipti við Evrópusambandið. Ég sagði þegar þessi mál komu til atkvæða hér, ég leyfi mér að rifja það hér upp með þínu leyfi, virðulegi forseti:

„Það er vissulega góðra gjalda vert að á þeirri stundu sem Alþingi samþykkir samninginn um Evrópskt efnahagssvæði skuli ekki fylgja með aðildarumsókn að Evrópubandalaginu," — eins og það hét þá. „Það hefur heldur ekki legið í loftinu að slík umsókn yrði send. Sú þáltill. sem hér liggur fyrir frá utanrmn. boðar því út af fyrir sig engin ný tíðindi og sjálf tillagan er með þeim hætti að þeir sem að henni standa geta vísað til margra átta þegar lesið er í tillögutextann. Þetta kom fram þegar hæstv. utanrrh. svaraði fyrirspurnum um það hvernig hann liti á tillöguna, efni hennar. Þetta kom fram af hálfu formanns utanrmn. þegar hann svaraði hliðstæðum fyrirspurnum um málið.

Tvíhliða viðræður við Evrópubandalagið var tillaga af hálfu Alþb. á sínum tíma sem kostur í staðinn fyrir samning um Evrópskt efnahagssvæði. Ekkert slíkt er á ferðinni með þessum tillöguflutningi. Innihaldið í þessari tillögu er það, með því að reyna að lesa sem jákvæðast í málið, að fari svo að Evrópskt efnahagssvæði liðist í sundur vegna þess að þátttökuríkin gangi í Evrópubandalagið, þá, og þá fyrst, er hugmyndin að taka upp viðræður um samskipti Íslands við Evrópubandalagið, tvíhliða viðræður um samskipti Íslands við Evrópubandalagið."

Jafnframt segi ég í þessari atkvæðaskýringu, virðulegur forseti:

„Mér finnst að með þessari tillögu, virðulegur forseti, sé Alþingi Íslendinga að klæðast í sauðargæru, þeir aðilar sem hafa verið að samþykkja hér með beinum stuðningi eða hjásetu samninginn um Evrópskt efnahagssvæði. Og þó að við þykjumst sjá að eyrun standi út fyrir þessa sauðargæru hjá ýmsum og tvö höfuð séu á sumum sem að málinu standa, þá er það svo að ég teldi miklu farsælla að menn kæmu fram hér með skýrum hætti í sambandi við mál sem þetta."

Og ætli það sé nú ekki farið að koma í ljós, virðulegur forseti, (**Gripið fram í:** Meira en einu sinni.) hvaða sauðargæra það var sem menn voru að smeygja yfir sig, sveipa sig á vordögum í fyrra. Þeir eru að koma undan henni núna, þeir hinir sömu sem gengu undir kjörorðinu: Aldrei í Evrópubandalagið, eins og það hét þá, X-B, fyrir síðustu kosningar. Þeir eru nú komnir fram með það sem fremstu kröfu að komast inn fyrir til áhrifa í ráðherranefndunum í Brussel. Öllu skjótari sviptingar hafa ekki sést í íslenskum stjórnmálum í seinni tíð og satt að segja heldur sérkennilegt að geta ekki beðið eftir því að menn kæmust inn fyrir múra Seðlabankans, þeir sem áður höfðu völdin þar í flokki, þó ekki væri nema af mannúðarástæðum og tillitssemi, áður en þessi nýi boðskapur var fram settur. En það lá svona mikið á.

Virðulegur forseti. Þetta mál, sem samkvæmt forskrift Framsfl. á að verða helsta kosningamálið fyrr en seinna, varðar það efni sem við ræðum hér, meðferð sjávarútvegsmála, ákvarðanir í þeim efnum, með mjög skýrum hætti. Það stjórnkerfi fiskveiða sem hér var innleitt 1984 og enn frekar eftir að það var markaðsvætt 1990, tengist einnig með beinum hætti spurningunni um samskipti við Evrópusambandið á sjávarútvegssviði, ég tala nú ekki um ef stefna Alþfl. um veiðigjald yrði upp tekin, þannig að útlendingarnir gætu fari að bjóða í þetta og menn gætu haldið því fram, módelið gengi upp: Það er alveg sama hverjir veiða á Íslandsmiðum, alveg sama bara ef þeir borga fyrir það. En þær raddir heyrast einnig í umræðum um þessi mál. Og þá geta menn horft fram hjá þeirri sjávarúvegsstefnu sem gildir samkvæmt Rómarsamningi og getur skollið á hvenær sem er eftir 2002 til breytinga frá þeim óskapnaði sem menn búa nú við og er málamiðlun frá 1982 með breytingum sem teknar hafa verið síðan.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að lengja þetta mál mitt þó að ástæða væri til að víkja að mörgum fleiri þáttum, ekki síst varðandi það málefni sem ég var að koma að hér síðast, þeim veðrabrigðum sem eru orðin á stjórnmálasviðinu á Íslandi nú síðustu dagana, eft-

ir að Framsfl. er búinn að lyfta upp fjórfrelsisflagginu með jafnmyndarlegum hætti og gert hefur verið og setja fram kröfuna um að komast til áhrifa í Brussel. Komast til áhrifa í Brussel. Við skulum vona, virðulegur forseti, að fólkið í landinu beri gæfu til þess að sjá til þess að sú för verði ekki farin sem þarna er verið að efna til. Undir því eru komin örlög þessarar þjóðar sem margir tengja þeim aldamótum sem eru fram undan. Þessu tengjast stærstu spurningarnar um framtíð Íslands.

[11:52]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. tók það fram, að mér skilst, að hann hafi einskis iðrast jafnmikið og að styðja og samþykkja þau lög sem gilda um málið og voru samþykkt fyrir fjórum árum. Ég hygg að það sé ýmislegt í fortíð hv. þm. sem hann ætti að iðrast meir heldur en þess gjörnings. Reyndar lét hv. þm. gamminn geysa út um víðan völl sem sýndi kannski að honum var ekki mjög niðri fyrir út af þessu máli. Hann lét hugann reika til Brussel og fjallaði um afstöðu Framsfl. til Evrópusambandsins, hann fann sér tíma til að fjalla um sumartíma, frídaga og orlof og ég er rauninni alveg steinhissa á því að þingmaðurinn skyldi ekki tala um áhugamál sitt, friðun hagamúsa, í þessu sambandi.

Varðandi eitt mál sem hann kom inn á, þ.e. krókaveiðarnar, þá er ekki hægt að setja þak á veiðar hvers báts, svo sem eins og 50 tonn eða slíkt, vegna þess að það eru um 1.000 bátar í gangi og útgerðarmynstur þessara báta mundi þá breytast. 1.000 sinnum 50 eru 50.000 tonn. Og þess vegna verður að setja heildarþak á afla þessara báta til þess að einhverrar sanngirni sé gætt varðandi veiðar þeirra miðað við veiðar annarra. Svo er eitt sem er mjög athyglisvert. Það er að rísa upp stétt svokallaðra krókagreifa, manna sem eiga krókatrillur en leigja þær út, m.a. til sjómanna sem voru svo óheppnir á sínum tíma að velja kvóta á trillur sínar. Það hefur í rauninni enginn veitt þeim hópi jafnmikla athygli og tvíhöfða nefnd, sem með tillögum sínum gerði ráð fyrir því að fluttur væri afli af krókatrillunum yfir á þessa menn sem voru svo óheppnir að halda að þau lög sem Hjörleifur Guttormsson samþykkti, ásamt öðrum, mundu gilda áfram.

[11:53]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var fátt í máli rímfræðings *Sjálfstfl. sem ég þarf að svara. Þessi ábending hans um* það að ekki væri hægt að setja þak á afla báta sem stunda krókaveiðar, mér finnst það nú ekki mjög mikil rökvísi í málflutningnum að því leyti að það væri ekki verið að úthluta þar neinum kvóta þó sett væri þak á afla á einstökum báti, það er ekki jafngildi þess að það sé verið að úthluta þar kvóta þó slíkar takmarkanir væru settar. Ég er sannfærður um að það er í þágu hagsmuna þeirra sem enn búa þó við þetta frelsi sem fylgir krókaveiðunum og er ólíkt því sem varðar það helsi sem flestir eru nú að gefast upp undan, sem völdu sér aflamarkið, bæði undir sex tonnum og ofar.

[11:54]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Annað sem hv. þm. fjallaði um í ræðu sinni var sá vandi sem upp er kominn á Hornafirði vegna hagræðingar í fyrirtækinu Borgey og það dæmi sem hann tók varðandi það. Það sem Borgey *stílaði fyrst og fremst inn á var fiskvinnslukvótinn og* það er mjög bagalegt að hafa ekki náð honum fram. En 15% reglan mun ekki að neinu leyti hamla því fyrirtæki í sínum störfum vegna þess að það er hægt að flytja kvóta af þeim bátum sem ekki ætla sér að veiða hann yfir á þá báta sem ætla sér að veiða þann kvóta. Spurningin er aðeins um tímasetningar og hvernig menn haga þessum viðskiptum. En í grundvallaratriðum verður alveg frjálst að framselja kvóta af bátum sem ætla ekki að veiða hann yfir á báta sem ætla sér að veiða hann.

[11:55]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég held að fyrirtækið Borgey sem hefur barist í bökkum, barist fyrir tilveru sinni að undanförnu, gerði nú nokkuð rétt í því að ráðstafa takmörkuðu fjármagni, 15.000 kr. eða svo, í fargjald undir hv. þm. til að kynna sér aðstæður betur heldur en honum virðast vera ljósar miðað við málflutning hans hér. Það eru býsna flóknar aðstæður sem varða útgerð á Hornafirði og samstarf fyrirtækja þar og einmitt dæmigert um það sem varðar þær tillögur sem hér eru til breytinga, kenndar við 15% reglu. Hv. þm. nefndi fiskvinnslukvótann og ég get út af fyrir sig tekið undir þann saknaðartón sem kom fram hjá hv. þm. að því er varðar þann möguleika að úthluta fiskvinnslunni kvóta. Það er eitt af því sem ég tel að gæti verið til bóta ef rétt væri að staðið. En það er ekki sama hvernig á því er haldið, einnig það getur verið flókið í útfærslu og hugsanlega eru menn ekki alltaf að tala þar um sama hlutinn.

[11:56]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þó menn geti vissulega oft greint á við hv. 4. þm. Austurl. þá hefur aldrei farið á milli mála fram að þessu að hann hefur verið mjög skýr í afstöðu sinni. Afstaða hans hefur aldrei farið á milli mála þangað til núna. Nú fannst mér hv. þm. bregða svolítið út af sínum vana og í máli hans kom fram svona ákveðin pólitísk tvíhyggja sem lýsti sér í því að annars vegar varði hann verulegum tíma í það að gagnrýna hið frjálsa framsal aflaheimilda og taldi að mjög margt illt hefði og mundi af því hljótast þegar litið væri til lengri tíma og eins ef litið væri til fortíðar. Þess vegna kom það mjög á óvart að allt í einu skaut upp kollinum í hans athyglisverðu ræðu kafla sem var mikil málsvörn fyrir hið frjálsa framsal. Það var sá kafli í ræðu hv. þm. þegar hann fór að gagnrýna hina svokölluðu 15% reglu. Hann sagði sem svo: Þetta er spurningin um skammtímasjónarmið og langtímasjónarmið. Ég held að hv. þm. sé hér á miklum villigötum því sannleikurinn er sá að ef þessi 15% regla væri afnumin þá væri hann auðvitað að búa í haginn fyrir það

að styrkja í sessi framsalsheimildirnar og framsalskerfið, sem hann þó í hinu orðinu var að gagnrýna. Ég held að menn verði einfaldlega að átta sig á því að eins og málum er komið núna þá verða menn að taka afstöðu til þess. Annaðhvort eru menn með hinu fullkomna frjálsa framsali til langs tíma og til skamms tíma ellegar menn vilja gangast inn á að takmarka það í einhverjum mæli. Í þessum brtt. er lögð til nokkur skerðing á því frjálsa framsali sem hefur viðgengist. — Ég skal viðurkenna ekki mjög mikil. En þess vegna kom mér mjög mikið á óvart að heyra það frá einum harðasta gagnrýnanda hugmyndarinnar um hið frjálsa framsal að hann talaði á þann veg hér að hann taldi að 15% reglan væri af hinu illa.

[11:58]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég misvirði það síður en svo við hv. þm. að draga fram þetta atriði sem hann gerði. Ég tók einmitt fram í mínu máli að það mætti benda á að það væri stílbrot miðað við langtímasjónarmið að andæfa gegn þeirri breytingu sem hér er verið að gera tillögu um. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því. En ég bendi á það að burt séð frá spurningunni um framsal að því er varðar botnfiskveiðiheimildir þá er þessi regla að því er varðar uppsjávarfiskana, loðnuna, síldina, náttúrlega mjög fjarstæðukennd í rauninni. Það er atriði sem ég kom ekki að í máli mínu og hefði gjarnan mátt fara út í því það er gildur þáttur í þessu máli hvaða áhrif þessi 15% regla hefur á síldveiðarnar og loðnuveiðarnar með allt öðrum hætti heldur en á botnfiskveiðarnar. Það gildir talsvert annað þegar menn eru að meta stjórnun svona til skamms tíma litið eftir því hvort við erum að tala um botnfiskveiðar eða uppsjávarfiskana.

[12:00]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að menn lendi fljótt í ákveðnum ógöngum þegar þeir reyna að skipta niður annars vegar langtímahagsmunum í þessum efnum og hins vegar skammtímahagsmunum. Vegna þess að sannleikurinn er auðvitað sá að ef menn gangast inn á það og segja sem svo: Við eigum að hafa til skamms tíma sem frjálsast framsal, þá eru menn auðvitað að styrkja í sessi til lengri tíma kerfi sem felur í sér frjálst framsal á aflaheimildum. Og ég held að ef menn tala á þann veg sem hv. þm. gerði, að hér verði að afnema 15% regluna, þá sé auðvitað verið að mæla því bót að það sé tekið upp sem frjálsast framsal á aflaheimildum. Ég hef alltaf litið þannig á að ef menn vilja láta þetta kerfi sem nú er við lýði ganga röklega upp þá verður auðvitað að vera við lýði sem frjálsast framsal. Þannig að ég tel að það sem menn eru að gera hér undirstriki á vissan hátt ákveðnar mótsagnir í kerfinu. Þess vegna held ég að hv. þm. sé í allmiklum vanda og það sé ekki bara stílbrot, það sé ákveðinn vandi í þeirri röksemdafærslu sem hv. þm. hefur annars haldið á lofti þegar hann skyndilega leggur lykkju á leið sína og fer að tala fyrir því í skjóli einhverra skammtímahagsmuna, sem hann kallar svo, að auka hið frjálsa framsal frá því sem það er núna í brtt. meiri hluta sjútvn.

Ég tel raunar að brtt. meiri hluta sjútvn. takmarki ekki með alvarlegum hætti hið frjálsa framsal. Fyrst og fremst er þessum brtt. ætlað að koma í veg fyrir ákveðna misnotkun. Það er hið yfirlýsta markmið. Og ég held að það sé ekkert sem hefur verið sýnt fram á í umræðunni upp á síðkastið sem bendir til að þessi skerðing, þessi takmörkun, torveldi skynsamlegt, skipulegt og heiðarlegt frjálst framsal aflaheimilda milli útgerða.

Útbýting þingskjala:

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, 537. mál, nál. 3. minni hluta utanrmn., þskj. 1167.

Lax- og silungsveiði, 500. mál, þskj. 1144.

[12:02]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Frá því að breytingar á lögum um stjórn fiskveiða voru til 1. umr. hér á Alþingi í febrúar hefur hæstv. sjútvrh. lagt fram nokkrar brtt. sem flestar eru til bóta að mínu áliti. Þær ganga þó ekki nógu langt til að málið í heild sinni sé viðunandi. Hér er verið að setja lög um það hvernig stjórn fiskveiðanna skuli háttað á næstu árum og því mikilvægt að vel takist til.

Samhliða brtt. hæstv. sjútvrh. voru flutt tvö frv. er tengjast kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna, sem var stöðvuð með bráðabirgðalögum í vetur. Annars vegar er það frv. um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna og hins vegar frv. um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Samþykkt þessara frv. er nauðsynleg til að eyða þeirri tortryggni sem ríkt hefur milli þessara aðila vegna meintrar þátttöku í kvótakaupum.

Hæstv. sjútvrh. leggur hér til nokkrar breytingar varðandi krókaleyfisbátana frá því frv. sem hann lagði fram fyrr í vetur. Nú er gert ráð fyrir að banna þessum bátum veiðar í desember og janúar, svo og í sjö daga um páska og verslunarmannahelgi og þrjá daga aðra og fjórðu helgi hvers mánaðar. Ég tel að þessi breyting sé nokkuð til bóta frá því sem áður var gert ráð fyrir. Þetta er að vísu veruleg fjölgun banndaga frá því sem nú er en vegna þess mikla samdráttar sem orðið hefur á leyfðum afla á sl. tveimur árum þá hlýtur einhver skerðing að lenda á þessum flokki útgerðar eins og öðrum.

Ég vil þó ítreka þá skoðun mína sem fram kom við 1. umr. að veiðum þessara báta eigi eingöngu að stjórna með banndögum og tel óþarfa að úthluta þeim sameiginlegum hámarksafla með tilheyrandi refsingum ef eitthvað veiðist umfram. Það skiptir auðvitað engu höfuðmáli hvort þessir bátar veiða eitt eða tvö þúsund tonnunum meira eða minna. Það mundi engu breyta um stofnstærð þorsksins og væri langt innan skekkjumarka fiskifræðinnar. Þessi útgerð er miklu háðari veðri og aðstæðum en öll önnur útgerð og með því að ákveða þeim 136 banndaga eins og hér er gert ráð fyrir, auk þeirra fjölmörgu banndaga sem veðurguðirnir óhjákvæmilega skapa þessum bátum þá held ég að það þurfi ekki að hafa áhyggjur af því að þeir

ofveiði grunnslóðina. Verði niðurstaðan að fara þá leið sem hér er gert ráð fyrir í brtt. hæstv. sjútvrh. varðandi veiðitímabil og hámarksafla þá hlýtur að verða að breyta því ákvæði að fjöldi banndaga verði óháður ársafla þannig að ekki komi til fjölgunar banndaga á næsta ári ef farið er fram úr leyfilegum afla á einu tímabili en heildarafli ársins er undir viðmiðunarmörkum. Slíkt ákvæði finnst mér afskaplega ósanngjarnt.

Mér finnst ástæða til að minna enn einu sinni á það að krókarnir fara betur með auðlindina en önnur veiðarfæri og um það er ekki deilt. Það er auðvitað rétt sem fram kemur í skýrslu tvíhöfða nefndar að krókaveiðar eru vistvænar og að minni hætta sé á ofveiði hjá þeim en þar sem stórtækari veiðarfæri eru notuð. Smábátarnir hafa mikilvægu hlutverki að gegna í atvinnulífi margra smærri byggðarlaga og útgerð þeirra á tvímælalaust áfram að vera gildur þáttur í útgerðarmynstri landsins. Þess vegna má ekki þrengja svo að þeim sem hafa af þessu atvinnu sína að þeir geti ekki haldið velli á meðan leyfður afli er í lágmarki.

Það er oft hamrað á því í umræðunni að afli krókaleyfisbátanna hafi farið úr böndunum og vissulega hefur hann aukist mikið. En hver er ástæðan fyrst og fremst? Hún er sú að stjórnvöld gripu allt of seint í taumana til að stöðva stækkun þessa flota og fjölmargir þeirra báta sem fengu krókaleyfi á sínum tíma lögðu ekkert í upphaflegu hlutdeildina. Margir þessara báta voru síðan úreltir fyrir nýja og öflugri báta. Önnur ástæðan er svo hið mikla kapphlaup sem hófst innan krókakerfisins við að ávinna sér aflaheimildir. Það er því fyrst og fremst við stjórnvöld að sakast að mínu áliti ef mönnum finnst afli krókaveiðiflotans hafa vaxið of mikið í samanburði við aðra útgerð.

Mér þykir mjög miður að ekki skuli vera gert ráð fyrir neinum lagfæringum fyrir litlu aflamarksbátana. Það hefur trúlega enginn flokkur útgerðar farið jafnilla út úr aflasamdrætti undanfarinna ára og einmitt þeir og samkvæmt þeim tölum sem birst hafa þá hefur þessi floti misst tvo þriðju af veiðiheimildum sínum á undanförnum árum. Þessir bátar eru svo til alfarið háðir veiðum á þorski og ýsu og hafa enga möguleika á að leita í aðra stofna eða á djúpslóð þegar illa árar. Fjölmargir þessara báta hafa orðið svo litlar aflaheimildir að vonlaust er að gera þá út. Jafnframt er vonlítið að selja þá vegna skorts á kvóta á verði sem nægir til að eigendur þeirra geti losnað frá þeim skuldum sem á þeim hvíla. Útgerðarmenn þessara báta eru því í raun fangar kerfisins, þeir geta hvorki hætt né haldið áfram. Margir þeirra eru við það að gefast upp og ljóst er að verði ekkert að gert þá munu fjölmargir þeirra gefast upp á að halda þessum bátum til veiða á næstu mánuðum. Þessum bátum hefur fækkað um hátt í 500 á undanförnum árum og veiðiheimildir þeirra flust nánast alfarið yfir á verksmiðjuskipaflotann sem vinnur aflann á hafi úti.

Ég er þeirrar skoðunar að það eigi að úthluta þessum bátum viðbótarkvóta sem ekki kæmi til skerðingar hjá annarri útgerð. Það var skoðun margra að óhætt væri að auka nokkuð aflaheimildir í vetur en það var ekki gert, en ég tel að með því hefði mátt leysa helsta vanda þessara báta þannig að þeir gætu skrimt þangað til afli eykst á ný. Það eru vissulega dæmi um að samdrætti í afla einstaka útgerðarflokka hafi verið mætt í kvótakerfinu og þannig fékk loðnuflotinn úthlutað þorskveiðiheimildum á árunum 1988–1990 vegna samdráttar í loðnuveiðunum. Þessar úthlutanir urðu síðan að þorskaflahlutdeild 1. jan. 1991 sem miðað við úthlutun þessa fiskveiðiárs þýðir 2.200 tonn af þorski upp úr sjó.

Varðandi smábátana þá finnst mér að það þurfi að takmarka netaveiðar þeirra yfir hörðustu vetrarmánuðina og það er náttúrlega ekkert vit í því að menn séu að stunda veiðar í þorskanet á bátum allt niður í 3–5 tonn í janúar og febrúar. Af þessu er auðvitað veruleg slysahætta og svo liggur í augum uppi að þessir bátar komast oft ekki á sjó dögum saman vegna veðurs. Fiskurinn drepst í netunum og er hent, því ekki eyða menn sínum takmarkaða kvóta í verðlítinn dauðan fisk. Þessi fiskur var allur dregin að landi fyrir tíma kvótakerfisins og seldur til skreiðarverkunar fyrir hálfvirði. Við þessu verður að stemma stigu. Það er ekki hægt að umgangast auðlindina svona þegar leyfður þorskafli minnkar ár frá ári.

Umræða um að fiski sé hent í verulegum mæli hefur verið hávær í vetur og þá aðallega hvað varðar þorsk og þegar þorskkvótinn er jafntakmarkaður og nú þá leita menn að sjálfsögðu í auknum mæli í veiðar á öðrum fisktegundum. Þessar veiðar eru illframkvæmanlegar þegar þorskkvótinn er búinn vegna þess að oftast fylgir einhver þorskur með og annaðhvort verða menn þá að hætta þessum veiðum eða henda í sjóinn aftur þeim þorski sem slæðist með til að koma í veg fyrir refsingar og sektir. Þetta hafa menn neyðst til að gera í vetur og sumir ekkert farið í launkofa með það. Til að reyna að koma í veg fyrir þetta flutti hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson, ásamt 15 öðrum þingmönnum úr öllum þingflokkum, frv. þar sem gert var ráð fyrir að leyfa fiskiskipum að landa allt að 15% af þorski, karfa og grálúðu, sem meðafla annarra botnfisktegunda í þorskígildum talið án þess að sá meðafli reiknist sem aflamark hjá viðkomandi skipi það sem eftir lifir af þessu fiskveiðiári. Jafnframt að á sama tíma verði afnumið aflamark af þeim tegundum þar sem augljóslega mun ekki nást leyfður hámarksafli, þ.e. ufsa, ýsu, skarkola og úthafsrækju. Hæstv. sjútvrh. tók þessu frv. illa og kallaði það hringavitleysu og ýmsir aðdáendur kvótakerfisins gerðu slíkt hið sama og þá ekki síst þeir sem náð hafa hvað bestum árangri við að spila á kerfið.

Viðbrögðin við þessu frv. sýndu glöggt hversu mikla tröllatrú sumir hafa á fullkomleika kerfisins og að þar megi í engu tilfelli neinu hnika til jafnvel þó alls staðar að berist fregnir af því að menn neyðist til að henda fiski í sjóinn. Það voru auðvitað ákveðin rök að þetta væri ekki sanngjarnt gagnvart þeim sem hefðu farið sparlega með kvótann sinn og ættu eftir nóg af honum til að mæta meðaflanum. En til hvers leiðir þetta? Það leiðir til þess að menn freistast til að leigja kvóta nánast sama hvað hann kostar. Samkvæmt nýlegri frétt í Morgunblaðinu er þorskkvóti nú leigður á

allt að 74 kr. kílóið. Þeir eru sælir sem eiga kvóta til að leigja þessa dagana. Ég held að þessi tala, 74 kr. fyrir að fá að veiða hvert kíló af þorski sýni nokkuð vel hvað framsal aflaheimilda hefur farið úr böndunum. Það er eitthvað skrýtið þegar menn þurfa orðið að borga einhverjum kvótaeiganda svipað fyrir heimild til að fá að veiða fiskinn í sjónum eins og fæst svo fyrir hann á fiskmarkaði.

Ég sagði hér við 1. umr. og segi það enn að framsal aflaheimilda hefur farið gjörsamlega úr böndunum og þróast með allt öðrum hætti en gert var ráð fyrir þegar kvótakerfið var samþykkt hér á Alþingi fyrir 10 árum. Kvótinn hefur í æ ríkari mæli verið notaður til viðskipta með hinum ýmsu leiðum sem menn hafa fundið upp til þess. Ein þessara leiða er svokölluð tonn á móti tonni aðferð en þar leggur fiskkaupandi eins tonns kvóta á móti hverju tonni sem hann fær hjá seljanda. Verðið er svo yfirleitt mun lægra en gerist á fiskmörkuðum. Nokkrir stórir kvótaeigendur hafa beitt þessari aðferð óspart og það hefur leitt til stórkostlegra fiskflutninga um landið. Þessir aðilar hafa undanfarna daga hamast mjög í fjölmiðlum gegn hugsanlegri skerðingu á þessu fyrirkomulagi.

En um hvað snúast þessi viðskipti? Eru menn að hugsa um heildarhagsmuni þegar fiski er ekið fleiri klukkustunda leið til vinnslu hjá þeim sem eiga nægan kvóta í stað þess að vinna hann í þeim fiskvinnslustöðvum þar sem hann berst á land og eru næst miðunum? Auðvitað ekki. Þetta getur kannski leitt til hagstæðrar niðurstöðu fyrir þessa kvótaeigendur en þetta á ekkert skylt við heildarhagsmuni.

Í síðustu viku var forsíðufrétt í Tímanum þar sem vitnað var í ummæli Rögnvaldar Einarssonar, formanns smábátafélagsins á Akranesi á fundi framsóknarmanna kvöldið áður. Þar kom fram að 31% af þorskafla Akurnesinga hefði á síðasta ári komið frá smábátum. Síðan segir orðrétt, með leyfi forseta, að „þrjátíu aflamarksbátar hefðu landað 1.726 tonnum af þorski en við nánari athugun kæmi í ljós að úthlutaður kvóti þeirra væri aðeins 500 tonn. Skýringin á þessum mismun væri sú að þessir bátar hefðu aflað fisks af kvóta Norðlendinga, frá Sauðárkróki og Siglufirði sérstaklega, og sá afli hefði allur verið fluttur norður yfir heiðar til vinnslu. Rögnvaldur taldi því rökrétt að áætla að að óbreyttu ástandi ættu Sauðkrækingur og Siglfirðingar þorskinn sem synti í sjónum fyrir utan Akranes." Og síðar í greininni segir Rögnvaldur, með leyfi forseta, að „núverandi kvótakerfi væri ekkert annað en einkavæðing á auðlindinni sem leiddi til þess að smábátaútgerð væri að leggjast af í landinu. Menn væru orðnir svo kvótafátækir að þeir gætu hvorki lifað né dáið."

Í lögum um stjórn fiskveiða sem sett voru í maí 1990 segir í 1. gr. að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Ég er því ósammála að tilteknir einstaklingar og fyrirtæki geti selt eða leigt þessa sameign okkar, óveiddann fiskinn í sjónum fyrir stórar fjárhæðir. Það samrýmist einfaldlega ekki minni réttlætiskennd. Fyrr í vetur hitti ég að máli sjómann sem hefur gert út eigin bát í nokkur ár. Hann hafði áhuga á að fá sér aðeins stærri bát og þegar honum bauðst skyndilega tækifæri til að selja bátinn sinn kvótalausan þá sló hann til og sá jafnframt fram á að það tæki einhvern tíma að finna annan bát og ákvað því að selja kvótann sinn, 100 tonn af þorski, fyrir það fékk hann 5,5 millj. og hefði fengið 1–2 millj. meira ef hann hefði beðið í nokkrar vikur. Þessi maður sagði sem svo að það væri ekkert vit í því hjá sér að vera að kaupa bát og standa í þessu útgerðarbasli, skynsamlegast væri að skrá bara kvótann á eitthvert horn og halda áfram að leigja hann og lifa af því góðu lífi. Svona hefur kerfið verið og í tillögum hæstv. sjútvrh. er þó komið í veg fyrir slík viðskipti þar sem lagt er til að fiskiskip sem veiða minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum tvö fiskveiðiár í röð missi veiðileyfi og aflahlutdeild sína. Þessi breyting er vissulega til bóta og þrengir nokkuð þann ótakmarkaða rétt sem kvótahafar hafa haft til að versla með fiskinn í sjónum.

Mér finnst að framsal eigi fyrst og fremst að miðast við færslu aflaheimilda milli eigin skipa og skipti á fisktegundum við aðrar útgerðir og einnig að taka þurfi tillit til ófyrirsjáanlegra atvika svo sem stærri bilana eða tjóna. Beinar sölur eða leiga á sameign þjóðarinnar, fiskinum í sjónum, finnst mér ekki eiga rétt á sér.

Það eru vissulega athyglisverðar tölur sem Fiskistofa hefur birt um tilfærslur á aflaheimildum á síðasta fiskveiðiári en þá voru færð um 50 þús. þorskígildistonn af botnfiski og yfir 20 þús. þorskígildistonn af öðrum fisktegundum milli skipa af 1.200–.1300 útgerðaraðilum.

Í sameiginlegri yfirlýsingu sem Farmanna- og fiskimannasamband Íslands, Vélstjórafélag Íslands og Sjómannasamband Íslands sendu frá sér í vetur segir m.a., með leyfi forseta:

„Framangreind hagsmunasamtök sjómanna lýsa yfir fullri andstöðu við framsali á veiðiheimildum, þ.e. sölu á óveiddum fiski innan gildandi kerfis um stjórn fiskveiða.

Reynsla síðustu ára hefur leitt til aukinnar andstöðu samtaka sjómanna gagnvart óheftu framsali veiðiheimilda og nú er svo komið að mælirinn er fullur. Sjómannasamtökin telja að nú sé komið að vendipunkti í þessu máli."

Þetta eru skýr skilaboð og ég held að þeir sem mest hamast gegn breytingum á framsali aflaheimilda ættu að gefa þeim gaum. Varla hvarflar það að nokkrum manni að þetta kerfi haldi velli í fullkominni andstöðu við samtök sjómanna. Þessi sömu samtök settu einnig fram tillögur um breytingu á kvótalögunum. Í fyrsta lagi var þar lagt til að heimild til að framselja leigukvóta verði afnumin nema þegar um er að ræða jöfn skipti á kvóta milli skipa. Í öðru lagi var lagt til að heimild til framsals á væntanlegum kvóta verði takmörkuð þannig að endurframsal geti fyrst átt sér stað að fimm árum liðnum frá upphaflegu framsali. Í þriðja lagi kæmi svo til sérstakt ákvæði til að tryggja að leyfilegur heildarkvóti veiðist innan fiskveiðiársins. Til greina kæmu tvær leiðir. Annars vegar að kvóta verði

skilað inn til endurúthlutunar og í öðru lagi að frjáls sókn verði leyfð í þeim fisktegundum sem útlit er fyrir að ekki veiðist upp í leyfilegan heildarkvóta. Þessar tillögur eru vissulega athyglisverðar og hefði gjarnan mátt taka meira tillit til þeirra við þær breytingar sem nú eru fyrirhugaðar á lögunum um stjórn fiskveiða.

Í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða segir að markmið laganna sé að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Það er mín skoðun að þetta hafi ekki tekist sem skyldi og að útfærsla laganna byggi nær eingöngu á hagsmunum handhafa veiðiheimildanna sem geta gert nánast hvað sem þeim sýnist við þær veiðiheimildir án tillits til atvinnu og byggðar í landinu. Þetta kemur hvað best í ljós þegar handhafar veiðiheimildanna ráðstafa þeim með því að flytja vinnslu fisksins út á sjó í stórauknum mæli. Afleiðingin er náttúrlega samdráttur í fiskvinnslu í landi, minni verðmætasköpun fiskvinnslu á viðkomandi stað, vannýtt fjárfesting í fiskvinnsluhúsum vegna hráefnisskorts, aukið atvinnuleysi fiskverkafólks, samdráttur hjá iðnaði og öðrum þeim sem veita fiskvinnslunni þjónustu, tekjusamdráttur sveitarfélaga vegna minni umsvifa atvinnulífs og einstaklinga og auknar greiðslur atvinnuleysisbóta. Þess vegna er það nauðsynlegt að lög um stjórn fiskveiða taki tillit til heildarhagsmuna og að útfærsla þeirra sé þannig að það gangi eftir. Þetta skiptir auðvitað miklu máli þar sem afkoma þjóðarinnar er jafnháð þróun og verðmætamyndun í sjávarútvegi og raun ber vitni.

Fullvinnslumöguleikar fiskafurða eru miklu minni um borð í skipum en í fiskvinnsluhúsum í landi. Þess vegna þýðir stöðug fjölgun svokallaðra fullvinnsluskipa í rauninni að fiskvinnslan þróast sífellt í átt til meiri hráefnavinnslu með minni verðmætasköpun í heild. Þegar leyfður afli dregst stöðugt saman er auðvitað brýn nauðsyn að auka fullvinnslu enn frekar með vöruþróun og markaðssókn. Góður árangur á því sviði er ein af forsendum fyrir auknum hagvexti, verðmætasköpun og bættum lífskjörum.

Það voru athyglisverðar tölur sem fram komu í bréfi sem Landssamband smábátaeigenda sendi sjútvn. Alþingis í síðasta mánuði. Þar var gerður samanburður á tveimur stórum útgerðarfyrirtækjum á Akureyri, Samherja og Útgerðarfélagi Akureyringa. Þar kemur fram að kvóti fyrirtækjanna var svipaður á síðasta fiskveiðiári. ÚA hafði 13.860 þorskígildi en Samherji 13.427. Velta ÚA var hins vegar 86% meiri eða 3.052 millj. á móti 1.644 millj. hjá Samherja. Og starfsmannafjöldi var meira en fimmfaldur eða 460 hjá ÚA en 90 hjá Samherja. Skýringin á þessum mikla mun er sjálfsagt fyrst og fremst sú að ÚA vann allan sinn afla í landi en Samherji er með mikla fullvinnslu um borð í sínum skipum. Nú má vera að einhver hluti af afla Samherja sé unninn af öðrum í landi en þarna er eftir sem áður um gríðarlegan mun að ræða á veltu og störfum.

Skipum sem vinna aflann um borð hefur fjölgað mjög ört á undanförnum árum. Samkvæmt skýrslu tvíhöfða nefndar voru þau komin yfir 70 árið 1992 og hefur fjölgað síðan. Á síðasta ári var sjófrysting á bolfiskafla um 131 þús. tonn eða 23% heildaraflans en var aðeins 7.000 tonn tíu árum áður eða 1% heildaraflans. Þetta ásamt samdrætti í afla hefur leitt til mikilla erfiðleika margra fiskvinnslufyrirtækja í landi og þeim hefur fækkað hratt á undanförnum árum. Þannig fækkaði fyrirtækjum í frystingu og söltun um 73 einungis á tveimur árum frá 1990–1992 og á sama tíma féll hlutur söltunar og herslu úr 28% í 18% af botnfiskaflanum.

Afleiðingin af minnkandi fiskvinnslu í landi er sú að störfum í greininni hefur fækkað mjög. Árið 1987 voru 9.950 ársverk í fiskvinnslu en árið 1993 var þessi tala komin niður í 6.400 og hafði því fækkað um hvorki meira né minna en 3.550 störf eða um 36%. Ef reiknað er með þeim margfeldisáhrifum sem þessum störfum fylgja í öðrum atvinnugreinum má reikna með að heildarfækkunin sé allt að 5.000 ársverk á umræddu tímabili.

Það er mín skoðun að það eigi að stemma stigu við frekari fjölgun fullvinnsluskipa en þegar er orðin nema tryggt sé að afli slíkra skipa komi að stærstum hluta til framhaldsvinnslu í landi. Með því er ég ekki að gera lítið úr útgerð þeirra fullvinnsluskipa sem fyrir eru, þeim hefur vissulega fylgt ýmislegt jákvætt, en ég tel að við verðum að líta á hagsmuni heildarinnar og framfylgja því ákvæði 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Haldi þessum skipum áfram að fjölga takmarkalaust mun það leiða af sér enn meira atvinnuleysi, gjaldþrot fiskvinnslufyrirtækja og ekki síst enn æðisgengnara kapphlaup um þann afla sem berst á land og enn hærra kvótaverð en er í dag.

Á síðasta áratug breyttist útgerðarmynstur Íslendinga verulega og má sjálfsagt að einhverju leyti rekja þá þróun til fiskveiðistjórnunarkerfisins. Smábátum fjölgaði þá mjög hratt en svokölluðum vertíðarbátum, þ.e. bátum af stærðinni 20–110 tonn, fækkaði um hátt í hundrað eða samtals um 5 þús. rúmlestir. Verulegan hluta þessarar fækkunar má rekja til kaupa stærri útgerða á aflaheimildum þessara báta. Á sama tíma fjölgaði togurum yfir 500 tonn um helming og rúmlestatala þeirra jókst um 12.000 rúmlestir.

Hæstv. forseti. Það mál sem hér er á dagskrá, stjórn fiskveiðanna, er tvímælalaust eitthvert þýðingarmesta mál sem Alþingi afgreiðir á þessu kjörtímabili. Það skiptir auðvitað meginmáli fyrir þessa þjóð hvernig til tekst með stjórn þessa undirstöðuatvinnuvegar okkar. Endurskoðun gildandi laga hefur tekið langan tíma enda gerð við mjög erfiðar aðstæður þar sem leyfður þorskafli hefur minnkað um helming á tveimur árum og flestir þeir sem við þessa grein starfa hafa orðið fyrir miklum skerðingum á aflaheimildum á þessum tíma.

Ég vil að lokum ítreka það sem ég sagði í upphafi máls míns að þó brtt. hæstv. sjútvrh. séu flestar til bóta þá vantar mikið á að niðurstaðan í heild sinni sé viðunandi, einkum hvað varðar smábátana og verslun með aflaheimildir. Einnig finnst mér vanta í þessa stefnumörkun ákvæði sem hamla gegn því að meira af fisk-

vinnslunni flytjist út á sjó. Hér er verið að móta fiskveiðistefnu næstu ára og mér finnst því miður að ekki hafi tekist nógu vel til og allt of lítið sé breytt frá þeirri stefnu sem ríkt hefur á undanförnum árum.

[12:25]

Halldór Ásgrímsson:

Virðulegur forseti. Mönnum hefur verið nokkuð tíðrætt í þessum umræðum um ábyrgð Framsfl. á því máli sem hér er til umræðu og ýmsir hafa haldið því fram að hér hafi verið gengið svo langt á vit markaðshyggju og markaðsbúskapar að ekki taki nokkru tali. Það er alveg rétt að Framsfl. ber verulega ábyrgð á því fiskveiðistjórnarkerfi sem nú ríkir í landinu. En það eru líka allir aðrir flokkar hér á Alþingi sem bera þar mjög mikla ábyrgð, nema Kvennalistinn. Því allir aðrir flokkar hafa tekið þátt í því að afgreiða þessi mál með einum eða öðrum hætti í gegnum tíðina. Það er hins vegar varasamt að vera í allt of miklum samanburði og rekja kvótakerfið alveg frá 1984 því að kvótakerfið í núverandi mynd hefur í reynd ekki verið við lýði nema síðan í ársbyrjun 1991. Fram að þeim tíma var sambland af sóknarmarksstýringu og aflamarkskerfi, m.a. til þess að koma til móts við sjónarmið þeirra sem voru andvígir kvótakerfinu og taka tillit til þeirra.

Það eru ýmsir sem sjá eftir stuðningi við mál og kom það m.a. fram hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni. En ef ég sé eftir einhverju í gegnum tíðina þá sé ég eftir því að það skuli hafa verið komið svo mikið til móts við þá aðila sem predikuðu hvað mest sóknarmarksstýringu hér á árum áður. Það eru þessir sömu draugar sem ganga aftur í því frv. sem hv. þm. Guðjón A. Kristjánsson o.fl. fluttu hér á Alþingi þar sem menn neita að viðurkenna staðreyndir og að mínu mati neita að læra af reynslunni.

Menn geta sagt ýmislegt um þetta kerfi og auðvitað hefur það sína galla og sína kosti. Það er mikið talað um að það sé hagstætt viðskiptalífinu og hagstætt fyrirtækjunum. Ég vil taka það fram vegna orða hv. þm. Hjörleifs Guttormssonar að Framsfl. hefur ávallt frá upphafi staðið með atvinnulífinu og talið að atvinnulífið skipti meginmáli fyrir velferð fólksins í landinu, það verði engin félagshyggja rekin hér í landinu nema með verðmætasköpun og það sé engin leið að reka íslenskt þjóðfélag nema mikilvægasti atvinnuvegurinn, sjávarútvegurinn, sé rekinn með hagnaði. Menn geta farið ýmsum orðum um þessa afstöðu okkar. En auðvitað styðjum við markaðsbúskap og höfum alltaf gert. Við höfum alltaf talið að fyrirtækin ættu að vera eigu samtaka og almennings í landinu en ekki í eigu ríkisins. Við höfum aldrei stutt þjóðnýtingarstefnu. Ég veit ekki hvað hv. þm. er að fara þegar hann er að mæla gegn því að þetta kerfi sé þannig byggt upp að það viðurkenni markaðsbúskap og sé rekið á grundvelli markaðsbúskapar. Ég hélt satt best að segja að allir pólitískir flokkar á Íslandi væru sammála því að markaðsbúskapur væri nauðsynlegur í okkar samfélagi, annars konar búskapur hafi verið reyndur í heiminum og hann hafi gefist illa. Það má vel vera að hv. þm. sé annarrar skoðunar en ég verð að hryggja hann með því að það hefur engin breyting orðið á afstöðu Framsfl. í þessum efnum, ekki nokkur, því þessi afstaða hefur alltaf verið með þessum hætti.

Hins vegar þakka ég hv. þm. hvað hann ber mikla umhyggju fyrir Framsfl. og lætur sér tamt að hafa miklar áhyggjur af velgengni hans hér á Alþingi. Hann virðist í reynd hafa mun meiri áhyggjur af okkar flokki en sínum eigin flokki. Hann ræðir oft um að það séu að verða veðrabrigði í þeim flokki sem séu hættuleg þjóðfélaginu og virðist þá ganga út frá því að það séu einkum veðrabrigði í þeim flokki sem skipti sköpum fyrir samfélagið. Þó ég ætli ekki að gera lítið úr stöðu míns flokks í þjóðfélaginu þá geri ég mér grein fyrir því að það er ekki hægt að ganga út frá því að nokkur flokkur fái hér meiri hluta þannig að niðurstöður mála hljóta ávallt að gerast í samstarfi tveggja eða fleiri stjórnmálaflokka hér á Alþingi og í okkar samfélagi.

Þegar menn eru að gagnrýna það kerfi sem nú er við lýði, sem er sjálfsagt að sé gert því það er ekki gallalaust, þá hlýtur það að vera skylda aðila að reyna þá að gera grein fyrir því hvers konar kerfi menn vilja hafa í staðinn og hver líkleg áhrif slíks kerfis væru á samfélagið. Mér heyrist að menn séu almennt að tala um að gera þær breytingar á fiskveiðistefnunni, þeir sem tala fyrir verulegum breytingum, sem ganga út á það að stórauka óhagræði í sjávarútveginum. Taka upp sóknarstýringu, hefta framsal og hefta athafnir manna og fyrirtækja út og suður. Þá hlýtur maður að spyrja: Hvaða áhrif skyldi slíkt nú hafa á þjóðfélagið í heild? Á byggðarlögin í landinu og einstaka aðila? Allt ber að hafa í huga í þessu sambandi því þó að þjóðfélagsáhrifin og áhrifin fyrir heildina séu mikilvæg og skipti sköpum þá verða menn jafnframt að gera sér grein fyrir stöðu einstaklinganna og byggðarlaganna í þessu samhengi og ég vil síst af öllu gera lítið úr því. Við Íslendingar erum hins vegar í þeirri stöðu að sjávarútvegurinn er okkar mikilvægasta auðsuppspretta og hann hefur því gífurleg áhrif í samfélaginu. Þessi sama atvinnugrein er mjög skuldug þegar á heildina er litið og sumir fiskstofnanna eru of veikir. Þannig eru mikilvægustu verkefni næstu ára á sviði sjávarútvegsmála að greiða niður skuldir sjávarútvegsfyrirtækjanna þannig að hann geti betur tekist á við framtíðarverkefnin, þ.e. að byggja upp fiskstofnana og á sama tíma er gert ráð fyrir því að þessi atvinnugrein geti staðið undir bærilegum kjörum í samfélaginu. Það er því ekkert smáræði sem hér er undir. Það hlýtur að vera mikil ábyrgð á okkur alþingismönnum að afgreiða slíka starfsskilyrðalöggjöf sem þessa með þeim hætti að sjávarútvegurinn geti staðið undir þessum miklu væntingum og þessum alvarlegu aðstæðum sem hann stendur frammi fyrir. Ég kann ekki önnur ráð en þau að það sé reynt að gera það með eins hagkvæmum hætti og nokkur kostur er og að það sé reynt að gera það með þeim hætti að sjávarútvegurinn geti framleitt sem mest verðmæti með sem allra minnstum tilkostnaði. Ég er alveg sannfærður um að það kvótakerfi sem við búum við í dag tryggir best þessi markmið hvort sem mönnum líkar það betur eða verr. Það er ekki þar með sagt

að það sé gallalaust og komi ekki illa við einstaka aðila í mörgum tilvikum og það sé hægt að rekja það. Og ekki er þar með sagt að hinir sömu aðilar væru betur staddir þótt breytt væri um kerfi. Ekki nema menn vilji þá strika yfir allar aðstæður eins og þær hafa verið og það sem hefur verið gert í fortíðinni og byrja upp á nýtt eins og ekkert sé og leyfa mönnum að hefja samkeppni á miðunum og berjast þar innbyrðis. En ætli það væri þá ekki líka á grundvelli markaðsbúskapar og lögmálanna um framboð og eftirspurn og samkeppni einstaklinganna. Dettur einhverjum í hug að það verði hægt að sækja á íslensk fiskimið og stunda sjó nema það verði einhver samkeppni milli aðila? Ég held að það hafi aldrei nokkrum sjómanni eða útgerðarmanni dottið það í hug í gegnum tíðina. Málið gengur hins vegar út á það að skapa leikreglur sem að sjálfsögðu hefta þessa einstaklinga í viðleitni þeirra til að skapa sem mest verðmæti og skapa þeim leikreglur þannig að þeir geti keppt sín í milli. Og það er ekki auðvelt hlutskipti og það verður að gerast með þeim hætti að uppbygging stofnanna sé tryggð til frambúðar.

Menn hafa farið mörgum orðum um það að á undanförnum árum hafi oft verið farið fram úr þeim mörkum sem fiskifræðingar hafa mælt með og það er rétt. Menn hafa hins vegar gert minna úr því af hverju það hafi gerst og viljað afgreiða það með þeim einfalda hætti að þar sé kvótakerfinu um að kenna. Það má sjálfsagt kenna því um að einhverju leyti vegna þess að það voru ýmsir lausir endar í því sérstaklega framan af árum. Stundum hafa stjórnvöld tekið ákvarðanir um að leyfa meiri afla en fiskifræðingar gerðu tillögur um á grundvelli mats á efnahagsstöðu þjóðarinnar og annarra aðstæðna. Sumar þeirra ákvarðana hafa verið réttar og aðrar rangar eins og gengur og gerist í lífinu. Ég er hins vegar sannfærður um að það er ekkert annað kerfi en aflamarkskerfið sem getur haldið best utan um það hvað mikið er veitt. Það eru svo mörg dæmi um önnur kerfi sem hafa mistekist í þessu sambandi og þar vitna ég til Evrópusambandslandanna þar sem afli hefur farið langt fram út því sem skynsamlegt er og jafnvel talið að í Norðursjónum sé á hverju ári hent á annað hundrað þúsund tonnum af fiski. (**Gripið fram í:** Er ekki kvóti þar?) (**KHG:** Það er aflamarkskerfi, er það ekki?) Í Norðursjónum er heildarkvóti og ég hef skilið það svo á hv. 3. þm. Vesturl., Jóhanni Ársælssyni, að hann vilji slíkan kvóta, hann vilji ekki óheftar veiðar heldur vilji hann einhvern hámarkskvóta en vilji hins vegar leyfa meiri samkeppni milli skipanna. Þannig skildi ég þrátt fyrir allt þetta frv. sem hér var flutt af hv. 1. þm. Vestf. og hv. 1. þm. Vesturl. er nú orðinn aðalábyrgðarmaður á. Ég skildi það þannig að þeir vildu hleypa mönnum lausum í ýmsa stofna eins og rækju og ýsu og fleira en ætluðu þá að stoppa þegar einhverju ákveðnu marki væri náð. Ég hafði skilið það svo. En það er nú bara þannig að það er stundum ekki auðvelt að stöðva menn af á miðri vertíð. Ég man það vel árið 1981 þegar það var hér gífurleg veiði á vetrarvertíð, það var nú sem betur fer sterkur árgangur sem þá kom upp og var allt of mikið veitt það ár. Mikið af þeim fiski fór í skreið. Þá var uppi umræða um að stöðva netavertíðina og banna allar veiðar. En það voru nú ekki margir sem voru á því þegar kom til þess að stoppa allt saman að styðja slíka aðgerð. Og að reikna með því að slíkt vald sé með þeim hætti í einu ráðuneyti þar sem menn loka fyrir veiðarnar ákveðinn dag, það held ég að verði ekki farsælt. Það hefur a.m.k. ekki verið farsælt í Bandaríkjunum þar sem lúðuveiðar í Alaska voru leyfðar einn dag í mánuði. Ég held að það sé búið að fækka þessum dögum og það er afleiðing af sóknarmarkskerfi. Mig minnir að síldveiðar séu leyfðar þar einn dag á ári. Gallinn við þetta kerfi er svo augljós, það er nóg af lúðu á markaði einn dag í mánuði en það er heldur lítið af henni hina 29 eða 30. Og einhverra hluta vegna verður lítill arður út úr þessu skipulagi þannig að jafnvel í þeim þjóðum heims þar sem markaðsbúskapur er nú hvað efst á blaði hefur ekki tekist betur til. Og af hverju hefur þeim ekki tekist betur til? Vegna þess að víða um heim er litið á fiskveiðar og sjávarútveg sem einhverja annars flokks atvinnugrein sem menn sætta sig við að lifi á styrkjum. Sætta sig við það að halda við óhagkvæmni og viðhalda starfseminni með margvíslegri styrkjastarfsemi, m.a. í Evrópusambandinu.

Það sem hefur verið langsamlega mest gagnrýnt í gegnum tíðina er framsal aflaheimilda. Um það hefur ágreiningurinn verið hvað mestur. Menn hafa þó haldið því fram að það sé nú allt í lagi með þetta framsal ef það er á milli skipa í eigu sömu útgerðar, það sé allt í lagi ef það eru skipti á tegundum. En ef um er að ræða að greiðsla komi fyrir þá gangi það ekki upp. Ég hef aldrei skilið þessi sjónarmið og skil ekki rökin að baki. Vegna þess að að sjálfsögðu þegar fært er á milli skipa í eigu sömu útgerðar þá á sér stað verðmætaflutningur milli skipanna, verðmætaflutningur frá einu skipi til annars og frá einni áhöfn til annarrar. Það eiga sér hins vegar ekki stað greiðslur innan fyrirtækisins í formi peninga þó að um verðmætaflutning sé að ræða. En um leið og óskyldar útgerðir og óskyldir aðilar þurfa að gera sams konar samning þá er eðlilegt að það komi greiðsla fyrir. Vegna þess að sá sem lætur aflaheimildirnar frá sér er að taka ákvörðun um það að veiða minna á sitt skip, láta það liggja við bryggju í höfninni með tilheyrandi föstum kostnaði, en láta aflaheimildirnar frá sér til annars sem getur gert það með meiri hagkvæmni þannig að sá hinn sami fær meira upp í sinn fasta kostnað. Þetta er ekki hægt að gera nema greiðsla komi fyrir. Þetta er alveg nákvæmlega sama málið. Mismunurinn er sá að það á sér stað peningagreiðsla fyrir verðmætin en í hinu tilvikinu er bara um verðmætaflutning að ræða.

Það er nú þannig að peningar endurspegla fyrst og fremst verðmæti og þess vegna gengur þessi röksemdafærsla ekki upp. Þess vegna kemur mér það óskaplega mikið á óvart að í þessu frv. sem hér er nú flutt, þá fallast menn í fyrsta skipti á þetta sjónarmið sem er órökstutt. Hins vegar hefur það verið mjög ríkt í umræðunni. Ég hef a.m.k. oft þurft að standa í því að mótmæla þessum sjónarmiðum eins og gengur og gerist í almennri umræðu og skoðanaskiptum í landinu. En núv. hæstv. stjórnarflokkar og ríkisstjórn fallast á þetta

sjónarmið. Fallast á að það eigi að gilda eitt um flutning innan sömu útgerðar, en annað ef um óskylda aðila er að ræða. Þetta tel ég vera svo alvarlegt að ég vil leyfa mér að efast um að slík mismunun standist okkar stjórnarskrá, án þess að ég ætli að vera með fullyrðingar þar um. Ég tel hins vegar vera um svo alvarlega mismunun að ræða að menn ættu að a.m.k. hafa í huga ákvæði stjórnarskrárinnar um jafnræði aðila í þessu sambandi og fara yfir það.

Því er haldið fram að þetta sé gert að kröfu ákveðins hagsmunahóps sem fari fram á það að þessari mismunun sé komið á, þ.e. að það séu sjómenn sem krefjast þess. Ég veit að þeir krefjast þess en ég tel að það eigi ekkert að láta undan þeim í því. Sjómenn geta að sjálfsögðu krafist þess að fá meiri hlutdeild í verðmætum samfélagsins og gera það og eiga að gera það og takast á eftir almennum leikreglum. En þeir eiga ekki að geta komist upp með það að krefjast þess að það sé komið á mismunun á milli útgerðaraðila í landinu. Það hefur enginn gefið þeim það vald. Alþingi Íslendinga á ekki að fara að gefa þeim það vald nú. Mér þykir líklegt að það séu til aðrir sjómenn sem munu brátt komast að raun um að með þessu sé verið að vega að þeirra hagsmunum. Og ég fullyrði að þetta mun ekki bæta heildarkjör sjómanna í landinu. Það mun gera þau verri þegar á heildina er litið. Það er svo augljóst mál að ef dregið er úr verðmætasköpun og tilkostnaðurinn við öflun teknanna verður meiri þá rýrir það kjör fólks ef ekki til skamms tíma litið þá til lengri tíma litið. Þetta er svo einfalt að í sjálfu sér á ekkert að þurfa að ræða það. Þess vegna er eðlilegt að bæði verkafólk og aðrir sem hafa hagsmuna að gæta hafi vissar áhyggjur. Það má hins vegar vel vera að ýmsir geri of mikið úr þessum áhrifum. Ég ætla ekki að vera með neinar fullyrðingar í því. Við höfum farið þess á leit að Þjóðhagsstofnun skili skriflegu áliti í þessu sambandi. Það hefur ekki enn borist. Ég vænti þess að mönnum gefist tími til að fara ofan í það og átta sig betur á því.

Það verður ekki komist hjá því ef menn ætla að gæta hagkvæmni í kerfinu að um beinar sölur á aflaheimildum geti verið að ræða. Ég nefni sem dæmi loðnuflotann sem hefur í vaxandi mæli farið út í síldveiðarnar. Loðnuflotinn hefur afar litlar þorskveiðiheimildir og hefur þess vegna ekki mikið til að skipta á. Hann getur ekki látið í té þorsk í staðinn fyrir síld. Og það eru ekki margir fyrir utan loðnuflotann sem óska eftir því að fá loðnuheimildir. Ef það á að takast að koma síldarréttindum yfir á loðnubáta verður það ekki gert í skiptum. Þess vegna verða slíkar heimildir að vera fyrir hendi, þ.e. ef menn gefa eitthvað fyrir hagkvæmnina í þessu sem oft verður til þess að halda uppi atvinnulífi á mörgum stöðum. Hér var áðan rætt um stað þar sem ég þekki vel til, Höfn í Hornafirði. Það er alveg ljóst að þar hefði verið gífurlegt atvinnuleysi á síðasta hausti ef ekki hefði verið hægt að færa síldarkvóta yfir á loðnubáta. Mér sýnist að þær breytingar sem nú er verið að gera muni gera það miklu torveldara og setja það mál í hættu.

Það má vel vera að í framtíðinni breytist aðstæður og hefðbundnir síldarbátar muni betur geta ráðið við síldina en því miður hefur það verið svo á síðustu tveimur árum að veðurfarið hefur verið með slíkum eindæmum að minni skipin hafa ekkert ráðið við það, ekki a.m.k. með sama hætti og áður var. Og það eru þessar breytilegu aðstæður í íslenskum sjávarútvegi sem verður að vera hægt að taka á. Þess vegna er hættulegt að breyta skyndilega einhverju sem menn sjá ekki fyrir.

Virðulegur forseti. Ég hafði ekki ætlað mér að halda langa ræðu. Ég ætla ekki að fara að ræða markaðsmál okkar og mikilvæga viðskiptahagsmuni og þá staðreynd að markaðir allt í kringum okkur skipta sköpum fyrir sjávarútveginn ekki síst markaðirnir í Evrópu, í Bandaríkjunum og Asíu. Ég hélt satt best að segja að allir væru sammála um að við verðum að tryggja okkar alþjóðlegu tengsl og pólitísk áhrif eftir því sem best verður við komið til að tryggja hagsmuni okkar. Um þetta eru deildar meiningar og ég ætla ekki að fara að gera það að umræðuefni hér þó að mikið tilefni sé til þess. (**HG:** En friðun hagamúsa?) Ég get ekki séð, hv. þm., hvað það kemur sjávarútvegsmálum við en þó má vel vera að hægt sé að finna einhverja 15% reglu í því til að ná fram nauðsynlegri málamiðlun þannig að menn friði þá a.m.k. 15% af stofninum. En ég hafði ekki hugsað mér að leggja til frjálst framsal í sambandi við þann stofn. En ef það mál getur að öðru leyti orðið til að bjarga því mikilvægasta sem er verið að skemma í þessu frv. þá skal ég a.m.k. ekki tefja fyrir þessu svokallaða villidýrafrumvarpi á Alþingi. Ég tel að ýmislegt þar sé til bóta en mér geðjast ekki að allri miðstýringunni sem þar á að fara fram. Ég hefði haldið að það væri hvað mikilvægast að stýra þorskstofninum af mikilli umhyggju en ég heyri að sumir hv. þm. hafa jafnvel, ég segi ekki meiri umhyggju fyrir hagamúsinni en svona óþarflega mikla þó þetta sé að mínu mati hið fallegasta dýr.

Hér eru menn farnir að fá mig til að tjá mig um óskyld mál og ekki var það hugmyndin. En ég vil að lokum segja að auðvitað skiptir hagræðingin fyrir atvinnulífið í þessu sambandi gífurlegu máli. Höfum við, eins og ég sagði áður, efni á því að tapa jafnvel milljörðum? Ég er ekki maður til að reikna það út og ég hygg að enginn geti það. En af hverju að vera að taka áhættu í því sambandi sem er engum til gagns? Ekki nokkrum manni til gagns og augljóslega bara til að gera mönnum erfiðara um vik. Leysir e.t.v. einstaka ágreiningsmál sjómanna við örfáar útgerðir í landinu en skapar vandræði í samskiptum við heildina og meiri hluta útvegsins í landinu. Hvers konar röksemdafærsla er þetta? Og það á að gera með því að taka upp mismunun sem er rökleysa. Með mikilli virðingu fyrir vinum mínum í forustusveit sjómannastéttarinnar þá get ég ekki tekið undir með þeim í þessu tilviki.

Ég tel hins vegar að það hafi verið af hinu góða hvað hefur verið mikil umræða um þessi mál undanfarna daga og vikur. Því það hefur sem betur fer orðið til þess að skapa meiri skilning á mikilvægi framsalsins sem var orðinn afar lítill, t.d. þegar sjómannaverkfallið skall á. Þá var nánast ekki talað um annað

en kvótabrask eins og allar millifærslur aflaheimilda og sölur á milli skipa væru brask. Nú geta menn litið misjöfnum augum á það hvað er brask en það hefur ekki heyrst í sama mæli undanfarna daga. Ég leyfi mér að halda því fram að í samfélaginu hafi í gegnum þessa umræðu skapast meiri skilningur á nauðsyn þessa máls og það er af hinu góða og ætti vissulega að hjálpa til á hv. Alþingi við að taka skynsamlegar ákvarðanir. Það hlýtur að vera meginviðfangsefni okkar að taka ákvarðanir sem leiða til hagkvæmni og meiri verðmætasköpunar í þjóðfélaginu. En ef menn eru hins vegar svo bundnir af einhverju öðru að þeir séu knúnir til að draga úr hagræðingu þá þurfa að vera fyrir því mjög góð rök. Ég tek ekki þeim rökum að hér megi engar breytingar gera vegna þess að annars verði gífurleg átök í samfélaginu. Það er ekki mitt mat en ég vil hins vegar taka fullt tillit til þess að okkur ber auðvitað líka að koma í veg fyrir það. Ég geri mér grein fyrir því að hér takast á margvíslegir hagsmunir sem þarf að taka tillit til en það má aldrei taka tillit til þeirra hagsmuna með því að mismuna aðilum með þeim hætti sem hér er gert. Það verður að gera öðruvísi.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti hafði hugsað sér að fresta fundi kl. eitt en ef hv. þm. er alveg að ljúka máli sínu þá gæti hann fengið tækifæri til að ljúka því. Að öðrum kosti vill forseti fá að fresta fundi og biður þá hv. þm. að fresta ræðu sinni.)

Virðulegur forseti. Ég held að það sé langbest að ég fari að ljúka þessu. Ég hef sagt mikið af því sem ég hafði ætlað mér að segja og jafnvel þótt eitthvað hafi orðið eftir þá eru næg tækifæri til að ljúka því. Hér eru mörg mál sem bíða afgreiðslu á sviði sjávarútvegsmála og engin ástæða til að setja á langa ræðu í þetta skipti.

Hitt er svo annað mál að ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. taki tillit til okkar málflutnings og ég undrast hvað margir hafa gert lítið úr þeirri gagnrýni sem hefur komið fram að undanförnu, t.d. frá svokölluðum atvinnumönnum. Menn afgreiða þá eins og einhvern þrýstihóp sem eigi ekki að taka allt of alvarlega. Þetta eru nú einu sinni aðilar sem eru ábyrgðarmenn margra stærstu fyrirtækja í landinu og fyrirtækja sem skipta sköpum í viðkomandi byggðarlögum. Aðilar sem eru að berjast fyrir lífi sinna fyrirtækja. Ég tel að það eigi að taka þá alvarlega ekki síður en aðra því ég held að þeir viti afar vel hvað þeir eru um að tala þótt þeir, eins og aðrir, kunni að krydda málflutning sinn orðum sem mætti e.t.v. sleppa eins og kemur einstaka sinnum fyrir á hv. Alþingi.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það hafa þrír hv. þm. óskað að veita andsvar og forseti ætlar að leyfa þeim að velja um það hvort þeir nota þessar tvær mínútur sem þeir fá til umráða saman eða hvort þeir skipta þannig að það sé ein mínúta í hvort sinn.

[13:03]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Það voru hugleiðingar hv. 1. þm. varðandi markaðsbúskap og markaðskerfi sem kölluðu á að ég veitti andsvar.

Ég er þeirrar skoðunar að það sem varðar þjóðnýtingu á Íslandi sé aðeins spurningin um náttúruauðlindina. Það séu náttúruauðlindirnar sem þjóðin þurfi að eiga sameiginlega, sjávarauðlindirnar, auðæfi í jörðu, landið. Þetta er það sem á að vera sameign okkar. Að öðru leyti eigum við að búa við markaðsbúskap í því formi að fyrirtækin sjái um sig og séu sjálfstæðar einingar en ekki í ríkisrekstri. Þetta hefur lengi verið mitt viðhorf.

Ég vara hins vegar við óheftum markaðsbúskap. Ég tel að hinum óhefta markaðsbúskap, sem er að færa mjög út kvíarnar þessi árin og stefnir í það sem kallað er alþjóðavæðing undir merkjum GATT og síðan hinna stóru bandalaga undir fána fjórfrelsisins, tengist slíkar hættur að þeir sem gera sér þær ljósar hljóti að gera kröfur til þess að þar séu settar hömlur. Þessar hættur tengjast í fyrsta lagi umhverfinu og í öðru lagi vinnuaflinu og aðgengi fólks til vinnu. Sívaxandi atvinnuleysi á Vesturlöndum eru afleiðingar af samtvinnuðum óheftum markaðsbúskap og tæknivæðingu sem veldur því að 35 millj. manna, 20 millj. í Evrópu, eru nú skráðar atvinnulausir.

Það eru þessar hættur sem menn verða að horfast í augu við og gera upp við sig. Ætla þeir að reisa skorður við þessum óhefta markaði eða ætla þeir að færa sig inn á þá slóð? Því miður finnst mér að Framsfl. hafi farið í öfuga átt með því að gerast talsmaður fjórfrelsisins svokallaða, hins óhefta markaðsbúskapar, að undanförnu.

[13:05]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)***:**

Virðulegur forseti. Mér þykir vænt um þá yfirlýsingu hv. þm. að markaðsbúskapur sé grundvallaratriði í okkar þjóðfélagi. Mér fannst hann vera í ræðu sinni að gera lítið úr þeim skoðunum mínum. Ég tel hins vegar að með kvótakerfinu hafi m.a. verið komið í veg fyrir það sem ég vil kalla óheftan markaðsbúskap. Með því að setja kvóta á hverja einustu fisktegund og gera það þannig að það væri hægt að halda utan um það. Í ýmsum öðrum löndum, eins og Bandaríkjunum og í löndum Evrópu, hefur verið rekinn óheftur markaðsbúskapur á þessu sviði, þ.e. það hefur engin stýring verið á nýtingunni.

Ég tel að kvótakerfið sé einmitt gott dæmi um markaðstengdan búskap þar sem menn koma fram með stefnu sem er andstæða við óheftan markaðsbúskap. Okkur kann að greina á í þessu efni, mig og hv. þm. Ég tel að fjórfrelsið sé annað mál og í því þurfi alls ekki að felast óheftur markaðsbúskapur. Hitt er svo annað mál að alþjóðlegt samstarf og alþjóðlegir markaðir eru stöðugt að verða mikilvægari og mikilvægari og við Íslendingar eigum enga aðra leið en að taka þátt í því starfi ef við ætlum ekki að einangrast. Ég veit að við erum ósammála um þetta, ég og hv. þm., en ég spyr: Til hvers leiðir slík stefna sem tekur ekki mið af því sem er að gerast í kringum okkur?

[13:07]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ég minni á að kvótakerfið er ein-

ungis tíu ára gamallt og á líftíma þess hafa að sjálfsögðu verið að þróast ýmsar viðskiptaleiðir og viðskiptaaðferðir með aflaheimildir og aflamark eða aflahlutdeildir. Það er ekkert óeðlilegt að menn þrói á sama tíma þær leikreglur sem þau viðskipti búa við. Það gerist á öllum sviðum viðskipta. Spurningin er hvort svokallaða 15% reglan dragi mjög verulega úr óhagkvæmni kerfisins. Ég vil halda því fram að hún geri það ekki. Það sem hún í rauninni takmarkar er að menn geta ekki selt frá sér aflamark og keypt það á bátinn aftur beinlínis í því skyni að lækka laun sjómanna. Það er númer eitt, tvö og þrjú.

Varðandi kvótabankana þá er þeim lokað en það kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að flytja kvóta af skipi sem ekki veiðir hann yfir á skip sem mun veiða hann. Menn munu þróa aðrar aðferðir til þess, gera framvirka samninga þar sem menn semja um afhendingu á aflamarki sem kemur ekki til afhendingar fyrr en þegar þarf að nota það. Menn munu líka þróa leiðir til að vista varanlegar aflahlutdeildir á skipum sem þeir eiga ekki. Það er svo margt sem á eftir að gerast í þessu sem ekki er til staðar í dag þannig að 15% reglan kemur ekki í veg fyrir nein hagkvæm viðskipti með aflahlutdeildir nema þau þar sem menn eru beinlínis að lækka laun sjómanna.

[13:09]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það mál vel vera að það sé rétt hjá hv. þm. að menn finni einhverjar aðrar leiðir í þessu sambandi, vista á öðrum skipum og reyni að finna nýjar leikreglur til að ekki verði dregið úr hagkvæmninni. Hver er þá tilgangurinn með þessu? Ég tel langalvarlegast að það er mismunun á milli skipanna. Ef menn vilja setja þessa 15% reglu væri miklu nær að setja hana í sambandi við öll viðskipti, líka innan eigin útgerðar. (**VE:** Innan eigin útgerðar eru ekki viðskipti.) Það eru að sjálfsögðu viðskipti innan sama fyrirtækisins. Hv. þm. veit að fyrirtæki eru oft rekin í mörgum deildum og maður getur litið á sérhvert skip sem eina deild. Það er enginn grundvallarmunur á því. Auðvitað eru verðmætafærslur á milli skipanna og það á að meðhöndla allar verðmætafærslur eins og ef menn vilja endilega hanga í þessari 15% reglu, sem ég er andvígur, þá ættu menn að gera það þá þannig að það væri í hverju einasta tilviki. Þá gæti ég best trúað að menn færu fyrst að hika því að það kæmi þá við miklu fleiri, m.a. á stórútgerðirnar í landinu, en menn hafa komist að þeirri niðurstöðu að það skuli meðhöndla þá stærri miklu betur en þá smærri. Það er merkileg pólitísk stefna en það er hins vegar ekkert annað en staðreynd að það er sú stefna sem menn hafa ákveðið að taka upp í þessu sambandi.

[13:11]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðheyrilegt að ræður manna um kvótakerfið breytast eftir því sem tíminn líður. Það er ekki svo langt síðan menn rökstuddu kvótakerfið með því að það væri sett á til að takmarka sókn í fiskstofna og til að byggja upp þessa sömu stofna. Nú kemur fyrrv. sjútvrh. og segir um kvótakerfið að það sem skipti mestu máli sé framsalið til að tryggja óheftan markaðsbúskap. Og ef menn reisa einhverjar skorður við framsali þá segir hv. þm. Halldór Ásgrímsson: Höfum við efni á því að tapa milljörðum? Það er hans mat að ef menn setja einhverjar skorður við framsali þá séu menn að fórna peningum. Megintilgangurinn sé sá að geta verslað með heimildina. Ég hélt að í sæmilega siðuðum markaðsbúskap væri frumskilyrði að menn ættu það sem þeir eru að selja en væru ekki að selja það sem þeir ættu ekki. En mér er ekki kunnugt um að nokkur maður vilji halda því fram að þeir sem eru að selja fiskveiðiheimildir eigi þær. Þeir eru að selja annað en þeir eiga sjálfir.

Það væri fróðlegt að hv. 1. þm. Austurl. svaraði því hvort hann hafi í raun verið andsnúinn þeim skorðum sem settar voru við framsali síðast árið 1990 og hvort hann hafi t.d. verið andvígur Hagræðingarsjóði sem átti að taka við þegar illa færi vegna framsalsins.

[13:13]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Nei, ég var ekki andvígur neinu af því. Það er ekki rétt að ég hafi eingöngu sagt að kvótakerfið væri til þess að takmarka sókn. Það er einn megintilgangur kerfisins. En það er líka megintilgangur kerfisins að auka hagkvæmni og gera það að verkum að hægt sé að hagræða innan greinarinnar. Ég geri mér grein fyrir því að það verða að vera einhverjar takmarkanir á framsalinu og hef staðið að því. Ég hef t.d. aldrei talið að það væri rétt að ganga svo langt að leyfa fiskvinnslukvóta vegna þess að ég hef talið, miðað við þekkingu mína á sjávarútveginum, að það geti aldrei skapast sátt um hann þó að ég geti hins vegar viðurkennt að ýmis hagræn sjónarmið geti mælt með honum. En m.a. vegna þess að ekki var tekinn upp fiskvinnslukvóti féllust menn á þessa 25% reglu sem nú á að breyta í 50% og menn tóku ekki upp neina 15% reglu á þeim tíma. Núverandi ríkisstjórn hefur boðað fiskvinnslukvóta. Hún dregur það ekki einu sinni til baka heldur setur mun meiri takmarkanir á framsalið en áður hafa verið. Ég er einfaldlega þeirrar skoðunar að það sé of langt gengið. Hv. þm. getur haft aðrar skoðanir á því. Ég tel að það sé of langt gengið og það muni hefta verðmætasköpun í sjávarútveginum, skerða kjör fólksins í landinu og ég er á móti því. Það er ekkert flóknara en það.

[Fundarhlé. — 13:15]

Útbýting þingskjala:

Atvinnuleysi fatlaðra, 211. mál, svar félmrh., þskj. 1143.

Fjárveiting úr starfsmenntasjóði, 598. mál, svar félmrh., þskj. 1142.

[14:00]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Lögin um stjórn fiskveiða hafa til langs tíma verið umdeildustu lög sem Alþingi hefur sett og sér ekki fyrir endann á þeim deilum sem fylgja þessu fiskveiðistjórnunarfyrirkomulagi sem hv. Alþingi ber ábyrgð á.

Við síðustu lagasetningu í þessu efni á árinu 1990 var ákveðið að þessi lög ættu að koma til endurskoð-

unar og svo oft hefur verið farið yfir það mál hér hvernig hæstv. ríkisstjórn hefur staðið að þeim hlutum að ég ætla lítið að endurtaka í því. (**VE:** Enda til fyrirmyndar.) En ég sé ástæðu til þess þar sem hv. 5. þm. Norðurl. v. kallar fram í að segja honum frá því að ég hafði hugsað mér að fara nokkrum orðum um áranguri nn af þeirri endurskoðun eins og hann birtist í frumvörpum ríkisstjórnarinnar og bera hann dulítið saman við þau markmið sem tvíhöfða nefndin, sem mótaði stefnuna fyrir hæstv. ríkisstjórn, lagði til. Það er nokkur munur á þeim tillögum sem Alþingi Íslendinga stendur frammi fyrir núna að afgreiða og þeim hugmyndum sem tvíhöfða nefndin lagði af stað með í hinni frægu ferð sinni í kringum landið. Ég held að það sé rétt að ég hefji lesturinn á þeim stað í bókinni þar sem tvíhöfða nefndin gerir grein fyrir aðaltillögum sínum sem hún kallar „Útdráttur úr tillögum". Á bls. 9 í þessari frægu tvíhöfða skýrslu hljóðar 1. liðurinn svo, með leyfi forseta:

„Efldar verði rannsóknir á lífríkinu í hafinu umhverfis landið. Sérstaklega verði rannsakað hvað veldur sveiflum í nýliðun þorskstofnsins, samspil mismunandi fisk-, dýra- og plöntutegunda í hafinu og áhrif veiðarfæra á lífríki og hafsbotn. Einnig verði rannsóknir á sviði fiskeldis efldar."

Þó að þetta sé háleitt og gott markmið þá hefur lítið miðað í þessu efni og síðustu hugmyndir sem heyrst hafa til að koma til móts við þetta sjónarmið er að láta litlar 50 millj. í tilefni af þjóðhátíðarhöldunum í sumar í verkefni af þessu tagi. Þarna hefði þurft að taka betur á en gert hefur verið og má taka þar undir með tvíhöfða nefndinni.

Önnur tillagan, og það er sú tillaga sem mesta umfjöllun hefur hlotið frá því að tillögur tvíhöfða nefndar komu fram, var um það að aflamarkið yrði fest í sessi. Nú verða menn að meta það við fyrirhugaða lagasetningu hvort þessi fyrirætlun tvíhöfða nefndar hefur náð fram að ganga. Það er mitt mat að þær hremmingar sem aflamarkskerfið hefur orðið fyrir í umfjöllun um tillögur tvíhöfða nefndarinnar og við undirbúning þessara lagafrumvarpa sem hér liggja fyrir sýni svo ekki verði um villst að aflamarkskerfið er ekki að festast í sessi. Baráttan gegn því er að aukast um allt land, baráttan er að harðna. Sjómenn risu gegn kerfinu og nú heyrum við í fiskverkafólki sem kemur í kjölfarið. Sjómenn fengu fram breytingar og það eru aðalbreytingarnar sem gerðar eru á aflamarkskerfinu. Þær eru vegna kröfu sjómanna. Fiskvinnslufólkið er farið að láta í sér heyra. Hverjar verða kröfur þess að lokum?

Þriðja tillagan var það að aflamark yrði sett á keilu, löngu, lúðu, steinbít og blálöngu. Hvernig fór fyrir þeirri hugmynd tvíhöfða nefndarinnar? Hún er ekki í þeim tillögum sem við erum að ræða um. Hún hefur einhvern veginn horfið.

Fjórða tillagan var um það að heimilt yrði að framselja aflahlutdeild báts yfir á vinnslustöð. Það var í tillögunum þegar þær komu fram en nú hefur hv. 5. þm. Norðurl. v. lagt til að hætt verði við þetta.

Sjötta tillagan var um það að ákvæði um framsal skipa og veiðiheimilda á milli byggðarlaga yrði óbreytt. Háleitt markmið. Það stendur enn. Það hefur ekki verið breytt neinu í því efni.

Síðan kom tillaga um það að allir smábátar yrðu tekinn inn í aflamarkskerfið. Það var tillaga tvíhöfða nefndarinnar. Stendur það til? Nei, það hefur verið hætt við það. Það verður ekki af því.

Þá kom tillagan um það að tvöföldun kvóta vegna línuveiða í mánuðunum nóvember til febrúar yrði lögð af. Hvað varð af þessari tillögu? Ekki er hún í frumvörpunum.

Þá kom tillaga um að gefið yrði leyfi til að byggja fleiri en eitt skip í staðinn fyrir eitt sem yrði úrelt. Sú tillaga er í tillögunum sem við erum að fjalla um.

Þá er það tillaga um það að tryggt verði að lög um stjórn fiskveiða og önnur lög hamli ekki tímabundnum veiðum íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja. Ég veit ekki hvort þetta markmið hefur náðst. (**VE:** Jú.) Er þetta svar jú, ekki bundið þeim skilningi hv. þm. að skráningartillagan sem nú er verið að veltast með í samgn. verði samþykkt og komi til afgreiðslu í þinginu? (Gripið fram í.) Ekki það, nei.

Síðan hvatti nefndin til sameiningar sveitarfélaga og vegna þess að það var svo stór liður í mótun fiskveiðistefnu, þá er rétt að vekja athygli á því að það hefur nokkuð miðað í þessu markmiði nefndarinnar.

Þá var markmiðið um úrtaksvigtun sem ég ætla ekki að fara nánar út í sem ég held að hafi ekki unnist neitt á í.

Því næst var markmið sem nefndin setti fram um að brýnt væri að hið opinbera gerði það sem í þess valdi stæði til að mismuna ekki sjóvinnslu og landvinnslu og varað við kröfum til sjóvinnslu um óhagkvæmar fjárfestingar og rekstur. Hvað hefur gerst í þessu efni? Var það ekki rétt skilið að það ætti að jafna á hrossunum þannig að fiskvinnslustöðvarnar í landi hefðu sömu möguleika til þess að taka þátt í þessari samkeppni eins og sú vinnsla sem fer fram úti á sjó? Ég hef ekki orðið var við neinar tillögur. Eina tillagan sem gæti eitthvað tengst þessu máli var tillaga um að leyfa fiskvinnslustöðvum að eiga kvóta, en hún hlýtur ekki lengur náð fyrir augum ríkisstjórnarflokkanna.

Þá var það markmið að óheimilt yrði að fyrna kaupverð varanlegra aflahlutdeilda sem eigendaskipti yrðu á. Og hvernig fór fyrir því markmiði? Hæstiréttur kvað upp sinn dóm. Hann kvað upp þann dóm í haust að þeir sem keyptu aflaheimildir ættu að eignfæra þeir og afskrifa þær um 20% á ári. Og ég ætla að ræða betur um það síðar.

Næstsíðasta markmiðið sem sett var fram var að athafnafrelsi erlendra skipa í íslenskum höfnum yrði aukið. Þar hefur áunnist. Hér sigla menn undir hentifánum til og frá landinu og gera út undir þeim fánum, en það hefur ekki enn þá verið komið neinni skipan á þau mál sem Íslendingar geta varið gagnvart öðrum fiskveiðiþjóðum.

Að lokum benti nefndin á það að í ríkisstjórninni hefði orðið samkomulag um Þróunarsjóðinn og þess vegna gæti hún hætt að fjalla um þessi mál. Þetta var raunverulega lokaskýrsla nefndarinnar. Og ef yfir hana

er farið þá er nánast ekkert af stærri markmiðum sem nefndin setti sér í tillögum sem nú liggja fyrir hv. Alþingi. Samt gekk hv. 5. þm. Norðurl. v. í ræðustól og sagðist vera ánægður með árangurinn.

Nei, það er áreiðanlegt að þessi ganga hv. 5. þm. Norðurl. v. og síðan stríð hæstv. sjútvrh. við það að reyna að koma markmiðum tvíhöfða nefndarinnar fram í þinginu hefur verið einhver hörmulegasta saga sem maður hefur fylgst með til langrar tíðar. Og árangurinn er þessi að hér eru menn að fjalla um breytingar á fiskveiðilöggjöfinni sem fyrst og fremst er til komin vegna átaka á vinnumarkaðnum, átaka við sjómenn í þessu landi.

En því miður er ekki búið að endurskoða þessi lög um stjórn fiskveiða þannig að við getum unað við það kerfi til framtíðar sem hér gildir í þessum efnum.

Ég tel að allra alvarlegasta afleiðingin af þessu aflamarkskerfi sé ekki sú að stjórna veiðum með því að úthluta aflamarki. Það er út af fyrir sig mögulegt að gera það þó að ég telji að það sé betra að gera það með öðrum hætti. En það er eignarhaldið eða það ígildi eignarhalds sem er á veiðiheimildunum og sem þeir sem vilja halda þessu kerfi við telja að sé grundvöllurinn undir kerfinu sem er að eyðileggja fyrir okkur þessa sameign þjóðarinnar.

Ég minnti áðan á dóm Hæstaréttar. Þarf nokkur að velkjast í vafa um það að smám saman hafa útgerðarmenn í landinu verið að eflast í þeirri trú að þeir eigi þessar veiðiheimildir? Það voru dæmi um það hjá þeim gestum sem mættu hjá hv. sjútvn. að þeir sögðu að eignarhaldið á kvótanum ætti að vera skýrt og klárt, útgerðarmenn ættu að eiga kvótann, þetta ákvæði í 1. gr. laganna um sameign þjóðarinnar ætti ekki við. Við höfum orðið meira og meira varir við að það er þessi skoðun sem er smám saman að ná yfirhöndinni. Flestum útgerðarmönnum nú orðið þykir það engin goðgá og finnst það bara sjálfsagt að þeir hafi fjármuni út úr því að láta úthluta sér veiðiheimildum og nota þær ekki sjálfir. Í upphafi voru mjög fáir útvegsmenn sem gátu fellt sig við að gera svoleiðis hluti og það eru reyndar til útgerðarmenn enn í dag sem aldrei hafa selt frá sér veiðiheimildir af þeirri einni ástæðu að þeir hafa ekki talið að það samrýmdist þeirra samvisku, vegna þess að þeir hafa ekki talið að þeir ættu fiskimiðin eða fiskinn í sjónum.

Og hverjar eru svo afleiðingarnar af þessu ígildi eignarhaldsins? Þær eru mjög greinilegar. Það er farið að koma fram í þróun byggðanna með alveg sérstökum hætti vegna þess hvernig menn beita þessu ígildi eignarhaldsins.

Ég hef hér í höndum skýrslu sem atvinnufulltrúi á Vesturlandi samdi á grundvelli talna frá Fiskistofu og frá Fiskifélagi Íslands og á þeirri skýrslu má glöggt sjá hvernig ígildi eignarhaldsins á veiðiheimildunum er farið að hafa áhrif á fiskvinnsluna. Ég hef tekið eftir því að þeir sem vilja hafa þetta kerfi óbreytt hafa gjarnan gripið til þess málflutnings að benda á einstök fyrirtæki sem hafa átt mikið af veiðiheimildum og hafa notfært sér þær veiðiheimildir með alveg sérstökum hætti til þess að fá fisk frá öðrum landsvæðum og ekki bara fisk út á sínar eigin veiðiheimildir, heldur líka út á veiðiheimildir viðskiptamanna sinna. Þetta er talað um eins og einhverja óskaplega eftirsóknarverða atvinnustarfsemi. Og út á hvað fá þessi fyrirtæki viðskiptin? Þau fá viðskiptin út á það að það er orðið svo mikið af bátum sem hafa allt of lítið af veiðiheimildum og þeir neyðast til þess að afla sér verkefna með þessum hætti. Viðkomandi fiskvinnslustöðvar skammta verðið fyrir fiskinn og fá mun lægra hráefnisverð til að vinna á heldur en gerist hjá öðrum sem ekki hafa þessa möguleika. Þetta kalla menn hagræðingu. En í hverju felst hagræðingin? Ekki verður nein hagræðing af því að flytja fiskinn á milli landshluta? Það eykur að vísu atvinnu. Vörubílstjórar hafa eitthvað að gera, en það er ekki hagræðing í því. Er þá hagræðingin fólgin í því að verkefnin við útgerð aukist? Auðvitað ekki. Það er ekkert verið að veiða meira af fiski. Þetta er bara spurning um hver veiðir fiskinn. Hagræðing viðkomandi fyrirtækja byggist á lægra hráefnisverði. Þar liggur hundurinn grafinn. (**Gripið fram í:** Skertum tekjum sjómanna.) Og skertum tekjum sjómanna, hv. þm., það er rétt. Sjómenn greiða flutningskostnaðinn, sjómenn greiða niður hráefnisverðið með þessum hætti. Nú getur vel verið að íslenskir sjómenn séu á of háum launum, gott og vel. (**Gripið fram í:** Er þingmaðurinn að blessa þetta?) — Nei, þingmaðurinn er ekki að blessa þetta. — En þá eiga líka samningsaðilar þeirra að semja um ný skiptakjör og lækkuð laun en ekki fara aftan að samningum við sjómenn með þeim hætti sem þarna hefur verið stundað. Mér er fullkunnugt um það að útgerðarmenn undir forustu LÍÚ ætla að halda þessum leik áfram þrátt fyrir þá lagasetningu sem hér er til umfjöllunar í Alþingi. Það hefur komið skýrt og greinilega fram á fundum sjútvn. þar sem þessir forustumenn hafa mætt að þeir telja að þau viðskipti, sem hafa verið með þessar aflaheimildir þar sem inn í fiskverðið hefur verið tekið tillit til verðs vegna aflaheimildanna, eigi að halda áfram óbreytt. Það eigi engin breyting að verða á því. Þetta sögðu þessir ágætu menn og það er alveg greinilegt að sá slagur mun halda áfram.

Það mættu til leiks menn sem mynduðu félagsskap og kölluðu sig atvinnumenn í sjávarútvegi til aðgreiningar frá einhverjum öðrum sem eru þá ekki atvinnumenn samkvæmt skilgreiningunni. (Gripið fram í.) Það stendur hér á fyrstu síðu skjals sem þeir sendu hv. þm.: „Atvinnumenn, samstarfshópur um hagkvæma stjórn fiskveiða, örugga atvinnu og aukna verðmætasköpun til sjós og lands.“ Það var ekki minna.

Þeir sögðu í sinni skýrslu hvaða álit þeir hefðu á því ef skilningur sjómanna, þ.e. ef lögin virka eins og sjómenn ætlast til sem eru flutt í tengslum við þessar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem við erum hér að fjalla um, þá segja þeir, með leyfi forseta, í sínu skjali:

„Ef túlkun sjómannaforustunnar á orðum sjútvrh. um vinnutilhögun samráðsnefndar sjómanna og útgerðarmanna er rétt mundi útgerðarmaður vertíðarbáts þurfa að hækka launagreiðslur til sinna sjómanna í tonn á móti tonni viðskiptum um 25%. Ef framlegð þessa

báts hefði verið 10% áður yrði hún mínus 4% eftir þessar greiðslur. Allir sem vilja sjá að þessi viðskipti yrðu úr sögunni ef fiskverðið yrði hækkað á þennan hátt."

Þetta er fullyrðing þessara manna sem ættu að vita eitthvað því að þetta eru atvinnumenn í greininni, þetta eru mennirnir sem stunda þessi viðskipti. Þeir hljóta að vita hvað þeir eru að segja.

Í samningaviðræðunum í vetur fengust frammámenn útgerðarmanna aldrei til þess að meðganga það að sjómenn væru látnir taka þátt í kvótakaupum. En þessir aðilar koma með þessa yfirlýsingu og ég held að það væri kannski ráð að hæstv. sjútvrh. léti frá sér heyra um þetta mál vegna þess að þeir eru að bregðast við orðum hans í þessari yfirlýsingu, því sem hann sagði um það hvernig samstarfsnefnd sjómanna mundi virka.

Ég ætlaði að koma að því með hvaða hætti þetta virkar í byggðarlögum þar sem fyrirtæki eins og þessi eru ekki eins og þau sem ég var að lýsa hér áðan sem með þessum hætti fá til sín helmingi meiri fisk heldur en þeirra veiðiheimildir segja til um og á mun lægra verði. Ég held að tölurnar tali skýrustu máli. Ég hef hér tölur um það hvernig landaður afli hefur breyst á Vesturlandi, þ.e. hvernig afli er unninn á svæðinu og hvar hann er þá unninn ef hann er ekki unninn á svæðinu. Þá kemur í ljós að á Vesturlandi er heimaunnið, heimalandað og unnið heima, 45% af aflanum sem kemur að landi. Tæpt 41% er flutt í burtu frá Vesturlandi til vinnslu annars staðar í landinu. Hvers vegna? Hvað veldur því? Það er það sem ég var að lýsa hér áðan að langstærstum hluta sem veldur því, þ.e. að veiðiheimildir á þessu svæði eru svo miklu minni heldur en sá afli sem þarna kemur að landi að mönnum tekst með þessum aðferðum sem ég lýsti hér áðan að ná fiskinum til sín í mjög stórum stíl þannig að Vestlendingar eru sjálfir rétt rúmlega hálfdrættingar í því að vinna sinn eigin fisk á móti öðrum í þessu landi. (**Gripið fram í:** Þetta er markaðsbúskapurinn.) Þetta er auðvitað markaðsbúskapur, en guð almáttugur. Ef þetta eru verslunaraðferðir sem eiga að vera löggiltar í markaðsbúskap, þá held ég að það muni ýmsir ekki skrifa upp á hlutina. Er það t.d. ásættanlegt fyrir formann Verslunarráðsins sem hefur mælt með þessu kerfi að það skuli vera byggt upp með þeim hætti að ákveðinn hluti af útgerð og fiskvinnslu í landinu hafi aðgang að hráefni á miklu lægra verði heldur en aðrir sem ekki hafa þessa möguleika? Og hvaða áhrif hefur þetta til framtíðar litið?

Ég held að það þurfi ekki að fara í neinar grafgötur með það því að sannleikurinn er sá að það getur enginn í útgerð í okkar landi keppt um kaup á veiðiheimildum við aðila sem vinna með þessum hætti. Það er ekki hægt. Þar af leiðir að það verða svona fyrirtæki sem eignast allar veiðiheimildirnar. Vilja menn það? Ég tel að það sé röng stefna. Útgerðarmaður sem ekki er í fiskvinnslu t.d. á ekki þennan möguleika. Hann getur ekki notfært sér þennan mismun á hráefnisverði sem er myndaður með þessum hætti. Og það er ekkert smávegis á ferðinni. Leiga aflaheimilda í dag, síðustu tölur eru 73 kr. fyrir þorskinn. Það er hægt að komast yfir aflaheimildir ef maður er í slíkri aðstöðu sem ég var hér að lýsa miðað við þá verðlagningu. Er það virkilega þannig að þeir menn sem vilja hafa þetta svona áfram geri sér ekki grein fyrir því að það er verið að sporðreisa öllu atvinnulífi í landinu ef þetta fær að halda áfram? Og gera þeir sér ekki grein fyrir því að fram undan verður einhver mesta styrjöld sem hefur verið háð um atvinnulífið í landinu ef þessu heldur fram? Því að hvert einasta byggðarlag sem ætlar að lifa af verður að fara í þennan slag. Bæjarútgerðirnar eru byrjaðar að verða til allt í kringum landið. Þetta er einhver öflugasta hvatning til félagslegrar útgerðar sem hægt er að hugsa sér. En hvað kostar hún? Hún kostar það að þessi byggðarlög verða að leggja slíka fjármuni til útgerðar á sínu svæði að þau standa ekki undir því vegna þess að aflaheimildir eru svo dýrar. Þær eru svo dýrar að það er ekki möguleiki að kaupa skip og aflaheimildir og mynda þannig fyrirtæki þó að menn leggi fram eðlilegt hlutafé. Þó að menn leggi fram mikla peninga þá er ekki hægt að mynda eðlilega rekstrareiningu með því að kaupa skip og aflaheimildir. Það virðist aldrei ætla að ganga inn í höfuðin á þeim mönnum sem vilja hafa þetta kerfi svona áfram, að það er að ganga að endurnýjun í greininni dauðri. Ungu mennirnir sem komu inn í útgerð á Íslandi koma ekki þangað lengur. Það er enginn möguleiki til þess. Það er verið að búa til einstefnuloka yfir á stóru og öflugu fyrirtækin og ég er sannfærður um að það á eftir að valda úrkynjun og óhagræði í útgerð í okkar landi.

En það er ein afleiðing sem ég held að þessir hv. þm. sem vilja hafa kerfið óbreytt og eru að greiða þessum tillögum atkvæði sitt sem hér liggja fyrir á grundvelli þess að þeir séu að verja kerfið þó að þeir hafi þurft að hrekjast undan eins og raun ber vitni, þá er það eitt sem þeir virðast ekki vera farnir að gera sér grein fyrir og það er að ef menn halda þessum leik áfram þá mun krafan um það að þjóðin fari að selja mönnum þessar veiðiheimildir eflast og það verður ekki lengi undan henni vikist ef menn ætla að halda áfram þessum verslunarháttum með veiðiheimildirnar. Þeir sem hafa verið harðastir gegn slíkum hugmyndum hafa verið útgerðarmenn sjálfir. Sömu mennirnir sem hafa verið að verja þetta kerfi eru í raun og veru að grafa sína eigin gröf.

Síðan eru það ákveðnir hlutir sem er ákaflega erfitt að sætta sig við að skuli ekki vera tekið á í þessum fátæklegu brtt. við þetta fiskveiðistjórnarkerfi sem nú liggja fyrir. (**StG:** Finnst þér þær vera fátæklegar?) Mér finnst þær vera fátæklegar, einfaldlega ... (**StG:** Mér sýnist þær vera upp á milljarða.) Mér finnst þær vera fátæklegar vegna þess að það eru svo fjölmargir gallar eftir á þessu kerfi og það eru gallar sem kosta lífríkið í hafinu og þar með þjóðarbúið stórkostlega fjármuni. Það er t.d. helvíti hart að það skuli ekki vera neitt í þessu kerfi, í þessum tillögum sem kemur til móts við þær kröfur sem menn hafa verið að gera um það að kerfið hætti að hvetja menn til þess að kasta afla í sjóinn. Ég held að þeir menn sem ætla að styðja

tillögurnar óbreyttar ættu að velta því alvarlega fyrir sér hvort þeir ætla að stuðla að því að það verði í meira og meira mæli verið að henda fiski í sjóinn á miðunum hérna. Ef einhverjir þurfa að hrista höfuðið yfir þessu (**Gripið fram í:** Hvað er miklu hent?) og spyrja hversu miklu er hent ...(**Gripið fram í:** Frammararnir sem ekkert vita.) Það er mjög góð spurning, en ég hef mjög gott svar við því hvernig á að fá svar við þessari spurningu. (**Gripið fram í:** 50 þús. tonnum.) Svarið er hægt að fá með því að styðja tillögu Alþb. í þessu efni. (**Gripið fram í:** Um hvað?) Við erum hér með brtt. við þetta frv. þar sem við erum að leggja til að mönnum verði gefinn kostur á að koma að landi með þann afla sem nú er hent í sjóinn og fá að landa honum utan kvóta. (**StG:** Og borga hvað fyrir hann?) Fyrir hann ætti síðan að ákvarða mjög lágt verð, það lágt að menn mundu ekki stunda þessar veiðar í hagnaðarskyni en þó það hátt að menn hefðu fyrir því að kútta aflann og koma með hann að landi. Það þarf ekki að vera mjög hátt verð.

Ég held að ef þessi tillaga yrði samþykkt, þá fengjum við að sjá eftir að árið væri liðið að það eru feykilega háar tölur á ferðinni í því sem menn henda í sjóinn af fiski. Á fund sjútvn. mætti t.d. einn skipstjóri sem sagði frá því sjálfur og stakk þar með upp í suma af nefndarmönnum sem hafa haldið því fram að það væru engar sannanir fyrir því að menn væru að henda fiski í sjóinn. Þessi ágæti maður sagði að hann henti öllum dauðblóðguðum fiski í sjóinn sem hann fengi þorskanetin. Af hverju? Það er bara svo hátt verðið á leigukvótanum að við höfum ekki efni á því að koma með hann að landi, sagði maðurinn. Og eru menn svo að halda því fram að þetta kerfi valdi því ekki að afla sé hent í sjóinn fram yfir það sem áður var? Hér höfum við fengið þau svör hvað eftir annað að fiski hafi alltaf verið hent í sjóinn, en fiski hafi aldrei verið hent í sjóinn af þessum ástæðum fyrr en þetta kerfi var til staðar.

Við þekkjum miklu fleiri sögur af því hvernig farið er á bak við kerfið. Við vitum að afla hefur verið landað og hann hefur verið kallaður allt öðrum nöfnum heldur en sá fiskur hefur heitið í munni þjóðarinnar sem raunverulega hefur komið að landi. Við vitum að afla hefur verið landað og því haldið fram að hann væri ókúttaður en hann hefur raunverulega verið kúttaður. Þannig hafa menn raunverulega sparað sér 10% í kvóta. Við heyrum talað um það að sum byggðarlög hafi á sér ákveðin nöfn. Það hefur t.d. verið talað um eitt byggðarlag hér ekki langt frá sem menn kalla fríhöfn. (Gripið fram í.) Já. Og það er talað um að þar komi menn og landi á næturnar af því að það sé eitthvað þægilegra að fást við þá hluti þar en annars staðar. (**Gripið fram í:** Hvar er hún?) Ég ætla ekki að svara því hvar sú höfn er. Ég veit að það kann að vera að sumt af þessum sögum sé skreytni en það er líka margt af því satt og það veit ég vegna þess að ég hef talað við þá menn sem standa í þessum hlutum sjálfir og lýsa því fyrir manni í hvernig aðstæðum þeir að vinna. Þetta viðgengst um allt land, þessar aðferðir. Það er ekki tekið á þessu í frv. og það er ekki gott.

Tillaga 16-menninganna í þessu efni sem lögð var hér fram um 15% aukaafla hefur ekki komið til umræðu hér í þinginu og þó að ég hafi skrifað upp á þá tillögu, þá hafði ég ekki möguleika á að hafa áhrif á það hvernig hún var sett fram en ég taldi rétt að styðja hana vegna þess að bæði markmiðin í þeirri tillögu eru góð. Ég hefði hins vegar kosið að þau væru pínulítið öðruvísi fram sett og ég tel að sú tillaga sem ég var að lýsa hér áðan um það að reyna að koma í veg fyrir það að fiski sé hent í sjóinn með þeirri aðferð sem hér var nefnd geti vel gengið og hún gæti gefið okkur miklar upplýsingar um það hvernig menn eru að ganga um auðlindina. Síðan ætti að selja þennan fisk til hæstbjóðanda í landi og mismunurinn á því lága verði sem útgerðin fengi og því sem síðan fengist fyrir fiskinn gæti þá runnið í þyrlukaupasjóð Landhelgisgæslunnar. Og ekki veitir af. Ef einhver slíkur tekjustofn yrði til þá gæti það kannski orðið til þess að menn tækju þá ákvörðun um að kaupa þyrlu ef það væri hægt að fjármagna það að einhverju leyti með svona aðferð. En aðalatriði málsins er hitt að við þurfum að ganga betur um auðlindina heldur en við gerum og við megum ekki hafa stjórnkerfi í gangi sem hvetur til þess að ganga illa um auðlindina.

Ég ræddi hér dálítið um verðþróun aflaheimildanna og hversu gífurlega hátt verð er nú á leigukvótanum. Þeir sem allt þóttust vita um þróun þessa kerfis sögðu í upphafi þegar þetta kerfi varð til að verð á aflaheimildum yrði hátt í upphafi. Síðan mundi það lækka. Nú er þetta kerfi búið að vera í gildi í 10 ár. Hafa menn séð að það væri að lækka verð á veiðiheimildum? Ég held að það hafi hvergi komið fram. Ég held þvert á móti að verð á veiðiheimildum hafi sífellt verið að hækka og það sé sífellt lengra bil á milli hagkvæmninnar í því að kaupa nýtt skip og aflaheimildir á það til þess að gera út þannig að það sé út í fjarskanum að endurnýjun geti orðið með eðlilegum hætti í útgerð á Íslandi.

Það eru miklu fleiri hættur sem fylgja þessu kerfi og eru tengdar þessum eignarrétti á veiðiheimildunum heldur en ég hef hér nefnt. Ég tel að alvarlegasta hættan sé sú að veiðiheimildirnar verði að einhvers konar verslunarvöru nánast á kostnað útgerðarinnar. Í það er þróunin að stefna. Það verður öll útgerð í landinu að borga auðlindaskatt til veiðiréttareigendanna með þessu fyrirkomulagi innan tíðar. Það er orðið svoleiðis í stórum hluta af útgerðinni. Og þróunin er svo hröð að menn virðast jafnvel ekki hafa áttað sig á því, sumir hv. alþm. jafnvel, hve hröð þessi þróun er. Er það t.d. eðlilegt að það sé orðið meira en helmingurinn af veiðiheimildunum sem úthlutað er á hverju ári sem skiptir um eigendur á árinu? Átti ekki þetta kerfi að tryggja fyrst og fremst verkefni fyrir þá sem ætluðu að vera í alvöruútgerð? Áttu þeir ekki að fá til sín aflaheimildirnar? (**Gripið fram í:** Lífskjör fyrir þjóðina.) Lífskjör fyrir þjóðina, sagði hv. þm. Auðvitað á þetta kerfi að tryggja lífskjör fyrir þjóðina. En ég held að verslunin með aflaheimildirnar geri það ekki út af fyrir sig og menn verði að finna aðra leið til þess að tryggja þjóðnni lífskjör heldur en kaupa og selja hverj-

ir öðrum aflaheimildir fram og til baka.

En hvað er það sem þetta bendir til? Af hverju er svona mikið af leiguheimildum í gangi í þessari útgerð? Hvers vegna selja menn ekki veiðiheimildir endanlega sem þeir eru ekki að nota? Jú, skýringin liggur í því sem ég var að lýsa hérna áðan. Menn nota aflaheimildirnar í öðrum tilgangi, ekki til þess að vera endilega að veiða sjálfir heldur til þess að græða á sjálfum aflaheimildunum, fá til sín afla á lægra hráefnisverði heldur en gengur á markaðnum. Og þó að slík fyrirtæki geti kannski sýnt hagnað, þá eru þessi fyrirtæki ekki endilega betur rekin en önnur fyrirtæki og skila ekki endilega meiri þjóðhagslegum arði heldur en önnur fyrirtæki. Þau eru einfaldlega að vinna á lægra hráefnisverði. Þetta virðist komast illa til skila, að menn átti sig á því hver þessi gullfótur er undir rekstri þessara fyrirtækja. Það eru tekin viðtöl við forustumenn þeirra og þeim er hælt á hvert reipi fyrir hvað þeir séu sniðugir, hvað þeir séu góðir í rekstrinum. Það er ekkert út á þessa menn að setja. Þeir eru að vinna í þessu kerfi og þeir hafa haft leyfi til að vinna svona eins og gert er. En það er Alþingi Íslendinga sem ber ábyrgð á þessu og það er gjörsamlega óviðunandi að Alþingi Íslendinga víki sér undan þeirri ábyrgð. Ábyrgðin felst í því að í fyrsta lagi segi Alþingi Íslendinga: Þjóðin á þessa auðlind sameiginlega. Síðan ákveður Alþingi Íslendinga að leyfa þá framkvæmd að útgerðarmenn eigi eða hafi ígildi eignarréttar á auðlindinni og megi nota hana með þessum hætti, að mismuna mönnum sem eru í útgerð og fiskvinnslu í landinu eftir því hvers konar munstur er í útgerð og fiskvinnslu. Þeir stóru verða stærri og stærri og þróunin er mjög hröð. Það hefur verið sýnt fram á það að þessi þróun hefur aukið hraða sinn með hverju einasta ári og sérstaklega síðustu þrjú árin. En það er að byrja að síast inn í höfuðin á þeim sem ekki hafa tekið þátt í þessu kapphlaupi að nú verði þeir að vera með ef þessu verður haldið áfram og það er núna að myndast nýtt kapphlaup. Sveitarfélögin allt í kringum landið eru að leggja af stað og það verður dýr byggðakvóti sem þannig myndast, því miður. Það mun taka mörg ár fyrir sveitarfélögin allt í kringum landið að tryggja sér veiðiheimildir og til að hafa tangarhald á þeim þarf mikla peninga. En það er það sem verið er að etja mönnum út í með þeim stjórnunaraðferðum sem hér eru í gildi í landinu.

Síðan er eitt sem ekki má gleyma og það er að allir aðrir aðilar heldur en þeir sem standa í útgerð og fiskvinnslu, eins og ég var að lýsa hérna áðan, þurfa auðvitað að fara að vinna með sams konar aðferðum. Við höfum séð hvernig fiskmarkaðirnir hafa reynt þetta, að kaupa veiðiheimildir og fara síðan að versla með þær tonn á móti tonni og annað því um líkt til þess að ná fiski inn á fiskmarkaðina. Halda menn virkilega að aðrir aðilar sem hafa keypt veiðiheimildir hér í landinu, hafa keypt fisk hér í landinu, þurfi ekki að taka þátt í þessu, þeir sem hafa verið að flytja fiskinn út t.d.? Þeir verða ekki heldur samkeppnisfærir á markaðnum nema þeir eigi veiðiheimildir og geti fengið fiskinn á lægra verði. Menn eru þegar farnir að færa sig í áttina. Þeir eru farnir að skaffa veiðiheimildir sumir hverjir, sem flytja beint út fisk. Og hvað þýðir það? Það þýðir að fiskurinn verður fluttur út á þessu lága verði. Á þessu lága hráefnisverði sem verður til í krafti veiðiheimildanna verði fiskurinn fluttur út. Og það verður meira og meira sem þannig tapast úr landinu því að auðvitað munu allir berjast með sömu ráðum og það veit hv. þm. Vilhjálmur Egilsson vel að er nú bara eðli markaðarins að ef menn finna nýja leið, þá verða hinir að beita henni líka sem eru að vinna á þessum markaði. Það eru útflytjendur að gera líka og það virðist hafa gleymst þegar menn voru að skapa þetta kerfi.

Þá verður mönnum líka hugsað til þess að Íslendingar eru að opna sitt land fyrir erlendu fé og þeir ætluðu að reyna að hafa sinn sjávarútveg lausan við þá möguleika sem útlendingum er gefinn til þess að starfa í atvinnulífinu á Íslandi. En þetta kerfi, þetta galopna kerfi sem við búum við núna, gefur útlendingum auðvitað færi á því að komast yfir þessar veiðiheimildir. Og skyldu þar ekki geta verið æðimiklir hagsmunir á ferðinni fyrir stór útgerðarfyrirtæki, stór fisksölufyrirtæki sem starfa á erlendum mörkuðum að tryggja sér hráefni frá Íslandi þegar lykillinn að því væri sá að ná tangarhaldi á veiðiheimildum?

Eitt af því sem hefur verið mest um rætt í sambandi við breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða er hlutur smábátaútgerðarinnar í veiðinni undanfarin ár og hvað þessir litlu bátar eigi að fá að veiða í framtíðinni. Og þar hefur sérstaklega verið umræða um bátana undir 6 tonnum, svokallaða krókaleyfisbáta, og reyndar aflamarksbáta sem eru undir 6 tonnum líka.

Eins og ég minnti á áðan lagði tvíhöfða nefndin til að þessir bátar færu allir á aflamark. Sú tillaga varð ekki ofan á heldur var búin til samsuða úr ýmsum hugmyndum, reynt að þrengja möguleika þessara báta með einhverjum hætti til þess að veiða. Ég verð að segja það alveg eins og er að sú tillaga sem hér liggur fyrir fyrir litlu bátana er vond. Ég tel að þessar sóknartakmarkanir sem á þá eru settar séu orðnar það miklar að raunverulega sé engin skynsemi í öðru heldur en að ganga þá alla leið, þ.e. að láta þessa aðila hafa möguleika til þess að velja sjálfir hvenær þeir fara á sjó, úthluta þeim þá færri dögum heldur en þarna er gert og láta þá sjálfa velja dagana. Það er auðvelt að gera þetta. Við erum ekki með tillögu um það nú að gera þetta með þessum hætti sem ég ég er hér að lýsa vegna þess að við töldum það ekki þjóna tilgangi að flytja þá tillögu núna, en ég tel að það þurfi að taka til sérstakrar athugunar í því skyni að skapa öryggi í þessari útgerð bæði hvað varðar líf og heilsu manna sem þessa útgerð stunda og líka til að skapa öryggi hjá þeim í sínum atvinnuvegi þegar búið er að ákveða að banna mönnum að fara á sjó í nærri fimm mánuði á hverju ári og síðan koma auðvitað náttúrulegir banndagar þar ofan á sem enginn veit hvað verða margir, því að guð almáttugur hefur ekki gefið út neinar tilkynningar um hvað það verði hvasst, þá geta þessar sóknartakmarkanir komið mjög illa út fyrir þessa báta. Ég tel að það hefði verið auðvelt að leysa þetta mál

með því að gefa þessum aðilum tækifæri til að velja sína daga sjálfir, hvenær þeir færu á sjó. Þeir fengju bara að fara ákveðið marga daga á sjó. Möguleikinn til að fylgjast með þessu er fyrir hendi og ég held að það einfaldasta væri hreinlega að skrá þá daga sem bátarnir eru í landi. Það væri einfaldasta aðferðin. Það væri auðveldast að fylgjast með því. Hver útgerðarmaður yrði að framvísa uppáskrifuðu korti frá hafnarverði í hverri höfn um það að hann hefði verið í landi þennan dag og það fylgi þá hans aflaskýrslu á þriggja mánaða fresti hve margir landlegudagar væru þar inn kvittaðir.

En það hefur ekki verið auðvelt að fá menn til að hlusta á hugmyndir í þessu efni og niðurstaðan er eins og hún liggur þarna fyrir. Það er þó eitt sem ég get ekki annað en gagnrýnt að skuli ekki vera gert og það er að ekki skuli með neinu móti komið til móts við þá sem verst hafa farið út úr kvótakerfinu af þessum smábátaútgerðarmönnum, þ.e. þá sem eru með sína báta að aflamarki undir 6 tonnunum. Reyndar hafa margir aðrir á aflamarki farið á sama hátt illa út úr hlutunum vegna þorskskerðingarinnar og vegna þess að það hefur ekki verið vilji til þess að jafna þessari skerðingu út eins og hægt hefði verið að gera. En þarna var möguleiki. Vegna tillögu smábátaútgerðarmanna sjálfra, þá opnaðist möguleiki á að koma til móts við þennan hóp manna sem eru á aflamarksbátum undir 6 tonnum. Því tillaga smábátaútgerðarmanna var sú að þessir aðilar fengju möguleika til að koma inn í krókakerfið ef þeir vildu og það án þess að neitt breyttist í heildarafla þessara báta samanlagt.

Af hverju hefur ekki verið hægt að fá menn til að hlusta á þetta? Hverju hafa menn að tapa? Hvers vegna má ekki, þó þessi hópur manna sé ekki mjög stór, veita þeim örlítinn réttlætisvott? Ég átta mig ekki á því vegna þess að það er ekki verið að fara fram á það að hópurinn í heild fái að veiða meira. Ég bið hv. þm. stjórnarflokkanna sem styðja þetta mál að útskýra það fyrir hv. þm. hvers vegna í ósköpunum ekki er hægt að fá þessa tillögu inn. Við í Alþb. höfum flutt þá tillögu að þessum aðilum verði hleypt inn í krókakerfið. Það verður býsna gaman að heyra rökstuðning stjórnarþingmanna ef þeir ætla að greiða atkvæði gegn þeirri tillögu. Það tel ég mjög óskynsamlegt og ekki bara það, mér finnst það mjög ósanngjarnt. Mér finnst líka að það hefði hreinlega átt að vera þannig að þegar forráðamenn smábátaútgerðarinnar í landinu buðu upp á þennan möguleika tækju menn því fagnandi einfaldlega vegna þess að ekki var verið að biðja um einn einasta fisk í viðbót.

Það hefur margt verið sagt um þróun smábátaútgerðarinnar í kringum þá umræðu sem hefur farið fram um veiðiheimildirnar og núna rétt áðan var enn verið að minna á það að hæstv. fyrrv. ríkisstjórn hefði ekki staðið sig í því að stoppa af fjölgun smábáta. Ég held að það sé rétt að hv. alþm. átti sig á því að það var fleira sem olli fjölgun smábátanna heldur en það að kvótakerfið var sett á. Það má segja að sú þróun hafi byrjað einhvern tímann í kringum 1976–1977 að litlu bátunum fór að fjölga. Og það var æðimargt sem stuðlaði að því. Í fyrsta lagi var komin til landsins ný tækni í framleiðslu báta. Það var farið að framleiða þessa litlu báta úr plasti og þeir voru miklu ódýrari. Í öðru lagi varð alger bylting í veiðarfærum þessara báta. Það komu t.d. þorskanet sem voru bæði með blýteini og flotteini sem breytti þeim möguleika að gera út á þorskanet þannig að það var jafnvel hugsanlegt að einn maður gæti gert út á þorskanet. (**Gripið fram í:** Hvaða vitleysa.) Ég hef mörg dæmi um að það sé gert. En oftast nær eru menn tveir við þessa iðju. Fiskleitartækin um borð í þessum bátum núna eru eins og var í stærstu hafrannsóknarskipum fyrir fáum árum síðan. Það var því um algera byltingu að ræða í útgerð smærri báta og hún byrjaði á árunum 1976–1977.

Auðvitað kom síðan skriða á árinu 1987 sem má rekja til setningar laganna um stjórn fiskveiða af því að það voru ekki settar hömlur á fjölgun smábáta. En þetta verða menn að skoða í því ljósi að þarna var skriða komin af stað. Það bættist eitthvað við, ég veit ekki hvað mikið, en alla vega var þessi skriða komin af stað. Var þetta eitthvert óskaplegt slys? Hafa það ævinlega verið slys þegar orðið hefur breyting á útgerð í landinu? Hvernig hefði farið fyrir togarabyltingunni okkar ef við hefðum verið búnir að koma kvótakerfinu á áður en togaraöldin hófst? Hefði verið mögulegt að flytja til landsins þessi nýju skip? Hefði verið hægt að kaupa þau og setja á þau allar þessar veiðiheimildir ef það hefði verið búið að setja kvótann á? Hvað þýðir það sem er verið að gera? Er þetta ekki ávísun á það að þróunin stoppar? Ég held það og mér finnst ég sjá ýmsar vísbendingar í þá átt að aflamarkskerfið eins og það hefur þróast veldur stöðnun í útgerðinni. Sú umræða sem hefur farið fram um að það sé eitthvað ægilegt ef hlutdeild einstakra útgerðarhópa breytist innan þessa kerfis er býsna skrýtin.

Við segjum í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að við eigum þetta sameiginlega. Er það þá ekki bara rétt að við reynum að nota þessa auðlind eins og okkur hentar? Á það ekki að vera þannig? Ef það veitir þjóðinni meiri atvinnu að gerðir séu út svolítið fleiri smábátar, hvað með það? Er það ekki bara gott mál?

Við erum að missa hin raunverulegu yfirráð yfir auðlindinni með aflamarkskerfinu og þessu ígildi eignarréttar sem er á kvótanum. Ég hef áður bent á það en ég sé ástæðu til að rifja það upp. Það eru glögg dæmi um þessi áhrif. Ég vil sérstaklega minna á það dæmi þegar ákveðið var að skera verulega niður aflaheimildir í þorski. Þá hefði verið hægt að jafna þeirri skerðingu út þannig að engir hefðu þurft að tapa meira en sem svaraði 3% eða svo í þorskígildum, ef það hefði mátt jafna þessari skerðingu út. En það var ekki hlustað á þær hugmyndir vegna þess að þær röskuðu hugmyndum manna um þetta kerfi. Hefur ekki umræðan um smábátana sýnt að það er fyrst og fremst rökstuðningur að aðrir eigi rétt á því að fá að veiða þetta sem verið er að setja fram? Hverjir eiga þennan rétt? Er það ekki þjóðin sjálf? Á hún ekki bara að velja hvað henni hentar?

Ég tel að við séum komnir þarna í ógöngur sem muni leiða okkur smám saman til þeirrar niðurstöðu

sem ég lýsti fyrr að þjóðin krefjist þess að þetta verði allt saman selt. Það kerfi óttast ég því miður. Ég er mjög hræddur við þá framtíð vegna þess að ég hef ekki séð neinar hugmyndir settar fram sem ég get séð að geti gengið í því efni, þ.e. að selja veiðiheimildirnar þannig að veiðar og vinnsla í landinu verði ekki meira og minna stjórnlausar. Því ef menn fara að selja veiðiheimildir þá er væntanlega hvergi hægt að stoppa öðruvísi en að það sé þá bara frjáls sala á þeim og þeir fái að kaupa sem vilja borga mest fyrir þær og þar af leiðandi er vonlaust að skipuleggja framtíðina hjá fyrirtækjunum ef þau hafa ekki nein verkefni fyrir höndum. Ef þau þurfa að treysta á að fara á uppboðið til að kaupa aflaheimildir. (**VE:** Þú mundir setja allan fisk á markað? Er það ekki?) Ég tel að þetta frammíkall sé mjög merkilegt. Það kom frá hv. 5. þm. Norðurl. v., framkvæmdastjóra Verslunarráðsins. Hann er á móti því að setja fisk á markað. Það er mjög skrýtið fyrirbrigði. (**VE:** Enda er það álíka gáfulegt og að banna bændum að heyja.) Hæstv. forseti, hann telur það álíka gáfulegt að setja fiskinn á markað og að banna bændum að heyja. (**Gripið fram í:** Nú ertu mát.) Nú er ég mát. Ég bið hv. þm. að útskýra það alveg endilega fyrir hv. þm. og hæstv. forseta hvernig það má vera að það sé svo vitlaust að selja fisk á markaði að því sé hægt að líkja við að banna bændum að heyja.

Hæstv. forseti. Eitt af því sem hefur verið mest rætt í tengslum við kvótakerfið eru þau vandamál sem hafa skapast í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna. Vegna þess að veiðiheimildirnar hafa tekið þetta háa verð á sig hafa menn freistast til að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Það hefur tekið á sig ýmsar myndir hvernig að því hefur verið farið. En það eru mörg dæmi um það að sjómenn hafa orðið að borga í kvótakaupum stórkostlegar fjárhæðir. Ég held að ég þurfi ekki að lýsa því neitt sérstaklega fyrir hv. þm. Ég býst við að þeir viti það flestir. En ég minni á það sem ég sagði fyrr að kannski er réttast að taka bara mark á atvinnumönnunum í fiskvinnslu sem sendu okkur bréfið þar sem þeir segja að ef það verði bannað að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupunum, í tonn á móti tonni viðskiptunum, bara þeim viðskiptum, þá muni það þýða 25%. (**Gripið fram í:** Hvar segja þeir þetta?) Þetta stendur í 1. tölul. þess plaggs sem þeir sendu hv. þm. undir aðalfyrirsögninni: Hefting á viðskiptum og undirfyrirsögninni: Samráðsnefnd. Það væri rétt að hv. 4. þm. Norðurl. v. kynnti sér vel þessar fullyrðingar og spyrði kannski atvinnumennina sem sendu okkur þetta plagg svolítið út úr um það á hvaða útreikningum þeir byggja þá niðurstöðu sína að þetta muni þýða 25% hækkun á skiptaverði.

Við í Alþb. höfum flutt nokkrar breytingartillögur sem ég hef nefnt sumar hverjar í þessari umræðu en mig langar til að fara aðeins betur yfir þær. Fyrsta tillagan er um að styrkja 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða með því að bæta orðinu „ígildi eignarréttar“ í greinina. Þá myndi hún hljóða þannig, virðulegur forseti:

„Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt, ígildi eignarréttar eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.“

Það er full ástæða til þess að Alþingi Íslendinga reyni að halda utan um þetta fyrsta boðorð sem sett var í lögin um stjórn fiskveiða. Þróunin í þessu efni hefur sýnt að það er nauðsynlegt. Dómur Hæstaréttar í málinu frá því í haust þar sem niðurstaðan varð sú að það ætti að fara með þessar veiðiheimildir eins og eignir og afskrifa þær um 20% á ári mun verða til þess að útgerðarmenn í þessari grein munu líta á veiðiheimildirnar enn frekar sem sína eign því þeir hafi borgað fyrir þær fullt verð og megi afskrifa þær sem sína eign og eigi að bókfærast sem eign. Þess vegna tel ég mjög nauðsynlegt að Alþingi styrki 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða með þessum hætti.

Það er líka vegna þeirrar skilgreiningar sem ég hef oft heyrt þá sem styðja þetta aflamarkskerfi tala um það að þeir geti stutt aflamarkskerfið því þó að menn séu að kaupa og selja veiðiheimildirnar þá geti þetta verið eign þjóðarinnar þrátt fyrir allt. Ég hef aldrei skilið þennan rökstuðning. En til viðbótar hafa margir af þessum aðilum sagt: Það er ekki verið að kaupa og selja auðlindina, það er verið að kaupa og selja atvinnuréttindi. Ég vísa þessari skilgreiningu út í hafsauga. Einfaldlega vegna þess að ef menn ætla að halda því fram að þetta séu atvinnuréttindi þá er Alþingi Íslendinga með setningu laganna um stjórn fiskveiða að brjóta jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar. Því ef það eru atvinnuréttindi að veiða fisk þá eru það líka atvinnuréttindi að vinna fisk í landi og sá hópur hefur svo sannarlega verið settur hjá við setningu fiskveiðistjórnunarlaganna.

Við flytjum tillögu um breytingu á 2. gr. sem gengur út á það að þegar ekki næst að veiða upp í þær veiðiheimildir sem ákveðið hefur verið að gefa út þá verði við því brugðist. Vegna þess að auðvitað er það markmið hjá þjóðinni að nýta fiskstofnana eins og Hafrannsóknastofnun leggur til og samkvæmt þeim niðurstöðum sem síðan verða hjá viðkomandi ráðuneyti á hverjum tíma. Það er ekkert keppikefli að geyma þann fisk í sjónum sem talið er að heppilegt sé að veiða. Þó að í ýmsum tilfellum geti verið allt í lagi þótt ekki veiðist allt sem menn stefna að að veiða þá er í öðrum tilfellum mjög óheppilegt að ekki sé veitt. Þar má t.d. nefna loðnuna. Það er mjög óheppilegt og verður af því mikið tap á hverri einustu loðnuvertíð þegar menn ekki ná að veiða allan skammtinn sem ákveðið hefur verið að taka úr sjónum. Þannig hefur þetta líka verið á undanförnum árum í rækju og fleiri tegundum. Og við teljum að kvótakerfið, aflamarkskerfið, þvælist fyrir þeim útgerðarmönnum sem ekki eiga kvóta og valdi því að þessar tegundir hafi ekki náðst. Á undanförnum árum hafa verið töluverð brögð að því að ekki hafi náðst að veiða allan afla.

Ég ætla að nefna hér dæmi um stöðuna eins og hún var í fyrrasumar, þ.e. þann 12. ágúst, þegar fiskveiðiárinu var að ljúka. Þá var útgefinn ýsukvóti 48 þús. tonn. Það hafði ekki tekist þá að veiða nema 23 þús. tonn. Í ufsanum voru gefin út 70 þús. tonn en þar voru eftir 21 þús. tonn. Af skarkola hafði verið gefinn út 11 þús. tonna kvóti en tæplega 3 þús. tonn voru eftir.

Þarna var því á ferðinni verulegur munur á því sem menn ætluðu að veiða og því sem hafði veiðst.

Ég er að rifja þetta upp og koma þessum upplýsingum á framfæri vegna þeirrar gagnrýni sem hefur komið fram á frv. sextánmenninganna um það að gefa veiðar í þessar tegundir tímabundið frjálsar sem hafa valdið þeim sem verja þetta kvótakerfi miklu hugarangri því þeir urðu óskaplega hræddir um að Alþingi mundi bara samþykkja þessa tillögu. Hún er ekki komin til umræðu enn í þinginu en til þess að tryggja það nú að þeir aðilar sem hafa viljað koma því þannig fyrir að íslenskir útgerðarmenn fengju möguleika á að veiða þennan fisk þá höfum við alþýðubandalagsmenn flutt eina tillögu. Hún er ekki eins, hún er miklu varfærnari en tillagan sem var í frv. sextánmenninganna en hún gerir sama gagn að mínu viti ef hæstv. ráðherra og Hafrannsóknastofnun eru á þeirri skoðun að það hafi ekki verið vitlausar tillögur sem samþykktar voru í upphafi þess fiskveiðiárs sem um ræðir.

Tillagan hljóðar svo:

„Nú metur Fiskistofa það svo að áliðnu fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð að ekki takist að veiða þann heildarafla tiltekinnar tegundar eða tegunda sem sjútvrh. hefur ákvarðað samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar þá skal ráðherrann afnema aflamark þeirrar tegundar eða tegunda og gefa veiðar frjálsar á þeim tiltekið tímabil innan fiskveiðiársins eða til loka þess. Um slíkar ákvarðanir skal sjútvrh. hafa samráð við Hafrannsóknastofnun og þess gætt að afkomu viðkomandi stofna sé ekki stefnt í hættu. Ráðherra skal heimilt að afturkalla ákvörðun sína ef að mati Hafrannsóknastofnunar er útlit fyrir að veiðar verði meiri en að var stefnt með úthlutun aflamarks."

Þarna eru öll öryggissjónarmið höfð í fyrirrúmi í þessari tillögu þannig að gagnrýnin sem höfð var á hina tillöguna er þá ekki til staðar, vænti ég, og þeir aðilar sem gátu stutt tillögu sextánmenninganna hljóta þá að geta fylkt sér um þessa tillögu. Ég hvet menn eindregið til þess að gera það því það nær náttúrlega engri átt að við séum að hafa í gangi fiskveiðistjórnunarkerfi sem hamlar því að hægt sé að nýta fisktegundir eins og það hefur í raun og veru gert í rækjunni á undanförnum árum.

Um þróun þessa kerfis má tala langt mál. En það er eitt sem ég vil endilega koma að í þessari umræðu sem mér hefur fundist skorta á að menn skildu. Það hefur verið rekinn feykilega harður áróður vegna veiða smábáta og það hefur verið bent á að þeir væru að taka óskaplega mikið frá öðrum útgerðaraðilum í landinu. Það hefur verið reiknað út að þetta væri eftir því sem ég kemst næst 8% tap, ef ég man rétt, fyrir hina sem eiga hlut að máli. Mig langar til að benda mönnum á að í þessu kerfi eins og það hefur þróast frá því það var sett á hefur skerðing á aflaheimildum verið með alveg sérstökum hætti. Það eru ekki bara smábátar sem hafa haft aflaheimildir af hinum hluta flotans. Ég er með fyrir framan mig blað þar sem koma fram upplýsingar um kvóta skips sem búið er að gera út allan tímann frá því þetta kerfi var sett á. Þetta skip hefur aldrei tekið til sín neinar aflaheimildir, ekki keypt til viðbótar neinar aflaheimildir og aldrei selt frá sér neinar aflaheimildir. Það er þess vegna mjög fróðlegt að átta sig á því hvaða aflahlutdeild þetta skip hafði þegar kerfið var sett á og hvernig hún hefur breyst frá þeim tíma.

Í upphafi, þ.e. 1983 hafði þessi bátur sem hér um ræðir 0,246% hlutdeild í þorskafla. Á árinu 1988, varla hafa smábátarnir verið farnir að taka mikið frá honum þá, var þessi bátur komin úr 0,246% niður í 0,144%. Hann hafði engar aflaheimildir selt og engar keypt. Á árinu 1992 er þessi bátur kominn niður í 0,136% og á árinu 1995 er hann kominn í 0,104%. Hann hefur lækkað úr 0,246% niður í 0,104% á því tímabili sem kvótakerfið hefur verið í gangi. Og langstærsti hlutinn af skerðingunni gerist fyrir 1990. Þetta er rétt að menn hafi í huga þegar þeir halda sig við þann einfalda málflutning að tala um skerðingar sem séu vegna smábátanna. Það er annað sem þarf að koma inn í þá umræðu líka. Það er að inni í henni hafa menn ekki tölurnar um tvöföldunina á línuaflanum. Þar eru 17 þús. tonn á ferðinni, eða hvað? Á ekki að taka það með? Þá eru ekki heldur talin með þau 3 þús. tonn sem útlendingarnir eiga að fá að veiða hér í karfanum. Þau er ekki talið með. (**VE:** Enda er það karfi en ekki þorskur. Þú varst að tala um þorsk.) Ég er að tala um allar aflaheimildir. Það er ekki verið að tala um veiðiheimildir útlendinga í þessari umræðu.

Ég held að menn þurfi að horfa á þetta í heildina og þegar verið er að tala um skerðingu á aflaheimildum togara vegna smábáta þá hljóti menn að þurfa að taka inn í þá mynd líka skerðingu á öðrum tegundum, eða hvað? Ég vil bara að menn hafi þetta allt saman með í umræðunni og ekkert undan dregið.

Auðvitað er skerðing vegna þess að smábátar fá að veiða meira. Það er engin spurning um það. En það er líka rétt að menn muni eftir því, sem sumir virðast ekki hafa áttað sig á enn þann dag í dag, að það er í fyrsta skipti verið að draga aflaheimildir smábátanna frá heildaraflanum sem úthlutað er. Það hefur aldrei verið gert fyrr. Og að nota þetta í þessu áróðursstríði með þeim hætti sem gert hefur verið er auðvitað ekki eðlilegt. Ef menn ætla að ræða málið þá verða þeir að taka allar þessar tölur og skoða þær saman.

Mig langar til að fara örfáum orðum um hagkvæmni kvótakerfisins til upprifjunar fyrir þá sem hafa sífellt við orð í ræðustólnum að í þessu kerfi sé fólgin slík hagræðing að ekkert annað kerfi sé til í heiminum sem geti verið betra og örugglega ekki hægt að finna einu sinni upp kerfi sem er betra. Það virðist vera svo mikil sannfæring á bak við það sem sagt er í þessu efni að það sé a.m.k. ekki líklegt að nýtt kerfi myndist sem geti verið betra. Ég hef samt kallað eftir því í hvert einasta skipti sem ég hef haft tækifæri til, að biðja menn að koma með rök, athuganir, skýrslur og útreikninga á hagkvæmni kvótakerfisins. Hvað hefur birst af því taginu? Nákæmlega ekki nokkur hlutur. Enda er það ekki til. Þessi fátæklegi rökstuðningur af þessu tagi um hagkvæmni kerfisins sjálfs sem er í tvíhöfða skýrslunni nær ekki máli. Það er ekki nokkur skapaður hlutur. Þær tölur sem maður hefur verið að

reyna að fá sjálfur um þessa hluti gefa nákvæmlega engar vísbendingar nema í öfugar áttir.

Það er t.d. þannig að flotinn er að bæta meira og meira við sig í vélarafli til að veiða fiskinn. Flotinn hefur bætt við sig 90 þús. hestöflum á sl. 7–8 árum til þess að veiða fiskinn. Það er ekki verið að veiða meiri fisk í dag en það þarf meira vélarafl og auðvitað miklu meiri orku, meiri olíu, til að veiða þann fisk. Átti hagkvæmni kvótakerfisins ekki að leiða til hagkvæmni í útgerðinni? Ég hafði skilið það þannig.

Það er mín niðurstaða eftir að hafa fylgst með þessari endurskoðun laga um stjórn fiskveiða, sem er auðvitað ekki hægt að kalla því nafni nema hafa utan um það gæsalappir, að það sem er komið á borð hv. þm. er ekki endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða sem stendur undir nafni. Hér eru á ferðinni fátæklegar tillögur, flestar til þess að reyna að bjarga stjórnarflokkunum út úr þeim mikla vanda sem þeir voru búnir að stefna þessum málum í með því að taka ekki á þeim vandamálum sem upp komu í samskiptum sjómanna og útgerðarmanna og örfáar aðrar breytingar sem tekur varla að vera að tala meira um. Ég tel að aðalatriði þeirrar herferðar sem hæstv. sjútvrh. lagði í þegar hann lagði af stað með þessi frv. á sínum tíma, þ.e. að festa fiskveiðistjórnunarkerfið í sessi, hafi brugðist. Því umræðan, umfjöllunin um þetta kerfi í vetur, breytingarnar sem búið er að gera hér, hvernig menn hafa verið hraktir til baka úr einu víginu í annað og niðurstaðan sem liggur á borðum þingmanna er ekkert annað en yfirlýsing um að þetta markmið er gjörsamlega kolfallið. Fiskveiðistjórnunarkerfið hefur orðið fyrir það mikilli gagnrýni og það eru næstu hópar við næsta horn. Sjómenn hafa gert kröfurnar og fengið framgengt ýmsum af sínum kröfum til breytinga á þessu kerfi og fiskvinnslufólk er byrjað að láta í sér heyra. Þannig mun þetta kerfi hrekjast undan en því miður eru menn ekki tilbúnir til að horfast í augu við það.

Það er sífellt verið að reyna að verjast í þessu kerfi eins og það er og breyta sem minnst en þær breytingar sem stendur til að gera á kerfinu eru allar í öfuga átt við það sem hv. 5. þm. Norðurl. v. vildi t.d. fara. Hann vildi opna kerfið enn þá meira, gera verslunina með veiðiheimildirnar enn frjálsari þannig að útgerðarmennirnir, en hann ber hag þeirra fyrir brjósti, geti haldið áfram að notfæra sér kerfið með þeim hætti sem þeir gera. En honum tókust ekki þessar fyrirætlanir.

Niðurstaðan er þessi: Þessi umfjöllun hefur sannfært þjóðina um að þetta kerfi er ónýtt. Það verður ekki langt þangað til Alþingi Íslendinga stendur frammi fyrir því að þurfa að breyta því meira en gert er núna.

[15:23]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ástæðan fyrir að ekki er tekið undir þá hugmynd að kvótatrillur undir 6 tonnum geti komist inn í krókaleyfið er sú að margar af þessum krókatrillum hafa að sjálfsögðu verið að kaupa og selja aflahlutdeildir og það er ekki ástæða til að þeir sem hafa verið að selja frá sér aflahlutdeildir geti síðan komið inn í hitt kerfið og þrengt kost þeirra sem þar eru fyrir.

Varðandi þá trú hv. þm. að allur fiskur eigi að fara á fiskmarkað þá vilja þeir sem stunda fiskvinnslu sjálfir gjarnan gera út skip til að tryggja sér hráefni og aðföng fyrir sína vinnslu. Á sama hátt vill góður bóndi heyja ofan í skepnur sínar. Stundum kaupir bóndinn fóður að og stundum finnst mönnum nóg um að það sé verið að kaupa að fóður. En það að skylda fiskvinnslu til að kaupa allt sitt hráefni eða aðföng á uppboðsmarkaði er, eins og ég segi, álíka gáfulegt og að banna bændum að heyja.

Niðurstaðan af þessari umfjöllun ríkisstjórnarinnar og tvíhöfða nefndarinnar er sú að festa kvótakerfið í sessi. Það var aðaltillaga tvíhöfða nefndarinnar. Sú er niðurstaðan hér og ég hygg að sú niðurstaða verði þjóðinni til mikillar farsældar. Fiskimiðin eru sannarlega sameign þjóðarinnar. Í því felst að Alþingi setur leikreglurnar um það hvernig fiskimiðin skuli nýtt án þess að það hafi neinar eignarréttarlegar afleiðingar fyrir þá sem eiga aflahlutdeildir og að sjálfsögðu reynir Alþingi að gera það þannig að sjávarútvegurinn geti rækt það þjóðhagslega hlutverk sitt að halda uppi háu gengi og góðum lífskjörum í landinu.

[15:25]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er fyrst út af smábátunum. Þetta vandamál sem hv. þm. bar fyrir sig er ekkert vandamál. Það er einfalt að gefa þessum aðilum kost á því að koma inn í krókakerfið ef þeir hafa þar sömu hlutdeild og ekki minni en þeir höfðu á árinu 1990 eins og við erum reyndar með í okkar tillögu. Þá er hægt að setja undir þetta vandamál. Ég sé ekki annað en úr því það er þetta sem hv. þm. hefur áhyggjur af hljóti að vera hægt að leysa það með þessum hætti.

Hv. þm. sagði síðan að ég hefði verið að halda því fram að allur fiskur ætti að fara á markað. Ég hef reyndar aldrei sagt það. Ég tel aftur á móti að það væri til bóta að sem mest af fiski færi á markað og að viðskipti milli skyldra aðila væri með þeim hætti að það tæki mið af allsherjarverði á sveði sem væri hægt að kalla markaðssvæði þannig að það kæmist á eðlileg verðmyndun í fiski. Því hún er ekki eðlileg í dag. Það er ekkert eðlilegt að fyrirtæki á einum stað borgi 60 kr. fyrir fiskinn á sama tíma og verið er að borga 80–90 kr. fyrir hann í fiskmarkaðnum við hliðina á fyrirtækinu. Það er ekki eðlilegt.

Síðan sagði hv. þm. að verið væri að festa kvótakerfið í sessi með þessu. Það er fullyrðing alveg eins og það er mín fullyrðing að ekki sé verið að því. Í huga þjóðarinnar er ekki verið að festa þetta kerfi í sessi. Umræðan um kerfið í allan vetur og á sl. þremur árum hefur orðið til þess að það eru enn þá fleiri sem setja spurningarmerki og eru á móti þessu kerfi en áður var. Og ef það er að festa kerfið í sessi skil ég ekki hvað þingmaðurinn er að tala um.

[15:27]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Varðandi krókaleyfisbátana og

það þak sem sett er á heildaraflamark krókaleyfisbáta og þá staðreynd að þeir munu sækja stífar eftir að þessum reglum hefur verið breytt þá hygg ég að ekki sé ástæða til að fjölga meira í þeim hópi.

Það er að nást hér söguleg sátt í sambandi við þetta mál við sjómenn landsins eftir að þeir fóru í tveggja vikna verkfall eftir áramótin. Sú sátt styrkir mjög þetta kvótakerfi. Það er líka verið að samþykkja á því vissar breytingar til að koma til móts við þá sem viðhalda í grundvallaratriðum hagkvæmni kerfisins en kemur í veg fyrir að það sé misnotað til að halda niðri þeirra launum.

Þingmaðurinn telur sig mæla fyrir munn þjóðarinnar þegar hann talar um að kvótakerfið geti ekki staðist í þeirri mynd sem það er. En ég tel að þingmaðurinn sé svona álíka nálægt vilja þjóðarinnar í því tilviki og Þjóðviljinn sálugi var nálægt vilja þjóðarinnar í sínum skrifum oft á tíðum.

[15:29]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta með þakið og að bátarnir muni sækja stífar er að vísu játning sem ég átti ekki von á að hv. þm. mundi gera hér. Að hann trúi því sjálfur að þær reglur sem verið er að setja muni valda aukinni sókn og þar með aukinni hættu. Ég held að það væri ástæða til að skoða það betur.

Hann talaði síðan um að þetta væri söguleg sátt og að þetta styrkti kerfið. Það á eftir að sjást hvað það verður mikil sátt um þetta. Við vorum á fundi í sjútvn. í gær og þar kom skýrt fram að forráðamenn LÍÚ og forstöðumenn útgerðarinnar í landinu telja að það sé hægt að láta sjómenn halda áfram að taka þátt í kvótakaupum þó að þessi lög verði sett. Og halda menn að það hafi verið einhver sátt um það? Nei, það verður sko ekki sátt um það því það verður enn þá harðari slagur fram undan heldur en hefur verið ef slíkt á að gerast.

Ég sagðist ekki mæla fyrir munn þjóðarinnar, ég vil leiðrétta það. Ég sagði að þjóðin hefði þessa skoðun. Það er mín skoðun að þetta kerfi hafi ekki fest sig í sessi við þá umræðu sem hefur farið fram í þjóðfélaginu um það. Og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ætti að rifja upp þessar sáru endurminningar sem hann á frá fundum tvíhöfða nefndarinnar allt í kringum landið þar sem hann, í fullum húsum í sjávarþorpunum, var hrópaður niður með sínar hugmyndir um það með hvaða hætti ætti að stjórna fiskveiðum á Íslandi.

Útbýting þingskjals:

Ríkisreikningur 1992, 217. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1176.

[15:31]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér fer fram mikil og gagnmerk umræða um stjórn fiskveiða sem er stærsta mál þjóðarinnar, held ég. Það sem veldur mér vonbrigðum þegar þessi frumvörp eru loksins komin fram, bæði það sem fyrst var lagt fram og brtt. sem síðar hafa komið, er að það virðist eiga að vera óbreytt kerfi að mestu. Það hófst með því að strax á þessu kjörtímabili var um það rætt að endurskoðun fiskveiðistefnunnar lægi fyrir og samkvæmt lögum átti það að gerast með því að hafa samráð við alla aðila og hagsmunasamtök og sjútvn. þingsins. Það þarf ekki að rekja neitt frekar hvernig að því var staðið, það hefur margoft verið gert hér á undanförnum árum og einnig úr þessum ræðustól. Það endaði með því að komið var á fót hinni svokölluðu tvíhöfða nefnd sem skilaði mikilli og gagnmerkri skýrslu, sem raunar er hægt að lesa margt fróðlegt í, en markmiðin sem skýrsluhöfundar settu sér hafa ekki náðst og það er ekki hægt að sjá þau í þessum frv. eða brtt.

Ég vil þó lýsa því yfir að með þeim brtt. sem hér hafa komist fram sýnist mér að það sé rétt stefna að draga að einhverju leyti úr frjálsu framsali sem hér hefur fengið að þróast síðustu 3–4 árin og valdið miklum deilum, braski og alls konar óáran sem leiddi síðan til verkfalls sjómanna um sl. áramót. Ég tel að sú reynsla sem komin er á þetta frjálsa framsal, sem verið hefur í gildi sl. þrjú ár, hafi ekki leitt til góðs. Vera má að það hafi haft í för með sér einhverja hagræðingu milli útgerða, milli fyrirtækja, en ég tel þó að þeir gallar sem hafa komið fram á þessu frjálsa framsali séu miklum mun stærri og fleiri heldur en sú „hagræðing" sem náðist fram með því.

Það frv. sem hér er og brtt. um stjórn fiskveiða byggir sem sagt enn á því að það á að úthluta aflamarki á skip, það á að úthluta kvóta á skip. Það hefur raunar færst í vöxt að fleiri og fleiri taka sér í munn þau orð að það gangi ekki lengur að kvóta sé eingöngu úthlutað á skip. Það þurfi að taka meira tillit til byggðanna heldur en gert hefur verið. Ég á von á því að sú umræða haldi áfram að þróast og menn fari að sjá það æ betur að byggðirnar sem slíkar verði að hafa kvóta. Þær tillögur sem komu fram frá tvíhöfða nefnd um að fiskvinnslan hefði leyfi til að hafa kvóta taldi ég vera spor í rétta átt. Með því var verið að tryggja að það væri verið að skoða hagsmuni bæði veiða og vinnslu og það var jú eitt af markmiðum með endurskoðun fiskveiðistjórnunarlaganna að taka tillit bæði til veiða og vinnslu.

Það gerðist síðan í þeim samningum sem hér fóru fram í síðustu viku á milli stjórnarflokkanna að það ákvæði sem átti að koma inn sem breyting á lögunum var tekið út. Raunar hefur höfundur skýrslunnar, annar tvíhöfðinn, lýst því yfir að hann sé ósammála því og verð ég að taka undir það með honum að mér þykir mjög miður að það ákvæði skyldi vera tekið út. Það er ævinlega verið að ræða um að það þurfi að vera einhver festa í þjóðfélaginu, það þurfi að vera festa í fjármálaheiminum, festa í stjórnun, festa í skattamálum og fólk þurfi að vita eitthvað um það að hverju það gengur í framtíðinni. Menn hafa í misjöfnum mæli verið að aðlaga sig því kvótakerfi sem gilt hefur í sl. 10 ár og frá því að skýrsla tvíhöfða kom út fyrir ári síðan hafa menn horft til þess að nú mundi verða tekinn upp fiskvinnslukvóti, eins konar byggðakvóti. Sum fyrirtæki sem hafa verið að reyna að halda sínum fyrirtækjum gangandi og leitað allra leiða til hagræðingar hafa treyst á að þetta ákvæði mundi koma inn í næstu breyt-

ingar á lögunum. Ég minntist lítillega á þegar verið var að ræða um samráðsnefnd sjómanna að þetta mundi koma illa við nokkur fyrirtæki sem hefðu á síðustu missirum unnið með það í huga að þessi breyting kæmi. Menn skulu athuga að það er búið að vera að ræða um þessa breytingu á fiskveiðistjórnunarkerfinu í tvö ár.

Þegar ég ræddi þetta hér fyrir nokkrum dögum nefndi ég einmitt Tálknafjörð í því sambandi. Með leyfi forseta, ætla ég að lesa bréf sem þingmenn Vestfjarða hafa fengið frá Tálknafirði:

„Í frv. til laga um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða sem var lagt fram á Alþingi haustið 1993, var ákvæði um að fiskvinnslustöðvar mættu eiga fiskkvóta. Þegar frv. kom fram stóð svo á í Tálknafirði að kvóti togararans, bv. Tálknfirðings BA-325, sem var í eigu Hraðfrystihúss Tálknafjarðar, var orðinn allt of lítill til að tekjur stæðu undir gjöldum. Á sama tíma átti fyrirtækið Háanes hf. á Patreksfirði tvo báta, mb. Guðrúnu Hlín BA og mb. Andey BA. Sama var þarna upp á teningnum, kvótinn of lítill til að fyrirtækið gæti skilað arði. Þá ráku eigendur Háaness hf. fiskvinnsluna Straumnes á Patreksfirði. Stjórnendur þessara tveggja fyrirtækja komust að þeirri niðurstöðu eftir ítarlegar viðræður að hagkvæmast væri að ganga til samvinnu. Svo var gert með undirskrift viljayfirlýsingar þann 30. nóv. 1993.

Togarinn Tálknfirðingur var seldur en haldið var uppi 720 tonnum í þorskígildum talið sem Hraðfrystihús Tálknafjarðar hf. færði á 10 tonna bát í eigu fyrirtækisins. Þann kvóta átti síðan að færa yfir á frystihúsið í samræmi við frv. til laga um stjórn fiskveiða eins og það lá fyrir þá. Munu bátar Háaness hf. einnig veiða þann kvóta. Fiskvinnslunni var hætt í Straumnesi hf. en allur afli unninn í Hraðfrystihúsi Tálknafjarðar hf.“ — Er þetta ekki hagræðingin í hnotskurn? Ég sé að nokkrir þingmenn kinka hér kolli.

„Kvóti tveggja skipa Háaness hf. á Patreksfirði er rúmlega 500 þorskígildi og með línutvöföldun getur hann orðið 800 tonn, jafnvel 900 á ári, auk ca. 300–400 tonna steinbítsafla ef hann veiðist. Þar við bætast síðan þessar eftirstöðvar af kvóta Tálknfirðings, sem sagt rúm 700 tonn.“ Síðan segir í bréfinu:

„Nú hefur verið lagt fram á Alþingi frv. um stjórn fiskveiða og í þessu nýjasta frv. er lagt til að fella niður ákvæði þess efnis að fiskvinnslustöðvar megi eignast kvóta og þessi breyting er rothögg á samvinnufyrirtæki okkar. Hraðfrystihúsið á Tálknafirði þarf þá, ef haldið verður áfram rekstrinum, að fjárfesta í bát til að veiða 720 þorskígildi sem er of lítið til að reksturinn geti borgað sig. Háanes stæði auðvitað líka eftir með órekstrarhæfa báta vegna of lítils kvóta.

Niðurstaðan er þá þessi ef frv., eins og það hér liggur fyrir, verður samþykkt óbreytt. Háanes missir báða bátana og þar með fara frá Patreksfirði um það bil 50% af öllum kvóta Patreksfirðinga. Tálknafjarðarhraðfrystihúsið verður að selja kvóta sinn og hætta rekstri og þar með færi um það bil 50% af kvóta Tálknfirðinga.

Auðvitað er sjálfsagt að fiskvinnslustöðvar eigi kvóta. Í raun ættu allir að fá að eiga kvóta. Alltaf þarf sjómenn til að fiska kvótann hver sem á hann þannig að slíkt fyrirkomulag kæmi sér ekki illa fyrir sjómannastéttina.“

Síðan segir í þessu bréfi að til vara leggi þeir til, sem senda þetta bréf frá Hraðfrystihúsi Tálknafjarðar og Háanesi á Patreksfirði, að það verði sett í nýju lögin að heimilt verði að annar aðili en eigandi geti fært kvóta á skip og geti þá skipið fiskað báða kvótana. „En þá þarf að lögverja þann kvóta sem skipseigandi ekki á þannig að veðkröfur bátsins eða aðrar kröfur á bátinn nái ekki til aðkomukvótans.“ — Nú vitum við að bankarnir eru farnir að taka veð í kvótanum og telja hann miklu veðmeiri heldur en skipsskrokkinn. „Hér er sem sagt í uppsiglingu mikið vandamál á suðurfjörðum Vestfjarða sem hægt er að koma í veg fyrir ef vel er að málum staðið, en það verður erfitt fyrir alla að ráða fram úr því ef frv. verður samþykkt óbreytt.“

Þetta er útdráttur úr bréfinu frá þessum tveimur aðilum frá Tálknafirði og Patreksfirði og þetta sýnir í hnotskurn aðstæður fleiri aðila hér á landi.

Borgey á Hornafirði hefur verið nefnd nokkuð þar sem mér skilst, þó ég þekki ekki dæmið nákvæmlega, að sé eitthvað svipað að gerast og hugsanlega geti það verið á fleiri stöðum. Á þessu vandamáli er ekki tekið í breytingum til laga um stjórn fiskveiða.

Það hefur þó komið hér fram að þær breytingar sem eru fyrirhugaðar, þ.e. skerðing á framsali, muni hafa þau áhrif að fiskvinnslan fari þar halloka. Ég hef í raun og veru ekki trú á því. Ég verð að segja að ég er sammála hæstv. sjútvrh. um það að ég tel að það sé nægilegur sveigjanleiki inni þrátt fyrir að það sé dregið úr þessum framsalsheimildum og ég tel, þó auðvitað geti enginn sagt fyrir um það nákvæmlega hvernig það muni koma til með að virka, að ýmislegt bendi til þess að það muni ekki hafa þau áhrif sem atvinnumálahópurinn telur.

Það hefur mikið verið rætt um smábátana í þessum umræðum og menn ýmist verið þar með eða á móti. Sumir telja að smábátarnir fái allt of stóran hluta úr takmörkuðum afla, en þeir sem tefla fram hagsmunum smábátaeigenda telja að þeir hafi ekki síður en aðrir orðið að taka á sig skertar veiðiheimildir. Það er ekkert undarlegt við það þó að aflaheimildir smábáta hafi aukist þrátt fyrir stjórnunarkerfi fiskveiðanna. Það er í raun og veru alls ekki undarlegt vegna þess að kerfið var opið á ákveðnum tíma og þá fjölgaði smábátunum mjög. Þetta var eina smugan sem menn sáu til þess að einhver endurnýjun yrði í greininni og það var ekki við öðru að búast en að menn nýttu sér það. Það hafa síðan margir farið mjög illa út úr þessu og sérstaklega þeir sem voru á smábátum yfir 6 tonn eða milli 6 og 10 tonn og tóku á sig aflamark fyrir þremur árum síðan. Völdu að taka aflamark í stað þess að vera á krókaleyfinu og vita ekkert hvort þeir mundu fá einhvern afla eða ekki. Þeir töldu réttara að taka aflamarkið.

Sú skerðing sem orðið hefur á síðustu þremur árum hefur farið mjög illa með þennan flokk báta og er nú svo komið að þeir lepja dauðann úr skel, eins og sagt

hefur verið um suma bændur sem fá á sig miklar skerðingar, þannig að nauðsynlegt er að gera eitthvað til þess að bæta þeirra hag. Á því er hins vegar ekki tekið í breytingum á þessu frv. (**Gripið fram í:** Það er fjör í salnum.) Voða fjör.

Mér þætti vænt um, virðulegi forseti, að formaður nefndarinnar eða frsm. nefndarinnar öllu heldur og hæstv. ráðherra væru viðstaddir þessa umræðu og tel ég að þeir sýni þeim sem hér standa og ræða þessi mál litla virðingu með því að sitja ekki og hlusta á þeirra athugasemdir. Ég vona að hæstv. forseti geri ráðstafanir til þess að kalla þá hingað í salinn.

(**Forseti** (KE): Það hafa þegar verið gerðar ráðstafanir til þess að láta þá vita að þeirra sé óskað í salinn.)

Ég þakka hæstv. forseta fyrir það. Ég var að nefna hér að það hefði ekki verið gert neitt í því að koma til móts við skerðingar smábáta milli 6 og 10 tonn sem hafa tekið á sig aflamark, en þeir hafa á undanförnum árum misst um 70% af aflaheimildum sínum með þeim skerðingum sem orðið hafa. Það liggur því í augum uppi að þeir þurfa að fá einhverja úrlausn sinna mála og það er kannski ekki nema von að forsvarsmaður þeirra hafi láti þau orð falla á fundi sjútvn. að úr því að hægt væri að finna 7 þús. tonn af rækju og úthluta þeim til þess að semja um kaupin á eyrinni, þá hljóti að vera hægt að finna 3–4 þús. tonn af þorski til þess að jafna stöðu þessara báta og eigenda þeirra. (**Gripið fram í:** Hætta að henda í sjóinn.) Ég held nú að einmitt þessir bátar hendi ekki miklu ef það er það sem þingmaðurinn á við. Ég held að þeir þvert á móti hirði allan þann afla sem kemur á krókana.

Til þess að skýra nánar hvernig staða þessara báta er þá hefur borist umsögn frá Landssambandi smábátaeigenda þar sem m.a. er bent á, fyrir utan það sem ég hef verið að nefna, að leiðréttingar eiga sér mörg fordæmi. Það er nefnt hér í þremur liðum, sem ég ætla að lesa, með leyfi forseta:

„Á árunum 1988, 1989 og 1990 fékk loðnuflotinn úthlutað þorskveiðiheimildum vegna samdráttar í loðnuveiðum. Þessar úthlutanir urðu síðan að þorskaflahlutdeild 1991, sem miðað við úthlutun þessa fiskveiðiárs þýða 2.200 tonn af þorski upp úr sjó. Á árinu 1984 var einstaka skipum og útgerðaraðilum úthlutað aflaheimildum sem voru ekki í neinu samræmi við þá veiðireynslu er viðkomandi aðilar höfðu á viðmiðunartímanum 1. nóv. 1980 til 31. okt. 1983."

Í þriðja lagi: „Úthlutun stjórnvalda úr Hagræðingarsjóði er bein viðurkenning þess að þorskígildi séu í raun stuðull fyrir atvinnuréttindi. Þar hefur verið úthlutað eftir skerðingu í þorskígildum án tillits til aflasamsetningar viðkomandi útgerðaraðila."

Þannig að leiðrétting, hugsanlega í þá veru sem hér var nefnt áðan, að úthluta aukaúthlutun 3–4 þús. tonnum til þessara aðila sem hafa farið verst út úr þessu kerfi, mundi eiga sér þarna fordæmi og mundi í sjálfu sér ekki breyta miklu um stofnstærð þorsksins og langt innan venjulegra skekkjumarka fiskifræðinnar.

Það er auðvitað hægt að halda áfram að ræða hvort það eigi að vera aflamark, sóknarmark eða eitthvert millistig þar á milli, eða hvernig yfirleitt á að stjórna þessum fiskveiðum. Ég held þó að þó við höldum áfram að ræða það hér í allan dag og næstu daga þá komi það nú fyrir ekki ef enginn fiskur veiðist og ef ekki verður aukning í þorskinum, sem er okkur svo mikilvægur í okkar atvinnugrein, í okkar útflutningsatvinnuvegum.

Það hefur oft verið skoðað, spekúlerað og mikið um það rætt hver skýringin er á því og hvað það er sem veldur því að þorskstofninn hefur farið svo minnkandi á síðustu árum. Léleg nýliðun hefur verið í 7–8 ár. Er það bara ofveiði? Er það bara of stór floti? Er það vegna fjölgunar frystitogara? Hvað er það sem veldur? Vissulega er léleg nýliðun og það er lítill hrygningarstofn samkvæmt mælingum. En er það leiðin til að stækka hann að takmarka aflann sem á að veiða upp úr sjó? Er það eina leiðin og besta leiðin?

Það er vissulega hægt fyrir leikmenn að velta ýmsu fyrir sér en kannski er ekki tekið mikið mark á því vegna þess að þar er ekki um fiskifræði, vísindalega grein, að ræða. En leikmenn hafa leyfi til að velta ýmsu fyrir sér út frá venjulegum skynsemis- og hagnýtum sjónarmiðum. Ég tel að það skipti mestu að þorskurinn fái frið til að hrygna. Ég held að of mikið hafi verið gert af því undanfarin ár og áratugi að veiða þorskinn um leið og hann kemur inn til hrygningar. Og ég held að í raun og veru séu bæði hagsmunaaðilar og fiskifræðingar farnir að viðurkenna það. Raunar hafa kannski fiskifræðingar alltaf viðurkennt það en það hefur skort á að sjómennirnir hafi viðurkennt það, nema þá e.t.v. í tveggja manna tali.

Það hefur raunar verið tekin sú stefna ýmist að loka hólfum með skyndilokunum eða að loka um lengri tíma. Það er nokkuð athyglisvert að vorið 1991 var gert hlé á þorskveiðum og það gerðist einnig 1992, þ.e. í tvö ár er búið að gera hlé á þorskveiðum á hrygningarsvæðinu, þ.e. aðallega suðvestanlands. Mér fannst líka athyglisvert að þegar athugun var gerð á nýliðun þorskstofnsins sl. vor, í togararallinu, þá kom í ljós að mikið var af eins og tveggja ára fiski. Nú veit ég ekki hvort það er rétt ágiskun en mér sýnist vera hægt að tengja það nokkuð því að þessum hrygningarsvæðum var lokað á meðan hrygningin stóð yfir og það var byrjað á því fyrir tveimur árum síðan. Það kemur raunar ekkert fram hér sem segir að það sé rannsakað enda of stuttur tími liðinn frá því. Það er auðvitað erfitt að meta árangurinn af þessu en mér finnst þarna vera ákveðið samspil á milli. Það hefur einnig verið rætt hvort togveiðarnar inni á landgrunni hafi þau áhrif. Það er auðvitað hugsanlegt og eru dæmi um það frá öðrum löndum að fiskifræðingar álíta að það geti haft mikil áhrif á nýliðun nytjafiska, botnfiska, en þó eru í raun og veru enn minni rannsóknir á bak við það en það hefur auðvitað áhrif að verið sé að skrapa botninn og breyta þar eitthvað aðstæðum. En ég hygg að hér í kringum landið sé það brimasamt og hér komi það mikið af ís og alls konar hreyfing á hafsbotninn, það kemur grjót með ísnum frá Grænlandi og það breytir alltaf aðstæðum í kringum landið jafnt og þétt. Þannig að ég er nú ekki svo viss um að togveiðin í sjálfu sér

hafi mjög óæskileg áhrif á sjávarbotninn. Hins vegar það að vera með togveiðar alveg upp í landi og á botni þar sem er á minna en 20 metra dýpi nær náttúrlega ekki nokkurri átt og hlýtur að hafa áhrif til hins verra.

Ég held að á undanförnum árum hafi umhverfisskilyrðin ekki verið tekin nógu mikið inn í dæmið þegar verið er að skoða uppbyggingu fiskstofna. Það er nærtækt að vitna til nýjustu rannsókna fiskifræðinga á Veiðimálastofnun sem koma þvert á sjónarmið ýmissa fiskifræðinga hjá Hafrannsóknastofnun. Ég ætla ekki að fullyrða að þeir hafi í einu og öllu rétt fyrir sér á annarri hvorri þessari stofnun, en það hlýtur að vera krafa að þeir sem vilja láta taka mark á sér, hvort sem þeir eru vísindamenn hjá Veiðimálastofnun eða Hafrannsóknastofnun, séu þeir menn að þeir geti rætt um þær athuganir og athugasemdir sem koma fram og geti tekið það á vitrænum grunni og tekið tillit til þess sem aðrir segja en líti ekki á sjálfa sig sem yfir það hafna að hlusta á aðra vísindamenn.

Það hlýtur að skipta miklu máli hvernig umhverfisskilyrðin eru í sjónum. Það hlýtur að skipta máli hvort ætið er nóg fyrir fiskinn sem er að vaxa upp, *hvernig sjávarhitinn er, hvernig vindáttir hafa verið*, hvert seltumagnið er. Það er að vísu farið að viðurkenna það nú. Kannski síðustu tvö ár segja fiskifræðingar að það sé orðið marktækt að skoða athuganir úr fjölstofna rannsóknum sem hafnar voru fyrir tveimur árum síðan og er fimm ára verkefni. Þeir telja að þær fjölstofna rannsóknir muni skila sér mjög inn í þá umræðu hvernig hægt sé að byggja upp fiskstofnana og hvaða áhrif umhverfið og allir aðrir stofnar hafi þar á. Það er allt of margt enn þá í umhverfi sjávar sem við vitum ekkert um, sem við þekkjum ekki, og rannsóknir hafa ekki verið með þeim hætti að það sé hægt að byggja nægilega mikið á þeim. Fiskifræðin er ung atvinnugrein og ung vísindagrein. Og þó ég efist ekki um þeir sem þar vinna leggi sig alla fram og vilji vel og vilji leita réttra upplýsinga þá tel ég að þau ár sem það hefur staðið sé allt of skammur tími til þess að við getum tekið það sem heilagan sannleika sem ekki eigi eftir að breytast.

Þegar rætt er um stofnstærð fiska og fiskigengd þá hefur stundum verið minnst á Barentshafið. Árið 1989, fyrir tæpum fimm árum síðan, var það fullyrt af fiskifræðingum að það kæmi ekki fiskur í Barentshafið næstu tíu ár. Þegar fiskifræðingar voru síðan spurðir að því á þessu ári hvernig á því stæði að allt í einu væri orðið fullt af fiski í Barentshafinu, hvernig stæði á því ef stofninn hefði verið orðinn svo lítill, bæði hrygningarstofn og veiðistofn, að það yrði ekki hægt að veiða þar neitt fyrr en í fyrsta lagi eftir tíu ár — en eins og menn vita þá hefur allt í einu komið þarna fiskur, fyrir meira en ári síðan — þá var svarið sem fékkst að það væri ekki gott að segja um það. Hins vegar hefði þorskurinn bara verið svo ofboðslega horaður árið 1989 að hann hefði ekkert vaxið og það hefði ekkert verið hægt að veiða hann. En það sem gerðist var að það kom allt í einu æti og umhverfisskilyrði urðu þannig í Barentshafinu að þorskurinn bara tók sig til, eins og einn virðulegur fiskifræðingur orðaði það, hann fór að eta og hann át og át og át þangað til hann stækkaði svo mikið að það var hægt að veiða hann. Ég verð að segja að mér finnst þetta ekki sérlega vísindalegt svar, en ég ætla svo sem ekki að gagnrýna það hér frekar vegna þess að hér er ekki sá maður staddur sem lét þessi orð falla. Ég vil aðeins benda á það að fiskifræðin er ung vísindagrein og við hljótum að krefjast þess að þeir vísindamenn sem þar eru taki allar aðstæður til skoðunar og séu opnir fyrir því sem bæði þeir sem reynslu hafa af umgengni við auðlindina og vísindamenn á öðrum sviðum hafa um málið að segja.

Þá tel ég einnig að annað vistkerfi sjávar hafi mikið að segja líka, þ.e. aðrar dýrategundir í sjónum. Þar verð ég að nefna bæði seli og hvali. Enn ætla ég að vitna í skýrslu tvíhöfða, sem eins og ég sagði í upphafi og hv. frsm. nál. var ekki hér þegar ég var að hæla honum fyrir það hvað þessi skýrsla geymdi margar góðar upplýsingar, þó ég sé ekki sammála niðurstöðum hennar eða öllum þeim markmiðum sem hún setti fram. En í þessari skýrslu um mótun sjávarútvegsstefnu segir m.a. um át sela á fiski á Íslandsmiðum, og þá er miðað við aflann árið 1987 en síðan er þetta *umreiknað* miðað við fjölda sela til ársins 1992. Það er talið hér að fiskur sé uppistaða í fæðu bæði landsels og útsels. Þegar þessar tölur eru skoðaðar þá sést að miðað við það sem áætlað er að selir eti af hinum ýmsu fisktegundum, sem hér eru taldar upp, þ.e. ufsi og þorskur eru meginuppistaðan og síðan þó nokkrar fleiri tegundir, þá væri mögulegur viðbótarafli, án sela, 186 þús. tonn, 186 þús. tonn. Hvað er leyfilegur þorskafli núna? 165 þús. tonn. Nú er ég ekki að segja að það eigi að útrýma selunum, langt í frá. En við gætum hugsanlega, ef þeir væru ekki svona margir og ætu ekki svona mikið, aukið aflann um 100 þús. tonn. Ég býst ekki við að þó það sé búið að taka út í „villidýrafrv." ákvæðið um seli þá breyti það neitt miklu í þessu.

En hvalir, það er svipað sem þar er talað um. Það er talið að af því sem hvalir þurfi til ætis sé um fjórðungur fiskur. Það er meira að segja einkum uppsjávarfiskur. Það er reyndar vitnað í Fiskifréttir í október 1992 því til staðfestingar. Það er auðvitað rétt að það eru ekki allir hvalir fiskætur en þeir eta aftur á móti það lægsta í *lífkeðjunni*, þeir eta svifin og smærri fiskana. Þannig að þeir höggva vissulega stórt skarð í það sem síðar yrði nytjafiskur.

Þá er eitt sem ekki hefur verið rætt í þessari umræðu, þegar við erum að ræða um bæði stjórn fiskveiða og þann fisk sem við ætlum okkur síðan að veiða samkvæmt því kerfi, og það er eldi sjávarfiska. Hér á landi hefur í nokkur ár verið í gangi lúðueldi sem gefur góða raun, en lítið er enn farið að fara út í þorskeldi. Það held ég að sé næsta skrefið, þ.e. að auka þorskeldið. Það er einnig útlit fyrir að eldisfiskar verði sífellt stærri hluti af því sem veiðist á næstu árum. Það má nefna að t.d. í rækjunni hefur hlutfall eldisrækju margfaldast á síðustu þremur árum. Það hefur aukist úr á milli 6–7% í nærri 30% af því sem nýtt er í heiminum.

Ég veit að margir eru á mælendaskrá og sjálfsagt

eiga þeir eftir að ræða af mikilli skynsemi um stjórn fiskveiða og hugsanlegar breytingar á þessu frv. Ég tel að úr því að meiri hluti sjútvn. gerði engar sérstakar breytingar eftir að hafa fengið til liðs við sig hér — ja, ég hef nú reynar ekki talið það sem segir hér í nál. frá meiri hluta sjútvn. En á fund nefndarinnar komu margir aðilar, og höfðu sjálfsagt mjög margt við þetta frv. að athuga, því það eru taldir upp á heilli blaðsíðu aðilar sem hafi komið til fundar við nefndina. Þeirri upptalningu er lokið með því að segja að gestir hafi langflestir skilað skriflegum greinargerðum og búið. Það er ekkert sagt meira um það hvort tekið hafi verið tillit til þess sem þeir sögðu eða hvort einhverju hafi verið breytt í framhaldi af því, enda virðist sem fram komnar breytingar hafi verið komnar fram áður en frv. og brtt. voru teknar til umræðu í hv. sjútvn. Ef það er ekki rétt hjá mér þá hlýtur hv. frsm. nál. að leiðrétta það ef einhverjar breytingar hafa átt sér stað á þessum brtt. eftir að nefndin fór að fjalla um frv.

Það eru ákveðnar tegundir af nytjafiski sem eru undir kvóta, en það eru margar tegundir enn ónýttar í sjónum og til þess þurfum við enn meiri rannsóknir og enn meira af þróunarverkefnum. Það skilar sér ekki á morgun í aukinni sölu eða framleiðslu en það gerir það til lengri tíma litið. Það eru ekki mörg ár síðan farið var að veiða rækju og vinna hana en nú er hún orðin stór hluti af okkar útflutningi. Það eru heldur ekki mörg ár, það eru enn þá færri ár, síðan farið var að vinna hörpudiskinn og það eru ekki nema eitt eða tvö ár síðan farið var að vinna ígulkerin. Það er nú verið að ræða um kúfiskinn og vafalaust mætti nýta enn þá fleiri tegundir. Þá má einnig nefna nýtingu á þangi og nýtingu á sölum.

Ég ætla að ljúka þessari umfjöllun, virðulegi forseti, með því að leggja áherslu á að þó við séum hér að ræða um breytingu á þessum fiskveiðistjórnarlögum, sem ég tel ekki vera mikla breytingu, ég tel hana þó í áttina með það að hefta það framsal sem hér var orðið mjög frjálst á milli skipa og ég tel hana einnig aðeins í áttina hvað varðar smábátana. En ég tel að það sem stjórnvöld þurfi fyrst og fremst á öllum tímum og í framtíðinni að skoða og gæta að sé umgengnin um þessa auðlind. Hún þarf að vera þannig að það sé sjálfbær þróun sem á sér stað. Og það sem tvíhöfða nefndin setti sér í upphafi, að fiskveiðistjórnarkerfið taki jafnt til veiða og vinnslu, það finnst mér aftur á móti ekki gerast með breytingunum á þessu frv. Í síðasta lagi væri nú tilvalið að við gætum treyst því að það væri virt ákvæðið í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða að fiskistofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar og það eigi að nýta þá með, eins og segir hér í 1. gr., svo ég hafi þetta orðrétt: „Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.“ Ég tel að hvorki lögin um stjórn fiskveiða né þær breytingar sem hér er verið að gera stuðli að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna á Íslandsmiðum og það tryggir ekki trausta atvinnu og byggð í landinu vegna þess að það er ekki tekið tillit til bæði veiða og vinnslu.

[16:14]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur á því að í umfjöllun nefndarinnar urðu allmiklar breytingar á frv. Þær voru gerðar með tilliti til þeirra sjónarmiða sem komu fram og kannski fyrst og fremst til þess gerðar að ná sátt við sjómenn um málið. Því miður segi ég þurftum við að draga tillögu okkar um fiskvinnslukvótann til baka en ég álít að það mál sé geymt en ekki gleymt. Ég tel að niðurstöður úr svokölluðu togararalli á undanförnum árum sýni mjög vel hvað þessi fræði, fiskifræðin, eru í raun langt komin. Það var birt ágætis litmynd með síðustu niðurstöðu Hafrannsóknastofnunar úr togararalli sem sýndi mjög vel hvernig niðurstöðurnar voru samkvæmar sjálfum sér frá ári til árs, hvernig litlir árgangar voru litlir og komu litlir inn í veiðina og þar fram eftir götunum. Trú mín á þau vísindi jókst því mjög við það.

Varðandi kvótatrillurnar þá er ekkert að gera meira fyrir þær vegna þess að krókatrillurnar hafa fengið algeran forgang í þessu. Að síðustu vil ég taka það fram út af því sem hv. þm. sagði um fiskifræðinginn og þorskinn í Barentshafinu, að við eigum það sameiginlegt, ég og þorskurinn í Barentshafinu, að ef við etum og etum þá þyngjumst við og fitnum þannig að konu minni þykir nóg um.

[16:16]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er sjálfsagt alveg rétt hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að þetta tók breytingum frá því frv. var fyrst lagt fram, en ég held að sú breyting hafi ekki orðið í umfjöllun nefndarinnar. Hún varð fyrst og fremst í umfjöllun stjórnarflokkanna sem sömdu um það milli sín hvernig skyldi breyta þessu inni í sjútvn. Það varð ekki í nefndinni. Hvað varðar togararallið, þá hafa sjómenn a.m.k. haft miklar athugasemdir við það að sífellt væri farið á sama stað, á sama tíma og jafnmörg skip og rennt alveg sömu slóðina og hafa talið upp á að einmitt umhverfisskilyrðin byðu upp á að það þyrfti kannski að breyta þarna til því það væru ekki alltaf sömu aðstæður á sama stað á hverju ári.

Hvað varðar það að hv. þm. segist bæta við sig eins og þorskurinn, þá gildir það nú um fleiri, en ég held að þetta svar vísindamanns sé nú svona frekar hæpið.

[16:17]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara aðeins að ítreka það að niðurstöður togararallsins frá ári til árs hafa reynst ótrúlega samkvæmar sjálfum sér. Hafrannsóknastofnun hefur á einu ári fundið það út að klak hafi ekki tekist vel og spáir þá um það litlum árgangi. Það hefur sýnt sig að næsta ár þegar rallið er gert þá hefur það komið fram í litlum eins árs árgangi og síðan litlum tveggja ára árgangi þar á eftir, litlum þriggja ára árgangi þar á eftir og síðan litlum árgangi inn í veiðina þegar þorsk-

urinn er orðinn fjögurra ára. Þetta er staðreynd sem ekki er hægt að líta fram hjá. Að sjálfsögðu er það þannig að lífsskilyrðin í sjónum hafa einhver áhrif á það hversu stór hluti af viðkomandi árgangi kemst á legg og hversu hratt viðkomandi árgangur þyngist. Það gildir það sama um okkur hv. þm. og þorskinn að því leyti til að við þurfum að sjálfsögðu að geta fengið að borða til að geta vaxið upp. Stundum borðum við, alla vega ég, of mikið.

En aðalatriði málsins er að þessi vísindi eru að sjálfsögðu í þróun eins og öll vísindi. Ég hygg að þau séu í grundvallaratriðum á byggjandi vanda ákvörðun um heildaraflamagn. Við þurfum að sjálfsögðu að styðja við það að þau geti fengið að þróast áfram eins og hver önnur vísindagrein þannig að við getum betur treyst þeim ákvörðunum sem Hafrannsóknastofnun tekur um heildaraflamagn.

[16:20]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þurfti talsvert mikið átak hjá sjómönnum til að fá Hafrannsóknastofnun til að fara af stað með togararallið. Hins vegar hefur það verið viðurkennt af öllum að það hefur skilað miklum árangri. Það er vissulega gott svo langt sem það nær, en það má heldur ekki binda sig of mikið í einhverja eina aðferð til að mæla fiskstofna það þarf fleira að koma til.

[16:20]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er alveg hárrétt ábending hjá hv. 6. þm. Vestf. að staða hinna svokölluðu kvótabáta, þ.e. þeirra smábáta sem á sínum tíma völdu sér kvóta í stað krókaleyfis, er auðvitað mjög alvarleg. Ástæðan er einfaldlega sú að kvóti þessara báta er fyrst og fremst þorskur og nær eingöngu þorskur og skerðingin hefur orðið mest í þorskinum. Ég er alveg sammála því að það þarf sérstaklega að huga að þessum bátum, en vandinn er bara sá að vandi þessara báta er ekki bara einskorðaður við stærðina undir sex tonnum heldur er hér um að ræða vanda báta sem eru líka af stærri gerðinni. Ég vil benda á í þessu sambandi að sú ákvörðun hæstv. sjútvrh. að auka aflaheimildir í rækju mun mjög koma til móts við vanda margra þessara báta. Og í þessu sambandi vil ég t.d. vekja athygli á því að bátar um og yfir 20 tonn og þaðan af stærri á Húnaflóasvæðinu, t.d. á Hólmavík, í kjördæmi okkar hv. þm. — þessi ákvörðun hæstv. sjútvrh. hefur gjörbreytt stöðu þessara báta og gert það að verkum að þeir hafa núna aflaheimildir og verkefni út þetta fiskveiðiár. Þess vegna kunni ég ekki alls kostar að meta þann tón sem mér fannst koma fram í ræðu hv. þm. þegar hún talaði um þessa aukningu á aflaheimildum í rækjunni að hér hefði verið um að ræða einhvers konar kaup á einhverri eyri til að koma til móts við eða ná samkomulagi eingöngu í stjórnarflokkunum. Hér var um að ræða sjálfstæða, skynsamlega og vel ígrundaða ákvörðun sem gerði það að verkum að hér var verið að skapa ný verkefni, einkanlega fyrir þá báta sem ég veit að við hv. þm. höfum haft áhyggjur af vegna lítilla aflaheimilda þeirra. Þannig að þarna var verið að taka á hluta af þeim vanda sem hv. þm. var að gera að umtalsefni.

Ég tel hins vegar að það þurfi að skoða alveg sérstaklega vanda þeirra báta sem enn þá sitja eftir. Þeir eru ekki mjög margir og ég tel eðlilegt að sú vinna fari fram í sumar þannig að mönnum sé það ljóst fyrir næstu kvótaúthlutun hvernig staða þeirra er og að á grundvelli þeirra upplýsinga verði hægt að grípa til frekari aðgerða.

[16:23]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get alveg tekið undir orð hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar að staða þessara kvótabáta hefur verið mjög erfið og þurfum við ekkert að ræða það frekar. En það hefur alveg verið vitað að það var óhætt að bæta við rækjukvótann og það hefði í raun og veru ekki þurft að tengja það sérstaklega þessum samningum eða kaupum, eða hvað sem við viljum kalla það, milli stjórnarflokkanna, því það er nú einu sinni líka vitað að þegar þorskurinn minnkar þá er yfirleitt aukning í rækjunni. Það hefur ekki náðst að veiða allan rækjukvóta, t.d. ekki úthafsrækjuna, á undanförnum árum og reyndar fleiri tegundir sem ekki hefur náðst að veiða alveg upp í kvóta og það kom reyndar fram í því frv. sem hér var lagt fram af svökölluðum sextánmenningum á þingi. Reyndar þykir mér vænt um að hæstv. ráðherra skuli hafa viðurkennt hluta af því sem þar var haldið fram með því að auka þennan rækjukvóta. Það er á engan hátt verið að segja það í niðrandi tón, en ég held að staðreyndin sé samt sú að það var þó ákveðið í tengslum við þá samninga sem gerðir voru.

Útbýting þingskjala:

Fjáraukalög 1993, 452. mál, nál. meiri hluta fjárln., þskj. 1177.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 123. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1174; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1175.

Lax- og silungsveiði, 500. mál, brtt. EgJ, þskj. 1181.

Skráning og mat fasteigna, 400. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1164.

[16:25]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Á borðum þingmanna liggur frv. um stjórn fiskveiða. Árið 1990 var sett inn ákvæði um endurskoðun á grundvelli þeirra ákvæða og er verið að fullkomna þá vinnu með frv. og brtt. við það. Hv. 6. þm. Vestf. gerði að umræðuefni rannsóknir á fiskstofnum og aðstæðum í hafinu hvað varðar afkomu þeirra. Ég vil í því sambandi nefna lítillega að í vetur, á nokkrum fundum, hef ég hlustað á fræðinga á ólíkum sviðum, veðurfræði, haffræði og fiskifræði fjalla um þessi mál og ég verð að segja að ekki varð það til þess að maður kæmist að markvissri niðurstöðu um hvernig þessum málum er best fyrir komið. (**JGS:** Er ekki veðurfræðingurinn bestur?) Veðurfræðingurinn hafði sitt til málanna að leggja sem ég tel að beri að taka tillit til, hv. þm. Jóhannes Geir, og ég held að

menn hefðu betur gert það a.m.k. í ár miðað við þá fiskigengd sem er á grunnslóð.

Það liggur fyrir í álitum frá stjórnarandstöðunni að þeir telja að stjórn Davíðs Oddssonar hafi klúðrað þessum málum gjörsamlega. Þeir masa um allt og ekkert. Þeir segja gervisjóarasögur þó þeir hafi aldrei komið til sjós og segja að málið sem liggur fyrir sé unnið með hrossakaupum og menn treysti sér ekki til að taka gagnrýni eða breytingartillögu.

Fyrsti minni hluti lýsir fullri ábyrgð á ríkisstjórn á þessu frv. Auðvitað ber ríkisstjórn ábyrgð með sínum styrk frá hv. alþm. Áheyrnarfulltrúi Kvennalistans vill endurskoða allt frá grunni og gera á frv. grundvallarbreytingar. Annar minni hluti sjútvn. viðurkennir í sínu nál. að ýmislegt hafi verið að hvað varðar stjórnkerfið, síðan er vaðið út og suður um hversu lítið samráð hefur verið haft við minni hluta og hagsmunaaðila.

Þrátt fyrir að ég telji að enn eigi eftir að gera breytingar á kerfinu þá get ég ekki tekið undir þessa framsetningu, að ekki hafi verið haft samráð og samstarf við að leita lausna. Mín þekking á vinnubrögðum þingsins er sú að ég held að sjaldan hafi verið lögð jafnmikil vinna í kynningu og samráð við hagsmunaaðila í neinu máli eins og hér hefur verið gert. Ég held að hér sé líka á ferðinni það mál sem hvað mest er þörf á að leggja vinnu í.

Í engu máli sem fyrir þinginu hefur legið er meiri þörf á vönduðum vinnubrögðum og varfærni, þannig að menn hafa gefið sér þann tíma sem til þurfti til að gera sem best þó svo enn verði að gera breytingar, enda liggur fyrir að miðað við atvinnuástand fólksins í landinu þá verður að koma málum fyrir á þann veg að aflinn verði unninn á Íslandi af íslenskum höndum.

Ég ætla í mínu máli að reyna að fara nokkrum orðum um þá þætti sem mér finnst blasa við að þurfi að lagfæra, en ég geri mér svo sem ljóst að það er lítil von til annars en að það taki nokkuð langan tíma.

Mér er ljóst að það eru mörg fyrirtæki sem standa undir afkomukerfi heilla byggða í landinu og eiga í miklum örðugleikum. Það blasir einnig við að á ýmsan hátt hefur kerfið sem slíkt virkað sem þvingunaraðgerð þannig að menn hafa gripið til aðgerða sem eftir á séð er vart unnt að verja. Ég get sem best nefnt að sveitarfélög hafa stofnað til stórra skulda með kvótakaupum sem hafa verið gerð til að reyna að halda vinnu í plássum víða um land.

Þau atriði sem ég vil m.a. stefna að að nái fram eru að nýting verði skynsamleg á fiskstofnum í fiskveiðilögsögunni og aðlægum miðum. Að tryggð verði búseta í landinu á þann hátt að afli skipa okkar verði fullunninn á landinu og gert eins mikið úr þeim verðmætum og auðlindin getur af sér gefið. Að allur afli sem úr sjó kemur verði nýttur og meðafli skerði ekki veiðiheimildir skipa án þess að heimild um meðafla verði til misnotkunar. Að kerfi sem lýtur að stjórn fiskveiða leiði ekki til kjaraskerðingar sjómanna á þann hátt sem verið hefur með kvótabraski. Að kerfið leiði til aukins frelsis við fiskveiðar þannig að sjómenn og útgerðarmenn geti nýtt veiðigleðina sem ávallt hefur verið aðall íslenskra sjómanna. Að stjórn fiskveiða leiði til bættrar umgengni við auðlindina þannig að ekki séu skilin eftir veiðarfæri í sjó sem halda eilíflega áfram að veiða og drepa fisk til óþurftar. Að stjórn fiskveiða myndi ekki sjálfkrafa eignarrétt eða forræði aðila yfir veiðiheimildum. Að kerfið sé ekki svo ósveigjanlegt og stirt að ráðherra geti ekki með einfaldri reglugerð veitt heimild til frjálsra veiða undir lok fiskveiðiárs eða þegar fyrirsjáanlegt er að ekki næst að nýta stofna svo sem menn ætla. Að stjórn fiskveiða leiði ekki til mismunar og hruns innan stéttar sjálfstæðra smábátaeigenda með veiðirétt samkvæmt úthlutuðum kvóta. Og að stjórnunarkerfi fiskveiða heimili að landað verði meðafla og ráðherra geti ákveðið verð á þeim afla án skerðingar á kvóta.

Frú forseti. Kerfið sem við erum að fjalla um hendir fiski. Ég hef rætt við einn aðaltalsmann kerfisins. Hann telur að það geti verið að um 5% fari þannig í sjóinn aftur dautt. Ég vil að menn geri sér grein fyrir hvað getur verið um að ræða. Ég undirstrika að það er um ræða 500–600 milljónir upp úr sjó sem gæti verið 1–2 milljarðar fullunninn. Þetta finnst mér alvarlegur hlutur og þetta verða menn að horfa á.

Ég er búinn að ræða við sjómenn sem lýsa því hvernig farið er með meðafla, hvernig honum er landað fram hjá kerfinu, hvernig meðafli er frystur, saltaður og hertur. Ég hef fagnað því að menn skuli nýta aflann en hendi honum ekki í sjóinn, en auðvitað þarf að viðurkenna svona meðafla. Svona meðafli er ólöglegur. Það hefur ítrekað verið rætt um sjóræningjahafnir þar sem fiski er landað fram hjá vigt og kerfi. Allar þessar aðgerðir eru afleiðingar af ágöllum veiðistjórnunar sem koma þarf í veg fyrir.

Ég hef heyrt lýsingu á því hvernig þorski er landað sem utankvótafiski eða sem annarri tegund og hvernig það er rétt af í hlutaskiptum. Ég hef líka heyrt lýsingu á því að skip hafi togað hlið við hlið og samkvæmt lönduðum afla er annað skipið aðeins með þorsk en hitt skipið einhverja aðra tegund þó svo veitt sé í sama veiðarfæri.

Allt þetta og margt fleira get ég nefnt sem dæmi um ágalla kerfisins sem þarf að sníða af því. Þrátt fyrir alla þessa upptalningu ætla ég að viðurkenna að með fyrirliggjandi tillögum er verið að taka hænufet sem breytir stjórnun fiskveiða í samræmi við þær kröfur og samþykktir sem gerðar hafa verið í æðsta valdakerfi Alþfl. og ég vil vitna til, með leyfi forseta:

„Alþfl. mun beita sér fyrir því að endurskoðun laga um fiskveiðistjórnun verði lögfest og það verði bann við því að sjómenn taki þátt í kvótakaupum."

Þetta er m.a. ein af þeim samþykktum sem liggja fyrir frá síðasta flokksþingi Alþfl. Það er verið að stíga skref í áttina að bættri stjórnun og það er verið að koma til móts við kröfur hagsmunaaðila og þrengja möguleika að mínu viti í þá átt að þeir stóru verði stærri og þeir smáu smærri. Einnig að skip megi ekki taka til sín kvóta sem það getur ekki veitt.

Svokallaðir og sjálfskírðir atvinnumenn ráðast að þeim lagfæringum sem menn eru að ná saman um með fullyrðingum sem eru í ýmsu þeim til háborinnar skammar og lýsa best heift og óeðlilegum viðhorfum

þessara aðila í garð þeirra sem eiga með þeim aflann samkvæmt lögum. Með leyfi forseta vitna ég í umsögn frá Ragnari Árnasyni varðandi framsal veiðiheimilda:

„Framsal veiðiheimilda er einn veigamesti þátturinn í hagkvæmni kvótakerfisins. Framsalið þýðir m.a. að kvótarnir leita til hagkvæmustu útgerðanna. Slakari útgerðir sjá sér hag í að selja eða leigja þeim betri kvóta og öfugt. Hagtölur um afkomu útgerðar sýna að framleiðni þeirra á aflaeiningu er fjarska mismunandi. Það er því mikið þjóðhagslegt hagkvæmnisatriði að besti hluti flotans veiði leyfilegan heildarafla."

Virðulegi forseti. Ég vil nefna það að ég er með þrjár eða fjórar spurningar til hæstv. sjútvrh. eða hv. 5. þm. Norðurl. v. og vona að þeir aðilar sjái sér færi á því að vera í salnum. Ég á eftir svona 10 mínútur þangað til ég kem að þeim spurningum. Ég skal alveg sleppa þeim við að hlusta á mitt mál á meðan, þeir gætu fengið sér kaffi eða skroppið frá á klósettið eða annað slíkt, en eftir u.þ.b. 10 mínútur óska ég eftir að þessir aðilar verði við, virðulegi forseti.

Áfram segir: „Einfalt dæmi varpar ljósi á þetta. Varlega áætlað er 25% munur á hreinu þjóðhagslegu verðmæti þess þriðjungs fiskafla sem veiddur er af hagkvæmasta hluta flotans." Þarna er þessi ágæti maður búinn að skilgreina á einhvern hátt hvaða hluti flotans er hagkvæmastur. Ég er búinn að sjá hér skýrslu eftir skýrslu þar sem er sýnt fram á að mismunandi hagkvæmni fæst fram eftir því hvaða forsendur menn gefa sér og það vil ég hlusta á og horfa á og ég vil fá staðreyndir fyrir máli en ekki einhverjar svona framsetningar sem eru órökstuddar.

Ég er hér með tilvitnanir frá þeim ágætu mönnum sem telja sig atvinnumenn. Ég er einnig með yfirlýsingu frá stjórn Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerðar. Þessar fullyrðingar allar saman sem ég hef bæði frá Farmanna- og fiskimannasambandinu, Sjómannasambandinu, Verkamannasambandi Íslands stangast allar meira og minna á. Hvaða niðurstöðu eiga þingmenn svo að komast að eftir þann lestur sem ég vænti þess að hv. þingheimur hafi lagt fyrir sig fyrir umfjöllun þessara mála? (**GÁ:** Fresta málinu.) Þessu máli verður ekki frestað, hv. þm. Guðni Ágústsson. Þeir sjálfskírðu hv. atvinnumenn eru meira að segja svo staddir að þeir hafa ítrekað viðurkennt það — hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, velkominn í salinn — að þeir geti ekki veitt með skipum sínum t.d. úthlutaðan þorskkvóta og eru háðir því að geta gert samninga við smábáta sem síðan ganga með skarðan hlut frá borði úr sameign þjóðarinnar. Ég tel að það sé eitt gleggsta dæmið sem menn hafa gert að umræðuefni, dæmið frá þeim sjálfum þar sem þeir vitna hvað eftir annað í veiðar Valdimars Sveinssonar VE. Ég vildi að þeir hefðu um leið lýst því hver hlutaskerðing sjómanna er miðað við fullan hlut úr þeim afla sem umræddur bátur skilar á land ef hann færi í gegnum fiskmarkað. Ég get alveg séð fyrir mér að breytingar þarf að gera á stjórnun fiskveiða þannig að allur fiskur verði unninn hér á landi, a.m.k. þorskurinn — þessi sem étur svo mikið eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson — svo þær veiðar skili atvinnu inn í þjóðarbúið eins og eðlilegt væri, en ekki þrátt fyrir fullyrðingar atvinnumannanna svonefndu.

Það sem unnt er að taka undir með þessum umræddu hagsmunabaráttumönnum er athugasemd þeirra um heimildaskipti milli skipa sem stunda loðnu-, síld- og humarveiðar. Þó má benda á að mér finnst ekki rétt að úthlutað sé kvóta til þeirra sem ekki hafa möguleika á að ná honum nema með framsali til annarra vegna þess að þeir komast ekki yfir að ná aflanum sem þeim er úthlutað vegna þess hversu mikinn aðgang þeir eiga að auðlind þjóðarinnar. Afstaða til stjórnunarkerfis fiskveiða mótast af því hvar og hvernig hagsmunaaðilar tengjast kerfinu og einnig af þeirri reynslu sem viðkomandi aðilar hafa aflað sér.

Þá er rétt að koma að því hver ástæðan var fyrir því að koma á stjórnun fiskveiða. Upphafið að stjórnun fiskveiða var verndunarsjónarmið, sérstaklega á þorski. Hefur kerfið skilað árangri hvað varðar verndun og uppbyggingu? (**Gripið fram í:** Já.) Ég segi nei. Vilja menn kenna því um að alltaf hafi verið tekið meira en ráðlagt hefur verið? Ekkert svar. Í þessu sambandi vil ég nefna að það hefur ekki náðst ráðlagður afli nokkurra tegunda, t.d. ýsu, skarkola, ufsa, svo einhver dæmi séu tekin. Þessi staðreynd hlýtur að vekja upp spurningar eins og þessa: Hver er ástæðan? Er hún sú að umræddar tegundir eru til staðar? Vilja menn ekki þessar tegundir í aflaskortinum? Er ástæðan sú að einhvers staðar er pottur brotinn í gögnum þeirra sem gera áætlanir og tillögur? Þessar spurningar gefa tilefni til ályktana um brotalamir.

Í frægu fæðingarorlofi þorksins nú á dögunum voru allar veiðar stöðvaðar í Faxaflóa. Ég nefni t.d. smábáta, kvótabáta sem eru búnir með sinn kvóta, bátar á Akranesi. Það háttaði þannig til akkúrat á þessum tíma að þá var steinbítsgengd í Faxaflóa sem er ákaflega sjaldgæft. Það gerist á fjögurra til fimm ára fresti að þar gengur steinbítur upp. Það vita það allir sjómenn nákvæmlega að þar sem steinbítur er kemur yfirleitt ekki annar fiskur á línu. Þetta kerfi sem við erum með er svo stíft og strangt að vegna þess að það var fæðingarorlof þorsks í 10 daga í Faxaflóa þá urðu bátarnir sem voru ekki á þorskveiðum heldur steinbítsveiðum urðu að hætta. Kerfið sem við erum með er svo stirt að það var ekki hægt að leyfa að þeir héldu áfram steinbítsveiðum sem hefði skilað ekki bara vinnu til þessara manna heldur verðmætum í þjóðarbúið og einnig vinnu fyrir fólkið í landi.

Ég held að það sé einhver ágalli á framkvæmd hins fræga togararalls sem allt er miðað við. Fiskimenn við Breiðafjörð hafa lýst því fyrir mér að þar sem prufutog er framkvæmt á þeirra slóð hefur ekki fengist fiskur árum saman. T.d. þegar rallað var þar í vetur fékkst ekkert í trollið en bátarnir voru að fiska vel í net skammt frá á hefðbundinni fiskislóð. Ég held að þó tekið sé tillit til togararallsins og þeirrar niðurstöðu sem kemur út úr því þá held ég að menn verði að skoða hvernig og hvar árangur hefur verið ár frá ári. Ef menn eru búnir að toga á sömu slóð í langan tíma og aldrei fengið fisk en staðreynd að það er verið að veiða

vel af fiski til hliðar við prufuslóðina þá þurfa menn að skoða hvað er að. Það er eitthvað að.

Ég vildi vita hvernig veiðar smábáta eru notaðar til viðmiðunar við útreikning stofnstærðar. Og ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. hvort það hafi verið gerð úttekt á því hversu mikið af úthlutuðum þorskkvóta togaranna er veiddur með smábátum á grunnslóðum. Mér er kunnugt um að það er mikill afli tekinn úr Faxaflóa og Breiðafirði með aðferðinni tonn á móti tonni, afli sem að mestum hluta fer ekki til vinnslu þar sem fiskinum er landað. Hann er keyrður þvert yfir landið. Það er alveg ljóst að þorskveiðar í net hafa verið stundaðar með minni sókn en áður á þann hátt að hver bátur hefur verið með færri og stórriðnari net í sjó en oft áður. Net hafa einnig frekar verið dregin úr sjó en áður og það er viðurkennt að vegna kostnaðar við að leigja kvóta kemur aðeins í land verðmesti fiskurinn. Menn landa aðeins þeim afla sem best verð fæst fyrir og skerðir sem minnst úthlutaðan aflakvóta. Ég tel ástæðu til að efast um áreiðanleika niðurstöðu frá togararalli með tilliti til þorskstofnsins og þeirra tillagna sem byggðar eru á rallinu um veiðar úr honum. Og ég get ekkert að því gert að ég efist um þetta vegna þess að ég held að ekki sé spurt um hvar og hvernig menn hafa stundað veiðar á grunnslóð þar sem obbinn af þeim þorski hefur fengist sem hefur verið landað núna á síðustu tveimur árum.

Afleiðingar af þessum ákvörðunum á afkomu þjóðarinnar eru mjög afdrifaríkar og ég held að menn voni að valdar séu bestar leiðir. En ég get ómögulega látið vera að velta því fyrir mér hversu mikið tillit er tekið til aðstæðna í umherfinu af völdum strauma og hitastigs í hafinu umhverfis landið. Og ég spyr hvort ekki geti verið nauðsyn á að taka meira tillit til dauðatíðni, t.d. þorsks, af náttúrulegum ástæðum þegar verið er að ákvarða kvóta.

Frú forseti. Það er rætt um hagræðingu og meiri hagkvæmni. Ég ætla ekki beint að tala um fiskveiðar. Ég ætla að tala um það sem tengist mjög fiskveiðum. Skipin okkar, togaraflotinn, notar mjög mikið eldsneyti. Hér á hinu háa Alþingi kom fram tillaga um notkun eldsneytis og mengunarvarnabúnaðar sem má tengja eldsneytiskerfi í togurunum. Þar var sett fram varleg fullyrðing um að spara mætti 300–400 millj. á togaraflotanum. Tillaga sem þessi fær varla umfjöllun hvað þá heldur að kallað sé eftir áliti hjá mönnum sem geta sýnt fram á að þessi framsetning er rétt. Það er ekki gáð að því. Það er ekki athugað einu sinni. Það eru fengnar umsagnir frá ólíklegustu aðilum, olíufélögunum, um hvort það sé rétt að setja eldsneytissparandi tæki við vélarnar. Það liggur fyrir núna að þarna er hægt að spara. Sem betur fer hafa nokkrar útgerðir áttað sig á að um er að ræða 4–6% sparnað plús minnkandi slit á vélum. Gæti verið að það væri víða í okkar kerfi sem aðstæður eru þannig að menn taka ekki einu sinni til afgreiðslu eða umfjöllunar tillögur eins og ég er að vitna hér til? Ég þarf ekkert að útlista þessa hugmynd nánar en hún er svona eins og ég segi.

Þessar hugleiðingar sem ég hef verið að fara með eru að mestu settar fram með þeirri von að þær verði til frekara gagns við vinnu í framtíðinni við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða. Ég vildi óska að það hefði náðst meiri árangur við breytingar á kerfinu en raun ber vitni. Ég held að breytingar séu á réttan veg og ég afneita dylgjum um hrossakaup og að verið sé að lægja öldur óánægju í flokkunum með bráðabirgðaaðgerðum. (**GÁ:** Hvers vegna er þá verið að ...?) Ég tel hv. virðulegur þm. Guðni Ágústsson, að það sé verið að leita þeirra sáttaleiða sem færar eru. (**GÁ:** Við hverja? Kratana?) (**Gripið fram í:** Ekki Framsókn.) (**Gripið fram í:** Hvað með rækjuna?) Mér er auðvitað ljóst að tillögur okkar sextánmenninganna sem voru ræddar áðan um meðafla leiddu til þess að menn fengust til að gera þær brtt. sem fyrir okkur liggja. E.t.v. mun ég styðja frv. öll í heild sinni þegar þau koma til atkvæða vegna þess að ef þau verða ekki samþykkt leiðir það til ófyrirsjáanlegra afleiðinga fyrir þjóðina.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson nefndi í sinni ræðu, einhvern tímann á ferlinu frá því að umræðan hófst, krókaveiðigreifa. Hverjir eru það? Eru það þeir sem hafa leyfi til að stunda veiðar hálft árið ef gæftir leyfa? Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ætti ekki að draga slíka hugmyndafræði inn í umræðuna. Á Íslandi hefur aðeins verið rætt um eina tegund greifa. Það eru sægreifar, sem braska með afla og afkomu heilla byggða og það er þeirra sök að reynt er að hamla á móti því að kerfið sem við erum að fjalla um festist í sessi og að takmarkaðar verði heimildir þeirra til brasks og annars slíks.

Ég hef spurningar til hæstv. sjútvrh. og ef hann heyrir ekki mitt mál þá nægir mér að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson svari sem framsögumaður þessa frv.: Er það rétt að það vanti sveigjanleika í kerfið til að leyfa veiðar við sérstakar aðstæður? Þær sérstöku aðstæður eru eins og ég nefndi hér áðan þegar fæðingarorlof þorsksins er sett í gang en bátum sem veiða aðrar tegundir sem hægt er að veiða utan kvóta er bannað að fara á sjó.

Ég vil spyrja líka: Er hæstv. sjútvrh. eða hv. 5. þm. Norðurl. v. sammála mér um það að stjórn fiskveiða þurfi stöðuga endurskoðun? Ég þarf að fá svör við þessum spurningum áður en ég get gert það upp við mig hver mín afstaða verður við atkvæðagreiðsluna og ég mun hlusta mjög grannt eftir svörum við þessum spurningum. (**SJS:** Er þingmaðurinn í vafa? Er þetta ekki stjórnarfrv.?)

Frú forseti. Ég flutti langt mál um hvernig draga má ályktanir af því hvernig hafi verið farið með botninn á miðunum í kringum landið þar sem kannski eru helstu uppeldisstöðvar þorsks. Ég get nefnt það svæði sem fyrir liggur tillaga um að friða, B3 svæðið á Breiðafirði. Þar hafa verið klipptir af allt að 8 metra standar á hrauninu þar sem fiskurinn átti griðland til þess að hleypa togveiðiskipum, þessum afsöguðu nefstuttu, í veiðar þar sem áður voru stundaðar hefðbundnar krókaveiðar. Ég get rætt um fjölda marga aðra hluti sem mér er kunnugt um að hafi verið gerðir. Það hefur verið skóflað upp kóröllum af botninum þar sem togararnir stunda karfaveiðar til að komast betur að. En ég ætla ekki að gera það en læt þessi örfáu orð nægja

um þetta mál. En ég vona að ég fái svar við mínum spurningum.

[16:57]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég tók þannig til orða að kalla þá krókagreifa sem eru eigendur krókaleyfisbáta og leigja þá út. Þeir sem leigja slíka báta eru gjarnan eigendur kvótatrilla, eru búnir með kvótann og fara þá á sjó hjá öðrum. Ég held að þetta sé svona hliðstæð nafngift og tíðkast í þessari atvinnugrein á ýmsum öðrum en lýsir þessu hugtaki ágætlega þannig að hv. þm. sé ekki í neinum vafa um hvað við er átt.

Varðandi að það vanti eitthvað í kerfið vegna sérstakra aðstæðna þá gilda tvenns konar lög um þetta. Annars vegar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og svo um stjórn fiskveiða. En stjórn fiskveiða snýr einkum að hagræna þættinum á meðan lögin um fiskveiðar í landhelgi snúa meira að tæknilegum atriðum og þau lög munu fara í endurskoðun eins og hann veit.

Varðandi það hvort stjórn fiskveiða þurfi stöðugrar endurskoðunar við þá gildir nákvæmlega það sama um stjórn fiskveiða og hverja aðra löggjöf að við erum að tala hér um leikreglur sem gilda á þessu sviði. Þær eru ekkert óheilagri eða heilagri heldur en aðrar leikreglur sem gilda hér um viðskipti í landinu.

Varðandi það að fiski sé ekið milli landshluta þá stafar það einungis af því að nú til dags eru samgöngur betri en áður var og menn eru hættir að flytja fólkið að fiskinum, eins og gerðist á vertíðum hér áður fyrr, heldur flytja menn nú fiskinn að fólkinu.

[16:59]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér líkar vel að heyra að krókagreifar séu ekki bara bundnir við Sauðárkrók en ég get ómögulega samþykkt á nokkurn hátt þá skýringu sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur á því. Ég lýsti því hvernig krókaleyfishafar hafa aðeins hálft ár eftir því sem veður leyfir þó innan þessa hálfa árs til að stunda sínar veiðar. Er eitthvert jafnræði með þeim eða einhver samlíking til með þessum aðilum og sægreifunum sem ég lýsti hér áðan?

Mér líkar vel að hv. þm. tekur undir með mér, ég skil hans orð þannig, að þetta er aðeins skref, hænufet, í áttina að þeim breytingum sem þarf að gera á kerfinu. Það þarf að gera verulegar breytingar en að sjálfsögðu erum við sammála um að við ætlum að vernda fiskinn í hafinu í kringum landið. En ég vona að það sé líka hægt að taka undir það að ef 5% meðafla í þorski er hent í sjóinn þá er það að verðgildi í unninni vöru á milli 1–1,5 milljarðar.

[17:01]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Því miður er það þannig að þeir sem eiga krókaleyfisbáta, sumir hverjir, hafa rétt til að fara á sjó en þeir nota ekki þann rétt heldur leigja út trilluna jafnvel þótt það sé stuttur tími og leigja afnotarétt að sínum bátum til annarra sjómanna.

Ég held að við séum sammála um það, ég og hv. þm., að það hlýtur alltaf að koma til endurskoðunar og umfjöllunar um þá löggjöf sem gildir um þessi mál, hvort sem það er hinn hagræni þáttur, sem felst í löggjöfinni um stjórn fiskveiða, eða hinn tæknilegi þáttur, sem felst í löggjöfinni um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Við þurfum að sjálfsögðu alltaf að haga því eftir þeim aðstæðum sem ríkja hverju sinni en grundvallaratriðið hlýtur að vera að skapa þessari atvinnugrein þá umgjörð sem leiðir til hagkvæmni og leiðir til þess að hún geti staðið undir þeim lífskjörum sem við viljum hafa í landinu. Þá er grundvallarskilyrðið að sjávarútvegurinn sé rekinn á sem hagkvæmastan hátt.

[17:01]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. 4. þm. Vesturl. sagði í sinni ræðu að það yrði að koma í veg fyrir að allt að helmingurinn af afla sem tekinn er á Breiðafirði og Faxaflóa sé keyrður á önnur landshorn til vinnslu. Nú ætla ég ekki að taka afstöðu til þessa í andsvari mínu núna hvort þetta er skynsamlegt eður ei en ég vil spyrja hv. þm. hvernig hann hann ætlar að koma í veg fyrir að þetta gerist.

[17:03]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ef ég eða einhver gæti svarað því nákvæmlega hvernig þetta ætti að gerast þá hygg ég að búið væri að koma í veg fyrir og takmarka þessar aðgerðir eins og þarf. Ég á ekki von á því að með þeim breytingum sem við erum að gera núna á stjórn fiskveiða verði unnt að koma í veg fyrir þennan flutning vegna þess að tonn á móti tonni veiði er heimil samkvæmt kerfinu. Ef ég samþykki það þá auðvitað samþykki ég að það sem felst í þessu verði gert á þennan veg áfram. En ég lít svo á að þær brtt. sem fyrir liggja takmarki þessa hluti og það dregur mig til að hallast að því að ég styðji brtt. og styðji frv.

En ég hef borið fram spurningar til hæstv. sjútvrh. sem ég vona að hann sjái sér fært að svara. Ég nota tíma minn núna til að ítreka það að ég spyr hvort unnt sé að koma því við að svona slys eigi sér ekki stað eins og þegar kvótabátarnir, sem voru búnir með kvótann sinn, voru reknir í land frá því að veiða tegund utan kvóta þar sem nánast enginn meðafli er með.

[17:04]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Mitt andsvar sneri ekki á nokkurn hátt að steinbíti í Faxaflóa á síðustu viku en ég spurði einfaldlega hvernig hv. þm. ætlaði að koma í veg fyrir það að afla sé ekið milli landshluta. (**GE:** Ég sagðist ekki geta það.) Nei, hv. þm. sagðist réttilega ekki geta það. Ég sé ekki að það sé hægt. Ef ég man rétt þá hefur flokkur hv. þm. sagt að allur afli ætti að fara á markað. (**Gripið fram í:** Það mundi leysa málið.) Mundi það leysa málið? Ef allur afli færi á markað mundi það þýða að ekki væri lengur þriggja tíma akstur frá Akranesi á Sauðárkrók? (**Gripið fram í:** Hann er sex tímar núna.) Mundi það þýða að sú vegalengd lengdist?

Virðulegur forseti, því miður kemur það í ljós í þessum svörum að hér rekur sig hvað á annars horn. Þó svo að menn gætu ekki lengur landað tonni á móti tonni og samið um það þá mundi ekkert breytast hvað það snertir hverjir stæðu sig best í landvinnslu. Það mundi ekkert breytast hvað það snertir. Þeir mundu eftir sem áður hafa besta möguleikana til að bera sig eftir hráefninu. Við verðum einfaldlega að horfast í augu við það að við lifum á breyttum tímum. Til hvers var verið að byggja upp með ærnum tilkostnaði samgöngukerfi í landinu ef menn vilja svo í framhaldinu finna leiðir til að koma í veg fyrir að menn geti nýtt samgöngukerfið til hagsbóta og flutt hráefni milli landshluta til frekari vinnslu? Ég bið menn að hugsa sig nú aðeins betur um áður en menn vaða í ræðustól á Alþingi með, ég leyfi mér að segja, rakalausa vitleysu.

[17:06]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Aðeins örstutt svar við þessu. Ég er alveg sannfærður um að umbætur í vegakerfinu á Íslandi voru ekki gerðar til að flytja fisk frá Faxaflóa á Hornafjörð eða frá Suðurnesjum til Akureyrar eða frá Akranesi eða Snæfellsnesi til Sauðárkróks. (**JGS:** Til hvers þá?)

[17:07]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hér var flutt alveg þrælmögnuð ræða um sjávarútvegsmálin hjá hv. þm. Gísla S. Einarssyni og sú skemmtilegasta sem ég hef heyrt lengi. Því miður er ekki tími til þess í andsvörum að fara yfir hana, við geymum okkur það þar til í nótt eða í fyrramálið. En hann vék að nál. okkar 1. og 2. minni hluta og sagði að framsetningin væri órökstudd. Mér finnst ómaklegt að segja slíkt og hann sagði að þar væri ekkert annað en dylgjur og við kenndum ríkisstjórn Davíðs Oddssonar um allt. Ég kannast ekki við það að við framsóknarmenn víkjum nokkurs staðar að því í okkar nál. Við víkjum að því í okkar nál. að Framsfl. beri vissulega ábyrgð á þeirri stjórn fiskveiða sem nú er.

Hv. þm. talaði líka um sjóræningjahafnir þar sem landað sé fram hjá vigt. Einnig vék hv. þm. Jóhann Ársælsson að þessu áðan og nefndi þær fríhafnir. Hv. þm. Gísli S. Einarsson hefur stutt núv. ríkisstjórn í þrjú ár. Af hverju hefur maðurinn ekkert gert? Af hverju hefur maðurinn ekkert gert ef hann veit um allt þetta svindl? Af hverju ekki að taka á því? Og hv. þm. segir líka að allur fiskur eigi að fara í gegnum markað. En það á ekkert að flytja hann. Veit hv. þm. það ekki að auðvitað verður fiskurinn fluttur og ekki bara á milli staða heldur verður fiskurinn fluttur í stórum stíl beint til útlanda eftir að hann er kominn á markað? Og veit hv. þm. að þjónustugjöld og umboðslaun verða svona á annan milljarð? Heldur hann að þau séu ekki tekin af launum sjómanna? Auðvitað er þetta rugl. Og ég vildi spyrja: Hann er að tala um að það eigi að verða sveigjanlegar veiðar. (**GE:** Sveigjanlegra kerfi.) Ef menn ætla að taka meira úr hafinu þá verða þeir að svara um leið: Af hverjum á að taka það?

[17:09]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Einhvers staðar hef ég komið við kaunin á hv. þm. Stefáni Guðmundssyni. Eitthvað var honum sárt um það sem sagt var, eitthvað var þar aumt fyrir.

Í nál., sem eru tekin saman í eitt, stendur það sem ég sagði: Fyrir liggur í álitum stjórnarandstöðu að þeir telja stjórn Davíðs Oddssonar hafa klúðrað þessum málum gjörsamlega. Ég bið hv. þm. að fara yfir nál. og gá að því hvort það stendur ekki í einu þeirra að ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hafi klúðrað málunum. Ég bið hv. þm. að kynna sér það. Þetta eru þrjú álit sem liggja fyrir og í einu þeirra standa þessi orð nákvæmlega orðrétt. (**StG:** Hvaða?) Hv. þm. getur kynnt sér í hvaða áliti og ég legg það bara á hann að lesa þessi nál. Það er ekki svo mikið mál, alla vega álitin sjálf fyrir utan það sem fylgir með. Ég sé ekki ástæðu til að svara mikið þessum brigslyrðum um það hvernig kvótakerfið eigi að vera. Ég sagði í minni ræðu, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að kvótakerfið þyrfti að vera sveigjanlegra og að því lutu mínar spurningar til hæstv. sjútvrh., hvort ekki þurfi að vera á þann veg að þegar um meðafla er að ræða, eins og þann sem ég nefndi í minni ræðu varðandi steinbítinn sem var í Faxaflóanum — hvort kerfið þurfi ekki að vera svo sveigjanlegt að það sé hægt að hleypa mönnum til slíkra veiða. Það er sá ósveigjanleiki sem ég tel að sé í kerfinu, að þegar þorskurinn er sendur í fæðingarorlof þá megi menn ekki stunda aðrar veiðar.

[17:11]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er rétt að mér er alls ekkert sama í hvaða tóntegund menn tala um stjórn fiskveiða. Ég tek undir það sem segir í okkar nál., við framsóknarmenn berum vissulega ábyrgð í þessu máli. Og mér er ekki sama um þau skemmdarverk sem núna er verið að vinna á stjórn fiskveiða. Mér er ekki sama um það. (**GHall:** Það eru engin skemmdarverk.) Það eru hrein skemmdarverk, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, og meira að segja á þeim mönnum sem hafa stutt þig til að komast hér inn á Alþingi. Það er hægt að bæta því við, hv. þm. Gísli Einarsson, og spyrja, vegna þess að það er þungamiðjan í málinu sem hér er verið að fjalla um í dag: Styður hv. þm. þetta frv.? (**Gripið fram í:** Hann á eftir að gera það upp við sig.) Ég held að það hafi ekki verið hægt að skilja orð hans svo að hann muni skilja það. Hann sagði: Ja, ég reika með því. Svo sagði hann í lokin: Ja, ég er ekki viss um það. Nú væri fróðlegt að fá að vita: Ætlar þingmaðurinn að styðja þetta frv.?

[17:12]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ánægjulegt að heyra að það stendur það sem ég sagði í minni ræðu að verið er að ráðast að rótum þessa ósanngjarna kerfis sem við höfum búið við enda finnur hv. þm. Stefán Guðmundsson illilega til. Hann spyr hvort ég muni styðja þessar brtt. sem fyrir liggja. Að sjálfsögðu á ég enn

eftir að gera það upp við mig. Ég á eftir að sjá hvort það koma einhverjar aðrar brtt. fram. Ég á eftir að sjá hvernig málin liggja. Ég á líka eftir að fá svar við svona spurningu, eins og ég setti fram, um hvort ekki sé hægt að koma fyrir heimildum til ráðherra til að gera kerfið sveigjanlegra í svona dæmum eins og ég nefndi áðan. Það er það sem ég vil fá að vita.

Ég hef tekið fullan þátt í því að leggja hér fram tillögur sem hafa verið kallaðar eyðileggingartillögur. Af hverju haldið þið, hv. þm., að tillagan frá sextánmenningunum hafi verið sett fram? Það var að sjálfsögðu til þess að fá fram breytingar. Og ef þið munið það ekki þá get ég sagt ykkur það. Það er í níu liðum sem liggja fyrir brtt. frá því sem frv. var þegar það var lagt fram í desember.

[17:14]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Það hefur verið merkilegt að fylgjast með þessari umræðu í dag og ekki síst síðustu ræðum sem haldnar hafa verið af hv. þm. Ég ætla aðeins hér í upphafi að vitna örfáum orðum í ræðu Gísla S. Einarssonar.

Það er náttúrlega ljóst af ræðu hans hér og þeim svörum sem fram koma hjá hv. þm. í andsvörum að hann hefur ekki gert það upp við sig hvort hann ætlar að styðja það stjórnarfrv. sem hér er til umfjöllunar og meðhöndlunar á þinginu, þrátt fyrir að því hafi margoft verið lýst yfir af þeim sem að þessari ríkisstjórn standa að um þetta mál sé samkomulag. Hv. þm. lýsir því yfir að hann ætli ekki að svara því með stuðninginn við frv. fyrr en fyrir liggur hvaða brtt. muni verða gerðar við málið. (**GE:** Hvort þær verði gerðar.) Og hvaða, það hlýtur að vera líka. Það er ekki bara hvort það verði gert heldur hvað í þeim tillögum felst. Að því leyti væri fróðlegt að fá að heyra það hjá hæstv. sjútvrh. hvort það standi til að gera brtt. við frv. eins og það liggur fyrir.

Hv. þm. Gísli Einarsson talaði hér um mjög mikilvægar breytingar og margslungnar breytingar sem gera *þyrfti á þessu fyrirkomulagi og í raun og veru var hann* að leggja til allt aðra leið heldur en það fyrirkomulag sem nú er við lýði við stjórn fiskveiða gerir ráð fyrir. Hann talar um sveigjanleika, hann talar í raun og veru alveg um nýtt kerfi. Í öllum meginatriðum eru þær breytingar sem hér er verið að leggja til á gildandi kvótakerfi, á gildandi skipulagi við stjórn fiskveiðanna, það breytist ekki í neinum meginatriðum, það verður áfram búið við sama fyrirkomulag. En tillögur ríkisstjórnarinnar, þá að Gísla Einarssyni undanskildum, eða öllum öðrum fylgismönnum ríkisstjórnarinnar, gera hins vegar ráð fyrir að það sé verið að ganga til baka, það er verið að draga úr hagkvæmninni við stjórnun veiðanna. Það er verið að draga fjármuni frá sjávarútveginum sem býr við stórkostlega erfiðleika og koma á óhagkvæmni. Og um leið og hv. þm. Gísli Einarsson fer að styðja þetta mál, og það verður fróðlegt að fylgjast með því hér í atkvæðagreiðslu, þá er hann að leggja þetta til og leggja blessun sína yfir það um leið og hann er að innleiða aukið atvinnuleysi hjá sjómönnum og landverkafólki. Það er sú ábyrgð sem þeir þingmenn, sem ætla að greiða þessu frv. og þessum brtt. atkvæði sitt hér við afgreiðslu málsins, munu bera. Þeir munu bera ábyrgð á auknu atvinnuleysi hjá landverkafólki og sjómönnum.

Það hefur líka verið merkilegt að hlusta á hv. 5. þm. Norðurl. v. hér í andsvörum og í hlutverki sjútvrh. við þessa umræðu í dag. Í hverju einasta andsvari hefur hv. þm. lagt á það höfuðáherslu að það þyrfti að koma við hagræðingu í sjávarútveginum, það væri grundvallaratriði, (**VE:** Erum við ekki sammála um það?) Við erum alveg sammála um það, hv. þm. En það sem okkur skilur að er það að eftir því sem best er vitað ætlar hv. 5. þm. Norðurl. v. að greiða atkvæði með þeim brtt. sem hér eru lagðar til á kvótakerfinu og draga úr *hagkvæmninni í sjávarútveginum og koma þannig á* óhagkvæmara kerfi heldur en sjávarútvegurinn býr við í dag. (**VE:** Hagkvæmni og sátt.) Hagkvæmni og sátt. Á sáttina hefur, hv. þm., ekki enn verið látið reyna. En það hefur og verður látið á það reyna hver hagræðingin eða hvert óhagræðið af þessu fyrirkomulagi verður sem hv. þm. ætlar að taka þátt í að innleiða inn í sjávarútveginn. Atvinnugrein sem berst í bökkum, er rekin með bullandi tapi.

Það væri gaman að heyra það af vörum hæstv. sjútvrh. hvort hann telur, eins og atvinnumennirnir hafa hér talað um í sínum plöggum, að sjávarútvegurinn þoli það að draga út úr honum 2–3 milljarða kr. Það er gott að vita ef þessi atvinnugrein býr orðið við eins góð kjör og hér er látið í veðri vaka. Enda kom fram hjá hv. 5. þm. Norðurl. v. í blaðaviðtali við Dagblaðið um það leyti sem allar þessar brtt. voru að fara á flot, að hv. þm. lýsti því yfir að þær mundu allar hafa þær afleiðingar að það væri verið að draga úr hagkvæmninni í sjávarútvegi. (Gripið fram í.) Þetta er auðvitað háalvarlegur hlutur, hv. þm., að menn sem lýsa því yfir og gera það vísvitandi að ganga þannig fram gegn undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar að þar eigi að skerða tekjur og þar eigi að koma við óhagkvæmni.

Því miður eru hér alvarlegir hlutir að gerast nái þetta frv. hér fram að ganga. (***Gripið fram í:*** Ofan í hallarekstur.) Ofan í hallarekstur og þá óáran sem sjávarútvegurinn býr í raun og veru við. Hér er nefnilega verið að gera tilraun til þess að leysa kjaradeilu sjómanna og útvegsmanna, það er verið að gera tilraun til að leysa hana, því það er algjörlega óvíst hvaða afleiðingar þessar brtt. muni hafa í för með sér. En það er verið að leysa þetta á kostnað sjómanna. Það er hörmulegt til þess að vita að sjómannasamtökin skuli hafa haft forustu um það að koma því óhagræði á sem hér blasir við. Það er verið að fækka störfum á sjó með gjaldþrotum í bátaútgerðinni sem af þessu mun hljótast. Það er verið að fækka störfum fiskvinnslufólks í landi með því að flytja vinnsluna úr landi. Og það er verið að koma á mismunun milli útgerðaraðila, það er verið að gera þá stóru stærri og þá setja þá minni í þrot. Og fyrir þá hv. þm. sem ætla að greiða þessu máli hér leið í gegnum þingið er það ábyrgðarhlutur að standa svo að verki.

Staðreyndin er sú að við megum ekki við því að auka á atvinnuleysið, við megum ekki við því eins og

blasir við með þessum tillögum. Við þyrftum, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. hefur lagt ríka áherslu á í þessari umræðu, en þá alltaf eins og hann hafi ekki verið að tala um frv. sjálft, að koma á aukinni hagkvæmni í framleiðslunni. Við þurfum að koma á aukinni framleiðni í atvinnugreininni og við þurfum að koma á aukinni verðmætasköpun. En þetta frv. gerir ráð fyrir að menn fari hina leiðina. (**Gripið fram í:** Framsóknarleiðina?) Framsóknarleiðin, hv. þm., liggur fyrir. Hún liggur fyrir í því nál. er 2. minni hluti hv. sjútvn. hefur lagt hér fram þar sem menn mótmæla því að þessi skerðingarleið, kjaraskerðingarleið sjómanna, atvinnuleysisleið landverkafólks og sú óhagkvæmni sem á að leiða yfir sjávarútveginn, verði farin eins og þetta frv. gerir ráð fyrir. Það er rétt að sjávarútvegurinn á í erfiðleikum og þeir erfiðleikar hafa því miður af mörgum verið skýrðir með allt of einföldum hlutum. Einfaldlega verið sagt: Þetta er allt saman kvótakerfinu að kenna. Það er alrangt sem betur fer. Vandinn er nefnilega allt annar og það veit ég að hv. þm., margir hverjir, gera sér grein fyrir. Þó hef ég heyrt hér á umræðum í dag að það eru alls ekki allir sem gera sér grein fyrir því hvar vandi sjávarútvegsins liggur, hverjar ástæðurnar eru, finnst skýringin einföld, það liggi bara í kvótakerfinu. Vandinn er sá að sjávarútvegurinn þarf að búa við miklu minni afla núna heldur en hann hefur þurft að gera á undanförnum árum. Þess vegna er það alveg lífsnauðsynlegt fyrir þessa atvinnugrein að geta fengið að starfa þannig að hægt sé að koma við hagræðingu og sparnaði í rekstri fyrirtækjanna. En þeir sem rugla saman aflabrestinum og kvótakerfinu eru auðvitað á mjög hæpinni leið í þeirri umræðu sem núna fer fram.

Menn halda því hiklaust fram í þessari umræðu að kvótakerfið hafi brugðist og það mátti vel lesa út úr máli hv. þm. Gísla Einarssonar. Þetta er auðvitað alrangt. Kvótakerfið hefur í raun og veru sannað ágæti sitt sem stjórnkerfi við fiskveiðarnar. Þeim markmiðum er menn settu sér í upphafi með kvótakerfinu má kannski lýsa í fimm meginatriðum. Í fyrsta lagi að tryggja aflahámörkin. Í öðru lagi að skip og byggðarlög nytu þeirrar aflareynslu er aflakvótarnir voru byggðir á þegar kvótakerfið fór af stað. Í þriðja lagi að spara í sóknarkostnaði útgerðarinnar. Í fjórða lagi að auka hagræðinguna og hagkvæmnina í atvinnugreininni með því að opna á framsalið milli skipa. Í fimmta lagi að auka verðmætasköpunina í sjávarútveginum. (**GE:** En fiskvöntunin?) Ég byrjaði á því, hv. þm. Gísli Einarsson, að lýsa því, og ég ætla að gera það örlítið nánar, hvernig kvótakerfið hefur verið leið til þess að tryggja aflahámörkin. Það er að vísu alveg rétt að það hefur ekki tekist að vera alltaf innan þess heildarkvóta og heildaraflamarks í ákveðnum tegundum á milli ára. Þar er ekki einvörðungu því kvótakerfi sem nú er við lýði um að kenna. Menn verða að hafa söguna örlítið í huga í þessu samhengi vegna þess að stærstan lífaldur kvótakerfisins eða þann tíma er það hefur verið við lýði hefur verið um tvöfalt kerfi að ræða, aflamark og sóknarmark. Það er auðvitað útilokað að búa við slíkt. Það hefur fyrst og fremst orðið til þess að það markmið hefur ekki náðst að fullu að standa við aflahámörkin er menn settu sér. Hefði kerfið verið einfalt og einvörðungu verið um aflamark að ræða þá er ég sannfærður um að menn hefðu náð mun betri árangri við að halda sig innan heildarkvótans.

Hins vegar hefur ekki í þessari umræðu né fyrri umræðum um sjávarútvegsmál verið bent á eina einustu leið er menn hafa og geta fullyrt að betur hefði tryggt þau aflahámörk heldur en kvótakerfið hefur gert. Sóknarmarkið er að hluta til og að mörgu leyti mjög líkt því skrapdagakerfi er var við lýði áður en kvótakerfið tók við. Það var ekki leið til að tryggja aflahámörkin. En það má fullyrða að þessi leið sem kvótakerfið er og þetta fyrirkomulag við stjórnun fiskveiðanna er það besta sem við getum búið við í dag til að tryggja að við getum verið innan þeirra aflahámarka er við setjum okkur.

Auðvitað hefur millifærsluréttur inn milli ára einnig nokkur áhrif þarna á, þannig að menn verða auðvitað að horfa á heildarkvótann, ekki bara á einu ári eða tveimur árum, menn verða að horfa yfir örlítið lengra tímabil og bera það saman og skoða hvort mönnum hafi tekist að vera innan heildaraflans. En ég geri mér grein fyrir því að það hefur ekki tekist þó svo að það hafi náðst nokkur árangur þar frá fyrri kerfum.

Þegar kvótakerfið fór af stað er alveg ljóst að byggðarlögin og skipin fengu þá aflareynslu er þau höfðu haft á undanförnum árum. Auðvitað er það rétt — sem ég sé að hv. þm. Gísli S. Einarsson er nú að lýsa hér með handapati — að það er og hefur orðið tilfærsla bæði milli skipa og byggðarlaga, en sú tilfærsla er hluti af þeirri hagræðingu sem af framsalinu hefur orðið og ég mun koma örlítið inn á síðar í ræðu minni og lýsa þeim þjóðhagslega ávinningi sem orðið hefur af þeim framsalsheimildum sem verið hafa í gildandi kvótakerfi. Það hefur orðið sparnaður í sóknarkostnaði útgerðarinnar. Það blandast engum hugur um að það hefur orðið verulegur sparnaður. Bara á fyrsta ári kvótakerfisins, árinu 1983–1984, er talið að sparnaður í sókn hjá útgerðinni hafi orðið bara á því ári 15–20%. Auðvitað hefur hann síðan orðið minni ár frá ári, en það er um raunverulegan sparnað að ræða. Það liggur líka fyrir að framsalið og hagræðingin sem af því hefur hlotist hefur skilað milljörðum inn í sjávarútveginn, milljörðum fyrir þjóðarbúið í þeirri hagkvæmni sem af framsalinu hlýst. Það er þess vegna alveg stórfurðulegt að menn skuli velja þá leið nú þegar sjávarútvegurinn á að mörgu leyti nokkur sóknarfæri að fara í það að skerða við atvinnugreinina með þeim takmörkunum sem hér er gert ráð fyrir.

Í nál. 2. minni hluta hv. sjútvn. er gerð glögg grein fyrir afstöðu Framsfl. til þeirra breytinga sem hér eru boðaðar á stjórnkerfi fiskveiðanna, sem er auðvitað meiri heldur en á stjórnkerfi fiskveiðanna vegna þess að allar þessar breytingar snerta í raun og veru atvinnugreinina í heild sinni og þær snerta þjóðarbúið í heild sinni. Hv. þm. Gísli Einarsson lýsti því áðan í sinni ræðu og tók stórt upp í sig að mér fannst þegar hann sagði að það væri til háborinnar skammar hvernig sá hópur er kallar sig atvinnumenn hefði komið fram

í þessu máli. Mér þykja menn taka nokkuð stórt upp í sig þegar slíkar fullyrðingar eru settar fram. Þeir menn sem þennan hóp skipa eru þeir sem í raun og veru hafa puttann á púlsinum á þessari atvinnugrein. Það eru þeir sem þurfa dag frá degi að reka sín fyrirtæki og í raun er það þetta fyrirkomulag, sem menn eru búnir að innleiða og þær breytingar sem núna á að fara að gera, sem brennur auðvitað á þessum mönnum. Mörg þessara fyrirtækja hafa verið að fara út í stórkostlegar hagræðingar á undanförnum vikum og mánuðum, sem hafa byggt á því frv. er hér hefur legið fyrir um stjórn fiskveiðanna. Dæmi um þetta eru Hornafjörður og Tálknafjörður. Með þeim brtt. sem hér eru boðaðar er fótunum kippt undan öllum þeim aðgerðum sem þessi fyrirtæki hafa gripið til. Mér hefði fundist nær fyrir hv. þm. að fara í smiðju til þessara manna, sem vita um hvað þessir hlutir snúast, heldur en að bregðast þannig við að það sé ekkert mark á þeim takandi því þeir séu með stóryrði og gífuryrði og séu á engan hátt, mér liggur við að segja, trúverðugir, þrátt fyrir að það blasi við að þetta eru þeir menn sem frá degi til dags þurfa að fást við vandamálin sem uppi eru í fyrirtækjunum á hverjum einasta degi.

Ég ætla, með leyfi forseta, að vitna í nokkrar fullyrðingar sem fram koma í þeirri greinargerð og þeim ábendingum sem atvinnumennirnir hafa viljað koma á framfæri við hv. alþm. þegar á að fara að ganga frá þessu máli. En maður skilur betur þegar maður hlustar á þær ræður frá hv. stjórnarþingmönnum, sem maður hefur hlustað á hér í dag, að ekki skuli verða gerðar neinar breytingar á þessu frv. eins og það liggur nú fyrir þegar viðbrögð þingmanna eru með þeim hætti að menn neita að hlusta og segja: Við vitum þetta allt miklu betur heldur en þeir menn sem í raun og veru eru að fást við vandamálin frá degi til dags. Það lýsir auðvitað nákvæmlega því og það er ástæðan fyrir því að menn hafa neitað að hlusta á þennan hóp sem þó hefur mestu þekkinguna og reynsluna af þessu, með virðingu fyrir öllum þeim hv. þm. sem hér eru þó þeir hafi verið með einum eða öðrum hætti að sýsla við þessi mál á undanförnum árum. Atvinnumennirnir halda því fram að þessar breytingar skerði möguleika á sjálfsagðri hagræðingu sem hægt er að koma við í fyrirtækjunum og segja:

„Eðlilegar kvótafærslur til að mæta breyttum aðstæðum eru takmarkaðar og mikillar varúðar þarf að gæta við alla ákvarðanatöku. Í raun má segja að röng ákvörðun þýði tapað veiðileyfi. Í stað eðlilegrar hvatningar og umbunar fyrir hagræðingu skerðir einstefnuákvæðið, þ.e. 15% reglan, verulega möguleika á því að á hverjum stað eða á hverju skipi séu stundaðar þær veiðar sem mestum verðmætum skila. Virtustu fiskihagfræðingar landsins eru sammála um að minna framsal á veiðiheimildum hafi í för með sér minni verðmæti."

Finnst hv. þm. af þessari fullyrðingu sem hér er sett fram ástæða til að taka svo stórt upp í sig eins og hv. þm. Gísli Einarssonar gerði hér áðan, að segja að svona fullyrðingar séu til háborinnar skammar? (**Gripið fram í:** Það er rétt hjá honum.) Þessi hópur fullyrðir líka að þetta fyrirkomulag sem hér á að fara að innleiða mismuni stærri og smærri aðilum í útgerð.

„Með takmörkum á veiðiskiptum með veiðiheimildum er útgerðaraðilum mismunað verulega. Heimildir til þess að færa veiðiheimildir á milli báta og skipa innan sömu útgerðar gerir stærri aðilum kleift að hagræða langt umfram það sem einyrkjum býðst að gera." (**Gripið fram í:** Það er nú hægt hvort sem er.)

Þeir fullyrða að þessar tillögur muni leiða til stórminnkaðrar úthafssóknar. (**JÁ:** Trúir þú því?) Ég held að það geti orðið á einhvern hátt. En ég gleðst yfir því ef hv. þm. Jóhann Ársælsson er að taka hér sinnaskiptum í umræðunni þrátt fyrir að hafa skrifað sér nál., nál. 1. minni hluta, og í hverju frammíkallinu á fætur öðru er farinn að standa dyggan vörð um þær brtt., að mér finnst, er ríkisstjórnarliðið er núna að leggja hér til. (Gripið fram í.) Já, mér sýnist að stjórnarliðinu sé að verða nokkuð ágengt í þessum efnum. (**Gripið fram í:** Vaxa fiskur um hrygg.) Það gæti því farið svo að hv. þm. Gísla Einarssyni gæfist laus taumurinn í þessum efnum ef annar Akurnesingur, hv. þm. Jóhann Ársælsson, ætlar að hlaupa í skarðið fyrir hann.

Atvinnumennirnir halda því einnig fram að þetta fyrirkomulag muni leiða til aukins útflutnings á óunnum fiski. Ég held að sú fullyrðing liggi nú á borðinu og sé ekki hægt að fara í neinar grafgötur með. En þannig mætti auðvitað lengi halda áfram að vitna í það sem þeir menn, með alla þessa reynslu af rekstri fyrirtækja, hafa af því að hagnýta sér það fyrirkomulag sem núna er við lýði, vara við að tekið verði upp. En því miður, menn ætla ekki að hlusta á það.

Verkamannasamband Íslands er einnig með verulegar athugasemdir við þær brtt. sem hér er verið að leggja til og lýsir í löngu máli í þeirri greinargerð sem þeir hafa lagt fyrir hv. sjútvn. og fylgir með í fylgigögnum hv. 2. minni hluta sjútvn. Það ber allt að sama brunni og fram kemur í skýrslu atvinnumannanna. Verkamannasambandið hefur áhyggjur af því að þetta muni leiða til aukins atvinnuleysis fyrir verkafólk í fiskiðnaði. Verkamannasambandið hefur áhyggjur af því að fiskvinnslan flytjist út á sjó. Verkamannasambandið hefur áhyggjur af því að sú vinnsla sem verið hefur hér á landi flytjist til annarra landa. Finnst hv. stjórnarþingmönnum, hv. stuðningsmönnum þessarar ríkisstjórnar, þetta bara allt í góðu lagi á sama tíma og átta þúsund manns eru atvinnulausir í landinu?

En það sem er sennilega alvarlegast í þessu máli er að það sem menn halda að þeir séu að lagfæra og leiðrétta mun sennilega þegar fram líða stundir koma einna verst við sjómannastéttina. Ef þetta frv. sem hér liggur fyrir verður samþykkt þá hygg ég að það muni ekki líða langur tími þar til sjómennirnir fara sjálfir að finna fyrir skerðingunni. Og þá spyr maður sig: Gæti það nú verið svo að það væri eitthvað svipað fyrirkomulag í þessu máli af hálfu Sjómannasambandsins og þeirra hagsmunaaðila og samtaka sjómanna eins og er gagnvart Lífeyrissjóði sjómanna sem hér var til umfjöllunar ekki alls fyrir löngu? Að þær breytingar sem hér eru boðaðar hefðu kannski á engan hátt verið bornar undir sjómennina, heldur væru það topparnir í stjórnunum

og starfsmennirnir hjá samtökunum sem væru að taka ákvarðanir og leggja til tillögur við ríkisstjórn sem gætu þegar fram líða stundir orðið til þess að kjörin yrðu stórkostlega skert hjá stéttinni og atvinnuleysi yrði innleitt umfram það sem er nú þegar? Ég velti auðvitað fyrir mér hvort eitthvað slíkt sé í uppsiglingu. Ekki ætla ég að fullyrða það. Nú kann það vel að vera og ég vonast auðvitað til þess að Sjómannasambandið, Vélstjórafélag Íslands og Farmanna- og fiskimannasambandið hafi haft náið samráð og samstarf við sína umbjóðendur um þær tillögur er þeir leggja svo ríka áherslu á að fá hér samþykktar. En sá grunur læðist að mér að samráðið sé eitthvað svipað og það samráð sem þessir aðilar höfðu við sjómenn í landinu þegar þeir lögðu til og studdu eindregið þær grundvallarbreytingar sem nú er verið að gera á Lífeyrissjóði sjómanna þar sem öll réttarbótin, allar tryggingarnar fyrir ellilífeyri sjómannanna, makalífeyri, örorkulífeyri, makabótum, er öllu kippt út úr lögum og sett inn í reglugerð.

Reglugerðin var að vísu sýnd með frv., svona rétt til að menn gætu kannski áttað sig á því hvað væri á ferðinni. Bréf komu frá öllum þessum stóru og fínu samtökum, Sjómannasambandinu, Farmanna- og og fiskimannasambandinu og Vélstjórafélaginu, þar sem lýst var yfir stuðningi við þessa aðgerð. En það voru svo sjómennirnir í Sjómannafélagi Reykjavíkur sem óskuðu eftir fundi í efh.- og viðskn. þar sem málið var til umfjöllunar og sögðu: Það hefur aldrei verið talað um þetta við okkur. Fyrir tilviljun sáu þeir reglugerðina. (**GHall:** Það er rangt. Það var sérstakur fundur með þessum stjórnarmönnum um lífeyrissjóðsmálin og þessum sem komu til ykkar.) Nú ætla ég ekki að deila við hv. þm. Guðmund Hallvarðsson um það. Ef svo er þá er það gott, hafi fundurinn verið haldinn. En það er verra ef þessir menn hafa sagt nefndinni ósatt. Það er aftur á móti miklu, miklu verra.

En það er ekki það mál sem hér er til umfjöllunar. (**GHall:** Akkúrat.) En það er tekið sem dæmi um það og spurt: Getur það verið og að það skorti eitthvað á samráðið við sjómennina í þessu máli? En prófessor Ragnar Árnason, doktor í fiskihagfræði, hefur sent frá sér sitt álit á þessu frv. Það er nú oft ágætt og oft gripið til þess ráðs hér af hv. alþm., þegar vel liggur á og mönnum finnst henta, að bera þá við að það sé ekki mikið mark takandi á þessum prófessorum og um leið að það séu bara þeir menn sem eru í atvinnulífinu sem menn verði að leita til. (Gripið fram í.) En nú er það svo að það eru bæði mennirnir í atvinnulífinu og prófessorinn sem vara við þeim tillögum sem hérna er verið að leggja til. Ragnar Árnason fullyrðir að það frv. sem hér liggur fyrir sé skaðlegt því fyrirkomulagi sem verið hefur við stjórn fiskveiðanna.

Virðulegi forseti. Ég ætla að lokum að vitna örlítið í þá greinargerð er prófessorinn hefur sent frá sér. Það ætla ég að gera vegna þess sem ég sagði hér áðan að ég hygg að það verði ekki mjög langur tími liðinn frá því að það fer að reyna á þær lagabreytingar sem hér er verið að gera þar til sjómennirnir átta sig á því að þarna hefur verið illa af stað farið. Til að stytta mál mitt ætla ég ekki að lesa alla greinargerðina frá Ragnari Árnasyni heldur vitna í hana, með leyfi forseta. Þar segir:

„Hömlur á þetta framsal eru að sama skapi skaðlegar. Mikilvægt er að átta sig á því að það eru ekki einungis útgerðarmenn heldur öll þjóðin sem ber þennan kostnað. Kostnaðurinn við hömlur á framsal kvóta er að hluta til borinn af fiskvinnslufólki vegna breytinga í vinnslu og vinnsludreifingu fiskafla. Kostnaður við takmarkað framsal kvóta er að hluta borinn af sjómönnum vegna þess að minni virðisauki í útgerð þýðir óhjákvæmilega lægri laun til sjómanna, a.m.k. þegar fram í sækir. Kostnaður við takmarkað framsal er að lokum borinn af þjóðinn í heild, annars vegar vegna lægri opinberra gjalda útgerðarinnar og hins vegar lægra gengis krónunnar en þörf hefði verið á."

Hvað segir þetta? Það er fiskvinnslufólkið, það eru sjómennirnir sem eiga að bera þetta, en það er sjómannaforustan sem er að berjast fyrir að koma þessu á og það er þjóðin öll sem verður fyrir skaða. Það er auðvitað alvarlegt að ætla þegar þessar staðreyndir liggja fyrir frá Ragnari Árnasyni, prófessor í fiskihagfræði, frá mönnum úr atvinnulífinu, að troða þessu með bolabrögðum í gegnum Alþingi.

Útbýting þingskjals:

Lögfesting nokkurra meginreglna umhverfisréttar, 621. mál, stjfrv., þskj. 1182.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú er forseta nokkur vandi á höndum þar sem sjö hv. þm. hafa beðið um að veita andsvar. Forseti hefur ákveðið að gefa hverjum hv. þm. eina mínútu og ræðumanni aðra til svars.

[17:51]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég andmæli algerlega fullyrðingu um að með samþykkt frv. og brtt. sé verið að auka á atvinnuleysi sjómanna, en að ég hafi tekið stórt upp í mig varðandi umsögn atvinnumanna má vel vera. En ég er hér með umsögn frá einum af þessum ágætu atvinnumönnum um að stjórnvöld verði að kaupa upp bátaflotann eða hluta hans og leggja honum. Eru þetta ekki stóryrði? Er ekki ástæða til að svara svona löguðu með stórum orðum? (**StG:** Til hvers var Þróunarsjóðurinn?) Hér stendur, með leyfi forseta, að togarar og stærri fiskiskip geti sótt í fjarlæg fiskimið. Geta smábátar það? Togarar og stærri fiskiskip geta verið á sjó í hvaða veðri sem er og hvenær sem er. Smábátar mega vera á sjó sex mánuði þegar færi og veður gefst. Hver er með stóryrði og hver er með dylgjur?

[17:52]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson andmælir. Það hefur í sjálfu sér voðalega litla þýðingu að andmæla. Ef það liggur ofarlega hjá hv. þm. að andmæla þá er best að gera það innan Alþfl. og andmæla því sem ríkisstjórnin er að gera. Menn verða að hafa forsendur til þess og verða að byggja þær á einhverju. Ég byggi minn málflutning á mönnum sem ég treysti,

mönnum í atvinnulífinu. Manni eins og Ragnari Árnasyni, prófessor í fiskihagfræði.

Varðandi það að einn atvinnumaðurinn hafi lýst því yfir að þar þurfi að kaupa upp útgerðina, smábátana, þá er, hv. þm., í frv. um Þróunarsjóðinn, sem ég býst við að hv. þm. ætli að styðja, gert ráð fyrir því að þetta verði keypt upp.

[17:53]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það hefur gengið mjög illa að fá framsóknarmenn til þess að rökstyðja það hvernig þeir geta fært sönnur á að einhver takmörkun á framsali, eins og gert er ráð fyrir í brtt. meiri hluta, muni þýða milljarðatap. Nú hafa framsóknarmenn tekið upp á því að vitna til fræðimannsins Ragnars Árnasonar, en hvernig rökstyður hann þetta? Hann segir það að með því að hagkvæmasti hluti flotans veiði þær aflaheimildir sem sá óhagkvæmasti hlutinn er að veiða í dag megi leiða að því rök að það geti þýtt að það verði milljarðasparnaður í þessu kerfi. Það er með öðrum orðum greinilegt að það sem hv. framsóknarmenn vilja gera er að færa aflaheimildirnar frá því sem þeir kalla óhagkvæmasta hluta flotans til þess sem þeir kalla hagkvæmasta. Og hvaða hluti er sá óhagkvæmasti miðað við arðsemiskröfurnar og miðað við afkomutölurnar? Það er bátaflotinn sem þeir þó sjálfir þykjast bera fyrir brjósti. Og hvaða hluti flotans er hagkvæmastur, og hefur mesta arðinn? Það eru frystitogararnir. Og svo voga þessir menn sér að tala þannig að það sé eitthvert sérstakt kappsmál þeirra að koma í veg fyrir aukna frystitogaravæðingu. Þeirra málflutningur, þeirra tillaga mun leiða til að aukinnar frystitogaravæðingar og að hlutur bátaflotans í landinu verði minni.

[17:54]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér furðulegur málflutningur þegar hv. þm. Einar K. Guðfinnsson fullyrðir það að tillögur okkar framsóknarmanna leiði til aukinnar fjölgunar frystitogara. Við erum ekki með neina tillögu, hv. þm., aðra en þá að standa vörð um það kerfi sem núna er. Hvers konar misskilningur er þetta hjá hv. þm.? Það liggja engar tillögur fyrir af hálfu framsóknarmanna í þessari umræðu aðrar en að við ætlum að reyna að koma í veg fyrir það stórslys sem hér er að gerast þar sem hv. þm. sem styðja stjórnarflokkana eru að leiða atvinnuleysi yfir verkafólk og sjómenn í landinu með þeim breytingartillögum sem hér eru boðaðar.

[17:55]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það skiptir afar miklu máli þegar rætt er um þær leikreglur sem gilda um stjórn fiskveiða að um þær sé sátt. Hv. þm. virðist líta svo á að verkfall sjómanna skipti engu máli, þetta hafi allt saman verið hreinn misskilningur og þeir hafi ekki verið að berjast fyrir sínum hagsmunum í verkfallinu. Ég hef ekki haldið að þetta væri svo og sjómenn almennt teldu að sjómannaforustan héldi á spilum í samræmi við sína hagsmuni. Ég tel þess vegna mikilvægt að um kerfið ríki sátt við sjómenn. Ég tel ekki að verið sé að gera neinar slíkar breytingar á kerfinu sem slíku eins og það er í dag að það breyti eðli þess hvað hagkvæmni snertir. Hins vegar er það ljóst að það að taka út fiskvinnslukvótann, sem hefði þýtt aukna hagkvæmni miðað við kerfið sem er í dag, var mjög sárt og þungbært fyrir mig að missa það út.

[17:56]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek undir það með hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að það er mjög mikilvægt að um það fyrirkomulag sem við höfum byggt upp um stjórnun fiskveiðanna ríki sátt. Það sem framsóknarmönnum tókst þann tíma sem þeir báru ábyrgð á þessum málaflokki, öll árin við allar þær breytingar sem gerðar voru á þessu fyrirkomulagi var að skapa sátt um þetta fyrirkomulag. (**SJS:** Er það ekki ofmælt?) Nei, hv. þm., það er ekki ofmælt. Þeim tókst að skapa sátt um þetta fyrirkomulag við hagsmunaaðila í sjávarútvegi og stóran hluta Alþingis. Þess vegna tel ég, hv. þm., að menn hefðu átt að stíga eitt skref í einu, byrja á því nú og semja um það við sjómenn að lögfesta samráðsnefndina og greiðslumiðlunina og skiptaverðmætið. Síðan að sjá til hvað framtíðin hefði borið í skauti sér og taka þá á, ef nauðsynlegt hefði verið, framsalsvandamálum sem ég fullyrði að muni ekki koma í veg fyrir þátttöku sjómanna í kvótakaupum.

[17:58]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því í ræðu hv. 11. þm. Reykv. að hann nefndi tölur um hagkvæmni útgerðarinnar en þær voru ansi gamlar. Þær eru frá 1983–1984 eða eitthvað svoleiðis. Ég hef nýrri tölur handa honum. Afli hefur ekki aukist á dag hjá skipaflotanum og hjá minni togurum, undir 500 tonnunum, hefur afli yfir daginn minnað úr 10 tonnum á sólarhring í 8 tonn en er nokkurn veginn á sléttu hjá stærri skipunum.

Síðan langar mig til að benda hv. þm. á þegar hann er að vitna í ágætan mann, Ragnar Árnason, að hann fullyrðir að helstu eiginleikar kvótakerfisins og þeir sem mest séu eftirsóknarverðir sé eignarréttur á fiskstofnunum. Hann bendir á það sem galla á kvótakerfinu að þessi eignarréttur sé ekki fullkominn. Ég vil benda á þetta vegna þess að ég taldi að það væri sátt um það í hv. Alþingi að menn ætluðu að halda 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða í heiðri.

[17:59]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er hárrétt, hv. 3. þm. Vesturl., að tölurnar sem ég nefndi voru gamlar. Þær voru frá árinu 1983–1984. En ég sé að hv. þm. hefur misskilið mig illilega í þeirri umræðu. Ég var einfaldlega að skýra hvað kvótakerfið hefði skilað mikilli hagræðingu strax á fyrsta ári, miklum sparnaði í sóknarkostnaði. Auðvitað ná menn ekki 15–20% sparnaði á hverju einasta ári.

Varðandi síðari spurningu hv. þm. hvort 1. gr. um eignarréttinn í frv. um stjórn fiskveiði eigi ekki að

standa þá á hún að standa, enda er það klárt að það er ekki um eignarrétt á kvótanum að ræða. Það er um nýtingarrétt að ræða og það er grundvallarmunur, hv. þm., og ef þingmaðurinn hefur ekki gert sér grein fyrir því þá þurfa menn að lesa betur heima. (**Gripið fram í:** Er framsal nýting?)

[18:00]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli hv. þm. á því að hér hefur talað hinn nýi talsmaður Framsfl. í sjávarútvegsmálum, hv. 11. þm. Reykv. Það var við því að búast að að einhverju leyti gæti kveðið við nýjan tón þegar mannaskipti verða. Það hefur a.m.k. gerst varðandi hinn nýja formann flokksins. En hvað er boðað? Er boðaður nýr tími? Nei. Það er boðað að aftur skuli horfið til þess tíma þegar hv. þm. var aðstoðarmaður í sjútvrn. Engu má breyta. Það skuli halda sig við það sem hinir svokölluðu atvinnumenn í sjávarútvegi vilja og ætlast til að sé gert. Ég vil spyrja hv. þm. Finn Ingólfsson að því: Hverju vill hann breyta í sjávarútvegsmálum í dag? Vill hann lagfæra eitthvað? Er það t.d. vegna þess að hann vitnar svo mikið í atvinnumennina? Tekur hann undir það sem a.m.k. sumir atvinnumannanna vilja? Vill hann fiskvinnslukvóta?

Það væri fróðlegt að heyra hvað þingmaðurinn segir. En ég vek sérstaka athygli á því að hér hefur talað hinn nýi talsmaður Framsfl. í sjávarútvegsmálum.

[18:02]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er hræddur um að það sé dálítið oftúlkað hjá hv. 1. þm. Vesturl. að hér sé um einhvern nýjan talsmann Framsfl. í sjávarútvegsmálum að ræða. Sá er til staðar og hefur verið það lengi. Það hefur verið hv. 1. þm. Austurl., Halldór Ásgrímsson, og svo sá sem er með honum í hv. sjútvn., hv. þm. Stefán Guðmundsson. Þetta eru talsmenn Framsfl. í þessum málaflokki.

En það geta fleiri tekið þátt í þessari umræðu vegna þess að hér er umræða sem skiptir höfuðmáli fyrir þjóðina. Og hvað er boðað? Hvað eru framsóknarmenn að boða? Framsóknarmenn eru að boða það, hv. þm., að koma í veg fyrir stórslys, að koma í veg fyrir það að yfir sjávarútveginn verði ýtt óhagræðingu, koma í veg fyrir að hér verði innleitt aukið atvinnuleysi hjá verkafólki í fiskvinnslu og sjómönnum. Það er þetta sem Framsfl. er núna að boða þegar hann ætlar að berjast gegn þeim breytingum sem ríkisstjórnin er að leggja til á frv. um stjórn fiskveiða.

[18:03]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er athyglisvert að hlusta á hv. 11. þm. Reykv., Finn Ingólfsson, tala svo mjög um sjávarútveginn sem hann hefur gert og minnast ekki einu orði á þá staðreynd að 80% útgerðar er samtvinnað fiskvinnslu. Varðandi stýringu á vinnslu afla og veiða er það því nær hvort öðru en hér hefur verið látið í veðri vaka.

Annað sem er athyglisvert er að þingmaðurinn talar um að hann hafi mikinn áhuga á því að ganga í smiðju til atvinnumanna í fiskvinnslu. Þar er einn ágætur sem heitir Einar Svansson, Fiskiðju Skagfirðinga. Hann hefur verulegar áhyggjur af því að fólk í fiskvinnslu sé að missa atvinnu sína. Og þessi sami ágæti útgerðaraðili, og þess hef ég getið áður, hv. þm. Stefán Guðmundsson, (Gripið fram í.) hefur stuðlað að því að 3.600 tonn af ferskum fiski voru flutt frá þessum útgerðarstað til sölu erlendis. Þetta er sá aðili sem Finnur Ingólfsson vill ganga í smiðju til. Þetta er sá aðili sem hefur tungur tvær og talar sitt með hvorri og hefur svo miklar áhyggjur af atvinnumálum fiskvinnslufólksins.

[18:04]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst það kannski ekki skipta höfuðmáli í þessari umræðu og það eru reyndar hlutir sem hafa legið mjög lengi fyrir, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, að 80–85% af útgerð eru í eigu fiskvinnslu eða öfugt. En það finnst mér ekki skipta höfuðmáli í því sem við erum að fjalla um nú og þess vegna leiddi ég það hjá mér í umræðunni. Ég er hins vegar tilbúinn til þess við aðrar kringumstæður að fjalla um það. Ég sagði einfaldlega að ég væri tilbúinn til að ganga í smiðju til þeirra manna er ég tel að hafi besta þekkingu og mesta reynslu á þessum málaflokki, manna sem eru að fást við þau vandamál sem uppi eru í sjávarútveginum frá degi til dags.

Þeir sem vilja hins vegar ekki hlusta á þá og vilja ekki hlusta á viðvaranir prófessors Ragnars Árnasonar, í fiskihagfræði við Háskóla Íslands, eru illa á vegi staddir. Og það er von að þeir sem ekki eru tilbúnir til að hlusta á þessa menn séu nú að leggja það til að leiða yfir sjávarútveginn verri tíð og meiri óhagræðingu en þar er nú.

[18:06]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Hér eru til umræðu breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Ég vil í upphafi míns máls lýsa ánægju minni með flestar þær breytingartillögur sem komið hafa fram í vinnu sjútvn. og gerð er grein fyrir af meiri hluta nefndarinnar á þskj. 1091.

Í umræðu um sjávarútvegsmál fyrr í vetur lýsti ég yfir andstöðu minni við þá hugmynd að settur yrði kvóti á fiskvinnsluhús. Ég tel að sú hugmynd hefði getað leitt til þess að sjómenn og landverkafólk yrði látið taka þátt í kvótakaupum. Það var a.m.k. áhyggjuefni mitt. Menn sáu ekki fyrir þegar frjálst framsal á aflaheimildum hófst að menn ættu eftir að upplifa það að sjómenn yrðu eftir nokkurn tíma farnir að taka þátt í kaupum á aflaheimildum. Hvers vegna skyldu ekki eigendur fiskvinnslukvóta leika það eftir með sitt verkafólk? Þegar kvótinn væri búinn á fiskvinnsluhúsinu yrði bara sagt: Nú vantar kvóta. Nú þurfið þið að taka þátt í kaupum á kvóta.

Talsmenn fiskvinnslukvótans hafa sagt þegar þeir hafa verið spurðir út í þetta atriði að ef til þess kæmi yrði að taka á því eins og nú er verið að gera varðandi þátttöku sjómanna í kvótakaupum með samstarfsnefnd sjómanna og útgerðarmanna. Ég spyr: Er það hlutverk löggjafarvaldsins að setja lög með þess konar hugar-

fari? Ef göt koma í lagasetninguna á Alþingi á þá bara Alþingi að setja önnur lög eða nýja nefnd í þau mál? Ég segi við svona talsmenn: Á hvaða leið erum við í vinnubrögðum með þess konar vinnulagi?

Eitt af rökum sem heyrist er að það verði að styrkja vinnsluna í landinu. Ef skip séu seld úr byggðarlagi fylgi kvóti með og eftir standi vinnslan og geti lítið aðhafst. Ég tel að menn verði að reyna að finna aðrar leiðir til að styrkja vinnsluna í landi heldur en með fiskvinnslukvóta.

Rekstraraðilar í sjávarútvegi, í fiskvinnslu og útgerð, menn sem kalla sig atvinnumenn og hefur verið vitnað til fyrr í dag í umræðunni, hafa haft um það stór orð í aðdraganda umræðunnar að ef þessar tillögur varðandi stjórn fiskveiða verði samþykktar muni það leiða til meiri útflutnings á óunnum fiski. Menn segjast vilja fá sem mest fyrir aflann. Að sjálfsögðu vilja það allir. Markaðarnir hér heima hafa að undanförnu verið að sækja í sig veðrið og boðið svipað verð, t.d. fyrir þorskinn, eins og gengur og gerist erlendis. Af hverju skyldi þessum mönnum ekki vera hagur í því, og þá á ég við atvinnumenn t.d., að setja aflann hér heima til vinnslu og fá ágætis verð og í leiðinni að stuðla að atvinnu í landinu? Þeir fá úthlutað til sín fiskinum úr okkar sameiginlegu auðlind. Skyldu þeir ekki bera einhverja ábyrgð í því aukna atvinnuleysi sem við höfum búið við að leita eftir því með öllum ráðum að vinnsla aflans sé heima en ekki erlendis?

Ég get alveg tekið undir með hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni sem sagði eitthvað á þá leið fyrr í dag að öll sú umræða sem átti sér stað í aðdraganda verkfalls sjómanna, öll umræðan um kvótabraskið, hefði skapað ákveðinn skilning á framsali aflaheimilda. Andstæðingar kvótakerfisins hafa lengi bent á framsalið sem helsta ásteytingarsteininn fyrir stuðningi við kerfið. Deila sjómanna og útgerðarmanna velti upp tveimur flötum á málinu. Annars vegar auknum skilningi á því að ef kerfið sem við búum við um stjórn fiskveiða á að nýtast okkur og þeim aðilum sem við það starfa þarf að geta átt sér stað ákveðin hagræðing sem vissulega gerist með framsali aflaheimilda. Hins vegar benti umræðan líka á að framsal aflaheimilda á ekki að eiga sér stað til þess eins að ná niður kjörum sjómanna. Það er það ljótasta í þessu kerfi þegar svo frjálslega er farið með þá ábyrgð að hafa ráðstöfunarrétt á aflaheimildum með því að skerða hlut sjómanna. Vissulega eru það ekki nærri því allir sem haga sér svoleiðis en það er einu sinni þannig í öllum kerfum að fáir en áhrifamiklir skemmdarverkamenn geta eyðilagt svo mikið að menn hætta að sjá hinar góðu hliðar kerfisins.

Ég vil þess vegna taka undir þau orð hv. þm. að vissulega hefur öll umræðan um kvótabraskið leitt einnig til aukins skilnings á því svigrúmi sem þarf að vera til staðar til þess að við getum tekið á þeim breytilegu aðstæðum sem skapast í íslenskum sjávarútvegi hverju sinni. Af reynslu okkar getum við sagt: Því miður verða einhverjar þrengingar á frjálsræði í þessum málum einmitt vegna þeirrar stöðu sem upp var komin á milli útgerðarmanna og sjómanna. Það er ekki öllum treystandi til að hafa framsalið án þess að láta sjómenn taka þátt.

Ef það er eitthvað sem ég get tekið undir varðandi þá gagnrýni sem komið hefur fram á brtt. sem liggja fyrir á frv. um stjórn fiskveiða þá er það gagnrýni við 8. gr. frv. Með leyfi forseta ætla ég að lesa greinina:

„Á eftir 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað var til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu til skipa í eigu annarra útgerða án þess að um jöfn skipti sé að ræða er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins af skipum í eigu annarra útgerða á fiskveiðiárinu án þess að um jöfn skipti sé að ræða. Fiskistofu er þó heimilt að veita undanþágu frá banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir nýtast ekki."

Ég óttast satt að segja að þarna geti orðið svigrúm fyrir stærstu útgerðirnar að auka sinn hlut. Útgerðir með nokkra báta geta óheft fært á milli eigin skipa. Ég óttast hins vegar að fyrir einyrkjana í þessu fagi, sem jafnvel eru með einn vertíðarbát, stórminnki þetta ákvæði þann möguleika að auka hlut skipsins í aflamarki og hagræða hjá sér.

Það má vel vera að þetta séu óþarfa áhyggjur hjá mér en ég verð að viðurkenna að á hinn bóginn þrengir þetta svigrúm útgerðarinnar til að fara út í eitthvað brask. Ef ég skil þessa grein rétt þá gildir hins vegar takmörkunin eingöngu ef þú ert að kaupa eða selja. Þetta mun ekki gilda um tonn á móti tonni viðskipti. Þau viðskipti hafa vissulega verið þyrnir í augum margra sjómanna sem telja að með þeim nái útgerðin að halda niðri verði á fiski. Á Suðurnesjum, þar sem margir hafa misst í burtu aflaheimildir og skip, hafa menn stundað töluvert þau viðskipti sem kallast tonn á móti tonni. Vissulega er hægt að segja að með því móti hafi aðilar aðlagað sig því fiskveiðistjórnunarkerfi sem hér um ræðir. Það er aðlögunin í hnotskurn.

Það er vissulega hægt að færa fyrir því rök að bæði útgerðarmenn og sjómenn geti hagnast á svona viðskiptum. Ég verð hins vegar að segja að því miður, fyrst við komum inn á vinnsluna í umræðunni í dag, hefur fiskurinn sem aflast í þessum viðskiptum, t.d. á Suðurnesjum, ekki farið til vinnslu þar. Honum hefur verið keyrt burtu til vinnslu annars staðar. Það má því segja það að fiskvinnslufólk á Suðurnesjum hafi ekki alltaf grætt á þessum viðskiptum.

Menn munu áfram geta stundað þessi viðskipti ef ég skil 8. gr. rétt.

Ég vil lýsa ánægju minni með aðrar þær breytingar sem gerðar hafa verið með brtt. meiri hluta sjútvn. Ég tel t.d. að smábátaeigendur geti verið tiltölulega sáttir við sinn hlut þó ég viti að eitthvað af tillögunum sé þeim ekki að skapi. Þeir hafa vissulega bent á að fjöldi banndaga sé of mikill enn þá. Ég tel að breytingarnar frá upphaflegu tillögunum varðandi þá tilhögun að síðustu sjö dagar mánaðarins séu banndagar séu

góðar. Þær breytingar sem gerðar eru með því að fækka banndögum úr sjö í sex og tilhögun þeirra er lausn sem hægt er að sættast á. Ég vil vara við því að menn taki undir með ýmsum aðilum í þjóðfélaginu sem leika sér að því að stilla smábátaeigendum upp sem einhverjum blórabögglum fyrir þeim vandræðum sem við er að etja í íslenskum sjávarútvegi. Menn sem hafa hæst í svona málflutningi ættu að líta sér nær. Stjórnvöld bera ábyrgð á þeirri þróun sem átt hefur sér stað í útgerð smábáta, fjölgun þeirra og fleira. Menn verða að axla þá ábyrgð eins og ég tel að verið sé að gera með brtt. Ég vil hins vegar lýsa áhyggjum mínum yfir þeirri skerðingu sem smábátar á aflamarki hafa orðið fyrir og tel að það hefði mátt gera eitthvað í þá átt að jafna stöðu þeirra og annarra báta á aflamarki sem eru 6–10 lestir. Þeir hafa misst u.þ.b. 60% af sínum veiðiheimildum á sl. þremur árum.

Virðulegur forseti. Ég vil í lokin vekja athygli á því í hvaða farveg öll umræða um stjórn fiskveiða er komin. Ég tel að sá farvegur sé dálítið umhugsunarverður en hann er sá að hagsmunaaðilar í útvegi keppast við að kenna hvor öðrum um hvernig komið sé fyrir þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þessum útvegi. Vissulega eru hagsmunir miklir en á ekki að skoða öll þessi mál í samhengi með hagsmuni heildarinnar í huga? Þjóðarinnar allrar? A.m.k. ef við ætlum að vera samkvæm sjálfum okkur og taka undir 1. gr. fiskveiðistjórnunarlaganna um að fiskurinn í sjónum sé sameign okkar allra. Það er hagur okkar allra að leikreglunar séu skýrar með hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi en ekki hagsmuni einstaka útgerðarflokka eða -manna.

Í umræðum þjóðarsálarinnar og jafnvel á hinu háa Alþingi vill brenna við að menn túlki aðeins þrönga hagsmuni sem er engum til framdráttar þegar upp er staðið nema síður væri. Alþingi á að setja skýrar leikreglur og eftir þeim á að fara. Ég verð að geta treyst útgerðarmönnum og sjómönnum og þeim aðilum sem með þessi mál fara til að gera það þannig að sem flestir geta unað sáttir við sitt.

[18:23]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Með tilliti til yfirlýstrar stefnu Alþfl. um að fiskveiðum beri að stjórna með veiðigjaldi eða auðlindaskatti, ef menn vilja orða það þannig, þá langar mig til að fá aðeins betri skilning á annars ágætri ræðu hv. þm. áðan og spyrja hv. þm. beint hvort ég skilji hann rétt að þingmaðurinn sé fylgjandi því að við beitum áfram kvótakerfi með aflamarki við stjórn fiskveiða hér á landi.

Í öðru lagi varðandi það sem hv. þm. ræddi um tonn á móti tonni viðskipti. Er það réttur skilningur á skoðunum þingmannsins að þær séu að þessi viðskipti séu eðlileg og geti verið báðum aðilum hagkvæm ef farið er eftir settum reglum?

[18:24]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég verð að viðurkenna það úr ræðustóli á Alþingi og ég gerði það í haust í umræðum um sjávarútvegsmál að ég hef ekkert verið sérstaklega mikill talsmaður kvótakerfis. Ég sagði þá að ég óttaðist að með þessum breytingum og þessum lögum væri verið að festa kvótakerfið í sessi. Hins vegar verð ég að horfast í augu við þá staðreynd, eins og margir aðrir sem gagnrýnt hafa þetta kerfi, að ég hef engar aðrar tillögur og meðan ég get ekki lagt fram einhverjar tillögur þá verð ég að sætta mig við það kerfi sem er en ég ætlast til þess að leikreglurnar séu skýrar og að eftir þeim sé farið.

Varðandi seinni spurninguna þá hef ég ekki verið neitt sérstaklega hrifin af þessum viðskiptum með tonn á móti tonni, en ég sagði í ræðu minni að það mætti færa rök fyrir því að báðir aðilar, bæði sjómenn og útgerðarmenn, gætu hagnast á þessum viðskiptum vegna þess að við vitum að útgerðarmenn geta sagt við sína sjómenn: Nú er kvótinn búinn. Ég þarf að kaupa kvóta, viljið þið taka þátt í því? Þegar sjómaðurinn stendur frammi fyrir þessu vill hann láta leggja skipið við bryggjuna, neita að taka þátt eða vill hann taka þátt í þessu? Hann getur þénað á því, hann getur grætt á því.

Ég ætla ekki að lýsa því yfir að ég sé algjörlega mótfallin þessu. Þetta er eitt af því sem kerfið hefur leitt af sér og jafnvel sú skerðing sem hefur verið á þorskveiðiheimildum sem við höfum verið að ganga í gegnum hefur náttúrlega leitt til þess að menn hafa frekar farið út í svona hluti. Ef það er alveg skýrt að útgerðarmenn séu ekki að leika sér að því að selja kvóta og kaupa svo aftur kvóta til þess eingöngu að láta sjómenn taka þátt í því þá get ég að mörgu leyti verið fylgjandi tonn á móti tonni viðskiptum. Ef leikreglurnar eru skýrar.

[18:27]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég þakka þingmanninum fyrir málefnalegt og heiðarlegt svar. Ég held að það sem kom fram hjá hv. þm. sé kannski kjarni málsins, að við sjáum öll og vildum gjarnan að veiðar gætu verið frjálsari en meðan menn geta ekki, eins og hv. þm. benti á, bent á aðrar leiðir þá tel ég það skyldu þingmanna að bæta eftir kostum og reyna að nýta okkur þá kosti sem aflamarkskerfið býður upp á.

[18:27]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil eins og sá sem talaði á undan mér þakka hv. þm. Petrínu Baldursdóttur fyrir ágæta ræðu. Ég er henni sammála á margan hátt. Ég hef sagt það trekk í trekk, og ítrekað verið spurður vegna þess að af einhverjum ástæðum ligg ég undir grun um að vera talsmaður fiskvinnslukvóta en það hef ég aldrei verið, að við þyrftum að byggja fiskvinnsluna upp á annan hátt í landi en að koma á fiskvinnslukvóta. Við erum því sammála í þessu máli.

Ég vil einnig taka undir það sem hv. þm. sagði um 8. gr. Þar er meginágreiningur okkar. En ef ég skildi þingmanninn rétt þá eigum við líka samleið þar, hún og við framsóknarmenn. Það er einmitt við 8. gr. Ég sé að henni fellur það ekki vel í geð að eiga samleið með okkur framsóknarmönnum en engu að síður er það samt svo. Það er einmitt við 8. gr. — **(PBald:** Sástu

ekki að ég brosti?) — jú, ég sá það — (Forseti hringir.) sem við erum að gera brtt. við til þess að reyna, þingmaður góður, að finna sáttaleið út úr þessum vanda sem við erum komnir í. Þess vegna höfum við lagt fram brtt. við 8. gr. frv. Ég fagna því að við skulum eiga þarna talsmann í þeim efnum.

En að lokum vil ég segja það líka við hv. þm. að við höfum fengið margar heimsóknir og bréf frá Suðurnesjabúum. Mér er það í minni þegar ég spurði fulltrúa þeirra Suðurnesjamanna sem komu á fund okkar hvernig hann teldi, ef þetta frv. næði fram að ganga, að útgerð á Suðurnesjum mundi líta út. Hvort hann vildi segja mér það. Hann sagði: Já, ég skal segja ykkur það í stuttu máli. Verði þetta samþykkt þá mun þetta rústa útgerð á Suðurnesjum. Auðvitað fellur einyrkjaútgerðin. Það er ljóst. (Forseti hringir.)

Ég hefði vissulega viljað víkja að útflutningi á ferskum fiski sem þingmaðurinn vék að. Þar fannst mér hún eiga samleið með hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni en ég mun gera það í kvöld, eða nótt eða í fyrramálið. Ég á margt vantalað við hv. þm. Guðmund Hallvarðsson.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að stefnt er að því að gefa hv. alþm. matarhlé um sjöleytið til klukkan hálfníu. Þetta er auðvitað sagt aðeins til upplýsingar og er ekki bindandi fyrir hv. 5. þm. Suðurl. sem nú tekur til máls.

[18:30]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Hér hefur farið fram í dag mikil umræða á hinu háa Alþingi um mesta hagsmunamál íslensku þjóðarinnar í bráð og lengd og það mál sem meiru mun ráða en nokkurt annað um hver afkoma almennings á Íslandi verður á næstu árum. Það er enginn vafi í mínum huga.

Hér hafa auðvitað verið fluttar ýmsar ræður og margt hefur komið fram sem manni hefur fundist skondið. Ég botnaði auðvitað ekkert í því hvernig t.d. hv. 4. þm. Austurl. grét beisklega í morgun og iðraðist fortíðarinnar, iðraðist þess að hann hefði stutt kvótakerfið árið 1990. Ég skal viðurkenna það með sjálfan mig að þó ég sé auðvitað ekkert fremur en kannski aðrir 100% sáttur við kvótakerfið, þá er ég þó þakklátur fyrir það að ég skyldi taka þá afstöðu að standa með því 1990. Ég er sannfærður um að þau spor sem voru stigin þar hafa skilað því að þrátt fyrir samdrátt hefur sjávarútveginum með hagræðingu, vegna þess að hann hefur búið við þau lög sem þarna voru sett, tekist að mæta samdrættinum og skila þjóðfélaginu þó þeim tekjum að hér hafa haldist uppi sæmileg lífskjör. Við skulum hugsa okkur það að sjávarútvegurinn skuldaði á síðasta ári eina 110 milljarða og skuldir hans hafa aukist á því ári um eina 15 milljarða, en þeir hafa vegna þess hvað þeir hafa verið að gera í vinnslunni og víðar náð verulegum árangri.

Auðvitað er ég hissa á því að hlusta hér á ýmsar ræður. Mér finnst að flestir flokkar — mér finnst ég sjá hér gamlan vin koma fram í ræðum flestra þeirra sem tala. Mér finnst að Ragnar Reykás hafi tekið sæti á Alþingi. Menn slá úr og í, menn tala með kerfinu og menn tala á móti því, menn leyfa sér að segja já, já og nei, nei, menn leyfa sér að hafa tvær skoðanir eða fleiri. Þannig að ég er ekkert undrandi á því þó maður eins og Sighvatur Bjarnason í Vestmannaeyjum, eftir að hafa komið hér í þingið, kannski hlustað á svona umræður og komið fyrir nefndir þingsins, sé dálítið áhyggjufullur að eiga ýmislegt undir því sem hér gerist. (**Gripið fram í:** Hann hressist nú þegar hann heyrir í þingmanni sínum.) Því að hvaða leikaraskapur er þetta annars? Af hverju setjast menn ekki yfir málið í heild sinni og þora að taka afstöðu með eða móti? Sighvatur orðaði það svo í viðtali við fjölmiðil, ef ég vitna í það, með leyfi forseta, þegar hann var spurður að því hvort hann óttaðist að menn skilji ekki málið til hlítar og skilji ekki hvað ýmis orð jafnvel merkja:

„Ég held að svo sé hugsanlega og sé verið að keyra málin allt of hratt í gegnum þingið. Mönnum gefst ekki tími til að kynna sér málin sem er í raun eðlilegt. Þetta mál er verið að keyra allt of hratt í gegnum þingið. Það liggur í raun ekkert á því. Það þarf að klára ákveðin mál varðandi smábátana og annað sem hægt er að gera núna, hitt er hægt að klára í haust."

Þetta segir þessi maður sem þekkir auðvitað þennan atvinnuveg. Undir þessa skoðun taka nú fleiri fiskvinnslumenn um allt land.

Það má kannski segja við þessar aðstæður að maður hugsar líka til þess að hæstv. sjútvrh., sem við voru bundnar miklar vonir og sem settist í þetta háa embætti og gaf góð fyrirheit, nú er svo komið að enginn veit hvert hann er að fara, enginn hefur hugmynd um hvert hann er að fara. Hann er eiginlega staddur eins og presturinn forðum sem snaraði sér í hnakkinn og þegar hann settist öfugur í hnakkinn og krakkinn spurði: „Heyrðu, þú situr öfugt," þá sagði prestur: „Skiptu þér ekki af því, þú hefur ekki hugmynd um hvert ég er að fara." Hvorki ég né fiskvinnslumenn á Íslandi hafa hugmynd um hvert hæstv. sjútvrh. er að fara og hvers vegna hann hefur svo umbylst í sínum störfum, hvers vegna hann hefur breytt um skoðun. Maður sem gekk vasklega upp hlíðina með mal á bakinu með góð fyrirheit í, nú er hann á flótta. Hann hefur ekki náð samstöðu við nokkurn aðila nema kratana í þessu máli. (**Gripið fram í:** Er ekki hægt að bjarga sér í söðli í svona málum?) Hann hefur ekki náð nokkri samstöðu við aðra aðila. Ég vil fara hér yfir nokkur af hans fyrirheitum. Hver voru þau?

Hann gekk til þessa leiks reifur nokkur og byrjaði á því að skipa nefnd um mótun sjávarútvegsstefnu í ágúst 1991. Hann setti í þá nefnd Magnús Gunnarsson og Þröst Ólafsson, þeir voru skipaðir formenn, en aðrir nefndarmenn voru Árni Vilhjálmsson, Björn Dagbjartsson, Pétur Bjarnason, Vilhjálmur Egilsson, Þorkell Helgason og Örn Traustason. Í byrjun janúar 1991 tók Vilhjálmur Egilsson við formennsku af Magnúsi Gunnarssyni, eins og allir vita. Starfsmaður nefndarinnar var ráðinn Andri Teitsson. Hver voru fyrirheitin sem þessi nýi hæstv. sjútvrh. gaf við upphaf ferils síns? Við skulum íhuga það. Erindisbréfið sem skrif-

að var nefndinni hljóðaði svo eða kaflar úr því:

„Þeim er falið að móta hliðstæða sjávarútvegsstefnu er tekur til veiða, vinnslu og markaðssetningar sjávarfangs. Þá er nefndinni falið að setja sjávarútveginum framtíðarmarkmið og koma með tillögur um hvernig megi ná þeim markmiðum sem sett verða þannig að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmálin."

Þetta segir í þessum fyrirheitum. Hvar er hin sáttfúsa hönd sjútvrh. í dag? Í nauðvörn til þess að bjarga lífi lítillar ríkisstjórnar, sem á hvort sem er fáa daga eftir, þá hefur hann samið af sér, þá hefur hann eyðilagt samstöðuna í sjávarútveginum. Hann hefur ekkert leitast eftir því að ná samkomulagi við Alþingi Íslendinga í málinu. Hann hefur staðið í hrossakaupum við Alþfl. í þessu máli. Hann hefur ekki leitað til stjórnarandstöðunnar og hann hirðir ekkert um það þó að stór hópur manna, sem stundar þennan atvinnuveg, vari hann við og segi honum að gá að sér því hann sé á hættulegri leið. Hann sinnir því kalli ekkert. Hann skiptir sér ekkert af þeim björgunarhring sem hver á fætur öðrum kastar til hans og biður hann um að taka í og snúa við.

Þetta er hættulegt ferðalag á hæstv. ráðherra og undarlegt að hann skuli fara að með þessum hætti. Hann gerir jafnvel gys að þeim sem vara hann við og henda bjarghringnum til hans. Hann talar um þá í stríðstón og kallar þá atvinnumenn þröngra hagsmuna, sem stunda fiskvinnsluna á Íslandi, veita þúsundum manna um allt land atvinnu. Hann kallar það menn þröngra hagsmuna. Og hann hlustar ekki á orð þeirra þegar þeir segja að þessi nýja stefna muni leiða það af sér að einhver hundruð manna til viðbótar á Íslandi muni tapa atvinnu sinni. Þetta er bara hreint ekkert líkt Þorsteini Pálssyni, hæstv. sjútvrh. Hæstv. ráðherra er bara ekkert líkur sjálfum sér í gerðum sínum. Ég veit ekki af hverju hann hefur gengið þessa leið.

Hann hlustar ekki eftir því þegar þeir segja líka að þessi stefna sem hér er búið að ná samkomulagi um við kratana muni þýða það að enn á ný muni menn fara að flytja ferskan fisk í stórauknum stíl á erlendan markað þvert ofan í öll fyrirheitin sem hæstv. utanrrh. gaf í EES-samningunum þegar hann sagði að þeir væru lykillinn að stóraukinni fiskvinnslu á Íslandi.

Hvað er að gerast í heilli ríkisstjórn á Íslandi? Af hverju hlusta menn ekki? Af hverju varðar þá ekkert um það sem sagt er við þá? Af hverju reyna þeir í þessum leik að láta sig engu varða þó að þeir tali með þeim hætti að þeir sem um þessi mál halda í landinu gerist fjandmenn þeirra? Skiptir það engu máli fyrir þessa ríkisstjórn hvort hún nær samkomulagi við þá sem fara með þessi mál, samtök fiskvinnslunnar, samtök útgerðarinnar, verkafólkið á Íslandi? Ég botna þetta ekki. Ég botna ekki þetta ferðalag. Ég hef heldur ekki botnað í þessari ríkisstjórn frá því að hún var mynduð. Hún hefur verið mér hulin ráðgáta eins og fleiri Íslendingum, enda náttúrlega búin að setja hér á ísaldarvetur af mannavöldum, skapa hér meiri neyð og kreppu og samdrátt heldur en við höfum þekkt í áratugi. Situr uppi með atvinnuleysi 8.000 manna, hefur engin ráð til þess að rétta skólafólkinu þegar það kemur út úr skólunum í vor örvandi hönd. Lætur sig engu varða um atvinnulífið á Íslandi.

Það voru fleiri fyrirheit í þessu bréfi sem hæstv. sjútvrh. setti trúuðum skoðanabræðrum sínum og einhverjum krötum til þess að vinna eftir, en þar segir: „Jafnframt er nefndinni falið það verkefni að endurskoða lög um stjórn fiskveiða frá maí 1990." En í ákvæði VII til bráðabirgða í þeim lögum segir:

„Sjávarútvegsráðherra skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Skal athugunin, er m.a. taki mið af reynslu annarra þjóða, beinast að því að meta hagkvæmni einstakra aðferða miðað við íslenskar aðstæður með sérstakri hliðsjón af því hvernig unnt sé að tryggja atvinnuöryggi fiskverkafólks og hagsmuni einstakra byggðarlaga." —Hvar eru þeir hagsmunir í þeirri lagasetningu sem hér á að fara fram? — „Þá skal ráðherra fyrir árslok 1992 láta endurskoða lög þessi. Hafa skal samráð við sjávarútvegsnefndir Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þá endurskoðun."

Þannig að þið sem hér hlustið heyrið að það sem ég hef þegar sagt á við rök að styðjast. Það sannast í þessu bréfi að öll þessi fyrirheit eða að miklu leyti þessi fyrirheit hafa verið brotin. Auðvitað hefur sjútvn. Alþingis komið að þessu máli, en hæstv. sjútvrh. hefur ekkert leitað eftir því að ná samstöðu við stjórnarandstöðuna um málið. Er þó ljóst að hún hefur meiri hluta á Íslandi meðal þjóðarinnar í dag og það styttist auðvitað í þau tímamót.

Síðan segir í bréfi sjútvrh.: „Við mótun sjávarútvegsstefnu er það hlutverk stjórnvalda að setja leikreglur og tryggja starfsskilyrði sem gera íslenskan sjávarútveg samkeppnishæfan í helstu viðskiptalöndum okkar."

Nú liggur það fyrir hér í glöggum og greinargóðum umsóknum sem hafa borist til sjútvn. Alþingis að menn telja að hér sé verið að stíga skref til þess að gera fiskvinnsluna óhagkvæmari til þess að við eigum erfiðara í þeirri samkeppni sem við vissulega stöndum í um aflann hér við Evrópulöndin. Svo meira að segja Alþb. sem þykist vera orðinn ábyrgur flokkur og kominn með þroska (**Gripið fram í:** Hann hefur alltaf verið það.) neitar líka að taka ábyrga afstöðu í þessu máli. (**SJS:** Við höfum alltaf verið ábyrgir.) (**Gripið fram í:** Þið megið ekki afhenda byggðastefnuna ...) (**SJS:** Hvað eru sveitamenn á Suðurlandi að þenja sig?) (Gripið fram í.)

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill biðja hv. þingmenn að leyfa hv. 5. þm. Suðurl. að ljúka ræðu sinni.)

Mér finnst nú í lagi, hæstv. forseti, þó afdaladrengir úr Norðurlandi kalli hér til mín örfá orð og hrekk ekki upp við slíkt, kasti að mér kögglum kaplataðs í hita leiksins. Það snertir ekki Sunnlendinga sem ávallt sáu til sjávar þótt þeir byggju uppi í sveitinni og skilja að sjávarútvegurinn er undirstaða þessa þjóðfélags. Það eru rekstrarskilyrði hans, hagkvæmnisstaða sem ræður því við hvaða lífskjör þessi þjóð býr á næstu árum.

Og við erum samherjar í því, ég og auðvitað hv. þm., að vilja stuðla að betri hagvexti og leysa stærstu vandamál þessa þjóðfélags í dag sem vissulega eru atvinnumálin.

Ég var hér rétt kominn niður á miðja síðu í hinum upphaflegu fyrirheitum sem hinn nýi hæstv. sjútvrh., Þorsteinn Pálsson, var að gefa þjóð sinni, gefa hagsmunaaðilum sjávarútvegsins um nýja framtíð og bætta stjórnun. En þetta verk hefur tekið hæstv. ráðherra ein þrjú ár og síðan skilar hann því því miður með þessum hætti. (**Gripið fram í:** Og miðar ekkert.) Miðar ekkert í róðrinum og virðist ætla að brotlenda málinu úti í þjóðfélaginu. Koma því að vísu í gegnum þingið en brotlenda því þá í þjóðfélaginu með þeirri ósátt sem getur leitt til harðra átaka á vinnumarkaðnum á Íslandi, sem væri náttúrlega það skelfilegasta ef það gerðist.

Hæstv. ráðherra sagði: „Í því sambandi er mikilvægt að leikreglurnar séu skýrar og varanlegar og að forsendum ákvarðana verði ekki breytt með skömmum fyrirvara. Traust og framsýn fyrirtækjastjórnun byggist öðru fremur á þessu grundvallaratriði. Þá er ekki síður mikilvægt að efnahagsstjórnun sé í senn traust og nægilega þjál til að bregðast megi tímanlega við ef veruleg vandkvæði steðja að. Skýrsla þessi fjallar fyrst og fremst um stjórn fiskveiða, en hún tekur einnig til meðferðar önnur svið í sjávarútvegi að svo miklu leyti sem þau snerta hlutverk hins opinbera."

Já, það eru vissulega alvarleg tímamót þegar sjútvrh. og meira að segja nefndin sem hann skipaði og komst að ákveðinni niðurstöðu, báðir þessir aðilar hafa ákveðið að fara aðra og verri leið heldur en þeir lögðu til í skýrslunni. Ef ég lít ofan í skýrsluna þá segir hér t.d. um aflamarkskerfið:

„Aflamarkskerfi sem leyfir greið viðskipti með aflahlutdeildir er það fyrirkomulag sem stuðlar að hvað mestri hagkvæmni í uppbyggingu sjávarútvegsins. Það treystir atvinnu í sjávarútvegi og í tengdum greinum atvinnulífsins og stuðlar að því að sjávarútvegurinn geti orðið samkeppnisfær um hæft starfsfólk til sjós og lands. Með því verður sjávarútvegurinn áfram burðarás í íslensku atvinnulífi og undirstaða byggðar víðs vegar um landið."

Þannig að mikið álit hafði bæði nefndin og hæstv. sjútvrh. á aflamarkskerfinu. Hvað segir nefndin um framsal kvótans:

„Nefndin telur að framsal kvóta eigi að vera frjálst, enda er það forsenda þess að þeir geti keypt aflaheimildir sem best standa að rekstri sinna fyrirtækja og stuðla þannig að hagræðingu í greininni. Nefndin bendir á að ákvæði í núgildandi lögum um stjórn fiskveiða hafa lítt hindrað viðskipti með kvóta."

Nú liggur það fyrir að það stendur til að hindra þessi viðskipti með kvótann og þar með draga úr hagkvæmninni. Og frá hverjum á að ganga fyrst? Auðvitað eru það einstaklingarnir sem eru að burðast við að gera út sín skip. Fyrst skal ganga að þeim. Það eru þeir sem eru líklegastir að menn telja við þessar aðstæður, við þessa skerðingu á framsalinu að falla út.

Ég er sannfærður um að ef menn fara þessar leiðir sem þeir ætla hér þá eru menn að ganga þá leið að skapa algjöra ringulreið í kringum stjórn sjávarútvegsins og eyðileggja kannski kvótakerfið og gera það að verkum að það fær ekki staðist til framtíðar. Það er hætta í þessu að ýmis áróðursöfl munu auðvitað sjá við þessar aðstæður að kvótinn hlýtur að fara á færri hendur. Ég er ekkert viss um að kvótakerfið þoli slík högg. Ég er ekkert viss um að það þoli það að einstaklingarnir sem hafa gert út báta leggi upp laupana.

Ef ég lít aðeins á ýmislegt sem menn hafa við þetta að athuga og við skulum aðeins velta fyrir okkur þessum hópi sem hér hefur verið mest gagnrýndur, sem ég minntist á, mennina sem veita þúsundum manna um allt Ísland atvinnu í fiskvinnsluhúsum og eru hræddastir við þær breytingar sem hér á að gera. Við skulum aðeins fara yfir þeirra athugasemdir, en mér finnst þær heiðarlegar og skýrar. Þeir segja hér einmitt um þetta atriði sem ég var að ræða um, mismunun stærri og smærri aðila í útgerð:

„Með takmörkun á veiðiskiptum með veiðiheimildir er útgerðaraðilum mismunað verulega." — Og finnst hæstv. sjútvrh. eðlilegt að mismuna með þessum hætti? — „Heimildir til þess að færa veiðiheimildir á milli báta og skipa innan sömu útgerðar gerir stærri aðilum kleift að hagræða langt umfram það sem einyrkjum býðst að gera." — Er þetta það sem hæstv. sjútvrh. vill? Er þetta það sem hann meinti þegar hann var að setja sína nefnd á laggirnar og móta sína stefnu til framtíðar? Ég er alls ekkert viss um það.

Sannleikurinn er sá að um leið og þetta gerist þá er það staðreynd, í hagkvæmu kerfi þar sem framsalið er frjálst, að það eru fiskvinnslurnar sem hafa oft og tíðum og hafa á síðustu árum gert það að verkum að þeir hafa getað látið þessar einstaklingsútgerðir veiða fyrir sig hluta aflans. Þeir hafa í rauninni haldið og hjálpað til að halda þessum aðilum gangandi og er það vel.

Sjálfsagt skapast hér réttaróvissa og mismunun eins og sagt er. Þessir aðilar segja um samráðsnefnd: „Ef túlkun sjómannaforustunnar á orðum sjútvrh. um vinnutilhögun samráðsnefndar sjómanna og útgerðarmanna er rétt mundi útgerðarmaður vertíðarbáts þurfa að hækka launagreiðslur til sinna sjómanna í tonn á móti tonni viðskiptum um 25%. Ef framlegð þessa báts hefði verið 10% áður yrði hún mínus 4% eftir þessar greiðslur. Allir sem vilja sjá að þessi viðskipti yrðu úr sögunni ef fiskverðið yrði hækkað á þennan hátt." — „Þessi viðskipti yrðu úr sögunni."

Það hefur gerst í tíð hæstv. núv. sjútvrh. og ég hef gagnrýnt það oftar en einu sinni, að fiskvinnslufólkið í landi, heilu sjávarþorpin, hafa búið við þá óvissu undir þessu kerfi, þar sem greinarnar hafa verið reknar með miklum halla og menn hafa verið að mæta því með hagræðingu, þá er það þó ein tegund útgerðar sem hefur verið rekin með hagnaði og það eru frystiskipin. Menn hafa horft upp á það á síðustu árum að það hefur orðið stóraukning. Ég hef sagt sem svo að mönnum hefur liðist það í heilu þorpunum að stela þeim um hábjartan dag og fara með þau norður í höf, taka þau upp í heilu lagi, skilja fiskvinnslufólkið eftir og halda með þau til hafs. Árið 1985 voru þrjú frystiskip á Ís-

landi. Nú eru þau 45 talsins. Þessi útgerð kemur allavega talnalega út með hagnað. Ég hygg að þeir hafi t.d. aukið sína hlutdeild í botnfiskaflanum um 16% á síðasta ári og eru komnir með í heildina 25% af botnfiskaflanum. En þeir valda þeim harmi eða þessi þróun að þorpin vítt og breitt um Ísland eru skilin eftir án atvinnu. (**Sjútvrh.:** Reka ekki atvinnumennirnir frystiskip?) Þeir gera það eðlilega með. (**Gripið fram í:** Sumir sigla með aflann.) Ég hef ekki, hæstv. sjútvrh., á móti því að hér séu til einhver frystiskip og menn stundi hér úthafsveiðar, en ég get ekki sætt mig við þá þróun að það sé hagkvæmt að fara í smíði á frystiskipum í stórum stíl, eins og hér hefur gerst á síðustu árum, upp á einn og hálfan og tvo milljarða. Taka upp fiskvinnsluþorpin og halda með þau til hafs. (**Gripið fram í:** Þetta hefur gerst í kerfinu.) Þetta hefur kannski gerst vegna þeirrar stöðu í rekstri greinarinnar sem ég var að lýsa. Vegna þeirrar óvissu í stefnunni.

Ég er að minnast á þetta atriði af því að það er sannfæring manna að sú stefna sem nú er verið að taka á hinu háa Alþingi muni verða til þess að stórauka það að menn vilji fara þessa leið (**Gripið fram í:** Og samþykkja tillöguna okkar.) og ég vara við því.

Alþb. hefur ekki verið hér uppi með stórbrotnar tillögur (**JÁ:** Þær eru nú fleiri en hjá ykkur samt.) og enga markvissa að mér hefur fundist. Mér hefur fundist að Alþb. vilji fara til fortíðarinnar og kannski aldir aftur í tímann þegar menn reru á hornum út frá ströndum. (**Gripið fram í:** Á manndrápsfleytum.) (**Gripið fram í:** Ekki Lúðvík.) Á manndrápsfleytum. Mér hefur fundist að sú stefna sé að koma upp hjá þessum afdalaflokki, að þeir eigi ekki göfug markmið miðað við þá öld sem við erum að sigla inn í á Íslandi og í heiminum, (**SJS:** Ég held að kúasmalar á Suðurlandi verði nú að fara varlega.) þegar blasir við samkeppni sem við verðum að standast ef við ætlum að verða frjáls þjóð. (**Sjútvrh.:** Hefur Framsókn mistekist að ná samstöðu innan stjórnarandstöðunnar?) Framsfl. hefur ekki lagt sig fram um að ná samstöðu innan stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Framsfl. hefur bara staðið sterkur á þeirri stefnu sem hann hefur mótað. Framsfl. hefur eins og fyrr verið tilbúinn að hlusta á rök hagsmunaaðila. Framsfl. lagði sig fram um það hér meðan Halldór Ásgrímsson var sjútvrh. að ná sátt við stjórnarandstöðuna líka á Alþingi Íslendinga. (**Sjútvrh.:** Er það bara búið?) Framsfl. ræður ekki ferðinni. (**StG:** En hann er enn þá kletturinn í hafinu.) Hann ræður ekki ferðinni. Hæstv. sjútvrh. (Forseti hringir.) talar ekki við stjórnarandstöðuna. Hann er í kofanum hjá Alþfl. að semja um sín mál. Hann lætur það nægja að renna niður um kokið á sér stefnu sem öllum ber saman um að er varhugaverð og þegar sé ég áhyggjusvip á hv. þm. Birni Bjarnasyni. (**Sjútvrh.:** Er ekki þingmaðurinn að ná sátt við Alþb.?)

Hæstv. sjútvrh. Framsfl. er gerður með þeim hætti að hann vill ná samstöðu um þetta mál við sem flesta í þjóðfélaginu. Blessað Alþb. einnig. Við teljum mikilvægt að Alþb. verði ekki skilið eftir á einhverri eyðimörk í þessu máli. Við trúum því að í þeim flokki séu menn sem séu tilbúnir að standa að tillögum í þessu sem stuðlar að hagkvæmum rekstri í sjávarútveginum, stuðlar að því að þessi skuldsetti atvinnuvegur megi ná því að skila hagnaði og auka sína hlutdeild í atvinnu á Íslandi. Því þó við höfum ekki allir greitt atkvæði með EES þá vitum við það, framsóknarmenn, að við eigum ærin tækifæri til þess að fullvinna okkar afla á Íslandi. Þar eru nýir möguleikar sem menn verða að horfa til og það er auðvitað hastarlegt að hæstv. sjútvrh. skuli ekki hafa áttað sig á þeirri staðreynd.

(**Forseti** (GHelg)**:** Forseti vill biðja hv. þm. að forláta en um hafði samist að hlé yrði gert milli klukkan sjö og hálf níu. Hv. þm. hafa nú setið allþétt hér í dag og væntanlegur er kvöldfundur. Þess vegna vildi forseti spyrja hv. þm. hvort hann á mikið eftir ræðu sinnar, hvort hann kýs að ljúka henni fyrir kvöldverðarhlé eða hvort hann gæti sætt sig við að gera á henni hlé.)

Hæstv. forseti. Þingmaðurinn er fullkomlega sáttur við það að ganga til kvöldmatar.

(**Forseti** (GHelg)**:** Og gerir þá hlé á ræðu sinni?)

Já. [Fundarhlé. — 19:04]

Hæstv. forseti. Nú sýnist mér að fari betri tíð í hönd því ég heyrði að hv. þm. Egill Jónsson kallaði á Jesú sinn. (**EgJ:** Það var vegna þess að þú varst að fara að halda ræðu.) Mér datt í hug að það væri líkt komið með þessum hv. þm. og mörgum öðrum stjórnarsinnum að þeir þyldu ekki að heyra sannleikann um hvernig þeir hafa og hvernig þeir eru að afleiða sjávarútvegsstefnuna og skapa hér mjög hættulegt ástand, sem ég fór mjög ítarlega yfir fyrir kvöldmatinn, þar sem hæstv. sjútvrh. fer allt aðrar leiðir en hann boðaði í upphafi ferils síns, þar sem nefnd sem hann skipaði hefur fallið frá öllum sínum göfugu markmiðum einnig að mestu leyti og þar sem menn hafa sérstaklega brugðist í því að þá varðar ekkert um samkomulag í þessu þjóðfélagi. Þá varðar ekkert um samkomulag á Alþingi. Þá varðar ekkert um samkomulag við stærstu hagsmunaaðilana. Þeir tala jafnvel með skammaryrðum til þeirra manna sem veita 5.000–6.000 manns á Íslandi atvinnu í fiskvinnslunni og þeir hæðast af því þegar varað er við því að þessi kúvending á stefnunni, skerðingin á framsalinu og fleiri atriði muni valda því að fiskvinnslufólkið á Íslandi mun missa sína atvinnu. Og það sem er alvarlegast er að þessi stefna muni leiða það af sér að sjávarútvegurinn, sem er auðvitað mjólkurkýr þessa þjóðfélags, geti ekki með sama hætti og áður skilað því verðmæti til hvers einasta Íslendings eins og hann hefur verið að gera, vegna þess að atvinnugreinin í heild sinni verður hagkvæmari á eftir.

Þetta er alvara málsins, hv. þm. Egill Jónsson. (**EgJ:** Svo mörg eru þau orð.) Þó menn gutli í landbn. og geri þar afglöp þá eru þessi afglöp jafnvel hálfu verri heldur en þau stórkostlegu axarsköft sem hv. þm. stóð þar fyrir á síðasta vetri. Ég er ekki hissa á því þó að hv. þm. Gísli Einarsson, aðstoðarmaður í axarsköftunum í landbn., ætli að veita andsvör þegar sannleikurinn er sagður.

Hæstv. forseti. Svo bar nú við að meðan ég borðaði ágætan kvöldmat þá allt í einu sást þjóðarleiðtogi á skerminum. (**Gripið fram í:** Mandela?) Það var ekki Mandela, það var maður sem stendur þér nær og er þér

kærari. (**Gripið fram í:** Veist þú nokkuð um það?)

(**Forseti** (VS)**:** Ekki samtöl af þessu tagi.)

Er hv. þm. kærari — hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson. Hvaða boðskap var hann að flytja? Hann var að segja þjóð sinni að hann teldi að það ætti að hefja hvalveiðar. Og upp úr hverju lagði hann? Hann lagði upp úr því að hann yrði að vinna í því að ná samstöðu þingsins um málið og hann yrði að ná samstöðu þjóðarinnar um málið. Hárrétt hjá hæstv. ráðherra. Þannig að öðru hvoru rambar hann á rétta braut. Þess vegna er ég undrandi á því hvernig Sjálfstfl., sem hefur talið sig flokk sem berst fyrir sterku atvinnulífi, mikilli framþróun, hefur fallist á það að láta Alþfl. leiða sig þessa leið. (**Gripið fram í:** Eins og í landbúnaðarmálunum.) Auðvitað er það sami hluturinn, hv. þm., og í landbúnaðarmálunum. (**GE:** Og förum létt með.) Menn víkja af réttri leið. (**JGS:** Og förum létt með, sagði Gísli Einarsson.) Menn víkja af réttri leið. Það er undarlegur hlutur hvað þessi pínulitli flokkur ræður miklu í þessu þjóðfélagi hvað aðalatvinnuvegi landsins varðar. (Gripið fram í.) Ef það væri einhver skynsami í þeirri stefnu sem Alþfl. knýr í gegn á hvoru sviðinu sem er þá skyldi ég taka ofan fyrir honum hattinn, en ég get ekki tekið ofan hattinn fyrir Alþfl. í þessu efni (**Gripið fram í:** Þú verður að eiga hatt.) því ég þykist vita að ætlunarverkið er auðvitað að skapa sundrungu um stjórn fiskveiðanna með önnur markmið í huga sem sjávarútvegurinn ekki þolir. Það er að koma á auðlindaskatti eins og liggur auðvitað í öðru máli fyrir þessu þingi.

Ég var að halda því fram, hæstv. sjútvrh., að ég hefði hlustað á hæstv. ráðherra í sjónvarpinu boða það að hann yrði að vinna að samstöðu þingsins um að hefja hvalveiðar og samstöðu þjóðarinnar um það mál. Þetta er hárrétt. Ég gat þess að þarna hefði skynsemin enn á ný kveikt vonir um að hæstv. ráðherra mundi kannski á fleiri sviðum vilja fara svipaða leið.

En ég var í ræðu minni fyrir kvöldmatinn kominn þar sem ég var að ljúka við að ræða um þá ískyggilegu þróun hvernig fiskvinnslan hefur verið að færast á haf út og þær tölur blasa við frá síðasta ári og ein aðalvarnarræða atvinnuhópsins, sem menn kalla svo, er sú að í auknum mæli muni þetta gerast með auknu óhagræði hvað sjávarútveginn varðar.

Morgunblaðið hefur verið biblía Sjálfstfl. og stundum hefur það orðið hlutverk Morgunblaðsins að taka annaðhvort Sjálfstfl. á kné sér eða rassskella hann með hörkunni þegar hann ætlar rangar leiðir. Auðvitað er það engin tilviljun að Staksteinar Morgunblaðsins leggja á sig að taka upp útvarpsviðtal við Sighvat Bjarnason, framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum. Auðvitað er fólgin í þessari athöfn Morgunblaðsins, að taka þetta viðtal upp, aðvörun. Það er auðvitað fólgin í þessu beiðni til hæstv. sjútvrh. að hann átti sig á því að hann þarf að beygja af þeirri leið sem hann er að fara. Hann þarf að snúa til baka og taka upp þráðinn þar sem hann missti hann og ná heildarsamstöðu við fiskvinnslumennina og fleiri aðila í þjóðfélaginu. Jafnvel leggja það á sig að sem Framsfl. gerði jafnan meðan hann fór með þessi mál, að reyna að ná sem mestri samstöðu við þingið. Það tókst oft og tíðum. Þess var einmitt getið af einum í morgun og sýnir hversu langt Framsfl. náði, hann náði samstöðu við hv. þm. Hjörleif Guttormsson 1990. (Gripið fram í.) Það hefur hlaupið í hv. þm. einhver iðrun sem er ekki á rökum reist því hin slæma staða þessa þjóðfélags væri enn þá verri ef Alþingi hefði ekki náð þeirri samstöðu um það mál sem gerðist 1990. Þá væri bæði staðan í sjávarútveginum og ekki síður í þjóðfélaginu enn þá verri.

Þess er auðvitað hægt að geta hér undir þessari umræðu þegar menn eru að knýja í gegnum þingið nýja stefnu, sem mun valda hér tekjuskerðingu og óvissu, að þessi ríkisstjórn tók auðvitað við allþokkalegu búi þegar hún kom til valda. Þjóðarsátt í þjóðfélaginu, lægstu verðbólgu um árabil, bjartsýni og trú. Hvernig hefur hún leikið öll þessi fjöregg? Eina vonin eða eina stráið sem hún hefur haldið í er að það er auðvitað enn þá verðbólguleysi, sem betur fer. En hún hefur með efnahagsstefnu sinni skapað mesta atvinnuleysi um árabil, eins og ég hef farið yfir, og það er kannski engin tilviljun því kyndilberi stefnunnar er auðvitað Ágúst Einarsson, sem stökk út úr Seðlabankanum á dögunum. Hann sagði í ávarpi þar í fyrra að ekkert bendi til að atvinnuleysi eigi að vera hér minna heldur en úti í Evrópu og við höfum einmitt haldið því fram að þó að atvinnuleysið sé orðið meira en ríkisstjórnin kannski vildi, þá sé það nú meira af manna völdum heldur en nokkurn grunar.

Það er nú svo að mér finnst að hæstv. sjútvrh. hljóti, og vil treysta honum til þess, að skoða þetta mál á milli 2. og 3. umr. út frá ýmsum rökum sem hér hafa komið fram og ekki síður þeim rökum greinarinnar sjálfrar og umsögnum um frv. sem hér liggja fyrir frá ýmsum aðilum, þar sem menn vara hiklaust við stefnunni. Það verður að hafa í huga heildarhagsmuni þjóðarinnar og þá staðreynd að sjávarútvegurinn er langmesta auðsuppsprettan. Og ef við göngum þar ranga leið núna við erfiðar aðstæður, þá munum við skerða lífskjör almennings. Það er kjarni málsins. Því hagkvæmni sjávarútvegsins skiptir sköpum fyrir sérhvern einstakling í samfélaginu, ekki síst á tímum minnkandi þjóðarframleiðslu.

Því hafa fulltrúar Framsfl. hér sent frá sér nefndarálit þar sem minnt er á þessi aðalatriði. Þeir telja það mikilvægt að eyða þeirri óvissu sem hefur ríkt og fest í sessi þá fiskveiðistefnu sem hér hefur verið rekin. Þeir harma það hins vegar að ekki hefur þótt ástæða til að reyna að skapa breiðari samstöðu um málið, eins og ég hef margrakið hér, hæstv. sjútvrh. Það er harmsefni, það er áhyggjuefni og það veldur mikilli óvissu um framtíðina, ekki bara fyrir þá sem vinna við sjávarútveginn, það snertir hvern einasta Íslending (**EgJ:** Hvað eru það mörg prósent?) Sem þetta snertir? Ég hygg að 5–6 þúsund manns, hv. þm., vinni t.d. í fiskvinnslunni. (Gripið fram í.) Þar er mikill vafi. Það getur vel verið að hv. þm. Agli Jónssyni sé hlátur í huga. En það kann að vera ...(**JGS:** Þeim er það ekki á Hornafirði.) Nei, ég hygg að þeim sé það ekki á Hornafirði og þær verði kaldar vorkveðjurnar sem

mæta þessum hv. þm., sem með bros á vör hér ætlar að kokrenna þessari kratastefnu og skapa fiskvinnslufólkinu á fjörðunum eystra þá óvissu sem nú blasir við. Og því munu fylgja miklu meiri erfiðleikar í rekstri sjávarútvegsfyrirtækjanna en menn gera sér grein fyrir.

En þetta er kannski einn þeirra þingmanna sem vill hafa erfiðleika. Honum þykir gaman að koma á austfirsku firðina þegar vandamál eru og fara með erindisbréfin suður og þykjast leysa þau. Gamli fyrirgreiðslupólitíkusinn frá síðustu öld situr hér og hlær undir þessari umræðu. Þeim er ekki hlátur í huga eystra, hv. þm. Það er kannski gaman að bera bréfin suður og þykjast leysa erfiðleika fyrirtækjanna með því að eiga einhverja ráðherra í völtum stólum. Þannig mega menn bara ekki stjórna við breyttar aðstæður, við nýjan tíma og meiri samkeppni en Íslendingar hafa nokkru sinni búið við. Við verðum að hafa það sem markmið, alþingismenn Íslendinga, að skapa atvinnulífinu öryggi.

Hinn nýi formaður Framsfl. talaði um að setja kastljósið bara 50 ár fram í tímann. Auðvitað er þetta hárrétt. Þið eruð að gutla á lágum ljósum og horfa nokkra mánuði fram í tímann og yfirleitt hafið þið horft aftur á bak á ykkar ferli. Þið hafið verið í vandamálum við fortíðina.

Það getur vel verið að þetta gleðji þigmenn, en mér er harmur í huga frekar því að menn eiga auðvitað að horfa fram á veginn. (**Gripið fram í:** Ekki eru þetta markmið?) (**Gripið fram í:** Það endar með ósköpum.) (**Sjútvrh.:** En af hverju ekki 100 ár?) Auðvitað á að hafa langtímamarkmið, hæstv. sjútvrh. Ég veit að hæstv. sjútvrh. er það ábyrgur að hann vill horfa þannig að börn hans búi við öryggi. Þess vegna þurfa menn að keyra bæði á lágum ljósum og háum þegar þeir móta stefnu. (**Gripið fram í:** En ef það er þoka?)

Já, hæstv. forseti. Fjórir milljarðar fara nú á ári hverju í atvinnuleysisbætur á Íslandi. Slíkt er ástandið. (**GE:** Fyrir sex milljarða er hent í sjóinn.) Auðvitað er það stór fullyrðing að miklum fiski sé hent í sjóinn, en það er eitt af þeim atriðum sem menn verða að horfa til. Ég get tekið undir það með hv. þm. Það er alvarlegur hlutur ef þær ásakanir eru sannar að menn hendi fiski í sjóinn svo tugum milljóna skipti. Ég trúi því ekki. Ég trúi þeim fullyrðingum ekki. Ég geri mér grein fyrir að það er í einhverjum mæli, en ég ber ekki þann glæp á íslenska sjómenn eins og Alþfl. leyfir sér. (**GE:** Þeir bera það sjálfir inn í nefnd.)

Hér hefur verið minnst á nokkur atriði undir þessari umræðu. Það hefur komið fram hjá nokkrum þingmönnum að þeir telji að setja eigi allan fisk á markað. Ég get ekki tekið undir þessa skoðun og teldi hana skref aftur á bak og mundi valda enn fremur mjög mikilli óhagkvæmni. En það er eins og ég hef hér sagt fyrr, að menn slá úr og í, segja hitt og þetta sem ekki fær staðist. Hins vegar geri ég mér grein fyrir því að þeir menn sem sitja fyrir Framsfl. í sjútvn. eru á móti fiskvinnslukvóta. Ég get vel hugsað mér að skoða þá leið að einhverju marki. Ég er ekkert að segja að hún sé fær. Ég er ekkert að segja að hún sé hagkvæm. En það er náttúrlega hryllilegt til þess að hugsa þegar skip fara frá heilu byggðarlögunum og með allan afla með sér.

Aðalatriðið er að fiskveiðistefnan sé mótuð nokkur ár fram í tímann og að hæstv. sjútvrh. leiði greinina í heild sinni og sátt. Það finnst mér aðalatriðið. (**JGS:** Er ekki aðalmálið að ríkisstjórnin fari frá?) Vissulega er það stórt mál að hæstv. ríkisstjórn láti af störfum. Það er mikið mál að ríkisstjórn sem er búin taki hvíldina. Ég hygg að það sé svo að Sjálfstfl. viðurkenni að með Alþfl. er auðvitað ekki starfandi við þessar aðstæður og horfi með kvíða til þess ef honum tekst ekki á einhverjum punkti í sumar að rjúfa þetta vonlausa samstarf og efna til kosninga. En ég óttast að þetta samstarf hangi saman á einhverjum bláþræði og menn komist ekki hvor frá öðrum.

Nei, þó að ríkisstjórnin vilji ekki ná samkomulagi við stærstu aðilana í sjávarútveginum, þá hikar hún ekki við þegar deilur koma upp á milli sjómanna og útgerðarmanna að skunda til Alþingis — já, og skunda ekki til Alþingis heldur setja bráðabirgðalög til þess að fresta því að menn nái saman um sín deilumál. Þetta er auðvitað ekki gott atriði.

Hæstv. forseti. Ég vil að lokum hverfa til upphafs ræðu minnar. Ég lagði áherslu á það í máli mínu hversu hæstv. sjútvrh. hafi illþyrmilega verið hrakinn af leið. Hann setti við upphaf ferils síns göfug markmið og ég trúi því ekki enn að hann muni ekki á milli umræðna leita leiða til þess að ná saman um málið. Ég trúi því ekki að hann ætli að lögsetja þetta mál hér og Þróunarsjóðinn einnig til þess að skapa þá óvissu að jafnvel honum verður ekki vært í sæti sínu. Það er ekkert glæsilegt að vera ráðherra yfir atvinnuveginum þegar allir aðilar málsins eða alla vega þeir sem mestu ábyrgðina bera eru mjög ósáttir. Ég flutti hér í upphafi erindisbréf sem sýnir vel hvert hugarfar hæstv. sjútvrh. bar í upphafi ferils síns. En þegar hann skipaði nefnd, þá fól hann henni eftirfarandi:

„Að móta heildstæða sjávarútvegsstefnu er tekur til veiða, vinnslu og markaðssetningar sjávarfangs. Þá er nefndinni falið að setja sjávarútveginum framtíðarmarkmið og koma með tillögur um hvernig megi ná þeim markmiðum sem sett verða þannig að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmálin."

Þetta var grunntónninn í upphafi hjá hæstv. sjútvrh. og ég vil óska þess, hans vegna, þjóðarinnar vegna, að hann megi hér hverfa frá stærstu vanköntunum sem menn eru hræddastir við í þessu frv. um stjórn fiskveiða.

Ég sagði hér áðan að ég væri þakklátur fyrir það að ég hefði stutt þessa lagasetningu 1990 vegna þess að ég er sannfærður um að hver einasti Íslendingur væri verr settur ef það hefði ekki tekist. Þess vegna verður það kannski sorglegt fyrir hv. þm. Vilhjálm Egilsson, þegar hann fer að rifja upp eftir þrjú ár hvernig hann greiddi atkvæði, að þurfa þá kannski að iðrast og gráta fortíðina beisklega eins og hv. þm. Hjörleifur Guttormsson gerði hér í morgun. (**VE:** Þar náði hann fiskvinnslukvótanum í gegn.) Og það gæti vel verið að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson rifji þá upp þau göfugu mark-

mið sem nefndin komst að á ýmsum sviðum. Ég er ekki að segja, að ég sé alfarið sammála því, en bæði var það svo að leiðbeining sjútvrh. var skynsamleg og nefndin settist að störfum af skynsemi, en nú eru menn því miður að fara út í óvissuna. Ekki bara með þessa flokka, það mundi nú litlu máli skipta, þeir eru að fara út í óvissuna með afkomu hvers einasta Íslendings með þessari kúvendingu. Þeir eru að fara út í óvissuna með störf fiskvinnslufólksins um allt Ísland. Þeir eru að fara út í óvissuna og skapa þá hættu að í stórauknum mæli muni fiskvinnsla fara á haf út, að í stórauknum mæli muni afli á nýjan leik verða fluttur óunninn á erlendan markað.

Ég skora á hæstv. sjútvrh. að skoða þetta mál á milli umræðna, ræða við aðila og taka síðan skynsamlega afstöðu. Ég veit að hann er það sterkur í sínum flokki eða ég vona að hann sé það, að hann gæti náð þeirri niðurstöðu fram og hann beri gæfu til þess að láta sig þá engu máli skipta Alþfl. litla.

[20:58]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson vill kenna þær brtt. sem fyrir liggja við krata. Þessar brtt. eru samkomulag sem hefur orðið til í meiri hluta sjútvn. og ef það er kratastefna að breyta því kerfi sem við höfum búið við þá er ég sáttur við að það sé stefnan í rétta átt.

Hv. þm. sagði að það væri verið að skemma kerfið. Ég spyr hv. þm.: Hverju er verið að kúvenda eins og hann sagði í sínum orðum? Ég spyr hv. þm.: Er ekki þörf á að kúvenda kerfi sem leiðir menn í það að út úr öðru munnvikinu flæðir flaumur orða um vernd ungviðis og hinu hvatning til að drepa það og henda og láta það rotna á uppeldisslóð? Ég spyr: Vill hv. þm. Guðni Ágústsson breyta því kerfi sem hendir fiski eða ekki? Ég fullyrði að það er ekki spurning um hvort fiski er hent, það er spurning hversu mörg þúsund tonnum er hent. Ef við erum í átt að því að breyta því kerfi til hins betra, þá er ég sáttur við að það sé kratastefna. Ég er mjög sáttur við að það sé kratastefna.

[21:00]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Æ betur skil ég áhyggjur fiskvinnsluhópsins svonefnda. Að íslenskur sjávarútvegur skuli eiga allt sitt undir þessari hugsun. Ég sagði fyrr í dag að mér þætti vinur minn Ragnar Reykás öðru hvoru koma hér í stólinn. Hér gerðist það á nýjan leik að upp kom hv. þm. Gísli Einarsson og fjallaði aðallega um atriði sem ekki eru til í frv. Þetta frv. mun engu breyta um það hvort fiski er hent eða ekki. (**GE:** Er fiski hent?) Auðvitað er einhverjum fiski hent, ég ætla ekkert að bera á móti því. En þetta kerfi sem þingmaðurinn er að að leiða yfir þjóðina með frv. breytir ekki neinu í þeim efnum.

Ég held því fram að Sjálfstfl. hafi beygt af leið sinni, alla vega hafi hæstv. sjútvrh. orðið að beygja af sinni leið. Ég held að það stafi ekki af því að hæstv. sjútvrh. hafi verið brotinn á bak aftur í sínum flokki heldur hinu að Alþfl. krafðist breytinga. Breytingarnar eru fólgnar í því að skerðing á framsali veldur mikilli óvissu, ekki síst hjá minni útgerðarmönnum og það er mismunur á milli minni útgerða og stærri útgerða sem er óásættanlegur. Samkomulag stjórnarflokkanna er þannig ill tíðindi fyrir þjóðina.

[21:02]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Þær brtt. sem liggja fyrir eru aðeins skref í áttina og þær lúta að sátt sem er viðunandi fyrir alla þá sem eiga undir því kerfi sem við erum að koma á. Það er það sem í brtt. er fjallað um og um það höfum við náð samkomulagi. Ég var ábyggilega einn af þeim sem hefði viljað ganga lengra en ég lýt því sem náðst hefur.

[21:03]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er vanur að halda mínar kvöldræður svona klukkan hálftvö að nóttu og biðja um að þingi sé frestað. Nú ætla ég að flýta þeirri ræðu. Ég held það væri mjög mikilvægt, hæstv. forseti, að þessum fundi yrði frestað og verkefni kvöldsins alla vega hjá stjórnarliðum yrði það að þeir læsu umsagnir um þetta frv. Hér stöndum við einn þingmann að því að hann hefur ekki lesið sitt heimaverkefni. (**Gripið fram í:** Er það Guðni?) Hann segir að það sé sátt um málið. Ég skora á hann að lesa öll þau varnaðarorð sem standa í þingskjölum um þetta mál. Hann segir að þetta sé skref í áttina. Ég veit að hann telur það vera skref í áttina því auðvitað ætlar Alþfl. að eyðileggja fiskveiðistjórnarkerfið til þess að koma á auðlindaskatti. Það er næsta skref. Auðvitað hefur hann leitt Sjálfstfl. þennan mjóa stíg eftir berginu til þess að fella hann út af berginu og koma sínu verki fram.

Ég mótmæli því, hæstv. forseti, það er ekkert í þessu máli sem lýtur að því að koma á sátt, hvorki í þinginu né í þjóðfélaginu. Ég lýsi því enn yfir að ég nenni vart að hnakkrífast við vanlesna þingmenn um þau þingskjöl sem hér liggja frammi. En ég treysti hæstv. sjútvrh. sem fer fyrir liði í stóru kjördæmi að hann skoði sinn gang og ræði þetta mál með nýjum hætti og leiti nýrrar samstöðu í þessu máli og láti ekki leiða sig í þessa voðalegu gildru.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill ítreka það við hv. þm. að þeir muni það við hverja þeir eru í andsvari þegar þeir veita andsvör.

[21:05]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í frv. því sem sjútvrh. lagði fyrir þingið var eitt stórt skref til aukinnar hagkvæmni í kvótakerfinu. Það var fiskvinnslukvótinn. Því miður hefur þurft að draga það mál til baka til þess að koma til móts við sjómenn og útvegsmenn um þetta mál. Þetta mál mun hins vegar á næstu árum koma aftur til umfjöllunar í þinginu og þá vona ég að hv. þm. Guðni Ágústsson muni styðja það mál og leggjast á eitt með okkur við að ná því í gegn.

Það er athyglisvert, hv. þm. Guðni Ágústsson, að í

úttekt sem Þjóðhagsstofnun hefur sent frá sér um gagnrýnisatriði atvinnumannanna svokölluðu er ekki tekið undir gagnrýni þeirra í einu einasta atriði. Ekki í einu einasta atriði. Málið er einfaldlega það að þær þrengingar sem verið er að gera á framsalinu þrengja á engan hátt möguleika til hagkvæmra viðskipta heldur einungis möguleika til þess að stunda viðskipti sem beinlínis eru í því skyni að lækka laun sjómanna. En hagkvæm og eðlileg viðskipti geta áfram verið stunduð.

Það er meira að segja í svari Þjóðhagsstofnunar sérstaklega tekið á fyrirtækjum eins og Vinnslustöðinni og Borgey og sagt að þau fyrirtæki geti eftir sem áður náð svipaðri niðurstöðu með tilfærslu á varanlegum kvóta og sérstökum samningum milli aðila. Það er sagt að úthafsveiðar geti verið áfram. Og það er sagt að ekki sé rétt að útflutningur á ísfiski í gámum muni aukast. Það er svo margt og margt sem kemur fram í þessari gagnrýni sem Þjóðhagsstofnun tekur ekki undir.

[21:07]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Illa er nú komið fyrir hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að hann hlustar ekki lengur á rödd atvinnulífsins heldur steinrunna menn uppi í Þjóðhagsstofnun og telur þá þá einu sem tala um sannleikann í þessu máli. Auðvitað liggur það fyrir og það veit hæstv. sjútvrh., svo ég vitni til hans, að margar hinar litlu útgerðir óttast hvernig á að fara með framsalið (**EgJ:** Hver bað um þetta álit?) og þá mismunun sem verður á milli útgerðanna. — Hver bað um álit? (**EgJ:** Þjóðhagsstofnunar.) Mér finnst sjálfsagður hlutur að fá álit hjá Þjóðhagsstofnun. (**Sjútvrh.:** Þó hún sé steinrunnin?) Hún hefur kannski ekki alltaf sagt sannleikann.

En hv. þm. Vilhjálmur Egilsson talaði um að fiskvinnslukvóti væri stórt skref. Ég sagði í minni ræðu að ég væri alveg opinn fyrir því. (**Gripið fram í:** Heyrði Stefán það?) Mig varðar ekkert um það, við hugsum ekki alltaf alveg eins við Stefán.

(**Forseti** (VS): Hv. þm.)

Hann svarar fyrir sig, ég svara fyrir mig. Ég vildi segja það að ég get vel sest yfir það verkefni og tel að það eigi að kanna það hvort einhver lágmarksfiskvinnslukvóti sé skynsamleg leið. Því eins og ég sagði verðum við að horfa til langrar framtíðar í þessu máli og stöndum í sífellu frammi fyrir nýjum og nýjum aðstæðum. (Forseti hringir.)

Ég ætla að biðja hv. þm. Vilhjálm Egilsson að minnast þeirra göfugu markmiða sem sett voru fram bæði af nefndinni og ekki síður hæstv. sjútvrh.

[21:10]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa hv. þm. Guðna Ágústsson um það að ég tala mikið við menn úr atvinnugreininni. Staðreyndin er sú að þrátt fyrir þær breytingar sem verið er að gera á lögunum um stjórn fiskveiða nú þá verður hægt að flytja kvóta af skipi sem ekki ætlar að veiða hann yfir á skip sem ætlar sér að veiða þann kvóta. Þetta verður hægt og þetta er grundvallaratriði í framsalskerfinu.

Það er tvennt sem menn þurfa að þróa í framhaldi af þessum breytingum. Í fyrsta lagi eru það framvirkir samningar þar sem menn gera samning um kaup á aflaheimild sem eru ekki afhent eða færð yfir á skip fyrr en að því kemur að það þarf að veiða viðkomandi aflaheimild.

Í öðru lagi þarf að þróa sérstaka samninga um vistun á varanlegum aflahlutdeildum á skipum sem eru ekki í eigu viðkomandi aðila. Þetta mun örugglega gerast í framhaldi af þessum breytingum sem verið er að gera á stjórn fiskveiða og þær munu halda fullri hagkvæmni í framsali og í kvótakerfinu en enn fremur gera viðskiptin með aflaheimildir og allt kerfið ásættanlegra fyrir sjómenn sem ég held að hljóti líka að vera markmið okkar beggja, mín og hv. þm. Guðna Ágústssonar.

[21:11]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Við þurfum svo sem ekkert að vera að deila um þetta atriði, við Vilhjálmur Egilsson.

(**Forseti** (VS): Hv. þm.)

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Ég hygg að það sé ekki út í loftið að þeir menn sem gerst þekkja til í fiskvinnslunni á Íslandi telja að þessi skerðing á framsalinu muni valda mjög mikilli óvissu og mismun á milli greinanna. Ég fæ því ekki séð að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson fari með rétt mál í þetta sinn. Ég er auðvitað tilbúinn að rökræða það við hann og fara betur yfir frv. en mér sýnist að þeir menn sem ég gerst trúi í þessu máli hafi rétt fyrir sér. Þar treysti ég vel fulltrúum Framsfl. og ekki síður þeim mörgu mönnum sem vinna í greininni sem ég hef heimsótt og rætt við og hafa farið yfir þetta mál. Þeir hafa ekki séð þennan sjónarhól þingmannsins með þeim hætti sem hann hefur lýst.

[21:13]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hv. 5. þm. Suðurl. sagði að hæstv. ráðherra hefði orðið að beygja af leið í þeirri stefnu sinni að breyta lögunum um stjórn fiskveiða eins og ríkisstjórnin hafði fyrirhugað í upphafi ferils síns. Hv. þm. las upp úr hvítu bókinni sem ríkisstjórnin gaf út. Ég tók mjög eftir því og fannst það mjög merkilegt hvernig hann las úr því kveri, hvar hann hóf lesturinn. Skyldi það hafa verið tilviljun? Hv. þm. hóf lesturinn þar sem stendur „...til að vinna að mótun heildstæðrar stefnu í þessum efnum hefur verið skipuð sérstök átta manna nefnd". Hvaða setning skyldi vera þarna á undan? Það er þessi setning: „Ríkisstjórnin hyggst móta sjávarútvegsstefnu sem nær jafnt til veiða, vinnslu og markaðsmála, hamlar gegn ofveiði, treystir byggð, stuðlar að hagræðingu" — og svo kemur setning — „og tryggir stjórnskipulega stöðu sameignarákvæðis laga um stjórn fiskveiða."

Hvað þýðir þessi setning? Hún þýddi það á venjulegu máli, í upphafi a.m.k., að það ætti að breyta lögunum um stjórn fiskveiða þannig að enginn vafi væri á því að þjóðareignin yrði tryggð. Að ígildi eignar-

heimildar, sem er orðið á veiðiheimildunum og hefur verið að þróast síðan þetta kerfi varð til, yrði breytt þannig að ekki yrði vafi um eignarhaldið. (**VE:** Þingmaðurinn hefur áhyggur af því að stjórnarstefnunni sé ekki framfylgt.) Það segi ég sannarlega satt. Ég hef áhyggjur af því að hæstv. ríkisstjórn kúventi í þessu máli. Það er sorglegt vegna þess að þetta er einmitt átakamálið, stjórn fiskveiða, og það er nefnilega þarna sem aðalágreiningurinn liggur milli t.d. Framsfl. og Alþb. í þessu máli. Hluti af þingmönnum Sjálfstfl. virðist hafa nákvæmlega sömu skoðanir og Framsfl. í málinu, þ.e. þeim finnst það hið besta mál að veiðiheimildir séu eign útgerðarmanna. Hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, orðaði það áðan í andsvari að það væri svipað og banna mönnum að heyja að leyfa þeim ekki að halda áfram viðskiptum með aflaheimildir og fisk eins og gert hefur verið fram að þessu þar sem útgerðarmönnum, sem hafa þá aðstöðu, hefur tekist að fá lægra hráefnisverð heldur en öðrum sambærilegum aðilum í landinu. Þetta lýsir að því mér finnst akkúrat því viðhorfi sem Framsfl. sækir í landbúnaðarstefnu sína aftur í aldir, en hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, virðist sækja þetta í einhver önnur fræði, eða hvað?

Það er verið að takast á um þetta og þau átök munu halda áfram. Ég er sannfærður um að það eru ekki nema tvær lausnir á þessu máli. Önnur lausnin er sú að fiskveiðistjórnunarkerfinu verði breytt. Hin er sú óhjákvæmilega niðurstaða að fái þeir sem vilja halda kvótakerfinu óbreyttu að fara sínu fram þá mun þjóðin gera kröfu um að veiðiheimildirnar verði seldar. Það mun ekki verða liðið til framtíðar litið að það myndist hópur af fólki í landinu sem á veiðiheimildirnar og hirðir arðinn af útgerðinni. Það er það sem er að gerast. Stærri og stærri hluti útgerðarinnar í landinu er farinn að borga auðlindaskatt til þeirra sem eiga veiðiheimildirnar. Það er við þetta að glíma og menn geta ekkert vikið sér undan því að taka á þessu máli. Það er um þetta grundvallaratriði sem átökin um stjórn fiskveiða standa.

Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sagði að það hefði eitt stórt skref verið í þeirri tillögu sem nú liggur fyrir til hagræðingar í fiskvinnslunni. Það var að setja kvóta á fiskvinnslustöðvar. Honum er það greinilega orðið ljóst að öll hin markmiðin af stærra taginu týndust á leiðinni frá því að tvíhöfða nefnd lauk störfum og þangað til frv. var lagt fram. Það gerðu þau og ég taldi þau reyndar upp í fyrri ræðu minni í dag og ætla ekki að endurtaka það en það er alveg greinilegt og skýrt að allt sem tvíhöfða nefndin var að fást við hefur fallið frá borði í þessari sjóferð. Hæstv. ráðherra hefur ekki einungis þurft að beygja af leið, hann hefur þurft að hrökklast í land úr sjóferð sinni án veiðarfæra og án nokkurs árangurs annars en að þurfa að beygja sig fyrir þeim kröfum sem sjómenn hafa náð fram í umfjölluninni um þessi mál í vetur. Þó verð ég að segja að því miður bendir margt til þess að sjómenn eigi langt í land með að ná sínum markmiðum fram. Það hefur komið svo greinilega í ljós í viðtölum sjútvn. við forustumenn LÍÚ og fiskvinnslunnar að það er ekki meiningin að breyta um þann hátt sem hafður hefur verið á verslun með veiðiheimildir og fisk. Ég er sannfærður um að þegar þessir áhrifamiklu aðilar halda því fram að það eigi ekki að breyta um aðferð við að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum munu útgerðarmenn í landinu meira og minna halda því áfram eftir að þessi lög hafa verið sett nema Alþingi kveði svo skýrt að orði að ekki verði skilið öðruvísi en að það sé gjörsamlega óleyfilegt í öllum viðskiptum.

Hv. 5. þm. Suðurl. hafði miklar áhyggjur af framtíðinni vegna þess hvernig ríkisstjórnin væri að rústa fiskveiðistjórnunarkerfið. En skyldi það ekki segja einhverja sögu um það hvaða skoðanir Framsfl. hefur raunverulega á þessu máli að hann flytur tvær tillögur til breytinga á lögunum. Önnur tillagan er um það að í staðinn fyrir 15% í 5. tölul. tillögunnar komi 40% og í 6. tölul. komi 40% í stað tölunnar 50%, þ.e. að veiðiskylda skipanna verði ekki 50% af úthlutuðum aflaheimildum heldur 40% og að rýmkuð verði úr 15% í 40% sú kvöð sem sett er inn annars staðar um það að skipin megi ekki færa frá sér afla ef þau hafa fært til sín 15%. Ef ágreiningurinn endurspeglast í þessum tillögum Framsfl. (**StG:** Þetta er ekki nema hálfur sannleikur. Þú lest ekki allt.) Hv. þm., ég er búinn að lesa alla tillöguna. Það stendur á brtt. frá Stefáni Guðmundssyni og Halldóri Ásgrímssyni: „Við 5. tölul.

a. Í stað tölunnar „15“ í 1. málsl. 1. efnismgr. komi: 40.

b. 2. og 3. málsl. 1. efnismgr. og 2. efnismgr. falli brott.“

Síðan kemur talan 40 í staðinn fyrir 50 sem ég lýsti áðan. (**StG:** Er ekki eitthvað á milli?) Jú, það mun rétt vera, þarna er eitthvað á milli. Ég hljóp yfir það, ég skal fara yfir það á eftir. (Gripið fram í.) Það er gott. Við hlustum á hv. 4. þm. Norðurl. v. fara yfir þennan ágreining og hvernig hann endurspeglast í tillögum Framsfl. sem eru á borðum þingmanna.

Það hafa ýmsar tillögur komið á borð manna, brtt. frá stjórnarflokkunum og tillögur frá Alþb. og Framsfl. og ég ætla að gera að umræðuefni aftur tillögu Alþb. um fullvinnsluskip. Mér finnst að það hljóti að vera grundvöllur fyrir því að ná samkomulagi um slíkar tillögur á hv. Alþingi. Hér hafa menn frá öllum stjórnmálaflokkum eftir því sem ég kemst næst staðið í ræðustól og haldið því fram að það þurfi að koma í veg fyrir fjölgun fullvinnsluskipanna. Hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála bar fram tillögu fyrir tveimur árum um fullvinnsluskipin sem var beinlínis sett fram í þeim tilgangi að hamla gegn því að allt færi úr böndunum í sambandi við kaup á þessum skipum. En þau hafa haldið áfram og við alþýðubandalagsmenn flytjum þess vegna tillögu um að það verði ekki leyft að skrá eða flytja til landsins fullvinnsluskip í eitt ár á meðan menn eru að skoða þessa hluti nánar. Ég bið menn að velta því alvarlega fyrir sér hvort ekki sé skynsamlegt að doka við og hafandi hlustað t.d. á þingmenn Framsfl. halda ræður um að breytingarnar á lögum um stjórn fiskveiða, sem nú eru til umfjöllunar, sem muni valda því að það verði enn þá meiri sókn í að fjölga fullvinnsluskipum, (**JGS:** Væri þá ekki nær að hverfa frá

breytingunum?) þá hlýtur maður að spyrja sig: Hvers vegna í ósköpunum eru menn ekki tilbúnir að reyna að ná samstöðu um það að hægja á þessari þróun? Það verð ég að segja að þegar menn halda ræður um það langtímum saman að þessi þróun sé ískyggileg og vond, sem hefur gerst undir því stjórnkerfi sem við erum með í gangi og við höfum ekki náð saman um að gera breytingar þannig að hamlað verði gegn þessu, þá hlýtur maður að spyrja sig: Er full meining í því sem menn eru að tala um ef ekki er hægt að fá tillögu eins og þessa, sem gengur ekki lengra en að fresta þessum málum um eitt ár, samþykkta á Alþingi?

Það hefur orðið geysilega ör þróun í sambandi við fullvinnsluskip og ég er sannfærður um að við höfum gengið þar miklu meira en nógu langt í bili og það er komin ástæða til að doka við.

Fullvinnsluskipin veiddu á árinu 1985, svo maður taki dæmi, tæp 4% af þorski, þau veiða núna 15% af þorskinum. Þau veiddu þá tæp 3% af karfanum en veiða nú 31% af karfa. Ég er ekki að halda því fram að það sé neikvætt og ég held því ekki fram að þessi fullvinnsluskipavæðing hafi verið neikvæð í aðalatriðum. (**VE:** Ertu bara ekki á móti hálaunastörfum í sjávarútvegi?) Ég held því hins vegar fram að það sé ekki skynsamlegur sjávarútvegur á Íslandi ef það er meiningin að flytja út á sjó alla vinnslu á afla. Ég tel að nú sé nógu langt gengið og nú þurfi menn að átta sig á því hvort þessi stefna á að halda áfram hömlulaust. (**Gripið fram í:** Sammála.) Það hvort ég sé á móti háum launum í sjávarútvegi, eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. var að skjóta að mér í frammíkalli, kemur ekki þessu máli við. Ég held að við þurfum að hugsa um alla atvinnuvegi landsins. Við þurfum að hugsa um fiskvinnslufólkið í landi líka. Ég er hræddur um að það séu blendnar tilfinningar hjá sumum þegnum í kjördæmi hv. þm. Vilhjálms Egilssonar til þess hvernig þessi þróun hefur verið. Það hefur sagt mér maður sem býr á Skagaströnd og ég þekki frá gamalli tíð að á Skagaströnd sé bæði fátækt fólk og ríkt og misskipting teknanna sé alveg ótrúleg. Það er fyrst og fremst sú misskipting teknanna sem skapast vegna hinna háu launa á fullvinnsluskipunum og síðan þeirrar eymdar sem er komin á vegna atvinnuleysis og minni starfa í landi (**VE:** Fyrir 30 árum var bara fátækt fólk á Skagaströnd.) sem þessi þróun hefur leitt af sér. — Við þurfum ekki að fara nein 30 ár aftur í tímann. Þessi þróun hefur ekki staðið það lengi. Hún hefur staðið í örfá ár og það veit hv. þm. vel. En hann eins og fleiri virðist trúa á hið frjálsa framsal veiðiheimildanna og það langar mig til að gera að umræðuefni líka.

Hvernig stóð á því að útgerð á Íslandi var hagkvæm áður en kvótakerfið kom til? Hvernig gátu menn grætt á útgerð áður en þeir gátu farið að selja og kaupa veiðiheimildir hver af öðrum? Var þetta ekki gjörsamlega ófært og ómögulegt? Maður gæti haldið það. En á Íslandi þróaðist upp hagkvæmasta útgerð sem fyrir finnst áður en kvótakerfið kom til og afkastamestu sjómenn í heiminum urðu til á Íslandi áður en kvótakerfið kom. Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að sú hagkvæmni hafi aukist fram yfir það sem tækni hefur gefið tilefni til síðan. Satt að segja bendir ýmislegt til þess að þróun í hina áttina sé byrjuð, afköst sjómanna hafi t.d. minnkað töluvert, að flotinn haldi áfram í óhagkvæmnisátt. Það var t.d. athyglisvert að hv. 11. þm. Reykv., sem talaði um sjávarútvegsmálin í dag, þurfti að sækja sér tölur sem voru frá því á árunum 1983–1984 til þess að geta bent á að það hafi sést einhver hagkvæmni þegar kvótakerfið var sett á. Þegar þróunin er síðan skoðuð alveg frá þessum tíma, frá upphafi kvótakerfisins og fram á þennan dag er ekki hægt að sjá neina hagkvæmnisþróun í útgerðinni eða fiskveiðunum sjálfum. Fjárfesting í hestöflum hefur aukist gífurlega. 90.000 hestöfl hafa bæst við í flotann og afköstin hafa ekkert aukist, afköstin hafa minnkað á hvern úthaldsdag.

En það er eitt sem hefur aukist og það er verslunin með veiðiheimildir og því ætlaði ég að koma að. Ég nefnilega trúi ekki á þessa hagkvæmni verslunarinnar með veiðiheimildir. Ég held að það standist ekki skoðun sem menn eru að segja um þá hluti. Ég held að það sé æði undarleg hagfræði fólgin í því að það þurfi og eigi að kaupa og selja veiðiheimildir einlægt alla daga. Það er eitthvað undarlegt við það að veiðiheimildirnar lenda aldrei hjá þeim sem ætla að veiða fiskinn. Það eru alltaf einhverjir aðrir sem eiga að veiða fiskinn en þeir sem fá veiðiheimildirnar til sín. Þannig er þróunin orðin í þessu og hún hefur aukist mjög hratt. Það eru 50% eða meira af öllum úthlutuðum veiðiheimildum sem skipta um eigendur á árinu sem þeim er úthlutað. Hvernig stendur á þessu? Er alltaf verið að úthluta mönnum veiðiheimildir sem hafa ekkert með þær að gera? Ef lögmál markaðarins er virkt í greininni hvers vegna í ósköpunum selja menn ekki þessar veiðiheimildir endanlega úr því að þeir nota þær ekki? — Hv. 5. þm. Norðurl. v. hristir höfuðið. Hann veit auðvitað hvers vegna veiðiheimildirnar ganga kaupum og sölum. Það er nefnilega ekkert endilega vegna þess að veiðiskipin séu hætt veiðum. Það eru nefnilega á ferðinni miklu stærri hagsmunir í þessu dæmi en það.

Það sem er að gerast er að veiðiheimildirnar eru að skipta um eigendur vegna þess að það verður miklu hagkvæmara að láta fiska fyrir sig. Það hefur verið ótrúlegt að hlusta á hv. þm. koma hver af öðrum upp í ræðustól á Alþingi og halda því fram að eigendaskipti á veiðiheimildunum valdi svona mikilli hagræðingu í útgerðinni. Meira að segja hefur það komið í ljós að menn trúa því að sjómenn t.d. græði á þessu öllu saman vegna þess að þeir fái til sín aukin verkefni. Það er eins og þessi verkefni hafi bara dottið ofan úr himninum. Það hafa líklega engir aðrir sjómenn haft þessi verkefni með höndum áður en þau fluttust til viðkomandi útgerðar. Skyldu verkefnin ekkert hafa minnkað annars staðar þegar þau hafa flust til? Ég hefði a.m.k. haldið það. Ég held að sú röksemdafærsla sem menn hafa verið að færa fram fyrir því að þessi hagkvæmni væri svo óskaplega mikil standist ekki.

Ég veit hins vegar, og hef reyndar oft sagt það hér, hvernig stendur á því að menn vilja hafa þetta svona. Þar er enginn vafi á hlutunum. Það er vegna þess að í skjóli þessara verslunarhátta fá menn hráefnið á lægra

verði og það er verið að búa til útvegsbændasamfélag, samfélag óðalsbænda í landinu sem hefur séraðstöðu til þess að eignast veiðiheimildir og það getur enginn keppt við þá sem eru í þessari séraðstöðu. Venjulegir útgerðarmenn sem ekki eru í fiskvinnslu og geta ekki nýtt sér þessa möguleika geta það ekki. Satt að segja finnst mér að forráðamenn Landssambands ísl. útvegsmanna hafi gjörsamlega brugðist sínum umbjóðendum sem eru líka útgerðarmenn en ekki eiga í fiskvinnslu. Þeir útgerðarmenn geta engan veginn keppt við þessa möguleika.

Mér þykir gott að sjá að hv. 11. þm. Reykv. er kominn því í því stutta andsvari sem ég hafði við hans ræðu gat ég ekki farið yfir þær tölur sem ég hefði viljað vegna þess að hann nefndi gamlar tölur um hagkvæmni útgerðar sem hefði breyst til batnaðar við það að kvótakerfið kom á. Hann nefndi tölur á milli áranna 1983 og 1984. Ég benti á að frá þeim tíma, þ.e. frá árinu 1983 og fram til ársins 1992, hefði veiði flotans fyrir hvern úthaldsdag breyst með eftirfarandi hætti: Stærstu skipin, þ.e. togarar fyrir ofan 500 tonn, standa í stað. Þeir eru með 11,8 tonn á úthaldsdag árið 1983 en 11,9 tonn árið 1992. Minni togararnir fara aftur á móti úr 10,2 tonnum á úthaldsdag og niður í 8,2 tonn.

Ef maður skoðar t.d. minni bátanna hafa afköst þó heldur aukist hjá þeim. Ég ætla ekki að fara yfir það hér en það sem þeir hafa verið að fiska á dag hefur heldur aukist og mest í minnstu bátastærðunum.

Þetta bendir ekki til þess að flotinn hafi náð meiri hagkvæmni, ég get a.m.k. ekki fundið það út. Það er rétt að benda á að það er ekki nema 2% minnkun á verkefnum þessa flota sem þarna er verið að tala um á þessu tímabili. Það þýðir því ekki að halda því fram að heildarveiðin á þessum tíma hafi rýrnað svo mikið að það hafi átt að verða til þess að óhagkvæmnin ykist svona mikið. En þessi floti sem nær ekki betri árangri en sá gamli er orðinn töluvert miklu stærri í tonnum talið og hann er með 90.000 hestöflum stærri vélar og eyðir þar af leiðandi verulega miklu meiri orku til að veiða þennan fisk. Ég tel að þarna hafi hagkvæmni kvótakerfisins átt að geta sýnt sig og ég held að það sé full ástæða fyrir þá sem eru að halda því fram að hagkvæmnin sé svona mikil að koma með einhverjar vísbendingar um það og helst ekki bara vísbendingar heldur rannsóknir sem sýna mönnum þessa hagkvæmni. Ég hef því miður ekki trú á því að þær tölur verði mjög upplífgandi fyrir þá sem það vildu helst vegna þess að óhagkvæmni í útgerðinni hefur aukist á undanförnum árum og aldrei meira en síðan 1990. Það hefur gerst með frjálsa framsalinu því það er þannig að eftir 1990 hætti flotinn að minnka. Hann hætti að laga sig að verkefnunum vegna þess að það var ekki lengur sú hvatning til minnkunar flotans sem hafði verið áður.

Nú koma menn með nýja tillögu um það að setja kvóta á fiskvinnslustöðvar. Ef það yrði gert þá verða menn auðvitað að horfast í augu við það að verkefni skipanna sem þau hafa af eigin kvóta, þ.e. að fiska sinn eigin kvóta, hljóta að minnka sem svarar þeim kvóta sem fer á fiskvinnslustöðvarnar. Og því meira sem menn versla með þessar veiðiheimildir því stærri hópur verður það sem hefur engin verkefni vís í útgerðinni sjálfri. Ég tel að menn séu að fara þarna í óheillaátt.

Hv. þm. vitnuðu mjög til skrifa þessa svokallaða atvinnumannahóps í fiskvinnslu, sem hefur sent okkur sínar hugrenningar um það hvað gerist ef það frv. sem hér er til umfjöllunar verður að lögum. Ég vil minna menn á það líka að það var annar hópur sem lét í sér heyra og það voru fiskvinnslumenn líka, þeir sem ekki eiga aðild að útgerð. Þeir höfðu nú pínulítið aðrar áherslur en sá hópur sem sendi okkur þessi plögg. Þannig að það er nú kannski rétt, úr því að Framsfl. telur sig vera málsvara atvinnulífsins eins og lýst var yfir í umræðunni áðan, að spyrja að því hvort hann sé þá ekki málsvari alls atvinnulífsins. Hvort hann hlusti ekki líka á það sem þeir hafa að segja sem ekki eiga í útgerð og hafa aðrar skoðanir heldur en sá hópur sem sendi okkur þessi plögg. Og ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst sumt af því sem stendur í þessu plaggi ekki standast skoðun. Það nægir kannski að benda á það að þar eru fullyrðingar sem eru órökstuddar, t.d. um að úthafssóknin muni stórminnka. Síðan er t.d. fullyrðing um að það yrði hægari úrelding fiskiskipa ef þessi 50% regla kæmi á. Þetta er gjörsamlega órökstudd fullyrðing. Sannleikurinn er sá að það er ekkert sem bendir til þess að flotinn minnki neitt nema því aðeins að menn byggi þá inn í kerfið einhvern annan hvata, hærri úreldingarprósentur eða eitthvað slíkt eða þá að mönnum verði gert skylt að veiða stærri hluta af sínum veiðiheimildum á sín eigin skip. Það held ég að sé eðlilegasta kvöðin.

Það er stigið smáskref í þá áttina með því að ætlast til þess að skipin veiði 50% af sínum veiðiheimildum og ég held að það sé þó a.m.k. hægt að viðurkenna að það er viðsnúningur og til bóta. Ég tel að allt annað heldur en að láta veiðiheimildirnar vera á skipunum og tengjast við skipin muni valda óhagræði í útgerð í landinu. Það mun valda því að það verður stærri og stærri hópur skipa gerður út í þeirri von að menn fái verkefni frá öðrum en ekki í raunverulegri vissu um framtíðina, um að viðkomandi útgerð hafi verkefni. Ég veit að þeir mörgu aðilar sem hefðu áhuga á að fara út í útgerð hafa verið að kaupa kvótalaus skip til þess eins að reyna að fá verkefni til að veiða fyrir aðra og þannig munu auðvitað verkefnin dreifast meir og meir ef ekki kemur annað til. Mér finnst einhvern veginn að þeir, sem hafa verið að fjalla um þessi mál og hafa fundið það út að sem frjálsast framsal veiðiheimildanna væri það eina sem þyrfti til þess að fá þessa hagkvæmni, hafi gleymt að horfa á þróunina í flotanum sjálfum og hvernig hún hefur verið á undanförnum árum.

Virðulegur forseti. Ég tel að hæstv. ríkisstjórn hafi að lokum orðið að viðurkenna vanmátt sinn. Hún lagði af stað með mikil fyrirheit, setti í gang skoðun á málunum, fékk niðurstöður, tillögur í mörgum liðum um það hvernig ætti að breyta og bæta og festa í sessi kvótakerfið. Hæstv. ráðherra lagði af stað með frv. sitt,

hann strandaði í flestum málunum. Og öll stóru skrefin sem hv. 5. þm. Norðurl. v. ætlaði að taka til að bæta þetta fína stjórnunarkerfi bíða síðari tíma. Ég hef farið yfir það hér og ætla ekki að endurtaka það. En þessi leiðangur er orðinn æði hörmulegur og hæstv. ríkisstjórn eða stjórnarflokkarnir munu ekki geta sagt það, eftir meðhöndlunina á þessu máli hér í hv. Alþingi, að kvótakerfið hafi verið fest í sessi. Það mun aldrei takast að halda því fram þannig að þjóðin samþykki það. Þvert á móti er langstærstur hluti þjóðarinnar búinn að átta sig á því að það þarf að gera byltingu á þessu fiskveiðistjórnunarkerfi og það þarf að fara í alvöru endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Þessi niðurstaða sem hér liggur fyrir er ekki neitt sem hægt er að kenna við slíka hluti.

[21:47]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú sendur svo á fyrir norðan að það er erfitt að veiða þorsk á togara og ísfisktogaraútgerð ber sig ekki með því að beita togurunum á þorsk. Hvaða refsingar vill hv. þm. leggja á útgerðir slíkra togara? Vill hann rífa af þeim kvótann varanlega? Mér finnst mjög eðlilegt að útgerðir þessara togara leiti leiða t.d. með því að beita skipunum á karfa, beita þeim á rækju og fá síðan aðra aðila til að veiða þorskaflaheimildir fyrir þær í staðinn. Ég sé nákvæmlega ekkert að þessu. Það er mjög auðvelt að reikna það út þvílík óhagkvæmni það væri ef togararnir ættu að flengjast hringinn í kringum landið til að reyna að reyta upp þorskinn við lítinn árangur. Það er afar auðvelt að finna það út, en það nennir enginn að standa í því að reikna slíkt dæmi út.

Að lokum, hv. þm., spurningin um sameign þjóðarinnar á fiskstofnunum snýst ekki um veiðileyfagjaldið. Það snýst um það að setja þær leikreglur sem skila þjóðinni mestum arði. Það er ekki fengið með því að leggja veiðileyfagjald á sjávarútveginn. Það er fengið með því að sjávarútvegurinn geti hagnast og geti haldið uppi háu gengi og góðum lífskjörum.

[21:49]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hef þá skoðun að gamla aðferðin sé best í sambandi við það ef menn fiska ekki þann fisk sem þeir ætla sér að veiða. Það er bara að það verði að vera þeirra vandi og það eigi ekki að þýða það að mönnum sé bannað að veiða fisk þar sem hann er fyrir hendi á miðunum. Það er þess vegna sem ég tel það óeðlilegt að þetta fiskveiðistjórnunarkerfi sé byggt þannig upp að þegar betur fer að veiðast á miðunum kringum fiskiþorpin, sem eru til vegna fiskimiðanna, þá fái þau ekki að njóta þess, en einhver önnur fiskiþorp, einhvers staðar annars staðar á landinu, eigi veiðiréttinn. Það er einfalt hvernig á að koma í veg fyrir það. Það á að leyfa breytingar á þessum hlutum. Það á ekki að leyfa að veiðiheimildir séu notaðar með þeim hætti sem gert er.

Þetta um sameign þjóðarinnar getur nú ekki gengið sem svar. Það getur ekki gengið og þjóðin mun aldrei skrifa upp á það til framtíðar að kalla það sína sameign, sem er meðhöndlað sem eign, sem er afskrifað og fært í bókhaldi sem eign manna og sem er að sýna sig að er að verða til þess að við erum að missa raunveruleg yfirráð yfir nýtingu fiskstofnanna vegna þeirra réttinda sem þeir telja sig eiga sem hafa kvóta í sínum höndum.

[21:51]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna þeirra togaraútgerða sem eiga í erfiðleikum með að ná kvóta sínum fyrir norðan vegna þess hvernig ástandið er í sjónum segir hv. þm.: Ja, það er bara þeirra vandamál. Bara þeirra vandamál. Þetta er svona álíka og að segja við bændur fyrir norðan, sem kannski lenda í kalsumri og geta ekki heyjað, að þeir megi ekki kaupa hey annars staðar frá, þaðan sem betur árar. Segja bara við þessa menn: Ja, það er bara þeirra vandamál — svo eigi bara að fella skepnurnar.

[21:52]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég er alveg steinhissa. Ég trúi því ekki að hv. þm. líti svona á málið. Að hann sé að líkja þessu við það að menn geti ekki fengið að heyja fyrir skepnurnar og fái ekki að kaupa hey. Ég lít allt öðruvísi á þessa hluti. Ég tel að við eigum að hafa þetta fiskveiðistjórnunarkerfi það sveigjanlegt að t.d. þau fiskiþorp sem eru til vegna fiskimiðanna fái að njóta þess þegar betur fer að veiðast, en að það sé ekki þannig að menn sem eiga veiðiheimildirnar annars staðar í landinu geti setið yfir hlut þeirra sem beðið hafa betri tíðar, beðið eftir því að það færi að ganga meiri fiskur á miðin. Svona fiskveiðistjórnunarkerfi er ekki skynsamlegt og það verður mjög erfitt og mun reynast það lengi að útskýra fyrir mönnum hvers vegna þarf að viðhalda slíku kerfi.

[21:53]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er eitt sem ég skil alltaf verr og verr eftir því sem líður á daginn og kvöldið. Það er hvernig hægt er með kerfisbreytingu varðandi stjórnun fiskveiða að koma í veg fyrir að fiskur sé fluttur til vinnslu frá einu byggðarlagi í annað eða á milli landshluta. Mér er svo lífsins ómögulegt að skilja hvernig það á að vera hægt og ég hlýt að spyrja hv. þm. hvernig það eigi að gerast. Því ef menn trúa því að með einhverri einfaldri kerfisbreytingu sé hægt að koma í veg fyrir það þá verður að gera þá kröfu til hv. þm. að þeir útskýri hvernig það gerist. Ég hef ekki trú á að það eigi að gera það með því að setja vegartálma eða fá nýtt umferðarmerki sem yrði sett á Holtavörðuheiði þar sem stæði: Fiskflutningar bannaðir. Ég geri því þá kröfu til manna að þeir útskýri þessi mál því landið í dag er í raun orðið ein verstöð og það er afar erfitt að sjá fyrir hvað verður um afla sem landað er á einstökum stöðum.

[21:54]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé ekkert athugavert við það að menn kaupi fisk og flytji hann hvert sem

þeir vilja. En ég tel athugavert að kerfið sem við höfum bjóði upp á það að með eignarhaldi sínu á veiðiheimildum fái menn lægra hráefnisverð sem er notað til að flytja til sín aflaheimildir frá öðrum svæðum. Þar er raunverulega á ferðinni sú aðferð að láta sjómenn og kvótalitla útgerðarmenn borga þessa flutninga og gera þessa fiskvinnslu hagkvæma, sem mundi kannski ekki vera það ef hún hefði ekki þessa möguleika. Það er ekki verið að tala þarna um neina kerfisbreytingu. Það er bara verið að tala um að það er óeðlilegt að menn geti í skjóli þessa eignarhalds á kvótanum keyrt niður hráefnisverðið og þannig myndast samkeppnisaðstaða sem mun valda því að aðrir aðilar munu heltast úr lestinni. Þeir geta ekki keppt með öðrum ráðum en þessum.

[21:56]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. er að tala um að menn keyri niður verðið með þessu. Við hvað er miðað? Hvert er hráefnisverðið ef við tökum til að mynda þorsk á Íslandi? Ef hv. þm. tæki meðaltalsverðið á öllum löndуðum þorski hér á landi, er hv. þm. viss um að sú tala sé hærri heldur en sú sem verið er að greiða fyrir þorskinn í viðskiptunum tonn á móti tonni? Ég hef ekki séð hv. þm. koma fram með þann útreikning. Hlutirnir eru einfaldlega ekki svona einfaldir.

Menn hafa sagt að það ætti að leysa þetta með því að setja allan fisk á markað. Ef það væri gert þá yrði það meðalverð fyrir þorskinn sem út úr því kæmi ekki það verð sem fæst af því litla broti aflans sem í dag fer á markað. Meðalverðið sem þá kæmi út úr markaðnum væri væntanlega eitthvað viðlíka og meðalverðið af þorskinum sem í dag fer annars vegar á markaðinn og hins vegar í vinnslu af einstökum skipum hjá viðkomandi fyrirtækjum og tekur sitt verð þar. Þannig að hlutirnir eru ekki svona einfaldir.

[21:57]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hlutirnir eru ekki einfaldir. En það veit þó hv. þm. vel að í þessum viðskiptum er það einfalt að verðmæti aflaheimildanna er dregið frá aflaverðmætinu. (**JGS:** Við hvað er miðað?) Það er miðað við markaðsverð aflaheimildanna og það er miðað við markaðsverð fisks á svæðinu. Þeir sem fylgjast vel með sjónvarpi sáu t.d. þátt á Stöð 2 í vetur þar sem einn af þeim mönnum, sem talinn er einna mesti afreksmaðurinn í þessum efnum, lýsti því með hvaða hætti þetta gengi fyrir sig og það er nákvæmlega svona. Það var bara ákveðið markaðsverð notað á fiskinn og síðan var þetta markaðsverð á veiðiheimildunum dregið frá. Þannig að það fer ekkert á milli mála hvað er að gerast og það fer ekkert á milli mála að í framtíðinni mun þetta ráða úrslitunum í byggðaþróun í landinu ef þetta fær að halda fram sem horfir.

[21:58]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég óska hér eftir andsvari vegna þeirra orða sem hv. 3. þm. Vesturl. beindi til mín í ræðu sinni áðan. Ég les það einhvern veginn af ræðu hv. þm. að hann hefur alveg misskilið þetta kvótakerfi í grundvallaratriðum. Það hefur aldrei nokkurn tímann staðið til að kvótakerfið ætti að fjölga fiskum í sjónum. Það hefur ekki nokkrum manni komið til hugar. Og þeir útreikningar hjá hv. þm. hér áðan, að minni afli á hvern úthaldsdag væri núna staðreynd. Það er auðvitað mjög einfalt að skýra það og þarf ekki langa útreikninga til. Þegar sami floti, þ.e. jafnmörg skip, eru jafnmarga daga á sjó að veiða annars vegar 270 þús. tonn af þorski og hins vegar 180 þús. tonn af þorski þá hlýtur aflinn á úthaldsdag að minnka. Þannig að þetta segir sig alveg sjálft og var bara ekkert um það í ræðu minni fyrr í þessari umræðu. Ég var hins vegar að benda á það að með því skipulagi sem komið var á þá hefði útgerðarmönnum tekist á fyrsta ári að spara í útgerðarkostnaði á bilinu 15–20%. Það er kvótakerfið sem hefur gert það að verkum að nú geta menn náð fram hagræðingu í rekstri fyrirtækjanna. Og vegna þess að aflinn er minni þá þurfa menn að nota hagræðinguna og sparnaðinn til þess að lækka kostnaðinn á hverja sóknareiningu og það er það sem hefur tekist.

[22:00]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það getur varla verið að hv. þm. meini það sem hann er að segja vegna þess að þær tölur sem ég bar hér fram eru frá Fiskifélagi Íslands og þær sýna hver þróunin hefur verið. Hefði kvótakerfið skilað árangri í því efni að auka afköst í fiskveiðum þá hefði það komið fram í þessum tölum. Hvernig fara menn að því að finna út aukna hagkvæmni í útgerð? Er það ekki með því að skoða niðurstöðutölurnar af því sem verið er að gera? Það hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að afköst útgerðarinnar hafi aukist. En ég benti á það í minni ræðu áðan, til þess að koma í veg fyrir þennan misskilning sem hv. þm. virðist vera haldinn, að á því tímabili sem ég var að vitna til þá hefur flotinn svipuð verkefni og hann hafði áður. Það munar ekki nema 2%. Ef verkefni fiskiskipanna hefðu nú gengið á milli þannig að verkefnin hefðu færst til og raðast til þeirra sem hagkvæmasta útgerð hafa þá hefði það átt að koma fram í þessum tölum, en það hefur ekki gert það. Og fjárfestingin í útgerðinni, fjárfestingin í stærri vélum og öðru því um líku, heldur áfram. Og hún heldur áfram eftir að sóknarmarksskipin fara af sóknarmarkinu því langstærsti hlutinn af þessu skeður eftir 1987.

[22:02]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég sannfærðist um það í þessu svari hv. 3. þm. Vesturl. að það er mikill misskilningur á ferðinni. Ég sagði í svari mínu áðan að ég hefði aldrei dregið það í efa að afli á hvern úthaldsdag hefði dregist saman. Þetta eru mjög einfaldir reikningar og það þarf enga stofnun eða Fiskistofu til að reikna slíkt út, menn hljóta að sjá þetta. Það sem skiptir hins vegar höfuðmáli er hver kostnaðurinn er við að ná þessum afla, hver er kostnaður útgerðarinnar við að ná hverju tonni. Ef hann hefur minnkað, sem hann hefur gert, kostnaðurinn hefur minnkað hjá útgerðinni og ég

þori ekkert að segja til um hvað hann hefur minnkað upp á síðkastið á milli ára. Hann minnkaði á bilinu 15–20% á fyrsta ári og auðvitað geta menn ekki haldið endalaust þannig áfram að minnka kostnaðinn þannig að hann hefur minnkað eitthvað minna á milli ára hin síðari ár. Það er ég sannfærður um.

[22:03]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er því miður þannig að menn verða að halda sig við að trúa einhverju í þessu, tölurnar eru nefnilega ekki til. Ég hef spurt eftir þeim, ég hef beðið um það niðri í Fiskifélagi hvað eftir annað að fá tölur um þessa hagkvæmni, fá það reiknað út. Þær tölur eru ekki til. Það sem ég var mest undrandi á var að eftir að menn lögðu fram tvíhöfðaskýrsluna, þetta stórkostlega gagn í höndum manna, þá er ekkert í henni um þessa hagkvæmni. Menn gátu ekki farið yfir það og skoðað hvernig kvótakerfið hefði stuðlað að hagkvæmni í útgerðinni. Ég held að það væri full ástæða til þess og ég hef sagt það svo oft áður að það er kannski ekki ástæða til þess að vera sífellt að endurtaka það, en það hlýtur að koma að því að menn skilji að það er nauðsynlegt að sanna fyrir mönnum að kvótakerfið skili þessum arði sem verið er að tala um. Það er ekki nóg að mæta í einhverjum ræðustólum og halda því fram. Það þarf að sanna það með einhverjum öðrum hætti.

Útbýting þingskjala:

Happdrætti Háskóla Íslands, 445. mál, brtt. KHG, þskj. 1184.

Söfnunarkassar, 446. mál, brtt. KHG, þskj. 1185.

[22:05]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Hér hefur staðið yfir í dag löng umræða um þetta stóra mál, frv. til laga um stjórn fiskveiða, og er það vonum seinna að það kemur til umræðu og er verið að afgreiða það á síðustu dögum þingsins. Það er alvarlegt mál út af fyrir sig vegna þess að þetta mál á sér langa forsögu og eitt af því fyrsta sem núverandi stjórnarflokkar ætluðu sér að takast á við var endurskoðun á lögunum um stjórn fiskveiða. Litli flokkurinn í samstarfinu, Alþfl., fór strax af stað í upphafi stjórnarferilsins með gífuryrði í þessum málum, þessu vonda kerfi skyldi komið fyrir kattarnef, það skyldi tekinn upp auðlindaskattur og það skyldi gerð virk, eins og það var orðað, 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, að fiskimiðin væru sameign allrar þjóðarinnar.

Það má aðeins víkja að þessu ákvæði með sameign allrar þjóðarinnar á fiskimiðunum. Mér hefur alltaf fundist þetta ákvæði vera rétt og sjálfsagt og auðvitað á öll þjóðin fiskimiðin. Hún hefur átt þau og á þau enn þá vegna þess að auðvitað nýtur öll þjóðin fiskveiðanna. Það eru fiskveiðarnar sem við lifum á, það eru fiskveiðarnar sem gefa um 80% af útflutningnum og það hlutfall hefur ekki breyst á síðari árum. Meira að segja á þeim síðustu fjórum árum sem þetta kvótakerfi hefur verið við lýði í núverandi mynd, því það hefur breyst í gegnum tíðina og verið að þróast frá 1985, þá hefur verðmæti sjávarafurða haldist nokkurn veginn óbreytt þrátt fyrir minnkandi afla og lækkandi verð upp á síðkastið. Þannig að ég sé ekki, þrátt fyrir allt, að þetta skipulag sé svo galið.

Sannleikurinn er að það er niðurstaða í þessu máli núna, athyglisverð út af fyrir sig, að stjórnarflokkarnir treysta sér ekki til, þrátt fyrir öll gífuryrðin sem hafa fallið, þrátt fyrir alla nefndafundina, allar deilurnar og allar staðhæfingarnar um að kerfið sé ómögulegt og allar staðhæfingar um að fiski sé hent, eins og hv. 4. þm. Vesturl. kom inn á hér áðan, ætla stjórnarflokkarnir að byggja á þessu kerfi áfram. Þeir ætla sér það. Það er athyglisvert grundvallaratriði að það liggur fyrir að eftir fjögurra ára baráttu milli stjórnarflokkanna, fjögurra ára bardaga milli ýmissa aðila innan þeirra, með tvíhöfða nefnd sem var að störfum í allt að þrjú ár og með öllum þeim harmkvælum sem urðu við að koma fram þessu frv., þá er niðurstaðan sú að byggja áfram á því kerfi sem fyrir var. Þetta finnst mér afar athyglisvert og segir sína sögu. Þess vegna finnst mér broslegt þegar einstakir þingmenn stjórnarliðsins koma upp og berjast hatrammlega gegn þessu kerfi sem þeir eru að leggja til að verði fest í sessi áfram með vissum annmörkum þó, sem eru vissulega varhugaverðir svo vægt sé að orði kveðið.

Sannleikurinn er sá að allur framgangur þessa máls og allar þessar deilur stjórnarliðsins hafa auðvitað stórskaðað málið vegna þess að þær hafa tekið dýrmætan tíma. Það var ekki fyrr en fyrir mánuði síðan eða svo, eða tæplega það, að stjórnarflokkarnir komu sér saman um tillögur í þessu máli í einhvers konar pókerspili á kvöldfundum þingflokka í þessu húsi. Þannig að hv. sjútvn. þingsins hefur haft mjög knappan tíma til þess að grandskoða þær tillögur. En tíminn hefur samt verið nógu langur til þess að þeir aðilar sem búa við þetta kerfi í fiskvinnslunni, í útgerð, hafa vaknað upp við það að hér sé um stórhættulega hluti að ræða og mótmælum hefur rignt yfir þennan stutta tíma sem þessi mál hafa verið til meðferðar.

Sannleikurinn er sá að samkomulag stjórnarflokkanna um breytingar á frv. hefur valdið óróa í þjóðfélaginu. Það hefur kannski valdið óróa vegna þess að kastljósið í umræðunni hefur mjög beinst að sjómönnum vegna verkfalls þeirra í vetur og meintrar þátttöku þeirra í kvótakaupum. Eins hefur kastljósið beinst mjög að veiðum trillusjómanna, sem almenningur í landinu hefur auðvitað samúð með, þeirri heðbundnu aðferð við útgerð sem á svo ríkan þátt í atvinnusögu okkar og menningu, ef svo má að orði komast. Sú umræða hefur verið mjög hógvær og skipt á umræðu um kjör hinna fjölmörgu sem vinna í landi, fiskvinnslufólksins sem vinnur þúsundum saman við þessa atvinnugrein. Sjómenn una því illa að vera neyddir til að taka þátt í kvótakaupum. Ég mæli ekki með því. Ég tel að það verði að koma í veg fyrir það. En ég held að sjómenn, eigi að síður, það sem þeir vilja í þessu máli, sé að það sé ljóst þegar þeir skrá sig á skip hvaða kjör þeir eiga að hafa og þeir geti gengið að einhverju öryggi í þeim efnum. Þess vegna held ég að það sé allt of langt seilst

að fara í svo afdrifaríkar breytingar á kvótakerfinu til þess að koma í veg fyrir þátttöku þeirra í kvótakaupum.

Það liggur fyrir í fjölmörgum gögnum þessa máls, sem er orðið allmikið að vöxtum, enda er hér um stórt mál að ræða, að ýmsir aðilar í þjóðfélaginu, hvort sem þeir kalla sig atvinnumenn eða hafa kynnt sér rekstur sjávarútvegsins að öðru leyti, telja þær breytingar sem hafa verið gerðar á frv. og heftingu framsals mjög varhugaverðar og að þær geti komið niður á hagkvæmni greinarinnar í heild. Ef hagkvæmni greinarinnar í heild minnkar þá hlýtur það að koma fyrr eða síðar niður á öllum sem við hana vinna, hvort sem það eru sjómenn, landverkafólk, útgerðarmenn, eða þjóðin í heild. Það er hér allt of mikið í húfi. Þetta er sá atvinnuvegur sem við erum samkeppnisfærir í, þetta er sá atvinnuvegur sem útflutningsstarfsemi okkar byggist á að langmestu leyti, þó það kæmi fram í einhverju krossaprófi sem þingmenn voru að þreyta í dag að sjávarútvegurinn er um 16% af þjóðarframleiðslunni, en það er allt annað mál. Þessi 16% af þjóðarframleiðslunni skaffa um 80% af útflutningstekjunum. Þess vegna er mikið í húfi að þessum málum sé vel til skila haldið og það er náttúrlega mjög ámælisvert að þeim skuli hafa verið stefnt þannig að endurskoðun þessara laga skuli hafa tekið þrjú ár og síðan sé Alþingi ætlað að afgreiða veigamiklar breytingar á málinu á fáeinum dögum og öllum sem við atvinnugreininna vinna ætlað að átta sig á þeim breytingum á örskömmum tíma.

Það er nú svo að afkoma sjávarútvegsins í landinu er ekkert of góð. Þar er ekki allt sem sýnist. Satt að segja hefur kannski of lítið farið fyrir þeim málum í þessari umræðu, hvernig á að sjá sjávarútveginum farborða á komandi árum. Það er nú svo að endurnýjun fiskiskipaflotans hefur átt sér að mjög miklu leyti stað í frystitogurum. Það hefur gífurlegum upphæðum verið varið til þess að byggja frystitogara og atvinnufyrirtækin hafa endurnýjað sinn fiskiskipastól að miklu leyti í þeim vígalegu skipum sem eru náttúrlega feiknarlega mikil atvinnutæki. En gallinn er auðvitað sá að vinnslan fer fram úti á sjó og atvinnuöryggið í landi verður þá minna. En alvarlegasti hluturinn er sá að vinnslustöðvarnar og útgerðarmennirnir hafa ekkert bolmagn til þess að endurnýja ísfisktogarana. Það vantar grundvöllinn fyrir þeirri endurnýjun. Það væri hægt að nefna fjölmörg dæmi um slíkt. Þess vegna er það svo að endurnýjunin fer í allt of miklum mæli fram í frystiskipum.

Ég er ekki búinn að sjá að þetta frv. og þessar breytingar sem nú er verið að gera á frv. taki neitt á þessu atriði. Að mati atvinnumannanna, sem svo eru kallaðir, ýta þær miklu frekar undir það að frystitogaravæðingin verði enn hraðari. Nú er ég ekki einn af þeim sem hef fordæmt frystitogara, ég held að það þýði ekki að standa æpandi í fjörunni á þá, þeir eru staðreynd. En samt, ef sú þróun heldur áfram og frystitogaravæðingin af fullum krafti og eykst kannski enn frá því sem komið er, þá held ég að geti orðið vá fyrir dyrum. Hins vegar er það eitt af verkefnunum í þróunarstarfsemi og nýsköpun í fiskvinnslu að finna leiðir til þess að verkafólk í landi geti unnið fiskinn af þessum frystitogurum og hann sé fullunninn í landi. Það ætti að vera takmark okkar vegna þess að vissulega færa þeir í land gott hráefni. En það er mjög alvarlegt varðandi afkomu sjávarútvegsins í heild að möguleikar fyrirtækjanna til fullvinnslu sjávarafurða, fjárhagslegir möguleikar, eru mjög takmarkaðir eins og afkoma greinarinnar hefur verið síðustu árin. Það væri verðugt verkefni að setja í þá þróunarstarfsemi einhverja peninga. Það væri ekki ómerkari atvinnuuppbygging eða atvinnuþróun heldur en hvað annað.

Í fylgiskjölum með nál. 2. minni hluta sjútvn. kemur m.a. fram í greinargerð frá Ragnari Árnasyni prófessor, sem hefur fjallað um kvótakerfið lengi, og hann segir um breytingarnar á frv., með leyfi forseta:

„Það er skemmst frá að segja að þessar nýju tillögur fela í sér afskaplega skaðlegar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Alvarlegast er að réttur til framsals veiðiheimilda er stórlega skertur. Ýmis önnur ákvæði eru einnig afar skaðleg. Horfið er frá því að leyfa fiskvinnslustöðvum að eiga kvóta. Þá er frelsi smábáta, svokallaðra krókaleyfisbáta, til veiða utan kvóta aukið."

Auðvitað eru þetta skoðanir þessa prófessors í fiskihagfræði sem hér eru fram settar, en þær falla saman við skoðanir margra annarra sem standa niðri á jörðinni í þessu kerfi og eru að vinna í kvótakerfinu. Þannig að ég skil ekkert í því í raun að það skuli vera skellt skollaeyrum við öllum þeim aðvörunum sem fram koma í þessu máli.

Ég geri mér alveg grein fyrir því að það er erfitt verk að ná samstöðu í þessu máli og jafnvel útilokað, hagsmunirnir eru svo gífurlegir í þessu kerfi og misjafnir að það er afar erfitt verk að ná þjóðarsamstöðu um kerfi í fiskveiðum. Hins vegar verð ég að segja að það hefur ekki verið mikið reynt til að ná breiðri pólitískri samstöðu hér á Alþingi um þetta kerfi og um breytingar og lagfæringar. Eins og ég sagði fyrr í ræðu minni þá afgreiddu stjórnarflokkarnir þetta mál eftir langa mæðu á kvöldfundi í báðum þingflokkum fyrir nokkrum vikum án þess að leita víðtækari samstöðu um það. Það er mjög miður að það skuli ekki hafa verið reynt a.m.k. að ná víðtækari samstöðu um þetta mál.

Það er nú svo að kvótakerfið felur í sér breytta hugsun og við höfum búið við þetta kerfi í u.þ.b. tíu ár, sem er nú ekki langur tími í þjóðarsögunni. Það var auðvitað nýtt fyrir okkur að takmarka veiðar. Við höfum verið veiðimannaþjóðfélag og okkur finnst hart að þurfa að búa við það að veiðar séu takmarkaðar. Þess vegna er alveg nauðsynlegt að reyna að sætta sem flest sjónarmið í þessu máli, þó ég geri mér fullkomlega ljóst að það sé erfitt verk.

Eins og ég sagði fyrr þá hafa mörg gífuryrði fallið um þetta kerfi og hv. stjórnarliðar hér á Alþingi og ýmsir stjórnarandstæðingar koma upp í þennan ræðustól með miklar yfirlýsingar, veitast m.a. að Framsfl. fyrir þessi mál. Framsfl. hefur verið töluvert til umræðu hér í dag og forustumenn hans í tengslum við þetta mál. Það er ljóst að Framsfl. átti ríkan þátt í að koma þessari skipan mála á og sjútvrh. hans í átta ár.

En þá vil ég líka segja að það hefur bara enginn gengið hér fram fyrir skjöldu og bent á annað kerfi sem hægt er að sætta þjóðina um. Það er staðreynd. (**KHG:** Hún er ekki sátt við þetta.) Ég veit, hv. 5. þm. Vestf., að það er ekki sátt um þetta kerfi, en það hefur bara enginn bent á kerfi sem er meiri sátt um. (**Gripið fram í:** Eða hagkvæmara.) Eða hagkvæmara. Hv. 11. þm. Reykn. hélt ágæta ræðu áðan og hún var svo hreinskilin að hún sagði beinlínis: Ég er ekkert ánægð með allt í þessu kerfi en ég get ekki bent á neitt annað betra. Ég held að það væri nú betur að fleiri hefðu hreinskilni til að segja þetta frekar en að geisa hér út og suður og ráðast á Framsfl. fyrir að hafa átt þátt í þessu kerfi í gegnum árin.

Varðandi þátttöku sjómanna í kvótakaupum þá er það nú staðreynd að slík þátttaka er bönnuð með lögum og auðvitað á að finna leið til að framfylgja þeim lögum (**SJS:** Kjarasamninga.) og kjarasamningum. Rétt, hv. 4. þm. Norðurl. e. Það er til bóta að koma aftur á samráðsvettvangi milli útgerðarmanna og sjómanna, en sá samstarfsvettvangur var afnuminn á sínum tíma. Það er til mikilla bóta að koma honum á aftur, en ég tel að það sé hættulegt að leysa þetta mál gagnvart sjómönnunum með því að skemma það kerfi sem þeir vinna við og eiga á hættu að það verði óhagkvæmara og komi niður á sjómönnunum þegar til lengdar lætur.

Ég er þeirrar skoðunar að það verði að reyna að ná sem mestri sátt á milli útgerðarflokka, milli smábáta og þeirra sem gera út stærri skip. Mér er samt alveg ljóst að fullkomin sátt um þau mál næst aldrei, en það er nauðsynlegt að reyna að vinna að því að það sé hægt að stunda hér smábátaútgerð. Hins vegar verða aldrei allir ánægðir í þessu kerfi, það er alveg ljóst. En menn ættu að geta sameinast um það takmark að gera þetta kerfi eins hagkvæmt og kostur er því við eigum engan annan kost. Þetta er nú einu sinni sá atvinnuvegur sem gefur okkur mestar tekjur og er undirstaðan undir lífskjörum í landinu, hefur margfeldisáhrif, er undirstaðan undir þeirri þjónustu sem skapar einnig þjóðartekjurnar og sem fjöldi fólks lifir af.

Það hefur verið töluvert rætt um, eins og ég kom að fyrr, 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða, sem kveður á um eign þjóðarinnar á fiskimiðunum og þau ákvæði sem verið hafa í gildi, að úthluta kvóta á skip. Það hafa verið höfð um þessi atriði hin verstu orð, að hér sé verið að selja fiskinn í sjónum, það sé verið að selja, svo tekin sé líking, fugl í skógi og að þetta sé hið versta brask sem eigi ekki að viðgangast. Mér finnst gæta nokkurs misskilnings í þessu efni. Auðvitað er verið að selja réttinn til að veiða og rétturinn til að veiða hefur verið bundinn við þá sem eiga skip til þess að veiða. Það hefur verið erfitt að finna annan grundvöll til að úthluta þessum heimildum. Það er ljóst að í grundvallaratriðum er byggt á þessu kerfi áfram. Og það er mjög athyglisvert og ég er ánægður með það út af fyrir sig, því ég er einn af þeim sem sé ekki neitt kerfi sem skilar okkur í rauninni betri árangri, þó ég geri mér vissulega ljósa ýmsa annmarka sem eru á því. Hins vegar er það oft svo að margir kenna kerfinu um það að það er lítill afli og ekki nógur fiskur. Kerfið eykur ekki fiskinn í sjónum. Grundvöllur vandans er sá að við höfum orðið svo stóran flota að við getum þurrkað upp fiskstofnana ef ekki er nógu varlega farið.

Hér hefur verið ákveðið að leggja til atlögu við þetta kerfi að vissu leyti og það er ljóst, ef það verður samþykkt eins og það liggur fyrir, að það verður ekki eins hagkvæmt og áður og það er miður. Það hefur t.d. lítið verið rætt um það í þessari umræðu hvaða áhrif heftingar á framsali hafi á síldar- og loðnubáta o.s.frv. Sannleikurinn er sá að þinginu gefst ekki tími til að gaumgæfa þessa niðurstöðu sem orðið hefur hjá stjórnarflokkunum og það er náttúrlega ekki viðunandi að bjóða sjútvn. upp á það að mál sem hefur verið í meðferð í þrjú ár skuli afgreitt á örfáum vikum út úr nefnd. Því að stórmál sem þetta verða auðvitað að vera til umræðu víðar en innan þessara þykku veggja í þessu húsi og í því húsi sem nefndirnar hafa til umráða hér hinum megin við götuna. Slíkt mál þarf að vera til umræðu úti í þjóðfélaginu. Þeir sem í atvinnugreininni vinna verða að hafa tóm til að velta fyrir sér þessum breytingum og gera sér sem ljósasta grein fyrir afleiðingum þeirra. Ég fullyrði að slíkt ráðrúm hefur ekki gefist. Þó vissulega hafi þeir sem í atvinnugreininni vinna og bera hitann og þungann af henni tekið viðbragð í málinu og vissulega hafi umræða um þetta mál verið mikil í gegnum tíðina þá hafa þessar brtt. ekki fengið nægjanlega umræðu í þjóðfélaginu, því miður.

[22:37]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Framsfl. eru nú að feta sína venjulegu villigötuslóð í umræðum um stjórn fiskveiða. Að þessu sinni hafa þeir gert mikið úr því að þjóðfélagið verði fyrir milljarðatapi ef einhverjar skorður verða reistar við framsali aflaheimilda. Þannig að ætli löggjafarvaldið sér að setja einhverjar takmarkanir frekar en nú eru þá séu menn að búa til leikreglur sem skaði þjóðfélagið um milljarða króna. Þetta er málflutningur Framsfl. í þessu máli í öllum meginatriðum. Þar fyrir utan hefur einn þingmanna flokksins haldið því fram að á fyrstu árum kerfisins hafi orðið gríðarlegur sparnaður af því. Þetta er mjög athyglisvert í ljósi þess að á þeim árum voru framsalsheimildir í þessu kerfi afar takmarkaðar, miklu takmarkaðri heldur en þær eru í dag og miklu takmarkaðri heldur en þær yrðu þótt þær tillögur næðu fram að ganga sem stjórnarliðið leggur til. Þannig að þeir hafa verið með málflutning í tvær áttir. Annars vegar það að kerfi með miklu takmarkaðri framsalsheimildir en hér er lagt til hafi skilað milljarða hagnaði og hins vegar málflutning um það að þær hinar sömu takmarkanir þýði milljarða tap fyrir þjóðfélagið.

Ég tel að þingmenn Framsfl. verði að gera það upp við sig hvorn málflutninginn þeir ætla að velja í þessu máli.

[22:39]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er satt að segja alveg hissa á

að svo glöggur og greindur maður og hv. 5. þm. Vestf. skuli bera svona röksemdafærslu á borð vegna þess að það er náttúrlega ekkert sambærilegt að tala um framsal í kerfi á fyrstu árum kvótakerfisins og nú, þegar við vorum að veiða yfir 300 þús. tonn af þorski en veiðum innan við 200 þús. tonn núna. Þetta er náttúrlega ekkert sambærilegt. En en að öðru leyti ef hv. 5. þm. Vestf. sér beinu brautina í þessu kerfi þá skal ég stoppa við vegamótin og horfa á hana og vita hvort hún er fær ef ég er á einhverri villubraut í málinu. En það er staðreynd að ég held að enginn hafi séð hinn beina og breiða veg í þessu máli. Það sé nú tilfellið.

[22:41]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að það verði dálítið torvelt fyrir þingmenn Framsfl. að finna beinu brautina eftir vinkilbeygjuna sem þeir hafa tekið. Menn verða að gera sér grein fyrir því að kröfur um óheft framsal aflaheimilda og yfirlýsingar um að slík athæfi feli í sér milljarða króna sparnað eru jafnframt yfirlýsingar um það að kerfið sé vitlaust af því að kerfið grundvallast á því að úthluta tilteknum aðilum heimildir til að veiða sjálfir. Þær heimildir eru ákvarðaðar á grundvelli aflareynslu þeirra sem heimildirnar fá. Yfirlýsingar um að frjálst framsal verði að vera sem mest óhindrað jafngildir því að menn séu að segja að til þess að spara í kerfinu verða aðrir að veiða en að fá úthlutað. Ef kerfið er svo gallað að það úthlutar vitlaust þá eiga menn að stokka upp á nýtt en ekki að reyna að lappa upp á þennan óskapnað.

[22:42]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Auðvitað er lykillinn að hagkvæmni í þessu kerfi að nýta þau atvinnutæki sem best sem við höfum til þess að veiða og til þess að vinna aflann. Svo einfalt er það. Ég held því fram að við höfum engin efni á öðru en að reyna að fá sem mest út úr sjávarútveginum. Auðvitað verðum við að gæta vissra sjónarmiða varðandi byggð og annað slíkt en hinu megum við ekki sleppa sjónar af. Það er nú svo einfalt.

Útbýting þingskjala:

Happdrætti Háskóla Íslands, 445. mál, nál. 1. minni hluta allshn., þskj. 1180; nál. 2. minni hluta allshn., þskj. 1183.

[22:43]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Það líður sjálfsagt að lokum þessarar umræðu um þetta yfirgripsmikla mál, stjórn fiskveiða, sem er tvímælalaust eitt allra stærsta mál þingsins sem við höfum fjallað um á liðnum vetri. Það þarf engan að undra þó að það taki drjúga stund að skipast á skoðunum því svo sannarlega eru hér gerðar breytingar á því kerfi sem við höfum búið við sem ég hef orðað svo að væru skemmdarverk á þeim aðferðum sem beitt hefur verið við stjórn fiskveiða. Það kemur einnig fram hjá yfirgnæfandi meiri hluta þeirra aðila sem sjútvn. hefur leitað álits hjá eða hafa mætt til viðtals við nefndina um þessi mál. Menn hafa lagt þunga og mikla áherslu á að menn reyndu að koma einhverju meira viti í þær tillögur sem meiri hlutinn flytur. En því miður, eftir því sem líður á þessa umræðu, þá dofnar sú von sem ég þó vissulega hafði að menn gætu kannski og vildu reyna að ná eitthvað lengra til sátta. Ég hafði satt að segja lengi vænst þess að alþingismönnum tækist að ná þokkalegri sátt í þessu máli. Ég held að þeir sem í greininni starfa og reyndar þjóðin öll þurfi nú fremur en oft áður á því að halda að það takist nokkuð viðtæk samstaða í þessu mikla máli. Því vildi ég enn og aftur nota tækifærið og brýna hæstv. ráðherra sjávarútvegsmála og þá sem þetta mál mæðir hvað mest á í þinginu af stjórnarliðunum að hugsa sinn gang vel og reyna og vita um hvort ekki væri hægt að ná sæmilegri sátt. Því um þessar tillögur sem við erum nú að ræða verður aldrei friður. Það er ljóst af viðtölum okkar og viðræðum við það fólk sem til okkar hefur komið og starfar í þessari atvinnugrein.

Það er gömul umræða sem oft hefur farið fram og kannski ætti ekki að þurfa að vera að minnast á aftur en hún kemur samt alltaf upp, æ ofan í æ, þ.e. hver á fiskinn í sjónum. Og það eru nánast alltaf sömu mennirnir í þingsalnum sem spyrja. Það er ljóst að þjóðin á fiskinn í sjónum. En það er hins vegar samið um nýtingarrétt þessarar auðlindar og aðgang og umgengnisrétt að hafinu. Það er jú málið.

Hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að tillögum okkar framsóknarmanna þannig að ég ætla aðeins að fara yfir þær. Hv. þm. vék að tillögum sem þingmenn Alþb. hafa lagt fram núna í þessu máli en það hefði verið fróðlegt og væri gaman að því á eftir, því ég reikna með að þingmenn Alþb. eigi eftir að tala enn drjúga stund um málið, að heyra um tillögur Alþb. sjálfs. Hverjar eru tillögur Alþb. í sjávarútvegsmálum?

Ég man eftir þeim tíðindum þegar menn stóðu úti á götu heima á Sauðárkróki meðan fundur Alþb. stóð yfir og var verið að fjalla um sjávarútvegsmál. Menn biðu hvort þeir sæju reykinn stíga upp af vígi Alþb. heima á Sauðárkróki hvort samkomulag hefði tekist eða ekki. Ég man ekki hvað þingslitum var frestað oft en ég er alveg viss um að hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson man hvað þurfti oft að slíta fundi og fresta fundi meðan sáttaumleitanir fóru fram um að ná saman í þessu stefnumáli. Það væri fróðlegt að rifja það upp hver stefnan varð. Hver varð hún? Varð hún eitthvað meira en auðlindaskatturinn sem var samþykkt að leggja á í greininni?

Ég er ekki kominn í þennan ræðustól til að deila um stefnumál Alþb. í sjávarútvegsmálum og þeir mega vel eyða sínum tíma í það að deila við okkur framsóknarmenn um okkar stefnu í sjávarútvegsmálum. Ég er hér til þess að tala um það frv. sem liggur fyrir um fiskveiðistjórnun sem lagt er fram af núverandi ríkisstjórn.

Við framsóknarmenn höfum sagt það að við berum vissa ábyrgð í sjávarútvegsmálum og stjórn fiskveiða. Það viðurkennum við og því er okkur kannski ekki sama um það hvernig með þessi mál er farið. Við telj-

um að þessi löggjöf hafi dugað býsna vel en auðvitað er ekkert fullkomið. Við framsóknarmenn teljum að það sé miklu skynsamlegra að breyta í þessu kerfi heldur en að bylta. Við eigum að læra af þessu kerfi og við eigum að sníða þá annmarka af sem af því hafa hlotist. Það er ekkert feimnismál að viðurkenna það. Ég ætla ekki við þessa umræðu, enda hef ég gert það áður, að ræða um meinta þátttöku sjómanna í kaupum á aflaheimildum. Það liggur alveg ljóst fyrir frá því að þetta mál kom fyrst inn í þingið í sambandi við kjaradeilu sjómanna að við erum andvígir slíku. Við erum andvígir því að sjómenn séu látnir taka þátt í kaupum á veiðiheimildum. Það liggur alveg ljóst fyrir frá okkur framsóknarmönnum og við erum tilbúnir til að gera hvað sem er til þess að koma í veg fyrir slíkt. Við teljum að það sé hægur vandi að koma í veg fyrir það á annan hátt heldur en að ryðjast og bylta um kerfinu um stjórn fiskveiða. Þar skilur á milli okkar og sjálfstæðismanna.

Tillaga okkar framsóknarmanna byggir einmitt á því að reyna að opna fyrir leið sem við gætum fundið til þess að mætast í þessu efni. Vegna þess að hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að henni og kláraði ekki að skýra málið þá sé ég ástæðu til þess að fara yfir tillöguna. Við gerum sem sé brtt. við brtt. sjálfstæðismanna og ég ætla fyrst að lesa hvernig sú brtt. er. Brtt. Sjálfstfl. er þannig, og ekki má gleyma Alþfl., fyrirgefið hv. þm. Alþfl. sem hér sitjið, auðvitað á Alþfl. fullan þátt og kannski aðalþáttinn í tillögunum.

Brtt. hljóðar svo:

„Við 8. gr. Greinin orðist svo:

Á eftir 3. mgr. 12. gr. laganna koma tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Þegar meira en 15% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað var til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu til skipa í eigu annarra útgerða án þess að um jöfn skipti sé að ræða er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins. Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins af skipum í eigu annarra útgerða á fiskveiðiárinu án þess að um jöfn skipti sé að ræða. Fiskistofu er þó heimilt að veita undanþágu frá banni við flutningi aflamarks frá skipi ef alvarlegar bilanir verða þess valdandi að veiðiheimildir þess nýtast ekki.

Aldrei er heimilt að flytja aflamark milli skipa leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess."

Það sem við framsóknarmenn leggjum til er að við viljum fella niður allan seinni hluta brtt. Við viljum sem sé leggja til að greinin orðist svo:

„Þegar meira en 40% af aflamarki því af einhverri tegund, sem úthlutað var til skips í upphafi fiskveiðiárs, hefur verið flutt frá skipinu til skipa í eigu annarra útgerða án þess að um jöfn skipti sé að ræða er óheimilt á sama fiskveiðiári að flytja aflamark af sömu tegund til skipsins."

Tillaga okkar framsóknarmanna byggist á því að fella niður í tillögu sjálfstæðismanna og alþýðuflokksmanna þar sem segir: „Á sama hátt er óheimilt að flytja aflamark frá skipi þegar meira en sem svarar 15% af upphaflegu aflamarki skipsins af viðkomandi tegund hefur verið flutt til skipsins af skipum í eigu annarra útgerða" o.s.frv.

Þetta er það sem við framsóknarmenn leggjum til að verð fellt niður.

Við leggjum einnig til breytingu á 9. gr. þar sem stendur: „Veiði fiskiskip minna en 50% af samanlögðu aflamarki sínu í þorskígildum talið tvö fiskveiðiár í röð fellur veiðileyfi þess og aflahlutdeild niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur."

Í staðinn fyrir þau 50% sem í greininni standa leggjum við til að komi 40%.

Ég tel að ef þetta næði fram yrði mikil breyting á. Ég veit að menn yrðu ekkert alsælir en ég tel samt að það væri þó þokkalega hægt að búa við þetta. Ég trúi því ekki að þetta ætti að verða til þess að raska þeirri vörn sem við viljum byggja upp til þess að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kaupum á aflaheimildum.

Af því að hér er kominn hæstv. sjútvrh. sem var ekki hér inni þegar ég hóf mál mitt vil ég enn ítreka það að ég trúi því að menn reyni að nýta þann tíma sem eftir lifir þinghalds til að reyna að ná sem víðtækastri sátt, ekki bara í þinginu, en þó fyrst og fremst, heldur ekki síður þeirra sem í þessari atvinnugrein starfa.

Hv. þm. hafa líka rætt það mikið hvað eigi að gera og hverju eigi að breyta í þessu kerfi. Margir tala um að auðvitað eigi að fara með allan fisk á markað og það eigi að selja allan fisk á markaði. Það er svo sem út af fyrir sig hugsun að gera það. Halda menn ef allur fiskur fer á markað að það verði til þess að ekki verði fremur farið með þann fisk til útlanda en áður? Það er mín skoðun. Ef það verður skilyrt að allur fiskur fari á markað þá mun hann fremur fara á erlendan markað heldur en eins og það kerfi er sem er við lýði í dag.

Ég vil spyrja þá menn sem ræða um þetta: Af hverjum er sú upphæð sem fer í margs konar gjaldtöku, umboðslaun og annað sem ég væri ekkert hissa á að mundi nema á annan milljarð króna ef allur afli á að fara á markað, tekin? Er það hugsanlegt að það sé af sjómönnum? Gæti það verið að hlutur sjómanna ... (Gripið fram í.) Það er trúlegt, segir hv. þm. Vestlendinga. Ég er honum sammála. Það er trúlegt að sjómenn mundu eitthvað missa af því. En ég skil vel að hagsmunagæslumenn á fiskmarkaðnum vilji fá þennan fisk á markað. Ég skil það.

Ég held nefnilega að það hafi verið að þróast gott kerfi. Það kom einmitt fram þegar fulltrúar fiskmarkaðanna komu á fund sjútvn. — Því miður er ég ekki með það hjá mér þó ég sé með nokkuð af blöðum, þá er ég ekki með það. — Þeir upplýstu, eftir að ég hafði spurt þá að því, hversu gífurleg aukning hafði orðið í þróun fiskmarkaða á Íslandi. Það var nefnilega mjög

mikið. Ég held þess vegna að það þurfi ekkert að vera að býtta í þessu kerfi. Ég held að við séum á réttri siglingu en það þarf eðlilegan tíma til þess að þróast. Ég hef trú á því að markaðirnir séu komnir til að vera en ég held að það sé heldur ekki rétt að setja lög um að allir skuli landa á fiskmörkuðum. Ég held að menn þurfi aðeins að átta sig á því hvernig það gerist og hvort það yrði ekki eitthvert misræmi á milli markaðanna eftir því hversu hráefnið er mikið og hvernig það fellur til.

Hv. þm. Hjörleifur Guttormsson er því miður ekki í salnum en hann talaði í dag býsna gott mál eins og hv. þm. gerir oft og hefði verið gaman að eiga aðeins orðastað við hann. Hann talaði um eins og margir aðrir gera, hann minntist ekki á sægreifa heldur valdsmenn kerfisins víða úti í þjóðfélaginu. Menn tala um valdsmenn kerfisins, menn tala um sægreifa. Það er farið að tala niður til þessa fólks sem stundar sjávarútveg á Íslandi. Mér er lífsins ómögulegt að skilja þetta. Hvað hafa þessir menn til saka unnið? Hvað hafa þessir menn til saka unnið þannig að hinir mætustu menn á Alþingi þurfi að vera að vega að þeim að þeim fjarstöddum? Þeir væru menn að meiri ef þeir færu á fund þessara manna og töluðu við þá. Ég er viss um að þeir mundu fræðast af þeim, ég er viss um það. En hvað hafa þessir menn til saka unnið? Þeir hafa ekkert gert annað en það að reyna að lifa við það kerfi sem við alþingismenn höfum sett upp. Svo koma þessir sömu þingmenn hér og dæma þá og eru með svigurmæli um þessa menn. Það er ekki stórmannlegt.

Ég vil aðeins segja það vegna þess að ég vék að hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni að ég er ekki að tala til hans. En ég skaut því fram þegar hann var að tala um þessa valdsmenn í kerfinu hvernig þróunin hefði verið í hans heimabyggð, á Neskaupstað, hjá Síldarvinnslunni á Neskaupstað. Það er nefnilega býsna gott dæmi um fyrirtæki sem unnið hefur mjög markvisst og á mjög skipulegan hátt og náð mjög góðri hagræðingu og aukinni hagkvæmni í útgerð og vinnslu sem byggist ekki bara á því að ná hagkvæmni í útgerð og vinnslu heldur miðar líka að því að það takist að halda mannlífi í byggð í Neskaupstað. Það hafa menn verið að gera og sem betur fer hafa menn verið að gera það á fleiri stöðum. Þess vegna kann ég illa við það þegar menn eru að tala niður til þessara manna og segja að þeir séu með þröngsýna hagsmunavörslu. (**Gripið fram í:** Hver hefur gert það?) Ég man ekki betur en hæstv. sjútvrh. hafi orðað það svo. Ég verð að segja að ég mundi meta hæstv. sjútvrh. mann að meiru ef hann leiðrétti að þetta væri ekki rétt eftir honum haft. En fleiri en einn og fleiri en tveir hafa vikið að því að þetta hafi fallið af vörum ráðherrans í þessari umræðu. Þetta er bara í framhaldi af því hvernig talað er til þessa fólks. Ég vil þá líka spyrja: Hverjir eru þessir menn? Hverjir eru þessir hagsmunavörslumenn? Væri ekki fróðlegt að renna aðeins yfir nafnalistann og vita hverjir þessir hættulegu menn eru? (**Gripið fram í:** Nauðsynlegt.) Ég held að það sé alveg nauðsynlegt. Ég held að menn sofi betur á eftir.

Við skulum fyrstan telja Adolf Guðmundsson, framkvæmdastjóra Gullbergs, stjórnarformann fiskiðjunnar Dvergasteins á Seyðisfirði, svo skulum við telja Arnar Sigurmundsson, formann Samtaka fiskvinnslustöðva. (**SJS:** Hann var aðstoðarmaður sjútvrh.) Já, fyrrverandi, rétt. Einar Svansson, framkvæmdastjóri Fiskiðjunnar Skagfirðings og stjórnarformaður Hraðfrystihúss Grundarfjarðar, Eiríkur Ólason, útgerðarstjóri Kaupfélags Fáskrúðsfjarðar og formaður Útvegsmannafélags Austfjarða og stjórnarmaður í Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Eiríkur Tómasson, framkvæmdastjóri Þorbjarnarins í Grindavík, stjórnarformaður Aflamiðlunar og í stjórn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Gunnar Ragnars, framkvæmdastjóri Útgerðarfélags Akureyringa og í stjórn Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, ef ég man rétt, Halldór Árnason, framkvæmdastjóri Borgeyjar í Hornafirði, Halldóra B. Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Garðeyjar í Höfn, formaður Útvegsmannafélags Hornafjarðar, Róbert Guðfinnsson, framkvæmdastjóri Þormóðs ramma á Siglufirði, Sighvatur Bjarnason, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum og stjórnarformaður SÍF, og Sverrir Leósson, útgerðarstjóri Súlunnar á Akureyri, formaður Útgerðarfélags Norðurlands og stjórnarmaður í Landssambandi íslenskra útvegsmanna.

Eru þetta þessir hættulegu menn? Ég spyr. Ég tel ekki. Ég held að hver einasti þessara manna og miklu fleiri af þeim mönnum sem eru í fylkingarbrjósti fyrir íslenskum sjávarútvegi séu hinir mestu sómamenn, leggi nótt við dag til að reyna að halda lífinu í þeim fyrirtækjum sem þeir starfa við og aðlaga sig að þeim reglum sem Alþingi hefur verið að setja þeim, oft býsna flóknum og óljósum. Auðvitað hefur það verið þeim hvað mesta vandamálið núna um langt skeið sú óvissa sem þeir hafa mátt búa við. Hvað halda menn að þessi óvissa hafi kostað þá? Gera menn sér grein fyrir því? Gera menn sér grein fyrir því hvað þessir menn hafa verið að gera um stund, að lifa við það kerfi sem var og hagræða, selja frá sér fasteignir til þess að aðlaga sig því kerfi sem þeir lifðu við og við vorum búin að setja þeim og skammta þeim? En á einni nóttu er því öllu kollvarpað og allt það starf sem þar var unnið er unnið fyrir gýg. Ég verð að segja að ég velti því fyrir mér hvort ríkið er ekki ábyrgt. Eru menn ekki bara skaðabótaskyldir í slíkum málum? Hver á að bera þetta tjón? Á að rúlla þessum fyrirtækjum um? Á að setja þau á hausinn aftur? Hver er stefnan? (**Gripið fram í:** Gjaldþrotastefna.) Það væri fróðlegt að fá að vita hver hún er en hún kemur ekki fram í skýrslu tvíhöfða nefndar. (**ÓÞÞ:** Það vantar annan hausinn í salinn.) Hann hefur lengi vantað en hann er þó ...(**VE:** Eru þessir menn nokkuð ánægðir með skýrsluna sem tvíhöfða nefndin gaf út?) Þeir eru kannski ekki ánægðir með hana, hv. þm., en þeir segja að hún sé vel unnin. (**ÓÞÞ:** Prentuð.) Hún er vel prentuð og greinilega vel sett upp. Þar er mikill fróðleikur og góðar upplýsingar. Það er allt saman rétt.

Hv. þm. Guðni Ágústsson vék aðeins að henni áðan en góð vísa er aldrei of oft kveðin og við þurfum að fá svör við þessum spurningum í nótt eða í fyrramálið

áður en umræðunni lýkur. Ég veit að hér inni eru menn sem gjörþekkja skýrsluna en í innganginum stendur: „að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmálin.“

Nú sé ég að sumir halla aftur augunum og líst ekki á blikuna. En ég ætla þess vegna að endurtaka þetta ef þeir skyldu hafa dottað þannig að þetta fari ekki fram hjá þeim: Að sem víðtækust sátt takist í þjóðfélaginu um sjávarútvegsmálin. Ég vildi biðja hv. þm. Gísla Einarsson að vera svo vinsamlegur og punkta þetta niður og hann yrði þá þingmaðurinn sem mundi svara. Hefur það markmið náðst? Hefur það markmið náðst með þeim tillögum sem fyrir liggja? Ég spyr enn: Sjútvrh. skal láta fara fram athugun á mismunandi kostum við stjórn fiskveiða þar sem m.a. skal leitast við að meta hagkvæmustu samsetningu fiskiskipaflotans. Hefur þessi athugun farið fram? Menn hafa mjög vikið að uppbyggingu frystitogaranna. Fór þessi athugun fram? Og svo enn: Hafa skal samráð við sjútvn. Alþingis og samtök helstu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við þessa endurskoðun. Var það gert? Hvenær fór það samráð fram við sjútvn.? Það vildi svo til að ég var í samráðsnefnd þegar lögin voru sett og Halldór Ásgrímsson var sjútvrh.

(Forseti (VS)**:** Hv. þingmaður.)

Já, hv. þm., þáv. hæstv. sjútvrh., Halldór Ásgrímsson, núv. formaður Framsfl., svo öllu sé nú til skila haldið. Þá var undirbúningsstarfið býsna víðtækt. Það áttu fulltrúa í samráðsnefndinni sjómenn og útvegsmenn og náttúrlega fiskvinnslufólk, og þingmenn allra flokka á Alþingi. Það var sem sé reynt að ná til allara hagsmunaaðila í þessu máli og það var unnið í samráði mánuðum saman. Ég man ekki hvort það var í upp undir tvö ár sem menn voru að reyna að finna út lausn í þessu máli sem varð síðan niðurstaðan. Það er samráð, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, en ekki það að koma á einn fund sjútvn. og tilkynna að svona eigi hlutirnir að vera. Það er ekki samráð, það er bara tilskipun eða tilkynning. **(VE:** Þetta voru tillögur.) Eða tillögur. Það var bara tilkynning til nefndarinnar, það var ekkert samráð. **(VE:** Svo var haft samráð við 1.500 manns víðs vegar um landið.)

Síðan stendur í sama inngangi: „Við mótun sjávarútvegsstefnu er það hlutverk stjórnvalda að setja leikreglurnar og tryggja starfsskilyrði sem gera íslenskan sjávarútveg samkeppnishæfan í helstu viðskiptalöndum okkar.“ Ég spyr: Var þetta gert?

Nefndin fjallaði nú um meira. Hún vék t.d. að aflamarkskerfinu og af því að það er grundvöllurinn í þessum tillögum er fróðlegt að lesa upp í þessum inngangi hvað þeir segja í sambandi við það, með leyfi, virðulegi forseti:

„Aflamarkskerfið sem leyfir greið viðskipti með aflahlutdeildir er það fyrirkomulag sem stuðlar að hvað mestri hagkvæmni í uppbyggingu sjávarútvegsins.“

Það er nú ekkert annað en það. Er það fyrirkomulag sem stuðlar að hvað mestri hagkvæmni í uppbyggingu sjávarútvegsins. Það treystir atvinnu í sjávarútvegi og í tengdum greinum atvinnulífsins og stuðlar að því að sjávarútvegurinn geti orðið samkeppnisfær um hæft starfsfólk til sjós og lands. Með því móti verður sjávarútvegurinn áfram burðarás í íslensku atvinnulífi og undirstaða byggðar víðs vegar um land.“

Var þetta gert, spyr ég enn hv. þm.? **(VE:** Já.) Finnst hv. þm. að þetta markmið komi fram í þeim brtt. sem gerðar eru við stjórnun fiskveiða? **(VE:** Já. Mínus fiskvinnslukvótinn.) Mínus fiskvinnslukvótinn. Við skulum líta á það síðar.

Það kemur hins vegar mjög víða fram í þessari skýrslu að stefnan í sjávarútvegi sé samofin byggð og byggðastefnu. Það kemur nefnilega ótrúlega víða fram og það er hárrétt. Það er mjög erfitt að tala um þetta mál án þess raunverulega að fjalla á sama tíma um það mál. Því væri fróðlegt að spyrja vegna þess að við erum komin svo langt á þinghald: Hvað líður umræðu um stefnumarkandi ákvarðanir í byggðamálum? Hvar hefur sú umræða verið sett á dagskrá þingsins? Ef ég man rétt þá erum við, virðulegur forseti, bara rétt í miðjum klíðum að ræða skýrslu um byggðaáætlun. Skyldi það vera meiningin að víkja því merka máli bara til hliðar? Ég held að það hefði verið betra að við hefðum tekið þá umræðu hér og nú með þessari umræðu. Það virðist ekki eiga að vera.

Það er fróðlegt fyrir menn að heyra hvað einn af viðmælendum sjútvn. sagði um frv. sem við erum að ræða og þær brtt. sem fyrir liggja frá Alþfl. og Sjálfstfl. í þessu máli. Hann heitir Þórarinn V. Þórarinsson og er framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambandsins. Þórarinn V. Þórarinsson sagði um þessa tillögu: Þetta er frv. um fækkun á störfum í sjávarútvegi, sagði Þórarinn V. Þórarinsson. Þetta er frv. um fækkun í störfum í sjávarútvegi og að stærri hluti fiskvinnslunnar muni fara út á sjó. Þetta er kjarni málsins, ekki sagður í mörgum orðum en segir samt allt sem segja þarf. **(Gripið fram í:** Hann vildi fiskvinnslukvóta. Var það ekki?) Hann vildi fiskvinnslukvóta. Hann má hafa sínar skoðanir og það eru fleiri en hann sem hafa þær skoðanir. Þær hefur m.a. Árni Benediktsson sem mætti einnig á sama tíma. Hins vegar var þriðji maðurinn með þeim, Kristján Ragnarsson, á öndverðri skoðun. En ég er að leggja áherslu á hvaða skoðun Þórarinn V. Þórarinsson hafði á þessu máli þar sem hann sagði okkur sjávarútvegsnefndarmönnum að frv. væri um fækkun í störfum í sjávarútvegi og mundi stuðla að því að stærri hluti fiskvinnslunnar færi út á sjó. Það hljóta fleiri en ég að hafa áhyggjur af slíku.

Í umræðunum fyrir ekki mjög löngu síðan talaði hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson og var með dreifibréf frá Sjómannasambandi Íslands **(GHall:** Áttu við 16. þm. Reykv.?) Já, Guðmundur Hallvarðsson, 16. þm. Reykv. **(GHall:** Guðmundur H. Garðarsson er farinn af þingi.) Já, því miður, vil ég segja er Guðmundur H. Garðarsson farinn af þinginu. Ég held að Guðmundur H. Garðarsson hefði ekki látið það ganga yfir sig sem þingmenn Sjálfstfl. eru að láta ganga yfir sig nú. Það hefði Guðmundur H. Garðarsson ekki gert. **(Gripið fram í:** Jú.) Nei, það vel þekkti ég Guðmund H. Garðarsson að ég veit að það hefði hann ekki gert. **(GHall:** Hann er sómamaður.) Hann hefði ekki gert það, hann skilur þetta mál.

Hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson vék að fyrirtæki norður í landi sem er Fiskiðjan Skagfirðingur og er á Sauðárkróki. Ekki veit ég hver ástæðan var fyrir því að hann nefndi það fyrirtæki en það skiptir ekki meginmáli. (**GHall:** Það voru bara frystitogararnir.) Hvað segir þingmaðurinn? (**GHall:** Ekkert, ekkert.) Hann var með upplýsingar frá Sjómannasambandinu ef ég veit rétt um að þetta fyrirtæki hefði flutt úr landi um 3.251 tonn af fiski. Það er rétt að taka það fram, af því að hv. þm. gerði það ekki, að hér er auðvitað um fisk að ræða en hér er nær eingöngu um karfa að ræða. Og vegna þess að ég skoðaði þetta mál þá vil ég upplýsa hv. þm. um að fyrir þessi 3.251 tonn fékk þetta fyrirtæki um 401 millj. kr. Meðalhásetahlutur úr þessum afla varð rúmlega 1,8 millj. kr. Ef þessi afli hefði verið seldur hér heima hefði hásetahluturinn orðið um 618–619 þús. kr. en var 1,8 millj. kr. þegar siglt var með aflann. (**GÁ:** Svo vönduð voru vinnubrögðin um borð.) Það er rétt að þessi skip hafa fengið langhæsta meðalverð þessa fyrirtækis á fiski sem seldur er í Þýskalandi. En það var eftirtektarvert og var það sem stakk mig og fór örlítið fyrir brjóstið á mér að það skyldi vera Guðmundur Hallvarðsson sem vék að þessu sem í svo mörg ár hefur starfað við hliðina á íslenskum sjómönnum. Þann ávinning sem af þessu hefur hlotist hefur þetta fyrirtæki notað til þess, að stórum hluta til, til að kaupa fisk af erlendum veiðiskipum til að tryggja atvinnu í því byggðarlagi sem það er staðsett. Er nú skynsamlegt að vera að veitast að mönnum fyrir slíkt? Er það skynsamlegt?

Hv. þm. má einnig vita hvert er álit þeirra manna, sem stjórna þessu fyrirtæki, á því að Fiskiðjan telur það skynsamlegt að ná hámarksverði út úr karfanum og flytja síðan inn hráefnið til að skapa atvinnu á móti. Með því skapast meira verðmæti fyrir þjóðarbúið.

Og þeir segja mér meira í þeim línum sem þeir skrifuðu mér. Á þessu ári ætlar Fiskiðjan að flytja inn um 1.400 tonn af erlendu hráefni sem mun skapa atvinnu fyrir um 100 manns í fimm mánuði og aukin útflutningsverðmæti landsmanna upp á tæpar 300 millj. kr. Auk þess er verðmæti karfans, sem fer ferskur úr landi, 120 millj. kr. meira en ef hann er unninn í frost hér á landi. Verðmæti karfans er 120 millj. kr. meira þegar hann er fluttur út á þennan hátt heldur en við fengjum fyrir hann ef við ynnum hann hér heima og frystum hann.

Þetta eru staðreyndin í málinu. Ég sé ekki að það sé ástæða til þess að vera að veitast að þeim mönnum sem starfa á þennan hátt. Ég sé það ekki, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, og kannski heyra þeir einnig til mín sem gáfu út þetta dreifibréf til þess að kynna starfsemi Fiskiðjunnar Skagfirðings á þennan hátt, fulltrúar Sjómannasambands Íslands. Þeir minntust ekkert á, eða ég sá það ekki, a.m.k. gat hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson ekki um það, að það hafa fleiri staðið í útflutningi á fiski og sem er miklu nær hv. þm., meira að segja í hans eigin kjördæmi. Hvað skyldu þeir vera að flytja út, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson? Hvað skyldu þeir vera að flytja út? Skyldu þeir vera að flytja út einhver 4.000 tonn eða 5.000 tonn? Nei, þeir flytja út yfir 10.000 tonn og er það bara í kjördæmi hv. þm., sem var svo hneykslaður yfir þessu fyrir ekki löngu síðan.

Það var einnig minnst á þennan útflutning af hv. þm. sem hér talaði, Petrínu Baldursdóttur þingmanni Reyknesinga. Hún vék einnig að útflutningi á fiski. Það er líka rétt. Það á að geta þess. Hvað skyldi vera flutt út af fiski úr Reykjaneskjördæmi? (**Gripið fram í:** Reykjavík.) Reykjaneskjördæmi. Ég var að segja hvað væri flutt út úr Reykjavík, en vegna þess að tveir hv. þm. véku að þessu eina fyrirtæki, slepptu því sem er að gerast heima hjá sér, þá trúi ég því ekki að þeir viti það ekki. Það getur ekki verið, þeir hljóta að vera alveg klárir á því hvað er flutt út heiman að frá þeim. Tilfellið er að það er heldur meira flutt út frá Reykjanesi heldur en frá Reykjavík. Þetta eru staðreyndirnar í málinu. (**JÁ:** Er þetta gott eða vont?) Ég held að mörgu leyti, hv. þm. Jóhann Ársælsson, að það geti verið býsna tvírætt. Staðreyndin í þessu máli er sú að mönnum hefur tekist mjög misjafnlega að ná tökum á vinnslu karfans. Sum fyrirtæki hafa náð ágætum árangri í vinnslu á karfa, önnur ekki. Þar sem ég þekki til og er nú að tala hér fyrir, vegna þess að það var vikið að þessu fyrirtæki, þá er ég á því og ég er sannfærður um það og ég trúi ekki öðru heldur en þeir þingmenn sem hér hafa hlýtt á mál mitt séu sannfærðir með mér og mér sammála að þar sé rétt að unnið. Menn hafa notað þetta fjármagn til þess að flytja inn afla til þess að vinna og skaffa atvinnu og ávinning fyrirtækisins, líka til þess að búa sig betur í stakk til að mæta þessum skerðingum og fara út í nýjungar í sjávarútvegi, sem fyrirtækið vinnur mjög markvisst að. Ég vildi að gefnu tilefni koma þessu fram. Þó mér sé ekkert geðfellt að vera að ræða um einstök fyrirtæki og menn sem ekki eru við þá verður þetta að komast til skila.

Menn hafa einnig í þessari umræðu vikið að áliti sem Þjóðhagsstofnun mun hafa gefið út í sambandi við þetta frv. Ég verð að segja að ég hef ekki séð þetta álit Þjóðhagsstofnunar og mér er það ókunnugt. Já, já, ég hef séð það bara svona, hv. þm., en ekki til að lesa það. Ég hef ekki fengið þetta álit en ég hef hlustað á hvað menn hafa sagt um það. Hins vegar er rétt að fulltrúi Þjóðhagsstofnunar, sá sem skrifar þetta álit, kom á fund sjútvn. Ég verð að segja það að mér fannst vera önnur tóntegund í því sem hann sagði við okkur í sjútvn. heldur en mér finnst koma fram hjá þingmönnum sem eru að lesa upp úr þessu nú, en það getur vel verið að það leiðréttist þegar ég fæ að glöggva mig á því og þá kemur hið rétta í ljós.

En ég verð að segja að auðvitað er allt gott um það sem Þjóðhagsstofnun segir um þetta og hún á auðvitað sinn rétt að fá að segja um þetta og það er ekkert óeðlilegt að til hennar sé leitað og hún hafi umsagnarrétt. En ég verð þó að segja það að hvað sem þeir eru með góða menn í Þjóðhagsstofnun og reikni vel þá ber ég ekkert síður traust til þeirra ágætu manna sem ég las upp áðan til að fjalla um þessi mál heldur en þeirra sem skrifa skýrslu fyrir Þjóðhagsstofnun um sjávarútvegsmál. Ég tek ekkert síður mark á þeim. (**FI:**

Það er engin niðurstaða í þessu plaggi frá Þjóðhagsstofnun.) Ég væri ekkert hissa á því þó að botninn væri uppi í Borgarfirði. (**VE:** Það er alveg skýr niðurstaða.)

Svo er annað sem ég vildi segja í sambandi við þetta álit: Má ekki vitna líka í annan hagfræðing sem hefur fjallað um þetta mál? Hvað segir hann og hver er sá hagfræðingur? Hann situr hér í salnum hjá okkur og heitir Vilhjálmur Egilsson. Hvert er álit þess hagfræðings á þessu máli? (**GHall:** Og er góður hagfræðingur.) Og er góður hagfræðingur. (**FI:** Hæstur á prófi í dag.) Ég þarf ekkert að láta segja mér um það, ég þekki manninn af öllu ágætu. En hvert er hans álit á þessu? (**StB:** Þú þekkir fylgið sem hann hefur.) Ég þekki fylgið sem hann hefur, það er alveg hárrétt, ég þekki það og verð stundum fyrir því. En hvað segir hv. þm., hagfræðingurinn Vilhjálmur Egilsson (**ÓÞÞ:** Það er mjög misjafnt hvað hann segir.) um þessar tillögur? Tillögurnar vinna gegn hagræðingu. Stutt og laggott, Vilhjálmur er ekki með neitt málæði. Talar hreint og klárt og skýrt. Það misskilur þetta enginn. Tillögurnar vinna gegn hagræðingu í greininni. (**GÁ:** Hvar er hinn hausinn?) Ég tala nú ekki um hvað hann segir, en þetta segir hagfræðingurinn Vilhjálmur Egilsson. (**VE:** Það væri ekki gott að vera ...) Hv. þm. og hagfræðingur, Vilhjálmur Egilsson, sem hefur skoðað þetta mál miklu meira heldur en Þjóðhagsstofnun, hans álit er að þessar tillögur séu ómögulegar eða vondar skulum við segja. Við skulum segja að þær séu vondar eða ekki góðar. Hv. þm., viðskiptafræðingurinn Vilhjálmur Egilsson, er sammála atvinnumönnunum. Hann kemst nefnilega að sömu niðurstöðu.

Svo væri líka fróðlegt að vitna í annan aðila og vita hvað hann segir, úr því að menn eru að lesa upp úr skýrslum. Hvað skyldi Ragnar Árnason, doktor í fiskihagfræði og prófessor við Háskóla Íslands, segja? Gæti það verið að þeir væru eitthvað á svipaðri línu, hann og hagfræðingurinn Vilhjálmur Egilsson eða skyldi Ragnar Árnason, doktor í fiskihagfræði, vera á sömu línu og Þjóðhagsstofnun? Við skulum bara lesa lokaorðin og þingmenn geta dæmt. Lokaorð doktors Ragnars Árnasonar eru þessi, með leyfi virðulegs forseta, það er mjög merkilegt og nauðsynlegt að fá þetta fram sem innlegg í þessa umræðu því hér er tekið á kjarna málsins:

„Þjóðin hefur vissulega brýna þörf fyrir alla þá hagkvæmni í framleiðslu sem unnt er að ná. Í yfirstandandi efnahagskreppu hafa verið lagðar þungar byrðar á þjóðina í nafni hagræðingar og hagkvæmni. Sem betur fer hefur framleiðni vaxið stórlega í mörgum atvinnuvegum og raunar hvergi meira en í sjávarútvegi. Það er því með miklum endemum að löggjafarstofnun þjóðarinnar hyggst nú með nokkrum pennastrikum skapa stórkostlega óhagkvæmni í framleiðslustarfseminni með því að takmarka framsal á aflaheimildum." — Ekki langt frá hugsun Vilhjálms Egilssonar. Og doktor Ragnar Árnason heldur áfram:

„Eftir að þjóðin glataði sjálfstæði sínu á 13. öld var hún langtímum saman bundin í ánauð hafta og reglna sem takmörkuðu viðskipti og þar með verðmætasköpun. Margar af þessum hömlum voru af svipuðum toga og þær sem nú liggja fyrir Alþingi í kvótamálum. Mönnum var bannað að kaupa og selja verðmæti í samræmi við skilaboð markaðarins. Afleiðingin var m.a. fátækt og neyð hins íslenska samfélags öldum saman. Það er sárgrætilegt ef í ljós kemur að umtalsverður hluti kjörinna fulltrúa sjálfstæðs Íslands telur það nú heillaráð að halda á ný inn á þessa braut."

Hér er mikið sagt og ég er hissa á því ef það verður ekki einhver af þingmönnum Sjálfstfl. a.m.k., ég efast um þingmenn Alþfl., en allavega eitthvað af þingmönnum Sjálfstfl., sem verða andvaka í nótt ef þeir hugsa um þessar setningar sem þarna voru settar á blað. (Gripið fram í.) Jú, hv. þm., ég hafði trú á því að þeir gerðu það. En hér er um alvarlega viðvörun að ræða sem er ekki síður vert að hugsa um heldur en álit Þjóðhagsstofnunar. (**EgJ:** En tillögur Framsfl.?) Ég er búinn að fara yfir tillögur Framsfl., hv. þm. Egill Jónsson, formaður landbn. með meiru. Því miður er það svo að hv. þm. hefur ekki verið í salnum, en vegna þess að hann er að minnast á það þá er spurning hvort hv. þm. óski eftir því að ég flytji ræðu mína aftur, sem ég var búinn að flytja áður en hann mátti vera að því að koma í salinn. Ég hef nógan tíma og get orðið við því ef þingmaðurinn óskar eftir því. (**EgJ:** Ég er búinn að heyra alla ræðuna.) Þú ert búinn að heyra alla ræðuna. Það er gott, þá spörum við þinginu tíma og kostnað með því að þurfa ekki að flytja hana aftur. En það hefði verið meira en velkomið og þá átti þingmaðurinn að skilja og vita hvað stendur í tillögum okkar framsóknarmanna og það þarf hann auðvitað að leggja mjög á minnið.

Virðulegi forseti. Það líður nú á ræðu mína í þessari umferð en ég vil þó segja og það er náttúrlega kjarni málsins hvert raunverulega markmiðið með þessu öllu saman er. Það er náttúrlega heila málið. Hvert er markmið okkar með fiskveiðistjórnun? Það er ekki nóg að hrópa bara kvóti, kvóti og kvóti og sá kvóti sem Halldór Ásgrímsson setti á er ómögulegur. En menn minnast aldrei á kvóta sem aðrir settu á og hefur gengið prýðilega, eins og t.d. í loðnu og síld. Þar búa menn við kvóta og hafa unað sæmilega sáttir við sitt. (**Gripið fram í:** Kvótalaus umræða.) Hvað segir hv. þm.? (**Gripið fram í:** Hv. þm. sagði að umræðan væri kvótalaus.) Kvótalaus? Nei það held ég ekki.

En meginmarkmiðið með þessu er nefnilega það að lifa sem næst þeirri ávöxtun sem hafið gefur af sér án þess að ganga á stofninn sjálfan. Þetta finnst mér vera megininntakið í stefnu okkar í sjávarútvegsmálum og þá er spurning hvernig okkur hefur tekist hér til. Menn segja að við höfum ekki getað orðið við því og farið langt fram úr þeim áformum sem fiskifræðingar hafa sagt okkur. Það er að mörgu leyti rétt, við gerðum það meðan við bjuggum við sóknarmark. En við lærðum af mistökunum og breyttum til og með því að taka upp aflamark höfum við getað nálgast það miklu meira. Menn hafa líka, og gerðu það lengi vel, hallmælt fiskifræðingum og fannst sjálfsagt að gera lítið úr fiskifræðingum og þeir væru ekki menn sem hefðu mikið vit á því sem þeir væru að segja. Ég hef aldrei tekið undir slíkt. Ég held að við eigum góða, vel menntaða

fiskifræðinga og við eigum og okkur ber að taka tillit til þess sem fiskifræðingar segja. Við þurfum líka jafnframt því að auka nýtingu þess afla sem á land berst. Það er eitt af grundvallaratriðunum sem þarf að fylgja.

Virðulegi forseti. Vegna þess hversu hér er gaman að vera og áheyrendur áhugasamir þá langar mig til þess með nokkru stolti að víkja að þingmáli sem ég flutti þegar ég kom í fyrsta skipti inn í þetta hús og kom þá hér inn sem varaþingmaður stutta stund. Ég flutti tillögu sem mig langar aðeins til þess að lesa úr. Þetta var árið 1978 og tillgr. er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni, í samráði við aðila veiða og vinnslu sjávarfangs, að hlutast til um að gerð verði hið fyrsta könnun á því á hvern hátt megi sem best ná hámarksnýtingu þess sjávarafla sem á land kemur."

Í grg. segir m.a.: „Það er öllum orðið ljóst að hafið er ekki sá brunnur sem endalaust verður ausið úr. Því verður að leggja stóraukna áherslu á gæði og fullnýtingu þess hráefnis er þaðan fæst. Hvernig það nýtist sem úr hafinu er dregið er ekki einkamál þeirra er að veiðum og vinnslu starfa. Það er hagsmunamál þjóðarinnar allrar að þar sé vel og skynsamlega að staðið.

Með tilkomu minni skuttogaranna má segja að um byltingu hafi verið að ræða í meðferð á fiski. M.a. var þá byrjað á að ísa fisk í kassa um borð í veiðiskipum og flytja hann þannig til vinnslustöðva í landi. Hér var stigið skref í þá átt að bæta gæði hráefnisins sem þegar hefur sýnt ótvíræðan árangur. T.d. er slíkur fiskur verðlagður 12% hærra en fiskur ísaður í stíur" — eins og þá var venjan að gera.

„Á undanförnum árum hefur nokkuð verið unnið að endurbótum í fiskiðnaði en þó hvergi nærri sem skyldi. Ljóst er að mikið fjármagn þarf að koma til og aukið skipulag veiða og vinnslu."

Að lokum langar mig að lesa lokaorð þessarar grg., en þar segir:

„Það sem hér kemur fram sýnir að miklum árangri megi ná með bættu skipulagi og aukinni hagræðingu í fiskiðnaðinum. Það virðist ljóst að milljarðar tapast árlega vegna lélegrar nýtingar hráefnis í frystihúsum og er þó hér hvergi vikið að ýmsum möguleikum til fullnýtingar í öðrum fisktegundum og fiskúrgangi en þar eru gífurleg verðmæti sem í súginn fara og til þessa hafa lítið sem ekkert verið nýtt enda rannsóknir mjög takmarkaðar á því sviði.

Með flutningi þessarar tillögu vilja flm. vekja athygli stjórnvalda á mikilvægi þess að hér sé brugðist skjótt við og úrbóta leitað."

Þessa tillögu flutti ég 1978 og hef alla tíð síðan reynt að tala fyrir þessu máli við kannski misjafnar undirtektir, en þó finnst manni stundum að maður sjái að einhver árangur hafi náðst.

Vegna þess að það kom fram í umræðunni áðan hjá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni, en hann vék að orðum Finns Ingólfssonar þar sem hann kom að þessum nýtingarþætti, þá verð ég nú að segja að einmitt á þessum árum sem ég er að tala um þá var nýtingarprósentan í vinnslunni um 36%. Ég var að reyna að draga það fram í þessari þáltill. hvað þetta mundi gefa okkur, þó ekki væri nema um 1–2% að ræða. Mönnum fannst ég fara offari í þessum efnum og töldu að það væri ekki hægt. (**Gripið fram í:** Var tillagan samþykkt?) En hver er ávinningurinn nú? Nú erum við komnir með nýtingu yfir 45%. Svo eru menn að draga það í efa að menn séu að tala um einhverja milljarða sem hafa áunnist í þessum málum. Og enn eru menn á fleygiferð í þessari atvinnugrein sem vissulega ber að fagna.

Auðvitað þarf líka að auka hagkvæmni í veiðum og vinnslu, það verður að gerast, það verður að taka upp umræðu um stefnu í þeim málum. Við þurfum líka að tryggja sem best hagsmuni þeirra sem í þessari grein starfa, ekki aðeins sjómanna og útgerðarmanna. Allt of oft hefur þáttur fiskvinnslufólksins gleymst í þessari umræðu.

Kjarni málsins er auðvitað að það er sú mikla takmörkun á sókn sem veldur þessum vanda sem við búum nú við. Það er sú mikla takmörkun sem við búum við. Þess vegna er það galdurinn hvernig við lifum af þau ár sem við þurfum enn að sætta okkur við svo hefta sókn til hafsins. Ég trúi því að það séu ekki allt of mörg ár. Mér finnst ýmis teikn á lofti sem gefa okkur vísbendingar um að við séum á réttri leið að byggja upp fiskstofnana og það er auðvitað kjarni málsins. Þess vegna eiga menn ekkert að þurfa að fara einhver heljarstökk í vitleysunni í þessum málum nú. Við eigum að þreifa okkur áfram og lifa við þetta kerfi vegna þess að ég er sannfærður um að það eru ekki mörg ár í það að við getum farið að auka sóknina að nýju.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég líka víkja að því að það þarf náttúrlega að taka á og bæta rekstrarskilyrðin í þessari grein. Það hefur komið fram hjá mörgum hv. ræðumönnum af hverju menn væru að fara með vinnsluna út á sjó. Ég tek undir það, hvort sem það var hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem sagði það — ég held að það hafi verið hann — að það væri vegna þess að afkoman í frystitogurunum væri betri heldur en í ísfisktogurunum. Þetta er kjarni málsins og er hárrétt. Menn hafa verið á flótta, nokkurn veginn skipulagslausum flótta, úr þessum hefðbundnu ísfiskveiðum fyrir vinnsluna í landi út á sjó með vinnuna, vegna þess hversu mikil skekkja er í afkomu innan greinarinnar sjálfrar. Ég er margbúinn að segja það og endurtek það enn að hana verður að leiðrétta áður en meira tjón hlýst af. Ég er ekki á móti frystitogurum, það má enginn misskilja mig svo, en ég tel og það er mín skoðun — ég hef ekkert leyfi til að segja að hún sé endilega rétt — en ég hef þá skoðun að menn eigi að halda áfram að byggja upp fiskvinnslu í landi og við eigum sjálfir Íslendingar að njóta margfeldisáhrifa vinnslunnar í landi. Þess vegna eigum við að styrkja ísfisktogarana og efla þannig vinnsluna í landi. Ég trúi því að margir af frystitogurunum muni einnig koma með afla að landi þegar menn verða búnir að ná betri tökum á uppþíðingu á þessum fiski. Ég gæti haft langt mál um álit mitt á þessum frystitogurum. Ég veit ekkert um það hvort þeir eru akkúrat rétta gerðin í dag ef við ætlum að fara út í stóra verksmiðjutogara. Ég er ekkert

viss um það í sjálfu sér. En menn hafa farið út í þetta vegna þessa umhverfis sem er í greininni og því verður að breyta.

En með þessari stefnu ríkisstjórnarinnar hefur hún fundið upp — með þessum dæmalausa og endalausa taprekstri má segja að hún hafi fundið upp nokkurs konar eilífðarhjól gjaldþrotanna í sjávarútvegi. Það hefur hún afrekað. Það er náttúrlega alveg óásættanlegt að þeir sem eru að eignast sjávarútvegsfyrirtækin í dag eru þjónustufyrirtækin við sjávarútveginn, þeir sem selja þeim þjónustuvörunar eru að eignast grunnatvinnugreinina, sjóðirnir og bankarnir. Síðan koma þessi fyrirtæki á fullu inn í greinina í hinni hörðustu samkeppni við þau fyrirtæki sem alla tíð hafa staðið í skilum við sínar lánastofnanir. Hvað mun þetta þýða? Það mun þýða það sem ég sagði áðan, eilífðarhjól gjaldþrotanna hefur verið fundið upp vegna þess að með þátttöku banka, sjóða og annarra slíkra er grundvellinum kippt undan þessum fyrirtækjum. Það er vitaskuld alveg óásættanlegt.

Virðulegi forseti. Ég skal nú ljúka máli mínu. Hér hefur fyrst og fremst verið rætt um stefnu í veiðum, lítillega þó í vinnslu, því auðvitað kemur þetta vinnslunni við. Þó vil ég taka það skýrt fram að eitt af því alnauðsynlegasta í dag er að við tökum upp umræðu um vinnslustefnu, að við tökum upp umræðu og mótum íslenska fiskvinnslustefnu. En það er ekki nóg að taka umræðu um hana og koma henni til, við þurfum einnig að sjá til þess að fá fjármagn til þess að það verði mögulegt að efla nýsköpun í sjávarútvegi, markaðsþróun og sölumál. Þetta þarf allt að haldast í hendur og til þess þarf mikið fjármagn og það mun ekki af veita vegna þess að við okkur blasir eitt svartnætti í atvinnuleysi og aldrei nokkurn tímann meira en nú. Aldrei meira en nú. Og það er kannski táknrænt að þegar atvinnuleysi er mest á Íslandi þá eru það þessir vinaflokkar, Sjálfstfl. og Alþfl., sem sitja við stjórnvölinn. Sama var þegar viðreisnarstjórnin var. Þá hafði atvinnuleysi aldrei mælst meira en á þeim árum og enn er sama stundin komi upp. Yfir 8.000 manns ganga atvinnulausir í dag. Fjöldi fiskvinnslufyrirtækja stendur frammi fyrir því nú, vegna þess að aflarétturinn er að verða búinn, að segja upp fjölda fiskvinnslufólks. Og allur hópur þess æskufólks sem bíður þess að komast út á vinnumarkaðinn að námi loknu — þar er ekki glæsilegt um að litast. (**GÁ:** Hver er framtíðarsýn þessara manna?) Hver er framtíðarsýn þessara manna?

En ég endurtek og það eru mín lokaorð, hæstv. sjútvrh., að ég undirstrika það og lýsi því enn og aftur yfir vilja manna til þess að reyna að ná saman í þessu máli í sæmilegri sátt, en þá verður auðvitað ríkisstjórnin að sveigja af leið.

[23:50]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stærsta málamiðlunin í átt til óhagræðis sem gerð er með þeim brtt. sem hér liggja fyrir er sú að hætta við fiskvinnslukvótann. Það skiptir langsamlega mestu máli.

Að öðru leyti ber ekki mikið á milli Sjálfstfl. og Framsfl. í þessu máli. Það er í rauninni fyrst og fremst spurning um það hvort það eigi að leyfa áfram kvótabankana með því að leyfa frjálst framsal, þ.e. að menn geti óheft flutt aflaheimildir að skipi og frá því aftur. Hér tel ég að sú takmörkun sem er sett á með brtt. Sjálfstfl. og Alþfl. skipti engum sköpum, að menn muni geta tekið upp framvirka samninga og náð öllu því hagræði sem hér þarf að ná án þess að kvótabankarnir séu til staðar, að menn semji um að fá kvóta afhentan þegar skip þarf að veiða hann.

[23:52]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef heyrt þessa ræðu áður hjá hv. þm. um fiskvinnslukvótann. En hv. þm. veit það jafn vel og ég að um það verður ekki friður. Það veit hv. þm. Það verður friður um það hjá sumum en ekki öllum. Útvegsmenn hafa lýst fullri andstöðu við það mál. Þess vegna bið ég hv. þm. enn og aftur að lesa brtt. okkar framsóknarmanna sem er sett fram sem málamiðlun í þessu máli.

[23:52]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má líka segja sem svo að það verði ekki friður við sjómannasamtökin nema þær takmarkanir sem settar eru inn á framsalið komi til framkvæmda. Mér finnst að þegar Framsfl. á það lítið eftir til að fallast á þessar tillögur okkar og þegar hægt er að sýna fram á að menn geti mjög auðveldlega starfað með þessum tillögum og náð fullu hagræði og þegar hægt er að sýna fram á að það er hægt að taka upp samninga og vista varanlegan kvóta á skipum sem menn eiga ekki, þá sé ég ekki neinar forsendur fyrir því að Framsfl. standi utan við þetta mál.

[23:53]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var kannski það sem síðasti ræðumaður kom inn á, að það virðist vera að hjá Framsfl. hafi stétt manna sem heitir sjómenn gleymst varðandi kvótakerfið.

En varðandi það sem hann kom inn á áðan, það sem ég hafði vitnað til fyrr í dag og í gær í ræðu minni varðandi atvinnumennina í fiskvinnslunni og vitnaði þá sérstaklega til þeirra í Fiskiðju Skagfirðinga varðandi útflutning á ferskum fiski, þá finnst mér eðlilegt að geta þess og það má lesa það í dagblöðum í dag að Grandi hf. hefur stórlega aukið vinnslu sína á ferskum fiski og m.a. karfa. Heildarafli í vinnslu hjá Granda var 31.500 tonn, 27% aukning, og þar er sagt m.a.: „Í fyrra var mest unnið af karfa eða 9.833 tonn á móti 6.000 tonnum árið 1992."

Það má sjá, hv. þm. Stefán Guðmundsson, að það er arðvænlegt að vinna karfa eins og Grandi er að gera og ber þar ábyrgð á sínu fólki og skapar þar fjölda starfa sem betur væri gert fyrir norðan.

[23:55]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta veit hv. þm. Guðmundur Hall-

varðsson og þetta er mér alveg fullkunnugt um og ég sagði það í máli mínu. Þetta veit líka hv. þm. Guðmundur H. Garðarsson, sem ég gat um hér áðan. En þetta vita bara ekki allir þingmenn Sjálfstfl. Ég var ekki að finna að því að Grandi flytti út fisk. Ég veit að Grandi rekur prýðisgott fyrirtæki, en mér finnst hart að vera að vega að þeim mönnum sem á þennan hátt hafa verið að reyna að hagræða og bjarga sér í greininni. Menn gera þetta af illri nauðsyn og ég þarf ekki að víkja aftur að því sem ég gat um í sambandi við Fiskiðju Sauðárkróks, ég gerði það held ég nógu greinilega. En ég átta mig ekki á því hvað hv. þm. er að tala um þegar hann segir að þingmenn Framsfl. virðast hafa gleymt einni stétt manna sem eru sjómenn. Ég veit ekki hvað hv. þm. er að tala um. Ég kannast ekki við það.

[23:56]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)*:

Í grg. með þeim tillögum sem hv. þm. leggur fram þá getur hann þess ekki að það er hér ályktun Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerðar sem leggja afar mikla áherslu á að þeir fái að vinna og lifa í því kerfi eins og það er nú, en ekki á klafa þess kvótakerfis sem er núna hvar fiskvinnsla og útgerð hafa spyrst saman með 80% þess afla sem landað er hér.

[23:57]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo að ég hélt ég gæti verið fljótari að finna og vitna til þess sem þeir segja hér þeir ágætu menn í grg. sinni, en því miður vinnst mér sjálfsagt ekki tími til þess og ég finn þetta ekki. En það væri merkilegt samt og fróðlegt fyrir hv. 16. þm. Reykv., Guðmund Hallvarðsson, að lesa bara yfir álit þeirra í þessum efnum. Mér gefst því miður ekki tími til þess. En það er hvergi af okkur framsóknarmönnum í þessu máli vikið að íslenskum sjómönnum. Það er alveg fáránlegt að halda slíku fram.

[23:57]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er leitt að hv. þm. Framsfl. skuli bjóða í þessari umræðu upp á jafnloðinmullulegan málflutning og raun ber vitni í jafnmikilvægu máli. Hv. þm. Stefán Guðmundsson sagði að þessar tillögur yrðu aldrei á grundvelli sátta og það er alveg rétt. Engar tillögur munu verða til heildarsátta meðan kvótakerfið þarf að vera á Íslandi. Það er alveg sama hvaða tillögur það verða og það vita allir sem þekkja til í sjávarplássum landsins og þekkja til sjósóknar. Upphrópanir hv. þm. um eilífðarhjal gjaldþrota, að öllu hafi verið kollvarpað á einni nóttu, gefa ekki tilefni til slíkra orða miðað við gang mála og þá umræðu sem hér á sér stað og síst af öllu við þær léttvægu tillögur og breytingar sem framsóknarmenn leggja til í þessu máli og sýnir fyrst og fremst fram á að það ber ekki mjög mikið á milli það sem menn eru að ræða um. Þannig að það eru allt of stór orð af of litlu tilefni. (Forseti hringir.) Hæstv. sjútvrh., virðulegi forseti, hefur verið að vinna erfitt verk sem ekki síst má rekja til þess að hann er að glíma við uppsafnaðan vanda úr stjórnartíð framsóknarmanna í sjútvrn. (Forseti hringir.) og það er alveg ljóst að hv. þm. Stefán Guðmundsson fer hér miklu offari.

[23:58]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér er ljóst að hæstv. sjútvrh. hefur unnið hér mikið starf. Hann hefur bara ekki haft frið til þess. Hæstv. sjútvrh. hefur ekki haft frið til þess að vinna þetta verk. En það er eðlilegt að hv. þm. Árni Johnsen komi af fjöllum. Hann hefur bara ekkert verið hér. (**SJS:** Hann er alltaf að koma af fjöllum.) Hann kemur hér inn á elleftu stundu í andsvari. Þessi umræða hefur verið opin í allan dag. Af hverju hefur þingmaðurinn ekki komið hér og tekið þátt í umræðum? Það hefði verið fróðlegt að heyra hann flytja smáræðustubb og vita hvort hann félli saman við það álit sem þeir sem kjósa hann hafa á þessu máli. Það væri fróðlegt að vita hvernig það gengi saman, álit þeirra sem kjósa hann og það sem hann hefur sjálfur á þessu og hvort boðskapurinn sé sá sami sem hann flytur í Vestmannaeyjum og sá sem hann segir hér nú.

[00:00]

Árni Johnsen *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var líkt hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að vera með hroka. Ég hef fylgst með þessari umræðu í dag. Þó að ég hafi ekki verið í þingsalnum í sleitusetum þá hef ég fylgst með umræðum. Það er hægt að gera það á annan hátt en vera í þingsalnum. (**GÁ:** Heima í bæli.) Og þetta er skítseiðisháttur, frammíkall sem hv. þm. Guðni Ágústsson kallar hér.

(**Forseti** (SalÞ): Gætið orða ykkar.)

Og ég endurtek það. (**Gripið fram í:** Má ég heyra aftur?) Það er nefnilega svo að málflutningur framsóknarmanna í þessu dæmi er einfaldlega sá að þeir koma þannig til dyranna að þeir tala svo út og suður. Þeir eru svo útskeifir að það er ekki nokkur leið að átta sig á því hvort þeir eru að koma eða fara.

[00:01]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er ekki svar, virðulegi forseti. Það er fremur spurning til forseta. Áttaði forseti sig á því hvort ræðumaður var að koma eða fara? Ég áttaði mig satt að segja ekki á því. En ég á ekkert annað erindi upp í ræðustólinn en spyrja um það. Ummæli þingmannsins skýra sig sjálf. Auðvitað átti þingmaðurinn að vera hér í allan dag. Hann átti að vera hér í allan dag. Þingfundur hófst snemma í morgun.

[00:01]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. 4. þm. Norðurl. v. spurði hvert markmiðið ætti að vera í stjórnun fiskveiðanna. Markmiðið væri að taka það úr hafinu sem mátulegt væri og hann virðist halda að kvótakerfið uppfylli fyrst og fremst það markmið. Hans átrúnaðargoð eru Ragnar Árnason og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, en þeir hafa báðir sagt að þetta sé hagrænt

kerfi fyrst og fremst en ekki kerfi endilega nauðsynlegt til að stjórna fiskveiðum.

Síðan langar mig að spyrja þar sem hv. þm. var að tala um að það þyrfti að skjóta stoðum undir rekstur stóru ísfisktogarana. Eru þeir ekki orðnir úreltir, þessir stóru, gömlu ísfiskstogarar? Er hægt að endurnýja þá með nýjum skipum þannig að vit sé í? Hver er skýringin á því að það er ekki hægt að borga hærra fiskverð en raun ber vitni út úr þessum togurum? Hvernig stendur á því að það fiskverð er 15–20 kr. lægra á ísfisktogurunum sem eru gerðir út fyrir norðan land en fyrir sunnan? Hefur hv. þm. skýringar á þessu?

[00:03]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að segja að það er spurt svo yfirgripsmikilla spurninga að það er varla hægt að ætlast til þess að ég svari á einni mínútu um uppbyggingu ísfisktogaraflotans en vissulega hef ég skoðanir á því máli. En þar sem var vikið að því að Ragnar Árnason og Vilhjálmur Egilsson væru átrúnaðargoð hjá mér þá er of mikið sagt um þá báða að þeir séu átrúnaðargoð hjá mér, en ég met þá báða, bæði hv. þm. Vilhjálm Egilsson og Ragnar Árnason og hlusta á þá. Ég met þeirra skoðanir og hlusta þá og mér ber að gera það.

[00:04]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það sem ég var fyrst og fremst að höggva eftir var að hv. þm. hefur margoft látið það koma fram að hann telji að þetta fiskveiðistjórnunarkerfi sé nauðsynlegt fyrst og fremst til þess að stjórna sóknninni í fiskstofnana. Það hefur aftur á móti komið greinilega fram hjá mörgum hagfræðingum sem hafa verið að fjalla um þetta mál að þeir líta öðruvísi á málið. Þeir segja það beint út: Það er hægt að stjórna því hve mikið er tekið úr hafinu með ýmsum öðrum aðferðum. En þetta kerfi er fyrst og fremst hagrænt kerfi og það hefur ekkert annað kerfi verið fundið sem skilar meiri hagnaði eða möguleikum til þess að auka arð í útgerð en þetta kerfi. Menn eru að vísu ekki sammála um þessa hluti, en stór hluti þeirra sem hafa tekið þátt í þessari umræðu og tóku þá ákvörðun á sínum tíma að koma þessu fiskveiðistjórnunarkerfi á hefur staðið í þeirri meiningu að þetta væri fyrst og fremst kerfi til að stjórna fiskveiðum.

[00:05]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt að ég hef sagt það margsinnis að það er auðvitað spurningin um hvað má taka úr hafinu. Það er stóra spurningin og hvernig við getum gert sem mest úr því og hvernig við náum því á sem hagkvæmastan hátt. Það er rétt að það mistókst hjá okkur að beita sóknarmarkinu. Þess vegna fóru menn út í aflamark og menn hafa verið að þróa það. Ég held að það sé staðreynd í málinu að það er ekkert annað kerfi til sem hefur dugað betur í fiskveiðistjórnun en það kerfi sem við Íslendingar búum við. Það er staðreynd í málinu. Alla vega er það alveg morgunljóst að það kerfi sem Alþb. býður upp á dugar ekki. Það er ónýtt kerfi. Það veit ég.

[00:05]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Stefán Guðmundsson vakti hér athygli á þáltill. sem hann flutti fyrir nokkuð löngu síðan um nýtingu auðlindanna. Ég verð að segja, virðulegi forseti, að það er nokkur kokhreysti af hv. þm. að rifja þessa tillögu upp vegna þess að hún virðist ekki hafa verið samþykkt. Alla vega hefur ekki verið farið eftir henni allan þann áratug sem framsóknarmenn fóru með sjávarútvegsmál fyrir þjóðina því að nær allan þann tíma var gengið á þorskstofninn og þess vegna stöndum við frammi fyrir þeim vanda sem við erum í í dag og verðum að gera breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða til að standast þá raun sem þjóðin stendur frammi fyrir vegna ástands þorskstofnanna. Ég tel alveg nauðsynlegt að hv. þm. geri sér grein fyrir þessu og þær brtt., sem hér er verið að fjalla um, við lögin um stjórn fiskveiða, snúast um þá vörn sem við erum í eftir þann framsóknaráratug sem m.a. hv. þm. ber ábyrgð á.

[00:07]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það getur vel verið að það sé kokhreysti að lesa upp þáltill. Ég er bara stoltur af þessari tillögu. Hún vakti umræður á sínum tíma og varð að gagni, það er ekki spurning. Og það er alveg ljóst að menn hafa náð miklum árangri — ekki tillögunnar vegna heldur vegna þess að umræða hefur orðið í þjóðfélaginu. Mér er kunnugt um að á vegum núv. sjútvrh. er mjög starfað að þessum málum. Og ef ég hef hlustað rétt þá er eitt af þeim málum sem hæstv. sjútvrh. ætlar að beita sér fyrir að setja enn aukna vinnu í gang til þess að ná meiri árangri á þessu sviði. Það er eitt af því sem hæstv. sjútvrh. ætlar að beita sér fyrir í samkomulagi sem náðist, m.a. til þess að fá hv. þm. Sturlu Böðvarsson til að fylgja þessu máli plús 7 þús. tonn af rækju sem hann þurfti að fá til viðbótar og útfærslu á einhverjum fiskveiðihólfum úti fyrir kjördæmi sínu til þess að fylgja frv. Og þetta er einn liður í því efni.

[00:08]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vænti þess að hv. þm. styðji þær hugmyndir sem hann lýsti hér að stæði til að koma í framkvæmd. Ég vildi spyrja hv. þm. í hverju úrbótatillögur Framsfl. eru fólgnar. Er t.d. hv. þm. tilbúinn til þess að styðja þann hluta sem snýr að því að ná samkomulagi milli sjómanna og útvegsmanna? Er hv. þm. tilbúinn til þess að standa að breytingum þó síðar verði á lögum um stjórn fiskveiða sem lýtur að því að koma á fiskvinnslukvóta? Það væri mjög fróðlegt að heyra afstöðu þingmannsins hvað það varðar.

[00:09]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Ég var búinn að svara því rétt áðan, hv. þm., í sam-

bandi við fiskvinnslukvótann og segi það enn og aftur. Ég er ekki talsmaður fiskvinnslukvóta og hef ekki verið.

Hvað lýtur að sjómönnum og kjaramálum þeirra held ég að þingmaðurinn ætti bara að lesa álit sjútvn. til að sjá hvað við þingmenn Framsfl. segjum í þeim efnum. Það liggur alveg ljóst fyrir frá mér. Ég er búinn að segja æ ofan í æ að ég vil gera allt til að koma í veg fyrir að sjómenn séu látnir taka þátt í kaupum á aflaheimildum. Ég er margbúinn að segja það hér. En það virðist vera sama með hv. 1. þm. Vesturl. og hv. þm. Árna Johnsen að þeir eru ekki í húsinu að hlusta og koma svo bara eins og álfar út úr hól og spyrja.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 3. þm. Suðurl. óskar að bera af sér sakir og væntir forseti þess að þá komi í ljós hverjar sakir hafa verið bornar á hann.

[00:10]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað óþolandi að hv. þm. Stefán Guðmundsson skuli væna mig um það í ræðu þar sem ég á ekki kost á að svara honum (**Gripið fram í:** Þú ert að svara.) í andsvari að ég sé ekki að fylgjast með þessari umræðu. Ég ætlast til þess að hv. þm. sýni fram á og sanni að ég hafi ekki fylgst með þeirri umræðu sem hér hefur átt sér stað í dag. (**Gripið fram í:** Það er þitt að sanna það.) Það er bara rétt að þingmaðurinn leggi það á borðið og standi við þau orð sem hann segir. (**SJS:** Þingmaðurinn hefur ekki sést hér í allan dag.)

[00:11]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson):

Virðulegi forseti. Mér er alveg ljúft að svara þessu. Hv. þm. svarar þessu sjálfur. Málflutningur þingmannsins sýnir það að hann hefur ekkert verið hér í dag. Hann hefur ekki fylgst með umræðunni. Ef hann hefði gert það þá mundi hann ekki tala eins og hann talaði. Það er svarið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hafði ekki gefið hv. þm. orðið og vissi ekki í hvaða tilgangi hann kom í stólinn.

Útbýting þingskjala:

Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, 248. mál, nál. allshn., þskj. 1187.

Fangelsi og fangavist, 204. mál, nál. allshn., þskj. 1188.

Happdrætti Háskóla Íslands, 70. mál, nál. allshn., þskj. 1186.

Húsaleigubætur, 557. mál, nál. meiri hluta félmn., þskj. 1191; brtt. meiri hluta félmn., þskj. 1192.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, 614. mál, nál. sjútvn., þskj. 1190.

Umboðsmaður barna, 377. mál, nál. allshn., þskj. 1178; brtt. allshn., þskj. 1179.

Þjóðfáni Íslendinga, 106. mál, nál. allshn., þskj. 1189.

[00:13]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil fyrst geta þess að ég hef aldrei lagt það hv. þm. Árna Johnsen til lasts að mér hefur virst hann útskeifur. Ég hef talið sérstaka ástæðu fyrir þessu en fer ekki að gera grein fyrir því nú. En burt séð frá því þá er getur margt komið fram í umræðum um sjávarútvegsmál (**ÁJ:** Hver er ástæðan?) og ég vildi spyrja hv. þm.: Hvaða ráðherra var það sem kom fyrstur á kvótakerfi á Íslandi? — Það kemur ekkert svar. (**StG:** Árni ber af sér sakir.)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Það er ekki ætlast til að menn talist við í salnum.)

Nei, enda er það greinilega virt og þarf þess vegna ekki að ávíta mig fyrir það þó að ég varpi fram spurningu.

Ég tók með mér lagasafnið og vil lesa það sem stendur á bls. 1699 í lagasafni frá 1990, með leyfi hæstv. forseta:

„Lög um samræmda vinnslu sjávarafla og veiðar sem háðar eru sérstökum leyfum.

Sjútvrn. getur samkvæmt lögum þessum sett almennar og sveðisbundnar reglur er stuðli að samræmingu milli veiðiheimilda samkvæmt sérstökum leyfum ráðuneytisins til rækju- og skelfiskveiða og vinnslugetu þessara greina fiskiðnaðarins, m.a. með skiptingu afla milli vinnslustöðva og eða þeirra báta sem veiðileyfi hljóta."

Þetta er árið 1975. Hver var ráðherra þá og hvaða áratug óstjórnar þurfti hann að hafa í huga til þess að beita sér fyrir þessari lagasetningu? Skyldi hv. þm. Sturla Böðvarsson vita deili á því í Stykkishólmi að þar var sett á kvótakerfi 1975? Það er nefnilega dálítið sérstæður hlutur að það skuli vera rætt um kvótakerfið eins og það hafi orðið til í stjórnartíð Halldórs Ásgrímssonar sem sjútvrh. landsins. Hver var sjútvrh. 1975? Var það ekki Matthías Bjarnason, hv. 1. þm. Vestf.? Var það þá óstjórnartímabil viðreisnar sem knúði á um kvótakerfi á þessum tíma? Hvorugur þeirra þingmanna sem áðan töluðu með mikilli vandlætingu um kvótakerfið sem slíkt vildi kannast við þessa staðreynd eða vera maður til að muna eftir því. En ef þetta er rangt þýðir þá að sakfella þann ráðherra fyrir þessi lög? Alþingi Íslendinga setur lög en ekki ráðherrar. Þess vegna er það tómt mál að tala um að hægt sé að setja þetta upp með jafneinföldum og fáránlegum hætti og gert þegar menn telja að einn stjórnmálaflokkur setji lög í landinu. Það gengur ekki upp.

Ég ætla, herra forseti, að lýsa því yfir, sem ég geri sárasjaldan, að á þessari stundu sakna ég hæstv. viðskrh. (**GunnS:** Jóns Sigurðssonar?) Nú tölum við um lifendur í þeirri stöðu og höldum okkur við staðreyndir. Hæstv. viðskrh. er þingmaður Vestfjarða einnig og þó að einhver frægasti atkvæðasmali í hópi krata á Ísafirði og stórsnillingur á því sviði, lærifaðir Matthíasar Bjarnasonar í pólitík, skáldið Guðmundur Hagalín, hafi getað leyft sér það að fara í lopapeysu og klofstígvél rétt fyrir kosningar og labba þannig um götur Ísafjarðar þá passar það illa hjá hæstv. viðskrh. að taka alltaf umræður um kvótakerfið vestur á fjörðum en forða sér

þegar átökin eru í þinginu og hann er í stjórnaraðstöðu. Það er að mínu viti einhver lengsti flótti sem um getur sem er brostinn á núna. En vænt þætti mér um ef hæstv. ráðherra gæti verið við 3. umr. um þetta mál vegna þess að því hefur stöðugt verið haldið fram að kvótakerfið sem slíkt, eitt og sér, valdi bæði hruni á Vestfjörðum og einnig því ástandi sem er í atvinnumálum Íslands. — Ég verð að víkja ögn lengra frá til að ná vopnum mínum í þeirri umræðu sem hér fer fram.

Það kom fram hjá hv. þm. Stefáni Guðmundssyni að þeir keyptu Rússafisk á Króknum. Ég flutti frv. um það ár eftir ár að heimila Íslendingum að kaupa fisk af erlendum veiðiskipum, þorði þá ekki að tala um nema Grænlendinga og Færeyinga af því að Rússar voru heimsveldi og menn voru hræddir um að þeir mundu taka landið ef þeir kæmu hér að. En hver eru viðbrögðin? Það var stöðvað ár eftir ár að heimila þetta. (**Gripið fram í:** Hver stöðvaði það?) Það var stöðvað í efri deild. (**Gripið fram í:** Halldór Blöndal.) Nei. Það voru fleiri sem unnu það verk.

Hæstv. sjútvrh. studdi þetta mál á sínum tíma. Hæstv. sjútvrh. flutti frv. þar sem hann opnaði fyrir þetta seinna en frv. var þrengt í þinginu. Er það atvinnustefna fyrir Íslendinga að banna að skipi sem kemur til Reykjavíkur og vill fá þjónustu sé seld sú þjónusta? Er það heilbrigð atvinnustefna að standa þannig að málum? Ég segi það hreint út að það eru snarruglaðir menn sem þannig starfa og bjóða atvinnuleysinu heim fyrir þessa þjóð. Það vantar nefnilega númer 1, 2 og 3 heilsteypta atvinnustefnu fyrir landið. Meðan vitræn atvinnustefna er ekki til þá er aldrei talað um neitt annað þegar peningar eru settir í atvinnumál en nú eigi að fara að kaupa og kvóta og skip og slást við nágrannana um þessa möguleika.

Það er rétt að fyrrv. iðnrh. slátraði um 2 þús. störfum í iðnaði í landinu. Núv. iðnrh. hefur barið sér á brjóst og ætlað að bjarga skipasmíðaiðnaðinum. En það fór fyrir honum eins og þegar læknir mætir í vitjun og á ekkert annað erindi en að skrifa undir dánarvottorðið. Það var staðan. Ef íslenska þjóðin nær ekki vopnum sínum í því að byggja upp íslenskan iðnað og ef við sameinumst ekki um að setja fjármuni í það, meðan við bönnum íslenskum iðnaðarmanni að fá vinnu við erlent veiðiskip vegna þess að menn vilja rífast fremur um rétt til veiða utan íslenskrar landhelgi en eiga hlutdeild í auðæfum hafsins með því móti að veita þjónustu við erlend skip, þá erum við á villigötum.

Ég kom til Austfjarða á þeim tíma þegar fyrstu skipin voru að selja þar rússneskan fisk og við borguðum með dollurum. En með hverju vildu Rússarnir að við borguðum? Þeir vildu að við borguðum með ferskri síld. En hvað sagði sjútvrn. við slíku? Nei, síldin skyldi í bræðslu á rúmlega loðnuverði. Þorskinn skyldi borga með dollurum og skipin sigldu til Færeyja til að kaupa síldina til að fara með heim til Rússlands og fæða fólkið. Ég skil ekki atvinnustefnuna sem er svo steinrunnin undir skrifræðisfargi ofstjórnar og eftirlits sem birtist í þeim tveimur dæmum sem ég hef nefnt.

Við höfum verið að fárast yfir því þegar Hólmfastur var hýddur fyrir að hafa selt fimm fiska á vitlausum stað. En enn er verið að hýða menn í landinu með fjársektum og lögregluaðgerðum ef þeir reyna að bjarga sér með eðlilegum hætti. Hvað hefði verið gert við Austfirðingana ef þeir hefðu verið svo skynsamir að láta síld í staðinn fyrir dollara fyrir þorskinn? Þá hefði verið hringt í sýslumenn svæðisins og þeim skipað að stöðva slík viðskipti. Hvað átti að gera þegar iðnaðarmennirnir vildu þjóna skipinu fyrir utan Reykjavík? Þá var hringt í handhafa framkvæmdarvaldsins og þeim skipað að stöðva aðgerðina. Þetta er atvinnustefnan sem blasir við.

Ég trúi því ekki að mönnum sé ekki ljóst atvinnusamhengið í þessum hlutum. Hefði ekki verið nær að líta svo á að Ísland gæti verið þjónustustaður fyrir þau skip annarra þjóða sem stunda úthafsveiðar, gera við skip þeirra, selja þeim kost og margt, margt fleira? Hefði ekki verið nær að borga fyrir rússneska þorskinn með síld í staðinn fyrir að nota dollara? Auðvitað vilja menn ekki ræða þetta. Hvert stefnum við í dag? Hvert stefnir íslenska þjóðin með sama áframhaldi? Tæknin heldur áfram, nýja skipið getur aflað mun meira en gamla skipið. Tækjakosturinn verður betri og betri. Afleiðingin er einföld. Það þarf færri og færri menn til að stunda veiðarnar alveg eins og gerst hefur í íslenskum landbúnaði. Og við erum að skapa innbyggt atvinnuleysi í báðum greinunum. Nú er svo komið að við erum búnir að opna landið með EES-samningum þannig að atvinnuleysið á Íslandi verður trúlega svipað og það er í Evrópu. En hvert er atvinnuleysið í Evrópu? Gera menn sér grein fyrir því hvað það er mikið?

Í Frakklandi, þar sem hægri menn og kratar stjórna eins og á Íslandi, er fjórði hver ungur maður í París atvinnulaus. Fjórði hver ungur maður í París er atvinnulaus. Sami hópurinn og varði Frakkland í stríðunum, heimsstyrjöldinni fyrri og heimsstyrjöldinni síðari, er settur til hliðar í því ríki. Hann er ekki nothæfur. Hann er hafður á bótum. Hann er geymdur á varamannsbekkjum en ekki hafður með. Og menn halda að það verði friður á meðan öldungaráðið starfar á þennan hátt. Það verður enginn friður. Stjórnin ætlaði að herða að þessum æskulýð. Þeir fóru í aðgerðir, höfðu betur, og þegar við fögnuðum sigri yfir ríkisstjórninni í málinu þá kveiktu þeir í verslunum í miðborg Parísar og veltu um bílum og kveiktu í þeim líka. Hvað þarf atvinnuleysið í Reykjavík að verða mikið til þess að farin verði kröfuganga niður Laugaveginn og kveikt í verslununum sem þar eru, bílunum velt um koll og þeir látnir brenna? Hvað þarf að byggja mörg tukthús á Íslandi til að stöðva slíkt? Hvað þarf að fjölga mikið í lögreglunni ef menn ætla að halda óbreyttri stefnu? Mér er ljóst að það er búið að kaupa lóðina undir tukthúsið, en ég er ekki jafnviss að hægt sé að stjórna landi þar sem atvinnuleysið er komið á þetta stig.

Það var athyglisvert, og það veit ég að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson getur vottað að í ræðu forseta Frakklands, sem við hlýddum á báðir, hafði hann áhyggjur af einum hlut öðrum fremur. Það var sú stað-

reynd að hann hafði áhyggjur af atvinnuleysinu. Og ef íslenska þjóðin mótar ekki heilsteypta atvinnustefnu, ef Alþingi Íslendinga mótar ekki heilsteypta atvinnustefnu, þá siglum við inn í nákvæmlega sama farið og við erum byrjaðir. Hrunið í iðnaðinum undir forustu seinasta iðnrh., sem stýrði því ráðuneyti á undan núv. hæstv. iðnrh., var svo mikið að það tekur meira en áratug að byggja það upp sem þá hrundi.

Það getur vel verið að menn segi: Það er hægt að tala um sjávarútveginn alveg sér. Það er hægt að tala um veiðar og vinnslu alveg sér og það er hægt að tala um fiskveiðar án þess að hugsa um vinnsluna, segja e.t.v. aðrir. (**Gripið fram í:** Og gera grín að vinnslunni.) Og gera grín að vinnslunni. En það var mikil lífsreynsla fyrir þann sem hér stendur, sem ég hygg að hafi aldrei hlustað á nokkurn stjórnmálamann tala oftar um nauðsyn þess að byggja upp iðnað í landinu en dr. Gylfa Þ. Gíslason, sem þá var foringi Alþfl., að horfa svo á það að þegar til valda var kominn iðnrh. úr röðum Alþfl., vel menntaður og hlaut að hafa þekkingu til þess að taka á þeim málum, þá skyldi það gerast að ekki virtist skipta hann neinu máli hvort íslenskar hendur hefðu atvinnu. Það var eins og viðskrh. réði öllu en iðnrh. engu, en það var sami maðurinn sem gegndi báðum embættunum.

Einar Ben. sagði: Í mér búa tveir menn, skáldið og dóninn, þeir talast aldrei við. Og það var rétt að í kvæðum hans gætti hann orða sinna. En hæstv. iðnrh. virtist aftur á móti verða svo gersamlega undir í viðskiptunum við viðskrh. að örlög íslenskrar þjóðar urðu atvinnuleysi og það er vaxandi. Við erum rétt að byrja. Og ef við tæmum alla sjóði sem við höfum til þess að borga atvinnuleysisbætur í staðinn fyrir það að byggja upp atvinnu í landinu þá verður erfitt að snúa dæminu við eftir að sjóðirnir eru orðnir tómir. Þess vegna tel ég gersamlega vonlaust að tala um þetta á þann hátt sem gert hefur verið, að neita að horfa á þetta sem eina heild.

Á áratug framsóknarmanna frá 1970–1980 var talað um að samræma veiðar og vinnslu, ná samræmi á milli veiða og vinnslu. Þetta samræmi hefur verið rofið. Það hefur ekkert verið gert til að kaupa hráefni til landsins með skipulögðum hætti sem gæti orðið til þess að draga úr atvinnuleysinu. Það hefði verið hægt að kaupa nægar birgðar af þorski frá Rússlandi með skipulegum hætti. Það þurfti að tryggja Rússunum eðlilegt verð á þeirri olíu sem þeir keyptu. Það þurfti að tryggja þeim að þeir gætu keypt kost á eðlilegu verði og það þurfti að gera samninga um þessa hluti. En í staðinn er ekkert gert. Og sumt af skólafólkinu sem fer til vinnu í sumar (**Gripið fram í:** Ætlaði að fara.) fær vinnu en sumt af því fær enga vinnu. Um leið er verið að loka leið margra æskumanna í sókn þeirra til menntunar og uppbyggingar í sínu lífi.

Ég verð að segja eins og er að ég held að núverandi ráðherrar Alþfl. þyrftu að lesa Skilmálana eftir Þorstein Erlingsson. Sennilega ætti það að vera skylda að enginn þeirra yrði settur í ráðherrastól nema hann kynni það kvæði utan að. (**Gripið fram í:** Hvaða kvæði?) Skilmálarnir, eftir Þorstein Erlingsson. Lesir þú ei allt gegnum annarra gler, er m.a. í þeim texta.

Við deilum grimmt um stjórnun fiskveiðanna. Það er sagt að þessi þjóð lifi á tveimur lífbeltum, græna beltinu upp frá ströndinni og brúna beltinu út frá ströndinni. Við gáfum í þjóðargjöf 1 milljarð til þess að styrkja græna beltið upp frá ströndinni. Það er rætt um þjóðargjöf á Þingvöllum í sumar. Sú eina þjóðargjöf sem nokkurt vit er í að gefa er að gefa helst 2 milljarða til þess að styrkja brúna beltið út frá ströndinni. Eins og kemur fram í skýrslu þeirri sem starfshópurinn sem sjútvrh. skipaði um stjórn fiskveiða þá blasir við að það er þekkingarleysið á hafinu, þekkingarleysið á lífríkinu sem er sá fjötur um fót að við náum ekki vopnum okkar í því hvernig við eigum að standa að veiðunum.

Við höfum rannsakað suma hluti. Við höfum notað neðansjávarmyndavél til að fylgjast með því hvernig við stöndum að hörpudiskveiðum í Breiðafirði. Það var haldið áfram að plægja með plógnum eftir að hann var orðinn fullur, einum þriðja tíma lengur en þurfti og þá muldi plógurinn skelina vegna þess að menn vildu vera öruggir um að plógurinn væri fullur þegar hann væri tekinn upp. Þannig erum við að eyðileggja lífríkið. Og það fer ekkert á milli mála að það er fyrst og fremst alvarleg háðung fyrir Alþingi Íslendinga að hér skuli vera umhvrh. sem að sjálfsögðu ætti að hafa það sem höfuðmarkmið að vinna að því að tryggja það að lífríkið út frá ströndinni sé ekki eyðilagt en þá er hann kominn fastur í hagamýsnar og ákveðinn í að vernda þær ef skilja má rétt stöðu málsins, þ.e. utan dyra. En þjóðin þarfnast þess vissulega að tekið sé á þeim vandamálum að drauganet veiði ekki fisk við strendur landsins, þorskanetin séu dregin úr sjó og veiðisvæðið sé hreinsað.

Í Breiðafirði gerðist það fyrir nokkrum árum að farið var í að hreinsa fjörðinn af grásleppunetum eins og menn gátu. Það var ekkert smáræðismagn sem þeir drógu upp af netum. Á togvírum og trollhlerum togskipanna koma af og til netadræsurnar upp en það er þögn um málið. Það er ekki verið að segja frá því að þegar verið er að leggja net út á kantana á hraunbrúnirnar þá geta þau farið fram af og lokað hillunum sem eru í sjónum í fjalllendi þess landslags sem þar er. Þessar sömu hillur hafa verið bústaðir fyrir þorskinn til hrygningar.

Norðmenn hafa gert rannsóknir á því hvort þorskurinn skili sér til ákveðinna svæða. Það eru miklu meiri skil hjá þorskinum til sinna hrygningarsvæða en hjá laxi. Það er yfir 30%. E.t.v. er það skýringin á því að þorsklaust er hvorki við Vestfirði eða Snæfellsnes eftir að Breiðafjörðurinn var friðaður fyrir netaveiði fyrir innan viss svæði og þar hefur fiskurinn fengið að hrygna í friði. Norðmenn eru fyrir löngu búnir að banna að fara með svo mörg net á sjó og leggja þau þar, skilja þau eftir og fara svo aftur í land og ætla að sækja þau seinna. Slík vinnubrögð eru einfaldlega ekki liðin í Noregi. Fari skipið á sjó þá er ætlast til þess að það dragi upp öll þorskanetin áður en það fer í land. Svo einfalt er það mál. Hér á landi, nei. Kvótakerfið tekur ekki afstöðu til veiðarfæra nema að sáralitlu leyti.

Við Alaska er aðeins leyft að veiða þorskinn í gildrur vegna þess að þá skemma veiðarfærin ekki einn einasta þorsk. Þau drepa ekkert sjávardýr. Það veiðist ekkert nema það sem á að veiða. Svo einfalt er það mál. Við á Alþingi Íslendinga höfum aftur á móti ekki lagt fjármuni til þess að rannsaka lífríki hafsins og fá svör við því sem margir sjómenn ræða um sín á milli. Við lokum líka augunum fyrir því að þannig er háttað refsingu við því að koma með meiri fisk að landi heldur en menn mega að sjómennirnir verða að grípa til þess ráðs í nauðvörn undan lögregluvaldi landsins að fleygja fiskinum í sjóinn. Það er rosalegt að þurfa að segja þetta. Það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem það hefur gerst. Það gerðist líka með síldina á sínum tíma þegar ákveðið var að standa þannig að síldveiðum við landið að það ætti að salta síldina um borð og svo var kastað og kastið var svo stórt að það hefði tekið sjómennina um borð hálfan mánuð að salta úr því þannig að þeir urðu að taka örlítið brot og henda hinu og síldin flaut dauð við Reykjanes. Þannig var ástandið þá. En þá söfnuðu útgerðarmenn á Suðurnesjum liði og héldu inn í sjútvrn. og hótuðu hörðu ef reglunum yrði ekki breytt og þeim var breytt. Það var heimilað á nýjan leik að salta í landi. Ég veit ekki hve margir kunna eða muna þessa sögu.

Auðvitað er það svo að menn eiga að fara að settum leikreglum. Samt er það staðreynd að skattsvik eru stunduð alls staðar þar sem skattar eru á lagðir og alls staðar þar sem kvótakerfi er er stundað svindl. Allt kvótakerfi Evrópu í fiskveiðum er meira og minna hrunið vegna þess hve svindlið er mikið. Svo alvarlegt er málið. Fiskifræðingunum er skipað að fara eftir opinberum tölum um aflann sem veiðist. Það gerir það að verkum að þeir geta ekki gert réttar tillögur vegna þess að veiðin er miklu meiri en hinar opinberu tölur.

Þegar embættismenn frá Bretlandi fóru til Frakklands til að fylgjast með því hvernig Frakkarnir fylgdu eftir veiðieftirlitinu horfðu frönsku eftirlitsmennirnir til himins og löbbuðu upp bryggjuna og þóttust bæði vera heyrnarlausir og sjónlausir þegar spurt var hvaða fisktegund þetta var. Þeir bókuðu það allt aðra fisktegund en Bretarnir könnuðust við að væri í kössunum. Og sú spurning hlýtur að vakna: Við stundum skattsvik ekki síður en Evrópubúar, er kvótasvindlið þá minna hér? Er það tilfellið að svo sé? Sögusagnirnar sem maður heyrir eru sumar svo ótrúlegar að maður veit ekki hvort maður á að þora að segja þær.

Það sem ég veit aftur á móti er að það er verið að selja fisk í landinu fram hjá í verulegum mæli þannig að aflaskýrslur yfir þann þorsk sem við veiðum eru rangar. Hvort það er rétt að það hafi verið gert á Íslandi að stunda þorskveiðar á trillum til þess að hirða aðeins hrognin veit ég ekki. Þær sögusagnir ganga einnig. Ég verð því miður að lýsa því yfir eins og ég varð áhorfandi að í bíómynd sem ég sá fyrir mörgum árum. Hún hét Dalur friðarins. Þar voru lítil börn að leik og þau héldu að þau væru búin að finna dal friðarins þegar sprengjum rigndi yfir þau og þau lögðu á flótta upp á næstu hæð og annað þeirra sagði þegar þau horfðu yfir hæðina niður í næsta dal: Ef til vill er þetta dalur friðarins.

Við Íslendingar höfum hvorki búið okkur til kvótakerfi né stjórnunarkerfi fyrir fiskveiðar sem er ásættanlegt og viðunandi að gæðum né heldur varið þeim fjármunum til rannsókna á lífríki hafsins sem ásættanlegt er miðað við þá staðreynd að þjóðin lifir á fiskveiðum. En við höfum verið að reyna að skjóta fleiri stoðum undir efnahag þjóðarinnar, en því miður höfum við orðið að hopa á sumum sviðum og alvarlegast er það hvað við höfum orðið að hopa í iðnaðinum. Ég held að Vesturlönd þurfi að brjóta ögn af oflæti sínu og átta sig á því að leikreglur kapítalista án þess að mannúð fylgi leiðir til ófarnaðar. Ég ætla að nefna örfá dæmi.

Það er gjarnan lofsungið mjög ákaft að hagræða í fyrirtækjum. Oftast birtist hagræðingin m.a. í því að öldruðum starfsmönnum er sagt upp á þeirri forsendu að það er hægt að fá aðra sem menn telja líkamlega betur á sig komna til að leysa þeirra störf. Fyrir stuttu síðan komust blöð á Vesturlöndum að því að það væri dulið atvinnuleysi í Japan af því að þeir fara ekki eins að. Þeir segja ekki öldruðum starfsmanni upp, þeim dettur það ekki í hug ef hann er búinn að vinna fyrirtækinu vel. Þeir hafa hann áfram hjá fyrirtækinu. Hvers vegna? Vegna þess að ef þeir mundu segja honum upp þá er óvíst að hann mundi vinna fyrirtækinu jafn vel fyrr á sínu starfstímabili ef hann vissi það fyrir fram að fyrirtækið mundi launa slíka þjónustu með því að reka hann þegar hann væri farinn að lýjast. Það getur vel verið að þau séu nokkuð mörg fyrirtækin sem hafa verið að brjóta niður stuðning sinna starfsmanna við fyrirtækin með því að þeir sem voru yngri að árum sáu hvernig með hina var farið.

Það er margt sem læra má af Austurlöndum. Menning þeirra er miklu eldri en menning Evrópu. Og andleg vísindi eru mótuð af mörgum gengnum spekingum þess samfélags. Í dag er það staðreynd að á sama tíma og Evrópa býr við glórulausa kreppu, brjálæðislegt stríð og ótrúlegustu vandamál þá siglir Asía hraðbyri fram til bættra lífskjara. Ef til vill segjum við enn og aftur: En var það ekki kapítalistakerfið sem gerði Evrópu ríka og hina fátæka? Gott og vel. En ætli nú sé ekki rétt að minnast nýlendustefnunnar líka og arðránsins sem þá átti sér stað til að átta sig á því hvers vegna Evrópa varð rík á sínum tíma? Ætli það sé ekki svo að með vopnum hafi hluti af þeim auði verið sóttur fyrir Evrópu? Ætli það sé bara kerfið innan þessara landa sem færði þeim auðinn?

Ég held að ef okkur tækist að byggja upp öflugt atvinnulíf í landinu í öðrum greinum en sjávarútvegi þá mundum við leysa um leið stóran hluta af þeim gífurlega þrýstingi sem er í dag að komast inn í þá starfsgrein vegna þess að meðan ekkert bitastætt er utan greinarinnar þá hljóta menn að leita þangað sem þó eitthvað virðist vera gert af viti. Það er ábyrgðarhlutur að hafa horft á íslenska skipasmíðaiðnaðinn hrynja eins og gert hefur verið og það er ábyrgðarhlutur að reyna ekki að verja íslenskan iðnað. Ég er sannfærður um að ef ísfisktogari fær ekki nánast að stunda

óhefta sókn til veiða, þá verður hann ekki endurnýjaður sem ísfisktogari, þá verður hann endurnýjaður sem frystiskip. Það er það sem blasir við. Það er staðreynd að þegar kvótakerfið var sett á var eitt af markmiðunum að byggja upp fiskstofnana og það var eitt af markmiðunum að reyna að sjá til þess að sóknargeta veiðiskipanna væri ekki langt umfram það sem við mættum veiða. En hvað þorskinn og fleiri tegundir áhrærir höfum við ekki náð þeim árangri og það ber að játa af hreinskilni og heiðarleika frammi fyrir íslenskri þjóð að þessi heildarmarkmið náðust ekki.

Mér er aftur á móti ljóst að meðan veiðiskip er með margar tegundir af fiski sem það hefur heimild til að veiða og þarf að veiða á blönduðu veiðisvæði þar sem veiðarfærin skila misjöfnum hlutföllum af þeim fiski inn fyrir borðstokkinn þá verður að vera hægt að færa aflaheimildir á milli skipa. Ég játa það aftur á móti alveg hiklaust að kvótakerfi sem ekki tekur tillit til þess að fólkið í landi eigi jafnan rétt til þess að halda sinni atvinnu og sjómaðurinn er í reynd að gera eignir verkamannsins verðlausar sem hann fjárfesti í í sjávarþorpinu á sínum tíma. Og íslenska þjóðin hefur sínar siðferðilegu skyldur við þá aðila sem það gerðu.

Þegar hraunið valt yfir Vestmannaeyjar litum við svo á að íslenska þjóðin hefði siðferðilegar skyldur til að stuðla að því að mannlíf gæti orðið með eðlilegum hætti og menn fengju bætur fyrir eignamissi. En í dag virðist svo komið að margir líta svo á að það sé alveg ástæðulaust að taka nokkuð með í þetta stjórnkerfi hvort við erum að gera heil þorp verðlaus eða ekki. Það verður að fá meiri breidd í þessa hugsun.

Mér finnst að mesta og stærsta þjóðargjöfin sem við gætum samþykkt á Alþingi á Þingvöllum væri rannsóknaráætlun á lífríkinu í sjónum sem færir okkur nær þeim markmiðum að geta staðið skynsamlega að stjórn fiskveiða í framtíðinni. Án slíkrar áætlunar má gera ráð fyrir því að við höldum áfram að eyðileggja botninn, að við höldum áfram að ofveiða og að við höldum áfram að rífast um hluti sem við þyrftum ekki að rífast um vegna þess að við höfum ekki þá þekkingu sem við þyrftum að hafa til þess að geta tekið réttar ákvarðanir.

[01:03]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Mér hefði fundist það vel við hæfi að hæstv. sjútvrh. hefði heiðrað okkur a.m.k. með nærveru sinni við lok þessarar miklu umræðu um sjávarútvegsmál sem hér hefur farið fram og staðið nokkuð lengi, svo ekki sé minnst á þau ósköp að hann hefði jafnvel látið svo lítið að svara einhverju eða koma inn á það sem fram hefur farið. Auðvitað verður hæstv. sjútvrh. að ráða sínum orðum og hvort þau verða einhver hér, en ég verð að segja fyrir mitt leyti að mér finnst það að mörgu leyti heldur dapurleg niðurstaða sem er að verða á meðferð þessa sjávarútvegsmáls. Það er alveg ljóst að eina ferðina enn er verið að olnboga í gegnum þingið breytingum á fiskveiðistjórnunarlögunum í bullandi óánægju og ósætti um meðferð málsins, bæði innan þings og utan. Þar með er það í raun jafnljóst að uppskeran af því endurskoðunarstarfi sem hefur átt að standa allt frá vordögum 1990 er ekki farsælli en svo fyrir atvinnugreinina og þjóðina í heild en að um niðurstöðuna er síður en svo nokkur samstaða. Þar er hver höndin upp á móti annarri eins og glöggt kemur fram í umræðunni og eins og glöggt kemur fram í málskjölunum, umsögnum um frv. og önnur mál sem því tengjast.

Það er líka ljóst að í afgreiðslu þessa máls og þeim brtt. sem við það eru fluttar er ekki á nokkurn hátt neitt á ferðinni sem hægt er að gefa nafnið heildstæð sjávarútvegsstefna, svo ekki sé talað um samræmd stefna sem taki til veiða, vinnslu og markaðsmála eins og það átti víst að heita. Hér eru á ferðinni einhverjar tilraunir til að lægja mestu óánægjuöldurnar og olnboga í gegn breytingum, sem þó er mikill ágreiningur um, sem er miklu frekar hægt að líkja við plástra á því kerfi sem við höfum búið við. Auðvitað er þetta dapurlegt, hæstv. forseti, og bagalegt. Þegar maður lítur til baka og horfir yfir meira en tíu ára sögu kvótakerfisins er manni það nokkuð mikið umhugsunarefni hvernig þetta hefur gengið fyrir sig.

Lífdagar þessa kvótakerfis eru jafngamlir þingsetu okkar hæstv. sjútvrh. Ef ég man rétt þá var kvótakerfið eitt af fyrstu stóru málunum sem við upplifðum, nýliðar á þingi, haustið og veturinn 1983 og 1984. Við höfum þess vegna báðir, ég og hæstv. ráðherra, fylgst vel með þessari þróun síðan. Og ég segi það alveg eins og er, hæstv. forseti, að mér er þetta kannski ekki hvað síst umhugsunarefni nú þegar líður að einhverri afgreiðslu á þessum tillögum um breytingar á lögunum um stjórn fiskveiða að enn á ný erum við í því fari, því miður, að við erum að tjalda, ég segi ekki til einnar nætur en ekki á nokkurn hátt til þeirrar frambúðar og framtíðar sem þyrfti að vera. Hvers vegna segi ég þetta? Það er ekki vegna þess að nú séu menn með sólarlagsákvæði í lögunum, eins og var fyrstu árin en horfið var frá í fyrsta skipti 1990, ef ég man rétt. Það er vegna hins að enn einu sinni, því miður, hefur mistekist að undirbyggja þá samstöðu úti í þjóðfélaginu og inni á þingi meðal stjórnmálaaflanna í landinu um fyrirkomulag á þessu sviði sem gefi vonir um að menn séu að ná fram einhverri langtímastefnumörkun sem sæmileg sátt sé um. Þessar hugleiðingar mínar, hæstv. forseti, er ég að flytja óháð afstöðu til þess hvort vel hafi tekist til eða ekki um þessi mál gegnum tíðina og nú. Það er að nokkru leyti annað mál vegna þess að það er gilt sjónarmið, sem maður heyrir mjög oft á meðal þeirra sem starfa í greininni, að af tvennu illu sé betra að hafa eitthvert fyrirkomulag sem jafnvel er óánægja um að einhverju leyti og menn eru missáttir við eins og gengur, en það sé fest í sessi með einhverju sæmilegu samkomulagi til nokkuð langs tíma þannig að menn viti hvar þeir standi og séu ekki með grundvallarstefnuna í höndunum, ef svo má að orði komast, á eins, tveggja eða þriggja ára fresti og bullandi óvissu sem því fylgir fyrir greinina.

Hér hafa margir talað í dag af þó nokkrum þrótti og þar á meðal hv. 11. þm. Reykv., Finnur Ingólfsson, sem gekk svo langt að halda því fram úr þessum ræðu-

stóli að á meðan framsóknarmenn hafi farið með þetta mál hafi alltaf verið samstaða og ánægja, liggur mér við að segja, langleiðina, sagði hann, um þetta kerfi. Ég leyfði mér, hæstv. forseti, að kalla fram í og segja að þetta teldi ég vera oftúlkun. (**GunnS:** Hv. þm. Stefán Guðmundsson hélt því líka fram.) (**StG:** Nei.) Það gerði sá hv. þm. ekki, enda þekkir hann þessa sögu vel og betur en hv. þm. Finnur Ingólfsson, sem er tiltölulega lítt reyndur í þessu samanborið við hv. þm. Stefán Guðmundsson sem gerði fyrr í kvöld grein fyrir tillöguflutningi sínum um sjávarútvegsmál á Alþingi um miðbik aldarinnar eins og kunnugt er. (Gripið fram í.) En þetta var oftúlkun, því miður liggur mér við að segja, hjá hv. 11. þm. Reykv., Finni Ingólfssyni, vegna þess að menn verða að horfast í augu við að það er saga þessara mála á þinginu að þau hafa verið afgreidd, olnboguð í gegnum þingið á grundvelli málamiðlana og breytingartillagna og samninga í hvert einasta skipti.

Af tilteknum ástæðum fór ég í gegnum þessa sögu og rifjaði hana upp fyrir eins og einu ári síðan og náði mér m.a. í öll þingskjöl og allar umræður sem fylgt hafa afgreiðslu kvótafrumvarpanna í gegnum þingið allt frá byrjun. Það var ágætis lexía að rifja það til að mynda upp hvernig svardagarnir gengu fyrir sig uppi í henni efri deild í desember 1983 þegar verið var að afgreiða kvótann í fyrsta skipti. Á hvaða grundvelli skyldi það nú vera sem þetta kerfi var fyrst lögfest? Hver var afsökun manna eða réttlæting fyrir því að greiða því atkvæði upp til hópa? Hún var sú að kerfið væri sett til bráðabirgða í eitt ár. Það kæmi aldrei til greina að það yrði lengur við lýði. Þetta væri bráðabirgðaráðstöfun af því að ekki hefði unnist tími til að finna betra fyrirkomulag í kjölfar svartrar skýrslu um ástand þorskstofnsins á þeim haustdögum. Maður eftir mann fór í ræðustólinn í efri deild og sjálfsagt hér í neðri deild líka sem þá hét, hæstv. forseti, og þvoði hendur sínar af afgreiðslu kerfisins með þessum hætti. Trúi menn þessu ekki bendi ég mönnum á þingtíðindin. Þetta er bagalegt vegna þess að þetta er ekki það hugarfar sem menn hefðu þurft að leggja til grundvallar lögfestingu þessa fyrirkomulags og með því líka að það yrði vandað í ljósi þess að það hefur staðið í tíu ár. Það sem upphaflega var sett til bráðabirgða þróaðist áfram. Auðvitað tók það einhverjum breytingum, en það ber mikinn keim af því hvernig það var í upphafi sett af stað.

Þegar ég horfi til baka yfir þessa sögu er ég sannfærður um að einn hluti erfiðleikanna og óánægjunnar sem menn hafa átt við að stríða í gegnum þennan tíma liggur í því að ekki var nógu vel vandað til upphafsins því að það ræður ákaflega miklu um hvernig til tekst. Ég tel til að mynda að ef menn hefðu á vetrardögum 1983 gengið út frá því sem vísu og vitað að þeir væru að leggja grunninn að kerfi sem kæmi til með að standa um mörg ókomin ár, áratug eða meir, þá hefðu menn lagt meiri vinnu í og meiri rækt við að vanda sig gagnvart til að mynda þeim viðmiðunum sem teknar voru og þeim leikreglum sem settar voru. Menn hefðu farið betur í gegnum til að mynda hluti eins og þá hvort úthluta ætti öllum veiðiheimildunum á flotann eða hluta þeirra til vinnslunnar í landi, byggðarlaganna o.s.frv.

Hæstv. forseti. Ég ætla í sjálfu sér ekki að fjölyrða um þennan þátt málsins, enda má segja að þetta sé í sjálfu sér orðið sögulegs eðlis en það er samt sem áður ágætt að staldra ofurlítið við það og líta til baka hvernig til hefur tekist. M.a. urðu orð hv. þm. Finns Ingólfssonar mér kveikjan að þessum hugleiðingum vegna þess, eins og ég áður sagði og endurtek, að því miður var það mikil oftúlkun hjá hv. þm. að allan tímann sem framsóknarmenn hefðu farið með þessi mál hefði ríkt um þetta ánægja, eining og samstaða. Það var bara því miður ekki þannig. Þvert á móti er það þannig að saga kvótans og afgreiðsla hans í gegnum þingið er vörðuð — af hverju? Hún er vörðuð af því að það hafa verið átök um málið. Fylkingar hafa riðlast í nánast öllum flokkum í nánast öllum tilvikum. Meira að segja Framsfl. hefur næstum aldrei siglt heilu skipi í höfn í afgreiðslum á kvótafrumvarpinu því að Vestfirðingar hafa upp til hópa haft sérstöðu í því efni. (**Gripið fram í:** Alltaf siglt.) Þetta er náttúrlega ekki rétt, hv. þm. Það er mikill misskilningur. Er ekki einn af hv. þingmönnum Framsfl. flm. til að mynda að sextánmenningafrv. svo dæmi sé tekið. (**Gripið fram í:** Varaþingmaður.) Hann er þingmaður á meðan hann situr hér, hv. þm. Það er ekkert vara, vara. Þingmaður sem á sæti á Alþingi á hverjum tíma er þingmaður og afstaða hans, tillöguflutningur og málfrelsi og allt það eru alveg nákvæmlega jafnmerkilegt og þingmanna sem sitja hér eitthvað lengur. Eða er hv. þm. Jóhannes Geir að segja að allt sem hann gerði sem varaþingmaður þegar hann sat á þingi vetrarlangt eða svo tiltekið kjörtímabil af vissum ástæðum hafi meira og minna verið ómark af því að hann hafi þá verið varaþingmaður? (**JGS:** Það var lítið gert með það.) Það er að vísu alveg rétt. (**JÁ:** Varaþingmaður var 1. flm. frv. líka.) Já.

Hæstv. forseti. Þessi upprifjun gengur út á það að sýna að enn á ný, því miður, erum við í ósköp sambærilegri stöðu með afgreiðslu þessara mála í þetta skiptið og við höfum verið oft áður. E.t.v. er ekki mikið um það að segja og ekkert annað en taka því. Það hafa ekki ræst né gengið eftir neinar vonir manna um að nú mundu menn eftir þennan langa tíma og mikla undirbúning og alla þessa vinnu ná að skila einhverju heildstæðara verki sem meiri samstaða væri um og óánægja með og meiri tíðindum sætti í þessari afgreiðslu, en það er bara ekki svo. Það sem að mínu mati er kannski hvað lakast er að eftir allan þennan tíma gerist það eina ferðina enn að undir lokin koma fram tillögur um allverulegar efnisbreytingar og nýjar áherslur í þessum efnum sem síðan er verið að keyra í gegn á tiltölulega skömmum tíma og að tiltölulega lítt athuguðu máli. Það er mjög slæmt. Manni er umhugsunarefni hvort þetta hafi virkilega þurft að vera svona í ljósi þess að þetta endurskoðunarstarf var sett af stað með ákvæði til bráðabirgða í lögum sem afgreidd voru í maímánuði 1990, fyrir sléttum fjórum árum. Varla verður því borið við tímaskorti eða nauð af því tagi að ekki hafi verið hægt að vinna þetta öðruvísi.

Ég og við höfum margoft, hæstv. forseti, á þessu kjörtímabili gagnrýnt málsmeðferð hæstv. ríkisstjórnar og harmað það ólánlega verklag sem hún kaus sér, að loka málið af í þröngum hópi flokksgæðinga stjórnarliðsins og missa af samstarfi við stóra hagsmunaaðila eins og sjómannasamtökin. Uppskeran er því miður að verða eins og til var sáð með þessum mislukkuðu vinnubrögðum og það ber að harma.

Margt fleira, hæstv. forseti, hefði verið ástæða til að taka aðeins fyrir af því að flokkarnir hafa í dag, ekki síst Framsfl. og að nokkru leyti einnig Alþfl., verið að fara yfir sína hlutdeild í þessum málum og stefnu. Menn eru mikið í því að gefa hver öðrum einkunnir. Það er t.d. dálítill gorgeir í Framsfl. í þessum málum. Það er eiginlega ekki hægt að nota um það annað réttara íslenskt orð. Þeir koma hér upp unnvörpum eins og þeir hafi einhvern meiri og ríkari rétt til að fara með hina einu réttu skoðun á þessu sviði en aðrir (**Gripið fram í:** Þú hefur sagt að við berum ábyrgð á þessu.) og miklast gjarnan af mikilli ábyrgð sinni á málinu. Nú má í ljósi sögunnar líka velta því fyrir sér hvar sú ábyrgð liggur því að það var nákvæmlega eins hjá hv. þm. Halldóri Ásgrímssyni og núv. hæstv. sjútvrh. að það urðu örlög hans í hvert einasta skipti sem kvótafrv. var afgreitt að það sætti alls konar hremmingum í meðförum á þinginu og endaði sem niðurstaða einhverrar málamiðlunar, oft og iðulega í samningum ekki bara milli stjórnarflokkanna heldur líka við stjórnarandstöðu því að þær aðstæður voru iðulega uppi að fylkingar riðluðust þannig. En framsóknarmenn eru sælir í þeirri trú að þeir séu þarna miklir örlagavaldar og það er í sjálfu sér alveg ástæðulaust að ræna þá þeirri fullnægju sem þeir fá af því.

Hitt er náttúrlega miklu lakara ef menn falla í þá gryfju sem stundum vill brenna við að menn sjáist ekki fyrir í sjálfsánægjunni og fari að tala eins og þetta hafi allt saman meira og minna verið fullkomið og sé það. Mér finnst menn að sjálfsögðu hafa fullan rétt á því að gagnrýna og vera á móti hugmyndum sem fram eru bornar, hvort heldur er af ríkisstjórn eða þingmönnum úr öðrum flokkum, um einhverjar lagfæringar eða breytingar á þessu kerfi. Það fer að vonum að menn séu eftir atvikum hrifnir af slíku eða ósammála. En hitt er mjög slæmt ef menn sjást ekki fyrir í málflutningi í þeim skilningi að þeir tali eins og kerfið sé fullkomið og að viðleitni manna til að finna á því einhverjar lagfæringar eigi þar af leiðandi að flokkast undir skemmdarstarfsemi. Þá eru menn á mjög hálum brautum í sínum málflutningi af því að það þýðir ekki að tala svoleiðis. Við verðum að horfast í augu við það alþingismenn að við erum enn að leita og við erum enn að skoða og við erum enn að mæta gagnrýni og árekstrum sem verða í þessu kerfi og sjálfsagt verður það alltaf þannig. (**JGS:** Og getur ekki verið öðruvísi.) Og getur ekki orðið öðruvísi. Það er sennilega kjarninn í þessu máli vegna þess að hér er um ákaflega vandasamt verkefni um að ræða þar sem skarast ólíkir hagsmunir af ýmsum toga, ólíkra hagsmunahópa landshluta og sjónarmiða. Þannig verður það að niðurstaðan af uppskeru okkar verður örugglega alltaf í formi málamiðlana, það verður niðurstaðan af okkar puði hér. Spurningin er bara hvernig, hvar liggur hún og eru menn að finna þar einhverjar sanngjarnar leiðir.

Ég hef orðið æ leiðari á því, hæstv. forseti, eftir því sem árin hafa liðið í þessu kvótastagli öllu hversu fastir menn verða á köflum í því sem ég kalla „viðjar kerfisins", í hinum kerfislæga hugsunarhætti, hinni kerfislægu nálgun í þessu máli af því að ég held að það sé hættulegt í þessum efnum eins og svo mörgum fleirum að taka oftrú á kerfi. Heldur eigi menn alltaf og ævinlega að reyna að komast eins og út úr viðjum kerfisins upp á næsta hól við hliðina, horfa þaðan yfir sviðið og spyrja sig: Hvert er viðfangsefnið og hvernig nálgumst við það? En ekki að festast í viðjum kerfisins. Það hefur reynst illa bæði austan hafs og vestan og innan lands og utan að festast fastur í viðjum kerfis og gerast mjög kerfislægur í nálgun sinni að viðfangsefnunum. Það hafa menn því miður gert á Íslandi í stórum stíl. (**JGS:** Verður þá að vera sem frjálsast framsal í kerfinu?) Það er nú ekki víst að það kerfi sé í sjálfu sér betra en annað, það er líka kerfi. Umræðan hefur haft tilhneigingu til að gerast staglkennd með eða á móti kvóta. Ég segi það aftur sem ég sagði í 1. umr. málsins, hæstv. forseti, að ég hef aldrei tekið trú til eða frá, með eða á móti kvóta. Ég hef ekki tekið trú á kvótakerfi, aflamark, frjálst framsal, en ég hef heldur í sjálfu sér ekki tekið neina trú gegn því af því að þetta er kerfi eins og önnur sem hefur kosti og galla.

Það er hins vegar sífellt í gangi tilhneiging til að stilla mönnum upp í einhverjar tvær fylkingar eða arma og þetta sé bara spurning um að vera kaþólskur eða mótmælandi og ekkert þar á milli. Það sé bara alveg bannað.

Alþfl. hefur ekki verið mjög fyrirferðarmikill í þessari umræðu. Það er nokkur skaði af því að þeir alþýðuflokksmenn telja sjálfan sig stundum og eru jafnvel að reyna að telja öðrum trú um að þeir hafi stefnu í þessum sjávarútvegsmálum sem sé göfug og merk og öðruvísi en hjá öðrum og skýr og allt það. Ég segi bara það að hún hefur ekki komið fram í þessari umræðu. Ég hef marglýst eftir stefnu Alþfl. í sjávarútvegsmálum. Ég hef beðið talsmenn Alþfl., t.d. er einn hér viðstaddur, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, að koma hér upp og útskýra stefnu Alþfl. í stuttu máli — það hlýtur að vera hægt úr því að hún er svona merkileg og einföld og skýr og allir sammála um hana — stefnuna t.d. með auðlindaskattinn. Á hvaða grundvelli á auðlindaskattur Alþfl. að byggja? Á hann að byggja á núverandi kvótakerfi? Á hann að byggja á uppboði veiðiheimildanna á markaði þar sem hver sem er getur keypt eða á hverju? (Gripið fram í.) Hún er bara ekki til, hv. þm., því miður, því að á öllum þeim stöðum og stundum sem ég hef borið fram þessa spurningu hafa aldrei komið fram nein svör. Staðreyndin er sú að Alþfl. hefur enga stefnu í þessum málum nema þessa einu fyrirsögn, þennan eina samnefnara, auðlindaskatt, sem þeir hafa svo aldrei lagt í neina vinnu að útfæra hvernig eigi að framkvæma. Er þetta flokkur sem hefur efni á því að tala digurbarkalega eða niður til ann-

arra sem hafa verið að sinna þessum málum? Ég segi nei.

Sjálfstfl. og hæstv. sjútvrh. hafa líka stundum fallið í þá gryfju að tala digurbarkalega eins og sá sem valdið hefur í þessum málum og eins og sá sem væri búinn að taka rækilega til heima hjá sér og gæti leitt hvaða gest sem er inn í sitt hús og þar fyndist hvergi kusk undir teppi. (**Gripið fram í:** Það var áður en ...) Það hefur sennilega verið áður en sextánmenningarnir fluttu sitt frv. og margt fleira gerðist. Nú gæti maður spurt ef maður vildi vera kvikindislegur, sem ég að vísu ekki ætla að vera, m.a. með tilliti til þess að það er nokkuð farið að líða á nótt: Bendir lendingin í þessu máli og sálarástand Sjálfstfl. út og suður í kringum hana til þess að sjútvrh. hafi haft efni á því að fyrir sína hönd og síns flokks að setja sig á hærri hest en aðrir menn í þessum efnum? Ég held ekki. Ég held að sú mikla magalending sem er að verða í þessum málum hjá hæstv. sjútvrh. gefin engin tilefni til slíks. Niðurstaðan er því væntanlega sú að langskynsamlegast er að ræðast við með einhverjum rökum um þessi mál og sýna því viðeigandi tillitssemi að hér er á ferðinni stórt mál, snúið og vandasamt sem flestum hefur gengið erfiðlega að höndla hinn eina stóra sannleik gagnvart.

Það sem ég svo að lokum, hæstv. forseti, ætla að leyfa mér að segja er það að nú er meira og minna að verða ljóst hver verður niðurstaðan og lendingin í sjávarútvegsmálum á þessu kjörtímabili því það er senn á enda og Alþfl. hefur ákveðið að flýta sínu flokksþingi til að undirbúa kosningar í haust. Í leiðara Dagblaðsins í dag frekar en í gær, nú er ofurlítið erfitt að henda reiður á sólarhringunum þessar stundirnar, hæstv. forseti, er því bersýnilega slegið föstu að þetta stjórnarsamstarf sé búið og eingöngu tímaspursmál hvenær hér dynja á kosningar. Þannig að mjög líklegt er í öllu falli, jafnvel þó að það dragist eitthvað fram á árið og yrði þess vegna öðru hvoru megin við næstu áramót, að við séum í síðustu umræðulotunni um sjávarútvegsmál á þessu kjörtímabili sem merktar verða þessari ólánssömu ríkisstjórn sem þjóðin losnar senn við. Þá er manni það náttúrlega umhugsunarefni hvernig hefur tekist til og hver uppskeran er. Hún er mögur, hún er afar mögur. Hún er satt best að segja sú allra slakasta fyrir hönd þessa málaflokks og þessarar atvinnugreinar sem skilað hefur verið á einu, næstum fullu, kjörtímabili í langan, langan tíma. Í langan tíma leyfi ég mér að fullyrða. Ég held að skýringin sé ekki sú að núv. hæstv. sjútvrh. sé sérlega mislukkaður umfram aðra menn sem sjútvrh., sem slíkur, sem pólitískur einstaklingur ef svo má að orði komast, það held ég ekki. Ég held að hæstv. ráðherra hafi verið vel meinandi og þokkalega þenkjandi um þessi mál eftir atvikum. Ríkisstjórnin sjálf og það samstarf hefur frá upphafi verið ógæfulegt en aðalástæðan að mínu mati er sú að ríkisstjórnin valdi frá byrjun vitlaust verklag í þessum málum. Vitlaust verklag. Þess vegna leyfi ég mér í lokin, hæstv. forseti, að vona að af þessu hafi menn nokkuð lært, og þar á meðal núverandi hæstv. sjútvrh. og þeir flokkar sem að ríkisstjórninni standa, að í grundvallarmáli af þessu tagi þegar í húfi er undirstaðan fyrir mikilvægustu atvinnugrein þjóðarinnar þá er það ekki mál til þess að meðhöndla á þann hátt sem ríkisstjórnin hefur gert að leggja nánast grunninn að flokkspólitískum átökum um málið ef ekki faglegum líka. Því það að hefur því miður orðið niðurstaðan mestallan tíma þessarar stjórnar að hagsmunasamtökin og hinir faglegu aðilar hafa deilt harkalega í málunum og ekki verið í færum til að tala saman.

Af þessu öllu ættu menn að læra það að þetta eru ómöguleg vinnubrögð. Það á að leggja höfuðáherslu á það að draga alla stjórnmálaflokka og alla helstu hagsmunaaðila saman að viðræðuborðinu þegar þessi mikilvægu mál eru til umfjöllunar. Auðvitað er það þannig að fyrir íslensku þjóðina er ekkert eitt atriði mikilvægara hvað atvinnumál og efnahagsmál snertir en það að sæmilega vel og farsællega takist til um málefni sjávarútvegsins. Í samræmi við það eiga menn að vanda vinnubrögð sín, þau þurfa að vera lýðræðisleg, þau þurfa að miða að sem mestri og breiðastri samstöðu um þessi mál en það hefur þessari ríkisstjórn því miður algjörlega mistekist. Hún hefur í þeim efnum uppskorið eins og hún hefur til sáð og það ber að harma.

[01:30]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni fyrir þessa ágætu ræðu vegna þess að ég tel að þingmaðurinn hafi farið nokkuð vítt yfir sviðið og gert nokkuð ljósa grein fyrir því hver afstaða einstakra stjórnmálaflokka er til þessa fiskveiðistjórnunarkerfis.

Ég ætla ekki að blanda mér frekar í þá umræðu enda er nokkuð áliðið en þó að segja fáein orð varðandi það að þingmaðurinn taldi að ég hefði oftúlkað þá samstöðu er framsóknarmenn hefðu náð um það stjórnunarfyrirkomulag um fiskveiðarnar sem menn kalla í daglegu tali kvótakerfi. Það var alls ekki af minni hálfu um neina oftúlkun að ræða. Þegar menn líta yfir þessa sögu, svo ég noti orð hv. þm., þá er það svo að saga Framsfl. í þessu og saga kvótakerfisins er mjög samtvinnuð og hún er vörðuð — það er hárrétt hjá hv. þm. — málamiðlunum og sáttargjörð. Það er alveg nauðsynlegt að stjórnmálaflokkarnir og hagsmunaaðilarnir leggi það á sig að ná samstöðu í þessum málum.

Það hefur náðst og náðist í tíð Framsfl. mjög víðtæk samstaða milli hagsmunaaðila, milli útgerðarmanna, milli sjómanna og milli fiskvinnslumanna um það fyrirkomulag sem náðist að lokum samstaða um að lögfesta árið 1991. Fulltrúar þingflokkanna sem þá áttu sæti á Alþingi komu að því líka. Það var bærileg samstaða við þessa fulltrúa. Aftur á móti er það svo að innan þingflokkanna er ákveðinn ágreiningur. Framsfl. hefur ávallt í atkvæðagreiðslum á þingi og þegar á hefur þurft að halda staðið saman sem einn um það að koma þessum málum í gegnum þingið. Það hefur aldrei komið fyrir að nokkur þingmaður Framsfl. hafi greitt atkvæði gegn eða setið hjá við afgreiðslu fiskveiðistjórnunarfrumvarpanna þegar þau hafa verið borin fram undir forustu Framsfl.

[01:32]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vek athygli á því að það orðalag sem ég notaði var orðið oftúlkun og þá er maður auðvitað að segja að túlkun er auðvitað túlkunaratriði. Ég tel að hv. þm. Finnur Ingólfsson hafi tekið of sterkt til orða og gefið það um of í skyn í ræðu sinni í dag að um þetta hafi verið nánast allsherjarsátt og samkomulag allan þann tíma sem Framsókn fór með þessi mál. Því miður var það ekki svo eins og ég hef margsagt.

Ég held að það sé rétt að á köflum, a.m.k. þegar skást gekk í þeim efnum, hafi ástandið verið mun skárra en það er núna. Ég held að það sé út af fyrir sig alveg ljóst. En þá er á hitt að líta að það hefur verið að krauma undir mjög mikil óánægja, t.d. núna síðustu missirin. Það er ekki hægt að horfa fram hjá því og ástandið orðið mjög rafmagnað eins og til að mynda viðtökurnar við tillögum tvíhöfða nefndar og frægir hitafundir þegar þeir snillingarnir riðu um héruð (**JGS:** Og rifu kjaft.) svo dæmi sé tekið og orðsendingar og einkunnir sem þeir fengu til að mynda á fundi á Vestfjörðum eru manni nokkuð minnisstæðar.

Ég ætla ekki að fara í deilur við hv. þm. Finn Ingólfsson af því að hann er einu sinni úr Framsfl. en ekki ég um það hvort það sé svo að Framsfl. hafi alltaf verið heill og óskiptur í öllum atkvæðagreiðslum hér um afgreiðslu kvótakerfisins. Mér eru þetta fréttir ef satt er. Þannig hafði það stimplast inn á mín minnisspjöld að a.m.k. þingmenn Framsfl. af Vestfjörðum hefðu á köflum haft sérstöðu í þessu máli, eins og reyndar Vestfjarðaþingmenn í öllum flokkum. Ég veit að vísu að nafni minn ágætur og vinur, hv. fyrrv. þm. og hæstv. fyrrv. ráðherra, Steingrímur Hermannsson, mun oftast hafa greitt atkvæði og kannski alltaf með kvótanum, en hann hefur í ræðu og riti hins vegar sagt að hann hafi haft um það miklar efasemdir eins og hann er öðrum mönnum snjallari í að gera.

[01:35]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér alveg hárrétt hjá hv. þm. að það var farið að krauma undir hjá ýmsum hagsmunaaðilum upp á síðkastið. Það er ekkert skrýtið vegna þess að staðreyndin er sú að þessi ríkisstjórn hefur verið með slík lausatök á þessum málum með því að setja málið hvað eftir annað í nefnd, senda síðan nefndarmenn hingað og þangað um landið til að kynna niðurstöðu sem þó var alls ekki vitað hvort ætti að lögfesta og leggja síðan fram á Alþingi frv. sem mörg fyrirtæki hafa síðan byggt sínar aðgerðir á. Síðan koma brtt. við þetta frv. og fótunum er kippt undan öllum þeim aðgerðum sem þessi fyrirtæki hafa gripið til. Þetta hefur skapað óvissu hjá fyrirtækjum og það er útilokað fyrir atvinnulífið að búa við slíkt.

Þetta var ekki, hv. þm., með þessum hætti þegar Framsfl. fór með þessi mál. Það er það sem skilur á milli. Sú breyting kemur einmitt glöggt fram og kristallast í þessari umræðu því það er bara við einn hagsmunaaðila sem sátt er um þær breytingar sem núna er verið að leggja til, þ.e. við sjómannasamtökin. Allir aðrir, útgerðarmenn og fiskvinnslumenn, eru á móti þessu. Það hefur því ekki einu sinni tekist að ná samstöðu við hagsmunaaðila í málinu, hvað þá við stjórnmálaflokkana sem núna sitja á þingi. Það er því auðvitað gjörbreyting á málsmeðferð allri.

[01:37]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg út af fyrir sig að við getum vel sæst á það, ég og hv. þm. Finnur Ingólfsson, að ástandið hafi verið skárra í öllu falli í tíð fyrrv. hæstv. sjútvrh. og á fyrri kjörtímabilum heldur en það hefur verið núna. Ég held að það sé alveg rökrétt niðurstaða. Auðvitað er þetta búið að vera með afbrigðum ótútlegt, ef svo má að orði komast, nú á síðustu missirum og ástandið óþolandi og illviðunandi. Það er alveg rétt sem hér var sagt að um þessa afgreiðslu, eins og ég reyndar fór yfir í minni ræðu, er ekki nokkur sátt, bullandi ágreiningur og hver höndin upp á móti annarri. Það er dapurleg niðurstaða svo ekki sé nú minnst á ósköpin, viðhengið, meðlagið til Alþfl., Þróunarsjóðinn. Ég var að fara í gegnum umsagnirnar um hann áðan og það finnst ekki einn einasti stuðningsaðili málsins. (**JGS:** Það er ekki alveg rétt.) Jú, jú, þetta er svona, nema ríkisstjórnin sjálf og stjórnarflokkarnir. Auðvitað er þetta alveg hörmuleg staða. Við skulum ljúka þessum orðaskiptum, ég og hv. þm. Finnur Ingólfsson með því að sættast á það heilum sáttum að ástandið hafi verið mun skárra í tíð fyrrv. hæstv. sjútvrh.

[01:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef fylgst nokkuð grannt með umræðum um sjávarútvegsmál í vetur og reyndar tekið nokkurn þátt í þeim og það hefur vakið nokkra athygli hjá mér að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon hefur nánast forðast það eins og heitan eld í þessari umræðu í vetur að gefa nokkuð upp um það hver væri hans skoðun varðandi þær aðgerðir sem nú þyrfti að grípa til og hvað þyrfti yfir höfuð að gera enda dæsti hv. þm. og lýsti yfir miklum feginleika þegar hann var búinn að mæla fyrir nál. og brtt. þingmanna Alþb. í þessari umræðu.

Nú gekk hv. þm. hins vegar lengra í þessari ræðu en áður þar sem hann lýsti þeirri skoðun sinni að hann væri hvorki með eða á móti aflamarkskerfinu. Ég hlýt því að spyrja hv. þm. hvort þetta þýði það að hann hafi horfið frá þeirri stefnu Alþb. sem var birt í frumvarpsformi sem fylgirit með þáltill. þeirra um stjórn fiskveiða þar sem var sett fram alveg ákveðin stefna sem byggðist á flóknu samspili sóknarmarks og aflagjalda og hvort það beri að skilja þessi ummæli þingmannsins sem svo að hann hafi klofið sig frá samnefndarmanni sínum í sjútvn. Á hv. þm. Jóhanni Ársælssyni er enginn bilbugur á og það hefur sýnt sig í tveimur ræðum hér í dag. Á honum er enginn bilbugur hvað það snertir að í núverandi kvótakerfi sjái hann enga glætu.

[01:40]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hendir stundum hv. 6. þm. Norðurl. e., Jóhannes Geir Sigurgeirsson, að hann vill taka menn í yfirheyrslur. Hann hefði sennilega farið vel sem sýslumaður eða prófdómari því hann hefur gaman af að taka menn upp. (**Gripið fram í:** Hann var kennari.) Hann var víst kennari er upplýst hér og skýrir það kannski nokkuð. En nú er það reyndar ekki hlutverk hv. þm. að standa fyrir yfirheyrslum á ræðumanni og ekki heldur í sjálfu sér nema þá bara tilraunarinnar virði hjá hv. þm. að reyna að barna þannig minn málflutning eða túlka hann að honum takist í einu stuttu andsvari að sanna að ég hafi enga skoðun á sjávarútvegsmálum og þar fram eftir götunum. Auðvitað hef ég það. Ég hef bæði í ræðu og riti, blaðagreinum, þingmálum og með fjölmörgum öðrum hætti lýst viðhorfum mínum til þeirra mála og ég þori alveg óhræddur að leggja fram litteratúrinn á móti hv. þm. Þó það væri sett í akademíu til prófunar og ef við værum báðir að sækja um stöður í sjávarútvegi þá þori ég sem háskólamenntaður maður alveg að fara í samjöfnuð um það. Ég tel að mitt greinasafn, minn litteratúr, mundi standast alveg fyllilega samjöfnuð. Þannig er nú það. Auðvitað hef ég haft mínar áherslur og ég hef líka reynt að vera samferða því sem hefur verið stefna míns flokks á hverjum tíma og átt þátt í að móta hana.

Ég bið hv. þm. að snúa ekki þannig út úr orðum mínum að ég hafi áðan verið að segja að ég væri hvorki með eða á móti aflamarkskerfi. (**JGS:** Þú sagðir það áðan.) Það sagði ég ekki, hv. þm. Það sem ég sagði var að ég hefði aldrei tekið trú á kerfið. Það hefði aldrei orðið trúaratriði hjá mér að vera annaðhvort kvótamaður eða ekki kvótamaður því ég væri að reyna að forðast hina kerfislægu nálgun í þessum efnum. Við skulum þá bara lesa í gegnum þetta þegar þetta kemur prentað í þingtíðindunum.

Varðandi það fylgiskjal sem fylgdi með þáltill. Alþb. fyrir ári síðan þá hefur það bara nákvæmlega þá stöðu sem þar var til stofnað. Það var fylgiskjal með tillögu. Og það var tillagan sem við flm. berum ábyrgð á. Fylgiskjalið var hvorki kynnt né ætlað að vera fram sett sem afgreidd stefna flokksins.

[01:43]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það var fróðlegt að heyra hv. þm. afneita því fylgiskjali sem fylgdi tillögu flokksins á síðasta ári. Hv. þm. fór yfir það sem þingmaðurinn hefur sett fram, bæði í ræðu og riti um þetta mál. Þá vil ég minna hv. þm. á það að einhverjum vikum eða mánuðum, nú man ég ekki alveg tímasetningarnar, eftir að Alþb. lagði fram þáltill. sína með fylgiskjalinu, frv., þá kynnti hv. þm. þá stefnu sem sína á fundi um sjávarútvegsmál sem Háskólinn á Akureyri efndi til og hv. þm. var bæði með framsögu og sat fyrir í panelumræðum. (**SJS:** Tillagan var flutt á eftir ráðstefnunni.) Ef þetta var rangminni og tillagan flutt á eftir ráðstefnunni þá kemur nú heldur betur í ljós að hv. þm. hefur verið guðfaðir þessa tillöguflutnings sem hann var að afneita í ræðustól fyrir nokkrum mínútum.

[01:44]

Frsm. 1. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að við, ég og hv. þm., þyrftum lengri tíma og kannski aðrar aðstæður til að fara út í þessa sögu ef við ætlum að fara í gegnum það með tæmandi hætti. Það er allt á sínum stað að fara í umræður um það. Ég endurtek bara að það dugar ekki og tommar ekki hjá hv. þm. að ætla sér að afgreiða þessi mál bara si svona í örstuttum andsvörum. Ég held að hv. þm. þurfi að rifja þetta betur upp. Hann greinilega misminnir nokkuð, m.a. um tímaröð atburða. Ég get lagt fram fyrir hann og afhent honum ef hann vill ræðu mína frá ráðstefnu Háskólans á Akureyri um sjávarútvegsmál. Ég man að ég lagði talsverða vinnu í þá ræðu og hún var allmikil að vöxtum. Þar rakti ég m.a. sögu sjávarútvegsstefnumótunar í Alþb., allt frá dögum Lúðvíks Jósepssonar og fram til dags dato. Sú þál. sem hefur verið gerð að umtalsefni af hv. þm. var síðan flutt nokkru síðar.

Ég tel að þarna sé að tvennu að hyggja. Annars vegar er það svo að flokkar sem halda saman sem stjórnmálaflokkar eru auðvitað að móta sína stefnu og menn eru oft þátttakendur í málamiðlunum innan sinna flokka. Þar fyrir utan er það svo, a.m.k. í Alþb. en kannski ekki í Framsfl. af vissum ástæðum, að menn hafa leyfi til að hafa í sjálfu sér persónulegar skoðanir og áherslur í þeim málaflokkum. Ég hef nýtt mér rækilega það frelsi í mínum flokki á undanförnum missirum. Ég hef til að mynda skrifað blaðagreinar um öll helstu viðfangsefni sjávarútvegsmálanna á umliðnum missirum, um Þróunarsjóð sjávarútvegsins og fiskveiðistefnu, um úthafsveiðar og fjölmargar aðrar og birt það í Morgunblaðinu því Morgunblaðið tekur vel við umfjöllun um sjávarútvegsmál. Auðvitað er ég þar með að lýsa mínum viðhorfum og minni stefnu út af fyrir sig. (Forseti hringir.) Hún er vonandi í öllum aðalatriðum í sæmilegu samræmi við stefnumörkun og málamiðlanir innan míns flokks en tjáir að öðru leyti að einhverju leyti mín persónulegu viðhorf og áherslur til málsins.

Hvernig eiga þingmenn að vinna? (Forseti hringir.) Hvernig eiga stjórnmálamenn að vinna öðruvísi en einhvern veginn svona? Eða er einhver önnur formúla til í Framsfl. sem „funkerar" einhvern veginn allt öðruvísi þannig að menn tali þar allir einum rómi? (Forseti hringir.) Er það svoleiðis að járnagi hv. 1. þm. Austurl. svífi þar svoleiðis yfir vötnunum að það sé bara kórvilla að hafa einhverja sjálfstæða skoðun í þessum málum? Það mætti helst halda það (Forseti hringir.) þegar hv. þm. er hér að tala. (Forseti hringir.) Hvað á þessi bjöllugangur að þýða, hæstv. forseti, er tíminn búinn?

(**Forseti** (VS): Hv. þm. er löngu búinn með tímann. Honum var mikið niðri fyrir.)

[01:47]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Nú vill þannig til að sá sem hér

stendur á eftir tvær ræður í þessari umræðu ef hann kærir sig um og hv. 4. þm. Norðurl. e. á eftir eina ef ég veit rétt. Við getum þess vegna tekið þessa umræðu fyrir áfram en ég sé í sjálfu sér ekki neina ástæðu til þess. Ég held að við í stjórnarandstöðunni ættum að beina kröftum okkar fyrst og fremst að stjórnarliðinu í sjávarútvegsmálum. (**SJS:** Ég fór ekki í andsvör við sjálfan mig.) Hv. þm. segist ekki hafa farið í andsvör við sjálfan sig. Það er alveg rétt en það hefur hins vegar verið þannig að þau skipti sem ég hef tekið til máls um sjávarútvegsmál í vetur þá hefur alltaf í það minnsta einn alþýðubandalagsmaður komið í andsvar og oftast tveir. Það er því líkt á komið hvað það snertir. En hv. þm. fannst ekki við hæfi að ég bæði um stefnu flokks hans eða hans í örstuttu máli en hafði samt undir lok sinnar ræðu gert þá kröfu til sessunautar síns, sem nú situr við hlið hans, að hann gerði í örstuttu máli grein fyrir stefnu Alþfl. í málinu.

Virðulegur forseti. Ég ætla að beina máli mínu fyrst og fremst til hæstv. sjútvrh. sem í þessu máli, ef ég man rétt, hefur tekið einu sinni til máls. Hæstv. sjútvrh. hélt einn ræðustúf, frekar stutta ræðu, og sú ræða gekk fyrst og fremst út á skammir á Framsfl. og þá ræðumenn sem hefðu talað frá þeim flokki. Eða e.t.v. er ég að stökkva á milli mála, kannski var þessi ræða haldin í umræðunni um nefndina, það gæti verið og þá hefur hæstv. sjútvrh. ekkert talað í þessari umræðu. En alla vega var málið allt saman undir í þeirri umræðu og eina ræða hæstv. sjútvrh. sem hann hefur haldið í umræðunum um sjávarútvegsmál, sem hafa staðið í rúmlega tvo daga, (**Gripið fram í:** Það voru nú bara skammir.) gekk út á skammir, annars vegar á Framsfl. og hins vegar hóp manna sem hefur kallað sig atvinnumenn, væntanlega vegna þess að þeir telja sig vera að berjast fyrir því sjónarmiði að okkar sjávarútvegur skapi sem mesta atvinnu. Það var hinn hópurinn sem hæstv. sjútvrh. sá ástæðu til að tala svona dálítið hressilega utan í. Þó eru í þeim hópi einstaklingar, forustumenn í sjávarútvegi, sem ég hefði talið að væru í hópi og hefðu verið í hópi hans nánustu samstarfsmanna ef ekki ráðgjafa í sjávarútvegsmálum. Misminnir mig að einn úr þeim hópi hafi lagt upp í upphafi þessa kjörtímabils sem aðstoðarmaður ráðherrans? Er það misminni? (Gripið fram í.) Nei, það ku vera rétt. (**SJS:** Og entist ekki viku.) (**Gripið fram í:** Hver?) Arnar Sigmundsson. Hann var í hópi atvinnumannanna.

(**Forseti** (VS)**:** Nú finnst forseta vera orðið heldur mikið spjall í salnum og biður hv. þm. að gefa ræðumanni hljóð.)

Virðulegur forseti. Ræðumaður hefur út af fyrir sig ekkert við þetta að athuga.

(**Forseti** (VS)**:** En forseti hefur það.)

Það gerir umræðurnar bara heimilislegri og styttir oft á tíðum langar nætur að menn geti haft orðaskipti á þennan hátt.

En þetta voru hóparnir sem hæstv. sjútvrh. sá ástæðu til að ræða við úr ræðustól og það ekkert í neinum vinsamlegum tón. Í gegnum tíðina hafa kannski öðrum fremur Framsfl. og hluti Sjálfstfl., sá hluti sem hæstv. ráðherra mun nú líklega tilheyra, borið hitann og þungann af því að koma í gegn þeim málamiðlunum sem hér hafa verið gerðar í sjávarútvegsmálum. Það eru kannski hin sögulegu tíðindi í þessari umræðu, svo ég grípi nú til orðatiltækja hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar sem reynar er hættur að sjást í þingsölum. Það eru kannski hin sögulegu tíðindi í þessu máli. Eftir ræðu hv. 4. þm. Vesturl. í dag get ég bara ekki gert annað en að óska hæstv. sjútvrh. til hamingju með nýja samstarfsaðila í þessu máli. Við því er í sjálfu sér ekkert að gera. Þeir eru saman í ríkisstjórn.

En það gengur náttúrlega ekki að 2. umr. um stjórn fiskveiða ljúki án þess að hæstv. sjútvrh. segi eitt einasta orð. Það segir kannski mesta söguna um stöðu hæstv. sjútvrh. í þessu máli, það sé búið að reka hann svo út í horn að hann treysti sér ekki lengur til að taka til máls þegar rætt er um sjávarútvegsmál í þingsölum.

Hæstv. sjútvrh. sagði í þeirri ræðu sem hann flutti, reyndar ekki í þessu máli heldur um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, að þetta væri eina leiðin. Það væri ekki sátt um neitt annað. Það hefur verið margrakið í þessari umræðu um hvað þessi sátt er. Þetta virðist vera sáttagerð við eina stétt, sáttagerð við sjómenn. Þó vil ég leyfa mér að draga í efa, og geri það m.a. af viðræðum mínum við sjómenn, að allir sjómenn séu sáttir séu við þennan gjörning. Það er svo forustumenn sjómanna í heilu landshlutunum segja hreint út að þar tíðkist ekkert af því sem menn kalla kvótabrask. Ég minni á ummæli forustumanna verkalýðsfélaga víða á landinu, síðast í Dagblaðinu í gær. Þá var ekki meiri sáttatónn í formanni Verkamannasambandsins en svo að hann benti á það að frá og með næstu áramótum væru samningar lausir. Það væri þá þrautalending landverkafólks að láta reyna á þetta mál í tengslum við kjarasamninga. Er þá ekki komin upp nákvæmlega sama staðan og var um síðustu áramót gagnvart sjómönnum?

Virðulegur forseti. Ég hlýt að varpa þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh.: Er ekki full ástæða til þess að láta frekar reyna á það hvort ekki er hægt að finna leið til meiri sátta í málinu? Ég geri mér fullkomlega ljóst að hér er um svo flókið og viðkvæmt hagsmunamál að ræða að það verður aldrei leyst þannig að allir aðilar verði fullkomlega sáttir.

Hæstv. ráðherra gerði mjög mikið mál úr þeim athugasemdum sem atvinnumannahópurinn hafði gert við frv. Nú er það svo að Þjóðhagsstofnun sendi frá sér plagg í dag sem er nokkuð sérstakt að vísu. Það er svona slegið úr og í í málinu og mér finnst þetta plagg að mörgu leyti þess eðlis að Þjóðhagsstofnun eigi ekki að senda frá sér plögg öðruvísi en að vinna þau meira. Hitt er alveg rétt að mjög margt af því sem sett er fram er matsatriði. Það er athyglisvert þegar atvinnumennirnir segja að vegna samdráttar í úthafsveiðum geti tapast allt að 1.500 störf. Þjóðhagsstofnun segir að þetta sé nokkuð vel í lagt. Hún segir ekkert um það hvað hún telji að mörg störf tapist. Mín máltilfinning segir mér að ef einhver segir að 1.500 sé nokkuð vel í lagt

þá væri þetta líklega svona 1.000–1.200. Ef við rýnum aðeins í tölur Þjóðhagsstofnunar þá er hægt að reikna það út út frá því sem þeir setja þar fram að þetta séu 1.000 manns. Það er alveg rétt að það er þá nokkuð vel í lagt að áætla að það séu 1.500 en Þjóðhagsstofnun staðfestir hér að hvað þetta atriði snertir geti verið um að ræða að það tapist 1.000 störf. (**Gripið fram í:** Hvar stendur það?) Hv. þm. spyr: Hvar stendur það? Það stendur hér, með leyfi forseta:

„Þá er fullyrt að ef úthafsveiðar sem skila 5 milljarða tekjum falli brott þá muni 1.500 störf tapast. 5 milljarðar eru 10% af aflaverðmæti fiskiskipaflotans en þar starfa tæp 7 þús. manns. Það er því nokkuð vel í lagt að áætla að 1.500 störf tapist af þessum sökum. Í greinargerð atvinnumanna er áætlað að alls tapist 5 þús. störf vegna samdráttar í úthafsveiðum, þ.e. heildarfjöldi starfa sem tapast vegna samdráttar í fiskveiðum verði rúmlega þrefaldur samdráttur starfa í fisveiðum. Í spálíkönum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir að sá fjöldi starfa sem tapist í heild sé 1,5-faldur sá fjöldi starfa sem tapast í fiskvinnslu."

Þetta er að vísu hægt að reikna út á tvennan hátt. Ég gerði þetta einfaldlega með því að taka 10% af 7 þús. og margfalda það með 1,5. Það er um 1.000. En af þeim tölum sem hér eru, annars vegar þeim sem tapast í sjó og hins vegar þeim sem tapast í landi, er rökréttara að draga þá ályktun að Þjóðhagsstofnun reikni dæmið þannig að fyrst tapist 700 störf við veiðarnar og síðan sú tala sinnum 1,5 sem er um 1.000 þannig að þarna sé um að ræða um 1.700–1.800 störf. Þannig er hægt að reikna það út úr þessum tölum, hv. þm. Það er vissulega nokkur munur á 1.750 og 5.000. Þó það væri ekki nema 1.750, hv. þm. Jóhann Ársælsson, þá er þar um að ræða mjög alvarlegan hlut. Þjóðhagsstofnun setur þetta að vísu fram á mjög óskýran hátt en ef maður rýnir í tölurnar og rýnir í það sem þær segja þá er þetta líklegasta niðurstaðan. Hins vegar eru það óviðunandi vinnubrögð af Þjóðhagsstofnun að setja þetta ekki fram á skýrari hátt úr því að hún fór á annað borð í það að birta hluta af þeim forsendum sem þeir vinna eftir og segja okkur hvaða reiknitölur þeir nota. Þetta ættu þeir að hafa í huga sem hafa talið sig geta notað þetta plagg til að slá öll vopn úr höndum atvinnumannanna.

Virðulegur forseti. Það sem ég ætlaði að víkja að í þessu sambandi er 15% reglan sem við framsóknarmenn fengum óvæntan stuðning við í dag að væri ekki réttmæt þegar hv. 11. þm. Reykn., Petrína Baldursdóttir, lýsti því yfir í ræðustól að hún hefði miklar efasemdir um að það væri rétt að staðið að setja þessa þrengingu inn í framsalsreglurnar. Hv. þm. hefur væntanlega rætt við útgerðarmenn og sjómenn á Suðurnesjum. Hv. þm. lýsti því líka yfir á mjög málefnalegan og heiðarlegan hátt að á meðan menn hefðu ekki sýnt fram á annað betra hlytu þeir að vinna eftir því kvótakerfi sem nú væri við lýði. — Nú sakna ég hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar, 5. þm. Austurl., talsmanns Alþfl. í sjávarútvegsmálum, en ég vona að hann eigi eftir að koma aftur í þingsal. En hér kemur hv. þm. — Ég var að vitna í góða ræðu hv. 11. þm. Reykn. í dag en síðan í andsvörum lýsti hún því yfir að á meðan menn hefðu ekki sýnt fram á annað betra þá hlytum við að vinna eftir því kvótakerfi sem nú væri við lýði. Hv. þm. sagði á heiðarlegan og hreinskilin hátt að Alþfl. hefði ekkert annað fram að færa í málinu. Hún var í raun að lýsa því yfir, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, að kenningar Alþfl. um að það væri hægt að stýra fiskveiðunum með auðlindaskatti væru algjörlega óútfylltar. Og ég vil leyfa mér að spyrja hv. þm.: Hvernig ætlar Alþfl. að stýra með veiðileyfagjaldi? Það er bara einföld spurning: Á það að vera þannig að menn verði látnir greiða aflagjald á úthlutaða kvóta eða á að vera frjálst uppboð á veiðiheimildunum? Ég geri ekki kröfu til að hv. þm. svari öðru heldur en þessu beint.

Virðulegur forseti. Nú missi ég þá út til skiptis, talsmenn Alþfl. og hæstv. sjútvrh. en ég hafði ætlað að ljúka þessari umfjöllun minni um 15% regluna á því að setja það fram sem mitt sjónarmið að á margan hátt væri betra að nálgast það sem menn ætluðu að nálgast með 15% reglunni, en ég tel misráðið hvernig menn ætla sér að fara þá leið, með því að setja lágmarkskvóta á skip. Það er mín skoðun að með því móti getum við náð málamiðlun sem sé miklu nær því að geta sætt sjónarmið sjómanna, fiskvinnslunnar og útgerðarmanna í dag. Ég tel, virðulegur forseti, að ef einhver slík leið er til sem getur betur sætt sjónarmið sjómanna, útvegsmanna, fiskvinnslunnar og landverkafólks þá beri okkur að skoða það. Það sé skylda Alþingis að gerð verði tilraun til að ná frekari sáttum í þessu máli. (**GunnS:** Þá fáum við okkur kaffi.)

Nú ætlar hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson að fá sér kaffi. Hv. þm. átti við mig nokkurn orðastað um smábáta í ræðu sinni að nóttu til fyrir nokkrum nóttum. Mér fannst hann afvegafæra nokkuð mín sjónarmið í því máli. Ég hef þá einföldu skoðun í því máli að ekki sé nokkur einasta vitglóra í því að taka frá 22 þús. tonn af þeim rúmlega 150 þús. sem við megum veiða af þorski og segja að þann hluta meigi ekki veiða á aðra báta en þá sem eru 6 lestir og minni. Þetta er svo glórulaust að það nær ekki nokkurri átt. Hins vegar er hægt að skoða hvort geti verið skynsamlegt að taka einhvern hluta af aflanum, hugsanlega allt að 20 þús. tonn á króka og handfæri. En að binda í lög að það verði að gerast á báta sem eru 6 tonn eða minni er algjörlega glórulaust á meðan þeir bátarnir sem eru þó í betri færum til að sinna þessu, bátar í kringum 10 tonn, standa á hleinum uppi á fjörukambi. Þetta er það sem stjórnarmeirihlutinn ætlar og vill lögfesta núna. (**GunnS:** Og Framsfl. lagði grunninn að.) Hv. þm. segir að Framsfl. hafi lagt að þessu grunn. (**GunnS:** En kláraði ekki.) Það var skoðun Framsfl. í allri þessari umræðu á síðasta áratug að við ættum að byggja á aflamarkinu. Ég held að þeir sem á árunum 1983–1984 höfðu atvinnu sína af smábátaútgerð væru betur staddir ef það hefði strax verið sett aflamark á allan flotann. Ég er þeirrar skoðunar að það hafi verið af misskilinni umhyggju fyrir þeim hluta flotans sem talsmenn þess að ekki mætti setja aflamark á þá vörðust því og hafa varist því enn. Það voru ekki framsóknarmenn, hv. þm., og það veit þingmaðurinn mætavel.

Ég hef einnig sagt úr ræðustól að sú ákvörðun sem nú er búið að taka þýðir ein og sér að þorskheimildir aflamarksskipa í upphafi næsta árs miðað við óbreytt heildaraflamark verði að lækka um um það bil 8%. Það hefur enginn hrakið við þessa umræðu. Þar á meðal 10 tonna bátarnir. Ég er sannfærður um að það á eftir að heyrast hljóð úr horni þegar þetta kemur fram á haustdögum.

Virðulegur forseti. Ég ætla síðan að ljúka mínu máli, sem hefur reyndar ekki verið mjög langt, á því að fara í gegnum afar sérstakan þátt í umræðunni í dag sem hefur nánast gengið út á það að ef mönnum hefur flogið sá möguleiki í hug að menn færu að flytja fisk eftir þeim vegum sem menn hafa verið að byggja upp á undanförnum árum þá hefðu menn líklegast ekki stutt þá aðgerð. (**SJS:** Það verður að fá samgrh.) Nú hefði eiginlega þurft að fá hv. þm. Gísla S. Einarsson hingað en ég býst við að hv. þm. hafi notfært sér samgöngubæturnar og rennt til síns heima í kvöld. (**Gripið fram í:** Hann er vonandi að horfa á Sýn.) Og ég verð að vona að hann sé að horfa á Sýn. En að öllu gamni slepptu þá geta menn ekkert litið fram hjá þeim stórkostlegu framförum sem urðu í samgöngumálum í landinu á framsóknaráratugunum. (**Gripið fram í:** Nú.) Ef við rifjum það aðeins upp að í upphafi þeirra áratuga var komið bundið slitlag líklegast alla leið austur til Hveragerðis, ef ég man rétt og steyptur vegur til Keflavíkur og annað ekki. En menn geta ekki horft fram hjá þessari staðreynd og það hefur ekkert komið fram í þessari umræðu sem segir mér hvernig menn geta með *breytingu á lögum um fiskveiðistjórnun* komið í veg fyrir að afla sé ekið milli landshluta. Það er einfaldlega ein af grunnhugsununum þegar rætt er um samgöngubætur og bak við samgöngubætur að auðvelda streymi á vöru, bæði fullunninni og hráefnum, á milli staða og landshluta. Það er einu sinni svo að fiskurinn er hráefni í okkar mikilvægustu atvinnugrein.

Virðulegur forseti. Það væri í sjálfu sér hægt að halda lengri ræðu en ég sé ekki ástæðu til þess. Það sem varð þess valdandi fyrst og fremst að ég kvaddi mér hljóðs var að hæstv. sjútvrh. hafði ekki sagt eitt einasta orð í umræðunni. Við erum í sjálfu sér engu nær um skoðun hæstv. ráðherra og um það hvort þær umræður sem hafa farið fram í þinginu hafa farið fram úti í þjóðfélaginu um þau sjónarmið sem hafa verið sett fram af áhrifamiklum aðilum eins og Verkamannasambandinu og af hópi manna sem af dugnaði og ég vil segja miklum heilindum hafa staðið í því að byggja upp fyrirtæki sem hafa verið að eflast og fjölga sínu starfsfólki.

Það kann vel að vera að þeim aðilum hafi verið svo brugðið og svo mikið niðri fyrir þegar þeir sáu framan í tillögur ríkisstjórnarinnar að þeir hafi farið nokkuð offari í sínum málflutningi. Það breytir hins vegar engu um það að í grundvallaratriðum er það rétt sem þeir aðilar hafa sett fram. Enda eru það aðilarnir sem hafa reynslu og þekkingu. Það eru ekki aðrir aðilar sem eru í betri færum til þess að meta áhrif þessara tillagna en þeir aðilar sem standa að atvinnumannahópnum. Ég tel að það séu ekki aðrir íslenskir aðilar í betri færum til þess. Þegar þeir eru auk þess studdir af verkalýðsfélögum á þeim stöðum þar sem þeir vinna og reyndar af Verkamannasambandinu í heild þá er það skylda okkar að taka tillit til þessara sjónarmiða. Við hljótum að leita eftir því við hæstv. sjútvrh. í lok þessarar umræðu hvort hæstv. ráðherra er tilbúinn að taka eitthvert tillit til þessara aðila.

[02:15]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu rétt hjá hv. þm. Jóhannesi Geir Sigurgeirssyni að það þurfi að taka tillit til og hlusta á svokallaða atvinnumenn sem sendu frá sér plagg um áhrif þessara breytinga á sjávarútveginn. En ef maður les það plagg sem þeir sendu frá sér þá draga þeir tilteknar ályktanir á grundvelli ákveðinna forsendna sem þeir setja fram og ályktanir geta aldrei orðið betri heldur en þær forsendur sem þeir gefa sér fyrir þeim ályktunum. Og það hefur komið berlega í ljós í umræðum bæði í þingsalnum og eins í nefndinni að þær forsendur sem þeir byrja á að gefa sér standast ekki og þess vegna standast ekki ályktanirnar heldur. Þetta á t.d. við um úthafsveiðarnar og ekki síst vegna þess að veiðiskyldan er einmitt minnkuð fyrir þau skip sem eiga að stunda úthafsveiðar. Áhrifin af þeim takmörkunum á framsali sem um ræðir í brtt. eru hvergi nærri því slík að þau takmarki á einn eða annan hátt úthafsveiðarnar. Þess vegna er í sjálfu sér engin ástæða til að draga þær ályktanir sem þeir gera um fækkun starfa. Þvert á móti má búast við því að störfum geti fjölgað frekar en hitt á íslenskum skipum ekki síst ef þau skip sem verið er að tala um að fái að koma inn á íslenska skipaskrá fá að koma inn. Þá treysti ég því að Framsfl. muni styðja það af miklum heilindum.

[02:17]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég benti á það í ræðu minni áðan að við hefðum álitsgerð Þjóðhagsstofnunar sem segði að vísu ekki að það töpuðust 5 þús. störf vegna samdráttar í úthafsveiðum heldur, ef maður tekur þeirra *forsendur og reiknar út frá þeim*, 1.700–1.800. Það fer því ekkert á milli mála að menn eru sammála um þetta.

Ég hygg reyndar einnig að hv. þm. sé sammála mér í því að viðskiptin tonn á móti tonni hafi dregið mjög úr útflutningi á óunnum fiski. Það er alveg ljóst að aðilar málsins eru engan veginn sammála á þessu stigi núna um hvað fyrirhuguð lagasetning þýðir hvað þetta snertir. Ég tel því að kjarninn í því sem atvinnumannahópurinn setti fram standist þó menn geti greint á um það í stærðum hverjar afleiðingarnar verði.

Það er alveg rétt hjá hv. þm. að það getur farið svo að *störfum við fiskveiðar fjölgi eitthvað ef tillögur ríkisstjórnarinnar* ná fram að ganga. En ég er ansi hræddur um að ef það gerðist út frá þeim forsendum sem þar eru gefnar mundu tekjurnar lækka verulega fyrir hvern einstakan sjómann ef ganga á þá braut, sem er verið að marka með þessum breytingum, að þrengja framsalsheimildirnar verulega og skylda hvert skip til að veiða í meira mæli sínar heimildir sjálft.

[02:19]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er ljóst að það er ekki verið að þrengja framsalsheimildirnar verulega. Það eina sem stendur á milli Framsfl. og Sjálfstfl. í þessu máli sem máli skiptir er spurningin um kvótabankana. Það er algjörlega hægt að lifa við að þeir hverfi og stunda öll viðskipti með aflaheimildir með hagkvæmum hætti án þess að hafa kvótabanka. Ég skil satt að segja ekkert í því að framsóknarmenn skuli þurfa að láta það standa fyrir sér.

Það er líka ljóst að viðskiptin tonn á móti tonni verða heimil. Það er ekkert sem kemur í veg fyrir þau. Spurningin snýst fyrst og fremst um verðlagninguna á fiskinum í þessum viðskiptum. Á þeim málum verður tekið í samstarfsnefndinni. Það liggur fyrir að það er orðið nokkuð afmarkað um hvað verið er að deila og ekkert sem kemur í veg fyrir að þessi viðskipti geti gengið áfram og hagkvæmni ríkt í þessu kerfi. Það er hins vegar ekki hægt að hlunnfara sjómenn eftir að þetta er komið á fót. Þess vegna er engin ástæða til að vera að draga upp svona grýlumynd. Hv. þm. kemur með ákveðna spá sem hann þykist trúa varðandi fækkun starfa og ég vil spyrja hann: Er hv. þm. tilbúinn til þess næsta haust þegar við komum saman á Alþingi aftur að standa upp og gera talningu á því hversu mörg störf nákvæmlega hafa tapast þegar búið verður að afgreiða þessi lög? Ég er handviss um að það verður ekki eitt einasta starf sem tapast heldur mun störfum fjölga ef þau skip fá að koma inn á íslenska skipaskrá og vera undir íslensku flaggi sem eru að bíða fyrir utan en við erum að reyna að koma inn á skrána. Ég vona að hv. þm. hjálpi til við að koma þeim inn og vil gjarnan fá að heyra hans afstöðu til þess.

[02:21]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Afstaða mín gagnvart því hvort þau skip sem hafa verið keypt notuð til landsins fá að koma inn á skipaskrá liggur fyrir í þingtíðindum þar sem sá sem hér stendur flutti fyrirspurn um það mál til samgrh. í vetur. Varðandi það hvort ég sé tilbúinn að standa að þessu með hv. þm. og koma svo í haust og telja hverju það hefur breytt, virðulegur forseti, er einfalt mál: Ég er ekki tilbúinn til þess. Ég er ekki tilbúinn til að fara í tilraunastarfsemi með það með hv. þm. Það liggja engin rök til þess að Alþingi fari í einhverja tilraunastarfsemi með það hvað störfum fækki mikið eftir þessum tillögum. Það er skylda Alþingis að koma til móts við þau sjónarmið í þjóðfélaginu sem hafa komið fram í umræðunni síðustu daga. Ég er sannfærður um að það er hægt að finna málamiðlun sem þeir aðilar sem ég nefndi áðan, sjómenn, útvegsmenn, fiskvinnsla og landverkafólk, geta sæst mun betur á heldur en það sem hæstv. ríkisstjórn er með á ferðinni núna. En það er ekki hægt vegna þess að samkomulagið skal blífa. Málið snýst nefnilega um það að sýna fram á að hæstv. ríkisstjórn geti afgreitt þetta mál í þinginu, ekki um hina efnislegu niðurstöðu. Ef það snerist um hina efnislegu niðurstöðu mundu menn fara ofan í málið núna með tilliti til ábendinga atvinnumannahópsins, Verkamannasambandsins og LÍÚ, svo ég nefni einhverja aðila.

[02:24]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér hefur fundist svolítið undarlegt að heyra í hv. þm. Framsfl. í kvöld þegar þeir hafa verið að vitna í skýrslu Þjóðhagsstofnunar. (**Gripið fram í:** Það hafa nú fleiri gert.) Já, það hafa fleiri gert. Þeir finna út úr henni að þar sé hægt að sjá að 1.750 störf tapist miðað við þær fullyrðingar sem koma fram í plagginu frá atvinnumönnum sem hefur verið mikið til umræðu hér. Ég hef verið að reyna að lesa þessa skýrslu og finn ekki þessar upplýsingar í henni. Þvert á móti stendur, með leyfi forseta: „Þá er fullyrt að ef úthafsveiðar sem skili 5 milljarða tekjum falli brott þá muni 1.500 störf tapast. 5 milljarðar eða um 10% af aflaverðmæti fiskiskipaflotans en þar starfa 7 þús. manns. Það er því nokkuð vel í lagt að áætla að 1.500 störf tapist af þessum sökum."

Síðan segir: „Í greinargerð atvinnumanna er áætlað að alls tapist 5.000 störf vegna samdráttar í úthafsveiðum, þ.e. heildarfjöldi starfa sem tapast vegna samdráttar í fiskveiðum verði rúmlega þrefaldur samdráttur starfa í fiskveiðum. Í spálíkönum Þjóðhagsstofnunar er gert ráð fyrir því að sá fjöldi starfa sem tapast í heild sé um 1,5-faldur sá fjöldi starfa sem tapast í fiskveiðum."

Þarna er sem sagt eingöngu verið að vitna í það sem stendur í plöggunum hjá atvinnumönnunum en ekki tekin nein afstaða til þess út frá hvaða fjölda á að ganga til að reikna þetta. En hv. framsóknarmenn hafa fullyrt að þeir geti fundið út úr þessu tölu. Ég hef ekki með nokkru móti séð hvernig það á að vera hægt nema að einhver forsenda sé gefin og Þjóðhagsstofnun hefur vikið sér undan því að gefa þessa forsendu.

[02:26]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er hárrétt, Þjóðhagsstofnun hefur vikið sér undan því og það er eitt af því sérkennilega í þessu plaggi. Hún birtir hins vegar töluna 5 milljarða, sem er tekin úr plaggi atvinnumannahópsins, og gerir ekki í sjálfu sér athugasemdir við hana. Hún segir hins vegar að þarna sé nokkuð vel í lagt varðandi margfeldistölu. Þegar menn segja að 1.500 sé nokkuð vel í lagt þá segir mín máltilfinning mér að ef það væri nokkuð vel í lagt þá væru menn að velta fyrir sér 1.000–1.200. Síðan geta menn reiknað út frá þessum forsendum. Því miður setur Þjóðhagsstofnun þetta það óljóst fram að það er ýmist hægt að fá töluna 1.000 eða 1.700 eftir því hvort maður tekur bara 10% af 7 þús. og margfaldar það með 1,5 eða hvort maður tekur 700 manna hópinn, sem eru þeir sem vinna við að ná aflanum, og margfaldar hann síðan með 1,5 til að fá heildartöluna. Ég átta mig ekki fullkomlega á því út úr þessu en annaðhvort hlýtur að vera samkvæmt þeim tölum sem Þjóðhagsstofnun gefur upp.

[02:28]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð bara að segja það enn og aftur að ég tel engan veginn hægt að taka neina tölu út úr því sem Þjóðhagsstofnun er þarna að segja. Það er hvergi gefin vísbending um það í raun og veru hvaða stærðir séu þarna á ferð. Og það er algjör spádómur sem hv. þm. var að fara með áðan um þetta efni.

Hv. þm. talaði áðan um flutning á fiski sem hv. 4. þm. Vesturl. hafði nefnt. Mér er nokkurn veginn kunnugt um afstöðu og skilning hv. 4. þm. Vesturl. á þessum málum og ég tel að það hafi orðið nokkur misskilningur á milli hans og hv. 6. þm. Norðurl. e. þegar þessi mál voru rædd hér í dag. Ég held að hvorki honum né öðrum hafi dottið í hug að það ætti að setja hindranir á vegi til að hindra flutning á fiski en bæði honum og mér og mörgum öðrum hefur dottið í hug að það þyrfti að koma á skipulagi sem væri eðlilegra en nú er í verslun með fisk og veiðiheimildir og annað þurfi nú ekki til þannig að það verði farið að vinna fisk á heimaslóðum í sumum þorpum um landið sem ekki er gert núna þar sem fiskvinnsla hefur lagst af einmitt vegna þessara flutninga á fiski sem byggjast á lægra hráefnisverði heldur en gengur á milli aðila. Þetta tel ég að skipti þarna máli.

Síðan langar mig til að bæta því við þar sem hv. þm. hældist um í ræðustólnum vegna þess að Framsfl. hefði lagt vegi um allt land, að þá munu nú vera komin tíu ár síðan Framsfl. hafi átt samgrh. og á þeim tíu árum hefur kannski orðið hvað mest bylting í bundnu slitlagi, a.m.k. á vegum.

[02:30]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Menn eru hættir að tala um framsóknaráratuginn heldur er talað um framsóknaráratugina og þá skilst manni að Framsfl. sé ætlað allt sem þá hefur gerst til góðs eða ills á þeim árum, aðallega kannski ills þegar verið er að tala um framsóknaráratugina að vísu í neikvæðri merkingu. Ég er hins vegar afar stoltur af framsóknaráratugunum.

Varðandi það sem hv. þm. sagði um skýrslu Þjóðhagsstofnunar þá liggur alveg fyrir að þeir gefa okkur upp þann valkost að reikna út að úthafsveiðarnar, sem eru 10%, ef við tökum þessa 5 milljarða sem 10% af veiðunum þá þýðir það 700 manns. Síðan er svolítið erfiðara að átta sig á hvað maður á að margfalda með 1,5. En þessar forsendur eru þarna sannarlega og skjalfestar af Þjóðhagsstofnun þannig að við þurfum í sjálfu sér ekki að deila um það.

[02:32]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Herra forseti. Eins og fram hefur komið í máli tveggja síðustu hv. ræðumanna hafa þessar umræður staðið alllengi og á móti því verður ekki mælt. Þær hafa að minni hyggju verið um flest málefnalegar og einkar gagnlegar fyrir það viðfangsefni sem hér er til umræðu og skiptir mjög miklu máli fyrir íslenskan þjóðarbúskap. Fram hjá því er þó ekki hægt að horfa að þótt umræðurnar hafi verið langar hafa þær bætt fáu nýju við. Og þó að það sé yfirleitt þannig um hv. þm. Norðurl. e. að ræður hans séu bæði ferskar og sífrjóar þá breytti síðasta ræða hv. þm. engu í þessu efni.

Það má á vissan hátt segja að umræðan um samstarfsnefndina og breytingar á lögum um greiðslumiðlun hafi kallað fram öll meginsjónarmiðin sem hér er fjallað um og tekist á um við afgreiðslu þessara mála á þessu vori. Enda eru þessi frv. í sjálfu sér ein heild og ekki óeðlilegt að einmitt í þeirri umræðu hafi öll meginsjónarmiðin komið fram.

Það er vissulega svo sem hér hefur komið fram í máli hv. þm. að það verður seint fundin sú útfærsla á aflamarkskerfinu að allir verði á eitt sáttir, ekki síst við þær aðstæður þegar afli er takmarkaður þá hljóta mismunandi hagsmunir byggðarlaga og útgerðarflokka að togast á og menn mæla fyrir þeim hagsmunum þó þá greini e.t.v. ekki á um grundvallaratriði við fiskveiðistjórnunina. Það er mjög mikilvægt á hinn bóginn, þótt útilokað sé að sætta alla, að freista þess að ná sem víðtækastri samstöðu um þessi efni. Það er ekkert launungarmál að verkfallsátök sjómanna og útvegsmanna í vetur hafa sett nokkuð mark sitt á umræðuna og þær úrlausnir sem liggja fyrir til umræðu og sú viðleitni að ná sátt þar á milli hefur ráðið talsverðu um þær tillögur sem hér liggja fyrir til umræðu.

Ég geri ekki lítið úr viðleitni hv. þm. Framsfl. til að ná enn frekari sátt í þessu efni, geri á engan hátt lítið úr þeirri viðleitni, virði hana miklu fremur því ég veit að hún er borin fram af heilum hug og vilja til þess að við getum búið við öruggt stjórnkerfi og markvissa fiskveiðistjórnun. Hitt er ljóst að sú tillaga sem hv. þm. Framsfl. hafa borið fram í þeim tilgangi að finna betri málamiðlun er ekki fullnægjandi eða aðgengileg í þessu tilliti. Enn hefur sú tillaga ekki komið fram sem geti leyst það ákvæði af hólmi sem hefur helst verið deilt um, eða svonefnda 15%-reglu.

Ég ætla ekki að fara mörgum orðum um þá gagnrýni sem hér hefur verið vikið að og kom frá svokölluðum atvinnuhópi. Ég fjallaði um það í umræðunni um samstarfsnefndina fyrst og fremst vegna þess að það hafði komið mér á óvart að einmitt þessir menn skyldu rökstyðja málflutning sinn með þeim hætti sem þeir gerðu. Ég ætla ekki að fara lengra út í þá sálma á þessu stigi né heldur þær athugasemdir sem Þjóðhagsstofnun hefur lagt fram af því tilefni. Þær skýra mætavel þá stöðu sem uppi er í þessu efni. Ég vænti þess á hinn bóginn að sú umræða sem hér hefur farið fram og staðið þetta lengi skili okkur fram á við í þessu efni og að hv. þm. hafi skilning á nauðsyn þess að ljúka verður afgreiðslu þessara mála nú á vorþingi til þess ekki síst að tryggja nokkuð öryggi um fiskveiðistjórnunina og lausn á þeim vanda sem upp kom í verkfallsátökum útgerðarmanna og sjómanna.

[02:38]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það verður að segjast alveg eins og er að það var allt annar tónn í þessari ræðu en þeirri sem hæstv. sjútvrh. flutti þegar við ræddum um samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna. Ég gat ekki skilið ræðu hæstv. ráðherra öðruvísi en svo að hann

væri tilbúinn til þess að skoða breytingar til málamiðlunar sem væri hægt að ná frekari sátt um.

Hæstv. ráðherra sagði að brtt. Framsfl. væru ekki fullnægjandi. Ég bendi á að tillögur Framsfl. voru ekki fram settar sem heilsteypt stefna heldur fyrst og fremst til að reyna að laga, þó í litlu væri, þær brtt. sem stjórnarmeirihlutinn var búinn að setja fram. Vissulega er það svo að ef aðrar fyndust betri hef ég ekki trú á að stæði á framsóknarmönnum að skoða þær.

Ég vil því spyrja hæstv. sjútvrh. beint hvort ráðherrann telji að einhvers konar útfærsla á lágmarkskvóta á skip gæti nálgast það markmið sem 15% reglunni var ætlað að gera á þann hátt að bæði fiskverkendur og sjómenn og þar af leiðandi útgerðarmenn og landverkafólk um leið gæti séð í þeirri útfærslu leið sem væri því frekar að skapi.

[02:40]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Vegna fyrirspurnar hv. 6. þm. Norðurl. e. vil ég aðeins segja að ég veit í sjálfu sér ekki neitt frekar hvað felst í hans hugmynd en í fljótu bragði sé ég ekki lausn í henni þó að allar hugmyndir megi að sjálfsögðu athuga frekar og skoða.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 2.–18. mál.

Fundi slitið kl. 02:42.

---

150. FUNDUR

miðvikudaginn 4. maí,
kl. 1 miðdegis.

Dagskrá:

1. Skattskylda innlánsstofnana, stjfrv., 294. mál, þskj. 1126, brtt. 1165. — Frh. 3. umr.
2. Skráning og mat fasteigna, stjfrv., 400. mál, þskj. 602, brtt. 1164. — 3. umr.
3. Aukatekjur ríkissjóðs, stjfrv., 581. mál, þskj. 900. — 3. umr.
4. Brunavarnir og brunamál, frv., 617. mál, þskj. 1087. — 2. umr.
5. Lax- og silungsveiði, stjfrv., 500. mál, þskj. 1144, brtt. 1181. — 3. umr.
6. Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, þáltill., 602. mál, þskj. 968. — Síðari umr.
7. Tollalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 858, nál. 1135. — 2. umr.
8. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642, nál. 1134. — 2. umr.
9. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 566. mál, þskj. 879, nál. 1160. — 2. umr.
10. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 460. mál, þskj. 691, nál. 1161, brtt. 1162. — 2. umr.
11. Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, þáltill., 603. mál, þskj. 978, nál. 1163. — Síðari umr.
12. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 285. mál, þskj. 362, nál. 1132, brtt. 1133. — 2. umr.
13. Skipulag ferðamála, stjfrv., 562. mál, þskj. 875, nál. 1129, brtt. 1130. — 2. umr.
14. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391, nál. 1128. — 2. umr.
15. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 123. mál, þskj. 128, nál. 1174, brtt. 1175. — 2. umr.
16. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960. — Fyrri umr.

Fjarvistarleyfi:

Árni R. Árnason, 5. þm. Reykn.,
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ingi Björn Albertsson, 5. þm. Reykv.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Matthías Bjarnason, 1. þm. Vestf.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.,
Tómas Ingi Olrich, 5. þm. Norðurl. e.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, dags. 3. maí 1994:

„Þar sem ég er á förum til útlanda í opinberum erindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Samtaka um kvennalista í Reykv., Guðrún J. Halldórsdóttir skólastjóri, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegur forseti.

Kristín Einarsdóttir, 15. þm. Reykv."

Guðrún J. Halldórsdóttir hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðin velkomin til starfa.

Útbýting þingskjala:

Eftirlit með skipum, 623. mál, frv. samgn., þskj. 1210.

Félagslegar íbúðir, 595. mál, svar félmrh., þskj. 1169.

Kostnaður Tryggingastofnunar við neyðarhnappa, 606. mál, svar heilbrrh., þskj. 1172.

Neyðarnúmer, 622. mál, stjfrv., þskj. 1208.

Ríkisreikningur 1992, 217. mál, nál. minni hluta fjárln., þskj. 1193.

Þróun og rannsóknir á táknmáli, 599. mál, svar menntmrh., þskj. 1173.

Þróun orkuverðs, 380. mál, svar iðnrh., þskj. 1171.

Brunavarnir og brunamál, 2. umr.

Frv. félmn., 617. mál (rannsókn eldsvoða). — Þskj. 1087.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lax- og silungsveiði, 3. umr.

Stjfrv., 500. mál. — Þskj. 1144, brtt. 1181.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, síðari umr.

Þáltill. sjútvn., 602. mál. — Þskj. 968.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendalán, 2. umr.

Stjfrv., 430. mál (framsal viðskiptabréfa, framkvæmd laganna o.fl.). — Þskj. 642, nál. 1134.

[13:08]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingar á lögum nr. 30/1993, um neytendalán. Nefndin hefur fjallað um frumvarpið og fékk á fund til sín fulltrúa ráðuneytisins og enn fremur bárust umsagnir frá allnokkrum aðilum.

Nefndin leggur til að þetta frv. verði samþykkt óbreytt.

Aðdragandi þessa máls er sá að á síðasta þingi voru samþykkt ný lög um neytendalán. Þar var algjörlega ný löggjöf á ferðinni og í framkvæmd þessara nýju laga hafa komið upp ýmsir hnökrar eins og við er að búast þegar sett er löggjöf um algjörlega nýtt svið á þessum vettvangi. Ráðuneytið skipaði nefnd sl. sumar til að fara yfir málin og fara yfir þá hnökra sem upp hefðu komið og gera tillögur um það sem betur mætti fara. Nefndin vill að frv. verði samþykkt enda eru þar á ferðinni lagfæringar á þessum nýju lögum og við í efh.- og viðskn. vonumst til að þessi lög um neytendalán geti staðið óbreytt um nokkurn tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 2. umr.

Stjfrv., 566. mál (reglur stjórnvalda og stofnana). — Þskj. 879, nál. 1160.

[13:10]

Frsm. allshn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. við frv. til laga um breytingu á lögum um birtingu laga og stjórnvaldserinda, nr. 64 16. des. 1943, frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á fund sinn til viðræðna Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra.

Frumvarpinu er ætlað að gera opinberum stjórnvöldum og stofnunum, öðrum en ráðuneytum, sem er falið með lögum að gefa út reglur um tiltekin málefni, mögulegt að birta þær reglur í B-deild Stjórnartíðinda.

Í umræðum í nefndinni var sérstaklega rætt um hvort rétt væri að birta þær reglur, sem frumvarpið tekur til, í sérstakri deild Stjórnartíðinda. Nefndin lítur svo á að hér sé um athyglisverða hugmynd að ræða sem rétt sé að taka til nánari athugunar. Samkvæmt upplýsingum, sem fengust frá dómsmálaráðuneytinu, liggur fyrir að á næstunni þurfi að fara fram endurskipulagning á birtingu í Stjórnartíðindum og Lögbirtingablaði. Mundi þá deildum væntanlega fjölga um fleiri en eina, m.a. vegna þess að atriði eins og gjaldskrár yrðu tekin saman í eina deild, og eins hafa ýmsar reglur, sem tengjast stjórn fiskveiða, valdið ákveðnum vandamálum við hefðbundna reglugerðarútgáfu. Að teknu tilliti til framangreindra upplýsinga telur nefndin rétt að afgreiða frumvarpið eins og það liggur fyrir en hugmyndir um stofnun nýrrar deildar verði athugaðar við umfangsmeiri endurskoðun Stjórnartíðinda.

Hv. þm. Jón Helgason og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita Sólveig Pétursdóttir, formaður allshn., Gísli S. Einarsson, Tómas Ingi Olrich, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Kristinn H. Gunnarsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson með fyrirvara.

[13:13]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði á undirritun þessa nál. en hann lýtur einvörðungu að því hvort tímabært hafi verið að taka upp þessa breyttu háttu áður en sú endurskoðun sem getur um í nál. fer fram. Þetta er vissulega alltaf matsatriði og mér finnst það ekki stórmál hvort kemur á undan, því ég held að þarna sé að vissu leyti verið að feta út á rétta braut, verði það gert eftir skipulegum reglum, þannig að ekki verði of mörg erindi birt

og það verði greið leið fyrir almenning að gera sér grein fyrir hvar á að leita að hvaða upplýsingum fyrir sig. En eins og kunnugt er þá þarf nú að leita bæði í Lögbirtingablaði og í Stjórnartíðindum að þeim upplýsingum sem þarna er ætlunin að verði einungis í Stjórnartíðindum.

Fyrirvari minn er að öðru leyti ekki efnislegur og ég taldi rétt að gera grein fyrir því hér.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 2. umr.

Stjfrv., 460. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 691, nál. 1161, brtt. 1162.

[13:14]

Frsm. allshn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um frv. til laga um veitingu ríkisborgararéttar frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið með svipuðum hætti og verið hefur á undanförnum löggjafarþingum. Kannað var hvort umsóknir, sem nefndinni bárust, uppfylltu þau skilyrði sem allsherjarnefnd hefur sett fyrir veitingu ríkisfangs, sbr. þskj. 910 frá 112. löggjafarþingi. Til að auðvelda málsmeðferð fóru formaður og tveir nefndarmanna yfir umsóknir sem bárust nefndinni áður en nefndin í heild fjallaði um einstakar umsóknir með tilliti til fyrrgreindra skilyrða.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Ég vil leyfa mér, frú forseti, að geta þess að við umræður í nefndinni komumst við að samkomulagi um það að áður en þing kemur saman til starfa í haust verði starfsreglur nefndarinnar um veitingu ríkisborgararéttar endurskoðaðar. Ég tel rétt að láta þessa getið hér um leið og ég flyt þetta nál., sem eftirtaldir hv. þingmenn rita undir: Sólveig Pétursdóttir, Gísli S. Einarsson, Jón Helgason, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ólafur Þ. Þórðarson, Tómas Ingi Olrich, Kristinn H. Gunnarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson og Ingi Björn Albertsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, síðari umr.

Þáltill. forsn., 603. mál (ársskýrsla). — Þskj. 978, nál. 1163.

[13:17]

Frsm. allshn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli hér fyrir nál. um till. til þál. um breytingu á þál. frá 2. maí 1988, um störf og starfshætti umboðsmanns Alþingis, frá allshn.

Nefndin hefur fjallað um málið sem felur efnislega í sér að umboðsmaður Alþingis hafi frest til 1. september ár hvert til að skila skýrslu um starf sitt til Alþingis í stað 1. mars. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar með svofelldum breytingum:

Í fyrsta lagi við 1. gr. Í stað „nr. 55/1991, um þingsköp Alþingis, með síðari breytingum" komi: um þingsköp Alþingis.

Í öðru lagi við 2. gr. Í stað „nr. 19/1991" í a- og b-liðum komi: um meðferð opinberra mála.

Hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita. Sólveig Pétursdóttir form., Gísli S. Einarsson, Guðni Ágústsson, Björn Bjarnson, Ingi Björn Albertsson, Kristinn H. Gunnarsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (EES-reglur). — Þskj. 362, nál. 1132, brtt. 1133.

[13:19]

Frsm. umhvn. (Petrína Baldursdóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1132 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum vegna samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem kveður á um hvaða atriði skulu sett í mengunarvarnareglugerðir m.a. vegna skuldbindinga í tengslum við EES-samninginn.

Nefndin telur að þær hertu kröfur, sem leiða mun af lögfestingu frumvarpsins, séu jákvæðar og í samræmi við þá þróun sem hvarvetna á sér stað á sviði umhverfismála. Nefndin vill þó taka fram að fyrir liggur að hinar auknu kröfur beinast einkum að sveitarfélögum. Fram kom í máli fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga að þau væru afar misjafnlega vel í stakk búin til að gera þær úrbætur sem krafist yrði. Stærstu sveitarfélögin hafa frest til ársins 2000 til að gera þær úrbætur sem þörf er á en sveitarfélög með 15.000 íbúa eða færri hafa svigrúm til ársins 2005. Umhverfisráðuneyti mun þegar hafa átt viðræður við félagsmálaráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga vegna þessa máls og leggur umhverfisnefnd áherslu á að þessir aðilar hafi gott samráð við framkvæmd málsins.

Lagt er til að við bætist þrír nýir töluliðir sem fjalla um umhverfisstjórn og eftirlitskerfi fyrirtækja, umhverfismerki á vörur og eftirlit með flutningi úrgangs milli landa. Breytingin er gerð að beiðni umhverfisráðuneytis og er forsenda þess sú að ráðuneytið hafi heimild til að taka upp í stjórnvaldsfyrirmæli efni eftirtalinna reglugerða: Reglugerð 880/92/EBE, um veitingu vistmerkis Evrópubandalagsins. Markmið þeirrar

reglugerðar er að stuðla að betri markaðsstöðu vara sem hafa lítil neikvæð áhrif á umhverfið og að veita neytendum betri upplýsingar um áhrif þeirra á umhverfið. Í reglugerðinni eru ákvæði um veitingu opinbers umhverfismerkis til þeirra aðila sem óska eftir að nota það á sínar vörur. Reglugerð 1836/93/EBE er ætlað að hvetja iðnfyrirtæki til að laga starfsemi sína að markmiðum umhverfisverndar. Í henni er kveðið á um hvernig standa eigi að vottun og faggildingu á sviði umhverfismála. Reglugerð 259/93 EBE kveður á um að tilkynna beri viðkomandi yfirvöldum ef fyrirhugað er að flytja úrgang á milli landa innan Evrópubandalagsins og út úr því og munu sömu reglur gilda á öllu EES-svæðinu.

Lagt er til að nýjum lið varðandi varnir gegn jarðvegsmengun verði bætt við, en ekki verður séð að minni þörf sé á að tryggja þann þátt en aðra sem tilgreindir eru í frumvarpinu.

Lagt er til að felld verði brott í tölulið 3.2.14 heimild til að ákvarða viðurlög og málsmeðferð í reglugerð, en heimildin er talin óljós eins og henni er fyrir komið í frumvarpinu.

Undir þetta skrifa hv. alþm. Kristín Einarsdóttir, Tómas Ingi Olrich, Jón Helgason, Árni M. Mathiesen, Hjörleifur Guttormsson, Árni R. Árnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ólafur Ragnar Grímsson og Petrína Baldursdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 3. umr.

Stjfrv., 294. mál (afskriftareikningur útlána). — Þskj. 1126, brtt. 1165.

[13:23]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. Hún er við 3. gr. frv. og er þannig, með leyfi forseta:

„6. gr. laganna orðast svo:

Lánastofnanir skulu undanþegnar stimpilgjaldi af fjárskuldbindingum sem þær kunna að taka á sig."

Skýringin á þessari tillögu er sú að innlánsstofnanir, svo sem bankar, eru ekki stimpilgjaldsskyldar af verðbréfaútgáfu sem þær gefa út á innlendum markaði og það sama gildir um fjárfestingarlánasjóði. Það sem hér er um að ræða er að eignarleigur sitji við sama borð og aðrir aðilar á fjármagnsmarkaði þannig að þegar eignarleigur gefa út skuldabréf á innlendum fjármagnsmarkaði þá falli ekki á það stimpilgjald frekar en aðrar fjármálastofnanir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skráning og mat fasteigna, 3. umr.

Stjfrv., 400. mál (stjórn Fasteignamats ríkisins). — Þskj. 602, brtt. 1164.

[13:24]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir brtt. við frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, með síðari breytingum.

Þetta er brtt. frá efh.- og viðskn. Brtt. er við 3. gr. 2. málsl. fyrri efnismálsgreinar og þar er átt við hverjir skipi fulltrúa í stjórn Fasteignamats ríkisins. Tillagan orðast svo: „Skal einn tilnefndur af Sambandi íslenskra sveitarfélaga, einn af Sambandi íslenskra tryggingafélaga og einn án tilnefningar."

Mál þetta snýst um að það er verið að breyta Fasteignamati ríkisins í B-hluta stofnun og skipa henni sérstaka stjórn. Eins og frv. var sett fram gerði það ráð fyrir því að það væri einn fulltrúi frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í stjórninni en tveir skipaðir án tilnefningar. Nú hefur það gerst að það liggur fyrir að vátryggingalögum verður breytt á þann veg að Fasteignamat ríkisins mun væntanlega smám saman yfirtaka brunabótamatið og annast það beint eða óbeint. Af þeim ástæðum er eðlilegt að stjórn Fasteignamatsins verði breytt þannig að inn í hana komi fulltrúi tryggingafélaganna þannig að þar komi inn sjónarmið sem tengjast brunabótamatinu. Eftir sem áður hafa opinberir aðilar meiri hluta í stjórninni. Það er enn fremur fyrirhugað að stjórnin geri tillögur um og hafi gjaldskrá sem ætlast er til að standi undir stofnuninni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Aukatekjur ríkissjóðs, 3. umr.

Stjfrv., 581. mál (veiting atvinnuréttinda). — Þskj. 900.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (undirboðs- og jöfnunartollar). — Þskj. 858, nál. 1135.

[13:27]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Virðulegur forseti. Ég mæli hér fyrir nál. á þskj. 1135 frá efh.- og viðskn., en mál þetta varðar undirboðs- og jöfnunartolla vegna erlendra þjónustuviðskipta. Talsvert hefur borið á því að um slík undirboð hafi verið að ræða og skort hefur um langan tíma laga-

heimildir til að bregðast við því. Auðvitað er ávallt erfitt að fullyrða um slíka hluti en aðrar þjóðir hafa varnir í sambandi við slík mál og við Íslendingar hljótum einnig að beita slíkum lögum til að verja okkar réttindi og halda uppi okkar iðn- og þjónustugreinum.

Umsagnir um málið bárust frá Íslenskri verslun, Samtökum iðnaðarins og Verslunarráði. Þá barst nefndinni einnig umsögn iðnaðarnefndar um málið og er hún birt sem fylgiskjal með nefndaráliti þessu.

Það er eins og gengur að það er talið að nokkrir vankantar séu á frumvarpinu eins og það liggur fyrir en iðnaðarnefnd mælir þó með samþykkt þess.

Sannleikurinn er sá að það er mikilvægt að löggjöf þessi sé sett og jafnvel þótt á henni séu nokkrir hnökrar þá verður að endurskoða hana í ljósi reynslunnar og sjá hvernig gengur að verja réttindi íslensks iðnaðar og íslenskrar þjónustustarfsemi á grundvelli hennar.

Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, virðulegur forseti, og endurtek að nefndin mælir eindregið með því að frv. verði samþykkt. Undir nál. skrifa allir nefndarmenn efh.- og viðskn.

[13:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í máli hv. 1. þm. Austurl., formanns efh.- og viðskn., þá fjallaði iðnn. sérstaklega um þetta frv. vegna þess að það snertir óneitanlega hagsmuni iðnaðarins og má segja að þessar reglur og þetta frv. sé undirbúið að nokkru leyti að frumkvæði iðnaðarins í landinu og að iðnaðurinn hafi um langt árabil knúið á um setningu reglna af því tagi sem hér er verið að gera tillögu um. Það er því miður ekki fyrr en nú sem það tókst að ná eyrum réttra aðila, þar á meðal Alþingis, að því er þetta mál varðar og ber auðvitað að fagna því að gert er ráð fyrir að breyta tollalögum með því að heimila álagningu undirboðs- og jöfnunartolla eins og í frv. er gert ráð fyrir.

Samhliða því að fjallað hefur verið um frv. þá hefur hv. nefnd, trúi ég, og reyndar hv. Alþingi haft til meðferðar eða skoðunar, má segja, þau drög að reglugerð sem legið hafa fyrir í fjmrn. varðandi útfærslu á þessum greinum og þessum lagabreytingum. Það er auðvitað býsna margt í þessum reglugerðardrögum sem kallar og vekur upp spurningar sem ég ætlaði hér við 2. umr. málsins að víkja lauslega að, ef hæstv. fjmrh. hefði aðstöðu til að fylgjast með umræðunni.

Það er í fyrsta lagi að við 1. umr. málsins kom fram að það væri ætlunin að utanrrn. hefði úrskurðarvald um álagningu undirboðs- og jöfnunartolla þegar sú ákvörðun snertir alþjóðlega viðskiptasamninga sem Ísland væri aðili að. Okkur var skýrt frá því í iðnn., eða alla vega barst það okkur einhvern veginn til eyrna, að þessi hugmynd um úrskurðarvald, úrslitavald utanrrn. að því er þetta varðar, væri úr sögunni. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort það sé rétt að það sé ekki gert ráð fyrir því að utanrrn. hafi þetta úrskurðarvald.

Í öðru lagi, hæstv. forseti, vil ég skýra frá því að í iðnn. komu fram miklar áhyggjur yfir því að það ferli sem hér er gert ráð fyrir væri óskaplega flókið, þungt í vöfum og seinlegt og það væri ekki víst að það dygði til þess að tryggja íslenskan iðnað andspænis undirboðum erlendis frá.

Það efni var einnig mjög rækilega rætt í nefndinni hvernig ætti að fara með innflutning frá ríkjum sem ekki búa við markaðshagkerfi, en í 7. gr. reglugerðardraganna sem ég hef undir höndum er gert ráð fyrir tilteknum aðferðum í þeim efnum. Í þessum drögum segir svo, með leyfi forseta:

„Þegar um innflutning er að ræða frá ríkjum sem búa ekki við markaðshagkerfi skal ákveða eðlisverðið á viðeigandi og sanngjarnan hátt samkvæmt einni af eftirfarandi aðferðum:

1. Miðað við verð fyrir sams konar vöru í öðru landi sem býr við markaðshagkerfi og raunverulega er seld til neyslu á heimamarkaði í því landi eða til annarra landa.

2. Miðað við tilbúið verð fyrir sams konar vöru í öðru landi sem býr við markaðshagkerfi.

3. Ef hvorki verð né tilbúið verð fundið samkvæmt 1. og 2. tölul. telst fullnægjandi skal miða við verð sem raunverulega er greitt eða greiða ber hér á landi fyrir sams konar vöru að teknu tilliti til sanngjarns ágóða."

Út af fyrir sig þá hljómar þetta að mínu mati allt eðlilega. Vandinn er hins vegar sá að þegar við spurðum þá iðnaðarráðuneytismenn hvort þeir teldu að þessi ákvæði þessarar greinar reglugerðardraganna hefðu dugað í tilteknu máli sem kom upp hér í vetur, að því er varðar tilboð sem skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi hafði gert í skip sem fór til Póllands, þá var svarið að það væri ekki ljóst að þetta hefði dugað til að tryggja það að þetta verkefni hefði verið unnið hér á landi. Og það sem mér fannst kannski koma mjög skýrt fram, bæði hjá fulltrúum iðnrn. og fulltrúum fjmrn., var það að menn hefðu ekki kannað í þaula hvernig þessi ákvæði reglugerðanna hefðu komið út ef þau hefðu verið í gildi við tilteknar aðstæður, en ég held í raun og veru að það sé óhjákvæmilegt til að átta sig á því hvort eitthvert gagn er í þeim ákvæðum sem hér eru inni.

Ég verð að segja það mjög eindregið, hæstv. forseti, að ég dreg það mjög í efa að þessi ákvæði reglugerðarinnar dugi til að verja íslenskan skipasmíðaiðnað og skipasmíðar fyrir tilboðum sem kunna að berast einkum frá löndum eins og Póllandi og segjum Kóreu, fyrst og fremst vegna þess að vinnulaunin eru svo ofboðslega lág í þessum löndum miðað við það sem gerist í Vestur-Evrópu.

Í þriðja lagi, hæstv. forseti, vil ég svo víkja að því sem fram kemur í reglugerðardrögunum varðandi rannsókn þessa máls. Það er sem sagt þannig að gert er ráð fyrir því að það verði skipuð samráðsnefnd til að fara með þessi mál og hún er skipuð með tilteknum hætti og ég hef í sjálfu sér í fljótu bragði engar athugasemdir við skipun hennar. Þegar einhver telur á sig hallað þá á hann að kæra til þessarar samráðsnefndar. Það er fyrsta skrefið. Og ef samráðsnefndin telur að frumathugun lokinni, samkvæmt 24. gr. reglugerðardraganna, að nægar sannanir séu fyrirliggjandi til að taka kæru til

efnislegrar útlausnar skal þegar hefja rannsókn máls. Sú rannsókn sem samráðsnefndin á að framkvæma er allítarleg líka því þar á að kanna ein fjögur mjög viðamikil atriði. Komist hún að þeirri niðurstöðu að þeirri athugun lokinni að þetta sé þannig að það þurfi að skoða málið þá fyrst hefst rannsóknin. Til að rannsóknin geti byrjað þá þarf að birta tilkynningu um upphaf rannsóknarinnar í Lögbirtingablaðinu. Það er næsti frestur í málinu. Þar á að tilgreina þá vöru sem rannsókn beinist að og viðkomandi útflutnings- eða upprunalandið. „Jafnframt skal gerð", með leyfi forseta, „grein fyrir þeim upplýsingum sem borist hafa og tilgreint innan hvaða frests aðilar sem hagsmuna hafa að gæta geta komið að upplýsingum og skriflegum sjónarmiðum." Síðan líður tiltekinn frestur og svo segir hér: „Almennt skal rannsókn ekki taka til styttra tímabils en síðustu sex mánaða fyrir útgáfudag tilkynningar um upphaf rannsóknar." Síðan er rakið hér hvað gerist ef hagsmunaaðilar neita að veita nauðsynlegar upplýsingar o.s.frv.

Að lokum segir hér í þessum reglugerðardrögum: „Þessari rannsókn skal almennt lokið innan árs frá því að hún hófst". Spurningin er þá sú: Liggur málið þá þannig að það sé hægt að stunda innflutning á þessari vöru eða viðskipti með þessa vöru, sem er með niðurgreiðslum á, án þess að beita jöfnunar- og undirboðstollum, í allt að eitt ár áður en látið er til skarar skríða? Sé það svo þá er alveg ljóst að viðkomandi iðngrein eða fyrirtæki er dautt áður en hægt er að beita þessum ráðstöfunum. Þess vegna held ég að reglugerðardrögin eins og þau eru núna og lögin séu ófullkominn og mjög gölluð að því leytinu til að þau muni seint og illa duga a.m.k. íslenskum skipasmíðaiðnaði. Það er þetta sem ég vil vekja sérstaka athygli á og við ræddum mjög rækilega í hv. iðnn., sem tók málið til meðferðar og sendi bréf um afstöðu sína til þess, eins og fram kom í áliti og ræðu hv. 1. þm. Austurl.

Sem sagt, ég vil ítreka það að ég vil inna hæstv. fjmrh. eftir því hvernig hann hyggst haga þessum málum. Í fyrsta lagi varðandi innflutning frá ríkjum sem ekki búa við markaðshagkerfi og í öðru lagi varðandi málsmeðferðina alla frá því að rannsókn málsins hefst og til loka hennar. Hvort hæstv. ráðherra getur ekki hugsað sér að ganga þannig frá málum að þetta geti tekið skemmri tíma og hægt sé að gera þetta öflugra og virkara sem aðhald við innflutning og um leið stuðning fyrir íslenskan iðnað.

[13:41]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hv. nefnd fyrir að hafa tekið á þessum málum með þeim hætti sem hér hefur verið lýst og jafnframt hv. iðnn. sem fékk málið til skoðunar. Það er nokkur vandi fyrir mig að ræða þetta. Í fyrsta lagi hef ég ekki reglugerðina með mér og þó ég fengi hana í stólinn þá hugsa ég að það gagnaði lítt fyrir svörin. En það sem er kannski sérstakt í þessu máli er það að verið er að ræða um reglugerðina fremur en lögin og þá háttar þannig til að reglugerðinni má breyta án þess að þingið sitji og það er ráðherrann einn sem fer með reglugerðarvaldið.

Ég vil taka það strax fram að það eru sérfræðingar fjmrn. sem hafa unnið að þessu máli mánuðum saman. Starf þeirra var mjög flókið, ekki síst vegna þess að það var erfitt að finna fyrirmynd annars staðar frá, í öðrum löndum, vegna þess að jöfnunar- og undirboðstollar eru mjög lítt notaðir og nánast ekkert og allra síst þar sem um þjónustusamninga er að ræða. Þess vegna er þetta nýjung, þess vegna má búast við því að þetta mál verði erfitt og flókið. Það sem við höfðum að leiðarljósi í fjmrn. var að gera þetta þannig úr garði að það stæðist, það væri víðtækt samkomulag um málið á milli ráðuneytanna og það skýrir kannski það fyrsta sem hv. þm. nefndi um það sem hann kallaði úrslitavald utanrrn.

Það kann vel að vera að í tímans rás komi það til með að breytast, en okkur þótti eðlilegt að utanrrn., sem fer með samningaumboð fyrir hönd íslensku þjóðarinnar og stjórnvalda fyrst og fremst gagnvart öðrum, skýrði hvað samningar þýddu þegar fjallað er um þessi tilteknu efni eins og undirboðstolla og jöfnunartolla. Undirboðstollar eru notaðir þegar um er að ræða undirboðsverð, þegar tilboð eru greinilega undir eðlilegu verði, en jöfnunartollar eru svör við því þegar um er að ræða styrki, niðurgreiðslur af hálfu sérstaklega opinberra aðila.

Svar mitt við fyrstu fyrirspurn hv. þm. er því það að ég veit ekki til þess — ekki hefur það verið rætt við mig a.m.k. — að fallið yrði frá því að utanrrn. skýrði niðurstöðuna með þeim hætti sem ég hef hér lýst. Ég held að það sé kannski eðlilegt að hugsa málið út frá því hvað mundi gerast ef fjmrn. gripi til aðgerða sem grundvölluðust m.a. á fríverslunarsamningum við aðrar þjóðir og utanrrn. væri þeirrar skoðunar að fjmrn. legði aðra merkingu í samninginn en utanrrn. Ég held að það sé augljóst að utanrrn. hefur talsvert um þetta að segja. Hitt er svo annað mál að ef niðurstaðan er á þann veg að aðrir aðilar en utanrrn. sætta sig við úrskurð, skulum við kalla það, utanrrn. þá er að sjálfsögðu hægt að gera mál úr því og halda því áfram ef menn hafa fram að færa mikilvæg rök í málinu.

Ég ætla ekki að útiloka að þetta breytist, en á þessari stundu hef ég ekki a.m.k. heyrt að uppi séu áform þar að lútandi. Þvert á móti hef ég lagt á það áherslu að öll ráðuneytin, fjmrn., iðnrn., landbrn., sjútvrn. og utanrrn. væru sammála í einu og öllu þeirri reglugerð sem gefin verður út ef lagafrv. verður samþykkt.

Ég held því miður, virðulegur forseti, að þá verði svörin kannski einnig fátækleg hvað varðar aðrar spurningar hv. þm. Hann minntist á það erfiða tilvik sem upp getur komið þegar ákveða á hvort um undirboð sé að ræða frá fyrirtæki sem starfar í landi þar sem ekki er markaðsskipulag og nefndi í því sambandi Pólland. Ég hygg að í Suður-Kóreu sé markaðsskipulag, en það er jafnljóst það sem hv. þm. sagði, að í báðum þessum löndum eru laun miklu lægri en laun hér á landi. En þótt laun séu miklu lægri þá getur sá þáttur í verði þjónustunnar eða smíðanna ekki leitt til þess að hægt sé að tala um undirboð. Því ef launin eru eins og eðlilegt er á þeim stað sem verkið var unnið, þá telst það ekki vera undirboð.

Vandinn er sá, eins og kemur fram í reglugerðardrögunum, að setja sér viðmið. Hvað er undirboð og við hvað á að miða þegar ekki er um að ræða kannski eðlilegt verð í viðkomandi landi, heimsmarkaðsverð er ekki til eins og á viðgerðum. Við hvað á að miða? Nefndin, hópurinn eða starfsfólk fjmrn., réttara sagt, sem vann að gerð þessara draga, kaus að setja þessa viðmiðun sem hv. þm. réttilega bendir á að er kannski ekki mjög auðveld til þess að vinna eftir. En á meðan ekki er til neitt betra þá held ég að það hljóti að vera eðlilegt að hafa þessa viðmiðun í reglugerðardrögunum. Verði menn hins vegar sammála um annað og finni aðra betri aðferð er auðvelt að breyta reglugerðinni.

Loks var minnst á það af hv. þm. að tíminn sem þetta tæki væri langur, ferlið væri flókið og það væri verið að gæta andmæla og upplýsingaréttar af hálfu þeirra sem málið kæmi við með þeim hætti að viss hætta skapaðist á því að þetta tæki sem við erum að fá hér heimild til að beita bíti ekki eins vel og við ætluðumst til og við viljum. Það kann að vera að tækið sé ekki eins auðvelt í notkun og ýmsir vilja, en við verðum þá jafnframt að gæta þess að fara að settum lögum, að reglum og að koma þannig fram við viðskiptaaðila íslenskra fyrirtækja á erlendum vettvangi að það sé ekki gerður munur á því og þeim aðferðum sem við beitum gagnvart íslenskum fyrirtækjum. Við verðum með öðrum orðum að gæta okkar á því að andmælaréttur og upplýsingar komist til skila til þeirra sem hagsmuna hafa að gæta.

Ég tel, virðulegur forseti, að það sé vissulega rétt sem kemur fram hjá hv. þm. að þetta er flókið ferli, tækið er ekki jafnöflugt og það gæti virst. En eftir sem áður þá tel ég fulla ástæðu til þess að frv. verði að lögum. Það verði farið af stað með því að nota þau reglugerðardrög sem hér liggja fyrir, en vankantarnir verði síðan af reglugerðinni sniðnir þegar til framkvæmdanna kemur.

Ég skal hins vegar taka fúslega undir það að ég hef mínar efasemdir um að allt breytist í einni andrá um leið og búið er að samþykkja frv. og búið er að setja reglugerðina því Ísland er ekki eina landið sem hefur fengist við þetta erfiða vandamál og ekki komist til botns í því hvernig best er að leysa það, sem sannast best á því að ríki grípa yfirleitt ekki til undirboðstolla og jöfnunartolla. Þau dæmi sem þekkjast helst um tolla á innflutning hjá siðuðum þjóðum byggjast á allt öðrum sjónarmiðum eins og t.d. varnarsjónarmiðum og miðast yfirleitt við vörutegundir þar sem um er að ræða heimsmarkaðsverð. Þannig að málið er þess vegna flókið og erfitt þegar verið er að kaupa samsetta vöru eða samsetta þjónustu. Þetta vil ég að komi fram þannig að menn haldi ekki að við höfum himin höndum tekið þó að þetta frv. sé samþykkt. Það er fyrst og fremst viðleitni til þess að nota öll þau tæki sem við megum nota í viðskiptum við aðrar þjóðir.

Hinu er svo ekki að leyna að aðrar þjóðir hafa yfirleitt gripið til einhvers konar ríkisstyrkja. Það hafa Norðmenn gert og það hafa auðvitað margar þjóðir gert til þess að svara niðurgreiðslu annarra þjóða. En það er einmitt úr slíku ástandi sem við viljum komast og sem flestallar ríkisstjórnir í heiminum vilja komast og út á það gengur m.a. það starf sem nú fer fram á vegum GATT og hefur skilað nokkrum árangri að undanförnu en er þó enn þá í gangi og heilmikið á eftir að gerast í því máli.

Það voru sérfræðingar ráðuneytisins sem fjölluðu um þetta mál og það var mikilvægt að um málið væri víðtækt samkomulag meðal ráðuneytanna. Ég vil gjarnan beita mér fyrir því að athugasemdir og tilmæli frá hv. iðnn. verði til skila haldið og þau verði tekin saman og skoðuð vandlega í ráðuneytinu, en ég legg þó fyrst og fremst áherslu á það að frv. verði samþykkt þannig að það sé þó einhver möguleiki á því að nota það tæki sem hér er verið að smíða fyrir íslenskan iðnað og íslenska framleiðslu fyrst og fremst.

[13:52]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að það sé fengur að þessari lagasetningu og styð hana út af fyrir sig. En það er alveg rétt að orði komist hjá hæstv. fjmrh. að við höfum ekki himin höndum tekið þó að þessi lög verði samþykkt. Stjórnvöld hafa hér fengið vopn sem hægt er að beita ef vilji er fyrir hendi. Ég held hins vegar að þessu vopni verði ekki beitt í tíð núv. ríkisstjórnar a.m.k. og þá þegar af þeirri ástæðu að utanrrn. er gert að úrskurðaraðila. Það þykir mér nokkuð mikill galli. Þar að auki bítur þetta vopn ekki nema suma. Ef við snúum okkur t.d. að skipasmíðum, þá bítur þetta vopn á Pólverja ef því er beitt. Hins vegar bítur þetta vopn ekki á Norðmenn því þeir eru á Evrópsku efnahagssvæði og þar af leiðandi í brynju fyrir þessu vopni.

Þetta vildi ég láta koma fram, frú forseti. Ég held sem sagt að það sé rétt að setja þessi lög. Þau eru hins vegar ekki gallalaus, þ.e. hér er ekki um að ræða vopn sem tryggir okkur gegn undirboðum ef þau koma ekki af Evrópsku efnahagssvæði.

[13:54]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að mótmæla stuðningi hv. þm. við frv., ég þakka hann. En varðandi Norðmenn þá vil ég að það komi hér fram að íslenska ríkisstjórnin samþykkti eftir áramótin að veita 40 millj. kr. sem jöfnunaraðstoð til skipasmiðjanna og það er auðvitað aðgerð til þess að svara niðurgreiðslum af hálfu Norðmanna.

Ég vil jafnframt taka fram að íslenska ríkisstjórnin hlýtur, hver sem hún er á hverjum tíma, að mótmæla ríkisstyrkjum Norðmanna og annarra EES-þjóða, enda er gert ráð fyrir því af hálfu bandalagsins að þeir séu tímabundnir þótt enn hafi verið lengdur fresturinn.

Og loks vegna undirboða á efnahagssvæðinu þá vil ég að það komi skýrt fram að Samkeppnisstofnun, íslenska samkeppnisstofnunin, fer með það vald að dæma undirboð á öllu gagnvart íslenskum fyrirtækjum á öllu Evrópska efnahagssvæðinu.

[13:55]

Páll Pétursson *(andsvar)*:

Frú forseti. Það ber auðvitað að þakka það að

hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt lit á því í tíð núv. hæstv. iðnrh. að verja íslenskan skipasmíðaiðnað. Hins vegar duga þessar 40 millj., þó þær séu góðra gjalda verðar, óskaplega skammt í því að ráða við Norðmenn í þessu efni. Ég tel að það hafi orðið þáttaskil þegar hæstv. núv. iðnrh. tók eftir því að skipasmíðaiðnaðurinn í landinu stóð illa. Það gerði fyrrv. hæstv. iðnrh. ekki. Og það er ekki nema gott um það að segja að ríkisstjórnin reyni að rétta hlut hans en betur má ef duga skal.

[13:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég ætla að þakka hæstv. fjmrh. fyrir þau svör sem hann gaf og fara um þau nokkrum orðum.

Í fyrsta lagi varðandi utanrrn. verð ég að segja eins og er að ég tel að það sé slæmt að utanrrn. skuli hafa úrskurðarvald í þessum málum við tilteknar aðstæður þó um sé að ræða túlkun samninga sem við erum aðilar að. Ég tel að eðlilegra hefði verið að fjmrn. hefði ráðið þessu máli. Það hefði haft ráðgjafarnefnd með sér og síðan hefði utanrrn. út af fyrir sig getað beitt sér á öðrum vettvangi til þess að reyna að hnekkja niðurstöðum fjmrn. En ég tel að það sé mjög skrýtið og í raun og veru úr öllu eðlilegu samhengi við þær reglur sem gilda í Stjórnarráði Íslands að utanrrn. ráði úrslitum í málum af þeim toga sem hér eru uppi á borðinu.

Í öðru lagi vil ég endurtaka það að ég óttast að það ferli sem hér er gert ráð fyrir, varðandi það að sanna hvort um sé að ræða undirboð, sé allt of langt og allt of flókið. Mér er sem ég sjái þá íslensku atvinnurekendur og skipasmíðastöðvar sem hafa tæknilega burði til þess að standa í því málavafstri sem bersýnilega er gert ráð fyrir í reglugerðardrögunum eins og þau eru. Þau eru allt of flókin. Auðvitað er það alveg rétt hjá hæstv. fjmrh. að þessu er hægt að breyta í tímans rás, það er þó í höndum ráðherra og þarf ekki að bera það aftur fyrir þingið ef þetta hefur orðið að lögum. En ég segi það alveg eins og er að ég óttast að þetta ferli sé allt of flókið, það taki allt of langan tíma og skili þar af leiðandi ekki þeim árangri sem þarf og þau verkefni sem um er að ræða séu farin úr landi eða fyrirtækið á hausinn áður en niðurstaða úr rannsóknum liggur fyrir.

Það stendur einhvers staðar í reglugerðardrögunum að þetta ferli eða rannsókn megi þó ekki taka meira en eitt ár frá því að rannsóknin hefst. Rannsóknin hefst þó ekki alveg strax því fyrst á að leita til samráðsnefndarinnar, síðan á hún að meta hvort eðlilegt er að hefja rannsókn, síðan á rannsóknin að auglýsast í Lögbirtingablaðinu og frá þeim tíma að rannsóknin hefur verið auglýst og þangað til henni lýkur þá má í hæsta lagi líða heilt ár. Og mér er sem ég sjái íslenska útgerðaraðila bíða eftir slíkum niðurstöðum með sín skip í heilt ár eftir að pappírsmylla fjmrn. hefði komist til botns í máli af þessu tagi. Þannig að ég óttast að þessi flækja geri það að verkum, því miður, þó að það sé vafalaust góður hugur hjá hæstv. fjmrh. og öðrum á bak við málið, að sú góða meining geri enga stoð þegar upp er staðið fyrir iðnaðinn og þó kannski alveg sérstaklega skipasmíðaiðnaðinn í landinu.

Hitt er auðvitað alveg rétt hjá hæstv. ráðherra að þetta er ekkert einfalt mál, m.a. það að það verður að tryggja það og búa þannig um hnútana að andmælarétti viðkomandi aðila sé að fullu til skila haldið. Við verðum einnig að búa þannig um hnútana að það sama gildi um okkur annars staðar og um aðra hjá okkur. Þannig að málið er engan veginn einfalt, það er alveg hárrétt hjá hæstv. ráðherra, en ég ítreka að ég óttast að eins og um hnútana er búið sé gengið óþarflega langt í varfærnisátt. Það er þannig að þetta stjórnkerfi hjá okkur hefur verið tregt til að beita reglum af þessu tagi. Það hefur verið það. Það er ekki vegna sleifarlags einstakra ráðherra eða stjórnmálamanna eingöngu eða fyrst og fremst að ekki hafa verið settar reglur af þessum toga heldur vitum við auðvitað að sumar reglur og ýmsir þættir af því tagi sem hér er verið að ræða um eru svo að segja eins og eitur í beinum ákveðinna valdamikilla embættismanna kerfinu án þess að það sé hægt að kenna þeim um, því það eru ráðherrarnir sem bera ábyrgðina, en þessir valdamiklu embættismenn hafa sitt að segja.

Það sem er kannski alvarlegast í þessu er svo líka að Evrópska efnahagssvæðið, eins og það lítur út núna og okkar samningur og aðild að þeim samningi, ver ríkisstyrkina áfram á EES-svæðinu. Þetta er næstum að segja algjörlega óleysanlegur vandi gagnvart samkeppni við norskar skipasmíðastöðvar alveg sérstaklega. Þannig háttar til að Norðmenn eru, eins og allir vita, með fastar hlutfallsgreiðslur af kostnaði við skipasmíðaverkefni hjá sér en þar fyrir utan nota þeir byggðastyrki til að greiða niður jafnvel allan stofnkostnað við einstakar skipasmíðjur eða skipasmíðaverkefni. Mér er kunnugt um að í Norður-Noregi var ekki fyrir löngu reist ný og stór glæsileg skipasmíðastöð sem öll er byggð fyrir peninga úr ríkissjóði eða almannasjóðum með einhverjum hætti (**Gripið fram í:** Kirkenes.) Kirkenes, já. Auk þess að allur fjármagnskostnaður er gefins þá er rekstrarkostnaðurinn borgaður niður. Það er því augljóst mál að við erum í engri stöðu til þess að ráða við þessa skipasmíðju eins og sakir standa, því miður, og það er mjög alvarlegt umhugsunarefni.

Samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði dugir ekkert í þessum efnum vegna þess að þar eru ríkisstyrkir í skipasmíðum undanþægir. Fyrst var það samkvæmt bókuninni út árið 1994, ef ég man rétt, og síðan var sú bókun framlengd a.m.k. út árið 1995. Það er alveg ljóst að þessi bókun verður ekki framlengd endalaust en mér segir svo hugur um að hún verði framlengd býsna lengi vegna þess að forustumenn þessara veiku skipasmíðastöðvar á Evrópsku efnahagssvæði hafa þrátt fyrir allt mikil pólitísk áhrif í Evrópusambandinu og á hinu Evrópska efnahagssvæði. Þess vegna óttast ég að þrátt fyrir jöfnunaraðstoðina og allt það sé það í raun þannig að við séum búin, nema við gerum eitthvað annað, að gefast upp gagnvart skipasmíðum í Noregi, dæma okkur til þess að tapa þeim slag. Við getum kannski keppt við Pólverja eins og þau dæmi

líta út, en að öðru leyti óttast ég að þetta sé langtímavandi.

Spurningin er sú að því er varðar skipasmíðaiðnaðinn: Hvað á þá að gera? Þá komum við að öðrum verkefnum en þeim sem eru beinlínis á dagskrá undir þessum lið, hæstv. forseti, á dagskrá fundarins? Hæstv. fjmrh. nefndi þó jöfnunaraðstoðina sem er upp á 40 millj. og er út af fyrir sig þakkarvert. Það er út af fyrir sig stórkostleg framför að fá þessa jöfnunaraðstoð samþykkta. Vandinn er sá að hún er þegar búin. Samkvæmt upplýsingum sem iðnn. fékk frá iðnrn. fyrir nokkrum dögum þá er þessi jöfnunaraðstoð upp á 40 millj. kr. þegar búin. Umsóknir eru um miklu stærri upphæð. Það er því bersýnilegt að þessi litla jöfnunaraðstoð hefur þó hjálpað til. Staðreyndin er sú að skipasmíðaiðnaðurinn var svo að segja dauður og er svo að segja dauður þannig að það munaði um allt og jöfnunaraðstoðin upp á 40 millj. kr. sem var ákveðin hjálpaði pínulítið. Það eru nokkur fyrirtæki aðeins að tygja sig af stað og mér er kunnugt um að það er verið að leita eftir því hvort íslenskar skipasmíðastöðvar geta e.t.v. tekið inn eins og eitt eða tvö nokkuð myndarleg verkefni ef þær geta staðið í lappirnar að öðru leyti. Þá verða menn að fara í endurfjármögnun á þessari iðngrein sem er þrotin að kröftum, eiginfjárlaus í raun og veru. Í þeim efnum má margt nefna, m.a. nauðsyn þess að skipasmíðastöðvarnar á Íslandi, sem eru margar, sameinist um einhverja tiltekna þætti og komi á skipulagðri verkaskiptingu sín á milli vegna þess að það er alveg ljóst að við getum ekki rekið fjölda skipasmíðastöðva í landinu. Og gráupplagt er það alla vega að skipasmíðastöðvar á Faxaflóasvæðinu taki upp skipulega samvinnu sín á milli.

Ég vil sem sagt ljúka þessari umræðu með því að segja að ég ætla að greiða frv. atkvæði en ég segi jafnframt og tek undir það sem fram kom m.a. hjá hæstv. ráðherra og hv. 1. þm. Norðurl. v. að þetta leysir ekki allan vanda. Það er mjög langt frá því og ég óttast að þetta leysi minni vanda en það gæti leyst ef þetta væri ekki svona flókið í bak og fyrir eins og reglugerðardrögin líta út fyrir að vera. Sérstaklega væri það gott ef utanrrn. yrði byggt út úr dæminu vegna þess að þar væri þá glæta í því. En með utanrrn. sem úrskurðaraðila eins og það er mannað í dag, kaþólskari en allir páfar í heimi, þá er ekki mikil von í þessu.

[14:06]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tek það fram að ég tala ekki fyrir hönd Vatíkansins enda ekki kaþólskari en páfinn en utanrrh. er ekki viðstaddur. Þar sem umræðan hefur nokkuð farið út í það að ræða um skipasmíðaiðnaðinn og hv. þm. ræddi um nokkur mikilvæg atriði sem snerta skipasmíðaiðnaðinn þá vildi ég, af því að hann hafði áhyggjur af því að stjórnvöld sinntu ekki þessum iðnaði nægilega mikið, láta það koma fram, þó ekki væri nema umræðunnar vegna, að stjórnvöld hafa beygt sig fyrir því að bæði Fiskveiðasjóður og Iðnlánasjóður hafa lagað sínar lánareglur meira en var vegna þarfa innanlandsiðnaðarins. Ég tel það mjög til bóta og vil að það komi fram við þessa umræðu að þar hefur orðið breyting á vegna þess að stjórnvöld beittu sér fyrir breytingum á reglugerðum þessara sjóða.

Ég vil jafnframt, þó að það séu ekki nein andmæli heldur kannski þvert á móti, lýsa því yfir að ég er sammála hv. þm., formanni iðnn., að það þarf að horfa á þessa grein í heilu lagi og aðgerðir þurfa að miðast við að styrkja stöðu hennar. Þar kemur kannski tvennt að auki til greina. Það er í fyrsta lagi að sameina kraftana og auka samvinnu, kannski ekki síst á Faxaflóasvæðinu, og hitt að efna ekki til nýrra fjárfestinga á kostnað ríkisins sem gera það eitt að toga verkefni frá öðrum innlendum aðilum og færa til annarra fyrir nýjan aukinn kostnað.

[14:08]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil út af fyrir sig taka undir ýmislegt af því sem hæstv. fjmrh. sagði núna og sérstaklega undirstrika það að til þess að rétta við skipasmíðaiðnaðinn þurfa menn að grípa til samþættra og víðtækra aðgerða. Ég teldi að það væri alveg fráleitt að fara á einhverjum einum stað inn í málið án þess að reyna að horfa á heildarsviðið um leið. Eitt af því sem þarf að gerast er að taka á þeim reglum sem gilda hjá hinum opinberu lánasjóðum eins og hæstv. ríkisstjórn hefur gert. Það næsta sem þarf að gerast er svo það að bankarnir láti eiga sig að veita sérstakar ábyrgðir vegna undirboðs skipasmíðaverkefna erlendis sem eru bersýnilega notuð til þess að brjóta niður það litla sem eftir er af íslenskum skipasmíðaiðnaði. Ef hæstv. fjmrh. gæti beitt sér fyrir því við kollega sinn, hæstv. viðskrh., þá hygg ég að við færum að skilja sáttir svona í öllum meginatriðum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 2. umr.

Stjfrv., 562. mál (skipun ferðamálaráðs, rekstrarleyfi ferðaskrifstofu o.fl.). — Þskj. 875, nál. 1129, brtt. 1130.

[14:10]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. til laga um breytingu á skipulagi ferðamála, nr. 79/1985, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fengið á sinn fund Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra í samgrn., og Ragnhildi Hjaltadóttur skrifstofustjóra sem og Birgi Þorgilsson, formann ferðamálaráðs.

Umsagnir um frv. bárust einnig frá nokkrum aðilum.

Helstu breytingar á frv., eins og það var lagt fram, eru þær að felld verður úr gildi skylda ferðamálaráðs til að halda a.m.k. fjóra fundi á ári og þess í stað er lögfest skipan framkvæmdanefndar á vegum ferðamálaráðs. Sú framkvæmdanefnd hefur þegar verið

stofnuð en skortir lagastoð til þess að ákvarðanir hennar í umboði ferðamálaráðs geti verið gildandi. Þessi skipan stefnir að því að gera starfsemi á vegum ferðamálaráðs virkari og auðveldari í vöfum, að ekki sé skylt að kalla saman fjölmennan hóp eins og ferðamálaráð a.m.k. fjórum sinnum á ári en þess í stað geti framkvæmdanefnd starfað í umboði þess.

Enn fremur er felldur á brott sá kafli laganna sem fjallar um Ferðaskrifstofu ríkisins sem ekki er lengur til og hefur verið seld öðrum aðilum.

Þá er í þriðja lagi breytt nokkuð leyfisveitingum til reksturs ferðaskrifstofa, sem hafa verið tímabundin, og heimilað að flokka slík leyfi eftir eðli starfsemi og breytt ákvæðum um tryggingar ferðaskrifstofa þannig að tryggingin taki eingöngu til neytendaverndar. Heimilað er að ferðaskrifstofur sameinist um að setja slíka tryggingu sem getur orðið hagkvæmt þegar um smáa aðila er að ræða á sviði ferðamála.

Enn fremur eru í frv., eins og það var lagt fram, breytingar á skipan Ferðamálaráðs en nefndin leggur til að þær greinar frv. sem að því lúta, sem eru 2. og 10. gr. þess, falli brott til að greiða fyrir því að þau ákvæði frv. sem samkomulag er um að séu mjög til bóta komist fram. Um þau ákvæði sem fjallað er um í 2. og 10. gr. var nokkur ágreiningur og engin ástæða til að tefja hin þýðingarmeiri ákvæði frv. með því að stefna framgangi frv. í hættu með því að halda fast við þau efnisatriði sem ollu ágreiningi.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með þeim breytingum sem tillaga er flutt um á þskj. 1130 en fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna í samgn. skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

[14:14]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er komið frv. sem leiðir af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið. Í sjálfu sér er margt jákvætt í frv. því verið er að tryggja hagsmuni neytenda eins og kom fram hjá frsm. nefndarinnar og formanni. Hins vegar hafa verið teknar út úr frv., eins og hann réttilega gat um, tvær greinar sem upphaflega voru og ollu talsverðum ágreiningi innan nefndarinnar.

Ég hef skrifað undir frv. með fyrirvara. Hann felst einkum í því að hér erum við að taka á okkur skuldbindingar vegna EES-samningsins en ekki vegna þess að menn hafi sjálfir talið það rétt sem auðvitað hefði getað komið þrátt fyrir að við værum ekki aðilar að samningnum. Í öðru lagi er hér verið að taka inn sérstaklega rétt neytenda en aftur á móti fellt út úr tryggingu almenn rekstrarábyrgð. Þó að ég telji rétt, eins og ég sagði, að tryggja hagsmuni neytenda með þessu þá sé ég ekki að endilega að það hefði þurft að fylgja með í kaupunum að minnka aðra ábyrgð.

Að öðru leyti hef ég ekki sérstakt við þetta frv. að athuga. Ég vil þó vekja athygli á því í umræðum að aðrir nefndarmenn samgn. sem hafa skrifað undir með fyrirvara eru ekki í salnum. Ég veit að þeir voru á fundi fram eftir nóttu, allir með tölu, og það er e.t.v. eðlilegt að fara fram á það við virðulegan forseta að það verði kannað hvort þeir séu komnir í hús og geti gert grein fyrir sínum fyrirvara áður en umræðu um málið lýkur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þeir hv. þm. sem skrifa undir nál. með fyrirvara eru ekki í húsinu. Þeim gefst væntanlega tækifæri við 3. umræðu að skýra sinn fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alferðir, 2. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 391, nál. 1128.

[14:18]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Hæstv. forseti. Samgn. hefur fjallað um frv. þetta til laga um alferðir og hefur fengið á sinn fund Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra samgrn., Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í sama ráðuneyti, og Birgi Þorgilsson, formann ferðamálaráðs.

Þá bárust nefndinni umsagnir frá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, ferðamálaráði Íslands, Flugleiðum og Neytendasamtökunum.

Frv. er öðrum þræði flutt til þess að fullnægja ákvæði EES-samninga þar sem eru skuldbindingar fyrir okkur Íslendinga að lögfesta sambærilegar reglur um það sem hér er kallað alferðir, en hefur áður í daglegu tali verið kallaðar pakkaferðir, og gilda í öðrum EES-löndum og hafa verið lögfestar í okkar nágrannalöndum.

Hér er um að ræða aukin réttindi neytenda, þ.e. þeirra sem ferðast á vegum ferðaskrifstofa í svokölluðum alferðum. Það skal tekið fram að fulltrúar ferðaskrifstofa töldu að því fylgdi nokkur kostnaður fyrir ferðaskrifstofurnar að taka á sig þær auknu skyldur sem frv. felur í sér en létu þess jafnframt getið að hjá því yrði naumast komið. Þrátt fyrir það að frv. yrði ekki lögfest yrði naumast hjá því komist að taka á sig sambærileg réttindi fyrir aðila sem ferðast á vegum íslenskra ferðaskrifstofa og ferðast á vegum annarra ferðaskrifstofa í nálægum löndum.

Þess er getið að í ferðamálum eru óglögg landamæri og sala á ferðum á vegum einstakra ferðaskrifstofa lýtur ekki endilega landamærum.

Það er skoðun nefndarinnar að rétt sé að lögfesta frv. og telur nefndin eðlilegt að hérlendis séu í gildi sams konar reglur um neytendavernd í ferðaþjónustu og eru í þeim löndum Evrópu sem Íslendingar sækja mest til og hafa mest samskipti við. Nefndin leggur því til að frv. verði samþykkt óbreytt. Fjarverandi afgreiðslu málsins var Jóna Valgerður Kristjánsdóttir en þrír nefndarmenn, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna skrifa undir nál. með fyrirvara.

[14:21]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi tvö frv. tengjast að nokkru leyti, þ.e. í frv. um skipulag ferðamála er að nokkru vitnað í þetta frv. Það tekur ekki á tryggingum en er

frekari skýringar á því sem áður hefur verið kallað pakkaferð.

Þó ég hafi ekki verið viðstödd afgreiðslu þessa máls úr nefnd, vil ég taka það fram að ég er ekki sammála því að það þurfi að afgreiða þetta frv. núna. Bæði er að það hefur verið mjög lítið fjallað um það innan samgn., kannski verið tekið fyrir á tveimur fundum, öðrum sem ég hef ekki verið á, og það hafa borist nokkrar umsagnir um það sem ég tel að réttara hefði verið að skoða betur og fá til viðtals einhverja af þeim aðilum sem hafa sent inn athugasemdir.

Í fyrsta lagi er mín athugasemd við nafnið, þ.e. alferðir. Ég tel ekki hægt að fallast á að það eigi akkúrat að gilda um slíka samsetningu á þjónustu og segir í 2. gr. frv., með leyfi forseta:

„Í lögum þessum merkja eftirfarandi hugtök:

Alferð er fyrir fram ákveðin samsetning ekki færri en tveggja eftirfarandi atriða," — og síðan eru þau talin upp: „a. flutnings, b. gistingar, c. annarrar þjónustu við ferðamenn sem tekur til verulegs hluta ferðarinnar."

Getur alferð verið bara gisting og önnur þjónusta sem tekur til einhvers hluta ferðarinnar en er ekki í ferðinni í sjálfu sér? Þá erum við farin að tala um alferð sem er í rauninni ekkert ferðalag. Mér finnst þetta því ekki alveg nógu góð skýring fyrir utan það að alferð er nokkuð villandi hugtak því í því mundi geta falist að allt mögulegt væri innifalið í þessari ferð. Það er ekki endilega skilgreiningin sem kemur hér fram að þarna séu bara einhver tvö atriði. Mér finnst nafnið á frv., nafnið á þessari ferð sem verið er að skilgreina, vera villandi og óska eftir því að þetta væri skoðað betur og reynt að finna betra nafn á þessa þjónustu.

Síðan hafa komið ákveðnar athugasemdir. Í fyrsta lagi hafa komið athugasemdir frá Félagi íslenskra ferðaskrifstofa, sem eru dagsettar í apríl 1994. Þar segir, með leyfi forseta, um 2. gr.:

„Skilgreining á alferð er ekki fullnægjandi. Ekki er skýrt hvað felst í „fyrir fram ákveðin samsetning". T.d. má nefna að hér er einungis um að ræða ferðir eins og lýst er í bæklingum eða verðskrám ferðaskrifstofa og hvað ef gerð er breyting á ferðinni að ósk farþega? Getur samsetningin átt sér stað um leið og bókun er gerð, t.d. með því að auk flugs er bókað hótel upp úr alþjóðlegri hótelbók eða í gegnum alþjóðlegan hótelmiðlara eða hótelhring? Þarf sala allra eða beggja atriða ferðar að eiga sér stað á sama tíma?"

Við 7. gr. er eftirfarandi athugasemd: „Ekki kemur fram hvort farkaupi geti gert kröfu um verðlækkun, t.d. vegna gengisbreytingar síðustu 20 daga fyrir brottför. Hér hlýtur að gilda gagnkvæmni. Ef ferðaheildsali getur ekki krafist hækkunar á verði ferðar þá geti farkaupi ekki krafist lækkunar."

Um 10. gr. segir Félag íslenskra ferðaskrifstofa:

„Samkvæmt athugasemdum má gera ráð fyrir að ekki sé hægt að krefjast skaðabóta fyrir hugsanlegt tjón sem felst í því að alferð á sér ekki stað eins og samið var um. Félag íslenskra ferðaskrifstofa telur þetta óþarflega veikt orðalag. Óeðlilegt er að farkaupi geti átt rétt á skaðabótum þó að ferð sé aflýst eða breytt verulega, umfram endurgreiðslu á innborgun og öðrum fjárútlátum sem hann hugsanlega kann að hafa orðið fyrir. Ekki komi til skaðabóta t.d. vegna vinnutaps eða vegna þess að einhver ferðamöguleiki eða ferðatilboð er ekki lengur til staðar."

Í lokin á þessum athugasemdum, þær eru reyndar fleiri, segir: „Félag íslenskra ferðaskrifstofa telur því einsýnt að innihald 7. gr. tilskipunarráðsins þurfi á einhvern hátt að koma fram í þessum lögum um alferðir."

Það kemur fram að Félags íslenskra ferðaskrifstofa er ekki ánægt með það hvernig þetta frv. hefur verið sett fram.

Það er verulega verið að auka ábyrgð ferðaskrifstofa og það er út af fyrir sig gott því við höfum vitað til þess að farkaupar, eins og hér er skilgreint, hafa orðið fyrir verulegu tjóni ef ferðaskrifstofur hafa orðið gjaldþrota. En það er verið að tryggja það aftur á móti í hinu frv. sem við vorum að ræða áðan um skipulag ferðamála. Þar koma inn í lög um skipulag ferðamála ákveðnar tryggingar. Ég held því að það hefði ekkert legið á að ljúka þessu frv. fyrir vorið.

Það má einnig nefna að það kom fram hjá Neytendasamtökunum vafi á því hvernig skilja eigi 14. gr. frv. þar sem talað er um skaðabætur og þær eigi aðeins að vera í samræmi við alþjóðasamninga.

Í 14. gr. segir, með leyfi forseta:

„Ferðaheildsali eða ferðasmásali geta takmarkað skaðabætur sem þeim ber að greiða skv. 13. gr. í samræmi við takmarkanir sem kveðið er á um í landslögum eða alþjóðasamningum, sem gilda um einstaka þætti alferðar."

Því segja Neytendasamtökin að þetta geti leitt til þess að alþjóðasamningar gildi um bótagrundvöll en ekki bara um bótaupphæð og einstakar EES-þjóðir hafa ekki verið sammála um það hvor lausnin sé réttari. Það er því einnig ágreiningur um skilning á þessari grein og ég tel að því miður sé margt enn óljóst í þessu frv.

Það kemur einnig fram í athugasemdum með frv. að það sé verið að skoða þetta nánar hjá Evrópusambandsþjóðum og engan veginn víst að það sem sett er fram í frv. sé það sem muni gilda. Það þurfi sem sagt að skoða þetta nánar, menn séu ekki sammála um útfærsluna á þessu. Mér sýnist að verði þetta frv. samþykkt á Alþingi fyrir vorið stefni í að það verði jafnvel orðið marklaust að hausti og þurfi þá að skoða það upp á nýtt. Ég sé ekki tilganginn með því að ljúka þessu núna, virðulegi forseti.

[14:30]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Hv. 6. þm. Vestf. var því miður ekki á þeim fundi þar sem lokið var umfjöllun um þetta mál. Á þann fund kom Birgir Þorgilsson, sem er formaður ferðamálaráðs og gjörkunnugur starfsemi ferðaskrifstofa. Þar var hann spurður í þaula um þau atriði sem helst þóttu óljós í málinu og gaf hann um þau glögg svör. Ég tel að það sé misskilningur, sem kom fram hjá hv. ræðumanni og hafði komið fram í nefndinni, að hægt sé að selja það sem kallað er alferð án þess að um ferðalag sé að ræða. Pakkinn eða al-

ferðin getur hins vegar tekið til þess hluta ferðalagsins sem lýtur að gistingu og þjónustu en ekki fargjaldsins en það getur ekki gerst án þess að ferð sé farin. Það er alveg tvímælalaust og alveg skýrt og þarf ekki um það frekar að ræða.

Það var talið af hálfu fulltrúa ferðaskrifstofa að ferðaskrifstofurnar mundu væntanlega þurfa að kaupa tryggingar gagnvart þeirri auknu neytendavernd sem frv. felur í sér. Það var jafnframt talið að þó svo að ekki yrði um lögfestingu þessa máls að ræða mundu ferðaskrifstofurnar ekki treysta sér til annars en að hafa sambærileg réttindi fyrir farþega í sínum ferðum og t.d. norskar, danskar og aðrar ferðaskrifstofur í kringum okkur hafa þegar þær selja sínum farþegum og ýmsar þeirra selja ferðir til Íslands.

Varðandi það atriði að þessum hluta alþjóðasamninga kunni að verða breytt sem hafa komið fram raddir um frá Bretlandi, ef ég man rétt, þá er engin vissa fyrir því hvenær það gerist eða hvort það gerist. Verði breytingar á lögum og samningum sem um þennan þátt ferðamála fjalla hjá öðrum þjóðum þá getum við Íslendingar auðvitað tekið það upp til að færa það til samræmis fyrir okkar farþega. En það veit enginn hvenær það gerist og er að mínum dómi hið mesta óráð að bíða eftir því að það kunni að gerast einhvern tímann í framtíðinni.

Eftir þá athugun sem fram fór á frv., einkanlega á síðasta fundi nefndarinnar en það hafði verið rætt á allnokkrum fundum, þá tel ég mig mega segja að nefndarmenn sem voru viðstaddir séu frv. sammála. Á hinn bóginn höfðu menn ýmsir hverjir — það er kannski of sterkt að segja athugasemdir, en þeir voru ekki ánægðir með þetta nafn, alferðir, (**EKJ:** Það verður aldrei notað.) sem þó var tekið upp að höfðu samráði við málvísindamenn. Ég get sagt það fyrir mína parta að um slíka nafngift má vitaskuld deila og ég ætla ekki að fara í neinar þrætur um að það hefði kannski verið eðlilegra að nota annað orð en nefndin hvarf þó ekki að því ráði að gera breytingar á þessu nafni. En ég tel mig mega segja það að þeir nefndarmenn sem voru viðstaddir afgreiðslu málsins og skrifuðu undir með fyrirvara, að sá fyrirvari var bundinn þessu nafni á þessari tegund ferðalaga en held ég ekki öðru.

[14:35]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er einmitt það sem hefur komið fram og hefur ekki skýrst nægilega vel að það er hægt að selja alferð sem er kannski bara gisting og þjónusta en engin ferð. Og þó að menn þurfi að fara á staðinn til þess að fá þessa gistingu og þjónustu þar sem hún er seld þá er það fargjald ekki selt með í þjónustunni. Menn geta farið það á eigin vegum og keypt síðan einhverja gistingu og þjónustu úti í sveit án þess að nein ferð sé með í því. Þetta er aðeins eitt atriði í sambandi við það að ég tel ekki rétt að þetta heiti alferð. Við þekkjum þetta undir nafninu pakkaferðir og þó það sé kannski ekki nógu góð íslenska þá er það búið að vinna sér ákveðna hefð að kaupa pakkaferðir og það held ég að verði kannski notað áfram þó svo að við breytum þessu.

En það er auðvitað alveg rétt sem hv. formaður nefndarinnar segir að allir nefndarmenn skrifuðu undir þetta og hljóta þar af leiðandi að vera þessu frv. samþykkir. Ég var fjarverandi þegar fjallað var um þetta á síðasta fundi og þá hafa e.t.v. komið fram einhverjar þær skýringar sem ég hef ekki heyrt. Ég vil þó endurtaka að ég sé ekki að það hefði verið neitt nauðsynlegt að ljúka þessu frv. á svo stuttum tíma. Það hefði alveg verið hægt að bíða með það. Ég hygg að þó að hér sé um neytendavernd að ræða og ferðaskrifstofur hafi sagt að þær þurfi að fylgja öðrum í því efni þá hefði það gerst hvort sem þetta frv. yrði að lögum eða ekki. Ég tel ekki tímabært að afgreiða það af þeim sökum vegna þess að ég tel að það þurfi aðeins meiri umfjöllun.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 2. umr.

Frv. MF o.fl., 123. mál (atvinnuleysisbætur starfsmanna sveitarfélaga). — Þskj. 128, nál. 1174, brtt. 1175.

[14:37]

Frsm. efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir brtt. og nál. efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um breytingu á lögum nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í frv. er gert ráð fyrir því í stuttu máli að starfsfólk sveitarfélaga falli undir Atvinnuleysistryggingasjóð og þiggi bætur úr honum. Sveitarfélögin greiða tryggingagjald til Atvinnuleysistryggingasjóðs en hafa hingað til þurft að standa sjálf undir bótum til þeirra launþega sem verða atvinnulausir sem starfsmenn þeirra.

Nefndin hefur fjallað um frv. og á hennar fund komu fulltrúar fjmrn. og einnig komu umsagnir um málið frá ASÍ, BHMR, BSRB, Sambandi ísl. sveitarfélaga og Tryggingastofnun ríkisins.

Meginefni brtt. er að leggja það til að allir opinberir starfsmenn falli undir Atvinnuleysistryggingasjóð og að þeir verði ekki háðir neinum sérlögum hvað það snertir. Þetta þýðir í framhaldinu að það getur verið nauðsynlegt að endurskoða löggjöfina um atvinnuleysistryggingar, sérstaklega hvað varðar skipun stjórnar Atvinnuleysistryggingasjóðs þannig að bæði vinnuveitendasjónarmiðin og launþegasjónarmiðin á vettvangi hins opinbera fái þar hljómgrunn.

Enn fremur leggur efh.- og viðskn. til að lög þessi öðlist gildi 1. júlí 1994.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, fyrri umr.

Stjtill., 600. mál. — Þskj. 960.

[14:39]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir till. til þál. um samning milli Íslands, Noregs og Danmerkur fyrir hönd Grænlands um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands.

Með þessari þáltill. fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili staðfestingu samnings milli Íslands, Noregs og Danmerkur fyrir hönd Grænlands um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands. Samkomulag náðist um texta samningsins á fundi í Kaupmannahöfn 11. og 12. þessa mánaðar.

Ef staðfestur verður mun þessi samningur taka við af eldri samningi milli landanna sem seinast var gerður 18. maí 1992. Samkvæmt núgildandi samningi skal reynt að ná samkomulagi um leyfilegan hámarksafla fyrir hverja vertíð, en ef ekki næst samkomulag mun Ísland ákveða hámarksafla. Leitast skal við samkvæmt gildandi samningi að ákveða fyrir 1. júní ár hvert leyfilegan hámarksafla til bráðabirgða og fyrir 1. des. endanlegan leyfilegan hámarksafla fyrir vertíðina sem hefst 1. júlí og stendur til 30. apríl árið eftir.

Aflinn skiptist þannig að 78% falla í hlut Íslands, 11% í hlut Grænlands, 11% í hlut Noregs.

Íslenskum og norskum skipum er heimilt að veiða loðnu í lögsögu Grænlands og íslenskum skipum og skipum með grænlenskt fiskveiðileyfi er heimilt að veiða í lögsögu Jan Mayen.

Um veiðar í íslenskri lögsögu er fjallað í 6. gr. samningsins. Heimildir eru takmarkaðar við norsk skip og grænlensk skip, þ.e. skip sem skráð eru í Grænlandi og fullnægja skilyrðum grænlenskra fiskveiðilaga um eignaraðild. Íslensk stjórnvöld geta einnig veitt fiskiskipum af öðru þjóðerni, sem fengið hafa grænlensk fiskveiðleyfi, veiðiheimildir. Í viðræðunum milli aðila hefur verið gengið út frá því að færeysk skip, sem hafa leyfi grænlenskra stjórnvalda til veiða á þeirra hlut, fái heimild til að veiða innan íslenskrar lögsögu. Veiðiréttindi takmarkast við nákvæmlega skilgreint svæði og tímabilið 1. júlí til 15. febrúar á hverri vertíð.

Samningur þessi rennur út í lok yfirstandandi loðnuvertíðar, þ.e. 30. apríl 1994.

Samningsdrögin sem hér um ræðir eru í grundvallaratriðum byggð á núgildandi samningi. Ákvæði um hlutfallslega skiptingu veiðiheimilda, ákvörðun leyfilegs hámarksafla og heimildir aðila til veiða í lögsögu hvers annars eru öll óbreytt.

Í samningaviðræðunum lögðu Norðmenn og Grænlendingar mikla áherslu á að samningsákvæðum yrði breytt þannig að þessum þjóðum gæfist betri möguleiki á að nýta veiðiheimildir sínar. Flestar breytinganna í samningsdrögunum má rekja beint eða óbeint til þessara óska. Breytingarnar eru þessar helstar frá eldri samningi:

1. Alþjóðahafrannsóknaráðið miðar ráðgjöf sína um leyfilegan hámarksafla við að sá bráðabirgðakvóti sem ákveðinn er í upphafi vertíðar samsvari nokkurn veginn ⅓ hlutum endanlegs kvóta. Í samningnum er ákveðið að Norðmenn og Grænlendingar geti miðað sína hlutdeild af upphafskvótanum við þennan væntanlega kvóta þannig að í reynd geta þeir veitt 16,5% af bráðabirgðakvótanum. Jöfnuður næst þegar endanlegur kvóti er ákveðinn.

2. Bótareglum samningsins er breytt lítils háttar. Ef bráðabirgðakvótinn er aukinn minna en forsendur Alþjóðahafrannsóknaráðsins ganga út frá getur forgjafarákvæðið svokallað leitt til þess að Grænlendingar og/eða Norðmenn veiði meira en þeim ber. Þetta fá Íslendingar þá að fullu bætt í upphafi næstu vertíðar.

Takist Grænlendingum eða Norðmönnum ekki að veiða sinn hlut af væntanlega kvótanum fellur hann bótalaust til Íslendinga.

Sé kvótinn aukinn umfram hinn væntanlega kvóta skal Grænland og/eða Noregur fá bætur frá Íslandi á næstu vertíð að því marki sem Íslendingar veiða hlutfallslega meira úr viðbótinni.

3. Í sameiginlegri yfirlýsingu varðandi framkvæmd samningsins er kveðið á um að Norðmenn megi ekki veiða meira en 60 af hundraði heildarkvóta síns innan íslenskrar lögsögu. Sams konar takmarkanir gilda um veiðar Íslendinga við Jan Mayen.

4. Samkvæmt samningnum getur hver aðili ákveðið fjölda erlendra skipa í lögsögu sinni. Fallist var á að rýmka þær takmarkanir á fjölda erlendra skipa innan íslenskrar lögsögu, sem íslensk stjórnvöld hafa sett, úr 25 í 36 á sumar- og haustvertíð. Takmarkanir eftir 1. desember verða hins vegar þær sömu og verið hafa.

Í samningaviðræðunum gerðu Norðmenn tillögu um að breyta þeim takmörkunum um veiðar í íslenskri lögsögu sem miðast við að veiðar Norðmanna og Grænlendinga megi ekki fara fram eftir 15. febrúar eða sunnan 64°30'N. Á þetta gat íslenska sendinefndin ekki fallist. Í lok viðræðnanna var samþykkt að gera bókun í tengslum við undirritun samningsins þar sem Norðmenn kynna þessa afstöðu sína. Fram kemur í bókuninni að Íslendingar hafi tekið við þessum sjónarmiðum og skýrt frá þeim aðstæðum sem lægju að baki gildandi ákvæðum.

Samningurinn gildir fyrir næstu fjórar vertíðirnar og framlengist sjálfkrafa um tvö ár í senn eftir það nema einhver hinna þriggja aðila segi honum upp í tæka tíð.

Fulltrúar hagsmunaaðila í sjávarútvegi tóku þátt í samningaviðræðunum um gerð samningsins og mæla með staðfestingu hans.

Ég leyfi mér, virðulegi forseti, að leggja til að tillögu þessari verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umr. og utanrmn.

[14:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég held að það sé ástæða til að fagna því að samningar náðust milli Íslendinga og grannþjóðanna, Noregs og Grænlands, um nýtingu þessa sameiginlega stofns. Þessi samningur er satt best að segja nokkuð merkilegur og hefur verið

horft til hans sem fordæmis um það hvernig þjóðir gætu á frjálsum grundvelli án tengsla við alþjóðlega samninga leyst sín mál með farsælum hætti. Það hefur lengi verið stefna Íslands og kappsmál af okkar hálfu að ná sambærilegum samningum um fleiri stofna sem okkur eru sameiginlegir með öðrum þjóðum þannig að ég held að það sé jákvætt og mikilvægt í sjálfu sér að þessi samningur sem náðst hefur eftir áralangar viðræður haldi gildi sínu, hann hefur reyndar verið að segja má festur kannski enn rækilegar í sessi með lengri gildistíma og sjálfvirkum framlengingarákvæðum. Ég held að það sé gott að hann liggi svona fyrir og hann sé þá frekar en áður fordæmi fyrir mögulegum samningum sem gera mætti með fleiri tegundir. Kemur þá auðvitað í hug bæði rækjustofninn, karfastofninn og fleiri sem eru okkur og Grænlendingum sameiginlegir og norsk/íslenski síldarstofninn sem auðvitað lægi mjög beint við að semja um á svipuðum grundvelli og hér er gert því það vill nú einu sinni þannig til að í raun og veru snýr dæmið öfugt þegar kemur að norsk/íslenska síldarstofninum, hann hrygnir við Noreg en gengur hingað öfugt við það sem er með loðnuna sem hrygnir hér í okkar vatni en gengur um tíma út úr íslensku lögsögunni.

Það er ástæða til að harma það — eins og fer nú vel á að ég með þetta nafn segi — að ekki skuli hafa náðst samningar um fleiri stofna þrátt fyrir miklar viðræður og endurteknar og ítrekaðar óskir Íslendinga um það, t.d. við Grænlendinga. Ástandið eins og það er í sambandi við rækjuna og karfann er auðvitað alls ekki nógu gott þar sem önnur þjóðin setur aflakvóta og reynir að stjórna veiðunum en hin án tillits til þess veiðir eða selur öðrum aðilum veiðirétt á sameiginlegum stofni. Ég ætla ekki í sjálfu sér að fara að ræða efnisatriði þessarar framlengingar sérstaklega eða þær lítils háttar breytingar sem á henni eru gerðar. Ég tel eftir atvikum að íslenskir samningamenn hafi haldið vel á spilunum og varið það sem mikilvægast var að aðgangur Norðmanna yrði ekki aukinn að veiðunum hér á vetrarvertíðinni. Það hefur aldrei sannast betur en í vetur hversu gífurlega verðmætur sá tími vertíðarinnar er þegar loðnufrysting og hrognataka fer fram og útflutningsverðmæti upp á hundruð milljóna ef ekki milljarða sköpuðust á fáeinum vikum þannig að önnur eins uppgrip og verðmætasköpun eru orðin fátíð að heita má í íslensku samfélagi eða íslensku atvinnulífi eins og á sér stað á hátíð loðnuaflans.

Ég held á hinn bóginn að ekki sé hægt að mótmæla því að sú leiðrétting, sem gerð er gagnvart Norðmönnum eða Norðmönnum og Grænlendingum með lítils háttar hærri hlutdeild í útgefnum upphafskvóta, er sanngjörn vegna þess að það er auðvitað ekki rökrétt til frambúðar að byggja annars vegar á tiltekinni skiptingartölu, hundraðstölu sem hver aðili um sig eigi rétt á að taka úr stofninum, en hins vegar á fyrirkomulagi sem ár eftir ár eftir ár gerir það að verkum að einhver aðili samningsins nær ekki sínum hlut. Það verðum við Íslendingar auðvitað að horfast í augu við þannig að ég er ekki ósáttur við það þó að það hafi aðeins heyrst að þarna hafi menn slakað um of á. Ég er ekki ósáttur við það að hlutur Norðmanna og Grænlendinga hækki lítillega í upphafskvótanum. Miðað við allar aðstæður held ég að það hafi verið sanngjörn lending.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:52]

Till. vísað til síðari umr. með 33 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GHelg, HBl, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

30 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GJH, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Till. vísað til utanrmn. með 34 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

29 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Skattskylda innlánsstofnana, frh. 3. umr.

Stjfrv., 294. mál (afskriftareikningur útlána). — Þskj. 1126, brtt. 1165.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:53]

Brtt. 1165 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

28 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

28 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1198).

Skráning og mat fasteigna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 400. mál (stjórn Fasteignamats ríkisins). — Þskj. 602, brtt. 1164.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:54]
Brtt. 1164 samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.
28 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, SvG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
28 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1199).

Aukatekjur ríkissjóðs, frh. 3. umr.

Stjfrv., 581. mál (veiting atvinnuréttinda). — Þskj. 900.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:55]
Frv. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
27 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1200).

Brunavarnir og brunamál, frh. 2. umr.

Frv. félmn., 617. mál (rannsókn eldsvoða). — Þskj. 1087.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:56]
1. gr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
27 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.
28 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, SvG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Lax- og silungsveiði, frh. 3. umr.

Stjfrv., 500. mál. — Þskj. 1144, brtt. 1181.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:57]
Brtt. 1181 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.
29 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JVK, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, SvG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
1 þm. (JÁ) greiddi ekki atkv.

27 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1201).

Endurskoðun laga um síldarútvegsnefnd, frh. síðari umr.

Þáltill. sjútvn., 602. mál. — Þskj. 968.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]

Tillgr. samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

27 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1202).

Tollalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 547. mál (undirboðs- og jöfnunartollar). — Þskj. 858, nál. 1135.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:59]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

26 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Neytendalán, frh. 2. umr.

Stjfrv., 430. mál (framsal viðskiptabréfa, framkvæmd laganna o.fl.). — Þskj. 642, nál. 1134.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]

1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2.–15. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

26 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, SJS, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frh. 2. umr.

Stjfrv., 566. mál (reglur stjórnvalda og stofnana). — Þskj. 879, nál. 1160.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:02]
1. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GuðjG, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 460. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 691, nál. 1161, brtt. 1162.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:03]
Brtt. 1162 (ný 1. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GHall, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Störf og starfshættir umboðsmanns Alþingis, frh. síðari umr.

Þáltill. forsn., 603. mál (ársskýrsla). — Þskj. 978, nál. 1163.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:04]
Brtt. í nál. 1163 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, JBH, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1204).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 2. umr.

Stjfrv., 285. mál (EES-reglur). — Þskj. 362, nál. 1132, brtt. 1133.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Brtt. 1133 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. án atkvgr.
2. gr. samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, SvG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Skipulag ferðamála, frh. 2. umr.

Stjfrv., 562. mál (skipun ferðamálaráðs, rekstrarleyfi ferðaskrifstofu o.fl.). — Þskj. 875, nál. 1129, brtt. 1130.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:07]

1. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1130,1 (2. gr. falli brott) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

3.–9. gr. (verða 2.–8. gr.) samþ. án atkvgr.
Brtt. 1130,2 (10. gr. falli brott) samþ. án atkvgr.
11. gr. (verður 9. gr.) samþ. án atkvgr.

Ákv. til brb. I–III samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

26 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GÁ, GHelg, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GJH, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

27 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GÁ, GunnS, HÁ, HG, IBA, IP, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SigG, SighB, SP, StG, SJS, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Alferðir, frh. 2. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 391, nál. 1128.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:09]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.

22 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, BBj, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HBl, IP, JGS, JBH, JónK, KHG, LMR, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (AÓB, EKJ, GHelg, ISG, JÁ, JVK, KÁ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:10]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er verið að afgreiða heitir frv. til laga um alferðir og í 2. gr. er skýringin á þessu hugtaki. Þar kemur fram að alferð getur verið án þess að ferð sé innifalin, þ.e. það getur verið gisting og önnur þjónusta. Mér finnst ekki hafa komið fram nægileg skýring við það að hægt sé að samþykkja þetta heiti, alferð. Það hefði einnig þurft að fjalla meira um þetta frv. Það hefur litla umfjölun fengið í samgn. og í raun og veru ekki nauðsynlegt að afgreiða það með þessu hraði. Það hefði verið alveg nægilegt að afgreiða það síðar og ég tel að umfjöllun sé ekki nægileg. Ég mun sitja hjá við 2. gr. en þar sem frv. er að öðru leyti til bóta, þ.e. það snertir neytendavernd sem við verðum að taka á okkur í samræmi við samninginn um EES, þá mun ég samt sem áður að öðru leyti greiða því atkvæði.

3.–19. gr. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 2. umr.

Frv. MF o.fl., 123. mál (atvinnuleysisbætur starfsmanna sveitarfélaga). — Þskj. 128, nál. 1174, brtt. 1175.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:12]

Brtt. 1175,1 (ný 1. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1175,2 (ný 2. gr.) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GunnS, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HBl, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, VS, VE.

25 þm. (ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, FI, FrS, GunnS, HÁ, HG, IBA, ISG, JE, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, SighB, SP, StG, TIO, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 15:14.

---

151. FUNDUR

miðvikudaginn 4. maí,
kl. 9 síðdegis.

Dagskrá:

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Almennar stjórnmálaumræður (útvarpsumr.).

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fyrir er tekið eina dagskrármálið, almennar stjórnmálaumræður, sem útvarpað verður og sjónvarpað héðan úr þinghúsinu. Umræðurnar fara þannig fram að hver þingflokkur fær 30 mínútur til umráða sem skiptast í þrjár umferðir, um það bil 10 mínútur í hverri. Röð flokkanna verður í öllum umferðum: Samtök um kvennalista, Sjálfstfl., Alþb., Alþfl. og Framsfl. Ræðumenn flokkanna verða: Fyrir Samtök um kvennalista talar í fyrstu umferð Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, 6. þm. Vestf., í annarri umferð Kristín Ástgeirsdóttir, 18. þm. Reykv., og í þriðju umferð Anna Ólafsdóttir

Björnsson, 9. þm. Reykn. Fyrir Sjálfstfl. talar í fyrstu umferð Davíð Oddsson forsrh., í annarri umferð Þorsteinn Pálsson sjútvrh., en í þeirri þriðju Geir H. Haarde, 8. þm. Reykv. Ræðumenn Alþb. verða í fyrstu umferð Ólafur Ragnar Grímsson, 8. þm. Reykn., í annarri umferð Guðrún Helgadóttir, 14. þm. Reykv., og Jóhann Ársælsson, 3. þm. Vesturl., og í þriðju umferð Svavar Gestsson, 9. þm. Reykv. Fyrir Alþfl. talar í fyrstu umferð Rannveig Guðmundsdóttir, 4. þm. Reykn., í annarri umferð Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e., og Gísli S. Einarsson, 4. þm. Vesturl., en í þriðju umferð Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl. Fyrir Framsfl. talar í fyrstu umferð Halldór Ásrímsson, 1. þm. Austurl., í annarri umferð Guðmundur Bjarnason, 1. þm. Norðurl. e., og í þeirri þriðju Jón Kristjánsson, 2. þm. Austurl.

Hefst nú umræðan og tekur til máls hv. 6. þm. Vestf., Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, og talar af hálfu Samtaka um kvennalista.

[21:02]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Hér á hinu háa Alþingi er það einn þáttur í starfseminni að hafa svokallaðar eldhúsdagsumræður þar sem nokkur úttekt er gerð á þeim málum sem í umræðunni hafa verið síðustu mánuði og missiri. Hér er um eins konar vorhreingerningu að ræða. Eins og kunnugt er hafa konur um aldir tekið að sér þau verk. Þær sjá betur út i hornin og ryk og óhreinindi fara ekki fram hjá þeim.

Eldhúsdagsumræðan þarf að vera þannig upp byggð að almenningur geti fengið sem heillegasta mynd af því starfi sem hér fer fram. Jafnframt á umræðan að sýna þjóðinni hvaða mál flokkarnir og einstakir þingmenn leggja áherslu á. Það er ákaflega mikils virði að Alþingi geti haldið virðingu sinni meðal almennings í landinu og landsmönnum sé ljóst að starf þingmanna endurspeglast ekki alltaf með réttu í þeim svipmyndum sem sýndar eru í fréttamyndum ljósvakamiðlanna. Þó að nú hafi fólk í þéttbýlinu hér sunnan lands tækifæri til að fylgjast með fundum Alþingis í gegnum Sýn, þá ná þær sendingar enn yfir tiltölulega afmarkað svæði og úr því þarf að bæta hið allra fyrsta svo landsmenn sitji þar allir við sama borð.

Ef ég lít yfir starfstíma þessarar ríkisstjórnar er óhætt að segja að eitt stærsta málið á þingi hafi verið samningurinn um EES. Þó er afgreiðslu hans í raun ekki lokið þótt samningurinn hafi tekið gildi um sl. áramót. Nýlega komu á borð þingmanna sex þykkar bækur, alls um 3.000 blaðsíður, sem innihalda tilskipanir og reglugerðir Evrópusambandsins sem Alþingi er ætlað að samþykkja án þess að geta haft nein áhrif á innihaldið og þannig mun það verða í framtíðinni. Alþingi hefur með samþykkt EES-samningsins afsalað hluta af sínu löggjafarvaldi til Brussel. Það er sannarlega erfitt að hugsa það til enda að slíkt skuli hafa gerst á sama tíma og við höldum upp á hálfrar aldar afmæli lýðveldisins.

Af hálfu stuðningsmanna samningsins var lagt kapp á að fullyrða að hér væri ekki um annað en viðskiptasamning að ræða og samningurinn væri nauðsynlegur íslensku atvinnulífi í breyttum heimi og yrði af stofnun hins Evrópska efnahagssvæðis þyrftum við engu að kvíða og alls ekki að sækja um inngöngu í Evrópusambandið.

Annað er nú komið í ljós. Ekki er samningurinn um EES fyrr í gildi genginn en stuðningsmenn hans eru farnir að leggja til að við sækjum um inngöngu í Evrópusambandið og enn er sama röksemd notuð, hræðsluáróður um að við stöndum ein og yfirgefin á köldum klaka hér úti í miðju Atlantshafi.

En skyldi þá ekki allt vera orðið harla gott úr því að hið Evrópska efnahagssvæði er orðið að veruleika? Reyndar ekki. Atvinnuvegir landsmanna eru ekki í stakk búnir til að taka við hinni óheftu samkeppni sem samningurinn leiðir yfir okkur. Iðnaðurinn stenst ekki þá samkeppni nú frekar en þegar við gerðumst aðilar að EFTA. Landbúnaðurinn á undir högg að sækja þegar búið er að leyfa innflutning landbúnaðarvara jafnvel þó að lögð verði á verðjöfnunargjöld. Og sjávarútvegurinn, undirstöðuatvinnuvegur þjóðarinnar og sú grein sem stendur undir 80% af útflutningstekjum okkar í dag, er rekinn með halla. Atvinnuleysið minnkar ekki hér á landi þó við tengjumst svæði þar sem 35 milljónir manna ganga atvinnulausar og það höfum við nú síðast fengið að heyra í fréttum í kvöld.

En hefur núv. ríkisstjórn þá ekki reynt að sporna við fótum? Hefur hún ekki gripið til aðgerða til að styrkja atvinnuvegina? Hvaða aðgerðum í byggðamálum og atvinnumálum hefur ríkisstjórnin beitt? Það er búið að leyfa innflutning landbúnaðarvara. Þar með mun störfum fækka enn meir í landbúnaði. Garðyrkjuiðnaðurinn stendur höllum fæti vegna vaxandi innflutnings á blómum og grænmeti. Skipasmíðaiðnaðurinn er að verða rústir einar þó að nú loksins hafi menn vaknað upp við vondan draum og sjái að hægt hefði verið að grípa til ýmissa aðgerða til bjargar. Það var bara ekki gert í tæka tíð. Sjávarútvegurinn býr við niðurskurð í aflaheimildum ár eftir ár. Þar hafa mörg fyrirtæki orðið gjaldþrota á síðustu þremur árum og ekki sér fyrir endann á því enn. Þannig er ástandið í helstu atvinnuvegum þjóðarinnar, en helsti ljósi punkturinn er ferðaþjónustan sem hefur aukið umsvif sín á milli ára og skilar um 10% af útflutningstekjum þjóðarinnar. Við kvennalistakonur höfum bæði í ræðu og riti lagt mikla áherslu á eflingu ferðaþjónustunnar og bent á þá leið til að draga markvisst úr atvinnuleysi.

Ríkisstjórnin mun hér í kvöld vitna til lágrar verðbólgu, stöðugleika í kjaramálum, að viðskiptajöfnuður sé hagstæður, að atvinnuleysi sé minna en hjá okkar nágrannaþjóðum og margt hafi verið gert til að styrkja stöðu atvinnulífsins. Hvað segir það okkur? Jú, lítil verðbólga eða nánast engin er vitanlega eftirsóknarverð. En að baki þeim tölum liggur líka að fjárfesting er í sögulegu lágmarki í landinu og nýjustu tölur úr fjármálaheiminum sýna að fyrirtækin sem sýna hagnað hafa ekki notað þann hagnað til að bæta við sig fólki og draga úr atvinnuleysinu. Það að vöruskiptajöfnuður sé hagstæður er ekki bara það að nú eyðum við minna en við öflum, sem er í sjálfu sér gott. Það þýðir líka að fólk hefur ekki lengur efni á að fjárfesta

eins og það hefur áður gert. Það hefur dregið úr kaupgetu fólks, bæði vegna atvinnumissis og einnig þess að ríkisstjórnin hefur aukið skattheimtu ótæpilega. Það kemur að vísu ekki allt fram í útreiknaðri skattaprósentu, sem þó hefur hækkað gífurlega á einstaklingum á valdatíma þessarar ríkisstjórnar, því skattarnir hafa verið lækkaðir á atvinnugreinunum en hækkaðir á almenningi. Þjónustugjöld svokölluð hafa verið stóraukin. Fólk greiðir nú meira fyrir læknisþjónustu en áður, kostnaður vegna lyfja hefur aukist hjá sjúklingum sem greiða hærra hlutfall af lyfjaverði, skólagjöld hafa verið hækkuð, vextir af íbúðalánum hafa hækkað, námslán hafa verið skert. Þarf frekari vitnanna við?

Hagur almennings í landinu hefur stórversnað á síðustu þremur árum eða á valdatíma þessarar ríkisstjórnar. Aldrei hafa jafnmargir þurft að leita á náðir hjálparstofnana og fyrir síðustu jól og þannig er ástandið á 50 ára afmæli lýðveldisins.

Mikill árangur hefur náðst í lækkun vaxta, segja fulltrúar ríkisstjórnarinnar vafalaust í kvöld. En var það ekki einmitt þessi ríkisstjórn sem fór af stað með því að hækka vexti vorið 1991? Síðan átti markaðurinn að sjá um að þeir lækkuðu. Þegar það gerðist ekki þrátt fyrir að aðstæður væru til þess að mati Þjóðhagsstofnunar þá loksins skildi ríkisstjórnin að hún yrði að gera eitthvað til að markaðurinn hlýddi. Og í kjölfar þeirrar handleiðslu eða handafls lækkuðu vextir nokkuð. Samt eru vextir enn með því hæsta sem gerist í löndunum í kringum okkur og enn svo háir að skuldug heimili og fyrirtæki geta tæpast risið undir því.

Við gætum í dag horft bjartari augum fram á veginn ef ekki hefði á undanförnum árum sífellt verið horft til töfralausna sem áttu að leysa vandann með hraði. Það gleymdist að til þess að koma af stað varanlegum lausnum í atvinnumálum þarf fyrst að leggja fram vinnu og fjármagn við rannsóknir og þróunarstarf. Það er of dýrt fyrir þjóðarbúið þegar allir fara af stað í einu og ætla að græða á sama verkefninu. Þannig hafa fjármunir oft farið forgörðum og menn gefist upp á erfiðleikunum. Vissulega situr þar eftir þekking sem nýst getur síðar, en hún er dýru verði keypt. Hefði verið skipulegar unnið og gert í upphafi ráð fyrir afföllum vegna byrjunarerfiðleika þá væri staða atvinnugreina líklega betri en nú er.

Við Íslendingar höfum vanist því í okkar aðalatvinnuvegi, sjávarútveginum, að sveiflur eru þar miklar. Þar fer afkoman eftir aflamagni, fiskgengd, veðurfari og markaðsaðstæðum. Okkur er fyrirmunað að ráða gangi allra þessara mála en í sjávarútveginum þurfum við að leggja miklu meiri áherslu á rannsóknarþáttinn en hingað til hefur verið gert. Lífríki sjávar er margbrotið og þar eru margir óvissuþættir. Fjölstofnarannsóknir sem hafnar eru hafa þegar skilað árangri og menn vænta mikils af því verkefni. Áfram þarf að halda á þeirri braut.

En það er nauðsynlegt að vera með meiri fjölbreytni í atvinnumálum en nú er. Við sjáum það alls staðar í heiminum í kringum okkur að það eru lítil og meðalstór fyrirtæki sem eru vaxtarbroddur atvinnulífsins. Ísland á mikla möguleika ónýtta sem ferðamannaland. Þess vegna eigum við að snúa okkur að þessum þáttum og efla þá með öllum ráðum.

Ferðaþjónustan er mannfrek atvinnugrein og þar má skapa miklu fleiri störf en nú eru. Þar hefur fjölgun starfa orðið hvað mest á síðustu árum í takt við og jafnvel umfram þá aukningu sem orðið hefur í tekjum af atvinnugreininni. Ferðaþjónustan hentar konum mjög vel og í þeirri grein hefur fjölgun starfa orðið meiri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu. Smáfyrirtæki hafa líka verið að hasla sér völl í atvinnulífinu og oftar en ekki eru það konur sem þar eru frumkvöðlar. Úti um allt land eru konur að vinna skipulega að því að skapa sér og sínum atvinnu. Þetta eiga stjórnvöld að viðurkenna og sýna í verki með því að stofna í hverjum landshluta eða víðar embætti atvinnuráðgjafa kvenna eins Kvennalistinn hefur lagt til.

Að lokum vil ég benda ykkur á það, áheyrendur góðir, að þau markmið sem ríkisstjórnin setti sér í upphafi kjörtímabilsins hafa ekki náðst. Það átti að ná niður halla ríkissjóðs á tveimur árum. Hallinn er á þremur árum orðinn yfir 20 milljarðar. Það átti að stöðva aukningu ríkisútgjalda. Það hefur verið gert á kostnað almennings. Það átti að stöðva skuldasöfnun ríkissjóðs en raunin er sú að skuldir ríkissjóðs hafa aukist á þremur árum um 32 milljarða kr. og greiðslubyrðin stefnir í 30% af útflutningstekjum þjóðarinnar.

Innan mánaðar á að kjósa til sveitarstjórna til næstu fjögurra ára. Það verður hlutverk þeirra sem kosningu hljóta að takast á við þau vandamál sem skapast vegna vaxandi atvinnuleysis og byggðaröskunar. Ég hvet ykkur öll sem á mál mitt hlýðið til að hugsa ykkur vel um og velja það fólk og þá flokka sem þið treystið, skoðaða í ljósi sögunnar, til að verja íslenskar byggðir atvinnu og sjálfstæði þjóðarinnar. Eigum við ekki á ári fjölskyldunnar að kjósa fleiri konur í sveitarstjórnir? Það eru konur sem alltaf hafa tekið ábyrgð á fjölskyldumálunum í þessu þjóðfélagi. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:13]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Góðir Íslendingar. Vorið og sumarkoman hafa sérstaka þýðingu hér á Íslandi og þessa tíma er beðið með óþreyju. Að þessu sinni hefur vorað nokkuð seint en nú er breyting að verða og senn er allt komið í sumarskrúða á landinu bjarta. Rétt eins og í náttúrunni skiptast á skin og skúrir í hinni efnahagslegu tilveru þessarar þjóðar. Við höfum gengið í gegnum efnahagslegan vetur, annars vegar vegna þess að ytri aðstæður hafa verið okkur erfiðar og hins vegar vegna þess að síðasta ríkisstjórn glutraði niður góðum tækifærum og hélt að milljarða fjáraustur úr sjóðum væri heppilegri til að halda atvinnuvegunum gangandi en að bæta rekstrarskilyrði atvinnulífsins í almennum aðgerðum. Fullyrt var reyndar að Ísland lyti sérstökum lögmálum í þessum efnum.

Gerbreyting hefur orðið á íslenskum efnahagsmálum á þremur árum. Það hefur kostað töluverð átök og fórnarlund, en nú er árangurinn að koma í ljós á öllum sviðum. Nú er að vora í efnahagslífi Íslendinga. Og sá mikli árangur sem er að verða mun skila sér í bættri

stöðu hjá fólki og fyrirtækjum.

Atvinnulífinu hafa verið sköpuð almenn skilyrði til að byggja sig upp við öruggar og traustar aðstæður. Íslensk fyrirtæki hafa ekki um langan tíma haft betri og heilbrigðari skilyrði til þess að stunda öfluga starfsemi. Að þessu hefur verið unnið undanfarin þrjú ár með mjög markvissum hætti og öll sú vinna er að skila árangri. Verðbólgan, hinn erfiði draugur hins íslenska efnahagslífs, er nú loks komin í traust bönd og er verðbólgan undir 1% og standa Íslendingar sig best allra Evrópuþjóða í þessum efnum. Verðbólgan var 17% að meðaltali í tíð síðustu ríkisstjórnar en lækkaði nokkuð á síðustu mánuðum hennar en var þó 8–10 sinnum hærri þá en hún er nú.

Beinir og óbeinir skattar í atvinnulífinu hafa lækkað verulega og hafa ekki fyrr verið gerðar jafnumfangsmiklar aðgerðir til að bæta samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Raungengið er nú tryggt og hagstæðara fyrir Íslendinga í samkeppni þeirra við aðrar þjóðir en það hefur verið í þrjá áratugi. Gengisaðlögun hefur átt sér stað án þess að kollsteypa yrði í efnahagslífinu eins og gerðist hér áður við svipaðar aðstæður.

Alger umskipti hafa orðið í vaxtamálum í kjölfar endurskipulagningar í efnahagslífi og almennra aðgerða ríkisvaldsins, bæði ríkisstjórnar og Seðlabanka. Þegar ríkisstjórnin tók við var raunávöxtun á verðbréfaþingi 8,42% en er nú 4,94%, úr 8,42% í 4,94%. Vaxtastigið í landinu dregur dám af þessu þótt munur á óverðtryggðum vöxtum og verðtryggðum sé enn of hár í bönkum landsins og þurfa þeir að gera átak í þessum efnum svo að vel megi við una.

Í skýrslu sem mér barst frá bankastjórn Seðlabanka í dag kemur fram að frá 14. apríl sl. hefur ávöxtun spariskírteina og húsbréfa á eftirmarkaði lækkað stig af stigi. Sérstaklega er athyglisvert hvað ávöxtunarkrafa húsbréfa hefur lækkað en hún er nú komin niður í 4,98%. Lengi var talið að ómögulegt væri að koma raunvöxtum niður fyrir 7% hér á landi og var talað um sálfræðilega girðingu því sambandi. Sú girðing hefur verið rofin með eftirminnilegum hætti. Allt bendir til þess að vextir geti enn lækkað nokkuð á næstunni og forsendur fyrir lágu vaxtstigi séu mjög traustar.

Viðskipti okkar við útlönd eru hagstæðari en oftast áður. Þjóðin aflar nú meira heldur en hún eyðir og er því að greiða niður sínar erlendu skuldir. Þetta er árangur sem þjóðin getur verið stolt af. Þegar núverandi stjórn tók við völdum var þjóðarskútan á hraðri siglingu í þá átt sem frændur okkar Færeyingar lentu í, illu heilli. Þjóðarskútunni hefur verið siglt á annað svið og enginn talar um að Íslendingar séu lengur á fyrri ógæfusiglingu.

Þegar ríkisstjórnin greip til efnahagsúrræða sinna fullyrtu forustumenn stjórnarandstöðunnar að nú væri að hefjast skelfilegur víxlgangur í efnahagslífinu. Verðbólgan mundi rjúka upp og vextir mundu hækka stórkostlega. Allir vita að slíkar illspár reyndust óráðshjal. Margir óttuðust að atvinnuleysi mundi fara hér upp í 10–20% eins og farið hefur í okkar nágrannalöndum. Í kjölfar þorskbrests og annars andstreymis hefur atvinnuleysið vaxið og var 4,4% á sl. ári og verður nálægt 5,5% á þessu ári. En eftir það fer atvinnuleysið jafnt og þétt minnkandi á ný með traustari og öflugum vexti hins íslenska atvinnulífs.

En það er fróðlegt að fylgjast með því og skoða hvernig vinstri stjórn þeirra páv. formanns Framsfl. og formanns Alþb. annars vegar og núv. ríkisstjórn hafa farið með kaupmátt launafólks í landinu því mjög er um það talað. Árin 1988–1990 þegar þeir félagar stjórnuðu forsrn. og fjmrn., fóru með efnahagsmálin, hrundi kaupmáttur almennings um 14%, hvorki meira né minna, en þá var reyndar góðæri í landinu. Síðustu 12 mánuði hefur kaupmáttur launa ekkert lækkað og ljóst er að lækkun á matarskatti hefur algerlega skilað sér til neytenda þrátt fyrir spár um annað. Ef aðeins eru teknir þeir sem lökust hafa kjörin, þá kemur í ljós að þeirra kaupmáttur hefur styrkst. Inni í þessum kaupmáttartölum er ekki hin mikla vaxtalækkun mæld en ekki er vafi á að heimilin í landinu eru af þeim ástæðum mun betur sett en áður, enda lögðu talsmenn verkalýðshreyfingarinnar höfuðáherslu á að vextir yrðu lækkaðir. Þetta var reyndar þeirra höfuðkrafa oft í kjarasamningum en þeir fengu engan árangur fyrr en nú.

Ég vil, góðir áheyrendur, víkja örfáum orðum að umræðu um málefni Evrópu sem orðið hefur í þjóðfélaginu að undanförnu. Það er ekkert undarlegt þó að aukin umræða hafi orðið um stöðu Íslands eftir aðildarsamninga hinna EFTA-ríkjanna. Það þarf ekki að koma neinum á óvart. Hins vegar hafa engir óvæntir atburðir gerst sem breyta þeirri stefnu sem þegar hafði verið mótuð. Fyrir tveimur árum var ljóst að þrjú EFTA-ríki ætluðu að sækja um aðild að Evrópusambandinu. Tilboð Evrópusambandsins til EFTA-ríkjanna, þar á meðal Íslands, um að gengið yrði til samninga við þau um aðild áður en stjórnkerfi sambandsins yrði breytt vegna stækkunar þess var lagt fram í júní 1992. Með umsókn Norðmanna í nóvember 1992 var staðfest að flest EFTA-ríkjanna og öll Norðurlandanna nema Ísland stefndu að aðild að Evrópusambandinu. Um þessar horfur allar hefur að sjálfsögðu verið fjallað í ræðu og riti af hálfu íslenskra stjórnvalda innan lands og utan sem og um það hvernig menn mundu bregðast við þegar mál skýrðust.

Ég ætla að taka einungis eitt dæmi um þessa umfjöllun íslenskra stjórnvalda en það dæmi er líka sótt aftur um tvö ár, til mars 1992. Í ræðu sem ég flutti þá á fundi benti ég m.a. á að EES-samningurinn mundi færa okkur stórkostlega búbót. Síðan sagði ég orðrétt:

„Reyndar þarf að gera breytingar á tilteknum framkvæmdaratriðum í EES-samningnum ef flest hinna EFTA-ríkjanna ganga í Evrópubandalagið á næstu árum. Aðalatriðið fyrir okkur er þó það að með EES-samningnum er Evrópubandalagið skuldbundið okkur á mikilvægum sviðum. Við getum áfram byggt á samningnum sem grundvelli samskipta okkar við EB og þannig að hann tryggi veigamikla hagsmuni okkar á meginlandinu. Flest hinna EFTA-ríkjanna, ef ekki öll, hyggja á inngöngu í EB af því að þau horfa til þess sem þau telja að vanti í EES-samningnum.“

Um norrænt samstarf og þessi mál sagði orðrétt í þessari ræðu fyrir tveimur árum síðan:

„Eftir inngöngu Svía, Finna og Norðmanna innan fárra ára í EB mun norrænt samstarf óhjákvæmilega í auknum mæli taka mið af bandalaginu. Hin Norðurlöndin munu eiga með sér náið samráð sem beinist að því að móta sameiginlega afstöðu í EB. Við munum verða með í viðræðum á norrænum ráðherrafundum um mál sem eru í deiglunni í Evrópubandalaginu. Slíkt tryggir okkur miklvægan aðgang að málefnum bandalagsins án aðildar að því."

Ég endurtek að þetta var sagt í mars 1992, áður en EES-samningurinn var undirritaður í maí á því ári. Menn komu því ekki af fjöllum fyrir nokkrum vikum þegar samningar tókust um aðild annarra EFTA-ríkja að Evrópusambandinu. Þvert á móti hefur legið fyrir skýr stefna um viðbrögð við slíkri þróun mála.

Ég legg áherslu á þetta því að maður hefur á tilfinningunni að í nýlegum skoðanakönnunum hafi komið m.a. fram misskilningur þess efnis að íslensk stjórnvöld séu stefnulaus í málinu, engin raunhæfir kostir aðrir en aðild séu fyrir hendi og Íslendinga bíði einangrun og áhrifaleysi utan ESB.

Niðurstaðan í sjávarútvegsmálum í aðildarsamningum Norðmanna kemur heldur ekki á óvart. Norskir sérfræðingar og norskir ráðherrar hafa um langa hríð fullyrt að samkvæmt sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins þyrftu Norðmenn ekki að láta af hendi neinar verulegar veiðiheimildir til ESB umfram það sem þegar hafði verið gert. Allar líkur voru á að þetta gengi eftir og það kom á daginn. Samt er mikil andstaða við aðildarsamninginn í þeim hluta Noregs sem háður er sjávarútvegi og svipar því til íslenskra aðstæðna. Andstaðan stafar ekki síst af því að varanleg undanþága fékkst ekki frá sameiginlegri sjávarútvegsstefnu Evrópusamningsins í norskri lögsögu þótt hinar pólitísku yfirlýsingar sem Norðmenn treysti á liggi fyrir um framhaldið. Við þyrftum miklu meira og sjávarútvegsþátturinn í aðildarsamningi Norðmanna breytir því ekki forsendum íslenskrar stefnu gagnvart Evrópusambandinu. Evrópustefna Íslands snýst um íslenska hagsmuni og íslenskan vilja en ekki um að vera með í lestarferðum eins og stundum er haldið fram. Enginn flokkur og engin hagsmunasamtök eða fyrirtæki hafa mælt með því að Íslendingar færu á lestarstöðina, enn síður út á brautarpallinn, hvað þá að við stígum um borð.

Góðir áheyrendur. Í upphafi ræðu minnar reifaði ég nokkrar staðreyndir sem kannski koma ykkur á óvart um efnahagslega stöðu á Íslandi. Væntanlega koma þær staðreyndir þægilega á óvart því að nægar eru úrtöluraddirnar og neikvætt og langt þeirra mas. Þið munuð fá ófá dæmi um það síðar í umræðunni en það er nánast sama á hvaða mælikvarða er horft. Allt ber að sama brunni. Allt okkar erfiði, samstillt átak og stefnufesta er að skila sér. Við erum að uppskera eins og sáð var til. Illgresið hefur jafnharðan verið hirt og hent úr íslenska þjóðgarðinum og því verður uppskeran væntanlega góð. Það er því bjart yfir íslensku efnahagslífi næstu missirin. Eftir þá miklu hreinsun sem þar hefur orðið eru tækifærin alls staðar fram undan. Þorskinum hefur verið hlíft og allt bendir til að vaxtarskilyrði hans séu að batna. Hagræðing hefur átt sér stað í sjávarútvegi og flest fyrirtækin þar eru að komast upp úr öldudalnum. Íslenskur iðnaður er að fá betri viðspyrnu en hann hefur lengi haft. Ferðaþjónustan er í örum vexti og fyrstu mánuðir ársins lofa mjög góðu um hina íslensku ferðaþjónustu. Framtíðin er því björt og ný tækifæri blasa hvarvetna við. En forsendan er auðvitað sú að við höldum ótrauð réttri stefnu og hrekjumst ekki af leið.

Ég óska öllum Íslendingum gleðilegs sumars á hátíðarafmælisári. Takk fyrir.

[21:25]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Góðir Íslendingar. Í janúar 1992 sagði hæstv. forsrh. við þúsundir Íslendinga sem þá voru atvinnulausir: Þetta lagast í vor. Og nú kom hann aftur í kvöld, hæstv. forsrh., og sagði: Nú er að vora. Nú er bjart, nú er betri tíð. Það eru kaldar kveðjur til þeirra 8 þús. Íslendinga sem nú eru atvinnulausir að það sé að vora. Það eru kaldar kveðjur til þeirra þúsunda sem nú hafa reynt fátækt í íslensku þjóðfélagi í fyrsta sinn í áraraðir að nú sé að vora. Það eru kaldar kveðjur til þeirra fjölskyldna í atvinnulífinu sem eru að bíða gjaldþrot hjá sínum litlu fyrirtækjum að nú sé að vora. Og það eru kaldar kveðjur til þeirra sem eru með 40, 50 og 60 þús. kr. í mánaðarlaun á sama tíma og hástéttin á Íslandi er með 500, 600 jafnvel 1 millj. kr. í mánaðarlaun að nú sé að vora. Nei, hæstv. forsrh. Hjá venjulegu fólki á Íslandi er ekki að vora. En það er kannski að vora hjá þeim sem eiga hlutabréfin í stóru fjölskyldufyrirtækjunum sem eru burðarásinn í valdakerfi Sjálfstfl.

Þessi ríkisstjórn er búin að sigla sitt skeið. Svo afgerandi er sú staðreynd að í kvöld treystir enginn ráðherra Alþfl. sér til þess að gera upp vetrarverkin hér í salnum. Ég held að það sé í fyrsta sinn sem það gerist í eldhúsdegi að enginn ráðherra annars stjórnarflokksins treystir sér til þess að mæla bót vetrarvinnunni. Slíkur er andinn í stjórnarsamstarfinu að forsrh. notaði seinni helming af sinni ræðu hér í kvöld til að senda utanrrh. beiskar pillur. Því að orðin í Evrópuræðu forsrh. um „menn sem koma af fjöllum" voru skeyti til utanrrh. Orðin „menn sem vildu villast upp í lestir" voru skeyti til utanrrh.

Við höfum fylgst með því hér í allan vetur hvernig ágreiningurinn hefur tætt í sundur þessa ríkisstjórn og við heyrðum síðast í kvöld í fréttunum um húsaleigubætur og þyrlumál hvernig ágreiningurinn jafnvel á þessum degi er höfuðeinkennið hjá ríkisstjórninni. Ríkisstjórn sem nær ekki saman um hin minni mál, ríkisstjórn sem nær ekki saman um hin stærri mál á einfaldlega að viðurkenna að það er skynsamlegt fyrir hana sjálfa og þjóðina að skila völdunum í hendur öðrum. En þá þurfum við líka, fulltrúar annarra flokka á Alþingi, að svara því hvað við viljum gera. Það er ekki nóg að koma hér í kvöld og sýna fram á ágreininginn hjá ríkisstjórninni, sýna fram á missagnirnar hjá forsrh. og háðið í boðskapnum sem hann flytur í garð utanrrh. Það er satt að segja létt verk. Við þurfum að

koma hér í kvöld, fulltrúar hinna flokkanna, og segja hvað við ætlum að gera, hvað á að taka hér við þegar þessi ríkisstjórn fer frá og hún mun fara frá í síðasta lagi innan 11 mánaða.

Alþb. hefur notað þennan vetur til þess að setja saman ítarlega verkefnaskrá um þá nýju landsstjórnarstefnu sem við viljum að íslensk þjóð sameinist um. Í upphafi þessa þings þegar rætt var um stefnu ríkisstjórnarinnar greindi ég í þessum ræðustól frá nokkrum höfuðþáttum þeirra hugmynda. Á landsfundi okkar alþýðubandalagsmanna í nóvember, á fjölmörgum flokksfundum eftir áramót og á miðstjórnarfundi í mars höfum við síðan verið að ganga frá ítarlegu vinnuskjali sem við höldum nú út í þjóðfélaginu með og bjóðum til víðtækrar umræðu um. Við höfum gefið þessari stefnu heitið „Útflutningsleiðin" og við höfum gefið hana út í þessari grænu bók sem hver og einn landsmaður getur nálgast og kynnt sér. Hér er á ferðinni ítarleg lýsing á nýju forriti í hagstjórn á Íslandi. Hér er að finna yfir 350 nýjar hugmyndir í atvinnumálum, í velferðarmálum og um aukna siðbót og réttlæti í stjórnkerfi og hagkerfi. Við byggjum þessa tillögugerð á reynslu okkar Íslendinga, en við höfum líka farið í smiðju til fjölmargra ríkja sem hafa náð árangri í hagstjórn á undanförnum árum þar sem hagvöxtur hefur skarað fram úr og þar sem menn hafa getað sótt sér betri lífskjör í meiri árangur í atvinnulífi.

Þessi tillögugerð sem birtist í grænu bókinni „Útflutningsleiðin, atvinna, jöfnuður, siðbót" skiptist í nokkra meginhluta. Í fyrsta hluta hennar er lýst hver er munurinn á útflutningsleiðinni annars vegar og samdráttarleið þessarar ríkisstjórnar hins vegar. Í öðrum hlutanum er lýst hvernig þessi tillögugerð samræmist ýmsum helstu einkennum á íslensku hagkerfi í dag í ríkisfjármálum, í vaxtamálum, í viðskiptastöðu gagnvart útlöndum og fjölmörgum öðrum þáttum. En höfuðþáttur tillögugerðarinnar er ítarleg lýsing á nýrri sókn í atvinnumálum okkar Íslendinga og kerfisbreytingar í atvinnulífinu. Síðan taka við aðrir hlutar þar sem lýst er hvernig á að nota ávöxtinn í sókn í atvinnulífi til þess að treysta lífskjörin og jafna kjörin í landinu. Að lokum er rakið mjög ítarlega hvernig kerfisbreyting í stjórnkerfi og í fyrirtækjarekstri verður að fara heim og saman með endurbótum í atvinnulífi.

Ég hef auðvitað ekki tækifæri á stuttum tíma hér í kvöld til að rekja þessa ítarlegu tillögugerð sem birtist í þessari bók upp á hátt á annað hundrað síður. Við höfum gefið út styttri útgáfu, eins konar kynningarrit upp á fjórar blaðsíður þar sem þessir höfuðþættir eru raktir.

Hvers vegna leggjum við þetta fram nú tæpu ári fyrir þingkosningar? Skýringin er einföld. Við teljum að íslenskt efnahagslíf hafi sokkið svo djúpt í hjólförum vegna þeirrar frjálshyggjustefnu sem Alþfl. skrifaði upp á hjá Sjálfstfl. vorið 1991 að það þurfi ítarlegt átak til að snúa þeirri þróun við. Það gerist ekki af sjálfu sér. Það gerist heldur ekki með því að einblína á það sem er að gerast úti í Evrópu. Lausnin á vanda okkar Íslendinga verður að gerast hér hjá okkur sjálfum. Hún verður að gerast með nýrri stefnu í skattamálum þar sem sókn fyrirtækja í atvinnulífi hefur forgang. Hún verður að gerast með nýrri stefnu í bankamálum þar sem ofuráhersla á fasteignaveðin er lögð til hliðar og í staðinn verður farið að fjárfesta í hugmyndum og hæfileikafólki. Hún gerist með því að veita þeim sem vilja efla gjaldeyristekjur ákveðinn forgang í menntakerfi og í rannsóknum og þjónustu. Og hún gerist með því að nýta reynslu þeirra þúsunda af ungu fólki sem er að koma inn í íslenskt þjóðfélag og biðja um tækifæri, biðja um að þjóðfélagið sé opnað fyrir nýjum kynslóðum sem vilja hvorki mæta lokuðum dyrum í stjórnkerfi þar sem flokkarnir loka fyrir öllum öðrum nema sínum eigin gæðingum eða stórfyrirtækin sem loka fyrir öllum nema sínum eigin eigendum.

Við alþýðubandalagsmenn munum á næstu vikum og mánuðum kynna þessa tillögugerð. Við bjóðum öllum til samstarfs, til viðræðna um þessar hugmyndir. Við munum fagna sérhverri ábendingu um viðbætur og nýja þætti. En umfram allt segjum við við ykkur, góðir landsmenn: Hér verður að koma ný landsstjórn. Við Íslendingar getum ekki liðið það að 8 þúsund manns séu atvinnulausir. Við getum ekki liðið vaxandi fátækt og vaxandi misrétti þó forsrh. sé harla ánægður með ástandið.

Hin nýja landsstjórn verður að hafa traustan vegvísi. Við alþýðubandalagsmenn höfum í hinni grænu bók útflutningsleiðarinnar með tillögum um atvinnu, jöfnuð og siðbót lagt fram okkar lýsingu og við skorum á aðra flokka að gera slíkt hið sama. Stjórnmálaflokkur sem vill taka sig alvarlega verður að lýsa mjög nákvæmlega hvað hann vill gera. Hin nýja landsstjórn verður að hafna kreddum frjálshyggjunnar. Hin nýja landsstjórn verður þess vegna að byggja á samvinnu félagslegra afla, launafólks og atvinnulífs. Sjálfstfl. var gefið frí úr landsstjórninni haustið 1988 og þá tókst í kjölfarið á þeirri breytingu sem varð á stjórnarstefnu að ná verðbólgunni niður og koma á jafnvægi í efnahagslífi á Íslandi. Á sama hátt verður nú að gefa frjálshyggju Sjálfstfl. frí úr landsstjórninni og byggja hér trausta landsstjórn félagslegra afla sem vinnur í samvinnu við byggðarlögin og launafólkið í landinu að því að byggja nýtt Ísland. Það er okkar ætlunarverk, það er okkar vilji og við bjóðum öllum til samstarfs um þá fyrirætlan. — Góða nótt.

[21:36]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Að bjóða fram krafta sína til starfa á vettvangi stjórnmála er að bjóðast til að axla ábyrgð. Við segjum oft að pólitík sé að vilja, að pólitík sé að þora, en fyrst og fremst snýst þetta óvenjulega starf um að axla ábyrgð. Stjórnmálamenn eiga fyrst og fremst að hafa það að leiðarljósi að horfa fram um veg, sækja fram að settu og yfirlýstu marki og verða ótrauðari þó að leiðir lengist vegna áfalla eða breyttra ástæðna.

En það er líka hollt að horfa um öxl og meta árangur í ljósi aðstæðna. Þegar við jafnaðarmenn lítum um öxl yfir þau ár sem Alþfl. hefur setið í ríkisstjórn getum við verið nokkuð sáttir. Alþfl. hefur átt erindi í

ríkisstjórn og Alþfl. hefur átt hlut að árangri sem skiptir máli fyrir þjóðarhag. Bæði ráðherrar og þingmenn flokksins eru tilbúnir að fara yfir þau mál, hv. þm. Ávallt hefur flokkurinn axlað tvíþætt hlutverk við þátttöku í stjórn landsins: Að taka á efnahagsmálum og ríkisfjármálum með festu, auka frjálsræði í viðskiptum til hagsbóta fyrir atvinnulífið og að vinna markvisst að umbótamálum á sviði fjölskyldumála sem er grunntónninn í lífsskoðun jafnaðarmanns. Sum verka okkar ráðherra koma strax til framkvæmda og verða sýnileg meðan önnur eru þannig vaxin að þau skila sér til hagsbóta fyrir land og þjóð til lengri tíma litið.

Alþfl. lagði heill og óskiptur áherslu á að ná fram EES-samningnum vegna möguleikanna sem hann opnar okkar atvinnulífi og formaður Alþfl. hefur axlað þá ábyrgð að ná þeim viðamikla viðskiptasamningi fram. Tugir fyrirtækja í fiskiðnaði og útflutningi hafa á undanförnum missirum á hljóðlátan hátt nýtt sér tækifæri EES-samningsins til nýrrar vöruþróunar, til nýrrar markaðssetningar og til nýrrar sóknar á þessu helsta markaðssvæði okkar.

Frændþjóðir okkar stefna nú að aðild að Evrópusambandinu. Norðurlandasamstarfið hefur verið eins og gullinn strengur í alþjóðasamstarfi okkar Íslendinga. Saman hafa frændþjóðirnar starfað þar sem sameiginlegir hagsmunir hafa verið í húfi og þar sem mikilvægt er að lýðræðistónn Norðurlanda heyrist á vettvangi alþjóðamála. Það er mörgum umhugsunarefni hvernig samstarf þessara þjóða muni þróast þegar Evrópusamvinnan er orðin slík þungamiðja. Við þurfum að tryggja með samningaviðræðum að við höldum í framtíðinni réttindum og skuldbindingum EES-samningsins, finna okkar stöðu í samstarfinu í Evrópu, en ég met það svo að leið okkar til að hafa áhrif sé ekki síst í gegnum Norðurlandasamstarfið. Þrátt fyrir erfiðleikana og lakari afkomu þjóðarbúsins hefur ríkisstjórnin náð góðum árangri og við náðum sameiginlegri niðurstöðu í landbúnaðarmálum og við höfum náð samkomulagi í sjávarútvegsmálum en báðir þessir málaflokkar eru þeirrar gerðar að meiri samstaða er um aðgerðir innan landsvæða en innan stjórnmálaflokka.

Mörg mikilvæg mál hafa náð fram að ganga. Vaxtalækkunin ein sér er ein mesta kjarabót fjölskyldnanna í landinu og mun ásamt skattabreytingum verða lyftistöng í okkar atvinnulífi. Löggjöf um fjármagnsmarkaðinn og gjaldeyrisviðskipti ásamt aðgerðum til að jafna samkeppnisstöðu og nýsköpun í iðnaði á eftir að skila sér í þróttmeira atvinnulífi.

Það er oft sagt að umræða um efnahagsmál kæfi alla aðra umræðu en þar liggur grunnurinn að velferðinni. Þess vegna hefur Alþfl. ávallt lagt svo mikla rækt við efnahagslegar umbætur samhliða velferðarmálum. Efling og stækkun sveitarfélaga, flutningur verkefna frá ríki til sveitarfélaga og sjálfstæði þeirra varðandi tekjuöflun og framkvæmdir er veigamikil undirstaða framfara og fjölskyldumála. Með lögum um tilraunasveitarfélög opnast nýir möguleikar til uppbyggingar og þróunarþjónustu við íbúana. Þetta eru mikilvægar forsendur öflugrar fjölskyldustefnu. Það er í sveitarfélögunum sem jafnaðarstefnan springur út í mestum blóma og með því sjónarmiði eru flest baráttumál Alþfl. sett fram. Þar ber hátt uppbyggingu félagslega húsnæðiskerfisins. Í tíð núv. félmrh. hefur fjöldi íbúða aukist um 4.000. Meðaltalið er 500 á ári.

Löggjöf um húsaleigubætur er mikilvæg viðbót í stuðningi hins opinbera við húsnæðiskostnað. Það hefur verið stutt við húsnæðisöflun fólks með niðurgreiðslum vaxta í húsnæðiskerfinu og með vaxtabótum. En þessi stuðningur nær eingöngu til þeirra sem eru að eignast húsnæði. Nú verður úr því bætt að leigjendur hafa borið skarðan hlut frá borði. Með húsaleigubótunum verður komið verulega til móts við fjölskyldur á leigumarkaði.

Baráttumál Alþfl. í ríkisstjórn hafa ekki síst verið á sviði félagsmála og nægir að nefna frá liðnum árum lög um félagsþjónustu sveitarfélaga sem kveða á um rétt íbúanna til þjónustu. Málefni fatlaðra þar sem verulega ver tekið á réttindamálum fatlaðra, stoð og liðveislu, settar fram nýjar áherslur í atvinnumálum þeirra og fjölgað valkostum í búsetumálum fatlaðra.

Á liðnum missirum hefur mikil uppbygging verið í byggingu hjúkrunarrýmis fyrir aldraða og þjónustuíbúðir aldraða er eftirsóttur kostur.

Þetta eru fáein af þeim mörgu fjölskyldumálum sem Alþfl. hefur sett á oddinn. En þýðingarmesta fjölskyldumálið er atvinnan. Engin ríkisstjórn unir við atvinnuleysi. Þaðan af síður skipuleggur hún það. Það er ótrúleg og fráleit staðhæfing. Breyttir atvinnuhættir ásamt tækniþróun hafa valdið atvinnuleysi hjá frændþjóðum okkar. Þess vegna er starfsmenntun í atvinnulífinu svo mikilvæg. Með lögum um starfsmennun í atvinnulífinu var stofnaður starfsmenntasjóður sem úthlutað hefur verið úr til 70 verkefna. Um 8 þúsund manns hafa notið þess. Þó mikilvægast sé að taka á atvinnumálum til varanlegrar frambúðar er brýnt að takast á við tímabundinn vanda. Tugum milljóna hefur verið varið til átaksverkefna til að efla atvinnu kvenna í dreifbýli og sl. haust var veitt 60 millj. kr. til sérstakra kvennaverkefna og þótti takast sérstaklega vel til með þá framkvæmd. Þar var leitast við að veita styrki til verkefna sem væru varanleg og einnig styðja við smáiðnað og handverk sem konur um allt land hafa verið að koma á laggir. Þennan þátt atvinnumála verður að efla og rækta og leita nýrra leiða til stuðnings.

Hæstv. forseti, góðir áheyrendur. Í lok þessa mánaðar ganga landsmenn til sveitastjórnarkosninga. Það er vaxandi krafa þjóðar að stjórnmálamenn axli þá ábyrgð sem þeim er lögð á herðar. Í því felst krafa um að þeir afli sér ekki stundarvinsælda með því að ávísa á börn og barnabörn. Jafnaðarmenn um land allt eru reiðubúnir að axla þá ábyrgð og bjóða fram krafta sína í þágu heimabyggðar. Á 50 ára afmæli lýðveldisins geta Íslendingar horft um öxl á öfluga og glæsta þjóðfélagsuppbyggingu. Sú uppbygging er byggð á sterkri hefð lýðræðis og réttlætis og virðingar hvort fyrir öðru. Á slíkum tímamótum horfum við til framtíðar og okkur ber að halda fram á veg undir sama merki. — Góðar stundir.

[21:44]

Halldór Ásgrímsson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Ef við erum spurð þeirrar spurningar hvað sé að í íslensku þjóðfélagi og hvað megi betur fara eru svör okkar misjöfn. Sumir nefna atvinnuleysið, aðrir félagslegt óréttlæti, aðrir lágar ráðstöfunartekjur eða háa skatta og enn aðrir kynnu að nefna skort á framtakssemi, framtíðarsýn og þannig mætti lengi telja. Allir geta væntanlega verið sammála um að ýmislegt er að í okkar samfélagi en aðalspurningin er: Erum við að gera nóg til að ráða bót á þeim meinsemdum sem við sjáum? Erum við í reynd ekki of upptekin við að horfa til afreka og mistaka fortíðarinnar í stað þess að horfa fram á veg?

Við í stjórnarandstöðunni höfum haldið því fram að núverandi ríkisstjórn hafi lagt megináherslu á slíkan málflutning, eins og reyndar sannaðist í máli hæstv. forsrh. áðan, og það hafi verið skaðlegt. Steingrímur Thorsteinsson segir í kvæði sinu Vorkvöld sem er gott að hafa í huga á þessu fallega vorkvöldi:

> Vér grátum hið liðna en grátum sem styst,
> svo grætum ei komandi tíma.

Við framsóknarmenn höfum lagt á það megináherslu að alvarlegasta meinsemd þjóðfélagsins sé atvinnuleysið og allar aðgerðir ríkisvaldsins og aðila vinnumarkaðarins þurfa að miða að því að útrýma því böli. Við teljum að starfið sé mikilvægast af öllu fyrir sérhvern einstakling þannig að hann geti tekið þátt í sókn samfélagsins fram á veg, sjálfum sér og öðrum til framdráttar. Málflutningur okkar hér á Alþingi í vetur hefur tekið mið af þessari grundvallarskoðun. Við höfum gagnrýnt skattastefnu ríkisstjórnarinnar og teljum að mörg störf hafi farið forgörðum vegna hennar. Við teljum að vextir hafi verið allt of háir í langan tíma og af þeim sökum hafi atvinnuleysið aukist verulega. Við höfum gagnrýnt síminnkandi fjárfestingu í þjóðfélaginu og teljum það vera alvarlegustu einkennin í atvinnulífinu þegar horft er fram á veg.

Við höfum gagnrýnt stefnu ríkisstjórnarinnar að því er varðar starfsskilyrði atvinnuveganna, ekki síst landbúnaðar og sjávarútvegs. Við teljum að starfsskilyrðin eigi að miðast við að sem flestir fái atvinnu og að ekki megi taka tillit til skammtímasjónarmiða sem auki óhagræði og erfiðleika. Við höfum þess vegna talið að þær reglur sem stendur til að setja um framsal aflaheimilda séu rangar þar sem þær leiða til minni verðmætasköpunar í sjávarútvegi. Þar að auki mismuna þær þannig að þeir stóru og sterku eru verðlaunaðir en þeim minni refsað. Við höfum jafnframt gagnrýnt fyrirætlanir um að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins en fögnum því að ríkisstjórnin virðist ætla að taka rökum í því máli.

Við höfum haldið fram þeirri stefnu að sérhver athöfn stjórnvalda eigi að skoðast í því ljósi hvort hún sé atvinnuskapandi eða ekki. Við gerum okkur grein fyrir því að önnur markmið kunna að þurfa að víkja um sinn, en leggjum áherslu á að byggt verði á stöðugleika og lágri verðbólgu. Við erum þeirrar skoðunar að atvinnuleysi skapi slíkan ójöfnuð að við það verði ekki unað og viljum leita svara við því á raunsæjan hátt hvernig brugðist verði við. Við teljum að það gerist aðeins með samvinnu fjöldans undir forustu ríkisvaldsins, sveitarfélaganna, samtaka atvinnurekenda og launþega. Þetta risavaxna verkefni skýrist best af þeirri staðreynd að við þurfum að skapa meira en 3.000 störf á hverju einasta ári fram til næstu aldamóta ef áranguri nn á að teljast viðunandi. Hér finnast engar töfralausnir og árangurinn getur aldrei orðið skyndilegur, en hann mun birtast ef stefnufesta, þolgæði og góð samvinna fær að njóta sín.

Það verður jafnframt að viðurkenna að miklar erlendar skuldir setja okkur takmörk og því er forgangsröð verkefna mikilvægari en oftast áður. Það er staðreynd að flest störf hafa orðið til á undanförnum árum hjá hinu opinbera. Ef við höldum áfram á þeirri braut þá bitnar það á framleiðsluatvinnuvegunum þannig að sú leið er ekki fær. Þótt mörg verkefni eigi eftir að leysa á vettvangi hins opinbera þá vantar verðmætasköpun til að standa undir þeim. Það er því framleiðslan og þjónustan við hana sem þarf að eflast á næstunni. Þannig má skapa meiri tekjur hjá ríki og sveitarfélögum. Á þann eina hátt getum við aukið félagsleg réttindi og bætt kjör fólksins.

Störf verða hins vegar ekki til án fjárfestinga. Fjárfestingar í atvinnulífinu eru nú aðeins á bilinu 15–16% en á sama tíma eru þær yfir 20% í OECD-ríkjunum. Ef svona heldur fram liggur ekkert annað fyrir en meira atvinnuleysi með tilheyrandi auknu félagslegu óréttlæti í þjóðfélaginu. Við hvorki megum né getum látið það gerast og í ljósi þess þurfum við að vera opin fyrir nýjum hugmyndum og áherslum, bæði á sviði innanlandsmála og alþjóðamála.

Það er einkenni í íslensku atvinnulífi að eigið fé fyrirtækjanna er minna en almennt gerist í löndunum í kringum okkur. Margir geta ekki tekið lán nema eiginfjárstaðan sé bætt. Það er því lykilatriði til að koma fjárfestingum á skrið að örva þátttöku fólksins í atvinnulífinu í því skyni að bæta eigin hag. Það var umdeild nýbreytni að þeir sem lögðu fram áhættufé nytu sérstakra skatthlunninda. Það var rétt stefna sem hefur verið ákveðið að hverfa frá þegar við þurfum mest á henni að halda. Ef við ætlum að virkja þá sem hafa atvinnu til að skapa störf fyrir þá sem sárlega vantar möguleika til að vinna fyrir sér og sínum þurfa skilyrðin að vera fyrir hendi. Ég tel eðlilegt að hver og einn launþegi geti lagt skattfrjálst til hliðar ákveðinn hlut tekna sinna til að leggja fram í atvinnulífið og þá ekki síst þau fyrirtæki sem sá sami starfar við. Ég tel jafnframt nauðsynlegt að lífeyrissjóðir leggi fram áhættufé á móti launþegunum.

Stærstur hluti sparnaðar safnast nú upp í lífeyrissjóðunum. Nauðsynlegt er að beina þessu fé í vaxandi mæli til að efla verðmætasköpun, enda getur samfélagið ekki staðið undir háum vöxtum af fjármagni lífeyrissjóðanna ef engin verðmæti eru til að standa straum af þeim. Það ætti því að vera sameiginlegt áhugamál allra að virkja þetta fjármagn í þágu barátt unnar gegn atvinnuleysinu.

Það er jafnframt áhyggjuefni að ekkert skuli vera að gerast í fjárfestingum erlendra aðila hér á landi. Á

sama tíma og erlend fjárfesting er vaxandi hlutdeild í hagvexti annarra þjóða ríkir kyrrstaða hér. Það á heldur ekki að vera bannorð að hið opinbera taki þátt í og leggi fram fjármagn til nýsköpunar og frumkvæðis í atvinnumálum. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði er gott dæmi um frumkvæði hins opinbera. Það fyrirtæki hefði ekki verið stofnað án atbeina stjórnvalda og það hefði trúlega hætt starfsemi ef það hefði ekki haft ríkisvaldið sem bakhjarl. Sjaldan eða aldrei hafa atvinnumál tengst með jafnskýrum hætti í alþjóðamálum. Alþjóðleg viðskipti fara vaxandi og fleiri og fleiri girðingar eru teknar niður. Múrar, sem þótti sjálfsagt að reisa fyrir tiltölulega stuttu síðan, eru að falla. Þjóðirnar komast í nýja stöðu þar sem þeir einir verða ofan á sem eru nægilega fljótir að átta sig á nýjum aðstæðum og nýta tækifærin.

Þótt við Íslendingar séum í allmikilli fjarlægð frá stærstu mörkuðum eru fáir eins háðir alþjóðlegum viðskiptum. Við fáum sem þjóð litlu ráðið um þessa þróun, en það er okkar að ákveða með hvaða hætti við tökum þátt í henni. Samskiptin við Evrópusambandið, Norðurlöndin og Norður-Ameríku eru því á tímamótum og við þurfum að ræða þau öfgalaust án þess að útiloka eða neita að ræða ákveðna kosti. Tíminn er dýrmætur og gluggarnir eru til margra átta og það er heimska að eyða tímanum í að negla fyrir þá.

Ég er og hef verið hlynntur aðild Íslands að Evrópsku efnahagssvæði. Ég hef hins vegar gagnrýnt núverandi ríkisstjórn fyrir ýmsa framkvæmd í því máli en ætla ekki að ræða það nánar hér. Ég hef talið að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði væri forsenda fyrir áframhaldandi samningsgerð við Evrópusambandið. Ég er þeirrar skoðunar að aðild sé Íslendingum ekki hagstæð og við eigum að leita annarra leiða. Sjávarútvegsstefna Evrópusambandsins er okkur óhagstæð og ekki kemur til álita að gangast undir hana. Af þessum og ýmsum öðrum ástæðum hefur Framsfl. hafnað aðild að Evrópusambandinu. Ég geri mér þó grein fyrir að Evrópusambandið er og á eftir að þróast um langa framtíð og það er mikilvægt að við getum komið sjónarmiðum okkar á framfæri og reynt að hafa áhrif á málefni sem skipta sköpum fyrir Ísland. Við eigum svo mikil viðskipti við þessar þjóðir að ákvarðanir sem þær munu taka munu með einum eða öðrum hætti snerta okkur. Þess vegna hef ég talið að við eigum að leita eftir samningum sem gefa okkur möguleika til áhrifa í mikilvægum nefndum og ráðum Evrópusambandsins. Því er haldið fram að ekki sé gert ráð fyrir slíkri þátttöku og það sé barnaskapur og vanþekking að halda slíku á lofti. Á sama tíma hefur hæstv. utanrrh. haldið því fram að við munum geta fengið samning um sjávarútvegsmál sem enginn annar hefur náð fram eða forsendur eru nú fyrir á vettvangi Evrópusambandsins. Ég ætla ekki að vera með neinar fullyrðingar í þeim efnum en vil minna á að það er varhugavert að ganga til samninga og byrja á því að gefa sér niðurstöðuna. Það er mikilvægt að gera sér grein fyrir hvað skiptir íslenskt þjóðarbú mestu máli og vinna skilning og stuðning við þau sjónarmið.

Ég tel jafnframt að fríverslunarsamningur við NAFTA sé okkur mikilvægur og hann geti treyst þau mikilvægu bönd sem tengja okkur Bandaríkjunum og Kanada. Samstarfið við Bandaríkin hefur verið mjög þýðingarmikið fyrir Íslendinga og við eigum að leita leiða til að tryggja það enn betur í sessi.

Í öllu þessu umróti er Norðurlandasamstarfið sú stoð sem styrkir okkur í samstarfi þjóðanna. Það er mikil gæfa að geta tekið þátt í samstarfi frændþjóða á jafnréttisgrundvelli og með því er rödd Íslands mun sterkari en annars hefði orðið. Það er mikilvægt að umræðan hér á landi beinist í meira mæli að utanríkis- og alþjóðamálum og við reynum að meta stöðu Íslands til lengri framtíðar í ljósi þeirra gífurlegu breytinga sem nú eiga sér stað. Okkur ber skylda til þess og við megum ekki í þeirri umræðu gera lítið úr skoðunum annarra og vera minnug þess sem Steingrímur Thorsteinsson sagði í því sama kvæði sem ég vitnaði til hér áðan:

> Í feðranna dáðleysi er barnanna böl
> og bölvun í nútíð er framtíðarkvöl.

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Ég hef í máli mínu hér að framan reynt að horfa til tveggja mikilvægra verkefna, þ.e. atvinnumála og utanríkismála. En auðvitað eru mörg önnur verkefni sem bíða. Ég er þeirrar skoðunar að þessi tvö mál séu lykillinn að lausn margra annarra þótt þar sé um nokkra einföldun að ræða. Við þurfum að hafa kjark til að ræða viðkvæm mál og allar leiðir til að bæta hag fjöldans. Ef t.d. breytingar á vinnulöggjöfinni geta orðið til að auka atvinnu þá eigum við að gera þær breytingar. Við framsóknarmenn erum tilbúnir til að starfa af fullum krafti gegn atvinnuleysinu og hræðumst ekki breytingar og ný viðhorf. Við viljum frelsi með fyrirhyggju minnugir þess að óréttlæti hefur oft þrifist, bæði undir merkjum frelsis og jafnréttis. Við teljum því að hófsemd og hógværar stefnur skili mestum árangri. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[21:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Um þessar mundir eru rúm 200 ár liðin frá því að konur hófu skipulagða baráttu fyrir mannréttindum og beinum þjóðfélagslegum áhrifum konum til handa. Fyrir nákvæmlega 200 árum var franska stjórnarbyltingin í algleymingi, byltingarforinginn Robespierre sat við völd og fallöxin gekk nótt og dag. Konur voru mjög virkar í byltingunni, stóðu fyrir miklum mótmælum og settu fram kröfur um mannsæmandi kjör og réttinn til að ráða lífi sínu og barna sinna. Vorið 1794 var búið að hálshöggva flestar þær konur sem verið höfðu í fararbroddi kvenfrelsishreyfingarinnar því þessi bylting sem boðaði frelsi, jafnrétti og bræðralag var ekki ætluð konum. Þær skyldu halda sig innan dyra við heimilisstörf og hannyrðir þrátt fyrir þá staðreynd að mikill fjöldi kvenna vann fyrir sér og heimilum sínum. Ári síðar var hafist handa við að berja kvennahreyfinguna endanlega niður og lög sett þess efnis að hvar sem fimm konur eða fleiri sæjust saman utan dyra teldist það ólöglegur útifundur sem skyldi leystur upp og þær konur handteknar sem sýndu einhvern mótþróa.

Mikið vatn er runnið til sjávar frá því að franskar konur þóttu slík ógnun við karlveldið og mikið hefur áunnist í þeirri baráttu kvenna að ná stjórn á eigin lífi. Ef við íslenskar konur látum hugann reika þótt ekki sé nema hundrað ár aftur í tímann til formæðra okkar verður okkur ljóst hvílíkar breytingar hafa orðið á aðstæðum kvenna. Konur höfðu almennt hvorki kosningarrétt né kjörgengi fyrir hundrað árum síðan og þær réðu ekki yfir eignum sínum. Laun þeirra kvenna sem voru vinnukonur, unnu við kolaburð, uppskipun eða saltfiskverkum, voru þriðjungur til helmingur af launum karla. Konur gátu vænst þess að fæða allt upp í 18–20 börn og að horfa á eftir nokkrum þeirra í gröfina á unga aldri. Þær bjuggu í lélegum húsakynnum án rennandi vatns eða góðrar upphitunar, hreinlæti var af skornum skammti og líf þeirra flestra var mikið strit. Barna- og kvennadauði var enn mikill um síðustu aldamót og meðalævin stutt þótt mjög hefði dregið úr frá því sem áður var, en það var tekið að bjarma fyrir nýjum degi.

Fyrir nákvæmlega 100 árum hófst skipulögð barátta íslenskra kvenna fyrir mannréttindum er Hið íslenska kvenfélag var stofnað en það var fyrsta kvenfélagið sem hafði kvenréttindi á stefnuskrá sinni. Þeim konum sem þar lögðu hönd á plóg eigum við nútímakonur mikið að þakka, þær ófu uppistöðuna í þeim símunstraða glitvef sem við erum enn að vefa. Þær gáfu okkur réttindin, okkar er að nýta þau til að gera íslenskt þjóðfélag kvenlegra, betra, réttlátara og mannúðlegra, en þar er við ramman reip að draga. Í sumar ætla hundruð íslenskra kvenna að leggja land undir fót til að sameinast öðrum norrænum konum á Nordisk Forum í Finnlandi. Íslenskar hugvitskonur, athafnakonur, vísindakonur, listakonur, konur í stjórnmálum og konur úr nánast öllum stéttum og starfshópum ætla að sýna hvað íslenskar konur eru að fást við og leggja sitt af mörkum til norrænnar umræðu um stöðu kvenna. Þarna sameinast ótrúlegir kraftar í frumkvæði, sköpun og gleði sem vekja mikla athygli meðal systra okkar á Norðurlöndum.

En nær þessi kraftur að blómstra hér heima? Hvar sér hans stað? Þurfa íslenskar konur að halda út fyrir landsteinana til að sýna og sanna að þær hafa margt að segja um framtíðina og þjóðfélagið? Hvernig nýtist sú auðlind sem felst í reynslu og hugviti kvenna? Hver eru áhrif kvenna á íslenska þjóðfélagsþróun hundrað árum eftir að skipuleg kvenfrelsisbarátta hófst hér á landi og hvernig er að þeim búið?

Ef við horfum til hinna Norðurlandanna blasir við okkur sú staðreynd að hlutur kvenna hér er mun minni en þar tíðkast ef horft er til þjóðþinga og sveitarstjórna. Á meðan konur á hinum Norðurlöndunum eru nálægt 40% kjörinna fulltrúa erum við hægt og sígandi að nálgast 30%. Ef horft er til atvinnulífsins og samtaka þess er hlutur kvenna mun minni í stjórnum og stjórnunarstöðum en við sjáum annars staðar í hinum vestræna heimi. Jafnvel í Bandaríkjunum hefur konum orðið gífurlega vel ágengt á undanförnum árum á leið til aukinna áhrifa í atvinnu- og efnahagslífi, bæði með stofnun eigin fyrirtækja og almennri samstöðu um að fjölga konum í áhrifastöðum. Í þeim efnum er Ísland að verða eins og mosavaxið nátttröll með sitt gráklædda jakkafatalið sem ræður ríkjum nánast hvert sem litið er. Hér á Íslandi er því miður við lýði það fráleita kerfi að gamli fjórflokkurinn úthlutar nánast öllum opinberum valdastöðum til flokksgæðinga og er hin margendurtekna sorgarsaga úr Seðlabankanum dæmi um það, auk þess sem núverandi ríkisstjórnarflokkar hafa raðað sínum mönnum svo grimmt á ríkisjötuna að annað eins hefur ekki sést um áratuga skeið. Menntun, reynsla og fagmennska koma þessum mönnum ekkert við og það segir sína sögu að nánast engar konur er að finna í röðum gæðinganna. Þessi ólýðræðislegu og ófaglegu vinnubrögð hafa valdið þjóðinni stórtjóni og verður að linna. Á meðan bananalýðveldi af þessu tagi ræður ríkjum verða konur meira og minna útilokaðar frá áhrifastöðum en með því er verið að halda þjóðinni allri niðri.

Ef við horfum á launamál kvenna syrtir enn í álinn. Að meðaltali hafa konur um 65% af launum karla og þegar allt hefur verið dregið frá sem áhrif hefur á kjörin er til staðar launamunur sem ekki er hægt að skýra með neinu öðru en kynferði, þ.e. því að konur eru til færri fiska metnar en karlar. Þar við bætist að launataxtar fjölmennra kvennastétta eru svo lágir að ógerlegt er að lifa af þeim. Við búum hér við forneskjulegt og óréttlátt starfsmat, einkum í opinberum störfum, enda löngu ljóst að launakerfi ríkisins er handónýtt og má ekki bíða lengur að gjörbylta því með það að leiðarljósi að bæta kjör kvenna og afnema þau margvíslegu forréttindi og aukagreiðslur sem jeppaliðið nýtur.

Á undanförnum árum höfum við orðið vitni að vaxandi óánægju vel menntaðra kvennastétta, enda launakjörin og kjararýrnunin algjörlega óviðunandi. Hjúkrunarfræðingar og sjúkraliðar gripu til sinna ráða í fyrra og nú hefur lífsnauðsynleg stétt meinatækna verið í verkfalli um fjögurra vikna skeið. Á stærstu sjúkrahúsum landsins ríkir neyðarástand sem bitnar á veiku og þjáðu fólki, en það er eins og stjórnvöldum komi það ekki við. Þegar starfsmenn Herjólfs í Vestmannaeyjum fóru í verkfall var rokið upp og lög sett á þá. Þegar sjómenn fóru í verkfall í upphafi árs voru sett bráðabirgðalög til að stöðva það en þegar í hlut eiga sjúklingar og fámenn kvennastétt á sjúkrahúsum líður langt á milli samningafunda og ríkið virðist ekkert hafa að bjóða. Hvers konar verðmætamat er þetta? Hvers konar siðferði er þarna á ferð? Þótt ég sé á engan hátt að gera lítið úr þeim vanda sem verkföll sjómanna eða annarra valda þá er nöturlegt upp á að horfa að heilbrigðisyfirvöld skuli láta það viðgangast að verkfall á súkrahúsum dragist í fjórar vikur. Það á ekki að setja lög á meinatækna heldur að setjast að samningaborði þegar í stað og finna lausn á deilunni.

Góðir áheyrendur. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, sjálft Viðeyjarundrið, sem átti að rjúfa kyrrstöðuna og skapa velsæld á varanlegum grunni, varð þriggja ára hinn 30. apríl sl. Að þessu sinni bárust engar fregnir af rjómatertum eða veisluhöldum enda litlu að fagna. Það má lýsa andanum á stjórnarheimilinu með þeim orð-

um úr kvæðinu um litlu hjónin „því lítið elskar litla Gunna hann litla Jón." Í eldhúsi ríkisstjórnarinnar er ástandið orðið bágborið. Kærleikurinn brostinn og vistir á þrotum. Þar hefur í vetur verið borin á borð skuldasúpa, beiskur sjávarútvegskokteill, landbúnaðarhakk og einkavæðingargrautur með frjálshyggjusaft út á. Allt heldur ólystugt, enda mikið rifist og hurðum skellt. Á því heimili bíða flestir þess að geta flutt út og það sem fyrst. Á meðan geisar atvinnuleysið úti fyrir. Aðgerðir í atvinnumálum eru allar í skötulíki, hallinn á ríkissjóði hefur aldrei verið meiri, hagur fjölskyldnanna versnar og kjörin rýrna. Félagsleg vandamál vaxa og það eru börnin sem súpa seyðið. Þannig er nú fjölskyldustefnan í raun á 50 ára afmæli lýðveldisins.

En nú segjum við: Hingað og ekki lengra. Í loftinu liggur krafa um breytingu. Fólk er búið að fá nóg af handahófskenndum niðurskurði, nóg af einkavæðingaráformum íhaldsins, nóg af tillitsleysinu við barnafjölskyldurnar, nóg af valdníðslunni, spillingunni og takmörkuðum áhrifum þegnanna, nóg af dekrinu við stórfyrirtækin. Það styttist í uppgjörið við ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, en áður en til þess kemur endanlega gefst kjósendum kostur á að sína vilja sinn í verki og senda frjálshyggjuherrunum kveðju sem á stendur: Við viljum breyta.

Það hefur alltaf verið markmið Kvennalistans að breyta þjóðfélaginu. Við viljum bæta stöðu kvenna og barna, við viljum aðra forgangsröð verkefna en þá sem tíðkast hefur, við viljum láta mannlegar þarfir sitja í fyrirrúmi, við viljum sjá þjóðfélag valddreifingar og virks lýðræðis, samfélag þar sem jafnræði ríkir milli manns og náttúru. En til að breyta svo um munar þarf hugarfarsbyltingu. Við kvennalistakonur ætlum á þessu vori að beita okkur í þágu breytinganna í samvinnu við þá sem vilja vinna með okkur. Og nú er tækifærið fram undan. Við segjum í anda skáldsins Leonard Cohens: „Fyrst er það Reykjavík, svo landið og miðin."

Góðir áheyrendur. Nú er að ljúka ellefta vetri Kvennalistans á Alþingi Íslendinga. Ekkert bendir til þess að tíma sérframboða kvenna sé að ljúka, enda aldrei brýnna en nú á tímum mikilla breytinga að standa vörð um hag kvenna og barna. Það hyggjumst við kvennalistakonur áfram gera, en við ætlum líka að sækja fram, breyta og bæta. Konur ráða enn of litlu á Íslandi og enn eru þeim skorður settar af hegðun, tregðu og því rótgróna karlveldi sem allt of miklu ræður um kjör okkar og líf. En góðir áheyrendur, þjóðfélagið er á fleygi ferð og það eru konur líka. Tími kvenna er örugglega runninn upp og héðan í frá fær ekkert stöðvað okkur. — Góðar stundir.

[22:07]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Umræður um málefni sjávarútvegsins hafa verið rúmfrekar í sölum Alþingis síðustu daga og síðustu vikur. Það er eðlilegt, það hefur verið mikil gerjun og reyndar gróandi og gróska í þessari atvinnugrein. Við höfum mætt miklum erfiðleikum en erum líka í sókn.

Eftir mikla uppsveiflu í sjávarútvegi í byrjun þessa áratugs tók við öldudalur sem byrjaði að gera vart við sig fyrir rúmum tveimur árum. Það var eitt af fyrstu verkum núverandi ríkisstjórnar að mæta þessum umskiptum, sem m.a. felast í því að afurðir okkar seljast nú á fjórðungi lægra verði en í tíð fyrri ríkisstjórnar og við höfum þurft að skera þorskaflann niður um helming. Ég lagði á það áherslu í öndverðu að þessum nýju aðstæðum yrði mætt með markvissum almennum aðgerðum, raungengi krónunnar yrði breytt, skuldbreytingar yrðu framkvæmdar, skattar yrðu lækkaðir á atvinnufyrirtæki og reynt yrði að ná fram kostnaðarlækkunum. Það er fróðlegt að fara yfir það nú hvernig til hefur tekist í þessu efni.

Við höfum framkvæmt tvær markvissar gengisbreytingar, við höfum náð fram betri raungengislækkun en áður, sem hefur skilað sér betur til atvinnugreinarinnar en fyrri gengisbreytingar þannig að samkeppnisskilyrði sjávarútvegsins og annarra útflutningsgreina eru nú betri en þau hafa verið í meira en þrjá áratugi. Við höfum framkvæmt tvær umfangsmiklar skuldbreytingar, lengt lán og tryggt afborgunarleysi af stórum hluta skulda sjávarútvegsins og náð með því að létta greiðslubyrði atvinnufyrirtækjanna í landinu. Við höfum aflétt aðstöðugjaldinu af sjávarútvegi og öðrum atvinnugreinum og sjávarútvegsfyrirtækin eru byrjuð að gera sérstaka samninga um raforkuverð með þeim árangri að raunkostnaður vegna raforku í fiskvinnslu á síðasta ári var 2% lægri en á árinu áður. Þannig hefur með markvissum aðgerðum verið tekið til varnar og sjávarútvegi tryggð hagstæð samkeppnisskilyrði við þessa miklu erfiðleika sem við höfum tekist á við.

Þetta hefur gerst um leið og við höfum tryggt aukinn stöðugleika. Þessi stöðugleiki hefur síðan leitt til þess að það tókst að lækka raunvexti sem um munar. Sú aðgerð er nú smám saman að skila sér til hagsbóta fyrir atvinnufyrirtækin og gefur þeim nýja möguleika til viðspyrnu. Og það er athyglivert, þrátt fyrir það sem sagt hefur verið í þessari umræðu hér í kvöld, að vegna þessara umfangsmiklu aðgerða þá hefur sjávarútvegurinn í heild að mati Þjóðhagsstofnunar verið rekinn nokkurn veginn í jafnvægi undanfarin tvö ár og jafnvel er útlit fyrir að svo verði enn á þessu ári. Og það er athyglivert að vegna þessara ráðstafana hefur sjávarútvegurinn ekki verið að safna skuldum upp á síðkastið. Auðvitað eru miklir erfiðleikar í þessari atvinnugrein, auðvitað eru erfiðleikar í mörgum byggðum, en í heild þá hefur þessi verulegi árangur náðst þrátt fyrir það mikla mótlæti sem við höfum þurft að takast á við.

Við höfum einnig með markvissum aðgerðum í efnahagsmálum náð þeim umtalsverða árangri að nú er jöfnuður í viðskiptum við útlönd í fyrsta skipti síðan 1986. Og hvaða raunhæfa þýðingu hefur þetta hagfræðihugtak, jöfnuður í viðskiptum við útlönd, í daglegu lífi okkar fólksins hér í landinu? Jú, jöfnuður í viðskiptum við útlönd hefur þá raunhæfu þýðingu að með þeim aðgerðum sem leitt hafa til þess höfum við verið að styrkja framleiðslugreinarnar í landinu gagnvart þjónustugreinunum. Og með því að framleiðslu-

greinarnar eru nú að uppistöðu til úti á landsbyggðinni þá höfum við með þessu verið að ná þeim árangri að tryggja betra jafnvægi á milli dreifbýlis og þéttbýlis í landinu. Allt eru þetta mikilvæg skref fram á við fyrir atvinnulífið, fyrir byggðirnar í landinu og fyrir fólkið í landinu.

Sjávarútvegurinn hefur hagnýtt sér þessar aðstæður. Stjórnendur og starfsfólk í atvinnufyrirtækjunum hefur nýtt sér þessar aðstæður til hagræðingar og til þess að ná meiri árangri í rekstri. Útgerðarmenn og sjómenn hafa sótt á ný mið út fyrir landhelgina og fært fleiri milljarða í nýjum tekjum inn í þjóðarbúskapinn með því móti. Stjórnvöld hafa með ýmsum aðgerðum, m.a. með starfsemi aflakaupabankans, stuðlað að því að við gætum í auknum mæli nýtt áður vannýttar fisktegundir og með því móti hefur okkur tekist að veita nýjum milljörðum kr. inn í þjóðarbúskapinn. Þannig hafa útgerðarmenn og sjómenn tekist á við þessi verkefni og notfært sér þær betri aðstæður sem skapaðar hafa verið. Fiskvinnslan hefur einnig verið í sókn. Efnahagsbreytingarnar hafa leitt til þess að staða hennar er nú betri en áður gagnvart útgerð í landinu, það er betra jafnvægi á milli fiskvinnslu og útgerðar. Útflutningur á óunnum fiski hefur dregist saman svo um munar. Í dag hefur verið sagt frá því að útflutningur á óunnum fiski er 80% minni en í fyrra og útflutningur á þorski heyrist nánast sögunni til. Fiskvinnslufyrirtækin hafa tekið stærri framfaraspor í því en nokkru sinni áður að fullvinna afurðirnar í neytendaumbúðir til þess að skapa meiri verðmæti hér innan lands, til að skapa meiri vinnu og til að komast inn á stöðugri markaði erlendis. Allt er þetta verulegur árangur, sýnir kraftmikla atvinnugrein sem er í mikilli sókn þrátt fyrir þá erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir.

Hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson lýsti því fjálglega hvernig hann hefði komið hugmyndum um útflutningsleið á pappíra Alþb. Þessi útflutningsleið á vinnuskjölum Alþb. er í lifandi framkvæmd núv. ríkisstjórnar og atvinnufyrirtækjanna í landinu.

Það hefur verið unnið mikið og markvisst að því undanfarin tvö ár að endurskoða fiskveiðistefnuna. Það hefur verið vandsamt verk og erfitt vegna þess að þar er í mörg horn að líta, ólíkir hagsmunir sem togast á. Markmiðið með þessari endurskoðun hefur fyrst og fremst verið það að tryggja áframhaldandi stöðugleika í rekstrarumhverfinu, tryggja aukna hagkvæmni í rekstri atvinnugreinarinnar og skynsamlega nýtingu þessarar mikilvægustu auðlindar landsins. Vissulega eru um þetta miklar deilur og ólíkir hagsmunir og það hefur verið tekist á og við höfum hlustað á ólík sjónarmið og deilurnar leiddu jafnvel til þess að á miðjum sl. vetri kom til stórfelldra vinnudeilna á milli útgerðarmanna og sjómanna. Þrátt fyrir þetta er Alþingi Íslendinga að takast að afgreiða endurskoðun á fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni. Ég ætla ekki að segja að það sé í sátt við alla, en vonandi með þeim hætti að sæmilegur friður haldist, að við getum tryggt þann stöðugleika sem við erum að keppa að. Því það er auðvitað óviðunandi með öllu að breyta í grundvallaratriðum þessum leikreglum frá einu ári til annars. Við verðum ef við ætlum að tryggja sókn, áframhaldandi sókn sem skapar okkur ný tækifæri, að tryggja stöðugleika að þessu leyti og það er okkur að takast um þessar mundir.

Með þessu umfangmikla starfi hefur okkur tekist að skapa höfuðútflutningsgrein landsmanna betri samkeppnisskilyrði en hún hefur áður búið við, stöðugan efnahagslegan grundvöll og okkur er að takast að skapa stöðugleika varðandi þær leikreglur sem fiskveiðistjórnin setur þessum höfuðatvinnuvegi. Þetta er umtalsverður árangur sem skapar skilyrði til nýrrar sóknar, meiri verðmætasköpunar og aukinnar velferðar fólksins í landinu.

[22:17]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Góðir landsmenn. Á 50 ára afmæli lýðveldisins er ekki úr vegi að hið háa Alþingi, flaggskip sjálfstæðis þjóðarinnar, staldri við og hugi að því hver staða þess sé nú, hvernig það rækir hlutverk sitt landi og lýð til farsældar.

Því miður er það svo að okkur sem gegnt höfum þingstörfum um nokkurt árabil sýnist mörgum hverjum vegur þjóðþingsins ekki fara vaxandi heldur þvert á móti fari virðing þingsins dvínandi. Þingið gerir kröfur um virðingu fólksins í landinu, en sú krafa er innistæðulaus ef þingið virðir sig ekki sjálft. Stundum er svo að sjá að fyrir mönnum vefjist hver staða þingsins sé annars vegar og ríkisstjórnarinnar hins vegar. Svo langt gekk ruglingur um hlutverk löggjafarvalds og framkvæmdarvalds á sl. vori að hæstv. forsrh. hrifsaði þingið úr höndum hæstv. þingforseta í miðri dagskrá og sendi það heim án samráðs við hv. þm. Þarf vísast að leita til vanþróaðra landa til að finna líka þess hátternis.

Alþingi á að vera óbilandi vígi lýðræðis og mannréttinda, en ekki leikvangur óprúttinna einstaklinga og hagsmunahópa. Þetta tekur tíma og oft á tíðum heyrast þær raddir að mikið sé talað á hinu háa Alþingi og ekki er það alltaf talið lofsvert. En einmitt í málfrelsinu felst lýðræðið sjálft, hinn helgi réttur hins þjóðkjörna fulltrúa til að hafa áhrif í samfélaginu fyrir hönd umbjóðenda sinna.

Vissulega er fljótlegra að stýra löndum og þjóðum með valdi og ofbeldi, en varla er það kostur sem nokkur Íslendingur kýs. Það er helgasta skylda hins háa Alþingis að tryggja rétt allra Íslendinga en ekki aðeins sumra. Kúgun og misrétti eru fylgifiskar þeirra þjóða sem ekki eiga sér þjóðþing sem allir hafa aðgang að. Nægir að líta til Suður-Afríku sem nú eygir von um að margra alda áþján linni. Fyrir þann sjálfsagða rétt að mega ganga til kosninga um eigin málefni hafa milljónir manna fórnað lífi sínu. Hafið þetta í huga á afmælisárinu, góðir landsmenn.

Það er einnig umhugsunarefni á afmælisári lýðveldisins hvort hið þrískipta vald, löggjafarvald, framkvæmdarvald og dómsvald, sé glöggt aðgreint. Missi menn sjónar af því heldur ábyrgðarleysið innreið sína. Engum ætti að gleymast að það er hið háa Alþingi sem ákvarðanir tekur. Undir þeirri ábyrgð ber okkur hv. þm. að rísa. Hlutverk ríkisstjórna er að framkvæma

vilja þingsins. Það er við okkur að sakast ef ríkisstjórn beitir valdníðslu og hroka.

Enn alvarlegra umhugsunarefni á þessum tímamótum er að þarna fara menn í sífellu í flá. Svo langt gengur valdhroki ráðherra að embættismönnum þeirra leyfist að sýna þinginu lítilsvirðingu og dramb. Þinginu berast dólgslegar skýrslur um stofnanir þingsins og nægir að nefna skýrslu svokallaðrar sölunefndar SR-mjöls um Ríkisendurskoðun á dögunum. Fjölmiðlar kalla embættismenn suður í Brussel í hvert viðtalið á fætur öðru um það hvort Íslendingar eigi að gerast aðilar að Evrópubandalaginu og embættismennirnir eru ófeimnir að láta skoðanir sínar í ljós og telja ekki ómaksins vert að geta þess að það séu persónulegar skoðanir þeirra. Menn hljóta því að spyrja: Hver er ábyrgur? Hverjir stýra þessari þjóð?

Þegar litið er yfir farinn veg á því þingi sem nú er að ljúka leita slíkar spurningar á hugann. Hverjum hefur það gott gert? Varla þúsundunum sem misst hafa frumrétt sinn til að afla sér viðurværis með vinnu. Varla sjúklingunum sem nú bíða lækninga vegna þess að ekki tekst að semja við meinatækna. Og tæplega eru þeir hamingjusamari sem ekki eiga fyrir lyfjum. Höfum við unnið gegn vaxandi ólæsi unglinga með betri skóla eða gegn ofbeldi og vímuefnanotkun ungmenna sem sífellt færist í aukana? Nei, góðir landsmenn. Við höfum ekki gert neitt af þessu. Það er rangur meiri hluti í þjóðþinginu okkar. Það er hnípinn hópur sem fer heim í hérað á þessu vori. Og íslenska þjóðin er hnípin þjóð í vanda. Þjóð sem aflar meiri tekna en flestar aðrar þjóðir heims, en lætur það viðgangast að þær færist á æ færri hendur og hefur gengið svo langt að afhenda örfáum aðilum sjálft fjöregg sitt, fiskinn í sjónum.

Hvar eru aðgerðir hæstv. ríkisstjórnar til hagsbóta fjölskyldunni á ári fjölskyldunnar? Enn liggur ekki ljóst fyrir hvort margra ára baráttumál fyrir embætti umboðsmanns barnanna í landinu verður að lögum á þessu þingi. Einnig er óljóst hvort frv. hæstv. félmrh. um húsaleigubætur verður að lögum. Ekkert, nákvæmlega ekkert, hefur verið gert í málefnum fjölskyldna ungra barna á þessu þingi. Hagur fjölskyldunnar er verri nú en verið hefur lengi og fáránlegt að hlusta á forustumenn Sjálfstfl. reyna að telja fólki trú um að nú séu málefni hennar í öndvegi. En ef til vill nær frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna fram að ganga enda er þar um að ræða stórkostlega skerðingu enn og aftur á kjörum sjómanna og óvíst er hvort sjómennirnir og aðrir landsmenn fá þyrlu til bjargar lífi þeirra í neyð.

Ráðherrar ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar hafa eytt tíma sínum í fálmkenndar aðgerðir sem þeir kalla sparnað og helst hefur bitnað á þeim sem síst skyldi.

Hæstv. forseti. Á sumri komanda er fyrirhugað að halda hátíð á Þingvöllum. Þingfundur verður settur á Lögbergi og kóngum og drottningum boðið til veislu. Enn er óljóst hvað á að ræða. Það skiptir ekki máli. Stjórnvöldum nægir að klæða sig tilhaldsplöggum og eiga hégómlegt samneyti við fyrirfólk frá útlöndum. Hverju skiptir það þó landsmenn eigi að borga?

Aðeins að lokum, hæstv. forseti. Í sögu Halldórs Laxness af Brauðinu dýra segir frá vinnustúlku einni sem send var að sækja soðbrauð í hver. Þoka skall á og stúlkan villtist af leið. Á fjórða degi gengu leitarmenn fram á hana kalda og illa á sig komna með brauðið í fanginu. Áratugum síðar spurði nóbelsskáldið hana hvort hún hefði ekki verið ógn svöng og af hverju hún hefði ekki brotið af þessu sexpunda brauði? „Hvað ætli maður þurfi alltaf að vera að eta," sagði hún. „Maður etur nú líklega ekki það sem manni er trúað fyrir."

Þjóðin þarfnast ríkisstjórnar sem hefur siðfræði vinnukonu prestsins á Mosfelli að leiðarljósi, ríkisstjórnar sem sólundar ekki því sem henni er trúað fyrir. — Góðar nætur, landsmenn.

[22:24]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Nú á lokadögum þingsins fjallar hv. Alþingi um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða. Endurskoðun þessara laga átti að vera og var eitt af stærstu verkefnum hæstv. ríkisstjórnar. Hæstv. ráðherra þeirra mála kom hér áðan í ræðustól og kaus að tala lítið um þetta stóra verkefni. Aðdragandi málsins verður ekki rakinn hér. Það eitt er sagt um þann hluta málsins að sá leiðangur sem ríkisstjórnarflokkarnir lögðu í við upphaf samstarfsins hefur nú hlotið hinn háðulegasta endi. Tillögur tvíhöfða nefndarinnar, sem urðu grundvöllur að því frv. sem liggur fyrir, hafa týnt tölunni, fyrst í meðferð ríkisstjórnarinnar áður en frv. var lagt fram, en síðan hröktust stjórnarliðar til að gera veigamestu breytingar sem nú eru til umfjöllunar vegna verkfalls sjómanna. Og nú er nánast ekkert eftir af upphaflegum hugmyndum tvíhöfða nefndarinnar.

Það verður þó að segjast að þær lausnir sem stjórnarliðar hafa fundið til að leysa deilu sjómanna og útgerðarmanna eru því miður þannig að hætta er á að um þær verði deilur áfram því það hefur komið í ljósi í skýrum yfirlýsingum útgerðarmanna að þeir telja sig geta haldið áfram uppteknum hætti við að láta sjómenn taka þátt í kvótakaupum. Það má þó segja að þær breytingar sem sjómenn knúðu fram með verkfalli sínu séu einu breytingarnar sem hægt er að kalla stefnumarkandi í þessum málatilbúnaði ríkisstjórnarinnar.

Það er af þessari ástæðu sem svo hörð viðbrögð hafa orðið hjá ýmsum aðilum í útgerð og fiskvinnslu. Þeir eru fyrst og fremst að sýna viðbrögð við stefnubreytingu sem felst í því að stíga skref til baka, þó lítið sé, frá hinu óhefta braski með veiðiheimildir sem nú viðgengst. Þeirra viðbrögð verður líka að skoða í ljósi þeirra vonbrigða sem þeir hafa orðið fyrir í ljósi þeirrar staðreyndar að sú tilraun hæstv. sjútvrh., sem lagði alla krafta sína fram til að festa þetta fiskveiðistjórnunarkerfi í sessi, hefur gjörsamlega mistekist. Það markmið er í enn meiri fjarska nú en þegar hæstv. ríkisstjórn lagði af stað í þennan leiðangur.

Við alþýðubandalagsmenn lögðum í það verulega vinnu, mikla og stundum erfiða umræðu í stofnunum flokksins, að undirbúa okkur undir þá endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða sem átti að fara fram. Uppskeran af því starfi er samstaða um þau grundvallaratriði sem við teljum skipta mestu hvað varðar nýt-

ingu þessarar sameiginlegu auðlindar þjóðarinnar. Þingflokkurinn hefur mótað afstöðu til tillagna ríkisstjórnarflokkanna í samræmi við þessa stefnumótun flokksins. Við munum þess vegna styðja frv. ríkisstjórnarinnar um samstarfsnefnd sjómanna og greiðslumiðlun sjávarútvegsins, ásamt því að setja vissar hömlur á hið frjálsa framsal aflaheimilda, í samræmi við ályktun landsfundar og miðstjórnar flokksins þar sem lýst var yfir fullum stuðningi við sjómenn í deilu þeirra við útvegsmenn.

Við munum taka afstöðu til tillagna stjórnarliða á málefnalegum grunni, styðja það sem virðist til bóta, en flestar eru þessar tillögur smávægilegar utan þær sem sjómenn knúðu fram. Við munum þó leggjast alfarið gegn frv. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Þingflokkurinn hefur síðan orðið sammála um að flytja fimm brtt. við frv. um stjórn fiskveiða. Sú fyrsta varðar sjálfan grunninn sem stjórn auðlindarinnar á að hvíla á, þ.e. að auðlindin skal vera óvefengjanlega sameign þjóðarinnar. Þróun stjórnkerfisins með því braski með veiðiheimildir sem hefur vaxið ár frá ári, sá auðlindaskattur sem kvótaeigendur heimta til sín, sú staðreynd að Hæstiréttur Íslands hefur kveðið upp þann dóm að aflaheimildir skuli bókfæra og afskrifa sem hverja aðra eign, sú staðreynd að ríkisstjórnin hefur lagt fram frv. um að veðsetja megi sameign þjóðarinnar og það að ýmsar ákvarðanir sem teknar hafa verið um stjórn veiðanna eru farnar að bera merki þess að stjórnvöld viðurkenni ígildi eignaréttar á fiskstofnunum, allt þetta eru alvarlegar viðvaranir um hættulega þróun sem verður að stöðva.

Það er af þessum ástæðum sem við flytjum tillögu um að styrkja sameignarákvæðið í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Þingflokkurinn flytur aðra tillögu sem er ætlað að taka á þeim vanda sem kaup og sala aflaheimildanna skapar, þ.e. að ýmsar nytjategundir sem úthlutað hefur verið kvóta á veiðast ekki ár eftir ár í þeim mæli sem tillögur Hafrannsóknastofnunar standa til. Í tillögunni er þess þó gætt að öryggissjónarmiða sé að fullu gætt þannig að veiðin fari ekki úr böndunum.

Þriðja tillagan sem þingflokkur Alþb. flytur á að taka á þeim vanda sem ekki er tekið á með neinum hætti í tillögum stjórnarflokkanna, þ.e. að fiski er hent í sjóinn í miklum mæli. Við leggjum til að það megi koma með afla að landi og landa honum utan kvóta. Fyrir þann afla skuli greiða það lágt verð að menn geti ekki hagnast á því að gera sérstaklega út á þennan kost en að þeir skaðist þó ekki á því að koma með fiskinn að landi. Þessi afli verði seldur fullu verði og verðmætismunurinn fari í þyrlukaupasjóð Landhelgisgæslunnar.

Fjórða tillagan sem þingflokkurinn flytur lýtur að vanda aflamarksbátanna undir sex tonnum og er um það að þeir fái möguleika á að fara inn í krókakerfið. Þetta mundi ekki kosta einn einasta fisk til viðbótar vegna þess að það yrði ekki um neina breytingu á heildarviðmiðun hópsins að ræða.

Í fimmtu tillögu þingflokks Alþb. er lagt til að ekki verði leyft að flytja til landsins fleiri fullvinnsluskip til að veiða innan landhelginnar um eins árs skeið, en sá tími verði notaður til að móta stefnu hvað varðar fullvinnslu afla sem tæki mið af heildarhagsmunum þjóðarinnar.

Það er góð samstaða í þingflokki Alþb. um þá afstöðu til sjávarútvegsmála sem ég hef lýst hér fáum orðum. Tillögur okkar nú eru þó aðeins viðbrögð við misheppnuðum tilraunum stjórnarflokkanna til að leysa þessi mál, tilraun til að leiðrétta stefnuna hjá ríkisstjórninni. Grundvöllur frekari stefnumótunar liggur fyrir. Og við lýsum því enn og aftur yfir að við erum hvetjandi til þess að alvöru endurskoðun á allri meðferð þessara mála fari fram þar sem öll sjónarmið fái að koma til umræðu.

[22:32]

Sigbjörn Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Það er vor í lofti, birta og ylur aukast með hverjum degi sem líður. Morgun hvern má sjá mun gróðrar frá deginum áður. Það eru einnig ýmis teikn á lofti um að vor sé að nálgast í íslenskum efnahagsmálum.

Þegar stofnað var til ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar fyrir réttum þremur árum ríkti nokkur bjartsýni í íslenskum þjóðarbúskap. Til valda komst ríkisstjórn sem var staðráðin í að takast á við stöðugan hallabúskap í ríkisfjármálum og aukna skuldasöfnun. Þá var ekki annað sjáanlegt en að álver risi á næstu mánuðum sem skapaði fjölda starfa og kallaði eftir miklum fjárfestingum. Allir þekkja þær utanaðkomandi aðstæður sem urðu til þess að þau áform voru lögð til hliðar og frestast um sinn. Á þeim tíma var ekkert sem benti til svo alvarlegs þorskbrests sem raunin varð, hvað þá heldur til lækkandi afurðaverðs á erlendum mörkuðum okkar.

Þrátt fyrir hið mikla mótlæti sem hefur verið við að etja hefur ríkisstjórn og þjóð tekist svo vel upp í varnarbaráttunni að við erum farin af finna fyrir nánd vorsins í efnahagsmálum og það mun fyrr en nokkurn gat órað fyrir. Franski rithöfundurinn Molière ritaði einhverju sinni: „Því meiri sem erfiðleikarnir eru þeim mun meiri vegsemd felst í að vinna bug á þeim.“ Í þessum orðum er fólgin mikill sannleikur. Íslensk þjóð á heiður skilinn og hefur hlotnast vegsemd sem aldrei fyrr í 50 ára sögu hins íslenska lýðveldis fyrir barátttuna gegn hruni efnahagslífsins og þar með hættunni á missi forræðis eigin mála. Vissulega hefur sú barátta ekki verið þrautalaus og á stundum hafa ýmis öfl í þjóðfélaginu vegið alvarlega að rótum sjálfstæðis okkar og forræðis með ábyrgðarlausum stóryrðum og háreysti. Slíkt kann á stundum að vera til vinsælda fallið en þó aðeins tímabundið. Íslensk þjóð er betur gerð en svo að hún láti blekkjast af fagurgala hræsnarans. Í mótlætinu snúum við bökum saman og tökumst á við aðsteðjandi vanda. Sá tími er liðin og þau vinnubrögð heyra fortíðinni til að vandamálunum sé ýtt til hliðar og komandi kynslóðir látnar um lausnir. Slíkir tímar mega ekki koma aftur í íslensku þjóðlífi.

Ég sagði í upphafi máls míns að teikn væru á lofti um bata í íslensku efnahagslífi eftir samdráttartíma undanfarinna missira. Þar ræður mestu um að tekist hefur að vinna bug á og halda verðbólgu svo langt

niðri að annað eins þekkist vart í hinum vestræna heimi. Við þær aðstæður hefur verið mögulegt að ná fram verulegum vaxtalækkunum sem hafa leitt til gífurlegra hagsbóta fyrir íslensk heimili og fyrirtæki. Einnig hefur sköttum verið létt af fyrirtækjum. Þær staðreyndir eru að birtast okkur um þessar mundir að fyrirtækin í landinu, sem því miður mörg hver sýndu allt of mikið tap á árinu 1992, hafa snúið vörn í sókn og hafa mörg hver bætt mjög stöðu sína á sl. ári. Batinn í rekstri fyrirtækjanna hefur hins vegar ekki enn farið til nýrra fjárfestinga heldur hefur sá skynsamlegi kostur verið valinn að grynnka á skuldum. Þannig eru fyrirtækin í landinu að búa í haginn undir frekari fjárfestingu á næstu missirum sem mun fjölga atvinnutækifærum í landinu verulega.

Ýmsir hafa legið verkalýðshreyfingunni á hálsi fyrir að standa ekki nægjanlega vörð um kaupmátt launa. Ég segi að þvert á móti hefur verkalýðshreyfingin skilið að án vaxtar og viðgangs atvinnufyrirtækjanna í landinu verður engin vinna. Það verður engin raunverulegur hagvöxtur ef stöðugt rekstrartap og tilheyrandi skuldaaukning verður. Það verður ekki byggt á sandi.

Á stundum hafa andstæðingar okkar jafnaðarmanna sakað okkur um að setja auðgildið ofar manngildinu, að hafa gert árás á það velferðarkerfi sem óumdeilanlega er runnið undan rótum jafnaðarstefnunnar. Slíkar árásir dæma sig sjálfar ef grannt er skoðað. Ég þekki ekkert samfélag þjóðanna þar sem tekist hefur að skapa jöfnuð og velferð þegnanna án hagnaðar og verðmætasköpunar. Það er ánægjulegt í þessu sambandi að nýkjörinn formaður Framsfl. hefur einmitt tekið undir þessi sjónarmið okkar alþýðuflokksmanna í ræðu sinni hér fyrr í kvöld.

Það hefur alla tíð verið og verður ætíð hlutverk Alþfl. að velja velferðina. Við alþýðuflokksmenn höfum alla tíð verið talsvert á undan öðrum stjórnmálaflokkum að átta okkur á því hvar hættur leynast svo ekki steyti á skeri. Þannig hefur Alþfl. um langt skeið verið gerandinn í íslenskum stjórnmálum, komið stórkostlegum framfaramálum til leiðar, sem ýmsir hafa ekki áttað sig á eða ekki viljað sjá að horfðu til framfara. Því hefur Alþfl. umfram aðra flokka oft sætt óvæginni gagnrýni, Alþfl. sem trúr sínu hlutverki hefur aldrei hopað velferðinni í landinu til varnar.

Er það gegn velferðinni að spara í ríkisútgjöldum í stað þess að hækka skatta eða auka við erlendar skuldir? Er það gegn velferðinni að tryggja stöðugleika og lága vexti sem er besta kjarabótin sem völ er á? Er það gegn velferðinni að við flytjum á erlenda markaði meiri verðmæti en við flytjum inn, að við lifum ekki lengur um efni fram? Er að gegn velferðinni að samkeppnisskilyrði íslenskra fyrirtækja hafa aldrei í sögunni verið betri en nú er? Er það gegn velferðinni að hafa spyrnt við fótum gegn sjálfvirkum útgjaldavexti í heilbrigðiskerfinu? Er það gegn velferðinni að hafa náð fram bættu aðgengi fyrir íslenskar vörur á Evrópumörkuðum með EES-samningum? Þannig mætti lengi áfram telja, en svari hver fyrir sig.

Ef grannt er skoðað þá hefur það aldrei gerst að hin stóru framfaramál sem Alþfl. hefur barist fyrir og komið á hafi verið gerð afturræk þrátt fyrir stór orð andstæðinga okkar á stundum. Nærtækasta dæmið er EES-samningurinn sem ýmsir höfðu um þau orð fyrir fáum missirum að myndi leiða slíkar hörmungar yfir íslenska þjóð að ekki yrði aftur snúið. Í dag vildu allir þá Lilju kveðið hafa.

Danski heimspekingurinn Friðþjóf Brandt sagði einhverju sinni: „Fáum er ljóst hversu gott þeir hafa það, öllum hve gott þeir gætu haft það.“ Í þessum orðum eru sannindi fólgin. Okkur er gjarnt að álíta að það sé mun grænna handan lækjarins, að hamingju og gæðum samfélagsins sé misskipt. Vissulega er það svo að við þurfum ætíð að vera vel á verði hvað þetta varðar. Það hefur alltaf verið hlutverk jafnaðarmanna og verður alla tíð að hlúa að velferðinni, að skipta gæðunum með sem sanngjörnustum hætti. Það verður hins vegar ekki gert ef enginn verðmæti eru fyrir hendi. Það verður heldur ekki gert án þess að áhrifa mannúðarstefnu Alþfl., jafnaðarmannaflokks Íslands, gæti við stjórnvölinn. — Ég þakka þeim sem hlýddu.

[22:39]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Góðir Íslendingar. Eldhúsdag má skilgreina sem uppgjörs- eða fardag þar sem farið er yfir störf, verk metin og jafnframt litið til framtíðar. Störf þingsins hafa staðið stutt að mínu mati, óþarflega stutt, því mörg mæt mál bíða afgreiðslu, nokkur stjórnarmál en mörg þingmannamál sem ég hefði viljað sjá afgreidd. Ég nefni dæmi um frv. til laga um tvísköttun lífeyris, þál. um steinsteypu til slitlagsgerðar, notkun íslensks iðnvarnings og eldsneytissparandi mengunarbúnað.

Ég vil nefna árangur Alþfl. á erfiðum tímum. Hverju höfum við jafnaðarmenn fengið áorkað með starfi í ríkisstjórn á sl. sjö árum, á einhverju mesta samdráttartímabili sem verið hefur í sögu lýðveldisins? Landsmenn njóta í fyrsta skipti stöðugleika án verðbólgu. Ef áheyrendur efast þá nefni ég fjölskyldu sem skuldar vegna fjárfestinga í íbúðarkaupum og annars 8 millj. kr. Fyrir ári þurfti þessi fjölskylda að greiða í afborganir og vexti 1.330 þús. kr., en á þessu ári 1.170 þús. kr. Kaupmáttaraukningin er 160 þús. kr. Er þetta einhvers virði? Óskar einhver eftir gömlu góðu verðbólgunni?

Ágætu landsmenn. Í tíð fyrrv. iðnrh. var unnið að undirbúningi stóriðju. Sú vinna er eins og fjármunir á bók og verður tekin út þegar hentar. Gerð var úttekt á stöðu iðnaðarins, svo sem á samkeppnisstöðu og hæfni íslensks atvinnulífs með tilliti til gæða. Þar erum við fyllilega samkeppnishæf einnig hvað varðar verð. Á grundvelli fyrrgreindrar úttektar hófst núv. iðnaðar- og viðskrh. handa um að vinna skipasmíðum og viðgerðum viðeigandi sess. Menn muna að upplýst hefur verið hvernig beitt er undirboðum og ríkisstyrkjum og ýmsum óeðlilegum aðgerðum til að ná verkefnum frá Íslandi. En nú er ný stefna sem sést á því að verkefni skipasmíðastöðva á Íslandi voru aðeins fyrir 300–400 millj. kr. á síðasta ári, en eru nú þegar komin í þá upphæð og horfir til tvöföldunar í það minnsta. Ég minni

á að talið er að tvö störf fylgi hverju starfi í nýskipasmíðum og eitt og hálft við viðgerðir. Umskiptin eru mikil og bjartsýni er um að það takist að reisa við íslenskan skipasmíðaiðnað. Lánshlutfall frá Fiskveiðasjóði er hækkað í 70%. Einnig er kostur á 20% láni að auki frá Iðnlánasjóði til verkefna innan lands. Það vantar bara herslumuninn á að skipasmíðastöðvarnar geti rétt úr kútnum vegna skorts á eigin fé.

Nú þegar, góðir landsmenn, eru íslenskir útgerðarmenn komnir í viðræður við skipasmíðastöðvar um nýsmíði togara og loðnuskips og það þarf að fylgja því eftir með skynsemi og einurð. Þessi dæmi sýna best árangur af breyttum viðhorfum og nýrri stefnu.

Fyrir tilstuðlan iðnrh. og einnig fjmrh. hafa verið settar vinnureglur um hvernig farið skuli með mál sem lúta að undirboðum og ríkisstyrkjum í iðnaði í samskiptalöndum Íslendinga. Átak hefur verið gert varðandi styrkveitingar og nýsköpun í smáiðnaði. Fjörutíu aðilar fengu styrk á síðasta ári og hafa allir náð árangri. Íslenskt, já takk, eru orð sem allir landsmenn skilja. Átak hefur verið gert varðandi breytingu á skilningi manna á áhrifum á innri markaði og atvinnu. Íslendingar eiga að velja að öðru jöfnu íslenska framleiðslu og afurðir. Ég vil lýsa ánægju með og fagna marktækum árangri í þessu efni.

Góðir tilheyrendur. Krafan hlýtur að vera um að menn tendri ljós bjartsýni á framtíðina. Við höfum gengið í gegnum þrengingar og uppstokkun í atvinnu- og efnahagslífi og eigum að geta farið að njóta ávaxta þess í formi nýrra atvinnutækifæra og bættra lífskjara. Alþfl. er framsýnn umbótaflokkur með raunsæja stefnu. Alþfl. hefur haft kjark til að setja fram skoðanir og kröfur um mál þó ekki hafi verið til vinsælda fallið á líðandi stund. Ég nefni sem dæmi uppstokkun heilbrigðiskerfisins, umbætur í almannatryggingum og húsnæðis- og húsaleigubótakerfi. Svo má spyrja: Ætli það sé fyrir tilviljun að fyrsta stórátakið til að sameina sveitarfélög, stækka atvinnusvæði og skapa tilfærslumöguleika verkefna frá ríki til sveitarfélaganna gerist á valdatíma Alþfl.? Alþfl. hefur barist gegn stjórnkerfum landbúnaðarins, sem samkvæmt handbók bænda eru á annað hundrað talsins, og bent á einföldun og skilvirkni fyrir bændur, en því miður án skilnings þeirra eða samstöðu. Afkomumöguleikar bænda eru bundnir við erlendan tækjabúnað og bændur eru neytendur eins og við hin. 60% af neyslu bænda, eins og okkar hinna, eru erlendar landbúnaðarafurðir í einhverju formi. Þetta gleymist og menn hafa farið offari í málum sem hafa í raun átt að vera vernd fyrir íslenskan landbúnað en orðið til skaða. Hér skal það nefnt að Alþfl. hefur aldrei farið með stjórn landbúnaðarmála, það eru aðrir sem bera ábyrgð á því að fjöldi bænda býr við fátækramörk.

Ágætu tilheyrendur. Eftir skamman tíma fara fram sveitarstjórnarkosningar og er að hefjast snörp barátta nú síðustu dagana. Ég vona að málefnaleg framsetning og drengskapur ráði ríkjum. Ég óska að trú á manngæði og jöfnuð ráði málflutningi og að bjartari tímar séu í vændum fyrir landsmenn alla. Megi þessi gildi ráða vali kjósenda í komandi sveitarstjórnarkosningum. — Góðar stundir.

[22:47]

Guðmundur Bjarnason:

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Íslenska þjóðin er í eðli sínu bjartsýn og á Íslandi býr dugmikið, vinnusamt fólk sem veit að atorka og trú á framtíðina er uppspretta framfara og hagvaxtar og undirstaða velferðar. Til að leysa þessi öfl úr læðingi verða stjórnvöld að stuðla að aukinni verðmætasköpun og fjölgun starfa í þjóðfélaginu.

Á valdatíma núverandi ríkisstjórnar hefur á hinn bóginn ríkt stöðnun í íslensku atvinnulífi. Þjóðin býr við kreppu. Atvinnuleysi hefur haldið innreið sína og er nú meira en þekkst hefur áratugum saman og fer vaxandi verði ekki gripið til róttækra ráðstafana. Samdráttur í þjóðarframleiðslu, minni tekjur, atvinnuleysi og skerðing opinberrar þjónustu valda þungum búsifjum á fjölmörgum heimilum. Langvarandi atvinnuleysi hefur í för með sér skaðleg, félagsleg áhrif, sjúkdóma, óreglu, upplausn í fjölskyldum og jafnvel afbrot, sem seint eða aldrei verður hægt að bæta fyrir.

Atvinnuleysi er því óásættanlegt og má aldrei verða viðvarandi. Sú staðreynd, að ekki skuli vera til störf fyrir vinnufúsar hendur til að auka verðmætasköpun í landinu, er vísbending um mistök í stjórn efnahagsmála.

Já, það er sannarlega rétt sem forsrh. sagði hér fyrr í kvöld, það hefur orðið gerbreyting í þjóðfélaginu á sl. þremur árum. Og það er von að þeir tali um vor í íslenskum stjórnmálum stjórnarliðarnir sem hér hafa talað.

Það er vissulega rétt að sjávarafli hefur dregist saman og afurðaverð lækkað. Ekki skal gert lítið úr þeim áföllum. Útflutningsverðmæti sjávarafurða varð á hinn bóginn með mesta móti á sl. ári. Kreppan er því að verulegu leyti á ábyrgð stjórnvalda. Lítum aðeins á það nánar.

Fyrsta svokallaða efnahagsaðgerð ríkisstjórnarinnar var vaxtahækkunin. Vaxtaokrið hefur átt ríkan þátt í því að koma atvinnulífinu á kné, leitt til gjaldþrota og dregið svo úr fjárfestingu atvinnulífsins og einstaklinga að talið er nálgast hættumörk og muni tefja verulega fyrir mögulegum efnahagsbata.

Í samanburði við OECD-löndin hefur ríkissjóðshalli verið með því lægsta hér á landi meðan raunvextir ríkisskuldabréfa hafa verið þeir hæstu. Kenningin um að halli á ríkissjóði eigi stærstan þátt í að halda uppi vöxtunum stenst því ekki og að lokum var ríkisstjórnin knúin til að lækka vexti nokkuð í lok sl. árs, taka til baka hluta af vaxtahækkuninni sem hún stóð fyrir þó betur megi ef duga skal auk þess sem skaðinn var skeður. Í stað þess að slaka á í peningamálum til að mæta efnahagssamdrætti og atvinnuleysi voru vextir hækkaðir og ríkisútgjöld dregin saman. Kreppan dýpkaði, hallinn á ríkissjóði varð meiri og atvinnuleysið fór vaxandi.

Við erum komin í vítahring. Sparnaður í ríkisútgjöldum dregur úr heildareftirspurn í samfélaginu og atvinna minnkar. Þar með lækka tekjur ríkissjóðs en útgjöldin aukast vegna atvinnuleysisins og fátæktar, sem

því miður hefur á ný hafið innreið sína. Núverandi ríkisstjórn er ófær um að brjótast út úr þessum vítahring. Til þess þarf bæði áræðni og þor en ríkisstjórnin hefur hvorugt. Eða hefur hún ef til vill ekki vilja til þess? Er hið „hæfilega" atvinnuleysi og þjónkunin við fjármagnið meira virði en velferð og hagsæld þegnanna? Það þarf að finna leiðir til að nýta það vinnuafl landsmanna sem í boði er. Kreppunni lýkur jafnskjótt og sá mikli fjöldi vinnufúsra handa sem nú er verkefnalaus hefur fengið arðbær störf að fást við.

Ljóst er að einstigið milli samdráttar og þenslu er vandratað og engum er greiði gerður með því að kynda á ný verðbólgubál. Það verður að varast og það er hlutverk stjórnvalda að þræða þetta einstigi. Til að komast út úr kreppunni, auka veltu í þjóðfélaginu og skapa atvinnu, þarf að lækka vexti enn frekar. Um það verður ríkisvaldið að hafa forgang. Það þarf að auka opinberar framkvæmdir umtalsvert. Við eigum nóg af þjóðhagslega arðvænlegum fjárfestingartækifærum. Samgönguframkvæmdir eru trúlega arðsamastar, þó einnig megi nefna framkvæmdir á sviði heilbrigðismála sem gætu verið gjaldeyrisskapandi, svo og í skólakerfinu, vísindalegri þekkingaröflun og á sviði rannsókna. Við verðum að velja og forgangsraða og þó Hæstiréttur kunni að búa þröngt er ég ekki viss um að bygging Hæstaréttarhúss fyrir mörg hundruð milljónir króna sé arðbærasta opinbera framkvæmdin eins og á stendur. Mörg brýn viðhaldsverkefni blasa við og geta skapað mikla atvinnu.

Við eigum að leggja fram verulega fjármuni af hálfu hins opinbera á næstu árum til rannsókna og þróunarstarfs og áhættufé til markaðsmála og nýsköpunar í atvinnulífinu. Utanríkisþjónustunni á að beita í ríkara mæli til sóknar í útflutningsstarfsemi. Við þurfum að koma á fót stofnun sem hefur það verkefni að veita ráðgjöf í atvinnulífinu og aðstoða við að ýta úr vör nýjum fyrirtækjum, smáum og stórum, sem nýta gæði og auðlindir lands og þjóðar. Þessi stofnun á að vera samstarfsverkefni ríkis, sveitarfélaga, atvinnurekenda og launþega. Verkefnið má fela Byggðastofnun með því að breyta henni og efla. Stofnunin ætti einnig að fá það hlutverk að auka erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnulífi. Eins og nú er ástatt í atvinnumálum þjóðarinnar verður ríkisvaldið að aðstoða við endurreisnina. Sveitarfélögin hafa að undanförnu neyðst til að setja verulegt fjármagn í atvinnulífið vegna aðgerðaleysis ríkisstjórnarinnar.

Til lengri tíma litið og þegar nýjum stjórnvöldum hefur tekist að brjótast út úr vítahringnum, sem ljóst er að núverandi ríkisstjórn mun ekki takast með þeim vinnubrögðum sem hún beitir, á ríkisvaldið að losa sig út úr þeim fyrirtækjum sem það kann að hafa komið á fót og selja þau einstaklingum og samtökum þeirra. Þá þarf að gæta þess að við einkavæðinguna gildi sanngjarnar og heiðarlegar leikreglur, sem segja má að skort hafi í tíð núverandi ríkisstjórnar. Slíkar leikreglur þarf að lögfesta til að taka af allan vafa og tryggja að eðlilega sé farið með almannafé, opinberar eignir séu ekki afhentar þóknanlegum aðilum án eðlilegs endurgjalds og tryggja að einkavæðingin sé hafin yfir þá gagnrýni að teljast einkavinavæðing.

Einnig á, er kreppunni lýkur, að gæta þess að draga á ný úr opinberum umsvifum, hækka vexti ef þörf krefur og minnka peningamagn í umferð svo ekki leiði til þenslu og verðbólgu því efnahagslegt jafnvægi er forsenda fyrir traustu atvinnulífi.

Virðulegur forseti. Ég vék að því í upphafi máls míns að skerðing opinberrar þjónustu í tíð núverandi ríkisstjórnar hafi valdið þungum búsifjum á mörgum heimilum. Í nafni aðhalds, sparnaðar og hagræðingar hefur verið reynt að draga úr ríkisútgjöldum. Aðhald og ráðdeildarsemi eru kostir sem ber að hafa í hávegum og eiga ekki síður við í opinberum rekstri en á öðrum sviðum. En nauðsynlegt er að heildarhagsmunir séu hafðir að leiðarljósi og stjórnvöld leggi sig fram um að sjá yfir allt sviðið. Í upphafi skal endinn skoða, segir gamalt máltæki og skyldi nú allt hafa reynst raunverulegur sparnaður sem gripið hefur verið til? Skoðum eitt dæmi:

Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaráðuneyti hafa heildarútgjöld til sjúkrahúsa í Reykjavík lækkað að raungildi um 600 millj. kr. frá árinu 1991 til 1993. Þegar tekið hefur verið tillit til flutnings á verkefnum milli stofnana, lækkunar stofnkostnaðar og uppsafnaðs rekstrarhalla, sem ekki hefur verið bættur með fjárveitingum, gæti heildarsparnaður þessi e.t.v. verið um 200 millj. kr. eftir allt bröltið í heilbrrh. núv. ríkisstjórnar, sem nánast er búið að leggja í rúst starfsemi Landakotsspítala.

Og þá er enn eftir að skoða heildarmyndina. Hver eru áhrifin á heilbrigðisþjónustuna? Biðlistar lengjast, sjúklingar verða fyrir þjáningum og tekjutapi, svo og þjóðfélagið í heild, og í einhverjum tilfellum geta afleiðingarnar haft í för með sér skaða sem aldrei verður bættur eða metinn til fjár. Aukinn kostnaður einstaklinga vegna þjónustugjalda, greiðslna fyrir lyf og læknishjálp hefur verið ræddur svo oft að ekki verður rakið nánar nú, en minnt á að þessar greiðslur eru í raun tilflutningur á skattbyrðinni frá samhjálpinni yfir á barnafólk, sjúka og aldraða fyrir forgöngu manna sem enn kenna sig við jafnaðarmennsku.

Og að lokum örfá orð um hagræðingu. Hagræðing er nauðsynleg til að skapa betri rekstrareiningar sem skila meiri arði, auka umsvif og veita fleira fólki atvinnu. En sú hagræðing sem mest hefur borið á í tíð núverandi valdhafa í Stjórnarráðinu og er lofuð og prísuð af hinni taumlausu markaðshyggju sem þar ræður ríkjum, er hagræðing sem eingöngu felst í því að segja upp lægst launaða fólkinu og flytja það af launaskrá yfir á atvinnuleysisskrá.

Ríkisstjórn sem þannig stjórnar þjóðfélaginu á ekki lengur trúnað eða traust þegnanna. Hún á því að fara frá.

[22:56]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Góðir áheyrendur. Villidýr hafa sett svip sinn á umræðuna að undanförnu. Ekki hafa þó verið nefnd til sögunnar öll þau villidýr sem vert væri að fjalla um. Atvinnuleysisófreskjan t.d. lifir góðu lífi og nærist á úrræðaleysi stjórnvalda. Mér sýnist flest

stefna í að hún verði friðuð og ekki ónáðuð með atvinnuskapandi aðgerðum eða nýsköpun af neinu tagi nema ef við berum gæfu til þess að koma þessari ríkisstjórn frá og það strax. Því til eru úrræði og Kvennalistinn hefur lengi reynt að koma vitinu fyrir misvitra karla sem hafa haldið um stjórnvölinn og stýrt beint í strand. Hvenær var farið að tala um fullvinnslu sjávarafurða, að framleiða fremur gæði en magn, að stórefla íslenskan smáiðnað og endurvinnsluiðnað og hyggja ekki síður að innanlandsmarkaði en útflutningi? Íslenskt, já takk! Er þetta eitthvað sem menn eru að uppgötva nú fyrst? Ekki ef þeir hafa hlustað á okkur kvennalistakonurnar því allt er þetta að finna í fyrstu stefnuskránni okkar sem er orðin ellefu ára gömul. En þeir hlustuðu ekki þessir menn sem voru að skrafa um álver og stórvirkjanir. Þeir hlustuðu ekki. Þeir hafa dæmt sig sjálfir og sínar úreltu hugmyndir, en því miður á kostnað okkar hinna. Það var dýrt spaug. Þeir hefðu betur hlustað á rödd kvennanna sem bentu á betri leiðir. Þá væri ástandið kannski ekki eins og það er nú. Enn er tækifæri til að hlusta. Enn er tækifæri til að bæta út því sem miður hefur farið.

Við kvennalistakonur höfum löngum sagt að öll mál væru kvennamál. Það á ekki síst við um svið sem karlmenn hafa fram til þessa einokað. Meðal þessara mála eru sjávarútvegsmálin. Þau voru rædd hér fram á rauða nótt í gær og fjarri því að vera útrædd enn. Við kvennalistakonur viljum koma á byggðakvóta ekki síst til að hægt sé að tryggja atvinnu fiskvinnslukvenna víðs vegar um landið. Því fögnuðum við því þegar farið var að tala um fiskvinnslukvóta og töldum það skref í rétta átt til að tryggja atvinnu í landi. En það var slegið af með einu pennastriki í hrossakaupum stjórnarflokkanna um sjávarútvegsmál. Þrátt fyrir hörð mótmæli fólks víða um land hefur ekki tekist að kippa þessu í liðinn. Nú ber hins vegar svo við að fleiri en við kvennalistakonur benda á að hagsmunir fiskvinnslufólks sitji einatt á hakanum og ég vona sannarlega að í þessum efnum muni stefna okkar kvennalistakvenna á endanum vinna sigur.

Að fleiru þarf að hyggja í baráttunni við atvinnuleysisófreskjuna. Hart nær átta þúsund manns eru nú á vordögum skráð atvinnulaus. Þetta er há tala, 6,3% þjóðarinnar. Hver var að tala um að þessi tala væri lág? Auk þess er töluvert dulið atvinnuleysi. Til að við tökum á atvinnuleysinu er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hverjir það eru sem eru atvinnulausir. Atvinnuleysi kvenna er 2% meira en atvinnuleysi karla. Þess vegna er þörf á að taka sérstaklega á þeirra málum og það hefur tekist mjög vel þar sem sérstakir atvinnuráðgjafar kvenna hafa verið ráðnir. Þess vegna viljum við kvennalistakonur að þessi sjónarmið ráði í byggðaáætlun sem nú liggur fyrir þinginu. Það eru fleiri hópar en konur sem einkum verða atvinnuleysinu að bráð. Ekki síst er það fólk með litla skólagöngu að baki. Þess vegna höfum við kvennalistakonur lagt til að lögum um atvinnuleysistryggingar verði breytt þannig að nýta megi betur þann tíma til náms sem fólk er hvort eð er atvinnulaust. Þetta tel ég mjög brýnt að verði gert og það sem fyrst.

Við höfum fleiri úrræði við atvinnuleysinu bara ef við leitum. Ég gleðst yfir því að það skuli vera komin hreyfing á tillögu okkar kvennalistakvenna um að freista þess að stytta vinnutímann sem aðgerð gegn atvinnuleysi. Það er vilji til að kanna það mál. Slíkt má þó aldrei gerast þannig að kjaraskerðing hljótist af.

En hvernig eru svo lífskjör láglaunafólks og atvinnulausra? Fullar atvinnuleysisbætur fyrir einstæðing eru rétt rúmar 46 þús. kr. á mánuði. Lægstu taxtar VR eru nokkrum hundraðköllum lægri. Sú var tíðin að aðeins konur voru á svo lágum launum. En nú fer þeim fjölgandi og af þessum launum er ekki og hefur aldrei verið hægt að lifa. Það er auðvitað ekkert líf að vinna átta stundir á dag án þess að hafa ráð á því að hafa börnin á traustum samastað, eiga ekki kost á tryggu leiguhúsnæði og engin ráð til að koma sér upp eigin húsnæði. Þetta er veruleiki allt of margra. Það er heldur ekkert líf að vera atvinnulaus með ekkert fé á milli handanna, bundinn heima vegna þess að bæturnar duga ekki fyrir strætó hvað þá heldur rekstri heimilisbíls. Ég er hér að tala um raunverulegt dæmi. Geta ekki einu sinni leyft sér að fara í sumarfrí ef svo vel vill til að eitthvað slíkt bjóðist vegna þess að ef menn stimpla sig ekki inn vikulega þá missa þeir bæturnar. Er það furða að heilsu fólks hraki þegar það verður atvinnuleysinu að bráð? Úr svona augljósu ranglæti þarf að bæta og það strax.

Konur út um allt land eru nú að fjalla um þessi mál og þær ætla að breyta þeim. Þær þekkja þennan veruleika og á sér og sínum. Konurnar á Ísafirði auka fylgi sitt um 143% frá síðustu kosningum samkvæmt könnunum. Í Reykjavík eru konur leiðandi afl í þeirri skínandi sveiflu sem er á góðri leið með að umbylta stjórn borgarinnar til hins betra. Í nágrannabyggðunum, Kópavogi og Hafnarfirði, eru konur galvaskar að bjóða fram kvennalista og víða um landið eru konur að gerbreyta rótgrónu mynstri hvort sem er í landsmálum eða sveitarstjórnum. En þessar sterku konur vekja hörð viðbrögð og hræðslu þeirra sem vilja verja vígi sín. Barátta þeirra er því ekki auðveld. Ég hef hins vegar fulla trú á því að hún muni leiða til nýrrar og freskrar sýnar í stjórnmálum.

En það eru fleiri villidýr á ferð en atvinnuleysisófreskjan. Pappírstígrar t.d. bæði frá Brussel og Íslandi. Á næstunni verða Evrópumálin mjög í brennidepli hvort sem okkur líkar betur eða ver. Utanrrh., sem lítt hefur sinnt norrænu samstarfi, virðist nú langa til að elta Norðurlandaþjóðirnar inn í Evrópusambandið. Hann gleymir því að vísu stundum að á Norðurlöndum er lýðræðið enn í heiðri haft og íbúarnir fá að segja álit sitt í þjóðaratkvæði áður en til aðildar kemur ef af verður. Í þessari umræðu er nauðsynlegt að ræða hvers konar samfélag Evrópusambandið er og hvernig það kemur fram við smáþjóðir og þær þjóðir sem falla undir nýyrðið örþjóðir. Við fengum smjörþefinn nú í vetur þegar Frakkar þverbrutu alla samninga EES sem og aðra og settu innflutningshömlur á íslenskan fisk. Mögulega verður einnig hrina í haust.

Innan fárra ára fer fram endurskoðun á leikreglum Evrópusambandsins og þá búast ýmsir við því að stóru

þjóðirnar muni reyna að tryggja sér aukin völd og eru þau þó ærin fyrir. Hér á landi sýna pappírstígrar Evrópusambandsins klærnar einnig en á annan hátt raunar. Alþingi situr uppi með þá smán að vera ætlað að samþykkja yfir 400 tilskipanir frá Brussel án þess að mega orði breyta. Að mínu mati er vegið að lýðræðinu með slíkum vinnubrögðum.

Virðulegur forseti. Góðir áheyrendur. Á 50 ára afmæli lýðveldisins er eðlilegt að huga að því hvert við stefnum. Hugtök eins og þjóðerni og sjálfstæði þarf ávallt að ræða og meta. Sjálfstæðisbaráttan var ekki innantóm þjóðremba eins og jafnvel heyrist á stundum nú. Hún var háð til þess að tryggja okkur öllum meiri áhrif á líf okkar en við áttum kost á í samfloti við fyrrum nýlenduherra okkar, Dani. Þess vegna er sjálfstæðið okkur jafnmikilvægt nú og áður. Þetta sjálfstæði tryggjum við að mínu mati ekki í stórríki Evrópu. Ekki ber ég blak af þjóðrembu en mér finnst Evrópuremba sú sem gripið hefur um sig sýnu verri.

Virðulegur forseti, góðir áheyrendur. Við veltum oft vöngum yfir því hvað það sé sem réttlætir tilveru okkar hér, lítillar þjóðar í afskekktu landi. Hvaða framtíð eigum við okkur nú á 50 ára afmæli lýðveldisins? Það er undir okkur sjálfum komið. Undir atvinnustefnunni og hvort við berum gæfu til að nýta auðlindir okkar á skynsamlegan hátt. En það er einnig komið undir því hvernig við hlúum að menningu og listum.

Við búum svo vel að eiga tungumál sem í senn er eldgamalt og jafnframt alltaf nýtt. Við eigum einnig blómlegt listalíf. Menning og listir eru ekki bara til hátíðabrúks heldur mikilvægur þáttur samfélagsins. Kúgaðar þjóðir og undirokaðir hópar tjá oft andspyrnu sína í listum. Það er engin tilviljun hve oft er ráðist að menningu og listum þegar reynt er að brjóta niður andstöðu gegn ríkjandi kerfi. Það er kannski þess vegna sem konur eru ótrúlega oft sniðgengnar í opinberri list. Það eru hins vegar þær sem eru fjölmennastar í hópi listneytenda og það eru þær sem eru í meiri hluta listiðkenda. Því nefni ég þetta hér að mér finnst allt of sjaldan vera fjallað um menningu og listir hér Alþingi nema í mærðartón. En það er hér ekki síður en annars staðar í samfélaginu sem línurnar eru lagðar og aðstæður listar og menningar ákveðnar. Hverjir hrökklast fyrst úr listnámi þegar þrengt er að Lánasjóði íslenskra námsmanna? Það eru konurnar. Hverjir hljóta listamannalaunin? Menning fortíðarinnar skiptir að sjálfsögðu alltaf máli en menning nútíðarinnar er enn mikilvægari og að henni þarf að hlúa. Og ef við viljum í raun eiga okkur framtíð sem sjálfstæð þjóð verðum við að leggja rækt við menningu og listir ekki síður en aðra þætti samfélagsins. Gleymum því ekki á þjóðhátíðarári. — Góða nótt.

[23:06]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Þingstörfin á því þingi sem nú er senn lokið hafa gengið vel, raunar betur en tvö undanfarin þing. Á síðasta hausti náðist samkomulag á Alþingi um breytt þingsköp sem m.a. miða að því að stytta ræðutíma og gera umræður í þinginu markvissari. Þessar breytingar hafa gefist vel þótt enn sé þörf frekari umbóta á þessu sviði til að gera þingstörfin nútímalegri og til að tryggja að ekki falli skuggi á störf þessarar virðulegu löggjafarsamkomu.

Á yfirstandandi þingi hefur verið unnið jafnt og þétt að almennu löggjafarstarfi sem miðað hefur að því að bæta og styrkja þann þjóðfélagsramma sem við lifum og hrærumst innan. Má í þessu sambandi nefna nýja löggjöf til að mynda um húsaleiguviðskipti, vátryggingar, samfélagsþjónustu og margt, margt fleira. Mörg fleiri slík mál eiga eftir að verða að lögum fyrir þinglok. Auk þess hefur verið unnið skipulega að því að laga löggjöf landsins að þeim reglum sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði. Langflest slík málefni horfa til verulegra bóta og eru raunar þess eðlis að við hefðum átt að vera búin að lögfesta þau fyrir löngu síðan. Það er jákvætt merki um þessa staðreynd að flest þessi mál hafa verið samþykkt samhljóða hér á Alþingi þó svo skoðanir hafi á sínum tíma verið mjög skiptar um aðildina að EES.

Það hefur verið vakin athygli á því hér í umræðunum að alþjóðleg samvinna fer sívaxandi á öllum sviðum. Íslendingar geta ekki látið eins og þeim komi sú þróun ekki við. EES-samningurinn er einhver mikilvægasti alþjóðasamningur sem við höfum gerst aðilar að. Hvar halda menn að við stæðum núna miðað við þróun mála í Evrópu ef við hefðum hafnað aðildinni að EES eins og stærstur hluti stjórnarandstöðunnar vildi? Hvar stæðum við þá? Við værum á algjöru flæðiskeri staddir. Á því er ekki nokkur minnsti vafi og ég fagna yfirlýsingu hins nýja formanns Framsfl. fyrr í kvöld um stuðning hans við EES þótt hann hafi á sínum tíma setið hjá við afgreiðslu þess máls í þinginu.

Hvar stæðum við, góðir tilheyrendur, yfirleitt í alþjóðlegum samskiptum, ef við hefðum fylgt ráðum þeirra sem ævinlega hafa viljað draga úr þátttöku Íslands í slíkum samskiptum, voru til að mynda á móti aðildinni að NATO, á móti aðildinni að EFTA og nú síðast á móti aðildinni að EES? Þessi sjónarmið eru enn þann dag í dag ráðandi innan Alþb., Kvennalistans og að hluta til í Framsfl. Í þessum stjórnmálaflokkum eru þeir sem vilja einangra Ísland frá alþjóðlegum straumum. En slík sjónarmið eru sem betur fer á undanhaldi ekki síst meðal ungs fólks sem vill fá tækifæri til að víkka út sjóndeildarhring sinn með námi eða starfi í öðrum löndum.

Undanfarin þrjú ár hefur verið háð varnarbarátta hér á Íslandi, barátta sem hefur miðað að því að verja lífskjörin gagnvart þeim ytri áföllum sem yfir þjóðarbúið hafa dunið. Þetta hefur tekist vonum framar vegna þess að helstu hagsmunaaðilar í þjóðfélaginu, verkalýðshreyfingin og atvinnurekendur, hafa ásamt stjórnvöldum tekið höndum saman um viðbrögð. Þetta hefur tekist í góðri sátt við fólkið í landinu sem skilið hefur nauðsyn þess fyrir þjóðina alla að kunna fótum sínum forráð í fjármálum. Það hefur verið góður skilningur á nauðsyn þess að grípa í taumana áður en Íslendingar lentu í svipuðum ógöngum og okkar góðu vinir og frændur í Færeyjum. Hjá þeim blasir við þjóðargjaldþrot vegna erlendrar skuldsetningar og ábyrgð-

arleysis í ríkisfjármálum. Stór hluti færeysku þjóðarinnar hyggst flytja úr landi og jafnvel skilja eftir eignir sínar, verðlitlar eða verðlausar.

Hér á landi er hins vegar svo komið að þrátt fyrir mikið atvinnuleysi, sem mönnum hefur orðið tíðrætt um í kvöld, er efnahagsástandið betra en víðast hvar í nálægum löndum. Verðbólgan, sem fyrir aðeins örfáum árum var skæðasti óvinur launafólksins í landinu, er horfin. Vextir hafa stórlækkað, gengið er stöðugt og viðskiptajöfnuður við útlönd er hagstæður. Hagvöxtur, sem færa mun öllum bætta tíð eftir samdrátt undanfarinna ára, virðist á næsta leiti. Þetta er verulegur árangur. Meiri árangur en nokkur ríkisstjórn í seinni tíð getur stært sig af. Meiri árangur en nokkur þorði að vona fyrir aðeins þremur árum. En öllum er ljóst að þetta hefur ekki tekist áfallalaust. Þessi árangur hefur kostað fórnir alls staðar í þjóðfélaginu en þetta hefur tekist vegna þess að þjóðin hefur verið samstiga. Samt sem áður mega menn að sjálfsögðu ekki láta hér staðar numið. Hér er aðeins fengin viðspyrna til framtíðarsóknar. Allt okkar velferðarsamfélag og menningarstarf er undir því komið að við fáum haldið uppi öflugri atvinnustarfsemi og vaxandi verðmætasköpun. Aðeins þannig náum við að skapa arðvænleg störf til að útrýma atvinnuleysinu.

En þótt þessi sannindi séu einföld og augljós og séu til að mynda meðal þess sem hinn nýi formaður Framsfl. hefur lagt áherslu á eru það því miður enn margir sem ekki vilja horfast í augu við þessar staðreyndir. Kvennalistinn bauð okkur í kvöld upp á embætti atvinnuráðgjafa kvenna í öllum landshlutum til að leysa atvinnuleysisvandann. Formaður Alþb. kom hér í ræðustól og sýndi landsmönnum grænu bókina sína, hið nýja fjölrit um hagstjórn.

Virðulegi forseti. Það er ekki með stóryrðum eða ómerkilegum yfirboðum sem við leysum aðsteðjandi vanda. Við gerum það með því að taka á vandamálunum af raunsæi og sanngirni með heildaryfirsýn yfir þjóðarhag. Það er engum til góðs að draga kjark úr fólki eins og stjórnarandstaðan hefur reynt að gera hér í kvöld. Það er reyndar einnig ástæðulaust því þrátt fyrir úrtölur þeirra er bjart fram undan á Íslandi og tækifærin eru sem betur fer víða. Hvort okkur tekst að hagnýta hagnýta þessi tækifæri til að búa í haginn fyrir börnin okkar er spurning um okkar eigin manndóm og ekkert annað. — Góðar stundir.

[23:14]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Góðir tilheyrendur. Hvort okkur tekst að hagnýta þá möguleika sem þjóðin á er undir því komið hvort það tekst að koma ríkisstjórninni frá. Það er meginstaðreyndin sem þjóðin öll gerir sér grein fyrir. Og það eru tíðindin sem blasa við eftir þennan vetur. Tíðindin sem blasa við eftir þetta kvöld eru ummæli hins nýja formanns Framsfl., sem ástæða er til að óska velfarnaðar í starfi, en hann útilokaði ekki í ræðu sinni hugsanlega aðild að Evrópubandalaginu hér fyrr í kvöld, enda hefur honum verið klappað á axlirnar þegar af þremur ræðumönnum frá Alþfl. og Sjálfstfl. Ég óska Framsfl. því miður ekki til hamingju með þessar heillaóskir sem hinum nýja formanni hafa birst frá þessum þremur ræðumönnum.

Í sumar ætlar þjóðin að koma saman á Þingvöllum, hún ætlar að fagna 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins. Hvað verður þar lagt fyrir? Það liggur ekki enn þá fyrir af hálfu Alþingis hvað það verður því Sjálfstfl. hefur lagst gegn því að stjórnarskrármálið verði tekið fyrir, mannréttindakafli stjórnarskrárinnar. Kannski Sjálfstfl. og stjórnarherrarnir ætli á Þingvöllum að fara yfir atvinnuleysislistann. Því einu sögulegu afrek þessarar ríkisstjórnar eru þau að nú eru 9.000 Íslendingar atvinnulausir. Aldrei fleiri í sögu lýðveldisins. Og réttnefni ríkisstjórnarinnar er atvinnuleysisstjórn Davíðs Oddssonar. Því staðan er núna þannig að 17% unglinga á aldrinum 16–19 ára eru atvinnulausir á Íslandi í dag. Þetta er árangurinn sem forsrh. var að stæra sig af hérna áðan. Eða hvað?

Stjórnarherrarnir hafa haldið því fram að staðan sé svona vegna þess að það séu ekki til peningar. Það er rangt. Það hefur verið afhjúpað síðustu daga að fyrirtækin eru að skila ársreikningum með stórfelldum hagnaði, gróða sem er margfaldur á við það sem var t.d. á árinu 1992. Ætla þeir stjórnarherrarnir kannski að gera grein fyrir árangri sínum í bitlingamálunum á Þingvöllum? Hvernig þeim hefur tekist að koma tveimur þingmönnum á þessum vetri í Seðlabankann? Ætlar Alþfl. að halda því fram að það sé í þágu jafnaðarstefnunnar? Það er erfitt. Bitlingarappið er söngur Alþfl. Þjáðir menn á þúsund heimilum á Íslandi finna ekki lengur vonina í Alþfl. Á Þingvöllum munu margir tala, fleiri en stjórnarherrarnir. Vonandi flytur formaður Framsfl. þar ekki þann boðskap sem hann flutti okkur fyrr í kvöld.

Við alþýðubandalagsmenn höfnum þeirri hagfræði eymdarinnar sem virðist hafa heltekið fjölda stjórnmálamanna á seinni tíð. Það væri minna atvinnuleysi á Íslandi í dag ef við hefðum haft aðra ríkisstjórn sem hefði gripið fyrr í taumana, miklu minna atvinnuleysi. Við höfum sýnt fram á leiðir til þess að tryggja störf 2.000 manna í viðbót á tiltölulega skömmum tíma. Við bendum á það að með átaki í skipasmíðaiðnaði má tryggja um 1.000 ný störf. Og við segjum: Með samstarfi ríkis og sveitarfélaga, atvinnurekenda og verkalýðsfélaga er hægt að rjúfa þann vítahring vonleysis sem hefur gripið um sig á þúsundum íslenskra alþýðuheimila um þessar mundir. Á þessu ári fjölskyldunnar þegar hagur fjölskyldnanna er með þeim hætti sem margir þekkja þannig að það hefur mjög þrengt að öllum fjölskyldum á Íslandi nema fjölskyldunum fjórtán. Þær sýna betri hag núna en nokkur sinni fyrr undir forustu Alþfl. og Sjálfstfl. Til hamingju með fjölskyldurnar fjórtán.

Við alþýðubandalagsmenn höfum bent á þessa möguleika og við munum halda áfram að boða bjartsýni, benda á það að íslenska þjóðin þarf ekki að sætta sig við atvinnuleysi. Hún getur reist sig og rifið upp úr þessum erfiðleikum með samstöðu. Í sumar skundum við á Þingvöll og treystum vor heit. Við þurfum ný pólitísk markmið, framtíðarsýn. Markmiðin eiga að vera: Atvinnuöryggi og traustara sjálfstæði íslensku

þjóðarinnar. Aðferðin er róttæk jafnaðarstefna. Við skundum á Þingvöll og strengjum þess heit að afsala ekki sjálfsforræði íslensku þjóðarinnar með því að ganga í Evrópusambandið. Við skulum treysta efnahagslegt og menningarlegt sjálfstæði þjóðarinnar.

Við þurfum stjórnvöld á Íslandi sem þora, sem hafa kjark til að framkvæma nýja stefnu, öðruvísi stefnu. Við þurfum ekki miðjuleiðtoga sem kikna í hnjánum í hvert skipti sem íhaldið klappar þeim vinsamlega á axlirnar. Við þurfum stjórnvöld sem þora að skattleggja fjármagnsgróðann því peningarnir eru til. Við þurfum stjórnvöld sem þora að skattleggja hátekjur. Við þurfum stjórnvöld sem þora að reisa við íslenskt atvinnulíf eins og skipasmíðaiðnaðinn. Við þurfum stjórnvöld sem þora að tala máli félagslegrar þjónustu, velferðarkerfisins, skólanna, aldraða, heilbrigðisþjónustunnar. Við þurfum fólk sem þorir að breyta. Það er niðurstaðan, góðir hlustendur.

[23:20]

Gunnlaugur Stefánsson:

Gott kvöld, góðir Íslendingar. Sumarkoman fyllir okkur jafnan von og áræðni, glæðir bjartsýni og eflir trú á framfarir.

Enginn mælir því mót að þjóðarbúið hefur átt við mikla erfiðleika að stríða á þeim þremur árum sem núv. ríkisstjórn hefur starfað. Flestir þekkja þær ástæður sem að baki liggja. En þjóðin var illa í stakk búin til þess að takast á við skyndileg ytri áföll. Afrakstrinum af mesta góðæri í efnahagssögu þjóðarinnar á síðasta áratug var jafnóðum sóað.

Þótt forusta Framsfl. og Alþfl. vilji helst gleyma þessum tímum þá man fólk gjörla eftir óðaverðbólgu og háum vöxtum sem bitnuðu verst á þeim er síst mátti. Fólkið í landinu man gjörla þótt forustumenn Framsfl. og Alþb. vilji gleyma og enn sitja þeir fastir í sínum gömlu sporum. Öllu á að bjarga með ríkisframlögum og allt að fjarmagna með lánsfé erlendis frá og stofna þar með sjálfstæði þjóðar í hættu.

Umræður hér á Alþingi síðustu daga hafa um margt verið athygisverðar. Heilbrrh. hefur lagt fram frv. til laga sem tilbúið er til afgreiðslu um umtalsverðar *breytingar á dreifingu og sölu lyfja sem mun styrkja* lyfjadreifingu um landið allt og leiða til lækkunar á lyfjaverði, einnig á landsbyggðinni, m.a. með því að afnema lénsskipulag einkasölunnar á lyfjum sem viðhaldið hefur hæsta lyfjaverði hér á landi samanborið við Norðurlöndin.

En nú bregður svo við að stjórnarandstaðan hefur eignast baráttumál sem er að standa gegn lækkun lyfjaverðs og verja um leið óbreytt lénsskipulag einkasölunnar og þá sem þess njóta gegn hagsmunum neytenda, fólksins í landinu. Það verður að teljast til tíðinda í íslenskum stjórnmálum að þegar á reynir skuli Alþb. standa í forustu með stuðningi Framsfl. og Kvennalista að því að verja þá sérhagsmuni er felast í því að viðhalda hæstu álagningu í lyfsölu á Norðurlöndum en hún er hér nú um 60%.

Sama gildir einnig um afstöðu stjórnarandstöðunnar til *flutnings ríkisstofnana út á land*. Alþfl. hefur haft forustu um að ryðja þeirri stefnu braut að opinberar stofnanir sem vinna að verkefnum á landsbyggðinni eigi að vera staðsettar þar eins og aðstæður frekast leyfa. Það sjá allir að það er grundvallaratriði í þjóðarsátt um byggðastefnu að brotið verði á bak aftur hið sjálfvirka lögmál að allar þjóðarstofnanir eigi að vera í Reykjavík.

Nú hefur umhvrh. Össur Skarphéðinsson gert tillögu um að flytja embætti veiðistjóra frá Reykjavík norður á Akureyri, en þá bregst stjórnarandstaðan öndverð gegn þeirri ætlan og beitir öllum ráðum til að koma í veg fyrir að slíkt geti orðið og telur víst að öllu sé best fyrir komið í Reykjavík.

Þrátt fyrir erfiðar aðstæður hefur ríkisstjórnin lagt sig fram um að treysta byggðina í landinu með því að leggja grunn að þjóðarsátt um byggðastefnu. Undir forustu iðnrh. Sighvats Björgvinssonar hafa framlög til niðurgreiðslna á húshitun á köldum svæðum landsbyggðarinnar verið stóraukin. Hér er um afar mikilvægt mannréttinda- og lífskjaramál að ræða og þessu starfi verður að halda áfram og ná enn frekari árangri.

Undir forustu félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur hefur verið unnið mikið verk við að efla sjálfsforræði sveitarfélaganna með því að verkefni verði flutt frá ríki til sveitarfélaga. Hér er um afar mikilvægt landsbyggðarmál að ræða sem undirbúið hefur verið í náinni samvinnu við sveitarstjórnarmenn.

Þá hefur myndarlega verið staðið af hálfu stjórnarflokkanna að stórfelldri uppbyggingu í vega- og hafnamálum sem er lykilatriði í traustri byggðastefnu.

Heilbrrh. Guðmundur Árni Stefánsson hefur beitt sér fyrir því að efla og styrkja heilbrigðisþjónustuna á landsbyggðinni. Rekstur heilbrigðisstofnana hefur verið styrktur, m.a. með því að takast á við uppsafnaðar skuldir frá fyrri árum og eðlilegri uppbyggingu haldið áfram um land allt. Þetta hefur tekist án þess að það bitni á þjónustunni enda hefur hún víða aukist.

Það var sannarlega viðkvæmt og erfitt verkefni að takast á við hina sjálfvirku útgjaldaþenslu velferðarkerfisins sem hefði um síðir annars brotið kerfið niður. Ekki stóð á hrakspám og gífuryrðum af hálfu stjórnarandstöðunnar sem gerði allt til þess að koma í veg fyrir hina nauðsynlegu endurskoðun án þess að leggja fram nokkrar jákvæðar tillögur til úrbóta nema meiri útgjöld úr ríkissjóði með ávísun á lántökur í útlöndum. Hrakspár stjórnarandstöðunnar hafa ekki ræst. Þvert á móti stöndum við nú innan tíðar á þeim tímamótum að geta tekist á við stór og ný verkefni á sviði heilbrigðismála til heilla fyrir framtíðina. Ákvörðun heilbrrh. um byggingu nýs barnaspítala er því sannarlega fagnaðarefni og fer vel á því að slík ákvörðun sé tekin á ári fjölskyldunnar er leiðir þá til upphafs framkvæmda. Það er löngu kominn tími til að hér verði bætt úr brýnni þörf og búið að sjúkum börnum og foreldrum þeirra eins vel og nokkur kostur er.

Góðir Íslendingar. Sumarið felur í sér vonina um uppskeruna. Við sjáum þess nú glögg merki að það er að birta til í efnahagsmálum okkar. Það finnur fjölskyldufólk m.a. í stöðugu verðlagi á nauðsynjavörum. Unga fólkið, sem er skuldsett vegna íbúðarkaupa, finnur það í lægri vöxtum og atvinnurekstur á nú að vera

í stakk búinn til þess að hefja nýja framfarasókn til nýsköpunar í atvinnulífi. Það er stærsta viðfangsefni stjórnmálanna núna að vinna bug á atvinnuleysi með öllum tiltækum ráðum.

Samkomulag stjórnarflokkanna um endurskoðun sjávarútvegsstefnunnar er mikilvægur áfangi, endurskoðun sem fer fram við mjög lítið svigrúm og þröngar aðstæður er skapast af meiri takmörkun botnfisksafla en áður hefur þekkst. Aðgerðir stjórnarflokkanna í sjávarútvegsmálum koma í veg fyrir annars alvarlegt öngþveiti en ættu að skapa skilyrði fyrir allar greinar sjávarútvegs til að komast út úr yfirstandandi þrengingum og njóta afrakstursins þegar aðstæður leyfa, aukningu hámarksaflans sem við verðum að vona að geti orðið strax á næsta fiskveiðiári. Sérstaklega ber að fagna því að veiðum krókaleyfisbáta er nú borgið, en ljóst er að gildandi lög um 2,2% aflahlutdeild á næsta fiskveiðiári hefði lagt þann útveg í rúst. Því hefur nú verið forðað og grundvöllur lagður að bærilegri afkomu þeirra fjölskyldna sem að krókaleyfisveiðum standa.

Góðir Íslendingar. Sannarlega var unnið mikið þrekvirki undir forustu Jóns Baldvins Hannibalssonar með þeim árangri er náðst fyrir íslenska hagsmuni í viðræðum okkar um Evrópska efnahagssvæðið. Án þess samnings væri framtíð Íslands dökk og við yrðum að sætta okkur við langtum lélegri lífskjör en gerast í nágrannalöndum okkar. EES-samningurinn tryggir hvort tveggja í senn sjálfsforræði þjóðarinnar og traust viðskiptakjör við granna okkar í Evrópu. En það besta við þennan samning er það að nú er ekki nauðsynlegt að sækja um aðild að Evrópusambandinu eins og annars hefði getað orðið. Ég vil leggja áherslu á að væntanleg aðild annarra EFTA-þjóða að Evrópusambandinu gefur ekki tilefni nú fyrir Íslendinga að sækja um aðild að bandalaginu. Þvert á móti ætti það að geta styrkt stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna að standa utan Evrópusambandsins en eiga góða samvinnu og áframhaldandi viðræður við sambandsþjóðirnar á grundvelli EES-samningsins.

Góðir Íslendingar. Það hefur verið lagður grunnur að bjartari tíð í efnahagslífi þjóðarinnar. Mikils er vert að gefast nú ekki upp þegar ávextir verkanna sjást svo greinilega. Uppskera sumarsins er í nánd. Mikilvægt er að góð samstaða megi nást um að uppskeran fari nú ekki forgörðum heldur efli réttlæti í landinu og bæti lífskjör. — Góðar stundir.

[23:31]

Jón Kristjánsson:

Hæstv. forseti. Góðir tilheyrendur. Atvinnuleysi 8.000 manna er sú staðreynd sem er uggvænlegust í íslensku þjóðfélagi á 50 ára afmæli lýðveldisins. Meðan ástandið er svo stoðar ekki fyrir stjórnmálamenn að byggja málflutning sinn eingöngu á prósentum og samanburðarfræðum og innantómum slagorðum um vorið og uppskeruna. Efnahagsstjórn sem leiðir til slíks atvinnuleysis hefur mistekist, vörnin hefur brugðist. Ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur setið að völdum í þrjú ár. Afdrifaríkustu mistök hennar í upphafi voru að líta til fortíðar en ekki framtíðar. Þau voru dýrkeypt. Þrjú ár eru undrafljót að líða. Þó hefur þjóðfélagsgerðin breyst á þessum stutta tíma. Þeir ríku hafa orðið ríkari, þeir fátæku fátækari og raunverulegt atvinnuleysi er staðreynd. Örbirgð einstakra þjóðfélagshópa fer vaxandi, viðbrögð stjórnvalda eru m.a. að auka álögur í formi þjónustugjalda og fleira.

Atvinnuleysi, sem mælist í 5,5% af mannafla, hefur alvarlegar efnahagslegar afleiðingar fyrir þjóðfélagið og einstaklingana sem fyrir því verða. Hinni félagslegu og siðferðilegu hlið þess má ekki heldur gleyma. Stjórnvöld hafa gert hagræðingarkröfur til atvinnuveganna og opinberra aðila. Oft er lækkun útgjalda í því fólgin að fækka fólki eins og mögulegt er og ýta því út í atvinnuleysið. Ný atvinnutækifæri hafa ekki orðið til í stað þeirra sem tapast hafa af þessum sökum. Eðlilegt er að nýsköpun atvinnulífs sé í starfandi fyrirtækjum, að duglegir stjórnendur hafi svigrúm til að þróa nýja framleiðslu, færa út kvíarnar, skapa ný störf. Umhverfið sem stjórnvöld hafa skapað er ekki vinsamlegt slíkri starfsemi. Fjármagn liggur ekki á lausu til að leggja í áhætturekstur.

Ástæður atvinnuleysisins eru m.a. þær að mistekist hefur að skapa ný störf í stað þeirra sem hafa tapast vegna endurskipulagningar í rekstri fyrirtækja. Ríkið situr hjá að mestu. Þetta kemur niður á fólkinu í landinu. Þetta verður til þess að margir þeir sem hafa verið í námi í vetur sjá ekki fram á atvinnu í sumar. Margir þeir sem hafa lokið kostnaðarsömu námi sjá ekki fram á atvinnu. Það er m.a. af þessum sökum sem þeir sem einhverra hluta vegna hafa lent til hliðar á vinnumarkaðinum sjá fram á algjört öryggisleysi. Hættan er sú að stjórnmálamenn og aðrir ráðamenn sljóvgist fyrir þessu ástandi. Ég fyllist skelfingu þegar ég heyri ábyrga menn bera það saman við það sem gerist í OECD-ríkjunum og komast að þeirri niðurstöðu að ástandið sé ekki svo slæmt hér þrátt fyrir allt. Atvinnuleysi hér sé aðeins 5,5% meðan það sé stórum hærra og meira í næstu nágrannalöndum. Þetta eru vísbendingar um að menn séu búnir að missa sjónar á takmarkinu um fulla atvinnu og missa hugsjónina um að á Íslandi geti verið þjóðfélag sem býr þegnum sínum þau mannréttindi að hafa atvinnu og velferð og vinna sé takmark og lífsfylling fyrir alla.

Jón Helgason, prófessor og skáld, dró gildi vinnunnar saman í eftirfarandi ljóðlínum:

Sú gjöf mér væri gleðilegust send
að góður vinnudagur fari í hönd.

Ég skelfist það sem stjórnmálamaður að eiga þátt í að skapa það þjóðfélag sem getur ekki boðið þegnum sínum upp á lífsfyllingu vinnunnar og þá ögrun að standa sig og vera einhvers virði í þjóðfélaginu. Ég vil ekki sjá það þjóðfélag á Íslandi að fólki þurfi að finnast því vera hafnað af samfélaginu. Ég vil ekki horfa upp á tvenns konar þjóðfélag, þeirra sem hafa vinnu og þeirra atvinnulausu, þeirra snauðu og þeirra ríku. En hvað er til ráða? Hvað geta stjórnvöld og einstaklingar lagt af mörkum til þess að ráða við atvinnuleysið?

Þjónustustörf hafa tekið við mörgum sem hafa komið á vinnumarkaðinn undanfarin ár. Hins vegar hafa störf tapast í iðnaði í verulegum mæli og einnig í land-

búnaði og sjávarútvegi. Það verður erfitt að halda fullri atvinnu í landinu nema fjölga á ný störfum í iðnaði. Ríkisvaldið getur haft forustu um að beina viðskiptum sínum til innlendra aðila, sama getur hver einstaklingur gert. Þetta viðhorf er í þjóðarsál hinna gömlu iðnaðarþjóða en þarna er verk að vinna fyrir okkur.

Í rökstuðningi með tillögum sem framsóknarmenn fluttu á Alþingi í vetur um innkaup opinberra aðila kemur fram að íslenskir neytendur greiddu árið 1992 55–60 milljarða króna fyrir innfluttan iðnvarning. Ætla má að 20 milljarðar króna hafi verið greiddar fyrir innfluttar iðnaðarvörur sem framleiddar eru hérlendis. Þetta eru háar upphæðir sem þýða 5.800 ársverk. Það er því ekkert smámál að búa íslenskum iðnaði sem best skilyrði og breyta hugarfari einstaklinga og opinberra aðila honum í vil. Ég hef ekki orðið var við forustu stjórnvalda í þessu efni þrátt fyrir fullyrðingar þar um. Ríkisstjórnin er ráðalaus og sjálfri sér sundurþykk.

Ég vil minna á þýðingu landbúnaðarins fyrir íslenskt atvinnulíf. Hann hefur ávallt verið mikilvægur í atvinnulegu tilliti og ekki síður undirstaða þjóðmenningar. Nú er horft til nýrra möguleika í sveitum um að hasla sér völl í útflutningi, m.a. í svokallaðri lífrænni framleiðslu. Stjórnvöldum ber að styðja þessa viðleitni og það markaðsstarf sem bændasamtökin hafa unnið að á þessu sviði. Það starf og þau skilyrði sem þurfa að vera fyrir árangri fara saman við það að bæta ímynd okkar sem matvælaframleiðanda. Nauðsyn þess að halda landinu og hafinu hreinu og ómenguðu fer saman við þessi markmið. Árangur verður aldrei á þessu sviði nema í sveitunum sé traust byggð fólks sem varðveitir gögn landsins og gæði. Ferðaþjónustan byggist ekki síst á því að halda sérkennum landsins og viðhalda þeirri undirstöðu sem landbúnaðurinn er.

Góðir Íslendingar. Kerfi kommúnismans er hrunið og sú upplausn sem fylgdi í kjölfarið setur svip á alþjóðastjórnmál og ekkert er vitað um það enn til hvers hún leiðir. Spámenn óheftrar markaðshyggju nota þetta hrun kommúnismans í röksemdarfærslu sinni fyrir algjöru athafnafrelsi undir því kjörorði að allir einstaklingar séu frjálsir og beri ábyrgð á sjálfum sér, geti sjálfum sér um kennt ef illa fari og flest samtök manna flokkist undir óæskilega miðstýringu. Þó að frelsi og ábyrgð einstaklinganna hljómi vel er mannlegu eðli gleymt. Þeir eru misjafnlega sterkir, sumir fæðast með silfurskeið í munni, aðrir ekki. Sterkir einstaklingar sigrast á kröppum kjörum og óblíðu umhverfi þegar vel tekst til. Aðrir gera það ekki. Þeir sem veikari eru fyrir verða oft og tíðum undir í lífinu og þurfa stuðning annarra. Þess vegna þarf síðað þjóðfélag að leggja fjármuni til velferðarmála og þræða hinn gullna meðalveg milli miðstýringar og óheftrar frjálshyggju. Sveitarfélögin gegna lykilhlutverki á þessu sviði. Því er nauðsyn að í sveitarstjórnum starfi fólk sem hefur þessi viðhorf að leiðarljósi jafnframt uppbyggingu í atvinnumálum og efnahagsmálum. Það fólk þarf að fá brautargengi í sveitarstjórnarkosningunum í vor.

Sú þjóðsaga hefur verið lífseig að ómenguð hægri stefna setji einstaklinginn í öndvegi. Hið sanna í málinu er að þeir sem hugsa um atvinnuréttindi og velferð einstaklinganna setja þá í öndvegi. Hvar er virðingin fyrir einstaklingnum, vonum hans, óskum og þrám hjá þeim sem geta horft upp á það að hagtölur séu ofar mannlegum tilfinningum, atvinnuleysi upp á tugi prósenta ástand sem ekki verður breytt. Við skulum vona að íslenskt þjóðfélag verði aldrei þannig. Ég á mér þá ósk til íslensku þjóðarinnar á þessum vordögum að við verðum aftur þjóðfélag sem hefur velferð þegnanna og virðingu fyrir einstaklingum í heiðri. Í þeim anda viljum við framsóknarmenn vinna. — Ég þakka þeim sem hlýddu. Góða nótt.

Fundi slitið kl. 23:41.

---

152. FUNDUR

fimmtudaginn 5. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962. — Frh. 2. umr.
2. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 952, nál. 1121, brtt. 1040. — Frh. 3. umr.
3. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056, 1057, 1131 og 1166. — Frh. 2. umr.
4. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 554. mál, þskj. 865, nál. 1119, brtt. 1118. — 2. umr.
5. Húsaleigubætur, stjfrv., 557. mál, þskj. 869, nál. 1191, brtt. 1192 og 1209. — 2. umr.
6. Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959. — Síðari umr.
7. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 469. mál, þskj. 723, nál. 1060, brtt. 1061. — Síðari umr.
8. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167. — Síðari umr.
9. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.
10. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001 og 1120, brtt. 1002. — Frh. 2. umr.
11. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859. — Frh. 3. umr.
12. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 1. umr.
13. Brunavarnir og brunamál, frv., 617. mál, þskj. 1087. — 3. umr.
14. Tollalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 858. — 3. umr.
15. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — 3. umr.
16. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 566. mál, þskj. 879. — 3. umr.

17. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 460. mál, þskj. 1203. — 3. umr.

18. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 285. mál, þskj. 1205. — 3. umr.

19. Skipulag ferðamála, stjfrv., 562. mál, þskj. 1206. — 3. umr.

20. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391. — 3. umr.

21. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 123. mál, þskj. 1207. — 3. umr.

22. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr.

23. Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv., 614. mál, þskj. 1073, nál. 1190. — 2. umr.

24. Eftirlit með skipum, frv., 623. mál, þskj. 1210. — 1. umr. *Ef leyft verður.*

Fjarvistarleyfi:

Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.

Útbýting þingskjala:

Boðflutningur frá öryggiskerfum um símkerfi Póst- og símamálastofnunar, 605. mál, svar samgrh., þskj. 1197.

Háskólinn á Akureyri, 252. mál, svar menntmrh., þskj. 1196.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 285. mál, þskj. 1205.

Húsaleigubætur, 557. mál, brtt. IP o.fl., þskj. 1209; nál. minni hluta félmn., þskj. 1211.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 123. mál, þskj. 1207.

Námskeið fyrir atvinnulausa, 597. mál, svar félmrh., þskj. 1195.

Veiting ríkisborgararéttar, 460. mál, þskj. 1203.

Þróun samstarfs Kennaraháskólans og Þroskaþjálfaskólans, 601. mál, svar menntmrh., þskj. 1194.

Athugasemdir um störf þingsins.

Prentuð áætlun um þinghaldið.

[10:33]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Því er ekki að leyna að það er þó nokkuð mikill póstur sem berst til alþingismanna og þar á meðal hefur í vetur verið áætlun um störf þingsins. Þetta hefur verið vel prentað skjal, upplýsingar um það hvað ætti að gera, hvernig þingfundir ættu að vera í hverri viku, hvenær þinginu væri lokið og það má segja að þetta hafi verið eins og fullkomnasta flugáætlun allt til þessa. Nú ber nýrra við, engin áætlun liggur lengur fyrir. Prentuninni hætt, áætlanagerðin fyrir bí. Ég veit ekki hvað hefur gerst. En miðað við þetta mikla öryggi í siglingunni í vetur, á stjórn þingsins, þegar lokadagur var festur upp á punkt og prik, þá vekur það undrun mína hvílík blindsigling þetta er í dag. Ég verð að segja eins og er að þetta kemur nátt-úrlega óorði á alla áætlanagerð hjá þinginu. Það er mikil spurning hvort það hefur yfir höfuð nokkurn tilgang að vera að prenta þessi plögg um miðjan vetur. Til hvers? Og hætta svo þegar vorar.

Ég mælist eindregið til þess að forseti geri grein fyrir því hvort það er höfundurinn að áætlanagerðinni sem er hættur að gefa út verk sitt, hvort það er prentstofan sem er hætt að prenta eða hvort það er dreifingaraðilinn sem hefur gefist upp á að bera þetta í hólf þingmanna. Og ef það er einhver af þessum sökudólgum þá verði reynt að ráða bót á þessu þannig að þingmenn fái upplýsingar um það hvort áætlanagerðin verði við lýði eins og verið hefur eða hvort menn séu alfarið hættir að líta á það sem nokkra nauðsyn að hinir almennu þingmenn fái að vita hvað ætlunin sé að gera í þinginu og hvað ætlunin sé að gera á næstu dögum. Mér hefur verið sagt að þetta stafi af því að nú stefni menn á 17. júní og telji ástæðulaust að gefa út neinar áætlanir fyrr en þá eftir 17. júní.

En nú veit ég að forseti hefur vafalaust um þetta allar upplýsingar og mælist til þess að hann gefi yfirlýsingu úr forsetastóli þannig að þetta mál verði upplýst.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir og fyrirspurnir hv. þm. og getur sagt á þessari stundu að það er að sjálfsögðu unnið að því að gera áætlun um lok þingsins. Eins og oft vill verða þá gengur ekki allt eftir fyrirframgerðri áætlun í lokahrinu þingstarfanna, en að sjálfsögðu vinnur forsætisnefndin að því að reyna að gera áætlun sem hægt er að vinna eftir til síðasta dags.

[10:37]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég vil þakka hæstv. forseta fyrir að gefa hér yfirlýsingu af forsetastól, að unnið sé að þessu ritverki. Vænt þætti mér um ef það yrði skilgreint betur hvort þess megi vænta að það verði gefið út núna allra næstu daga og dreift, því í sjálfu sér hafa þingmenn ekkert að gera með að fá áætlun í hendur eftir að þingið er farið heim.

En ég vil vekja athygli á því að öll áætlanagerðin frá haustdögum er óþörf ef menn telja að það sé engin nauðsyn að gefa út áætlun þegar kemur fram á þennan tíma. Það var engin nauðsyn að vita það í vetur að það ætti að hætta 30. apríl. Við hefðum andað rólega þó það hefði ekki legið fyrir. Hins vegar er það mikil spurning hvort það er ekki eðlilegt að þingmenn fari sem fyrst að fá að sjá nýja áætlun, hvort sem sú áætlun á eftir að standast eða ekki.

Útbýting þingskjals:

Skipulag ferðamála, 562. mál, þskj. 1206.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962.

[10:39]

Steingrímur J. Sigfússon (frh.):

Herra forseti. Það er nú nær að segja eins og hæstv. fyrrv. fjmrh. sagði einu sinni í ræðu sinni þegar álmál voru til umræðu klukkan sex að morgni. Hann hafði þá talað í nokkra klukkutíma og forseti spurði hann hvort hann ætti mikið eftir. Þá svaraði þáv. hæstv. fjmrh., Ragnar Arnalds: Herra forseti, ég er rétt að byrja.

Það er eiginlega svipað komið með ræðumann, ég var svona rétt að byrja ræðu mína þegar ég þurfti að fresta henni fyrir nokkrum dögum síðan. Þá háttaði m.a. svo til að hv. formaður heilbrn. var í burtu. Nú fögnum við auðvitað nærveru hans og get ég þá eiginlega snúið mér beint að þeim orðaskiptum, bæði sem ég hafði hugsað mér að eiga við hann um þetta mál, sem formann virðulegrar nefndar, en einnig sem þingmanns af landsbyggðinni. Og enn frekari ástæða er til að eyða að þessu nokkrum orðum eftir ræðustúf sem hv. þm. hélt í eldhúsdagsumræðum í gærkvöldi. Þar fór hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson mikinn og bar það upp á stjórnarandstöðuflokka, Alþb. og fleiri, að þeir væru að berjast gegn lækkun á lyfjaverði í landinu og á landsbyggðinni sérstaklega, skildist mér. Ég spyr hv. þm.: Hvaðan hefur hann þessi vísindi og hvaðan kemur sú speki að þó að menn vilji ræða þetta frv. og skoða efnisatriði þess þá jafngildi það berri andstöðu við það að lækka lyfjaverðið og það sérstaklega á landsbyggðinni? Þetta er auðvitað alveg furðulegur málflutningur. Hv. þm. hefur engin rök fram að færa fyrir þessum fullyrðingum, engin. Ég hef a.m.k. ekki heyrt þau enn þá.

Staðreyndin er sú að samkvæmt upplýsingum, sem ekki hafa verið vefengdar, úr heilbr.- og trn. hefur enginn umsagnaraðili málsins, en þeir skipta tugum, treyst sér til að fullyrða að þetta muni leiða til lækkunar á lyfjaverði. Enginn. Eða er hv. þm. tilbúinn til að koma hér upp og afsanna eða mótmæla þeim fullyrðingum sem settar eru fram í nál. minni hlutans og þar er þessu haldið fram?

Staðreyndin er, hæstv. forseti, að hinu gagnstæða er haldið fram af stórum hluta umsagnaraðilanna, þ.e. að breytingarnar leiði til hækkunar lyfjaverðs á landsbyggðinni. (**GunnS:** Hagsmunaaðila.) Hagsmunaaðila? Ósköp einfaldlega þeirra umsagnaraðila sem skipta tugum og hafa komið fyrir nefndina. Það er nú ekki merkilegur málflutningur að ætla að afgreiða öll rök sem falla ekki í sömu átt og hv. þm. hefur með því að þar séu á ferðinni hagsmunaaðilar. Er það þá þannig að hagsmunaaðilar séu ævinlega ómarktækir í öllum málum? Er verið að segja það? Hagsmunaaðilar eru líka gjarnan þeir sem jafnframt gerst þekkja til starfa í viðkomandi grein. Eru forsvarsmenn heilbrigðisstofnana á landsbyggðinni ómarktækir í þessu máli, reyndir menn sem stundað hafa lyfjasölu, t.d. við þær aðstæður sem eru á landsbyggðinni og kemur hér fram í umsögnum? Eru samtök lækna og önnur slík ómarktæk í þessu máli af því að þau eru hagsmunaaðilar?

Ég tek það fram að ég hef ekki gert apótekara á Reykjavíkursvæðinu að leiðtogum lífs míns, hvorki nú né fyrr, en ég tek hins vegar mark á því þegar málsmetandi menn í heilbrigðisstéttum, ekki síst þeir sem hafa reynslu af störfum á landsbyggðinni, halda svona löguðu fram með rökum. Ég tek mark á þeim. Og það þarf meira til heldur en einhverja pólitíska loftfimleika hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar til þess að snúa mig niður í máli af þessu tagi. Ef það er eitthvað þá harðnar heldur í mér sú sannfæring að það sé rétt að skoða þetta mál vel þegar farið er að mönnum með nánast hótunum af því tagi sem hv. þm. flutti yfir þjóðinni í gærkvöldi á eldhúsdegi. Það er ekki aðferðin, hv. formaður heilbr.- og trn., til þess að skapa samstöðu um afgreiðslu á máli af þessu tagi, að bera heila stjórnmálaflokka út fyrir það eitt að þeir hafa viljað ræða málið efnislega og fara ofan í saumana á því. Það ber frekar vott um hitt að það eigi að nota einhverjar aðrar aðferðir heldur en rökræður og skoðanaskipti til þess að komast að niðurstöðu í málinu. Það er nú þannig.

Það er fjölmörgum spurningum ósvarað í þessu máli og ég vek til að mynda athygli manna á umsögn Alþýðusambands Íslands, sem af eðlilegum ástæðum hefur skoðað þetta mál vandlega og látið hagfræðinga sína fara yfir það. Þar er varpað upp mörgum áleitnum spurningum um það hver verði áhrifin af afgreiðslu málsins eins og hér er stofnað til. Það er bent á það t.d. að menn hljóti að þurfa að velta því fyrir sér og svara þeirri spurningu: Hvers vegna hafa til að mynda aðrar Norðurlandaþjóðir horfið frá því að taka upp það fyrirkomulag sem hér er verið að leggja til? Er það vegna þess að þær séu svo vitlausar og eigi það þá sameiginlegt með Alþb. og Framsfl. að hafa svona gjörsamlega kolrangt fyrir sér, en hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson sé handhafi sannleikans og fullkomleikans í þessu máli, hafi bara prókúru upp á það? Bara eins og dönsku kóngarnir sögðu hérna á fyrri öld: „Vi alene vide“ — vér einir vitum hvað öllum er fyrir bestu.

Er það þannig að þeir bræður, hv. formaður heilbrn. og hæstv. heilbrrh., hafi einir vit á þessum málum á Íslandi og þeirra skoðun sé þá löggild og það þurfi ekki að rökræða málið frekar? Og er það þannig að þegar þingmenn á landsbyggðinni spyrja sig: Er ekki verið að stofna til hættu á því að lyfjaverðið verði misjafnt og hærra á landsbyggðinni og hæst þar sem síst skyldi, í þeim byggðarlögum þar sem fyrir er mestur kostnaður hjá fólki til að njóta heilbrigðisþjónustu, er það þá einhver ómarktækur málflutningur? Ég segi nei.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hefur rætt um það að þetta sé bara allt í lagi því hann muni fara út í sitt kjördæmi og halda þar brennheitar ræður um vonda menn sem hafi stoppað hér frv. og valdið því að lyfjaverðið muni ekki lækka á landsbyggðinni eins og til hafi staðið. Ég bið þá aftur um sannanir fyrir því að það verði áhrifin af afgreiðslu þessa frv. Hvaðan koma hv. þm. þau rök, sú speki, að það hverfa frá því að hafa jafnt lyfjaverð um allt land muni leiða til lækk-

unar sérstaklega hjá landsbyggðinni? Samkvæmt öllum almennum venjum, sem liggja bara einfaldlega í aðstæðum í okkar landi, þá óttast maður auðvitað hið gagnstæða.

Hvernig er þetta með vöruverð? Bendir það til þess að það sé líklegt að þetta lækki lyfjaverðið á landsbyggðinni, verð lausasölulyfjanna, ef hætt verður að byggja þarna á föstu verðlagi og jöfnun? Auðvitað ekki. Ef við skoðum t.d. bara hvernig verðlagning á ýmsum almennum neysluvörum er úti um landið þá er auðvitað fullkomlega ljóst að tilhneigingin er í gagnstæða átt og það er það sem fjölmargir umsagnaraðilar og þeir sem skoðað hafa þessi mál óttast. Og ekki bara að verðið verði þá misjafnt og hæst þar sem síst skyldi heldur verði þjónustan líka lakari. Því auðvitað er það alveg ljóst að í gegnum okkar sameiginlega sjóð, ríkissjóð, sem kostar hluti, enn þá sem betur fer, undirstöðuþætti velferðarþjónustunnar, þá á sér stað mikil jöfnun sem einnig jafnar út að nokkru leyti aðstöðumun mismunandi byggðarlaga og íbúa þeirra gagnvart því að sækja svona þjónustu. Það er auðvitað dýrara að veita hana með sambærilegum hætti í fámennum og afskiptum byggðarlögum, það er engin ný speki. Hv. þm. hlýtur að átta sig á því, verandi kosinn á þing fyrir Austurlandskjördæmi.

En við höfum þá skoðun sumir að þannig eigi þetta að vera, það eigi að jafna aðstöðu manna gagnvart undirstöðuþáttum í velferðarkerfinu. Undirstöðuþáttum í heilbrigðismálum, menntamálum og öðrum slíkum grundvallarmannréttindum í samfélaginu. En það er greinilegt að hinn svokallaði Alþfl. er kominn á allt aðra skoðun, komin á allt aðra bylgjulengd í hinu pólitíska litrófi heldur en nafnið bendir til, enda er það líka athyglisvert að fyrir fáum árum síðan þá taldi þessi flokkur sig verða að taka það sérstaklega fram í heiti sínu að hann væri jafnaðarmannaflokkur. Það var sem sagt ekki nóg lengur að benda til stefnu flokksins, að vísa á verk hans. Nei, þeir sáu það kratar að þetta mundi ekki duga ef menn færu að skoða hvað Alþfl. stæði fyrir í stjórnmálum og hvað hann hefði í sinni stefnuskrá. Þá mundu menn augljóslega ekki skilja það, ekki átta sig á því, að hann væri jafnaðarmannaflokkur. Þess vegna bættu þeir þessu við heiti flokksins fyrir nokkrum árum síðan. Það eru kannski hvað merkilegust tímamót í þessum efnum í sögu þessa svokallaða jafnaðarmannaflokks, sem er það ekki lengur nema að þessu eina leyti að hann tók það upp í heiti sitt.

Hvar er jafnaðarstefnan í þessu frv., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson? Felst hún í því að stofna til þess að lyfjaverð verði misjafnt í landinu? Það er von að spurt sé. Það verður afleiðingin af þessu frv. Það verður það. Og er það merkileg stefna, merkilegur sósíalismi, er það háleitt markmið í heilbrigðismálum að stofna til þess að lyfjaverð verði mismunandi eftir því hvar fólk er búsett í landinu? Auðvitað ekki. Og þó svo að við tökum viljann fyrir verkið og segjum: Ja, gott og vel, það er víst meiningin að reyna að brjóta hér upp eitthvert einokunarkerfi apótekara í Reykjavík, sem hefur verið ákveðið sjálftökukerfi, eins og allir vita, og sú stétt víða um land og þó sérstaklega í stærstu þéttbýlisstöðunum hefur haft miklar tekjur eins og skattframtöl benda til, þá mega menn ekki leysa eitt slíkt mál með því að búa til annað verra.

Ég spyr mig að því hvort sé betra að einhverjir apótekarar græði talsvert af peningum, sem hægt er að ná að einhverju leyti til baka með sköttum, eða hitt að lyfjaverðið fari að verða mismunandi í landinu og stór hluti íbúanna búi þar við órétti. Hvort er betra ef við þurfum að velja á milli þessara kosta og er það endilega víst að þess þurfi? Eiga menn ekki að athuga málið aðeins betur? Eru ekki til einhverjar leiðir gagnvart þessari einokun apótekara aðrar en þær að sleppa þessu lausu og opna fyrir mismunandi lyfjaverð í landinu? Hafa menn farið nógu vel yfir það? Ég spyr. Ég held ekki.

Þess vegna hafna ég auðvitað og vísa algjörlega frá þeim málflutningi að með því að vilja ræða þetta mál og fara vandlega yfir það, hvort menn eru ekki að fara hér út á hættulegar brautir, þá séu menn þar með að leggjast gegn einhverri fyrir fram ákveðinni og gefinni lækkun á lyfjaverði og ég tala nú ekki um á landsbyggðinni. Þetta er auðvitað fráleitur málflutningur.

Það er margt fleira sem þarf að athuga í sambandi við þetta mál. Margt, margt fleira. Ég er t.d. ekkert viss um að afleiðingin hér á Reykjavíkursvæðinu verði einu sinni sú að lyfjaverðið lækki fyrr en þá að löngum tíma liðnum. Er ekki líklegt að í kjölfar þess að þessu verði sleppt lausu þá muni fylgja hér glórulaus fjárfesting og vitleysa? Apótekarar eða lyfjafræðingar eru þegar farnir að fjárfesta í húsnæði í von um að þetta frv. nái fram að ganga. Það er kapphlaup um laust húsnæði í kringum stærstu verslunarmiðstöðvar og áfengisútsölur í bænum af því að þar telja menn helst gróðavon í þessum efnum. Og það getur vel farið svo að í kjölfarið sigli hérna fjárfesting upp á hundruð milljóna króna. Halda menn að hún verði „gratís", hverjir koma til með að borga hana? Það verða notendur lyfjanna og heilbrigðisþjónustan, hið opinbera, því þessir menn ætla sér ekki að gefa þetta, þeir ætla að fá eitthvað fyrir sinn snúð. Og er það þá t.d. einhver framför í sjálfu sér, a.m.k. til næstu ára litið, að hér hefjist stórkostlegt fjárfestingarfyllerí og kapphlaup sem hlýtur auðvitað að endurspeglast og lenda úti í lyfjaverðinu að lokum á einhverjum tíma. Það getur vel verið að samkeppni, t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, geti að lokum, þegar þetta leitar jafnvægis og kemst í skikkanlegt horf að einhverjum löngum tíma liðnum, skilað þokkalegu ástandi. Þó hef ég alla fyrirvara á því vegna þess að þetta er ekki hefðbundinn atvinnurekstur. Þetta er ekki hefðbundin verslun. Þetta er ekki atvinnustarfsemi af því tagi að það sé auðvelt að láta hana lúta lögmálum framboðs og eftirspurnar og falla undir almenna samkeppnislöggjöf. Þetta er ekki þannig. Þetta er ekki eins og að selja mönnum bara kók og prins. Þeir verða að átta sig á því hv. þm. Alþfl. að þetta er ekki þannig. Þetta eru lyf og það verður alltaf þannig að um þau gilda sérstakar reglur og það á auðvitað að vera þannig, enda er þetta hluti af heilbrigðisþjónustunni í landinu en ekki einhver gróðavegur kaupmanna og á ekki að vera.

Ég hef miklar efasemdir, hæstv. forseti, um það hvort þetta mál sé yfir höfuð að stefna í rétta átt. Ég hef lengi verið þeirrar skoðunar að við ættum í grundvallaratriðum að byggja á þeirri áherslu í okkar heilbrigðismálum, þar með talið lyfjadreifingu, að efla undirstöðuþrep heilsugæslunnar í landinu, þ.e. heilsugæslukerfið, og fyrirbyggjandi aðgerðir, aðstoð við fólk inni á heimilum og á skipulögðum heilsugæslustöðvum, en verja okkur fyrir því að missa vandamálin upp á efri og kostnaðarsamari þrep. Sem betur fer hafa menn í grófum dráttum markað slíka stefnu hér, t.d. þegar nýju heilbrigðislögin komu til sögunnar á áttunda áratugnum og farið var í uppbyggingu heilsugæslustöðvanna úti um allt land. Það var stefnumörkun í rétta átt.

Ég hef efasemdir um þetta á hinn bóginn. Ég hef talið að það ætti að skoða það með hvaða hætti við gætum komið lyfjadreifingunni fyrir í þessu undirstöðuþrepi heilsugæslunnar. Sérstaklega auðvitað úti um landið. Það er að mínu mati tóm della að vera að starfrækja sjálfstæðar afgreiðslustöðvar fyrir lyf í minni byggðarlögum þar sem eru heilsugæslustöðvar. Hvers vegna á að vera að byggja og reka sérstakt húsnæði fyrir þennan þátt heilbrigðisþjónustunnar? Af hverju er hann ekki bara hluti af hinni skipulögðu þjónustu á vegum hins opinbera? Auðvitað veit ég að menn vilja af öðrum ástæðum en kostnaðarlegum kannski eða rekstrarlegum hafa þarna tiltekinn aðskilnað, þ.e. vegna þess að því geta líka fylgt hættur að þetta sé á sömu hendi, enda þarf það ekki að vera það. Ekki rekstrarlega, ekki bókhaldslega og í raun og veru ekki hvað nauðsynlegan aðskilnað vegna eftirlits með misnotkun og annað slíkt snertir. Því er öllu saman hægt að koma fyrir. Ég veit til að mynda ekki til þess að menn telji að framkvæmd þessara mála á Vopnafirði, svo dæmi sé tekið, hafi verið í verra horfi heldur en annars staðar, í kjördæmi hv. þm. (**GunnS:** Hvernig er það?) Það er nú bara einfaldlega þannig að þar hefur lyfjadreifingin verið hluti af rekstri heilsugæslunnar á staðnum. (**GunnS:** Það er ekki rétt.) Víst er það rétt, það er bara ekkert rangt. (**GunnS:** Kynntu þér málið.) Ég þekki þetta nokkuð vel, a.m.k. var það þannig um áratuga skeið. Hafi það breyst þá hefur það gerst á síðustu árum. Það var sótt hart að því fyrirkomulagi sem þar hafði verið við lýði, en páverandi héraðslæknir um árabil varði það að þær tekjur sem þessi rekstur skilaði kæmi rekstri heilsugæslustöðvarinnar á staðnum til góða.

Menn verða náttúrlega líka að muna eftir því á stundum í hvaða þjóðfélagi þeir eru, hvar þeir eru staddir. Það er ekki lyfjabisnessinn í New York eða á Manhattan sem hér er til umræðu heldur á Íslandi. Og meira að segja Reykjavíkursvæðið, þó það sé í hugum landsmanna margra hverra mikill heimsmarkaður, er nú svona rétt eins og miðlungshverfi í erlendum borgum. Hvað þá þegar kemur út á landsbyggðina. Enda er það auðvitað þannig að það að reikna með því að samkeppni á grundvelli venjulegra leikreglna sem heyra undir slíkt, framboðs-, eftirspurnar- og samkeppnislöggjafar, á af hreinlega praktískum ástæðum hér naumast nokkurs staðar við. E.t.v. má segja að einhverju leyti á höfuðborgarsvæðinu. Þó leyfi ég mér að hafa um það efasemdir. Ætli það sé ekki þannig að það væri nokkur hætta á því að það yrði fákeppnisbragur þegar frá liði á samskiptum þeirra sem hefðu komið undir sig fótunum í þessu efni? Hver er staða þess rekstraraðila sem hefur einkarétt á því að reka apótek í Kringlunni, sem hefur af tilteknum ástæðum þá stöðu að hann er einn um hituna þar, í langstærstu verslunarmiðstöð landsins, á góðum stað þar einhvers staðar í miðjunni? Hver er staða hans? Það er von að spurt sé. (Gripið fram í.) Já, ætli það sé ekki þannig að það verði ærin ástæða til að hafa eftirlit með því hvort þarna séu yfir höfuð einhverjar eiginlegar samkeppnisforsendur, jafnvel í Reykjavík, svo ekki sé talað um annars staðar.

Hvernig er með innflutning á þessum lyfjum? Hvernig er staðan þar? Er þar eðlileg samkeppni, jafnvel þó þessu væri öllu sleppt frjálsu? Hvað heldur hæstv. heilbrrh. að muni gerast þegar einn aðili er gjörsamlega markaðsráðandi í þeim efnum? Ætli staða hans og þeirra sem honum mundu þá tengjast úti á smásölumarkaðinum gæti ekki orðið nokkuð sterk?

Breska samkeppnislöggjöfin gengur út frá því að þegar einn aðili er kominn með meira en 33% af markaði einhverrar tiltekinnar vöru eða á einhverju tilteknu svæði þá er hann flokkaður sem markaðsráðandi. Hvað má þá segja um ástandið á Íslandi í þessum málum og auðvitað mörgum mörgum fleirum? Samkvæmt því eru hér á Íslandi markaðsráðandi risar í nánast öllum helstu sviðum vöruviðskipta í smásöluverslun á höfuðborgarsvæðinu. Hagkaup–Bónus er markaðsráðandi samkvæmt breskum viðmiðunum. Olíufélagið er markaðsráðandi með yfir 40% af markaðinum. Stærstu tryggingafélögin eru markaðsráðandi o.s.frv. Svona er hinn íslenski viðskiptaheimur og menn verða bara að horfast í augu við þetta eins og það er og ræða það þannig.

Hver er ástæðan fyrir því að allar verðákvarðanir bankanna, olíufélaganna og tryggingafélaganna eru í fullkomnum takti, þannig að þó að frægustu hljómsveitarstjórar heimsins stjórnuðu þá tækist það ekki betur, í svo gjörsamlegri harmoníu eru yfirleitt verðákvarðanir þessara aðila? Það er vegna þess að þetta er fákeppnismarkaður.

Ég held að menn verði að horfast í augu við slíka hluti og þessa stöðu eins og hún er áður en þeir henda bara lyfjaverðinu lausu út í þjóðfélagið og koma svo hér og fullyrða án frekari rökstuðnings: Þetta mun leiða til lækkunar á lyfjaverði, sérstaklega á landsbyggðinni. Heyra á endemi. Þetta er auðvitað þvílík þvæla að engu tali tekur, hæstv. forseti.

Ég held að Alþfl. ætti að snúa sér að öðrum og brýnni verkefnum heldur en að vera að skamma aðra flokka fyrir þeirra málflutning eða framgöngu í þessu máli og líta svolítið í eigin barm. Hvernig er með leifarnar af jafnaðarstefnunni, ef þær eru einhverjar eftir? Ætli það væri ekki nær fyrir hv. þingmenn Alþfl. að reyna að dusta eitthvað rykið af þeim hlutum fyrir flokksþingið hjá sér áður en það verður ákveðið að við eigum að ganga í Evrópubandalagið, sem stendur víst

til þar. (Gripið fram í.) Ég held að það væri nær, hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, að hv. þm. færi í leiðangur í sínum eigin flokki og reyndi að leita uppi leifarnar af jafnaðarstefnunni, ef það skyldu einhverjar finnast, einhvers staðar í gömlum kirnum þar á bænum. Þær eru alla vega ekki finnanlegar í framgöngu flokksins í hverju málinu á fætur öðru í íslenskum stjórnmálum á síðustu árum. Fyrir hvað hefur Alþfl. staðið á síðustu árum í íslenskri pólitík fyrir utan Evrópudekrið? Hann hefur staðið fyrir breytingum í okkar velferðarmálum í þá átt að auka kostnaðarþátttöku sjúklinga, að láta menn borga meira, leggja hér á nefskatta, nefgjöld í heilbrigðisþjónustunni o.s.frv. Er þetta jafnaðarstefna, er þetta sósíalismi? Nei. Það er ekki svo.

Staðreyndin er auðvitað sú að Alþfl. er kominn hægra megin við íhaldið í velflestum málum. Hægra megin við íhaldið. Og nú ganga tilraunir Alþfl. á atkvæðaveiðum, sem að vísu hafa samkvæmt skoðanakönnunum ekki borið mikinn árangur, aðallega út á það að veiða hægri menn frá íhaldinu. Yfirbjóða íhaldið í Evrópumálum og í frjálshyggju á ýmsum sviðum og reyna að ná til sín einhverju af svona hægri „uppum" úr Sjálfstfl. Þetta er alveg morgunljóst þegar pólitík flokksins er skoðuð. Þetta er svona. Í hverju málinu á fætur öðru kemur þetta þannig upp að Alþfl. er hægra megin við Sjálfstfl. og ætlar sér að reyna að lifa af í þessum kosningum, hvort sem það tekst eða ekki, með því að fá til sín einhverja mola af nægtarborði hægri hyggjunnar í landinu. Þetta eru auðvitað alveg ótrúleg örlög hjá einum fyrrum jafnaðarmannaflokki. (**RG:** Það eru alþýðubandalagsmenn sem...)

Ég held að alþýðuflokksmenn þurfi ekki að hafa áhyggjur af Alþb., þó okkur þyki að vísu vænt um umhyggjuna. Ég sé ekki annað en okkur hafi m.a. verið afhentur sá atkvæðamarkaður þar sem er jafnaðarstefnan og félagshyggjan í landinu og við þökkum auðvitað fyrir það. Við höfum lengi verið þeirrar skoðunar að í reynd værum við eini eiginlegi jafnaðarmannaflokkurinn á Íslandi og við erum auðvitað þakklát Alþfl. fyrir að undirstrika það með þeim hætti sem hér er að gerast, m.a. í þessu máli. Við höfum auðvitað síður en svo á móti því að Alþfl. komi út úr skápnum í þessum efnum eins og í Evrópumálunum. Auðvitað vonum við að Alþfl. kasti bara af sér sauðargærunni og gangi fram það sem hann er — hægri flokkur, hreinræktaður hægri flokkur. Evrópustefnufrjálshyggjuflokkur. Það er ekkert annað. Núverandi formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., hefur verið í slíkri herleiðingu með sinn flokk og kannski á hann eftir að leggja upp í enn eina herförina með Alþfl., með leifarnar af Alþfl., á flokksþinginu núna í júní og þar verður áningarstaðurinn og fyrirhugaður náttstaður í Brussel. Verði þeim að góðu. Ég spái því að það verði lúinn og laminn hópur, niðurlútur, sem náttar þá þar að lokum. Ekki verð ég með í förinni, það er alveg á hreinu.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé óhjákvæmilegt að fara aðeins yfir þessi mál eins og ég hef gert, setja þau í visst pólitískt samhengi úr því að Alþfl. hefur valið það, m.a. í gegnum skæting hv. formanns heilbr.- og trn. í eldhúsdagsumræðum í gær, að gera þetta mál að pólitísku átakamáli af þessu tagi, sem það er auðvitað orðið í gegnum útburð hv. þm. á afstöðu annarra flokka í þessu máli.

Ég held að saga Alþb. í heilbrigðismálum gefi ekki tilefni til árása af því tagi sem hv. þm. hafði hér uppi. Ætli það sé ekki þannig að á síðari áratugum sé það Alþb. sem öðrum flokkum fremur hefur reynt að standa fyrir félagslegri uppbyggingu í þessum efnum og síðan verja það sem tekist hefur að byggja upp í gegnum niðurskurðartilhneigingar og árásir hægri stjórna á undanförnum mánuðum og árum. Það er nákvæmlega þannig. Það er Alþb. sem hefur á undanförnum árum tekið til varna þegar hefur átt að leggja á sjúklingaskatta og drepið slík mál með harðri varnarbaráttu hér á þinginu. Það var Alþb. sem öðrum flokkum fremur veitti hæstv. fyrrv. heilbrrh., núv. hæstv. iðnrh., aðhald og tókst í raun og veru furðanlega að verja heilbrigðiskerfið fyrir skemmdum á þeim tíma og guðsmildi að ekki fór verr en skyldi eins og hæstv. fyrrv. heilbrrh., Sighvatur Björgvinsson, gekk um. Honum var gjarnan líkt við fíl í postulínsbúð og vinnubrögðum hans í heilbrigðismálunum og var síst ofsagt. Það er mesta mildi að ekki skyldi brotna meira en raun ber vitni. Það var m.a. vegna þess að bæði heilbrigðisstéttirnar í landinu og flokkar eins og Alþb. stóðu vaktina og héldu uppi vörnum. Við alþýðubandalagsmenn gerum það áfram óhræddir og látum ekki einhver frýjunarorð frá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni hræða okkur af vettvangi. Það geri ég a.m.k. ekki, hv. þm.

Mér er nákvæmlega sama hversu margar ræður, hvort sem heldur er hér eða á Austurlandi, hv. þm. heldur um það að ég sé vondur maður og sé á móti því að lækka lyfjaverð á landsbyggðinni. Á meðan ég hef sannfæringu fyrir því að mín afstaða sé byggð á rökum og það sem ég hafi fram að færa í þessu máli sé efnislegt og í samræmi við hagsmuni þeirra sem ég tel mig vera að starfa fyrir hér á Alþingi þá geri ég það með góðri samvisku. Ég á eftir að sjá að uppskeran verði merkileg hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni þó hann reyni að ræða þessi mál á þeim nótum sem hann hefur hér gert.

Ég held að fólkið úti um landið, og reyndar allir Íslendingar, skilji þetta mál í raun og veru mjög vel. Þetta er auðvitað óaðskiljanlegur hluti af þeim grundvallarviðhorfum sem við leggjum undir okkar uppbyggingu og rekstur í heilbrigðis- og velferðarmálum. Auðvitað er það þannig. Ef menn þola það hér á Íslandi, láta það líðast, að lyfjaverðið verði mismunandi og hærra í einstökum byggðarlögum þá getur fleira fylgt á eftir. Er þá nokkuð óðruvísi þó að skólagangan verði beinlínis dýrari, menn verði bara látnir borga meira fyrir að koma börnum sínum í skóla eftir því hvað það kostar í hinum einstöku byggðarlögum að starfrækja skólann o.s.frv.? Hvar ætlar Alþfl. að draga mörkin? Hvar ætlar hann að draga mörkin ef lyfin, stór hluti lyfjanna í landinu, sem er ekki eitthvað sem menn bara neita sér um ef svo ber undir, augljóslega. Ætli það sé ekki þannig að næst á eftir kannski mat þá neiti

menn sér einna síst um lyf ef þeir ætla á annað borð að halda áfram að lifa. Hvar vill þá Alþfl. draga mörkin? Til hvers er verið að baksa hér t.d. með verðjöfnun á olíu og bensíni? Hvaða hugsun er á bak við það ef ekki á að vera jafnt lyfjaverð á Íslandi? Ég spyr. Hvert eru menn að fara? Ég get ekki séð annað en Alþfl. verði þá sjálfum sér samkvæmur að leggja það til að þetta verði bara allt saman gefið laust, menn hætti að jafna nokkurn skapaðan hlut. Hvers vegna að vera að jafna orkuverð og bensín og aðra slíka hluti ef ekki á að gera það í lyfum? Ég spyr.

Hæstv. forseti. Það hefur verið farið ágætlega yfir flesta þætti þessa máls í fyrri ræðum þannig að ég sé ekki stæðu til að orðlengja mjög um það. Það mætti auðvitað benda þar á ýmislegt sem þarf að athuga. Ég rifja aðeins upp að ég gerði í fyrri hluta ræðu minnar, sem fluttur var fyrir nokkrum dögum, athugasemdir við það að við skulum þurfa að leyfa auglýsingar á lyfjum. Það er að vísu tilskipun frá Brussel og þar með er það Alþfl. auðvitað heilagt mál og hjartans mál og þarf ekki að gagnrýna það úr því að það kemur frá Brussel. En eftir stendur að við getum kannski haft einhver áhrif á það hvernig að framkvæmdinni verður staðið og við eigum auðvitað að gera það. Við eigum að reyna að fullnægja þeim ákvæðum sem við erum samningsbundin til að gera með þeim hætti að sem allra minnst breyting verði á þeirri stefnu sem við höfum markað í þessum efnum, að verja þetta svið fyrir þeim látum sem fylgja auglýsinga- og sölumennskunni, enda augljóslega ekki í þágu almannahagsmuna að ofan á annað fari menn að eyða mörg hundruð milljónum á ári í sölumennsku og auglýsingamennsku á lyfjum sem verður svo að sjálfsögðu velt út í verðlagið. Auðvitað á að reyna að komast hjá slíku og auðvitað er það alveg jafnnauðsynlegt og reyndar enn nauðsynlegra heldur en í flestum öðrum tilvikum þar sem þetta er ekki vara sem er heppilegt að menn fari í krafti peninga að reka áróður fyrir að sé notuð. Það er alveg á hreinu. Ef eitthvað er þá er náttúrlega nauðsynlegt að byggja heilbrigðisstefnuna á því að lyfjanotkun sé sem allra hófsamlegust og ekki gripið til slíkra ráða nema í brýnustu nauðsyn.

Það er líka ástæða til að hafa á sér andvara gagnvart ýmsu sem af þessum breytingum gæti leitt, sem tengjast tengingunni við hið Evrópska efnahagssvæði og þá tilhögun eða tilskipun sem þaðan kemur, t.d. eins og því að ekki skapist hér hætta á að lyf séu svikin, fölsuð eða gölluð. Það er auðvitað draugur sem menn berjast við úti um allan heim, að verja sig fyrir alls konar eftirlíkingum og vandræðum sem geta stafað af slíku og hroðaleg dæmi um það gegnum tíðina hvernig lyfjahringirnir hafa stundum farið að ráði sínu. Það eru gífurlegir peningar í þessari starfsemi, sterkir alþjóðlegir auðhringar sem þarna eru mjög áhrifamiklir og hafa á köflum reynst mjög óvandir að meðulum, því miður, knúnir áfram af mikilli gróðafíkn, enda er það almennt talið einhver allra ábatasamasti útvegur sem hægt er að komast í í heiminum að fjárfesta í lyfjahringjum sem eru með sterka stöðu. Þar með er líka ljóst að þeir sem setja afl peninganna og gróðann ofar öllu öðru gera náttúrlega skýlausa kröfu til gróða, til arðs af því sem þeir hafa í þetta lag og það setur þrýsting á viðkomandi aðila, viðkomandi fyrirtæki eða starfsemi, að skila refjalaust hagnaði á hverju sem gengur. Þegar þannig er þá neyðast menn gjarnan út í það, ef önnur ráð duga ekki, að beita óheiðarlegum vinnubrögðum og aðferðum.

Þetta vil ég nefna hér, hæstv. forseti, og ítreka það að ég tel fulla ástæðu til þess að fara rækilega yfir það hvort menn séu hér á réttri braut gagnvart þessum þáttum, sérstaklega sem snúa að verðlagningu lyfjanna. Ég sé enga sérstaka ástæðu fyrir því að tengja saman þessar breytingar til að mynda sem hægt var að hugsa sér að gera í lyfjasölumálum hér á höfuðborgarsvæðinu og verðlagningu og meðferð lyfja t.d. úti á landsbyggðinni, í byggðarlögum þar sem alls engri samkeppni er fyrir að fara. Það er annað hvort einn eða enginn aðili sem rekur lyfjadreifingu. Hvaða samkeppni er þá á ferðinni í slíkum tilvikum? Það er víst orðið algert bannorð að nefna nokkurn hlut sem heitir verðlagseftirlit eða verðákvarðanir af einhverju tagi. En er það nú endilega víst að slíkar aðferðir geti ekki hentað betur þegar upp er staðið gagnvart t.d. því að stilla verðlagi í hóf við þær aðstæður að bersýnilega er alls engri samkeppni fyrir að fara? Ég er þeirrar skoðunar.

Ég hefði gjarnan viljað að þetta mál yrði skoðað og rætt t.d. í tengslum við starfsmenn Samkeppnisstofnunar. Og ég spyr: Var Samkeppnisstofnun kölluð til viðræðna í heilbr.- og trn.? Voru þeir sérfræðingar sem þar starfa og eiga að hafa eftirlit með viðskiptaháttum í landinu hafðir með í ráðum? Var sá embættismaður sem áður hét verðlagsstjóri, nú væntanlega framkvæmdastjóri eða forstöðumaður Samkeppnisstofnunar, hafður með í ráðum þegar þessir verðlagsþættir og viðskiptaþættir málsins voru undirbúnir? Mér skilst að loksins núna hafi hæstv. viðskrh. verið að koma frá sér skipan á nýju samkeppnisráði. Er ekki ástæða til þess að slíkur aðili verði kallaður til samráðs um þessar breytingar?

Ég tel að í þessu máli séu margir þættir sem mætti skoða aðskilið og ef til vill afgreiða sumt en annað ekki. Til að byrja með liggur auðvitað í augum uppi að það væri hægt að gera vissar breytingar sem eru nauðsynlegar vegna tengslanna við þetta EES, sem öllu ræður hér, en skilja þá afganginn eftir til frekari skoðunar eða þá að afgreiða það með breytingum sem menn yrðu sæmilega ásáttir um. Ég hef enga tilfinningu fyrir því að þetta mál hafi enn sem komið er verið unnið þannig að það sé hægt að tala um einhverja heiðarlega tilraun til þess að ná samstöðu. Mér finnst það a.m.k. ekki koma fram í þeim anda sem er í nefndaráliti minni hlutans. Og það er auðvitað mjög bagalegt að mál af þessu tagi skuli þá vera afgreitt hér í grenjandi ágreiningi frá þinginu á síðustu dögum.

Að lokum, hæstv. forseti, langar mig til, þó að það sé ekki beinlínis dagskrárefnið — og þó, það varðar meðferð þessa máls hér áfram, að ræða aðeins hvernig menn hafa eiginlega hugsað sér að haga hér svo störfunum að þessum málum. Eða er það bara þannig

að hæstv. ríkisstjórn láti þetta allt saman gersamlega reka hér á reiðanum, stjórnlaust með öllu? Það sé enginn að reyna að ná neitt utan um þetta og ná samkomulagi um meðferð mála. (**Gripið fram í**: Ekki stjórnlaust.) Þetta er náttúrlega fullkomlega stjórnlaust, hv. þm., svoleiðis gersamlega að annað eins verkstjórnarleysi hefur bara ekki sést hér á þingi og er þá mikið sagt að vísu. Það er auðvitað ljóst að reyndir menn muna varla annað eins. (Gripið fram í.) Hún er bara ekki hér. Hæstv. forsrh. sést náttúrlega aldrei hér né yfir höfuð (**VS:** ... stjórna þinginu.) Ja, ætli það sé ekki þannig að ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir þurfi líka að fá einhvern botn í sín mál. Við skulum ekki tala eins og við séum heilagar manneskjur. Þó svo við berum auðvitað mikla virðingu fyrir forsætisnefnd þingsins og hæstv. forsetum og þeirra hlutverki þá vitum við náttúrlega líka að ástand mála í ríkisstjórnarherbúðunum og stjórnarflokkunum hefur mikil áhrif á það hvernig tekst að ganga hér frá málum.

Ég tek það skýrt fram að ég er ekki að gagnrýna hæstv. forseta og hv. forsætisnefnd, því mér er það alveg ljóst að vandi hv. nefndar er mikill þegar ástandið á einni ríkisstjórn er eins og það er núna. Það er auðvitað mergurinn málsins að þessi ríkisstjórn er ekki til lengur í neinum efnislega skilningi. Þetta er ekki ríkisstjórn í þeim skilningi að hún hangi saman sem einhver eiginleg eining. Þetta eru svona tveir flokkar í tætingslegu sambandi að nafninu til, meira og minna hættir að tala saman. Og ein afleiðingin er sú að það virðist vera komin hér upp einhvers konar samkeppni milli stjórnarflokkanna um afgreiðslu mála og þess gætir jafnvel að þeir hafi heldur horn í síðu þess að það sé verið að taka fyrir og ýta áfram málum frá hinum stjórnarflokknum. Hvar eru t.d. hv. sjálfstæðismenn í þessari umræðu? Það hefur ekki borið mikið á þeim. Ég læt mér detta í hug að það sé kannski svona mismikill áhugi hjá Sjálfstfl. á því að afgreiða þessi mál hæstv. heilbrrh. og kannski villidýramál hæstv. umhvrh. og fleira

Á hinn bóginn leikur líka grunur á því að hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar Alþfl. mundu ekki gráta það þurrum tárum þó eitt og eitt frv. frá sjálfstæðismönnum dytti hér upp yfir. Auðvitað er þetta alveg ótrúlegt ástand, hæstv. forseti, þegar hér er kominn 5. maí, ef ég man rétt, og þingið ætti að vera búið að ljúka störfum fyrir allnokkrum dögum síðan, að þetta rekur bara hér áfram gersamlega í reiðileysi og það er engin tilraun gerð til þess af hálfu ríkisstjórnarinnar sem slíkrar og jafnvel ekki af einstökum ráðherrum til að ná eitthvað utan um þessi mál.

Ég ætla að lokum að segja það við hæstv. heilbrrh. og hv. formann heilbrn. og má nú í sjálfu sér víst einu gilda hvor er ávarpaður. Ég mundi leggja það til að menn tækju sér nú tíma í það að setjast aftur niður yfir þetta mál og kanna það hvort það sé svo langt í land með lágmarkssamstöðu um afgreiðslu þess. Ég segi fyrir mitt leyti að ég er að sjálfsögðu tilbúinn til að og tel auðvitað ekkert annað að gera heldur en að afgreiða þær beinu efnislegu breytingar á málinu sem tengjast samningi sem við erum orðnir þjóðréttarlega skuldbundnir af. Ég var að vísu á móti þeim samningi og er enn meira á móti þeirri stefnu sem nú er uppi hjá Alþfl. En það breytir ekki hinu að ég veit og skil að þarna er um að ræða þjóðréttarlega bindandi samninga og við verðum auðvitað að hegða okkur samkvæmt því. Þannig að þær breytingar sem eru bein afleiðing af reglum sem gilda á hinu Evrópska efnahagssvæði þarf að taka hér í gegn.

Ég er í öðru lagi alveg tilbúinn til að skoða með öðrum hvort hægt er að gera breytingar sem gefa von um hagkvæmara fyrirkomulag lyfjadreifingar t.d. hér á höfuðborgarsvæðinu, en ég geri það ekki ef það er á kostnað þess að lyfjaverðið hækki á landsbyggðinni. Þá er ég ekki til í slíkt. Þá vil ég segja: Nei heyrðu, við skulum skoða hvort það eru ekki einhverjar aðrar leiðir færar en þessi, sem hefur kannski hliðarverkanir í för með sér, ef svo má að orði komast, sem eru verri hinu sem verið er að leysa. Það er ekki hægt að standa þannig að lagasetningu að leysa eitt vandamál með því að búa til annað verra. Það er enginn framgangur í störfum og menn verða þá að reyna að taka sér tíma og skoða hlutina af sanngirni til að finna færari leiðir en þær. Til þess þurfa menn náttúrlega líka að haga málflutningi sínum og samskiptum hér á þinginu þannig að það sé eitthvert samvinnuandrúmsloft, ekki kveikja bara elda og skvetta svo á þá bensíni út og suður eins og hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er drjúgur við að gera, rýkur alltaf upp í æsingi um leið og hann fær ekki allt sitt fram í hvínandi hvelli.

Sem betur fer er Alþingi ekki þannig stofnun að einhver einn eða örfáir menn geti keyrt sinn vilja hér í gegn, ef ekki vill betur til með hálfgerðum hótunum. Vonandi er ekki enn komið svo að menn láti undan slíku heldur verði menn þá þeim mun ákveðnari en áður, þegar slíku er að þeim snúið, að standa á rétti sínum, ræða málin með rökum og sjá til þess að hlutirnir séu leystir af hendi með sómasamlegum hætti.

[11:25]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Það eru nú liðnir nokkrir dagar síðan hæstv. heilbr.- og trmrh. flutti ræðu í lok fyrsta hluta 2. umr. um þetta merka mál, sem þeim bræðrum, hæstv. heilbr.- og trmrh. og hv. formanni heilbr.- og trn,. finnst vera það mikilvægasta sem Alþingi fjallar um þessa dagana.

Sú ræða er mér nokkuð minnisstæð vegna þess að að henni lokinni fannst mér að það væri e.t.v. ekki svo langt á milli sjónarmiða hæstv. ráðherra og stjórnarandstöðu eða minni hluta hv. heilbr.- og trn. og e.t.v. væri möguleiki á því að við nálguðumst nú og fyndum sameiginlegan flöt til að ljúka þessu máli. Það gladdi mig vissulega. Þó ég gæti í sumum tilvikum alls ekki lagt sama skilning og hæstv. ráðherra í ýmsar greinar frv. þá var ég tilbúinn til þess og er tilbúin til þess enn í dag að fara með þetta aftur inn í nefnd til þess að fara betur yfir þann skilning sem hæstv. ráðherra leggur á einstakar greinar og gengur þvert á það sem kemur út úr okkar nefndarstarfi og einnig þvert á þær umsagnir sem okkur hafa borist.

Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon er búinn að fara vel yfir þann hluta af ræðu hv. formanns heilbr.- og trn. sem hér talaði í gærkvöldi og ég verð að segja að miðað við það hvernig þessi mál hafa þróast undanfarna daga og miðað við þá umræðu sem átti sér stað, þennan fyrsta hluta, þá finnst mér afar ómaklega að stjórnarandstöðuþingmönnum í heilbr.- og trn. vegið. Og ég vildi gjarnan biðja hæstv. ráðherra eða hv. formann heilbr.- og trn., það er sama hvor er, að fara yfir það hér hvar í málflutningi okkar, hv. þingmanna í minni hluta heilbr.- og trn., við vorum svona ómálefnaleg. Fara bara yfir það hér lið fyrir lið og leyfa okkur þá að svara fyrir, en fara ekki með svona hástemmdar fullyrðingar fyrir alþjóð. Mér finnst þetta ómerkilegur málflutningur og ekki sæma þingmanni og síst af öllu hv. formanni heilbr.- og trn.

Við höfum lagt í þetta mikla vinnu og vandað okkar vinnu. Og ég trúi því ekki að hv. formaður heilbr.- og trn. geti t.d. borið það að þeir tveir fulltrúar Framsfl. sem sitja í hv. heilbr.- og trn. hafi ekki þekkingu á þessum málum og þeir hafi ekki staðið hér og farið yfir þetta mál á málefnalegan hátt, að þarna sé um að ræða, hvort sem það eru þessir tveir hv. fulltrúar, fulltrúi Kvennalistans eða Alþb., að okkar málflutningur byggist helst á einhverri hagsmunagæslu fyrir apótekara landsins. (**Gripið fram í:** Það er rétt.) Okkar málflutningur hefur fyrst og fremst byggst á því að hér viljum við jafnt lyfjaverð um land allt.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson vill gjarnan kaupa olíuna á sama verði hvar á landi sem hann er staddur. Hann þarf kannski að nota töluvert af olíu í dag, meira en lyfjum, og vill fá að kaupa hana á sama verði hvar sem er. En það gildir allt annað um lyfin. Og ég harma það að hv. formaður heilbr.- og trn. skuli hafa þennan háttinn á í stað þess að boða til fundar í heilbr.- og trn. og ræða þessi mál þar við okkur og reyna að ná samkomulagi sem mér virtist, eftir ræðu hæstv. ráðherra hér um daginn, að væri e.t.v. í augsýn. En þegar talað er á þennan máta þá er auðvitað lengri vegur í það að þetta samkomulag náist.

Það er líka umhugsunarvert að formaður heilbr.- og trn., sem staðið hefur að því að færa 600 millj. yfir á sjúklinga með aukinni þátttöku þeirra í lyfjakostnaði á undanförnum árum skuli bjóða sér slíkan málflutning og kalla alla þá sem komu fyrir nefndina og okkur ber að taka á móti og hlusta á af fyllstu kurteisi „hagsmunaaðila". Auðvitað erum við það öll. Auðvitað erum við öll hagsmunaaðilar þegar lyfjaverð í landinu er til umræðu. En auðvitað þekkjum við þetta. Við vitum að það er ekkert einsdæmi að þegar við erum að fjalla um frumvörp þá komi til fundar við nefnd þeir sem eiga hlut að máli. Hv. þm. hefur e.t.v. tekið þátt í því þegar við vorum að afgreiða fyrir stuttu frumvörp sem sneru að prestastéttinni en fáir hafa verið duglegri við að sitja á pöllum og fylgja málum sínum eftir, sem er bara hið besta mál því þeir þekkja það sem þá er verið að ræða betur en e.t.v. nokkur sem hér situr inni nema e.t.v. hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson.

Það sama gildir auðvitað um alla þá fjölmörgu aðila sem heimsóttu heilbr.- og trn. til þess að ræða þetta mál. Þeir hafa þekkingu á því og þess vegna komu þeir. Mér finnst það gott og þannig eigum við að vinna. Við eigum að hlusta á þá sem málið snertir. Við eigum að gera það og við tókum það hlutverk okkar alvarlega og ég hélt að hv. formaður nefndarinnar hefði gert það líka því ég man ekki til þess að hann hafi á nokkru stigi neitað því að kalla fyrir nefndina þá aðila sem beðið var um og fundist sjálfsagt að þeir kæmu til viðtals við nefndina. En að tína svo einhverja úr og kalla minni hluta nefndarinnar sérstaka hagsmunagæslusveit vegna þess að að einhverjum hluta falla saman skoðanir minni hluta nefndarinnar og þeirra sem komu á fund nefndarinnar, Apótekarafélags Íslands og fleiri aðila.

Við erum að gæta hagsmuna þeirra sem ætla sér og þurfa að nota lyf. Og það er grundvallaratriði í heilbrigðiskerfinu að allir landsmenn sitji við sama borð hvað varðar heilbrigðisþjónustuna. Það er einkennilegt ef málum er þannig komið að þeir einir sem vita hvernig þessum málum er best komið og hvað lækkar lyfjaverð alls staðar á landinu eru tveir menn. Vegna þess að eins og sjá má þá mætir enginn úr hv. heilbr.- og trn. þegar verið er að ræða þetta mál nema formaðurinn. (**Gripið fram í:** Og þú.) Úr meiri hlutanum sem skrifar undir brtt. og nál. Hvar er þetta fólk? Hvað ætla fulltrúar Sjálfstfl. að segja um þetta mál? Hvers vegna koma þeir ekki og lýsa því hvað það var sem sannfærði þá rétt á síðustu dögum nefndarstarfsins um það að hér værum við á réttri leið. Hvers vegna koma þessir hv. þm. ekki og lýsa því fyrir okkur?

Ég hafði alls ekki ætlað að eyða hluta ræðu minnar í þetta vegna þess að ég hélt að málflutningi eins og hv. þm. var með í gærkvöldi væri lokið. Við værum komin á það stig að ætla að reyna að ná saman og ljúka þessu máli. Ég hélt það. Ástæðan fyrir því að ég bað um orðið upphaflega var einungis sú að í fyrsta hluta 2. umr. var ég með beinar spurningar til hæstv. ráðherra sem hann ekki svaraði og ég ætlaði einungis að ítreka þær. En manni finnst mjög ómaklega að okkur vegið og þá fyrst og fremst okkur sem störfum í minni hluta hv. heilbr.- og trn. þegar farið er með þær upplýsingar fyrir alþjóð — bara kokhraustur, hv. þm., sem búinn er að færa 600 millj. yfir á sjúklinga á nokkrum mánuðum, það er nefnilega ekki langt síðan Alþfl. byrjaði að demba yfir okkur nýjum og nýjum reglugerðum og færa kostnaðinn yfir á sjúklinga — að það séu bara hv. þm. Framsfl. og Alþb. og Kvennalistans sem fyrst og fremst séu að vinna gegn hag sjúklinga í landinu. Þetta er ómerkilegur, óvandaður málflutningur. Læt ég þá þeim kafla ræðu minnar lokið um ómerkilegan málflutning hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar og sný mér að því sem var erindið í ræðustólinn upphaflega áður en þessi eftirminnilega ræða var flutt. Það voru spurningar mínar til hæstv. heilbrrh.

Fyrst bað ég um skýringar ráðherra á 2. gr. frv. og síðan þeim brtt. sem mér skildist á ræðu hæstv. ráðherra að væru nánast sameiginlegar, alla vega brtt. sem hæstv. ráðherra hafði samþykkt og meiri hluti nefndarinnar flytur. Þar kemur í ljós að meiri hluti nefndarinnar leggur til að 3. mgr. 2. gr. falli út þar sem seg-

ir: „Leggja skal árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki þau og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með og skal gjaldið standa undir kostnaði við rekstur eftirlitsins.“

Í stað þessarar málsgreinar — virðulegi forseti, ég bíð þar til bræður hafa haft samráð sín á milli. Ef því er lokið þá held ég áfram. Í stað þessarar málsgreinar eiga að koma tvær nýjar. Þar segir, með leyfi forseta:

„Setja skal í reglugerð nánari ákvæði um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.“

Sem sagt heimildin til þess að leggja á þetta árlega eftirlitsgjald er felld út. Í stað heimildarinnar koma þessar tvær nýju málsgreinar. Mér hefði fundist eðlilegra að þessu væri breytt þannig að fyrst komi heimildin inn og síðan hlýtur að koma ákvæði um nánari útfærslu á henni. En það hlýtur að vera hægt að hártoga þetta í lagatexta ef þessu verður ekki breytt.

Við í minni hlutanum vildum fá nánari útlistun á því með hvaða hætti gjaldstofninn yrði og hvort um er að ræða eitthvert hámarksgjald. En það er ekki í brtt. og ég vildi biðja hæstv. ráðherra að fara aðeins nánar út í það með hvaða hætti hann hyggst leggja þetta gjald á og hvort það hefur verið tekin ákvörðun um eitthvert hámark.

Ég tel nauðsynlegt að breyta þessu og að á milli 2. og 3. umr. komi tillaga til breytingar á 2. gr.

Síðan var ég með spurningar til hæstv. ráðherra er varða 20. gr. Ég vil ítreka þakklæti okkar í minni hlutanum í hv. heilbr.- og trn. Það hefur verið tekið töluvert tillit til þeirra ábendinga sem við komum með við 1. umr. og í nefndarstarfinu. Því eins og ég segi tel ég að starf nefndarinnar hafi verið vandað. Ég tel að í það minnsta hafi fulltrúar minni hlutans í hv. heilbr.- og trn. ásamt formanni lagt mikla vinnu í málið og þar af leiðir að ég tel að við eigum ekki skilið þau orð sem hv. formaður nefndarinnar lét hér falla í gærkvöldi, í sjónvarpsviðtali um daginn og hefur ítrekað aftur og aftur við þessa umræðu. Finnst mér þá að það sé verið að segja að vinnubrögðin hafi í raun ekki verið svona vönduð. (Gripið fram í.) Vegna þess að hv. formaður virðist bara ekkert hafa hlustað á þau rök sem við höfum alla tíð verið með, að lyfjaverð verði jafnt í landinu öllu. Það er meginmálið hjá okkur.

Þá spurði ég hæstv. ráðherra hvort hann ætlaði sér að hafa einhverjar takmarkanir á auglýsingum. Danir hafa haft þann háttinn á að banna auglýsingar lausasölulyfja í sjónvarpi og þeir virðast komast upp með það þrátt fyrir aðild að EES-samningnum. Þeir hafa sagt í sínum gögnum, eins og reyndar hefur komið fram í öllum þeim gögnum sem við höfum, að við það að heimila auglýsingar á lausasölulyfjum í öllum fjölmiðlum muni það verka neysluhvetjandi. Eftir þeim upplýsingum sem við fengum þá fóru þeir þá leið að banna auglýsingar í sjónvarpi. Ég vildi gjarnan heyra hvort hæstv. ráðherra hefur einhver áform um að gera það líka.

Síðan var ég með fyrirspurn til ráðherra um það hvernig háttað verður auglýsingum á þeim lausasölulyfjum sem eru svokölluð undanþágulausasölulyf eins og ofnæmislyfið Teldanex eins og sterk verkjalyf sem hægt er að kaupa í lausasölu í 10 töflu skammti og í 20 töflu skammti en ef það þarf af einhverjum ástæðum að fá stærri skammt þá verður að fá það gegn lyfseðli. Auglýsing á þessum lyfjum í lausasölu hlýtur að verka sem auglýsing á sömu tegund lyfja þegar hún er ekki í lausasölu, þ.e. lyfseðilskyld ef hún fer yfir ákveðinn töfluskammt. Það sama gildir um verðlagningu á undanþágulausasölulyfjum. Á að fara eftir einhverjum allt öðrum reglum þegar um er að ræða verðlagningu á sterkum verkjalyfjum í þeim tilvikum þar sem þetta fellur undir lausasöluna, 10 töflur, heldur en þegar um er að ræða 50 töflur sem leystar eru út samkvæmt lyfseðli?

Ég bað um skýringar ráðherra á þessu vegna þess að í grg. með frv. og í yfirferð okkar á frv. hefur þessum spurningum aldrei verið svarað. Hvernig verður samræming á auglýsingum og verðlagningu á lyfjum sem eru hvort tveggja í senn lausasölulyf og lyfseðilskyld lyf? Hvernig verður þetta samræmt?

Meiri hluti nefndarinnar er með brtt. við 20. gr. sem átti að bæta úr. (**Heilbrrh.:** Ráðherra hlustar ef það er málið.) Ég er fegin að heyra það því mér bregður við þegar hv. formaður heilbr.- og trn. er líka farinn úr salnum og hélt að þeir væru kannski loks að fara yfir frv. saman í hliðarherbergi, en ég get þá haldið áfram.

Meiri hluti heilbr.- og trn. leggur til breytingu á 20. gr. sem á að tryggja stöðu dreifbýlisins umfram það sem var í frv. En ég get ekki séð að svo verði. Alla vega er þessi grein þannig að hægt er að fara með hana eins og margar aðrar greinar frv. og hártoga sitt á hvað. Þá er fyrsta spurningin: Er um staðbundin leyfi að ræða þegar lagt er til að lyfjafræðingur sæki um lyfsöluleyfi á ákveðnum stað eða að reka lyfjasölu á ákveðnum stað? Ég tók dæmi áður af Selfossi þar sem lyfjabúðin á Selfossi þjónar mjög stóru svæði. Hún þjónar Stokkseyri, Eyrarbakka, Sandvíkurhreppi, Gaulverjabæ, Villingaholtshreppi og fleiri hreppum sem hægt er að telja upp hérna til fróðleiks fyrir hæstv. ráðherra. Ef lyfjafræðingur sækir um að reka apótek fyrir þetta svæði og þarf samkvæmt brtt. að fá umsögn viðkomandi sveitarstjórnar þá skilst mér, eins og brtt. eru og eftir ræðu hv. formanns heilbr.- og trn. og einnig á þeim skýringum sem við fengum í nefndinni, að aðeins sé um að ræða umsögn bæjarstjórnar á Selfossi. Ekki annarra sveitarfélaga sem þó skipta við apótekið. Og að leyfið sé staðbundið þannig að ef viðkomandi rekstraraðili ætlar að færa apótekið og reka það í næsta sveitarfélagi við Selfoss, sem er Sandvíkurhreppur og er vel framkvæmanlegt, það tekur ekki nema tvær mínútur að skjótast yfir í það sveitarfélag, þá verði að sækja um leyfið aftur þó það þjóni sama svæði og þá þurfi umsögn þess sveitarfélags sem er Sandvíkurhreppur og þá gildi íbúafjöldi Sandvíkurhrepps sem er alls ekki nægur til þess að hægt sé að reka heilt apótek. Þar búa bara örfáir einstaklingar. Og það hafi ekkert að segja þó að lyfjabúðin eigi að þjóna Selfossi líka.

Mér finnst alls ekki nóg skýrt kveðið á um þetta í frv. og brtt. hvort leyfin eru staðbundin og hvernig

verði þá farið með þær umsóknir sem berast. Þarf í hvert einasta skipti ef apótekarinn vildi færa sig um set innan þess svæðis sem hann þjónar að sækja um nýtt leyfi ef farið er yfir til næsta sveitarfélags? Mörkin milli sveitarfélaga hljóta að eiga að ráða vegna þess að umsagnaraðilinn er aðeins einn.

Þá er sagt að það skuli gilda ákveðnar reglur um það hver sé fjöldi íbúa á bak við hvert lyfsöluleyfi og fjarlægðin á milli apóteka. En það er ekkert sem segir við hvaða fjölda er miðað. Eigum við að miða við töluna 5.000, eins og kom upp í frv., eða er það einhver önnur tala?

Hvernig hyggst ráðherra bregðast við ef sótt er um lyfsöluleyfi í sveitarfélagi og viðkomandi sveitarstjórn eða bæjarstjórn veitir heimild sína eftir að hafa verið beðin um umsögn en hæstv. ráðherra sjálfur vill ekki viðkomandi umsækjanda? Eftir hverju á þá að fara ef vilji viðkomandi sveitarstjórnar og hæstv. ráðherra stangast á?

Verða sömu reglur sem gilda um lágmarksíbúafjölda sem á að vera á bak við hverja lyfjabúð eða verða þetta mismunandi reglur?

Það voru fleiri atriði sem ég vildi fá nánari skýringar á hjá hæstv. ráðherra en ég ítreka að það sérstaklega hvernig á að afgreiða umsóknir ef um staðbundin leyfi er að ræða. En þetta er ekki það gífurlega frelsi sem frv. boðar og segir að við ætlum að gefa þetta allt saman frjálst en svo ætlum við að setja ríkið í hörkusamkeppni á móti sem er náttúrlega ekkert frelsi. Eins og hæstv. ríkisstjórn hefur túlkað hugtakið frelsi til þess að reka fyrirtæki hér á landi þá er þetta frv. náttúrlega ekkert í þá áttina því það á að vera heimild til að reka apótek við heilsugæslu og sjúkrahús og sjúkrahúsin mega afgreiða lyf. Það er vissulega til bóta. Eins og við segjum í okkar nál. þá er rekstur sjúkrahússapóteka til bóta en þó vantar miklu skýrari ákvæði um það hvernig rekstri þeirra skuli háttað. Mér hefði fundist eðlilegt að annaðhvort væri orðið göngudeildarsjúklingar tekið út úr frv. eða það kæmi mjög skýr skilgreining á því hvað er göngudeildarsjúklingur. Er það sá sem eingöngu kemur á göngudeildir sjúkrahúsanna eða er það göngudeildarsjúklingur sem sækir sína þjónustu til sérfræðings sem hefur stundað hann á sjúkrahúsi en beinir síðan eftirmeðferðinni út á stofu til sín, læknamiðstöðvar hér og þar um alla borgina? Er það göngudeildarþjónusta vegna þess að viðkomandi læknir er í fullu starfi hjá sjúkrahúsinu og tekur með sér lyfseðlana af sjúkrahúsinu til að skrifa á þá því þeir eiga að vera sérmerktir út frá þeirri forsendu að á meðan sjúklingurinn sé í eftirmeðferð eftir aðgerð eða legu á sjúkrahúsi þá sé hann göngudeildarsjúklingur? Eða verður sjúklingum mismunað á þann máta að það verði eingöngu þeir sjúklingar sem fara inn á sjúkrahús og lenda þar hjá læknum sem ekki hafa aðstöðu úti í bæ sem kallast göngudeildarsjúklingar og versla við sjúkrahússapótekið en þeir sem eru í eftirmeðferð á læknastöðvum eða læknastofum úti í bæ heita ekki göngudeildarsjúklingar heldur bara eitthvað allt annað, bara eftirmeðferðarsjúklingar eða eitthvað álíka?

Það hefur verið meginregla að meðhöndla staðbundin sérleyfi á sérstakan máta og þau verður auðvitað að auglýsa á mjög sérstakan máta. Hvernig verður staðið að því að auglýsa þessi staðbundnu lyfsöluleyfi? Gerist það þannig að hæstv. ráðherra ákveður svæðið þar sem hann eða ráðuneytið telur að þarna sé nú tilvalið að setja upp apótek og nauðynlegt að setja upp apótek eða lyfjaþjónustu og þá er auglýst? Eða gerist það þannig að einhver lyfjafræðingur kemur til hæstv. heilbrrh. og segir: Ég hef áhuga á að opna apótek á þessu ákveðna svæði og þá fer auglýsingin eftir því? Hvernig ætlar hæstv. ráðherra síðan að meta umsækjendur verði þeir fleiri en einn eða tveir, verði þeir fleiri heldur en þeir sem lýstu yfir áhuga sínum í upphafi? Það eru engar reglur um það hvernig á að meta þessar umsóknir og eftir hverju á að fara. Þá kemur aftur að því: Hvað ef umsögn viðkomandi sveitarstjórnar stangast á við vilja hæstv. ráðherra? Ef í viðkomandi sveitarstjórn er t.d. enginn alþýðuflokksmaður, hvað ætlar hæstv. ráðherra þá að gera? (Gripið fram í.) Já.

Ég var búin að ræða það hér að ég teldi að það væri nauðsynlegt að gefa einhvers staðar upp fjarlægðina á milli lyfsala og þó sérstaklega fólksfjölda því að fjarlægðin getur verið mismunandi. Þessar viðmiðanir um fólksfjöldann ættu að fylgja a.m.k. í greinargerð þannig að það verði engin hætta á að það verði mismunandi viðmiðanir eftir því hvar á landinu búið er. Við þurfum að sjá skýra reglur sem gilda fyrir þéttbýlissvæðið þar sem þó eru kannski ekki fleiri heldur en 3, 4 eða 5 þúsund íbúar og aftur þar sem er um stórt svæði að ræða þar sem er eingöngu dreifbýli og fjöldinn miklu minni. Mér hefði fundist eðlilegt að það væri ákveði þess efnis í frv. að setja reglugerðir um þetta.

Þá eru heimildir heilsugæslustöðvanna til að reka lyfjaverslun sem hæstv. ráðherra og hv. formaður heilbr.- og trn. telja mjög til bóta. Það er vissulega til bóta að það sé heimilt því að það er slæmt þar sem heilsugæslustöðvar eða sveitarfélög eru að reka lyfjaverslun nánast án heimilda. Það er slæmt. Það getur verið nauðsynlegt að veita slíka undanþágu. En þá vantar í brtt. og frv. með hvaða hætti á að meðhöndla þessi leyfi því að þau eiga að vera í undantekningartilvikum. Þau eiga að vera í sérstökum tilvikum en ekki í samkeppni við einkaaðilana heldur eru þetta undantekningar. Setjum nú svo að það sé nauðsynlegt að setja upp apótek á einhverju ákveðnu svæði, enginn sækir um leyfi og heilsugæslustöðin er sett í reksturinn. Hvað ef síðan kemur lyfjafræðingur sem lýsir yfir áhuga sínum á því að opna lyfjabúð á svæðinu? Hvernig á að meðhöndla það? Hvernig á að meðhöndla þær fjárfestingar sem ríkið þegar það er búið að fara í? Hvernig á að bregðast við ef stjórn heilsugæslustöðvarinnar er alls ekki tilbúin að leggja niður apótekið og viðkomandi sveitarstjórn, sem oftar en ekki á fulltrúa í stjórn heilsugæslustöðva, hafnar umsókn sem kemur frá lyfjafræðingi á þeirri forsendu að hún vilji frekar styðja við bakið á sinni heilsugæslustöð? Það er ekkert um það í brtt. eða greinargerð eða neinu slíku hvernig á að fara með það ef svona dæmi koma upp.

Það eru líka áform um að færa heilsugæslurekstur-inn aftur til sveitarfélaganna. Þá gæti hæstv. ráðherra samkvæmt þessum brtt. lent í því að sveitarstjórn á að gefa umsögn með eða móti lyfsöluleyfi sem sótt er um en er um leið beinn rekstraraðili að apóteki sem er í heilsugæslustöðinni á viðkomandi svæði. Það er ekkert um hvernig á að taka á þessu. Það þarf að móta mjög skýrar reglur sem taka af allan vafa með hvaða hætti verður farið með rekstur heilsugæsluapóteka ef einhver sækir um leyfi til þess að reka apótek á sama stað og fjárfestingar og þann kostnað sem búið er að leggja í. Ekki síst þarf að athuga þetta í ljósi þess að það er yfirlýst stefna að færa heilsugæslustöðvarnar aftur yfir til sveitarfélaganna. Ég tala ekki um ósköpin ef reynslusveitarfélögin verða samþykkt hér og þetta verður eitt af verkefnunum sem reynslusveitarfélögin fá. Þá getur það dæmi komið upp strax að reynslusveitarfélagi verða fengnar heilsugæslustöðvar til rekstrs, eiga að sjá um reksturinn og jafnframt gætu orðið hagsmunaárekstrar þar á milli ef viðkomandi heilsugæslustöð ætla að reka apótek og síðan yrði sótt um leyfi þar sem sama sveitarstjórn ætti svo að gefa umsögn. Á þessu þarf auðvitað að taka.

Annað var það í 20. gr. sem við nefndum við 1. umr. og sem við óttumst að geti orðið til þess að hér verði um hringamyndun að ræða í rekstri lyfjabúða, en það er 3. liðurinn þar sem er talað um skilyrði sem þarf að uppfylla fyrir lyfsöluleyfi og þar á meðal er það að viðkomandi þarf að hafa verslunarleyfi eða gera samninga við aðila sem hefur verslunarleyfi. Í 21. gr., minnir mig, er reynt að taka á því sem lýtur að hringamyndun en við teljum að þetta ákvæði í 20. gr. opni samt þann möguleika að fullu. Það getur verið bagalegt að fagleg og rekstrarleg ábyrgð sé ekki hjá sama aðila þegar um er að ræða rekstur á lyfjabúð því að við getum aldrei talað um þetta alveg skylt einhverjum öðrum verslunarrekstri. Það er ekki hægt. Þetta er hluti af heilbrigðiskerfinu og við eigum að varast að tala um þetta eins og hverja aðra verslun sem er verið að reka úti á horni og að sömu lögmál gildi um þennan rekstur og allan annan verslunarrekstur. Það er ekki þannig.

Í 24. gr. er ákvæði þar sem fjallað er um að lyfsalar skuli tölvuskrá allar upplýsingar af lyfseðlum á formi sem samþykkt er af landlækni og tölvunefnd og að landlæknir geti krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann. Það á að setja þessar upplýsingar á ákveðið form sem fylgir lögum nr. 121/1989, um skráningu og meðferð persónuupplýsinga. Það má vel vera að þessi upplýsingaskylda þurfi að vera fyrir hendi og sé nauðsynleg og það var vissulega bóta að það var jafnframt sett á heildsöluna, sem ekki var í frv. að mig minnir. Það er vissulega til bóta. En ég velti fyrir mér þegar svona opin heimild er fengin embætti landlæknis, að geta krafist þessara upplýsinga allt að einu ári aftur í tímann, hvort ekki sé rétt að taki landlæknir þá ákvörðun að kalla eftir slíkum upplýsingum þá þurfi hann að bera þá ákvörðun undir annan aðila, t.d. lyfjamálastjórann eða Lyfjaeftirlitið. Það geta verið svo margar ástæður til þess að landlæknir taki þá ákvörðun að kalla upplýsingarnar inn. Mér hefði fundist nauðsynlegt að hafa einhvern slíkan varnagla að þegar ákvörðun hefur verið tekin á vegum landlæknisembættis um það að kalla inn upplýsingar allt að ári aftur í tímann, þarna er um mjög persónulegar upplýsingar að ræða, þá mætti setja þann varnagla að það þyrfti að bera þá ákvörðun undir einhvern í ráðuneyti eða, sem mér fyndist eðlilegt miðað við frv., lyfjamálastjórann eða Lyfjaeftirlitið.

Þá má einnig velta því fyrir sér hvort það hafi ekki verið rétt að ákvarðanir um það hvernig þessar upplýsingar skuli skráðar yrðu eingöngu teknar af tölvunefnd en ekki landlækni því að það getur komið upp ágreiningur milli landlæknis og tölvunefndar og það er ekki ljóst samkvæmt frv. hver ætti að skera úr um ef slíkur ágreiningur kæmi upp.

Þá er það 40. gr. um lyfjaverðsnefnd sem er áætlað að ákveða hámarksverð á lyfseðilsskyldum lyfjum í heildsölu og smásölu. Í greininni má finna, ef maður leitar vel, einhverjar leiðbeiningar fyrir lyfjaverðsnefnd til að miða við verðákvarðanir sínar, en það vantar hins vegar að það sé kveðið skýrt á um almennar reglur fyrir nefndina að byggja ákvarðanir sínar á. Þessar ákvarðanir eru mjög mikilvægar, bæði fyrir kaupendur lyfja og seljendur. Það er sama hvor aðilinn er, ákvarðanir lyfjaverðsnefndar eru mjög mikilvægar og þurfa helst að standast alla gagnrýni. Það þyrftu að vera í lögum beinar viðmiðanir til að fara eftir til þess að kaupendur eða seljendur gætu lagt mat á það hvort nefndin hafi farið að lögum og hvort um réttmæta ákvörðun er að ræða. Þessar viðmiðanir er auðvitað hægt að setja í reglugerð og þarf ekki kannski að breyta frumvarpstextanum til þess. Það mætti setja þær beint inn í reglugerð.

Ég lýsti líka skoðun minni á því að sú breyting að setja fulltrúa Hæstaréttar í nefndina til þess að tryggja góð vinnubrögð væri vissulega til bóta. Þó sýnist mér að hann gæti lent í þeirri aðstöðu, vegna þess að það er ekkert sem kveður á um það að fulltrúi Hæstaréttar skuli vera formaður nefndarinnar með tvöfalt atkvæðavægi, þá gæti hann sem við hugsuðum að væri þessi varnagli fyrir góðum vinnubrögðum og til þess að nefndin hefði ekki á sér mjög pólitískan blæ sem vissulega er hætta á að þetta sé meira háð pólitískum vilja heldur en kannski því sem raunhæft er, þá hefði mér fundist eðlilegt að þessi fulltrúi væri formaður nefndarinnar.

Við í minni hluta höfum alltaf sagt að við værum tilbúin til að afgreiða þau ákvæði sem lúta að EES-breytingunum en við hefðum gjarnan viljað að það yrði skipuð sérstök nefnd sem fylgdist með og gerði úttekt á EES-breytingunum og áhrifum þeirra á lyfjamarkað. Og við höfum reyndar talið að til að reynslutíminn og að úttektin séu marktæk þurfum við a.m.k. eitt og hálft ár og þessi nefnd skili síðan skýrslu sinni til Alþingis. Þá er náttúrlega alltaf möguleiki á því að gera einhverjar breytingar og gildistaka frv. væri miðuð við það að þessari skýrslu hefði verið skilað og hægt að gera breytingar ef þyrfti.

Það þarf líka aðlögunartíma til að koma þessum breytingum á. Það er sérstaklega mikilvægt fyrir lands-

byggðina að sá aðlögunartími sé góður því að það er ekkert í frv. sem tryggir það að landsmenn sitji við sama borð hvað lyfjaverð áhrærir. Þvert á móti. Það eru allir umsagnaraðilar, ekki bara hagsmunaaðilarnir heldur allir sammála um. (**Gripið fram í:** Og ekkert í gildandi lögum.) Jú, það hefur verið þannig samkvæmt gildandi löggjöf og með stýringu heilbrrn. Og vel að merkja þá hélt ég ekki að ég ætti eftir að tala fyrir því að hæstv. heilbr.- og trmrh. héldi þessum völdum, en ég tel að það sé hans hlutverk að sjá til þess að landsmenn allir sitji við sama borð hvað varðar verð á heilbrigðisþjónustu og náttúrlega að þeir sitji við sama borð hvað varðar heilbrigðisþjónustuna almennt. Ég held að það sé okkar besta ráð til þess að svo sé að valdið sé hjá ráðherranum. Ef tryggingin væri sú að ráðherrann gæti veitt heimild fyrir apótekum hjá heilsugæslustöðvum úti á landi og það væri síðan nákvæmlega útfært hvernig skyldi fara með þær heimildir ef sótt væri um leyfi, þá væri hægt að skoða þetta á allt annan máta. Það eru svo margir endar lausir í frv. að það er afar ótraustvekjandi.

Það er kominn mikill bunki af pappírum sem við höfum fengið í kringum þetta því að það tilheyrir þessum vönduðu vinnubrögðum okkar að safna saman öllum þeim upplýsingum sem við mögulega getum. Í bunkann minn bættist í morgun ræða hv. formanns heilbr.- og trn. frá því í gærkvöld sem ég hefði kosið, eins og ég hef sagt áður, að væri málefnalegri þar sem hlutverk hv. þm. sem formanns hv. heilbr.- og trn. er fyrst og fremst að koma réttum skilaboðum og upplýsingum á framfæri til landsmanna. Það er fyrst og fremst hlutverk hv. formanns.

Það hefur mjög margt verið skrifað um það fyrirkomulag sem við höfum á lyfjadreifingu. Það hefur mjög margt verið skrifað, m.a. mjög merkileg greinargerð sem kemur frá Hrannari Erlingssyni í maí 1992 og merkt er Háskóli Íslands, viðskipta- og hagfræðideild, smásala lyfja á Íslandi. Kannski væri ástæða til að lesa skýrsluna upp þar sem ég er dauðhrædd um að hv. formaður heilbr.- og trn. hafi ekki lesið hana og jafnvel að hæstv. ráðherra hafi fengið embættismenn sína, svo ágætir sem þeir nú eru, til að lesa skýrsluna fyrir sig og segja sér, taka saman aðalatriðin. En það er þannig að þó að það sé gott að hafa góða og ábyrga embættismenn, þá er auðvitað best að lesa gögnin bara sjálfur. Hæstv. ráðherra sagði í ræðu um daginn, ég man ekki lengur hvaða dag það var, að hann teldi að það væri talsverður stuðningur við meginefni frv., það var dálítið merkilegt að hann orðaði það nákvæmlega þannig, meginefni frv., að brjóta upp þetta trénaða lénskerfi. Hvert er meginefni frv. er það eina sem þá greinir á um hæstv. heilbr.- og trmrh. og hv. formann heilbrn., þá bræður. Það er það eina sem þá greinir á um í þessu máli. Annar þeirra segir að meginverkefni frv. sé að brjóta upp þetta trénaða lénskerfi, sem er alveg full þörf á, en hinn segir að meginverkefni frv. sé að lækka lyfjaverð um land allt. Þetta er eini ágreiningurinn sem ég hef rekist á milli þeirra. (**Heilbrrh.:** Ég sagði það fimmtán sinnum í ræðu minni.) Þetta var fyrsti punkturinn í ræðu hæstv. ráðherra og það hefur enginn mælt gegn því að lyfsölukerfinu megi breyta. (**Heilbrrh.:** Og lækka verðið.) Og lækka verðið, að sjálfsögðu. Við erum búin að halda hér margar ræður um það að lyf til sjúklinga eru allt of dýr í dag. Það erum við búin að segja hv. formanni heilbr.- og trn. og hæstv. ráðherra síðan hann kom inn á þing og auðvitað oft áður. Það er hægt að fá ljósrit af þeim ræðum öllum fyrir hæstv. ráðherra þegar þeir hafa verið að hækka hlutdeild sjúklinga um 600 millj. kr. á tveimur undanförnum árum. — Um 600 millj. kr. (**Gripið fram í:** Það er mikið.) Það er mikið, það eru stórar upphæðir og það er vissulega þörf á því að skila einhverju af því til baka en ekki bara til Reykvíkinga.

Frv. mun lækka lyfjaverð með lækkandi álagningu og samhliða innfluttum lyfjum, hefur verið sagt í umræðu. Það höfum við sagt líka að vissulega má færa rök fyrir því að samhliða innflutt lyf munu lækka eitthvað lyfjaverðið og það höfum við sagt. Og það hefur komið fram hjá flestum umsagnaraðilum að það mun gerast. Það hefur einnig komið fram að ef svo ólíklega fer að frv. verði samþykkt þá muni lyfjaverð lækka í Reykjavík. Það hefur enginn mælt því í mót en ekki á landsbyggðinni. Þar munu menn sitja annaðhvort við sama lyfjaverð og í dag eða hækkandi. (Gripið fram í.) Jú, en hærra lyfjaverð, hæstv. ráðherra, og það kemur að því að hæstv. ráðherra getur farið í pontu og svarað þessum spurningum og kominn tími til. Þessari umræðu væri nefnilega löngu lokið ef spurningum okkar hefði verið svarað þegar við hófum 2. umr. Þá væri þessari umræðu áreiðanlega lokið og við værum orðin sammála um það, hv. formaður heilbr.- og trn. og hæstv. ráðherra, að það þyrfti að fylgjast mjög vel með þróun lyfjaverðs og umfram allt að tryggja að allir landsmenn sitji við sama borð.

Lyfjaþjónustan er, svo ég segi það einu sinni enn, hluti af heilbrigðisþjónustunni og fram til þess hefur það verið markmið okkar að þar sætu landsmenn allir við sama borð. Það er, hv. formaður heilbr.- og trn., nákvæmlega það sem fulltrúar í minni hluta hafa sagt frá upphafi. Ég vona að okkur takist að koma því til skila í dag að það er meginmálið að allir sitji við sama borð.

Ráðherra — hæstv., þetta hæstvirtur er svo sjálfsagt mál að það á ekki að þurfa að tuða á þessu í hvert sinn sem maður talar til hæstv. ráðherra — lýsti hryggð sinni yfir því að ekki fleiri hv. þm. skyldu sjá að þetta frv. er neytendamál fyrst og fremst. Um það snýst þetta og um það snýst allur okkar málflutningur. Neytendamál fyrst og fremst. Allir neytendur sitji þar við sama borð, hvar sem búið er á landinu.

Hæstv. ráðherra sagði líka að frv. tryggði lipurt og gott aðgengi neytenda og tryggði að ekkert heilsugæsluumdæmi verði án lyfsölu þar eð heilsugæslustöðvarnar fái heimild til að reka lyfjabúð. Það flest engin trygging í heimildum. En það er sjálfsagt að lagfæra það að þær heilsugæslustöðvar og þau sveitarfélög sem standa í þessum rekstri í dag fái heimildina. En þetta er engin trygging vegna þess að stjórnir heilsugæslustöðva munu ekkert fara að reka lyfjabúð eða apótek öðruvísi en að sjá sér einhvern hag í því.

Og það mun verða erfitt fyrir starfsfólk heilsugæslustöðva að segja við þá sjúklinga sem þurfa að skipta við það apótek: Því miður, vina mín eða vinur, ég þarf að selja þér pillurnar á allt öðru verði en Reykvíkingar fá sínar. Því miður. Við getum ekkert að þessu gert. Svona er samkeppnin, við sitjum ekki við sama borð.

Jafnframt sagði hæstv. ráðherra að í frv. væri ekki slegið af öryggiskröfum. Hvað með sölu lausasölulyfja? Hvað með þær yfirlýsingar, sem ég er einhvers staðar með, ég veit ekkert hvort ég finn þær, í blöðum um það að hér ætli ýmsir stórmarkaðir að vera með lyfsölu? Danir hafa skoðað þetta mál mjög vel og segja þvert á móti að með því að hafa kerfið alveg frjálst þá sé slegið af öryggiskröfum, sérstaklega að því er varðar lausasölulyfin. Að það verði hægt að setja upp lyfjaverslanir í stórmörkuðum og síðan auglýsingarnar. Þar er fjármagnið til að auglýsa og þá verði ekki þessi hreinu skil á milli matvöru og lyfja. Smátt og smátt verði þetta neysluhvetjandi og fólk fari í auknum mæli að reyna að lækna sig sjálft. Eins og maður sér í Bandaríkjunum auglýsa mjög illa haldnar konur eða karlar sem halda ýmist um höfuð, maga, eyru eða háls og alltaf kemur eitthvert lausasölulyf sem má kaupa við verkjunum. Þetta er neysluhvetjandi og slegið af öryggiskröfunum.

Jafnframt sagði hæstv. ráðherra að það væri vitleysa í málflutningi okkar að það yrði í gangi tvenns konar verð í landinu vegna þess að ákveðið hámarksverð gilti. Hámarksverð er ekki neitt nema hámarksverð. Það getur þýtt, ekki bara tvenns konar verð heldur þrenns konar. Lyfjaverðið getur verið mismunandi á fjórum, fimm, sex stöðum þó að það sé hámark. Þú ferð bara upp að þakinu og getur verið alls staðar á bilinu. (**Heilbrrh.:** Svona er það í dag.) Það er tvenns konar eða þrenns konar lyfjaverð þannig að þetta er engin vitleysa í okkar málflutningi. Við sögðum að í landinu getur og verður að öllum líkindum í gangi tvenns konar lyfjaverð. Það er ekkert í frv. sem kemur í veg fyrir það og það mun verða gífurlegur munur á verði á lausasölulyfjum hvort þau eru keypt hér eða úti á landi. Póstverslunin, sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir gerði mjög góð skil í sinni ræðu og mun fara yfir aftur, mun hjálpa til þess að draga úr líkunum á því að lyfjabúðir verði reistar úti á landi.

Mér finnst þetta svolítið áberandi misskilningur hjá þeim bræðrum, hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni og hæstv. ráðherra, að það að við setjum hámarksverð á eitthvað þýði að þá verði ekki um neina mismunun að ræða. Við erum með þetta hámark og þá verður engin mismunun. En hámarkið er — og það er best að endurtaka þetta af því að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson er kominn inn í salinn — upp að hámarkinu getur mismunurinn átt sér stað. Hámarkið getur orðið það verð sem gildir úti á landi en hitt annars staðar á þeim svæðum þar sem hægt er að fara í þá samkeppni sem talað er um.

Um þetta atriði eru allir umsagnaraðilar sammála okkur, nema þessi eini sem mig minnir að hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir hafi sagt mér að hafi lýst því yfir á fundi nefndarinnar að hann hefði ekki lesið frv. Það var sá eini. Hann lýsti því yfir að þetta væri dágott frv. og allt í lagi með það en því miður hefði hann ekki lesið það. Hann hefði ekki haft tíma til þess að lesa þetta.

Þá sagði hæstv. ráðherra: Við Íslendingar erum ekki einir á báti meðal þjóðanna hvað varðar breytingar á ríkjandi lyfsölukerfi. Og hæstv. ráðherra sagðist ekki vera hissa ef Danir færu að hugsa sér til hreyfings. Danir hafa verið með þetta í skoðun í ansi langan tíma. 1989 skipuðu þeir vinnuhóp, sem átti að skoða þetta og fara yfir allar þær tillögur sem þá höfðu komið fram og þær sem hugsanlega kæmu fram við skoðun þessa vinnuhóps. Í þeim vinnuhópi sátu fulltrúar frá samkeppnisráði, sambandi umdæmaráðs sveitarfélaga, samninganefnd sjúkratrygginga, stjórn heilbrigðismála og heilbrigðisráðuneytið. Danir ætluðu þessum vinnuhópi að koma með nokkrar mismunandi tillögur á framtíðarskipan lyfjadreifingar og í tillögunum átti að koma fram mismikil opinber afskipti af starfseminni.

Þessi nefnd hefur nú fyrir nokkru síðan skilað af sér til danskra stjórnvalda og niðurstaðan — hver er hún? Þeir voru að fást við, og það fannst mér dálítið merkilegt þegar ég var að fara yfir þetta og skoða þau gögn sem ég fékk frá Danmörku, nánast nákvæmlega sömu hluti og við. Nákvæmlega sömu þætti.

Það var náttúrlega þetta frjálsræði sem við viljum setja á hér samkvæmt frv. ráðherra, verði það samþykkt, en það var líka um það hvort rýmka bæri leyfi til að starfrækja sjúkrahússapótek og rétt sjúkrahússapóteka til að framleiða og selja lyf. Niðurstaða danskra stjórnvalda eftir þetta mikla starf síðan 1989 er allt, allt önnur en okkar. Það sem þeir virðast gera er að taka mark á þeim umsögnum og umræðu sem fram fer um málið.

Ég fékk sendan bunka af umsögnum frá ýmsum aðilum sem hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson kallar hagsmunaaðila. Það er alveg rétt því allir landsmenn eru hagsmunaaðilar í þessu máli. Það eru allir. Það eiga allir hagsmuna að gæta.

En niðurstaða þeirra er allt önnur en okkar. Þeir segja í sinni niðurstöðu: „Það er skilningur ríkisstjórnarinnar, [þeirrar dönsku] að út frá forsendum samkeppnisréttar sé í sjálfu sér æskilegt að afnema þau miklu afskipti sem nú eru á sviði lyfjadreifingar og koma í stað þess á fyrirkomulagi með frelsi til þess að setja upp apótek hvar sem er og frjálsri verðlagningu. Ríkisstjórnin vill þó ekki leggja slíkt til. Hún er þeirrar skoðunar að stefna í heilbrigðismálum leyfi af ýmsum mikilvægum ástæðum einungis endurnýjun á sviði lyfjadreifingar. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að tryggja að neytendur eigi sæmilega auðvelt með að kaupa lyf, einnig í dreifbýli.“ — Einnig í dreifbýli. Þeir eru nefnilega að hugsa um hagsmuni heildarinnar þarna úti í Danmörku. Og þó er þetta allt annað sem þeir eru að fást við og meiri ástæða til þess að við hugsum um hagsmuni heildarinnar því dreifbýlið er allt annars eðlis þar heldur en hér. Við erum að tala um miklu meiri fólksfjölda þar en hér. Við ættum þess vegna að hugsa enn frekar um hagsmuni heildarinnar.

Í tengslum við þetta segir danska ríkisstjórnin:

„Telur stjórnin að það sé í samræmi við stefnu í félagsmálum að halda fast við að neytendaverð á lyfi sé sama alls staðar í landinu eins og reyndar er í öðrum EB-löndum. Með fullu frjálsræðisfyrirkomulagi yrði ekki unnt að taka tillit til þessa."

Þetta sögðu þeir eftir að hafa skoðað málið síðan 1989 og lesið allar umsagnirnar sem bárust, lesið þær, kynnt sér þær og farið yfir þær og komist að þessari niðurstöðu.

Jafnframt segja þeir í sinni skýrslu:

„Sala lausasölulyfja í kjörbúðum og verslunum með almennar vörur yrði trúlega til þess að litið yrði á lausasölulyf sem almenna neysluvöru en ekki sem vöru sérstaks eðlis. Þetta gæti leitt til aukinnar og væntanlega ómarkvissrar neyslu þessara lyfja."

Niðurstaðan er, með leyfi forseta: „Með núverandi fyrirkomulagi á veitingu einkaleyfa og þeirri skipan að ákveða bruttóhagnað apóteka hefur samfélagið áhrif á það hvernig fjármunum er varið í þessum geira, þar með talda mögleika á að afla geiranum fjármuna til verkefna sem skynsamlegt er af heilbrigðisástæðum að apótekin sjái um og sem ekki er hægt að ætlast til að innt sé af hendi ef fyrirkomulagið er frjálst."

Þeir ætla sum sé að leggja fram frv. eða hafa gert í samræmi við þetta. Mér finnst þetta vera mjög mikilvægur punktur, virðulegi forseti, þar sem þeir segja:

„Með núverandi fyrirkomulagi á veitingu einkaleyfa og þeirri skipan að ákveða bruttóhagnað apóteka hefur samfélagið áhrif á það hvernig fjármunum er varið í þessum geira."

Það er nefnilega enn þá þannig að að stærstum hluta er það samfélagið, eru það íbúarnir sem greiða lyfin og við eigum þess vegna að segja: Skattgreiðendur okkar eiga að sitja þar við sama borð.

Ég minnist þess að ýmsir hv. fulltrúar Sjálfstfl. hafa skrifað greinar um þetta á undanförnum tveimur árum og sakna ég þess að sjá þá ekki í þessari umræðu því ég er alveg sannfærð um að þeir hafa heilmikið til málanna að leggja og vil gjarnan heyra miðað við þá umræðu sem átti sér stað í hv. heilbr.- og trn. hvað varð til þess að breyta þeirri aðstöðu. Ég hef farið yfir það hvernig þeir hafa flutt þetta mál og skrifað um það á undanförnum mánuðum og sú niðurstaða sem fékkst í hv. heilbr.- og trn. stríðir töluvert gegn því.

Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu en vil þó aðeins í lokin ítreka að það er svo margt sem maður vill svo gjarnan ræða við hæstv. heilbr.- og trmrh. þegar hann er í salnum og við erum að ræða þessi mikilvægu mál, eins og allar þær reglugerðir sem settar hafa verið á undanförnum mánuðum og árum sem hafa aukið hlutdeild sjúklinga. Ég vildi gjarnan fara yfir þá sögu en það gefst kannski tækifæri til þess seinna að ræða heilbrigðismál. Þó ekki endilega út frá þessu frv. því ég vona það að niðurstaða þessarar umræðu verði sú að við náum samkomulagi, að við getum afgreitt þetta mál í sátt og gengið sé að þeim sjónarmiðum okkar með nefndarskipun og gildistökuákvæði sem við höfum lagt mjög mikla áherslu á og tekið okkur þann tíma sem þarf til þess að fara yfir frv. og þær breytingar sem koma með EES-samþykktum og við verðum að afgreiða hér eins og þingmenn annarra þjóða sem eiga aðild að EES-samningnum. Við höfum afskaplega lítið um það að segja.

Ég vil aðeins að lokum ítreka það að mér fannst þar til í gærkvöldi að við værum á réttri braut, þar til ég hlustaði á ræðu hv. þm. Gunnlaugs Stefánssonar. Það er mjög alvarlegur hlutur í mínum huga að ásaka okkur um það eftir að hafa farið yfir þetta mál á málefnalegan hátt, lagt í þetta mikla vinnu, að niðurstaðan sé sú að við viljum ekki leyfa landsmönnum öllum að kaupa sér ódýrari lyf, þeim sem þurfa á því að halda. Það var niðurstaðan. Ég ítreka það að þetta er með ómerkilegri málflutningi sem ég hef heyrt úr þessum stól núna í langan tíma og ég tel að þar hafi verið vegið að okkur á mjög ósmekklegan hátt eftir að hafa átt gott samstarf í hv. heilbr.- og trn. um málið. Ég hélt að sameiginlegt markmið okkar væri þó að ljúka þessu máli á sem skynsamlegast máta. Við erum með okkar tillögur þar um og vonandi náum við samkomulagi um það að lokum.

[12:29]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mun freista þess að svara í örstuttu máli þeim fyrirspurnum sem beint var sérstaklega til mín og hafa ekki borið á góma í umræðum áður.

Í fyrsta lagi. Það eftirlitsgjald sem um getur í 2. gr. frv. er miðað við að standi undir kostnaði við rekstur Lyfjaeftirlits ríkisins og að óbreyttu verði ekki stór munur á frá því sem gilt hefur.

Í öðru lagi vil ég koma inn á auglýsingamál frv. Það liggur ljóst fyrir og ég gat þess í ræðu minni að þar yrði stigið varlega til jarðar og að þau ákvæði EES-samningsins sem heimila þrengingar í þá veru verða vitaskuld nýtt. Þá á ég við sjónvarp, eins og hér hefur verið komið inn á í umræðu oft og einatt. Einnig vil ég geta þess, af því að sérstaklega voru nefnd svokölluð undanþágulausasölulyf, að það er heimild í þessum sömu EES-ákvæðum að marka þeim mjög þröngan bás og sú heimild verður nýtt til hins ýtrasta.

Varðandi 20. gr., sem hv. þm. staldraði kannski hvað lengst við, um praxísinn, ef svo mætti orða það, við uppsetningu og stofnun nýrra lyfjabúða, þá hygg ég að þrátt fyrir orðalag frv., ef um það er að ræða að umsækjandi telur að upptökusvæði sitt nái yfir eitt eða jafnvel fleiri sveitarfélög, þá sé, að minni hyggju, ekki undan því komist að leita álits allra þeirra sveitarfélaga sem koma til með að eiga þarna hlut að máli. Því á endanum er það auðvitað ákvörðun ráðherra sem þar mun ráða og ég hygg að hann muni leita sem víðast fanga eftir sjónarmiðum í málinu. Það sama gildir raunar um þessi staðbundnu leyfi sem hv. þm. staldraði líka mikið við. Það eru auðvitað sveitarfélögin, að minni hyggju, heimamenn, sem eiga talsvert að ráða ferð í þessum efnum, enda er þetta ákvæði og brtt. þar að lútandi sérstaklega komnar inn til að gefa heimamönnum, sem eru notendur og njótendur þjónustunnar, sem mest vægi og rúm í ákvörðunum af þessum toga.

[12:31]

Margrét Frímannsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir þessi svör. Hæstv. ráðherra sagðist vera að svara hér spurningum sem ekki hefði borið á góma áður. Yfir öll þessi atriði var farið mjög rækilega um daginn þegar við höfum þessa umræðu. Ég fagna því að ráðherra skuli hugsa sér það þannig að setja um það mjög ákveðnar reglur hvernig á að útfæra sérstaklega 20. gr. og eins með undanþágulausasölulyfin og að stíga varlega til jarðar, hvað sem það nú þýðir, varðandi auglýsingarnar. En mér finnst það alla vega sýna vilja hæstv. ráðherra til þess að huga vel að þessum málum en flana ekki að neinu og það var akkúrat það sem við höfum farið fram á. En það má líka hugsa sér að sú nefnd sem við höfum farið fram á að verði skipuð komi eitthvað inn í þegar farið verður að móta þær reglugerðir og nánari útfærslu á frv., sérstaklega ef hún yrði hugsanlega skipuð fulltrúum allra flokka. Ég vildi gjarnan heyra áður en langt er liðið á þennan dag hvort hæstv. ráðherra gæti fallist á eitthvað slíkt.

Umræðu frestað.

Um fundarstjórn.

Skýrsla um skuldastöðu heimilanna.

[13:31]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla kannski ekki að gagnrýna fundarstjórnina beint heldur vinnubrögð þingsins og ákveðið slys sem mér finnst að hafi hér komið fyrir gagnvart máli sem ég ásamt öðrum átta hv. alþm. lagði fram í desember sl.

Þá lögðum við fram, níu framsóknarmenn, beiðni um skýrslu til félmrh. um skuldastöðu heimilanna. Alþingi samþykkti hér á fundi að verða við þessari beiðni og hæstv. félmrh. var send beiðnin. Nú segir í þingsköpum Alþingis, sem ég veit að hæstv. forsn. vill starfa eftir og hæstv. forseti virðir meira en nokkuð annað, um þetta atriði: „Níu þingmenn geta óskað skýrslu ráðherra um opinbert málefni. Skal beiðnin vera skrifleg og beint til forseta og má fylgja henni stutt greinargerð. Skal beiðnin prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi. Á næsta þingfundi ber forseti það undir atkvæði umræðulaust hvort beiðnin skuli leyfð. Forseti tilkynnir hlutaðeigandi ráðherra um beiðni um skýrslu sem leyfð hefur verið."

Síðan segir: „Ráðherra skal ljúka skýrslugerðinni innan tíu vikna og skal skýrslan þá prentuð og útbýtt meðal þingmanna á fundi.

Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir þá grein fyrir henni."

En núna fimm dögum eftir að Alþingi átti að vera lokið þá kemur þessi skýrsla hér fyrst inn á borð. Tuttugu vikum eftir að beiðnin er lögð fram og fimm dögum eftir að þinghaldi átti að vera lokið. Það kann að vera að það séu maðkar í mysunni. Ég ræddi það stundum hér hæstv. félmrh. hvenær skýrslan kæmi. Mér var jafnan tjáð að það vantaði upplýsingar frá Þjóðhagsstofnun. Nú sé ég að Þjóðhagsstofnun hefur lokið sinni greinargerð um málið 30. mars, eða fyrir rúmum mánuði síðan. Þannig að það hefur ekki verið rétt. Auðvitað gruna ég ríkisstjórnina um að hafa ekki viljað fá fram þá svörtu skýrslu sem nú kemur hér inn á borð alþingismanna, um skuldastöðu heimilanna, fyrir hinn eðlilega eldhúsdag, að þeir hafi ekki viljað fá hana fram og til umræðu á eldhúsdegi. Hæstv. forsrh. leyfði sér að segja það hér í gær að nú væri vor fram undan og góð staða á öllum vígstöðvum þó hér séu átta þúsund manns atvinnulausir og skuldastaða heimilanna hafi á einu ári, eins og hér kemur fram, aukist um 8,7% að raungildi.

Þetta er vanvirða við Alþingi Íslendinga og hv. þm. sem biðja um skýrslu. Ég vil spyrja hæstv. forseta, þegar verið er að setja niður tímasetningu þingsins, hvort ekki sé farið yfir það hvaða mál vantar úr ráðuneytum? Þetta mál er þannig að auðvitað verður það rætt hér. Við getum rætt hér um skuldastöðu heimilanna í heila viku. Þar blasa við verstu verk þessarar ríkisstjórnar.

[13:34]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Varðandi þær athugasemdir sem komu fram hjá hv. þm. þá má ég til með að koma með upplýsingar inn í þessa umræðu. Ég er mjög ánægð með að þessi skýrsla er komin fram og ég held að hún sé mikilvæg fyrir okkur öll að fá til skoðunar á því sem við öll höfum náttúrlega óttast og vitað að meira eða minna leyti. En það er verið að biðja um að setja í skýrslu upplýsingar á einn stað, sem ekki eru alltaf aðgengilegar. Ég vil nefna það, út af þeim orðum sem komu fram hjá þingmanninum, að þetta væri viljandi gert og af einhverjum annarlegum orsökum, að á síðasta kjörtímabili var ég sjálf með beiðni um skýrslu um skattframtöl og það tók marga mánuði að vinna hana. Ég var stjórnarliði en ráðherra reyndar ekki flokksmaður minn. En þetta eru upplýsingar sem mér finnst mikilvægt að komi fram þegar svona ásakanir birtast hjá þingmanni. Þá var sagt að það tæki svo langan tíma að vinna upp þessar upplýsingar í tiltæku samanburðarformi og á þann veg sem beðið var um, þrátt fyrir að maður skyldi ætla að það væri tölvutækt. Og maður verður að gera sér grein fyrir því að sumar skýrslur eru þannig að ef taka á saman allar upplýsingarnar þá tekur það langan tíma. Þessi skýrsla er komin fram og það er mikilvægt að hún hefur náðst fram og mér finnst að það sé ekki maklegt að saka þann ráðherra sem hér á í hlut, sem ber þennan hóp svo mjög fyrir brjósti sem hér er fjallað um, að þar sé einhverju leynt eða þar sé eitthvað tafið.

[13:36]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær athugasemdir sem hér hafa komið fram varðandi þessa skýrslu. Hér er afar merkilegt og brýnt mál á ferðinni og hér koma fram mjög athyglisverðar upplýsingar um skuldastöðu heimilanna og það er augljóst mál að við

þurfum umræðu um þessa skýrslu. Það er afar sérkennilegt að hún skuli koma fram daginn eftir eldhúsdag þegar við lesum það hér í inngangi að Þjóðhagsstofnun skilar skýrslunni af sér 6. apríl. Fyrir mánuði síðan var skýrslunni skilað í ráðuneyti og það hefur tekið mánuð að koma henni hingað inn í þingið. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Þetta er mjög alvarlegt og brýnt mál og það er ekki viðunandi að vinnubrögð séu með þessum hætti. Við gerum okkur áreiðanlega öll grein fyrir því að það hefur tekið mikinn tíma að vinna þessa skýrslu og vonandi er hér vönduð vinna á ferðinni, en það þarfnast skýringa að það skuli hafa tekið mánuð að koma skýrslunni úr ráðuneytinu og hingað inn á þing.

[13:37]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég sakna þess þegar ég spyr hæstv. forseta um atriði að mér sé ekki svarað og umræðan heldur stöðugt áfram. Hins vegar verð ég að segja það um málflutning hv. þm. Rannveigar Guðmundsdóttur að þetta var léleg vörn — og sé ég nú að hæstv. félmrh. er gengin í salinn. En það vekur auðvitað athygli að enginn ráðherra Alþfl. talaði í gær og þeir virðast ekki hafa mál heldur í dag. Þeir svara ekki sjálfir, þeir senda þingmenn sína fram. Hvað er nú orðið um tungutakið í Alþfl., sem stundum hefur verið stórt, um að þeir vildu bjarga heimilunum.

En ég geri, hæstv. forseti, athugasemdir við það að forsætisnefnd skyldi ekki ganga í þetta mál og gera sér grein fyrir því að hér er um svo stórt mál að ræða að það hlýtur að verða tekið hér til umræðu. Ég gat þess áðan að hæstv. félmrh. hefði sagt mér að það stæði á upplýsingum frá Þjóðhagsstofnun. Nú kemur í ljós, hæstv. félmrh., að skýrslan kom inn til félmrn. 6. apríl. Það er 5. maí í dag. Og miðað við þær upplýsingar sem hér eru þá er mér ekkert að vanbúnaði og þinginu að taka þessa skýrslu til umræðu. Það getur verið margra daga verkefni. En ég verð að endurtaka það sem ég sagði áðan: Auðvitað grunar mann það að ríkisstjórnin hafi ekki viljað að þingmenn hefðu þær upplýsingar í höndunum þegar hér var verið að gera hreint á eldhúsdegi Alþingis í gærkvöldi því hér eru svo ljótar tölur um það hvernig skuldastaða heimilanna hefur þróast í tíð þessarar ríkisstjórnar. Hér er hrollvekja á ferð, hér er stærsta vandamálið sem nú blasir við íslensku samfélagi, að margt unga fólkið er að missa heimilin sín og margar fjölskyldur eru að fara illa. Þessi ríkisstjórn hefur vissulega lagt drápsklifjar á fjölskyldufólkið á Íslandi, gert það af meira miskunnarleysi en nokkru sinni fyrr og þar hefur meðaltekjufólkið farið verst og unga fólkið á Íslandi. Þess vegna kann það að vera rétt að óska eftir umræðu frá Alþingi sem væri bæði útvarpað og sjónvarpað um þetta stóra mál.

[13:40]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég stend hér upp til að taka undir það sem hér hefur komið fram að það er auðvitað mjög bagalegt þegar upplýsingar af þessu tagi berast jafnseint til þingsins og raun ber vitni í þessu tilviki. Reyndar mun það eiga við um fleiri atriði, svör við fyrirspurnum, skýrslubeiðnum og svo hitt að skýrslur sem loksins hafa komið fram fái að komast til umræðu. Og það er auðvitað í raun og veru alveg magnað að fá á borð sitt upplýsingar af þessu tagi nokkrum klukkutímum eftir að eldhúsdagsumræðum lýkur. Ég hlýt að taka undir að það er vægast sagt óheppileg tilviljun, sem það hlýtur auðvitað að vera, að þetta skuli koma á borð þingmanna nokkrum klukkutímum eftir að eldhúsdagsumræðunni lýkur. Og upplýsingarnar sem hér koma fram, eins og hv. þm. Guðni Ágústsson nefndi, eru auðvitað svakalegar. Það passar nú ekki vel við það sem hér var sagt í gær, af hæstv. forsrh., „vorið í íslensku efnahagslífi“, að skuldir heimilanna hafi aukist í fyrra um 26 milljarða kr. Hefði hæstv. forsrh. tekið eins til orða um vorið í íslensku efnahagslífi ef hann hefði haft þessar upplýsingar fyrir framan sig? Eða hafði hann þær kannski? Vissi ríkisstjórnin að þessi skýrsla væri á leiðinni til þingmanna og búin að vera það í heilan mánuð?

Það er nú einu sinni þannig að það að biðja um skýrslu og það að biðja um svör við fyrirspurnum, hæstv. forseti, er eitt fárra úrræða sem óbreyttir þingmenn og þingmenn stjórnarandstöðunnar hafa til að standa á einhverjum jafnréttisgrundvelli í umræðum við ráðherra og þá sem fylgja meiri hlutanum að málum. Vegna þess að auðvitað liggur í augum uppi að þar er aðstöðumunurinn almennt ærinn þar sem þeir hafa kerfið á bak við sig, ráðuneytin til að vinna fyrir sig og svo framvegis. Þeim mun mikilvægara er það að þessi grundvallarréttur þingmanna og lýðræðislega baktrygging þeirra, að geta í gegnum beiðnir um skýrslur og fyrirspurnir, fengið svona upplýsingar og fengið þær til umræðu, séu virt og það sé vel með þau farið. Það er auðvitað mjög ámælisvert ef póstsamgöngurnar eru orðnar slíkar úr félmrn., sem er hérna niður í Hafnarhúsi og ekki langur spölur á milli, það þekki ég vel af eigin raun, hljóp þar oft á milli, að það taki mánuð að koma svona upplýsingum hér á milli. Það er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að fá það betur skýrt hvernig á því stendur að þetta hefur dregist svona og hvað veldur þessum einkennilegu tilviljunum að þetta birtist hér á borðum okkar daginn eftir eldhúsdagsumræður.

Svo tek ég undir það sem hv. þm. og málshefjandi sagði hér áðan, að það er fullkomlega ástæða til að skoða það hvort ekki verði að skapa svigrúm fyrir umræður um skuldaaukningu heimilanna og atvinnuástandið, m.a. á grundvelli þeirra upplýsinga sem hér eru að koma fram.

[13:43]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég held það sé öllum ljóst sem lesa þessa beiðni um skýrslu og þær spurningar sem hér eru settar fram að hér var um nokkuð viðamikið verkefni að ræða, enda var það svo að ráðuneytinu barst þetta frá Þjóðhagsstofnun 6. apríl. Ég býst við að þingmenn Framsfl., sem bera fram þessa beiðni um skýrslu, hafi ekki ætlast til þess að ráðuneytið yrði bara einhver póstur fyrir Þjóðhagsstofnun, þannig að við

hefðum flutt þessa skýrslu eins og hún kom fram bara beint inn í þingið, heldur er hér verið að spyrja um afstöðu félmrn. og greinargerð þess um skuldastöðu heimilanna. Þannig að það var ekki óeðlilegt að ráðuneytið þyrfti líka nokkurn tíma til að fara í gegnum þessa skýrslu og vinna sinn inngang og greinargerð með henni. Og að halda því fram að þetta hafi af ásettu ráði komið fram deginum eftir að eldhúsdagsumræður voru, ég vísa því nú alfarið á bug. Þetta var tilbúið frá ráðuneytinu í síðustu viku en þetta tók þennan tíma að fara í gegnum prentsmiðju. Ég var einmitt að reka á eftir þessu sl. mánudag, en þetta tekur bara þennan tíma. Þannig að ég vísa því alfarið á bug að það hafi átt að halda þeim upplýsingum, sem hér koma fram, leyndum þar til að eldhúsdagsumræður yrðu afstaðnar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti lítur svo á að hér hafi komið svör við þeim athugasemdum sem hv. 5. þm. Suðurl. bar fram í upphafi. Það hefur komið fram að það eru ástæður fyrir því þegar skýrslur koma ekki á réttum tíma. Það getur tekið lengri tíma heldur en gert er ráð fyrir, jafnvel í þingsköpum, og oft er það svo að það er þá látið vita af því ef ekki verður hægt að svara, t.d. fyrirspurn, fyrir ákveðinn tíma, svo að dæmi séu tekin. Það er fylgst með hlutunum og reynt að fylgja þeim eftir, eftir því sem hægt er.

[13:46]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir að hreyfa þessu máli. Hér er mjög alvarlegt mál á ferðinni og ég ætla ekkert að blanda mér í það hvernig þessi skýrsla er komin á okkar borð. Hins vegar er nauðsynlegt að ræða þessa skýrslu og ekki síst í ljósi þeirrar umræðu sem fór fram hér í gær. Það hefur vakið mikla furðu að forustumenn ríkisstjórnarinnar töluðu í gærkvöldi eins og það væri allt í lagi í þjóðfélaginu. Það verður að koma fram hvort þeir treysta sér til þess, með þá skýrslu sem liggur hérna á borðinu, að tala eins og það sé vor og gróandi í þjóðfélaginu og það sé allt í lagi. Auðvitað verður það að koma fram á næstu dögum. Auðvitað höfðum við grun um að ástandið væri eitthvað þessu líkt og þetta setur atvinnuástandið í landinu í enn þá alvarlegra ljós heldur en það var að sjá þvílíkar niðurstöður eins og eru í þessari skýrslu.

[13:48]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Vegna þeirrar umræðu sem hefur farið hér fram um þá skýrslu sem var verið að dreifa og þar sem það kom fram í máli hæstv. forseta að reynt væri að vinna vel og hratt að þeim skýrslum sem beðið væri um vil ég segja að það er nú pottur brotinn í þessu, a.m.k. í sumum tilvikum. Ég vil minna á að sú skýrsla sem dreift var hér fyrir fáeinum dögum síðan og beðið var um af þingmönnum Alþb., um Bifreiðaskoðun Íslands, var í smíðum í sex mánuði frá því að beðið var um hana. Það hafði verið spurt eftir henni hvað eftir annað á því tímabili. Það var nú ekki skýrsla sem var meiri að vöxtum heldur en þessi sem hér var verið að dreifa. Þannig að ég held að það þurfi nú kannski að halda svolítið betur utan um þessa hluti frá hendi þingsins og fylgja því eftir að þeim reglum sem settar eru um skýrslur sé þá fylgt eftir. Það er auðvitað sérlega bagalegt þegar beiðnir koma fram með eins löngum fyrirvara og þessum, snemma á þingvetrinum, að skýrslurnar skuli síðan ekki birtast fyrr en á lokadögum þingsins þegar nánast er útilokað að koma að umræðum um þær, sem þingmenn vilja kannski fá, af eðlilegum ástæðum, þegar um merkileg mál og stór er að ræða. Og ég vil taka undir það að þessi skýrsla sem nú hefur birst á borðum þingmanna er fullkomin ástæða fyrir því að taka upp umræðu um þetta efni og ég tek undir þá kröfu að það verði gefinn tími til þess, enda sé ég ekki að þingstörfin gangi yfirleitt það hratt þessa dagana að það breyti miklu þó það verði talað í nokkra klukkutíma um svo stórt mál sem þetta.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti kannast við það sem hv. 3. þm. Vesturl. nefndi hér um þessa skýrslu sem hann gerði að umræðuefni. Það er rétt sem kom fram hjá honum að langan tíma tók að setja hana saman og skrifstofa Alþingis rak á eftir því að fá þá skýrslu. Það var fylgst með því máli og forseti hefur ekki meira um það að segja.

[13:51]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hér fóru fram í gær eldhúsdagsumræður um stöðu mála í samfélaginu og hæstv. forsrh. lýsti því yfir að nú væri vor, batnandi hagur hinna verst settu í þjóðfélaginu kæmi þeim nú þægilega á óvart, eins og hann sagði. Daginn eftir að þessi umræða fór fram birtist þessi umrædda skýrsla sem ég vil þakka hv. 5. þm. Suðurl. fyrir að vekja athygli á. Þar kemur fram að árið 1992 voru skuldir heimilanna 2% hærri en ráðstöfunartekjur, en nú sýna tölur að skuldir heimilanna eru 16% hærri en ráðstöfunartekjur.

(**Forseti** (SalÞ): Ég vil biðja hv. þm. að tala um fundarstjórn.)

Ég ætla ekki að fara efnislega út í þetta frekar, frú forseti, en hér er auðvitað mál af þeirri stærðargráðu að það er óhjákvæmilegt að efna til umræðu um það og biðji ekki hv. upphafsmaður umræðunnar um utandagskrárumræðu þá munum við alþýðubandalagsmenn gera það. En að sjálfsögðu finnst mér réttur hv. 5. þm. Suðurl. í því efni eðlilegur. En við getum ekki skilið svo við þetta þing og farið heim að við skiljum þjóðina eftir í þessu ástandi án þess að hafa af því minnstu áhyggjur og án þess að afhjúpa ósannindi hæstv. forsrh. sem voru borin á borð fyrir landsmenn í gær.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að gefnu tilefni vill forseti upplýsa að það hefur talast svo til á milli forseta og hv. 5. þm. Suðurl. að ræða um ósk hans um utandagskrárumræðu á réttum vettvangi sem er á skrifstofu forseta.

[13:53]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað mjög merkilegt að ríkisstjórnin skuli hafa kosið að dreifa þessari skýrslu daginn eftir að þjóðin hlustaði á uppgjörsumræður hér á þinginu. Það er auðvitað alveg ljóst að þingmenn Alþfl. og forsrh. hefðu ekki getað farið með þulur sínar í gærkvöldi um blóm í haga, vor í lofti og batnandi hag ef þessi skýrsla hefði legið á borðum þingmanna. Auðvitað hefur skýrslan verið tilbúin fyrir umræðuna, en það er alveg greinilegt að forsvarsmenn ríkisstjórnarinnar hafa kosið að sýna ekki þetta plagg fyrr en þessi helsta umræða seinni hluta þingsins væri liðin.

Hæstv. forseti lýsti því áðan að það þyrftu að fara fram einhverjar umræður um utandagskrárumræðu um þessa skýrslu á þeim stað sem þær fara fram, á skrifstofu forseta. Það er misskilningur hjá hæstv. forseta. Þingsköpin eru ekki bara þingsköp, þau eru lög í landinu. Og það stendur alveg skýrt í 46. gr. þessara laga með leyfi forseta:

„Ef ráðherra eða skýrslubeiðendur, einn eða fleiri, óska þess skal skýrslan tekin til umræðu. Ráðherra gerir þá grein fyrir henni."

Það er þess vegna ekkert á valdi forseta að neita þessari umræðu. Það er skýrt ákvæði í lögum íslenska lýðveldisins að umræðan skal fara fram. (**GÁ:** Og hvenær félmrh. skal koma með ...) Jafnframt eru ákvæði um það hvenær skýrslunni skuli skilað, en þau eru ekki hér til umræðu. Nú liggur skýrslan fyrir og þess vegna tel ég að forseti þingsins hafi ekkert vald til þess að setjast að samningaborði með hv. þm. Guðna Ágústssyni um það hvort þessi umræða fari fram eða hvort um utandagskrárumræðu verði að ræða. Það verður engin utandagskrárumræða. Ef hv. þm. Guðni Ágústsson, eins og hann hefur gefið til kynna, óskar eftir því þá dugir samkvæmt 46. gr. laganna að einn þingmaður óski eftir því. Þess vegna, virðulegi forseti, er málið alveg skýrt. Hv. þm. Guðni Ágústsson hefur óskað eftir því að það fari fram umræða um skýrsluna og þá er lagaskylda forseta að láta þá umræðu fara fram. Og eins og hér hefur komið fram þá er það eindregin ósk Alþb. að forseti lúti þessari lagagrein og þessi umræða fari fram hið fyrsta.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962.

[13:56]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umfjöllunar hefur verið nokkuð lengi til umræðu á hinu háa Alþingi og má segja að við séum komin í seinni hálfleik og er spurning hvort það verði framlenging á málinu, en um það snýst málið á þessari stundu hvort menn nái samkomulagi í því. Mér sýnist að svo geti orðið.

Það er kannski fátt sem hefur komið manni á óvart í þessari umræðu undanfarna daga í lyfjamálinu nema það væri eitt. Það kemur manni mjög á óvart að það hefur enginn hv. sjálfstæðismaður tekið þátt í þessari umræðu. Það hefur nánast ekki einn einasti hv. þm. sjálfstæðismanna svo mikið sem sést í salnum á meðan þessi umræða hefur farið fram. Það eru nokkrir tryggir hv. þingmenn eins og Eyjólfur Konráð Jónsson og Eggert Haukdal sem sitja hér oftast í salnum (**Gripið fram í:** Eru þeir ekki sjálfstæðismenn?) en þeir hafa ekki tekið þátt í þessari umræðu og enginn frá Sjálfstfl. úr hv. heilbr.- og trn.

Það kemur sérstaklega á óvart vegna þess að við 1. umr. þessa máls voru það nokkrir sjálfstæðisþingmenn sem höfðu mikinn fyrirvara við þetta mál. Ekki sá forseti sem nú situr, en báðir þeir hæstv. forsetar sem sátu í morgun. Þannig að það kemur mér mjög á óvart að þeir skuli láta þetta mál sigla fram hjá sér án þess svo mikið sem taka þátt í umræðunni. Ég hlýt að spyrja hæstv. forseta, hvers vegna það sé. En það eru að sjálfsögðu engin svör vegna þess að sjálfstæðismenn vilja ekki taka þátt í þessari umræðu einhverra hluta vegna, þeir vilja ekki taka þátt í þessari umræðu. (**SvG:** Af hverju ætli það sé?) Það er spurt hér utan úr sal, að vísu ekki frá sjálfstæðismanni. (**SvG:** Hvað segir Sjálfstfl.?) Ja, nú gengur hæstv. forsrh. í salinn og hann hefur eflaust svör við þessari spurningu sem ég er akkúrat að spyrja á þessari stundu: Hvers vegna hefur enginn sjálfstæðismaður tekið þátt í umræðu um lyfjalög? Varla þykir þeim þetta mál svo lítið og léttvægt að það sé ekki ástæða til að taka þátt í því. Það kann að vera eitt svarið. Og meðan annað svar fæst ekki, þá met ég það svo.

Ég tel að við í minni hluta heilbr.- og trn. höfum svo sem ekki miklu við það að bæta sem fram hefur komið, en samt held ég að ég verði að spyrja formann heilbr.- og trn., sem hlýtur að vera hér í einhverjum hliðarsal, hvað hann á við nákvæmlega þegar hann segir það þráfaldlega í fjölmiðlum — er hv. þm. hér í salnum forseti?

(**Forseti** (SalÞ): Ekki sér forseti að hann sé í salnum.)

En hæstv. forseti mundi kannski sjá ef hann væri merktur inn í húsið?

(**Forseti** (SalÞ): Þingmaðurinn er í húsinu.)

Hann er í húsinu. Ég vona að hv. formaður heilbr.- og trn. heyri mál mitt þegar ég spyr hann — hann hefur margsinnis sagt að við værum með því að tefja þetta mál að tefja fyrir því að sjúklingar í þessu landi fengju lyfin sín á lægra verði og hann hefur meira að segja nefnt tölur í því sambandi. Hann hefur t.d. nefnt 100 millj. Mig langar að hann svari þeirri spurningu hér, hvernig hann skýri hana.

Hann hefur einnig sagt um fulltrúa Kvennalista, Alþb. og Framsfl. að þeir hafi ekki nokkurn einasta áhuga fyrir öðru í þessu máli heldur en að ganga erinda apótekanna í landinu. Það sé eini áhuginn sem við sýnum þessu máli. Áhugi okkar á þessu máli sé sá að við séum að verja hagsmuni tíu apótekara í landinu, það sé áhugi okkar. Það er sem sé það álit sem hv. þm. hefur á okkur sem vinnum með honum að þessu máli

og hann telur að við höfum engin heilbrigðismarkmið í huga þegar við tölum gegn málinu. Þetta er þungur áfellisdómur og við getum ekki setið þegjandi undir því.

Mér dettur nú bara í hug gamla máltækið, margur heldur mig sig. Og það skyldi þó ekki vera eingöngu það sem hv. þm. er að hugsa um, að koma þessum tíu aðilum á kné, það sé bara eina markmiðið með lögunum. Og þá spyr ég nú: Er ekki hægt að gera það á fínlegri hátt en þetta? Ég mundi geta aðstoðað hann við það á annan hátt en lagt er til í þessu frv., ef það væri eina markmiðið, því það er hægt að skattleggja á ýmsa vegu án þess að kollvarpa kerfi sem hefur reynst ágætlega að mörgu leyti. Og við höfum margsinnis sagt að þær breytingar sem þurfi að gera á þessu kerfi sé hægt að gera á annan hátt en hér er boðað.

Fyrir svo sem viku hélt hæstv. heilbrrh. mjög merka ræðu hér í þinginu og svaraði okkur þingmönnum þeim mörgu spurningum sem við beindum til hans og á þeirri ræðu mátti heyra að við gætum náð saman í þessu máli. Við gætum auðveldlega náð saman, en með því þyrfti kannski að skoða ýmsa þætti frv., því þau góðu markmið sem hæstv. ráðherra hafði nást ekki með þessu frv. ef að lögum verður. Við höfum svo margsinnis sagt og ég ætla ekkert að endurtaka það að það er einungis markaðshyggjan sem ræður ferðinni þegar þetta frv. er upphaflega samið. En sem betur fer hefur tekist að koma inn ýmsum breytingum og það eru yfir 20 brtt. sem fylgja þessu frv. Þetta er nánast orðið nýtt frv. Og ef við tækjum okkur örlítið lengri tíma þá gæti þetta orðið hið besta mál, því að við getum ekki skoðað lyfjamál einungis frá markaðshyggjunni. Við getum ekki skoðað þetta eins og við skoðum t.d. lambakjöt og hvaðeina sem við viljum selja á lágmarksverði. Við erum ekki að ræða um það á þessu tilviki. Við erum að ræða um aðra og miklu viðkvæmari hluti.

Já, það kom margt fram í þessari ræðu hæstv. heilbrrh. þegar hann svaraði okkur þingmönnum. Hann taldi t.d. að þetta mundi örva lyfjafræðinga til að fara út á land og hann nefndi sérstaklega og var glaður yfir, eðlilega, að það væri nýbúið að veita embættið á Siglufirði. Þar hefðu tveir apótekarar sótt um stöðuna og hefði verið mjög erfitt að ákveða hvor þeirra fengi hana. En ég er alveg viss um að hann þarf ekki að hafa áhyggjur af því, ef þetta frv. gengur svona fram eins og það liggur fyrir, það verður ekki nokkur apótekari sem sækir um Siglufjörð næst. Og þá spyr ég enn og einu sinni, þó það megi náttúrlega alls ekki hugsa um hag lyfjafræðinga, ekki þegar kemur að fjárfestingunni. Ég hef sagt það hér og skammast mín ekki fyrir það að ég hef áhyggjur af því að ungir lyfjafræðingar eru að fjárfesta úti á landi fyrir tugi milljóna sem verða einskis virði ef frumskógalögmálið á algerlega að gilda í þessum málum.

Það kom annað fram í máli hæstv. heilbrrh., sem er óskylt þessu máli. Það var um þær auglýsingar sem hafa dunið yfir í þjóðfélaginu fyrir skömmu um það að hvetja sjúklinga til þess að athuga hvort læknar merki lyfseðlana með S-i þannig að það sé ávallt tekið ódýrasta sambærilega lyfið. Hann taldi að hann gæti náð þarna fram einum 200 millj. kr. sparnaði fyrir ríkið með því að auglýsa fyrir tæpar 5 millj. kr. Mér þykir það nokkrum tíðindum sæta ef það er virkilega orðið þannig í þessu landi að auglýsingar í útvarpi og sjónvarpi frá heilbrrn. hafi áhrif á læknana, að þar séu ekki hagsmunir sjúklinga hafðir í fyrirúmi.

Það var líka annað sem kom fram í máli hæstv. heilbrrh. sem mér fannst afar athyglisvert. Hann sagði að það væri æ oftar sem sjúklingar spyrðu lækninn sinn si svona: Hvað kostar nú þetta lyf, læknir minn góður? Og það var einmitt þetta sem sagði manni svo margt. Það skiptir auðvitað sjúklinginn orðið meira og meira máli hvað lyfið kostar vegna þess að hlutdeild sjúklingsins hefur hækkað úr innan við 20% í yfir 30% á mjög skömmum tíma. Það á auðvitað að vera markmið okkar allra að reyna að lækka lyfjaverð og það viljum við, en þá þurfum við að skoða þetta mál miklu heildstæðar heldur en við höfum gert hingað til og skoða það með innflutninginn í leiðinni.

En það er ekki ástæða til á þessari stundu, þar sem ég hef nú tækifæri til að tala aftur ef í það fer og mér virðist vera kominn sá andi í menn að þeir vilji semja um þetta mál, þá ætla ég ekki að tefja hér tímann, en mig langar að spyrja hæstv. heilbrrh. einnar spurningar. Ég ætla ekki að koma með neinar flóknar spurningar hér í blárestina. En það er ein spurning sem mig langar til að spyrja hæstv. heilbrrh.: Af hverju heldur hann að Íslendingar neyti minna af lyfjum heldur en flestar aðrar þjóðir heims? Þetta er spurning sem við verðum að svara vegna þess að hún er mjög mikilvæg. En ég sé að hæstv. heilbrrh. hefur öðrum hnöppum að hneppa en að svara. En þetta er mjög mikilvæg spurning. Og við megum engu breyta í þessari þjónustu sem gerir það að verkum að við þurfum að neyta meiri lyfja en við raunverulega þurfum. Þannig að þetta er brennandi spurning sem ég vona að hæstv. heilbrrh. hafi velt fyrir sér.

En ég hlýt enn þá að spyrja: Hvernig stendur á því að sjálfstæðismenn hafa ekki tekið þátt í þessari umræðu og varla sést í salnum þá löngu hríð sem þessi umræða hefur staðið yfir? Eru sjálfstæðismenn fullkomlega sáttir við frv. eins og það liggur fyrir? Ef þeir eru það þá er ekkert við því að segja og engin ástæða til að tefja þetta mál neitt fremur því það kemur auðvitað fram í atkvæðagreiðslu hver þeirra vilji er. En þetta er sú spurning sem fleiri en ég spyrja sig á þessari stundu. Hvernig stendur á því að þeir láta þetta mikilvæga mál algjörlega afskiptalaust?

[14:11]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið hefur þessi umræða tekið allnokkurn tíma og verið farið ítarlega í það frv. og þær breytingartillögur sem fyrir liggja. Hins vegar hafa fulltrúar þingflokka og talsmenn flokkanna í þessari umræðu átt tal saman til þess að freista þess að liðka fyrir gangi þessa máls og afgreiðslu þess og í því ljósi hefur það orðið að samkomulagi að sá er hér stendur, heilbr.- og trmrh., muni

skipa nefnd er hafi það hlutverk m.a. að fylgjast með hvaða áhrif EES-samningurinn hafi á lyfjanotkun og lyfjakostnað almennings og hins opinbera hér á landi. Nefndin verður skipuð fulltrúum frá þeim stjórnmálaflokkum sem fulltrúa eiga á Alþingi ásamt fulltrúa heilbrrn. sem verður formaður. Nefndin skal fyrir 1. sept. 1995 skila skýrslu til ráðherra m.a. um ofangreind áhrif.

Þessu til viðbótar er við það miðað að heilbr.- og trn. geri breytingartillögu á milli 2. og 3. umr. í þá veru að gildistími þeirra ákvæða frv. sem lúta að verðmyndunarkerfi og lyfjadreifingu verði ekki 1. júní heldur 1. nóv. 1995.

Ég hygg að með þessum breytingum sé talsvert komið til móts við sjónarmið aðila í þessu máli og að í því ljósi geti náðst allgóð sátt um afgreiðslu þessa máls á hinu háa Alþingi.

[14:13]

Frsm. minni hluta heilbr.- og trn. (Ingibjörg Pálmadóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. heilbrrh. fyrir þessa tilkynningu sem hér kemur fram og er í anda þess sem við höfum verið að ræða. Ég er ekki fullkomlega sátt við þetta en mér finnst þetta vera hænufet í áttina og sýnir þó vilja til að koma á móts við þær kröfur sem við höfum verið með í þessu máli. Okkar ýtrasta krafa var sú að EES-þáttur frv. væri afgreiddur á þessu þingi en því sem eftir stæði varðandi lyfsölu og lyfjadreifingu væri vísað til ríkisstjórnarinnar til frekari athugunar.

Ég tel að sú nefnd sem á að skipa sem við erum með tillögu um og vísum til í okkar nál. gæti komið þarna að nokkru gagni. Ég tel þó að tíminn sé of skammur sem hér er boðaður vegna þess að það tekur tíma að sjá hvaða áhrif verða af EES-samningnum og hvaða breytingar þurfi e.t.v. að gera á því frv. sem hér liggur fyrir. Tíminn er því mjög knappur en ég segi aftur: Þetta er í áttina og það ber að þakka að menn séu tilbúnir að koma svolítið á móts við stjórnarandstöðuna í þessu máli.

[14:14]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við höfum fengið að heyra yfirlýsingu heilbrrh. um það hvernig hann hyggst koma til móts við kröfur okkar að nokkru leyti um breytingar á frv. Ég þakka honum fyrir það þó að það gangi ekki til þess ýtrasta sem við hefðum viljað sjá en það er alltaf þannig ef menn reyna að semja um eitthvert mál að hvorugur getur náð fram sínum ýtrustu kröfum.

Þetta frv. er nokkuð sérstætt að því leyti til að það sem virðist vera stefnt að, þ.e. að ná niður lyfjaverði með því frjálsræði sem hér á að koma á, hefur enginn treyst sér til af þeim umsagnaraðilum sem hafa komið og rætt þetta frv. að fullyrða að geti orðið.

Hins vegar virðist frv. stefna í það að lyfjaverð gæti orðið mjög misjafnt á landinu. Ég tel ástæðu til að vekja athygli á því enn einu sinni að okkar kerfi hefur verið mjög svipað og í Danmörku. Danir eru að endurskoða sitt kerfi núna og leggja til breytingar á lögunum en þeir taka það út frá öðrum sjónarhóli en við höfum gert. Þeir leggja sérstaka áherslu á að lyfjaverð sé jafnt í öllu landinu. Þeir tóku sitt dreifingarfyrirkomulag til endurskoðunar og niðurstaða þeirra virtist verða allt önnur en heilbrigðisyfirvalda hér. Það segir í skýringum með því frv. sem þeir hafa lagt fram í vetur og ákváðu eftir skoðun á sínum lyfjalögum, með leyfi forseta:

„Það er skilningur ríkisstjórnarinnar" — þ.e. dönsku ríkisstjórnarinnar — „að út frá forsendum samkeppnisréttar sé í sjálfu sér æskilegt að afnema þau miklu afskipti sem nú eru á sviði lyfjadreifingar og koma í stað þess á fyrirkomulagi með frelsi til að setja upp apótek hvar sem er og frjálsri verðlagningu. Ríkisstjórnin vill þó ekki leggja slíkt til. Hún er þeirrar skoðunar að stefna í heilbrigðismálum leyfi af ýmsum mikilvægum ástæðum einungis endurnýjun á sviði lyfjadreifingar. Ríkisstjórnin telur mikilvægt að tryggja að neytendur eigi sæmilega auðvelt með að kaupa lyf, einnig í dreifbýli. Í tengslum við þetta telur stjórnin að það sé í samræmi við stefnu í félagsmálum að halda fast við að neytendaverð á lyfi sé það sama alls staðar á landinu eins og reyndin er í öðrum EB-löndum." — Það vitna þeir nú reyndar í líka en segja síðan að með fullu frjálsræðisfyrirkomulagi sé ekki hægt að taka tillit til þess.

Ég vil leggja sérstaka áherslu á þetta og tel einmitt nauðsynlegt að skoða þetta í þeirri nefnd sem hæstv. heilbr.- og trmrh. ætlar að setja á fót til að skoða hvaða áhrif EES-pakkinn hafi þegar hann kemur til framkvæmda. Að öðru leyti ætla ég ekki að lengja mál mitt um þetta. Ég hef áður tekið til máls í þessari umræðu og lýst ítarlega mínum skoðum á frv. og hef þar engu sérstöku við að bæta.

Ég vil þó taka undir orð hv. 2. þm. Vesturl., Ingibjargar Pálmadóttur, sem spurði um það áðan hvort sjálfstæðismenn hefðu sætt sig við þær breytingar sem hér hefðu orðið á frv. Ég minnist þess einnig, eins og hún, að við 1. umr. um frv., bæði í fyrra þegar það var lagt fram og eins nú, voru þeir með miklar efasemdir og lýstu nánast andstöðu við það þannig að það mátti eiginlega lesa það út úr umræðum sem þá urðu að þetta frv. færi aldrei lengra en til 1. umr. Nú ber svo við við 2. umr. um málið að þó að einn og einn sitji í þingsal er enginn sem lýsir neinum skoðunum á frv. eða brtt. sem fram eru komnar. Þar sem hér er um stærri stjórnarflokkinn að ræða þá væri mjög eðlilegt að þingheimur og þeir sem hlusta á og fylgjast með umræðum frá þinginu fái að heyra hvaða skoðanir hinn stjórnarflokkurinn hefur á frv. eins og það lítur út.

En á þessu stigi hef ég ekki frekari athugasemdir við þetta. Ég tel að við stjórnarandstæðingar höfum komið okkar sjónarmiðum mjög vel á framfæri og nokkur árangur náðst. Ég vona svo sannarlega að einmitt það að skipuð verði nefnd sem skoðar þessi mál muni skila sér í því að menn endurskoði e.t.v. einhver ákvæði í frv. sem stefnir þá í að verða að lögum fyrir vorið.

[14:22]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég skal ekki lengja þessa um-

ræðu mjög enda búið nú þegar að tala allítarlega um málið og fara yfir flesta efnisþætti. Þegar þetta mál var síðast til umræðu var sá tónn í hæstv. ráðherra að hugsanlegt væri að ná einhverju samkomulagi um málið sem aðilar gætu sæst á og þyrfti ekki að tefja framgang þess. En það voru aðeins örfá atriði sem mig langaði til að ræða nánar og fá svör við hjá hæstv. ráðherra.

Ég beindi því m.a. til hans fyrr í umræðunni að þær breytingar sem þarf út af fyrir sig að ná fram og eiga að vera grunntónninn í frv. séu að lækka heildarkostnað við lyfjaneysluna hjá okkur, ná heildarverðinu niður og spara fyrir þjóðina í heild. Þá er ég að tala um að það er ekki nóg að velta kostnaði ríkisins yfir á einstaklinginn eða neytendurna. Þetta höfum við rætt oft áður og þegar ég átti sæti í þeim stóli sem hæstv. heilbrrh. skipar nú reyndum við mjög að leita leiða til þess að lækka heildarkostnaðinn án þess að velta byrðunum til á þennan hátt og eitt af því sem gert var var að lækka umtalsvert álagninu á lyf. Nú er ég ekki að segja að hún sé ekki enn þá óþarflega há og það megi ekki gera enn betur og ná kostnaðinum niður á því sviði. Ef ég man rétt var álagning í smásölu um eða yfir 70% þegar ég kom í heilbrrn. Þegar ríkisstjórnarskiptin urðu þá var álagningin komin í 60%, um eða niður fyrir 60%. Þar hygg ég að hafi verið a.m.k. 10% lækkun í álagningu og í heildsölunni voru tölurnar 17% í upphafi en 13,5% þegar ríkisstjórnarskiptin urðu.

Nú heyrði ég það á dögunum að hæstv. ráðherra greindi frá því að það hefði enn orðið lækkun á álagningu. Ég verð leiðréttur ef ég fer rangt með að það hafi verið 0,5% og í því sambandi hafa verið nefndar 50 millj. kr. sem sparnaður. Ég bað hæstv. ráðherra eða hv. formann heilbr.- og trn., hv. 5. þm. Austurl., að athuga ef þetta væru réttar tölur og réttar upplýsingar hver sparnaðurinn hefði verið í tíð fyrrv. ríkisstjórnar bara af þessari einu aðgerð, þ.e. lækkun álagningar.

Ég talaði um það líka að vafalaust væri hægt að ná niður kostnaði með ýmsu móti án þess að bylta kerfinu en ég vil undirstrika það af því að ég skrifaði það niður eftir hæstv. ráðherra í umræðunum um daginn að hann sagði að þingmenn sem hefðu talað hefðu lýst því yfir hver eftir annan að þeir vildu viðhalda þessu kerfi. Í sjálfu sér vil ég undirstrika það, a.m.k. fyrir mína parta að það er ekkert í þessu kerfi sem ég vil endilega halda í annað en það að þjónustan sé tryggð og þjónustan sé hluti af heilbrigðiskerfinu. Ekki, og ég undirstrika það þá líka, að breytingin væri á þann veg og hún mætti ekki verða á þann veg að þetta væri fyrst og fremst gert að markaðsmáli á þann hátt að það væri ekki gætt fyllsta öryggis, það væri ekki tryggt að allir nytu sömu þjónustu og það væri ekki tryggt að menn byggju við sana verð. Það er það sem ég vil hafa tryggt í breytingunum þegar breytingarnar verða framkvæmdar en fráleitt að ég segi og vil heldur ekki láta segja það um mig að ég sé endilega einhver varðhundur fyrir gildandi kerfi. Það vil ég undirstrika, virðulegur forseti, og vona að hæstv. ráðherra taki alvarlega það sem ég segi í því efni og geri mér ekki upp skoðanir um eitthvað allt annað en ég hef sagt.

Það eru þessir þættir að þetta er hluti af heilbrigðisþjónustunni, þetta er veigamikill þáttur sem við verðum að geta tryggt að neytendur sem eru, við getum kannski sagt svo ólánssamir að þurfa að nota þessa þjónustu eigi aðgang að þjónustunni á eðlilegan hátt og þeir borgi sama verð fyrir hana hvar sem þeir búa. Að þetta sé ekki markaðsvætt á þann hátt að þessi sjónarmið öll séu borin fyrir borð.

Þetta voru þættirnir sem ég vildi undirstrika og vil að hæstv. ráðherra taki tillit til þegar hann a.m.k. kemur hér í ræðustól og gerir öðrum upp skoðanir og eins að í hinni almennu umræðu sé alveg ljóst hver mín skoðun er á þessu máli.

Fleira kom fram í umræðunni, virðulegi forseti, á dögunum sem e.t.v. væri ástæða til að rifja örlítið upp en það vill nú fara svo að þegar langur tími líður milli umræðna eða umræðan er slitin í sundur með þeim hætti sem nú gerðist þá fyrnist kannski yfir eitthvað af því nema en menn gefi sér tíma til að setjast niður yfir það og rifja það aftur upp. Eitt af því sem hæstv. ráðherra sagði t.d. og fullyrti, öfugt við það sem er gert í þeim umsögnum sem hv. heilbr.- og trn. hafa borist um málið, var að kostnaðurinn mundi lækka, verðið mundi lækka, álagningin og kostnaðurinn og því gætum við treyst. Mér finnst út af fyrir sig gott ef hann er svo sannfærður í sinni sinni skoðun á ágæti málsins eins og það liggur fyrir, en ég fann ekki að það kæmi fram hjá honum neitt sem beinlínis bendir til að svo sé, enda andstætt því sem allar umsagnir segja, annað en bara hans fróma ósk, hans góði vilji og hans trú á því að kostnaður minnki. Það var ekkert sem sannfærði mig um að þessi fullyrðing hans stæðist. Síðan skrifaði ég eftir honum að við ættum að láta á þetta reyna því reynslan væri ólygnust. Gott og vel um það. En það er þá eins gott að sú reynsla verði á þann veg sem hann lýsir en ekki á þann veg sem umsagnirnar lýsa. Ég óttast það nokkuð, virðulegur forseti, að það kunni að vera að reynslan í þessu tilfelli geti orðið okkur nokkuð dýrkeypt. Þó reynslan sé mikilvæg og kenni mönnum oft þá er hún ekki alltaf ókeypis. Því miður getur það stundum verið svo að hún sé okkur dýrkeypt.

Annað var það sem hæstv. ráðherra fullyrti í umræðunni og mig langar aðeins að fá nánar upplýst hjá honum ef hann getur í stuttu máli ítrekað það sem hann sagði. Það er sú fullyrðing hans að þetta mundi leiða til lægra verðs og minni kostnaðar fyrir þjóðarbúið í heild, vonandi, ekki bara fyrir ríkiskassann. Það er hægt að beita allt öðrum aðferðum við að draga úr kostnaði fyrir ríkiskassann sem er allt annað mál en það að ná kostnaði niður í heild sinni sem er það sem skiptir máli. Það var sú fullyrðing hæstv. ráðherra að hámarksverð tryggði það að ekki yrði um tvenns konar verð að ræða. Ég sé alls ekki hvernig þetta getur verið, a.m.k. átta ég mig alls ekki á því hvernig hann ætlar á hinn bóginn að rökstyðja það að þetta leiði til lægri kostnaðar ef hámarksverðið á að tryggja að ekki verði um tvöfalt verði að ræða. Hann reiknar þá ábyggilega með því að hámarksverðið verði alls staðar notað, þ.e. allir sem selja lyf bindi sig við þetta há-

marksverð. Það er það eina sem getur tryggt það að ekki verði um tvenns konar verð að ræða í landinu. Hvernig á þá kostnaðurinn að nást niður við þessa breytingu ef það er hámarksverðið sem á að gilda öðruvísi en að hæstv. ráðherra ætli að knýja það umtalsvert niður og gera síðan ráð fyrir því að það eitt og sér geti ráðið úrslitum? Til þess þarf í raun ekki að bylta kerfinu eins og hér er boðað, að hleypa markaðinum að því á þann hátt sem hér er hugsað og virðist vera inntakið í þessum breytingum. Ef það er hámarksverðið sem á síðan að gilda og tryggja eitt verð fyrir alla neytendur þá finn ég ekki samhengið í þessu og bið hæstv. ráðherra aðeins að útskýra það fyrir okkur frekar. — Þó að ég sjái að hann er í síma í hliðarherbergi eins og er þá vænti ég þess að þessi fyrirspurn komist til hans.

Ég vil taka undir það sem kom fram í ræðu hæstv. ráðherra og er einhvers staðar nefnt í greinargerðum með frv., að það er mikilvægt að finna farveg fyrir lyfjafræðinga til þess að nýta betur sína menntun og veita betri þjónustu á sviði þessa þáttar heilbrigðisþjónustunnar. Ég átti viðræður um þennan þátt við lyfjafræðinga á meðan ég sat í heilbrrn. og ég tel að það sé vissulega þörf á að leita leiða til þess að lyfjaverslanirnar séu á betri hátt en nú hluti af heilbrigðisþjónustunni og veiti almennar upplýsingar og fróðleik um lyfjaneyslu og lyfjameðferð, um aukaverkanir o.fl. af þeirri margvíslegu þekkingu sem lyfjafræðingarnir búa yfir og geta beint til neytandans og út af fyrir sig líka á þann hátt lækkað kostnaðinn eða dregið úr þjónustunni. En ég sé ekki heldur hvernig sú aðferð sem hér er verið að boða getur nýtt betur þennan starfskraft en verið hefur.

Ég var að tala um, hæstv. ráðherra, hugmyndirnar, sem ég get út af fyrir sig verið sammála, um að það væri mikilvægt að nýta betur menntun og þekkingu lyfjafræðinga í þágu heilsbrigðisþjónustunnar í landinu. En ég sé ekki að sú tillaga sem hér er borin fram nái þeim markmiðum. Ég leyfi mér að vitna til bréfs sem hv. nefnd barst frá lyfjafræði lyfsala við Háskóla Íslands, undirritað af Þórdísi Kristmundsdóttur prófessor, þar sem spurt er um það hvort ekki megi einmitt ímynda sér að apótek með þessu formi sem hér er boðað verði flest svo lítil að þau beri ekki nema einn lyfjafræðimenntaðan starfsmann og gæti það jafnframt orðið eini starfsmaðurinn sem ætlað er að sinna lyfjafræðilegri þjónustu að einhverju marki í viðkomandi lyfjaverslun þannig að þessi þjónusta er alls ekki tryggð. Ég sé það ekki heldur er kannski þvert á móti verr fyrir henni séð með hinu nýja formi ef það verður að raunveruleika en er í dag.

Ég endurtek og ítreka það, hæstv. forseti, að mér finnst margt enn óljóst í málinu og hefði þess vegna talið skynsamlegt að skoða það betur. Nú er mér ekki alveg ljóst hvort hæstv. ráðherra hefur kannski í umræðum í dag gefið einhverjar yfirlýsingar um að málið verði skoðað nánar í nefnd eða starfshópi áður en það tekur gildi að fullu. Ef svo er þá fagna ég því. Ef það kynni að vera í farvatninu einhver slík hugmynd þá hygg ég líka að hún mundi leiða til þess að um þetta mál næðist frekari sátt.

Að lokum langar mig til þess að lýsa undrun minni á því, virðulegi forseti, hversu fáir fulltrúar hins stjórnarflokksins ef nokkur hafa tekið þátt í þessari mikilvægu umræðu hér, þessari gerbreytingu á lyfjaverslun og lyfjadreifingu í landinu þrátt fyrir það að hér í göngum og í gluggaskotum, eins og stundum er sagt, er fullyrt að það sé ekki mikil ánægja með frv. í röðum þeirra hv. þm. en ég ætla ekki að öðru leyti að gera þeim upp skoðanir.

Útbýting þingskjala:

Eftirlitsstarfsemi hins opinbera, 624. mál, stjfrv., þskj. 1213.

Innflutningur á forunnum kartöflum, 620. mál, svar landbrh., þskj. 1212.

Skuldastaða heimilanna, 280. mál, skýrsla félmrh., þskj. 1170.

Tollalög, 254. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1214.

[14:37]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrir mitt leyti staðfesta það að ég fékk það hlutverk þar sem fulltrúi okkar í heilbr.- og trn. er fjarverandi, hv. 4. þm. Suðurl., að taka þátt í umræðum um það hvernig væri hugsanlega best að lenda því máli sem er á dagskrá. Ég skildi lendinguna svo að menn væru út af fyrir sig þeirrar skoðunar að það væri til bóta sem fram hefði komið af hálfu hæstv. ráðherra og væru fyrir sitt leyti reiðubúnir til að greiða fyrir því eins og kostur er að ljúka 2. umr. málsins og ég vil fyrir leyti staðfesta það.

Varðandi þær hugmyndir sem uppi eru um þetta samkomulag þá tel ég að þær séu til bóta. Ég tel að það sé sérstaklega bóta að gert er ráð fyrir að það verði kannað sérstaklega og fylgst með því hvaða áhrif þær breytingar sem hér er um að ræða muni hafa á lyfjakostnað hins opinbera og á lyfjaverð í landinu. Það er alveg ljóst að það hefur verið aðaldeilumálið í þessum umræðum hvernig lyfjaverð í landinu mundi þróast. Hv. 5. þm. Austurl. hefur gengið mjög langt fram í því að ráðast að okkur í stjórnarandstöðunni með þessi mál og hefur fullyrt að við höfum í okkar málflutningi verið að ganga erinda þeirra sem síst skyldi, a.m.k. að mati okkar alþýðubandalagsmanna. Það er mjög óvenjulegt að nefndaformenn gangi fram með frýjuorðum af því tagi sem hv. formaður heilbr.- og trn. hefur gert.

Nú segir í gamalli bók að ber er hver að baki nema sé bróður eigi og á það vel við í þessu tilviki þar sem hæstv. heilbrrh. hefur síðan reynt að gera gott úr hlutunum eins og kostur er og ráðherrum og forustumönnum er skylt að gera þegar dregur að lokum þinghaldsins á hverjum tíma. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir það að hann skuli hafa beitt sér fyrir því að menn færu að tala saman um þessi mál af eins skikkanlegu viti og kostur er.

Ég tel að það sé aðalatriðið að hættan sé sú sem rakin er í umsögn Alþýðusambands Íslands frá 2. mars 1994 að verð á lyfjum muni fara hækkandi. Ég tel að

það sé aðalatriðið og ég tel að enginn hafi sýnt fram á að það sé rangt. Ég tel að hv. 5. þm. Austurl. hafi ekki gert það. Ég tel að hv. 5. þm. Austurl. hafi ekki bent á að sú markaðstenging á þessu ferli sem hér er um að ræða sé að öllu leyti til bóta. Ég tel hins vegar ekkert að því þótt hann hafi þessa skoðun. Ég tel hana ranga og ég tel að það muni koma í ljós að hún er vitlaus vegna þess að samkeppniskostnaðurinn mun auðvitað leita út í verðlagið með einhverjum hætti. Við alþýðubandalagsmenn viljum ekki að það komi niður á dreifbýlinu sérstaklega eins og mundi gerast ef ekki yrðu gerðar sérstakar ráðtafanir í þeim efnum. Þess vegna fagna ég því að það á að fylgjast með því hvort þær yfirlýsingar sem hv. 5. þm. Austurl. hefur verið með standast eða ekki. Hæstv. heilbrrh. hefur tekið undir það með okkur að það sé nauðsynlegt að fara rækilega yfir hvort það er eitthvert vit í því sem hv. formaður heilbr.- og trn. hefur verið að segja. Það er auðvitað ánægjulegt að hæstv. heilbrrh. skuli taka þannig á þeim málum sem fram komu frá hv. 5. þm. Austurl.

Ég undirstrika það síðan að auðvitað hlýtur meðferð þessa máls að ráðast af því sem þróast næstu daga í samskiptum stjórnar og stjórnarandstöðu og ekkert við því að segja. Hér hafa ekki farið fram neinar óeðlilegar umræður um þetta mál. Ég vísa því á bug og ég kann ekki við það satt að segja þegar menn eru bornir út úr þessum sölum þegar verið er að reyna að taka á málum með hliðsjón af heildarhagsmunum á hverjum tíma. Ég kann ekki að meta það þannig að ég vona að sú ofanígjöf sem hæstv. ráðherra hefur veitt hv. þm. og felst í samkomulaginu sem liggur fyrir í drögum verði til þess að þingmaðurinn láti sér að kenningu verða og hagi málflutningi sínum öðruvísi framvegis þegar hann ætlar að reyna að lenda málum í þessari virðulegu stofnun, enda eigi hann fyrir sér langan og farsælan þingferil og veit enginn hvar hann ber niður næst ef illa færi á Austfjörðum, því að eins og kunnugt er hoppar þingmaðurinn á milli landshluta eftir því sem fara gerir og alþjóð veit.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað

Lyfjaverslun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 952, nál. 1121, brtt. 1040.

[14:45]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni mál sem er í senn einkavæðingarmál og heilbrigðismál. Hæstv. fjmrh. kallar þetta einkavæðingarmál en ég kalla þetta heilbrigðismál. Ég er þeirrar skoðunar að það sé skynsamlegt fyrir ríkið að eiga þetta fyrirtæki, Lyfjaverslun ríkisins.

Nú var verið að tala um það í síðasta dagskrármáli, hæstv. forseti, að breyta verulega lyfsölukerfinu í landinu og með hliðsjón af því hefði ég talið að það væri kannski sérstök ástæða til þess fyrir heilbrrn. að leggja á það áherslu að ráðuneytið eigi Lyfjaverslun ríkisins og hafi þannig möguleika til þess frá framleiðslu- og heildsöluhliðinni að meta þróun lyfjaverðs í landinu og lyfjamarkaðinn eins og hann er og lyfjaframleiðsluna á hverjum tíma. Staðreyndin er sú hins vegar að hæstv. fjmrh. hefur að sjálfsögðu ekki getað fallist á þessi sjónarmið. Ég segi að sjálfsögðu vegna þess að hann er með þá kreddu eins og kunnugt er að það eigi að selja ríkisfyrirtæki og við umræður um málið síðast fórum við yfir meginforsendur þess. Það voru ein átta atriði sem fram komu í ræðu hæstv. fjmrh. ef ég man rétt sem ég tel ástæðu til að gera sérstaka athugasemd við.

Í fyrsta lagi sagði hæstv. fjmrh. að það hefði komið fram andstaða við einkavæðingu á samdráttartímum þó svo menn væru kannski hlynntir því á þenslutímum að reyna að draga inn eitthvert fjármagn frá ofþöndum efnahagsmarkaði til ríkisins með hlutabréfasölu á ríkisfyrirtækjum. Ég vil taka það fram fyrir mitt leyti að ég hef ekki gagnrýnt söluna á Lyfjaverslun ríkisins á þessum þröngu efnahagslegu forsendum heldur fyrst og fremst á þeim forsendum að ríkið þurfi að eiga þessa stofnun, Lyfjaverslun ríkisins, sem ég lít svo á að eigi að vera heilbrigðisstofnun, heilbrigðisfyrirtæki. Ég vil taka það fram að afstaða mín til þessa máls ræðst ekki af almennri afstöðu minni til einkavæðingar eða ekki einkavæðingar, enda finnst mér það satt að segja heldur fánýt pólitík að bíta sig fastan í það hvert eignarform fyrirtækja á að vera. Það á fyrst að spyrja að því hvernig fyrirtæki þjóna þeim almennu markmiðum sem þjóðin setur sér, í þessu tilviki í heilbrigðismálum, en það á ekki að spyrja að eignarhaldinu fyrst og fremst. Í þessu tilviki vill svo til að það er heppilegt að ríkið eigi eitt lítið fyrirtæki á sviði lyfjaheildsölu og lyfjaframleiðslu eins og Lyfjaverslun ríkisins.

Í öðru lagi lagði hæstv. fjmrh. á það áherslu að þær viðræður sem hafa verið í gangi við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og SFR um þetta mál væru í góðum farvegi. Ég verð að segja að ég fagna því að svo sé. Það er talsverð breyting frá því sem var á síðasta þingi t.d. þegar við ræddum um þessi mál. Hann lagði engu að síður áherslu á það að ríkið hefði sjálfstæði til sinna ákvarðana í þessu efni. Meiri hluti Alþingis gæti tekið sínar ákvarðanir og þessar viðræður eða þetta samráð gæti ekki stöðvað framkvæmd á stefnu ríkisstjórnarinnar. Ég get út af fyrir sig skilið þá uppsetningu sem hæstv. ráðherra er með frá hans sjónarmiði sem samningsaðila við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ég verð hins vegar að segja að ég tel að þetta sé ekki mjög geðug afstaða vegna þess að þarna er verið að segja: Ríkið ræður þessi, ríkið tekur sínar ákvarðanir, ríkið selur þetta fyrirtæki eða hitt, helminginn í þessu, 75% í þessu, 10% í þessu, ríkið ræður, en svo verður haldið áfram að tala saman og réttarstaða starfsmannanna hangir algerlega í lausu lofti. Ég tel satt að segja að þessi meðferð á starfsfólkinu sem það hugarfar lýsir að ríkið geti farið öllu sínu fram hvað sem líður stöðu starfsfólksins sé ákaflega sérkennilegt, að ekki sé fastara að orði kveðið. Ég mótmæli vinnubrögðum

af því tagi og hugarfari af því tagi sem birtist í þessum yfirlýsingum hæstv. fjmrh. að fólkið í lýðræðisríki verði að beygja sig undir hvað sem stjórnvöldum á hverjum tíma kann að koma í hug.

Í þriðja lagi vék hæstv. fjmrh. að spurningunni um það hvort biðlaunaréttur inn væri eign í skilningi stjórnarskrárinnar eða ekki og hæstv. fjmrh. vísaði þeim kenningum á bug. Í sjálfu sér eru hans skoðanir og fjmrn. þekktar í þessum efnum til langs tíma. Engu að síður hefur það verið svo að virtir lögfræðingar hafa haldið algjörlega hinu gagnstæða fram. Í rauninni má segja, eins og hæstv. fjmrh., að það sé ekkert annað að gera í þessu máli heldur en að fá úrlausnir dómstóla. En spurningin er þá: Er ekki hægt að semja um þetta mál í eitt skipti fyrir öll þannig að það liggi fyrir hvernig eigi að haga málum þegar fyrirtæki eru einkavædd ef það gerist á annað borð? Þannig að það liggi fyrir hvaða skoðun báðir aðilar hafa á stöðu biðlaunaréttarins, hvort hann er eign eða ekki eign í skilningi stjórnarskrárinnar þar sem ég hallast heldur að því að það verði að líta á hann sem eign eins og hann er til kominn sögulega og í samningslegu samhengi við fjmrn.

Ég legg þess vegna á það áherslu í þessu tilviki eins og í punkti númer tvö sem ég nefndi að ég tel nauðsynlegt að fjmrn. setji sig í þær stellingar að semja um hlutina en ekki alltaf að fara sínu fram gagnvart þessum aðilum sem eru náttúrlega lifandi fólk, það fólk sem er að vinna í þessum stofnunum. Vandinn með Sjálfstfl. í fjmrn. er sá að það er alltaf litið á ríkið sem hálfgerðan óþurftarrekstur og bagga á þjóðinni og vesen og kostnaður og skattar og eitthvað óvinsælt og leiðinlegt. Það er aldrei viðurkennt að auðvitað þarf það að vera svoleiðis í öllum siðuðum samfélögum að það sé til tiltekin félagsleg þjónusta sem verður að afla til fjármuna með sköttum af einhverju tagi og skattlagningu. Hér er um að ræða margvíslega þætti sem er líka alveg ljóst að svokallaður einkarekstur ræður ekkert við, t.d. að mennta fólk frá upphafi til enda svo að segja til þeirra starfa sem um er að ræða í hverju einkafyrirtæki. Við vorum svo heppin iðnaðarnefndarmenn í þessari virðulegu stofnun að í morgun vorum við boðin í fyrirlestur hjá Iðntæknistofnun. Þar var farið mjög rækilega yfir rekstur fyrirtækja í alþjóðlegu samhengi og ekki síst þýðingu smáfyrirtækja. Þar var bent á nauðsyn þess að til væri ríki og samfélag sem stæði t.d. að rekstri skóla m.a. vegna þess að fyrirtækin, smá eða lítil, hafa ekki peninga, aðstöðu, getu eða fagþekkingu til þess að mennta það fólk sem seinna kemur til starfa hjá þessum fyrirtækjum. Það verður að vera sameiginlegt verkefni ríkisins, samfélagsins, a.m.k. þegar um er að ræða leikskóla, grunnskóla og fyrri hluta framhaldsskóla þó að sérhæfingin geti að einhverju leyti verið inni í fyrirtækjunum.

Eins er það, hæstv. forseti, að því er varðar heilbrigðismálin og heilbrigðisþjónustuna. Auðvitað verður þessi þjónusta að vera til og hún verður að vera á vegum samfélagsins. Hún getur ekki verið eingöngu á vegum einkaaðila. Enginn einkaaðili í rekstri hér á landi eða annars staðar er svo sterkur að hann geti rekið hina fjölbreytilegustu samfélagsþjónustu, heilbrigðisþjónustu. Þá er ég ekki bara að tala um heilsugæslu á frumstigi og forvarnastarf heldur er ég líka að tala um sérhæfða heilsugæslu og jafnvel sjúkrahúsþjónustu. Það er ekki þannig að fyrirtæki reki sín eigin elliheimili.

Mér finnst stundum að hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. sé á því sem kallað er „Henry Ford-línan" í rekstri sem gengur út á það að sama stórfyrirtækið þurfi að eiga allt, alla línuna frá upphafi til enda og það sé ekki nein hugsanleg verkaskipting til eins og við erum að tala fyrir milli ríkisins og sveitarfélaganna annars vegar og svo einkamarkaðarins hins vegar. Allt verður þetta að leikast á.

Á Íslandi höfum við búið við það undarlega kerfi, þær undarlegu kreddur verð ég að segja, að stærsti flokkur landsins hefur alltaf talið félagslegan rekstur af hinu vonda, eins og það er kallað á slæmri íslensku, og hefur þess vegna hafnað öllu því sem heitir félagslegur rekstur. Það hefur verið litið á það sem vesen og basl og puð að vera með félagslegan rekstur, enda þótt félagslegur rekstur sé undirstaða í mannlegu samfélagi og mannúðlegu samfélagi. Þess vegna segi ég alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég held að það sé nauðsynlegt fyrir Sjálfstfl. að taka sér dálítið tak í þessum málum og gerast nokkurn veginn nútímalegur stjórnmálaflokkur en ekki þetta forneskjutröll sem hann virðist yfirleitt vera þegar kemur að því að tala um samhjálp í þjóðfélaginu.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að það er langt frá því að félagsleg þjónusta sé einhver voðalegur baggi á Íslandi. Það er svo langt frá því. Staðreyndin er sú að félagslegur rekstur ríkis og sveitarfélaga á Íslandi er miklu minni en gerist í öðrum löndum sem hlutfall af vergri landsframleiðslu. Í Bandaríkjunum er þetta hlutfall t.d. 49%. Í Evrópulöndunum er þetta á milli 50 og 60% yfirleitt. Hér á landi er þetta miklu lægra en í Bandaríkjunum. En hér er alltaf talað um félagslegan rekstur sem er þó miklu minni á Íslandi en annars staðar sem alveg sérstakt og stórkostlega alvarlegt vandamál. Það er auðvitað langt frá því. Staðreyndin er sú að það þarf að efla hinn félagslega rekstur og styrkja. Auðvitað á að spara og halda vel utan um hlutina. Auðvitað á að einkavæða suma þætti eins og við seldum Gutenberg um árið og þess háttar. En það breytir ekki því að það á ekki að ganga fram í þessu eins og þetta séu krossferðarriddarar, eins og trúboðsleiðangur. Hér eiga menn að nálgast þetta pragmatískt og af skynsemi eftir því sem hentar hverju sinni og hætta þessum Heimdallarferðalögum alltaf á móti öllum ríkisrekstri. Auðvitað þarf að hafa hóf á honum með vissum hætti. Auðvitað getur ríkisrekstur inn gengið allt of langt og það þarf að vera hóflegt líka eins og allir vita. Það þarf að gæta þess að ríkið nái ekki allt of miklu til sín, sölsi ekki allt of mikið undir sig. Það er alveg ljóst. Samfélagið og atvinnulífið verður að hafa sitt frelsi til að þróast og ráðstafa fjármunum og það er beinlínis hættulegt að annað sé uppi. En það má ekki alltaf setja hlutina upp í svart/hvítt eins og á kappræðufundum milli Heimdallar og Æskulýðsfylkingar-

innar fyrr á öldinni sem við sóttum báðir, ég og hæstv. fjmrh., en við þyrftum báðir að fara að vaxa upp úr úr því sem komið er ef við ætlum að gera það á annað borð. (**Gripið fram í:** Þið eruð nú ungir enn þá.)

Þess vegna verð ég að segja það að þrátt fyrir ungan aldur einmitt, þá eigum við akkúrat að hafa burði til þess að mæta í endurnýjun lífdaganna á fullorðinsárum með nokkurn þroska en ekki ævinlega með þetta Heimdallarofstæki í farteskinu sem mér finnst dálítið örla á hjá hæstv. fjmrh. þó hann sé að mörgu leyti hinn ágætasti maður og reyndar að flestu leyti.

Varðandi það sem hann vék að í fjórða lagi í ræðu sinni og ég tel ástæðu til að mótmæla alveg sérstaklega og koma að er spurningin um ríkisreksturinn í þessu samhengi og alveg sérstaklega söluna á SR-mjöli. Við sýndum fram á það fyrir nokkrum dögum að allar athugasemdir Ríkisendurskoðunar að því er varðar SR-mjöl stóðust. Ég efast satt að segja um að Ríkisendurskoðun hafi nokkurn tíma fengið eins málefnalega undirstrikun á Alþingi á sinni afstöðu og niðurstöðu og hún fékk í umræðunum um SR-mjöl. Þetta nefni ég hér, hæstv. forseti, vegna þess að í umræðunum um LR, þ.e. Lyfjaverslun ríkisins, sagði hæstv. fjmrh., með leyfi forseta: „Ég hef alvarlegar áhyggjur af því að skýrsla Ríkisendurskoðunar skaði Ríkisendurskoðun stórkostlega.“ Þetta eru stór orð af hæstv. fjmrh. um þessa stofnun. Ég vil taka upp hanskann fyrir hana og ég tel reyndar þakkarvert að þannig var að málum staðið við stjórn þingsins að við frestuðum umræðunni um Lyfjaverslun ríkisins fram yfir það að við ræddum skýrsluna um SR-mjöl vegna þess að það er alveg nauðsynlegt að við áttum okkur á samhengi hlutanna með tilteknum hætti og gerum okkur grein fyrir því að ef svo fer að meiri hluti Alþingis samþykkir að selja helminginn í Lyfjaverslun ríkisins, eins og menn munu vera að tala um, þá má ekkert SR-ævintýri endurtakast.

Hvað er Lyfjaverslun ríkisins í augum fjmrn.? Hún er eign. Hver á þessa eign? Er það fjmrn.? Er það fjmrh.? Nei. Þessir aðilar sem þar eru eiga þetta með okkur hinum. Lyfjaverslun ríkisins er þjóðareign, er samfélagseign. Eign sem þjóðin trúir hæstv. fjmrh. fyrir um þessar mundir af því að svo vill til að hann er partur af ríkisstjórn sem mynduð var með tiltekinn meiri hluta á Alþingi á bak við sig. Auðvitað getur það breyst hvenær sem er. Þess vegna verð ég að segja það að mér finnst mikilvægt og þakkarvert að umræðan um SR-mjöl skuli hafa farið fram áður en við lukum þessari umræðu og beini því þakklæti bæði til hæstv. forseta og sömuleiðis hæstv. fjmrh.

Í fimmta lagi gagnrýndi hæstv. fjmrh. hvað það hefði tekið langan tíma að fjalla um þetta mál. Ég verð að segja alveg eins og er að ég skil ekki alveg þá gagnrýni. Rök hans voru þau að nefndarálit hefði verið dagsett 2. mars sl. Hvaða voðalegt mál er það allt í einu þó að það sé þannig að málinu sé ekki að fullu lokið þó að það hafi verið tekið út úr nefnd 2. mars sl.? Það eru engin undur. Staðreyndin er sú að það eru mörg dæmi um það í sögu þingsins að nál. og brtt. hafi beðið mikið lengur. Það eru jafnframt mörg dæmi um það að nál. og brtt. og annað hafi beðið svo lengi að það var bara alls ekki tekið fyrir. Ég minni hæstv. fjmrh. í þessu sambandi á lok síðasta þings þar sem voru óteljandi brtt. út og suður við alls konar mál hér og þar á dagskránni en það endaði með því að hæstv. forsrh. féll í viðjar persónuleikans og sleit þingi alveg þvert á það sem hafði verið talað um á milli manna án þess að þessar brtt. mættu koma til afgreiðslu. Það eru því engin undur þó að svona nefndarálit og niðurstöður liggi dálítinn tíma í þessari virðulegu stofnun.

Í sjötta lagi sagði hæstv. fjmrh. að það ætti að nota verklagsreglur ríkisins varðandi söluna á þessu fyrirtæki ef um sölu yrði að ræða. Ég tel ástæðu til að þakka fyrir þá yfirlýsingu úr því að hún kom fram.

Í sjöunda lagi sagði hæstv. ráðherra einnig að það yrði vandað mjög til ráðgjafar í sambandi við hugsanlega sölu á Lyfjaverslun ríkisins.

Í áttunda lagi sagði hann að það mundu fleiri en einn aðili verða látnir meta framtíðartekjuvirði fyrirtækisins.

Í níunda lagi sagði hæstv. ráðherra að það yrði gerður skriflegur samningur ef um söluþjónustu yrði að ræða sem ráðherrann taldi smámál, hvort um þetta yrði gerður skriflegur samningur eða ekki því það mætti líta þannig á að hann hefði verið gerður um leið og þjónustan hefði verið keypt. (**Fjmrh.:** Tilboði tekið.) Eða tilboði tekið. Út af fyrir sig er það alveg rétt.

Mér fannst hins vegar í þessum liðum sem ég hef nefnt hér, þ.e. sjötta, sjöunda, áttunda og níunda lið, koma fram að í raun og veru viðurkennir hæstv. fjmrh. allar aðalathugasemdir Ríkisendurskoðunar í SR-mjöls málinu. Það tel ég út af fyrir sig mjög mikilvægt og ég þakka ráðherranum fyrir það að hann skuli ekki vera að reyna að hrista það neitt af sér og tekur það bara eins og það er.

Í tíunda lagi kom það fram í ræðu hæstv. fjmrh. að það hefði verið haldinn um þetta mál á síðustu vikum einn fundur með honum og formanni Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og forustu SFR, held ég að ég hafi tekið rétt eftir líka, Og þeir hefðu rætt um það þessir forustumenn BSRB og SFR að fresta málinu til haustsins. Þessu máli hér. Fresta því til haustsins. Og það er auðvitað það sem ætti að gera. Hvaða voðaleg ósköp liggur á því að ljúka við þetta mál og sum önnur mál hérna? Staðreyndin er sú, hæstv. forseti, að málið lítur þannig út að ráðherrarnir hafa enga trú á því að þessi ríkisstjórn muni lifa út þennan mánuð, það þurfi helst að klára öll mál núna fyrir vorið eins og þau leggja sig. Meira að segja eitthvert villidýrafrumvarp sem allt í einu er orðið lífsnauðsyn að klára til að bjarga andlitinu á hæstv. umhvrh. Það er alveg ótrúlegt. Og allt í einu þarf að afgreiða þetta mál, sölu á Lyfjaverslun ríkisins. Til hvers? Hvaða þjóðarnauðsyn liggur við? Er ekki hægt að halda upp á 17. júní kannski nema selja helminginn í Lyfjaverslun ríkisins? Kannski ríkisstjórnin ætli að láta það verða frv. sem verður flutt á Alþingi 17. júní að gengið verði frá sölu á helmingnum í Lyfjaverslun ríkisins. Það gengur ekki svo vel að fá Sjálfstfl. til að hafa skoðun á því hvað á að gerast á þjóðfundinum mikla 17. júní 1994. Kannski

það verði LR sem verði auglýst til sölu á pöllunum undir Lögbergi. Það væri svo sem eftir öðru, reisninni hjá þessu liði sem stjórnar, með leyfi forseta, landinu um þessar mundir.

Af hverju mátti ekki verða við þessum hógværu óskum forustumanna BSRB og SFR? Af hverju mátti ekki hinkra smástund með þetta mál til haustsins? Eru einhverjir menn tilbúnir til að snara út seðlum í sumar, bíða eftir að borga? Það er spurningin. Það eru sumir dálítið ríkir á þessum markaði, ráða honum að meiri hluta til er mér sagt. Ríkið er eins og hver annar kotungur á þessum markaði með lítinn minni hluta. Kannski stóru heildsalarnir og lyfjaframleiðendurnir bíði eftir því að kaupa sig inn í þessa starfsemi og inn í þetta fyrirtæki og þar með að veikja möguleika ríkisins til eftirlits á lyfjamarkaðinum í landinu. Þá er nú til lítils gengið götuna fram eftir veg fyrir hæstv. heilbrrh. að vera búinn að losa um apótekaravaldið ef kverkatakið kemur frá einokunarfyrirtækjum í framleiðslu og heildsölu á lyfjum í landinu. Það hefði kannski verið eðlilegast að þessi dagskrármál, númer eitt og tvö, væru í sama númerinu vegna þess að menn eru að tala um sömu grundvallaratriðin að mörgu leyti.

Sú valdsmennska gagnvart opinberum starfsmönnum sem kemur fram í því að neita því að ræða við þá og hinkra til haustsins með þetta frv. er alveg ótrúleg. Nú hafði hæstv. fjmrh. reyndar nefnt að það mætti hugsanlega fresta þessu öllu fram í september en svo dró hann það til baka og færði frestunina til 1. júlí. Af hverju mátti þá ekki draga þetta fram til 1. sept. eða jafnvel eitthvað aðeins lengur? Hvaða óskapleg læti eru þetta? Er hann svona viss um að ríkisstjórnin sé svo komin að fótum fram að hún ráði ekkert við þetta? Auðvitað má segja að hæstv. fjmrh. sé viss vorkunn. Þessi stjórn er orðin alveg ótrúlega fótfúin þó hún sé ekki nema þrevetur. Alveg ótrúlega fótfúin. Það er satt að segja alveg lygilegt hvað stjórnin er máttleysisleg miðað við það að hún hefur aðeins setið í þrjú ár, getur ekki einu sinni komið sér niður á það hvernig hún á að fara að því að kaupa þyrlu. Er búin að velkjast með það og lofa út og suður, þyrla í dag, þyrla á morgun. Var þyrlan kannski keypt í morgun? Það átti að taka það fyrir í ríkisstjórninni í morgun. Þeir rífast um allt þannig að hæstv. fjmrh. er auðvitað vorkunn. Hann vill ná þessu út úr þinginu svo að hann sé laus við rifrildið í þessu máli, endalaust þex um alla hluti.

Í ellefta lagi nefni ég að hæstv. ráðherra fullyrti það í ræðu sinni að um sölu á þessum helmingshlut hefði ekkert verið rætt við einstaka aðila úti í bæ. Ég vona að það sé satt sem hæstv. ráðherra segir um það. Það væri a.m.k. ofboðslegt ef það hefði verið þannig að menn væru farnir að ræða um þetta. En hitt verð ég að segja að ég óttast það í fullri alvöru að það séu þó nokkrir aðilar úti í þjóðfélaginu farnir að athuga hvaða stöðu þeir hafa til þess að kaupa helminginn í Lyfjaverslun ríkisins. Lyfjaverslun ríkisins er gott og gróið fyrirtæki, nauðsynlegt fyrirtæki fyrir heilbrigðismálin í landinu og satt að segja vona ég að það verði betur staðið að sölunni á þessum helmingi, ef um þá sölu verður að ræða, en gerðist á SR-mjöli á dögunum. Ég vona að menn hafi lært eitthvað af því, en auðvitað vona ég fyrst af öllu að hæstv. fjmrh. láti þessa lokaræðu mína sér að kenningu verða og gleymi þessu frv. og dragi það frá afgreiðslu þingsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056, 1057, 1131 og 1166.

[15:13]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir var lagt fram fyrst fyrir tveim árum, að mig minnir, af þáv. hæstv. umhvrh., Eiði Guðnasyni, og var þá mjög gagnrýnt og gerðar mjög verulegar athugasemdir við málið sem varð til þess að það kom ekki aftur út úr virðulegri umhvn. Enda muna þeir það gerla sem muna umræðuna sem þá fór fram að þáv. formaður virðulegrar umhvn., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, gerði mjög verulegar athugasemdir við frv. og taldi að ólíklegt væri að það næði afgreiðslu á því þingi. Málið var síðan endurflutt á síðasta þingi en náði ekki fram að ganga og er nú enn á ný komið hér inn. Og enn á ný eru verulegar athugasemdir við málið. Til marks um það má benda á afgreiðslu nefndarinnar, sem mér skilst að hafi unnið mikið í málinu, fundað mikið á mörgum og ströngum fundum og fengið til sín marga aðila til umsagnar, en engu að síður gerist það sem hlýtur að teljast sögulegt og merkilegt, svo að ég noti orð annars hv. þm. sem mjög gjarnan notar þessi orð, að af níu nefndarmönnum er fyrirvarinn ekki hjá einum eða tveim eða þremur eða fjórum heldur er hver einasti nefndarmaður með fyrirvara við málið.

Ég hef reynt að sitja við þessa umræðu og hlusta á hana eins og kostur er og beðið eftir að heyra rökin fyrir hinum ýmsu fyrirvörum en það hefur skort töluvert á að fyrir þeim hafi verið gerð grein. Ég man ekki eftir því þau sjö ár sem ég hef verið á þingi að nefnd hafi skilað máli frá sér á þann hátt sem hv. umhvn. hefur gert.

Það kannski segir meiri sögu um málið en margt annað að það er auðvitað ágreiningur um það í umhvn. sem kemur fram í þessum fyrirvörum öllum sem slá sennilega öll þingmet. Það væri fróðlegt að fá að hlýða á mál þeirra sem eru með fyrirvara. Nokkrir hafa flutt sitt mál en aðrir hafa ekki gert það. Ég tel mjög gagnlegt fyrir þá sem eiga um þetta mál að fjalla að fá að heyra þá fyrirvara og þau rök sem fram eru færð fyrir fyrirvörunum.

Ég hef ýmsar athugasemdir við þetta frv. Ég vil fyrst segja það að sem frekari stuðningur við þær skiptu skoðunum sem virðast vera innan virðulegrar umhvn. þá er hér heill bunki af breytingartillögum. Frv. eru einar 22 greinar en síðast þegar ég taldi voru

komnar fram 33 brtt. Ég segi síðast þegar ég taldi vegna þess að síðan þá hafa komið fram fleiri breytingartillögur og breytingartillögur við breytingartillögur þannig að það mætti segja mér að það sé farið að nálgast eitthvað fimmta tuginn af breytingartillögum á frv. sem er aðeins 22 greinar. Þess vegna þykir mér alveg einsýnt að ágreiningur um málið er það mikill að það á auðvitað að fara aftur til nefndar og skoðast betur og það á að geyma málið til næsta þings og stefna að því að klára það á haustþinginu í sátt og samlyndi við alla. Þetta er ekki slíkt mál að það þurfi að vera á einhverjum forgangslista eða fara með einhverjum sérstökum hraða í gegnum þingið og nýta sér þá tímapressu sem þingið er í þessa dagana. Það gerist ekkert alvarlegt þó að þetta mál bíði til næsta þings. Ég vil því taka undir þann málflutning sem fram hefur komið hjá ýmsum þingmönnum að málið verði látið bíða og unnið frekar í því á næsta þingi.

Ég sé enga sérstaka þörf fyrir því, virðulegur forseti, eins og ég var að segja að halda málinu áfram og óska reyndar eftir því að það verði látið bíða. Ég verð að segja það eins og er að mér finnst ákaflega erfitt að ræða þetta mál áfram þar sem hæstv. umhvrh. leggur ekki meiri áherslu en svo á þetta mál að hann skreppur til Barbados í eina eða tvær vikur skiljandi eftir mál á forgangslista og krefst þess að það verði keyrt í gegnum þingið. Mér finnst þetta ekki bera vott um að hjá hæstv. ráðherra fylgi hugur máli. Mér þykir afar erfitt, þó að ég beri fulla virðingu fyrir þeim hæstv. ráðherra sem gegnir stöðu umhvrh. þessa dagana, að ræða við hann um þetta mál. Þegar á þeirri forsendu er afar erfitt að ræða málið.

Ekki bætir úr skák að virðulegur formaður hv. nefndar hefur einnig valið þann kostinn að fara úr landi. Formaður nefndarinnar hefur líka lagt áherslu á að þetta mál verði afgreitt. Ég verð að segja það að ég furða mig á því hvernig menn geta ætlast til þess að mál fari í gegnum þingið þegar helstu málsvarar þess leyfa sér það að sýna málinu jafnmikla lítilsvirðingu og þeir gera í raun og veru. Það er ekki hægt að hlaupa úr landi og skilja bara eftir skilaboð: Þetta frv. á að fara í gegn, undirritað af hæstv. ráðherra og virðulegum formanni nefndarinnar. Mér finnst þetta vinnubrögð sem er ekki hægt að þola og tel því að það ætti að fresta þessari umræðu og bíða eftir því að þessir hv. þm., ráðherra og formaður nefndarinnar, sýni þessu máli tilskilda virðingu og þeir þingmenn sem vilja ræða málið við þá og varpa fram spurningum hafi kost á því. Ég fæ ekki séð að þetta mál hafi það mikilvægi sem hv. þm. og hæstv. ráðherra virðast telja.

Ég vil því inna hæstv. forseta eftir því hvort ekki sé hægt að fresta umræðu þangað til í það minnsta formaður nefndarinnar sé til staðar, maður gerir ekki stífar kröfur um umhvrh. sjálfan þó að hann ætti auðvitað að vera hér líka. Ég vildi gjarnan fá svar úr forsetastól um afstöðu forseta til þess hvort hægt er að fresta málinu þangað til málsvarar málsins eru viðlátnir.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti er tilbúinn til þess að fresta umræðu um þetta mál um sinn, alla vega. Ég get ekki ákveðið meira að svo stöddu ef hv. þm. vill taka því boði forseta.)

Virðulegur forseti. Ég þakka fyrir það. Ég tek því boði og fresta þá ræðu minni.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 15:22]

Flugmálaáætlun 1994–1997, síðari umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 723, nál. 1060, brtt. 1061.

[15:31]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur haft til athugunar till. til þál. um flugmálaáætlun fyrir árin 1994–1997. Nefndin hefur kvatt á sinn fund Þorgeir Pálsson flugmálastjóri, Hauk Hauksson aðstoðarflugmálastjóri, Leif Magnússon, formann flugráðs, Jóhann Helga Jónsson hjá Flugmálastjórn, Ómar Benediktsson og Gunnar Þorvaldsson frá Íslandsflugi hf., Sigurð Aðalsteinsson og Jón Karlsson frá Flugfélagi Norðurlands hf., Hörð Guðmundsson frá Flugfélaginu Erni hf., Gústaf Guðmundsson frá Flugfélagi Austurlands hf. og loks frá Félagi einkaflugmanna Þorkel Guðnason, Guðmund Ásgeirsson og Víði Gíslason.

Flugmálaáætlun var síðast lögð fram á 115. löggjafarþingi. Hún er nú til endurskoðunar á grundvelli 5. mgr. 1. gr. laga nr. 31/1987, um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

Áætlunin tekur eins og lög standa til yfir fjögur ár og hana ber að endurskoða að tveimur árum liðnum þannig að þó að fjármagni sé skipt á fjögur ár í tillögum sem fram koma í flugmálaáætlun og breytingartillögum samgn. Þá verða síðari tvö ár á áætlunartímabilinu endurskoðuð eftir tvö ár.

Sú flugmálaáætlun sem hér er komin til 2. umr. er að dómi nefndarmanna í samgn. vel unnin og með tillögunni fylgja upplýsingar sem eru mjög ítarlegar og gagnlegar um ýmsa þætti flugvalla, flugvallamála og flugmála sem nefndin hefur kynnt sér eftir því sem föng hafa verið til. Nefndin hefur og notið aðstoðar þeirra manna sem taldir voru upp og kvaddir voru á fund nefndarinnar. Þar komu fram nokkrar ábendingar um það sem betur mætti fara að þeirra dómi varðandi þessa till. til þál. um flugmálaáætlun.

Það má kannski segja að einkenni á þessari tillögu sé það að lögð er áhersla á slitlagsframkvæmdir. Er það að dómi nefndarinnar vel að svo skuli vera. Tillagan greinir frá því að gert er ráð fyrir því að leggja á fyrstu tveimur árum áætlunartímabilsins slitlag á fimm flugvelli. Það eru flugvellirnir á Sauðárkróki, Húsavík, Siglufirði, Patreksfirði og Bíldudal.

Við vinnu nefndarinnar er gengið enn lengra á þessari braut því að samkvæmt breytingartillögum hennar er gert ráð fyrir því að enn fremur sé fé varið á fyrstu tveimur árum áætlunartímabilsins til þess að leggja bundið slitlag á nýja flugbraut á Þórshöfn á Langanesi. Til þess að þetta mætti takast varð að hnika til

nokkrum fjárhæðum og taka að hluta fé af óskiptu. Ég tel mjög skynsamlegt og í rauninni mikilvægt í senn að það skyldi takast að ná samkomulagi um það að færa til lítils háttar fjármagn til þess að ljúka gerð þessarar flugbrautar á Þórshöfn á Langanesi vegna þess að hún er ný og þurfa ekki að leggja í kostnað við bráðabirgðaslitlag á flugbrautinni heldur geta gengið frá henni á þessum tveimur árum.

Rétt er að taka fram í sambandi við þessar framkvæmdir allar við slitlag á flugbrautum á flugvöllum að þær hafa að sjálfsögðu ekki enn verið boðnar út, en gert er ráð fyrir að bjóða þær út á þann hátt að tilboðin geti legið fyrir í nokkrum kostum. Í fyrsta lagi ef tilboðshafi eða verktaki byði í verkið allt í einni heild. Í öðru lagi að boðið væri í tiltekna flugvelli sem liggja nokkuð saman, t.d. flugvellina á Patreksfirði og Bíldudal, flugvellina á Sauðárkróki og Siglufirði og e.t.v. flugvellina á Húsavík og Þórshöfn.

Þeir kostir munu líka gefa tilefni til þess að hægt væri að hnika eitthvað til framkvæmdatímanum og ef vel tekst til mætti e.t.v. að einhverju leyti vera hægt að hraða þeim framkvæmdum eftir því sem samningar takast um við þá verktaka sem bjóða í þessi verk. Ekki er nokkur leið að segja til á þessari stundu hvað vinnst í þeim efnum. Það hlýtur að koma í ljós miðað við tilboð þegar þau liggja fyrir og síðan samninga á grundvelli þeirra. En vonir standa til að það megi ná, miðað við þessa kosti sem ætlunin er að fram komi í sambandi við útboð, nokkuð aukinni hagkvæmni í verkinu sjálfu.

Ég vil láta þess getið að þrátt fyrir að þetta mikla átak í bundnu slitlagi á þessa fimm flugvelli sem ég hef hér nefnt, þá eru nokkrir minni flugvellir eftir sem þarf að vinna slík verk við og bíður það ýmist síðari hluta tímabilsins eða kemur til athugunar þegar þessi flugmálaáætlun verður endurskoðuð að tveimur árum liðnum.

Enn fremur er rétt að láta þess getið að það er skoðun hv. nefndarmanna í samgn. að mjög hljóti að draga að því að ekki verði komist hjá því að leggja í verulegar og kostnaðarsamar framkvæmdir við Reykjavíkurflugvöll en sá flugvöllur hefur orðið að bíða vegna annarra framkvæmda sem í gangi hafa verið, bæði á síðasta tímabili og eins á því tímabili sem í hönd fer.

Þetta er öllum ljóst sem fara um Reykjavíkurflugvöll en Reykjavíkurflugvöllur er miðstöð innanlandsflugsins. Það má segja að það sé mjög mikilvægt að því hefur nú verið slegið föstu eftir því sem maður best veit að Reykjavíkurflugvöllur verði varanlega á þeim stað sem hann hefur verið síðustu áratugina enda yrði það stórkostlegur hnekkir fyrir innanlandsflugið að flytja hann frá höfuðborginni.

Ég held að það sé ekki ástæða til fyrir mig að flytja um þetta langt mál. Ég veit að flugmálaáætlun er framkvæmdaáætlun þar sem lengi er hægt að óska eftir meira fé í tiltekin verk en við höfum ekki nema þann ramma sem áætlunin felur í sér og það verður að reyna að ráðstafa því fé eftir því sem mönnum sýnist að best komi að notum á því tímabili sem um ræðir.

Ég vil svo einungis flytja nefndarmönnum í samgn. þakkir fyrir ágætt samstarf og góða vinnu í nefndinni varðandi þetta mál og þakka þá samstöðu sem varð um afgreiðslu málsins en nefndin skilar sameiginlegu nál. Hv. þm. Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, Stefán Guðmundsson, Jóhann Ársælsson og Guðni Ágústsson skrifa þó undir nál. með fyrirvara.

[15:43]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil fyrst segja það vegna þess að ég skrifa undir nál. með fyrirvara að sá fyrirvari lýtur fyrst og fremst að því að ég tel að það þurfi að hafa svolítið öðruvísi aðdraganda að endurskoðun flugmálaáætlunar en hér hefur verið við hafður. Það ber þó ekki að líta þannig á að ég sé að gagnrýna alvarlega þá tillögu sem hér liggur fyrir því það er ekkert ofsagt hjá hv. formanni nefndarinnar að niðurstaða nefndarmanna hafi verið sú að það hefði verið vel að verki staðið og undirbúningur vandaður og ekkert út á það að setja með neinum hætti. Hins vegar tel ég að fyrr í röð þessara verkefna sem þarf að vinna við flugmálaáætlun þurfi að hafa samband við þingmenn eða vinna dálítið með líkum hætti og gert er í sambandi við endurskoðunina á t.d. vegáætlun þannig að menn viti fyrr hvernig horfir í þessum málum en þeir fái í hendur fullbúið plagg eins og það sem hér er til umfjöllunar.

Þær breytingar sem lagðar eru til á frv. eru í raun og veru mjög smávægilegar miðað við heildarumfang tillagnanna og sýna í sjálfu sér, af því að um þær er samstaða, að þarna var þrátt fyrir allt gott undirbúningsstarf unnið. En það er náttúrlega hluti af þessu máli sem hlýtur að vera ástæða til að minna á að það hafa orðið gífurlega miklar breytingar á notkun flugvalla í kringum landið. Yfir það var farið við fyrri umr. þessa máls og það kemur fram í því hvernig ýmsir flugvellir eru meðhöndlaðir í þessari áætlun að þar hefur orðið veruleg minnkun á flugi á undanförnum árum.

Það sem var kannski helst til umræðu í nefndinni undir lokin voru þær breytingar sem hafa birst í þessum brtt. og reyndar atriði sem ekki hafa orðið að brtt. sem ég vil vekja athygli á. Það var rætt dálítið í nefndinni um t.d. flugvellina á Patreksfirði og Bíldudal og óskað eftir greinargerð um þá velli. Það er mjög stutt á milli þeirra flugvalla og vitanlega vaknaði sú spurning hvort ekki væri rétt að velja annan þeirra flugvalla sem aðalflugvöll fyrir svæðið og leggja áhersluna á að byggja hann upp til framtíðarinnar. Niðurstaðan af því varð sú að hér er ekki lögð til nein breyting á þeirri áætlun sem fyrir liggur. Það er sem sagt tillaga um að þessir flugvellir séu nánast reknir eins og tvær flugbrautir á sama velli. Vitanlega mun það verða dýr rekstur. Ég vil láta það koma fram að það er mín skoðun að það þurfi að velja annan hvorn flugvöllinn sem framtíðarflugvöll fyrir svæðið. Það virðist allt benda til þess að niðurstaðan af því, ef það yrði gert, yrði að Bíldudalur yrði valinn. En ég held að allur dráttur á því að taka þessa ákvörðun muni verða til þess að í þessa starfsemi verði settir meiri peningar til reksturs og framkvæmda en annars þyrfti að gera. Mér finnst að þarna séu menn að ýta á undan sér ákvörðun sem hefði

þurft að taka. Ég tel að það hefði verið rétt að láta það ekki dragast fram yfir þessa áætlun því nú er verið að ráðstafa verulegum fjármunum til þessara tveggja valla.

Síðan vil ég taka undir það sem hv. formaður nefndarinnar nefndi áðan um Reykjavíkurflugvöll. Það er alveg greinilegt að þar þurfa menn að fara að vinna myndarlega áætlun um uppbyggingu flugvallarins og að öllum líkindum verða menn að finna leiðir til að fjármagna að einhverju leyti sérstaklega sem þar þarf að gera. Það eru mjög háar fjárhæðir sem þarf til að bæta flugvöllinn í Reykjavík og alla aðstöðu í kringum starfsemina þar og það verður ekki dregið lengur. Reykjavík er miðpunktur þessara samgangna og þegar um slíkt er að ræða má það auðvitað ekki drabbast niður eins og raunverulega er og hefur verið að gerast á undanförnum árum, að vinna að þeirri uppbyggingu sem þarf.

Ég fagna því að tillagan um breytingarnar gagnvart Þórshöfn er komin fram. Það var líka um lítils háttar breytingu gagnvart Vopnafirði að ræða og undir það get ég svo sem vel tekið. Það var svona held ég meira, ef maður má segja, móralskt nauðsynlegt að það kæmi fram einhver tala til flugvallarins á Vopnafirði vegna þess að af einhverjum ástæðum hafði sú flugufregn komist af stað að það stæði hreinlega til að leggja þann völl af af því að ekki var gert ráð fyrir framkvæmdum þar. Það er nú öruggt mál að engar slíkar hugrenningar lágu á bak við það sem í áætluninni var. En hitt kom mjög greinilega fram að sá völlur hafði um tíma verið kannski dálítið á undan öðrum völlum í uppbyggingu vegna þeirrar einangrunar sem þetta byggðarlag þarf við að búa.

Ég ætla ekki að hafa langt mál um þessa flugmálaáætlun. Við nefndarmenn höfðum gott samstarf um þá niðurstöðu sem hér liggur fyrir. Ég geri ráð fyrir því að það verði góð samstaða um að afgreiða hana í þinginu.

[15:50]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég fagna því að hv. samgn. hefur afgreitt þetta mál í samkomulagi. Það er jafnan fagnaðarefni og sérstaklega er það að mínu mati mikilvægt þegar í hlut eiga þessar mikilvægustu framkvæmdaáætlanir, vegáætlun, flugmálaáætlun, hafnaáætlun, sem reyndar hefur sjaldnast eða aldrei líklega hlotið endanlega afgreiðslu, að um þá vinnu og stefnumótun takist sæmileg þverpólitísk samstaða. Það hefur verið nokkur gæfa manna held ég í þessum málaflokkum sl. 15 ár a.m.k. á grundvelli skipulagðrar áætlunargerðar og vinnubragða í þeim anda að menn hafa að breyttu breytanda langoftast náð að verða samferða og samstiga í áherslum að þessu leyti og því ber að fagna og á það vil ég leggja áherslu í upphafi.

Ég er þeirrar skoðunar og reyndar held ég að um það verði tæpast deilt að upptaka þessara vinnubragða, fyrst með tilkomu vegáætlunar og langtímaáætlunar um vegamál í kringum 1980 og síðan í kjölfarið flugmálaáætlunar sem fyrst voru lögð drög að á árunum 1986 og 1987, ef ég man rétt og líklega fyrsta áætlunin litið dagsins ljós á þeim tíma í tíð hv. 1. þm. Vestf., Matthíasar Bjarnason, sem samgrh. að þetta hafi verið gæfuspor og ég hef jafnan verið ólatur við að láta það koma fram. Þá má segja að framkvæmdir í flugmálum hafi færst í svipað horf og gilt hafði um langt skeið um vegamál, að til sögunnar kom markaður tekjustofn og lög um fjáröflun til þessara verkefna sérstaklega og jafnframt var tekið til við að skipuleggja verkefnin fram í tímann á grundvelli framkvæmdaáætlana til nokkurra ára. Það er enginn vafi á því að það er grundvöllur þess að um þessar framkvæmdir hefur síðan yfirleitt tekist sæmilegt samkomulag og menn hafa getað látið af togstreitu og baráttu um fjárveitingar innbyrðis og á milli ára vegna þess að menn hafa haft fyrir framan sig sæmilega áreiðanlega framkvæmdaáætlun sem menn hafa síðan reynt að standa saman um að verja. Þessu vil ég sem sagt fagna, hæstv. forseti, og vona að verði áframhald á hér eftir sem hingað til.

Það þarf engum blöðum um það að fletta að markaður tekjustofn til framkvæmda í flugmálum hefur skilað miklum úrbótum á þessu sviði nú þegar. Það er því að verða ólíkt um að litast á mörgum stöðum og ber þar náttúrlega hæst miklar framkvæmdir, t.d. á Egilsstöðum, og úrbætur og bundið slitlag á flugvöllum eins og Ísafirði, Vestmannaeyjum, Höfn í Hornafirði og víðar. Hér er á ferðinni má segja annar meginátfanginn í þessu þar sem lagt verður bundið slitlag á allmarga mikilvæga flugvelli til viðbótar og fæst þá langþráð úrlausn í rekstrarvandamálum sem auðvitað hafa verið ærið hvimleið, til að mynda á Húsavíkurflugvelli sem hefur verið ónothæfur dögum og jafnvel vikum saman, sérstaklega síðla hausts og síðla vetrar þegar bleyta er mikil í tengslum við hlákur og er auðvitað ekki við það unandi að mikilvægur flugvöllur í heilu héraði sé ónothæfur af slíkum sökum. Þess vegna held ég að ég leyfi mér að nefna það fyrst af öllu sem hér er á ferðinni að það verður gleðilegt að sjá þær framkvæmdir komast í gagnið á Húsavíkurflugvelli, eða Aðaldalsflugvelli eins og hann heitir kannski, sem þjónar Húsavík og Suður-Þingeyjarsýslu.

Ég tel að þær breytingar sem hér voru kynntar og hv. formaður samgn. gerði grein fyrir séu skynsamlegar. Ég vil þar taka undir og fagna því sérstaklega að lagt er til að gerðar verði nokkrar tilfærslur til að gera það mögulegt að leggja bundið slitlag strax í upphafi á nýjan flugvöll við Þórshöfn. Það hefði verið afar grátlegt, svo ekki sé fastar að orði kveðið, að horfa þar á nýtt og dýrt mannvirki komast ekki almennilega í gagnið og til fullra nota vegna þess að menn létu vanta herslumuninn sem væri yfirborðið eða slitlagið á völlinn. Það er ástæða til að fagna því að þá komist a.m.k. einn flugvöllur á þessu landshorni, Norðausturlandinu, í gott horf strax með því að framkvæmdum lýkur þar. Það hefur háð þeim landshluta að eiga engan flugvöll með bundnu slitlagi þar sem vélar sem slíks krefjast gætu lent og það verður spennandi að sjá hvort ekki opnast ýmsir möguleikar í framhaldi af þessu nýja mannvirki.

Norðausturlandið er nú einu sinni sá landshlutinn sem fjærst liggur þéttbýlinu við Faxaflóann og þar af

leiðandi, einkum yfir vetrartímann, hvað háðastur flugi af öllum slíkum fyrir utan einstök einangruð byggðarlög. En það má segja að fyrir þann landshluta allan sem býr við það að yfir vetrartímann er 700–800 km ferðalag aðra leiðina, sem sagt 1400–1600 km fram og til baka til Reykjavíkur, þá leiðir það af sjálfu að flugið er gífurlega mikilvægt.

Um Reykjavíkurflugvöll var lítillega fjallað og bent á það, sem lengi hefur legið ljóst fyrir, að ástand þess mannvirkis er að mörgu leyti orðið bágborið og sérstaklega á það við um slitlagið. Það er til að mynda ljóst að stærri og þyngri flugvélar geta ekki lengur notað völlinn með góðu móti vegna þess hve slitlagið er orðið lélegt og auðvitað þarf að ráða bót á því eins fljótt og hægt verður. En hitt er líka ljóst að miðað við það að reynt væri að takmarka umferð um þann völl, eins og að mörgu leyti væri skynsamlegt og æskilegt að gera og að mínu mati ætti að stefna á að fyrst og fremst áætlunarflug og leiguflug með farþega til og frá Reykjavík væri bundið við þann flugvöll en annað flug væri eftir því sem kostur er flutt annað, þá má væntanlega notast við ástand vallarins eða komast af með minni útgjöld til lagfæringa en ella væri. Staðreyndin er sú að það hefur vafist allt of lengi fyrir mönnum að taka á því hvaða frambúðarhlutverk Reykjavíkurflugvöllur ætti að hafa og sem sagt hrinda þá í framkvæmd ráðstöfunum í samræmi við það. Hugmyndir um að leggja innanlandsflugið af í Reykjavík eru að mínu mati óraunhæfar a.m.k. í fyrirsjáanlegri framtíð, svo og hugmyndir um að byggður verði annar flugvöllur einhvers staðar í nágrenninu sem tæki við umferð stærri flugvéla. Ég held því miður að það sé ljóst að menn hafa misst þann möguleika fram hjá sér. Ég held að miðað við núverandi samgöngur til Keflavíkur væri það ekki raunhæfur kostur að færa innanlandsflugið þangað, þó það hefði vissulega ýmsa rekstrarlega kosti í för með sér að vera með það allt á einum stað en ég er alveg sannfærður um að það mundi ríða baggamuninn um flug á fjölmarga staði ef bættist við ferðalag til og frá Keflavík hingað til Reykjavíkur, a.m.k. miðað við núverandi samgöngumöguleika. Væri þar kominn einteinungur eða einhver slík framtíðarmúsík orðin að veruleika sem skyti mönnum þarna á milli á 15–20 mínútum með þægilegum hætti kynni það að breyta einhverju en því er varla að heilsa í bráð og verða sennilega stórir hlutir að gerast á Íslandi í fólksfjölda og öðru ef slíkt á að verða raunhæft.

Ég held að sú niðurstaða, sem reyndar kom fram hjá sérstökum starfshópi sem vann um þetta skýrslu fyrir nokkrum árum síðan út frá hverju ætti að ganga varðandi framtíð Reykjavíkurflugvallar, að innanlandsflugið sjálft til og frá Reykjavík, sem beinist fyrst og fremst frá Reykjavík og landsbyggðinni, verði hér áfram. Það verði líka þannig að því búið og það þannig upp byggt að það samrýmist veru flugvallarins inni í miðri borginni, bæði hvað varðar vélargerðir og annað því um líkt. Sömuleiðis auðvitað leiguflug með farþega á sama svæði. En öðru flugi, þ.e. kennsluflugi, ferjuflugi og öðru slíku sem er drjúgur hluti umferðarinnar hér, verði fundinn staður annars staðar. Annaðhvort í Keflavík eftir því sem það getur átt við eða þá á minni flugvelli sem væri bráðnauðsynlegt að byggja einhvers staðar á þessu svæði fyrir kennslu- og æfingaflug.

Ég vildi bara aðeins koma þessum hugleiðingum að, hæstv. forseti, í tengslum við þau orð sem hér féllu um þörfina fyrir úrbætur á Reykjavíkurflugvelli, sem ég er ekki að gera draga úr að er fyrir hendi, en mér finnst að í því sambandi eigi menn líka að minnast þess að það þarf að móta stefnu og hafa stefnu um hvaða hlutverki þessi völlur eigi að gegna.

Svo er það reyndar einn flugvöllur sem ég sakna að sjá ekki í þessari flugmálaáætlun, alls ekki yfir höfuð. Það er nyrsti flugvöllur landsins sem er í Kolbeinsey eins og kunnugt er. Þar er þyrluflugvöllur og hefði auðvitað verið gaman að sjá a.m.k. að menn myndu eftir honum í flugmálaáætlun og hefðu sett hann á blað þó ég sé nú ekki að gera beinlínis kröfur til þess að í hann renni miklar fjárveitingar á allra næstu árum. Það er annað mál og heyrir reyndar undir aðra stofnun að sjá til þess að verja þann stað og er harla bágt til þess að vita að ekkert hefur gengið í þeim efnum núna undanfarin tvö til þrjú ár. Leyfi ég mér í leiðinni, hæstv. forseti, að skjóta því að hv. formanni samgn. að þar er auðvitað verkefni fyrir samgn. að sinna, þ.e. varðveisla Kolbeinseyjar en ætli það mundi með einum eða öðrum hætti bera undir þá göfugu nefnd sem verkefni samgrn., Vita- og hafnamálastofnunar ef ekki Flugmálastjórnar sökum flugvallarins sem þarna er, sá nyrsti á Íslandi og væntanlega einn af nyrstu flugvöllum á þessum slóðum.

Að síðustu, hæstv. forseti, um mikilvægi flugsamgangnanna fyrir okkur Íslendinga. Það er margtuggin klisja að sennilega byggja fáar þjóðir ef nokkrar á jafnmiklu flugi og við. Þess eru reyndar fá dæmi, hygg ég, að menn fljúgi svo mikið með einni þjóð að það jafngildi því að hver einasta mannsbarn fari nokkrum sinnum upp í flugvél á hverju ári. Þannig er því nú háttað með okkur ef þetta er lagt saman þó það dreifist auðvitað eitthvað misjafnlega. Flugið er af ýmsum ástæðum alveg gífurlega þýðingarmikið fyrir okkur Íslendinga og ber þar margt til. Það má að mínu mati alveg taka svo djúpt í árinni að segja að þetta land væri ekki byggilegt í sinni mynd, í nútímaformi, nema vegna þess að hér er gífurlega þróað kerfi flugsamgangna, alveg ótrúlega þróað miðað við að mörgu leyti erfiðar aðstæður, fámenni og strjálbýli. Nú eru þau mannvirki sem þarna er notast við óðum að komast í gott horf og það er auðvitað mikil framför. Þess eru sennilega engin dæmi, nema þá hugsanlega einhvers staðar í Afríku, að flug hafi byggst upp með þeim hætti sem hér gerðist að menn hafi byggt upp þróða flugnet og rekið áætlunarflug til tuga staða án þess að leggja í nokkurn stofnkostnað við uppbygginu mannvirkjanna í byrjun. Það var með hreinum ólíkindum hvernig frumkvöðlar í íslensku flugi byrjuðu að þróa það án þess að til kæmi nokkur umtalsverður opinber stuðningur fyrr en löngu síðar. Það eru dæmi um að menn byggðu flugvelli og lýstu flugvelli í hreinni sjálfboðavinnu, þannig að engin einasta króna rann til slíkra

framkvæmda fyrr en síðar og flug hófst til heilla héraða á grundvelli slíkrar hugsjónamennsku, leyfi ég mér að segja. Þarna var á ferðinni framsýni manna sem sáu að rekstur nútímasamfélags við aðstæður eins og á Íslandi gat ekki gengið nema með tilkomu flugsins.

Síðan er það þannig að alveg eins og flugið var mönnum lífsnauðsynlegur hluti af þróuninni á fyrri áratugum aldarinnar þá er það svo engu að síður í dag og áfram upp á framhaldið. Það er til að mynda alveg ljóst að flugið er gífurlega mikil undirstaða ferðaþjónustunnar í landinu. Hún gæti ekki borið sig og hana væri ekki hægt að starfrækja með þeim hætti sem raun ber vitni nema vegna þess að flugið er fyrir hendi og getur verið hlekkur í þeirri starfsemi yfir ferðamannatímann og reyndar allt árið.

Síðast en ekki síst er það svo þannig að til viðbótar þessum tveimur höfuðþáttum, mikilvægi flugsins fyrir okkur sjálf vegna samgangna innan lands og til að hafa hér samskipti og tengsl eins og við viljum hafa í þróuðu nútímaþjóðfélagi, þá er flugið alveg örugglega einhver allra mikilvægasta forsenda þróunar á sviði atvinnumála og almennt í framfaramálum upp á framtíðina litið. Það er t.d. alveg ljóst að mjög margir af þeim möguleikum sem menn horfa til í sambandi við frekari þróun, fullvinnslu og verðmætasköpun í okkar höfuðatvinnugreinum, sem er matvælaiðnaður lands og sjávar, er flugið alveg gífurlega mikilvægt og á eftir að verða það enn meira hér eftir en hingað til. Flestar greinar byggja á því þróun sína og framtíðarstefnu að stytta sem mest leiðina á milli framleiðenda og neytenda og stytta þann tíma sem varan er á ferðinni, koma henni ferskri beint á markað og svo framvegis. Auðvitað er augljóst mál að við okkar aðstæður, Íslendinga, sem eyþjóðar út í hafinu hlýtur það að verða flugið sem verður okkar tengiliður við umheiminn í þeim efnum. Þá vakna ýmsar spurningar sem tengjast skipulagi flugsins hér innan lands. Er það nægjanlegt að einn millilandaflugvöllur þjóni öllu landinu með góðum samgöngum á landi? Ég hef efasemdir um það. Ég held að það ætti að reikna með því og jafnvel stefna að því að fleiri flugvellir gætu komið inn í þá mynd og/eða safnkerfi sem gerði það að verkum að með jafngreiðum hætti tengdust þá nokkrir mikilvægir safnpunktar í flugnetinu aðalútflutningshöfninni eða flughöfninni.

Sem sagt, hæstv. forseti, ég er þeirrar skoðunar að á fáum sviðum sé fjármunum jafn vel varið og til uppbyggingar í þessum efnum. Það er mikið talað um það á hátíðastundum að það sé kannski sérstaklega tvennt sem þjóðirnar eigi að leggja fjármuni í. Það er annars vegar menntunin, þekkingin, og hins vegar að styrkja innviði eða undirstöður, hinar efnislegu undirstöður samfélagsins, stundum kallað „infrastrúktúr" á vondu máli eða óþýtt. Þetta er auðvitað alveg hárrétt. Og hvað er það? Hvað eru þessar efnislegu undirstöðu á Íslandi? Hvað er það sem þar skiptir máli? Það eru samgöngurnar. Það eru samgöngurnar og fjarskiptin fyrir utan þekkinguna og menntunina sem eru algjörar lykilstærðir í sambandi við alla þróunarmöguleika þjóðfélagsins. Í ljósi þess hversu gífurlega þýðingarmikið flugið er við okkar aðstæður, leysir verkefni sem samgöngur á landi með vegum eða járnbrautum gera víða annars staðar, þannig að flug hefur á Íslandi algera sérstöðu borið saman við flestöll önnur nálæg þróuð lönd þá held ég að þessum fjármunum sem hér eru á ferðinni og þó meira væri sé skynsamlega varið.

Í raun og veru er frekar ástæða til að harma að upphaflegar áætlanir um fjárveitingar hafa ekki staðist og vantar reyndar nokkuð upp á af tveimur ástæðum aðallega. Annars vegar hefur aldrei verið lagt beint fjármagn úr ríkissjóði til viðbótar hinum mörkuðu tekjum. Það væri svo sem hægt að una því en hitt er líka þarna á ferðinni að það hafa verið tekin inn á hina mörkuðu tekjustofna eða flugmálaáætlunina verkefni sem ekki var ætlunin í byrjun og hafa auðvitað dregið úr framkvæmdagetunni í hinum almennu framkvæmdum á meðan. Þar er náttúrlega fyrirferðarmest flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík. Einnig var á sínum tíma gert ráð fyrir því að svonefnd sérverkefni svo sem uppbygging varaflugvallar á Egilsstöðum, slitlag á Reykjavíkurflugvelli og annað því um líkt yrðu fjármögnuð að minnsta kosti að einhverju leyti með öðrum tekjum en þeim sem kæmu af flugmálaáætlun. En eftir sem áður er það þó auðvitað gífurlega mikilvægt að hinir mörkuðu tekjustofnar hafa á þessu sviði fengið að vera í friði og menn hafa svona í grófum dráttum látið þá fylgja verðlagi þannig að þar hefur ekki orðið um mikla skerðingu að ræða.

Ég vona svo, eins og ég sagði í upphafi, að sú samstaða sem tekist hefur um afgreiðslu málsins að þessu sinni verði varðveitt í öllum efnum og hef reyndar enga ástæðu til að ætla annað en að svo verði.

Ég veit ekki hvort Íslendingar almennt átta sig á því til að mynda hversu ótrúlega þróað það kerfi er sem við búum við á þessu sviði þrátt fyrir okkar aðstæður. Það til að mynda nálgast það að mínu mati að vera kraftaverk hvernig litlu flugfélögin, svæðisflugfélögin, og landshlutaflugfélögin, ná að halda velli og starfrækja þá þjónustu sem þau gera nánast gjörsamlega án nokkurrar fyrirgreiðslu hins opinbera. Og reyndar meira en það því að þau eru auðvitað skattlögð og leggja sitt af mörkum í gegnum þessa mörkuðu tekjustofna og álögur sem á flugið eru. Ég held að við ættum að horfa augnablik til þess og bera þetta saman við þá gífurlegu styrki sem greiddir eru til sambærilegrar samgangna t.d. í Noregi, Norður- og Vestur-Noregi, sem er kannski einna helst sambærilegur við okkur landfræðilega í þessum efnum. Þar er fluginu haldið uppi með gífurlegum fjárstyrkjum en hér á Íslandi, í okkar strjálbýli og fámenni, tekst þó þessum rekstraraðilum að halda velli og gera þetta ótrúlega myndarlega án nokkurs opinbers stuðnings. Það er nánast kraftaverk að mínu mati.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þessum fundi er nú frestað í hálfa klukkustund vegna þingflokksfunda. Umræðunni er frestað til kl. korter fyrir fimm.

[Fundarhlé. — 16:13]

[16:45]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegur forseti. Þar sem ég skrifaði undir þetta nál. með fyrirvara vil ég gera lítis háttar grein fyrir honum við síðari umr.

Flugmálaáætlun hefur tekið nokkrum breytingum frá því að hún var upphaflega lögð fram. M.a. hafa verið teknir inn fleiri lendingarstaðir heldur en upphaflega var áætlað og tel ég það vera til bóta. Einnig að bæta við C-lið í 4. flokki flugvalla þar sem eru þjónustuvellir, lendingarstaðir og lendingarstaðir í eigu og umsjá annarra en Flugmálastjórnar. Flugmenn hafa lagt á það mikla áherslu að það væri tiltekið í flugmálaáætlun og mun það vera aðallega vegna tryggingamála.

Ég vil lýsa ánægju minni með að það skuli vera áformað að setja bundið slitlag bæði á Bíldudalsflugvöll og Patreksfjarðarflugvöll. Held ég að það hafi sýnt sig í þeim umræðum sem fram hafa farið um það mál þar sem verið var að gagnrýna það að nokkru að það þyrfti að vinna báða þessa flugvelli, að þeir bæta hvor annan upp. Annar virkar sem þverbraut á hinn.

En athugasemdirnar sem ég hef fyrst og fremst fram að færa eru þær að einn staður á Vestfjörðum er ekki nefndur í þessum áætlunum og það er Þingeyrarflugvöllur. Athuganir hafa staðið yfir á Sveinseyri við Dýrafjörð um það hvort þar kæmi framtíðarflugvöllur. Þær athuganir standa að vísu enn þá og hefur ekki verið hætt við þær. En það hefur lítið komið fram um það hvernig þær athuganir hafa gengið. Þó enn sé fyrirhugað að halda þeim áfram þá tel ég að það þyrfti að setja meiri kraft í það og það færi að koma út skýrsla um það mál og svo í framhaldi af henni einhver ákvörðun. Ég er því mjög skeptísk á að ekki skuli vera sett fram neitt plan um hvorki Þingeyrarflugvöll, það hefur ekkert verið unnið að viðhaldi á honum og ekkert áframhald fyrirhugað á því og heldur engin ákvörðun tekin um hvort stefnt skuli að framtíðarflugvelli á Sveinseyri.

Nú er það alveg ljóst að Ísafjarðarflugvöllur þarf á varaflugvelli að halda. Það er engin leið að búa þar til nema eina flugbraut því þar er ekki hægt að koma við neinni þverbraut. Í Dýrafirði eru allar aðstæður til þess auk þess sem menn hafa horft til þess að þar væri hugsanlega í framtíðinni hægt að stækka flugvöllinn og vera með beinan útflutning.

Það er alveg ljóst að þegar jarðgöngin verða komin í gagnið þá verður meiri samnýting á þessum flugvöllum eftir veðri og aðstæðum. Það má einnig benda á að veðurfarslegar aðstæður eru allt aðrar í Dýrafirði heldur en á Ísafirði. Ég legg því enn og aftur ríka áherslu á að þetta mál sé skoðað í flugráði og ég harma að ekki skuli hafa verið tekin einhver ákvörðun um það í þessari flugmálaáætlun.

Í öðru lagi vil ég koma að athugasemdum um áætlunarflugvelli í III. lið. Þar hefur nokkuð verið fært á milli flugvalla en ég tel að einn flugvöllur á Vestfjörðum hafi ekki fengið þá athygli sem þarf, þ.e. Gjögur. Þar er byggð sem þarf að treysta mjög mikið á flugsamgöngur og raunar skipasamgöngur sem hefur dregið mjög úr síðustu tvö árin. Þar er enginn vegur opinn meira en helminginn úr árinu og þess vegna nauðsynlegt að Gjögurflugvöllur sé í góðu ástandi. Ástandið er þannig að þar er malarflugvöllur, ekkert slitlag í raun og veru eftir af þeirri möl og völlurinn orðinn nánast ekkert nema holur og er illur yfirferðar. Ég hefði haldið að það væri nauðsynlegt að vinna að því að setja eitthvert slitlag á hann en í þessari áætlun er aðeins talað um á árinu 1994 flugbrautarljós á lengingu sem þar fór fram en engin framkvæmd síðan fyrr en 1996. Þá er það öryggissvæðið. Það er ekki minnst á neina lagfæringu á slitlaginu. Þetta hefði ég talið að þyrfti að athuga.

Það eru eiginlega fyrst og fremst þær athugasemdir sem ég vildi koma á framfæri og einnig vil ég endurtaka það sem ég tók fram í fyrri umr. um þetta mál að ég tel að það eigi að koma til skoðunar hjá þingmönnum og samgn., sérstaklega á fyrri stigum þessarar vinnslu. Við erum að vísu með flugráð sem kosið er af Alþingi en það er það þröngur hópur sem þar á sæti og alls ekki fulltrúar allra flokka þannig að ég tel að það þurfi að vinna þetta meira í samráði við samgn. á fyrri stigum. Hef ég þá lokið þeim athugasemdum sem ég vildi koma á framfæri vegna míns fyrirvara.

[16:53]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Flugmálaáætlun sem hér er til umræðu hefur verið til meðferðar í hv. samgn. og hlotið þar mjög ítarlega umfjöllun og því óþarfi af minni hálfu að hafa mörg orð um áætlunina. Það eru ekki gerðar miklar breytingar út af fyrir sig á áætluninni eins og hún lá fyrir en þó var í nokkrum atriðum, eins og vafalaust hefur komið fram í umræðunum, vikið til ýmsum verkum.

Það sem ég vildi gera að umtalsefni við þessa umræðu er að það hafa orðið nokkrar breytingar á áætlunarflugi í landinu. Með bættum samgöngum um vegi hafa sumir flugvellir verið minna nýttir og í sumum tilvikum þar sem hafa verið byggðir upp ágætis flugvellir hefur áætlunarflugi verið hætt. Þetta hefur allt saman sínar skýringar en ég vildi að það kæmi fram við þessa umræðu að ég tel afar mikilvægt að á þeim flugvöllum sem ekki er gert ráð fyrir að sé unnið við eða séu framkvæmdir við á þessu áætlunartímabili, þeim flugvöllum sem flokkast undir aðra flugvelli og lendingarstaði, sé sinnt eðlilegu og nauðsynlegu viðhaldi og umsjón á vegum Flugmálastjórnar, ekki síst vegna þess að í sumum tilvikum eru þessir flugvellir nýttir vegna leiguflugs, leiguflugs sem er jafnt að vetri sem sumri en þó einkum og sér í lagi er um að ræða leiguflug sem tengist ferðaþjónustunni og má ég í því sambandi nefna flugvöllinn á Rifi á Snæfellsnesi og flugvöllinn í Stykkishólmi. Ég vildi að þetta kæmi fram við þessa umræðu vegna þess að ég hef vissar áhyggjur af því að áætlunarflug væri ekki lengur á þessa staði og á það einnig við um Blönduós, og þá kunni að vera sú hætta að ekki sé sinnt nægjanlega um umsjón og rekstur þessara valla.

Þá eru gerðar nokkrar tilfærslur varðandi flokkun annarra flugvalla og lendingarstaða. Ég lýsi mig fylgj-

andi þessari skiptingu og tel að það hafi komið alveg fullnægjandi skýringar af hálfu Flugmálastjórnar og starfsmanna Flugmálastjórnar við þessari flokkun, en í nokkrum tilvikum er um að ræða flugvelli sem eru afar mikilvægir vegna sjúkraflugs og vegna öryggis sem tengist því og þess vegna er nauðsynlegt að halda þeim við.

Það kom m.a. fram hjá fulltrúum Félags einkaflugmanna sem komu fyrir samgn. að þeir leggja mikið upp úr því að þessum lendingarstöðum sé vel og bærilega við haldið, það megi treysta því að það sé hægt að lenda á þessum stöðum með sæmilegum hætti og ég held að þeir hafi fyrir nefndinni fært fullgild rök fyrir því.

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu. Það hafa ekki komið fram aðrar breytingartillögur við flugmálaáætlun en sú sem nefndin stendur að. Að vísu hefur maður séð um það fjallað m.a. að það sé ástæða til þess að flytja Reykjavíkurflugvöll. Það er ekki gert ráð fyrir því í þessari flugmálaáætlun en sú hugmynd virðist vera einhvers staðar á sveimi. Ég held að hv. samgn. hafi ekki verið með það í huga.

Virðulegi forseti. Ég lýsi að sjálfsögðu stuðningi við þessa áætlun og vænti þess að vel megi takast til með framkvæmd hennar.

[17:00]

Ólafur P. Þórðarson:

Herra forseti. Sú tillaga sem liggur fyrir um flugmálaáætlun segir okkur að á undanförnum árum höfum við ekki áttað okkur nægilega vel á samhenginu á milli landsamgangna og flugmála. E.t.v. er gleggsta dæmið um þetta flugvöllurinn í Stykkishólmi þar sem menn hafa staðið nokkuð myndarlega að hlutunum, en bætt vegakerfi hefur orðið til þess að notkun hans hefur fallið. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að ræða þessi mál á dálítið breiðum grunni.

Í Vestur-Ísafjarðarsýslu og norður hagar svo að það eru tvö flugfélög sem fljúga inn á þetta svæði, Íslandsflug og Flugleiðir. Nú hafa Flugleiðir þær leiðir sem bestar eru en Íslandsflug þær sem fámenni nýtur þjónustunnar. Þeir hafa staðið sig mjög vel og eru með flugvélar sem henta nokkuð vel til þeirrar þjónustu. Flugleiðir hafa einnig staðið sig vel á hinum stærri leiðum. Því segi ég þetta að það sama ástand er í Barðastrandarsýslu. Flugleiðir fljúga á Patreksfjörð en Íslandsflug flýgur á Bíldudalsflugvöll. Einnig þjónar Íslandsflug þeim flugvelli Vestfjarða sem afskekktastur er, þ.e. Gjögri. Það verður að segjast eins og er að ég tæki aldrei þátt í því að skerða afkomumöguleika Íslandsflugs inn á Vestfirði af ótta við það að það gæti orðið til þess að þeir staðir sem búa við mest dreifbýli gætu skaðast verulega á slíku. Hins vegar hefur maður stundum spurt sig þeirrar spurningar hvort hægt væri að hafa einhver skipti á flugleiðum milli þessara aðila og það þarf vissulega að skoða það í framtíðinni. Þar kemur m.a. inn sú spurning hvort Íslandsflug t.d. væri með Barðastrandarsýslu og Flugleiðir væru með Ísafjarðarsýslu eða hvort einhver önnur skipting kæmi til greina. Ég hygg að það sé hægt að sýna fram á það með rökum að ef þessi leið verður ekki farin þá verður bara að leyfa frjálsa samkeppni á milli þessara tveggja flugfélaga á aðalleiðunum. Þetta mál tengist uppbyggingu flugvallanna og hvernig staðið er að þeim á næstu árum.

Í Ísafjarðarsýslu norður og vestur hafa verið fjórir áætlunarvellir. Einn þeirra er fallinn út. Áætlunarflug á Suðureyrarflugvöll er fallið út og verður ekki upp tekið aftur. Jarðgöng eru komin til sögunnar og það er sjálfgefið að Súgfirðingar munu leita eftir þessari þjónustu á Ísafirði eða í Holti eftir því hvort þeir telja betra. Í Holt flýgur Íslandsflug og hefur þjónað þeim stað vel og allt gott um það. En það sérstæða í stöðunni er að flugvallarstæðið á Ísafirði í aðalþéttbýlinu er svo ófullkomið að ekki verður hægt að líta á það að hægt sé að byggja þar upp flugvöll af þeim gæðum sem duga fyrir Ísafjarðarsýslu. Næturflug inn á þann völl verður trúlega aldrei leyft og þó ég segi trúlega, þá get ég eiginlga bætt við: Það verður aldrei leyft. Við erum að sjálfsögðu þátttakendur í alls konar öryggisstöðum varðandi flug og af þeirri ástæðu má sjá það fyrir að þar verður næturflug ekki leyft. Þess vegna stöndum við frammi fyrir því að það er ekkert um annað að ræða en það verður að byggja upp í Ísafjarðarsýslum einn flugvöll sem nær þeim gæðastandard að það sé hægt að leyfa næturflug og þaðan þyrfti að vera hægt að fjúga beint til útlanda með fisk ef svo bæri undir.

Sá völlur sem kemur til greina á þessu svæði við fyrstu sýn er Sveinseyrarvöllur í Dýrafirði. Nú er það svo að veðurfarslega séð bendir allt til þess að hægt væri að hafa nokkuð öruggt flug á þennan völl. Hann liggur utar með firðinum en Þingeyrarvöllur sem er í landi Hóla og það er hægt að fá mun betri aðflugshring á því svæði eins og segir hér á bls. 57, með leyfi forseta, ef ég vík að Þingeyrarflugvelli, þá er sagt hér um þennan flugvöll:

„Um þennan flugvöll fara um 2500–2800 farþegar á ári. Með bættu vegasambandi milli Þingeyrar og Ísafjarðar má búast við að í framtíðinni verði hlutverk Þingeyrarflugvallar í flugsamgöngukerfi Vestfjarða mikilvægara en það er núna."

Í sjálfu sér er ekki hægt að gera ráð fyrir því að Þingeyrarflugvöllur sá sem nú er sinni öllu mikilvægara hlutverki en hann gerir. Hann er viss varaskeifa fyrir Ísafjarðarflugvöll en það er auðvitað rétt að með tilkomu jarðganganna má gera ráð fyrir því að hann geti alltaf gripið inn sem varaflugvöllur fyrir Ísafjörð. Hér segir svo neðar á þessari sömu blaðsíðu, með leyfi hæstv. forseta:

„Engar framkvæmdir hafa átt sér stað á Þingeyrarflugvelli á undanförnum árum vegna hugmynda um að færa flugvöllinn út á Sveinseyri sem er utar í firðinum og gæti gefið betra aðflug."

Þetta er nú ekki alveg jafneinfalt og textinn segir til um og vitna ég til þess að hv. 2. þm. Norðurl. v. hefur stundum verið nokkuð gagnrýninn á texta. Það væri einfalt ef við gætum flutt völlinn en á því höfum við engin tök. Hér er um ekkert annað að ræða en að byggja nýjan völl. Og eins hitt að hann er ekki utar í firðinum heldur utar með firðinum, þessi nýi völlur

sem menn eru að hugsa sér að byggja. Það er alveg rétt sem hér kemur fram að það hafa engar framkvæmdir átt sér stað á Þingeyrarflugvelli. Við beittum okkur fyrir því, þingmenn Vestfjarða, að farið yrði af stað með þessa athugun á Sveinseyri og jafnframt að það yrðu stöðvaðar framkvæmdir á Þingeyrarflugvelli þar sem okkur þótti ekki rökrétt að halda þar áfram uppbyggingu á sama tíma og það blasti við að öll rök mæltu með því að eftir að jarðgöngin væru orðin að veruleika bæri að fara í það að byggja upp flugvöll á Sveinseyri.

Nú er það svo eins og hér kemur fram að það getur verið að hluti af flugbrautinni yrði að verða fylling út í sjó. Ég hef í sjálfu sér ekkert við það að athuga sem hér stendur um Sveinseyrarflugvöll og þær hugmyndir sem eru þar að lútandi. Þær eru allar góðar. Aftur á móti spyr ég sjálfan mig þeirrar spurningar hvort það sé svo að ákvarðanataka í þessu efni eigi sér ekki stað með öðrum hætti en þeim að þingmenn þurfi að flytja þáltill. Mér finnst það kannski spurning hvort það sé rétt að það þurfi að gerast með þeim hætti. Ég hefði gjarnan viljað fá eyrnamerkingu á fjármunum til þess að tryggja að það lægi ljóst fyrir að menn ætluðu sér að fara í að byggja þennan flugvöll. Þó að ég hafi vikið að þessari sérstöðu með tvö flugfélög sem fljúga inn á svæðið og hvernig það kemur út í stöðunni þá fer það ekkert á milli mála að sú heildarlausn að byggja upp mjög góðan flugvöll á Sveinseyri sem væri fær miklu oftar en þeir vellir sem nú eru, þar yrði næturflug, þar yrði heimilt að lenda á það stórum vélum að hugsanlega mætti fljúga með fisk beint til útlanda er eina lausnin sem þjónar hagsmunum þessa svæðis á viðunandi hátt. Ég vil minna á það í þessu sambandi að við fórum í það að byggja nýjan flugvöll á Egilsstöðum. Það var staðið mjög myndarlega að því verki og það er ánægjulegt að það hefur sannað gildi sitt þegar að nokkru leyti og mér finnst að samgn. hefði þurft að gefa um það nokkrar yfirlýsingar hver er hennar skoðun á þessu máli, hver er hennar framtíðarsýn til þessara flugvalla.

Ég segi þetta hér og nú vegna þess að það liggur alveg ljóst fyrir eins og ég gat um í upphafi minnar ræðu að við höfum ekki viljað tengja nægilega vel saman vegamálin og flugmálin til að átta okkur á því hvað gerist í framtíðinni með staðsetningu flugvallanna. Þess vegna höfum við e.t.v. fjárfest rangt í flugvallagerð vegna þess að við vorum eftir á með vegaframkvæmdir.

Ég vil svona til gamans geta þess í lokin að á dögum Vestfjarðaáætlunar fóru þrír menn um Vestfirði. Einn þeirra sagði: Við eigum að byggja einn flugvöll á Vestfjörðum, hann á að vera á Þingeyri. Hann var ekki tilbúinn að ræða það neitt hvernig ætti að koma fólki á þann völl en hinir tveir sem voru með honum lögðu til að það yrði byggður völlur á Patreksfirði og á Ísafirði og það varð ofan á. En það breytir ekki þeirri staðreynd að ef vegasambandið væri í því besta formi, sem það gæti verið og heilsársvegir, þá er ekki víst nema þessi yfirlýsing á sínum tíma hefði verið hin raunhæfa framtíðarsýn. Nú ætla ég ekki að fara að hafa áhrif á það varðandi Barðastrandarsýsluna. Mér sýnist að við séum búnir að gera þá hluti þar í flugvallargerð sem gera það að verkum að þar munu verða tveir flugvellir um ókomin ár en aftur á móti þætti mér mjög vænt um það ef hv. formaður samgn., Pálmi Jónsson, hefði einhverjar frekari upplýsingar að færa okkur varðandi Sveinseyrarflugvöll.

[17:15]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Vegna síðustu orða hv. 2. þm. Vestf. þá hefur það komið fram fyrr í umræðunni að athuganir standa yfir varðandi Sveinseyrarflugvöll eða varðandi flugvöll á Þingeyri og er þeim ekki að fullu lokið. Það skýrir það m.a. að ekki er á þessu áætlunartímabili áætlað fé til uppbyggingar á þeim flugvelli enda eru verulegar flugvallarframkvæmdir samkvæmt þessari áætlun á Vestfjörðum. Á hinn bóginn er ýjað að því í greinargerð tillögunnar eins og hún liggur fyrir að þarna kunni að verða veitt verulegu fé til framkvæmda á næstu árum eftir að þessu áætlunartímabili lýkur en það kemur vitaskuld fyrst til athugunar og ákvörðunar við endurskoðun þeirrar áætlunar sem hér liggur fyrir að tveimur árum liðnum.

[17:16]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mitt andsvar að þessu sinni er kannski á þann veg að það flokkast varla sem andsvar heldur hitt að ég vil þakka hv. þm. Pálma Jónssyni fyrir að hafa gert grein fyrir þessu með einarðlegum hætti. Ég skil þetta svo að það sé unnið af fullum krafti að þessari rannsókn og þá verði ákvörðunartökunnar að vænta í beinu framhaldi af því og það tel ég auðvitað hið rökrétta að tengja þetta saman. Ég taldi engu að síður rétt að koma þessu á framfæri vegna þess að það verður að fara að skoða þetta á heildstæðari hátt en gert hefur verið á undanförnum árum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, síðari umr.

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959.

[17:19]

Frsm. meiri hluta allshn. (Gísli S. Einarsson):

Frú forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um till. til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997 frá meiri hluta allshn. Tillaga þessi er lögð fyrir Alþingi í samræmi við 8. gr. laga um Byggðastofnun, nr. 64/1985. Snemma árs 1991 var lögum um Byggðastofnun breytt í því markmiði að leggja aukna áherslu á atvinnuþróunarstarf og áætlunargerð. Árið 1992 var áherslubreyting Alþingis gerð enn skýrari. Með breytingu var lögbundið að Byggðastofnun geri tillögu að stefnumótandi áætlun í byggðamálum til fjögurra ára í senn sem forsrh. leggur fyrir Alþingi. Skal þar koma fram stefna ríkisstjórnarinnar í byggðamálum og tengsl

hennar við þá almennu stefnu í efnahags- og atvinnumálum, svo og við áætlanir á sviði opinberrar þjónustu í landinu.

Við gerð byggðaáætlunar hefur Byggðastofnun samráð við fjölmarga aðila, þar á meðal ráðuneytið, Þjóðhagsstofnun, sveitarfélög og samtök þeirra. Stjórn Byggðastofnunar fjallar um stefnumótandi hluta byggðaáætlunar við undirbúning hennar og fylgist með framkvæmd þeirra þátta hennar sem henni er falið af Alþingi. Í þeirri tillögu sem hér liggur fyrir er gerð grein fyrir meginmarkmiðum byggðastefnu og greint í fjórum liðum hvaða stefnumál verður lögð áhersla á til ársloka 1997.

Lagt er til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Ólafur Þ. Þórðarson skrifar undir nefndarálitið með fyrirvara en stendur ekki að breytingartillögum.

Lögð er til breyting í d-lið 1. tölul. og er lagt til að horft verði til landgæða í aðgerðum ríkisvaldsins á jaðarsvæðum.

Lagt er til að c-liður í 2. tölul. falli brott en þar segir að forsrh. leggi fram skýrslu um framkvæmd fjögurra ára áætlunar um hvern þjónustumálaflokk sem verði grundvöllur fjárlagagerðar til lengri tíma. Gefast mun tækifæri til umræðna um byggðamál í umræðum um ársskýrslu Byggðastofnunar sem lögum samkvæmt fara fram ár hvert auk þess sem stefnumótandi áætlun verður endurskoðuð og því til umræðu annað hvert ár. Þykir c-lið því vera ofaukið.

Þá er lögð til veruleg breyting á töflum undir d-lið 4. tölul. sem sýnir framlög til byggðamála. Eftir að tillagan kom til nefndarinnar kom í ljós að taflan þarfnaðist gagngerrar endurskoðunar. Breytingar á töflunni eru einkum tilkomnar vegna þess að ekki var rétt farið með framlög til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins í fyrri töflu. Í þeirri töflu var gert ráð fyrir að samanlögð framlög til byggðamála á tímabilinu mundu ekki lækka og að lækkun framlaga til Framleiðnisjóðs kæmi fram í samsvarandi hækkun framlaga til Byggðastofnunar. Við gerð tillögu að leiðréttri töflu er þetta lagt til grundvallar, en framlög til Framleiðnisjóðs eru 50 millj. kr. hærri samkvæmt búvörusamningi á næsta ári (1995) en taflan gerði ráð fyrir. Á árinu 1996 munar einnig 50 millj. kr. og á árinu 1997 munar 100 millj. kr.

Auk þessa atriðis er varðar Framleiðnisjóð eru gerðar nokkrar leiðréttingar á töflunni og þær eru eftirfarandi:

1. Samkvæmt þáltill. átti ekki að leggja fé í afskriftarsjóð Byggðastofnunar á yfirstandandi ári en samkvæmt rekstraráætlun stofnunarinnar fyrir 1994 verða lagðar 60 millj. kr. í afskriftasjóð og hefur stofnunin raunar þegar gert það. Nauðsynlegt var að leiðrétta gerðan hlut en að öðru leyti breytast framlög í afskriftarsjóð ekki frá því sem upphaflega var ætlað og verða þau 25 millj. kr. á ári út tímbilið sem tillagan nær til.

2. Hlutfallsleg skipting framlaga til atvinnuráðgjafar og nýsköpunar breytist lítils háttar og þau framlög lækka lítillega vegna þess sem að ofan er getið, þ.e. framlög til Byggðastofnunar eru lægri en áður var miðað við en framlög til Framleiðnisjóðs aftur á móti hærri.

3. Framlag félmrn. til atvinnumála kvenna er fellt niður enda er styrkjum til atvinnusköpunar meðal kvenna nú ráðstafað óháð búsetu þeirra á landinu.

4. Árlegt framlag til að stuðla að fjárfestingu erlendra aðila hér á landi er fellt niður en undirbúningur að því verkefni fer nú fram á vegum viðskrn.

Í nefndinni var fjallað um fram komnar brtt. við málið frá fulltrúum stjórnarandstöðunnar. Þar var rætt um brtt. við málið frá þingmönnum Kvennalistans sem lögðu áherslu á að sérstakur atvinnuráðgjafi fyrir konur verði ráðinn í öllum landshlutum.

Meiri hlutinn bendir á að með samþykkt brtt. Kvennalistans verða ekki aðeins lagðar auknar skyldur á Byggðastofnun til fjárframlaga heldur einnig á viðkomandi sveitarfélög. Meiri hlutinn hefur skilning á þeim sjónarmiðum sem liggja að baki brtt. um að það sé nauðsynlegt að huga að atvinnuskapandi verkefnum fyrir konur. Meiri hlutinn vill í þessu sambandi minna á að þegar eru konur starfandi sem atvinnuráðgjafar. Jafnframt vill meiri hlutinn benda á að í a-lið 4. tölul. þáltill. er tekið fram að áfram verði stutt við verkefni sem efla framtak kvenna í atvinnumálum.

Björn Bjarnason var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Í umfjöllun um málið kom það fram að menn töldu að það vantaði frekar kjöt á beinin sem svo er kallað, en við setjum það fram að þessi tillaga er aðeins rammi sem á eftir að fylla vel út í og mun það koma í ljós.

Undir þetta álit skrifa hv. þm. Sólveig Pétursdóttir, Eyjólfur Konráð Jónsson, Gísli S. Einarsson, Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson með fyrirvara.

Útbýting þingskjala:

Reynslusveitarfélög, 554. mál, nál. minni hluta félmn., þskj. 1216.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, 268. mál, nál. menntmn., þskj. 1219.

Verndun Mývatns og Laxár, 625. mál, stjfrv., þskj. 1220.

Þjóðminjalög, 478. mál, nál. minni hl. menntmn., þskj. 1215; nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1217; brtt. meiri hluta menntmn., þskj. 1218.

[17:26]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Mér er nokkur vandi á höndum og vil láta það koma fram strax í upphafi framsögu fyrir þessu nefndaráliti að ég flyt hana í stað hv. þm. Jóns Helgasonar sem sæti á í allshn. og hefur samið þetta nál. frá 1. minni hluta allshn. eftir ítarlega umfjöllun um málið af hans hálfu og ég mun því reyna að gera grein fyrir þessu nál. eins og hv. þm. hefur sett það fram og eftir nokkrar umræður sem við höfum átt um málið og málsmeðferð.

Eins og fram kemur í þessu nefndaráliti þá er í upphafi greint frá því að sú tillaga sem hér liggur nú fyr-

ir um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 1994–1997 er gerð samkvæmt breytingu á lögum um Byggðastofnun sem samþykkt var í upphafi árs 1991 í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Sú ríkisstjórn lagði mikla áherslu á að Byggðastofnun fengi þessar nýju áherslur, þ.e. að vinna meira að áætlunar- og þróunarstarfi. Ég tel að það hafi verið mikilvægt verkefni sem stofnuninni var þar fengið og efast ekki um að starfsmenn stofnunarinnar og stjórn hafi tekið það hlutverk sitt hátíðlega og unnið mikið að undirbúningi þeirrar áætlunar sem hér liggur fyrir. Hitt er svo ljóst að það er kveðið á um það í lögum að í tillögunni komi fram stefna ríkisstjórnar í byggðamálum og skuli forsrh. kynna Byggðastofnun þá stefnu þegar undirbúningur tillögunnar hefst og á hvaða atriði lögð skuli áhersla við gerð hennar. Þetta vil ég undirstrika varðandi þá áætlun sem hér liggur fyrir að það hlýtur fyrst og fremst að vera fjallað um stefnu núverandi hæstv. ríkisstjórnar, enda, í samræmi við það sem ég nefndi, sendi hæstv. forsrh. Davíð Oddsson stjórn Byggðastofnunar bréf 28. febr. 1992 þar sem hann kynnir þau almennu markmið sem ríkisstjórnin leggur áherslu á. Ég undirstrika það því að af þeim sökum er ljóst að þessi tillaga er fyrst og fremst stefnumörkun núv. hæstv. ríkisstjórnar.

Fyrsti minni hluti allshn. telur að nokkuð skorti á bjartsýni og framtíðarsýn í þessari tillögu og vill undirstrika það að byggðir landsins búi við mikil auðæfi sem eigi eftir á næstu árum og ártugum að verða miklu verðmætari en nú er og þjóna miklum tilgangi í því að skapa atvinnu, ekki aðeins fyrir okkur og landsmenn alla heldur að við búum yfir auðæfum sem geta nýst heiminum í miklu meiri mæli en er í dag þó að við sjáum það kannski sem framtíðarsýn.

Í nefndarálitinu er síðan næsti kafli sem fjallar nokkuð um þær aðstæður í heiminum sem eru óðfluga að breytast. Mannfjölgunin er gífurleg og það þrengir sífellt að íbúum jarðar. Hér eru t.d. taldar upp þær staðreyndir að fyrir 70 árum voru íbúar jarðarinnar 1.800 milljónir en eru núna 5.300 millj. og er ljóst að fjölgunin er gífurleg og því kalli sú staðreynd á endurmat og algera viðhorfsbreytingu og fráhvarf frá hinum þröngsýnu hagfræðikenningum sem mótað hafa stefnu ríkisstjórna víða um heim eins og má segja hér á landi síðustu árin. Það er sem sagt ört vaxandi eftirspurn eftir ómenguðum matvælum, ekki aðeins á sviði sjávarútvegs heldur einnig á sviði landbúnaðar sem styrkir stöðu okkar mjög og sú ímynd sem nú þarf að skapa landbúnaði og landbúnaðarafurðum sem koma frá Íslandi og einnig úr hafinu hér í kring, þ.e. sjávarafurðunum, að þær séu þær hreinustu og ómenguðustu sem völ sé á, það er áherslubreytingin sem við þurfum að huga að og þurfum þess vegna að byggja okkar stefnu í atvinnumálum til framtíðar horft með þetta ekki síst að leiðarljósi.

Það er líka ljóst að margar erlendar þjóðir muni girnast slíka fjársjóði og vilja fá að nýta sér þá möguleika sem hér bjóðast. Við þurfum að sjálfsögðu að vera opnir fyrir því að taka á móti þeim aðilum sem vilja með okkur vinna, en við þurfum líka að standa dyggan vörð um þennan þjóðarauð okkar. Ríkisvaldið þarf í verki að sýna skilning sinn á því að við þurfum að nýta gæði landsins hvar þau er að finna og að allir geti haft nóg að starfa við sköpun verðmæta fyrir þjóðarbúið. Hér er að finna margvíslega möguleika með fjölbreyttari nýtingu landsins og úrvinnslu hágæðavöru. Ekki síst vegna þess hve atvinnulífið er orðið aðþrengt vegna hávaxtastefnu ríkisstjórnarinnar síðustu árin er nauðsynlegt að ríkisvaldið hafi frumkvæði að skipulegri úttekt og hefjist þegar í stað handa við að styðja þá sem nýta vilja þessa möguleika. Þrátt fyrir hina lamandi hönd stjórnarstefnunnar sem nú hefur ríkt um sinn eru sem betur fer víða einstaklingar sem eru tilbúnir til að leggja grundvöll að því að nýta möguleikana en koma alls staðar að lokuðum dyrum þegar stíga á fyrstu skrefin. Dæmi um slíka möguleika eru tilraunir til útflutnings á vatni, svo að eitthvað sé nefnt, en auðvitað væri hægt að nefna fjölmörg önnur viðfangsefni.

Fulltrúi 1. minni hluta nefndarinnar undirstrikar hér í nefndaráliti sínu sérstaklega þennan þátt og gerir grein fyrir því að hann muni flytja sérstaka þáltill. þar sem lagt er til að skipuð verði nefnd til að fjalla um vatnsútflutning. Sú tillaga hefur nú þegar verið lögð fram í hv. Alþingi, þó ekki sé líklegt að hún fái afgreiðslu á þessu þingi. En hér er verið að ræða um einn af þeim miklu möguleikum sem við eigum, litið til framtíðar, á ýmsum sviðum atvinnumála og ekki síst undirstrikað að við eigum að nýta betur en við höfum gert ýmsar þær auðlindir þjóðarinnar sem í dag eru lítt eða ekki nýttar.

Þá fjallar fulltrúi 1. minni hlutans í nefndaráliti sínu næst um meginmarkmið byggðastefnu og þar er m.a. rætt um það að í upphafi þeirrar tillögu sem við erum hér að fjalla um séu sett fram meginmarkmið byggðastefnunnar í þremur málsgreinum. Fyrsta markmiðið er almennt orðað og án takmarkana og hinum markmiðunum megi frekar velta fyrir sér þar sem segir í öðru lagi að fjallað sé um atvinnulíf og þjónustu. Þar er sett fram það skilyrði fyrir sérstökum stuðningi við atvinnulífið að það geti verið fjölbreytt eða eins og segir orðrétt í tillögunni, með leyfi forseta:

„Svæðin verða að vera nægilega fjölmenn til þess að hægt sé að reka þar fjölbreytta þjónustu og atvinnulíf á hagkvæman hátt."

Út af fyrir sig má segja að þetta sé gott markmið og náist það sé hlutverki Byggðastofnunar á þessum svæðum að verulegu leyti lokið og gæti þá stofnunin einbeitt sér að svæðum sem eftir standa, þ.e. jaðarsvæðunum. Atvinnulíf á Íslandi utan stærstu þéttbýlissvæðanna byggist fyrst og fremst á landbúnaði og sjávarútvegi. Margir útgerðarstaðir hafa landrými að baki sér þar sem rekin er landbúnaður, en hjá öðrum er ekki um slíkt að ræða og þar hlýtur atvinnulífið því að verða að teljast fremur einhæft, þar sem segja má að öll önnur starfsemi sé bein eða óbein þjónusta við þennan eina atvinnuveg, þ.e. sjávarútveginn þar sem það á við eða landbúnaðinn þar sem það á við. Það gildir um þau héruð sem liggja langt frá útgerðarstöðum og verða því eingöngu að byggja á landbúnaði og nýtingu jarðanna.

Þrátt fyrir það er hægt á þessum stöðum að reka einhæfan atvinnuveg með viðunandi árangri sem er þjóðarbúskapnum mikils virði. Það má skilja það á texta tillögunnar að þessum byggðarlögum verði ekki veittur stuðningur á sama hátt og öðrum og þyrfti það að koma greinilega fram ef svo er ekki.

Síðan víkur fulltrúi 1. minni hlutans að þriðja meginmarkmiði þessarar tillögu, þar sem segir, með leyfi forseta: „Að draga úr fólksflutningum til höfuðborgarsvæðisins þannig að mannvirki þjóðarinnar nýtist skynsamlega.“ Síðan spyr hv. þm.: „Af hverju á aðeins að „draga úr“? Af hverju á ekki að stöðva eða snúa við? Hvað með gæði landsins og aðrar auðlindir?“ Þetta verður að teljast veikt orðað meginmarkmið. Umrætt jafnvægi í byggð landsins hefur raskast allt of mikið og það lagast ekki aðeins með því að draga úr þeirri röskun heldur þarf að taka verulega til hendinni og gera betur.

Næsti kafli í þessu nefndaráliti fjallar síðan um áhersluatriði nokkur og þar segir, með leyfi forseta:

„Á eftir meginmarkmiðum tillögunnar eru talin upp í fjórum liðum þau atriði sem sérstök áhersla er lögð á til þess að hægt sé að ná þeim á næstu fjórum árum. Í 1. og 4. tölul. er fjallað um atvinnulífið. Í d-lið 1. tölul. er rætt um aðgerðir á jaðarsvæðum og þar nefnt að einkum verði horft til nýtingar náttúruauðlinda og ferðaþjónustu.

Í riti Byggðastofnunar eru náttúruauðlindir í þessu skyni skilgreindar mjög þröngt, svo sem jarðhiti, og virðist það óeðlilegt þar sem um ýmsa aðra kosti getur verið að ræða, svo sem nýtingu gróðurs, veiðihlunninda og lindarvatns. Meiri hluti allsherjarnefndar hefur tekið tillit til þessarar ábendingar og flutt breytingartillögu, sem 1. minni hluti styður, um að við bætist orðin „annarra landgæða“.“

Hér lýkur orðréttri tilvitnun í þetta nefndarálit, virðulegur forseti, en auðvitað verður að taka undir það sem hér segir, að þetta hefði þurft að skoða betur, vinna betur og setja sér áhersluatriði, setja þau greinilega og skýrt fram hvað átt er við og tína til meira og betur þá möguleika sem við höfum eða fyrir hendi eru.

Síðan er í næsta kafla nefndarálitsins fjallað um stöðu atvinnulífsins og auðvitað hlýtur það að vera eitt af grundvallaratriðunum að atvinnulífinu séu búin þau skilyrði að fyrirtækin geti skilað arði. Það eru undirstöðuatriði fyrir allri atvinnuþróun í landinu og auðvitað þar með talið byggðaþróun. Þetta er reyndar nefnt eða tilgreint í tillögunni en síðan ekkert nánar fjallað um það, hvorki í ályktuninni sjálfri né í greinargerð, hvernig skuli taka á þessum málum og hvernig skuli bregðast við þeim vanda sem vissulega blasir nú við í atvinnulífi okkar.

Öllum má vera það ljóst að miklar breytingar hafa orðið síðustu árin í efnahags- og atvinnulífi. Þjóðartekjur hafa dregist saman og atvinnuleysið hefur haldið innreið sína. Þótt ástæður séu margar, t.d. samdráttur í sjávarútvegi eða þorskveiðum, er aðgerðaleysi stjórnvalda mikill örlagavaldur. E.t.v. þarf ekki að taka um það langa eða ítarlega umræðu, virðulegur forseti, hér og nú, það var gert allítarlega í gærkvöldi í svokölluðum eldhúsdagsumræðum hér á hv. Alþingi, þar sem reynt var að benda á og draga fram hversu illa núverandi ríkisstjórn hefur staðið sig hvað þetta varðar og hvernig þróunin hefur orðið. Við stöndum nú frammi fyrir því alvarlega ástandi sem ríkir í atvinnumálum og undarlegt að hlýða á suma hv. fulltrúa stjórnarflokkanna hér á þingi, að þeir virðast nokkuð geta sætt sig við þetta og tala um að nú sé vor. Ekki veit ég hvort þeir eiga eingöngu við það að nú sé vor samkvæmt tímatalinu. Það er okkur auðvitað öllum ljóst, meira að segja hæstv. ráðherrum. En það er því miður ekki það vor í efnahagslífinu og atvinnumálunum sem við hefðum gjarnan viljað sjá samfara árstíðarbreytingunni. Með leyfi forseta langar mig til að lesa úr nál.:

„Núverandi stjórnarflokkar þora því miður ekki að segja við þjóðina, enn síður við atvinnurekendur og allra síst við íbúa þessara staða, að hagræða eigi í sjávarútvegi og byrja á því að leggja niður 15–20 frystihús eða leggja 10–15 togurum, eins og þó virðist vera undirtónninn í stefnunni. Svo er kröfuhöfunum, sem eru að vísu oftast ríkisbankar og sjóðir í eigu ríkisins, kennt um erfiðleika þeirra sem lenda í vandræðum og missa skip sín eða kvóta með alvarlegum afleiðingum fyrir atvinnulífið.

Eðlilegt er að fela Byggðastofnun að gera úttekt á því hvað það kostaði þjóðfélagið að leggja niður byggð og flytja fólkið á brott frá slíkum stöðum, hversu mikil verðmæti tapast og hvað kostar að byggja fyrir fólkið annars staðar, bæði atvinnustarfsemi og íbúðar- og þjónustuhúsnæði. Það hlýtur að vera gott fyrir alla aðila að vita hvað þeir eru að gera.“

Hér er vitnað til þess að þróunin er því miður sú, eða blasir a.m.k. við sums staðar, að ef ekkert verður að gert þá kunna heilu byggðarlögin að leggjast í eyði eða leggjast af. Og auðvitað er nauðsynlegt í þessu eins og svo mörgu öðru að skoða heildarmyndina, skoða heildaráhrifin á þjóðfélagið og má þá gjarnan líta til þess hvað það kostar fjárhagslega. En auðvitað er margt, margt fleira sem þarf að líta til í því efni eins og það hvaða áhrif það hefur á einstaklingana sem við búa, hvaða áhrif þetta hefur á þjóðfélagsgerðina, hvaða áhrif þetta hefur á hugsunarháttinn og jafnvel hvaða áhrif slíkt kann að hafa á heilsufar.

Síðan bendir talsmaður 1. minni hlutans á að það hafi ekki farið fram hjá neinum að meginstefna ríkisstjórnarinnar sé svokölluð innflutningsstefna. Sumir ráðherrar hafi hamrað á því að þjóðin þurfi að græða á því að auka sem mest innflutning ódýrra neysluvara í stað innlendrar framleiðslu og lagt áherslu á að því þurfi að ná fram með erlendum viðskiptasamningum, enda hefur þeim svo sem orðið nokkuð ágengt í því efni. En það eru þveröfug vinnubrögð við það sem flestar ef ekki allar nágrannaþjóðir okkar gera, sem lagt hafa mikla áherslu á að vernda sína innlendu atvinnuvegi.

Virðulegur forseti. Síðasti kafli þessa nefndarálits hv. þm. Jóns Helgasonar ber síðan yfirskriftina „Niðurstöður“ og með leyfi ætla ég að lesa það sem þar stendur:

„Hægt er að taka undir ábendingar gesta sem komu á fund nefndarinnar um að þessi tillaga til þingsályktunar væri beinagrind sem mestallt hold vantaði á. Það hlýtur að vera nauðsynlegt að gera sér grein fyrir, ekki síst með tilliti til núverandi aðstæðna, hvernig við ætlum að ná þeim markmiðum sem þar eru sett fram, sem og öðrum sem þarf að bæta við. Því hefði verið, að mati undirritaðs, nauðsynlegt að Alþingi hefði fjallað miklu meira um þá hlið málsins og sett fram ábendingar um afdráttarlausar aðgerðir.

Í tillögunni, eins og hún var lögð fram, var gert ráð fyrir 1.300 millj. kr. framlagi á fjárlögum til Byggðastofnunar á næstu fjórum árum. Þetta var of naumt skammtað og erfitt að sjá að stofnunin gæti framfylgt hlutverki sínu með þeirri fjárveitingu. Nú gerir meiri hluti nefndarinnar tillögu um, samkvæmt fyrirmælum ríkisstjórnar, að lækka þessa tölu niður í 940 millj. kr. Vonlaust er við slíkar aðstæður, verði þessi tillaga samþykkt, að Byggðastofnun ráði við verkefni sín með ekki meira fjármagn í höndum.

Fyrsti minni hluti telur að í meginmarkmiðum þingsályktunartillögunnar séu settar fram frómar óskir, þó með þeim athugasemdum sem hér hefur verið bent á, og vill því ekki tefja að hún verði afgreidd fyrir þinglok. Hins vegar kallar þessi afgreiðsla á að þegar í stað verði haldið áfram vinnu við nánari útfærslu og aðgerðir svo að vænta megi að eitthvað þokist í átt að þeim markmiðum sem sett hafa verið fram.

Eðlilegt hefði verið að leggja fram mótaðar breytingartillögur. Hins vegar kom tillagan til nefndar í lok febrúar eftir að hafa verið í vinnslu í tvö ár. Við meðferð málsins í nefndinni kom fram að meiri hluti hennar vildi engar efnisbreytingar gera á tillögunni umfram það sem fram kemur í breytingartillögum hans og þar af leiðandi ekki leggja neina vinnu í ítarlega athugun á stöðu og horfum í byggðamálum eða nauðsynlegar tillögur til úrbóta. Undirritaður mun því sitja hjá við afgreiðslu tillögunnar."

Þetta er síðan undirritað af hv. nefndarmanni í allshn. og fulltrúa 1. minni hlutans, hv. þm. Jóni Helgasyni.

Virðulegur forseti. Ég hef nú reynt að gera í eins stuttu máli og ég taldi unnt grein fyrir þessu nefndaráliti. Auðvitað mætti ýmsu við þetta bæta og setja fram sitt persónulega álit á því hvernig virðist hafa verið staðið að þessari stefnumótandi byggðaáætlun og hvað má sjá í farvatninu af hálfu þessarar hæstv. ríkisstjórnar. Ég ætla hins vegar ekki að eyða tímanum nú í það en aðeins segja það að lokum að það áhrifaríkasta og það virkasta væri auðvitað að losna við núverandi ríkisstjórn, sem hefur farið með atvinnulífið eins og raun ber vitni og alþjóð þekkir. Við eigum varla von á því að það verði miklar breytingar til bóta miðað við óbreytt ástand í stjórnmálum þjóðarinnar með ríkisstjórn sem er sjálfri sér sundurþykk og sundurleit og nær ekki saman um hin minnstu mál, hvað þá um að móta atvinnustefnu til framtíðar.

Umræðu frestað.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 1. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 852.

[17:46]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir frv. til laga um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara og geri það sem starfandi viðskrh. Nú háttar svo til að þetta mál hefur áður verið flutt hér á hinu háa Alþingi og það er þingmönnum kunnugt. Ég hef um það upplýsingar að hv. efh.- og viðskn. hefur fjallað um málið á fundum sínum. Ég vil þakka henni fyrir það sérstaklega að hafa gert það þrátt fyrir að formlega hafi málinu enn ekki verið vísað til hennar. Í trausti þess að það sé fullur vilji til þess að afgreiða málið mun ég ekki fylgja því úr hlaði með einhverjum almennum rökstuðningi, heldur vil ég nota tækifærið og þakka nefndinni fyrir að hafa þegar unnið að málinu og hraðað því að málinu verði sem fyrst til hennar vísað. Ég legg því til að að lokinni þessari umræðu verði málinu vísað til hv. efh.- og viðskn.

[17:47]

Halldór Ásgrímsson:

Frú forseti. Það er rétt sem hæstv. utanrrh. sagði að efh.- og viðskn. hefur starfað allmikið að þessu máli og það er ekki í fyrsta skipti sem þetta mál er til umfjöllunar hér á Alþingi því að mikil efnisleg umfjöllun um það hefur farið fram áður. Þannig að nefndin var mjög vel undirbúin að taka á málinu og hóf störf við það fyrir nokkru síðan. Ég vænti þess að það geti tekist gott samkomulag í þessu máli. Við höfum átt gott samstarf við viðskrn. í sambandi við það og ég er sammála hæstv. utanrrh. að það sé ekki ástæða til þess, miðað við þá miklu umfjöllun sem málið hefur fengið hér áður, að fara í þá umfjöllun aftur. Þannig að við munum reyna að ljúka málinu fyrir þinglausnir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, frh. síðari umr.

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959.

[17:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í fjarveru nefndarmanns Kvennalistans í allshn., hv. þingkonu Önnu Ólafsdóttur Björnsson, ætla ég að gera grein fyrir nefndaráliti hennar um stefnumótandi byggðaáætlun, sem er 378. mál.

Allshn. hefur fjallað ítarlega um tillögu til þál. um stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997 og hefur m.a. fengið á fund sinn fulltrúa hinna ýmsu samtaka sveitarfélaga, stéttarfélaga og fleiri. Fulltrúi Kvennalistans átelur að það sé lítill áhugi fyrir því að víkja frá þeim texta sem lagður var fram í þessari tillögu og því bor-

ið við að hann væri niðurstaða úr samkomulagi sem hafi náðst um framlagningu tillögunnar.

Fulltrúi okkar í allshn. er ekki ánægður með það að hér skuli Alþingi stillt upp á þennan veg og nánast ekki hægt að breyta neinu í textum frv. eða tillagna. Við kvennalistakonur höfum einnig leyft okkur að bera fram brtt. við þetta, enda eigum við ekki aðild að stjórn Byggðastofnunar sem hefur unnið þessa byggðaáætlun samkvæmt tilmælum hæstv. forsrh.

Það hafa að vísu verið lagðar fram nokkrar brtt. til að bæta texta tillögunnar og styðjum við að sjálfsögðu tillöguna með þeim brtt. og þær brtt. eru til bóta. Hins vegar hefur ekki verið tekið í það í nál. meiri hluta nefndarinnar að taka inn þær brtt. sem við höfum lagt fram, m.a. á þskj. 673 og 674.

Ég ætla að gera hér grein fyrir þessum brtt. Brtt. á þskj. 674 fjallar um ráðningu atvinnuráðgjafa fyrir konur í öllum landshlutum. Atvinnuleysi meðal kvenna er mun meira en meðal karla og það hefur sýnt sig að þar sem sérstakir atvinnuráðgjafar hafa verið ráðnir til að sinna málefnum þeirra hefur náðst umtalsverður árangur.

Nefndinni barst einnig mjög fróðleg greinargerð frá Elsu Guðmundsdóttur, verkefnisstjóra Snerpu, sem er átaksverkefni í atvinnumálum kvenna á Vestfjörðum, þegar hún kom á fund nefndarinnar. Greinargerðin er birt sem fskj. I með þessu nál.

Í fskj. II er hægt að sjá tölur um atvinnuleysi og kemur þar glöggt fram hve mikið atvinnuleysi kvenna er víða um land. Það rennir stoðum undir þá skoðun að þörf sé á sérstöku átaki í atvinnumálum kvenna. Ljóst er að það er vilji höfunda þáltill. að tekið verði sérstaklega á atvinnumálum kvenna, samanber a-lið 4. tölul. tillögunnar, en í þeim brtt. sem við höfum lagt fram er bent á nýtilegt ráð í því skyni og samþykkt hennar er því fullkomlega í takt við þá stefnu sem boðuð er í þáltill. Og það vil ég leggja alveg sérstaka áherslu á vegna þess að það er greinilega vilji höfunda að það sé áfram stutt við atvinnumál kvenna og tekið sérstaklega á þeim. Samt vilja þeir ekki, samkvæmt því sem hér kemur fram í nál. meiri hlutans, standa að því að mæla með því að þessi brtt. frá kvennalistakonum sé samþykkt.

Brtt. á þskj. 673, sem fjallar um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga, orðast svo, með leyfi forseta:

„A-liður 3. tölul. orðist svo:

Tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst. Tillögur um flutning tekjustofna frá ríki til sveitarfélaga fylgi verkefnaflutningi. Tillögurnar séu unnar í samráði við samtök sveitarfélaga og fulltrúa þingflokka."

Mér hefði fundist það mjög eðlilegt að í 3. tölul. í þessari stefnumótandi byggðaáætlun, þar sem verið er að tala um valddreifingu frá ríki til sveitarfélaga, væri það tekið fram að tillögur um flutning tekjustofna ættu að fylgja verkefnaflutningnum. Það er hins vegar ekki tekið fram. Má vera að mönnum finnist það sjálfsagt, en ég hefði talið að eðlilegra væri og fastara form að hafa það hér á blaði, því verði ekki samhliða þessari tillögu fluttar tillögur um flutning tekjustofna til sveitarfélaganna þá er tómt mál að tala um nokkra sátt um flutning verkefna. Það er ekkert launungarmál að ýmsir forsvarsmenn sveitarfélaga eru mjög uggandi um það að ekki muni verða gengið á fullnægjandi hátt frá flutningi tekjustofna með þeim verkefnum sem fyrirhugað er að sveitarfélögin taki við. Það er því augljóst að í stefnumótandi byggðaáætlun er bæði rétt og skylt að setja þessi sjálfsögðu markmið fram.

Síðan er brtt. á þskj. 637, sem er í rauninni tvíþætt. Það er bætt við í 2. mgr. orðunum um að það skuli leitast við að tryggja viðgang og að umhverfi sé ekki spillt, þ.e. 2. málsgr. a-liðar.

Að mati okkar er hér um sjálfsagða viðbót að ræða og í anda vaxandi vitundar fólks um gildi þess að nýting auðlinda lands og sjávar sé í sátt við vistkerfið. Það hefur ekki heldur fengist viðurkenning á því að eðlilegt sé að taka inn þessa viðbót sem við erum meðflutningsmenn að og teldi ég að það hefði einnig verið til bóta að svo hefði verið gert.

Við styðjum, eins og ég sagði í upphafi, brtt. og nál. þetta, sem samið er af hv. þingkonu Önnu Ólafsdóttur Björnsson, sem lýsir því yfir, sem 2. minni hluti í allshn., að hún styður þáltill. ef samþykktar verða þær breytingar sem hér hafa verið nefndar, en styður einnig brtt. sem meiri hluti nefndarinnar flytur og telur þær vera eðlilegar lagfæringar. Verði þessar brtt. hins vegar ekki samþykktar þá mun 2. minni hluti ekki taka þátt í afgreiðslu þessarar þáltill.

Til að gera enn nákvæmari grein fyrir því sem við höfum lagt mikla áherslu á, þingkonur Kvennalistans, um það að ráðinn verði í öllum landshlutum atvinnuráðgjafi fyrir konur, þá ætla ég að gera hér nokkra grein fyrir greinargerð Elsu Guðmundsdóttur, sem er verkefnisstjóri í atvinnumálum kvenna á Vestfjörðum. Hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Tilgreint er í umræddri þingsályktunartillögu um stefnumótandi byggðaáætlun að „áfram verði stutt við verkefni sem efla framtak kvenna í atvinnumálum". Þar sem sérstakir atvinnuráðgjafar kvenna hafa starfað hefur þátttaka kvenna í athafnalífinu aukist til muna. Konur hafa ekki leitað sem skyldi til atvinnuráðgjafa sem ekki starfa sérstaklega fyrir konur. Kvartað er yfir því meðal annars að oft séu hugmyndir kvenna taldar of smáar í sniðum til þess að unnt sé að athuga möguleika sem í þeim búa.

Þegar sérstakur atvinnuráðgjafi kvenna er til staðar þá leita konur til hans með hugmyndir sem þær annars hefðu látið kyrrt liggja. Á þeim sjö mánuðum, sem ég hef starfað, hafa komið til mín meira en þrjátíu fyrirspurnir og af þeim hafa þrjár nú þegar skilað sér út í atvinnulífið í formi starfandi fyrirtækja og fleiri eru í bígerð. Engin þeirra kvenna sem lögðu fyrirspurnir fyrir mig höfðu áður leitað til atvinnuráðgjafa. Greiðasta leiðin til þess að efla framtak kvenna í atvinnumálum er að ráða sérstaka atvinnuráðgjafa fyrir konur í öllum landshlutum."

Þetta segir Elsa Guðmundsdóttir í greinargerð sem hún sendi til nefndarinnar þegar verið var að fjalla um þessa tillögu.

Ég vil enn og aftur leggja á það mikla áherslu að sú

brtt. sem við kvennalistakonur höfum hér lagt fram um þetta verði samþykkt þegar atkvæðagreiðsla um þetta mál fer fram.

[18:00]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hef því miður ekki haft nægilega góðan tíma til þess að skoða þau nál. og brtt. sem hér liggja fyrir við stefnumótandi byggðaáætlun, en mér sýnist þó í fljótu bragði að hún hafi lítið batnað í meðförum hv. nefndar frá því að við ræddum hana í fyrri umræðu.

Mér finnst þessi byggðaáætlun vera metnaðarlítil og það vanti í hana þann kraft sem þarf að vera í stefnu stjórnvalda í byggðamálum. Mér finnst líka að brtt. meiri hluta nefndarinnar séu nánast allar til að draga saman til viðbótar frá því sem var þó í áætluninni. Tölurnar hafa lækkað og sumir liðir hafa horfið. Ég vil sérstaklega vekja athygli á því að í áætluninni eins og hún var lögð fram var gert ráð fyrir því að leggja hlutafé í atvinnuþróunarfélög. Það var eitt af því sem ég taldi helst þessari tillögu til gildis að þar væru þó á ferðinni hugmyndir um að styrkja atvinnulífið á landsbyggðinni þó að fjármunirnir sem ætlaðir voru í þetta væru mjög smáir og hefðu ekki gert mjög mikið gagn, eins og lagt var til í tillögunni. En það var þó vísir og það hefði mátt kannski reyna að hækka þær fjárhæðir frá því sem var í tillögunni. Þvert á móti gerist það að þessi liður hverfur og það eru ekki ætlaðir neinir peningar til atvinnuþróunarfélaga með þeim hætti sem var í fyrri tillögunni.

Ég hef sjálfur tekið þátt í því að stofna og reka atvinnuþróunarsjóð Akraneskaupstaðar og ég hef haft fréttir af slíkum hlutum annars staðar frá og það er nákvæmlega sú aðferð sem hefur gefist einna best við það að reyna að setja einhvern kraft í atvinnulífið úti um landsbyggðina. Ég held að það sé engin önnur betri aðferð til þess að hvetja til nýs atvinnurekstrar heldur en að gera það einmitt í gegnum þessi atvinnuþróunarfélög. Og opinberir aðilar hafa kannski besta möguleika til að gera þessa hluti með eðlilegum hætti þannig að heimamenn beri síðan ábyrgð á því sem gert er í gegnum það að fá hlutafé inn í þessi atvinnuþróunarfélög eins og hugmyndin var. Ég tel nauðsynlegt að það komi fram skýringar á því hvers vegna horfið er frá þessari hugmynd og ég sætti mig illa við að forsvarsmenn þess að það er gert geri grein fyrir sínu máli án þess að það komi fram hvers vegna þessi stefnubreyting hefur orðið.

Síðan finnst mér líka ástæða til þess að gera kröfu um það að betur sé gerð grein fyrir því hvernig stendur á því að nefndin leggur fram hugmyndir um verulega lægri fjárhæðir til þessara mála heldur en voru í upphaflegu áætluninni og voru þær þó ekki háar og markið ekki mjög hátt sett í þessari stefnumótandi byggðaáætlun eins og ég sagði áðan.

Mér fannst merkilegt að hlusta á hv. frsm. meiri hluta nefndarinnar þegar hann talaði um það t.d. að það hefði ekki verið möguleiki að koma til móts við tillögur Kvennalistans í þessu máli, ein af röksemdunum sem kom fram var sú að það væru þegar konur starfandi sem atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni. Þetta er stórkostlegur rökstuðningur fyrir því að setja ekki peninga í atvinnumál kvenna á landsbyggðinni, að það sé búið að ráða einhverjar konur sem atvinnufulltrúa. Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst það ekki bjóðandi að setja slíkt í nál. eins og þetta.

Ég tel að það sé kannski ekki endilega rétta leiðin sem kemur fram í brtt. 674 að ráða sérstaka atvinnufulltrúa fyrir konur á landsbyggðinni. Ég tel hins vegar að það sé full ástæða til þess að sinna sérstaklega atvinnumálum kvenna en það getur auðvitað sá atvinnufulltrúi gert sem fyrir er á svæðinu, hvort sem hann er kona eða karl. Það á ekki að verða vandamálið. Aðalatriði málsins er auðvitað að það séu tryggðir fjármunir til þess að gera það sem menn ætla sér í þessum málum.

Ég er meðflm. á brtt. sem Jóna Valgerður Kristjánsdóttir hefur mælt fyrir, þar sem kemur fram að tillögur um flutning verkefna frá ríki til sveitarfélaga verði lagðar fyrir Alþingi sem fyrst. Ég tel fulla ástæðu til þess að vekja enn frekar athygli á þessari tillögu því það er satt að segja orðið ákaflega bagalegt fyrir sveitarfélögin allt í kringum landið að hafa vofandi yfir sér hugmyndir stjórnvalda um flutning verkefna til sveitarfélaganna án þess að það liggi nokkuð fyrir hvernig sveitarfélögunum verður búinn möguleiki til þess að sinna þeim verkefnum sem þarna eru á ferðinni. Kannski er sérstaklega ástæða til þess að minna á hugmyndirnar um að flytja starfsemi grunnskólanna alfarið yfir á sveitarfélögin. Ég held að hæstv. ríkisstjórn þurfi að fara að gera hreint fyrir sínum dyrum og gera það alveg ljóst með hvaða hætti minni sveitarfélögin eiga að geta tekið við þessu mikla verkefni.

Þetta er eitthvað sem hefur auðvitað komið til umræðu hér margoft áður, en þessi tillaga er til þess að reyna að hafa áhrif á það að farið verði að gera þetta ljóst þannig að sveitarfélögin geti þá brugðist við með einhverjum hætti og undirbúið sig undir það að taka á móti þessum stóru verkefnum.

Síðan er tillaga frá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, Steingrími Hermannssyni, fyrrv. hv. þm., og hv. þm. Kristínu Einarsdóttur að bæta inn í þessa áætlun ákvæðum sem lúta að umhverfisvernd. Ég tel að það sé góð tillaga og full ástæða til þess að það komi skýrar fram í þáltill. heldur en gerir nú þegar að það þurfi að huga betur að náttúrunni og umgengninni við umhverfið. Það eru mál sem við þurfum að gefa miklu meiri gaum heldur en við höfum gert og ég hef þar ekki síst í huga umgengnina við fiskimiðin í kringum landið því þar tel ég að við höfum staðið okkur hvað verst í umgengninni við náttúruna.

Það var til nokkuð lengi máltæki sem hljóðar þannig: Lengi tekur sjórinn við. Það var oft viðhaft þegar menn þurftu að losa sig við eitthvert drasl sem þeir ætluðu að henda, þegar menn hentu því í sjóinn, þá höfðu menn yfir þetta máltæki. Við höfum þannig mengað hafsbotninn allt í kringum landið árum saman. Við höfum notað veiðarfæri sem við höfum ekki rannsakað áhrifin af. Við höfum nýtt fiskstofnana með þeim hætti að við vitum ekki hvaða áhrif það hefur

haft á lífríkið og það er engin breyting í raun og veru að verða á þessum athöfnum okkar. Við látum þessi nýju fullvinnsluskip okkar t.d. fleygja meiri úrgangi á fiskimiðunum heldur en hefur verið gert í gegnum tíðina. Við erum að auka þann úrgang sem við setjum í hafið og höfum verið að gera það á undanförnum árum. Það er þess vegna full ástæða til þess þegar verið er að ræða um þessi mál að við tölum um landið og það sem tilheyrir því, fiskimiðin og umhverfið, í einu lagi þegar við ræðum um umgengnina við náttúru landsins eins og reyndar er gert í þessari tillögu.

Ég vil koma aftur að því að í tillögunni eins og hún var lögð fram var gert ráð fyrir 1.300 millj. kr. framlagi á fjárlögum til Byggðastofnunar og það var gagnrýnt af ýmsum að þar væri ekki mjög ríflega skammtað í þau verkefni sem þarna eru nauðsynleg til að viðgangur byggðarinnar verði með viðunandi hætti. Nú hefur þessi meðferð í nefndinni orðið til þess að upphæðin er komin niður í 940 millj. Ég tel að það þurfi að skoða þetta mál miklu betur.

Ég verð að segja alveg eins og er að ég er í miklum vafa um hvort ég geti varið það að styðja þessa áætlun eins og hún liggur fyrir. Ég var óánægður með hana eins og hún var lögð fram og ég taldi að þar væri ekki nægilega myndarlega á málum tekið og þess vegna kem ég hér í ræðustól við síðari umr. málsins að mér finnst að það hafi ekki verið tekið á málum í nefndinni eins og ég hafði þó von um að yrði gert og með þeim hætti að við gætum reiknað með því að þessi áætlun hefði hvetjandi áhrif á ákveðin verkefni sem unnin eru á vegum opinberra aðila og stjórnvalda allt í kringum landið í byggðamálum. Þar er gífurlegt verk að vinna ef byggðaröskunin á ekki að halda áfram með þeim hraða sem hún hefur gert fram að þessu. Og hvað sem menn segja nú um þá hluti alla saman, þá held ég að þjóðin hafi í raun og veru mikla samstöðu um það að hún vill að allt Ísland sé í byggð og hún vill leggja það á sig að vinna að því að það markmið náist.

Það er ekki endilega nauðsynlegt að til þess séu notaðir einhverjir gífurlegir fjármunir, en það er nauðsynlegt að menn hafi framtíðaryfirsýn yfir það með hvaða hætti eigi að vinna að þeim málum og að tryggt sé til þess það lágmarksfjármagn sem til þarf. Það þarf líka að velja vinnuaðferðir sem duga. Og mér þykir ákaflega sárt að sjá að í tillögum nefndarinnar skuli þetta koma fram, að þeir hverfa frá þeim hluta tillögunnar sem ég taldi þó að gæti gert einna mest gagn, þ.e. að leggja fram fjármuni, hlutafé, í þróunarfélögin sem eru að komast á laggirnar í flestum byggðum landsins og þurfa sárlega á fjármunum að halda til þess að geta sinnt sinni starfsemi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Brunavarnir og brunamál, 3. umr.

Frv. félmn., 617. mál (rannsókn eldsvoða). — Þskj. 1087.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tollalög, 3. umr.

Stjfrv., 547. mál (undirboðs- og jöfnunartollar). — Þskj. 858.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Neytendalán, 3. umr.

Stjfrv., 430. mál (framsal viðskiptabréfa, framkvæmd laganna o.fl.). — Þskj. 642.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Birting laga og stjórnvaldaerinda, 3. umr.

Stjfrv., 566. mál (reglur stjórnvalda og stofnana). — Þskj. 879.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Veiting ríkisborgararéttar, 3. umr.

Stjfrv., 460. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1203.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, 3. umr.

Stjfrv., 285. mál (EES-reglur). — Þskj. 1205.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Skipulag ferðamála, 3. umr.

Stjfrv., 562. mál (skipun ferðamálaráðs, rekstrarleyfi ferðaskrifstofu o.fl.). — Þskj. 1206.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Alferðir, 3. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 391.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, 3. umr.

Frv. MF o.fl., 123. mál (atvinnuleysisbætur starfsmanna sveitarfélaga). — Þskj. 1207.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslusveitarfélög, 2. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 865, nál. 1119 og 1216, brtt. 1118.

[18:21]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1119 um frv. til laga um reynslusveitarfélög frá meiri hluta félmn.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund til viðræðna fulltrúa frá félmrn., frá verkefnisstjórn reynslusveitarfélaga, umhvrn., samgrn., fjmrn., menntmrn., heilbr.- og trmrn., Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Alþýðusambandi Íslands, Húsnæðisstofnun ríkisins, Skipulagi ríkisins, Sambandi ísl. sveitarfélaga, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Vinnuveitendasambandi Íslands, Félagi ísl. hjúkrunarfræðinga, bæjarstjóranum á Akranesi og bæjarstjóranum í Hveragerði.

Auk þess bárust nefndinni umsagnir frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, borgarstjórn Reykjavíkur, bæjarstjórnum Garðabæjar, Akraness, Akureyrar, Vestmannaeyja, Neskaupstaðar og Njarðvíkur, sveitarstjórn Skaftárhrepps, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Eyþingi, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, Sambandi sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi, Samtökum sveitarfélaga í Vesturlandskjördæmi, sveitarstjórn Rangárvallahrepps, Vinnuveitendasambandi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Einnig bárust gögn frá samgönguráðuneytinu, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, félagsmálaráðuneytinu og bæjarstjóranum í Hveragerði auk erinda frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Meiri hluti félmn. leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Lagðar eru til breytingar á 6. gr. sem fela í sér að félagsmálaráðherra skuli leggja skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins fram á Alþingi árlega í stað þess að það skuli eingöngu gert að tilraunatímabilinu hálfnuðu og að því loknu eins og frumvarpið gerir ráð fyrir að óbreyttu, þ.e. að í 6. gr. í stað 3. málsl. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo:

„Félagsmálaráðherra skal enn fremur hlutast til um að árlega verði lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd verkefnisins. Fyrsta skýrslan verði lögð fram á Alþingi vorið 1995 og sú síðasta vorið 2001."

Lögð er til breyting á 15. gr. sem veitir heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra heimild til að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu og málefni aldraða þegar í hlut á reynslusveitarfélag sem vill gera tilraun á því sviði sem frumvarpið tekur til. Þannig bætist nýr málsliður við greinina sem kveði á um að óheimilt verði að víkja frá ákvæðum laga sem varða skilyrði um faglega ábyrgð í stjórnun heilbrigðisstofnana og innihald þeirrar þjónustu sem á að veita samkvæmt nefndum lögum. Tillaga þessi tryggir að hlutaðeigandi stofnanir lúti ákvæðum laga um faglega stjórnun heilbrigðisstofnana. Þannig verður tryggt að á heilsugæslustöð í reynslusveitarfélagi starfi læknir með faglega yfirstjórn lækningasviðs og hjúkrunarfræðingur með faglega yfirstjórn hjúkrunarsviðs, sbr. 29. gr laga um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, og ákvæði þar að lútandi í reglugerð fyrir heilsugæslustöðvar, nr. 160/1982. Á hinn bóginn kemur tillagan ekki í veg fyrir að hagræðing í formi breyttrar rekstrarstjórnunar eða breytts rekstarfyrirkomulags geti átt sér stað, svo sem frávik frá ákvæðum um aðild að stjórnum heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa eða skipun í þjónustuhóp aldraða.

Við 15. gr. bætist þannig nýr málsliður sem orðast svo:

„Óheimilt er þó að víkja frá ákvæðum laga er varða

skilyrði um faglega ábyrgð í stjórnun heilbrigðisstofnana og innihald þeirrar þjónustu sem á að veita samkvæmt nefndum lögum."

Lagt er til að 17. gr. frv. falli brott. Greinin fjallar um heimildir umhverfisráðherra til að víkja frá ákvæðum skipulagslaga og meðferð skipulagstillagna þegar reynslusveitarfélög eiga í hlut. Nokkur umræða varð um þessa grein í nefndinni og hvað þetta ákvæði gæti þýtt og hversu ólíkar reglur gætu gilt í sveitarfélögum við meðferð skipulagsmála samkvæmt þessari heimild.

Í umfjöllun nefndarinnar kom einnig fram að í þessari heimild fælust m.a. möguleikar til að víkja frá ákvæðum skipulagslaga um fresti. Eftir umfjöllun nefndarinnar varð það niðurstaða meiri hlutans að leggja til brottfall þessarar heimildar, m.a. sökum þess að hún er af öðrum toga en aðrar frávikshеimildir ráðherra frá ákvæðum laga samkvæmt frumvarpinu.

Meiri hlutinn telur mikilvægt að í reglugerð skv. 20. gr. frumvarpsins verði sett ákvæði þess efnis að samþykktir reynslusveitarfélaga um tilraunir skuli sendar viðkomandi fagnefndum Alþingis til kynningar. Meiri hlutinn telur einnig mikilvægt að íbúar reynslusveitarfélaga eigi þess kost að kynna sér allar samþykktir um tilraunir í viðkomandi sveitarfélagi á einum aðgengilegum stað. Þá leggur meiri hlutinn áherslu á að í reglugerð skv. 20. gr. verði sett ákvæði þess efnis að sveitarstjórnir reynslusveitarfélaga skuli kynna íbúum sveitarfélagsins samþykktir sínar um tilraunir á aðgengilegri og heildstæðari hátt en birting í B-deild Stjórnartíðinda felur í sér, sbr. 3. mgr. 7. gr. frumvarpsins og er þá átt við að kynningin geti farið fram á vettvangi sem er nær íbúum sveitarfélagsins, svo sem í almennum kynningarbæklingum.

Virðulegi forseti. Undir þetta nefndarálit skrifa Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara, Jón Kristjánsson, með fyrirvara, Eggert Haukdal, Einar Kr. Guðfinnsson og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara.

[18:28]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Nú er tekið fyrir á þingi að nýju það mál sem afgreitt var með samkomulagi á vordögum fyrir ári um svonefnd reynslusveitarfélög. Það verður að segjast eins og er að málið hefur breyst verulega frá því sem því var ætlað að verða fyrir ári og reyndar allt fram undir síðustu áramót og það frv. sem hér er til umfjöllunar um þetta efni er á margan hátt öðruvísi heldur en samkomulag hafði náðst um, enda kemur það fram í undirskriftum manna undir nefndarálit og því að ekki tekst að halda nefndinni saman um þetta mál, sem í eðli sínu er þannig að um það var sæmileg sátt lengst af.

Á þskj. 1216 er nál. frá minni hluta félmn. sem ég vil gera hér grein fyrir. Það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á síðastliðnu vori var samþykkt á Alþingi þingsályktun um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélaga. Samstaða náðist um málið eins og það var kynnt. Gert var ráð fyrir því að reynslusveitarfélögin yrðu fimm og gerður yrði samningur milli þeirra og félagsmálaráðuneytisins um verkefni, tekjustofna og undanþáguákvæði laga og reglugerða. Þegar samningar lægju fyrir í meginatriðum yrði lagafrumvarp flutt á grundvelli þeirra. Meginatriði hugmyndarinnar var að hafa fá og vel afmörkuð tilraunaverkefni sem framkvæmd yrðu í fáum en ólíkum sveitarfélögum.

Skemmst er frá því að segja að í frumvarpinu er blaðinu snúið við í öllum aðalatriðum.

Lagt er til að reynslusveitarfélög verði 12 í stað 5. Valdir hafa verið 15 umsækjendur og verða reynslusveitarfélögin 12 úr þeirra hópi. Þar eru nær öll fjölmennustu sveitarfélög landsins. Spyrja má hvort ástæða sé til þess að gera tilraun með verkefni í sveitarfélögum þar sem allt að ⅔ landsmanna búa. Eðlilegra væri þá að stíga skrefið til fulls að flytja verkefnið frá ríki til sveitarfélaga.

Engin takmörk eru sett um fjölda tilraunaverkefna í hverju reynslusveitarfélagi. Það þýðir að mögulegt er að hafa fjöldann allan af tilraunaverkefnum í hverju sveitarfélagi og sama verkefnið gæti líka verið í öllum reynslusveitarfélögunum. Með þessu er hætt við því að verkefnið sjálft renni út í sandinn.

Í stað þess að leggja fram frumvarp, byggt á samningum milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna, og óska eftir tilteknum frávikum frá gildandi lögum er lagt fram frumvarp sem veitir opnar heimildir til ráðherra að víkja frá lögum. Eftirtektarvert er að það er samkvæmt frumvarpinu á valdi ráðherra að meta hvenær honum er heimilt að víkja frá lögum og þá á hvaða hátt.

Megingalli frumvarpsins er einmitt sá að ekki hefur verið unnið að málinu eins og til var ætlast. Áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að fyrir liggi samningar milli ríkisins og reynslusveitarfélaganna þar sem fram komi hvaða verkefni verði flutt frá ríki til sveitarfélaganna og undan hvaða lagaskyldum megi víkja með vísan til tilgreindra laga og lagaákvæða. Á grundvelli slíkra fyrirliggjandi samninga mundi Alþingi afgreiða frumvarp til laga um reynslusveitarfélög.

Að mati minni hlutans er eðlilegast að málið verði unnið eins og þingsályktun Alþingis gerir ráð fyrir og að framan er greint. Er því lagt til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir nál. ritar Kristinn H. Gunnarsson.

Ég legg því til í mínu nál. að menn haldi sig við þá áætlun sem mörkuð var á Alþingi með samþykkt þáltill. fyrir réttu ári. Í þeirri þáltill. um heimild til að hefja undirbúning að stofnun reynslusveitarfélags segir m.a., með leyfi forseta:

„Frv. til laga um reynslusveitarfélög verði lagt fyrir Alþingi vorið 1994 að undangengnum viðræðum milli verkefnisstjórnar, reynslusveitarfélaga, félmrn. og annarra fagráðuneyta um hvernig staðið skuli að framkvæmd tilraunaverkefnis."

Í þessari tilvitnun kemur skýrt fram að Alþingi ætlast til þess að ráðuneytið sem fer með málið undirbúi

það með þeim hætti sem tilgreint er í málsgreininni, að menn ræði um verkefnin og gangi frá rammasamningi sem síðar verði notaður sem undirstaða fyrir frv. til að sækja um heimildir út frá þeim samningum.

Þetta kemur skýrar fram í athugasemdum með þáltill. Þar segir t.d., með leyfi forseta, um þennan vinnuferil: „Samningsdrög liggi fyrir eigi síðar en 1. febr. 1994. Í þeim þarf að koma fram hvernig skuli staðið að tilraunaverkefninu í heild sinni, þ.e. hvaða tilteknu verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélags, frá hvaða laga- og reglugerðarskyldu sveitarfélagið skal vera undanþegið og hvernig framkvæmdinni skuli nákvæmlega vera hagað."

Það er því ljóst hvernig Alþingi ætlaðist til þess að að málinu yrði staðið og ég tel að menn eigi að halda sig við þetta verklag, það sé skynsamlegra og geri líka nauðsynlega lagasetningu í framhaldi af samningunum miklu auðveldari en menn standa frammi fyrir núna. Það er einn meginvandinn á því frv. sem hér liggur fyrir og er til umræðu að menn vita ekki um hvað menn eru að setja lög. Það er dálítið slæmt þegar menn eru að leggja fram frv. en vita ekki um hvað það nákvæmlega á að fjalla. Þess vegna verður úr þessu lagatexti sem er opinn á alla kanta og enda og gefur ráðherrum sem lagaheimildirnar fá miklu opnari heimildir en í raun er ætlast til.

Mér þykir trú manna vera orðin nokkuð mikil á núv. hæstv. ríkisstjórn að hún fari með lagaheimildir nákvæmlega eins og menn ætla sér en veita miklu rýmri heimildir en þörf er á til þess að efna það sem menn eru með í huga.

Það virðist vera nokkuð nýlega sem menn hafa skipt um stefnu og vikið frá þeirri stefnu sem mörkuð var á Alþingi á sl. vori. Þannig kemur fram t.d. í fréttatilkynningu frá félmrn. 27. sept. sl., um reynslusveitarfélög, hvernig að þessu máli eigi að standa og þar er fyrirkomulag þess nákvæmlega eins og ég var að rekja og kemur fram í þáltill. og grg. með henni.

Í janúar sl. er gefið út kynningarrit um reynslusveitarfélög á vegum verkefnisstjórnar um það mál og í því kynningarriti kemur fram að vinnuferillinn eigi í meginatriðum að vera sá sem markaður var á Alþingi fyrir ári. Það er því ekki fyrr en eftir það sem menn taka kúvendingu og víkja af markaðri leið og það hefur ekki komið fram nein skýring á því hvers vegna hæstv. félmrh. ákveður að víkja frá markaðri stefnu en fara þá leið í staðinn sem lögð er til í frv. Það væri fróðlegt að fá frá hæstv. ráðherra skýringar á því hvers vegna nauðsynlegt reyndist núna eftir áramót að skipta um stefnu svona gjörsamlega og raun ber vitni. Menn verða að færa fram fyrir því einhver rök sem alla vega sannfæra þá sjálfa, svo ekki sé farið fram á að rökin sannfæri aðra. En einhver rök verða menn að bera fram, einhverjar ástæður hljóta menn að hafa fyrir því að víkja svona kirfilega af leið.

Ég hef ekki fengið neinar skýringar sem duga til að sannfæra mig í þessum efnum og hef satt að segja yfir höfuð ekki fengið neinar skýringar. Mér þykir það merkilegt að það skuli vera hægt að fjalla um þetta mál á þingi við 1. umr. og í þingnefnd án þess að koma því til skila hvers vegna menn snúa skipinu svona fullkomlega við. Af því að það er augljóst og ég held að það sé ekki umdeilt að leiðin sem menn ætla að fara og dregin er upp í frv. er miklu verri en sú sem Alþingi samþykkti á vordögum á sl. ári. Ég hef a.m.k. ekki heyrt menn andmæla því eða halda því fram að þessi útgáfa væri betri, þvert á móti hefur það verið nefnt af mönnum sem til þess hafa verið kallaðir að gefa álit sitt á málinu að þetta væri heldur óheppilegri leið. Ég vil t.d. nefna að félmn. fékk til fundar bæjarstjórann á Akranesi til þess að segja álit sitt á þessu máli og það kom mjög greinilega fram hjá honum að hann teldi það betri leið og æskilegri að gera fyrst samninga milli ríkis og reynslusveitarfélaga og koma síðan með þá samninga til löggjafarvaldsins og sækja um nauðsynlegar undanþágur frá lögum til þess að þeir samningar gætu gengið í gildi.

Það er því alveg ljóst að hugur manna í þessu máli, sem við höfum a.m.k. hvatt til, hefur staðið til þess að halda málum eins og Alþingi ætlaðist til á sl. vori.

Bæjarstjórinn í Hveragerði kom einnig til fundar við nefndina og hafði að vísu aðra skoðun á málinu en bæjarstjórinn á Akranesi. Hann taldi málið þarflaust, taldi ekki þörf á því að flytja frv. um reynslusveitarfélög og benti á, sem er vísast til rétt, að það eru nú þegar í ýmsum lögum heimildir sem einstakir ráðherrar geta nýtt sér og samið við sveitarfélög um afmörkuð verkefni um afmarkaðan tíma. Má þar nefna heimildir í lögum sem heyra undir samgrh. svo dæmi sé tekið.

En í meginatriðum taldi bæjarstjórinn í Hveragerði það ekki vera reynslusveitarfélagamódelið sem væri aðalatriðið heldur hitt að byggja upp sveitarfélagaeiningarnar þannig að þar væri hæft starfsfólk sem hefði þekkingu og reynslu til þess að ráða við þau verkefni sem sveitarfélögum eru falin á hverjum tíma. Hann benti á að menn hafa farið yfir þessi mál erlendis og vísaði m.a. til Bandaríkjanna og taldi eðlilegra að við leituðum fanga þar sem menn hefðu gert tilraunir og gerðu sér far um að læra af reynslu annarra en væru ekki sífellt að finna upp hjólið á eftir öðrum sem hafa gengið í gegnum sömu reynslu.

Ég verð að taka að nokkru leyti undir þetta sjónarmið bæjarstjórans í Hveragerði. Mér þykir hans álit mælt af skynsemi og eðlilegra að menn hefðu áður en lengra var haldið aflað sér þessara upplýsinga og reynt að meta þær. En það breytir því ekki að ég er áfram eins og ég var í fyrra sammála því að það er rétt og skynsamlegt að gera tilraunir með verkefni í því skyni að athuga hvort sveitarfélög geti tekið að sér slík verkefni sem ríkið sér um í dag. En ég hef ekki breytt um skoðun frá því í fyrra að ég tel að menn verði að hafa þetta afmörkuð og fá verkefni og að þetta verði að vera reynt í fáum sveitarfélögum af mismunandi gerð þannig að menn hafi samanburð og geti metið reynsluna.

Það sem menn leggja til í þessu frv. er þvílík útvíkkun á málinu að ég óttast að það eyðileggi reynslusveitarfélagahugmyndina að öllu leyti. Það er í fyrsta lagi gert ráð fyrir því að fjölga sveitarfélögunum sem

eiga að geta tekið að sér slík tilraunaverkefni upp í tólf og það eru engar hömlur á því hvað menn geta verið með mörg mismunandi verkefni í hverju og einu þeirra. Það geta því verið fleiri tugir mismunandi útgáfur af reynsluverkefnum. Hvernig halda menn að það gangi að meta niðurstöðuna af því þegar að því kemur eftir fjögurra ára reynslutíma þegar svona er að málum staðið?

Ég tel það liggja í augum uppi að menn eru að útvatna málið þannig að menn eru ekkert að tala um reynsluverkefni. Menn eru að tala um verkefnaflutning til sumra sveitarfélaga en ekki annarra ef framkvæmdin á að vera með þessum hætti. Þessi tólf sveitarfélög sem menn ætla að velja sem reynslusveitarfélög eru nánast öll fjölmennustu sveitarfélög landsins. Ég var að telja það saman í dag að mér sýndist vera um 160–170 þús. manns sem byggju í þessum sveitarfélögum. Þá er þetta ekki orðið neitt tilraunaverkefni, þetta er orðinn raunverulegur flutningur. Þá eru þau sveitarfélög orðin undanþágan sem ekki fá verkefnið því þau eru í miklum minni hluta. Þá er það afbrigðilegt en meginreglan er þá hitt sem menn kalla reynsluverkefni. Þetta er náttúrlega alveg viðsnúningur á málinu. Það er óskynsamlegt að taka verkefni og flytja það yfir til sveitarfélaga án undangenginnar athugunar. Það verður áfram óskynsamlegt þó að menn geri það þannig að flytja á þessu ári eða á næsta ári verkefni til tólf stórra sveitarfélaga á landinu og þar með talin öll stærstu og fjölmennustu sveitarfélög landsins. Það er engin skynsemi í því. Menn geta þá miklu frekar gengið hreint til verks og sagt: Við ætlum að flytja þetta og þetta verkefni frá ríki til sveitarfélaga og það er allt annað mál og sjálfsagt að skoða það með velvilja þó það sé auðvitað misjafnt eftir verkefninu hvernig menn taka á móti slíkum hugmyndum.

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins víkja að einstökum atriðum í frv. sem mér finnst vera með þeim hætti að ástæða er til að vekja athygli á þeim. Þar vil ég fyrst nefna 5. gr. frv. sem mér gengur erfiðlega að fá botn í hvers vegna í ósköpunum menn eru yfir höfuð að setja þá grein í frv., en hún er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Ráðherra sem hefur heimild til að setja reglugerð á ákveðnu sviði getur sett sérstaka reglugerð fyrir reynslusveitarfélög, eitt eða fleiri, enda eigi hún sér stoð í þeim lögum sem veita heimild til setningar reglugerðar."

Þarna er dálítið snúið mál á ferðinni, virðulegi forseti. Hér eru menn að taka það sérstaklega fram að ef það er heimild í lögum að setja reglugerð þá megi setja reglugerð. Ég sé ekki alveg nauðsynina á þessu og hef velt dálítið vöngum yfir þessari grein án þess að fá botn í tilganginn með henni.

Þá vil ég nefna 19. gr. frv. sem mér finnst ekki hægt að Alþingi afgreiði frá sér eins og þar er lagt til. Hún er efnislega á þá lund að hún gefur ráðherra, sem lögin ná til, heimild til þess að breyta fyrirkomulagi um greiðslu á kostnaði vegna þess verkefnis sem sveitarfélag tekur að sér. Sú heimild þarf samþykki fjmrh. en að öðru leyti ekki frekari samþykki Alþingis. Þarna eru menn að gefa alveg opna heimild til þess að breyta greiðslufyrirkomulagi ríkisins fyrir verkefni frá því sem nú er. Ég tel það afar óskynsamlegt að hafa heimildina svona opna því með henni geta t.d. félmrh. og fjmrh. tekið eitthvert verkefni og gjörbreytt því á allt annan hátt en t.d. vilji er fyrir á Alþingi. Þess vegna legg ég svo mikið upp úr því að menn haldi sig við þá stefnu sem var mörkuð, að ráðherrarnir geri fyrst samninga við sveitarfélögin og á grundvelli þeirra samninga verði veittar afmarkaðar undanþágur frá lögunum.

19. gr. endurspeglar einmitt það vandamál sem fylgir því að vinna málið með öfugum hætti. Menn verða að opna og galopna heimildir í lögum og veita ráðherrum nánast ótakmarkað svigrúm til að semja um það sem þeir ákveða að semja um og eins og þeim dettur í hug eða komast að samkomulagi við sveitarfélög um. Það gengur auðvitað ekki, virðulegi forseti, að framselja löggjafarvaldið frá Alþingi til ráðherra. Menn hafa í gegnum árin gengið nokkuð langt í þeim efnum en ég hygg að ég megi fullyrða, án þess að eiga á hættu að því verði mótmælt, að aldrei hafa þingmenn séð framan í annað eins framsal á löggjafarvaldi og felst í þessu lagafrumvarpi. Það er alveg með ólíkindum hvernig það er samið og hversu opnar heimildir og undanþágur eru veittar frá hinum ólíklegustu lögum.

Þannig má nefna heimildina sem er í 15. gr. frv. um heimildir til heilbr.- og trmrh. um að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu. Það er bara heill lagabálkur sem er opnaður með fáeinum orðum, ráðherra má víkja frá ákvæðum í þeim lagabálki eins og hann vill semja um við eitthvert sveitarfélag. Það eru ekki bara lög um heilbrigðisþjónustu heldur líka lög um málefni aldraðra sem eru öll opnuð með sama hætti.

Þetta gengur ekki. Menn verða að afmarka svona opnanir mikið betur en gert er í frv. Þó reynt sé að þrengja þetta aftur í brtt. meiri hluta eins og fram kemur á þskj. 1118 þá dugir sú þrenging engan veginn að mínu mati til að ásættanlegt sé. Meiri hluti félmn. hefur viðurkennt að hann hafi gengið of langt með því að leggja til þessa breytingu við 15. gr. og leggur enn fremur til að 17. gr. frv. verði felld niður. Enda áttu menn engin svör þegar spurt var hvernig ætti að framkvæma það mál og hvernig ætti að úrskurða um það.

Til að undirstrika enn frekar hvernig opnunin er í frv. á flestum greinum þess vil ég staldra aftur við 15. gr. sem veitir heilbr.- og trmrh. heimild til að víkja frá ákvæðum laga um heilbrigðisþjónustu og ákvæðum laga um málefni aldraðra. Það sem gerir málið enn verra en það lítur út við fyrstu sýn er að kerfi okkar er þannig uppbyggt að það er engin til að úrskurða um það hversu víðtæk þessi heimild er nema dómstólar. Ráðherrann hefur það þess vegna í sinni hendi að túlka lögin og segja: Ég hef heimild til að gera þetta og gera hitt á grundvelli þessarar setningar í lögunum. Það dugir ekkert fyrir menn að andmæla nema menn vilji leggja það á sig að hefja málarekstur. Það getur heldur ekki hver sem er farið í mál út af einhverju tilteknu

máli eins og menn þekkja því okkar dómstólakerfi er þannig upp byggt. Einmitt af þeim ástæðum að við eigum engan sérstakan stjórnsýsludómstól eða stjórnlagadómstól þá verða svona opin ákvæði frekar hættuleg því það veitir framkvæmdarvaldinu svo mikið svigrúm og mikið vald í eigin málum. Það er afar varasamt að ganga svo langt sem raun ber vitni í þessum efnum. Það er hægt að nefna ýmis dæmi um það að ráðherrar hafa túlkað lögin sér í vil þegar þeim hefur þótt þurfa.

Ég hef sérstakar áhyggjur af fjármögnunarþætti í þessu máli. Því er ekki að leyna þó ég hafi ekki nefnt það til þessa að það sem mér virðist að hangi á spýtunni í þessu máli eru peningar. Það er verið að veifa peningum framan í þá sveitarstjórnarmenn sem verða útvaldir og fá að spreyta sig með einhver verkefni fyrir ríkisvaldið. Væntingar sveitarstjórnarmanna eru þær að þeir fái meiri peninga en þeir þurfa til að inna af hendi verkefnið sem þeir taka að sér. Með öðrum orðum eru væntingarnar þær að þeir græði á „bisnessnum". Ég er þeirrar skoðunar að hæstv. félmrh. hafi gert nokkuð mikið af því að ýta undir þær væntingar með yfirlýsingum sínum og ummælum sem hefur mátt túlka á þann veg að menn hefðu nú einhvern ábata af málinu og þetta væri álitlegur kostur umfram það sem verið hefur.

Það verður auðvitað knúið á um að efndir verði í takt við það sem gefið hefur verið í skyn. Því hef ég sérstakar áhyggjur af heimildinni í 13. gr. frv. sem veitir félmrh. heimild til að víkja frá ákvæðum 11. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Ég óttast að þessi heimild verði notuð til að færa peninga Jöfnunarsjóðsins milli sveitarfélaga þannig að þau sveitarfélög sem ekki fá að vera reynslusveitarfélög verði látin borga ávinning sem reynslusveitarfélögin hafa af málinu. Það þarf að mínu viti alveg sérstaka varúðargrein í þetta frv. til að tryggja hagsmuni þeirra sveitarfélaga sem ekki verða reynslusveitarfélög, að þau gjaldi þess ekki að vera ekki reynslusveitarfélög. Það er alveg bráðnauðsynlegt að hafa tryggingar í þeim efnum.

Hvað varðar 11. gr. frv. þá finnst mér að hún sé í raun óþörf. En 11. gr. frv. gerir ráð fyrir að heimila félmrh. að höfðu samráði við viðkomandi svæðisráð að fela reynslusveitarfélagi að annast þjónustu við fatlaða í sveitarfélaginu að hluta eða að öllu leyti gegn umsamdri greiðslu á kostnaði úr ríkissjóði og framlagi úr Framkvæmdasjóði fatlaðra. Síðar er ráðherra veitt heimild til að víkja frá ákvæðum laga um málefni fatlaðra og er nú lítil takmörkun í þeirri opnun. En ég minni á að í 13. gr. laga um málefni fatlaðra frá 1992 er sams konar ákvæði sem veitir ráðherra heimild til að semja við sveitarfélög um að taka að sér verkefni á þessu málasviði. Ég velti fyrir mér hvers vegna ástæða er til að setja þessa heimild inn í frv. um reynslusveitarfélög þegar fyrir er heimild í almennum lögum sem hægt er að nota gagnvart öllum sveitarfélögum, ekki bara reynslusveitarfélögum heldur öðrum sveitarfélögum.

Ég óska eftir því við hæstv. ráðherra að hann útskýri fyrir þingheimi hvers vegna þessi grein er þarna inni og hann upplýsi í öðru lagi hvað marga samninga ríkisvaldið hafi gert við sveitarfélögin á grundvelli 13. gr. laga um málefni fatlaðra. Það væri fróðlegt að fá upplýsingar um það frá hæstv. ráðherra hvernig sú grein hefur verið nýtt á þeim tæplega tveimur árum sem hún hefur verið í gildi.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað þýðir „að annast verkefni gegn umsaminni greiðslu"? Er verið að opna fyrir það að ríkisvaldið geti samið við sveitarfélagið um að kostnaðarreikna hvern einstakan fatlaðan einstakling, verðleggja hann og afhenda síðan sveitarfélaginu þá upphæð sem menn reikna út að heildarfjöldi fatlaðra í því sveitarfélagi muni kosta sveitarfélagið í rekstri ef það tekur að sér reksturinn og síðan sé það sveitarfélagið sem hefur frjálsar hendur um það hvernig það veitir þessa þjónustu og má eiga hagnaðinn ef það getur gert það ódýrara?

Þetta hefur verið töluvert í umræðu og ég hef heyrt þessa útfærslu nefnda í tengslum við þetta frv. Ég óttast að menn séu að fara þarna inn á braut sem gæti orðið vafasöm og gæti leitt til þess að skerða þjónustu við fatlaða. Ef menn ætla að fikra sig áfram á þessu sviði þarf að fara mun gætilegar í þessum efnum en þarna er lagt til að heimilt verði. Því er það að ég óska eftir því við hæstv. félmrh. að hann svari spurningum mínum um þetta efni.

Þá vil ég nefna 10. gr. frv. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Félagsmálaráðherra er heimilt að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 97/1993, með síðari breytingum, um félagslegar íbúðir þegar reynslusveitarfélag á í hlut."

Það er eðlilegt að maður stari dálítið á þetta. Hvað eru menn að fara í þessu efni? Þetta hefur svo sem verið nefnt í umræðunni, eins og sagt er, þegar um þessi mál hefur verið fjallað, t.d. á vettvangi sveitarfélaganefndar sem ég hef átt sæti í. En mér hefur gengið ákaflega erfiðlega að átta mig á því hvað það er sem menn eru að tala um að víkja frá, hvaða lagaákvæði. Hvað er það í framkvæmd núgildandi laga sem menn vilja hafa öðruvísi? Á meðan menn geta ekki afmarkað sig og sett skýrt fram hvað þeir eru að meina þá er svolítið erfitt að fjalla um það atriði sem á að gera tilraun með þegar það hefur ekki verið afmarkað eða útskýrt greinilega.

Einu hefur verið slegið fram, svo ég nefni frekari atriði úr umræðunni, að aflétta eftirlitsskyldu Húsnæðisstofnunar. Þá spyr ég: Hvernig hugsa menn sér það? Eru menn klárir á því hver þessi eftirlitsskylda er? Ég nefni sem dæmi að það er hlutverk stofnunarinnar að fylgjast með því að menn fari að lögum, t.d. við úthlutun íbúða og því um líkt. Þess vegna fer stofnunin yfir úthlutanir íbúða með tilteknum hætti til að fullvissa sig um og vera *sá aðili á landsvísu sem gætir* að því að samræmis sé gætt um allt land, að þeir sem fá úthlutað íbúðum séu undir eignamörkum, tekjumörkum og annað því um líkt. Ef við ætlum að afnema þetta hver á þá að sjá um það hlutverk? Sveitarfélagið sjálft? Það getur ekki verið því það getur ekki haft

eftirlit með sjálfu sér. En ef menn flytja þennan þátt frá Húsnæðisstofnun ríkisins til reynslusveitarfélaga þá eru menn að segja að úthlutun íbúða í því sveitarfélagi eigi að vera öðruvísi en annars staðar á landinu. Annars staðar á landinu eiga menn að uppfylla einhver tiltekin skilyrði en í þessu sveitarfélagi eiga menn ekki að gera það. Það gengur ekki í félagslegu íbúðakerfi sem í eðli sínu er miðstýrt og hlýtur að vera það þegar menn eru með kerfi af þessu tagi. Þannig að ég átta mig ekki á því hvernig hugmyndin er að víkja frá þessum lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins þannig að það sé með einhverjum ásættanlegum hætti.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti vill spyrja hv. þm. hvort hann á eftir langan tíma til að ljúka ræðu sinni. Það er meiningin að gera kvöldverðarhlé.)

Það gæti nú verið nokkurt mál.

(**Forseti** (SalÞ): Þá er meiningin að gera hlé til kl. hálfníu í kvöld. En ef hv. þm. á kannski eftir 10–15 mín. eða svo þá væri í lagi að leyfa honum að ljúka því.)

Ég hygg að það væri rétt, forseti, að ég gerði bara hlé á máli mínu.

Útbýting þingskjals:

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu á milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, 600. mál, nál. utanrmn., þskj. 1221. [Fundarhlé. — 19:07]

[20:30]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) (frh.):

Virðulegi forseti. Ég sakna þess að fjarstaddir eru við upphaf umræðu bæði félmrh. og formaður félmn. Ég vænti þess að forseti geri ráðstafanir til þess að þessir hv. þm. komi til umræðu svo fljótt sem verða má. Það er auðvitað sjálfsögð kurteisi að þessir forsvarsmenn málsins séu viðstaddir ræður manna við umræðu.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti telur alveg víst að það sé aðeins spurning um mínútur hvenær hæstv. ráðherra kemur í salinn og hefur nú verið gefin vísbending um að það sé að gerast á þessari stundu.)

Ég þakka forseta fyrir. Þetta er eins og ég átti von á og er þá rétt að halda áfram þar sem frá var horfið. Ég var að nefna dæmi um breytingar sem nefndar hafa verið að kæmu til greina um frávik frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins.

Annað dæmi sem menn hafa nefnt sem væri mögulegt að víkja frá því sem nú er er meðferð heimilda. Menn hafa sagt sem svo að það væri áhugavert að gera tilraun með það að úthluta sveitarfélagi ekki heimildum til bygginga á íbúðum þannig að þau eigi að byggja eða kaupa svo margar íbúðir sem heimildir segja til um heldur úthluta fjárhæðum og svo væri það verkefni sveitarstjórnarinnar að gera eins margar íbúðir úr þeirri fjárhæð sem menn hafa úr að spila. Þessi hugmynd hefur oft verið nefnd m.a. í þessari umræðu um mögulegt frávik frá þessum lögum og mér finnst hún koma fyllilega til greina. Ég sé ákveðna kosti sem gætu verið á þessari hugmynd og mér finnst þetta vera dæmi sem menn gætu notað til að gera tilraun með í reynslusveitarfélagi hvað varðar þessa löggjöf.

Hins vegar sé ég ekki mörg fleiri dæmi sem hægt er að grípa til í frávikum frá lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins af þeirri einföldu ástæðu að sú löggjöf er þannig að stofnunin fer með fjármálin. Hún hefur fjármagnið undir höndum og útdeilir því og það er ekki hægt að aðskilja ábyrgðina á meðferð fjármagnsins því hverjir hafa það með höndum. Við getum því ekki skorið á milli sveitarfélaga og stofnunar, annars vegar þess sem sér um að ráðstafa fénu og hins vegar þess sem ber ábyrgð á því og útdeilir því. Sá sem ber ábyrgð og útdeilir verður að hafa eftirlit með hinum sem ráðstafar fénu. Að mínu viti kemur það því illa heim og saman að ætla sér að gera breytingar sem aðskilur þetta. Þetta er óaðskiljanlegt og þetta er í andstöðu við yfirlýsta stefnu, t.d. hæstv. félmrh. um að saman þurfi að fara framkvæmd og fjárhagsleg ábyrgð í málaflokki.

Þess vegna tel ég 10. gr. frv. sem veitir almenna opna heimild til að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins allt of víðtæka. Menn eiga að mínu viti að tiltaka það efnisatriði sem ætlast er til að sé undir í lagagreininni. Ég hef nefnt eitt atriði sem ég get hugsað mér að setja löggjöf um að heimila frávik. Að öðru leyti sé ég ekki að í þessari löggjöf standi efni til að fallast á almenna heimild eða frekari heimildir. Þannig að ég held að þessari grein verði að breyta allnokkuð til þess að hún verði ásættanleg og að koma í veg fyrir slys sem verða efalaust ef menn ætla sér að fara með þessa lagagrein eins og umræðan hefur verið í þeim hópi manna sem hafa fjallað um þetta mál fram til þessa.

Í 9. gr. eru dálítið merkileg ákvæði sem fjalla um stjórnsýslutilraunir. Þar er verið að veita heimildir til að víkja frá ákvæðum laga um nefndir og stjórnir sveitarfélaga þegar reynslusveitarfélag á í hlut. Ég gagnrýndi dálítið þessa grein við 1. umr. málsins. Mér finnst hún enn eftir athugun í nefnd vera slæm af þeirri einföldu ástæðu að það er almenna reglan í sveitarstjórnarlögum og almennt viðurkennd stefna, eftir því sem ég best veit, allra stjórnmálaflokka á Íslandi að viðurkenna sjálfstæði sveitarfélaga í eigin málum og sérstaklega sjálfstæði og forræði sveitarfélaga í skipulagi innri mála. Ákvæði í lögum sem kveða á um skipan tiltekinna mála með einhverjum tilteknum hætti eru ekki mjög mörg en hafa því miður farið vaxandi. T.d. eru ákvæði um það í lagafrv. sem á að ræða síðar á þessu þingi um húsaleigubætur. Það eru ákvæði sem í eðli sínu eru afar slæm af því að þau ganga gegn þessu meginmarkmiði.

9. gr. grundvallast á þeirri hugsun að þetta sé ekki stefnan heldur að löggjafinn setji reglur fyrir sveitarstjórnirnar. Því er 9. gr. ekki ásættanleg og mér finnst hún í reynd óþörf. Ég sé ekki þörf á þessari lagagrein af þeirri einföldu ástæðu að nefndirnar sem ákvæðið á að ná til og verkefni þeirra eru þannig að ég sé ekki hvernig menn ætla að beita því. Menn ættu frekar að setja í lög þau ákvæði sem aftengja þau tilvik í lagasetningu sem gefa sveitarfélögunum fyrirmæli um innra

skipulag fremur en að ganga til öfugrar áttar og enn síður að hafa það þannig að veita ráðherra heimild til að hafa það eins og honum hentar. Það er sennilega versti kosturinn af þessum þremur.

Þá vil ég að lokum nefna eitt atriði sem mér finnst vera orðið óskýrara en áður var eftir að þetta lagafrv. kom fram og það er markmiðið sem menn hafa sett sér, tilgangurinn með lagasetningunni. Mér finnst markmiðið vera orðið óskýrt. Mér fannst það vera sæmilega skýrt á sínum tíma, t.d. á síðasta vori þegar við vorum að samþykkja þáltill. því þá voru menn að tala um verkefnaflutning og voru með undir tiltekin verkefni. Nú er þetta orðið óskýrt að mínu mati og hætt við því að þegar tilgangurinn er svona óljós og markmiðið þokukennt að menn lendi í mótsögn. Við skulum rifja upp að það er stefna í málefnum sveitarfélaga að sveitarfélögin eigi að hafa vald á eigin málum. Í þeim málum sem sveitarfélögunum eru falin eiga þau að framkvæma þau sem mest eftir því sem þeim sjálfum sýnist þó almennur lagarammi sé um verkefnin en að það sé sem mest sjálfstæði í framkvæmd mála sem sveitarstjórnum eru falin. Þetta er hin almenna stefnumörkun. Hún leiðir það af sér að ef það er haft í heiðri þá hljóta menn að hafa mismunandi útfærslu á einstökum verkefnum eftir sveitarfélögum sem þýðir aftur að menn hljóta á grundvelli þessarar stefnumörkunar að fallast á að það sé aðstöðumunur eftir sveitarfélögum. Annars eru menn komnir í mótsögn við sjálfa sig ef þeir afneita því að um aðstöðumun getur verið að ræða eftir sveitarfélögum í einstökum málaflokkum.

Því hefur það verið að á grundvelli þessarar stefnumörkunar, sem ég hef rakið, hafa menn ákvarðað verkaskiptinguna þannig að í þeim málum sem menn vilja ekki hafa mismunandi aðstöðu eftir sveitarfélögum hafa þau verkefni orðið verkefni ríkisins. Menn hafa sagt sem svo: Þar sem við viljum tryggja ákveðið samræmi eða að verkefnin séu framkvæmd með sambærilegum hætti eftir því sem kostur er að þá er það verkefni ríkisins, t.d. skólamál, heilbrigðismál og fræðslumál almennt. Ef menn ætla að taka einhver af ríkisverkefnum og flytja yfir til sveitarfélaga þá verða menn í leiðinni að viðurkenna það að menn ætla að leyfa aðstöðumun.

Þess vegna er ég hræddur um að geri menn það sem áformað er, að flytja einhver af þessum ríkisverkefnum yfir til sveitarfélaga í svokölluð reynslusveitarfélög, þá lendi menn í mótsögn við markmið og ákvæði 2. gr. frv. Hvernig á annað að vera? Þetta er einn helsti veikleiki málsins að menn munu lenda í mótsögn við þetta uppsetta markmið í 2. gr. frv. þar sem skýrt er kveðið á um það að breytingarnar megi ekki hafa í för með sér skerðingu á rétti til þjónustu eða fyrirgreiðslu sem íbúarnir eiga að njóta lögum samkvæmt og að réttaröryggi eigi að vera óskert. Ég óttast að þegar menn lenda í þessari mótsögn þá fari þeir að túlka ákvæði til að rökstyðja að þeir hafi ekki brotið það. Þá kemur upp orðalagið í 2. mgr. Það er nefnilega ekki sagt að breytingarnar eigi að vera þannig að þjónustan sé óbreytt. Það er nefnilega ekki sagt. Þvert á móti er bara sagt að rétturinn til þjónustu eigi ekki að vera skertur. Það segir ekkert um það að þjónustan sjálf eigi að vera óskert. Þetta held ég að sé vísvitandi sett í frv. vegna þess að þeir sem flytja frv. gera sér grein fyrir því að breytingarnar, sem hafa hagræðinguna og sparnaðinn að markmiði, hljóta að leiða af sér skerðingu á þjónustu. Þess vegna er ekki sagt í lagatextanum að breytingar megi ekki hafa í för með sér skerðingu á þjónustu heldur einungis að þær megi ekki hafa í för með sér skerðingu á rétti til þjónustu. Síðan munu menn segja: Þó það sé orðið miklu lengra fyrir þig að sækja þjónustu en áður var af því að við erum búnir að leggja niður stofnanir hér og hér þá höfum við ekkert skert þjónustuna. Hún stendur þér jafnt til boða og áður.

Ég sé því fyrir mér að menn muni í framtíðinni lenda í þrætum af þessu tagi og að fólk muni telja sig svikið sem verður fyrir því að þjónustan minnkar, henni er þjappað saman eins og vænta má í svona miðsækinni þróun eins og nú er og hún mun auðvitað fyrst og fremst bitna á sveitarfélögum í kringum stór sveitarfélög.

Virðulegi forseti. Það er ástæða til að fjalla nokkuð ítarlegar um málið en ég hef gert. Ég hef þó tekið á nokkrum þáttum í frv. og væri tilbúinn til að nefna fleiri ef óskað er eftir og fara ítarlegar yfir frv. Eins þykir mér líka ástæða til að taka upp umræðu sem ég nefndi aðeins við 1. umr. málsins og mér finnst að menn ættu að gefa meiri gaum fyrst á annað borð er verið að setja sig í þær stellingar að gera tilraunir t.d. með stjórnsýslu, og það eru héraðsstjórnir. Ég er ekki sáttur við það hversu daufar undirtektir eru í þingsölum við hugmyndum af því tagi sem ég nefndi við 1. umr. málsins sem eru um breytingar í tilraunaskyni til að koma á héraðsstjórn eða þriðja stjórnsýslustigi. Mér þykir það miklu áhugaverðara mál en að fimbulfamba með sveitarstjórnarstigið sjálft sem er svo margbreytilegt og skipt niður í svo margar einingar að það er nánast óframkvæmanlegt að búa til einhverja sveitarfélagagrúppu eða skiptingu sem er þannig að hvert og eitt sveitarfélag er af tiltekinni stærð, hefur tiltekna getu o.s.frv. Við getum ekki að mínu viti búist við því að sveitarfélögin verði jafnmegnug svona gegnumsneitt eins og var tilgangurinn á sínum tíma með sameiningarátakinu en auðvitað mistókst. Þess vegna ættum við að beina sjónum okkar meira að héraðsstjórnarstiginu til þess að ná fram ýmsum þeim markmiðum sem menn hafa sett sér og ætluðu sér að ná með sameiningu sveitarfélaga. Ég tel að með því að beina umræðunni dálítið inn á þær brautir þá gætum við náð árangri á sumum sviðum í þessu máli.

Ég vil nefna sem hugmynd í þessa veru að t.d. í tveimur stærstu og strjálbýlustu kjördæmunum, Vestfjörðum og Austurlandi, yrði komið á fót þriðja stjórnsýslustiginu eða héraðsstjórn til reynslu í fjögur ár. Þetta eru mjög víðfeðm kjördæmi en ekki mannmörg. Þau eru ekki fjölmennari en svo að þau eru eins og meðal sveitarfélag ef allir íbúarnir eru saman taldir, um 10.000 manns á Vestfjörðum og 13.000 á Austurlandi. Þetta er ekki mannmargt og eðlilegt að ýmis verkefni

séu unnin á þeim grundvelli í stað þess að vera að flytja þau alveg niður í hvert og eitt sveitarfélag. Ef menn kæmu á fót stjórnsýslu á héraðsstigi þá geta menn tekið á heimavelli við ýmsum þeim verkefnum sem ríkið hefur í dag og enginn annar er til að taka við eða sinna nema ríkið af því að þeir aðilar sem eru heima í héraði eru vanmáttugir til að taka þessi verkefni upp á sína arma. Þar er ég að tala um hluti eins og rekstur á sjúkrahúsum, framhaldsskóla og fleira af því tagi sem væri á héraðsgrundvelli.

Mér finnst það skammsýni ef menn einblína einvörðungu á sveitarstjórnarstigið og að gera tilraunir á því stigi en loka alveg augunum fyrir þeim möguleikum sem héraðsstjórnarstigið getur opnað ef menn eru tilbúnir til að gera tilraunir með það. Mér finnst það alveg kjörið tækifæri, af því að það hafa verið deildar meiningar um þriðja stjórnsýslustigið í gegnum tíðina, að nota þessi fjögur ár einmitt til að gera tilraunir með það á einum eða tveimur stöðum á landinu. Þar finnst mér Austurland og Vestfirðir vera kjörnir í því skyni. Einn kosturinn við þriðja stjórnsýslustigið er sá að það geti tekið við verkefnum sem við erum að fela sveitarfélögum í dag og ætlum þeim að gera þó þau séu kannski mörg of fámenn. Með tímanum gæti þetta þriðja stig tekið við verkefnum af þessum litlu sveitarfélögum þannig að þar yrðu þá eftir færri verkefni en sveitarfélögin áfram til og við lentum ekki í þessari miklu togstreitu sem menn lenda ævinlega í þegar málið snýst um að leggja niður sveitarfélög eða ekki.

Virðulegur forseti. Ég tel ekki ástæðu til að nefna fleira á þessu stigi málsins en komið er en ég vil leggja nokkra áherslu á það að fá fram viðbrögð þingmanna við þeirri útfærslu á hugmyndinni að taka upp til reynslu héraðsstjórnarstig. Ég tel að það væri komin miklu meiri dýpt í umræðuna ef menn leyfðu sér að hugsa á dálítið víðari grundvelli en þeim sem frv. byggir á.

Útbýting þingskjala:

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, 543. mál, nál. utanrmn., þskj. 1222.

Skólastarf í grunn- og framhaldsskólum sl. þrjú ár, 498. mál, skýrsla menntmrh., þskj. 1225.

[20:52]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom við 1. umr. þessa máls höfðum við fulltrúar Framsfl. orð á því að málið væri orðið allbreytt frá því að till. til þál. um heimild til stofnunar reynslusveitarfélaga var lögð fyrir Alþingi sl. vor og náðist um hana víðtæk pólitísk samstaða. Eigi að síður skrifum við upp á álit meiri hluta félmn. með fyrirvara og höfum ákveðið að leggjast ekki gegn þessu frv. Ég mun nú gera grein fyrir ástæðum þess af hverju slík ákvörðun var tekin og fara um það örfáum orðum.

Eins og ég gat um áðan var lögð fram till. til þál. í fyrravor um að stofnuð skyldu allt að fimm reynslusveitarfélög sem störfuðu frá 1. jan. 1995 til 31. des. 1998 á grundvelli hugmynda sem fram koma í skýrslu sveitarfélaganefndar og félmrh. skipi fjögurra manna verkefnisstjórn sem hafi yfirumsjón með framkvæmd þessa tilraunaverkefnis. Það var gert ráð fyrir því í þessum tillögum að samningar um reynslusveitarfélög yrðu lagðir fyrir Alþingi til samþykktar þegar þeir væru frágengnir. Gagnrýni okkar á þetta frv. hefur m.a. falist í því að í frv. væri um mjög opnar heimildir til ráðherra að ræða og um óæskilegt framsal valds, ef svo má að orði komast, að ræða.

Einnig hefur sveitarfélögunum verið fjölgað upp í tólf samkvæmt þessu frv. og í gögnum þeim sem félmn. barst er skrá um þau 15 reynslusveitarfélög sem valin hafa verið til að taka þátt í undirbúningi þessa verkefnis. Það á því eftir að kasta þremur sveitarfélögum úr þeim hópi. Það hefði verið æskilegt að það lægi fyrir áður en málinu lýkur á Alþingi hvaða sveitarfélög það verða endanlega sem skipa þennan tólf manna flokk sveitarfélaga sem tekur þátt í verkefninu. En það er einn megingalli frv. hvað hér er um opnar heimildir að ræða.

Hins vegar hefur það komið fram í umsögnum um þetta mál að sveitarfélögin eru mjög jákvæð gagnvart þeirri hugmynd að taka upp reynslusveitarfélög og umsagnir sveitarfélaganna eru yfirleitt jákvæðar. Sveitarstjórnarmenn hafa áhuga fyrir þessari tilraun og hafa lagt nokkra áherslu á það að þetta frv. nái fram að ganga. Það eru auðvitað ástæður fyrir því sem ég vil minnast á. Í sameiningarkosningunum sem voru í haust höfðu ýmis sveitarfélög fengið vilyrði, ef svo má segja, um að þau mundu fylla þennan hóp ef um sameiningu yrði að ræða. Sveitarfélög sem sameinuðust mundu ganga fyrir. Það er áhugi hjá sveitarfélögunum, sérstaklega þeim stærri, til að glíma við verkefni sem ríkið hefur haft með höndum til þessa og sá áhugi hefur komið greinilega fram í þeirri vinnu sem nefndin hefur innt af hendi.

Hins vegar er það mjög miður að það skyldi ekki vera hægt að halda þeirri samstöðu um málið sem skapaðist sl. vor og halda áfram í þeim anda sem þá var. Þó að ég skrifi upp á þetta álit og geri það með fyrirvara reyndar þá vil ég fara með nokkur varnaðarorð í þessu sambandi.

Það er náttúrlega alveg nauðsynlegt að hér sé ekki um of mörg tilraunaverkefni að ræða. Það er nauðsynlegt vegna þess að það veldur óvissu hjá fólkinu í sveitarfélögunum, ruglingi í stjórnsýslunni, ef hér verður um allt of flókið kerfi að ræða. Ég vil því að við þessa umræðu komi fram það álit okkar að það eigi að stilla þessum verkefnum í hóf og gera þessa samninga eins einfalda og unnt er miðað við þann mikla fjölda sem er kominn inn í þetta verkefni. Það verður auðvitað aldrei hægt að gera þetta verkefni mjög einfalt, einmitt vegna þess að inn í það eru komin svo fjöldamörg sveitarfélög og mörg af stærstu sveitarfélögum landsins. Hér er um mjög flókið verkefni að ræða. Það er ein af ástæðunum fyrir því að forsvarsmenn sveitarfélaganna leggja áherslu á að þessar lagaheimildir fáist að þeir sjá að það er um mikið verkefni að ræða og þessir samningar hljóta að taka alllangan tíma. Þess vegna er lögð áhersla á það af þeirra hálfu að geta hafið þessa samninga.

Við fulltrúar Framsfl. í nefndinni höfum gert tilraunir í félmn. og flutt þar skoðanir okkar um að laga þetta mál. Við hluta af tillögum okkar hefur verið orðið og fluttar brtt. sem eru á þskj. 1118. Þær brtt. eru þess efnis að félmrh. skuli hlutast um að árlega verði lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórna um framkvæmd verkefnisins og sú fyrsta verði lögð fram á næsta vori eða vorið 1995.

Ég tel að þetta ákvæði sé til bóta. Þetta tengir þingið verkefninu og tryggir það þó að framkvæmdin kemur til umræðu á Alþingi. Það veitir þó visst aðhald í þessum efnum og kemur á móts við þá gagnrýni að hér sé um opnar heimildir að ræða þó það komi vissulega ekki til móts við hana að fullu. Það er mér alveg ljóst en ég tel þó að þetta atriði sé til bóta.

Einnig kemur fram í nál. meiri hlutans sú skoðun að þær reglugerðir sem þarf að gefa út í tilefni þessara samninga verði lagðar fyrir viðkomandi fagnefndir þingsins til kynningar. Ég tel að með þessum hætti sé þingið einnig tengt þessu máli en ég tel alveg óviðunandi að ráðherra fái slíkar heimildir sem hér er um að ræða án þess að þurfa að gera þinginu nokkra grein fyrir málinu. Það er þó strax í áttina að þessi kvöð skuli vera.

Það kom einnig fram í félmn. gagnrýni frá starfsmönnum heilbrigðisstofnana sem okkur fannst réttmæt um að óheimilt væri að víkja frá ákvæðum laga er varða skilyrði um faglega ábyrgð í stjórnum þeirra og innihald þeirrar þjónustu sem á að veita samkvæmt nefndum lögum. Okkur fannst rétt að taka af allan vafa um þetta og ég tel að þessi þáttur tillögunnar sé til bóta.

Það er kannski ekki góðs viti en hins vegar var kallað í fulltrúa Skipulags ríkisins til nefndarinnar og í viðtali við hann komu fram slíkir annmarkar á 17. gr. að það var ákveðið að fella hana brott og þær heimildir sem þar um ræðir.

Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að málið er alls ekki eins gott og vera skyldi og æskilegt hefði verið að meiri tími hefði unnist til að ganga frá því. En hins vegar er hér um heimildir til samninga að ræða sem ég legg mikla áherslu á að ráðherra fari varlega með og reyni að hafa þá samninga eins einfalda og skilvirka og kostur er og nokkurt samræmi á milli sveitarfélaga í þeim verkefnum sem flutt eru yfir til þeirra. Ég legg á það mikla áherslu og okkar fyrirvarar eru í því fólgnir.

Þá má spyrja í ljósi þeirrar gagnrýni sem við höfum haft á frv. hvers vegna við leggjumst ekki gegn því. Það er vegna þess að sveitarfélögunum í landinu hafa verið gefin fyrirheit um að ráðast í þessa tilraun. Það er vegna þess að þau hafa áhuga á því að gera það. Þau hafa áhuga á því að taka að sér ný verkefni og ég segi fyrir mig að ég vil ekki koma í bakið á sveitarstjórnarmönnum með því að þetta mál fari ekki í gegn á vorþingi. En það leggur skyldur á verkefnisstjórnina og hæstv. félmrh. að flana ekki að neinu í þessum efnum, vanda þessa samningagerð eins og kostur er og ég legg ríka áherslu á að það á ekki að mismuna sveitarfélögunum í þessu efni. Þau sveitarfélög sem hafa fellt sameininguna og ekki kosið að halda þá leið nú að sinni eiga ekki að gjalda þess. Minn skilningur er sá að hér sé um tilraun til verkefnaflutnings að ræða og það eigi að taka yfir þau verkefni með þeim kostnaði sem því fylgir. Því aðeins er tilraunin marktæk. Það á ekki að mismuna sveitarfélögum eða bera á þau fjármagn umfram það sem það kostar að sinna þeim verkefnum sem eru tekin yfir. Það er minn skilningur í þessu máli og ég vil að hann komi hér skýrt fram. Ég vona að það sé skilningur annarra.

Rök mín fyrir því að skrifa upp á nál. með fyrirvara og greiða fyrir framgangi þessa máls eru þau að þessir samningar geti farið af stað og hægt sé að fara að undirbúa þetta viðamikla verkefni því það veitir satt að segja ekki af tímanum til þess. Það er alveg nauðsynlegt að þetta verkefni sé eins vandað og kostur er og ekki sé flanað að einu og jafnframt að reglugerðir sem gefnar eru út í þessu sambandi séu vel kynntar fyrir fólkinu sem sveitarfélögin veita þjónustu, fólkinu í sveitarfélögunum. Það skiptir afar miklu máli að svo sé. Ég vil vara við því að færast of mikið í fang, taka fangið fullt af mismunandi verkefnum og ætla sér að gleypa allan þennan bita í einu. Það eru mín varnaðarorð í þessu sambandi.

Hér eru t.d. engar heimildir til samgrh. í þessu sambandi en mér er kunnugt um það að mörg sveitarfélög horfa til samgöngubóta varðandi þessa tilraun. Það fylgir engin breyting á uppsetningu vegamála þessu máli. (**SJS:** Er þetta vegáætlun?) Þetta er ekki vegáætlun. Þetta er frv. til laga um reynslusveitarfélög, hv. þm. Eins og ég sagði þá fylgir engin breyting á uppsetningu vegamála þessu máli en mér er kunnugt um það að sveitarstjórnarmenn hafa haft væntingar í þeim efnum. En sannleikurinn er sá að í kringum þetta mál eru miklar væntingar hjá sveitarstjórnarmönnum. Það má vel vera að leiðin verði ekki eins ljúf þegar þessir samningar verða upp teknir, það má vel vera að afstaðan breytist þegar sest verður yfir þetta mál en eigi að síður finnst mér nauðsynlegt að hrinda þessu verkefni af stað. Ég er samþykkur anda þess þó ég hefði vissulega meiri trú á því ef það hefði verið minna í sniðum. Þess vegna set ég fram þessi varnaðarorð um framkvæmdina og vil leggja á þau mikla áherslu.

Fleiri orð ætla ég ekki að hafa um þetta mál að sinni.

[21:11]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem fulltrúi Kvennalistans í félmn. er ekki viðstödd og hefur skrifað undir þetta nál. með fyrirvara þá ætla ég að gera lítils háttar grein fyrir þeim fyrirvara ásamt mínum eigin hugleiðingum um það mál í framhaldi af því.

Það frv. sem hér er verið að ræða í 2. umr. um reynslusveitarfélög er afleiðing af till. til þál. sem samþykkt var á sl. vori um heimild til að hefja undirbúning á stofnun reynslusveitarfélaga. Samkvæmt því sem þar sagði fyrir um í níu liðum með þeirri tillögu sem samþykkt var samhljóða á síðasta þingi þá hefur verið sett upp ákveðin tillaga að því hvernig unnið yrði að

þessu máli. Í þessum liðum segir í fyrsta lagi að það verði lögð fram þáltill. til samþykktar á vorþingi 1993 þess efnis að stofnað verði til allt að fimm reynslusveitarfélaga. Sú tillaga var samþykkt. Hér erum við aftur á móti að ræða um frv. til laga sem gerir ráð fyrir tólf reynslusveitarfélögum.

Í öðru lagi var gert ráð fyrir að félmrh. skipi fjögurra manna verkefnisstjórn og það hefur gengið eftir svipað og segir í þessari tillögu. Það hefur orðið nokkur breyting á þriðja lið þar sem ekki er farið nákvæmlega eftir því að það sé ekki sett annað skilyrði en að þau sveitarfélög sem taka þátt hafa a.m.k. 1.000 íbúa. Það hefur verið farið nokkuð frjálslega með það því það hefur verið lagt til að það séu aðeins þau sveitarfélög sem eru að sameinast og síðan ákveðinn fjöldi kaupstaða af ákveðnum mismunandi stærðum.

Síðan er sagt í sjötta lið að eftir að verkefnisstjórn sé búin að fjalla um umsóknir og hugmyndir um verkefni o.s.frv., með leyfi forseta:

„Unnið verði að gerð samnings um verkefni, tekjustofna, undanþáguákvæði og fleira milli reynslusveitarfélaga annars vegar og félmrn. hins vegar að höfðu samráði við hlutaðeigandi fagráðuneyti. Samningsdrög liggi fyrir eigi síðar en 1. febr. 1994. Í þeim þarf að koma fram hvernig skuli staðið að tilraunaverkefninu í heild sinni, þ.e. hvaða tiltekin verkefni verði færð frá ríki til sveitarfélags, frá hvaða laga- og reglugerðarskyldu sveitarfélagið skal vera undanþegið og hvernig framkvæmdinni skuli nákvæmlega hagað."

Síðan kemur sjöundi liður: „Lög um reynslusveitarfélög verða lögð fyrir Alþingi til samþykktar á vorþingi 1994."

Þar sem ég sat nokkra fundi í félmn. þegar verið var að ræða um þetta frv. og umsagnaraðilar komu þangað þá kom í ljós að ekki hefur verið farið eftir þessum ákvæðum sem voru í þáltill., þ.e. það er ekki búið að gera neinn samning um verkefni, tekjustofna, undanþáguákvæði og fleira, heldur er komið núna að sjöunda lið, það er búið að leggja fram frv. til laga um reynslusveitarfélög. Það veit því enginn enn þá hvernig verður staðið að samningum við þessi sveitarfélög og hvaða verkefni nákvæmlega það verða sem þau taka að sér. Það er að vísu í þessum greinum tiltekin ákveðin ráðuneyti, félmrn., heilbr.- og trmrn. og umhvrn. sem hafi heimildir til að víkja frá ákvæðum laga. Það er mjög rúmt þetta ákvæði og ég tel það ekki alveg vera í samræmi við það sem hafði verið gert ráð fyrir í þáltill. sem ég, eins og margir aðrir þingmenn, stóð heils hugar að því að samþykkja og taldi vera til bóta. Ég tel hins vegar að hér hefði átt að liggja nákvæmar fyrir hvaða verkefni og hvaða sveitarfélög og eitthvað um samninga við sveitarfélögin um tiltekin verkefni og fjármuni til þeirra verkefna.

Sveitarfélögin hafa sótt mjög eftir því og það eru miklu fleiri sveitarfélög sem sækja um þetta heldur en gert hafði verið ráð fyrir og þess vegna líklega er það að þeim er fjölgað úr fimm í tólf. Látum það vera en ég verð þó að segja að ég sé ekki alveg fyrir mér hvernig á að bera saman reynsluna af þessu þar sem ég taldi að þáltill. gerði ráð fyrir því að t.d. væru einhver fimm sveitarfélög fengin til að taka að sér ákveðin verkefni. Þessi sveitarfélög væru misjöfn að stærð og það kæmi þá út reynsla á það hvernig þau gætu verið í stakk búin til þess að ráða við þetta tiltekna verkefni. Nú virðist vera að þessi tólf sveitarfélög eigi að taka að sér mismunandi verkefni og þar af leiðandi er ekki gott að bera það saman eftir á hvernig reynslan kemur út. Ekki miðað við stærð. Það getur verið að það gangi vel hjá einu en það er ekki til sambærileg reynsla hjá öðru sveitarfélagi um það hvernig verkefnið hefur komið út af það er aðeins eitt sveitarfélag sem tekur eitthvert ákveðið verkefni. Þetta finnst mér ekki liggja nógu ljóst fyrir í frv.

Ég hygg að þetta séu þeir aðalfyrirvarar sem fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, hv. þm. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, gerði með því að skrifa undir nál. með fyrirvara. Sveitarfélögin, eins og ég sagði, leggja mikla áherslu á að þessi tilraun sé gerð og það er þar af leiðandi ekki hægt í raun og veru að leggjast eindregið gegn henni en því miður verð ég að lýsa því að mér finnst ekki vera búið að undirbúa þetta mál nægilega vel.

Það hafa að vísu komið inn brtt. sem eru heldur til bóta, þ.e. að árlega skuli lagðar fram á Alþingi skýrslur verkefnisstjórnar um framkvæmd þessa verkefnis og fyrsta skýrslan verði lögð fram eftir eitt ár, vorið 1995. Einnig að það sé óheimilt að víkja frá ákvæðum laga er varða skilyrði um faglega ábyrgð í stjórnun heilbrigðisstofnana.

Það er einnig athyglivert að það skuli ekkert vera í þessu frv. um heimildir til samgrh. og hefur því verið svarað með því að það væri innan nýrra vegalaga sem nýlega hafa verið samþykkt á þinginu. Í þeim lögum er að vísu heimild til vegamálastjóra til þess að fela sveitarfélögunum ákveðin verkefni. En til þess að þau geti tekið að sér ákveðin verkefni þarf auðvitað fjárframlag og það er þá enn þá algjörlega óljós stærð hvaða fjármunir eiga að fara til þess ef sveitarfélögin taka að sér einhver vegaverkefni samkvæmt nýjum vegalögum og það tilheyrir þá ekki beinlínis þessu frv. til laga um reynslusveitarfélög en ég veit að mörg sveitarfélög úti á landi sérstaklega eða í dreifbýlinu hafa mikinn áhuga fyrir því að taka að sér einhverjar framkvæmdir í vegamálum.

Frá nokkrum sveitarfélögum hef ég heyrt, sérstaklega þeim sem eru að sameinast eða vinna sterklega að sameiningu, að þau hafi fengið jafnvel loforð frá hæstv. félmrh. um að þau fengju einhverja fjármuni til framkvæmda í vegamálum.

Það væri rétt að spyrja hæstv. ráðherra sem er hér viðstaddur umræðuna hvort eitthvað hafi verið gert í því hvar sé að finna þá fjármuni sem til þeirra vegaframkvæmda eiga að vera. Ég minnist þess á fundi sem er reyndar óskyldur þessari nefnd, öðrum fundi, þá var einmitt spurt um það af hálfu sveitarfélaga á Vestfjörðum sem eru að sameinast hvort það væri á döfinni að breyta vegáætlun til þess að verða við því að þau gætu fengið auknar framkvæmdir í vegamálum. Það var sem sagt algjörlega óljóst hvernig það átti að gerast og ég hafði sem samgöngunefndarmanneskja

ekki heyrt neitt um það að það væri verið að ræða slíkt. Auðvitað á að taka vegáætlun til endurskoðunar, það er reglulegt endurskoðunartímabil vegáætlunar á næsta Alþingi, en það liggur ekkert fyrir á þessari stundu eftir því sem ég best veit að aukin framlög séu til framkvæmda í vegamálum í reynslusveitarfélögum eða yfirleitt í öðrum sveitarfélögum.

Það var einnig áhugi á því að taka að sér verkefni í ferðamálum og það er heldur ekki hér og það hefði auðvitað líka þá átt að vera innan samgrn. en samgrn. er sem sagt ekki með neinar heimildir í þessu frv.

Að öðru leyti held ég að ég hafi komið á framfæri þeim athugasemdum og fyrirvara sem ég hef um þetta. Ég tel að hér séu mjög opnar heimildir þar sem ekkert er búið að semja eða setja á blað um hvaða verkefni hér er að ræða. Ég tel að það sé mjög vafasamt að hafa svo opnar heimildir frá lögum og hef allan fyrirvara á um það hvernig það muni reynast. En eins og ég sagði í upphafi, ég tel að samt sem áður sé það tilraunarinnar virði og það verði þá fylgst með því árlega hvernig sú framkvæmd gengur þegar búið er að koma á samningum við sveitarfélögin.

[21:23]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla ekki að hafa langt mál um það frv. sem hér er á dagskrá, reynslusveitarfélög, því hér hafa fulltrúar stjórnarandstöðunnar talað og það er mjög í þeim anda sem ég vildi gjarnan sagt hafa.

Eins og komið er fram þá hafa sveitarfélögin bundið miklar vonir við þessi reynslusveitarfélög og því olli það okkur vonbrigðum í hv. félmn. að við höfðum ekki meiri tíma en raun bar vitni til að fara yfir þetta mál því ég er alveg viss um það að við hefðum getað fínpússað þetta mál miklu betur. Ég ætla að koma með dæmi um 17. gr. frv., sem snýr að heimildum umhvrh. varðandi skipulagsmál. Á fund okkar kom skipulagsstjóri og með einu pennastriki þá afskrifuðum við 17. gr. frv. með brtt. því þegar við ræddum við skipulagsstjóra þá sáum við það að þessi grein átti alls ekki heima í frv. Það hefði kannski verið svoleiðis um fleiri greinar þessa frv. ef við hefðum haft betri tíma til að kafa ofan í málið. En því miður gafst enginn tími til að vinna þetta mál eins og skyldi.

En eins og hér hefur fram komið þá eru sveitarstjórnarmenn mjög áhugasamir um það að þetta mál fái framgang á þessu þingi og við styðjum það en ég endurtek það að þetta er ekki nógu vel unnið, því miður. Heimildirnar eru opnar og það er kannski út af fyrir sig eðlilegt en eins og t.d. 14. gr. frv. er án breytinganna sem við svo gerðum í hv. félmn., þá mátti skilja 14. gr. þannig að það megi gera tilraunir með fagfólk á heilbrigðisstofnunum. Og þá er ég að tala um það að minna menntaður einstaklingur má fara inn í starfsgrein þar sem meira menntaður einstaklingur hefur verið áður. — Og nú hristir hæstv. félmrh. höfuðið. En sökum þess að það var hægt að túlka þessa grein svona þá er lögð fram brtt. við þessa grein og það var alveg nauðsynlegt.

Hefðum við farið betur ofan í hverja grein þá kann að vera að það hefðu komið enn þá fleiri brtt. upp.

Það sem kannski gerir það að verkum að maður treystir sér til að styðja þetta mál er það að það kemur inn núna með þessum breytingum sem hafa orðið á síðustu dögum að fagnefndir Alþingis fá að fjalla um hvern samning fyrir sig. En auðvitað hefði verið eðlilegast að hver samningur sem gerður er við sveitarfélög um verkaskipti, því ég tel þetta ekkert annað en verkaskipti þó þetta sé tilraun þá eru þetta ekkert annað en verkaskipti í raun. Það hefði verið eðlilegt að hver samningur hefði komið fyrir hv. Alþingi til umsagnar og afgreiðslu. Ég sakna þess að það skuli ekki vera. En við erum búin að ganga þá göngu til enda í minni hluta að við fáum það ekki samþykkt og þess vegna sættum við okkur við að það verði lögð fram skýrsla árlega til Alþingis og hver samningur fyrir sig komi til fagnefndar.

En þetta er eflaust mjög vandrataður vegur sem hér er verið að fara en hann er í leiðinni spennandi, þetta er nýtt og þetta á að geta aukið sjálfstæði sveitarfélaga og þau sveitarfélög sem nú hafa sameinast sem eru mörg, t.d. í mínu kjördæmi, Vesturlandskjördæmi, þar hafa mörg sveitarfélög sameinast og þau horfa auðvitað til þessa frv. sem vonandi verður að lögum innan tíðar og það er kannski eina rúsínan sem þessi sameinuðu sveitarfélög sjá, það er að þau fái þarna aukin verkefni í hendur. Hæstv. félmrh. hefur tjáð sig um það á þingi að það séu ekki miklar vonir til þess að um miklar samgöngubætur í þessum nýsameinuðu sveitarfélögum verði að ræða sem þó voru fyrirheit um hjá hæstv. ríkisstjórn. Ég hlýt að harma það enn og einu sinni og hlýt að spyrja hæstv. félmrh. hvort þessi reynslusveitarfélög fái að ráða sinni útsvarsprósentu. Þegar verið er að tala um sjálfstæði sveitarfélaga þá hlýtur það að koma inn í það í leiðinni hvort sveitarfélögin fái að ráða sinni álagningarprósentu. Það hlýtur að koma til greina. Ég hlýt að spyrja hæstv. ráðherra hvort hann hafi ekki endanlega gert það upp við sig.

Síðan ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta að svo stöddu og hef, eins og ég sagði áðan, ákveðið að styðja þetta mál þó að ég sjái að það eru margir endar lausir en þetta er tilraun og ég vona að þetta verði tilraunarinnar virði.

[21:29]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. félmn. fyrir umfjöllun og afgreiðslu á þessu máli og þær umræður sem hér hafa orðið. Ég held að það sé alveg ljóst að sveitarfélögin í landinu sýna þessu máli mikinn áhuga og ég tel að þetta sé mjög mikilvægur þáttur í því að efla sveitarstjórnarstigið og sjálfsforræði sveitarfélaga. Ég geri mér það vissulega ljóst eins og hér hefur kannski komið fram að þetta er vandasamt verk og vel þarf að því að standa ef vel á að takast. Hér er um að ræða að gera tilraunir um verulegar breytingar, bæði á verkefnum og fleiri þáttum varðandi samskipti ríkis og sveitarfélaga sem geta lagt grunninn að mikilvægum verkefnaflutningum til sveitarfélaganna í framtíðinni. Og þetta er vissulega eins og hv. síðasti ræðumaður sagði mjög spennandi verkefni að takast á við og það er mik-

ilvægt að það verði gott samráð og samvinna milli ríkis og sveitarfélaga um þetta verkefni.

Ég vil fara nokkrum orðum um nokkra þætti sem koma fram í þessari umræðu og fyrirspurnum sem til mín var beint. Við fórum gegnum ýmislegt af því í 1. umr. þessa máls sem fram kemur aftur í þessari umræðu, m.a. það sem kom fram hjá hv. 5. þm. Vestf. að hann taldi að það væri ekki staðið hér að verki varðandi þetta frv. eins og lagt var upp með í þeirri þáltill. sem var samþykkt á Alþingi á sl. ári. Hann taldi sig ekki hafa fengið neina skýringu á því en sú skýring kom fram þegar við 1. umr. þessa máls.

Í þáltill. var gert ráð fyrir því að lög um reynslusveitarfélög yrðu sett á árinu 1994 þegar drög að samningi milli ríkis og reynslusveitarfélaga liggja fyrir. Þá var einnig gert ráð fyrir því í þessari sömu tillögu að um yrði að ræða fimm sveitarfélög sem yrðu reynslusveitarfélög og það var ljóst að þegar verkefnastjórnin fór að fjalla um þetta mál og umsóknir frá sveitarfélögunum tóku að berast að miklu meiri áhugi var fyrir þessu máli en menn höfðu kannski gert sér grein fyrir. Þetta voru 38 sveitarfélög að mig minnir sem sóttu um það að verða reynslusveitarfélög en einungis var heimild fyrir fimm. Þar af voru að mig minnir um átta sem voru í sameiningarátaki og í þessari þáltill. var gert ráð fyrir því að þau hefðu að öðru jöfnu forgang. Því var verkefnastjórninni nokkur vandi á höndum og hún lagði það eindregið til að reynslusveitarfélögum yrði fjölgað úr fimm í tólf og það er skýringin á því að ekki var hægt að velja sveitarfélögin endanlega og því ekki að ganga til samninga við sveitarfélögin fyrr en Alþingi hafði fjallað um það og samþykkt að fjölga sveitarfélögunum. Þetta er meginskýringin á því.

Nokkur orð um verkefni sem hér voru sérstaklega til umfjöllunar af hv. þm. 5. þm. Vestf. og snerta bæði ákvæði í þessu frv. um að víkja frá ákvæðum laga um málefni fatlaðra og Húsnæðisstofnun ríkisins. Það er rétt hjá hv. þm. varðandi málefni fatlaðra að í 13. gr. laga um málefni fatlaðra er heimild til þess að gera samninga milli ríkis og sveitarfélaga um að sveitarfélögin annist þjónustu við fatlaða. Í þeim lögum er gert ráð fyrir að svæðisráð eigi frumkvæði að því að unnið sé að gerð slíkra samninga en í þessu frv. sem við erum hér að fjalla um þarf frumkvæðið ekki að koma frá svæðisráðum þó að samráð sé haft við svæðisráðin um slíkar breytingar og flutninga.

Hv. þm. spurði hvort gerðir hefðu verið einhverjir þjónustusamningar eða samningar við sveitarfélög á grundvelli þessa ákvæðis í lögum um málefni fatlaðra. Því er til að svara að það hefur ekki verið gert, en engu að síður hafa sveitarfélögin sýnt á því nokkurn áhuga að gera slíka samninga. Meginskýringin á því að slíkir samningar hafa ekki verið gerðir er sú að það hefur verið nokkur biðstaða í þessu máli, m.a. vegna sameiningarátaksins og þá hvort sveitarfélög mundu sameinast og líka vegna tillagna um reynslusveitarfélög. Ég hygg að þetta verði kannski það ákvæði varðandi fatlaða sem mikið mun koma til kasta verkefnastjórnar og mikið mun verða óskað eftir af sveitarfélögunum sem verða tilraunasveitarfélög.

Hv. þm. spurði um það ákvæði sem er í þessu frv. varðandi málefni fatlaðra þar sem sagt er, með leyfi forseta, í 11. gr.:

„Félagsmálaráðherra er heimilt, að höfðu samráði við viðkomandi svæðisráð, að fela sveitarfélagi að annast þjónustu við fatlaða í sveitarfélaginu, að hluta til eða öllu leyti, gegn umsamdri greiðslu á kostnaði úr ríkissjóði ...“

Hv. þm. spurði hvað þetta þýddi. Hv. þm. átti sæti þeirri nefnd sem fjallaði um sameiningarmál sveitarfélaga og reynslusveitarfélög og þar var einmitt fjallað um þetta mál þannig að ég geri frekar ráð fyrir að hv. þm. hafi hugmyndir um hvað hér er verið að fjalla um. Hér er m.a. verið að fjalla um að það sé hægt að gera rammafyrirkomulag eða tilraun með nýtt fjármögnunarform og það mundi þá fela í sér ef við tökum málefni fatlaðra sem dæmi að það væri ekki ríkisvaldið eða í þessu tilfelli t.d. stjórnarnefnd málefna fatlaðra sem úthlutaði til viðkomandi sveitarfélaga og það væri hún sem mundi ákveða hvort veitt yrði fjármagn í sambýli, liðveislu eða dagvistun. Það yrði væntanlega fjárframlag sett til viðkomandi reynslusveitarfélags og það reynslusveitarfélag mundi þá ákveða það sjálft hvernig það skipti því innbyrðis inn í þessum málaflokki.

Varðandi húsnæðismálin, hv. þm. taldi að það væri fátt sem þar gæti komið til kasta reynslusveitarfélaganna. Ég hygg þó að það séu nokkur atriði og þau eru nefnd í greinargerð þessa frv. Það er í fyrsta lagi að gera breytingar á eftirlitsskyldum Húsnæðisstofnunar gagnvart sveitarfélögum. Hér gætum við verið að tala um eins og ég held að hv. þm. að hafi nefnt sjálfur að sveitarfélagið hefði þá sjálft eftirlit með því að fólk væri innan tilskilinna tekjumarka, þ.e. að meta greiðslugetu fólks, og það væri líka um það að ræða að því kostnaðareftirliti sem t.d. er á uppgjöri með félagslegum íbúðum, eftirliti með framkvæmdalánum og slíkir eftirlitsþættir yrði aflétt kvöðum á þeirri eftirlitsskyldu sem Húsnæðisstofnun hefur gagnvart þessum reynslusveitarfélögum.

Hv. þm. nefndi líka ákvæði 2. gr. og taldi að í því ákvæði fælist ákveðin mótsögn. Hann nefndi sem dæmi að í frumvarpstextanum kemur fram að ráðherrum er ekki heimilt að víkja frá lögum nema tryggt sé að það hafi ekki í för með sér skerðingu á þeim rétti til þjónustu eins og þar kemur fram. Ég tel þetta mjög mikilvægt ákvæði að ekki sé hægt að víkja frá þeim rétti til þjónustu sem fólk hefur samkvæmt lögum. En hv. þm. taldi aftur á móti að með þessu væri hugsanlega hægt að skerða þjónustuna ef ég skildi hv. þm. rétt. Ég tel að þetta sé rangt hjá hv. þm. að nokkrum detti það í hug að með því að flytja þessi verkefni yfir til sveitarfélaganna þá sé einhver hætta á því að það sé verið að skerða þjónustuna. Tilgangurinn er einmitt þvert á móti að auka þjónustuna við íbúana með því að færa þessi verkefni yfir til sveitarfélaganna. Það kemur fram í greinargerð með frv. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Af 2. mgr. leiðir m.a. að tilraunir mega ekki koma niður á gæðum þjónustu við íbúana, þannig væri ekki heimilt að slaka á lögbundnum kröfum um að fagfólk

veiti ákveðna þjónustu."

Tilgangurinn er þvert á móti að auka þjónustuna og ég tel ekki að það geti verið hætta á því þegar sveitarfélögin yfirtaka þessi verkefni að verið sé að skerða þjónustuna, þvert á móti. Það vil ég ítreka.

Virðulegi forseti. Ég sé út af fyrir sig ekki ástæðu til að hafa hér fleiri orð. Vegamálin voru nefnd hér nokkuð af tveim hv. þm. Það er rétt að í þessu frv. er ekki kveðið á um neinar heimildir til samgrh. að víkja frá ákvæðum laga og skýringin á því er eins og hér var nefnt frv. til nýrra vegalaga en þar er gert ráð fyrir víðtækum heimildum vegamálastjóra til að gera samninga við einstaklinga, fyrirtæki, sveitarstjórnir, stofnanir eða samtök þessara aðila um veghald. Það varð niðurstaðan í samræðum verkefnisstjórnar við samgrn. að ekki væri ástæða til þess að hafa heimildir í þessum lögum.

Varðandi það sem hér hefur verið haldið fram að ég hafi gefið loforð í vegamálum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga sem ekki hafi verið meiningin að standa við þá vil ég mótmæla því. Það sem ég hef haldið fram í þessu efni er sú samþykkt sem var gerð í ríkisstjórninni þar sem kom fram ef ég man það orð rétt að í samgöngumálum og við forgangsröðun framkvæmda í vegamálum yrði tekið tillit til sameiningar sveitarfélaga. Ég held að við það aukna fjármagn sem var veitt til vegamála nú á síðasta ári hafi að nokkru leyti verið höfð hliðsjón af sameiningarmálum sveitarfélaga. Ég minni á það sem ég hef sagt hér á þingi áður og kom reyndar fram í máli samgrh. á þingi við fyrirspurn um þetta efni að hann teldi að í ljósi sameiningar sveitarfélaga yrði höfð hliðsjón af sameiningarmálunum við endurskoðun vegáætlunar.

Varðandi útsvarsprósentuna sem hv. 2. þm. Vesturl. nefndi, þá nefndi hún það líka við 1. umr. málsins hvort það væri heimild til þess hjá þessum reynslusveitarfélögum að hafa frelsi varðandi útsvarsprósentuna, þá tel ég það alls ekki útilokað þótt erfitt sé að sjá það fyrir að það sé hægt varðandi hámarkið á útsvarinu, en ég tel alls ekki útilokað að það sé skoðað í samningum við sveitarfélögin ef einhver sveitarfélög hafa áhuga á slíku að skoða það mál.

Að lokum, virðulegi forseti, vil ég ítreka það sem ég sagði að ég tel að hér sé á ferðinni mjög mikilvæg lagasetning sem mun styrkja sveitarstjórnarstigið og ítreka þakklæti mitt til nefndarinnar við meðferð og afgreiðslu á þessu máli.

[21:44]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. félmrh. vék í ræðu sinni að samgöngumálum og sagði eitthvað á þá leið að við næstu endurskoðun vegáætlunar mundu sameiningarmálin koma inn sem áhrifavaldur. Ég vil í þessu sambandi aðeins benda á það að sá hefur verið háttur þegar vegáætlun hefur verið endurskoðuð að þingmenn kjördæmanna hafa gegnt þar veigamiklu hlutverki og haft það hlutverk að raða niður verkefnum, ég má segja að sætta menn við þá áætlun sem gerð er og tala fyrir henni heima í sínum kjördæmum. Þannig hefur það verið þannig að ef þessir þættir eiga að koma inn í vegáætlun við endurskoðun hennar á næsta vori þá vil ég minna á þennan þátt þingmannanna í þessu máli, að þeir verði ekki sniðgengnir í undirbúningi þeirra mála. Það er nauðsynlegt til þess að halda þeirri samstöðu sem verið hefur í vegamálum um niðurröðun framkvæmda og hefur verið mjög þýðingarmikil því að þessi málaflokkur er viðkvæmur og vandmeðfarinn.

[21:46]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi það sem hæstv. félmrh. sagði áðan um vegamál þá sagði hún, ef ég hef heyrt rétt, að sameining sveitarfélaga hafi verið höfð til hliðsjónar við auknar framkvæmdir í vegamálum. Ég held að það sé rangt hjá hæstv. félmrh. Ég kannast alla vega ekki við það úr mínu kjördæmi að það hafi verið haft neitt til hliðsjónar. Og ef svo er þá langar mig að vita hvað þar hefur verið haft til hliðsjónar, auknar vegaframkvæmdir og sameining sveitarfélaga. En það var einmitt það sem menn bundu mestar vonir við varðandi samningu eins og ég hef margsinnis sagt úr þessum stóli.

[21:46]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Sveitarfélaganefndin gerði á sínum tíma yfirlit yfir það sem hún taldi vera nauðsynlegar samgöngubætur á hinum ýmsu stöðum í tengslum við sameiningu sveitarfélaga og er sú skrá ef ég man rétt í einu af þeim þremur heftum sem hafa komið út við sameiningu sveitarfélaga. Það var farið yfir þann lista þegar var verið að veita aukið fjármagn til vegamála og þar var tekið tillit til einhverra af þeim samgöngumálum sem þar voru nefnd eða samgöngubótum. Ég man ekki í augnablikinu hver það voru, hef ekki þessa skrá við hendina, en ég er að vitna þar í yfirlit sem sameiningarnefndin setti fram í einni af sínum skýrslum varðandi nauðsynlegar samgöngubætur.

[21:47]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. félmrh. að það voru gerðar tillögur í þá veru að auka framkvæmdir í vegamálum þar sem sameining ætti sér stað en því miður var ekkert farið eftir því. Það urðu því engar samgöngubætur í sameinuðum sveitarfélögum, ekki enn þá því miður.

[21:48]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það eru örfá orð undir lok þessarar umræðu. Ég vil fyrst víkja að vegamálum sem hér hafa verið gerð að umtalsefni í kjölfar ummæla hæstv. ráðherra.

Þá vil ég minna á það að sveitarstjórnarmenn og íbúar í sveitarfélögum hafa áður farið flatt á því að trúa fyrirheitum ráðamanna um fjármagn í vegaframkvæmdir við sameiningu sveitarfélaga eða í kjölfar þeirrar sameiningar. Þar vil ég nefna sem skýrasta dæmi að íbúar í Austur-Barðastrandarsýslu töldu sig

hafa svo gott sem loforð fyrir því að í kjölfar sameiningar hreppanna fimm þar í eitt sveitarfélag árið 1987 kæmi fjárveiting í Gilsfjarðarbrú. Þegar farið var að knýja á um efndir í þessu máli kom í ljós að loforðin sem þeir töldu að væru voru ekki loforð heldur fyrirheit og ekki fyrirheit um framkvæmdir, heldur fyrirheit um að beita sér fyrir. Það er auðvitað allt annar hlutur. Og reynslan er auðvitað sú sem menn vita að Gilsfjarðarbrúin er ekki komin enn og tókum við nokkra snerru á því máli hér á síðasta þingi, nokkrir þingmenn og hæstv. samgrh.

Ég vil einnig segja það vegna ummæla hæstv. félmrh. þess efnis að íbúar í sveitarfélögum sem hafa sameinast megi vænta þess frá þingmönnum að fá meira fé til samgangna innan hins sameinaða sveitarfélags í kjölfar endurskoðunar á næsta ári en ef ekki hefði komið til sameiningar, að það verður því aðeins að aukið fé verði sett í málaflokkinn. Það er nefnilega þannig að í dreifðum byggðum landsins og í stórum kjördæmum eins og Austurlandskjördæmi og Vestfjarðakjördæmi þar sem er mikið af framkvæmdum eftir er búið að ráðstafa fé langt fram í tímann og raða niður á verkefni. Ef við ætlum að auka fé á einum stað, þá verðum við að taka það af öðrum og þá erum við að refsa íbúum í sveitarfélögum sem felldu sameiningu. Þó að menn vilji verðlauna þá sem segja já þá eigum við ekki að gera það á kostnað þeirra sem segja nei því að þetta var fullkomlega sjálfstæð atkvæðagreiðsla þar sem fólkinu var talin trú um að það yrði tekið fullkomið mark á niðurstöðunni. Ég vil a.m.k. segja fyrir mitt leyti að ég mun ekki standa að því að auka fé með þessum hætti eða hraða framkvæmdum með því að taka af öðrum. Hins vegar er ég alveg tilbúinn til að beita mér fyrir því að fá aukið fjármagn til þess að framkvæmdir verði unnar fyrr en áformað er miðað við óbreytt fjármagn. Ég vænti þess að ég hafi a.m.k. af minni hálfu gert það skýrt að ég muni ekki standa að því í kjölfar sameiningar í mínu kjördæmi að taka fé af einum stað til að koma á annan stað. Þannig verður ekki staðið að málum af minni hálfu a.m.k. ef til þess kemur að ég komi nálægt því.

Ég vil svo víkja að því sem fram kom hjá hæstv. ráðherra um heimild 10. gr. til að víkja frá ákvæðum laga um Húsnæðisstofnun ríkisins. Ég endurtek það að ég sé ekki hvernig á að vera hægt að víkja frá eftirlitsskyldum stofnunarinnar á framkvæmdum sveitarfélaga og fela sveitarfélaginu sjálfu að hafa eftirlit með eigin framkvæmd. Það gengur ekki upp, ekki einu sinni reynslusveitarfélög. Þó að það séu merkileg sveitarfélög þá er það bara ekki hægt. En það kemur fram í athugasemdum með 10. gr. að þetta sé eitt atriðið. Annað eru tilraunir á tilhögun lánveitinga. Það var það atriði sem ég nefndi og tók undir. Þriðja atriðið er að gera tilraunir með breytt stjórnkerfi húsnæðismála innan sveitarfélagsins. Og ég spyr: Ætlar hæstv. ráðherra endanlega að fara að sparka verkalýðshreyfingunni út úr þessum málaflokki? Finnst hæstv. ráðherra ekki nóg að gert með atlögu sinni að áhrifum verkalýðshreyfingarinnar á þennan málaflokki sem hún stóð fyrir árið 1990 með lagabreytingunni þá? Það kostaði mikið þref á Alþingi að lenda málinu þannig að verkalýðshreyfingin ætti tvo fulltrúa af fimm í svonefndum húsnæðisnefndum. Og ég spyr: Eiga þessar tilraunir með breytt stjórnkerfi húsnæðismála að þýða að það á að henda út fulltrúum verkalýðshreyfingarinnar? Ætla menn að fara að gera tilraunir á þeirra kostnað sem hafa með baráttu sinni í gegnum áratugina byggt upp þetta kerfi? Ef það er meiningin þá segi ég nei takk, hæstv. ráðherra.

Þá finnast mér fróðleg svör hæstv. ráðherra við spurningum mínum um 11. gr. frv. hvað varðar heimildir til þess að semja við sveitarfélög að þau taki að sér ákveðin verkefni í málefnum fatlaðra. En það kom fram í máli hæstv. ráðherra að 13. gr. núgildandi laga um málefni fatlaðra sem heimilar nákvæmlega þetta hefur ekki verið notuð þó að tvö ár séu síðan hún var samþykkt. Hún er merkileg í ljósi þess að það að setja þetta ákvæði í 13. gr. núgildandi laga var það atriði sem Sjálfstfl. setti á oddinn þegar var verið að semja um framgang þessa máls í þingsölum fyrir tveimur árum. Og það var þetta mál sem réði úrslitum um að Sjálfstfl. taldi sig geta samþykkt það frv. sem síðan varð að lögum um málefni fatlaðra. Og niðurstaðan: Þetta ákvæði hefur ekki verið notað. Það eru merkilegar upplýsingar fyrir Sjálfstfl. sem barðist svo mikið fyrir þessu ákvæði að það hefur ekki verið notað.

Ég veit eiginlega ekki hvort maður á að samhryggjast þeim eða brosa með hæstv. félmrh. sem er alger sérfræðingur í því að vinda þennan Sjálfstfl. svo upp að hann veit stundum ekki hvort hann snýr aftur eða fram þegar þeirri glímu lýkur sem hér fer fram árlega undir lok þingsins á vorin. En mér finnst athyglisvert að hæstv. ráðherra er að segja að það ákvæði laga um málefni fatlaðra að svæðisráð eigi að hafa frumkvæði að því að koma á samningum um flutning á verkefnum eða þjónustu frá ríki til sveitarfélaga er það sem strandar á. Hæstv. ráðherra er raunverulega að segja að svæðisráðin um land allt stöðvi þetta, ég get ekki skilið að það sé neinn annar sem komi í veg fyrir að slíkir samningar hafi verið gerðir, og leggur því til að fara fram hjá því með því að gera það ekki lengur að lagaskyldu að svæðisráð eigi að hafa frumkvæði heldur er einungis nægjanlegt að leita umsagnar svæðisráðs. Ég spyr: Ef það er meining hæstv. félmrh. að til þess að koma samningum af þessu tagi á til að sveitarfélögin taki þetta að sér sé nauðsynlegt að fara fram hjá þessu ákvæði laganna af hverju gengur ráðherra þá ekki skrefið til fulls og breytir ákvæðinu í lögunum um málefni fatlaða? Af hverju bara gagnvart reynslusveitarfélögunum? Er ekki eðlilegt að láta það ákvæði ná yfir landið allt?

Þessi spurning verður enn áleitnari þegar við skoðum listann yfir þau sveitarfélög sem hugsanlega verða reynslusveitarfélög. Það eru öll stærstu sveitarfélög landsins sem hafa þessa þjónustu með höndum. Það er því eðlilegt að menn spyrji: Af hverju ekki bara að breyta lögunum sjálfum í stað þess að opna þessa heimild? Ég sé ekki hvers vegna menn ættu ekki að gera það. En ég sé einn mun á heimildargreininni í 11. gr. frv. sem er frábrugðið því sem lögin um málefni

fatlaðra mundu hljóða. Það er kannski stóri munurinn sem er verið að sækjast eftir. Hann er sá að í 11. gr. er hæstv. ráðherra veitt galopin heimild til að víkja frá ákvæðum laga um málefni fatlaðra. Það er það sem hæstv. ráðherra er væntanlega að sækjast eftir.

Virðulegi forseti. Því miður minntist hæstv. ráðherra ekkert á þær hugmyndir sem ég hef sett fram, bæði nú í kvöld og við 1. umr. málsins, um héraðsstjórnir og að taka upp héraðsstjórn eða slíkt stig til reynslu, t.d. í tveimur kjördæmum landsins, sem mér finnst vera tilvalið til þess að gera slíka tilraun, þ.e. Austurlandskjördæmi og Vestfjarðakjördæmi. Ég ætla ekki að rifja upp það sjónarmið sem ég setti fram í þeim efnum, vísa til fyrri ræðu minnar í kvöld um það, en spyr hæstv. ráðherra um afstöðu hennar til þessara hugmynda. Því að ég tel að þessi hugmynd sé mjög áhugaverð, hún geti verið mjög gagnleg og það er einfalt að bæta ákvæði um það inn í frv.

Þá vil ég, vegna þeirra orða fulltrúa Framsfl. sem rökstyðja að þeir skrifa upp á nál. í málinu þrátt fyrir að þeir viðurkenni að það sé verulega gallað með því að það þurfi að fara að veita heimild til að semja við reynslusveitarfélögin, rifja það upp sem fram kemur á bls. 10 í greinargerð með frv. að jafnvel þó að þetta frv. yrði að lögum núna verður ekki búið að semja við sveitarfélögin fyrr en í aprílmánuði 1995 samkvæmt þeirri tímaáætlun sem sett er hér upp. Verkefnaflutningnum eða tilraunastarfseminni seinkar um eitt ár og mun ekki hefjast fyrr en 1. jan. 1996. Því er það mín tillaga í málinu að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar og segja við hana: Við skulum fara eftir upphaflegri áætlun. Gerið þið samninga við sveitarfélögin og komið þið svo með samningana og leitið lagaheimilda. Það yrði væntanlega á næsta vetri og seinkar málinu ekki neitt heldur gæti jafnvel flýtt því.

Eini munurinn er sá, og hann er verulegur, að í stað þess að ráðherrann væri að biðja um afmarkaðar lagaheimildir ef þeirri leið væri fylgt sem Alþingi markaði á sl. vetri þá fær ráðherrann núna opnar heimildir til að gera samninga um eitthvað sem við vitum ekki enn þá hvað á að vera. Og við munum ekkert verða spurð um það hvað á að standa í þeim samningum. Og þó að komi í nál. að þessa samninga eigi að senda fagnefndum Alþingis þá er það bara til kynningar. Það er ekki þannig að Alþingi hafi nein áhrif á það sem í þeim stendur. Það er galli. Ég tel að málið sé þannig að við séum að veita þremur ráðherrum Alþfl. allt of miklar og allt of rúmar lagaheimildir til að leika sér með skattfé borgaranna eftir sínum flokkslegu þörfum ef þeir á annað borð kjósa að brúka heimildirnar með þeim hætti sem ég skal svo sem ekkert fullyrða um eða bera upp á þá fyrir fram að þeir munu gera, þó að þeir séu býsna æfðir í þeim efnum í embættisveitingum.

Virðulegi forseti. Ég vil ekki lengja umræðu um þetta mál frekar en orðið er, en vil um leið minna á að fari svo að Alþingi kjósi ekki að samþykkja þá skynsamlegu tillögu sem ég hef fram að færa í málinu, að vísa frv. til ríkisstjórnarinnar, þá kann svo að fara að nauðsynlegt reynist að flytja brtt. við frv. við 3. umr. málsins.

[22:03]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja varðandi þær hugmyndir sem hér eru lagðar fram um að í reynslusveitarfélögum sé hægt að gera breytingar á eftirlitsskyldu Húsnæðisstofnunar tel ég alveg raunhæft og hef rökstutt mitt mál. Nefnd sem er á mínum vegum að fjalla um reynsluna af félagslega íbúðakerfinu, þar sem í eiga sæti m.a. fulltrúar Húsnæðisstofnunar, hefur einmitt farið yfir þennan þátt mála og telur þetta alveg raunhæft.

Varðandi það ákvæði sem hér er talað um um breytingar á skipun á verkefnum húsnæðisnefnda þá hef ég engin sérstök áform uppi um það að setja fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar út úr húsnæðisnefnd. Þetta eru tillögur sem eru settar fram af verkefnastjórninni og það er ekkert slíkt í mínum huga. Ég get alveg eins hugsað mér að skoða breytingar á verkefnum húsnæðisnefnda en það er ekki í mínum huga að ég ætli að hafa einhverja forgöngu um slíkt.

Varðandi það sem hv. þm. nefndi um tilhögun á úthlutun á félagslegum íbúðum þá tel ég það mjög áhugavert líkt og þingmaðurinn að slík heimild sé fyrir hendi að það sé hægt að úthluta fjármagni en ekki fjölda íbúða til reynslusveitarfélaga eins og gert hefur verið.

Varðandi héraðsstjórnir eða þriðja stjórnsýslustigið sem hv. þm. nefndi þá held ég að við höfum farið í gegnum það fyrir nokkrum árum síðan og ég held að áhuginn hafi minnkað verulega á því eftir að menn hafa skoðað það mál betur og ég sé fleiri galla á því en kosti.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, 2. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 869, nál. 1191 og 1211, brtt. 1192 og 1209.

[22:06]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um húsaleigubætur frá meiri hluta félmn. á þskj. 1191.

Félmn. hefur fjallað um frv. og fékk á sinn fund til viðræðna fulltrúa frá félmrn., Sigurð Helga Guðjónsson frá Húseigendafélaginu, aðstoðarfélagsmálastjórann í Hafnarfirði, bæjarstjórann á Akranesi, bæjarstjórann í Hveragerði, fulltrúa frá Húsnæðisstofnun ríkisins, framkvæmdastjóra Sambands ísl. sveitarfélaga, fulltrúa frá Leigjendasamtökunum, fulltrúa frá Alþýðusambandi Íslands, fulltrúa frá Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, frá Vinnuveitendasambandi Íslands og frá Vinnumálasambandi samvinnufélaganna. Þá bárust nefndinni einnig umsagnir um frumvarpið frá bæjarstjórnum Stykkishólms, Borgarness, Akraness,

Njarðvíkur, á Selfossi og Akureyri, borgarstjórn Reykjavíkur, félagsmálastjóranum á Seltjarnarnesi, Vinnuveitendasambandi Íslands, Búseta, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna, Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Leigjendasamtökunum, Húseigendafélaginu, Alþýðusambandi Íslands, Öryrkjabandalagi Íslands og Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Nokkrum tugum aðila var sent frv. til umsagnar en ekki skiluðu allir umsögn. Eftir umfjöllun félmn. mælir meiri hlutinn með samþykkt frv. með eftirfarandi breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali:

Að óbreyttu gerir frv. ekki ráð fyrir að námsfólk, sem stundar nám fjarri heimabyggð sinni, eigi rétt til húsaleigubóta þar sem gert er að skilyrði að rétthafi eigi lögheimili þar sem hann býr. Meðal annars með tilliti til þess að gildandi lög um lögheimili, nr. 21/1990, veita námsmönnum undanþágu frá meginreglu þeirra laga um að menn eigi lögheimili þar sem þeir hafa fasta búsetu er lögð til breyting á skilyrðum 5. gr. frv. um rétt til húsaleigubóta. Þannig verði gerð sérstök undanþága frá skilyrðum 1. mgr. um lögheimilisskráningu í hinni leigðu íbúð þegar um námsmann er að ræða sem á skráð aðsetur utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst. Ber þá námsmanni að sækja um bætur til þess sveitarfélags þar sem hann á lögheimili en skilyrði er að það sveitarfélag hafi tekið ákvörðun um greiðslu húsaleigubóta, sbr. 2. mgr. 2. gr. frv.

5. gr. frv. hljóðar svo:

„Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili, enda hafi viðkomandi sveitarfélag tekið ákvörðun um slíkar bætur, sbr. 2. gr.

Það er skilyrði húsaleigubóta að húsaleigusamningur um viðkomandi húsnæði sé til sex mánaða eða lengri tíma og að honum hafi verið þinglýst.

Um frekari skilyrði fyrir bótarétti og greiðslu bótanna fer samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga."

Þannig hljóðaði 5. gr. fyrir breytinguna. En á eftir 1. mgr. 5. gr. um lögheimilisákvæði kemur þá ný málsgrein, svohljóðandi:

„Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili um leiguíbúð. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem námsmaður á lögheimili óháð aðsetri, enda hafi sveitarfélagið tekið ákvörðun um greiðslu húsaleigubóta."

Ég vil taka það fram, virðulegi forseti, að það má segja að grunnur að slíkri tillögu finnist í 14. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga en hún kveður á um þann rétt sem fólk á á aðstoð þegar það dvelur utan heimilis sveitar sinnar.

Þá er einnig lagt til að 3. mgr. 6. gr. breytist þannig að bætur vegna ungmenna greiðist þar til þau ná 18 ára aldri, en að óbreyttu miðast frv. við 16 ára aldurshámark. Þykir 18 ára aldur vera raunhæfara viðmið með tilliti til framfærslusjónarmiða. Notað er hugtakið „ungmenni" til samræmis við hugtakaskilgreiningar laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992.

Ég vil jafnframt benda á að 10. gr. fjallar um tekjur og þar er fjallað um við hvaða tekjur skal miða rétt til bóta. 1. mgr. 10. gr. hljóðar svo: „Með tekjum í lögum þessum er átt við samanlagðar heildartekjur allra þeirra sem lögheimili eiga í viðkomandi leiguhúsnæði og eru þá tekjur barna 20 ára og eldri meðtaldar. Þó eru hér undanskildar tekjur barna sem stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu."

Þannig að heimilistekjur miðast við fullorðna á heimilinu, foreldra eða foreldri og börn 20 ára og eldri sem ekki stunda skólanám í sex mánuði. Þarna er minnkaður munurinn á milli þeirra sem tekjur eru reiknaðar hjá og þeirra sem teljast til framfærsluviðmiðunar.

Undir nál. þetta rita Rannveig Guðmundsdóttir, Gísli S. Einarsson, Einar K. Guðfinnsson, Eggert Haukdal, Guðjón Guðmundsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, með fyrirvara, Jón Kristjánsson, með fyrirvara, og Ingibjörg Pálmadóttir, með fyrirvara.

[22:12]

Björn Bjarnason:

Herra forseti. Hér er um mikilvægt mál að ræða sem snertir mjög marga í þjóðfélaginu og er verið að fara inn á nýjar brautir varðandi stefnumörkun í húsnæðismálum. Mjög brýnt er að vel sé að verki staðið þannig að þetta gangi upp eins og að er stefnt og frv. þjóni þeim tilgangi sem því er ætlað.

Einnig snertir þetta mál samskipti ríkis og sveitarfélaga og það er einmitt sá þáttur málsins sem ég ætla að gera að höfuðatriði í mínum málflutningi. Það kemur fram í grg. með frv. að það sé forsenda fyrir rétti leigjenda til húsaleigubóta að fyrir liggi ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar um greiðslu húsaleigubótanna á grundvelli þessa frv. Það kemur einnig fram í grg. með frv. að sveitarstjórnum er ætlað að taka ákvörðun tímanlega um það hvort þær vilja veita íbúum sínum rétt til húsaleigubóta. Sveitarfélögunum er gert að tilkynna þá ákvörðun, bæði almennt og til félmrn., sem síðan er gert að útbúa skrá yfir þau sveitarfélög sem tekið hafa ákvörðun um þátttöku og þá skrá á ráðuneytið að tilkynna opinberlega.

Það liggur ljóst fyrir í frv. og grg. þess að sveitarfélögin gegna lykilhlutverki við framkvæmd málsins.

Sveitarfélögin hafa sérstakan rétt. Réttur þeirra er tryggður samkvæmt stjórnarskránni og það er unnt að setja takmörkun varðandi sveitarfélögin. Það er unnt að gera með lögum og þróunin hefur verið sú í umræðum um samskipti ríkis og sveitarfélaga á undanförnum árum að þessi skil skuli vera sem skýrust og ákveðnust og að málum skuli þannig staðið að hlutverk ríkisins sé skýrt annars vegar og hlutverk sveitarfélaganna skýrt hins vegar. Eins og við vitum þá er á döfinni og eru uppi hugmyndir um að færa fleiri verkefni frá ríki til sveitarfélaga og ákaflega brýnt að samstarf ríkisins og sveitarfélaganna sé sem best og samskiptin séu á heilbrigðum grundvelli, á grundvelli þeirra réttarreglna sem um þau mál gilda.

Ég tel að með því að samþykkja þetta frv. nú sé gengið þvert á þær hugmyndir sem uppi hafa verið um góð samskipti ríkis og sveitarfélaga. Ég tel að umsagnir um þetta mál sem fram hafa komið frá sveitarfélögunum bendi til þess að það kunni að vera vegið að hornsteinum málsins sjálfs eins og þeir eru kynntir í grg. með frv. ef málið er látið ganga fram á þessu þingi. Þetta byggi ég á umsögnum sem fyrir liggja og fram koma með nál. minni hluta félmn., hv. þm. Kristins H. Gunnarssonar. Ef menn lesa þær umsagnir sem þar eru birtar þá kemur í ljós að öll sveitarfélög sem tjá sig um málið leggjast eindregið gegn því að frv. sé afgreitt á þessu þingi og vara beinlínis við því að Alþingi taki þessar ákvarðanir á þessu stigi og telja að það þurfi lengri tíma til að vinna að málinu þannig að því verði hrundið í framkvæmd með skynsamlegum hætti.

Ég ætla ekki að flytja langt mál um þetta og ætla ekki á þessu stigi að lesa upp úr þessum umsögnum. Þær liggja fyrir í þessu þingskjali en það er eindregin skoðun mín að vilji menn í raun að þetta takist sem best þá sé betra að flýta sér hægt og betra að ná samkomulagi við sveitarfélögin á þeim grunni sem er heppilegur til þess að þetta mál geti gengið fram á þann veg sem að er stefnt.

Eins og ég sagði í upphafi er hér mikið í húfi. Það er verið að fara inn á nýjar brautir við mótun stefnu í húsnæðismálum. Hagur leigjenda er í húfi og samskipti ríkis og sveitarfélaga og ég á erfitt með að átta mig á því hvers vegna gengið er þvert á umsagnir og þau sjónarmið sem fram koma í umsögnum sveitarfélaganna. Sérstaklega með tilliti til þess sem stendur í grg. frv. þar sem það er sagt vera algjör forsenda fyrir því að málið gangi upp eins og frv. mælir fyrir um að sveitarfélögin eigi þar hlut að máli.

Ég vildi mæla þessi orð en tel raunar ólíklegt að mark verði á þeim tekið miðað við þann hraða sem hafður hefur verið á þessu. Það kemur raunar fram í umsögnum sveitarstjórnanna að þær kvarta allflestar undan því hve nauman tíma þær hafa haft til að skoða málið og líta á það. Ég vil því ítreka það, herra forseti, að ég tel að þessu máli kunni öllu að vera stefnt í voða vegna þess hvernig að því er staðið og vegna þess hve mikil áhersla er lögð á að flýta því í gegnum þingið á síðustu dögum, rétt fyrir þinglok.

[22:19]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég ætla að gera grein fyrir fyrirvara hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem er fulltrúi Kvennalistans í félmn. og skrifaði undir nál. þetta með fyrirvara og tók einnig þátt í að leggja fram brtt. sem ég geri ráð fyrir að 1. flm. geri grein fyrir.

Ég tel að hér sé um virkilega þarft mál að ræða og eins og ég sagði við 1. umr. málsins hefur Kvennalistinn lengi haft það á sinni stefnuskrá að taka upp greiðslu húsaleigubóta og tel ég það vera réttarbót.

Hins vegar má taka undir þá athugasemd sem kom fram áðan að það er vissulega ágreiningur um það hjá sveitarfélögunum hvernig eigi að standa að þessum greiðslum. Það er af mörgum álitið réttara að þessar greiðslur hefðu ekki í för með sér að taka upp að nýju samkrull á verkefnum ríkis og sveitarfélaga heldur að þetta væri greitt í gegnum skattkerfið eins og vaxtabætur eru greiddar.

Ég ætla ekki að hafa mörg orð um það í sjálfu sér. Það er búið að ræða það ítarlega innan félmn. að menn hefðu heldur viljað sjá það á þann veg og hafa fyrirvara um þessar athugasemdir sveitarfélaganna. En ég tel að þetta sé svo stórt hagsmunamál fyrir þá sem þessar bætur koma til góða, þ.e. þá sem verst eru settir á íbúðamarkaðinum og með lægstar tekjur. Sem sagt þeim umbjóðendum okkar sem eiga jafnvel hvað erfiðast í samfélaginu kemur þetta til góða. Ég tel að þegar svo er þá eigum við að styðja málið þó að við teljum að á því séu nokkrir formgallar.

Það má kannski segja líka að þetta er tilraun og oft þegar verið er að setja fram nýjar hugmyndir og ný lög þurfa þau endurskoðunar við eftir ákveðinn tíma og þá er hugsanlega hægt að finna þeim betri farveg. En ég tel að þessi hugmynd sé virkilega þess virði að henni sé hrundið í framkvæmd og mikið hagsmunamála margra sem verst eru staddir í þjóðfélaginu og þess vegna höfum við kvennalistakonur ákveðið að styðja frv.

Ég hafði raunar ekki gert mér grein fyrir því að fulltrúi Sjálfstfl. og Alþb. yrðu sammála um niðurstöðu í kvöld á frv. Það er dálítið sérkennilegt að upplifa það að þeir skuli vera innilega sammála um þau atriði sem snerta þetta frv. (**Gripið fram í:** Það er skammt öfganna á milli.) Já, það er skammt öfganna á milli kannski hjá báðum. (**BBj:** Eru sveitarfélögin öfgasamtök?) Sveitarfélögin eru hagsmunasamtök og gæta auðvitað sinna hagsmuna í þessum atriðum og þau fer e.t.v. ekki alltaf saman við hagsmuni íbúanna.

[22:24]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að hv. 6. þm. Vestf. þyki það tíðindi ef málflutningur þingmanna Alþb. og Sjálfstfl. fellur saman. Ég mun svara þessu í framsöguræðu minni á eftir og læt því hjá líða að taka þá umræðu í andsvörum. En ég minni hv. 6. þm. Vestf. á það, sem ekki stendur í frv., að það kostar peninga og það eru einhverjir sem eiga að borga. Hv. þm. ætti að kynna sér hvar meiningin er að skera niður og hjá hverjum til að afla fjár til málsins.

[22:25]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel að peningar til þess að greiða húsaleigubætur hljóti að koma úr okkar sameiginlegu sjóðum. Sjálfsagt verður að skerða eitthvað sem í dag er ákveðið. Það verður sjálfsagt að skerða einhverja aðra pósta en ég tel samt sem áður að þetta mál sé það gott að það sé þess virði að skerða eitthvað annað ef nauðsyn krefur.

[22:25]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel rétt að upplýsa þingmann-

inn örlítið um þennan hátt málsins því það er auðvitað ekki svo að menn hristi peninga fram úr erminni án skattahækkana eða niðurskurðar á útgjöldum nema einhvers staðar sé sótt á annan stað og það er svo í þessu tilviki. Annars vegar á velta kostnaði yfir á sveitarfélög og hins vegar á að skerða framlög til húsnæðismála. Það kemur fram í bréfi sem ég hef undir höndum, sem er sameiginleg niðurstaða félmrh. og fjmrh., að þessi niðurstaða þýðir að fjárveiting við fjárlagagerð næsta árs tekur mið af því að einungis verði lánað til að byggja 400 félagslegar íbúðir í staðinn fyrir 500 undanfarin ár. Það verður sem sé skorið niður um 100 íbúðir. Sá niðurskurður bitnar á láglaunafólki.

Ég vil enn fremur upplýsa þingmanninn um að það hafa verið framkvæmdir útreikningar á áhrifum málsins á fjárhag Byggingasjóðs verkamanna og þá miðað við að hann yrði að bera 210 millj. kr. af þessum niðurskurði. Þá kemur í ljós miðað við gefnar forsendur um vexti af lánum að sjóðurinn er ekki í jafnvægi fyrr en útlánaheimildirnar eru komnar niður í 300 íbúðir. Að teknu tilliti til þess að um 120 íbúðir eða ígildi þeirra eru endursöluíbúðir þá þýðir þetta að sjóðurinn verður ekki í jafnvægi nema skera nýju útlánaheimildirnar árlega úr 500 niður í 180. Þetta eru útreikningar sem fyrir liggja og eru framkvæmdir af fyrrum stjórnarformanni Húsnæðisstofnunar ríkisins, Yngva Erni Kristinssyni.

[22:28]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég skal fúslega viðurkenna það að ég er ekki með þá útreikninga fyrir framan mig sem hv. þm. fór nákvæmlega yfir en ég mun kynna mér þá. Ég tel hins vegar að það sé búið að byggja, t.d. ef við tölum um úti á landi þar sem við hv. þm. erum báðir frá sama kjördæminu, mjög mikið af félagslegum íbúðum. Ég held að það mætti alveg eins beina fjármagninu að einhverju leyti í þennan farveg því þeir sem hingað til hafa átt íbúðir sem þeir hafa sjálfir byggt en ekki félagslega kerfið gjalda þess í dag að svo mikið er búið að byggja af félagslegum íbúðum. Ég held því að það þurfi að skoða þennan markað alveg frá grunni og ekki sé hægt að segja núna að þetta muni koma svo mikið niður akkúrat á þessum byggingum. Það er þá bara kominn tími til að aðrar leiðir séu skoðaðar til þess að aðstoða það fólk sem er í húsnæðisvandræðum.

[22:29]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Það er mér þungbært að þurfa að standa í þessum stól og lýsa yfir andstöðu minni við þetta mál. Ég hefði gjarnan getað hugsað mér þetta komast í framkvæmd í tilteknu formi sem málið er því miður ekki í.

Þetta mál hefur verið lengi til umræðu og sérstakt áhugamál hæstv. félmrh. og má að sjálfsögðu virða hana fyrir þann dugnað sem hún sýnir í því að reyna að koma máli sínu áfram. Húsaleigubætur eru í eðli sínu stuðningur við tekjulágt fólk og hluti af tekjujöfnunarkerfi. Húsaleigubæturnar hafa sem slíkar kosti og galla. Þær létta að sjálfsögðu undir með þeim sem eru tekjulágir, en vegna þess að bæturnar skerðast með auknum tekjum þá hafa þær svokölluð jaðaráhrif þannig að þær gera fólki erfiðara fyrir í rauninni að komast úr fátækt og afla sér meiri tekna vegna þess að hvatning til þess minnkar þegar ráðstöfunartekjur aukast kannski ekki nema að litlu leyti við það að fólk aflar sér aukinna tekna. En allt þetta er ekkert sérstakt fyrir húsaleigubætur umfram margt annað sem gert er í tekjujöfnunarskyni eins og t.d. barnabætur og tekjutrygging í ellilífeyriskerfinu og því um líkt. Þannig að þótt við viðurkennum vissulega þessi jaðaráhrif og gerum okkur grein fyrir því að þau geta verið skaðleg í ýmsum tilvikum þá hefur það ekki komið í veg fyrir að við höfum tekið upp ýmsar tekjutengdar bætur og þess vegna er í sjálfu sér ekkert nýtt hvað þetta snertir og það ekki endilega rök fyrir því að hætta við að taka upp húsaleigubætur af þessum toga.

Almennt má segja að þegar húsaleigubætur eru teknar upp þá eykur það greiðslugetu leigjenda. Það leiðir til hækkaðrar leigu, það eykur líka framboð á leiguhúsnæði og leiðir til þess að fleiri vilja leigja og að allur húsnæðismarkaðurinn færist aðeins til og verður þá meira um að fólk leigi heldur en að það búi í eigin húsnæði. En þrátt fyrir þessi áhrif þá er ekki þar með sagt að menn vilji ekki taka upp húsaleigubætur.

Eitt af sérkennum íslensks húsaleigumarkaðar er að þeir sem eiga leiguíbúðir eru yfirleitt einstaklingar og svo opinberir aðilar. Það er mjög lítið um það að á Íslandi séu til fyrirtæki sem eiga og reka leiguíbúðir í neinum mæli, nema þá kannski helst í einangruðum tilvikum fyrir starfsfólk. Að öðru leyti er hinn almenni leigumarkaður fyrst og fremst þannig að það eru einstaklingar sem eiga leiguíbúðirnar.

Annað sem einkennir íslenskan leigumarkað er það að leiga er yfirleitt ekki gefin upp til skatts. Þetta er staðfest af Þjóðhagsstofnun og skattyfirvöldum. Leigumarkaðurinn í heild er metinn fjórir milljarðar króna, þar af er talið að það séu gefnar upp 700–800 millj. kr, en það er fyrst og fremst af fólki sem ekki hefur aðrar tekjur, eða mjög litlar aðrar tekjur, þannig að skattgreiðslur af leigutekjum til ríkissjóðs eru hverfandi.

Nú má spyrja sig að því: Af hverju á að taka þetta að einhverju leyti inn í myndina þegar verið er að fjalla um húsaleigubætur? Á nokkuð að vera að hugsa um skattsvikara? Á ekki bara að yppa öxlum og láta það engu skipta um allt málið? Ég er ekki sammála því, án þess að ég sé á nokkurn hátt að bera í bætifláka fyrir skattsvik. Málið er einfaldlega það að ef aðstæður breytast og allar þessar leigutekjur væru nú gefnar upp til skatts þá hefur það áhrif í framhaldinu — það hefur áhrif í framhaldinu. Það hefur þau áhrif að þeir sem eru að leigja út fá þá minna í vasann og útleigan verður ekki eins ábatasöm. Sem dæmi þá er auðvelt að taka tiltölulega litla íbúð þar sem leigutekjur eru kannski í heild tæpar 500 þús. kr. á ári. Þar eru eignaskattur og fasteignagjöld og lítið viðhald kannski um 100 þús. kr., síðan ef vaxtagjöld eru 200 þús. kr. á ári þá hefur viðkomandi kannski 200 þús. kr. nettó upp úr krafsinu. Ef skatturinn er lagður á þá leggst hann á áður en vaxtagjöldin eru dregin frá þannig að eftir

standa kannski innan við 50 þús. kr. þegar búið er að leggja skattinn á. Þannig má segja að markaðurinn hafi þróast hér í þá átt að leigutekjur hafa almennt ekki verið gefnar upp eins og allar opinberar upplýsingar gefa til kynna. Það hlýtur því að mega draga þá ályktun að ef húsaleigubæturnar eru settar fram í þessu formi sem hér er um að ræða þá hækki leigan. Hún hækkar kannski ekki alveg strax vegna þess að fólk er bundið af þeim samningum sem í gildi eru, en við endurnýjun samninga mundi leiga að sjálfsögðu hækka.

Eitt einkenni íslensks leigumarkaðar sem má taka fram til viðbótar er að það er mjög algengt að fólk úti á landsbyggðinni eigi aðra íbúð hér í Reykjavík eða á höfuðborgarsvæðinu. Oft er þetta fólk sem kemur sér upp þessum íbúðum til að leyfa börnum sínum að dvelja í þeim þegar þau eru í skóla og þetta eru íbúðir sem eru leigðar út um lengri eða skemmri tíma. Oft hugsar fólk sér að flytja í þessar íbúðir sjálft ef það skyldi vilja flytja til höfuðborgrsvæðisins af landsbyggðinni.

Í sjálfu sér veit enginn og getur enginn sagt fyrir um það nákvæmlega hversu mikið leiga mundi hækka ef kerfið yrði tekið upp í þeirri mynd sem það er sett hér fram, þ.e. án þess að það sé tekið á skattamálunum jafnframt. En það er alveg öruggt að leiga mun hækka. Og hvort sem manni líkar betur eða verr, hvort sem maður hefur skoðun á því að það sé siðferðislega rétt að líta á það að leigan hefur ekki verið gefin upp, þá breytir það ekki því að maður þarf að horfa á afleiðingarnar. Það verður að horfa á afleiðingarnar. Þannig verður maður að gera sér grein fyrir því hvort leigan hækkar jafnvel svo mikið að húsaleigubæturnar sjálfar snúist upp í andhverfu sína. Það gerir málið ef leigan hækkar svo mikið að hún hækkar umfram það sem húsaleigubótunum nemur og þá er til lítils af stað farið og betur heima setið. Eins gæti það komið þannig út og kemur að sjálfsögðu þannig út, ef farið er að þinglýsa leigusamningum og gefa þetta allt saman upp til skatts, að þá aukast að sjálfsögðu skatttekjur ríkissjóðs. Og væri það nú ekki kostulegt í rauninni ef upptaka kerfisins þýddi að allar húsaleigubæturnar sem áttu að fara til tekjulágra leigjenda lentu síðan eftir krókaleiðum aftur í ríkiskassann? Til hvers er þá af stað farið?

Ég er sem sé að lýsa yfir andstöðu minni við þetta mál vegna þess að það er ekki tekið á þessum skattaþætti á sama tíma (**ÓÞÞ:** Hvernig á að taka á honum?) en ef það væri gert þá mundi ég telja að það væri hægt að una við þetta mál. Hvernig á að taka á þessu, spyr hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson. Í fyrsta lagi tel ég að með samþykkt frv., sem hér liggur frammi, um að húsaleigutekjur verði nokkurs konar nettóstærð, þá sé stigið visst skref. En ég tel að það væri eðlilegt að húsaleigutekjur væru skattfrjálsar upp að vissu marki með sambærilegum hætti og arður af hlutabréfum sem t.d. gæti þá þýtt það að húsaleigutekjur upp á svo sem eins og 300 þús. kr. á ári nettó væru skattfrjálsar. Þetta þýddi að fólk gæti í rauninni átt eina íbúð sem það leigði út og haft af henni tekjur án þess að það væru skattskyldar tekjur. Þannig tel ég, hv. þm., að væri komið mjög til móts við það sjónarmið sem ég er hér að halda fram.

Ég er svo sem ekki einn um að halda þessu sjónarmiði fram, að það sé nauðsynlegt að taka á skattamálum vegna leigutekna við upptöku húsaleigubóta. Ég vek athygli á því að við upphaf þessa máls í tíð þessarar ríkisstjórnar skipaði hæstv. félmrh. nefnd 23. ágúst 1991 til að gera tillögur um aðgerðir til að draga úr húsnæðiskostnaði leigjenda. Í þessari nefnd voru hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og Sólveig Pétursdóttir og síðan Þórhallur Jósepsson deildarstjóri og Ingi Valur Jóhannsson deildarstjóri. Þessi nefnd komst í rauninni að sömu niðurstöðu og ég. Í greinargerð með frv. segir, með leyfi forseta:

„Nefndin fór þess á leit við ríkisskattstjóra að tekið yrði saman yfirlit um framtalin leigugjöld á skattframtali. Varðandi upplýsingar ríkisskattstjóra er athyglisvert hve fáir telja fram leigu. Athugun ríkisskattstjóra á húsaleigugreiðslum leiddi í ljós að samkvæmt skattframtölum 1991 var tilgreind leiga hjá 3.779 einstaklingum samtals að fjárhæð 606 millj. kr. Samkvæmt athugun Þjóðhagsstofnunar námu framtalin leigugjöld 780 millj. kr. á árinu 1992 en samkvæmt mati Þjóðhagsstofnunar á stærð leigumarkaðarins er gert ráð fyrir því að um 4 milljarðar kr. hafi verið greiddir í leigu á því ári. Nefndin lagði til að reglur um skattlagningu leigutekna verði einfaldaðar og dregið verði úr skattlagningu í hverju einstöku tilviki. Tillögum nefndarinnar hefur verið komið á framfæri við fjármálaráðuneytið til frekari úrvinnslu."

Þannig að í upphafi þessa máls hefur nefnd félmrh. beinlínis gengið út frá því að endurskoðun á skattlagningu húsaleigutekna væri hluti af þessu máli. En það er ekki einungis þessi nefnd, sem fjallaði um þetta mál, sem komst að þessari niðurstöðu heldur vil ég líka vitna í umsögn frá Alþýðusambandi Íslands um þetta mál. Þar segir, með leyfi forseta:

„Á 37. þingi Alþýðusambands Íslands 1992 var samþykkt eftirfarandi ályktun um húsaleigubætur. Taka verður upp tekjutengdar húsaleigubætur, tryggja verður að þær leiði ekki til hækkunar á húsaleigu, herða verður lagaákvæði sem bæta réttarstöðu leigjenda, endurskoða þarf skattlagningu leigutekna af íbúðarhúsnæði."

Af hverju skyldi Alþýðusambandið leggja áherslu á þetta? Þar eru að vissu leyti innan raða margir leigjendur, en síðan fjölmargir húseigendur, sérstaklega fólk sem er í þeirri stöðu sem ég ræddi hér um áðan, fólk sem býr úti á landsbyggðinni og hefur komið sér upp lítilli viðbótaríbúð hér á höfuðborgarsvæðinu oftast til að hjálpa börnum sínum við að mennta sig.

Alþýðusambandið segir hér á öðrum stað í umsögn sinni um frv., með leyfi forseta:

„Húsaleigubætur koma að litlu gagni fyrir leigutaka ef húsaleiga hækkar samsvarandi á móti. Í þessu sambandi hefur einkum verið litið til fárra frádráttarheimilda leigusala á kostnaði við húsnæði og mikillar skattlagningar á leigutekjur. Þessi þunga skattheimta hefur leitt til þess að leigutekjur eru ekki taldar fram til skatts en út frá upplýsingum í greinargerð með frv. má

ætla að innan við 20% leigutekna séu taldar fram og þá sennilega nær eingöngu á móti frádráttarlið. Af þessum sökum hefur leigumarkaðurinn orðið svartur en það virðist vera viðurkennt af almenningi og jafnvel af yfirvöldum að svo eigi að vera. Það laumuspil sem verður á leigumarkaði af þessum ástæðum er ekki til hagsbóta fyrir leigutaka og þrengir að þeim í samskiptum við leigusala og á leigumarkaði almennt. Skatttekjur opinberra aðila af leigu eru ekki miklar svo veruleg breyting og lækkun á skattlagningu leigutekna af íbúðarhúsnæði mun ekki skerða tekjur ríkissjóðs. Með minni skattlagningu mun hvatinn til að telja fram leigutekjur aukast og leigumarkaðurinn þar með hreinsast. Verði lög um skattlagningu leigutekna ekki rýmkuð eru líkur á að tvenns konar leiguverð gildi á leigumarkaði með tilkomu húsaleigubóta. Annars vegar núverandi leiga til þeirra sem ekki munu njóta bóta og þar með ekki gefa upp leigugjöldin á launamiða. Hins vegar mun leiga verða hærri hjá þeim sem fá húsaleigubætur því sú leiga mun að öllum líkindum verða talin fram til skatts hjá leigutaka. Hækki leiga vegna húsaleigubóta vegna þess að hún verði talin fram þá munu bæturnar fara aftur til ríkissjóðs og sveitarfélaga í formi skatta leigutaka. Verði þetta framgangsmátinn verður ekki séð að húsaleigubætur nái tilgangi sínum. Því vill Alþýðusambandið leggja áherslu á að skattlagning leigutekna verði endurskoðuð."

Þetta segir í umsögn Alþýðusambands Íslands, virðulegi foreti. Ég tel því að þegar litið er á þetta mál í heild þá hljótum við hv. alþm. að gera okkur grein fyrir því að það er ekki hægt að slíta í sundur upptöku húsaleigubóta og endurskoðun á skattlagningu leigutekna. Ég tel því að það sé ekki hægt að láta þetta mál ganga fram án þess að á sama tíma sé endurskoðuð skattlagning á leigutekjum, annars er stór hætta á því að húsaleigubæturnar snúist upp í andhverfu sína og í stað þess að verða framfaramál fyrir lágtekjufólk, sem leigir húsnæði og þarf að leigja sér íbúð, að þá verði þetta til þess á endanum að gera kjör þess verri, að leigan í rauninni hækki frá því sem nú er.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Þrír hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvör við ræðu hv. 5. þm. Norðurl. v. og verður að stytta ræðutímann miðað við það.

[22:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get að mörgu leyti verið sammála hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni um að það þurfi að skoða leigutekjur og skattlagningu þeirra. Ég tel það bara vera óskylt mál þó það komi e.t.v. til með að tengjast þessu síðar meir við framkvæmdina. En ég bara spyr: Hvers vegna hefur ekki hv. þm. beitt sér fyrir því að það væri endurskoðað í sambandi við það að ná til þeirra sem hér eru á svarta markaði hvað varðar leigutekjur? Þetta er mál sem hann sagði að allir í þjóðfélaginu vissu um en það hefur samt ekkert verið gert í því.

Að öðru leyti vil ég spyrja hann — hann lýsti hér yfir andstöðu við frv. — er þetta ekki stjfrv.? Ber að líta svo á að hér sé ekki um stjfrv. að ræða sem stjórnarflokkarnir hafi orðið ásáttir um að styðja?

[22:50]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég lít ekki svo á að hér sé um óskyld mál að ræða þótt skattlagning á húsaleigutekjum sé skattamál og heyri undir fjmrn. og húsaleigubætur séu mál sem heyrir undir félmrn. Þetta hefur áhrif hvort á annað og það þarf að skoða þessi mál í samhengi hvort við annað. Hvers vegna ekki hefur verið tekið á því, betur en nú er, að leigutekjur séu gefnar upp til skatts, þá hygg ég nú að það sé þannig að það hafi verið og sé sameiginlegt hagsmunamál leigjenda og húseigenda að húsaleiga sé ekki almennt gefin upp og að það sé erfitt að sanna í slíkum tilvikum hver leiga hafi verið.

Síðan vaknar ein spurning í þessu sambandi. Ef það er nú svo að það er skoðun alls þess stóra hóps af fólki, sem er væntanlega yfirleitt venjulegt fólk með venjulega siðgæðisvitund, að það eigi ekki að borga skatta af leigutekjum og ekki gefa þær upp, þá er það stór spurning hvort lögin eigi að vera með þeim hætti að þau setji þennan stóra hóp af fólki í þá aðstöðu að vera að brjóta þau.

Spurningin um það hvort þetta sé stjfrv. þá hygg ég að þetta sé að sjálfsögðu stjfrv. En ég hef við meðferð málsins í mínum flokki haft skýran fyrirvara um stuðning við þetta mál hvað snertir skattaþáttinn og hann hefur alla tíð legið fyrir og ég er þess vegna fyrst og fremst að lýsa minni afstöðu til þessa máls.

[22:52]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst nú hv. þm. draga mjög úr andstöðu sinni í þessu svari og mátti nánast skilja það svo undir lokin að hér væri um fyrirvara að ræða, en að öðru leyti mundi hann samþykkja þetta frv. Og þá hlýt ég að líta svo á að það sé svar við því hvort hér sé um stjfrv. að ræða, að þetta sé það sem stjórnarflokkarnir hafa orðið ásáttir um að samþykkja.

[22:53]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Bara til að taka af allan vafa þá snýst fyrirvari minn um þennan skattaþátt og ef ekki er tekið á honum þá get ég ekki samþykkt þetta mál. Væri hins vegar endurskoðaður skattaþátturinn varðandi húsaleigutekjur þá mundi ég líta öðruvísi á málið.

[22:53]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka skýrt fram að ég styð húsaleigubætur, en fyrirvarar okkar sem erum með brtt. á þskj. 1209, sem ég skrifaði undir ásamt Jóni Kristjánssyni og Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, eru einmitt þeir fyrirvarar sem hér hefur verið rætt um í kvöld bæði af Birni Bjarnasyni og Vilhjálmi Egilssyni varðandi skattalega meðferð leigutekna. (**BBj:** Ég talaði ekki um það.) Hv. þm. Björn Bjarnason talaði ekki um það, en það var fyrirvari Vilhjálms. Fyrirvari Björns

var varðandi sveitarfélögin í landinu og ég tek undir þann fyrirvara líka. Það þarf auðvitað að nást samkomulag um það þar sem sveitarfélögin eiga að borga 40% af þessu, en það er greinilegt að það er ekkert samkomulag um þetta mál. En í þessari brtt. okkar er einmitt tekið á þessum skattalega þætti og þess vegna geri ég það að tillögu minni, ef það væri til samkomulags í þessu máli, að málinu yrði vísað til hv. félmn. aftur. Ég tel það mjög eðlilegt. Þess utan á þetta ekki að taka gildi fyrr en um áramótin 1995 þannig að við erum ekki að tefja málið, en við getum komist að samkomulagi um það. Það er greinilegt miðað við þá umræðu sem hér hefur farið fram.

[22:55]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það liggur ekkert fyrir um það að það sé pólitískur vilji til þess hjá samherjum mínum í stjórnarliðinu að taka á þessum skattaþætti og létta af skattlagningu á húsaleigutekjum og það er ástæðan fyrir því að ég er á móti málinu.

[22:56]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef húsaleigubætur eiga að nýtast þeim sem þær eiga að nýtast þá verður málið auðvitað að vera vandaðra en það er í dag. Það er ljóst. Og ég held að málið hafi reynt það mikið á þetta stjórnarsamstarf að ég trúi því ekki að það muni ríða því að fullu þó málið sé tekið aftur inn í félmn. því að það er þá orðið veikur þráður á milli. Þannig að ég geri það aftur að tillögu minni að þetta mál fari til umfjöllunar í hv. félmn. að nýju.

[22:56]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson gerði skýra grein fyrir því að af skattalegum ástæðum væri hann á móti þessu máli. Nú er það svo að þeir sem eignast eigið húsnæði fá vissan stuðning ríkisins til að eignast það í gegnum skattkerfið og eru þar með á vissum húsaleigubótum. Félmrh. hefur skattamál ekki á sínu sviði. Hæstv. félmrh. verður þess vegna ekki sakaður um það að hafa brugðist í þeim efnum að flytja frv. um breytingu á skattalögum, það heyrir undir hæstv. fjmrh. Og spurningin er: Hvað dvelur orminn langa og hvers vegna beinir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ekki spjótum sínum að hæstv. fjmrh. í stöðunni eða lýsir því yfir að hann muni beita sér fyrir því, sem hagfræðingur og hv. þm., að vinna málinu fylgi í gegnum þingið, þ.e. skattabreytingum? Það hlýtur að vera hin stóra spurning því það er ekki rökrétt að snúast gegn þessu frv. nema búið sé að fella þær hugmyndir sem hv. þm. telur að eigi að vera þær einu réttu í skattamálum og fróðlegt væri að sjá slíkar hugmyndir á breytingartillögum við skattalögin.

[22:58]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson um það að ég hef sannarlega reynt í umfjöllun um þetta mál í mínum þingflokki að fá því framgengt að breyting á skattalögunum í samhengi við húsaleigubæturnar fengi framgöngu. Ég hef ekki fengið stuðning við þá tillögu mína og því get ég ekki stutt þetta mál vegna þess að ég tel að þetta hangi algerlega saman.

[22:59]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er upplýst að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hefur sáð í grýtta jörð og auðvitað eru það honum mikil vonbrigði að hans flokksfélagar skuli ekki vera skilningsbetri á lögmál hagfræðinnar en kemur fram í þessari yfirlýsingu hans og ég ætla ekki að rengja það. Það virðist birtast í landsstjórninni allri að þeir hafi lítinn skilning á hagfræði.

[23:00]

Jón Kristjánsson:

Herra forseti. Þetta mál hefur tekið óvænta stefnu í þessum umræðum. Við sem vorum að vinna að þessu máli í félmn. stóðum í þeirri trú að stjórnarflokkarnir stæðu að þessu máli óskiptir og það kom ekkert fram um það hjá fulltrúum Sjálfstfl. í félmn. að flokkurinn stæði ekki heill og óskiptur að þessu máli.

Það er nú svo að þó að við fulltrúar Framsfl. styðjum tilgang þessa frv., styðjum húsaleigubætur, séum þeirrar skoðunar að leigjendur eða þeir sem óska eftir því að leigja fái tilstyrk til þess eins og þeir sem njóta vaxtabóta og búa í eigin íbúð eða félagslegum íbúðum, njóti styrks til þess að koma þaki yfir höfuðið sér, þá höfum við ýmsar athugasemdir við þetta mál. Málið fékk mjög neikvæðar umsagnir hjá sveitarfélögunum og það hafa komið fram veigamikil rök fyrir því að húsaleiga muni hækka, ef skattlagning leigutekna verður ekki endurskoðuð.

Við féllumst á að taka þetta mál út úr nefnd og féllumst á það með þeim fyrirvara reyndar að flytja brtt. við ákvæði til bráðabirgða um málið sem kveður á um endurskoðun og þá verði einmitt endurskoðuð skattlagning leigutekna og hvort rétt sé að greiða húsaleigubætur gegnum skattkerfið. Það er alveg ljóst að ef vilji er fyrir því hér á Alþingi að flýta þessari endurskoðun á skattlagningu húsaleigutekna og ganga í það mál strax þá erum við fulltrúar Framsfl. reiðubúnir til að ræða um það mál, ef ljóst er að það er þingvilji fyrir því að endurskoða skattkerfið að þessu leyti strax og afgreiða löggjöf um slíkt fyrir næstu áramót. Við erum tilbúnir að ræða slíka málsmeðferð. En ég stóð í þeirri meiningu að hæstv. fjmrh. Sjálfstfl., og fékk reyndar upplýsingar um það, væri ekki tilbúinn til þess að gefa yfirlýsingar um slíka endurskoðun. Hæstv. fjmrh. er nú hér staddur eða var það a.m.k. hér í hliðarherbergi. Ég vil fara fram á það við hæstv. forseta að kalla hann til þessarar umræðu því það er mikilvægt að ræða þessi mál við hann og vil ég inna hæstv. forseta eftir hvort hæstv. fjmrh. sé hér.

(**Forseti** (PJ): Hæstv. fjmrh. hefur gengið í salinn.)

Já, þá vil ég víkja að frv. um húsaleigubætur og þeim umræðum sem verið hafa hér um endurskoðun á skattlagningu húsaleigutekna. Ég vil spyrja hæstv. fjmrh. að því hvort hann sé tilbúinn til þess að láta slíka endurskoðun fara fram og afgreiða löggjöf þess efnis nú á haustþingi, endurskoðun á skattlagningu húsaleigutekna. Það hefur komið fram hjá hv. 5. þm. Norð-

url. v. að stuðningur hans við þetta stjfrv. er háður því að slík endurskoðun fari fram. Annar þingmaður Sjálfstfl., hv. 3. þm. Reykv., hefur lýst þeirri skoðun að það beri að geyma þetta frv. og afgreiða það ekki á þessu þingi með svolítið öðrum rökstuðningi að vísu, að sveitarfélögin hafa mælt mjög gegn því að sá háttur verði hafður á sem frv. gerir ráð fyrir um samstarf ríkis og sveitarfélaga að þessu verkefni. Ég tel mikilvægt að þetta komi fram, hvort hæstv. fjmrh. er þeirrar skoðunar að slík endurskoðun geti farið fram eða hvort hann vill beita sér fyrir því.

Ég ætla ekki að hafa um þetta öllu fleiri orð að þessu sinni. Ég get tekið til máls um þetta mál síðar. En ég tel afar mikilvægt að fá þessa yfirlýsingu því að við hv. 2. þm. Vesturl. og hv. 10. þm. Reykv. höfum flutt brtt. við ákvæði til bráðabirgða um endurskoðun og að þar verði sérstaklega hugað að breytingum á skattlagningu leigutekna sem hvetji til útleigu íbúða. Það er í lófa lagið að flýta þessu verki þannig að húsaleigubætur geti tekið gildi um áramótin og auðvitað verður fjárln. að fjalla um fjármögnunina þó að hér liggi fyrir bréf og samkomulag félmrh. og fjmrh. um fjármögnun sem ég kem að síðar.

[23:09]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Hv. þm. spurði mig að því hvort ég væri tilbúinn til þess að standa að endurskoðun á skattlagningu húsaleigutekna. Í því sambandi vil ég láta það koma hér fram að það er að sjálfsögðu eðlilegt að skattalög séu skoðuð og séu í sífelldri skoðun, ekki síst með tilliti til eignatekna, en eins og allir vita þá hafa þau mál verið til umræðu upp á síðkastið, ekki síst í tengslum við hinn svokallaða vaxtaskatt. Ég tel þó ekki ástæðu til að blanda því saman við þetta mál sérstaklega.

Í öðru lagi vil ég láta það koma fram að ég er á móti því að húsaleigubæturnar fari í gegnum skattkerfið eins og hv. þm. leggur til og tel að það eigi að fara eins með þessar bætur og aðrar bætur og aðra styrki frá opinberum aðilum sem mynda skattstofn, ef undan eru skildar vaxtabætur sem eru sérstök undantekning frá meginreglunni. Þetta er að vísu ekki andsvar í eiginlegum skilningi, en þetta er þó svar við fyrirspurn hv. þm. sem ég kýs að láta koma fram í þessu formi til þess að spara tíma.

[23:10]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér finnst svör hæstv. fjmrh. vera heldur óljós. Ég læt mér ekki nægja svör við því hvort það á að skoða skattkerfið, það skiptir auðvitað máli hvort hæstv. fjmrh. er tilbúinn til þess að gera húsaleigutekjur skattfrjálsar að einhverju leyti, veita skattívilnanir þannig að greiðsla húsaleigubóta verði ekki til þess að húsaleiga hækki. Það er rökstuðningur fyrir þessu í gögnum sem félmn. hefur fengið sem ég hef ekki tíma til að lesa upp í andsvari. En mergurinn málsins er sá hvort hæstv. fjmrh. sé tilbúinn til þess að endurskoða skattkerfið með þetta að markmiði.

[23:12]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það má vera að svör mín séu óljós en ég vil þó reyna að endurtaka þau. Þau voru á þá leið að ég væri tilbúinn til þess að skoða skattlagningu húsaleigutekna ásamt annarra eignatekna eins og t.d. vaxtatekna. Ég tel að það sé nokkuð skýrt svar. Ég tel ekki ástæðu til þess að endurskoða húsaleigubætur sérstaklega í tilefni þessa frv. vegna þess að rökin eru á þá lund að það eigi að endurskoða skattlagninguna af því að einhverjir aðilar hafi ekki talið fram samkvæmt skattalögunum. Ég sé ekki að það séu góð rök í þessu máli því að ef þau ætti að nota yfirleitt í skattamálum þá gætum við lagt af skatta í heilum atvinnugreinum þar sem um skattsvik hefur verið að ræða á undanförnum árum.

[23:13]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Í svörum hæstv. fjmrh. kemur ekki fram hvenær hann er tilbúinn að láta þessa endurskoðun á skattkerfinu fara fram. Það skiptir auðvitað miklu máli í ljósi þeirra umræðna sem hafa verið áður og í ljósi þeirra ummæla sem hafa fallið frá hans flokksmönnum í þessari umræðu að það liggi ljóst fyrir hvort það er hægt að láta fara fram endurskoðun á skattkerfinu, hvað sem hún verður víðtæk, áður en þetta frv. á að taka gildi um næstu áramót. Það skiptir auðvitað mjög miklu máli að þessar húsaleigubætur nýtist þeim sem þeirra eiga að njóta.

[23:14]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Þegar frv. til laga um húsaleigubætur kom fyrst til umræðu í mínum þingflokki þá lýsti ég strax yfir stuðningi mínum við þær hugmyndir sem uppi voru og koma m.a. fram í 1. gr. þess frv. sem hér er til umræðu en í 1. gr. frv. segir:

„Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og að draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Stefnt er að því að ná þeim markmiðum með sameiginlegri kostnaðarþátttöku ríkis og sveitarfélaga sem nánar greinir í lögum þessum."

Þessi markmið tel ég að séu eðlileg og get tekið undir þau og styð þessi markmið sem 1. gr. frv. gerir ráð fyrir. Hins vegar var það þegar frv. sem hér er til umræðu kom til meðferðar í þingflokki Sjálfstfl. að þá lýsti ég strax fyrirvara um það fyrirkomulag sem frv. gerir ráð fyrir. Ég vakti athygli á því og vil vekja athygli á því í þessari umræðu, virðulegi forseti, að það er afar mikilvægt að sveitarfélögin séu höfð með í ráðum við gerð slíks frv. og að Alþingi geti ekki afgreitt frá sér svo viðamikið mál eins og frv. til laga um húsaleigubætur í fullkominni andstöðu við nær öll sveitarfélögin í landinu og samtök þeirra. Þess vegna hvatti ég mjög til þess að það yrði reynt að leita leiða til þess að ná niðurstöðu, ná fram breytingum á frv. áður en það yrði lagt fram þannig að það væri nokkuð öruggt að sveitarfélögin gætu fallist í öllum aðalatriðum á framkvæmd málsins.

Þegar frv. var síðan lagt fram með þessum fyrirvörum þá var það satt að segja von mín að það mætti takast í félmn. að ná fram breytingum á frv. sem gætu verið í takt við þær athugasemdir sem sveitarfélögin höfðu m.a. sett fram.

En niðurstaðan er hins vegar önnur og þess vegna verð ég við þessa umræðu að lýsa yfir þeirri niðurstöðu minni að ég get ekki stutt frv. eins og það liggur fyrir til afgreiðslu.

Ég tel eðlilegt að framkvæmd húsaleigubótakerfis sé á vegum sveitarfélaganna. Við þekkjum það að í dag er það svo að sveitarfélögin í landinu eru með einum eða öðrum hætti gegnum félagslega kerfið, hina félagslegu þjónustu og svo félagslega íbúðakerfið að veita beint eða óbeint húsaleigustyrki þannig að það er afar mikilvægt að það sé samræmi í þeirri framkvæmd og hinni nýju framkvæmd sem gert er ráð fyrir að verði á húsaleigubótakerfi sem er auðvitað að forminu til nýtt á Íslandi.

Ég endurtek það að ég tel eðlilegt að þetta sé í höndum sveitarfélaganna og hefði talið langeðlilegast að löggjöfin væri með þeim hætti að sveitarfélögunum væru tryggðar tekjur og það lægi alveg fyrir hvað væri gert ráð fyrir að greiða til húsaleigubóta en síðan væri það á valdi sveitarfélaganna innan ramma laga að framkvæma málið.

Meginathugasemdir mínar við þetta frv. eru þær að ég tel að það sé að nokkru horfið til fyrri tíma þegar tekið er upp það kerfi að sveitarfélögin sjái um framkvæmdina, sveitarfélögin greiði 40% og þurfi síðan að fá endurgreiðslu frá ríkinu á 60% af húsaleigubótunum. Það er alveg ljóst að með þessu fyrirkomulagi verður nauðsynlegt að setja upp mjög flókið og viðamikið eftirlitskerfi hjá sveitarfélögunum til þess að uppfylla kröfur ríkisvaldsins sem auðvitað er eðlilegt að vilji fylgjast náið með framkvæmdinni þegar farið er að greiða út stórar fjárhæðir í gegnum þetta húsaleigubótakerfi. Það er fyrirkomulag sem verið er að hverfa frá í samskiptum ríkis og sveitarfélaga og ég held að allir sveitarstjórnarmenn sem ég þekki telji að það sé ekki til bóta að hverfa að nýju til þess fyrirkomulags að rugla þannig saman reitum sveitarfélaganna og ríkisins eins og hér er gert ráð fyrir.

Þetta er meginatriðið sem ég tel að ekki sé eins og ég vildi hafa það, þetta fyrirkomulag eins og segir í 2. gr. frv. og reyndar 3. gr.

En í 4. gr. frv. er ákvæði sem ég tel líka mjög vafasamt en þar segir:

„Telji ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrirsjáanlegt að endurgreiðsla ríkis skv. 1. mgr. 3. gr. nemi hærri fjárhæð en fjárlög heimila eða kveða á um skal nefndin gera um það tillögu til félmrh. að ákvæði reglugerðar um að fjárhæð húsaleigubóta verði endurskoðuð."

Þetta ákvæði 4. gr. yrði afskaplega erfitt í framkvæmd. Þetta þýðir það í rauninni að ef það væri fyrirsjáanlegt um mitt ár að það fjármagn sem ætlað er til endurgreiðslu frá Jöfnunarsjóði, í þessu tilviki til sveitarfélaganna, er uppurið þá verður annaðhvort að hætta þessum endurgreiðslum eða breyta þeim eða lækka á tímabilinu til þess að endar nái saman. Við getum rétt ímyndað okkur og séð upplitið á fólkinu sem fær 15 þús. kr. í húsaleigubætur fyrstu mánuði ársins sem síðar stiglækka þegar líður á árið vegna þess að leigumarkaðurinn varð miklu stærri en fyrirhugað var og þess vegna reynist nauðsynlegt hjá Jöfnunarsjóði að lækka þessar endurgreiðslur. Þetta er fyrirkomulag sem ég tel að sé algjörlega óframkvæmanlegt og geti því miður ekki gengið.

Virðulegi forseti. Ég tel ekki ástæðu til þess að fara öllu fleiri orðum um þetta frv. Ég tel að hugmyndin á bak við frv. sé afar mikilvæg og það beri að leita allra leiða til þess að lagfæra frv. og ég hefði talið að það væri langeðlilegast að þetta yrði látið liggja í sumar og undirbúið þannig að strax í byrjun þings í haust yrði hægt að afgreiða málið í góðri sátt við sveitarfélögin í landinu sem eiga að framkvæma það enda er gert ráð fyrir því að lögin taki ekki gildi fyrr en 1. jan. á næsta ári. Þannig að ég skil ekki hvers vegna er svo brýnt að afgreiða þetta frv. í fullkominni andstöðu við sveitarfélögin í landinu, lög sem ekki eiga að taka gildi fyrr en á næsta ári.

Virðulegi forseti. Ég vil í lokin minna hæstv. félmrh. á að það er í gildi sérstakur samstarfssáttmáli á milli sveitarfélaganna og ríkisstjórnarinnar og það er afar áríðandi að í svo mikilvægu máli sem þessu sem varðar þá sem hafa lægstar tekjurnar í þjóðfélaginu að það sé ekki látið brjóta á þessum samstarfssáttmála á milli ríkisins og sveitarfélaganna þegar verið er að fjalla um svo mikilvægt mál eins og húsaleigubætur eru.

[23:24]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. 1. þm. Vesturl. lét svo um mælt að hann hefði vonast til að jákvæðar breytingar yrðu á frv. í félmn. Það var nú svo í félmn. að við hefðum gjarnan viljað hafa meiri tíma til þess að fara yfir þetta mál en það var pressa á því að afgreiða málið fyrir þinglokin og við vildum ekki spilla fyrir framgangi þessa máls af því að við vorum hlynnt húsaleigubótunum. En við fluttum aftur brtt. sem við reyndum að fá tekna upp í frv. til þess að yrðu endurskoðaðir mestu ágallarnir sem eru á þessu kerfi. En það var ekki talið fært vegna þess að hér væri um samkomulagsmál að ræða milli stjórnarflokkanna sem kemur svo í ljós að er alls ekki rétt og hefur verið farið fram með vissum blekkingum í nefndinni í þessu máli.

[23:26]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir það með hv. 2. þm. Austurl. að það er miður að hann skuli ekki hafa haft þau áhrif í nefndinni að honum tækist að ná fram þeim breytingum sem hann hefði viljað gera á frv. ef þær eru í takt við það sem ég hef verið að benda á, en það hefur a.m.k. ekki komið fram í mín eyru hvaða breytingar hann vill gera á þessu frv. Að öðru leyti veit ég ekki hvað hefur gerst í hv. félmn. hvað þetta varðar.

[23:26]

Jón Kristjánsson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hefði að sjálfsögðu viljað hafa meiri tíma til þess að ræða ágreininginn við sveitarfélögin í þessu máli og einnig fá það á hreint hvort hæstv. fjmrh. væri tilbúinn að endurskoða skattlagningu húsaleigutekna. Það hafa ekki enn þá komið fram við þessa umræðu hrein svör í þessu efni. Það eru þessi tvö atriði sem brtt. okkar fjallar um. Það er gert ráð fyrir því í henni að þetta fyrirkomulag verði reynt í tvö ár en það gerðum við til þess að greiða fyrir málinu.

[23:27]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi þetta andsvar hv. 2. þm. Austurl. vil ég segja að ég tel að það hefði verið til mikilla bóta ef jafnframt hefði verið hægt að taka á skattlagninu leigutekna eins og fram kom hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni og hann gerði mjög glögga grein fyrir. Ég tel að það hefði verið mjög til hins betra og gæti e.t.v. leitt til þess að hægt væri að gera enn meiri bragarbót á því sem varðar leigjendur og þá sem sinna útleigu íbúðarhúsnæðis. En koma tíma og koma ráð og vonandi tekst í haust að bæta úr því.

[23:28]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi stuðning sveitarfélaga við leigjendur þá vil ég láta eftirfarandi koma fram.

Stuðningur sveitarfélaga við íbúa sína vegna búsetu geta verið með eftirfarandi hætti. Um langan tíma hafa sveitarfélög lagt fram 10% í Byggingarsjóð verkamanna vegna félagslegra íbúða, einnig þeirra sem verða eignaríbúðir viðkomandi. Þeir byggja leiguíbúðir. Þeir greiða niður leigu, stundum mikið, stundum lítið. Ef þeir greiða hana lítið niður þá eiga sveitarfélög til að færa stuðninginn á framfærslu. Stuðningur, ef erfiðleikar eru hjá fólki sem býr á almennum markaði, er veittur í gegnum framfærslu og hann er misjafn og það eru misjafnar reglur hjá sveitarfélögunum. Þetta er mjög óvanalegt að sé samræmt og þessi þáttur sem ég hef hér talið upp mun væntanlega halda áfram hjá sveitarfélögunum en þau munu aðlaga þessa stuðningsþætti að því að það eru húsaleigubætur til staðar sem lækka þessa þörf að ákveðnu marki, aðeins að ákveðnu marki hvað varðar almenna markaði.

[23:30]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem hv. 4. þm. Reykn. nefndi hér er allt saman hárrétt og undirstrikar það sem ég hef verið að segja að það er afar mikilvægt að sveitarfélögin sem sjá um m.a. þessa fyrirgreiðslu sem þingmaðurinn var að nefna hér séu höfð með í ráðum og séu fylgjandi þeirri löggjöf og styðji þá löggjöf sem verið er að setja og á að bæta enn frekar úr stuðningi hins opinbera við þá sem eru á húsaleigumarkaði og hafa lágar tekjur. Það er meginatriði þessa máls þannig að ég tek undir það sem hv. þm. sagði og ég held að það sé allt saman hárrétt.

[23:31]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þær upplýsingar sem ég kom með snúa fyrst og fremst að því sem þingmaðurinn sagði að væri sá stuðningur við leigu í sveitarfélögunum þannig að húsaleigubæturnar væru allt annars eðlis eða óþarfar.

Varðandi annað sem kom fram hjá þingmanninum þá hefur félmn. verið að afgreiða frá sér tvo mikilvæga lagabálka, húsaleigulög og fjöleignarhús og það var alger samstaða um það í nefndinni að gefa það svigrúm að þó þau lög yrðu afgreidd núna í mars apríl, þá tækju þau ekki gildi fyrr en 1. jan. Það er alveg fráleitt að afgreiða slíkt mál á haustþingi ef menn meina það á annað borð að þau eigi að koma til framkvæmda 1. jan.

Enn eitt. Það er valkvætt hvort sveitarfélögin taka þetta upp. Ég vil ekki segja að það hafi verið minn óskakostur en ég fellst á hann. Það var það sem sveitarfélögin vildu.

Það er ekki vísvitandi blekking af þeirri sem hér hefur leitt félmn. að vinna með þetta stjfrv. og þær þrjár ræður sem hér hafa komið fram í kvöld hafa komið mér fremur á óvart. En ég hef unnið af fullum heilindum með þetta stjfrv. í nefndinni, hafði því miður ekki lengri tíma.

[23:32]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Til þess að taka af allan vafa vegna ræðu hv. þm., þá vil ég endurtaka það sem ég hef margsinnis sagt hér í kvöld að ég tel að húsaleigubætur séu mikilvægar og við eigum að koma þeim á. Þær eigi að vera eftir atvikum viðbót við þann stuðning sem sveitarfélögin veita með sínu félagslega kerfi en það sé eðlilegt að samræma þetta.

Hins vegar varðandi spurninguna um að þetta sé eftir vali sveitarfélaganna þá getur það út af fyrir sig verið svolítið hæpið. Einstaklingar geta staðið frammi fyrir því að sveitarstjórn taki ákvörðun um það að greiða ekki húsaleigubætur og þá verður viðkomandi einstaklingur af 60% sem ríkið á að greiða út þannig að ég hefði talið eðlilegasta kostinn að ríkið ákvæði hvaða fjárhæð færi til húsaleigubóta og síðan ættu sveitarfélögin að nýta hana til húsaleigubóta þannig að þau ættu ekki þetta val.

[23:33]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. hélt í fyrsta lagi fram að þetta frv. og ákvæði þess væru í fullkominni andstöðu við öll sveitarfélögin í landinu eins og hann orðaði það og í annan stað væri allt í lagi að fresta gildistökunni, fresta samþykkt frv. af því að frv. ætti ekki að taka gildi fyrr en um nk. áramót. Um þetta vil ég segja það að nefnd sem skilaði af sér í febrúar 1993, en í þeirri nefnd átti sæti fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga, þar var öll þessi tillaga útfærð, m.a. að þetta ætti að vera á vettvangi sveitarfélaganna og fulltrúi Sambands sveitarfélaga skrifaði undir það fyrirvaralaust. Síðan varð

það að samkomulagi milli mín og forustumanna Sambands ísl. sveitarfélaga að þriggja manna nefnd með aðild Sambands ísl. sveitarfélaga skyldi útfæra þessa tillögu í frumvarpsform.

Í annan stað er gert ráð fyrir því að sveitarstjórnin skuli ákveða fyrir 1. okt. hvort sveitarfélögin greiði húsaleigubætur næsta ár og þess vegna er brýnt að það taki gildi nú vegna þess að sveitarfélögin þurfa að ákveða það fyrir 1. okt., annars verður að seinka framkvæmdinni um heilt ár.

[23:35]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða hæstv. félmrh. vil ég segja það í fyrsta lagi að ég tel að það sé ekkert einfaldara en að hafa bráðabirgðaákvæði um þennan ákvörðunarfrest sveitarfélaganna þannig að það þyrfti ekki að vera endilega 1. okt. í haust sem sveitarfélögin tækju ákvörðun vegna þess að lögin væru í vinnslu og hefðu ekki hlotið afgreiðslu. Það eru ekki rök með því að það þurfi að afgreiða frv. núna.

Varðandi það að öll sveitarfélög hafi lýst andstöðu er hægt að fletta upp í þeim skjölum. Þau sveitarfélög sem hafa sent inn athugasemdir hafa öll lýst andstöðu við þetta að því er ég best veit og stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, þar sem eru fulltrúar allra stjórnmálaflokkanna, hefur samhljóða óskað eftir að afgreiðslu frv. verði frestað. Og ég vakti athygli á því, hæstv. félmrh., að það er ekki skynsamlegt að ganga í þessu máli svo mikilvægt sem það er algerlega gegn vilja stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga. Það er ekki farsælt svo mikilvægt sem þetta mál er.

[23:36]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef lýst því yfir að á vinnslustigi þessa máls hefur það verið unnið í samráði við Samband ísl. sveitarfélaga. Fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga skrifaði undir skýrslu þar sem lagt var til að framkvæmdin yrði hjá sveitarfélögunum. Og hv. þm. sagði áðan að hann teldi hæpið að hafa þetta valkvæmt gagnvart sveitarfélögunum en í öðru orðinu heldur hann því fram að það sé ekki hægt að ganga gegn vilja sveitarfélaganna í landinu. Það voru þau sem óskuðu eftir því að þetta yrði valkvæmt með þessum hætti sem hér er lagt til. En það gleymist í allri þessari umræðu að lýsa þá yfir áliti þeirra sem hafa skrifað nefndinni og mælt eindregið með samþykkt þessa frv. sem eru mörg félagasamtök í landinu, Öryrkjabandalagið, Þroskahjálp, Leigjendasamtökin, Húseigendafélagið og síðan verkalýðsfélögin BSRB og ASÍ, þessi félög leggja öll áherslu á það að þetta mál nái fram að ganga. Ég held að láglaunafólk sem er á leigumarkaðnum hafi beðið nógu lengi eftir því að fá þessar réttabætur þó að við frestum því ekki enn um eitt ár.

[23:37]

Sturla Böðvarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mesti misskilningur hjá hæstv. félmrh. að ég sé að leggja til frestun á þessu máli. Hæstv. félmrh. er að stefna þessu máli í tvísýnu með því að vilja ekki taka tillit til þeirra athugasemda sem hafa komið fram. Vegna þess að hæstv. ráðherra segir að Samband ísl. sveitarfélaga hafi verið búið að samþykkja þetta vil ég lesa hér upp bréf sem var sent frá sambandinu 28. janúar. Þar segir:

„Í gær kl. 16.25 bárust Sambandi ísl. sveitarfélaga breytt drög að frv. til laga um húsaleigubætur, dags. 27. janúar og skilaboð frá félmrn. um að þess væri vænst að afstaða sambandsins til frumvarpsdraganna lægi fyrir kl. 15 í dag, daginn eftir."

Þessu var mótmælt af sambandinu og framkvæmdastjóri sambandsins óskaði eftir að hafa allan fyrirvara um að geta komið að breytingu og umsögn um frv. Síðan hefur komið umsögn um frv. og það er óskað eftir því að þetta verði ekki afgreitt núna. Ég held að það þurfi ekki fleiri vitnanna við að stjórn sambandsins hefur óskað eftir góðu samstarfi og ég vænti þess að hæstv. félmrh. geti staðfest það hér.

[23:39]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Eins og fram hefur komið á hinu háa Alþingi þá eru nú mörg mál sem félmn. hefur unnið og gengið frá á þessu þingi og sum hafa verið vel unnin og önnur kannski mátt vera betur unnin. Sum mál hefur mér þótt vera fullnákvæm en samt greinilega ekki nógu nákvæm.

Hér var minnst á fjöleignarhús áðan og mér fannst það afar nákvæmt og fullnákvæmt á köflum, en nú er þegar komið í ljós að það eru annmarkar á því því að það er komin upp mikil deila í fjöleignarhúsi í Kópavogi sem ekkert er kveðið á um í þeim lögum. Það má kannski þegar endurskoða. En það er annað mál, virðulegi forseti.

Hér er annað og kannski alvarlegra mál á ferðinni. Það er frv. til laga um húsaleigubætur. Hér er verið að koma til móts við þá tekjulægstu í landinu, tekjulægstu leigjendur í landinu þannig að þeir fái endurgreidda að hluta til sína húsaleigu. Við höfum lagt það til að þessi greiðsla væri á svipuðum nótum og vaxtabætur eru greiddar, enda hugsaðar svipað.

Í þessu frv. eru ýmis atriði sem eru til umhugsunar og áhyggjuefni eins og fram hefur komið hér í kvöld og þessu áhyggjuefni höfum við svo sem deilt í hv. félmn., við höfum gert það. En við teljum þetta mjög brýnt mál, fulltrúar Framsfl. Við teljum þetta mjög brýnt mál og við höfum ekki viljað tefja það. Við höfum verið með allar þær athugasemdir í nefndinni sem hafa komið hér fram. En það er rétt sem kom fram hjá hv. 2. þm. Austurl. hér áðan að þessu máli var hraðað mjög í gegnum félmn. Ég tek undir það með hv. formanni nefndarinnar. Það eru full heilindi í þeim vinnubrögðum og ég minnist varla að fulltrúar Sjálfstfl. í nefndinni væru með nokkrar athugasemdir við þetta frv. Það kemur mér á óvart hversu sterkar athugasemdir koma nú fram við þetta frv. og það vekur auðvitað vonir okkar sem erum með athugasemdir og erum með fyrirvara um þetta mál að það sé hægt að bæta þetta mál. Þess vegna legg ég aftur til að þetta fari inn í nefndina til endurbóta og við látum á það reyna hvort það sé ekki hægt að bæta þetta mál. Ég tek undir það

sem kemur hérna í athugasemdum frá bæði Sambandi ísl. sveitarfélaga og frá ýmsum bæjarfélögum í landinu sem gera mikla fyrirvara um framkvæmd málsins. Hér hefur komið fram tillaga m.a. frá hv. 1. þm. Vesturl. um hvernig mætti taka á því máli er snerti sveitarfélögin þannig að sveitarfélögum séu tryggðar ákveðnar tekjur og síðan sjái þau um framkvæmd málsins. Ég gæti mjög vel fellt mig við þessa tillögu. Og mér finnst eftir þá umræðu sem hér hefur verið að við séum sammála um að það væri slys að láta frv. fara í gegnum þingið með þeim hætti sem það er nú.

Varðandi 2. gr. þessa frv. sem hér hefur verið mjög til umfjöllunar um það að það er valkvætt fyrir sveitarfélög hvort þau taka upp þessar húsaleigubætur eða ekki. Ég veit að það er rétt hjá hæstv. félmrh. að það er í fullu samkomulagi við Samband ísl. sveitarfélaga. En maður spyr sig að því hvort þetta stangast ekki á við stjórnsýslulög, jafnræðisreglu stjórnsýslulaga, þegar ríkið fer að greiða 60% í húsaleigubætur til þeirra sveitarfélaga sem hafa ákveðið að greiða húsaleigubætur en ekki til hinna. Mig langar að spyrja hæstv. félmrh. hvort hún hefur skoðað þennan þátt málsins. Ég tel að þetta sé málefni sem hefur ekki verið skoðað í nefndinni og ég verð að viðurkenna að meðan málið var á hraðferð í nefndinni þá var þetta mér ekki ofarlega í huga. Eftir á að hyggja sýnist mér að þetta gæti stangast á og þess vegna er ýmislegt í þessu máli sem hægt er að vinna betur og ástæða er til að vinna betur. Eins og fram hefur komið hér margsinnis þá á þetta frv. ekki að verða að lögum fyrr en í árslok 1995 og þess vegna segir ég: Við eigum að nýta tímann til að gera þetta mál þannig úr garði að það komi þeim að gagni sem þurfa á því að halda að fá húsaleigubætur, það komi ekki einungis þannig út að það verði hækkun á húsaleigu og verði engin réttarbót fyrir þá sem mest þurfa á þessum bótum að halda.

[23:45]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er að vísu nokkuð óvenjulegt að flytja framsögu fyrir minnihlutaáliti þegar svo langt er liðið á umræðu sem raun ber vitni, en engu að síður geri ég ekki athugasemdir við þó að mál hafi svo skipast sem orðið er og vil láta það koma fram að mér finnst umræðan sem hefur átt sér stað vera býsna athyglisverð og sýni fram á að það hefði e.t.v. mátt eyða meiri tíma í að athuga málið betur, bæði á frumstigi þess og á vinnslustigi í þinginu. En álit minni hluta félmn. er að finna á þskj. 1211 og er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Í frumvarpinu er hreyft þörfu máli, sem er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda, og eðlilegt að vanda löggjöf um þetta efni svo sem kostur er. Lykilatriði í slíkri löggjöf er að tryggja að bæturnar leiði ekki til hækkunar á húsaleigu eins og skýrt er tekið fram í ályktun 37. þings Alþýðusambands Íslands frá árinu 1992. Húsaleigubætur koma að litlu gagni fyrir leigutaka ef húsaleiga hækkar samsvarandi á móti.

Eins og bent er á í fyrrnefndri ályktun ASÍ þarf samhliða því að taka upp húsaleigubætur að endurskoða skattlagningu leigutekna af íbúðarhúsnæði.

Minni hlutinn leggur ríka áherslu á að ekki verði hrapað að lagasetningu um þetta efni því þá verður verr af stað farið en heima setið.

Í umsögnum, sem nefndinni bárust, kemur glögglega fram að lagalegum búningi málsins er verulega áfátt og voru fjölmargar athugasemdir gerðar við frumvarpið. Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga endurspeglar þær alvarlegu athugasemdir sem sveitarfélögin hafa við frumvarpið. Þær helstu eru:

Að gert er ráð fyrir að komið verði á flóknu samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarfélögin bera alla ábyrgð á framkvæmd kerfisins en ríkisvaldið setur reglurnar og ákvarðar einhliða sinn hlut í kostnaði.

Húsaleigubótakerfið leiðir til verulegs kostnaðar fyrir sveitarfélögin án þess að á móti komi tekjur.

Lögð er sú kvöð á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga að annast greiðslur frá ríki til sveitarfélaga en engin trygging er fyrir því að ríkissjóður endurgreiði Jöfnunarsjóði hlutdeild ríkissjóðs í húsaleigubótunum.

Að rétt væri að húsaleigubætur yrðu greiddar í gegnum skattkerfið líkt og vaxtabætur. Með því fyrirkomulagi yrði eðlileg samsvörun milli þessara tveggja endurgreiðslukerfa ríkisins varðandi húsnæðismál og sveitarfélögin væru þá ekki dregin til ábyrgðar á framkvæmd og fjármögnun á kerfi þar sem ríkisvaldið ákvarðar helstu atriði, svo sem um fjárhæð og útreikning bóta.

Minni hlutinn tekur undir ofangreindar athugasemdir sem borgarráð Reykjavíkur einróma hefur gert að sínum.

Auk þess gerir minni hlutinn eftirfarandi athugasemdir við frumvarpið:

Húsaleigubætur eiga að vera réttur leigjenda sem þeim er ákvarðaður með almennum reglum í löggjöf eftir efnum og ástæðum hvers og eins.

Frumvarpið viðurkennir ekki bæturnar sem slíkan rétt heldur eiga leigjendur það á hverju ári undir ákvörðun sveitarstjórnar hvort bæturnar standa þeim til boða. Það er með öllu óásættanlegt að frumvarpið feli ekki í sér almennan rétt leigjenda til húsaleigubóta.

Grundvallaratriði hvað varðar rétt til húsaleigubóta og upphæð þeirra á að ákvarða í löggjöf en ekki reglugerð eins og frumvarpið gerir ráð fyrir.

Fyrir liggja yfirlýsingar um að meginhluti kostnaðar ríkissjóðs af húsnæðisbótum verður sóttur í framlög ríkisins til húsnæðismála. Ekki hefur verið gerð grein fyrir áhrifum þessa en fyrir liggur að ef framlög ríkisins í Byggingarsjóð verkamanna verða lækkuð þýðir það að takmarka verður byggingar félagslegra íbúða.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að námsmenn geti fengið húsaleigubætur ef þeir stunda nám sitt utan heimabyggðar en það getur ekki verið ásættanlegt að mismuna mönnum á þann hátt eftir búsetu.

Nokkur atriði frumvarpsins þarfnast frekari athugunar við, ef ætlunin er að lögfesta frumvarpið í þeim búningi sem það er nú í, og verður gerð grein fyrir þeim í framsögu.

Af öllu framanrituðu er ljóst að gjörbreyta verður frumvarpinu og nánast endursemja það til þess að sníða af því verstu agnúana. Með tilliti til þess og að óþarft er að koma á fót viðamiklu kostnaðarskiptingar- og endurgreiðslukerfi með tilheyrandi kostnaði til viðbótar þeim kerfum sem fyrir eru leggur minni hluti félagsmálanefndar til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og henni falið að endurskoða það með hliðsjón af fram komnum umsögnum og að leggja fram nýtt frumvarp næsta haust."

Undir þetta nál. ritar Kristinn H. Gunnarsson.

Með þessu nál. fylgja umsagnir allnokkurra aðila, m.a. fjölmargra sveitarfélaga og Sambands ísl. sveitarfélaga og svo félagasamtaka BSRB, Alþýðusambandsins og Búseta.

Það er skemmst frá að segja að umsagnir sveitarfélaganna sem eiga að taka verkefnið að sér, sem á með lögum að fela þetta verkefni, eru allar á þá lund að þau vilja ekki fá þetta verkefni í þeim búningi sem þeim er úthlutað. Ég verð að segja að það sætir furðu að hæstv. félmrh., yfirmaður sveitarstjórna í landinu, skuli ekki taka mark á alvarlegum athugasemdum sveitarstjórnarmanna um framkvæmd málsins. Með þessari stífni félmrh. teflir ráðherrann málinu í verulega hættu. Það er ljóst og hefur komið fram í umræðunum í kvöld.

Af því að hæstv. félmrh. lét sig hafa það áðan að láta að því liggja að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga hefði verið búin að samþykkja þá málsmeðferð sem lögð er til í frv. er nauðsynlegt að lesa meira úr því bréfi sem vitnað var til fyrr í umræðunni af hv. þm. Sturlu Böðvarssyni til að láta það koma fram skýrt og skorinort hver afstaða stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga var til málsins í þeim búningi sem það er lagt fram. Það kemur fram í þessu bréfi, sem dagsett er 28. jan. á þessu ári, með leyfi forseta, í eftirfarandi málsgrein:

„Útilokað er fyrir sambandið að gefa formlega umsögn um jafnviðamikið og viðkvæmt mál og umrædd frumvarpsdrög ásamt reglugerð þar sem kveðið er á um útreikning og fjárhæð húsaleigubóta og viðmiðanir í því sambandi fyrr en stjórn sambandsins mun fjalla um þau á stjórnarfundi."

Enn fremur, með leyfi forseta:

„Varðandi frekari málsmeðferð áskilur stjórn sambandsins sér allan rétt til að koma síðar á framfæri ítarlegri umsögn um málið. Að lokum er ítrekað að mikilvægt er að ná samstöðu um þetta viðkvæma mál."

Ég vil láta þetta koma fram hér, virðulegi forseti, af því að það er af augljósum ástæðum þannig að stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga getur ekki gripið til varna á þessum vettvangi og því miður verð ég að segja að orð hæstv. félmrh. í garð stjórnarinnar um afstöðu hennar til frumvarpsdraganna eru ekki sannleikanum samkvæm ef þau eru skilin eins og ég skildi þau og reyndar skildi hv. þm. Sturla Böðvarsson þau sama skilningi og ég.

Það er nauðsynlegt að hafa það á hreinu að hæstv. ráðherra virðist taka þá áhættu að leggja málið fram í andstöðu við stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga án þess að ganga til samninga og ná samkomulagi við þennan aðila sem auðvitað var nauðsynlegt úr því að það er meiningin að láta sveitarfélögin sjá um þetta verkefni, framkvæmd þess og fjármögnun. Það er ekki boðlegt, virðulegi forseti, í svo mikilvægu máli þar sem eru stórir hagsmunir undir að tefla því í tvísýnu með svona hætti. Mig undrar það því oft hefur hæstv. félmrh. veifað stuðningi sveitarstjórnarmanna þegar þurft hefur að sækja stuðning til að sannfæra þingheim um ágæti einhvers máls sem ráðherrann hefur verið að tala fyrir á þeirri stundu. En í þessu máli er blaðinu snúið við, á þeim sem eiga við málinu að taka er ekki tekið mark eins og skyldi og hefði verið heppilegra að hæstv. ráðherra hefði gert. Þetta liggur þá fyrir hvernig frá þessu máli var gengið á sínum tíma þannig að fullyrðingar um annað verða að víkja fyrir þessum staðreyndum sem ég hef gert grein fyrir.

Ég vil einnig minna á að 10. okt. 1992 var undirritað samkomulag milli ríkisstjórnarinnar og Sambands ísl. sveitarfélaga. Það samkomulag var gert að gefnu tilefni vegna skattlagningar á sveitarfélögin þar sem ríkisvaldið tók til sín fjármagn frá sveitarfélögunum. Af því risu yfingar á milli aðila sem voru settar niður með þessu samkomulagi. Í samkomulaginu segir, með leyfi forseta:

„Aðilar eru sammála um að framvegis verði tillögur um meiri háttar breytingar á fjármálalegum samskiptum ríkis og sveitarfélaga og tekjustofnum sveitarfélaga, sem kveðið er á um í lögum eða gert hefur verið sérstakt samkomulag um, teknar til umfjöllunar í sérstakri samráðsnefnd þeirra. Skulu ákvæði um slíka samráðsnefnd sett í nýjan samstarfssáttmála ríkis og sveitarfélaga er öðlast gildi í ársbyrjun 1993."

Þarna sé ég ekki betur, ef ég skil þennan sáttmála rétt, en að meiningin hafi verið sú og ríkisstjórnin staðfest það að mál af þessu tagi ættu að vera samkomulagsmál milli ríkis og sveitarfélaga. Og hæstv. ráðherra leiðréttir mig ef ég hef misskilið það. En skilji ég það rétt þá hefur ráðherra gengið gegn skriflegum sáttmála milli þessara tveggja aðila, ríkisvaldsins og sveitarstjórna, og það er auðvitað ekki gott mál að hæstv. ráðherra skuli ekki virða þann sáttmála.

Virðulegi forseti. Ég gerði alvarlegar athugasemdir við ákvæði 5. gr. frv. varðandi rétt námsmanna. Það hefur verið tekið tillit til athugasemda minna að nokkru leyti eins og sjá má í brtt. frá meiri hluta félmn. þar sem lagt er til að bæta við greinina ákvæði sem gerir það að verkum að námsmaður sem dvelur í öðru sveitarfélagi en hann á lögheimili í getur átt rétt á leigubótum ef sveitarfélagið hefur á annað borð ákveðið að veita þær en hann verður að sækja þær til þess sveitarfélags sem hann á lögheimili í.

Ég vil fagna brtt. að hluta til, þ.e. að því leytinu til sem hún kemur til móts við rétt námsmannsins. Hinu er ég ekki sammála og er andsnúinn að hafa hlutina þannig að námsmaðurinn verði að sækja þessar bætur í það sveitarfélag sem hann á lögheimili í. Ástæðurnar eru eftirfarandi: Það er þannig að námsmenn sækja nám í sína háskóla eða framhaldsskóla og þeir eru í fáum sveitarfélögum landsins. Þau sveitarfélög njóta

verulegs hagræðis af því að hafa þá skóla í sínu umdæmi, hafa af þeim starfsemi og tekjur og mikið hagræði, enda er það eftirsótt hlutverk meðal sveitarstjórna og sveitarfélaga að taka að sér verkefni af þessu tagi. Það er ekki rétt að bæta því á þau sveitarfélög sem hafa ekki þessa þjónustu og opinbera starfsemi til að treysta stöðuna í sínu sveitarfélagi að þurfa að borga bætur með námsmönnum sem þurfa að sækja í önnur sveitarfélög. Ef eitthvert sveitarfélag á á annað borð að borga þessar bætur, sem ég er reyndar ekki sammála, ég tel að ríkið eigi að borga þetta beint, þá er það sveitarfélag sem viðkomandi námsmaður dvelur í sem ætti að greiða bæturnar því það er það sveitarfélag sem hefur hagræðið af námi hans.

Nóg held ég að landsbyggðarmönnum þyki um fjárstreymið sem sogast suður þó menn bæti því ekki við að menn þurfi að borga einhvers konar útflutningsbætur með sínu unga fólki ef það ákveður að ganga menntaveginn.

Ég er ekki sammála því og tel að útfærslan ætti ekki að vera með þessum hætti.

Virðulegi forseti. Eins og fram kemur í nál. er ég þeirrar skoðunar að það beri að breyta þessu frv. þannig að húsaleigubætur séu réttur manna, rétt eins og menn eiga rétt til vaxtabóta og rétt til húsnæðisbóta. Ég tel að það eigi að vera þannig að hlutur eins og húsnæðiskostnaður sem menn ákveða að skuli vera að hluta til samfélagslegt verkefni eigi að vera ákvarðaður í löggjöf og eigi að vera á verkasviði ríkisvaldsins, hvort heldur er um að ræða vaxtabætur eða húsaleigubætur. Helsti annmarki frv. að mínu mati kemur fram í fyrstu setningunni á bls. 13, en þar segir, með leyfi forseta:

„Frumvarp þetta felur ekki í sér almennan rétt leigjenda til húsaleigubóta."

Það er nákvæmlega kjarni málsins og höfuðágreiningsefni mitt við hæstv. ríkisstjórn sem ber þetta mál fram að ég tel að hlutir af þessu tagi eigi að vera réttur manna sem menn eiga og er ákvarðaður eftir almennum reglum og eftir efnum og ástæðum. Þannig hafa menn skilgreint slíka hluti í gegnum tíðina fyrir jafnaðarmenn. Og ég held mig við það en hoppa ekki út af línunni yfir í einhverja frjálshyggjujafnaðarútgáfu eins og felst í útfærslunni á þessu frv.

Það er ekki svo að ég sé einn um þá skoðun þó ég standi einn að nál. að svona eigi um hnútana að binda í málum af þessum toga. Ég vil minna á að fyrr á þessu þingi var afgreidd löggjöf um félagslega aðstoð. Þar koma fram í afstöðu minni hluta heilbr.- og trn. um frv. um félagslega aðstoð, á þskj. 372, athugasemdir sem eru af þeim toga sem ég var að gera grein fyrir og ég vil, með leyfi forseta, lesa 1. tölul. á þingskjalinu. Þar eru raktar breytingar minni hluta heilbr.- og trn. við það frv. En svo segir, með leyfi forseta:

„Lagt er til að niður verði felld heimild til tekjutengingar í 2. mgr. 1. gr. Talið er varasamt að fela stjórnvöldum á hverjum tíma með þeim hætti sem þar er gert ráð fyrir að ákvarða forsendur fyrir rétti manna til að njóta grundvallarbóta almannatrygginga."

Ég er nákvæmlega sömu skoðunar og þarna kemur fram og algjörlega sammála minni hluta heilbr.- og trn. að auðvitað eiga grundvallarbætur að vera ákvarðaðar þannig að til þeirra sé réttur og sá réttur festur í löggjöf en ekki þannig að stjórnvöldum sé falið að útfæra þessar bætur og þá með breytilegum hætti án afskipta löggjafarvaldsins. En nákvæmlega þannig er um hnútana búið í frv. um húsaleigubætur. Þær eru ekki ákvarðaðar í lögunum sjálfum heldur í reglugerð. Það sem gerir málið enn verra er að í 4. gr. frv. er ákvæði sem kveður á um að það eigi að skerða bæturnar í þeirri reglugerð sem gefin hefur verið út ef ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga kemst að því að fjárstreymi ætli að verða meira en áætlað hefur verið.

Í öðru lagi segir í þessu nál. um frv. til laga um félagslega aðstoð frá minni hluta heilbr.- og trn. í 2. tölul., með leyfi forseta:

„Lagt er til að ákvæðum 2.–7. og 9. gr. verði breytt á þann hátt að bótagreiðslur byggist á rétti bótaþega en ekki verði einungis um heimildarbætur að ræða eins og frv. gerir ráð fyrir."

Þessu er ég líka sammála og þetta er nákvæmlega eins atriði og er í þessu frv. um húsaleigubætur því þetta frv. er heimildafrv. Það er ekki lögfestur réttur til bótanna heldur er valkvætt ákvæði og málið falið í vald sveitarstjórna á hverjum stað og hverjum tíma að ákvarða hvort menn eigi rétt til þessara bóta eða ekki. Sú afstaða sem ég hef uppi í þessu máli til grundvallaratriða þess er því nákvæmlega sú sama og kom fram í nál. og afstöðu minni hluta heilbr.- og trn. í öðru máli fyrr á þessum vetri. Nákvæmlega sú sama. Og undir það álit rita allir fjórir fulltrúar minni hluta heilbr.- og trn., fulltrúar Framsfl., Kvennalistans og Alþb.

Það vekur undrun mína að fulltrúar Framsfl. og Kvennalistans skuli víkja frá þessum grundvallaratriðum sínum í málinu um húsaleigubætur sem þeir standa svo fast við í hinu málinu, í frv. um félagslega aðstoð.

En ég tel ekki rétt, virðulegi forseti, að fjölyrða meira um það mál en leyfði mér að nefna þetta nál. í öðru máli til stuðnings og áréttingar þeim grundvallarsjónarmiðum sem ég legg í afstöðu mína í þessu máli.

Í nál. kemur fram að ekki hafi verið gerð grein fyrir áhrifum kostnaðarins á framlög ríkisins í Byggingarsjóð verkamanna. Frá því að þetta nál. var skrifað hafa mér borist upplýsingar þar sem menn hafa reynt að leggja mat á það. Ég vil nefna þar til áætlun sem gerð var um fjárstreymi Byggingarsjóðs verkamanna þar sem stillt var upp ákveðnu reiknidæmi miðað við það að Byggingarsjóður verkamanna yrði að bera 210 millj. af þeim peningum sem eiga að fara í húsaleigubætur. Það var miðað við bestu upplýsingar sem menn höfðu á þeim tíma hversu hár hlutur félli skaut Byggingarsjóðs verkamanna að axla af þessum kostnaði, en eins og kunnugt er er framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna 901 millj. á þessu ári, en mundi þá lækka um 210 millj. miðað við þær forsendur sem útreikningarnir eru gerðir á.

Útreikningarnir eru síðan gerðir miðað við venjulegar forsendur um innláns- og útlánsvexti. Gert er ráð fyrir að vextir af útlánum séu 2,4% og 5% af lífeyris-

sjóðslánum, innlánum sjóðsins. Enn fremur er gert ráð fyrir að fjármagn sem fer árlega til endursöluíbúða, íbúða sem eru innleystar og endurseldar í félagslega kerfinu sem kallar á fjármagn í hverri innlausn, mismunandi mikið eftir því hvernig staðan er á hverri íbúð, jafngildi árlega fjárhæð sem þarf í 120 íbúðir ef þær væru nýjar. Þá kemur út að ef menn lækka framlag ríkissjóðs til Byggingarsjóðs verkamanna um 210 millj. þá þarf að fækka nýbyggingum, sem heimilt er að setja í gang á hverju ári, niður í 180 millj. á ári til þess að sjóðurinn komist í jafnvægi. Veiti menn framkvæmdaheimildir fyrir fleiri en 180 íbúðum á hverju ári eru menn að ganga á höfuðstól sjóðsins samkvæmt þessum útreikningum.

Það verður auðvitað að koma í ljós hvernig menn munu vinna úr þessu ef frv. verður að lögum eins og það er úr garði gert, en það er ljóst að það er verulegur niðurskurður á framkvæmdaheimildum fólginn í frv., en á þessu ári og síðustu ár hefur verið miðað við það að veita lán fyrir 500 nýjum íbúðum á hverju ári. Það munar um minna að skera það svona kirfilega niður ef menn taka þetta að fullu eins og þarna er gert ráð fyrir.

Þá hefur mér borist bréf sem dags. er 29. apríl sl. og er sameiginleg niðurstaða félmrh. og fjmrh. vegna fjármögnunar á húsaleigubótum. Þar kemur fram að tölur hafa breyst frá því að forsendur voru settar fyrir útreikningunum sem Húsnæðisstofnun ríkisins lét gera og byggði á að framlagið í Byggingarsjóð verkamanna lækkaði um 210 millj. Í bréfi ráðherranna er gert ráð fyrir því að það verði skert um 300 millj. kr., 250 millj. vegna fækkunar bygginga eða kaupa á félagslegum íbúðum og 50 millj. sem menn ætla að ná inn vegna lækkunar vaxta á lántökum sjóðsins. Í bréfinu kemur eftirfarandi fram, með leyfi forseta:

„Fækkun íbúða hjá Byggingarsjóði verkamanna miðast við að með lækkun framlagsins verði ekki gengið á eigið fé sjóðsins. Fjárveiting við fjárlagagerð næsta árs tekur mið af 400 íbúða útlánaáætlun í félagslega kerfinu."

Með öðrum orðum er í þessu skjali, sem ég hef og er undirritað af báðum ráðherrum, þegar búið að ná samkomulagi um að skera niður útlán í félagslega íbúðakerfinu um 20% á næsta ári, um 100 íbúðir. Það mun fyrst og fremst bitna á Reykjavík og nágrenni því að þar eru mestu útlánin og verði þau skorin niður munu þau auðvitað skerðast mest þar. Ég er ekki viss um það, virðulegi forseti, að þeir sem bera málið um húsaleigubætur fyrir brjósti séu hrifnir af því að taka það út með þessum hætti.

Ég vil einnig minna á það að auk þess sem ég hef áður nefnt um afstöðu sveitarfélaga og er birt sem fylgiskjöl þá hefur borgarráð Reykjavíkur fjallað um þetta mál og samþykkti einróma að gera afstöðu stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga að sinni afstöðu. Það eru ekki bara fulltrúar meiri hlutans í borgarráði heldur allra flokka. Það er því ljóst að af hálfu sveitarstjórnarmanna er ekki vilji til þess að menn gangi fram með þessum hætti gagnvart sveitarfélögunum sem eiga samkvæmt frv. að fara með málið heldur vilja þeir sjá á því verulegar breytingar. Mér finnst það óvarlegt af hæstv. félmrh. að hafa ekki tekið mark á þessum aðvörunarorðum sveitarstjórnarmannanna og komið til móts við þær ábendingar í tíma.

Virðulegur forseti. Ég boða það einnig í nefndaráliti að ég mundi nefna nokkur atriði í frv. sem ég teldi að þyrftu frekari athugunar við. Ég vil mjög fara að stytta mál mitt en vil samt nefna fáein atriði þannig að mönnum sé ljóst að það er ýmislegt sem þarf að skoða og breyta svo að vel verði. Því miður var ekki veittur sá tími í umfjöllun málsins í þingnefnd sem skyldi en ég hefði talið farsælla að menn hefðu gefið sér betri tíma til þess og meiri vilja til að breyta málinu til betri vegar.

Þá vil ég fyrst nefna að í 2. gr. er fjallað um húsaleigubætur, ákvörðun sveitarstjórnar um þær og hefst hún á eftirfarandi orðum, með leyfi forseta:

„Aðstoð sú, sem hér um ræðir," o.s.frv. Þarna hefði ég viljað breyta til að undirstrika grundvallarskilning minn til þessara mála og hafa orðin „réttur til bóta" í stað orðsins „aðstoð" því að það er grundvallarmunur á því hvort við erum að fjalla um félagslega aðstoð eða almennan rétt.

Í öðru lagi geri ég athugasemdir við að það sé lögfest að félagsmálanefndir sveitarfélaga hafi eitthvert tiltekið mál með höndum, verksvið þeirra og hlutverk. Það stríðir gegn þeirri stefnu sem allir sveitarstjórnarmenn, eftir því sem ég best veit, hafa uppi um sjálfstæði sveitarfélaga hvað varðar ákvörðun á innra skipulagi. Ég tel að ætli menn sveitarstjórnunum þetta hlutverk þá á að tilgreina það þannig að fara ekki að tíunda það að einhverjar undirnefndir sveitarstjórna eigi að hafa verkefni með höndum og þar með taka valdið af sveitarstjórninni sjálfri sem þó á að bera hina formlegu ábyrgð á störfum nefndarinnar.

Í 3. gr. geri ég athugasemd við það að þessar greiðslur skuli fara í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga af ástæðum sem fram koma í nefndarálitinu.

Þá geri ég athugasemdir, sem ég hef áður rakið, við 5. gr. um rétt námsmanna eða réttleysi öllu heldur.

Í 6. gr. geri ég athugasemdir við að ákvæði um útreikning og fjárhæð bóta skuli vera í reglugerð en ekki í lagatexta.

Í 7. gr. staldra ég við að undanskilja skuli allar íbúðir í eigu sveitarfélaga þannig að þeir sem leigja í þeim skuli ekki eiga rétt til húsaleigubóta. Þá hef ég einnig í starfi nefndarinnar hreyft athugasemdum og álitamálum er varða hverjir eigi rétt til bótanna og í hvaða húsnæði þeir þurfa að búa til að eiga rétt til þeirra. Það kemur fram í 8. gr. að verulega er takmarkaður réttur manna til bóta eftir því hvernig húsnæðið er útbúið.

Við 11. gr. geri ég sömu athugasemd og við 2. gr. um lagalega forskrift fyrir félmn. sem er undirnefnd sveitarfélags.

Í 16. gr. eru atriði sem þarf að skoða betur, hvort sem það er gert núna eða síðar, um hvernig menn bregðist við ef um vanskil er að ræða, en það er ekki sjálfgefið að afnema bæturnar þótt viðkomandi leigutaki sé kominn í vanskil við leigusalann. Það er hugs-

anlegt að lögfesta önnur úrræði eins og þau að bæturnar gætu þá gengið beint til leigusala og viðkomandi leigutaki þá haldið leiguréttinum í íbúðinni. Það getur verið svo að vanskil stafi af fátækt, að menn hafi ekki efni á því að standa undir leigunni og komist í vanskil og þá eru auðvitað ekki eðlileg viðbrögð að svipta menn bótum sem eru partur af tekjum viðkomandi.

Í 16. gr. eru einnig atriði sem má fella niður og er óþarft að setja í lagatexta, t.d. í 3. mgr. þar sem segir, með leyfi forseta:

„Við andlát leigjenda fellur réttur til húsaleigubóta niður."

Ég spyr: Hvernig halda menn að framkvæmdin hefði orðið ef þetta hefði ekki verið tekið fram? Dettur mönnum eitthvað annað í hug en að rétturinn hefði fallið niður?

Virðulegur forseti. Ég held að ég láti hér staðar numið að tiltaka atriði sem ég hefði viljað fá lagfæringar á eða a.m.k. tekin til athugunar, en því miður varð ekki af því. Það gefst vonandi tækifæri til þess síðar að reyna að bæta úr því að auðvitað reynum við þingmenn ævinlega að bæta hlutina frá því sem þeir eru ef á annað borð er gefinn einhver kostur á því að menn geti fært hluti til betri vegar. En fari svo, virðulegi forseti, að tillaga mín um meðferð málsins nái ekki fram að ganga þá tel ég nauðsynlegt að leggja fram einhverjar tillögur við 3. umr. málsins til að undirstrika afstöðu mína skýrt og ótvírætt.

Ég vil svo, virðulegi forseti, ekki hafa fleiri orð um þetta að sinni en get að sjálfsögðu bætt fleiru við til frekari skýringar ef óskað er.

[00:25]

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég held að það sé öllum ljóst að í frv. er ágætur tilgangur. Það er sá tilgangur að koma til móts við það fók sem greiðir húsaleigu og ekki fær neinn frádrátt. Það er hægt að færa gild rök fyrir því að í húsaleigunni sjálfri séu vaxtagjöld, þ.e. að hluta af húsaleigugreiðslunni megi flokka sem vaxtaútgjöld. Þannig hefur alltaf verið ákveðinn mismunur á milli þeirra sem annars vegar borga vexti og hins vegar húsaleigu. Að mínu mati hefur það verið einfaldast að telja að ákveðið hlutfall af húsaleigunni sé í reynd vaxtagjöld og skilagreina það sem venjulegar vaxtagjöld og þar með flokkist það undir skilgreiningu skattalaganna. Ég get því tekið undir það álit sem kemur fram í brtt. hv. þm. Ingibjargar Pálmadóttur, Jóns Kristjánssonar og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

En í þessu frv. er farin ótrúlega flókin leið að þessu marki og ég ætla í sjálfu sér ekki að hafa um það mörg orð. Ég vildi þó vekja athygli á einu máli sem ég tel vera mjög alvarlegt í þessu sambandi og það er sú staðreynd að hæstv. félmrh. krafðist þess við afgreiðslu skattalaga fyrir jólin að inn kæmi ákvæði að því er varðar búsetaíbúðirnar. Það ákvæði kemur inn í vaxtabótaákvæðið og er þannig, með leyfi forseta:

„Til vaxtagjalda hjá þeim sem kaupa eignarhlut í íbúð skv. 76. gr. laga nr. 97/1993 teljast eingöngu vaxtagjöld af lánum sem þeir hafa tekið sjálfir vegna kaupa á eignarhlutanum."

Ef við hugsum okkur að búsetaíbúð kosti 10 millj. kr. þá er eignarhluti viðkomandi aðila 2 millj. kr. Ef svo illa vill nú til að sami aðili hefur tekið lán fyrir öllum sínum eignarhluta þannig að hann skuldi alla íbúðina þá á hann rétt að fá þessi vaxtagjöld til frádráttar, metin til vaxtabóta. Ef við tökum sem dæmi að á þessum lánum séu 8% vextir, sem eru mjög háir, því miður, þá eru það 160 þús. kr. En það vill svo illa til að viðkomandi aðili má ekki einu sinni hafa 3 millj. í tekjur til þess að þetta falli niður því að á móti reiknast 6% af tekjunum. Það lá þess vegna alveg ljóst fyrir að þegar þessi lög voru sett að þetta kæmi ekki að nokkru gagni fyrir þetta fólk, að engu gagni fyrir einn einasta mann nema þá í einhverjum algerum undantekningartilvikum þar sem ljóst er að viðkomandi getur ekki greitt af lánum sínum. Samt krafðist hæstv. félmrh. þess að þetta færi hér í gegn. Og á hvaða forsendum var það gert? Vegna þess að eitthvað ágætis fólk hafði komið til hennar og beðið um það, væntanlega gegn betri vitund. Það var sagt að fyrst beðið væri um þetta þá væri best að gera það, jafnvel þó að vitað sé að það komi ekki að nokkru gagni. Hvers konar pólitík er það að fallast á slíkt?

Síðan er komið að húsaleigubótunum því að áður hafði þetta verið skilgreint sem húsaleiga. Þá er náttúrlega ljóst að þetta fólk kemst ekki inn í húsaleigubótakerfið vegna þess að það er komið inn í vaxtabótakerfið. Þar með er þetta fólk endanlega komið út á gaddinn í þessum ferðum sínum til hæstv. félmrh. undanfarin ár. Ég veit ekki betur en að hér sé um fleiri hundruð fjölskyldur að ræða. Hvers konar vinnubrögð eru þetta eiginlega? Ég sé ekki að það sé að ástæðulausu að beðið er um að þetta mál verði skoðað aðeins betur og það tekið fyrir aftur í nefnd.

Hæstv. félmrh. var ítrekað varaður við að þessi lög yrðu sett og við í stjórnarandstöðunni vorum á móti þessu ákvæði og margvöruðum við. Það var ekki hlustað það, þótti ekki ástæða til. Vegna þess að það hafði einhver beðið um þetta. Var verið að leiða þetta fólk í gildru? Var verið að losa sig við ónæði þess um stundarsakir? Ég veit að í dag telur þetta fólk sig svikið af því sem þarna var gert og lifir í þeirri góðu trú að það standi til að leysa þeirra mál með sambærilegum hætti og annarra við þessa umfjöllun. Ég minni líka á að þessi ákvæði eiga ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Það sama á við um vaxtabæturnar líka. Núverandi vaxtabótakerfi eins og það er í skattalögum á ekki að taka gildi fyrr en um næstu áramót. Við í stjórnarandstöðunni fórum þess á leit að þetta yrði allt saman tekið fyrir og sett á nýjan leik í nefnd því núverandi vaxtabótakerfi er á margan hátt meingallað en hæstv. félmrh. mátti ekki heyra það nefnt. Ég vildi aðeins, herra forseti, koma þessum áhyggjum mínum hér á framfæri og benda á þá staðreynd hvernig þessi hópur, þ.e. þeir sem búa í búsetaíbúðunum, er gjörsamlega skilinn eftir í þessu sambandi.

[00:32]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég kem í ræðustól vegna orða hv.

þm. um Búseta og vaxtabætur. Ég var ein þeirra sem tóku þátt í umræðum hér á göngum Alþingis fyrir jólin þegar fulltrúar Búseta sóttu mjög á að fá að fara inn í vaxtabótakerfið. Ég varaði eindregið við því og lagði herslu á að Búseti mundi aldrei komast bæði inn í vaxtabótakerfið með eignarhlutann og eiga aðild að húsaleigubótum kæmust þær á. Og það var marg, margítrekað við þá fulltrúa sem héldu sig hér og reyndu að hafa áhrif á það að Búseti fengi aðgang að vaxtabótakerfinu. Það gekk svo langt að ég varð vitni að því að þeim var bent á það að þeir væru e.t.v. að fyrirgera rétti sínum til húsaleigubóta ef þeir sæktu á með þetta. Þeir óskuðu eindregið eftir því að fá að koma að vaxtabótakerfinu þrátt fyrir þetta, þrátt fyrir þessar viðvarnir. En eftir á þegar ljóst var að í lagagrein var sett að þeir sem hlytu vaxtabætur mundu ekki geta fengið húsaleigubætur þá komu þeir og voru mjög ósáttir við það og fannst að við í efh.- og viðskn. hefðum komið aftan að þeim með því að setja einhverja fyrirvara í greinina.

Ég er búin að eiga nokkuð miklar umræður við fulltrúa Búseta einmitt um þetta mál og það er ágætt að koma inn á það hér að e.t.v. þarf á næsta hausti — þetta eru ákvæði sem eiga að ganga í gildi 1. jan. 1995 — þetta eru önnur lög. Þetta eru lög sem eru í efh.- og viðskn., eins og formanni þeirrar nefndar er ljóst. En í raun og veru kemur það ákvæði ekki við því máli sem við erum með hér vegna þess að ef ákvæðið um Búseta í vaxtabótakerfinu er fellt út þá hlýtur það að koma til úrskurðar hvort þeir falla undir húsaleigubætur.

[00:35]

Halldór Ásgrímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þetta ákvæði kom inn eftir að umfjöllun í efh.- og viðskn. var lokið, á síðustu stundu. Það gekk svo mikið á að það varð að drífa þetta í gegn þrátt fyrir mjög alvarlegar athugasemdir. Ef aðilar fara fram á að fá réttarbót þá býst ég við því að flestir standi í þeirri trú að þeir séu að fá raunverulega réttarbót. Og ef þeim sem vilja standa að réttarbótinni má vera það ljóst að hún er engin eins og er svo augljóst í þessu að það þarf ekki lengi að lesa skattalög til að sjá að það skiptir einmitt engu máli fyrir þetta fólk. Það vissi hæstv. félmrh. og mátti vita það. En þrátt fyrir það varð ráðherra að geta sagt að það væri tekið á þessu máli og eitthvað gert. En það var bara svo slæmt að þetta sem var gert hafði enga þýðingu. Nú er það að koma í ljós. Auðvitað var það ljóst þegar lögin voru sett.

Útbýting þingskjals:

Málefni aldraðra, 232. mál, nál. heilbr.- og trn., þskj. 1226.

[00:37]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er orðin býsna löng saga umræðunnar um húsaleigubætur. Ég man ekki hvenær hún hófst en hún er orðin mjög löng. Ég man það a.m.k. að bæði ég og hæstv. núv. félmrh. áttum saman sæti í ríkisstjórn sem hafði það markmið að reyna að innleiða húsaleigubætur og þau fyrirheit voru endurnýjuð í nýjum stjórnarsáttmála þeirrar ríkisstjórnar í september 1989. Heilu stjórnmálaflokkarnir gerðu húsaleigubætur að sínu meginmáli varðandi aðild að þeirri stjórn, 9. sept. 1989. Það er ekki nokkur vafi á því að á bak við það mál hefur verið af hálfu allra þeirra sem að því hafa komið mikil einlægni. Sem sagt sú að það væri nauðsynlegur þáttur í velferðarkerfinu að vera með stuðningskerfi til að greiða húsaleigu vegna þess að markaðurinn væri allt of erfiður fyrir hinn almenna mann sem er að taka íbúðir á leigu. Staðan er t.d. þannig núna, segjum hér í Reykjavík, að sumt fólk er með 60–70 þús. kr. á mánuði en er að borga 30–40 þús. kr. í húsaleigu og það er auðvitað alveg augljóst mál að þetta fólk býr við neyðarkjör. Við þekkum það sem þekkjum aðeins til mála í þessu byggðarlagi að mikill fjöldi af þessu fólki leitar til Félagsmálastofnunar Reykjavíkur um stuðning vegna húsnæðiskostnaðar og lífsframfærslu almennt af því að launin eru svo lág og þau duga hvergi nærri fyrir eiginlega einu eða neinu og síst af öllu svona stórum hluta húsnæðiskostnaðar. Þess vegna hefur það verið barátta vinstri manna, félagshyggjuflokka og verkalýðshreyfinga um margra ára skeið að það yrðu til húsaleigubætur. Ég skildi baráttuna fyrir húsaleigubótum í raun og veru alltaf þannig að menn væru að krefjast almenns réttar. Þannig að þeir sem byggju við tilteknar aðstæður og væru með tilteknar tekjur gætu fengið húsaleigubætur algjörlega án tillits til þess hvar þeir t.d. búa á landinu og að menn þyrftu ekki að sækja um það í hvert skipti með svipuðum hætti og nú gerist með stuðning félagsmálastofnunar. Því þó það sé þannig að Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar sé að greiða fólki fjármuni sem borginni er skylt að greiða og fólkið þarf ekki að fyrirverða sig fyrir að taka við þeim fjármunum, alls ekki, þá er það engu að síður svo að sporin til félagsmálastofnunar, fyrstu sporin, þau eru þung fyrir alla einstaklinga. Þess vegna er það eðlilegur hlutur að menn velti því fyrir sér hvaða leiðir eru til í því skyni að auðvelda þessu fólki lífið og koma í veg fyrir eða fækka þeim tilfellum þar sem það þarf að stíga þessi þungu spor.

Þess vegna verð ég að segja það að ég kann vel að meta það að hæstv. núv. félmrh. leggur áherslu á húsaleigubætur. Vandinn í málinu er hins vegar sá að það vinnur dálítið á móti sjálfu sér, málið eins og það lítur út því miður, það verður að játa það. Það er mjög leitt með mér liggur við að segja jafngott mál og brýnt og hér er um að ræða. Ég sé ekki betur en að hæstv. félmrh. hafi orðið að ganga í gegnum niðurlægjandi samningaferli um innihald þessa máls á undanförnum missirum og útkoman er sú sem blasir hér við. Og ég er satt að segja ekkert hissa á því þó mjög margir þingmenn úr stjórn og stjórnarandstöðu hafi athugasemdir við efni málsins eins og það lítur út því það eru því miður á því fjölmargir gallar, mjög veigamiklir gallar.

Frv. hefur hins vegar einn kost sem er alveg yfirgnæfandi að mínu mati og hann er sá að það er lagt til að lögfesta húsaleigubætur. Það eru meiri og minni

gallar á málinu út og suður en það er þó meiningin að lögfesta eitthvað sem heitir húsaleigubætur. Ég vona að aðferðin sé ekki svo vitlaus sem hér á að nota að hún verði til þess að menn muni rífa það kerfi niður svo að segja um leið og það hefur verið lögfest. Ég vona að hún sé ekki svo slæm. En mér finnst mikilvægt að það sé skrifað á lögbókina orðið húsaleigubætur, ég segi það alveg eins og er. Þá er ég t.d. að hugsa um það fólk sem býr við þau kjör sem ég er að lýsa sem er auðvitað ekki hvað síst í þessu byggðarlagi Reykjavík, eða það er mjög fjölmennt hér í Reykjavík. Ég er alveg sannfærður um að fyrir þetta fólk og fyrir Reykjavíkurborg sem slíka og þá félagsmálaþjónustu sem hér er innt af hendi þá skiptir niðurstaða af því tagi sem þarf að verða til, þ.e. gott kerfi húsaleigubóta, ég sagði gott kerfi húsaleigubóta, betra en hér er um að ræða, skiptir mjög miklu máli, mjög miklu máli. Og mér er kunnugt um að minnihlutaflokkarnir í borgarstjórn Reykjavíkur hafa lagt á það áherslu að þrátt fyrir alla galla málsins þá verði reynt að ná sem farsælastri lendingu í því.

Í frv., eins og það lítur út, mun vera gert ráð fyrir því að það taki í raun og veru ekki gildi fyrr en 1. jan. á næsta ári, þ.e. um næstu áramót. Því hefði verið eðlilegasti hluti í heimi, finnst mér alla vega, að taka málið í haust og laga það pínulítið til í sumar og afgreiða það svo í snatri í haust. Annað eins hefur nú verið gert hér á haustdögum Alþingis Íslendinga og oft hefur verið fundið að því að menn hafi kannski verið fullfljótir á sér en í þetta verkefni gætu menn nú samt sem áður haft þó nokkuð langan tíma. Þess vegna finnst mér að það sé út af fyrir sig ekkert við það að athuga þó menn láti sér detta í hug að vinna málið betur í sumar og fá það inn aftur í haust eins og hv. 5. þm. Vestf. hefur hér greint frá.

Ég verð hins vegar að segja það fyrir mitt leyti að miðað við þær aðstæður sem nú eru uppi og þar sem flest bendir til þess að þeirri hugmynd hans verði hafnað þá tel ég og vil láta það koma fram sem mína afstöðu að að þeirri tillögu felldri við þær aðstæður sem eru uppi mun ég greiða 1. gr. þessa frv., það er markmiðsgrein þess, atkvæði mitt. Ég geri það út frá hagsmunum Reykvíkinga, ég játa það, og áskil mér jafnframt rétt til að flytja brtt. og styðja brtt. við aðrar greinar frv. þegar það kæmi til 3. umr. Ég held að það sé mikilvægt að ná lendingu í málinu með einhverjum hætti. Mér sýnist að hæstv. félmrh. hafi sett sig í þær stellingar að það þurfi endilega að ná þessu máli fram og það verði mikið pólitískt stríðsmál af hennar hálfu eins og þetta liggur náist ekki lending í þessu núna. En ég vona að gallar þessa máls verði ekki til þess að brjóta göfug markmið þess niður, annaðhvort núna fljótlega eða einhvern tímann síðar.

Ég vil síðan taka eindregið undir þau orð sem hv. 1. þm. Austurl. viðhafði hér um Búseta. Það er náttúrlega alveg ljóst mál í framhaldi af þeim ábendingum sem fram komu hjá honum þar sem vaxtabótakerfið nær ekki til búsetamanna, það dugir engum manni. Þá verður auðvitað á milli 2. og 3. umr. að smeygja inn brtt. í þetta mál, ef það verður að lögum, þannig að það verði afgreitt með mjög skýrum hætti. Það á ekki að láta þetta fólk byrja á því að leita á skattkerfið og svo verði það rekið til baka þaðan og komi þess vegna inn í þetta kerfi. Ég tel þess vegna að það sé mjög brýnt að það gert alveg skýrt að búsetafólkið geti átt heima í þessu kerfi ef það verður að veruleika þrátt fyrir alla þá galla sem á því eru.

Þetta vildi ég segja, hæstv. forseti. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að menn geri sér grein fyrir því hvað hér er mikilvægt mál á ferðinni og hvað það er í raun og veru sorglegt að jafngott mál og það er að hafa húsaleigubótakerfi skuli vera eins illa undirbúið og raun ber vitni. Það er satt að segja afar leitt, ég viðurkenni það og hefði vissulega kosið að það lægi öðruvísi en málið liggur í mínum huga eins og ég hef hér rakið og í sjálfu sér þá tel ég að kostur málsins felist fyrst og fremst í því að það sé meiningin að skrifa á lögbókina orðið húsaleigubætur og svo verði menn að laga það í tímans rás að aðstæðum, ekki síst þess fólks sem bótanna á að njóta.

[00:47]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í þessum umræðum hafa komið fram ítrekaðar beiðnir um það m.a. frá 1. þm. Vesturl., að félmn. líti aftur á málið. Ég tel það einsýnt í ljósi þess sem hér hefur komið fram að þessari umræðu verði nú frestað og það verði boðað til fundar í félmn. um málið. Það eru komnir upp nýir agnúar m.a. með Búseta sem komu ekki fram í meðferð félmn. Það kom fram í nefndinni að búsetamenn nytu vaxtabóta og það er nauðsynlegt að ræða þau mál. Ég hef fyrir mína parta enga löngun til þess að tefja fyrir þessu máli og vil greiða fyrir því að það komi til afgreiðslu. En ég tel einsýnt að það verði að fresta þessari umræðu og nefndin freisti þess að samræma sjónarmiðin í málinu ef það er hægt. Að öðru leyti hef ég enga löngun eða tilburði til þess að þetta mál komi ekki til afgreiðslu og tel þvert á móti nauðsynlegt að það fái afgreiðslu áður en við förum heim og ljúkum þingi. Þannig að ég vildi fara fram á það að þessari umræðu yrði frestað svo félmn. gæfist tækifæri til þess að líta á þau atriði sem komið hafa fram hér í kvöld.

[00:49]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau orð sem hér komu fram um að þessi umræða verði nú stöðvuð og nefndin komi saman aftur og ræði þá stöðu sem hér er komin upp. Ég vil einnig segja að ég hef enga löngun til að tefja þetta mál. Það var búið að tala um að reyna að ljúka því í kvöld en það hefur bara komið upp sú staða nú að það er alveg greinilegt að það verður að ræða það betur í nefndinni.

Síðan vildi ég fara fram á það við hæstv. forseta að það fari nú að ljúka þingfundi hér. Þetta er fjórða kvöldið í vikunni sem við erum hér á kvöldfundum og jafnvel næturfundum þó hann stæði nú ekki fram yfir miðnætti í gærkvöldi þá höfum við verið hér á næturfundum til svona þrjú til fjögur á nóttunni undanfarin kvöld svo ég vil mælast til þess að hér yrði nú látið

staðar numið. Menn byrja aftur sumir kl. hálfníu í fyrramálið og svo er þingfundur kl. tíu. svo að ég held að það sé alveg komið nægilegt í dag, virðulegur forseti.

[00:50]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þau rök sem hér hafa verið sett fram um frestun á þessu máli, að það þurfi að ganga aftur til nefndar, finnst mér ekki fullnægjandi til þess að það réttlæti að málið fari aftur til nefndar.

Menn bera fyrir sig Búseta í því sambandi. Mér er alveg kunnugt um að Búseti hefur gert athugasemdir við hvernig hlutur þeirra í vaxtabótakerfinu er. Þar erum við að tala um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt og þeir hafa farið fram á að hlutur þeirra í því kerfi verði leiðréttur. Þannig að það hefur ekki með að gera það frv. sem við erum hér að ræða. Því sé ég nú enga ástæðu til þess vegna þess að fresta málinu og vísa því aftur til nefndar. Ég sé ekki að það hafi neitt nýtt komið fram í þessari umræðu hér í kvöld sem gefi tilefni til þess. Ég vil minna á að fulltrúar Framsfl. og Kvennalistans skrifa undir nál. meiri hlutans með fyrirvara, þau hafa gert grein fyrir sinni brtt. sem þau bera hér fram. Við í stjórnarflokkunum, meiri hlutanum, sáum þá brtt. Það var ekki vilji fulltrúa stjórnarflokkanna í félmn. að fallast á þá brtt. Ég hef ekki séð að það sé neitt efni til þess að það hafi orðið nein viðhorfsbreyting í því til þess að það réttlæti að málið sé tekið aftur inn í nefndina.

[00:52]

Frsm. minni hluta félmn. (Kristinn H. Gunnarsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær óskir sem hér hafa komið fram um að gert verði hlé á umræðunni nú og málið tekið fyrir að nýju í félmn. og þess freistað að menn nái þar saman um mögulegar úrbætur á þessu frv.

Umræðan um málið hefur verið þannig að það hefur enginn ræðumaður mælt gegn markmiðum málsins. Hins vegar eru allmargir, þeir mun fleiri en hinir, sem hafa fundið að framkvæmdinni og útfærslunni í frv. Það er eðlilegt þegar ósk kemur fram um það að verða við henni í ljósi umræðnanna eins og þær hafa þróast. Ég vil einnig ítreka það og undirstrika að það er nauðsynlegt og það verður ekki hjá því litið að það verður að gera breytingar á þessu máli í þá veru að mæta þörfum búsetahreyfingarinnar. Það hefur verið á það bent og það komið fram í erindi þeirra að þeir leggja áherslu á það að mál þetta um húsaleigubætur verði ekki afgreitt án þess að tekið verði á þeirra rétti þannig að þeir tengja það saman og kveða skýrt á um það að þeir óska eftir úrbótum í sínum málum en ekki hinu að verða skildir eftir einir á eyðimörk í þessum efnum.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti hefur hlýtt á þær óskir sem fram hafa komið um að þessari umræðu verði frestað og málið tekið fyrir í nefnd. Forseti telur eðlilegast þar sem nú er a.m.k. væntanlega langt liðið á þessa umræðu og enginn á mælendaskrá að þessari umræðu megi nú ljúka. Breytingartillögur við frv. verði kallaðar til baka ef hv. nefnd vill taka málið til athugunar á milli 2. og 3. umr. sem er að dómi forseta eðlilegri meðferð mála heldur en að rjúfa umræðuna nú. Forseti fer fram á að þetta vinnulag megi viðhafa.

[00:55]

Jón Kristjánsson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil vekja athygli á því að hér hafa þrír fulltrúar úr félmn. beðið um að málið sé kallað inn til nefndarinnar aftur. Ef ég man rétt, þá er skylt samkvæmt þingsköpum að verða við því. Ef þriðjungur nefndarmanna kallar málið inn aftur, þá er skylt að verða við þeirri beiðni. Ég vil minna á það hér.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti hefur ekki mælt gegn því að málið verði tekið fyrir í hv. félmn. en mælist til þess að það verði gert á milli umræðna því að það breytir ekki efnismeðferð málsins.

[00:56]

Frsm. meiri hluta félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætlaði bara að taka undir það sem formaður nefndarinnar að ég mun skoða þetta mál milli 2. og 3. umr. og mér finnst mjög gæfuleg tillaga að við ljúkum umræðunni núna. Allt sem hér hefur komið fram var rætt í nefndinni þannig að við munum skoða það milli 2. og 3. umr.

[00:57]

Halldór Ásgrímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tel eðlilegt að umræðu um þetta mál sé frestað nú. Það stendur í 15. gr. þingskapa: „Formanni nefndar er skylt að boða til fundar ef óskir berast um það frá a.m.k. þriðjungi nefndarmanna og taka á dagskrá þau mál sem tilgreind eru." Ég held að það sé langeðlilegast að gera það þegar sú ósk kemur fram, sérstaklega ef á að takast að ljúka þessu máli á þessu þingi. Það er verið að reyna að ná samkomulagi um þinglok og ef menn vilja greiða fyrir slíku samkomulagi, þá held ég að það sé mikilvægt að taka mál til nefndar þegar um það er beðið.

En ég vildi aðeins segja það út af orðum hæstv. félmrh. að það væri ekki ástæða til að verða við þessu. Það þarf að sjálfsögðu að vera ljóst. Á að leysa málefni Búseta í tekjuskattslögunum eða í húsaleigubótum? Þá spyr ég: Fyrst hæstv. félmrh. segir að það eigi að leysa það í tekjuskattslögunum en það virtist nú vera að hæstv. félmrh. hafi talið að það hafi verið leyst — að vísu er búið að draga það allt til baka — er hæstv. fjmrh. því sammála? Er hæstv. fjmrh. tilbúinn að standa að því að leysa málefni búsetafólksins á vettvangi tekjuskattslaganna? Það þýðir náttúrlega ekkert að vísa þessu fólki sitt á hvað. Einn daginn á að leysa málefni þess í húsnæðisbótakerfi og næsta dag í tekjuskattskerfinu. Það verður að sjálfsögðu að vera ljóst áður en þessu máli verður lokið hér á Alþingi.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Forseti hefur kynnt þá efnismeðferð sem honum finnst eðlilegt að sé viðhöfð og forseta finnst miður að hv. þingmenn geti ekki orðið við þeirri ósk.

[00:59]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með hv. þm. Jónu Valgerði Kristjánsdóttur þegar hún fór fram á að fundi yrði nú slitið en ég hef ekki heyrt svör úr forsetastóli við þeirri ósk þingmannsins. Það er alveg ljóst að við höfum verið hér fram á nætur alla vikuna, mánudaginn til kl. 4 um nóttina og þriðjudaginn aftur til kl. 4, miðvikudaginn til miðnættis og núna er klukkan byrjuð að ganga tvö að nóttu. Þetta er náttúrlega engin hemja að halda þingmönnum með þessu móti. Alla dagana hefur síðan verið byrjað ýmist kl. 10.30 eða 10 að morgni þannig að ég vil í mestu vinsemd fara fram á það og taka undir með hv. þm. að hér verði nú látið staðar numið, umræðu frestað og fundi slitið.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Út af þeim orðum sem hér hefur verið beint til forseta um það að nú megi þessum fundi ljúka þá er ætlunin að halda honum fram enn um skeið og taka fyrir fleiri mál.

[01:03]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég tel að það sé kominn tími til þess að ljúka þingstörfum í dag og tek undir þær óskir sem menn hafa borið fram um það. Ég tel að það sé líka heldur óhönduglega að hlutunum staðið hjá okkur og ekki Alþingi til sóma og þess vegna væri kannski rétt að menn færu bara að hvíla sig eftir þennan dag. Ég vil líka benda hæstv. forseta á að menn hafa rétt til þess að óska eftir því að fá orðið um stjórn fundarins tvisvar um hvert málefni. Vilji þeir tala um annað málefni þá hafa þeir aftur rétt til orðsins.

Forseti (Pálmi Jónsson):

Ætlunin er að taka fyrir að loknu þessu máli 10. dagskrármálið, tryggingagjald, en þess verður freistað hvort hv. þingmenn geta orðið við óskum forseta um að ljúka þessari umræðu.

Ósk hefur borist um það að fresta þessu máli um skeið og er 5. dagskrármálinu frestað um sinn.

Umræðu frestað.

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (veitingarekstur og útleiga bifreiða). — Þskj. 857, nál. 1001 og 1120, brtt. 1002.

[01:05]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það voru nokkur atriði sem ég vildi koma á framfæri þegar verið er að ræða frv. um breytingu á lögum um tryggingagjald og þá vildi ég einnig vekja athygli á því að um þetta mál hafði mikinn áhuga á að ræða hv. 3. þm. Austurl. sem ekki hefur sést í þingsalnum í kvöld og veit ég ekki hvað tefur hann. En þegar þetta mál var til umræðu og umræðunni var ekki lokið þá lýsti hann því yfir að hann hefði mjög mikið um þetta mál að segja þannig að ég vildi nú í allri vinsemd fara fram á það við hæstv. forseta að þessu máli yrði heldur ekki lokið fyrr en hann hefði tíma til að koma hér og segja sitt álit því að hann var hér í andsvörum og hafði allmikið við þetta mál að athuga.

Það stendur í 2. gr. þessa frv. að þessi lög eigi að öðlast gildi 1. maí 1994 og það er engin brtt. um það að þessu skuli breytt þannig að ég vildi benda nefndinni á það í allri vinsemd að þarna þarf hún alla vega að skoða hvort lögin eiga að gilda aftur fyrir sig.

Í öðru lagi er verið að hækka prósentu tryggingagjalds í lægra skattþrepinu úr 2,85% í 3%. Það lá náttúrlega í hlutarins eðli þegar verið var að ræða þetta tryggingagjald í sambandi við fjárlög að það væri nánast ekki hægt að vera bara með hótelgistinguna í lægra skattþrepinu heldur þyrfti einnig að vera þar með veitingareksturinn þar sem það væri óeðlilegt að það væri ekki samtengt. Það hefði komið á daginn að þær athugasemdir sem við höfðum þá fram að færa voru réttmætar.

Það hefur einnig komið fram og m.a. hjá hv. 3. þm. Austurl. þegar hann brást við nokkuð í andsvörum í upphafi þessarar umræðu að hér væri verið að hækka tryggingagjald m.a. á bændum sem ekki áttu neina aðild að Atvinnuleysistryggingasjóði í formi atvinnuleysisbóta en þyrftu að greiða hækkun á þessu tryggingagjaldi. Það hafa engin svör komið um það hvernig við því verður brugðist auk þess sem hér hafa áður komið fram athugasemdir um fleiri aðila sem greiða tryggingagjald og þar af leiðandi í Atvinnuleysistryggingasjóð án þess að fá úr honum bætur og hafa verið nefndir í því sambandi bæði trillukarlar og vörubílstjórar. En það er náttúrlega illt til þess að vita að það sé verið að taka gjald af mönnum sem á að veita þeim ákveðin réttindi en þeir njóti síðan ekki þeirra réttinda.

Að öðru leyti, virðulegi forseti, hef ég ekki meira við þetta að athuga. Ég vísa því algerlega á ábyrgð ríkisstjórnarinnar að hræra hér fram og aftur með skattálögur og mun algerlega sitja hjá við þær ákvarðanir ef til atkvæðagreiðslu kemur. En ég lýsi því samt yfir og vil endurtaka það að hér er verið að fara út á þá braut m.a. að hækka þetta gjald á þeirri stétt sem ekki nýtur síðan þeirra réttinda sem hún á að njóta á móti.

[01:10]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hljóðs í þessu máli er sú að athygli iðnn. var fyrir nokkrum vikum vakin á sérstöku vandamáli sem snertir Kísiliðjuna við Mývatn. Við ræddum það mál í hv. iðnn. og sendum bréf þess efnis til hv. efh.- og viðskn. og málið er út af fyrir sig þekkt og ástæðu-

laust að rekja það ítarlega. En í grófum dráttum gengur það út á það að Kísiliðjan fór fram á að fá niðurfellt tryggingagjald sem lagt var á verksmiðjuna á árinu 1993. Kísiliðjan sneri sér til hæstv. iðnrh. 25. nóv. 1993 þar sem rök Kísiliðjunnar voru tíunduð í þessu máli.

Af hverju vill Kísiliðjan fá fellt niður tryggingagjald? Það er vegna þess að Kísiliðjan framleiðir vöru sem er flutt til útlanda og útflutningur á ekki að borga tryggingagjald. Hins vegar háttar þannig til með Kísiliðjuna að þegar afurðir verksmiðjunnar eru komnar á hafnarbakkann á Húsavík þá skiptir varan um nafn og fyrirtækið Celite Ísland hf. tekur við vörunni og eignast hana. Hér er um að ræða verslunarfyrirtæki, millilið, útflutningsaðila, en ekki framleiðslufyrirtæki og á þeim grundvelli gerðist það að fjmrn. hafnaði beiðninni. Í fyrsta lagi var það skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra sem hafnaði beiðninni með þessum orðum: „Þar eð öll framleiðsla yðar er seld innan lands verður ekki séð að starfsemi yðar falli undir 2. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 248/1993, um endurgreiðslu tryggingagjalds, og er umsókn yðar um endurgreiðslu fyrir júní 1993 því hafnað." Þ.e., skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra lítur þannig á að varan hafi verið seld innan lands með því að Celite hf. hefur yfirtekið hana á hafnarbakkanum á Húsavík af Kísiliðjunni við Mývatn. Bréf um þetta mál kom frá skattstjóranum í Norðurlandsumdæmi eystra 14. júlí 1993.

Kísiliðjan vildi ekki una þessari niðurstöðu og skrifaði ríkisskattstjóra bréf þar sem m.a. er vitnað til reglugerðarinnar. Þar segir orðrétt, með leyfi forseta:

„Endurgreiða skal aðilum samkvæmt 2. tölul. 2. gr. þann hluta greidds tryggingagjalds vegna sama tímabils sem tengist þeim hluta á framleiðslu á framangreindu tímabili sem fluttur er úr landi eða ætlaður til útflutnings." Og það eru orðin í reglugerðinni „ætlaður til útflutnings" sem Kísiliðjan hengir hatt sinn á af eðlilegum ástæðum, að hér sé um að ræða útflutningsafurð sem Kísiliðjan framleiðir og þó hún skipti um eiganda af hagkvæmnisástæðum á hafnarbakkanum á Húsavík þá sé hér um útflutningsstarfsemi að ræða sem eigi að fá endurgreitt tryggingagjald.

Ríkisskattstjóri lét sér hins vegar ekki segjast og staðfesti úrskurð skattstjóra og segir að það séu engar heimildir í lögum eða reglugerð til að endurgreiða til kæranda umrætt tryggingagjald. Ríkisskattstjóri lítur með öðrum orðum þannig á að það þurfi sérstaka heimild í reglugerðinni til þess að þetta verði endurgreitt og ég bendi á að hér er í báðum tilvikum í niðurstöðum skattstjórans lögð áhersla á það að hér sé um að ræða reglugerð. Það er reglugerðin sem verið er að vitna í, sem sett er hins vegar á grundvelli laganna.

Kísiliðjan vildi ekki una þessu og leitaði þá álits lögmanna á því hver réttur Kísiliðjunnar væri til endurgreiðslu á tryggingagjaldi samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 86/1993, um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga. Það eru Lögmenn Skólavörðustíg 12 í Reykjavík, Baldur Guðlaugsson, sem er heimsfrægur maður, a.m.k. í Sjálfstfl., og fleiri góðir menn sem standa að þessu skjali og það er mjög fróðleg greinargerð. Þeir rekja málið samviskusamlega eins og þeirra er von og vísa á mörgum síðum þar sem farið er yfir lagaforsendur málsins, reglugerðartilvitnanir raktar alveg í smáatriðum og í þaula liggur mér við að segja, og farið yfir málið eins og það lítur út frá þessari lögmannsstofu séð. Og hvað segir hún? Hún segir svo að lokum í sínu skjali, með leyfi hæstv. forseta:

„Bráðabirgðalögum nr. 86/1993 var ætlað að styrkja útflutningsgreinar atvinnulífsins með því að bæta afkomu þeirra sem nemur greiddu tryggingagjaldi á umræddu tímabili. Sé skýring skattyfirvalda á lögunum lögð til grundvallar eru lögin þrengd verulega frá því sem virðist hafa verið tilgangur löggjafans. Samkvæmt þessu verður að telja að það fái betur samrýmst tilgangi og ákvæðum laganna að þeir aðilar sem framleiða vöru sem ætluð er til útflutnings eigi rétt til endurgreiðslu á tryggingagjaldi umrætt tímabil óháð því hvort þeir koma vörunni sjálfir á markað erlendis eða fela öðrum sölumeðferðina, enda beri að líta svo á að þeir stundi útflutning í skilningi laganna. Niðurstaðan er því sú, andstætt skilningi skattyfirvalda, að öll rök séu til þess að Kísiliðjan hf. eigi rétt til endurgreiðslu á tryggingagjaldi samkvæmt bráðabirgðalögum nr. 86/1993, um efnahagsaðgerðir vegna kjarasamninga, sbr. samræmd lög nr. 112/1993."

Þetta skjal fer sem sagt sína leið og fer m.a. til viðsk.- og iðnrn., en það er eitthvert ráðuneyti þarna í Arnarhvoli sem heitir iðn.- og viðskrn., stendur meira að segja á hausnum, en mér er ekki kunnugt um að nein lög í landinu hafi ákveðið að það séu til iðn.- og viðskrn. (**VE:** Sparnaður í bréfsefni.) En það er kannski sparnaður í bréfsefni, pappírslaus viðskipti milli þessara ráðuneyta, eins og hv. þm. þekkir. Og hver er þá niðurstaðan af hálfu iðnrn.? Iðnrn. virðist vera sammála Kísiliðjunni í þessu máli, en fjmrn. vísar þessu hins vegar á bug og segir: Það er ekki hægt fyrir okkur að endurgreiða þetta. Svo fór um sjóferð þá og Kísiliðjan hefur ekki fengið tryggingagjaldið endurgreitt enn þá.

Út af fyrir sig tel ég að að hér sé kannski ekki um að ræða stærsta mál Alþingis fyrr og síðar, en það er engu að síður dálítið umhugsunarefni að fyrirtæki af þessu tagi, sem er engin vorkunn umfram önnur fyrirtæki á Íslandi, skuli lenda í svona hremmingum. Þá segir náttúrlega hæstv. fjmrh.: Já, en þetta fyrirtæki heyrir bara ekki undir venjuleg lög vegna þess að það er meira og minna undir sérlögum. Og segir sem svo: Ef þeir vilja fá þetta svona þá er best að þeir fari bara undir almenn íslensk lög og það vilja þeir sennilega ekki af því að þeir njóta margvíslegra forréttinda samkvæmt þessum sérlögum að öðru leyti.

Engu að síður er ljóst að hér er um almennt sanngirnismál að ræða og ég taldi að mér væri skylt sem formanni iðnn. að taka málið hér upp og vekja sérstaka athygli á því í þessari umræðu. Mér er ljóst að fjmrh. þarf sérstakar heimildir til að endurgreiða þetta tryggingagjald frá árinu 1993. Það gæti birst í lögum eða jafnvel í heimildagrein fjárlaga. En hvernig sem það liggur þá er málið þannig að verði það ekki leyst með samkomulagi af einhverju tagi þá eru yfirvofandi,

sýnist mér á öllu miðað við allan málatilbúnað, málaferli. Ég er ekki að segja að menn eigi að óttast að ríkinu sé stefnt af og til, ef menn telja sig vera með sterka stöðu í málum. Ég held þó að þegar allt kemur til alls þá væri skynsamlegt að fjmrn. liti aðeins betur á þetta og þess vegna vildi ég taka þetta mál hér upp og hefði gjarnan viljað heyra skoðun hæstv. fjmrh. á því.

[01:20]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Kannski aðeins fyrst út af því máli sem hv. 9. þm. Reykv. ræddi hér áðan, að þá barst bréf um þetta mál til efh.- og viðskn., ef ég man rétt, 25. apríl, en það skiptir ekki meginmáli. Ég var að vísu ekki staddur á þeim fundi þar sem það bréf var tekið fyrir en í framhaldi af því hefur þetta mál verið rætt við embættismenn fjmrn. Ég þarf í sjálfu sér ekki að gera nákvæma grein fyrir því, hæstv. fjmrh. mun áreiðanlega gera það. Það er hins vegar ljóst að Kísiliðjan, eins og nokkur önnur fyrirtæki hér á landi, hefur fengið sérstaka meðhöndlun í skattalögum með sérlögum. Það á jafnframt við um álverksmiðjuna í Straumsvík og Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði.

Nú er það sem betur fer svo að skattalöggjöfin hefur færst í það horf að hún er meira í samræmi við það sem gengur og gerist í nágrannalöndunum og samkeppnislöndunum, sem er að sjálfsögðu nauðsynlegt, og þá líður vonandi að því að þessi fyrirtæki sjá sér hag í því að koma inn undir almenna íslenska skattalöggjöf. Við þurfum á því að halda að laða til okkar atvinnurekstur og það verður ekki gert öðruvísi en þannig að atvinnureksturinn búi við sambærilega skatta og helst betri en annars staðar. Það er hins vegar alveg ljóst að í mörgum tilvikum þurfum við að bjóða mjög vel ef við eigum að standast þá samkeppni, ef við miðum t.d. við land eins og Írland.

Ég held að það sé öllum ljóst að Kísiliðjan hefur í gegnum tíðina notið þessara skattkjara með einum eða öðrum hætti, en eðlilegt er að þeir sæki á um breytingu þegar skilyrði lagast. Ég er þeirrar skoðunar að Kísiliðjan verði fyrst og fremst að gera það upp við sig hvort hún vill koma inn undir íslenska skattalöggjöf eða ekki, það sé hin eðlilega nálgun á málinu.

Að því er varðar það mál sem hér er sérstaklega tekið til umræðu þá skilst mér að það þurfi þá að koma inn sérstök heimild að því er varðar fyrirtækið sem slíkt þannig að það þurfi þá að nafngreina það í reynd, annaðhvort í lögum eða þá í fjárlögum, heimildagrein, sem ég geri mér ekki grein fyrir, og það er nokkuð óvenjulegt að tekið sé tillit til einstakra fyrirtækja í almennri skattalöggjöf. Þannig að það mælir í sjálfu sér á móti breytingu að mínu mati. Hins vegar tel ég mjög eðlilegt að fyrirtækið sæki rétt sinn undir það stjórnvald sem málið heyrir og þess vegna að sjálfsögðu til dómstóla. Ég hef persónulega ekkert á móti því að það verði reynt að leiðrétta þetta mál, en ég sé hins vegar vissa vankanta á því út frá almennum lagatæknilegum venjum. Það má vel vera að menn geri of mikið af því að halda slíkar venjur í heiðri, en ég er samt þeirrar skoðunar að við verðum að forðast að tilgreina einstök fyrirtæki í almennri löggjöf. Þannig að ef menn vilja líta til þessara sanngirnisraka, eins og hv. þm. tók hér fram, þá væri eðlilegra að gera það í formi heimildargreinar fjárlaga ef það er þá mögulegt.

En aðalatriði þessa máls er annað. Aðalatriðið er það að hér stendur til að lækka aftur tryggingagjald af veitingarekstri. Ég vil taka fram að ég stóð í þeirri trú þegar skattalög voru afgreidd fyrir jólin að það ætti ekki að hækka á nýjan leik tryggingagjald af veitingarekstri. Það kom mér því á óvart þegar ég komst að raun um að svo var. Ég skrifaði, sem formaður efh.- og viðskn., fjmrn. þá þegar bréf þar sem ég benti á þetta, en þessi breyting átti sér stað á síðustu stundu í samningum sem fóru fram sérstaklega á vettvangi stuðningsmanna ríkisstjórnarinnar þannig að ég hafði ekki gert mér grein fyrir því. Ég get ekki ásakað aðra í því sambandi því að þegar ég les lagatextann eftir á, þá er hann skýr. En þetta var minn skilningur og ég veit að hæstv. fjmrh. getur staðfest það, enda móttók hann þetta bréf á sínum tíma. Þannig að mér finnst þessi leiðrétting vera eðlileg og sjálfsögð og ég fagna því að það skuli vera komið til móts við þessa aðila með þessum hætti og jafnframt að því er varðar hugbúnaðarfyrirtækin.

Ég vil hins vegar benda á að þegar breytingar á skattalögum voru til umfjöllunar hér fyrir jólin þá vorum við fulltrúar Framsfl. og Kvennalista með ítarlegar breytingartillögur, þar á meðal að við værum andvíg hækkun tryggingagjaldsins þá um 0,35% og fluttum aðrar breytingartillögur, breytingartillögur sem við sýndum fram á að skiluðu ríkissjóði meiri tekjum en þær breytingar sem hæstv. ríkisstjórn stóð að. Við töldum það óeðlilegt og óheppilegt á þeim tíma að leggja viðbótarálögur á atvinnureksturinn í landinu miðað við þau skilyrði sem nú ríkja og þá staðeynd að atvinnuleysi er hér verulegt og við teljum með sama hætti óheppilegt að hækka nú tryggingagjaldið enn á ný um 0,15% og bendum á að það var fyllilega svigrúm í okkar tillögum og rúmlega það til þess að mæta þessu. Af þessum ástæðum styðjum við lækkunina en ekki hækkunina. Það þykir nú ekki alltaf góð latína að vilja lækka skatta en ekki hækka þá, en í þessu tilviki er það augljóst vegna þeirra ástæðna sem ég hef hér lýst og þeirrar staðreynar að við höfum flutt tillögur sem sýna fram á að tekjuöflunin í okkar tillögum var meiri.

Herra forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð, en vildi þó benda á að í umræðunum fyrir nokkru síðan kom hér í ræðustól formaður landbn. þingsins, hv. þm. Egill Jónsson, 3. þm. Austurl., og flutti afar myndarlega ræðu um það hvað þetta væri hættulegt mál. Hér ætti að fara að leggja verulegar álögur á landbúnað, sjávarútveg og iðnað og hann gæti aldrei staðið að því og boðaði hér langa ræðu og ítarlega um þetta mál. Ég sakna hans á þessum fundi. (**Gripið fram í:** Það er óvenjulegt.) Ja, ég sakna formanns landbn. oft og við höfum átt ágætt samstarf í Austurlandskjördæmi og hann hefur betri skilning á ýmsu í sambandi við landbúnað heldur en aðrir í Sjálfstfl. og er ég hræddur um að hæstv. fjmrh. hlusti heldur lítið

á þær röksemdir sem koma frá formanni landbn. á hverjum tíma. Ég er þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að taka tillit til formanns landbn. í þessu máli og bíða þess að hann komi til fundar þannig að hann geti tjáð sig í þessu mikilvæga máli. Ég styð þau sjónarmið sem hann hefur sett fram og ég tel alveg nauðsynlegt að þessari umræðu verði ekki lokið öðruvísi en hann geti flutt sína ræðu.

Herra forseti, ég vænti þess að það verði tekið tillit til þessarar óskar og læt máli mínu lokið.

[01:31]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Austurl. hefur kannski tekið af mér ómakið að mestu leyti og svarað þeim sjónarmiðum sem komu fram hjá hv. 9. þm. Reykv., formanni hv. iðnn.

Það er rétt sem hefur komið hér fram að um Kísiliðjuna gilda sérlög, sem að áliti fyrirtækisins og sjálfsagt flestra sem þau skoða, eru hagstæðari fyrir fyrirtækið heldur almenn íslensk skattalög. Þetta þarf að hafa í huga, en var þó ekki afgerandi varðandi þetta tiltekna tilvik sem nefnt var til sögunnar. Í reynd erum við þó ekki að tala hér um frv. sem tekur á þessu sérstaka máli, því niðurfelling tryggingagjaldsins á miðju sl. ári var tímabundin ráðstöfun og gilti einungis til síðustu áramóta. Celite Ísland hf. á Húsavík er fyrirtæki sem er skráður útflutningsaðili á framleiðslunni sem um ræðir í þessu tilviki. Það fyrirtæki gat samkvæmt lögunum sótt um niðurfellingu á tryggingagjaldi þennan tiltekna tíma. Ég hef reyndar ekki hugmynd um hvort fyrirtækið gerði það en í starfi hjá þessu fyrirtæki eru auðvitað margfalt færri menn og launagreiðslurnar þess vegna miklu minni heldur en í Kísiliðjunni og þar af leiðandi er hagstæðara, þegar litið er á bæði fyrirtækin saman, ef Kísiliðjan hefði notið endurgreiðsluréttarins.

Lögin sem um getur nefna, ef ég man rétt, fiskinn og síðan almennt útflutningsstarfsemina. Niðurstaða lögfræðinga fjmrn. er á þá lund að það sé ekki nægilegt að breyta reglugerð, það þurfi að breyta lögunum og þá stöndum við frammi fyrir því hvort eðlilegt sé að breyta eða flytja lagafrv. sem taki til þessa einstaka fyrirtækis, sem í raun nýtur sérstakra skattfríðinda.

Þegar reynt er að svara þeirri fyrirspurn þarf að hafa í huga að fjöldi fyrirtækja sem þjónusta útflutningsstarfsemina fóru fram á það að fá niðurfellingu tryggingagjaldsins. Ég nefni til sögunnar ýmis tölvufyrirtæki sem selja útflutningsfyrirtækjunum þjónustu sína. Fulltrúar þeirra komu á fund í fjmrn. og fóru fram á að þetta væri útflutningsstarfsemi, sem auðvitað má til sanns vegar færa. Lögin voru þó talin vera þannig að þau tækju ekki til þessara þjónustufyrirtækja. Þess vegna hygg ég að það sé ekki ráð að flytja sérstakt frv. sem nær til þessa fyrirtækis jafnvel þó færa megi ýmis sanngirnisrök fyrir því að fyrirtækið hefði átt að njóta niðurfellingar tryggingagjaldsins í þennan takmarkaða tíma.

Ég minni einnig á að ef niðurstaða þeirra lögfræðinga sem fyrirtækið leitaði til er rétt þá getur fyrirtækið leitað til yfirskattanefndar og til dómstólanna, þó að ég sé sammála því að ríkið geri kannski stundum fullmikið af því að beina öðrum aðilum þá leið þá hefur þetta fyrirtæki eins og önnur fyrirtæki þá leið til að fara.

Ég er sammála hv. 1. þm. Austurl. að best væri að íslensk skattalög væru þannig útbúin að ekki þyrfti að grípa til sérlaga þegar um erlenda fjárfestingu er að ræða, erlendan atvinnurekstur hér á landi, sem í raun er íslenskur atvinnurekstur og lýtur íslenskum lögum en í eigu útlendinga. Ég er sammála honum um að það þurfi að haga skattamálum fyrirtækja með þeim hætti að fyrirtæki sem starfa samkvæmt íslenskum lögum séu samkeppnisfær miðað við önnur fyrirtæki og fyrirtæki sem starfa annars staðar í sömu grein.

Ég vil staðfesta það hér að hafa fengið bréf frá hv. 1. þm. Austurl., sem hann sendi sem formaður nefndarinnar, vegna þeirra breytinga sem urðu á lögunum um tryggingagjald fyrir síðustu jól. Ég vil taka það fram að í mínum huga var það mjög skýrt allan tímann hvernig sú breyting átti að verða, en það var nákvæmlega eins og niðurstaðan varð. Það er hins vegar rétt að það komi fram að ekki gafst tóm til þess á síðustu augnablikum þinghaldsins fyrir jól að kynna þetta mál vel fyrir þeim sem í hlut áttu og ég vil taka það kannski ekki síst á mig sem ráðherra í þessum efnum, en nefni það til sögunnar að fjmrn. leit á skattalagabreytingarnar fyrir jól 1992, og reyndar 1993 einnig, dálítið í heilu lagi, sérstaklega þegar var verið að ræða um ferðamannaþjónustunna. Þegar það gerðist að hætt var við að leggja virðisaukaskatt á vissan hluta ferðaþjónustunnar var ljóst að ríkið yrði fyrir talsverðu tekjutapi og þar sem verið var að lækka virðisaukaskatt á matvæli þótti mér eðlilegt að einungis yrði lækkað tryggingagjald af þeim hluta ferðaþjónustunnar þar sem virðisaukaskatturinn kom á og það var gistingin. Þess vegna var það með mínu ráði að hætt var við að lækka tryggingagjaldið á veitingastarfseminni, sem er auðvitað miklu víðtækari starfsemi og nær til miklu fleiri aðila heldur en gistingin.

Málið var síðan tekið upp aftur og þá stóðum við í þeim sporum að þurfa að fjármagna það tap sem hlytist fyrir ríkissjóð af því að lækka þennan skatt. Í því sambandi vil ég rifja það upp að þegar upphaflega lagafrv. um tryggingagjald var flutt á Alþingi um áramótin 1990–1991 var gert ráð fyrir því að þessi tvö þrep í tryggingagjaldinu mundu hverfa og öll fyrirtæki, sama í hvaða grein þau störfuðu, borguðu sama tryggingagjald. Það er rétt að það komi fram að það fylgdu engin réttindi til handa einstaklingum í atvinnurekstri í þeirri löggjöf sem þá var flutt, en sú löggjöf var mjög til bóta að mínu áliti. Lagafrv. var reyndar breytt og út úr því var tekið það ákvæði sem lagði það til að munurinn á tryggingagjaldsþrepunum hyrfi.

Þess vegna stöndum við nú frammi fyrir því, þegar rætt er um fjármögnunina í þessu sambandi, að þurfa að finna u.þ.b. eitt hundrað milljónir til þess að brúa það bil sem verður ef lækkun á sér stað í þeim greinum sem tilnefndar hafa verið, annars vegar veitingastarfsemin og hins vegar hugbúnaðarfyrirtækin. Frá

mínum sjónarhóli er það forsenda þess að geta breytt tryggingagjaldinu á þessum greinum að tekjur komi frá fyrirtækjum og þá er eðlilegast að það sé greitt af þeim fyrirtækjum sem njóta þess að vera í lægra skattþrepinu. Ég minni á í þessu sambandi að núv. ríkisstjórn hefur lækkað heilmikið skatt á fyrirtæki, þar á meðal er aðstöðugjaldið horfið, skattlagningin hefur færst yfir á einstaklinga. Það verður með einhverjum hætti að ná tekjum inn á móti því tekjutapi sem ríkissjóður verður fyrir af þessum völdum og að mínu viti er hyggilegast að gera það á þann hátt sem hér er stungið upp á. Að öðrum kosti þarf að finna aðrar tekjuleiðir og þá væntanlega að taka tekjurnar af einstaklingum eða safna upp auknum halla á ríkissjóði, sem auðvitað er ekki til fyrirmyndar.

Ég ætla ekki að ræða hér um þátt Egils Jónssonar að öðru leyti en því að afstaða hans til frv. var ljós strax og rætt var um frv. í þingflokki sjálfstæðismanna. Hann er á móti frv. og lýsti því þá þegar yfir, þannig að sú afstaða kemur ekki á óvart.

[01:41]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég vildi aðeins segja út af orðum hæstv. fjmrh. að ég tel að þetta mál sé í raun og veru afleiðing af þeirri skattastefnu sem ríkisstjórnin mótaði fyrir áramótin. Ef þar hefði verið mótuð önnur skattastefna, bæði að því er varðaði virðisaukaskattinn, eignarskatt og margt fleira, þá hefði ekki þurft að standa í þessum sporum og þá hefði hv. þm. Egill Jónsson ekki þurft að hafa fyrir því að mótmæla með réttmætum hætti þessum gjörningi. (**VE:** Egill Jónsson er afar hamingjusamur þegar hann talar fyrir hagsmunum bænda.) Þess vegna tel ég að það eigi að gefa honum tækifæri til að tjá sig hér og ég vildi spyrja hæstv. fjmrh. hvort hann ætli ekki að greiða fyrir því að flokksbróðir hans fái að tjá sig um þetta mál. Ég tel það vera alveg nauðsynlegt þannig að þau sjónarmið komist hér á framfæri. Ég veit ekki betur en það séu ýmsir aðrir í Sjálfstfl. sem styðja hann í þessu máli. Þannig að ég hef miklar efasemdir um að það sé meiri hluti fyrir þessu máli á Alþingi eins og reyndar fleiri stjórnarfrumvörpum um þessar mundir. Það er verið að segja okkur að það sé meiri hluti fyrir málum eins og húsaleigubótum og þessu máli. Síðan kemur í ljós að það er fjölðinn allur af þingmönnum sem eru andvígir málinu og mér finnst lágmark að þeir fái tækifæri til að tjá sig hér.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill taka fram, eins og fram kom hjá hv. 1. þm. Austurl., að hv. 3. þm. Austurl. hafði kvatt sér hljóðs í andsvörum undir þessari umræðu fyrr og kom að einhverju leyti sínum sjónarmiðum á framfæri.

[01:44]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það er út af fyrir sig rétt að þessi afstaða mín byggist á þeirri skattastefnu sem ríkisstjórnin hefur rekið gagnvart fyrirtækjunum og ég tel hana vera fyllilega lógíska. Ég minni á það, vegna þess að hv. 1. þm. Austurl. er ekki einn um að leggja til að aðeins skattalækkunin nái fram að ganga, að fulltrúi Kvennalistans í nefndinni, ef ég man rétt, var einangraður í sínum þingflokki því þingflokkur Kvennalistans tók aðra afstöðu til meginmálsins, sem var lækkun á virðissaukaskatti af matvælum. Þannig að ef það ætti að vera um fulla lógík að ræða þá gæti ég gengið út frá því econtrario að Alþb. og Kvennalistinn styddu frv.

Forseti ræður að sjálfsögðu hvort umræðunni lýkur og öðrum þingmönnum gefist tækifæri til að taka til máls. En ég minni á að þetta er 2. umr. málsins og hv. þm. Egill Jónsson hefur boðað það að fara gegn frv. Þau sjónarmið sem hann hefur gegn frv. gætu allt eins komið fram í 3. umr., enda verður greitt atkvæði um frv. í heilu lagi að lokinni 3. umr. málsins.

Virðulegur forseti, ég hvet til þess að umræðunni ljúki í kvöld, ef það mætti verða, en auðvitað er það á valdi hæstv. forseta.

[01:45]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Bara svo það valdi ekki misskilningi hjá hæstv. fjmrh. þá kemur það skýrt fram í okkar nál. varðandi þessi mál fyrir jólin, að þær tillögur sem við settum þar fram skiluðu ríkissjóði meiri tekjum en hæstv. fjmrh. lagði til. Þar af leiðandi höfum við þegar flutt tillögur í þessu máli og afstaða okkar, sem stóðum að því nál. fyrir jólin, í tryggingagjaldinu, er í fullu samræmi við það. Þannig að ef það er einhver sem hefur ekki viljað standa að því að ríkissjóður stæði betur að þessu leytinu þá er það hæstv. fjmrh.

[01:46]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 1. þm. Austurl. veit það jafn vel og ég að ríkisstjórnin hafði gert kjarasamninga, var aðili að kjarasamningum milli aðila vinnumarkaðarins, og lofaði því að styðja lækkun á virðisaukaskatti á matvælum. Tekist var á um þetta á Alþingi fyrir jól. Niðurstaðan varð sú sem hún varð. Ég ætla ekki að deila við hv. þm. um það hvort tillögur hans og fleiri í hv. nefnd og tillögur framsóknarmanna hefðu skilað þeim tekjum sem hann segir að þær mundu hafa gert. Ég get ekki deilt við hann hér og nú, en ég veit að þær tillögur náðu ekki fram að ganga. Þannig að staðan nú er ótvírætt þannig að þessi breyting til lækkunar mun rýra tekjur ríkissjóðs um allt að 100 millj. kr. miðað við núverandi ástand, núverandi niðurstöðu, og það þarf að ná þeim fjármunum inn. Um það hef ég gert tillögu og þá tillögu stend ég að sjálfsögðu við.

[01:48]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það er að sjálfsögðu alveg ljóst og það þarf ekki að halda nein erindi um það í þessum stól að sérákvæði um einstök fyrirtæki gilda ekki í skattalögum og hafa aldrei verið. Þau sérákvæði um einstök fyrirtæki og endurgreiðslu á einhverju til þeirra

eru venjulega í heimildargrein fjárlaga.

Það sem er hins vegar til umhugsunar í þessu sambandi fyrir Alþingi er hvort sú lagasetning sem ákveðin var, fyrst með bráðabirgðalögum og síðar með staðfestingu á þeim, er nægilega vönduð. Ég segi alveg eins og er að ég dreg það stórlega í efa.

Hér stendur í þessum bráðabirgðalögum frá 1993: „Heimilt er að endurgreiða tryggingagjald sem lagt er á aðila sem stunda útflutning...“ o.s.frv. „á tímabilinu frá júní til desember 1993.“ Síðan kemur til skýringar á þessu: „Til aðila skv. 1. mgr. teljast: 1. Aðilar sem stunda fiskveiðar, fiskeldi og fiskvinnslu.“ — Það er sem sagt algjörlega opið með þá. Það er alveg sama hver selur afurðirnar, þeir fá alltaf sitt. En þegar um er að ræða aðila sem flytja út og skapa verðmæti en ekki eru í fiski, fiskeldi eða fiskvinnslu þá kemur allt annað upp á daginn. Það er þetta hér, með leyfi forseta:

„Aðilar í atvinnugreinum samkvæmt öðrum og þriðja flokki í atvinnuvegaflokkun Hagstofu Íslands.“

Nú er það alveg ljóst að það getur ekki hafa verið ætlun löggjafans að mismuna fyrirtækjum eftir því hvort þau eru í fiskvinnslu, fiskveiðum og fiskeldi annars vegar eða iðnaði eða útflutningsiðnaði hins vegar. Mér sýnist að það geti ekki verið, að löggjafinn geti ekki hafa ætlast til þess að mismuna þessum aðilum. Og auðvitað kemur maður að því í þessu máli eins og reyndar oft ella að það er mjög algengt að það eru búnar til reglur sem eru tiltölulega skýrar og klárar og kvitt þegar um er að ræða fisk, en þegar um er að ræða annað hér í þessu landi, þá eru menn lagnir við að búa til það sem núv. iðnrh. hefur kallað tæknilegar viðskiptahindranir sem menn leggja á sig sjálfir. Þetta er í raun og veru veruleikinn sem blasir við vegna þess að ef túlkun fjmrn. er rétt, þá kemur upp þessi spurning: Hver á réttinn til niðurfellingar tryggingagjaldsins á framleiðsluvöru Kísiliðjunnar, hver á þann rétt? Það getur ekki verið ætlun löggjafans í þessu tilfelli að enginn eigi hann, það hlýtur einhver að eiga þann rétt. Og í greinargerð Baldurs Guðlaugssonar og fleiri stendur t.d., með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að algengasta formið í sjávarútvegi er í gegnum sameiginleg sölusamtök umsýsluaðila sem eru sjálfstæðir lögaðilar verður að telja mjög varasamt að löggjafinn hafi ætlað að setja það sem skilyrði fyrir endurgreiðslunni að framleiðslufyrirtækin seldu sjálf framleiðslu sína erlendis. Væri sú raunin er a.m.k. ljóst að endurgreiðsluréttur aðila í fiskveiðum og að nokkru í fiskvinnslu hlýtur að hafa verið töluvert takmarkaðri en látið var að liggja við setningu laganna.

Útflytjendur sem slíkir eiga ekki rétt á endurgreiðslu. Þannig á Celite hf. ekki rétt til endurgreiðslu né önnur fyrirtæki sem stunda útflutning en framleiða ekki þá vöru sem þeir flytja út. Útflutningsverslun er í 6. flokki atvinnuvegaflokkunar Hagstofu Íslands líkt og önnur verslunarþjónusta. Sé skilningur skattyfirvalda réttur ætti enginn aðili rétt á endurgreiðslu vegna framleiðslu Kísiliðjunnar hf.“

Ég verð að segja alveg eins og er, hæstv. forseti, að ég á í raun og veru mjög erfitt með að fallast á það að þetta geti almennilega staðist. Hér segir t.d. í lokin á þessari lögfræðilegu greinargerð, með leyfi forseta:

„Í ljósi þess að Celite hf. er sérstaklega stofnað sem sölufélag, hefur það lögbundna hlutverk að koma framleiðslu Kísiliðjunnar hf. á markað erlendis og með tilliti til þess að kísilgúrinn er þegar seldur erlendis þegar Celite hf. tekur við honum, verður að telja hæpna þá forsendu skattyfirvalda að Kísiliðjan hf. framleiði til sölu á markaði innan lands.“

Mér er út af fyrir sig ljóst, hæstv. forseti, að við munum ekki leysa þetta mál með málfundum hér um hánótt þó að það sé gert í þessari virðulegu stofnun. En þetta vekur til umhugsunar um það í fyrsta lagi hvort lagasetning okkar var nægilega vönduð og nægilega skýr. Ég dreg það í efa. Í öðru lagi hvort þetta er ekki þannig að skattstofan í Norðurlandi eystra felldi tiltekinn úrskurð og þá kemur að því sem heitir tilhneiging kerfisins til innbyrðis samstöðu. Ég notaði ekki orðið „samtrygging“ í þessu, það er svo slitið og það er heldur ekki sanngjarnt að nota það, en það er eins og fara vill, að þegar menn leggja af stað með þessa halarófu þá hangir fjórbjörn í þríbirni og þríbjörn í tvíbirni og tvíbjörn í einbirni o.s.frv. og menn vilja ógjarnan að halarófan slitni, sýna samstöðu með einbirni alveg fram í rauðan dauðann, jafnvel þó að það kosti málaferli fyrir Hæstarétti til að bjarga honum upp úr brunninum. Ég skil því ákaflega vel, ég segi það alveg eins og er, að þetta fyrirtæki skuli ganga fast eftir rétti sínum, hæstv. forseti.

Ég ætla ekki að fara að blanda mér í þá umræðu sem hefur farið fram að öðru leyti um þetta mál, um tryggingagjaldið. Hv. þm. Egill Jónsson óskaði eftir því að málið kæmi hér aftur til meðferðar. Þetta er 2. umr., 3. umr. er eftir þannig að hv. þm. Egill Jónsson getur komið sínum athugasemdum á framfæri þá ef hann vill. Ég heyrði hans athugasemdir og hann batt þar samkvæmt yfirlýsingu miklar vonir við það sem hæstv. fjmrh. sagði um málið, um tryggingagjaldið á sínum tíma. Ekki skal ég um það segja hvort vonir hans rætast, hv. þm. Egils Jónssonar, þær hafa oft ræst, hans vonir og trúlega oft eins og kunnugt er, og ég ætla heldur ekki að blanda mér í þá umræðu sem er hér að nokkru leyti hafin um það hvort það er rétt að lækka skatta á matvörum eða ekki. Ég held að það hafi verið skynsamleg ráðstöfun, mér fannst það skynsamlegt hjá ríkisstjórninni að standa við þá kjarasamninga sem hún gerði og ég held að það sé ákaflega merkilegt til umhugsunar að staðan er þannig núna að matarskattslækkunin er að skila sér í verðlaginu með mjög myndarlegum hætti, kemur fram í verðkönnunum sem hafa verið gerðar þannig að þó að margt megi að þessum málum finna, þá er það engu að síður veruleiki sem blasir við íslenskum neytendum.

[01:56]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Örstutt. Ég virði það að formaður iðnn. skuli flytja þessa ræðu sína og sín sjónarmið. Ég vil taka það fram að það sem ég segi er að sjálfsögðu ekki úrskurður eða dómur, en niðurstaða fjmrn. var sú sem ég hef lýst. Ég tel þrátt fyrir það sem kom

fram í lögfræðilegri álitsgerð hv. þm., þá eigi Celite Ísland þennan rétt. Ástæðan fyrir því m.a. að fjmrn. tók þá afstöðu sem fjmrn. tók er að ýmis fyrirtæki höfðu gert fyrirspurn um það hvort þau ættu rétt á endurgreiðslu og bentu á það máli sínu til stuðnings að þau væru í eðli sínu útflutningsfyrirtæki því að þau seldu þjónustu sína eingöngu til fyrirtækja sem væru í útflutningi. Með öðrum orðum, staða þeirra væri mjög svipuð Kísiliðjunnar, sala hugbúnaðarins væri eingöngu til t.d. fiskframleiðslufyrirtækja og þess vegna væri um að ræða virðisauka til útflutnings og það ætti að taka tillit til þess. Það var ekki talið fært samkvæmt þessum lögum með sama hætti og varðandi Kísiliðjuna.

Ég minni á vegna innbyrðis samstöðu sem minnst var á að það kemur stundum fyrir að fjmrn. hefur farið í mál vegna niðurstöðu yfirskattanefndar og ég veit að ef hv. þm. rifjar upp fyrir sjálfu sér, þá gerðist það að fjmrn. vann í máli gagnvart Sameinuðum verktökum sem var upp á mörg hundruð millj. kr. sem skattkerfið hafði bent á eða úrskurðað. Fjmrn. var ósammála og dómstólarnir studdu fjmrn. gegn niðurstöðu skattkerfisins.

[01:58]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum að sjálfsögðu ekki í neinum réttarhöldum hér en ég bendi bara á það að þau rök sem hæstv. fjmrh. var með standast ekki af því að um er að ræða þjónustu við fyrirtækin áður en útflutningsvaran verður til. Það er allt annað mál heldur en það sem ég er hér að tala um sem á við endurgreiðslu á tryggingagjaldi af útflutningsafurðinni eftir að hún er orðin til. Ég tel að það sé þó nokkur munur á því hvort um er að ræða þjónustu sem veitt er útflutningsfyrirtækinu eða útflutningsvöruna eftir að hún hefur verið framleidd.

[01:59]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég gæti áreiðanlega rætt við hæstv. fjmrh. um skattamál hér í alla nótt, en hef engan vilja til þess, enda ekki staður og stund til að fara út í almenna skattamálaumræðu. En ég get þó ekki annað en gert athugasemd við það sem hann sagði hér þegar hann lýsti því yfir að ríkið tapaði rúmlega 100 millj. á þessari breytingu og þær tekjur þyrfti að fá inn aftur.

Ég get ekki alveg fallist á þá útreikninga sem þarna liggja að baki af þeirri einföldu ástæðu að 0,15% tryggingagjald við þær aðstæður sem eru í dag mun hafa þau áhrif að afkoma fyrirtækjanna mun versna og umsvifin í þjóðfélaginu munu minnka. Þar af leiðandi verður afleiðingin meira atvinnuleysi og minni velta hjá ríkinu. Það má vel vera, að það sé talið svo lítið að það mælist ekki en í jafnviðkvæmu ástandi og nú er ég viss um að þau eru veruleg.

Ég minni líka á það að við það að létta þessum sköttum af ferðaþjónustu og hugbúnaði þá eykst hagnaður þeirra aðila eða tap minnkar þannig að tekjuskattur verður þá meiri og velta og umsvif þeirra fyrirtækja munu aukast. Þessi áhrif eru enn þá meiri í efnahagsástandi eins og við nú búum við.

Hæstv. ríkisstjórn hefur gert lítið af því að reikna slík heildaráhrif því auðvitað skiptir það meginmáli í ákvörðunum sem þessum hvort þjóðartekjur muni vaxa og þar af leiðandi batni afkoman almennt fyrir þjóðarbúið. Þetta eru að sjálfsögðu ekki auðveldir útreikningar en ég hef fulla ástæðu til að ætla að þessi lækkun ein og sér muni í reynd ekki kosta ríkissjóð nema mjög lítið og þar af leiðandi er ég þeirrar skoðunar að sú hækkun sem hér er verið að leggja til kunni að verða til þess að ríkissjóður tapi verulegum tekjum þannig að ég vildi benda á þessi atriði og koma þeim á framfæri. Því miður er ég að tala hér í annað skiptið þannig að ég hef ekki möguleika á því að ræða mikið oftar við hæstv. fjmrh. en ef hann vill halda umræðunni áfram þá getum við það sjálfsagt síðar undir einhverju öðru máli því að öll umræða um þessi mál er gagnleg og við ættum að reyna að varpa meira ljósi á ýmsar afleiðingar af ákvörðunum í skattamálum.

[02:03]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef margoft sagt það úr þessum ræðustól að ég tel hv. 1. þm. Austurl. vera einna best að sér ef ekki best að sér í skattamálum af hv. þm. og að öðrum ólöstuðum og ég vil gjarnan mega eiga við hann viðtöl og samræður sem oftast um þau mál. Ég ætla ekki að gera það hér og nú en ég vil aðeins segja eitt. Það sem hefur verið nefnt gegn hækkuninni á skatthlutfalli, neðra þrepi tryggingagjaldsins, er að þetta lendi á mönnum, einstaklingum í atvinnurekstri, sérstaklega þeim sem eru með reiknuð laun og bændur eru stundum nefndir. Og það er rétt að þetta mun bitna á slíkum aðilum sem hafa lítil réttindi. En til þess að menn átti sig á upphæðinni sem lendir á slíkum aðilum, þá hef ég reiknað út dæmi þar sem um er að ræða 70 þús. kr. á mánuði en ég hygg að meiri hluti bændastéttarinnar sé undir þeim mörkum um reiknuð laun eða hvað það heitir nú í skattalögunum. Þetta þýðir að hver slíkur bóndi greiðir 100 kr. á mánuði eða 1.200 kr. á ári og ég hugsa að 1.200 kr. sem slíkur aðili borgar á ári sé álíka upphæð og sami maðurinn borgar fyrir dagblaðið Tímann á mánuði, hærri er nú upphæðin ekki.

[02:04]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Að sjálfsögðu skiptir þessi upphæð máli fyrir bændur eins og öll önnur útgjöld og ég sé ekki hvað þetta kemur dagblaðinu Tímanum við. Ég veit að hæstv. fjmrh. er almennt á móti því að menn lesi önnur blöð en Morgunblaðið og hann hefur lagt sig mjög fram um það í sinni fjármálaráðherratíð og væri ástæða til að fara um það nokkrum orðum hér fyrst hann vekur upp þessa umræðu.

Ég vil t.d. geta þess að ríkið keypti eitt eintak af vikublaðinu Austra hér áður, eitt eintak, og til þess að reyna að bjarga við fjárhag ríkisins, þá fór fjmrh. í það mikla þrekvirki að skrifa sérstakt bréf til vikublaðsins

Austra og segja upp þessu eina blaði því það mátti að sjálfsögðu ekki sjást inni í Stjórnarráðinu. Og þótt hæstv. fjmrh. hafi lagt sig mjög fram um það að reyna að koma því til leiðar að ekkert blað yrði lesið annað en Morgunblaðið og reynt að leggja sig fram um það, þá vænti ég þess að það gildi ekki það sama um bændur landsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056, 1057, 1131 og 1166.

[02:06]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við inntum þann forseta sem sat í forsetastóli fyrr í nótt, fyrir rúmum klukkutíma síðan, um framhald fundarins og ég taldi að það mætti skilja hans orð á þann veg að það yrði tekið fyrir eitt mál enn, þ.e. tryggingagjald, og síðan yrði umræðum lokið. Nú heyri ég að forseti hyggst taka fyrir hið svokallaða villidýrafrv. og ég vil leyfa mér að mótmæla því vegna þess að umræðu um það mál var frestað í dag á þeim forsendum að umhvrh. og formaður umhvn., þeir aðilar sem bera hitann og þungann af þessu máli, eru ekki á landinu. Við þeirri ósk varð sitjandi forseti þá og frestaði umræðunni. Þar af leiðandi sé ég ekki á hvaða forsendu þessi umræða á nú að hefjast.

Ég vil líka leyfa mér að mótmæla því í annað sinn í nótt að það skuli eiga að keyra hér áfram, klukkan er núna 10 mínútur gengin í þrjú að nóttu. Á mánudaginn vorum við hér til kl. 4 um nótt, þriðjudaginn til kl. 4, miðvikudaginn til kl. 12 og núna er klukkan 10 mínútur gengin í 3. Þetta er að gerast á sama tíma og við erum að tala um það að hugsanlega flytja einhverja tillögu 17. júní á Þingvöllum um mannréttindi. Ég vil segja það að mannréttindi eru þverbrotin á þingmönnum, þau eru þverbrotin. Það er ætlast til þess að fólk komi hér aftur kl. 8 í fyrramálið eftir slíka viku. Ég segi það fullum fetum að mannréttindi eru brotin hér og ég mótmæli því harðlega að fundi sé haldið áfram. Og ég vil benda á það að einn hv. þm. var á mælendaskrá í þessu máli en treysti sér ekki til að vera lengur vegna þess að það er gersamlega keyrt yfir þingmenn hér, gersamlega, og ég mótmæli því harðlega og fer vinsamlegast fram á það að þessari umræðu verði frestað áfram og fundi slitið.

[02:09]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég stend hér sem staðgengill umhvrh. til þess að leiðrétta hv. þm. Inga Björn Albertsson í þá veru að hér standi menn ekki til svara um það mál sem er á dagskrá. Það mun ég vitaskuld gera sem starfandi umhvrh. Á sama hátt er hér staðgengill formanns umhvn. sem mun standa til svara um þau atriði sem hér ber á góma eðli máls samkvæmt þannig að það eru engin efni til þess að fresta umræðu af þeim sökum sem hv. þm. nefndi.

Hvað viðvíkur málefnum dagsins í dag, þá var það nú þannig að báðir þessir aðilar sem ég nefndi til sögunnar voru hér í þinghúsinu og voru reiðubúnir í þessa umræðu og eru það enn á þessum tíma dagsins, enda þekki ég hv. þm. fyrir annað en það að hætta leik þá hæst stendur eða í miðjum leik.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill ítreka það sem fyrr var sagt á þessum fundi að það er meiningin að freista þess að ljúka umræðu um 3. dagskrármálið. Hv. 5. þm. Reykv. hafði ekki lokið ræðu sinni og forseti vildi beina því til hv. þm. að taka þeirri ósk forseta að fram verði haldið þessum fundi þannig að hægt verði að ljúka umræðu um þetta dagskrármál.

[02:11]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins segja vegna orða starfandi umhvrh. að það er mjög nýlegt fordæmi fyrir því að umræðu var frestað og beðið eftir ráðherra sem var erlendis þrátt fyrir að það væri starfandi ráðherra í hans stað. Sá ráðherra var hæstv. ráðherra Jón Baldvin Hannibalsson. Það er varla meira en vika til tíu dagar síðan hér var beðið eftir að hann kæmi til að menn gætu átt við hann orðastað. Fordæmið er því alveg skýrt og það er í engu verið að kasta rýrð á starfandi umhvrh. eða starfandi formann nefndarinnar. Það eru bara hinn eiginlegi ráðherra og hinn eiginlegi formaður nefndarinnar sem hafa borið hitann og þungann af þessu máli og hafa verið í umræðunni og það eru þeir, þessir tveir hv. þm., sem ég alla vega óska að eiga orðastað við. Þó starfandi ráðherra og starfandi formaður nefndarinnar séu allra góðra gjalda verðir þá hlaupa þeir ekkert beint inn í það hugarfar sem þessir tveir þingmenn hafa.

[02:12]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst nú að það sé kannski rétt að athuga hina almennu stöðu þess máls sem á að fara að ræða hér með hliðsjón af því að það stendur víst til að fara að ljúka þinginu áður en mjög langt um líður.

Þegar menn eru að ljúka þingi þá gerist það stundum eins og menn þekkja að málum lýkur alveg undrafljótt. Málum sem annars taka marga daga lýkur stundum á örfáum mínútum. Það er svo sérkennilegt. Ég held að það væri sniðugt af hæstv. forsetum þingsins að kanna það hvort ekki er hægt að finna flöt á þessu máli eins og hinum. Það er fullt af alls konar bálkum út og suður sem fjalla að vísu ekki um jafnvirðulegar skepnur og á að fara að ræða hér en t.d. um kvikindi sjávarins. Ég spyr, hæstv. forseti, væri það nú ekki bara sniðugt að leyfa þessu máli að skoðast með hliðsjón af ýmsum öðrum málum í staðinn fyrir að fara að nudda í þessu fram eftir nóttu? Það er hvort eð er mjög stutt eftir því það verður farið að skúra um fjög-

urleytið og reynslan er sú að það er ekki hægt að halda áfram fundum eftir að ryksugurnar fara í gang. Við reyndum það oft fyrir tveim til þrem árum og höfum sum sem erum í salnum verulega þjálfun í því að reyna að yfirtala ryksugurnar án árangurs. Ég skora því á forseta í nafni almennrar mannúðar og skemmtilegheita, sem forsetarnir eiga til alveg hver um annan þveran. (**PJ:** Skoraðu þá á hann að halda umræðunni bara áfram.) Það var nefnilega misskilningur. Þetta sýnir hvað skörpum mönnum eins og hv. þm. Pálma Jónssyni getur skjöplast þegar þeir eru orðnir syfjaðir. Því ef hann væri ekki orðinn svona lúinn þá hefði hann séð hvernig ég ætlaði að lenda þessu. Þannig að ég skora á þessa þingmenn í nafni skemmtilegheita, í nafni mannúðar og skilnings á stöðunni að hætta þessu nuddi núna og spjalla svo saman í fyrramálið þegar menn eru vaknaðir.

[02:15]

Petrína Baldursdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég er starfandi formaður umhvn. og ég skil ekki alveg rök hv. 5. þm. Reykv. Ég tel að við séum alveg í stakk búin til að taka þessa umræðu. Ég skora bara á hæstv. forseta í nafni mannúðar og skemmtilegheita að láta þessa umræðu halda áfram.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Eins og hv. þm. hafa heyrt þá er hæstv. starfandi umhvrh. og hv. formaður umhvn. reiðubúnir að taka þátt í því að ljúka þessari umræðu.

[02:16]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir með mönnum að ég tel að nú sé nóg komið. Við erum búin að vera hér æðilengi og ég sé ekki ástæðu til að reka menn áfram með þessum hætti. Mér finnst líka dálítið undarlegt að verða ekki við óskum um að ráðherrar þessara mála verði við umræðuna. Það er ekki venjuleg afgreiðsla mála eins og hér er að staðið. Þetta mál er mjög óvenjulegt. Það kom inn í þingið þannig að það eru líklega engin dæmi til eftir því sem gamlir og reyndir þingmenn segja að hver einasti maður sem skilaði nál. skrifaði undir með fyrirvara. Síðan birtust brtt. frá hæstv. ráðherra eftir að málinu hafði verið skilað frá nefndinni. Þetta er heldur ekki venjulegt.

Ég tel að það sé full ástæða til að þessu máli verði gefinn gaumur og tími og þá að degi til þannig að allir, líka þeir sem ekki hafa mesta krafta til umræðunnar, geti verið með. Hér hefur það komið fram að einhverjir þingmenn sem ætluðu að taka þátt í þessari umræðu hafi horfið af vettvangi vegna þess hve langt er liðið á nóttina. Það er nú ekki gott til afspurnar hjá hv. Alþingi ef verið er að sitja af sér þá sem hafa kannski skynsamlegustu hlutina til málanna að leggja auk þess sem ráðherra málanna er ekki mættur til starfa til að svara fyrir sínar tillögur sem hafa ekki hlotið neina umræðu eftir að hæstv. ráðherra lagði þær fram þar sem hann hefur getað svarað fyrir þær.

[02:18]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég veit ekki hversu mikil ástæða er til þess að teygja lopann í þessum efnum en mér finnst menn tala í þá veru að ekkert hafi verið unnið í þessu máli og menn hafi ekki átt tal saman bæði hér í ræðustóli í almennri umræðu um þessi mál og ekki síður í umræðu manna í millum, fulltrúa þeirra þingflokka sem eiga sæti á Alþingi um ýmis þau mál sem réttilega hafa valdið nokkrum taugatitringi og jafnvel vakið upp álitamál. Sannleikurinn er nefnilega sá að það er almennur stuðningur við þetta mál og menn hafa talsvert náð saman um meginstef frv. Það vil ég leiðrétta að gefnu tilefni af orðum hv. þm. að mál séu þannig að þau komi lítt eða illa undirbúin til framhalds 2. umr. Þannig er það auðvitað alls ekki. Það er nokkuð almenn sátt um málið og ég hygg að við eigum að sæta lagi og ljúka þessari umræðu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á þær umræður sem hér hafa farið fram en vildi gera stutt hlé á fundinum til að freista þess að ná einhverju samkomulagi og óskar þess að formenn þingflokka komi í hliðarherbergi til viðræðu við forseta.

[Fundarhlé. — 02:20]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Fundi er fram haldið í Alþingi. Niðurstaða forseta er sú að þessari umræðu verði haldið áfram og þess freistað að ljúka henni.

[02:28]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins inna eftir því hversu lengi hæstv. forseti hyggst halda þessum fundi gangandi. Eftir því sem mér skilst eru fundir kl. 8 í fyrramálið og klukkan er nú orðin hálfþrjú. Ég tel það því brýnt að vita hversu lengi umræðan á að standa þannig að einhverjir menn geti hugsanlega farið nú þegar af vettvangi og aðrir stillt sig svolítið inn á það.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna orða hv. þm. þá gat forseti þess að meiningin er að reyna að freista þess að ljúka umræðunni. Það eru þrír hv. þm. á mælendaskrá og forseti væntir þess að með tilliti til þess hversu ítarleg umræða hefur farið fram um þetta mál þá verði ekki um mjög langa umræðu að ræða. En hv. 5. þm. Reykv. var í miðri ræðu og tekur þá til máls.

[02:30]

Ingi Björn Albertsson (frh.):

Hæstv. forseti. Ég vil byrja á að harma þessa niðurstöðu sem kveðin var upp úr forsetastóli um framhald fundarins og framhald á þessari umræðu. Ég hafði skilið það svo að þegar umræðunni var frestað í dag þá væri það á þeim forsendum og með þeim rökum sem ég færði þá fram fyrir því að óska eftir frestun. Við þeim rökum varð forseti og frestaði umræðunni. Meginrökin voru þau, sem hafa áður komið fram, að hæstv.

umhvrh. er erlendis og einnig hv. formaður nefndarinnar. Þessum rökum tók þástarfandi forseti og frestaði umræðunni. Ég sé ekki að þessir tveir hv. þm. séu mættir til þings þannig að forsendurnar hafa í rauninni ekki breyst nokkurn skapaðan hlut. En það verður að taka því eins og öðru.

Ég vil aðeins víkja að því að hv. starfandi formaður nefndarinnar tók til máls áðan um stjórn fundarins og taldi að það væru engin rök fyrir því að fresta þessari umræðu. Ég er búinn að sitja í sjö ár á þingi. Fyrsta tímabilið, fjögur árin, var það í rauninni óþekkt að kvöldfundir væru tvö kvöld í röð. Það gat komið fyrir en það var afar sjaldan sem það gerðist. Næturfundir tvö kvöld í röð komu aldrei fyrir. Þá sat í forsetastóli virðulegur maður, hv. fyrrv. forseti, Þorvaldur Garðar Kristjánsson, og gætti mjög vel upp á hefðir og góða siði. En nú eru aðrir siðir teknir upp og fólk keyrt áfram linnulaust. Í raun eiga menn ekki að láta þetta yfir sig ganga og ættu að standa hér annaðhvort þegjandi eða ganga úr salnum. Þetta er náttúrlega engin hemja. En að það séu engin rök fyrir því — ég fór yfir það áðan hvernig þessi vinnuvika hefur verið í þinginu. Það hafa staðið hér fundir fram á rauðamorgun og stefnir í það núna að standa enn lengur en nokkurn dag í þessari viku. Þetta þykja mönnum kannski engin rök.

Síðan benti ég á það einnig að fordæmi er fyrir þessu og það mjög nýlegt og það meira að segja hjá formanni þessara hv. þm., hæstv. utanrrh., Jóni Baldvin Hannibalssyni. Við biðum hér eftir honum sérstaklega, það var óskað eftir því, til þess að ræða þyrlumál þegar hið einkennilega tilboð Bandaríkjamanna barst. Þá var orðið við þeirri ósk að umræðan færi ekki fram fyrr en hinn eiginlegi utanrrh. mætti á staðinn en ekki starfandi utanrrh. Þannig að rökin fyrir þessu eru náttúrlega til staðar.

Fyrir utan það að hæstv. ráðherra er erlendis og hv. formaður nefndarinnar þá er þriðji aðilinn sem hvað mest hefur látið þetta til sín taka, hv. þm. Hjörleifur Guttormsson, líka erlendis og fjórði maður úr nefndinni, hv. þm. Árni M. Mathiesen er líka erlendis. Þá hlýtur maður að fara að spyrja sig fyrst hér á að heita um forgangsmál að ræða hvernig mat þessir þingmenn og ráðherrar leggja á málið. Hvaða forgangur er það þegar þeim er ekki meira annt um málið en það að þeir stökkva allir úr landi? Ég skil ekki almennilega þann forgang sem slíkt mál hefur. Það má vel vera að aðrir skilji það en ég skil það ekki. Það má glöggt sjá líka á ráðherrastólunum að málið hefur mikinn forgang og vægi. Hér er einn hæstv. ráðherra, starfandi umhvrh., enginn annar. Mér finnst þetta því allt hið einkennilegasta.

Það hefur enginn mælt á móti því að það er búið að vinna mikið í þessu máli en það er ekki búið að ræða það mikið í þingsalnum. Það hefur komið skýrt fram að hv. umhvn. hefur unnið vel og mikið en það eru ekki alveg allir sáttir við niðurstöðuna.

Við erum með frv. hér upp á 22. greinar. Ætli það séu ekki komnar 40–50 brtt. við þessar 22 gr.? Það eitt segir nú svolítið. Það segir að það er bullandi ágreiningur um málið. Það segir það að málið var mjög illa unnið í upphafi. Svo illa unnið að það eru komnar þetta 40–50 brtt. Enn á ný var nefndin kölluð saman í dag til að ræða enn frekari brtt. Enginn veit því hvar þessi hringavitleysa endar. Það er sem sagt á ferðinni brtt. við brtt. nánast.

Nefndarmenn eru níu talsins, átta rita undir nál. með fyrirvara og sá níundi skilar séráliti. Það er auðvitað að spyrja hæstv. forseta hver túlkunin er í raun og veru á því að undirrita nál. með fyrirvara. Ég hygg að það þýði að menn samþykki mál að einhverjum tilteknum skilyrðum uppfylltum. Þannig túlka ég alla vega undirritun með fyrirvara. Ég hef ekki heyrt þá fyrirvara nema hjá einstaka þingmönnum. Hins vegar kemur fram í nál. meiri hlutans, með leyfi forseta:

„Petrína Baldursdóttir, Árni M. Mathiesen, Árni R. Árnason og Lára Margrét Ragnarsdóttir rita undir nefndarálit þetta með fyrirvara. Þau flytja ásamt Tómasi Inga Olrich, sem skilar sérstöku nefndaráliti, breytingartillögur sem fela í sér að Náttúrufræðistofnun Íslands gegni því hlutverki sem veiðistjóra er falið samkvæmt frumvarpi þessu. Þau munu gera grein fyrir tillögum sínum í umræðum um málið."

Ég hef beðið eftir að hlusta á þessa aðila. Sum þeirra hafa talað en önnur ekki.

Ég tel reyndar að áður en ég fer að ræða þetta frv. efnislega þá ætti að kalla til fundarins hæstv. forsrh. vegna þess að mér er til efs að það sé samkvæmt stefnu hans og hans flokks sú gífurlega miðstýringarárátta sem felst í frv. Ég hef talið fram til þessa að minn flokkur berðist frekar gegn miðstýringu en hér er á borðinu slíkt miðstýringarfrv. að það er ekki hægt að gera betur í þeim efnum. Það er ekki hægt. Það er væri fróðlegt að vita hvort þetta er orðin stefna ríkisstjórnarinnar, miðstýring og forsjárhyggja. Ég ætla hins vegar ekki að gera kröfur um að hæstv. forsrh. komi til fundarins. En þetta er alveg á skjön við þá stefnu sem ég hélt að hæstv. ríkisstjórn ætlaði að fylgja, að ég tali nú ekki um Sjálfstfl.

Þetta frv. hefur þrjá meginókosti að mínu viti. Þrjú mál standa upp úr þó það séu nokkur minni mál sem ég geri athugasemdir við. Það er í fyrsta lagi þessi gríðarlega miðstýring þar sem umhvrh. er fært alræðisvald í málinu. Það er öðru lagi alfriðun í staðinn fyrir verndun og í þriðja lagi eru það veiðikort.

Þetta eru þau þrjú meginatriði sem ég geri athugasemdir við ásamt nokkrum öðrum smærri.

Það er auðvitað umhugsunarefni fyrir Alþingi og alþingismenn það afsal á löggjafarvaldinu sem við erum að sífellt að færa framkvæmdarvaldinu og embættismannakerfinu og ráðherrum með reglugerðarheimildum í æ ríkari mæli dag frá degi. Það sem við erum að segja og gera er það að við alþingismenn, treystum okkur ekki til að vinna verkið, nefndastörfin, menn treysta sér ekki í það að fullvinna frumvörpin. Það á ekki að skilja þau eftir svona galopin. Hafa eilífar reglugerðarheimildir út og suður. Það er náttúrlega orðið þannig í nefndunum að það er ekki hægt að bera upp nokkrar einustu hugmyndir án þess að það sé gert nánast hlé á fundi og hringt upp í ráðuneyti hvort það má — Mamma, má? Þetta er algjörlega út í hött.

Auðvitað freistast menn sem eru að semja slík frv. *í ráðuneytunum til að skilja þetta allt eftir opið á þennan veg.* Draga öll völdin til sín. Þetta er bara valdaafsal sem okkur er ekkert heimilt að láta af hendi. Ef maður flettir yfir þetta frv. þá er það allt morandi í reglugerðarákvæðum, heimildum, ráðherra ákvarðar, ráðherra heimilar, ráðherra getur þetta eða hitt. Ráðherra sagði sjálfur við 1. umr. að það væru 11 reglugerðarheimildir í þessu frv. 11 stykki.

Hérna er hægt að lesa í 3. gr.: „Umhvrh. hefur umsjón með öllum málum er varða villt dýr.“ — Það er byrjað strax að gefa til kynna að ráðherrann á að vera með alræðisvaldið í málinu.

Og seinna í greininni: „Tillagna eða umsagnar villidýranefndar skal leitað við setningu reglugerða, leyfisveitingar, veitingar undanþágna og við önnur stjórnvaldsfyrirmæli um villt dýr.“

Í 5. gr.: „Umhverfisráðherra ákveður í reglugerð hvaða aðilar eigi rétt á að tilnefna í fulltrúaráðið og setur því starfsreglur.“

Í 7. gr.: „Umhverfisráðherra setur reglugerðir um friðun, vernd og veiðar villtra dýra, að fengnum tillögum villidýranefndar.“ — Í sömu grein: „Umhverfisráðherra skal setja reglugerð um sölu, inn- og útflutning villtra dýra og hluta þeirra, svo og egg.“

Í sömu grein: „Umhverfisráðherra getur heimilað veiðar á villtum dýrum sem njóta friðunar eða verndar í rannsóknarskyni, fyrir söfn og dýragarða eða til ræktunar og undaneldis.“

Og enn í sömu grein: „Umhverfisráðherra getur ákveðið að stefnt skuli að útrýmingu stofns eða tegundar sem flust hefur til Íslands af mannavöldum, enda telji villidýranefnd það bæði æskilegt og gerlegt.“

Svona er þetta út um allt frv. — Í 8. gr.: „Umhverfisráðherra getur sett reglugerð um veiðar erlendra ferðamanna, enda fullnægi þeir sambærilegum skilyrðum um kunnáttu í veiðum og meðferð skotvopna og kröfur eru gerðar um hér á landi.“

Í 9. gr.: „Umhverfisráðherra getur heimilað notkun ofangreindra veiðiaðferða í vísindaskyni eða ef villt dýr valda umtalsverðu tjóni og aðrar aðferðir eru ekki taldar henta.“

Í frv. er 20 sinnum verið að afhenda ráðherra reglugerðarheimild eða hann getur þetta eða ákveður hitt eða heimilar hitt. 20 sinnum. Jafnvel hann þarna uppi hefur ekki meir völd í tilteknum málaflokki. (**GÁ:** Hver er þarna uppi?) (**Gripið fram í:** Úlfar.)

Ég byrjaði aðeins á að ræða miðstýringu. Ég ætla með leyfi forseta að vitna aðeins í ræðu sem fyrrv. hv. formaður umhvn. flutti 9. mars 1992. Í raun og veru ætti að kalla þann hv. þm. til fundarins. (**Gripið fram í:** Hver var það?) Sá hv. þm. heitir Gunnlaugur Stefánsson. Hann sagði, með leyfi forseta:

„Ég tek undir þau orð hv. þm. Pálma Jónssonar að hér gætir töluverðrar tilhneigingar til aukinnar miðstýringar.“ — Og aðeins neðar, með leyfi forseta:

„Ég held að ef einhvers staðar þurfi að taka tillit til aðstæðna og reyna að stuðla að náinni samvinnu með aðilum um allt land, þá sé það á þessu sviði. Ég held að það sé einmitt á þessu sviði sem við þurfum ekki og eigum alls ekki að stefna til aukinnar miðstýringar, síst af öllu miðstýringar þar sem sérfræðingar eiga að hafa meginvöld, sérfræðingar sem horfa kannski á málin út frá hagsmunum sérfræðihyggjunnar sem hér hefur hreiðrað um sig í Reykjavík.“

Nú er auðvitað freistandi, virðulegi forseti, að spyrja hv. þm. hvað hafi breyst í frv. frá því að þessi orð féllu. Er miðstýringin eitthvað minni í þessu frv. heldur en því sem var lagt fram fyrir tveimur árum? Ekki aldeilis. Ef eitthvað, þá mundi ég halda að hún væri meiri.

Hv. þm. heldur áfram og nokkru síðar í ræðu sinni segir hann, með leyfi forseta:

„Hér er sérstakt og nýtt ákvæði að finna í þessu frv. sem nokkuð hefur verið til umræðu en fjallar um veiðikort og hæfnispróf veiðimanna. Það er rétt að vekja athygli á athugasemdum frá fjmrn. og fjárlagaskrifstofu fjmrn. þar sem um frv. er fjallað og þar segir svo orðrétt:

„Ákvæði 11. gr. frv. um að allir sem veiðar ætli að stunda þurfi til þess tilskilið leyfi gegn greiðslu fyrir veiðikort felur í sér tekjuöflun. Erfitt er að leggja mat á um hversu háar fjárhæðir er að ræða. Ef t.d. gert er ráð fyrir að 15.000 manns kaupi kort og að kortið kosti 1.000 kr. verða tekjur 15 millj. kr. Á móti hlýst nokkur kostnaður við eftirlit með veiðum og skráningu og úrvinnslu upplýsinga sem skilað er inn vegna kvaða þar að lútandi vegna endurnýjun veiðikorts. Samkvæmt ákvæðum frv. skal verja tekjunum til að standa undir rannsóknum og stýringu á veiðum. Að mati fjmrn. er óæskilegt að marka tekjustofna með þessum hætti, fremur skuli ákvarða í fjárlögum hverju sinni framlag til tiltekinna verkefna.“

Ég vek athygli á þessari athugasemd fjárlagaskrifstofu fjmrn. og þeirri skoðun sem kemur þar fram að þeir telja að þetta muni ekki verða tekjuauki fyrir ríkissjóð, hér yrði fremur um að ræða sparnaðarfrumvarp fyrir ríkissjóð ...

Þess vegna hef ég efasemdir um að sú leið sem hér er verið að gera tillögu um að verði farin, þ.e. að gefa út veiðikort til þess að geta fremur komið böndum yfir upplýsingar um það hvernig náttúrulífið í landinu er og komast nær því, eins og hæstv. ráðherra gerði hér grein fyrir áðan og ég tek undir að er sannarlega þörf á, að hægt sé að afla frekari upplýsinga um náttúrulífið, fjölda fugla og fjölda dýra o.s.frv. eins og frekast er unnt, þá er ég hræddur um að þetta gangi hreinlega ekki upp í framkvæmd. Auðvitað er gott að bera okkur saman við aðrar þjóðir en hér eru aðrar aðstæður en meðal annarra þjóða, kannski sérstaklega við veiðimennsku. Og ég vona að það verði ekki svo miðstýrt og svo kerfisbundið að enginn geti komið nálægt almennum náttúru- og fuglaveiðum öðruvísi en að vera *með á sér svo og svo marga pappíra er sanni að hann* megi vera á sínum stað. Auðvitað er rétt og skylt að koma á fót eins góðu og eðlilegu eftirliti og hægt er að standa að og hægt er að framkvæma en ég óttast að ákvæði í lögum um svokallað veiðikort og jafnvel hæfnispróf manna sem hafa stundað veiðar í mörg ár geti farið úr böndum og ekki gengið upp í fram-

kvæmdinni. Ég held að ekki sé gott að setja í lög ákvæði sem við óttumst að gangi ekki upp í framkvæmdinni."

Skyldi sá þingmaður sem þessi orð viðhafði um veiðikortin og um miðstýringuna fyrir tveimur árum greiða þessu frv. atkvæði? Það er nákvæmlega sama málið á ferðinni og fyrir tveimur árum. Nákvæmlega sama málið. Þetta er sá hv. þm. sem var formaður umhvn. þá og viðhafði þau orð að sennilega kæmi þetta mál ekkert þar út aftur. Ég minnist þess ekki að hafa heyrt hv. þm. halda þessu fram á þessu þingi. En ég skil það vel að hv. þm. sé ekki hér klukkan tíu mínútur yfir þrjú að nóttu. Ég skil það vel og ég bendi hæstv. forseta á að það eyðileggur auðvitað allar umræður að halda fundi á þessum tíma. En gagnrýni hv. þm. á þetta frv. er svo sterk og í svo veigamiklum þáttum að það er ekki hugsanlegt að þessi hv. þm. geti stutt þetta frv. Það er ekki hugsanlegt. Það þarf þá að færa veigamikil og góð rök fyrir því að skipta um skoðun. Hann segir hér að þetta gangi hreinlega ekki upp og hann hefur áhyggjur af eftirliti og þetta gangi bara ekki upp í framkvæmd. Ég er þingmanninum alveg innilega sammála og ég vona að við séum enn þá sammála og hef þá trú þangað til ég heyri annað.

Hæstv. forseti. Ég er með megnið af umræðunum frá þessum tíma og úr því að það á að gefa þessari umræðu alla nóttina þá liggur ekkert á og sjálfsagt að glugga í nokkra þingmenn og sjá hvaða afstöðu þeir höfðu á þessu máli fyrir tveimur árum. Það er ágætt að gera það áður en ég fer að skoða frv. sjálft. — Hér sé ég virðulegan hv. flokksbróður minn Árna Johnsen. Við skulum aðeins glugga í hvað vinur minn sagði fyrir tveimur árum. Ég hef minni áhyggjur af því að hann hafi skipt um skoðun en hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson. (**FI:** Er ekki hægt að vekja hann?) Nei, ég held að það væri ekki rétt, hv. þm. Finnur Ingólfsson. (**Gripið fram í:** Hann sofnaði fyrir ári síðan.) Það er nógu slæmt að halda okkur hér.

Hv. þm. Árni Johnsen sagði m.a. þetta, með leyfi forseta:

„Mér þykir augljóst þegar frv. sem hér er til umræðu er grannt skoðað að það þurfi verulegrar uppstokkunar við í meðferð Alþingis. Þrátt fyrir mörg ágæt ákvæði og atriði sem fjallað er um í frv. og eru til bóta er sýnt að sérfræðingaveldið hefur markað þetta frv. fyrst og fremst án þess að til hafi verið kallaðir þeir sem búa yfir reynslunni, reynslunni við veiðar, veiðimennsku og almenna umgengni á veiðisvæðum. Það stangast margt á í frv., agnúar eru á því sem þarf að laga, sumum atriðum þarf að breyta verulega og fyrst og fremst vil ég vara við þeim anda sem er í frv. að auka eftirlit á eftirlit ofan varðandi veiðiskap. Ég held nefnilega að það sé sýnt ef þetta frv. nær fram að ganga eins og það er, muni ekki líða á löngu þar til fleiri eftirlitsmenn verða á veiðisvæðum landsins en veiðimenn. Ef það er tilgangurinn þá er það markmið út af fyrir sig en ég hygg að það sé ekki tilgangur frv. Það þarf kannski að fara bil beggja milli þess sem nú er í fugla- og veiðiverndunarlögum og svo hins sem reynslan hefur sýnt að ástæða er til að taka á.

Með þessu frv. mundi embætti veiðistjóra fljótlega þenjast út og nóg er nú komið af slíkum embættum hvort sem talað er um Bifreiðaskoðun Íslands, Vinnueftirlitið eða aðrar stofnanir sem eru mjög djarfsæknar eftirlitsstofnanir á miðstýringargrunni.

Ég held að í sambandi við ákvæði um veiðileyfi í frv. sé gengið einum of langt. Það er sjálfsagt að hafa strangt eftirlit með byssuleyfum eins og er í þjóðfélaginu í dag. En veiðileyfi, kvóti, atriði þar sem sagt er í lögunum að skráð verði á veiðileyfiskort hvers veiðimanns hve mörg dýr hann megi veiða af hverri tegund er náttúrlega fjarri öllum raunveruleika hjá þeim sem vita hvernig veiðar eiga sér stað. Það er út í hött að ætlast til þess að veiðimenn fari að standa í slíkri skýrslugerð á a.m.k. allflestum þeim tegundum sem veiddar eru. Aðrar stofnanir fylgjast með viðgangi þeirra tegunda sem hafa viðkvæma stöðu í landinu. Ber þar fyrst að nefna Náttúrufræðistofnun Íslands og þá sérfræðinga sem þar fylgjast grannt með stöðu stofnanna, hvort sem það er rjúpan eða hinn alfriðaði fugl fálki. Þeir hafa góða mynd af öllu sviðinu og að mínu mati þarf ekki að fjölga eftirlitsstofnunum eða stofnunum eins og er bent á."

Og síðar: „Ástæða er til að vara við að auka sífellt á skýrslugerð og yfirbyggingu í þjóðlífi okkar, hvort sem er í tómstundum þar sem allmargir veiðimenn með byssuleyfi stunda veiðar um allt land eða í einhverju öðru." (**ÁJ:** Þetta er stórkostlega góð ræða.) Þetta er nefnilega býsna góð ræða, hv. þm., þess vegna ákvað ég að fara aðeins yfir hana. (**Gripið fram í:** Það fer svo illa með skógana að þurfa að prenta þetta aftur.) Býsna góð ræða. Þar kemur fram hjá hv. þm. að hann efast um eftirlitsþáttinn og varar við honum að það sé verið að setja á aukið eftirlit og eins og hann segir sjálfur, eftirlit á eftirlit ofan og það verði hugsanlega þegar upp er staðið fleiri eftirlitsmenn á veiðisvæðunum heldur en veiðimennirnir sjálfir.

Það leiðir hugann að því hvernig eftirlitið á að vera og þá spyr ég hæstv. ráðherra, af því að við töluðum um að við hættum ekkert á meðan leikurinn stendur hæst: Hvernig á að standa að eftirlitinu? Ég veit ekki betur en löggæslan í landinu hafi verið skorin við nögl undanfarin ár og sé ekkert aflögufær um það að vera að þvælast um fjöll og firnindi að leita eftir mönnum sem hafa ekki eitthvert veiðikort upp á vasann. Hvernig ætla menn að standa að þessu? Menn benda alltaf á löggæsluna en löggæslan er bara ekkert í stakk búin til þess að taka þetta eftirlit að sér. Það væri gott að fá skýr svör við því hvernig menn sjá þetta fyrir sér. En við förum betur yfir það á eftir.

Hv. þm. Árni Johnsen er sammála mér í því að veiðileyfiskortin eru ekki af því góða og er greinilega á þessari frjálsræðislínu eins og ég er og hann varar einnig við aukinni skýrslugerð og yfirbyggingu í þjóðlífinu. Allt mjög gott, enda ætla ég að halda áfram að kíkja í ræðu hv. þm. En þar segir nokkru seinna, með leyfi forseta:

„Í frv. er ráðgert að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum þurfi að hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þess og hæfni til veiða. Þannig er í

rauninni verið að ýja að því að setja eigi upp skóla þar sem menn þurfi að fara á námskeið til þess að læra um hinar aðskiljanlegu tegundir og skotfimi. Þarna er komið að mjög dýru verkefni sem vart er ástæða til að stilla upp nema þá á sviði áhugafélaga því að þau eru til staðar. Þar fer fram ákveðin þjálfun og reynslu í skotfimi afla menn sér á almennri umgengni á veiðisvæðum. Þó auðvitað séu alltaf undantekningar er kannski best að treysta veiðimönnunum sjálfum fyrir því sem þeir eru að gera á ákveðnum veiðisvæðum. Því allur þorri veiðimanna ofgerir ekki veiðisvæðinu heldur reiknar með að geta komið þangað aftur."

Og aðeins síðar í ræðunni, með leyfi forseta:

„Þó svo að meginhluti frv. sé eðlilegur grunnur og til bóta eru þarna grundvallaratriði, sérstaklega sem varðar miðstýringuna. Slátra á þeirri hugmynd ..."

Ég ætla að staldra aðeins við þetta. Þarna kemur hv. þm. einmitt inn á miðstýringuna. Og hann hefur engin smáorð um það, það á að slátra henni. Það á ekki að skjóta hana niður eins og kannski hentaði betur í svona umræðum, það á að slátra henni. Auðvitað er þetta okkar hjartans trú að slík miðstýring er ekki af hinu góða. Hvort sem við notum þetta orðbragð eða eitthvert annað þá á auðvitað að draga úr miðstýringunni frekar en fara í þá átt sem við erum að fara í hér.

Svo held ég áfram, með leyfi forseta: „Slátra á þeirri hugmynd, þessari ströngu kortlagningu og skýrslugerð sem veiðimönnum er ætlað að framfylgja. Eðlilegt er að hafa eftirlit með stöðu stofna og fylgjast með því að hlutir fari ekki úr böndum en það eru bara aðrar stofnanir sem gera það. Það þarf ekki að fara að neyða menn í tómstundum sínum til að stunda skýrslugerð á fjöllum. Menn eru vart að fara upp á fjöll til þess að sitja þar við skýrslugerð á hnjánum og til þess er í raun ekki leikurinn gerður. Menn eru í flestum tilvikum að afla fæðu með vopnum og auðvitað er grundvallaratriði að halda því innan ákveðinna marka en þetta er langt út yfir allt sem hægt er að telja eðlilegt, að búa til sérfræðiapparat sem á að hlaða sérfræðingum á heiðar og fjöll í stað þess að þar séu ósköp sakleysislegir veiðimenn að sinna sínum tómstundaáhugamálum."

Virðulegur forseti. Það getur verið fróðlegt stundum að glugga í afstöðu manna til mála, sérstaklega þegar skammt er um liðið og málið er enn til umræðu og reyndar væri hægt að glugga líka í ræðu hæstv. forseta líka. En ég ætla að láta það eiga sig.

Hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson flutti aftur ræðu 17. mars en hin fyrri var flutt 9. mars þar sem fyrri ræða hans vakti töluverða athygli sem formaður umhvn. og þær yfirlýsingar sem hann gaf í þeirri ræðu. En 17. mars segir hann, með leyfi forseta:

„Ég gerði sannarlega nokkrar athugasemdir við frv. og taldi rétt að þær kæmu fram við 1. umr. þannig að enginn færi í grafgötur um það hver afstaða mín til nokkurra ákvæða frv. væri, strax í upphafi. Ég ætla ekki að endurtaka það hér en vil samt ítreka að mér finnst heildarsvipurinn því miður bera vott um aukið skrifræði, ofstjórn og miðstýringu." — Aukið skrifræði, ofstjórn og miðstýringu. Ég ætla að minna þingheim á að það hefur ekkert breyst í þessum efnum og verður fyrir bragðið enn athyglisverðara að fylgjast hér með atkvæðagreiðslu sem hugsanlega fer fram á morgun, en að vísu þarf að ræða þetta mál svolítið áfram á morgun.

Og áfram heldur ræðan, með leyfi forseta: „Ég er ekki viss um að það sé sú stefna sem staðfesta eigi nú á tímum." — Það er sem sagt skrifræðið, ofstjórnin, miðstýringin. — „Ég vakti einnig athygli á því að aukið eftirlit kostar fé og það gæti haft erfiðleika í för með sér að framkvæma þessi lög eins og frv. birtist í þinginu. Ég efaðist um að það gengi upp í framkvæmd. Ef það á að ganga upp í framkvæmd er ljóst að stórauka þarf allt eftirlit með því að lögin verði haldin, og það kostar fé." — Ég ætla að endurtaka þessa setningu af því að hún er nákvæmlega spurningin sem ég var með rétt áðan. — „Ef það á að ganga upp í framkvæmd er ljóst að stórauka þarf allt eftirlit með því að lögin verði haldin, og það kostar fé."

Er þá ekki eðlilegt að spurt sé hvernig menn ætla að standa að þessu. Það er alltaf bent á löggæsluna en löggæslan hefur verið skorin niður. Hvernig á að gera þetta? Er búið að áætla eitthvert aukafjármagn í þetta? Eiga að vera, eins og hv. þm. Árni Johnsen sagði, t.d. eftirlitssveitir uppi um öll fjöll? Ja, þá verður nú aldeilis ball.

Áfram með ræðuna, með leyfi forseta:

„Ég er ekki viss um að rétta leiðin til að efla rannsóknir á náttúrulífi landsins sé að koma á gjaldtöku." — Veiðikortin út. — „Ég held að það sé líka leið sem beri að skoða, og hægt er að fara þá leið án þess að um hana verði sett lög, að hvetja til almennrar og góðrar samvinnu við veiðimenn um að þeir taki þátt í verkefni, skammtímaverkefni, er standi yfir í tiltekinn tíma um að skila upplýsingum um sína veiði og hvernig að veiðunum er staðið." — Þetta er akkúrat nákvæmlega eins og þetta á að vera. Það þarf ekki veiðikortið, það þarf ekki gjaldtökuna, það þarf samvinnu við veiðimenn í landinu og ég fullyrði það hér að veiðimenn í landinu eru tilbúnir til samvinnu. Þeir eru tilbúnir að skila inn veiðiskýrslum, nákvæmlega eins og laxveiðimenn. Ég fullyrði það hér, þeir eru tilbúnir í það.

Og áfram með leyfi forseta: „Mér er kunnugt um að fjölmargir veiðimenn skrá sínar veiðar mjög nákvæmlega og halda mjög nákvæmt bókhald yfir það hvað þeir veiða og hvar þeir veiða." — Þannig að ekki verður það nú vandamál. — „Ég er viss um að fjölmargir veiðimenn hefðu ánægju af að taka þátt í samvinnu við umhvrn. um að miðla slíkum upplýsingum. Mér hefur verið tjáð að slíkt samstarf hafi átt sér stað að ég held árið 1967 eða 1968 varðandi veiðar á rjúpunni. Þá hafi einmitt borist upplýsingar frá veiðimönnum sem hafi verið mjög gagnlegar og hafi eflt allar rannsóknir á rjúpustofninum. Ég er ekki frá því að hægt væri að fara slíka leið núna og um það þyrfti ekki að setja lög, ef við erum að hugsa um að efla rannsóknir á fuglalífinu í landinu."

Í lokin segir hv. þm., með leyfi forseta:

„Ég ítreka að ég sagði ekkert í umræðunum á mánu-

dag í síðustu viku í fljótræði, eins og hæstv. umhvrh. taldi að ég hefði gert. Hvert orð sem ég sagði var undirbúið af minni hálfu og við þau stend ég." — „Hvert orð sem ég sagði var undiðbúið af minni hálfu og við þau stend ég."

Og nú er bara að bíða og sjá því það er nákvæmlega sama málið sem er hér á ferðinni.

Hæstv. forseti. Ég ætla aðeins að hvíla mig á þessum upplestri. Ég ætla aðeins að glugga í frv. og vil þá fá að líta í nál. minni hlutans. Kannski ég byrji, með leyfi forseta, á nál. meiri hlutans af því að ég var aðeins að tala um reglugerðir og annað slíkt hér áðan. Á bls. 4 í nál. meiri hlutans segir í lið 11:

„Meiri hlutinn telur nauðsynlegt að kveðið verði á um það í 11. gr. hver annist útgáfu veiðikorta og telur eðlilegt að það verði falið embætti veiðistjóra, enda er gert ráð fyrir því í drögum að reglugerð um veiðikort. Þá er lagt til að tekið verði fram að veiðikortum sé ekki ætlað að taka til eggjatöku. Nefndin kynnti sér drög að reglugerð sem umhverfisráðherra hyggst setja um veiðikort, en nokkur umræða varð í nefndinni um stöðu landeigenda í þessu efni. Meiri hlutinn leggur til að lögleiddar verði sérstakar reglur er varða hlunnindabændur og gerir jafnframt að tillögu sinni að sama gjald verði tekið fyrir þau kort og almenn veiðikort."

Hér kemur fram í áliti meiri hlutans að kynnt hafi verið drög að reglugerð. Þetta finnst mér reyndar vera til fyrirmyndar. Þetta á að koma yfirleitt inn í nefndir. En hér kemur það fram að sérstök drög hafi verið kynnt og þá tel ég að þingheimi eigi að vera kynnt það. Ef þingheimur fær að sjá þetta þá áttar hann sig auðvitað betur á því hvað er verið að fara í frv. og hvað ráðherrann er sjálfur að hugsa. Þannig að ég óska eftir því við hæstv. umhvrh. að þessum drögum verði dreift á borð þingmanna á morgun. Þau hafa verið kynnt í hv. nefnd og það er sjálfsagður og eðlilegur hlutur að aðrir þingmenn fái að skoða þessi drög til þess að átta sig betur á málinu. Ég óska eftir svari við því hvort það sé nokkuð því til fyrirstöðu að reglugerðardrögin verði kynnt.

Meiri hlutinn segir líka hér að það eigi að taka sama gjald fyrir almenn veiðikort og fyrir hlunnindabændur.

Ég veit ekki hvort ég á nokkuð að vera að fjalla um þetta, það á auðvitað ekki að taka nokkurt gjald, en fyrir hlunnindabændur tel ég að það eigi ekki að taka sama gjald. Ég tel ekki að það eigi að taka gjald reyndar af mönnum sem veiða á sinni eigin landareign, hvort sem þeir heita hlunnindabændur eða eitthvað annað. En það kemur nú seinna. En ég ítreka það að þessi reglugerðardrög finnst mér eðlilegt og sjálfsagt að þingið fái að sjá úr því að þau eru til staðar og það kemur hér fram. En ég vil jafnframt hrósa ráðuneytinu þá fyrir það að hafa kynnt slíkt því ég minnist þess ekki þann tíma sem ég hef verið á þingi að reglugerðardrög hafi verið sýnd í nefnd þó að oft hafi verið farið fram á það.

Í 7. gr. segir: „Náttúrufræðistofnun Íslands er heimilt að láta veiða friðaða sem ófriðaða fugla og safna eggjum handa stofnuninni hvar sem er og án þess að endurgjald komi fyrir, enda geri þeir landeiganda viðvart fyrir fram og sýni skilríki verði því við komið."

Þarna tel ég að „verði því við komið" ætti að falla út. Ef menn eru að fara inn á annarra manna land til þess að veiða fugla, hvort sem þeir eru friðaðir eða ófriðaðir þá eigi þeir skilyrðislaust að sýna skírteini. Skilyrðislaust.

Í 9. gr. eru auðvitað margir punktar sem mætti gera athugasemd við. Ég ætla að sleppa því, utan 16. liðs. Þetta er greinin þar sem fjallað er um hvað er óheimilt að nota við veiðar. 16. liðurinn er að það er bannað að nota hunda til að hlaupa uppi bráð, nema við minkaveiðar.

Þetta finnst mér mjög varasamt ákvæði. Ég er sammála því að það á ekki að nota hunda til þess að styggja dýr eða þefa þau uppi eða finna þau. En hundar eru mest notaðir til þess að sækja bráð og þá ekki síst er ég með í huga særða bráð. Ég held að það séu mannúðarsjónarmið sem eiga að ráða því. Menn sem hafa t.d. farið á rjúpu vita að hún er lagnari er flestir aðrir við það að fela sig og þá bíður hennar ekkert annað en kvalafullur dauðdagi þannig að hundar eru auðvitað sjálfsagðir við slíkar veiðar og ég skil ekki af hverju menn eru að setja slíkt þarna inn. Þó ég viðurkenni það auðvitað að það eru nokkrir sem mundu sjálfsagt misnota þetta en ég held að þeir muni engu að síður gera þetta. Það verður engin breyting á því. Menn munu áfram fara með hundana sína og láta þá reka upp rjúpuna eða hvað sem þeir yfir höfuð láta þá gera.

Hitt er svo 17. liðurinn þar sem ég hygg að sé brtt. við, þar segir í lokin, um skotvopn: „Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 50 metra."

Síðan kemur meiri hlutinn með brtt. þar sem farið er með þetta í 250 metra.

Ég óska eftir nánari röksemdum fyrir þessari brtt.

Ég fór aðeins yfir það um daginn með hæstv. umhvrh. eða hugsanlega hv. formanni nefndarinnar, ég man það ekki lengur, að þetta er auðvitað ekki nógu gott. Þeir sem hafa farið á rjúpu og stunda rjúpu eitthvað eða fara upp á fjöll þeir keyra eftir merktum vegaslóðum eins og stendur í frv. og er leyfilegt og þeir geta keyrt alveg upp að fjallshlíð, jafnvel á litlu felli. Ef menn eru svo að setja inn í lög að það megi ekki hlaða byssuna nema 250 metrum seinna eða í 250 metra fjarlægð frá ökutækinu, hvað eru menn þá að segja ef það er verið að fara yfir lítið fell? Við skulum segja að það sé 60 metra hátt. Menn labba upp á það og niður hinum megin. 120 metrar. Ætla menn að segja að það megi ekki hlaða byssuna? Eru menn að segja það? Þetta ákvæði finnst mér fáránlegt. Þetta er fáránlegt. Það er sett inn ákvæði hér sem menn vita að verður þverbrotið. Til hvers í ósköpunum? 50 metrar væri allt í lagi og eðlilegt, en 250 metrar? Og eiga svo eftirlitssveitirnar að hlaupa á eftir þeim með málbandið?

Ég skil ekki af hverju menn eru að setja hluti sem augljóslega ganga ekki eftir. Ekki er hér um neitt EES-ákvæði að ræða. Það er engin EES-staðall á

þessu. Hver eru rökin fyrir því að nefndin rífur sig allt í einu upp og fer úr 50 metrum í 250 metra? Hvað eru margir í nefndinni sem hafa farið á skotveiðar? Það væri fróðlegt að vita það. Hefur hæstv. umhvrh. farið á skotveiðar? Já, mig grunaði það. Við sportídíótarnir gerum ýmislegt. En hvað ætli margir í hv. umhvn. hafi stundað skotveiðar og vita í raun og veru hvað þeir eru að setja á blað? Halda menn virkilega að veiðimaður fari að leggja bílnum 250 metra frá fjalli sem hann getur keyrt alveg upp að? Dettur mönnum það í hug? Ætli hv. nefndarmenn mundu sjálfir gera það? Alveg ábyggilega ekki.

Jæja, nú er klukkan tuttugu mínútur yfir þrjú, enn höfum við fjóra tíma.

Já, hérna fékk ég skemmtilegan pappír. Kærar þakkir, hæstv. ráðherra. Hér stendur nefnilega út af þessum 250 metrum: Greinargerð vegna breytinga á 9. gr. Í samræmi við reglur nágrannaþjóða. Þetta er nú eitt af því sem ég hef oft bent á. Ef einhverjir á Norðurlöndum, ég tala nú ekki um Svía eða Dani, ef þeir hafa eitthvert ákvæði þá er það pottþétt og gott. Þá eigum við Íslendingar sko að fara eftir því. (**Heilbrrh.:** Sjáðu hvaðan þetta er.) Þetta eru nágrannaþjóðir, stendur hér, hæstv. ráðherra. (Gripið fram í.) Já, ég skal fara yfir það rétt strax. En síðan kemur að þetta sé í samræmi við reglur nágrannaþjóðanna. Það eru auðvitað alveg pottþétt rök. Ef nágrannaþjóðirnar eru með eitthvað þá erum við litlu Íslendingarnir, við hljótum að eiga að apa eftir þeim. Hvað ætli sé mikið um slíkt í Danmörku til dæmis? Er Danmörk í þessu? Hvað er hæsta fjallið í Danmörku? Eigum við að reyna að bera það saman? Ég efast reyndar um að það sé rjúpa þar.

Og síðan kemur: Allt eftirlit verður auðveldara.

Hvernig verður allt eftirlit auðveldara? Hvernig verður það? Vill hv. formaður umhvn. segja mér það á eftir? Hvernig verður eftirlitið auðveldara? Ég get bara alls ekki séð það. Það eina sem ég sé er að það er verið að gera veiðimönnum erfitt fyrir. Ef þeir vilja fylgja lögunum eftir, þá eiga þeir að leggja bílnum 250 metra í burtu. Ef þú ferð upp í Þrengsli þá getur þú keyrt eftir merktum vegarslóða, eins og hér stendur, alveg upp að felli og það er varla meira en svona 60–70 metra upp á topp og þá máttu nánast ekkert veiða þarna nema þú leggir bílnum út á þjóðvegi. Það væri nú aldeilis fínt yfir vetrartímann að auka slysahættuna þar. En það væri gaman að fá upplýsingar um það hvernig allt eftirlit verður auðveldara.

Hæstv. ráðherra vildi að ég gæti þess hvaðan þetta bréf er. Það skal ég gera með mikilli ánægju. Það er frá Skotveiðifélagi Íslands, stundum kallað Skotvís að ég held. Í frv. stendur nefnilega, alla vega í því fyrra, ég man ekki hvort það er sama talan notuð hér, þegar talað var um veiðikortið, þá reiknuðu menn með því að 15 þúsund einstaklingar keyptu veiðikort. Hvernig þeir komust að þeirri tölu hef ég ekki hugmynd um, en 15 þúsund einstaklingar segja þeir sem unnu þetta frv. Síðan kemur Skotveiðifélag Íslands, sem er örugglega gott félag, ég er ekki að kasta neinni rýrð á þá, en ég efast um að Skotveiðifélag Íslands sé málsvari skotveiðimanna á Íslandi. Ég efast stórlega um það. Af hverju? Kannski af því að ég trúi pínulítið frv. Þeir nefna töluna 15 þúsund, það mætti vera 10 þúsund mín vegna, en í Skotveiðifélagi Íslands eru 250 manns. Og ég tek það ekkert gilt á móti 10–15 þúsund manns, bara alls ekki. Þannig að það er allt í lagi að lesa frá hverjum þetta ágæta bréf er. En það hefur reyndar verið vitnað mjög mikið í umsagnir Skotveiðifélags Íslands af því að menn hafa fundið eitthvert skjól í því, en skjólið er bara ekki meira en þetta.

Upp til hópa eru veiðimenn, ætli við köllum þá ekki bara áhugamenn, menn sem fara kannski einu sinni, tvisvar á ári, jafnvel ekkert, og þessa menn á að fara að setja lög yfir. Þeir eiga að þurfa að labba niður í ráðuneyti og kaupa sér veiðikort, fylla út skýrslur og guð má vita hvað verður svo á þessu veiðikorti. Það er bara að verða þannig á þessu annars góða landi sem við búum í að menn leita og leita og leita eftir því hvar er hægt að plokka peninga af fólkinu. Hvar er hægt að ná í nokkrar krónur. Í umræðunni á undan þessu máli var talað um 1.200 kr. á ári sem bændur þurftu að borga og menn eru mjög ósáttir við. Ef menn eru ósáttir við það að bændur borgi 1.200 kr. á ári, þá bætast hér við 1.500 kr. Ég hygg að hver einasti bóndi í landinu eigi byssu og hann veiði, nánast hver einasti bóndi, og hann þarf að ná sér í kort. Á hann að fara niður í umhvrh.? Á bóndinn að austan, norðan eða vestan að fara í umhvrn.? Ég hef reyndar ekki séð neinar umsagnir frá Stéttarfélagi bænda. Það getur vel verið að þeir séu sáttir við það, en það lítur hálfspánskt út í mínum augum.

En ég auglýsi eftir rökstuðningi fyrir 250 metrunum og ég er ekki að spyrja ráðherrann um það vegna þess að hann situr ekki í nefndinni. Þannig að ég vildi gjarnan vita — nema menn taki Skotveiðifélagið svona alvarlega, að þeir séu nánast ábyrgir fyrir frv. Þeim er kennt um veiðikortin. Ég held að sagt sé að þeir hafi lagt það til fyrir 10 árum síðan. Ég er hræddur um að það þætti ekki gilt að 250 manns tækju afstöðu fyrir 15 þúsund manns.

Í 10. gr., 2. málsl., segir: „Veiðimanni er skylt að hirða bráð sína.“ Gott og vel, það er eðlilegt. Síðan kemur: „Særi veiðimaður dýr ber honum að elta það strax uppi og aflífa ef þess er nokkur kostur.“ Allt eðlilegt. Þarna gætum við kannski komið aftur inn á umræðuna um hundinn. Síðan kemur: „Ákvæði þetta gildir einnig þótt sært dýr fari inn á landareign sem veiðimaður hefur ekki leyfi til að veiða á og er þá bráð eign landeiganda nema annað sé tekið fram í lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim.“

Ég vil spyrja hv. nefndarmenn hvort þetta kom ekkert til umræðu í nefndinni. Og ef þeir hafa eitthvað stundað skotveiðar og lent í því að skjóta rjúpu sem flögrar um og dettur rétt innan við girðingu, við skulum segja svona 500 metra frá bænum, en hálfum metra inn fyrir girðingu, halda menn þá að veiðimaðurinn fari að taka bráðina upp og labba þessa 499,5 metra til þess að afhenda bóndanum rjúpuna? Dettur mönnum þetta í hug? Var þetta eitthvað rætt í nefndinni eða á ég kannski frekar að gá hvort Skotveiðifélagið sagði eitthvað um það því þá eru kannski meiri líkur á að það

hafi verið rætt? Halda nefndarmenn að skotmaður, sem missir bráð sína hálfan metra inn fyrir girðingu á einhverju landi, fari að labba upp að bænum og afhenda bóndanum bráðina? En honum ber að gera það samkvæmt lögunum, annars er hann orðinn lögbrjótur. Það verður gaman að sjá þegar eftirlitsmennirnir fylgjast með þessu öllu. En ég vil gjarnan heyra hvernig umræðan var um þetta í hv. nefnd.

Síðan kemur að 11. gr., sem er V. kafli, Veiðikort og hæfnispróf veiðimanna. Hún hljóðar á þennan hátt, með leyfi forseta:

„Umhverfisráðherra ákveður með reglugerð að allir þeir, sem stunda veiðar á villtum dýrum, öðrum en rottum og músum, skuli afla sér veiðikorts, gegn gjaldi sem umhverfisráðherra ákveður. Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða. Þar skal þess einnig getið ef handhafi veiðikorts hefur leyfi til að nýta heföbundin hlunnindi á tilteknu svæði eða til að verjast tjóni af völdum villtra dýra á bújörð. Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum. Hann skal framvísa því ef þess er óskað. Korthafi skal árlega skila skýrslu um veiðar sínar á gildistíma korts áður en nýtt kort er útgefið. Gjald þetta skal renna í sjóð er notaður verði til rannsókna og stýringar á stofnum villtra dýra.

Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða."

Þarna er komin sú grein sem mér finnst varhugaverð og reyndar óþörf. Hún er sú sem tekur á þessu litla frjálsræði sem enn er eftir í þessu landi og maður hlýtur að velta fyrir: Hvað dettur mönnum næst í hug? Hvað er hægt að plokka út úr fólkinu næst? Hvað er það sem því finnst gaman að? Þá getum við notað það. Þá getum við sogið pínulítið út úr því. Það er orðið nánast ekkert sem má í þessu landi. Það má ekki dýfa krók í sjó. Nú mega menn ekki labba upp á fjöll og skjóta sér eina rjúpu. Nú á að fara niður í ráðuneyti, ná sér í kort, skrifa skýrslur, fá einhvern kvóta, fara í skóla, fara á námskeið. Allt á þetta eftir að vefja utan á sig. Sennilega kemur næst gjald á gangandi vegfarendur eða eitthvað slíkt því hugmyndirnar eru alveg ótrúlegar. Og auðvitað byrjar greinin á því „Ráðherra ákveður með reglugerð", eins og allar aðrar greinar. Alræðisvaldið er ítrekað alls staðar í gegn. Menn eiga sem sé að afla sér veiðikorts gegn gjaldi sem umhvrh. ákveður, sem mér skilst að sé ákveðið 1.500 kr. Ég man nú ekki hvort það kemur fram í einhverri brtt. eða hvar ég sá það.

„Á veiðikorti skal getið nafns handhafa, gildistímabils og þeirra tegunda sem viðkomandi hefur heimild til að veiða." Á sem sagt að fara að brjóta veiðikortið upp? Er eitt fyrir rjúpuna, eitt fyrir gæsina, eitt fyrir öndina? Er þetta allt á sama spjaldinu og borga menn eitt gjald fyrir hverja tegund? Hvernig á þetta vera? (Gripið fram í.) Telja menn að það sé heimild til að setja kvóta á þetta, hv. nefndarmenn? Hefur ráðherra heimild til þess að setja veiðikvóta á? Hverig túlka menn þetta? Og á að taka tiltekinn fjölda af rjúpum, tiltekinn fjölda af gæsum?

„Korthafi skal ætíð bera kortið á sér á veiðum. Hann skal framvísa því ef þess er óskað." Hvað þýðir þetta? Get ég labbað á næsta mann sem ég sé veiða og heimtað að hann framvísi veiðikorti? Er þetta opin heimild á alla? Er þetta svona borgaraleg lögregla? Og hver eru svo viðurlögin? Við skulum segja að ég gleymdi kortinu eða týndi því bara eða hefði ekki keypt það einu sinni. Hver eru viðurlögin? (**Gripið fram í:** Bara skotinn.) Bara skotinn. (Gripið fram í.) Það væri kannski eðlilegast. Hver eru viðurlögin? Hvernig á að taka á þessu? Mér finnst þetta allt of opið. Ég get labbað að næsta manni samkvæmt þessum texta og sagt: Komdu með kortið góði. Virðulegi þingmaður, Árni Johnsen. Ertu með veiðikort? (**Gripið fram í:** Heilsukort.) Heilsukort. Og síðan kemur skýrslugerðin sem hv. þm. Árni Johnsen talaði um og það finnst mér eðlilegt og það er hægt að gera í samráði við skotveiðimenn, þessa menn hér í Skotveiðifélag Íslands og öll önnur smærri skotveiðifélög um landið og alla skotveiðimenn nánast. Auðvitað eru skussar í öllum greinum. En ég er alveg klár á því að 90% af skotveiðimönnum væru tilbúnir að skila inn veiðiskýrslum hver og einn, enda hafa allir hag af slíkum rannsóknum sem því fylgir.

Ég tel að ef menn vilja endilega taka gjald, af því að meginrökstuðningurinn virðist vera sá að þetta eigi að renna til rannsóknar og stýringar á stofnum villtra dýra, þá eigi menn að gera það í tolli. Ef menn vantar þessa peninga hér, sem verða náttúrlega engir peningar, þetta verða vafalaust nokkur hundruð manns sem kaupa þetta. — En ef menn vantar þessa peninga þá eiga þeir að taka þá af skotunum og skotvopnunum. Gjaldtaka í tolli, t.d., það er einfalt mál og losa okkur út úr þessu kerfi hérna, hlaupandi niður í ráðuneyti að kaupa sér kort. Meginástæðan, meginrökin, er þessi sjóður hér. Setjum þá bara smágjald á skotin því ég ábyrgist að veiðimenn munu skila upplýsingunum inn. Ég er alveg klár á því að veiðimenn munu skila inn aflatölum ef menn vilja það. Reyndar kom það fram hjá hv. þm. Gunnlaugi Stefánssyni, í þeirri ræðu sem ég fór yfir áðan, að þeir hefðu gert það hér á árum áður. Þannig að reynslan er til staðar og fordæmið.

Síðan kemur auðvitað enn ein reglugerðarheimildin til ráðherra. „Umhverfisráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð um veiðikort að þeir sem stundi veiðar á villtum dýrum skuli hafa lokið sérstöku prófi um villt dýr og umhverfi þeirra og í hæfni til veiða." Fóru menn eitthvað yfir þetta í nefndinni? Hvaða sérstaka próf er verið að tala um? Ég vildi gjarnan fá smáútlistun á því, því að sjálfsögðu veit virðuleg nefnd hvað hún er að samþykkja og hvað hún er að senda frá sér. Hvaða sérstök próf erum við að tala um um villt dýr og umhverfi þeirra? Ætla menn að segja mér það að bændur þessa lands eigi skyndilega að fara á hæfnisnámskeið og þeir eigi að fara að læra um villt dýr, sem eru aldir upp við það frá blautu barnsbeini að ganga til rjúpna eða skjóta gæs? Á að fara að hóa þeim öllum þangað? Auðvitað getum við ekki mismunað

mönnum. Ef þetta er á annað borð til staðar þá fara allir þangað hvort sem þeir heita bændur, borgarbúar eða hvaða nafni sem á að kalla þá. Þeir eiga að hafa lokið sérstöku prófi um hæfni til veiða. Ég er alveg klár á því að megnið af bændum landsins eru miklu klárari og hæfari til að veiða heldur en nokkurn tíma þeir menn sem eru að kenna þetta. Og á að fara að smala öllum þessum mönnum í eitthvert próf? Þegar menn fá byssuleyfi þá fara þeir í próf. Þeir fara í gegnum veiðitímabilið, þeir fara í gegnum hvaða tegundir má veiða, á hvaða tíma má veiða fuglana eða hvaða dýr sem er og þeir fara auðvitað í hæfnispróf. Þeir læra að gerþekkja byssuna. Þetta hefur bara dugað mjög vel hingað til, mjög vel.

Þessi kafli hér er algerlega óþarfur og þessi meginrök, að það vanti einhverjar örfáar milljónir, sem munu aldrei skila sér, bara standast ekki. Ef menn eru ekki tilbúnir að taka þetta í tolli þá vil ég bara leyfa mér að leggja það til að örfáar ferðir ráðherra til útlanda verði aflagðar. Það er nógur sparnaður þar.

Þannig að það er náttúrlega alveg óþolandi að vera að búa til svo flókið þjóðfélag að það er ekki einu sinni hægt að labba hér upp á afrétt og skjóta á eftir fugli án þess að vera búinn að labba niður í ráðuneyti og ná sér í veiðikort. Og eins og ég sagði hér áðan þá er fjöldi manns sem fer kannski einu sinni eða tvisvar á ári og þá dettur það svona ofan í þá kannski og þá vakna þeir upp við: Æ, æ, ég náði mér ekki í veiðikort. Og halda menn að þeir hlaupi niður í ráðuneyti? Nei, þeir fara að sjálfsögðu upp á fjöll. Ég vil því biðja hv. nefnd, þó að það væri ekki annað og þeir létu allt annað í friði í þessu frv., að taka nú þetta út.

Ég er reyndar með bréf frá áhugamönnum um skotveiðar á Íslandi og þar fara þeir yfir eina 10 liði sem væri athyglisvert að spyrja annaðhvort hæstv. ráðherra eða hv. formann umhvn. hvort þeir hafi gefið þessum punktum einhvern gaum og hver þeirra afstaða til hvers og eins punkts er. Ég veit að þeir hljóta að hafa séð þetta bréf, sem er stílað á hv. alþingismenn, þannig að það hefur augljóslega verið sent öllum. En af því að tíminn er rúmur þá skulum við aðeins líta á þetta bréf. Þar segir, með leyfi forseta:

„Áhugaaðilar um skotveiðar, vernd og nýtingu á íslenskum veiðistofnum vilja í fullri vinsemd benda yður á að markmið frv. um vernd, friðun og veiðar o.s.frv. er ekki í samræmi við sambærileg lög erlendis og stingur mjög í stúf við kröfur þeirra sem málið varðar hér á landi. Þess vegna er það ósk okkar að afgreiðslu þessa frv. verði frestað til næsta þings og tíminn nýttur til að lagfæra frv. og sníða það að þörfum nútíma Íslendings, sérstaklega í ljósi þess að nánast ekkert tillit hefur verið tekið til umsagna þeirra aðila sem láta sig varða þetta mál. Við viljum sérstaklega benda á eftirfarandi atriði sem betur mættu fara."

Síðan koma þessir 10 punktar sem ég vildi gjarnan fá einhver svör við á hvaða hátt virðuleg nefnd fjallaði um þetta og að hvaða niðurstöðu hún komst varðandi þessa 10 punkta. En fyrsti punkturinn þeirra er:

„Þetta eru rammalög sem gefa umhverfisráðuneyti allt of mikil völd til að stjórna með reglugerðum í þessum málaflokki, t.d. eftir persónulegri skoðun ráðherra sem situr hverju sinni."

Annar punkturinn: „Grunntónninn í frv. er sá að allar dýrategundir séu friðaðar og veiðar eða önnur nýting á þessari auðlind séu undantekingar þar á, sem sagt, afléttun friðar og verndar. Hér er um slíkar áherslubreytingar að ræða að ekki verður hægt að lúta slíku með góðu móti."

Þetta minnir kannski örlítið á minnihlutaálit frá hv. þm. Tómasi Inga Olrich, en hann segir m.a., með leyfi forseta:

„Ekki er skynsamlegt að ganga út frá því sem grundvallarreglu að villtir dýrastofnar séu friðaðir og að nýting þeirra heyri til undantekninga."

Þriðji punkturinn: „Aðskilja þarf hugtök eins og atvinnuveiðar og sportveiðar eins og gert er víða erlendis" — og það ætti nú að duga ágætlega í nefndinni að minnast á erlendis. Það hlýtur þá að fljúga inn.

Fjórði punkturinn: „Rannsóknir á dýrastofnum landsins sem ekki eru í neinni útrýmingarhættu þurfa að vera grundvallarforsenda fyrir ákvarðanatöku um nýtingu þeirra, ekki skoðanir einstaklinga eða ákveðinna hagsmunaaðila."

Fimmti punkturinn: „Til að halda utan um rannsóknaþáttinn er það skilyrði að veiðistjóraembættið haldist í núverandi mynd og það verði eflt frekar en hitt." — Þetta skilst mér að sé liður sem er búið að kippa í liðinn, ekki rétt?

Sjötti punkturinn: „Við brot á lögum og reglum um veiðar og verndun dýrastofna þarf að taka mjög strangt á þannig að ekki sé um ávinning að ræða."

Sjöundi punktur: „Nauðsynlegt er í frumvarpi sem þessu að koma á ströngu ákvæði og skilyrðum sem ráðherra þarf að fara eftir við ákvarðanatöku, t.d. um lengingu eða styttingu veiðitíma einstakra dýra svo að eitthvað sé nefnt."

Áttundi punktur: „Við hörmum það að ekki skuli tekið á veiðiréttinum í þessu frv. þannig að óyggjandi verði kveðið á um hvar hægt sé að veiða og með hvaða skilmálum. Þannig væri hægt að koma í veg fyrir stöðuga árekstra svokallaðra landeigenda (með réttu og röngu) og þúsunda landlausra Íslendinga af möllinni."

Níundi punktur: „Við teljum að með þeim miklu takmörkunum sem veiðiréttinum eru settar með þessu frv. sé höggvið nærri hefðbundnum nýtingarrétti landeigenda og rétthafa og höft lögð á eðlileg samskipti landsmanna við náttúru landsins eins og verið hefur um margra alda skeið og raunar snar þáttur í tilveru flestra landsmanna."

Tíundi og síðasti punkturinn: „Við leyfum okkur að benda á að sú meginregla sem frv. gerir ráð fyrir um friðun, nema með undantekningum, er í fullkominni andstöðu við þau sjónarmið sem Íslendingar hafa haldið fram á alþjóðavettvangi um rétt þjóða til skynsamlegrar nýtingar dýrastofna sem ekki eru í útrýmingarhættu."

Undir þetta er ritað á eftir ágætri kveðju til allra þingmanna: „Með vinsemd og virðingu. Áhugamenn

um skotveiðar á Íslandi."

Þetta eru tíu athyglisverðir punktar sem ég óska eftir að fá upplýsingar um hvernig um var fjallað í hv. umhvn., því að eins og þingheimur veit þá er búið að marglýsa því hvað umhvn. hefur verið stórlega dugleg í þessu máli og ekkert látið fram hjá sér fara. Þannig að það þvælist nú varla fyrir mönnum að hlaupa á þessum punktum og gefa svona skýr svör og rök með hverjum punkti fyrir sig, því að allt eru þetta punktar sem kalla á það að þeir séu skoðaðir og yfirfarnir. Þannig að það kemur hér á eftir, væntanlega.

Það vantar sárlega hér hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson sem fann auðvitað mjög sérstakan flöt á þessu máli, eins og honum einum er gjarnt að gera, en þarf engu að síður að fá svar við. Hann var að velta því fyrir sér hver væri ábyrgur fyrir heimilisdýrum og nefndi sem dæmi ef heimiliskötturinn mundi nú granda hagamús, sem á að vera friðuð samkvæmt þessum lögum, hver væri þá ábyrgur. Ég vænti þess að hæstv. ráðherra upplýsi hvort eigandi heimiliskattarins er ábyrgur fyrir því tjóni sem heimilisdýrið veldur. Hvort sem það er við dráp á hagamús eða einhverju öðru þá hygg ég að svo sé. Og þá væri nú fróðlegt að vita hver viðbrögðin verða, ef heimiliskötturinn væri staðinn að því að drepa hagamús, á þá ekki að lóga honum? Mér þykir það trúlegt. Alla vega tel ég það nokkuð víst að ef heimilisdýr yfir höfuð valda tjóni einhvers staðar utan heimilis þá sé eigandinn skaðabótaskyldur. Þetta var punktur sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var með og þó hann hljómi hálfeinkennilega þá sýnir hann auðvitað hvers lags vitleysa þetta er. Því í ósköpunum er verið að friða íslensku hagamúsina? Ég hef ekki orðið var við að menn stundi einhverjar veiðar á íslenskri hagamús. Mér þykir þetta því vera enn eitt dæmið um það að verið er að setja í lög hluti sem alls ekki eiga heima í lögum og ýta undir fáránleikann og gefur auðvitað málinu minni vigt.

Hver er aðalumræðan úti í þjóðfélaginu í dag? Hún er tvenns konar, það er málefni úti í Kópavogi og síðan er það þetta sem menn kalla músafrv. Ég veit ekki að hvoru er meira hlegið eða gert grín — kannski ekki hlegið en gert grín. Ég sakna líka hv. þingflokksformanns Framsfl. Hann kom hér upp í umræðunni um störf þingsins, minnir mig, og lýsti því yfir að hann hefði verulegar athugasemdir við þetta frv. og nefndi töluna 20, hann hefði 20 atriði. Ég sakna hans hér, en ég skil það vel að menn séu ekki hér á þessum ókristilega tíma. En ég næ honum kannski í morgunsárið þegar hann kemur til fundar.

Síðan kom formaður nefndarinnar, hv. þm. Kristín Einarsdóttir, og var að tala um að það væri einhver samstaða í málinu og lýsti því yfir að það ætti að vera stutt umræða, það væri eitthvað lítið sem eftir væri og reyndar gerði hv. þm. Árni Mathiesen það líka. Ég hef ekki orðið var við það að þingnefndir hafi heimildir til að semja fyrir aðra þingmenn og get alveg lýst því yfir, eins og öllum hlýtur að vera ljóst, að það samkomulag var ekki gert um mig. En ég furða mig þá enn einu sinni á því að virðulegur formaður nefndarinnar skuli hlaupa úr landi þegar jafnmikilvægt mál er á ferðinni og raun ber vitni, forgangsmál ríkisstjórnarinnar, sem auðvitað situr hér öll eins og henni ber. En svona fyrir þingtíðindin er auðvitað rétt að það komi fram að hér í þingsalnum situr einn maður og það er hæstv. umhvrh. Það er allt mikilvægi málsins, þetta mikla forgangsmál, sem sennilega stöðvar allt þjóðfélagið ef það ekki fær að fara í gegn á síðustu dögum þingsins.

Það væri gaman að fá rök fyrir því af hverju þetta mál er á forgangslista og af hverju er verið að þröngva mönnum til að standa hér klukkan að verða fjögur, þriðja daginn í vikunni, til að ræða um villidýr. Halda menn ekki að þingið hafi eitthvað betra að gera en það? Hvað er svona áríðandi? Hvað, hæstv. ráðherra og hv. formaður umhvn., gerist nú í hinu íslenska þjóðfélagi ef þetta frv. fer ekki í gegn, sem er lagt svona ofurkapp á? Það hlýtur eitthvað mikið að vera undir, það hlýtur að vera. Á litlum, stuttum lista ríkisstjórnarinnar er þetta mál í einhverjum algerum forgangi. Hvað gerist? Ég bara sé það ekki þegar ég horfi á og les þetta frv. Ég sé ekki mikilvægi þess og ég sé ekki af hverju þetta mál má ekki bíða til hautsins og afgreiðast þá vonandi í sátt og samlyndi, m.a. með því að taka út þennan þátt um veiðikortin. Það væri verulega stórt skref í áttina að því að þessi samstaða, sem ýmsir hafa verið að tala um, gæti náðst. Það væri verulegur áfangi. Og vonandi ber hæstv. ráðherra gæfu til þess að nota nú tækifærið þann stutta tíma sem hann gegnir embætti umhvrh. og fresta þessu máli.

Síðustu daga hafa menn hér verið að velta mikið fyrir sér hvort yrði tekið fyrir, lyfjalög eða þetta mál hér. Þetta mál var lagt jafnt á vogarskálarnar og lyfjalög. Ég auglýsi enn eftir því, hvað er það, hvað gerist, hvaða hörmungar dynja yfir okkur ef við samþykkjum þetta ekki?

Ég sagði áðan að sú hugsun sem kemur fram í nál. minni hlutans væri mér að skapi og ég get tekið undir það sem þar kemur fram, m.a. eftirfarandi, með leyfi forseta:

„Minni hlutinn er ósamþykkur þeirri meginreglu sem fram kemur í 6. gr. frumvarpsins, að dýr séu friðuð en að ráðherra geti heimilað nýtingu þeirra. Eðlilegra hefði verið að setja þá grundvallarreglu að öll dýr skuli njóta verndar í þeim skilningi að vernd feli í sér skynsamlega nýtingu. Hefði sú leið verið farin hefði verið nauðsynlegt að lögfesta friðun og veiðitíma einstakra tegunda."

Þessu er ég nákvæmlega sammála. Þetta er leiðin sem á að fara. Sú alfriðunarstefna sem frv. boðar er akkúrat öndverð við þetta hér. Það sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich er að segja er nákvæmlega mín hugsun. Það á að lögfesta friðun og það á að lögfesta ákveðna veiðitíma, en það á ekki að fara þá leið sem frv. velur.

Okkur alþingismönnum barst athygisvert bréf frá íslenskum áhugamönnum um skotveiðar. Ekki veit ég hvort það eru sömu aðilarnir og sendu fyrra bréfið, sem ég kíkti á hér áðan. Þetta er stutt bréf um lögfræðileg sjónarmið, um þetta frv. sem við erum hér að ræða. Þar segir m.a. að í umræðunum um ofangreint

frv. hafi komið í ljós mjög misjöfn túlkun alþingismanna á valdsviði umhvrh. hvað varðar veiðar og friðun á villtum fuglum og villtum spendýrum og er vitnað hér sérstaklega til 3. gr., 6. gr., 7. gr. og 18. gr.

Þessir íslensku áhugamenn um skotveiðar hafa leitað álits nokkurra valinkunnra lögmanna, eins og þeir kalla það, hvað varðar túlkun á ofangreindum lagagreinum frv., 3., 6., 7. og 18. gr. Það er samdóma álit nefndra lögmanna að með frv. þessu fær umhvrh. einræðisvald í friðunarmálum nefndra dýra, eins og ég hef farið yfir fyrr í ræðu minni. Villidýranefnd er skipuð af ráðherra, nefndin hefur aðeins tillögu- og umsagnarrétt, en ráðherra getur farið sínu fram að vild. Þetta er akkúrat málið. Ráðherrann getur gert nákvæmlega það sem hann vill í öllum þessum málaflokki. Villidýranefnd ber að hafa samráð við þá, en þegar upp er staðið er valdið hjá einum manni og það er óásættanlegt. Þá vil ég taka það alveg sérstaklega fram að ég er ekki að vantreysta þeim ráðherra sem nú situr heldur er þetta auðvitað prinsippafstaða sem á ekki að henda og við vitum þar að auki ekkert hverjir eiga eftir að setjast í þennan stól í framtíðinni.

Þeir tala um í sínu bréfi að Alþingi sé með frv. þessu, ef það nær fram að ganga, að gefa einum ráðherra meira en nokkuð lagafrv. hefur gert hin síðari ár. Þetta held ég að sé rétt. Ég man ekki eftir neinu frv. sem gefur einum ráðherra jafnmikil völd og þetta frv. gefur. Ráðherrann hefur alræðisvald í þessum málaflokki. Það er alveg sama hvar menn ber niður. Sjálfur sagðist ráðherrann hafa talið 11 reglugerðir, en þær eru sennilega um 20.

Síðan segir í bréfinu að það sé álitamál hvort hér sé ekki um stjórnarskrárbrot að ræða verði frv. samþykkt og alþingismenn eru beðnir en og aftur að athuga sinn gang áður en framangreint frv. er samþykkt. Þetta er ritað 5. maí 1994.

Eftir að hafa lesið þetta hefði nú verið enn æskilegra að hafa hv. þm. Pál Pétursson hér vegna þess að hann flutti tillögu til þál. um lagaráð Alþingis. Það mál er því miður þingmannamál og á því ekki greiða leið í gegnum nefndir þingsins. Þingmannamálin fá ekki þennan ofurhraða sem stjórnarfrumvörpin fá. Þau eru sett í saltið og látin liggja. En það er ekki bara það heldur er hann líka stjórnarandstæðingur þannig að líkurnar fyrir því að svona mál komist út eru nánast engar eins og þingið starfar þó að það sé að vísu ekki bundið við stjórnarandstæðinga hvort mál fá að komast úr nefndum. Sá sem hér stendur hefur reynslu af því að mikil ofbeldisverk eru unnin í nefndum þingsins.

En okkur er sent bréf þar sem staðhæft er að nokkrir valinkunnir lögmenn hafi farið yfir frv. og það geti hugsanlega verið að hér sé um stjórnarskrárbrot að ræða. Hvað eiga þingmenn þá að gera ef slíkt er hugsanlegt, að við séum að samþykkja lög sem brjóta stjórnarskrá lýðveldisins? Eiga menn að yppa öxlum og láta það sigla í gegn eða eiga menn að staldra við og skoða það betur? Ég hygg að seinni kosturinn sé betri, ekki aðeins vegna þess að það er rétt heldur ekki síður vegna þess að hér hefur allt verið að fara meira og minna úr böndum. Góðir siðir og gamlar hefðir eru nánast að þurrkast út. Hroðvirknin er að verða slík að það er með ólíkindum og það er meira mat lagt á það hver flytur mál en hvað málið snýst um.

Þessi tillaga sem hv. þm. Páll Pétursson flytur tekur akkúrat á þessu máli og það sem meira er, hún hefur fyrirmynd á Norðurlöndum. Tillaga hans fjallar um það að Alþingi setji á stofn lagaráð til ráðgjafar um lögfræðileg álitaefni, einkum hvað varðar stjórnarskrá lýðveldisins, mannréttindi og alþjóðlegar skuldbindingar og til að gæta lagasamræmis. Skylt verði að leggja fyrir lagaráð öll stjórnarfrumvörp þar sem reyna kann á ákvæði stjórnarskrár. Lagaráð skal skipað þremur mönnum og síðan er það talið upp og sagt að nefndir Alþingis og þingflokkar geti leitað álits lagaráðs. Kostnaður við störf lagaráðs mundi greiðast af Alþingi. Það mundi þýða að svona mál eins og hér er, þar sem upp eru komnar efasemdir um að það standist stjórnarskrána, mundi fara fyrir slíkt lagaráð.

Það er rétt að fara aðeins yfir greinargerðina með þáltill. Það er enn nægur tími vegna þess að ég tel að þetta sé mjög þarft mál, sérstaklega upp kemur um þetta frv. sem hér er til umræðu að það geti verið brot á stjórnarskránni.

Í greinargerðinni segir m.a., með leyfi forseta:

„Alþingi skortir mjög óháðan aðila til að kanna og kveða upp úr um lögfræðileg álitaefni. Þetta er einkum bagalegt þegar um er að ræða viðkvæm deilumál er snerta stjórnarskrá Íslands, mannréttindamál og alþjóðlegar skuldbindingar og þegar gæta þarf lagasamræmis. Við síðustu endurskoðun þingskapalaga var rædd sú hugmynd að setja á stofn sérstaka stjórnlaganefnd skipaða alþingismönnum. Sú hugmynd hlaut ekki byr að því sinni. Alþingismenn geta leitað aðstoðar hjá skrifstofu Alþingis og enn fremur geta þingflokkarnir leitað sér lögfræðilegrar ráðgjafar hjá starfsmönnum eða annars staðar. Loks hafa ráðuneytin á sínum snærum lögfræðinga og leita einnig ráðgjafar annars staðar."

Síðan kemur langur rökstuðningur fyrir því að setja upp slíkt lagaráð og er vitnað m.a. í danska þingið þar sem þetta er notað og nefnt það norska, ef ég man rétt. En þetta er í ljósi þessa bréfs og efasemda um að frv. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum standist stjórnarskrá Íslands.

Ég vil, hæstv. forseti, í tilefni af þeim mikla degi sem er að renna upp núna, þar sem núna eru fjórir tímar síðan nýr dagur byrjaði, fagna því alveg sérstaklega að nú er sá tími liðinn sem Bandaríkjamönnum var gefinn til þess að skila inn tilboði vegna sölu á þyrlum og þar af leiðandi er hæstv. dómsmrh. kominn með frítt spil sem betur fer. Ég nefni þetta í tengslum við þetta frv. því að eins og menn vita hefur það oft komið fyrir að það þarf að fljúga upp um fjöll og firnindi að leita að veiðimönnum og þær þyrlur sem nú eru til staðar geta ekki flogið í mikilli ísingu, hvorki þær sem eru suður á velli né sú sem Landhelgisgæslan á í dag. Fyrir veiðimenn verður þetta auðvitað gríðarlegur áfangi að loksins verður vonandi tekin ákvörðun um þessi kaup.

Virðulegi forseti. Ég furða mig svolítið á afstöðu

þeirra sem hafa nú skipt um afstöðu í málinu. Ég hef hlustað á þingmenn segja að tilteknar breytingar hafi verið samþykktar. Það er reyndar ekki búið að samþykkja neina breytingartillögu. Það er búið að dreifa nokkrum breytingartillögum en gerandi ráð fyrir að þær verði samþykktar, þá þykir einstaka mönnum að búið sé að laga frv. nóg til þess að þeir treysta sér skyndilega til að standa að því en segja jafnframt að þau tvö meginatriði sem menn hafa gert að umtalsefni séu enn til staðar en þrátt fyrir það ætli þeir að styðja frv. Ég á bágt með að skilja svona málflutning og hvernig menn taka slíka afstöðu.

Ég sakna þess enn að hafa ekki — nú hef ég reyndar engan í salnum nema hæstv. forseta en það er góður félagsskapur og ég geri ekki athugasemdir við það.

Ég ætla, virðulegi forseti, að skipta þessari ræðu minni upp í fyrri og seinni hálfleik og heyra svör virðulegs formanns umhvn. og hæstv. umhvrh. og halda síðan að því loknu áfram með seinni hálfleikinn. Ég á alveg eftir að fara yfir allar breytingartillögurnar sem eru nú ekkert smáræði. Ég held að þær séu, eins og ég sagði í upphafi sennilega a.m.k. í kringum 40 og von á fleiri því það var fundur í umhvn. í kvöld þar sem fleiri breytingartillögur voru samþykktar. En það er ekki hægt að ræða þær að þessu sinni. Þeim hefur ekki verð dreift og það verður að bíða morguns. Það er reyndar kominn morgunn, það er ekki það, en ég ætla að geyma mér að fara yfir breytingartillögurnar þangað til ég hef heyrt svör þeirra tveggja ágætu hv. þm. sem eru í salnum. Ég tel að það séu allnokkrar spurningar sem þau þurfa að svara og ég bíð auðvitað spenntur eftir því að heyra svörin.

Ég vil kannski áður en ég fer úr ræðustólnum inna hæstv. forseta eftir því tvennu vegna þess að mig langar til að vita hvort fundur á að standa fram að næsta fundi eða hvort það er kominn einhver ákveðinn tími á endalokin og hitt sem ég spurði hæstv. forseta, þeir hafa skipst á að vera í stólnum, ég man ekki hvort ég spurði þennan: Hvernig á að túlka það þegar menn skrifa undir nefndarálit með fyrirvara? Ég hef orðið var við það að menn túlka það misjafnlega. Mín túlkun er sú að þá styðji menn málið að því tilskildu að þeirra athugasemdir nái fram að ganga. Ég vildi gjarnan heyra það af því að þetta frv. er náttúrlega með slíkum ólíkindum að ég held að það hafi aldrei gerst áður í þingsögunni að allir nefndarmenn skrifi undir með fyrirvara. Það verður fróðlegt að vita hvort þeir fyrirvarar hafa þá allir komið fram því að ef þeir hafa ekki náð sínum óskum fram, þá væntanlega styðja þessir aðilar ekki frv. Ef forseti getur upplýst þingmanninn um það hvað það þýðir í raun og veru að skrifa undir með fyrirvara þá væri það æskilegt, en að öðrum kosti vildi ég gjarnan heyra hvað þessi fundur á að standa lengi áður en ég fer úr ræðustólnum.

(**Forseti** (StB): Eins og fram hefur komið fyrr á þessum fundi þá var meiningin að ljúka þessari umræðu, ekki síst með tilliti til þess að nú er langt liðið á nóttu. Það var gert ráð fyrir því að hægt væri að ljúka umræðunni.)

Eru engin tímatakmörk á því, hæstv. forseti?

(**Forseti** (StB): Forseti hefur ekki tekið afstöðu til þess nema í ljósi þess hversu margir verða á mælendaskrá og hversu lengi má búast við að hv. þm. tali. Eins og er þá er enginn á mælendaskrá fyrir utan þann þingmann sem nú er að tala.)

Ef enginn er á mælendaskrá, hæstv. forseti, þá þýðir það að hvorki ráðherra né hv. formaður nefndarinnar hefur beðið um orðið þannig að ég held þá bara áfram.

Ég fékk bréf frá hv. þm. úr sal frá Skotveiðifélagi Íslands. Þetta er umsagnarbréf þar sem þeir gera m.a. á fyrsta blaðinu tillögu um að síðasta málsgrein 9. gr. hljóði svo:

„Skotvopn skulu vera óhlaðin í poka eða hulstri meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki en 250 metra við rjúpna- og refaveiðar."

Þetta er nú aðeins öðruvísi heldur en kemur fram í brtt. Ef þetta á að standa svona í frv. þá held ég, eins og frv. er, að það sé miklu betri tillaga sem Skotveiðifélagið er með. Þeir eru að sjálfsögðu að hugsa um öryggi og vilja hafa skotvopnin óhlaðin í poka eða hulstri en það fékk ekki náð fyrir augum virðulegrar nefndar. Þeir vilja hafa byssuna bara bera aftur í og þykir mér það frekar varasamt ef ske kynni að menn gleymdu að taka skotin úr. Ég er alveg hissa á því að hv. nefnd skuli ekki hafa tekið þetta til greina.

Síðan afmarka þeir 250 metrana við rjúpna- og refaveiðar en í frv. er bara talað um 50 metra frá farartæki á landi en þeir sem sagt afmarka það rjúpna- og refaveiðar. Samkvæmt því vilja skotveiðimenn að veiðimenn megi t.d. keyra eins nálægt gæsinni eða öndinni og þeir mögulega komast. Það væri gaman að fá svör við því af hverju þetta var ekki tekið til greina eða af hverju ekki var sagt frá þessu. Nógu mikið er búið að nota umsögn Skotveiðifélagsins til þess að verja veiðikortið.

Hérna taka þeir undir að menn fari í hæfnispróf áður en þeir fá leyfi til að veiða. Ég tel að þeir fari reyndar í það. Þegar menn fá byssuleyfi fara þeir til lögreglunnar og sitja þar á skólabekk og þreyta skriflegt próf og fara síðan í skotæfingar að ég held. Síðan eru þeir sammála um að sé greitt gjald. Þar erum við bara því miður alveg ósammála. Þeir hafa hins vegar gert mjög stífar athugasemdir við friðunarákvæðin og við reglugerðarfarganið sem er í þessu

Þeir vitna í ágæta bók sem heitir Jónsbók. Það er kannski of mikið að fara yfir í fyrsta sinn úr ræðustól, en ég ítreka að það er einkennilegt að menn skuli taka þetta sem fulltrúa fyrir alla skotveiðimenn í landinu.

Ég vil einnig spyrja að því af því að í fyrra frv. var talað um að það mundu verða keypt kannski um 15 þús. veiðikort. Núna er þetta komið niður í 5–7 þús. Ég vildi gjarnan spyrja hv. formann umhvn. hvað hefur eiginlega skeð þarna í millitíðinni frá því í mars 1992 þegar hæstv. umhvrh. Eiður Guðnason taldi að það væru 15 þús. aðilar sem mundu kaupa sér veiðikort fram til dagsins í dag þegar menn tala um að þetta sé komið niður í 5–7 þús. Hvaða skýringar komu fram í nefndinni fyrir því, annaðhvort frá ráðuneytinu eða

einhverjum öðrum sem gefur upp þessar tölur, hvað veiðimönnum hefur fækkað stórkostlega? Eru menn þá sannfærðir um það að 5–7 þús. sé endilega rétt tala? Geta menn ekki verið nær því að trúa því að talan sé kannski 500–700, að þetta sé einhver kommufeill?

Hvernig á að innkalla þau skotvopn sem núna verða ólögleg samkvæmt frv.? Það er fjöldinn allur af skotvopnum í landinu. Hefur verið gerð úttekt á því hvað mörg slík tæki eru til? Ég hygg að það sé allverulegt magn. Hvernig ætla menn að innkalla þau? Það er ekkert um það hér. (**Gripið fram í:** Með reglugerð.) Já, það er með reglugerð. En sú reglugerð er ekki einu sinni hér. Ég er nú hræddur um að það þurfi að kalla nefndina saman einu sinni enn því að bæði hálfsjálfvirkar og sjálfvirkar byssur eru í slíku magni í landinu að það er verulegt. Það er náttúrlega alveg út í hött að láta menn sitja uppi með ólögleg skotvopn.

Virðulegi forseti. Ég held að ég doki þá við og hlusti á hv. formann umhvn. áður en ég fer yfir breytingartillögurnar og merkilegar ræður sem hafa verið fluttar í þessu máli. Mér sýnist stefna í að afstaða manna sé reyndar í þveröfuga átt í dag en hún var fyrir tveimur árum og eru það ekki ómerkir þingmenn sem þar koma við sögu.

[04:21]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegur forseti. Hér hefur hv. 5. þm. Reykv. haldið mjög yfirgripsmikla og málefnalega ræðu og komið inn á mörg atriði varðandi þetta mál og vill fá svör við ýmsu. Hann gerði mikið úr fyrirvörum nefndarmanna og eftir því sem ég hef skilið þá finnst honum það mjög óeðlileg afgreiðsla málsins. Nefndin stendur að breytingartillögum á þskj. 1053 en ef maður skoðar fyrirvarana þá eru þeir einungis fólgnir í því að ákveðnir nefndarmenn ætluðu að flytja breytingartillögur eins og varðandi 4. gr. sem hv. þm. Tómas Ingi Olrich, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Árni Ragnar Árnason og sú sem hér stendur fluttu breytingartillögu við varðandi veiðistjóraembættið og sameiningu þess við Náttúrufræðistofnun Íslands. Sú tillaga hefur verið kölluð til baka. Aðrir nefndarmenn fluttu breytingartillögur varðandi 16. gr. frv. sem varðar selina. (**IBA:** Standa fyrirvaranir sem sagt?) Þær tillögur koma vart til afgreiðslu þar sem það er tillaga frá ráðherra að hún falli brott. Það á sér því ýmsar skýringar af hverju þessir fyrirvarar eru.

Eins og kom fram nokkuð oft hjá hv. þm. sem talaði áðan þá er þetta mál búið að eiga sér töluverðan aðdraganda. Mér skilst að þetta sé í þriðja skipti sem það er lagt fram. Þetta mál er búið að vera í vinnu umhvn. nú í vetur og það er búið að leggja mjög mikla vinnu í það. Það er búið að senda það út til umsagnar til fjölmargra aðila. Nefndin hefur fengið fjölmarga aðila til sín á fund og það gefur náttúrlega auga leið að nefndin hefur ekki tekið tillit til allra þeirra atriða sem gerðar voru athugasemdir við. Það var reynt að koma til móts við margar athugasemdir sem komu fram, bæði í umsögnum og í samræðum við þá aðila sem komu inn á fund, en það er alveg ljóst að nefndin fór ekki eftir öllum ábendingum, enda veit hv. þm. að það er ekki hægt að fara eftir öllum ábendingum sem koma fram við ákveðin mál. Menn taka vitanlega málefnalega afstöðu til þess máls sem um er verið að fjalla hverju sinn og koma að þeim ábendingum sem þeir telja að séu mikilvægar fyrir málið og komi til með að bæta málið. Það hlýtur að vera það sem hv. þm. hafa að leiðarljósi í sinni vinnu í nefndum. Það gefur auga leið. En við vitum alveg að þegar margir fjalla um mál þá geta verið mismunandi skoðanir eins og kemur fram hjá hv. þm. Hann hefur allt aðra skoðun heldur en hv. umhvn. á þessu máli t.d.

Hv. þm. gerði mikið úr forgangi málsins bæði fyrr í dag og nú í upphafi síns máls og var þar af leiðandi að fetta fingur út í það að umhvrh. væri ekki hér til að hlýða á mál hans og formaður nefndar, það væri aðeins starfandi umhvrh. og varaformaður nefndarinnar. Þetta eru að mínu mati ekki veigamikil rök fyrir því að geta ekki flutt sitt mál vegna þess að hv. þm. veit að það var búið að áætla það að þinglok yrðu um mánaðamótin. Þing hefur dregist og hæstv. umhvrh. er að sinna embættiserindum erlendis og líka hv. formaður umhvn. Það voru erindi sem þau töldu að þau gætu ekki frestað og það er þeirra mál.

Hv. þm. varð tíðrætt um miðstýringaráráttuna í þessu frv. og gerði mikið úr alræðisvaldi umhvrh. Það verður náttúrlega hver að fá að hafa sína skoðun á því. (**IBA:** Er þingmaðurinn ósammála?) Ég var að segja að það yrði hver að fá að hafa sína skoðun á því. (**IBA:** Hver er skoðun þingmannsins?) Skoðun mín er sú að mér finnst ásakanir um miðstýringar á nokkrum misskilningi byggðar. Það er alveg ljóst að við uppbyggingu á þessu frv. var hægt að fara margar leiðir. Það var náttúrlega hægt að fara þá leið sem farin var, þ.e. að friða villt dýr og fugla og leyfa veiðar með reglugerð. Það var hægt í öðru lagi að leyfa veiðar ótakmarkað og gefa ráðherra vald til að banna veiðar með reglugerð og í þriðja lagi að fastsetja veiðitíma í lögum og leyfa engin eða mjög lítil frávik. Ég geri ráð fyrir því af því að hv. þm. hefur talað svo mikið um miðstýringaráráttuna að hann vilji jafnvel fara þessa þriðju leið sem ég er að tala um. Hann vill fastsetja veiðitíma í lögum — er það ekki? — og leyfa engin eða mjög lítil frávik. Ég er ekki á sömu skoðun og hv. þm.

Þetta frv. fjallar um villt dýr og ég tel að það þurfi að vera í þessu máli sveigjanlegt kerfi sem hægt er að laga fljótt að breyttum aðstæðum og nýrri þekkingu. Með því að fastsetja veiðitíma og verndaraðgerðir í lögum þá missir stjórnkerfið nauðsynlega af sveigjanleika sínum og nær ekki markmiði sínu.

Markmið frv. er, eins og kemur fram í 2. gr., með leyfi forseta: „...að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna, skipulag á veiðum og annarri nýtingu dýra, svo og skipulag á aðgerðum til að koma í veg fyrir tjón sem villt dýr kunna að valda."

Hv. þm. veit það af því að hann hefur lesið frv. vel að það er verið að stefna að því með frv. að stórauka rannsóknir og eftirlit með stofnstærð villtra dýra og meta veiðiþol á þeim grundvelli. Til þess að þetta sé hægt þarf að vera sveigjanlegt stjórnkerfi og sam-

kvæmt frv. verða ákvarðanir um veiðar teknar á grundvelli rannsókna og þekkingar fyrst og fremst.

Þetta tel ég vera töluvert mikið atriði þegar við erum að tala um þessa miðstýringarárattu sem hv. þm. talar mjög mikið um.

Varðandi veiðikortin þá verð ég að segja að það hefur alveg komið í ljós hver skoðun hv. 5. þm. Reykv. er á veiðikortunum. Við í meiri hluta umhvn. vorum fylgjandi veiðikortum. Við teljum það að veiðikortunum muni fylgja skýrslugerð sem er afar mikilvæg fyrir þekkingu okkar á veiðunum og stofnstærð og skýrslurnar hljóta að vera lykilatriði varðandi vitlega stjórnun á veiðunum.

Ég sé ekkert að því að krafist sé einhverrar hæfni af veiðimönnum og einhverjar kröfur gerðar í þá átt. Það hefur verið þannig hjá okkur að það hefur verið litið svo á að allir séu fæddir veiðimenn og menn geti bara farið hérna út, skotið af byssum og skotið á hvað sem er. Við höfum dregist stórkostlega aftur úr um kröfur varðandi þetta mál. Við höfum alltaf litið á það hér að menn séu fæddir veiðimenn. Með þessu er verið að fara inn á þá braut að veita lágmarkstilsögn í meðhöndlun skotvopna. Það hafa verið námskeið hjá dómsmrn. bæði árin 1990 og 1991 og á þeim hefur verið farið í vistfræði og náttúruvernd. Það er að okkar mati mjög mikilvægt að kennsla í meðferð skotvopna sé efld og við teljum að það beri að stórauka og efla þessi námskeið. Og það er einmitt grundvöllurinn á bak við þetta veiðikort.

Hv. þm. talaði mjög mikið um gjald af veiðikortum, 1.500 kr. Það kom aldrei fram í nefndinni að mönnum fyndist það gjald eitthvað óeðlilega mikið eða eitthvað óeðlilegt að menn borguðu þessar 1.500 kr. fyrir veiðikortið. Menn töldu að 1.500 kr. væri mjög sanngjarnt verð. Það er náttúrlega ákveðin umsýsla í kringum þetta kort. Þarna er verið að fylgjast með veiðum og stofnstærð dýra og það á að nýta til þess að rannsaka þessa stofna. Ég held því að hv. þm. geri dálítið mikið úr þessu atriði.

Hv. þm. las upp úr ræðum frá árinu 1992 og vitnaði í nokkra hv. þm. sem höfðu tjáð sig um málið þá. Ég þarf ekkert að benda hv. þm. á að nú er árið 1994 og við erum að ræða þetta mál. Það kann að vera að þó að einhver hv. þm. hafi tjáð sig um málið árið 1992 hafi hann breytt um skoðun. Hvað er að því þó að menn breyti um skoðun? Það getur vel verið að menn láti afstöðu sína til mála þroskast og það getur vel verið að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, sem hv. þm. Ingi Björn Albertsson vitnaði til áðan, hafi einmitt gert það. En það verður hins vegar að segjast eins og er að sú sem hér stendur getur ekki svarað fyrir hv. þm. Gunnlaug Stefánsson en lætur sér detta það hug að hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson hafi jafnvel tekið auknum þroska í afstöðu sinni til þessara mála. Það er mitt mat.

Ég vildi koma aftur inn á miðstýringarárattu í frv. af því að hv. þm. var mjög tíðrætt um hana og gerði mjög mikið úr henni, að það kom fram við 1. umr. um málið hjá hæstv. umhvrh. að hann setti sig ekki á móti því að reglugerðir yrðu sameinaðar. Og þegar umhvn. vann að málinu eftir 1. umr. með fulltrúum allra stjórnmálaflokka sá hún ekki ástæðu til að hrófla við því. Það kom hvergi fram í vinnu umhvn. eða neinni afstöðu neins fulltrúa stjórnmálaflokkanna í nefndinni að það væri eitthvað óeðlilegt við öll þessi reglugerðarákvæði og umhvn. sá ekki ástæðu til að sameina þessar reglugerðir.

Hv. þm. spurði mikið um reglugerðina um veiðikortin og var að ræða um viðurlög. Hann kom t.d. inn á viðurlög ef menn hafa ekki veiðikort. Það segir í drögum að reglugerð:

„Handhafar veiðikorta sem gerast brotlegir við lögin eða reglugerðir settar samkvæmt þessum lögum skulu sviptir veiðikorti. Til þess að fá veiðikort á ný skulu þeir sækja námskeið fyrir verðandi veiðimenn og ljúka hæfnisprófi með fullnægjandi árangri, sbr. 10. gr., nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum."

Þar er að sjálfsögðu verið að vitna til almennra hegningarlaga tel ég.

Hv. þm. var mjög víðrætt um 50 metrana sem er búið að auka í 250 metra. Ég veit ekki hvort hv. þm. man eftir umræðunni sem varð um þetta mál við 1. umr. Þar kom einmitt hv. þm. Ingi Björn Albertsson inn á þetta atriði í umræðum og fékk svör við þessu. Í vinnu nefndarinnar komu margar ábendingar um þetta atriði. Margir töldu að það væri mjög eðlilegt að þetta yrðu 200–250 metrar. Menn bentu réttilega á það varðandi þessa 50 metra að það væri hægt að skjóta bara úr bílnum. Það var ekki talið eðlilegt að menn sætu bara inni í bíl og væru að skjóta út.

Ég veit ekki hvort ég á að vera að vitna meira í Skotveiðifélag Íslands, Skotvís. En varðandi afstöðu Skotvíss til þessa frv. þá var Skotvís beðið um umsögn og sendi inn 14. apríl 1992. Þar segir, með leyfi forseta:

„Stjórn Skotvíss lýsir stuðningi sínum við þá tilraun sem í frv. felst til þess að taka heildstætt á friðun, vernd og veiðum fugla og spendýra. Hluti þessa máls, veiðikortið, sem reyndar er bráðum áratugar gömul tillaga Skotvíss ..."

Og Skotvís segir í þessari umræddu umsögn:

„Skotvís hefur lengi verið því fylgjandi að menn gangist undir hæfnispróf áður en þeir fá leyfi til veiða og allir sem veiðar stunda fái veiðikort. Einnig erum við sammála því að fyrir kortið sé greitt sanngjarnt gjald, enda renni það til rannsókna á stofnum veiðidýra eins og segir í frv. Auknar rannsóknir á veiðidýrum og skráning veiði er að okkar mati löngu tímabær."

Þetta er álit Skotvíss 14. apríl 1992.

Hv. þm. kom hérna aðeins inn á byssur. Það kom alveg skýrt fram í framsöguræðu ráðherra með frv. að ákvæði frv. varðandi byssurnar eru alveg í fullu samræmi við núgildandi löggjöf um skotvopn þannig að það er engin breyting.

Ég tel mig hafa reynt að svara flestu af þeim atriðum en það er kannski það sem hv. þm. kom inn á varðandi 10 atriði, hann vitnaði hérna í bréf sem allir alþingismenn áttu að hafa fengið og sennilega hafa þeir allir fengið það og vildi vita afstöðu nefndarinnar til hvers atriðis. Ég vil upplýsa hv. þm. um það að þetta

bréf barst 28. apríl 1994. Þá var vika liðin frá því að nefndin afgreiddi málið út úr nefnd og hafði lokið sinni umfjöllun um frv. Nefndin hefur því ekki tekið efnislega afstöðu til þessara punkta sem hann las upp og vildi fá svör við enda ekki eðlilegt að fara fram á það að þegar nefnd hefur lokið umfjöllun sinni um mál. Þetta kom of seint til þess að hægt var að svara afstöðu nefndarinnar til þessa.

Virðulegi forseti. Ég held að ég hafi ekki mál mitt lengra að sinni.

[04:43]

Heilbrigðisráðherra (Guðmundur Árni Stefánsson):

Virðulegi forseti. Hér hefur farið fram ítarleg og markverð umræða um margt á lokaspretti 2. umr. um það frv. sem hér liggur fyrir, svokallað villidýrafrv. Ég ætla út af fyrir sig að bæta miklu inn í það sem hér hefur verið sagt, enda er farið mjög rækilega yfir sögu máls, bæði af hálfu hv. 5. þm. Reykv. og síðan hér rétt áðan af hálfu starfandi formanns umhvn. Hún gerði mjög rækilega grein fyrir þeim viðhorfum sem ofarlega voru á baugi í nefndinni.

Það var hins vegar ástæða til þess að fara nokkrum almennum orðum um þessa löggjöf sem ég hygg að hv. 5. þm. Reykv. eigi skilið að fái almenna umræðu, þ.e. hversu langt á að ganga í löggjöf af þessum toga varðandi leikreglur um umgengni við náttúru landsins og lifandi dýr. Auðvitað er það álitamál hverju sinni hversu langt á að ganga. Ég vil hins vegar vekja á því athygli að hér er lagt til að setja um þau mál rammalöggjöf, en í nærliggjandi löndum er hins vegar farin sú leið að fara leið hinnar ítarlegu löggjafar og þar af leiðandi lítil þörf fyrir reglugerðarsmíð.

Mín skoðun er almennt sú í þessu sambandi að leið rammalöggjafar sé hin eðlilega leið og gefi nauðsynlega svigrúm til þess að laga sig að breyttum aðstæðum frá einum tíma til annars og ég skildi ekki hv. þm. öðruvísi en svo að hann væri mér í efninu og aðalatriðum sammála um það, jafnvel svo að honum fannst þessi rammalöggjöf helst til of ítarleg. Á sama tíma hafði hann af því áhyggjur að vald þess sem reglugerðina smíðar og gefur út sé of mikið, þ.e. hæstv. umhvrh. Þarna finnst mér samhengið kannski ekki alveg nægilega skýrt en ég vek á því athygli að það er auðvitað langur vegur frá að í þessu frv. til laga sé gert ráð fyrir því að umhvrh. sé alvaldur og einráður. Í flestum tilfellum er kveðið skýrt á um það að hann kalli sér til ráðgjafar og umsagnar í upphaflegu frv. kölluð villidýranefnd þar sem að koma fjölmargir þeir aðilar sem gerst þekkja af langri reynslu og almennri þekkingu þannig að maður skyldi auðvitað ætla að þar með sé tryggt að sem flest sjónarmið nái eyrum þess ráðherra sem með útgáfu reglugerðar hefur með að gera og þannig tryggt að framkvæmdin gangi sem snurðulausast fyrir sig því að það er sannarlega rétt að við lagasetningu af þessum toga skiptir auðvitað mjög miklu máli hvernig til tekst þegar til framkvæmdarinnar kemur.

En við skulum hins vegar ekki gleyma því að hér er auðvitað ekki verið að stíga fram á fullkomlega ókunna slóð því að vissulega hafa verið í gildi lög og reglugerðir um langflesta þá þætti sem við erum hér að fjalla um. Hér er með öðrum orðum verið að steypa í eina heildstæða löggjöf, sem ég held að sé skynsamlegt skref, fjölmörgum lögum og reglugerðum, sumum lítt eða ekki breyttum, öðrum að vísu breyttum. Þegar grannt er skoðað, þá hygg ég að hv. 5. þm. Reykv. sé kannski ekki ósammála þeirri stefnumörkun sem hér er lögð þó að hann hafi í alllöngu máli haft af því áhyggjur að hér væri um oflöggjöf að ræða, hér væri löggjafarvaldið að vasast í hlutum sem það hefði ekkert með að gera og ætti ekkert að blanda sér í. En ég vek á því athygli að í samanburði við aðrar þjóðir er ekki verið að gera það. Ég vek á því athygli líka sem hefur komið fram í umræðum aftur og aftur að þeir aðilar sem best þekkja hafa þvert á móti óskað eftir því að leikreglur væru tiltölulega skýrar og klárar og það ætti hv. þm. Ingi Björn Albertsson kannski manna best að vita að í öllum leik skal eftir reglum fara og jafnvel svo þannig að menn þurfa að hafa félagsskírteini upp á vasann og ekki spurt um fimmhundruðkallinn eða þúsundkallinn í því sambandi. Þegar að sportþætti þessara mála er vikið, þá hygg ég að hv. þm. ætti nú að vera öllum hnútum kunnugur. Hitt er svo alveg ljóst og ég tek undir það með honum að vissulega þarf að líta sérstaklega til þeirra aðila sem hafa af því atvinnu og ala önn fyrir sér og sínum með veiðum á villtum dýrum. Ég hygg að fyrir því sé séð í þessu frv. og einnig verði fyrir því séð mjög rækilega við framkvæmd þessara laga.

Að öðru leyti held ég að flestum efnisatriðum sem til álita hafa komið við þessa umræðu hafi verið til haga haldið og er það vel þannig að það skal ekki spyrjast um mig að ég kvarti yfir því að menn vilji halda öllu til haga með greinargóðum hætti eins og verið hefur. Á hinn bóginn sé ég kannski ekki hinn praktíska þátt í því að rifja hér upp fyrir þingheimi ræður manna fyrr á árum þótt þær kunni að hafa verið góðar sumar hverjar.

En allt að einu, virðulegi forseti, þá tel ég að nú sé mál að linni í 2. umr. en að öðru leyti vil ég þakka fyrir þessa ítarlegu og um sumt ágætu umræðu þó að hún hafi verið misjöfn með köflum eins og gjarnan er.

[04:50]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil þakka formanni umhvn. og hæstv. umhvrh. fyrir þann heiður að fá að hlusta á þau hér veita nokkur svör við hluta af þeim spurningum sem ég bar fram en nokkurra sakna ég. Ég ætla aðeins að hlaupa á því sem ég punktaði niður við að hlusta á tvo hv. síðustu ræðumenn.

Hv. formaður umhvn. sagði að það hefði ekki verið tekið tillit til allra athugasemda og ekki hægt að taka það allt til greina. Auðvitað geri ég mér fyllilega grein fyrir því enda laut spurning mín ekki að því heldur var hún meira um það hvernig hefði verið tekið á málunum og hvaða rök hefðu verið með og móti tilteknum málum.

Það vita það allir að það koma alls konar sjónar-

mið fram í nefndum og það er auðvitað ekki hægt að taka tillit til þeirra allra, það liggur alveg ljóst fyrir þannig að það var einhver misskilningur þar á ferðinni.

Síðan var rifjuð upp umræðan um að það væru ekki veigamikil rök eins og hv. þm. notaði fyrir frestun á umræðu að það vantaði hér ráðherra að því er ég taldi. Ég rifjaði það nú samt upp fyrr í umræðunni að það væri mjög nýlegt fordæmi fyrir því að beðið væri eftir sjálfum formanni Alþfl., hæstv. utanrrh., til þess að hann gæti verið viðstaddur umræðu. Þá voru þau rök alveg nógu góð. Ég veit ekki hvað hefur breyst á þessum þrem vikum en eins og fram kom seinna í máli formanns nefndarinnar þá er greinilega gert ráð fyrir því í Alþfl. að menn skipti mjög skarpt um skoðun.

Bæði hæstv. ráðherra og hv. formaður ræddu um miðstýringu og það var ágætt. Hv. formaður nefndarinnar taldi að þetta væri á misskilningi byggt. Það er það engan veginn og ég held að það geti enginn heilvita maður komist frá því að viðurkenna að meiri miðstýring er ekki til en í þessu frv. vegna þess að allir spottar liggja upp til ráðherrans, allir spottar liggja upp og þaðan er stýrt út og það er það sem menn eru að tala um þegar þeir tala um miðstýringu. Ég get farið hér ef þingheimur vill, jafn vel mannaður og hann er, yfir allar þessar greinar. Ég fór ekki yfir nema hluta af þeim áðan en það er alveg ljóst að hver einasti þráður liggur upp til ráðherrans. Ef menn eru ekki tilbúnir til að viðurkenna að það sé miðstýring þá er bara miðstýring ekki til. Hún gerist ekki meiri þannig að þetta er miðstýring af þeirri mögnuðustu gerð sem ég hef séð. Það er enginn misskilningur þar á ferðinni. Það er frekar að hv. formaður hafi eitthvað misskilið þetta.

Hv. formaður taldi að ég vildi fastsetja veiðitíma í lögum. Það er alveg rétt. Ég vil gera það og tel að það sé skynsamlegri leið en alfriðun. Það kemur reyndar inn á það sem hæstv. ráðherra sagði að sá hátturinn að hafa skýra löggjöf er auðvitað það sem ég er að tala um. Eins og hún er í dag, þá er hún auðvitað alveg opin. (**Heilbrrh.:** Þá er ekki hægt að lengja tímabilið.) Þá er ekki hægt að lengja? Það er hægt að lengja tímabil vegna þess að þú verður að hafa ákveðinn sveigjanleika þar inni en í dag er sveigjanleikinn allur í því að valdið er allt uppi hjá ráðherranum. Hann er sá eini sem hefur sveigjanleika. Auðvitað fara ráðgjöf og umsögn frá villidýranefnd en það er ráðherra sem ræður að lokum og hann er ekki skuldbundinn að því að fara eftir ráðgjöf eða umsögn villidýranefndar. Það kemur hvergi hér fram þannig að það er bara rangt. En það er rétt að ég vil að löggjöfin sé sem skýrust og menn reyni að sneiða eins og mögulegt er fram hjá reglugerðarákvæðum. Það er fyrst og fremst gerningur framkvæmdarvaldsins og þeirra sem standa að þessu. Þeir vilja fá þetta vald inn til sín og við höfum ekki heimild til þess að vera að afsala löggjafarvaldinu um of yfir til framkvæmdarvaldsins. Þetta hélt ég bara almennt að þingmenn væru sammála um. Alla vega kemur þessi umræða reglulega upp í nefndum að þessar opnu reglugerðarheimildir sem þingið er sífellt að veita, verði að fara að stöðva. Ekki stöðva þær kannski 100% en draga verulega úr því og þetta hélt ég bara að allir þingmenn væru sammála um, en það er hugsanlega ekki.

Að tala um að það sé sveigjanlegt stjórnkerfi varðandi veiðikortin stenst ekki og þau séu grundvöllurinn fyrir því að það sé hægt að stunda rannsóknir. Halda menn að það hafi ekki verið hægt að stunda rannsóknir hér í gegnum árin? Það eina sem menn eru að segja núna er það að veiðiskýrslan eigi að vera grundvöllurinn undir því. Ég er ekki sammála því. Ég er sammála því að ég treysti veiðimönnum til að skila inn sínum veiðiskýrslum og aflatölum og þeir munu örugglega gera það og þurfa ekkert veiðikort til. Reyndar sakna ég þess svolítið að það kom ekkert inn á það hvort senda ætti bændur alla í hæfnispróf varðandi veiðar og meðhöndlun á byssum. Mér finnst það bara verulega stór þáttur. Mér finnst að það verði að koma fram þau skilaboð til bændastéttarinnar í landinu að hún eigi að fara að þreyta próf, menn sem eru búnir að stunda veiðar frá blautu barnsbeini. Þeir menn eru auðvitað fæddir veiðimenn, það er engin spurning. Það er fólkið á mölinni sem er auðvitað ekki fæddir veiðimenn en það fer enginn út að skjóta nema hann hafi byssuleyfi og það fær enginn byssuleyfi nema hann hafi tekið námskeið og gengið í gegnum það hjá lögreglunni í Reykjavík eða sýslumanni eða hver sem það er og þar er farið yfir byssuna, hvernig hún er til, hlaupvíddin og allt sem snýr að byssunni og það er farið yfir dýrategundirnar, veiðitímabilin og allt slíkt þannig að það er svona í þokkalegum höndum. En það er með það eins og allt annað að það má auðvitað efla það. En það eru engin rök fyrir veiðikortinu.

Ég veit ekki alveg hvað hv. þm. átti við þegar hann sagði að við værum að dragast aftur úr. Ég hef ekki orðið var við það hjá veiðimönnum yfir höfuð að það sé einhver stór skandall þar á ferðinni. Yfir höfuð ganga veiðimenn vel um. Í þessu eins og öllu öðru eru nokkrir afglapar sem koma óorði á hina sem eru að reyna að standa sig vel. Á þeim mönnum á að sjálfsögðu að taka mjög hart. Það á t.d. að taka mjög hart á þeim sem elta villibráð eða bráð á fjórhjólum og stunda veiðar með alls konar tækjum og tólum sem er ekki íþróttamannsleg veiðiaðferð. Á þeim á að sjálfsögðu að taka en það á ekki að láta alla hina líða fyrir það með því að setja einhverja löggjöf sem þar að auki er ekki hægt að fylgja eftir.

Það var athyglisvert að heyra það að enginn í nefndinni gerði athugasemd við 1.500 kr. gjaldið og það sérstaklega á þeim degi sem hér var dreift mjög svartri skýrslu um skuldastöðu heimilanna. Það var afar athyglisverð að heyra það vegna þess að ég held að nefndin sé í engum tengslum við þetta veiðimannaþjóðfélag sem við erum að tala um eða skotveiði yfirleitt, engum tengslum. Ég þori að fullyrða það að 90% af þeim sem veiða er láglaunafólkið í landinu, það er láglaunafólkið. Það eru bændurnir og einhverjir lægra settir menn. Topparnir eru ekki að hlaupa þarna svo mikið þannig að 1.500 kallinn hjá því fólki er bara ansi mikill peningur.

Það má segja að þetta sé kannski sama hugarfarið og birtist í þingsalnum hjá stjórnarliðinu við breytingartillögu sem sá sem hér stendur var með við aukatekjur ríkissjóðs þegar Alþfl. og Sjálfstfl., að þeim sem hér stendur undanskildum, greiddu atkvæði gegn því að smásalar greiddu sama verð fyrir leyfin sín og lyfsalar, apótekarar. Þingið afgreiddi 5 þús. kr. leyfisgjald fyrir að fá að reka apótek en hafnaði því að smásalan fengi að borga 4 þúsundkall, nei, hún á að borga 50 þúsund kall. Það er kannski sama hugsunin sem kemur þarna fram.

En skondið fannst mér að heyra þetta með ártalið af því ég vitnaði svolítið, hæstv. forseti, í ræðu yðar fyrir tveimur árum síðan. Þá kom nú svolítið skondið fram. Hæstv. forseti er að þroskast svolítið og hefur skipt um skoðun eða það var von og ósk hv. formanns umhvn. Ef þetta er festan í Alþfl. þá hlýt ég að spyrja: Er víst að hv. formaður umhvn. hafi þessa skoðun eftir tvö ár? Er hún þá ekki bara komin á mína skoðun þá? Það er bara greinilega engu að treysta. En ég er alveg klár á því að hv. þm. Gunnlaugur Stefansson stendur við þau orð sem hann sagði hér um tiltekin atriði. Ég er alveg klár á því og það mun koma í ljós þegar atkvæðagreiðslan fer fram. (**PBald:** Enda fullyrti ég ekkert um það.) Já, við skulum fara varlega í frammíköllin, hv. þm. (**PBald:** Ég fullyrti ekkert um það.)

Varðandi sameinaðar reglugerðir, sem hv. þm. kom hér inn á, þá skiptir það í sjálfu sér engu máli hvort heimildin er notuð til þess að gefa reglugerðirnar út sameinaðar eða eina og eina í einu. Það breytir akkúrat engu máli. Það er nákvæmlega sama vald í höndum ráðherra, nákvæmlega sama miðstýringin.

Svo fundust mér ansi hörð viðurlögin sem hv. þm. sagði að væru ef viðkomandi hefði ekki veiðikort. (**PBald:** Drög að reglugerð.) Það held ég að gangi nú ekki. Hún las hér upp refsiákvæðin. Þau varða sektum, varðhaldi eða fangelsi og sviptingu skotvopna og veiðileyfis. Það þykir mér ansi hörð viðurlög við að hafa ekki veiðikortið á sér. Ég held að það gangi ekki eftir, ég held að það sé einhver misskilningur í því. Tíu punktana ætla ég aðeins að geyma.

Ég saknaði líka, bæði frá hæstv. ráðherra og hv. formanni nefndarinnar, að hvorugt gerði tilraun til að svara því hvað ylli þessum asa, hvers vegna þetta mál væri í slíkum forgangi að menn eru þvingaðir til að standa hér, nú er klukkan að ganga 6 um morgun, og ætlast til þess að þingmenn séu mættir kl. 10 á fund. Ég verð að segja eins og er að ég yrði að vísu ekkert hissa þó það kæmi ekkert svar því að það er ekkert svar til annað en hugsanlega það að umhvrn. þarf að sýna einhvern árangur, að það hafi komið einhverju máli í gegn. Ég hefði valið mér eitthvert betra mál eða betur unnið skulum við frekar segja, vegna þess að vissulega er margt gott í þessu máli, enda hef ég ekki gagnrýnt nema í raun og veru þrjá þætti í frv. (**PBald:** Þetta er mjög vel unnið mál.) Hv. þm., formaður nefndarinnar, segir að þetta sé mjög vel unnið mál. Ég skal taka undir að þetta er mjög mikið unnið mál, en það getur ekki verið mjög vel unnið því að eins og hv. formaður veit þá var fundur í nefndinni — maður verður víst að segja í gær, þar sem enn voru að koma fram breytingartillögur við frv. þannig að eitthvað hefur ekki verið nógu vel unnið fyrir utan að frv. sjálft hlýtur að vera illa unnið því að það er slíkur fjöldi af breytingartillögum kominn fram að hann er tvöfaldur greinafjöldi frv. Það er því augljóst að frv. er illa unnið. Að vísu heyrði ég það frá ábyrgum aðila að eins og búið væri að hræra mikið í því hefði það sennilega verið best, eins og hann sagði, eins og það var upphaflega þó að ég taki ekki undir það.

Hv. þm. vildi meina að ég hefði haft einhverjar meiningar í 1. umr. um metrafjöldann. Það held ég að sé misminni. Ég hef ekki gert athugasemd við 50 metrana. Ég gerði athugasemd við 250 metrana og þeir komu ekki fyrr en í breytingartillögum frá nefndinni.

Hæstv. ráðherra talaði um að þetta væri rammalöggjöf sem auðvitað er rétt og gæfi sveigjanleika. Hvað sveigjanleika gefur þessi rammalöggjöf? Hún gefur bara ráðherranum sveigjanleika. Það er nú allur sveigjanleiki í löggjöfinni, allir spottarnir upp. En hann vildi meina að þetta væri ekki svo, þetta væri ekki alræðisvald ráðherra vegna þess að hann ætti að þiggja ráðgjöf og umsögn frá villidýranefnd. Að sjálfsögðu mun virðulegur ráðherra, hver sem hann er á hverjum tíma, þiggja ráðgjöf og umsögn, enda ber honum að gera það, en það er ekkert sem skyldar hann til að fara eftir þeim þannig að valdið er allt hjá einum aðila í öllum þessu málaflokki. Það er alveg ljóst.

Ég vil ítreka að það er margt gott í þessu frv. og ég var ekki að eyða þessum dýrmæta tíma næturinnar í að fjalla um það, enda erum við að skiptast á skoðunum um þetta til þess og í þeirri von að það sé hugsanlega hægt að gera málið enn betra, ef við notum það orð.

Hæstv. ráðherra fór í íþróttaviðmiðanir og sagði að í öllum leik skuli fara eftir reglum eða eitthvað slíkt. Það er auðvitað alveg hárrétt. En í öllum leikjum eru líka dómarar og dómarar hafa alveg skýra löggjöf. Þeir hafa einstaka atriði sem er sveigjanleiki í en þeir hafa ekki sveigjanleika í nánast öllu. Það er aðeins munur. En bara út af félagsskírteinum og slíku þá er hægt að halda langt mál um það og hvaða ófremdarástand er ríkjandi í þeim málum gagnvart fjölskyldum landsins og er að verða til þess að fjöldi fjölskyldna hefur ekki efni á því að senda börnin sín í íþróttir. (**Gripið fram í:** Það er rétt hjá þér.) En það er mál sem við ættum að taka annars staðar og þá verðum við sammála alla leið.

Aðeins af því að mér fannst liggja í orðunum að ég hefði verið að lesa upp úr ræðum margra manna þá var það ekki. Ég las bara upp úr ræðum tveggja manna, örlítið úr ræðu hv. þm. Árna Johnsens og svo örlítið úr ræðu hæstv. forseta sem nú situr í forsetastóli.

Virðulegi forseti. Það eru nokkrar spurningar sem ég sakna þess að fá ekki svar við. Ég er að velta fyrir mér hvort við eigum að tala bara fram að fundi kl. 10 eða hvort á að taka þetta í 3. umr. Ég tel að þetta mál eigi að fara aftur til nefndar, það má vera eftir atkvæðagreiðslu við 2. umr., vegna þess að það kom fram hjá formanni umhvn. að það bréf sem ég vitnaði til áðan og er dagsett eins og hún sagði 28. apríl kom

of seint því að þá var málið komið út úr hv. umhvn. Þá tel ég eðlilegt að milli 2. og 3. umr. líti nefndin yfir þetta bréf og sjái hvort hún geti fallist á eitthvað sem þar kemur fram eða hvort það er eitthvað í þessu sem gerir lögin jafnvel enn betri. Mér finnst það því ekki óeðlilegt og ekki óeðlileg ósk heldur að það verði gert.

Ég ætla að láta þetta duga, en ég mun rifja upp þær spurningar sem ekki var svarað núna áðan seinna í dag þegar 3. umr. fer fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 8., 9., 11. og 22.–24. mál.

Fundi slitið kl. 5:09.

---

153. FUNDUR

föstudaginn 6. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — Frh. 1. umr. (Atkvgr.)
2. Brunavarnir og brunamál, frv., 617. mál, þskj. 1087. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Tollalög, stjfrv., 547. mál, þskj. 858. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
4. Neytendalán, stjfrv., 430. mál, þskj. 642. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
5. Birting laga og stjórnvaldaerinda, stjfrv., 566. mál, þskj. 879. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
6. Veiting ríkisborgararéttar, stjfrv., 460. mál, þskj. 1203. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
7. Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, stjfrv., 285. mál, þskj. 1205. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Skipulag ferðamála, stjfrv., 562. mál, þskj. 1206. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
9. Alferðir, stjfrv., 293. mál, þskj. 391. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
10. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 123. mál, þskj. 1207. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
11. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 554. mál, þskj. 865, nál. 1119 og 1216, brtt. 1118. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
12. Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, stjtill., 378. mál, þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
13. Flugmálaáætlun 1994–1997, stjtill., 469. mál, þskj. 723, nál. 1060, brtt. 1061. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
14. Lyfjaverslun ríkisins, stjfrv., 121. mál, þskj. 952, nál. 1121, brtt. 1040. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
15. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 360, nál. 1090, 1112 og 1114, brtt. 1091, 1113 og 1115. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
16. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
17. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 857, nál. 1001 og 1120, brtt. 1002. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
18. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056, 1057, 1131 og 1166. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
19. Húsaleigubætur, stjfrv., 557. mál, þskj. 869, nál. 1191 og 1211, brtt. 1192 og 1209. — Frh. 2. umr.
20. Mannréttindasáttmáli Evrópu, stjfrv., 102. mál, þskj. 755. — 3. umr.
21. Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, stjtill., 600. mál, þskj. 960, nál. 1221. — Síðari umr.
22. Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, þáltill., 300. mál, þskj. 439, nál. 924, brtt. 925. — Síðari umr.
23. Samningur um líffræðilega fjölbreytni, stjtill., 543. mál, þskj. 851, nál. 1222. — Síðari umr.
24. Leikskólar, stjfrv., 550. mál, þskj. 861, nál. 1153, brtt. 1154 og 1155. — 2. umr.
25. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 551. mál, þskj. 862, nál. 1085 og 1094. — 2. umr.
26. Þjóðminjalög, stjfrv., 478. mál, þskj. 733, nál. 1215 og 1217, brtt. 1218. — 2. umr.
27. Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, þáltill., 23. mál, þskj. 23, nál. 1147, brtt. 1148. — Síðari umr.
28. Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, þáltill., 238. mál, þskj. 273, nál. 1149, brtt. 1150. — Síðari umr.
29. Náttúrufræðikennsla og sveitadvöl nemenda, þáltill., 451. mál, þskj. 670, nál. 1151, brtt. 1152. — Síðari umr.
30. Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, frv., 268. mál, þskj. 323, nál. 1219. — 2. umr.
31. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 445. mál, þskj. 658, nál. 1158, 1180 og 1183, brtt. 1159 og 1184. — 2. umr.
32. Söfnunarkassar, stjfrv., 446. mál, þskj. 659, nál. 1156, brtt. 1157 og 1185. — 2. umr.
33. Happdrætti Háskóla Íslands, frv., 70. mál, þskj. 73, nál. 1186. — 2. umr.
34. Fangelsi og fangavist, frv., 204. mál, þskj. 226, nál. 1188. — 2. umr.
35. Þjóðfáni Íslendinga, þáltill., 106. mál, þskj. 109, nál. 1189. — Síðari umr.
36. Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, þáltill., 248. mál, þskj. 287, nál. 1187. — Síðari umr.
37. Umboðsmaður barna, stjfrv., 377. mál, þskj. 573, nál. 1178, brtt. 1168 og 1179. — 2. umr.
38. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 158.

mál, þskj. 176, nál. 1063. — 2. umr.
39. Stytting vinnutíma, þáltill., 77. mál, þskj. 80, nál. 1086. — Síðari umr.
40. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38, nál. 1070 og 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
41. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 217. mál, þskj. 242, nál. 1176 og 1193. — 2. umr.
42. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 452. mál, þskj. 675, nál. 1140 og 1177. — 2. umr.
43. Eftirlit með skipum, frv., 623. mál, þskj. 1210. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
44. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096. — 2. umr.
45. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr.
46. Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv., 614. mál, þskj. 1073, nál. 1190. — 2. umr.
47. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167. — Síðari umr.
48. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.
49. Tollalög, frv., 254. mál, þskj. 295, nál. 1214. — 2. umr.
50. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494, nál. 1028. — 2. umr.
51. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015. — Síðari umr.
52. Græn símanúmer, þáltill., 207. mál, þskj. 231, nál. 1141. — Síðari umr.
53. Auðlindakönnun í öllum landshlutum, þáltill., 172. mál, þskj. 190, nál. 1088. — Síðari umr.
54. Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 321. mál, þskj. 512, nál. 1089. — Síðari umr.
55. Málefni aldraðra, frv., 232. mál, þskj. 260, nál. 1226. — 2. umr.
56. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, skýrsla, 250. mál, þskj. 289. — Ein umr.
57. Skuldastaða heimilanna, skýrsla, 280. mál, þskj. 356. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:
Hjörleifur Guttormsson, 4. þm. Austurl.,
Margrét Frímannsdóttir, 4. þm. Suðurl.,
Ólafur G. Einarsson menntmrh.,
Sighvatur Björgvinsson viðskrh.

Útbýting þingskjals:
Þróunardeild Fiskveiðasjóðs, 594. mál, svar sjútvrh., þskj. 1223.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, 3. umr.

Stjfrv., 102. mál. — Þskj. 755.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, síðari umr.

Stjtill., 600. mál. — Þskj. 960, nál. 1221.

[10:02]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):
Frú forseti. Nál. utanrmn. um þessa tillögu er á þskj. 1221. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, síðari umr.

Þáltill. ÁJ o.fl., 300. mál. — Þskj. 439, nál. 924, brtt. 925.

[10:03]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):
Frú forseti. Nál. utanrmn. um þessa tillögu er á þskj. 924 og mælir nefndin með samþykkt tillögunnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, síðari umr.

Stjtill., 543. mál. — Þskj. 851, nál. 1222.

[10:04]

Frsm. utanrmn. (Björn Bjarnason):
Frú forseti. Álit nefndarinnar er á þskj. 1222. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar og birtir með áliti sínu umsögn umhvn. sem einnig mælir með því að þessi tillaga verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskólar, 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (heildarlög). — Þskj. 861, nál. 1153, brtt. 1154 og 1155.

[10:05]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. um frv. til laga um leikskóla frá menntmn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem byggist á endurskoðun núgildandi laga um leikskóla. Í frumvarpinu er kveðið á um aukna ábyrgð sveitarfélaga auk þess sem lögð er áhersla á að leikskólinn sé fyrsta stig skólakerfisins.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að í 9. gr. verði tryggt að þar sem tvö eða fleiri sveitarfélög kjósa að sameinast um rekstur leikskóla eigi þau öll fulltrúa í þeirri nefnd sem fer með málefni leikskóla. Þá vill nefndin benda á að fram kom í umfjöllun um málið að leikskólakennarar væru á meðal þeirra starfsstétta sem vísað er til í hugtakinu „sérfræðingar" í 15. gr. frumvarpsins. Nefndin vill árétta að sá skilningur verði lagður í ákvæðið þrátt fyrir að leikskólakennarar séu ekki nefndir í athugasemdum með frumvarpinu.

Í frv. því sem hér er til umræðu er sveitarfélögunum falið veigameira hlutverk varðandi leikskólahald en verið hefur til þessa og sjálfsákvörðunarvald þeirra hvað varðar þennan málaflokk er styrkt. Ég nefni sem dæmi:

1. Gert er ráð fyrir að leyfisveiting til reksturs leikskóla sé í höndum sveitarstjórna.

2. Sveitarfélög, eitt eða fleiri saman, ráða leikskólafulltrúa sem annast ráðgjafarstörf og eftirlit með starfsemi leikskóla og sinna verkefnum sem umdæmisfóstrum er ætlað samkvæmt gildandi lögum.

3. Á tveggja ára fresti skal meta þörf fyrir leikskólarými og gera á grundvelli þess mats áætlun til þriggja ára um uppbyggingu leikskóla í viðkomandi sveitarfélagi. Það er síðan á valdi sveitarstjórnar að ákveða hvenær því marki er náð að nægilegt leikskólarými sé fyrir öll börn sem foreldrar óska eftir plássi fyrir.

Gert er ráð fyrir að menntmrn. fari með yfirstjórn leikskóla eins og verið hefur. Það hefur eftirlit með því að farið sé að lögum og reglugerðum, mótar uppeldisstefnu leikskóla, er stjórnendum þeirra til ráðuneytis um starfsemina, styrkir þróunar- og tilraunastarf og sér um að mat fari fram á leikskólastarfi. Það ásamt reglugerðarákvæði um gæðaeftirlit ráðuneytisins með starfsemi leikskóla eru merkilegt nýmæli í leikskólalögum.

Í 1. gr. frv. er kveðið skýrt á um það að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu. Uppeldis- og menntunarhlutverkið er styrkt með þessum hætti og áhersla lögð á það, eins og verið hefur til þessa, að eðlileg tengsl og samstarf grunnskóla og leikskóla mættu verða sem traustust og best. Það er t.d. gert með því að tengja starfsemi leikskóla skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga. Einnig er gengið út frá því að ráðgjafar- og sálfræðiþjónusta við leikskóla geti sameinast ráðgjafar- og sálfræðiþjónustu grunnskóla.

Einnig er vert að geta þess að í frv. er starfsheitið leikskólakennari fest í sessi. Lögfesting frv. er tvímælalaust til bóta og skerpir verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málefnum leikskólans auk þess sem ýmsar aðrar lagfæringar eru gerðar á leikskólalögum.

[10:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég skrifaði undir nál. hv. menntmn. með fyrirvara. Sá fyrirvari er ekki stór en ég vil gera grein fyrir honum í örfáum orðum.

Hann felst í því að í frv. er gengið út frá því að leikskólinn og grunnskólinn tengist saman og þar með að grunnskólar landsins verði færðir undir sveitarfélögin. Að mínum dómi á umræða algerlega eftir að fara fram um það í þjóðfélaginu og meðal skólafólks hvað felst í þessum flutningi grunnskólans yfir til sveitarfélaganna. Það er alls ekki einfalt mál og ég vil gera fyrirvara varðandi þetta atriði. Það er alls ekki víst að hin endanleg niðurstaða verði sú sem menn gera ráð fyrir, það á algerlega eftir að ræða það hver mörkin verða, hversu langt á að ganga í því að veita sveitarfélögunum vald yfir skólunum, eiga þeir að hafa rétt til að móta sína eigin stefnu o.s.frv. Þessi umræða á einfaldlega eftir að fara fram.

Að öðru leyti felur þetta frv. í sér ýmsar úrbætur. Það er verið að styrkja stöðu þeirra sem annast uppeldi yngstu barnanna og fá þeir nú heitið „leikskólakennarar." Sú stétt er mjög ánægð með þetta frv. og telur það til bóta og því styð ég þetta mál.

[10:10]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það kemur skýrt fram í nál. með þessu máli að um það hefur tekist bærileg sátt og ber að sjálfsögðu að fagna því þegar þannig tekst til að jafnmikilvægt mál og málefni leikskóla eru er afgreitt í þinginu með góðri sátt milli flokka.

Ég vil beina fyrirspurnum til formanns nefndarinnar um tvö atriði sem hafa vafist lítillega fyrir mér að átta mig á og það er niðurlag 9. gr. frv., en þar segir, með leyfi forseta, í síðasta málslið: „Heimilt er sveitarstjórn að sameina nefndir þannig að ein nefnd fari með verkefni á fleiri en einu sviði, sbr. 58. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986."

Í þeirri lagagrein sveitarstjórnarlaganna er það kirfilega tekið fram að það er fullkomlega á valdi sveitarstjórnanna að sameina nefndir ef þeim sýnist svo, þannig að ég sé ekki tilganginn með þessari setningu í frv. því hún segir einfaldlega það sem þegar er heimilt. Ég vil því spyrja hv. frsm. nefndarinnar hvort einhver önnur meining sé þarna en augljóst er, t.d. hvort meiningin með þessari setningu sé sú að þrengja að sveitarfélögum um sameiningu nefnda eins og er tilhneiging til að gera um þessar mundir, að sveitarstjórnir reyni að fækka nefndum og færa verksvið þeirra saman til þess að auka skilvirkni í nefndakerfinu hjá sveitarfélögunum. Það væri fróðlegt að heyra hjá hv. frsm. nefndarinnar hvaða meining er með þess-

ari setningu, einkum og sér í lagi í ljósi þess að ákvæði 58. gr. sveitarstjórnarlaga gera að mínu viti fullkomlega óþarft að hafa þessa setningu.

Þá spyr ég um viðbótina við 9. tillögu sem menntmn. flytur brtt. um, að bæta við nýrri málsgrein, svohljóðandi, með leyfi forseta: „Þar sem sveitarfélög hafa sameinast um rekstur leikskóla skulu þau öll eiga fulltrúa í þeirri nefnd sem fer með málefni leikskóla.“

Nú horfi ég á þetta sem sveitarstjórnarmaður og mér finnst í sjálfu sér óþarfi að löggjafinn sé að setja einhver ákvæði í lög um það hvernig sveitarfélög, sem ætla að semja sín í milli, hafa þá samninga. Ef sveitarfélög ákveða að sameinast um rekstur leikskóla þá gera þau samkomulag um það, m.a. um skipan í svokallaða leikskólanefnd. Og ég spyr: Hvaða ástæða er fyrir flutningi þessarar tillögu, að mæla fyrir fram fyrir um tiltekið atriði? Óttast nefndin að sveitarfélögin sem hafa ákveðið að taka upp þetta samstarf muni ekki ná samkomulagi nema til komi atbeini löggjafarvaldsins? Og ef sá ótti er uppi, er þá ekki ástæða til að setja í lögin ákvæði um fleiri atriði í því væntanlega samkomulagi?

Mig langar því að fá skýringar á þessari brtt., án þess þó að ég sé á nokkurn hátt að leggjast gegn henni, því í mínum huga er það svo sjálfgefið mál að þegar sveitarfélög gera samkomulag um að sameinast um rekstur leikskóla þá semji þau um það að öll eigi hlutdeild í stjórn leikskólans með aðild að leikskólanefnd. Þannig finnst mér að það þurfi ekki einu sinni að taka það fram í lögum.

[10:15]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var beint til mín tveimur spurningum varðandi 9. gr. frv. Það kemur alveg skýrt fram í greinargerð með frv., og ég vísa þá líka til sveitarstjórnarlaga, að sveitarstjórnum er heimilt að sameina nefndir og það er eingöngu verið að vísa í þetta ákvæði í þessu frv. Það er ekkert sem hægt er að túlka á þann veg að það sé verið að þrengja að sveitarfélögunum. Hins vegar geta menn auðvitað verið ósammála um það hvort nauðsynlegt er að hafa þetta ákvæði inni í lögunum og um það greinir okkur á.

Það var einnig nefnt að það væri óþarft að setja inn ákvæði um það að sveitarfélög sem sameinuðust um rekstur leikskóla ættu öll fulltrúa í leikskólanefnd. Ég bendi á að það er sambærilegt ákvæði í grunnskólalögum og nefndinni þótti eðlilegt að setja þetta einnig inn í leikskólalögin.

[10:16]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér finnst því miður að rökin á bak við flutning á brtt. séu fátækleg. Það eru auðvitað engin rök að segja: Þetta er svona í öðrum lögum. Hins vegar er mér alveg ósárt um að þetta standi í lögunum, en að mínu viti er þetta núll-ákvæði, gagnslaust ákvæði, því auðvitað semja engin sveitarfélög um sameiginlegan rekstur nema semja um yfirstjórnina. Ég átta mig því ekki á því hvaða þörf menn telja á því að lögfesta þetta ákvæði, fyrir hvern það er. Um þetta ákvæði mætti þá helst finna að að menn séu þarna að ganga inn á verksvið sveitarstjórnarmanna sem þeim er með lögum ætlað að gera. Það er eins og menn treysti þeim ekki til þess að ganga frá þessu verki með sómasamlegum hætti.

Að öðru leyti ætla ég ekki að hafa fleiri orð um þetta ágæta frv., en mér finnst að menn séu þarna að ósekju að hafa inni í svona frumvörpum hluti sem eiga þangað ekkert erindi. Menn eiga að treysta sveitarstjórnarmönnum fyrir þeim verkefnum sem þeim eru falin, annars eiga þeir ekkert að vera að láta þá hafa þau.

[10:18]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil að það komi skýrt fram að ég treysti engum betur en sveitarstjórnarmönnum til þess að fara með þennan málaflokk svo að best sé að honum búið.

[10:18]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef leyft mér að flytja hér örstutta brtt. við þetta frv. Efnisinnihald hennar er aftur á móti miklu, miklu meira.

Hver sá sem hefur fylgst með þjóðmálum hefur gert sér grein fyrir því að Íslendingar hafa á undanförnum árum verið að staðfesta ýmsa alþjóðlega samninga þar sem skýrt er kveðið á um að virða m.a. trúfrelsi manna og virða trú annarra. Nú er það svo að í heiminum í dag eru unnin mörg myrkranna verk og á stórum svæðum gerist það að trú annarra er ekki virt. Sums staðar á þeim svæðum jarðarinnar þar sem múhameðstrúin hefur ráðið ríkjum hafa risið upp öfgahópar sem hafa barist mjög grimmt fyrir því að koma í veg fyrir að nokkrum væri vært á þeim svæðum sem ekki aðhylltust múhameðstrú. Árangur þeirra hefur verið sá að þeir hafa skapað í sumum tilfellum víti á jörðu fyrir þá sem hafa viljað aðhyllast önnur trúarbrögð. Okkur er vandi á höndum hvernig eigi að snúast gegn þessu, en aðalatriðið hlýtur þá að vera það að íslenska þjóðin geti sýnt fram á og sannað að hér ríki fullt umburðarlyndi í trúmálum þrátt fyrir að ekki sé dregið í efa að fullur réttur sé til staðar hjá hinum yfirgnæfandi meiri hluta Íslendinga sem aðhyllast kristna trú til þess að tryggja börnum sínum kristið uppeldi. Sá réttur hlýtur að vera til staðar.

Ein af þeim deilum sem hafa staðið alllengi um forræði yfir börnum, tveimur stúlkubörnum, hefur verið það lengi í umræðunni að ég hygg að allir minnist þess að eitt af því sem faðirinn notaði í þeim vopnaburði var að ætlunin væri að koma í veg fyrir að þær gætu haldið trú sinni. Hér á landi væri slík andstaða gegn múhameðstrú t.d. að það væri hugsun á bak við þetta á þann veg að það væri verið að ráðast að trú þessara tveggja stúlkubarna. Ég tel að Íslendingar þurfi að vera mjög vel á verði í lagasetningu í landinu varðandi það atriði að virða þá samninga sem þeir hafa gert hvað þetta áhrærir og láta ekki hanka sig á því að íslensk lög beri ekki fulla virðingu fyrir trúarbrögðum annarra og taki tillit til þeirra í uppeldisstarfsemi sem hið op-

inbera stendur að. Þess vegna leyfi ég mér, herra forseti, að flytja þá brtt. sem er á þskj. 1155 og er við 12. gr. þessa frv. og hljóðar svo:

„Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. skal leikskólastjóri sjá til þess að börnum, sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni, sé sýnd full virðing og að þau hafi aðgang að fræðslu um trúarbrögð sín á sama hátt og börn sem tilheyra þjóðkirkjunni.“

Nýbúum á Íslandi hefur verið að fjölga og að mínu viti er þetta liður í því að sýna þeim fulla virðingu. Ákvæði 2. gr. sem hér er vitnað til að haldi gildi sínu að öðru leyti en þegar kemur að þessum hópi barna hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Samkvæmt lögum þessum skal meginmarkmið með uppeldi í leikskóla vera að efla kristilegt siðgæði barna ...“ Ég legg alls ekki til að það falli út heldur haldi það að fullu gildi sínu þar sem það er en að hitt bætist við af þeirri ástæðu sem ég hef getið um hér að ofan. Að mínu viti þarf þetta ekki að vera deilumál.

[10:25]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í 1. umr. um frv. til laga um leikskóla benti ég einmitt á þetta atriði í 2. gr. þar sem rætt er um kristilegt siðgæði barna. Og þó ég hafi síst á móti því að það sé eflt í grunnskólum og leikskólum sem og annars staðar þá fannst mér að það væri kannski vafasamt að hugsa sér það að foreldrar barna sem væru búddatrúar eða múhameðstrúar mundu endilega vilja að það væri kristilegt siðgæði sem verið væri að kenna börnunum. Ég held að allir hafi verið sammála um þegar búið var að ræða þetta lítið eitt fram og aftur hér í þinginu, að þetta væri rétt og þó svo að ráðherra segði að hann teldi að þessari hlið trúarlegs uppeldis barna væri borgið þrátt fyrir þetta orðalag, held ég samt að það væri mjög til bóta ef brtt. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar kæmi inn í þetta frv. Það mundi sýna þá virðingu sem við eigum að sýna öðrum trúarbrögðum einmitt með þeirri víðsýni og því umburðarlyndi sem talað er um í næstu grein á undan í markmiðunum í II. kafla leikskólalaganna „að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna.“ Í samræmi við þessa grein finnst mér afskaplega eðlilegt að tillaga Ólafs Þ. Þórðarsonar verði samþykkt.

Ég benti líka á það í 1. umr. að þau væru fleiri starfsmenn á leikskólum í dag, og mundu verða um langan aldur enn, heldur en þeir sem hefðu menntun leikskólakennara og mér fyndist eðlilegt að inni í 12. gr. væri ákvæði þar sem sagt væri að allir starfsmenn leikskóla ættu kost á uppeldismenntun. Ég er ekki viss um að hv. þingheimur hafi yfirleitt skilið hvað ég var að tala um, skilið það að þó nokkuð stór hluti þeirra starfsmanna sem halda uppi leikskólastarfi í landinu í dag eru ekki lærðar fóstrur, alls ekki, heldur ófaglært fólk sem í krafti ágætis síns hefur unnið mjög gott starf. Sums staðar hefur starfsfólk þetta fengið námskeið og t.d. í Reykjavík hafa allir sem vinna á leikskólum möguleika á að taka 200–300 kennslustunda námskeið í uppeldisfræðum. Mér fyndist ekki óeðlilegt að í þessu frv. væri ákvæði um það að þetta fólk ætti rétt á uppeldisfræðilegu námi svo lengi sem aðstaða okkar er þannig að við verðum að nýta krafta þessa fólks fyrir leikskólana. En það er eins og það hafi hreinlega gleymst og mig grunar að hv. þingheimur hafi ekki skilið það sem ég var að tala um, að stór hluti, mjög stór hluti af starfsmönnum leikskólanna í dag hefur ekki fósturfræðilegt nám að baki og væri eðlilegt að stæði í frv. að það ætti rétt á að fá uppeldisfræðilega kennslu.

Þetta tvennt vildi ég taka sérstaklega fram. Ég veit ekki hvort við erum komin það langt að það sé ekki hægt að bæta þessu inn í frv., en brtt. Ólafs Þ. Þórðarsonar styð ég af heilum hug.

[10:30]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það frv. til laga um leikskóla sem er hér til meðferðar sætir í sjálfu sér ekki miklum tíðindum. Það má segja að þær breytingar sem gert er ráð fyrir að gera á frv. séu út af fyrir sig ekki til skaða, flestar heldur í hina áttina, að mínu mati, vegna þess að það er svona heldur verið að þoka málum í þann veg að hin faglega forusta í málefnum leikskólans sé með afgerandi hætti í menntmrn., en aftur á móti sé rekstrarþátturinn með skýrari hætti en verið hefur og er þá langt gengið, hjá sveitarfélögunum og út af fyrir sig ætla ég ekki að setja mig á móti því.

Í hv. menntmn. kom það fram að Samband ísl. sveitarfélaga er gagnrýnið á veigamikla þætti í þessu frv. Sambandið telur að með þeim ákvæðum sem þar eru sé verið að leggja á sveitarfélögin byrðar sem þau hefðu a.m.k. átt að taka þátt í að ákveða en hafi ekki verið gefinn kostur á að gera. Og það er dálítið merkilegt að hugsa til þess að þegar leikskólalög voru í fyrsta sinn sett á Íslandi vorið 1990 eða 1991 þá gengu fulltrúar Sjálfstfl. mjög fram gegn því frv. vegna þess að það hefði ekki verið talað nógu mikið við sveitarfélögin. Af einhverjum sérkennilegum ástæðum kaus Sjálfstfl. að heyra ekki það sem sveitarfélögin höfðu að segja í þetta skipti og er það athyglisvert, m.a. með hliðsjón af því að Sjálfstfl. hefur forustu í Sambandi ísl. sveitarfélaga.

Ég held að það sé út af fyrir sig rétt að það þurfi að leita samstöðu um þetta mál víða, bæði við fagstéttir, starfsstéttir leikskólans, ófaglærða líka og við sveitarfélögin einnig þannig að það verði samstaða um það að byggja hér upp leikskóla í landinu. Nú er það komið svo að það sem forðum var heitt ágreiningsefni er í orði kveðnu samstaða um. Það er í orði kveðnu samstaða um það að byggja upp leikskóla. Það er ekki lengra síðan en tveir áratugir eða svo þegar menn deildu um hvort það væri yfir höfuð rétt að byggja upp leikskóla. Það eru ekki nema tveir áratugir síðan ýmsir töldu að það væri beinlínis skaðlegt börnum að vera á leikskólum og alast upp á stofnunum með stórum staf og greini, eins og það var kallað venjulega kuldalegri röddu. Nú eru flestir þeirrar skoðunar að það sé eðlilegt að leikskólinn sé hluti af hinu almenna, sjálfsagða uppeldisumhverfi í landinu, m.a. með hliðsjón af því

að heimilin hafa breyst, aðstæður heimilanna hafa breyst og líka með hliðsjón af því að af leikskólunum er mjög góð reynsla. Það hefur komið í ljós að þau börn sem hafa verið á leikskólum eru yfirleitt mjög vel á sig komin þegar þau koma til náms í grunnskólum 6 ára gömul, eins og byrjunaraldurinn er nú þar.

Ég tel þess vegna enga ástæðu til þess að leggja stein í götu þessa frv., þvert á móti finnst mér sjálfsagt að styðja það eins og það er. En ég mun spyrja hæstv. menntmrh. við 3. umr. málsins hvað hann ætlar að gera við frv. ef það verður að lögum. Hann er ekki hér núna, en ég mun óska eftir því við 3. umr. að hann upplýsi til hvers hann ætlar að fá þetta frv. afgreitt. Hvaða tíðindi í málefnum leikskólans munu gerast í beinu framhaldi af því að þetta frv. verði að lögum? Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá það á hreint því mikið kapp er lagt á málið af hálfu stjórnarsinna þannig að á bak við það hljóta að leynast áform um stórfellda uppbyggingu og átak í leikskólamálum hér í þessu landi.

Varðandi brtt. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar segi ég það að ég styð hana, mér finnst hún sjálfsagt mál og ég þakka honum fyrir að flytja hana vegna þess að hann leysir gamla klemmu í þessu máli, ef þessi tillaga yrði samþykkt, 20 ára gamla klemmu, með nokkuð snjöllum hætti. Það hefur verið þannig að ákvæðið um að taka mið af kristilegu siðgæði hefur verið í grunnskólalögum frá vorinu 1974. Þá var flutt brtt. um það efni, að mig minnir af Sjálfstfl., fyrst og fremst með þeim tilgangi að reyna að reka fleyg í raðir þeirra sem studdu að öðru leyti grunnskólafrv. Þá um vorið lá við að það frv. yrði ekki að lögum, vorið 1974. Sjálfstfl. reyndi allt sem hann gat til að stoppa það vegna þess að það var liður í því af hans hálfu að eyðileggja vinstri stjórnina sem þá sat að völdum og hafði setið frá 14. júlí 1971, en það tókst ekki. Auðvitað var samþykkt að taka þarna inn kristilegt siðgæði sem einn af hornsteinum og eitt af grundvallaratriðum skólastarfs. Og ég segi að sjálfsögðu, það liggur í augum uppi að svo hlaut að fara.

Hins vegar er það svo að í stjórnarskrá landsins eru ákvæði um trúfrelsi og þó að þar sé jafnframt ákvæði um það að lútersk-evangelíska kirkjan sé þjóðkirkja þá er engu að síður líka ákvæði um trúfrelsi. Þannig að ég tel að sú aðferð sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson leggur til að beitt verði í þessum efnum sé í raun og veru tengd við stjórnarskrárgrundvöllinn með mjög skilmerkilegum hætti, annars vegar með því að tengjast þeirri forsendu sem hin lútersk-evangelíska þjóðkirkja byggist á, þ.e. hinum almennu heimspekilegu grundvallaratriðum hennar, og hins vegar er gert ráð fyrir því í brtt. hv. þm. að festa trúfrelsið í lögum líka. Ég skora á hv. þm. að samþykkja þessa tillögu. Þetta er skynsamleg tillaga.

Það er í raun og veru þeim mun eðlilegra að þessi tillaga verði studd sem hún nýtur stuðnings hv. þm. Guðrúnar Halldórsdóttur. Ég hygg að það hafi verið hún sem vakti fyrst máls á þessu atriði við 1. umr. leikskólafrv. núna á vordögum eða í vetur, á útmánuðum. Hv. þm. Guðrún Halldórsdóttir þekkir til fólks af margvíslegum þjóðernum, margvíslegum uppruna, margvíslegum trúarbrögðum, sem reynt er að þróa með ýmsum hætti til eins góðs sambýlis og kostur er við íslenskt menningarsamfélag. Ég tel þess vegna að það beri að hlýða á hennar orð í þessum efnum, taka mark á þeim. Það geri ég a.m.k. og tel að það séu veigamikil rök í málinu að hv. þm. Guðrún Halldórsdóttir skuli styðja þessa tillögu sem hér er uppi.

Ég tel sem sagt að frv. sé engan veginn til skaða. Ég styð það fyrirvaralaust, mun greiða því atkvæði, styð þessa brtt. hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. En ég segi jafnframt að ég ætla að spyrja menntmrh. hvað hann ætlar að gera við þetta frv. ef það verður að lögum, en það geri ég bara við 3. umr.

[10:38]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í tilefni af orðum hv. þm. Svavars Gestsonar, um að það hefði ekki verið haft samráð við sveitarfélögin við samningu þessa frv., þá vil ég taka það fram að Samband ísl. sveitarfélaga átti tvo fulltrúa í þeirri nefnd sem vann að samningu frv. Einnig vil ég að það komi fram hér að í umsögn um frv. til laga um leikskóla sem menntmn. barst frá Sambandi ísl. sveitarfélaga segir svo, með leyfi forseta:

„Með frumvarpinu er sjálfstæði og sjálfsforræði sveitarfélaganna varðandi stjórnun og ábyrgð á málefnum leikskólans aukið miðað við gildandi lög um leikskóla. Virðist það vera meginmarkmiðið með framlagningu frv. og er sambandið sammála þeim breytingum."

Eina athugasemdin sem Samband ísl. sveitarfélaga gerir við þetta frv. er varðandi orðalag í 3. gr. frv.

[10:39]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg rétt að fulltrúar úr Sambandi ísl. sveitarfélaga áttu aðild að undirbúningi málsins. Það var hins vegar mjög sérkennilega farið með undirbúning þessa máls. Ég veit ekki hvort menn gera sér almennt grein fyrir því. Það var farið þannig með undirbúning þessa máls að það var skipuð nefnd eftir tilnefningum. Síðan var ákveðið í nefndinni að banna öllum fulltrúum í nefndinni að tala um það sem gerðist þar og ákveðið væri þar út fyrir raðir nefndarinnar. Það var t.d. bannað að fara með málin inn í Fóstrufélag Íslands þannig að það var ekki fyrr en frv. var fullsamið að fulltrúi Fóstrufélagsins gat ráðfært sig við sitt félag með formlegum hætti. Þannig að það er auðvitað býsna óvenjulegt lýðræði sem tíðkast í þessum efnum, að fulltrúar viðkomandi samtaka skuli ekki geta ráðfært sig við þau á undirbúningsstigi málsins.

Það hafa viðgengist í seinni tíð mjög sérkennileg vinnubrögð í menntmrn. að því er varðar lýðræði í hinum margvíslegu nefndum sem hafa verið skipaðar þar í seinni tíð. Staðreyndin er líka sú að þó að þarna væru fulltrúar frá Sambandi ísl. sveitarfélaga þá lá hitt aðalatriðið fyrir, að formleg umsögn stjórnar Sambands ísl. sveitarfélaga hafði ekki borist um málið. Ég hygg að það hafi verið ég sem í menntmn. óskaði eftir því

að framkvæmdastjóri sambandsins yrði kallaður fyrir og hann léti í té skriflega umsögn án þess að um væri að ræða formlega stjórnarsamþykkt sambandsins. Mér finnst það ekki sanngjarnt að segja svo: Samband ísl. sveitarfélaga hefur átt fulla aðild að málinu. Það er ekki rétt þó svo dregnir hafi verið inn í málið í upphafi fulltrúar frá sambandinu sem máttu svo ekki tala við sambandið samkvæmt reglum sem samþykktar voru nefndinni meðan var verið að semja textann.

[10:41]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég á lítið erindi í ræðustól annað en að þakka hv. þm. Guðrúnu og Svavari fyrir stuðning þeirra við þessa brtt. Ég vil taka sérstaklega undir það sem kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að hv. þm. Guðrún Halldórsdóttir er örugglega með meiri reynslu og þekkingu í samskiptum við nýbúa en nokkur annar þingmaður sem situr á Alþingi Íslendinga. Ég minnist þess einnig að það viðhorf kom fram við umræður um þetta mál sem hún lýsti varðandi trúfrelsið og umburðarlyndi gagnvart öðrum trúfélögum. Hins vegar skal ég játa að mér varð það þó nokkuð umhugsunarefni hvernig það ætti að koma því inn í hinn orðaða texta en reyndi að leysa það á svipaðan hátt og hv. þm. Svavar Gestsson gat um, þ.e. stjórnarskráin leysir þetta á tvo vegu. Annars vegar veitir hún ákveðinni trú viss forréttindi en undirstrikar svo jafnframt í stjórnarskránni rétt til trúfrelsis. Og það má segja að þess vegna er þetta sett seinna inn í textann, sett inn í 12. gr. og undir ákvæðinu „þrátt fyrir".

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 2. umr.

Stjfrv., 551. mál (nýjar EES-reglur). — Þskj. 862, nál. 1085 og 1094.

[10:43]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti meiri hluta menntmn. um frv. til laga um breyting á lögum nr. 83/1993, um viðurkenningu á menntun og prófskírteinum.

Nefndin hefur fjallað um málið sem varðar breytingu á lögum nr. 83/1993 sem sett voru á 116. löggjafarþingi eftir ítarlega umfjöllun í menntmn. Nefndin lagði þá til breytingu á framlögðu frv. sem fól í sér að lögin tækju einungis til tilskipunar 89/48/EBE sem varðar almennar reglur um viðurkenningu menntunar og starfsréttinda að lokinni þriggja ára sérfræðimenntun og starfsþjálfun á æðra skólastigi. Í frv. þessu er lagt til að lög nr. 83/1993 taki einnig til tilskipunar 92/51/EBE sem felur í sér reglur um viðurkenningu á starfsmenntun sem krefst starfsþjálfunar og menntunar á framhaldsskólastigi eða háskólastigi og tekur skemmri tíma en þrjú ár. Tilskipanirnar taka einungis til starfsmenntunar sem hlotið hefur löggildingu, leyfi eða aðra jafnsetta viðurkenningu.

Meiri hluti nefndarinnar leggur til að frv. verði samþykkt óbreytt.

[10:45]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni eitt af hinum svokölluðu EES-málum og hér er kannski líka dæmi um það hvernig gangur mála er í þeim efnum. Við samþykktum heilmikinn lagabálk í fyrra um gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum og nú eru komnar viðbótartilskipanir frá Evrópusambandinu sem þarf að afgreiða á hinu háa Alþingi án þess að nokkuð verði við því sagt.

En ég mæli fyrir nefndaráliti minni hluta hv. menntmn. á þskj. 1094 og er það svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á 116. löggjafarþingi fjallaði nefndin um frumvarp til laga sem fól í sér gagnkvæma viðurkenningu á menntun og prófskírteinum á Evrópska efnahagssvæðinu. Þá tóku undirritaðir nefndarmenn þá afstöðu að sitja hjá við afgreiðslu málsins enda þeirrar skoðunar að nær væri að miða slíka viðurkenningu við heiminn allan ef vilji væri til að opna íslenskan vinnumarkað með þessum hætti. Undirritaðir nefndarmenn sáu þá og sjá ekki enn ástæðu til að mismuna fólki eftir því hvort það telst íbúar þeirra Evrópuríkja, sem sameinast hafa um efnahagssvæði, eða annarra ríkja með þeim hætti sem gert er í lögum þessum.

Á síðasta þingi voru lögteknar ákveðnar tilskipanir frá Evrópusambandinu um gagnkvæma viðurkenningu menntunar og prófa og nú bætast tvær tilskipanir við. Þetta dæmi úr menntamálanefnd sýnir hvernig lagasetningu verður háttað meðan EES-samningurinn verður í gildi, tilskipanir streyma frá reglugerðarveldinu í Brussel og Alþingi Íslendinga á ekki annarra kosta völ en að samþykkja þær.

Undirritaðir nefndarmenn telja að allt of skammur tími hafi gefist til að vinna frumvarpið og að full ástæða hefði verið til að kalla á fund nefndarinnar fulltrúa þeirra hópa sem hinar nýju tilskipanir frá Evrópusambandinu ná til, en þeir standa auðvitað frammi fyrir gerðum hlut.

Þá vill minni hlutinn gagnrýna þá hvimleiðu aðferð í lagasetningu að vísa til númera á tilskipunum Evrópubandalagsins í stað þess að tiltaka í lögunum hvað í þeim felst.

Undirritaðir nefndarmenn, sem voru og eru andstæðingar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, geta ekki samþykkt lagasetningu af þessu tagi og munu sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Undir þetta rita Kristín Ástgeirsdóttir og Svavar Gestsson.

[10:47]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég stenst ekki þá freistingu að spyrja hv. frsm. nefndarálitsins vegna þess sem kemur fram hér á þskj. þar sem segir svo, með leyfi forseta:

„Undirritaðir nefndarmenn sem voru og eru andstæðingar samningsins um Evrópska efnahagssvæðið geta ekki samþykkt lagasetningu af þessu tagi og munu sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Þess vegna langar mig að spyrja hv. þm. hvernig hún sér fyrir sér framtíðina ef Kvennalistinn kæmi til með að taka þátt í næstu ríkisstjórn. Þá er ekkert um það að ræða að sú ríkisstjórn kemur til með að þurfa að leggja fram EES-frumvörp. Mér finnst að hún og þessir tveir hv. þm. sem flytja þetta nefndarálit séu með þessu að gefa það í skyn að þeir muni aldrei geta staðið að framlagningu á EES-stjórnarfrumvörpum.

[10:49]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í umræðunni um ESS-samninginn lagði ég ríka áherslu á það að einn af kostum EES-samningsins væru ýmis lög sem honum fylgja, lög af ýmsu tagi því að á ýmsum sviðum er Evrópusambandið komið mun lengra en við. Við getum tekið sem dæmi neytendamál og slíkt og við höfum verið að samþykkja hér lagabálka um þau efni. Það er því alls ekki svo að við kvennalistakonur getum ekki fallist á eða staðið að lagafrumvörpum sem eiga rætur að rekja til Evrópusambandsins ef þar er um góða og eðlilega lagasetningu að ræða. Ég minni á það að við höfum stutt fjölda frumvarpa sem hér hafa verið til meðferðar og tengjast EES-málinu, en það verður auðvitað að líta á hvert tilvik fyrir sig og skoða hvers konar lagasetning þar er á ferð. Hv. þm. þarf því ekki að óttast það að við treystum okkur ekki til að standa að EES-frumvörpum ef í þeim felst góð lagasetning. En mismunun af því tagi sem þetta mál felur í sér get ég ekki fallist á.

[10:50]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég skil svar hv. þm. þannig að hún muni ekki treysta sér til þess að standa að framlagningu á EES-málum ef hún er ekki algerlega sátt við innihald frumvarpanna. Nú er það einu sinni svo að við erum aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og meðan við erum það þá erum við bundin því að leggja fram þau EES-mál sem okkur berast. Þetta getur verið gallað en þetta er það sem við stöndum frammi fyrir og ég vil bara fá það alveg skýrt fram hjá hv. þm. hvort hún muni í væntanlega næstu ríkisstjórn standa að því að koma í veg fyrir að mál verði fram lögð ef henni líkar ekki innihaldið og ef um EES-mál er að ræða.

[10:51]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Stórt er spurt og ég heyri ekki betur en þingmaður sé kominn hér út í umræður um næstu ríkisstjórn. Hv. þm. veit það auðvitað eins vel og ég að þegar um samsteypuríkisstjórnir er að ræða verða menn að koma sér saman um hlutina. Mér dettur ekki í hug að halda því fram úr þessum ræðustól að ef Kvennalistinn yrði aðili að næstu ríkisstjórn þá mundi hann sífellt vera í andstöðu við ýmis mál en þó kunna að koma upp tilvik þar sem um svo stór mál er að ræða, mál sem ganga gersamlega gegn stefnu Kvennalistans og þá yrði auðvitað að láta á það reyna. En auðvitað er það rétt sem þingmaðurinn segir að veruleikinn er þessi. Við erum aðilar að samningnum og honum fylgir lagasetning af ýmsu tagi. Ég nefni sem dæmi mál eins og það sem varðar dómstólinn þar sem um er að ræða það sem ég tel vera valdaafsal og þá auðvitað vandast málið.

En ég ítreka það að í ríkisstjórn verða menn að koma sér saman um hlutina og auðvitað yrðum við að ganga til móts við sjónarmið sem þar eru á ferð.

[10:52]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það voru nokkuð sérkennileg orðaskipti sem hv. 3. þm. Norðurl. e. knúði fram hér áðan og nokkuð merkilegt að Framsfl. skuli liggja svona mikið á að á andsvaragrunni við þetta litla mál skuli vera saumað að Kvennalistanum með þeim hætti sem hv. þm. gerði og þar á meðal einnig öðrum sem standa að þessu minnihlutaáliti. Það var mjög merkilegt, mjög merkilegt. (**BBj:** Það er fast að orði kveðið.) Hvað var fast að orði kveðið, hv. þm.? Að það væri saumað að þeim? Já, það má segja það kannski.

Staðreyndin er auðvitað sú að þó að Ísland sé aðili að Evrópsku efnahagssvæði þá höfum við frelsi til að gera ekki allt það sem þaðan kemur. Við höfum frelsi til þess, dásamlegt frelsi til að gera bara það sem okkur sýnist. Það liggur þannig. Og reyndar er það ekki bara svo að við höfum frelsi til þess heldur er það stjórnarskrárbundin skylda okkar að meta hlutina eins og þeir koma frá Evrópsku efnahagssvæði. Auðvitað er það svo að mikið af þeim atriðum sem fram koma frá Evrópsku efnahagssvæði og Evrópukerfinu eru þannig að það er óþolandi staða sem Alþingi er sett í. Þeir eru horfnir af borðunum haugarnir af bókunum, upp á mörg þúsund síður, sem hér voru í margar vikur. Það er alveg ljóst að við áttum mjög litla möguleika, of litlar aðstæður og slakar til að kynna okkur það sem stóð í þessum gögnum.

Auðvitað hljótum við að meta þessi mál frá máli til máls og efni þeirra frá máli til máls. Í því sambandi bendi ég t.d. á að það var samþykkt hér nýlega frv. til laga um orkumerkingar og hávaðamerkingar á heimilistækjum, hið merkasta mál, hið merkasta neytendamál og í raun og veru öryggismál fyrir neytendur. Það var samþykkt nær samhljóða í þessari stofnun á grundvelli málsins sjálfs. Ég hef a.m.k. fyrir mitt leyti, og ég hygg fleiri hér, haft þá stefnu varðandi þessi mál að meta hvert mál fyrir sig og ég neita því algerlega að láta taka af mér þann rétt sem ég hef sem þingmaður til að meta sjálfur málin sjálfstætt.

Það hefur komið fram líka í sambandi við þetta mál að það er afar seint fram komið og það eru þó nokkrar stéttir sem þetta frv. tengist sem hafa ekki fengið að sjá það. Þetta frv. snertir t.d. skipstjórnarmenn og stýrimenn. Þetta frv. snertir vélstjóra. Þetta frv. snertir þroskaþjálfa. Þetta frv. snertir með öðrum orðum stétt-

ir sem eru með menntun úr framhalds- og sérskólum eða byrjun háskólastigs sem er skemmri en þrjú ár. Stórir hlutar af þessu fólki vita ekkert hvað í þessu plaggi stendur sem nú á að gera að lögum og samt sem áður undrast menn að við, ég og hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir, skulum láta okkur detta í hug að málið sé a.m.k. skoðað pínulítið betur og þess vegna höfum við setið hjá við málið. Okkur finnst ekki liggja á að ljúka málinu.

Þess vegna tel ég af þessum rökum og öðrum sem ég hef rakið, en rökin eru margþætt, að það sé algerlega fráleitt að standa að málinu eins og hv. meiri hluti nefndarinnar leggur til að gert verði. Þá fer málið væntanlega í gegn á grundvelli og á ábyrgð meiri hlutans og við höfum út af fyrir sig ekki verið með tillögur um það að menn greiði atkvæði gegn þessu frv. Við teljum hins vegar að meiri hlutinn, Alþfl. og Sjálfstfl. og einhver hluti af Framsfl., eigi að axla þessa ábyrgð. Það er svo einfalt og þannig er það oft á síðustu dögum þingsins að stjórnarliðið tekur að sér að axla ábyrgð á svona málum án þess að stjórnarandstaðan telji sig bundna af því að þurfa að fylgja því í þaula. Það finnst mér algerlega út í hött.

En það var athyglisvert fyrst og fremst hvernig að þessu var staðið og hvernig umræðan fór af stað. Ég hélt að það yrði ekki mikil umræða um þetta mál, en umræðan fór af stað með þessum athyglisverða hætti að hv. 3. þm. Norðurl. e., alla jafna spakur og prúður þingmaður í sölum, telur sérstaka ástæðu einmitt núna, kannski vegna þeirra kaflaskipta sem eru að verða í Framsfl., til að knýja fram umræður um þetta mál. Það er enn eitt dæmið um það að tiltekinn hópur í Framsfl. telur að hann hafi verið kúgaður svo lengi undir forustu Steingríms Hermannssonar að nú þegar komið er vor og Halldór tekinn við þá skella þingmennirnir sér út á túnið og sjást ekki fyrir og sumir vita hvað kemur fyrir þau dýr — ekki villidýr — þau dýr sem lengi vetrar hafa verið í húsi, renna svo út í vorið og lenda einhvers staðar, enginn veit hvar.

[10:59]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég ætla ekki að fara að blanda mér inn í þær deilur sem hafa sprottið hér upp hvað eftir annað á milli hv. 9. þm. Reykv. og ýmissa þingmanna Framsfl. út af málflutningi framsóknarmanna um hin ýmsu mál sem hafa verið á dagskrá og ætla ekki að blanda mér í þann ágreining sem allt í einu er kominn upp og hvað eftir annað kemur upp í ýmsum málum. Ég vildi aðeins af því að hv. 9. þm. Reykv. var ráðherra í þeirri ríkisstjórn sem gekk að þeim kostum sem fyrir lágu þegar ákveðið var að Ísland gerðist aðili að Evrópska efnahagssvæðinu mótmæla þessum málflutningi hans varðandi þær gerðir sem við tókum að okkur að samþykkja á Alþingi sem var hluti af þessum pakka og fylgdi EES-samningnum. Hv. þm. var ráðherra í ríkisstjórn sem samþykkti að heija viðræður um aðild að Evrópska efnahagssvæðinu með því skilyrði að lagabálkar Evrópusambandsins eða Evrópubandalagsins yrðu teknir sem hluti af þessum samningi. Það þýðir ekkert að koma nú og tala eins og þetta séu einhverjir afarkostir eða einhver nauðung og láta eins og það sé öðrum að kenna þegar hv. þm. sat í þeirri ríkisstjórn sem ákvað þetta og gekk að þessum skilmálum og síðan höfum við starfað í samræmi við það.

Ég vildi aðeins láta þetta sjónarmið koma fram í tilefni af orðum hans því að hann talaði þannig um þetta mál eins og hann hefði hvergi nærri því komið og bæri enga ábyrgð á því hvernig þessum málum væri háttað.

[11:00]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég læt þessa Staksteina hvergi hrína á mér sem komu fram frá hv. 3. þm. Reykv. Auðvitað er það rétt að fyrrv. hæstv. ríkisstjórn setti af stað og byrjaði þátttöku í viðræðunum um EES með sérstakri samþykkt sem gerð var í febrúar 1989. Hæstv. fyrrv. forsrh., Steingrímur Hermannsson, gerði grein fyrir skilyrðum Íslands í þessum viðræðum í sérstakri ræðu sem hann flutti á ráðherrafundi í Ósló í mars 1989. Þegar niðurstöður úr þessum viðræðum öllum lágu fyrir, sem varð því miður ekki fyrr en eftir að núv. ríkisstjórn tók við, þá lá það alveg fyrir að þau skilyrði sem sett voru þá af hæstv. forsrh. og þáv. formanni Framsfl. höfðu ekki verið uppfyllt og þess vegna varð það niðurstaða okkar margra, m.a. hans, hæstv. fyrrv. forsrh., að það væri ekki hægt að styðja samninginn eins og hann lá fyrir af því að við töldum efnisatriðin ekki vera í samræmi við þær kröfur sem við gerðum þegar lagt var upp.

Þess vegna er það því miður útúrsnúningur hjá hv. 3. þm. Reykv. að setja málin þannig upp að við í fyrrv. ríkisstjórn höfum borið ábyrgð á lendingunni þó hitt sé vissulega rétt að við höfum könnun málsins því að við erum þeirrar skoðunar eða a.m.k. er ég þeirrar skoðunar að það eigi að kanna mál til hlítar og ekki útiloka hlutina fyrir fram, a.m.k. ekki þetta mál eins og það lá þá fyrir.

[11:02]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér á það við að sá veldur miklu sem upphafinu veldur. Hvað sem líður samningslyktunum var við upphaf þessa máls gengið frá því að þannig skyldi að málum staðið og við erum hér að takast á við eitt af þeim málum sem samið var um þegar á árinu 1989 að yrði hluti af íslenskum rétti.

Varðandi framhaldið þá erum við líka að sinna lokaáfanga þeirra mála sem þá var um samið að yrðu hluti af íslenskum rétti. Framvegis getum við sem alþingismenn átt aðild að málatilbúnaði á mótunarstigi slíkra mála og það mun horfa allt öðruvísi við þegar fram líða stundir varðandi þessa málaflokka en er nú því að við erum að sinna leifunum af þeim stóra lagagrunni sem samþykkt var á árinu 1989 að yrði hluti af EES-samningnum.

[11:03]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg viss um það að hv. 3. þm. Reykv. viðurkennir að það er réttur okkar að hafa sjálfstæða afstöðu til mála eins og þess sem hér liggur fyrir. Ég er viss um að hv. 3. þm. Reykv. viður-

kennir líka að það er skylda okkar að meta hvert mál eins og það liggur fyrir. Ég er þar með viss um að hv. 3. þm. Reykv. viðurkennir að við eigum ekki að taka málin eins og þau séu sjálfgefinn hlutur eða dómur heldur meta þau hvert í sínu lagi við þær aðstæður þar sem þau koma upp. Þess vegna er ég sannfærður um það að þegar hann skoðar þessi mál af allri sanngirni þá telur hann eðlilegt að stjórnarandstaðan við þær aðstæður sem nú eru uppi, að það á að knýja fram mál sem hefur fengið litla skoðun, segi við þær aðstæður: Við treystum okkur ekki til þess að standa að þeirri afgreiðslu og kjósum þess vegna að sitja hjá um málið. Þess vegna hygg ég að þegar allrar sanngirni er gætt, þá viðurkenni menn hlutina með þeim hætti sem ég hef hér rakið.

Hitt vakti athygli mína að einn af þingmönnunum í stjórnarandstöðunni fann sérstaka ástæðu til að finna að málflutningi hv. frsm. minni hlutans Kristínar Ástgeirsdóttur með þeim hætti sem kom fram og ég rakti hér áðan.

[11:05]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Út af ræðu hv. 9. þm. Reykv. áðan vil ég aðeins segja það að ég var stödd á Austurlandi í janúarmánuði og þar lá frammi blað sem heitir Austurland og mun vera málgagn Alþb. á Austurlandi. Las ég þar leiðara sem snerist um það að nú hefðum við gerst aðilar að Evrópsku efnahagssvæði og væri vonandi að menn hættu að berja höfðinu við steininn og áttuðu sig á því að við yrðum að gera það besta úr þessum samningi sem hægt væri. Mér datt það svona aðeins í hug að þarna hefði verið sneið til hv. 4. þm. Austurl., þingmanns kjördæmisins, og mér heyrist að hv. 9. þm. Reykv. ætti kannski að hafa þetta líka í huga.

Ég vil auk þess segja að sá tvíhliða samningur sem Alþb. mælti með að yrði gerður við Evrópusambandið átti að byggja á fjórfrelsinu. Hann átti að byggja á frjálsum vinnumarkaði sem þetta mál, sem við núna erum að fara að greiða atkvæði um, er hluti af.

[11:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hv. 3. þm. Norðurl. e. fyrir að flytja sneiðar á milli landshluta. Þessi forustugrein hafði farið fram hjá mér og ég hafði því miður ekki lesið hana þó ég lesi Austurland yfirleitt vandlega. Auðvitað er það svo að tillögur okkar alþýðubandalagsmanna varðandi þessi mál byggðust á því að um yrði að ræða meginþættina í fjórfrelsinu. Það hefur aldrei verið neitt launungarmál af okkar hálfu. Ég hef farið mjög rækilega yfir það í þessum ræðustól, m.a. að viðstöddum nokkrum þingmönnum sem hér eru inni. En aðalatriðið var það að við töldum að ýmsir aðrir þættir, einkum stjórnarfarslegir, væru varasamir í þessum samningi, í öðru lagi pólitískir þættir vegna þess að eins og samningurinn er og horfur voru á að hann yrði þá mundi þetta verða skref inn í Evrópubandalagið, Evrópusambandið, og í þriðja lagi vegna þess að við töldum að þessi samningur yrði sennilega heldur skammlífur eins og reyndar margt bendir til um þessar mundir. Við töldum hann því fráleitan við þær aðstæður og kusum þess vegna, eins og Steingrímur Hermannsson, nú seðlabankastjóri og þá formaður Framsfl., að greiða atkvæði gegn þessum samningi. Það var okkar niðurstaða af því að við vildum leggja sömu áherslur og fyrrv. ríkisstjórn gerði.

Hluti Framsfl. kaus hins vegar að víkja frá áherslum Steingríms Hermannssonar, fyrrv. formanns hans. Það er vandinn sem mér heyrist að hv. þm. eigi erfitt með að gleyma.

[11:08]

Valgerður Sverrisdóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég heyri að hv. þm. er á miklum flótta í málflutningi sínum en ég held að það sé alveg ljóst að hv. fyrrv. þm., Steingrímur Hermannsson, greiddi fyrst og fremst atkvæði gegn samningnum vegna þess að hann taldi að hann stæðist ekki ákvæði stjórnarskrárinnar.

[11:08]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Eitt af þeim atriðum sem hv. fyrrv. þm., Steingrímur Hermannsson, lagði áherslu á var stjórnarskrárþátturinn en hinir þættirnir líka. Og ég skora á hv. 3. þm. Norðurl. e. og aðra ágæta þingmenn Framsfl. að kynna sér vandlega ræðu þá sem Steingrímur Hermannsson, fyrrv. forsrh., flutti í Ósló í mars 1989 og bera hana nákvæmlega saman við samningsniðurstöðuna. Þá komast menn auðvitað að þeirri niðurstöðu að samningurinn varð ekki í fullu samræmi við þær kröfur sem gerðar voru.

Hitt er hins vegar rétt hjá hv. 3. þm. Norðurl. e. að það er sjálfsagt að menn reyni að gera gott úr þessum málum við allar aðstæður eins og kostur er og eins og við alþýðubandalagsmenn höfum ævinlega reynt að gera hvort sem við höfum verið í stjórn eða stjórnarandstöðu. Málið snýst ekki um það. Málið snýst hins vegar um það í dag að það eru uppi hugmyndir um að nálgast Evrópusambandið með alveg nýjum hætti og við alþýðubandalagsmenn teljum að kröfur okkar um tvíhliða samninga sé kannski eina leiðin til þess að losa þjóðina úr þeirri hættu sem byggist á þeirri lestarþörf vonleysisins sem sumir, undir forustu hæstv. utanrrh., virðast vera að leggja í um þessar mundir og ólíklegustu menn eru komnir út á brautarpallinn.

[11:10]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það voru mér virkileg vonbrigði áðan að verða vitni að því að hv. þm. Björn Bjarnason, sem mikið hefur hlotið í vöggugjöf og mikils hefur notið í lífinu, skyldi falla í þá gryfju í málflutningi að ganga lengra en sannleikurinn leyfði. Það er nú einu sinni svo að hv. þm. Svavar Gestsson á ekki aðild að núv. ríkisstjórn. (**BBj:** Hann átti aðild.) Hann getur ekki hafa átt aðild að núv. ríkisstjórn, hv. þm. Björn Bjarnason, en svo hörð er þráhyggjan að það virðist eiga að fara að tengja ríkisstjórnir saman og hafi menn einu sinni átt aðild að ríkisstjórn, þá eigi þeir aðild að ríkisstjórn þeirri sem nú situr.

Hv. þm. féll í þá gryfju að lýsa því yfir að hv. þm.

Svavar Gestsson hefði átt aðild að ríkisstjórn þegar ákveðið var að Íslendingar gerðust aðilar að Evrópsku efnahagssvæði, sem er íslenskt efnahagssvæði að hluta til í dag eftir að samningurinn var gerður. Þetta er einfaldlega ósatt og það veit hv. þm. Björn Bjarnason. Og þó að allur stráksskapur geti átt rétt á sér á vissum stundum og vissum stað og hafi því miður í heimi blaðamanna verið iðkaður af mikilli list, mikilli hrekkjalist, þá gengur það einfaldlega ekki að hv. formaður utanrmn. Alþingis, Björn Bjarnason alþingismaður, leyfi sér að láta aðrar eins fullyrðingar fara frá sér. Ef þetta væri rétt þá mætti aldrei setjast að samningaborði með neinum aðila án þess að skrifa undir samninga því að sá sem settist að samningaborðinu væri þar með búinn að ákveða að hann ætlaði að semja. Svo er ekki. Menn setjast að samningaborði til þess að reyna að ná samningum. Telji þeir niðurstöðuna ásættanlega skrifa þeir undir. Telji þeir niðurstöðuna ekki ásættanlega skrifa þeir ekki undir. Svo einfalt er það.

Þeir sem harðast ganga nú fram í því að vilja að við hefjum viðræður við Evrópskt efnahagssvæði og um inngöngu í EB segja ekki: Við eigum að ganga í EB. Ég ætla ekki að bera þessa menn þeim sökum. Þeir segja það ekki heldur segja þeir: Við eigum að setjast að samningaborði og kanna hvaða möguleika við eigum á að ná hagstæðum samningi. Er sanngjarnt að segja við þá menn: Þið ætlið inn í EB hvað sem það kostar? Það hafa þeir ekki sagt.

Hv. þm. Birni Bjarnasyni er einfaldlega of mikið gefið til þess að leika sér á þennan hátt að þessu máli. Hann hefur alveg skýra afstöðu hvernig við eigum að standa að málum í framtíðinni í þessu máli. Hann hefur lýst henni í útvarpi og sjónvarpi og hefur ekki hikað við að taka þar afstöðu jafnvel þó að hann viti að innan hans raða, Sjálfstfl., eru margir sem eru á öndverðri skoðun.

Nú er það einu sinni svo að þó að alþingismenn séu á öndverðri skoðun þá er ekki þar með sagt að það sé vopnaburðurinn sem eigi að gilda, að gera mönnum upp afstöðuna og sækja að þeim á þeim á þeim forsendum.

Ég minnist þess að þegar átök voru um sjálfstæði þessarar þjóðar var deilt um hvoru bæri að hlíta, efnahagslegri framför eða sjálfstæðinu. Það var tekist á um þetta af mikilli hörku meðal Íslendinga. En sá sem leiddi það stríð var aldrei reiðubúinn að gefa eftir tommu í sjálfstæðiskröfunum út á efnahagslegar framfarir. Hann vissi að þær yrðu afleiðing. Ef við hefðum sjálfstæðið í gegn þá mundum við sigla hraðbyri til efnahagslegra framfara og það gerðum við.

Það frv. sem hér er lagt fram er að því leyti meingallað að í staðinn fyrir að leggja fram heildstætt frv. um að Íslendingar virtu skólakerfi annarra þjóða, annarra menningarþjóða þessa heims og væru reiðubúnir að setja almenn lög um rétt þeirra sem stunda nám í viðurkenndum háskólum erlendis, hvort heldur það væri vestan hafs eða í Evrópu eða í Sovétríkjunum fyrrverandi eða í Japan, svo að ég fari svolítið um heiminn, í staðinn fyrir að setja slíka stefnu á blað að við ætluðum okkur að viðurkenna þessi próf og við ætluðum að sjá til þess að þeir menn sem hefðu slík réttindi hefðu starfsréttindi á Íslandi ef þeir kæmu hér inn til starfa sem íslenskir ríkisborgarar, þá föllum við í þá gryfju sem í sögunni er kennd við kínverska múrinn. Þ.e. einu sinni trúðu Kínverjar því að þeir stæðu framar öllum þjóðum heims. Þeir voru búnir að finna upp púðrið, notuðu það í flugeldasýningar m.a. en ekki til þess að drepa menn, en þeir gátu notað það í þeim tilgangi. Og til þess að aðskilja sig frá barbörum heimsins byggðu þeir Kínverjar múr til að halda þeim fyrir utan. Og því miður er Evrópa í dag á sama þröskuldi fáfræðinnar. Hún er að byggja kínverskan múr utan um þá trú að þar standi menningin hæst, þar sé allt það besta, þar þurfi að verjast því að barbararnir streymi inn fyrir, hvort heldur þeir eru með próf frá Bandaríkjunum eða annars staðar í heiminum.

Við Íslendingar höfum til þessa haft víðsýni til að falla ekki í þessa gryfju. Við höfum látið Lánasjóð ísl. námsmanna lána mönnum til að stunda nám í Ameríku. Er ætlunin að segja við þetta fólk þegar það kemur heim: Nei takk, þetta próf gildir ekki hér á landi. Þið verðið bara að fara til baka og flytja til Vesturheims. Við erum búin að samþykkja að það verði prófin frá Evrópu sem gildi. Við ætlum ekki að heimila meira. Er það þetta sem menn eru að boða í þingsölum í dag? Er það þessi kínverski múr fáfræðinnar sem menn eru að leggja til að verði samþykktur? Á þá ekki að banna það líka að senda menn til læknis til Ameríku? Verður það ekki skilyrði að annaðhvort skuli þeir fara til Evrópu og drepast þar en alls ekki til Ameríku til læknis? Hvers vegna leggja menn ekki fram slíkt frv. til að tryggja starfsréttindi heilbrigðisstéttanna sem eru þó með lögvarin réttindi í landinu?

Auðvitað eru tvær leiðir til að uppfylla atriði eins og það hvort við ætlum að virða próf frá erlendum ríkjum eða ekki. Önnur leiðin er að setja almennar leikreglur. Hin leiðin er að múra okkur föst inn í Evrópu. Mér þykir það miður að sú leið skuli hafa verið valin. En þetta frv. er að því leyti sérstætt að það hefði ekki þurft að samþykkja neitt nema 3. gr. Ráðherra hefur heimild til að gera það sem honum sýnist ef í hlut eiga menn frá Evrópska efnahagssvæðinu. Það hefði verið nóg. Hvað eru menn að þvælast með hitt fyrir ofan þegar sett er í 3. gr. að það skuli vera reglugerðarvald ráðherra sem geti veitt undanþágu frá ríkisfangi, búsetu, viðurkenningu á prófum að því leyti sem það er nauðsynlegt vegna skuldbindinga sem felast í tilskipunum þessum eða samningum sam falla undir 1. gr.? — Nú er hæstv. landbrh. farinn að hlusta.

Það er nú einu sinni svo (**Landbrh.:** Stendur nú í þingmanninum?) að þetta reglugerðarvald er kannski æðsti draumur allra ráðherra, að lagakerfið fari til hliðar og reglugerðirnar taki við. (**Gripið fram í:** Það sparar skrifborðið.) Og við viljum kalla okkur lýðræðislega þjóð. Þeir kjósa forseta í Bandaríkjunum en þeir ráða framkvæmdastjóra yfir Evrópu alveg eins og þeir ráða forstjóra eða framkvæmdastjóra yfir hlutafélög. Delors hefur ekki verið kosinn. (**Gripið fram í:** Það eru bara 12 menn sem ráða því.) Hann hefur ekki ver-

ið kosinn, hæstv. landbrh. Hann var bara ráðinn. (**Landbrh.:** Landbúnaðarráðherra?) Hæstv. samgrh. hlustar í þetta skipti og þess vegna verð ég að breyta ávarpinu.

Ég spyr sjálfan mig stundum þeirrar spurningar: Er svo komið að Íslendingar telji að við eigum að taka upp menntastríð gagnvart Ameríku, við eigum að taka upp viðskiptastríð á bílum gagnvart Ameríku ef afturljósin eru ekki á réttum stað? (**ÓRG:** Þetta hefur samgrh. greinilega ekki fattað.) Þetta hafa menn sambykkt, þetta er það sem boðað er. (**ÓRG:** Samgrh.) Og auðvitað geta menn haft þessa trú. En efnahagslega er þetta kolvitlaus stefna fyrir Ísland. Það er nefnilega svo að það skiptir ekki eitt máli hvort við fáum 10% meira eða minna fyrir vöru sem við erum að selja úr landi. Það skiptir líka máli hvort varan sem við erum að kaupa til baka kostar 10 eða 20% meira eða minna og það er það sem Evrópa er að ginna okkur til að gera í stöðunni, þ.e. að með því að gefa eftir tolla á vissum sviðum er verið að þvinga Íslendinga til meiri vöruviðskipta við Evrópu á vöru sem eru miklu dýrari en annars staðar í heiminum. Og með fáránlegum reglum, m.a. um ljós aftan á bílum, er verið að reyna að ryðja ákveðnum tegundum út af markaðnum.

Ég lít svo á að þetta frv. sé eitt það hraðsoðnasta sem hefur komið inn á Alþingi Íslendinga. Mér er ljóst að hv. þm. Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn., tók ekki við þessu frv. sem einhverju baráttumáli sem hv. þm. vildi koma áfram heldur var þetta hluti af pakka sem er réttur. En það væri fróðlegt að fá það niður skráð hvað felst í þessu, hvaða skuldbindingar menn eru að taka yfir í reynd. Það er óskrifað blað því hér er veitt heimild fram í tímann til að ráðskast með íslensk lög alveg eins og ráðherra sýnist ef eftir 10 ár verður breytt um menntastefnu í Evrópu á einhverju sviði. Það veit því enginn hvað hann er að samþykkja. Og nú er svo komið að hv. þm. Björn Bjarnason er farinn að lesa frv. (**SvG:** Er það nú víst?) Og eins og oft áður hef ég ekkert of sagt um hans fróðleiksfýsn. Ég hef aldrei efað hana og undirstrika enn að hv. þm. er mikið gefið. En svona frv. sem verður að lögum er náttúrlega til skammar fyrir Alþingi Íslendinga því að menn eru að afsala sér löggjafarvaldinu yfir í reglugerðarvald framkvæmdarvaldsins.

Hin lýðræðislega staða í Evrópu er fáránleg á því sviði að ofar þjóðhöfðingjum álfunnar eru ráðnir embættismenn. Menn hafa verið að fylgjast með sjónvarpinu íslenska. Það eru misgóðir þættir í þessu sjónvarpi en einn heitir Yes, minister. Og þar er stöðugt stríð, embættismannakerfið vill vera ofar ráðherrunum og hefur í 99% tilfella sigur. Einstaka sinnum nær hann *þó vopnum sínum en engu að síður* er virðingarskráningin í þessu leikriti alveg á tæru. Ráðherrann á að vera á toppnum og svo koma embættismennirnir. En innan Evrópu eru þeir komnir miklu lengra. Þar er embættismannakerfið endanlega búið að vinna sigur á ráðherrunum og búið að raða þessu upp á nýtt. Þar gerist það ekki að þeim sé hleypt á flakk um stofnunina. Það er hlutur sem ekki gerist innan Evrópusambandsins nýja.

Ég hélt að hv. þm. Björn Bjarnason hefði örlítið farið að hugsa þegar þeir breyttu nafninu og skírðu þetta samband. *Ég hélt að hann hefði vissa tilhneigingu* til að meta hlutina dálítið í öðru ljósi þegar menn tóku upp á því að kalla þetta samband í staðinn fyrir bandalag. En jafnvel það hefur ekki orðið til þess að hann kveikti á perunni gagnvart þessum þáttum.

Ég vil gjarnan að hæstv. menntmrh. lýsi því yfir að hann ætli að virða íslensku stjórnsýslulögin þar sem jafnræðisreglan er sett á íslenska þegna og þar með að hann geri sér grein fyrir því að hann verður að beita sér fyrir því að sérhver sem kemur með próf frá útlöndum og hefur hlotið þar menntun, alveg án tillits til þess frá hvaða ríki hann kemur, skal samkvæmt stjórnsýslulögunum njóta sömu réttinda og þeir sem hafa próf frá Evrópu.

[11:29]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Þetta var afar sérkennileg ræða að mörgu leyti og á þeim tveimur mínútum sem ég hef til ráðstöfunar get ég ekki farið yfir alla efnisþætti hennar. Þó vil ég láta þess getið, frú forseti, í fyrsta lagi varðandi spurninguna um samningatækni í samskiptum við erlend ríki að það var þannig snemma árs 1989 að ríkisstjórn Íslands ákvað að eiga samleið með EFTA-ríkjunum í samningum við Evrópubandalagið um Evrópska efnahagssvæðið. Eins og hér hefur verið lýst af hv. þm., fyrrv. ráðherra í þeirri ríkisstjórn, hv. 9. þm. Reykv., þá var sú ákvörðun tekin að eiga samleið á þeim forsendum sem lágu fyrir í febrúar og mars 1989. Það var það sem ég ræddi um og þannig stóðu málin þegar gengið var til kosninga 1991.

Núv. ríkisstjórn tók hins vegar ákvörðun um það á árinu 1992 að eiga ekki samleið með þeim fjórum EFTA-ríkjum sem nú hafa samið um aðild að Evrópusambandinu þannig að við stöndum ekki í sömu sporum við kosningar, sem verða væntanlega í síðasta lagi á næsta ári, og menn stóðu við kosningarnar 1991, að tekin hafi verið ákvörðun um það að eiga samleið með ákveðnum ríkjum í samningum við Evrópubandalagið. Íslenska ríkisstjórnin og Alþingi tók ákvörðun um það á árinu 1992 að standa sérstaklega að samningum við Evrópusambandið og eins og ályktun Alþingis mælti fyrir um 5. maí fyrir réttu ári ætlum við að semja á tvíhliða forsendum við Evrópusambandið um tengsl okkar á grundvelli samningsins um Evrópska efnahagssvæðið.

Þetta vildi ég láta koma fram í fyrra andsvari mínu.

[11:31]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hv. þm. boðaði annað andsvar en gat þess að hann hefði tvær mínútur til umráða til að skýra sitt mál. Það blasir nú við að þær verða þá fjórar. Jafnframt var þagað yfir aðalatriðinu, að hv. þm. hefur rétt til að biðja um orðið tvisvar og hefur rétt þess vegna til að tala klukkustundum saman til að skýra þetta mál. Það verður þess vegna alls ekki hægt að fela sig á bak við að knappur tími gefist til þess að útskýra málið. Það er alger blekking. Nóttin er ung, það er morgunn

enn, (**ÓRG:** Ekki komið hádegi.) ekki komið hádegi.

Hins vegar var þessi athugasemd að því leyti efnisleg og málefnaleg að það er rétt að Alþingi Íslendinga hefur tekið ákvörðun um að reyna að ná tvíhliða samningi. Það er ekki þar með víst að við náum honum, það er ekki þar með víst en það er stefnt að því að ná slíku og þá þarf að ýta út af borðinu hluta af þeirri vitleysu sem er í því sem gert hefur verið. Það vita það allir.

[11:33]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Það má segja að það er rétt hjá hv. þm. að maður þyrfti margar klukkustundir til að fjalla um þá furðulegu ræðu sem ég er nú að gera að umtalsefni, en ég ætla ekki að eyða tíma mínum eða annarra í það. Maður verður að lesa þá ræðu til að geta skilgreint það nánar hvað þingmaðurinn fór um víðan völl og staldraði við á furðulegum stöðum í máli sínu.

Hitt atriðið sem ég vildi gera athugasemdir við er málflutningur hans varðandi þetta frv. Það er allsendis ómaklegt að líta þannig á að hér hafi verið illa að verki staðið. Þvert á móti hefur hv. menntmn. staðið sérstaklega vel að þessu máli því að það stóð til á síðasta þingi að fá þetta mál afgreitt af hálfu framkvæmdarvaldsins en hv. menntmn. hafnaði því og bað um að málið yrði kannað frekar og kæmi aftur fyrir nefndina eftir að málavextir lægju betur fyrir. Þetta getur hv. þm. lesið. Hann var með það í höndunum en virtist ekki hafa lesið það og ekki greinargerðina og ekki átt að sig á sögu þessa máls. Það var fyrir frumkvæði hv. menntmn. að þetta mál var lagt fyrir með þessum hætti til þess að mönnum gæfist tóm til að skoða það og kynna sér það og það er aldeilis ómaklegt af hv. þm., sem á sæti í nefndinni, ég sakna hans að vísu oft á nefndarfundum, að gagnrýna nefndina fyrir meðferð á þessu máli því að hún hefur staðið þannig að því að mínu mati að til fyrirmyndar er.

[11:34]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Mér er oft ætlað að vera á tveimur stöðum samtímis þegar menntmn. heldur sína fundi. Í báðum tilfellum stjórna sjálfstæðismenn þannig að það mætti vera meira samráð þeirra á milli um fundarboðun.

Kjarni málsins er sá að framkvæmdarvaldið leggur fram þetta frv. Því er ekki breytt. Það er ekki um þau efnisatriði sem ég gat um áðan, að setja almennar reglur heldur algerlega niðurnjörvað við Evrópu.

Varðandi hitt atriðið að ég hefði komið við á furðulegum stöðum vil ég örlítið fara yfir það. Ég talaði um Evrópu, Ameríku, Japan og Kína. Hver er hinn furðulegi staður af þessu? Er það e.t.v. Kína, þar sem hæstv. utanrrh. var á ferðalagi? Er Japan orðinn svona furðulegur staður? Er það Evrópa eða Ameríka? Auðvitað þarf það að liggja fyrir þegar hv. formaður utanrmn. upplýsir okkur um furðulega staði í veröldinni hvar þeir eru. Það efar enginn hans þekkingu til að dæma þar um og ég vildi gjarnan fá þetta alveg á tært. Hvar eru þessir furðulegu staðir sem ég kom við á í minni ræðu?

En það er rétt og það var ánægjulegt að formaður hv. utanrmn. Björn Bjarnason mótmælti því ekki að hann hefur rétt til að tala um þetta mál í fleiri klukkustundir en nú er það tillitssemi við þingið og virðing fyrir honum sjálfum sem valda því að hann hefur ákveðið að gera það ekki.

[11:36]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér fannst gæta nokkurs misskilnings í málflutningi hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar áðan. Í þessu frv. er eingöngu verið að leggja til að lögfesta eina tilskipun og það er ítarlega gerð grein fyrir því í greinargerð með frv. og fskj. Einnig er vert að benda á að frv. bannar ekki á nokkurn hátt viðurkenningu á prófum og menntun frá öðrum löndum.

[11:37]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Sá frægi maður Gylfi Þ. Gíslason er hættur á Alþingi en sennilega hefur hann oftar en aðrir byrjað ræður sínar á þessu með misskilninginn hjá öðrum. Hér er ekkert misskilið. Það var möguleiki á því að setja almennari leikreglur í íslensk lög um viðurkenningu á prófum frá öðrum löndum. Þar innan borðs sem hlutmengi hefði Evrópa verið alveg eins og hún er, pínulítill partur af veröldinni í dag.

Hitt atriðið með tilskipanirnar. Það kerfi sem við höfum gengið undir er í stöðugri þróun þarna úti í Evrópu. Ég fyrir mína parta verð að segja það að ef þetta væri allt á tæru, þá hefði ekki þurft að veita ráðherranum reglugerðarvaldið. Þá væri hægt að setja allt inn í lögin sem menn vildu þar hafa. Hér er því enginn misskilningur á ferðinni. Hér eru aðeins skiptar skoðanir um hvernig eigi að standa að lagasetningu um réttindi annarra til að stunda nám erlendis eða réttindi aðila sem búsettir eru erlendis til að koma hingað til landsins og njóta þeirrar menntunar sem þeir hafa fengið í sínum heimalöndum eða annars staðar og viðurkenningar á þeirra prófum.

[11:39]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Hér hafa orðið meiri umræður um þetta mál en kannski var von á vegna þess að í rauninni er þetta tiltölulega lítið mál. Hér er verið að bæta við það sem gert var á síðasta þingi og þá varð umræða um málið. En vegna þeirrar umræðu sem hér hefur orðið þá vil ég ítreka það að meginrökstuðningur minni hluta menntmn. er einmitt sá sem fram kom í máli síðasta ræðumanns, hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Það er þetta að lögin skuli vera svona takmarkandi að eingöngu skuli vera miðað við þessar tilskipanir frá EB í stað þess að horfa á heiminn allan. Það er hér um ákveðna mismunun að ræða vegna þess að í gildandi lögum um ýmsar starfsstéttir eru settar hömlur á það að fólk geti komið hingað til starfa og fólk frá öðrum heimshlutum þarf að gangast undir ýmiss konar próf og þarf að sanna getu sína og það hefur verið afar erfitt að fá viðurkenningu á prófum. En hér er um það

að ræða að þeir sem búa á hinu Evrópska efnahagssvæði fá sín próf viðurkennd, það er bannað að mismuna fólki eftir búsetu á hinu Evrópska efnahagssvæði, og hér er um það að ræða að við erum að bæta við það sem samþykkt var í fyrra.

Ég hef verið að hugsa um það andsvar sem hv. 3. þm. Norðurl. e. veitti áðan þegar hún var eiginlega að hefja stjórnarmyndunarviðræður í beinni útsendingu við Kvennalistann og ekki höfum við á móti því að ræða við Framsfl. og aðra flokka, að sjálfsögðu, um næstu ríkisstjórn. Varðandi það sem hún kom inn á þá er rétt að minna á að við erum enn að afgreiða þann pakka sem tilheyrir samningnum um Evrópskt efnahagssvæði, þ.e. við erum að afgreiða þær tilskipanir sem búið var að samþykkja innan Evrópubandalagsins áður en samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði gekk í gildi. Þegar fram í sækir höfum við kost á því að koma að þessari reglugerðarsetningu þó ég dragi reyndar í efa að áhrif Íslendinga þar á muni verða mikil enda kostar það auðvitað mikla vinnu og mikinn mannafla að fylgjast með öllu því sem gerist hjá Evrópusambandinu og hvað þá að taka þátt í störfum og að reyna að hafa þar áhrif á. Það eru að verða ákveðin þáttaskil í þessum málum og það gildir nákvæmlega það sama um okkur kvennalistakonur og aðra að auðvitað þurfum við að skoða stöðuna í ljósi þeirra breytinga sem átt hafa sér stað og kunna að eiga sér stað ef Noregur, Svíþjóð, Finnland og Austurríki ganga í Evrópusambandið. Auðvitað snerta Norðurlöndin okkur mest. Þá er það auðvitað breytt staða sem við þurfum að skoða og vega það og meta hvernig samninga við gerum þá við þessa aðila sem eru jú svo mikilvægir fyrir öll okkar viðskipti. Auðvitað þurfum við að skoða þessi mál eins og aðrir.

Ég fæ því ekki séð að Evrópumál séu einhver sérstök hindrun á vegi Kvennalistans í samstarfi við aðra flokka en auðvitað gildir það að skoða þarf hvert mál út af fyrir sig, ég vil ítreka það. En ég legg áherslu á að það eru ákveðin kaflaskil. Við munum koma að reglugerðarsamningu í framhaldinu og ef maður hugsar sér þá stöðu að við kvennalistakonur værum nú komnar í ríkisstjórn, sem vonandi kemur nú að einhvern tímann, þá verðum við auðvitað að vinna í samræmi við þá samninga sem við erum aðilar að. Það hefur alltaf verið grundvallarregla í starfi Kvennalistans að standa við gerða samninga. Við höfum marggagnrýnt það hér á hinu háa Alþingi hvernig ríkisstjórnarflokkar hafa margbrotið samninga eða numið þá úr gildi. Það er grundvallarregla að standa við gerða samninga. Við stöndum frammi fyrir þeirri staðreynd að samningurinn um hið Evrópska efnahagssvæði er genginn í gildi en á meðan við erum að afgreiða þennan pakka sem tilheyrir sjálfum samningnum og við getum engin áhrif haft á þá verðum við að vera samkvæm sjálfum okkur og varðandi þá afstöðu sem kemur fram í þessu nál. sem hér hefur dálítið verið til umræðu, þ.e. nál. minni hluta menntmn., þá höfum við sömu afstöðu og við höfðum í fyrra. Við erum samkvæmar sjálfum okkur. Það er verið að afgreiða tilskipun, ég vil leiðrétta það sem stendur í nál. að þær séu tvær, það er ein tilskipun. Við erum hér að bæta við það sem áður var gert og sú skoðun okkar í minni hlutanum er jafnbjargföst og hún var í fyrra að það hefði verið miklu réttara og eðlilegra að setja víðtæka löggjöf um viðurkenningu á prófum og menntun þannig að fólki væri ekki mismunað eftir því hvaðan úr heiminum það kemur vegna þess að staðreyndin er sú að gildandi íslensk lög á ýmsum sviðum takmarka það að fólk frá öðrum heimshlutum geti komið hingað og starfað í þeim greinum sem það hefur menntað sig í.

Útbýting þingskjals:
Fiskimálasjóður, 592. mál, svar sjútvrh., þskj. 1224.

[11:46]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Það var vegna ummæla Björns Bjarnasonar, formanns utanrmn., sem ég ákvað að taka þátt í þessari umræðu og væri nú æskilegt ef hv. þm. Björn Bjarnason gæti verið viðstaddur ræðu mína.

(**Forseti** (GHelg): Forseti skal láta kalla hv. þm. til þingsalar.)

(**BBj:** Hann er kominn.) Ég vil í upphafi rifja það upp að þegar ákveðið var í tíð síðustu ríkisstjórnar að verða samferða öðrum EFTA-ríkjum í viðræðum við Evrópubandalagið þá var það gert m.a. á grundvelli þeirra viðhorfa sem fram höfðu komið hjá æðsta yfirmanni Evrópubandalagsins að ætlunin væri að reisa til nokkurrar frambúðar svokallað tveggja stoða kerfi í viðskiptaheimi Evrópu. Tveggja stoða kerfið fól það í sér að annars vegar væri Evrópubandalagið og hins vegar væru aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins í EFTA sem um nokkuð langt skeið ætluðu sér að starfa utan Evrópubandalagsins. Margir töldu, þar á meðal ég, að þátttaka í þessum viðræðum gæti verið vænlegur kostur til þess að kanna möguleika á því að Íslendingar gætu í samvinnu við önnur ríki þróað varanlegt samskiptaform við Evrópubandalagið án þess að gerast aðilar.

Ég vil líka rifja það upp að þegar það gerðist að sænski forsætisráðherrann fór að lýsa áhuga Svía á að sækja um aðild að Evrópubandalaginu olli það töluverðri undrun innan síðustu ríkisstjórnar. Það mál var rætt nokkuð í hópi ráðherra og að mig minnir einnig á ríkisstjórnarfundum og talið að þar með væru Svíar að gefa til kynna í fyrsta sinn afneitun á grundvallarforsendunni sem samningaviðræðurnar um hið væntanlega Evrópska efnahagssvæði byggðust á, þ.e. kenningunni um tveggja stoða kerfi.

Við þekkjum síðan öll þróun málsins. Aðildarríki EFTA sem höfðu tekið jákvæða afstöðu til Evrópska efnahagssvæðisins fóru í aðildarviðræður og það merkilega er að þeim aðildarviðræðum lýkur með jákvæðum hætti á fjórða gildismánuði Evrópska efnahagssvæðisins. Ég fullyrði að ef einhver maður hefði séð það fyrir, innan síðustu ríkisstjórnar eða hér á Alþingi, þegar upphaf viðræðnanna um Evrópska efnahagssvæðið átti sér stað að á fyrstu mánuðum Evrópska efnahagssvæðisins væri búið að ljúka aðildar-

viðræðum annarra ríkja að Evrópubandalaginu þá efast ég um að menn hefðu kosið að fara þessa leið. Þá hefðu rökin fyrir því að fara strax í samningaviðræður við Evrópusambandið, þá Evrópubandalagið, um tvíhliða samning verið mun sterkari.

Ég vil í þessu sambandi rifja það upp, þó ég ætli ekki að gera það nú en mun gera það væntanlega síðar í dag þegar til umræðu kemur þingsályktunartillaga um staðfestingu á viðbótargerðum við EES-samninginn, að meginröksemd Alþb. sumarið 1992 fyrir þeirri afstöðu sem við tókum til samningsins um Evrópskt efnahagssvæði voru þau að í raun og veru væru bæði Evrópubandalagið og önnur aðildarríki EFTA búin að taka ákvörðun um að leggja Evrópska efnahagssvæðið niður. Það er sú röksemd sem vitnað er til í samþykkt þingflokks og miðstjórnar Alþb. og ég flutti rækilega hér í þingsalnum. Þá stóð hæstv. utanrrh. hér hvað eftir annað og fullyrti að það mundu líða mörg ár þar til Evrópska efnahagssvæðið yrði lagt niður vegna þess að það mundi taka svo langan tíma fyrir hin ríkin að ræða við ófreskjuna, marghöfða skrímslið sem hann talaði oft um, Evrópubandalagið. Það er satt að segja dálítið merkilegt að rifja það svo upp svona innan sviga að þessi ágæti hæstv. utanrrh., sem talar nú af miklu stærilæti um vankunnáttu okkar ýmissa annarra í stjórnarandstöðunni á Evrópusambandinu, skuli sjálfur hafa orðið svona ber að fullkomnu vanmati á ákvarðanaferlinu innan sambandsins. Án þess að ég ætli að blanda mér inn í deilur hans og hv. þm. Halldórs Ásgrímssonar, þá held ég að hæstv. utanrrh. ætti að tala af meiri hógværð um hvað er hægt og ekki hægt í samningaviðræðum við Evrópusambandið í ljósi þess að þingtíðindin geyma mjög rækilega fjölmargar yfirlýsingar hans sem ekki hafa reynst raunhæfar.

Aftur á móti hefur afstaða Alþb., sem við birtum sumarið 1992 og ég gerði rækilega grein fyrir á Alþingi veturinn eftir, að nauðsynlegt væri að marka þegar í stað þá braut að fara í viðræður um tvíhliða samninga reynist vera rétt. Og þó ýmsir leyfðu sér að hæðast að því hér á sínum tíma að ég lagði fram sýnishorn af því hvernig síkur tvíhliða samningur gæti litið út þá sýnist mér nú að það vinnuskjal sé raunhæfara innlegg í framtíð málsins heldur en margt annað, m.a. flest það sem hæstv. utanrrh. sagði um málið.

Ég vek líka athygli á að í þessari samþykkt Alþb. frá árinu 1992 er lýst hvernig hægt sé að byggja tvíhliða samninginn hvað ákvarðanatöku og eftirlit snertir. Þar er gert ráð fyrir gerðardómi sem hægt væri að koma upp, þar er gert ráð fyrir pólitísku samráði milli ráðherra eða fulltrúa þeirra ef um ágreiningsmál er að ræða og ýmislegt annað sem ég hvet menn til að skoða nú þegar þetta mál er komið á ný á dagskrá.

Hv. þm. Björn Bjarnason ítrekaði það síðan að núv. ríkisstjórn hefði tekið ákvörðun um það að eiga ekki samleið með öðrum aðildarríkjum EFTA hvað snertir aðildarviðræður að Evrópusambandinu og lýsti því meira að segja yfir að blessunarlega þyrfti ekki í næstu þingkosningum að taka afstöðu til neins gjörnings núv. ríkisstjórnar sem tengdist slíkri för. Vísaði þingmaðurinn síðan í framhaldi til ályktunar Alþingis frá því í maí í fyrra þar sem lýst var yfir eindregnum vilja til að hefja undirbúning að tvíhliða viðræðum Íslands og Evrópusambandsins um frambúðarsamskipti. Ég tel þessa yfirlýsingu vera mjög mikilvæga þó hún hafi fallið hér í andsvari. Ég treysti því að á bak við hana liggi eindreginn vilji og skýr hugsun formanns utanrmn., tel mig reyndar vita það.

Vandinn í málinu er hins vegar sá að það hefur einn hæstv. ráðherra hvað eftir annað á undanförnum vikum gert sér far um að lýsa því yfir að tími sé kominn til að endurskoða þessa afstöðu ríkisstjórnarinnar. Þessi sami hæstv. ráðherra, formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., hefur jafnframt tekið ákvörðun um að flýta flokksþingi síns flokks og lýst því yfir að meginverkefni flokksþingsins verði að endurskoða afstöðu Alþfl. til aðildarviðræðna að Evrópusambandinu. Og í sjónvarpinu í gærkvöldi var alveg greinilegt að hæstv. utanrrh. hafði allt aðrar áherslur en hæstv. forsrh. hafði í eldhúsdagsumræðum kvöldið áður. Meira að segja var ekki laust við að hæstv. utanrrh. leyfði sér að hæðast að hæstv. forsrh. fyrir ummæli hans.

Nú er það í sjálfu sér þannig að hægt er að búa við það í okkar stjórnkerfi að einstakir ráðherrar lýsi skoðunum sínum eins og hæstv. utanrrh. hefur gert og það þarf ekki að skapa vandamál. Hins vegar sýnist mér að við stöndum senn frammi fyrir því vandamáli að sá ráðherra sem á að fara með viðræður við Evrópusambandið um nýjan tvíhliða samning sé í raun orðinn andvígur þeirri stefnu sem slíkar samningaviðræður byggjast á. Ég vil segja strax, því miður. Ég hafði vonað að til slíks þyrfti ekki að koma. En ég veit að ég þarf ekki að útskýra fyrir þeim þingmönnum sem eru í salnum og alls ekki fyrir formanni utanrmn. að í ferli slíkra samninga eru fjölmörg tækifæri fyrir þann ráðherra sem mun láta viðræðurnar um tvíhliða samning ganga mjög illa, sigla í strand og skapa hindranir, að gera veruleikann með þeim hætti að hann noti samningaferlið til að búa til þá atburðarás sem knýr á um umræður og síðan ákvörðun um aðildarumsókn.

Ég get tekið dæmi sem hæstv. utanrrh. hefur lýst opinberlega og hefur reyndar þegar lýst í utanrmn. og ég tel mig þess vegna ekki brjóta neinn trúnað vegna þess að hann hefur lýst því opinberlega. Það er sú skoðun hæstv. ráðherra að umfram allt þurfi að forðast breytingar á EES-samningnum yfir í tvíhliða samning sem þurfi að fara fyrir öll aðildarríki Evrópusambandsins. Þessi röksemdafærsla er út í hött. Það er ekkert dæmi þess að samningur sem framkvæmdastjórnin hefur gert af því tagi sem hér er um að ræða sé ekki staðfestur af aðildarríkjunum. Það tekur tekur stundum dálítinn tíma en það mun örugglega ekki taka lengri tíma heldur samningurinn um EES. En hvers vegna er hæstv. utanrrh. að halda þessu öllu fram? Jú, ef hann gefur sér það í upphafi að það megi ekkert það gerast í viðræðunum um tvíhliða samning Íslands og Evrópusambandsins sem leiðir til þess að aðildarríki Evrópusambandsins þurfi að staðfesta nýjan samning þá er hann búinn að búa sér til tæki sem augljóslega getur skapað slíka erfiðleika í samningaferlinu að þeir sigli í strand.

Annað dæmi er stofnanaþáttur. Auðvitað getur það hæglega gerst í þessum viðræðum að íslenska sendinefndin hagi málflutningi sínum með þeim hætti að fulltrúar Evrópusambandsins leggi fram tillögur um stofnanaþátt samningsins sem muni óhjákvæmilega knýja á um stjórnarskrárbreytingar á Íslandi. Þar á ég við t.d. tillögur um að eftirlitið sé á vegum framkvæmdastjórnarinnar í Brussel og ágreiningsmál fari fyrir Evrópudómstólinn og það er hægt að finna ýmis rök fyrir þeirri skipan út frá sjónarmiðum Evrópusambandsins. Bæði með því að forðast það að nokkur texti verði lagður á borðið sem þurfi nýja staðfestingu aðildarríkjanna og með því að laða fram hugmyndir frá Evrópusambandinu um Evrópudómstólinn og eftirlitið í höndum framkvæmdastjórnarinnar er hæstv. utanrrh. að sigla samningaviðræðum um tvíhliðasamning í strand.

Ég held þess vegna að sú spurning geti komið upp, jafnvel þegar í næsta mánuði, hv. þm. Björn Bjarnason, hvort hv. þm. treystir hæstv. utanrrh. til að fara með samningana við Evrópusambandið, samninga sem yrðu byggðir á ályktun Alþingis frá 5. maí í fyrra, ef hæstv. utanrrh. á sínu flokksþingi í næsta mánuði lætur móta þá afstöðu að Íslendingum beri að sækja um aðild. Er eðlilegt að utanrrh., sem er orðinn ósammála ályktun Alþingis frá 5. maí 1993, fari með jafnviðkvæmt mál og slíkar viðræður um tvíhliðasamninga? Nú er ég í sjálfu sér ekki að biðja um svar við því hér og nú, á þessum degi, því málið er vandasamt. En ég taldi nauðsynlegt vegna þessarar mikilvægu yfirlýsingar sem formaður utanrmn. gaf hér áðan, sérstaklega þeim þætti hennar þar sem hann tók það skýrt fram að nú mætti treysta því að í næstu alþingiskosningum þyrfti þjóðin ekki að ganga til kosninga á grundvelli samningaferils sem með einhverjum hætti hefði bundið eða skapað aðstæður fyrir næstu ríkisstjórn. Þar með tel ég að þingmaðurinn sé að segja það, sem ég er honum sammála um, að æskilegt og jafnvel nauðsynlegt sé að ljúka viðræðunum um tvíhliða samning áður en næstu alþingiskosningar fara fram, ef þær fara fram á reglubundnum tíma. Ég veit að ég þarf hins vegar ekki að útskýra það í löngu máli að utanrrh., sem væri orðinn ósammála markmiðinu um tvíhliða samning, gæti hæglega látið viðræðumenn í íslensku nefndinni draga málið þannig á langinn og búa til alls konar flækjur að málið verði enn opið þegar kemur að næstu kosningum.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt að reifa þessa þætti málsins í ljósi þeirrar umræðu sem hér hefur farið fram. Ég geri mér hins vegar ljóst að það á kannski ekki beint við það frv. sem hér er til umræðu, en yfirlýsing hv. þm. Björns Bjarnasonar, þó hún kæmi fram í andsvari, var að mínum dómi það mikilvæg að það var óhjákvæmilegt annað en að vekja athygli á ýmsum þeim þáttum sem ég hef tekið hér til umfjöllunar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðminjalög, 2. umr.

Stjfrv., 478. mál (stjórnkerfi minjavörslu o.fl.). — Þskj. 733, nál. 1215 og 1217, brtt. 1218.

[12:04]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegur forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. við frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum, nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991, frá meiri hluta menntmn.

Nefndin hefur fjallað um frumvarpið sem felur einkum í sér breytingar á þeim ákvæðum núgildandi þjóðminjalaga sem varða stjórn og skipulag þjóðminjavörslu. Frumvarpið er afrakstur endurskoðunar sem kveðið er á um í 54. gr. þjóðminjalaga, nr. 88/1989, að gerð skuli innan fimm ára frá gildistöku laganna. Í athugasemdum með frumvarpinu er hvatt til að fram fari á næstunni endurskoðun á öðrum þáttum laganna.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

Í umfjöllun nefndarinnar var rætt um skiptingu safnsins í deildir og mikilvægi þess að vel sé búið að helstu þáttum í starfsemi þess. Þau sjónarmið komu fram að æskilegt væri að skilgreina með nákvæmari hætti en gert er í gildandi lögum markmið Þjóðminjasafnsins og þjóðminjavörslu í landinu. Meiri hlutinn leggur áherslu á að tekið verði tillit til framangreindra sjónarmiða þar eð hér er einungis um að ræða fyrsta skref í heildarendurskoðun þjóðminjalaga sem mikilvægt er að haldið verði áfram hið fyrsta.

Ég vík nú nánar að efni frv. sem miðar að því að lagfæra helstu galla sem reynslan hefur leitt í ljós á þjóðminjalögum, einkum hvað varðar stjórnun.

Í frv. er leitast við að styrkja og einfalda yfirstjórn Þjóðminjasafnsins, byggðasafna og minjavörslu almennt. Helstu breytingar sem gert er ráð fyrir í frv. eru:

1. Hlutverk menntmrh., þjóðminjaráðs og þjóðminjavarðar er markað með skýrari hætti en nú er gert.

2. Fornleifanefnd fær það hlutverk að fjalla um leyfisveitingar til fornleifarannsókna, auk þess að vera ráðgjafarnefnd um fornleifavörslu, fornleifaskráningu og fornleifarannsóknir.

3. Á minjasvæðum er hlutverk fornleifavarðar og minjavarðar sameinað.

4. Deildaskipting safnsins er bundin í reglugerð.

5. Sjálfstæði safnsins er aukið við starfsmannaráðningar, m.a. deildarstjóra og annarra sérfræðinga.

Aðrar breytingar varða skipan þjóðminjaráðs og fornleifanefndar og ýmislegt fleira.

Við umfjöllun um frv. í menntmn. kom fram hjá mörgum viðmælenda að mjög brýnt væri að þær breytingar sem frv. gerir ráð fyrir næðu fram að ganga á þessu þingi. Það er hins vegar fullljóst að endurskoðun laganna er hvergi nærri lokið og nægir þá að nefna þá hluta laganna sem lúta að fornminjum og húsafriðun.

Ég ítreka þau sjónarmið menntmn., sem fram koma í nál., að heildarendurskoðun þjóðminjalaga ljúki sem fyrst.

[12:07]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. minni hluta menntmn. á þskj. 1215, en ég er ein í þeim minni hluta. Það er svohljóðandi, með leyfi foreta:

„Frv. til laga um breytingu á þjóðminjalögum kom seint fram á þessu þingi en það felur í sér veigamiklar breytingar á skipulagi og stjórn stofnunarinnar. Að dómi minni hlutans gafst allt of skammur tími til að fjalla um málið og ljóst að skiptar skoðanir eru um þær breytingar, sem verið er að gera, meðal þeirra sem komið hafa nálægt rekstri safnsins.

Svo sem kunnugt er hefur verið illa búið að Þjóðminjasafninu um árabil svo sem sjá má á húsakynnum safnsins sem nú þarfnast verulegra og kostnaðarsamra viðgerða. Allt innra skipulag safnsins, þ.e. sýningar og aðstaða, er afar gamaldags og hvergi nærri í takt við þær hugmyndir sem nú eru uppi um rekstur safna og það hvernig hægt er að gera minjar fortíðarinnar aðgengilegar nútímafólki. Víða um heim hafa gömul söfn verið endurskipulögð og má nefna sem dæmi um það breytingarnar á þjóðminjasafni Dana í Kaupmannahöfn. Sú framkvæmd var geysilega dýr, en tókst vel og hefur leitt til þess að stöðugur straumur fólks er í safnið, enda spennandi og fræðandi bæði fyrir börn og fullorðna að heimsækja það. Annað dæmi um nútímalegt safn á Norðurlöndum er þjóðminjasafn Álandseyja sem fyrir nokkrum árum fékk verðlaun Evrópuráðsins sem frumlegt og gott safn. Þjóðminjasafn Íslands þarfnast mikillar endurskipulagningar að dómi undirritaðrar, en til þess að það megi takast þarf auk fjármagns gott stjórnkerfi og góðan starfsanda.

Lögin sem samþykkt voru 1989 og 1991 hafa reynst gölluð og allmikil átök hafa orðið í kringum framkvæmd þeirra, sérstaklega á fornminjasviðinu. Undirrituð fær ekki séð að þær breytingar, sem nú er verið að gera, leysi þann vanda á nokkurn hátt og telur að menntamálanefnd hefði átt að taka sér góðan tíma í málið og leita leiða til að bæta ástandið innan safnsins. Sérstaklega hefði þurft að huga betur að skipan þjóðminjaráðs en undirrituð hefur efasemdir varðandi þá leið sem þar er farin.

Við meðferð málsins í nefndinni kom í ljós að skiptar skoðanir eru um það atriði að afnema deildaskiptingu safnsins úr lögum. Þar býr að baki ótti um að ákveðinn hluti menningarsögunnar og minjavörslunnar verði út undan, sérstaklega það sem snýr að textíl og íslenskum fatnaði fyrri tíma. Sú deild snertir menningu kvenna sérstaklega og vill undirrituð benda á hve nauðsynlegt er að varðveita og rannsaka þann arf sem felst í vefnaði, hannyrðum og fatagerð kvenna öld fram af öld. Íslenski kvenbúningurinn er kapítuli út af fyrir sig, eitt af okkar sérkennum sem ekki má gleymast þegar í hlut eiga varðveisla og rannsóknir á menningarsögunni.

Það er augljós kostur fyrir safnið að geta ráðið og breytt deildaskiptingu án þess að til þurfi að koma lagabreytingar, en til að tryggja að ákveðin svið verði ekki út undan mætti skilgreina hlutverk safnsins betur í lögunum. Það verður ekki gert að sinni, því miður.

Þá komu fram mjög athyglisverðar hugmyndir í umfjöllun nefndarinnar um það hvernig beri að skipa umsjón með fornleifum í landinu. Annars staðar á Norðurlöndunum teljast fornleifar og fornleifarannsóknir til umhverfismála, en ekki hluti af safnrekstri. Með því næst yfirsýn og samhengi milli skipulagsmála, ýmiss konar framkvæmda og varðveislu fornminja. Að þessu sinni gafst ekki tími til að skoða þessar hugmyndir nánar, en þegar kemur að allsherjarendurskoðun þjóðminjalaganna er vert að huga betur að skipan þessara mála.

Niðurstaða undirritaðrar er sú að betur hefði þurft að skoða skipulagsmál og stjórnkerfi safnsins og að hér sé of geyst farið með því að afgreiða frumvarpið með svo miklum hraða. Þingkonur Kvennalistans leggjast ekki gegn breytingum á þjóðminjalögunum en munu sitja hjá við afgreiðslu málsins."

Við þetta er því að bæta, virðulegi forseti, að það er rétt sem fram kom í máli framsögumanns meiri hlutans að flestir sem starfa í safninu og eru í stjórn safnsins telja að þær breytingar sem hér er verið að gera séu til bóta og vissulega eru þær það sumar, en ég verð bara að viðurkenna að ég hef vonda tilfinningu gagnvart þessu. Það er við vandamál að etja innan stofnunarinnar og ég held að við hefðum átt að nota tækifærið til að gefa okkur meiri tíma í að endurskoða lögin og að reyna að taka á þeim vanda sem þar er innan dyra. Þó að þessar breytingar verði gerðar þá er ekki þar með sagt að þær leiði til betri stjórnar á safninu eða betri starfsanda, það veltur auðvitað mjög mikið á því fólki sem verður skipað í nýtt þjóðminjaráð og nýja fornleifanefnd. Þetta eru viðkvæm mál og safnið geldur þess auðvitað hve illa hefur verið að því búið um áratuga skeið.

Ég ítreka að þetta er svo stór og mikilvæg menningarstofnun að það er auðvitað ekki gott að vera að taka svona búta og búta úr lögum. Ég held að það hefði verið eðlilegra að fara í það verk að skoða lögin í heild. En úr því sem komið er þá vona ég svo sannarlega að þessar breytingar reynist vel og að þær verði til þess að það verði tekið á málum safnsins og auðvitað verður maður að treysta því þegar þeir sem helst fara með stjórnmál telja að þessar breytingar séu til bóta. En ég hefði viljað hafa meiri tíma til að skoða þetta mál.

[12:14]

Frsm. meiri hluta menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir gerði að sérstöku umtalsefni deildaskiptingu Þjóðminjasafnsins. Ég vek athygli á brtt. frá meiri hluta menntmn. þar sem segir: „Um deildaskiptingu safnsins skal mælt fyrir í reglugerð að fengnum tillögum þjóðminjaráðs." Þar eru tekin af öll tvímæli um það að Þjóðminjasafnið skuli vera deildaskipt í framtíðinni.

[12:14]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta er að sjálfsögðu hárrétt hjá hv. þm., en það breytir ekki því að það er verið að afnema deildaskiptinguna úr lögum, sem er sem sagt í núgildandi lögum, þar sem kveðið er nákvæmlega á um hvaða deildir eigi að vera innan safnsins. Nú færist það vald til reglugerðar og verður farið eftir tillögum þjóðminjaráðs í þeim efnum og það er þá auðvitað á valdi þess að ákveða hvaða deildir verða innan safnsins. Ég ítreka það sem ég sagði. Ég held að það sé kostur fyrir safnið, en þess þarf bara að gæta að menn séu víðsýnir og skilgreini menningarsöguna í allra víðasta skilningi og það verði ekki mikilvæg svið út undan einfaldlega vegna þess að þeir sem sitja í þjóðminjaráði hverju sinni hafi ekki áhuga á því sviði. Við þekkjum það nú konur að það sem að okkur snýr hefur ekki alltaf þótt mjög áhugavert í stjórnkerfinu og þess vegna er ég hér m.a. að undirstrika stuðning minn við þá deild sem annast hefur rannsóknir á textíl, íslenska búningnum og íslenskum klæðnaði í gegnum aldirnar. Ég vil leggja mikla áherslu á að þeim rannsóknum verði haldið áfram.

[12:16]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Frú forseti. Ég skrifaði undir nál. með fyrirvara. Mér þykir rétt og skylt að ræða það sem ég tel að sé aðalatriðið í því sem ég vildi hafa á annan veg í þeirri stefnumótun sem er um frv. til laga um breyting á þjóðminjalögum.

Endurskoðun þessara laga stendur yfir og verður fram haldið. Nú er það svo að þessi lög eru í reynd sniðin að þeirri skipan stjórnkerfisins að hér sé ekki umhvrn. Þau eru sniðin að þeirri skipan að málaflokkurinn sem heild heyri undir menntmrh.

Við höfum verið að festa hér í sessi umhvrn. sem hefur eftirlit með hinum margvíslegu þáttum, m.a. eru skipulagsmál komin þar undir og eftirlit með nýjum ákvörðunum Vegagerðarinnar um vegstæði eða lagningu á háspennulínu eða allt jarðrask sem hið opinbera stendur fyrir er þess vegna komið undir umhvrn. Það er nú svo að þessar fornminjar sem við eigum vítt og breitt hálffaldar í landslaginu vegna þess að þær eru úr torfi og grjóti eins og kunnugt er, eru ekki alltaf svo augsýnilegar. Það er ekki alltaf ljóst að þarna sé um helgan reit að ræða þó einhverjir þollar hafi verið settir þar niður. Og í hinni skjótu framkvæmd og ákvörðunartöku sem oft á sér stað á Íslandi hafa orðið slys í þessum efnum.

Ég er þeirrar skoðunar að það sé óhjákvæmilegt að stefna að því að aðskilja safnaþáttinn og fornleifarannsóknirnar og færa þær undir umhvrn. Ástæðan er hvorki sú að ég telji að menntmrn. hafi ekki áhuga eða þekkingu til að sinna þessum málum. Ég undirstrika að ég tel að þeir hafi hvort tveggja, en ég lít svo á að eftirlitsþátturinn, sem verður að vera til staðar, er í höndum umhvrn. á öðrum sviðum og mér finnst að menntmrn. hafi hreinlega ekki þau vopn í hendi að geta fylgst með eftirlitsþættinum jafn vel og ég tel að umhvrn. geti gert í framtíðinni. Af þeirri ástæðu tel ég að þarna eigi að fara þá leið sem farin hefur verið á Norðurlöndum.

Ég vildi koma þessu sjónarmiði mínu á framfæri vegna þess að það er einu sinni svo að þegar maður skrifar undir með fyrirvara þá er oft spurt: Hvað er það í aðalatriðum sem menn telja að sé athugavert við það sem hér er verið að gera? Það kemur fram í nál. Kristínar Ástgeirsdóttur, sem ég tel vera hárrétt, þar sem hv. þm. vekur athygli á þessum hluta málsins, að það sé eðlilegt að færa þetta yfir í umhvrn.

[12:20]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég tel ekki þörf á því að hafa mörg orð um þetta frv. Það var rækilega rætt við 1. umr. málsins og síðan höfum við farið ágætlega yfir það þrátt fyrir að hafa ekki haft ekki mjög langan tíma í hv. menntmn.

Það er alveg rétt sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir segir að það þarf auðvitað að endurskoða þessi lög alveg frá grunni og endurskilgreina markmið laganna. Það hefur ýmislegt komið í ljós frá því að lögin voru sett sem kallar á að það verði gert. Ég get ekki sagt að það komi mér að öllu leyti á óvart að þær hugmyndir séu uppi. Og ég tek undir þau sjónarmið með hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur. Hitt er hins vegar alveg ljóst að um þær takmörkuðu breytingar sem hér er verið að gera á lögunum er mjög sterk samstaða innan safnsins og meðal þeirra sem starfa á þessu sviði. Þar er mjög sterk samstaða um þá meginbreytingu sem í frv. felst að þar er gert ráð fyrir að fella niður það sem hefur verið kallað tvíveldi þjóðminjaþáttarins og fornleifanna og reyna að fella þetta undir eitt heildarstjórnkerfi. Að vísu hefur þetta tvíveldi aldrei virkað en samt sem áður telja aðilar að það sé rétt að fella lagaákvæðin út eða breyta þeim. Sú breyting kemur skýrast fram í því að fornleifanefndin er ekki lengur stjórnnefnd heldur ráðgjafarnefnd fyrir þjóðminjavörð sérstaklega og svo þjóðminjaráðið. Þjóðminjaráðið hefur áfram tvíþætt hlutverk, sem er gallað að mínu mati, en það er samt sem áður gert ráð fyrir því áfram að það verði annars vegar rekstrarstjórn og hins vegar fagleg stjórn. Það hefur ekki verið ákveðið og ekki er hægt að ná um það samkomulagi enn þá með hvaða hætti yrði skilið á milli þátta í rekstri safnsins sem væri þó full þörf á.

Ég tel sem sagt að með hliðsjón af þeirri sterku samstöðu sem mér sýnist að hafi skapast um nauðsyn þess að málinu verði breytt þá sé réttlætanlegt að standa að því og ég geri það þótt ég taki undir fyrirvara hv. þm. Kristínar Ástgeirsdóttur og m.a. tek ég undir áherslur hennar á textílþáttinn alveg sérstaklega. Ég hef áhyggjur af því að þessir þættir verði vanræktir. Staðreyndin er sú að það sem tengir saman list, menningu og vinnu í landinu hefur verið erfitt að fá fólk til að setja í þjóðmenningarsögulegt samhengi. Og það snertir náttúrlega ekki síst t.d. handavinnu kvenna í gegnum aldirnar sem er kannski eina handmenntahefðin sem Íslendingar eiga þegar allt kemur til alls. Þess vegna var það dálítið skrýtið fyrir minn smekk á

sinni tíð að leggja niður þær einu stofnanir sem sinntu þessari hefð pínulítið á Íslandi og hétu húsmæðraskólar. En það er fyrir utan verkefni þessa máls sem er frv. til þjóðminjalaga. Ég styð málið eins og það liggur hér fyrir þrátt fyrir að á því og í umhverfi þess séu ýmsir annmarkar.

Útbýting þingskjala:

Húsaleigubætur, 557. mál, brtt. IP o.fl., þskj. 1228; frhnál. minni hluta félmn., þskj. 1234.

Vog, mál og faggilding, 626. mál, frv. efh.- og viðskn., þskj. 1227.

[12:24]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það er mjög fljótlegt. Ég ætlaði bara rétt að láta það koma fram að ég styð þetta mál eins og það liggur fyrir frá hv. menntmn.

Ég skrifa reyndar undir nál. með fyrirvara og það var kannski til að hafa vaðið fyrir neðan mig ef fram kæmu brtt. á síðustu stundu en ég tel að þarna sé fyrst og fremst verið að taka á stjórnunarþætti málefna Þjóðminjasafns sem þurfti að gera bragarbót á og mæli því eindregið með því að þetta frv. verði samþykkt.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, síðari umr.

Þáltill. StG, 23. mál. — Þskj. 23, nál. 1147, brtt. 1148.

[12:25]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. menntmn. um till. til þál. um flutning verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem hvetur til þess að unnið verði að flutningi verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Ríkisútvarpi, sjónvarpi, auk þess sem athugað verði hvernig starfsemi þessara stofnana fái að öðru leyti sem best náð til allra landsmanna.

Nefndin styður þau sjónarmið sem tillagan byggist á og leggur til að hún verði samþykkt með breytingum sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Fram kom í umsögnum þeirra sem til þekkja að upptökur leikhúsverka og annarra menningarviðburða fyrir sjónvarp krefðust talsverðs undirbúnings. Útsendingarnar sjálfar væru einnig kostnaðarsamar og í því efni þyrfti m.a. að gæta reglna um höfundarrétt. Nefndin telur því að málið þarfnist frekari skoðunar og leggur til að tillögunni verði breytt þannig að ráðherra gefist svigrúm til að kanna alla þætti málsins vel. Þá er lagt til að tillagan einskorðist hvorki við Þjóðleikhúsið, Sinfóníuhljómsveit Íslands né Ríkisútvarpið.

Björn Bjarnason var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, síðari umr.

Þáltill. GJH o.fl., 238. mál. — Þskj. 273, nál. 1149, brtt. 1150.

[12:27]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. menntmn. um till. til þál. um úrbætur í málum ungmenna sem flutt hafa til Íslands frá framandi málsvæðum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk á sinn fund Hrólf Kjartansson, deildarstjóra í menntamálaráðuneyti, Guðrúnu J. Halldórsdóttur, skólastjóra Námsflokka Reykjavíkur, og Ingibjörgu Hafstað, verkefnisstjóra hjá menntamálaráðuneyti. Þá studdist nefndin við umsagnir frá Barnaheillum, Félagi móðurmálskennara, fræðslustjóra Norðurlandsumdæmis eystra, fræðslustjóra Vesturlandsumdæmis, Heimili og skóla, Íslenskri málnefnd, Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands, Kennarasambandi Íslands og Námsgagnastofnun.

Fram kom í umfjöllun um málið að þegar hefur verið unnið markvisst starf á því sviði sem tillagan varðar. Meðal annars var kynnt fyrir nefndinni skýrsla um nýbúafræðslu sem unnin var á vegum menntamálaráðuneytis. Námsgagnastofnun vinnur nú þegar að gerð námsefnis á þessu sviði og hafin er sérstök kennsla fyrir þessa nemendur.

Nefndin telur að þingsályktunartillagan varði mikilvægt mál og sé góð viðbót og stuðningur við það öfluga starf sem þegar er hafið í menntamálaráðuneytinu á þessu sviði. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Þar er í fyrsta lagi lagt til að orðalagi tillögunnar verði breytt með tilliti til þess starfs sem þegar hefur verið unnið. Loks eru lagðar til lítils háttar orðalagsbreytingar sem ekki þarfnast skýringa.

Það er vert að geta þess í umfjöllun um þetta mál hvernig unnið hefur verið að málefnum nýbúa í menntmrn. Vorið 1992 var skipuð nefnd til að gera tillögur um íslenskukennslu fyrir nýbúa. Nefndin skilaði áliti þá um haustið og lagði fram tillögur um aðgerðir. Á árinu 1993 var ákveðið að hrinda tillögum nefndarinnar í framkvæmd og beitti ráðherra sér fyrir því að sérstök fjárveiting var veitt í þetta verkefni. Settur var starfshópur innan ráðuneytisins til að fylgja aðgerðum eftir og ráðnir verkefnastjórar. Þeir starfa á vegum ráðuneytisins en hafa aðstöðu hjá Námsflokkum Reykjavíkur.

Skólaárið 1993–1994 var gerð tilraun með nýtt skipulag nýbúakennsku í grunnskólum í Reykjavík og á Reykjanesi. Stofnað var til sérstakra móttökubekkja

þar sem áhersla er lögð á íslenskukennslu og aðlögun að skóla. Þetta fyrirkomulag hefur gefist vel. Móttökubekkir eru í Vesturbæjarskóla, Æfingaskólanum, Réttarholtsskóla, Hólabrekkuskóla og Holtaskóla í Keflavík. Kennurum var boðið upp á námskeið sumarið 1993 og skipulögð hafa verið námskeið fyrir kennara grunn- og framhaldsskóla nú í sumar. Mikil aðsókn er að þessum námskeiðum.

Einnig er hafinn undirbúningur að gerð sérstakrar námsskrár fyrir íslenskukennslu þeirra sem ekki hafa íslensku að móðurmáli heldur læra hana sem annað mál og leitað hefur verið til Námsgagnastofnunar um útgáfu eða útvegun á heppilegu námsefni handa nýbúum í grunnskólum.

Enn hefur kennsla nýbúa á framhaldsskólastigi ekki verið tekin föstum tökum. Þó skal nefnt að á yfirstandandi skólaári var gerð tilraun með nýtt fyrirkomulag við Iðnskólann í Reykjavík þar sem nemendur fengu sérstaka aðstoð í verknámi, íslenskukennslu og samfélagsgreinum.

Sérstakur verkefnastjóri starfar einnig á vegum menntmrn. að íslenskukennslu fullorðinna nýbúa.

Haustið 1993 og á árinu 1994 eru í fyrsta skipti sérstakar fjárveitingar á fjárlögum til nýbúakennslu. 1993 til kennslu í grunnskólum 10 millj. og fullorðinsfræðslu 5 millj. og 1994 til kennslu í grunnskólum 16 millj. og til fullorðinsfræðslu 10 millj. kr.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill benda hv. þm. á að hlé átti að gera kl. hálfeitt þannig ef um lengri ræðu er að ræða þá mun forseti neyðast til að rjúfa mál hv. þm.

[12:31]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Erindi mitt í ræðustól er að þakka formanni menntmn. og hv. menntmn. fyrir afgreiðslu á þessum tveimur þáltill. sem ég er mjög sáttur við. Þær koma frá stjórnarandstöðunni og má segja að það sé söguleg staðreynd á Alþingi Íslendinga að það er því miður ekki alltaf sem formenn hafa þá víðsýni til að bera að þeir vilji láta mál njóta sannmælis ef þannig stendur á. En í þessu tilfelli hefur nefndin tekið á þessu af víðsýni og ég er þakklátur fyrir það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 12:33]

Náttúrufræðikennsla og sveitadvöl nemenda, síðari umr.

Þáltill. ASv, 451. mál. — Þskj. 670, nál. 1151, brtt. 1152.

[14:33]

Frsm. menntmn. (Sigríður A. Þórðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. og brtt. menntmn. um till. til þál. um náttúrufræðikennslu og sveitadvöl nemenda í 4.–6. bekk grunnskóla.

Nefndin hefur fjallað um þingsályktunartillöguna sem felur í sér að nám í náttúrufræði verði eflt.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali. Lagt er til að menntamálaráðherra vinni að þessu verkefni í samvinnu við umhverfisráðherra, auk landbúnaðarráðherra. Er það talið eðlilegt m.a. þar sem umhverfisráðuneyti fer með fræðslu- og upplýsingastarfsemi á sviði umhverfismála auk þess sem Náttúrufræðistofnun Íslands heyrir undir ráðuneytið, en meginverkefni þeirrar stofnunar er að skipuleggja heimildasöfnun um náttúru Íslands og miðla þekkingu um íslenska náttúru til skóla, fjölmiðla og almennings. Þá er talið óþarfi að einskorða kennsluna við tiltekna bekki eins og tillagan gerir ráð fyrir. Á sama hátt er talið eðlilegt að þeir sem koma til með að vinna að málinu móti aðra þætti, svo sem hvort námið skuli tengt dvöl í sveit. Loks telur nefndin ekki rétt að mæla fyrir um skipun starfshóps heldur verði sú ákvörðun falin ráðherrunum.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, 2. umr.

Frv. IBA o.fl., 268. mál. — Þskj. 323, nál. 1219.

[14:35]

Frsm. menntmn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér um ræðir um sjóð til að styrkja efnilega íþróttamenn hefur verið á dagskrá Alþingis nú þrjú þing í röð og hefur notið fleiri flm. en flest önnur mál sem ég man eftir í seinni tíð í þessari virðulegu stofnun þó að raðir þeirra hafi kannski heldur strjálast þegar liðið hefur á. Það hefur hins vegar ekki orðið til þess að spilla fyrir málinu á neinn hátt vegna þess að hv. menntmn. samþykkti samhljóða tillögu á dögunum um að afgreiða málið að vísu til ríkisstjórnarinnar en með jákvæðum hætti þannig að þessi mál varðandi hugsanlegan sjóð til að styrkja efnilega íþróttamenn verði skoðuð í tengslum við nefndarstarf sem er í gangi í ráðuneytinu, m.a. undir forustu íþróttafulltrúa ríkisins, og í tengslum við endurskoðun íþróttalaga.

Nefndin leggur með öðrum orðum til að það verði samþykkt á þessum forsendum að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar og gerir það samhljóða og hefur að því er ég best veit stuðning 1. flm. og forustumanns í þessari málafylgju í því efni. Ég tel fyrir mitt leyti að hér sé um ágætan áfanga að ræða en ég hef verið flm. þessa máls frá upphafi ásamt hv. 1. flm. og fjölmörgum fleiri mætum samtíðarmönnum. Við leggjum með öðrum orðum til að málinu verði vísað á þessum forsendum til ríkisstjórnarinnar.

[14:36]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Ég vil nota tækifærið og þakka hv. menntmn. fyrir afgreiðslu á þessu máli. Ég vil þó al-

veg sérstaklega þakka hv. frsm. Svavari Gestssyni fyrir hans þátt því enginn hefur átt ríkari þátt í því heldur en einmitt sá hv. þm. að málið skyldi komast út úr hv. menntmn. þó með þessum hætti sé og fyrir það vil ég alveg sérstaklega þakka hv. þm. Svavari Gestssyni.

Því er ekki að neita að það hefur staðið töluverð barátta um að fá þetta mál afgreitt frá nefnd. Vissulega er það ekki óskaniðurstaða að málum sé vísað til ríkisstjórnar. Það vita velflestir hvað það þýðir en það hefur verið einhver óskiljanlegur tappi í nefndinni fram til þessa. Ég skal ekki segja af hverju það hefur verið en þetta mál hafði þegar það var fyrst flutt með sér á þriðja tug flm. og alveg augljósan meiri hluta þingsins en hlaut engu að síður ekki náð fyrir augum nefndarinnar þrátt fyrir ötula baráttu frsm. í því máli.

Þetta hefur orðið niðurstaðan og við hana sætti ég mig fyllilega. Það vill svo til að ég er formaður íþróttanefndar ríkisins og á hennar borði liggja nú drög að frv. um ný íþróttalög og ég skil þessa afgreiðslu hv. menntmn. á þann veg að það sé vilji nefndarinnar að þessi sjóður verði tekinn inn í íþróttalög og mun beita mér fyrir því að svo geti orðið.

Virðulegur forseti. Ég þarf ekkert að fjölyrða meira um þetta. Ég mun halda áfram að vinna að þessu máli á nýjum vettvangi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 544. mál, nál. efh.- og viðskn., þskj. 1229; brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1230.

Happdrætti Háskóla Íslands, 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 658, nál. 1158, 1180 og 1183, brtt. 1159 og 1184.

[14:40]

Frsm. meiri hluta allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá meiri hluta allshn. um frv. til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands og brtt. á þskj. 1159.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna ýmsa aðila sem nánar er getið í nál.

Í frumvarpi til laga um söfnunarkassa, 446. máli þingsins, sem afgreitt var frá nefndinni samhliða þessu frumvarpi, er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilað að veita Íslenskum söfnunarkössum, félagi í eigu Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Samtaka áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélags Íslands, leyfi til að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Frumvarp þetta er flutt samhliða þar sem nauðsynlegt er að afmarka fyrrgreinda starfsemi gagnvart happdrættisvélum Háskóla Íslands. Afmörkuð er heimild til að nota samtengdar happdrættisvélar en Háskóli Íslands hefur einkaleyfi til rekstrar happdrættis með peningavinningum og hefur nýlega hafið rekstur peningahappdrættis með vélum sem ekki er rekið sem flokkahappdrætti.

Meiri hlutinn leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Kristinn H. Gunnarsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson standa að breytingartillögunni en ekki að nefndaráliti þessu.

Lagt er til að lögtekið verði aldurslágmark þeirra sem spila mega í happdrættisvélum og verði miðað við 16 ára aldur. Þessar reglur eru fyrir hendi í reglugerð um happdrættisvélar Háskóla Íslands, nr. 455/1993, þar sem segir að aðgangur að vélum skuli takmarkaður við 16 ára og eldri, en að athuguðu máli telur meiri hlutinn rétt að mæla með lögfestingu þess aldurslágmarks.

Ólafur Þ. Þórðarson og Jón Helgason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. þetta rita nöfn sín: Sólveig Pétursdóttir, Gísli S. Einarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson og Tómas Ingi Olrich.

[14:43]

Frsm. 1. minni hluta allshn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Það er nokkuð ljóst að í því frv. sem hér er til umræðu er lagt til að heimilt verði að fara inn á nýjar brautir í fjáröflun með spilavélum. Það liggur líka fyrir í ljósi umræðna sem orðið hafa í þjóðfélaginu til að mynda á sl. hausti að það er afar umdeilt hvort rétt er að heimila aðilum að taka upp fjáröflun með þessum hætti.

Afstaða mín til þessa máls er á þá lund að ég get eftir atvikum fallist á að Háskóla Íslands verði heimilt að starfrækja umræddar happdrættisvélar, en vil þó reisa frekari skorður við notkun þeirra en gert er í dag og lagt er til í frv. að verði lögfest.

Ég hef því ákveðið að skila sér nál. til að lýsa þessari afstöðu og flytja brtt. til að mæta þeirri afstöðu umfram það sem fram kemur í brtt. allshn., sem ég stend að ásamt öðrum nefndarmönnum, um að lögfesta lágmarksaldur þátttakenda.

Nál. 1. minni hluta er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Með frumvarpi þessu er lagt til að heimilt verði að ganga enn lengra í að leyfa starfsemi happdrættisvéla en verið hefur til þessa og Happdrætti Háskóla Íslands veitt í fjáröflunarskyni frekari veiðileyfi á veikleika samborgaranna en þekkst hefur í íslensku samfélagi.

Reyndar er skylt að geta þess að fulltrúi happdrættisins upplýsti allsherjarnefnd um að ekki skorti heimildir fyrir þessari starfsemi í núgildandi lögum um Happdrætti Háskóla Íslands og nokkuð er síðan rekstur umræddra véla hófst. Vekja þessar upplýsingar spurningar um tilgang frumvarpsins og hvort það hafi yfir höfuð nokkra þýðingu. Að þeim forsendum gefnum að nauðsynlegt sé að afla lagaheimilda fyrir happdrættisvélunum og samtengingu þeirra vill 1. minni hluti gera grein fyrir afstöðu sinni til málsins.

Fyrsti minni hluti getur fallist á að rekstur happdrættisvélanna verði heimilaður með eftirfarandi takmörkunum:

1. Óheimilt verði að starfrækja vélarnar á vínveitingastöðum.

2. Einungis verði heimilt að samtengja vélar á sama sölustað en ekki milli sölustaða.

3. Sveitarstjórnir setji ákvæði í lögreglusamþykktir um staðsetningu vélanna og að öðru leyti um önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu.

Verði ofangreindar takmarkanir ekki samþykktar mun 1. minni hluti leggjast gegn samþykkt frumvarpsins.

Að lokum bendir 1. minni hluti á að full ástæða er til þess að Alþingi taki fjáröflun Háskóla Íslands til umfjöllunar með það að markmiði að finna siðferðilega og ásættanlega lausn sem jafnframt treysti fjárhag skóla á háskólastigi."

Ég vil undirstrika það, virðulegi forseti, að ég tel nauðsynlegt í tengslum við þetta mál að Alþingi hugi vandlega að fjárhag skóla á háskólastigi og grípi ekki til breytinga sem raski fjárhagnum eins og hann er og undirstöðum hans, en jafnframt vil ég leggja áherslu á að ég tel að háskólinn sé kominn of langt inn á þá braut sem hann hefur verið á um langt árabil með Happdrætti Háskóla Íslands.

Það kom auðvitað til álita að leggja til í brtt. 1. minni hluta að fella niður einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands til ríkisins, sem nemur um 20% af hagnaði happdrættisins og rennur í ríkissjóð, en ástæðan fyrir því að ég legg það ekki til er sú að frv. um það efni, sem var til umfjöllunar í allshn., var afgreitt með samkomulagi nefndarmanna með þeim hætti að vísa því til ríkisstjórnarinnar og mér þykir ekki rétt að standa að því annars vegar og hins vegar að leggja til breytingu í samræmi við tilgang þess frv. við þetta frv.

Þær brtt. sem ég flyt er að finna á þskj. 1184 og eru í tveimur liðum, hvort tveggja breytingar sem verði á efnismgr. 1. gr.

Fyrri tillagan er þannig að í stað orðanna „og á milli sölustaða" í lok 1. málsl. komi: en ekki á milli sölustaða. Það er til að undirstrika þá afstöðu mína að ég tel ekki rétt að ganga svo langt að heimila samtengingu vélanna yfir land allt heldur einungis samtengingu véla sem eru á sama sölustað. Þær geta hins vegar numið tugum og hef ég sjálfur komið inn á einn slíkan stað þar sem voru tíu vélar í einni röð og mundi þá samkvæmt þessu ákvæði vera heimilt að samtengja þær tíu. En samtenging sölukassa hefur auðvitað áhrif á vinningsupphæð og áhættuna í málinu.

Síðari tillagan er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Á eftir 1. málsl. komi tveir nýir málsliðir sem orðist svo: Óheimilt er að starfrækja happdrættisvélarnar á vínveitingastöðum. Kveða skal á um staðsetningu happdrættisvélanna og önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu í lögreglusamþykkt viðkomandi sveitarfélags."

Þarna er í raun um tvær tillögur að ræða. Í þeirri fyrri er lagt til að heimila ekki að þessar vélar verði á vínveitingastöðum. Það er grundvallarafstaða af minni hálfu að heimila ekki starfrækslu þessara véla á vínveitingastöðum. Þar eru menn að gera út á veikleikana. Þar eru menn að markaðssetja fjáröflun þar sem helst er að finna veikleika manna. Og mér finnst það siðferðilega ekki verjandi að ganga svo langt að heimila mönnum að setja vélar upp á stöðum þar sem menn kunna að vera veikastir fyrir og hafa kannski síður en annars staðar dómgreind til að meta áhættuna og það fjármagn sem þeir eyða í þessar vélar.

Þetta er auðvitað bara mín afstaða og aðrir kunna að hafa aðra afstöðu og ekkert við því að segja, en mér þótti rétt að koma henni rækilega til skila.

Síðari tillagan kveður á um að í lögreglusamþykktum fyrir sveitarfélög verði kveðið á um það hvar vélarnar megi vera í sveitarfélaginu og hvernig menn öðlist leyfi til þess að starfrækja þær. Það eru nokkur dæmi um það í dag að kveðið sé á um þetta í lögreglusamþykktum og eðlilegt að útfæra heimildarákvæði laga um lögreglusamþykktir þannig, eins og lagt er til í tillögum, og festa það í sessi og fela þar með staðbundnum yfirvöldum, sveitarstjórnum, að marka skýrari reglur um notkun vélanna en löggjafinn ákvarðar.

Virðulegi forseti. Ég hef lokið að gera grein fyrir afstöðu 1. minni hluta til málsins og ítreka að almennt vil ég taka á málinu með velvilja gagnvart Háskóla Íslands og öðrum skólum á háskólastigi, en það eru þó takmörk af minni hálfu fyrir því hvað ég er reiðubúinn að ganga langt til að heimila fjáröflunarspil í þessu skyni.

[14:52]

Frsm. 2. minni hluta allshn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá 2. minni hluta allshn. um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, en það er 445. mál.

Í upphafi vil ég taka fram að ég get út af fyrir sig fallist á þær brtt. sem fram hafa komið við þetta, bæði frá 2. minni hluta og frá allshn. og stend að þeim. Ég tel þau rök sem fram hafa komið frá 1. minni hluta vera þess eðlis að ég geti gert þau að mínum varðandi brtt. En varðandi málið sjálft þá hef ég í 2. minni hluta allshn. komist að þeirri niðurstöðu að það sé fyrst og fremst skortur á hinni siðferðilegu umræðu sem veldur því að ég get ekki stutt þetta mál, þó ég vissulega sé ekki reiðubúin til að leggja stein í götu þess. Mér þykir þetta mjög bagalegt og ég minni á þá umræðu sem varð hér sl. haust. Hún var ekki að ástæðulausu, þetta var ekki fjaðrafok út í loftið og þetta var ekki einhver æsingur sem greip um sig. Það samkomulag sem síðan var gert var vissulega bæði þarft og nauðsynlegt, en ég sakna þess að sú siðferðilega umræða sem þarf að fara fram hefur ekki farið fram. Og fyrr en það verður þá get ég ekki tekið undir það að sett verði löggjöf um að heimila samtengda spilakassa.

Ég vil hér fara yfir nál.:

Nefndin hefur fjallað ítarlega um málið og ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu. 2. minni hluti nefndarinnar telur að Alþingi sé sett í óþolandi aðstöðu með því að vera gert að taka afstöðu til þessa frumvarps án þess að boðið sé upp á aðra valkosti, svo sem að Háskóla Íslands verði tryggt fjármagn til nauðsynlegrar uppbyggingar með öðrum hætti en þetta frumvarp kveður á um.

Annar minni hluti telur að mörgum siðferðilegum spurningum sé ósvarað varðandi starfsemi samtengdra

happdrættisvéla á borð við þær sem Háskóli Íslands rekur. Á meðan sú umræða hafi ekki farið fram sé ótímabært að festa í lög grunn að starfsemi sem getur orkað tvímælis hvort leyfa eigi. Nær væri að leiða til lykta þá umræðu sem hafin er um siðferðilega stöðu Háskóla Íslands þegar honum er gert að afla fjár til uppbyggingar með sífellt umdeildari hætti á spilamarkaði landsmanna. Hætt er við að með lögfestingu starfsemi happdrættisvélanna muni sú þarfa umræða lognast út af og væri það miður.

Nefndinni barst m.a. álit frá Kristjáni Kristjánssyni heimspekingi, formanni Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri. Í því er reynt að leggja mat á þá umræðu sem verið hefur um siðferðilega stöðu Háskóla Íslands í rekstri spilavéla. Höfundur vill ekki leggja slíkar vélar að jöfnu við fjárhættuspil, eins og oft hefur verið gert, en samkvæmt skilgreiningu á happdrætti annars vegar og fjárhættuspili hins vegar sést þó að þær nálgast nokkuð mörkin. Niðurstaða höfundar er sú að starfræksla spilavélanna sé að vísu ekki siðferðisbrot en Háskóli Íslands sé kominn í mjög erfiða stöðu með því að þurfa að sækja svo mjög út á spilamarkaðinn. Í niðurstöðum álitsins segir Kristján:

„Máltækið segir að sólin saurgist ekki af því að skína á mykjuhauginn. Það má til sanns vegar færa sé einungis átt við siðferðilega saurgun. Í fyrirsögn þessarar álitsgerðar er spurt hvort skjávélahappdrætti HHÍ sé „hvalreki eða refshali". Niðurstaðan hefur orðið sú að HHÍ bindi a.m.k. ekki ráð sitt við neinn refshala siðleysisins með ákvörðun sinni um rekstur hinnar nýju tegundar happdrættis. Kannski verður sá rekstur háskólanum efnahagslegur hvalreki: „Gullnáma". Orðspor getur hins vegar saurgast með öðrum hætti en siðferðilegum; og refshalar geta verið með ýmsu móti. Stjórnmálamenn ættu að minnast þess að háskólastarfsemi var og á að vera „hugsjón allra hugsandi manna á Íslandi" svo að vitnað sé í orð Páls Skúlasonar. „Ef sú hugsjón deyr, þá deyr líka draumurinn um efnahagslegt, stjórnmálalegt og menningarlegt sjálfstæði Íslands" segir Páll á sama stað. Hugsjónin hefur sem betur fer ekki dáið né hefur hún beðið siðferðilegan hnekki með starfsemi HHÍ, en hún er viðkvæm jurt sem ekki er gott að þurfa að varpa skugga almenningsálitsins á með óþokkasælum aðferðum. Það er rökstudd skoðun höfundar að íslensk stjórnvöld hafi að nauðsynjalitlu knúið Háskóla Íslands til slíkra aðgerða." Þar með lýkur tilvitnun í Kristján Kristjánsson.

Annar minni hluti getur tekið undir þessi orð og bendir á að ekki megi víkjast undan því að breyta þessu. Hins vegar getur 2. minni hluti ekki varið það að Háskóli Íslands sé sviptur tekjum án þess að aðrar komi í staðinn og telur því brýnt að löggjafarvaldið skapi háskólanum aðra tekjustofna sem dugi. Fram kemur í áliti Kristjáns að yfirvöld virðist líta svo á að tilvist Happdrættis Háskóla Íslands firri þau að mestu ábyrgð á að sinna húsnæðismálum skólans. Svo að dæmi sé tekið hafi ríkissjóður á árabilinu 1978–1992 að meðaltali aðeins lagt fram 7,8% af heildarframkvæmdafé háskólans á móti 90% frá HHÍ.

Annar minni hluti telur að eðlilegast hefði verið að taka tekjuöflun til uppbyggingar Háskóla Íslands til gagngerrar endurskoðunar svo að skólanum yrði gert kleift að sinna því mikilvæga hlutverki sem honum er falið án þess að gera út á spilafíkn landsmanna. Annar minni hluti mun því ekki taka þátt í afgreiðslu málsins. Annar minni hluti styður þó þá breytingartillögu að 16 ára aldurstakmark verði lögfest í spilavélarnar. Verði frumvarpið að lögum telur annar minni hluti að nauðsynlegt sé að búa svo um hnútana að komið verði í veg fyrir að börn og ungmenni innan 16 ára aldurs geti spilað í vélunum. Annar minni hluti telur meira hald í að kveða á um aldurstakmarkið í lögum en reglum sem hægt er að breyta með auðveldari hætti.

Undir þetta nál. skrifar, sú sem hér stendur.

Varðandi þetta seinasta, aldursmarkið, þá er það vissulega fyrir hendi nú þegar í reglum, en það hefur orðið nokkur misbrestur á og meðal annars mun vera dæmi, alla vega varðandi söfnunarkassana, sem er mál sem við komum að hér á eftir, að foreldrar hafa verið að kvarta undan því að börn þeirra, innan 16 ára aldurs, fái ekki greidda út vinninga og það er vissulega umhugsunarefni og við munum ekki breyta hér upp eldismálum á einu bretti með lagaákvæðum. En ég held að löggjafanum sé skylt að ganga eins langt og hægt er til að setja að sínu leyti þær hömlur sem hægt er að setja og lögfestingin er vissulega tryggari heldur en þessar reglur. Þannig að ég stóð heils hugar að þessum breytingum sem gerðar voru á frv., en eins og fram kemur í nál. þá vil ég ekki á annan hátt bera ábyrgð á þessu máli fyrst að ekki hefur farið fram sú umræða sem ég hef hér, bæði fyrr í vetur, í nefnd og núna, getið um, þ.e. hin siðferðilega umræða.

Ég ætla ekki að hafa þessi orð fleiri, en í atkvæðagreiðslu mun að sjálfsögðu koma fram hvernig þetta mál liggur.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarkassar, 2. umr.

Stjfrv., 446. mál. — Þskj. 659, nál. 1156, brtt. 1157 og 1185.

[15:01]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um söfnunarkassa og brtt. við frv.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn til viðræðna frá dómsmálaráðuneytinu Ólaf W. Stefánsson skrifstofustjóra og Ara Edwald, aðstoðarmann dómsmálaráðherra, Þóri Einarsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands, Esther Guðmundsdóttur, framkvæmdastjóra Slysavarnafélags Íslands, Magnús Snæbjörnsson frá Íslenskum söfnunarkössum, Ólaf Poppé frá Landsbjörgu, Theodór S. Halldórsson frá Samtökum áhugamanna um áfengis- og vímuefnavandann og frá Rauða krossi Íslands Árna Gunnarsson og Sigrúnu Árnadóttur. Þá bárust nefndinni gögn frá Þóri Einarssyni, Íslenskum söfnunar-

kössum, dómsmálaráðuneytinu og Siðfræðistofnun Háskóla Íslands.

Á síðasta ári var að undirlagi dóms- og kirkjumálaráðherra gert samkomulag milli Happdrættis Háskóla Íslands annars vegar og Rauða kross Íslands, Landsbjargar, Slysavarnafélags Íslands og Samtaka áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann hins vegar en þessi fern samtök hafa staðið að starfrækslu söfnunarkassa. Samkomulagið var gert í tilefni af deilum sem risu í framhaldi af beiðni Happdrættis Háskóla Íslands um að hefja rekstur á sérstökum samtengdum happdrættisvélum. Varð þessi beiðni og síðar afgreiðsla dóms- og kirkjumálaráðuneytisins á henni m.a. tilefni deilna um lagagrundvöll fyrir rekstri söfnunar- og spilakassa á vegum Rauða kross Íslands og samstarfsaðila þeirra. Við áðurnefnt samkomulag féllst ráðherra á að beita sér fyrir að treystur yrði lagagrundvöllur fyrir rekstri söfnunar- og spilakassa Rauða kross Íslands og samstarfsaðila þeirra og var frumvarp þetta flutt af því tilefni. Í frumvarpinu er lagt til að dómsmálaráðherra verði heimilað að veita Rauða krossi Íslands og samstarfsaðilum þeirra leyfi til að starfrækja söfnunarkassa með peningavinningum. Þar sem nauðsynlegt er að afmarka þá starfsemi gagnvart happdrættisvélum Háskóla Íslands var samhliða flutt frumvarp til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973, með síðari breytingum, þar sem heimild til þess að nota samtengdar happdrættisvélar er afmörkuð. Nefndin leggur til að frumvarpið verði samþykkt með breytingu sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali.

Samkvæmt upplýsingum frá dómsmálaráðuneytinu er í þeim lögreglusamþykktum, sem kveða á um spilakassa og leiktæki, miðað við 14 ára aldur, miðað við fæðingarár. Þá var upplýst að á eða við spilakassa Rauða kross Íslands er athugasemd um að börn yngri en 16 ára megi ekki spila í þeim en í leyfum hafi hins vegar ekki verið vikið að aldri. Nefndin lítur svo á að m.a. með tilliti til eðlis þessarar starfsemi sé eðlilegt að lögfesta aldursviðmið þeirra sem nota mega söfnunarkassa og að miðað verði við 16 ára aldur, en að óbreyttu gerir frumvarpið ráð fyrir að kveðið verði á um aldurslágmark í reglugerð.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til þess að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Ólafur Þ. Þórðarson og Jón Helgason voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nál., sem er á þskj. 1156, rita nöfn sín Sólveig Pétursdóttir, Gísli S. Einarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Tómas Ingi Olrich, Kristinn H. Gunnarsson og Anna Ólafsdóttir Björnsson. Tvö þau síðastnefndu skrifuðu undir nál. með fyrirvara.

[15:05]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég var erlendis þegar talað var fyrir þessu máli sem hér er á dagskrá og hafði þess vegna ekki tækifæri til að lýsa skoðun minni á því þá, en ég vil aðeins gera grein fyrir því að ég mun greiða atkvæði gegn þessu frv., svo og því frv. sem mælt var fyrir hér áðan um Happdrætti Háskóla Íslands.

Það er ósæmilegt með öllu að Alþingi Íslendinga skuli vera að lögleiða spilavíti á öðru hverju götuhorni. Við vitum öll hver áhrif þetta hefur á líf fólksins í landinu, ekki síst þegar ástandið í þjóðfélaginu er eins og það er nú. Og það er satt að segja ekki Háskóla Íslands til sóma né heldur hinu háa Alþingi að það skuli vera gripið til þess háttar ráða sem spilakassar eru til þess að fjármagna þessa æðstu menntastofnun þjóðarinnar.

Herra forseti. Ég vil einnig gera athugasemd við nafnið á þessu frv. sem er frumvarp til laga um söfnunarkassa. Það er alrangt, þetta eru engir söfnunarkassar. Þetta eru spilakassar og það er allt annað. Söfnunarkassar eru kassar sem fólk leggur peninga í af fúsum og frjálsum vilja en ætlast ekki til neins í staðinn, en hér er um að ræða spilamennsku.

Annað er það sem mér þykir áfátt í þessu frv. en það er að ég er ekki viss um að eftirlit sé nægilegt með því fjármagni sem í þessa kassa kemur. Nú má vera að reglugerð sú sem væntanlega verður samin tryggi það sæmilega, en mér hefur þótt vanta mikið á að það sé lýðum ljóst hvað verður um allt það feiknalega fé sem lagt er í happdrætti af öllu tagi í þessu landi. Nægir að nefna lottóið sem skilar hundruðum milljóna til ýmissa stofnana án þess að það virðist koma skapaðan hlut til góða við gerð fjárlaga. Íþróttahreyfingin þarf ekki minna fé eftir að lottópeningar fóru að streyma inn og ég sé ekki að þeir liðir hafi neitt lækkað á fjárlögum. Og allt ber þetta að sama brunni.

Varðandi frv. sem hér er verið að ræða þykir mér kannski enn þá snautlegra að samtök eins og SÁÁ skuli eiga hér hlut að máli. Þetta eru samtök sem eru að reyna að lækna fólk af stjórnlausri fíkn í eiturlyf. Spilafíkn er engu betri og svo einkennilegt sem það nú er, og þó sennilega ekki ef sálfræðilegra skýringa væri leitað, er það oft svo að ekki síst þeir sem hafa komið stjórn á drykkjuskap sinn eru einmitt þeir sem ánetjast fíkn sem þessari, sem getur orðið svo alvarleg að menn missi allt sitt viðurværi í þessa hít.

Ég mun því, herra forseti, greiða atkvæði gegn þessum tveimur frumvörpum og mun beita mér fyrir því á komandi hausti að þetta verði bannað hér í landi, svo einfalt er það. Spilakassar eiga ekki að þekkjast. Og það er tómt mál að vera að setja vandræðalegar brtt. fram um að ekki megi hafa spilakassa á vínveitingastöðum, það megi ekki hleypa börnum undir ákveðnum aldri að spilakössum og svo sjáum við á hverju götuhorni að bæði börn og dauðadrukkið fólk eru að spila í þessum kössum. Þannig að þetta er hinn mesti ósiður og það er skylda hins háa Alþingis að beita sér fyrir því að allt þetta verði bannað.

[15:09]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gera grein fyrir fyrirvara mínum við undirritun nál., en hann lýtur að því sama og ég gerði að umtalsefni í séráliti mínu varðandi breytingar á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands. En það er einfaldlega vegna þess að sú nauðsynlega, siðferðilega umræða sem þarf að fara fram hefur ekki far-

ið fram hér. Það eru mjög deildar meiningar um áhrif spilakassa og samtengdra spilavéla og meðan svo mótsagnakennd skilaboð koma til skila þá tel ég að þessi umræða sé ekki til lykta leidd.

Með þessu frv. er í rauninni verið að lögfesta starfsemi sem lengi hefur verið við lýði, mislengi að vísu, og ég treysti mér ekki til þess, án þess að þessi síðferðilega umræða fari fram, að leggjast gegn því að því verði settur lagarammi sem hér er fyrir hendi, og margir hafa raunar talið að væri löglegt, og þá væri þetta frv. út af fyrir sig alveg óþarft, væri það rétt. Þannig að einhver misbrestur hefur verið á fyrst nauðsynlegt þykir að hafa þennan lagaramma sem hér er verið að leggja til að settur verði.

Ég get ekki tekið undir það með hv. síðasta ræðumanni að það sé ekki til bóta að setja ákveðnar skorður við þessari starfsemi. Ég held að það sé til bóta. Það merkir það líka, að það verður að fara eftir þessum skorðum, það verður að fylgja þeim reglum sem settar verða og það er kannski mergurinn málsins. Eftirliti hefur verið mjög ábótavant og hvernig á að ná utan um það mál veit ég ekki. Ég held að það sé alveg óhjákvæmilegt að þessi umræða verði tekin upp og muni hv. síðasti ræðumaður, 14. þm. Reykv., gera alvöru úr því loforði sínu að flytja frv. á næsta þingi um að þessi starfsemi verði bönnuð þá mun það a.m.k. hafa þau áhrif að hér fari fram þessi þarfa siferðilega umræða sem ég sakna mjög.

Ég get ekki fortakslaust tekið undir það að hér sé hrein ávísun á spilafíkn frekar en með annarri starfsemi, en vera má að það sé svo og þetta er mál sem einfaldlega hefur ekki verið kannað nógu vel til þess að hægt sé að alhæfa af eða á um það. Og það er annað sem gerir það að verkum að ég treysti mér ekki til að leggjast gegn þessu máli. Hitt atriðið er það að hér er um mikilvæga fjáröflun að ræða og þau samtök sem hér standa að eru allra góðra gjalda verð og það verður að tengja þetta allt saman. Séu samtök sem hér um ræðir, rétt eins og Háskóli Íslands, svipt tekjumöguleikum þá er það út af fyrir sig alvarlegt mál og það verður að tengja þessi tvö atriði mjög vel saman og tryggja bæði að það sé ekki verið að ýta hér undir alvarleg einkenni spilafíknar á Íslandi og jafnframt að það sé ekki verið að svipta mikilvæg líknarsamtök og önnur samtök sem hér eiga hlut að máli, Rauða kross Íslands, Landsbjörgu, SÁÁ og Slysavarnafélag Íslands, tekjum vegna umræðu sem ekki hefur fengist botn í. Þetta held ég að sé kannski mergurinn málsins.

Það er eitt annað sem ég tel ástæðu til að gera hér að umtalsefni, þótt það komi þessu máli ekki með beinum hætti við, en það eru leiktækjasalirnar sem eru úti um allt. Þessir leiktækjasalir gera hvorki út á söfnunarkassa, spilakassa né heldur happdrættisvélar Háskóla Íslands, nema þá að einhverjum hluta. Mér er ekki alveg kunnugt um hvort það hefur orðið eitthvert samkrull þar, en þarna er engu að síður um að ræða eitt atriði í viðbót sem ég tel fulla ástæðu til þess að fylgjast með. Þar mun aldurstakmark vera 14 ára og í kringum þessa spilasali, suma hverja, hefur verið mjög alvarlegt ástand og börn niður í mjög lágan aldur og unglingar hafa haft þetta sem einhvers konar félagsmiðstöðvar og það sýnir bara hversu mjög borgaryfirvöld, alla vega hér, hafa brugðist í því að vera með almennileg tilboð fyrir þessa unglinga og þetta eru ekki jákvæðar félagsmiðstöðvar. Mér er kunnugt um að foreldrar með ábyrgðartilfinningu hafa haft verulegar áhyggjur af börnum sínum og þarna hefur, í kringum einhverja af þessum stöðum, verið töluvert um óreglu og ýmiss konar starfsemi, sem ég held að ekki nokkur maður mæli bót. Þannig að ef við berum gæfu til þess að fara út í þá umræðu sem ég hef hér lýst eftir þá vil ég að þetta verði tekið inn í þá umræðu líka.

Eins og sakir standa styð ég þær brtt. sem komið hafa fram við þetta frv. Jafnframt styð ég frv. með þessum fyrirvara.

[15:16]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil gera grein fyrir fyrirvara mínum við nál., en áður en ég vík að því vil ég taka undir það sem kom fram hjá hv. 14. þm. Reykv. sem benti á það réttilega að auðvitað er nafngift frv. umdeilanleg og ekki sjálfgefið að það sé réttnefni að kalla það frv. til laga um söfnunarkassa. Ég hygg að það megi vel fallast á að röksemdir þingmannsins um annað heiti eigi við allnokkur rök að styðjast.

Fyrirvari minn við málið lýtur að því að ég tel rétt að bæta við frekari skorðum við rekstur kassanna en gert er í frv. og brtt. allshn. Þær skorður sem ég vil bæta við er í fyrsta lagi að óheimilt verði að starfrækja söfnunarkassa á vínveitingastöðum. Ég tel að þeir eigi ekki þar heima og vísa til röksemda minna áðan í öðru máli um Happrætti Háskóla Íslands og spilavélar þeirra.

Í öðru lagi vil ég að kveðið verði á um staðsetningu söfnunarkassa og önnur skilyrði fyrir leyfisveitingu í lögreglusamþykkt viðkomandi sveitarfélags.

Að öðru leyti er ég sæmilega sáttur við frv. Það er ólíkt hinu sem við ræddum áðan, um spilavélar Happdrættis Háskóla Íslands, að því leyti að fjárupphæð vinninga er miklum mun lægri og vélarnar eru ekki samtengdar, en það skiptir miklu máli að mínu mati.

Virðulegi forseti. Þá hef ég lokið við að gera grein fyrir þeim fyrirvara sem ég hafði við nál.

[15:18]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil bara vegna þeirra athugasemda sem komu fram áðan láta þess getið að þessi mál voru öll rædd vandlega í allshn. og þessi álitamál voru borin undir þann fjölda gesta sem kom á okkar fund og m.a. þær brtt. sem hér hafa verið kynntar. Það er skoðun okkar, alla vega meiri hlutans í nefndinni, að það sé ekki hægt að fallast á þær og það sé mjög erfitt að koma slíkum atriðum við í löggjöf. Varðandi staðsetningu kassanna þá hefur samtengingin verið hugsuð sem helsta greinimarkið milli söfnunarkassa annars vegar og happdrættisvéla HHÍ hins vegar.

Varðandi samkomulag aðila má líka geta þess að í þeirra samkomulagi í haust var vikið að vínveitingastöðum og almennum spilastofum og fjölda kassa þar en að öðru leyti var ekki samið um staðsetningu og

það er mat manna að það sé naumast hægt að festa það í lög.

Varðandi eftirlitið sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir vék að áðan þá kemur það m.a. fram í gögnum sem allshn. fékk frá Háskóla Íslands að það eru ákveðnar reglur um eftirlit með happdrættisvélum HHÍ og ég ætla ekki að kynna það nánar nema láta það koma sérstaklega fram að bókhald HHÍ fellur undir Ríkisendurskoðun.

Þá er enn fremur rétt að benda á 2. mgr. 2. gr. í frv. til laga um söfnunarkassa. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Reikningar fyrir innkomið söfnunarfé í söfnunarkössum samkvæmt lögum þessum og rekstur þeirra skulu endurskoðaðir af tveimur löggiltum endurskoðendum og skal annar tilnefndur sameiginlega af þeim félagasamtökum, sem standa að rekstri söfnunarkassanna, og hinn af dómsmálaráðherra. Að lokinni endurskoðun skal eintak af ársreikningi afhent dómsmálaráðherra."

Varðandi heitið á frv. sem hafa komið fram athugasemdir um, frv. til laga um söfnunarkassa, þá þykir mér rétt að benda á athugasemdir á bls. 3 í athugasemdum með frv. Þar segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Hinn 19. okt. 1993 gerðu Rauði kross Íslands, Landsbjörg, Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann og Slysavarnafélag Íslands með sér samning um stofnun félags um rekstur söfnunar- og spilakassa og aðra fjáröflun. Heiti félagsins er Íslenskir söfnunarkassar (ÍSK) og tók það til starfa 1. jan. 1994."

Þar með er komin skýring á þessu heiti að ég hygg. Að öðru leyti vil ég vísa til ítarlegrar greinargerðar með frv. til laga um söfnunarkassa og einkum á fskj. I sem er samningur um stofnun félags um rekstur spilakassa og aðra fjáröflun en þessi samningur er gerður 10. des. 1993.

Við í allshn. fengum líka ýmis önnur gögn sem sýna hvernig þessir aðilar hafa reynt að fylgjast með því að gætt væri þess aldurslágmarks sem um er rætt. Þar kom fram að m.a. hefur verið sent erindi til þeirra aðila sem eru með þessa starfsemi og er reynt að fylgjast með að eftirlit sé í lagi. Að öðru leyti vísa ég til þeirra gagna sem koma fram með þessum tveimur frv.

[15:23]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er aðeins vegna þess sem fram kom í máli frsm. nefndarinnar að það væri mat manna að erfitt væri að breyta því sem byggði á samkomulagi aðila. Það er auðvitað þannig að Alþingi ákveður það sjálft hverju það getur breytt og hvaða lög það getur sett. Þingmaðurinn getur ekki leyft sér að segja það hér úr ræðustól að samkomulag aðila utan þings bindi menn í þingsölum um mögulega lagasetningu. Ég er því fullkomlega ósammála hv. 6. þm. Reykv. um að við séum njörvaðir niður í umgjörð málsins út frá því samkomulagi sem aðilar hafa gert. Við tökum auðvitað tillit til þess en að sjálfsögðu eiga þingmenn að leggja sjálfstætt mat á málið og gera þær breytingar á því sem þeir telja skynsamlegar og réttar en ekki þannig að menn séu bundnir af samkomulaginu og geti ekki gert aðrar breytingar en þar er að finna. Þetta vildi ég leggja áherslu á þannig að menn væru ekki í vafa um að það er Alþingi sem setur lögin en ekki félagasamtök úti í bæ.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Happdrætti Háskóla Íslands, 2. umr.

Frv. GHelg o.fl., 70. mál (einkaleyfisgjald). — Þskj. 73, nál. 1186.

[15:25]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1186 frá allshn. við frv. til laga um breytingu á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands nr. 13/1973.

Nefndin hefur fjallað um málið samhliða umfjöllun um þau tvö stjfrv. sem hér voru til umfjöllunar áðan, þ.e. frv. til laga um breyting á lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, 445. mál, og frv. til laga um söfnunarkassa, 446. mál.

Frv. gerir ráð fyrir að ákveði um að Happdrætti Háskóla Íslands greiði 20% af arði í einkaleyfisgjald falli niður en fjármunir þessir hafa runnið til Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna.

Í umsögn fjármálaráðuneytisins kemur fram að framlag í fjárlögum á árinu 1994 sé 40 millj. kr. Falli þetta ákvæði brott hafi það þau áhrif að háskólinn hafi meira fé til ráðstöfunar til viðhalds og stofnkostnaðar sem nemi þessum 20% og að framlag til byggingarsjóðsins falli niður. Muni því kostnaðarauki ríkissjóðs af frv. velta á hvort veitt verði framlag á fjárlögum til byggingarsjóðsins í stað happdrættisfjárins og hve hátt það framlag yrði.

Með tilliti til framansagðs er það mat nefndarinnar að mál þetta þarfnist heildstæðrar endurskoðunar, m.a. með tilliti til ákvarðanatöku um fjárveitingar til Byggingarsjóðs rannsókna í þágu atvinnuveganna og leggur nefndin því til að frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Jón Helgason og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Undir nál. rita nöfn sín Sólveig Pétursdóttir, Gísli S. Einarsson, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Ingi Björn Albertsson, Kristinn H. Gunnarsson og Tómas Ingi Olrich.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fangelsi og fangavist, 2. umr.

Frv. MF, 204. mál (félagsráðgjöf og sálfræðiaðstoð). — Þskj. 226, nál. 1188.

[15:27]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. á þskj. 1188 við frv. til laga um breyting á lögum um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk um það umsagnir frá Kennarasambandi Íslands, Stígamótum, Stéttarfélagi íslenskra félagsráðgjafa, Fangavarðafélagi Íslands, Læknafélagi Íslands, Fangelsismálastofnun ríkisins og fjármálaráðuneytinu.

Frv. gerir ráð fyrir breytingum á 2. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48/1988, með síðari breytingum, þannig að meðal lögbundinna verkefna Fangelsismálastofnunar ríkisins verði að veita aðstandendum fanga sérhæfða þjónustu, svo sem félagsráðgjöf og sálfræðiaðstoð.

Í umfjöllun nefndarinnar kom fram að í dómsmálaráðuneytinu er nú, í samvinnu við Fangelsismálastofnun, unnið að gerð frv. til breytinga á lögum um fangelsi og fangavist. Nefndin telur eðlilegt að í þeirri vinnu verði það frv., sem hér liggur fyrir, tekið til skoðunar og leggur því til að því verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þjóðfáni Íslendinga, síðari umr.

Þáltill. GHall og ÁRÁ, 106. mál. — Þskj. 109, nál. 1189.

[15:29]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. á þskj. 1189 frá allshn. um till. til þál. um endurskoðun laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga.

Nefndin hefur fjallað um tillöguna. Bárust henni umsagnir frá Útflutningsráði Íslands, Verslunarráði Íslands, Ungmennafélagi Íslands, Samtökum iðnaðarins, ferðamálaráði og Íþróttasambandi Íslands.

Tillagan felur í sér að forsætisráðherra verði falið að skipa nefnd fimm manna til að endurskoða lög um þjóðfána Íslendinga, einkum 12. gr., en þar er m.a. kveðið á um að óheimilt sé að nota þjóðfánann á umbúðir eða í auglýsingar á vörum.

Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar og tekur undir þau sjónarmið, er fram koma í greinargerð hennar, að gagnlegt geti verið að vörur í markaðssetningu erlendis beri glögg einkenni Íslands. Jafnframt vill nefndin taka undir þær ábendingar, sem fram komu í umsögnum, að notkun þjóðfánans í þessu skyni er vandmeðfarin.

Ólafur Þ. Þórðarson var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Aðrir nefndarmenn rita nöfn sín undir álitið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, síðari umr.

Þáltill. GHall og EKJ, 248. mál. — Þskj. 287, nál. 1187.

[15:31]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá allshn. á þskj. 1187 um till. til þál. um eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fékk um það umsagnir á 116. og 117. löggjafarþingi frá Vélstjórafélagi Íslands, Stýrimannaskóla Íslands, Sjómannasambandi Íslands, Hafnasambandi sveitarfélaga, Landhelgisgæslunni, Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Sambandi íslenskra kaupskipaútgerða, umhverfisráðuneytinu, Hollustuvernd ríkisins, Landssambandi íslenskra útvegsmanna, Slysavarnafélagi Íslands, Náttúruverndarráði og Siglingamálastofnun ríkisins.

Tillagan felur í sér að dómsmálaráðherra verði falið að láta framkvæma athugun á því hve mörg skip og loftför Landhelgisgæslan þurfi til að halda uppi fullu eftirliti innan landhelgi og efnahagslögsögu Íslands.

Í umfjöllun nefndarinnar um málið komu fram þær upplýsingar að í undirbúningi er að koma á fót nefnd á vegum dómsmálaráðuneytisins sem hafi það verkefni að vinna að úttekt á skipastól Landhelgisgæslunnar og þörf á endurnýjun. Með tilliti til þeirra upplýsinga og þess að eðlilegt þykir að fyrrgreind nefnd taki tillögu þessa til athugunar leggur allshn. til að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Kristinn H. Gunnarsson og Ólafur Þ. Þórðarson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Aðrir nefndarmenn rita nöfn sín undir álitið.

[15:32]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Herra forseti. Þó ég sé stuðningsmaður þessa máls að sjálfsögðu, að verja 200 mílurnar og Reykjaneshrygginn sérstaklega, þá vil ég vekja á því athygli að við eigum miklu meiri réttindi á þessu svæði en við höfum gætt og það er til vansæmdar að við skulum ekki nýta 350 mílurnar á Reykjaneshrygg sem við eigum samkvæmt alþjóðalögum.

Það var raunar svo að það náðist samkomulag um það með okkur Íslendingum og Rússum, af öllum mönnum, að um 350 mílna landhelgi væri að ræða þar sem væru neðansjávarhryggir, sem gjarnan teygja sig 2.000 eða 3.000 mílur suður í höf. Það var samkomulag að takmarka þessi réttindi við 350 mílur. Það höfum við vanrækt að gera og er til mikillar vansæmdar og þarf að reka á það að þessara hagsmuna okkar sé

gætt með öðrum og betri hætti en gert hefur verið. Þess vegna legg ég áherslu á það að þrátt fyrir stuðning við þetta mál, sem er sjálfsagt, þá er hitt málið raunar alveg jafnsjálfsagt, að vinda sér í það að verja 350 mílurnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður barna, 2. umr.

Stjfrv., 377. mál. — Þskj. 573, nál. 1178, brtt. 1168 og 1179.

[15:35]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá allshn. um frv. til laga um umboðsmann barna. Álitið er á þskj. 1178.

Nefndin fjallaði ítarlega um málið og fékk á fund sinn til viðræðna Ragnheiði Thorlacius hdl., Drífu Pálsdóttur, skrifstofustjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, Braga Guðbrandsson, aðstoðarmann félagsmálaráðherra, Hrólf Kjartansson, deildarstjóra í menntamálaráðuneytinu, Ármann Snævarr prófessor og Þorlák Karlsson frá Rannsóknastofnun uppeldis- og menntamála. Þá barst nefndinni fjöldi umsagna eins og nánar er getið í nál.

Hugmyndir um stofnun embættis umboðmanns barna hér á landi komu fyrst fram árið 1978 í greinargerð með þingsályktunartillögu sem þingmenn Alþýðuflokksins fluttu um umbætur í málefnum barna. Drög að lögum um umboðsmann barna komu frá sifjalaganefnd í greinargerð með frv. til barnalaga árið 1981. Á 109. löggjafarþingi árið 1986 var lagt fram frv. til laga um embætti umboðsmanns barna og var það endurflutt á 110. löggjafarþingi en varð þá ekki útrætt. Annað frv. um umboðsmann barna var flutt á 113. löggjafarþingi árið 1990 og endurflutt árið eftir en var þá vísað til ríkisstjórnar að tillögu allsherjarnefndar.

Í frv. þessu er tekið mið af þeim frv. er áður hafa verið flutt um þetta efni og getið er hér að framan þótt ýmsu sé nú skipað á annan veg. Höfð hefur verið hliðsjón af reynslu norrænna þjóða af starfsemi umboðsmanns barna, einkum Norðmanna sem settu á stofn slíkt embætti með lögum árið 1981.

Markmið frv. er að hér á landi verði starfandi óháður embættismaður sem vinni að því að fullt tillit verði tekið til réttinda, hagsmuna og þarfa barna jafnt hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum. Er honum ætlað að vera málsvari eða talsmaður allra barna í samfélaginu og að eiga frumkvæði að gagnrýnni og stefnumarkandi umræðu um stöðu barna í þjóðfélaginu.

Gert er ráð fyrir að umboðsmaður barna starfi á sviði stjórnsýslunnar og er það í samræmi við skipan mála í Noregi og Svíþjóð. Þá er gert ráð fyrir að embætti hans heyri undir forsætisráðuneyti í því skyni að tryggja hlutleysi hans gagnvart fagráðuneytum. Um boð- eða eftirlitsvald forsætisráðuneytisins verður þó ekki að ræða þar sem því er aðeins ætlað að hafa eftirlit með fjárreiðum embættisins. Er ljóst að tillögur, ábendingar eða gagnrýni umboðsmanns barna geta beinst að ríkjandi stjórnvöldum á hverjum tíma og því er umboðsmanni barna nauðsyn á sjálfstæði í starfi.

Umboðsmanni barna er hvorki ætlað að taka til meðferðar mál sem heyra undir verksvið umboðsmanns Alþingis né mál sem eru til meðferðar hjá dómstólum eða stjórnvöldum. Þó má benda á að fram kemur í athugasemdum með frv. að þrátt fyrir að verkefni umboðsmanns barna varði hagsmuni ótiltekins fjölda barna er ekkert sem hindrar að hann veki athygli á, geri athugasemdir eða setji fram tillögur í tilefni af niðurstöðu stjórnvalds eða dómstóls sé niðurstaða þess eðlis að hún varði hag eða réttindi barna almennt.

Nefndin leggur til að frv. verði samþykkt með breytingum sem gerðar eru tillögur um á sérstöku þingskjali.

1. Lögð er til breyting á 1. gr. sem felst í að frv. hefjist á ákvæði um að stofna skuli embætti umboðsmanns barna og þykir það eðlilegt með tilliti til þess að um nýtt embætti er að ræða. Þá er bætt við þá þætti sem falla undir meginhlutverk umboðsmanns sem skal vera að bæta hag barna og standa vörð um hagsmuni, þarfir og réttindi þeirra eftir því sem nánar segir í frv.

2. Lagðar eru til nokkrar breytingar á 2. gr. Í greinargerð með frv. er gert ráð fyrir að sami einstaklingur gegni embættinu að jafnaði ekki lengur en 10 ár eða tvö skipunartímabil. Er lagt til að þessari reglu verði bætt við texta 1. mgr. 2. gr. með þeirri viðbót að skipa megi umboðsmanninn að nýju til fimm ára án auglýsingar en þó ekki oftar nema alveg sérstaklega standi á. Breytingin á 2. mgr. 2. gr. felst annars vegar í að fellt er brott hæfisskilyrði umboðsmanns um 30 ára aldur. Þykir það óþarflega strangt gagnvart hæfum einstaklingum sem að öðru leyti uppfylla hæfisreglur frv. Þá er lagt til að í stað hugtaksins „lögum" verði notað „lögfræði" svo sem þetta embættispróf heitir. Loks er lagt til að við 3. mgr. bætist nýr málsliður þar sem tekið verði fram að umboðsmanni verði óheimilt að takast á hendur verkefni ósamrýmanleg starfi hans. Er hér sem dæmi átt við sæti í stjórn félags eða stofnunar sem fjallar um málefni barna eða t.d. rekur uppeldisstofnun og er þá oft um að ræða launalaus störf.

Varðandi embættisskilyrði umboðsmanns bárust nefndinni ábendingar í umsögnum um að æskilegt geti verið að umboðsmaður hafi sérþekkingu á málefnum barna vegna menntunar sinnar eða starfsþekkingar.

3. Lagðar eru til breytingar á 3. gr. Í fyrsta lagi er lögð til breyting á 1. mgr. þannig að notað verði hugtakið „stjórnvald" í stað „stjórnsýsluhafi" og er það í samræmi við ný stjórnsýslulög. Aðrar breytingar á 1. mgr. eru ekki efnislegar. Í öðru lagi eru lagðar til þær efnislegu breytingar á c-lið 2. mgr. að bætt verði við því hlutverki umboðsmanns að benda á að þjóðréttarsamningar sem varða réttindi og velferð barna verði fullgiltir. Þykir full þörf á að kveða á um þetta atriði í texta frv. enda verður verkefni fyrir umboðsmann barna að fylgja slíku eftir. Í þriðja lagi er lögð til smávægileg breyting á d-lið þannig að vísað verði til þess

að umboðsmaður skuli bregðast við með tiltækum úrræðum telji hann að brotið hafi verið gegn réttindum, þörfum eða hagsmunum barna í samfélaginu. Í fjórða lagi er lagt til að nýr stafliður bætist við 2. mgr. 3. gr. þar sem umboðsmanni verði falið að stuðla að því að kynna almenningi gildandi rétt um málefni barna og beita sér fyrir rannsóknum á því sviði.

4. Breytingin á 4. gr. felst í að bætt er við að ábendingar, sem beint er til umboðsmanns með það í huga að hann taki mál til meðferðar, skuli vera rökstuddar m.a. með það í huga að stemma stigu við tilhæfulausum klögumálum.

5. Efnislegar breytingar við 5. gr. eru aðeins þær að bætt er við 1. mgr. þeirri takmörkun á upplýsingarétti umboðsmanns barna að gerður er fyrirvari um upplýsingar sem varða öryggi ríkisins eða utanríkismál sem leynt skulu fara nema með leyfi viðkomandi ráðherra. Er hliðstæðar takmarkanir að finna lögum nr. 13/1987, um umboðsmann Alþingis.

6. Loks er lögð til sú breyting á 8. gr. að ráðherra leiti tillagna umboðsmanns barna áður en reglur um starfshætti hans verða settar í reglugerð.

Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja breytingartillögur eða fylgja þeim sem fram kunna að koma.

Jón Helgason og Kristinn H. Gunnarsson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins, en undir nefndarálitið rita nöfn sín Sólveig Pétursdóttir, Gísli S. Einarsson, Eyjólfur Konráð Jónsson, Tómas Ingi Olrich, Anna Ólafsdóttir Björnsson, Ingi Björn Albertsson og Ólafur Þ. Þórðarson, tveir þeir síðastnefndu með fyrirvara.

[15:43]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram hefur komið áður þá lagði ég fram frv. um sama efni og ekki ólíkt því sem nú hefur hlotið afgreiðslu hv. allshn. á fjórum þingum og erindi mitt í ræðustól er einungis að þakka þeim hv. þm. sem stutt hafa frumvörp mín frá fyrstu byrjun, en þeir eru Jóhanna Sigurðardóttir, Kristín S. Kvaran, Hjörleifur Guttormsson, Árni Gunnarsson, Þórhildur Þorleifsdóttir, Jón Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og síðast en ekki síst Aðalheiður Bjarnfreðsdóttir og ég er viss um að afgreiðsla málsins hefði glatt hana hefði hún mátt lifa í dag, en eins og kunnugt er fór fram minningarathöfn um hana fyrir klukkustundu. Ég er viss um að það hefði glatt hana að sjá nú loksins þetta frv. verða að lögum. Það var við hæfi að hér voru fullar svalir af börnum fyrir stundu meðan verið var að ræða þetta frv.

Þær breytingar sem bæði hæstv. ráðherra hefur gert á hinu upphaflega frv. svo og nefndin er ég fullkomlega tilbúin til að styðja. Ég tel að þær séu til bóta og óska einungis þess að þetta frv. megi verða til þess að meira tillit verði tekið til þess fjórðungs þjóðarinnar sem eru börn á aldrinum 0–16 ára.

Síðast en ekki síst þakka ég hæstv. félmrh. sem hefur að þessu sinni sannað að það að máli sé vísað til ríkisstjórnarinnar þýði ekki endilega að ekkert verði í því gert. Fyrir það á hæstv. félmrh. heiður skilinn.

[15:45]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Það er aðallega tvennt sem veldur því að ég tek til máls hér. Annars vegar þarf ég að mæla fyrir brtt. á þskj. 1168 og hitt er að þakka hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur fyrir hennar ötulu baráttu í þessu máli. Hún hefur barist fyrir frv. til laga um umboðsmann barna í — ég veit ekki lengur hve mörg ár en þau eru orðin allmörg. (**GHelg:** Tíu.) Tíu ár og loksins er hv. þm. að uppskera. Þess vegna sakna ég þess verulega að í kafla á bls. 3 í frv. sem heitir „Fyrri lagafrumvörp um umboðsmann barna" skuli ekki vera minnst einu orði á hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur sem á þó allan heiður skilinn af því að þetta mál er komið svo langt á veg sem raun ber vitni. Ég harma að svo er ekki. Allur þessi kafli er um það hvað Alþfl. hefur staðið sig vel í þessu máli. Það er bara rangt að mínu viti og þetta ber að leiðrétta og þess vegna vil ég fá það inn í þingtíðindin að ef það er einhverjum einum aðila að þakka að þetta mál er hér á lokastigi þá er það hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur að þakka.

Um þetta mál fór fram allnokkur umræða í hv. nefnd og menn skiptust nokkuð á skoðunum og fengu umsagnir frá fjölmörgum aðilum. Það verður að segjast eins og er að það taka allir ákaflega vel í hugmyndina og prinsippið sem þarna er boðað og það gerir sá sem hér stendur auðvitað líka og vill þá geta þess jafnframt að einhver smámisskilningur varð við undirritun nefndarálits. Ég ætlaði mér ekki að vera með fyrirvara en það er enginn stór skaði skeður. Það má vel vera að sá misskilningur sé mér að kenna.

Það var nokkuð rætt um heitið á frv., umboðsmaður barna, og við fengum ábendingar um að hugsanlega væri skynsamlegra að notast við annað heiti og sérstaklega kom þá upp í umræðuna heitið „Málsvari barna og ungmenna". Ég verð að segja að það svona féll mér betur í geð og ég hafði það sterklega á tilfinninguni lengi vel og reyndar enn þá að það hafi verið meirihlutavilji fyrir því innan nefndarinnar að notast við það nafn, enda kom það fram í nefndarstörfunum að menn voru töluvert að ruglast á umboðsmanni barna og umboðsmanni Alþingis og höfðu áhyggjur af því að slíkt hið sama mundi ske úti í þjóðfélaginu. Enda held ég að menn hafi orðið varir við það nú þegar að hlutverk umboðsmanns barna er svolítið misskilið úti í þjóðfélaginu. Þess vegna taldi ég rétt og tel enn og mundi fylgja og styðja slíka brtt., ef fram kæmi, að breyta heitinu í frv. til laga um málsvara barna og ungmenna.

Eins og ég gat um rétt áðan, þá ætla ég að mæla fyrir brtt. á þskj. 1168. Það er brtt. flutt af mér ásamt hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni. Við óskum eftir breytingu á 2. gr. frv. þar sem segir í 2. málslið, með leyfi forseta:

„Umboðsmaður barna skal hafa lokið háskólaprófi og vera eldri en 30 ára. Hafi umboðsmaður barna ekki lokið embættisprófi í lögum skal lögfræðingur starfa við embættið."

Þarna erum við með brtt. um að fyrri málsl. 2. mgr. falli brott þannig setningin „umboðsmaður barna skal

hafa lokið háskólaprófi og vera eldri en 30 ára", falli brott og þá standi setningin þannig: „Hafi umboðsmaður barna ekki lokið embættisprófi í lögum skal lögfræðingur starfa við embættið."

Við teljum að sá þröskuldur sem settur er með því að skilyrða fólk til að hafa háskólapróf upp á vasann sé óeðlilegur. Það geti vel komið margir aðrir aðilar til greina í slíkt starf án þess að hafa háskólapróf, enda geta menn haft háskólapróf og alls kyns gráður sem engan veginn henta í þetta tiltekna starf. Við teljum því að þarna geti menn hugsanlega verið að útiloka hæft fólk sem hafi góðan skilning á málefnum barna og góða innsýn inn í barnaheim. Við teljum því að slíkur þröskuldur eigi ekki að vera til staðar.

Ég get nefnt sem dæmi varðandi þennan þröskuld aðila sem hefur verið formaður í stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra og öryrkja í fjögur ár, síðan verið alþingismaður í 16 ár og ráðherra í þremur ríkisstjórnum og varaformaður Alþfl. og fagráðherra þessa máls um umboðsmanns barna. Þessi aðili mundi ekki uppfylla skilyrðin. Sjálfur hæstv. félmrh. hefur ekki háskólapróf. Félmrh. væri óhæfur til að gegna embætti umboðsmanns barna. Ekki efast ég um það eina mínútu að hún er fyllilega hæf í starfið, en vegna slíkra þröskulda eins og eru í frv. þá væri hún dæmd óhæf og úr leik.

Sama máli gegnir um aldursmarkið, 30 ár. Það teljum við ekki heldur vera við hæfi og má segja að grunntónninn sé sá að við hreinlega treystum þeim aðilum sem koma til með að ráða í embætti umboðsmanns barna, að þar verði að sjálfsögðu ráðinn hæfasti aðilinn í starfið og það eigi ekki að setja upp slíka þröskulda sem eru annaðhvort prófskírteini upp á vasann eða aldursmark.

Við leggjum þess vegna fram brtt. við 2. gr. um að setningin um háskólaprófið og aldurstakmarkið falli brott.

Aðeins út af því má kannski segja að það sé að vissu leyti komið til móts við þessa kröfu um háskólapróf því að setningin sem eftir stendur gerir ráð fyrir því að það skuli starfa lögfræðingur við embættið þannig að það er fyrir því séð.

Í öðru lagi leggjum við fram brtt. við að síðari málsl. 3. mgr. 2. gr. falli brott. Hann hljóðar svo:

„Umboðsmanni barna er óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf."

Þetta held ég að hreinlega gangi ekki upp. Ég held að ef við litum yfir þingsalinn og athugum t.d. þá 63 þingmenn sem sitja á þingi hversu margir kæmust af ef þeir mættu ekki hafa önnur launuð störf, ef þeim væri meinað að setjast í nefndir, ráð eða stjórnir. Ég hygg að það sé óvíða í þessu þjóðfélagi í dag að nokkur aðili lifi á einum launum og ég sé það á þessu frv. að það er ekki gert ráð fyrir slíkum launakjörum í þessu embætti að það sé eitthvað til að hrópa húrra yfir.

Ég get vel séð fyrir mér að umboðsmaður barna yrði skipaður í einhverja nefnd um málefni barna t.d. Þar sætu menn úr embættismannakerfinu, alþingismenn og einhverjir fleiri. Allir yrðu launaðir nema þessi eini maður, umboðsmaður barna. Það gengur faktískt það langt að umboðsmaður barna mætti ekki einu sinni bera út blöðin. Þessi setning er algerlega óviðunandi og þess vegna leggjum við fram brtt. við hana.

Virðulegi forseti. Aðeins út af menntunarskilyrðunum þá er athyglisvert að láta það koma fram að fulltrúi menntmrn. tók undir þau sjónarmið að menntunarskilyrðin væru ekki þörf. En ástæðan fyrir því að svona lagabálkur er lagður fram er kannski meiri spurning. Ég hef haft þá skoðun að það sé óþarfi að stofna slíkt embætti. Ég ætla hins vegar engan veginn að leggja stein í götu þess því að auðvitað viljum vil öll veg barna sem mestan og bestan. En ástæðan er kannski fyrst og fremst sú að löggjafarvaldið og framkvæmdarvaldið og þær stofnanir sem eiga að hugsa um hag barna virðast hafa brugðist og við erum að setja upp hérna einhvern hrísvönd á þessa aðila með því að fara út í þetta embætti.

En gott og vel, það er að verða að veruleika. Ég styð það heils hugar í prinsippinu, en legg engu að síður fram þessa brtt. sem ég vona að menn taki undir með okkur hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni.

[15:55]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Vegna þeirra athugasemda er hv. þm. Ingi Björn Albertsson kom með áðan og brtt. sem hann var að kynna, þá vil ég benda á að ég var rétt áðan, um leið og ég gerði grein fyrir nefndaráliti allshn., að skýra frá því að það er einmitt komið til móts við hv. þm. sem flytja þessa brtt. Það er breyting á 2. mgr. 2. gr. sem felst í því að það er fellt brott hæfisskilyrði umboðsmanns um 30 ára aldur. Það þykir óþarflega strangt gagnvart hæfum einstaklingum sem að öðru leyti uppfylla hæfisreglur frv.

Varðandi 2. gr. að öðru leyti þá koma fram í þeirri grein frv. ákveðnar hæfisreglur og aðaláherslan er lögð á sjálfstæði og hlutleysi þessa umboðsmanns barna sem hér er rætt um. Með leyfi forseta vil ég vitna til athugasemda um 2. mgr. 2. gr. er koma fram með frv. Þar segir:

„Með hliðsjón af verkefnum umboðsmanns barna í frv. þessu og staðsetningu hans í stjórnkerfinu þykir nauðsynlegt að gera kröfu um háskólamenntun. Án efa mun umfjöllun um ýmis lagaleg atriði varðandi börn verða eitt meginverkefni umboðsmanns barna, a.m.k. á fyrstu árum embættisins. Hafi umboðsmaður barna ekki lokið embættisprófi í lögum er talið nauðsynlegt að við embættið starfi lögfræðingur."

Hér segir um 3. mgr. 2. gr.: „Ákvæði þetta miðar að því að tryggja umboðsmanni barna fjárhagslegt sjálfstæði og virðingu í starfi og því er gert ráð fyrir að Kjaradómur ákvarði laun hans og starfskjör, sbr. lög um Kjaradóm og kjaranefnd. Til að tryggja enn frekar sjálfstæði og hlutleysi umboðsmanns barna er honum óheimilt að hafa með höndum önnur launuð störf og á það jafnt við um störf hjá opinberum aðilum sem einkaaðilum. Æskilegt er enn fremur að sá sem gegnir embættinu hverju sinni hafi ekki með höndum ólaunuð störf eða starfi í þágu félagasamtaka eða annarra hagsmunahópa sem telja verður að samrýmist ekki

starfi umboðsmanns barna."

Við í allshn. fengum einnig ábendingar frá fleiri aðilum um þetta efni, m.a. frá sifjalaganefnd og því er gerð tillaga um ákveðna viðbót við þessa grein og kemur það nánar fram í rökstuðningi með nefndaráliti allshn. Okkur þótti sem sé nauðsynlegt að leggja áherslu á þessi ákvæði frv. til að tryggja sjálfstæði og hlutleysi umboðsmanns barna vegna þessa mikilvæga starfs sem honum er ætlað að gegna.

[15:59]

Ingi Björn Albertsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Aðeins út af orðum hv. þm. Sólveigar Pétursdóttur er hún var að verja háskólaprófið og kom þá m.a. inn á að lögfræðiþekking yrði að vera til staðar. Það kemur fram í 2. mgr. að það er gert að skilyrði að lögfræðingur starfi við embættið og þar af leiðandi er aðili með háskólapróf starfandi við embættið þannig að fyrir því er séð. Jafnvel þó að okkar brtt. yrði samþykkt er engu að síður samkvæmt lögunum aðili með háskólapróf í lögfræði starfandi við embættið.

Mig langar aðeins að spyrja hv. þm. hvort hann telur það eðlilegt, eins og ég fór yfir áðan, að ef umboðsmaður barna yrði skipaður í nefnd á vegum ráðuneytisins, segjum fimm manna nefnd, sem í sætu fulltrúi ráðuneytisins, þingmaður, einhverjir hagsmunaaðilar, umboðsmaður Alþingis og umboðsmaður barna þá ættu fjórir nefndarmenn að vera á launum við nefndarstörfin en umboðsmaður barna ekki. Telja menn að þetta geti gengið? Er jafnræðisreglu fylgt? Ég tel algerlega útilokað að meina mönnum að hafa önnur launuð störf hvort sem það er í stjórn einhvers fyrirtækis eða eitthvað slíkt. Stjórnsýslulögin slá ákveðinn varnagla í þessum efnum þannig að við þurfum ekki að hafa áhyggjur af því að þarna verði einhverjir hagsmunaárekstrar á ferðinni. Mig langar að inna eftir því hvort hv. formanni nefndarinnar þykir þetta eðlilega að málum staðið ef svona færi nú.

[16:01]

Frsm. allshn. (Sólveig Pétursdóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé nokkuð skýrt hvað hér er átt við. Ég vitnaði áður í athugasemdir og skýringar með 2. gr. og það er nefndin sem samdi þetta frv. sem kemur fram með þær skýringar.

Ég lét þess einnig getið að allshn. kemur með viðbót við 3. mgr. 2. gr. þar sem bætist við nýr málsliður þar sem tekið verði fram að umboðsmanni verði óheimilt að takast á hendur verkefni ósamrýmanleg starfi hans. Er hér sem dæmi átt við sæti í stjórn félags eða stofnunar sem fjallar um málefni barna eða t.d. rekstur uppeldisstofnunar og er þá oft um að ræða launalaus störf. Aðaláherslan liggur á því að það verði að passa upp á þetta þar sem verkefnið geti verið ósamrýmanlegt starfi hans.

[16:02]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Því miður búum við við það að það eru átök í þessu samfélagi um ýmis málefni er snerta börn. Við búum við það ástand að þær deilur eru gjarnan á síðum dagblaðanna og við horfum á unglingavandamál sem eru sum hver af þeirri stærðargráðu að maður á erfitt með að skilja hvers vegna þannig hefur farið.

Ég hef þess vegna ekkert nema gott um það að segja að ákveðinn aðili hafi það verkefni að fara yfir íslensk lög og erlenda samninga og reyni að glöggva sig á því hvort eitthvað í löggjafarstarfi mætti betur fara varðandi þessa málaflokka eða hvort það er eitthvað sem framkvæmdarvaldið aðhefst sem er óásættanlegt.

Hins vegar er það svo að umboðsmaður Alþingis er og verður umboðsmaður barna. Það hefur engin ákvörðun verið tekin um að skerða hans verksvið og af þeirri ástæðu hefur mér fundist að starfsheitið sem þessum manni er ætlað orki mjög tvímælis, hvort það getur átt rétt á sér. Umboðsmaður Alþingis er og verður umboðsmaður allra í þessu landi, barnanna einnig. Þessi starfsmaður á aftur á móti að hafa verksvið sem skarast ekki ef rétt er að málum staðið við það verksvið sem umboðsmaður Alþingis hefur. Ég ætla ekki að gera það að neinu sérstöku hitamáli hvort þetta nafn er. Það er ekki rökrétt að mínu viti. Það er ekki hugsað á þann veg að ef barn vill leita réttar síns gagnvart stjórnsýslu, þá geti það farið til umboðsmanns barna og hann tekið upp málið eins og fullorðnir gera þegar þeir fara til umboðsmanns Alþingis. Barnið ætti að fara inn til umboðsmanns Alþingis og leita þar eftir stuðningi.

Ég hefði líka verið hlynntur því að talað væri um börn og unglinga. Það var einu sinni sagt á Íslandi: Ekki getur barnið barn. En það gæti gerst þegar talað er um að börn geti verið börn til 18 ára aldurs og af þeirri ástæðu finnst mér að það hefði frekar átt að vera talað um börn og unglinga. En þetta eru út af fyrir sig ekki efnisatriði þessa máls heldur það sem mér finnst að gefi ranga mynd af því sem hér er verið að leggja fyrir þingið. Stundum gefa heiti frumvarpa og laga ekki rétta mynd af innihaldinu.

Ég þakka fyrir það að meiri hluti nefndarinnar hefur tekið þá ákvörðun að leggja til að þetta 30 ára aldurshámark í 2. gr. fari út og með því er komið til móts við þær breytingartillögur sem hv. alþm. Ingi Björn Albertsson flytur ásamt mér. Ég aftur á móti spyr sjálfan mig: Hvers vegna er ekki hægt að treysta hæstv. forsrh., hver svo sem hann er á hverjum tíma, til þess að velja þann hæfasta af þeim sem sækir um til að gerast umboðsmaður barna? Hvers vegna þarf að binda það starf við háskólapróf? Mér finnst að þarna gæti nokkurs misskilnings. Ég veit ekki til að það sé neitt sérstakt fag í háskólanum sem tryggir það að þeir sem fara þar í gegn séu öðrum hæfari til að fást við þetta verkefni. En það er nú einu sinni svo að það virðist vera mikil festa í því að þetta eigi að vera inni. Mér er sú festa óskiljanleg vegna þess að það er gert ráð fyrir því að lögfræðingur starfi við embættið og þar með er lagalega hliðin tryggð í þessu máli.

Mig undrar það líka nokkuð að í þessum texta skuli gengið þannig frá málum að umboðsmanni barna er óheimilt að hafa önnur launuð störf. Auðvitað dettur engum manni í hug að umboðsmaður barna geti verið í öðru föstu launuðu starfi. Það kæmi náttúrlega

aldrei til greina. Réttindi og skyldur opinberra starfsmanna koma inn í það dæmi. En það er aftur á móti athyglisvert að við þingmenn hljótum laun samkvæmt Kjaradómi og á Alþingi Íslendinga sitja menn sem eru launaðir m.a. af Verslunarráði Íslands sem vill svo sannarlega hafa áhrif á lagasetningu á Íslandi og þá hlýtur það að vera spurning miðað við þau rök sem formaður nefndarinnar færir: Er litið svo á að sá hv. þm. sem situr á Alþingi Íslendinga sem starfsmaður Verslunarráðsins sé ekki hlutlaus, honum sé ekki treystandi til að vera hlutlausum vegna starfs síns? Hann sé hlutdrægur í atkvæðagreiðslu vegna þess að hann þiggur laun annars staðar?

Eigi að fara í þá siðvæðingu að menn skuli hafa sín laun ef Kjaradómur ákveður og engin laun önnur, þá hlýtur að vera nærtækast að byrja á sjálfum forsrh. Má hann þá sitja í launuðu starfi sem bæjarfulltrúi? Það hlýtur líka að vera nærtækt að taka ýmsa aðra embættismenn sem eru skipaðir til að sitja í nefndum, fá laun fyrir þau nefndarstörf (**Forsrh.:** Það er þegnskylda að sitja í sveitarstjórn.) og oft og tíðum er það svo að þeir eru að vinna þessi nefndarstörf í vinnutímanum. Það er rétt hjá hæstv. forsrh. sem gerði hér athugasemd að það er þegnskylda að sitja í sveitarstjórnum. Ef um óhlutbundna kosningu er að ræða þá geta menn ekki hafnað kjöri. Hins vegar er það lýðfrelsi í landinu að það er ekki skylda að taka sæti á lista. Það verður enginn skyldaður til að taka sæti á lista og þegnskyldan er þess vegna takmörkuð hvað það snertir að komi menn ekki saman lista í viðkomandi sveitarfélagi þannig að það verði óhlutbundin kosning, þá er skylda að taka þar sæti.

En því segi ég þetta að ég er ekki með þessu að taka það fyrir hvort við viljum kollvarpa þessu kerfi eða ekki. Mér er ljóst að í Þýskalandi hefur það alllengi verið í gildi að þingmenn mega ekki hafa nema mjög óveruleg laun fyrir utan sín þingmannslaun. Þetta er af tveimur ástæðum haft þar. Annars vegar til þess að koma í veg fyrir að þeir séu öðrum háðir, að vinnuveitandi hafi e.t.v. áhrif á þeirra gerðir í þinginu og eins líka til að stuðla að launajöfnuði meðal þingmanna, tryggja þar með að sumir vinni ekki beinlínis, hvað eigum við að segja, gegn því að eðlileg launakjör séu hjá pólitískum andstæðingum ef þeir eru í stjórnarandstöðu. Mér finnst þess vegna að á málum eins og þeim að óheimilt sé að hafa með höndum önnur launuð störf eigi að taka á einum stað í lagasafninu undir réttindum og skyldum opinberra starfsmanna. Þar á að taka á svona málum á jafnræðisgrundvelli. Það er það eina sem er eðlilegt. Hitt er nánast út í hött að ætla að fara að tína eitt og eitt embætti og setja það í þessa stöðu.

Því til viðbótar vil ég segja að loksins er komin sú jákvæða staða í stjórnsýslu landsins að við erum komin með stjórnsýslulög þar sem jafnræðis á að vera gætt, þar sem á að vera tryggt að menn víki sæti ef þeir eru vanhæfir af einhverjum ástæðum. Ég verð þess vegna að segja eins og er að mér er ekki ljóst hvers vegna þessi aðili var svona sérstaklega tekinn fyrir. Það getur vel verið að þetta embætti sé sérhannað fyrir einhvern ákveðinn aðila sem menn treysta ekki til að lúta eðlilegum aga nema þetta sé í lagatextanum þegar búið er að skipa hann í embættið. En þá er það líka mín vanþekking á því hver það er sem menn hafa ætlað að setja í þetta embætti ef það er búið að ganga frá því hjá ríkisstjórn Íslands án þess að óbreyttir þingmenn hafi hugmynd um það og án þess að þetta sé orðið að lögum. En þetta atriði hefur verið sett þarna inn. Það virðist ekki vera hugsunin að það eigi að setja þetta almennt inn, þessi regla eigi almennt að vera skilyrði gagnvart opinberum starfsmönnum og alþingismönnum eða ráðherrum heldur sé þetta hugsað í þessu eina tilfelli. Það finnst mér vera mjög óeðlileg lagasetning svo ekki sé meira sagt og mig undrar það að mönnum yfir höfuð detti í hug að mismuna svo í uppsetningu eins og hér er verið að tala um.

Ég lít svo á að það muni oft gerast að umboðsmaður barna verði settur í þær nefndir sem vinna að endurskoðun laga sem snerta börn í þessu þjóðfélagi. Það getur vel verið að þetta sé misskilningur hjá mér og mönnum detti ekki í hug að hann verði settur í slíkar nefndir, en það sækir á mig að á undirbúningsstigi áður en frumvörp fara fyrir þingið gæti umboðsmaður barna haft veruleg áhrif til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Ég lýsi því yfir hér og nú að ég er hlynntur því að settar verði reglur gagnvart opinberum starfsmönnum og gagnvart þingmönnum með önnur launuð störf á jafnræðisgrundvelli, heildarreglur sem munu þá gilda fyrir alla. Ég teldi að það væri til bóta. En að setja þetta í sum lög og önnur ekki tel ég fyrst og fremst hugsanaskekkju í lagasmíð.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill til upplýsingar hv. þm. fara fram á aðstoð við það á þessum lokadögum í þinginu að koma hér í gegn nokkrum þingmannamálum áður en tekin verða fyrir mál ríkisstjórnarinnar.

[16:18]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ef hæstv. forseti vill veita ákveðnum málum stuðning, þá ber hæstv. forseta að víkja úr forsetastóli og fela öðrum það sæti og mæta í ræðustól til að styðja þau mál. Þess vegna finnst mér mjög óeðlilegt ef forseti fer að „agitera" fyrir afgreiðslu mála úr forsetastóli. Það er hreinlega út í hött og ég vona að forseti geri sér grein fyrir því að þessi hefð hefur verið í þinginu alla tíð. Ef forseti vill beita sér fyrir framgöngu ákveðinna mála, hvort sem það eru þingmannafrumvörp eða önnur, þá leiti forseti eftir því að fá annan til að sitja í forsetastólnum á meðan, en veiti málunum stuðning úr ræðustól á þinginu.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa hv. þm. um að hér er hinn versti misskilningur á ferð. Ég vil biðja hv. þm. að hlýða á mál mitt. Hér er mikill misskilningur á ferð. Þess hefur verið óskað að beðið verði eftir ráðherrum til að hlýða mál ríkisstjórnarinnar. Eftir á dagskránni er nær ekkert annað en þingmannamál en nú sé ég að þeir

hæstv. ráðherrar sem beðið var eftir eru komnir og þess vegna mun verða tekið fyrir eins og til stóð 19. dagskrármálið, um húsaleigubætur. Áður en forseti gefur hæstv. félmrh. orðið vill forseti ítreka að hér var ekki um að ræða neinn sérstakan áhuga forseta á einstökum málum heldur ætlaði forseti einungis að fara fram á að þau mál yrðu afgreidd á tiltölulega stuttum tíma.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 869, nál. 1191 og 1211, frhnál. 1234, brtt. 1192, 1209 og 1228.

[16:20]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það mál sem hér er til umræðu er eitt af þeim forgangsmálum sem ríkisstjórnin hefur lagt áherslu á að lögfest verði á þessu þingi. Á því er engin breyting að lögð er áhersla á að frv. til laga um húsaleigubætur verði lögfest á þessu þingi. Hins vegar hefur ríkisstjórnin og stjórnarflokkarnir orðið sammála um eftirfarandi varðandi framkvæmd væntanlegra laga um húsaleigubætur:

Gengið verði til viðræðna við forráðamenn sveitarfélaganna um undirbúning að framkvæmd laganna. Komi í ljós í þeim viðræðum að óhjákvæmilegt sé að gera breytingar á lögunum til að gera framkvæmd þeirra markvissari verða slíkar tillögur lagðar fram á haustþingi. Þá verða málefni Búseta sem rædd hafa verið í tengslum við lagafrv. skoðuð alveg sérstaklega áður en lögin um húsaleigubætur taka gildi um nk. áramót.

[16:21]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Í framhaldi af yfirlýsingum hæstv. félmrh. vil ég geta þess í fjarveru fjmrh. að á ríkisstjórnarfundi í dag var samþykkt eftirfarandi yfirlýsing sem ég vil kynna, með leyfi forseta:

Í upphafi næsta þings verður lagt fram frv. til laga um að leigutekjur vegna íbúðarhúsnæðis, allt að 300 þús. kr. á ári, verði undanþegnar tekjuskatti og útsvari.

Við væntum þess að þær yfirlýsingar sem hæstv. félmrh. hefur gefið og ég hef nú gefið geti greitt fyrir meðferð málsins.

[16:22]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Vegna þessara yfirlýsinga hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. vil ég taka fram að það hefur verið komið til móts við þau sjónarmið sem ég hreyfði hér í ræðu minni í gærkvöldi og ég hef fallið frá öllum fyrirvörum varðandi stuðning minn við þetta mál.

[16:22]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í framhaldi af yfirlýsingu félmrh. og forsrh. um skattlagningu húsaleigutekna og að þær verði undanþegnar skatti upp að 300 þús. kr., þá vil ég að það komi fram hér að þær athugasemdir sem ég hafði við þetta mál eru ekki lengur til staðar og þess vegna get ég stutt það með mjög góðri samvisku.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. á þskj. 1228. — Afbrigði samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKJ, FI, GHH, GE, GHall, GHelg, GunnS, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

25 þm. (ÁMM, EgJ, EKG, FrS, GuðjG, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, RG, SighB, SP, StG, VE, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

[16:25]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Ingibjörg Pálmadóttir):

Virðulegi forseti. Hér er greinilega að nást víðtækt samkomulag um húsaleigubætur. Í gær kom það fram í umræðu að það voru fleiri en stjórnarandstæðingar sem töldu að það þyrfti að gera bragarbót á frv. um húsaleigubætur og því var það að við lögðum það til að félmn. yrði kölluð saman áður en 2. umr. lyki. Það var gert og sá fundur var haldinn í morgun. Það náðist ekki samkomulag á þeim fundi og þess vegna lagði minni hlutinn fram svohljóðandi brtt. á þskj. 1228, með leyfi forseta, og undir þessar brtt. rituðu Ingibjörg Pálmadóttir, Jón Kristjánsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Kristinn H. Gunnarsson:

„Í stað ákvæðis til bráðabirgða komi tvö ný bráðabirgðaákvæði sem orðist svo:

a. (I.)

Við samþykkt laga þessara skal þegar hafin athugun á vegum félags- og fjármálaráðuneyta á breytingu á skattlagningu leigutekna, með hliðsjón af skattlagningu vaxtatekna sem hvetji til útleigu íbúða. Tillögur liggi fyrir 1. október 1994.

b. (II.)

Lög þessi skulu endurskoðuð innan tveggja ára og miði endurskoðun að því að húsaleigubætur verði almennur réttur. Réttur einstaklinga til vaxtabóta og húsaleigubóta verði sambærilegur."

Nú hefur hæstv. ríkisstjórn tekið undir sjónarmið stjórnarandstöðunnar og yfirlýsingar hæstv. félmrh. og hæstv. forsrh. eru mjög í takt við þá tillögu sem við höfum lagt fram og tel ég því rétt að draga hana til baka. Einnig er lagt fram frhnál. frá þessum sömu aðilum sem ég er frsm. fyrir en ég tel ekki rétt að lesa það hér því að það er mjög í anda þess sem hér á undan hefur komið fram hjá þessum tveim hæstv. ráðherrum.

[16:27]

Frsm. minni hluta efh.- og viðskn. (Kristinn H. Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Mál hafa skipast svo frá því að við ræddum þetta mál í gærkvöld að sjónarmið manna hafa mjög hreyfst í átt til þeirra sjónarmiða sem fram komu og fram koma í áliti minni hluta félmn. Það má sjá í frhnál. minni hluta félmn. og brtt. sem því fylgja og það má enn fremur greina glögglega yfirlýsingu hæstv. tveggja ráðherra um málið sem taka undir tvö meginatriði í gagnrýni minni á frv., annars vegar að það væri nauðsynlegt að taka á skattlagningu leigutekna til þess að málið skilaði tilætluðum árangri og í öðru lagi er viðurkennt að í frv. eins og það lítur út er framkvæmdinni þannig hagað að henni verður verulega áfátt og nauðsynlegt að gera bragarbót á. Í yfirlýsingunni er það í raun staðfest að menn muni kanna það og koma fram með breytingar í haust.

Í ljósi þessara breytinga tel ég ekki ástæðu til að halda við þá tillögu sem ég lagði til í nál. minni hluta félmn. að vísa málinu til ríkisstjórnar, í raun til þess að vinna það betur og leggja fram að nýju nk. í haust. Það markmið sem liggur að baki þeirri tillögu hefur að verulegu leyti náðst og því tel ég ekki ástæðu til að halda mig við þá tillögu og dreg hana til baka.

Ég vil svo, virðulegi forseti, lýsa yfir ánægju minni með það hvernig mál hafa þróast á þessum degi í þessu ágæta og þarfa máli og vænti þess að áframhald verði á að málið batni eftir því sem umræðan heldur áfram.

[16:29]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil taka undir með þeim samnefndarmönnum mínum sem hér hafa talað og lýsa því yfir að ég tel mjög mikilvægar þessar yfirlýsingar sem fram hafa komið hér, bæði hjá forsrh. varðandi það að ákveðin upphæð húsaleigutekna væri undanþegin skatti, þ.e. allt að 300 þús. kr., og eins yfirlýsing félmrh. að gengið væri til viðræðna við forráðamenn sveitarfélaganna um undirbúning að framkvæmd laganna. Eins tel ég mjög mikilvægt það sem kom fram hjá félmrh. að málefni Búseta væru skoðuð alveg sérstaklega. Þarna tel ég vera komin þau þrjú atriði sem við í minni hluta félmn. höfðum fyrirvara um hér í umræðunni þegar málið kom út úr nefnd, en við skrifuðum þar undir með fyrirvara og hann laut einmitt að þessum atriðum.

Við vorum þeirrar skoðunar í nefndinni og töluðum sérstaklega fyrir því að húsaleigutekjur yrðu að ákveðnu marki undanþegnar skatti. Við töldum að það hlyti að hafa allnokkurn stuðning í þinginu, m.a. vegna þess að í nefndinni sem vann þetta frv. var hv. þm. Sólveig Pétursdóttir og hún hafði einmitt fyrirvara í nefndinni þar sem hún taldi að það þyrfti að breyta skattlagningu leigutekna til að hvetja til útleigu íbúða í eigu einstaklinga, félaga og félagasamtaka. Þegar við hins vegar í minni hlutanum töluðum fyrir þessu í félmn., og ég tel rétt að það komi fram, þá voru það ekki síst nefndarmenn úr Sjálfstfl. sem lögðust gegn því að eitthvað slíkt yrði tekið inn í nál., þ.e. félmn. lýsti því yfir í nefndaráliti að hún teldi að þetta þyrfti að skoðast. Þá voru það nefndarmenn úr Sjálfstfl. sem lögðust gegn því. Þess vegna kom það nokkuð spánskt fyrir sjónir þegar síðan sjálfstæðismenn komu hér í pontu og töldu þetta vera sína helstu fyrirvara um þetta mál. En þá held ég að öllu réttlæti sé fullnægt og allir hafi náð saman með þeim yfirlýsingum sem hér hafa verið gefnar og ekkert að vanbúnaði að fara að afgreiða málið út úr þinginu sem ég held, þrátt fyrir ýmsa annmarka sem á því eru, að sé mikil réttarbót fyrir leigjendur í landinu.

[16:32]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Allt frá því að frv. um húsaleigubætur kom til umræðu hef ég gert athugasemdir og fyrirvara um efni frv. og lagt mjög ríka áhersla á það að á því yrðu gerðar breytingar sem tryggðu framkvæmd frv. ef að lögum yrðu.

Í ljósi þeirra yfirlýsinga sem hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. hafa gefið við þessa umræðu vil ég lýsa því yfir að ég mun styðja frv. og ég fagna því að þessi niðurstaða skuli hafa fengist hér í dag.

[16:33]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Eins og fram kom í umræðum um þetta mál í nótt, þá er ég þeirrar skoðunar að hér sé um að ræða mjög mikilvægt réttindamál fyrir alþýðu manna í þessu landi. Hins vegar taldi ég að frv. í þeim búningi eins og það lá þá fyrir væri mjög gallað og í raun og veru ynnu gallarnir á móti þeim markmiðum sem frv. setur sér eins og það leit út þá.

Nú hefur það hins vegar gerst að það hafa komið fram tilteknar yfirlýsingar í málinu og ég tel að þær séu sérstakt fagnaðarefni, einkum og sér í lagi hér í þessu byggðarlagi sem við erum stödd í, í Reykjavík, þar sem húsaleigubætur snerta langsamlega flesta. Ég kem í þennan ræðustól núna fyrst og fremst til að lýsa því yfir fyrir mitt leyti að ég tel að það sé ánægjulegt að við náum þessari lendingu. Það er ljóst að það eru viss atriði enn þá sem þarf að laga í frv. en það er auðvitað hægt að halda áfram að skoða þá hnökra jafnvel þó að frv. verði að lögum svona. T.d. verður að tryggja hinn almenna rétt í framtíðinni þannig að allir sem eru á tilteknu tekjubili og leigja húsnæði eigi þennan rétt. En aðalatriðið er að það verði skráð á lögbókina að það sé til lagabálkur um húsaleigubætur og að það séu teknar um það ákvarðanir sem snerta, a.m.k. hér í þessu byggðarlagi eins og ég sagði áðan, sennilega þúsundir fjölskyldna sem búa við hin lökustu kjör um þessar mundir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, 506. mál, nál. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1231; brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1232; nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1233; brtt. 2. minni hluta efh.- og viðskn., þskj. 1235.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseta hefur borist eftirfarandi bréf, dagsett í dag, 6. maí:

„Þar sem ég er á förum úr borginni í einkaerindum og get því ekki sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísan til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis að óska þess að 1. varaþm. Alþfl. í Austurl., Hermann Níelsson íþróttakennari, Egilsstöðum, taki sæti á Alþingi í fjarveru minni.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti.

Gunnlaugur Stefánsson, 5. þm. Austurl."

Hermann Níelsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa á ný.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, frh. 1. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 852.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:38]

Frv. vísað til 2. umr. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, FI, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JE, MF, MB, ÓE, RA, RG, SighB, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddur.

Frv. vísað til efh.- og viðskn. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

21 þm. (ÁMM, FI, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JE, JGS, KHG, MF, MB, ÓE, RA, SighB, SJS, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Brunavarnir og brunamál, frh. 3. umr.

Frv. félmn., 617. mál (rannsókn eldsvoða). — Þskj. 1087.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:39]

Frv. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, JÁ, JóhS, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

22 þm. (ÁMM, FI, FrS, GuðjG, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, IP, JE, JGS, JBH, KHG, MF, MB, ÓE, RA, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1237).

Tollalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 547. mál (undirboðs- og jöfnunartollar). — Þskj. 858.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:40]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

17 þm. (ÁMM, FI, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, RA, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1238).

Neytendalán, frh. 3. umr.

Stjfrv., 430. mál (framsal viðskiptabréfa, framkvæmd laganna o.fl.). — Þskj. 642.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:41]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

18 þm. (ÁMM, FI, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, RA, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1239).

Birting laga og stjórnvaldaerinda, frh. 3. umr.

Stjfrv., 566. mál (reglur stjórnvalda og stofnana). — Þskj. 879.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:41]

Frv. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

16 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, RA, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1240).

Veiting ríkisborgararéttar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 460. mál (síðara stjfrv.). — Þskj. 1203.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:42]

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

18 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, RA, SighB, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1241).

Hollustuhættir og heilbrigðiseftirlit, frh. 3. umr.

Stjfrv., 285. mál (EES-reglur). — Þskj. 1205.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:42]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, KHG, MF, MB, ÓE, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1242).

Skipulag ferðamála, frh. 3. umr.

Stjfrv., 562. mál (skipun ferðamálaráðs, rekstrarleyfi ferðaskrifstofu o.fl.). — Þskj. 1206.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:43]

Frv. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

17 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1243).

Alferðir, frh. 3. umr.

Stjfrv., 293. mál. — Þskj. 391.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:44]

Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

19 þm. (ÁMM, FrS, GB, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, LMR, MF, MB, ÓE, PJ, RA, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1244).

Reynslusveitarfélög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 865, nál. 1119 og 1216, brtt. 1118.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:45]

Till. í nál. 1216 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 32:13 atkv. og sögðu

já: AÓB, GÁ, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, ÞBern.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, IP, JóhS, JGS, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (GHelg, ISG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 43 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
20 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, KHG, MF, MB, ÓE, ÓRG, RA, SighB, SJS, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2.–5. gr. samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JónK, JVK, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
10 þm. (GÁ, JÁ, JGS, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1118,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

7.–14. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
6 þm. (JÁ, JGS, KHG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1118,2 samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
16 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

15. gr., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
3 þm. (JÁ, KHG, SJS) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, IBA, ISG, IP, JóhS, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
5 þm. (JÁ, JGS, KHG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1118,3 (17. gr. falli brott) samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

18.–21. gr. (verða 17.–20. gr.) samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JóhS, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
4 þm. (JÁ, KHG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JGS, JBH, MF, MB, ÓE, PBald, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG,

SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Stefnumótandi byggðaáætlun 1994–1997, frh. síðari umr.

Stjtill., 378. mál. — Þskj. 574, nál. 958, 998 og 1027, brtt. 637, 673, 674 og 959.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:51]

Brtt. 637,1 felld með 26:20 atkv. og sögðu
já: AÓB, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁMM, FI, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 637,2 felld með 26:20 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
2 þm. (GÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 959,1–2 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
14 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HG, JÁ, JE, JBH, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 673 felld með 29:21 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 674 felld með 29:22 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 959,3 samþ. með 29:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
6 þm. (AÓB, ISG, JVK, KHG, KÁ, ÓRG) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[16:54]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í Byggðastofnun var unnið mikið sáttastarf til samræmingar á sjónarmiðum þegar unnið var að byggðaáætlun og mér er það því nokkur raun að sjá að þegar kemur að þeim lið að byggðamál kosta peninga, þá leggja menn til lækkun hér í þinginu. Ég segi því nei við þessari breytingartillögu.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
22 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1245).

Flugmálaáætlun 1994–1997, frh. síðari umr.

Stjtill., 469. mál. — Þskj. 723, nál. 1060, brtt. 1061.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:57]

Brtt. 1061,1–2 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Tillgr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

14 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓE, PP, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1246).

Lyfjaverslun ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 121. mál. — Þskj. 952, nál. 1121, brtt. 1040.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [16:59]

Till. í nál. 1121 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 39:11 atkv. og sögðu

já: AÓB, GHelg, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓE, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1040 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

9 þm. (AÓB, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, JGS, MF, MB, ÓE, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 38:11 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: AÓB, GHelg, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG.

1 þm. (ÓÞÞ) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:00]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég greiði atkvæði gegn þessu frv. Ástæðan er fyrst og fremst sú að það hafa staðið yfir viðræður við Bandalag starfsmanna ríkis og bæja og Starfsmannafélag ríkisstofnana um hag starfsfólksins sem starfað hefur hjá þessu fyrirtæki. Þeim viðræðum er ekki lokið. Forustumenn þessara samtaka hafa farið fram á það við ríkisstjórnina að fresta afgreiðslu málsins en ríkisstjórnin hefur því miður ekki treyst sér til að verða við því. Ég tel að það sýni óbilgirni í garð þeirra sanngjörnu óska sem komið hafa fram frá opinberum starfsmönnum og því greiði ég atkvæði gegn frv.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1247).

Tryggingagjald, frh. 2. umr.

Stjfrv., 546. mál (veitingarekstur og útleiga bifreiða). — Þskj. 857, nál. 1001 og 1120, brtt. 1002.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:03]

Brtt. 1002 samþ. með 26:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

15 þm. (ÁMM, EH, EKJ, FrS, GÁS, GJH, HG, IP, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EH, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH*, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, IP, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Mannréttindasáttmáli Evrópu, frh. 3. umr.

Stjfrv., 102. mál. — Þskj. 755.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:05]

Frv. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, RA, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1248).

Samningur um loðnustofninn á hafsvæðinu milli Íslands, Jan Mayen og Grænlands, frh. síðari umr.

Stjtill., 600. mál. — Þskj. 960, nál. 1221.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:05]

Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1249).

Samþykktir Vestnorræna þingmannaráðsins 1993, frh. síðari umr.

Þáltill., 300. mál. — Þskj. 439, nál. 924, brtt. 925.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:07]

Brtt. 925 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, JVK, MF, MB, ÓE, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1250).

Samningur um líffræðilega fjölbreytni, frh. síðari umr.

Stjtill., 543. mál. — Þskj. 851, nál. 1222.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:08]
Tillgr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1251).

Leikskólar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 550. mál (heildarlög). — Þskj. 861, nál. 1153, brtt. 1154 og 1155.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:09]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2.–8. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
13 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1154 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

9. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

10.–11. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1155 felld með 33:17 atkv. og sögðu
já: AÓB, EH, GÁ, GHelg, IBA, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, HÁ, HBl, HN, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
2 þm. (GB, IP) greiddu ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

5 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:10]

Sigríður A. Þórðardóttir:

Virðulegi forseti. Brtt. sem hér er verið að greiða atkvæði um er efnislega tvíþætt. Annars vegar er gefið í skyn að í 2. gr. frv. séu ákvæði sem ekki tryggi að öllum börnum í leikskólum sé sýnd full virðing. Sá skilningur er fráleitur. Ákvæði greinarinnar um að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og efla kristilegt siðgæði með starfi leikskóla tryggja öllum börnum fulla virðingu. Hins vegar kveður brtt. á um að leikskólastjóri skuli sjá til þess að börn sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni fái fræðslu um trúarbrögð sín. Engin ákvæði eru um það í frv. að veitt skuli sérstök fræðsla um trúarbrögð umfram það sem segir í 2. gr. að eitt af meginmarkmiðum með uppeldi leikskóla skuli vera að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi sem er í örri og sífelldri þróun. Í kristilegu siðgæði felst umburðarlyndi og virðing fyrir öðrum mönnum, skoðunum þeirra og trúarbrögðum. Sams konar ákvæði er einnig að finna í grunnskólalögum. Tillagan er óþörf og ekkert í þessu frv. gefur tilefni til þess að hún sé flutt. Ég segi nei.

[17:12]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands eru ákvæði annars vegar um það að hin lútersk/evangelíska kirkja skuli vera þjóðkirkja og hins vegar að það skuli ríkja trúfrelsi í landinu. Sú tillaga sem hér er flutt af hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni er einmitt í anda þessara stjórnarskrárákvæða þar sem annars vegar er í frv. gert ráð fyrir því að starf leikskólans hvíli m.a. á kristilegu siðgæði en hins vegar sé börnum af öðrum trúfélögum sýnt fullt umburðarlyndi. Ég tel það í rauninni stórkostlega varasamt, hæstv. forseti, að hafna tillögu af því tagi sem hér er flutt af hv. 2. þm. Vestf. Ég styð hana með þeim rökum að hún á í raun og veru beinlínis rætur í stjórnarskrá lýðveldisins.

[17:13]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa þeirri skoðun minni að ég tel þessa brtt. á þskj. 1155 óþarfa. Í II. kafla frv. um leikskóla í 2. gr. er gert ráð fyrir með markmiðum m.a. að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna og jafna uppeldisaðstöðu þeirra í hvívetna. Að efla kristilegt siðgæði barna og leggja grundvöll að því að börn verði sjálfstæðir, hugsandi, virkir og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Stór hluti íslensku þjóðarinnar er kristinnar trúar. Gert er ráð fyrir með umburðarlyndi og víðsýni barna að kenna þeim að bera virðingu fyrir trú og lífsskoðunum annarra. Ég segi því nei.

[17:14]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Alþingi Íslendinga var að enda við að samþykkja Mannréttindasáttmála Evrópu. Það skyldi þó ekki vera að atkvæðagreiðslan nú um að fella þetta sé ákvörðun um að virða ekki viss ákvæði þar? Ég lít svo á að sú meinleysislega tillaga sem hér er flutt vegi ekki á nokkurn hátt að þjóðkirkjunni, enda var það ekki ætlunin. Hún er aðeins til að undirstrika það að þeir sem eru annarrar trúar eiga líka sinn rétt. Hann er stjórnarskrárbundinn og ég taldi rétt að minna á það ákvæði í þessum lögum svo að yfirmaður leikskólans gerði sér grein fyrir þeirri skyldu sinni og þess vegna er þessi tillaga flutt. (Forseti hringir.) Ég er búinn að greiða atkvæði og ég segi já, en mér hefur nokkuð fundist skorta á kristilegt umburðarlyndi hjá þeim sem hafa talað hér gegn þessari tillögu.

[17:15]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Á undanförnum þingum og einnig á þessu þingi erum við að veita íslenskan ríkisborgararétt fjölmörgum einstaklingum sem ekki eru kristinnar trúar heldur aðhyllast ýmis önnur trúarbrögð sem við eigum að bera virðingu fyrir. Með þessari brtt. er verið að fella það að í fyrstu uppeldis- og menntastofnun sem börn hér á landi sækja sé það skylda að taka tillit til þess hverrar trúar börnin eru. Það er í sjálfu sér ekki tími til þess að ræða það hér hvort kristilegt siðgæði sé æðra siðgæði búddatrúar eða hindúatrúar en það er þó hægt að færa ýmis sterk rök fyrir því að siðgæði búddatrúar og hindúatrúar séu á ýmsan hátt æðri siðgæði kristinnar trúar. Mér finnst mjög miður að menn skuli leggjast gegn þessari tillögu. Sérstaklega er mér óskiljanlegt að þingmenn Alþfl. skuli gera það og sérstaklega hæstv. utanrrh. sem sérhvern gamlársdag á undanförnum árum hefur sótt heim sem gestur nýbúa hér á landi sem eru ekki kristinnar trúar og heiðrað þá á þessu kvöldi og ég vona að yfirmenn þessara mála endurskoði afstöðu sína á næsta þingi.

12.–18. gr. og ákv. til brb. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 551. mál (nýjar EES-reglur). — Þskj. 862, nál. 1085 og 1094.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:18]

1. gr. samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (AÓB, GÁ, GHelg, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2.–4. gr. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

14 þm. (AÓB, FI, GÁ, GHelg, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

2 þm. (GÁ, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Þjóðminjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 478. mál (stjórnkerfi minjavörslu o.fl.). — Þskj. 733, nál. 1215 og 1217, brtt. 1218.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:20]

Brtt. 1218,1 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

14 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, PP, RA, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

4 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1218,2 samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

4 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, PBald, RA, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

4 þm. (AÓB, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, FI, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1218,3 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP,

StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

5.–23. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

Flutningur verka Þjóðleikhússins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í ríkissjónvarpinu, frh. síðari umr.

Þáltill. StG, 23. mál. — Þskj. 23, nál. 1147, brtt. 1148.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:23]
Brtt. 1148,1 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
13 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GÁS, GJH, HG, JÁ, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1148,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
14 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GJH, HG, JÁ, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1252) með fyrirsögninni:
Þál. um flutning tónlistar og leikhúsverka í sjónvarpi.

Málefni ungmenna sem flutt hafa frá framandi málsvæðum, frh. síðari umr.

Þáltill. GJH o.fl., 238. mál. — Þskj. 273, nál. 1149, brtt. 1150.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:24]
Brtt. 1150,1 (ný tillgr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JÁ, JE, MF, MB, ÓE, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1150,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, SighB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
15 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, SigG, SighB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1253) með fyrirsögninni:
Þál. um úrbætur í málum nýbúa og íslenskra barna sem dvalist hafa lengi erlendis.

Náttúrufræðikennsla og sveitadvöl nemenda., frh. síðari umr.

Þáltill. ASv, 451. mál. — Þskj. 670, nál. 1151, brtt. 1152.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:26]

Brtt. 1152,1 (ný tillgr.) samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HN, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HG, IP, JE, MF, MB, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1152,2 (ný fyrirsögn) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

10 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1254) með fyrirsögninni:

Þál. um eflingu náttúrufræðikennslu í grunnskólum.

Sjóður til að styrkja efnilega íþróttamenn, 2. umr.

Frv. IBA o.fl., 268. mál. — Þskj. 323, nál. 1219.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:28]

Till. í nál. 1219 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (LMR *Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, StB, ÖS) fjarstaddir.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 2. umr.

Stjfrv., 445. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 658, nál. 1158, 1180 og 1183, brtt. 1159 og 1184.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:29]

Brtt. 1184 felld með 37:12 atkv. og sögðu

já: AÓB, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

2 þm. (GÁ, GHelg) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, EH, FrS, GÁS, GJH, HG, IP, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1159 samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

2 þm. (GÁ, GHelg) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, JBH, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 37:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg.

10 þm. (AÓB, GÁ, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, JBH, JónK, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, StG, VS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 39:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg, SvG.

10 þm. (AÓB, GÁ, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, JGS, JBH, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg.

3 þm. (GÁ, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EgJ, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Söfnunarkassar, frh. 2. umr.

Stjfrv., 446. mál. — Þskj. 659, nál. 1156, brtt. 1157 og 1185.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:31]

1. gr. samþ. með 46:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg.

3 þm. (GÁ, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EH, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, JBH, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 45:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg.

5 þm. (GÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, IP, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1185 felld með 30:17 atkv. og sögðu

já: AÓB, FI, GB, GÁ, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, SJS, SvG, VS.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, IBA, JóhS, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HG, ISG, IP, JE, JBH, MF, MB, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1157 samþ. með 44:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg.

5 þm. (GÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EKJ, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, PBald, SighB, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 48:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg.

3 þm. (GÁ, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

5.–6. gr. samþ. með 47:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg.

4 þm. (GÁ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47:1 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GHelg.

4 þm. (GÁ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 2. umr.

Frv. GHelg o.fl., 70. mál (einkaleyfisgjald). — Þskj. 73, nál. 1186.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:35]

Till. í nál. 1186 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fangelsi og fangavist, frh. 2. umr.

Frv. MF, 204. mál (félagsráðgjöf og sálfræðiaðstoð). — Þskj. 226, nál. 1188.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:36]

Till. í nál. 1188 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Þjóðfáni Íslendinga, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall og ÁRÁ, 106. mál. — Þskj. 109, nál. 1189.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:36]

Tillgr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, RA, RG, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, FrS, GHH, GÁS, GJH, GHelg, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1255).

Eftirlit Landhelgisgæslunnar innan 200 sjómílna efnahagslögsögunnar, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall og EKJ, 248. mál. — Þskj. 287, nál. 1187.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:37]

Till. í nál. 1187 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

16 þm. (ÁMM, EKJ, FI, FrS, GHH, GÁS, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Umboðsmaður barna, frh. 2. umr.

Stjfrv., 377. mál. — Þskj. 573, nál. 1178, brtt. 1168 og 1179.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:39]

Brtt. 1179,1 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1168 felld með 30:18 atkv. og sögðu

já: AÓB, EKJ, FI, GB, GÁ, HÁ, IBA, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, ÓÞÞ, PP, StG, SvG, VS, ÞBern.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
2 þm. (RA, SJS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, EH, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, IP, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1179,2 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
12 þm. (ÁMM, FI, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2. gr., svo breytt, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1179,3–6 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

3.–8. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
12 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, JVK, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

9. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
10 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Stjórn fiskveiða, frh. 2. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 360, nál. 1090, 1112 og 1114, brtt. 1091, 1113 og 1115.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [17:43]
Brtt. 1113,1 felld með 38:12 atkv. og sögðu
já: AÓB, EgJ, GHelg, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
3 þm. (EH, GuðjG, ÓÞÞ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:43]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi brtt. gerir ráð fyrir lítils háttar breytingu á 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Það er svo að frá upphafi hefur Alþb. barist fyrir því að sameign þjóðarinnar á auðlindum sjávarins væri viðurkennd, bæði í lögum og í reynd í framkvæmd. Við fluttum um það tillögur strax 1983 þegar kvótalög voru fyrst til afgreiðslu hér að ákvæði um sameign kæmi inn í lögin sem og síðar varð.

Í ljósi þeirrar þróunar sem orðið hefur í þessum efnum á síðustu árum teljum við rétt að styrkja enn þetta ákvæði sem nú er í lögum með því að bæta inn í textann á viðeigandi stað orðunum „ígildi eignarréttar" þannig að ljóst sé að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi hvorki eignarrétt, ígildi eignarréttar né óáfturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildunum. Út á það gengur þessi brtt. sem hér eru greidd atkvæði um.

Brtt. 1113,2 felld með 39:9 atkv. og sögðu
já: EH, GuðjG, GHelg, JÁ, JVK, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IP,

JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

5 þm. (AÓB, IBA, ISG, KHG, KÁ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SalÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:45]

Gísli S. Einarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil gera grein fyrir atkvæði mínu við þessa tillögu. Ég gæti sett fram margar tillögur sem væru að mínu mati til bóta á þessu frv. Ég hef bent á það sem er viðurkennt að það eru a.m.k. 5% af þorskafla sem er hent í sjóinn aftur. Þar er um að ræða verðmæti sem nema allt að helmingi greiddra atvinnuleysisbóta. Ég hef beitt mér fyrir að tekið verði meira tillit til meðafla. Ég vona að sjómenn neyti allra ráða til að koma veiddum fiski inn í þjóðarverðmæti. Ég fórna minni hagsmunum fyrir meiri og segi nei.

[17:46]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þessari tillögu er ætlað að taka á þeim vanda sem kaup og sala aflaheimildanna skapar, þ.e. að ýmsar nytjategundir sem úthlutað hefur verið kvóta á veiðast ekki ár eftir ár í þeim mæli sem tillögur standa til um frá Hafrannsóknastofnun. Hún hefur sömu markmið og það lagafrv. sem 16 þingmenn lögðu fram en hefur ekki hlotið afgreiðslu hér nú. Í tillögunni er þó gætt öryggissjónarmiða þannig að það er engin hætta á að veiðum yrði sleppt úr böndunum. Það vekur mikla athygli að þeir menn sem fluttu þá tillögu hér inn á þingið skuli greiða atkvæði gegn þessari tillögu.

1. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, EH, GuðjG, GÁS, GJH, HBl, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,1 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HN, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

15 þm. (AÓB, EH, GuðjG, GHelg, IBA, ISG, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HBl, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:48]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson:

Virðulegur forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um þau ákvæði sem nú á að lögfesta um veiðar krókaleyfisbáta. Ég get tekið undir það að við hljótum áfram að taka nokkurn hluta okkar þorskafla á handfæri og línu. Ég tel hins vegar algjörlega óásættanlegt að lögfesta að þann afla, 22 þús. tonn, megi ekki taka á báta stærri en 6 tonn eins og hér er verið að gera tillögu um. Þetta er gert á sama tíma og stærri bátar, sem væru í miklu betri færum til þess að taka þennan afla, liggja nánast kvótalausir uppi á fjörukambi.

Þá vil ég minna á að þessi ákvörðun þýðir að við úthlutun á þorskkvóta fyrir næsta fiskveiðiár verður um að ræða um 8% skerðingu aflamarks skipa og báta, þar á meðal smábáta sem eru á aflamarki að óbreyttum heildarafla. Ég get þessa hér því að það þýðir ekkert fyrir þingmenn eða aðra að koma af fjöllum í haust þegar sú ákvörðun kemur fram og ég greiði því ekki atkvæði.

2. gr., svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

13 þm. (AÓB, GuðjG, GHelg, ISG, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

13 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, RG, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

13 þm. (AÓB, EH, GuðjG, GHelg, IBA, ISG, JÁ, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, JVK, MF, MB, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,2 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

9 þm. (GuðjG, GHelg, IBA, JÁ, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HBl, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

14 þm. (AÓB, EH, GuðjG, GHelg, IBA, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HBl, HG, JE, MF, MB, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,3 samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

7 þm. (AÓB, EH, GuðjG, IBA, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PP, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

7 þm. (AÓB, EH, GuðjG, IBA, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

8 þm. (GHelg, JÁ, JGS, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,4 (7. gr. falli brott) samþ. með 38:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: AÓB, EH, ISG, JVK, KÁ, ÓÞÞ.

10 þm. (GuðjG, GB, GHelg, IBA, JÁ, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:52]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að fella út eitt af því fáa sem til bóta mátti telja í tillögum tvíhöfða nefndar og síðan í því frv. sem lagt var fram um stjórn fiskveiða, þ.e. vísi að byggðakvóta, það að geta tengt kvóta við fiskvinnslu. Ég tel það mjög miður ef menn eru ekki reiðubúnir til að fylgja sannfæringu sinni eftir og minni á það að hér hafa ýmsir þingmenn lýst því yfir að þeir vildu gjarnan sjá þennan fiskvinnslukvóta koma á og ég skora á þá að fylgja sannfæringu sinni hér og góðum ráðum sem víða hafa komið. Ég greiði því atkvæði gegn því að 7. gr. falli brott.

[17:54]

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Frú forseti. Í starfi sjútvn. hafa verið lagðar fram breytingartillögur að því er varðar framsal aflaheimilda. Þar er að nokkru leyti komið til móts við þau sjónarmið sem við framsóknarmenn höfum haft uppi við afgreiðslu þessa máls og í ljósi þess munum við draga til baka þær brtt. sem við höfum lagt fram í trausti þess að þær brtt. sem hafa verið kynntar komi til afgreiðslu við 3. umr. Við munum því draga þessar brtt. til baka til 3. umr. en gerum ráð fyrir að draga þær að fullu til baka þegar þær brtt. sem hafa verið kynntar koma fram. Við teljum að hér sé um verulega bót að ræða og viljum með því sýna að við teljum að frv. hafi mjög skánað í þessari meðferð því að þá er ekki gert ráð fyrir því lengur að aðilum sé mismunað nema í eitt ár. Það er veruleg bót og við væntum þess að þeir aðilar sem starfa í sjávarútvegi geti lagað sig að þeim aðstæðum því að það skiptir að sjálfsögðu meginmáli að þær ríki ekki til frambúðar.

Brtt. 1115,1 kölluð aftur til 3. umr.

[17:56]

Vilhjálmur Egilsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Brtt. 1091,5 er kölluð aftur vegna þess að það verður tekið á þessu máli við 3. umr. með brtt. sem þá verður lögð fram í samræmi við það sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson var að ræða hér um áðan.

Brtt. 1091,5 kölluð aftur.

8. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, IBA, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1115,2 kölluð aftur til 3. umr.

Brtt. 1091,6 (ný 9. gr., verður 8. gr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, GHelg, HBl, HN, ISG, JÁ, JóhS, JBH, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG,

PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

15 þm. (EH, FI, GuðjG, GB, GÁ, HÁ, IBA, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:58]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Við þingmenn Alþb. styðjum þetta ákvæði í samræmi við ályktun landsfundar flokksins frá því í haust, en þar var eftirfarandi ályktað:

„Styðja ber baráttu sjómanna gegn viðskiptum með aflaheimildir sem fara fram á þeirra kostnað og banna með lögum að sjómenn taki þátt í kostnaði við öflun veiðiheimilda. Meðan endurskoðun fiskveiðistefnunnar stendur yfir þarf að taka á þeim vanda sem frjálst framsal aflaheimilda hefur skapað með reglum sem takmarka það verulega, m.a. þannig að fyrst og fremst verði um að ræða skipti á jafngildum veiðiheimildum og sveigjanleika ef bilanir eða óviðráðanlegar orsakir valda röskun á útgerð."

Brtt. 1091,7 (ný 10. gr., verður 9. gr.) samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

11 þm. (ÁMM, FI, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PJ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[17:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í samræmi við þá grein sem samþykkt var hér áðan við síðustu atkvæðagreiðslu, þá fylgir með þessi breyting á 10. gr. sem gengur út á það að þau skip sem stunda veiðar utan landhelgi fái frádrátt og þurfi ekki að nýta jafnhátt hlutfall af sínum veiðiheimildum sjálf eins og önnur skip og nemi þessi frádráttur 5% fyrir hvern fullan mánuð. Við teljum skynsamlegt, þingmenn Alþb., að hvetja til þess að sótt sé á fjarlægari mið og þar með aukin okkar verðmætasköpun og erum því fylgjandi þessari grein.

11.–12. gr. (verða 10.–11. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PP, PJ, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,8 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

12 þm. (ÁMM, GuðjG, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PP, PJ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

13. gr. (verður 12. gr.), svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

13 þm. (ÁMM, GuðjG, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PP, PJ, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

14. gr. (verður 13. gr.) samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

14 þm. (ÁMM, EgJ, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓRG, PP, PJ, SighB, TIO, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,9 (ný 15. gr., verður 14. gr.) samþ. með 54 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

9 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1091,10 (ákv. til brb. I–II falli brott) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1113,3.a felld með 35:7 atkv. og sögðu
já: GHelg, JÁ, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, TIO, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (AÓB, EH, GE, GuðjG, GB, IBA, ISG, JVK, KÁ, StB, VS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:04]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi brtt. gengur út á það að smábátar, sem á sínum tíma völdu aflamark undir 6 tonnum og hafa síðan orðið að taka á sig að fullu þá skerðingu sem orðið hefur á veiðiheimildum, einkum á þorski, og eru margir hverjir þar af leiðandi komnir í herfilega aðstöðu, eigi þess nú kost við þessa breytingu þegar framlengdir eru möguleikar báta undir 6 tonnum til að veiða á krókum, þá eigi þessir bátar sem völdu aflamarkið á sínum tíma kost á að velja til baka. Það er sjálfsagt réttlætismál að mati flestra, hygg ég, sem hafa skoðað stöðu þessa hóps og mundi afli þeirra þá bætast við þann pott sem þessir bátar sækja sameiginlega úr. Landssamband smábátaeigenda hefur óskað eindregið eftir því að þessi breyting verði gerð og mundi væntanlega meta það mikils ef menn gætu fallist á hana hér.

Brtt. 1113,3.b felld með 39:9 atkv. og sögðu
já: EH, GuðjG, GHelg, JÁ, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
5 þm. (AÓB, GE, ISG, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:06]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Með þessari tillögu eru þingmenn Alþb. að leggja til að ekki verði leyft að flytja til landsins fleiri fullvinnsluskip til veiða innan landhelginnar um eins árs skeið, en sá tími verði notaður til að móta stefnu hvað varðar fullvinnslu afla sem taki mið af heildarhagsmunum þjóðarinnar. Krafan um að stjórnvöld taki upp skynsamlega og ábyrga stefnu í þessu efni er nú reist af ýmsum aðilum í þjóðfélaginu og þar gengur verkalýðshreyfingin í fylkingarbrjósti. Það vekur mikla athygli, mína a.m.k., að menn skuli greiða atkvæði gegn þessari tillögu hér á hv. Alþingi.

Brtt. 1113,3.c felld með 37:11 atkv. og sögðu
já: EH, GuðjG, GHelg, IBA, JÁ, JVK, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
5 þm. (AÓB, GE, ISG, KÁ, PJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:07]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Þingmenn Alþb. leggja fram þessa tillögu til þess að það verði tekið á þeim vanda sem ekki er gert með neinum hætti í tillögum ríkisstjórnarflokkanna, þ.e. að fiski er hent í sjóinn í miklum mæli. Við leggjum til að það megi koma með þann afla að landi og landa honum utan kvóta. Fyrir þann afla eigi að greiða lágt verð þannig að menn geti ekki hagnast sérstaklega á því að gera út á þennan kost en skaðist þó ekki við að koma með fiskinn að landi. Þessi afli verði seldur fullu verði og verðmætismunurinn verði látinn renna í þyrlukaupasjóð. Það hefði kannski verið skynsamlegt á hv. Alþingi að samþykkja þessa tillögu frekar en að fella hana eins og nú virðist vera raunin á þann dag sem menn ákveða að kaupa þessa dýru þyrlu sem lengi hefur staðið til að verði keypt til landsins. Og aftur vil ég minna á það frv. sem 16 þingmenn fluttu hér í Alþingi og hefur ekki fengist rætt.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Lyfjalög, frh. 2. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 300, nál. 961 og 1039, brtt. 962.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:10]

Till. í nál. 1039 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 28:21 atkv. og sögðu
já: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.

nei: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

3 þm. (EH, EgJ, PJ) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:10]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Við fulltrúar stjórnarandstöðunnar í heilbr.- og trn. gerum það að tillögu okkar að þeim hluta frv. sem ekki snýr að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Við teljum að þær breytingar sem boðaðar eru í frv. muni ekki lækka lyfjaverð í landinu eins og markmiðið er með frv., enda engin rök komið fram sem hníga í þá átt. Þvert á móti muni lyfjaverð á landsbyggðinni verða mun hærra en á Stór-Reykjavíkursvæðinu.

Það er ekki hægt að sætta sig við að lyfjaverð sé mismunandi eftir búsetu. Ef stórverslanir á Reykjavíkursvæðinu hefja póstverslun með lyf, sem er líklegt ef frv. verður að lögum, er grundvöllur fyrir litlu apótekunum úti á landi brostinn og þar með öryggi þeirra stefnt í tvísýnu sem á bráðalyfjum þurfa að halda. Hér er verið að slaka á kröfum um jafna uppbyggingu heilbrigðisþjónustunnar og það viljum við ekki samþykkja. Ég segi já við frávísunartillögunni.

[18:11]

Pálmi Jónsson:

Virðulegi forseti. Það er kunnugt að ég hafði þegar við 1. umr. þessa máls fyrirvara um afstöðu mína til þess og við afgreiðslu þess. Svo hafði einnig verið á síðasta þingi þegar það var flutt. Eigi að síður vil ég láta þess getið að ég mun greiða atkvæði með þeim köflum frv. sem snerta EES-samninginn og eru í tengslum við ákvæði hans, en ég hef enn eigi fengið nægar röksemdir til þess að geta stutt aðra kafla frv. og get ekki stutt þá, þ.e. VII. og XIV. kafla þess. Þrátt fyrir það ber að meta það að hæstv. heilbrrh. hefur boðað til samkomulags að gildistöku þeirra kafla frv. verði frestað til 1. nóv. 1995 og í ljósi þess mun ég sitja hjá við þá kafla frv.

Brtt. 962,1 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

4 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:13]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Sú brtt. sem meiri hluti hv. heilbr.- og trn. leggur hér til er að mörgu leyti til bóta við frv. Þau markmið, sem þar eru sett fram um að draga úr óhóflegri lyfjanotkun, minnka lyfjakostnað bæði einstaklinga og almannatrygginga og draga úr kostnaði við heilbrigðisþjónustuna á sviði lyfjamála, eru auðvitað bara markmið sem hér eru sett fram og eru engu samræmi við annað sem fram kemur í frv. síðar. Það er því óhætt að greiða atkvæði með þeim markmiðum sem sett eru fram, en þau munu ekki nást, því miður, með því sem á eftir á að koma.

[18:14]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég tel að sú markmiðslýsing sem kemur fram í 1. gr. og sérstaklega með þeirri brtt. sem hér er lögð fram sé góðra gjalda verð. Þar kemur fram að lyfjadreifing eigi að vera hluti heilbrigðisþjónustu og hún eigi að uppfylla opinber heilbrigðismarkmið hverju sinni. Markmiðið sé að auka fræðslu um lyfjanotkun, sporna gegn óhóflegri notkun og halda lyfjakostnaði í lágmarki. Allt eru þetta markmið sem eru mjög ágæt. Hins vegar virðist veruleikinn vera sá með þessu frv. að þessi markmið náist ekki og frv. sé að öðru leyti í nokkurri andstöðu við þessa markmiðslýsingu. En markmiðin eru góðra gjalda verð og því samþykki ég þá grein sem að því lýtur og þessa brtt. sem hér liggur fyrir og segi já.

[18:15]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um þetta mál lýsti hæstv. heilbr.- og trmrh. því yfir að skipuð yrði nefnd sem ætti að fylgjast með framkvæmd laganna ef þetta frv. yrði að lögum. Hann tjáði mér í dag að hann hefði skrifað forustumönnum eða formönnum þingflokkanna um það efni og ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessi nefnd starfi og að hún fylgist alveg sérstaklega með því hvaða áhrif lögin hafa á lyfjaverð í landinu, ekki síst úti á landi þar sem við óttumst að um verði að ræða verulegar hækkanir á lyfjaverði. Með hliðsjón af því ræddum við um það nokkur, fulltrúar stjórnarandstöðuflokkanna, hvernig við mundum haga atkvæðum okkar hér í dag og gerum þar m.a. ráð fyrir að styðja ýmsa þætti frv. eins og það liggur fyrir og þó einkum ýmsar brtt. sem hafa orðið til í hv. heilbr.- og trn. og við teljum að séu til bóta. Við teljum m.a. að þessi tillaga sé til bóta og greiðum henni því atkvæði.

[18:16]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég tel að þetta frv. sé óþarft. Það hefur að vísu heldur skánað í meðförum hv. nefndar, en hingað til hefur ekkert verið að lyfjadreifingu í landinu. Það er eins og önnur verk hæstv. heilbrrh., öll hafa þau verið heldur til óþurftar. Ein brtt. kemur frá nefndinni sem ég mun styðja en það er að lögin taki gildi frá 1. júní 1995. Sú er von mín að þá verði heilbrrn. bjargað undan núv. ríkisstjórn og ég mun ekki greiða atkvæði nema þessari einu tillögu við þessa atkvæðagreiðslu.

1. gr., svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, RG, SalÞ, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (AÓB, GHelg) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, BBj, FrS, GHall, GÁS, GJH, HÁ, HG, IBA, JE, KHG, MF, MB, PP, PBald, RA, SigG, SighB, SP, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 962,2.b kölluð aftur.

Brtt. 962,2.a og 962,3–6 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HÁ, HG, IBA, JE, KHG, MF, MB, PP, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

2.–13. gr., svo breyttar, samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

17 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, GHelg, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, KHG, MF, MB, PP, RG, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

14. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JBH, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

21 þm. (AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, EgJ, GÁS, GJH, HÁ, HG, IBA, JE, JóhS, MF, MB, PP, PJ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

15. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 28:2 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: AÓB, SJS.

19 þm. (EH, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, RA, StG, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

14 þm. (ÁMM, EgJ, GÁS, GJH, HÁ, HG, IBA, JE, MF, MB, PP, PJ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

17. gr. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, BBj, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

18.–19. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,7 (ný 20. gr.) samþ. með 26:22 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, TIO, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.

5 þm. (EH, EgJ, GuðjG, PJ, StB) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:25]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Hér er verið að greiða atkvæði um brtt. við 20. gr. Þessi kafli frv., sem er VII. kafli, snýr fyrst og fremst að því hvernig verið er að breyta því fyrirkomulagi sem verið hefur varðandi stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi. Í samræmi við það sem hæstv. heilbrrh. lýsti hér yfir við 2. umr. málsins, þá mun vera fyrirhugað að fresta gildistöku þessa kafla við 3. umr. til 1. nóv. 1995, en þrátt fyrir það er gert ráð fyrir því að þau ákvæði taki gildi frá og með þeim tíma, en hér er verið að opna fyrir og auðvelda aðgang að lyfjum

sem alveg er ófyrirséð hvaða afleiðingar muni hafa. Þess vegna greiði ég atkvæði gegn öllum þeim greinum í þessum kafla.

[18:25]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Með þessari grein í frv. um lyfjabúðir og lyfsöluleyfi er verið að hvetja til óheftrar samkeppni í lyfjasölu auk þess sem öll heilbrigðismarkmið eru þverbrotin í þessu kapphlaupi um markaðinn sem getur leitt til aukinnar lyfjaneyslu, en í dag er lyfjaneysla á Íslandi með því minnsta sem gerist í heiminum. Með þessari grein frv. er verið að draga úr þjónustu við landsbyggðina og hvetja til offjárfestingar á höfuðborgarsvæðinu sem stuðlar ekki að lækkun lyfja. Ég segi nei.

21. gr. samþ. með 27:4 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GB, JónK, ÓÞÞ, PP.

20 þm. (AÓB, EgJ, FI, GÁ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JGS, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PJ, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

12 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,8 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PJ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

22. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, EH, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

23. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

10 þm. (ÁJ, ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,9 (ný 24. gr.) samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PJ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

25.–28. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.

15 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EgJ, GÁS, GJH, HG, JE, KHG, MF, MB, PJ, RA, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,10 samþ. með 29:13 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JónK, KÁ, ÓÞÞ, PP, StG, VS, ÞBern.

10 þm. (AÓB, GHelg, ISG, JÁ, JVK, KHG, ÓRG, PJ, RA, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, SJS, ÖS) fjarstaddir.

29. gr., svo breytt, samþ. með 28:12 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: FI, GB, GÁ, HÁ, JGS, JónK, KÁ, ÓÞÞ, PP, StG, VS, ÞBern.

12 þm. (AÓB, EgJ, GHelg, ISG, IP, JÁ, JVK, KHG, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

11 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PJ, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,11 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, EH, EgJ, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

9 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

30. gr., svo breytt, samþ. með 29:12 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: FI, GB, GÁ, HÁ, IP, JGS, JónK, ÓÞÞ, PP, StG, VS, ÞBern.
13 þm. (AÓB, EH, EgJ, GHelg, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

31. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞBern, ÞorstP.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GB, GÁS, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, RA, SighB, VE, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,12–16 samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
12 þm. (ÁMM, EKG, GuðjG, GÁS, GJH, GHelg, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

32.–37. gr., svo breyttar, samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, GuðjG, GÁS, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

38. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, GuðjG, GÁS, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓRG, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

39. gr. samþ. með 29:22 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
3 þm. (EH, GHelg, PJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:34]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. 39. gr. markar upphafið að XIV. kafla þessa frv. sem lýtur að lyfjaverði. Það var getið um það hér áðan að í markmiðsgreininni, þ.e. 1. gr. frv., sé talað um lyfjaþjónustuna sem hluta af heilbrigðisþjónustunni. Ég lít svo á að með þeim ákvæðum sem er að finna í þessum kafla frv. sé í rauninni verið að fara út á þá braut að verð á lyfjum verði mismunandi á landinu, þ.e. það munu ekki allir njóta sömu verðlagningar í heilbrigðisþjónustunni og þess vegna greiði ég atkvæði gegn þeim greinum frv. sem falla undir þennan kafla.

Brtt. 962,17 (ný 40. gr.) samþ. með 28:22 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
4 þm. (EH, EgJ, GHelg, PJ) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,18 samþ. með 28:17 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, FI, GÁ, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JVK, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, StG, SvG, VS, ÞBern.
9 þm. (EH, EgJ, GB, GHelg, JónK, KHG, PJ, RA, SJS) greiddu ekki atkv.
9 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:36]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Sú pólitíska ábyrgð hefur fram undir þetta hvílt á hæstv. heilbr.- og trmrh. að ákveða með reglugerð hver skuli vera þátttaka einstaklinganna í lyfjakostnaði. Með þeirri brtt. sem hér er flutt er sú ábyrgð með einum eða öðrum hætti færð yfir á Tryggingastofnun ríkisins og fjárlög. Það er óeðlilegt að mati okkar þar sem hinn pólitískt kjörni fulltrúi, hæstv. heilbr.- og trmrh., á að axla þá ábyrgð hverju sinni.

41. gr., svo breytt, samþ. með 27:22 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, FI, GB, GÁ, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
4 þm. (EH, EgJ, GHelg, PJ) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, SP, ÖS) fjarstaddir.

42.–44. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
11 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, JGS, MF, MB, PBald, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,19 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
1 þm. (PJ) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

45. gr., svo breytt, samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
2 þm. (GHelg, PJ) greiddu ekki atkv.
13 þm. (ÁMM, EH, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PP, SighB, SJS, StB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,20 samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, GÁS, GÁ, GJH, HG, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Ákv. til brb., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
1 þm. (GHelg) greiddi ekki atkv.
12 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, GÁS, GJH, HG, IP, JE, MF, MB, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 962,21 kölluð aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
3 þm. (EgJ, PJ, RA) greiddu ekki atkv.
10 þm. (ÁMM, GÁS, GJH, HG, JE, MF, MB, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 223, nál. 1052 og 1054, brtt. 1053, 1055, 1056, 1057, 1131 og 1166.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

[18:41]

Petrína Baldursdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Áður en atkvæðagreiðsla hefst um þetta dagskrármál vil ég koma því á framfæri að umhvn. hefur haldið fundi um málið eftir að 2. umr. hófst og meiri hluti hennar orðið sammála um að flytja brtt. við 3. umr. Þær tillögur varða 2., 6., 7., 9. og 12. gr. Þessar brtt. eru ekki miklar að vöxtum nema sú er varðar 12. gr.

Það gafst ekki færi á að flytja þessar tillögur við 2. umr. en ég hygg að efni þeirra sé vel kunnugt þeim sem hafa fjallað um málið og vonandi til þess fallnar að skapa meiri samstöðu um málið. Breytingartillögunum verður útbýtt eftir þessa atkvæðagreiðslu og eftir að þingskjalinu, með áorðnum breytingum eftir 2. umr., hefur verið dreift á borð þingmanna. Jafnframt kalla ég þá aftur fyrir hönd meiri hluta nefndarinnar brtt. á þskj. 1053, 2. tölul. b, 6. tölul. a, 9. tölul. c–d, 12. tölul., 16. tölul., 18. tölul. f og 21. tölul. c. Þetta skýrist væntanlega betur við atkvæðagreiðsluna hér á eftir.

[18:42]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram við þessa skýringu sem við vorum hér að enda við að hlusta á þá var þetta frv. stórgallað þegar það kom fram. Í meðförum nefndarinnar tókst að lagfæra ýmsa ágalla frv. Ég tel hins vegar að hér sé verið að lappa upp á frv. sem hefði þurft að endursemja. Tvö atriði tel ég vega þyngst til rökstuðnings fyrir því hversu hér er um lélega lagasmíð að ræða. Í fyrsta lagi er ráðherra á hverjum tíma fært alveg ótrúlega mikið reglugerðarvald. Hann getur nánast stjórnað þessum málum með tilskipunum. Nokkuð hefur þó verið dregið úr því í meðförum nefndarinnar en hvergi nærri nóg. Í öðru lagi tel ég að friðunarsjónarmiða gæti of sterkt. Ég er ekki talsmaður þess að þau villt dýr, sem maðurinn hefur um aldir litið á sem villidýr hér á landi og hafa hér oft valdið óbætanlegu tjóni, t.d. refurinn, séu alfriðuð. Síðan sé í lögum þessum verið að tiltaka einhverjar undanþágur. Ég mun styðja nokkrar brtt. sem ég tel til bóta, en að öðru leyti sitja hjá eða greiða atkvæði gegn afgreiðslu einstakra greina. Ég mun síðan gera nánari grein fyrir afstöðu minni við 3. umr. þessa frv. þar sem ég vildi fyrst láta á það reyna hvernig frv. liti út eftir 2. umr. og atkvæðagreiðslu.

[18:44]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Herra forseti. Hér er í reynd verið að tala fyrir brtt. við 3. umr. án þess að sýna þær og án þess að gera grein fyrir því um hvað þær munu fjalla og það hygg ég að sé frekar fátítt. Ástæðan ku vera sú að 2. umr. er lokið og eftir það fara menn að semja um hlutina. Mér sýnist í reynd að það sé vonlaust að taka afstöðu til atkvæðagreiðslu og það sé búið að setja þetta mál í þann hnút að það sé nauðsyn að menn fái að sjá þessar prentuðu brtt. sem verið er að boða og ef menn ekki treysta sér til að dreifa þeim í þingsalnum, þá er spurning hvort það er hægt að hafa þær nafnlausar þannig að menn fái að sjá hvað um er að vera. (**ÁRÁ:** Hvers vegna gat þingmaðurinn ekki þessa við atkvæðagreiðsluna ...?)

(**Forseti** (SalÞ): Ekki frammíköll.)

Forseti. Ég vænti þess að forseti gefi hv. þm. Árna R. Árnasyni orðið þannig að honum gefist kostur á að neyta hér tjáningarréttar síns, en ég treysti mér ekki til að greiða atkvæði við þessa umræðu og mun bíða eftir því að sjá þetta frv. þegar það kemur út úr umræðunni ásamt breytingartillögum.

[18:45]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Áður en atkvæðagreiðslan hefst ætlaði ég að beina fyrirspurn til starfandi umhvrh. í framhaldi af umræðum sem urðu í nefndinni. Nú er það þannig að umhvrh. er erlendis, sá sem gegndi fyrst fyrir hann er líka erlendis og sá sem nú gegnir hvarf úr salnum þannig að það er eiginlega ógerlegt fyrir mig, virðulegi forseti, að ljúka þessu nema fá starfandi umhvrh., hæstv. utanrrh., í salinn. (**Forsrh.:** Hann er að tala í símann við viðskrh.) Hann mun vera að tala í síma við hæstv. viðskrh. samkvæmt upplýsingum hæstv. forsrh. þannig að þetta er nú orðið nokkuð flókið. En ég get komið hingað aftur, forseti, ef ...

(**Forseti** (SalÞ): Það eru fleiri sem óska eftir að gera grein fyrir ...)

Það er eiginlega ekki hægt að spyrja fleiri vegna þess að þetta eru tilmæli sem voru sett fram í nefndinni til starfandi umhvrh. (Forseti hringir.) Ég get þá beðið og komið aftur ef forseti leyfir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti ætlar að skjóta hér inn tilkynningu um að eftir að atkvæðagreiðslur hafa farið fram, þá verður þessum fundi slitið og ekki haldið áfram fyrr en á morgun. Þetta áttu að vera gleðitíðindi fyrir hv. þm. sem eru orðnir þreyttir á löngum fundi.

[18:47]

Eggert Haukdal *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Alþingi og ríkisstjórn eru oft seinheppin í málafylgju. Hér hefur verið hægt að eyða löngum tíma í þetta frv. um vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum. Það er vissulega dæmalaust hvað mönnum dettur í hug að setja í lög.

Ekki skal lítið gert úr því að öllu lífi þarf að sýna tilhlýðilega virðingu, þar á meðal hagamúsum, rottum, minkum og refum. En þarf ekki að ræða vanda mannfólksins? Hefði ekki t.d. í stað þessarar umræðu í þinginu þurft að ræða atvinnuleysið og finna leiðir í þeim hrikalega vanda sem þúsundir Íslendinga eiga við að etja? Atkvæði mitt í þessu máli eru mótmæli. Mótmæli við því að það skuli vera hægt að eyða dýrmætum tíma Alþingis í þetta miðstýringarfrv. Því mun ég segja nei við þessu máli.

[18:49]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Á undanförnum vikum hefur mikill tími nefndarinnar farið í að ræða tillögur frá hæstv. umhvrh. sem snerta embætti veiðistjóra og þá starfsemi sem fram fer á vegum þess embættis. Nú hefur hæstv. umhvrh. dregið til baka þær brtt. sem snúa að því að sameina þessa starfsemi Náttúrufræðistofnun. Hins vegar stendur þá eftir sá þáttur málsins sem snýr að staðsetningu embættis veiðistjóra. Því var lýst yfir í nefndinni í gær af hálfu nokkurra nefndarmanna þegar aðstoðarmaður ráðherra var á nefndarfundinum að það mundi mjög greiða fyrir afgreiðslu þessa máls ef starfandi umhvrh. lýsti því skýrt yfir að embætti veiðistjóra yrði ekki flutt nema með samþykki Alþingis. Aðstoðarmaður umhvrh. tók að sér að koma þessum tilmælum á framfæri við starfandi umhvrh. og ég vil þess vegna inna starfandi umhvrh. eftir því hvort hann sé reiðubúinn að gefa þá yfirlýsingu hér við upphaf þessarar atkvæðagreiðslu að embætti veiðistjóra verði ekki flutt nema með samþykki Alþingis. Þar með er ekki verið að lýsa því yfir að embættið verði ekki flutt, það er enn þá opið, en það er gert ljóst að það þurfi samþykki Alþingis til. Ég vil í því sambandi nefna þau fordæmi að ávallt þegar starfsemi ríkisins hefur verið flutt þá hefur samþykki Alþingis legið fyrir. Hér er þess vegna ekki verið að biðja um nýja aðferð heldur

eingöngu að hefðbundinni aðferð verði fylgt. Áður en þessi atkvæðagreiðsla hefst, þá vil ég inna starfandi umhvrh. eftir því hvort hann sé reiðubúinn að gefa þessa yfirlýsingu sem eindregið var óskað eftir í nefndinni að yrði gefin.

[18:51]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vek athygli á því að sá hv. þm. sem beinir þessari fyrirspurn til mín er fyrrv. formaður nefndar sem skilaði ítarlegum tillögum um flutning ríkisstofnana út á land og að sá sem á að svara fyrirspurninni, sá sem hér stendur, var í þeirri nefnd og vann að því kappsamlega að gera tillögur með hv. fyrirspyrjanda um flutning miklu fleiri ríkisstofnana út á land. Ég tel það ákaflega skynsamlega stefnu. Fari þær sem flestar. Ég get því miður ekki orðið við tilmælum hans um að svara því á þá leið að ekki verði af þessum flutningi. Ég tel þetta vera framkvæmdarvaldsmál. (**GHelg:** Það er ekki verið að biðja um það.) (Gripið fram í.) Já, ég tel þetta vera málefni framkvæmdarvaldsins.

[18:52]

Árni Johnsen *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Það er mikill kerfisleiði í þessu frv., þ.e. mörg ákvæði sem gefa færi á aðgerðum og yfirbyggingum sem engin ástæða er til. Ég tel að það hefði þurft að leggja miklu meiri vinnu í það að fínpússa þetta frv. Það er gefið færi á því að vald ráðherra sé mjög mikið og einskorðað án þess að aðrir aðilar hafi annað en umsagnarrétt eða tillögurétt og mætti benda á margt sem er neikvætt í frv. þó að margt sé auðvitað brúklegt líka. Ég nefni eitt dæmi. Þegar hv. formaður samgn. var spurður um það hver væri ástæðan fyrir því að stytta ætti veiðitíma á langvíu á vorin ...(**SJS:** Hvað kemur þetta atkvæðagreiðslu við?)

(**Forseti** (SalÞ): Aðeins að tala um atkvæðagreiðslu.)

Já, þetta tengist atkvæðagreiðslunni, hvers vegna mín afstaða liggur fyrir eins og koma mun í ljós. — Þá var sagt að langvían þyrfti tíma til að undirbúa hreiðurgerð sína á vorin, þá var bent á að langvían verpti á bjargsyllur, svokölluð bæli, og undirbyggi ekki hreiðurgerð sína. Því var samt haldið fram fast og ákveðið. Þar sem það stendur ekki í frv. að langvíunni sé ætlað að skúra og ryksuga á vorin, þá mun ég sitja hjá við atkvæðagreiðslu um þetta frv.

[18:54]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forseta fyrir að veita mér leyfi til þess að koma hér aftur. Ég harma það að starfandi umhvrh. skyldi ekki treysta sér til að gefa út þá yfirlýsingu að embætti veiðistjóra yrði ekki flutt nema með samþykki Alþingis. Ég vil t.d. benda á það hve lítilfjörleg þessi ósk er. Væntanlega er einhver kostnaður við flutning embættisins. Sá kostnaður verður ekki inntur af hendi nema með fjárlögum fyrir árið 1995 vegna þess að áform eru ekki uppi um að flytja embættið á þessu ári. Það er þess vegna satt að segja alveg ótrúlegur einstrengingsháttur af hálfu umhvrn. að vera ekki reiðubúið að gefa þessa yfirlýsingu. Það eru margir nefndarmenn — ég bið hæstv. umhvrh. að hlýða á — það eru margir nefndarmenn sem settu fram þessa ósk, menn sem hafa unnið að því þrátt fyrir mikla gagnrýni einstakra þingmanna að aðstoða hæstv. umhvrh. við að koma þessu máli áfram sem er satt að segja eina málið sem hæstv. umhvrh. er með hér í þinginu og gæti hugsanlega orðið afgreitt fyrir vorið. Og ég bið starfandi umhvrh. að endurskoða þessa afstöðu sína ef ætlunin er að afgreiða þetta mál hér, t.d. ljúka 3. umr. og atkvæðagreiðslu um málið áður en þingið fer heim. (Gripið fram í.) Ég skil nú ekki þessa athugasemd hæstv. landbrh. Þetta mál hefur verið mikið deilumál hér í þinginu. Það er alveg ljóst að það kom illa undirbúið í þingið þannig að það hefur þurft að gera mikla breytingar og þær breytingar hefðu ekki verið gerðar og frv. væri ekki komið svona langt áleiðis ef menn hefðu ekki í umhvn., þvert á skiptingu þingmanna í stjórn og stjórnarandstöðu, tekið höndum saman um að reyna að aðstoða umhvrn. við að koma þessu máli áfram. Þess vegna frábið ég mér athugasemdir einstakra ráðherra í þeim dúr sem hæstv. landbrh. var hér með.

Það er eingöngu af góðum hug til umhvrn. sem þessi ósk er sett fram vegna þess að við óttumst að liggi þessi yfirlýsing ekki fyrir kunni það að tefja fyrir endanlegri afgreiðslu málsins hér við 3. umr. og ég held að erfiðleikarnir við að byrja atkvæðagreiðsluna hér við 2. umr. og yfirlýsingar sumra stjórnarþingmanna nú þegar í málinu ættu að gefa starfandi umhvrh. til kynna að það er ekki í höfn að koma málinu til lokaafgreiðslu.

[18:57]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Okkur sem erum andvíg þeim miðstýringartilhneigingum sem fram koma í þessu frv. er mikill vandi á höndum því að í frv. eru vissulega ýmis náttúruverndarsjónarmið sem vert er að taka undir. En miðstýringartilhneigingin er alveg gríðarleg og henni vil ég mótmæla hér. Það mun verða erfitt að koma þessum skilaboðum á framfæri í atkvæðagreiðslu, en verður að sjálfsögðu reynt eftir bestu getu. En ég vil koma þessari almennu athugasemd á framfæri hér svo að enginn velkist í vafa um það að ég er sátt við mjög margt í frv. og vil veg þess sem mestan, en mér finnst þessi miðstýringartilhneiging alveg gríðarlega slæm. Ég vil einnig harma það að hæstv. starfandi umhvrh. treystir sér ekki til að gefa þá yfirlýsingu sem hér var eftir leitað varðandi veiðistjóra og flutning þess embættis. Þetta var mjög lítil bón og ætti að vera auðvelt að verða við henni. En ef vilji er ekki fyrir hendi þá er að sjálfsögðu mjög leitt til þess að vita. Ég mun þurfa að skoða hug minn varðandi þetta mál sem ég annars styð efnislega að mjög mörgu leyti og vildi gjarnan sjá fara hér í gegn.

[18:59]

Svavar Gestsson *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Ég vil segja alveg eins og er að mér finnst málið komið á dálítið nýtt stig ef það er þannig að framkvæmdarvaldið hefur ákveðið að svara

ekki þeirri spurningu sem hér var borin fram áðan með jákvæðum hætti. Það setur málið í allt annað samhengi, ekki aðeins veiðistjóramálið og spurninguna um flutning veiðistjóraembættisins heldur líka málið í heild.

Það er alveg ljóst að þetta mál væri ekki komið þó það sem það er nema vegna þess að stjórnarandstöðuflokkarnir hafa hjálpað til við að afgreiða það. Þess vegna dugir auðvitað ekkert annað en fara fram með sæmilegri mýkt í meðferð málsins, m.a. varðandi þetta tiltekna atriði, þ.e. í sambandi við flutning embættis veiðistjóra. Ég segi alveg eins og er að ef það er botnfallin niðurstaða framkvæmdarvaldsins að neita að svara þessari spurningu játandi, þá er alveg ljóst að málið í heild er í verulegri hættu vegna þess að í þessu svari felst vísbending um það að framkvæmdarvaldið hugsi sér að beita afli í þessu máli.

Ég skora á hæstv. utanrrh. að skoða málið aðeins betur. Mér er það alveg ljóst að hann hefur kannski ekki átt kost á því að fylgjast með þeirri umræðu sem hefur farið fram um þetta mál að undanförnu þannig að ég get út af fyrir sig skilið það að hann sé ekki inni í málinu í smáatriðum, en ég fullvissa hann um það að þetta er algjört úrslitaatriði varðandi afgreiðslu þessa frv. Svo mikið veit ég um málið og skora á hæstv. ráðherra að endurskoða svar sitt frá því hér áðan.

[19:01]

Utanríkisráðherra (Jón Baldvin Hannibalsson) *(um atkvæðagreiðslu)*:

Virðulegi forseti. Af því að hv. þm. skírskotaði mjög til sanngirni manna við málsmeðferðina þá verð ég að segja fyrir mig að mér finnst það nú ekki sanngjörn krafa að ætlast til þess að starfandi umhvrh. kveði upp úr um það hér og nú að breyta slíkri ákvörðun eða skilyrða hana, en fjarri sé mér að fara fram með einhverju offorsi í þessu litla máli. Ég er að sjálfsögðu reiðubúinn til þess að hafa samráð við umhvrh. og skoða málið.

Brtt. 1055 kölluð aftur.

Brtt. 1053,1 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÞorstP.

3 þm. (IBA, JÁ, PP) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, SighB, VE, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1131,1 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (IBA, JÁ, JVK, KHG) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

1. gr., svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (IBA, JÁ, JVK) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1053,2.a samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (IBA, JÁ) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, SvG, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1053,2.b kölluð aftur.

2. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

2 þm. (IBA, JÁ) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, SvG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,3 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

4 þm. (EH, IBA, JÁ, JVK) greiddu ekki atkv.

19 þm. (ÁJ, ÁMM, EKG, FrS, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 39:1 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: IBA.

5 þm. (AÓB, EH, JÁ, JVK, KHG) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁJ, ÁMM, EKG, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, StG, SJS, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,4 samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (EH, IBA, JÁ) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EKG, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (EH, EKG, IBA, JÁ, JVK, KHG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,5 (ný 5. gr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (EH, IBA, JÁ) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,6.a kölluð aftur.

Brtt. 1053,6.b samþ. með 40:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
nei: TIO.
3 þm. (EH, JÁ, JVK) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, IBA, ISG, JE, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:07]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Undirstaða íslenskra laga sem um gæði náttúrunnar fjalla á að vera réttur mannsins til þess að nýta þessi gæði á grundvelli sjálfbærrar þróunar. Sú leið er ekki farin í frv. sem hér um ræðir. Ég er ósamþykkur þeirri meginreglu sem fram kemur í 6. gr. frv. að dýr séu friðuð, en að ráðherra geti heimilað nýtingu þeirra. Ég mun því greiða atkvæði gegn þessari grein. Ýmsar aðrar greinar frv. eru bein afleiðing af því hvernig vandamálið er nálgast í 6. gr. og mun ég ef þessi grein verður samþykkt sitja hjá við afgreiðslu þeirra greina.

6. gr., svo breytt, samþ. með 33:2 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.
nei: IBA, TIO.
11 þm. (EH, FI, GB, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, StG, VS) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,7 (ný 7. gr.) samþ. með 31 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, VE, ÞorstP.
14 þm. (AÓB, EH, FI, GB, IBA, IP, JGS, JónK, JVK, KHG, StG, SvG, TIO, VS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JÁ, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,8 samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (EH, IBA, JVK) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JÁ, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

8. gr., svo breytt, samþ. með 41 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (EH, IBA, JVK) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JÁ, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1131,2 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

5 þm. (EH, GuðjG, IBA, JÁ, JVK) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GE, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, RG, SighB, StG, SvG, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1053,9.a–b og e–g samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
6 þm. (EH, GuðjG, IBA, JÁ, JVK, KHG) greiddu ekki atkv.
21 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓE, ÓÞÞ, PP, SighB, SP, StG, SJS, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1053,9.c–d kölluð aftur.

9. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
7 þm. (AÓB*, EH, GuðjG, IBA, JÁ, JVK, KHG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.
[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

Brtt. 1053,10 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (EH, IBA, JÁ) greiddu ekki atkv.
20 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
3 þm. (EH, IBA, JVK) greiddu ekki atkv.
22 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JÁ, JE, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,11 (ný 11. gr.) samþ. með 35:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.
nei: IBA.
9 þm. (EH, FI, GB, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, VS) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,12 kölluð aftur.

12. gr. samþ. með 33:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, VE, ÞorstP.
nei: JVK.
9 þm. (EH, IBA, IP, JÁ, KHG, PJ, SJS, TIO, VS) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FrS, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,13 (ný 13. gr.) samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, JóhS, JBH, JVK, KÁ, LMR, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VE, ÞorstP.
12 þm. (EH, FI, GB, IBA, IP, JÁ, JGS, JónK, KHG, PJ, TIO, VS) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,14 samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (EH, IBA, JÁ, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

14. gr., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, ÞorstP.
5 þm. (EH, IBA, JÁ, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, VE, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,15 samþ. með 30:2 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, VS, ÞBern, ÞorstP.
nei: EKG, VE.
8 þm. (EH, IBA, JÁ, JGS, KHG, SJS, SvG, TIO) greiddu ekki atkv.
23 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EgJ, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, SAÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:16]

Einar K. Guðfinnsson:
Virðulegi forseti. Ýmislegt í upphaflegum brtt. meiri hluta umhvn. hefur vakið nokkra undrun svo ekki sé nú meira sagt og þar þykir mörgum gæta gríðarlegrar friðunarárattu. Ég held þó að segja megi að það kasti nú tólfunum í þessari grein, 15. gr. Þetta ákvæði hefur orðið aðhlátursefni víðs vegar um landið. Ég held að Alþingi eigi ekki að samþykkja lög sem fyrst og fremst hafa orðið tilefni til aðhláturs og eru gjörsamlega tilefnislaus að öllu leyti. Ég tel þess vegna nauðsynlegt að fella þessa brtt. meiri hluta umhvn. þannig að eftir standi hin upphaflega og upprunalega tillögugrein frv., sem er mjög eðlileg, og ég mun þess vegna greiða atkvæði gegn þessari tillögu meiri hluta umhvn.

15. gr., svo breytt, samþ. með 28:2 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, FI, GHH, GE, GB, GHelg, HN, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, SvG, VS, ÞBern, ÞorstP.
nei: EKG, VE.
9 þm. (EgJ, IBA, JÁ, JGS, KHG, PJ, SJS, StB, TIO) greiddu ekki atkv.
24 þm. (ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKJ, FrS, GuðjG, GHall, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, SAÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1131,3 (16. gr. falli brott) samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
4 þm. (IBA, JÁ, JVK, KHG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁJ, ÁMM, EH, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HBl, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,16 kölluð aftur.
Brtt. 1056 kölluð aftur.
Brtt. 1057 kölluð aftur.

Brtt. 1053,17 (ný 17. gr., verður 16. gr.) samþ. með 38:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
nei: JVK.
6 þm. (EH, EKG, IBA, JÁ, KHG, PJ) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,18.f kölluð aftur.

Brtt. 1053,18,a–e og g–i samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
9 þm. (AÓB, ÁJ, EH, IBA, JÁ, JVK, KHG, SJS, TIO) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, FrS, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PBald, SighB, StG, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1166 samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
6 þm. (ÁJ, EH, IBA, JVK, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, JÁ, JE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

18. gr. (verður 17. gr.), svo breytt, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HN, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
8 þm. (AÓB, ÁJ, EH, IBA, JÁ, JVK, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, IP, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PBald, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1131,4 samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
5 þm. (ÁJ, EH, IBA, JÁ, JVK) greiddu ekki atkv.

21 þm. (ÁMM, EKJ, FI, FrS, GB, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HG, ISG, IP, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, SJS, ÖS) fjarstaddur.

Brtt. 1053,19 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, EH, EKG, GuðjG, IBA, JÁ, JVK, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.

15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

19. gr. (verður 18. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GB, GHall, HÁ, HBl, HN, IP, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

9 þm. (ÁJ, EH, EKG, GuðjG, IBA, JÁ, JVK, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, JE, JóhS, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,20 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

8 þm. (ÁJ, EH, IBA, JÁ, JVK, KHG, SJS, TIO) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

20. gr. (verður 19. gr.), svo breytt, samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

6 þm. (ÁJ, EH, IBA, JÁ, JVK, TIO) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, KHG, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

21. gr. (verður 20. gr.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

7 þm. (ÁJ, EH, IBA, JÁ, JVK, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.

18 þm. (ÁMM, EKJ, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, KÁ, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,21.c kölluð aftur.

Brtt. 1053,21.a–b og d samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, BBj, DO, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

6 þm. (EH, IBA, JÁ, JVK, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.

18 þm. (AÓB, ÁJ, ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1131,5 samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

7 þm. (ÁJ, EH, IBA, JÁ, JVK, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, DO, EKJ, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, ISG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

22. gr. (verður 21. gr.), svo breytt, samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

6 þm. (ÁJ, EH, IBA, JVK, KHG, TIO) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁMM, DO, EKJ, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, JÁ, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1053,22 (ný fyrirsögn IV. kafla) samþ. án atkvgr.

Brtt. 1053,23 samþ. án atkvgr.

Fyrirsögn frv. og kaflafyrirsagnir, svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
nei: JÁ.

2 þm. (ÁJ, JVK) greiddu ekki atkv.
14 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Útbýting þingskjala:
Leigubifreiðar, 527. mál, brtt. PJ o.fl., þskj. 1236.
Lyfjalög, 255. mál, brtt. meiri hluta heilbr.- og trn., þskj. 1266.
Stjórn fiskveiða, 283. mál, brtt. meiri hluta sjútvn., þskj. 1269.
Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 201. mál, brtt. meiri hluta umhvn., þskj. 1267.

Húsaleigubætur, frh. 2. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 869, nál. 1191 og 1211, frhnál. 1234, brtt. 1192, 1209 og 1228.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:30]
Till. í nál. 1211 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar kölluð aftur.

1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
16 þm. (ÁMM, EKJ, FI, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:31]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:
Virðulegur forseti. Fyrirvarar, brtt. og sérálit stjórnarandstöðunnar í félmn. lutu fyrst og fremst að þremur atriðum. Í fyrsta lagi að því að það væru óljós skil milli ríkis og sveitarfélaga í þessu frv. og það væri andstaða við málið hjá ýmsum sveitarstjórnum. Í öðru lagi að mikilvægt væri að taka á skattlagningu húsaleigutekna og reyna með því móti að örva útleigu íbúðarhúsnæðis. Í þriðja lagi að ekki væri nægilega vel séð fyrir réttarstöðu Búseta.
Við lítum svo á að það hafi nú náðst fram mikilvægar lagfæringar á málinu með yfirlýsingu forsrh. og félmrh. sem lúta einmitt að þessum þremur atriðum. Við munum því styðja málið og kalla aftur þær brtt. sem við höfum lagt hér fram.

2.–4. gr. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
14 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1192,1 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

5. gr., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
16 þm. (ÁMM, EKG, FrS, GÁS, GÁ, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1192,2 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
15 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, JE, KHG, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, StG, ÖS) fjarstaddir.

6. gr., svo breytt, samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

7.–23. gr. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKG, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
17 þm. (ÁMM, EH, EKJ, FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SighB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1209 kölluð aftur.
Brtt. 1228 kölluð aftur.

Ákv. til brb. samþ. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
13 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, SighB, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, RA, RG, SalÞ, SigG, SAÞ, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁMM, FrS, GHall, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, SighB, StG, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Forseti vill biðja hv. þm. að hinkra við því nú þarf að leita afbrigða um 43. dagskrármálið sem er of seint fram komið.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Frv. var of seint fram komið. — Samþykkt með 45 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, PBald, RA, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
18 þm. (ÁMM, FrS, GÁS, GJH, HÁ, HG, JE, LMR, MF, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SighB, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Útbýting þingskjals:
Endurmat iðn- og verkmenntunar, 113. mál, nál. meiri hluta menntmn., þskj. 1268.

Út af dagskrá voru tekin 38.–57. mál.

Fundi slitið kl. 19:37.

---

154. FUNDUR

laugardaginn 7. maí,
kl. 9 árdegis.

Dagskrá:
1. Þjóðminjalög, stjfrv., 478. mál, þskj. 1262 (sbr. 733). — 3. umr.
2. Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, stjfrv., 551. mál, þskj. 862. — 3. umr.
3. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 1256, brtt. 1267. — 3. umr.
4. Happdrætti Háskóla Íslands, stjfrv., 445. mál, þskj. 1263. — 3. umr.
5. Söfnunarkassar, stjfrv., 446. mál, þskj. 1264 (sbr. 659). — 3. umr.
6. Umboðsmaður barna, stjfrv., 377. mál, þskj. 1265. — 3. umr.
7. Reynslusveitarfélög, stjfrv., 554. mál, þskj. 1258. — 3. umr.
8. Húsaleigubætur, stjfrv., 557. mál, þskj. 1272 (sbr. 869). — 3. umr.
9. Leikskólar, stjfrv., 550. mál, þskj. 1261 (sbr. 861), brtt. 1271. — 3. umr.
10. Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frv., 158. mál, þskj. 176, nál. 1063. — 2. umr.
11. Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 1257, brtt. 1266. — 3. umr.
12. Tryggingagjald, stjfrv., 546. mál, þskj. 1260. — 3. umr.
13. Tollalög, frv., 254. mál, þskj. 295, nál. 1214, brtt. 1270. — 2. umr.
14. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852, nál. 1229, brtt. 1230. — 2. umr.
15. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096. — 2. umr.
16. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 1259, brtt. 1269. — 3. umr.
17. Eftirlit með skipum, frv., 623. mál, þskj. 1210. — 1. umr.
18. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr.
19. Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv., 614. mál, þskj. 1073, nál. 1190. — 2. umr.
20. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167. — Síðari umr.
21. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.
22. Stjórnarskipunarlög, frv., 303. mál, þskj. 494, nál. 1028. — 2. umr.
23. Endurskoðun slysabóta sjómanna, þáltill., 87. mál, þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015. — Síðari umr.

24. Auðlindakönnun í öllum landshlutum, þáltill., 172. mál, þskj. 190, nál. 1088. — Síðari umr.
25. Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, þáltill., 321. mál, þskj. 512, nál. 1089. — Síðari umr.
26. Málefni aldraðra, frv., 232. mál, þskj. 260, nál. 1226. — 2. umr.
27. Vog, mál og faggilding, frv., 626. mál, þskj. 1227. — 1. umr. *Ef leyft verður.*
28. Stytting vinnutíma, þáltill., 77. mál, þskj. 80, nál. 1086. — Síðari umr.
29. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, stjfrv., 506. mál, þskj. 779, nál. 1231 og 1233, brtt. 1232 og 1235. — 2. umr.
30. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38, nál. 1070 og 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
31. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 217. mál, þskj. 242, nál. 1176 og 1193. — 2. umr.
32. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 452. mál, þskj. 675, nál. 1140 og 1177. — 2. umr.
33. Skuldastaða heimilanna, skýrsla, 280. mál, þskj. 11701.
34. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, skýrsla, 250. mál, þskj. 289.

Útbýting þingskjala:

Húsaleigubætur, stjfrv., 557. mál, þskj. 1272.
Leikskólar, stjfrv., 550. mál, brtt. GJH, þskj. 1271.
Lyfjalög, stjfrv., 255. mál, þskj. 1257.
Reynslusveitarfélög, stjfrv., 554. mál, þskj. 1258.
Söfnunarkassar, stjfrv., 446. mál, þskj. 1264.
Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 201. mál, þskj. 1256.

Athugasemdir um störf þingsins.

Störf efh.- og viðskn. og allshn., verkfall meinatækna.

[09:04]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég kveð mér hljóðs um störf þingsins og ætlaði að beina máli mínu til hv. formanns efh.- og viðskn. og formanns allshn.

Svo er mál með vexti að snemma þessa þings lagði ég fram í sjöunda sinn frv. til laga um lánskjör og ávöxtun sparifjár sem fljótlega var vísað til hv. efh.- og viðskn. Við höfðum verið tveir flutningsmenn þessa frv. síðast í fyrra, ég ásamt hv. þm. Matthíasi Bjarnasyni, en nú bættust við margir nýir flutningsmenn, þar á meðal hv. þm. Steingrímur Hermannsson, Páll Pétursson, Kristín Ástgeirsdóttir, Jóhann Ársælsson og Kristinn H. Gunnarsson. Ég hef margýtt á eftir því við hv. nefnd að hún kæmi frv. frá sér inn í þingið þannig að menn fengju að greiða atkvæði, já eða nei, um lánskjaravísitöluna. Ég lýsi undrun minni á því að hv. nefnd hefur ekki enn tekist að koma þessu frá sér. Þegar ég hef rætt við nefndarmenn einn og einn hafa flestir tekið vel í mitt mál að þetta færi út og ég vil gjarnan heyra hvernig á því stendur að málið hefur ekki verið afgreitt úr nefnd. En enn er tími til að afgreiða málið, þingið er ekki búið og það er fljótgert hjá hv. nefnd að koma saman og keyra málið út.

Þá ætlaði ég að minnast á annað mál sem ég hef flutt en það er í allshn. Það var frv. til laga um breytingu á lögum um þingfararkaup alþingismanna. Þar eru flutningsmenn ásamt mér hv. þm. Matthías Bjarnason, Tómas Ingi Olrich og Stefán Guðmundsson. 1. gr. þess var þannig:

„Aftan við 8. gr. laganna bætist: Réttur til biðlauna fellur niður ef fyrrv. alþingismaður tekur við starfi í þjónustu ríkis, sveitarfélags eða fyrirtækis sem að meiri hluta er í eign ríkisins enda fylgi stöðunni jafnhá eða hærri laun en þingfararkaup. Ella greiðist launamismunurinn til loka tímabilsins."

Um þetta mál hygg ég að sé enginn ágreiningur. Öllum hv. þm. er ljóst að það þarf að hreinsa til. Þetta á að afgreiða og bara einn, tveir, þrír. Það stóð til að ná samkomulagi um fleiri mál í hv. nefnd tengd einmitt þessu máli. Það tókst því miður ekki en þegar það lá fyrir átti bara að afgreiða þetta mál út. Ég vona að hv. allshn. einnig taki sig til á þessum fáu mínútum sem eftir eru af þinginu og afgreiði málið úr nefndinni.

[09:07]

Halldór Ásgrímsson:

Frú forseti. Út af orðum hv. 6. þm. Suðurl. vil ég skýra frá því að það mál sem hann gerði að umræðuefni hefur verið tekið fyrir í efh.- og viðskn. nokkrum sinnum og rætt. Það hefur verið leitað umsagna, en það er með það eins og sum önnur mál að ekki hefur náðst um það samkomulag í nefndinni að afgreiða það. Ég held að það sé í sjálfu sér ekki nýmæli á Alþingi að ekki náist samkomulag um að afgreiða mál sem þetta. Það er allviðamikið og ég er þeirrar skoðunar að breyting sem þessi hljóti ávallt að vera málefni ríkisstjórnar á hverjum tíma. Það er mjög vafasamt að svo umfangsmikil breyting nái fram að ganga nema viðkomandi ríkisstjórn beiti sér fyrir því. Ég hygg því að það sé líklegast til árangurs fyrir hv. þm. að beita sér í sínum þingflokki og áhrifum sínum sem hann hefur á ríkisstjórn landsins og reyna að ná málinu fram með þeim hætti. Ég held að hann hljóti að gera sér grein fyrir því að það er ekki nægilegt að amast við hv. efh.- og viðskn. út af málinu.

[09:08]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Það má vel vera að hæstv. ríkisstjórn hafi reynt að stöðva að málið fari út úr nefndinni. Það eru mér þá tíðindi ef svo er. Nefndin er með þetta á sínu forræði. Málið er hjá nefndinni. Og hún getur skilað því inn til þingsins og svo greiða bara hv. þm. atkvæði, já eða nei, um málið. Það er kjarni málsins og það er það sem ég bið um. Ég vona bara að þetta verði gert. Hv. formaður efh.- og viðskn. er nú nýorðinn formaður Framsfl. Meðal flm. er hv. fyrrv. formaður Framsfl. og enn fremur formaður þingflokks svo að það er mikið af sómamönnum sem flytja þetta ágæta frv. og það er ekkert að vanbúnaði hjá hv. nefnd að skila málinu til þingsins og þarf ekkert að spyrja

ríkisstjórn í þeim efnum. Það kemur svo í ljós í atkvæðagreiðslu hvort um verður að ræða meiri hluta eða minni hluta fyrir málinu.

[09:10]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Að öllum líkindum lýkur þingi nú í dag en þegar þingið fer heim þá gerist það á sama tíma og mjög alvarlegt ástand ríkir úti í okkar þjóðfélagi og þá er ég að vísa til þess að í tæpar fimm vikur hafa meinatæknar verið í verkfalli sem leitt hefur af sér svo alvarlegt ástand á stærstu sjúkrahúsum landsins að við svo búið getur ekki staðið. Mér hafa borist fregnir af svo fárveiku fólki að það er ekki hægt að horfa upp á þetta lengur.

Mér var sagt af hjartveikri konu sem þarf að komast í aðgerð en listinn er svo langur sem á undan henni er að hún fær enga þjónustu. Mér var líka sagt af konu sem hefur greinst með ber í brjósti og það vex dag frá degi en hún fær enga þjónustu. Þannig eru dæmin ótal, ótal mörg. Þetta getur ekki gengið svona lengur. Það hefur ekki verið haldinn samningafundur milli samninganefndar ríkisins og meinatækna síðan sl. föstudag, þ.e. fyrir meira en viku síðan. Þetta getur ekki gengið svona lengur. Ég er ekki að krefjast þess að sett verði lög á meinatækna og reyndar óttast ég að ríkisstjórnin muni grípa til þess ráðs þegar þingið verður farið heim en það hlýtur að vera krafa Alþingis að ráðherrar ríkisstjórnarinnar grípi inn í og ýti á eftir samninganefnd ríkisins og finni leiðir til þess að greiða fyrir lausn þessarar deilu. Þetta getur ekki gengið svona lengur og við getum ekki farið heim nema við höfum yfirlýsingar ráðherra um það hvað þeir ætla að gera í þessu máli. Því miður er aðeins hæstv. menntmrh. staddur hér en við verðum að taka þetta mál upp aftur í dag þegar fleiri ráðherrar verða komnir hingað. Þetta getur ekki gengið svona lengur.

[09:12]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hæstv. heilbrrh. gaf þá yfirlýsingu hér á Alþingi fyrir mörgum vikum síðan að verkfall meinatækna væri að leysast. Það er enn óleyst og hörmungarnar sem því eru samfara að ekki hefur verið samið við meinatækna eru margar eins og hér kom fram áðan. Hæstv. heilbrrh. er hins vegar farinn úr landi. Hæstv. heilbrrh. telur greinilega einhvern fund í útlöndum vera merkilegri og mikilvægari heldur en að standa sína „plikt" hér heima og vinna að lausn verkfalls meinatækna. Þegar heilbrigðiskerfið í landinu er meira og minna lamað og þinginu er að ljúka kýs hæstv. heilbrrh. Guðmundur Árni Stefánsson að fara úr landi á fund sem mér er sagt að sé ekki svo mikilvægur að það hefði vel mátt senda einhvern embættismann úr ráðuneytinu til að sitja hann. (**Gripið fram í:** Hann fór líka.) Embættismaðurinn fór kannski líka. Það eru sem betur fer fleiri en einn embættismaður í ráðuneytinu.

Ég vil óska eftir því, virðulegi forseti, eins og kom áðan hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur, að hér fari fram umræður í dag og það komi fram skýringar á því hvers vegna hæstv. heilbrrh. hefur farið úr landi. Það er gersamlega óverjandi að hæstv. heilbrrh. fari úr landi við þessar kringumstæður og sé ekki reiðubúinn hér á Alþingi að svara því hvers vegna yfirlýsing hans, sem gefin var fyrir mörgum vikum, hefur reynst marklaus. Yfirlýsingar sem gefnar eru í þessum ræðustól um að mál séu að leysast eiga að vera trúverðugar. Þeir menn sem hlaupa frá slíkum yfirlýsingum eru hins vegar ekki trúverðugir og ég krefst þess, virðulegi forseti, að sá ráðherra Alþfl., sem kannski er hæstv. utanrrh. líka og safnar nú á sig öllum ráðuneytum Alþfl. vegna þess að utanfararsýki hinna ráðherranna er slík að þeir geta ekki verið við lok þingsins, komi hér og standi fyrir máli sínu svo að hægt verði í dag að taka þetta mál til meðferðar og hæstv. forsrh. líka svo að við getum fengið skýrar yfirlýsingar um það hvort það er virkilega rétt sem hefur heyrst hvíslað hér í baksölum að það eigi að beita bráðabirgðalagavaldinu skömmu eftir að þingið er farið heim.

[09:15]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég er satt að segja nokkuð undrandi á þeim tíðindum sem ég heyri hér að hæstv. heilbrrh. sé horfinn úr landi. Ekki það að ráðherra geti ekki þurft að sækja merkilega fundi heldur er staðan þannig að hæstv. heilbrrh. hafði þessa miklu deilu, meinatæknadeiluna, yfir höfði sér. Auk þess er það svo að hann hafði fallist á það í viðtali við mig að það færi fram utandagskrárumræða um málið í hálftíma eða svo áður en þinginu lyki. Ég er því satt að segja alveg gáttaður á þessum tíðindum ef hæstv. ráðherra hefur hlaupið frá þessu verki, ekki bara meinatæknadeilunni sem er auðvitað aðalatriðið heldur líka því að hugsanlega færi fram utandagskrárumræða um málið áður en þinginu lyki nema hann hafi beðið einhvern alþýðuflokksráðherranna um að yfirtaka verkið fyrir sig.

Ég tek undir það sem hv. 18. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, sagði áðan að staðan í þessari deilu er alveg hrikaleg. Ég hef setið í þessari stofnun um nokkurt skeið og aftur og aftur orðið fyrir því að hópar fólks hafa þurft að hafa samband út af margvíslegum málefnum. Ég hef sjaldan orðið var við eins alvarlegar ábendingar og út af meinatæknadeilunni. Það er fjöldi fólks sem hringir, liggur mér við að segja jafnt á nóttu sem degi, og vekur athygli á því hvað deilan sé alvarleg. Ég sá það í fjölmiðlum í fyrradag, að ég held, að deilan væri að leysast. Nú sýnist málið allt vera komið í hnút aftur og það er ekki hægt að fara héðan út úr þessari stofnun áður en það fæst botn í þetta mál. Þess vegna óska ég eftir því og tek undir það með hv. 8. þm. Reykn. að hér verður að fara fram umræða utan dagskrár um þetta mál og ræða það við fjmrh. auðvitað, sem er yfirmaður samningamála, og viðkomandi fagráðherra sem gegnir í forföllum hæstv. heilbrrh.

[09:17]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þau alvarlegu orð sem hér hafa verið látin falla um meinatæknadeiluna sem hefur staðið vikum saman. Það eru ekki margir dagar síðan það fréttist í fjölmiðlum og annars stað-

ar frá að þessi deila væri að leysast öllum til mikillar ánægju. En nú síðustu daga hefur ekkert gerst í þessu máli og ég vil lýsa furðu minni á þeim vinnubrögðum hæstv. ráðherra að vera farinn úr landi nú. Honum hefur greinilega fundist það miklu meira áríðandi að ljúka því að afgreiða þetta lyfjalagafrv., sem engu máli skiptir og á ekki að taka gildi að miklu leyti fyrr en eftir eitt og hálft ár, heldur en að ljúka þessari deilu sem hefur gífurleg áhrif á heilsu fjölda fólks og stefnir í algert óefni ef hún verður ekki leyst.

Ég vil taka undir það sem hv. 9. þm. Reykv. sagði áðan um að það er nauðsynlegt að ræða þetta mál við hæstv. forsrh. og hæstv. fjmrh. og síðan fulltrúa Alþfl. sem hlýtur að gegna fyrir hæstv. heilbrrh. Það er nauðsynlegt að fá þetta mál í umræðu hér áður en þingi lýkur.

[09:19]

Vilhjálmur Egilsson:

Virðulegi forseti. Kjaradeila verður ekki leyst í þingsölum. Þannig hefur það ekki verið og mun aldrei verða. En fjmrh. fer með samninga og mér finnst að hér sé ómaklega vegið að hæstv. heilbrrh. Það er ekki venja að ráðherrar sitji samningafundi hvort sem það er heilbrrh. eða fjmrh. og jafnvel þó hæstv. heilbrrh. hafi farið úr landi á nauðsynlega fund, þá vil ég vekja athygli hv. þm. á því að það er búið að finna upp símann og telefaxtæki.

[09:19]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir orð hv. þm. sem hafa síðast talað um þessa hörðu deilu meinatækna. Ég tek að vísu ekki undir orð þess sem síðast talaði, hv. 5. þm. Norðurl. v., því að í hans orðum var takmarkaður skilningur á þessari alvarlegu deilu. Það þyrfti að vera þannig að hæstv. ráðherrar og hv. alþm. biðu eftir rannsókn á sýnatöku hjá sjálfum sér ef það mætti verða til þess að menn vöknuðu í þessu máli og settu sig í spor þeirra sjúklinga sem bíða eftir að fá niðurstöður úr rannsókn. Þessi deila má ekki standa deginum lengur.

En ég vil ítreka það sem ég sagði áðan, virðulegi forseti, að svör fáist um þau mál er ég gat um að lægju í nefndum. Ég vona að hæstv. forseti beiti sér fyrir því að báðar þessar nefndir, efh.- og viðskn. og allshn., afgreiði þau mál frá sér sem ég gat um.

[09:21]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Mig langar að spyrja að því hver getur svarað þingmönnum um það hvernig þessi deila stendur í dag. Það kann vel að vera að við leysum ekki þessa deilu í hér þingsölum en við þurfum að vita hvernig deilan stendur. Þetta er alvarlegt mál. Það er hálfur mánuður síðan hér var utandagskrárumræða um þetta mál og þá sagði hæstv. heilbrrh.: Deilan er að leysast. Þið skuluð ekki hafa áhyggjur af þessu. Hún er að leysast.

Hér ræddi einn hv. þm. um að það væri ómaklega vegið að hæstv. heilbrrh. Það kann vel að vera að það hafi verið gert en hann leysir ekki þessa deilu í gegnum telefaxtæki eða síma. Hann gerði það ekki meðan hann stóð í þingsölum eða var í sínum embættisstörfum og þaðan af síður mun hann leysa þessa deilu í gegnum síma. En ég hlýt að spyrja aftur: Hver getur svarað þingmönnum um það hvar þessi deila er stödd og hver er að reyna að leysa þessa deilu?

Því hefur verið lýst hversu alvarlegt ástandið er á sjúkrahúsunum. Það eru ekki einungis hjartasjúklingar sem bíða eftir aðgerðum eða sjúklingar sem bíða eftir alvarlegum beinaaðgerðum heldur eru að koma upp bráðatilfelli sem erfitt er að leysa úr vegna þess að það er skortur á þeim sérhæfða vinnukrafti sem eru meinatæknar. Þessa deilu verður að leysa og ég tek undir að það er ekki hægt að slíta þinginu áður en við vitum nákvæmlega um það hvar þessi deila stendur í dag.

[09:23]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hugmyndir hv. þm. Vilhjálms Egilssonar um lýðræði sem hann lýsti hér áðan eru auðvitað í anda þess að hann telji kleift að vera framkvæmdastjóri Verslunarráðsins um leið og hann sinnir þingstörfum og sendir þinginu síðan bréf í nafni Verslunarráðsins og skammar fjmrn. í nafni Verslunarráðsins fyrir að vera að leita að skattsvikurum. Svar hans um það að ráðherrar geti bara sinnt lýðræðinu í gegnum faxtækið er auðvitað fyrir neðan allar hellur. Ég er alveg hissa á því að þingmaðurinn skuli ekki bara sitja á skrifstofu Verslunarráðsins við faxtækið og vera í sambandi hingað niður eftir.

Hins vegar er rétt að þingmaðurinn átti sig á því að hæstv. heilbrrh. gaf yfirlýsingu hér í þingsalnum um það að verkfallið væri að leysast og honum ber að standa reikningsskil í þingsalnum gagnvart yfirlýsingum í þingsalnum. Hv. þm. hefur kannski líka verið svo önnum kafinn að hann hefur ekki getað fylgst með því að fyrir nokkrum dögum áttu fjmrh. og heilbrrh. fund með forustumönnum Meinatæknafélagsins þannig að ráðherrar eru þegar byrjaðir að sinna þessari deilu og yfirlýsing hv. þm. um það að ráðherrar sinni ekki samningaviðræðum er einfaldlega röng. Ráðherrarnir hafa átt fundi um þessa deilu svo að hv. þm. veit bara einfaldlega ekkert hvað hann er að tala um. Staðreyndin er auðvitað sú að það er slíkt ófremdarástand í þjóðfélaginu vegna þessa máls að það er óhjákvæmilegt að ríkisstjórnin geri hér í þingsalnum grein fyrir því hvers vegna yfirlýsing hæstv. heilbrrh. í málinu hefur reynst marklaus og hvaða stefnu ríkisstjórnin hefur í málinu, m.a. það hvort það er virkilega ætlun ríkisstjórnarinnar að brjóta þetta verkfall á bak aftur með bráðabirgðalögum fáeinum dögum eftir að þingið fer heim. Þessi ríkisstjórn virðist hafa tekið upp þau vinnubrögð að sinna kjaradeilum með bráðabirgðalagavaldinu skömmu eftir að þingið fer heim. Það gerði hún í janúarmánuði sl. og við þurfum að fá svör við því hvort hún ætlar virkilega að gera það aftur nú.

Ég endurtek þess vegna, forseti, óskir um það að hér fari fram umræða síðar í dag um málið.

Útbýting þingskjala:

Happdrætti Háskóla Íslands, 445. mál, þskj. 1263.

Leikskólar, 550. mál, þskj. 1261.
Umboðsmaður barna, 377. mál, þskj. 1265.
Tollalög, 254. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1270.
Tryggingagjald, 546. mál, þskj. 1260.
Þjóðminjalög, 478. mál, þskj. 1262.

Þjóðminjalög, 3. umr.

Stjfrv., 478. mál (stjórnkerfi minjavörslu o.fl.). — Þskj. 1262 (sbr. 733).

[09:26]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Svo vill til að hv. menntmn. hefur á fundum sínum staðið frammi fyrir því og einnig þegar hún hefur verið að ræða þetta frv. um þjóðminjalög að hæstv. menntmrh. hefur verið fjarri þá umræðu að mestu leyti. Ágætt samkomulag náðist í hv. menntmn. um afgreiðslu þessa máls og ber að þakka öllum hlutaðeigandi fyrir það hvernig þeir stóðu að máli að mínu mati. Hv. 18. þm. Reykv., Kristín Ástgeirsdóttir, benti á ýmis atriði sem betur mættu fara í þessu máli og nauðsyn þess að endurskoða þjóðminjalögin í heild í framhaldi af þessari niðurstöðu.

Í tilefni af því að hæstv. menntmrh. er nú staddur hér hefði ég viljað leggja fyrir hann tvær spurningar. Í fyrsta lagi þá spurningu hvernig og hvenær hann hyggst beita og framkvæma þau lagaákvæði sem gerð er tillaga um í frv. til þjóðminjalaga. Ég held að það sé mjög æskilegt að fá um það upplýsingar hvernig hæstv. ráðherra sér það fyrir sér, m.a. vegna þess að hæstv. ráðherra getur samkvæmt orðanna hljóðan í þessum texta ráðið því hver verður formaður þjóðminjaráðs og það er ekki hægt að neita því að ýmsir bera vissan ugg í brjósti gagnvart því hvernig á þeim málum yrði hugsanlega haldið af hálfu hæstv. ráðherra að fenginni reynslu. Þess vegna vil ég inna eftir því hvaða stefnu hæstv. ráðherra hefur varðandi það að nýta þau ákvæði sem í frv. eru að svo miklu leyti sem það snertir ráðherrann eða athafnir hans beint.

Í öðru lagi vildi ég inna hæstv. menntmrh. eftir því hvernig hann hugsar sér að standa að áframhaldandi endurskoðun þjóðminjalaganna því að það var í raun og veru full samstaða um það í nefndinni og kemur fram í nefndaráliti meiri hluta nefndarinnar sem ég stend að að það sé nauðsynlegt að endurskilgreina markmið þjóðminjalaganna og endurskoða þau í heild á nýjan leik með hliðsjón af fenginni reynslu þó að hún sé ekki mjög löng.

Ég hefði sem sagt viljað spyrja hæstv. ráðherra um þetta tvennt úr því að hann er staddur hér við 3. umr. málsins.

[09:29]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Hæstv. forseti. Það er rétt hjá hv. þm. að ég var ekki við í þinginu þegar þetta mál kom frá hv. menntmn. og ég vil nota þetta tækifæri til að þakka nefndinni fyrir afgreiðslu málsins og fyrir þá samstöðu sem þar ríkti um afgreiðslu þess.

Varðandi þær spurningar sem hv. þm. beindi til mín, þá mun ég að sjálfsögðu framkvæma lögin eins og þau segja að ráðherra skuli gera. Ég held að það sé engin ástæða til að hafa miklar áhyggjur af því hvern ég muni skipa formann þjóðminjaráðs. Það liggur að sjálfsögðu ekki fyrir nein ákvörðun um það af minni hendi, en ég mun alveg áreiðanlega vanda það val.

Ég nefndi það þegar ég talaði fyrir frv. á sínum tíma að það lægi fyrir að það þyrfti að endurskoða þjóðminjalögin í heild og ég get ítrekað þá yfirlýsingu mína að það þarf að gera. Um það kom sérstök ábending frá þjóðminjaráði og ég ætla að heildarendurskoðun þjóðminjalaganna fari fram í góðu samstarfi við þjóðminjaráð alveg eins og sú endurskoðun sem nú er verið að afgreiða í þessu lagafrv. var gerð í mjög góðu samstarfi við þjóðminjaráð. Að öðru leyti hef ég ekki ákveðið neitt um hvernig að þessu máli verður staðið.

[09:31]

Frsm. minni hluta menntmn. (Kristín Ástgeirsdóttir):

Virðulegi forseti. Aðeins nokkur orð vegna þeirrar umræðu sem hér er hafin. Hæstv. menntmrh. var ekki viðstaddur 2. umr. þessa máls og ég vil af því tilefni koma því á framfæri við hann að ég er þeirrar skoðunar að við hefðum þurft að hafa miklu meiri tíma til að skoða þetta mál og að ástandið innan safnsins sé þannig að nauðsynlegt hefði verið að taka á þeim skipulagsvanda sem þar er að finna. Við hefðum þurft að fara dýpra ofan í málið og reyna að finna leiðir til lausnar og ekki síst að átta okkur á því hvort þær breytingar sem núna er verið að gera á lögunum breyta í rauninni nokkru um þann vanda.

Hæstv. menntmrh. sagði áðan að það væri ekki ástæða til að hafa áhyggjur af því hvern hann skipaði sem formann þjóðminjaráðs, en ég held að það sé alveg augljóst mál að við höfum orðið vitni að því að bæði þjóðminjaráð og fornleifanefndir sem setið hafa á undanförnum ára hafa verið umdeildar. Það hafa skapast deilur í kringum störf þeirra þannig að ég vil ítreka það og leggja mikla áherslu á að það er afar nauðsynlegt að vanda mjög til valsins þegar kemur að skipan þjóðminjaráðs. Þangað þarf að veljast fólk með þekkingu á söfnum og rekstri þeirra en jafnframt fólk sem er fært til þess að taka á þessum vanda. Sá vandi felst m.a. í því að þessi stofnun hefur verið fjársvelt um áratuga skeið og allt hennar skipulag er afar gamaldags. Það þarf að endurskipuleggja safnið sjálft, þ.e. sýningarsali og það sem að fólki snýr sem þangað kemur, en það þarf jafnframt að taka á þeim starfsanda sem ríkir innan safnsins. Þar geta stjórnendur auðvitað skipt miklu máli til að bæta starfsandann og að taka á þeim málum sem þarna eru.

Til að skýra betur hvað ég á við þarf ekki annað en vitna til þess sem birst hefur í blöðum varðandi deilur í kringum fornleifauppgröft og hugmyndir um það hverjir megi grafa og hvar og í rauninni hverjir séu hæfir til að grafa. Það hefur einkum verið á því sviði sem deilurnar hafa staðið, en ég hef ekki minni áhyggj-

ur af Þjóðminjasafninu sem safni fyrir allan almenning. Það er svo gamaldags og þungt í vöfum og svo mikil þörf á því að breyta safninu, ekki síst með tilliti til námsfólks og þeirra sem ánægju hafa af því að skoða safnið, að það verður að taka á þessum vanda. Þess vegna skiptir það höfuðmáli, hæstv. menntmrh., að það veljist fólk í þjóðminjaráð og reyndar í fornleifanefndina líka sem getur unnið með öðru fólki og er hæft til þess að taka á þeim mikla vanda sem þarna er.

[09:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann veitti við spurningum mínum að svo miklu leyti sem hann veitti nokkur svör. Ég tel í fyrsta lagi ekki óskynsamlegt að þjóðminjaráð annist þá endurskoðun þjóðminjalaga sem hér hefur verið talað um og hafi þar um forustu. Ég tel að sú aðferð sem notuð var síðast af menntmrh. hafi ekki dugað nógu vel og það hafi kannski ekki verið að öllu leyti skynsamlegt að Alþingi hefði með þetta mál að gera jafneinhliða og var um skeið. Það skapaði möguleika á svigrúmi fyrir áhrif utan frá sem voru síðan tekin inn en ekki sett í faglegt samhengi, satt best að segja. Ég hef stundum sagt það um þjóðminjalögin að þau séu eins og það hafi verið teknir tveir spilastokkar og þeir hafi svo verið stokkaðir saman og látið skeika að sköptu með hvaða spil lenti hvar. Ég er ágætlega sáttur við þá hugmynd að þjóðminjaráð hafi forustu um endurskoðunina.

Varðandi það hins vegar hvort menn þurfi eða þurfi ekki að bera ugg í brjósti vegna skipunar formanns þjóðminjaráðs, þá segi ég alveg eins og er að ég geri það. Ég hef áhyggjur af því. Það skiptir miklu máli að sá sem þar fer fyrir kunni í senn á greinina en sé um leið laginn mannasættir vegna þess að þarna hefur allt verið í flakandi deilum satt best að segja á undanförnum árum. Það er alveg ljóst að fornleifaþátturinn veikist talsvert stjórnsýslulega séð í frv. eins og það lítur út núna frá okkur vegna þess að við gerum fornleifanefndina að ráðgjafarnefnd eingöngu en ekki stjórnvaldi í safninu eða kerfinu eins og hún var, en það má ekki þýða að fornleifaþátturinn beri skarðan hlut frá borði að þessum málum. Þegar menn koma að þessari endurskoðun, þá mega menn heldur ekki binda sig alveg við það kerfi sem verður í þessu efni samkvæmt frv. Auðvitað er hugsanlegur hlutur að aðskilja þessa þætti stjórnsýslulega jafnvel meira heldur en gert er núna. Það hafa komið fram hugmyndir um að það verði til fornleifastofnun á Íslandi sem verði eins konar samvinnuverkefni Þjóðminjasafns og Háskóla Íslands, svo að dæmi sé tekið. Ég tel að við þessa endurskoðun þurfi menn að leggja á það áherslu að vera opnir fyrir öllum hugmyndum af þessum toga.

Ég endurtek þess vegna að ég hef áhyggjur af því hvernig þarna tiltekst og mér finnst að ég hafi út af fyrir sig allan rétt til að vera það, m.a. með hliðsjón af fortíðinni en líka vegna þess að ég ber ábyrgð á þessu nefndaráliti þar sem ég kaus að verða samferða meiri hlutanum í málinu í einu og öllu.

[09:38]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegur forseti. Ég vil við þessa umræðu lýsa ánægju minni með það að sú niðurstaða hefur fengist sem hér liggur fyrir og það ber að fagna því að hv. menntmn. skuli hafa náð svo vel saman í þessu máli sem raun ber vitni um. Það er alveg ljóst að það var nauðsynlegt að gera breytingar á þjóðminjalögunum til þess að bæta um það sem þar hefur verið. Mér sýnist að þessi breyting sem hér er gerð eigi að vera nægjanleg til þess að hægt verði að koma á góðu skipulagi og góðu starfi í Þjóðminjasafni og vil nota tækifærið og þakka hæstv. menntmrh. fyrir það frumkvæði sem hann að sjálfsögðu hefur haft í þessu máli og flutt um þetta breytingar sem hér verða væntanlega og vonandi samþykktar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, 3. umr.

Stjfrv., 551. mál (nýjar EES-reglur). — Þskj. 862.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 3. umr.

Stjfrv., 201. mál, þskj. 1256, brtt. 1267.

[09:40]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Ég geri hér grein fyrir breytingartillögum frá meiri hluta umhvn. á þskj. 1267. Tilgangur þessara breytinga er að auðvelda framgang þessa máls á Alþingi og skapa breiðari sátt um það. Þessar tillögur felast í því að fallið er frá áður samþykktum brtt. umhvn. og farið er nær frv. eins og það var lagt fram og núgildandi löggjöf.

Breytingar eru við 2., 6., 7. og 9. gr., og eru það mest orðalagsbreytingar, og breyting við 12. gr. sem er efnisleg breyting að því leyti að það þótti þrengja um of að veiðum vegna tjóns og veiðum almennra veiðimanna á ref þar sem friðun hefur verið aflétt.

[09:41]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef alveg sparað mér það að taka til máls um þetta frv. meðan það hefur verið til 1. og 2. umr. enda í þriðja skiptið sem verið er að leggja það inn í þingið og ég hafði rætt ágalla þess frv. á fyrri þingum. Ég tel ástæðu til þess að þakka hv. umhvn. fyrir mikla vinnu við það að reyna að lappa upp á stærstu ágallana í þessu frv. en ég tel þó að þeir séu mjög margir eftir.

Það kom greinilega í ljós í gær við atkvæðagreiðslu um þetta frv. að þær brtt. sem fram voru komnar og síðan aftur dregnar til baka voru orðnar þrefalt fleiri en upphaflegar greinar frv. eru.

Nú hefur hv. varaformaður nefndarinnar kynnt brtt. við 3. umr. Vissulega get ég fallist á að enn sé verið að reyna að lagfæra þetta stórgallaða frv. en ég fæ satt að segja ekki skilið það að hv. sómakærir alþm. skuli ætla að láta þetta frv. fara hér í gegn. Ég tel að enn séu þeir stóru gallar, sem ágreiningurinn hefur verið um, þ.e. að sú mikla miðstýring sem hér er verið að koma á með valdi ráðherra til reglugerðarsetningar sé algjörlega óviðunandi. Þá tel ég enn að ýmsir þeir ágallar sem bent hefur verið á í þessu frv. í umræðu um málið séu enn fyrir hendi og það eru meira að segja ekkert stórir gallar en samt gallar sem ekki ættu að sjást í frv. sem við látum fara hér í gegn. Ég tel t.d. að í V. kafla frv., 11. gr., þar sem segir, með leyfi forseta:

„Ábúendur hlunnindajarða og aðrir rétthafar hefðbundinna hlunninda skulu fá sérstök veiðikort, hlunnindakort, til staðfestu því að þeir hafi rétt til að nýta hlunnindi á jörðinni, ...“

Þessi hlunnindi hafa menn haft um aldir og þetta eru ábúendur og eigendur jarðanna sem hafa þessi hlunnindi. Nú eiga þeir að fara að fá hlunnindakort til þess að mega nýta hlunnindi á sínum eigin jörðum. Hverjum er betur treystandi en eigendum jarðanna til þess að gera þetta með bæði sjálfbæra þróun og umhverfisvernd í huga? Ég mótmæli því að það sé lýst yfir slíku vantrausti á bændur og eigendur bújarða.

Ég get út af fyrir sig fallist á það að veiðikort séu tekin upp til handa þeim veiðimönnum sem stunda að öðru leyti veiðar á villtum dýrum. Í upphafi leist mér ekkert á þetta þegar var verið að ræða þetta fyrst en ég tel þó að það sé ákveðin bremsa á það að hver og einn geti farið um og veitt án þess að eitthvert eftirlit eða einhver fylgist með því. Við vitum það öll sem hér erum að það hefur færst í vöxt að menn fari um landið á vélsleðum eða stórum jeppum og eyðileggi þar bæði umhverfi og líf. Ég vil stemma stigu við slíku og ef veiðikort eru liður í því að stemma stigu við því að slíkri ránshendi sé farið um landið þá er ég sammála því að þessi veiðikort séu tekin upp. En mér finnst ekki að eigendur og ábúendur jarða og rétthafar hefðbundinna hlunninda eigi að þurfa að vera að fá sér slík kort.

Þá vil ég einnig lýsa efasemdum um 12. gr. jafnvel þó að hér sé komin samkvæmt brtt. á þskj. 1267 algjörlega ný grein, þ.e. þessi grein sem við sjáum í frv. eftir 2. umr. er ekki sú sama og á að vera samkvæmt brtt. En mér sýnist ekki að brtt. gangi nægilega langt og t.d. það að óheimilt sé að eyðileggja greni. Hvers vegna í ósköpunum? Ég bara spyr. Hvers vegna á að vera óheimilt að eyðileggja greni? Ég fæ ekki séð það. Ég hef farið um þar sem ummerki sjást eftir refi og þar sem ummerki sjást eftir greni. Ég tel að það sé ekki nokkur ástæða að vera að vernda slík skemmdarverk sem refurinn hefur oft og tíðum unnið í kringum sín greni. Þannig að upphafið á þessari grein er enn það sama þó svo að hér sé verið að leggja til breytingar.

Ég hef ekki á þessu stigi frekari athugasemdir við þetta. Ég er búin að lýsa því að meginhugsunin í þessu, bæði með miðstýringu, með reglugerðarákvæðum ráðherra og sú hugsun að friða öll dýr, jafnvel þó þau séu réttdræp villidýr, þeirri hugsun er ég ósammála en ég tel þrátt fyrir það að ég sé ekki neitt minni umhverfisverndarsinni en hver annar.

[09:48]

Frsm. minni hluta umhvn. (Tómas Ingi Olrich):

Virðulegi forseti. Í tilefni af þeim brtt. sem hafa verið lagðar fram þá vil ég taka það fram að ég stend ekki að þeim. Þær í sjálfu sér eru heldur til bóta ef litið er á málið í þeim búningi sem það er. Þær snerta hins vegar ekki þá grundvallargagnrýni sem ég hef komið fram með á frv. sem felst í því að þar sé farin röng leið að því að ná ákveðnum settum markmiðum sem ég í sjálfu sér er ekkert ósáttur við. Ég tel að það hefði átt að fara þá leið að skilgreina nýtingarréttinn sem grundvallarreglu og kveða síðan á í lögunum um friðun einstakra tegunda.

Ég heyrði það við atkvæðagreiðslu í gær, virðulegi forseti, að a.m.k. einn þingmaður í þingsalnum velti vöngum yfir því hvers vegna nál. þess sem hér stendur hefði ekki fylgt brtt. og er í sjálfu sér ekkert við það að athuga að menn velti því fyrir sér. Ég get gefið skýringu á því. Þegar vinna hófst við þetta frv. í hv. umhvn. þá lét ég koma mjög fljótlega það sjónarmið mitt fram að ég hefði efasemdir um það að sú aðferð sem í frv. felst væri rétt og það urðu nokkrar athyglisverðar umræður í nefndinni um þessi atriði. Ég lýsti því þá yfir að ég væri fyrir mína parta alveg reiðubúinn til þess að ganga í það að breyta frv. Það hefði þá þurft að snúa því raunar við. En annað eins hefur gerst því það vill svo til að einmitt í þessari hv. nefnd þingsins, umhvn., hafa frv. umhvrh. verið tekin til gagngerðrar endurskoðunar og sá sem hér stendur hefur tekið þátt í því starfi og ekki látið sitt eftir liggja eins og ég hygg að hv. nefndarmenn geti borið um. Hins vegar var það svo að það var ekki vilji til þess í nefndinni að ganga í þetta verk með þeim hætti og ég virði það fullkomlega en það hefði hins vegar verið afar tæknilega flókið vandamál fyrir þann sem hér stendur að ganga í það einn og óstuddur að snúa frv. við á þó þetta stuttum tíma en með góðri aðstoð annarra nefndarmanna hefði það verið sjálfsagður hlutur að gera.

Ég vil því taka það fram að þó að þessar breytingar sem hér koma fram séu heldur til bóta þá breyta þær ekki þessari grundvallaraðferð sem í frv. er farin en við þá aðferð er ég ósáttur og mun því ekki greiða þessu frv. í þeim búningi sem það er nú atkvæði mitt að sinni.

[09:51]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hlýddi á mál hv. 5. þm. Norðurl. e., Tómasar Inga Olrich, og ég er þeirrar skoðunar að það sé sú grunnhugsun sem flestir Íslendingar hafa í þessu máli að nytjarnar eigi að vera sá grundvöllur sem menn vinna út frá en svo sé farið yfir einstakar tegundir. Þetta er nú ekki sá fjöldi að það sé ekki gjörlegt og settar reglur sem snerta þessar tegundir. En það

sem undrar mig með afstöðu hv. þm. er það að þegar það gerist að frv. koma í því formi að þau eru ekki ásættanleg nema gjörbylta þeim vegna þess að grunnuppsetningin er röng þá er það rétt að það er ekkert auðvelt verk að semja brtt. við slíkt frv., en þá er líka reglan að vísa þeim til ríkisstjórnarinnar aftur. Það er það sem Alþingi Íslendinga stendur frammi fyrir í dag. Ætla menn að keyra þetta áfram? Brtt. sem koma fram eru til bóta. Ég fullyrði það. Það er ekkert vafaatriði, þær eru til verulegra bóta og lýsa miklu meiri skilningi á málinu en áður hefur verið. En engu að síður, grunnhugmyndin er aftur á móti ekki í takt við það sem ég tel að almenningur í landinu vilji. Þess vegna spyr ég: Er hv. þm. Tómas Ingi Olrich reiðubúinn að standa að því að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar?

[09:54]

Frsm. minni hluta umhvn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er svo með þetta frv. að það fjallar um dýrategundir sem eru almennt ekki undirstaða mikilvægs atvinnurekstrar á Íslandi og þó að þessi aðferð sé viðhöfð hér í frv. um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum þá reikna ég með því að niðurstaðan í lagafrv., verði það að lögum, verði ekkert mjög ósvipuð og staðan gæti orðið ef við hefðum nálgast þetta með nýtingarhugtakið sem grundvöll. Ég reikna því með því að raunveruleikinn sem út úr þessu kemur verði ekki ýkja ólíkur. Það er hins vegar svo að lagasetning af þessu tagi endurspeglar ákveðið viðhorf til náttúruauðlinda og ég hefði kosið það að nánast öll lagasetning okkar Íslendinga sem tengist auðlindum væri byggð á ákveðnu grundvallarviðhorfi. Ef þingheimur sannfærist um það sem hann er ekki greinilega núna að við eigum að fara þessa leið sem ég hygg að sé hin rétta, þá er að sjálfsögðu hægt að endurskoða lögin, verði þetta frv. að lögum. Skaðsemi sem af þessu hlýst verður engin í bráð en ég hygg hins vegar að við styrkjum stöðu okkar til lengri tíma ef við höfum sameiginlega hugsun á bak við lagasetninguna í öllum þeim lögum er lúta að nýtingu náttúrulegra gæða. Ég tel því að það hefði verið á margan hátt betra að standa öðruvísi að þessu máli en ég viðurkenni það hér og nú að það verður enginn raunverulegur skaði af samþykkt þessa frv. En mér finnst ekkert ósennilegt að með tíð og tíma, hvort sem það gerist á næsta þingi eða ekki, muni menn sjá að það er æskilegt að fara aðra leið þegar litið er á heildarlöggjöf sem fjallar um nýtingu náttúrulegra gæða.

[09:56]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég skildi ræðu hv. þm. á þann veg að hann væri ekki reiðubúinn til þess að vísa þessu til ríkisstjórnarinnar (**TIO:** Ég mun ekki leggja það til.) og hann undirstrikar það úr sæti sínu að hann muni ekki leggja það til. Ég get út af fyrir sig hlýtt á það sjónarmið að það sé hægt að breyta þessu aftur, það vitum við. Það koma dagar og það koma ráð í þeim efnum. En það sérstæða við þetta er líka það að lög standa þó ráðherrar komi og fari og þó að við hefðum trú á því að núv. hæstv. umhvrh. hafi skilning á að beita því valdi sem honum er fengið í þessum lögum með eðlilegum hætti þá höfum við ekki hugmynd um það hvort arftaki hans mundi gera það. Miðstýringarárátttan sem þarna kemur fram er eiginlega öll á þann veg að það er að reyna að koma mönnum alltaf einhvers staðar fyrir í biðröðum með eyðublöð til útfyllingar þar sem þeir eiga það undir náð einhvers á endanum á biðröðinni hvort þetta sé rétt útfyllt og hvort þetta verði samþykkt. Þessi biðraðaárátta inn að miðstýringu landsins er alveg forkostuleg og maður spyr sjálfan sig: Hvenær fékk Sjálfstfl. þessa trú á biðröðum til lausnar á mannlegum vandamálum?

[09:58]

Frsm. minni hluta umhvn. (Tómas Ingi Olrich) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil einungis í framhaldi af þessu andsvari hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar taka það fram að ég sé ákveðna kosti við þetta frv. og þeir kostir lúta nánast eingöngu að eftirliti, rannsóknum og upplýsingagjöf um hina villtu dýrastofna. Ég sé hins vegar annmarka á frv. að því er varðar þessa aðferð sem er notuð til þess að nálgast vandann, grundvöllinn sjálfan. Ég finn það hins vegar að það er ekki sameiginlegur skilningur á þessu í þinginu. Ég mun láta mér nægja að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um frv. en ég endurtek að ég mun ekki leggja til að þessu frv. verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

[09:59]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram seint í gær að starfandi umhvrh., hæstv. utanrrh., íhugaði að gefa út ákveðna yfirlýsingu um það að veiðistjóraembættið yrði ekki flutt nema með samþykki Alþingis. Hvort sú yfirlýsing væri gefin eða ekki gæti haft áhrif á umfjöllun um þetta mál við 3. umr. Ég er þess vegna nokkuð undrandi á því, hæstv. forseti, að þetta mál er tekið til umræðu án þess að starfandi umhvrh. sé viðstaddur umræðuna. Eitt er nú það að umhvrh. fer úr landi og telur ekki mikilvægt að fylgja eftir þessu frv. Annað er svo það að starfandi umhvrh. telur heldur ekki mikilvægt að vera viðstaddur þessa umræðu þó að við sem höfum lagt vikur og mánuði í það í nefndinni hér í vetur að vinna að þessu frv. eigum ýmis erindi við þann sem ber ábyrgð á þessu ráðuneyti. Ég vil mælast til þess við virðulegan forseta að þessari umræðu verði frestað þar til einhver sem ber ábyrgð á umhvrn. er viðstaddur þessa umræðu. Ég tel það fullkomna vanvirðu bæði við þá þingmenn sem láta sig þetta mál miklu varða og eins við okkur í umhvn. sem höfum lagt mikla vinnu í það að gera þetta frv. ráðuneytisins þannig að það sé a.m.k. þingtækt, að halda eigi þessari umræðu hér áfram án þess að nokkur ábyrgðaraðili af hálfu ráðuneytisins sé viðstaddur.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti mun gera hæstv. utanrrh., starfandi umhvrh., boð um það að hans sé óskað á fundinn.

[10:01]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ósk mín var sú að umræðunni yrði frestað þar til starfandi umhvrh. væri kominn til fundar. Það er nóg af málum hér á dagskránni til að fjalla um og það eru engin rök fyrir því, virðulegi forseti, að halda þessari umræðu áfram og knýja þingmenn hér til að eyða sínum tíma, þeim rétti sem þeir eiga til að tala í málinu án þess að starfandi umhvrh. sé hér mættur.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hafði heyrt þessa beiðni hv. þm. en vissi ekki til þess að hann talaði fyrir alla þingmenn þannig að forseti ætlaði að spyrja hv. 11. þm. Reykv. sem er næstur á mælendaskrá eftir því hvort hann óskaði eftir að tala núna eða eftir að hæstv. starfandi umhvrh. væri kominn.

[10:02]

Petrína Baldursdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég ætla aðeins að ítreka að það gæti verið að það væru fleiri þingmenn hér í salnum sem vildu taka til máls þó starfandi umhvrh. væri ekki til staðar. Það er búið að gera ráðstafanir til að kalla starfandi umhvrh. hingað og hv. 8. þm. Reykn. er mjög umhugað um eins og hann kom hér inn á í upphafi síns máls að fá yfirlýsingu þess efnis að Alþingi samþykki flutning á veiðistjóraembætti til Akureyrar ef það verður gert. En það má geta þess að frv. sem slíkt fjallar ekkert um þennan flutning til Akureyrar. Það kemur hvergi fram í þessu frv. þannig að ég tel að þingmenn geti alveg ótrauðir haldið áfram með efnisumræðu málsins og það er búið að gera ráðstafanir til að hæstv. starfandi umhvrh. komi hér á staðinn.

[10:03]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kem upp til að taka undir ósk hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar um að umræðu verði frestað þangað til hæstv. starfandi umhvrh. kemur til fundarins. Það er alveg makalaust að það mál sem hér er til umræðu og á að heita forgangsmál hjá hæstv. ríkisstjórn skuli fá þá meðferð og þá meðhöndlun af hálfu ríkisstjórnarinnar sem raun ber vitni. Þannig er að hinn eiginlegi hæstv. umhvrh. sem leggur svona mikið ofurkapp á þetta mál ber nú ekki meiri virðingu fyrir málinu en það að hann rýkur beint úr landi á þessari miklu örlagastundu í málinu og skilur málið eftir í höndum hæstv. heilbrrh. sem á þá að sjá um að fylgja málinu í höfn. En nú bregður svo við að hæstv. heilbrrh. er líka farinn úr landi og þá er kominn þriðji umhvrh. í þetta mikla forgangsmál ríkisstjórnarinnar. Nú er þessi þriðji hæstv. umhvrh. ekki einu sinni til staðar þegar á að fara að ræða þetta mál í 3. umr. þannig að nú er spurningin: Hver tekur við af þeim hæstv. ráðherra og verður fjórði umhvrh. í einni umræðu um þetta mál? Ég tel að það sé alveg skýr og mjög eðlileg krafa að einhver af ráðherrum Alþfl., sem mun þá fá að bera þessa nafnbót í einhverjar mínútur áður en hann hleypur úr landi, verði í það minnsta viðstaddur þessa umræðu.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti telur rétt að það komi fram að samkvæmt starfsáætlun Alþingis átti Alþingi að vera frestað fyrir viku síðan þannig að það mun kannski hafa eitthvað með það að gera að hæstv. ráðherrar hafa skipulagt sín störf þannig að þeir gætu farið úr landi í þessari viku. (**GHelg:** Það sama gæti nú gilt um þingmenn.) (**ÓRG:** Fjöldi þingmanna hefur orðið að breyta áformum sínum.) Það reyndar vill svo til að forseti veit til þess að svona er einnig háttað um einstaka þingmenn. En forseti hefur nú tekið þá ákvörðun að fresta umræðu um þetta mál um sinn.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 283. mál, þskj. 1259.

Happdrætti Háskóla Íslands, 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 1263.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Söfnunarkassar, 3. umr.

Stjfrv., 446. mál. — Þskj. 1264 (sbr. 659).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Umboðsmaður barna, 3. umr.

Stjfrv., 377. mál. — Þskj. 1265.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Reynslusveitarfélög, 3. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 1258.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Húsaleigubætur, 3. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 1272 (sbr. 869).

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Leikskólar, 3. umr.

Stjfrv., 550. mál (heildarlög). — Þskj. 1261 (sbr. 861), brtt. 1271.

[10:08]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Við 2. umr. um þetta mál greindi ég frá því að ég hefði í hyggju við 3. umr. að fá að ræða við hæstv. menntmrh. um framkvæmd leikskólalaganna ef þetta frv. verður að lögum. Ástæðan er sú að ég tel að í raun og veru breyti þetta frv. þó að að lögum verði mjög litlu efnislega. Í því felst staðfesting á þeirri menntastefnu sem mótuð var þegar leikskólalög voru sett síðast fyrir fáeinum árum og var þá mjög umdeilt. Þá var mjög hörð andstaða við þá menntastefnu m.a. af sveitarfélögunum og einstökum forustumönnum þeirra og þáv. hæstv. og núv. félmrh.

Það þurfti langvinnar sáttaumræður í síðustu ríkisstjórn til þess að ná fram framlagningu á frv. til leikskólalaga á sínum tíma. Þá voru kallaðir til man ég var fulltrúar úr öllum stjórnarflokkum, m.a. hv. þm. Rannveig Guðmundsdóttir og fleiri og ég man eftir því hvað ég varð undrandi á viðbárunum sem ég heyrði þá stundum. Það voru þessar viðbárur, já en þetta er svo dýrt og þetta er svo erfitt fyrir sveitarfélögin.

Niðurstaðan varð engu að síður sú að frv. til leikskólalaga var lagt fram en annað frv. í raun og veru miklu mikilvægara, „frumvarp til laga um kostnað við uppbyggingu leikskóla“, um það hvernig ætti að kosta uppbyggingu leikskólans, fékkst aldrei lagt fram. Þar var gert ráð fyrir því að ríkið og sveitarfélögin ættu það að nokkru leyti sem sameiginlegt verkefni að byggja upp leikskóla á Íslandi vegna þess að okkar skoðun var sú að ef ætti að ná uppbyggingu leikskóla með myndarlegum hætti yrði það að vera verkefni ríkisins og sveitarfélaganna. Við gerðum reyndar ráð fyrir því að í því frv. eða frumvarpsdrögum að foreldrar barnanna á leikskólum bæru hita og þunga dagsins hlutfallslega eftir efnum og ástæðum þannig að þeim mun efnaðri sem foreldrarnir væru, þeim mun meira greiddu þeir til leikskólanna o.s.frv. Því miður gáfust menn upp á þessu verkefni að setja sér áætlun til 5–10 ára eða svo um uppbyggingu leikskóla þannig að leikskólinn yrði raunverulega almennt uppeldisúrræði á Íslandi, hann yrði ekki bara uppeldisúrræði fyrir sum börn og í orði kveðnu fyrir hin. En staðreyndin er auðvitað sú að t.d. í Reykjavík er leikskólinn uppeldisúrræði fyrir sum börn en stór hluti barna í Reykjavík á ekki rétt á þessu úrræði eða möguleika til að sækja það vegna þess að það hefur ekki verið hægt að standa með nægilega öflugum hætti að uppbyggingu þessara mikilvægu stofnana.

Þegar þessi umræða fór fram á árunum 1988–1991, þá man ég eftir því að maður spurði sig oft að því: Hvenær gerist það að menn fari að sjá mikilvægi leikskólans í almennu menntunarlegu þjóðfélagslegu samhengi? Það tel ég hafa gerst núna vorið 1994. Það er ákaflega athyglisvert að standa frammi fyrir því í fyrsta sinn í sögunni að leikskóla- og grunnskólamál eru að verða meginviðfangsefni kosningabaráttunnar sem nú stendur yfir vegna sveitarstjórnarkosninganna 1994. Það er fagnaðarefni að hlutirnir skuli hafa þróast þannig að menn skuli hafa skilning á þessum málum en maður spyr auðvitað um verkin, bæði hvernig þau hafa verið á undanförnum árum með hliðsjón af fyrirheitunum í dag og hvort manni finnst líklegt að viðkomandi muni hafa það í forgangsröð að þrýsta fram framkvæmdum í leikskólamálum.

Í þessu frv. er gert ráð fyrir því að menntmrh. setji reglugerð um leikskóla og ég vil spyrja: Hvenær ætlar hann að byrja þá vinnu? Og ég spyr að gefnu tilefni vegna þess að í gildandi lögum um leikskóla frá 1991 er ákvæði um að það eigi að setja reglugerð um leikskóla. Sú reglugerð hefur ekki séð dagsins ljós enn þá. Það hefur ekki verið talin ástæða til þess að ganga frá henni þannig að ég tel að uppeldisstéttirnar á leikskólunum séu í engu bættari eða börnin við þetta nýja reglugerðarákvæði þó að það verði sett í lög aftur nákvæmlega sama ákvæðið og var 1991. Ég tel reyndar að að nokkru leyti sé þörfin fyrir þetta frv. borin uppi af því að ráðherrann telji æskilegt að hann hafi gengið frá nýjum leikskólalögum en það hafi ekki verið fyrrv. ríkisstjórn sem gekk frá þeim því að svo litlar eru breytingarnar á milli frv. og laganna að það er varla merkjanlegur munur nema fyrir sérfræðinga í lagatextum af þessu tagi. Það er varla merkjanlegur munur satt best að segja. Engu að síður hef ég orðið var við það, hæstv. forseti, að fóstrur t.d. binda mjög miklar vonir við þetta frv. að það verði að lögum, leggja á það áherslu og hafa fylgt því eftir af myndarskap hér á Alþingi, bæði í hv. menntmn. og sömuleiðis við einstaka þingmenn geri ég ráð fyrir. Það bendir þá væntanlega til þess að fóstrur geri sér vonir um að það gerist eitthvað nákvæmlega þegar þetta frv. verður samþykkt. Nú vill þannig til að svo getur orðið að þetta frv. verði að lögum bara jafnvel seinna í dag. Þá hlýt ég að spyrja hæstv. menntmrh.: Hvað gerist nákvæmlega við það að þetta frv. verði að lögum? Hverju breytir frv. að hans mati fyrir börnin í leikskólum í landinu, fyrir starfsstéttir leikskólanna eða fyrir þá sem bera ábyrgð á rekstri leikskólanna?

Ég held að það sé mjög nauðsynlegt að fá þessar upplýsingar vegna þess að það hefur ekkert verið gert í þessum málum allt þetta kjörtímabil annað en það að semja þetta frv. Það er ekki nóg að semja frv. ef það er ekki ætlunin að fylgja því eftir með einhverjum myndarlegum hætti. Ég spyr því í öðru lagi: Hvernig hyggst ráðherrann ganga frá því eða taka á móti samþykkt þessa frv. ef að lögum verður?

Í þriðja lagi vil ég benda á það í þessu sambandi,

hæstv. forseti, að sveitarfélögin mótmæla því hvernig staðið er að þessu frv. Hv. formaður menntmn. svaraði því þannig: Já, en sveitarfélögin áttu fulltrúa í nefndinni, það er rétt, þau áttu fulltrúa í nefndinni. En þessi nefnd starfaði með svo sérkennilegum hætti að það breytti engu vegna þess að það var ákveðið í nefndinni á miðju verkferli hennar að það mætti ekki fara með mál út úr nefndinni til viðkomandi aðila til samráðs. Sveitarfélagafulltrúunum og fóstrunum var bannað að fara með mál út úr nefndinni til samráðs við sitt bakland. Það er náttúrlega alveg ótrúlegt hvað það hefur oft verið unnið ólýðræðislega í menntmrn. í seinni tíð, en þetta er eitt dæmið um það að læsa mál föst inni í nefnd og banna fólki að fara með þau út á sinn vettvang til þess að bera sig saman um hlutina áður en málunum er lent. Þess vegna er niðurstaðan í þessu leikskólafrv. með þeim hætti að Fóstrufélagið og Samband ísl. sveitarfélaga sáu ekki formlega textann fullbúinn fyrr en búið var að vinna verkið í nefndinni svo að segja upp á punkt og prik og mönnum var stillt upp frammi fyrir gerðum hlut.

Þær langvinnu samningaviðræður sem stóðu yfir milli menntmrn. og félmrn. og innan stjórnarflokkanna um þetta mál, bæði á milli stjórnarflokkanna og innan stjórnarflokkanna, eru svo kapítuli út af fyrir sig sem hafa dregið dilk á eftir sér í öðrum málum hér í þinginu sem menn sjá sem hafa glöggt auga og eru vanir að fylgjast með því hvernig hlutir þróast hér á Alþingi Íslendinga. En staðreyndin er auðvitað sú að þeir aðilar sem hafa haldið uppi hinum þröngu rekstrarsjónarmiðum þessara mála — fyrst voru þau aðallega í Sjálfstfl., síðan í Alþfl. — þessi sjónarmið eru í raun og veru einangruð í einum ráðherra, hæstv. félmrh., sem gengur þessa braut með okkur hinum loksins eftir allan þann tíma sem farið hefur í þessi mál allt frá árinu 1989 þegar þessi vegferð hófst. Það hefur tekið hálfan áratug og það er út af fyrir sig ágætt að hlutirnir eru þó komnir á þann punkt sem þeir eru í dag.

Í fjórða lagi ætlaði ég að víkja að því, hæstv. forseti, við hæstv. menntmrh. að við 2. umr. málsins var felld tillaga frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni um að það skyldi sýna umburðarlyndi í starfsemi leikskólanna gagnvart börnum af öðrum trúarbrögðum en þeim sem tíðkast hafa um aldir í landinu. Þessi tillaga hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar byggðist auðvitað á trúfrelsisákvæðum stjórnarskrárinnar og ég tel satt best að segja að það sé mjög alvarlegur hlutur að við sem erum að bjóða velkomin hingað til landsins börn úr alls konar trúarlegu umhverfi, búddatrúar, hindúatrúar, múhameðstrúar, eða jafnvel utan trúfélaga, þar sem foreldrarnir eru jafnvel algerlega utan trúfélaga, að leikskólalög skuli á sama tíma vera þannig útbúin að í 2. gr. er kristilegt siðgæði ein undirstaða uppeldisstarfs sem er gott og stutt af öllum, en það er hvergi tekið fram í lögunum eins og þau líta út núna að það skuli ríkja almennt trúfrelsi og umburðarlyndi gagnvart þessum börnum af öðrum trúfélögum. Það er satt að segja ótrúlega alvarlegt að sú staðreynd skuli liggja fyrir að Alþingi felldi þessa tillögu hér í gær. Heimurinn er að færast saman. Skilningur á milli þjóða og trúarsamfélaga á mismunandi hefðum og menningu hvers annars hefur vaxið og við berum vaxandi virðingu fyrir öllum öðrum jafnvel þó að þeir séu af öðrum trúarsamfélögum en við teljum okkur vera. Og það skuli samt gerast á Íslandi á árinu 1994 þar sem menn í öðru orðinu leggja áherslu á stórkostlegt, alþjóðlegt samstarf, m.a. í viðskiptum og menn kunna hér GATT-samninga út og suður, vita alveg nákvæmlega hvar á að sortéra kjúklingabein í GATT-samningum. Þar á að sýna umburðarlyndi og skilning á alþjóðlegum hnattrænum grundvelli, svo að ég noti orð sem ég heyrði hæstv. utanrrh. einu sinni nota. En þegar kemur að trúarbrögðum, heimspeki, lífsviðhorfum, grunninum í tilveru mannsins, því sem er innst inni í hverjum einasta einstaklingi, þá sýna menn ekki sömu nærfærnina og þegar verið er að tala um kjúklingabeinin. Það er ótrúlegt að þetta skuli gerast. Og ég segi alveg eins og er, ég tel að þessi tíðindi sem urðu í gær, þegar menn létu sig hafa það að fella tillögu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, séu mjög alvarleg og kalli á nánari umræðu um málið og spurningar til hæstv. menntmrh. um það hvernig hann ætlar að framkvæma þessi lög.

Ég er reyndar alveg sannfærður um það, hæstv. forseti, að þó nokkur fjöldi þingmanna var í raun og veru sammála tillögu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar. Ástæðan fyrir því að tillögunni var hafnað var í fyrsta lagi sú að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson flutti hana og í öðru lagi sú að hann er í stjórnarandstöðu. Svona eru oft rismiklar niðurstöðurnar í þessari glæsilegu stofnun, með þessa löngu sögu og löngu lýðræðishefð, þar sem menn þykjast geta horft vítt til veggja.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé alveg óhjákvæmilegt að fá það skýrt fram og það er mín fjórða spurning til hæstv. menntmrh., hvernig hann hyggst framkvæma þetta ákvæði eftir að tillaga hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar hefur verið felld.

Í fimmta lagi, hæstv. forseti, vil ég svo víkja að því að í þinginu, í þessu máli, liggur fyrir brtt. frá hv. þm. Guðrúnu Halldórsdóttur þar sem gert er ráð fyrir því að tekið verði sérstaklega tillit til hagsmuna og viðhorfa ófaglærðra starfsmanna leikskólanna í landinu og þá sérstaklega möguleika þeirra til að sækja sér aukna menntun og starfsþjálfun. Ég vil lýsa stuðningi við þá tillögu. Það hefur lengi verið í gangi viðamikið námskeiðakerfi á vegum Starfsmannafélagsins Sóknar, t.d. hér í Reykjavík, fyrir ófaglærða starfsmenn leikskólanna. Það hefur verið mjög þýðingarmikið kerfi og mér finnst mikilvægt við umræður um þetta mál að menn muni eftir þeim starfsmönnum líka. Það er líka mikilvægt starfslið sem þar er um að ræða og ég tel að það sé brýnt að þessi tillaga er komin hér fram og að Alþingi geti tekið afstöðu til hennar og ég trúi ekki öðru en að þessi tillaga hv. þm. Guðrúnar Halldórsdóttur varðandi breytingu á leikskólalögunum verði samþykkt.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar til með brtt. á þskj. 1271 að til þess að hún megi koma á dagskrá þarf að leita afbrigða og verður þeirra nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu brtt. — Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, BBj, DO, EH, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, StB, TIO, VS, VE.

27 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EKG, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JBH, KHG, LMR, MF, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[10:27]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég hef leyft mér að leggja fram brtt. við leikskólafrv. það sem hér er til umræðu. Tillagan hljóðar svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Ófaglært starfsfólk sem vinnur við hlið leikskólakennara skal eiga aðgang að hagnýtri uppeldisfræðslu."

Lagt er til að þessi málsliður bætist við 1. mgr. 12. gr. Það er álit mitt að frv. til leikskólalaga sem liggur hér fyrir sé á flestan hátt metnaðarfullt og gott frv., þó ég hafi fundið á því a.m.k. tvo annmarka. Þessa annmarka má rekja til þess að við lítum ekki alveg nógu skýrum augum eða skýrum skilningi á það hvernig ástandið er í íslensku samfélagi og brtt. mín byggir einmitt á þessu. Við vitum að víðs vegar um landið eru leikskólar og á þessum leikskólum er sem betur fer oftast forstöðumaðurinn eða forstöðukonan réttindamanneskja með leikskólakennarapróf. Við hlið hennar starfa yfirleitt fleiri og færri ófaglærðir starfsmenn.

Á Reykjavíkursvæðinu, sem er nokkuð vel búið að leikskólakennurum, eru mörg hundruð ófaglærðir starfsmenn sem vinna við hlið og undir leiðsögn leikskólakennaranna. Stundum eru þeir meira að segja yfirmenn í deildum leikskólanna. Þetta vita allir sem þekkja til á leikskólum. Mér finnst ástæða til að við lítum ekki fram hjá því að ástandið er svona og þó svo að það sé markmið okkar að það starfsfólk sem á leikskólunum starfi sé allt leikskólakennarar þá er ástandið ekki þannig og verður alls ekki þannig á næstu árum, kannski ekki áratugum. Og börnin sem við erum að semja og samþykkja þetta leikskólafrv. fyrir eiga rétt á því að allt það starfsfólk sem annast þau fái aðgang að uppeldisfræðikennslu, hagnýtri uppeldisfræðikennslu, eins og stendur í þessari brtt. sem ég hef leyft mér að leggja hér fram. Þetta er grundvallaratriði fyrir starfsemi leikskólanna. Ég er alls ekki að kasta rýrð á hlutverk leikskólakennara á nokkurn hátt og veit að það eru þeir sem eru leiðandi á heimilunum og standa fyrir öllum þeim framförum sem þar hafa átt sér stað og munu eiga sér stað á næstunni, en það fólk sem til starfa er ráðið þar við hlið þeirra þarf að hafa góða menntun. Við getum ekki fram hjá þessu litið og það er eiginlega réttur barnanna að starfsfólkið sem á að annast þau eigi aðgang að þessu námi.

Það er rétt sem hv. 9. þm. Reykv. sagði að það væru víðs vegar í gangi, samkvæmt kjarasamningum verkalýðsfélaganna, svona námskeið, þ.e. hagnýt uppeldisfræðinámskeið. En það er alls ekki alls staðar og mér finnst eðlilegt að það sé í lögum að uppeldisfræðinámskeið séu veitt öllu starfsfólki leikskólanna. Auðvitað vitum við það líka, bæði ég og ýmsir aðrir sem hér eru inni, að það er mjög öflugt fræðslustarf sem er rekið á vegum t.d. Dagvistar barna í Reykjavík fyrir leikskólana. Það er okkur kunnugt um. En þetta markvissa, hagnýta grunnuppeldisfræðinám sem ég er að tala um hérna þarf helst að vera í lögum til þess að allir geti átt rétt á því.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta að sinni. Mér finnst augljóst að við getum ekki litið fram hjá þeirri staðreynd sem blasir við okkur hvar sem við lítum innan leikskólakerfisins.

Ég vil líka harma það að tillaga hv. 2. þm. Vestf., Ólafs Þ. Þórðarsonar, sem átti líka að bætast við 12. mgr., um það að börn sem ekki tilheyra þjóðkirkjunni fengju fræðslu um sín trúarbrögð eða þau lífsviðhorf sem þau eru alin upp við — mér finnst mjög slæmt að þingið skyldi ekki sjá sér fært að samþykkja þessa tillögu. Það er af því að við, íslenska þingið, höfum samþykkt ýmsa mannréttindasáttmála og ég held jafnvel að það sé brot á þessum mannréttindasáttmálum að við skulum leyfa okkur að hafna svona tillögu. Auk þess held ég að það gæti verið bara nokkuð góður bisness að kenna börnunum okkar um trú annarra þjóða. Ég held jafnvel að þeir bisnessmenn sem þetta þjóðfélag ætlar sér að ala upp væru betur í stakk búnir til þess að eiga skipti við fjarlægar þjóðir ef þeir skildu trúarlegan og siðferðilegan hugsunarhátt þeirra. Það ættu þó þeir að skilja sem mest hugsa um efnahagslegan ábata íslensku þjóðarinnar.

Ég legg til að þessi tillaga mín verði vel ígrunduð af þingmönnum og ég vonast til að þeir beri gæfu til að samþykkja hana.

[10:35]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Vegna brtt. sem kemur fram á þskj. 1271 frá Guðrúnu J. Halldórsdóttur og hún var hér að ræða, þá vil ég benda á að þetta frv. til laga um leikskóla fjallar á engan hátt um menntun starfsfólks sem vinnur á leikskólanum. Það segir að vísu í 1. gr. að við leikskólann skuli starfa sérmenntað fólk í leikskólauppeldi, leikskólakennarar. Það er það sem við göngum út frá í þessum lögum. Við tökum ekki á neinu t.d. varðandi menntun leikskólakennara. Þess vegna sé ég kannski ekki ástæðu til að vera að taka akkúrat á þessu eða samþykkja þessa brtt. varðandi þetta frv.

Það hefur verið þannig og auðvitað get ég alveg viðurkennt að við verðum að horfast í augu við það að á mörgum leikskólum hefur ekki tekist að manna leikskólana með sérmenntuðum leikskólakennurum, en starfsmennafélög víðs vegar um landið hafa séð um hagnýta uppeldisfræði fyrir ófaglært starfsfólk og þau hafa sinnt því ágætlega. Þessi námskeið hafa, að ég tel, verið ágæt og verið mikil fræðsla og mikil viðbót fyrir það ófaglærða starfsfólk sem hefur starfað á leikskólum. Það hefur líka verið hvetjandi fyrir það starfsfólk að fara á þessi námskeið vegna launahækkunar. Starfsfólk hefur fengið launahækkun.

En ég vil ítreka að ég get ekki alveg séð samhengið af því að við erum ekkert að fjalla um menntun leikskólakennara í þessu frv. Ég tel ekki að þessi brtt. eigi nokkuð við. Og varðandi það sem hún kom inn á vegna tillögunnar sem felld var í gær frá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni þá er það nú þannig að innan leikskólans er ekki kennt trúboð heldur kristilegt siðgæði og með umburðarlyndi og víðsýni eru leikskólakennarar að kenna börnum að bera virðingu fyrir trú og lífsskoðunum annarra.

[10:37]

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. 11. þm. Reykn. erum auðvitað ekkert mjög fjarri í skoðunum, eins og gefur að skilja, því við þekkjum báðar leikskólann ansi vel og vitum hvernig staðan er. Það eina sem við erum að deila um er það hvort það eigi að standa hérna að börnin sem á leikskólunum eru eigi rétt á því að allt það starfslið sem á leikskólunum starfar njóti uppeldisfræðimenntunar þó mismunandi sé. Mín skoðun er sú að þetta eigi að standa þarna og ég stend við hana alveg endalaust. Það kemur ekki annað til mála en að það eigi að standa þarna að börnin eigi rétt á þessu.

Hvað viðkemur hinu atriðinu, að kristilegt siðgæði eða lífsviðhorf kenni víðsýni og umburðarlyndi fyrir trúarskoðunum annarra, það finnst mér sjálfsagt og rétt, en það er tvennt að kenna umburðarlyndi fyrir trúarskoðunum annarra og að kynna trúarskoðanir annarra og kenna um það. Í þessu er mismunurinn fólginn.

[10:39]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég tel að þetta frv. fjalli ekki um menntun leikskólakennara. Við erum ekki að ræða um menntun leikskólakennara. Ég tel því að þessi brtt. sé ekki á réttum stað. Og ég ítreka þá skoðun mína, eins og kom fram áðan, að þessi starfsmannafélög víðs vegar um land hafa séð um fræðslu fyrir ófaglært starfsfólk á leikskólum og ég tel að þau geti gert það áfram án þess að þetta komi inn í lög um leikskóla.

[10:39]

Guðrún J. Halldórsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil ekki draga úr því, síður en svo, að það hafi verið haldin góð og merk námskeið fyrir ófaglært starfsfólk á dagvistarheimilum. Það hefur líka verið í gangi afskaplega góð kennsla fyrir leikskólakennara sem hefur farið fram í Fósturskóla Íslands. En ég get ekki skilið af hverju má aðeins nefna menntun leikskólakennara en ekki menntun annars starfsfólks. Mér er alveg fyrirmunað að skilja af hverju þarf að gera greinarmun þarna á.

[10:41]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það er nú svo að litlir hlutir geta stundum orðið til þess að menn verði að ræða á ögn breiðari grundvelli um málið.

Þessa stundina sakna ég hæstv. utanrrh. vegna þess að hæstv. utanrrh. brá til þess í rökræðu fyrir stuttu síðan að vitna til manns sem var neyddur til þess að neita því sem hann vissi sannast og réttast. Hann var neyddur til að neita því að jörðin snerist. Lög landsins voru á þann veg að ef þessi ítalski maður hefði ekki neitað því að jörðin snerist þá hefði verið heimilt að drepa hann. Það var hið kristilega umburðarlyndi þess tíma í nágrenni við páfastól og eitthvað veldur því að mannkynssagan hefur haldið þessu mjög á lofti og þetta er hæstv. utanrrh. minnisstætt.

Nú er það svo að Íslendingar hafa verið að samþykkja frv. til laga um mannréttindasáttmála Evrópu og ég held að það sé óhjákvæmilegt að rekja örlítið upphafið að þeim sáttmála í örfáum orðum, víkja að því á hverju hann er grundvallaður. Mannréttindasáttmáli Evrópu segir svo í skýringum í fskj. I, með leyfi hæstv. forseta:

„Ríkisstjórnir þær sem undirritað hafa samning þennan og aðilar eru að Evrópuráðinu hafa í huga hina almennu mannréttindayfirlýsingu sem allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti hinn 10. des. 1948."

Þau atriði sem þar eru mjög vel skilgreind eru þess vegna ekki öll tekin inn í þennan sáttmála vegna þess að hann er byggður sem viðauki við mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þó er það svo að á nokkrum stöðum er vikið að mannréttindum sem tengjast trúmálum og þar er að sjálfsögðu trúfrelsið virt. Í 9. gr. þessa samnings segir svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Sérhver maður á rétt á að vera frjáls hugsana sinna, samvisku og trúar. Í þessu felst frelsi manna til að breyta um trú eða sannfæringu, svo og til að rækta trú sína eða sannfæringu hvort heldur einslega eða í samfélagi með öðrum, opinberlega eða á einkavettvangi, með guðsþjónustu, boðun, breytni og helgihaldi."

Svo mörg eru þau orð. Nú er það svo að mikill meiri hluti íslensku þjóðarinnar er kristinn og það er vel. En það breytir ekki því að kristin trú hefur í áranna rás ekki haft jafnafgerandi áhrif á mótun allrar lagasetningar í löndum kristinna manna eins og hún hafði á miðöldum. Það er nóg að vísa til Stóradóms í þeim efnum og þegar kristilegt umburðarlyndi var á þann veg að bestu pyntingartækin sem til voru í Evrópu voru í eigu kirkjunnar og þau óspart notuð til að halda mönnum til réttra skoðana. Það var hið kristilega siðgæði sem þá ríkti.

Í dag er það svo að múhameðstrúarmenn hafa mjög sótt á um það að geta mótað með trú sinni alla lagasetningu sinna landa. Það má segja sem svo að þar sem það hefur tekist þá hefur verið ólíft fyrir aðra af öðrum trúarbrögðum að vera á viðkomandi landsvæðum.

Ég er þeirrar skoðunar að það stríð sem verið hefur á milli kristinna aðila á Írlandi sé vissulega að stórum hluta tilkomið vegna afstöðu Breta, en það er líka mismunandi skilningur á kristilegu siðgæði sem liggur þar á bak við. Mismunandi skilningur sem kemur fram í ýmsu, m.a. viðhorfi til fóstureyðinga og slíku.

Kristilegt siðgæði er ekki hugtak sem allir túlka á sama veg. Kristilegt siðgæði hefur trúlega mjög fjölbreytta túlkun. Það vill svo til að þessa stundina hefur það verið rætt líka að þeir sem eiga að fara að

kenna þetta kristilega siðgæði á leikskólunum hafa mjög misjafnan bakgrunn þekkingarlega séð til að standa að því verki. Ég held þess vegna að sú ákvörðun að halda því fram að kristilegt siðgæði hafi ekkert með kristna trú að gera, eins og hér sé um tvær andstæður að ræða, sé fyrst og fremst aumur útúrsnúningur.

Ég verð að segja eins og er að þetta mál hélt ég að mundi renna nokkuð greiðlega í gegnum þingið. Ég fór fram á það í menntmn. að það kæmu fram hugmyndir um það hvernig ætti að gæta jafnræðis í þessum efnum. Það er nú svo að það er orðin allmikil yfirstjórn yfir þessum nefndum. Það virðist þessa stundina að formenn, sumir hverjir, séu mjög bundnir af ráðuneytum, hvað þeir megi gera. Ég taldi að það væri nægur tími til að skoða þetta og þetta þyrfti alls ekki að vera deiluefni því að ég hef ekki vitað til þess að núv. hæstv. menntmrh. hefði einhvern sérstakan áhuga á því að efna til deilna í leikskólum í landinu vegna þess að foreldrar sem tryðu á aðra guði væru ekki velkomnir með börn sín í skólana, án þess að þurfa að beygja sig undir það að þar skyldi kristilegt siðgæði eitt ríkja.

Ég boðaði að ég mundi flytja brtt., sem ég gerði, og sú brtt. hefur verið felld. Auðvitað er ekki um annað að gera en að taka því. En ég tel mig eiga rétt á skýringum frá hæstv. menntmrh. á því hvernig hann hyggist tryggja það, fyrst þessi tillaga var felld, að jafnræðis verði gætt, hverjum hann ætli að fela eftirlitið með því. Og til þess að undirstrika þetta hef ég hugsað mér, með leyfi hæstv. forseta, að lesa innganginn í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna:

„Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda er eigi verði af honum tekin og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum. Hafi mannréttindi verið fyrir borð borin og lítilsvirt hefur slíkt haft í för með sér siðlausar athafnir sem ofboðið hafa samvisku mannkynsins, enda hefur því verið lýst að æðsta markmið mannkynsins um heim allan sé að skapa veröld þar sem menn fái notið málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu. Mannréttindi á að vernda með lögum, að öðrum kosti hljóta menn að grípa til þess örþrifaráðs að rísa upp gegn kúgun og ofbeldi."

Hérna er trúfrelsið sett inn sem eitt aðalmálið í þessum efnum. Og ef rökin eru þau að þetta sé allt tryggt með því að hafa samþykkt þennan sáttmála eða þetta sé tryggt með því að þetta sé í stjórnarskránni þá má benda á að það eru líka ákvæði inni í stjórnarskránni sem tryggja það að evangelísk-lútersk kirkja skuli hafa vissa stöðu í landinu. Þetta tengist því óneitanlega saman.

Mér er ljóst að sumir láta sér detta í hug að það sé af einhverjum fjandskap við kirkjuna sem þetta er flutt. Það er fjarri mér að taka undir slíka hluti. Ég hefði treyst mörgum kirkjunnar mönnum betur en öðrum til þess að halda þannig á svona máli að til fyrirmyndar væri. Ég tel aftur á móti að það sé gersamlega út í hött fyrst krafan um að kristilegt siðgæði skuli eflt er inni að þá sé ekki jafnframt sú réttarstaða tryggð sem þeir aðilar hafa sem ekki aðhyllast kristna trú, greiða skatta og skyldur til þessa þjóðfélags, eiga fullan rétt á jafnrétti, eiga samkvæmt íslensku stjórnarskránni rétt á því að þeirra trú sé virt, eiga samkvæmt samþykktum Alþingis á mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna og þeim sáttmála sem samþykktur var í gær þennan sama rétt. Hvers vegna er þá ekki hægt að ganga frá því í lagatextanum sjálfum? Mín fyrirspurn til hæstv. ráðherra er: Mun hann beita sér fyrir því að þegar verið er að efla kristið siðgæði í leikskólanum þá verði þess gætt að foreldrar sem önnur viðhorf hafa hafi þar sama rétt til þess að þeirra börn séu frædd á hlutlausan hátt um það siðgæði sem liggur á bak við þeirra trúarbrögð?

[10:55]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Herra forseti. Við hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson sitjum saman í tveimur nefndum, annars vegar allshn. og hins vegar menntmn. Í allshn. hefur verið fjallað um mannréttindasáttmála Evrópu í vetur og þar er í 14. gr. mælt fyrir um að ekki megi mismuna mönnum, m.a. með hliðsjón af trúarbrögðum. Þetta eru almenn ákvæði í mannréttindasáttmála Evrópu sem að sjálfsögðu gilda nú orðið sem lög hér á landi því við samþykktum þetta sem lög hér á Alþingi í gær.

Ég gerði mér ekki grein fyrir því að með leikskólalögunum væri verið að hrófla við þessari 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Sé svo að það sé verið að gera það er full ástæða til þess að þetta mál verði tekið aftur til umræðu í nefndinni og það nái þá ekki fram að ganga hér á þessu þingi. Ég tel hins vegar að svo sé ekki. En þetta eru svo alvarlegar ásakanir sem hv. þm. er með um það að með leikskólalögunum sé verið að brjóta gegn mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna og mannréttindasáttmála Evrópu að haldi hann fast við það þá á hann auðvitað að krefjast þess að þetta mál verði tekið aftur og það verði ekki afgreitt hér á þessu þingi. Ég lít hins vegar ekki þannig á að við séum að brjóta í bága við mannréttindayfirlýsinguna eða mannréttindasáttmála Evrópu með þessum lögum og það hefði verið fróðlegt að heyra þessi sjónarmið hv. þm. í nefndinni og að hann hefði rætt þetta málefnalega í nefndinni en tæki þetta ekki upp hér á þessu stigi málsins í því skyni að spilla fyrir framgangi málsins í þinginu.

[10:58]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ein af þeim frægu yfirlýsingum þess mæta manns Bjarna Benediktssonar var að lýðræði fælist í því að meiri hlutinn hefði rétt til að hafa rangt fyrir sér og undir það beygi ég mig. Meiri hluti Alþingis getur samþykkt hér hvaða vitleysu sem er í nafni lýðræðisins. Það liggur alveg ljóst fyrir. Ég stöðva ekki mál á þingi Íslendinga með einhverjum aðgerðum eða krefst þess að þau séu stoppuð. Meiri hlutinn hefur sínar leikreglur og fer eftir þeim og hann hefur rétt til þess að hafa rangt fyrir sér.

[10:58]

Tómas Ingi Olrich *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur hér efnislega verið að

ræða um brtt. við frv. til laga um leikskóla sem hann flutti í gær og var felld. Þessi brtt. er ekki til umræðu hér í dag og þar af leiðandi getur þessi umræða ekki talist vera samkvæmt þingsköpum.

[10:59]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Þessar ávítur hv. þm. Tómasar Inga Olrich gagnvart hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni voru fullkomlega út í hött. Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson var að ræða sérstakt ákvæði sem er í því frv. sem hér er til 3. umr. og var að vekja athygli á því að það ákvæði kynni að stangast á við mannréttindasáttmála eins og hv. þm. Björn Bjarnason tók hér til umræðu. Hins vegar verð ég að segja það við hv. þm. Björn Bjarnason ... (Gripið fram í.) Jú, jú, hv. þm., ef þingmaðurinn getur bara beðið rólegur og ég fái að ljúka setningunni án þess að gripið sé fram í þá finnst mér það sérkennilegt að standa hér upp í andsvörum og hóta því að stjórnarfrumvörp verði ekki afgreidd hér. Ég veit ekki hvaða vald þingmaðurinn hefur til þess að hafa þannig áhrif á stjórn þingsins, að vegna þess að honum mislíki við eina ræðu hér og þoli ekki efnisatriði hennar þá fari hann að hóta því að frumvörp séu ekki afgreidd, sami þingmaður og stóð hér upp fyrir um það bil sólarhring síðan og fór að mótmæla stjfrv. sem varð svo til þess að forsrh. og félmrh. gáfu hér sérstaka yfirlýsingu sem þingmaðurinn þakkaði fyrir með sérstöku þakkarávarpi. Hér er annar þingmaður að fara fram á það að annað stjfrv. sé leiðrétt og þeim einstaklingum, íslenskum, sem hafa önnur trúarbrögð en kristna trú (**Gripið fram í:** Það er búið að fella þetta.) sé veittur sá sjálfsagði ... (Gripið fram í.) Hv. þingmenn Sjálfstfl. eru hvað eftir annað að gjamma hér fram í um það að búið sé að fella þetta. Það er gaman að þingmenn Sjálfstfl. skuli segja að af því að það sé búið að fella leiðréttingu gagnvart mannréttindum þá skuli óréttlætið blífa. Annað eins hefur nú gerst hér á þinginu að menn hafa séð að sér við 3. umr. Það er hægt að nefna fjölmörg dæmi um það að menn hafi séð að sér við 3. umr. Hvílíkur hroki í afstöðu þessara þingmanna Sjálfstfl. sem hér kemur fram. (**TIO:** Má vænta þess að tillaga komi fram?) Hún kann nú að koma fram, hv. þm., umræðan er rétt að byrja. Þannig að þó ekki hafi komið fram brtt. nú þegar þá er samkvæmt þingsköpum hægt að flytja þá brtt. hvenær sem er ef afbrigði eru veitt. (**Gripið fram í:** Þegar búið er að fella það?) Það er hægt að umorða brtt. með margvíslegum hætti.

Mér finnst nú leiðinlegt, forseti, að ég þurfi að nota minn tíma til þess að svara þessum sífelldum frammíköllum þessara tveggja þingmanna Sjálfstfl., sem bera vissa ábyrgð á erlendum vettvangi fyrir hönd Alþingis, annar hjá Evrópuráðinu og hinn á þeim vettvangi þar sem Evrópuþjóðirnar komu sér saman um sáttmála til að tryggja mannréttindi og lýðræði og að þeir tveir skuli vera hér fremstir í flokki til þess að koma í veg fyrir að þeir einstaklingar á Íslandi, sem eiga börn, sem játa ekki kristna trú, eigi rétt á því að í þeirra skólum sé siðferðisgrundvöllur þeirra trúarbragða sem fjölskyldan aðhyllist líka virtur.

Ég skora nú á þessa þingmenn og menntmrh. að hafa vit til þess að leita samkomulags um það að gerð verði breyting á leikskólafrv. hér við 3. umr. til þess að sjálfsagður réttur þeirra Íslendinga, sem ekki aðhyllast kristna trú, til að geta alið börn sín upp á siðferðisgrundvelli þeirra eigin trúarbragða, verði virtur.

[11:03]

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Satt að segja ber þessi morgunstund með sér að það sé ætlunin að reyna að ljúka þinginu kannski á þessum sólarhring og menn eru nokkuð trekktir finnst mér, stjórnarliðar, og viðkvæmir fyrir minni háttar málum. Ég bendi á í þessu sambandi, varðandi það mál sem hér hefur verið nefnt að það væri kannski sniðugt að leyfa hæstv. menntmrh., sem er í fyrirsvari fyrir málaflokkinn, að svara, áður en hv. þm. Tómas Ingi Olrich og Björn Bjarnason taka að sér að svara fyrir hann. Hann er þó með stólinn enn þá. Þannig að mér þætti það sniðugt kerfi að ráðherrann fengi kannski bara allt í einu að svara og athuga hvað kemur út úr því og spjalla svo um hlutina áfram í stað þess að hlaupa í hnút hér á fallegum vormorgni með þeim hætti sem hv. þingmenn hafa gert.

Það mál sem hér er um að ræða er samkomulagsmál í nefndinni og þó að það komi upp mál við 3. umr. þá er ekkert við því að segja. 3. umr. er til þess að fram haldi efnisumfjöllun um málið. Það að mál sem er fellt við 2. umr. sé rætt er að sjálfsögðu mjög algengt vegna þess að 3. umr. er uppgjör eftir 2. umr. þar sem menn ræða m.a. um það hvaða afleiðingar afgreiðslan við 2. umr. hefur á lokameðferð málsins. Og að ætla sér að segja að það sé bundið fyrir talfærin á mönnum um tiltekin mál sem hafa verið felld við 2. umr. jafngildir auðvitað því að afnema lýðræði hér í stólnum við 3. umr. nema um þá hluti sem alls ekki voru nefndir við 2. umr. Þetta gengur auðvitað ekki eins og hv. þm. sjá, sem eru greindir þingmenn ef þeir smella sér út úr geðvonskuhamnum sem allt í einu rann á þá hér í morgun. Ég held að það væri skynsamlegt fyrir þróun þessarar umræðu að hæstv. menntmrh. fengi að svara og síðan sjá menn hvernig þessu mikilvæga máli þokar fram.

Varðandi síðan þá tillögu sem hér er uppi og hefur einnig verið nefnd í andsvörum, varðandi menntun annarra starfsstétta, þá tel ég að það sé mál sem menn eigi líka að ræða í rólegheitum en ekki að kasta sér út í einhvern flaum kergju þegar um jafnmikilvægt mál er að ræða og það sem hér er uppi.

[11:06]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Í forsetastól situr hv. þm. Sjálfstfl. sem hefur stuðning þeirra til þeirra starfa að stjórna fundi, Sturla Böðvarsson. Þá ryðst fram á völlinn hv. 5. þm. Norðurl. e. og telur að forseti hafi stórlega brotið af sér í starfi. Hann hafi ekki stöðvað ræðu sem ekki átti að flytja af því að það mál hafi ekki verið á dagskrá. Tilgangurinn með ræðunni virðist hafa verið að koma í veg fyrir það að menntmrh. svaraði.

Ég hlustaði á þrjá þingmenn Sjálfstfl. í umræðu um

húsaleigubætur tala um skattamál fram og til baka. Fyrir þeim fór hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Umræður um skattamál fram og til baka. Ég flutti hér aðdraganda að spurningu sem ég varpaði fram til menntmrh. Ég vissi ekki að það væri búið að friða ráðherrann. Það er ekki búið að samþykkja þessi friðunarlög um villt dýr á Íslandi mér vitanlega og það væri þá ansi hart fram gengið ef menn litu svo á að þegar ráðherrarnir eru við þá megi ekki spyrja þá. Ég veit ekki til þess að ég hafi farið ókurteislega að hæstv. ráðherra. Það er þá hæstv. ráðherra að gera athugasemdir við það hafi honum þótt ég ryðjast hér fram með offorsi með spurningar sem ekki væri eðlilegt að hann svaraði. En það er merkilegur hlutur og þykir mér stórtíðindi ef Sjálfstfl. hefur skipað hv. 5. þm. Norðurl. e. sem yfirsiðameistara yfir forsetum sínum sem hann hefur falið að stjórna þinginu.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill biðja hv. þingmenn um að reyna að stytta umræður um stjórn fundarins og vill vekja athygli á því sem hv. 9. þm. Reykv. nefndi um væntanlega ræðu hæstv. menntmrh. sem hefur óskað eftir að taka til máls. Forseti vill spyrja um hvort hv. þm. óski eftir að taka til máls.

[11:08]

Tómas Ingi Olrich *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Vegna orða sem hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson lét falla hér áðan þá verð ég að taka það fram að þegar hann hóf að ræða hér um brtt. sem felld var í gær þá var hv. þm. Valgerður Sverrisdóttir í forsetastóli og gegndi því mikilvæga embætti.

Enn fremur er rétt að benda á að athugasemdir þingmanna um stjórn þingsins eru algerlega óháðar því hver situr í forsetastóli hverju sinni. Þingmenn hafa fullan rétt til þess að hafa skoðanir á því hvort farið er að þingsköpum eða ekki hver sem situr þar og fellst ekki í því nein vanvirðing við einstaka hv. þingmenn sem gegna því mikilvæga embætti. Ég tel að hér hafi verið endurtekin umræða sem fór fram í gær vegna brtt. við frv. til laga um leikskóla sem var felld og það er svo að frv. til laga um leikskóla gefur ekkert tilefni og gaf ekkert tilefni efnislega til þessarar brtt. Það er þess vegna alger óþarfi að endurtaka þau rök sem komu fram þá og miðar ekki að neinu öðru en að tefja störf þingsins.

Útbýting þingskjals:

Tollalög, 254. mál, brtt. EH og GÁ, þskj. 1273.

[11:09]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson):

Herra forseti. Ég hafði hugsað mér að taka til máls í lok umræðunnar og svara fyrirspurnum sem til mín hefði verið beint og gera kannski athugasemdir við einstök ummæli manna, en ég ætla nú að reyna að stilla mig sem mest um það ef það mætti þá verða til þess að róa aðeins umræðuna sem hefur farið satt að segja dálítið úr böndunum finnst mér. Ég hafði t.d. ekki hugsað mér að ræða um trúarbragðastyrjaldir úti í heimi þegar við værum að ræða hér um frv. um leikskóla uppi á Íslandi og ætla að sleppa því, en koma þá að nokkrum atriðum sem ég hef verið spurður beint um og kannski nokkrum athugasemdum sem mér þykir nauðsynlegt að gera við mál einstakra þingmanna.

Hv. þm. Svavar Gestsson talaði um að í raun og veru breytti þetta frv. litlu frá því sem er um gildandi lög. Þetta væri staðfesting á þeirri menntastefnu sem fram kæmi í lögunum frá 1991. Það er vissulega mikið til í því hjá hv. þm. að hér er ekki verið að bylta neinu. Þetta frv. byggir í raun og veru á alveg sömu hugmyndafræði og það frv. og uppeldisáætlun fyrir leikskóla sem gefin var út fyrst 1985 í ráðherratíð Ragnhildar Helgadóttur og endurútgefin í ráðherratíð hv. þm. Svavars Gestssonar. Þannig að þar er ekki svo sem um neina byltingu að ræða. Ýmsar breytingar eru þó í þessu frv. og ég nefni þar það sem tekið er fram strax í 1. gr. að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Þetta út af fyrir sig er t.d. nýtt, var ekki í gildandi lögum, kveðið beint á að þetta væri fyrsta skólastigið þó það væri ekki skólaskylda.

Þá eru líka nokkrar breytingar sem fylgja samþykkt þessa frv. varðandi stjórn leikskólans og þar sem kveðið er beint á um í 9. gr. að fulltrúar starfsfólks og fulltrúar foreldra eigi rétt til setu á fundum leikskólanefndar. Í gildandi lögum er talað um að sveitarstjórn geti falið félmn. að fara með málefni leikskólans. Það er ekki slíkt beint ákvæði í þessu frv. sem tryggir þá um leið að fulltrúar starfsfólks og foreldra eigi fasta setu á fundum þeirrar nefndar sem falin er stjórn leikskólans af viðkomandi sveitarstjórn.

Hv. þm. spurði hvenær ég mundi setja reglugerð. Ég mun að sjálfsögðu snúa mér að því strax og frv. hefur verið samþykkt, sem ég vona auðvitað að verði hér fyrir þingfrestun, að undirbúa setningu þeirrar reglugerðar. Eins og ég nefndi, ég held að ég hafi nefnt það sérstaklega við 1. umr. málsins, þá munu þar sérstaklega kallaðir til fulltrúar frá sveitarfélögunum til þess að semja þá reglugerð sem 6. gr. kveður á um og að sjálfsögðu verða þar líka kallaðir til fulltrúar frá leikskólakennurum og skólastjórum. Þetta ætti sem sagt að geta farið af stað þegar eftir samþykkt frv.

Hv. þm. nefndi vinnubrögðin í sambandi við samningu þessa frv. sem dæmi um ólýðræðisleg vinnubrögð í menntmrn. Þessari fullyrðingu vísa ég á bug. Það var nefndin sjálf sem setti sér sínar vinnureglur. Það komu engin fyrirmæli úr menntmrn. um það hvernig starfshættir nefndarinnar skyldu vera og engin fyrirmæli um það frá ráðuneytinu að einhverju skyldi haldið leyndu innan nefndarinnar um það sem þar var verið að vinna. Þannig að ég vísa því á bug að þar sé um ólýðræðisleg vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins að ræða, það er einfaldlega ekki rétt.

Án þess að ég ætli að fara að ræða sérstaklega tillögu hv. þm. Ólafs Þ. Þórðarsonar, tillögu sem felld var hér í gær — ég er víst því miður ekki með tillöguna hjá mér — en mér finnst ekki rétt og það er ekki heimilt að gagnálykta, að vegna þess að sú tillaga hafi verið felld þá megi ekki sýna börnum foreldra sem aðhyllast önnur trúarbrögð en kristna trú umburðarlyndi.

Það er alls ekki heimilt að gagnálykta svona, það gengur bara ekki. Í því samhengi bið ég menn líka um að lesa 2. gr. alla, ekki eingöngu þá setningu sem fjallar um að efla skuli kristilegt siðgæði barna. Í 2. gr. er löng upptalning á því hvert sé markmið með uppeldi í leikskóla og þar er margt fleira tiltekið heldur en bara það að efla kristilegt siðgæði.

Ég sé ekki að það séu neinir þröskuldar í veginum með að framkvæma þessi lög þrátt fyrir þetta ákvæði, ef ég má orða það svo, þrátt fyrir þetta ákvæði. Að það hafi í för með sér einhverja sérstaka hættu á því að börnum í leikskóla stafi einhver sérstök hætta af þessu ákvæði, mér er alveg ómögulegt að skilja svona málflutning eða svona spurningar.

Um tillögu hv. þm. Guðrúnar J. Halldórsdóttur vil ég aðeins segja það að mér skilst að það hafi ekki gefist færi á því að ræða þá tillögu í hv. menntmn. Ég bendi í þessu sambandi á það sem hv. þm. Petrína Baldursdóttir raunar benti á að námskeið hafi verið haldin fyrir ófaglært starfsfólk leikskóla og ekki ástæða til að ætla annað en framhald verði á því. Ég nefni svo sérstaklega það sem segir í athugasemdum við 12. gr. frv. Með leyfi hæstv. forseta, les ég það:

„12. gr. tekur til menntunar þeirra er sinna uppeldi og menntun barna í leikskólum. Gert er ráð fyrir því að sveitarstjórn setji þeim og öðru starfsfólki leikskóla erindisbréf."

Ég mundi vilja lýsa því hér yfir að ég vildi hvetja til þess að erindisbréf um þessi efni yrðu sett sem fyrst og mér sýnist hægurinn hjá að taka á þessum málum þar, um menntun hins ófaglærða starfsfólks í leikskólum. Og ég spyr nú hv. þm. Guðrúnu J. Halldórsdóttur hvort hún gæti ekki fallist á það að þannig mætti taka á þessum málum nú og hún gæti þess vegna dregið tillöguna til baka til þess að greiða fyrir afgreiðslu málsins.

Herra forseti. Ég held að það sé ekki fleira sem ástæða er fyrir mig að nefna hér sérstaklega, en bið hv. þingmenn um að stilla málflutningi sínum í hóf þannig að okkur takist að afgreiða þetta mál fyrir þinghlé.

[11:20]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir þau svör sem hann veitti við þeim spurningum sem ég bar fram. Það er út af fyrir sig rétt hjá honum að það eru nokkrar yfirlýsingar sem fram koma í þessu nýja lagafrv. sem ekki eru í gildandi lögum um leikskóla, en þær breyta sjálfkrafa engu fyrir leikskólann. Þær birtast ekki í hinu hversdagslega starfi inni í leikskólunum á Íslandi nema það verði gerðar ráðstafanir af hálfu ráðuneytisins til að fylgja því eftir og það kom ekki fram í svari hæstv. ráðherra, því miður, með hvaða hætti hann hyggst gera það.

Í öðru lagi þakka ég honum fyrir að lýsa því yfir að reglugerðarvinnan verði hafin strax í samráði við viðkomandi aðila. Hann mótmælti því í þriðja lagi að viðhöfð hefðu verið ólýðræðisleg vinnubrögð við undirbúning þessa máls, sagði að ráðuneytið hefði ekki lagt svo fyrir. Ég þakka honum fyrir þær upplýsingar. Ég gæti svo sem nefnt honum önnur dæmi um ólýðræðisleg vinnubrögð en ætla ekki að gera það í þessum andsvarstíma. Í fjórða lagi finnst mér mikilvægt varðandi þá brtt. sem felld var í gær og spurt var um hér og rædd hefur verið um skeið, að hæstv. ráðherra komst þannig að orði að þrátt fyrir ákvæði 2. gr. yrði sýnt umburðarlyndi varðandi aðra hópa barna sem væru inni í leikskólunum. Og þessi orð „þrátt fyrir" eru að mínu mati mjög mikilvægt innlegg í þá hugmyndalegu umræðu sem staðið hefur hér um málið um skeið.

Ég endurtek þakkir mínar til ráðherrans fyrir svörin, en segi svo að allra síðustu að ég tel að það sé mikilvægt að við, í framhaldi af þessu, ræðum rækilega, þó síðar verði, um menntun leikskólakennara, hvort hún verður flutt á háskólastig eða ekki. Það er sennilega eitt allra brýnasta málið í framhaldi af samþykkt þessa frv., ef að lögum verður, að við förum rækilega yfir þau mál.

[11:22]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég hef fylgst hér með umræðu um þetta mál og þeim þingskjölum sem hafa komið úr hv. menntmn. Að mínu mati liggur málið þannig fyrir að hér er traustur meiri hluti og ákveðinn vilji að afgreiða þetta mál í því formi sem nefndin lagði til. Ég er þeirrar skoðunar að sú umræða sem hér hefur farið fram um ákveðna grein sem lýtur að kristilegu siðgæði og því að það sé reiknað með því að börn á leikskólum séu alin upp á grundvelli kristilegs siðgæðis hafi farið nokkuð úr böndunum og langt út fyrir það sem þessi lagagrein gerir ráð fyrir og hvet þess vegna til þess að málið verði afgreitt.

[11:23]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég er nú ekki alinn upp í nágrenni við neitt munkaklaustur í Eyjafirði og náði þess vegna ekki seinustu ræðu. En ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir það að hann sýndi heiðarlega viðleitni til að svara þeirri spurningu sem ég varpaði til hæstv. ráðherra og notaði sömu orðin og voru í upphafi minnar brtt., „þrátt fyrir", sem inngangspunkt í svari sínu. Hann gat þess reyndar að hann hefði ekki skilið ræðuna eða spurninguna og að sjálfsögðu er það ekki saknæmt þó að menn skilji ekki spurningar, en það gerir það að sjálfsögðu að það verður mun erfiðara að svara þeim. Viðleitnina þakka ég engu að síður.

[11:24]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ein af þeim breytingum sem orðið hafa á íslensku þjóðfélagi á síðari árum er að það er vaxandi fjöldi foreldra og barna sem aðhyllist ekki kristna trú en aðhyllist önnur trúarbrögð sem hafa ekki síður mikilvægan siðferðisgrundvöll heldur en kristin trú. Eins og frv. er nú orðað er lögð sú kvöð á leikskólann að efla — og ég legg áherslu á það orð — að efla kristilegt siðgæði barna. Þar með á leikskólinn sem stofnun að efla trúarlegt siðgæði barna sem aðhyllast ekki þá trú. Það höfum við sum sagt hér að stangist á við grundvallarhugsun nútímamannréttinda. Og það er engin hótfyndni og það er engin töf á um-

ræðum hér, það er grundvallaratriði. Ef textinn væri orðaður með ýmsu öðru móti, eins og að kynna eða annað slíkt, þá væri hægt að líta á málið með öðrum hætti en hér er lögð sú kvöð á leikskólann að efla.

Ég vil þess vegna spyrja hæstv. menntmrh. hvort hann sé reiðubúinn að gefa yfirlýsingu um það að við útgáfu reglugerðar verði tekið alveg skýrt fram að börn sem aðhyllast önnur trúarbrögð muni eiga jafnan rétt á því að siðferðisgrundvöllur þeirra trúarbragða verði lagður til grundvallar í framgöngu leikskólans hvað uppeldi þeirra snertir.

[11:26]

Menntamálaráðherra (Ólafur G. Einarsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var bara til að spara tíma sem ég fór ekki hér upp á eftir hverjum ræðumanni, enda svo sem ekki tilefni til þess alltaf.

Ég tel alveg sjálfsagt að það verði athugað, ég tek það fram, það verði athugað, við útgáfu reglugerðar hvernig koma megi orðum að til þess að meiða nú ekki foreldra þeirra barna sem aðhyllast önnur trúarbrögð en kristna trú. Ég hef sagt það áður og segi það enn og aftur að ég get ekki séð að það sé nein hætta hér á ferðum og það muni ekki spilla ungum sálum þótt í lögum standi að efla beri kristilegt siðgæði barna í þessu tilviki sem eru í íslenskum leikskólum. Ég svara því þessari spurningu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar þannig að þetta verði sérstaklega athugað við samningu reglugerðarinnar.

Þegar ég nota orðin „þrátt fyrir" þá mega menn svo sem leggja það út á þann veg sem þeim sýnist, en í einum málsl. 2. gr. segir beint: „Að stuðla að umburðarlyndi og víðsýni barna" o.s.frv.

[11:28]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. menntmrh. fyrir að hafa gefið þá yfirlýsingu hér að við samningu reglugerðar verði tryggt og vandlega hugað að því að réttur foreldra og barna sem aðhyllast önnur trúarbrögð verði tryggður. Ég held að þessi umræða hér í dag og í gær sé ágætis ábending fyrir menn til þess að huga að því að kannski er fleira í íslenskri löggjöf sem ekki samrýmist þeim breytingum sem eru að verða á okkar þjóðfélagi, að það er vaxandi fjöldi einstaklinga sem aðhyllist önnur trúarbrögð. Ég vil nefna t.d. baháítrúarbrögð sem eru fyrst og fremst siðræn trúarbrögð í eðli sínu og Baháísöfnuðurinn á Íslandi er fyrst og fremst skipaður Íslendingum en ekki nýbúum. Þannig er hægt að nefna ýmis fleiri dæmi.

En ég vona að við getum treyst því að hæstv. menntmrh. muni huga að þessu, eins og hann lýsti hér yfir, í reglugerðinni, en síðan væri skynsamlegt að menn hefðu þetta í huga þegar gengið er frá frumvörpum í framtíðinni.

[11:29]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Eins og ég hef margsagt í öllum umræðum um leikskólafrv., því það vill svo til að ég hef verið við allar þessar umræður, þá álít ég að þetta sé gott frv. og höfuðmarkmið þess séu góð og ég vil stuðla að því að þau náist og þetta frv. nái fram að ganga. Í ljósi þess flutti ég raunar þessa tillögu. Á bls. 8 í greinargerðinni með frv. stendur eins og hæstv. menntmrh. vitnaði í: „12. gr. tekur til menntunar þeirra er sinna uppeldi og menntun barna í leikskólum." Í ljósi þess lagði ég þessa tillögu fram.

Það hefur komið í ljós við umræðurnar að þessa hlið málanna þarf að athuga gaumgæfilega og þar sem hæstv. menntmrh. hefur heitið að stuðla að því að í erindisbréfum um starfsmenn leikskólanna komi fram menntunarmöguleikar og menntunarstaða þeirra, bæði faglærðra og ófaglærðra og það eru þeir ófaglærðu sem ég er að hugsa um núna, þá leyfi ég mér að draga þessa tillögu mína til baka í von um það að leikskólafrv. nái fram að ganga og í von um að það flýti fyrir störfum þingsins það sem eftir lifir af þessum degi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, 2. umr.

Frv. KHG o.fl., 158. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 176, nál. 1063.

[11:32]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1063 um frv. til laga um sérstaka fjáröflun til varna gegn ofanflóðum og um breytingu á kostnaðarhlut sveitarfélaga.

Nefndin hefur fjallað um málið. Fékk hún á fund sinn fulltrúa frá félagsmálaráðuneytinu, frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Almannavörnum ríkisins og frá Viðlagatryggingu Íslands. Þá bárust nefndinni umsagnir, reyndar á 116. löggjafarþingi, frá bæjarstjórnum Siglufjarðar, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupsstaðar, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Ísafjarðar og Vestmannaeyja, hreppsnefndum Tálknafjarðar, Bíldudalshrepps og Flateyrarhrepps, frá Veðurstofu Íslands, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Viðlagatryggingu Íslands og Almannavörnum ríkisins. Voru umsagnirnar almennt jákvæðar.

Lögin um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum eru frá árinu 1985 og er ljóst að þau þarfnast endurskoðunar. Tekjur ofanflóðasjóðs hafa á undanförnum árum dugað til að greiða lögbundinn hlut sjóðsins í þeim varnarvirkjum gegn snjóflóðum sem ráðist hefur verið í. Fyrirsjáanlegt er að á þessu verði breyting eftir því sem hættumötum fjölgar og kröfur aukast um framkvæmdir. Er ljóst að talsvert mun skorta á að ofanflóðasjóður geti fjármagnað þær framkvæmdir sem sveitarfélög vilja ráðast í á þessu sviði á komandi árum.

Eins og fyrr segir hefur félmn. fjallað um þetta frv. á tveimur þingum. Tilgangur frv. er þríþættur.

1. Lagt er til að aukinn verði hlutur svonefnds ofanflóðasjóðs í kostnaði við varnarvirki gegn snjóflóðum og skriðuföllum úr 80% í 90%.

2. Opnað er fyrir þann möguleika að sjóðurinn taki

þátt í kostnaði við viðhald varnarvirkja.

3. Gerð er tillaga um að styrkja fjárhagslega stöðu sjóðsins með því að innheimta næstu fimm ár sérstakt iðgjald af munum sem tryggðir eru skv. 5. og 6. gr. laga um Viðlagatryggingu Íslands.

Á Vestfjörðum hafa nýlega fallið snjóflóð á svæðum sem áður hafa ekki verið metin sem hættusvæði. Í framhaldi af því beinist sérstök athygli að gerð hættumata og rannsóknum í tengslum við þau. Skömmu eftir atburðina á Vestfjörðum samþykkti ríkisstjórnin að beita sér fyrir endurskoðun laganna um varnir gegn snjóflóðum og skipa nefnd sem meti reynsluna af framkvæmd laganna og beini sérstakri athygli að gerð hættumata, forvörnum og rannsóknum og hvernig auka megi fjármagn til ofanflóðavarna.

Félagsmálanefnd leggur áherslu á að endurskoðun laganna verði hraðað og stefnt er að því að frumvarp þar um verði lagt fram í haust. Eðlilegt er, í ljósi þessarar endurskoðunar laganna, að efni þess frumvarps, sem hér liggur fyrir, verði tekið til athugunar við þá endurskoðun og leggur því nefndin til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Undir þetta nefndarálit rita Rannveig Guðmundsdóttir, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Eggert Haukdal, Kristinn H. Gunnarsson, Jón Kristjánsson, Einar K. Guðfinnsson, Guðjón Guðmundsson og Sigbjörn Gunnarsson.

[11:35]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil lýsa ánægju minni með það að tekist hefur að afgreiða þetta frv. með ákveðinni tillögu frá félmn. Eins og hv. formaður nefndarinnar sagði áðan þá hefur þetta frv. legið fyrir á tveimur þingum og má e.t.v. segja að alltaf þurfum við að hrökkva við af einhverju til að láta til skarar skríða í ákveðnum málum. Það koma einnig fram í nefndaráliti frá félmn. þeir atburðir sem skeðu á Vestfjörðum nýlega.

Ég vil bara ítreka það að ég er ánægð með að frv. er vísað til ríkisstjórnarinnar þar sem hún hefur gert ákveðna samþykkt um þetta mál sem er mjög nauðsynlegt að skoða. Við höfum séð það við umfjöllun fjárlaga á undanförnum árum að ofanflóðasjóður er engan veginn í stakk búinn til að sinna því hlutverki sem hann hefur lögum samkvæmt og sem mjög nauðsynlegt er þess vegna að endurskoða, bæði lögin um sjóðinn og fjármögnun í hann.

Annað hef ég ekki að segja um þetta mál en lýsi ánægju með það og vona að það verði afgreitt á þennan veg.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lyfjalög, 3. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 1257, brtt. 1266.

[11:37]

Sólveig Pétursdóttir:

Virðulegi forseti. Heilbr.- og trn. hefur haldið sérstakan fund um þetta mál og var ákveðið að flytja sérstaka brtt. milli 2. og 3. umr. Enn fremur minni ég á yfirlýsingu hæstv. heilbr.- og trmrh. um skipan sérstakrar nefndar.

Fyrir hönd meiri hluta heilbr.- og trn. vil ég nú gera grein fyrir þessum breytingartillögum sem eru á þskj. 1266.

1. Lögð er til orðalagsbreyting á 2. gr. þannig að enn skýrar verði kveðið á um hvernig gjaldtöku þeirri sem ákvæðið gerir ráð fyrir verði háttað. Þannig komi skýrt fram í ákvæðinu sjálfu að leggja skuli árlegt eftirlitsgjald á fyrirtæki og stofnanir sem Lyfjaeftirlit ríkisins hefur eftirlit með en við bætist að setja skuli í reglugerð nánari ákvæði um eftirlitsgjöld og innheimtu þeirra að fengnum tillögum Lyfjaeftirlits ríkisins.

2. Þá eru lagðar til tvenns konar breytingar á ákvæðum til bráðabirgða. Hin fyrri felur í sér að heilbr.- og trmrh. geti þrátt fyrir ákvæði í núgildandi lögum um að lyfsöluleyfi falli niður í lok þess árs sem leyfishafi verður sjötugur framlengt lyfsöluleyfi viðkomandi þangað til ný lagaákvæði um lyfsöluleyfi ganga í gildi þann 1. nóv. 1995.

Síðari breytingin varðar frestun á gildistöku þeirra kafla frv. sem varða lyfsöluleyfi og ákvörðun lyfjaverðs til 1. nóv. 1995. Þá er einnig tekið fram að sá hluti 30. gr. frv. sem fjallar um ákvörðun þóknunar fyrir lyfjaafhendingu dýralækna taki gildi þann 1. nóv. 1995 eða á sama tíma og ákvæði um ákvörðun lyfjaverðs ganga í gildi.

[11:39]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vildi gjarnan inna hæstv. forseta eftir því hver er starfandi heilbrrh. og óska eftir því að hann verði kallaður til umræðunnar þannig að hægt sé að halda henni áfram. Af því að ég tók þátt í lokaafgreiðslu þessa máls í hv. heilbr.- og trn. fyrir hönd Alþb. hefði ég gjarnan viljað eiga orðastað við hæstv. heilbrrh. í salnum áður en málinu lýkur. Það er því spurning hvort hæstv. forseti væri tilbúinn til þess að gera ráðstafanir til að kalla hæstv. félmrh. hingað núna ef hún væri í húsinu. Annars mundi ég fara fram á að fá að gera hlé á ræðu minni.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. félmrh. verði kallaður í þingsalinn og biður hv. þm. um að doka við.)

Já, virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessi viðbrögð. Þannig háttar til með þetta mál sem hér er á dagskrá að það hefur bersýnilega orðið núna í lokin eitt af stærstu deilumálum þingsins. Í raun og veru er það eðlilegt vegna þess að þetta snertir ríka hagsmuni. Lyfjamarkaðurinn á Íslandi er um 5 milljarðar króna, þar af utan sjúkrahúsa 4,3 milljarðar. Almenningur í landinu borgar núna um 32% af þessum kostnaði, borgaði áður, t.d.

í tíð fyrrv. hæstv. ráðherra Guðmundar Bjarnasonar á síðasta ári hans, um 18%. Hér hefur því orðið gríðarlega mikil breyting þannig að almenningur ber meiri og meiri hluta af þessum kostnaði. Ríkið er núna að búa sig undir það að selja helminginn af Lyfjaverslun ríkisins og hér er gert ráð fyrir því að afnema hið gróna apótekarakerfi sem hér hefur verið um áratuga skeið, verið mjög umdeilt, og í staðinn ætla menn að koma á öðru kerfi sem margir óttast að muni hafa í för með sér hærra lyfjaverð. Ég er m.a í þeim hópi sem telur mjög líklegt að samþykkt þessara nýju lyfjalaga muni hafa í för með sér hærra lyfjaverð. Ég tel það eiginlega alveg gefið mál.

Ég sé reyndar, hæstv. forseti, að það er tvennt sem liggur alveg fyrir að gerist ef þetta verður að lögum. Annars vegar hækkar verð á lyfjum og hins vegar munu menn nota meira af lyfjum. Það finnst mér eiginlega vera það eina sem alveg er klárt eftir þessa afgreiðslu. Það er þess vegna sem ég og fleiri vorum tregir til að standa að þessu þó að ég væri hlynntur ýmsum ákvæðum frv. eins og þeim sem lúta að því að breyta þessu apótekarakerfi.

En það var ekki tilefni þess að ég fór í ræðustól heldur hitt, hæstv. forseti, að í tengslum við málið var ákveðið að setja sérstaka nefnd niður með aðild þingflokkanna sem áttu að hafa það hlutverk að fylgjast með áhrifum laganna á lyfjaverð m.a. Mér hefur verið tjáð í baksölum að heilbrrn. hafi sent út beiðni til þingflokkanna um að það verði tilnefnt í þessa nefnd. Ég vildi gjarnan fá upplýsingar um það ef nokkur kostur er hvort svo hefur verið gert og segja frá því að ég tel mikilvægt að þessi nefnd verði til og að hún skili skýrslu til Alþingis þannig að Alþingi geti metið hvort við höfum gengið götuna til góðs með því að samþykkja þetta frv. Þess vegna hefði ég viljað inna hæstv. starfandi heilbrrh. eftir því hvort óskað hefur verið eftir tilnefningum í þessa nefnd og hvenær er ætlunin að hún verði skipuð.

Síðan vil ég almennt segja það, hæstv. forseti, sem heyrir nú kannski ekki undir dagskrármálið en skal ekki taka langan tíma. Mér finnst það sjálfsagður hlutur að þeir ráðherrar sem eiga að passa málaflokkinn og bera ábyrgð á málaflokknum séu viðstaddir þegar verið er að taka málin fyrir núna á síðasta degi þingsins. Ég held að það geti ekki heitið ósanngjörn ósk. Hæstv. menntmrh. var hér t.d. áðan þegar við vorum að fjalla um þau mál. Það var enginn viðstaddur þegar átti að fara að taka fyrir þetta villidýrafrv. sem svo er kallað og það er slæmt. Það er ekki góður svipur á þessu þannig að ég bið hæstv. forseta um að gera það í nafni góðrar samvinnu um þinglokin, ef þau eru fram undan, að ráðherrarnir séu viðstaddir, en erindi mitt upp í stólinn var að beina þessu til hæstv. starfandi heilbrrh.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. og mun að sjálfsögðu líta til þeirra eftir því sem kostur er.

[11:44]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil upplýsa um nefndina sem um er spurt að hæstv. heilbr.- og trmrh. hefur skrifað bréf, dags. 5. maí, þar að lútandi um þessa nefndarskipun og þar kemur fram að nefndin verður skipuð fulltrúum þeirra stjórnarflokka sem fulltrúa eiga á Alþingi ásamt fulltrúa heilbrrn. sem verður formaður nefndarinnar. Samkvæmt þessu bréfi á nefndin að skila niðurstöðu fyrir 1. sept. 1995.

[11:45]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. ráðherra fyrir þessar upplýsingar. Ég held að það sé mjög mikilvægt að fyrir liggi fyrir lokaafgreiðslu málsins að þessi nefnd verði skipuð tafarlaust og vonandi verður hún vel skipuð þannig að hún geti rækt þau verkefni sem henni eru ætluð.

Ég endurtek svo það líka sem ég sagði áðan að mér finnst að það væri skynsamlegt að reikna með því að skýrsla þessarar nefndar verði lögð fyrir Alþingi til umræðu þannig að það verði hægt að meta málið algjörlega í heild þegar niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Tryggingagjald, 3. umr.

Stjfrv., 546. mál (veitingarekstur og útleiga bifreiða). — Þskj. 1260.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 2. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 852, nál. 1229, brtt. 1230.

[11:48]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Ég mæli hér fyrir nefndaráliti á þskj. 1229 um jöfnun á flutningskostnaði olíuvara.

Þetta mál hefur fengið ítarlega umfjöllun á Alþingi og nefndin hefur lagt í það allmikla vinnu, ekki aðeins núna heldur áður. Á þskj. 1230 er brtt. sem gerir ráð fyrir því að bensín verði jafnað á alla útsölustaði. Síðan eru í brtt. taldir upp útsölustaðir er varða dísilolíu.

Ég vil hins vegar taka fram að það er í vinnslu frekari breyting á þessu máli til þess að um það geti verið sem best samkomulag. Það er hins vegar ekki tilbúið þannig að efh.- og viðskn. mun taka það til athugunar milli 2. og 3. umr. Til þess að ekki verði neinar tafir á málinu þótti okkur réttara að bíða þar til milli 2. og 3. umr. Efh.- og viðskn. mælir samhljóða með

því að þetta frv. verði samþykkt en fjarverandi við afgreiðslu málsins var Sólveig Pétursdóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Auðlindakönnun í öllum landshlutum, síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 172. mál. — Þskj. 190, nál. 1088. [11:50]

Frsm. iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 190 var flutt till. til þál. um auðlindakönnun í öllum landshlutum af þingmönnum Kvennalistans. Hv. iðn. fjallaði um málið og fékk fjölmörgum aðilum tillöguna til umsagnar og gerir tillögu um að henni verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Nefndin fékk um hana umsagnir frá Orkustofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands og héraðsnefndum Borgarfjarðarsýslu, Suðurnesja, Múlasýslu, Dalasýslu, Skagfirðinga og Ísafjarðarsýslu.

Í nál. segir:

„Nefndin telur brýnt að fram fari rækileg auðlindakönnun á Íslandi til þess að skapa grundvöll fyrir mótun auðlindastefnu til framtíðar. Hér er í senn um að ræða atvinnumál og umhverfismál sem snerta allan efnahagsgrundvöll þjóðarinnar. Nefndinni er hins vegar ljóst að slík könnun er kostnaðarsöm. Nefndin telur því heppilegt að á þessu stigi verði stjórnvöldum falið að láta gera áætlun um kostnað við slíka auðlindakönnun og leggur því til að tillögunni verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir þetta rita auk mín Sigríður Anna Þórðardóttir, Finnur Ingólfsson, Tómas Ingi Olrich og Pálmi Jónsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, síðari umr.

Þáltill. TIO o.fl., 321. mál. — Þskj. 512, nál. 1089.

[11:52]

Frsm. iðnn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 512 flytja fjórir þingmenn Norðurlandskjördæmis eystra tillögu til þál. um rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði. Flm. eru Tómas Ingi Olrich, Pálmi Jónsson, Jóhannes Geir Sigurgeirsson og Steingrímur J. Sigfússon.

Í tillögunni segir:

„Alþingi ályktar að rannsakaðir verði kostir sem vænlegir eru til nýmæla og þróunar atvinnumála í Öxarfjarðarhéraði með sérstöku tilliti til náttúruauðlinda héraðsins."

Síðan er tiltekið að hverju rannsóknin á að miðast og að lokum segir:

„Byggðastofnun verði falið að hafa umsjón með rannsóknarverkefninu í samráði við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga og sveitarstjórnir Öxarfjarðarhrepps og Keldunesshrepps."

Í nál. um tillöguna segir svo, með leyfi forseta:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna og fékk um hana umsagnir frá ferðamálaráði, Byggðastofnun, Keldunesshreppi og Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt.

Nefndin fjallaði samhliða um tillögu um rannsóknir háhitasvæða í Öxarfjarðarhéraði, 320. mál þingsins. Nefndin telur eðlilegt að sérstök könnun á háhitasvæðum í Öxarfjarðarhéraði fari fram sem hluti af þeirri heildarkönnun á náttúruauðlindum og atvinnuþróun í Öxarfjarðarhéraði sem hér er gerð tillaga um."

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Finnur Ingólfsson, Sigríður A. Þórðardóttir, Tómas Ingi Olrich og Pálmi Jónsson. Nefndin leggur með öðrum orðum til að tillagan verði samþykkt

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Málefni aldraðra, 2. umr.

Frv. SvG, 232. mál (íbúðir fyrir aldraða). — Þskj. 260, nál. 1226.

[11:54]

Frsm. heilbr.- og trn. (Svavar Gestsson):

Virðulegi forseti. Á þskj. 260 er frv. til laga um breyting á lögum um málefni aldraðra sem hefur aðallega þann tilgang eins og segir í 2. gr., með leyfi forseta:

„Óheimilt er í auglýsingum, sölumennsku eða kynningu að nota heiti úr lögum þessum yfir þá þjónustu sem ætlunin er að veita nema að fengnu samþykki samstarfsnefndar um málefni aldraðra."

Heilbr.- og trn. fjallaði um þetta mál og studdist við umfjöllun sína við umsagnir frá bæjarstjórnum Akraness, Borgarness, Egilsstaðabæjar, Húsavíkur, Keflavíkur, Selfoss og Stykkishólms, Félagi eldri borgara, Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar, Framkvæmdasjóði aldraðra, Húsnæðisstofnun ríkisins, Landssambandi aldraðra, Rangárvallahreppi og Öldrunarráði Íslands.

Í nál. segir:

„Fram hefur komið að heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra lýsir sig reiðubúinn til að setja efnisatriði 2. gr. frumvarpsins, sem fjallar um að óheimilt sé að auglýsa eða kynna íbúðir sem „þjónustuíbúðir fyrir aldraða" nema að fengnu samþykki samstarfsnefndar um málefni aldraðra, í reglugerð. Nefndin telur því rétt að leggja til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar."

Undir nál. rita auk mín hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, Lára Margrét Ragnarsdóttir, Ingibjörg Pálmadóttir, Sturla Böðvarsson, Finnur Ingólfsson, Sigríður

Anna Þórðardóttir og Jóna Valgerður Kristjánsdóttir.

Ég tel sem flm. þessa máls að þetta sé prýðileg afgreiðsla á málinu þar sem fyrir liggur að efnisatriði þess er kleift að taka inn í reglugerð um málefni aldraðra og fagna þess vegna þessari niðurstöðu og þeirri yfirlýsingu hæstv. heilbrrh. sem fram kom í viðtölum við flm. og formann nefndarinnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vog, mál og faggilding, 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 626. mál. — Þskj. 1227.

Frv. var of seint fram komið. — Samþ. með 34 shlj. atkv. að það yrði tekið til meðferðar og sögðu

já: AÓB, BBj, DO, EgJ, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JónK, JVK, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, StB, TIO, VS, VE.

29 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, FI, FrS, GHall, GÁS, HÁ, HBl, HG, IBA, JE, JBH, KHG, LMR, MF, MB, SalÞ, SighB, SAÞ, SP, StG, SJS, SvG, ÞBern, ÞorstP, ÖS) fjarstaddir.

[11:56]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Herra forseti. Efh.- og viðskn. hefur um nokkurt skeið haft til umfjöllunar umfangsmikið frv. til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Það hefur komið ljós í umfjöllun um málið að það er flóknara en svo að nefndin telji fært að afgreiða það. Það varðar mjög margar eftirlitsstofnanir í þjóðfélaginu og jafnframt hefur nýlega verið lagt fram frv. um eftirlitsstarfsemi hins opinbera. Það er afar mikilvægt að samræma allt þetta eftirlitsstarf þannig að atvinnureksturinn geti fengið góða þjónustu og þurfi ekki að búa við það að margar eftirlitsstofnanir séu að fjalla um sömu málin með ærnum tilkostnaði. Það eru mörg dæmi þess að slíkt eftirlitsstarf sé beinlínis svo hamlandi í atvinnulífinu að það sé langt úr hófi fram þó að sjálfsögðu sé mikilvægt að hafa gott eftirlit með margvíslegri starfsemi.

Hitt er svo annað mál að það er nauðsynlegt að afgreiða mál þetta að hluta til vegna samningsins um Evrópskt efnahagssvæði. Þar eru ýmis ákvæði um öryggi vöru og eftirlit sem þarf að uppfylla. Þar eru ákvæði um vörur sem geta reynst hættulegar heilsu og öryggi neytenda og það er kveðið á um fjölmargar af þeim vörum sem fjallað er um í EES-samningnum í ýmsum sérlögum hér á landi. Þar má nefna að t.d. vélar, vinnuvélar, katlar, þrýstikútar eru hlutir sem falla undir ákvæði laga um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Eiturefni falla undir lög um eiturefni og hættuleg efni og barnabílstólar og hjólreiðahjálmar falla undir umferðarlög.

Það eru hins vegar margs konar vörur á markaðnum sem ekki falla tvímælalaust undir sérlög eða eru á mörkum þess að gera það. Þetta frv. er flutt til þess að uppfylla okkar skyldur í þessu sambandi og jafnframt að koma á betra eftirliti með ýmsum vörum sem eru ekki aðeins til þess að uppfylla samninginn um Evrópskt efnahagssvæði heldur til að lagfæra margt í okkar aðstæðum.

Herra forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fjalla frekar um mál þetta. Efh.- og viðskn. flytur þetta frv. og þar með mun frv. til laga um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu bíða afgreiðslu þar til á næsta þingi en væntanlega verður þá samhliða hægt að taka fyrir frv. til laga um eftirlitsstarfsemi hins opinbera sem nú hefur verið lagt fram til kynningar.

Nefndin leggur til að frv. þetta verði samþykkt og er ekki ástæða til að fjölyrða frekar um það.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stytting vinnutíma, síðari umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 77. mál. — Þskj. 80, nál. 1086.

[12:01]

Frsm. félmn. (Rannveig Guðmundsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nál. frá félmn. á þskj. 1086 um till. til þál. um styttingu vinnutíma. Tillagan er um að Alþingi álykti að fela ríkisstjórninni að beita sér fyrir styttingu vinnuvikunnar með það að markmiði m.a. að skapa fleiri störf.

Nefndin hefur fjallað um málið á tveimur þingum og fékk um það umsagnir á 116. og 117. löggjafarþingi frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna, Alþýðusambandi Íslands, Kvenfélagasambandi Íslands, Starfsmannafélagi ríkisstofnana, Jafnréttisráði, Bandalagi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Eftir umfjöllun sína leggur nefndin til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu:

„Tillgr. orðist svo:

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta gera skýrslu um þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á meðal Evrópuþjóða, einkum annarra norrænna ríkja, sem miða að styttingu vinnutíma og fjölgun starfa. Í skýrslunni verði gerð grein fyrir eðli og umfangi aðgerða, kostnaði og árangri eftir því sem upplýsingar frá stjórnvöldum, aðilum vinnumarkaðar eða alþjóðastofnunum gefa tilefni til."

Undir nál. skrifa allir nefndarmenn í félmn. án fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 1. umr.

Frv. samgn., 623. mál (innflutingur og skráning fiskiskipa). — Þskj. 1210.

[12:03]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Herra forseti. Frv. þetta er flutt af samgn. að ósk hv. sjútvn. en einnig að höfðu samráði við hæstv. samgrh. og hæstv. sjútvrh.

Frv. er í nokkrum tengslum við frv. til laga sem nú liggja fyrir Alþingi um stjórn fiskveiða. Í frv. er gert ráð fyrir því í fyrsta lagi að heimilað verði að taka inn á skipaskrá að nýju skip sem afskráð hafa verið samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða frá og með 1. sept. 1992 til og með gildistöku nýrra laga, enda þótt þau skip séu 15 ára eða eldri.

Í öðru lagi er gert ráð fyrir í frv. að heimilað verði að taka inn á íslenska skipaskrá fiskiskip sem keypt hafa verið erlendis frá til veiða utan íslensku efnahagslögsögunnar eftir 1. sept. 1992 til 30. apríl 1994.

Á þessu tímabili hafa, eins og kunnugt er, nokkrir íslenskir aðilar keypt skip til veiða utan efnahagslögsögunnar og eru í því fólgin tækifæri fyrir okkur til úthafsveiða umfram það sem ella hefði verið.

Að sjálfsögðu þurfa skip af þessum toga að standast þær kröfur sem eru gerðar til þess að um skráningu þeirra geti verið að ræða samkvæmt lögum um eftirlit með skipum.

Rétt er að taka það fram að einstakir nefndarmenn í samgn. áskilja sér rétt til að hafa frjálsar hendur um afstöðu til málsins. Er það m.a. gert í ljósi þess að tveir fulltrúar í hv. sjútvn. telja í bréfi til samgn. að einhverjir þættir málsins þurfi betri umfjöllun en þegar hefur orðið.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að skýra þetta mál frekar en gert hefur verið, það liggur ljóst fyrir, og legg til að því verði vísað til 2. umr. Ég sé ekki ástæðu til að óska eftir því að frv. verði vísað til nefndar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, 2. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 614. mál. — Þskj. 1073, nál. 1190.

[12:07]

Frsm. sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Frv. sem er til umræðu var flutt af meiri hluta hv. sjútvn. og tengist afgreiðslu sjávarútvegsmála og frumvarpa sem hér eru til umfjöllunar. Þetta frv. er í tengslum við þær deilur sem verið hafa milli sjómanna og útvegsmanna um viðskipti með aflaheimildir og óþarft er að rifja hér upp og hv. þm. þekkja. Nefndin fékk á sinn fund í tengslum við þetta mál fulltrúa allra helstu hagsmunaaðila Farmanna- og fiskimannasambandsins, Sjómannasambandsins, Vélstjórafélags Íslands og síðan fulltrúa frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Vinnumálasambandi samvinnufélaganna og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Hlutverk þessarar samstarfsnefndar sem hér á að setja á laggirnar er, eins og áður sagði, að fjalla um álita- og ágreiningsmál varðandi uppgjör á aflahlut sjómanna í tengslum við viðskipti með aflaheimildir.

Það er ljóst og þarf ekki að rekja það að um þessi mál hefur verið ágreiningur og leitt til harðvítugra átaka og þar á meðal verkfalls á sl. vetri.

Það er mat sjútvn. eftir að hafa farið yfir þetta mál við viðkomandi deiluaðila að það sé til bóta að afgreiða þetta frv., koma þessum samstarfsvettvangi á laggirnar, og síðan verði náttúrlega að reyna á hvernig til tekst í þeim störfum sem þar verða unnin.

En nefndin stendur sameiginlega að því áliti að þetta sé tvímælalaust jákvætt innlegg í þessa deilu sem staðið hefur.

Það er rétt að það komi fram að í umfjöllun nefndarinnar og viðtölum við málsaðila kom fram að það gætir nokkurrar tilhneigingar til að túlka ákvæði laganna sem hér er verið að lögfesta með mismunandi hætti. Er þá sérstaklega átt við áhrifin af lögfestingu ákvæða 10. gr. frv. en það er eftir sem áður skoðun nefndarinnar að lögfestingin sé spor í rétta átt og það verði svo að ráðast í störfum nefndarinnar hvernig til tekst.

Það er rétt að leggja áherslu á það að þetta mál er flutt í tengslum við þær yfirlýsingar sjómannasamtakanna annars vegar og útvegsmanna hins vegar sem eru birtar sem fylgiskjöl með frv. og vísa þá til sameiginlegrar yfirlýsingar samningsaðila í kjarasamningum milli Sjómannasambands Íslands og Vinnuveitendasambandsins frá 1992.

Hæstv. forseti. Ég held að ekki sé ástæða til að fjölyrða frekar um þetta frv. Efni þess og tilefni þess að það er flutt er vel kunnugt og hefur verið til umræðu og það er niðurstaða sjútvn. að mæla með samþykkt þessa máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Endurskoðun slysabóta sjómanna, síðari umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 87. mál. — Þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015.

[12:11]

Frsm. samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur fjallað um till. til þál. um endurskoðun á slysabótum sjómanna sem flutt var af hv. þm. Guðmundi Hallvarðssyni. Nefndin hefur kvatt á sinn fund ráðuneytisstjórann í samgrn., Jón Birgi Jónsson, og Ragnhildi Hjaltadóttur, skrifstofustjóra í sama ráðuneyti.

Nefndin mælir með því að tillagan sé samþykkt með nokkuð breyttu orðalagi sem gerð er tillaga um á sérstöku þingskjali. Breytingin sem gerð er tillaga um felur aðallega í sér að það sé afdráttarlaust að átt sé við

líftjón sem ekki kemur skýrt fram í tillögunni sjálfri eins og hún var lögð fyrir. Enn fremur að það sé átt við þann hluta af slysabótum sem eru samkvæmt sigl-ingalögum, en lífeyrisbætur eru þar fyrir utan eins og kunnugt er.

Nefndin mælir sem sagt með að tillagan sé samþykkt með breyttu orðalagi eins og hún gerir tillögu um á sérstöku þingskjali.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórnarskipunarlög, 2. umr.

Frv. KE o.fl., 303. mál (bráðabirgðalög). — Þskj. 494, nál. 1028.

[12:13]

Frsm. stjórnarskipunarnefndar (Sólveig Pétursdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti á þskj. 1028 um frv. til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum.

Á fundi sínum 29. mars kaus Alþingi sérnefnd, sbr. 32. gr. þingskapa, til að fjalla um frumvarp þetta sem felur í sér að 28. gr. stjórnarskrárinnar, sem veitir heimild til útgáfu bráðabirgðalaga, falli brott.

Á fundi nefndarinnar kom fram að bráðabirgðalagaákvæði stjórnarskrárinnar er eitt þeirra atriði sem eru til umfjöllunar á vettvangi stjórnarskrárnefndar sem skipuð er fulltrúum þingflokkanna. Með hliðsjón af því að stutt er til þingloka og að málið er til umfjöllunar í stjórnarskrárnefnd þykir heppilegt að ríkisstjórnin feli stjórnarskrárnefnd að fjalla um þá tillögu sem felst í frumvarpinu. Nefndin leggur því til að frumvarpinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar.

Guðmundur Bjarnason, Kristín Einarsdóttir og Sigurður Hlöðvesson voru fjarverandi við afgreiðslu málsins en undir nefndarálitið rita nöfn sín auk mín Matthías Bjarnason, Sigríður A. Þórðardóttir, Páll Pétursson, Geir H. Haarde og Gunnlaugur Stefánsson.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1993, 2. umr.

Stjfrv., 452. mál (niðurstaða greiðsluuppgjörs). — Þskj. 675, nál. 1140 og 1177.

[12:15]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir áliti meiri hluta fjárln. um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993.

Nefndin hefur haft frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1993 til athugunar. Með frumvarpi þessu er sótt um heimildir til endanlegs greiðsluuppgjörs A-hluta ríkissjóðs á árinu 1993.

Í frumvarpinu kemur fram að greiðslur úr ríkissjóði séu nettó 4.414,5 millj. kr. lægri en heimildir gerðu ráð fyrir.

Að lokinni athugun fjárlaganefndar á frumvarpinu og að teknu tilliti til þeirra skýringa sem hún hefur fengið frá fjármálaráðuneytinu fellst meiri hlutinn á þær tillögur sem fram koma í frumvarpinu og leggur til að það verði samþykkt.

Auk þess sem hér mælir rita undir álitið Sturla Böðvarsson, Einar K. Guðfinnsson, Gunnlaugur Stefánsson, Árni Mathiesen og Árni Johnsen.

[12:16]

Frsm. minni hluta fjárln. (Jóna Valgerður Kristjánsdóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti um frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993, sbr. lög nr. 115/1993. Þetta nefndarálit er frá minni hluta fjárln. og, með leyfi forseta, ætla ég að fara yfir það:

Nefndin hefur haft til athugunar frumvarp til fjáraukalaga fyrir árið 1993 og hefur skoðað það í framhaldi af fjáraukalögum fyrir þetta ár sem áður hafa verið samþykkt og vitnað er til. Í frumvarpinu kemur fram að greiðslur úr ríkissjóði eru allmiklu lægri en heimildir gerðu ráð fyrir í fjáraukalögum fyrir árið 1993. Það sem við bendum helst á sem athugavert við þetta er að við þau fjáraukalög sem voru samþykkt í desember koma núna fram, við þessi fjáraukalög, þetta endanlega greiðsluuppgjör, mikil frávik. Við teljum nokkuð óeðlilegt að ekki sé hægt að sjá í desember hvernig greiðsluheimildum sé háttað og hægt að hafa það fjáraukalagafrv. sem þar er verið að afgreiða nær raunveruleikanum en það hefur orðið.

Við umfjöllun um þetta frv. var óskað eftir afstöðu fjmrn. er varðar bréf frá ASÍ, þar sem fram komu athugasemdir við framlög til atvinnuskapandi framkvæmda sem ríkisstjórnin lofaði fyrir árið 1993. Í bréfi ASÍ er því haldið fram að allt að 1.800 millj. kr. vanti upp á að staðið sé við gefin fyrirheit.

Það er mjög mikið af greiðsluheimildum sem er fært á milli ára og nokkuð af þessu er hugsanlega þar inni, en eftir sem áður stendur sú fullyrðing ASÍ að það sé ekki búið að standa við þessi fyrirheit og hafði ekkert svar borist við því þegar þetta nefndarálit var skrifað.

Síðan er bent á að minni hlutinn hafði fengið þær upplýsingar að lækkun rekstrarútgjalda sjúkrahúsanna í Reykjavík frá árinu 1991–1993 næmi um 600 millj. kr. Í bréfi fjmrn. frá 7. apríl sl. kemur fram að lækkunin er aðeins 390 millj. kr. þegar tekið hefur verið tillit til flutnings á verkefnum á tímabilinu. Það gerir einmitt það að verkum að ríkissjóður getur sýnt fram á betri greiðslustöðu um áramót. Það er verið að færa verkefnin fram yfir áramót og þá sýnir það sparnað miðað við sjóðsstöðuna en sparnaðurinn er ekki raunverulegur ef aðeins er verið að flytja verkefnin á milli ára.

Þá er í svari ráðuneytisins tekið fram að aðeins er miðað við greiðslutölur en ekki raunveruleg rekstrar-

útgjöld stofnana. Því geti aukafjárveitingar vegna rekstrarhalla fyrri ára átt eftir að skekkja myndina og raunverulegur sparnaður því enn minni en þessar tölur segja til um.

Við teljum það nauðsynlegt og leggjum áherslu á það í minni hluta fjárln. að betri og nákvæmari upplýsingar liggi fyrir við afgreiðslu fjáraukalaga á hverjum tíma. Þá á ég við fyrri fjáraukalög sem taka á útgjöldum í viðbót við samþykkt fjárlög. Við teljum að þær upplýsingar eigi að geta verið betri en hefur komið í ljós núna á síðustu tveimur árum við fjáraukalagagerð þannig að það þurfi ekki að vera svona mikil frávik á endanlegu uppgjöri, það er auðvitað verið að ljúka hér endanlegu uppgjöri, og að þau frávik séu innan eðlilegra marka. Við teljum að þau frávik sem nú eru sýnd bæði á þessu frv. og því fyrra við lok ársins 1992 hafi sýnt það að þessi frávik eru ekki óeðlileg en það mikil að við teljum að það eigi ekki að vera hægt að vinna það betur.

Það hefur oft verið vitnað til þess í umræðu um fjáraukalög og gagnrýni okkar í nefndarstarfinu um þetta að það sé orðið erfiðara að segja fyrir um þessa stöðu um áramót vegna þess að nú sé verðbólgan í lágmarki og menn séu orðnir því vanir að þetta fari alltaf meira fram úr en gert sé ráð fyrir, en þá er því til að svara að ég tel að það sé tími til kominn að ríkissjóður, sem á að vera í forsvari og hafa forgöngu um öll ríkisfjármál, sé í stakk búinn til að semja sig að raunveruleikanum og hafa þessar tölur í meira samræmi við raunveruleikann.

Í ljósi þess sem ég hef verið að lýsa og snertir afgreiðslu á fjáraukalögum þá höfum við í minni hluta fjárln. ákveðið að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um málið. Undir þetta nefndarálit, sem ég hef lýst nokkuð en ekki lesið frá orði til orðs, rita ásamt mér hv. þm. Margrét Frímannsdóttir, Jón Kristjánsson, Guðmundur Bjarnason og Guðrún Helgadóttir.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stjórn fiskveiða, 3. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 1259, brtt. 1269.

[12:24]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Það kom fram í umræðum og við atkvæðagreiðslu í gær að meiri hluti sjútvn. hygðist flytja brtt. við 7. gr. frv. eins og það stendur nú. Efni brtt. er að kveða á um annars konar takmarkanir á framsali aflamarks en var í fyrri brtt. sem var dregin til baka. Þá er nú gert ráð fyrir því að frambúðarskipulag málsins verði með þeim hætti að það sé óheimilt að flytja meira aflamark til skips á hverju fiskveiðiári en nemur aflamarki því sem skipinu var úthlutað í upphafi árs á grundvelli aflahlutdeildar sinnar. Það er með öðrum orðum tekin upp svokölluð tvöföldunarregla sem í rauninni setur þak á það hvað skip getur veitt mikið miðað við það aflamark sem því er úthlutað í upphafi ársins. Skip getur með öðrum orðum aðeins tvöfaldað sinn úthlutaða kvóta.

Þetta mun væntanlega hafa þau áhrif að skipum mun fækka og varanlegar aflahlutdeildir munu færast á færri skip. Þetta kemur fyrst og fremst við mjög kvótalítil skip sem þá verður annaðhvort að úrelda eða að flytja meiri varanlegan kvóta á þau.

Það má líta á þetta mál í samhengi við þær breytingar sem lagðar eru til í frv. til laga um Þróunarsjóð þar sem styrkir til úreldingar eru auknir.

Hluti af þessu máli er að þetta frambúðarfyrirkomulag öðlist fyrst gildi 1. jan. 1996. Á meðan þetta fyrirkomulag er ekki komið í gildi, þ.e. frá því að fiskveiðiárið næsta hefst þann 1. sept. til 31. des. 1995, er gert ráð fyrir því að svokölluð 15% regla sé við lýði, en hún var rædd allmikið við 2. umr. um málið.

Það má segja að 15% reglan hafi sólsetursákvæði og sé með sama gildistíma og ákvæði frv. til laga um samstarfsnefnd, en þar er gert ráð fyrir því að þau lög falli úr gildi 31. des. 1995 og að á þeim tíma muni sjómenn og útvegsmenn ráða frambúðarskipan sinna mála til lykta í kjarasamningum og væntanlega verður þá fjallað um þessi mál á sama tíma.

[12:27]

Halldór Ásgrímsson:

Frú forseti. Eins og kom fram í gær, þá tel ég að þær breytingar sem hafa verið fluttar við þetta mál séu til verulegra bóta. Ég hef verið þeirrar skoðunar að það væri eðlilegt að taka framsalsreglurnar til endurskoðunar, en hins vegar hef ég verið andvígur því að taka upp svokallaða 15% reglu og jafnframt talið óþarft að vera að þrengja meira en er í dag það aflamark sem getur verið á einstökum skipum. Ég tel ákvæði núgildandi laga vera fullnægjandi í því sambandi, sérstaklega með tilliti til þess að nú hefur verið ákveðið að af svokölluðum fiskvinnslukvóta verði ekki. Þar af leiðandi fagna ég því að þessar reglur, bæði að því er varðar það og 15% reglan, gilda í reynd ekki nema eitt ár og aðilar geta þá reynt að skipuleggja sín mál út frá því vitandi það að reglan fellur niður. Það mun að sjálfsögðu auðvelda slíkt skipulag þegar menn eru þess meðvitaðir að þetta mun falla niður.

Það hafa ýmsar aðrar breytingar orðið sem ég tel vera til bóta eins og að þrengja ekki það sem má flytja á milli ára og bæta þar við að jafnframt megi flytja 20% aflamark tegunda eins og humar og síld á milli ára. Ég skil það svo að þetta þýði að þeir aðilar sem hafa ekki og munu ekki veiða allar sínar heimildir á því fiskveiðiári sem nú er geti geymt 20% fram til næsta fiskveiðiárs. Ég tel að það sé mikilvægt að þetta sé alveg skýrt því að þessi ákvæði taka gildi 1. sept. 1994 en ég lít þannig á og vænti þess að framsögumaður meiri hlutans sé tilbúinn að staðfesta það að þó að þessar reglur taki gildi 1. sept. 1994, þá varða þær geymslurétt frá fiskveiðiárinu þar á undan. Ég held að það sé afar þýðingarmikið fyrir aðila að hafa það ljóst.

Þegar upp er staðið í þessu máli og málið metið í heild þá má út af fyrir sig segja að það séu tiltölulega litlar breytingar gerðar á lögunum um stjórn fiskveiða

nema að því er varðar þessi framsalsatriði. Það er því í reynd aðalniðurstaða þessa máls að lög þessi eru fest í sessi tiltölulega lítt breytt og ég er þeirrar skoðunar að það sé af hinu góða og mikilvægt að Alþingi hafi staðfest málið með þeim hætti. Með því er eytt mikilli óvissu sem hefur ríkt í málinu núna undanfarin þrjú ár miðað við þá miklu umræðu sem hefur verið um það og þær hástemmdu yfirlýsingar sem hafa komið frá ýmsum þingmönnum um hvað þetta skipulag er ómögulegt. Ég tel að þessi umræða hafi leitt það í ljós að það er ekki á dagskrá neitt annað skipulag sem getur komið í staðinn fyrir það sem við höfum búið við nema þá að menn vilji fórna að verulegu leyti þeirri hagkvæmni sem hefur tekist að byggja upp.

Ég mun hins vegar við endanlega afgreiðslu þessa máls sitja hjá m.a. vegna þess að ég tel að framsalsreglurnar hafi verið óþarflega mikið þrengdar og kannski sérstaklega vegna þess að við styðjum ekki frv. til laga um Þróunarsjóð sem eru mjög tengd þessu máli. Einnig höfum við gagnrýnt það frá upphafi að fulltrúar stjórnarandstöðunnar hafa ekki verið með í undirbúningi málsins eins og við höfum talið vera eðlilegt. En afstaða okkar þingmanna Framsfl. kom að öðru leyti fram í atkvæðagreiðslu um málið hér á Alþingi í gær þar sem við studdum veigamiklar greinar í þessu máli en sátum hjá við örfáar.

Ég vil taka það fram að ég er ekki mjög ósáttur við niðurstöðu málsins, þ.e. frv. til laga um breytingar á stjórn fiskveiða. Ég tel ýmislegt í þessum breytingum vera til bóta en mikilvægast af öllu tel ég að óvissunni sé eytt. Við höfum gagnrýnt það lengi hvað þetta hefur tekið langan tíma og þess vegna hljóta allir að fagna því að niðurstaða skuli loks vera að fást og það er niðurstaða sem ríkir bærileg sátt um hér á Alþingi sem ég tel vera mikilvægt fyrir framhald málsins því að hér er um löggjöf að ræða sem við eigum væntanlega eftir að búa við um langa framtíð. Auðvitað verður hún ávallt til umfjöllunar og endurskoðunar og einhverjar breytingar munu þurfa að eiga sér stað, en ég lít þannig á að með þessari niðurstöðu hafi það í reynd verið staðfest að hér sé komin löggjöf sem verði búið við í öllum meginatriðum um langa framtíð og það er að sjálfsögðu mikilvægt fyrir útveginn og sjávarútveginn að hafa einhverja vissu inn í framtíðina til þess að geta skipulagt sín mál með fullnægjandi hætti.

Ég tel að sú mikla gagnrýni sem hefur verið uppi í málinu að því er það varðar hvernig þetta kerfi hefur reynst hafi ekki átt við mikil rök að styðjast. Auðvitað eru margir gallar á fiskveiðistjórnarkerfinu, en ekki hefur verið sýnt fram á með neinum rökum að annað kerfi geti tekið við sem leysi þetta af hólmi nema að efna til verulegs uppnáms í efnahagsstarfsemi landsins.

[12:36]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Einungis til að staðfesta eitt atriði sem hv. þm. Halldór Ásgrímsson kom inn á, að ég skil 5. gr. frv. um 20% yfirfærsluréttinn með þeim hætti að á næsta fiskveiðiári verði heimilað að veiða 20% af aflakvóta eða af aflamarki þessa árs, að reglan taki gildi á næsta ári með þeim hætti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þessum fundi verður nú frestað til klukkan kortér fyrir eitt en þá munu fara fram atkvæðagreiðslur um þau mál sem umræðum er lokið um. Að loknum atkvæðagreiðslum verður settur nýr fundur og þá fer fram umræða utan dagskrár, hálftíma umræða, um verkfall meinatækna. Klukkan hálftvö er gert ráð fyrir að gera hlé vegna stuttra þingflokksfunda.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 12:37]

Þjóðminjalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 478. mál (stjórnkerfi minjavörslu o.fl.). — Þskj. 1262 (sbr. 733).

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:49]

Frv. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HN, IBA, JÁ, JóhS, JGS, JBH, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

3 þm. (AÓB, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.

22 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, GJH, HBl, HG, ISG, IP, JE, JónK, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1274).

Viðurkenning á menntun og prófskírteinum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 551. mál (nýjar EES-reglur). — Þskj. 862.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:50]

Frv. samþ. með 30 shlj. atkv. og sögðu

já: BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HÁ, HN, IBA, JóhS, JGS, JBH, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, VS, VE, ÞorstP.

10 þm. (AÓB, GJH, JÁ, JVK, KHG, KÁ, ÓÞÞ, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

23 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, IP, JE, JónK, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, SighB, SAÞ, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1275).

Happdrætti Háskóla Íslands, frh. 3. umr.

Stjfrv., 445. mál (happdrættisvélar). — Þskj. 1263.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:51]
Frv. samþ. með 33:6 atkv. og sögðu
já: BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HÁ, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: GHelg, JÁ, KHG, RA, SJS, SvG.
5 þm. (AÓB, GJH, JVK, KÁ, ÓRG) greiddu ekki atkv.
19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1276).

Söfnunarkassar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 446. mál. — Þskj. 1264 (sbr. 659).

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:52]
Frv. samþ. með 39:1 atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GB, GHall, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
nei: GHelg.
3 þm. (GJH, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
20 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, GuðjG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:52]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Eins og fram kom við umræðu hér í gær er ég andvíg þessu frv. Ég vil benda á að nafnið á frv. er rangt. Hér er ekki um söfnunarkassa að ræða heldur spilakassa og það er allt annað. Þess vegna er nafnið á frv. mjög villandi. Ég tel, og það á við hið fyrra mál sem ég var einnig andvíg sem hér var afgreitt síðast, að þetta séu tæki sem eru ósæmileg, hættuleg og ættu ekki að sjást á Íslandi. Ég segi að sjálfsögðu nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1277).

Umboðsmaður barna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 377. mál. — Þskj. 1265.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:53]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1278).

Reynslusveitarfélög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 554. mál. — Þskj. 1258.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:54]
Frv. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
5 þm. (JÁ, KHG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1279).

Húsaleigubætur, frh. 3. umr.

Stjfrv., 557. mál. — Þskj. 1272 (sbr. 869).

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:55]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1280).

Leikskólar, frh. 3. umr.

Stjfrv., 550. mál (heildarlög). — Þskj. 1261 (sbr. 861), brtt. 1271.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:55]
Brtt. 1271 kölluð aftur.

Frv. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1281).

Fjáröflun til varna gegn ofanflóðum, frh. 2. umr.

Frv. KHG o.fl., 158. mál (breyting ýmissa laga). — Þskj. 176, nál. 1063.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:57]
Till. í nál. 1063 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, HÁ, HN, IBA, IP, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, GHelg, HBl, HG, ISG, JÁ, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SalÞ, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

Lyfjalög, frh. 3. umr.

Stjfrv., 255. mál (heildarlög). — Þskj. 1257, brtt. 1266.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [12:58]
Brtt. 1266,1–3 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HN, IBA, JóhS, JBH, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
21 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddi ekki atkv.
18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, LMR, MF, MB, ÓE, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 23:21 atkv. og sögðu
já: ÁJ, BBj, DO, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HN, IBA, JóhS, JBH, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HÁ, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.
2 þm. (EgJ, PJ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[12:58]

Ingibjörg Pálmadóttir:
Virðulegi forseti. Með samþykkt þessa frv. til lyfjalaga getum við verið að kalla yfir okkur verri þjónustu á landsbyggðinni og hærra lyfjaverð á landsbyggðinni. Ég segi nei.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1282).

Tryggingagjald, frh. 3. umr.

Stjfrv., 546. mál (veitingarekstur og útleiga bifreiða). — Þskj. 1260.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:02]
Frv. samþ. með 23:18 atkv. og sögðu
já: ÁJ, BBj, DO, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, IBA, JóhS, JBH, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: FI, GB, GJH, GHelg, HÁ, HN, IP, JGS, JónK, KHG, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.
5 þm. (AÓB, EgJ, JÁ, JVK, KÁ) greiddu ekki atkv.
17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1285).

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, frh. 2. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 852, nál. 1229, brtt. 1230.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Brtt. 1230 kölluð aftur.

[13:03]

Halldór Ásgrímsson *(um atkvæðagreiðslu)*:
Frú forseti. Ég vildi aðeins taka það fram að þetta mál þarf að taka breytingum á milli 2. og 3. umr. þannig að efh.- og viðskn. á eftir að fjalla betur um það en það er nauðsynlegt að afgreiða það nú eins og það er til 3. umr. og nefndin mælir með því.

1. gr. samþ. með 42 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JE, JVK, KHG, LMR, MF, MB, PJ, RA, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddur.

2.–12. gr. og ákv. til brb. samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, ISG, JÁ, JE, JGS, JVK, KHG, LMR, MF, MB, RA, SighB, SAÞ, SJS, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, JVK, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Eftirlit með skipum, frh. 1. umr.

Frv. samgn., 623. mál (innflutningur og skráning fiskiskipa). — Þskj. 1210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:05]
Frv. vísað til 2. umr. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, StG, SJS, StB, SvG, VS, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, IP, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, SP, TIO, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frh. 2. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 614. mál. — Þskj. 1073, nál. 1190.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:06]
1. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2.–12. gr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Stjórnarskipunarlög, frh. 2. umr.

Frv. KE o.fl., 303. mál (bráðabirgðalög). — Þskj. 494, nál. 1028.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:08]
Till. í nál. 1028 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (JVK) greiddi ekki atkv.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Endurskoðun slysabóta sjómanna, frh. síðari umr.

Þáltill. GHall og GuðjG, 87. mál. — Þskj. 90, nál. 1010, brtt. 1015.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:09]
Brtt. 1015 (ný tillgr.) samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1283).

Auðlindakönnun í öllum landshlutum, frh. síðari umr.

Þáltill. KÁ o.fl., 172. mál. — Þskj. 190, nál. 1088.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:10]
Till. í nál. 1088 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Rannsóknir á atvinnulífi og náttúruauðlindum í Öxarfjarðarhéraði, frh. síðari umr.

Þáltill. TIO o.fl., 321. mál. — Þskj. 512, nál. 1089.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:10]
Tillgr. samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, JónK, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1284).

Málefni aldraðra, frh. 2. umr.

Frv. SvG, 232. mál (íbúðir fyrir aldraða). — Þskj. 260, nál. 1226.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:11]
Till. í nál. 1226 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar samþ. með 47 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE. ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.
16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Vog, mál og faggilding, frh. 1. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 626. mál. — Þskj. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:12]
Frv. vísað til 2. umr. með 47 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Stytting vinnutíma, frh. síðari umr.

Þáltill. AÓB o.fl., 77. mál. — Þskj. 80, nál. 1086.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:13]

Brtt. í nál. 1086 (ný tillgr.) samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, JE, LMR, MF, MB, PP, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

18 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, IBA, JE, LMR, MF, MB, PP, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1286).

Fjáraukalög 1993, frh. 2. umr.

Stjfrv., 452. mál (niðurstaða greiðsluuppgjörs). — Þskj. 675, nál. 1140 og 1177.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [13:14]

1. gr. samþ. með 25 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HN, IBA, JóhS, JBH, ÓE, PJ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

16 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2.–3. gr. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HN, IBA, JóhS, JBH, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, FI, GB, GJH, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, PJ, SighB, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

17 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, GÁS, GÁ, HBl, HG, JE, LMR, MF, MB, SighB, SAÞ, SJS, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Út af dagskrá voru tekin 13., 15., 18., 20.–21., 29.–31. og 33.–34. mál.

Fundi slitið kl. 13:17.

---

155. FUNDUR

laugardaginn 7. maí,
að loknum 154. fundi.

Dagskrá:

1. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 1259, brtt. 1269. — Frh. 3. umr.

2. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096. — 2. umr.

3. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr.

4. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 1256, brtt. 1267. — Frh. 3. umr.

5. Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv., 614. mál, þskj. 1073. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Eftirlit með skipum, frv., 623. mál, þskj. 1210. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

7. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefnd-

arinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167. — Síðari umr.

8. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977. — Frh. 2. umr.

9. Græn símanúmer, þáltill., 207. mál, þskj. 231, nál. 1141. — Síðari umr.

10. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, stjfrv., 506. mál, þskj. 779, nál. 1231 og 1233, brtt. 1232 og 1235. — 2. umr.

11. Tollalög, frv., 254. mál, þskj. 295, nál. 1214, brtt. 1270 og 1273. — 2. umr.

12. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

13. Vog, mál og faggilding, frv., 626. mál, þskj. 1227. — 2. umr. *Ef leyft verður.*

14. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38, nál. 1070 og 1083, brtt. 1084. — 2. umr.

15. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 217. mál, þskj. 242, nál. 1176 og 1193. — 2. umr.

16. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 452. mál, þskj. 675. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

17. Skuldastaða heimilanna, skýrsla, 280. mál, þskj. 1170. — Ein umr.

18. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, skýrsla, 250. mál, þskj. 289. — Ein umr.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til með dagskrá þá sem útbýtt hefur verið að of skammt er liðið frá 2. umr. eða útbýtingu þingskjala í 5., 6., 12., 13. og 16. dagskrármáli og því þarf að leita afbrigða um að þessi mál megi koma til umræðu. Verður nú þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁJ, BBj, DO, EgJ, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HN, IBA, IP, JÁ, JóhS, JGS, JBH, JVK, KÁ, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, SalÞ, SigG, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstÞ.

27 þm. (ÁRÁ, ÁMM, EH, EKG, FI, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HBl, HG, ISG, JE, JónK, KHG, LMR, MF, MB, ÓE, RG, SighB, SAÞ, StG, SJS, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Umræður utan dagskrár.

Verkfall meinatækna.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Að lokinni utandagskrárumræðu, sem nú fer fram, verður stutt hlé á fundinum vegna þingflokksfunda. En nú hefst utandagskrárumræða að beiðni hv. 9. þm. Reykv. Hún fer fram skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa, þ.e. hálftíma umræða.

[13:27]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrir fáeinum dögum fór ég fram á það við hæstv. heilbr.- og trmrh. að fá að eiga orðastað við hann utan dagskrár vegna meinatæknadeilunnar. Síðan spurðist það í dag að hæstv. heilbr.- og trmrh. væri farinn utan og tel ég það eitt út af fyrir sig mjög alvarlegt merki um stöðu deilunnar vegna þess að þó að málið heyri undir hæstv. fjmrh., þá er það auðvitað úrslitaatriði að heilbrrh. reki á eftir málinu eins og kostur er og reyni að laða fram lausn í því. Ég hef þess vegna með hliðsjón af aðstæðum kosið að snúa mér til hæstv. fjmrh. með þá fyrirspurn sem ég geri hér.

Í utandagskrárumræðu fyrir nokkru sem hv. þm. Kristín Ástgeirsdóttir hóf sagði hæstv. heilbrrh. að deilan mundi senn leysast, það væri ekki langt í það að þessi deila leystist. Síðan hefur lítið sem ekkert þokast í deilunni þannig að það er bersýnilega uppi mjög mikill vandi í þessari kjaradeilu og það sér ekki fyrir endann á henni enn þá þó að vísu sé boðaður samningafundur, það hef ég heyrt, seinni partinn í dag.

Deilan hefur staðið í heilar sex vikur og er þar af leiðandi orðin einhver allra lengsta kjaradeila sem nokkurn tíma hefur staðið á heilbrigðisstofnun í landinu hjá einstökum hópi. Ég tel að þetta sé mjög alvarlegt umhugsunarefni, ekki aðeins fyrir meinatækna heldur einnig fyrir viðsemjendur meinatækna í fjmrn. og heilbrrn. og reyndar aðrar heilbrigðisstéttir líka sem hljóta að velta því fyrir sér hvort það sé eðlilegt að ein stétt lendi í hremmingum langtímum saman af því tagi sem nú er um að ræða án þess að aðrar stéttir geti komið neinum vörnum við þessum starfsfélögum sínum til stuðnings með einum eða öðrum hætti.

Ég veit út af fyrir sig ekki, hæstv. forseti, hvað á milli ber í þessari deilu í einstökum atriðum en ég hygg þó að málið snúist í grófum dráttum um það að meinatæknar vilji að bilið á milli þeirra taxta og hjúkrunarfræðinga verði það sama og það var áður en hjúkrunarfræðingar fengu tiltekna leiðréttingu sinna mála, það sé í raun og veru það sem þarna er verið að fara fram á. Ég tel alla vega alveg augljóst mál að það sé lítið sem ber á milli og það er óþolandi í raun og veru að láta þessa deilu standa stundinni lengur án þess að gengið sé í að leysa hana. Munurinn er ekki meiri en svo að það á að vera hægt að ganga frá samningum segi ég af þeirri reynslu sem ég hef af samningamálum af þessu tagi. Afleiðingarnar af þessari deilu liggja fyrir, þær eru þjáningar hjá einstaklingum í stórum stíl, þær eru vandamál sem komið hafa upp inni á spítölunum og öðrum heilbrigðisstofnunum og auk þess margvísleg óvissa í starfi fyrir aðrar heilbrigðisstéttir. Auk þess er það ljóst að standi deilan eins og nú horfir stundinni lengur þá mun hún þó hún leysist fljótlega hafa í för með sér aukinn kostnað við heilbrigðisþjónustuna síðar umfram það sem verið hefði af því að fyrirhugaðar sumarlokanir eða sumarsparnaður í einstökum heilbrigðisstéttum sjúkrahúsanna getur ekki komið til framkvæmda af því að menn verða að vinna upp þann hala, þá biðlista sem hafa skapast og hafa lengst

af því að menn hafa ekki lagt í það að leysa þessa deilu. *Ég tel að þessi deila sýni í raun og veru líka*, hæstv. forseti, að það er umhugsunarefni hvort það er rétt að fjmrn. hafi það einokunarvald í kjarasamningum yfir öllum stéttum ríkisstarfsmanna sem það hefur.

Ég vil þess vegna, hæstv. forseti, leggja þá fyrirspurn fyrir hæstv. fjmrh.: Hvað hyggst hann gera hér og nú til að leysa deiluna þannig að Alþingi ljúki ekki á þessu vori, þ.e. hugsanlega í dag eða strax eftir helgina, öðruvísi en að þingmenn viti fyrir víst að það sjái til botns í þessu erfiða vandamáli?

[13:32]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Það er eðlilegt að hv. þm. lýsi áhyggjum sínum af þeirri deilu sem staðið hefur jafnlengi og deilan um kjör meinatækna en deilan stendur á milli meinatækna og viðsemjenda þeirra sem er ríkið og reyndar sveitarstjórnirnar, sveitarstjórn hér í Reykjavík.

Ég tek undir það með hv. þm. að það er einnig rétt að kanna það hvort ekki eigi að breyta fyrirkomulagi *kjarasamninga og gera ákveðnar stofnanir ríkisins* ábyrgari fyrir kjarasamningum. En því miður er nú enn langt í land að það geti tekist af ýmsum ástæðum sem ekki er hægt að fara út í hér. Ég vil taka fram að það er búið að semja við langflesta félagsmenn í BSRB og BHMR. Þetta er fjöldi félaga, þau skipta tugum og það eru örfá félög sem eftir eru aðallega félög sem starfa í heilbrigðisgeiranum.

Fundir í deilu meinatækna og ríkisins hafa frá því í lok mars verið yfir 30 talsins. Ég tel að allt hafi verið gert til að koma í veg fyrir að deilan stofnaði lífi sjúklinga í hættu og að það hafi verið reynt að koma í veg fyrir að hættuástand skapist enda er það lögbundið að meinatæknum er skylt eins og öðrum stéttum í heilbrigðisþjónustu að stunda sitt starf að ákveðnu marki. Sem betur fer og það ber að þakka fyrir það þá hefur samkomulag orðið í langflestum tilvikum um það hvaða störf eigi að vinna. Það hefur orðið smáárekstur en ég held að báðir aðilar hafi reynt það sem þeir hafa getað til að koma í veg fyrir að hættuástand skapist á spítölunum.

Við verðum að hafa í huga þegar talað er um þessa deilu að það er ekki hægt að líta á hana einangraða eða bundna eingöngu við meinatækna. Við vitum að hér á landi hefur atvinnuleysi vaxið og það er stefna ríkisstjórnarinnar að halda góðu jafnvægi. Það er engum til góðs ef samið er þannig við eina stétt að þeir samningar kynnu að leiða af sér að aðrir samningar eða kröfur annarra stétta leiddu til þess að laun hækkuðu almennt í landinu og niðurstaðan yrði sú að verðbólgan færi af stað og hún étur upp launin þannig að niðurstaðan gæti orðið verri en hún er í dag. Verðbólgan étur upp launin vegna þess að það vita það allir að ef laun hækka og verðlag hækkar síðan í kjölfar launahækkunar eins og við þekkjum frá fyrri árum, þekkjum frá stjórnarárum fyrri ríkisstjórna, þá kemur það engum til góðs. Það sem skiptir máli er það hvað við *fáum fyrir hverja krónu*.

Nú er það svo að þessir samningar sem verið er að gera eru aðeins gerðir til næstu áramóta. Báðir aðilar eru sammála um það að leysa eigi þessa deilu með því að meinatæknar fái sambærileg kjör við aðrar háskólamenntaðar stéttir sem starfa í heilbrigðisgeiranum. Vandamálið er hins vegar að það er ekki alveg einfalt að svara þeirri spurningu hvað sé fullt samræmi í þeim efnum. Við töldum í síðustu viku að það væri komið að lokum deilunnar. Ríkisvaldið spilaði út sínu ýtrasta boði. Það var haldinn fundur en því miður reyndist það vera þannig að einhvers misskilnings gætti um það út á hvað þetta boð gekk. Það eru vandamál í stöðunni sem ég get ekki rætt hér í einstökum dráttum. Það er fyrst og fremst vegna þess að meinatæknar úti á landi hafa haft hærri laun en þeir sem starfa í Reykjavík. Það er líka vegna þess að í ráðningarsamningum við meinatækna hafa sjúkrahúsin í Reykjavík haft þann *háttinn á að vinnutími er styttri en hjá öðrum stéttum*. Ég fer ekki frekar í þetta.

Það er fundur, sem boðaður er af sáttasemjara ríkisins, í dag kl. 17. Það er von mín eins og allra annarra að þessi deila leysist sem allra fyrst og ég bind miklar vonir við það. Núna kl. 13 vissi ég að það var boðaður fundur hjá Meinatæknafélaginu, ég sé að sá fundur hefur færst hingað niður í Alþingi og það er ekkert nema gott um það að segja.

Forustumenn meinatækna hafa rætt bæði við heilbrrh. og mig um sín mál og ég veit að það hefur öllum skilaboðum verið komið til réttra aðila og það eina sem ég get sagt hér er það að ég vonast eins og allir aðrir til þess að deilan leysist sem allra fyrst.

[13:37]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér er vissulega verið að fjalla um langvinna og erfiða kjaradeilu sem nauðsynlegt er fyrir alla aðila að fá lausn á. Vissulega vekur þessi deila miklar áhyggjur og þá örugglega ekki síður hjá meinatæknum en öðrum sem hafa þurft að heyja harða baráttu *fyrir leiðréttingu á sínum kjörum*. *Ég held að* það sé alveg ljóst að meinatæknar hafa dregist aftur úr öðrum sambærilegum stéttum og að það sé réttlætanlegt og almennt viðurkennt að það sé tilefni þarna til leiðréttingar á kjörum meinatækna án þess að það hafi fordæmisgildi almennt á launamarkaðnum.

Ég tel að þegar slitnaði upp úr samningaviðræðum fyrir um viku hafi málsaðilar verið komnir mjög langt með að ná niðurstöðu sem gefur tilefni til að ætla að það vanti aðeins herslumun til að ná niðurstöðu í þetta erfiða mál. Ég hygg að hæstv. heilbrrh. hafi verið í góðri trú þegar upp úr slitnaði fyrir um viku síðan að lausn væri að fást í málinu. En það er alveg ljóst að það verða allir málsaðilar að vinna hratt og vel að lausn þessa máls. Það er erfitt að horfa upp á að deilan dragist lengur og ég legg mikla áherslu á að allir aðilar taki nú höndum saman um að fá lausn í þessa deilu.

[13:39]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að taka þetta mál upp. Það er sannarlega ástæða til þess

en því miður var nú lítið að græða á svörum hæstv. ráðherra. Mér er auðvitað ljóst að þetta er viðkvæmt mál og flókið og verða ekki rædd hér einstök efni kjarasamninga eða samninga á viðkvæmu stigi í þingsölum. En það er líka til lítils fyrir hæstv. félmrh. að segja það að heilbrrh. hafi verið í góðri trú fyrir einni viku. Það eru 17 dagar síðan hann lýsti því yfir hér í hv. þingi að hann teldi að málið væri að leysast, 17 dagar. Þá hafði verkfallið staðið í 17 daga þannig að það er auðvitað orðinn allt of langur tími sem þetta ástand hefur varað.

Ég vona að ekki hafi orðið alvarleg slys, áföll eða dauðsföll sem hægt sé að rekja til þessarar deilu en ég hygg að þar hafi líka meinatæknar lagt sig fram um að ræða þannig við sína viðsemjendur og reynt að haga sínum vinnutíma þannig að slíkt gerðist ekki og ber auðvitað að þakka fyrir það og virða en það hlýtur að enda með því eftir sex vikna verkfall að harka færist í deilur af þessu tagi. Það er það sem við hljótum að óttast núna og krefjast þess að stjórnvöld grípi til þeirra leiða sem mögulegar eru, leiti allra leiða til að binda endi á þessa erfiðu deilu. Það eru ákveðin verkefni í hættu. Mér er t.d. sagt það að hugsanlega verði að stöðva hjartaaðgerðir nú um helgina eða í næstu viku ef málið leysist ekki um helgina og þá blasir auðvitað við mjög alvarlegt ástand fyrir utan ýmiss konar önnur sýni sem ekki fá meðferð daglega. Ég nefni sem dæmi að mér er sagt að sýni vegna þungunar séu mál sem séu mjög viðkvæm en það er bara tekið af handahófi. Það er auðvitað fjölmargt annað sem ekki má líða eins og nú gerist og ég legg áherslu á það við hæstv. ráðherra að þeir beiti nú öllum ráðum til að leysa málið í dag. Auðvitað er það svo að deilur af þessu tagi leiða hugann að vinnulöggjöfinni sem slíkri og það er ekki gott ástand að heilbrigðisstofnun sé lömuð kannski allt árið vegna verkfalls einstakra stétta, virðulegur forseti. Það má heldur ekki verða regla að verkföll verði ekki leyst nema með lagasetningu, það er líka óviðunandi. Þannig að nú verða stjórnvöld að bregðast við og semja án frekari tafar.

[13:41]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Það er alveg makalaust að hlusta á þennan málflutning sem hæstv. ráðherrar hafa fram að færa. Við erum að tala um verkfall sem hefur staðið í sex vikur, verkfall sem bitnar á sárveiku fólki og við erum að tala um stétt sem er búin að vera án launa í einar sex vikur. Ég veit ekki hvaða sambönd hæstv. fjmrh. hefur út í þjóðfélagið en við þingmenn höfum orðið fyrir því undanfarna daga ýmsir hverjir að fólk er að hringja í okkur. Ég nefndi tvö dæmi hér í morgun. Annað dæmið um hjartveika konu sem þarf að komast í aðgerð en hún er ekki nógu veik, þótt fárveik sé, hún er ekki nógu veik til að komast á akút-lista sem farið er eftir á spítölunum. Ég nefni líka dæmi um konu sem greinst hefur með ber í brjósti og það vex dag frá degi en hún fær enga þjónustu. Þetta getur ekki gengið svona lengur. Þið verðið að gjöra svo vel og taka ykkur til, hæstv. ráðherrar, og setjast að samningaborðinu. Við erum að tala hér um mjög alvarlegt mál, mjög alvarlegt. Það mætti halda að það væri verið að tala hér um garðyrkjumenn og stöðumælaverði í vinnudeilum en ekki mál sem snýr að veiku fólki. Menn verða bara að gjöra svo vel og horfast í augu við það að það er ekki sama hvaða hópar standa í vinnudeilum, það er ekki sama. Mál eru misjafnlega alvarleg. Ég ítreka að það á ekki að setja lög á meinatækna, ráðherrar eiga að ganga í það mál að finna lausn á þessum mikla vanda. Menn verða bara einfaldlega að setjast að samningaborðinu og finna lausn á vandanum. Það er eina leiðin út úr þessu máli.

[13:43]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar verið var að hækka laun hæstaréttardómara um 70–80 þús. kr. þá varði hæstv. fjmrh. þær launahækkanir hér í þingsölum. Nú kemur hæstv. fjmrh. hins vegar í dag og fer að tala um verðbólguna og óróa á vinnumarkaði ef gerðir eru samningar við meinatækna. Ég veit ekki betur en Alþýðusambandið og BSRB styðji meinatækna í þessari baráttu, þannig að það er alveg ljóst að af hálfu þessara öflugu samtaka launafólks í landinu er stuðningur við þær kröfur og þau sjónarmið sem meinatæknar hafa lagt fram. Það er þess vegna ekki boðlegt, virðulegur fjmrh., að flytja þau rök hér eftir þetta langa verkfall að það sé vegna verðbólguhættu og óróleika á vinnumarkaði sem ekki sé hægt að semja í þessari deilu. Það er líka fordæmanlegt alvöruleysi af hálfu hæstv. heilbrrh. að fara á fund til Genfar þar sem engin nauðsyn er að hann sitji þegar slíkt ástand er í heilbrigðismálum í landinu sem hér hefur verið lýst í dag. Ráðherra sem fullvissaði þingið úr þessum ræðustól fyrir u.þ.b. þremur vikum síðan um að deilan væri að leysast. Slíkt alvöruleysi er auðvitað fordæmanlegt og satt að segja óskiljanlegt að heilbrrh. skuli taka þessa utanferð sem er að mínum dómi ónauðsynleg, það mun enginn sakna ráðherrans á þeim fundi sem hann er á í Genf, en hans er hins vegar saknað hér á landi.

Ég vil svo að lokum spyrja hæstv. fjmrh., hvort hann sé reiðubúinn að gefa þá yfirlýsingu hér að ekki verði gripið til bráðabirgðalagavaldsins eftir að þinginu lýkur til að ljúka þessu verkfalli meinatækna. Ríkisstjórnin beitti bráðabirgðalagavaldinu á sjómenn eftir að þinginu lauk hér fyrr í vetur og ég óska eftir því að það komi fram afdráttarlaus yfirlýsing af hálfu fjmrh. hér í dag um að bráðabirgðalagavaldinu verði ekki beitt í þessari deilu.

[13:46]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Svavar Gestsson spurði hæstv. fjmrh. að því hvað hann hygðist gera í þessu máli. Hæstv. fjmrh. og reyndar hæstv. félmrh. líka svöruðu báðir: Við vonum að þessi deila leysist. Við vonum það líka. En til að hún leysist þarf að grípa til aðgerða. Laun meinatækna eru á milli 70–80 þús. kr. á mánuði. Það er nú ekki meira eftir mikla menntun, háskólamenntun, og mikla ábyrgð. Fyrir 17 dögum sagði hæstv. heilbrrh.: Deilan er að leysast hafið ekki áhyggjur, deilan er að leysast. Og svörin sem fást hér

í dag eru: Við vonum að deilan leysist. Við verðum að fá aðgerðir, hæstv. fjmrh. Ég held að það sé nokkuð ljóst að sú nefnd sem er að starfa í þessu máli á vegum ríkisins sé óhæf. Það er kominn slíkur hnútur í málið að hæstv. fjmrh. og starfandi heilbrrh. verða að ganga í málið. Þannig standa málin í dag.

[13:47]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég held að þessi meinatæknadeila sem við höfum nú fylgst með í hartnær sex vikur sé til marks um þá kraumandi óánægju sem er í raun hjá ýmsum starfsstéttum hér í þjóðfélaginu. Þetta er óánægja sem hlýtur að koma upp á yfirborðið fyrr en síðar og ég spái því að það verði fyrr.

Ástæðan fyrir þessu er kannski ekki síst sú að nú um alllangt skeið, líklega nærri áratug hafa tíðkast hér í kjaramálum hin svokölluðu stóru samflot sem áttu að verða til að lyfta lægst launaða fólkinu í landinu en því miður hefur ekki gengið sem skyldi með það. Þessi stóru samflot urðu til þess að samningsréttur einstakra stéttarfélaga var í raun afnuminn. Og fjölmennir hópar og starfsstéttir hafa ekki getað fengið leiðréttingu á sínum málum vegna þess að það hefur allt verið lagt á ís og óréttlætið í launamálunum hefur í raun verið fryst. Þetta hefur ekki síst komið niður á ýmsum kvennastéttum vegna þess að við vitum um þennan launamun sem er á milli karla og kvenna og hefur verið hér um langt árabil að þegar samflotin komust á þá var allt saman sett á ís og óréttlætið í raun fryst. Það er búið, með öðrum orðum, að festa kyrr kjör hjá fólki og óánægjan er orðin mjög megn og ég held að hún hljóti að koma upp á yfirborðið fyrr eða síðar og það verði með einhverjum hætti að taka á því. Starfshópar eins og t.d. meinatæknar verða að fá samningsstöðu gagnvart opinberum aðilum, gagnvart sínum viðsemjendum og ákveðna leiðréttingu. Ég held að hjá því verði ekkert komist. Hver hún á síðan að vera og hvar menn ætla að mætast, það er önnur saga. En það eru margir hópar sem bíða eftir því að fá ákveðnar viðræður um sín mál og fá leiðréttingu á sínum sérkjaramálum og ég held að það verði ekkert hjá því komist að taka á því. Það verður ekki stöðvað eins og hæstv. fjmrh. virtist gefa hér í skyn að þyrfti að gerast. Hann sagði að það sé engum til góðs að samið verði við eina stétt og verðbólguskriðan fari af stað. Það þarf ekki að hafa í för með sér að verðbólguskriðan fari af stað þó tekið sé á málum einstakra stétta.

[13:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Utandagskrárumræður eru algengt form á því að reyna að fá fram niðurstöðu í stórum málum, knýja á um svör hjá hæstv. ráðherrum. Þessi hálftími sem tekinn var upp fyrir nokkrum árum undir forustu Þorvaldar Garðars Kristjánssonar hefur reynst vel í þeim efnum. Ég hygg hins vegar að á þessum fundi núna hafi í raun og veru verið sett met í þingsögunni í því að segja ekki neitt í þriggja mínútna svari. Það er auðvitað mikið vafamál að það sé ástæða til þess að þakka hæstv. fjmrh. fyrir það að hafa sett þetta met en í rauninni sagði hann ekki nokkurn skapaðan hlut. Hann sagðist vona, og félmrh. át það upp eftir honum, að deilan leystist eins og þeir væru engir gerendur, ráðherrarnir, í þessum málum. Auðvitað eru það hæstv. ráðherrar sem verða að gera sér grein fyrir því að deilan er komin á það svið að það er þeirra að ganga í málið sjálfir, t.d. með þeirri aðferð sem hv. þm. Ingibjörg Pálmadóttir nefndi hér áðan að setja samninganefnd ríkisins af. Hún hefur haft með málið að gera í sex vikur, hún getur ekki leyst málið og þess vegna er auðvitað sjálfsagt að ráðherrarnir gangi í verkið og reyni að leysa þetta eins vel og eins fljótt og mögulegt er.

Ég vil líka taka undir það sem hér hefur komið fram að ég tel að svona deila sé með þeim hætti að það velti ekki bara á fjmrh. og samninganefnd ríkisins hvort eða hvernig hún leysist heldur veltur það á því hvort það er heilbrrh. í landinu sem hefur metnað fyrir sitt ráðuneyti. Að vera í deilu af þessu tagi og hlaupa úr landi er auðvitað algjörlega fráleitt og eru alvarleg embættisafglöp að mínu mati. Ég tel að svona deila geti í raun og veru ekki leyst öðruvísi en heilbrrn. komi myndarlega að henni.

Ég skora að lokum á hæstv. ráðherra að svara því hvernig hann mun breyta bráðabirgðalagavaldinu, hvort hann mun beita því í sambandi við þessa deilu. Ég minni á aðvaranir landlæknis og ég krefst þess sem þingmaður í nafni mannúðar að deilan verði leyst strax.

[13:52]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Ég vil taka fram í fyrsta lagi að ég er að mörgu leyti sammála því sem kom fram hjá hv. 10. þm. Reykv., Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur, að vandinn felst í svokölluðu samfloti. Það vill svo til að einmitt í þessari deilu sem við erum að ræða núna þá er þetta vandamál uppi því það er misræmi í kjörum þeirra sem starfa í Reykjavík og hinna sem starfa úti á landi og krafan er sú að báðir hóparnir hækki. Þannig að ég er fyllilega sammála því sem kom glögglega fram hjá hv. þm. og er reyndar hluti vandans.

Þá vil ég að það komi hér skýrt fram að það á ekki að vera hægt og ég trúi því ekki sem kom hér fram að það sé ekki talið vera akút-mál þegar um er að ræða illkynja krabbamein. Ég veit að meinatæknar hafa, og þeir mega eiga það í þessari deilu, sýnt það svigrúm sem þarf til þess að það þarf ekki að vera um lífshættu að ræða. Það ber að þakka og ég vil að það komi fram í minni ræðu.

Það er þannig að ríkið hefur lagt fram tilboð og í því tilboði hefur komið fram talsverð launahækkun miðað við þær launahækkanir sem hefur verið talað um og samið um að undanförnu. Það vil ég að komi fram. Heilbrrh. er ekki við, hann getur ekki borið hönd fyrir höfuð sér í þessari umræðu. Ég vil aðeins segja það að hann hefur fylgst með þessari deilu, kynnt sér hana rækilega en samningsumboðið er auðvitað hjá fjmrh. sem hér er.

Varðandi bráðabirgðalagavaldið er eðlilegt að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson spyrji um bráðabirgðalögin því að þau voru fræg bráðabirgðalögin hans.

Ég vil segja það hér og nú að það hefur ekkert verið rætt um það að taka á þessum málum með bráðabirgðalögum enda situr þingið og það er ekki hægt. Þegar þingið fer þá fær ríkisstjórn bráðabirgðalagavaldið. Það verður ekki tekið af ríkisstjórn og hún getur ekki samið það af sér vegna þess að það er stjórnarskrárbundið. En ég vil láta það koma hér skýrt fram að það eru engar ráðagerðir nú og hefur ekkert verið rætt um það að ríkisstjórnin leysi þetta vandamál með bráðabirgðalögum.

[Fundarhlé. — 13:55]

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, 3. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 614. mál. — Þskj. 1073.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Eftirlit með skipum, 2. umr.

Frv. samgn., 623. mál (innflutningur og skráning fiskiskipa). — Þskj. 1210.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Græn símanúmer, síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 207. mál. — Þskj. 231, nál. 1141.

[14:26]

Frsm. meiri hluta samgn. (Pálmi Jónsson):

Virðulegi forseti. Samgn. hefur haft til athugunar till. til þál. um græn símanúmer hjá ráðuneytum og stofnunum ríkisins. Nefndin hefur fengið á fund sinn Jón Birgi Jónsson, ráðuneytisstjóra í samgrn. Þá bárust nefndinni nokkrar umsagnir sem yfirleitt voru jákvæðar.

Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með svofelldri breytingu, með leyfi hæstv. forseta, þá orðist tillgr. svo:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að sjá til þess að á næsta ári verði komið upp grænum símanúmerum í öllum ráðuneytum Stjórnarráðsins og helstu stofnunum ríkisins."

Hv. þm. Guðni Ágústsson var fjarverandi við afgreiðslu málsins. Jóhann Ársælsson og Stefán Guðmundsson skrifuðu undir nál. með fyrirvara.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vog, mál og faggilding, 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 626. mál. — Þskj. 1227.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Fjáraukalög 1993, 3. umr.

Stjfrv., 452. mál (niðurstaða greiðsluuppgjörs). — Þskj. 675.

[14:28]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Fjáraukalög fyrir 1993 ættu með réttu ekki að vera á dagskrá nú (**Gripið fram í:** Það er rétt hjá þér.) einfaldlega vegna þess að það er óheimilt að greiða úr ríkissjóði eina einustu krónu nema heimild sé til staðar í fjárlögum eða fjáraukalögum. Þessi „hérumbilmennska" sem hér ríkir, að vera á landamærunum og virða ekki nákvæmlega ákvæði stjórnarskrárinnar um þetta atriði, er alvarlegasti yfirgangur framkvæmdarvaldsins yfir löggjafarvaldinu. Í því vestræna ríki Bandaríkjunum þar sem leikreglurnar eru virtar, ekki hér um bil, þar er mönnum ljóst að annaðhvort hefur fjármálaráðherrann heimild til að greiða eða hann hefur ekki heimild til að greiða. Og svo langt gengu menn til að reyna að afla forsetanum fjár sem þingið var búið að neita honum um að þeir seldu af vopnabirgðum hersins og smygluðu peningunum fram hjá og notuðu þá sem greiðslur fyrir forsetaembættið vegna þess að þeir vissu að það er ekki hægt að greiða úr ríkissjóði Bandaríkjanna eina einustu krónu án heimilda. (**GHall:** Er þessi ráðherra engu betri?) Svo er það spurningin, hv. þm., hvort þessar leikreglur „hérumbilmennskunnar" eru þær sem eiga að gilda. Og ég held að það sé helst von með hv. 16. þm. Reykv. ef það væri reynt að færa þetta yfir á sjómannamál að skilningur verði til staðar.

Hvað er með skipstjórann sem hér um bil virti siglingalögin og keyrði á næsta skip? Hvað er með skipstjórann sem hér um bil lét skrásetja áhöfnina en gleymdi bæði stýrimanni og kokki? Hvað er með skipstjórann sem hér um bil hélt að hann kynni á kompásinn en strandaði vegna þess að hann kunni ekki á hann? Það virðist ekki ganga upp með „hérumbilmennskunni" þó það sé alveg á mörkunum og mörgum finnist að það að gera hlutina hér um bil sé viðunandi árangur. (**ÓRG:** Þú verður nú að láta ná í fjmrh. ...)

Ekki er betri árangurinn ef við snúum okkur að knattspyrnumönnunum. Hvernig er það með stórskyttuna sem hér um bil hitti markið en skaut í þverslána? (Gripið fram í.) Og markvörðinn sem hér um bil varði en missti boltann á seinasta augnabliki? Og fjmrh. sem hér um bil fór að settum reglum? (**ÓRG:** Hvar er fjmrh. núna?) Þ.e. hann vill samþykktir núna á árinu 1994 fyrir því sem hann þurfti samþykktir fyrir á árinu 1993.

Það er nú ekki stór skekkja í því tímatali miðað við þegar baráttan var hafinn fyrst fyrir því að fá þennan rétt aftur inn til þingsins. Þá var ástandið slæmt. Þá var níu ára gamall síðasti ríkisreikningurinn sem var tekinn fyrir hér. Hann var eiginlega að verða talandi þegar hann kom á fund þingsins. Því var reyndar játað af ráðuneytisstjóra að hann væri ekkert hreykinn af því að leggja fram slíkan ríkisreikning.

En hér sættir þingið sig við það að ráðherra fari hér um bil að lögum í þessum efnum. Og þessi „hérumbilmennska" gerir það að verkum að það er búið að moka út úr ríkissjóði Íslands tugum milljarða í gegnum tíðina. Við eigum þessa milljarða skráða í ríkisskuldabréfum sem eigendur, Íslendingar, ýmsir eiga að vísu og geta notið góðs af. Það kemur þing eftir þetta þing. Það verður fróðlegt að sjá hvort þetta fjárstreymi úr ríkissjóði fram hjá öllum reglum heldur áfram. Og ef ríkissjóður bókar nú á annan veg en Ríkisendurskoðun samþykkir þá sé bara rétt að snúast til varnar og skamma Ríkisendurskoðun fyrir að þeir hafi ekki réttar skoðanir á bókhaldi. Þannig hafa menn brugðist við til þessa.

Ég trúi því að hæstv. fjmrh., sem telur þetta nú eiginlega svo sjálfsagt mál og lítið að hann þurfi ekki að vera við, hafi áhuga á að fá þetta afgreitt. Hvers vegna? Vegna þess að þetta er syndafyrirgefningin á verknaðinum. Meðan svonalagað er ósamþykkt af Alþingi Íslendinga er hægt að draga ráðherra fyrir landsdóm fyrir að brjóta stjórnarskrána. Þannig standa málin. En þegar búið er að gefa út syndakvittunina, búið að samþykkja greiðslurnar eftir á, þá er það ekki hægt lengur.

Það er mikið þolgæði sem Alþingi Íslendinga sýnir sínum fjmrh. að líða þeim það að virða ekki þessar leikreglur. Nú erum við komnir með tæknivætt ráðuneyti, við erum komnir með tölvur, allan búnað til að tékka þetta af með eðlilegum hætti en engu að síður gilda ekki á Íslandi þær leikreglur sem gilda í Bandaríkjunum, vöggu lýðræðisins, að fjárveitingavaldið skuli vera hjá þinginu — og er hjá þinginu þar en hér er framkvæmdarvaldið búið að draga til sín hluta af þessu valdi og biður svo um syndakvittanir þegar kemur fram á vor. Auðvitað eiga menn ekki að vera með nein leiðindi út af þessu, alls ekki. Menn eiga að vera brosandi og kátir í fjárln. og telja sig vera að ráða því hvað gert er við peninga þjóðarinnar. Reyndar gekk þetta svo langt á tímabili að á sama tíma og menn sátu sveittir í þeirri nefnd við að reyna að hafa kontról á því hvað mikið ætti að fara í hlutina þá héldu menn á fund fjmrh. og báðu um aukafjárveitingar vegna þess að fjárveitinganefnd væri svo slæm. Nú heitir hún fjárlaganefnd.

Samt er það svo að sé þetta vald gefið eftir af hálfu þingsins þá er elsta baráttumálið um valdskiptingu á milli framkvæmdarvalds og þings ekki til staðar og ekki virt, elsta baráttumálið. Það er hægt að lesa mannkynssöguna fram og til baka, vandamál konunganna var það ef þeir ætluðu í stríð þá þurfti þingið að samþykkja að þeir fengju peninga til þess, annars var ekki hægt að leggja af stað. (Gripið fram í.) Á tímabili voru þeir nú reyndar búnir að koma því þannig fyrir að þeir væru einvaldir og hefðu vald sitt frá guði og ættu ekkert undir þinginu.

Hér verðum við að breyta til. Ég ætla ekkert að ráðast á þann hæstv. fjmrh. sem nú gegnir þessu embætti. Mér er ljóst að þrýstingurinn á hann úr öllum áttum er mikill og embættismannakerfið vill sem sagt fá að eyða eins og því sýnist og hefur alltaf viljað það. En þarna verða að fást landamæri. Annaðhvort framkvæma menn hlutina með því að biðja um leyfi fyrst eða þeir gera þá í leyfisleysi. Það er engin lausn í þessu máli að segja: Ég gerði þetta í leyfisleysi, nú vil ég fá ykkur til að samþykkja þetta eftir á. Almennir þingmenn, stuðningsþingmenn hvaða ríkisstjórnar sem er, eiga ekki að líða slík vinnubrögð.

[14:40]

Frsm. meiri hluta fjárln. (Sigbjörn Gunnarsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Það gætir nokkurs misskilnings í máli síðasta ræðumanns, Ólafs Þ. Þórðarsonar. Þetta frv. fjallar um að taka heimildir frá fjmrh. sem hann hafði fengið með lögum nr. 115/1993, þ.e. það er verið að taka heimildir frá fjmrh. upp á 4.414,5 millj. kr.

Hitt er svo aftur annað mál að á tveimur undangengnum þingum hafa fulltrúar í fjárln. flutt frv. sem banna aukagreiðslur úr ríkissjóði. Það mál náði ekki fram að ganga en ég vil lýsa þeirri skoðun minni hér að ég tel mikla nauðsyn til að slík lagasetning fari fram.

[14:41]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það verður að byrja á þakkarávarpi vegna seinni hluta ræðunnar. Það var hinn ljósi punktur í því sem hv. 7. þm Norðurl. e., Sigbjörn Gunnarsson, flutti hér. En fyrri hlutinn var alveg afleitur. Hafirðu veitt manni heimild til að gera eitthvað á ákveðnu ári þá er það ekki eilífðarheimild. Það er mikil bjartsýni að halda því fram. Ef við höldum áfram má þá skilja að þetta sé örvæntingarfull tilraun á lokaklukkustundum þingsins til þess að ná þessu valdi af fjmrh. svo hann noti þetta bara ekki í sumar og ausi þessu út? Nei, hv. þm. hristir höfuðið vegna þess að hann veit að þetta fjárlagaár er liðið. Það er ekkert á dagskrá að menn eyði í dag peningum út úr ríkissjóði sem þeir höfðu heimildir til að gera á seinasta ári. Við samþykkjum ríkisreikning og þannig lokum við hverju ári fyrir sig. Þetta vita allir. En vegna þess að seinni hluti ræðunnar var góður og yfirlýsing um að hér verði flutt frv. og tekið á þessu þá ætla ég ekki að fara í frekari umræður um þetta mál að þessu sinni.

[14:43]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Vegna andsvars formanns fjárln., Sigbjörns Gunnarssonar, vil ég spyrja hann hvort það sé ekki rétt skilið hjá mér að í þessu fjáraukalagafrv. sem er til afgreiðslu sé sótt um heimildir — bið ég nú hv. þm. Ólaf Þ. Þórðarson að hlusta einnig — vegna greiðslna umfram fjárlög upp á tæpar 760 millj. kr. Þótt það sé út af fyrir sig rétt hjá hv. þm. að í frv. sé einnig verið að draga til baka heimildir um greiðslur

þannig að nettótalan kunni að vera sú að það er frekar dregið inn en þanið út þá breytir það því ekki að í frv., eins og ég les það, er verið að veita heimildir umfram þær greiðsluheimildir sem áður voru upp á 760 millj. sem búið var að greiða. Það er ekki skilningur fjárlaganna að það sé verið að veita greiðsluheimildir bara upp á nettótöluna heldur hverja heimild fyrir sig. Ég get þess vegna ekki skilið að það hafi verið neinn misskilningur hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni í hans ræðu hér og bið nú þingmanninn enn að hlýða á mál mitt og finnst það vera óþarfa hógværð hjá honum að lofa því að segja ekkert meira um málið því að það er alveg ljóst að hann hafði fullkomlega rétt fyrir sér í sinni ræðu.

Ástæðan fyrir því að ég kvaddi mér hér hljóðs var þó frekar sú að mér finnst rétt að vekja athygli á því að á síðasta kjörtímabili var háð hörð barátta af hálfu þingmanna Sjálfstfl. sérstaklega og Alþfl. fyrir því að setja á fjmrh. kvaðir sem fólust í sérstöku frv. um aukagreiðslur úr ríkissjóði. Ég tók upp góða samvinnu að ég tel við fjárln., þá fjárveitinganefnd, um breytta skipan í þessum málum. Ég kom með inn í þingið stóran bunka af fjárlagafrv. sem fjmrh. Sjálfstfl. höfðu vanrækt að flytja í þinginu. Það var síðan í ljósi viðræðna við fjárln. að ég studdi að það sérstaka frv. sem þeir voru aðaltalsmenn fyrir, hv. þm. Pálmi Jónsson og núv. hæstv. iðnrh., Sighvatur Björgvinsson, væri flutt í þinginu og tekið til umfjöllunar. En ég get ekki neitað því að það vekur undrun mína að nú þegar Sjálfstfl. og Alþfl. eru búnir að hafa þingmeirihluta í þrjú þing skuli ekkert hafa gerst í þessu máli. Að vísu hafa verið gerðar tilraunir til að flytja frv., ef ég man rétt, í formannstíð hv. þm. Karls Steinars Guðnasonar í fjárln., mig minnir það. En nú er það upplýst að á þessu þingi verður frv. ekki flutt og reyndar allt í óvissu um framhaldið.

Það vekur auðvitað upp þær spurningar hvort þessi mikla barátta, hún var mjög mikil fyrir þá sem sátu hér á síðasta kjörtímabili, þingmanna Sjálfstfl. og einnig þingmanna Alþfl. en þó sérstaklega þingmanna Sjálfstfl., fyrir þessu frv. hafi bara verið pólitískur leikur og stafað af því að þeir voru ekki með fjmrh. En þegar Sjálfstfl. er kominn með fjmrh. þá hættir hann allt í einu að hafa áhuga á því að fá hér í gegn frv. um aukagreiðslur úr ríkissjóði af því að Sjálfstfl. virðist ekki hafa áhuga á endurbótum í ríkisfjármálum nema þegar það hentar honum í flokkspólitísku stríði við andstæðinga. *Það er ekki hægt að draga aðra ályktun* af þessari atburðarás, annars vegar því sem sagt var á síðasta kjörtímabili og hins vegar því áhugaleysi Sjálfstfl., sérstaklega á þessu kjörtímabili, að koma þessu skipulagi í gegn þegar Sjálfstfl. hefur haft á því öll tök vegna þess að ég held að það sé rétt hjá mér, án þess að það sé nokkuð í mínum verkahring að fullyrða um það, að það hafi ekki strandað á Alþfl.

Það er alveg óhjákvæmilegt að forustumenn Sjálfstfl. í ríkisfjármálum á þessu kjörtímabili útskýri það hvernig stendur á því að þeir hafa ekki sýnt meiri áhuga á því nú að lögfesta skipulagsbreytingar varðandi aukagreiðslur úr ríkissjóði í ljósi allra hinna stóru orða sem þeir höfðu á síðasta kjörtímabili. Var það kannski vegna þess að hv. þm. Pálmi Jónsson og hv. þm. Egill Jónsson stóðu fyrst og fremst í þessu stríði vegna þess að þeir persónulega höfðu á því áhuga en höfðu ekki flokkinn á bak við sig? Og þegar aðrir menn eru komnir fyrir Sjálfstfl. í fjárln. þá allt í einu skortir þennan áhuga og þennan þunga? Það má vel vera að þetta hafi fyrst og fremst byggst á persónulegum skoðunum þessara tveggja hv. þm. En hitt er auðvitað alveg ljóst að Sjálfstfl. er búinn að hafa þrjú þing með aðild að ríkisstjórn, með fjmrn. í sínum höndum og afgerandi forustu í fjárln. miðað við hlutfall stjórnarflokkanna til þess að afgreiða málið. Og nú er þessu þriðja þingi að ljúka og frv. ekki einu sinni lagt fram.

Ég gæti auðvitað rifjað hér upp ræður þessara manna. Ég gæti rifjað upp viðtölin við forustumenn Sjálfstfl., t.d. í Morgunblaðinu, um hvers konar réttarbót, hvers konar skref í endurskipulagningu ríkisfjármála, hvers konar áfangi í baráttunni við hallarekstur á ríkissjóði slíkt frv. væri ef það væri gert að lögum. Og það vill nú svo til að þótt ég væri þá fjmrh. og Sjálfstfl. í andstöðu, þá tók ég þessum sjónarmiðum Sjálfstfl. vel. En þegar Sjálfstfl. hefur aðstöðu til þess að koma í gegn skipulagsbreytingum í ríkisfjármálum, þá allt í einu missir hann áhugann. Og það eru þrjú þing liðin á þessu kjörtímabili og í vændum er stysta þing kjörtímabilsins, næsta þing.

Virðulegi forseti. Mér fannst rétt við lok þingsins *þegar við erum að afgreiða frv. til fjáraukalaga fyrir* árið 1993 að vekja athygli á þessari athyglisverðu pólitísku staðreynd um áhugaleysi Sjálfstfl. á skipulagsumbótum í ríkisfjármálum. Það má auðvitað rifja upp margar fleiri mótsagnir. Það má rifja upp öll loforðin um skattalækkanir sem Sjálfstfl. gaf á síðasta kjörtímabili. Það má rifja upp loforðin um hallalausan ríkisrekstur á fyrstu tveimur árum þessa kjörtímabils og margt annað. Staðreyndin er nefnilega sú að það stendur ekki steinn yfir steini af yfirlýsingum Sjálfstfl. í ríkisfjármálum á síðasta kjörtímabili og því sem Sjálfstfl. hefur gert á þessu kjörtímabili þegar hann hefur verið með afgerandi hlutfall í fjárln. og fjmrn. í sínum höndum og forustu í ríkisstjórninni. Það væri hægt að taka hér fyrir lið fyrir lið allar yfirlýsingar núv. hæstv. fjmrh., núv. formanns þingflokks Sjálfstfl., hæstv. forsrh. þegar hann var að bjóða sig fram í Reykjavík og helstu talsmanna Sjálfstfl. í ríkisfjármálum á síðasta kjörtímabili og sýna lið fyrir lið hvernig þær hafa ekki staðist þegar Sjálfstfl. hefur fengið völdin. Það verður auðvitað gert þó að menn hafi beðið með það vegna þess að við höfum viljað gefa Sjálfstfl. tækifæri til að sýna það að hann meinti eitthvað með öllum yfirlýsingunum um ríkisfjármálin sem hann gaf á síðasta kjörtímabili.

Nú eru þrjú ár liðin, nú er þriðja þinginu að ljúka og niðurstaðan er núll í efndum Sjálfstfl. á þessum miklu loforðum, hvort sem það voru loforð um skattalækkanir, loforð um hallalausan ríkisrekstur eða loforð um skipulagsbreytingar í meðferð útgjalda ríkissjóðs.

Ég ætla ekki, virðulegi forseti, að taka meiri tíma

síðdegis á þessum laugardegi til að ræða þessi mál, en taldi rétt vegna lokaafgreiðslu frv. til fjáraukalaga fyrir árið 1993 að vekja athygli á þessum þætti málsins jafnhliða því sem ég tek undir með hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að í þessu frv. er farið fram á heimildir til að staðfesta greiðslur sem inntar eru af hendi án heimilda á árinu 1993.

Útbýting þingskjals:

Stjórn fiskveiða, 283. mál, brtt. JÁ og SJS, þskj. 1287.

[14:54]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. það til fjáraukalaga fyrir árið 1993 sem hér er til umræðu þarfnast ekki langra ræðuhalda og er ekki ástæða til þess að lengja þessar umræður með því. Eins og fram kemur ber frv. með sér að það hefur vissulega tekist að ná verulegum árangri í stjórn ríkisfjármála sérstaklega og ég held að það hafi allflestir þingmenn viðurkennt að hægt og bítandi hefur tekist að ná betri stjórn á útgjöldum ríkisins, útgjöldum einstakra stofnana. Ég held að það beri að þakka, bæði fyrrv. og núv. hæstv. fjmrh. og það er nauðsynlegt að hver eigi það sem hann á í þeim efnum. Það hefur verið svo að menn hafa lagt meiri rækt við það að gera einstakar stofnanir og ráðuneyti ábyrgari og ég held að það komi m.a. fram í þeim fjáraukalögum sem hér eru til afgreiðslu.

Varðandi athugasemdir hv. 8. þm. Reykn. sem vakti athygli á því, sem er alveg hárrétt, að frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði hefur ekki verið lagt fram aftur. Hv. þm. rakti það til einhvers áhugaleysis okkar sjálfstæðismanna í þinginu. Það er ekki þannig og vil ég að það komi skýrt fram að á þessum vetri hefur ekki komið fram nein ósk af hálfu hv. þm. í fjárln. um að þetta frv. yrði flutt. Við páv. formaður fjárln., hv. þm. Karl Steinar Guðnason sem nú er horfinn af þingi, beittum okkur fyrir því að frv. væri flutt í fyrra, en ástæðurnar fyrir því að þetta mál hefur ekki verið flutt á þessu þingi eiga tilteknar skýringar sem eru þær að nefnd sem kölluð er ríkisreikningsnefnd hefur verið að störfum. Þessari ríkisreikningsnefnd hefur verið sett það hlutverk að gera tillögur um úrbætur í framsetningu ríkisreikningsins og ég veit það að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson þekkir þetta vel sem fyrrv. fjmrh. Það er ástæðan. Ástæðan fyrir því að þetta frv. hefur ekki verið lagt fram á þessu þingi er sú að við gerðum ráð fyrir því að ríkisreikningsnefndin hefði lokið störfum þannig að það mætti vera eðlilegt samhengi á milli þess frv. sem var flutt og verður vonandi flutt í haust, frv. um greiðslur úr ríkissjóði, og þess sem hin svokallaða ríkisreikningsnefnd leggur til um framkvæmd og útfærslu á ríkisreikningi.

Þetta vildi ég að kæmi fram hér, virðulegi forseti, við þessa umræðu, en ég get alveg tekið undir það með hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni að það er afar mikilvægt að samþykkt verði hér lög um greiðslur úr ríkissjóði. Með því mundum við fá enn betri tæki til þess að fást við ríkisútgjöldin, fást við það erfiða viðfangsefni fjmrh. og að sjálfsögðu fjárln. að ráða við hina miklu tilhneigingu sem er til aukinna ríkisútgjalda og jafnvel ríkisútgjalda sem ekki er gert ráð fyrir í ýtrasta skilningi þess orðs að eigi sér stað á tilteknu og viðkomandi ári með tilliti til fjárlaga.

Þetta vildi ég að kæmi fram hér, virðulegi forseti. Að öðru leyti get ég tekið undir athugasemdir hv. þm. og vænti þess að í haust njótum við stuðnings hans við það að frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði verði hér að lögum. Sjálfstæðismenn hafa hins vegar ekki beitt sér gegn því að þetta frv. yrði lagt fram núna og skýringarnar liggja í því sem ég hef hér nefnt.

[15:00]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Ég er ekki viss um að ég geti verið sammála hv. 1. þm. Vesturl. um að svona miklar framfarir hafi orðið í meðferð ríkisfjármála. Það er að endurtaka sig sagan sem hv. 8. þm. Reykn., Ólafur Ragnar Grímsson, lagfærði þegar hann var fjmrh. að ríkisreikningur yrði afgreiddur nokkurn veginn jafnóðum og hann barst. Sú var tíðin að hæstv. páv. fjmrh. lagði fram tíu ríkisreikninga til samþykktar á hinu háa Alþingi í einu og má nú geta nærri hvern áhuga þingmenn höfðu á þeirri framlagningu.

Nú er sama sagan að gerast. Hér er á dagskrá í dag ríkisreikningur fyrir árið 1991 og fyrir 1992 og það er augljóst að það eru þessi tvö mál sem á að ýta út af dagskrá þingsins svo að unnt sé að ljúka þingi þannig að við erum komin með halann á eftir okkur aftur.

Varðandi síðustu fjáraukalög ársins 1993 hlýt ég að benda á það að við samþykktum fjáraukalög í desember 1993 og síðan koma lokafjáraukalög þar sem farið er fram á að breyta fjárlögum um hvorki meira né minna en 4 milljarða. Og maður spyr sig í forundran: Sáu þessir góðu menn ekki í desember að þarna voru allt of miklir peningar? Hvers vegna í ósköpunum getur annað eins og þetta gerst?

Ég hef nefnilega efasemdir, hæstv. forseti, um ágæti þeirrar breytingar að nú geta hinar ýmsu stofnanir og ráðuneyti fært peninga yfir á næsta ár. Rökin voru þau áður að ef þetta væri ekki hægt mundu menn eyða öllu sem þeir höfðu fengið til þess að þurfa ekki að skila því aftur. Nú sýnist mér að það séu að færast milljarðar króna yfir á næsta ár og í sannleika sagt án þess að það komi augljóslega fram við gerð fjárlaga. Menn eru sem sagt að safna sjóðum í hinum einstöku stofnunum og til hvers? Ég get ekki séð að þetta komi fram þegar sest er við gerð fjárlaga svo að mitt heilræði er að menn hefðu þetta eins og í Menntaskólanum í Reykjavík í gamla daga þegar ég starfaði þar og var send með 25 þús. kr. á gamlársdag til að skila aftur af því að það var ekki notað á árinu. Var það páverandi virðulegur rektor Menntaskólans í Reykjavík, Kristinn Ármannsson, sem hafði sitt bókhald í lagi og sendi ritara sinn með 25 þús. kr. vegna þess að hann bar virðingu fyrir fjármunum íslenska ríkisins. Nú safna menn þessu í sjóði ár frá ári. Ég held að þetta sé argasta vitleysa og ég held að það eigi að afleggja þetta. Mér þykir það enda dálítill dómur á þá sem fara með ríkisfjármál að sé þessi háttur ekki hafður á, þá eyði menn bara öllu sem þeir hafa fengið til þess að eyða

því. Ég ætla að vona að þetta séu ósanngjarnar ásakanir.

Eins og menn sjá segir í nefndaráliti frá minni hluta fjárln. sem liggur fyrir, með leyfi hæstv. forseta: „Enn fremur bendir minni hlutinn á að þær fjárhæðir, sem yfirfærðar eru á milli ára, hafa farið verulega vaxandi, en yfirfærsla fjármuna frá árinu 1993–1994 nemur 1,9 milljörðum kr."

Eru menn í vandræðum með að kaupa eina þyrlu? Hún kostar ekki nærri svona mikið. Það er ekkert annað en sækja peningana þangað sem þeir liggja og kaupa þyrluna strax, svo að eitthvað sé nefnt.

En það er sérkennilegt hlutverk að sitja í hv. fjárln. Alþingis vegna þess að allan tímann er ekið yfir mann. Hæstv. farsællega fjarverandi heilbr.- og trmrh. munar ekki mikið um að tilkynna það hverjum sem heyra vill að nú ætli hann að byggja eitt stykki barnaspítala. Hann hefur ekki rætt það við mig. (**Gripið fram í:** Sjálfur?) Og ég sit í hv. fjárln. Mér er stórlega til efs að hann hafi rætt það við formann nefndarinnar. Okkar fyrstu viðbrögð voru að spyrja: Hvað þýðir þetta? Þýðir þetta að hætt sé við að ljúka K-byggingunni? Læknar spítalans birtast á sjónvarpsskjánum skelfingu lostnir og segja: Hvað er maðurinn að gera? Ætlar hann að hætta við K-bygginguna? Einn maður uppi í ráðuneyti þarf nú ekki að hafa langa starfsreynslu til þess að gefa svona yfirlýsingar. Auðvitað er þetta argasta bull. Auðvitað fær maðurinn ekkert að gera þetta og ekki er ég þar með að hafa á móti því að byggður verði barnaspítali, en ég held að það sé ansi stór biti að gera hvort tveggja í einu.

Í gær barst hv. nefnd bréf þar sem bent er á leigukostnað opinberra stofnana og ég verð að játa að ég er ekki endurskoðandi. Ég get ekki fylgst með fjármálasukkinu hjá þeim sem það stunda. En þar er bent á að Lánasýsla ríkisins, sem er nýfarin úr eigin ríkishúsnæði, húsnæði sem ríkið sjálft á, hefur gert leigusamning við einstaklinga hér í bæ, eina af efnuðum fjölskyldum bæjarins, til ársins 2001. Leiguskilmálarnir eru 600 kr. á fermetrann á meðan flestar aðrar ríkisstofnanir sem í leiguhúsnæði eru greiða frá 350–385. Og maður spyr sig í forundrun (**ÓÞÞ:** Hver er þessi merkilega fjölskylda sem fær þetta?) Ég held að það geti ekki skipt máli. Þetta húsnæði er á Hverfisgötu 4–6. (**ÓÞÞ:** Þetta hljóta að vera sérstakir gæðingar.) Ég hygg að þingmaðurinn viti mætavel í hvers eigu það hús er. (**Gripið fram í:** Hvenær er samningurinn gerður?) Ætli það sé ekki svona ár síðan. Ég skal ekkert lasta menn sem eiga húsnæði þó að þeir reyni að ná góðum leigjendum. En maður hlýtur að spyrja sig: Hefði þessari góðu stofnun ekki verið nær að vera kyrri eða vera þar sem húsnæði var fyrir hendi og ríkið átti sjálft? Það væri sjálfsagt hægt að finna ýmist húsnæði sem ríkið á meðan það er að borga háa leigu fyrir stofnanir sínar. Auðvitað nær þetta engri átt.

Og af því að við ætlum að fara að ræða hér á eftir skuldastöðu heimilanna, þó að það séu smámunir sem ég ætla nú að gera að umtalsefni, þá yrði maður ekkert hissa þó atvinnuleysingjar landsins spyrðu: Hvað er hæstv. umhvrh. að gera á Barbados? Hver borgar þetta? Hvert er hæstv. heilbr.- og trmrh. farinn? Hver borgar það? Þessar ferðir kosta atvinnuleysisbætur í 4–5 mánuði fyrir fólkið sem eigrar hér um göturnar og fær ekki að vinna. Er ekki, hæstv. forseti, tími til kominn að einhver taki á þessu sukki? Þetta sukk sér maður út um allt. Við sem störfum í nefndum á erlendum vettvangi og verðum að sinna því að sjálfsögðu sjáum það að hv. þm. verða að gera svo vel og vera á apexmiðum og sitja innan um almenning í flugvélum. Hverjir fylla Saga class? Það eru pótintátar úr ráðuneytunum, það eru starfsmenn verkalýðshreyfingarinnar sem fara á eilífa fundi út og suður. Hver hefur stjórn á þessu? (**Gripið fram í:** Ber ekki að fagna þessu bara?) Nei, það á ekki að fagna þessu.

Ég verð að segja alveg eins og er að að taka þátt í því að vera í minni hluta í heldur gerræðislegum meiri hluta hv. fjárln. gerir satt að segja lítið annað en ergja mann vegna þess að við fáum í fyrsta lagi ekki að komast að hlutum eins og vera skyldi auk þess sem áhugi er takmarkaður á því að taka á hinu raunverulega fjármálasukki sem á sér stað með þjóðinni.

Það væri hægt að benda á ýmislegt á meðan ríkisvaldið getur ekki samið við lífsnauðsynlegar stéttir í landinu eins og meinatækna. Ætli það yrði ekki fljótlegt að finna það fé sem meinatæknar telja sig þurfa til að þeir geti fengið viðunandi samninga? Ég held að það væri fljótlegt að finna þá peninga.

Hæstv. forseti. Ég skal ekki lengja þetta meira en orðið er, en ég vil ítreka þá skoðun mína að ég held að það eigi að afleggja þennan sið að ríkisstofnanir færi fjármuni milli ára. Það eru engin rök í því máli að annars mundu þær bara eyða og spenna til þess að missa ekki spón úr aski sínum við næstu gerð fjárlaga.

[15:10]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Sturla Böðvarsson lýsti hér að ástæðan fyrir því að frv. um aukagreiðslur úr ríkissjóði hefði ekki verið flutt á þessu þingi væri sú að ríkisreikningsnefnd væri að fjalla um þessi mál og ætlunin væri að ná einhverju samkomulagi við hana. Það eru, ef ég man rétt, fimm ár síðan hafist var handa við þetta mál og frv. um aukagreiðslur úr ríkissjóði kom fyrst fram. Ríkisreikningsnefnd hefur þess vegna haft allan þann tíma, að mínum dómi, til þess að taka á þessu máli. Ég man ekki betur, ég fer með það að vísu eftir minni, en á síðasta ári mínu í fjmrn. hafi verið gengið frá brtt. við þetta frv. sem fjmrn. gat sætt sig við. Fjmrn. var þá, a.m.k. veturinn 1990–1991, búið að ná niðurstöðu í þessu máli og ég held að ég fari líka rétt með það að sú niðurstaða hafi verið byggð á því að kanna viðhorf fulltrúa í ríkisreikningsnefnd, a.m.k. mun ráðuneytisstjóri fjmrn. sem vann að þessum málum hafa haft samráð við ýmsa í þeim efnum.

Staðreyndin er líka sú að ég held að engin meiri háttar breyting í meðferð ríkisfjármála á síðustu árum hafi átt uppruna sinn í ríkisreikningsnefnd. Allar meiri háttar breytingar í meðferð ríkisfjármála hafa annaðhvort komið til vegna ákvarðana eða áhuga fjmrh. eða fjárln., þ.e. þingmanna. Ég minnist þess ekki að hafa

fengið frá ríkisfjármálanefnd neina ábendingu um endurskipulagningu ríkisfjármála. Ríkisendurskoðun mun einnig hafa komið ábendingum á framfæri, en ríkisreikningsnefnd ekki. Þess vegna virkar það frekar á mig sem ávísun á hina dauðu hönd að segja að það sé verið að bíða eftir því að ríkisreikningsnefnd nái einhverri niðurstöðu í málinu. Ríkisreikningsnefnd er í margra ára þjálfun að gera ekki neitt, a.m.k. að fara sér hægt í þessum málum. Við töldum þingið 1990–1991, þeir sem önnuðust viðræður fjárln. og fjmrn. um þessi mál, að niðurstaða væri komin, án þess að það þyrfti að fara svo náið með það í ríkisreikningsnefnd.

Og hverjir skipa ríkisreikningsnefnd? Ef ég man það rétt eru það ráðuneytisstjórinn í fjmrn., fulltrúi Seðlabankans, fulltrúi Hagstofu Íslands og fulltrúi Ríkisendurskoðunar. Bæði fulltrúi fjmrn. og Ríkisendurskoðunar voru búnir að sætta sig við (**Gripið fram í:** Og ríkisbókhalds.) — já og svo auðvitað ríkisbókhalds — voru búnir að sætta sig við þær breytingar sem gerðar voru á frv. veturinn 1990–1991 og mér er til efs að einhverjir snillingar í Seðlabankanum eða öðrum stofnunum sem þarna eiga fulltrúa hefðu getað bætt þar um betur vegna þess að frv. um aukagreiðslur úr ríkissjóði er í eðli sínu fyrst og fremst aðhaldssáttmáli sem framkvæmdarvaldið og löggjafarvaldið komu sér saman um. Frv. um aukagreiðslur úr ríkissjóði er lögbinding þeirra starfsreglna sem sem betur fer vaxandi fylgi hefur verið við af hálfu þingmanna og ráðherra.

Ef ætlunin er hins vegar að flytja þetta frv. að nýju í haust þá fagna ég því og í sjálfu sér þarf ekki mikið meira að segja um það. Ég vara menn hins vegar við því að telja að einhver umfjöllun ríkisreikningsnefndar sé svo mikið atriði í þessu máli í ljósi alls þess sem á undan er gengið að það réttlæti margra missira töf á því að þingið taki málið til umfjöllunar.

[15:15]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Frv. um fjáraukalög fyrir árið 1993 hefur orðið til þess að koma af stað umræðum um frv. til laga um greiðslur úr ríkissjóði og það er ekki óeðlilegt út af fyrir sig. Vegna ræðu hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar vil ég segja að það er alveg rétt hjá honum að ríkisreikningsnefndin hefur ekki komið frá sér, því miður, þeim tillögum sem ætlast var til að hún gerði. Þau tíðindi hafa hins vegar gerst að nú hefur nefndin lokið við að gera tillögur, loksins, og seinna mátti það kannski ekki vera, hefur reyndar ekki gengið frá þeim að fullu og hefur ekki kynnt þær fyrir fjárln. En við vitum að þessar tillögur eru í lokafrágangi og þess vegna er ég bjartsýnni en áður og get væntanlega glatt hv. þm. með því að segja að ég tel miklar líkur á því að þessar tillögur líti dagsins ljós og fjárln. fái færi á að fjalla um þær mjög fljótlega. Þannig að það á ekki að vera hægt að skáka í neinu því skjóli sem áður var hægt að gera og vissulega með fullum rökum að flytja ekki þetta frv. um greiðslur úr ríkissjóði.

Við höfðum satt að segja vænst þess þegar við fluttum frv. á síðasta þingi að þessar tillögur ríkisreikningsnefndar mundu liggja fyrir og í þeirri trú og vissu að um þetta tækist samkomulag við fjmrh. mætti ljúka þessu máli.

Ég vildi bara að þetta kæmi fram og ég ítreka það og vænti þess að við þingmenn fjárln., sem munum væntanlega flytja þetta frv., njótum góðs stuðnings bæði núv. hæstv. fjmrh. og þess fyrrverandi, sem hefur sýnt þessu máli í umræðunni í dag þann áhuga sem eðlilegt er.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977.

[15:18]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Einkavæðing Áburðarverksmiðjunnar er á dagskrá. Út af fyrir sig ætla ég ekki að lýsa neinni andstöðu við það að slík verksmiðja verði einkavædd og jafnvel seld en ég lýsi samt fullri andstöðu við það að þetta mál hljóti framgang á Alþingi einfaldlega vegna þess að þetta fyrirtæki er í slíkri óvissu að það er gjörsamlega út í hött að láta sér detta í hug að selja það á næstunni á markaði. Samþykktin á EES-samningunum og þær skyldur sem fylgdu þeim samningum hefur orðið til þess að rekstrargrundvöllur fyrirtækisins er horfinn og það er ekkert sem bendir til að verksmiðjan geti keppt við innfluttar sambærilegar vörur. Því miður er þetta staðreynd sem ekki er hægt að horfa fram hjá og því skyldi þá ríkið sem á þessa verksmiðju fara að hlaupa til og breyta þessu fyrirtæki í hlutafélag?

Ég held að það eina sem er hægt að gera núna í þessari stöðu sé að láta reyna á það hvort rekstrargrundvöllur er fyrir fyrirtækinu, kanna möguleika á breyttu rekstrarformi, alla möguleika sem hugsanlegir eru í því efni að breyta rekstri fyrirtækisins og þær tillögur verði síðan skoðaðar vandlega. Komi út úr þeim einhverjar hugmyndir sem menn geta orðið sammála um að séu skynsamlegar þá á auðvitað að framkvæma þær og koma þessu fyrirtæki í eitthvert rekstrarlegt horf þannig að það eigi framtíð. Þegar þessum aðgerðum er lokið þá er hægt að huga að því að selja þetta fyrirtæki, einkavæða það og selja það. En þetta sem menn eru nú að gera er gjörsamlega skot út í óvissuna. Það veit ekki nokkur lifandi maður hvað verður um þetta fyrirtæki eftir að innflutningur á áburði verður orðinn frjáls.

Ég tel að það sé full ástæða til þess að benda á þessi atriði og lýsi furðu minni yfir því að ríkisstjórnin skuli vera að leggja af stað í þennan leiðangur í þeirri óvissu sem fyrirtækið er í núna. Ég held að ef það væri einhver meining á bak við stóru orðin um það að menn vildu tryggja framtíðarrekstur þessa fyrirtækis þá ætti hún að birtast í því að vinna að málinu eins og ég var að lýsa hér áðan og láta það bíða framtíðarinnar að einkavæða þetta fyrirtæki og selja, ef þessi

rekstrargrundvöllur verður fyrir hendi, sem vonandi verður. Ekki skal ég draga úr því að menn hafi vilja til þess að leita leiða til að hægt verði að reka þetta fyrirtæki, en þær leiðir eru ófundnar enn og á meðan svo er þá tel ég að það sé ekki rétt að fara í það að einkavæða þetta fyrirtæki með það fyrir augum að selja það.

Síðan eru auðvitað á lagafrv. sömu gallar og hafa verið á öllum þeim lagafrv. um einkavæðingu sem við höfum séð í þinginu frá hæstv. ríkisstjórn. Þar hefur verið gengið gegn hagsmunum starfsmannanna. Af þeim eru tekin réttindi sem þeir hafa samkvæmt sínum samningum og í staðinn eru sett málamyndaákvæði um réttindi þeirra til atvinnu hjá þessum fyrirtækjum. Það er alveg sama sagan í þessu lagafrv. eins og hinum lagafrumvörpunum. Það stendur hér, með leyfi forseta, í 4. gr.:

„Ákvæði 2. mgr. 3. gr. laga nr. 32/1978, um hlutafélög, með síðari breytingum, gilda ekki um tölu stofnenda að hlutafélaginu. Ákvæði 1. mgr. 17. gr. og 2. tölul. 1. mgr. 115. gr. sömu laga gilda ekki um tölu hluthafa. Að öðru leyti skulu ákvæði hlutafélagalaga gilda um félagið."

Þetta er út af fyrir sig allt saman í lagi en það kemur síðar í ljós það sem ég var að segja áðan og það var það ákvæði sem ég ætlaði að vitna til, það er í 6. gr. laganna. Þar segir að ákvæði 14. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, eigi ekki við um þessa starfsmenn. Það þýðir að sama daginn og þetta fyrirtæki verður að hlutafélagi þá er hægt að segja upp þessum mönnum með þeim almenna fyrirvara sem er í ráðningarsamningunum. Þar með eru réttindi þeirra sem ríkisstarfsmanna og réttindi til þess að fá greitt vegna þess að starf er lagt niður horfin. Þetta höfum við gagnrýnt í öllum þeim lagafrumvörpum sem hafa verið lögð fram um þetta efni og við höfum sagt, og ég endurtek það hér, að það er óeðlilegt að ganga ekki til enda þessarar deilu við ríkisstarfsmenn áður en svona er gengið frá málum eins og hér er lagt til.

Ég ætla ekki út af fyrir sig að hafa um þetta langt mál. Ég vil eingöngu segja það að ég tel að það sé ástæða til þess að samþykkja tillögu minni hlutans um að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar og ég hvet til þess að menn vinni að málinu með líkum hætti og ég var að lýsa áðan og hugsi sér síðan til hreyfings með það að koma þessu fyrirtæki í hlutafélagaform og selja það þá þegar framtíð þess er orðin trygg og menn vita hver hún verður.

Að öðru leyti ætla ég ekki að orðlengja um þetta lagafrv. Mér finnst sporin hræða í því efni sem hér er á ferðinni. Við höfum nýlega séð hvernig staðið var að sölunni á SR-mjöli. Við höfum líka séð hvernig stjórnendur Sementsverksmiðjunnar hafa unnið að málum eftir að það fyrirtæki varð að hlutafélagi og það er full ástæða til að vekja athygli á því að framkoman við starfsmenn þessara hlutafélaga sem fyrrum voru starfsmenn ríkisins er ekki með þeim hætti sem ætti að vera. Ég hef komið þeim athugasemdum á framfæri hér áður og ég tel að hv. Alþingi eigi að ganga þannig frá málum þegar fyrirtæki í eigu þess eru gerð að hlutafélagi að starfsmenn missi ekki þau réttindi sem þeir eiga. Ef það er ekki hægt að tryggja það með viðunandi hætti með lagasetningunni þá á að bæta þessum starfsmönnum þennan réttindamissi á eðlilegan og venjulegan hátt, en eins og er þá ýtir ríkið frá sér öllum kröfum um það efni. Það er óeðlilegt og það hefði auðvitað átt að taka á þessum málum strax.

[15:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er á ferðinni gamall kunningi þar sem er þetta frv. ríkisstjórnarinnar um að breyta Áburðarverksmiðju ríkisins í hlutafélag.

Það er nú svo, hæstv. forseti, að eitt af stóru flöggunum sem þessi hæstv. ríkisstjórn ætlaði sér að reisa og einn af minnisvörðunum sem hún ætlaði að hlaða sér á þessu kjörtímabili átti að vera einkavæðing, einkavæðing, einkavæðing. Það var farið geyst af stað og myndarlega og sett inn í fjárlögin á fyrsta ári að sala á eignum ríkisins ætti að skila ríkissjóði 1,5 milljörðum kr., ef ég man rétt. Eitthvað gekk það nú lítið og ætli uppskeran hafi ekki verið á milli 50 og 100 millj. á fyrsta ári. Aðallega einhver hlutabréf í Jarðborunum ríkisins og eitthvað því um líkt. Á næsta ári voru aftur settar líklega 1.200 millj. ef ekki 1,5 milljarðar inn í fjárlögin og aftur átti hæstv. fjmrh. að fá a.m.k. botnhyl í kassann í gegnum sölu á ríkisfyrirtækjum. — Hver var uppskeran? Jú, hún varð eitthvað um 100 millj.

Enn er ríkisstjórnin á ferðinni með svipuð áform og enn er í fjárlögunum einhver liður sem á að koma til með sölu á ríkisfyrirtækjum. (**Gripið fram í:** Hann er nú alveg að hverfa.) Hann er að vísu alveg að hverfa sá liður og að verða að engu enda hefur reynslan ósköp einfaldlega sýnt það að þetta hefur ekki gengið mjög hönduglega. Við þær sölur, ef sölur skyldi kalla, sem þó hafa farið fram, hefur verðlagningin verið þannig á fyrirtækjunum að það hefur mest lítið skilið eftir sig. (Gripið fram í.) Eins og til að mynda salan á SR-mjöli. Þegar upp er staðið þá kemur nettó í ríkissjóð við söluna á SR-mjöli eitthvað rétt í kringum 100 millj. kr. Þetta er búið að reikna út og sýna með óhrekjandi rökum. Þetta mikla fyrirtæki sem mundi sjálfsagt kosta 4–5 milljarða að byggja upp í dag. Þannig hefur það nú farið.

En hér er enn verið við sama heygarðshornið og nú er það þetta ágæta fyrirtæki okkar Íslendinga, Áburðarverksmiðja ríkisins í Gufunesi, sem hefur framleitt áburð fyrir landsmenn og fullnægt okkar þörfum á þessu sviði nánast algjörlega undanfarna áratugi, framleitt þarna verðmæti úr innlendri orku sem nemur upp undir milljarði króna á ári á núvirði og jafnvel meiru þegar best lét því þá var áburðarframleiðsla og áburðarnotkun hér talsvert mikið meiri en nú er orðið, því miður, vegna samdráttar í landbúnaði.

Það er afar athyglisvert, hæstv. forseti, þegar farið er yfir það að í þessu frv. er rökstuðningurinn fyrir breytingunum — hver er hann? Jú, hann er þessi hefðbundni klassíski einkavæðingarrökstuðningur þar sem m.a. er talað um það, eins og sést hér í grg., að ríkið eigi ekki að stunda atvinnustarfsemi sem keppi við almennan atvinnurekstur. Það er fært fram sem rök í

þessu frv. Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. landbrh.: Hvaða almenni atvinnurekstur er það annar í landinu sem Áburðarverksmiðjan í Gufunesi keppir við? Er það virkilega svoleiðis að hæstv. landbrh. viti um fleiri áburðarverksmiðjur á Íslandi og þá væntanlega reknar af einkaaðilum og ríkið sé þar af leiðandi með einhverjum slíkum hætti í ósanngjarnri samkeppni við einkaframtakið? Ég hef bara ekki heyrt um að það sé nema ein fabrikka hér sem framleiðir það sem kallað er á íslensku tilbúinn áburður og ég veit að hæstv. landbrh. kann muninn á því og hinum áburðinum sem er náttúrlega notaður.

Nei, þetta er auðvitað alveg furðulegt og ég hvet hv. þingmenn til að lesa þessu kostulegu greinargerð. Það er byrjað á því að vísu að vitna í þessa almennu stefnu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu. Svo kemur texti, með leyfi forseta:

„Hin almennu rök, sem hníga að því að breyta ríkisfyrirtæki á borð við Áburðarverksmiðjuna í hlutafélög, hafa flest komið fram.“ — Hvar hafa þau komið fram, hin almennu rök? Til hvers er verið að vísa? Hvers konar rökstuðningur er þetta í greinargerð með einu frv.? Svo segir áfram: — „Hér á landi jafnt og annars staðar á Vesturlöndum hefur þeirri skoðun vaxið fylgi að eðlilegt sé að ríkið dragi sig sem mest út úr atvinnustarfsemi sem keppir við almennan atvinnurekstur.“

Í fyrsta lagi bið ég nú um sönnun á því að það sé viðtekin staðreynd að þetta sé einhver stefna sem sé í sókn alls staðar á Vesturlöndum. (**Gripið fram í:** Hvar er landbrh.?) Það væri fróðlegt að fá að vita, hæstv. forseti, hvort landbrh. er orðinn svo ókyrr þegar í upphafi þessarar umræðu að hann megi ekki við bindast og æði hér á dyr, svo ekki sé minnst á til að mynda formann hv. landbn., sem ég óska eindregið eftir því að verði í salnum. Hv. þm. Egill Jónsson sem mun hafa setið í stjórn þessa fyrirtækis upp undir hálfan mannsaldur. Það er alveg nauðsynlegt að sá maður sé hérna líka viðstaddur.

Ég spyr nú: Er það eitthvað sem búið er að sanna, bara Q.E.D., að einkavæðingarstefna sé í sókn alls staðar á Vesturlöndum og það séu engar efasemdir neins staðar uppi um það? Hvernig ætli ætli ástandið sé núna t.d. í því ágæta landi, býsna kært ræðumanni, Nýja-Sjálandi? Ætli það sé ekki þannig að það séu orðnir allnokkrir timburmenn út af því hvernig ýmislegt hefur gengið til í einkavæðingunni þar? Þeir voru svo óheppnir Nýsjálendingar að sitja uppi með svokallaðan verkamannaflokk, svokallaðan jafnaðarmannaflokk sem var langt hægra megin við allt og rauk út í það að einkavæða fyrirtæki með miklum tilþrifum, þar á meðal fyrirtæki jafnvel í fjarskiptum og fákeppnistarfsemi. Reynsla þeirra er alveg hörmuleg. Ástralir til að mynda eru hættir við einkavæðingu margra stórra fyrirtækja hjá sér fyrst og fremst vegna þess að reynsla nágranna þeirra, Nýsjálendinga, er svo vond af þessu brölti. Hvernig er ástandið í Bretlandi? Það er auðvitað þannig að meira að segja breskir íhaldsmenn viðurkenna að Bretar sköpuðu sér stórkostlegt tjón með ofstækinu í einkavæðingarmálunum þegar verst lét. M.a. og alveg sérstaklega þegar í hlut átti starfsemi sem annaðhvort var í eðli sínu einokunarframleiðsla eða einokunarstarfsemi eða því sem næst, fákeppnisgreinar.

Hér er á ferðinni fyrirtæki, hið eina sinnar tegundar í landinu, sem keppir ekki við neitt nema innflutning. Er það þá þessi ósanngjarna samkeppni við almennan atvinnurekstur sem verið er að tala um? Er það vegna þess að það sé ósanngjarnt að íslenska ríkið eigi fyrirtæki sem keppi við innfluttar vörur? Er það það sem vakir fyrir mönnum eða hvað? Það verður að tala um þessa hluti eins og þeir eru, þetta er auðvitað della. Rökstuðningurinn í greinargerðinni með frv. er della, gengur ekki upp. Ég veit að vísu af hverju þetta er. Ég er með kenningu um það. Það er vegna þess að einkavæðingarnefndin er með staðlaðan texta, sem er svo bara smellt inn í öll frv. og það er alveg sama hvort verið er að einkavæða Gutenberg eða einokunarfyrirtæki hið eina sinnar tegundar í landinu eins og Áburðarverksmiðjuna, vinnubrögðin eru nú ekki vandaðri en þetta. Þeir snillingarnir í einkavæðingarklúbbnum eru bara með svona staðlaðan texta upp á tvær blaðsíður og honum er skellt hérna inn hvort sem það er Lyfjaverslun ríkisins eða Áburðarverksmiðjan eða hvað það er. Hæstv. landbrh. lætur hafa sig í það, verandi þó maður sem m.a. hefur smekk á íslenskt mál og ann því, hann lætur hafa sig í það að flytja þessa vitleysu. Ég segi við hæstv. landbrh. að ég hefði hent greinargerðinni í hans sporum og frekar sett þar eina stöku en birta þessi ósköp. Það hefði verið miklu betri greinargerð ef hæstv. landbrh. hefði ort eina vísu og sett þarna með og látið það vera að vera að birta þessa þvælu úr þeim hv. einkavæðingarmönnum.

Það er margt mjög kostulegt í þessu. T.d. er næsta setning, hæstv. forseti, ef ég má halda áfram lestri mínum þá kemur þetta: „Jafnframt er talið við hæfi að opinber fyrirtæki, sem þannig háttar um, séu rekin í formi hlutafélaga.“ Jafnframt er talið við hæfi. Við hæfi hvað? Hverjum til hæfis? Mér finnst það alveg kostulegur samsetningur. Svo segir hér neðar á síðunni: „Önnur veigamikil rök fyrir því að nýta hlutafélagaformið fyrir ríkisfyrirtæki felast m.a. í því að rekstur fyrirtækisins verður hagfelldari og sveigjanlegri á ýmsa lund.“ Er þetta rökstuðningur? Þetta er fullyrðing, ósönnuð fullyrðing út í loftið. Hvar er það sannað? T.d. í þessu tilviki þegar í hlut á svona fyrirtæki að það sé endilega framför í þessari breytingu sem slíkri. Í hverju liggur það? Ég bið um rök. Bendir rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins undanfarin ár til þess að ríkisformið hafi háð fyrirtækinu? Er það eitthvað sérstakt í þróun verksmiðjunnar undanfarin ár sem gefur ástæðu til að ætla að hún hafi ekki getað þrifist af því að hún var ríkisfyrirtæki? Svarið er nei, það er akkúrat öfugt. Rekstur Áburðarverksmiðjunnar undanfarin ár er kannski eitt með betri dæmum sem við höfum um það að það er auvitað hægt að taka vel á málum og myndarlega í rekstri ríkisfyrirtækja eins og annars staðar. Það er nánast glæsilegt hvernig Áburðarverksmiðjan hefur núna á síðustu 7–8 árum eða svo rifið sig upp í raun og veru, upp í að vera firnasterkt fyrirtæki í dag

með um 90% eiginfjárhlutfall, þ.e. hlutfall eigin fjár af heildarfjármagni og mjög sterka fjárhagsstöðu. Á sama tíma hefur raunverð áburðar lækkað verulega eða líklega um ein 40% og geri aðrir betur því að ofan í kaupið hefur verksmiðjan orðið að taka á sig samdrátt í sölu vegna samdráttar í landbúnaðinum hér innan lands. Þannig að ég segi hið gagnstæða, hæstv. forseti.

Reynslan, þróunin í Áburðarverksmiðjunni undanfarin ár, er rífandi gott dæmi um það að auðvitað geta góðir stjórnendur tekið á málum og hagrætt í ríkisfyrirtæki eins og annars staðar. Eða Póstur og sími? Bendir rekstur þess fyrirtækis sem hæstv. landbrh. ætti af vissum ástæðum að þekkja vel og við báðir, bendir rekstur þess fyrirtækis undanfarin ár til þess að ríkisformið hái þeirri stofnun? Hvaða sveigjanleiki kemur til sögunnar? Hvað breytist? Staðreyndin er sú að Póstur og sími er eitthvert allra best rekna fyrirtæki, mér liggur við að segja norðan Alpafjalla. Ég held að það sé leitun að öðru eins. Þetta fyrirtæki hefur byggt upp á Íslandi nútímaleg og þróuð fjarskipti í þessu fámenna landi. Í þessu strjálbýla og að mörgu leyti erfiða landi, þá hefur þetta tekist. Þannig að rekstrarhagnaður Pósts og síma er líklega um 1,5 milljarðar kr. á ári núna. (**JGS:** Þökk sé ljósleiðaranum.) Hann er nú smámál í þessu skal ég segja þér, hv. þm. Og m.a. er það nú þannig að Póstur og sími gæti lagt ljósleiðarann fyrir núverandi rekstrarhagnað líklega á svona tveim til þrem árum. Þannig að það er alveg óþarfi að rugla því máli inn í þetta. Mér finnst það einhver minnimáttarkennd af því að Póstur og sími fékk einhverja peninga vegna þjónustu við Kanann inn á þennan ljósleiðara, borgaða sem fyrirframleigu, að það dragi eitthvað úr annars ágæti stofnunarinnar. Það er ekki svo. (**Landbrh.:** Það spillir heldur ekki fyrir.) Það spillir auðvitað ekki fyrir, nei, nei, peningar eru auðvitað peningar hvaðan sem þeir koma eins og kunnugt er. En staðreyndin er sú að það hefði ekkert staðið í þessari ágætu stofnun að sinna því verkefni fremur en öðrum. Þetta er auðvitað þannig, hæstv. forseti, þegar maður fer að hugsa um þetta mál, þvílíkt rugl sem veður uppi í sambandi við þetta mál og þessi mál almennt, þessa umræðu um einkavæðingu fyrirtækja, að ég er orðinn alveg hundleiður á því, með leyfi hæstv. forseta, að hlusta á órökstudda þvælu af þessu tagi út í loftið. Auðvitað er það oft þannig að það er hið ágætasta mál að breyta ríkisfyrirtækjum. Ég hef margoft sagt það bæði hér og annars staðar að ég tel t.d. að breytingin, svo dæmi séu tekin á Gutenberg, Ferðaskrifstofu ríkisins sálugu yfir í Ferðaskrifstofu Íslands og þróun þeirra fyrirtækja í skynsamlegum skrefum yfir í einkaform hafi tekist eftir atvikum ágætlega. Sjálfsagt mætti nefna fleiri dæmi, t.d. Jarðboranir ríkisins og Reykjavíkurborgar sem hafa verið svona má segja þar sem eignarforminu hefur verið breytt í áföngum. En á hinn bóginn er það ekki þannig að þó eitthvað takist vel í þessu og þetta geti átt við sums staðar að það geri það alls staðar. Það er auðvitað það sem er að hér, það er að klisjusmiðirnir birta sinn staðlaða texta alveg án tillits til aðstæðna og hafa svo hæstv. landbrh. í það að flytja þessi ósköp hér.

Það er nefnilega þannig að það gegnir allt öðru máli um þá stöðu sem Áburðarverksmiðja ríkisins er í núna heldur en til að mynda fyrirtæki eins og Ferðaskrifstofa Íslands eða Gutenberg eða einhver önnur slík. Þetta er í fyrsta lagi mikilvægasta efnaiðnaðarfyrirtæki Íslendinga. Og auðvitað verða menn að gæta sín þegar þeir eru með í höndunum fyrirtæki af þessu mikilvægi. Þetta er stærsta og mikilvægasta og verðmætasta efnaiðnaðarfyrirtæki landsmanna. Þetta er fyrirtæki sem sparar þjóðarbúinu gífurlegan gjaldeyri, þetta er fyrirtæki sem munar um í orkunotkun landsmanna og ætli henni Landsvirkjun blessaðri veiti af krónunum, m.a. frá Áburðarverksmiðjunni. Nóg er víst umframorkan samt úr Blöndu þó það bættist ekki við að Áburðarverksmiðjan mundi hrynja hér á nokkrum árum og þar bættist við ónotuð orka sem því næmi. En menn verða að horfast í augu við að það gæti gerst vegna þess að menn sömdu þetta af sér í samningunum um EES. Af einhverjum ástæðum var ekki hægt að fá undanþágu fyrir þessa starfsemi þótt það væri hægt að troða inn undanþágu eða heimildum vegna Reykvískrar húsatryggingar eða eitthvað því um líkt af því þar voru einhverjir tilteknir menn á vaktinni. En hæstv. landbrh. hefur greinilega ekki tommað inn með Áburðarverksmiðju ríkisins. Því auðvitað hefðum við þurft að fá undanþágu ef vel ætti að vera til að verja þetta mikilvæga efnaiðnaðarfyrirtæki. Við gátum m.a. vísað til þess að áburðarframleiðslan hér væri hluti af tilvist sjálfstætt rekins landbúnaðar í landinu. Nú er það eins og kunnugt er þannig að landbúnaðurinn, þ.e. landbúnaðarstefnan í grófum dráttum, var utan við samninginn um EES og ég tel að það hafi verið meiri og minni bjálfagangur að reyna ekki einhvern veginn þannig að ná þessu þannig fram og slys að það ekki tókst. En þetta gerist þannig að það er allt í einu ákveðið að henda út öllum fyrirvörum eins og kunnugt er og eftir sitja menn með öryggisákvæði sem þarna er meingallað. Ef þannig færi að þetta EES-svæði yrði skammlífara en til stóð í upphafi, eins og reyndar hefur oft verið haldið fram, þá væri auðvitað grátlegt að geta ekki einhvern veginn náð þessu í land með Áburðarverksmiðjunni. Og ég vil segja eitt við hæstv. landbrh., af því að hann er að þröngva áfarm þessu máli hér sem mér þykir miður. Ég held að það sé alveg ákaflega óheppilegt, hæstv. landbrh., að reyna ekki að ná einhverri samstöðu um málefni þessa fyrirtækis á þessum viðkvæma tíma sem það er að ganga í gegnum. Það er mjög óheppilegt að vera að knýja þetta hér áfram í svona ágreiningi. Ég vil þar til að mynda nefna eitt atriði sérstaklega sem ég tel að hefði verið útlátalaust og meira en útlátalaust fyrir hæstv. ríkisstjórn að koma með og það er stjórnarform fyrirtækisins ef því yrði breytt í hlutafélag. Nú er ég ekki að segja að þar með væri ég að mæla með því en ég hefði fyrir mitt leyti gert talsvert með það og svo held ég að sé um marga fleiri ef hæstv. ráðherra eða ríkisstjórnin hefði til samkomulags um þetta mál boðið upp á það að yfir fyrirtækinu yrði áfram þingkjörin stjórn þannig að fulltrúar allra flokka hér á þingi sem til þess hefðu þá þingstyrk gætu átt aðild að stjórn

fyrirtækisins. Væri það nú ekki skynsamlegra og væri það ekki gæfulegra fyrir Áburðarverksmiðjuna gagnvart þeim erfiðu tímum sem hún getur átt fram undan að hafa bakstuðning af þingkjörinni stjórn með fulltrúum allra flokka í? Ég held það. Út af fyrir sig getur vel verið að hæstv. landbrh. muni finna einhvers staðar fimm nothæfa sjálfstæðismenn til að setja í stjórn hlutafélagsins, ef það verður stofnað, sem hann svo fer að handvelja í. En ég leyfi mér að fullyrða að það væri betra veganesti fyrir fyrirtækið inn í framtíðina að búa við þann bakstuðning sem þingkjörin stjórn með fulltrúum allra flokka gæti verið því. Það er auðvitað mjög slæmt, hæstv. forseti, að vera að þröngva máli af þessu tagi áfram hér í ágreiningi.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að það er ekkert gaman í sjálfu sér að standa hér í deilum um mál af þessu tagi vegna þess að maður veit að fyrir fyrirtækið og starfsfólk þess og stjórnendur er þetta óþægilegt. Þar eru menn orðnir svo mæddir og þreyttir á þessu að þeir segja: Í guðs bænum bara klárið þið þetta einhvern veginn, við erum orðin svo leið á að hafa þetta svona hangandi yfir okkur í óvissu. Við erum orðin svo leið á að hafa þetta svona hangandi yfir okkur í óvissu. Það er sjónarmið sem maður skilur alveg fullkomlega. En það breytir ekki hinu að maður hlýtur að flytja mál sitt hér gagnvart alvörumáli af þessu tagi og þessari stærðargráðu. Við munum eftir því að við erum að tala hér um yfir hundrað manna vinnustað og hefur þó reyndar fækkað þar mikið síðustu árin. Við erum að tala um í reynd útflutningstekjur svo nemur hátt í milljarði króna því það er auðvitað það sem Áburðarverksmiðjan er. Hún er útflutningsfyrirtæki upp á milljarð vegna þess að ef við ættum hana ekki þá þyrftum við annaðhvort að leggja niður landbúnaðinn eða flytja inn vörur sem þessu næmi. Þar með er Áburðarverksmiðjan auðvitað útflutningsfyrirtæki og á að meðhöndlast sem slík. Staðreyndin er sú að það er alveg til skammar ræktarleysið sem við höfum sýnt þeim fyrirtækjum af þessu tagi sem eru gulls ígildi fyrir okkar þjóðarbúskap. Menn hafa mikla tilhneigingu til að mæna á útflutningstölurnar og ekki er verið að draga úr því hér, þær eru mikilvægar. En gleymum ekki hinu að við erum með í höndunum borðleggjandi dæmi af þessu tagi þar sem verður til hátt í milljarður gjörsamlega sprottinn upp úr innlendri verðmætasköpum því aðföng verksmiðjunnar eru tiltölulega lítil eins og kunnugt er, fyrirtækið að mestu leyti afskrifað og notar innlenda orku. Því eins og þeir vita sem þekkja framleiðsluferlið þá er þetta nokkuð sérstök framleiðsla sem þarna á sér stað þar sem í raun og veru er búinn til áburður úr innlendri orku og loftinu. Ég held að hæstv. landbrh. gerði nú slag í því af því að málið er hér ekki nema til 2. umr. enn þá að brjóta odd af oflæti sínu og taka upp viðræður við menn um þetta mál. Gáfulegast væri náttúrlega hjá hæstv. ráðherra að óska eftir því að forseti frestaði þessari umræðu. (**Gripið fram í:** Draga hana bara til baka.) Menn drægju bara málið til baka, já, eða þá settust a.m.k. niður yfir það og reyndu að breyta því. Ég fullyrði að það má halda því fram með ekki síður þungum rökum heldur en hinu að þeir sem eru að baka verksmiðjunni ógagn um þessar mundir séu ekki stjórnarandstæðingar hér sem vilja efnislega umfjöllun um þetta mál heldur hæstv. ráðherra sem er í ágreiningi, bullandi ágreiningi, að knýja fram þessar vafasömu breytingar. Það er ekki gott veganesti fyrir þetta fyrirtæki inn í framtíðina, óvissa framtíð sem það stendur frammi fyrir. Það er slæmt og væri miklum mun best fyrir okkur öll og líka fyrir fyrirtækið ef við gætum sest niður, náð samkomulagi um meðferð málsins og afgreitt það hér á þessu þingi því það er vont að láta þetta þvælast svona fyrir. Það er betri kostur en ráðast út í illa undirbúnar og vanhugsaðar breytingar og gallaðar að forminu til eins og þessi er, m.a. vegna þess að ég held að það sé afar ógæfulegt að gera þessa breytingu á stjórnarformi fyrirtækisins eins og ég hef hér farið yfir.

Það kemur fram í nál. minni hluta landbn., á þskj. 946, að í raun og veru er það þannig að að öllu leyti nema einu er staða Áburðarverksmiðjunnar góð í dag, að öllu leyti nema einu. Reksturinn gengur vel, það hefur verið hagrætt mikið í fyrirtækinu, fjárhagur þess hefur verið að styrkjast og þarna eru greinilega á ferðinni menn sem halda um stjórnvölinn sem kunna með hann að fara og hafa gert þarna góða hluti undanfarin ár. Það er ekki nokkur vafi á því. Manni hefur að vísu þótt sárt á köflum að sjá þá miklu fækkun starfsmanna sem þarna hefur orðið en auðvitað þýðir ekki annað en horfast í augu við það að tækniväðing og breytt þróun, að nokkru leyti samdráttur í áburðarsölu, hefur kallað á það og óhjákvæmilegt að því væri mætt. En fyrirtækið stendur sem sagt vel og þetta lítur vel út og er í góðu lagi að öllu leyti nema þessu eina að það skellur yfir fyrirtækið óheft samkeppni við innflutta vöru sem afleiðing af EES-samningnum núna 1. jan. 1995. Og það er hætta á því, veruleg hætta á því, að Áburðarverksmiðjan missi einhverja markaðshlutdeild. Hún er nánast berskjölduð fyrir því t.d. ef einhver stór og sterkur aðili, segjum Norsk Hydro, risi á þessum markaði, ákveður að hirða íslenska markaðinn og gerir það með því að koma með hagstætt áburðarverð í nokkur ár. Ná 20–30% markaðshlutdeild, 40% af Áburðarverksmiðjunni og þá er sá rekstur orðinn svo erfiður og óhagkvæmur að hann mundi ekki ganga. Hún þarf nánast á allri sinni markaðshlutdeild að halda til þess að skila þeim árangri í rekstri sem hér er á ferðinni. Aðstæður eru þannig í þessari grein víða úti í löndum að framleiðslan hefur verið að færast saman víðast hvar í mjög stórar einingar þar sem hagkvæmnin er mikil og lágt orkuverð í heiminum á síðustu árum, í raun og veru allt frá síðustu olíukreppu, hefur gert það að verkum að samkeppnin við þessa framleiðslu erlendis verður mjög erfið.

Ég er þó þeirrar skoðunar að ef rétt væri að málum staðið þá væri hægt að nýta styrk þessa fyrirtækis með góðum bakstuðningi til þess að verja íslenska markaðinn og auðvitað á það að vera keppikefli. Þannig að ef hér væri á ferðinni frv. frá hæstv. ríkisstjórn sem samstaða hefði tekist um við stjórnarandstöðuna um aðgerðir til þess að styrkja verksmiðjuna beinlínis gagnvart því sem fram undan er þá væri þarna

ólíku til að dreifa. En það er ekki. Þvert á móti tel ég að hægt sé að sýna fram á það að í raun og veru veiki þessi aðgerð fyrirtækið og kannski aðallega af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess að það að velja henni stjórn með þessum hætti er óskynsamlegt og veldur ágreiningi um málefni hennar en einnig vegna þess að ég óttast það að um leið og þetta fyrirtæki er orðið hlutafélag — og ég tala nú ekki um ef hæstv. fjmrh. snýr svo upp á hendurnar á hæstv. landbrh. og fer að selja eitthvað af þessu eða hálfgefa það í burtu — þá muni traust fyrirtækisins minnka. Því auðvitað er það þannig að ríkisfyrirtæki nýtur þess í lánskjörum og með ýmsum öðrum hætti að eigandinn og sá sem bak við það stendur er ríki, er fjárhagslega sterkt ríki sem við eftir atvikum getum víst talist enn þá Íslendingar, a.m.k. flokkumst við enn þá svona þokkalega á erlendum lántökumörkuðum. Það er alveg viðurkennt, það vita allir að slíkir aðilar búa við hagstæðari lánskjör. Ef það gerist á næstu árum að Áburðarverksmiðjan þarf á því að halda að ráðast í einhverjar aðgerðir, fjárfestingar eða breytingar eða eitthvað til að búa sig undir harðnandi samkeppni þá er jafnvel verið að vísa henni inn í það að þau kjör geti orðið óhagstæðari en þau yrði í dag á meðan eigandinn er ríkið og ríkisábyrgðin er bein á bak við fyrirtækið, þ.e. ekki takmörkuð við hlutafjárábyrgðina eða hlutafé sem tryggingu í fyrstu umferð. En það er ekki verið að kanna þetta, þetta er ekki mergurinn málsins hér, það er ekki þetta sem er á ferðinni.

Ef t.d. ríkisstjórnin hefði verið svo kröftug og myndarleg að hún hefði samið um það við stjórnarandstöðuna að breyta þessu að vísu í hlutafélag sem ég er ekki að útiloka að við hefðum getað staðið að ef rétt hefði verið að því staðið. Það hefði jafnframt verið ákveðið og um það samkomulag að ríkið yrði áfram eigandi fyrirtækisins. Það hefði í þriðja lagi verið ákveðið að hafa yfir því þingkjörna stjórn og það hefði í fjórða lagi verið ákveðið að setja t.d. 500 millj. kr. inn í fyrirtækið í auknu hlutafé á nokkrum árum, sem að vísu fyrirtækið þarf ekki á að halda í dag vegna núverandi rekstrar, en þessi aðili hefði e.t.v. getað notað til fjárfestinga til að fara út í fjölbreyttari framleiðslu þannig að menn hefðu stefnt að því að eiga þarna öflugt efnaiðnaðarfyrirtæki sem hefði kraft til þess að nýta sér jafnvel fleiri möguleika en það gerir í dag og hefði til að mynda þannig getað mætt samdrætti í áburðarsölu, ef slíkt kæmi til, með því að færa út kvíarnar í annarri starfsemi, annarri framleiðslu. Fyrir einhverjum slíkum aðgerðum sem væru einhverjar samstæðar aðgerðir gætu verið rök. Ég ætla síðar en svo að útiloka það að a.m.k. við þingmenn Alþb. hefðum getað tekið þátt í því að skoða slíkar aðgerðir ef þær hefðu verið í einhverju slíku samhengi. En eins og þetta er hér fram borið þá er því miður ekki nokkur leið að standa að því. Það er ekki hægt. Því þarna er í raun og veru verið að fara aftur á bak í flestum greinum. Nema að þessu eina leyti til ef menn taka þá yfirleitt eitthvert mark á því að hlutafélag sem slíkt sé á einhvern hátt af því bara betur í stakk búið til að glíma við verkefni. Órökstutt. Af því bara, það er svona. Það eru bara ekki rök í málinu þó að einhver fimm manna einkavæðingarhópur semji svona klisjutexta sem hæstv. landbrh. er píndur hér til að flytja. Þvílík ósköp.

Svo er það þannig, hæstv. forseti, að það er auðvitað ekki hægt að horfa fram hjá því að þetta mál er náttúrlega í samhengi við framgöngu hæstv. ríkisstjórnar í þessum einkavæðingarmálum. (**Gripið fram í:** SR.) SR er hér sagt úti í salnum, skáhallt á hægri hönd. Það er auðvitað alveg rétt. Það þýðir ekkert annað en að fara yfir þessa hluti eins og þeir eru. Þessari ríkisstjórn er ekki treystandi fyrir nokkrum hlut, allra síst því ... (**ÓÞÞ:** Allra síst eigum ríkisins.) allra síst eigum ríkisins, hárrétt, hv. þm. Það hefur rækilega sannast. Því er klúðrað svoleiðis með endemum. Þær meira og minna gefnar og afhentar á silfurfati út og suður enda er þessi ríkisstjórn með þeim endemum samansett að í henni er m.a. hæstv. fjmrh. sem gamnaði sér við það á einhverjum fundi úti í bæ að velta vöngum yfir því að selja Búnaðarbankann á hálfvirði, bara svona af því bara. Hann vildi losna við Búnaðarbankann og þess vegna á hálfvirði heldur en að vera að sitja uppi með hann. Hugsunarháttur af þessu tagi veit náttúrlega ekki á gott.

Ég hef sagt það áður að ég tel verðþáttinn í SR-málinu ekki vera stærsta ágreiningsefnið. Orð mín voru að vísu rangtúlkuð þannig að þar með væri ég að segja að það skipti ekki máli hvað hefði fengist fyrir fyrirtækið og auðvitað er það ekki svo. Það skiptir jú máli. Það er margt sem bendir til þess og flest reyndar að það hafi verið allt of lágt verð. Ég held að langljótasti þátturinn þess máls sé málsmeðferðin, sé hvernig ríkisstjórnin stóð að því og öllu sem í kringum það var, þessi brunaútsöluhugsunarháttur að drífa þetta af á fáeinum sólarhringum. Maður spyr náttúrlega: Yrði farið eins með Áburðarverksmiðju ríkisins? Yrði hún bara afhent einhverjum á silfurfati? Mundi fjmrh. rjúka upp frá skötunni á næstu Þorláksmessu og taka sér kortér í að pína landbrh. til að láta verksmiðjuna fara á spottprís? Auðvitað gætu ýmsir haft áhuga á þessari verksmiðju, það er ljóst. Þar á meðal útlendingar. Þarna er verðmæt lóð, þarna eru mikil húsakynni. Það getur margt fleira hangið á spýtunni heldur en það eitt að reka þarna áburðarverksmiðju. T.d. það að hirða markaðinn og leggja hann undir einhvern stóran hring sem er að framleiða milljónir tonna af áburði kannski í einni „fabrikku".

Hér er sagt í 1. gr. að hæstv. landbrh. skipi nefnd. Nú er það ekki fjmrh. lengur. Nei, nú á hæstv. landbrh. að spreyta sig og þá væntanlega að prófa hvort honum tekst betur en sjútvrh. eða fjmrh. Og landbrh. á að skipa nefnd til að selja fyrirtækið. Sami hæstv. ráðherrann og á svo síðan að handvelja stjórnina þegar búið er að gera þetta að hlutafélagi. Ég held að þetta séu gjörsamlega alveg ótæk vinnubrögð.

Hvað segir hv. 2. þm. Norðurl. v. sem á sæti í yfirskoðunarnefnd ríkisreikninga? Finnst honum þetta vera skynsamleg vinnubrögð við þetta? (**PJ:** Reikningurinn er ekki kominn.) Það er rétt, reikningurinn er ekki kominn og guð forði okkur frá því að sjá nokkurn tíma þann ríkisreikning sem opinberar það hvernig

Áburðarverksmiðjan var seld ef svo skyldi fara. En er það virkilega gáfulegt að fara þannig með eignir ríkisins að ráðherrarnir séu út og suður hver fyrir sig í sínu horni að skipa einhverja menn í þetta? Af hverju er þetta ekki gert á einhverjum faglegum grundvelli? Af hverju er t.d. ekki einhverjum aðila sem ríkið hefur þá á sínum vegum falið að gera þetta undir eftirliti t.d. fjárln.? Af hverju er hv. fjárln. að sitja yfir því daginn út og daginn inn frá því í september og fram að jólum að velta vöngum yfir 50 þúsundum hér og 100 þúsundum þar? En svo er bara eignum ríkisins, milljarða verðmætum, sullað út í einhverjum nefndum sem ráðherrarnir handvelja og látið ráðast hvort eitthvað fæst fyrir fyrirtækið. Þetta eru auðvitað alveg gjörsamlega ómöguleg vinnubrögð.

Þess vegna er það, hæstv. forseti, að eftir það sem á undan er gengið í ljósi frammistöðu hæstv. ríkisstjórnar í þessum málum og í ljósi þess hvernig um þetta er búið í 1., 3. og 6. gr. frv., einkum og sér í lagi, þá er ekki nokkur leið að standa svona að þessu. Það er ekki hægt. Í 3. gr. er þetta þannig að landbrh., það er ekki fjmrh. sem fer þarna með eignir ríkisins, það er hæstv. landbrh. Honum er heimilt að selja öll hlutabréf í félaginu eða hluta þeirra. Honum er selt algjört sjálfdæmi í því hvernig hann fer með þessa eign. Það er engin stjórn sett yfir fyrirtækið fyrir utan þá sem landbrh. sjálfur handvelur og þetta er allt á einni hendi. Ég tel þetta alveg gjörsamlega óásættanlegt. Hvar er metnaður hv. þm. fjárln. að láta fara svona með sig? Hvernig nennir það lið, hæstv. forseti, það má víst ekki taka svona til orða, hvernig nenna hv. þm. í fjárln. að vera að sitja þar yfir verkum og horfa svo upp á svona meðferð á eignum ríkisins? Svona valdaframsal? Að hæstv. ráðherra fái bara sjálfdæmi um það hvernig þeir ráðstafa milljarða verðmætum. Ég verð að segja alveg eins og er ég er gjörsamlega gáttaður á þessu. Auðvitað er það þannig að ef það ætti að fá einhvern botn í þessi mál þá ætti að fresta núna öllum þessum einkavæðingarmálum. Þau eru öll meira og minna í klúðri og hafa öll verið í klúðri og það á að gera tvennt. Það á í fyrsta lagi, og það er mikilvægast alls, að taka upp viðræður við heildarsamtök þess starfsfólks sem á í hlut, opinberra starfsmanna einkum og sér í lagi, og ná samningum þar um það hvernig með málefni starfsmannanna skuli farið. Það á að byrja á því og það átti auðvitað alltaf að byrja á því að ganga frá þeim málum. En að vera með þetta í bullandi málaferlum og látum eins og hér hefur orðið afleiðingin t.d. af því að svipta fólk, í hverju frv. á fætur öðru með lagaákvæðum, þeim réttindum sem það nýtur samkvæmt lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem er auðvitað ekki hægt og er della og dómstólar munu dæma ómerkt. Því það eru þau lög sem tryggja fólki þessi réttindi.

Þetta átti að gera, hæstv. forseti, og á að gera. Það á að fresta þessum málum öllum og fara í þessar viðræður. Nú er það svo að það er upplýst að samtök opinberra starfsmanna eru búin að ná í gang viðræðum við fjmrn. og það var heilmikið átak að sögn og tók marga mánuði að snúa þá í gang í fjmrn., þeir voru gjörsamlega rafmagnslausir. Nú eru þó loksins komnar í gang viðræður þannig að það hillir undir það að t.d. í haust gætu menn staðið upp frá borðinu með heildarsamkomulag um það við starfsmenn hvernig farið yrði með biðlauna- og eftirlaunarétt, hvernig farið yrði með aðild þessara hópa að stéttarfélögum þó að fyrirtækin breyttu um eignarform og eignaraðila, gætu þess vegna verið komin inn í Vinnuveitendasambandið og verið farin að borga þangað eftir einhverja stund og reyndar er fróðlegt að spyrja hæstv. landbrh. að því í leiðinni hvort hann sé kannski farinn að láta Áburðarverksmiðjuna borga til Vinnuveitendasambandsins. Ég fékk þær fréttir í gærkvöldi sem ég hafði ekki heyrt áður að Póstur og sími væri kominn í þann klúbb og farinn að borga þangað iðgjöld og munar sennilega um minna. Er þetta að gerast svona hægt og hljótt úti í ríkiskerfinu að það sé farið að láta þessi félög allra landsmanna borga iðgjöld í ýmsar áttir? Það væri fróðlegt að fá svar við því, hæstv. forseti. — Ég vek athygli forseta á því að ég legg þessa spurningu fyrir hæstv. landbrh. hvort Áburðarverksmiðjan sé komin í þennan hóp.

Nei, þetta er náttúrlega svona, hæstv. forseti, og hitt sem hefði svo átt að gera og þarf að gera er að það á að setja nefnd í það í sumar að semja lög, gera drög að frv. um meðferð eigna ríkisins í svona tilvikum, hvort sem menn kalla það sölu eigna ríkisins eða eitthvað annað af því tagi. Það er bersýnilega alveg óhjákvæmilegt að Alþingi setji lög, ramma utan um það hvernig með þessi mál sé farið þannig að þvílík ósköp endurtaki sig ekki eins og málsmeðferðin í kringum SR. Ég sé enga aðra leið en að gera það með lögum. Ef metnaðarleysi manna er þvílíkt hér, t.d. þeirra sem standa að ríkisstjórninni eða fulltrúar stjórnarflokkanna í fjárln. eru svo metnaðarlitlir að þeir láta svona yfir sig ganga trekk í trekk þá er engin önnur leið eftir held ég til þess að verja sig fyrir þessu en sú að reyna að setja tiltölulega ítarleg lagaákvæði um þetta atriði. Setja það í lög hvernig, ef til þess kemur að um er að ræða sölu á einhverjum eignum ríkisins, hvernig þær eru metnar, nákvæmlega hvernig að því er staðið, hverjir fara með það verkefni, í samráði við hverja, hvernig er háttað samskiptum þeirra sem annast þetta fyrir hönd framkvæmdarvaldsins við til að mynda fjárln. og Alþingi eða á þar bara að ríkja sambandsleysi og það vera undir duttlungum komið hvort til að mynda yfir höfuð er talað við Alþingi um það hvernig með þessi mál er farið.

Ég held að Alþingi geti ekki staðið svona að þessu að afgreiða frá sér galopnar heimildir um að það megi selja milljarða verðmæti ríkisins og setja það á einu bretti allt í hendur eins ráðherra og selja honum algjört alræðisvald í þeim efnum, um verðið, um framkvæmdina, (**ÓÞÞ:** Um hendurnar.) um það hver kaupir og hvernig og svo framvegis og svo framvegis. Þetta er þannig að ef menn gera þetta svona þá gæti hæstv. ráðherra þess vegna selt Áburðarverksmiðjuna daginn eftir á eina krónu, bara einhverjum kunningja sínum með því að vera að skipta. Það er þannig. Þetta er gjörsamlega galopið. Þetta nær auðvitað ekki nokkurri átt.

Það er auðvitað alveg ljóst eins og þetta er allt saman orðað þó að þarna sé talað um einhverja nefnd þá er það auðvitað allt saman meira og minna loppið því hæstv. ráðherra hefur þetta allt saman í höndum sínum. (Gripið fram í.) Að sjálfsögðu er það ráðherrann en það er svona til málamynda sett í textann að ráðherra eigi að búa til einhverja nefnd en hann ræður hverjir eru í henni, hve margir, hvernig erindisbréf hennar hljóðar og hvað hún í raun og veru gerir. Hann getur sett hana af ef hún gerir eitthvað sem honum líkar ekki, þá bara hendir hann henni o.s.frv. Þetta er auðvitað alveg gjörsamlega ótækt, hæstv. forseti.

Enn verður líka að minna á það og ítreka það að þessi aðferð sem hæstv. ríkisstjórn hefur ástundað gagnvart réttindum og samskiptunum við starfsfólk og starfsmenn er alveg óþolandi, gjörsamlega hreint. Ég skil í raun og veru ekki þessa þráhyggju eða nauðhyggju í hæstv. ríkisstjórn að nudda hér með hvert málið á fætur öðru í þessu sama fari í gegnum þingið með harmkvælum, illindum og látum í staðinn fyrir að reyna að einfalda sér þá verkin og ná í eitt skipti fyrir öll utan um þessi mál og auðvitað helst með samkomulagi við samtök starfsmanna. Ætli það væri ekki þannig að hæstv. ríkisstjórn hefði þá frekar orðið eitthvað ágengt af viti í þessum málum ef hún hefði byrjað á því að taka fyrsta árið í að undirbúa þetta verkefni, þessar þá einkavæðingar eða breytingar sem hún hugðist gera með svona aðgerðum, með viðræðum við starfsmenn og þess vegna með lagasetningu um það hvernig í þetta yrði farið. Það má segja til að mynda breskum íhaldsmönnum til hróss, þó að sá sem hér talar hafi kannski ekki beinlínis verið í hópi aðdáenda þeirra, frú Margrétar Thatcher & Co., eitt skal þó tekið fram og þar skal frú Thatcher og hennar lið njóta sannmælis að Bretar gerðu margvíslegar ráðstafanir m.a. í löggjöf til undirbúnings einkavæðingunni. Þeir voru þó sem þessu nemur þroskaðri heldur en hæstv. ríkisstjórn á Íslandi. Til að mynda voru unnin í Bretlandi og afgreidd tvö mjög viðamikil lagafrumvörp sem tengdust beinlínis breytingunum. Það voru bresku samkeppnislögin og bresku viðskiptahindrunarlögin, sem ég kýs að þýða svo, það sem heitir á enskunni Fair Trading Act og hv. þm. Eyjólfur Konráð Jónsson gæti kannski þýtt fyrir okkur því hann hefur gefið út bækur um þessa hluti eins og kunnugt er. (**EKJ:** Ekki á ensku.) Nei, á íslensku náttúrlega.

Þetta gerðu þeir og segja þó eftir 10–15 ára reynslu á þessu sviði að þeir hafi gert mörg mistök og ofstækið hafi hlaupið með þá í gönur á köflum. Einn af talsmönnum breska Íhaldsflokksins sagði þetta í ágætri ræðu sem hann hélt á Íslandi fyrir einu og hálfu ári síðan. Ég hefði gaman að sjá einhvern tímann sambærilega hreinskilni hjá íslenskum einkavæðingarmönnum. Það hefur alla vega ekki bólað á henni enn þá og hefði þó verið ástæða til fyrir þá að iðrast mistaka sinna, t.d. í sambandi við SR. Auðvitað er það þannig þegar maður lítur til baka og horfir t.d. yfir hremmingarnar sem menn hafa lent í með Bifreiðaskoðun Íslands hf. og SR að það er með ólíkindum að menn skuli ekki vera hættir þessu. Að menn skuli ekki vera búnir að átta sig á því að þeir ættu betur að hætta þessu í bili og reyna að átta sig og hugsa sinn gang áður en þeir halda áfram að nudda með þetta. En það er sem sagt ekki nóg fyrir menn að hafa einkavætt einokunarfyrirtækið Bifreiðaskoðun ríkisins með þeim glæsilega árangri auðvitað að verðið hækkaði upp úr öllu valdi og það var lagt í hundruð milljóna króna fjárfestingar sem kúnninn getur ekkert annað en borgað því ef hann mætir ekki til leiks þá sækir lögreglan hann og færir hann. Það eru viðskiptahættirnir þar. Það er náttúrlega ekki nema von að menn geri það sæmilega gott í svoleiðis bisness.

Nei, hæstv. forseti, þetta er náttúrlega dæmalaust að menn skuli þurfa að vera að eyða tíma sínum á Alþingi í svona málatilbúnað eins og þennan sem kemur frá hæstv. ríkisstjórn. Það er dapurlegt.

Að lokum, hæstv. forseti, ítreka ég í fyrsta lagi spurningar mínar til hæstv. ráðherra um þetta efni og í öðru lagi þá ósk mína að hæstv. ráðherra velti því fyrir sér alvarlega og vandlega, helst núna í þessari umræðu og ætti náttúrlega að óska eftir því að henni yrði frestað en ef ekki þá á milli 2. og 3. umr., hvort hann er tilbúinn til þess að menn setjist aftur niður yfir málið og kanni það hvort einhver samkomulagsflötur getur orðið um afgreiðslu þess. Hæstv. fjmrh. náði þó að litlu leyti áttum í sambandi við Lyfjaverslun ríkisins og féllst á þau rök og þann málflutning sem uppi var m.a. í efh.- og viðskn. Eins og hann hugðist í upphafi standa að breytingum á því fyrirtæki þá væri það ekki gæfulegt og afleiðingin var sú að það var ákveðið að það yrði a.m.k. ekki seldur meiri en helmingur af fyrirtækinu í byrjun og ef lengra ætti að halda síðar þá mundi málið koma aftur fyrir Alþingi. Jafnframt varð samkomulag um tiltekna vinnu sem mundi tengjast breytingum fyrirtækisins og farið yrði í sem lýtur að ýmsum viðkvæmum þáttum sem tengjast tilvist þess fyrirtækis. Er hæstv. landbrh. tilbúinn til að fylgja þessu fordæmi hæstv. fjmrh. og opna á að það verði a.m.k. leitað eftir samkomulagi um einhverjar breytingar á þessu máli?

Og ef það mætti verða til samkomulags, sem ég mun ekki útiloka að gæti orðið, að gerðar yrðu þær tvær breytingar á málinu að í fyrsta lagi yrði þingkjörin stjórn sett inn í frv. og í öðru lagi yrði ákveðið að ríkið mundi ekki án sérstakrar heimildar Alþingis selja meira en allt að helminginn af hlutafénu. Ég segi fyrir mitt leyti, það má kallast tilboð af minni hálfu til hæstv. ráðherra, að ég vil setjast niður og skoða svona breytingu og fara rækilega í gegnum það og ræða það m.a. í mínum flokki hvort við gætum hugsanlega staðið að því til samkomulags þó það sé mér ekkert keppikefli og ekki nema síður sé að vera yfir höfuð að hrófla við þessu fyrirtæki við þessar aðstæður. Finnst hæstv. landbrh. það skynsamlegt að hlusta ekki einu sinni á svona lagað? — Ég vona að hæstv. ráðherra sé ekki svo upptekinn að lesa Dagblaðið að hann heyri ekki það sem ég er að segja og svari því svo. Sennilega er leiðarinn svona góður hjá Jónasi Kristjánssyni, og er sjálfsagt um landbúnaðinn, að hæstv. ráðherra er alveg negldur niður í Dagblaðið.

Nei, hæstv. forseti. Það getur svo sem vel verið að það sé þannig núna þegar klukkan er að ganga fimm á þessum ágæta laugardegi og ekki er orðið ýkja margt eftir á staðnum, greinilega talsvert úthaldsleysi í mönnum, að það sé meira og minna tilgangslaust að vera að reyna að ræða um þetta mál með einhverjum rökum. En ég geri það nú samt og hvort sem hæstv. ráðherra heyrir eitt einasta orð sem við hann er sagt sökum áhuga síns á Dagblaðinu eða ekki þá fer það a.m.k. í þingtíðindin að við í stjórnarandstöðunni, a.m.k. við í Alþb., hefðum viljað fá tækifæri til þess að reyna að ná einhverju samkomulagi og einhverri vitlegri niðurstöðu í þetta mál. Við hefðum viljað það.

Mér finnst það satt best að segja, hæstv. forseti, ég má ekki segja það sem var komið fram á varir mínar, mjög hart ef ekki er hægt að fá a.m.k. í gang einhver samtöl um afgreiðslu á máli af þessu tagi undir þinglokin þegar menn ættu að reyna að sýna einhvern samkomulags- og sáttavilja í báðar áttir. Mjög hart. Hæstv. ríkisstjórn er svo heillum horfin að hún heimtar afgreiðslu á hverju málinu á fætur öðru á ótæku formi þannig að það hefur ekki getað náðst nokkurt samkomulag auðvitað um þinglokin við þær aðstæður því það er ekki hægt að ætla mönnum það og bjóða mönnum það að láta hvað eina vitleysu sem er yfir sig ganga bara vegna þess að það sé tímaskortur og Alþingi verði að fara að komast heim. Ég segi: Alþingi verður að ljúka störfum sínum með sómasamlegum hætti. Kosti það hvað vill. Kosti það að við verðum einhverja daga í viðbót, ekki er það mér að vanbúnaði. Ég tel að vísu að ef við þurfum mjög marga daga í viðbót þá ættum við að gera hlé á fundum Alþingis fram yfir sveitarstjórnarkosningar til þess að það fólk sem í þeirri baráttu stendur fái vinnufrið í þeim kosningum. En við getum hist aftur í júní, það er alveg sjálfsagt mál að koma hér aftur í júní og halda áfram að ræða þetta við hæstv. landbrh. Ég var hér til 21. júní 1985, ég man það vel, þegar við vorum á Jónsmessunni að ræða m.a. um búvörulög og fleira og mér er ekkert að vanbúnaði að gera það aftur ef því er að skipta. Ég hef þann metnað fyrir hönd starfa Alþingis að ég segi þetta: Alþingi getur ekki farið heim nema það ljúki störfum sínum með sómasamlegum hætti og það verður að vera ríkisstjórnarinnar val ef hún vill ekki vera til samkomulags um lagfæringar á nokkrum hlut að störfin dragast hér á langinn. Þannig liggur það.

Nú er það þannig með hæstv. landbrh. að ýmsum þykir að hann hafi staðið sig bara allsæmilega í embætti. Framan af a.m.k. urðu ýmsir hissa á því að hæstv. landbrh. stóð sig bara nokkuð vel og það er út af fyrir sig saga hvers vegna menn urðu hissa á því. En það er samt þannig og það er auðvitað gott og gleðilegt. Hæstv. ráðherra hefur að mörgu leyti tekist allfarsællega. Ég skal gefa honum þá einkunn að honum hefur að mörgu leyti tekist allsæmilega, sérstaklega framan af. Ég held að það sé ein skýring á því öðrum fremur. Framan af störfum sínum fór hæstv. ráðherra sæmilega gætilega og var eftir atvikum þokkalega samvinnufús og samstarfslipur við menn og svona sigldi í gegnum sína embættisfærslu þannig að hann var ekkert óskaplega hornóttur. Og af því að hæstv. ráðherra var svo heppinn að hafa t.d. til samanburðar í sömu ríkisstjórn hæstv. fyrrv. heilbrrh., sem gjarnan var líkt við fíl í glervörubúð, þá varð þetta að lokum allhagstæður samanburður. (**ÓRG:** Að ógleymdum fyrrv. iðnrh.) Að ógleymdum fyrrv. hæstv. iðnrh., núverandi heimsbankastjóra í Finnlandi. Þá var samanburðurinn orðinn enn þá hagstæðari fyrir hæstv. landbrh. þegar hann gat mælt sig saman við þessa tvo starfsbræður sína. (**Gripið fram í:** Báðir hættir.) Nú eru þeir að vísu báðir hættir, annar farinn í önnur störf og hinn farinn til útlanda þannig að e.t.v. hefur samanburðurinn aftur versnað hjá hæstv. ráðherra.

En mér þykir hins vegar, hæstv. forseti, ég verð að segja það, hafa sigið heldur á ógæfuhliðina núna hjá hæstv. landbrh. svona síðustu eitt, tvö missiri að ýmsu leyti. Það er eins og hæstv. ráðherra sé að verða dálítið kantaður aftur og hornóttur og málin eru farin að ganga svona verr í kringum hann. Það er farinn að verða meiri núningur að ýmsu leyti í kringum hans embættisfærslu. Við þetta verður maður talsvert var hér og þar úti í þjóðfélaginu.

Og því er ég að fara yfir þetta, hæstv. forseti, að mér finnst að hæstv. landbrh. eigi hérna tækifæri sem gæti verið dálítið táknrænt fyrir það hvaða stefnu hann vill taka á síðustu vikunum í embætti sínu sem við vonum að verði, mesta lagi mánuðum. Vill hæstv. ráðherra taka því tilboði sem ég hef komið með um að málið verði sett niður í skoðun? Auðvitað væri gáfulegast að fresta því til haustsins því það verður enginn héraðsbrestur við það og er miklu betra en að afgreiða málið óbreytt. En ef við höfum til þess, sem allt bendir til, einhverja daga, yfir helgina og fram í næstu viku, að skoða þetta mál að við skoðum mögulegar breytingar á því í þá veru sem ég bauð upp á áðan. Það verður fróðlegt að heyra hverju hæstv. ráðherra svarar í þessum efnum. Ég treysti því að hann muni gefa einhver svör eða kom með einhver viðbrögð við þessu og þá segi ég það að mér finnst hæstv. ráðherra eiga þarna pínulítið tækifæri til þess að velja hvora leiðina hann vill fara, ágreinings- og núnings- og átaka- og áflogaleiðina, það er leið fílsins í glervörubúðinni eins og ýmsir hæstv. ráðherrar hafa valið eða svona sigla lygnari sjó og reyna að ná sínu fram að einhverju leyti með góðu, eins og hæstv. ráðherra reyndi pínulítið að gera á fyrstu mánuðum eða missirum í starfi. Hæstv. ráðherra var að vísu svo heppinn að það var búið að búa vel í haginn fyrir hann, hann tók við mjög góðu búi og þurfti lítið að gera, einkum og sér í lagi í landbúnaðarmálunum því þar var búið að ganga frá stefnu til langs tíma þannig að það var auðvitað visst skjól sem hæstv. ráðherra hafði af því. En eftir sem áður stendur það að hæstv. ráðherra að mínu mati lagði sig allþokkalega fram um það að vera eins og venjulegur maður í þessu starfi og sinna því bara af alúð og hógværð og standa ekki í átökum og illindum og ágreiningi um mál umfram það sem tilefni væru til eða óhjákvæmilegt væri eins og ýmsir af kollegum hans í hæstv. ríkisstjórn hafa gert og reyndar ríkisstjórnin meira og minna, svo ekki sé minnst á ósköpin hæstv.

forsrh. eins og hann byrjaði hér og frægt varð. Alþingi logaði í deilum í heilan vetur af því að hæstv. forsrh. ætlaði að kenna okkur mannasiði sem höfðum verið hér lengur en hann mörg og flest. En hann hefur gjörbreyst náttúrlega eins og allir sjá, hæstv. forsrh. er orðinn tiltölulega dagfarsprúður í þinginu borið saman við þau ósköp sem fyrst var.

Hæstv. forseti. Ég ætla þá ekki að hafa þetta lengra að sinni, læt þessa stuttu ræðu mína nægja. Ég vona að hæstv. ráðherra bregðist við og svari því sem ég hef spurt hann um og komi inn á það sem ég hef verið að reifa og það væri fróðlegt að heyra hvort það opnast hér einhver möguleiki á samkomulagi um þetta mál eða a.m.k. hvort tilraun verður gerð til þess, hæstv. ráðherra, liggur mér við að segja, leyfi þinginu að láta á það reyna hvort það geti náð einhverju samkomulagi um þetta mál eða ekki.

Útbýting þingskjals:

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 544. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1288.

[16:24]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Varðandi spurningu hv. þm. þá er mér ekki kunnugt um það hvort Áburðarverksmiðja ríkisins er í Vinnuveitendasambandi Íslands. Hef ekki spurst fyrir um það.

Ég vil að öðru leyti þakka hv. þm. fyrir mjög hógværa og prúðmannlega ræðu. Auðvitað leyndi það sér ekki hver er lífsskoðun ráðherrans fyrrv. Hann er auðvitað ríkisrekstrarsinni í þessu máli eins og í Skipaútgerð ríkisins og annars staðar þar sem hann fjallar almennt um atvinnumál og það kemur engum á óvart. Hann er í Alþb. og við vitum hvaða hugsanir og skoðanir liggja til grundvallar í sambandi við lífsskoðanir þeirra manna þegar rætt er um stjórnmál og atvinnumál og er ekkert við því að segja. Þeir eru kjörnir hingað á þing sem slíkir og auðvitað ber þeim að halda uppi þeirri stefnu og þeim skoðunum.

Ég er á hinn bóginn þeirrar skoðunar að það sé affarasælla fyrir starfsfólk Áburðarverksmiðjunnar að henni verði breytt í hlutafélag til þess að mæta nýrri samkeppni og nýrri stöðu.

Á nál. á þskj. 976 kemur fram að fulltrúar Alþfl., Framsfl. og Sjálfstfl. í landbn. vilja afgreiða málið með tilteknum hætti. Það er mikill meiri hluti þingsins og ég get ekki séð hvaða sanngirni er fólgin í því að reyna að hleypa þinghaldinu upp til þess að reyna að koma í veg fyrir það að góður meiri hluti þingsins nái sínum vilja fram.

[16:25]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var dapurlegt. Fyrstu spurningunni gat hæstv. ráðherra ekki svarað af því að hann vissi ekki hvort fyrirtæki sem undir hann heyrir, stórt og mikið fyrirtæki, væri að borga í Vinnuveitendasambandið eða ekki. Vonandi veit það á að það hafi ekki orðið enn að Áburðarverksmiðjan sé komin í þann klúbb.

Í öðru lagi er það náttúrlega útúrsnúningur hjá hæstv. ráðherra að stilla þessu upp í einhverja grundvallar pólitíska afstöðu sem hér sé á ferðinni og skipti sköpum í málinu. Það er auðvitað bara eins og hver annar þvættingur. Það kom m.a. fram í þessari ræðu ef hæstv. ráðherra hefði nennt að hlusta á það. Ég var að gera grein fyrir því að við alþýðubandalagsmenn höfum staðið að því að einkavæða fyrirtæki og getum stutt það þegar og þar sem það á við. Þannig að þetta á að fara eftir aðstæðum en ekki einhverjum kreddum, hæstv. ráðherra. Munurinn er sá að íhaldið og einkavæðingarliðið er með kreddurnar. Það segir bara: Alltaf einkavæða. En við segjum: Þar sem það á við og þar sem það er heppilegt á að gera það en ekki annars staðar. Hér er á ferðinni starfsemi sem orkar tvímælis að breyta með þessum hætti og sérstaklega þetta form sem hér er gert ráð fyrir.

Varðandi afstöðu mína svo til rekstrar almennt og Skipaútgerðar ríkisins þá getum við, ég og hæstv. ráðherra, rætt það mál við tækifæri. Ég veit að hæstv. ráðherra segir þetta örugglega alveg eins á Raufarhöfn þar sem menn fá skip einu sinni í mánuði og eru komnir 50 ár aftur í tímann hvað samgöngur á sjó snertir eða hvað snertir tengsl Norðurlands og Austurlands á sjó. Nú þarf vara að fara frá Akureyri til Reykjavíkur umskipast þar og í annað skip til að komast til Austfjarða. Áður var hringtenging landsins á sjó. Ætli það sé ekki þannig að það sé að ýmsu leyti eftirsjá í þeim samgöngum sem fengust með rekstri Skipaútgerðar ríkisins þó það hefði vissulega verið rétt að það var dýr rekstur enda höfðu staðið áralangar tilraunir til þess að ná utan um það mál og ráðherrann veit vel að hann var ekki einn um það að vilja reyna að ná árangri í því. En menn voru að leita og höfðu verið að leita annarra aðferða en þeirra að sitja uppi með stórkostlega skertar samgöngur þó þeir gætu sparað á því peninga. En það varð niðurstaðan og hæstv. ráðherra ætti að muna eftir því um leið og hann er að hæla sér af því að hafa lagt niður Skipaútgerð ríkisins að það kostaði líka verri samgöngur fyrir fjölmörg byggðarlög í landinu.

[16:28]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Eins og ég skildi ræðu hv. þm. þá er hann enn þeirrar skoðunar að rétt sé að taka upp Skipaútgerð ríkisins og að ríkið standi undir slíkum rekstri til þess að annast strandsiglingar og þjónustu hér á landi. Ég er ekki þeirrar skoðunar. En þessi afstaða hv. þm. lýsir auðvitað þeirri grundvallarskoðun hans að það sé mjög hæpið að fela einkarekstrinum rekstur fyrirtækja sem þó starfa á einkarekstrarsviði.

[16:28]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það fólst ekki í mínum orðum að ég væri að leggja til að taka upp á nýjan leik rekstur Skipaútgerðar ríkisins. Ég var búinn að standa til að mynda í viðræðum við skipafélögin líklega um tveggja ára skeið sem samgrh. um að innanlandssiglingar Eimskipa og Samskipa tækju við þessari þjónustu á ströndAlþt. 1993. B. (117. löggjafarþing). 272

inni. Auðvitað var það svo að það hafði fleirum dottið það í hug en hæstv. núv. samgrh. að það væri hægt að leysa þessi mál með öðrum hætti en þeim að reka Skipaútgerð ríkisins. Ég var hins vegar ekki tilbúinn til þess að henda því fyrirtæki í fullkominni óvissu um það hvað mundi taka við, það er alveg ljóst, og taldi það misráðið hvernig hæstv. ráðherra fór í það mál. En af því að Heimdallur veitti hæstv. ráðherra einhverja medalíu fyrir það að hafa einkavætt Skipaútgerðina þá hefur hæstv. ráðherra gengið um eins og heilagur maður í þessum efnum æ síðan og sér greinilega bara ljósið algjörlega í þessum efnum.

Að öðru leyti vil ég segja, hæstv. ráðherra, ég get ekki túlkað útúrsnúninga og skæting hæstv. landbrh. öðruvísi en sem algjöra höfnun á því að skoða hvort einhver samstaða geti myndast um afgreiðslu þessa máls hér. Ég leyfi mér að halda því hér fram að þó það eigi að heita svo að þrír flokkar standi að nál. þá séu miklar efasemdir um ágæti þeirrar afgreiðslu í röðum a.m.k. þingmanna tveggja úr þeim flokkum og hugsanlega á það eftir að koma fram.

Eitt vil ég svo segja allra síðast við hæstv. landbrh. Þó það sé auðvitað svo að meiri hluti ræður niðurstöðu mála þá er samt samstaða betri en meiri hluti. Samstaða þingsins um meðferð máls er auðvitað verðmætust alls, sérstaklega þegar í hlut á viðkvæmt og viðamikið hagsmunamál af þessu tagi eins og það er að reyna að standa vörð um rekstur Áburðarverksmiðju ríkisins hér eftir sem hingað til. Það sem ég var sérstaklega að undirstrika og leggja áherslu á og bjóða upp á var að menn settust niður og reyndu að kanna hvort ekki væri hægt að mynda þverpólitíska samstöðu um það hvernig með málefni þessa fyrirtækis verður farið á næstu árum. Ég verð því miður að segja að mér heyrist hæstv. landbrh. vera að hafna því og þá ber hann ábyrgð á því.

[16:31]

Ólafur Þ. Þórðarson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Auðvitað er það svo að það er ágætt að fá áætlanir frá forsetum um starfsemi þingsins um miðjan vetur og þá sé skráð hvenær eigi að ljúka hér störfum en mikilvægara er að fá að vita, þó ekki væri nema nokkra daga fram í tímann hverju sinni, hvernig forseti hyggst standa að þinghaldi og eins hitt hvort ætlunin er að halda hér áfram fundi því þá þykir mér eðlilegt að koma þeirri bón á framfæri að hæstv. fjmrh. verði viðstaddur og einnig hv. þm. Sigbjörn Gunnarsson, formaður fjárln. Alþingis vegna yfirlýsinga sem hann hefur gefið um sölu á ríkiseignum. Það er óhjákvæmilegt að viðveru þessara tveggja verði óskað. Enda veit ég ekki betur en að það gildi jafnt með viðveruna og skylduna til atkvæðagreiðslu að meðan þingfundur stendur eru þeir skyldugir að vera hér en geta ekki farið fram á að einhverjir örfáir sitji í salnum en aðrir séu í fríi. Það er ætlast til þess samkvæmt þingsköpum að allir þingmenn greiði atkvæði og sömu þingsköp gera ráð fyrir hinu atriðinu. Það er jafn vel prentað og jafnskýrt. Ég kem því þess vegna mjög ákveðið á framfæri að því verður ekki unað að þessir manna verði ekki við á eftir við framhald þessarar umræðu ef það er ákvörðun forseta að halda áfram fram eftir kvöldi.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill upplýsa að áætlun um störf dagsins mun vera sú að tvö mál verði rædd til þrautar í dag. Það mál sem hér um ræðir og 4. dagskrármál, Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum.

Varðandi hv. 7. þm. Norðurl. e. sé ég að hann mun ekki vera í húsinu né heldur hæstv. fjmrh. og mun forseti óska eftir að þessir tveir, hv. þm. og hæstv. ráðherra, komi til þings.

Nú hefur hópur manna beðið um að ræða fundarstjórn.

[16:33]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Hér hafa fundir staðið frá kl. níu í morgun. Þegar við mættum hér svo árla morguns þá var það í þeirri trú að þinginu mundi ljúka í dag. Nú er ljóst að það mun ekki gerast, það verða fundarhöld hér eftir helgina. Því fæ ég ekki séð hvaða ástæða er til að halda þessum umræðum áfram. Það er ekki svo brýnt að ljúka þessum tveimur málum og hér hafa verið fundir linnulaust alla vikuna og sannast sagna er komið nóg af svo góðu.

Ég legg eindregið til, virðulegur forseti, að við frestum nú umræðum. Ég hygg að ég sé næst á mælendaskrá. Ég legg til að við frestum umræðum og þetta verði látið gott heita í dag og að við tökum svo upp þráðinn á mánudaginn.

[16:35]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Þetta hefur verið mjög löng vika og mér telst þannig til í huganum að við höfum verið hér að störfum á mánudegi fram á nótt og klukkan líkast verið á milli þrjú og fjögur um nóttina þegar störfum lauk. Á þriðjudagskvöld og fram á nóttina vorum við líka til á milli þrjú og fjögur ef ég man rétt. Á miðvikudegi vorum við að fara heim um miðnættið flest, býst ég við. Á fimmtudeginum lauk fundi ekki fyrr en milli fimm og sex um morguninn. Við unnum fram eftir degi í gær og fram á kvöld og nú hefur staðið yfir fundur frá því í morgun. Það er búið að ákveða að þingi verði ekki lokið fyrr en eftir helgi og ég tel alveg fráleitt að vera að teygja lopann hér yfir tveimur arfavitlausum málum þennan dag. Mér finnst komið alveg nóg og úr því að það er niðurstaðan að það verði ein vika enn í þinghaldinu þá hljóti menn að sjá að það er tilgangslítið að vera að teygja lopann fram eftir deginum.

Ég tek undir með hv. 2. þm. Vestf. að ef menn ætla að halda þessari umræðu áfram þá verða auðvitað þeir menn að vera viðstaddir sem svara fyrir þá hluti sem hér er verið að ræða. En ég mæli ekki með að það verði farið að ónáða þá ágætu menn. Ég fer fram á að umræðunni verði hætt. Ég tel að um það sé samstaða, a.m.k. meðal þeirra þingmanna sem hér eru staddir núna og taka þátt í þessari umræðu og fylgjast með henni, að nú sé nóg komið. Ég óska eindregið eftir því við forseta að hann hlutist til um það að nú verði lát-

ið staðar numið í þessari umræðu.

Ég held að það sé svo langt frá því að það sé hægt að halda því fram að einhverjar tafir hafi verið á þinghaldi. Það hefur áreiðanlega varla í sögu þingsins verið afgreitt annað eins af málum og gert var t.d. í gær í einni lotu. (**Gripið fram í:** Og í dag.) Og í dag. Ég verð að segja alveg eins og er að ég held að það sé umhugsunarefni fyrir hv. þm. hvort þannig eigi eða megi standa að málum. Ég tel t.d. að atkvæðagreiðslur eins og voru hér í gær séu bara vítaverðar. Við eigum ekki að hafa svona mörg mál til atkvæða í einu lagi. Við eigum auðvitað að vanda okkur þannig við atkvæðagreiðslur að menn geti undirbúið sig undir þær og ekki sé hrúgað saman mörgum og stórum málum þannig að menn séu nánast að afgreiða þetta blindandi ef þeir ekki hafa til þess nægilegan undirbúning eins og var í gær. Það ráðrúm sem mönnum gafst til að undirbúa sig undir þær atkvæðagreiðslur var ekki nógu mikið.

[16:38]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Eins og hér hefur komið fram þá var stefnt að því að ljúka þinghaldi í dag og virtist allt benda til þess í morgun að það gæti gengið fyrir sig. Síðan hefur komið í ljós að svo er ekki en ég tel enga ástæðu til að halda áfram þeim tveimur málum sem forseti nefndi. Við erum búin að vinna meira en nóg þessa viku og alveg kominn tími til að gefa mönnum nú frí úr því ekki er verið að reyna að ljúka þinghaldinu í kvöld. Það er alveg sýnt að það verður haldið áfram fram eftir næstu viku og ég held að þingmenn séu búnir að fá sig fullsadda af þessari vinnuviku. Ég hef áður vitnað til vinnuverndarlaga í því sambandi. Ég ætla ekki að gera það aftur en ég hygg að mönnum séu þau lög kunn. Ég mælist eindregið til þess við virðulegan forseta að þinghaldinu verði frestað svo mönnum gefist þá kostur á að undirbúa sig fyrir næstu viku. Það er engin nauðsyn að halda áfram fram á laugardagskvöld þegar svo er málum komið.

Verði það niðurstaða hæstv. forseta að halda áfram með þau mál sem hafa verið nefnd þá fer ég þess á leit að hæstv. fjmrh., hv. formaður landbn. og hv. formaður fjárln. verði viðstaddir umræðu um það mál sem við erum að ræða. Og við næsta mál á eftir, ef svo fer að því verði einnig haldið áfram, sem ég leggst eindregið gegn, fer ég þess á leit að starfandi formaður umhvn., hæstv. starfandi umhvrh. og jafnframt þeir þingmenn Sjálfstfl., og ég get nafngreint þá nokkra á eftir sem hafa haft mjög miklar efasemdir um það mál, verði einnig viðstaddir. Ég tel það fullkomna skyldu þeirra, bæði ráðherra og þingmanna sem ég hef verið að nefna, að vera viðstaddir þessa umræðu ef þessum málum á að ljúka.

[16:41]

Ingi Björn Albertsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir þær óskir manna að nú verði látið staðar numið. Þetta er búin að vera hreint út sagt yfirgengileg vika. Við höfum unnið hér að meðaltali fjórtán stundir á dag þegar lögleg vinnuvika er átta stundir á dag. Við erum komnir í yfir 70 tíma í þessari viku. Maður hlýtur að spyrja sjálfan sig á löggjafarþinginu hvort það sé við hæfi að sjálft löggjafarþingið þverbrjóti svo lög sem raun ber vitni án þess að láta staðar numið og hugsa málið.

Ég vil mótmæla því að við höldum áfram. Það hefur legið í loftinu mikil óvissa um fundarhaldið í dag. Nú loksins er það að skýrast. Einhverjir virðast hafa haft pata af því og eru farnir en nú er það komið í ljós að það er ætlun forsn. að taka til umræðu tvö mál. Bæði málin kalla á mjög mikla umræðu þannig að það er ljóst að ef fram á að fara með slíku ofbeldi sem hér er boðað þá mun fundur standa langt fram eftir nóttu. Það tel ég ekki ráðlegt og ég tel að það mundi stytta umræður verulega ef hér yrði látið staðar numið og fram haldið á mánudaginn. Ef við þeirri sjálfsögðu ósk verður ekki orðið þá tek ég undir þær kröfur sem gerðar hafa verið um viðveru ákveðinna þingmanna en vil bæta því við að ég tel að það sé algert lágmark að allir ráðherrar ríkisstjórnarinnar séu viðstaddir alla vega seinna málið. Það kemur inn á svið flestra þeirra og alla vega ég sem er á mælendaskrá — ég þarf að eiga orðastað við þá alla. Þannig að ef það er meiningin að halda áfram þá er það mín ósk að öll ríkisstjórnin sem er á landinu verði viðstödd umræðuna.

Þar fyrir utan skilst mér að í húsinu séu nú 23 þingmenn. Mig langar að inna forseta eftir því: Hversu margir hafa fjarvistarleyfi þessa stundina?

(**Forseti** (GHelg): Forseti getur raunar ekki svarað því öðruvísi en svo að það er ljóst að það er rétt að 24 hv. þm. eru í húsinu. Aðrir hafa farið heim þar sem þeir hafa ekki ætlað sér að taka þátt í þeim umræðum sem hér eru fyrirhugaðar.)

Samkvæmt þingsköpum þá ber þingmönnum að vera viðstaddir þingfundi þannig að ef það á að þvinga einhvern lítinn hluta þingsins til að sitja hér á laugardagskvöldi og hugsanlega fram á nótt þá vil ég að eitt gangi yfir alla og það verði hringt út og allir þingmenn boðaðir til fundar þannig að eitt skuli yfir alla ganga.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hefur heyrt þau skilaboð.

[16:44]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst geta þess af því að ég veit að forseti sem nú situr á forsetastól hefur ekki aðstöðu til þess að taka ákvörðun um þær óskir sem hér ... (**Gripið fram í:** Nú, hvað, hvað?) Ég var ekki búinn að ljúka setningu minni. Vegna þess að forseti þingsins Salome Þorkelsdóttir er í húsinu þá tel ég æskilegt að hún sé viðstödd þessar umræður nema forseti þingsins, Salome Þorkelsdóttir, ætli að framfylgja þeirri reglu sem hún tjáði mér að ætti að gilda fyrr á þinginu að sá forseti sem sæti í forsetastól væri með fullt umboð.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa hv. þm. um að sá forseti sem hverju sinni situr á forsetastól hefur auðvitað allan rétt sem forseti.)

Ef svo er þá treysti ég sanngirni þess forseta sem á

forsetastól situr því að ljóst er að það er varla hægt að finna nokkra viku mörg ár aftur í tímann þar sem þingi hefur verið haldið fram með þeim hætti sem gert hefur verið í þessari viku. Hér hafa staðið fundir ekki bara fram til miðnættis heldur langt fram á morgun dag eftir dag í þessari viku. Kvöld- og næturfundir á mánudag, þriðjudag og miðvikudag. Á fimmtudag stóð fundur til kl. hálfsex um morguninn og menn komu saman til fundar um hádegi og síðan komu menn saman kl. níu í morgun. Það eru því engin efnisleg rök fyrir að halda áfram fundi á laugardegi eftir að klukkan er að verða fimm.

Þar að auki er það þannig að hér er nú til umræðu frv. um að selja Áburðarverksmiðju ríkisins. Í því máli er alveg ljóst að það eru að minnsta kosti þrír þingmenn, þar með talinn einn ráðherra, sem verða að vera við þá umræðu, þ.e. formaður fjárln., formaður landbn. og hæstv. fjmrh. Þar að auki er það þannig að eftir ásakanir sem hæstv. landbrh. flutti áðan í andsvörum þá er það alveg ljóst að þeirri umræðu verður með engu móti lokið hér á næstunni. Þegar þeir þingmenn sem hlut eiga að máli um sölu ríkiseigna, formaður fjárln., fjmrh. og formaður í nefndinni sem málið heyrir undir eru ekki viðstaddir umræðuna þá veit ég að ég þarf ekki að útskýra fyrir þeim reynda þingmanni sem situr á forsetastól að það er ekki hægt að halda umræðunni áfram. Það er ekki ætlast til þess að þingmenn sem taka starf sitt alvarlega geti talað við þær kringumstæður. Ég fer þess vegna eindregið fram á það að þessum umræðum verði frestað hér og nú þar til búið er að skapa aðstæður með þeim hætti að þær geti átt sér stað við eðlilegar kringumstæður.

[16:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Við höfum verið að fara fram á að það yrði tekið til vinsamlegrar skoðunar og afgreiðslu af hæstv. forseta að gera hlé á þessu fundarhaldi og segja þetta gott í bili. Það er kominn laugardagur og kl. er að verða fimm og hér hefur verið farið yfir það að við erum líklega búin að vera samtals á fundum eitthvað um 70 klst. í þessari viku. Þar fyrir utan er auðvitað öll önnur vinna þingmanna eins og að ganga frá nál., undirbúa ræður og þar fram eftir götunum, þannig að þetta er orðin bara þokkalegasta vinnuvika á allan venjulegan mælikvarða hygg ég. Og þó það sé ýmislegt sagt um störf okkar þingmanna og frammistöðu eins og kunnugt er þá efast ég þó um að við mundum liggja undir miklu ámæli fyrir leti eða að hafa ekki sinnt þokkalega vinnuskyldu þessa vikuna. (**Landbrh.**: Þingmanninum leiðist nú ekki að standa í ræðustól.) Nei, það er alveg hárrétt, hæstv. landbrh., ég tel ekki eftir mér að sinna skyldum mínum sem þingmaður og þar á meðal að flytja stundum eina og eina smáræðu ef á þarf að halda. Það er hárrétt.

En, hæstv. forseti, í alvöru talað er þetta þannig að hér er orðin gífurlega löng vinnulota og því miður hefur ekki tekist neitt samkomulag um hvernig ljúka skuli þinghaldinu. Hæstv. ríkisstjórn hefur sýnt fullkomna óbilgirni í þeim efnum öllum saman og okkur þingmönnum er því ekki annar kostur á höndum en að fara eindregið fram á það að fundarhaldið fari þá í venjulegan farveg. Ég segi fyrir mitt leyti að ég mun ekki samþykkja nein frávik frá venjubundnum fundarhöldum svo sem því að við höfum alla þessa viku byrjað fundi kl. hálfellefu á morgnana en ekki í eftirmiðdaginn eins og venja er. Ég tel að stjórnarandstaðan hafi þessa viku sýnt mikla lipurð og þolinmæði og að hér hafi verið afgreidd mál svo tugum skiptir. Ég óska því eindregið eftir því, hæstv. forseti, að forseti taki sér nú tíma, ef ekki er hægt að verða við því strax, að hugleiða þessar óskir okkar og hætta nú fundarhaldinu í dag.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur hugleitt þessar óskir hv. þm. sem hér hafa komið fram og beinir því til hv. þm. að það mál sem nú er til umræðu og er á dagskránni megi halda áfram um sinn meðan verið er að kanna um framhaldið. Fallist menn á þessa tilhögun tekur sá sem er næstur á mælendaskrá um Áburðaverksmiðjuna til máls á meðan verið er að athuga með framhaldið. Síðan mun forseti upplýsa niðurstöðu strax og hún liggur fyrir. Forseta sýnist á svipbrigðum manna að fallist sé á þessa málsmeðferð og þakkar fyrir það.

[16:51]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Við erum hér að ræða frv. til laga um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins síðdegis á laugardegi og ég vil ítreka þá skoðun mína að mér finnst meira en nóg komið af fundarhöldum þessa vikuna en ég verð að sjálfsögðu við þeim tilmælum að halda mína ræðu.

Eins og menn minnast var þetta mál til umræðu og meðferðar í landbn. á sl. vetri og þá hafði nefndin afgreitt málið frá sér og það lá hér tilbúið til afgreiðslu sl. vor þegar sá atburður gerðist að hæstv. forsrh. greip sína bláu bók og fór í pontu og sleit þinginu fyrirvaralaust. Þar með var þetta mál um Áburðarverksmiðju ríkisins eitt af þeim sem ekki var afgreitt á síðasta þingi. Þegar horft er á þróunina síðan held ég að segja megi að það sé mjög gott að þannig fór því sannleikurinn er sá, virðulegi forseti, að það hefur margt gerst í einkavæðingarmálum ríkisstjórnarinnar sem veldur því að það er ástæða til að staldra við og huga mun betur að þessum málum.

Þegar við vorum með þetta mál til meðferðar í fyrra skrifuðum við nál., hv. þm. Ragnar Arnalds og sú sem hér stendur, og þá byggðist mín afstaða til málsins fyrst og fremst á því að það var og er um EES-mál að ræða. Það er verið að breyta Áburðarverksmiðjunni í kjölfar þeirra ákvæða sem er að finna í samningnum um Evrópskt efnahagssvæði og mín afstaða þá réðst af því að ég var mjög ósátt við það að samningurinn um Evrópskt efnahagssvæði skyldi knýja menn til að breyta þessari verksmiðju. En hitt er annað mál að ég var þá þeirrar skoðunar og er það svo sem enn að það sé ástæða til að breyta forminu á Áburðarverksmiðju ríkisins, þ.e. mér finnst Áburðarverksmiðjan vera dæmi um rekstur sem ekkert endilega á að vera í höndum ríkisins. Mér þætti ekkert óeðlilegt að bændur héldu

þar um stjórnvöl og ættu verksmiðjuna eins og mér er tjáð að hafi verið fram yfir 1960 þegar ákvörðun var tekin um það að ríkið yfirtæki rekstrinn að fullu. En, virðulegi forseti, reynslan af því sem gerst hefur í einkavæðingarmálum á þessu eina ári, það mun vera rétt um ár síðan hæstv. forsrh. sleit þinginu svo skyndilega, hefur gert það að verkum að ég leggst eindregið gegn því að þessar breytingar verði gerðar.

Ég vil ítreka það að ég hef vissa samúð með þeim sjónarmiðum sem fram komu hjá framkvæmdastjóra Áburðarverksmiðjunnar þegar hann kom á okkar fund sem voru þau að hlutafélagsformið og breytingar á verksmiðjunni gæfu verksmiðjustjórninni meiri möguleika til að bregðast við breyttum aðstæðum, bregðast við samkeppni og að þeir gætu betur lagað sig að því sem fram undan er. Ég hef vissa samúð gagnvart þeim sjónarmiðum. En eftir að hafa horft á það hvernig ríkisstjórnin framkvæmir sína einkavæðingu er niðurstaðan einfaldlega sú að ríkisstjórninni er ekki treystandi til þess að gera þetta. Það er niðurstaða málsins. Annars vegar er það hvernig hún einfaldlega hefur staðið að sölunni á þessum hlutafélögum, þ.e. ríkisstofnun sem breytt hefur verið í hlutafélög, og hins vegar eru það auðvitað þau mál sem snúa að starfsfólkinu. Nú erum við að endurtaka umræðuna um bæði SR-mjöl og um Lyfjaverslun ríkisins því þetta eru allt saman hliðstæð mál þar sem þessi trúarbrögð ríkisstjórnarinnar um að það sé nauðsynlegt að einkavæða ríkisfyrirtæki eru í öndvegi. Þetta er trúarbragðastefna og þar af leiðandi er verið að knýja þessi mál í gegn þrátt fyrir nöturlega reynslu. En staðreyndin er sú í fyrsta lagi að það sem snýr að starfsfólki, og það eru hliðstæðar greinar í öllum þessum frv., í þessu tilviki er um að ræða 6. gr. þar sem vísað er til gildandi laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Það er sagt í þessum frumvörpum að þær breytingar sem sé verið að gera nái ekki til þeirra laga sem þýðir að það er verið að taka af starfsmönnum biðlaunaréttinn.

Nú getum við deilt um það og rætt um það hvort sá réttur sé í takt við tímann, hvort það sé rétt að hafa biðlaunaréttinn við lýði þegar ljóst er að fólk fer beint í önnur störf. En þetta eru einfaldlega gildandi lög og hið rétta í þessum málum hefði auðvitað verið það að gera samninga við stéttarfélögin og ná samkomulagi um að breyta þessum lögum í stað þess að ganga svona á rétt starfsmanna og vera eilíflega að kalla yfir sig málaferli. Því það mun gerast og er á leiðinni. Það er að gerast að BSRB er að undirbúa málaferli vegna þess sem gerðist hjá SR-mjöli. Þessi mál eru að fara fyrir dómstólana vegna þess að stéttarfélögin telja að það sé verið að ganga þarna á rétt starfsmanna og þessar breytingar feli í sér stjórnarskrárbrot. Hvorki meira né minna. Það er verið að ásaka ríkisstjórnina um stjórnarskrárbrot. Þannig getur Alþingi Íslendinga ekki staðið að málum. Það er ekki hægt að framkvæma málin á þennan hátt og segja bara: Sjáum bara hvað setur, sjáum bara hvað kemur út úr þessum málum.

Auðvitað á að bíða eftir niðurstöðu dómstólanna úr því sem komið er. Við hefðum átt að fresta einkavæðingu Lyfjaverslunar ríkisins og fresta þessum lögum um Áburðarverksmiðjuna og bíða niðurstöðu dómstóla fyrst málin eru komin í þann farveg. En það er vaðið áfram og þetta keyrt í gegn hér þrátt fyrir hörð mótmæli stéttarfélaganna. Að vísu gildir það fyrst og fremst um BSRB og BHMR sem eiga hér í hlut en ég furða mig reyndar á því hve lítið heyrist frá Alþýðusambandinu varðandi þessi mál vegna þess að reynslan sýnir það að starfsfólki er fækkað í kjölfar þessara breytinga. Það kann að vera að það sé um ofmönnun að ræða í þessum verksmiðjum en á tímum sem þessum þegar atvinnuleysi er jafnmikið og raun ber vitni þá er auðvitað betra að halda fólki í vinnu en að vera að senda það út á atvinnuleysismarkaðinn. Það er einfaldlega betra fyrir alla aðila. Það er ekkert betra fyrir ríkið að vera að greiða fólki atvinnuleysisbætur en að fólk hafi vinnu og fái laun fyrir það.

Þá ætla ég að víkja að þeim tíma enn einu sinni — og erum við að endurtaka sömu umræðuna aftur og aftur — þeim tíma sem ríkisstjórnin velur til einkavæðingar sinnar. Það er samdráttur í efnahagslífinu og það er afar ólíklegt að sanngjarnt verð fáist fyrir sölu þeirra hlutabréfa sem til stendur að selja. Það er afar ólíklegt. Hverjir eiga að kaupa? Ég verð að segja það, virðulegi forseti, að ég efa það stórlega að einhver áhugi sé á því að kaupa hlutabréf í Áburðarverksmiðju ríkisins þegar menn eru að spá því að henni verði einfaldlega lokað eftir nokkur ár vegna samkeppni utan frá. Það er afar ólíklegt að það sé mikill áhugi á að kaupa þau bréf. Til hvers er þá verið að gera þessar breytingar? Maður spyr sig auðvitað að því.

Við vitum að það er vilji þeirra sem reka verksmiðjuna að halda henni gangandi og að aðlaga verksmiðjuna þeim breytingum sem fram undan eru og reyna að standast samkeppnina. En þeir hafa líka bent á það að það er afar auðvelt fyrir stóra aðila eins og Norsk Hydro að kaupa þetta allt saman. Það er enginn fyrirvari á því hér að það megi ekki selja nema helming hlutabréfanna eins og tókst þó að koma inn í lögin um Lyfjaverslun ríkisins. Það er enginn slíkur fyrirvari hér og þá gilda þau lög sem í gildi eru varðandi kaup erlendra aðila á hlutabréfum. Þegar búið verður að breyta lögunum um fjárfestingar erlendra aðila verður harla auðvelt fyrir aðila eins og Norsk Hydro að kaupa Áburðarverksmiðju ríkisins. Stjórnendur verksmiðjunnar bentu á að Norsk Hydro vílaði ekki fyrir sér að kaupa upp svona litla verksmiðju vegna þess að það er samdráttur í þessum iðnaði og hver markaðseining er mikilvæg. Þannig að sá möguleiki er fyrir hendi að verksmiðjan verði keypt og þá auðvitað fyrst og fremst til að leggja hana niður.

Það er í sjálfu sér hægt að hafa langt mál um þessar breytingar og þessa sölu sem hér á að fara fram en ég ítreka það að andstaða mín við þetta mál er af sömu rótum runnin og giltu um Lyfjaverslun ríkisins, þ.e. það sem snýr að starfsmönnum og ekki síst að það eru viðræður í gangi milli BSRB og ríkisins um samstarf og samvinnu ríkisstarfsmanna og ríkisins og hvernig því skuli háttað og þar koma þessi einkavæðingarmál inn í. En menn eru auðvitað í þessu máli öllu saman að horfa til reynslunnar erlendis frá og þess hvaða afleið-

ingar einkavæðing hefur haft í ýmsum löndum. Það er nöturlegt upp á að horfa að menn skuli halda áfram með þetta á þessum tímum. Ég veit að hæstv. landbrh., sem er á rólinu einhvers staðar í hliðarsölum, er þeirrar skoðunar að þessi breyting á verksmiðjunni sé hugsanlega eina leiðin til að bjarga henni og ég vildi gjarnan biðja hann að koma í pontu og rökstyðja þá skoðun hvers vegna hann telur að það sé vænlegra fyrir verksmiðjuna að lifa með þessum breytingum en hafa ríkið sem bakhjarl í óbreyttum rekstri. Mér finnst ég ekki hafa heyrt nein rök fyrir þessu og ég beini þeirri spurningu til hans: Hvernig rökstyður hann það að verksmiðjan eigi meiri lífsmöguleika í þessu formi en á því formi sem nú er? Mér finnst það afar mikilvæg spurning.

Ég ítreka það sem ég sagði áðan að ég hef skilning á því gagnvart stjórnendum verksmiðjunnar að hlutafélagsformið feli í sér ákveðinn sveigjanleika, að menn geti hreinlega verið fljótari að bregðast við aðstæðum en grundvallarspurningin sem við stöndum frammi fyrir er: Ætlum við að eiga áburðarverksmiðju í landinu eða ekki? Það er grundvallarspurningin. Og hvaða leiðir eru bestar til þess að halda verksmiðjunni gangandi? Ég hef miklar efasemdir um það að einkavæðing á verksmiðjunni verði henni til bjargar.

Ég ætla að geta þess að meiri hluti landbn. leggur til breytingar á frv. og ég get tekið undir fyrri brtt. þar sem mér fannst vanta algjörlega inn í frv. um Áburðarverksmiðjuna öll ákvæði um stjórn verksmiðjunnar. Það er aðeins vísað til þess að ákvæði hlutafélagalaga skuli gilda en í ýmsum öðrum frumvörpum sem við höfum haft til meðferðar hafa verið ákvæði um það hversu fjölmenn stjórnin skyldi vera. Ég tel að það sé þó til bóta að inn í lögin komi ákvæði þess efnis. Hin breytingin lýtur náttúrlega bara að gildistöku laganna í ljósi þess hve það dróst að frv. kæmi fram.

Eins og fram hefur komið í umræðunni hefur umfang verksmiðjunnar dregist saman. Það hefur orðið mikill samdráttur í sölu, bæði í kjölfar þess samdráttar sem við höfum horft upp á í landbúnaði og einnig breytingar sem orðið hafa á ræktun þó að samdrátturinn í landbúnaði skipti mestu máli. Það er mikil áhersla lögð á það núna að fara út í lífræna ræktun af ýmsu tagi sem felur það í sér að notkun tilbúins áburðar mun þá væntanlega minnka. Að vísu er það spurning um skilgreiningu og eftir því hvers konar vöru er verið að framleiða en þegar menn eru t.d. að tala um lífrænt ræktað grænmeti og slíkt þá er verið að tala um að reyna jafnvel að nota lífrænan áburð en ekki hinn tilbúna áburð sem hingað til hefur verið mest notaður. Það kunna því líka að vera fram undan breytingar sem fela í sér enn meiri samdrátt.

Síðan eru menn auðvitað líka að velta fyrir sér ýmsum sóknarfærum í landbúnaði sem vonandi munu ýta undir hann og það gæti vegið upp á móti. Það er því svolítið erfitt að átta sig á framtíðinni en því er ekki að leyna að samkvæmt því sem fram kom í landbn. þá bera menn ugg í brjósti varðandi framtíð verksmiðjunnar og eins og ég nefndi áðan þá stöndum við frammi fyrir þeirri stóru spurningu: Ætlum við að tryggja rekstur og eiga áburðarverksmiðju í landinu eða ætlum við að eiga allt undir því að áburður sé fluttur inn? Þetta eru mikilvægar spurningar og ég held að bæði í ljósi þess og hvernig á málum hefur verið haldið af hálfu ríkisstjórnarinnar, og þá vísa ég einkum til sölunnar og breytinganna á SR-mjöli, ættum við að staldra við, hæstv. landbrh. og láta þetta mál bíða.

[17:09]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Um næstu áramót verður áburður gefinn frjáls og það er ekki hægt að láta þetta mál bíða nema með því sé verið að tefla mjög í tvísýnu atvinnu þess fólks sem vinnur í Áburðarverksmiðjunni. Sinnuleysi af því tagi gengur auðvitað ekki og ég get ekki sætt mig við að menn spili út á síðustu dögum þingsins einhverjum spilum sem dragi úr möguleikum þessa fólks til að halda atvinnu áfram. Það verður að takast á við þessi mál og ég held því fram að nauðsynlegt sé að breyta Áburðarverksmiðjunni í hlutafélag til þess að það verði gert með áhrifamiklum og raunhæfum hætti. Sumir hafa sagt að það megi bíða haustsins. Ég sé nú ekki rökin fyrir því. Það er þvert á móti nauðsynlegt að taka á þessum málum.

Það er misskilningur að minni hyggju að ekki megi nota tilbúinn áburð, eins og kallaður er, í lífrænni ræktun enda er auðvelt að sýna fram á að til mikillar hungursneyðar mundi draga í heiminum ef hinn tilbúni áburður yrði ekki notaður þannig að það er ekki raunhæfur kostur eins og raunar hefur komið fram og verið sýnt fram á.

Að síðustu vil ég aðeins segja að spurningin um það hvort við ætlum að eiga áburðarverksmiðju eða ekki er sú hvort framleiðslan sé nægilega ódýr til að hún sé samkeppnisfær við innfluttan áburð. Ef svo á að vera má áburðarnotkun ekki dragast mikið saman. Á hinn bóginn hefur það sýnt sig að ríkið hefur ekki verið mikill bakhjarl fyrir þær verksmiðjur sem það hefur staðið á bak við.

Ég vil svo ítreka það sem ég sagði áðan að auðvitað eru skoðanir manna skiptar um það hér hvort menn vilja fara stofnanaleiðina, hvort menn vilja að Áburðarverksmiðja ríkisins verði áfram opinber stofnun. Ég tel að með því sé verið að stefna í tvísýnu starfsöryggi þess fólks sem þar vinnur, að óþörfu.

[17:12]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér koma fullyrðingar á fullyrðingar ofan í framhaldi af þeim fullyrðingum sem fram koma í greinargerðinni með frv. Ég ítreka þá spurningu sem ég bar fram til hæstv. landbrh.: Hvers vegna tryggir hlutafélagsformið betur framtíð og rekstur verksmiðjunnar en núverandi staða? Það eru engin svör að segja af því bara. Það verður að rökstyðja það og ég get ekki séð hvers vegna óbreytt ástand, sem er leyfilegt samkvæmt EES-samningnum, það er leyfilegt að reka ríkisfyrirtæki, er eitthvað verra fyrir starfsfólk. Það sem er vont fyrir starfsfólkið er auðvitað að vita ekki hver framtíðin verður. Þó við breytum fyrirtæk-

inu þá verður það ekki úr sögunni vegna þess að í rauninni veit enginn hvað framtíðin ber í skauti sér. Ég hygg að með því að breyta fyrirtækinu og með því hugsanlega að setja það út á hinn frjálsa hlutabréfamarkað þá gæti það gerst, sem ég nefndi áðan, að erlendir aðilar keyptu verksmiðjuna til þess að leggja hana niður.

[17:13]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gætir misskilnings hjá hv. þm. Það er nokkuð ljóst að ef ekki tekst að ná samkomulagi og samvinnu við erlenda aðila um rekstur verksmiðjunnar og áburðarviðskipti eru litlar vonir til þess að verksmiðjan geti staðið undir sér í framtíðinni eftir að áburðarverslun hefur verið gefin frjáls hér á landi. Það er vitaskuld óhjákvæmilegt ef menn ætla að gefa Áburðarverksmiðjunni líf í einhver ár að til slíkrar samvinnu geti dregið. Ég held að allir séu sammála því sem hafa kynnt sér þessi mál og sett sig inn í rekstur verksmiðjunnar og sett sig inn í sölumál áburðar og verð á áburði í nálægum löndum og þær hugmyndir sem þar eru uppi. Ég held þess vegna að það sé alveg ljóst að það verður að koma til slíkrar samvinnu ef Áburðarverksmiðjan á að geta staðist í einhverju formi.

Ég vil líka segja að rökin fyrir því að ég tel hlutafélagaformið heppilegra er að ég get sýnt fram á það m.a. með Skipaútgerð ríkisins hversu áætlanir stóðust illa raunar allan tímann. Það var komið svo undir lokin að Skipaútgerðin tapaði 1 millj. á dag og hafði gert svo um langa hríð og auðvitað gátum við ekki undir því staðið sem þjóð að halda uppi víðtækum slíkum rekstri. Ef við á hinn bóginn erum þeirrar skoðunar að ríkisrekstur á verksmiðjum sé arðvænlegri og sé betri hvers vegna í ósköpunum flytur þá ekki hv. þm. tillögu um það að ríkið gangi víðar inn í atvinnureksturinn, beiti sér fyrir rekstri verksmiðju og öðru þvílíku ef þingmaðurinn telur að það sé heppilegri leið.

[17:15]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Nú tóku málin nýja stefnu. Ég hef rætt það og get ítrekað það enn einu sinni að ég er alls ekki þeirrar skoðunar að ríkisrekstur sé alltaf af hinu góða eða að allur rekstur eigi að vera undir ríkinu. Ég tel að í okkar þjóðfélagi eins og nú háttar þá sé ríkið í ýmiss konar rekstri sem það á ekki að vera í. Ég hef rætt það hér líka að í sjálfu sér þá tel ég ekki að framleiðsla áburðar sé verkefni ríkisins. Hins vegar erum við að tala hér um breytingar á fyrirtæki við ákveðnar aðstæður og við erum líka að tala um það hvernig þessi ríkisstjórn hefur staðið að þessum málum. Þar er reynslan slík, hæstv. landbrh., að ég treysti ekki ríkisstjórninni til að framkvæma þetta verk.

Það kom fram hjá hæstv. landbrh. að í rauninni væri gert ráð fyrir að erlendir aðilar kæmu þarna inn í og þá skiptir auðvitað öllu máli hvernig það gerist. Verður tryggt að þessi framleiðsla haldi hér áfram eða mun það gerast, sem ég veit að stjórnendur fyrirtækisins óttast, að hún verði einfaldlega keypt upp og lögð niður? Þetta eru lykilspurningarnar.

Útbýting þingskjals:

Áburðarverksmiðja ríkisins, 199. mál, brtt. ÓÞÞ, þskj. 1289.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Nú stendur svo á að afbrigða þarf að leita til að þessi tillaga megi á dagskrá koma og mun nú forseti leitast við að leita þeirra afbrigða. — Forseti vill biðja þingmenn að hafa þolinmæði andartak á meðan kannað er hversu margir hv. þm. séu í húsinu. Vel kann að vera að hv. þm. séu í skrifstofum sínum hér í kring og það verður nú kannað hvort unnt sé að fá hingað nægilega marga hv. þm.

Forseta sýnist nú að erfitt muni reynast að ná fram afbrigðum svo þessi tillaga megi á dagskrá koma og vill því spyrja hv. þm. hvort ekki nægi að hún komi fram við 3. umr.? Forseti vill biðja hv. þm. að doka aðeins við.

Sú mun hafa orðið niðurstaða á fundi með formönnum þingflokka að þessari umræðu verði nú frestað. Hið sama mun gilda um seinna dagskrármálið sem á dagskrá átti að vera, sem var 4. dagskrármálið.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4., 7., 10.–12., 14.–15. og 17.–18. mál.

Fundi slitið kl. kl. 17:25.

156. FUNDUR

mánudaginn 9. maí,
kl. 10.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frv., 614. mál, þskj. 1073. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Fjáraukalög 1993, stjfrv., 452. mál, þskj. 675. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Eftirlit með skipum, frv., 623. mál, þskj. 1210. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Græn símanúmer, þáltill., 207. mál, þskj. 231, nál. 1141. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)
5. Vog, mál og faggilding, frv., 626. mál, þskj. 1227. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852, brtt. 1288. — 3. umr.
7. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 1259, brtt. 1269 og 1287. — Frh. 3. umr.
8. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096. — 2. umr.
9. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr.
10. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977 og 1289. — Frh. 2. umr.
11. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 1256, brtt. 1267. — Frh. 3. umr.
12. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167. — Síðari umr.
13. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, stjfrv., 506. mál, þskj. 779, nál. 1231 og 1233, brtt. 1232 og 1235. — 2. umr.
14. Tollalög, frv., 254. mál, þskj. 295, nál. 1214, brtt. 1270 og 1273. — 2. umr.
15. Ríkisreikningur 1991, stjfrv., 36. mál, þskj. 38, nál. 1070 og 1083, brtt. 1084. — 2. umr.
16. Ríkisreikningur 1992, stjfrv., 217. mál, þskj. 242, nál. 1176 og 1193. — 2. umr.
17. Skuldastaða heimilanna, skýrsla, 280. mál, þskj. 1170. — Ein umr.
18. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, skýrsla, 250. mál, þskj. 289. — Ein umr.

Fjarvistarleyfi:

Sigríður Anna Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Tilhögun þingfundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið áður en gengið er til dagskrár að gert er ráð fyrir að atkvæðagreiðslur samkvæmt dagskránni fari fram klukkan hálftvö í dag, þ.e. eftir hádegisverðarhlé. (**ÓRG:** Af hverju eru þær þá fyrst á dagskránni? Hver er skýringin á því, forseti?)

Athugasemdir um störf þingsins.

Röð mála á dagskrá, afgreiðsla þingmála og viðvera ráðherra.

[10:32]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Við þingmenn sem erum í salnum kynntum okkur snemma í morgun dagskrá þingsins og sáum það að fyrst á dagskrá var atkvæðagreiðsla í ýmsum málum. Það hefur verið venja að slík atkvæðagreiðsla færi fram. Hins vegar tekur maður eftir því að hér vantar nánast alla ráðherra í salinn nema hæstv. sjútvrh. Hér vantar mikinn fjölda þingmanna stjórnarflokkanna. Fljótt á litið sýnist mér hlutfall stjórnarandstöðuþingmanna í salnum vera miklu hærra en nemur heildarhlutfalli stjórnarandstöðuþingmanna í þingmannaheildinni. Ég vil því spyrja forseta þingsins hver sé skýringin á því að þessari atkvæðagreiðslu er frestað. Er það virkilega þannig að ráðherrarnir hafi hvorki nennu né vilja til þess að mæta hér kl. 10.30 á mánudegi þegar stefnt er að þinglokum og stór hluti þingmanna ríkisstjórnarflokkanna hafi heldur ekki nennu eða vilja til þess að mæta til þings þótt hér sé boðaður þingfundur með dagskrá og atkvæðagreiðslur séu fyrstar á dagskránni? Það er náttúrlega fullkomlega út í hött að nánast öll ríkisstjórnin nema einn ráðherra sýni þinginu þá vanvirðingu að vera ekki mætt til þingfundar á lokadögum þingsins og sama gildi um meginhluta þingmanna stjórnarflokkanna. Ég vil þess vegna óska skýringar á því hver það er sem hefur óskað eftir frestun á þessum atkvæðagreiðslum og hvað forseti hyggst gera í því að ráðherrar og stór hluti þingmanna mætir ekki hér í upphafi fundar.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill upplýsa að það er venja að raða dagskrá upp með þeim hætti sem hér er gert. Þegar atkvæðagreiðslur eru á dagskrá þá eru þær settar fremst en mjög algengt er að þeim sé frestað þar til t.d. eftir hádegisverðarhlé. Þetta á hv. þm. að vita. Um viðveru þingmanna, þá eru samkvæmt töflu 17 stjórnarliðar í húsinu og 9 stjórnarandstæðingar. Það er gert ráð fyrir því samkvæmt dagskránni að byrja á sjávarútvegsmálum og hæstv. sjútvrh. er kominn til fundar.

[10:34]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Forseta er vel kunnugt um það að sá siður hefur verið á þessu þingi og undanförnum þingum að atkvæðagreiðslur eru teknar í upphafi fund-

ar og ég vek athygli forseta á því að það er ekki boðaður nýr fundur að loknu hádegisverðarhléi þannig að skýring forseta á því að samkvæmt venju fari atkvæðagreiðsla fram að loknu hádegisverðarhléi, þá er það ekki venja hér í þinginu. Venjan hefur verið sú að atkvæðagreiðslur fari fram í upphafi þingfundar.

Forseti vék ekkert að því sem ég spurði um, hver væri skýringin á fjarveru nánast allrar ríkisstjórnarinnar nema eins ráðherra og ég óska eftir skýringu á því hvernig stendur á því að enginn ráðherra Alþfl. er t.d. mættur. Heldur forseti virkilega að við ætlum að fara að ræða sjávarútvegsmálin hér þess að nokkur forustumaður Alþfl. í ríkisstjórninni sé mættur? Þetta mál er búið að vera eitt helsta ágreiningsmálið á milli stjórnarflokkanna. Þeir hafa haldið þannig á þessu máli í tvö ár að margvíslegar spurningar hljóta að beinast að forustu Alþfl. í þessum málum og það er gersamlega út í hött að hægt sé að halda áfram með þessar umræður án þess að a.m.k. formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., sem hefur verið aðaltalsmaður Alþfl. í sjávarútvegsmálum á undanförnum missirum sé hér mættur. Ef það er virkilega ætlun ríkisstjórnarinnar að reyna að ljúka þinginu á þessum sólarhringum, þá er það krafa að ráðherrarnir séu mættir í umræður um a.m.k. þau meginmál sem hér eru til afrgreiðslu og sjávarútvegsmálin eru tvímælalaust meginmál. Ég set fram þá ósk að þessi umræða um sjávarútvegsmálin hefjist ekki fyrr en formaður Alþfl. er mættur til umræðunnar.

[10:37]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna orða þingmannsins vil ég vekja athygli á því að allir þingmenn Alþfl. óbreyttir eru mættir til fundar. Að vísu eru ráðherrarnir ekki komnir en ég á von á því að ráðherrar mæti hér innan stundar og mun ganga í það að greiða fyrir því að það dragist ekki og sé enga ástæðu til annars en hefja þá umræðu sem hér er vegna þess að ráðherrar munu mæta hér frá okkur. Það er alveg ljóst.

[10:37]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Í upphafi þingfundar sl. laugardag, sem reiknað var með að yrði síðasti dagur þingsins, spurðist ég fyrir um afgreiðslu tveggja mála minna úr nefnd og beindi því til þáverandi forseta, hv. þm. Valgerðar Sverrisdóttur, að fylgja því máli eftir. En þingið stendur enn og ekki sér enn fyrir lok þess og ég beini til hæstv. forseta hvort hv. nefndir geti nú ekki komið saman og afgreitt þessi mál hér inn til þingsins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur heyrt beiðni hv. þm. og mun taka það til athugunar.

[10:38]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég skil það að á lokadögum þingsins getur verið nauðsynlegt að hliðra til dagskrá og breyta dagskrá. Það er ekki nýtt í sögunni. En ég tek auðvitað undir það sem hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson segir að það er erfitt að hefja umræður um eitt þýðingarmesta mál þessa þings, sjávarútvegsmálin, án þess að sökudólgurinn, sjálfur Alþfl., sé viðstaddur. Við þingmenn hljótum að eiga erindi að tala við þann flokk.

(**Forseti** (SalÞ): Nota kurteislegt orðalag.)

Mér fannst það, virðulegi forseti, svona snemma dags að hér sé bara virðulegt orðalag notað. (**ÓRG:** Má ekki kalla menn sökudólga?) Hér hafa menn notað allalvarlegra orðbragð en þetta, virðulegi forseti, án þess að maður fengi bjölluhljóm í hnakkann. En erindi mitt hingað upp er það að ég skil ekki tilfærslurnar á atkvæðagreiðslunum hjá virðulegum forseta án þess að því fylgi frekari skýring á vegna þess að atkvæðagreiðslurnar eru settar á fundartíma þingflokkanna og það er þess vegna sem ég vil spyrja: Hvernig er það samkomulag? Við þingmenn mætum til þingfundar og líður nú að þinglokum, ýmis mál þarf að ræða í þingflokknum og það er mitt erindi hingað upp að grennslast fyrir um það. Hvað þá með þingflokksfundi? Ég skil að þeir þurfa ekki að vera jafnlangir og verið hafa, en hvað um tímasetningu þingflokksfunda? Um það hlýtur þá einnig að vera samið.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er rétt athugasemd hjá hv. 4. þm. Norðurl. v. að venjan er að fundir byrji klukkan eitt eða hálftvö hjá þingflokkum og mun forseti að sjálfsögðu taka tillit til þess, en mundi bara ekki eftir því í augnablikinu þegar þessi tilkynning var sett fram. Að sjálfsögðu er átt við þegar fundur hefst að nýju eftir hádegisverðarhlé. Það liggur ekki fyrir hvort samkomulag er um að breyta þingflokksfundartímum og þakkar forseti hv. þm. fyrir að benda á þetta og gera athugasemd við það.

[10:41]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef búið við það að hv. þm. Sighvatur Björgvinsson, hæstv. viðskrh., hefur litið á mig sem aðalsökudólg fiskveiðistefnu minnst einn mánuð fyrir kosningar í hvert einasta skipti á Vestfjörðum síðan sú stefna var upp tekin. Ég tel að sækjandinn megi vera við þegar þessi umræða fer fram og var búinn að óska eftir því við 2. umr. að það yrði tryggt að hann yrði við 3. umr. þessa máls. Það er sagt vegna þess að ég hygg að það sé sjaldgæft að mönnum sé helgaður heill Skutull með ósvífni fyrir kosningar út af fiskveiðimálum. Ég hefði gjarnan viljað fá það upplýst hvort hægt er að tryggja það að hæstv. ráðherra verði við.

Einnig vil ég undirstrika það sem kom fram í máli hv. 6. þm. Suðurl. að þeim málum sem vísað er til nefndar er áður vísað til 2. umr. Það er samþykkt hér í þinginu að þau fari til 2. umr. í atkvæðagreiðslu, svo er þeim vísað til nefndar. Ef ætlunin er að standa þannig að málum að þau séu bara sett til geymslu í nefndum, þá er miklu auðveldara að fella það að þeim sé vísað til 2. umr. þannig að menn séu ekki dregnir á asnaeyrunum hvað þetta snertir. Og þess vegna er það skaði að það er farið út úr þingsköpunum sem var hér í gömlum þingsköpum að forseti átti að stjórna for-

mönnum nefnda í þinginu, kalla þá saman til funda og fylgjast með þeirra störfum. Þetta ákvæði var alveg skýrt og það var inni til þess að tryggja það að vinnan í nefndunum væri lýðræðisleg.

[10:43]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég vil mótmæla þeim ásökunum sem bornar eru á Alþfl. hér af hv. þm. Stefáni Guðmundssyni (**StG:** Það á nú eftir að versna í dag.) og ég vil ræða þetta út frá því að almennir þingmenn Alþfl. hafa tekið þátt í þeim umræðum sem átt hafa sér stað um stjórnun fiskveiða í vetur. Ráðherrarnir hafa ekki verið í þeim umræðum (**ÓRG:** Af hverju ekki?) þannig að það ætti að vera hægt að halda þeim áfram, hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, þrátt fyrir þeirra fjarveru nú um stund og ég lít svo á þessi sífelldu upphlaup í upphafi þingfunda um stjórn forseta að ég álít það sem töf og lít ekkert á það öðruvísi.

[10:44]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það sem hér hefur komið fram að það væri mjög eðlilegt og sjálfsagt að krefjast þess að ráðherrar Alþfl. séu viðstaddir þegar verið er að ræða þetta stóra mál þingsins, stjórn fiskveiða. Ég vil einnig taka undir það sem hv. 2. þm. Vestf. sagði áðan að hann nefndi það og fór þess á leit formlega hér í ræðustól að hæstv. ráðherra Sighvatur Björgvinsson yrði viðstaddur áður en umræðunni um stjórn fiskveiða yrði lokið því að hann var áður búinn að koma þeirri ósk á framfæri.

Ég vil einnig ítreka það við virðulegan forseta að ég hafði reiknað með því að það yrðu þingflokksfundir hér milli kl. 1 og 3 eins og venja er til og hafði boðað til mín nokkra gesti á þann fund til viðræðna um ákveðið mál.

[10:45]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir þær raddir sem hafa komið hér fram um að fá ráðherra í salinn til að hægt sé að tala við þá undir lokin því að ekki hafa þeir setið hér svo mikið í vetur að það ætti að vera hægt að offra einum degi til þess að tala við þingheim. En það er misskilningur hjá hv. 4. þm. Vesturl. að það sé nóg að hv. þm. Alþfl. séu hér þó að þeir séu alls góðs maklegir. Landsfundurinn er nefnilega ekki búinn og þeir eru ekki orðnir formenn flokksins enn þá. Þó að hv. 4. þm. Vesturl. hafi haldið hér góðar ræður í vetur, þá er hann ekki orðinn talsmaður flokksins enn þá eða forustumaður þannig að ég vil taka undir það mjög rækilega að það er mál til komið að ríkisstjórnin mæti hér til fundar því að sannleikurinn er sá að þeir eru teljandi á fingrum annarrar handar þeir fundir í Alþingi í vetur þar sem hafa verið fleiri en einn ráðherra mættur þannig að það væri nú gott að þeir mættu allir, hæstv. ráðherrar, þessa síðustu daga.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Hv. 8. þm. Reykn. óskar að bera af sér sakir og telur forseti að hann eigi að fá að gera það undir þessum lið.

[10:47]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Gísli S. Einarsson bar það á mig hér að það væri að tilefnislausu og nánast eins og hótfyndni að ég væri að óska eftir því að ráðherrar Alþfl. yrðu viðstaddir umræðuna um sjávarútvegsmál á þeim forsendum að það hefðu eingöngu verið þingmenn Alþfl. sem hefðu rætt sjávarútvegsmálin í vetur en ekki ráðherrarnir. Það er nú þannig að ráðherrarnir hafa málfrelsi víðar en í þingsalnum og hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., hefur mjög víða í þjóðfélaginu í vetur látið í ljósi sínar skoðanir á sjávarútvegsmálum og talað stórt í þeim efnum. Hæstv. viðskrh. hefur gert það sama, hefur flutt skoðanir um gengismál, skattlagningu og annað sem snertir grundvallaratriði sjávarútvegsins á Íslandi og hefur ekkert verið að skafa utan af því utan þings og það hefur orðið tilefni til víðtækrar fjölmiðlaumræðu og yfirlýsinga forustumanna samtaka sjávarútvegsins um þá afstöðu sem sá ráðherra sem fer með málefni Seðlabankans og þar með gengsimál í ríkisstjórninni hefur verið að setja frá sér. Hv. þm. Gísli Einarsson verður því að skilja að það er ekkert óeðlilegt að menn vilji við lokaafgreiðslu þingsins á grundvallarfrumvörpum í málefnum sjávarútvegs á Íslandi fá að tala við þessa ágætu menn. Þeir geta ekki skotið sér á bak við það að þeir tröllríði hér þjóðfélaginu í umræðum um sjávarútvegsmál en þori aldrei í umræðu hér í þingsalnum um málið. Ég hélt satt að segja að það væri ríkisstjórninni kappsmál að fá þessi frumvörp afgeidd, en ef enginn ráðherra Alþfl. nennir að vera hér á landinu eða í þingsalnum við afgreiðslu þessara mála þá skil ég ekki hvers vegna þingið ætti að sitja yfir þeim. Við höfum auðvitað tekið eftir því að þrír ráðherrar Alþfl. hafa á undanförnum þingdögum hvorki nennt að vera á landinu né í þingsalnum til þess að vinna að afgreiðslu mála og flokkur sem kemur þannig fram við þingið er einfaldlega að lýsa því yfir að það sé honum ekki mikið kappsmál að fá frv. afgreitt og það er fullkomlega óeðlilegt að við þingmenn séum að afgreiða frumvörp ráðherra Alþfl. þegar þeir sjálfir nenna ekki einu sinni að vera viðstaddir afgreiðslu málsins.

Fulltrúi Alþfl. í sjútvn., hv. þm. Gunnlaugur Stefánsson, er farinn af þingi. Hann er farinn af þingi. Hann kann að hafa einhverjar ástæður fyrir því að hann þurfti að vera í sínu kjördæmi um síðustu helgi en ég leyfi mér að fullyrða það hér að það eru engar ástæður fyrir því að þingmaðurinn sé farinn af þingi. Hann hefur að vísu tekið inn varamann en það breytir því ekki að við getum ekki átt orðastað við fulltrúa Alþfl. í sjútvn. á þessu þingi. Við höfum líka fylgst með því hvernig sá þingmaður knúði fram breytingar á samkomulagi stjórnarflokkanna í fiskveiðimálum í einhverjum baktjaldaherbergjum fyrir skömmu.

(**Forseti** (SalÞ)**:** Tíminn er liðinn.)

Við, a.m.k. sumir, vildum fá að ræða þá baktjaldasamninga við hv. þm. Gunnlaug Stefánsson.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Sá tími er senn liðinn sem umræða um störf þings-

ins í upphafi fundar má standa. Forseti vill upplýsa að hæstv. utanrrh. er á leiðinni til fundarins og gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að hæstv. viðskrh. verði hér einnig.

[10:51]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Ég tel að það séu góðar fréttir að hæstv. utanrrh. er væntanlegur til fundar. Við þurfum að vísu fleiri ráðherra Alþfl. hér í salinn en það er góð byrjun að fá hæstv. utanrrh. Ég legg til að umræðan verði ekki hafin fyrr en hann gengur í salinn. Það er fullkomlega réttmætt að krefjast þess að formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., sé viðstaddur og það er alveg óhjákvæmilegt. Þessi sjávarútvegsfrv. eru óskapnaður vegna þess að Alþfl. hefur komið þar að. Ef Alþfl. hefði ekki átt sæti í ríkisstjórninni þá hefðu þau ekki verið eins og þau eru og þar af leiðandi eru full rök fyrir því að utanrrh. sé við þessa umræðu.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og fram hefur komið þá er hæstv. utanrrh. rétt ókominn í hús og væntir forseti þess að hægt sé að taka fyrir dagskrármálin. Væntanlega birtist hann áður en langt líður þegar 7. dagskrármálið hefur verið tekið fyrir.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 1259, brtt. 1269 og 1287.

[10:53]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég hafði gert ráð fyrir því að annað mál yrði tekið fyrir á undan þessu. Samkvæmt dagskránni var gert ráð fyrir því að annað mál yrði tekið á undan. Ef ég man rétt þá var mál um flutningsjöfnuð á olíuvörum á undan á dagskránni. Ég var því ekki mjög fljótur í stólinn þegar mér var gefið orðið.

Ég tek undir það líka að það er full ástæða til þess að aðalábyrgðarmaður að þeim breytingum sem verið er að gera á fiskveiðilöggjöfinni fyrir hönd Alþfl. sé hér staddur og ræði við þingmenn um þá niðurstöðu sem stjórnarflokkarnir eru að knýja fram. Hún birtist í nokkrum lagafrv. sem þingið hefur verið að fjalla um og á að ljúka með staðfestingu á hinum mikla sjóði, Þróunarsjóði sjávarútvegsins, sem á að vera til umræðu á eftir. Ég geri ráð fyrir því að sú umræða geti alls ekki farið fram og muni alls ekki fara fram nema ábyrgðarmenn fyrir hönd ríkisstjórnarflokkanna að því máli séu viðstaddir allan tímann og taki þátt í þeirri umræðu.

Það sem fær mig til að biðja um orðið við 3. umr. um stjórn fiskveiða er sú niðurstaða sem hefur orðið af málinu við 2. umr. Við þá umræðu kom skýrt fram hvernig þeir flokkar sem eiga fulltrúa á Alþingi tóku afstöðu til hinna ýmsu tillagna, hvernig þeir líta á þessi mál í heildinni. Ég verð að lýsa yfir miklum vonbrigðum mínum með niðurstöðu atkvæðagreiðslnanna og alveg sérstaklega vil ég lýsa yfir vonbrigðum mínum með afstöðu manna til fyrstu brtt. okkar alþýðubandalagsmanna sem gekk út á það að styrkja í sessi þjóðareignarákvæðið í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. Þjóðareignarákvæðið stendur í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða. En þróun mála í sambandi við þessi mál er þannig að það er ekki hægt að neita því að það er vafi á að til framtíðar litið verði þessi réttur í eigu þjóðarinnar sem slíkur. Ég benti á það við 2. umr. málsins að það eru nokkur mjög alvarleg viðvörunarmerki sem hafa sést. Ég minnti t.d. á að hæstv. ríkisstjórn hefur lagt fram frv. á Alþingi sem liggur inni í nefnd, hefur að vísu ekki komið þaðan og kemur vonandi aldrei, en það er frv. um samningsveð þar sem gert er ráð fyrir því að það megi veðsetja þjóðareignina. Það segir nú eitthvað um það hvaða augum menn líta þessa eign.

Ég hef margsinnis bent á það hér á Alþingi að ákveðnar stjórnvaldsaðgerðir virðast þvingaðar vegna eignarréttar útgerðarmanna á fiskinum í sjónum. Þess er skemmst að minnast þegar þessi mikla skerðing á þorskaflaheimildum varð þá var ekki með nokkru móti hægt að fá þeirri skerðingu jafnað út þannig að það kæmi sanngjarnlega niður á öllum kvótanum. Ástæðan fyrir því var aðeins ein. Ástæðan var sú að það mátti ekki hrófla við þessum eignarrétti. Það var hægt þegar fyrsta stóra skerðingin varð að jafna henni þannig út að það var innan við 3% skerðing í þorskígildum á allan flotann sem hefði þýtt að þessi vandi sem við er að etja í útgerð á Íslandi hefði orðið allur miklu viðráðanlegri og hægt að taka á honum með almennum aðgerðum. Það mátti ekki gera. Auðvitað er umræðan um t.d. smábátana og annað því um líkt öll þvinguð af þessari hugsun að menn eigi fiskinn í sjónum.

Hvað segir dómur Hæstaréttar frá í vetur í málefnum Drafnar frá Ísafirði? Hann segir okkur ekkert annað en það að menn eigi að meðhöndla aðganginn að fiskimiðunum sem eign útgerðarmanna. Þess vegna er er full ástæða til að gefa gaum að þessari þróun. Hún stefnir í þessa átt. Meðferð útgerðarmanna og þróunin í því hvernig þeir líta sjálfir á þennan rétt sinn til að fá að veiða fisk úr sjónum bendir eindregið til þess að þeir séu smám saman að komast á þá skoðun að þeir eigi að eiga þennan rétt og þeir eigi að hafa allan hagnað sem af þessum rétti getur orðið. Það mættu vissulega menn á fund sjútvn. Alþingis sem sögðu það fullum hálsi: Þessi réttur á að vera eignarréttur útgerðarmannanna. Þeirri skoðun hefur vaxið fylgi hjá útgerðarmönnum. Framtíðin í þessu ef fram heldur sem horfir verða áframhaldandi átök um þennan hlut málsins.

Mér finnst það afskaplega athyglisvert að t.d. hv. alþýðuflokksmenn á Alþingi skyldu greiða atkvæði gegn þessari tillögu vegna þeirrar stefnu sem Alþfl. hefur boðað um þjóðareign á fiskimiðunum. Ég efast ekki um að hv. þm. Alþfl. átta sig á því hvernig þessi þróun hefur verið á undanförnum árum og í hvað stefnir. Það er mikill barnaskapur að mínu viti að halda að þessi þúsundkall sem er í Þróunarsjóðnum sem auðlindaskattur staðfesti raunverulegan eignarrétt þjóðar-

innar á fiskinum í sjónum. Það er alls ekki. Ég tel að þarna þurfi menn að átta sig á því að stjórnkerfi fiskveiðanna, þetta raunverulega ígildi eignarréttar sem felst í lögunum um stjórn fiskveiða eins og þau eru framkvæmd, veldur því að í framtíðinni mun þjóðin missa yfirráðaréttinn yfir fiskinum í sjónum. Kröfur útgerðarmanna hljóta að verða að fá að ráða yfir þessari auðlind. Enda hafa menn svo sem fengið að heyra það að þeir telja sumir hverjir og hafa sett það skýrt og ákveðið fram að þeir eigi að stjórna þessum málum.

Síðan verð ég að lýsa yfir alveg sérstakri óánægju minni og lýsa eftir svörum um það frá þeim hv. alþm. sem stóðu sextán saman að framlagningu frv. um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða hvers vegna þeir greiddu atkvæði gegn tveimur brtt. frá Alþb. sem voru raunverulega settar fram í sama augnamiði og tillögur sextánmenninganna. Fyrri tillagan um að það yrði mögulegt gefa veiðar frjálsar þannig að það væri hægt að ná því að veiða það sem búið væri að ákveða að veiða af tilteknum fisktegundum var sett fram þannig í tillögu Alþb. að það var engin hætta á því að það yrði farið fram úr tillögunum sem hefðu verið teknar ákvarðanir um. Og sú gagnrýni sem kom fram á frv. sextánmenningana var þá ekki til staðar á þessa tillögu. Það hefur ekki verið mikil sannfæring á bak við þennan tillöguflutning hv. þm. úr því að þeir greiddu atkvæði gegn þessari tillögu, þeir sátu ekki einu sinni hjá hvað þá annað heldur greiddu atkvæði gegn tillögunni.

Eins var það með tillöguna um það að reyna að koma í veg fyrir það að afla væri kastað í sjóinn. Það var að vísu dálítið sérkennileg tillaga en ég tel að hún hefði getað gert mikið gagn ef hún hefði verið samþykkt. Hún hefði gert það gagn t.d., þetta var bara bráðabirgðaákvæði, að menn hefðu getað áttað sig á því hve stór sá vandi er, sem við erum að rífast um og hafa verið átök um í langan tíma, og hve mikil brögð eru að því að menn fleygi fiski í sjóinn. Ef svona tillaga hefði verið samþykkt og framkvæmd um eins árs skeið eða svo þá hefðu menn kannski getað áttað sig á því hve stór þessi vandi er. Eða er það kannski þannig að menn vilja ekki vita hvað vandinn er stór? Getur það hugsanlega verið? (**Gripið fram :** Hvaða vitleysa.) Ég held að það geti vel verið að það sé þannig. Ef leyfilegt hefði verið að koma að landi með afla utan kvóta, sem líkur eru á að sé verið að henda í sjóinn núna að einhverju leyti, þá hefðum við fengið að sjá það hvað er mikið til í því sem menn eru að halda hér fram um það að fiski sé hent í sjóinn. (**StG:** Hvað er það mikið?) Ég ætla ekki að vera með neina spádóma um það. Hins vegar hlustuðu hv. þm. sem eiga sæti í sjútvn. Alþingis á skipstjóra sem mætti á fund nefndarinnar og sagðist hafa hent 30% af aflanum í sjóinn í vetur. Hann var á þorskanetum. (**Gripið fram í:** Fer hann ekki fanglsi fyrir?) (**StG:** Hvaðan gerði hann út þessi maður?) Ég er ansi hræddur um að það væru æðimargir í fangelsi ...

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki frammíköll.)

... ef þau viðurlög væru við því að kasta fiski í sjóinn. (**StG:** Er hann frá Akranesi?) Nei, hann er ekki frá Akranesi, þessi maður. (**StG:** Er hann af Vesturlandi? Ég ætla ekki að upplýsa neitt um það hvaðan þessi maður er. Hann mætti á fund nefndarinnar og ég geri ráð fyrir því að hann geti sagt þetta víðar en á fundi sjútvn. úr því að hann lagði í að segja hv. alþm. frá þessu athæfi sínu. En þetta er auðvitað alvörumál og það er mikið alvörumál finnst mér að við skulum ljúka umfjöllun um stjórn fiskveiða án þess að það sé með nokkru móti tekið á þessum vanda og að menn skuli áfram hafa lögin um stjórn fiskveiða þannig útfærð að í þeim sé fólgin hvatning til að henda fiski í sjóinn, að menn hafi af því verulega hagsmuni að fleygja fiskinum í sjóinn aftur.

Ég verð að segja það eins og er að mér fannst afstaða t.d. framsóknarmanna til atkvæðagreiðslnanna við 2. umr. um þetta mál segja sína sögu um hina raunverulegu afstöðu til þessara mála. Þar ætla ég að vekja sérstaka athygli á því að hv. framsóknarmenn greiddu atkvæði gegn tillögunni um að það yrði bannað í eitt ár að kaupa fleiri fullvinnsluskip til landsins. Eftir að hafa mætt hér hver um annan þveran í ræðustól og haldið því fram að tillögur stjórnarliða yrðu til þess að sú óheillaþróun mundi halda áfram með auknum hraða þá greiddu þeir atkvæði gegn einni tillögu um það að menn dokuðu nú við í eitt ár, stoppuðu og athuguðu hvort ekki væri skynsamlegt að ráða þessum málum með öðrum hætti heldur en við höfum verið að gera. Ég spyr: Hvaða nauðir rak hv. framsóknarmenn til að gera þetta? Mér er vel kunnugt um að í stjórnarliðinu eru menn kannski nauðbeygðir til að fylgja tillögum sem þeim er þvert um geð að fylgja. Ég hef orðið var við það, a.m.k. sýnist mér það. Ég veit auðvitað ekki nákvæmlega hver sannfæring manna er en ég veit þó hver sannfæring framsóknarmanna er. Þeir hafa komið í ræðustól og lýst henni. Þeir hafa miklar áhyggjur af því að það sé verið að flytja inn fullvinnsluskip og töldu að það væri það alversta í tillögum ríkisstjórnarflokkanna að vera að auka það. Það fer því ekkert á milli mála hver sannfæring framsóknarmanna er. Þeir aftur á móti greiddu atkvæði gegn tillögu um að þessi þróun yrði stöðvuð í eitt ár. (**Gripið fram í:** Afdráttarlaus flokkur.) Greinilega afdráttarlaus flokkur en stefnumiðin virðast vera nokkuð á reiki og svolítið öðruvísi frá degi til dags. (**EgJ:** Það er ekki alveg nýtt.) Það er ekki alveg nýtt, segir hv. þm. Egill Jónsson. Ég hef ekki fylgst svo náið með því en ég hef fylgst náið með þessari umræðu og mér finnst það afskaplega dapurlegt að menn skuli ekki muna það frá því deginum áður hver þeir segja um svo alvarlegt mál og það að verið sé að flytja vinnuna út á sjó og minnka hana verulega. Þegar menn hafa haldið langar ræður á hv. Alþingi um að þetta sé eitt af því allra versta í tillögum ríkisstjórnarflokkanna þá hefði ég talið að það væri undarleg niðurstaða hjá slíkum flokki að greiða atkvæði gegn tillögu sem gengur út á þetta. (**Gripið fram í:** Ætlaði þingmaðurinn að ganga í Framsfl.?) Nei, hv. þm., það hefur ekki staðið til. (**Gripið fram í:** Gæti breyst.) Afstaða mín til Framsfl. var ráðin þegar ég var 17 ára gamall, svo ég upplýsi þingmanninn um það. Þá tók ég ákvörðun um það hvar

mín pólitíska lína ætti að liggja og síðan hef ég fylgt henni. Hv. þm. geta svo sem fengið að vita að það var töluvert erfið ákvörðun að taka ákvörðun um það hvaða stjórnmálaskoðun maður ætti að fylgja. Ég lagði töluverða vinnu í að velta þessu fyrir mér og ræða það við marga aðila áður en sú ákvörðun var tekin. Ég hef aldrei séð eftir þeirri ákvörðun og það hefur aldrei hvarflað að mér að ganga í Framsfl. Það get ég upplýst hv. þm. um.

Jæja, þetta var kannski að fara frá efninu. Við hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon flytjum brtt. til þess að reyna til þrautar að taka á einu af þeim vandamálum sem verið er að skapa eða réttara sagt er ekki verið að leysa í þessari lagasetningu um stjórn fiskveiða. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst það ömurlegt að stjórnarflokkarnir skuli hafa þannig afstöðu til þessara mála að þeir geta ekki einu sinni samþykkt tillögu um það að mynda réttlæti í einum hópi, þ.e. hjá þeim sem gera út báta undir sex tonnum. Hér hefur verið gengið til móts við sjónarmið þeirra sem eru á svokölluðum krókabátum, þ.e. bátum undir sex tonnum sem veiða með handfærum og línu. Það eru aðrir menn sem gera út og eru eitthvað í kringum 150 aðilar sem eru á þessum svokölluðu aflamarksbátum undir sex tonnum. Þeir margir hverjir eru í ákaflega miklum erfiðleikum vegna þess að þeir hafa farið allra manna verst út úr þorskskerðingunum. Forráðamenn smábátamanna hafa lagt það til að þessir aðilar fái að koma inn í krókakerfið. Sú tillaga var felld við 2. umr. málsins. Ég verð að segja það eins og er að ég lýsi yfir miklum vonbrigðum vegna þess að sú tillaga var felld og ég skil ekki hvers vegna í ósköpunum ekki mátti samþykkja þá tillögu því hún gekk ekki út á það að hópurinn samanlagt fengi einum einasta fiski meira en gert er ráð fyrir samkvæmt frv.

Eru menn að taka afstöðu til mála af meinbægni hér á hv. Alþingi? Ég krefst þess að menn útskýri afstöðu sína gagnvart þessu atriði. Ég tel að þingmenn eigi fullan rétt á því að fá að vita hvers vegna í ósköpunum ekki mátti verða við þessari tillögu til þess að skapa, þó ekki væri nema í hópi þessara manna, eitthvert réttlæti.

Það er ekki um marga möguleika að ræða til þess að reyna að koma til móts við þessa aðila nú eftir að búið er að afgreiða málið með þeim hætti sem það liggur fyrir og sú niðurstaða sem birtist í tillögu okkar er auðvitað ekki eins góð og sú hugmynd var að leyfa þessum aðilum að koma inn í krókakerfið, en hún mundi kannski hjálpa einhverjum þeirra sem verst eru staddir og hafa farið verst út úr þorskskerðingunum í þessum hópi. Tillagan, hæstv. forseti, hljóðar á þennan veg:

„Á fiskveiðiárinu 1994–1995 skulu bátum undir 6 brl., sem stunda veiðar með aflamarki, heimilaðar veiðar utan kvóta með handfæri og línu tvo síðustu mánuði fiskveiðiársins. Heimild þessi takmarkast við að samanlagður heildarafli bátsins samkvæmt þessu ákvæði og aflamarki bátsins verði ekki meiri en 30 tonn á fiskveiðiárinu.

Heimildin skal einungis ná til þeirra báta sem sjálfir hafa veitt upp sínar veiðiheimildir, enda sé aflahlutdeild þeirra ekki minni en hún var í janúar 1991. Sá afli, sem veiddur verður samkvæmt þessu ákvæði, skal teljast með afla þeirra báta sem stunda veiðar skv. 6. gr. Jafnframt skal bátum, sem stunda veiðar skv. 6. gr., gefinn kostur á að velja í stað veiðibanns í desember og janúar veiðibann í júlí og ágúst."

Ég vek athygli hv. þm. á því að það þurfti að prenta þessa tillögu upp þannig að ef þeir eru með í höndunum tillögu þar sem sú villa er að það er talað um janúar og febrúar í stað desember og janúar eins og það á að vera þá mun vera eftir að dreifa þessu uppprentaða skjali. Það er reyndar líka önnur orðalagsbreyting í þessu. Þessari tillögu var dreift með mjög skömmum fyrirvara á laugardag einfaldlega vegna þess að það var gert ráð fyrir því að þetta mál yrði tekið á dagskrá með mjög skömmum fyrirvara eftir afgreiðslu mála við 2. umr. og það urðu mistök við samningu tillögunnar og þau eru leiðrétt með því að prenta þetta skjal upp.

Það sem þarna er verið að leggja til er raunverulega að þeir aflamarksbátar sem verst hafa farið út úr þessum árum fái tækifæri til að veiða í tvo mánuði af kvóta krókabátanna. Það er auðvitað umhugsunarefni hvort það er eðlilegt að setja fram slíka tillögu. Við gerum það samt. Einfaldlega vegna þess að það er illa hægt að horfa upp á þá niðurstöðu sem Alþingi hefur komist að. Ég veit að þeir sem stunda veiðar með krókum munu þola það og sætta sig við það þó að félagar þeirra, sem voru svo óheppnir að velja hina leiðina á sínum tíma, fái tækifæri til að veiða lítils háttar úr þeirra afla yfir sumarið. Ég trúi ekki öðru a.m.k. Ég tel að þetta gæti aðeins verið til hagsbóta fyrir þessa aðila og úr því að ekki er verið að leggja til að með neinum hætti sé verið að taka viðbótarafla frá því sem hæstv. ríkisstjórn hefur lagt til með sínum frumvörpum, þá fyndist mér það furðuleg niðurstaða, þó maður geti átt von á öllu í hv. Alþingi eftir síðustu atkvæðagreiðslu í þessum málum, ef þessi tillaga yrði felld líka.

Og aðeins til að koma til móts við þennan hóp á móti er lagt til að þeir sem það vilja geti í stað þess að taka út veiðibann í desember og janúar fengið að velja þann kost að taka veiðibann í júlí og ágúst. Það mundi létta svolítið á þeirri auknu veiði sem yrði vegna þess að aflamarksbátar kæmu inn í veiði krókabátanna síðustu tvo mánuði fiskveiðiársins með því að einhverjir af þessum aðilum úr krókabátahópnum mundi færa sig til og veiða frekar í desember og janúar en í júlí og ágúst. Sú tillaga hefur komið fram frá þeim sjálfum og ósk um að fá að velja þarna á milli vegna þess að þá geti þeir nýtt sér það að veiða t.d. ýsu á línu í desember og janúar. Ég verð að segja það alveg eins og er að mér finnst menn vera ansi fastir í rullunni að það skuli ekki mega líta á tillögur eins og þessar en það hefur a.m.k. ekki fengist fram að þessu.

Með því að leggja þessar tillögur fram saman þá tel ég að það muni verða meiri friður um þessa niðurstöðu, ef hún gæti orðið, sem er verið að leggja til að verði samþykkt.

Ég skora á hv. alþm. að hugsa sig nú vel um gagn-

vart þessari tillögu, að fara nú ekki að fella hana líka vegna þess að það er ekki verið að biðja um nokkurn skapaðan hlut annan en lítils háttar réttlæti handa þessum mönnum innan þessa hóps. Það er undarleg niðurstaða ef hv. Alþingi kemst að því að ekki megi hreyfa þessum málum með neinum hætti.

Það er nú ekki mín meining að fara að halda hér einhverja maraþonræðu við 3. umr. um þetta mál. Ég vil þó bara segja það þegar við sjáum fyrir þau lok þessa máls sem nú liggja fyrir að þau hafa sýnt og sannað fyrir hv. Alþingi og fyrir þjóðinni að það er ekki fyrirsjáanlegt í náinni framtíð að það verði friður um stjórn fiskveiða á Íslandi. Þar eru of stór mál óafgreidd og þar er svo mikill munur á skoðunum manna að það verður ekki samstaða um neina niðurstöðu á næstunni. Ég tel að þessi niðurstaða sem nú er fengin sé fyrst og fremst lítils háttar áfangasigur þeirra sem eru andstæðingar þessa kerfis og því hvernig það hefur þróast því allar aðalbreytingarnar sem nú eru samþykktar eru breytingar sem hafa orðið vegna gagnrýni þeirra aðila sem hafa verið að finna að þessu kerfi og verið að krefjast lagfæringa og breytinga á því.

Það er fráleitt að halda því fram að það sé verið að festa aflamarkskerfið í sessi með þessari niðurstöðu. Umræðan í vetur hefur sagt allt annað. Það hefur sýnt sig í þessari umræðu allt frá því að tvíhöfða nefndin lagði af stað í sína ferð í kringum landið til að kynna sínar tillögur og fram á þennan dag að það er gífurleg og vaxandi andstaða við þetta fiskveiðistjórnunarkerfi og þó að Alþingi hafi nú eða ríkisstjórnin eða ríkisstjórnarflokkarnir orðið að hrekjast um nokkur fet undan sjómönnum þá mun það ekki vera endapunkturinn á þessum átökum því aðrir aðilar hafa þegar boðað andstöðu sína. Nú vill fiskvinnslufólk til dæmis að þess hlutur verði ekki látinn eftir liggja. Það verður sjálfsagt næsti hópur sem krefst breytinga á lögum um stjórn fiskveiða og þess atvinnuréttar sem fylgir því að fá að veiða úr sjónum miðað við það kerfi sem hér hefur verið sett upp. Þjóðin sjálf mun aldrei samþykkja það að þessi eignarréttur fái að grafa um sig með þeim hætti til framtíðar sem nú er að gerast, enda fráleitt. Það er líka gjörsamlega óásættanlegt að byggðarlög geti gengið á rétt annarra byggðarlaga, fyrirtæki á rétt annarra fyrirtækja, útgerðarmenn á rétt annarra útgerðarmanna, með lögvernduðum hætti sem verið er að gera í raun og veru með því að hafa eignarréttinn á því að veiða fisk úr sjónum eins og nú er. Þetta er einfaldlega óásættanlegt kerfi til frambúðar að þessu leyti.

Það segir auðvitað ekkert um það að ekki sé hægt að stjórna fiskveiðum með því að úthluta aflamarki. Það segir bara að það er óásættanlegt að eignarrétturinn á fiskinum í sjónum sé með þeim hætti sem þetta kerfi gerir ráð fyrir. Og að við skulum sitja uppi með það að á Íslandi eru að myndast leiguliðar í útgerð sem verða að sætta sig við eitthvert verð sem er ákveðið af þeim sem eiga réttinn til að sækja fiskinn í sjóinn og að þeir skuli eiga réttinn til að sækja fiskinn í sjóinn hvar sem er á landinu þó þeir geti ekki fiskað sjálfir það sem þeim er úthlutað, það er óásættanlegt og það mun ég aldrei geta sætt mig við og það munu byggðarlögin víða um land aldrei geta sætt sig við. Það er gjörsamlega óásættanlegt að þau byggðarlög sem eru til vegna fiskimiðanna allt í kringum landið fái ekki að njóta þess þegar aflast betur og þegar friðanir, sem hafa staðið yfir árum saman, fara að skila árangri þá skuli þessi byggðarlög ekki fá að njóta þess vegna þess kerfis sem menn hafa komið hér upp. Það er auðvitað ekki boðlegt að þegar t.d. togaraútgerðin í landinu, svo maður taki dæmi af því að það er svoleiðis um þessar mundir, það getur snúið öðruvísi eftir einhvern tíma, getur ekki veitt þorskinn sinn þá geti hún bara kallað í einhverja aðra aðila og sagt: Gjörið svo vel, þið skuluð fá að veiða fyrir mig. Þið fáið að vísu ekki mjög hátt verð fyrir fiskinn en þið hafið ekkert að gera. Gjörið þið svo vel.

Þannig er þetta í dag og að halda því fram að það sé einhver hagræðing í þessu fólgin eru mikil öfugmæli. Hin raunverulega hagræðing sem verið er að tala um en menn þora ekki að tala um upphátt felst í því að þessi fyrirtæki fái að vinna á lægri hráefnisverði. Það er hagræðingin sem raunverulega er verið að tala um. Ekki það að vinnslan hjá þessum fyrirtækjum skili einhverju meiru. Þvert á móti er það þannig að kostnaður eykst við þetta kerfi, kostnaður vegna fiskflutninga og annað því um líkt eykst en það eru bara aðrir aðilar sem greiða þann kostnað.

Ég tel að þau skref sem hér eru stigin séu í rétta átt en þau eru svo agnarsmá að það er ekki hægt að sætta sig við þau nema í mjög skamman tíma og baráttan gegn þessu hlýtur að verða að halda áfram. Hún getur auðvitað aldrei endað með öðru en því að þjóðin tryggi sér til frambúðar sameiginlegan eignarrétt að fiskimiðunum. (**JGS:** Hvað segja sjómennirnir þá?) Sjómenn eru bara hluti af þeim fjölda sem á hagsmuna að gæta í þessu og þeirra hagsmunir eiga ekki að vera neitt ofar hagsmunum annarra. (**JGS:** Samkvæmt málflutningi þingmannsins.) Það er rangt. Ég held því fram að þjóðin eigi þetta. Ég held því fram að útgerðarmenn eigi ekki frekar að eiga atvinnuréttindi á Íslandi heldur en aðrir aðilar sem hafa atvinnu af sjávarútveginum en þetta kerfi hefur ákveðið það að einungis einn aðili, útgerðaraðilarnir í landinu, eigi þennan rétt. Menn hafa haft þetta kerfi þannig að það er mismunur innan sjávarútvegsins þannig að þeir útgerðarmenn sem eru bæði í fiskvinnslu og útgerð hafa séraðstöðu til að komast yfir veiðiheimildir. Og þeir útgerðarmenn sem eru eingöngu í útgerð eiga ekki nokkurn möguleika á að keppa við þá aðila sem geta á grundvelli þess að fá lægra hráefnisverð keypt veiðiheimildirnar.

Það sér þetta hver einasti maður og ég efast ekki um það að hv. þm. Jóhannes Sigurgeirsson sér það að samkeppnisaðstaða venjulegra útgerðarmanna og þeirra byggðarlaga sem lifa fyrst og fremst á útgerð er engin gagnvart þeim aðilum sem geta nýtt sér veiðiheimildir til þess að fá lægra hráefnisverð eins og gert er. Ég get ekki skilið hvernig hv. alþm. og aðrir geta í raun og veru varið að svona skuli vera hægt að fara að. Ég tel fráleitt að setja upp slíkt kerfi sem þetta og ef það hefði verið gert í einhverri annarri atvinnugrein að

búa til kerfi sem mismunar með þessum hætti þá býst ég ekki við að kerfið hefði staðið til lengdar.

Til viðbótar vil ég segja það að mér finnst ákaflega merkilegt í hvers konar klemmu hv. framsóknarmenn upplifa sig í í þessari umræðu um stjórn fiskveiða. (**JGS:** Við erum ekki í neinni klemmu.) Mér finnst það alveg makalaust. Þeir óðu hér fram með miklum yfirlýsingum um það að tillögur ríkisstjórnarinnar væru svo voðalegar að þær næðu bara ekki nokkurri átt. (**JGS:** Við náðum fram breytingum.) Lögðu síðan fram tillögur um breytingar á einni grein. Og þegar ríkisstjórnarflokkarnir gerðu ekki annað en að hafa sína tillögu óbreytta og bæta við einni tillögu sem ætti að taka við af annarri eftir eitt ár, þá drógu þeir allar sínar tillögur til baka og greiða síðan atkvæði með öllu heila galleríinu. Það var nú ekki meira en það. (**IP:** Það er nú ekki alveg rétt.) Það hefur oft verið logið meira í þessum ræðustól en það sem ég er að tala um. Ég heyri það að hv. þm. eru mér sammála í þessu efni.

Ég verð að segja það alveg eins og er að það er ekki mikið samræmi í þessu. En hv. þm. Framsfl. munu auðvitað geta rétt sinn hlut svolítið í umræðunum um Þróunarsjóðinn. Þar er auðvitað hægt að halda áfram baráttunni. Ef sannfæringin þar er ekki meiri heldur en hún hefur verið í andstöðunni við breytingarnar á lögunum um stjórn fiskveiða þá verður það væntanlega ekki mjög löng umræða.

Hv. 1. þm. Austurl., formaður Framsfl., lýsti því yfir í þeirri upphafsræðu sem haldin var eftir framsögu við 3. umr. að allt væri þetta nú nánast harla gott og hér væri verið að festa þetta fiskveiðistjórnunarkerfi en ég hef mótmælt því og ég ætla ekki að fara að endurtaka það eða fara neitt nánar út í þá umræðu. Ég tel að niðurstaðan sem við höfum hér fyrir framan okkur segi bara eitt, nákvæmlega það að ríkisstjórnarflokkarnir, sem ákváðu með hrossakaupum að lenda þessum málum eins og hér liggur fyrir, hafa orðið að hrekjast til baka. Aðalbreytingarnar sem nú er verið að gera á lögunum um stjórn fiskveiða eru þær breytingar sem sjómenn knúðu fram. Aðrir aðilar munu koma á eftir og það mun ekki verða staðar numið á meðan menn halda sig við það að hafa þetta óeðlilega stjórnunarkerfi í sjávarútveginum eins og hér er verið að halda áfram að verja, að þá mun baráttan halda áfram. Ég er sannfærður um að það mun vinnast sigur að lokum, en því miður virðast þeir sem mest eru að verja þetta kerfi ekki átta sig á því að ef þeir halda áfram með líkum hætti og þeir hafa gert og neita að taka rökum þeirra sem benda á að hér er í raun og veru verið að einkavæða auðlindina sem við eigum að eiga sameiginlega — ef menn átta sig ekki á því hvað er þarna að gerast og halda áfram að verja kerfið þá munu þeir sitja uppi með það að allir þeir sem eru andstæðingar þessarar þróunar neyðast til þess að samþykkja það að lokum að hér verði farið að selja veiðileyfi.

Er það það sem þeir aðilar vilja sem hafa viljað verja þetta kerfi? Ég hélt ekki. En því miður, svona lítur þetta út. Og ef menn ekki skynja þá hættu sem í því felst að taka upp sölu veiðileyfa, eins og lagt hefur verið til og því miður án þess að útfæra þá hugmynd þannig að það sé hægt að átta sig á því hvernig hún kemur út, þá held ég að menn séu að horfa inn í framtíð sem sé mjög fyrirkvíðanleg, því stjórnin á fyrirtækjum í sjávarútvegi yrði ansi erfið ef menn þyrftu að mæta hér á uppboði til þess að kaupa sér veiðileyfi með stuttu millibili til þess að tryggja sér verkefni fyrir sín fyrirtæki, hvort sem það er í útgerð eða fiskvinnslu.

Hæstv. forseti. Mín lokaorð skulu vera þau: Hér er að vísu verið að setja lög um stjórn fiskveiða, en þau lög munu ekki endast lengi og það er af eðlilegum ástæðum. Í fyrsta lagi vegna þess hvernig ríkisstjórnin stofnaði til þessarar lagasetningar með undirbúningi sem var gjörsamlega óásættanlegur og síðan sú þróun sem varð í framhaldinu, þar sem allt sem um var verið að ræða breyttist meira og minna og lokaniðurstaðan var í raun og veru að setja lög um stjórn fiskveiða til þess að leysa deilur sjómanna og útgerðarmanna.

[11:33]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég hef í mínum ræðum um stjórn fiskveiða gagnrýnt ýmis atriði frv. sem lagt var fram í desember sl. Það hefur verið komið til móts við sjónarmið í mínum málflutningi með þeim brtt. sem liggja fyrir, þ.e., og má öllum vera ljóst, að fyrirliggjandi tillögur eru að sjálfsögðu málamiðlun. Ég vil minna á að það hefur ýmislegt náðst fram. Hvað með að lyfta afla krókabáta upp í 22.000 tonn? Hvað með rýmkun á rækjukvótanum? Hvað með þrengingu framsals? Og síðan þær brtt. sem liggja fyrir núna á þskj. 1269? Takmörkunin um framsal aflamarks kemur þar fram.

Vandinn sem lýtur að meðafla er stór og ég er margsinnis búinn að ræða um þann vanda og ég held og trúi því að menn séu farnir að huga að því og hvernig þeir eigi að leysa það.

Ég viðurkenni að sjálfsögðu það sem hv. 3. þm. Vesturl. sagði, að það er um áfangasigur að ræða til breytinga á því kerfi sem við búum við.

[11:35]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Málamiðlun? Um hvað snerist þessi málamiðlun þegar ég nefndi frv. sextánmenninganna? Ég veit ekki til þess að það sé einn einasti stafur hér um neitt af því sem var í þeirri tillögu. Það er einhvers staðar til eitthvert minnisblað um einhver 7.000 tonn af rækju sem menn hafa verið eitthvað að hvísla á milli sín. Ég hef aldrei séð það á prenti. Það er örugglega ekki af neinu tagi sem hefur borið fyrir eyru, a.m.k. ekki mín, þar sem verið er að koma til móts við þau sjónarmið sem sett voru fram í þessu lagafrv. sextánmenninganna. Þannig að málamiðlunin sem hv. þm. er að tala um gengur út á eitthvað allt, allt annað heldur en hann var að berjast fyrir hér með því að taka þátt í að leggja fram það frv.

[11:35]

Gísli S. Einarsson *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég vil í upphafi þessa seinna ræðutíma sem ég hef vekja athygli á því að hv. þm. Ólafur Ragnar Grímsson, sem talaði um að menn væru ekki

viðstaddir umræðuna, kom inn í nokkrar sekúndur og hvarf út aftur.

Varðandi það sem ég hef verið að segja þá er þetta áfangasigur til breytinga á því kerfi sem við erum með. Ég hygg að við munum búa við það í nokkurn tíma enn. En þetta er áfangasigur og ég tel að það beri að fagna honum með því að samþykkja þessi lög sem nú er verið að setja.

Varðandi brtt. á þskj. 1287 frá hv. þm. Jóhanni Ársælssyni og fleirum þá hef ég fulla samúð með stöðu þessara manna, fulla samúð, en ég geri mér grein fyrir því að það er ekki hægt að ná öllu fram. Það eru fjölmargar brtt. sem ég hef verið að nefna í mínum ræðum sem ég hef ekki komið fram. Og ef það væri svo að menn næðu alltaf sínum ýtrustu óskum fram þá er ég hræddur um að lagabálkurinn væri lengri heldur en nú er um að ræða.

[11:37]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mér þykir þetta síðasta afskaplega furðulegt. Hvar er eiginlega samviska manna sem halda því fram að það sé ekki hægt að ná fram tillögu sem kostar ekki nokkurn skapaðan hlut. Þessi tillaga er ekkert um það að þessi hópur í heildina fái einum einasta fiski meir heldur en gert er ráð fyrir að hann fái samkvæmt tillögum ríkisstjórnarinnar. Svo talar hv. þm. um að það sé ekki hægt að ná öllu fram. Hvað er þetta eiginlega? Er það einhver meinbægni sem ræður afstöðu manna til svona tillagna? Ég skil ekki hvað það er. Ég tel að ef hv. Alþingi samþykkir ekki þessa tillögu þá hljóti það að vera vegna einhverra ástæðna sem ég hef ekki heyrt fyrr. Ég geri þá kröfu að menn segi hv. þm. hverjar ástæðurnar eru. Það hlýtur að vera hægt að fá það fram í þessari umræðu. Ég mun a.m.k. illa geta sætt mig við það að menn beri ekki fram frambærilegri ástæðu heldur en þá að það sé ekki hægt að ná öllu fram.

[11:38]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Jóhann Ársælsson vék að afstöðu okkar framsóknarmanna til tillögu þeirra alþýðubandalagsmanna, m.a. um kaup á fleiri frystiskipum, að banna þau í eitt ár. Ég undirstrika það að markvissari stefnu vantar í vinnslu sjávarfangs. Það vil ég undirstrika og hef gert æði lengi. En frysting um borð í veiðiskipi er aðferð, hv. þm. Frysting um borð í veiðiskipi er aðferð, en þróunin til uppþíðingar afla í landi og frekari fullvinnslu, þar sem, ef ég má segja, að verði stofnað til nýtískulegri verksmiðju í vinnslu í landi heldur en verið hefur. Ég tel að það sé einmitt þarna sem skortir á. Það hefur skort fjármagn til þess að geta þróað upp þá aðferð að til uppþíðingar á þeim afla sem heilfrystur er um borð í þessum skipum, þannig að vinnslan fari fram í landi, þannig að við njótum margfeldisáhrifa vinnslunnar.

En þessari þróun verður auðvitað að fylgja fjármagn á viðráðanlegum kjörum fyrir þessi fyrirtæki til að þróa starfsemina á þennan jákvæða hátt. Ég held að við eigum ekki að vera að beita okkur svo mjög fyrir boðum og bönnum, ég held að við þurfum frekar að þróa okkur áfram þarna. En rekstrarskilyrði hafa knúið menn í auknum mæli til að fara út í þessa útgerð.

[11:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. 4. þm. Norðurl. v. ræddi um að það þyrfti að þróa áfram aðferðir í sambandi við það að vinna við uppþíddan fisk. Það getur vel verið og ég mótmæli því ekki í neinu og tel skynsamlegt hjá honum að nefna þá hluti. Hins vegar var það ekkert svar við því af hverju hv. framsóknarmenn greiddu atkvæði gegn tillögu um það að fresta um eitt ár því að menn gætu verið að kaupa hér fullvinnsluskip eftir að hafa flutt hér ræðu eftir ræðu þar sem þeir voru að mótmæla því að ríkisstjórnin væri að setja fram tillögur sem yrðu til þess að þessi þróun mundi halda áfram og hafa af því hinar mestu áhyggjur. Það var ekki verið að leggja til að það yrði bannað til frambúðar að smíða fullvinnsluskip eða kaupa heldur einungis að menn tækju sér tíma til þess að skoða þessa möguleika sem gætu verið á því að hafa áhrif á þessa þróun með það fyrir augum að heildarhagsmunir þjóðarinnar yrðu tryggðir.

[11:40]

Frsm. 2. minni hluta sjútvn. (Stefán Guðmundsson) *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Þingmaðurinn vék einnig að afstöðu okkar framsóknarmanna til frv. í heild sinni og að við hefðum tekið þar einkennilegum sinnaskiptum. Ég vil að það komi skýrt fram að við framsóknarmenn töldum að með vinnu í sjútvn. þingsins og með umræðum í þingsölum hefðu fengist fram veigamiklar breytingar á slæmu frv. sem hér lá á borðum þingmanna, en ég undirstrika það að við erum langt frá því að vera sáttir við þetta frv. En það tókst þó að lagfæra það og koma í veg fyrir stærra tjón. Þetta er staðreyndin í málinu og þess vegna var afstaða okkar framsóknarmanna sú að við drógum þær tillögur sem við fluttum til baka vegna þess að það var komið til móts við þær að nokkru leyti. Ég sagði þegar ég talaði fyrir þessum tillögum að ég teldi að með þeim væri opnuð leið til þess að ná fram lagfæringum á þessu frv. Ég viðurkenni að það var orðið við því þó ég vildi að það hefði verið gengið miklu lengra.

[11:42]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Litlu verður Vöggur feginn. Þessar breytingar voru ekki mjög merkilegar, eins og þingmenn vita, og algjörlega óbreytt fyrirkomulag á næsta ári frá því sem ríkisstjórnin hafði gert ráð fyrir. Það er að vísu gert ráð fyrir að það komi aðrar takmarkanir í staðinn eftir tvö ár, en það var allt og sumt og það skýrir ekki þessi miklu sinnaskipti miðað við þann málflutning sem hv. framsóknarmenn hafa stundað. Ég segi það enn og aftur: Hvers vegna í ósköpunum voru menn ekki tilbúnir til þess að standa að því að skoða betur hugmyndirnar um það að hafa áhrif á þróun á þessum fullvinnsluskipum?

Ég held að það sé eitt af stærri málunum og verka-

lýðshreyfingin hefur verið að setja þetta mál á oddinn núna og mun gera það með auknum þunga á næstunni. Það hefði verið ástæða til þess að taka á því máli nú.

[11:43]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil taka það fram að að mínu mati er um að ræða veigamikla breytingu þar sem ríkisstjórnarflokkarnir féllust á að láta hina svokölluðu 15% reglu einungis gilda í eitt ár og láta síðan taka við nýja reglu sem byggir á því, eins og þingmenn vita, að ekki megi flytja nema samsvarandi magn og skipið hefur á milli á hverju ári. Að mínu mati er þarna um að ræða veigamikla breytingu og afar mikilsvert að hún náðist fram.

En ég vil hins vegar spyrja hv. þm. enn og aftur hvernig hann sér að með breyttu kerfi og stjórnun fiskveiða sé hægt að koma í veg fyrir að afli sé fluttur á milli landa, frá einu byggðarlagi til annars, eins og hv. þm. sagði í ræðu sinni áðan og taldi vera hina mestu ósvinnu. Það hefur enginn getað sagt mér enn þá, miðað við það samgöngukerfi sem við búum við, hvernig í ósköpunum, með breyttu stjórnunarkerfi fiskveiða, er hægt að koma í veg fyrir að landið sé orðið í raun ein verstöð eins og það er í dag.

[11:44]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hefur ekki hvarflað að mér að halda því fram að það ætti að koma í veg fyrir að fiskur sé fluttur milli byggðarlaga. Ég hef hins vegar haldið því fram mjög ákveðið og stíft að það eigi ekki að hafa fiskveiðistjórnunarkerfið þannig uppbyggt að menn geti notfært sér aðganginn að fiskimiðunum til þess að þvinga fram lægra fiskverð og á grundvelli þess sé síðan verið að flytja afla milli byggðarlaga. Það er það sem ég hef verið að mótmæla hér. Menn eiga auðvitað að vera frjálsir að því að kaupa fisk og keyra honum milli byggðarlaga eins og þeim sýnist. Það er ekkert við það að athuga, ekkert nema bara gott um það að segja.

Það að hv. þm. nefndi áðan að þessi 15% regla hefði verið svona óskaplega vond, að það hefði nægt að það yrði fallið frá henni eftir árið til þess að framsóknarmenn skiptu um skoðun, fær mig til þess að minna á það að tillögur hv. framsóknarmanna gengu út á það að hafa þessa reglu áfram. Breyta bara prósentunum. Það var allt og sumt. Þeir vildu þessa reglu.

[11:45]

Jóhannes Geir Sigurgeirsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Tillögur framsóknarmanna voru settar fram til þess að reyna að knýja fram einhverja leiðréttingu sem tókst. Og ég stend við það sem ég sagði í mínu fyrra andsvari að ég tel að sú breyting sem þar náðist fram sé veigamikil og komi í raun mun betur á móts við þau sjónarmið sem sjómenn settu fram og 15% reglan var byggð á heldur en hún gerir og hún eigi eftir að verða okkur til mikilla hagsbóta.

Varðandi það sem hv. þm. sagði að hann hefði ekki uppi sjónarmið um að koma í veg fyrir að menn flyttu afla milli byggðarlaga, þá hef ég tilhneigingu til að trúa að það sé rétt hjá hv. þm. því þingmaðurinn er skynsamur. En varðandi það sem hann sagði að það ætti ekki að nota þetta til þess að knýja niður fiskverð þá hef ég ekki tíma til að fara í þann rökstuðning í þessum ræðustól, en það liggur bara ekkert fyrir um það hvert hið raunverulega fiskverð mundi vera ef til að mynda allur fiskur færi á markað. Það er alveg klárt að það verður ekki það verð sem myndast á markaði í dag miðað við þau takmarkaða magn af heildaraflanum sem fer á opinbert uppboð á markaði.

[11:47]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er alveg hárrétt að ef það yrði liðugri verslun með fiskinn heldur en hefur verið þá má alveg gera ráð fyrir því að verðið jafnist og lækki. Ég held að það gæti orðið gott ef menn næðu því að ná samkomulagi um eitthvert nýtt kerfi í sölu á fiski sem mundi valda því að við fengjum jafnara fiskverð sem yrði þá til með meiri markaðstengingu heldur en við höfum áður séð. En það er ekki fyrirséð að það gerist á næstunni. Hitt vil ég svo segja að ég er ekki að mótmæla þeirri hugmynd sem kom fram í tillögu ríkisstjórnarflokkanna núna undir lokin og felst í því að fella niður þessa 15% tillögu og taka upp annað fyrirkomulag. Hún er að mínu viti til bóta og ég tel að það sé líka verið að viðurkenna þar að það eigi að tengja réttinn til að veiða fisk við skipin og það eru fleiri atriði í þeim tillögum sem liggja hér fyrir sem eru einmitt í þá átt og það er að mínu viti jákvætt í þeim tillögum sem liggja fyrir.

[11:48]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að fagna komu hæstv. viðskrh., sem fulltrúa ráðherra Alþfl. hér, en eins og þeir vita sem hafa verið hér frá upphafi fundar þá hefur mjög verið óskað eftir nærveru hæstv. alþýðuflokksráðherra þar sem þeir eru vissulega miklir gerendur í því máli sem hér er til umræðu og þeirri makalausu niðurstöðu sem orðin er, þar sem í rauninni menn koma hér einn á eftir öðrum, bæði stjórnarsinnar og stjórnarandstæðingar, og lýsa því yfir að þeir séu í raun mjög óánægðir með þá niðurstöðu sem orðið hefur og þann bræðing sem við sitjum uppi með, en a.m.k. allmargir stjórnarsinnar og slæðingur af stjórnarandstæðingum úr röðum framsóknarmanna ætla þó að una því sem þeir ekki sætta sig í rauninni við. Og ég held að það sé að öðrum ólöstuðum hægt að segja það að alþýðuflokksmenn eigi mestan hlut þarna að máli hvernig komið er. Að öðrum ólöstuðum er kannski nokkur þversögn vegna þess að niðurstaðan er jú eins og við vitum ákveðinn bræðingur sem fólk er almennt ekki sátt við.

Í þeirra hópi, hinna óánægðu, hljóta að teljast allmargir úr röðum alþýðuflokksmanna því að t.d. er í frv. sextánmenninganna að finna ákvæði eða tillögur sem eru hreint ekki í takt við þá niðurstöðu sem hér varð. Og ég held að ég verði að spyrja þá þingmenn sem t.d. eru hér, Sigbjörn Gunnarsson og Petrínu Baldursdóttir, hvort þau geti með góðri samvisku sagt að

þau séu ánægð með þá niðurstöðu miðað við þær andstæður sem eru annars vegar í þeim bræðingi sem við sitjum nú uppi með og svo hins vegar í þeim hugmyndum sem voru lagðar fram í frv. sextánmenninganna, en það er 572. mál þessa þings.

Það er ekki síst vandamálið með veiðigjaldið sem hefur leitt okkur út í þessar ákveðnu ógöngur og um það munum við nánar ræða þegar Þróunarsjóður sjávarútvegsins kemur á dagskrá. En mér þótti það og þykir enn mjög athyglisvert að það er sagt fullum fetum í niðurstöðum tvíhöfða nefndarinnar að það sé djúpstæður skoðanamunur um veiðigjald sem hafi þurft að leysa og mér vitanlega hefur sú lausn út af fyrir sig ekki komið fram nema að það eru mismunandi túlkanir á því hvort við séum með Þróunarsjóði að stíga fyrsta skref í átt til veiðigjalds eður ei. Ég óttast að svo muni verða og ég hafna þeim áherslum.

Ég þarf ekki að fjölyrða um það hér að við kvennalistakonur höfum þvert á móti viljað fara allt, allt aðra leið í stjórn fiskveiða, en það er að taka upp byggðakvóta. Ég gerði það í 2. umr. að meginefni máls míns að það væri ástæða til að berjast fyrir því að 7. gr. frv. fengi að halda sér eins og hún lá fyrir, ekki síst þar sem ljóst var að hún naut víðtæks stuðnings m.a. úr röðum stjórnarliða. Og það hlálega er að hv. 5. þm. Norðurl. v., annar tvíhöfða og fulltrúi Sjálfstfl. í sjútvn. eða einn af þeim, hefur átt alveg afskaplega mörg orð yfir það hvað það sé hart að þurfa að slaka þessari ágætu grein, um að fiskvinnslustöðvar geti eignast kvóta, í þessum hrossakaupum sem átt hafa sér stað. Ég held að það væri í rauninni langskynsamlegast að gera nokkrar einfaldar breytingar sem óhjákvæmilegar eru, m.a. vegna stöðu smábáta, núna á vordögum og reyna til þrautar að ná einhverri heildstæðri lausn í sjávarútvegsmálum og hafa þar einhverja glóru. Því það er ekki hægt að segja að ef að meðaltali allir eru eitthvað óánægðir, þá sé niðurstaðan góð. Þvert á móti, ef að meðaltali allir eru eitthvað óánægðir, þá er niðurstaðan vond og það er það sem mér sýnist að hafi orðið hér.

Ég ætla ekki að fara mikið út í þá baráttu sem við kvennalistakonur höfðum fyrir því að halda inni einni tillögu tvíhöfða nefndar um kvóta fiskvinnslustöðva. Ég gerði það í 2. umr. Það hefur þegar gengið til atkvæða. En það er annað atriði sem einnig er grundvallarþáttur í stefnu okkar kvennalistakvenna, en það er verndun fiskimiðanna og hverra kosta er völ í þeim efnum, sem mig langar sérstaklega að taka fyrir núna.

Ein ástæða þess að það var fyllilega vert að líta á frv. sextámenninganna var einmitt fiskverndarsjónarmið, þ.e. að menn fari ekki í meira mæli en nú er að líta svo á að vegna ranglátra reglna í stjórn fiskveiða sé óhjákvæmilegt og jafnvel sjálfsagt að henda afla, en það er nákvæmlega það atriði sem verið er að reyna að taka á í þessu frv. Það má að sjálfsögðu deila um það hvort nákvæmlega rétt útfærsla er þarna í því frv. En það sem mér finnst þó skipta verulegu máli er það að þarna er verið að reyna að taka á raunverulegum vanda sem er fyrir hendi hér og nú. Og ég lái þeim alþýðuflokksþingmönnum ekki, t.d. hv. 11. þm. Reykn., Petrínu Baldursdóttur, og hv. 7. þm. Norðurl. e., Sigbirni Gunnarssyni, þótt þau hafi verið í þessum uppreisnarhópi, sem litið var á að væri svo, því ég held að þarna hljóti að ráða, og menn hljóti að sjá það, heilbrigð skynsemi og virðing fyrir gæðum náttúrunnar. Og með einni breytingu get ég mjög vel tekið undir þau sjónarmið að það eigi að rýmka reglur um að koma með meðafla að landi. Mér finnst þó að það ættu að vera ákveðnar skorður, kannski meira eftirlit heldur en þarna er og kannski meiri krafa um tilfærslur heldur en nákvæmlega í þessari útfærslu.

Einnig get ég tekið undir það að það hníga ákveðin rök að því að hafa ekki aflamark á þeim tegundum sem hafa reynst vannýttar, en með hámarki. Og það er kannski það sem vantaði inn í þetta frv., sem þó var að mörgu leyti góðra gjalda vert. Ég hefði viljað sjá þar ákveðið hámark og að því tilskildu hefði ég getað stutt þá grein frv. sem laut að þessu. En ég held að hér hafi hrein fiskverndarsjónarmið verið á ferðinni og þau sjónarmið að sólunda ekki auðlindum hafsins. Og ég held að það sé mikill skaði skeður ef það verður ekki farið út í að taka umræðu á öðrum nótum heldur en verið hefur um sjávarútvegsmál. Það er ljóst að verði þetta frv. að lögum þá verður það afgreitt í bullandi ágreiningi, nema kannski við nokkra framsóknarmenn, og það verður fyrst og fremst aulalausn til að leysa raunverulegt vandamál sem er verkfall sjómanna og það þurfti að sjálfsögðu að leysa. Um það er enginn ágreiningur. En mér þykir ansi hart ef það er skilið eftir kerfi sem er innbyrðis sundurlynt og alls konar sérkennileg hrossakaup eiga að leysa málin. Það á t.d. að hugga einhverja stjórnarsinna úr hópi sextánmenninganna með því að gefa einhver afskaplega loðin fyrirheit, svo ekki sé meira sagt, um nefndir, og þær a.m.k. tvær, sem eiga að taka bæði á meðaflamálum og einnig á þeim tegundum sem ekki hefur tekist að fullnýta og þetta er auðvitað algerlega ávísun á óvissu og ekkert annað. Fyrir kemur að nefndir skila góðu starfi, en það er engin trygging fyrir því að það sé tekið mark á því. Þannig hefði ég gjarnan viljað sjá eitthvað bitastæðara heldur en einhverja nefndarskipan.

Hv. 4. þm. Vesturl., Gísli Einarsson, taldi að náðst hefði áfangasigur og nefndi þar sérstaklega rýmkun á rækjukvóta. Vissulega er þetta eitthvað sem er rætt, en þetta er ekkert sem er bundið við einhver lög, þetta er ekki það sem við erum að fjalla um, þetta er framkvæmdarvaldið að slaka einhverjum fyrirheitum hingað og þangað. Og ég verð að segja það að mér finnst það fremur ógeðfellt þegar farið er að koma með svona fyrirheit inn í lagasetningu, enda var það kannski engin tilviljun að það var útilokað að fá á blaði, af hálfu stjórnarsinna, nokkuð um þessi fyrirheit. Það var í lagi að skýra sjútvn. munnlega frá þessu samkomulagi. Menn gátu að sjálfsögðu glósað og sum okkar gera það óspart. En þarna virtist vera slíkt feimnismál á ferðinni að það var ekki einu sinni hægt að setja það á blað sem minnisblað, hvað þá meira.

Ég held að það séu tvö sjónarmið sem óhjákvæmilega hljóti að koma inn í fiskverndarmál og æskilegustu nýtingu þess afla sem við drögum úr sjó, sem er

vissulega sífellt minnkandi. Það er annars vegar það að við nýtingu sé hugað að því að það sé sköpuð sem mest vinna í landi. Þetta er að mínu mati liður í því að það sé gengið með ákveðinni virðingu um auðlindina og það er engin tilviljun að smábátar hafa verið nokkuð til umræðu í þessari umræðu. Ég held að það sé alveg nauðsynleg umræða út af fyrir sig og ég vil vekja athygli á upplýsingum sem komu í umsögn Landssambands smábátaeigenda frá því í haust, 30. sept. sl., en þar er bent á að í faglegri úttekt sjáist að það séu jafnmörg ársstörf á smábátaflotanum og á öllum ísfisktogaraflota landsmanna, en hins vegar er tvennt sem kemur þarna inn. Í fyrsta lagi er hent miklu meira af fiski af togurum heldur en af smábátum og meira flutt í land. Þar að auki er hagkvæmnin slík að fjárfesting er svo mikil í togurunum, og sérstaklega reyndar þeim allra stærstu, að með sömu hagkvæmni er unnt að skapa margfalt fleiri störf á smábátum án þess að þar verði um að ræða að reksturinn standi ekki undir sér.

Það sem hins vegar hefur verið vandamál, bæði hjá krókabátum og ekki síst aflamarksbátum, er einfaldlega að samdrátturinn hefur komið miklu verr við þessa aðila heldur en aðra. Gagnvart krókaleyfisbátunum sitjum við uppi með þær tillögur hér að það er dálítið erfitt að ráða í það hvort þeim verður mögulegt að halda áfram sínum rekstri eða ekki og þetta skiptir verulegu máli, m.a. vegna þess að við erum nú um þessir mundir einnig að takast á um 506. mál þingsins, sem er sérstök aðstoð við Vestfirði, en í raun væri hægt að styðja ýmis byggðarlög á Vestfjörðum sem standa höllum fæti með því að tryggja afkomu smábátanna.

Ég tek bara dæmi um það að á Suðureyri t.d. eru smábátarnir mjög stór hluti, en hlutdeild krókaleyfisbáta þar er 64% af heildarbotnfiskafla sem þar kemur. Síðan eru þarna nokkrir staðir, Bolungarvík, Tálknafjörður og Patreksfjörður, í kringum 16–27% og Flateyri aðeins minni með 15%. Þar að auki má nefna Grímsey og Bakkafjörð og þarna erum við bara að tala um krókaleyfisbátana.

Varðandi aflamarksbátana þá hef ég nú þegar rakið það að þeirra afkoma hefur verið skert alveg gífurlega, sumir segja alveg upp í 70%, og það er náttúrlega fyrst og fremst vegna þess að þeim hefur ekki tekist að bæta sér upp þann kvóta sem þeir hafa tapað vegna heildarsamdráttar.

Þetta allt saman er að mínu mati mjög mikilvægt ef við erum að hugsa um hvernig við göngum um auðlindina, vegna þess að hluti af því sem við erum að reyna að skapa eru störf í landi og það þarf örugglega miklu meiri afla inn til landsins ef við erum með flota sem byggist nánast eingöngu á togurum, ég tala nú ekki um verksmiðjutogurum, og þar af leiðandi erum við að tala um miklu, miklu meiri fisk að landi og hættu á miklu meiri ofveiði þar af leiðandi. Þannig að ég vil í nafni fiskverndar og virðingar fyrir okkar auðlindum sérstaklega ítreka þetta því mér hefur fundist að menn tali dálítið gáleysislega á köflum um smábáta. Vissulega hafa fulltrúar smábátaeigenda verið býsna drjúgir í umræðunni, en það á ekki að liggja þeim á hálsi fyrir það þó að þeim hafi tekist að koma sjónarmiðum sínum vel á framfæri vegna þess að allar þeirra ábendingar hafa reynst mjög þarfar, þó deila megi um einstakar tölur, prósentur og reikninga. Það virðist vera hægt að reikna sig út í slíkar öfgar í báðar áttir að það eitt út af fyrir sig er mjög dapurlegt.

Það hefur svo sem kunnugt er verið mest talað um að takmarka aflann með því að takmarka árlegan heildarafla. Út af fyrir sig get ég tekið undir að slíkt verður að gera, en ég held að fyrst og fremst verði að fara að líta á sértækari aðgerðir eins og verndun smáfisks og hrygningarfisks og einnig hvernig gengið er um auðlindina. Það vekur athygli í skýrslu tvíhöfða nefndarinnar til sjútvrh. að það er reynt að draga dálítið úr því hversu miklu sé hent af fiski í sjóinn, en eins og fram kom í máli hv. síðasta ræðumanns þá höfum við í sjútvn. fengið upplýsingar um það að allt að 30% fisks sé hent í sjóinn af einstökum togurum og heyrst hafa enn hærri tölur. Það eru því miður mjög dapurlegar upplýsingar og fjarri þeim 5 eða 6% sem verið er að tala um í skýrslu tvíhöfða nefndarinnar.

Það er mikil þversögn í því annars vegar að vera með ákveðnar tillögur og upplýsingar sem sjálfsagt væri að vinna úr um það hvernig beri að ganga um auðlindina og ná sátt um það og svo hins vegar að gera nánast ekkert í því. Því tókum við kvennalistakonur það að okkur að benda á eina ákveðna leið til þess í því frv. sem við flytjum til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða, en það er 560. mál, þar sem við leggjum til að sett verði á laggirnar samstarfsnefnd eða samráðsnefnd þar sem sjómenn, fiskvinnslufólk, útgerðarmenn og eigendur fiskvinnslustöðva vinni með Hafrannsóknastofnun að því að ná sátt og niðurstöðu um tillögur þær um heildarafla sem á hverju ári koma til umræðu hér og ákvörðunar síðan sjútvrh. Þetta er sérstaklega mikilvægt þar sem klögumálin hafa gengið á víxl og það er einnig mjög mikilvægt vegna þess að í hópi hagsmunaaðila í sjávarútvegi hefur mjög verið bent á að það þurfi að fara meira út á braut staðbundinna friðana og athugana á veiðarfærum og slíku og ég held að þessi tillaga gæti tvímælalaust verið til bóta í þessu. Mér þykir mjög skrýtið að það skuli ekki hafa verið tekið inn í þessa athugun að kanna þessi mál, en kannski eru menn komnir í slíkan spreng í þessum erfiðu málum að þeir eru ekki reiðubúnir til þess að ganga lengra núna.

Ég hef áður nefnt það að vera má að ein af sáttum sem muni nást sé að tvískipta okkar sjávarútvegskerfi t.d. eitthvað í áttina að því sem Japanir hafa gert þar sem þeir skipta sínum miðum og sínum veiðum í strandveiðar, veiðar innan eigin fiskveiðilögsögu og síðan úthafsveiðar eða veiðar á fjarlægum miðum. Og ég held að kannski sé í framtíðinni hægt að líta svo á að varðandi strandveiðarnar og að miklum hluta til veiðar innan fiskveiðilögsögu þá eigi að taka upp byggðakvóta. Þetta er það sama og Japanir gera. Þeir eru með slíkt á aldagömlum merg og það má segja að það erum við líka. Við höfum átt sjávarútvegsbyggðarlög sem eru mjög háð einmitt strandveiðunum eða veiðunum sem eru næst landi og við höfum staðið í ei-

líffarbaráttu um það að þessar veiðar verði bara einfaldlega ekki slegnar af. Með einhverri slíkri skiptingu mætti kannski tryggja þetta í sessi og ná sátt um þann byggðakvóta sem við kvennalistakonur höfum látið okkur dreyma um og teljum að væri til mjög mikilla hagsbóta og kannski værum við ekki með þessa voðalegu Vestfjarðatillögu sem leysir í rauninni því miður ekki þann vanda sem henni er ætlað, gerir það a.m.k. á snarvitlausan hátt ef hún leysir eitthvað, ef við byggjum svo vel að hafa tekið upp slíkt kerfi.

Það er sagt í skýrslu tvíhöfða nefndar að Japönum hafi tekist að marka sína sérstöku leið til fiskveiðistjórnunar og þeir hafi forðast grimmilegustu örlög samkeppnisfiskveiða, þ.e. algera sóun fiskveiðiarðsins og hrun fiskstofna. Þetta er ekkert lítið og ég held að við ættum, fyrst þessi skýrsla er sá grunnur sem við erum að vinna á núna, að taka svolítið meira mark á því sem þar stendur og kannski fara að leita betur vegna þess að það er alveg ljóst að sú umræða sem verið hefur hér að undanförnu hefur leitt í ljós að það er ekki bara bullandi ágreiningur um þá niðurstöðu sem nú er verið að reyna að keyra í gegn á vordögum, heldur eru menn alls ekki búnir að sjá fyrir allar afleiðingarnar. Þar af leiðandi eru þeir að ávísa á óvissu í þessu mikilvægasta hagsmunamáli okkar Íslendinga sem eru fiskveiðarnar.

[12:12]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Ég hef óskað eftir viðveru hæstv. viðskrh. Ég setti þá ósk fram við 2. umr. málsins, ég setti þá ósk fram nú í morgun og ég ítreka enn þá ósk og vildi nú gjarnan fá að heyra það frá forsetastól hvort við henni verður orðið.

(**Forseti** (VS): Já. Forseti mun að sjálfsögðu verða við þeirri beiðni hv. þm. að biðja hæstv. viðskrh. að koma í þingsalinn. — Hæstv. viðskrh. er ekki í þinghúsinu sem stendur en forseti mun gera ráðstafanir til þess að hann verði kallaður til þingfundar.)

Ég get út af fyrir sig rætt eitt og annað um stjórn fiskveiða en það er dálítið erfitt að fyrirbyggja að ekki verði endurtekningar ef hæstv. viðskrh. heyrir ekki mál mitt.

Ég tel rétt að fara í nokkrum orðum yfir þá stöðu sem verið hefur að þróast. Allt frá því að mönnum varð ljóst að ekki væri hægt að stunda óheftar veiðar við Íslandsstrendur þá hefur það verið að gerast að menn hafa verið að selja auðæfin í hafinu annaðhvort í skipsverði eða með beinni sölu á kvóta. Ég gat um það að það elsta sem ég hef fundið um kvóta á Íslandi er frá árinu 1975. Mér hefur þó verið tjáð að í tíð Emils sem sjútvrh. hafi hann sett reglur um kvótaskiptingu á innfjarðarækju. Ég hef ekki fundið það og má vel vera að það sé ekki rétt en sá sem mér tjáði var alþýðuflokksmaður sem var mjög sáttur við þessa ákvörðun á sínum tíma, taldi hana af hinu góða og þess vegna tel ég rétt að segja þetta hér ef ég skyldi vera að halla réttu máli með því að segja að þetta hafi hafist 1975. Páv. hæstv. sjútvrh. Matthías Bjarnason gerði sér grein fyrir því að óheft veiði á innfjarðarækju gengi ekki upp. Þess vegna beitti hann sér fyrir lögum um samræmda vinnslu sjávarafla og veiða sem háðar voru sérstökum leyfum. Það kerfi sem þá var sett upp var á þann veg að bátum sem þessar veiðar stunduðu var ætlað visst magn af veiðinni í hverjum firði sem var sérstakt veiðisvæði, Arnarfjörður var t.d. sérstakt veiðisvæði og Ísafjarðardjúp annað. En verksmiðjunum, sem þá voru nokkuð margar, var einnig ætlaður viss hluti af þessu magni. Þess vegna voru útgerðarmenn skuldbundnir til þess að selja ákveðnum verksmiðjum sinn afla. Þetta kerfi var um margt lausn á því að menn væru komnir í þrot með óheftar veiðar, en auðvitað gerðist það um leið og þessu kerfi var komið á að leyfið til að mega veiða rækju fór inn í verðið á viðkomandi skipi. Ef þú ætlaðir að kaupa lítinn bát við Ísafjarðardjúp og hann hafði jafnframt leyfi til að veiða rækju, þá seldist sá bátur á hærra verði en jafnstór bátur af sambærilegri gerð sem seldur var og hafði ekki rækjuveiði. Verðið á bátnum var hærra vegna þess að með honum var verið að selja hluta af auðæfum Ísafjarðardjúps.

Það sama gerðist með verksmiðjurnar. Verksmiðja sem átti þann rétt að fá afla af ákveðnum bátum var verðmeiri en verksmiðja sem hafði ekki þennan rétt og þess vegna má segja að í verði verksmiðjanna var líka komin ákveðin stærð, ákveðinn hluti af verðinu sem var vegna þess að menn voru að selja auðæfi djúpsins.

Þegar úthafsveiðirækjan kom til sögunnar hefði mátt spyrja sjálfan sig: Var þá rökrétt að halda áfram að hafa sérstaka kvóða á þessum skipum til að landa hjá sérstökum vinnslustöðvum í landi? Það var ekki samræmi í því gagnvart öðrum fisktegundum sem var úthlutað aðeins til útgerða en ekki til vinnslustöðva. Hörpudiskurinn var settur undir sömu reglu. Þegar ákvörðun er tekin um það að skipta fiskveiðiheimildum á þeim fiskstofnum á Íslandi, sem menn töldu að ekki væri hægt að veita frjálsar veiðar í, þá gerist það að þeim afla er skipt niður á skipin en vinnslustöðvarnar í landi eru algerlega skildar eftir. Þeirra réttur til hafsins verður enginn, en aftur á móti sögðu menn: Vinnslustöðvarnar eiga 70–80% af fiskiskipaflotanum. Þess vegna er verið að veita þeim þennan rétt á óbeinan hátt. Það breytir þó ekki þeirri staðreynd að verðið á fiskvinnslustöðvunum féll við þessa aðgerð en verðið á fiskiskipunum hækkaði. Þetta skipulag var þess vegna í eðli sínu fjandsamlegt fiskvinnslu í landinu. Það var í eðli sínu fjandsamlegt fiskvinnslu í landinu hvað þennan þátt snerti, en á móti kom að það gaf eigendum skipanna, ef það var sami eigandi og fiskvinnslustöðvanna, tækifæri til að dreifa veiðinni á allt árið og að því leyti til var það hagstætt fiskvinnslunni í landi ef sami aðili átti skipið og vinnslustöðina.

Það má þess vegna segja að það hafi verið tvær hliðar á þessu máli. Annars vegar var það hagstætt og hins vegar var það fjandsamlegt eða óhagstætt, hvort sem menn vilja kalla það í þessum efnum. Því segi ég þetta að þegar farið var í að skipta réttinum niður á skip var t.d. fundið út að hér við land ættu að vera tvö svæði fyrir togara og meðalrétturinn til veiða var ekki sá sami eftir því á hvoru svæðinu menn voru. Þar kom

það til að annað svæðið náði frá Látrabjargi að Hornafirði, og Hornafjörður meðtalinn, hitt svæðið náði þá yfir hinn hluta landsins. Vestfirðingar voru með langmesta afla á skip. Þeir voru því skertir mest en það var sagt: Það getur ekki verið neitt óhagstæðara fyrir ykkur að gera út skip en aðra þannig að þið hljótið að geta borið þessa miklu skerðingu.

En það sem gleymdist var það að bak við þessa togara voru frystihús og þessi frystihús voru þess vegna skert meira um afla en nokkur önnur frystihús á landinu. Og það var ekkert sem gat réttlætt það að þau yrðu skert jafnmikið um afla til vinnslu eins og þarna gerist.

Þetta er grunnsagan á bak við það að frystihúsin á Vestfjörðum hafa verið að gefa eftir vegna þess að þau voru skert meira en nokkur önnur hús. Ég ætla ekki að tala um þá vitleysu sem sett var inn í fyrstu lögin, að það var bæði hægt að fá aflareynslu út á skipið og aflareynslu út á skipstjórann. Mér vitanlega voru aldrei nema tveir aðilar sem fengu úthlutað á þennan hátt. Annað skipið var á Akureyri, sem frægt er orðið, og hitt héðan úr Reykjavík. (**VE:** Þau voru fleiri.) Fleiri, segir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Það væri kannski vel þess virði að hann læsi upp þann lista hverjir það voru sem fengu þessa súperúthlutun því að ég vissi að það var sótt um þetta frá Vestfjörðum og því var hafnað. Þá var nýtt skip að koma inn sem var ráðinn á góður skipstjóri en það fékkst ekki samþykkt að flytja aflareynslu hans með honum yfir á þetta skip.

Á þeim tíma þegar sóknarmarkið var notað var hreint ekki vandalaust að glíma við það mál hvernig ætti að standa að því að tryggja hæfilega fækkun skipa við veiðarnar svo að það væri eitthvað í samræmi við það magn sem hægt væri að úthluta rétti til veiða á. Frægasta dæmið í þeim efnum var úthlutun á rétti til síldveiða. Það lá fyrir að mjög mörg skip hér sunnan lands fyrst og fremst en þó einnig frá öðrum svæðum höfðu áhuga á að fara á síldveiðar og til þessa ráðs var gripið að skipa sérstaka nefnd sem átti að gera tillögur um hvernig að þessu yrði staðið. Einn maður í þessari nefnd, Gunnar Flóvenz, hafði reynslu á þessum málum og hann varð undir í nefndinni. Hans reynsla var ekki metin. Hinir skiluðu meirihlutaáliti. Og meirihlutaálitið hljóðaði upp á það að nú skyldi saltað um borð.

Við skulum örlítið fara yfir þessa sögu því að hún segir dálítið um í hvaða óefni við vorum komnir. Um leið og það var ákveðið var verið að ýta út af borðinu öllum smærri skipunum. Þetta veit ég að hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson gerir sér fulla grein fyrir hvað sem um aðra má segja. Það er einfaldlega ekki pláss fyrir tunnurnar um borð og það var þá heldur ekki pláss fyrir annað búnað í þessu sambandi. Þetta leiddi til gífurlegrar fækkunar á áhugaaðilum um að stunda síldveiðarnar. Svo var farið af stað að veiða. Og eftir nokkra daga komu fréttir um það að síldin væri farin að fljóta dauð úti af Reykjanesi. Hvernig stendur á þessu? sögðu menn í landi? Af hverju er síldin farin að fljóta dauð? Jú, það kom nefnilega í ljós að afkastagetan við veiðarnar og afkastagetan við söltunina um borð í skipunum var ekki á sömu gráðu. Afkastagetan við söltunina var sáralítil. Karlarnir voru hundfúlir yfir því að vera settir í það verk sem handfljótar síldarstúlkur höfðu leyst áður, þeir fengu myndarlegt kast af síld eða full net og það var ekki um annað að gera en að fleygja megninu af þessu því að þetta var orðið úldið áður en þeir höfðu haft möguleika á að salta þetta. Þá fóru menn aftur að lesa reglugerðina. Auðvitað var það óhagræði að salta síldina um borð í fiskiskipum sem ultu mikið. Það var farið að skoða reglugerðina og þá kom í ljós að eina skilyrðið var að það yrði saltað um borð. Það stóð hvergi í reglugerðinni að menn þyrftu að vera úti á rúmsjó, það væri allt í lagi að leggjast við bryggju og binda fast og salta. Og það var það næsta sem gerðist að menn fóru með aflann í land, settu fast og fóru að salta. Afköstin jukust eitthvað af því að skipið var þá kyrrt en það sem bættist við þessar hörmungar var það að síldarstúlkurnar fóru að koma niður á bryggjuna og gera athugasemdir við vinnubrögðin. (**GHall:** Sinaskeiðabólga var mikil meðal sjómannanna.) Og sinaskeiðabólga var mikil meðal sjómanna, segir Guðmundur Hallvarðsson sem greinilega man eftir þessu skrautlega ævintýri á því tímabili þegar menn voru að þreifa sig áfram með stjórnun fiskveiða.

Skapið í sjómönnum hélt áfram að harðna. Það endaði með því að þeir héldu á fund útgerðarmanna hreint út sagt arfavitlausir og sögðu: Þessari vitleysu verður að linna. Við kunnum ekkert að salta síld, það er ekki okkar verk. Við höfum unnið önnur störf. Þeir orðuðu þetta kannski á einhvern annan veg en þetta, en niðurstaðan varð sú að útgerðarmenn á Suðurnesjum söfnuðu liði, héldu inn til Reykjavíkur, handsömuðu einn þingmann af Reykjanesinu, framsóknarþingmann, hafa kannski tekið fleiri, og skipuðu honum að koma með sér á fund ráðherra. Þáv. ráðherra Matthías Bjarnason tók vel á móti þessum mönnum eins og öðrum en þegar hann heyrði erindi þeirra að krafan væri að reglugerðin yrði strax numin úr gildi, þá súrnaði nú skapið fyrst en þeir hótuðu hörðu og sögðu að það væri óhjákvæmilegt að þetta færi allt í fjölmiðla, hvernig staðið væri að þessu, og þetta væri hrein hringavitleysa og það yrði að breyta þessu. Eftir að hafa hlustað á mál þeirra gerðist það að Matthías lét vit ráða, breytti þessum ákvæðum og lét heimila söltun í landi á nýjan leik eins og hafði verið fram að þeim tíma. Allur kostnaðurinn við að undirbúa skipin til þess að þau væru fær um að taka á móti salti, fær um að geyma tunnur og standa að söltun um borð, var sem sagt hluti af kostnaði við það að koma á vitrænni stjórn fiskveiða hér við land.

(**Forseti** (VS)**:** Forseta heyrðist að það væri komið að þáttaskilum í ræðu hv. þm. Klukkan er hálfeitt þannig að það er kominn sá tími sem áætlað var að gera matarhlé og hlé fyrir þingflokksfundi og því vill forseti beina því til hv. þm. að hann fresti ræðu sinni.)

Þingmaðurinn verður að sjálfsögðu við þeirri ósk forseta.

Umræðu frestað. [Fundarhlé. — 12:30]

Útbýting þingskjals:
Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 544. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1290.

Samstarfsnefnd sjómanna og útvegsmanna, frh. 3. umr.

Frv. meiri hluta sjútvn., 614. mál. — Þskj. 1073.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:32]
Frv. samþ. með 44 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EgJ, EKG, EKJ, FI, GE, GuðjG, GB, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VE, ÞBern, ÞorstP.
19 þm. (AÓB, DO, EH, FrS, GHH, GHall, GÁS, GJH, HG, IBA, JÁ, KHG, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, SJS, VS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1291).

Fjáraukalög 1993, frh. 3. umr.

Stjfrv., 452. mál (niðurstaða greiðsluuppgjörs). — Þskj. 675.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:33]
Frv. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EH, EgJ, EKG, EKJ, GE, GuðjG, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
23 þm. (FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JÁ, JE, JGS, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, ÓÞÞ, PP, RA, StG, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AÓB, DO, FrS, GHH, GHall, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, PJ, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1292.)

Eftirlit með skipum, frh. 2. umr.

Frv. samgn., 623. mál (innflutningur og skráning fiskiskipa). — Þskj. 1210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:34]
1. gr. samþ. með 45 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, SvG, TIO, VE, ÞBern, ÞorstP.
8 þm. (AÓB, FI, ISG, JónK, JVK, KÁ, StG, VS) greiddu ekki atkv.
10 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, PJ, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:34]
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:
Virðulegi forseti. Það frv. sem við erum að greiða atkvæði um núna er flutt af samgn. en einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að hafa frjálsar hendur um afgreiðslu málsins. Ég tel að það sé ekki tímabært að leggja þetta frv. fram núna þó ég viðurkenni nauðsynina á því að taka þetta mál til umræðu en það er líka í umræðu inni í hinni svokölluðu úthafsveiðinefnd. Sú nefnd hefur tekið sér frest fram á haustið til að skila áliti um það hvort það sem hér er verið að leggja til sé eðlilegt og því vil ég ekki taka afstöðu til málsins á þessu stigi.

2. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JÁ, JE, JóhS, JBH, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
19 þm. (AÓB, FI, GB, GÁ, GHelg, HÁ, ISG, IP, JGS, JónK, JVK, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
10 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, PJ, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
10 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, PJ, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Græn símanúmer, frh. síðari umr.

Þáltill. EKG o.fl., 207. mál. — Þskj. 231, nál. 1141.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:37]
Brtt. í nál. 1141 (ný tillgr.) samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JE,

JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
10 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, PJ, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 53 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
10 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, PJ, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1293).

Vog, mál og faggilding, frh. 2. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 626. mál. — Þskj. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:38]
1. gr. samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, JÁ, MB, PJ, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 51 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SP, StG, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
12 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, ÓRG, PJ, SighB, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, PJ, SAÞ, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):
Þannig háttar til að brtt. frá efh.- og viðskn., sem lögð hefur verið fram og varðar 6. dagskrármál, er of seint fram komin og verður því að leita afbrigða um að hún megi koma á dagskrá og til umræðu.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.
Afbrigði samþ. með 52 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GHelg, HÁ, HBl, HN, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
11 þm. (FrS, GÁS, GJH, HG, IBA, MB, PJ, SAÞ, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 1259, brtt. 1269 og 1287.

[14:40]

Ólafur Þ. Þórðarson (frh.):
Herra forseti. Ég var þar staddur í ræðu minni að ég var að gera grein fyrir því að sala á auðlindum hafsins var hafin áður en það kvótakverfi var gert að lögum sem kennt hefur verið við sjávarútvegstíma Halldórs Ásgrímssonar. Ég ætla, með leyfi hæstv. forseta, að halda áfram að fara ögn yfir þessa sögu.

Við höfðum á tímabili í gildi þær leikreglur að það var bannað að kaupa skip frá útlöndum til að hefja veiðar í landhelginni en það var heimilt að láta smíða fyrir sig skip innan lands án þess að annað skip væri selt á móti. Með þessu fyrirkomulagi var í reynd verið að selja auðæfi hafsins. Sá sem fékk að selja auðæfin í því tilfelli var skipasmíðastöðin sem smíðaði skipið. Eitt fyrirtæki á Vestfjörðum taldi sig hafa keypt réttinn til hafsins með slíkri aðgerð. Það lét smíða fyrir sig skip norður á Akureyri og taldi að það hefði greitt réttinn til hafsins fullu verði. Skipið kostaði miklu, miklu meira en sambærilegt skip sem var smíðað erlendis skömmu áður hafði kostað. Bæði skipin eru á Vestfjörðum. En það fór ekki þannig að þetta fyrirtæki, sem var við Dýrafjörð hefði fengið réttinn til hafsins keyptan með þessari aðgerð heldur brast skömmu seinna á kvótakerfi sem sagði að aflareynsla þessa skips væri ekki til staðar þar sem það hefði aldrei verið á veiðum og því var úthlutaður meðalkvóti. Má segja að hið nýja skip sem bættist í flota Dýrfirðinga hafi þess vegna á nýjan leik orðið að leita

eftir því að kaupa sér rétt til hafsins.

Ýmsir ráðherrar hafa gegnt því embætti að vera viðskiptaráðherrar. Ég vil minna hæstv. viðskrh. á það að einn af þeim þingmönnum sem hefur gegnt því embætti að vera viðskrh. var Kjartan Jóhannsson. Hann stóð fastur á því að leyfa ekki innflutning á skipum. Hvað gerðist þegar það var gert? Fram að þeim tíma á meðan innflutningur var frjáls hafði það verið regla að söluverð skipa var annaðhvort hliðstætt tryggingarmati eða lægra. Nú gerist það allt í einu að söluverð skipa verður hærra en tryggingarmatið. Nú vona ég að hæstv. viðskrh. hafi skilið að í reynd var páv. hæstv. viðskrh., Kjartan Jóhannsson, að selja auðæfi hafsins. Hann var að leyfa þeim sem áttu skip á Íslandi að selja réttinn til veiðanna. Það sem skipin hækkuðu í verði í sölu var ekkert annað en rétturinn til veiða í landhelgi Íslands. Það var verið að selja almannaeign, eins og Alþfl. talar um, og ráðherrann sem sat og stjórnaði viðskiptamálum á þeim tíma var ráðherra Alþfl. Auðvitað geta menn spurt fram og til baka: Hvaða leiðir er hægt að fara til að fara fram hjá þessu? Hvaða leiðir er hægt að fara til að sjá til þess að menn selji ekki réttinn til hafsins með skipunum? Kvótakerfið sem kom á eftir gerði aðeins eitt: Það aðskildi söluréttinn á skipunum og söluna á fiskinum í sjónum. Það aðskildi þetta í tvær tölur. Það var farið að selja réttindi hafsins áður en kvótakerfið kom til sögunnar.

Þegar kemur að kosningum hefur það ávallt gerst að hæstv. viðskrh. hefur talið sér nokkurn vanda á höndum að halda þeim atkvæðum á Vestfjörðum sem hann hefur haft þörf fyrir. — Nú hefur hæstv. viðskrh. farið úr salnum (**Gripið fram í:** Honum var nóg boðið.) og telur sér annan stól hentugri þessa stundina en ráðherrastólinn. Ég skil hann að vísu vel en vil mælast til þess við forseta að hæstv. viðskrh. sitji í salnum. Ég veit ekki annað en að hann þurfi að gegna hér þingskyldu eins og aðrir og það eru tilmæli mín að hann sitji í salnum.

Í Skutli 8. apríl 1991 eru nokkrar greinar þar sem vikið er að fiskveiðistjórn við Ísland. Þar er fyrst grein sem heitir Afstaða Alþýðuflokksins. Með leyfi forseta, vil ég lesa þessa grein:

„Fiskimiðin eru sameign allrar þjóðarinnar. Þessi sameign þjóðarinnar er að færast í hendur örfárra einstaklinga. Hún gengur kaupum og sölu milli þeirra og þeir verða stöðugt færri sem eignast. Árlega skipta þúsundir milljóna króna um eigendur í kvótaviðskiptum. Peningar sem eru fimmfalt hærri fjárhæðir en ríkissjóður ver árlega til hafnaframkvæmda á öllu landinu. Þjóðin nýtur ekki þessara fjármuna, ekki sjómennirnir, ekki fiskverkafólkið. Þetta er siðlaust athæfi. Svona má ekki fara með sameign þjóðarinnar. Það má ekki gera hana að gróðalind örfárra einstaklinga. Kónga viljum vér ekki. Nú verðum við að brjótast út úr þessu kerfi. Til þess að það sé hægt megum við ekki loka augunum fyrir nýjum hugmyndum svo fremi að þær byggist á því að fiskimiðin séu sameign þjóðarinnar sem þjóðin eigi að njóta. Við verðum að nálgast nýjar hugmyndir með opnum huga ella festumst við í kvótanum eins og hann er. Gera á tilraun með leigu veiðileyfa með 8–12 þús. tonn. Reynist sú tilraun vel er hægt að stíga næsta skref. Reynist hún ekki vel þá afskrifa menn þessa hugmynd, þá tala menn ekki meira um hana, þá verða menn að leita annarra ráða til að brjótast út úr kvótakerfinu. Þetta er stefna Alþýðuflokksins, hún er raunhæf, ábyrg og skynsamleg."

Svo mörg voru þau orð. (**Gripið fram í:** Hver segir þau?) Þá vil ég spyrja hæstv. viðskrh.: Tókst að leigja þessi 8 eða 12 þús. tonn? Var tilraunin jákvæð? Var tilraunin neikvæð? Eru menn að leita að nýrri stefnu? Nú stendur svo á að þessi hv. þm., Sighvatur Björgvinsson, hæstv. viðskrh., er einmitt í þeirri aðstöðu að geta haft áhrif eins og hann bað á sínum tíma kjósendur Vestfjarða að veita sér. Hvað er orðið eftir af efndunum? Ég vakti á því athygli áður að í tíð Kjartans Jóhannssonar sem viðskrh. hefðum við verið að selja réttinn til hafsins á Íslandi í gegnum skipsverðið. Yfir þeim þætti hefur hæstv. viðskrh. þagað að staðaldri. Í greininni er því haldið fram að þetta hafi hafist með kvótakerfinu. En hver er niðurstaðan? Hver er árangurinn? Það er yfirlýst að það sem núv. ríkisstjórn er að leggja til að verði samþykkt á Alþingi er staðfesting á kvótakerfinu og hæstv. viðskrh. er stuðningsmaður þeirrar ríkisstjórnar. Hann er þátttakandi í þeirri ríkisstjórn, hann er einn af þeim sem mótar stefnuna. Hann ber fulla ábyrgð á þeim tillögum sem hér liggja fyrir.

Herra forseti. Það er óhjákvæmilegt að lesa meira úr því mæta blaði Skutli. Hér er mynd af þeim félögum Karvel Pálmasyni og Sighvati Björgvinssyni. Það verður að segjast eins og er að myndin af Karveli er stórum betri. Til þess liggja tvær ástæður en ég ætla ekki að fara í að útskýra það. Fyrirsögn greinarinnar hljóðar svo: „Afstaða Karvels og Sighvats. Þeir Karvel og Sighvatur hafa eins og Þorvaldur Garðar alltaf greitt atkvæði gegn kvótanum og lagt sig fram um að berjast gegn honum. Þeir voru meira að segja reiðubúnir til að ganga gegn ríkisstjórn og fella sjútvrh. til að fella kvótann. Þetta gerðist veturinn 1990 þegar Halldór Ásgrímsson lagði fram kvótafrv. Ríkisstjórnin naut þá ekki stuðnings Borgaraflokksins og hafði tæpasta mögulega þingmeirihluta á Alþingi. Karvel og Sighvatur neituðu að styðja kvótann og þegar Halldór Ásgrímsson þá hótaði að fara frá og fella ríkisstjórnina sögðu Karvel og Sighvatur að það yrði þá svo að vera. Fremur mundu þeir fella ríkisstjórnina en styðja kvótann. En hvað gerðist þá? Þegar kvótinn og Halldór Ásgrímsson voru í hættu kom meiri hluti þingmanna Sjálfstfl. hlaupandi samkvæmt skipun frá Kristjáni Ragnarssyni og samþykkti kvótann með Halldóri, þeir og Ólafur Þ. Þórðarson." Það er ekki skrýtið þó það sé minnst á mig í Skutli. Það er ekki skrýtið, það stefndi í kosningar eftir örfáa daga og það var nauðsyn að hafa þetta allt á hreinu.

Svo kom að staðreyndunum og nú njótum við þess að vera báðir hafðir með myndum, Halldór Ásgrímsson og ég. Ég ætla ekki að fara í neinn mannjöfnuð með myndirnar að þessu sinni en vil geta þess að hvorugur okkar er skeggugur á þessum myndum. Við lítum nokkurn veginn eins út og við gerum í dag. Ég

hyggst lesa hér fyrst fyrirsögnina, með leyfi hæstv. forseta, þar sem stendur: „Ólafur skarst úr leik. Þingmenn Vestfjarða hafa alltaf staðið saman gegn kvótakerfinu að því undanteknu þegar Matthías Bjarnason greiddi atkvæði með fyrstu kvótalögunum árið 1984." Reyndar gleymdist, og verður ekki sagt Skutli til hnjóðs, innfjarðarrækjan og hörpudiskurinn sem Matthías Bjarnason, þáv. sjútvrh. setti í kvóta. Þeir gleymdu því eða, sem e.t.v. er nú hugsanlegt, töldu rétt að þegja yfir því. Því það vill nú svo til að þó hv. þm. Sighvatur Björgvinsson hafi kannski ekki langtímaminni þá býr hann svo vel að faðir hæstv. ráðherra hefur ágætis minni á það sem gerst hefur í pólitík á Ísafirði, langt aftur fyrir þennan tíma. (**Gripið fram í:** Og betra en ráðherrann.) Með leyfi hæstv. forseta held ég áfram lestrinum:

„Hann hefur séð eftir því atkvæði sínu alla tíð síðan" — þ.e. Matthías Bjarnason — „og barist gegn kvótanum. Þannig hafa vestfirskir þingmenn staðið saman allt þar til síðast var gengið til atkvæða um kvótann á Alþingi. Þá skarst Ólafur Þ. Þórðarson úr leik. Atkvæði voru greidd um kvótann í neðri deild Alþingis þann 5. maí 1990 og atkvæðagreiðslan fór fram með nafnakalli þannig að hver og einn þingmaður varð að skýra frá því í heyranda hljóði hver afstaða hans var. Ólafur Þ. Þórðarson sagði hátt og skýrt já við kvótanum. Það já er skráð í þingtíðindum og stendur þar sem ævarandi minnisvarði um það þegar Ólafur rauf samstöðu Vestfjarðaþingmanna gegn kvótanum. Ætla Vestfirðingar að verðlauna hann fyrir afstöðuna?" (**Viðskrh.:** Og gerðu það ekki.) Það kom nú í ljós með kjörfylgi okkar Sighvatar á Vestfjörðum hvort þeir verðlaunuðu mig eða ekki. Ég ætla að leyfa sagnfræðingum seinni tíma að skoða það og telja. En spurningin er þessi: Hyggst hæstv. ráðherra ganga í þann hóp sem hafa stutt kvótann eða hyggur hann að hann verði enn hrein mey eftir brúðkaupsnæturnar með núv. ríkisstjórn? (**Gripið fram í:** Er það mögulegt?) Það má undarlegt heita en allt getur skeð, herra forseti.

Þá held ég áfram lestrinum. Nú kemur merkilegur þáttur, sá almerkilegasti af því öllu saman. Hér stendur nefnilega: „Halldór er í framboði hér", þ.e. fyrir vestan. Við urðum aldrei varir við hann á framboðsfundunum en heyrðum fréttir af því að hann væri í framboði fyrir austan. En þetta stendur í Skutli engu að síður og nú er rétt að hefja lesturinn, með leyfi hæstv. forseta:

„Með frjálsum fiskveiðum lögðu Vestfirðingar grunninn að vestfirskum byggðum og komust í fremstu röð." — Það er nú spurning hvort prælar hafa verið notaðir við veiðar á Vestfjörðum í upphafi og hvort þeir hafa verið mikið frjálsari en aðrir. Ég ætla ekki að deila um það en svona er það orðað og, með leyfi hæstv. forseta, held ég áfram lestrinum:

„Nálægðin við miðin, þekking, kunnátta og verkhæfni vestfirskra sjómanna, á þessu tvennu byggðu Vestfirðingar lífsafkomu sína. Kvótakerfið er sú öxi sem reidd er að rótum Vestfjarða. Hlutdeild Vestfirðinga í þorskveiðum hefur minnkað ár frá ári vegna þess að vestfirsku sjómönnunum er meinaður aðgangur að vestfirskum fiskimiðum. Halldór Ásgrímsson sjútvrh. tók af þeim grálúðuna og færði hana öðrum sem varla höfðu grálúðu séð. Hann tók af þeim rækjuna, þá veiði sem Vestfirðingar fyrstir landsmanna fóru að stunda, hann tók af þeim kolann og nú er hann í þann veginn að hrifsa af þeim steinbítinn, þennan sérvestfirska fisk og eyðileggja þar með síðustu leifarnar af frjálsum veiðum Vestfirðinga. Framsfl. ber höfuðábyrgð á þessari stefnu. Ágreiningur hefur verið við Halldór Ásgrímsson um þessa stefnu í öllum flokkum nema einum. Framsóknarflokkurinn allur hefur staðið með honum. Ætla Vestfirðingar að þakka Halldóri fyrir sig með því að senda tvo framsóknarmenn á þing? Halldór Ásgrímsson er víðar í framboði en á Vestfjörðum. Hann er líka í framboði hér, ætlar þú að kjósa hann?"

Þetta er magnaður texti. Höfundar er ekki getið frekar en í Njálu en það læðist að manni grunur að slíkur stórsnillingur með penna í röðum alþýðuflokksmanna á Ísafirði sé varla til nema brottfluttur.

Ég hygg að það sé rétt, af því að ég gat þess að ég væri hafður sem höfuðsökudólgur í Skutli fyrir kosningar, að geta þess að þar var dreginn fram einn maður annar sem sökudólgur gagnvart hagsmunum Vestfjarða. Mér þykir rétt að geta þess að hann er einnig hafður hér með mynd og hyggst ég lesa upp það sem þar stendur, með leyfi hæstv. forseta: „Einar tryggur", stendur hér. (**Gripið fram í:** Hver er það?) „Einar Kristinn má hins vegar eiga það að hann hefur oftast verið sjálfum sér samkvæmur í kvótamálum. Alltaf þegar hann hefur átt þess kost að greiða atkvæði um kvótann þá hefur hann stutt kvótann með atkvæði sínu. Að vísu hefur hann ekki fengið tækifæri til að greiða atkvæði um kvótann á Alþingi sem varamaður. Þeir Matthías og Þorvaldur þorðu aldrei að taka þá áhættu en tækifærið fékk hann á fiskiþingi. Þar greiddi hann atkvæði með kvótanum. Morgunblaðið birti meira að segja ljósmynd af því í nóvembermánuði árið 1989."

Þá eru nú þessir sakamenn upptaldir sem áttu að tryggja hæstv. viðskrh. kjörfylgi á Ísafirði í kosningunum. Miðað við þá ritsnilld sem notuð var og hitt að blaðið var sett í dreifingu um leið og kosningafundi á Ísafirði var lokið og eftir að önnur blöð komu út var ekki auðvelt að svara því sem hér stóð. Það var hluti af herkænskunni.

Nú er það svo að allir verða að standa reikning gerða sinna. Það er þess vegna ekki undarlegt þó spurt sé: Hefur tilraunin farið fram með leiguna á kvótanum? Skilaði það slíkum árangri að nú verði allt sett í leigu eða er Alþfl. að leita að nýrri leið? Það er ekki upplýst. Þessu á hæstv. viðskrh. eftir að svara. Hæstv. viðskrh. á líka eftir að svara því hvort hann telji að þær breytingar sem nú eru gerðar á kvótakerfinu og sú ákvörðun að festa það í sessi séu hin rétta stefna Alþfl. Eða hvort þetta sé hluti af stefnu Alþfl. og hluti af stefnu Sjálfstfl. Ég tel nauðsyn að það sé sundurgreint hvað tilheyri hvorum aðila. Það er alveg vonlaust að hæstv. ráðherra geti mætt á kosningafund á Ísafirði og notað sömu greinarnar og síðast. Nú er tími reikningsskilanna. Nú verður að gera grein fyrir afstöðunni. Hver er stefna Alþfl.? Ekki þegar hann er að berjast

fyrir því að komast á þing heldur: Hver er stefna Alþfl. þegar hann er við völd í landinu til að stjórna? Þetta mikilvægasta mál Vestfirðinga, mikilvægasta mál þjóðarinnar, trúi ég ekki að sé orðin verslunarvara. Það sé hægt að kaupa Alþfl. til fylgis með einhverju öðru litlu máli. Er það hugsanlegt? Hver trúir því hér inni? Ekki nokkur aðili. Hér hlýtur að hafa átt sér stað stefnubreyting.

Ef hæstv. viðskrh. lýsir því nú yfir að það sé engin leið til að standa að þessu máli á þann hátt að aðgreina verð á skipum og kvóta á þann veg að verð á skipunum sé sjálfstætt og kvótinn fylgi ekki, þá ætla ég að benda hæstv. ráðherra á leiðina. Það voru til allt of margar jarðýtur á Íslandi einu sinni, það vildu allir koma þessum jarðýtum í vinnu, í vegagerð. Það hafði ekki nokkur verkstjóri frið, enginn ráðherra eða þingmaður hafði frið, allir hringdu í þessa aðila og báðu þá að koma jarðýtunni sinni í vinnu. Þá fóru menn að bjóða út vegagerðina. Þeir sem áttu lægstu tilboðin áttu að fá verkið. Ef ráðherrann er að leita að leið til að tryggja að þjóðin fái arðinn eins og hæstv. ráðherra hefur verið að tala um þá lætur hann náttúrlega bara bjóða út fiskveiðarnar við Ísland, lokað tilboð. Svona mikið af rækju, hver býður í? Fiskað á þessu ári, skilað á land. Leikreglurnar blasa við.

En ég vil spyrja hæstv. ráðherra: Heldur hann að eiginfjárstaðan hjá fyrirtækjunum á Vestfjörðum batni og þau séu betur fær um að halda velli? Það vill svo til að hæstv. viðskrh. hefur e.t.v. meiri upplýsingar um það en margur hér í salnum hver eiginfjárstaða þessara fyrirtækja er. Það er bankakerfið í landinu sem er búið að taka veð í skipunum, búið að taka veð í kvótanum og það gerðist áður en kvótakerfið var sett á sem veðið, eignin í skipunum var á þann veg að þau voru komin hátt upp fyrir byggingarverðið vegna þess að menn voru að selja réttinn til hafsins.

Ég held að þó menn trúi því e.t.v. að það sé hægt að leika sér á þann hátt að spila á það rétt fyrir kosningar að við búum við þá stöðu að við þurfum með einhverjum hætti að hefta veiðar þá held ég að til lengdar litið hljóti það að vera svo að almannaheill landsins byggist á því að arðurinn af fiskveiðunum skili okkur sterkara og öflugra þjóðfélagi og lífskjör séu góð í landinu af þeirri ástæðu. En ef aftur á móti menn neita að horfast í augu við þetta og vilja fara þá leið, einn, tveir, þrír sem Alþfl. boðaði í sinni grein þá er líka hægt að fara í það að hafa eftirágreitt aflagjald, leiðirnar eru til. En það er tvöfaldur flokkur í pólitík sem stendur þannig að málum að þetta stóra mál er haft í flimtingum fyrir kosningar en þegar menn eru komnir í ráðherrastóla er það kynnt að aðeins eitt prósent skilji á milli stefnu Alþfl. og Sjálfstfl. í þessu máli eins og hæstv. umhvrh. boðaði á Alþingi Íslendinga.

Nú verður hæstv. viðskrh. að gera grein fyrir stöðu málsins. Hver er stefna Alþfl.? Ég óska eftir því að hafa það á hreinu áður en ég tek þátt í atkvæðagreiðslu um þetta mál.

[15:09]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Við 3. umr. um brtt. við frv. um stjórn fiskveiða finnst mér rétt að leggja áherslu á nokkur atriði. Í 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða er kveðið á um að úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögunum myndi ekki eignarrétt. Ég tel að það hafi verið misráðið að fella tillögu Alþb. um það mál. Menn segja það almennt alls staðar að þetta sé sameign þjóðarinnar, en hæstaréttardómurinn sem gekk í máli Hrannar á Ísafirði hefur afsannað það. Það þýðir ekkert fyrir menn að koma hér upp og segja að sá dómur sé ekki marktækur á þann veg að hér sé neitt frekar um eign ákveðinna manna að ræða. Hæstaréttardómurinn segir svo að ekki er um villst að það er í uppsiglingu og þróunin verður áfram á þann veg. Hingað til hafa menn treyst á það og gert þessi kvótakaup þannig upp að um kostnað væri að ræða, sem var settur inn í rekstrarkostnað útgerðanna, en þetta væri ekki eign sem ætti að afskrifa.

Ég vil einnig leggja áherslu á að ég tel að lögin um stjórn fiskveiða hafi ekki skilað því sem þau áttu að gera. Þau áttu að stuðla að fækkun fiskiskipa, þau áttu að stuðla að verndun fiskstofna og tryggja trausta atvinnu og byggð um landið. Rétt áðan var verið að ræða um innflutning skipa að nýju og það er búið að ákveða það með þeirri afgreiðslu að aftur verður hleypt inn þeim skipum sem búið er að afskrá út úr landinu. Það er því ekki um það að ræða að lögin um stjórn fiskveiða hafi þau áhrif að um fækkun fiskiskipa verði að ræða.

Það er einnig rætt um verndun fiskstofna en það er staðreynd að menn kasta fiski í sjóinn og samkvæmt því sem kom fram á fundi sjútvn. gæti það verið allt upp í 30%. (**Gripið fram í:** Hver sagði það?) Það sögðu ákveðnir aðilar á fundi hjá sjútvn. Ég var ekki stödd á þeim fundi þar sem ég á ekki aðild að nefndinni, virðulegi þingmaður, en menn vita það samt sem áður, hvort sem það er 30% eða hvað sem það er, að fiski er kastað í sjóinn. Og þegar menn eru að tala um verndun fiskstofna sem á aðallega að gera með því að setja á aflatakmörkun sem segir okkur að ákveðnar þúsundir tonna megi veiða úr sjónum, þá er í raun og veru ekki verið að tala um verndun fiskstofna. Það er ekki verið að tala um það hvað kemur upp úr sjónum. Það er verið að tala um það hverju er landað. Þetta vilja menn ekki horfast í augu við á Alþingi. Þeir vilja ekki horfast í augu við að þegar verið er að tala um aflatakmarkanir og verndun fiskstofna með því að setja ákveðið hámark á það hve mikið skip fái úthlutað í aflamarki, þá eru menn ekki að tala um verndun fiskstofnanna vegna þess að það er miklu meira sem veiðist.

Ef við tökum 30% af þorskstofninum, þá eru það 49.500 tonn. 30% sem verið er að tala um að sé kastað í sjóinn eru tæp 50 þús. tonn. Er þá rétt að tala um það að með því séum við að vernda fiskstofnana og sjá um að nýting þeirra sé sjálfbær og það sé verið að byggja þá upp með því að setja þetta aflamark á sem er bara það sem menn eiga að koma með að landi? Menn geta verið að henda tugum þúsunda tonna í sjóinn. Það hlýtur að hafa áhrif á uppbyggingu fiskstofnanna.

Þessu vilja menn ekki taka á og tillaga sextán-

menninganna, sem stundum hefur verið nefnd í umræðunni, gekk einmitt út á að viðurkenna það og reyna að hamla á móti því að fiski væri kastað í sjóinn, menn kæmu með aflann að landi.

Það hefur stundum verið sagt að trillubátar væru með mikið af smáfiski í lönduðum afla. Hver skyldi vera skýringin á því að trillukarlar séu stundum með mikið af smáfiski í lönduðum afla? Vegna þess að þeir eru utan kvóta. Þeir koma með allt að landi sem þeir veiða. Það skiptir ekki máli fyrir þá. Þeir koma með það sem kemur á öngulinn nema það séu smæstu fiskar sem þeir geta kastað lifandi en þeir koma með allt sem er dautt á önglinum eða er að drepast þegar þeir koma með þetta upp. Það liggur auðvitað þannig í því að vegna þess að þeir eru ekki háðir því að það sé metið hvað þeir koma með að landi í ákveðnu aflamarki, þá koma þeir með það sem veiðist að landi.

Ég ætla ekki að fara að halda neitt langa ræðu um stjórn fiskveiða. Ég tel þetta vera eitt af þeim stóru atriðum sem menn ættu að þora að taka á á Alþingi. Það gerist bara ekki samkvæmt því sem stefnir í lok umræðu um þetta mál. En ég vil leggja áherslu á að ég tel að það verði enginn friður um stjórn fiskveiða meðan menn þora ekki að viðurkenna sannleikann. Það er jafnvel svo að Morgunblaðið, þetta málgagn allra eins og það á að heita, (**Gripið fram í:** Blað allra landsmanna.) *blað allra landsmanna, hefur viðurkennt* það og varað við því að það verði enginn friður um stjórn fiskveiða nema tekið sé á öllum þessum málum í heild.

Í 2. umr. um þetta mál ræddi ég nokkuð aflamark báta undir 10 tonnum. Nú er komin fram brtt. frá Jóhanni Ársælssyni og Steingrími J. Sigfússyni þar sem *reynt er að koma að einhverju leyti til móts við* báta undir 6 brl. sem hafa verið á aflamarki. Mér sýnist að hér sé verið að leita ákveðinna lausna. Þó að það leysi ekki málið er það þó tilraun í þá átt að viðurkenna þann vanda sem þeir standa frammi fyrir sem völdu aflamarkið á sínum tíma og hafa síðan tekið á sig ómælda skerðingu á þorskveiðikvótanum. Ég vil bara fagna því að þessi tillaga skuli vera komin fram og vænti þess að menn skoði hvort ekki sé hægt að samþykkja þessa tillögu á Alþingi. Allir vita að það hefur verið rætt mikið um það að þær eru lítils háttar lagfæringar, það er vissulega verið að samþykkja á hinu háa Alþingi nokkrar lagfæringar á lögunum um stjórn fiskveiða, en þessir bátar og þeirra vandamál standa algerlega eftir.

Ég vil, virðulegi forseti, leggja áherslu á að á þessu þarf að taka. Ég tel einnig að því miður hafi ekki verið tekið á þeim vanda sem við er að etja í sambandi við það að menn kasta fiski í sjóinn.

[15:19]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég óskaði eftir því í morgun að hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., yrði viðstaddur þessa umræðu og ítreka það við upphaf ræðu minnar að hæstv. utanrrh. verði viðstaddur nú þegar ég mun beina til hans allnokkrum orðum. Meðan ég bíð eftir hæstv. utanrrh. og formanni Alþfl. vil ég beina þeirri spurningu til hæstv. sjútvrh. hvort hann hafi íhugað það þegar hann tók þá ákvörðun að auka rækjukvótann til þess að ná samkomulagi í þingflokki Sjálfstfl. um breytingartillögur á þessu frv. hvort afleiðingar þeirrar ákvörðunar kynnu fyrst og fremst að birtast í því að sókn íslenskra skipa á úthafið til rækjuveiða mundi minnka að sama skapi. Niðurstaðan yrði þess vegna sú að þessi ákvörðun sjútvrh. fæli í sér friðunaraðgerðir á rækju sem bundin er við úthafið.

Það er a.m.k. nokkuð sérkennilegt ef þessi ákvörðun hæstv. sjútvrh. verður ekki til þess að auka neitt rækjuaflann í sjálfu sér, heldur hefur það eingöngu í för með sér að íslensk skip munu draga úr sókn á rækjumiðum sem verið hafa á frjálsu úthafi. Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. svari þessari spurningu því að það er mjög mikilvægt að reyna að átta sig á því hvert samhengið er í þeim ákvörðunum sem ráðherra tekur varðandi hlutfallið milli þess afla sem sóttur er með hefðbundnum hætti og þess afla sem við höfum í auknum mæli verið að sækja á úthafið.

Virðulegi forseti. Nú ítreka ég ósk mína um það að *hæstv. utanrrh. komi til umræðunnar.*

(**Forseti** (SalÞ): Forseti hefur þegar gert ráðstafanir til þess að gera honum viðvart. Hann er í húsinu.)

Þá mun ég, virðulegi forseti, bíða eftir því að hæstv. ráðherra komi því að það var um kl. hálfellefu í morgun sem ég setti fram þá ósk að hæstv. utanrrh. yrði *viðstaddur.*

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. utanrrh. hefur fengið þessi skilaboð og væntanlega kemur hann fljótlega í salinn.)

Ég er út af fyrir sig reiðubúinn til að gera hlé á ræðu minni og bíða í salnum, forseti. En ég tel fullkomlega óeðlilegt þegar ósk hefur verið sett fram fyrir mörgum klukkutímum að hæstv. ráðherra yrði viðstaddur að hann hagi ekki störfum sínum með þeim hætti að geta orðið við þeim óskum.

Virðulegi forseti. Ég sé að hæstv. utanrrh. er kominn til umræðunnar og vil ég þá beina máli mínu sérstaklega til hans sem forustumanns annars stjórnarflokksins og þar með meginhöfundar þeirrar stefnu sem hér á að fara að lögfesta. Ég vil í upphafi rifja það upp að 1990 var lögð á það mikil áhersla af hálfu Alþfl., í tíð þáv. ríkisstjórnar, að tvímælalaust yrði það gert skýrt í lögum að sú skipan sem væri á stjórn fiskveiða væri tímabundin, að lögfest yrði að endurskoðun færi fram á stefnunni svo að tryggt væri að ekki væri verið að festa í sessi lengur en fáein ár þá skipan sem verið hefði. Mín fyrsta spurning til hæstv. ráðherra er því á þá leið: Hvar er tryggingin fyrir því í þeirri lagasetningu sem hér er verið að ganga frá að ekki sé verið að lögfesta þessa skipan til frambúðar?

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. utanrrh.: Hver af þeim stefnumálum í sjávarútvegsmálum sem Alþfl. lagði áherslu á við myndun þessarar ríkisstjórnar hafa náðst fram með þessari lagasetningu?

Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra að þegar hann var að réttlæta ákvörðun Alþfl. að mynda þessa ríkisstjórn, þá var það eitt af örfáum atriðum sem ráðherrann taldi upp til að réttlæta þátttöku Alþfl. í þessari ríkisstjórn að líkur væru á því að Alþfl. fengi mun meira fram af sínum stefnumál-

um í sjávarútvegsmálum í þessari ríkisstjórn en í öðrum valkosti. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. ráðherra að því hver af stefnumálum Alþfl. í sjávarútvegsmálum hafa náðst fram í þeirri lagasetningu sem hér er verið að lögfesta.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hvernig stendur á því að Alþfl. er ófáanlegur til þess hér á þingi að lögfesta breytingar á 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða sem tryggja það að úthlutun veiðiheimilda myndi ekki ígildi eignarréttar. Ég vil í því sambandi minna á að Alþfl. hefur hælt sér mjög af því á undanförnum árum að hafa átt hlutdeild að því ásamt Alþb. á sínum tíma að 1. gr. laganna um stjórn fiskveiða var breytt á þann veg sem við þekkjum, en ljóst er að sú breyting hefur haft takmarkað gildi. Hún hefur að vísu verið mjög mikilvæg en gildi hennar hefur verið takmarkað og þess vegna töldum við nauðsynlegt að tryggja almannaréttinn á fiskveiðistofnunum með skýrari hætti en gert er í gildandi lögum. Alþfl. greiddi atkvæði gegn því við 2. umr. málsins. Nú er það hins vegar þannig að enn er hægt að gera 1. gr. örruggari en hún er nú og ég vil þess vegna spyrja að því hvort Alþfl. sé reiðubúinn til samvinnu um það að gera eign þjóðarinnar á fiskveiðistofnunum afdráttarlausari og skýrari en gert er nú í 1. gr.

Í fjórða lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra að því hverjar af niðurstöðum tvíhöfða nefndarinnar ráðherrann telur að náist fram með þeirri lagasetningu sem hér er verið að ganga frá.

Ég vil í því sambandi rifja það upp að hæstv. ráðherra gaf um það mjög skýrar yfirlýsingar á sínum tíma að niðurstöður tvíhöfða nefndarinnar væru mikill ávinningur fyrir Alþfl. Það voru birtar skýrar greinar í Alþýðublaðinu og viðtöl við ráðherrann og yfirlýsingar sem hann setti fram til þess að verja hlutdeild Alþfl. í niðurstöðum tvíhöfða nefndarinnar. Er rétt að ítreka það einnig, sem ég veit að ég þarf ekki að rifja upp fyrir hæstv. ráðherra, að hann kaus að velja aðstoðarmann sinn, Þröst Ólafsson, til þess að gegna formennsku í þessari nefnd þannig að sérstakt, beint og milliliðalaust samband væri á milli ráðherrans í utanrrn. og formennskunnar í tvíhöfða nefndinni. Einnig lagði Alþfl. á það svo mikla áherslu að það skapaði krísu í ríkisstjórninni í nokkrar vikur á sínum tíma að Alþfl. ætti aðild að formennskunni í tvíhöfða nefndinni. Ekkert í þessari sögu þarf ég að rifja upp fyrir hæstv. ráðherra. En í ljósi þess og í ljósi þess að í frv. til laga, þskj. 360, um breytingar á lögum um stjórn fiskveiða er að finna þessa ítarlegu skýrslu tvíhöfða nefndarinnar, þá er satt að segja mjög fróðlegt að fara yfir þær tillögur sem hún gerir og horfa síðan á frv. eins og það blasir við eftir 2. umræðu og ríkisstjórnarmeirihlutinn ætlar að lögfesta hér á Alþingi.

Ég vil fara yfir þessa tillöguliði örfáum orðum.

Lagt er til að efla rannsóknir á lífríkinu í hafinu sérstaklega. Það hefur nú ekki farið mikið fyrir því, hæstv. ráðherra. Þvert á móti hafa verið felldar við fjárlagaafgreiðslu tillögur um litlar upphæðir til þess að auka þessar rannsóknir sérstaklega.

Í öðru lagi er lagt til að aflamark verði sett á keilu, löngu, lúðu, steinbít og blálöngu. Það væri fróðlegt ef hæstv. ráðherra upplýsti hvað þeirri tillögu líður.

Í þriðja lagi er lagt til að heimilt verði að framselja aflahlutdeild báts yfir á vinnslustöð enda hafi vinnslustöðin gilt útflutningsleyfi. Ekki skal skrá meiri kvóta á fiskvinnsluhús en sem svarar eðlilegri vinnslugetu þess. Það þarf auðvitað ekki að tíunda það fyrir hæstv. ráðherra að horfið hefur verið algjörlega frá þessari tillögu þrátt fyrir það að hún njóti stuðnings ýmissa í þingsalnum.

Síðan er í fjórða lagi tillaga um smábátaveiðar, mjög ítarleg, sem ég ætla ekki að tefja tímann með að lesa. En það er auðvitað öllum ljóst í þessum sal að þessar tillögu er hvergi að finna í þeim lagatexta sem hér á að fara að lögfesta.

Í fimmta lagi er tillaga um það að leggja af tvöföldun kvóta vegna línuveiða í mánuðunum nóvember til febrúar. Það er ekki heldur ætlunin að lögfesta þá tillögu í þeim lagatexta sem hér á að afgreiða.

Í sjötta lagi er lagt til að ekki sé mismunað sjóvinnslu og landvinnslu í löggjöfinni. Það er auðvitað alveg ljóst að það er ekkert í lagatextanum sem felur það í sér.

Í sjöunda lagi er að óheimilt verði að fyrna kaupverð varanlegra aflahlutdeilda sem eigendaskipti verða að frá og með upphafi fiskveiðiársins sem hefst 1. sept. 1996 og það er líka alveg ljóst að það er ekkert í lagatextanum um það.

Í áttunda lagi er lagt til að rýmkaðar verði heimildir erlendra aðila til fjárfestinga í íslenskum sjávarútvegi, einkum varðandi óbeina eignaraðild. Það er mál sem við þekkjum öll hvernig er á vegi statt.

Ég hef nefnt hér meginhluta þeirra tillöguefna sem tvíhöfða nefndin gerir að sínum. Þegar litið er yfir þessar tillögur og þann texta sem hér á að lögfesta þá er það alveg ljóst, hæstv. utanrrh., að öll þessi mikla tilraun með tvíhöfða nefndina hefur mistekist. Ég vil þess vegna spyrja hæstv. utanrrh., formann Alþfl., hver sé niðurstaða hans eftir þetta rúmlega tveggja ára stríð um tvíhöfða nefndina. Fyrst stríðið um formennskuna í nefndinni, síðan stríðið um tillögur nefndarinnar og að lokum stríðið um örlög þessara tillagna sem nú er greinilega að mestu leyti tapað.

Ef tvíhöfða nefndin — nú vil ég biðja hæstv. ráðherra að fylgjast með þessum spurningum því þótt hann kunni að vilja þiggja aðstoð frá formanni Sjálfstfl. í tvíhöfða nefndinni sem tók það verk að sér þegar hinn formaður Sjálfstfl. í tvíhöfða nefndinni gafst upp þá er ég fyrst og fremst að ræða hér við formann Alþfl. en það sýnir kannski best hvernig hann er orðinn staddur í þessu máli að hann getur ekki tekið við þessum spurningum nema fá ítarlega aðstoð og fyrirmæli frá formanni Sjálfstfl. í tvíhöfða nefndinni um það hverju hann eigi að svara. Hefur nú ráðgjöf hv. þm. Vilhjálms Egilssonar lokið að sinni til hæstv. utanrrh.?

Hver er þá árangurinn af stríði Alþfl. í sjávarútvegsmálum á öllu þessu kjörtímabili, hæstv. utanrrh.? (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að Vilhjálmur svari?) Það er nú óþarfi að láta hv. þm. Vilhjálm Egilsson svara

fyrir Alþfl. en það er hins vegar athyglisvert að hann treystir ekki ráðherranum til að svara einum spurningunum og er hlaupandi til hans mælandi í eyra hans hvað hann eigi að segja og munu þingskjölin geyma það eilíflega, frásögn af því hvernig hv. þm. Vilhjálmur Egilsson þurfti að aðstoða formann Alþfl. á þessari lokaafgreiðslu laganna um stjórn fiskveiða sem hefur verið, hæstv. utanrrh., næst á eftir Evrópumálunum, helsti textinn í öllum ræðum ráðherrans. Ég þarf nú ekki að rifja upp frægar ræður á Akureyri og annars staðar, LÍÚ fundum og við önnur tækifæri, þar sem ráðherrann hefur tekið stórt og mikið upp í sig varðandi þessi mál.

Spurning mín er síðan sú: Hvað ætlar Alþfl. að gera nú? Nú er Alþfl. að berja hér í gegn varanlega lögfestingu á þessari skipan um stjórn fiskveiða. Mér sýnist niðurstaðan verða sú að nánast ekkert af því sem forusta Alþfl. hefur sett á oddinn sem baráttumál í þessum málaflokki hafi náðst fram. Munurinn á þessari niðurstöðu, hæstv. utanrrh., og þeirri niðurstöðu sem við náðum fram 1990 er sá að í þeirri niðurstöðu fékkst viðurkenning á því að stjórn fiskveiða væri ekki varanleg í því formi sem hún var þá og á að lögfesta nú. Nú aftur á móti er Alþfl. að gangast inn á það að þessi skipan sé varanleg. Þannig að niðurstaðan úr ríkisstjórnarþátttöku Alþfl. í þessu máli er að hann beygi sig undir það að það kerfi sem hann hefur gagnrýnt manna harðast og lengst allra um stjórn fiskveiða er fest í sessi. Að því leyti er auðvitað hægt að óska hæstv. sjútvrh. til hamingju með það að hafa unnið hæstv. utanrrh. svona rækilega í þessu stríði, alveg eins og hann hefur unnið ráðherrann í þyrlustríðinu. En það eru dálítið sérkennileg örlög fyrir jafnvígfiman baráttukappa eins og hæstv. utanrrh. að tapa ávallt þessum stríðum.

Nú getur það vel verið að hæstv. utanrrh. kjósi, eins og hæstv. viðskrh., að segja bara ekki neitt í þessari umræðu og þá er auðvitað að taka því og draga sínar ályktanir af því. En mér fyndist lítið leggjast fyrir mikinn kappa í baráttunni um sjávarútvegsmál á Íslandi á síðustu 10 árum að láta þessari umræðu ljúka á Alþingi án þess að ráðherrann hafi talað. Ég minnist þess ekki að ráðherrann hafi talað við 2. umr., það má þó vel vera að hann hafi gert það. En ég minnist þess ekki. Ég minnist þess ekki að hæstv. utanrrh. hafi nokkuð tjáð sig um þessa slátrun á tillögum tvíhöfða nefndarinnar. Ég minnist þess ekki að hæstv. utanrrh. hafi tjáð sig um þær tillögur sem kokkaðar voru í þingflokki Sjálfstfl. og eru að verða burðarásinn í þeirri afgreiðslu sem hér á að fara fram. Ég hef þess vegna kosið að rifja þetta hér upp til þess að hafa það alveg hreint að hæstv. utanrrh., formanni Alþfl., var gefið tækifæri til þess, a.m.k. á síðustu klukkustundunum áður en lokaatkvæðagreiðslan fer fram um lögin um stjórn fiskveiða, lög sem hafa engin tímabundin ákvæði í sér og munu þess vegna gilda um aldur og ævi, hæstv. utanrrh., um aldur og ævi, nema það myndist hér eitthvert stjórnmálaafl til að taka þau upp og sá er munurinn á lagasetningunni 1990 að nú er Alþfl. að skrifa upp á þennan víxil til lífstíðar. Ég hef þess vegna kosið að rifja þetta upp fyrir ráðherranum, gera þetta alveg skýrt og gefa honum og Alþfl. kost á því að gera þinginu og þjóðinni á þessu lokastigi grein fyrir svörum við þeim spurningum sem ég hef borið fram.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111.

[15:44]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það kom fram fyrr við þessa umræðu að ég væri tilbúinn til þess í ljósi þeirra umræðna sem fram höfðu farið að beita mér fyrir því að önnur útfærsla yrði á því frv. sem hér liggur fyrir. Hugmynd mín var þá sú að í stað þess að afnema lagaákvæðin þá yrðu þau gerð óvirk og ráðherra fengi síðan heimild að tilteknum skilyrðum uppfylltum að gera þau virk á nýjan leik. Í samræmi við þetta hef ég lagt fram brtt. sem felur efnislega þessi ákvæði í sér og heimila sjútvrh. að ákveða að inn- og útgreiðslur hefjist að nýju þegar leyfilegur árlegur heildarafli af þorski fer yfir 250 þús. lestir.

Ég vænti þess að þessi brtt., eins og hún liggur hér fyrir, geti greitt fyrir afgreiðslu málsins á þann veg eins og ráð er fyrir gert í frv. um ráðstöfun á fjármunum hans og síðan með þeirri breytingu sem þessi tillaga gerir ráð fyrir.

[15:46]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Ég vil fagna því að hæstv. ríkisstjórn hefur breytt um stefnu í þessu máli, þ.e. er hætt við það að leggja Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins niður sem ég tel vera rétta ákvörðun og get í sjálfu sér fellt mig við að það sé gert með þeim hætti að sjóðurinn taki ekki til starfa á nýjan leik fyrr en ákveðnum afla er náð því það er út af fyrir sig ekkert sem bendir til þess að það skapist svigrúm til þess að greiða inn í sjóðinn alveg á næstunni. Hitt er svo annað mál að það er gert ráð fyrir því að taka þá fjármuni sem þessi sjóður á, sem eru rúmar 200 millj., til almennra nota ríkissjóðs og ég er andvígur. Ég tel eðlilegt að þessir fjármunir séu geymdir inni í Verðjöfnunarsjóði eins og til var stofnað og í reynd þá hefur komið í ljós að allt þetta mál hefur fyrst og fremst gengið út á það að ná í þessar krónur. Á sínum tíma ætlaði ríkisstjórnin sér að selja hluta af aflaheimildum Hagræðingarsjóðs til þess að fjármagna Hafrannsóknastofnun. Það kom fljótlega í ljós að það gekk ekki upp m.a. vegna aflabrests. Í kringum það mál allt var mikil umræða sem ég ætla ekki að fara að rifja upp hér en þegar menn loksins viðurkenndu eftir rúmt ár, ef ég man rétt, að það gekk ekki upp þá fundu menn upp á því að ná í þessar krónur í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins.

Ég er því andvígur því að þessir fjármunir séu teknir inn í ríkissjóð og efnahagsleg áhrif af því eru að sjálfsögðu engin því það hlýtur að vera jafngott að geyma peningana þar áfram. En það er einhvern veginn þannig með núverandi hæstv. ríkisstjórn að ef hún sér einhverja sjóði sem hafa myndast þá leggur hún sig fram um það að eyða þeim og nota peningana. Þess vegna eru ummælin um svokallað sjóðasukk nokkuð mikil öfugmæli í munni hæstv. ráðherra, þ.e. þeirra sem nota það orðalag.

Ég vildi síðan spyrja hæstv. sjútvrh.: Hvert verður framhald þessa máls? Verður sett ný nefnd í málið þar sem framtíð Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins verður rædd? Auðvitað vitum við að það eru ákveðnir gallar á sjóðnum eins og hann er í dag og nauðsynlegt að vinna að málinu áfram. Ég er hins vegar þeirrar skoðunar að í þeirri nefnd sem vann að þessu síðast hafi ekki verið sú breidd sem til þarf enda hefur það komið í ljós að það að Seðlabankinn og Þjóðhagsstofnun og hagsmunasamtök launþega og vinnuveitenda, þá á ég við landssamtök, hafa ekkert komið að málinu, ekki einu sinni verið spurð í sambandi við það, það voru mistök. Ég er ekki þar með að segja að það hafi verið nauðsynlegt að hafa fulltrúa frá öllum þessum aðilum í nefnd til undirbúnings málsins, en ég tel nauðsynlegt að að málinu verði unnið áfram. Það hefur verið mikið starf unnið í sambandi við Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins í gegnum tíðina og þar hafa allir stjórnmálaflokkar að komið og ég tel nauðsynlegt að þetta starf haldi áfram og þess vegna vildi ég að það lægi hér fyrir áður en þessari umræðu lýkur hvernig hæstv. sjútvrh. hefur hugsað sér að halda á málinu.

[15:51]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson):

Frú forseti. Það frv. sem hér liggur fyrir er flutt í samræmi við tillögur þeirrar nefndar sem hv. 1. þm. Austurl. vitnaði hér til. Þar er m.a. vikið að því að nauðsynlegt sé að huga að þessu verkefni sem er sveiflujöfnun innan sjávarútvegsins og ég hafði hugsað mér að það yrði gert. Á hinn bóginn er alveg ljóst að ég held að það sé rétt mat sem nefndin kemst að niðurstöðu um að um þá framkvæmd sjóðsins sem núgildandi lög mæla fyrir um er ekki sátt. Ég held að við þurfum ekki að eyða mörgum orðum um það, það höfum við rætt áður, en ég hafði hugsað mér að í ljósi þess að sjóðurinn verður með þessum lögum, ef sú brtt. verður samþykkt sem ég hef hér flutt, óvirkur á næstu árum, að sá tími yrði notaður til að huga frekar að því með hvaða hætti mætti ná samstöðu um sveiflujöfnun innan greinarinnar.

[15:53]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Ég vil aðeins að það komi hér fram að ég tel að þessu fjármagni, sem hér er verið að tala um að verja til ríkissjóðs, sé ekki skynsamlega ráðstafað eins og lagt er til í brtt. á þskj. 668 frá meiri hluta sjútvn. Mín skoðun er sú að ef menn hefðu haft þá stefnu og það markmið að verja þessu fjármagni á einhvern annan hátt úr sjóðnum heldur en upphafleg áform voru um þá tel ég að besta sáttin um það mál hefði orðið sú, og það hefði ég viljað að orðið hefði ofan á, að verja því fjármagni öllu saman til kaupa á björgunarþyrlu sem svo sannarlega er þörf á í dag. Um það held ég að hefði orðið sem best sátt við þá aðila sem hafa verið að greiða í þennan sjóð.

[15:54]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur orðið stefnubreyting í þessu máli. Nú liggur það fyrir að þessi sjóður eigi að liggja í dái í einhvern tíma en ekki að verða lagður niður eins og tillagan var nú um. Ég vil segja um það, sérstaklega vegna orða hæstv. ráðherra hér áðan, að það er mín skoðun að það eigi ekki að láta þennan sjóð liggja í dái lengi. Mér finnst að að þurfi að taka á þessu máli strax, að undirbúa það með hvaða hætti sjóðurinn á að starfa í framtíðinni. Ég tel að það sé það mikilvægt verkefni sem þessi sjóður á og getur haft að það yrði mikið slys ef það ætti að láta þá hluti liggja lengi ógerða að undirbúa það með hvaða hætti hann á að starfa.

Ég vil líka segja það að ég tel að það hefði verið miklu skynsamlegra að vera ekki að ráðstafa þeim fjármunum sem eru í sjóðnum einfaldlega vegna þess að það er þá meiri möguleiki til þess að sjóðurinn verði settur á stað til þess að þjóna því hlutverki sem til er ætlast af sjóði sem þessum með styttri fyrirvara heldur en ella. Mér finnst að það beri svolítinn brag af því að það sé ekki fullur hugur á bak við þennan viðsnúning málsins að tæma peningana úr sjóðnum og tala síðan um það eins og það sé sjálfsagt mál að hann muni verða óvirkur árum saman eftir að Alþingi skilur við málið með þessum hætti eins og nú liggur fyrir. Þess vegna lýsi ég yfir áhyggjum mínum af þessu, að það sé ekki full meining í því að ætla að nýta sér þennan sjóð, og segi ég það sem mína skoðun að það þurfi að vinna að þessum málum skipulega og strax og koma botni í það með hvaða hætti sjóðurinn á að vinna í framtíðinni.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, 3. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 852, brtt. 1288 og 1290.

[15:57]

Frsm. efh.- og viðskn. (Halldór Ásgrímsson):

Frú forseti. Á þskj. 1288 hefur verið flutt brtt. frá efh.- og viðskn. þar sem gert er ráð fyrir því að í stað þess að tiltekin séu ákveðin byggðarlög þangað sem dísilolíu er verðjafnað þá er ákveðið að bæði bensíni og dísilolíu sé verðjafnað á alla útsölustaði í byggð. Þar af leiðandi er ekki lengur nauðsynlegt að telja upp einstaka staði og því hefur sú upptalning verið felld brott.

Einnig er flutt brtt. um það að í stað orðsins „verslunarstaður" komi útsölustaðir. Sú brtt. hefur verið flutt af efh.- og viðskn. og er til samræmis við þessa breyt-

ingu, þ.e. að verðjöfnunin nær til allra útsölustaða, en ef olía er flutt frá útsölustöðunum og annað þá nær verðjöfnunin ekki til þeirra flutninga.

Um þetta mál er fullt samkomulag í efh.- og viðskn. og mælir nefndin með því að þessar brtt. verði samþykktar og frv. þannig breytt verði afgreitt hér á Alþingi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977 og 1289.

[16:00]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það urðu mér gífurleg vonbrigði þegar ég áttaði mig á því með sölu á SR-mjöli að ríkisstjórn Íslands, sem hafði tekið tíma í það í það minnsta á einum ríkisstjórnarfundi, ef ekki mörgum, til að semja sér verklagsreglur um hvernig standa bæri að eignasölu hjá ríkinu, selur þetta stórfyrirtæki og þverbrýtur reglurnar. Í sjálfu sér er það fyrst og fremst til að hlæja að því að hafa reglur sem eiga að gilda til að selja einhverjar litlar eignir. Við höfum skoðað fjárlögin, við höfum farið yfir heimildagreinar sem þar eru. Þar er verið að veita fjmrh. heimild til að selja eitt hús, allt niður í 8 hektara lands. Hann má þetta ekki án þess að Alþingi samþykki. Hins vegar búum við við þann fáránleika að það hafa ekki verið samdar reglur um fjárgreiðslur úr ríkissjóði sem hafa verið gerðar að lögum. Inni í þeim var á sínum tíma ákvæði um hvernig standa bæri að eignasölu. Og þegar ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt ákveðnar leikreglur þá fleygir hún þessum leikreglum til hliðar þegar kemur að því að selja stórfyrirtæki eins og SR-mjöl.

Það er þess vegna ekki óeðilegt að spurt sé í þeirri umræðu sem hér fer fram: Þessar leikreglur sem voru birtar, voru þær hugsaðar fyrir fréttamenn, voru þær hugsaðar fyrir blaðamenn, voru þær hugsaðar svona uppsláttur í blöðum, útvarpi og sjónvarpi til þess að reyna að koma því á framfæri við þjóðina að markmiðið með þessum reglum væri að tryggja heiðarlegar verklagsreglur við sölu á eignum? Við erum með verklagsreglur hvernig á að kaupa hluti fyrir ríkið, allt niður í smæstu hluti fyrir skóla og sjúkrahús. Innkaupastofnun ríkisins hefur séð um að kaupa slíka hluti og vafalaust hafa margir fengið bágt fyrir hafi þeir farið fram hjá þessu og keypt hluti fram hjá því sem Innkaupastofnun ríkisins taldi að væri sitt verksvið. Ég minnist þess að ég var einu sinni ávíttur fyrir það að hafa keypt, að mig minnir, tvær eða þrjár ritvélar, sem voru keyptar fyrir skóla, og ég játa það að ég hreinlega gerði mér ekki grein fyrir því að það væri verkefni Innkaupastofnunar ríkisins að sjá um kaup á þessum vélum. En svo selja menn stærstu eignir sem við höfum, hlutabréf, og þá allt í einu skiptir það engu máli. Þá leyfa menn sér að halda því fram hér í ræðustól að það sé aðalatriðið að eignirnar komist í góðar hendur, hitt skipti ekki máli, hvort ríkið er að tapa stórfé, hvort ríkið er að gefa þessar eignir.

Nú er komið að sölu á Áburðarverksmiðju ríkisins. Það er trúlega rétt að rifja það upp á þessari stundu að þessi verksmiðja var byggð fyrir Marshall-aðstoð. Hún var byggð fyrir fjármuni sem Bandaríkjamenn lögðu til til þess að koma hjólum efnahagslífsins til að snúast í Evrópu eftir heimsstyrjöldina síðari þegar Evrópa var í rúst. Hluti af þessum peningum á Íslandi fór til þess að byggja Áburðarverksmiðjuna. Mun meira af þessu fé fór í orkuframkvæmdir. Þetta var gert með þeim hætti að það voru fluttar inn vörur, svokallaður mótvirðissjóður var myndaður og í hann fór verðmæti þeirrar vöru sem hingað var flutt inn frá Bandaríkjunum. Þessi mótvirðissjóður varð svo seinna eitt af þeim verðmætum sem Framkvæmdastofnun ríkisins fékk í sínar hendur og þaðan má segja að seinustu leifar hafi fylgt þegar við fórum í það að láta Eignasýslu ríkisins sjá um þá hluti.

Ég rifja þetta upp hér og nú vegna þess að þegar þessi lán voru svo veitt frá mótvirðissjóði til þess að byggja Áburðarverksmiðjuna þá voru það mjög hagstæð lánakjör. Það var ekki nema brot af þeim peningum sem raunverulega kom til baka og það má þess vegna segja með sanni að Áburðarverksmiðjan hafi að nokkru leyti verið gjöf Bandaríkjanna til íslensku þjóðarinnar. En það var íslenska þjóðin sem fékk þessa peninga að gjöf, ekki einhverjir einstaklingar. Það þætti þess vegna dálítið skrýtið ef það hefði verið sent málverk til íslensku þjóðarinnar sem hefði verið hengt upp í Stjórnarráðinu og svo hefðu menn bara ákveðið að gefa það einhverjum gæðingum seinna meir. Heiðarlegar leikreglur eru nefnilega undirstaða þess að það sé hægt að treysta mönnum til þess að selja eigur ríkisins fyrir sannvirði.

Ég hefði ekki farið í að flytja þá brtt. sem ég flyt hér ef þær verklagsreglur sem ríkisstjórnin samþykkti 12. okt. 1993 hefðu verið virtar við söluna á SR-mjöli. En þegar maður horfir á þá staðreynd að þá var ekki talin nein ástæða til að virða reglurnar, engin yfirlýsing liggur fyrir frá ráðherra í dag hvort hann hyggist virða þessar reglur, aðeins heimildin til að selja, þá spyr maður sjálfan sig: Hvernig getur óbreyttur þingmaður borið ábyrgð á slíku? Hvernig getur hann borið ábyrgð á því að veita heimildir sem enginn veit eftir hvaða leikreglum verður unnið þegar kemur að framkvæmd þessara leikreglna?

Ég vildi að það næðist sátt í því máli við opinbera starfsmenn sem starfa í þessari verksmiðju hvernig þeirra launamál og réttindamál verða afgreidd. Það er líka stórmál. Það er stórmál að íslenska ríkið virði samninga, að það sé hægt að treysta íslenska ríkinu til að virða samninga, hvort heldur er við launamenn eða aðra. Hins vegar hallast ég mjög að því að það sé rétt að við séum komnir í þá stöðu með þessa verksmiðju, það er búið að ákveða að heimila innflutning á áburði erlendis frá af þeim áburðartegundum sem verksmiðjan framleiðir, það er hluti af okkar samningum við EES, og það er hægt að segja með sanni að þó að eig-

infjárstaða þessarar verksmiðju sé mjög góð, eignir hennar eru verulegar sé horft á það land sem hún á og þann húsakost sem hún á, að þá óttast maður það mjög að hér verði gripið til þeirra ráða að selja áburð til landsins á lágu verði í nokkur ár meðan verið er að koma verksmiðjunni á höfuðið. Og ástæðan fyrir því að ég segi þetta er einfaldlega sú að það þarf ekki neinar stórar aðgerðir til þess að koma þessari verksmiðju á höfuðið. Flutningsgjöld hafa lækkað mjög mikið á seinni árum miðað við þann tíma þegar verksmiðjan var byggð þannig að fjarlægðarverndin er orðin miklu minni. Verksmiðjan hefur einhæft sig við áburð. Hún gæti framleitt sprengiefni með góðum árangri, sprengiefni sem að sjálfsögðu er hægt að nota í friðsamlegum tilgangi við verktakaframkvæmdir og heyri ég nú úr hliðarsal að hún geri það að einhverju leyti í dag. Ég veit að það hefur verið notaður kjarni til að sprengja, en hvort hún hefur aukið þá framleiðslu er mér ekki kunnugt um. Sé það rangt hjá mér tek ég það til baka, en mér er ljóst að hún gæti farið út í verulega sprengiefnaframleiðslu. Þá er það spurning: Er einhver markaður þar frekar en á hinu sviðinu þannig að hægt sé að fara út í útflutning?

Annað atriði sem hlýtur að koma til álita þegar verið er að meta framtíðarstöðu þessa fyrirtækis er það að við erum með miklu meiri orkuframleiðslu í landinu en við getum selt og sérhvert fyrirtæki sem fer á hvolf og minnkar orkukaupin innan lands gerir það að verkum að skuldum af erlendum lánum er í reynd verið að velta yfir á aðra til að greiða þær, þ.e. aðra neytendur hjá Landsvirkjun. Þess vegna er það mjög viðkvæmt mál að reyna að tryggja það að þessi verksmiðja haldi velli.

Að lokum vil ég minnast á það atriði sem er náttúrlega stærsta málið í þeirri stöðu sem við erum og það er beinlínis að auka ekki á atvinnuleysið í landinu. Verksmiðja eins og Áburðarverksmiðjan er að fást við grundvallarstarfsemi sem gerir það að verkum að mörg störf í þjónustu tengjast hennar starfsemi og það munar um það, jafnvel þó að Reykjavík eigi í hlut, þegar slík verksmiðja fer á hliðina. Ég hef þess vegna verið hlynntur því að hún verði gerð að hlutafélagi og að henni verði veitt fullt fresi til að fara út í hvaða þá starfsemi sem hún telur hagstæða í efnaiðnaði til að styrkja sína stöðu en þetta er stærsta efnaframleiðslufyrirtæki landsins.

Af framansögðu stendur mér alls ekki á sama um það hvaða leikreglur verða notaðar við sölu á Áburðarverkmsiðjunni. Verður farið af stað, valinn út einhver þröngur hópur? Allt í einu gefin leifturfyrirmæli um það að nú skuli menn opna peningaveskin og sýna hve mikið er í þeim og ef þeir ekki svara því einn, tveir og þrír, þá séu þeir orðnir úr leik af því að þeir hafi ekki getað sýnt fram á að þeir ættu fyrir verksmiðjunni? Það verður ekki látið reyna á það til lengri tíma hvort þetta tilboð sé raunhæft eða ekki.

Nú er það svo að því meiri hraði sem notaður verður til að selja verksmiðjuna, þeim mun líklegra er að við fáum minna verð fyrir hana, svo einfalt er það. Og þegar íslenska ríkið er rekið með 10 milljarða halla ár eftir ár þá hlýtur það nú að skipta einhverju máli hvað við erum að gera við eigur ríkisins. Ég vil því, með leyfi forseta, lesa hér upp þá brtt. sem ég hef flutt og hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Við bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, III, svohljóðandi:

Farið skal að verklagsreglum ríkisstjórnarinnar samþykktum á ríkisstjórnarfundi 12. okt. 1993, gefnum út undir fyrirsögninni Verklagsreglur við framkvæmd einkavæðingar 14. okt. 1993, við sölu á hlutabréfum Áburðarverksmiðjunnar."

Auðvitað ætti það að vera svo að það þyrfti ekki að flytja svona mál, að það þyrfti ekki þegar ríkisstjórnin er búin að setja sér verklagsreglur, auglýsa þær með því að gefa þær út, þá mætti treysta henni til að fara eftir þeim. En miðað við þann hroka sem kom fram þegar rætt var um SR-mjölið og einfaldlega var sagt: Verklagsreglur ríkisstjórnar eru nú engin lög, það var boðskapurinn sem dundi, þá er ekki óeðlilegt að menn reyni að hnýta þá hnúta örlítið fastar til þess að hafa á hreinu hvaða aðferðir eigi að nota við sölu á þessum hlutabréfum.

Ég held nefnilega að það sé okkur verulegt alvörumál, þeirri kynslóð sem nú ber ábyrgð á landinu, að íslenska ríkið hefur verið eignast ansi margt í gegnum tíðina vegna skynsamlegra ákvarðana stjórnmálamanna sem stýrðu þessu landi. En í dag þróast þetta mjög hratt á þann veg að menn selja eða gefa eigur ríkisins og við hlöðum upp ríkisskuldum. Hæstv. núv. fjmrh. mun trúlega eiga Íslandsmet í þeim efnum þegar hann lætur af ráðherradómi og þessar skuldir verður að greiða.

Ef menn gefa eigur ríkisins þá verður enn þá meira sem almenningur þarf að greiða í sköttum þegar hann gerir upp þessar skuldir. Hér erum við þess vegna að tala að hluta til um það hvaða skatta þarf að leggja á almenning í landinu á næstu árum. Og það er satt best að segja ekki traustvekjandi skattastefna sem núv. ríkisstjórn hefur notað. Hún hljóðar raunverulega bara á einn veg: Hækkið tekjuskattinn. Afnemið skatta eða lækkið þá hjá fyrirtækjum. Þetta er þeim mun umhugsunarverðara að núv. foringi Alþfl. fór í mestu flugsýningu um landið sem nokkur þeirra foringja hefur farið í undir kjörorðinu „Hver á Ísland?" Og eitt af því sem hann boðaði á þessum fundum var að eignatengja tekjuskattinn. Það var sem sagt að viðurkenna það að maður sem ætti ekkert en þénaði vel ætti að borga lægri tekjuskatt en sá sem ætti mikið og þénaði vel vegna þess að hinn snauði þyrfti að eignast eitthvað til þess að standa jafnfætis, þó ekki væri nema þak yfir höfuðið. Það er kannski rétt að geta þess í þessu sambandi að þessi hugsun er ekki fjarlægari en svo hugmyndum kristinna manna um skattlagningu að tíundin spurði aldrei um tekjur manna. Tíundin spurði bara um eignir manna. Menn áttu að greiða tíund af eignum sínum, þ.e. ef menn ekki náðu því að hafa 10% arð af sínu eignum þá þurftu þeir að ganga á höfuðstólinn til þess að geta staðið í skilum við kaþólsku kirkjuna og tíundin fór m.a. til fátækra eins og menn muna og var almannatryggingakerfi þess tíma.

En hvað er orðið af foringjanum sem boðaði eignatengingu tekjuskattsins? Það er alger þögn. Eru þeir búnir að koma skatti á fjármagnstekjurnar? Hafa þeir verið að jafna kjörin í landinu? Nei. Þeir hafa stöðugt verið að auka þennan mun. Og svo þegar við alþingismenn treystum þeim fyrir því að selja eigur ríkisins, hvað gera þeir þá? Þá segja þeir: Kaupverðið er númer tvö, skiptir ekki máli. *Aðalatriðið, segja þeir, er að* koma eignunum í góðar hendur, að koma bréfunum í góðar hendur. Þegar búið er að leika þennan leik eins og með SR-mjöl er ekki skrýtið þó að menn treysti þeim illa þegar kemur að eign eins og Áburðarverksmiðju ríkisins. Það er ekki nema eðlileg krafa að þessi verksmiðja sem byggð var fyrir Marshall-aðstoðina og er þess vegna í reynd gjöf frá Bandaríkjunum til íslensku þjóðarinnar, ekki til örfárra útvalinna, að þeirri gjöf verði ekki varið á þann hátt að núna fái örfáir útvaldir *þetta gefins.*

Bandaríkjamenn eru kapítalistar. Þeir hefðu alveg getað hagað þessu á þann veg ef þeir hefðu viljað að láta fletta upp í kjörskrám og finna þóknanlega menn í réttum flokki til að gefa þessa peninga til að geta byggt verksmiðju ef þeir hefðu talið að það væri réttlætanlegt. En ef þeir hefðu ætlað að gera það, þá hefðu þeir þurft að koma því fyrst í gegnum bandaríska þingið, láta bandaríska þingmenn samþykkja slíka hluti. Marshall, þáv. fjármálaráðherra Bandaríkjanna, lét sér ekki detta það í hug. Hann var ekki með Marshall-aðstoðinni að hugsa um það að gera hina ríku ríkari. Hans hugsun var sú að koma hjólum efnahagslífsins í Evrópu aftur til að snúast svo að alþýða manna gæti búið við eðlileg lífskjör í Evrópu og komist út úr hörmungum heimsstyrjaldarinnar. Þess vegna hvílir á þeim mönnum sem nú ætla að selja þessi bréf sú ábyrgð að sjá til þess að Marshall-aðstoðin sem Íslendingar fengu verði ekki hirt af þjóðinni og afhent einhverjum gæðingum.

Útbýting þingskjala:

Ofbeldi gegn konum á Íslandi, 269. mál, nál. félmn., þskj. 1294; brtt. félmn., þskj. 1295.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti hefur fregnir af því að hæstv. landbrh. hafi rennt í hlað en hafi verið stöðvaður af fréttamönnunum hér fyrir utan og sé í viðtali en muni koma í húsið á hverri stundu. — Þá getur þessi umræða haldið áfram eftir því sem forseti metur stöðu mála.

[16:39]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég hef kvatt mér hljóðs til þess að beina nokkrum spurningum til hæstv. viðskrh. og iðnrh. og hæstv. landbrh. Í greinargerð fyrir þessu frv. kemur fram að önnur veigamikil rök fyrir að breyta rekstrarformi Áburðarverksmiðju ríkisins yfir í hlutafélagaform sé að rekstur fyrirtækisins verði hagfelldari og sveigjanlegri á ýmsa lund, svo vitnað sé orðrétt í greinargerðina. Það má því ráða af greinargerð frv. og einnig almennum rökum með frv. að við þessa breytingu verði reksturinn, eins og hér segir, hagfelldari og þá væntanlega arðbærari fyrir eigendur hlutabréfanna en áður.

Ég hef lesið þessa greinargerð mjög rækilega en ég hef hvergi séð minnst á tvö atriði sem ég held að hljóti að verða mjög veigamikil þegar staða þessa fyrirtækis verður metin eftir að breytingarnar hafa átt sér stað. Annað atriðið er orkuverðið sem fyrirtækið greiðir og *hefur greitt um langan tíma og hitt atriðið er hugsanlegar kærur annarra fyrirtækja á Evrópska efnahagssvæðinu út frá almennum samkeppnisreglum sem gilda á svæðinu.*

Á Íslandi hefur það tíðkast í verðlagningu á orku að fyrirtæki sem eru alfarið í eigu erlendra aðila eða með blandaðri eignaraðild og um eru sett sérstök lög hafa notið velvildar í verðlagningu á orku. Síðan eru önnur tilvik þar sem Landsvirkjun hefur tekið ákvörðun um að styrkja óbeint rekstur fyrirtækisins með því að selja orkuna *ódýrari en öðrum samkeppnisfyrirtækjum* í iðnaði er seld orkan á. T.d. er starfandi á höfuðborgarsvæðinu mikill fjöldi myndarlegra fyrirtækja í iðnaði sem þurfa að kaupa orkuna á miklu hærra og dýrara verði en Áburðarverksmiðja ríkisins hefur gert fram til þessa. Ég vil spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. hvort hann telji í fyrsta lagi eðlilegt að Áburðarverksmiðjan njóti áfram þeirra hagstæðu kjara í orkusölu ef fyrirtækið er selt á þann hátt að það verður eins og hvert annað einkafyrirtæki.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. iðn.- og viðskrh. að því hvort hann telji að það sé framkvæmanlegt út frá almennum samkeppnisreglum Evrópska efnahagssvæðisins og þeirri löggjöf sem tekið hefur gildi hér á landi að halda áfram þeim samningum sem gerðir hafa verið um orkusölu til Áburðarverksmiðjunnar eftir að hún er orðin hlutafélag í einkaeign og starfar þannig á almennum samkeppnisgrundvelli innan svæðisins. Í greinargerðinni kemur fram að í Vestur-Evrópu standa áburðarverksmiðjur með mikla ónýtta framleiðslu. Það er þess vegna alveg ljóst að aðrir samkeppnisaðilar á Evrópska efnahagssvæðinu munu mjög fylgjast með því hvaða starfsskilyrði þessu fyrirtæki eru búin. Með því að breyta fyrirtækinu í hlutafélag og selja hlutabréfin, eins og stefnt er að samkvæmt þessu frv., er augljóslega verið að gera fyrirtækið þannig úr garði að um það geta ekki gilt nein sérstök réttindi. — Virðulegi forseti. Nú er vont að missa hæstv. landbrh. úr salnum og er lágmark að þeir ráðherrar sem eru að leggja kapp á það að frumvörp þeirra séu afgreidd hér séu í salnum, sérstaklega þegar það eru ekki langar ræður sem maður ætlar að flytja.

(**Forseti** (GHelg): Hæstv. landbrh. er kominn.)

(**Landbrh.:** Landbrh. heyrði hvert einasta orð.) Það hef ég enga tryggingu fyrir vegna þess að hann var ekki hér í augsýn. (**Landbrh.:** Enda er þingmaðurinn skýrmæltur.)

Ég ætlaði að spyrja hæstv. landbrh. að því hvort hann geti lagt fram í þinginu athugun á því hvernig arðsemi fyrirtækisins breytist við breytingar á orkuverði. Hver er arðsemi Áburðarverksmiðju ríkisins ef hún greiðir sama orkuverð og önnur iðnfyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu þurfa að greiða? Getur hæstv. ráð-

herra lagt hér fram greinargerðir um það hvaða rekstrargrundvöll verksmiðjan hefur ef hún þarf að lúta slíkum almennum skilyrðum?

Við sem höfum setið í stjórn Landsvirkjunar þekkjum það mjög vel að það hefur verið almennur skilningur þar í stjórninni um langt árabil að Áburðarverksmiðja ríkisins verði að njóta sérréttinda í verðlagningu á orku. Þess vegna er staðreynd málsins sú að Landsvirkjun hefur óbeint styrkt kaupendur á áburði í landinu um langt árabil með verðlagningu á orku til þessarar verksmiðju. Verði þetta frv. að lögum og salan síðan framkvæmd á grundvelli laganna, þá sýnist mér einsýnt að Landsvirkjun hafi enga möguleika til að halda áfram þeirri verðlagningu. Mér sýnist líka einsýnt út frá þeim upplýsingum sem ég hef að þar með verði slíkur bullandi taprekstur á Áburðarverksmiðju ríkisins, verði hún að kaupa orkuna með sama verði og önnur fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu, að það muni ekki nokkur heilvita maður með vit á peningum kaupa hlutabréf í þessu fyrirtæki. Þess vegna sýnist mér að sé það ætlun ríkisstjórnarinnar að fá þetta frv. lögfest og framkvæma það, þá hljóti það að jafngilda því að Áburðarverksmiðja ríkisins verði lögð niður.

Ég sakna þess mjög að í framlagningu málsins er engin grein gerð fyrir orkuverðsþættinum sem þó er afdrifaríkasti þátturinn í rekstrargrundvelli verksmiðjunnar og sem, eins og ég hef hér rakið, hlýtur að taka breytingum við gildistöku frv. með hliðsjón af almennum samkeppnisákvæðum á Evrópska efnahagssvæðinu, enda bent á það í greinargerðinni að Áburðarverksmiðjur á þessu svæði eiga mikla ónýtta framleiðslugetu og hljóta þess vegna að huga vandlega að stöðu sinni í samanburði við Áburðarverksmiðju ríkisins. Mér sýnist þess vegna að ef hæstv. iðn.- og viðskrh. og hæstv. landbrh. geta ekki fullvissað þingið um það að Áburðarverksmiðjan muni áfram geta notið þeirra sérkjara sem hún hefur notið við kaup á orku, þá sé hér einfaldlega verið að lögtaka ákvörðun um það að leggja Áburðarverksmiðju ríkisins niður.

Nú má í sjálfu sér alveg ræða það hvort hér eigi að vera starfandi áburðarverksmiðja eða ekki. Ég ætla ekki út í þá umræðu hér og nú. En mér finnst það vera mikill galli af hálfu þessara tveggja ágætu ráðherra að gera þinginu ekki grein fyrir þessum þætti málsins. Til viðbótar við það sem ég hef nefnt, þá er það líka ljóst að verði starfsemi Áburðarverksmiðjunnar hætt þá hverfur af markaðnum hér á höfuðborgarsvæðinu einn af stærri viðskiptavinum Landsvirkjunar. Þar með er enn minni þörf á framkvæmdum í orkumálum fyrir almenna orkunotkun á höfuðborgarsvæðinu á næstunni þannig að tímasetningu nýrra virkjana sem hæstv. núv. iðnrh. hefur verið að gera grein fyrir að undanförnu hlýtur að seinka enn frekar. Þess vegna hefur þetta frv. miklu víðtækari afleiðingar en þær sem grein hefur verið gerð fyrir í umræðum um málið fram til þessa.

Ég ætla í sjálfu sér, virðulegi forseti, ekki að lengja þessa umræðu neitt frekar, en tel óhjákvæmilegt að þessir tveir virðulegu ráðherrar geri þinginu grein fyrir þessum þáttum málsins.

[16:50]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Mér er ljúft að svara spurningum hv. þm. en ég treysti mér ekki til að gera það á svo skömmum tíma að andsvar nægi en engu að síður mun ég ekki taka langan tíma í svörin.

Í fyrsta lagi er honum það kunnugt eins vel og mér, slíkum áhugamanni sem hann er eða segist vera um málefni sósíaldemókratismans í heiminum, að jafnaðarmenn, t.d. á Norðurlöndum og í Vestur-Evrópu, eru miklir áhugamenn um ábyrgðarvæðingu ríkisrekstrar, þar á meðal að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélagaform þannig að sömu kröfur séu gerðar til reksturs fyrirtækja án tillits til þess hvort hlutafjáreign eða eignarhaldið á þeim er að meiri eða minni hluta í eigu opinberra aðila eða einkaaðila. Þannig að það sem hér er á ferðinni, að breyta ríkisfyrirtækjum í hlutafélög þannig að rekstur þeirra sé með sama hætti og rekstur annarra fyrirtækja í landinu óháð eignaraðild, er bara einfaldlega sú þróun sem er að verða í löndunum í kringum okkur, þróun sem jafnaðarmenn t.d. á Norðurlöndum beita sér mjög ákaft fyrir um þessar mundir. Þetta hef ég kallað ábyrgðarvæðingu og er síður en svo spor aftur á bak. Ég teldi eðlilegt að fleiri atvinnufyrirtækjum en hér um ræðir í ríkiseigu eða eigu sveitarfélaga yrði breytt með sama hætti.

Í öðru lagi ef það væri rétt hjá hv. þm. að orkusölusamningar þeir sem í gildi eru eða sambærilegir samningar við Áburðarverksmiðjuna væru mismunun, óheimil samkvæmt reglum EES, þá mundi engu máli skipta hver væri eigandi slíkrar verksmiðju, hvort það væru einkaaðilar eða félag eða ríkisvaldið. Það er ekkert betri mismunun nema síður sé að ríkið mismuni fyrirtæki í eigu sjálfs sín en að ríkið mismuni fyrirtæki í eigu samvinnuhreyfingar eða í eigu einkaaðila. Væru það því rök í máli hv. þm. að menn væru að ráðgera mismunun í orkusölusamningum til Áburðarverksmiðjunnar eftir að búið var að breyta henni í hlutafélag þá væri sú mismunun sú hin sama þó ríkið ætti verksmiðjuna og jafnóheimil.

En þetta er bara einfaldlega ekki rétt hjá hv. þm. Það er ekkert sem bannar það að orkusölufyrirtæki geti gert samninga um orkusölu til einstakra orkukaupenda. Það er ekkert í EES-samþykktum sem bannar slíka samninga milli orkusala og orkukaupa. Nú er verið að undirbúa nýja tilskipun um orkumál á vegum Evrópusambandsins. Þar er gert ráð fyrir því að skipulag orkumála verði þannig að það verði sérstök félög mynduð um orkuvinnslu, það verði sérstök félög mynduð um orkudreifingu og það verði sérstök félög mynduð um orkusölu. Það er t.d. gert ráð fyrir því að það geti vel svo farið að menn telji það vera rétt af ýmsum ástæðum, m.a. byggðarlegum ástæðum, að það séu opinberir aðilar sem eigi orkudreifingarfyrirtæki, þ.e. orkuflutningsfyrirtæki, svo ég fari nú rétt með, en bæði orkuöflunarfyrirtæki og smásölufyrirtæki í orkusölu séu í höndum einstaklinga, sveitarfélaga eða ríkisins eins og verkast vill. Og svo við tökum t.d. ástandið í Noregi þá vita hv. þm. það væntanlega að þar eru mörg mismunandi orkusölufyrirtæki sem hafa hvert um sig

samninga við fyrirtæki sem kaupa af þeim orku, t.d. garðyrkjubændur, t.d. stóriðjufyrirtæki sem þurfa á mikilli orku að halda og orkuverðið sem samið er um á milli þessara orkusölufyrirtækja og orkukaupanna er mismunandi eftir því hvaða sölufyrirtæki eiga í hlut, eftir því hvaða orkukaupaaðilar eiga í hlut og þetta hefur ekkert að gera með samkeppnisreglur EES vegna þess að samkeppnisreglur EES eru ekki við það miðaðar að þeir sem hafa með höndum sölu vöru eða þjónustu verði að selja öllum kaupendum vöru eða þjónustu sömu vöruna og sömu þjónustuna á sama verði. Það er því ekkert sem mælir gegn því að sá aðili sem selur orkuna, hvort sem það er Rafmagnsveita Reykjavíkur, Rarik, Orkubú Vestfjarða, Landsvirkjun eða einhver annar, geri þann orkusölusamning við orkukaupa sem þeir telja rétt að gera sín á milli. Þetta er misskilningur hjá hv. þm. eins og best sést á því að í EES-tilskipununum sem í undirbúningi eru er einmitt gert ráð fyrir því að það séu mörg orkusölufyrirtæki sem starfi samhliða, sum þeirra geti verið í eigu einkaaðila, sum í eigu sveitarfélaga, sum í eigu samvinnufélaga, sum í eigu opinberra aðila og að það sé frjáls samkeppni þeirra á milli um sölu á orku með nákvæmlega sama hætti og það er frjáls samkeppni á milli fyrirtækja sem selja aðrar tegundir af vöru og þjónustu.

Þess vegna held ég að það sé engin hætta á því að Landsvirkjun eða hver sá aðili sem mundi taka við orkusölu til Áburðarverksmiðju ríkisins eða sambærilegra aðila á innanlandsmarkaði geti ekki gert þá samninga við þessa aðila sem þeir koma sér saman um og teljast vera hagfelldir fyrir báða.

Virðulegi forseti. Ég tel með öðrum orðum að fyrirspurn hv. þm. byggist á misskilningi. Hún er ekki í samræmi við þá tilskipun sem Evrópusambandið er nú að undirbúa um skipulag orkumála á því svæði sem væntanlega kemur þá til kasta Alþingis að fjalla um þegar liggur fyrir niðurstaða í því máli sem verið er að vinna núna á vegum Evrópusambandsins.

[16:58]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það mál sem hér hefur verið hreyft er auðvitað úrslitamál varðandi framtíðarrekstur Áburðarverksmiðjunnar hf. sem menn eru hér að tala um að stofna vegna þess að hagstætt orkuverð hefur verið undirstaðan undir rekstri Áburðarverksmiðju ríkisins.

Ég tel að þau svör sem liggja fyrir frá hæstv. iðnrh. séu mikilvæg að því er þetta mál varðar en ég vil þá bæta við einni spurningu og hún er þessi: Hvað mun hann sem yfirmaður Landsvirkjunar gera sem er hin hliðin á málinu? Landsvirkjun er í eigu ríkisins, ríkið ræður verðlagningu frá Landsvirkjun í grófum dráttum, þ.e. ráðuneytið og stjórn Landsvirkjunar eins og hún er á hverjum tíma. Ætlar hæstv. ráðherra að sætta sig við að raforkuverð til iðnfyrirtækja sé mismunandi frá Landsvirkjun? Gerir hann ráð fyrir því að iðnaðarfyrirtæki í landinu muni sætta sig við það að þau búi við mjög mismunandi raforkuverð eftir því hvað þau eru að framleiða? Ég er alveg sannfærður um það þó að hæstv. orkuráðherra sé ánægður með þetta fyrirkomulag sem ráðherrann lýsti hér áðan þá getur hæstv. iðnrh. ekki verið það vegna þess að ég er viss um að iðnfyrirtækin í landinu munu ekki þola það að þeim verði mismunað með þeim hætti sem hæstv. ráðherra var að lýsa hér áðan.

[17:00]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Landsvirkjun starfar samkvæmt samkomulagi sem gert var á milli eignaraðila og frágengið í tíð Hjörleifs Guttormssonar sem iðnrh. Þar er gert ráð fyrir því að stjórn Landsvirkjunar sé sjálfstæð í ákvörðunum sínum og iðnrh. eða orkuráðherra ræður ekki um verðlagningarmál á raforku frá Landsvirkjun. Síðasta dæmið um það, til þess að upplýsa þingmenn um það, er að ég beindi því til stjórnar Landsvirkjunar fyrir fáum vikum síðan að hún hækkaði niðurgreiðslu á raforkuverð til húshitunar álíka mikið og nam hækkun niðurgreiðslna á fjárlögum Alþingis til húshitunar og færði fyrir því fullgild rök að mínu mati að hækkun niðurgreiðslna Landsvirkjunar yrði tiltekin fjárhæð.

Hér situr hv. þm. Páll Pétursson sem á sæti í stjórn Landsvirkjunar og ég get fúslega upplýst það að Landsvirkjun tók ekki tillit til óska iðnrh. í þessum málum nema að takmörkuðu leyti og stjórn Landsvirkjunar afgreiddi hækkun á niðurgreiðslu raforku til húshitunar sem var mun minni en sú sem iðnrh. óskaði eftir. Með sama hætti veit ég að fyrrv. iðnaðarráðherrar hafa óskað eftir því við stjórn Landsvirkjunar að hún tæki til endurskoðunar verðlagningu á sölusamningum við dreifiveitur, t.d. dreifiveitu norður í Skagafirði, og beint var mjög eindregnum tilmælum til stjórnar Landsvirkjunar um að það yrði gert. Stjórn Landsvirkjunar hefur ekki afgreitt málið og eru þó nokkur ár síðan að tilmælin voru fyrst send og hafa verið ítrekuð síðan.

Þannig að hvað svo sem líður vilja iðnrh. í þessum málum þá hefur hann ekki valdið til þess. Það vald var af honum tekið, eða honum ekki fengið öllu heldur, með því samkomulagi um starfsemi Landsvirkjunar sem gert var og staðfest af hv. þáv. iðnrh. Hjörleifi Guttormssyni.

[17:02]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Þetta var fróðleg ræða en ég verð að segja alveg eins og er að ég áttaði mig ekki á því hvort fram kom í ræðunni svar við minni fyrirspurn sem var einfaldlega þetta: Mun hæstv. iðnrh. sem slíkur þola það að Landsvirkjun mismuni iðnfyrirtækjum í landinu eftir eigin geðþótta að því er varðar verðlagningu á raforku til iðnaðarframleiðslu? Það var sú spurning sem ég bar hér fram og hæstv. ráðherra svaraði ekki að ég best heyrði.

[17:03]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég svaraði því til áðan að það var þannig frá málum gengið af þáv. iðnrh. og núv. þing-

manni Alþb., hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að það skiptir engu máli hvað ráðherra vill eða vill ekki. Hann hefur ekki vald á málinu, valdið er alfarið í höndum stjórnar Landsvirkjunar og ráðherra verður samkvæmt þessu samkomulagi sem gert var af alþýðubandalagsráðherra að una þeirri niðurstöðu stjórnar Landsvirkjunar hvort sem honum líkar hún betur eða verr nema Alþingi sjái ástæðu til að breyta lögum um Landsvirkjun og samkomulagi sem gert var við eignaraðila í þá veru að fá iðnrh. þetta vald.

[17:04]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mikið hefði það verið æskilegt ef ráðherrar Alþfl. hefðu á undanförnum árum gert jafnskýran greinarmun á því sem hæstv. ráðherra kallar ábyrgðarvæðingu og hinu sem kallað er einkavæðing. Fyrirrennari hans á ráðherrastóli, Jón Sigurðsson, ruglaði þessu ávallt saman og kynnti það sem einkavæðingu hvað eftir annað að ríkisfyrirtæki væri breytt í hlutafélagaform. Það er auðvitað engin einkavæðing, það er bara breyting á rekstrarformi ríkiseigna. Einkavæðing er að flytja ríkiseign yfir í hendur einkaaðila. Þannig að ég fagna því að það skuli vera kominn ráðherra frá Alþfl. í iðnrn. og viðskrn. sem gerir sér grein fyrir muninum á því hvort um rekstrarform er að ræða eða eignarform og væri æskilegt að því yrði framfylgt. En ég vek athygli ráðherrans á því að í greinargerð með þessu frv. er ekki minnst á ábyrgðarvæðingu, ekki einu orði. Þetta frv. er kynnt í greinargerðinni eingöngu sem einkavæðingarfrumvarp og þess vegna spyr ég ráðherrann: Er þetta einkavæðingarfrumvarp eða ábyrgðarvæðingarfrumvarp?

Síðan sagði ráðherrann að það væri ekkert á valdi ráðherra að ákveða hvaða verð væri á orkunni frá Landsvirkjun til Áburðarverksmiðju ríkisins. Það er alveg rétt hjá ráðherranum. Fulltrúar Reykjavíkurborgar, Akureyrar og hluti ríkisfulltrúa í stjórninni geta með einfaldri samþykkt á stjórnarfundi breytt orkuverðinu til Áburðarverksmiðjunnar. Það var þess vegna sem ég spurði: Hefur ríkisstjórnin látið gera rekstrarathugun á arðsemi eignarinnar í Áburðarverksmiðju ríkisins út frá mismunandi orkuverði? Það hefur ekki enn þá komið fram neitt svar við þeirri spurningu. Hún er ítrekuð hér. Ég sé að hæstv. iðnrh. hefur ekki séð þá athugun þannig að ég bíð þá eftir því að hæstv. landbrh. svari spurningu minni um það hvort hann hefur látið gera slíka athugun.

[17:06]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér er enn um að ræða svör og andsvör við þeirri ræðu sem ég flutti áðan þannig að hæstv. landbrh. kemst ekki að fyrr en því er lokið en hann hefur þegar beðið um orðið. Ég vil aðeins þakka hv. þm. fyrir að benda á að ábyrgðarvæðing ríkisfyrirtækja er væntanlega af hinu góða. Ég skildi hans orð þannig og væntanlega styður hann þá þetta frv. þegar hann hefur fengið þá skýringu á því að að svo komnu máli er ekki um að ræða annað en ábyrgðarvæðingu, þ.e. breytt rekstrarform. Þá tel ég að við félagar getum fallist í faðma og afgreitt saman gott mál í anda þeirra sósíaldemókrata sem við teljum okkur báðir vera nokkuð skylda og eru að afgreiða sams konar mál í löndunum í kringum okkur.

[17:07]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það væri í sjálfu sér alveg hægt að ná samkomulagi við mig um þetta frv. ef það væri punktur á eftir orðinu „félaginu“ í 3. gr. en það er bara ekki punktur þar. Þar stendur: „Honum er heimilt að selja öll hlutabréf í félaginu eða hluta þeirra.“

Hér er sem sagt með þessu frv. verið að fela einum manni skilyrðislausa heimild til þess að selja þessa ríkiseign. Ég vek athygli ráðherrans á því að í fyrstu setningu greinargerðarinnar er vísað til hinnar almennu stefnu ríkisstjórnarinnar um einkavæðingu svo ég vitni bara orðrétt í þetta þannig að hið merka hugtak „ábyrgðarvæðing“, sem ég fagna að er komið hér fram, er bara hvergi í þessu frv.

Ég vil hins vegar nota seinna andsvar mitt til þess að draga í efa þá fullyrðingu hæstv. ráðherra að stofnanir EES-svæðisins mundu ekki gera athugasemdir við það að raforka til Áburðarverksmiðju ríkisins væri seld á öðru verði en raforka til almennra iðnfyrirtækja eftir að búið væri að selja fyrirtækið. Það er viðurkennt af ráðherranum sem ég sagði áðan að væri raforkan seld áfram á lægra verði væri um form af ríkisstyrk að ræða. Orkusölufyrirtækið er samfélagsleg eign ríkis og sveitarfélaga. Verðlagningarstefna til einkaaðila sem fæli í sér lægra orkuverð en til almennra iðnfyrirtækja væri bara annað form á ríkisstyrk.

Ég ætla ekki að fullyrða neitt um það að eftirlitsstofnanir Evrópska efnahagssvæðisins kynnu að kveða upp þennan úrskurð en ég tel ekki að það sé einsýnt að þær mundu ekki gera það því auðvitað er hægt að koma ríkisstyrkjum á framfæri með margvíslegum hætti. Það er einmitt hlutverk eftirlitsstofnunar EES að kanna það að menn séu ekki að koma ríkisstyrkjum á framfæri með óbeinum hætti og skekkja þannig samkeppnisstöðuna.

Áburðarverksmiðjur á Evrópska efnahagssvæðinu sem greiddu hærra orkuverð gætu þess vegna hæglega bent á það að það væri verið að mismuna samkeppnisaðilum á Evrópska efnahagssvæðinu ef þessi skipan héldist áfram.

[17:09]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Enn er hér um misskilning hjá hv. þm. að ræða. Ég hef verið að skoða mál þessu skyld sem er raforkusala til gróðurhúsa og gróðurhúsabænda og ég get fullyrt það til upplýsingar fyrir hv. þm. að það er ekki sama orkuverð til allra gróðurhúsabænda innan Evrópusambandsins. Það er mjög mismunandi verð bæði eftir því í hvaða landi er um að ræða sölu á orku til slíkra þarfa og eins hvaða orkufyrirtæki það er sem selur orkuna. Ég þori ekkert um það að fullyrða en mér er samt næst að fullyrða það úr ræðustól að ég sé sannfærður um að það sé ekki sama orkuverð til allra áburðarverksmiðja á svæði Evrópusambandsins.

Það er auðvitað alveg fráleitt að láta sér detta í hug að það brjóti í bága við samninginn um EES að tveir orkukaupendur, jafnvel þó í sömu grein séu, fái ekki orkuna á nákvæmlega sama verði á öllu svæðinu. Það er gersamlega út í hött og sýnir það, virðulegi forseti, að enn þarf að ræða, og ræða lengi virðist vera, þessi EES-mál áður en hv. þm. gera sér grein fyrir aðalatriðum og aukaatriðum í því sambandi.

[17:11]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal):

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. hefur í máli sínu svarað hv. 8. þm. Reykn. Ólafi Ragnari Grímssyni mjög skýrlega og skal ég ekki endurtaka það sem hann sagði hér. En varðandi þá fyrirspurn hv. þm. hvort ég geti lagt fram hér í þinginu athugun á arðsemi Áburðarverksmiðjunnar miðað við mismunandi orkuverð er því til að svara að auðvitað hafa slíkir reikningar verið lagðir fyrir á fundi með mér og forstjóra verksmiðjunnar. Ég vil líka segja að landbn. heimsótti Áburðarverksmiðjuna og forstjóri Áburðarverksmiðjunnar kom á fund landbn. Það er alveg vafalaust að þar hefur verið farið yfir rekstrarforsendur Áburðarverksmiðjunnar. Mér dettur ekki í hug að halda að fram hjá því hafi verið gengið í vinnu nefndarinnar og hygg að þau mál liggi þess vegna alveg hreint fyrir.

Hins vegar svaraði hv. þm. sér sjálfur. Hann tók það skýrt fram síðar í sinni ræðu eftir að hann bar fram fyrirspurnina að hann sem stjórnarmaður í Landsvirkjun hafi átt þátt í því að samþykkja lægra orkuverð til Áburðarverksmiðju ríkisins en til annarra orkufyrirtækja þar sem rresturinn hefði ekki getað staðið undir jafnháu orkuverði. Hann svaraði sjálfur spurningunni og svar hans og ályktun þýðir jafnframt að slíkar athuganir hafa verið kunnar stjórn Landsvirkjunar.

Ég vil að öðru leyti segja að eins og fram kom í máli hv. þm. Ólafs Ragnars Grímssonar, og kemur auðvitað ekki á óvart, er hann þeirrar skoðunar að eðlilegt sé að fyrirtæki eins og Áburðarverksmiðja ríkisins séu rekin af opinberum aðilum, séu ríkisfyrirtæki, þó hann að hinu leytinu hafi ekki gert grein fyrir því hversu langt hann vilji fara í ríkisvæðingu á verksmiðjurekstri. Það væri fróðlegt að fá um það upplýsingar frá hv. þm. hvort hann telji eðlilegt að ríkið fari þar inn á ný svið, hasli sér völl í verksmiðjuiðnaði almennt hér á landi eða hvar hann telji að takmörkin eigi að vera. Það var algjörlega óhugsandi að skilja hv. þm. með öðrum hætti, enda kemur sú afstaða hans ekki á óvart. Alþb. hefur verið helsti málsvari þeirra sem vilja ríkisafskipti. Ég hélt að Alþb. hefði nokkuð horfið frá þeirri stefnu upp á síðkastið en það hefur komið fram í þessum umræðum að ýmsir þingmenn Alþb. virðast enn við það sama heygarðshorn.

[17:15]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég undrast nú nokkuð að hæstv. landbrh. skuli vera hér með almennar fullyrðingar um stefnu flokka varðandi ríkisrekstur í þessari umræðu. Það gerir ekkert annað en lengja umræðuna, hæstv. landbrh., og ég áskil mér þess vegna rétt í tilefni af þessum fáránlegu orðum ráðherrans að taka aftur til máls um það atriði. Ég hafði ekki ætlað mér að lengja þessa umræðu en fyrst ráðherrann er að leyfa sér svona stráksleg delluathugasemdir eins og komu fram hjá honum hér áðan þá er það óhjákvæmilegt.

Hitt er svo mikilvægt að hæstv. ráðherra lýsti því hér yfir að hann væri reiðubúinn að leggja fyrir þingið athuganir á hagkvæmni og arðsemi Áburðarverksmiðjunnar út frá mismunandi orkuverði. Ég fagna því að hæstv. ráðherra ætlar að leggja það fyrir þingið áður en þetta frv. verður afgreitt sem lög frá Alþingi. Það verður þá gengið rækilega eftir því á milli 2. og 3. umr. að slík greinargerð verði lögð fram.

Forstjóri Áburðarverksmiðju ríkisins kom á fund utanrmn. á árinu 1992 og lýsti því þar yfir, ef ég man rétt, að ef ekkert væri gert sérstaklega í málefnum Áburðarverksmiðjunnar til að styrkja rekstrargrundvöll hennar eða koma í veg fyrir að ákvæði EES-samningsins næðu til hennar þá væri enginn grundvöllur fyrir rekstri verksmiðjunnar eftir að ákvæði EES-samningsins hefðu tekið gildi. Þannig að það sem forstjóri Áburðarverksmiðjunnar sagði á fundi utanrmn. er einfaldlega það að þetta frv. er bara frv. um dellu, hæstv. landbrh., vegna þess að það sem vísað er til í greinargerð frv. hefur það í för með sér að það verður enginn rekstrargrundvöllur fyrir verksmiðjuna að dómi forstjórans. Þess vegna er nauðsynlegt að hæstv. ráðherra leggi þessi gögn fram. Ég fagna því að hann lýsir því yfir hér að þau séu til og við munum ganga á eftir því að þau verði lögð fyrir þingið.

[17:17]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það hafi verið óviljandi sem hv. þm. fór með rangt mál. Ég sagði ekki að ég mundi leggja þessi gögn fyrir Alþingi. Þau hafa þegar verið lögð fyrir landbn. og það eru alveg nýir siðir ef það á að taka upp á því nú að óska eftir því að störf nefnda verði færð inn í hinn almenna þingsal. Þetta mál er mjög rætt. Það var komið til 3. umr. á síðasta þingi og hefur verið unnið mjög rækilega í því nú á þessu þingi. Fulltrúi Alþb. í landbn. getur upplýst hv. þm. um margt það sem hann kann ekki að vita um þessi efni og það eru eðlileg vinnubrögð eins og Alþingi ber að starfa og hið háa Alþingi hefur starfað.

Ég vil í öðru lagi segja að það er laukrétt hjá hv. þm. að ef markaðurinn fyrir áburð frá Áburðarverksmiðjunni dregst frekar saman þá eru takmörk fyrir því hversu lengi sé hagkvæmt að framleiða áburð í Áburðarverksmiðjunni. Það sem nú liggur fyrir og ég hygg að bæði starfsmenn og stjórn Áburðarverksmiðjunnar séu sammála um er að nauðsynlegt sé að taka þessi mál öll til gagngerðrar athugunar. Hik í þessum efnum eða dráttur gerir ekki annað en setja atvinnu þessa fólks í Áburðarverksmiðjunni í tvísýnu. Það er nauðsynlegt þess vegna að þetta frv. verði að lögum og eins og ég sagði áðan þá verður að hafa það þótt hv. þm. telji að það sé ósvífni af minni hálfu að minna á það hvar í litrófi stjórnmála Alþb. er. Það verður að hafa það að hv. þm., sem formaður Alþb., tekur slíku illa.

[17:19]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er alveg hættur að skilja hæstv. ráðherra. Hann segir: Þessi gögn eru til um orkuverðið. Þau hafa verið lögð fram í landbn. En hann er ekki reiðubúinn til að leggja þau fram í þinginu. Ef þau hafa verið lögð fram í landbn., hæstv. ráðherra, þá er búið að leggja þau fram í þinginu. Auðvitað er það jafngildi þess að leggja gögnin fyrir þingið að þau séu lögð fram í þingnefnd. Ég geri enga athugasemd við það. Mér fullkomlega nægilegt að þau séu lögð fram í þingnefnd, en ég heyri hins vegar að einn nefndarmaður í landbn. lýsti því yfir í þingsalnum að hún minnist þess ekki að þessi gögn hafi verið lögð fram í þingnefnd. Þessi gögn um orkuverðið og áhrif þess á rekstrarstöðu og arðsemi Áburðarverksmiðjunnar eru því greinilega feimnismál fyrir hæstv. ráðherra. Hann getur ekki sagt bara einfaldlega: Gögnin eru í landbn. og það er velkomið fyrir þingmenn að kynna sér þau gögn, heldur lýsir hann því yfir alveg skýrt og skorinort að hann muni ekki leggja neina slíka reikninga fyrir þingið. Þar með er auðvitað ráðherrann að segja að hann telji að það þoli ekki dagsins ljós að sýna arðsemi Áburðarverksmiðjunnar út frá mismunandi orkuforsendum. Því auðvitað er það alveg ljóst eins og mun koma nánar fram í umræðunni á eftir að þegar búið er að selja þessa verksmiðju einkaaðilum þá eru nánast engin rök fyrir stjórn Landsvirkjunar að láta verksmiðjuna njóta áfram þeirra forréttinda í verðlagningu sem hún hefur notið til þessa vegna þess að þá væri verið að styrkja einkaaðila og arðsemi þeirra með fullkomlega óeðlilegum hætti samanborið við aðra einkaaðila á kaupendamarkaði Landsvirkjunar.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Andsvörum er lokið. (**Landbrh.**: Hvað?) Andsvörum er lokið, sagði forseti. (**Landbrh.**: Fæ ég ekki að svara?) Hæstv. ráðherra hefur þegar notað rétt sinn til svara. (**Landbrh.**: Ég var ræðumaður í þessu tilviki. Það voru andsvör við mína ræðu ...) Hæstv. ráðherra til upplýsingar eru þingsköp þannig að sá sem veitir andsvar hefur rétt til að tala tvisvar og ræðumaður tvisvar. (**Landbrh.**: Ég hef ekki talað nema einu sinni.) — Þetta er alveg rétt hjá hæstv. ráðherra. Ég bið afsökunar á þessum misskilningi. Hann á rétt á að svara aftur.

[17:22]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Í nál. minni hluta landbn. þskj. 1110 á sl. ári er birtur rekstrarreikningur ársins 1992. Þar kemur glöggt fram hver orkukostnaður hafi orðið á því ári og er auðvelt að reikna út að hann er um 7%. Sá sem þekkir til samlagningar getur auðveldlega áttað sig á því hvaða áhrif breyting á orkukostnaði hefur á framleiðslukostnað áburðarins og hag fyrirtækisins í heild sinni. Það er ekki flóknara mál en þetta.

[17:23]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Hæstv. iðnrh. talaði með miklu stolti um ábyrgðarvæðingu ríkisfyrirtækja sem væri á stefnuskrá alþýðuflokka úti um allan heim þar sem menn beittu sér ákaft í því að gera þá menn ábyrga fyrir rekstrinum sem færu með stjórn ríkisfyrirtækjanna. (**Iðnrh.**: Og Ólafur tók undir.) Hann nefndi þetta fyrirbrigði sem við höfum hér til umfjöllunar, þ.e. frv. um einkavæðingu eða stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins, sem dæmi um þessa ábyrgðarvæðingu. Mig langar til að fara um þetta örfáum orðum. Mig langar til að lesa upp ákvæði til bráðabirgða II með þessu frv. til að menn átti sig pínulítið á því hver þessi ábyrgðarvæðing er sem hér er á ferðinni. En þar stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Ábyrgð ríkissjóðs á lánssamningum Áburðarverksmiðju ríkisins, sem stofnað hefur verið til fyrir gildistöku laga þessara, helst til loka samningstíma umræddrar skuldbindinga. Áburðarverksmiðjan hf. skal yfirtaka skuldbindingar Áburðarverksmiðju ríkisins samkvæmt þessum lánssamningum við stofnun og jafnframt veita ríkissjóði fullnægjandi veð í eignum sínum sem tryggingu fyrir skaðleysi ríkissjóðs vegna ábyrgðarinnar."

Hvað þýðir þetta í raunveruleikanum? Þetta þýðir að ríkissjóður mun áfram taka á sig fulla ábyrgð af öllum skuldbindingum Áburðarverksmiðjunnar hf. og ef rekstur fyrirtækisins gengur ekki sem skyldi mun ríkið bera fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum þessa fyrirtækis á alveg nákvæmlega sama hátt og það hefur gert fram að þessu. Hvar er ábyrgðarvæðingin þá? Ég hef ekki áttað mig á því. Mig langar til að hæstv. ráðherra útskýri það fyrir okkur hvert ábyrgðin hefur verið flutt. Hún hefur verið flutt í einn hring, fyrst til Áburðarverksmiðju ríkisins hf. og síðan til ríkisins aftur. Í raun og veru hefur því ekkert breyst.

Síðan langar mig til að velta fyrir mér orðum hæstv. iðnrh. sem hann sagði áðan. Hann sagði að það væri ekki betri mismunun á orkuverði milli ríkisrekstrar og einkaaðila en milli óskyldra aðila í þóðfélaginu. Þetta sagði hann á einum stað í ræðu sinni. En síðan á öðrum stað í ræðu sinni sagði hann að það væri ekkert sem bannaði mismunun á orkuverði. Ef orkusölufyrirtæki vildu gera slíka samninga þá væri ekkert sem bannaði það. Ég gat því ekki séð annað en að þetta rækist hvað á annars horn hjá hæstv. ráðherra.

En mig langar til vegna orða hans um þessa hluti að spyrja: Er það nú ekki þannig og er ekki skemmst að minnast þess að ríkisfyrirtæki að stórum hluta, Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, var sektuð fyrir að selja framleiðsluvöru sína á verði sem væri lægra en framleiðslukostnaður í landinu? Út frá hvaða reikningsaðferðum skyldu menn nú finna að Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði væri að selja sínar vörur fyrir lægra verð en framleiðslukostnaður gefur tilefni til? Getur það verið reiknað út frá einhverju öðru en framleiðslukostnaðinum í landinu sjálfu og orkuverðinu og öllum þeim þáttum sem standa að rekstrinum? Verður það þá ekki þannig að á þessu efnahagssvæði sem við erum búin að játa okkur undir hljóti menn að taka afstöðu til framleiðslukostnaðar í þessu fyrirtæki með líkum hætti? Ég veit það ekki en það kemur í ljós.

En aðalerindi mitt, hæstv. forseti, í ræðustól í annað skipti í þessari umræðu er að benda á og bera fram fáeinar spurningar til hæstv. landbrh. um þetta mál. Í fyrsta lagi langar mig spyrja hæstv. ráðherra hvernig hann hyggist standa að sölunni á þessu fyrirtæki. Hefur hann gert sér eitthvað í hugarlund hverjir væru heppilegastir kaupendur að fyrirtækinu? Verður það þannig að leitað verði eftir einhverjum sérstökum hópum sem hafa sérstakra hagsmuna að gæta í þessu efni? Er hugsanlegt að samtök bænda í landinu hafi áhuga á að kaupa þetta fyrirtæki? Eru einhverjir aðrir fjárfestar í landinu sem hafa hugsanlega áhuga á að kaupa fyrirtæki eins og þetta? Mig langar til að spyrja hvað hæstv. ráðherra ætlar að segja við þessa aðila. Hvaða rekstrargrundvöllur er það sem hæstv. ráðherra ætlar að bjóða upp á þegar hann býður þetta fyrirtæki til sölu? Er það eitthvað sem við höfum ekki fengið að sjá eða heyra á hv. Alþingi? Það er a.m.k. ekki þannig að á borðum þingmanna liggi neitt um framtíðarmöguleika þessa fyrirtækis þar sem sýnt er fram á að hægt sé að reka það með hagnaði. Það liggur ekki fyrir. Mig langar til að frétta meira af því hvernig sá galdur á að verða að selja fyrirtæki sem hefur engan rekstrargrundvöll fyrir einhverja peninga og hvaða fjárhæðir gætu hugsanlega verið í boði.

Ég held að hæstv. ráðherra ætti að gera okkur skýra grein fyrir því hér á hv. Alþingi hvaða starfsemi það er sem getur gert þetta fyrirtæki að rekstrarhæfu fyrirtæki.

Ég óska eindregið eftir því að það sem látið var liggja að í umræðum fyrir helgina um að einhverjir erlendir aðilar hefðu áhuga á að taka þátt í að athuga rekstrarmöguleika þessa fyrirtækis verði dregið upp á borðið. Hvaða möguleikar eru þetta? Eru einhverjir möguleikar á að hægt sé að framleiða áburð á lægra verði á Íslandi eða á samkeppnishæfu verði í samkeppni við þessi gífurlega stóru fyrirtæki sem framleiða áburð með hagkvæmum hætti í löndunum í kringum okkur? Hæstv. ráðherra hefur m.a. bent á að orkuverðið sé nú ekki nema 7% af framleiðslukostnaði verksmiðjunnar þannig að það er varla hægt að vinna upp þann mismun, jafnvel þótt menn fengju orkukostnaðinn allan gefins þá virðist ekki vera möguleiki á því að gera þetta fyrirtæki rekstrarhæft fyrir því sem náttúrlega gæti aldrei gerst að orkuverðið yrði fullkomlega gefið. Ég held að til þess að hv. alþm. eigi möguleika á því að gera það upp við sig hvort þeir eiga að fylgja þessu frv. eða ekki þá þurfi að setja málið skýrar fram heldur en gert er. Það er ekki boðlegt að Alþingi Íslendinga standi fyrir því að stofna til fyrirtækjarekstrar sem hefur engan rekstrargrundvöll, stofna Áburðarverksmiðjuna hf. án þess að það sé hægt að benda á það að þetta fyrirtæki hafi rekstrargrundvöll og láta boð út ganga um það að þetta fyrirtæki sé til sölu og lysthafendur geti fengið tækifæri til þess að kaupa þetta fyrirtæki. Ég segi það, hæstv. forseti, að það þætti a.m.k. ekki mjög gæfulegt hjá einstaklingum í þjóðfélaginu ef þeim dytti í hug að fara að stofna fyrirtæki sem hefði ekkert nema hallareksturinn upp á að bjóða og láta síðan það boð út ganga að þetta fyrirtæki sé til sölu. En þannig lítur þetta dæmi út í höndunum á hæstv. ráðherra. Ég held að það væri ráð að hann gæfi hv. Alþingi einhverja skýrslu um það hvernig hann ætlar að fara með það vald sem honum er falið með þessu lagafrv. ef að lögum verður.

Hæstv. ráðherra sendi Alþb. tóninn áðan og sagði að við alþýðubandlagsmenn værum upp til hópa málsvarar ríkisreksturs. Ég held að það sé ofmælt hjá hæstv. ráðherra. Hins vegar gengst ég við því að ég tel það enga goðgá að ríkið reki atvinnustarfsemi. Ég tel reyndar að það sé sjálfsagt að ríkið geri það og sú starfsemi sem mér finnst að ríkið ætti helst að reka er starfsemi þar sem af einhverjum ástæðum einokunaraðstaða er fyrir hendi. Ég tel t.d. sjálfsagt að ríkið reki Sementsverksmiðjuna í landinu á meðan markaðurinn er raunverulega í einokunarhöndum á þessu fyrirtæki sem hér er. Það er ekki hægt að keppa við Sementsverksmiðju ríkisins með innflutningi á sementi eins og sakir standa og hefur ekki verið hægt í mörg ár. Á meðan þannig hagar til tel ég að það sé eðlilegast að það sé opinber aðili, það sé ríkið sem eigi og reki þá verksmiðju.

Ég held líka að það hafi ekki verið neitt athugavert við það að ríkið ætti og ræki Áburðarverksmiðjuna eins og til hagaði. Meðan Áburðarverksmiðja ríkisins hafði einkarétt og hefur einkarétt á framleiðslu og sölu á áburði þá finnst mér það eðlilegur hlutur að ríkið eigi þá verksmiðju. Verði hins vegar hægt að tryggja samkeppnisaðstöðu á þeim markaði og koma málum þannig fyrir að einkaaðilar geti keppt um markaðinn þá er ekkert athugavert við það þó að fyrirtækið verði selt. En það sem ég hef athugað við þessar hugmyndir sem hér eru lagðar fram er það að hér er ríkið að leggja af stað í leiðangur sem hefur ekki verið undirbúinn sem skyldi. Menn hafa ekki getað bent á neinn rekstrargrundvöll fyrir þetta fyrirtæki en ætla samt að óska eftir því við hv. Alþingi að hér verði staðfest lög um fyrirtæki sem á sér enga framtíð. Ég vona sannarlega að menn finni framtíðarmöguleika fyrir Áburðarverksmiðjuna sem hér hefur verið rekin. En á meðan menn geta ekki bent á með hvaða hætti eigi að vinna að þeim málum þá held ég að það væri rétt að doka við. Það er ekkert að mínu viti sem tefur eða gerir stjórnendum verksmiðjunnar erfitt fyrir við það að finna nýjar leiðir til að reka þetta fyrirtæki og það væri auðvitað langeðlilegast að þau úrræði sem fyndust, þau framtíðaráform sem yrðu ofan á í höndunum á stjórnendum Áburðarverksmiðjunnar að þau áform kæmu til hv. Alþingis til staðfestingar þar sem kæmu fram allar hugmyndir og tillögur um það hvað ætti að gera. Hvaða eignir þessa fyrirtækis ætti að selja t.d. og með hvaða hætti ætti að standa að þessu máli í heild.

Hér er eingöngu verið að afhenda hæstv. ráðherra völdin í þessu máli. Vonandi finnur hann leið til þess að nota þau með skynsamlegum hætti. En fram að þessu hefur ekkert komið fram í þessari umræðu sem bendir til þess að það sé nein lausn á leiðinni. Ég trúi því a.m.k. að menn hefðu ekki verið tilbúnir til þess að segja þá frá þeim hugmyndum sem þarna væru og skapa möguleika fyrir þetta fyrirtæki inn í framtíðina.

Ég bendi á það að þótt það sé þannig og komi fram í þessu lagafrv. að þetta fyrirtæki hafi einkasölu á áburði í landinu fram að næstu áramótum þá er það skammgóður vermir. Það er senn liðinn sá tími sem verksmiðjan hefur til þess að selja áburð á þessu ári og það hljóta allir að gera sér grein fyrir því að verði farið að flytja inn áburð fyrir næsta ár þá mun Áburðarverksmiðjan ekki fá þau viðskipti í vetur þegar menn munu sjá þau verð sem eru á innfluttum áburði til sölu sem eru verulega ódýrari en sá áburður sem þessi verksmiðja er að framleiða. Þannig að botninn getur dottið úr rekstri verksmiðjunnar á næstu mánuðum. Það eru svona hlutir sem hefðu þurft að liggja allir fyrir í þessari umræðu þannig að hv. Alþingi hefði getað verið að taka afstöðu til máls sem hefði verið fullskapað en að koma með málið eins og það liggur núna fyrir, gjörsamlega opinn og óútfylltan víxil um framtíð Áburðarverksmiðjunnar sem hefur verið rekin hér fram á þennan dag.

[17:38]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði um það hverjir væru líklegastir kaupendur, hvort bændur eða fjárfestar mundu kaupa Áburðarverksmiðjuna en sagði í sömu andránni að hann sæi ekki betur en Áburðarverksmiðjan væri fyrirtæki sem jafnvel mundi komið í þrot eftir nokkra mánuði vegna hinnar erfiðu rekstrarstöðu fyrirtækisins. Ég hygg að hv. þm. hafi að því leyti komið nærri sannleikanum að hann vakti athygli á því að það er nauðsynlegt að velta því fyrir sér hvernig hægt sé að tryggja áframhaldandi rekstur Áburðarverksmiðjunnar. Ég tel að skynsamlegasta skrefið til þess að reyna að tryggja því fólki atvinnu sem þar vinnur sé að samþykkja þetta frv. og breyta því í hlutafélag. Ég skal ekki fara frekari orðum um það að ég sé eitthvað að skjóta á Alþb. eða senda Alþb. tóninn þótt ég veki athygli á þjóðnýtingarþættinum í stefnuskrá Alþb. enda kom það glöggt fram í ræðu hv. þm. að sá þáttur er þar vissulega til staðar, a.m.k. í hans huga.

Ég vil enn fremur segja, vegna fyrirspurnar hans um það hvernig staðið skuli að sölunni, þá verður það að sjálfsögðu gert í samræmi við verklagsreglur ríkisstjórnarinnar við framkvæmd einkavæðingar.

[17:39]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það var auðvitað ekki mikið að vöxtum þetta svar hæstv. ráðherra. Hann klifar á því að það verði til þess að tryggja fólkinu sem vinnur núna hjá Áburðarverksmiðjunni atvinnuna að gera þetta fyrirtæki að hlutafélagi. Ég vildi gjarnan fá nánari útskýringar á því hvernig það á að tryggja starfsmönnum Áburðarverksmiðjunnar atvinnu. Ég held að það sé þvert á móti ekki neitt sem bendir til þess að þetta hf. verði þeim til neinnar tryggingar og það hefur reyndar ekki orðið í þeim fyrirtækjum sem hafa verið seld mönnum nein sérstök trygging og síst ætti það að verða trygging því fólki sem vinnur hjá Áburðarverksmiðjunni vegna þess að þar er enga framtíð að sjá eins og er. Auðvitað verður þetta fyrirtæki ekki selt neinum aðila og það verður ekki rekið nema nokkra mánuði eins og nú horfir nema menn finni einhverjar nýjar leiðir sem þeir hafa ekki verið tilbúnir að segja frá hér og sem ég því miður efast um að séu fyrir hendi. Það er auðvitað ákvörðun ríkisstjórnarinnar þegar hún skrifaði undir EES-samningana með þeim hætti eins og frá þeim var gengið sem varð til þess að setja þetta fólk sem vinnur þarna út á gaddinn og í þá atvinnuóvissu sem nú er. En ekki það hvort hv. Alþingi samþykki frv. um það að gera fyrirtæki að hlutafélagi.

[17:41]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. tók skýrt fram að það væri enga framtíð að sjá hjá því fólki sem ynni í Áburðarverksmiðjunni né fyrir rekstur hennar. Það er auðvitað rétt að það eru blikur þar á lofti, það er verið að reyna að vinna að því að finna frekari rekstrargrundvöll eða möguleika til að halda rekstrinum áfram eða fitja upp á nýjum hlutum. Það er mikilvægt að þessi breyting nái fram að ganga til þess að skriður geti komist á þetta verk.

[17:41]

Jóhann Ársælsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er nákvæmlega það sem ég hef verið hér að gagnrýna. Það er að hér skuli vera lagt fram frv. sem fjallar nánast ekki um neitt annað en að búa til hlutafélag úr þessu fyrirtæki. Það er ekki verið að leggja fram neinar hugmyndir um framtíð fyrirtækisins sem slíks og það hefði þurft að vera hér til staðar. Þegar menn lögðu þetta mál fyrir hv. Alþingi, þá hefðu menn þurft að leggja fyrir þá framtíð sem þeir væru búnir að skipuleggja fyrir fyrirtækið. Þannig er það nú ekki. Hæstv. ráðherra hefur því miður orðið að gangast við því hér í ræðustól að það er engin framtíð fundin enn. Það er verið að skoða einhverjar leiðir og síst skal það lastað. En þannig stendur málið að undirskriftin undir EES-samninginn kostaði framtíð þessa fyrirtækis og hún mun auðvitað kosta fleira.

[17:42]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja er hún orðin nokkuð athyglisverð þessi umræða í dag um þetta fyrirtæki og ég ætla fyrst aðeins að víkja að því sem fram kom, áður en ég kem að meginefni ræðu minnar, í máli hæstv. iðnrh. hér áðan varðandi orkusölu og orkuverð til þessa fyrirtækis og annarra iðnfyrirtækja.

Það er alveg ljóst að stjórn Landsvirkjunar ræður lögum samkvæmt yfir orkuverði þess fyrirtækis. Það er hins vegar jafnljóst að auðvitað hefur iðnaðar- og orkuráðherra á hverjum tíma vissa möguleika til þess að reyna a.m.k. að hafa áhrif á niðurstöður stjórnar Landsvirkjunar og fyrir því eru mörg dæmi. Ég er alveg sannfærður um það, hæstv. forseti, að ef staðan er þannig að við erum með einkafyrirtæki sem framleiðir þessa vöru, stórt efnaiðnaðarfyrirtæki, fær raforkuna á þessu tiltekna verði þá er náttúrlega um leið alveg ljóst að önnur einkafyrirtæki í iðnaði í landinu munu

þrýsta á iðnrh. um það að hann sæki það til orkumálaráðherra að verðið verði lækkað til annarra iðnfyrirtækja líka. Og þó að svo vilji til að Landsvirkjun eigi allt of mikið af raforku um þessar mundir og það sé verið að framleiða þar í raun og veru langt umfram þarfir og Landsvirkjun þar af leiðandi m.a. rekin með bullandi tapi þá er það væntanlega svo að það eru takmörk fyrir því hversu langt Landsvirkjun getur gengið í því að líta svo á að orka sem hún selur í dag megi fara á miklu lægra verði vegna þess hvernig ástandið er hjá fyrirtækinu. Auðvitað hlýtur Landsvirkjun að reyna að halda utan um sínar tekjur og stjórn Landsvirkjunar eins og kostur er og þess vegna má auðvitað líka færa rök að því að stjórn Landsvirkjunar muni frekar vilja selja þessu fyrirtæki raforku við því verði sem greitt er í dag heldur en ekki neitt. En það þýðir ekki að staðan sé þannig að Landsvirkjun muni hafa áhuga á því að öll iðnfyrirtæki í landinu borgi jafnlítið fyrir raforkuna og þetta fyrirtæki. Ég tel þess vegna að þau svör sem fram komu hjá hæstv. iðnaðar- og orkuráðherra í þessum efnum hér áðan séu á misskilningi byggð.

Ég tel hins vegar, hæstv. forseti, að það megi leiða gild rök að því að það sé skynsamlegast fyrir ríkið að eiga þetta fyrirtæki enn um sinn. Fyrst og fremst af þremur ástæðum: Í fyrsta lagi vegna þess að ríkið á líka, ásamt Reykjavíkurborg, Landsvirkjun og það er skynsamlegt fyrir Landsvirkjun að losa sig við raforku þó við þetta lágu verði sé einhvern tíma í viðbót. Í öðru lagi vegna þess að hér er um að ræða mannafla í landinu umfram það sem vinnumarkaðurinn kallar eftir eins og sakir standa í dag. Það er ekki svo að þeir menn sem vinna núna hjá Áburðarverksmiðjunni mundu fá vinnu áfram annars staðar um leið og fyrirtækið hefði lagt niður störf. Þannig eru rök fyrir því fyrir ríkið — af því að ríkið á stóran hlut í Landsvirkjun og af því að ríkið ber ábyrgð á Atvinnuleysistryggingasjóði þá eru einmitt rök fyrir því að ríkið eigi þetta fyrirtæki áfram og það hefur ekkert með það að gera hvaða skoðun flokkur eins og Alþb. hefur á því hvort fyrirtæki eigi að vera ríkiseign eða ekki. Mín skoðun í því sambandi er sú, hæstv. ráðherra, að það skipti engu máli út af fyrir sig hvort fyrirtæki er í ríkiseign eða einkaeign. Það er ekki það sem skiptir máli. Það sem skiptir máli er það hvernig þjónar fyrirtækið sínu almenna félagslega og efnahagslega umhverfi. Það er það sem skiptir máli en ekki það hvort fyrirtækið er í einkaeign eða ríkiseign. Þess vegna er það gömul deila, úrelt deila, gamaldags deila, sem engu máli skiptir lengur hvaða sjónarmið menn kunna að hafa uppi í þessum efnum. Staðreyndin er auðvitað sú að einu kreddurnar sem eftir lifa í íslenskum stjórnmálum varðandi rekstrarform fyrirtækja eru ekki í Alþb. þær eru í Sjálfstfl. Þar eru kreddurnar uppi vaðandi. Þær kreddur að engin fyrirtæki megi vera í félagslegri eigu og þau eigi öll að selja hvað svo sem í boði kann að vera. Maður sér auðvitað handarbakavinnubrögðin í þessu sambandi, t.d. í sambandi við SR-mjöl, þar sem kreddurnar eru látnar ná yfirhöndinni og endar með því að þau kjör sem þjóðin eða ríkið fær fyrir þessar eignir eru slök og varla boðleg.

Hér hefur verið farið aðeins yfir þetta fyrirtæki, Áburðarverksmiðju ríkisins, og ég vil fyrst segja það að ég tel að þar hafi bersýnilega náðst stórkostlegur rekstrarárangur á undanförnum árum. Það kemur í ljós t.d. að verð á áburði frá Áburðarverksmiðjunni hefur lækkað um 43% á föstu verðlagi frá árinu 1985 til ársins 1993. Það er í raun og veru alveg ótrúlega mikil breyting sem þarna er um að ræða.

Í ársskýrslu Áburðarverksmiðju ríkisins fyrir árið 1993 er aðeins fjallað um framtíðarhorfur fyrirtækisins og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Hér að framan var þess getið að nokkur óvissa ríkti um framtíð áburðarframleiðslu hér á landi. Íslenski áburðarmarkaðurinn er mjög lítill eða um 50–53 þús. tonn. Ef áburðarnotkun dregst ekki meira saman en orðið er og ef Áburðarverksmiðjunni tekst að halda 95–100% hlutdeild í markaðinum hefur hún möguleika á að framleiða áburð á samkeppnishæfu verði."

Ég vek athygli þingheims á þessu. Þetta er nokkuð til umhugsunar miðað við það sem mér virðist að menn hafi almennt talið að þetta fyrirtæki væri svo komið að fótum fram að það væri ekki hægt að reka það áfram. En niðurstaðan í ársskýrslu Áburðarverksmiðjunnar er sú að miðað við allar aðstæður þá sé hugsanlegt að halda starfsemi verksmiðjunnar áfram og framleiða áburð á samkeppnishæfu verði.

Síðan segir: „Minnki framleiðsla og sala Áburðarverksmiðjunnar um 15–20% frá því sem hún er nú mun verksmiðjan verða undir í samkeppninni við innfluttan áburð."

Það er sem sagt forsendan sem menn gefa sér, segjandi sem svo að það sé ekki hægt að reka þetta fyrirtæki áfram ef framleiðsla og sala Áburðarverksmiðjunnar minnkar um 15–20% frá því sem hún er nú. — Hæstv. landbrh. er væntanlega enn þá í kallfæri, er það ekki hæstv. forseti? Já, mér heyrist að svo sé.

En mér finnst að þetta sé snúningspunkturinn í málinu, að menn gefa sér þá að framleiðsla á áburði hljóti að minnka um 15–20% og þar með sé fyrirtækið ekki í þeirri stöðu að það borgi sig að reka það lengur. Þetta er það sem kemur hérna fram. Hvað mundum við þá gera berandi ábyrgð á þessu fyrirtæki? Mundum við þá ekki fyrst spyrja: Er það óhjákvæmilegur dómur að áburðarnotkun verði að minnka um 15–20% hér á Íslandi á næstu árum? Verður það að vera þannig? Og hvaða rök hafa menn fyrir því? Jú, þau rök sem menn hafa fyrir því eru m.a. samdráttur í landbúnaðarvöruframleiðslu hér á landi og það kemur fram á bls. 3 í greinargerð ríkisstjórnarinnar með frv. þar sem stendur, með leyfi forseta:

„Verði samþykktar nýjar reglur sem nú er fjallað um á vettvangi GATT má vænta enn frekari samdráttar í framleiðslu búvöru hér á landi sem búast má við að dragi úr notkun tilbúins áburðar."

Þetta er sem sagt ástæða nr. eitt, að GATT-samningurinn gerir það að verkum að það verði einhver innflutningur á búvörum og þess vegna dragi úr notkun tilbúins áburðar. Og nr. tvö, með leyfi forseta, segir hér í greinargerð:

„Loks ber að nefna að samkvæmt fyrrgreindum samningi um Evrópskt efnahagssvæði fellur niður ríkiseinkaréttur til sölu á tilbúnum áburði hér á landi frá og með 1. janúar 1995. Telja verður líkur á því að þessi atriði sem hér hefur verið drepið á kunni að leiða til umtalsverðs samdráttar í sölu á tilbúnum áburði hér á landi." — Þetta segir í greinargerð frv., um fyrirtæki sem á að fara að selja. Það er nokkuð magnað að sverta það með þessum hætti en hér stendur, með leyfi forseta: — „Sú hætta blasir við að sala Áburðarverksmiðjunnar dragist verulega saman og verksmiðjunni reynist ókleift að ná viðunandi rekstrarhagkvæmni miðað við framleiðslumagn."

Sem sagt, ríkisstjórnin sem ætlar að fara að selja fyrirtækið afskrifar það, hún afskrifar fyrirtækið og það er það sem hlýtur að vera sérstakt umhugsunarefni. Erum við sammála því hér að það sé rétt að afskrifa fyrirtækið? Erum við sammála því að það sé útilokað að fá það verð fyrir fyrirtækið sem geti heitið skaplegt og að útilokað sé að tryggja því verkefni þannig að hægt sé að reka það áfram? Mín skoðun er sú eftir að hafa hugleitt þetta aðeins að það sé hægt og skynsamlegt að reka fyrirtækið áfram miðað við það að salan á áburði dragist ekki mikið saman frá því sem nú er. Ég tel sem sagt að við þessar aðstæður hljóti ríkisstjórnin að velta því fyrir sér hvort eitthvað sé hægt að gera til þess að auka notkun á því sem kallað er tilbúinn áburður til þess að fyrirtækið verði rekið áfram með skynsamlegum og hagkvæmum hætti. Þegar það mál er skoðað, þá er það alveg ljóst eða ég held alla vega að menn ættu að velta því fyrir sér og ég spyr hæstv. landbrh.: Hafa menn farið yfir það hvað er hægt að gera, m.a. í gróðurverndarátaki af ýmsu tagi, til þess að auka framleiðslu á áburði eða a.m.k. koma í veg fyrir að hún minnki? Ég held að það sé alveg augljóst mál að það væri hagkvæmt að það gerðist og mun ég nú rökstyðja það nokkuð nánar.

Í fyrsta lagi er það auðvitað vegna þess að þarna er um að ræða mjög verulega tækniþekkingu í þessari verksmiðju sem færi forgörðum ella ef henni yrði lokað. Þarna er um að ræða mikinn fjölda vel þjálfaðra og góðra starfsmanna og það væri tjón fyrir ríkið, fyrir þjóðina ef þessi tækniþekking nýttist ekki.

Í öðru lagi er það auðvitað þannig að fyrirtækið er þrátt fyrir allt með þennan orkusamning þar sem verðlagið á orkunni er mjög lágt. Engu að síður munar pínulítið um þá peninga upp í þann halla sem Landsvirkjun er núna að berjast við og kom mjög glöggt fram á fundi Landsvirkjunar fyrir nokkrum dögum þannig að rök nr. tvö fyrir því að halda fyrirtækinu gangandi enn um sinn um nokkurra ára skeið er ástandið á orkumarkaðnum. Það eru sjálfstæð rök í málinu að mínu mati.

Í þriðja lagi er ljóst að þarna er um að ræða tæki og búnað sem ekki væri hægt að láta skapa verðmæti af neinu tagi ef fyrirtækinu yrði lokað.

Í fjórða lagi sem er mikilvægast í málinu er þetta: Verði fyrirtækinu lokað, þá er það þannig eins og staðan er á vinnumarkaði á Íslandi í dag að þetta fólk yrði atvinnulaust. Það eru milli 100–200 manns sem missti atvinnu sína og hvað er þetta fyrirtæki að borga mikið í vinnulaun? Það er að borga á síðasta ári tæpar 300 millj. kr. í vinnulaun. Það er býsna myndarlegt og það munar æðimikið um það að hafa þetta fólk í vinnu og að því sé greitt um 300 millj. kr. Þess vegna er staðan þannig að maður hlýtur að ætlast til þess að landbrh. svari þessu: Hefur hann leitað leiða til að auka notkun á áburði eða a.m.k. koma í veg fyrir að hún minnki þannig að Áburðarverksmiðjan verði samkeppnisfær við innfluttan áburð sem kemur hingað í vaxandi mæli eftir árslok 1995? Hvaða ráða hefur hæstv. landbrh. leitað í þeim efnum? Honum er skylt að leita þeirra áður en hann afskrifar fyrirtækið eins og mér finnst satt að segja gert í þeirri greinargerð með frv. ríkisstjórnarinnar sem hér er til umræðu.

Ég vil síðan vekja athygli á því, hæstv. forseti, að auðvitað er það svo að fyrirtækið færi lóðbeint á hausinn ef snarhækkað yrði á því orkuverðið, það liggur alveg í augum uppi. Fyrirtækið borgaði á síðasta ári 107 millj. kr. fyrir raforku af samtals tæplega 1,1 milljarði í rekstrarkostnað. Og ef þetta verð yrði hækkað eitthvað í námunda við það sem menn gætu verið með á venjulegum orkumarkaði, segjum þrefaldað, þá náttúrlega er fyrirtækið farið á höfuðið vegna þess að 300 millj. kr. orkureikningur mundi þýða um 150 millj. kr. tap á fyrirtækinu á árinu 1993. Þar á móti kemur hins vegar það að staða þessa fyrirtækis er í raun og veru ótrúlega góð. Eiginfjárstaða þess er góð. Eigið fé samtals er 1.800 millj. kr. og miðað við það tal sem hér er uppi, þá gæti maður ímyndað sér að enginn vildi kaupa þetta fyrirtæki, þetta sé svo vont fyrirtæki að engin ástæða sé til þess að kaupa þetta fyrirtæki. Ég hygg að staðreyndin sé sú að það sé misskilningur. Í raun og veru sé hægt að gera nokkuð góðan slag í því að kaupa þetta fyrirtæki og kemur þá margt til. Eins og t.d. það að lausafjárstaða fyrirtækisins er upp á um það bil 820 millj. kr. eftir að skuldir hafa verið greiddar niður. Og ef fastafjármunir væru seldir fyrir 20% af skráðu verði, þá er sá sem keypti fyrirtækið á milljarð þegar með um 100 millj. kr. í gróða af fyrirtækinu þannig að hérna er ekki um að ræða eitthvað alveg vonlaust fyrirtæki eins og mér finnst menn stundum tala um hér.

Síðan er því auðvitað við að bæta að þetta fyrirtæki hefur þennan orkusamning, sem er góður samningur, sem er verðmæti út af fyrir sig, geysilegt verðmæti. Síðan á þetta fyrirtæki þessar vélar sem auðvitað er hægt að tryggja að vinni áburð áfram nú eða má auðvitað hugsa sér að þær yrðu að einhverju leyti seldar í hlutum og ef menn halda að þessi tala upp á 820 millj. kr. í lausafé sé einhver glannaskapur, þá bið ég menn um að líta á ársreikningana því að hluti af henni er um 440 millj. kr. í áburðarbirgðum á framleiðsluverði sem auðvitað eru seldar með einhverri álagningu. Væri þetta selt með um 30% álagningu fengjust þar um 130 millj. kr. í viðbót þannig að hér er um álitlegt fyrirtæki að ræða fyrir þann sem vildi kaupa eitt stykki áburðarverksmiðju. Málið liggur þannig svo að ég held að menn eigi ekki að slá því föstu að hér sé um að ræða eitthvert vonlaust fyrirtæki eins og menn eru að gera í greinargerð frv. eins og það lítur út.

Út af fyrir sig geta menn sett dæmið þannig upp að þar með verður fyrirtækið vonlaust. Ef ríkið segir alltaf: Fyrirtækið er vonlaust, þá verður það fyrst vonlaust og staðan er auðvitað þannig að ef ríkið og forustumenn þess tala þannig um þessi mál að hér sé um að ræða vont fyrirtæki, þá verður það vont fyrirtæki.

En fyrir utan orkusamninginn, fyrir utan tækniþekkinguna og fyrir utan þann mikla og góða mannskap sem þarna vinnur, þá kemur einnig til viðbótar hjá þessu fyrirtæki sem er sérstaklega hagstætt og til umhugsunar og það er landið. Ég bendi á að þetta fyrirtæki er á einu eftirsóttasta landi Reykvíkinga. Og það er alveg augljóst mál og menn þekkja það frá fyrri árum að við Reykvíkingar höfum dregið það mjög í efa að það sé að öllu leyti heppilegt að hafa þetta fyrirtæki einmitt á þessum stað í nágrenni við Grafarvogsbyggðina í seinni tíð þó að við höfum í sjálfu sér látið það yfir okkur ganga. Staðreyndin er hins vegar sú: Setjum sem svo að landið undir þessu fyrirtæki losnaði. Setjum sem svo að menn kæmust að þeirri niðurstöðu að loka þessari verksmiðju og landið losnaði. Ég er sannfærður um það að hér er um að ræða einhverjar dýrustu og eftirsóttustu byggingarlóðir sem hugsast geta á Reykjavíkursvæðinu. Þessi lönd eru sýnist mér metin í fljótu bragði á í kringum 200 millj. kr. í efnahagsreikningi fyrirtækisins og ég er sannfærður um að það er örugglega ekki ofmetið að ekki sé meira sagt, þannig að þegar maður skoðar þetta fyrirtæki og skoðar stöðu þess, þá verð ég að segja alveg eins og er að mér finnst rökin fyrir því að staldra við og fresta þessu máli núna verða veigameiri og veigameiri, fyrst og fremst vegna þess að ríkisstjórnin leggur upp með málið á vitlausum forsendum, af því að ríkisstjórnin gefur sér það að þetta sé vont og vonlaust fyrirtæki. Staðreyndin er auðvitað sú að jafnvel þrátt fyrir samninginn að Evrópsku efnahagssvæði þá er hægt að leiða rök að því að það sé hægt að láta þetta fyrirtæki ganga áfram. Mér finnst það vera fyrst og fremst til marks um trúleysi á getu og möguleika fyrirtækisins hvernig hæstv. landbrh. leggur þetta upp vegna þess að ég tel mig hafa sýnt fram á að það sé hægt að færa sterk rök að því að þetta fyrirtæki eigi að geta starfað með þolanlegum hætti núna allra næstu árin a.m.k. þann tíma sem ástandið er jafnslæmt á vinnumarkaði og það er í dag og sem ástandið á orkumarkaðnum er jafnhörmulegt og það er í dag og reikningar Landsvirkjunar bera skýrast vitni um. Þess vegna vil ég hvetja hæstv. landbrh. mjög eindregið til þess að hætta við það á þessu vori að selja þetta fyrirtæki vegna þess að ég held að það þurfi að skoða þessar forsendur miklu, miklu betur. Þær forsendur sem ríkisstjórnin gefur sér eru beinlínis rangar og leiða til þess að menn meta vitlaust þá möguleika sem felast í þessu fyrirtæki.

Ég endurtek að lokum þá spurningu sem ég bar fram til hæstv. landbrh.: Hvað hefur landbrn. gert til að kanna möguleikana á því að sala á áburði geti orðið svipuð á allra næstu árum og hefur verið nú um nokkurt skeið, þ.e. miðað við árið 1992 og 1993 þar sem um er að ræða framleiðslu eða sölu upp á 50–53 þúsund tonn sem mér sýnist miðað við þær tölur sem ég hef hér að gæti dugað til þess að fyrirtækið gæti í grófum dráttum haldið áfram að ganga upp? Fyrirtækið skilaði þrátt fyrir allt hagnaði á síðasta ári upp á um það bil 50 millj. kr. Þetta er ekkert vandræðafyrirtæki eins og það hefur verið rekið á undanförnum árum. Það hefur verið myndarlega á þessu tekið, vandamálum þess af núverandi forustu fyrirtækisins og ég held þess vegna að það sé ástæða til að staldra við og ég hvet ráðherrann auðvitað til að svara spurningunni og jafnframt til að leggja málið til hliðar vegna þess að ég held að það sé á misskilningi byggt.

[18:05]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. spurði um það hvað gert hafi verið til þess að reyna að auka áburðarnotkun. Í fáum orðum sagt hefur verið gerð athugun á því hverjir möguleikar séu á því að flytja áburð út til Færeyja eða Grænlands. Það hefur lítils háttar verið flutt út til Grænlands ef ég man rétt og það er í athugun um Grænlandsviðskipti. Ég skal ekki um það segja á þessari stundu hvað úr því verður.

Að öðru leyti er það rétt hjá hv. þm. að auðvitað er það gagnlegt að nota áburð til gróðurverndarstarfa, uppgræðslu og þar fram eftir götunum, en því eru auðvitað takmörk sett hversu miklum fjármunum ríkið kýs að verja til slíkrar áburðarnotkunar á hverju ári. Einhvers staðar eru takmörkin og samkvæmt fjárlögum getum við ekki gengið lengra í þeim efnum en gengið hefur verið á undanförnum árum.

[18:06]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála hæstv. ráðherra um það að takmörkin eru einhvers staðar í þessu efni en mér finnst kannski að ríkisstjórnin hafi einblínt um of á önnur mörkin en gleymt hinum, þ.e. þeim veruleika að fyrirtækið er þegar allt er skoðað í dag þjóðhagslega hagkvæmt. Það er þjóðhagslega hagkvæmt af því að það er að kaupa orku sem er allt of mikið af, af því að það er að kaupa vinnuafl sem er of mikið af miðað við stöðuna eins og hún er í dag, af því að fyrirtækið á tækniþekkingu, vélar, lóðir og lendur sem er hagkvæmt fyrir þjóðina að nýta. Þess vegna finnst mér of þröngt hjá ráðuneytinu að horfa á hlutina eins og hæstv. ráðherra gerði hér núna. Menn verða að líta á þá í víðara samhengi og ég held að þessi þrönga sýn á málin hafi orðið til þess, á þessu sviði kannski frekar en á öðrum til þessa, að menn hafa misst út úr efnahagskerfinu atvinnutækifæri hundruðum eða jafnvel þúsundum saman sem við gætum haft í dag ef menn hefðu horft á vinnumarkaðinn í þjóðhagslegu heildarsamhengi.

[18:08]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég svaraði spurningunni eins og hv. þm. bar hana fyrir. Ég hafði áður skýrt frá því hér í þessum ræðustól að það eru athuganir á því á vegum forstjóra og í tengslum við Áburðarverksmiðjuna hvað hægt sé að gera til þess að reyna að styrkja rekstur

verksmiðjunnar í framtíðinni. Þar kemur auðvitað ýmislegt til greina.

Ég vil líka í þessu sambandi minna á að það er eitt af vandamálunum í þessu samhengi að áburðarverð er talið nokkru hærra heldur en innfluttur áburður. Í áliti minni hluta landbn. er talað um 10% í því sambandi sem hefur verið gagnrýnt mjög af sumum bændum að sé of mikill munur og nauðsynlegt sé að gefa landbúnaðinum í hans þröngu stöðu kost á því að fá rekstrarvörur við sem ódýrustu verði.

[18:09]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er alveg sammála því að það á auðvitað að skoða hagsmuni landbúnaðarins og bænda í þessu sambandi en það á ekki að skoða þá eina. Ég bendi til að svara hæstv. ráðherra á þau orð sem fram komu í ársskýrslu stjórnar Áburðarverksmiðjunnar þar sem segir fullum fetum að miðað við óbreytta framleiðslu, þ.e. 50–53 þús. tonn á ári, þá hafi verksmiðjan möguleika á að framleiða áburð á samkeppnishæfu verði miðað við verðið eins og það er á alþjóðlegum mörkuðum þannig að það eru engin rök í raun og veru fyrir því að það þurfi að loka verksmiðjunni af þessum ástæðum eins og þarna kemur fram.

Auðvitað er það rétt hjá hæstv. ráðherra að það eru takmörk fyrir því hversu langt er hægt að ganga í því að skipuleggja aukna áburðarnotkun. En má ég þá benda á það ef menn færu í að skoða hversu mikið er vanefnt af þeim fyrirheitum sem Alþingi veitti undir forustu Eysteins Jónssonar á árinu 1974, hversu mikið er vanefnt af þeim landgræðslufyrirheitum sem þá voru gefin? Væri ekki ráð að dusta rykið af einhverju af þeim loforðum og kanna hvort það getur ekki passað vel inn í það samhengi sem við erum að ræða hér?

[18:10]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er auðvitað alveg rétt sem hv. 9. þm. Reykv. hefur sagt að Áburðarverksmiðja ríkisins er firnasterkt fyrirtæki. Það sjáum við bara m.a. á því að skoða ársreikninga þess. Ég hef því miður ekki undir höndum nema ársreikning fyrir árið 1992 þar sem kemur m.a. fram að veltufjármunir fyrirtækisins eru upp á 826 millj. kr. en heildarskuldir eru í árslok 1992 215 millj. þannig að þarna munar um 600 millj. kr. sem eign fyrirtækisins er umfram skuldir í veltufjármunum og þá erum við ekki farin að skoða eignir fyrirtækisins í fastafjármunum að neinu leyti. Það er út af fyrir sig alveg ljóst að þetta fyrirtæki er mjög sterkt og engin ástæða til að gera lítið úr því. En það sem þetta mál snýst um núna er að það eru að koma yfir fyrirtækið nýjar aðstæður sem blasa við strax í ársbyrjun 1995 og það er niðurstaða þeirra sem mest hafa skoðað þessi mál, svo sem eins og stjórnenda fyrirtækisins, að til þess að fyrirtækið geti mætt þessum nýjum aðstæðum þá sé skynsamlegast að gera það með því að breyta rekstrarforminu úr því að þetta sé hefðbundið ríkisfyrirtæki í það að þetta verði hlutafélag. Það er niðurstaða þeirra manna sem gleggst hafa skoðað þetta mál.

Varðandi það sem menn hafa verið að gera að sérstöku umtalsefni, að það geti vofað yfir stórkostleg orkuverðshækkun ef þessi breyting á rekstrarforminu eigi sér stað, þá held ég að það sé afar langsótt. Enda vek ég athygli á því að hvorki í minnihlutaáliti hv. landbn. á þessu þingi né í minnihlutaálitinu í fyrra var einu orði minnst á þetta. Talsmenn Alþb. í landbn. Alþingis töldu enga ástæðu til að vekja athygli á þessu máli í sínu minnihlutaáliti, einfaldlega vegna þess að það er svo fjarlægt að ímynda sér að það geti verið hagsmunir Landsvirkjunar að stórhækka orkuverð til eins kaupanda með þessum hætti og tefla þannig í tvísýnu orkukaupasamningum við góðan kaupanda.

[18:12]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mér þykir vænt um að hv. 3. þm. Vestf. skuli taka undir það sjónarmið sem fram kom hjá mér áðan að hér væri um að ræða sterkt og öflugt fyrirtæki þrátt fyrir allt. Það er hins vegar ljóst að þetta fyrirtæki er, eins og hv. þm. sagði, að ganga inn í nýjan veruleika, veruleika sem hv. þm. ber talsverða ábyrgð á að hafa leitt fyrirtækið inn í, engu að síður nýjan veruleika. En mín niðurstaða áðan var sú að þegar við skoðum orkusamningana sem fyrirtækið hefur, skoðum ástandið á vinnumarkaði, skoðum tæki, skoðum tækniþekkingu, skoðum lóð og lendur sem þarna er um að ræða, að það sé skynsamlegt að beita sér fyrir því að þetta fyrirtæki verði rekið áfram, a.m.k. með þá framleiðslu sem hefur verið, miðað við 50–53 þús. tonna áburðarsölu á ári, þannig að það séu allar forsendur til þess að þetta fyrirtæki geti starfað þrátt fyrir þessa erfiðu ytri samkeppni a.m.k. þann tíma sem ástandið á orkumarkaðnum og vinnumarkaðnum er eins og það er. Þess vegna tel ég að hv. þm. sé í raun og veru sammála mér um það að rök ríkisstjórnarinnar fyrir því að fyrirtækið sé lélegt fyrirtæki sem þurfi þess vegna að losa sig við eru röng.

[18:14]

Einar K. Guðfinnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við hv. þm. erum alveg sammála um það að hér er um að ræða mjög sterkt fyrirtæki séð út frá ársreikningum fyrirtækisins eins og þeir standa í dag eins og ég rakti í fyrra andsvari mínu. En það sem við hv. þm. erum væntanlega ekki sammála um er það hvernig best er að búa þetta fyrirtæki undir hina nýju framtíð. Nú getum við deilt um gildi EES-samningsins og deilt um gildi þess að lækka hugsanlega áburðarverð til bænda eins og augljóslega verður niðurstaðan af breyttum aðstæðum á áburðarmarkaðnum. En það er öllum ljóst hins vegar að þetta mun með einum eða öðrum hætti hafa áhrif á stöðu Áburðarverksmiðjunnar. Þess vegna var það niðurstaða þeirra sem gleggst hafa skoðað þessi mál og það var líka niðurstaða mikils meiri hluta hv. landbn., raunar allra í fyrra nema fulltrúa Alþb., að það væri skynsamlegast að mæta þessum nýja veruleika með því að breyta rekstrarformi fyrirtækisins úr ríkisfyrirtæki í hlutafélag. Það eru út af fyrir sig engin tíðindi að um það sé ágreiningur milli okkar sem skipum meiri hluta hv. landbn.

og fulltrúa Alþb. Það hefur komið fram í tvígang.

En ég endurtek að ég tel að það sé afar langt seilst að ímynda sér það að þessi breyting á rekstrarformi muni með afdrifaríkum hætti hafa áhrif á þann orkusölusamning sem nú er í gildi milli Landsvirkjunar og Áburðarverksmiðjunnar. Ég held að það sé ekkert sem hefur komið fram sem rökstyður það að menn geti ímyndað sér að það muni hafa nokkur áhrif á þennan samning. Ég vek athygli á því að það er þannig í dag að orkusala og orkusölutaxtar eru mjög mismunandi til einstakra atvinnufyrirtækja. Ég vek t.d. athygli á því að í rökstuðningi garðyrkjubænda fyrir því að þeir þurfa að fá lækkun á raforkuverði sínu er vísað til þess að fiskimjölsverksmiðjur í landinu, sem líka eru atvinnufyrirtæki, hafi hagstæðari orkukaupasamninga en garðyrkjuiðnaðurinn.

[18:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það sem ég sagði um orkuverðið áðan var fyrst og fremst það að önnur iðnfyrirtæki í landinu munu leita eftir því að fá a.m.k. jafnhagstæða samninga og þetta fyrirtæki hefur. Það er alveg augljóst mál.

Varðandi hitt atriðið sem hv. þm. nefndi þá vil ég vitna í grg. hæstv. ríkisstjórnar á bls. 3. Hvað stendur þar? Þar er fyrirtækið í raun og veru afskrifað. Hér stendur, með leyfi forseta:

„Sú hætta blasir við að sala Áburðarverksmiðjunnar dragist verulega saman og að verksmiðjunni reynist ókleift að ná viðunandi rekstrarhagkvæmni miðað við framleiðslumagn."

Hér er í raun og veru verið að segja að þetta fyrirtæki sé óhjákvæmilega úr sögunni. Ég tel að hvað sem menn ætla að gera þá sé rangt að stíga ný skref í þróun þessa fyrirtækis með þessa grundvallarhugsun í huga. Menn eiga auðvitað að setja sér það að fara yfir mál fyrirtækisins. Mín vegna má skoða það að gera fyrirtækið að hlutafélagi en menn eiga að gefa sér aðrar forsendur en þær sem hér liggja inni.

Svo bæti ég því við, hæstv. forseti, að það hefur ekki verið sýnt fram á það á neinn hátt eða ég spyr: Hvað breytist, hvað lagast út af fyrir sig við það að fyrirtækið verði hlutafélag? Ég hef ekki séð neitt sem sannar fyrir mér að það muni gjörbreyta og bæta stöðu fyrirtækisins. Ef það er hægt þá mundi ég taka þeim rökum með þökkum. Ég hef ekki heyrt þau enn þá.

[18:17]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst umræðan um þetta fyrirtæki hafa farið nokkuð á dreif. Hæstv. iðnrh. talaði um ábyrgðarvæðingu sem hann kallaði svo. Mér finnst það kaldar kveðjur til núverandi stjórnenda Áburðarverksmiðjunnar ef þeir eru ábyrgðarlausir menn. Nú vill svo til að formaður stjórnar, ef ég man rétt, er hv. formaður landbn. Egill Jónsson. Er verið að saka hann um ábyrgðarleysi? Er verið að kasta að honum steini fyrir ábyrgðarleysi í stjórn verksmiðjunnar?

Það vill svo til að ég hef svolitlar taugar til þessa fyrirtækis. Ég hef fyrir það fyrsta verið viðskiptamaður fyrirtækisins allan þann tíma sem ég hef rekið búskap og átt við það góð viðskipti. Mér hefur stundum þótt áburðurinn dýr en ég hef orðið að kaupa hann og mikið af þeim afrakstri sem orðið hefur af búi mínu hefur farið til þess að borga þennan áburð.

Það vill líka svo til að fyrsta mál sem ég flutti á Alþingi þegar ég tók hér sæti 1974 var einmitt þáltill. um stækkun Áburðarverksmiðjunnar. Jómfrúrræða mín fjallaði einmitt um hugsanlega stækkun Áburðarverksmiðjunnar. Ég var síðar formaður í nefnd sem sett var á stofn í framhaldi af þessum tillöguflutningi mínum. Sú nefnd gerði athugun á hagkvæmni þess að stækka Áburðarverksmiðjuna og hún var svo stækkuð í kjölfarið á þeirri vinnu.

Nú er búið að ræða hér mikið um það að Áburðarverksmiðjan búi við vægt raforkuverð og ég hef enga trú á því að það breytist. Ég held að það hafi engin áhrif á raforkusölusamninginn þó að þetta verði gert að hlutafélagi og aðrir eigendur eignist fyrirtækið vegna þess að Landsvirkjun er í þeirri óþægilegu stöðu að hún verður að hafa raforku á útsölu vegna þess að Alþingi ákvað, mig minnir 1982, að virkja Blöndu. Það var gjörsamlega þarflaus ákvörðun og reyndar stórskaðleg. Þessi virkjun hefur verið Landsvirkjun þung í skauti. Það er að vísu risið mannvirki fyrir norðan og þar er hægt að framleiða rafmagn og reyndar framleitt dálítið rafmagn þegar verið er að taka upp vélar í Búrfelli eða annars staðar og búið að loka Krófluvirkjun. En raforkumarkaðurinn þurfti ekkert á þessu fyrirtæki að halda og það var af öðrum ástæðum sem sú samþykkt var knúin í gegnum Alþingi að virkja Blöndu. Um það flutti ég töluvert mál á sínum tíma og var ekki sammála öllu því sem stjórnvöld aðhöfðust þar. Það vill nú svo til að flest af því sem ég sagði þá hefur ræst. Því miður, verð ég að segja.

Við sökktum á einum mánuði 42 ferkílómetrum af grónu landi undir lón þessarar virkjunar. Það er stærsta inngrip Íslendinga til gróðureyðingar allt frá landnámstíð. Út af fyrir sig er ekki hægt að bæta það. Það er að vísu hægt að henda áburði og fræi en þetta var gróður sem guð hafði skapað og gefið okkur og kostaði okkur ekki neitt.

Kostnaðurinn af Blönduvirkjun er þvílíkur að í ársreikningi Landsvirkjunar fyrir árið 1993 þar sem hallinn var 3.250 millj. er meira en helmingurinn af þessum halla rakinn til Blönduvirkjunar og það beinlínis viðurkennt skýrum stöfum að það sé vegna reksturs Blönduvirkjunar án þess að neinar viðbótartekjur komi á móti. Hinn beini halli var í kringum 1.400 millj. á sl. ári af því fyrirtæki. Síðan var gengisbreyting sem skýrir hinn hlutann í þessum mikla halla sem varð á Landsvirkjun. Það var gengisbreyting á árinu og lánin hækkuðu. Ef tekin eru saman þau lán sem voru tekin vegna Blönduvirkjunar og hallinn af fyrirtækinu þá voru það 1.771 millj.

Landsvirkjun er ekki í stakk búin til þess að prísa rafmagn hátt og hefur raunar rafmagn á útsölu um þessar mundir. Við reynum að laða sem allra flesta til að nota sem allra mest rafmagn og það hefur verið unnið töluvert í því á síðustu mánuðum að auka raf-

orkunotkunina í landinu og reyna að freista manna til að auka raforkunotkunina með því að lækka verðið.

Áburðarverksmiðjan býr við mjög hagstæðan orkusölusamning. Þar er borguð eitthvað í kringum 10 mills fyrir rafmagnið. Það er rétt úr því að menn eru búnir að orðlengja svo mikið um raforkusölu til Áburðarverksmiðjunnar að rifja söguna upp. Þegar Áburðarverksmiðjan var stofnuð þurfti hún að kaupa rafmagn og orkusölusamningur var í gildi. Síðan er álver reist í Straumsvík og gerður við það sérstakur orkusölusamningur. Þessi orkusölusamningur var afskaplega hagstæður álverinu og mönnum þótti ósanngjarnt að láta Áburðarverksmiðjuna, sem var þó það fyrirtæki sem var hliðstæðast álverinu, borga miklu hærra verð. Það var ákveðið að lækka verðið til Áburðarverksmiðjunnar niður í það sem álverið borgaði, þ.e. Áburðarverksmiðjan gekk inn í álverssamninginn. Fljótlega kom þó í ljós að þetta var ekki hagkvæmt vegna þess að álverðið gekk upp og niður og orkuverðið sömuleiðis. Orkuverðið til álversins var bundið álverði. Það var gerður nýr samningur við Áburðarverksmiðjuna og núna borgar hún eitthvað í kringum 10 mill. Álverið 10,5 mill. Lægst orkuverð borgar Járnblendifélagið, eitthvað í kringum 7 mill.

Það má geta þess að í framleiðslukostnaðarverð á raforku úr nýjum virkjunum er eitthvað í kringum 20 mills. Þannig að út af fyrir sig er þetta gjafverð sem Áburðarverksmiðjan býr við. Og ég held að það séu engin rök til þess að orkusölusamningnum verði breytt að neinu leyti í kjölfar þess að fyrirtækið verði gert að hlutafélagi og komist í aðrar hendur.

En framtíð áburðarframleiðslu á Íslandi er hins vegar mjög ótrygg eins og hefur glögglega komið hér fram og tekið er sérstaklega fram í stjfrv. sjálfu og hefur óspart verið vitnað til í umræðunum.

EES-samningurinn gerir það reyndar að verkum að það kann að vera að samkeppnisstofnun EFTA, þ.e. ESA, telji þetta lága raforkuverð óeðlilega viðskiptahætti vegna þess að Landsvirkjun telst opinbert fyrirtæki eða a.m.k. hálfopinbert. Eins og menn vita þá er Landsvirkjun að hálfu í eigu ríkisins og hinn helminginn eiga Reykjavíkurborg og Akureyrarbær.

Raforkusamningurinn við Járnblendifélagið hefur hlotið gagnrýni úti í Brussel. Að þarna væri verið að raska samkeppnisstöðunni með því að opinbert fyrirtæki skaffaði rafmagn á of lágu verði. Þetta er ein af hættunum í EES-samningnum. Nú er ég ekki að segja að þetta fari svo en ég vek athygli á að þetta geti gerst.

En það er annað sem leiðir af EES-samningnum alveg augljóslega. Einkaréttur Áburðarverksmiðjunnar til þess að framleiða og selja áburð á Íslandi fellur niður um næstu áramót og því getum við ekki breytt. Þar af leiðir getum við ekki varist innflutningi af útlendum áburði. Hér hefur verið kastað fram þeirri tölu að innfluttur áburður væri 10% lægri heldur en sá sem er framleiddur hér. Skynsamir bændur sem hafa skoðað þetta mál hafa sagt mér að það muni vera nær 20% sem innflutti áburðurinn verði lægri. Þar af liggur það ljóst fyrir að Áburðarverksmiðjan sem slík kemur ekki til með að starfa með óbreyttum hætti. Langlíklegasta niðurstaðan er sú að þar verði rekin áfram, a.m.k. um eitthvert skeið, pökkunarstöð og blöndunarstöð fyrir áburð en rafgreiningu til vetnisframleiðslu verði hætt vegna þess að það er hægt að komast yfir hráefni með ódýrari hætti.

Það er rétt að hafa það líka með í minni í þessari umræðu að þetta háa áburðarverð er náttúrlega hluti af verði landbúnaðarvara vegna þess að við íslenskir bændur búum við hærra áburðarverð en bændur í ýmsum öðrum löndum. Þá þegar af þeirri ástæðu verða landbúnaðarvörur hér dýrar.

Það er rétt að minna á það að forráðamönnum Áburðarverksmiðjunnar er það ljóst að framtíð hennar er óörugg og þeir vildu ekki framlengja orkusölusamninginn lengur en til næstu áramóta. Orkusölusamningur fyrirtækisins við Landsvirkjun rennur út um áramótin 1994/1995. Ég vil hins vegar láta það koma fram að ef fyrirtækið treystir sér til að halda áfram þá mun ég mæla með því í stjórn Landsvirkjunar eins og ástandið er að samningurinn verði framlengdur. Hann hefur reyndar verið framlengdur einu sinni eða tvisvar til eins árs í senn því hæstv. utanrrh. var búinn að telja mönnum trú um að Evrópskt efnahagssvæði tæki gildi fyrr en raun varð á.

Hvers vegna er verið að einkavæða þetta fyrirtæki? Það liggja til þess nokkrar ástæður. Hæstv. landbrh. kemur til með að ráða stjórninni og þá getur hann fundið sér fimm jafnoka hv. þm. Egils á Seljavöllum og sett í stjórn fyrirtækisins og bara plokkað þá sjálfur út og þarf ekkert að bera þá undir Alþingi. Þeir geta verið allir miklir sjálfstæðismenn og það er ekkert sem hindrar ráðherrana í því að ráða þessari stjórn. Nú veit ég að hv. 3. þm. Austurl. er afburða maður að vissu leyti en ég er ekkert vonlaus um að það finnist kannski fjórir sjálfstæðismenn til viðbótar sem séu jafnokar hans að vitsmunum og dug. Ég er ekkert vonlaus um það. Ég er ekki að gefa mér það en ég geri ráð fyrir því. Ég a.m.k. þori ekki að sverja fyrir að svo geti ekki farið. (**JGS:** Ef Vilhjálmur étur eins og þorskurinn áfram þá ...) Það kann að vera að hann yrði tækur í þennan selskap einhvern tímann seinna þegar fram líða stundir ef nóg er að borða.

Það hefur verið vitnað í það álit búnaðarþings að þingið hafi ekki haft á móti því að fyrirtækið væri gert að hlutafélagi. Ég ætla að leyfa mér að lesa úr umsögn búnaðarþings frá 9. mars 1994. Þar segir, með leyfi forseta:

„Verði Áburðarverksmiðju ríkisins breytt í hlutafélag eins og frv. gerir ráð fyrir leggur búnaðarþing áherslu á að inn í lögin komi skýr ákvæði um að Alþingi kjósi félaginu stjórn. Komi til álita að ríkið selji hlutabréf sín er það krafa búnaðarþings að Alþingi kjósi félaginu stjórn."

Mér finnst þeir vera bjartsýnir með seinni kröfuna en sú fyrri er auðvitað sjálfsögð en við henni hefur ekki verið orðið. Ég finn það ekki í breytingartillögum sem hv. landbn. flytur um málið þannig að landbrh. kemur til með að skipa stjórnina eða ráða stjórninni. Hér segir reyndar að hún verði kjörin á aðalfundi og hverjir mæta á aðalfundinn? Handhafar hlutabréf-

anna sem í fyrstu verða hæstv. landbrh. eða einhver sem hann hefur til vika fyrir sig.

Eru líklegt að ríkið losni við þessi hlutabréf? Er líklegt að einhver vilji kaupa hlutabréf í verksmiðju sem líklega hættir núverandi framleiðslu? Við skulum athuga það ofurlítið nánar. Það er hægt að breyta framleiðslu í verksmiðjunni. Þó hætt verði við framleiðslu á köfnunarefnisáburði getur hún verið blöndunar- og pökkunarstöð áfram. Það er hægt að breyta verksmiðjunni án þess að þurfa að gera það í grundvallaratriðum. Þarna er meira að segja hægt að framleiða sprengiefni ef menn hafa lyst á. (**JGS:** Er gert í dag.) Og er gert. Það er hægt að auka sprengiefnaframleiðsluna og allt getur þetta stuðlað að framhaldslífi. En þessi verksmiðja á miklar eignir og er mikil eign í sjálfu sér jafnvel þó hún verði ekki í sömu framleiðslu og hún hefur verið. Þá eru það fyrst og fremst mannvirkin og þó langfrekast aðstaðan í Gufunesi sem er dýrmæt í sjálfu sér. Ekki sem byggingarlóðir endilega fyrir íbúðarhús. Þarna er nú dýrmætasta hafnaraðstaða á öllu Reykjavíkursvæðinu sem ekki er komin í hendur Eimskipafélagsins eða Eimskipafélagið hefur ekki náð tangarhaldi á eða er að ná tangarhaldi á. Ef rísa ætti frísvæði eða fríhöfn í Reykjavík þá yrði henni valinn staður í Gufunesi. Það kynni nú að vera að einhverja kitlaði að ná tangarhaldi á þessu svæði.

Við höfum fyrir augum okkar einkavinavæðingu SR-mjöls og allt það óhreina mjöl sem þar var í pokahorninu og við ræddum fyrir fáeinum dögum síðan. Ég leyfi mér að búast við því að hæstv. landbrh. — og nú bið ég hæstv. landbrh. að gjöra svo vel og taka eftir ef hann hættir að tala við hv. formann landbn. sem er sjálfsagt að sannfæra hann um að það sé ekki hægt að finna fjóra jafnoka sína í Sjálfstfl. á Íslandi. Þegar hæstv. landbrh. er búinn að tala þá ætla ég að halda áfram ræðu minni. (Forseti hringir.) Ég óska, frú forseti, eftir því að landbrh. komi í salinn.

Ég þakka, hæstv. landbrh. Ég á von á því að hæstv. landbrh. velji sér þóknanlega viðskiptamenn þegar þetta fyrirtæki er orðið að hlutafélagi og afhendi þeim hlutabréfin fyrir eitthvert skoplega lágt verð eins og gerðist í SR-mjöli. E.t.v. hafa þeir vit á að borga ekki hlutabréfin strax með arðgreiðslum frá fyrirtækinu en þeir gætu tekið peninga út úr því og það þarf ekki að vera neitt óþægilegt að kaupa þetta fyrirtæki eftir þeim fordæmum sem hæstv. ríkisstjórn hefur gefið. Hérna væri nefnilega hægt að hafa virkilega einkavinavæðingu. Nú er það alkunna að hæstv. landbrh. er besti vinur Eimskipafélags Íslands í þessari stofnun. Hann er sporléttasti sendiherra þeirra í ríkisstjórninni. Ég á von á því að hæstv. landbrh. selji Eimskipafélaginu eða einhverjum anga þess þessi hlutabréf síðla árs eða í byrjun þess næsta og við mjög vægu verði þar sem þetta væri ónýtt fyrirtæki.

Frú forseti, ég læt ræðu minni lokið.

[18:40]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Ég vil fyrst fagna því að hv. þm. Egill Jónsson er mættur til umræðunnar. Hann hefur nokkuð verið til umræðu í dag og er ánægjulegt að hann sé kominn hingað. Vona ég að þingmaðurinn sjái sér fært að vera hér sem lengst.

Hæstv. landbrh. kaus á laugardaginn að fara með sögukenningar um að það hefði verið sérstakt kappsmál Alþb. að Áburðarverksmiðja ríkisins og ýmsar aðrar verksmiðjur hér væru í ríkiseign. Ég hélt satt að segja að þessar yfirlýsingar ráðherrans á laugardaginn hefðu stafað af almennum óróleika stjórnarsinna vegna hugsanlegra þingloka þann dag. Nú hefur hins vegar hæstv. ráðherra endurtekið þessar fullyrðingar sínar hér í dag. Þá er auðvitað alveg óhjákvæmilegt að verja nokkrum tíma til að leiðrétta hæstv. ráðherra. Hver var það, hæstv. ráðherra, sem lagði fyrir Alþingi frv. um að þjóðnýta Áburðarverksmiðju ríkisins? Getur hæstv. ráðherra svarað því úr sæti sínu? Hæstv. landbrh., kýs hæstv. landbrh. að svara ekki úr sæti sínu hver hafi lagt fyrir þingið ...

(**Forseti** (SalÞ)**:** Það á ekki að talast við úr sætum.)

Nei, það er út af fyrir sig rétt, hæstv. forseti, almennt er það nú ekki en hins vegar hefur hæstv. landbrh. á þingferli sínum manna mest rætt við ræðumenn úr sæti sínu þannig að ég reiknaði ekki með að hæstv. ráðherra yrði skotaskuld úr því að nefna eitt mannsnafn úr sæti sínu. En hv. þm. Egill Jónsson kom hins vegar hæstv. landbrh. til hjálpar og nefndi nafn Ingólfs Jónssonar. Það er alveg rétt. Sá ráðherra sem lagði til að Áburðarverksmiðja ríkisins yrði þjóðnýtt árið 1969 hét Ingólfur Jónsson. Hver var Ingólfur Jónsson? Veit hæstv. landbrh. það? Jú hann var landbrh. Sjálfstfl. Forustumaður landsbyggðarhóps Sjálfstfl. var sá maður sem Morgunblaðið sagði fyrir nokkrum mánuðum síðan að núv. hæstv. landbrh. hefði náð að vera arftaki í Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Það er ekki lítið.) Staðreyndin er nefnilega sú, hæstv. landbrh., að það var Sjálfstfl. sem lagði til að Áburðarverksmiðja ríkisins yrði þjóðnýtt. Áburðarverksmiðja ríkisins var nefnilega hlutafélag og það var umtalsverð einkaeign af Áburðarverksmiðju ríkisins. Hvaða flokkur kom til þingsins og lagði til að þessi einkaverksmiðja yrði þjóðnýtt? — Ég skil vel að hæstv. landbrh. staulist nú úr salnum. — Það var Sjálfstfl. Svo langt gekk Sjálfstfl. í þessari þjóðnýtingar- og ríkisrekstrarviðleitni sinni að hann bað á Alþingi um heimild í lögum til að fá að taka hlutabréfin með eignarnámi. Það var ekki nóg að Sjálfstfl. bæði um heimild til að kaupa hlutabréfin á frjálsum markaði, nei, það dugði þjóðnýtingarflokknum Sjálfstfl. ekki. Hann þurfti heimild frá Alþingi um eignarnám á hlutabréfunum.

Þess vegna er það auðvitað fullkomin hótfyndni og sögufölsun hjá hæstv. landbrh., Halldóri Blöndal, að endurtaka það dag eftir dag á Alþingi í umræðum um Áburðarverksmiðju ríkisins að Alþb. hafi verið sérstakur ábyrgðarflokkur á því að hér væri rekin þessi ríkisverksmiðja. (**VE:** Þetta er misskilningur greinilega.) Já, það er alveg rétt hjá hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að það var algjör misskilningur hjá ráðherranum og er ánægjulegt að þingmenn Sjálfstfl. skuli hver um annan þveran hér í salnum vera farnir að átta sig á því hvers konar endaleysa það er sem hv. þm. Halldór Blöndal hefur farið með í þessu máli.

Mig langar þess vegna að lesa fyrir hæstv. landbrh., ef hann getur stillt sig um að lesa Politiken, það sem landbrh. Sjálfstfl., Ingólfur Jónsson, fyrirrennari hv. þm. Halldórs Blöndals, sagði. Ég held ég fari rétt með það, hv. þm. Egill Jónsson leiðréttir mig þá ef ég fer ekki rétt með það, að Ingólfur Jónsson hafi verið sá maður úr Sjálfstfl. sem síðast gegndi embætti landbrh. á undan hv. þm. Halldóri Blöndal. (**Gripið fram í:** Nei, Pálmi Jónsson.) Það er að vísu rétt en Pálmi Jónsson var ekki gæðastimplaður af þingflokki Sjálfstfl. í því embætti. Hann var talinn uppreisnarseggur og þingflokkur Sjálfstfl. lýsti algerri andstöðu og vantrausti á þeim ráðherradómi. (**JGS:** Og hefur ekki viðurkennt hann almennilega enn.) Hefur ekki viðurkennt hann enn eins og hv. þm. grípur fram í. Að vísu ekki Egill Jónsson heldur hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson. Þess vegna mun það vera rétt hjá mér að það er enginn landbrh. úr Sjálfstfl., eiginlega frá því að Ingólfur Jónsson lagði fram frv. um að þjóðnýta Áburðarverksmiðjun þar til Halldór Blöndal, næsti landbrh. Sjálfstfl., kemur og fer fram á að hægt sé að afþjóðnýta Áburðarverksmiðjuna.

Þess vegna spyr maður nú hv. þm. og ráðherra, Halldór Blöndal, hvers konar hringlandaháttur er þetta í stefnu Sjálfstfl. í málefnum þessa fyrirtækis? Síðast þegar Sjálfstfl. fór með landbúnaðarmál þá vildi hann endilega að verksmiðjan væri þjóðnýtt. Nú kemur Sjálfstfl. og biður endilega um að þetta verði hlutafélag á ný. (**JGS:** Eru ekki bara fá ár á milli?) Í sjálfu sér eru ekki fá ár á milli, hv. þm. Við vitum að það getur liðið nokkur tími milli þess sem flokkar fara með ráðuneyti. En ég er að rifja þetta upp hér vegna þess að hv. landbrh. kaus að fara í sögulegar umræður um þetta fyrirtæki. Það var ekki að frumkvæði okkar þingmanna sem þær umræður hófust, við héldum okkur við frv. sem hér er til umræðu. En hæstv. landbrh. kaus að koma hér með sögulegar yfirlýsingar í merkingunni sagnfræði um þetta fyrirtæki. Þess vegna fannst mér rétt að rifja það upp fyrir ráðherranum hver það var sem lét þjóðnýta Áburðarverksmiðjuna og gekk svo hart fram í því að honum dugði ekki heimild til að kaupa hlutabréf á markaði heldur vildi hann fá heimild til að hrifsa hlutabréfin með eignarnámi frá þeim einkaaðilum sem höfðu þau í höndum. (**VE:** Það er mál til komið að flokkurinn fari að snúa af villu síns vegar í þessu máli.) Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson segir að mál sé til komið að flokkurinn fari að snúa af villu síns vegar. Það má vel vera, hv. þm., en það er innanhússmál í Sjálfstfl. En mér finnst alveg óþarfi að blanda okkur alþýðubandalagsmönnum, eins og hæstv. landbrh. hefur gert hvað eftir annað, inn í þennan hringsnúning Sjálfstfl. í málefnum þessa fyrirtækis.

Með leyfi virðulegs forseta, langar mig til að lesa stuttan kafla úr framsöguræðu landbrh. Sjálfstfl., Ingólfs Jónssonar, 1969 þegar hann óskar eftir því að fá heimild til að þjóðnýta Áburðarverksmiðjuna hf.:

„2. maí sl. voru samþykkt lög um heimild fyrir ríkisstjórnina til að kaupa upp hlutabréf í Áburðarverksmiðju ríkisins, sem eru í einkaeign, á allt að fimmföldu verði. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að nota þessa heimild. Í tilefni af því var hluthöfum skrifað á sl. sumri og spurst fyrir um það hvort þeir vildu selja með þessum kjörum, á fimmföldu verði og að hlutabréfin yrðu greidd með jöfnum afborgunum á fimm árum. Flestir hluthafarnir hafa svarað játandi en örfáir hafa ekki svarað. Þeir sem ekki hafa svarað eiga hlutafé að upphæð kr. 30 þúsund, þeir sem hafa neitað eru með hlutafé 5 þúsund en þeir sem hafa svarað játandi með fyrirvara eru með hlutafjáreign 6 þúsund kr. en hlutabréfaeign einkaaðila í Áburðarverksmiðjunni er eins og flestir alþingismenn vita 4 millj. kr., en ríkið á aftur á móti 6 millj. kr. og þannig hefur það verið frá byrjun að ríkið hefur átt ⅗ hlutafjárins en einkaaðilar ⅖ hluta."

Þessari tilvitnun lýkur og síðan kemur hér næsta tilvitnun í framsöguræðu Ingólfs Jónssonar.

„Ástæðan til þess að þetta frv. er flutt og rétt þykir að breyta hlutafélaginu Áburðarverksmiðjan hf. í Áburðarverksmiðju ríkisins er sú að nú stendur fyrir dyrum stækkun Áburðarverksmiðjunnar sem kostar mjög mikið og er gert ráð fyrir að sá áfangi sem stefnt er að að byrja á á þessu ári kosti nokkuð á þriðja hundrað millj. kr. Hlutafé er hins vegar ekki nema tíu millj. og það er ekki reiknað með því að hluthafar hafi áhuga á því að auka hlutafjáreign sína í verksmiðjunni og reyndar alveg víst að einkaaðilar kæra sig ekki um það."

Virðulegur landbrh. Er það ekki merkileg staðreynd að ástæðan fyrir því að Sjálfstfl. taldi nauðsynlegt að þjóðnýta Áburðarverksmiðjuna á sínum tíma var sú að það fundust ekki einkaaðilar sem voru reiðubúnir til að leggja peninga í það að stækka verksmiðjuna. Væri ekki umhugsunarvert fyrir hæstv. landbrh., í stað þess að fara hér með sögufalsanir um Alþb., að hann rifjaði það upp, fyrst hann á annað borð kýs að ræða sagnfræði í umræðum um þetta frv., útskýrði fyrir okkur hinum hvers vegna Sjálfstfl. taldi að enginn einkaaðili hefði þá trú á stækkun Áburðarverksmiðjunnar að hann væri tilbúinn að leggja í það peninga. Var þá kannski stækkun Áburðarverksmiðjunnar, hæstv. landbrh., mistök? Væntanlega segir ráðherrann nei. En ef hann segir nei þá er hann jafnframt að játa því að markaðurinn hafi haft rangt fyrir sér. Hluthafarnir hafi haft rangt fyrir sér. Þeir hafi haft rangt mat á því hvað var arðbært og ríkið rétt. Ríkið undir forustu Sjálfstfl. hafði betra og réttara mat á arðseminni en einkaaðilarnir sem áttu hlutabréfin. Og væri nú fróðlegt fyrir hv. þm. Vilhjálm Egilsson að kynna sér það sögulega dæmi þegar Sjálfstfl. dæmir sjálfan sig æðri að dómgreind en markaðinn. (**VE:** Sjálfstfl. réð niðurgreiðslunum.) Sjálfstfl. réð niðurgreiðslunum. Það er mjög fróðleg skýring. Sjálfstfl. réð niðurgreiðslunum. Eða með öðrum orðum, þegar pólitískt vald hafði rétt á því að skekkja markaðinn þá taldi Sjálfstfl. rétt að þjóðnýta og það er kenning sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er að játa hér í þingsalnum með frammíkalli. Mér sýnist á öllu að þessi sögulega umræða um þjóðnýtingu Áburðarverksmiðjunnar og forgöngu Sjálfstfl. um það varpi ansi skemmtilegu ljósi á hugmyndir innan Sjálfstfl. um þjóðnýtingu. — Er nú þingmaðurinn Egg-

ert Haukdal sérstaklega boðinn velkominn til þessarar umræðu.

Ingólfur Jónsson, þáv. landbrh., sagði hins vegar meira, með leyfi hæstv. forseta.

„Þetta út af fyrir sig er vitanlega ekki hvetjandi fyrir aðila að festa fjármagn í þannig fyrirtæki og geta flestir farið í eigin barm með það því að þegar menn leggja fram fé, hvort sem það er í hlutafélag eða annað, þá mun það nú oftast vera að samfara því að menn trúa því að þeir séu að gera gagn með því að mynda gott fyrirtæki, að leggja fé í það, þá ræður hagnaðarvonin alltaf talsverðu."

Hér setur fyrirrennari hæstv. landbrh., Ingólfur Jónsson, fram þá kenningu að hluthafar, einkahluthafar, hafi tvenns konar markmið, annað er að gera gagn og hitt er að græða. Hvenær vék sú kenning, hæstv. landbrh., Halldór Blöndal, úr forustusveit Sjálfstfl. að ekki ætti að taka tillit til þess að gera gagn? Ég held að sumum ungum þingmönnum Sjálfstfl. hér í dag væri hollt að kynna sér þessi sjónarmið fyrirrennara hv. þm. Eggerts Haukdals, sem þingmanns Sjálfstfl. á Suðurlandsundirlendi og í Rangárvallasýslu sérstaklega, og fagna ég því að hér eru nú komnir í salinn þrír arftakar hv. þm., á sínum tíma, Ingólfs Jónssonar. Hv. þm. Eggert Haukdal, sem tók við sæti hans hér á Alþingi sem fulltrúi sjálfstæðismanna á Rangárvöllum, hv. þm. Halldór Blöndal, sem næstur settist á landbúnaðarstól á eftir Ingólfi Jónssyni ...(**StG:** Nei.) Frá Sjálfstfl. — Jú, það er rétt, hv. þm. Stefán Guðmundsson, ef frá er skilinn Pálmi Jónsson, sem Sjálfstfl. skrifaði aldrei upp á þegar hann var í þeim ráðherrastóli. Síðan hv. þm. Egill Jónsson sem um árabil er búinn að vera helsti gúrú Sjálfstfl. í landbúnaðarmálum hér á Alþingi þannig að ekkert er gert hér í landbúnaðarmálum nema hann samþykki, en slíkt vald hafði Ingólfur Jónsson á sínum tíma. — Ég fagna því að þessir menn séu allir mættir hér til að hlýða á upprifjun á ræðu Ingólfs Jónssonar um það sama mál og við erum nú að ræða hér.

Hv. þm. og þáv. ráðherra, Ingólfur Jónsson, telur sem sagt að það sé nauðsynlegt að hafa það markmið í huga að gera gagn en ekki bara að græða. En þáv. landbrh., Ingólfur Jónsson, sagði meira, með leyfi virðulegs forseta:

„Þess vegna er það þegar ráðast á í þessar miklu framkvæmdir við stækkun verksmiðjunnar að það þykir rétt að leysa þetta hlutafélag upp og að Áburðarverksmiðjan verði eftirleiðis algerlega í eigu ríkisins."

Þegar á að setja kraft í fyrirtækið, skapa grundvöll fyrir vexti og sterkari stöðu, þá er nauðsynlegt að leggja einkaeignina til hliðar segir þessi landbrh. Sjálfstfl., Ingólfur Jónsson. Síðan fer hann fram á það í framsöguræðu sinni fyrir þessu frv. að geta ráðist að þeim hluthöfum sem ekki vilja selja hlutabréf sín með fúsum og frjálsum vilja með eignarnámsheimild. En þáv. landbrh., Ingólfur Jónsson, segir í framsöguræðu sinni, með leyfi hæstv. forseta:

„Heimilt er ríkisstjórninni að taka lán í þessu skyni. Ríkisstjórnin tekur eignarnámi þau hlutabréf í Áburðarverksmiðjunni hf. sem verða í einkaeign að kvöldi hins 30. apríl 1969. Kemur eignarnámið til framkvæmda hinn 1. maí 1969 og við það ber að gera þá athugasemd sem ég minntist hér á áðan."

Eða með öðrum orðum, landbrh. fer fram á lántökuheimild til að geta farið í eignarnámsaðgerðina. Og hann gerir það alveg skýrt að ef hluthafarnir af fúsum og frjálsum vilja selja ekki hlutabréfin fyrir kvöldið 30. apríl þá ætlar landbrh. Sjálfstfl. að heilsa 1. maí með því að taka hlutabréfin eignarnámi. Lengra er nú varla hægt að ganga í þjóðnýtingarþjónkun Sjálfstfl. heldur en að velja baráttudag verkalýðsins 1. maí sem upphafsdag eignarnámsins. Svo leyfir hæstv. ráðherra Halldór Blöndal sér að koma hér hvað eftir annað, bæði í dag og á laugardaginn, og flytja þá kenningu að Alþb. hafi verið sérstakur baráttuaðili um þjóðnýtingu þessa frv.

Ég hef flett upp umræðunni um þjóðnýtingu Áburðarverksmiðjunnar 1969 og ég get frætt hæstv. landbrh. á því að það tók ekki einn einasti alþýðubandalagsmaður til máls einu sinni í þeirri umræðu. (**Gripið fram í:** Það var ekki búið að stofna Alþb.) Árið 1969? Ég er nú hræddur um að það hafi verið búið að stofna það. Hér situr meira að segja í salnum formaður Alþb. það ár. Þannig að þessi ungi þingmaður Sjálfstfl. ætti nú að bíða með sagnfræðilegar fullyrðingar hér í frammíkalli. Það er enginn þingmaður Alþb. sem talar í þessari umræðu, en hlutur Sjálfstfl. í því að þjóðnýta Áburðarverksmiðjuna var hins vegar miklu meiri en það að landbrh. Sjálfstfl. flytti frv. Hver mælti fyrir samþykkt frv. í annarri deild Alþingis? Það var sjálfstæðisþingmaðurinn Steinþór Gestsson, sem einnig er fyrirrennari hv. þm. Eggerts Haukdals sem þingmaður á Suðurlandi. Og hver mælti fyrir samþykkt frv. í hinni deildinni? Það skyldi þó ekki vera að það hafi líka verið þingmaður Sjálfstfl.? Jú, það var Bjartmar Guðmundsson, sem var fyrirrennari hæstv. núv. landbrh., Halldórs Blöndals, og Halldór Blöndal lagði mikið kapp á það á sínum tíma að geta sest í þingsæti Bjartmars Guðmundssonar. Þannig að það er Sjálfstfl. sem ber þjóðnýtingu Áburðarverksmiðjunnar hér inn í þingsalinn við öll tækifæri. Þegar frv. er flutt sem stjfrv. þá er það landbrh. Sjálfstfl. sem mælir fyrir því. Þegar málið kemur úr landbn. neðri deildar þá er það þingmaður Sjálfstfl. sem blessar það og biður fyrir því. Og þegar það kemur úr landbn. efri deildar þá er það líka þingmaður Sjálfstfl. sem biður fyrir frv. og blessar yfir það. Það var aðeins einn þingmaður sem ekki var í Sjálfstfl. sem talaði í allri þessari þjóðnýtingarsögu Áburðarverksmiðjunnar og það var virtur drengskaparmaður úr hópi Framsfl., sem yfirleitt lét lítið fyrir sér fara, hv. þáv. þm. Páll Þorsteinsson. Málið er nefnilega þannig vaxið að það er nánast enginn annar flokkur sem kom nálægt þjóðnýtingu Áburðarverksmiðjunnar en Sjálfstfl. Svo leyfir landbrh. sér að koma hér hvað eftir annað og fara með fullkomið fleipur um hlut Alþb. í þjóðnýtingu Áburðarverksmiðjunnar og lýsa því yfir að nú sé Sjálfstfl. að taka að sér að afþjóðnýta það sem Alþb. lét þjóðnýta á sínum tíma. (**JGS:** Í hvaða flokki var þingmaðurinn þegar þetta var?) Hv. þm. Jóhannes Geir Sigurgeirsson spyr mig að því í hvaða flokki ég hafi verið þegar þetta var á

dagskrá. Það veit auðvitað þingmaðurinn. Ég var þá í Framsfl. með hv. þm. Stefáni Guðmundssyni og Páli Þorsteinssyni og við stóðum að því á flokksþingum flokksins, ég og hv. þm. Stefán Guðmundsson, að flytja ýmsar góðar tillögur. (**VE:** Ekki þó um Áburðarverksmiðjuna?) Nei, við fluttum ekki tillögu um Áburðarverksmiðjuna. (**Gripið fram í:** Það þurfti ekki.) Það þurfti ekki vegna þess að Sjálfstfl. var búinn að þjóðnýta hana. (**VE:** Er ekki rétt að leiðrétta þetta sögulega slys?) Jú, það má vel vera að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson líti á það sem sögulegt slys að Sjálfstfl. hafi þjóðnýtt Áburðarverksmiðjuna, það má vel vera. Ég ætla ekki að blanda mér í það. En þá hefði bara verið heiðarlegra, hæstv. núv. landbrh., að flytja málið þannig hér í þingsalinn að nú væri hann mættur hér, arftaki Bjartmars Guðmundssonar á Sandi, til að leiðrétta það slys sem Bjartmari Guðmundssyni frá Sandi varð á í lagasetningunni 1969. Nú væri fyrsti eiginlegi landbrh. Sjálfstfl. frá því að Ingólfur Jónsson lét af embætti mættur til að leiðrétta þetta sögulega slys Sjálfstfl. og nú væri hann mættur með Eggert Haukdal sér við hlið til að leiðrétta það sögulega slys að Steinþór Gestsson skyldi mæla með að þessi vitleysa væri samþykkt.

Ég vil spyrja hæstv. landbrh., fyrst hann kaus að hefja hér sögulegar umræður um þessi mál: Getur hann nefnt eitthvert annað dæmi um að ráðherra hafi komið til þings og beðið um að fá að þjóðnýta einkafyrirtæki og krafist þess að fá dagsetta eignarnámsheimild til að hrifsa hlutabréfin af einkaaðilunum? Er einhver annar flokkur á Alþingi en Sjálfstfl. sem hefur gengið svona langt í þjóðnýtingarákafanum, að biðja um slíka eignarnámsheimild? Ég skora á hæstv. landbrh. að nefna slíkt dæmi hér.

Áburðarverksmiðja ríkisins er ekki eina ríkisverksmiðjan sem Sjálfstfl. hefur beðið um heimild til að setja á stofn hér á Alþingi. Það er nefnilega þannig að nánast allar ríkisverksmiðjur sem hér hafa starfað hafa verið settar á laggirnar með ábyrgð og undir forustu Sjálfstfl. Það er enginn flokkur, ekki einu sinni Framsfl., sem hefur jafnoft verið í ríkisstjórn þegar ríkisverksmiðjur hafa verið settar á laggirnar eins og Sjálfstfl. (**Gripið fram í:** Það er mál til komið að breyta því.) Ég nefni Sementsverksmiðju ríkisins. Hvaða flokkur hafið forustu um það að þjóðnýta sementsframleiðslu á Íslandi og stofna slíka verksmiðju á Akranesi ef það var ekki Sjálfstfl.? Ég er hér með tilvitnanir í páv. atvinnumálaráðherra, Ólaf Thors, formann Sjálfstfl., þar sem hann er að styðja það eindregið að þingið veiti heimild til þess að ríkisverksmiðjan Sementsverksmiðja ríkisins verði sett á laggirnar. Ég er hér með tilvitnanir í umræður um Síldarverksmiðju ríkisins, sem var nú í reynd eins konar fjölskylduríkisfyrirtæki hjá hv. þm. Halldóri Blöndal, þegar hans ágæti frændi Sveinn Benediktsson tók að sér að vera oddviti ríkisins og helsti forustumaður og ábyrgðarmaður ríkisins í stjórn Síldarverksmiðju ríkisins. (**VE:** Það var vel ráðið.) Það var vel ráðið segir hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Það er alveg rétt hjá honum. En á ummælum hæstv. landbrh. um það eignarform hér í dag og á laugardaginn mátti helst ráða að slíkir menn sem því hefðu mælt bót og slíkum störfum hafa gegnt væru alveg sérstakir ónytjungar og skaðræðismenn fyrir íslenska þjóð.

Getur hæstv. landbrh. nefnt einhvern annan flokk hér á Alþingi en Sjálfstfl. sem hefur átt jafnmikla aðild að að setja á laggirnar og starfrækja stærstu verksmiðjur á Íslandi, Áburðarverksmiðjuna, Sementsverksmiðjuna, Síldarverksmiðjur ríkisins og Járnblendiverksmiðjuna í Hvalfirði? Ég held að ráðherrann geti það nefnilega ekki. Hin sögulega staðreynd er nefnilega sú að það er enginn flokkur sem ber eins mikla ábyrgð á þjóðnýtingu í iðnaðarframleiðslu á Íslandi eins og Sjálfstfl. Það er hin sögulega staðreynd. Hér sat ríkisstjórn eftir ríkisstjórn þar sem Sjálfstfl. fór með iðnrn., með forsrn. og hvarflaði ekki að honum að leggja til að ríkisrekstri þessara verksmiðja væri hætt. Og það sem meira er, þegar verksmiðjurnar voru stofnsettar og þeim valin stjórn og blómaskeiðið í rekstri þeirra var þá var það iðulega Sjálfstfl. sem þar var í forustu, bæði í stjórn fyrirtækisins og í ráðuneytunum. Má ég nefna Halldór H. Jónsson sem dæmi, sem stundum var kallaður stjórnarformaður Íslands. Var hann ekki lengi í stjórn Áburðarverksmiðju ríkisins? Var hann ekki valinn af Ingólfi Jónssyni til að stýra þessu ríkisfyrirtæki eftir þjóðnýtinguna, hv. þm. og núv. landbrh., Halldór Blöndal? Ef Halldór H. Jónsson gat setið í þessu þjóðnýtta fyrirtæki var þá eitthvað að rekstrinum sérstaklega? Var það eitthvert tilefni til að flytja einhverjar sérstakar háðsglósur um það rekstrarform, eins og ráðherrann hefur leyft sér í þessari umræðu? Auðvitað ekki.

Í sjálfu sér er það spurning hvort það á að verja hér tíma til að kenna hv. þm. Sjálfstfl. og hæstv. landbrh. þessa sögulegu lexíu. En ég kaus nú að gera það þegar hæstv. ráðherra hélt áfram í dag að fara með þetta rugl, þetta sögulega rugl og rangfærslur, um hverjir bera ábyrgð á þjóðnýtingu Áburðarverksmiðjunnar, þjóðnýtingu Sementsverksmiðjunnar, þjóðnýtingu Síldarverksmiðja ríkisins og Járnblendiverksmiðjunnar í Hvalfirði.

Ég er líka með ræðu annars fyrirrennara hv. þm., núv. hæstv. landbrh., Halldórs Blöndals. Ræðu sem Lárus Jónsson, páv. hv. þm. Norðurl. e., flutti hér þegar var verið að samþykkja enn einn ríkisreksturinn í verksmiðjum á Íslandi. Það væri kannski fróðlegt fyrir núv. hæstv. landbrh. að rifja upp hvað þessi félagi hans til margra ára, Lárus Jónsson, sagði þá. Það var nú ekki aldeilis gagnrýnin á eignarhlutdeild ríkisins sem kemur fram í þeim ræðum. Nei, staðreyndin er auðvitað sú, eins og hv. þm. Svavar Gestsson vakti athygli á áðan, að ákveðinn hópur manna í Sjálfstfl. hefur náð því taki á flokknum á undanförnum árum að geta búið til eins konar hugmyndafræðilegan karlmennskumælikvarða sem felst í því hvað menn eru miklir einkavæðingarmenn, alveg án tillits til sögulegs aðdraganda viðkomandi rekstrarforma, alveg án tillits til aðstæðna í íslensku samfélagi, alveg án tillits til markaðsstöðu fyrirtækjanna, heldur skal bara hver ráðherra Sjálfstfl. hafa einkavætt eitthvað á sínum ráð-

herraferli. Það er í raun og veru málið. Það er bara búið að búa til pólitíska karlmennskumælikvarða í Sjálfstfl. þar sem ráðherrarnir eru látnir mæta á flokksfundum og þeim er hlýtt yfir: Hvað hefur þú einkavætt? Og ráðherra sem ekkert hefur einkavætt er í vondum málum innan flokksins vegna þess að grundvöllur skynseminnar hefur vikið fyrir kröfum hugmyndafræðinnar.

Það er auðvitað þessi sami hugmyndafræðihópur sem hefur leikið Sjálfstfl. í Reykjavík það grátt að hann berst nú örvæntingarfullri baráttu við að halda stjórn borgarinnar og þeir sem þar voru aðallega í broddi fylkingar, fyrir einkavæðingu Strætisvagna Reykjavíkur og annarra fyrirtækja, var vikið úr sæti. Ég held það væri hollt fyrir hæstv. ráðherra, í stað þess að fara með stóryrði í okkar garð, að hugleiða hver hafa orðið örlög þeirra manna innan Sjálfstfl. á síðari mánuðum sem hafa farið offari í einkavæðingarmálum. Þeim hefur einfaldlega verið hafnað af fólkinu í flokknum.

Í þessari umræðu hefur nokkuð verið vikið að því að framtíð þessa fyrirtækis sé í þó nokkurri óvissu. Ég beindi hér nokkrum spurningum til hæstv. iðn.- og viðskrh. og hæstv. landbrh. Hæstv. landbrh. taldi að orkukostnaður fyrirtækisins væri í lagi og gætu breytingar á orkuverði ekki haft mikil áhrif á afkomu fyrirtækisins einfaldlega vegna þess að orkukostnaðurinn væri ekki nema um það bil 7% af núv. rekstrarútgjöldum. Þetta er nú lélegur lestur í reikninga fyrirtækisins, hæstv. ráðherra. Hér hefur komið fram að orkuverðið til Áburðarverksmiðjunnar er í kringum 10 mill. Hvað eru önnur iðnfyrirtæki að borga, hæstv. ráðherra? Veit ráðherrann það? Ætli það sé ekki á bilinu 20–40 mill sem önnur iðnfyrirtæki eru að borga fyrir raforkuna. Ef raforkan til Áburðarverksmiðjunnar væri eingöngu tvöfölduð, hún næði lægri mörkum þess orkuverðs sem önnur iðnfyrirtæki eru að greiða, þá hefði á árinu 1991 og 1992 verið um 80 millj. kr. tap á verksmiðjunni. Tap bæði árin, samtals á báðum árunum 80 millj. kr. Og ef við bætist markaðsóvissan þar sem forsvarsmenn fyrirtækisins benda réttilega á það að 15% söluminnkun mundi kollsteypa rekstrinum og ef þetta tvennt færi saman, orkuverðsbreyting í samræmi við lægri mörk þess sem önnur iðnfyrirtæki greiða og 15% söluminnkun, þá er kominn taprekstur hjá Áburðarverksmiðju ríkisins upp á tæpar 300 millj. kr. Þess vegna er það alveg ljóst að staða þessa fyrirtækis á markaði er svo tæp að það er ekki hægt að koma með málið til þingsins nema gera einhverja grein fyrir því. Hvernig hyggst ráðherrann gera hlutabréfin að söluhæfri vöru? Eða er tilgangurinn bara að einkavæða til að einkavæða?

Mér skilst að rökin fyrir einkavæðingunni séu þau að hlutabréfin eigi að vera markaðshæf vara. Þess vegna hefur einkavæðingarnefnd ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnin sett sér starfsreglur um sölu slíkra hlutabréfa. Þær starfsreglur miðast allar við það að hlutabréfin séu söluhæf vara. Ef þau eru það hins vegar ekki þá er auðvitað einkavæðingin og sala hlutabréfanna fullkomlega út í hött. Ég beini þess vegna þeim tilmælum til hæstv. ráðherra að hann geri skýrari grein fyrir því en hann hefur gert nú þegar, að hann telji kleift að tryggja á næstu mánuðum að hlutabréfin séu söluhæf vara.

Hér hefur komið fram, m.a. af hálfu hv. þm. Svavars Gestssonar, að í sjálfu sér höfum við alþýðubandalagsmenn enga sérstaka athugasemd við það að gera þó ríkisfyrirtækjum sé breytt í hlutafélagaform ef eingöngu er á ferðinni það sem hæstv. viðskrh. nefndi hér ábyrgðarvæðingu, um það er enginn sérstakur ágreiningur hér. En þetta frv. er bara um meira. Þetta frv. er um að heimila einum ráðherra fullkomið vald til að selja öll hlutabréfin. Ráðherra sem stóð hér upp fyrir nokkrum dögum á Alþingi og varði söluna á Síldarverksmiðju ríkisins þótt Ríkisendurskoðun hafi gagnrýnt hana og þótt nú fari fram málaferli fyrir héraðsdómi Reykjavíkur. Ætlar hæstv. ráðherra t.d. að telja þá sölu vera fullkomlega eðlilega ef dómur fellur nú gegn ríkinu og öðrum þeim sem fyrirtækið eignuðust og söluna önnuðust í héraðsdómi Reykjavíkur? Auðvitað ekki. Ég held að það væri meiri mannsbragur að því af hálfu hæstv. ráðherra að viðurkenna að salan á Síldarverksmiðju ríkisins er ekki gott fordæmi.

Hæstv. ráðherra hefur verið inntur eftir því hvernig hann hyggist selja þessi hlutabréf. Ætlar hann að bjóða þau út öll í einu eða hvenær hyggst ráðherrann gera það? Ætlar hann að gera það á þessu ári eða því næsta? Engin svör fást við slíkum spurningum.

Hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson hefur flutt hér brtt. um það að fylgt verði þeim starfsreglum sem settar hafa verið varðandi söluna á hlutabréfunum. Ég minnist þess ekki að það hafi komið fram í umræðunni hvort hæstv. ráðherra er tilbúinn til að samþykkja þá brtt. Ég óska a.m.k. eftir að ráðherrann svari því áður en þessari umræðu lýkur og áður en sú atkvæðagreiðsla fer fram, hvort ráðherrann er tilbúinn til að samþykkja þá brtt. Brtt. er ekki um neitt annað en það að verklagsreglum ríkisstjórnarinnar sjálfrar verði fylgt í málinu. Þess vegna mun stjórnarmeirihlutinn hér á Alþingi greiða atkvæði um það hvort það eigi að lúta þeim verklagsreglum sem ríkisstjórnin hefur sett sjálfri sér.

Hæstv. viðskrh., sem sjálfsagt er nú farinn hér úr húsi og ég ætla ekki að gera athugasemd við það í sjálfu sér, gerði tilraun til þess fyrr á fundinum, og það bera að virða, að svara þeim spurningum sem ég bar fram. Ég tel þó að hann hafi ekki hugað nægilega vel að ýmsum þeim þáttum í því svari. Munurinn á garðyrkjubændum annars vegar og Áburðarverksmiðju ríkisins hins vegar, með tilliti til samkeppnisreglna, er sá að garðyrkjubændur eru mjög margir og þeir eru í innbyrðis samkeppni hver við annan. Áburðarverksmiðjan er hins vegar eina fyrirtækið sinnar tegundar á Íslandi og það þarf ekki að verja mörgum orðum til að útskýra að sú markaðsstaða er allt önnur. Fjöldi garðyrkjubænda á Íslandi er nægilega mikill til að hann tryggi ákveðna innbyrðis samkeppni þeirra á milli og þess vegna er hægt að taka tillit til þess í ákveðnu mati eftirlitsstofnana Evrópska efnahagssvæðisins. Áburðarverksmiðjan er hins vegar ein á þessum markaði.

Virðulegi forseti. Ég taldi nauðsynlegt, í ljósi fá-

ránlegra fullyrðinga hæstv. landbrh. um sögu Áburðarverksmiðju ríkisins, að rifja það hér rækilega upp að það var ráðherra Sjálfstfl. sem óskaði eftir heimild frá Alþingi til að þjóðnýta Áburðarverksmiðju ríkisins. Það voru þingmennn Sjálfstfl. sem mæltu með því í báðum deildum þingsins að það frv. yrði samþykkt. Staðreyndin er sú að það er enginn flokkur sem ber jafnmikla ábyrgð á þjóðnýtingu Áburðarverksmiðju ríkisins eins og Sjálfstfl. Og ég endurtek til áréttingar fyrir hæstv. ráðherra, að ef litið er á helstu ríkisverksmiðjur á Íslandi, Áburðarverksmiðjuna, Sementsverksmiðjuna, Járnblendiverksmiðjuna og Síldarverksmiðjur ríkisins á sínum tíma þá er enginn flokkur sem hefur jafnoft og jafnlengi stýrt þeirri þjóðnýtingu í atvinnurekstri á Íslandi eins og Sjálfstfl.

[19:20]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er laukrétt hjá hv. þm. að þegar stærstu skrefin hafa verið stigin í atvinnusögu okkar Íslendinga hefur Sjálfstfl. ævinlega komið við sögu og hefur henn gert mjög rækilega grein fyrir því. Gleymdi að vísu Kísiliðjunni, gleymdi álverinu og ýmsu öðru sem til mætti tína. En það er auðvitað laukrétt hjá hv. þm. að aðrir flokkar geta ekki borið sig saman við Sjálfstfl. í þeim efnum. Það er líka laukrétt hjá þingmanninum að hér á árum áður var takmarkað fjármagn til hjá einkaaðilum þannig að þeir gátu ekki frekar en nú tekist á við hin stærstu verkefni, þannig er nú þetta. En í sambandi við Áburðarverksmiðjuna þá er sá kostur nú óhjákvæmilegur að minni hyggju að henni verði breytt í hlutafélag til að hægt sé að bregðast við nýrri samkeppni og til að Áburðarverksmiðjan geti leitað eftir nýjum færum til að tryggja því fólki atvinnu sem hjá henni vinnur. Ég held að það sé auðskilið, a.m.k. þeim sem hafa sett sig inn í rekstur verksmiðjunnar. Það er athyglisvert að hv. þm. er ósammála hv. þm. Svavari Gestssyni um hvort Áburðarverksmiðjan sé sterkt fyrirtæki eða ekki og ósammála hv. þm. Svarvari Gestssyni um það hvort hlutabréf Áburðarverksmiðjunnar séu góð eða vond söluvara.

Það var ósatt hjá hv. þm. að ég hefði sagt að raforkukostnaður skipti ekki máli. Það voru ósannindi. Ég ætla ekki hv. þm. að hafa farið rangt með vitandi vits og vísvitandi, en þetta voru ósannindi. Staðreyndin er sú að orkukostnaður hækkaði um 20–25% á milli áranna 1992 og 1993 og er um 10% af rekstrargjöldum á árinu 1993, er afgerandi fyrir framleiðslukostnaðinn nú, eins og auðvelt er að sýna fram á. Undarlegt að hv. þm. skuli lesa rekstrarreikningana með þeim hætti að orkuverð skipti ekki máli.

[19:23]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við munum lengi minnast þess að á þessum degi, rétt fyrir kl. 19:30, lýsti landbrh. Sjálfstfl. Halldór Blöndal því yfir að stærstu skrefin í atvinnusögu Íslendinga hefðu verið þjóðnýtingarskrefin. Það var merkileg yfirlýsing. Við munum tryggja að hún komist áleiðis til frjálshyggjuliðsins í Sjálfstfl. Hann kallaði þau dæmi sem ég tók hér stærstu skrefin í atvinnusögu Íslendinga. Það voru allt saman ríkisrekstrar- og þjóðnýtingarskref sem ég var hér að fjalla um. Það má vel kalla það stærstu skrefin í atvinnusögu Íslendinga. Ég tel þó að ýmislegt fleira komi þar til. En mér finnst þetta merkilega nýr tónn hjá ráðherranum miðað við það sem hann hefur sagt fyrr í dag og í gær. Ástæðan fyrir því að ég tók ekki álverið og Kísiliðjuna er einfaldlega hlutur erlendra aðila í þeim rekstri. Ég var eingöngu að tala um þær verksmiðjur sem Íslendingar ættu alfarið einir eða að meiri hluta.

Það er í sjálfu sér ánægjulegt að ráðherrann vill allt í einu nú kannast við sögu Sjálfstfl. í þjóðnýtingu atvinnulífs á Íslandi, en þá ætti hann að tala varlegar en hann hefur gert fyrr í þessum umræðum.

Varðandi raforkuverðið þá var ég einfaldlega að vekja athygli á því að í fyrri ræðum sínum hér í dag gerði ráðherrann lítið úr því hvað hlut raforkan bæri í kostnaði fyrirtækisins og nefndi aðeins 7%. Nú er hann hins vegar réttilega, að mínum dómi, farinn að átta sig á því að raforkukostnaður fyrirtækisins er afgerandi.

[19:25]

Landbúnaðarráðherra (Halldór Blöndal) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að vísu ekki rétt hjá hv. þm. að ríkið eigi ekki meiri hluta í Kísiliðjunni, það er nú svo. Ég skil ekki alveg útúrsnúninga hv. þm. í sambandi við raforkuverðið. Ef raforkukostnaður við framleiðsluna er ekki nema 6–7% af útgjöldum af rekstrarkostnaði, er þá ekki rétt að fara rétt með það? Ef raforkukostnaðurinn hefur hækkað sem hlutfall, er þá ekki líka rétt að fara rétt með það? Ég skil ekki svona orðaleppa. Hitt hefur hins vegar greinilega komið fram hjá hv. þm., og ég sé að hann er mjög ánægður yfir því, að hann getur réttilega bent á það að í einstaka dæmi hefur Sjálfstfl. talið rétt að ríkið kæmi að atvinnurekstri. Sem helsti fulltrúi þjóðnýtingar hér á Alþingi hlýtur hann vitaskuld að vera ánægður yfir því, þess flokks sem er arftaki Sameiningarflokks alþýðu sósíalistaflokksins, og hefur í þessari umræðu mjög sterklega komið fram sú sterka tilhneiging þeirra alþýðubandalagsmanna að treysta á forsjá ríkisins í atvinnumálum.

[19:26]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Svo illa líður ráðherranum eftir þessa umræðu að hann reynir enn á ný að hlaupa í skjól sögufalsana. Það sem ég var að lýsa hér mjög rækilega er sú forusta sem Sjálfstfl. hefur haft um þjóðnýtingu atvinnulífs á Íslandi. Það er meiri forusta en Alþb. hefur haft um þjóðnýtingu, það er bara staðreynd málsins. Í verki er Sjálfstfl. þess vegna meiri þjóðnýtingarflokkur en Alþb. og það eru ekki bara einstök tilvik þetta eru stærstu og umfangsmestu verksmiðjur í eigu Íslendinga. Það er ekki hægt að nefna verksmiðjur í einkaeign á Íslandi sem hafa tekið fram þessum ríkisverksmiðjum í veltu eða að umfangi. (**Landbrh.:** Hvað með Flugleiðir og hvað um ...) Flugleiðir eru nú ekki verksmiðja, hæstv. landbrh. Ég

hélt að landbrh., sem einnig er samgrh., væri a.m.k. búinn að læra það að flugfélag er ekki verksmiðja og skipafélag er ekki verksmiðja. Og ef ráðherrann kann ekki mun á skipafélagi og flugfélagi og verksmiðjum þá er honum auðvitað ekki viðbjargandi í þessari umræðu, en auðvitað er þetta bara enn eitt dæmið um ruglið sem hæstv. ráðherra fer með í þessari umræðu.

Varðandi orkuverðið þá var ég einfaldlega að benda á það að þegar ég hér fyrr í dag hélt því fram að orkuverðið væri svo afgerandi þáttur í rekstrarstöðu fyrirtækisins að breytingar á orkuverðinu til samræmis við orkuverð til annarra einkafyrirtækja í landinu gætu haft afgerandi áhrif á útkomu fyrirtækisins þá svaraði hæstv. ráðherra mér eingöngu með því að koma hér upp og benda á það að orkuverðið væri bara 7%. Það segir auðvitað ekki neitt, eins og ég benti á í minni seinni ræðu, vegna þess að það er samhengi þess hlutfalls við afkomu fyrirtækisins sem verður að skoða. Og eins og ég hef nú bent ráðherranum á og hann viðurkennir hér að lokum þá er orkuverðið svo afgerandi þáttur að einföld breyting í þá veru að Áburðarverksmiðjan borgi sama orkuverð og önnur einkafyrirtæki þegar búið er að selja Áburðarverksmiðjuna hefur það einfaldlega í för með sér að reksturinn er með halla.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

[Fundarhlé. — 19:28]

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 2. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096.

[20:31]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nefndaráliti og breytingartillögum frá meiri hluta sjútvn. um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Hv. sjútvn. hefur fjallað um þetta mál á mörgum fundum og fengið til sín allmarga gesti sem taldir eru upp á einni síðu í nefndarálitinu. Ég hyggst ekki lesa þann lista upp, enda sjálfsagt ekki áhugavert að hlusta á þann lista af nöfnum.

Meiri hluti nefndarinnar gerir nokkrar tillögur til breytinga á frv. og mun ég rekja þær.

Í fyrsta lagi er gerð brtt. við 1. gr. frv. sem gengur út á það að sjóðnum verði heimilt að veita lán og ábyrgðir til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis. Það sem er nýtt í þessu er að sjóðnum verður heimilt að veita lán og ábyrgðir til nýsköpunar. Í frv. var ekki gert ráð fyrir að það væri gert. Þetta er m.a. hugsað til þess að sjóðurinn nýtist betur til þróunar í sjávarútvegi en verði ekki eingöngu til þess að styðja úreldingu bæði á skipum og fiskvinnslustöðvum.

Í öðru lagi er gerð breyting á 3. gr. þar sem gert er ráð fyrir því að þeir 4 milljarðar sem talið er að ríkissjóður setji í sjóðinn komi á árunum 1994 og 1995, en í frv. var gert ráð fyrir því að þeir kæmu á árunum 1993, 1994 og 1995.

Í þriðja lagi er gerð brtt. við 4. gr. þannig að 1. málsl. 1. mgr. hljóði svo, með leyfi forseta: „Eigendur fiskiskipa, sem skráð eru á skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins 1. jan. ár hvert og leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, skulu árlega greiða gjald til Þróunarsjóðs. Undanþegnir gjaldinu eru bátar minni en 6 brúttórúmlestir sem stunda veiðar með línu og handfærum við dagatakmarkanir."

Þetta þýðir að allir þeir bátar, stórir sem smáir, sem eru á aflamarki fá aðgang að Þróunarsjóðnum og úreldingarkerfinu. Upphaflega miðaði frv. við það að eingöngu bátar sem væru 10 brúttótonn eða stærri greiddu inn í sjóðinn og væru í þessu úreldingarkerfi, en nú nær þetta til allra báta, stórra sem smárra, sem eru á aflamarki.

Þá bætist enn fremur við 2. mgr. nýr málsliður sem orðast svo, með leyfi forseta: „Ráðherra ákveður í reglugerð hvernig innheimtu gjalds skv. 1. mgr. skuli háttað hjá þeim aðilum sem ekki falla undir 5. og 7. gr. laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins."

Hér er sem sé við það miðað að ráðuneytið setji reglugerð um hvernig innheimta skuli þetta tonnagjald á minnstu bátunum undir 10 brúttórúmlestum sem eru í kerfinu.

Í fjórða lagi er gerð brtt. við 7. gr. sem felur það í sér að 75 millj. kr. þak á úreldingarstyrk til skips hækkar upp í 90 millj. Þetta er leiðrétting á þeirri tölu sem er í frv.

Í b. lið breytingartillögunnar er gert ráð fyrir því að 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. orðist þannig: „Sjóðurinn veitir eingöngu styrki til úreldingar þeirra skipa sem gjaldskyld eru eða hafa verið skv. 1. mgr. 4. gr. enda hafi gjald vegna viðkomandi skips samkvæmt lögum þessum eða lögum um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins verið greitt í hann í a.m.k. þrjú ár."

Það sem skiptir máli í þessu er þessi þriggja ára regla sem er hugsuð til að koma í veg fyrir að skip séu flutt til landsins og skráð hér eingöngu í því skyni að fá út á þau úreldingarstyrk.

Þessu ákvæði tengist seinna ákvæðið til bráðabirgða í tillögunum þar sem gert er ráð fyrir því að ákvæðið um þriggja ára greiðsluskyldu eigi ekki við um þau skip sem skráð voru á skipaskrá fyrir 1. jan. 1994 þannig að ákvæðið verði ekki afturvirkt gagnvart þeim aðilum sem hafa í góðri trú jafnvel fengið staðfestar úreldingarbætur og hafa gert sínar fjármálalegu ráðstafanir út frá því að þetta yrði eins og hér er lagt til.

Í fimmta lagi er lagt til að síðari málsl. 2. mgr. 10. gr. falli brott þar sem segir að þeirri kvöð skuli þinglýst á fasteignirnar sem úreltar eru í sjávarútvegi að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslustarfsemi. Markmiðið með þessu er í rauninni að gera þetta kerfi sveigjanlegra gagnvart fiskvinnslustöðvunum þannig að hægt sé að taka þær í notkun á nýjan leik ef aðstæður breytast eftir að þær hafa einu sinni verið úreltar. Nú er það svo að jafnvel þó að fiskvinnslustöðvar geti á einstökum stöðum verið of margar í augnablikinu og ástæða til að fækka þeim og aðstoða við þá fækkun, þá

er ekkert sem segir að aðstæður geti ekki breyst með veiðum á nýjum tegundum og nýrri starfsemi, alls kyns þróun sem verður og einnig geta komið upp aðstæður sem kalla tímabundið á aukið húsnæði. Það væri því ekki neinum í hag í sjálfu sér að það væri þinglýst kvöð á viðkomandi eignir að þangað mætti ekki fara inn fiskur. Því er nauðsynlegt að gera þessa breytingu.

Reyndar er gengið út frá því í þessum breytingartillögum að það sem viðkemur fiskvinnslustöðvunum í Þróunarsjóðnum verði spilað dálítið niður og ekki verði lögð jafnmikil áhersla á þann þátt, þ.e. úreldingu fiskvinnslustöðva, og upphaflega var ætlað að gera heldur að sjóðurinn nýtist fremur til nýsköpunar og þróunarverkefna innan lands og þannig muni sjóðurinn nýtast betur fyrir sjávarútveginn.

Í sjötta lagi er gerð brtt. við fyrri málsgrein 11. gr. frv. þar sem rætt er um það hvað sjóðurinn eigi að gera. Í fyrsta lagi breytist fyrirsögn greinarinnar og verður: „Þátttaka í þróunarverkefnum". Í öðru lagi verði verkefni sjóðsins að stuðla að vöruþróun og markaðssetningu íslenskra sjávarafurða og annarri nýsköpun í sjávarútvegi sem og þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis og í því skyni sé sjóðnum heimilt að veita lán og styrki.

Í sjöunda lagi er gerð brtt. við 15. gr. og þar er gert ráð fyrir því að greinin orðist svo, með leyfi forseta:

„Stjórn sjóðsins er heimilt að taka lán, þó ekki með útgáfu og sölu á skuldabréfum og öðrum endurgreiðanlegum skuldaviðurkenningum til almennings, í því skyni að jafna misræmi milli innborgana af skuldabréfum í eigu sjóðsins og afborgana og vaxta af lánum sem sjóðurinn á að standa skil á."

Hér er um tæknilega breytingu að ræða vegna þess að sjóðurinn þarf að uppfylla tiltekin skilyrði til þess að geta verið í útgáfu á svokölluðum markaðsverðbréfum, en það er ekki meiningin að sjóðurinn uppfylli slík skilyrði.

Í áttunda lagi er gerð brtt. við 23. gr. frv. Þar er kveðið á um að gjaldtaka á fiskiskip skuli koma til framkvæmda á árinu 1995, enda er of seint að láta þetta taka gildi á þessu ári. Sama gildir um gjald á fiskvinnslustöðvar sem á að koma til framkvæmda við álagningu gjalda árið 1995.

Þá er að lokum, virðulegi forseti, lagt til nýtt ákvæði til bráðabirgða sem segir að fjmrh. fyrir hönd ríkissjóðs sé heimilt að taka að láni allt að 2.720 millj. kr. til þess að leggja í sjóðinn.

Virðulegi forseti. Ég hef rakið þær brtt. sem meiri hluti sjútvn. vill gera á frv. Þetta mál er að sjálfsögðu hluti af þeirri endurskoðun sem hefur farið fram á löggjöfinni um stjórn fiskveiða og þeim breytingum sem eru að verða á þeirri löggjöf og sjóðakerfi sjávarútvegsins. Hluti af þessu máli er að sjálfsögðu gjald sem er lagt á aflahlutdeildir, þ.e. 1.000 kr. á hverja þorskígildislest, enn fremur gjald á fiskvinnslustöðvar og gjald á skip. Þessi þróunarsjóðsgjöld munu standa undir tekjuöflun sjóðsins til þess að standa undir starfsemi hans. Þessu tengist einnig að úr gildi falla lög um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins en eins og kunnugt er mundi, ef frv. yrði ekki að lögum, það taka gildi nú eða á næsta fiskveiðiári að kvóti Hagræðingarsjóðs yrði seldur í því skyni að fjármagna Hafrannsóknastofnun. Í stað þess að sú fjármöngun sé til staðar fyrir Hafrannsóknastofnun er reiknað með því að ríkissjóður standi undir kostnaði af þeirri starfsemi en í stað þess er tekið upp hið svokallaða 1.000 kr. gjald sem renni í Þróunarsjóðinn.

[20:44]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson):

Hæstv. forseti. Í fjarveru hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar mæli ég fyrir nefndaráliti minni hluta sjútvn.

„Samkomulag stjórnarflokkanna um framlagningu sjávarútvegsfrumvarpa á sl. vetri fól í sér frumvarp þetta um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem svo er nefnt. Sjóðnum fylgir að yfirtaka á skuldbindingar atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hlutafjárdeildar og leggja sérstakt gjald á aflaheimildir frá og með árinu 1996 til að standa straum af starfrækslu sjóðsins og yfirtöku þessara skuldbindinga. Óttast margir að þar sé á ferðinni vísir að upptöku auðlindaskatts og hefur reyndar annar stjórnarflokkurinn, Alþýðuflokkurinn, túlkað málið í þá veru. Ýmislegt fleira orkar tvímælis, svo sem ákvæði frumvarpsins um úreldingu fiskvinnslustöðva, og hefur gengið illa að fá það útskýrt hvernig það ákvæði eigi að ganga upp í framkvæmd.

Nú eru að vísu lagðar til af hálfu meiri hlutans lítils háttar lagfæringar sem m.a. ganga í þá átt að rýmka reglur og möguleika sjóðsins til að taka þátt í þróunarverkefnum á sviði sjávarútvegsins, þar með talið verkefnum á erlendri grund, og ber að fagna því. En eftir stendur að frumvarpið í heild sinni, eins og það kemur fyrir, er meingallað enda á það sér formælendur fáa. Satt best að segja hefur ekki fundist í umfjöllun sjávarútvegsnefndar í reynd einn einasti stuðningsaðili frumvarpsins eins og það er í óbreyttri mynd fyrir utan ríkisstjórnina sjálfa og stjórnarflokkana.

Ljóst er á hinn bóginn að bagalegt er að óvissa ríki lengi um þær leikreglur sem gilda eiga um endurnýjun og úreldingu fiskiskipa. Þar sem legið hefur í loftinu um alllangt skeið eða allt frá því að tvíhöfða nefnd var að ljúka störfum að úreldingarprósentan yrði hækkuð og þaki á heildargreiðslum vegna úreldingar yrði lyft leggur minni hlutinn til að tekið verði á þeim þætti strax. En í ljósi þess að frumvarpið og það fyrirkomulag sem þar er lagt til er meingallað er það afstaða minni hlutans að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar. Þess í stað verði fluttar breytingartillögur við lögin um Hagræðingarsjóð sjávarútvegsins þar sem í fyrsta lagi verði úreldingarprósentan færð upp í þau 45% sem frumvarpið um Þróunarsjóð gerir ráð fyrir og heildarupphæðin hækkuð með sama hætti. Einnig verði gengið frá því, samanber margendurtekinn tillöguflutning stjórnarandstöðunnar, að veiðiheimildum sjóðsins verði úthlutað án endurgjalds til jöfnunar á móti þeim samdrætti í afla, einkum þorskafla, sem gengið hefur yfir og á meðan það ástand varir. Jafnframt verði ákveðið að nefnd skipuð fulltrúum allra þingflokka og helstu hagsmunaaðila skuli í sumar vinna að heildarendurskoðun lagaákvæða um hagræðingar- og þróunarmálefni sjávarútvegsins og skila af

sér frumvarpi með haustinu sem lagt verði fyrir Alþingi í upphafi þings. Verði þar einnig til skoðunar verðjöfnunar- eða sveiflujöfnunarmál greinarinnar og sá möguleiki kannaður að þessi verkefni verði sameinuð í einum deildaskiptum sjávarútvegssjóði.

Fulltrúi Kvennalistans, Anna Ólafsdóttir Björnsson, er situr fundi sjávarútvegsnefndar sem áheyrnarfulltrúi, er samþykk áliti þessu."

Undir þetta rita Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Ásgrímsson, Jóhann Ársælsson og Stefán Guðmundsson.

Mig langar til viðbótar við álit minni hlutans að ræða um þetta frv. fáum orðum og langar fyrst að segja það að ég á ekki von á því að það hafi gerst oft áður að þeir aðilar sem hafi verið kallaðir til viðtals við þingnefnd hafi verið jafnsammála um að mál sem verið væri að fjalla um væri til óþurftar og ætti að hætta við að flytja og kom í ljós við umræður um þetta mál og viðtöl við hagsmunaaðila sem mættu á fundi nefndarinnar enda hefur öll tilurð þessa máls verið með eindæmum. Í raun og veru má rekja niðurstöðu málsins til þeirra lokaátaka sem fóru fram um skýrslu tvíhöfða nefndarinnar. Eins og menn rekur auðvitað minni til þá var það undir lokin, þegar tvíhöfða nefnd var að skila af sér og hafði verið tekist á um niðurstöður í nefndinni nokkuð lengi og voru það fyrst og fremst átökin um auðlindaskattinn sem Alþfl. vildi koma á, að tvíhöfða nefndin var lengi vel stödd í þeim sporum að vera búin að semja sína skýrslu en lokaniðurstaða fékkst ekki vegna átakanna um auðlindaskattinn. Það gerist síðan í einhvers konar kaupskap milli stjórnarflokkanna að niðurstaðan varð sú sem nú liggur fyrir, þ.e. þetta auðlindagjald sem er sett fram í þessum Þróunarsjóði. Ég vil rifja upp að síðasti liðurinn í upptalningu tvíhöfða nefndarinnar á þeim markmiðum sem hún lagði til að yrðu uppfyllt í nýjum lögum um stjórn fiskveiða og stefnu í sjávarútvegsmálum var eftirfarandi bókun: „Þá bendir nefndin á samkomulag í ríkisstjórn um stofnun svonefnds þróunarsjóðs sjávarútvegsins, en með því samkomulagi var leitt til lykta eitt mikilvægasta viðfangsefni nefndarinnar, gjaldtaka fyrir veiðiheimildir." Þeim var sem sagt ekkert að vanbúnaði að skila af sér þegar búið var að ná þessu samkomulagi um þróunargjaldið sem er innifalið í þessum tillögum hér.

Það kom síðan mjög glöggt í ljós þegar farið var að ræða um þessi mál að stuðningurinn við þetta er ákaflega takmarkaður. Eins og ég sagði áðan eru nánast allir aðilar í sjávarútvegi, a.m.k. sem ég hef heyrt gefa álit sitt á málinu, sammála um að þennan þróunarsjóð eigi ekki að stofna. Það eigi ekki að stofna til hans með þeim hætti sem hér er lagt til. Það er líka rétt að minna á að það hefur komið í ljós að stuðningurinn við Þróunarsjóðinn er í öðrum stjórnarflokknum ákaflega tæpur og þar eru menn nauðbeygðir til að taka þátt í þessu samkomulagi sem hér liggur á borðum. Reyndar hefur það aldrei orðið alveg ljóst og mun ekki verða fyrr en við lokaatkvæðagreiðslu á hv. Alþingi hvort nægilega margir stjórnarliðar eru tilbúnir til að ganga gegn sannfæringu sinni í málinu því að sumir hverjir af þeim hafa a.m.k. sett það skýrt fram að þeir væru á móti þessum sjóði. Þeir væru á móti ákveðnum atriðum sem í honum eru og það kann vel að vera að þeir aðilar verði ekki mættir til atkvæðagreiðslu þegar þar að kemur, en það er ástæða til að velta því fyrir sér, a.m.k. meðan annað liggur ekki fyrir, hvort nægilegur stuðningur sé við frv. í Sjálfstfl.

Það er líka ástæða til að velta því fyrir sér hvort framkvæmdin á þeim markmiðum sem sett hafa verið fyrir Þróunarsjóðinn í þessum tillögum sé eðlileg. Ég vil a.m.k. spyrja hvort ekki hafi verið ástæða til að taka t.d. á þeim skipulagsvanda sem er í sjávarútveginum og ég held að a.m.k. margir séu sammála um að þurfi að taka á og sem verkalýðshreyfingin er farin að láta heyra til sín fullum hálsi vegna, þ.e. að það er verið að flytja atvinnuna úr landi og út á haf. Það er nákvæmlega ekkert um slík atriði í þessum tillögum um Þróunarsjóðinn. Úrelding fiskiskipa og úrelding frystihúsa er hér á dagskrá en það er engin stefnumörkun gagnvart fullvinnslu á hafi úti. Það hefði a.m.k. verið full ástæða til að skoða slík mál í tillögum sem settar eru fram um þróun í sjávarútvegi. Ég held að það sem helst brenni á mönnum í sjávarútveginum í dag sé t.d. það að fólkið í landi er að missa atvinnuna. Samkeppnishæfni fiskvinnslustöðva í landi við fullvinnslu úti á sjó er ekki nægileg og á því er nákvæmlega ekkert tekið.

Þetta hefur allt saman verið hin mesta hörmungarsaga hjá stjórnarflokkunum og hv. þm. þeirra hafa í allan vetur verið að berjast við þessi mál. Við sjáum núna fyrir endann á lagasetningunni um stjórn fiskveiða, lagasetningunni sem tengist sjómannadeilunni og síðan Þróunarsjóðnum. Allt er þetta að taka enda á lokadögum þingsins og hefur verið einhver erfiðasta fæðing, a.m.k. sem ég hef séð þau þrjú ár sem ég hef verið á Alþingi, á máli sem ríkisstjórnin hefur verið að skila af sér. En ég ætla ekki að fara út í að rifja upp þá sögu hér.

Mig langar til að vitna í ummæli nokkurra aðila sem mættu á fundi sjútvn. og létu álit sitt í ljós á stofnun þessa sjóðs. Ég vil fyrst vitna í álit Félags um nýja sjávarútvegsstefnu sem mætti á fundi nefndarinnar og lagði fram sínar ályktanir í þessu efni, en þar stendur:

„Stjórn Félags um nýja sjávarútvegsstefnu er mótfallin stofnun Þróunarsjóðs í þeim tilgangi og á þeim forsendum sem fyrirliggjandi frumvarp gerir ráð fyrir.

Verði frumvarpið lagt fram vill stjórn félagsins leggja til að eftirfarandi efnislegar breytingar verði gerðar á því:

Að úrelding verði einskorðuð við fiskiskip.

Að Þróunarsjóðurinn fái tekjur af lönduðum afla í stað gjaldtöku „af úthlutuðu aflamarki".

Að sjóðnum sé heimilt að veita ábyrgðir, lán og styrki til að greiða fyrir nýsköpun í íslenskum sjávarútvegi, þó ekki til fjárfestinga erlendis."

Félagið telur að aflagjald væri eðlilegri og skynsamlegri leið heldur en sú sem frv. gerir ráð fyrir.

Ég er á þeirri skoðun að það sé nákvæmlega rétt sem kemur fram hjá þessum aðilum í Félagi um nýja

sjávarútvegsstefnu. Ég hef haldið því fram að þessi sjóður ætti eingöngu að halda sig við úreldingu fiskiskipa. Ég tel að úrelding fiskvinnsluhúsa eins og hún er sett fram — ég hef a.m.k. ekki séð neina hugmynd sem ég get skrifað upp á í sambandi við úreldingu fiskvinnslustöðva í landi — sé nánast sjálfdauð og muni misheppnast, því miður. Það verður mjög erfitt að stjórna þeirri úreldingu þannig að nokkurt vit sé í, enda er það þannig að ef það gengur að úrelda fiskvinnsluhús með þeim hætti sem hér er lagt til þá er þessi uppfinning um úreldingu húsa í fiskvinnslu alveg jafngóð í aðrar atvinnugreinar. Ætla menn virkilega að fara út í það að setja upp einhvers konar úreldingarsjóði í öllum atvinnugreinum í landinu? Hvar enda menn í þessari vitleysu? Ég tel að þetta sé ekki góð hugmynd og ég held reyndar að sú úrelding sem menn eru að tala um muni engum koma til gagns nema fyrst og fremst kannski þeim lánastofnunum sem eiga peninga hjá þessum fyrirtækjum.

Ég hef heldur ekki séð hvernig menn ætla að stjórna þessum hlutum. Í mörgum fiskibæjum allt í kringum landið eru tiltölulega fá fiskvinnslufyrirtæki. Þau eru staðsett við hafnirnar og fari menn út í úreldingu á fiskvinnsluhúsum þá er verið að loka fyrir mögleika á því að nýta þau til atvinnusköpunar. Það er að vísu gengið skref til baka í brtt. meiri hlutans og ég skal ekki lasta það. Ég tel að það sé þó til bóta að viðurkenna að það geti verið rétt að endurskoða málið. En eftir sem áður er samt verið að tala um að kippa þessum húsum út úr þeim möguleikum sem eru fyrir hendi, alla vega tímabundið og kannski til frambúðar. Ég held að umræðurnar um þetta atriði hafi svo sem sannað að það er ekki skynsamlegt að úrelda fiskvinnsluhús með neinum hætti. Ég held að það megi einfaldlega segja að svona vinnuaðferðir séu ekki til annars en að efna til afskipta hins opinbera af atvinnurekstri og það langt fram yfir það sem eðlilegt er.

Sú athugasemd að Þróunarsjóðurinn eigi að fá tekjur af lönduðum afla í stað gjaldtöku af úthlutuðu aflamarki er líka það sem ég vil taka undir. Ég er sannfærður um að þær tekjur sem á að taka sameiginlega fyrir sjávarútveginn til að nota honum til hagsbóta er eðlilegast að taka sem aflagjald. Að menn borgi ákveðið gjald af þeim afla sem að landi kemur í takt við það hvaða fisktegund er um að ræða, hvert verðmæti hennar er og jafnvel er hugsanlegt að að einhverju leyti verði tekið tillit til hvaða áhrif veiðar af þeirri tegund sem um er að ræða hafa á lífríkið í sjónum. Alla vega er langeðlilegast að menn greiði í takt við hvað þeir taka mikið úr lífríkinu í þá sjóði sem sjávarútvegurinn þarf að nýta sér sameiginlega. Ég tel að það hafi mikla yfirburði yfir aðrar gjaldtökur sem menn hafa verið að leggja til að yrðu viðhafðar fyrir sjávarútveginn.

Ég ætla ekki að draga úr því að auðvitað er hægt að hafa mjög margvísleg jákvæð áhrif á þróun sjávarútvegsins með sjóði sem þessum og það er eitthvað sem ég tel að sé full ástæða til að sinna og það er ekki þannig að opinber afskipti séu mér aldrei að skapi. En hins vegar vil ég meina það að með þessari sjóðsstofnun, eins og hún liggur fyrir núna með mótmælum allra aðila sem eiga raunverulega aðild að þessum sjóði og greiða það gjald sem til hans á að renna og njóta þess sem hann getur gert í staðinn, sé ekki vel til hlutanna stofnað enda hafa útvegsmannafélögin mótmælt. Ég ætla að lesa hér úr einu skjali sem hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Þróunarsjóður sjávarútvegsins. Útvegsmannafélögin mótmæla harðlega áformum um sértækar aðgerðir sem miða að því að stofna enn einn sjóðinn. Hlutverk þessa svokallaða þróunarsjóðs er að innheimta sérstakt veiðileyfagjald af sjávarútveginum. Þetta gjald á að leggja á eins og aðstöðugjald, hvort heldur er um hagnað eða taprekstur að ræða. Slík mismunun milli sjávarútvegs og annarra atvinnugreina er óþolandi.

Þá er einnig mótmælt að sjávarútveginum skuli ætlað að greiða með sérstökum skattstofni töpuð útlán og skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Tilurð þessara sjóða varð til þess eins að brengla samkeppnisstöðu innan greinarinnar og mismuna fyrirtækjum í sjávarútvegi. Það stríðir á móti öllu viðskiptalegu siðferði að ætla þeim aðilum í sjávarútvegi, sem þáðu ekki fyrirgreiðslu úr umræddum sjóðum, að greiða og ábyrgjast nú skuldir þessara sjóða með sérstökum skatti.

Útvegsmannafélögin hafa ekki fengið neinar haldbærar upplýsingar um það hvernig á að standa að úreldingu fiskvinnsluhúsa. Hvernig á að koma í veg fyrir að fiskur sé unninn í tilteknu húsi, hvernig á að koma í veg fyrir að aðili, sem úreldir fiskvinnsluhús, fari ekki með fiskvinnslu í næsta hús eða byggi nýtt hús?

Útvegsmannafélögin eru sammála því að hækka hlutfall bóta úr Hagræðingarsjóði í 45% til að stuðla að frekari úreldingu fiskiskipa.

Hlutverk Hagræðingarsjóðs á ekki að vera annað en að stuðla að úreldingu fiskiskipa.

Veiðiheimildum hans á að úthluta í réttu hlutfalli við veiðiheimildir hvers og eins."

Undir þetta rita Útvegsmannafélag Akraness, Útvegsmannafélag Austfjarða, Útvegsmannafélag Hafnarfjarðar, Útvegsmannafélag Hornafjarðar o.fl. Þetta er sýnishorn af afstöðu útvegsmannafélaga á nokkrum stöðum á landinu.

Auðvitað geta menn haft misjafnar skoðanir á því sem útvegsmannafélögin eru að segja um t.d. úreldingu fiskvinnsluhúsanna. En það hefur ekki komið fram hvernig á t.d. að stjórna því sem minnst er á í þessum athugasemdum. Er það t.d. þannig að stór fiskvinnslufyrirtæki sem eiga fjölmörg hús og stór, eins og við þekkjum allt í kringum landið, geti farið að úrelda hluta af sínum húsum og hvað af þeim húsum eru þá fiskvinnsluhús í dag? Það er öllum hv. alþm. a.m.k. kunnugt að flest af þessum stóru fiskvinnslufyrirtækjum eiga miklu meira en þau hafa þörf fyrir af fiskvinnsluhúsum og það af eðlilegum ástæðum. Það er ekki bara vegna þess að samdráttur hafi orðið í þorskveiði eða fiskveiðum yfirleitt heldur vegna breyttra atvinnuhátta. Saltfiskverkunarstöðvar t.d. sem þurftu gífurlegt húspláss fyrir fáum árum til þess að salta fisk og geyma yfir vetrartímann þurfa ekki í dag nema brot af

því húsnæði sem þær höfðu áður og það er vegna þess að saltfiskur er nú fluttur úr landi miklu fyrr en áður, kannski hálfum mánuði, þrem vikum eftir að hann kemur að landi. Það þarf miklu minna húspláss til þess að salta fisk og selja úr landi en áður var. Fyrir utan það að margar þessara fiskvinnslustöðva hafa miklu minni fisk til að vinna og þar af leiðandi þurfa þær minna húspláss. Eiga þessi fyrirtæki að geta t.d. úrelt stóran hluta af sínum húsum, fengið fyrir það úreldingarstyrki og haldið síðan áfram að vinna með sama hætti og áður? Það er út af fyrir sig ekkert athugavert við það að þau haldi áfram sinni starfsemi, en til hvers er þá þessi úreldingarstarfsemi ef hún verður eingöngu til þess að fyrirtæki sem eru fyrir í sjávarútveginum geti nánast sett nýtt skilti á hurðina hjá sér að það sé nú vélageymsla sem áður hét saltfiskverkunarhús eða eitthvað slíkt?

Það er verið að bjóða upp á slíka hluti með stofnun á þessum úreldingarsjóði sem á að vera tilbúinn til þess að úrelda fiskvinnsluhús.

Það eru miklu fleiri sem hafa skoðanir á því hvernig þessi sjóður virkar. Hér er eitt tilskrifið til nefndarinnar:

„Stjórn SASS óskar að gera eftirfarandi athugasemdir við frv. til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegs." Þær eru í nokkuð mörgum liðum. Ég ætla ekki að lesa þá alla upp, en vekja athygli á sumu af því sem hér kemur fram. Hér segir:

„Samkvæmt 3. gr. ber sjóðnum að yfirtaka eignir og skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs. Allt bendir til að þessar eignir séu stórlega ofmetnar, sem og eignir hlutafjárdeildar.

Með þessu er því verið að leggja á mörg starfandi sjávarútvegsfyrirtæki stórkostlegar byrðar sem þau stofnuðu ekki til sjálf og hlýtur því að vekja upp spurningar um hvort slíkt sé réttlætanlegt."

Það er ástæða til þess að minna á hvað t.d. formaður stjórnar Byggðastofnunar hefur sagt um þessar skuldbindingar sem á að yfirtaka og færa yfir í þennan nýja, stóra sjóð. Hv. þm. Matthías Bjarnason hefur látið hafa það eftir sér í fjölmiðlum að þarna séu á ferðinni 3–4 milljarðar. (Gripið fram í.) Það eru að vísu ekki sams konar tölur og við höfum séð frá þeim sem hafa gert upp reikninga þessara fyrirtækja. En það liggur ekkert mat fyrir, sem er algerlega óhlutdrægt, á því hvers virði þær skuldbindingar eru sem eru í þessum sjóðum. Það hlýtur því að vera til mikillar umhugsunar hvort ekki þurfi að vinna þetta mál betur og átta sig á því hvort það er ekki hægt að ná a.m.k. samkomulagi um hvað er þarna á ferðinni, hvaða tölur eru réttar í sambandi við skuldbindingar og eignir þeirra sjóða sem á að yfirtaka.

Síðan stendur, með leyfi forseta:

„Samkvæmt 4. gr. fær Þróunarsjóður samsvarandi tekjur og Hagræðingarsjóður hafði. Athygli vekur að gjaldið er að hámarki 285 þús. kr. sem þýðir að eftir að 300 brúttótonna stærð er náð greiðist ekki gjald af þeim tonnum sem umfram eru. Þessi gjaldtaka mismunar því skipum eftir stærðum."

Það er ástæða til þess að láta þetta sjónarmið koma hér fram að það er skoðun þessara aðila að þarna sé verið að mismuna útgerðarmönnum eftir því hvaða stærð skipa þeir eru að gera út. Það væri gaman ef hv. þingmenn stjórnarflokkanna segðu okkur af hvaða ástæðu svona var staðið að málinu að gjaldtakan er ákveðin með þessum hætti af skipunum. Og ég bendi enn á það og spyr: Kom það aldrei til greina að nota aflagjald, sem hefði þá a.m.k. komið jafnt niður á alla sem stunda sjávarútveg, til þess að fjármagna þennan sjóð? Á einum stað stendur hér um 7. gr., með leyfi forseta:

„Sú regla að greiða út 30% húftryggingarverð sem úreldingarstyrk hefur í raun sett lágmarksverð á skipsskrokka, óháð ástandi þeirra. Hækkun á þessum úreldingarstyrk í 45% mun aðeins búa til aukin gerviverðmæti sem greiða þarf fyrir í hærra kaupverði skipa milli manna.

Hagur þeirra sem hætta útgerð virðist batna með þessari breytingu en þetta eykur á erfiðleika þeirra sem eru að hefja útgerð eða stunda hana.

Einnig má benda á að stærðarsamsetning flotans hefur raskast á kostnað millistærðar skipa þannig að sóknarmynstur hefur breyst en þrátt fyrir fækkun skipa stendur stærð flotans í stað og sóknargeta hefur að líkindum aukist. Því hljóta að vakna upp efasemdir um gildi þessara aðgerða."

Það er ástæða til þess að hafa áhyggjur af þessum hlutum. Hvað mun gerast í framhaldi af því að þessir styrkir verða hækkaðir? Það mun auðvitað ekkert gerast annað en þetta verð á skipsskrokkunum hækkar og það þýðir auðvitað að fjárfesting í útgerðinni, stofnkostnaðurinn hækkar. Þeir sem þurfa að greiða fyrir það að komast í útgerð eða smíða ný skip þurfa að borga hærri stofnkostnað. Þessir aðilar segja um 9. gr., þ.e. um fiskvinnsluhúsin, að þeim hafi verið að fækka af eðlilegum ástæðum og því ætti að vera óþarft að greiða sérstaklega fyrir slíkt. Þeir segja:

„Enn fremur er mjög vafasamt að ákveða við núverandi aðstæður að hús, sem mörg eru sérhæfð vegna uppbyggingar og staðsetningar, skuli aldrei framar verða nýtt til þeirrar starfsemi sem þau voru þó hönnuð til."

Síðan segja þeir að mótmæla verði sérstaklega 16. gr. „Fasteignagjöld eru til þess að bera uppi sameiginlegan kostnað við rekstur gatnakerfis, holræsa, brunavarna og svo má lengi telja. Þessi kostnaður vegna viðkomandi eignar leggst ekki af þó að hús standi ónotuð og Þróunarsjóður sé orðinn eigandi. Slíkt ákvæði styðst því ekki við önnur rök en að spara viðkomandi sjóði útgjöld og mundi mismuna sveitarfélögum gríðarlega." — Það er alveg ástæða til að taka undir þessa skoðun. Þarna er það á ferðinni að ef Þróunarsjóður kaupir þessi fiskvinnsluhús og þóknast að hafa þau ónotuð árum saman, þá skuli sveitarfélögin sitja uppi með tapið, ekki Þróunarsjóðurinn. Hann á ekki að borga eins og aðrir aðilar í þessu þjóðfélagi til sveitarfélaganna. Sveitarfélögin skulu sitja uppi með tapið. Þetta er ástæða fyrir a.m.k. þá hv. þm. sem hafa verið fulltrúar í sveitarstjórnum að taka vel eftir og átta sig á því hvort þeir eru tilbúnir að styðja við það tekju-

tap sveitarfélaganna sem þarna er verið að samþykkja.

Í umsögn Sambands sveitarfélaga í Austurlandskjördæmi kemur fram m.a. að framkvæmdaráðið þar hefur ýmislegt við frv. að athuga, en fellst að sjálfsögðu á það markmið að stefna beri að aukinni arðsemi í sjávarútvegi. Ráðið hefur þó ákveðnar efasemdir um nokkur atriði, telur m.a. einsýnt að með samþykkt frv. muni aukast skattheimta á greinina og er þeirrar skoðunar að ná mætti sömu markmiðum með breytingum á Hagræðingarsjóðnum. Þetta er nánast skoðun minni hlutans í sjútvn. að það sé hægt að ná þeim markmiðum sem þarf að ná núna með því að styrkja Hagræðingarsjóðinn og með því að hækka úreldingarprósentur á fiskiskipum þar.

„Verði þróunarsjóðurinn að veruleika" stendur hér „telur ráðið að óhjákvæmilegt sé að breyta frv. verulega frá núverandi mynd og hefur mestan fyrirvara um gjaldtökuna." Síðan segja þeir frá sínum athugasemdum við það og ég ætla út af fyrir sig ekki að vera að lesa það upp fyrir menn. Það er svolítið í samræmi við það sem ég hef verið að segja um þessa hluti.

Skyldi Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum styðja þetta frv.? Í umsögn þeirra stendur m.a., með leyfi forseta:

„Varðandi Þróunarsjóð getur stjórn Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum ekki annað en mótmælt þeim hugmyndum að einstaka aðilar geti fengið undanþágu frá fasteignagjöldum. Það eru grundvallaratriði í augum sveitarstjórnarmanna að markaðir tekjustofnar sveitarfélaganna verði ekki skertir með þessum hætti og þeir minna á að nýlega var aðstöðugjaldið fellt niður til að rétta stöðu atvinnuveganna.

Stjórn SSS telur einnig varhugavert að auka álögur á sjávarútvegsfyrirtæki í ljósi fjárhagserfiðleika undanfarinna ára."

Það er eins og ég sagði áðan full ástæða fyrir þá hv. þm. sem hafa þekkingu á sveitarstjórnarmálum að velta því fyrir sér hvort það sé skynsamlegt að láta sveitarfélögin sitja uppi með það tekjutap sem hér er verið að ákveða. Það er nöturleg staðreynd að sveitarfélögin mörg hver hafa haldið áfram að innheimta af þessum sjávarútvegsfyrirtækjum sem mörg hver standa illa, hafa haldið áfram að innheimta gjöld auðvitað í þeirri nauðsyn að hafa tekjur handa sveitarfélaginu en núna þegar hið opinbera ákveður að setja á einhvers konar úreldingarsjóð, þá skuli vera hægt með einu pennastriki að kippa þessum tekjum af sveitarfélögunum ofan á það tekjutap sem sveitarfélögin sitja uppi með eftir að hæstv. ríkisstjórn ákvað að minnka tekjur þeirra verulega með ýmsum tilfæringum sem við þekkjum hér og hafa farið í gegnum hv. Alþingi.

Samband sveitarfélaga á Norðurlandi vestra segir sitt um þetta líka. Þar segir, með leyfi forseta:

„Umsögn um þróunarsjóðsfrv. Við teljum ekki rétt að skattleggja allan sjávarútveginn til að greiða skuldir hluta fyrirtækja í greininni og erum því alfarið á móti þeim hugmyndum þar að lútandi sem settar eru fram í þróunarsjóðsfrv. Núverandi úreldingarsjóður ásamt frjálsu kvótaframsali dugar að okkar mati til að standa undir eðlilegri hagræðingu í greininni.

Við mótmælum öllum hugmyndum um sérstaka gjaldtöku á sjávarútveg."

Þetta segja þeir Norðlendingarnir og það eru margir aðrir sem tala líkum rómi og því miður fyrir hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmenn sem styðja hæstv. ríkisstjórn eru engir sem leggja til að þetta frv. verði að veruleika. Það er full ástæða til þess að stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar endurskoði hug sinn gagnvart þessu frv. Er það mjög björgulegt og er það líklegt til gæfu að svona stórt mál eins og þetta sé sett á stað með þvílíkum mótmælum frá þeim aðilum sem eiga við þetta að búa sem raun ber vitni?

Samtök fiskvinnslustöðva hafa líka sent sínar athugasemdir við þetta frv. og það er ástæða til þess að við förum yfir það hér hvað þeir aðilar segja um þessi mál því að þeir ættu að hafa dálítið öðruvísi skoðanir á þeim en útgerðaraðilarnir. Umsögn þeirra til sjútvn. Alþingis hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Um frv. til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins. Stjórn samtaka fiskvinnslustöðva er þeirrar skoðunar að gera þurfi veigamiklar breytingar á þróunarsjóðsfrv. Yfirtaka skuldbindinga atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og hlutafjársjóðs langt umfram eignir kemur ekki til greina að okkar áliti. Að auki hefur yfirtaka Þróunarsjóðs á Hlutafjársjóði í för með sér mikil áhrif á stjórnun þeirra níu sjávarútvegsfyrirtækja sem sjóðurinn á hluti í. Telja verður afar óeðlilegt að hlutverk Þróunarsjóðsins, ef af stofnun hans verður, fari með slík völd."

Ég hef gert mér fulla grein fyrir því, hv. þm. Gísli S. Einarsson, að þið takið ekki mark á nærri öllum sem skipta máli í þessu sambandi. (**GE:** Ekki þú heldur.) En það sem er kannski verra, þið takið ekki mark á nokkrum einasta aðila. Þið takið ekki mark á neinum af hagsmunaaðilunum í sjávarútvegi.

(**Forseti** (VS)**:** Ekki nota 2. persónu.)

Ég biðst afsökunar, hæstv. forseti, ef ég hef ekki notað rétt ávarpsorð og skal reyna að vanda mig það sem eftir er ræðunnar.

Ég var að enda við að segja að ég teldi að hv. þingmenn stjórnarflokkanna tækju ekki tillit til neinna af þeim aðilum sem eiga að búa við þetta frv. sem hér hefur verið lagt fram. Það er ekki tekið tillit til sjómannanna, það er ekki tekið tillit til útgerðarmannanna, það er ekki tekið tillit til sveitarfélaganna og það er ekki tekið tillit til fiskvinnslustöðva eða yfirleitt neinna aðila sem hafa hagsmuna að gæta í þessu sambandi. (**GE:** Öll góð málefni eiga erfitt uppdráttar í fyrstu.) Ég verð nú að segja það, hæstv. forseti, að ef það er mælikvarði á málefni, að séu menn nógu margir sammála um að þau séu vitlaus, þá séu þau góð, þá er nú illa komið og þá held ég að starfsemi Alþingis verði erfið í framkvæmdinni ef menn eiga að leita eftir bestu málunum með því að finna sem mesta andstöðu við þau eins og hér virðist vera. En þeir forsvarsmenn fiskvinnslustöðvanna segja hér til viðbótar, með leyfi hæstv. forseta:

„Forsendan fyrir því að úrelding fiskvinnsluhúsa á kostnað þeirra fyrirtækja sem eftir verða komi til álita er að tryggt verði að ekki rísi upp önnur sambærileg

fiskvinnslufyrirtæki í staðinn."

Það er auðvitað hluti af þessum vanda að það er mjög erfitt að stjórna þessum málum með þeim hætti sem hér er raunverulega verið að leggja til. Það er í sjálfu sér alveg ótrúlegt að menn skuli á Íslandi í dag, og það ríkisstjórn Sjálfstfl. og Alþfl., vera að koma til hv. Alþingis og leggja til að það eigi að fara að stjórna atvinnulífinu með þeim hætti sem hér kemur fram. Að það eigi nánast að fara að merkja í hvaða húsum megi vinna fisk og í hvaða húsum ekki. Það er a.m.k. aldeilis ótrúlegt að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem hefur skrifað mörg bréf fyrir Verslunarráðið, skuli taka þátt í tillöguflutningi af þessu tagi þar sem þeir aðilar a.m.k. halda því fram að frelsi til atvinnureksturs sé það mikilvægasta af öllu til þess að atvinnurekstur inn geti skilað arði. Hvað er hér á ferðinni? Það er alla vega ekki frelsi, það er eitthvað annað. Það er afskiptasemi ríkisvaldsins, það er miðstjórnarvald og hugmyndir um miðstýringu sem ganga lengra en menn hefur dreymt um fram að þessu í sjávarútveginum. (**VE:** Hvaða vitleysa er þetta?) Það er ekki vitleysa, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Það hlýtur að vera býsna erfitt fyrir menn sem dá viðskiptafrelsið að bera fram slíkar tillögur hér í hv. Alþingi. Ég trúi því ekki að hugmyndir af þessu tagi gangi yfirleitt upp í þeim fræðum sem hv. þm. hefur gluggað í. Og ef þær ganga upp í sambandi við sjávarútveginn og fiskvinnsluna, hvers vegna ganga þær þá ekki upp í sambandi við verslun, í sambandi við allan atvinnurekstur? Af hverju leggur ekki hv. þm. fram frv. um einn allsherjar úreldingarsjóð þar sem sé hægt að úrelda t.d. verslunarhúsnæði hérna í Reykjavík? Eða bara öll fyrirtæki þar sem fjárfestingin hefur orðið of mikil? Er það ekki svoleiðis braut sem menn eru á þegar þeir koma með slíkar tillögur inn í hv. Alþingi?

Íslenskar sjávarafurðir senda sitt tilskrif til hv. sjútvn. og mig langar til að vitna í þeirra umsögn. Þar stendur:

„Hagsmunanefnd Íslenskra sjávarafurða hf. hefur iðulega rætt um nauðsyn þess að úrelda fiskiskip og fiskvinnsluhús í því skyni að koma á aukinni hagræðingu og bæta þannig afkomu bæði veiða og vinnslu en þó þannig að gætt sé mannlegra sjónarmiða gagnvart einstökum byggðarlögum. Hagsmunanefndin er þess vegna hlynnt því að sett verði lög um slíka úreldingu. Hins vegar er margt í því frv. sem hér liggur fyrir sem nefndin getur ekki fallist á. Meginsjónarmið nefndarinnar byggist á eftirfarandi:

Að stofnaður verði deildaskiptur sjóður til úreldingar fiskiskipa og fiskvinnslustöðva.

Að innheimt verði á þessu ári og áfram gjald af öllum fiskiskipum og fiskvinnslustöðvum til þess að standa undir kostnaði við úreldinguna. Ríkissjóður láni nauðsynlegt fé til þess að úrelding geti gengið hratt. Ekki verði lagt á gjald sem geti orðið vísir að auðlindaskatti. Atvinnutryggingardeild og hlutafjárdeild Byggðastofnunar verði ekki blandað inn í þetta mál."

Þarna er einhver jákvæðasta umsögnin sem kom til hv. nefndar. Þarna voru aðilar sem voru sammála markmiðunum, þ.e. þeir vildu og leggja á það áherslu að það verði haldið áfram að reyna að koma á meiri hagkvæmni í útgerð í landinu með því að úrelda fiskiskip og þeir eru líka á þeirri skoðun að það væri gott að úrelda fiskvinnsluhús. En niðurstaða þeirra er eftir sem áður sú að þessar tillögur séu óbrúklegar. (**Gripið fram í:** Þó það nú væri.) Þó það nú væri, sagði hv. þm. Hvers vegna í ósköpunum eru allir á móti þessu frv.? Líka þeir sem hafa þó sömu markmið. Það er vegna þess að sá kaupskapur sem fór fram í kringum þetta frv. var með þeim hætti að það var nánast engum málum ráðið til lykta með skynsamlegri niðurstöðu. Það hljóta að hafa verið erfið spor fyrir hv. þm. Vilhjálm Egilsson að taka þátt í þessum leik og þessum kaupskap. (**VE:** Hver segir að ég hafi tekið þátt í honum?) (**StG:** Vilhjálmur er gefinn fyrir viðskipti.) Ég verð nú að segja það, hæstv. forseti, að það eru auðvitað fréttir fyrir mig ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson sem er forsvarsmaður ríkisstjórnarinnar í sjávarútvegsmálum nú um þessar mundir, hægri hönd hæstv. sjútvrh. og framsögumaður fyrir þeirra álitum meira og minna, ef hann hefur ekki tekið þátt í því að ráða þessum málum til lykta, sjálfur tvíhöfði eða sjálfur formaður tvíhöfða nefndar. (**VE:** Varstu ekki að lesa áðan úr skýrslu nefndarinnar?) Ég las úr skýrslu nefndarinnar, jú. En ég tel það víst að hv. formaður tvíhöfða nefndar hafi tekið þátt í því að ráða þeim málum til lykta og a.m.k. virðist hann ekki vera á einhverri annarri skoðun því að það hefur komið skýrt fram að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson ætlar að styðja þessi mál öll sömul sem hér liggja fyrir og hefur verið ötull í því að mæla þeim bót þrátt fyrir það að hann hafi orðið að viðurkenna að það er ekki mjög margt af tillögum tvíhöfða nefndarinnar sem hefur náð til enda og komist til afgreiðslu hér í þinginu samkvæmt þeim hugmyndum sem tvíhöfða nefndin hafði. Og því miður fyrir hv. þm., þá eru það örfá atriði sem hafa náð landi í þessu sundi tvíhöfða og síðan ríkisstjórnar með þær hugmyndir sem uppi voru í umræðunni áður en frumvörpin litu dagsins ljós og breytingar á þeim urðu ljósar hér á hv. Alþingi.

Landssamband ísl. útvegsmanna, sem er nú kannski einn af stærstu hagsmunaaðilum sem fjallar um þessi mál, setur fram sínar skoðanir á þessu. (**VE:** Um kvótann?) Nei, hv. þm. Það er ekki um kvótann og ég ætla ekki að lesa mikið af því sem Landssamband ísl. útvegsmanna segir um þetta en hér stendur í lokaorðum greinargerðarinnar:

„Ítrekuð er áður kynnt andstaða samtakanna við stofnun Þróunarsjóðs sem mun hafa það hlutverk með höndum að innheimta sérstakt gjald af útgerðum og skylda þannig alla útvegsmenn til þess að greiða töpuð útlán Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Það er óþolandi að útgerðir sem þáðu enga fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum skuli með lögum vera þvingaðar til þess að standa skil á þessum útlánum sem stjórnvöld á sínum tíma ákváðu að veita einstaka fyrirtækjum einhliða. Slík vinnubrögð grafa undan eðlilegum starfsreglum og siðferðisvitund þeirra aðila sem starfa í sjávarútveginum. Lög um væntanlegan þróunarsjóð verða ekki skilin öðruvísi en svo að það skipti í raun ekki

máli hvernig einstakir aðilar standa sig í greininni. Með stofnun Þróunarsjóðs er verið að refsa þeim aðilum sem staðið hafa skynsamlega að útgerðarrekstri á undanförnum árum og ekki hafa þegið styrki stjórnvalda í gegnum áðurnefnda sjóði."

Þetta eru þung orð en þau eru líka réttlætanleg. Það er auðvitað ekki eðlilegt að þeir aðilar sem ekki hafa notið stuðnings þessara sjóða séu látnir borga brúsann en það er það sem hæstv. ríkisstjórn er að gera. Hún er að skenkja þeim aðilum þann bikar að borga það sem aðrir töpuðu.

Fiskifélag Íslands er samtök frjálsra aðila í sjávarútvegi og þeir hafa líka sett fram sínar skoðanir á þessum Þróunarsjóði. (**ÓÞÞ:** Virtustu samtökin í sjávarútvegi.) Það má örugglega segja að það sé hárrétt hjá hv. þm. Ólafi Þ. Þórðarsyni að Fiskifélag Íslands er ein af virtustu samtökum í sjávarútveginum á Íslandi. Hvað sögðu þau um stofnun þessa Þróunarsjóðs? Það var á fiskiþingi samþykkt um Þróunarsjóð sjávarútvegsins eftirfarandi tillaga:

„Fiskiþing mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um stofnun sérstaks Þróunarsjóðs sjávarútvegsins. Fiskiþing leggur áherslu á að Hagræðingarsjóður verði efldur svo hækka megi úreldingarstyrki úr honum vegna úreldingar fiskiskipa."

Það fer sem sagt ekkert á milli mála hvað þessi virti aðili í sjávarútveginum segir um þessa hluti. Ég tel að öll umfjöllunin um þessi mál sem hefur farið fram allt frá því að hugmyndin um þennan Þróunarsjóð var sett fram af hæstv. ríkisstjórn hafi sýnt að hér er óeðlilega að málum staðið og óbjörgulegt í raun og veru að fara fram með þessum hætti þegar um er að ræða jafnmikið hagsmunamál okkar undirstöðuatvinnuvegar, þá er ekki hægt að leysa málin í þvílíkum ófriði eins og hér er verið að gera fyrir utan það að ekki er tekið á ýmsum málum sem hefði þurft að taka á við stofnun sjóðs sem þessa. Ég tel að það væri eðlilegast og ríkisstjórnarflokkarnir ættu að verða við því sem stjórnarandstaðan, og þá verða menn menn að meiri, hefur verið að segja um þetta mál. Það á auðvitað að taka þetta mál til baka, fara yfir það allt og vinna að þeim málefnum sem hér eru mörg hver ágæt á bak við stofnun sjóðsins sjálfs með þeim hætti að um þau fáist friður fyrir hagsmunaaðilana í sjávarútvegi. Menn eigi að láta af því að keyra þetta mál hér í gegnum hv. Alþingi eingöngu til þess að geðjast Alþfl. vegna þess að hann þarf að geta sagt á sínum fundum við sína stuðningsmenn að hann hafi komið á einhvers konar gjaldi á sjávarútveginn. Það virðist vera aðalatriði þessa máls að það sé hægt að mæta á fundum hjá Alþfl. og benda á það að Alþfl. hafi unnið sigur, hann hafi komið skattlagningu á sjávarútveginn. (**StG:** Sem hann er að gera.) Ég held að sjálfstæðismenn sem ætla sér að styðja þetta frv. ættu nú að hugsa sig dálítið betur um áður en þeir láta það fara í gegnum Alþingi, áður en þetta verður samþykkt. Og þó að Alþfl. telji sig hafa unnið sigur í þessu máli þá nær sá sigur ekki nokkru máli einfaldlega vegna þess að það er engin sjávarútvegsstefna í raun og veru á bak við þennan sigur. Það getur ekki verið hægt að kalla það sjávarútvegsstefnu að hafa það fyrst og fremst á stefnuskrá sinni að koma á auðlindagjaldi í sjávarútveginum. Það þarf eitthvað fleira að fylgja með heldur en það. En það er því miður þannig að útlitið á þessu máli virðist vera að ríkisstjórnin sé tilbúin til þess að fylgja þessu máli til enda, stjórnarflokkarnir hafi hér stuðning nægilega margra þingmanna til að keyra þetta mál áfram þó það sé einungis um að ræða fullan stuðning við þetta mál frá hendi örfárra þingmanna. Ætli það sé mikið meira heldur en Alþfl. sem styður þetta mál heils hugar? Ég held ekki. Ég held að það hafi komið nægilega skýrt fram með þeirri þögn sem hv. þingmenn Sjálfstfl. hafa ástundað hér um þetta mál í vetur að það er ekki mikill stuðningur við málið. Það kann samt að vera að flokksböndin haldi mönnum og mér sýnist atkvæðagreiðslurnar um sjávarútvegsfrumvörpin benda til þess að það geti verið að það sé búið að handjárna nógu marga í þessu máli af hv. þm. stjórnarflokkanna til þess að hér sé meiri hluti, en það á auðvitað eftir að koma í ljós og það verður gaman að sjá suma af þingmönnum Sjálfstfl. greiða atkvæði með þessum Þróunarsjóði sem þeir hafa ekki treyst sér til að mæla bót með nokkrum hætti.

[21:37]

Frsm. meiri hluta sjútvn. (Vilhjálmur Egilsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég fagna sérstaklega því að hv. þm. Jóhann Ársælsson tekur allt í einu svo mikið mark á tilskrifum samtaka í sjávarútvegi eins og LÍÚ og Samtaka fiskvinnslustöðvanna og útvegsmannafélögum hingað og þangað um landið. Sérstaklega er ég að velta fyrir mér hvort hann muni ekki fara að taka líka mark á þessum aðilum þegar kemur að hugmyndum þeirra um löggjöfina um stjórn fiskveiða og hvað þau halda um þá hluti, kvótakerfið og því um líkt. Það kemur mér ekkert á óvart að þessi samtök skuli bregðast svona við varðandi Þróunarsjóðinn og þessa gjaldtöku. Samtökin lögðust á sínum tíma gegn þeirri gjaldtöku sem var notuð til að fjármagna Hafrannsóknastofnun þannig að það kemur ekkert á óvart að síðan þegar þessi arftaki hennar er kominn leggjast þau líka gegn henni því að að sjálfsögðu eru samtökin í sjávarútvegi ekkert hress með að þurfa yfirleitt að greiða nokkurn skapaðan hlut. En ég held að þegar upp er staðið muni þessi sjóður reynast farsæl ráðstöfun fyrir sjávarútveginn og þessi 1.000 kr. gjaldtaka á tonn er að sjálfsögðu jafnórafjarri því að vera hagrænt stjórntæki í fiskvinnslu eins og tunglið er frá jörðinni.

[21:38]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Jóhann Ársælsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það mætti snúa þessari spurningu til baka líka og hv. þm. útskýrði fyrir hv. Alþingi hvernig stendur á því að hann er hættur að taka mark á aðilum í sjávarútvegi þegar hann er að fjalla um Þróunarsjóðinn. Það væri kannski líka hægt að snúa því við. Auðvitað geta menn haft mismunandi skoðanir á þessum hlutum hvað eigi að taka mikið mark á eða taka mikið tillit til þessara aðila. En ætli við séum ekki í sömu súpunni báðir, hv. þm. ég og Vilhjálmur Egils-

son þegar málin eru skoðuð út frá því sjónarmiði.

Auðvitað mótmælti útgerðin í landinu því að farið yrði að fjármagna Hafrannsóknastofnun með því að selja veiðileyfi eins og ætlunin var hjá hæstv. ríkisstjórn og það er ekki nema eðlilegt að þeir hafi brugðist illa við því því að það er auðvitað auðlindaskattur sem verið er að koma á. Og hvað sem hv. þm. segir nú um þennan þúsundkall, þá er það á honum sem Alþfl. fékkst til að samþykkja aðra hluti í sambandi við stjórn fiskveiðanna. (**EgJ:** Það þarf nú ekki alltaf mikið með.) Það kann að vera að mönnum finnist það lítið, en ég er hræddur um að það séu æðimargir, hv. þm. Egill Jónsson, það eru æðimargir sem finnst þessi þúsundkall vera stefnumarkandi og það er þannig sem hv. alþýðuflokksmenn hér á Alþingi líta á málið, að það sé verið að byrja að innheimta gjaldið af sjávarútveginum og það verði léttara að hækka það eftir að búið er að koma því á.

[21:40]

Halldór Ásgrímsson:

Frú forseti. Það má nú segja að saga þessa sjóðs, Þróunarsjóðs sjávarútvegsins, sé að verða alllöng. Það má að nokkru leyti rekja söguna til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins en um þennan sjóð var strax farið að tala í upphafi þessa stjórnarsamstarfs og það hefur í reynd verið að mati ríkisstjórnarinnar mikilvægasta efnahagsráðstöfun hennar á hverju ári að tilkynna það að nú ætti þessi Þróunarsjóður að taka til starfa. Þessar tilkynningar hafa komið með reglulegu millibili og gengið svo langt að ýmsir andstæðingar sjávarútvegsstefnunnar hafa lýst yfir miklum fögnuði og má í því sambandi nefna það að þegar þessi hugmynd kom fram, þá taldi Morgunblaðið, sem barist hefur á móti kvótakerfinu, að nú loksins væri komin sú niðurstaða í sjávarútvegsmálum sem væri viðunandi fyrir landsmenn.

Við höfum hlustað á þessar tilkynningar með reglulegu millibili, en nú er að því komið að þessi mikilvægasta efnahagsráðstöfun ríkisstjórninnar er að sjá dagsins ljós og þess vegna er fróðlegt að velta því fyrir sér í hverju þær eru fólgnar.

Ég sagði í upphafi máls míns að það mætti rekja þessa sögu til Hagræðingarsjóðsins því að þá var í fyrsta skipti komið fram með þá hugmynd að það væri stofnaður sérstakur sjóður sem greiddi fyrir ákveðnum ráðstöfunum í sjávarútvegi sem væri sjávarútveginum til góðs þegar fram líða stundir. Þessar ráðstafanir fólust í því að sjóðurinn gat keypt fiskiskip til að flýta fyrir úreldingu. Hann gat hjálpað til við úreldingu með því að greiða úreldingarbætur og hann gat komið til aðstoðar í byggðarlögum sem höfðu misst verulegar fiskveiðiheimildir. Þegar þessi sjóður var settur á stofn þá er það rétt að það var liður í samkomulagi um afgreiðslu mála hér á Alþigni vorið 1990 sem tengdist lögunum um stjórn fiskveiða. Sú löggjöf var studd af þáv. ríkisstjórnarflokkum og jafnframt löggjöfin um Hagræðingarsjóð. Það vildi hins vegar svo til að jafnvel þótt Sjálfstfl. hafi tekið þátt í undirbúningi löggjafarinnar um stjórn fiskveiða í alllangan tíma með tveimur fulltrúum í nefnd, þá taldi flokkurinn að það væru svo skelfilegir hlutir sem hefðu átt sér stað með stofnun Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins að hann studdi ekki og greiddi atkvæði gegn frv. til laga um stjórn fiskveiða í heild sinni sérstaklega vegna Hagræðingarsjóðsins.

Ég ætla ekki að fara að rifja upp allar þær ræður sem voru haldnar af þingmönnum Sjálfstfl. af þessu tilefni. Þær voru bæði margar og langar og ef ég man rétt þá fóru allmargar nætur í það að hlýða á það sem þar var sagt svo að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson væri nú bara rétt að byrja að æfa sig í að hlusta. Það hefði því lítið þýtt fyrir hann að vera orðinn órólegan strax en væri í sjálfu sér merkilegt fyrir hann að lesa þessar ræður yfir því að ég býst við því að ef hann ætlaði að hlusta á þær ráðleggingar, sem þar voru fram settar, þá væri afstaða hans önnur í þessu máli.

Síðan gerðist það að lögum um Hagræðingarsjóð var breytt og það var forgangsverkefni núverandi ríkisstjórnar að gangast fyrir því og breytingarnar fólust fyrst og fremst í því að sjóðnum var ekki lengur heimilt að kaupa fiskiskip. Hann gat aðeins greitt úreldingarbætur og honum var heldur ekki heimilt að koma til aðstoðar í ákveðnum byggðarlögum ef sérstaklega stæði á. Þetta voru aðalbreytingarnar sem voru gerðar á lögunum um Hagræðingarsjóð á árinu 1991.

Það er síðan nokkuð fróðlegt að velta því fyrir sér hvaða helstu efnisbreytingar eiga sér stað með þessu frv. sem hér er lagt fram. Að því er varðar tekjuöflunina þá er breytingin fyrst og fremst sú að hér er gert ráð fyrir sérstöku gjaldi sem verði lagt á hverja þorskígildislest sem skuli vera a.m.k. 1.000 kr. Þetta gjald á að standa undir þessum sjóði til viðbótar því fjármagni sem þarna er sem betur fer til. Það eru til tæpar 600 millj. kr. sem eru eftirstöðvar af fyrra úreldingarfé sem er fjármagn sem sjávarútvegurinn hefur safnað í gegnum tíðina. Það stendur í lögunum að þetta gjald skuli vera a.m.k. 1.000 kr. Síðan er ráðherra heimilt að hækka það til samræmis við byggingarvísitölu en gert ráð fyrir því að ef á þurfi að halda þá þurfi að hækka þetta gjald en til þess þurfi þá að koma sérstök heimild Alþingis. Þetta hefur Alþfl. túlkað með þeim hætti að hér sé upphaf að auðlindaskatti og þessar 1.000 kr. eigi eftir að hækka síðar og þetta form verði notað við það að koma á skattlagningu á sjávarútveginn eins og flokkurinn hefur barist fyrir. Hæstv. sjútvrh. hefur mótmælt þessari túlkun og telur að hér eigi ekki að fara út í neina skattlagningu heldur eigi fyrst og fremst að innheimta vegna þeirra útgjalda sem sjóðurinn verður fyrir.

Nú er ljóst að sjóðurinn á að yfirtaka skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs þannig að ekki verður á móti því mælt að það stendur til að skattleggja sjávarútveginn fyrir því hugsanlega tapi sem þessir sjóðir verða fyrir. Það hefur því miður orðið alltilfinnanlegt sem ég ætla ekki að fara að rekja hér og má segja að ýmsar ástæður séu fyrir því, en auðvitað er það rétt að þar er um skattlagningu að ræða ef fyrirtæki eru látin greiða fyrir töp sem eru þeim óviðkomandi þó að þar sé um önnur fyrirtæki að ræða í sjávarútveginum.

Það sem líka er nýtt í þeirri hugsun sem hér er fram sett er að sjóðurinn fær heimild til þess að kaupa fiskvinnslustöðvar. Það er sem sagt ekki lengur heimilt að kaupa fiskiskip eins og upphaflega var að því er varðar Hagræðingarsjóðinn, heldur er farið hér út á þá braut að sjóðurinn getur keypt fiskvinnslustöðvar. Í fyrstu hugmyndum var gert ráð fyrir því að þær eignir sem eru keyptar skuli ekki nýttar til fiskvinnslustarfsemi framar. Í 10. gr. stóð, með leyfi forseta: „Skal þeirri kvöð þinglýst á fasteignirnar að þær verði ekki framar nýttar til fiskvinnslustarfsemi."

Í brtt. meiri hlutans er gert ráð fyrir því að þetta falli niður þannig að ekki verður lengur um það að ræða að það þurfi að fella niður starfsemi í viðkomandi eignum.

Ég vil leyfa mér að spyrja hæstv. ráðherra: Hvaða hugsun býr þarna að baki? Stendur það sem sagt til að sjóðurinn fari að kaupa ýmsar eignir í sjávarútvegi og síðan eigi að halda áfram fiskvinnslu í þessum eignum, eða hvað er þarna um að vera? Eða stendur til að það verði hætt við að kaupa fiskvinnslustöðvar? Það er látið í það skína í sambandi við afgreiðslu ráðstafana vegna Vestfjarða að þar eigi Þróunarsjóðurinn að gegna mjög mikilvægu hlutverki. Það er löggjöf sem á eftir að afgreiða á Alþingi og þar er um 300 millj. kr. að ræða og alveg ljóst að ekki verður hægt að koma til aðstoðar mjög mörgum á Vestfjörðum í þessu sambandi nema eitthvað annað komi til. Væri fróðlegt að vita hvað þar býr að baki og hvernig menn hafa hugsað sér að koma því áfram.

(**Forseti** (VS): Forseta finnst vera órói í þingsalnum.)

Já, frú forseti, það virðist vera nokkur órói en sá sem hér talar hafði eiginlega reiknað með því að það gætu fleiri hlýtt á það en þeir sem eru í salnum. En mér skilst að það geti ekki lengur neinn hlýtt á ræður manna hér á Alþingi vegna þess að útsendingar héðan hafi verið rofnar. Það er út af fyrir sig nokkuð merkilegt að það skuli hafa verið gert vegna þess að um það hefur verið gert samkomulag að á það sé hægt að treysta að fólk, a.m.k. á höfuðborgarsvæðinu, geti fylgst með því sem fer fram á Alþingi. Ég er ekki að segja að það komi eitthvað sérstaklega að sök í þetta skipti að því er mig varðar en við samninga á að standa og það er vissulega hið versta mál ef ekki er staðið við samninga sem forsetar Alþingis gera í þessu sambandi. (**Gripið fram í:** Er ekki rétt að gera bara fundarhlé á meðan þetta er kannað?)

Ég ætla að halda áfram ræðu minni og ljúka við hana, það er ekki mjög mikið eftir af henni, og fara yfir þau fáu atriði sem ég ætlaði að ræða. En þetta finnst mér að þurfi að skýra mun betur. Það á ekki að vera að vekja vonir um úreldingu á fiskvinnslustöðvum ef lítið eða ekkert stendur þar að baki. Þess vegna er nauðsynlegt að heyra álit hæstv. sjútvrh. í þessu sambandi. Ég hef ávallt haft miklar efasemdir um það að þetta væri framkvæmanlegt og ég tel að það hafi komið betur og betur í ljós og að þær efasemdir hafi við rök að styðjast.

Það er gert ráð fyrir því að sjóðurinn greiði vegna úreldingar fiskiskipa, fasteigna, véla og þróunar erlendra verkefna tæpar 1.500 millj. á árinu 1994. Það væri fróðlegt að vita hvað liggur að baki þessari áætlun. Er hér eingöngu um fiskiskip að ræða eða er hér um það að ræða að menn reikni með því að fiskvinnslustöðvar verði keyptar í þessari upphæð?

Þá er gert ráð fyrir því, sem er ekki nema góðra gjalda vert, að það verði hægt að stuðla að þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis og var nauðsynlegt að vita, sem ekki hefur komið fram þótt nokkuð hafi verið um það spurt, hvernig þessi fjárhæð sundurliðast. Síðan er gert ráð fyrir því að þetta séu 820 millj. á árinu 1995 og 820 millj. á árinu 1996. Þessar ráðstafanir eru allar vandmeðfarnar. Það er í sjálfu sér ekki vandmeðfarið það sem er greitt vegna úreldingar fiskiskipa. Hins vegar er það mjög vandmeðfarið það sem verður greitt vegna þátttöku í sjávarútvegsverkefnum erlendis og líka vegna úreldingar fiskvinnslustöðva.

Hæstv. forsrh. hefur venjulega viðhaft þau orð að því er varðar Atvinnutryggingarsjóð útflutningsgreina að þar hafi menn fyrst og fremst verið með fyrirgreiðslu gagnvart kunningjum og þeim sem næst mönnum standa og hefur farið háðulegum orðum um þá starfsemi sem allt hefur verið órökstutt. En það er vegna þess að núv. hæstv. ríkisstjórn virðist telja að slíkir sjóðir hafi venjulega verið misnotaðir af öðrum. Ástæða er til að ætla að þeir hinir sömu sem þannig tala gætu verið líklegir til þess að misnota slíkar heimildir.

Nú er gert ráð fyrir því að stjórn þessa sjóðs fái nokkuð rúmar heimildir og ekki ætla ég fyrir fram á nokkurn hátt að ætla að í starfsemi þessarar stjórnar ríki neitt annað en hlutleysi en ég geri mér hins vegar grein fyrir því að hún verður í vandasömu verkefni og mikilvægt að hún fái góðar starfsreglur og vinni af miklu hlutleysi. Það er þess vegna mikilvægt að gera sér nokkra grein fyrir því hvers má vænta í þessu sambandi.

Frú forseti. Við í Framsfl., þingmenn flokksins, erum andvígir þessu frv. Við erum andvígir því vegna þess að við teljum ekki rétt að sjávarútvegurinn taki á sig jafnmiklar skuldbindingar og hér er gert ráð fyrir eins og nú standa sakir. Við erum andvígir því vegna þess að við teljum ekki mögulegt að úrelda fiskvinnslustöðvar með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir og við óttumst að þessi gjaldtaka verði upphaf að annarri gjaldtöku síðar og alveg ljóst að hér er verið að taka upp skattlagningu á sjávarútveginn sem ekki hefur verið gert áður og skattleggja hann fyrir skuldbindingum sem eru á ríkissjóði í dag.

Ég sé í sjálfu sér ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál en mér finnst það mjög merkilegt í ljósi þess hvaða ræður voru fluttar um Hagræðingarsjóðinn á sínum tíma af hálfu Sjálfstfl. að hann skuli geta stutt mál sem þetta vegna þess að hér er gengið miklu lengra í sjóðastarfsemi en gert var að því er varðaði Hagræðingarsjóð. Þar af leiðandi á ég erfitt með að skilja það hvernig flokkurinn hefur fallist á það að bera fram þetta frv. þegar lögin um Hagræðingar-

sjóð á sínum tíma voru nægilegt tilefni til að leggjast alveg þvert gegn lögunum um stjórn fiskveiða. En nú er verið að lögfesta mjög sambærilega löggjöf undir forustu Sjálfstfl. á Alþingi. Þær breytingar sem þar eru gerðar eru ekki svo stórvægilegar að hægt sé að tala um það að þeirri löggjöf hafi verið kollvarpað á nokkurn hátt. (**Gripið fram í:** Flokknum fer nú fram.) Já, það kemur nú fyrir að honum fer fram.

Hitt er svo annað mál að ég vil áður en ég fer úr ræðustól, hæstv. forseti, fá að vita það hvort það getur verið að Sjálfstfl. sé búinn að kaupa upp sjónvarpsstöðina Sýn með fjármagni sínu og koma í veg fyrir útsendingar héðan frá Alþingi. (**ÓRG:** Það er alveg augljóst.) Er það virkilega orðið þannig að þessi flokkur gangi svo langt í að safna fyrir kosningabaráttu að heilu sjónvarpsstöðvarnar séu keyptar upp? Hvaðan kemur allt það fé sem mönnum áskotnast þannig að hægt sé að koma í veg fyrir það að Alþingi starfi með eðlilegum hætti? Er það samboðið þessum flokki að kaupa upp sjónvarpsrás sem hefur skyldur við Alþingi Íslendinga? Ég tel að þetta sé mjög alvarlegt mál og hlýtur að vera verkefni forsetadæmisins að taka það fyrir og er að sjálfsögðu Sjálfstfl. til ævarandi skammar að hann skuli leyfa sér að koma svona fram. Mikill er nú taugatitringurinn í sambandi við borgarstjórnarkosningarnar. En að það eigi að vinna þær með því að nota tugi milljóna í auglýsingastarfsemi til að auglýsa óhróður um andstæðingana og til þess að koma í veg fyrir eðlilegt starf á Alþingi er nokkuð langt gengið og ástæða fyrir Alþingi að grípa þar inn í.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Vegna þess sem kom fram í máli hv. 1. þm. Austurl. þá vill forseti að það komi fram að það mun vera rétt að sá samningur sem gerður var á milli Sýnar hf. og Alþingis um útsendingar frá Alþingi hefur nú verið brotinn. Í 4. lið samningsins stendur: „Útsendingarnar verða órofnar frá upphafi til loka funda."

Forseta er kunnugt um það að af hálfu Alþingis hefur verið komið á framfæri mótmælum vegna þessa og hefur á þessari stundu svo sem ekki meira um það að segja.

[22:04]

Ólafur Ragnar Grímsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það er mikilvægur þáttur í starfi löggjafarstofnunar að vera í heyranda hljóði. Í flestum Vesturlanda hefur sá siður verið tekinn upp í kjölfar nýrrar tækni að sjónvarpað er beint frá fundum þjóðþingsins. Nú hefur það gerst í kvöld að einn framboðsaðili í Reykjavík hefur keypt upp tíma á Sýn fyrir kosningaáróður vegna sveitarstjórnarkosninga sem fram fara eftir tæpar þrjár vikur. Sú sjónvarpsstöð sem gerði samninginn við Alþingi hefur rofið samninginn eins og forseti lýsti á forsetastól og heldur áfram að sjónvarpa kosningaáróðri Sjálfstfl. í Reykjavík. Þetta er mjög alvarlegur atburður í okkar lýðræðiskerfi og gagnvart þjóðþinginu. (**ÓÞÞ:** Þetta hefði getað gerst í Sovétríkjunum.)

Ég fer þess vegna fram á það við forseta að fundarhöldum í kvöld verði hætt. Það er ljóst að það er enginn í skapi nú til þess að halda áfram þessari umræðu eftir það sem hér hefur gerst vitandi það að við tölum bara hér í þingsalnum án nokkurrar áheyrnar sem við venjulega höfum. Ef þjóðþingið ætlar að halda áfram að starfa eftir að Sjálfstfl. í Reykjavík er búinn að beita tökum sínum á Stöð 2, því það er sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, Páll Magnússon, sem undirritar þennan samning og stjórnarformaður Stöðvar 2 er Ingimundur Sigfússon sem lengi hefur verið í fjáröflunarnefnd Sjálfstfl. og sérstakur stuðningsmaður núv. hæstv. forsrh. hafa brotið þennan samning, þá er alveg ljóst að það er enginn grundvöllur til þess að halda áfram umræðum á Alþingi í kvöld.

Ég fer þess vegna fram á það að forseti hugleiði að gera hlé á fundum og íhugi alvarlega að ljúka fundarhaldi nú svo að menn geti borið saman bækur sínar um framhaldið.

[22:07]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Við höfum orðið vitni að mjög sérkennilegum atburðum og ég hygg að þann tíma sem ég hef setið á hinu háa Alþingi þá hafi Alþingi ekki verið sýnd önnur eins óvirðing og við urðum hér vitni að. Hér er skrúfað niður í þingmönnum og það heyrist önnur rödd þar yfir að lesa einhvern áróður. Það er alveg ljóst að hér er um að ræða brot á þeim samningi sem Alþingi gerði við sjónvarpsstöðina Sýn og forseti vitnaði til áðan. Ég held að við getum ekki annað en mótmælt vinnubrögðum af þessu tagi. Alþingi hlýtur að þurfa að skoða samskipti sín við þessa sjónvarpsstöð og ég harma það mjög að þetta skuli hafa gerst því það er alveg ljóst að þessar beinu sjónvarpsútsendingar frá Alþingi hafa orðið til þess að breyta ímynd Alþingis og hafa opnað fjölda fólks leið til að fylgjast með því sem hér fer fram. Þess vegna er alveg makalaust að svona lagað skuli gerast, að menn skuli leyfa sér það skrúfa niður í þingmönnum og meðan þeir standa í ræðustól þá heyrist önnur rödd. Ég hef ekki heyrt þetta sjálf en fólk hefur verið að hringja hingað og láta vita af þessu og ég ítreka það að mér finnst mergurinn málsins vera sá að hér er verið að sýna Alþingi hina megnustu óvirðingu vegna þeirrar pólitísku baráttu sem á sér stað í borginni. Það er auðvitað algjörlega ólíðandi.

[22:09]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Frú forseti. Er hægt að kaupa Alþingi? Er hægt að þagga niður í Alþingi með peningum? Því miður hefur það gerst í kvöld. Sjálfstfl. í Reykjavík gengur fyrir Alþingi. Ég er með í höndum samning, dags. 8. apríl 1992, undirritaðan fyrir hönd Sýnar hf. af Páli Magnússyni og fyrir hönd Alþingis af Salome Þorkelsdóttur og Friðriki Ólafssyni skrifstofustjóra. 4. liður þessa samnings hljóðar svo:

„Útsendingarnar verða órofnar frá upphafi til loka fundar."

En nú hefur það gerst að peningavaldinu í borginni hefur tekist að loka fyrir Alþingi og það er gert, samkvæmt frásögn starfsmanns sem vinnur við útsendingu, að beinni fyrirskipun Páls Magnússonar út-

varpsstjóra. Hann hefur þar með gengið erinda Sjálfstfl., hann brýtur samning á Alþingi og eftir því er þetta ekki merkismaður. Ég tel að það sé alveg óhjákvæmilegt fyrir forsetadæmið að bregðast við með mjög skjótum hætti. Þessir menn láta ekki mikið ná í sig í síma en þó hefur tekist að hafa samband við Ingimund Sigfússon sem þykist koma af fjöllum. Svona athæfi er náttúrlega algjörlega ólíðandi og þeim Sýnarmönnum til háborinnar skammar. Ég held að Alþingi geti ekki unað svona viðskiptaháttum.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Forseti vill taka fram vegna orða hv. þm. og reyndar fleiri hv. þm. að það er ekki til neitt sem heitir forsetadæmi heldur er það forsætisnefnd.

Alþingi lætur ekki stjórnast af Sýn hf. þannig að forseti telur ekki ástæðu til þess að fara að fresta fundum þó það sé ljóst, eins og þegar hefur komið fram í máli forseta, að þessi samningur hefur verið brotinn. Mótmælum hefur þegar verið komið á framfæri vegna þessa en eins og forseti hafði áður sagt telur forseti ekki rétt að fundum Alþingis sé stjórnað af Sýn hf. Hér verður því haldið áfram fundi og síðan skulum við sjá til hvað gerist næstu 15–30 mínúturnar. (**ÓRG:** Það er óskað eftir fundarhléi vegna þingflokksfunda. Þingmenn munu ekki halda áfram umræðum án þess að geta borið saman bækur sínar um það sem hér hefur gerst.) (**ÓÞÞ:** Það er allt í lagi að óska eftir utandagskrárumræðu ef forseti vill það. Það er réttur hvers þingmanns.)

Forseti gerir sér grein fyrir því að hv. þm. eru uppi með hörð mótmæli þannig að forseti telur rétt að fresta þessum fundi um 15 mínútur, til klukkan hálfellefu.

[Fundarhlé. — 22:13]

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Vegna fundar með formönnum þingflokka verður gert 10 mínútna hlé til viðbótar og verður fundi frestað til klukkan 15 mínútur fyrir ellefu.

[Fundarhlé. — 22:35]

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Það varð niðurstaða á fundi forseta með formönnum þingflokka að slíta fundi og halda ekki frekar áfram umræðum hér í kvöld.

Umræðu frestað.

Út af dagskrá voru tekin 11.–18. mál.

Fundi slitið kl. 22:44.

---

157. FUNDUR

þriðjudaginn 10. maí,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852, brtt. 1288 og 1290. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 1259, brtt. 1269 og 1287. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977 og 1289. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Skuldastaða heimilanna, skýrsla, 280. mál, þskj. 1170. — Ein umr.
6. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, stjtill., 537. mál, þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167. — Síðari umr.
7. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, skýrsla, 250. mál, þskj. 289. — Ein umr.
8. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096. — Frh. 2. umr.
9. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, stjfrv., 506. mál, þskj. 779, nál. 1231 og 1233, brtt. 1232 og 1235. — 2. umr.
10. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 1256, brtt. 1267. — Frh. 3. umr. 11. Eftirlit með skipum, frv., 623. mál, þskj. 1210. — 3. umr.
12. Vog, mál og faggilding, frv., 626. mál, þskj. 1227. — 3. umr.
13. Ofbeldi gegn konum á Íslandi, þáltill., 269. mál, þskj. 324, nál. 1294, brtt. 1295. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Pálmi Jónsson, 2. þm. Norðurl. v.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Sjónvarpsútsendingar frá þingfundum.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Út af þeim umræðum sem urðu hér í gær á kvöldfundi er sjónvarpsstöðin Sýn rauf útsendingu frá fundinum þvert gegn ákvæðum samnings sem í gildi er um þessar útsendingar hefur forseti haft samband við framkvæmdastjóra stöðvarinnar og óskað skýringar og viðbragða. Í morgun barst svo forseta svofellt bréf frá framkvæmdastjóranum, dagsett í dag:

„Fyrir hönd Íslenska útvarpsfélagsins hf., sem sér um útsendingar Sýnar hf. samkvæmt sérstökum samningi, vil ég taka fram eftirfarandi:

Eftir því sem næst var komist fyrir nokkrum vikum var það ætlan Alþingis að ljúka störfum um mánaðamótin apríl/maí. Í ljósi þess buðu forráðamenn Sýnar stjórnmálasamtökum á útbreiðslusvæði Sýnar aðgang að dreifikerfi sjónvarpsstöðvarinnar fyrir kynningarefni í tengslum við viðkomandi sveitarstjórnarkosningar eftir fyrstu viku maímánaðar og töldu sig hafa borð fyrir báru. Þegar ljóst var í gærkvöldi að þingfundir og útsending á umsömdu kynningarefni eins af fyrrgreindum stjórnmálaflokkum mundu skarast var það metið sem skársti kosturinn að gera um 20 mínútna hlé á útsendingu frá þingfundi og hleypa að einum af þremur fyrrgreindum kynningarþáttum. Þarna var reynt að gæta sanngirnissjónarmiða þar sem viðkomandi stjórnmálasamtök höfðu lagt í umtalsverðan kostnað við kynningu á umræddu dagskrárefni.

Forráðamönnum Sýnar er ljóst að þetta kann að hafa gengið á svig við eitt ákvæði í samningi Sýnar og Alþingis og er hér með beðist afsökunar á því. Útsendingar Sýnar frá þingfundum verða ekki rofnar aftur að óbreyttum samningi."

Undir þetta bréf ritar Páll Magnússon útvarpsstjóri.

Það er von forseta að með þessu bréfi sé máli þessu lokið.

Athugasemdir um störf þingsins.

Sjónvarpsútsendingar frá þingfundum.

[10:05]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér liggur fyrir afsökunarbeiðni frá sjónvarpsstöðinni Sýn vegna þeirra atburða sem urðu í gærkvöldi þegar brotið var samkomulag frá 8. apríl 1992, sem kveður með skýrum hætti á um það að útsendingar verði órofnar frá upphafi til loka funda. Það er eitt af ákvæðum þessa samnings.

Ég ætla ekki að gera þá atburði sérstaklega að umræðuefni umfram þetta, en óska eftir því við virðulegan forseta að till. til þál., 332. mál þingsins, um sjónvarps- og útvarpssendingar frá Alþingi, verði tekin á dagskrá þingsins til síðari umræðu. Tillagan var til fyrri umræðu fyrir nokkrum vikum síðan og það varð að samkomulagi að tillagan færi með óformlegum hætti til forsætisnefndar þingsins sem skoðaði málið. Nú hefur forsætisnefnd haft ráðrúm til þess að fara yfir efni tillögunnar um nokkurt skeið og ég tel alveg nauðsynlegt, m.a. í ljósi þess sem hér gerðist í gær, að þessi tillaga komi til síðari umr. fyrir þinglok og vil vinsamlega fara þess á leit við forseta að forseti hlutist til um að tillagan komi hér til umræðu og afgreiðslu í þinginu.

[10:07]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Mér finnst þetta vera sorglegt mál. Þetta sýnir okkur hvað hægt er að gera með peningum. Forráðamenn Sýnar létu kaupa sig til að svíkja samning sem þeir höfðu gert við Alþingi og það er þeim náttúrlega til skammar. En þetta leiðir hugann að áhrifum peninganna. Það virðist vera hægt með fjáraustri að einangra Alþingi. Í afsökunarbréfinu var einmitt bent á það að sjálfstæðismenn hefðu lagt í umtalsverðan kostnað við gerð þessarar sjónvarpsauglýsingar. En hvert stefnir lýðræðið með því að heyja kosningabaráttu sem sjálfstæðismenn í Reykjavík gera? Hvaðan koma þessir peningar? Er ekki hægt að hugsa sér, ef þeir eru svona miklir til, að þeim gæti verið skynsamlegar varið með öðrum hætti? Það er verið með gegndarlausum fjáraustri að reyna að hafa áhrif á skoðanir almennings.

Ég tel, frú forseti, að það sé óhjákvæmilegt að fjalla um framtíð þess samnings sem Alþingi gerði við Sýn. Ég stóð í þeirri meiningu að hann hefði verið hagfelldur fyrir báða aðila og þá ekki síður fyrir Sýn þar sem þeir hafa haldið leyfi á þessari sjónvarpsrás vegna útsendinga héðan úr Alþingi. Ég styð hugmynd hv. 4. þm. Austurl. um að taka til afgreiðslu þá tillögu sem liggur hjá forsætisnefnd og ég tel eðlilegt að leiða verði leitað til þess að breyta sjónvarpsútsendingum héðan frá Alþingi.

[10:09]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Vegna þessa bréfs sem Alþingi hefur borist frá Sýn þá verð ég að lýsa óánægju minni með það vegna þess að sú lýsing sem þar kemur fram kemur ekki heim og saman við það sem við urðum vitni að hér í gærkvöldi. Þar gerðist það í fyrsta lagi að það var ekkert hljóð á útsendingunni um nokkurt skeið og síðan gerðist það einnig að á meðan einn af ræðumönnum, talsmaður minni hluta sjútvn., var að gera grein fyrir áliti minni hlutans þá heyrðist í rödd frambjóðanda Sjálfstfl. í Reykjavík, þ.e. þess sem nú skipar efsta sætið, yfir mynd af þingmanninum. Síðan var útsendingin rofin. Þannig kom þetta mér fyrir sjónir og mér finnst að með þessu framferði hafi Alþingi verið sýnd óvirðing.

Þetta er afar sérkennileg framkoma af hálfu sjónvarpsstöðvarinnar og algerlega ljóst að samningur hefur verið brotinn og ég fellst ekki á það að málinu sé þar með lokið. Ég held að við þurfum að kanna þetta betur og ég tek undir það sem hér hefur komið fram að þetta beinir auðvitað sjónum að því að Alþingi þarf að huga betur að því hvernig að þessum málum verður unnið í framtíðinni. Auðvitað er það rétt sem kom fram í máli starfandi forseta í gærkvöldi að þessi sjónvarpsstöð og þessar útsendingar eiga ekki að stjórna störfum þingsins, en mönnum var einfaldlega svo misboðið við að upplifa þessa atburði að það varð ekki við unað og við þurfum að koma þessum málum í betra horf þannig að allir landsmenn geti fylgst með útsendingum frá Alþingi.

[10:11]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Eins og kom fram hjá hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur þá var samningsbrot Stöðvar 2 miklu margbrotnara heldur en það sem fram kom í því bréfi sem forseti las á forsetastól. Það sem gerðist í

gærkvöldi var að í stað myndar af sal Alþingis, sem venjulega er áður en umræður hefjast, var auglýsingaskilti um áróður Sjálfstfl. í Reykjavík. Það auglýsingaskilti var á skerminum fram yfir það að fundartími hófst hér á Alþingi. Nokkrum mínum eftir hálfníu var það skilti síðan skyndilega tekið af skerminum og birtist í miðri ræðu hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Þegar hv. þm. Jóhann Ársælsson hafði síðan talað nokkra stund kom rödd Árna Sigfússonar að lofsyngja Sjálfstfl. í Reykjavík. Þeir sem ekki eru kunnugir rödd hv. þm. Jóhanns Ársælssonar hefðu því getað haldið að hann stæði hér í ræðustól að lofsyngja Sjálfstfl. í Reykjavík. Þegar það hafði verið í allnokkurn tíma kom allt í einu hin rétta rödd hv. þm. Jóhanns Ársælssonar og svona gekk þetta áfram. Þannig að það er á engan hátt rétt lýsing hjá Páli Magnússyni að það hafi bara allt í einu verið tekin ákvörðun um að sýna einu sinni það áróðursprógramm sem Sjálfstfl. var búinn að kaupa inn á Sýn, sem er reyndar í eigu Stöðvar 2. Það er reyndar mjög mikilvægt og nauðsynlegt að forseti Alþingis geri sér skýra grein fyrir því hvað gerðist vegna þess að sú lýsing sem gefin var hér á forsetastól er því miður á engan hátt rétt.

Það er svo umhugsunarefni, eins og hv. þm. Páll Pétursson vakti hér athygli á, að líklegast er Sjálfstfl. búinn að verja á bilinu 14–20 millj. kr. bara í að gera þessa sérstöku sjónvarpspætti fyrir Sýn til viðbótar öllum öðrum kostnaði. Það eru vissulega merkileg tímamót í íslenskri stjórnmálasögu þegar einn stjórnmálaflokkur er farinn að framleiða áróðursefni fyrir sjónvarpsstöð með þeim mikla tilkostnaði sem óhjákvæmilega liggur á bak við þessa átta þætti sem þarna er ætlunin að sýna.

[10:13]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég get að mörgu leyti tekið undir þá gagnrýni á þá uppákomu sem varð hér í gær og samningsbrot er að sjálfsögðu ekki hægt að verja. En það sem mér finnst kannski skipta mestu máli núna er það hversu óglögg skil eru orðin á milli áróðurs borgaðra auglýsinga annars vegar og málefnalegrar umfjöllunar, frétta og útsendinga frá Alþingi, og að í skjóli þeirra útsendinga sem eru frá Alþingi og eiga að vera til upplýsingar þá flýtur með annað efni á sömu sjónvarpsrás og undir sama yfirskini og yfirbragði ákveðins hlutleysis eða fréttaflutnings. Það má ekki blanda saman áróðursefni annars vegar og svo hins vegar óhlutdrægri fréttamennsku eða frásögn af atburðum eins og útsendingar frá Alþingi á Sýn hafa verið. Þarna finnst mér að þurfi að draga skýr mörk þannig að menn viti að hverju þeir ganga, hvort þeir eru að fá fréttaflutning, hvort þeir eru að fá atburði eins og þeir verða á Alþingi eða hvort þeir eru að horfa á keyptan áróður þar sem fjármagið getur stýrt skoðunum fólks.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti mun ræða við hv. 4. þm. Austurl. um það erindi sem hann bar hér fram í upphafi þessarar umræðu. En forseti vill jafnframt láta þess getið að þegar blaðaauglýsingar birtust í gær um fyrirhugaðar sjónvarpsútsendingar á Sýn þá spurðist skrifstofa þingsins fyrir um það hvort hætta yrði á einhverri truflun á útsendingu frá þingfundinum en fékk þau skýlausu svör að svo yrði ekki, útsendingar frá Alþingi gengju fyrir. Því voru menn hér á Alþingi grunlausir um að nokkuð yrði gengið á rétt þingsins í þessu efni, en annað kom í ljós eins og hér hefur komið fram.

Skuldastaða heimilanna, ein umr.

Skýrsla félmrh., 280. mál. — Þskj. 1170.

[10:16]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir skýrslu um skuldastöðu heimilanna, en beiðni um þessa skýrslu var sett fram af hv. þingmönnum Framsfl. undir forustu hv. þm. Guðna Ágústssonar. Ég er þeirrar skoðunar að það sé mikilvægt að hér á Alþingi séu ræddar orsakir og afleiðingar skuldastöðu heimilanna og þessi skýrsla gefur gott tilefni til þess.

Eftir að þessi beiðni kom fram leitaði ráðuneytið til Þjóðhagsstofnunar og óskaði eftir að stofnunin tæki saman efni í skýrsluna og greinargerð Þjóðhagsstofnunar, sem barst ráðuneytinu 6. apríl, fylgir hér með sem fskj., en skýrsla þessi er að verulegu leyti byggð á upplýsingum er þar koma fram. Ég tel rétt að geta þess í upphaf míns máls að eftir að þessi skýrsla var lögð fram á Alþingi ritaði Þjóðhagsstofnun mér bréf, sem ég lét samstundis dreifa hér á Alþingi, þar sem fram kom að meinleg villa hefði slæðst inn í skýrsluna um skuldir heimilanna sem Þjóðhagsstofnun vann fyrir ráðuneytið og sú villa er að aukning skulda milli áranna 1992 og 1993 er ranglega sögð hafa verið 26 milljarðar á föstu verðlagi, en rétt tala er 18 milljarðar kr. Aukning á milli ára er því 7% í stað 8,7% eins og stendur í þessari skýrslu.

Það er alveg ljóst að í skýrslunni kemur fram að skuldir heimilanna hafa vaxið mjög hratt á sl. áratug. Í árslok 1993 eru þær 256 milljarðar, sem eru 116% af ráðstöfunartekjum, en á árinu 1980 eru þær 25% af ráðstöfunartekjum. Hér er um að ræða að skuldirnar hafa margfaldast á árunum 1980–1990 og vaxið hratt sl. áratug og rúmlega sexfaldast á milli áranna 1980–1990 eða sem svarar til 15% aukningar á ári. Ég tel þó rétt að taka fram, þar sem töluvert hefur verið gert úr að skuldir heimilanna hafi vaxið á sl. ári, sem ég tek undir, að engu að síður kemur fram í skýrslu Þjóðhagsstofnunar að þegar tekið er mið af sl. áratug eða alveg frá 1981 til 1993 þá hafa þær á árinu 1993 hækkað um 7% að raungildi, sem er minnsta hækkun milli ára frá 1981. Ef við tökum t.d. árið 1991, hvernig breytingarnar hafa orðið þá, þá hefur hækkunin orðið um 28,8 milljarðar á móti rúmlega 16 milljörðum 1993 eða um 16,3% breyting að raungildi milli ára á föstu verðlagi. Hið sama má segja um árin 1985–1986, en þá er breyting milli ára á föstu verðlagi um 17% bæði árin 1985 og 1986 að raungildi og sama gildir

árið 1982, en þá er breytingin um 18,3% á móti 7% núna á sl. ári.

Það er líka alveg ljóst að á árinu 1983 fór verðbólgan úr öllum böndum, en á þeim tíma, 1983, var vísitölubinding launa afnumin og ljóst er að það skapaði mikið misgengi á lánum og launum sem vafalaust hefur aukið verulega skuldir heimilanna.

Í þessari skýrslu kemur fram að skuldir heimilanna við bankastofnanir hafa breyst verulega á sl. áratug. Á árinu 1980 námu skuldir heimilanna við bankastofnanir um 18–19% af heildarútlánum, en árin 1992–1993 35–36%. Og það er alveg ljóst að skuldir við bankastofnanir, sem eru yfirleitt skammtímaskuldir og lengst af með háum vöxtum, hafa orðið til þess að auka verulega skuldir heimilanna.

Það er líka athyglisvert í þessari skýrslu að þó að skuldir heimilanna séu mjög háar þá hefur hlutfall húsnæðisskulda í heildarskuldum heimilanna lækkað. Húsnæðisskuldirnar hafa lækkað frá fyrri hluta 9. áratugsins úr 80% í 70% nú síðustu árin og þá eru ekki meðtaldar skuldir vegna fasteignakaupa, þ.e. hin svokölluðu handhafabréf, sem ekki eru lengur á markaðnum eftir að húsbréfakerfið var tekið upp, en skuldabréf til seljenda fasteigna voru oftast til fjögurra ára og námu iðulega 25–30% kaupverðs íbúða. Og þegar tekið er tillit til þessara handhafabréfa þá má ætla að húsnæðisskuldirnar hafi á fyrri hluta 9. áratugarins verið um 90% af skuldum heimilanna á móti því að þær eru um 70% núna síðustu árin.

Það er auðvitað áhyggjuefni að skuldir heimilanna eru mestar og vaxtabyrðin þyngst hjá tekjulægustu hópunum, en fram kemur í þessari skýrslu að hjón með 1 millj. kr. í tekjur borga 20% tekna sinna í vexti, en hjón með 5 millj. í tekjur 5% tekna í vexti. En það skal tekið fram að þetta er fyrir vaxtabætur þannig að greiðslubyrðin er eitthvað léttari heldur en þessar tölur segja til um. Skuldirnar eru mestar í aldurshópnum 31–35 ára, en lækka hratt eftir að þeim aldri er náð.

Það er spurt í beiðni hv. þingmanna Framsfl. hvernig þessum atriðum háttar á Íslandi í samanburði við helstu nágranna- og viðskiptalönd okkar og er það fróðlegt til samanburðar. Það var svo 1980 að þá voru skuldir íslenskra heimila lægri en á hinum Norðurlöndum. Að vísu höfum við ekki upplýsingar um Danmörku, en miðað við hin Norðurlöndin voru skuldir íslenskra heimila lægri í hlutfalli við ráðstöfunartekjur og það er auðvitað athyglisvert í ljósi þess hversu stór hluti íslenskra fjölskyldna býr í eigin húsnæði. Samanborið við hin Norðurlöndin voru skuldir heimilanna hér eigi að síður lægri og þá voru skuldir norskra heimila hæstar. Fram til 1980 aukast skuldir heimilanna hjá öllum Norðurlöndum mjög hratt og umfram ráðstöfunartekjur en eftir það fara þær lækkandi hjá hinum Norðurlandaþjóðunum nema Íslandi, en þá hækkar verulega hlutfallið milli skulda og ráðstöfunartekna hér á landi. Skýringarnar sem Þjóðhagsstofnun gefur á umskiptunum á hinum Norðurlöndunum eru að þær megi rekja til afleiðinga atvinnuleysis, minni tekna hjá heimilunum, hækkunar raunvaxta, það hafi dregið úr skattafrádrætti, lækkunar á fasteignaverði, samdráttar í útlánum banka, aukins sparnaðar, ásamt því að dregið hafi úr einkaneyslu.

Þegar skoðaðar eru aðrar þjóðir en Norðurlöndin, t.d. Þýskaland og Ítalía, þá er skuldahlutfallið vel undir fimmtungi ráðstöfunartekna, en 100–120% í Bandaríkjunum og Japan.

Það er líka athyglisvert að skoða áhrif lengri lánstíma á skuldastöðu heimilanna, en lengri lánstími, sem hefur lengst hér verulega, t.d. vegna húsnæðisöflunar, á umliðnum árum, hefur haft afgerandi áhrif á skuldastöðu heimilanna þegar höfuðstóllinn greiðist hægar niður. Í norrænum samanburði er það talin ein meginskýringin á skuldastöðu heimilanna, þ.e. lengri lánstími þar sem skuldirnar greiðast hægar niður. Nefna má í því sambandi Finnland sem dæmi. Þar eru skuldir heimilanna með tilliti til ráðstöfunartekna og eigna lægstar, en þar er lánstíminn stystur og greiðslubyrði hæst af húsnæðislánum. Þannig að áhrifa lengri lánstíma gætir hér verulega.

Það er ekki síst í þessari skýrslu brýnt að skoða orsakir skuldastöðu heimilanna og á því eru dregnar fram nokkrar skýringar í þessari skýrslu. Heimilin áttu íbúðirnar að verulegu leyti skuldlausar í upphafi 9. áratugarins og skýringarnar eru þær að fyrir 1980 voru lánin veitt á lægri vöxtum en svaraði til verðbólgu. Íbúðarhúsnæði hækkaði þá langtum meira heldur en almennt verðlag og það var erfitt að fá lánsfjármagn til lengri tíma. Raunvextir lána voru neikvæðir, mest árið 1974, en þá voru raunvextir skuldabréfalána neikvæðir um 25%, en allan áratuginn voru vextir neikvæðir um 15%. Afleiðingarnar voru þær að skuldirnar lækkuðu hratt, eigið fé í íbúðarhúsnæði var mjög mikið og þegar verðtryggingunni var komið á í upphafi 9. áratugarins áttu heimilin í landinu húsnæði sem var að verulegu leyti skuldlaust. Það hafði þær afleiðingar, sem ég tel að sé stór skýring á skuldastöðu heimilanna, að það þurfti að endurfjármagna nær allt húsnæðið þegar það skipti um hendur.

Þó að það sé að mínu viti ein meginskýring á miklum vexti á skuldum heimilanna frá 1980 þá kemur þar vissulega fleira til. Það var horfið frá mikilli skömmtun á lánsfé til heimilanna sem heimilin bjuggu við. Lánstími lengdist, eins og ég nefndist hér áður, og skuldirnar greiddust hægar niður og síðan kemur til breytt aldurssamsetning á sl. áratug þegar mikil fjölgun ungs fólks varð á húsnæðismarkaðinum, sem Þjóðhagsstofnun metur að skýri um 20% af aukningu á skuldum heimilanna.

Það er líka alveg ljóst, eins og hv. þm. þekkja, að skortur á háum langtímalánum hefur leitt til greiðsluvandræða og svo var komið á árinu 1985 að grípa varð til mjög víðtækra ráðstafana og greiðsluerfiðleikalána fyrir heimilin í landinu og frá 1985–1991 má áætla að veittir hafi verið um 6 milljarðar kr. til greiðsluerfiðleikalána. En það er líka athyglisvert að á sama tíma og byrjað er á svo víðtækri aðstoð í greiðsluerfiðleikum á árinu 1985, að á árunum 1985–1987 jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna um 40%. En það er einnig ljóst að skýringin á þessu er að stórum hluta fyrir 1986, þá þurfti fólk að bjarga sér með erfiðum skamm-

tímalánum í bönkum og greiðslubyrði var þung.

En eftir 1986 jukust lánamöguleikar verulega, sem dró úr þörf fyrir skammtímalán. Hámarkslán Húsnæðisstofnunar hafa aukist verulega og sl. 10 ár hafa þau aukist til nýbygginga eða lánin til nýbygginga hafa fjórfaldast og til kaupa á notuðum íbúðum sexfaldast. Og þegar skoðaður er hluti innlánsstofnana í íbúðalánum kemur í ljós að skammtímalánin sem í bönkum voru 65% til íbúðalána 1980, það hlutfall er komið niður í 30% 1992. Og eins og ég sagði áðan er það mjög athyglisvert að í Finnlandi, þar sem lánstíminn er stystur, eru skuldir minnstar en greiðslubyrði húsnæðislána mest.

Það er alveg ljóst að veruleg skýring á aukningu á skuldum heimilanna er aukinn aðgangur heimilanna að lánsfé, sem er mun auðveldari en var hér áður, og afnám skömmtunar á lánsfé er örugglega veruleg skýring og meira frjálsræði á lánsfjármarkaði. Fólk hefur mjög auðveldan aðgang að neyslulánum á hagstæðum kjörum, sem oft og iðulega eru boðin, bílakaup, húsgögn, heimilistæki. Yfirleitt er hægt að fá þetta með góðum kjörum og stundum vaxta- og afborgunarlaus í einhvern tíma. Ég heyrði t.d. í gær að bílaumboð var að bjóða fólki sem væri með 2–3 ára gamla bíla upp á það að fá nýja bíla án þess að borga krónu út, þar væri lánað 600 þús. vaxtalaust fyrstu 24 mánuðina. Þannig að freistingarnar eru auðvitað á hverju horni að því er varðar neyslulánin. Og ef við horfum t.d. til aukningar á Visa-notkun þá var heildarveltan 40 millj. 1984 eða 150 millj. á núvirði og 1993 er hún komin í tæpa 43 milljarða kr. eða um 285-földun á 9 árum.

Ég held að það sé líka alveg ljóst að Íslendingar búa við ákveðna sérstöðu varðandi húsnæðismálin sem er séreignarstefnan og það er náttúrlega alveg ljóst að hún hefur haft afgerandi áhrif til þess að auka skuldir heimilanna. Íslendingar búa líka miklu rýmra heldur en t.d. nágrannaþjóðir. Hér er um að ræða 48–49 fermetra á hvert mannsbarn sem er mun minna á hinum Norðurlöndunum og allt hefur þetta áhrif til þess að auka skuldir heimilanna. Norðmenn standa okkur næst t.d. varðandi hátt hlutfall eigin húsnæðis, en þar eru skuldir heimilanna hæstar í samanburði við hin Norðurlöndin. Og það ber að hafa í huga í þessu sambandi, þegar litið er til séreignastefnunnar og hvaða áhrif hún hefur haft til þess að auka skuldir heimilanna, að í raun væru skuldir heimilanna hér á landi mun hærri ef stór hluti þeirra hefði ekki brunnið upp í verðbólgubálinu á tímum óverðtryggðu lánanna.

En auðvitað er það ekki svo að heimilin eigi bara skuldir. Heimilin eiga verulegar eignir á móti skuldum. Skuldirnar námu, eins og ég sagði, 256 milljörðum í lok árs 1993, en peningalegar eignir voru um 190 milljarðar í lok árs 1992 og þá eru ekki taldar með eignir lífeyrissjóða, sem eru um 180 milljarðar á þessum sama tíma. Verðmæti í íbúðarhúsnæði nam um 450 milljörðum í árslok 1992 og nefna má einnig að húsnæðisskuldir heimilanna eru 38,4% af þjóðarauði í íbúðarhúsnæði.

Ég tel mikilvægt að bankar endurskoði nokkuð sína útlánastefnu og taki mið af raunverulegri greiðslugetu fólks, en það er iðulega svo að bankar spyrja ekki um greiðslugetu fólks heldur hvaða ábyrgðir standi á bak við og oft er það svo að skuldir falla á vini og venslamenn þegar þannig er staðið að málum. Þannig að ég tel að það þurfi að auka alla ráðgjöf og fræðslu í þessu efni. Ég tel einnig mikilvægt að það fari fram greining á skiptingu á skuldastöðu milli aldurs- og tekjuhópa og ég tel það mjög brýnt úrlausnarefni. Sú eignatilfærsla sem átti sér stað í tíð mikillar verðbólgu og óverðtryggðra lána hafði í för með sér að eignum og skuldum er mjög ójafnt skipt milli aldurshópa. Og það sýnir vel kynslóðabilið og aðstöðumun fólks á hinum ýmsu tímum í sambandi við lífskjör og afkomu að í könnun Félagsvísindastofnunar 1988 kom fram að 67% íbúðareignar væru í eigu 50 ára og eldri sem höfðu greitt upp öll sín íbúðalán. Inneignir einstaklinga í innlánsstofnunum eru að stórum hluta til í eigu 50 ára og eldri, en í árslok 1993 voru rúmlega 70% innlána í eigu miðaldra fólks eða eldri.

Ég tel því ástæðu til og félmrn. vinnur nú að því að láta fara fram sérstaka athugun sem leiðir frekar í ljós þann mun sem virðist vera milli kynslóða með tilliti til lífskjara, skulda, eigna og afkomumöguleika. Slík athugun mundi auðvelda okkur að greina þann vanda sem við blasir varðandi skuldastöðu heimilanna, sem rekja má allt til ársins 1980, og þann aðstöðumun í kjörum og aðbúnaði sem hinir ýmsu aldurshópar hafa búið við. Ekki síður mundi slík könnun auðvelda alla ákvarðanatöku við úrlausn þess að ná niður skuldum heimilanna og aðstoða þá sem mest þurfa á því að halda.

Virðulegi forseti. Ég vil í lok míns máls greina frá því, sem rætt hefur verið hér á Alþingi bæði á síðasta þingi og nokkuð á þessu þingi, að ég tel brýnt að koma á sérstakri greiðsluaðlögun fyrir fólk sem er í miklum greiðsluerfiðleikum. Ég greindi frá því fyrir nokkru síðan að vonir stæðu til að hægt væri að greina frá hér á Alþingi eða dreifa skýrslu um niðurstöðu nefndar sem að þessu verki hefur verið að vinna. Tími vinnst væntanlega ekki til þess, en nefndin mun á allra næstu dögum skila skýrslu um þetta efni, en hlutverk hennar var að meta gagnsemi þess að koma á fót sérstakri greiðsluaðlögun vegna greiðsluerfiðleika. Nefndinni var falið að kanna reynsluna af löggjöf á Norðurlöndunum um greiðsluaðlögun til aðstoðar fólki sem ekki getur staðið við fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Tilgangur sérstakrar löggjafar um greiðsluaðlögun er að hjálpa fólki sem er með mikil og varanleg greiðsluvandamál til að ná tökum á sínum fjármálum. Í greiðsluaðlögun felst að einstaklingur sem er í verulegum greiðsluvanda getur leitað til dómstólanna og leitað eftir heimild til greiðsluaðlögunar. Þeir sem fá meðferð í fjármálum, ef svo má segja, þurfa að leggja fram allar tiltækar upplýsingar um eignir og tekjur sem lagðar eru til grundvallar tillögum um greiðsluáætlun sem bundin er til fimm ára. Þessi aðgerð felur í sér eins konar fjármálalega gjörgæslu, gerður er samningur við lánadrottna og áætlun um hvernig ná megi skuldum niður. Gert er ráð fyrir að skuldari lifi spart og selji eignir meðan grynnkað er á skuldum. Að þess-

um reynslutímabili loknu má fella eftirstöðvar niður ef skuldari hefur staðið við öll fyrirmæli greiðsluaðlögunarinnar.

Greiðsluerfiðleikar hafa verið í brennidepli í húsnæðismálum á Norðurlöndum um nokkurt skeið og greiðsluaðlögun hefur verið ein af aðgerðum sem gripið hefur verið til til að leysa vandann. Danir voru fyrstir til að taka í lög ákvæði um greiðsluaðlögun 1984, en níu árum seinna, eða í byrjun árs 1993, tóku gildi lög um greiðsluaðlögun í Noregi og um mitt sama ár tóku Finnar upp sams konar fyrirkomulag. Í júlí nk. taka gildi lög um greiðsluaðlögun í Svíþjóð, en Svíar tóku það ráð að hinkra við og fylgjast með reynslu Norðmanna og Finna. Frumvarp þar um hefur því verið í biðstöðu, en löggjöf Svía verður mjög svipuð þeirri norsku.

Það er samdóma álit þeirra sem hafa metið árangur greiðsluaðlögunar í Noregi að vel hafi tekist til í meginatriðum. Þetta er flókið úrlausnarefni og tekur talsverðan tíma, er í raun sértæk aðgerð sem nær ekki til mikils fjölda fólks. Eftir fyrsta árið í Noregi voru 1.100 mál komin í úrvinnslu og 315 samningar höfðu verið gerðir. Einn mikilverðasti árangur laganna eru þau áhrif sem þau hafa á frjálsa samninga milli aðila sem hafa tekið mið af þessum reglum og leitt til þess að mál hafa verið leyst með samkomulagi án þess að komið hafi til kasta hins opinbera. Nýlega hafa borist upplýsingar um reynsluna í Noregi og er nefndin að vinna úr þeim gögnum ásamt greiningu á stöðu mála hér á landi.

Það sem vakið hefur sérstaka athygli nefndarinnar sem um þetta fjallar hér og um leið orðið til þess að renna stoðum undir þá niðurstöðu að greiðsluaðlögun hér á landi er bæði nauðsynleg og gagnleg, er að þegar athuguð eru úrræði af því tagi sem eru í boði hér á landi kemur í ljóst að þau koma sem næst að engu gagni. Þetta sést best þegar skoðaðar eru tölulegar upplýsingar frá Héraðsdómi Reykjavíkur um framkvæmd þessara úrræða. Á sl. fimm árum hefur að meðaltali verið staðfestur einn nauðasamningur hjá einstaklingum í Reykjavík árlega. Dregið hefur mjög úr því að einstaklingar hafi fengið greiðslustöðvun. Tölur sýna að á árinu 1989 var 16 einstaklingum veitt heimild til greiðslustöðvunar en engum á árinu 1993. Því miður segja þessar tölur okkur það ekki að engin þörf sé þessara úrræða. Þörfin á aðstoð við einstaklinga í fjárhagslegum erfiðleikum sést best þegar litið er til fjölda fjárnáma, uppboða og gjaldþrota einstaklinga. Nauðungarsölur íbúðarhúsnæðis voru 160 á árinu 1989 en voru 230 á árinu 1993. Á árinu 1993 voru bú 836 einstaklinga tekin til gjaldþrotaskipta í Reykjavík. Það sem sérstaka athygli vekur í þessu sambandi er að ekki fékkst króna hvorki upp í forgangs- né almennar kröfur í öllum þessum búum á sl. ári. Þessar upplýsingar gefa til kynna að þau úrræði sem nú eru til staðar, greiðslustöðvun og nauðungarsamningar, henta einfaldlega ekki einstaklingum í greiðsluerfiðleikum. Allt að einu hygg ég að hefja þurfi sem fyrst undirbúning að setningu laga um greiðsluaðlögum.

Þetta vildi ég nefna hér í lokin sem ég tel brýnt úrlausnarefni ásamt því að sú athugun fari fram sem ég nefndi áðan sem mun auðvelda okkur að greina þann vanda sem við blasir varðandi skuldastöðu heimilanna.

[10:41]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Breski íhaldsflokkurinn beið sitt mesta afhroð í kosningum í Bretlandi í síðustu viku. Óheft markaðshyggja, röng tekjuskipting og almenn fátækt gerðu það að verkum að bresk alþýða hafnaði íhaldinu þar í landi. Þar byrjaði uppgjörið við íhaldið og frjálshyggjuna grálynda og grimma í sveitarstjórnarkosningum.

Hér hefur setið við völd í þrjú ár ríkisstjórn Davíðs Oddssonar, alsystir vondu ríkisstjórnarinnar í Bretlandi. Við skynjum þegar í okkar samfélagi mörg sömu sjúku einkennin í atvinnu- og efnahagsmálum og þar í landi. Hér mun einnig verða gert upp við Sjálfstfl. og ekki síður Alþfl. sem er últra hægriflokkur og hefur slökkt öll ljós jafnaðarstefnunnar. (**Gripið fram í:** Rétt.) Hvar er ungi stjórnmálamaðurinn sem fór byggð úr byggð á slitnum skóm spámannsins og spurði: Hverjir eiga Ísland? Hvernig hefur jöfnuði og lífskjörum fólks verið varið eftir að þessi leiðtogi komst til valda svo ekki sé nú talað um eftir að frjálshyggjan var leidd til valda eftir síðustu alþingiskosningar? Hefur Evrópuhugsjónin og gljáfægð gróðamusteri mammonshyggjunnar svæft þennan agnarsmáa en valdasjúka Alþfl. eilífum þyrnirósarsvefni gagnvart íslenskri alþýðu? Heyrir enginn lengur skóhljóð hins þreytta verkamanns? Heyrir enginn lengur andvarp þess atvinnulausa sem er nýtt vandamál og tengist nafni ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar?

Eldri kynslóðin man að þetta gerðist einnig í viðreisnarstjórninni 1960–1971. Þá flúðu menn land en nú eru fjölskyldurnar strand. Við stöndum þegar frammi fyrir EB-atvinnuleysi meðal ungs fólks á Íslandi á aldrinum 17–24 ára. Það er enginn hissa þó að 40% Reykvíkinga sem kusu Sjálfstfl. í síðustu borgarstjórnarkosningum hafni stefnunni og með því fordæmi þessarar óásættanlegu niðurstöðu á Íslandi. Skólafólkið býr við brostnar vonir. Framtíðaráformum þess er nú vegna stefnu íhaldsins stefnt í tvísýnu. (**Fjmrh.:** Hvar stendur Alþfl. í Reykjavík?) Þessi skýrsla staðfestir það að fólkið í landinu er að tapa. Þessi skýrsla er hrollvekja og gefur til kynna án þess að það sé sagt að einhver hluti af ungu fólki er að tapa tökum á sínum málum með þeim hætti að gjaldþrot blasir við, hæstv. félmrh. Vanskilaskuldir við ríkið, sveitarfélögin og ekki síst greiðslukortafyrirtækin í árslok 1992 eru sterkustu vísbendingarnar um gífurlega erfiðleika og trúlega enn stærri en svarta skýrslan greinir frá þar sem aðeins vanskil við ríkissjóð og greiðslukortafyrirtækin nema 15 milljörðum kr. Við getum samkvæmt þessu áætlað að 256 milljarðar nálgist 280–300 milljarða. Þessi þróun er allt öðruvísi á hinum Norðurlöndum sl. þrjú ár. Þar eru heimilin að lækka sitt skuldahlutfall. Hér hækkar það. Fólkið hér finnur að það er að tapa. Fólkið finnur að það er vitlaust gefið og rangt skammtað.

Það er fram undan vor í okkar efnahagsmálum,

sagði hæstv. forsrh. á eldhúsdegi Alþingis. Hefði þessi skýrsla legið þá fyrir hefði verið erfiðara að blekkja þjóðina. Þá hefðu allir séð að málflutningurinn var blekking, að ráðgjafarnir höfðu enn einu sinni fært keisara sinn í gagnsæjan búning. Gjaldþrotastefnan og „kemur-mér-ekki-við"-stefnan er stærsta böl heimilanna. Það stóð aldrei til að vorið yrði eign allra Íslendinga. Þeirra vor er fyrir einkavinavæðinguna og einkavinina.

Heimilin standa þannig að kreppan bitnar mest á börnum og foreldrar sligast þegar ekkert gengur upp. Íþróttir, sumarbúðir, dansskóli, tónlist. Þeir sem ekkert val eiga verða að skera á bestu gjöfina þó tár bliki á hvarmi. Þetta er staðreynd í íslensku samfélagi í dag vegna þeirrar stefnu sem hér er keyrð af fullum krafti fram af hæstv. ríkisstjórn Davíðs Oddssonar.

Það er skrýtin tilviljun, hæstv. forseti, að þessi skýrsla um skuldastöðu heimilanna skyldi koma fram daginn eftir eldhúsdag og fimm dögum eftir að Alþingi átti að hafa lokið störfum. Hér er stærsta meinið misskiptingarkreppa. Ríkisstjórnin hefur lagt drápsklyfjar á meðaltekju- og barnafólkið í landinu. Ríkisstjórnin hefur flutt milljarða í skattatilfærslum frá fyrirtækjum yfir á herðar fólksins. Þessi skýrsla vitnar ekki síst um þessar staðreyndir. Hér kemur það fram að 1993 jukust skuldir heimilanna um 18 milljarða eða um 7% að raungildi. Í engri verðbólgu þar sem engin launahækkun átti sér stað. Þessi staðreynd segir þó ekki alla söguna. Séu skuldir heimilanna settar í samhengi við ráðstöfunartekjur fæst vísbending um greiðslubyrðina, hæstv. félmrh. Árið 1992 eru skuldir heimilanna 2% hærri en ráðstöfunartekjurnar. En slík hefur aukningin á skuldum orðið á síðasta ári að þær eru orðnar 16% hærri en ráðstöfunartekjur. Hér blasa við enn verri tíðindi en virðist í fljótu bragði. Okkur hættir oft til að reikna yfir í meðaltöl. Það gerði hæstv. félmrh. hér áðan. Og menn reyna að verja sig í meðaltölum. Ég vil hvetja hæstv. félmrh. til þess að sitja heila kvöldstund með tvö vaskaföt fyrir framan fæturnar á sér og dýfa annarri löppinni í 70 gráðu heitt vatn en hinni í 20 gráður. Meðaltalið er 45 gráður. Ég hygg að annar fóturinn kæmi skaddaður upp úr þessu vatni eftir kvöldið. Mönnum hættir til að verja sig í meðaltölum og það sem hér blasir við í þessari skýrslu, er það er reiknað á mann að skuldirnar hafi numið við síðustu árslok 970 þús. kr. og væru aðeins 3,8 millj. á fjögurra manna fjölskyldu. (Gripið fram í.) Ekki svo slæmt, segja einhverjir hér í salnum.

Nú vill svo til að í þessu efni búa tvær þjóðir í landinu. Staðreyndin er sú að eignum og skuldum heimilanna er mjög ójafnt skipt milli aldurshópa. Fólkið sem fætt er eftir 1950 ber langstærstu skuldabyrðina og miðað við að miðaldra fólkið og eldra hagnaðist verulega og skuldir þess brunnu upp í óðaverðbólgu fyrir verðtryggingu. Því er skuldastaða þess aldurshóps sem fæddur er eftir 1950 mjög há. Þetta er jafnframt fólkið sem er að ala upp börnin, fólkið sem líka ber á bakinu verðtryggð námslán. Fólkið sem ríkisstjórnin hefur verið að skattleggja sérstaklega með þjónustugjöldum og nýjum sköttum. Eða lækkuðum barna- og vaxtabótum eða lækkuðum mæðra- og feðralaunum. Því er það fagnaðarefni að þessi athugun hefur vakið félmrn. til að fara í enn frekari vinnu og það verði leiddur í ljós sá munur sem virðist vera á milli kynslóða með tilliti til lífskjara, skulda, eigna og afkomumöguleika eins og hæstv. félmrh. sagði hér áðan.

Nú skulum við skoða nokkrar staðreyndir úr skýrslunni. Í árslok 1993 námu skuldirnar 256 milljörðum kr. fyrir utan vanskilaskuldirnar sem ég nefndi hér áðan. Í árslok 1990 voru þær 170 milljarðar. Aukningin er 86 milljarðar eða rúm 50%. Í krónum talið hafa skuldir heimilanna því hækkað um helming. Um helming á síðustu þremur árum í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þarna liggur það á borðinu.

Skuldir hverrar fjögurra manna fjölskyldu eru tæpar 3,9 millj. og hafa því hækkað um 1200–1300 þús. á síðustu þremur árum í tíð núv. ríkisstjórnar. Húsnæðisskuldir hafa hækkað á þessu sama tímabili um rúma 65 milljarða eða tæp 52% í tíð núv. ríkisstjórnar. Skuldir á meðalverðlagi hafa hækkað minna eða um rúm 40%, úr 177 milljörðum í 248 eða um 71 milljarð. Þar er reiknað með verðlagi ársins 1993.

Mig langar hér aftan við þessa upptalningu að vitna í texta Þjóðhagsstofnunar á bls. 8, með leyfi forseta:

„Skuldir íslenskra heimila hafa vaxið með miklum hraða á undanförnum áratug. Frá 1980 til 1993 6,1-földuðust skuldir heimilanna á föstu verðlagi sem svarar til þess að skuldir hafi aukist um 15% á ári. Reiknað á mann er aukningin 4,3 föld eða 14% á ári. Hins vegar var kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann aðeins 13% hærri árið 1993 en 1980."

Eftirfarandi lokapunktur í niðurstöðu Þjóðhagsstofnunar finnst mér vera einna athyglisverðastur:

„Skýringanna á þessari þróun er einkum að leita til breytinga á íslenskum fjármagnsmarkaði þar sem markaðurinn ræður mun meiru um ráðstöfun lánsfjár en áður var, hárra vaxta, einkum á síðari hluta tímabilsins og lækkun kaupmáttar á undanförnum árum."

Svo mörg voru þau orð. Sem sagt, markaðurinn, háir vextir, einkum á síðari hluta tímabilsins og lækkun kaupmáttar á undanförnum árum. En fleira kemur til eins og skýrsluhöfundur segir á bls. 9:

„Til skýringa á aukningu skulda frá 1990 má nefna mikla lækkun ráðstöfunartekna, mikla hækkun raunvaxta og loks aukið framboð lána til heimilanna með tilkomu húsbréfakerfisins."

Loksins leggur höfundur til við ríkisstjórnina og gjaldþrotastefnuna. Rétt er að benda á bls. 12 um sama efni. Þar segir:

„Með húsbréfakerfinu var komið á gerbreyttri skipan á veitingu húsnæðislána. Meginbreytingin fólst í því hversu lánin hækkuðu mikið. Fjárhæð lána var annars vegar tengd verði íbúðar en hins vegar greiðslumati kaupanda. Í þessu fólst að hin opinbera fyrirgreiðsla varð mun stærri hluti af fjármögnun húsnæðiskaupa en áður hafði verið. Þótt lánstími hafi verið styttur frá því sem áður var, eða úr 42 árum í 25 ár, er fullljóst að lánstíminn í heild lengdist til muna er vægi skammtímaskulda minnkaði. Miklu skipti einnig að biðtími eftir lánum var styttur niður í nánast ekkert en er hús-

bréfakerfið var innleitt lágu fyrir rúmar 8.000 óafgreiddar umsóknir en til samanburðar má geta að fjöldi lánveitinga á ári var um 3.000.“

Þótt höfuðorsakir komi fram hér að framan eru þær fleiri, svo sem neyslulán og námslán sem hafa margfaldast á undanförnum árum og ég er sammála skýrsluhöfundi hver svo sem hann er sem telur þær vera breytingar á lánamarkaði, háir raunvextir, lækkandi kaupmáttur, almennt efnahagsástand og húsbréfakerfið.

Ég vil segja við hv. þm.: Við erum hér að ræða mikið alvörumál og stöndum frammi fyrir flóknu úrlausnarefni. Félagsmálastofnanir um allt land greina frá óvenjumörgu fólki í neyð sem þarfnast aðstoðar. Atvinnuleysið og miklar kaupmáttarskerðingar, ekki síst vegna aðgerða ríkisstjórnarflokkanna hér á Alþingi í þrjú ár valda því að válegur gestur ber víða að dyrum sem er fátæktin. Átta þúsund manns eru nú án atvinnu. Skólafólkið leitar inn á markaðinn og fær lítil svör. Hvar er viljinn og viðleitnin af hálfu ríkisstjórnarinnar? Engar markverðar tillögur enda segja boðberar frjálshyggjunnar að við megum vænta þess að eiga við að búa sama atvinnuleysi og í EB-löndunum.

Við framsóknarmenn gerum kröfu um það að atvinnuleysisvandamálið verði leyst. Það er eitt stærsta vandamálið sem við búum við. Við fordæmum þau orð forustumanna ríkisstjórnarinnar að menn verði að sætta sig við atvinnuleysið. Við tökum undir með Bubba Morthens þegar hann syngur og segir: Atvinnuleysið er komið til að fara. Þess vegna er það stærsta verkefni okkar að fara yfir skuldastöðu heimilanna, leysa atvinnuvandamálið og hefja hér nýja sókn í þessu þjóðfélagi. Það verður ekki gert með Alþfl. í félmrn. Það verður ekki gert með þessa ríkisstjórn að störfum lengur. Hún verður að fara frá.

Hæstv. forseti. Það ber að flytja á hana vantraust vegna þess hvernig heimilin hafa verið að fara.

[10:57]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var sérkennileg ræða því að þegar sú skýrsla er skoðuð sem hér liggur fyrir og er til umræðu þá kemur í ljós að þau ár standa upp úr sem mestu breytingaár, þar sem skuldir hafa vaxið mest eru árin 1982, 1985, 1986 og 1991. Þessi ár eiga það öll sammerkt að þá sat Framsfl. í ríkisstjórn. Það kemur í ljós að 1993 varð aukningin 7% eða meira en helmingi minni en á þessum árum sem ég tíndi til. Þetta segir sína sögu.

Það má heldur ekki gleyma því, virðulegi forseti, að lífeyrissjóðseignirnar eru ekki taldar með, en þær hafa aukist langmest á undanförnum árum og það eru eignir sem fólkið í landinu á sem betur fer. Hv. þm. varði miklum tíma ræðu sinnar í að ráðast á Alþfl. og ef ég skildi rétt varð niðurstaða hans sú að það þyrfti að gera upp við Alþfl. í komandi borgarstjórnarkosningum í Reykjavík. Ég spyr hv. þm.: Hvernig á að gera það? Með því að biðja alþýðuflokksmenn um að kjósa Sjálfstfl.? Er ekki Alþfl. og Framsfl. á sameiginlegum framboðslista hér í Reykjavík? Er hv. þm. að biðja um það að alþýðuflokksmenn kjósi Sjálfstfl.? Vill ekki hv. þm. koma hér upp og skýra það hvernig á því stendur að hann ræðst svona mikið á sína samstarfsmenn í framboði R-listans í Reykjavík. Það væri fróðlegt að heyra það.

[10:59]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ekki kemur mér það á óvart að hæstv. fjmrh. hafi sofið illa í nótt þegar hann gerði sér ljóst að rætt yrði um skuldastöðu heimilanna og öll börnin sem búa hér einhvers staðar í borginni væru mætt á pallana til þess að hlýða á þessa umræðu, því að slíkar eru aðferðir Sjálfstfl. á þessu tímabili. Ég taldi að það yrði gert upp við Sjálfstfl. í borgarstjórnarkosningunum og líkti honum við íhaldið í Bretlandi. Alþfl. litli hefur áttað sig í Reykjavík. Hann stendur með félagshyggjuöflunum. Hann er vafinn inn í sterkasta framboð sem hefur komið í Reykjavík um langt tímabil og mun sigra íhaldið hér og það veit á gott að nú kemur það fram í skoðanakönnun að hæstv. félmrh., sem er þó eina hjartað í þessari ríkisstjórn, hefur 70% fylgi í sínum flokki meðan EB-sinninn, hæstv. utanrrh. Jón Baldvin, hefur aðeins 20%. Þetta veit á tíðindi og nýja tíma.

Hæstv. fjmrh. fór út í það að lífeyrissjóðseignirnar væru miklar. Ég ræddi hér mjög um kynslóðina sem fædd er eftir 1950. Gera menn sér grein fyrir því að lífeyrissjóðirnir eru staddir með þeim hætti að þegar þessi kynslóð kemur að þeim sjóðum, þá verða þeir gjaldþrota? Ég hef mjög talað fyrir þá kynslóð sem nú á erfiðast á Íslandi, sem fastast og harðast hefur orðið fyrir barðinu á hæstv. fjmrh., skattakóngi Íslands um áratugi, þeim manni sem ber kannski þyngsta ábyrgðina á þeirri stöðu sem nú ríkir í þjóðfélaginu í atvinnu- og efnahagsmálum. Það ætti kannski, hæstv. forseti, fyrst og fremst að flytja vantraust á þennan hæstv. fjmrh. sem ætlar að skila ríkissjóði með 20 milljarða halla til þess að geta knúið upp vextina á nýjan leik.

[11:01]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ef ég þekkti ekki hv. þm. mundi ég halda að það væri vindhani sem hefði komið hér í ræðustól því að hann snerist slíka marga hringi að maður undraði sig á hvers konar skepna þetta var eiginlega. Hv. þm. gat auðvitað engu svarað af því sem ég beindi til hans. Hann hafði loksins áttað sig á því að Jóhanna Sigurðardóttir er þingmaður Reykvíkinga og Jón Baldvin líka og Alþfl. er í framboði Reykjavík með Framsfl. en hann baðst ekki afsökunar á því. Hann reyndi að snúa sig út úr því og fór hring eftir hring eftir hring eftir hring. Hv. þm. þarf líka að átta sig á því að það er ekki þessi ríkisstjórn sem hefur hækkað skattana. — Ég skal gefa hlé meðan hv. þm. Svavar Gestsson hvíslar í eyrað á honum fleiri vísdómsorðum til að hann geti farið einn hringinn í viðbót hér á eftir. (Gripið fram í.) Það verður fróðlegt að heyra hvað hann segir þá þegar búið er að setja nýja snældu í hann

af hálfu Alþb. (Gripið fram í.)

(Forseti (SalÞ)**:** Engin frammíköll.)

Það er talað um skatta. Vill ekki hv. þm. bera saman skattahækkanir núverandi ríkisstjórnar og þeirrar sem síðast var, ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar. Hann ætti að gera það, hafa dug og döngun í sér til að gera það en þorir það ekki af því að hann veit að hann getur ekki staðist samanburð milli þessara tveggja ríkisstjórna.

Það sem situr eftir í máli þessa hv. þm. er það að lífeyrissjóðirnir hafa bólgnað út sem betur fer. Það eru eignir fólksins. Skuldir heimilanna uxu langmest þegar Framsfl. var við völd. Þær hafa aldrei vaxið minna heldur en á sl. ári. Það eru staðreyndir sem liggja fyrir og nú held ég að hv. þm. ætti að koma hér upp og biðja forustumenn Alþfl. afsökunar á þessum mistökum sínum því að hann gleymdi sér rétt áðan þegar hann lýsti því yfir að það ætti að láta ríkisstjórnina hafa það í komandi borgarstjórnarkosningum. Þá væri kannski hv. þm. maður að meiri. En við skulum sjá hvort hann þorir að gera það eða ekki.

[11:03]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Meinatæknadeilan stendur yfir en stærsta meinið í íslenskum efnahagsmálum situr hér og brosir. Hæstv. fjmrh. sem ber þyngri ábyrgð en aðrir á þeirri stöðu sem hér ríkir.

Ég rakti það í ræðu minni, hæstv. fjmrh., að á þriggja ára tímabili hafa skuldir heimilanna aukist um 50% í tíð hæstv. fjmrh. Ég rakti það líka að skuldabyrðin hefði að meðaltali aukist á sama tíma um 1200–1300 millj. á fjögurra manna fjölskyldu. Ég fór grannt yfir það að það þýddi ekki að setja þetta yfir í meðaltöl því að þetta bitnaði svo misjafnt á kynslóðunum. Ég hygg að það muni hafa bitnað harðast á foreldrum þeirra barna sem hér sitja á þingpöllum, ungu kynslóðinni á Íslandi. Þess vegna er mikilvægt að þetta mál verði greint og farið yfir það. Hæstv. fjmrh. hefur flutt skattbyrðina af fyrirtækjunum yfir á fólkið í landinu. Það er undir þeirri byrði sem þúsundir heimila eru að kikna, bæði hér í Reykjavík og annars staðar. Og það er þess vegna sem uppgjörið fer nú fram við Sjálfstfl. í þeim kosningum sem fram undan eru. Alþfl. er það í þeim leik. Hann á eigi að síður að gjalda fyrir samstarfið við hæstv. fjmrh. og Sjálfstfl. Það verður aftur tekið út í alþingiskosningum. Það er ekki víst að Alþfl. verði til eftir þær kosningar miðað við það framferði sem hann hefur viðhaft í núverandi ríkisstjórn.

[11:05]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók eftir því að hv. þm. dró húsbréfakerfið inn í þá skýringu sína að það væri ein orsökin fyrir skuldastöðu heimilanna. Hv. þm. ætti að lesa skýrslu Þjóðhagsstofnunar betur. Þar kemur fram að breytingar á húsnæðislánakerfinu á 9. áratugnum eru mikilsverður þáttur til skýringar á aukningu skulda heimilanna þannig að 86-kerfið sem Framsfl. kom á er ekkert undanskilið. Ég greindi frá því að lenging lána þar sem skuldirnar eru greiddar hægar niður er vissulega skýring því ef við hefðum ekki svona langan lánstíma þá væri greiðslubyrði heimilanna mjög þung og ég hygg að enginn vildi skipta á því. Ég hygg líka að hv. þm. ætti að tala varlega þegar hann kennir Alþfl. um aukningu á skuldastöðu heimilanna. Vill hv. þm. ekki líta til áranna 1982 og 1983 og áranna 1985–1986? Er það tilviljun að þá hækka skuldirnar, breytast þær mest að raungildi milli ára á árunum 1982–1983 þegar Framsfl. er við stjórn? Og hvað með árin 1985–1986 þar sem þær hækka um 17% að raungildi milli ára og 18% 1982. Við erum að tala um 7% núna á sl. ári sem þingmaðurinn gerir hvað mest úr. Og skyldi það vera tilviljun að Framsfl. var við stjórn 1982–1983 þegar hinn svokallaði misgengishópur varð til? Og er það tilviljun að greiðsluerfiðleikalánin, víðtæk greiðsluerfiðleikaaðstoð byrjaði á árunum 1985 þegar Framsfl. var við stjórn? Ég hygg að Framsfl. ætti að tala varlega í þessari umræðu og kenna öðrum um aukningu á skuldastöðu heimilanna. Þegar grannt er skoðað, þá verður aukningin mest þegar Framsfl. er við stjórn. Þá verður misgengið mest, þá verður greiðsluerfiðleikaaðstoðin mest sem fólk þarf á að halda.

[11:07]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það hlaut að vera að hæstv. félmrh. gæti svarað fyrir sig og þyrfti ekki að hafa hæstv. fjmrh. í því. En ég vil segja við hæstv. félmrh. Hún stóð að því ásamt Alþfl. og þeirri ríkisstjórn sem var á undan þessari að koma hér á þjóðarsátt, slá verðbólguna niður. Þetta gerðist 1990. Eftir þann tíma ætluðu félagshyggjuflokkarnir að keyra þetta þjóðfélag með þeim hætti að fyrirtækin, að fólkið, að þjóðin sjálf næði tökum á sínum málum. Þess vegna er staðan sú alvarlegust að fyrirtækin hafa að einhverju leyti verið að ná tökum á sínum málum. En þessi skýrsla staðfestir það að þyngstu drápsklyfjarnar hafi verið lagðar á heimilin af þessari ríkisstjórn og þegar engin verðbólga hefur verið á Íslandi þetta tímabil, þá hafa raunskuldir heimilanna verið að aukast með þeim hætti að það er ískyggilegt.

Við getum farið aftur í verðbólgutímann og tekið einhver ár. Um það þýðir ekkert að vera að deila. Auðvitað ríkti hér óðaverðbólga og menn glímdu við mörg mál, misgengi og fleira. Þetta er allt rétt. En það er, hæstv. fjmrh., framtíðin sem skiptir máli og um hana verðum við að hugsa.

Hvað húsbréfakerfið varðar þá er það auðvitað áhyggjuefni hvernig það var keyrt áfram og hvernig það hefur valdið því að húsnæðisskuldir hafa hækkað verulega og hæstv. félmrh. þekkir það allra best að mjög margar fjölskyldur eru í neyð vegna þess að þar var gengið of langt, lánað of mikið og ekki síst að fyrstu aðgerðir þessarar ríkisstjórnar juku stórlega afföll og ég hygg að það sé hér neyðarhópur inni í þessari skýrslu á ungum aldri sem þarf á hjálp að halda vegna fyrstu aðgerða ríkisstjórnarinnar.

[11:10]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég er sannfærð um það að það er enginn sem mundi vilja skipta á húsbréfakerfinu og taka upp 86-kerfið, biðraðakerfið þar sem ungu fólki var gert að bíða í 3–4 ár eftir láni og taka verulegan hluta af skammtímaskuldum gegnum bankakerfið. Ég er sannfærð um að enginn vildi skipta á því.

[11:11]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það gæti nú hugsast að einhverir þeir sem lentu í því á fyrstu dögum þessarar ríkisstjórnar að missa eina af fjórum milljónum sem þeir áttu að fá í lán í húsréfum út um gluggann, missa þær í afföll. Fyrsta verk ríkisstjórnar hæstv. félmrh. var að hækka raunvexti á Íslandi. Það varð til þess að afföllin risu hæst haustið 1991. Unga fólkið sem þá var að byggja sína íbúð beið eftir húsnæðisláninu sínu. Það komu 3 millj. í hendurnar á því af fjórum. Hitt fór í afföll. Það kann að vera að þetta fólk hugsi ekki hlýtt til verka þessarar ríkisstjórnar og gæti vel hafa hugsað sér það að hér væri réttlátara húsnæðislánakerfi heldur en húsbréfakerfið hefur því miður reynst. Og mig uggir það, hæstv. forseti, að það verði kannski eitt stærsta vandamálið lok þessarar aldar að margt það fólk sem býr við þessa skuldastöðu muni verða að afsala íslenska ríkinu sínu húsnæði.

[11:12]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Hvar eru þeir nú staddir í dag, hæstv. forseti, sem boðuðu velferð á varanlegum grunni fyrir þremur árum? Maðurinn sem er verkstjóri þessarar ríkisstjórnar, sem sagði hér fyrir örfáum dögum þegar eldhúsdagur var haldinn og gera átti þjóðinni grein fyrir árangri ríkisstjórnarinnar, þá sagði þessi hæstv. forsrh., með leyfi hæstv. forseta:

„Vorið og sumarkoman hafa sérstaka þýðingu hér á Íslandi og þessa tíma er beðið með óþreyju. Að þessu sinni hefur vorað nokkuð seint, en nú er breyting að verða og senn er allt komið í sumarskrúða hér á landinu bjarta rétt eins og í náttúrunni skiptast á skin og skúrir í hinni efnahagslegu tilveru þessarar þjóðar. Gerbreyting hefur orðið á íslenskum efnahagsmálum á þremur árum. Það hefur kostað töluverð átök og fórnarlund en nú er árangurinn að koma í ljós á öllum sviðum."

Hvaðan kemur þessi maður og hvar er hann núna? Slík veruleikafirring er með ólíkindum. Það sem blasir við er að skuldir íslenskra heimila eru samtals 256 milljarðar í árslok. Það er meira en tvöföld fjárlög íslenska ríkisins og svo segir þessi maður að gerbreyting sé að verða í efnahagsmálum. Hann hefði átt að vera hér í dag og ræða við t.d. hvort sem það eru nú kennarar eða fóstrur sem hér eru með þessi yndislegu börn á pöllunum og spyrja það fólk hvað það sé með í laun á mánuði fyrir að gæta framtíðar þjóðarinnar. Það gerði ekkert til að hann vissi það. Það er með hreinum ólíkindum hvernig þessir hæstv. ráðherrar haga sér.

Hér vorum við sem sagt að gera þjóðinni grein fyrir þessu kalda vori sem minnti meira á vorið í Prag en nokkurt annað vor. Og ef maður lítur yfir árangur vetrarins á þessu ári fjölskyldunnar, höfum við verið að vinna að einhverjum málum sem hafa bætt stöðu fjölskyldunnar í landinu? Nei. Þegar maður lítur yfir listann yfir þau lög sem samþykkt hafa verið á þessu þingi verða fyrir manni mál eins og afréttarmálefni, eftirlit með fóðri, lög um sölu notaðra ökutækja, heimild til að selja Seltjarnarneskaupstað eyjuna Gróttu og annað þess háttar. Þetta eru svo sem allt ágæt mál. En maður hefði nú haldið að þetta hv. þing hefði haft eitthvað þarfara að gera.

Það liggur fyrir sem sagt, hæstv. forseti, að skuldir heimilanna hafi aukist á síðasta ári um 26 milljarða eða um 8,7% að raungildi og skýringanna er að leita eftir því sem skýrsla þessi segir. Hér segir á bls. 9 í skýrslunni:

„Árið 1992 eru skuldir heimilanna 2% hærri en ráðstöfunartekjur. Bráðabirgðatölur fyrir síðasta ár benda til að vöxtur á skuldum heimilanna hafi enn haldið áfram að aukast og þær nú orðnar 16% hærri en ráðstöfunartekjur." Og hverjar eru skýringarnar? Það segir hér: „Eins og myndin og tafla 1 bera með sér hefur hækkun skuldahlutfallsins verið næsta samfelld en augljóslega farið vaxandi hin síðari ár. Það er helst að skuldahlutfallið sé stöðugt á árunum 1985–1987 en þá jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna heimilanna í kringum 40%. ... Til skýringa á aukningu skulda frá 1990 má nefna mikla lækkun ráðstöfunartekna, mikla hækkun raunvaxta" og mætti nú hæstv. fjmrh. hlýða á þetta „og loks aukið framboð lána til heimilanna með tilkomu húsbréfakerfisins."

Eitt er það sem gleymist í þessari skýrslu og það er að auðvitað eru skuldir heimilanna miklu meiri en þetta. Það vill nefnilega svo til að hvert einasta heimili er í fangelsi greiðslukortanna og sú var tíðin að ég stóð hér heldur einmana einhvern tíma á árunum eftir 1980 og varaði við að hleypa hér af stað greiðslukortakerfinu og hef margsinnis síðan auglýst eftir lögum um það fyrirbæri og spáði nú þá ef ég man rétt að það mundi í fyrsta lagi brjóta niður verkalýðshreyfinguna, enda væri leikurinn til þess gerður, mundi hækka vöruverð og hleypa íslenskum fjölskyldum í fangelsi skuldanna. Og reyni nú einhver að mótmæla því að svo sé nú.

Einn er sá maður sem hefur skilið þetta eftir alllanga umhugsun. Sá maður heitir Sverrir Hermannsson og er bankastjóri í Landsbanka Íslands. Hér er viðtal við hann í Morgunblaðinu í dag og hann er spurður m.a. — annars væri nú ástæða til að lesa þetta viðtal yfir hv. þingheimi, (**GÁ:** *Hlífðu okkur við því.*) en hann er spurður: „Er samdráttur okkar í þorskafla ekki jafnstór þáttur í kreppunni og menn hafa viljað vera láta?" „Ekki nálægt því" segir bankastjórinn, „þó ég ætli ekki að draga úr alvöru hans. Ég vil benda á að á síðustu áratugum hefur á fárra ára bili fundist nýtt sjávardýr nýtanlegt. Ég bendi á hvað hefur komið í staðinn fyrir þorskinn: morðveiði af loðnu og stóraukinn afli í síldarstofnunum, humar og stórkostleg aukning á

rækju og fleira. Auðvitað þolum við ekki mikil skakkaföll á meðan við erum að borga niður hundruð milljarða króna offjárfestingu og eyðslu." Og hann er spurður hvort þetta sé nú ekki hálfbillegt að hann sé að halda þessari gagnrýni á lofti þar sem hann hafi verið samábyrgur. Og hann er spurður: „Er ekki ábyrgðin alveg eins þín þegar horft er til stjórnmálaferils þíns?" Þá segir bankastjórinn, með leyfi hæstv. forseta: „Ég hef aldrei haldið því fram að ég væri saklaus í þessum efnum. Ég á ekki von á að axarsköftin þyki neitt betri þó ég hafi lagt hönd að smíði þeirra."

Það er ánægjulegt þegar einhver gengst við verkum sínum. Hér hafa menn verið að reyna, bæði hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh., að slá ryki í augu manna með því að svara út í hött þeirri gagnrýni við þeim alvörumálum sem hér eru á ferð því það er einfaldlega svo komið, hæstv. forseti, að á ári fjölskyldunnar er íslenska fjölskyldan gjaldþrota, hún er einfaldlega gjaldþrota. Skuldir heimilanna eru yfir 3 milljónir á hverja einustu fjölskyldu í landinu.

Auðvitað eru til þær fjölskyldur sem skulda kannski miklu meira en hafa ekki áhyggjur af því eða þær skulda ekki neitt. Og það sem við höfum verið að eyða tíma okkar í hér í vetur er að færa enn fleiri milljarða á enn færri hendur, áfram er haldið. Þetta verður auðvitað að stöðva. Þessi ríkisstjórn hefur þess utan, eins og hv. 5. þm. Suðurl. minntist á áðan, verið að skerða kjör fjölskyldunnar hvarvetna, í almannatryggingakerfinu, í heilbrigðiskerfinu, í skólakerfinu og launakerfið er eins og við öll þekkjum það. Í landinu er því að skapast alvarleg fátækt. Það liggur fyrir að á sjúkrahúsum Reykjavíkurborgar er fjöldi sjúklinga sem ekkert er að annað en fjárhagsáhyggjur, fólk sem hefur brotnað undan álaginu, fólk sem er búið að missa heimili sín, í mörgum tilfellum splundrast fjölskyldur af þeirri angist sem fylgir því að geta ekki unnið fyrir sér og sínum. Til að bæta gráu ofan á svart ganga svo 8.000 Íslendingar atvinnulausir án þess að lyft sé litla fingri til að koma til móts við það fólk og sjá um að það hafi frumframfærslu.

Ég veit ekki hvernig samviska þeirra manna er sem stjórna landinu, að geta farið heim af hinu háa Alþingi og látið þetta eins og vind um eyru þjóta. Og það verður að segjast eins og er að það hefur valdið mér miklum vonbrigðum að hæstv. félmrh., sem hefur oft talað í þá veru að hún væri áhugasöm um velferð fjölskyldnanna í landinu og launþeganna í landinu sem ekki eiga möguleika á öðru en sínum eigin vinnulaunum, skuli ekki hafa tekið til hendinni meira en gert hefur verið á þessu ári fjölskyldunnar. Einasta málið sem hún hefur beitt sér fyrir og ber að þakka það er að nú hefur orðið að lögum embætti umboðsmanns barna, en það er bara ekki hennar hugmynd. (**Félmrh.:** Húsaleigubætur.) Húsaleigubætur, segir hæstv. félmrh., sem hefur leyft sveitarfélögunum í landinu ef þau vilja að greiða fólki húsaleigubætur. Tryggingin fyrir því að þau öll geri það er auðvitað engin. Ég legg því ekki mikið upp úr því. Nú eru menn mjög óþolinmóðir að leggja fram frv. sem ég ætla að vona að ekki gefist tími til, frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna, til þess að skerða kjör sjómanna og ekki í fyrsta skipti á þessu kjörtímabili. En það verður reynt að koma í veg fyrir það að vísu og kannski springur það á tíma.

Virðulegur forseti. Hér er ekki neitt gamanmál á ferðinni. Það er auðvitað hægt að ræða þetta mál frá ýmsum hliðum. Yfirlýsingarnar um eignir landsmanna í lífeyrissjóðum eru kannski hæpnar og held ég að flestum sé það ljóst að það er ekki örugg innstæða. Svo er nú komið að bankarnir, sem við höfðum auðvitað átt að taka heila umræðu um, færa sig æ lengra þannig að þær angistarfullu fjölskyldur sem þurfa að fylgjast með skuldum sínum þurfa nú að greiða peninga fyrir að fá að vita hvað þær skulda mikið. Á sama tíma eyðir ríkisstjórnin tíma okkar hér í að selja þau fyrirtæki landsmanna sem best ganga og færa þau yfir á hendur þeirra sem allt áttu og eiga fyrir.

Virðulegur forseti. Ég held að vor hæstv. forsrh. sé í líkingu við vorið í Prag og ég held að það sé eins með okkur eins og Tékka forðum að við þurfum byltingu og við skulum gera þá byltingu. Við skulum gera flauelsbyltingu eins og þeir gerðu í Tékkóslóvakíu. Þessi ríkisstjórn verður að fara frá. Við þetta verður ekki unað.

[11:24]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Í tilefni af síðustu orðum síðasta hv. ræðumanns má kannski minna á að fram undan er tækifæri til þess að gera ýmsar byltingar, hvort sem þær verða úr flaueli eða öðru. En það sem við erum að ræða er skýrsla hæstv. félmrh. um skuldastöðu heimilanna. Ég þakka fyrir það að þessi skýrsla skuli komin hér fram, en minni jafnframt á að það var sérkennileg tilviljun að henni skyldi dreift daginn eftir eldhúsdagsumræðurnar og má segja að það hafi verið skvett framan í okkur köldu vatni þó að við höfum reyndar vitað að skuldastaðan var slæm. Það kom m.a. fram í frv. til lánsfjárlaga. Þar voru afar athyglisverðar upplýsingar um skuldir heimilanna og hvernig þær skiptast á milli hinna ýmsu geira samfélagsins. En í skýrslunni er farið nánar ofan í þessar tölur og þar er auðvitað margt mjög athyglisvert og umhugsunarvert.

Í rauninni á það ekki að vera megininntak þessarar umræðu hvað er hverjum að kenna heldur fyrst og fremst það að greina ástandið og reyna að átta sig á því hvað er til ráða. Það er alveg ljóst að við stöndum frammi fyrir miklum vanda sem hangir saman við annað sem hefur verið að gerast í okkar efnahagslífi, því, eins og kemur fram í þessari skýrslu og ef við lítum til Norðurlandanna, þá hefur versnandi hagur heimilanna mjög mikil áhrif á alla neyslu í samfélaginu og þar með hag fyrirtækjanna og það hvernig framleiðslan nýtist, hvernig fólk kaupir framleiðsluvöru síns lands og þar með líka framleiðslu annarra. Allt hangir þetta saman, tekjur ríkissjóðs dragast saman og eitt leiðir af öðru þannig að það er mjög mikilvægt að gleyma ekki þeim hluta efnahagslífsins sem snýr að heimilunum í landinu.

Í mínum huga þarf fyrst og fremst að greina þessi mál niður í þrennt. Það er í fyrsta lagi ástandið: Hvernig er ástandið, hvernig sjáum við það? Í öðru lagi:

Hverjar eru orsakir þess ástands sem við stöndum frammi fyrir? Og í þriðja lagi: Hver eiga viðbrögðin að vera? Hvað á að gera til þess að grípa á þessum vanda?

Ef ég fer nú í þessa þrjá liði, þá blasir það við okkur, sem fram hefur komið í þessari umræðu, að skuldir heimilanna í landinu sem hlutfall af ráðstöfunartekjum hafa aukist jafnt og þétt ef horft er þau 13 ár aftur í tímann sem tekin eru fyrir í skýrslu Þjóðhagsstofnunar.

Því er við að bæta að samkvæmt þjóðhagsspá sem lögð var fram sl. haust var reiknað með að það mundi draga úr skuldaaukninginni og leiðir þar eitt af öðru því að auðvitað þarf fólk að bregðast við sínum fjárhagsvanda og þegar ráðstöfunartekjur minnka reynir fólk að bregðast við því. En það breytir ekki því að fjöldi heimila í landinu og þá einkum þar sem hinir fullorðnu eru undir fimmtugu, á við miklar skuldir að stríða. Við hljótum að spyrja okkur að því: Hvaða þarfir er verið að uppfylla? Hvað er það sem veldur því að fólk tekur slík lán? Það er einkum tvennt sem kemur til. Það er annars vegar kostnaður vegna kaupa á húsnæði og hins vegar það sem við getum kallað aðrar þarfir heimilanna. Það sem er athyglisvert í þessum tölum er að skuldir vegna húsnæðiskaupa hafa heldur minnkað, en það sem við getum kallað neyslulán hafa aukist. Þar blasir við okkur að fólk er einfaldlega að leita allra leiða til þess að reka sín heimili og eins og þróunin hefur orðið þá er það staðreynd að fólk veltir bagganum áfram og bjargar sér sitt á hvað með lánum og greiðslukortum, en það hlýtur að koma að því fyrr eða síðar ef samdrátturinn heldur áfram í okkar þjóðfélagi að fólk getur einfaldlega ekki meira.

Ef við skoðum ástæðurnar fyrir þessari miklu skuldaaukningu, þá á hún að hluta til rætur að rekja nokkuð aftur í tímann og ekki síst til þeirra kollsteypna sem hér hafa orðið í húsnæðismálum. Þar er fyrst að nefna það sem gerðist 1983 þegar vísitölur voru teknar úr sambandi og launafólk stóð frammi fyrir því að launin rýrnuðu meðan allt annað æddi áfram. Við þurfum ekki að rekja þá sögu lengi en fjöldamargir eru enn þá að glíma við þann bagga. Síðan var húsnæðiskerfið frá 1986 sem hvatti fólk mjög til þess að fjárfesta í húsnæði og eins og við minnumst, þá þróaðist það náttúrlega þannig að ekkert blasti við nema gjaldþrot þess kerfis. Það verður að horfast í augu við það. Þá gerðist það með þeim tilboðum sem þá voru í húsnæðiskerfinu að margir fóru út í ævintýri sem þeir réðu ekki við.

Ég þekki það frá minni reynslu úr félagslega húsnæðiskerfinu sem fulltrúi í stjórn verkamannabústaðanna í Reykjavík að jafnvel þar, þar sem er þó nokkuð grannt fylgst með stöðu þeirra sem eru að sækja um íbúðir, komu upp fjöldamörg dæmi um fólk sem réði ekki við þau kjör sem þar var boðið upp á. Staðan er einfaldlega sú að það er allstór hópur fólks í okkar þjóðfélagi sem ekki ræður við húsnæðiskaup hvaða kjör sem í boði eru en fólk fer út í þau samt. Þær breytingar sem hafa verið gerðar, bæði með húsbréfakerfinu og með þeim breytingum sem gerðar voru á sínum tíma á félagslega húsnæðiskerfinu, eiga í raun inni að koma í veg fyrir að slíkt gerist vegna þess að það er þó reynt núna að meta greiðslugetu fólks sem ekki tíðkaðist áður, t.d. í félagslega húsnæðiskerfinu, og leiddi auðvitað til ýmiss konar vandræða.

Það sem okkur verður einkum starsýnt á eru þessi síðustu ár þar sem við höfum orðið vitni að mikilli skuldaaukningu. Þar er orsökin auðvitað sú efnahagsþróun sem við höfum horft upp á á undanförnum árum, samdrátturinn sem við höfum verið að ganga í gegnum og svo stefna ríkisstjórnarinnar ofan í þann samdrátt. Þar verður mér ekki síst starsýnt á þróun launamála undanfarin ár.

Ég hygg að sá órói sem við höfum orðið vör við að undanförnu, sérstaklega í hópi opinberra starfsmanna, sýni að margar stéttir eru við það að springa vegna þess að launaþróunin hefur verið þannig að laun hafa nánast staðið í stað um árabil meðan vextir hafa verið himinháir og jafnframt hefur orðið mikill samdráttur í vinnu. Bæði hjá hinu opinbera og annars staðar hefur það gerst að yfirvinna hefur verið skorin niður og í hinum opinbera geira hafa menn heldur reynt að deila niður á sig vinnunni. Síðan bætist við atvinnuleysið og þeir erfiðleikar sem fjöldi fjölskyldna hefur lent í út af því þannig að það er margt sem þarna veldur. Staðan er orðin sú að við horfum upp á fátækt. Hér er því miður mikil fátækt til staðar og það sést ekki síst á því að að undanförnu hefur áttunda hver fjölskylda í Reykjavík þurft að leita aðstoðar Félagsmálastofnunar Reykjavíkurborgar, áttunda hver fjölskylda, og mætti nú Sjálfstfl. líta í eigin barm þegar hann er að undrast það að honum er ekki spáð sigri í Reykjavík. Þarna er ein ástæðan fyrir því.

Þar á ofan bætast ýmsar þær ráðstafanir sem ríkisstjórnin hefur gripið til á undanförnum þremur árum, aukning á skattbyrði, þjónustugjöld og ýmiss konar álögur sem auðvitað bitna á fjölskyldunum í landinu.

Það er eitt atriði sem ég vil gera sérstaklega að umtalsefni og hefur vakið mig mjög til umhugsunar. Það er það sem hér kemur fram varðandi aukningu á skuldum námsmanna. Ef litið er á töfluna á bls. 17 og ef við lítum yfir tímabilið frá 1980–1993, þá eru þarna ógnvænlegar tölur á ferð. 1980 voru skuldir við Lánasjóð ísl. námsmanna 168 millj. en árið 1993 eru þær komnar upp í rúmlega 31 milljarð kr. Með þeim breytingum sem núv. ríkisstjórn gerði á Lánasjóði ísl. námsmanna þá mun skuldabyrði einstaklinganna aukast verulega. Við munum horfa upp á það á næstu árum að fólk gengur út á vinnumarkaðinn, ungt fólk með miklar og þungar námsskuldir á bakinu og fólk sem síðan þarf með einhverjum hætti að koma sér upp húsnæði. Ég vitna í það sem núv. formaður Lánasjóðs ísl. námsmanna, Gunnar Birgisson, sagði á fundi með námsmönnum úti í háskóla: Þið munuð aldrei ráða við þetta. Þið munuð aldrei geta komið ykkur upp húsnæði, sagði núverandi formaður Lánasjóðs ísl. námsmanna. Þetta er staðan sem ungt fólk stendur frammi fyrir. Þarna er um mjög mikla skuldabyrði að ræða sem er fram undan og finnst okkur, sem erum nú að greiða upp okkar námslán núna, vísitölutryggð námslán, þó nóg um að standa undir því sem við erum að borga. Þarna er því fram

undan mikill vandi. Skuldirnar við lánasjóðinn eru nú þegar miklar og þung greiðslubyrði á þeim en fram undan er enn meiri vandi.

Ég vil líka benda á að þessi vandi kemur sérstaklega við konur og þá ekki síst einstæðar mæður því eins og kemur fram í þessari skýrslu þá er ástandið einna verst hjá því fólki sem lægstar hefur tekjurnar. Eins og kemur fram í skýrslunni greiðir fólk með tekjur í kringum milljón og þar undir 20% af tekjum sínum í vexti sem er gífurlega mikið. Sumt af því er vegna húsnæðismála en þetta er auðvitað líka vegna skammtímalána og annarra lána sem fólk er að taka til þess að bjarga sér áfram. Ég veit það að þetta hefur komið afar þungt niður á konum sem eru einar með sín heimili og sín börn og þar er víða mikið neyðarástand. Þetta verðum við að horfast í augu við.

Virðulegi forseti. Tíma mínum er nú alveg að verða lokið. En ég á síðasta liðinn eftir, þ.e. hvernig á að bregðast við þessu. Ég tek undir það sem fram kemur í skýrslunni og fram kom hjá hæstv. félmrh. að það er mjög brýnt að auka fræðslu um fjármál í skólum landsins og til alls almennings til þess að fólk átti sig betur á sinni stöðu og því hvernig hægt er að halda utan um fjármálin. Ég tek undir að það er mjög nauðsynlegt að setja lög um greiðsluaðlögun, en það er líka nauðsynlegt að taka á því kerfi sem bankarnir styðjast við, þ.e. ábyrgðarmannakerfið sem hefur bitnað mjög illa á mörgum einstaklingum. Það er eins og bankarnir horfi fyrst og fremst á það hvort einhverjir aðrir geta tekið á sig byrðarnar, ekki hvort þeir sem eru að taka lánin geti staðið undir þeim. Við þekkjum eflaust öll mörg dæmi þess hve fólk hefur lent í miklum vandræðum vegna þess að það skrifaði upp á lán hjá ættingjum sínum eða kunningjum.

Síðast en ekki síst vil ég enn einu sinni ítreka að það verður að eiga sér stað uppstokkun í launamálum í þjóðfélaginu, ekki síst hjá hinu opinbera því að sú mikla pressa sem láglaunastefnan veldur og sú mikla klemma sem hún setur fólk í og það mikla óréttlæti sem láglaunastefnan felur í sér er algerlega óviðunandi og breyting verður að eiga sér stað.

[11:40]

Björn Bjarnason:

Virðulegi forseti. Hér er þessi skýrsla fram komin vegna beiðni frá hv. þm. Framsfl. eins og getið er í inngangi hennar. Skýrslunni fylgir greinargerð til félmrh. frá Þjóðhagsstofnun um skuldastöðu heimilanna. Í lok þeirrar greinargerðar á bls. 16 segir þegar lýst er þeim breytingum sem orðið hafa á lánamarkaði, með leyfi forseta:

„Fyrirgreiðsla til húsbygginga, námslána o.fl. var hins vegar mjög takmörkuð. Lánsfé til húsbygginga var skorðið við nögl og veitt til afar skamms tíma. Langur biðtími eftir afgreiðslu lána var enn eitt tækið til að laga eftirspurn að framboði. Húsbyggjendur lögðu umtalsvert eigið fé fram í formi eigin vinnu við byggingar. Verð húsnæðis hækkaði langt umfram annað verðlag. Af þessu og því að verðbólga var langtum hærri en vextir leiddi að skuldirnar lækkuðu hratt og eigið fé í húsnæði var afar mikið. Er vaxtastefnunni var breytt var smám saman slakað á klónni um skömmtun á lánsfé og aukin samkeppni milli lánastofnana hlaut að beina viðskiptum þeirra í auknum mæli til heimilanna sem gátu boðið mun tryggari veð en atvinnufyrirtæki.

Ekki er blöðum um það að fletta að þessar breytingar á umgjörð lánamarkaðarins og breytingar á húsnæðislánakerfinu eru langmikilvægustu skýringar á aukningu skulda heimilanna. Við bætist almennt efnahagsástand sem m.a. hefur falið í sér að raunvextir hafa verið háir og kaupmáttur lækkað.

Þessar breytingar á framboði lánsfjár riðu yfir um leið og eftirspurnin jókst, annars vegar vegna óvenjumikilla sveiflna í ráðstöfunartekjum heimilanna á 9. áratugnum og hins vegar vegna breytinga á aldursskiptingu þjóðarinnar."

Í skýrslunni kemur fram að til breytinga á aldurssamsetningar þjóðarinnar á þessu tímabili megi rekja að skuldir hafi aukist um nær 20%. Hér er verið að fjalla um breytingar á lánamarkaði á árunum 1980 til 1992. Eins og hv. síðasti ræðumaður, 18. þm. Reykv., gat um þá er mikilvægast í þessari umræðu að reyna að átta sig á því hvað það er sem hefur verið að gerast. Hvers vegna hafa skuldirnar aukist svo sem fram kemur í skýrslunni? Og ef menn vilja ráðast gegn þessari þróun hverju þarf þá að breyta?

Ég les það út úr þeirri skýrslu sem hér liggur fyrir að það þurfi að hverfa aftur til þess tíma þegar lánsfé var takmarkað. Þegar lánsfé til húsbygginga var skorið við nögl og þegar langur biðtími var eftir lánum og þegar þannig var staðið að lánveitingum almennt til almennings að hann fékk engin lán. Ef menn vilja í raun og veru ræða um þetta mál og vandann eins og hann er þá verða þeir að vera reiðubúnir til að stíga skrefið aftur til þess tíma. Því eins og hér er lýst þá hafa þessar breytingar verið að gerast á undanförnum áratugum. Lánsfjármarkaðurinn hefur opnast, almenningur hefur átt greiðari aðgang að lánsfé og lánastofnanirnar hafa litið á heimilin sem tryggari lántakendur en atvinnufyrirtæki.

Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að hverfa aftur til þess tíma þegar lánsfé var takmarkað með þeim hætti sem hér er lýst. Ég er ekki þeirrar skoðunar að það eigi að stofna til nýrra biðlista eftir húsnæðislánum. Ég tel þess vegna að við eigum að líta á þessa skýrslu eins og hún er og skoða þessa þróun. Á þessum árum sem um er að ræða, frá 1980–1992, hefur orðið gjörbylting í þjóðfélaginu varðandi aðgang almennings að lánsfé og hann hefur nýtt sér þennan rétt og þróunin hefur verið með þeim hætti að skuldastaða heimilanna hefur gjörbreyst. Eins og sagt er í skýrslunni þá hefur hún komist á það stig sem hún er almennt á Norðurlöndunum. Spurningin er sú hvort það er hættuástand hér að þessu leyti frekar en á hinum Norðurlöndunum og hvernig taka ber á því í einstökum tilvikum við þá einstaklinga sem hafa reist sér hurðarás um öxl og standa ekki undir því lánsfé sem þeir hafa fengið við þessar nýju aðstæður. Það er sérstakt viðfangsefni sem á auðvitað að taka á sérstaklega og lánastofnanir hljóta að taka á.

Það var mjög sérkennilegt að hlusta hér á fyrrver-

andi formann bankaráðs Búnaðarbankans flytja ræður eins og hann hefði ekkert komið nálægt þessu máli og þetta mál hefði verið alveg án þess að bankarnir hefðu átt nokkurn hlut að þessari þróun eða þær reglur sem hafa gilt hjá þeim um lánveitingar hafi nokkru skipt í þessu efni. Hann talaði um ríkisstjórnir og ráðherra en leit að sjálfsögðu ekki í eigin barm eða þeirrar stofnunar sem hann veitti formennsku sem bankaráðsformaður.

Ég vil einnig vekja athygli á því að það er bent á það í þessari skýrslu að þróunin hér hefur verið önnur á undanförnum missirum en á hinum Norðurlöndunum. En það er gefin skýring á því á bls. 15 í skýrslunni og vitna ég í hana, með leyfi virðulegs forseta:

„Í þessu tilliti hefur þróunin hér á landi verið allt önnur því engin bankakreppa hefur riðið hér yfir og verð íbúðarhúsnæðis hefur haldist allstöðugt, þrátt fyrir hækkandi vexti og lækkandi kaupmátt."

Þessi skýring er gefin á því að þróunin hér hafi á undanförnum missirum orðið önnur en annars staðar á Norðurlöndunum. Annars staðar á Norðurlöndunum hafa bankarnir átt við gífurleg vandkvæði að etja. Þeir hafa haldið að sér höndum og þar hefur íbúðarhúsnæði stórlækkað en hér á landi, eins og kemur fram í skýrslunni, hefur íbúðarhúsnæði ekki lækkað heldur hefur verð þess haldist allstöðugt þrátt fyrir hækkandi vexti og lækkandi kaupmátt.

Síðan segir í skýrslunni, með leyfi virðulegs forseta:

„Íslensk heimili eru orðin vön sveiflum í efnahagsmálum og líta væntanlega á núverandi efnahagslægð sem skammvinna en frændþjóðir á hinum Norðurlöndum eru vanari stöðugleika í efnahagsmálum. Þessi munur á viðhorfum kann að skýra fyrirhyggjuminni fjárráðstafanir íslenskra heimila."

Þarna gefur Þjóðhagsstofnun skýringu á stöðunni hér miðað við hin Norðurlöndin. Ég held að við verðum að líta á þessa skýrslu eins og hún er lögð fyrir okkur og vega og meta orð hennar út frá því sem í skýrslunni stendur án þess að vera að fara um víðan völl og ræða um allt önnur mál en fyrir okkur liggja eftir að þessi skýrsla er fram komin. Hún er skýr. Skýringarnar eru gefnar, tölurnar liggja fyrir, þróuninni er lýst og menn þurfa ekkert að fara í grafgötur um það hver staðan er. Hún er vissulega alvarleg en ástæðurnar eru líka ljósar miðað við það hvernig þetta hefur verið lagt fram í þessari skýrslu.

Síðan er svar félmrh. einnig upplýsandi um það hver er hinn raunverulegi vandi. Á bls. 6. í skýrslunni segir, með leyfi virðulegs forseta:

„Fjármagnsmarkaðurinn hefur gerbreyst á örfáum árum, aðgangur að lánsfé er mjög auðveldur og tilboð um skuldsetningu eru á hverju horni. Breyttar áðstæður á fjármagnsmarkaði kalla á öflugt forvarnarstarf, öfluga fræðslu til handa heimilunum og ungu fólki um lykilatriði fjármála. Annars staðar á Norðurlöndum hefur tekist að snúa þróuninni við og skuldir heimilanna hafa lækkað á síðustu missirum. Við þurfum að læra af reynslu þessara þjóða og líta til þeirrar áherslu er þær hafa lagt á forvarnir. Nauðsynlegt er að stórefla fræðslu og ráðgjöf við almenning ásamt því að endurskoða útlánastefnu innlánsstofnana þannig að framvegis taki hún mið af raunverulegri greiðslugetu fólks frekar en að setja hina fjárhagslegu ábyrgð á vini og venslafólk."

Hér lýsir félmrh. hvernig þetta ástand er og hvernig þurfi að bregðast við vegna þess að frelsið hefur aukist og það þurfi að auðvelda fólki að laga sig að breyttum aðstæðum og þar sé fræðslustarf og forvarnarstarf mikilvægast.

Ég get tekið undir þetta og það komi einnig fram í Morgunblaðinu sl. sunnudag þar sem er viðtal við Baldvin Tryggvason, sparisjóðsstjóra SPRON. Hann segir m.a. þegar hann ræðir um þessa skýrslu og þau mál sem hér eru til umfjöllunar, með leyfi virðulegs forseta:

„Maður verður þess ekki var að fólk herði neitt ólina. Það heldur bara því munstri sem það hafði vanið sig á þegar það hafði meiri tekjur. Þetta er kannski mikil alhæfing þar sem ég hef kynnst kannski helst því þar sem vandamálin eru mest en þar verður maður mjög var við þetta", segir sparisjóðsstjórinn.

Enn fremur segir í viðtalinu, með leyfi virðulegs forseta: „Hann sagði lánastofnanir veita sáralítið af nýjum lánum um þessar mundir heldur væri mest um skuldbreytingar að ræða, þ.e. veitt væru lán til að borga upp önnur lán. Hann sagði að sem betur fer væri verulegur hluti af skuldum heimilanna langtímaskuldir sem væru vegna húsnæðiskaupa. Þá mætti ekki gleyma lánum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna sem væru á bilinu 30–40 milljarðar og jafnframt væri algengt að fólk hefði tekið dýr lán vegna bílakaupa."

Þetta er lýsing sparisjóðsstjórans á stöðunni. Og það er athyglisvert, sérstaklega miðað við orð fyrrv. bankaráðsformanns áðan, að sparisjóðsstjórninn telur mikilvægast nú um þessar mundir og á sl. ári að veita skuldbreytingarlán til að fólk geti losað sig undan þeim lánum sem tekin voru fyrr á tímabilinu 1980–1993 sem þessi skýrsla nær til.

Þeirri staðreynd verður ekki mótmælt sem hér hefur verið vakið máls á í þessum umræðum að skuldaaukningin á árinu 1993, 7% skuldaaukning, er langminnst á því tímabili sem hér um ræðir. Að vísu var aukningin 7,7% á árinu 1989 en öll hin árin hefur skuldaaukningin á milli ára verið mun meiri. Nú má lesa það hér út úr þessu viðtali við Baldvin Tryggvason að þau lán sem nú eru veitt séu ekki ný lán heldur lán til að skuldbreyta þessum gömlu lánum sem tekin voru á áratugnum 1980–1990.

Mér finnst því þegar við ræðum þetta mál að við verðum að greina það í ljósi þess sem stendur í þessari skýrslu. Ég fer ekki í grafgötur um það að mér finnst það sem hér kemur fram skýrt og ótvírætt. Heimilin hafa verið að laga sig að breyttum aðstæðum. Það hefur verið rýmra um lánsfé heldur en áður. Almenningur hefur nýtt sér þennan rétt til þess að taka lán, bæði hjá lánastofnunum og eins hjá opinberum stofnunum eins og í húsnæðiskerfinu, og það þarf að auðvelda fólki aðlögun að þessu þegar kemur að skuldadögunum. Fyrir því er fullur vilji, bankastofn-

anirnar eru að gera það, sparisjóðsstjórinn talar um að það sé verst í þessu máli hvað fólk komi seint með sín vandamál til sparisjóðanna t.d. og beri sig upp við þá til þess að létta á sér þessari skuldabyrði.

Mér finnst að ef menn hins vegar vilja gjörbreyta kerfinu, hverfa aftur til þess tíma þegar lánsfé var skammtað, þegar biðraðir voru eftir lánsfé, bæði í bönkum og hjá opinberum aðilum, þá eigi menn að hafa djörfung til að halda því fram og lýsa því yfir að það sé þeirra stefna að hverfa aftur til þess tíma sem getið er og lýst í skýrslunni á bls. 16 þegar þetta var allt svo naumt skammtað að menn áttu þess ekki kost að steypa sér í skuldir. Ef fyrirhyggjan á að vera slík að það eigi að vera bankastjórarnir eða skrifstofumenn hins opinbera á opinberum kontórum sem ákveða það hversu mikið fé fólk á að hafa til ráðstöfunar sem lánsfé, þá eiga menn að flytja tillögur um það en ekki vera að býsnast yfir því að menn fái t.d. ekki nægilega há námslán. Í öðru orðinu er talað um að menn fái ekki nægilega há námslán og síðan kvartað yfir því að námslánin séu orðin of há og skuldirnar orðnar of miklar. Samt er einnig sagt að menn geti ekki tekið nægjanlega há lán til að reisa sér hús og síðan er kvartað yfir því að húsnæðisskuldirnar séu orðnar of miklar. Ég tel að frelsið eigi að vera mikið í þessu og að menn eigi að geta hagað sínum málum innan þess ramma sem frelsið veitir en menn eigi að sjálfsögðu einnig að sýna þá fyrirhyggju að reisa sér ekki hurðarás um öxl.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þannig háttar til að fimm hv. þm. hafa óskað eftir að veita andsvar. Forseti er því tilneyddur að stytta ræðutíma þingmanna. Ætli niðurstaðan geti ekki orðið sú að það verði ein mínúta í fyrri umferð og hálf í þeirri síðari ef hv. þm. óska eftir að taka ... (**SvG:** Það er alveg gagnslaust.) Það er hægt að koma að einni setningu, hv. þm.

[11:54]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það dásamlega frelsi sem blasir við fólkinu í landinu og hv. 3. þm. Reykv. var að tala um hér áðan er frelsi fátæktarinnar. Frelsi gjaldþrotanna. Það er sá veruleiki sem blasir við þúsundum íslenskra heimila um þessar mundir. Staðreyndin er sú að fólk er hneppt í viðjar fátæktar á Íslandi á nýjan leik sem er afleiðing þeirrar stjórnarstefnu sem þingmaðurinn ber ábyrgð á. Það er hinn alvarlegi veruleiki. Staðreyndin er sú að eiginhúsnæðisstefnan, sem Sjálfstfl. gortaði af árum og áratugum saman, er úr sögunni hjá millistéttarhópum og meðaltekjuhópum í landinu af því að hin byggjandi alþýða þessa lands er að kikna undan gjaldþrotakröfum alls staðar að. Þess vegna tel ég að þessi skýrsla sé slæm vegna þess að hún sýnir ekki vandann eins og hann í raun og veru er. Hún opnar það ekki fyrir fólki og þingheimi af hverju fátæktin er orðin merkimiði á hinum efnahagslega veruleika þúsunda íslenskra heimila í dag. Þess vegna finnst mér það satt að segja fyrir neðan allar hellur að einn þingmaður Reykvíkinga skuli koma í þennan stól og tala um hið dásamlega frelsi einmitt nú þegar fjölskyldurnar eru að kikna undan gjaldþrotum og þegar Húsnæðisstofnun ríkisins á í dag 129 íbúðir sem hún hefur fengið vegna gjaldþrotaskipta.

[11:56]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Eins og ég lagði áherslu á í máli mínu þá tel ég mjög mikilvægt í umræðu um þessa skýrslu að menn ræði efni hennar. Skýrslan sýnir að á árunum 1980–1992 varð þessi gjörbreyting á íslenska lánamarkaðnum. Hún gefur þá skýringu á skuldastöðu heimilanna að lánsfé hafi aukist og almenningur hafi nýtt sér þennan rétt. Ég get ekki hafnað þessari staðreynd og ég held að hv. 8. þm. Reykv. geti ekki heldur hafnað þessari staðreynd. Þetta er ekkert sérstök stefna Sjálfstfl. Þótt Sjálfstfl. sé talsmaður frelsis í þessum efnum þá var það hv. þm., sem sat oftar en einu sinni í ríkisstjórn á þessu tímabili, sem framfylgdi þessari stefnu og stóð að þeim ákvörðunum sem hafa leitt til þeirrar niðurstöðu sem þessi skýrsla segir okkur frá. Þess vegna tel ég að skýrslan sé gagnleg, hún lýsir þróun í þjóðfélaginu en hún segir að vísu ekki hvernig á að taka á því. Ég tel að það eigi ekki að taka á því með því að hverfa aftur til skömmtunar- og haftatímabilsins sem hv. þm. hefur löngum verið talsmaður fyrir. (**SvG:** Hátekjuskatta núna.)

[11:57]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hv. þm. Björn Bjarnason í ágætri ræðu á margan hátt og rólegri kom víða að og ræddi um bankana og að bankar þyrftu að sýna meira aðhald. Undir það skal tekið. Hann beindi sérstaklega til mín athugasemd vegna þess að ég hafði verið formaður í Búnaðarbanka Íslands. Það liggur fyrir hér í þskj. frá því í vetur að töp og afskriftir gagnvart einstaklingum eru miklu minni í Búnaðarbanka Íslands en í öðrum. Þar hefur verið fylgt mjög aðhaldssamri útlánastefnu sem betur fer. Ég tek undir það að auðvitað þarf að gera það.

Hv. þm. ræddi um að skuldir hefðu lækkað mjög á síðustu árum. Ég vil segja við hv. þm.: Það verður auðvitað að skoða skuldir heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum og hver einasti maður sem sér þessa töflu fær staðfestingu á því sem ég hef sagt hérna, að þessi ríkisstjórn hefur leikið heimilin grátt.

Það kann að vera að bankastjórar og hv. þm. segi: Nú verður bara að herða ólina. Þessir átta þúsund Reykvíkingar eða þessi áttunda hver fjölskylda sem hefur orðið að leita inn á Félagsmálastofnun á þessum vetri ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar á enga möguleika, hún þarf á hjálp að halda. Þess vegna er staða heimilanna hjá þúsundum manna þjóðfélagslegt vandamál sem ríkisstjórn og Alþingi verða að leysa. Þess vegna tek ég undir að það þarf að greina þessa skýrslu betur og gera tillögur sem duga til hjálpar fólki. Skrautmyndin af Reykjavík sem nú birtist í fjölmiðlum er röng.

[11:59]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þótti nú hv. þm. nær veruleikan-

um nú en í ræðunni fyrr í dag þegar hann hamaðist á hæstv. félmrh. og hæstv. fjmrh. og ræddi um allt annað efni en þessa skýrslu því efni skýrslunnar er ósköp einfalt og skýrt, eins og ég hef margsinnis sagt og er kjarninn í mínu máli, og menn þurfa bara að lesa skýrsluna til að átta sig á því hvað í henni stendur. Ég fagna því að hv. þm. skuli taka undir þau orð mín að þetta ræðst að verulegu leyti af þeirri stefnu sem fylgt er í lánastofnunum, hvernig tekið er á málum þar og hvernig staðið er að lánveitingum. (**GÁ:** Og skattastefnu ríkisstjórnarinnar.) Hann staðfesti þau orð mín með því að lesa upp og taldi að það væri til fyrirmyndar í þeirri bankastofnun sem hann var stjórnarformaður í og gaf þá til kynna að sá banki hefði fylgt aðhaldsstefnu varðandi útlán. Það er náttúrlega kjarni í þessu máli að menn noti frelsið skynsamlega.

[12:01]

Anna Ólafsdóttir Björnsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég efast ekki um það að til eru þeir sem taka neyslulán án þess að þurfa á þeim að halda og valda síðan ekki því að greiða af þeim. En hvert er frelsi þeirra sem þurfa að koma yfir sig húsnæði á sáralágum tekjum og standast jafnvel ekki greiðslumat Húsnæðisstofnunar nema að einhverju mjög takmörkuðu leyti? Hver er möguleiki þeirra sem hafa 46 eða 47 þús. kr. í ráðstöfunartekjur fyrir sig á mánuði því að þetta eru full mánaðarlaun fyrir fulla vinnu? Og atvinnuleysisbætur sem boðið er upp á, hver er veruleiki þessa fólks og hvert er frelsi þessa fólks? Ég sé ekki að það sé um val að ræða og það sé möguleiki á öðru en reyna að skrapa sér það ráðstöfunarfé sem hægt er og það er boðið upp á slíkt. Ég get tekið undir að það er ekki góð lausn að vísa fólki í þessari stöðu á bankana, jafnvel upp á ótrygg veð eða ábyrgð ættingja sinna og vina og þannig að allt lendi í kaldakoli. Þar af leiðandi verður að gera eitthvað róttækt í afkomumöguleikum fólks, launum og því hvernig fólk getur framfleytt sér og það gerir þessi ríkisstjórn ekki.

[12:02]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Ég tel að þessi ríkisstjórn hafi gert meira en fyrrv. ríkisstjórnir til þess að tryggja stöðu almennings í landinu við þessar aðstæður. Ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir lækkun vaxta, þeir hafa stórlækkað í tíð þessarar ríkisstjórnar. Ríkisstjórnin hefur staðið þannig að málum að það er stöðugt verðlag og fyrir þá sem skulda eru þetta meginforsendur fyrir því að unnt sé að vinna sig út úr vandanum. Ég held því að þessi ríkisstjórn hafi gert meira fyrir þetta fólk en aðrar ríkisstjórnir og það er ástæðulaust að gera lítið úr því þegar um þetta mál er rætt.

Það sem við erum að ræða hér er greining á því hvers vegna skuldir heimilanna hafa vaxið svo mjög sem raun ber vitni um og það liggur fyrir í þessari skýrslu. Ef við ætlum hins vegar að ræða um hvernig á að komast út úr því þá er sjálfsagt að líta á málefni einstakra manna í hverju tilviki fyrir sig, en almennt séð hefur þessi ríkisstjórn með stefnu sinni skapað betri forsendur en forverar hennar fyrir því að unnt sé að leysa þennan vanda.

[12:03]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Sá þingmaður sem talaði áðan, hv. 3. þm. Reykv., minntist á breytingar á lánamarkaði og sagðist taka frelsið á lánamarkaði fram yfir skömmtun. Ég get verið honum sammála um það og ætli við séum það ekki flest hérna að aukið frelsi á lánamarkaði sé til bóta. En það er ekkert frelsi án ábyrgðar og það fylgir bæði því ábyrgð að taka lán og eins því ábyrgð að veita lán og því miður hafa bankar, sparisjóðir og sjóðirnir ekki sýnt mikla ábyrgð oft og tíðum í útlánum.

Útlánatöpin, eins og ég hef rakið áður á þinginu í vetur, á sl. fimm árum nema um 40 milljörðum kr. Þau stafa auðvitað fyrst og fremst af miklum lánveitingum til fyrirtækja. Ég flutti tillögu um þetta hér á þinginu sem fór inn í nefnd og sofnaði þar svefninum langa og komst ekki út aftur. Þessir 40 milljarðar eru eftir upplýsingum sem ég hef frá Þorvaldi Gylfasyni þrisvar sinnum meiri miðað við þjóðarframleiðslu en fór í súginn í sparisjóðshneykslinu í Bandaríkjunum. Þetta er talsvert meira fé en tapaðist í bankakreppunni á Norðurlöndum. Samt hefur ekkert verið gert í því hér að rannsaka ástæðurnar fyrir þessu. Þetta er önnur hliðin á málinu.

Hin snýr líka að breyttum forsendum. Stjórnvöld eru sífellt að breyta forsendum fyrir lántöku almennings. Þessi ríkisstjórn hefur staðið frammi fyrir miklum breytingum. Hún hefur lækkað barnabætur, hún hefur hækkað skatta, hún hefur hækkað vexti, hún hefur lækkað vaxtabætur og hún hefur aukið heilbrigðiskostnað heimilanna. Allt þetta veldur því m.a. að fólk kemst í vandræði og ríkisstjórnin ber auðvitað líka ábyrgð á sínum gerðum og því að breyta alltaf öllum forsendum sem fólk lifir eftir.

[12:05]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Frú forseti. Hér er vikið að máli sem ég nefndi einnig og tekið er á í þessari skýrslu, að þrátt fyrir þessar tölur, 40 milljarða, sem eru allt of háar tölur, þá kemur fram í skýrslunni að bankakerfið íslenska hefur ekki gengið í gegnum jafnviðamikla kreppu og bankakerfið á Norðurlöndunum sem er gefin sem skýring á því hvers vegna skuldir heimilanna hafa aukist meira hér að undanförnu en á Norðurlöndunum. En þrátt fyrir þetta, og ég tek undir það með þingmanninum, er 40 milljarða tap náttúrlega allt of hátt og ekki skynsamlega reknar stofnanir sem taka jafnmikla áhættu og þar er lýst.

Hv. þm. Guðrún Helgadóttir las upp úr viðtali við Sverri Hermannsson bankastjóra þar sem hann vildi varpa ábyrgðinni af þessu að verulegu leyti á afskipti stjórnmálamanna af bankastofnunum. Ég held að ef við sem stjórnmálamenn ætlum að þrengja að frelsinu á lánamarkaðinum séum við að fara aftur til baka einmitt til þess tíma þegar stjórnmálamenn höfðu of mikil afskipti af lánveitingum stofnana sem m.a. eru orsakir fyrir því hvers vegna útlánatöpin hafa verið svona mik-

il. Það eru hin pólitisku afskipti af ýmsum málum varðandi atvinnurekstur hér í landinu sem er höfuðorsökin fyrir því að mínu mati að útlánatöpin eru jafnmikil og raun ber vitni.

[12:07]

Kristín Ástgeirsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef undanfarna daga verið að velta fyrir mér Reykjavíkurbréfinu sem birtist í sunnudagsblaði Morgunblaðsins og þeim furðulegu skoðunum sem þar koma fram og þessari undrun Sjálfstfl. á þeirri stöðu sem hann er lentur í í borginni. En ræða hv. þm. áðan sýnir það að sjálfstæðismenn lifa í einhverjum blekkingarheimi. Að halda það að þessar ráðstafanir sem hefur verið gripið til, þ.e. lág verðbólga og það að heldur hefur tekist að lækka vexti, séu einhverjar björgunaraðgerðir fyrir fjölskyldur sem lifa á barmi gjaldþrots er mikill misskilningur og mikil blekking.

Varðandi það sem kom fram í ræðu hv. 3. þm. Reykv. að ýmist væru menn að krefjast þess að námslánin væru hærri en kvörtuðu svo yfir því að greiðslubyrðin væri of há og hann nefndi önnur lán líka til sögunnar, þá vil ég ítreka það sem hér kom fram áðan að það verður að sýna ábyrgð, bæði þeir sem taka lán og þeir sem veita lán. Það er mjög mikilvægt. Við verðum líka að huga að því neyslumynstri sem blasir við í okkar þjóðfélagi og jafnframt því að við búum enn þá að nokkru leyti við verðbólguhugsunarhátt þannig að fólk reisir sér hurðarás um öxl. Þetta á allt rætur að rekja til fortíðarinnar eins og ýmislegt fleira sem kemur fram í þessari skýrslu.

[12:09]

Björn Bjarnason *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er mjög furðulegt að hlusta á, ef menn eru að ræða þessa skýrslu, fullyrðingar um að lágir vextir og engin verðbólga sé ekki skuldurum til hagsbóta. Það kemur fram í þessari skýrslu að háir vextir og óðaverðbólga séu ein meginorsökin fyrir þeirri þróun sem við erum að tala hér um. Og að halda því fram að ríkisstjórn sem hefur náð vöxtunum niður og verðbólgunni niður hafi ekki stuðlað að því að létta mönnum róðurinn (**GÁ** Hún hækkaði vextina og jók skatta ...) (Gripið fram í.) miðað við þessa skýrslu er náttúrlega út í hött og sýnir að þingmennirnir vilja alls ekki ræða efni málsins heldur einhver allt önnur atriði.

[12:10]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á því að andmæla því sem hv. síðasti ræðumaður sagði í svari við andsvari mínu að ríkisstjórnin hafi gert mikið fyrir almenning. Ég hygg að efni ræðu minnar muni sýna fram á að það þarf ekki að koma mörgum staðreyndum á framfæri til þess að sýna fram á að þetta er að sjálfsögðu algerlega rangt, því miður fyrir almenning sem þarf að búa við þetta. Og það að vextir hér séu lágir er reginfirra. Mestan tíma þessa kjörtímabils hafa vextir verið gríðarlega háir og eru rétt að komast núna niður í það að vera lægri en þeir ógnarvextir sem voru. Það er bara allt annað mál.

Ég held að það sé ekki hægt að ræða þessa skýrslu öðruvísi en að líta á þann veruleika sem veldur þessari stöðu. Að hluta til er þessi veruleiki rakinn í skýrslunni og það er út af fyrir sig gott að fá slíka samantekt á einn stað.

Í fyrsta lagi búum við hér á landi við fáránlega lág taxtalaun sem gerir það að verkum að fólk hefur meira og minna nauðugt orðið að leita út á alls konar brautir, m.a. lánamarkaðinn. Lengi vel var hægt að leysa þessi mál, alla vega fyrir hluta þeirra sem bjuggu við þetta, með því að bæta á sig óheyrilega mikilli viðbótarvinnu. Nú er því einfaldlega ekki til að dreifa og meðan við erum með taxta undir 50 þús. kr. á mánuði fyrir fulla vinnu er ekki hægt að furða sig á því að það skuli vera margir sem verða að taka neyslulán. Þeir gera það hvort sem þeir geta eða ekki og því miður stendur það þannig af sér, eins og ég kem að síðar, að þetta er hægt. Þetta verður ekki leyst nema með einum hætti og það er með því að bæta lífskjör fólks hér á landi. Á sama tíma er verið að lækka barnabætur, hækka skatta, læknis- og lyfjakostnaður er hærri og þó að hækkun skatta komi ekki við allra lægstu launin þá er verið að taka skatta af alveg ótrúlega lágum launum. Um leið og fólk er komið rétt yfir lægstu taxtana, þá er það farið að greiða skatta af sínum launum. Hvar er nú fólkið sem lofaði hækkun skattleysismarka? Hvar er þetta fólk sem talaði hvað digrast um þetta í seinustu kosningabaráttu? Mér leikur forvitni á að vita það vegna þess að ég veit ekki betur en þetta fólk sé í ríkisstjórn og hafi alla burði og möguleika til að gera þetta. En það var nú eitthvað annað. Skattar voru hækkaðir en ekki skattleysismörk. Kannski var þetta bara prentvilla allan tímann.

Það er líka veruleiki að hér er mjög lítill og ótraustur leigumarkaður sem hefur knúið fólk, að mínu mati langt umfram vilja þess, til fara út í að kaupa sér húsnæði eða byggja. Þetta hefur kannski á yfirborðinu verið fýsilegur kostur en þegar út í veruleikann er komið hefur það því miður reynst mjög mörgum hurðarás um öxl og þá erum við ekki að tala um að fólk sé að byggja yfir sig eða kaupa sér eitthvað sem er langt umfram þarfir því það á ekki við nema um hluta þessa hóps. Þegar er verið að tala um eitthvert meðaltal á fermetrum á mann á Íslandi, þá verður að taka tillit til þess að íbúðastærð er mjög misjöfn og það eru mjög margir sem lifa mjög góðu lífi vegna þess að bilið milli þeirra sem hafa það gott og þeirra sem hafa það skítt fer vaxandi og þar af leiðandi hækkar meðaltalið, ekki vegna þess að þeir sem hafa knöppust kjörin séu eitthvað að bruðla heldur vegna þess að þeir sem búa við betri kost lifa lífi sem er kannski ekki hægt að kalla neitt annað en umframraunveruleika og umfram þarfir.

Ég vil líka taka það fram varðandi bankalánin að þar er ekki um neina einfalda stöðu að ræða. Það eru ýmsir sem taka lán og valda þeim ekki og sem ekki þurfa á þeim að halda, en það eru líka ýmsir sem eru knúðir út á þennan lánamarkað. Því miður er allt of mikið um að fólk taki lán miðað við lánastefnu íslenskra banka þar sem þeir fá lánuð veð hjá fjöl-

skyldumeðlimum eða sjálfskuldarábyrgð og síðan verða heilu fjölskyldurnar bæði sundraðar og gjaldþrota. Þetta er auðvitað nokkuð sem ekki er hægt að líða og umbera og það verður að koma eitthvað annað til, m.a. skynsamlegar greiðsluáætlanir. Í sumum tilvikum væri hægt að komast af með minna en bankarnir sýna ekki þá ábyrgð sem þeir þurfa. Þeir eru ekki sem skyldi í því að gera greiðsluáætlanir, sem full þörf er á, heldur láta þeir sér duga að fá veð eða sjálfskuldarábyrgð einhverra sem hægt er að reyta eitthvað af og hirða ekki um það hvaða afleiðingar þessi lánastefna hefur. Því var það að við kvennalistakonur fluttum á síðasta þingi frv. til laga um réttindi og skyldur ábyrgðarmanna á grundvelli lánsviðskipta þar sem við vorum m.a. að reyna að taka á þessu máli. Í 1. gr. þess frv. kvað á um það að bankar, sparisjóðir eða aðrar lánastofnanir skyldu í samráði við lántakanda gera greiðsluáætlun fyrir lántakanda og meta greiðslugetu. Þetta tel ég að sé mjög mikilvægt. Og ég vil grípa örlítið niður í greinargerðina vegna þess að þar kemur kjarni þessa máls fram en þar segir, með leyfi forseta:

„Í flestum lánaviðskiptum tíðkast nú að krefjast trygginga fyrir skilvísum greiðslum lántakanda. Algengt er að lántakandi sjálfur leggi fram slíkar tryggingar, t.d. með veði í fasteign sinni. Hitt er ekki síður algengt að krafist sé sjálfskuldarábyrgðar eins eða tveggja manna á greiðslu lántakanda. Þarf lántakandi að útvega þessa ábyrgðarmenn sem oft eru ættingjar lántakanda. Þá er einnig algengt að lántakandi fái lánað veð í eign annars manns til tryggingar á greiðslum sínum, sérstaklega í tengslum við fasteignakaup. Segja má að nánast sé meginregla að lántakandi geti ekki fengið lán án þess að afla tryggingar frá öðrum. Slíkt ætti þó einungis að vera í undantekningartilvikum og gilda um það skýrar reglur."

Og síðar: „Á síðustu árum hafa gjaldþrot einstaklinga og fyrirtækja aukist mjög mikið og sífellt fleiri ábyrgðarmenn hafa þurft að standa við ábyrgðir sínar, oft með þeim afleiðingum að ábyrgðarmaður verður líka gjaldþrota. Gjaldþrot hafa ekki einungis viðskiptalega hlið því að oft leysast heimili gjaldþrota einstaklinga upp."

Þær ógnvekjandi tölur sem komu fram í máli hæstv. félmrh. áðan um fjölgun þeirra búa sem eru tekin til gjaldþrotaskipta eru slíkar að ég neyddist til að athuga hvort mér hefði ekki örugglega bara misheyrst um fjölguna frá 1989–1993, en því miður hafði mér ekki misheyrst. Vissulega er bæði um fyrirtæki og einstaklinga að ræða, en samt sem áður segir þetta hörmulega sögu. Það eru 160 bú sem eru tekin til gjaldþrotaskipta 1989, en 846 1993. Og einhverjar afleiðingar hefur þetta allt saman. Þetta er svo napur veruleiki að það er ekki hægt að sitja bara og hugsa: Æ, ansans óheppni. Það virðist samt sem áður vera það sem hugsað er hér á meðan ekki er tekið á þessu af neinni festu. Ég tek undir það sem hv. síðasti ræðumaður, hv. 3. þm. Reykv., sagði að í þessari skýrslu er fyrst og fremst verið að fjalla um stöðuna en ekki úrræðin. En hann virtist telja að það væri gott en mér finnst það mjög vont. Ég vildi sjá hér úrræði.

Ég efast ekki um góðan vilja hæstv. félmrh. að gera allt sem í hennar valdi stendur til þess að taka á þessum málum, en ég tel að hún sé í svo slæmum félagsskap í ríkisstjórninni að hún hafi ekki nokkra möguleika eða burði til að gera það. Það er út af fyrir sig afskaplega erfið staða og ég er því ekkert undrandi á því að í þessari skýrslu sé fyrst og fremst stöðuúttekt á ferðinni en lítið um fyrirheit.

Vissulega kom það fram hjá hæstv. félmrh. að hún hefði ákveðnar hugmyndir um hvernig ætti að gera hlutina. Hún vildi gjarnan að það yrði tekið á greiðsluvanda alla vega einhverra einstaklinga en ég bendi á að það er svo gífurlegur fjöldi fólks sem er ekki í verst setta hópnum en stefnir samt sem áður hraðbyri í gjaldþrot. Það er kannski það alvarlega hversu stór sá hópur er sem stendur verulega illa.

Ábyrgð núv. ríkisstjórnar er feikilega mikil. Í fyrsta lagi vegna þeirrar vaxtahækkunar sem varð vorið 1991 og var í rauninni gjöf þessarar ríkisstjórnar og skilaboð til þeirra kjósenda sem gáfu henni umboð. Hún var það veganesti sem við höfum fengið til þess, bæði fólk og fyrirtæki, að búa við og afleiðingarnar hafa ekki látið á sér standa.

Á bls. 9 í skýrslu hæstv. félmrh. stendur eilítið um þetta mál, en þar segir, með leyfi hæstv. forseta:

„Til skýringa á aukningu skulda frá 1990 má nefna mikla lækkun ráðstöfunartekna, mikla hækkun raunvaxta og loks aukið framboð lána til heimilanna með tilkomu húsbréfakerfisins."

Ég gagnrýni ekki aukið framboð lána til heimilanna en mér þykir það mjög slæmt að við skulum hafa ríkisstjórn sem eykur eftirspurnina vegna þess að eigið fé fjölskyldna er svo lítið. Það er þessi aukna eftirspurn sem er okkar stóra vandamál. Ekki framboðið á lánsfé.

Ég vil ekki gera lítið úr því að það hafi orðið hrun á árinu 1983 þegar misgengið illræmda milli lána og launa varð til. Ég vil benda á að fjöldi ungs fólks og fólks á miðjum aldri situr enn í þeirri súpu, sem hefur verið að fleyta sér á skammtímalánum í meira en áratug. Þetta fólk er orðið langþreytt. Það er algjörlega úrræðalaust en hefur ekki haft það nógu slæmt til þess að hafa möguleika á skuldbreytingum. Þetta er fólkið sem er jafnvel enn eftir 10 ára basl að missa sín hús. Ég þekki mörg slík dæmi þar sem ég bý í nýbyggingahverfi þar sem hefur verið byggt síðustu 15 árin og því miður blasa þessar staðreyndir við. Þarna er í rauninni hópur sem hefur verið skilinn svo eftir að hann sér engin úrræði í þessum málum.

Virðulegi forseti. Það er svo sannarlega ýmislegt sem væri ástæða til að koma sérstaklega inn á en ég vil vekja athygli á því að sá hópur sem hér um ræðir er ekki bara þær fjölskyldur sem eru mamma, pabbi, börn og bíll, heldur líka fjölskyldur einstæðra foreldra og 93% fjölskyldna einstæðra foreldra eru ungar konur með börn sín. Það fer saman við þeirra erfiðleika að þær eru mjög oft á lágum launum og atvinnuleysi er meira í hópi kvenna heldur en karla, 7,5% á móti 5,5% í marsmánuði sl., og það sem verra er að langvarandi atvinnuleysi hefur bitnað meira á konum en körlum.

Þetta kom m.a. fram á málþingi norræna jafnlaunaverkefnisins sem haldið var í Stokkhólmi þann 14. sept. sl.

Virðulegi forseti. Ég sé að það eru ekki margar sekúndur eftir af mínum ræðutíma. Það er fjöldamargt annað sem ég hefði gjarnan viljað koma inn á í þessari umræðu en ég læt þessu lokið í bili. Ég lýsi hins vegar fullri ábyrgð á hendur þessarar ríkisstjórnar og ég held að staðan sem er hér nú sé svo alvarleg að það dugi ekkert annað en nýtt fólk við stjórnartaumana til þess að taka á því.

[12:26]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hefði verið æskilegt ef hæstv. fjmrh. hefði treyst sér til að vera viðstaddur. Staðreyndin er náttúrlega sú að þetta mál sem hér er til umræðu kemur ekkert síður inn á starfssvið hæstv. fjmrh. en hæstv. félmrh. þó að það sé félmrh. sem afhendi þessa skýrslu og beri sem slík ábyrgð á þessum málum. En auðvitað er afkoma heimilanna og skuldaaukning þeirra, sem hér er sérstaklega til umræðu, nátengd því hvernig byrðunum er skipt í okkar þjóðfélagi og þá ekki síst hvernig þeim er dreift með tilliti til þess hvað menn leggja af mörkum í sameiginlega sjóði. Ég tel reyndar og vil láta það koma hér fram að þessi skýrsla, góð svo langt sem hún nær, gangi allt of skammt og það sé mikil þörf á því að vinna mikið betur úr þessum málum. Ég vil eindregið óska eftir því að hæstv. félmrh. taki það til skoðunar að láta halda þessu starfi áfram og vinna ítarlegri gögn þar sem m.a. verði í sama plagginu borin saman þróunin í þessum efnum, ekki bara innbyrðis milli fjölskyldnanna og milli fjölskyldna á Íslandi og í öðrum löndum heldur líka þróunin gagnvart fyrirtækjunum, ríki, sveitarfélögum og öðrum aðilum í landinu vegna þess að ef við viljum fá einhverja heildarmynd af því hvernig málin eru að þróast, skuldabyrðin er að breytast, þá verðum við að geta borið saman helstu aðilana í þjóðfélaginu og þó að það séu til gögn í hagskýrslum um þessa hluti þá eru þeir ekki teknir saman á einum stað.

Hæstv. forseti. Í fyrsta lagi sýnir þessi skýrsla það svart á hvítu að skuldaaukningin hjá almenningi á síðustu árum er alveg geigvænleg. Það skiptir nánast ekki máli þó að lítils háttar villa hafi slæðst inn í skýrsluna, sem reyndar er búið að leiðrétta, að skuldaaukningin á föstu verðlagi milli áranna 1992 og 1993 sé 18 milljarðar en ekki 26. Það breytir ekki því að þarna er á ferðinni alveg óhugguleg tölur.

Í öðru lagi er nauðsynlegt að ræða um orsakir þessa mikla vanda, hvernig stendur á því að á sama tíma og almennt ríkir samdráttur, minni eyðsla og miklu minni innflutningur á vörum, þá skuli skuldir heimilanna eftir sem áður halda áfram að aukast svona gífurlega. Ef heimilin og eyðsla þeirra væri í takt við annað í landinu þá hefðu auðvitað skuldirnar átt að minnka hjá heimilunum í takt við minni eyðslu, minni innflutning og almennan hægagang í efnahagsstarfseminni en því er ekki aldeilis að heilsa. Staðreyndin er sú að þarna heldur áfram alveg óhugguleg skuldaaukning.

Hver er þá ástæðan, hæstv. forseti? Menn verða auðvitað að skoða skuldaaukninguna í samhengi við aðrar breytur og það er ekki bara nóg að mæla þetta eftir kjörtímabilum og segja af því að skuldir heimilanna hafa aukist í tíð fyrri ríkisstjórna þá er þetta í lagi eða a.m.k. ekki verra núna en áður, eins og hv. þm. Björn Bjarnason var að reyna að sanna. Staðreyndin er sú að út úr þessum gögnum má lesa miklu ískyggilegri skilaboð gagnvart síðustu árum, síðustu missirum, heldur en sennilega nokkurn tímann fyrr þegar þetta er sett í það samhengi sem vera ber. Með öðrum orðum held ég því fram að þessi skuldaaukning sé algjörlega þvinguð í þeim skilningi að þarna er ekki á ferðinni í neinum tilvikum, eða í miklum minni hluta tilvika, einhver frjáls, sjálfstæð ákvörðun fólks um það að taka lán til að gera einhverja tiltekna hluti. Það er ekki svo. Það sér maður á því að skoða samdráttinn í húsnæðisbyggingum, samdráttinn í fjárfestingum, samdráttinn í vöruinnflutningi og öðru því sem venjulega stendur fyrir eyðslu fólks. Það er ekki um slíkt að ræða á þessum síðustu tímum. Þetta er örvæntingarfullt fólk í neyð sem neyðist til þess að safna skuldum til að geta haldið áfram að reka sín heimili og vera til í samfélaginu. Ástæðurnar fyrir því að þetta gengur svona til á síðustu árum eru auðvitað margþættar en ég held að þar megi nefna hluti eins og minni atvinnu. Þá er ég ekki bara að tala um þær þúsundir atvinnulausra sem í tíð þessarar ríkisstjórnar verða auðvitað safna skuldum til að draga fram lífið því engin framfærir stórri fjölskyldu af atvinnuleysisbótum. Þarna er á ferðinni líka minni yfirvinna og minni launatekjur almennt, mikill samdráttur í heimilistekjum vegna minni yfirvinnu. Þetta endurspeglar fallandi kaupmátt ráðstöfunartekna. Kaupmáttarhrapið er orðið geigvænlegt, líklega einhvers staðar á bilinu 15–18% síðan 1987–1988 og þar af sjálfsagt að nálgast 10% í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Síðan má spyrja sig að því hvort að einhverju leyti sé þarna á ferðinni, eins og reyndar er gefið í skyn í skýrslunni, breytt áhersla bankakerfisins. Að bankakerfið hafi ósköp einfaldlega þegar það stóð frammi fyrir hinum miklu töpum í atvinnulífinu farið að reyna að flytja útlánin að einhverju leyti yfir á almenning og beitt til þess öllum hefðbundnum markaðsaðferðum og klækjum að gylla fyrir almennningi að eiga viðskipti við bankana og að einhverju leyti sé um slík áhrif að ræða. Ég ætla ekki að útiloka það en þau eru væntanlega ekki stórvægileg í þessu enda er mönnum svo sem engin afsökun í því ef þeir fara ógætilega í lántökum af slíkum ástæðum þó lögð séu fyrir þá gylliboð.

Ég óttast því miður að að langmestu leyti sé þetta þvinguð lántaka fólks sem í örvæntingu sér engin önnur ráð til að framfleyta sér frá degi til dags og sínum fjölskyldum heldur en að skuldsetja sig.

Það er athyglisvert í fjórða lagi eða þriðja, hæstv. forseti, að hér koma fram upplýsingar um hlutfall húsnæðisskulda sem ganga þvert á þá kenningu sem uppi hefur verið undanfarin ár. Sérstaklega hefur það verið íþrótt íhaldsmanna að útskýra skuldaaukningu heimilanna með því að það væri rekið hér eitthvert sérstakt velferðarkerfi í húsnæðislánum sem hefði þýtt að stór-

auknar skuldir hefðu færst yfir á heimilin í gegnum auknar lántökur vegna húsnæðiskaupa. En þessar tölur benda til þess að hlutfall húsnæðisskulda af heildarskuldum fólks hafi farið lækkandi á undanförnum árum og það er auðvitað þetta hlutfall sem við hljótum að horfa fyrst og fremst á og vantar þá inn í þann samanburð eftirstöðvalánin sem áður stóðu fyrir verulegum hluta af lántökum fólks vegna húsnæðiskaupa, oft þriðjung til fjórðung sem voru svonefnd eftirstöðvabréf. Ég held því að það sé ástæða til að staldra við þá staðreynd að þarna er að verulegu leyti hrakin sú klisja að þessi skuldaaukning sé fyrst og fremst vegna þess að menn hafi getað vaðið í opinbera sjóði og fengið þar ótakmörkuð lán til húsnæðiskaupa. Það er ekki skýringin, a.m.k. ekki eina skýringin. Ber þar allt að sama brunni. Þarna er á ferðinni lántaka af öðrum toga sem á rót sína að rekja beint til versnandi lífskjara í landinu.

Ískyggilegasta talan í þessu er þó sú staðreynd, sem hér er dregin fram með skýrum hætti, hvernig skuldirnar dreifast á aldurshópa í þjóðfélaginu. Hér er það alveg staðfest, sem ræðumaður a.m.k. hefur oft haldið fram á undanförnum árum, að það er einn þjóðfélagshópur, einn aldurshópur sem er alveg sérstaklega píndur eins og við Íslendingar höfum haft hlutina undanfarin ár og það er ungt fólk, ungar barnafjölskyldur, það er aldurshópurinn 30–40 ára. Langmestar skuldir eru hjá fólki á aldursbilinu 31–35 ára og fara síðan að lækka eftir að þeim aldri er náð. Hvaða hópur er þarna á ferðinni? Þessi aldurshópur, með ytri mörkum kannski yfir 25–40 ár er þetta sama fólk sem er að koma sér upp húsnæði, er með börn á framfæri, fær á sig allar þær skerðingar og þær ráðstafanir til íþyngingar sem gerðar hafa verið undanfarin ár, skuldar mest, borgar vextina o.s.frv.

Að sama skapi eru auðvitað athyglisverðar tölur á hinn veginn sem sýna að 70% fjármagnseigna og eigna eru hjá elsta aldurshópnum og sá hópur nýtur að sama skapi góðs af háum vöxtum og skattfrjálsum tekjum af þeim. Ég held því að hér sé enn ástæða til að staldra við og velta því fyrir sér hvort ekki er búið að ganga allt of langt í íþyngjandi aðgerðum gagnvart þessum aldurshópi á síðustu árum. Það er þessi hópur sem fær á sig af fullum þunga skerðingu barnabóta, það er þessi hópur sem fær á sig af fullum þunga skerðingu vaxtabóta, það er þessi hópur sem lendir í útgjöldum vegna barna í heilbrigðiskerfinu og fleiri og fleiri þættir og ber þar allt að sama brunni. Það er þessi hópur sem býr við langhæstu jaðarskattprósentuna eins og hún er nú útfærð. Það er þetta fólk sem býr við það að á vissu tekjubili, kannski frá 120–200 þús. kr. á mánuði, þá fara 60–70% sem það vinnur sér inn í skatta vegna þess að á móti koma skerðingar á vaxtabótum, barnabótum og fleiri þáttum. Ég held að það sé algjörlega nauðsynlegt, hæstv. félmrh., að vinna þarna rækilega vinnu og fara yfir það hvernig byrðunum er dreift í þessu efni. Þetta fólk er gjarnan líka í þeim hópi sem fékk á sig misgengið á sínum tíma, a.m.k. eldri hluti þessa fólks.

Að lokum, hæstv. forseti, af því að tíminn er naumur til að ræða svona stórt mál og hefði auðvitað þurft að hafa svona tveggja daga umræðu um þessa stöðu, skuldir heimilanna, atvinnuástandið og það örvæntingarástand sem liggur á bak við þessar tölur hjá þúsundum heimila í landinu. Að lokum skulum við hugleiða: Hvað segir þessi skýrsla okkur um þær ráðstafanir sem hæstv. ríkisstjórn hefur verið að gera í skattakerfinu undanfarin 2–3 ár? Skuldaaukningin upp á 18 milljarða á síðasta ári — hvað stór hluti hennar er beinlínis afleiðing af því að ríkisstjórnin flutti til byrðar yfir á þetta fólk í skattkerfinu? Þriðjungur segi ég. Milli 5 og 6 milljarðar króna voru fluttir af fyrirtækjum og fjármagnseigendum yfir á launafólk á síðasta ári í formi þess að aðstöðugjald var fellt niður á einu bretti og tekjuskatturinn hækkaður á móti. Í formi þess að skattfrelsismörkin voru lækkuð og tekjuskattur fyrirtækjanna lækkaður á móti. Er einhver glóra í því að í tíð þessarar ríkisstjórnar skuli vera búið að lækka tekjuskattsprósentu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Eimskipafélags Íslands úr 45 í 33% og þetta eru fyrirtæki sem græddu annars vegar 600 millj. og hins vegar 400 millj. á síðasta ári? Og hvert eru byrðarnar fluttar? Þær eru fluttar yfir á launafólkið sem er að safna skuldum. Sem er að safna skuldum svo milljörðum og milljarðatugum skiptir. Ég segi: Hafi menn haft einhverja ástæðu til að gagnrýna þetta fyrr þá eru þær tvöfaldar og margfaldar nú.

Það er þannig að útkoman úr þessu dæmi hjá hæstv. ríkisstjórn, þegar það er skoðað hvernig byrðunum er dreift, er með miklum endemum. Við skulum minnast þess að skattfrelsismörkin hafa frá því að staðgreiðsla skatta var tekin upp lækkað úr því sem þau ættu að vera núna, um 70 eða 75 þús. á mánuði, niður í hvað? Eru þau ekki um 57 þús. á mánuði í dag? Í tvígang hefur hæstv. ríkisstjórn lækkað skattfrelsismörkin. Hvað segir það okkur gagnvart því fólki sem á í hlut og hefur verið að auka skuldir sínar stórkostlega á undanförnum árum?

Það kemur hér fram, hæstv. félmrh., að það er tekjulægsta fólkið sem hefur aukið skuldir sínar mest. Samkvæmt skattframtölum ársins 1993 eru skuldir hlutfallslega mestar hjá þeim sem telja fram lægstar tekjur. Þar kemur m.a. fram að hjón sem eru með tekjur undir 1 millj. kr. greiða að meðaltali 20% tekna sinna í vexti og er svo sem engin furða. Auðvitað er þetta þannig að þessar byrðar hafa færst yfir á þá sem síst skyldi og það er í raun og veru stjórnarstefnan í hnotskurn, hæstv. forsrh., og velkominn í salinn. Væri nú gaman ef hæstv. forsrh. hefði tíma til að staldra við svona 20–30 sekúndur þegar þetta dagskrárefni, skuldir heimilanna, er að fara fyrir þingið.

Í hnotskurn er niðurstaða málsins þessi, hæstv. forseti. Það er staðfest hér í þessari skýrslu, þó hún sé takmörkuð og gangi ekki nógu langt, að það sem gerst hefur í tíð hæstv. ríkisstjórnar er stórfelldur tilflutningur skattbyrðar frá fyrirtækjum yfir á launafólk og það kemur verst við þá sem lægstar hafa tekjurnar. Ég hygg að það megi segja að sá hópur sem standi hér alveg upp úr þegar allt er skoðað sé tekjulágt barnafólk á aldrinum 30–35 ára. Það er markhópurinn sem

hæstv. ríkisstjórn hefur fundið sér til að þrautpína, það sannar þessi skýrsla.

[12:41]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla er um margt mjög fróðleg og líka ógnvænleg. Skuldastaða heimilanna sem þar kemur fram er slík að mönnum hlýtur að hitna í hamsi við það sem hefur verið að gerast síðasta kjörtímabil. Eins og kemur fram í skýrslunni má rekja skuldastöðu heimilanna fyrst til misgengis lánskjaravísitölu og launa árið 1983 þegar þessi þróun byrjar að snúast við. Það fer ekki á milli mála að þeir hópar fólks sem lentu í því ástandi eru ekki enn búnir að ná sér síðan það gerðist. Það hefur verið tekið á málum nokkurra aðila en ekki nægilega heildstætt á málinu. Það hefur og verið að gerast að aðgengi að fjármagni er frjálsara hjá bönkum og lánastofnunum og bankar hafa ekki alltaf spurt um greiðslugetu fólksins sem taka lánin heldur fyrst og fremst um hvaða veð það hefur.

Það væri nærtækt að spyrja á hinu háa Alþingi, þó e.t.v. geti hæstv. félmrh. ekki svarað því: Hvaða reglur setja bankastofnanir sér um lánveitingar og ábyrgðir bankanna og tryggingar fyrir lánum? Það segir í sameiginlegum ákvæðum laga um bankastofnanir, með leyfi forseta:

„Bankaráð setur að fenginni umsögn bankastjórnar almennar reglur um lánveitingar og ábyrgðir bankans. Þar með um hámark lána til einstakra lántakenda og tryggingar fyrir lánum. Reglur þessar skal endurskoða eigi sjaldnar en árlega og skulu þær sendar bankaeftirliti sem láta skal í té álit á þeim hverju sinni."

Það væri fróðlegt að vita hvort það hefur ekkert verið skoðað hvaða reglur bankastofnanir ættu að setja um það að lána fólki, einstaklingum, á þessu 13 ára tímabili sem skuldir hafa verið að aukast með þessum hætti. Við vitum að það hefur farið vaxandi á síðustu árum að bankastofnanir taka íbúðarhúsnæði upp í gjaldþrot hjá fólki og reyna síðan að selja það og venjulega bara fyrir þeirri skuld sem bankinn á þannig að bæði tapar fólkið öllu sínu og hugsanlega aðrar lánastofnanir eða aðrir skuldarar hjá þeim sama einstaklingi þar sem bankinn hefur aðeins talið sér skylt að taka veð í húsnæðinu eða einhverri steinsteypu og geta síðan selt það fyrir sinni skuld og það sé bankanum ekkert viðkomandi hvort lántakandinn getur greitt til baka. Það er fyrst og fremst hugsað um það að bankinn hafi eitthvert veð sem hann geti hugsanlega selt bara fyrir sinni eigin skuld.

Ég held að það væri verðugt verkefni hjá hæstv. ríkisstjórn að athuga hvaða reglur um lánveitingar og ábyrgðir gilda hjá bönkunum þegar þeir lána heimilum og einstaklingum. Hvort ekki sé tími til kominn að það fari fram meiri athugun á greiðslugetu og meiri athugun á því hvort menn raunverulega eru meðvitaðir um það og hvort eðlileg fræðsla er í gangi um það hvaða áhrif það hefur á fjárhag einstaklinga að taka viðkomandi lán.

Það leiðir auðvitað hugann að því að fræðsla um fjármál einstaklinga og heimila hefur verið í algeru lágmarki hér á landi.

Það er einnig athyglisvert sem kemur fram í þessari skýrslu að árið 1988 hafi 67% íbúða verið í eigu 50 ára og eldri. Það segir okkur að fyrir aðeins 6 árum var nærri 70% af íbúðum í eigu þessa aldursflokks og að mestu leyti skuldlaust líklega. En síðan hefur þetta verið að snúast nokkuð við og það hlýtur að hafa það í för með sér að þeir sem kaupa íbúðir fara út á lánamarkaðinn.

Mér fannst líka mjög athyglisvert það sem hæstv. félmrh. sagði áðan að það væri í raun og veru ekkert gagn í þeim úrræðum sem til væru í dag. Það þyrfti úr að bæta og hún nefndi ráðstafanir og staðreyndir sem eru fyrir hendi á hinum Norðurlöndunum sem eru búnar að vera þar í gildi í ein 13 eða 14 ár. Við erum hér svo langt á eftir hinum Norðurlandaþjóðunum að við höfum ekki enn þá tekið á þessu máli. Ég vænti þess að eins og hæstv. ráðherra lýsti áðan að þetta væri verið að skoða og það fari að fást niðurstaða í það mál. Ég vil í því sambandi benda á, af því að hæstv. ráðherrann vitnaði einmitt til reynslu nágrannaþjóðanna í þessu sambandi, að við á Íslandi við þurfum ekkert alltaf að vera að finna upp hjólið. Við getum farið eftir reynslu annarra þjóða sem við teljum okkur skyldar og hafa gengið í gegnum það sama. Við vitum að við erum að mörgu leyti um tíu árum á eftir í ýmissi þróun miðað við hin Norðurlöndin og hvers vegna ekki að læra af reynslu þeirra? Hún vitnaði til reynslu Norðmanna og að Svíar væru að taka upp svipað kerfi og hefði reynst Norðmönnum vel. Hvers vegna er ekki hægt að nýta sér í meira mæli þessa reynslu og þurfa ekki endilega að vera að gera einhverjar tilraunir á Íslandi með þetta? Ég vænti þess að fá svar við því.

Mér finnst líka mjög vert að benda á að samkvæmt skýrslunni frá Þjóðhagsstofnun hafa skuldir íslenskra heimila aukist um 14% á ári á meðan kaupmátturinn hefur aukist um 1% á ári síðustu 14 ár. Skuldirnar hafa aukist um 14% á ári en kaupmátturinn um 1% síðustu 14 árin. Og tölur frá síðasta ári benda til þess að skuldir heimilanna hafi enn aukist og nú séu þær sem sagt orðnar 14% hærri en ráðstöfunartekjur. Manni dettur nú í hug fjölskyldurnar 14 þegar verið er að ræða um allar þessar fjórtántölur hér.

Við stöndum frammi fyrir því að skuldir heimilanna eru orðnar jafngífurlegar og nefnt er í skýrslunni, 256 milljarðar kr. Ég spyr: Hvernig eiga heimilin að geta greitt sínar skuldir þegar skattbyrðin hefur verið færð af fyrirtækjunum yfir á einstaklingana í svo miklum mæli sem gert hefur verið á tímabili þessarar ríkisstjórnar? Hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon nefndi hér áðan að af þeim 18 milljörðum sem skuldirnir hefðu aukist núna væru líklega einir 6 milljarðar fólgnir beint í því að skattbyrðin hefði verið flutt af fyrirtækjum yfir á einstaklinga. Það getur látið nærri þar sem breytingin á aðstöðugjaldinu var metin á u.þ.b. 4 milljarða kr. Síðan hafa aðrar breytingar fylgt í kjölfarið.

Það hefur nokkuð verið nefnt að þær fjölskyldur sem hér sé aðallega um að ræða sé unga fólkið í dag. Það er unga fólkið sem fætt er á milli 1950 og 1960 og er í dag að koma undir sig fótunum og komið með fjölskyldu. Vissulega hefur margt af því fólk lent í

misgengi launa og lánskjaravísitölu og hefur átt fullt í fangi með að komast út úr þeim aðstæðum. Hins vegar hefur það sama fólk þó búið við hagstæðari námslán og það hefur einnig búið við það að hafa öruggt atvinnuástand þangað til síðustu ár. Það hefur getað lagt á sig mikla vinnu til að standa í skilum með sínar greiðslur. En unga fólkið í dag sem er að reyna að mennta sig fær kannski ekki einu sinni vinnu. Ef það fær vinnu þá leggur það á sig alla þá vinnu sem það getur en það fara 50% af tekjunum í skatta. Jafnframt er dregið úr möguleikum þess til námslána ef það vinnur sér inn meira en viðmiðunarlaunin eiga að vera samkvæmt reglum. Það getur því verið mjög erfitt um vik hjá því unga fólki sem í dag er bæði að mennta sig og ætlar að koma sér upp eigin húsnæði, hvort sem það gerir það með eigin húsnæði eða leigu þá er bara staðreyndin sú að kjör þessa unga fóks eru sífellt að versna.

Á sl. vetri var ég á ráðstefnu þar sem rætt var um það hvers vegna unga fólkið byggi svo lengi í heimahúsum á Íslandi. Það býr miklu lengur í heimahúsum hér, upp í hærri aldursflokka en gerist á hinum Norðurlöndunum. Það komu fram ýmsar skýringar á þessari ráðstefnu á því hvers vegna það væri. Það var nefnt að launin væru svo lág að fólk gæti ekki lifað af sínum launum á meðan það væri að koma sér upp einhverri framtíðaraðstöðu. Það var einnig nefnt að fólk væri lengur í námi, að foreldrar byggju rýmra en hefði verið áður fyrr og unga fólkið gæti því búið lengur í heimahúsi. Það voru einnig nefndar aðstæður einstæðra mæðra sem væru að reyna að búa sig undir framtíðina með því að fara í eitthvert nám. Þær hefðu ekki aðstöðu eða efni á því að búa í eigin húsnæði og halda sér uppi í námi. Þær neyddust til þess, þó þær hefðu verið farnar að heiman, að flytja aftur heim. Þessu er alveg öfugt farið á hinum Norðurlöndunum. Þar gerist það að fólk flytur úr heimahúsum í kringum tvítugt. Launin eru þar víða allt að helmingi hærri fyrir sambærileg störf en hér á landi. Ég þekki dæmi af ungum manni sem er með stúdentspróf og vinnur á leikskóla í Danmörku. Hann hefur 80–90 þús. kr. á mánuði. Hann hefur enga menntun nema stúdentsprófið. Hvað hafa lærðar fóstrur eða leikskólakennarar, eins og það heitir núna? Hvað hafa þær þegar þær fara út á vinnumarkaðinn og fara að vinna á leikskólunum? Í kringum 50 þús. kr., kannski 55 þús. kr., þær ná kannski skattleysismörkunum. En þarna hefur ófaglært starfsfólk allt að 90 þús. kr. á mánuði. Launastefnan á Íslandi á stóran þátt í því hvernig skuldir einstaklinga og heimila eru í dag og hver aðstaða ungs fólks er í dag.

Virðulegi forseti. Mér sýnist að tíma mínum sé að ljúka. Ég vildi aðeins segja að lokum að ég tel að ef ríkisstjórnin ætlar sér að sitja áfram þá verði hún að endurskoða skattlagningu einstaklinga, draga aftur úr henni og láta fyrirtækin greiða a.m.k. sambærilega skatta á við heimilin.

[12:57]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í máli hv. þm. að ég hefði sagt að ég teldi að það væri ekkert gagn að þeim úrræðum sem gripið hefði verið til og við ættum að horfa meira til Norðurlanda til að finna lausnir og var þá væntanlega verið að vísa í greiðsluaðlögun sem ég nefndi.

Auðvitað hefur það hjálpað og aðstoðað sem gripið hefur verið til á þessum vetri til að aðstoða það fólk sem hefur verið í greiðsluerfiðleikum. Ég held að það fari varla á milli mála að sú skuldbreyting sem gripið var til fyrir áramótin og veittar voru í 300 millj. kr. hafi aðstoðað fólk í greiðsluerfiðleikum. Eins það ákvæði í lögum um Húsnæðisstofnun, sem var samþykkt fyrir nokkru síðan, að fólk sem hefði búið við mikið atvinnuleysi eða langvarandi veikindi ætti kost á frestun á greiðslu lána úr Byggingarsjóði ríkisins. Eða sú lenging á lánstíma í almennum kaupleiguíbúðum sem var samþykkt hér á þinginu. Allt þetta hjálpar auðvitað fólki í greiðsluerfiðleikum og við vitum að þá má mjög mikið rekja til tekjufalls hjá fólki og atvinnuleysis. Ég held að það sé alveg ljóst. Ég held að það sé ekki í öllum tilvikum sem við ættum að vera að horfa til Norðurlandanna um úrræði. T.d. að því er varðar Danmörku þá hafa þeir ekki tekið upp greiðslumat hjá fólki og meta þeirra greiðslugetu heldur er horft til veðhæfni eigna og bankarnir eru að keppa hver við annan að meta hærra og hærri veðhæfni til að fá til sín viðskiptavini. Nú eru þeir að horfa til okkar og þess sem við höfum verið að grípa til, þ.e. að koma á greiðslumati til að meta greiðslugetu hjá fólki sem mér heyrist að menn tali um að þurfi að koma inn í bankastofnanir líka. Greiðsluaðlögun nær til mjög fárra og er aðeins gripið til í neyðarúrræðum. Hún á vissulega rétt á sér en hún bjargar ekki því sem við erum að tala um hér varðandi skuldastöðu heimilanna almennt.

[12:59]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég taldi að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til á Norðurlöndunum væru margar hverjar þannig — ég er ekki að segja að við þurfum að taka það allt nákvæmlega upp, okkar frændþjóðir geta sjálfsagt líka lært af okkur á einhvern hátt — að þar væri ýmislegt sem við gætum hagnýtt okkur þegar við ætlum að reyna að leysa eitthvað úr þessum málum. Ég tel einnig að það sem þessi skýrsla bendir okkur á sé að það vantar meiri fræðslu um fjármál því ég hygg að mjög margir hafi, ef maður getur orðað það svo, ekki fattað það þegar verðtryggingin var komin á. Þá voru menn mjög lengi að átta sig á því hvaða áhrif það hefði á skuldastöðu. Menn þekktu bara ekkert inn á það hvaða áhrif verðtrygging hefði. Og fræðsla um hana hefur ekki fylgt í kjölfarið á þessum breytingum. Menn eru kannski aðeins núna, 13 eða 14 árum síðar, að átta sig á þessu og það hefur verið of dýrt.

Ég held líka, eins og ég sagði áðan, að bankarnir þurfi að temja sér önnur vinnubrögð við að meta lánshæfni, að hún fari meira eftir greiðslugetu en endanlega eftir steinsteypuveði. Síðan tel ég að það þurfi að jafna launin í landinu meira og draga úr skattbyrði einstaklinga sem hefur aukist alveg gífurlega á tíma þessarar ríkisstjórnar.

[Fundarhlé. — [13:02]

[13:33]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Hér hafa verið nokkuð fróðlegar umræður um skýrslu um skuldastöðu heimilanna og er greinilegt að í skýrslunni er að finna nokkuð fróðlegar upplýsingar og umræðan hefur leitt af sér ýmsar gagnlegar upplýsingar og ábendingar í framhaldi af því.

Mig langar til að leggja orð í belg. Það er fyrst að árétta þá staðreynd, sem fram kom í skýrslunni og máli hæstv. félmrh., að lágtekjufólk borgar hærra hlutfall af sínum tekjum í vexti en fólk sem hefur hærri tekjur. Þetta er staðreynd sem hefur verið mönnum kunnug um nokkurt skeið, en engu að síður hafa ákvarðanir á þessu sviði ekki borið þess vitni að menn höguðu sér í samræmi við það að lágtekjufólkið borgar hæst hlutfall af sínum tekjum í vexti. Það er að segja að ef menn vilja fara í aðgerð sem bætir stöðu lágtekjufólks meira en stöðu annarra tekjuhópa, þá eiga menn að lækka vexti. Það er besta leiðin til að auka kaupmátt lágtekjufólks meira en kaupmátt þeirra sem hafa hærri tekjur. Þetta er staðreynd sem dregin er fram í skýrslum sem hæstv. félmrh. fór yfir og kom fram í máli ráðherrans. Engu að síður hafa menn hagað sér eins og þetta væri ekki staðreynd og eins og mönnum væri ekki kunnugt um þessa staðreynd, því miður, og þar má nefna nokkur dæmi til.

Þar má nefna vaxtahækkunina á lánum úr Byggingarsjóði ríkisins, úr 3,5% í 4,9%, og vaxtahækkunina á lánum Byggingarsjóðs verkamanna úr 1% í 2,4%. Þrátt fyrir vaxtabætur hafði þessi vaxtahækkun það í för með sér að hún hitti lágtekjufólk verst fyrir af þeirri einföldu ástæðu að útgjöldin hækkuðu hlutfallslega mest og það líður svo langur tími þar til menn að fá endurgreiðslur í formi vaxtabóta á þessum útgjöldum sem lágtekjufjölskyldurnar eiga að jafnaði ekki fyrir. Þetta er fyrsta atriðið. Það hefur verið gert nokkrum sinnum að grípa til þessa ráðs að hækka vexti, bæði á húsnæðislánum og hækka vexti á almennum markaði sem hefur haft það í för með sér að hitta verst fyrir þá sem lægstar hafa tekjurnar. Og ég hef ekki orðið var við það að hæstv. félmrh. tæki upp flaggið sérstaklega fyrir þetta fólk hvað þennan áherslupunkt varðar.

Ég hef haft uppi þær skoðanir í þessum málum að menn ættu ekki að vera að feta sig í húsnæðismálum á braut markaðsvaxtanna og búa svo til endurgreiðslukerfi í skattkerfinu til að bæta sumum upp útgjöldin. Ég hef verið tiltölulega andvígur þeirri leið, millifærsluleið af þessu tagi, m.a. vegna þess tímamunar sem er á útgjöldunum og endurgreiðslunum og hins að slíkt endurgreiðslukerfi verður alltaf ómarkvisst. Það fókuserar aldrei nákvæmlega á þá hópa sem það vill finna, enda eru millifærslukerfi af þessu tagi yfirleitt verri en beinar aðgerðir. En það er stefnumörkunarumræða sem í sjálfu sér er ekki á dagskrá. Menn eru búnir að taka hina ákvörðunina og breyta ekki um takt í þeim efnum á næstu árum. Ég held að það hljót að vera nokkur aðdragandi að stefnubreytingu í þeim efnum þannig að ég met það svo að það sé ekki á döfinni að feta sig hina fyrri slóð.

Hækkun vaxta hefur fleira í för með sér en útgjöld og það eru á henni ýmsar hliðar sem menn verða varir við með breytilegum hætti, m.a. í félagslega íbúðalánakerfinu. Ég vil nefna hér dæmi um áhrifin af því að hækka vexti í Byggingarsjóði verkamanna úr 1% í 2,4, hækkun sem við fyrsti sýn virðist ekki vera ýkja stór. Ég er hérna með greiðsluseðla frá einstaklingi sem á slíka íbúð. Annar er frá 1. febr. 1993 og er með 1% vöxtum, en hinn er frá 1. ágúst 1993, þ.e. sex mánuðum síðar og þá eru komnir 4,9% vextir, ég er með það dæmi hér. Það er vegna endurskoðunar á vaxtaákvörðunum vegna tekna eftir sex ára eignarhaldstíma á félagslegri íbúð og viðkomandi lenti í því að hann var kominn yfir tekjumörk. Þetta þýddi að greiðsla hans hækkaði úr 38 þús. kr. í 69 þús. kr. Hann var með öðrum orðum að borga 31 þús. kr. meira í vexti á þriggja mánaða fresti en áður. Með þessari ákvörðun var verið að hækka heimilisútgjöld hans um rúmlega 10 þús. kr. á mánuði bara í vexti — og fyrir hvern er það? Það er ekki fyrir þann sem á að borga og það er ekki fyrir ríkissjóð.

Önnur afleiðing af þessari breytingu er sú að menn greiða minna af lánum hverju sinni vegna þess að hér er um að ræða svokallað annúitets-lán en ekki jafngreiðslulán. Þannig lækkaði afborgunin úr 12 þús. kr. í hvert sinn í 5 þús. kr. Það þýðir að eignamyndunin verður miklu hægari í félagslega íbúðakerfinu við það að hækka vextina. Það gerist hvort tveggja að greiðslurnar hækka verulega mikið og að menn eru að eignast minna með hærri greiðslum en áður. Þegar þeir greiddu minna, þá voru þeir að eignast meira. Ég lét reikna út fyrir mig dæmi um þetta, dæmi um íbúð sem kostar 7 millj. með 10% útborgun, 700 þús., borið saman við 1% vexti og 2,4% vexti. Dæmið leiðir í ljós að eignamyndunin er neikvæð á 1% vöxtunum fyrstu sex árin þegar menn eru að borga, út af afskriftum. Það er 1½ afskriftir á ári og á meðan afborganaþáttur lánsins er ekki nógu mikill þá vegur afskriftaþátturinn hann út og fyrstu árin er um að ræða neikvæða eignamyndun. En eftir sex ár á eigandinn 10% aftur í íbúðinni og upp úr því eignast hann meira á hverju ári sem hann á íbúðina þar til hann hefur eignast hana að fullu.

Breytist vextirnir í 2,4% þá er skurðpunkturinn á þessari eignamyndun ekki eftir sex ár heldur eftir 20 ár. Það þýðir að viðkomandi er að borga hærri vexti í 20 ár áður en hann á jafnmikið í íbúðinni og þegar hann byrjaði. Eftir 20 ár á hann 10% í íbúðinni eins og þegar hann byrjaði. Það er neikvæð eignamyndun í 20 ár af 43. (Gripið fram í.) Það er vegna þess að svo stór hluti af greiðslunni fer í vexti og svo lítill hluti í afborgun og ef vaxtaþátturinn er hækkaður þá verður að

minnka afborgunina. Þannig að ein afleiðingin af því að hækka vextina í félagslega íbúðalánakerfinu er sú að menn eru að minnka eignamyndina í þessu kerfi og með þessum vöxtum, þó að þeir séu ekki nema 2,4%, þá er eignamyndunin orðin afar hæg. Og þegar vextirnir eru komnir upp í 4,9%, eins og getur líka orðið, þá er þetta orðið þannig að það er nánast engin eiginfjármyndun í þessu lánakerfi áratugum saman.

Í þessari stöðu hef ég verið þeirrar skoðunar að í stað þess að hækka vextina til að ná inn meiri tekjum fyrir byggingarsjóðina ættu menn að stytta lánstímann. Það mundi þýða að með jafnmiklum greiðslum á 20 ára tímabili væru menn búnir að borga íbúðina upp í stað þess að skulda þá enn 90% í henni eins og það er í dag. Þegar vextirnir eru komnir í 2,4% eru menn í 20 ár með neikvæða eiginfjármyndun miðað við það að byrja með 10%. Ég tel það mikið farsælla fyrir fjárhag heimilanna að taka meira fjárstreymi fyrir byggingarsjóðina í gegnum styttri lánstíma, tengja saman tekjur og lánstíma og hækka þá greiðslurnar þannig að það sem menn eru að borga séu afborganir af höfuðstól í stað þess að láta fólkið borga vexti. Það væri miklu farsælla að mínu mati.

Það sem er einnig athyglisvert í þessu og mér finnst að menn hafi gert rangt er hvernig menn fóru með fólkið í húsbréfakerfinu. Það er alveg ljóst að það þurfti að endurfjármagna íbúðamarkaðinn þar sem lánin höfðu brunnið upp í verðbólgunni áður en verðtryggingin var tekin upp þannig að það kemur engum á óvart þó að menn séu með mikla ráðstöfun á peningum í íbúðalánakerfið á þessum árum sem skýrslan nær til af því að það var orðið svo lítið af skuldum á íbúðarhúsnæðinu. En þegar menn skiptu úr 86-kerfinu yfir í húsbréfakerfið, yfir í markaðsvextina, þá settu menn vextina fasta og létu síðan fólkið taka markaðsvextina út á afföllum. Og miðað við útlánin í dag má ætla að það sem hefur farið í afföll sé á bilinu 5–6 þús. millj. kr. Þá sjá menn að það er um miklar fjárhæðir að ræða fyrir fjölskyldurnar í landinu sem hefur mikil áhrif á fjárhagsstöðu heimilanna. Þessi afföll eru hvergi reiknanleg inn í vaxtabætur. Þeim er haldið fyrir utan endurgreiðslukerfi skattsins sem menn komu sér upp til þess að bæta mönnum úr ríkissjóði það sem menn urðu ásáttir um að vextir væru hærri umfram það sem eðlilegt mætti teljast.

Það hefur haft mikil áhrif að halda afföllunum utan við bótakerfið í þessu tilliti og frægustu dæmin hafa verið nefnd sem urðu til á fyrri hluta árs 1991 þegar afföllin fóru upp í 25%, upp í fjórðung. Þegar menn lentu í því að skrifa undir það að þeir skulduðu 4 millj. kr. en fengu 3 millj., mismunurinn heitir afföll. Það er ekkert annað en vextir því að afföllin voru mismunurinn á vöxtunum sem skráð voru á skuldabréfin og markaðsvöxtunum. Hvers vegna í ósköpunum var þessi hluti vaxtanna ekki endurgreiðsluhæfur í vaxtabótakerfinu, hæstv. forseti? Ég hef ekki heyrt hæstv. félmrh. svara því hvers vegna þessi þáttur vaxtanna var ekki endurgreiðsluhæfur eins og hinn hluti vaxtanna. Hvers áttu þeir að gjalda sem voru að fá lán, m.a. greiðsluerfiðleikalán, með 25% afföllum umfram hina sem voru að taka nýbyggingarlán?

Virðulegi forseti. Tíma mínum er lokið fyrr en ég hugði. Ég hef nefnt nokkur atriði í útfærslu á þessu lánakerfi sem hefur að mínu viti haft slæm áhrif á fjárhag heimilanna og menn hefðu getað gert betur en reyndin varð.

[13:49]

Finnur Ingólfsson:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hér liggur fyrir frá hæstv. félmrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, um skuldastöðu heimilanna er að vissu leyti þungur dómur yfir ríkisstjórnum undangenginna ára og þá sama hverjir koma að, en hún er ekki síst þungur dómur yfir störfum þessarar ríkisstjórnar á síðustu árum og þá um leið störfum hæstv. félmrh.

Það má endalaust deila um það hvaða ástæður liggja að baki því hvernig sú staða sem heimilin nú eru komin í hefur orðið til. Ég vil þó skýra það út frá tveimur meginástæðum. Í fyrsta lagi er það húsnæðiskerfi sem hér hefur verið hringlað í á undanförnum árum sem veldur þar miklu um og í öðru lagi er það hið almenna efnahagsástand sem er í þjóðfélaginu.

Hæstv. félmrh. sagði það áðan við þessa umræðu að það vildi enginn kalla yfir sig biðraðakerfið frá árinu 1986 sem núv. hæstv. félmrh. státar svo af að hafa lagt af. Mér finnst það vera heldur skárra ef ég ætti að svara einvörðungu fyrir sjálfan mig og lít þá til annarra sem hugsanlega gætu verið í svipaðri stöðu. Mér þætti heldur skárra að búa við það að þurfa vera í biðröð til að bíða eftir því að geta fengið lán með þokkalegum kjörum, löngum greiðslufresti, lágum vöxtum til þess að koma þaki yfir höfuðið, heldur en að vera í þeim biðröðum sem fjöldi fólks er í í dag hjá fógeta þar sem verið er að bíða eftir því að fólk sé tekið til gjaldþrotaskipta. Hin biðröðin er miklu betri, biðröðin sem menn biðu í árið 1986, en ekki sú biðröð sem hæstv. félmrh. hefur nú og á hlut í því að hafi myndast hjá fógeta, gjaldþrotin þar sem búið er að blekkja stóran hluta fólks til að fara inn í húsnæðislánakerfið, húsbréfakerfið, með miklum afföllum og háum vöxtum. Þetta er auðvitað ein megin- og langstærsta ástæðan fyrir því hvernig komið er fyrir ungu fólki í dag.

Hitt er svo aftur annað mál að á sama tíma og hæstv. félmrh. hreykir sér af því að þetta kerfi sé svo óskaplega gott, gjaldþrotakerfið sem tók við eftir kerfið 1986, húsbréfakerfið, hefur hæstv. félmrh. með aðgerðum sínum á Alþingi greitt fyrir því að vextir væru hækkaðir í þessu kerfi, vaxtabætur til fólks sem er í miklum erfiðleikum væru lækkaðar og barnabætur til þessa fólks sem er líka í mestu erfiðleikunum hafa verið lækkaðar stórkostlega í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þegar þetta fer allt saman saman, háir vextir, lækkandi vaxtabætur, lækkandi barnabætur, þá er auðvitað auðséð og þarf enga spámenn til, það þarf enga skýrslu um það til að meta hvernig komið er fyrir utan það að það efnahagsástand sem hér hefur myndast frá árinu 1991 þegar þessi ríkisstjórn tók við. Þegar þetta allt saman leggst saman þá blasa þær staðreyndir við sem koma fram í þessari skýrslu.

Þó svo að sá sem hér stendur sé einn af skýrslu-

beiðendum þá er það nú svo að það hefði sennilega átt að fara örlítið lengra aftur en aftur til ársins 1980 og fá upplýsingar sem eru auðvitað sérrannsóknarefni og meta og skoða hvernig ástandið er annars vegar hjá kynslóðinni sem hefur þurft að vera að fjárfesta, mennta sig og koma upp börnum eftir árið 1980 og svo þeirri kynslóð sem lifði hér fyrir árið 1980 og kom sér þá þaki yfir höfuðið, var í námi og var að koma upp börnum. Þarna eru auðvitað algjör kynslóðaskipti. Þeir sem hafa þurft að standa í lífsbaráttunni, þessari hörðu lífsbaráttu, eftir 1980 þurfa nú að greiða námslánin sín að fullu, þurfa að greiða hærri vexti af húsnæðislánunum og bankalánunum og verðtrygginguna. Þetta fólk hefur líka orðið fyrir kjaraskerðingunni með lækkun vaxtabótanna, lækkun barnabótanna. Hins vegar þeir sem stóðu í þessari hörðu lífsbaráttu, sem alls ekki var hörð þá að mínu viti, fyrir árið 1980, þeir eiga skuldlausar eignir í dag. Þeir eru að greiða nokkur hundruð krónur á ári af námslánunum sínum. Þeir eru að greiða nokkur hundruð krónur á ári af húsnæðislánunum sínum. Og þegar þetta er borið saman og skoðað þá hljóta allir að sjá að þarna er um algjör kynslóðaskipti að ræða. En það hafa orðið umskipti, algjör umskipti í íslensku samfélagi á síðustu þremur árum. Um mitt ár 1991 gerist það að kynslóðin sem er fædd eftir 1940 upplifir alveg nýjar aðstæður í samfélaginu. Það er atvinnuleysið. Það er atvinnuleysið og kjaraskerðingin sem þessi ríkisstjórn hefur leitt yfir þjóðina. Því miður er það svo að um leið hafa verið lagðar á þennan hóp, sem er að upplifa atvinnuleysið og kjaraskerðinguna, auknar álögur í heilbrigðisþjónustunni, auknar álögur á ýmiss konar félagslegri þjónustu. Allt sem menn þurfa að leita með til ríkisins og áður var einstaklingunum að kostnaðarlausu þurfa menn nú að greiða fyrir.

Ég held það hljóti að vera að hæstv. félmrh. þekki margar sögur af þessum hlutum hér úr Reykjavíkurkjördæmi þar sem hæstv. félmrh. er þingmaður þessa kjördæmis. Það er því miður svo að hér í borginni er fullt af fólki sem ekki hefur efni á því að bjóða börnunum sínum upp á sömu aðstöðu t.d. til íþróttaiðkana og almenningur hefur. Það er hér fullt af fólki sem ekki hefur peninga til að kaupa skólavörur handa börnunum sínum. Það er hér fullt af fólki í borginni sem ekki hefur efni á því að kaupa sér mat og þannig hefur efnahagsstefna þessarar ríkisstjórnar sem fór af stað um mitt ár 1991 leitt þær skelfingar yfir þessa þjóð. Það er því ekkert skrýtið þó að þetta fólk spyrji: Hvar eru skattalækkanirnar sem Sjálfstfl. lofaði þjóðinni fyrir kosningarnar 1991? Hvar er 35% skattahlutfallið sem Sjálfstfl. lofaði Reykvíkingum og landsmönnum öllum fyrir kosningarnar 1991 sem hefði sparað almenningi í landinu 9.150 millj. kr.? Þá var skattprósentan 39,79% en hver er hún í dag? Hún er tæp 42%. Með hækkun beinna skatta, með hækkun óbeinna skatta, með hækkun á þjónustu heilbrigðisþjónustunnar, með hækkun og álögum á almenning í menntakerfinu, hafa skattálögur á einstaklinga sennilega hækkað á þessum tíma um 12.000 millj. kr.

En þetta fólk spyr líka hæstv. félmrh.: Hvar eru 80 þús. kr. skattleysismörkin sem Alþfl. lofaði fólkinu fyrir alþingiskosningarnar 1991? Ég spyr hæstv. félmrh.: Hvar eru þessi 80 þús. kr. skattleysismörk sem hæstv. félmrh. ásamt öðrum alþýðuflokksmönnum lofaði fólkinu í landinu fyrir kosningarnar 1991? Staðreyndin er sú að svo er búið að breyta þessu skattkerfi á undanförnum árum að nú er á hinn vinnandi mann, almenning í landinu, orðinn jaðarskattur upp á 70% fyrir þá sem þó hafa vinnu og hafa möguleika á því að afla sér viðbótartekna með yfirvinnu þá þurfa þeir einstaklingar af hverjum 100 kr. sem þeir vinna sér inn til viðbótar að byrja á því að skila 70 kr. til hæstv. fjmrh., Friðriks Sophussonar. 70% jaðarskattur hjá hæstv. fjmrh., þeim manni sem fyrir alþingiskosningarnar 1991 lofaði að skattprósenta í tekjuskatti einstaklinganna yrði komin niður í 35%. En ég þykist viss um að hæstv. félmrh. komi í ræðustólinn á eftir og lýsi því hversu ytri aðstæður eru alveg skelfilega erfiðar og hvað þessi ríkisstjórn hefur gert fyrir þjóðina að geta siglt þjóðarskútunni í gegnum þessa miklu erfiðleika. Staðreyndin er hins vegar sú, hæstv. félmrh., að ytri aðstæður í samfélaginu eru betri nú en oft áður. Það þori ég að fullyrða, hæstv. félmrh.

Þorskaflinn er meiri að verðmætum nú en hann var 1983. Þá veiddu menn ekkert einasta tonn af loðnu. Nú veiða menn milljón tonn af loðnu. Þá voru menn ekki farnir að veiða rækju. Nú veiða menn tugi þúsunda tonna af rækju og þannig mætti lengi halda áfram í þessum samanburði. Staðreyndin er hins vegar sú að sá vandi sem menn standa frammi fyrir nú er heimatilbúinn vandi. Það er vandi sem þessi ríkisstjórn bjó til um mitt ár 1991 og það eru þær aðgerðir sem hafa skapað, hæstv. félmrh., það ástand sem hér er lýst í þessari skýrslu um skuldastöðu heimilanna að langstærstum hluta til. Menn byrjuðu á því að hækka vextina um mitt ár. Menn skáru niður opinberar framkvæmdir. Það varð samdráttur í samfélaginu. Menn hækkuðu opinberu gjöldin á atvinnulífið. Það leiddi til taps á fyrirtækin. Menn hafa hins vegar leiðrétt það örlítið á undanförnum mánuðum og árum þar sem menn hafa aftur lækkað gjöldin á atvinnulífið. Örlítið. En menn byrjuðu á því að hækka álögurnar á atvinnulífið sem varð til þess að fyrirtækin fóru að tapa. Skattar hafa verið hækkaðir, álögur í opinberri þjónustu hafa verið hækkaðar og þetta hefur leitt til þess að við erum komin inn í ákveðinn vítahring sem lýsir sér í stórum dráttum þannig að fyrirtækin tapa. Það er engin ný fjárfesting. Atvinnutækifærum fækkar. Fólki er sagt upp. Atvinnuleysið tekur við. Kjaraskerðing fyrir þá sem þó hafa atvinnu. Kjaraskerðingin leiðir til þess að samdráttur verður í ríkisbúskapnum í tekjum ríkisins. Það myndar halla á fjárlögum um leið og atvinnuleysisbæturnar auka útgjöldin. Menn fara þá leið að hækka skattana til þess að loka fjárlagagatinu. Skattahækkunin leiðir til kjaraskerðingar sem aftur leiðir til minni tekna ríkissjóðs. Þannig erum við föst inni í þessum vítahring sem þessi ríkisstjórn er ófær um að koma okkur út úr. Til þess að við komumst út úr þessum vítahring þarf að gjörbreyta um stefnu. Hér þarf að skapa ný atvinnutækifæri. Hér þarf í raun og veru að

koma hjólum atvinnulífsins af stað.

Því miður er tíma mínum við þessa umræðu að ljúka en ég kem kannski inn í hana aftur því ég hef rétt á að tala tvisvar og ætla þá að nota seinni hluta ræðutíma míns í það að gera grein fyrir því hvernig við framsóknarmenn viljum komast út úr þeim vítahring sem þessi ríkisstjórn er búin að koma okkur inn í og er allsendis ófær um að koma okkur út úr.

[14:04]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hv. þm. lýsti því yfir að hann vildi frekar hafa gamla biðraðakerfið en húsbréfkerfið og sagði að þar væru betri kjör og lægri vextir. Ég hygg að hv. þm. sé búinn að gleyma svörtu skýrslunni frá Ríkisendurskoðun um 86-kerfið. Hvað sagði sú skýrsla? Hún sagði að kerfið stefndi í gjaldþrot og það þyrfti tvennt að koma til. Annaðhvort að hækka verulega ríkisframlagið sem var ærið fyrir eða hækka verulega vexti í því kerfi. Það er nú raunveruleikinn, virðulegi þingmaður. Það er alveg ljóst að þegar hv. þm. talar um afföll þá voru afföll í því kerfi líka. Fólk þurfti ekki bara að bíða í 3–4 ár heldur þurfti að bíða í 18 mánuði loksins þegar það kom að því í því kerfi vegna þess að lánin voru afgreitt í þremur hlutum. Og hvað þurfti að gera á þeim tíma? Taka skammtímalán eftir skammtímalán með háum vöxtum, 8–9% vöxtum. Oft lenti það með lánin á borði lögfræðinga með ærnum tilkostnaði. Ég held að það sé enginn nema hv. þm. og kannski einhverjir framsóknarmenn sem vilja taka upp það gamla kerfi.

Ég vil segja það þegar verið er að tala um skuldaaukningu heimilanna að mér finnst að framsóknarmenn eigi ekki að hafa hátt í því efni. Það varð veruleg skuldaaukning hér á tímum góðæris, 1985–1986, veruleg skuldaaukning. Jafnvel þó að ráðstöfunartekjur heimila ykjust um 40%. Hv. þm. veit það og hans flokkur hefur verið í ríkisstjórn á tíma þeirra efnahagsþrenginga sem við höfum búið við sl. sjö ár og þá jukust líka skuldir heimilanna verulega.

[14:06]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er rétt hjá hæstv. félmrh., ég sagði það og fullyrði að ég held að það sé miklu betra fyrir fólkið, einstaklingana, að þurfa að vera í biðröð eftir því að komast inn í húsnæðislánakerfið til að geta tekið þar lán heldur en að þurfa að vera í biðröðunum hjá fógetanum til að bíða eftir gjaldþrotaúrskurðinum. Ég er sannfærður um það ef hæstv. félmrh. fengi að velja þar á milli þá veldi hann fyrri leiðina heldur.

Það er rétt að það kom svört skýrsla um kerfið frá 1986 og eins og hæstv. félmrh. orðaði það þá hefði það verið lýst gjaldþrota. Það kann vel að vera rétt, hins vegar er staðreyndin bara sú að nú er það út af húsbréfakerfinu að fólkið er gjaldþrota. Kerfið var áður gjaldþrota og ef það er svo að hæstv. félmrh. þykir vænna um kerfið en fólkið þar sem kerfið var áður gjaldþrota en nú er það fólkið, þá er það bara svo, hæstv. félmrh., að okkur skilur að í þeim efnum. Mér þykir miklu vænna um það að kerfið hefði orðið gjaldþrota heldur en að fólkið væri gjaldþrota. En ég túlkaði ekki annað úr orðum hæstv. félmrh. en svo að það sé skelfilegt ef kerfið verður gjaldþrota en það sé skömminni skárra ef það er fólkið.

[14:07]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að ef hv. þm. talaði hér af einhverri sanngirni þá ætti hann að láta það koma fram að það er stöðugleiki ríkjandi varðandi húsbréfakerfið. Hver eru afföllin? Undir 5%. Vextir í húsbréfakerfinu 5%. Afföllin voru mikil á sínum tíma en af hverju var það? Vegna þess að við þurftum að grípa til greiðsluerfiðleikalána út af 86-kerfinu og við vorum með tvö kerfi í gangi vegna þess að framsóknarmenn vildu halda í þetta gamla 86-kerfi. Það er staðreyndin sem við stöndum frammi fyrir.

Þegar við gátum losað okkur einmitt út úr þessu 86-kerfi, losað okkur við þau ríkisframlög sem því fylgdu, þá gátum við einmitt skapað svigrúm til þess að byggja upp félagslega íbúðakerfið. Ég held að hv. þm. ætti að muna það. Nei, ég held að það vilji enginn taka upp þetta galna kerfi sem við bjuggum við sem stefndi ekki í neitt annað en gjaldþrot samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar.

[14:08]

Finnur Ingólfsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það þarf í sjálfu sér ekki mikinn hagspeking til þess að reikna út hvort hagstæðara sé fyrir fólkið í landinu að búa við húsnæðiskerfi þar sem greiðslutíminn er 25 ár eða þar sem hann er 42 ár og kerfi þar sem menn geta búið við 4,9% vexti eða margir einstaklingar sem þurfa að búa við 6–7% vexti. Ef hæstv. félmrh. sest nú niður þó það sé ekki nema bara við handtölvuna sína við borðið þar sem hann situr og reiknar út og fær út hver greiðslubyrðin er í þessum mismunandi kerfið þá hlýtur hæstv. félmrh. að sjá að greiðslubyrðin er minni í 86-kerfinu en gjaldþrotahúsbréfakerfinu sem einstaklingarnir búa núna við.

Afföllin eru lítil, segir hæstv. félmrh. Það kann vel að vera rétt, þau eru lítil um þessar mundir. En það væri fróðlegt fyrir hæstv. félmrh. að láta reikna það út og það dálítið nákvæmlega hvað það fólk, sem þurfti að taka á sig 15–20% afföll hér áður í húsbréfakerfinu, hefur í raun og veru tapað og hvaða vextir það eru í raun og veru, raunvextir, sem þetta fólk er að greiða. Ríkisframlagið segir hæstv. félmrh. að sé ekki lengur til staðar í núverandi kerfi. Staðreyndin er hins vegar sú að með sífelldri fjölgun einstaklinga sem verða gjaldþrota, sem eru að missa eignir sínar í þessu húsbréfakerfi, munu þessar eignir flestar þegar upp er staðið því miður lenda í ríkiseign og þar kemur ríkisframlagið fram þegar ríkið þarf að fara að selja þetta íbúðarhúsnæði á langt undir markaðsverði.

[14:10]

Guðni Ágústsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég stenst ekki mátið að gera athugasemd þegar flótti er brostinn í ríkisstjórnarliðið og hér situr einungis eftir hæstv. félmrh. sem að vísu fer með málefni heimilanna en það er ekki við hæstv.

félmrh. einan að tala. Hér var hæstv. fjmrh. í morgun. Nú er sætið autt og hann horfinn á braut. Við hljótum að gera kröfur til þess að einhver af ráðherrum Sjálfstfl. sem bera höfuðábyrgð á því hvernig málefni heimilanna hafa þróast, þeir bera ábyrgð á skattastefnunni sem hér hefur verið rekin, þeir bera höfuðábyrgð á þessari ríkisstjórn, þeir hljóta að verða að vera hér viðstaddir — og gleður mig nú að sjá hæstv. forsrh. hér nálægan og vænti ég þess að hann fylgist með þessari umræðu og kalli sína menn til því hér fer fram einhver mikilvægasta umræða dagsins. Ég hef ekki í þessari umræðu heyrt neinar tillögur frá ríkisstjórninni um hvernig hún ætlar að bregðast við þessari svörtu skýrslu. Hæstv. forseti, það er krafa mín að einhverjir hæstv. ráðherrar Sjálfstfl. verði hér við. Það má auðvitað segja að hæstv. utanrrh. beri þyngri ábyrgð heldur en hæstv. félmrh., á því hvernig staðan er orðin í þessu þjóðfélagi. Hann var sá sem í Viðey var forðum og töskuna bar með hæstv. forsrh.

[14:12]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Satt að segja er það alveg rétt sem hv. síðasti ræðumaður sagði að það er auðvitað ástæða til þess að nota þessa umræðu til að fara örlítið almennt yfir stöðuna og þróunina í efnahagsmálum eins og hún hefur verið að undanförnu. Og af því að ég sé þarna út undan mér hæstv. efnahagsmálaráðherra þá langar mig til að vekja athygli á þeim veruleika að aðalástæðan fyrir því að skuldaaukningin er ekki jafnhröð síðustu missirin og verið hafði er minnkandi verðbólga. Það er auðvitað alveg augljóst mál að það að minnka verðbólguna er sérstök aðgerð til að draga úr því að skuldirnar þenjist út eins og þær gerðu um langt skeið meðan verðbólgan var sem mest. Nú vildi ég þess vegna spyrja hæstv. ráðherra að því hvort þeir hefðu ekki áhyggjur af þeim skýjabólstrum sem eru á lofti í efnahagsmálum einmitt um þessar mundir. Það vill svo til að ég greip hér með mér aprílhefti Hagtalna mánaðarins, það sem nýjast er komið út. Þar kemur fram að hækkunin á vísitölu byggingarkostnaðar á síðustu 12 mánuðum er 2%. Á vísitölu framfærslukostnaðar 3,3%, vísitala neysluvöruverðs er 4,2% á seinustu 12 mánuðum. En athugum aðrar vísbendingar sem eru þróun peningamagns á síðustu 12 mánuðum, það er mjög fróðlegt líka. Þar kemur það fram að á sama tíma og verðlagið hefur hækkað um 2% þá hefur peningamagn og sparifé aukist um 9,8%. Peningamagn almennt hefur hins vegar aukist á 12 mánaða bili um 24%. Hafa menn veitt þessum tölum athygli? Hafa menn engar áhyggjur af því að á sama tíma og verðlagið hefur verið að hreyfast um 2–3% hefur peningaþenslan í landinu vaxið um nálægt 24%? Og það er alveg augljóst mál að ef ekkert verður að gert núna á næstu mánuðum annað þá getur þetta haft í för með sér stórkostlega vaxandi verðbólgu á nýjan leik. Ég vil spyrja hæstv. forsrh. hvort hann hafi ekki áhyggjur af því að verðbólgan muni fara vaxandi á nýjan leik nema gripið verði til einhverra sérstakra ráðstafana til þess að draga úr hugsanlegri aukningu verðbólgunnar. Reynslan er sú á undanförnum árum að þegar peningaþenslan er farin af stað þá skilar hún sér venjulega í verðbólguhreyfingu eftir hálft ár eða svo frá því að hún sem slík hefst. Þess vegna eru þessar nýju tölur úr Hagtölum mánaðarins, aprílhefti 1994, ákaflega umhugsunarverðar vegna þess að þær sýna að það getur verið hætta á því að skuldirnar fari að aukast aftur. Fari að aukast aftur frá því sem þær hafa þróast núna á undanförnum missirum. Þannig að það sé í raun og veru hæpið að hreykja sér af því eins og hæstv. félmrh. gerir og segir: Við höfum stoppað aukninguna. Og hæstv. fjmrh. sagði í morgun: Við höfum stoppað aukninguna. Staðreyndin er sú að það bendir margt til þess að aukning skuldanna geti aftur farið á verulegan skrið núna á næstu missirum ef þessar peningamagnstölur sem hér eru að koma fram í Hagtölum mánaðarins eru réttar.

Virðulegi forseti. Í þessari umræðu er líka fróðlegt að velta því fyrir sér hvað hefur verið að gerast og hvaða eigindarbreytingar, hvaða innihaldsbreytingar eru að verða á íslenska þjóðfélaginu núna um þessar mundir. Hverjar eru þær, hvað hefur gerst? Hvað var sérstakt t.d. við Ísland fyrir 20 árum miðað við hin Norðurlöndin og í samanburði við það sem er í dag? Það sem var sérstakt við Ísland á þeim tíma var fyrst og fremst það að þá bjó meiri hluti fólks í eigin húsnæði og Sjálfstfl., ég man eftir því, var mjög stoltur af því og það voru fluttar um það langar ræður að flestir Íslendingar byggju í eigin húsnæði. Veruleikinn í dag er hins vegar sá að þessi grundvöllur í þjóðfélaginu, að mörgu leyti hugmyndalegi grundvöllur þessarar stefnu sem Sjálfstfl. vildi hafa, er hruninn. Þar sem eignin er dreifð á fjölda manna, m.a. hina almennu launamenn sem Sjálfstfl. út af fyrir sig gat verið stoltur af. Hvað er það sem hefur breyst á þessum tíma ef við horfum yfir 20 ára tímabil? Það er auðvitað í fyrsta lagi að það var tekin upp verðtrygging allra fjárskuldbindinga með lánskjaravísitölu árið 1979 eftir gífurlegan þrýsting, aðallega frá Alþfl., sem hafði það í för með sér að skuldir margfölduðust frá því sem ella hefði verið. Þær eru tengdar lánskjaravísitölu og í lánskjaravísitölunni felst ekki aðeins trygging heldur líka oftrygging á öllum fjárskuldbindingum sem menn eru með. Í öðru lagi hefur það gerst að 1983 voru launin tekin út vísitölusambandi en lánin undu upp á sig með vísitöluhækkunum áfram. Það urðu til misgengishópar sem eru bersýnilega að eiga við veruleg vandamál í sínum húsnæðislánum enn þann dag í dag. Í þriðja lagi hefur það gerst að í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar sumarið 1984 voru vextir gefnir frjálsir. Það er alveg ljóst að þetta hefur haft áhrif. Og í fjórða lagi hefur það gerst að eftir 1987, m.a. í tíð þeirrar ríkisstjórnar sem ég átti sæti í og síðan þá hafa menn verið að hringla fram og aftur með þessi húsnæðiskerfi án þess í raun og veru að móta neina framtíðarstefnu. Og ég tel að þetta húsbréfafár sem gengið hefur yfir, sem hefur auðvitað vissa kosti af því að það þurfti að endurfjármagna húsnæðismarkaðinn í landinu þá er það alveg ljóst að húsbréfin hafa vakið vonir hjá fólki sem hafa ekki ræst.

Hæstv. forseti. Tökum dæmi af manni sem fór í

svokallað greiðslumat árið 1990. Segjum að þessi maður hafi þá fengið þá niðurstöðu að hann mætti taka svo og svo hátt lán miðað við þá vinnu og þær tekjur sem hann hafði á þeim tíma. Hvað hefur gerst síðan? Kaupmáttur launa hans hefur lækkað. Yfirtíðin sem hann hafði í vinnunni hefur minnkað. Yfirborganirnar eru svo að segja horfnar og sumir af þessum einstaklingum sem þá fengu allhátt greiðslumat hafa lent í atvinnuleysi. Ég er sannfærður um það, hæstv. forseti, að allar þessar fjórar eða fimm ástæður hafa valdið því að núna er staðan þannig að Húsnæðisstofnun ríkisins á í dag, 10. maí 1994, 129 íbúðir allt í kringum landið. Þetta eru nauðungaruppboðsíbúðir, gjaldþrotaíbúðir af margvíslegum toga, sem þessi stofnun á. Sambærileg tala fyrir svona tveimur til þremur árum var kannski þriðjungur af þessari tölu. Hvað segir þetta okkur? Það segir okkur að þetta kerfi sem menn eru með í dag er þannig að það svarar ekki uppi þeim vanda sem við er að glíma í efnahagsmálum heimilanna því að í sjötta lagi hefur það svo gert að vaxtabætur hafa verið lækkaðar, að barnabætur hafa verið lækkaðar, að skattar hafa verið hækkaðir á þessu sama fólki sem stritar myrkranna á milli fyrir þessum húsnæðisbréfa- og húsnæðislánum öllum. Niðurstaðan af þessu öllu er sú að eiginhúsnæðisstefnan sem Sjálfstfl. hældi sér af um áratuga skeið er hrunin. Hinn dreifði eignagrunnur sem var í raun og veru um leið hugmyndalegur grundvöllur Sjálfstfl. er úr sögunni. Það er sá veruleiki sem blasir við. Fátæktin hefur tekið við stjórninni. Ég tók eftir því í morgun að hæstv. félmrh. og hv. 3. þm. Reykv. hældust um yfir því að það væri ekki lengur skammtað lánsfé eins og var. Það er sennilega alveg rétt, það er ekki lengur skammtað lánsfé. Það er fínt, það er mjög gott. Vandinn er hins vegar sá að biðraðirnar eru annars staðar, biðraðirnar eru hjá fógetunum, sýslumannsembættunum. Það er fátæktin sem hefur sest í sæti skömmtunarstjórans á ekki aðeins litlu broti íslenskra heimila heldur verulegum fjölda íslenskra heimila, m.a. þeirra sem hafa talsverða vinnu og dálitlar tekjur. Fólk ræður ekki við þessa skuldabyrði, það er veruleikinn. Enda sjáum við þetta, hæstv. forseti, af tölum um nýbyggingar. Fyrir fáeinum árum var það svo að menn voru að byrja á þetta svona 2.000 íbúðum á ári á Íslandi, nú er verið að tala um að menn séu að byrja á u.þ.b. 1.000 íbúðum á ári. Fyrir fáum árum var það þannig að þegar menn byrjuðu á 2.000 íbúðum á ári þá voru kannski 1.500 íbúðir af þessum íbúðum eigin íbúðir. Venjulegar einkaeignaríbúðir en nú eru menn að tala um að þær séu helmingurinn af þeirri tölu sem var fyrir fáeinum árum. Þannig hefur eiginhúsnæðiskerfið í raun og veru gjörsamlega hrunið. Og það er auðvitað hrikalegur hlutur að horfa á þetta gerast vegna þess að því fylgir yfirleitt stórfelldur mannlegur harmleikur.

Af þessum ástæðum er það, hæstv. forseti, sem við höfum sagt alþýðubandalagsmenn, m.a. í okkar landsfundarsamþykkt: Það verður að horfast í augu við þennan veruleika eins og hann er. Það verður að fara í mjög víðtækt skuldbreytingarátak fyrir það fólk sem hér er um að ræða, það verður að grípa til ráðstafana sem losa eitthvað af þessu fólki, það sem það vill, út úr skuldafangelsunum. Það verður jafnframt að grípa til ráðstafana til að byggja leiguhúsnæði, leiguíbúðir í verulegum mæli í samvinnu ríkisins, sveitarfélaganna og lífeyrissjóðanna. Það er eina leiðin í raun og veru til að vinna sig út úr þessum vanda. Vegna þess að stefna Sjálfstfl. í peningamálum, í efnahagsmálum, er búin að eyðileggja einkaeignarhúsnæðið sem var grundvöllurinn að stefnu Sjálfstfl. svo að segja á öllum sviðum fyrir örfáum árum.

Ég held, hæstv. forseti, að það sé nauðsynlegt að átta sig á því líka að þrengingarnar gagnvart þessu fólki sem hér er um að ræða eru ekki að fullu gengnar yfir. Gjaldþrotabiðraðirnar eru enn þá langar. Og ég er sannfærður um að sá fjöldi fólks sem lét meta sig inn í húsbréfakerfið í upphafi þess hefur verið að kvelja sig allt fram undir það síðasta við að borga af þessu kerfi en er núna um þessar mundir að gefast upp. Þeir þingmenn sem þekkja eitthvað til meðal þessa fólks, sem er yfirleitt á aldrinum 25–50 ára eða svo og hefur tekið þessi lán, átta sig á því hvað hér er að gerast. Ég er sannfærður um það núna að á allra næstu vikum, mánuðum og tveimur missirum eða svo, mun þessu fólki, gjaldþrotabeiðnum út af þessum einstaklingum og þessum húsbréfalánum og út af þessu vitlausa greiðslumati, fara stórkostlega fjölgandi. Auðvitað er það svo að með þessu opinbera greiðslumati sem menn eru að hæla sér af er ríkið með vissum hætti að leggja blessun sína yfir þau fjárhagslegu áform sem þetta fólk er að leggja af stað í þótt ætlast sé til þess að fólk standi eitt í þessum efnum.

Auðvitað er það svo, hæstv. forseti, að til þess að ná tökum á þessum skuldavanda er náttúrlega ekki nóg að taka á þessum húsnæðismálum en þau eru stærsti hlutinn af þeim. Gallinn við skýrsluna, hæstv. forseti, er sá að hún setur þessi skuldamál ekki í samhengi, ekki í samhengi við skuldir atvinnufyrirtækjanna, ekki við skattheimtuna í landinu hjá ríkinu og sveitarfélögunum og ekki við skuldir annarra aðila í þjóðfélaginu af margvíslegum toga þannig að skýrslan er að mínu mati afar ófullkomin og þess vegna er það ljóst að menn verða á næsta þingi ef þessi stjórn situr áfram sem við skulum vona að verði ekki en fari svo illa að hún sitji áfram þá er óhjákvæmilegt að ræða skuldavanda heimilanna líka á haustþinginu 1994.

[14:26]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Skýrsla sú sem hér er til umræðu varpar athyglisverðu ljósi á þróun mála á nokkuð löngum tíma eins og bent hefur verið á í þessari umræðu. Auðvitað er ekki hægt að loka augum fyrir því að erfið skuldastaða heimilanna á sama tíma og dregið hefur úr kaupmætti undanfarin ár er mikið áhyggjuefni. Hins vegar er ekki hægt að fjalla um þetta mál án þess að líta til þróunar mála hér á landi í lengri tíma og skýrslan tekur raunar tillit til þess og skýrir þróunina að nokkru leyti með þeim hætti. Þau miklu umskipti sem hafa orðið hér á landi í málefnum skuldara má raunar rekja að miklu leyti til þess sem gerðist hér þegar verðtrygging fjárskuldbindinga hófst árið 1979 með

Ólafslögum sem svo voru kölluð. Sú lagasetning sem tók raunar gildi á árinu 1980 gjörbreytti öllum viðmiðunum í sambandi við lántökur á Íslandi. Fram að þeim tíma og raunar fram yfir þann tíma höfðu lánamál verið með allt öðrum hætti, ekki síst til húsbygginga, en tíðkaðist í nágrannalöndunum. Í nágrannalöndum okkar var boðið upp á langtímalán til húsakaupa og húsbygginga en slík lán tíðkuðust ekki nema í mjög takmörkuðum mæli hér á landi. Það sem gerði mönnum kleift að byggja yfir sig húsnæði á þessum árum fyrir 1980 var fyrst og fremst að það átti sér stað í þjóðfélaginu með vitund og vilja stjórnvalda gífurlegir flutningar á fjármagni frá fjármagnseigendum, þ.e. einkum og sér í lagi sparifjáreigendum yfir til atvinnulífsins og til einstaklinga sem stóðu í framkvæmdum. Með þessum hætti var staðið að uppbyggingu húsnæðismála einstaklinga árum saman og raunar áratugum saman en breyting var á þessu með Ólafslögum 1979 þegar verðtrygging fjárskuldbindinga hófst.

Sú mikla skuldaaukning sem hefur verið hjá einstaklingum sem þessi skýrsla varpar ljósi á tengist að sjálfsögðu þeirri staðreynd að á níunda áratugnum buðust mönnum aðrir kostir til að fjármagna húsnæðiskaup. Lán til lengri tíma breyttu stöðu einstaklinganna gagnvart húsnæðiskaupum og byggingu húsnæðis og að sjálfsögðu fylgdi í kjölfar þess allveruleg skuldaaukning.

Það er hins vegar rétt, vegna þess sem fram hefur komið hér í umræðunni að skoða hvenær þessi skuldaaukning verður einkum og sér í lagi en þó er sérstaklega ástæða til þess að skoða það hvenær breyting verður veruleg á þróun skulda heimilanna þegar þær eru bornar saman við ráðstöfunartekjur, þegar litið er á þær sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Það hefur komið fram í máli allmargra þingmanna, ég minnist sérstaklega ræðu hv. þm. Guðrúnar Helgadóttur, þar sem hún spurðist fyrir um samvisku stjórnmálaflokkanna og hældi Sverri Hermannssyni bankastjóra og fyrrv. þingmanni og ráðherra fyrir hreinskilni í þeim efnum, þar sem hann barði sér á brjóst og játaði syndir sínar. Þá spurði hv. þm. Guðrún Helgadóttir að því hvar samviska stjórnarflokkanna væri í þessum efnum. Hún fór nú samt ekki að dæmi bankastjórans og játaði syndir sínar, sem hefði þó verið full ástæða til að gera, því ef skoðuð er þróun skulda heimilanna sem hlutfall af ráðstöfunartekjum og menn velta því fyrir sér hvar það hlutfall fer virkilega að verða óhagstætt þá kemur það fram á bls. 9 í skýrslunni og raunar kemur það einnig fram síðar, á bls. 14, að skuldahlutfallið hér stendur nokkuð í stað á árunum 1985 til 1987. Þess ber þó að geta að þarna er um hlutfall að ræða og þar sem það er vitað að kaupmáttur launa jókst mjög mikið á þessu tímabili þá ber að geta þess að skuldirnar aukast að raungildi talsvert mikið þó að þær aukist ekki sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. En síðan gerist það, eins og skýrslan varpar ljósi á á bls. 14, þar sem segir, með leyfi virðulegs forseta: „Skuldahlutfallið nær hámarki á hinum Norðurlöndunum 1988 en um það leyti snarhækkar hlutfallið á milli skulda og ráðstöfunartekna hér á landi."

Með öðrum orðum, ef litið er yfir þessa þróun þá kemur það í ljós að á þeim árum, 1988 og þar á eftir, 1989 og 1990, verður hröð þróun til hins verra á hlutfalli milli skulda heimilanna og ráðstöfunartekna. Það er að sjálfsögðu það sem stjórnarandstaðan, sem hefur haft sig mjög í frammi í þessari umræðu, verður að horfast í augu við, að þetta hlutfall, ráðstöfunartekjurnar annars vegar og skuldir heimilanna hins vegar, verður mjög óhagstætt á þessum árum.

Ég reikna fastlega með því að fulltrúar stjórnarandstöðunnar sem hér hafa haft sig mest í frammi telji sig ekki bera neina ábyrgð á þeirri þróun frekar en á annarri þróun. En svona er þetta nú samt og það verður þá að líta á það í sama ljósi og þá staðreynd að ef litið er til þróunarinnar sl. þrjú ár þá kemur vissulega fram þar aukning skulda heimilanna sem full ástæða er til að hafa áhyggjur af og skal ég ekki draga neitt úr því að það sé full ástæða til að hafa áhyggjur af því. En það ber þó að líta á það sem meginstaðreynd málsins að það hefur dregið verulega úr hraða skuldaaukningarinnar og þó mest á sl. ári. (**Gripið fram í:** Miðað við kaupmátt?) Miðað við kaupmátt. Þetta hefur gerst akkúrat á sama tíma og við höfum gengið í gegnum mikla erfiðleika í okkar efnahagslífi og ætti ekki að þurfa að skýra það nákvæmlega fyrir hv. þingheimi, hann ætti að þekkja það svo vel að ekki þyrfti að fara ofan í saumana á þeim málum í þeim erfiðleikum sem við höfum verið að ganga í gegnum. Þó er það víst nauðsynlegt vegna þess að hér hafa komið fram mjög sérkennilegar fullyrðingar um það hvernig á málum okkar hafi verið haldið sl. ár.

Ég vil geta þess sérstaklega að það kom fram áðan í máli hv. þm. Finns Ingólfssonar að skattahækkanir hefðu verið miklar hjá þessari ríkisstjórn og það bæri að taka það til greina sérstaklega þegar kaupmátturinn og skuldastaðan væri til umræðu. Nú er það svo að þetta er alveg hárrétt athugasemd, auðvitað þarf að taka tillit til þess hvernig heildarskattheimtu á ársgrundvelli hefur verið hagað því auðvitað hefur hún mjög mikil áhrif á stöðu heimilanna og kaupmáttinn almennt.

Ég er hér með yfirlit frá fjmrn. um breytingar á skattalögum og þær breytingar sem þær hafa haft í för með sér á skattbyrði þegnanna. Þetta plagg varpar ljósi á það að ef við lítum til heildarskattgreiðslna á ársgrundvelli þá var hækkunin þar, á tímabilinu 1989 til 1991, 10 milljarðar. En þessi hækkun, sambærileg hækkun á árunum 1992 til 1994, er 850 millj. Með öðrum orðum, þegar litið er á dæmið í heild sinni þá er meira en tíföld hækkun á sköttum á kjörtímabili fyrri stjórnar, 1989–1991. Þannig að þessi lýsing hv. þm. á aðstæðum stenst engan veginn. Ég held að það hljóti að koma inn í þetta dæmi m.a. hvað virðisaukaskattslækkunin vegur þungt í þessu dæmi. Ef þingmenn velta vöngum yfir því hvar þessar upplýsingar sé að finna þá er þær að finna í gögnum frá fjmrn. sem sjálfsagt er að afhenda þingmönnum ef þeir óska eftir því.

Það var einnig fullyrt áðan að sjaldan eða aldrei hefði verðmæti sjávarafurða verið meira heldur en í

dag. Ég held að ég muni það rétt, án þess að ég hafi þau plögg við höndina, að heildarvirði sjávarafurða hafi lækkað um 25% sl. 2–3 ár og geta menn leitt að því líkum hvaða áhrif það hefur haft á þjóðarbúskap. (**Gripið fram í:** Við vildum gjarnan fá að sjá það.) Það væri einnig rétt fyrir þingheim að hugleiða það þegar verið er að líta á þessa skýrslu hér og þróun skulda heimilanna síðustu tvö árin að þar er varpað ljósi á það hvernig þessi ríkisstjórn hefur verið að reyna að glíma við þann vanda sem óx en minnkaði ekki í höndum fyrri ríkisstjórnar.

Því var haldið fram í þingræðu um þetta sama mál og er til umræðu nú að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefði lækkað verðbólguna. Það má vera að sínum augum líti hver silfrið, en ef ég man það rétt þá gerðist það þannig að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði mótað sér ákveðna stefnu í samningum við opinbera starfsmenn árið 1989. Þeir samningar náðust eftir harkaleg verkföll sem höfðu orðið hjá kennarastéttinni. Eftir að nýir samningar höfðu markað efnahagsstefnu, verðbólgustefnu ríkisstjórnarinnar, þá tók verkalýðshreyfingin og aðilar vinnumarkaðarins fram fyrir hendurnar á ríkisstjórninni og ómerkti þessa stefnu en markaði nýja stefnu sem leiddi til þess að það varð að setja bráðabirgðalög (**ÓÞÞ:** Setti verkalýðshreyfingin þessi bráðabirgðalög?) á þessar stéttir sem höfðu fengið nýjan samning, sem hafði raunar verið lýst af þáv. hæstv. fjmrh., hv. þm. Ólafi Ragnari Grímssyni, sem tímamótasamningi, sem þarna var ógiltur með bráðabirgðalögum snemma árs 1990.

Það hafa verið hér talsverðar umræður um vaxtamál og sérstaklega var hv. þm. Finnur Ingólfsson með það sem innlegg í þessa umræðu að ríkisstjórnin hefði byrjað á því óhappaverki að hækka vexti þegar hún tók við völdum en þeir hefðu síðan lækkað lítillega. Það er nú svo að vorið 1991 hafa vextir líklega verið á bilinu 6,5–7%, en þá hafði ríkisstjórnin í raun og veru ekki tekið á því máli, ekki hækkað vextina í samræmi við hvaða eftirspurn var eftir ríkisbréfum og þá seldust ríkisbréf ekki og þar af leiðandi var það bein afleiðing af þeirri óstjórn sem hafði verið á þessum málum að ríkisstjórnin neyddist til þess að hækka vextina snemma á ferli sínum. Vextirnir fóru yfir 8% en síðan eru þeir komnir nú undir 5% og er það athyglisverður árangur í baráttunni við háa vexti sem sjálfsagt er að viðurkenna.

Ávöxtun ríkisvíxla hefur lækkað mjög mikið á Íslandi nú að síðustu og hefur raunar lækkað meira heldur en í flestum nágrannalöndum okkar. (**Gripið fram í:** Enda var hún hærri.) Enda var hún hærri, kallar einn af stjórnarandstöðuþingmönnum og það er alveg rétt. Vextirnir voru hærri hér en það var m.a. vegna þess hverslags óráðsía hafði verið í fjármálum ríkisins áður og þekkja það jú flestir.

Ég vil að lokum geta þess að mér finnst að umræðan um þessa skýrslu, sem er athyglisvert plagg, hafi litið nokkuð fram hjá því að hér er verið að lýsa þeirri þróun sem hefur orðið á undanförnum árum og er ekki sambærileg við þróun í nágrannalöndum okkar. Lánamarkaðurinn var hér með allt öðrum hætti á áttunda áratugnum. Þar var lánað og þar var byggt og þar var fjárfest á kostnað sparifjáreigenda, en þær aðstæður breyttust árið 1979 þegar verðtrygging fjárskuldbindinga hóf innreið sína hér. Það má segja að þjóðin hafi verið nokkuð lengi að læra á þá staðreynd að það verði að borga lánin til baka, en þegar á heildina er litið verður að telja það að hluti af þessari skuldaaukningu sé bein afleiðing af því að við höfum boðið upp á verulega aukna lánamöguleika til einstaklinga, bæði til fjárfestinga og einnig til eyðslu og held ég að það verði þá að líta á það mál í heild sinni, það sé fáránlegt í raun og veru að lýsa því sem sérstökum mistökum núv. ríkisstjórnar.

[14:42]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ekki veit ég hvaða aðferðir tíðkast í málflutningi yfirleitt á milli manna á þingmálafundum í Norðurl. e. En ef hv. þm. er látinn komast upp með málflutning af þessu tagi á þingmálafundum heima hjá sér þá finnst mér það ekki meðmæli með samþingmönnum hans úr öðrum flokkum, sem þó eru hér eigi allfjarri sumir hverjir.

Ég verð að segja alveg eins og er að hér var um að ræða málflutning sem var af mjög kostulegu tagi og ég ætla að staldra við tvennt.

Veruleikinn er auðvitað sá að í tíð núv. ríkisstjórnar hafa skattar á einstaklinga hækkað mjög mikið og það er alveg nauðsynlegt fyrir þingmanninn að kynna sér þetta. Skattar á einstaklinga hafa hækkað um 5.000–6.000 millj. kr, í fyrsta lagi vegna flutnings aðstöðugjaldsins. Síðan koma til aðrar breytingar, m.a. lækkun barnabóta, lækkun vaxtabóta og hækkun alls konar þjónustugjalda almannatryggingakerfisins. Og þegar þetta er allt talið saman þá hygg ég að menn séu eigi langt frá tölunni 10.000 millj. kr. eða svo sem hefur hækkað um á einstaklingum á vegum flokksins sem ætlaði ekki að hækka heldur að lækka og ætlaði að hækka skattfrelsismörkin í hvað? Í 80.000 kr. á mánuði. Hver eru þau? Þau eru 57.000 kr.

Í öðru lagi er alveg nauðsynlegt fyrir hv. þm. að kynna sér það að verðbólgan minnkaði á heilsársgrundvelli í tíð síðustu ríkisstjórnar úr 21% á árinu 1989 í 6,8% á árinu 1991, svo ég taki heilt ár til samanburðar. Auðvitað var það þannig að ríkisstjórnin naut þar stuðnings verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda rétt eins og núv. ríkisstjórn gerir. Þannig að menn eiga ekki að leyfa sér þennan barnaskap sem fram kom í máli hv. þm. og ég skora á hann að æfa sig betur á að fara yfir þessar tölur a.m.k. áður en hann leggur upp í nýja fundarispu í Norðurl. e.

[14:44]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé alveg ástæðulaust að halda því fram af hálfu hv. þm. Svavars Gestssonar að Sjálfstfl. hafi eitthvað skirrst við því að taka ábyrgð á því að hækka skatta á einstaklinga. Hann hefur alltaf viðurkennt það. Það er verið að taka hér fram heildarskattheimtu. Það var að sjálfsögðu ákvörðun Sjálfstfl. og Alþfl. í stjórnarsamstarfi að flytja skatt-

heimtu frá fyrirtækjum til einstaklinga. Og hvers vegna var það gert, hv. þm.? Vegna þess að það var óhjákvæmilegt að reyna að rýmka stöðu fyrirtækjanna vegna þess að í stöðu fyrirtækjanna er fólgin von um að atvinnulífið taki við sér aftur. En þegar litið er á heildarskattheimtuna, og það ber að sjálfsögðu að líta á heildarskattheimtuna á ársgrundvelli, þá er nú staðan svona og þessi plögg get ég sýnt þingmanninum ef hann vill líta á þau.

Varðandi það að þessi ríkisstjórn hafi gert hlut hinna tekjuminnstu verri en áður þá er það ekki rétt. Það hefur einmitt verið hækkuð hlutdeild ýmissa þeirra sem hafa haft minnstu tekjurnar. Hv. þm. minntist á barnabætur að þær hefðu verið lækkaðar. Það er rétt. En hvað um barnabótaaukann? Var hann ekki hækkaður? Og það eru einmitt tekjulægstu aðilarnir sem fá þennan barnabótaauka.

Að því er verðbólguna varðar þá er ekki hægt að mæla því mót að stefna ríkisstjórnarinnar undir miðjan feril sinn, þ.e. á árunum 1989–1990, endurspeglast í þeim samningi sem gerður var um kjaramál kennara. Þeim samningi sem gerður var við kennarastéttina, og mér er minnisstæður vegna þess að ég var kennari í þann tíð, var lýst sem sérstökum tímamótasamningi og fól í sér talsverðar launahækkanir. Þessi samningur var gerður að engu með samningi sem aðilar vinnumarkaðarins neyddu upp á ríkisstjórnina.

[14:47]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég viðurkenni það alveg að þessi tilraun mín til kennslustundar hér áðan mistókst og það er bersýnilega nauðsynlegt fyrir mig að þjálfa mig betur og lengur í þeim efnum, enda hef ég hvorki próf í uppeldis- né kennslufræði, (Gripið fram í.) ef ég á að ná árangri í andsvarstíma.

Hæstv. forseti. Ég vildi svara því að auðvitað var það svo með síðustu ríkisstjórn að það var um að ræða prýðilega samstöðu með henni og verkalýðshreyfingunni og atvinnurekendum um að taka niður verðbólgu-
90
stigið í landinu. Mjög góð samstaða. Jafnframt tókst að tryggja hvað? Fulla atvinnu. Núv. ríkisstjórn, atvinnuleysisstjórn Davíðs Oddssonar, hefur innleitt hér atvinnuleysi sem í dag telur 7.500 manns.

Ég skora á hv. þm., jafnvel þó hann reyni að gleyma því í ræðum og nefna það ekki, að gleyma því ekki í hugskoti sínu, vegna þess að það er í raun og veru meginafrek núv. ríkisstjórnar að hafa innleitt atvinnuleysi hjá 7.500 einstaklingum í landinu.

[14:48]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég verð að viðurkenna að ég geri mér ekki miklar vonir um hv. þm. Svavar Gestsson sem kennara í þessum efnum og hef ekki hugsað mér að læra mikið af honum, enda hygg ég að það sé ekki mikið af honum að læra í þessum efnum. Hann fjallaði svolítið um verðbólguna og þá staðreynd að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar varð að beygja út af stefnu sinni eftir samningana sem gerðir voru eftir áramótin 1991 og varð að endurskoða þá stefnu frá upphafi og setja bráðabirgðalög á þá sem þeir höfðu samið við og talið að þeir hefðu gert tímamótasamninga við.

Að því er varðar svo atvinnuleysið þá held ég að það sé rétt fyrir hv. þm. að gera sér grein fyrir því að það hefur að vísu mikið atvinnuleysi skapast hér nú, en sumt af þessu atvinnuleysi hefur komið í ljós og það var í raun og veru hér í meira en áratug. Í meira en tvo áratugi þá var hér sköpuð atvinna með mjög sérkennilegum hætti, með óðaverðbólgu og fjárfestingum sem áttu engan grundvöll fyrir sér. Ég veit ekki hvort hv. kennari minn í þessum fræðum er kannski að mæla með því að við hyrfum til baka til þeirra tíma.

[14:49]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Fyrst vil ég taka undir það hjá hv. þm. Svavari Gestssyni að kennslan mistókst algjörlega. Ég vil ekki að öllu leyti bera það á kennarann því það var yfirlýst af nemandans hálfu að hann hefði engan áhuga á að læra neitt af viðkomandi kennara og það er löng reynsla fyrir því að þegar þannig stendur á þá er árangur enginn. En ég hef ekki hlýtt á öllu ósvífnari málflutning en fluttur var af hv. þm. Tómasi Inga Olrich. Ef það er hagfræðikenning vorra tíma að ekki megi hækka laun hjá kennurum, að þá fari allt efnahagslíf til fjandans, þá er það sérstæð kenning.

Í annan stað. Ef hann ætlar að halda því fram að íslenskur vaxtamarkaður sé eitthvert sérfyrirbrigði í 250 þús. manna samfélagi á Vesturlöndum, ef hann trúir þessu virkilega — landið var lokað af til þess að hægt væri að halda hér uppi okurvöxtum. Það vita það allir. Hv. þm. veit þetta mætavel. Hvað var með þessi ríki allt í kringum okkur þar sem íhaldið hafði stjórnað? Voru vextir þá ekki lágir þar til að bjóða upp á lán fyrir þessa ríkisstjórn ef allt var vitlaust hér? Og hvað með hallann á ríkissjóði, 10 milljarðana ár eftir ár eftir ár, sem hefur verið stutt af núverandi valdhöfum. Og menn hafa komið hér brosandi og sagt: Bestu fjárlög í heimi, og leyft sér að kalla aðra skepnur og vindhana af því að þeir hafa ekki viljað lofsyngja þá sem nú fara með völdin. Hvað með þetta lið? Svo segja menn hérna og horfa yfir salinn, að það hafi þurft og tekist að kenna Íslendingum að læra það upp á nýtt að þeir þyrftu að greiða skuldir sínar. Íslandsbanki er að fara fram á það í dag og bankakerfið að menn greiði fyrir töpin, það sem aðrir hafa ekki borgað. Það er réttlætið sem boðið er upp á.

[14:52]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hér kom hv. þm. Ólafur Þ. Þórðarson og undraðist það að ég skyldi halda því fram að hækkun á launum kennara yrði til þess að allt færi til fjandans. Ég var ekki að koma með þessa kenningu. Ég var hins vegar einfaldlega að benda á að í tíð ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar hefðu menn bara komist að þessari niðurstöðu, að launahækkun til kennara, sem búið var að semja um og búið var að lýsa sem tímamótasamningi, hefði leitt til þess að það hefði gersamlega farið með allt til fjandans og þess vegna voru sett bráðabirgðalög á þessa samninga, ef ég man rétt.

[14:52]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég minnist þess tíma þegar hæstv. núv. sjútvrh. var framkvæmdastjóri Vinnuveitendasambands Íslands og gerði samninga sem slíkur. Þegar hann mætti til þings setti hann bráðabirgðalög á þessa sömu samninga, svo arfavitlausir voru þeir.

Þegar breytingar verða í framvindu mála getur stundum þurft að breyta einu og öðru með bráðabirgðalögum. Það hefur gerst. En hagfræðikenningin að kennararnir séu uppspretta alls efnahagslegs öngþveitis, er dálítið sérstæð hjá þingmanninum. Og að það hafi verið sannað í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar að svo hafi verið að fæ ég nú ekki skilið og átta mig hreinlega ekki á. (**TIO:** Hvers vegna voru þá bráðabirgðalög sett?) Ég segi nú bara eins og er, ég held að breski íhaldsflokkurinn hefði átt að ráða þennan ágæta þingmann til sérstakrar liðveislu um málflutninginn núna fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í Bretlandi.

[14:54]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef enn ekki fengið svar við því frá hv. þm., sem mér er fullkunnugt um að sat hér á þingi og studdi þá ríkisstjórn sem við erum að ræða um, ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, hvort hann væri ekki meðvitaður um það að svo var talið að það væri nauðsynlegt að setja bráðabirgðalög á þessa samninga til að ógilda þá. Er honum ekki kunnugt um þetta? Og hver var hans ábyrgð á þessu? Það er ekki verið að tala um hagfræðikenningar mínar, það er verið að tala um hinar hörðu staðreyndir. Ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar komst að þeirri niðurstöðu að það væri ekki hægt að láta þessa samninga standa og neyddist því til að setja bráðabirgðalög á þá. Með öðrum orðum að samningarnir sem gerðir höfðu verið voru verðbólgusamningar að mati ríkisstjórnarinnar.

[14:54]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Herra forseti. Málflutningur hv. þm. Sjálfstfl. er auðvitað alveg kostulegur og það er mjög athyglisvert þegar fótgönguliðið kemur hér í málsvörninni, hv. þingmenn Björn Bjarnason og Tómas Ingi Olrich. Og hver er þeirra helsta málsvörn þegar til umræðu er skuldaaukning heimilanna og aukið atvinnuleysi á þessu kjörtímabili? Hver er hún? Hún er að leita á vit fortíðarinnar í anda leiðtogans mikla, hæstv. forsrh. Rökin gagnvart vandamálum nútímans, því sem gerst hefur í tíð þeirra eigin ríkisstjórnar, svörin liggja í fortíðinni.

Eigum við þá ekki að fara aðeins lengra aftur, hv. þm. Tómas Ingi Olrich? Eða nær minni hv. þm. ekki nema aftur til 1989? Nær það ekki til haustsins 1988? Hv. þm. man e.t.v. ekki við hvaða aðstæður ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar byrjaði þegar Sjálfstfl. hafði gefist upp, hafði verið borinn út úr Stjórnarráðinu? Samt tókst þeirri ríkisstjórn að kveða verðbólgudrauginn niður. Og það er alveg sama í hvaða málæfingar hv. þm. fer hér. Þegar sagan verður skoðuð þá mun ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar fyrst og fremst verða minnst fyrir þau tímamót að verðbólgan var kveðin niður. En núv. ríkisstjórnar, ríkisstjórnar Davíðs Oddssonar, hæstv. forsrh., studd af hv. þm., einum fótgönguliðanna, Tómasi Inga Olrich, verður minnst — fyrir hvað? Fyrir stóraukið atvinnuleysi og auknar skuldir heimilanna.

[14:56]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er vissulega alveg rétt hjá hv. þm. að haustið 1988 var dapurlegur tími. Dapurlegur tími vegna þess hvernig sú ríkisstjórn sem þá var við lýði undir forustu Þorsteins Pálssonar lauk sínum ferli. Það er alveg rétt, það var dapurlegur tími. En það var líka dapurlegur tími vegna þess að það var upphaf annars dapurlegs tíma þegar menn streittust við það hér í stjórn landsins að moka vandamálunum undir teppið og gleyma þeim. Ég reikna fastlega með því að þegar sagan skoðar þessa atburði þá muni hún líta til þess hvernig að málum var staðið á þessum tíma, hvernig menn fóru að því að draga lengi framan af að fella gengið vegna þess að það var óvinsælt, en gerðu það síðan mjög samviskusamlega þegar það var orðið nokkuð seint, hvernig skuldirnar jukust stórlega á þessum tíma, hvernig þessi staða sem er verið að lýsa hér í þessari skýrslu, hv. þm., þ.e. hlutfall skuldastöðu heimilanna og rauntekna, hvernig það versnaði á þessum tíma, sem var þó ekki eins erfiður tími þjóðhagslega séð og síðustu tvö árin hafa verið, þá hygg ég að menn muni bara komast að þeirri niðurstöðu að þetta stjórnartímabil frá 1988–1991 hafi verið í heild dapurlegur tími.

[14:58]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nei, það er nú öðru nær. Ég er alveg óhræddur við dóm sögunnar um þessi tvö tímabil. Og það er reyndar rangt hjá hv. þm. að efnahagsaðstæður hafi almennt verið verri núna síðustu árin heldur en þau sem á undan voru. Ég held að það sé ekki nokkur leið að neita því að að mörgu leyti var hið mikla hrap útflutningstekna eftir góðærið 1987, sem ríkisstjórn Sjálfstfl. klúðraði reyndar algerlega, eins og frægt er, miklu erfiðara viðfangs heldur en sá tími sem núna hefur liðið með tiltölulega litlum breytingum á útflutnings- og þjóðartekjum milli ára. Það er nú staðreynd og kom reyndar í ljós að árin 1991 og 1992 voru bara þokkalegustu ár þegar þetta var mælt.

Staðreyndin er þessi: Það sem upp úr stendur eftir þetta kjörtímabil, sem er betur sem fer senn á enda og vonandi fer hæstv. ríkisstjórn að gera sjálfri sér og þjóðinni þann greiða að teygja upp tærnar, er þetta stóraukna atvinnuleysi og stórauknar skuldir heimilanna. Og það er alveg sama hvernig hv. þm. Sjálfstfl. rembast hér eins og rjúpan við staurinn, þessar staðreyndir munu þeir ekki þurrka út af spjöldum sögunn-

ar og vörn þeirra í fortíðinni er ónýt gagnvart þeim hrikalegu vandamálum sem brenna á íslenskum almenningi í dag.

[14:59]

Tómas Ingi Olrich *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er nú svo að það kann vel að vera að veruleikinn líti sérkennilega út í augum hv. þm. Steingríms J. Sigfússonar, ég er ekki frá því. Auðvitað er það hárrétt hjá honum að efnahagur þjóðarinnar hafði staðnað um 1988–1989. Á því tímabili var efnahagur þjóðarinnar að staðna og hagvöxturinn hafði staðnað og vissulega hefur það þrengt það svigrúm sem ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hafði til þess að bregðast við vandanum þá. En það er alveg út í hött að reyna að horfa fram hjá því, eins og hv. þm. gerir, að samdráttareinkennin sem komu fram á árinu 1992 hafi ekki haft áhrif á það svigrúm sem ríkisstjórn Davíðs Oddssonar hefur haft til þess að glíma við þennan vanda. Og þegar á heildina er litið verður að segjast eins og er að þessari ríkisstjórn hefur við mjög erfiðar aðstæður tekist afar vel að halda á málum einmitt nú þegar þau lán sem fyrrv. ríkisstjórn leyfði atvinnulífinu náðarsamlegast að taka eru að koma til innheimtu.

[15:01]

Petrína Baldursdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er til umræðu skýrsla félmrh. um skuldastöðu heimilanna. Ég hygg að þeir hv. þingmenn sem um skýrsluna báðu hafi gert það í kjölfarið á utandagskrárumræðu sem var hér í byrjun desember um skuldastöðu heimilanna. Að mínu mati kom harla lítið út úr þeirri utandagskrárumræðu nema ásakanir stjórnarandstöðunnar í garð ríkisstjórnarinnar þess efnis að skuldir heimila hefðu aldrei verið jafnmiklar og nú, sem að vísu er ekki nema hálfur sannleikur, eins og kemur fram við lestur þeirrar skýrslu sem hér er til umræðu.

Sannleikurinn er sá að nokkur atriði eru þess valdandi að skuldir heimila hafa aukist gífurlega nú hin síðari ár. Sérstaka athygli vekur við lestur skýrslunnar sem hér er til umræðu að hlutfall húsnæðisskulda í heildarskuldum heimila hefur farið lækkandi þrátt fyrir hina miklu aukningu sem orðið hefur á heildarskuldum á síðustu árum.

Það kemur fram í greinargerð Þjóðhagsstofnunar að á fyrri hluta 9. áratugarins hafi allt að 80% skulda heimilanna verið tilkomin vegna húsnæðisöflunar en um 70% nú síðustu árin.

Í upphafi 9. áratugarins áttu heimilin að verulegu leyti skuldlausar eignir. Skýringarnar eru ljósar að því leyti að fyrir 1980 voru lánin veitt á lægri vöxtum en svaraði til verðbólgu. Meginskýringin á miklum vexti á skuldum heimila er m.a. verðtrygging sem komið var á í upphafi 9. áratugarins. Það sem upp úr stendur að mínu mati varðandi lestur skýrslunnar er það að ungt fólk sem er á húsnæðismarkaðinum hefur þurft að búa við allt aðra möguleika til húsnæðisöflunar heldur en eldri kynslóðir.

Vissulega er hægt að rökstyðja það að með þeirri breytingu sem hefur orðið með tilkomu húsnæðisbréfakerfisins hefur verulega dregið úr þörf fyrir skammtímalán. Fólki býðst nú lán á einum stað miðað við greiðslumat. Lán húsnæðiskerfisins eru veitt á grundvelli athugunar á þörf fyrir láni, greiðslugetu og veðhæfni. En hvernig er staðið að greiðslumati fólks? Það væri gaman að vita hve stór hluti fólks sem fór í greiðslumat hefur þurft á frekari hjálp að halda. Er reynt að fegra skuldastöðu með ofmati á ráðstöfunartekjum fólks? Ég get nefnt hér dæmi.

Hjón fengu 3,9 millj. í greiðsluerfiðleikalán, húsbréf. Afföll voru 800 þús. kr. Þetta var fyrir um það bil tveimur og hálfu ári. Í dag er staða þessa fólks þannig að það hefur ekki getað staðið við afborganir miðað við greiðslumat. Skuldir hafa hrannast upp, uppboð blasti við. Þau fengu síðan skuldbreytingu vanskilaskulda. Hjá þessum hjónum er fyrirsjáanlegt að ekki verður hægt að standa í skilum þrátt fyrir mat Húsnæðisstofnunar. Þarna er um að ræða hjón með þrjú börn sem búa í 125 fermetra húsnæði, skuldir upp á 5,5 millj. vegna húsnæðiskaupa. Þessi hjón hafa 3,1 millj. í tekjur. Þau borga 70 þús. kr. á mánuði í afborganir. Þetta dæmi gengur ekki upp hjá þeim.

Lán til húsnæðisöflunar hefur verið stytt úr 42 árum í 25 ár. Gengur það upp núna, t.d. þegar laun launþega hafa staðið í stað og yfirvinna dregist saman? Það gefur auga leið að ef þessi hjón, sem ég áður nefndi, gætu fengið næga yfirvinnu hefðu þau væntanlega meiri möguleika til að standa í skilum. En yfirvinnu hafa þau ekki nú. Því spyr ég: Verður ekki að hugsa þetta mál upp á nýtt með breytta stöðu atvinnumöguleika þjóðfélagsins í huga? Ungt fólk sem kemur úr námi núna með miklar skuldir við lánasjóðinn og ætlar sér út í húsnæðisöflun á ekki mikla möguleika. Þetta fólk hefur ekki möguleika með afborgunum af sínum námslánum og greiðslum af öðrum lánum. Það á sér ekki miklar vonir. Það getur vissulega fengið lán til húsnæðisöflunar, en verða afborganir ekki svo miklar að fólk hreinlega stendur ekki undir afborgunum? Þetta er umhugsunarvert.

Ég tel að menn verði að stórauka forvarnastarf, auka fræðslu til einstaklinga, ungs fólks um fjármál. Hvað kostar að taka lán? Hvað ber að varast? Það verður að taka mið af raunverulegri greiðslugetu fólks. Fjármagnsmarkaður hefur gerbreyst hér nú hin síðari ár. Það verður að kenna ungu fólki allt um markaðinn. Það er ekki nema í örfáum tilvikum sem um meðfæddan hæfileika er að ræða hjá fólki til að kunna allt um fjármagnsmarkaðinn. Ég tel tímabært að menn fari með kennslu um fjármál inn í skóla þannig að sem fyrst læri ungt fólk um fjármál, hvað ber að varast og hvernig á að taka á fjármálum svo að gott hljótist af.

Virðulegi forseti. Ég vil að lokum beina því til hv. þingmanna í umræðu um þessi mál að varast að finna ákveðna sökudólga, hvers vegna skuldir hafa aukist svo mikið. Þetta er áhyggjuefni alls þjóðfélagsins og breyttar aðstæður valda þar miklu um. Þetta á að vera okkar áhyggjuefni. Hvernig getum við snúið þessari þróun við. Það er fullvíst að það er hægt að snúa óheillaþróun við með málefnalegri umfjöllun um málin en ekki með stóryrtum yfirlýsingum: Hver er sökudólg-

urinn? Þingmenn ættu frekar að spyrja sig: Hvað getum við gert?

[15:08]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vil nú taka undir það með hv. þm. að hér stendur ekki yfir nein leit að sökudólgum. Við viljum fá svör ríkisstjórnarinnar: Hvernig ætlar hún að bregðast við svörtu skýrslu sem hún ber fulla ábyrgð á, þeim staðreyndum sem sú skýrsla geymir?

Ég heyri að hv. þm., eins og hæstv. félmrh., gumar mjög af því að hlutfall húsnæðisskulda hafi lækkað miðað við aðrar skuldir. Þó er það ljóst að á sl. þremur árum hafa húsnæðisskuldir þjóðarinnar aukist um 65 milljarða eða hækkað um 52%. En segir þetta kannski ekki ljótustu söguna af staðreyndum þriggja síðustu ára, einmitt lausaskuldir. Fólk er að framfæra sig á lánum. Stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum, í atvinnumálum, þýðir það að aðrar skuldir hafa aukist svo ógnvænlega að þessi vandi blasir við. Það kemur fram í þessari skýrslu, þó það sé ekki tíundað til skulda heimilanna, að hjá Kreditkortum eru 7 milljarðar í vanskilum, við ríkissjóð 1992 8 milljarðar. Hvað skyldi hafa gerst á árinu 1993 o.s.frv.? Þannig að það er ekkert til að grobba af, hv. þm., að hlutfall húsnæðisskulda hafi lækkað. Það segir aðeins þá staðreynd að vandinn er stór að fólkið í landinu er að framfleyta sér og á mjög erfitt vegna lausaskulda og skammtímaskulda.

[15:10]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson sagði að með þessum umræðum væri ekki verið að reyna að finna sökudólg. Þá vil ég bara spyrja: Hvar hefur þingmaðurinn verið? Þessi umræða er búin að standa hér svo til í allan dag og í málflutningi margra manna hefur einmitt verið reynt að finna sökudólginn sem á að vera sú ríkisstjórn sem nú situr. (**ÓRG:** Það er bara lýsing á staðreyndum.) Ef þingmaðurinn skoðar þessa skýrslu, þá sér hann alveg hvað hefur verið að gerast allt frá árinu 1980 og ég veit ekki betur en Framsfl. hafi setið í ríkisstjórn allt frá 1971 til 1991, í 20 ár.

Við getum þess vegna endalaust haldið svona áfram og fundið einhverja sökudólga. Ég held að við ættum frekar að reyna að beina augum okkar að því hvað er að og hvað við getum gert.

[15:11]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er hárrétt hjá þingmanninum að þessi umræða er búin að standa lengi. En við höfum ekki heyrt svörin eða úrræðin sem koma frá ríkisstjórninni. Ráðherrabekkurinn til vinstri er tómur, þeir eru horfnir úr salnum. Ráðherrabekkurinn til hægri er einnig tómur. Þeir eru farnir. Þeir koma ekki á lokadegi þingsins til þess að gefa þjóð sinni svör hvernig þeir ætla að bregðast við. Hæstv. félmrh. fór ekkert yfir það í ræðu sinni í morgun, lofaði einungis því, sem var fallegt af hæstv. ráðherra, að skoða betur ýmis atriði sem þarna koma fram og viðurkenndi að væru mjög alvarleg.

Við erum ekkert að leita að sökudólgum en við greinum vandann eins og hann stendur og vandinn er sá sem ég hef farið yfir að á þremur árum þegar allt hefur verið kyrrt í þjóðfélaginu, verðbólgulaust, þá hafa, því miður, skuldir heimilanna aukist um 86 milljarða plús skuldir hjá ríkissjóði, sveitarfélögum og greiðslukortum. Þetta er því langt yfir 50%, kannski 60–70% hækkun.

Þetta eru alvarlegar staðreyndir og auðvitað hljótum við sem alþingismenn að tala alvarlega við þá ríkisstjórn sem ber ábyrgð á þessum þjóðarglæp, sem bitnar ekki síst á börnum og framtíðinni. En umfram allt, hv. þm., þá geri ég kröfu um það áður en þessari umræðu lýkur, að hæstv. félmrh., svo að ég tali nú ekki um hæstv. forsrh. sem þyngsta ábyrgðina ber í þessu efni, svari því hér hverjar eru hans tillögur. Eftir því verður spurt og eftir því verður tekið.

[15:13]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. Guðni Ágústsson þarf ekki að benda mér á auðu stólana, ég sé þá. Það er alveg á hreinu. En það væri svolítið gaman einu sinni að heyra lausnir stjórnarandstöðunnar á þeim málum sem við blasa, það væri mjög gaman. Það væri innleg í umræðuna þó ekki væri meira.

[15:14]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég bað um orðið í andsvarsskyni til að þakka hv. 11. þm. Reykn. fyrir þessa ágætu ræðu sem hún flutti áðan. Ég held að að hafi verið orð í tíma töluð sem hún var með þar sem hún reyndi að fara yfir vandann þó svo það sé ekki hægt að neita því að ræða hennar líktist talsvert mikið því sem menn úr öðrum flokkum voru að flytja fyrr í dag.

Af hverju stafar vandinn? Hann stafar af því að vextir eru allt of háir og hafa verið frá því að þeir voru gefnir frjálsir 1984. Hann stafar af því að fjárskuldbindingar voru verðtryggðar og miðaðar við lánskjaravísitölu og eru oftryggðar. Þannig hefur það verið svo að segja alveg frá 1979. Vandinn stafar líka af því að ríkisstjórnin hefur hækkað skatta á fólki um 10 milljarða kr. á einstaklingum. Hann stafar líka af því að vinnan er minni en hún hefur áður verið eins og hv. þm. benti á. Yfirtíð er lítil, yfirborganir litlar og margir eru atvinnulausir, 7.500 manns. Allt er þetta skýring á vandanum. Auk þess er það rétt, sem hv. þm. benti hér á áðan að greiðslumatið sem fólk gekk inn í eftir að húsbréfakerfið var tekið upp verkaði eins og gæðastimpill fyrir marga. Menn treystu því að þeir gætu risið undir þeim skuldbindingum sem greiðslumatið kvað á um. Þó að það sé mjög skrýtið að gera það, þá eru hlutirnir þannig.

Ég held þess vegna að það sé mjög nauðsynlegt að átta sig á því að hér hefur talað einn stjórnarliði sem er alveg ósammála stjórnarliðinu að öðru leyti. Ég tel það veruleg tíðindi í þessari málefnalegu umræðu sem hér hefur staðið yfir í dag.

[15:15]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tel mig hafa rætt um málin eins og mér finnst að eigi að ræða um mál, málefnalega, benda á og reyna að grafast fyrir um það hvers

vegna hlutirnir eru eins og þeir eru. Er einhver leið til úrbóta? Þannig tel ég mig hafa talað hér. Það kann vel að vera að eitthvað í mínum málflutningi hafi verið svipað og í öðrum ræðum sem hér hafa verið fluttar í dag og ekkert nema gott um það að segja. Við erum þá sammála um eitthvað.

[15:16]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg hárrétt og ég fór í mínu andsvari áðan yfir aðalástæðurnar fyrir vandanum.

Síðan vil ég benda á það að í ræðu minni áðan rakti ég nokkrar hugmyndir um úrbætur, t.d. að afnema sjálfvirku tenginguna við lánskjaravísitöluna, t.d. að fara í mjög víðtækt skuldbreytingarátak, t.d. að koma á því sem ég kalla samfellt og sveigjanlegt húsnæðiskerfi þar sem afborganir af lánum eru tengdar við tekjur manna en vextir eru fastir en ekki breytilegir eins og verið hefur. Og t.d. að efna til víðtæks átaks í uppbyggingu leiguhúsnæðis. Þetta eru atriði til úrbóta í húsnæðismálum og þar með skuldamálum sem við höfum bent á hér í dag eða a.m.k. við alþýðubandalagsmenn.

Síðan vil ég bæta því við að breytingarnar á Lánasjóði ísl. námsmanna sem gerðar voru fyrir fáeinum árum af núverandi ríkisstjórn eru ekki til að bæta skuldastöðu heimilanna nema síður sé. Þess vegna væri það til úrbóta í málefnum heimilanna og skuldastöðu þeirra að breyta lánakerfi námsmanna aftur, a.m.k. eitthvað í áttina til þess sem það var áður en núv. ríkisstjórn tók við. Mín skoðun er sú og ég hef rökstutt það að núv. stjórn hafi haldið þannig á málum að skuldastaða heimilanna sé núna 10–20 milljörðum kr. verri en hún hefði þurft að verða ef þessi ríkisstjórn hefði ekki beitt sínum aðgerðum.

[15:18]

Petrína Baldursdóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Við erum sammála um það að skuldastaða heimilanna er mjög slæm. Ef þessi ríkisstjórn hefði ekki beitt þessum aðgerðum — menn verða náttúrlega að horfa í samhengi á hlutina. Hvað er búið að vera að gerast hérna sl. þrjú ár? Hvað með skerðingu þorskafla? Haldið þið að þetta hangi ekki allt í samhengi? Við getum farið út um víðan völl og talað um málin og teygt þau og togað, en menn verða að horfa hlutina í réttu ljósi.

[15:19]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég þakka fyrir þessa umræðu sem hér fer fram. Því miður heyrði ég ekki upphaf hennar. Menn hafa talað hér og deilt hver á annan með ýmsum hætti og það hefur ekkert farið fram hjá í því sem ég hef heyrt af umræðunni að menn hafa reynt að finna hér sökudólg.

Sannleikurinn er sá að Alþingi allt og ríkisstjórn og ríkisstjórnir eru miklir sökudólgar í þessu máli og hvernig við, hinir einstöku þingmenn, getum meira og minna komið okkur undan þessu máli veit ég varla. En rót meinsins hefur mér heyrst vera ákaflega lítið rædd. Hv. þm. Svavar Gestsson dró réttilega í einni síðustu ræðu fram af hófsemi nokkra örlagavalda að þessu ástandi, bætti þó aðeins við að mínum dómi sem ekki er rétt.

Ég hef flutt samfellt í sjö ár frv. til laga um afnám lánskjaravísitölu. Það hefur aldrei tekist að fá þetta inn í þingið og til umræðu. Ég vil aðeins hlaupa á greinargerð þessa frv. í þessari umræðu. Ég rakti að frv. þetta er hér flutt í sjöunda sinn með örfáum breytingum. Síðast var það flutt á 116. löggjafarþingi.

„Verðtrygging fjárskuldbindinga samkvæmt lánskjaravísitölu hefur þegar gengið sér til húðar, enda komið á daginn að atvinnuvegirnir bera hana ekki. Greiðslustöðvanir og gjaldþrot fyrirtækja, raunar einnig heimila, hafa farið hraðvaxandi. Áframhaldandi hrun og atvinnuleysi er fram undan ef ekki er gripið í taumana.

Fyrirheit", — og ég vek athygli á þessum orðum — „sem gefin voru með verðtryggingu fjárskuldbindinga, um samdrátt útlána, minni erlendar lántökur og aukinn sparnað, hafa öll brugðist eins og hagskýrslur bera með sér.

Lánskjaravísitalan er meiri verðbólguvaldur en aðrar vísitölur þar sem byggingarkostnaður er innifalinn, en hann er háður mestum sveiflum í hagkerfinu. Vinnulaun eru og reiknuð í vísitölunni en ein afleiðing þess er sú að sérhver kjarabót launþega er jafnharðan af þeim tekin með sjálfkrafa hækkun skulda af íbúðalánum. Kaupgjaldsvísitalan hefur þegar verið afnumin með lögum og því ekki siðferðilega stætt á því að halda lánskjaravísitölunni."

Enn fremur sagði og það er vert að vekja athygli á því þegar rök manna gegn því að afnema lánskjaravísitöluna eru þau að þá fái menn ekki vexti af sínu sparifé. Við þessu vil ég segja:

„Þegar lög þessi öðlast gildi er gert ráð fyrir að viðskiptabankar, sparisjóðir og aðrar innlánsstofnanir, sem veita viðtöku fé til ávöxtunar, taki upp þá reglu, sem viðgengst í öðrum vestrænum ríkjum, að greiða vaxtaauka á bundin spariinnlán til eins árs eða lengur ef gildandi vextir eru lægri en nemur verðbólgu." — Þetta kerfi hefði lengi þurft að vera í gildi á Íslandi. — „Útgjöld vegna vaxtaaukans eru þá fjármögnuð með fé sem inn kemur við vaxtalækkun á hlaupareikningum, ávísanareikningum og almennum sparisjóðsbókum er notast sem viðskiptareikningar. Talið er af sérfræðingum í banka- og peningamálum að 90–95% rekstrarkostnaður í viðskiptabanka fari í að þjónusta þessa reikninga og fyrir þá þjónustu ber eigendum þeirra að greiða með lágum vöxtum af slíkum innlánum."

Það væri hin eðlilega leið að borga vaxtaauka af lengri tíma innlánum. En svo aftur um langtímalán. Lagt er til að þau verði hins vegar samkvæmt viðtekinni reglu erlendis háð breytilegum vöxtum. Er þá ýmist heimilt að breyta vaxtaprósentunni innan ákveðinna marka, t.d. 2–4%, eða binda hana í t.d. þrjú ár og láta hana síðan fylgja gildandi vöxtum á hverjum tíma.

Og enn vitna ég til greinargerðarinnar:

„Verðtrygging fjárskuldbindinga er ekki lengur við lýði í viðskiptalöndum okkar sem við erum að aðlagast. Þau ríki, sem reyndu verðtryggingu (Finnland, Ís-

rael og að takmörkuðu leyti Bretland og Svíþjóð), hafa hætt henni. Enginn grundvöllur er því lengur fyrir verðtryggingu hér. Við getum ekki varið það að verðtryggja skuldir en ekki kaupgjald láglaunafólksins sem á að borga skuldirnar." — Hvernig er þetta hægt?

„Ísland hefur ekki efni á að raska því jafnvægi í kjaramálum og verðlagi sem náðist með þjóðarsátt. Atvinnuvegirnir þola ekki nýja vaxtaskrúfu af völdum lánskjaravísitölu eins og þá er varð 1982–1990 þegar skuldauppsöfnunin náði 100 milljörðum króna hjá útgerð og fiskvinnslu. Það er grunnorsök vandans í dag, ekki aflasamdráttur sem oft hefur verið meiri án þess að valda sambærilegum erfiðleikum."

Mér þótti hlýða að vísa hér aðeins í greinargerð og minnast á lánskjaravísitöluna sem enn tekst ekki að koma hér inn til atkvæða og það í sjöunda sinn. Í 9 manna efh.- og viðskn. úr öllum flokkum er setið á þessu máli og hv. formaður þeirrar nefndar, nýkjörinn formaður Framsfl., beitir sér fyrir því að frv. komi ekki til atkvæða. Ég hef vakið athygli á þessu síðustu daga og krafist þess af forseta að hann beitti sér fyrir því að málið væri afgreitt út úr nefnd. En það eru ekki allir hv. framsóknarmenn jafnslæmir og hv. núverandi formaður. Meðal flm. eru fyrrv. formaður Framsfl., Steingrímur Hermannsson, svo og hv. formaður þingflokks. Það er athyglisvert í þessari umræðu að minna á orð þessara tveggja ágætu manna þegar þeir báðir, annar nýhorfinn af þingi en hinn búinn að sitja þar lengi, hafa í ræðum tekið fram hvað þeir hafi mest séð eftir að hafa gert á þessum árum, hver voru mestu mistök sem þeir hefðu gert? Það var einmitt að samþykkja verðtryggingu fjárskuldbindinga 1978. Það er athyglisvert þegar mætir og góðir menn sjá sín mistök og viðurkenna þau. (**SvG:** Nú er Steingrímur farinn í Seðlabankann.) Já, og hefur vonandi áhrif að laga það sem hv. alþm. þora ekki að taka á. Þeir komu þó þessu kerfi á 1978 en veigra sér við að taka hér ákvörðun.

Lánskjaravísitalan hækkaði um nálægt 2% á sl. ári. 1% hækkun hennar þýða 5 milljarðar á heimilin í landinu því að skuldir þeirra eru áætlaðar um 250 milljarðar. Þarna bætast 5 milljarðar ofan á vextina með því að hafa hana í gildi. Er ekki mál að taka á þessu? Þegar Ólafslög voru lögfest töldu menn að 2% vextir ofan á verðtryggingu væri hæfilegt. Þá sögðu menn að 4% vextir ofan á verðtryggingu væri okur. Skyldu ekki hæstu raunvextir undangenginna ára hafa komist í ein 18%? 4% var talið sem okur. Hvað er þetta margfalt okur sem tekist hefur að framkvæma eftir þessu kerfi á undangengnum árum, margra ríkisstjórna? En þetta er allt löglegt. Einhvern tíma var sagt að það væri ekki gott þó það væri löglegt ef það væri siðlaust, það voru orð hv. fyrrv. þm. Vilmundar Gylfasonar. (**GÁ:** Frelsið blífur.) Frelsið blífur, segir hv. þm. Guðni Ágústsson um leið og hann gengur fram hjá mér.

Ég vakti athygli á því áðan að sökudólgarnir eru allir íslenskir stjórnmálaflokkar. En í tilefni af þessum orðum hans um frelsið. Það var vinstri stjórn sem kom þessu kerfi á 1978 og það var rétt einu sinni sem hinir flokkarnir létu hv. Alþfl. plata sig. Hann var forsvarsmaður að þessu kerfi hér á landi og plataði þá ríkisstjórn til að taka þetta kerfi upp. Hann hefur sl. sex ár verið duglegur að plata tvær ríkisstjórnir með EES og fleiru og má ekki á milli sjá, yfirleitt tekst honum vel upp í hvaða ríkisstjórn sem hann situr að plata hina flokkana. (**Gripið fram í:** En ekki kjósendur.) Hann hefur valdið svo miklu þessi litli 10% flokkur þegar hann situr í ríkisstjórnum og spilar á stóru flokkana til skiptis.

En hver borgar öll þessi töp og gjaldþrot sem hafa leitt af því sem þetta kerfi hefur búið til? Það er almenningur sem lagður eru á stórfelldir vextir og margfaldir sem enginn þolir. En það hefur verið mikil gósentíð síðan Ólafslög voru sett á, gósentíð fyrir ákveðna aðila í þjóðfélaginu, þá sem hafa haft peninga, sem hafa braskað og svindlað. Þeir eru búnir að raka saman á þessu tímabili og er það verkefni jafnaðarmannaflokks, Alþýðuflokks, að hafa forustu um að slíkir aðilar komist best frá svo áratugum skiptir.

Sjálfstfl. var ekki upphafsmaður að þessu kerfi. Hann sat ekki þá í ríkisstjórn. Ég skal hins vegar alveg lýsa því yfir í þessum ræðustól að hann hefur eins og hinir flokkarnir allar götur síðan tekið þátt í að vera varðhundur þessa kerfis. Á því bera allar ríkisstjórnir og allir stjórnmálaflokkarnir ábyrgð og hann líka.

Hér var áðan deilt á milli hv. þm. úr Norðurlandskjördæmi eystra þar sem annar vildi kenna núv. ríkisstjórn um allt en hinn öfugt eins og gengur og gerist. Þeir ræddu um þjóðarsátt sem einmitt gerðist og var rædd í forsætisráðherratíð Steingríms Hermannssonar. Það er rétt að minna á hana og síðan höfum við búið við þjóðarsátt og það ber að þakka þeirri stjórn að þjóðarsátt komst hér á. En hvernig? Þeir gleymdu því, þessir ræðumenn áðan, hvernig hún varð til. Þáv. vinstri stjórn ákvað með afgreiðslu fjárlaga rétt fyrir jól að á árinu 1990, að mig minnir frekar en 1989, skyldi verða 18% verðbólga. Allar forsendur í fjárlagafrv. voru miðaðar við og útreiknaðar miðað við 18% verðbólgu á næsta ári. Skömmu eftir áramótin komu aðilar vinnumarkaðarins, Einar Oddur og Alþýðusambandið, og réttu þjóðarsáttina upp í hendur þáv. ríkisstjórnar og færðu verðbólguna niður í eins stafs tölu. Þetta ber að þakka og við skulum minnast þess um leið og við þökkum þeirri ríkisstjórn sem þá sat eins og öllum öðrum, allar gera þær meira og minna gott en líka vont, en upphaf þjóðarsáttarinnar var það að verkalýðshreyfingin og vinnuveitendur réttu páv. ríkisstjórn þetta upp í hendurnar. Síðan höfum við blessunarlega búið við þjóðarsátt lengst af síðan. Þessi þjóðarsátt er náttúrlega borin upp af láglaunafólkinu að stórum hluta, en það er líka betra fyrir láglaunafólkið að það sé lág verðbólga frekar en hún sé í himinhæðum. Þannig hefur þetta kerfi orðið blessunarlegt, að við skulum vona, fyrir alla okkar þjóð.

Ég held að ég hafi þessi orð ekki öllu fleiri. En ég vil að síðustu ítreka hér fimm atriði hvers vegna við stöndum frammi fyrir þessum vanda til viðbótar því sem ég hef gert í máli mínu.

1. Uppsöfnun skulda á 9. áratugnum stafar fyrst og fremst af vaxtabyrðinni því að verðbætur og raunvextir voru að meðaltali liðlega 40% á ári út allan áratug-

inn frá 1982–1990. (Forseti hringir.) Hér er þess að geta að verðtrygging húsnæðislána var upp tekin að hluta árið 1955 og hafði því verið við lýði í aldarfjórðung þegar Ólafslög voru samþykkt en þau komu til framkvæmda upp úr 1980. Eftir það var fylgni vaxta og verðbólgu alger.

2. Árið 1990 þegar þjóðarsátt var gerð og verðbólga lækkaði var greiðslugeta heimila þrotin. Þá þurfti að veita íbúðaeigendum stórfelld skuldbreytingalán svo að komist yrði hjá gjaldþrotum. (Forseti hringir.) Slík lán eru enn veitt. Fólk leitar sífellt til banka og sparisjóða til að bjarga sér fyrir horn.

3. Annað sem jók skuldabyrðina á árunum 1990–1994, þessi síðustu ár, má rekja til húsbréfanna sem komin voru til sögunnar. Þau hafa selst að öllum jafnaði með 25% afföllum. Íbúðareigandi sem tók 4 millj. kr. húsbréfalán fékk aðeins 3 millj. í sínar hendur en skuld hans hafði vaxið um 4 millj. (Forseti hringir.)

4. Enn annað sem jók á skuldabyrðina var afnám vísitölubóta á laun laust fyrir miðjan 9. áratuginn. Síðan hafa laun vaxið lítið eða ekkert en skuldir launþeganna með fullum verðbólguhraða.

5. Loks er að nefna að skuldabyrðin sjálf vex með lánsfjárhæðinni. Aðeins raunvextir eru greiddir árlega en verðbótaþátturinn að mestu færður yfir á ókomin ár. Skuldin óx jafnt og þétt uns fólkið réð ekki við hana.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti vill biðja hv. þm. að reyna að halda sig við leyfilegan tíma. Forseti sýndi hv. 6. þm. Suðurl. næstum óleyfilega vinsemd.

[15:36]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Mig langar aðeins til að þakka hv. 6. þm. Suðurl. fyrir ágæta ræðu og rifja það upp með honum til glöggvunar hvernig lánskjaravísitalan varð til. Það er alveg rétt að það var á árinu 1979 og þá sat ríkisstjórn Ólafs Jóhannessonar og menn vita hvaða flokkar voru aðilar að þeirri stjórn. Alþb. var aðili að stjórninni og var mjög andvígt verðtryggingarkafla frv. til Ólafslaga á þeim tíma. Þá gerðust þau undur að þingflokkur Sjálfstfl. gerði samþykkt um að hann styddi frv. eins og það þá lá fyrir þannig að því miður fór það svo að stjórnarandstaðan gekk í lið með verðtryggingarliðinu og þar með var lánskjaravísitalan orðin að lögum.

Þar með er það því miður þannig að frá upphafi ber Sjálfstfl. alla ábyrgð á þessu máli rétt eins og aðrir sem að því hafa komið. Til þess að hafa þetta á hreinu vildi ég nefna þetta.

Varðandi þjóðarsáttina 1990, þá er það alveg rétt að það hafði verið gert ráð fyrir um það bil 18% verðbólgu í fjárlagafrv. haustið 1989. Ég bendi hins vegar á það að enginn sá það fyrir að gerðir yrðu kjarasamningar af því tagi sem gerðir voru í janúar 1990 og stjórnarandstaða Sjálfstfl. gerði engar athugasemdir við þær verðlagsforsendur sem fjárlögin fyrir árið 1990 byggðust á. Það er því útilokað að setja dæmið upp eins og gert var hér áðan að páv. ríkisstjórn hafi í raun og veru verið dæmd til að falla frá áætlun um meiri verðbólgu. Þannig var það ekki eins og hv. þm. veit ef hann skoðar aðeins betur hug sinn.

[15:39]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók einmitt fram í máli mínu að ég sleppti ekki Sjálfstfl. við að kenna honum um þetta kerfi sem við búum við, en eigi að síður er það rétt að hann stóð ekki að samþykkt laganna þegar þessi lög voru upphaflega samþykkt á Alþingi 1978–1979. Það eru alveg hreinar línur. Þá var hann á móti þessum lögum þó að hann hafi komið, eins og ég sagði áðan, til á þessari löngu leið að vera varðhundur að þessu kerfi.

Gagnvart svo verðbólgunni og þjóðarsáttinni sem sannarlega var blessunarlegt mál, þá vil ég ítreka að það voru aðilar vinnumarkaðarins sem komu laust upp úr áramótum 1990 og drógu ríkisstjórnina að landi, björguðu henni og þjóðinni og að sjálfsögðu okkur öllum. Það var gott að færa verðbólguna, eins og ríkisstjórnin reiknaði með að hún yrði á þessu ári, úr 18% niður í lága eins stafs tölu. Þetta gerðist fyrir áhrif þessara aðila og það skal bara ítrekað.

[15:40]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er allt rétt sem fram kom hjá hv. 6. þm. Suðurl. nema það að ég hygg að hann misminni nokkuð um það hvernig Sjálfstfl. hagaði atkvæði sínu við afgreiðslu laga um efnahagsmál o.fl. sem fengu nr. 13 á árinu 1979 og eru kölluð Ólafslög. Það getum við athugað í þingtíðindum.

Það er líka rétt hjá hv. þm. að páv. ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, 1989–1990, gerði ekki uppreisn gegn þeim samningum sem aðilar vinnumarkaðarins höfðu gert en hún hafði hins vegar útbúið aðstæður þannig eða tekið þátt í því að það var hægt fyrir aðila vinnumarkaðarins að gera svona samning. Það var ekki hægt fyrir aðila vinnumarkaðarins að gera svona samning, t.d. undir ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar. Það eru veruleiki sem við þyrftum líka aðeins að fara yfir í rólegheitunum. Aðalatriðið er þó kannski það að menn geri sér grein fyrir því að þessi ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar eða þingið eða verkalýðsforustan eða forusta atvinnurekenda á ekki að þakka sér fyrir þessa lendingu. Veruleikinn er sá að það er láglaunafólkið í landinu sem hefur borið þennan veruleika uppi, sem hefur tekið það á sig að halda niðri kaupinu sínu og halda niðri sinni neyslu og m.a. hefur þetta að nokkru leyti orðið til þess að skuldir heimilanna hafa hækkað af því að kaupið hefur minnkað til þess að borga skuldirnar niður.

Þetta skulum við hafa í huga áður en við sem hér erum hrósum okkur allt of mikið fyrir þann árangur sem þó liggur fyrir í minnkandi verðbólgu á Íslandi sem ég hins vegar óttast, eins og ég rakti fyrr í dag að geti farið vaxandi með haustinu. Það er hryllileg framtíðarsýn ef svo fer.

[15:42]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég tók fram í mínu fyrra máli

einmitt að við ættum láglaunafólkinu að þakka þjóðarsáttina. Það að sjálfsögðu ber hana meira uppi en aðrir. En við fluttum okkur úr 20% verðbólgu. Hv. þm. talaði um að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar hefði búið til gott veður til að taka við þjóðarsáttinni, en það var eigi að síður yfir 20% verðbólga, (**SvG:** 21–26%.) eða 21–26%. Þessa verðbólgu fluttu aðilar vinnumarkaðarins niður í lága eins stafs tölu og tóku þetta á sig. Ég man ekki á þessari stundu hver verðbólga var í tíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar en við skulum hugsa okkur að hún hafi verið 25%, við skulum aðeins velta því upp, þá gátu að sjálfsögðu aðilar vinnumarkaðarins gert það með sama hætti að flytja 25% niður undir núllið en hvað um það. Þetta er liðin tíð. En þetta tókst þarna og við þökkum á þessari stundu aðilum vinnumarkaðarins fyrir að færa og laga stórlega þá verðbólguófreskju sem allt of lengi var búin að ríða hér húsum.

[15:43]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Vegna þess að hv. þm. Eggert Haukdal bar hér inn í umræðuna frv. það sem hann hefur flutt með mikilli elju undanfarin líklega sjö ár um afnám verðtryggingar og þeirra orða sem hann lét falla um að seint gengi og reyndar alls ekki að ná því máli út úr efh.- og viðskn., þá hefur hv. þm. þar nokkuð til síns máls. Sá sem hér talar vill taka fram að ég hef stutt það að þetta mál fengi fengi að koma til afgreiðslu og til atkvæða því að ég held að þinginu sé best að standa frammi fyrir því hvað það vill gera í þessum efnum. Og auðvitað er það með ólíkindum þegar mál er flutt af þessu tagi ár eftir ár og það jafnvel af því sem má kalla þungavigtarmönnum eins og formönnum flokka og núverandi seðlabankastjóra, að það skuli ekki duga til.

Reyndar minnir elja hv. þm. okkur á það suma hverja og það var rifjað hér upp áðan þegar Sæunn gamla á Bergþórshvoli barði arfasátuna allt sumarið með þeim orðum að það mundi illa fara fyrir sér og sinni fjölskyldu ef hún yrði ekki fjarlægð. Því miður daufheyrðust menn við þessum áköllum kerlingar og sátan var til staðar þegar Flosi kom og kveikti brennuna. En við skulum vona að það fari ekki eins eftir alla þá atorku sem hv. þm. Eggert Haukdal hefur lagt í það á undanförnum árum að losna við lánskjaravísitöluna. Auðvitað er það alveg hárrétt hjá hv. þm. að þegar búið er að afnema þessa verðtryggingu af verðlagi, af launum og af öllum öðrum þáttum en fjármagni, þá er það hreint siðleysi að halda henni áfram. Verðtryggingin á fjárskuldbindingum er að sjálfsögðu einn þátturinn sem fellur undir skuldaaukningu heimilanna og ástæða væri til að tala um. Þess vegna var það á hárréttum stað sem hv. þm. kom með þetta inn í umræðuna.

[15:46]

Eggert Haukdal *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Í orðum mínum hér áðan þegar ég var að hrósa hv. foringjum Framsfl. fyrir hvernig þeir hafa staðið að þessu frv. mínu, þá láðist mér að geta þess að hv. þm. Steingrímur Sigfússon hefur staðið vel að því að afgreiða málið út úr nefndinni. Sömuleiðis hv. þm. Ingi Björn Albertsson, sem hér er inni staddur, en þeir hafa ekki náð því að koma frv. út. Þarna virðist hafa verið og er við ofurefli að etja. — Reyndar sé ég þriðja mann inni í sal, hv. þm. Guðjón Guðmundsson, sem einnig hefur staðið að því að vilja koma frv. hér til atkvæða, en það hefur ekki tekist.

[15:47]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Nú er það þannig að þingstörfum er hvergi nærri lokið eins og sjá má. Við erum hér í mestu rólegheitum að ræða þetta dagskrármál og ég er þess vegna ekkert úrkula vonar um það að einhvern tíma á næstu vikum finnist tími til að halda fund í efh.- og viðskn. og afgreiða þetta mál. Staðreyndin er sú af því að hér var til umræðu það afrek ríkisstjórnar Steingríms Hermannssonar að ná verðbólgunni niður, þó að við séum e.t.v. ekki alveg sammála, ég og hv. þm. Eggert Haukdal, um það hvernig það gekk fyrir sig, þá deilum við varla um tímann. Við erum væntanlega sammála um það að þetta gerðist á árinu 1990. Það er sem sagt komið á fjórða eða komin fjögur ár síðan verðbólga á Íslandi náðist niður í eins stafs tölu. Það var lengi talað um að þegar svo væri komið að verðbólga hefði samfellt í hálft ár mælst í eins stafs tölu, þá mundu menn taka til við að afnema þessa verðtryggingu fjármagnsins. Það var einu sinni formúla sem menn voru með og gott ef ekki þessi ríkisstjórn hafði um það einhver orð í byrjun starfsferils síns að ef tiltekinn árangur næðist í þessum efnum og svo og svo langur tími, þá mundu menn fara að bakka út með lánskjaravísitöluna.

En hvað hefur skeð? Verðbólga á Íslandi hefur núna verið einhver sú lægsta í hinum vestræna heimi mánuðum saman. Hér hefur meira að segja orðið verðhjöðnun á milli einstakra mánaða. Þau sögulegu skil hafa gerst að Ísland hefur komist í hóp örfárra þjóða í heiminum, Þýskalands og annarra slíkra, þar sem á einstökum köflum innan ársins hefur orðið verðhjöðnun, verðlag hefur beinlínis lækkað, þ.e. minna en ekki nein verðbólga. En lánskjaravísitalan, verðtrygging fjármagnsins, situr sem fastast.

Þess vegna er það alveg ágætis hugmynd að við notum nú tímann á næstu vikum þinghaldsins til þess að kanna það hvort ekki er hægt að ná þessu fræga máli út úr efh.- og viðskn.

[15:49]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Í sjálfu sér er það rökrétt að beina máli sínu til hæstv. félmrh. þegar menn ræða skuldastöðu heimilanna, en nokkurt umhugsunarefni er það nú samt hvort ekki sé eðlilegt að formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., sé kallaður til nokkurrar ábyrgðar. Ástæðan fyrir því að ég óskaði eftir því að hæstv. utanrrh. væri hér við er að ef einhver núlifandi stjórnmálamaður hefur dregið upp draumsýn fyrir venjulegan óbreyttan mann í þessu landi, flutt boðskap sem boðaði tímamót í lífi hans, þá er það hæstv. utanrrh. Það gerði hann þegar hann var að berjast um völdin í

Alþfl., þegar hann var að berjast til þeirra áhrifa að verða stjórnmálamaður á Íslandi sem tekið yrði eftir og eitt stærsta mál sem hann hefur flutt, hæstv. utanrrh., var till. til þál. um stighækkandi eignarskattsauka til tveggja ára. Þetta er flutt af Jóni Baldvin Hannibalssyni, hæstv. utanrrh., Jóhönnu Sigurðardóttur, hæstv. félmrh. og aðrir flutningsmenn voru Karvel Pálmason, Kjartan Jóhannsson, Magnús H. Magnússon og Eiður Guðnason. Það er kannski nafn Kjartans Jóhannssonar sem gerir það að verkum að menn trúðu því þá að hér væri tölfræðilega búið að fara yfir hlutina. Hér væru lausnir á öllum fjárhagsvanda heimilanna og slíkum hlutum. Hér var boðað slíkt réttlæti að það er ekki skrýtið þó að menn þurfi að vitna í það og með leyfi hæstv. forseta ætla ég að lesa nokkur atriði úr þessu fræga plaggi:

„Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd er hafi það verkefni að semja frv. til laga um stighækkandi eignarskatt."

Þetta segir svo í 4. lið: „Þessi nýi skattstofn geti komið í stað niðurfellingar tekjuskatts á launþega, sbr. þingsályktun um það sem samþykkt var á síðasta þingi. Tekjuauka ríkissjóðs af hækkuðum eignarskatti má að nokkru leyti miða við ákvarðanir Alþingis um tekjuskattslækkun við afgreiðslu fjárlaga."

5. liðurinn: „Það er ætlun flutningsmanna að nýjum tekjum ríkissjóðs af þessum skattstofni verði a.m.k. að hluta til varið til að stórauka framlög ríkissjóðs til Byggingarsjóðs ríkisins og verkamanna til þess að styrkja fjárhag sjóðanna og létta greiðslubyrði húsbyggjenda og íbúðarkaupenda."

Hérna var boðað framhald á samþykktri tillögu um það að tekjuskattur launþega yrði afnuminn. Og hvaða flokkar komu því í gegn á Alþingi Íslendinga? Alþfl. og Sjálfstfl. Hvar eru efndirnar? Ef þessir aðilar þyrftu ekki í dag að borga tekjuskatt, þá hefðu þeir peninga til að gera upp skuldir sínar sem í dag hrannast upp og neyða menn til þess að tapa íbúðarhúsnæði á nauðungaruppboðum. Það er að vísu búið að breyta reglunum í dómsmrn. þannig að mig minnir að það kosti 150 þúsund að gera mann gjaldþrota og þess vegna hefur beiðnunum heldur fækkað. En í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur stöðugt verið að gera fleiri og fleiri einstaklinga gjaldþrota.

Hvar er hæstv. utanrrh. sem boðaði himnaríki á jörðu í skattamálum Íslendinga þegar þetta var sett fram, til þess að fá völd? Ætli þeir séu ekki að bjóða upp ansi marga einstaklingana sem skulda opinber gjöld í dag? (**Gripið fram í:** Þá áttu að kalla hann í salinn.) Hæstv. utanrrh. hefur ekki sést í salnum, en hæstv. viðskrh. var hér á ferli fyrir stuttu síðan.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti getur upplýst það að hæstv. utanrrh. situr niðri í þingflokksherbergi Alþfl. og heyrir hvert orð sem hv. þm. mælir.)

Það er út af fyrir sig umhugsunarefni, hæstv. forseti, hvort þingflokksherbergi Alþfl. er orðið hluti af þingsalnum. Það er þá spurning hvort þingflokksherbergi Framsfl. er ekki líka orðið hluti af þingsalnum og hvort hæstv. forseti telur það nægjanlegt þegar atkvæðagreiðslur fara fram að menn sitji þá í þingflokksherberginu. Er það það sem verið er að fara fram á? Það er sama krafa um mætingu hér í salnum til að hlusta á ræður manna og til þess að greiða atkvæði. Það er í sama textanum sem skrifaður er um þingsköp. Ætlar forseti þingsins að skorast undan því að fara eftir þingsköpunum? Ég vil svar úr forsetastól.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti hefur komið þeim boðum til hæstv. utanrrh. að hans sé óskað í þingsalinn og meira getur forseti ekki gert.)

Ég óska eftir frestun á þessari ræðu og þessum fundi ef forseti er ófær um það að halda mönnum við þinglegar skyldur. Svo einfalt er það mál. Hæstv. utanrrh. getur mætt hér í salnum ef hann telur að hann þurfi að vera á launaskrá hjá Alþingi Íslendinga. Ellegar er lágmark að hann sé tekin tafarlaust af skránni. Ég óska eftir afstöðu forseta þingsins til þessa.

(**Forseti** (VS)**:** Hv. þm. er heimilt að fresta ræðu sinni ef hann óskar þess.)

Hæstv. forseti. Það getur vel verið að sá hæstv. forseti sem nú situr í stólnum telji að utanrrh. þurfi ekki að gegna þinglegum skyldum, það getur vel verið. En hæstv. forseti verður þá jafnframt að gera sér grein fyrir því að hér var borin fram krafa um það að þessari umræðu verði frestað þar til hæstv. ráðherra komi í salinn.

(**Forseti** (VS)**:** Svar við því er nei.)

Þá hefur hæstv. forseti orðið sér til ævarandi skammar og verður nú að segjast eins og er að ósvífni af forsetastóli er með ólíkindum. Hér skilur einn stigi á milli þingsalsins og þess staðar sem hæstv. ráðherra dvelur á. Engu að síður er það svo að hæstv. forseti telur að það sé fullnægjandi að ráðherrann sitji í þingflokksherbergi Alþfl., hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti sagði ekkert um það að það væri fullnægjandi að hæstv. utanrrh. sitji þar, heldur getur forseti ekki gengið lengra en óskað eftir því að hæstv. utanrrh. komi í þingsalinn og það er niðurstaða forseta í þessum efnum.)

Hæstv. forseti getur ef hæstv. forseti þorir frestað hér fundi. Ef hæstv. forseti þorir ekki að fresta hér fundi, þá er það í sjálfu sér nokkur tíðindi. Ég vil lesa hér upp úr þessum texta af því að hér hefur þó annar þeirra hæstv. ráðherra sem ég bað um að væru viðstaddir mætt þannig að ég greini hann úr mínum stól.

„Nú þegar er svo komið að í landinu búa tvær þjóðir. Hættan er sú að það sem skilur hinar tvær þjóðir í sundur vegi smám saman þyngra á metunum en það sem sameinar þær. Við höfum tvö hagkerfi, opinbert hagkerfi sem gefur okkur rangar og villandi upplýsingar um lífskjör og afkomu fólks og fyrirtækja og neðanjarðarhagkerfi þar sem tekjur eru faldar og lúxuslífsstíll afhjúpar tilbúnar tölur hins opinbera hagkerfis og afkomu fólks og fyrirtækja."

Þetta var boðskapur hæstv. utanrrh., Jóns Baldvins Hannibalssonar, sem nú þorir ekki að mæta í þingsalinn, sem þorir ekki að gera grein fyrir því hvers vegna hann hefur ekki notað völd sín á undanförnum árum til þess að framkvæma það sem hann lofaði fólkinu þegar hann var að brjótast til valda. Hann hefur velt þyngri skattbyrðum yfir á alþýðu manna en nokkur

annar fulltrúi í forustusveit Alþfl. sem fengið hefur það hlutverk að stýra þeim flokki. Og hverju lofaði hann? Hann lofaði því að taka af fólkinu engan tekjuskatt, ekki eina einustu krónu. Ég vil spyrja hæstv. viðskrh. aðeins einnar spurningar: Telur hann að þær tillögur sem Alþfl. lagði fram á sínum tíma hafi verið óábyrgar? Telur hann að þær hafi verið óábyrgar, óframkvæmanlegar? Telur hann að þær hafi verið hugsaðar til þess eins að ná völdum?

Það er nefnilega svo að það er söguleg staðreynd, að hæstv. utanrrh. notaði völd sín til þess að framkvæma hér það sem helst hann varast vann. Hann fór í það að flýta fyrir því eins og hægt var að hér byggju tvær þjóðir í einu landi. Þetta var ráðherrann, þetta var foringinn sem fór um landið og spurði: „Hverjir eiga Ísland?" Og hvað sagði hann þeim á þeirri siglingu sinni? Þá boðaði hann þetta um tvær þjóðir í einu landi. Þá boðaði hann það að tekjuskatturinn skyldi afnuminn af launafólki í landinu. Og hann sópaði saman atkvæðum íslenskrar alþýðu út á þessi loforð og það skyldi engan undra. Það vill nefnilega svo til að hæstv. ráðherra átti mann í forustusveit íslenskra stjórnmála fyrir föður, Hannibal Valdimarsson, sem barðist oft hart fyrir alþýðu þessa lands og átti tiltrú hennar. Hæstv. viðskrh. á einnig fyrir föður stjórnmálamann á Ísafirði á sínum tíma sem starfaði fyrir alþýðuna, stóð við sína samninga og hafði almannatraust í því byggðarlagi. Út á þá trú töldu menn að treysta mætti orðum hæstv. núv. formanns Alþfl., Jóns Baldvins Hannibalssonar. Það var út á trú sem alþýða Íslands hafði á hinum foringjunum sem Alþfl. hafði haft á Ísafirði.

Nú blasir það aftur á móti við að þessi orð voru skrumsýning ein á sínum tíma, skrumsýn ein, og alþýða manna sem trúði því að sá tími réttlætisins væri runninn upp að eignamenn þessa lands ættu að greiða stighækkandi eignarskatt og hætt yrði að eltast við eignalausa menn út af tekjuskatti sem e.t.v. var hindrunin fyrir því að þeir gætu eignast nokkurn skapaðan hlut, þeim var haldið á lægstu kjörum. Það er til ævarandi skammar fyrir Alþfl. að hafa safnað atkvæðum út á þennan boðskap og svikið svo öll sín loforð.

Afleiðingin blasir við. Skuldasöfnun heimilanna vilja margir kenna við hæstv. félmrh. Sá vopnaburður er ekki heiðarlegur að öllu leyti vegna þess að það verður að segjast eins og er að ef hugsjón jafnaðarmanna brennur í brjósti einhvers af ráðherrum Alþfl. í núverandi ríkisstjórn, þá er það þó í brjósti hæstv. félmrh.

[16:04]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég mætti hér að beiðni hæstv. forseta af tillitssemi við forseta. Ég vil taka það fram að mér finnst sá forseti sem nú situr í forsetastól stýra fundum af mikilli hógværð, skynsemi og festu og af tillitssemi við þann ágæta forseta mætti ég hér.

Ég hef nú ekki bara hlustað á hv. þm. flytja ræður heldur horft á hann líka. Ég þarf ekki að segja fleira, virðulegi forseti.

[16:06]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Það er að sjálfsögðu ekkert óeðlilegt að hæstv. ráðherra kæmi aðdáun sinni á forseta á framfæri bæði hér í ræðustól og eins einslega, ég hef ekkert við það að athuga. En ég hélt að hæstv. ráðherra hefði þingskyldur líka og væri nú hérna í þinghúsinu annað slagið, ekki bara af áhuga á að horfa á forsetann og fylgjast með, heldur einnig vegna þeirrar skyldu sem hann hefur að gegna fyrir íslenska þjóð, en mér er ljóst að það er misskilningur.

[16:06]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þingmenn hafa ýmsar þungbærar skyldur. Ein af þeim hefur síðustu tvo sólarhringa verið sú að ég hef þurft að gegna þeirri þungbæru skyldu að hlusta á allar ræður hv. þm. og horfa á hann flytja þær.

[16:06]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Hæstv. viðskrh. hefur sótt það mjög fast að vera þingmaður Vestfjarða, hefur sóst mjög eftir því. Það er mikið oflof af hans munni að halda því fram að hann hafi eytt tíma í að hlusta á allar þær ræður sem ég hef flutt. Ég hef nokkra meðaumkvun með honum þó að það hafi ekki komið til þess að hann hefði þurft að hlusta á þær allar. Það er eins og Örn Arnar orðaði svo:

Mig hafa blessuð löngu ljóðin
líka stundum þreytt.
Þú last mig ei til enda,
mig undrar það ei neitt.

[16:07]

Kristinn H. Gunnarsson:

Forseti. Það varð svo í fyrri ræðu minni að ég kom því ekki til skila sem ég hafði hugsað mér að koma á framfæri og kvaddi mér því hljóðs aftur til að koma þeim atriðum að. Í meginatriðum benti ég á það í fyrri ræðu minni að það sem væri láglaunafólki þyngst væru háir vextir. Og það kemur fram í skýrslunni að 70% af skuldum heimila eru vegna húsnæðismála og enn fremur líka að láglaunafólkið þarf að verja hlutfallslega hæstum hluta af sínum tekjum í afborganir og vexti þannig að vilji menn koma fram með kaupmáttarauknингu eða kjarabætur fyrir láglaunafólk, þá er fljótvirkast að gera það í gegnum vexti af húsnæðislánum. Ég er þeirrar skoðunar að það hefði verið farsælla að halda þeim vöxtum niðri í stað þess að hækka þá, jafnvel upp í markaðsvexti og reyna síðan að endurgreiða einhvern hluta af kostnaðaraukanum í gegnum vaxtabætur.

En það sem ég vildi bæta við og kom ekki að í fyrri ræðu minni var það samhengi sem mér finnst ég sjá á milli fjárfestinga á undanförnum árum og þess fjármagns sem við höfum varið í húsnæðismál. Það er auðvitað eitt af grundvallaratriðum í efnahagsstjórn að reyna að stýra því hvert peningarnir fara á hverjum tíma með heildarhagsmuni í huga og það er ljóst að á undanförnum árum hafa menn að mínu mati ekki gætt

að því að beina fjármagninu í atvinnulífið til að endurfjármagna það og stuðla að nýsköpun og þróun en um of látið peningana renna til málaflokks eins og húsnæðismála sem þó þarfur sé hefur sín takmörk. Þannig er að á síðustu 40 mánuðum hafa menn sett 52 milljarða í húsbréfakerfið. Á 40 mánuðum hafa menn sett 52 milljarða króna í húsnæðislán í gegnum húsbréfakerfið. Þetta eru svo miklar stærðir að menn eiga erfitt með að átta sig á því hvað þetta þýðir. En til samanburðar má nefna að það sem menn settu í atvinnulífið á árunum 1989 og 1990 sem kennt er við Atvinnutryggingarsjóð voru um 9 milljarðar kr. Margar og langar ræður voru fluttar af þingmönnum Sjálfstfl. sem þá voru í stjórnarandstöðu um það að hið opinbera skyldi beita sér fyrir því að setja þennan pening inn í atvinnulífið. En það voru ekki nema 9 milljarðar samanborið við 52 milljarða í húsbréfakerfið á síðustu 40 mánuðum. Við getum ímyndað okkur að ef við hefðum tekið einhvern hluta af þessum peningum, 52 milljörðum kr., og sett inn í atvinnulífið, þó ekki væri nema tíundi hluti, hvað menn væru miklu betur staddir í dag, bæði hvað varðar stöðu fyrirtækja og atvinnuleysið.

Ég skal nefna sem dæmi að í riti Rannsóknaráðs ríkisins sem heitir Fiskeldi og sjávarbúskapur er sett upp áætlun um kostnað við rannsóknir á eldisfiskum, laxfiskum og eldi sjávardýra á árunum 1993–1996. Það vita auðvitað allir hv. þm. að það skiptir miklu máli að ná tökum á þessu verkefni til að geta hafið framleiðslu og skapað útflutningsverðmæti. Hvað ætlum við að verja miklu fé á fjórum árum í þetta verkefni? Samkvæmt þessari áætlun hér er áætlað að setja 197 millj. kr. í þetta verkefni á fjögurra ára tímabili. Á jafnlöngu tímabili hafa menn sett 52 þús. millj. kr. bara í húsbréfakerfið. Þó að það sé út af fyrir sig þarft að hafa húslánakerfið sem gengur greiðlega og þjónar fólki vel þá verðum við að gæta að því að leggja ekki svo mikla áherslu á þann málaflokk að við vanrækjum algjörlega aðra málaflokka og fáum það svo í hausinn að nokkrum árum liðnum. Ég vil kenna því um að á síðustu árum hafa menn vanrækt að hafa heildarstefnu í atvinnumálum og horft til skamms tíma í senn og það er það sem er orsökin fyrir atvinnuleysinu í dag, að menn hafa ekki verið að vinna að því að styrkja atvinnulífið annaðhvort með því að finna leiðir eða koma sér saman um tillögur til þess að gera þeim fyrirtækjum sem eru í atvinnulífinu, fyrst og fremst í sjávarútvegi, kleift að endurfjármagna sig og þannig sækja fram eða setja peninga í ný fyrirtæki. Sem dæmi um skilningsleysi núverandi ríkisstjórnar á því að það þurfi að hafa höfuðáhersluna í nýsköpun í atvinnulífinu til að koma í veg fyrir atvinnuleysi og til að uppræta það sem orðið er er t.d. það sem hún hyggst setja í sjávarútveg. Það á að lána sjávarútvegsfyrirtækjum 300 millj. Það er bjargráðið mikla hjá hæstv. núv. ríkisstjórn að setja 300 millj. í einhver útvalin sjávarútvegsfyrirtæki. Það er ekki nema brot af þeim fjárhæðum sem settar eru í húsbréfakerfið á hverjum mánuði. Ætli það nái því að vera nema eins og viku lánsfjárþörf í húsbréfakerfinu, þessar 300 millj. sem á að setja eða lána sjávarútvegsfyrirtækjum á Vestfjörðum og ekki öllum heldur bara einhverjum örfáum útvöldum af kommisarakerfi núv. ríkisstjórnar sem á að setja upp í því frv. Auðvitað er Alþfl. hæstánægður með það því hann þrífst á því að geta haldið utan um fjármagn með þessum hætti og deilt því út til sinna gæðinga og er þar í góðum félagsskap með Sjálfstfl. sem kann vel við sig í kerfi af þessu tagi.

Virðulegi forseti. Ef við skoðum fjárfestingu í atvinnulífinu í heild, ekki bara í rannsóknum á fiskeldi sem ég rakti áðan, þá má t.d. nefna að áætlað er að fjárfesting á þessu ári í sjávarútvegi verði ekki nema 3,8 milljarðar króna. Það er öll fjárfestingin í þessari atvinnugrein sem stendur undir lífskjörum íslensku þjóðarinnar. Hvernig eiga menn að geta skapað ný atvinnutækifæri eða haldið þeim sem hafa verið þegar fjárfesting í atvinnugreininni er svo lítil sem raun ber vitni? Þetta er ekki einu sinni nóg til að mæta afskriftum í atvinnugreininni þannig að menn eru að ganga á eigið fé og úrelda búnaðinn. Þetta er ekki nema eins og þriggja mánaða útlánastarfsemi eða fjármagn í þrjá mánuði úr húsbréfakerfinu.

Ég vil meina að menn séu með rangar áherslur í heildarstefnu um ráðstöfun fjármagns. Hluti af þeirri röngu stefnu er að menn hafa lagt svo mikla áherslu á að verja eða dæla peningum inn í húsnæðislánakerfið þó svo að það hafi þurft og þurfi að hafa umtalsvert fjármagn til þeirra hluta þá er þetta miklu meira en við höfum ráð á að setja í þennan málaflokk. Við erum að ganga á það fjármagn sem við þurfum að hafa í atvinnulífið og erum að uppskera atvinnuleysi þessa vegna.

[16:18]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er alveg ljóst að þó að húsbréfakerfið sé búið að vera í framkvæmd í þrjú ár þá þekkir hv. þm. ekki enn gangverk þessa kerfis. Hann blæs hér mikið og segir að það fari 55 milljarðar í húsbréfakerfið en einhver hluti af því væri betur kominn í atvinnulífinu. Þetta er nú einu sinni svo að þegar húsbréfakerfinu var komið á þá vorum við að steypa lánveitingum í einn farveg. Koma í veg fyrir að fólk þyrfti að taka skammtímalán í bönkum með þungri greiðslubyrði. Það er alveg ljóst að gangverkið í húsbréfakerfinu er með þeim hætti að þar er um að ræða verulega innri fjármögnun, kannski 50%. Þannig að það er verulegur hluti af útgáfu húsbréfa sem leitar ekki út á markaðinn heldur eru innri viðskipti milli kaupenda og seljenda. Þannig að þetta er bara málflutningur sem stenst ekki sem hv. þm. fer hér með. Ef eitthvað hefur skapað fjármagn fyrir atvinnulífið þá var það húsbréfakerfið vegna þess að 55% af ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna voru bundin í húsnæðiskerfinu gamla, 86-kerfinu, 55%. Nú er þetta fjármagn ekki bundið inni í húsnæðiskerfinu þannig að lífeyrissjóðirnir hafa meira frjálsræði til þess að nýta einhvern hluta af sínu fjármagni í atvinnulífið. Þetta eru bara staðreyndir málsins. Áður fyrr var þetta þannig að það voru bein framlög úr ríkissjóði sem fóru í lánveitingar en hér er um að ræða allt annað kerfi. Hér er fyrst

og fremst um að ræða verulega innri fjármögnun í þessu kerfi og ríkissjóður lætur ekkert til þess að fjármagna þetta kerfi. Það er alveg ljóst.

Þegar verið er að tala um að hluti af þessum peningum væri betur staddur í atvinnulífinu, hvað er hv. þm. þá að tala um? Að það eigi að veita lægri lán til íbúðakaupenda og auka þar með greiðslubyrði þeirra? Menn skyldu huga að því hér þegar verið er að tala um mikla fjárfestingu í íbúðarhúsnæði og menn tala um milljarða og aftur milljarða. Jú, það hafa sennilega um 25–27 milljarðar farið í að fjárfesta í félagslega kerfinu á sl. 7 árum og ég er alveg sannfærð um að það er ekki nokkur maður hér inni sem mundi mæla því bót að þeim peningum væri betur varið og öðruvísi en til láglaunafólksins en með þessum hætti.

[16:20]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Útlán í húsnæðislánakerfinu í heild sinni voru um síðustu áramót tæplega 200 milljarðar kr. Af því fer um ¼ í húsbréfakerfið. Á 40 mánuðum hafa menn lánað sem nemur ¼ af öllum lánveitingum í húsnæðismál eins og staðan var á þeim um síðustu áramót. Það er auðvitað geysilegur fjáraustur í einn málaflokk og í raun og veru langt umfram það sem eðlilegt er af því að þjóðin á ekki nema tiltekið magn af peningum. Hún verður að verja þeim peningum í fleiri mál en bara það að lána til að kaupa eða byggja hús. Hæstv. félmrh. veit það jafn vel og ég að þó nokkur hluti af þeim peningum sem varið er í húsbréfakerfið fer í hendurnar á fólki sem er að selja íbúðir sem það á skuldlítið eða skuldlaust. Ég vil segja að það fólk getur alveg eins og aðrir lánað kaupandanum hluta af þessu verði í stað þess að fá það allt greitt í gegnum húsbréfakerfið. Mér finnst það ekki vera hlutverk húsbréfakerfisins með ríkisábyrgð að borga skuldlausum eða skuldlitlum seljendum eignarhlut sinn að fullu í íbúð við sölu. Mér finnst það ekki vera verkefni ríkisins, því miður. Við verðum bara að vera ósammála, ég og hæstv. félmrh., um hver hlutur ríkissjóðs á að vera í fjármögnun á almennu húsnæðislánakerfi. En ég legg áherslu á það að það sem hefur valdið þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir í dag er fyrst og fremst það að menn hafa vanrækt að beina fjármagninu í atvinnulífið en tekið peningana í of ríkum mæli í húsbréfakerfið.

[16:23]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef það eitt um þennan málflutning þessa málsvara Alþb. að segja að það er fróðlegt fyrir íbúðarkaupendur að hlusta á þennan málflutning vegna þess að hv. þm. er ekkert annað að boða en að draga úr aðstoð við íbúðarkaupendur. Lækka lán til þeirra, það er það sem má skilja á hans málflutningi.

[16:23]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Þessi síðustu orð hæstv. félmrh. gæfu alveg tilefni til nýrrar umræðu sem yrði ekki styttri en þessi sem fram hefur farið. Ef hæstv. félmrh. er áhugasamur um það að taka upp umræðu t.d. um þróun mála í húsbréfakerfinu og frammistöðu Alþfl. annars vegar og Alþb. hins vegar í málefnum þeirra sem hafa verið að kaupa eða byggja húsnæði á Íslandi í gegnum tíðina þá er alveg hægt að verða við því að ræða það lítillega við hæstv. félmrh. (**Félmrh.:** Mín er ánægjan.) Eigum við þá t.d. ekki að byrja á því, hæstv. félmrh., að rifja það upp hver það var sem sór og sárt við lagði að það yrðu aldrei nein afföll af húsbréfum? Eigum við að rifja það upp hver hefur verið ráðherra húsnæðismála allan þann tíma sem húsbréfakerfið hefur verið starfrækt og skilur eftir þúsundir fólks sem skuldar 1–1,5 millj. meira en það fékk nokkurn tíma í hendur vegna affalla á húsbréfum sem voru um langan tíma yfir 20%.

Ég get farið með mörg dæmi fyrir hæstv. ráðherra ef hann hefur ekki áttað sig á þessu hvernig þetta kom út. Ég þekki til að mynda bónda norður í landi sem ætlaði að byggja sér íbúðarhús á sinni jörð og honum stendur ekki til boða annað en húsbréf. Hann fór í gegnum hið fína greiðslumat og fékk það út að hann væri borgunarmaður fyrir svona rúmum 4 millj. kr. Hann tók að láni 4,2 millj. í húsbréfum. Hann fór með þetta út á markaðinn og ætlaði að gera sér þetta að peningum til að borga smiðunum o.s.frv. — Og hvað fékk hann? Að frádregnum afföllum og kostnaði 3 millj. Hann skuldar 4,2 millj. með bréfum sem gefin eru út á bak við húsbréfin en fékk aldrei nema 3 millj. í hendurnar. Þetta var húsbréfakerfið, hæstv. forseti, þegar það var upp á sitt besta. Svo kemur hæstv. félmrh. og ætlar að kenna okkur lexíu um það hvernig eigi að ræða um þessi mál.

Er þetta ekki sami hæstv. félmrh. og sór það og sárt við lagði lengi af sínum ferli að það kæmi aldrei til greina að krukka í vaxtabæturnar? En hvað er búið að gera? Það er búið að skerða vaxtabæturnar um hálfan milljarð. Hvað eru vaxtabætur? Þær eru m.a. hluti af greiðslumati sem íbúðakaupendur og byggjendur hafa farið í gegnum undanfarin ár. Hvað er þá að gerast, hæstv. forseti? Það er að gerast það sama í tíð þessarar ríkisstjórnar og á ábyrgð hæstv. félmrh. og gerðist á árunum eftir 1983 að stjórnvöld eru einhliða að raska þeim forsendum sem fólk hefur haft til að taka ákvarðanir um sínar fjárfestingar. Með misgenginu 1983–1984 gerðist auðvitað einhver svívirðilegasta árás á fólk í formi stjórnvaldsákvörðunar sem uppi hefur verið á síðari tímum á Íslandi vegna þess að það er komið aftan að fólki. Það er rekinn hnífur í bakið á því með því að taka launavísitöluna úr sambandi en halda lánskjaravísitölunni, þannig að skuldirnar hækkuðu um 20% á sama tíma og laun hækkuðu um innan við 10%.

En í raun og veru er það sem hæstv. félmrh. hefur látið yfir sig ganga í gegnum skerðingu vaxtabótanna sams konar aðgerð. Hún er auðvitað miklu minni og hún er að mínu mati ekki eins svívirðileg og misgengið var 1983 og 1984 en hún er af sama toga vegna þess að stjórnvöld setja upp fínt kerfi, það eru gefin út húsbréf og það er sagt við fólk: Þú ferð í gegnum greiðslumat, góði minn, þar verður reiknað út hvað þú

getur borgað mikið og svo eru vaxtabætur og svo er þetta svona og hitt hinsegin og þú ert borgunarmaður fyrir láni af einhverri tiltekinni upphæð. Menn fara í gegnum greiðslumat, menn treysta þessu, menn taka sitt lán, reikna dæmið út. Ég er með þetta í kaup og ég fæ þetta miklar vaxtabætur. En hvað gerist svo þegar menn eru búnir að taka lánið, búnir að kaupa eða búnir að byggja? Þá kemur ríkisstjórn Davíðs Oddssonar með hæstv. félmrh. Jóhönnu Sigurðardóttur innan borðs og kippir fótunum undan þessum útreikningum með því að skerða vaxtabæturnar. Þetta eru svik og auðvitað hefði hæstv. félmrh. þá átt að segja af sér en ekki öll þessi skipti þegar hæstv. ráðherra hefur hótað því en aldrei látið af því verða. Þarna hafði hæstv. félmrh. tilefni til að hverfa úr stólnum.

Ég held að það sé líka ástæða til þess að ræða það öðruvísi en hæstv. félmrh. gerði hér hvort þeim peningum hefur öllum verið vel varið á fasteignamarkaðinum sem farið hafa út í húsbréfum við eigendaskipti á skuldlausu húsnæði þegar eigendur stórra skuldlausra eigna frá verðbólgutímanum hafa nánast fengið greiðslu út í hönd fyrir þetta húsnæði með húsbréfum. En áður gerðust kaupin þannig að þeir þurftu að lána í slíkum viðskiptum því staðgreiðsla þekktist auðvitað ekki hér á fyrri tímum í viðskiptum með notað húsnæði. Það var nánast reglan að sá sem var að selja þurfti að lána talsverðan hlut til einhverra ára. Með tilkomu húsbréfanna breytist þetta allt saman og það fór að tíðkast að það var nánast borgað út í hönd þó að viðskipti á stóru og skuldlausu húsnæði ættu í hlut. Ég hef miklar efasemdir um að þessi hluti lánafyrirgreiðslunnar á undanförnum árum, og þarna hafa farið út miklir peningar, tugir milljarða á fáeinum árum, 40–50 milljarðar á líklega einum þremur árum, að þeim hluta af þessari peninganotkun sem hefur farið í að gera upp við eigendur skuldlauss íbúðarhúsnæðis hafi verið vel varið. Þannig að ég er ekkert feiminn við að koma með þann málflutning hér eins og hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson. Ég þori alveg að ræða það við hæstv. félmrh. hvort ekki hefði verið hugsanlegt að ráðstafa einhverjum hluta þessa fjár betur. Ég þori það. Þar með er ég ekki að gera lítið úr því né heldur að mæla með því að það hefði í heildina átt að ráðstafa minni peningum til húsnæðismála. Ég bið hæstv. félmrh. að reyna ekki að snúa þannig út úr hlutunum. Þetta er spurningin um það hvernig þessum peningum er varið og ég minni á það að lífeyrissjóðirnir voru samningsbundnir til þess að ráðstafa fé inn í húsnæðismálin. Þeir höfðu gert það lengi vel í gegnum það að lána sínum sjóðfélögum. 1986 tekst samkomulag um það fyrirkomulag að lífeyrissjóðirnir komi með samningsbundnum hætti inn í fjármögnun húsnæðiskerfisins en hætti í staðinn að lána sínum félagsmönnum. Það er í tíð núv. hæstv. ríkisstjórnar sem þetta er allt saman leyst upp. Ég er ekki viss um að það hafi verið rétt eða skynsamleg ráðstöfun. Ég er ekki eins mikill markaðshyggjumaður og hæstv. félmrh. að ég telji að markaðurinn eigi bara að leysa þetta allt saman. Ég er ekki viss um að það sé mjög skynsamleg aðferð. Og að einhverjum hluta til hefði ég talið að það hefði mátt byggja áfram á samningsbundnum samskiptum lífeyrissjóðanna og húsnæðiskerfisins.

En hitt er líka rétt að ef við ætlum að ná nýju fé inn í atvinnulífið á Íslandi þá er það fyrst og fremst einn aðili sem hefur lausa fjármuni um þessar mundir, handbæra til ráðstöfunar, það eru lífeyrissjóðirnir. Þeir eru auðvitað sá fjárfestir, eins og það heitir á fínu máli, sem einn í landinu getur munað eitthvað um.

En ég held að ég láti þetta nægja að sinni, hæstv. forseti, um þennan þátt málsins. Þó er það eitt sem ég vil taka inn í umræðuna sem lítið hefur farið fyrir enn þá og það er vaxtastigið og vaxtaákvarðanir í tíð hæstv. ríkisstjórnar. Þeir komu hingað hv. þm., fótgönguliðarnir, Tómas Ingi Olrich og Björn Bjarnason, og voru að reyna að verja ríkisstjórnina og sögðu m.a. að hún hefði lækkað vexti. Staðreyndin er náttúrlega sú að þessi ríkisstjórn hefur fyrst og fremst hækkað vexti því að almenningur hefur sáralítils notið enn í þessari svokölluðu vaxtalækkun. Ríkissjóður hefur í sínum viðskiptum við stóra aðila pínt niður vextina, það er rétt, og náð þar nokkrum árangri. En hvar er vaxtalækkunin í bankakerfinu gagnvart almenningi? Hvar er hún? Hvar er vaxtalækkunin gagnvart fyrirtækjum í c- og d-áhættuflokki útlána hjá bönkunum? Það fer lítið fyrir henni. Hvar er vaxtalækkunin í Byggingarsjóði ríkisins, hæstv. félmrh.? Er það ekki þannig að í tíð hæstv. félmrh. hafi vextirnir hækkað í 4,9% og séu þar? Eða stendur kannski til að lækka þá? Ég hef ekki orðið var við það. Ég held því að hæstv. félmrh. og aðrir stuðningsmenn stjórnarinnar ættu að fara varlega í þessum efnum. Staðreyndin er sú að eitt af því sem hefur leitt mikla erfiðleika yfir fjölskyldurnar í landinu á síðustu missirum eru vaxtahækkanir í húsnæðiskerfinu, það er nú bara þannig, bæði í Byggingarsjóði ríkisins og Byggingarsjóði verkamanna hafa vextir hækkað eins og vonandi þarf ekki að minna hæstv. félmrh. á. Síðan eru útreikningar þannig á þessu blessuðu verðbótakerfi að það eltir sjálft sig. Staðreyndin er sú að það væri ástæða til að fara yfir það. Ég er með í höndunum m.a. gögn um það hvernig vaxtaútreikningurinn kemur út. Þrátt fyrir að það eigi svo að segja engin verðbólga að vera núna á milli útreikningstímabila er það nú samt þannig að menn eru að borga gífurlega vexti sem færðir eru annars vegar sem vextir en hins vegar sem vextir inni í verðbótaþættinum. Þannig að vaxtastigið er alveg gífurlega mikilvægt í þessum efnum. Þar hefur hæstv. ríkisstjórn ekki af miklu að moða, a.m.k. ekki þegar kemur að vaxtaákvörðunum gagnvart húsnæðislánunum.

Það er auðvitað alveg ljóst að eitt af því sem veldur fólki núna erfiðleikum í stórum stíl og er alveg sammerkt með erfiðleikunum á árunum eftir 1983 er að það er búið að raska þeim forsendum sem fólk hafði til að taka sínar ákvarðanir á. Og það er að mínu mati eitt það allra ljótasta sem nokkur ríkisstjórn getur gert. Þegar sómakært og vandað fólk sem vill standa í skilum sest niður og reiknar sín dæmi, leggur saman sitt kaup, sín útgjöld, kemst að þeirri niðurstöðu að það hafi tiltekna greiðslumöguleika til íbúðarkaupa, fjárfestir svo í góðri trú og svo koma stjórnvöld aftan að

því og kippa undan því fótunum. Hvort sem það er með misgengi launa og lánskjara, eins og varð 1983–1984 eða með því, eins og gerst hefur í tíð þessarar ríkisstjórnar að vextir af húsnæðislánum eru hækkaðir, það eru lækkaðar vaxtabætur, það er skertar barnabætur, það er lækkaður persónufrádráttur. Á ég að halda áfram, hæstv. félmrh.? Það er hækkaður tannlæknakostnaður, það er innleidd kostnaðarþátttaka í heilbrigðiskerfinu, það eru lögð á skólagjöld. Á ég að halda áfram hæstv. félmrh.? Svona er þetta. Þarna er verið að raska forsendum fólks. Það vissu það engir sem keyptu íbúð 1990 eða 1991 að fram undan væri hækkun á vöxtum, lækkun á barnabótum, lækkun á persónufrádrætti, skólagjöld, tannlæknagjöld, lyfjaskattar og svo framvegis og svo framvegis. En þetta er allt orðið staðreynd í dag.

Ég held að hæstv. félmrh. ætti að fara frekar þannig að í þessari umræðu að viðurkenna hvernig hlutirnir hafa gengið fyrir sig heldur en að kenna okkur alþýðubandalagsmönnum eitthvað um húsnæðismál. Ég held að við séum alveg sæmilega liðaðir í að ræða það hérna við hæstv. félmrh. alveg fram á Jónsmessu ef því er að skipta.

Hæstv. forseti. Þetta hefur að mörgu leyti verið býsna góð umræða og ég er mjög glaður og feginn því að hún hefur farið hér fram. Vegna þess að í fyrsta skipti, liggur mér við að segja, um nokkurt skeið hefur aftur komist pólitík á dagskrá hér á Alþingi og það óvænt núna þegar langt er liðið á maímánuð. Og hvers vegna það? Það er vegna þess að menn eru farnir að ræða hér um hluti sem skipta máli, um lífskjör fólksins í landinu, um atvinnuleysið, um skuldaaukningu heimilanna, um hluti sem varða lifandi fólk en ekki kjaftæði af því tagi sem oft og tíðum tekur hér allt of mikinn tíma. Það væri auðvitað um þessa hluti sem við ættum að ræða einhverja sólarhringa áður en þingið fer heim af því það eru ljótir hlutir að gerast í þjóðfélaginu. Það er algjörlega borin von að hv. stjórnarliðum muni takast það hér með aulalegum ræðum af því tagi sem hafa verið fluttar af hálfu þeirra sem á annað borð hafa þorað í umræðuna úr stjórnarliðinu að drepa málinu á dreif og fara að ræða um fortíðina eða eitthvað annað eins og hér var gert. En það var málflutningur þeirra hv. þm. Björns Bjarnasonar, Tómasar Inga Olrich og fleiri. Þeir týndu sér í fortíðinni af því að þeir þorðu ekki að horfast í augu við þá alvarlegu hluti sem eru að gerast í nútímanum og blasa við fram undan.

Er það ásættanlegt að í maímánuði skuli vera 7.500 manns á atvinnuleysisskrá? Er það ásættanlegt? Er það þolandi ástand að það lítur varla út fyrir að skólafólk fái yfir höfuð vinnu í sumar svo nokkru nemi? Það hefur aldrei verið annað eins ástand fram undan í atvinnumálum skólafólks á Íslandi eins og nú er. Það er í raun og veru verið að dæma þá íslensku hefð úr leik að fólk geti unnið yfir sumartímann og létt undir með skólagöngu sinni þannig eða haft af því eitthvert framfæri.

Er hæstv. félmrh. hreykinn af þessu? Er þetta kannski það sem á að leggja með upp í kosningarnar?

Hæstv. forseti. Ég endurtek að ég tel það nokkurs virði að pólitík hefur komist á dagskrá í þessari umræðu og menn eru að ræða um hluti sem virkilega skipta máli. Og þá held ég að svo langt sem það nær sé þessi skýrsla um skuldastöðu heimilanna nothæft plagg en ég ítreka það sem ég sagði í fyrri ræðu minni og beini því til hæstv. félmrh., að það verði ekki látið staðar numið við þennan pappír vegna þess að þetta er ekki einu sinni hálfnað verk. Það þarf að fylgja þessu eftir. Og það sem sérstaklega þarf að gera er að setja saman á einn stað samanburð á tilfærslunni sem hefur orðið í skuldum, í skattbyrði þannig að við getum skoðað það hvernig þetta hefur dreifst á heimilin, á fyrirtækin, á ríkið, á sveitarfélögin og hvernig aldurshóparnir standa að vígi. Hverjir eru fórnarlömbin í þessum breytingum hæstv. ríkisstjórnar? Ég sagði það hérna fyrr í dag og ég endurtek það: Fórnarlömbin eru lágtekjufjölskyldur með mörg börn, gjarnan foreldrarnir á aldrinum 30–35 ára. Það er markhópurinn sem þessi ríkisstjórn hefur fundið til að leggja auknar byrðar á á kjörtímabilinu. Ég óska Jafnaðarmannaflokki Íslands til hamingju með það.

[16:38]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. bar hér saman húsnæðisstefnu þá sem Alþfl. hefur staðið fyrir og húsnæðisstefnu Alþb. Ég er alveg sannfærð um að sú húsnæðisstefna sem Alþfl. hefur staðið fyrir stenst vel samanburð við húsnæðisstefnu Alþb. Við skulum muna eftir því þegar Alþb. fór með húsnæðismálin í upphafi níunda áratugarins. Hvernig var þá ástatt í félagslega kerfinu? Hvað var miklu eytt þar í uppbyggingu á félagslegum íbúðum? Það voru sárafáar íbúðir sem voru byggðar og ég hygg ekki ein einasta leiguíbúð. Beri hv. þm. það saman við 500 íbúðir sem hafa verið byggðar hér á hverju einasta ári og 700 leiguíbúðir við 60–70 leiguíbúðir á sjö árum þar á undan.

Og hvert var lánshlutfallið þá? Ætli það hafi ekki verið um 20% eða innan við það. Og lánstíminn var sextán ár. Þetta bauð Alþb. ungu fólki upp á og það hugsaði ekki betur um félagslega kerfið heldur en raun ber vitni.

Og talandi um vaxtabætur, sem hv. þm. gerði, ef bornar eru saman vaxtabætur sem hlutfall af vaxtagjöldum hjá láglaunafólkinu, fólki með innan við 2 millj. í tekjur, þá er það hærra á árinu 1993 en á árinu 1991 og gæti ég fært fram tölur því til sönnunar og mun gera það síðar í þessari umræðu sem ekki er tóm til í stuttu andsvari hér.

Varðandi hækkun vaxta almennt sem hv. þm. talaði um þá hafa vextir lækkað. Þeir hækkuðu í upphafi þessa kjörtímabils en af hverju hækkuðu þeir í upphafi þessa kjörtímabils? Vegna þess að fyrrv. fjmrh., Ólafur Ragnar Grímsson, kaus að safna skuldum í Seðlabankanum þó hann vissi að það þyrfti að viðurkenna að það væri vaxtahækkunartilefni sem hann þorði ekki í vegna kosninganna. Þess vegna þurfti að fara í hækkun á vöxtum í byrjun þessa kjörtímabils. En vextir hafa lækkað verulega.

Og vegna affalla í húsbréfakerfinu þá veit hv. þm.

að afföllin voru mikil þegar við vorum að komast út úr 86-kerfinu og þurftum að vera í miklum greiðsluerfiðleikalánum vegna skammtímalána sem komu í kjölfar 86-kerfisins. Hv. þm. ætti að bera það saman við þann stöðugleika sem nú er.

[16:41]

Steingrímur J. Sigfússon *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vona að stöðugleikinn sem hæstv. félmrh. er að tala um sé ekki stöðugt atvinnuleysi upp á 7.500 manns eða þaðan af meira. Það þýðir náttúrlega ekki fyrir hæstv. félmrh. að fara í samanburð á þessum málum með þeim hætti sem hér var gert. Staðreyndin er sú að í gegnum söguna má sýna fram á að það er verkalýðshreyfingin og Alþb. sem hafa staðið fyrir þeirri uppbyggingu í félagslegu húsnæðiskerfi, bæði löggjöf og skipulagsbreytingum á því sviði sem mest munar um. Það er svo furðulegt með það að Alþfl. hefur mikla áráttu til þess þegar mátulega langt er um liðið að fara að eigna sér hluti sem aðrir hafa staðið fyrir en þvo af sér sem hann hefur hins vegar sjálfur gert og málflutningur hæstv. félmrh. bar mikinn keim af því hér áðan. Það var talsvert annað ástand bæði á lánsfjármarkaði varðandi vaxtastig og allar aðstæður í þjóðfélaginu á árunum í kringum 1980 sem hæstv. félmrh. var að rifja hér upp. Ég vona að hæstv. ráðherra ætli ekki að færa ábyrgðina af félagsmálaráðherratíð Alexanders Stefánssonar, hæstv. fyrrv. ráðherra, yfir á herðar Alþb.

Hæstv. félmrh. segir að vextir hafi lækkað. Af hverju hafa þá ekki vextir lækkað í Byggingarsjóði ríkisins? Af hverju eru þeir jafnháir og þeir hafa hæstir orðið í sögunni? Er það þannig að hæstv. félmrh. geti ekki lækkað þá úr því að hann gat hækkað þá? Úr því að hægt er að lækka vexti annars staðar af hverju er það þá ekki gert í Byggingarsjóði ríkisins? Það er náttúrlega gífurlega þýðingarmikil vaxtaprósenta sem er á öllum almennum lánum þar og er núna 4,9% og var hækkuð í tíð hæstv. félmrh. Þegar hæstv. félmrh. er svo að beina skeytum að fyrrv. ríkisstjórn þá er aðeins eitt að athuga í því. Það er eins og mig minni að hæstv. félmrh. hafi verið í henni. Er það ekki rétt munað?

Það er nefnilega þannig með hæstv. félmrh. að þegar það hentar, þá hefur hæstv. ráðherra aldrei komið nálægt neinu. Þegar hæstv. ráðherra er að tala um fátæktina á Íslandi minnist hæstv. ráðherra ekki á það að hann hafi verið félmrh. í sjö ár. Þetta er því svona eftir atvikum. Þegar það er eitthvað jákvætt og gott þá man hæstv. ráðherra eftir því að hún er búin að vera félmrh. lengi, en þegar það er eitthvað sem hefur farið heldur úrskeiðis, þá er helst að heyra að hæstv. ráðherra hafi verið á tunglinu eða á Mars meðan þessir hlutir voru að gerast.

[16:43]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég var ekki í ríkisstjórn eða bar ábyrgð á stjórnaraðild þegar Alþb. fór með húsnæðismálin þegar það var til skammar hvernig staðið var að uppbyggingu félagslega íbúðakerfisins. En á árinu 1991 var ég í ríkisstjórn og ber alveg ábyrgð á því sem þar gerðist. En varðandi vaxtahækkunina sem þingmaðurinn nefndi í félagslega íbúðakerfinu, þá held ég að það hafi verið samdóma álit þeirra flokka sem sátu við stjórnvölinn árið 1990 að það þyrfti að hækka vexti í félagslega kerfinu. Undir það álit rituðu m.a. fulltrúi Alþb., fulltrúi Framsfl. og fulltrúi Kvennalistans, að það þyrfti að hækka vexti í Byggingarsjóði verkamanna um 0,5%–1%.

Varðandi félagslegu íbúðirnar, þá er fjölgun þeirra um 4 þús. Þeim hefur fjölgað úr 5.700 í 9 þús. og eitthvað, um 4 þús., á síðustu sjö árum. Ég spyr þingmanninn: Hvað fjölgaði þeim mikið þegar Alþb. bar ábyrgð á húsnæðismálunum? Getur hv. þm. svarað því? Ég hygg að það séu örfáar.

[16:45]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er eðlilegt þegar jafnviðkvæm mál fyrir alla, hverja einustu fjölskyldu í landinu, ber á góma hér í þinginu að það hitni örlítið í kolum og kannski fljúgi hnútur um borð eins og stendur í gömlu, góðu kvæði.

Ég vil byrja á því að þakka þeim sem báðu um þessa skýrslu að þeir skyldu gera það. Ég þakka líka hæstv. félmrh. fyrir að hafa látið gera þessa skýrslu sem er fróðleg og merkileg, en kannski mætti við hana bæta.

Þegar litið er til baka til áranna í kringum 1980 eða jafnvel fyrir þann tíma er rætt um það að lán hafi brunnið upp í verðbólgunni, orðið að engu, fólk hafi eignast stórfé eða stórverðmæti á þann hátt að fá lán þegar það var þó þannig að það var erfitt að fá lán úr bönkum og til húsbygginga. Það voru aðeins þeir sem á vissan hátt höfðu góða aðstöðu til að leggja fram veð og ábyrgðir sem gátu fengið lán og þar af leiðandi var það viss stétt fólks í landinu sem græddi á lánveitingunum sem brunnu upp og urðu að engu og voru gjöf en ekki gjald á árunum fyrir 1978. Það var því eðlilegt og sjálfsagt að koma á verðtryggingu lána árið 1979. Það var ekki til nein önnur leið. Við verðum bara að viðurkenna það. Þetta var auðvitað erfitt fyrir fjöldann allan af fólki, en þetta var eina leiðin sem hægt var að fara.

Árið 1982 skeði svo það að laun voru tekin úr sambandi við vísitöluna þannig að þau voru ekki lengur verðtryggð. Það var hrossalækning vegna þess að fólk hafði, eins og hefur verið skýrt frá áður, gert áætlanir samkvæmt þeim venjum sem voru að laun hækkuðu um leið og lánskjaravísitalan og bjóst við að geta greitt af sínum skuldum á þann hátt að vinna fyrir hlutfallslega álíka miklum tekjum og áður. Þetta gekk ekki eftir og þá byrjuðu erfiðleikarnir. Upp frá því fór smátt og smátt að vaxa mismunurinn á þeim lánum og skuldum sem fólk skapaði sér vegna húsnæðiskaupa og vegna einkaneyslu eða annarrar neyslu. En ég held að ástæðan fyrir því að lán, sem tekin voru til eigin neyslu, fóru sífellt vaxandi upp úr þessu hafi hreinlega verið sú að þau laun sem fólk vann sér fyrir og hefði farið til matarkaupa og því um líks urðu að fara í afborganir af lánunum. Þar af leiðandi er þessi mismun-

ur sem orðinn er á því að fasteignalán eða lán af íbúðum eru lægri en áður, þessi mismunur á samt rætur að rekja til þess að fólk hefur þurft að fjármagna afborganir af vöxtum, lánum og verðbótum með peningum sem það annars hefði við eðlilegar aðstæður getað notað til að borga aðrar greiðslur fyrir fjölskyldu og heimili. Þetta er þar af leiðandi bein afleiðing þess að laun voru tekin úr sambandi við verðbólguþróunina.

Nú í dag er svo komið að fólk sem árið 1993 keypti sér, þó ekki sé nema litla íbúð, er með mjög þungar byrðar á herðunum og er hvert á fætur öðru að missa íbúðirnar sínar. Fólk sem er með 1 millj. kr. í árstekjur þarf kannski að borga 60.000 kr. á mánuði í vexti og afborganir af lánum. Það er ekki hægt og þar af leiðandi hlýtur fólkið að missa íbúðirnar, selja þær áður en þær fara á uppboð eða hreinlega missa þær á uppboði. Eins og fram hefur komið er fólk sem er á aldrinum 30–40 ára sá hópur fólks sem ber þyngstar lánabyrðar núna. Það hefur sagt mér það að aldrei hafi gengið jafnilla að standa undir afborgunum og greiðslum og nú í vetur. Það getur vel verið að vextir hafi lækkað, það getur vel verið að verðlag hafi lækkað en samt er þetta staðreyndin að fólk sem er vandað í alla staði og eyðir ekki meira en það nauðsynlega þarf stendur í þessum sporum í dag. Ég kann ekki skýringuna á þessu en ég held að það sé of mikið gumað af vaxtalækkunum og verðlækkunum.

Nú vita allir að sá hópur fólks sem atvinnuleysi herjar mest á er fólk sem er um og rétt yfir tvítugt og jafnvel fram undir þrítugt. Það er sá hópur í landinu þar sem atvinnuleysið er langverst. Þetta fólk mun á næstu árum gjarnan vilja setja saman bú. Það mun gjarnan vilja eignast heimili og húsþak yfir höfuðið. Ég sé ekki hvernig atvinnulítið eða atvinnulaust fólk á að geta það á næstunni. Kannski geta sumir með aðstoð í gegnum verkamannabústaðakerfið eða búsetaíbúðakerfið eignast það en mjög stór hluti mun ekki vera fær um að kaupa sér íbúðir. Þar af leiðandi held ég að eitt af því sem verður að efla sé leiguíbúðakerfi. Hæstv. félmrh. hefur sagt það ítrekað í dag að fjölgun leiguíbúða hafi orðið mikil í hennar valdatíð og ég dreg það ekki í efa en ég er viss um að þá leið verður að troða enn þá meira en hingað til á næstu árum. Svo lengi sem atvinnuleysisvofan grúfir yfir okkur og eltir mun unga fólkið þurfa einmitt á þessari fyrirgreiðslu að halda.

Á bls. 5 í skýrslu hæstv. félmrh. stendur, með leyfi hæstv. forseta:

„Með hliðsjón af því sem hér hefur verið fjallað um varðandi ólíka skuldastöðu aldurshópa telur félmrn. ástæðu til þess að láta fara fram sérstaka athugun sem leiði frekar í ljós þann mun sem virðist vera á milli kynslóða með tilliti til lífskjara, skulda, eigna og afkomumöguleika."

Þetta álít ég að sé nauðsynlegt og væri í því sambandi mjög nauðsynlegt að komast að því hvað mikið af þessum íbúðum sem verið er að ræða um að fólk sé búið að borga allar sínar skuldir af eru samt veðsettar upp í topp, veðsettar fyrir það unga fólk sem er skuldum hlaðið. Það væri líka fróðlegt, ef sú rannsókn verður gerð að finna það út hvað margir úr hópi eldra fólks, 50–70 ára, missir hreinlega íbúðirnar og húsin sín ofan af sér vegna þess að þau hafa gengið í ábyrgð fyrir skuldara sem eru í yngri aldursflokkunum.

Það væri líka sannarlega gott ef þessi nýja rannsókn sem hæstv. félmrh. ræðir um gæti náð til þeirra sjakala sem læðast um á gráa svæðinu í íslensku samfélagi, í hálfmyrkrinu, og sölsa undir sig með ólöglegum og stundum löglegum hætti íbúðir þessa fólks sem hefur komast í greiðsluerfiðleika. Það er vitað að slíkt fólk er víðs vegar í samfélaginu. Það leikur lausum hala. Ef hæstv. félmrh. gæti, sem ég hef raunar áður beðið hæstv. dómsmrh. að reyna að gera, fundið leiðir til þess að koma einhverjum böndum á þessa sjakala, sem ég kalla svo, þ.e. aðila sem virðast geta leikið á veikar lagasetningar okkar, virðast geta notfært sér göt í kerfinu, göt í lögunum, til þess að ná undir sig eignum fólks, bæði þess sem lendir í greiðsluerfiðleikum og þess sem er í ábyrgðum fyrir greiðsluerfiðleikafólkið. Ef hæstv. félmrh. gæti fundið einhverja leið til að koma böndum á þetta lið þá væri sannarlega stórkostlegt afrek unnið af hennar hálfu.

[16:57]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Fræg er sýn alþýðuskáldsins sem orti svo:

> Aumt er að sjá í einni lest
> áhaldsgögnin slitin flest
> dapra konu, drukkinn prest
> drembin þræl og meiddan hest.

Í þessum sal er ekkert alþýðuskáld en eitt höfum við séð þó sameiginlega í dag undir þessari miklu umræðu um skuldastöðu heimilanna, eina dapra konu sem er hæstv. félmrh. En við höfum líka tekið eftir því að þeir ráðherrar sem bera þyngri og meiri ábyrgð en hún, hún ber að vísu þá ábyrgð að hafa ekki sagt sig frá þessari frjálshyggjuríkisstjórn og veit ég að hún iðrast þess nú, hafa orðið sér til skammar í þessari umræðu. Bæði fyrir það sem þeir hafa sagt og ekki síður fyrir það að þeir hafa hvergi komið til móts við það fólk sem þúsundum saman bíður eftir svari við spurningunni: Hvernig bregst ríkisstjórnin við? Eigum við von? Eigum við ekki von? Verðum við að flýja þetta land og hvert eigum við að fara?

Hæstv. utanrrh., formaður Alþfl., sem ber mjög þunga ábyrgð hvíldi sig í þingflokksherbergi Alþfl. undir þessari umræðu og er ég ekki hissa á því miðað við þau fyrirheit sem hann hafði gefið íslenskri þjóð, miðað við það hvernig hann hefur leitt þessa frjálshyggjuríkisstjórn til valda á Íslandi.

Hæstv. fjmrh. leyfði sér að taka þátt í þessum umræðum með skítkasti í morgunsárið og varð það honum ekki til framdráttar. Manninum sem ber höfuðábyrgð á einu af þessum meinum sem við höfum rætt í dag, ekki síst skattastefnunni.

Hæstv. forsrh. hefur ekki tjáð sig enn í þessari umræðu. Mér er sagt að hann sé í húsinu.

Hér hefur margt komið fram sem vert væri að ræða. Þessi skýrsla greinir staðreyndir og hún segir frá þeim erfiðleikum sem íslenskar fjölskyldur eiga við að búa.

Ég hef í skýru máli í dag rakið það hvernig sú þróun hefur verið og tel alvarlegast að á þremur síðustu árum í verðbólgulausu þjóðfélagi hafi skuldastaða heimilanna aukist yfir 50% og stefni í hreint óefni. Ég hef rakið það sérstaklega að það þýðir ekki að beita meðaltölum í þessu máli vegna þess að hér á hlut að máli ein kynslóð sérstaklega, fólkið sem fætt er eftir 1950.

Staðreyndin er sú að ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, sem hér kom á verðbólgulausu þjóðfélagi og þjóðarsátt, átti þá von að það yrði hægt að feta sig í þjóðarsátt áfram í þessu þjóðfélagi. Sú þjóðarsátt hefur verið rofin. Það er engin þjóðarsátt lengur á Íslandi. Það er engin þjóðarsátt eða blessun yfir stefnu þessarar ríkisstjórnar og þeir eru margir sem um þessar mundir tjá sig með þeim hætti að það kunni að leiða til uppreisnar. Hvað veldur því? Það er tekjuskiptingin. Það er eignaskiptingin á Íslandi og þróun hennar. Það eru aðgerðir ríkisstjórnarinnar, að hengja þyngri og þyngri bagga á alþýðumanninn, sleppa fyrirtækjunum og þeim auðugu við það að taka þátt í þessu þjóðfélagi. Það er glæpurinn að horfa á menn í undirheimum þessa þjóðfélags raka að sér 11–15 milljarða í tekjur sem hvergi koma fram og þeir fá frið fyrir hæstv. fjmrh. sem ætti að sitja í þessum stól en hvarf héðan í morgun eftir útúrsnúninga og hjal sem ekkert kemur málinu við.

En hverjir boða uppreisn? Hverjir hafa talað til Sjálfstfl. og hvers vegna? Hæstv. forseti. Það er hætta á uppreisn í Sjálfstfl. Ég sagði það í morgun að uppreisnin mundi kannski byrja innan frá. Hún er hafin í Alþfl. Skoðanakönnun sem birtist í morgun staðfestir það að formaður þess flokks hefur ekki nema 20% af sínu flokksfólki, fáu að vísu, sem vill hann áfram meðan hæstv. félmrh. er að ná þar tökum.

En hver er það sem boðar uppreisnina í Sjálfstfl. og hvers vegna? Það er Sverrir Hermannsson, bankastjóri Landsbanka Íslands, fyrrv. ráðherra þess flokks og alþingismaður Íslendinga. Hvers vegna skyldi þessi Sverrir Hermannsson vera að boða uppreisn? Það er af því að hann er fæddur vestur á fjörðum með alþýðufólki og skilur kjör alþýðunnar. Þessum manni er farið að ofbjóða og ég vitna í texta sem birtist í einu dagblaðanna, með leyfi forseta. Þar segir Sverrir Hermannsson:

„Ég kalla það byltingu þegar menn hætta að hlíta lögum. Það er stórkostleg hætta á því ef miðstýringin verður þannig og ef menn sjá bersýnilegt óréttlæti þar sem verið er að mala undir örfáa menn auðævi þjóðarinnar, sem er ekki örgrannt um að verið sé að gera. Þá verður framin bylting, segir Sverrir Hermannsson.

Og hann bætir við að sú eignatilfærsla sem átt hefur sér stað í þjóðfélaginu á liðnum missirum sé afskaplega varasöm þar sem hinir ríkari hafi orðið ríkari en þeir fátæku fátækari."

Þeim er nefnilega farið að ofbjóða mörgum sjálfstæðismanninum. Þeir gerðu sér ekki grein fyrir því, sem við vöruðum við, að fyrir kolkrabbann og fjórtán fjölskyldur á Íslandi hefur verið unnið dyggilega á þremur árum. Eignatilfærslan hefur verið í fullum gangi. Hún hefur ekki bara birst í því að gefa ríkisfyrirtæki, hún hefur birst í því líka að leiða hér fram gjaldþrotastefnu í atvinnulífinu þar sem þessir auðugu menn gætu keypt.

Nóri vinur minn, sem ég hef miklar mætur á og talaði til þjóðarinnar fyrir nokkrum árum, sagði á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Hann Nóri segir okkur í kolkrabbanum að nóg svigrúm sé fyrir þá sem fram úr skara án þess þeir þurfi að breyta hugsjónaeldi heillar þjóðar í heimilisarin fyrir sig og samstarfsmenn sína."

Frjálshyggjumennirnir töldu nefnilega sæmilegt athafnarými en nú sjá þeir það fyrir sér margir hverjir að það verður enginn friður í landinu við þá staðreynd sem nú blasir við: Þessa miklu eignatilfærslu, þessa slæmu skuldastöðu þröngs hóps í þjóðfélaginu, þessa gjaldþrotastefnu, þetta óréttlæti sem ríkisstjórnin hefur leitt fram. Því miður. Þá er eina hjartað í þessari ríkisstjórn, hæstv. félmrh., einnig ábyrg. Því miður. Hefði nú verið léttara hjá hæstv. ráðherra að hóta því að segja af sér af minna tilefni en þeirri stöðu sem hér hefur verið rakin í dag.

Einhvers staðar segir gamalt spakmæli: Allir geta faðmað björninn en þá fyrst byrja erfiðleikarnir þegar menn ætla að losa sig úr hrömmum hans. Vissulega er hæstv. félmrh. staddur í hrammi bjarnarins, frjálshyggjustjórnarinnar, sem hér hefur ráðið ríkjum um sinn.

Ég vil hér koma að nokkrum atriðum. Við framsóknarmenn leggjum höfuðáherslu á það nú að menn fari í þá vinnu hvernig megi hjálpa heimilunum frá vandræðum sínum, hvernig megi leysa atvinnumál þessarar þjóðar. Hið fámenna íslenska þjóðfélag þolir ekki þetta atvinnuástand. Þar eru mörg heimili að færast á barm gjaldþrotsins. Við höfum á þinginu í vetur verið með margar tillögur í atvinnumálum. Það hefur ekki verið hlustað á þær enda segir ríkisstjórnin: Mér kemur það ekki við.

Ég gæti rakið margar þær tillögur sem bæði snúa að því að skapa ný störf í iðnaði, við sjávarútveg, verja störfin í landbúnaðinum og úrvinnslu hans og láta peninga til rannsóknarstarfa og þróunar til þess að skapa megi eitthvað nýtt í þessu þjóðfélagi.

Hér hefur verið minnst á það og það af hæstv. fjmrh. í morgun að vissulega væri þetta ekki allt svona svart, sagði hann á þá leið. Lífeyrissjóðirnir hefðu verið að bólgna út.

Ég hef minnt á það í þessari umræðu að nákvæmlega þessi sami hópur sem nú er að kikna undan skuldum sínum mun koma að lífeyrissjóðakerfinu gjaldþrota á árunum 2010–2020 ef Alþingi ekki tekur á því máli. Ég og við framsóknarmenn höfum flutt um það margar tillögur á undanförnum árum. Það hefur ekki verið hlustað á það. En staðreyndin er einföld, hún er þessi: Í dag eru 26.000 Íslendingar 65 ára og eldri. Eftir 25 ár verða 50.000 Íslendingar á þessum aldri. Þá kemur þessi sama kynslóð, sem nú er að kikna, að tómu lífeyrissjóðakerfinu. Þarna blasir því líka við óréttlæti og miklir erfiðleikar sem ber að taka á.

Hæstv. forseti. Ég vil leggja á það áherslu að verkalýðshreyfingin og atvinnulífið taki fram fyrir hendurn-

ar á þessari ríkisstjórn og setjist yfir þetta mikla mál sem hefur verið rætt hér í dag af þunga og hvernig megi leysa það. Það er engin von til þess að þessi ríkisstjórn leysi það vandamál. Hér hafa enn engin svör komið fram um hvaða tillögur þeir hafa. Ég hygg að stjórnarandstaðan sé öll tilbúin til þessarar vinnu og hafi á takteinum ýmsar tillögur sem gætu komið að gagni.

Ég vil að lokum þakka þessa umræðu og vænti þess að menn hafi nú séð að ríkisstjórnin er því miður ónýt. Við þessar aðstæður þegar það blasir við að kvöld eftir kvöld á að sýna marmarann og hallirnar sem þeir hafa byggt í Reykjavíkurborg þá er ekki farið á atvinnulausu heimilin, þá er ekki farið í áttundu hverja fjölskyldu sem hefur orðið að leita sér hjálpar hjá félagsmálastofnun. Það er sneitt hjá garði fátæka verkamannsins. Þangað á þessi ríkisstjórn heldur ekki erindi. Hún verður að fara frá, hæstv. forseti, ef hér á að nást samstaða og ef við eigum að standa að einhverju viti að málefnum þessa þjóðfélags í framtíðinni.

[17:12]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Hér hefur um margt orðið gagnleg umræða um þessa skýrslu um skuldastöðu heimilanna og af því góða að stjórn og stjórnarandstaða skiptist á skoðunum í þessu efni. Eins og hér hefur komið fram er í þessari skýrslu fyrst og fremst að finna greiningu á skuldastöðu heimilanna og orsökum þeirra og þó að menn hafi verið að skiptast á skoðunum um það hverjum þetta væri að kenna þá hygg ég að þegar grannt er skoðað þá bera þeir ábyrgð á þessu sem haladið hafa um stjórnvölinn a.m.k. síðustu 10–15 ár. Kemur það alveg glöggt fram í töflum í skýrslunni að það er raunverulega sama hvaða flokkur hefur verið í ríkisstjórn á því tímabili sem þessi skýrsla fer yfir, frá 1981–1993, að skuldaaukningin hefur vaxið mjög á þessum tíma. Af því að menn hafa mikið verið að tala um árið 1993 þá er breytingin á raungildi þar á milli ára 7% á meðan hún er mun hærri ef farið er lengra aftur í tímann.

Það hefur nokkuð verið rætt hér um húsnæðismálin og ætla ég ekki að bæta miklu við það. Ég held að það sé alveg ljóst og ég hélt að það væri bærileg sátt um það á Alþingi að veita íbúðarkaupendum lán til langs tíma. Ég hélt það væri einnig bærileg sátt um það að veita fólki tiltölulega hátt lánshlutfall á einni hendi þannig að það þyrfti minna að leita til bankanna með skammtímalán. Það er auðvitað svo að þegar við veitum lán til langs tíma eykur það skuldastöðu heimilanna. Við gætum vissulega, sem ég held að enginn vildi, fært okkur til þess horfs sem t.d. Finnar eru í, að veita lán til mjög skamms tíma. Skuldir heimilanna þar eru ekki miklar en greiðslubyrði mjög þung og ég hygg að það sé enginn sem vill breyta til í því efni.

Við getum t.d. rætt um þá aukningu sem hefur orðið á félagslegum íbúðum. 4.000 félagslegar íbúðir kosta mikla peninga. Ég hygg að það kosti 25–27 milljarða sem það hefur aukið skuldir heimilanna. En við getum líka spurt okkur í hinu orðinu hver væri staða þessa fólks ef ekki hefði verið farið út í þessa miklu uppbyggingu á félagslegum íbúðum. En þetta er það sem þingið hefur valið, t.d. með fjárveitingum í þennan málaflokk, að fara í þessa uppbyggingu og það eykur vissulega skuldir heimilanna. En á móti er, eins og hér hefur komið fram, er þjóðarauður í íbúðarhúsnæði mjög mikill á móti þeim skuldum sem við höfum verið að ræða í dag, um 450 milljarðar og skuldirnar 256 milljarðar.

En ég ætla ekki, virðulegi forseti, að ræða meira um þessi húsnæðismál. Við höfum farið nokkuð ítarlega yfir þau í dag þó að væri hægt að ræða meira um þau. En það er alveg ljóst og mér finnst margir hafa tekið undir það sem talað hafa í dag að aukinn og gjörbreyttur aðgangur fólks að lánsfé hefur verulega aukið skuldir heimilanna. Lenging lána í húsnæðiskerfinu hefur aukið skuldir heimilanna. Og það er staðreynd að við þurftum í byrjun 9. áratugarins að endurfjármagna mikið af húsnæði sem fólk átti þá skuldlaust, mikið til vegna neikvæðra vaxta. Við höfum farið í gegnum af hverju varð til misgengishópur á árinu 1983 og við höfum farið í gegnum það að 20% af þessum auknu skuldum heimilanna má rekja til að fjölgun ungmenna á húsnæðismarkaðinum á sl. áratug.

Það er alveg ljóst, sem mér finnst margir hafa tekið undir, að neyslulánin, aukinn aðgangur að bankakerfinu og hvernig fólki býðst að skuldsetja sig með neyslulánum sem í boði eru raunverulega á hverju horni, hafa auðvitað aukið skuldsetningu heimilanna. En ég ætla ekki að fara út í það, virðulegi forseti.

Ég held að það sem hefur komið fram og hefur staðið upp úr hjá mörgum sé að það þarf auðvitað að skoða hvernig málin ganga fyrir sig í bankakerfinu. Það er alveg ljóst að þar skortir kannski verulega á ráðgjöf og fræðslu og bankarnir veiti lánin meira í samræmi við greiðslugetu fólks en horfi ekki bara til ábyrgðanna og hvernig þeim sé háttað. Það er allt of mikið um það, eins og hér hefur komið fram að það falla ábyrgðir á vini og venslamenn eins og útlánastefnunni hefur verið háttað.

Hér hafa útlánatöp bankanna nokkuð verið til umræðu og þau eiga auðvitað þátt í þessu líka.

Það er alveg ljóst, eins og hefur komið fram í máli manna og ég tek alveg undir það, að misréttið í eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu er allt of mikið en það hefur ekki orðið til í tíð þessarar ríkisstjórnar. Það á sér miklu lengri sögu. Ég hygg að t.d. það að þegar fólk bjó við neikvæða vexti, sem t.d. á árinu 1974 voru neikvæðir um 25% og neikvæðir allan þann áratug um 15%, hafi hjálpað fólki til þess að greiða niður sínar skuldir enda sýna kannanir það að 67% íbúðareigenda á aldrinum 50 ára og eldri hafa greitt upp sínar skuldir. Þetta sama fólk eða fólk 50 ára og eldra á um 70% inneigna einstaklinga í bönkum. Ég tek því alveg undir það að misrétti í eigna- og tekjuskiptingu er allt of mikið og þar vil ég undirstrika að það er ekkert sem hefur orðið til í tíð þessarar ríkisstjórnar.

Ég held ég fari ekki frekar yfir þetta nema tilefni gefist til. Ég vil þó aðeins nefna af því að vaxtabætur hafa verið teknar upp hér að í þeim útreikningum sem

ég hef fengið kemur fram að þegar skoðaðar eru vaxtabætur til fólks með 2 millj. kr. og undir þá hafa vaxtabætur, sem hlutfall af vaxtagjöldum, aukist í samanburði við árið 1991. Við getum tekið t.d. að fyrir einhleypan með undir 1 millj. kr. í tekjur voru vaxtabætur sem hlutfall af vaxtagjöldum þá tæplega 40% en árið 1993 tæplega 44%. Ef við tökum einstætt foreldri með tekjur undir 2 millj. þá voru vaxtabætur sem hlutfall af vaxtagjöldum 40,4% en voru 44,5% á sl. ári. En þær hafa lækkað hjá fólki sem er með tekjur þar yfir en þess hefur verið gætt að hlutur þeirra sem hafa minni tekjur væri frekar bættur varðandi vaxtabæturnar.

Hv. þm. Kristinn H. Gunnarsson talaði fyrir því að það þyrfti að stytta lánstímann í félagslega íbúðakerfinu ef ég skildi hann rétt. Ég get ekki verið sammála hv. þm. um það. Hann var að tala um hvernig eignamyndunin er í félagslega kerfinu, talaði um hæga eignamyndun og það er rétt. Það er til að mynda vegna þessa langa lánstíma. En ef við færum út í það að stytta lánstímann í félagslega kerfinu þá mundum við auka verulega greiðslubyrðina og ég hygg að af tveimur kostum í því efni þá vilji ég frekar hafa lánstímann lengri og greiðslubyrðina minni en að stytta lánstímann. Ef við færum með lánstímann í félagslega kerfinu úr 43 árum niður í t.d. 30 ár þá værum við að auka greiðslubyrðina sennilega um 5.000 kr. á mánuði. Menn verða að horfa á hlutina í samhengi í því efni þannig að ég tel að það sé ekki leið sem hv. þm. talaði fyrir að stytta lánstímann.

Ég skal, virðulegi forseti, ekki lengja þessa umræðu sem hefur orðið nokkuð löng og er það að vonum vegna þess að hér er verið að ræða um mjög stórt mál sem snertir öll heimilin í landinu. En ég vil ítreka það sem mér finnst líka hafa komið fram hjá mörgum hv. þm. sem hér hafa talað að ég tel ástæðu til að láta fara fram ítarlegri greiningu á þessari skuldastöðu með tilliti til kynslóða, lífskjara, skulda, eigna og afkomumöguleika og fá fram samanburð á þeim tilfærslum sem orðið hafa í þjóðfélaginu, þess vegna milli heimilanna eins og hér hefur komið fram, og til atvinnurekstrarins og sveitarfélaganna þannig að að því verður unnið í framhaldinu að láta fara fram ítarlega athugun og könnun á þessu máli.

[17:23]

Guðni Ágústsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég þakka hæstv. félmrh. ræðu hennar. Sjálfstæðismönnum þarf ekki að þakka en bresku íhaldsfurstarnir eru áreiðanlega ánægðir með frammistöðu þeirra. Þeir hafa skilað núll í þessari umræðu.

Hæstv. félmrh. Íslenskar fjölskyldur vantar ekki íbúðir eins og stendur. Það vantar vinnu og fólk vantar að geta séð sínum fyrir daglegum nauðsynjum í stórum stíl. Hvað þá að geta staðið við skuldir sínar sem hér kemur fram. Það þýðir ekkert að státa af því. Hæstv. félmrh. hefur staðið fyrir því að stækka íbúðarhúsin á Íslandi. Hér eru á mann stærstu húsrými á Norðurlöndum. Þrátt fyrir það er í þessu atvinnuástandi sem nú ríkir öllum sterkustu verktökum þessa lands sigað í það að græða á afa og ömmu og byggja félagslegar íbúðir fyrir aldraða. Þetta er ekki þjóðhagslega hagkvæmt. Þess vegna ítreka ég það, hæstv. félmrh., það eru önnur úrræði sem hér þarf.

[17:24]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hygg að ég beri kannski ekki alveg ábyrgð á því að fólk hefur valið að byggja sér í stærra lagi hér á landi, ég held það sé varla hægt að segja það. Varðandi félagslega kerfið voru settar ákveðnar skorður um hve stórt húsnæði mætti byggja. Þegar hv. þm. segir að fólk vanti ekki íbúðir í landinu er það of mikil alhæfing, hv. þm. Það eru a.m.k. fjórir til fimm um hverja félagslega íbúð og þú talar varla fyrir hönd þeirra þegar þú lætur þessi orð falla.

[17:25]

Guðni Ágústsson: *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Hæstv. félmrh. ber auðvitað ábyrgð á þessari ríkisstjórn og í því ástandi sem ríkir á vinnumarkaðinum hefur það gerst að stærstu verktökum þessa lands hefur verið sigað á eldri kynslóðina. Ginna hana til þess að fara úr ágætum íbúðum í þjónustuíbúðir aldraðra. Þetta er til þess að stækka húsrými á Íslandi. Ég ítreka það því að það eru önnur úrræði sem snerta þær fjölskyldur sem nú eiga erfiðast.

Ég vil líka segja í sambandi við ræðu hæstv. ráðherra að útlánatöp bankanna má að miklu leyti einnig rekja til stjórnarstefnunnar. Ég hygg að þeir sem sitja jafnvel í Íslandsbanka og tengdastir eru Sjálfstfl. telji það alla vega á stórum stundum að stjórnarstefnan ráði töluverðu um það hversu mikil töp bankans hafa verið á síðustu árum.

[17:26]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Félmrn. ber ekki ábyrgð á því hverja framkvæmdaraðilar velja til þess verks að reisa félagslegar íbúðir. Það eru framkvæmdaraðilar sem gera það sjálfir og það eru í flestum tilvikum sveitarfélögin. Ég get undir það tekið með hv. þm. að það má benda á mörg tilfelli þar sem ekki hefur verið nægilega vel að staðið í því efni.

[17:27]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. sagði að misréttið og misskiptingin í þjóðfélaginu væri ekki alfarið sök ríkisstjórnarinnar. Það er sjálfsagt rétt. En mig langar til þess að fá svar við spurningunni: Telur hæstv. félmrh. að misréttið og misskiptingin hafi aukist eða minnkað á sl. þremur árum?

[17:27]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég hef engar handbærar tölur um það og get engu um það svarað. Ég held að það væri alveg ástæða til að gera könnun á því og fara svolítið aftur í tímann í því efni. Ég gæti vel trúað að þær aðstæður sem við búum við, efnahagsþrengingar og hvernig þjóðartekjur hafa dregist saman um kannski

25–30 milljarða, segi auðvitað til sín í kjörum fólks. Ég held að það sé alveg augljóst að miðað við þær aðstæður hafi misskiptingin ekkert aukist umfram það sem hún hefur gert á árum áður.

[17:28]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Þetta var merkilegt svar. Fyrst sagði hæstv. *félmrh.* að *hún* hefði engar tölur um það hvort misskiptingin eða misréttið hefði aukist. Síðan fullyrti hún að misskiptingin og misréttið hefði ekki aukist. Er það bara trúaratriði hjá ráðherra í Jafnaðarmannaflokki Íslands eða er misréttið og misskiptingin svo lítið forgangsatriði í félmrn. að í þrjú ár hefur ráðherrann ekki talið það ómaksins vert að kanna það? Ef Jafnaðarmannaflokkur Íslands hefur ekki áhuga á misréttinu og misskiptingunni í þjóðfélaginu á hverju hefur hann þá áhuga?

[17:29]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Mig minnir að það séu eitt eða tvö ár síðan ég fór töluvert yfir misskiptinguna í eigna- og tekjuskiptingunni í þjóðfélaginu og hvernig hún hefði vaxið. Mig minnir að þar hafi verið fleiri ár undir heldur en það eina ár sem þá lifði af kjörtímabili þessarar ríkisstjórnar. Mig minnir að þar hafi komið fram allstórar tölur um það hvernig misskiptingin hefði vaxið í þjóðfélagið áður en þessi ríkisstjórn kom að.

[17:29]

Ólafur Ragnar Grímsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Málið snýst ekki um það. Málið snýst um það hvort ríkisstjórnin hefur á síðustu árum aukið eða dregið úr misréttinu. Fjármagnseigendur hafa ekki orðið fyrir neinni kjaraskerðingu á þessum þremur árum. Við erum að fá tölur um mikinn hagnað margra stærri fyrirtækja landsins. Ég beini því til hæstv. félmrh. að hún hugleiði rækilega þessar tölur.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti hlýtur að biðja hv. þingheim afsökunar á þeirri yfirsjón að gefa hv. 8. þm. Reykn. orðið þriðja sinni og er það sljóleika að kenna en ekki tryggð við formann Alþb. og bið ég velvirðingar á þessu.

[17:30]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég leyfði mér að kveðja mér hljóðs um andsvar vegna þess að hæstv. ráðherra kom hér og sagðist halda að launamisréttið væri svipað og það hefði verið. Ég held að þeir menn sem ganga hér um og halda slíkt séu hálfblindir, nema verra sé, sem ekki sjá það að launamisréttið og ójöfnuðurinn hefur sjaldan eða aldrei verið meiri en nú er orðið. Það er orðin fátækt á Íslandi í dag. Svo alvarlegt er málið.

Ég hef setið hér og hlýtt á umræður í dag. Það sem hefur vakið athygli mína er að það hefur engin von verið gefin um einhverja bjartari framtíðarsýn. Engin. (**ÓRG:** Það er hætt að vora.) Ráðherrar hafa komið og talið það eðlilegt, ekki bara í dag heldur áður og fyrr, að það væri raunar ekkert óeðlilegt við það að á Íslandi byggjum við við hærra atvinnustig heldur en gerist í Evrópu þar sem það er 15–20%. Á hverju megum við eiga von, virðulegi forseti?

[17:32]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég fann nú aldrei að það væri mikið vor í lofti á framsóknaráratugnum.

[17:32]

Stefán Guðmundsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ja, ólíkt var það skárra en nú og oft fannst mér hæstv. ráðherra bara ylja sér sæmilega við katlana á þeim áratug og held ég að henni hafi liðið þar nokkuð betur heldur en henni líður nú undir þessari ríkisstjórn þegar hún er orðin ein með sjálfri sér á kvöldin og fer að gera upp hug sinn.

En það sem veldur auðvitað áhyggjum er hvernig komið er fyrir heimilunum í landinu í dag og því vaxandi atvinnuleysi sem fram undan er. Gerir hæstv. ráðherra og ríkisstjórn sér grein fyrir því hvert unga fólkið á að leita þegar það kemur út úr skólunum í vor? Hvar er atvinna handa þessu fólki? Hvað mun þetta þýða? Þetta mun þýða það að fjöldi ungs fólks sem hefur verið og er við nám í dag mun ekki geta horfið að námi á haustdögum. Það er morgunljóst. Það er ekki bara að þetta unga fólk hafi ekki tækifæri til að afla sér þeirra tekna sem nauðsynlegar eru heldur hafa þeir sem fram að þessu hafa getað stutt það, fjölskyldurnar, einnig tapa þeim tekjum sem þeir hafa getað nýtt til þess að gera þeim námið kleift.

[17:33]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hvað heldur hv. þm. að mikið af þeim 40 milljarða útlánatöpum bankanna megi rekja til framsóknaráratugarins og hvað telur hv. þm. að það hafi dregið mikið niður lífskjör í landinu? (**ÓRG:** Hvað var Alþfl. lengi í ríkisstjórn á þessu tímabili?) (**StG:** Meðan skuldastaða heimilanna hefur versnað um 130 millj. frá því að Alþfl. ...)

(**Forseti** (GHelg)**:** Má ég biðja hv. þm. að hætta að skiptast á skoðunum úr sætum.)

[17:34]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það var tvennt sem kom fram í máli hæstv. félmrh. sem þykir ástæða til að gera athugasemdir við. Það fyrra var samanburður á vaxtabótum sem hæstv. ráðherra var með og las upp í annað sinn, þar sem hann bar saman árin 1991 og 1993. Þar þarf hæstv. ráðherra auðvitað að gera ráð fyrir því hvernig vaxtabæturnar verða 1994, en ráðherrann er búinn, ásamt öðrum þingmönnum stjórnarliðsins, að samþykkja lagabreytingu sem skerðir vaxtabætur á árinu 1994 verulega. Það er ekki heiðarlegt af hæstv. ráðherra að geta að engu þessarar lagabreytingar í samanburðinum.

Í öðru lagi eru það ummæli hennar um hugmynd mína um að stytta lánstímann í stað þess að hækka vexti. Það er grundvallarmisskilningur að það sé um aukna greiðslubyrði að ræða í minni hugmynd. Ég er

bara að segja að í stað þess að hækka vextina og auka greiðslubyrðina með því að hækka vextina og láta menn borga vexti þá á að láta menn borga hærri afborganir. Það er nákvæmlega jafnmikið sem ég er að tala um að menn borgi eftir sem áður, en í stað þess að borga vexti þá borgi menn afborganir og verði fyrr lausir við lánin.

[17:35]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Varðandi vaxtabætur, ef samanburður yrði tekinn við 1991 og 1994, ég tók 1991 og 1993 áðan, þá hygg ég að hann yrði hagstæðari láglaunafólki með tekjur innan við 2 millj. vegna þess að þær breytingar sem voru gerðar á Alþingi varðandi vaxtabæturnar á sl. ári voru til að gera þær hagstæðari fyrir láglaunafólkið, en að vísu eru skertar bætur hjá þeim sem hafa hærri tekjurnar.

[17:36]

Kristinn H. Gunnarsson *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. ráðherra viðurkennir að hún hafi ekki farið með málið í heild sinni, að það vanti upp á sannleikann sem hún flutti áðan og hún veit ekki hvernig samanburðurinn verður ef hann yrði gerður miðað við 1994 og 1991. Hún segir „ég hygg". Það er ekki nóg að segja hvað hún heldur, heldur hvað það er í reynd, því hægt er að reikna það út, það er búið að ákvarða reglurnar og auðvitað á að vera með hreinan samanburð eins og reglurnar eru. En það sem mér finnst standa upp úr sem niðurstaða úr þessari umræðu um skuldir heimilanna er að skuldir heimilanna hafa vaxið gríðarlega mikið á síðustu árum, ekki hvað síst undir stjórn núv. ríkisstjórnar, en möguleikar heimilanna til að borga skuldirnar hafa minnkað verulega. Fólkið hefur minni vinnu, það eru margir sem hafa enga vinnu, og það er þannig með skuldir að ef menn ætla að borga skuldir verða menn að hafa tekjur og til að hafa tekjur verða menn að hafa atvinnu.

[17:37]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hv. þm. sagði að skuldir heimilanna hefðu aukist gífurlega, ekki síst í tíð þessarar ríkisstjórnar. Tölur sem við höfum verið að ræða í dag segja okkur samt að þegar maður skoðar skuldirnar hvernig þær hafa breyst að raungildi milli ára þá er það þó lægst á árinu 1993. Tölur frá 1982–1987 eru miklu hærri.

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, síðari umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167.

[17:38]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vildi kanna það í upphafi þessarar umræðu hvort hæstv. forsrh. sé í húsinu til þess að vera viðstaddur hana. Ég vil minna á það að ég óskaði eftir því þegar fyrri umræða var um þetta mál að hér yrðu gefnar yfirlýsingar um fyrirætlanir ríkisstjórnarinnar í viðræðum við Evrópusambandið. Mér var síðan tjáð af formanni utanrmn. að hæstv. forsrh. mundi gefa þær yfirlýsingar við þessa umræðu. Jafnframt var því lýst yfir af hálfu formanns þingflokks Sjálfstfl. á fundi í utanrmn. að hæstv. forsrh. mundi gera það og er það í sjálfu sér ágætt. Þess vegna vildi ég kanna það við upphaf umræðunnar hvort hæstv. forsrh. er viðstaddur, hann var það ekki fyrir nokkrum mínútum síðan. Ég tel óeðlilegt að við sem þurfum að flytja okkar nál. hér og höfum óskað eftir því að eiga orðastað við hæstv. forsrh. um þetta mál séum tilknúin að gera það án þess að forsrh. sé viðstaddur. Þessi mál eru einhver þau stærstu sem íslensk þjóð er að fást við á næstu mánuðum og það er nauðsynlegt að þau fyrirheit sem gefin voru séu efnd. Ég fer þess vegna fram á það við hæstv. forseta, þó ég geri kannski ekki athugasemd við það að hv. þm. Björn Bjarnason, ef hann kýs að flytja framsögu fyrir sínu nál. án þess að hafa forsrh. viðstaddan, þá vil ég gera það alveg skýrt hvað mig snertir að þegar kemur að því nál. sem ég mæli fyrir þá er óhjákvæmilegt að hæstv. forsrh. sé viðstaddur og síðan sé hann viðstaddur ásamt hæstv. utanrrh. það sem eftir er af umræðunni.

Forseti (Guðrún Helgadóttir):

Forseti getur upplýst að hæstv. forsrh. mun hafa brugðið sér úr húsi og gerðar hafa verið ráðstafanir til þess að kanna hvort hann getur komið hingað til þingsalar.

[17:41]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Geir H. Haarde) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Mér er kunnugt um að hæstv. forsrh. hefur verið hér á þingfundi í allan dag en vegna óhjákvæmilegra skyldustarfa þurfti hann að hverfa af fundi núna. Ég veit ekki hvenær hann getur verið kominn aftur. Hann átti von á því að þetta mál kæmist miklu fyrr á dagskrá fundarins heldur en raun hefur orðið á og ég hygg að svo hafi verið um okkur fleiri. En hitt er rétt að það var áður búið að ganga út frá því að hæstv. forsrh. tæki hér til máls í umræðunni og mér finnst það ekkert óeðlileg ósk sem fram er komin að hann verði viðstaddur og þessu máli verði nú frestað. En ég mundi vilja óska eftir því að fá að mæla fyrir nál. meiri hluta nefndarinnar og þætti jafnframt vænt um ef aðrir nefndarmenn, sem þess óska, fengju að mæla fyrir sínum álitum til þess að greiða fyrir þingstörfum og koma þessum málum eitthvað áleiðis. Að öðru leyti get ég fallist á þá ósk sem fram er komin.

[17:42]

Frsm. meiri hluta utanrmn. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Hér er um að ræða nál. meiri hluta utanrmn., sem lagt hefur verið fram á þskj. 1122, um þá till. til þál. sem til umfjöllunar er um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um

breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn. Ég vil leyfa mér að lesa þetta nál., virðulegi forseti:

„Nefndin hefur fjallað um tillöguna sem felur í sér heimild til handa ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn og tilteknum viðaukum við sama samning.

Þegar EES-samningurinn var samþykktur í janúar 1993 voru í viðaukum við samninginn þær ESB-gerðir sem tekið höfðu gildi innan Evrópusambandsins fyrir 1. ágúst 1991. Alltaf hafði verið gert ráð fyrir að þær ESB-gerðir, er hefðu breyst eða bæst við fram að gildistöku samningsins og vörðuðu Evrópska efnahagssvæðið, yrðu hluti af EES-samningnum. Þær viðbótargerðir, sem vísað er til í tillögunni, munu koma til framkvæmda á Íslandi með þrennum hætti: Í fyrsta lagi rúmast verulegur hluti þeirra innan gildandi íslenskra laga og reglugerða. Í öðru lagi kemur til setning nýrra reglugerða á grundvelli gildandi laga. Í langflestum tilvikum koma viðbótargerðirnar til framkvæmda eftir þessum tveimur leiðum. Í þriðja lagi mun koma til sérstök lagasetning af hálfu Alþingis. Í reynd kalla viðbótargerðirnar á óverulegrar breytingar á íslenskri löggjöf og langflestar þær breytingar, sem nauðsynlegar eru, hafa þegar verið lagðar fyrir Alþingi í formi lagafrumvarpa og margar hverjar lögfestar á þessu þingi eða hinu síðasta.

Við umfjöllun sína um tillöguna fékk nefndin á sinn fund til viðræðna fjölda fólks. Þar má nefna Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, Gunnar Snorra Gunnarsson, skrifstofustjóra viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, Erlend Lárusson frá Tryggingaeftirlitinu, Ragnhildi Hjaltadóttur frá samgönguráðuneytinu, Finn Sveinbjörnsson frá viðskiptaráðuneytinu, Dögg Pálsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, Gunnar Sigurðsson og Gylfa Kristinsson frá félagsmálaráðuneytinu, Aðalheiði Jóhannsdóttur frá Náttúruverndarráði, Þóri Ibsen frá umhverfisráðuneytinu, Hörð Lárusson og Sólrúnu Jensdóttur frá menntamálaráðuneytinu, Gunnar Sigurðsson frá Rannsóknastofnun landbúnaðarins, Ástu Valdimarsdóttur, Sverri Júlíusson og Þórunni Erhardsdóttur frá iðnaðarráðuneytinu, Áslaugu Guðjónsdóttur frá fjármálaráðuneytinu, Ásgeir Jóhannesson frá Ríkiskaupum, Brynjólf Sandholt yfirdýralækni, Jón Gíslason og Ástfríði Sigurðardóttur frá Hollustuvernd ríkisins, Eyjólf Sæmundsson frá Vinnueftirliti ríkisins, Sigurð Axelsson og Gísla H. Friðgeirsson frá Löggildingarstofunni, Georg Ólafsson frá Samkeppnisstofnun, Ólaf W. Stefánsson og Guðna Karlsson frá dómsmálaráðuneytinu, Einar Magnússon og Ragnheiði Haraldsdóttur frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Berg Jónsson frá Rafmagnseftirliti ríkisins.

Meiri hluti nefndarinnar mælir með samþykkt tillögunnar.“ Og undir nál. skrifa Geir H. Haarde, Sigbjörn Gunnarsson, Árni R. Árnason, Lára Margrét Ragnarsdóttir og Árni M. Mathiesen.

Eins og fram kemur á þessu áliti, virðulegi forseti, þá liggur það fyrir að af hálfu utanrmn. hefur verið lögð verulega vinna í að undirbúa þetta mál. Sú vinna hefur verið meira og minna í gangi á vegum nefndarinnar frá áramótum og allir þeir aðilar sem ég las upp hafa verið kallaðir á fundi til þess að fara yfir þá málaflokka sem undir þeirra ráðuneyti eða stofnanir heyra. Ég tel að sá háttur sem hafður var á við þessa vinnu hafi gefið mjög góða raun og leitt í ljós að þær gerðir sem hér er um að ræða eru þess eðlis að af hálfu Íslendinga er ekki neitt að óttast í þeim efnum heldur er þvert á móti, eins og fram kom í nál., um að ræða breytingar á reglugerðum eða lögum sem hafa þegar verið kynntar á Alþingi eða munu rúmast innan núgildandi íslenskra laga.

Ég sé ekki ástæðu til þess, virðulegi forseti, að hafa fleiri orð um þetta mál.

[17:46]

Frsm. 1. minni hluta utanrmn. (Páll Pétursson):

Frú forseti. Þó mér þyki út af fyrir sig prýði að því að hæstv. forsrh. sé í salnum og heyri mál mitt þá treysti ég mér, úr því að hæstv. utanrrh. er hér staddur, að kynna þetta nál. sem birtist á þskj. 1093 og er undirritað af okkur Steingrími Hermannssyni. Það hljóðar svo:

„Utanríkismálanefnd hefur fjallað um málið á allmörgum fundum. Embættismenn og fulltrúar stofnana og fyrirtækja mættu á fundi nefndarinnar. Þeir veittu mikilvægar upplýsingar, einkum um það hvaða tilskipanir eru þegar í íslenskum lögum og reglugerðum, hverjar má innleiða með reglugerðum með stoð í gildandi lögum og hverjar krefjast breytinga á íslenskum lögum. Um efnisatriði hinna fjölmörgu og viðamiklu tilskipana vannst hins vegar lítill tími til að ræða.

Fyrsti minni hluti telur að ýmsar af umræddum tilskipunum kunni að vera þarfar. Aðrar virðast hins vegar orka mjög tvímælis. Flestar tilskipananna hefur a.m.k. 1. minni hluti ekki haft svigrúm til að skoða eins og nauðsynlegt væri.

Af þeim ástæðum, sem nú hafa verið raktar, tekur 1. minni hluti ekki afstöðu til málsins og mun sitja hjá við afgreiðslu þess.“

Það er út af fyrir sig ekki um gott að gera með þetta mál. Lýsist nú enn og aftur að við höfðum rétt fyrir okkur sem töldum að höggvið væri nærri íslenskri stjórnarskrá með fullgildingu EES-samningsins. Hér búum við við það að löggjafarvaldið er að raun að hluta flutt til Brussel og við stöndum frammi fyrir gerðum hlut þó að við „pro forma“ greiðum um það atkvæði á Alþingi. Þessar tilskipanir má flokka í þrjá flokka. Fáeinar eru til bóta. Ég nefni t.d. tilskipun sem hefur það í för með sér að lyfjaframleiðendur geta ekki lengur mútað læknum með þeim hætti sem þeir hafa gert undanfarið. Margar eru þýðingarlausar, gjörsamlega þýðingarlausar, eins og t.d. klósetttilskipunin fræga, þ.e. að karlar og konur eigi ekki að fara saman á salerni nema þau vilji það. En margar þeirra eru til bölvunar og í nokkrum þeirra getur legið töluverð hætta fyrir okkur að taka í lög, en undanfærin eru ekki mikil.

Það er allt löðrandi í þessum tilskipunum af tæknilegum viðskiptahindrunum. Þær miða að því að ein-

angra okkur frá umheiminum, þ.e. múra okkur inn í Evrópu, binda viðskipti okkar sem mest við stórríki Evrópu.

Ég ræddi við fyrri umræðu málsins nokkuð þessar tæknilegu viðskiptahindranir og ég ætla ekki að fara að endurtaka það hér. Ég minni t.d. á lækningatæki, ég minni á bíla, ég minni á landbúnað. Ég vil reyndar bæta nokkrum orðum við um landbúnað af því að mér hefur gefist tími til að skoða það mál nokkuð ítarlegar heldur en ég hafði haft tækifæri til við fyrri umræðu.

Þannig háttar til að á Íslandi er í gildi mjög ströng mjólkurreglugerð, þ.e. reglugerð um framleiðslu mjólkur og meðferð mjólkur. Hún er svona ströng m.a. vegna þess að henni hefur verið beitt til framleiðslutakmarkana, þ.e. að til þess að fækka kúm í landinu þá hafa verið sett ákvæði í mjólkurreglugerðina þannig að þegar kýrnar eldast þá verður að slátra þeim af því að mjólkin er ekki í nægilega góðum flokki eða frumutalan í henni verður of mikil þegar kýrnar koma nokkuð til aldurs. Þetta er liður í framleiðslutakmörkunum og að þessu búum við núna að mjólkurreglugerðin samræmist fyllilega því sem hér er lagt til. Þó er einn agnúi á sem reyndar kom lítillega til umræðu við fyrri umræðu málsins, það er varðandi búskaparhætti hjá kúabændum. Á bls. 288, þar sem talað er um hreinlæti á bújörðum, þetta er í fyrstu bláu bókinni, þá segir svo:

„Séu mjólkandi dýr látin ganga laus utan dyra skal mjaltahús einnig vera á bújörðinni eða svæði þar sem mjaltir fara fram sem er hæfilega aðskilið frá gripahúsum."

Þetta er óhjákvæmilegt að skilja þannig að ef bóndi lætur út kýr sínar á vorin og ætlar þeim að hafa útivist að sumrinu þá má hann ekki nota sitt gamla fjós til þess að mjólka heldur verður að mjólka í húsi sem er hæfilega aðskilið frá gripahúsum. Ef þessu verður framfylgt hér þá hefur það í för með sér alveg gífurlegan kostnað. Búskaparhættir eru þeir á Íslandi að bændur láta kýrnar gjarnan vera úti allt sumarið, taka þær inn í fjós og mjólka á mjaltatímum og þetta er mjög heilsusamlegt og skemmtilegt fyrir kýrnar, en það er ekkert heilsusamlegt eða skemmtilegt fyrir bændurna ef þeir þurfa að fara að byggja sérstök fjós til að mjólka í og geta ekki mjólkað í þeim fjósum sem þeir eiga fyrir. Ef þessu væri fylgt fram í ystu æsar þá mundi það hafa gífurlegan kostnað í för með sér fyrir kúabændur og jafnframt mundi það væntanlega koma fram í mjólkurverði til neytenda. Þetta er um mjólkurframleiðsluna.

Varðandi kjötframleiðsluna þá er það svo að stór hluti íslenskra sláturhúsa uppfyllir ekki Evrópustaðla. Það eru örfá sláturhús sem gera það, en allur þorri þeirra uppfyllir ekki þá staðla sem krafist er í tilskipunum og af þessu geta hlotist, ef menn fylgja þessu fram með öfgafullum hætti, verulegir erfiðleikar og viðbótarkostnaður. Nú er ég ekki að segja að sláturhús okkar séu slæm eða fullnægi ekki eðlilegum og skynsamlegum hreinlætiskröfum. Flest þeirra gera það, nokkur eru að vísu svartur blettur á sláturhúsamenningu landsmanna og hefur verið haldið úti t.d. af pólitískum ástæðum og hafa haft sláturleyfi, sem menn muna, fengin með misjafnlega geðslegum hætti. Nokkur sláturhús eru fyrirmyndarsláturhús. Ég nefni Hvammstanga, Húsavík og Höfn í Hornafirði. Nú hafa þau gleðilegu tíðindi gerst að samningar eru að takast um útflutning á 300 tonnum af nautakjöti til Bandaríkjanna, með sérstöku hreinleikavottorði og sem er vistvæn afurð og fyrir það verður skilaverð til bænda ekki lakara heldur en fyrir það sem selst á hér innanlandsmarkaði.

En væri farið stranglega eftir þessari reglugerð þá gæti t.d. formaður Neytendasamtakanna hugsanlega í krossferð sinni gegn íslenskum bændum, hinni endalausu krossferð gegn íslenskum bændum, krafist þess að verulegum hluta af kjötframleiðslunni verði eytt og flutt inn hormónakjöt frá Evrópu í staðinn. Svona tilskipanir geta verið hættulegar ef menn framkvæma þær út í ystu æsar og beygja sig undir þær. Þetta er um tilskipanirnar.

Mig langar til að fara nokkrum orðum um það hvað við eigum að gera í framtíðinni. Það er meginmálið. Nú vil ég taka það fram strax að ég tel að úrslit þjóðaratkvæðagreiðslu í þeim EFTA-löndum sem hafa þegar sótt um inngöngu í Evrópubandalagið séu ekki ráðin. Við getum ekki gefið okkur það að þau verði aðilar að Evrópubandalaginu innan skamms. Í Finnlandi t.d. er mjög veruleg andstaða gegn aðild. Miðflokkurinn er klofinn í málinu, forsætisráðherrann Esko Aho er eindreginn stuðningsmaður innlimunar. Fyrrverandi utanríkisráðherra, Paavo Väyrynen, er hins vegar annarrar skoðunar og fer fyrir þeim hópi sem veitir samningsaðildinni andstöðu.

Þannig háttar til í Finnlandi að ef ekki á að leggjast af finnskur landbúnaður þá verða þeir að gjöra svo vel að taka upp niðurgreiðslur sem eru gífurlega háar til þess að vera á samkeppnisfæru verði við innflutninginn frá Evrópubandalaginu. Sósíaldemókratar ganga mjög hart eftir því þessa dagana að fá að vita hvað ríkisstjórnin ætlar að leggja til að niðurgreiðslurnar verði háar. Ef ríkisstjórn Esko Aho leggur það til að niðurgreiðslur verði þannig að jöfnuður verði í verði landbúnaðarvara, þ.e. finnskar landbúnaðarvörur verði samkeppnishæfar við innfluttar, þá eru líkur til að sósíaldemókratar snúist öndverðir gegn þessu. Ef hins vegar sósíaldemókratar eru ánægðir með niðurgreiðslustigið þá er borin von að verulegur hluti Finna geti samþykkt samninginn.

Í Svíþjóð eru úrslitin ekki ráðin heldur og það verður að teljast fremur ólíklegt að Norðmenn samþykki í þjóðaratkvæðagreiðslu, jafnvel þó að öllum hugsanlegum bolabrögðum verði beitt af ríkisstjórn verkamannaflokksins í Noregi til þess að fá samninginn samþykktan. Nú seinast það að láta atkvæðagreiðsluna ekki fara fram fyrr en eftir að allir aðrir eru búnir að greiða atkvæði í von um að það hafi áhrif á úrslitin í Noregi.

Ríkisstjórn Gro Harlem Brundtland hefur túlkað þessa samninga með mjög óeðlilegum hætti innan lands og hlýtur að falla á eigin bragði vegna þess að hún hefur gyllt þá fyrir þjóðinni í áróðri sínum með

mjög óforskömmuðum hætti, t.d. finnst Smuguklausan, sem þeir segja að sé í textanum, ekki nema í norska textanum samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef frá íslenska sendiráðinu í Brussel. Þar var leitað að Smuguklausunni og leitað vandlega, þ.e. að Evrópubandalagið ætlaði að hjálpa Norðmönnum að hrekja okkar menn út úr Smugunni, en það virðist vera úr lausu lofti gripið og notað til að gylla samninginn í Noregi.

Jafnframt hlýtur Norðmönnum að verða það ljóst að það verður ekki heimsendir innan tveggja ára og þá tapa Norðmenn að sjálfsögðu forræði á sjávarútvegsmálum sínum. Framtíð EFTA er sem sagt óljós en dauðastundin er ekki komin.

Alþingi markaði stefnu 5. maí í fyrra með því að samþykkja þáltill. sem borin var fram af hv. þingmönnum Steingrími Hermannssyni og Halldóri Ásgrímssyni um það að ríkisstjórninni bæri að leita tvíhliða samninga við Evrópusameininguna um það að gera viðskiptahlið EES-samningsins að viðskiptasamningi. Þar stendur út af stofnanaþátturinn sem þarf að finna lausn á og það skal viðurkennt að það getur reynst nokkuð vandasamt.

„Emígrantarnir", þ.e. Íslendingarnir sem hafa flust til Brussel á undanförnum missirum og tekið þar til starfa, faxa nú heim hverja greinina á fætur annarri þar sem þeir reyna að telja öll tormerki á því að við getum náð viðunandi tvíhliða samningi. E.t.v. finnst þessum „emígröntum" að þeir séu strandaðir og eigi á hættu að missa nýju, góðu, vel launuðu vinnuna sína í Brussel. Og hæstv. utanrrh. hefur sannarlega breytt um tón frá því að hann var að berja í gegnum þingið EES-samninginn á sínum tíma. Þá taldi hann EES-samninginn vera fullnægjandi lausn fyrir Íslendinga, en nú er öldin önnur og innganga í Evrópubandalagið er alls ekki orðin fjarri huga hans.

Ég vil leyfa mér, frú forseti, að vitna til frásagnar frá nýafstöðum ráðherrafundi í Reykjavík. Þetta var á Stöð 2 og fréttin var flutt þann 6. maí. Þá spyr fréttamaður Margarethu af Ugglas, utanríkisráðherra Svíþjóðar, þessarar spurningar: Verður Ísland dálítið utanveltu þegar rætt er um Evrópu?

Margaretha af Ugglas svarar: „Mér skilst á íslenskum starfsbróður mínum að það mál sé til umræðu og því geti svo farið að Ísland gangi í ESB. Fari svo fáið þið góðan stuðning frá hinum norrænu ríkjum."

Það er ekki nóg með að hæstv. utanrrh. sé með ábyrgðarlaust og raunar þjóðhættulegt gaspur hér heima fyrir heldur er hann að lepja þessar skoðanir sínar í erlenda starfsbræður sína.

Nú lætur hæstv. utanrrh. svo sem EES sé ónýtur kostur. Stofnanaþátturinn sé óleysanlegur. Ég tel að svo sé ekki. Ég hef ekki verulega trú á því að hugmyndir sem fram hafa komið um að setja upp eitthvert áheyrnarfulltrúakerfi með málfrelsi og tillögurétti sé fær. Ég er ekki að hafa á móti því að sú leið sé skoðuð og ég vil taka það fram að í henni felst alls ekki nein aukaaðild að Evrópubandalaginu eða eitthvert skref inn í Evrópubandalagið því það er auðvitað skref til baka frá EES-samningnum þar sem við afsöluðum okkur verulegu fullveldi. Ég tel að líklegri sé til árangurs sú umboðsmannsleið sem Björn Friðfinnsson hefur viðrað og kynni að fela í sér fullnægjandi lausn fyrir Íslendinga á stofnanaþættinum. Meginmálið er það að hæstv. ríkisstjórn verður að fara að vinna að þessum tvíhliða samningi. Ég verð að játa það að mér finnst nú ekki að öllu leyti óskynsamlegt að draga það vegna þess að sennilega er ekki óhætt að núv. utanrrh. leiði þá vinnu vegna þeirra viðhorfa sem gætt hefur hjá honum í seinni tíð og helst þyrftum við að skipta fyrst um ríkisstjórn áður en þessir tvíhliða samningar eru teknir upp. Að vísu hefur hæstv. forsrh. tekið myndarlegar til máls um þetta efni og því fagna ég og finn ekki að þeirri afstöðu sem hann hefur sett fram og gagnrýni það ekki að hann fari til Brussel og alveg sama þó hann hafi ekki með sér utanrrh. sinn þangað.

Framsfl. telur aðild að Evrópusameiningunni ekki koma til greina fyrir Íslendinga og það eru samhljóða samþykktir allra stofnana flokksins um það efni. Við viljum tvíhliða viðskiptasamning og reyna að endurheimta eitthvað af því fullveldi sem afsalað var með EES-samningnum.

Jafnframt þessu þá leggjum við framsóknarmenn áherslu á að við eigum að fara að leita eftir tvíhliða viðskiptasamningi við Bandaríkin. Ég tel að það sé miklu hagfelldara okkur ef við eigum kost á hagfelldum tvíhliða viðskiptasamningi við Bandaríkin og náum tvíhliða samningi við Evrópubandalagið, þá erum við ekki illa settir í samfélagi þjóðanna.

Frú forseti. Ég ætla að ljúka máli mínu í þessari lotu og eins og fram kom í því nál. sem ég kynnti í upphafi máls míns þá mun ég sitja hjá við afgreiðslu þessara tilskipana.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti hefur skilið það svo að frsm. 2. minni hluta óski eftir að fresta sinni ræðu. (**ÓRG:** Ég er reiðubúinn um leið og forsrh. kemur til umræðunnar.) Forsrh. er ekki kominn þannig að þá tekur til máls frsm. 3. minni hluta.

[18:09]

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. frá 3. minni hluta utanrmn. í 537. máli, þ.e. till. til þál. um fullgildingu ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um breytingu á bókun 47 og tilteknum viðaukum við EES-samninginn og ætti nú þingheimur að vera búinn að fá nóg að heyra nafn þessarar bókunar. En svo sem kunnugt er hefur fylgt töluvert mikið meira þar með og þar af leiðandi hefur verið óhjákvæmilegt að leggja nokkra vinnu í það að fara yfir þetta mál en því miður er ekki, þrátt fyrir góðan vilja, mögulegt að gera það svo fullnægjandi sé.

„Með afgreiðslu þessarar þingsályktunartillögu lýkur lögfestingu EES-samningsins að mestu leyti. Þær viðbótargerðir, sem Íslendingar skuldbinda sig til að hlíta samkvæmt henni, eru óaðskiljanlegur hluti samningsins þar sem Íslendingar eiga ekki annarra kosta völ en að fella þær inn í lög og reglugerðir án athuga-

semda, líkt og EES-samninginn. Auk þeirra rúmlega 400 gerða, sem Íslendingar undirgangast samkvæmt þessari þingsályktunartillögu, má vænta örfárra gerða í viðbót samkvæmt upplýsingum er Gunnar Snorri Gunnarsson sendiherra veitti nefndinni. Þessi viðbótarpakki er að því leyti ólíkur þeim gerðum sem á eftir koma að Íslendingar koma hvergi nærri vinnslu þeirra gerða sem í honum eru og hafa því ekki einu sinni formlega séð möguleika á að hafa áhrif á efni þeirra."

Það má búast við því að sá viðbótarpakki sem enn er í pípunum eins og orðað var á fundi utanrmn. verði lagður fyrir Alþingi sem ein heild. Við vitum ekki hversu margar gerðir þar er um að ræða og ég hef raunar beðið um að fá þær upplýsingar til utanrmn. en þær hafa alla vega ekki borist enn þá. Hér er því ekki um að ræða algjörlega lokapakkann eins og látið var í veðri vaka fyrr í vetur heldur má enn búast við að einhverri slummu verði slett í okkur hér af gerðum sem við ekki getum gert neitt annað en bara að samþykkja af því að það tilheyrir í raun því tímabili sem um er að ræða. Eftir það verður a.m.k. formlega séð mögulegt að fylgjast með gangi hvers máls fyrir sig á undirbúningsstigi en að sjálfsögðu höfum við ekki mannafla til þess að fylgja því eftir. Það er kannski mergurinn málsins að það er verið að tala um að það skipti Íslendinga verulega máli að koma að þessum málum á undirbúningsstigi, en hvaða burði höfum við til þess? Hvaða mannskap höfum við og hvaða fjármagn höfum við til að leggja í þann lobbíisma sem virðist vera eina tungumálið sem talað er í Brussel og sem tekið er bókstaflega og tekið er mark á? Það er gert ráð fyrir því að það þurfi að vera her manna til að hafa áhrif á þá embættismenn sem þar ráða lögum og lofum og sem betur fer höfum við Íslendingar fram til þessa reynt að eyða tíma okkar og kröftum í arðvænlegri störf heldur en þau. En það má vera að þarna sé einhver breyting að verða á og menn ætli sér í raun og veru að hafa einhver áhrif og sumir láta sig nú dreyma um það að taka allt yfir og það mætti halda af ummælum sumra að hafa veruleg áhrif á Evrópusambandið og gang mála þar. En það er auðvitað bæði óraunsætt og að mínu mati mjög heimskulegt að hafa slíka afstöðu og þar að auki er þetta hrokafull afstaða sem hlýtur að byggjast fyrst og fremst á minnimáttarkennd þeirra sem ekki sætta sig við að tilheyra smáríki. Ég tel því ástæðu til að taka þetta sérstaklega fram í ljósi þess sem á eftir kemur í nál. því þótt ég geri skýran greinarmun á þeim pakka sem við erum hér að afgreiða og þeirri litlu slettu sem á eftir mun fylgja annars vegar og svo hins vegar þeim gjörðum sem við höfum möguleika á að koma að þá vil ég ekki að nokkur skilji mál mitt svo að ég sjái fram á það að við munum hafa einhver gífurleg áhrif við undirbúning þeirra gerða og þaðan af síður ef við rötuðum í þá ógæfu eins og hæstv. utanrrh. virðist gjarnan vilja, að fara inn í Evrópusambandið.

Þetta er sem sagt í rauninni spurning um það að formsatriði séu virt og þar af leiðandi tek ég þá afstöðu í þessu máli sem fram kemur síðar í þessu nál.

„Þótt hæpið sé að Íslendingar megi sín mikils þegar ákvarðanir eru teknar um þær viðbótargerðir, sem tilheyra munu Evrópska efnahagssvæðinu, eiga þeir rétt á að fylgjast með og láta skoðun sína á þeim í ljós á undirbúningsstigi. Því er hins vegar ekki til að dreifa varðandi efni þessarar þingsályktunartillögu. Þriðji minni hluti mun því greiða atkvæði gegn þessari þingsályktunartillögu í samræmi við afstöðu sína til annarra hluta EES-samningsins.

Þriðji minni hluti vekur einnig athygli á að möguleikar þingmanna eru næsta litlir til að kynna sér svo viðunandi sé efni þeirra liðlega 400 gerða sem Ísland er samkvæmt þessari þingsályktunartillögu skuldbundið til að fella inn í íslensk lög og reglugerðir. Á fund utanríkismálanefndar komu fjölmargir gestir til að upplýsa nefndina um einstaka málaflokka er heyra undir Evrópska efnahagssvæðið en sú yfirferð var allsendis ófullnægjandi þrátt fyrir góðan vilja utanríkismálanefndar og gesta hennar til að fá yfirsýn yfir málið. Þriðji minni hlutinn er ósáttur við slík vinnubrögð bæði nú og við lögfestingu meginefnis EES-samningsins.

Þriðji minni hluti tekur ekki afstöðu til einstakra gerða í þessu áliti enda eru þær margvíslegar, sumar til bóta en aðrar til hins verra. Þriðji minni hluti minnir hins vegar á að Íslendingar þurfa ekki að eiga aðild að EES til að taka í lög og reglugerðir það sem til bóta getur talist."

Undir þetta ritar sú sem hér stendur.

Hæstv. forseti. Ég vil aðeins fylgja þessu nánar eftir þar sem efnisleg umræða um þetta mál hefur snúist mjög mikið um væntingar alla vega nokkurra krata um það að við förum inn í Evrópusambandið og um það mun væntanlegt flokksþing, hálfgerður fyrirburi, sem verður í maí hjá Alþfl. snúast. (**PBald:** 10.–12. júní.) Afsakið. Í júní. Hér eru miklar og ítarlegar upplýsingar veittar úr sal og ég tek það fram að ég kem þeim á framfæri. Það er kannski ástæða til þess að reyna að ná til einnar eða tveggja kratasála í viðbót með því að láta vita af því að það mun vera 10.–12. júní sem flokksþing Alþfl., Jafnaðarmannaflokksins verður, og þar mun að sjálfsögðu verða tekist á um Evrópumálin því meira að segja þar í flokki eru til allmargir enn sem láta skynsemina eitthvað ráða sinni ferð og gerðum. Mér þætti t.d. vænt um að fá að heyra það einhvern tímann í þessari umræðu eða undir öðrum kringumstæðum hvað hæstv. félmrh. segir um þetta vegna þess að hún hefur verið bundin í umræðu lengi dags og mér heyrist ekki að hennar sjónarmið séu mjög ofarlega á baugi hjá flokksforustu Alþfl. Það væri því fróðlegt og forvitnilegt að vita hvort hún hefur ekki mátað saman stöðu þeirra sem hún þykir reyna að vera málsvari fyrir við það sem gerist í raunveruleikanum innan Evrópusambandsins. En það er alveg ljóst að þar er t.d. verið að vega mjög að félagslegum réttindum fólks og það með býsna lymskulegum og margslungnum hætti. En ég mun ekki fara nánar út í það því ég geri ráð fyrir því að við munum fara mjög rækilega út í þessi mál.

Hins vegar get ég ekki látið hjá líða að taka aðeins upp þráðinn þar sem ég sleppti honum í fyrri umræðu þessa máls þar sem ég var önnur tveggja þingmanna

sem fyrir mistök máttu sæta tímatakmörkunum í þeirri umræðu og ég neyddist til þess að stytta ræðu mína, þó ekki eins mikið og hv. 8. þm. Reykn. sem fékk ekki úthlutað nema 7 mínútum, ég mun hafa fengið 15 mínútur í þeirri umræðu. En í sjálfu sér var það ófullnægjandi að vísa bara í grein sem mér fannst mjög athyglisvert að tekin var upp í Staksteina Morgunblaðsins þann 13. apríl sl. en nú mun ég leyfa þingheimi að njóta aðeins þeirra orða sem þar eru. Ég vil raunar taka það fram að ég undrast það hverjir eru farnir að koma nálægt Staksteinum í Morgunblaðinu núna, því það kemur fyrir, dagamunur á að vísu, að þar er eitthvað bitastætt að finna og ég gladdist m.a. að þar var verið að ræða fyrir skemmstu um þáltill. sem sú sem hér stendur lagði fram ásamt fleiri þingmönnum um það að fólk hefði lýðræðislegan aðgang í gegnum tölvukerfi að gögnum Alþingis. En það er einmitt atriði sem skiptir sífellt meira máli í þeirri Evrópuumræðu sem við stundum. En í þessum Staksteinum Morgunblaðsins var verið að vitna til greinar breska sagnfræðingsins og blaðamannsins Paul Johnson er hann fjallaði um málefni vesturhluta Evrópu í vikulegum dálki í The Spectator. Það er athyglisvert að því er slegið hér upp að hann metur það svo, og undir það get ég tekið, að lýðræðið standi völtum fótum í sumum Evrópuríkjum og að pólitískur jarðskjálfti geti riðið þar yfir á hverri stundu.

Ég mun ekki taka nema lítinn hluta af því sem kemur fram í þessum útdrætti Morgunblaðsins á grein Johnson en hér eru tvær stuttar tilvitnanir, með leyfi hæstv. forseta:

„Um 40% af fullveldi okkar eru þegar horfin" — segir Johnson og þessi „okkar" sem hann er að nefna eru Bretar — „og við missum sífellt meira eftir því sem fleiri EB-reglugerðir og lög eru samþykktar umræðulaust í þinginu, auk þess sem ákvarðanir Evrópudómstólsins og annarra yfirþjóðlegra stofnana skerða það stöðugt. Í ljósi þessa vil ég bera fram spurningu sem er nokkuð á skjön við umræðuna: Hver verður eiginlega staða Breta ef stórir hluta þessa ríkjasambands sem við erum að verða hluti af byrjar að rotna?"

Ég vek athygli á því að það er víðar en hér á Íslandi sem menn eru farnir að hafa áhyggjur af áhrifaleysi þjóðþinganna og hvernig EB-reglugerðir og lög eru samþykkt umræðulaust í þinginu. En Bretar, eins og við, hafa þótt allstoltir af sínu þjóðþingi og það hlýtur að svíða sárt undan þessari niðurlægingu því sé okkar niðurlæging mikil þá er hún enn meiri hjá þeim sem fara inn í ESB því þar eru fleiri málaflokkar undir heldur en fjórfrelsið.

En síðar í grein sinni segir Johnson og hann er að tala um ástandið í Evrópu, með leyfi forseta:

„Fyrri reynsla sýnir að uppþot og ofbeldi berast fljótt milli ríkja. Vandræðin eru líkleg til að hefjast í Frakklandi, líkt og venjulega, en þó er ekki útilokað að það verði á Spáni en hvergi í EB er atvinnuleysi meira auk þess sem spænska stjórnin er veik og örmagna. Jafnvel í löndum á borð við Holland, sem venjulega eru friðsæl, hefur borið á óróleika. Og meira að segja Evrókratarnir í hinni sjálfumglöðu Brussel hafa neyðst til að horfast í augu við götuofbeldi. Evrópubúar virðast almennt vera farnir að fá það á tilfinninguna að lýðræði skili ekki tilætluðum árangri. Gjáin milli þess sem fólk vill og þess sem ráðamenn veita því er orðin of breið."

Þetta finnst mér nokkuð athyglisvert vegna þess að þetta er alveg gjörólík greining á ástandinu því sem við erum venjulega vön að heyra þar sem Evrópusælurík-ið á að vera hnökralaust og a.m.k. ekki vandræði varðandi óróleika eða innri vandamál. En staðreyndin er auðvitað sú að um alla Evrópu hefur þessi ofstýring einmitt leitt til þessarar firringar og fjarlægðar á milli valdhafa annars vegar og hins vegar fólksins og raddir fólksins heyrast sífellt í meiri fjarlægð og það er ekki tekið mark á þeim. Einmitt við slíkt ástand getur blossað upp alls konar óværa eins og t.d. þjóðernishroki og annað slíkt. Það er einmitt þegar um ofstýringu er að ræða og það er einmitt þegar valdhafar eru orðnir of firrtir að slíks óróa getur farið að gæta.

Ég held ég þurfi ekki að útskýra það mikið betur fyrir þingheimi hér. Mönnum er þetta mjög ljóst og mjög kunnugt ef þeir líta yfir söguna.

Þá vík ég að hinu atriðinu sem mér finnst ástæða til að taka sérstaklega til umræðu en það er þessi sérkennilega staða sem upp kom þegar hæstv. utanrrh. á Alþingi Íslendinga fór að reyna að telja þingheimi trú um það að Norðmenn hafi náð svo ljómandi góðum samningum í sínum sjávarútvegsmálum að það væri bara engu við það að bæta. Í fyrsta lagi rakst ég á það og fannst það nokkuð fyndið nokkrum dögum seinna að þá voru helstu varnir norsku ríkisstjórnarinnar sem var í bullandi vörn fyrir sinn lélega samning að utanrrh. á Íslandi hefði sagt að Norðmenn hefðu náð svo ljómandi góðum samningum. Þetta hitti aftur til baka eins og búmerang þannig að þetta var orðið dálítið sérkennileg samtrygging norsku og íslensku kratanna þar sem þeir átu einhverjar meintar skoðanir hvor eftir öðrum. En það má þó segja alla vega norsku krötunum til hróss að þeir höfðu rétt eftir íslenska utanrrh. en hann hins vegar vitnaði í Norðmenn, en þeir höfðu ekki betri rök fyrir þessum góða samningi heldur en það að Jón Baldvin uppi á Íslandi hefði sagt þetta og er hann ekki alltaf jafn vel um talaður í hópi norrænna krata ef ég hef heyrt rétt. Þannig að þarna var langt til seilst.

Í Tímanum þann 15. apríl sl. segir Halldór Árnason, aðstoðarmaður sjútvrh. að það sé orðum aukið svo ekki sé meira sagt að Íslendingar verði að ganga í Evrópusambandið ef Norðmenn gera það vegna hagsmuna íslensks sjávarútvegs. Halldór segir að EES-samningurinn dugi Íslendingum um aðgang að evrópskum mörkuðum og tollaleg staða Norðmanna verði litlu betri en okkar þó þeir gangi í ESB að undanskildum laxi og rækju.

Ég ætla ekki að fjölyrða um það að ég leit svo á og lít enn svo á að við hefðum átt að reyna að ná þessum viðskiptasamningum sem hefði verið hagur bæði Evrópusambandsins og Íslendinga í gegnum tvíhliða samning en ekki í gegnum EES-samning. En þetta eru þó alla vega rök fyrir því að nota viðskiptahlutann af þessum samningi sem grunn undir þann tvíhliða samn-

ing sem við hefðum frá upphafi átt að stefna að því að gera. Ég tek þessa afstöðu út af fyrir sig miðað við þá stöðu sem við erum nú í og það breytir ekki minni fyrri skoðun á því að við höfum valið ranga leið að því marki. En enn er það svo að við höfum góða möguleika á því að gera slíka samninga og þar af leiðandi hlakka ég til að heyra hvað hæstv. forsrh. mun leggja hér til þessarar umræðu síðar í umræðunni og ég þykist nokkuð vita hvers er að vænta af hæstv. utanrrh. og get ekki sagt með góðri samvisku að ég hlakki til að heyra hans boðskap en það væri þá gott ef þessir hæstv. ráðherrar, svo sundurþykkir sem þeir eru sín á milli tækju um þetta smárispu, því ekki veitir af fyrir okkur fyrir sumarleyfi að fá að vita hvernig landið liggur, ef þeir þá vita það.

[18:30]

Ólafur Þ. Þórðarson *(andsvar)*:

Herra forseti. Ég hjó eftir því í ræðu hv. þm., Önnu Ólafsdóttur Björnsson, að það var efi um að Íslendingar mundu hafa stór áhrif á stefnumótun Evrópu. Nú er það svo að við erum að vísu ekki nema 250 þús. og þeir milli 300 og 400 milljónir. En ber þá að skilja þennan efa hv. þm. á þann veg að þegar við sendum stórséní eins og hæstv. utanrrh. til þess að verða okkar fulltrúa þá sé það samt þannig að það sé ekki útlit fyrir að við munum hafa þessi miklu áhrif? Ég spyr nú að þessu eða hvort þetta sé bundið því að almennt sé litið svo á að það muni ekki gerast í þessum heimi að 250 þús. manna þjóð taki að sér yfirstjórn fyrir 300–400 milljón manna samfélag.

[18:31]

Frsm. 3. minni hluta utanrmn. (Anna Ólafsdóttir Björnsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég verð að hryggja hv. 2. þm. Vestf. með því að segja að ég stend við mín fyrri orð. Ég held að jafnvel þótt við sendum stórséní á borð við hæstv. utanrrh. til Brussel til að reyna að hafa áhrif þá munum við ekki hafa nein áhrif þar. Ég ítreka bara mín fyrri orð.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Lífeyrissjóður sjómanna, 548. mál, brtt. efh.- og viðskn., þskj. 1296.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096.

[18:32]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það virðast vera örlög mín að koma hér upp í ræðustól í hverju málinu á fætur öðru en ég skal reyna að taka því með stillingu og jafnvel jafnaðargeði.

Varðandi umræðu um Þróunarsjóð sjávarútvegsins sem enduðu mjög brátt í gærkvöldi finnst mér illskárri örlög að tala hér eigin tungu heldur en að hafa hv. borgarstjóra mælandi fyrir minn munn um uppbyggingu í Grafarvogi eins og hv. frsm. minni hluta sjútvn. mátti sæta í gærkvöldi þannig að ég er fullkomlega sátt við það að fara í þessa umræðu nú og þá með eigin orð á vörum væntanlega.

Ég held að það þurfi ekki nokkur maður að velkjast í vafa um það að Þróunarsjóður sjávarútvegsins er mjög umdeilt fyrirbæri og kannski segir það allt sem segja þarf sem fram kemur í nál. minni hluta sjútvn., nál. sem ég á aðild að sem áheyrnarfulltrúi að í umfjöllun sjútvn. fannst í reynd ekki einn einasti stuðningsaðili frv. eins og það er í óbreyttri mynd fyrir utan ríkisstjórnina sjálfa og stjórnarflokkana. Hér væri kannski hægt að nema staðar. Mér finnst í rauninni svo furðulegt að við skulum vera komin með þetta mál aftur í umræðu undir þessum formerkjum að það segir kannski meira um átakanlega stöðu þessarar ríkisstjórnar en margt annað. En hér vita að sjálfsögðu allir hvaða hrossakaup hafa farið fram og að Alþfl. hangir á þessari ímynd eins og hundur á roði og vill engu sleppa. Hitt er annað mál að það er náttúrlega orðið dálítið sérkennilegt þegar við fáum brtt. frá meiri hluta sjútvn. aftur og aftur og það endar með því að orðaforði yfir að prenta upp brtt. er orðinn frekar fátæklegur því við höfum á þskj. 1096 brtt. sem eru endurprentaðar upp á ný. Slíkur hrærigrautur hefur verið í þessum vinnubrögðum og ég held að það sé rétt að taka það fram svo það sé ekki verið að senda neinar sneiðar til skrifstofuliðs Alþingis sem hefur unnið sitt starf af prýði, að hér er um hreinar málefnalegar útfærslur að ræða og meiri hluti sjútvn. ber, eftir því sem ég kemst næst, fulla ábyrgð á þessu hringli en ekki skrifstofulið á Alþingi.

Hér er sem sagt verið að grauta í máli sem menn eru meira og minna ósáttir við en það er verið að reyna að halda uppi því sem eftir er af sjálfsmynd Alþfl. og í nafni mannúðarstefnu væri kannski hægt að gera það þar sem þar mun um hverfandi fyrirbæri vera að ræða sem ekki var sett á friðunarskrá í villidýrafrumvarpinu en ég bý alla vega ekki yfir slíkri góðmennsku að vilja að slíkt sé á kostnað sjávarútvegsins.

Hér er verið að setja á vísi að auðlindaskatti og samkvæmt skilgreiningu alþýðuflokksmanna sjálfra þá er verið að setja á auðlindaskatt eða veiðileyfagjald eða hvað sem menn kjósa að kalla það. Þetta er auðvitað mikið metnaðarmál alþýðuflokksmanna. Hvers vegna skil ég að vísu ekki en það verður að vera þeirra mál að útskýra. Hitt er annað að þeir virðast ekki treysta sér til að fara í næstu kosningar fylgisrúnir og traustsrúnir öðruvísi en að geta sagt: Sjáið, ja, ekki var það tindur, en sjáið árangurinn, þessu náðum við. En það er náttúrlega spurning hvað verður úr þessu fyrirbæri, Þróunarsjóðnum, þegar til á að taka, hvort þetta verður bara orð á borð við landslagið sem var lítils virði ef það hét ekki neitt. Að þetta verði bara heitið eitt eftir.

Annað sem mér þykir skipta verulegu máli er það að vissulega þarf að taka á einum hluta þessa máls en það er úreldingin sjálf. Menn hafa beðið langtímum

saman eftir því að fá skýrar reglur um úreldingu og þar bendum við í minni hlutanum á að það er hægt að flytja brtt. við lögin um Hagræðingarsjóð þar sem úreldingarprósentan verði færð upp í þau 45% sem frv. um Þróunarsjóð gerir ráð fyrir og síðan hækkuð sú upphæð sem þarf að sama skapi. En að öðru leyti verði þessu frv. vísað til ríkisstjórnarinnar, þ.e. því sem hér liggur fyrir. Þetta er að sjálfsögðu það einasta sem hægt er að gera við það og a.m.k. miðað við þá reynslu sem oft er af því að vísa til ríkisstjórnarinnar þá er það vís leið til að drepa málið og sá væri að sjálfsögðu tilgangurinn. Að sjálfsögðu í þessu tilviki.

Ég tel að það sé ástæða til þess að líta lítillega á þau efnisatriði sem hér eru til umfjöllunar og ekki síst vil ég taka undir röksemdir sem koma frá allmörgum útvegsmannafélögum sem sendu inn sameiginlega umsögn þar sem þau benda á að kannski það allraversta af mörgu slæmu við að leggja sérstakt veiðileyfagjald á sjávarútveginn sé það að þarna sé verið að leggja á gjald sem er svipað og aðstöðugjald sem hæstv. fyrrv. viðskrh. barðist ekki lítið fyrir að reyna að ná burtu, þ.e. aðstöðugjaldinu, þar sem það er verið að leggja gjald á fyrirtæki hvort sem um hagnað eða taprekstur er að ræða. *Þetta er mikil eymd að horfa upp á að* Alþfl. skuli fyrr á þessu kjörtímabili berjast hart gegn slíkri óréttlátri skattheimtu og eyða síðan síðari hluta kjörtímabilsins í að reyna og linna ekki látunum fyrr en þau koma því aftur á og þá á þann atvinnuveginn sem síst þolir skakkaföll, þ.e. sjávarútveginn, og síst má við því að fara að fá á sig slíkt gjald eins og staðan er núna a.m.k. Réttlát skattheimta á útgerðarfyrirtæki þegar vel árar er eins og önnur skattheimta, þ.e. fyrst og fremst að skattleggja arð, hagnað í greininni. Ég er mjög ósátt við það að það skuli hafa verið stefna þessarar ríkisstjórnar almennt að bæta sífellt fleiri flötum sköttum eða gjöldum af ýmsu tagi á alla, bæði þá sem standa vel og þá sem standa illa, og síðan að þykjast vera að ná einhverju réttlæti fram með því að lækka skattaleiðina sem skattleggur þá sem í rauninni eru færir um að greiða skatta, þ.e. þá sem skila hagnaði. Þetta finnst mér hugsun sem ég sætti mig ekki við og ég man ekki betur en þegar aðstöðugjaldið var til umræðu og afnám þess að þá hafi verið aðeins meiri skilningur á þessum málum.

Þetta er nú varðandi tilhögun á þessari skattheimtu en ég vil ekki alveg hverfa frá úreldingunni án þess að geta þess að þrátt fyrir að flotinn sé nú talinn frá 10 og upp í 30% of stór núna og að það sé fátt nema sókn í *vannýttar tegundir sem geti leyst þennan vanda* þá verðum við að sjálfsögðu að hafa eitthvert borð fyrir báru. Við verðum að gera ráð fyrir því að það sé að einhverju leyti hægt að mæta þeim sveiflum sem jafnan verða í sjávarútvegi, þannig að við megum ekki fara svo skarpt í að úrelda að við stöndum uppi þegar betur árar eins og við stóðum uppi í vetur þegar við stóðum sérstaklega frammi fyrir því að vanta fiskvinnsluhús til þess að taka við þeirri blessunarlegu loðnuuppsveiflu sem kom hingað. Þannig að við verðum að hafa þetta sérstaklega í huga.

Í ákveðnu plaggi sem við höfum fyrr rætt um, skýrslu tvíhöfða nefndarinnar, þá er töluvert rakið með hvaða hætti staðið hefur verið að úreldingu allt frá árinu 1978 þegar Aldurslagasjóður var stofnaður. Ég hef heyrt í umræðum innan sjútvn. að það gætir nokkurs trega hjá sumum stjórnarsinnum þar sem vilja hverfa aftur til annarra úreldingarkerfa og stenst Þróunarsjóður ekki samanburð þar. Það sem mér finnst hins vegar skipta langmestu máli í þessu er það að við tökum á þessum úreldingarmálum og séum ekki að hringla með þau og við gerum það af því réttlæti sem þarf og þá tek ég sérstaklega fram að það er fleira en bara úreldingin sem var sérstaklega hlutverk Hagræðingarsjóðs sem við stjórnarandstæðingar höfum reynt að halda verndarhendi yfir. Það var nefnilega mjög merkilegt hlutverk þar sem var ákveðin sveiflujöfnun og þetta hélst alveg ljómandi vel í hendur við það að úrelda. Það er sem sagt í rauninni ekki glóra í því að á einum stað á landinu séu menn að kaupa og bæta við meðan á öðrum stað er verið að úrelda skip sem ættu í raun réttri að fá að lifa vegna þess að þarna er verið að færa sveiflur á milli byggðarlaga. En í rauninni þá er þetta bara ekki óhollt vegna úreldingarinnar heldur einnig vegna mikils kostnaðar og röskunar og atvinnuhagsmuna fólksins í þessum byggðarlögum sem hafa verið að missa fiskveiðiheimildir. Í lögum um Hagræðingarsjóð hefur lengst af verið smámöguleiki til þess að rétta þetta af þó það sé engan veginn það sem við kvennalistakonur hefðum viljað sjá með byggðakvóta.

Virðulegi forseti. Ég hef svo sem ekki verulega miklu að bæta inn í þessa umræðu. Ég ítreka enn og aftur að það er sérkennilegt að vera hér að fjalla um mál sem enginn virðist geta varið nema nokkrar sálir úr hópi stjórnarsinna og hlýtur maður að efast um að hugur fylgi alltaf máli þar og í rauninni dálítið sérkennilegt að umræðan skuli vera komin svona langt í trássi við alla heilbrigða skynsemi.

[18:46]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það frv. sem hér er flutt um Þróunarsjóð sjávarútvegsins er um margt sérstætt. Í fyrsta lagi felur hugtakið þróunarsjóður í sér þá hugsun að sjóðurinn eigi að vinna að framförum. Hann eigi að vinna að framförum, það sé meginverkefni sjóðsins. Hér aftur á móti er því ekki að leyna að hlutverk Þróunarsjóðsins virðist vera allt annað.

Það er nú einu sinni svo að í 3. gr. kemur það fram að Þróunarsjóðurinn eigi að taka við öllum eignum og skuldbindingum Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, eignum og skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og öllum eignum og skuldbindingum hlutafjárdeildar Byggðastofnunar. Hlutafjárdeild Byggðastofnunar hefur yfir að ráða eignum sem tilheyra ýmsum greinum atvinnulífsins á Íslandi. Þær tilheyra iðnaði, þær tilheyra landbúnaði og þær tilheyra þjónustu. Auðvitað spyr maður sjálfan sig hví í ósköpunum þessi atvinnugrein, sjávarútvegurinn, eigi að fara að taka yfir hlutabréf sem Byggðastofnun á í hlutafjárdeild Byggðastofnunar. Hver eru rökin fyrir því? Á þá iðnaðurinn að taka við því sem tilheyrir iðnaðinum?

Við eigum t.d. hlutabréf í límtrésverksmiðju á Flúðum, svo ég nefni dæmi. Á þá iðnrh. að taka við því, eða í Alpan sem er með álpönnur?

Ég sé ekki hver hugsunin er á bak við þetta. Ef hugsunin er sú að þessir aðilar eigi bara að taka við þessu til að selja það þá staldrar maður mjög við þá hugmynd að sá möguleiki er settur hér inn að hægt sé að selja þessar eignir án þess að greiða krónu fyrir þær í peningum. Það er nóg að borga þær með hlutabréfum í öðru fyrirtæki. Og þá erum við komnir í alveg kátbroslega stöðu, þ.e. fyrirtæki sem getur haft áhuga á því að eignast framleiðslutæki viðkomandi fyrirtækis, segjum fyrirtækis vestur á fjörðum, það lætur bara örfá hlutabréf frá sér til þess að fá þessi hlutabréf Byggðastofnunar. Þeir eru þar með komnir inn í stjórn félagsins, þeir eru þar með komnir með lista yfir kröfuhafa á fyrirtækið og það þarf ekki mikið hyggjuvit til þess að vinna að falli fyrirtækisins, flytja skipin burtu frá staðnum og úrelda svo á eftir eignirnar í landi. Ég tel þetta í reynd alveg forkostulegt og mig undrar það mjög að þingmenn dreifbýlisins í stjórnarflokkunum skuli hafa samþykkt þessi vinnubrögð. Ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa 12. gr. ef það mætti verða til staðfestingar og skilnings á því sem ég hef verið að fullyrða:

„Hlutverk hlutafjárdeildar er að fara með og selja hlutabréf í eigu deildarinnar. Hlutafjárdeild er óheimilt að kaupa ný hlutabréf. Deildinni er þó heimilt við samruna félaga eða skipti á hlutabréfum að taka við nýjum hlutabréfum sem samsvara fyrri hlutabréfaeign. Hlutafé í eigu deildarinnar skal boðið til sölu a.m.k. einu sinni á ári og skal starfsfólk og aðrir eigendur fyrirtækisins, sem í hlut á, njóta forkaupsréttar. Hlutdeildarskírteini deildarinnar skulu skráð á nafn og geta gengið kaupum og sölum. Hlutafjárdeild skal tilkynnt um eigendaskipti á hlutdeildarskírteinum."

Hér er að mínu viti sett upp sú svikamylla að með ólíkindum getur talist. Hvort þeirri svikamyllu verður beitt til að koma einstökum stöðum á kné eða ekki skal ósagt látið. Það fer að sjálfsögðu eftir því hverjir veljast til þessara starfa. En oft hefur manni fundist anda ótrúlega köldu frá vissum eigendum fyrirtækja í sjávarútvegi til hinna smærri staða á Íslandi. Það hefur andað svo ótrúlega köldu að manni hefur fundist að þeir væru stundum eins og hrægammar bíðandi eftir því hvort ekki skapaðist nú möguleiki til þess að kaupa af þessum aðilum skipin fyrir lítinn pening.

Ég treysti mér ekki til að styðja það sem 12. gr. gerir ráð fyrir og ég lít svo á að annaðhvort sé eðlilegast að fjmrn. umbúðalaust og milliliðalaust sem eignagæsluaðili íslenska ríkisins sjái um sölu á þessum bréfum ef Byggðastofnun er ekki treyst til þess að vinna það verk eða þá að bréfin verði áfram í eigu hlutafjárdeildar Byggðastofnunar.

Ég geri mér grein fyrir því að það er dálítið merkilegt hvað Íslendingar hafa sumir hverjir snúist gegn byggðastefnunni, gegn því að vilja stuðla að því að ákveðin svæði landsins leggist ekki í eyði. Flestir íslenskir stjórnmálaflokkar eða allir hafa sömu rætur og hliðstæðar stjórnmálahreyfingar í löndum Evrópu. Menn eru gjarnan að vísa til byggðastefnu hjá EB og byggðastefnu í Bretlandi. Íhaldsmenn Bretlands, sem hafa stjórnað þar nokkuð lengi, þykja nú ekki miklir byggðastefnumenn þar en það er ólíku saman að jafna hvað Margrét Thatcher var hlynntari dreifbýli heldur en þeir sem stýra Sjálfstfl. á Íslandi. Og það var ólíkt hvað viðhorf járnfrúarinnar til þeirrar skyldu að gæta hagsmuna breska ríkisins við sölu á eigum ríkisins var meiri. Eitt af því sem var í byggðastefnu breskra íhaldsmanna var að til þess að skapa eigið fé á vissum stöðum gæti verið nauðsyn að opinberir aðilar ættu hlutafé í fyrirtækjum, sæju til þess að þau kæmust myndarlega á legg og þegar það hefði gerst, þá væri farið í að selja hlutabréfin. En eitt af því sem hæstv. forsrh. taldi hvað brýnast þegar ákveðið var að veita Byggðastofnun aðför og reyna að þrengja hennar umsvif sem mest með reglugerð var að Byggðastofnun mætti ekki kaupa hlutabréf. Byggðastofnun mátti ekki breyta skuldum sínum í hlutabréf. Byggðastofnun átti heldur að horfa á fyrirtækið fara á höfuðið og tapa öllu. Það var athyglisvert að þegar hv. 1. þm. Vestf. vakti athygli á því hvað þetta væri í miklu ósamræmi við það sem aðrir sjóðir hefðu heimild til því að Landsbankinn hefur tekið þá ákvörðun í ýmsum málum að breyta skuldum í hlutafé og reka fyrirtækið áfram um vissan tíma og selja það svo heldur en láta það fara yfir. Iðnlánasjóður hefur sömuleiðis í sumum tilfellum tekið yfir og borið ábyrgð á rekstri vissan tíma og átt hlutabréfin í fyrirtækjum. Byggðastofnun skyldi alls ekki gera þetta. En þegar hv. þm. Matthías Bjarnason var búinn að fara yfir þetta, þá stóð hæstv. forsrh. upp og var miklu jákvæðari fyrir því að það gæti nú verið að það þyrfti að breyta þessu. En það hefur ekki bólað á neinni breytingu á reglugerðinni þannig að svo virðist sem hæstv. ráðherra hafi verið stöðvaður og það hafi hreinlega verið kippt í spotta og maður spyr: Er það flokkseigendafélagið sem kippti í þann spotta?

Nú er það svo að eitt af því sem við höfum verið að gera á undanförnum árum hefur verið að úrelda fiskiskip. Á bak við það er sú hugsun að reyna að sjá til þess að flotinn sé í samræmi við þá fiskveiðimöguleika sem við höfum. Flotinn hefur verið að stækka og við höfum verið að úrelda skip þrátt fyrir þetta. Mér finnst eðlilegt að hægt sé að úrelda skip og að við höldum áfram þeirri stefnu, en ég spyr sjálfan mig þeirrar spurningar: Hvað er að gerast ef við lítum svo á að það sé nóg að skip hafi borgað þrjú ár til úreldingar? Ég sé engin ákvæði um að það þurfi að vera gömul skip sem um er að ræða og ég veit um tiltölulega nýlegt skip sem var byggt úr plasti og varð eign Landsbankans að þar voru uppi hugmyndir um að það væri vitlegast að úrelda skipið. Og umhugsunarefni er það ef við teljum að það verði framtíð í atvinnumálum Íslands við það að eyðileggja mjög þokkaleg veiðiskip, að það sé vit í slíku yfir höfuð. Á sama tíma og við höfum komið okkur undan því að rannsaka íslensku landhelgina til nokkurrar hlítar, vitum raunar sáralítið um þetta lífríki, þá sláum við því föstu að það eigi að fara að skattleggja sjávarútveginn til hagsbóta

fyrir þjóðina með því að eyðileggja þokkaleg skip, í sumum tilfellum mjög nýleg. Er yfir höfuð eitthvert vit í þessu? Hefði ekki verið skynsamlegra að byrja á þeim endanum að rannsaka hafdjúpið í kringum landið þannig að við vissum öll meira um það hvaða auðæfi við höfum og þegar slík rannsókn hefði farið fram gætum við tekið ákvörðun um það að meta hvort þetta væri rétt?

Ég minnist þess sem ungur maður að loðna var aðeins veidd í beitu, ekki datt nokkrum manni í hug að setja hana í bræðslu. Hún var veidd í beitu. Að öðru leyti var hún ekki veidd. Við erum með ýmsar fisktegundir sem við höfum lítt kannað veiði á. Við erum með ónotaðan fiskstofn, kolmunna, við landið. Við erum með óhemjumið af kúfiski, hreint ótrúlegt magn við landið. Við höfum verið að henda svarthöf þegar Norðmenn hafa verið að hirða þá skepnu og selja hana fyrir góðan pening.

Við göngum út frá þeirri vissu við samþykkt þessa frv. að það sé ekkert til í íslensku lögsögunni sem sé svo verðmætt að skynsamlegt sé að halda þessum skipum til veiða. Ég segi fyrir mig að það hefði kannski verið skynsamlegra að geyma einhver skip en að eyðileggja þau, en tvímælalaust er byrjað á vitlausum enda. Það er ekki byrjað á rannsóknaþættinum, það er ekki byrjað að kanna hvað eigi að gera til þess að fá svör við því hverjir eru möguleikarnir á meiri nýtingu á auðæfunum í kringum landið. Það liggur eftir.

Það stendur til að halda hátíðarfund á Þingvöllum. Ég segi það enn og aftur úr þessum ræðustól: Einu sinni sameinaðist þjóðin um það að setja 1 milljarð í landgræðslu. Það var stuðningur við græna beltið, en það belti sem liggur út frá ströndinni og við lifum á og ég leyfi mér nú að kalla brúna beltið, þurfum við að rannsaka. Væri ekki skynsamlegt að Alþingi Íslendinga þyrði að taka ákvörðun um það á Þingvöllum að setja svo sem 2 milljarða í að rannsaka þetta belti, fá svör við því, hvaða möguleika höfum við til þess að sækja meiri auð í hafið? Hún er nefnilega orðin gömul sú klisja, ætli hún sé ekki orðin nálægt því 35 ára gömul eða eldri, að Íslendingar hafi ekkert meira að sækja í hafið. Þar sé ekkert að hafa. Nú er það samt svo að lífríki hafsins er það sem þessi þjóð lifir á öðru fremur. Við erum búnir að ná yfirráðum yfir 200 mílna fiskveiðilandhelgi en við teljum okkur ekki þurfa að rannsaka hana nema óverulega og erum aðallega að glíma við þær fisktegundir sem við þekkjum þó best.

Við eigum laxeldisstöðvar á sjávarkambi sem standa ónotaðar í dag og mætti með litlum tilkostnaði framleiða alveg ótrúlegt magn af þorskseiðum og sleppa í hafið. Ef sú fullyrðing fiskifræðinga að veikasti hlekkurinn í lífkeðju þorsksins sé að það vanti fleiri seiði þá er það langauðveldasti þátturinn til að bæta úr einfaldlega með því að ala þorskseiði og sleppa þeim. Við höfum þessa aðstöðu. Hún er til í Þorlákshöfn. Hún er líka að nokkru leyti til í Reykjanesi í Ísafjarðardjúpi. En við erum ákveðnir því að aðalatriðið sé að eyðileggja skip sem eru þokkalega búin, bæði hvað skipsskrokk og tæki varðar, ætlum að veita til þess styrki og fara út í að skattleggja sjávarútveginn til að framkvæma þetta. Það verkar einkennilega á mann að ekki skuli vera miðað aðeins við léleg og gömul skip, það verkar einkennilega. Hér er ekki annað að finna en það eigi að miðast við að þau hafi greitt þrjú ár í sjóðinn.

Ég spyr sjálfan mig líka að öðru sem gengur þvert á allt skipulag sveitarfélaga á Íslandi og alla sjálfstjórn sveitarfélaga í landinu og má hreint furðulegt heita. Við segjum að skipulagsmál eigi að heyra undir sveitarfélögin og sveitarfélögin hafa vissulega verið að reyna að skipuleggja sín byggðarlög jafnskynsamlega og þau geta. Og eitt í því hefur verið að staðsetja fiskverkunarhúsin á hafnarsvæðunum eða í nágrenni við þau og banna sem mest alla starfsemi aðra á hafnarsvæðinu en annaðhvort fiskvinnslu og starfsemi tengda því sem gerist við höfnina. En núna dettur mönnum það í hug að þriggja manna sjóður geti tekið ákvörðun um það að aðalsvæði hafnarinnar, ekki aðeins húsið heldur lóðir, séu bara teknar úr umferð gagnvart fiskverkun. En menn halda að eftir sem áður eigi sveitarstjórnirnar að ráða skipulagsmálum.

Ég heyrði það héðan úr ræðustól að það ætti að ganga þannig til þessara hluta að það ætti ekki að greiða nein fasteignagjöld meðan þau væru í eigu Þróunarsjóðsins. Gera menn ráð fyrir því að svona stórt og mikið fiskverkunarhús sem verður tekið á hafnarsvæðinu, verði hægt að nota undir leikhús, hótel, iðnaðaruppbyggingu eða danshús? (**Landbrh.:** Þeir nota það nú fyrir krár þarna úti í Hull.) Eða þá þeir noti það undir krár. Þeir eru nú reyndar úti í Hull að byggja risastórt hús sem er ætlað fyrir ferðamenn og vilja hafa þá aðstöðu þar að það minni á togaratímabilið þegar Bretar stunduðu veiðar við Ísland, ætla að hafa vaggandi svalir og lykt eins og um borð í togurunum. Maður spyr sjálfan sig: Hvað hyggur hæstv. landbrh. að verði mikil aukning á sölunni hjá Tóbaks- og áfengisverslun ríkisins þegar stór hluti af frystihúsum landsins verður orðinn að krám eins og hér er fleygt fram? Á að gera frystihúsið Hjálm á Flateyri, svo að maður nefni dæmi, að húsi sem tekið verði úr umferð um alla framtíð sem fiskverkunarhús og nota það undir eitthvað allt annað?

Eitt er alveg stórmerkilegt við þetta. Það er miðað við 75% af fasteignamati fasteigna og 20% af verðmæti framleiðslutækja samkvæmt mati sjóðsins. Maður hefur það einhvern veginn á tilfinningunni að þetta sé kannski svona upphæð sem muni renna beint inn í sjóðakerfið, það sé verið að borga upp veð á húsunum og að raunverulega sé verið að skattleggja íslenskan sjávarútveg til þess að tryggja það að Fiskveiðasjóður tapi ekki nokkrum milljónum eða milljónatugum á einhverju húsi sem notað hefur verið til fiskvinnslu. Í sumum tilfellum er þó hugsanlegt að eigendur fái peninga út úr þessu dæmi. Því er ekki að leyna.

En hvað með íbúðarhúsin í þorpinu? Ég veit ekki hvað margir vita það en menn hafa verið að selja íbúðarhús á 30% af brunabótamati eigna úti á landi í tíð þessarar ríkisstjórnar. Þegar allt fór undir hraun í Vestmannaeyjum var brunabótamat eignanna greitt í bætur. En hvert verður íbúðarhúsnæðisverðið ef Þróunar-

sjóður sjávarútvegsins hefur gengið þannig frá málum að það sé búið að úrelda allar bestu lóðir sjávarþorpsins og aðalfiskverkunarhús og setja á það stimpil að þar megi aldrei fara fram fiskverkun meir, aldrei meir? Er það virkilega svo að menn líti svo á að þrír menn skipaðir af ráðherra, staðsettir hér syðra trúlega allir, eigi að verða yfirskipulagsmeistarar heilla byggðarlaga um ókomin ár? Til hvers er að skipuleggja byggðarlag sem hefur risið upp í kringum höfn eftir að búið er að taka ákvörðun um það af einhverjum sem ekki búa á staðnum að hafnarsvæðið eigi að vera minningarreitur um fiskvinnslu en ekki til þess að verka þar fisk?

Og hvað með fasteignaverðið? Hver er réttur hins almenna manns? Mér er ljóst að þeir sem hafa keypt félagslegar íbúðir eiga kröfurétt á sveitarfélagið jafnlengi og sveitarfélagið lifir til þess að eignirnar verði keyptar. En hvað með hina sem áttu sitt íbúðarhús og byggðu það eftir venjulegum leiðum? Er þá niðurstaðan sú að það eigi að tryggja það að Fiskveiðasjóður fái greiðslur, Byggðastofnun fái greiðslur, eigendurnir að fiskvinnsluhúsunum fái e.t.v. peninga, en það sé alveg sama með fólkið sem býr í byggðarlaginu og á þessi hús? Er það niðurstaðan?

Ég verð að segja eins og er að mér finnst það alveg ótrúleg ósvífni að taka fjármuni af þeim fyrirtækjum sem eru í sjávarútvegi til þeirra hluta sem hér er lagt til og að gera ráð fyrir því að sú kynslóð sem er að vaxa úr grasi í þessu landi geti sætt sig við það yfir höfuð að það sé ekki uppbygging atvinnulífs í landinu sem eigi að vera markmiðið heldur eyðilegging eigna. Það er gífurlegt offramboð af iðnaðarhúsnæði í Reykjavík og ég spyr: Má búast við því að það verði skipaður sérstakur sjóður sem öll starfandi iðnfyrirtæki Íslands verði látin greiða skatta til, þeim hefur verið að fækka að undanförnu, og tekin verði ákvörðun um að það megi alls ekki reka iðnað í þessum húsum meir en trúlega mætti reka í þeim sjávarútveg ef ég skil kerfið rétt? Er þá hugsunin sú af því að það er allt of mikið verslunarhúsnæði í Reykjavík að menn taki sig til og stofnuðu þróunarsjóð verslunarinnar sem keypti upp verslunarhúsnæði og eina kvöðin sem sett yrði á sjóðinn væri það að það mætti aldrei stunda verslun í þessu húsnæði meir? Er það virkilega einhver svona hringavitleysa sem mönnum dettur í hug að sé lausnin á atvinnumálum þjóðarinnar? Ef menn eru sjálfum sér samkvæmir og hugsa rökrétt þá ætti þetta að vera framþróunin, þá ætti þetta að vera það sem mönnum dytti í hug og þá mundi hefjast rúlletta. Nýsköpun í iðnaði ætti að framkvæma í þeim húsum sem áður hefðu verið notuð fyrir fiskvinnslu. Nýsköpun í sjávarútvegi ætti trúlega að flytja í þau hús sem hefðu verið notuð fyrir verslun og verslun ætti svo að flytja í iðnaðarhúsnæði.

Það sem hér er verið að gera er alveg makalaust sjóðasukk og það er ekki skrýtið þegar skoðað er hverjir það eru sem stjórna landinu. Þetta virðist vera nokkurs konar almannatryggingakerfi fyrir atvinnulíf. En verður allt leyst með tryggingum? Verður ekki líka að fara í það að byggja upp atvinnulífið?

Ég verð að segja eins og er að eitt af því sem þetta frv. gerir að verkum er að það kemur óorði á nafnið „þróunarsjóður". Það kemur óorði á þetta nafn vegna þess að það á ekki að nota sjóðinn til framþróunar nema að óverulegu leyti. Ég ætla að lesa hér 16. gr.:

„Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eignast. Öll skjöl viðvíkjandi lánum sem sjóðurinn tekur skulu undanþegin stimpilgjöldum."

Þá vitum við það. Hvernig ætli Reykjavíkurborg tæki því ef það væri samþykkt á Alþingi Íslendinga að fleiri, fleiri stórhýsi, við skulum segja að helmingurinn af því húsnæði sem notaður er til atvinnurekstrar í borginni, væri tekinn af fasteignaskrá og sagt að það þyrfti engin fasteignagjöld að greiða til Reykjavíkurborgar af þessum fasteignum? Ef stórt frystihús er tekið í sjávarþorpi á Íslandi og úrelt, þá er það miklu meira en helmingurinn af fasteignagjöldunum sem atvinnulífið á viðkomandi stað greiðir. Og það vekur undrun mína að menn skulu láta sér detta þetta í hug. Það hlýtur að vera ákaflega freistandi að kaupa ekki húsnæði af þessum sjóði. Það hlýtur að vera ákaflega freistandi að leigja af honum húsnæðið og vera bara áfram undanþeginn því að þurfa að borga fasteignagjöld eins og aðrir í samfélaginu.

Það fylgir nefndarálit frá minni hluta sjútvn. sem þeir skrifa undir Steingrímur J. Sigfússon, Halldór Ásgrímsson, Jóhann Ársælsson og Stefán Guðmundsson, þar sem mikið af bréfum hefur verið ljósritað og ég vil, með leyfi hæstv. forseta, lesa hluta af einu bréfinu til þess að vera ekki of langorður. Bréfið er frá Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, dags. 14. mars 1994 og er til sjútvn. Alþingis:

„Varðandi þróunarsjóð, þá getur stjórn SSS ekki annað en mótmælt þeim hugmyndum að einstaka aðilar geti fengið undanþágu frá fasteignagjöldum. Það er grundvallaratriði í augum sveitarstjórnarmanna að markaðir tekjustofnar sveitarfélaga verði ekki skertir með þessum hætti og minna á að nýlega var aðstöðugjaldið fellt niður til að rétta stöðu atvinnuveganna. Stjórn SSS telur einnig varhugavert að auka álögur á sjávarútvegsfyrirtæki í ljósi fjárhagserfiðleika undanfarinna ára."

Nú vill svo til að á forsetastól situr þessa stundina hv. þm. Sturla Böðvarsson. Og hv. þm. hefur stundum talað um að það eigi að hlusta á sveitarstjórnirnar, það eigi ekki að ráðskast með þeirra málefni án þess að hafa við þær samráð, það sé grundvallaratriði. Og ef ég man rétt þá ræddi hv. þm. á sínum tíma seinast á þessum nótum þegar verið var að ræða um húsaleigubætur þar sem sveitarfélögunum voru ætlaðar nokkrar skyldur eða heimildir til þess að innleiða ákveðin ákvæði ef þau hefðu áhuga á sem Alþingi samþykkti. Hér er beinlínis verið að hirða af þeim tekjustofna í trássi við þeirra vilja og ef menn eru sjálfum sér samkvæmir í málflutningi, þá þýðir ekki að halda því fram undir sömu kringumstæðum að það eigi að hafa samstarf við sveitarfélögin, en undir öðrum kringumstæðum megi vaða yfir sveitarfélögin alveg eins og mönnum sýnist, svipta þau í reynd skipulagsréttinum yfir sínu landi og sínu húsnæði og að vopn-

ið sé jafnframt það að minnka tekjustofnana því að um leið og sjóðurinn eignist ákveðin hús þurfi ekki að borga fasteignagjöld.

Ég held að þetta frv. sé að mörgu leyti eitt af því ósvífnasta sem ég hef séð í garð sveitarfélaga hvað þetta varðar. Og undarlegt má það vera ef umhvrn., sem hefur nú fengið í hendurnar yfirstjórn skipulagsmála, hefur ekki látið kanna það hversu stórar lóðir og lendur sum sjávarútvegsfyrirtæki eiga í kringum eða við hafnir í sumum sjávarþorpum á Íslandi. Það er alveg einstök staða sem gæti komið upp ef frv. er samþykkt á þennan hátt. Það liggur við að sveitarfélög gætu neyðst til þess að gera það upp við sig hvort ekki væri betra að kaupa ákveðið hús á hærra verði en Þróunarsjóðurinn býður til þess að bjarga sveitarfélaginu frá því að Þróunarsjóðurinn kaupi húsið. Að það sé í reynd með óbeinum hætti verið að koma kaupskyldu á sveitarfélögin á úreldingu á húsum í sjávarþorpunum. Ætli það sveitarfélag sem stæði frammi fyrir því að það ætti að taka allar aðallóðir við höfnina úr umferð sem sjávarútvegslóðir um ókomna tíð og það þyrfti að borga kannski 20 millj. til að koma í veg mundi ekki hugsa um sig um tvisvar? Það væri þá búið að vera hvort eð er. Ætli ekki væri þá skynsamlegra að kaupa og reyna að sjá til þess að fasteignirnar væru reknar, að þar væri áfram eitthvað unnið en horfa á það að þetta væri gert að minjagripum eða bjórkrám eins og hæstv. samgrh. sagði hér áðan.

Ég hygg að hv. þm. Sturla Böðvarsson þekki það vel til í sínu kjördæmi, m.a. á Snæfellsnesi, að hv. þm. geri sér grein fyrir því um hvað getur verið um að tefla í þessu sambandi. Það er alveg ótrúleg ósvífni að ætla að ómerkja skipulagslögin með þessum hætti. Ef hafnarstjórn hefur það svo líka í sínum samþykktum að það sé bannað að hafa hefðbundinn iðnað á hafnarsvæðinu þá er þetta bara ákvörðun um að húsið standi þarna án þess að nein fasteignagjöld séu greidd og án þess að hægt sé að nýta það eða lóðirnar til nokkurs skapaðs hlutar.

Mér finnst það hreint út sagt með ólíkindum að mönnum skuli detta það í hug að vaða svona yfir rétt sveitarfélaganna. Og undarlegt má það heita, svo að ekki sé meira sagt, að hæstv. umhvrh. virðist ekki telja að það eigi að reisa rönd við. Ég sé ekki í þessu frv. neina möguleika á því að hægt sé að kaupa þessar eignir aftur undan þessum kvöðum með nokkru móti. Hér virðist eiga að geirnegla niður hlutina í eitt skipti fyrir öll. Og það er eins gott, þó ekki sé meira sagt, að þessir þrír menn sem sjútvrh. á að skipa til þessara hluta séu ekki mjög byggðafjandsamlegir, ég segi nú ekki meira en það.

Það er líka einn fáránleiki varðandi þetta atriði. Ef núv. ríkisstjórn, sem á eftir af lífdögum sínum hámark eitt ár, skipar í þessa stjórn, þá er hún að skipa menn til að vinna í þessum málum þrjú ár fram í tímann eftir að hennar lífdagar eru búnir. Það er alveg með ólíkindum að mönnum skuli detta þessi vitleysa í hug. Það er eiginlega lágmark að menn bindi þetta við líftíma ráðherrans og nýr ráðherra hafi heimildir til að skipa aðra en ekki að menn láti sig dreyma um það að þeir fái að stjórna áfram eftir að ráðherrar eru farnir frá. Það er t.d. með Byggðastofnun, svo að maður taki dæmi, sem hefur þó nokkur áhrif á þróun byggðar þegar hún hefur möguleika til þess vegna fjármuna, gert ráð fyrir að það sé miðað við hvert kjörtímabil fyrir sig en ekki að fráfarandi ráðherra ætli að stjórna vissum hlutum eftir að hann er hættur. Hér er verið að tala um slíkt vald að það er yfir höfuð með ólíkindum að einn ráðherra skuli fá að tilnefna stjórn svona sjóðs. Og annað hitt. Það er með ólíkindum að láta sér detta það í hug að þetta geti gerst þannig að ráðherrann fái að stjórna þrjú ár eftir að hann er hættur.

Ég geri mér grein fyrir því að það er búið að geirnegla þetta mál. Það er búið að semja um að setja fram skipulag á þessum hlutum með vissum hætti. Ef til vill er þetta sú gulrót sem Alþfl. á að veifa út um byggðir landsins, að þarna sé verið að láta menn borga í einhvern sameiginlegan sjóð, útgerðina í landinu, og það sé hægt að breyta þessari skattheimtu seinna meir. Ef til vill er það svo. Fróðlegt væri þá að vita hvert var kaupverð gæfunnar þegar þessir hlutir voru settir niður. Hvað var það sem Sjálfstfl. fékk í staðinn? Var það eitthvað jafnvirði þess sem hér er? Auðvitað hefur sá sem hér stendur ekki hugmynd um það.

Það er búið að bæta við einni fallegri setningu í brtt. og með leyfi forseta get ég ekki stillt mig um að lesa þessa brtt. Það er a-liðurinn í 6. lið brtt. sem meiri hlutinn flytur:

„Þróunarsjóður skal stuðla að vöruþróun, markaðssetningu íslenskra sjávarafurða og annarri nýsköpun í sjávarútvegi sem og þátttöku íslenskra aðila í sjávarútvegsverkefnum erlendis. Í því skyni er sjóðnum heimilt að veita lán og ábyrgðir."

Hérna er verið að tala um það sem í öllum þróunarsjóðum á að vera aðalatriðið, númer eitt, höfuðmarkmiðið. Það er sett neðst í brtt. Það er eins og það hafi fengið að fljóta með fyrir náð og miskunn í lokin.

Herra forseti. Ég veit ekki hvað er hugsað með þinghald, en ég tel eðlilegt að gera hér stans, ljúka máli mínu því ég held að ég hafi komið til skila öllum aðalefnisatriðum þessa máls.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill þá tilkynna að það verður gert hlé á þessum fundi til kl. 21 og umræðunni frestað.

[Fundarhlé. — 19:36]

[21:00]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég vænti þess að hæstv. sjútvrh. heiðri okkur innan stundar með nærveru sinni. Það eru ýmis atriði þessa máls sem ég hefði áhuga á að ræða við hæstv. ráðherra.

Það er reyndar svo að þegar farið er yfir þetta mál, lesnar helstu umsagnir sem um frv. hafa borist og rifjað upp hvernig skoðanaskipti hafa verið í þjóðfélaginu um þennan blessaða Þróunarsjóð, svo ekki sé nú talað um það sem hv. sjútvn. fékk að heyra um króann, þá fallast manni nánast hendur gagnvart því að

standa frammi fyrir afgreiðslu á þessu máli. Það verður að segjast alveg eins og er að einhvern veginn er það þannig að maður vill í lengstu lög trúa því að ef mál leggst með einhverjum tilteknum hætti svo gersamlega eindregið að allir sem að því koma eru sammála um að það sé á einn eða annan veg, gott eða vont, og það má heita þjóðarsamstaða um málið, þá sé með það farið í samræmi við það. En hér er akkúrat það gagnstæða á ferðinni. Það er í raun og veru þjóðarsamstæða á móti þessum Þróunarsjóði. Það finnst varla nokkur maður nokkurs staðar sem mælir með því að þetta sé afgreitt eins og það liggur fyrir nema hæstv. ríkisstjórn og þeir rúmlega 30 þingmenn sem að henni standa á Alþingi. Það er náttúrlega gífurlegur minni hluti með þjóðinni því að hún er, eins og kunnugt er, 265 þús. manns í landinu miðað við nýjasta manntal. Þær 32–36 hræður sem að þessu máli standa eru því nokkuð mikill minni hluti.

En gamanlaust er það þannig, hæstv. forseti, að ég hef ekki komist yfir umsögn um þetta frv. eða hitt þann mann að máli úr sjávarútveginum sem mælti með afgreiðslu þess. Mig hrekkur ekki minni til þess. Það væri fróðlegt ef hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, sem einnig hefur starfað að þessu máli í sjútvn., gæti bætt um betur og dregið fram þó ekki væri nema eins og einn slíkan. (**VE:** Veit um nokkra í laumi.) Það eru þá miklir laumukommar, eins og við mundum segja í mínum flokki, sem styðja þetta mál. Ég hef ekki orðið var við þá. Þeir hafa falið sig mjög vandlega innan íslenska sjávarútvegsins á þessum vetri.

Engu að síður er það nú svo að hæstv. ríkisstjórn ætlar að afgreiða þetta og hvers vegna er það nú? Af hverju ætli hæstv. ríkisstjórn ætli að afgreiða þetta? Það er vegna þess að það voru gerð um þetta hrossakaup fyrir rúmlega hálfu ári síðan og líf ríkisstjórnarinnar hefur nú einu sinni byggst á hrossakaupum og hangir á hrossakaupum og nú er andrúmsloftið orðið svo viðkvæmt og vakurt í stjórnarsamstarfinu að þeir þora ekki að taka upp eitt einasta atriði sem í þessum pakka er af ótta við að allt springi í loft upp. Þess vegna er það þannig að þó að bent sé á alveg hina augljósustu vitleysu og þvílíkar fjarstæður séu á ferðinni í frumvörpum eins og þessu og reyndar t.d. því sem er á dagskrá og varðar ráðstafanir gagnvart vanda Vestfirðinga, sem ranglega eru kallaðar svo, að það er alveg sama á hvað er bent í þessum málum. Það er ekki hægt að breyta neinu. Þeir játa að vísu að þetta sé vitlaust og hitt sé ómögulegt, en nei, því miður. Þetta er hluti af samkomulaginu. Þetta er hluti af hrossakaupunum og þar með verður það að hafa sinn gang.

Þess vegna gerist það að samið er um þennan svokallaða Þróunarsjóð sem var náttúrlega og er algert rangnefni þó að það sé verið að reyna að laga hann lítillega til í brtt. Hann er hluti af einhverjum hrossakaupum stjórnarflokkanna varðandi sjávarútvegsmál í desember eða nóvember, ef ég man rétt. Þá fékk hæstv. sjútvrh. leyfi til að leggja fram frumvörpin og þá var þessi Þróunarsjóður hluti af pakkanum. Í honum eru ákvæði sem voru sérstaklega hugsuð sem dúsa upp í Alþfl. og þar er á ferðinni vísir að auðlindaskatti. Þetta var gert til þess að formaður Alþfl., hæstv. utanrrh., gæti riðið um héruð og sagt að þeir hefðu fengið nokkuð fyrir sinn snúð. Þarna væri vísir að auðlindaskatti sem síðan mætti prjóna upp á. Það væri búið að fitja upp á sokkinum og prjónavinnan eftir.

Það er alveg ótrúleg útkoma að sitja svo uppi með þetta mál á vordögum sem arfleifð frá þessu gamla og vitlausa samkomulagi og hafa ekki önnur rök fram að færa gagnvart afgreiðslu þess en þau að þetta sé samkomulag sem líf stjórnarflokkanna hangi á og þess vegna verði þetta að fara í gegn þó að hér finnist ekki nokkur einasti maður sem mælir með því. Enda er málið arfavitlaust og illa unnið og bersýnilega ósanngjarnt að ýmsu leyti og eins og ég hyggst sýna fram á, hæstv. forseti, og reyndar hefur verið gert bæði við 1. umr. og eins það sem liðið er þessarar umræðu.

Það eru margir tæknilegir þættir þessa máls þannig að það verður ákaflega erfitt að sannfæra menn um að þeir gangi yfirleitt upp. Ég ætla þá að byrja á þeim sem snýr að úreldingu fiskvinnsluhúsa. Það vakti strax mikla athygli þegar mál var kynnt eða drög að samkomulagi um það komu fram, ég man ekki lengur hvort einhver vísir að þessu var í tillögum tvíhöfða sáluga. Eitthvað voru þeir að vesenast með þetta, gott ef þeir vildu ekki fara að úrelda frystihús. Einhvers staðar í ferlinu kom sú hugmynd upp og þá spurðu menn eðlilega að því: Á að fara að úrelda fiskvinnsluhúsin? Á þá ekki að leyfisbinda þá starfsemi? Hvernig ætla menn þá að halda utan um það eða ætla menn að úrelda hús öðrum megin við götuna og svo byggja menn nýtt upp í staðinn hinum megin og halda áfram fiskvinnslu? Hver er þá tilgangurinn? Nei, það átti ekki að gera það. En hugmyndin var þó sú a.m.k. að það yrði þinglýst kvöð á viðkomandi hús um að þar yrði ekki unninn fiskur á næstu árum og hefur mörgum gengið dálítið illa að skilja þetta mál. Fyrir það fyrsta telja menn sig, sem sæmilega þekkja til í greininni, almennt vita að í sjálfu sér breyti það litlu ef nokkru um rekstrarumhverfi starfandi fyrirtækja í fiskvinnslu þó að einhverjum öðrum, sem búið er að loka hvort sem er, séu borgaðir peningar. Menn sjá ekki að það breyti miklu, að þorskunum fjögi í saltfiskverkun eða frystingu á viðkomandi stað. Staðreyndin er sú að í langflestum tilvikum eru menn að tala um einhver hús sem eru meira og minna eða aflögð sem fiskvinnsluhús og keppa þar af leiðandi ekki um hráefni við önnur sem í gangi eru.

Á hitt hefur verið bent og menn voru rækilega minntir á það á síðustu loðnuvertíð að það getur verið gagn að þessum húsum. Það getur verið gott að geta gripið til þeirra. Og þau geta jafnvel nýst til mikillar verðmætasköpunar þótt tímabundið sé eins og til loðnufrystingar á vetrum. (**VE:** Enda breytum við frv.) Akkúrat. Þá ráku hv. þm. sig á þetta horn og ákváðu að fella niður þá þinglýsingarkvöð um að ekki skyldi unninn fiskur í húsunum.

En hvað er þá eftir? Hvernig á málið þá að ganga upp framkvæmdalega? Á að borga mönnum fé fyrir að úrelda fiskvinnsluhús án þess að þeir taki á sig kvaðir um að nota það ekki áfram, án þess að fiskvinnslan

verði þá leyfisbundin þannig að það verði eitthvað haldið utan um fjölda fyrirtækja í þessari grein? Ég bið menn að rökstyðja þetta mál. Spýtast nú stjórnarliðar út unnvörpum úr salnum því að það má greinilega ekki ræða þetta við þá. Hefur hæstv. sjútvrh. gert grein fyrir því hvernig þessi framkvæmd eigi að vera? Og er það virkilega svo að menn ætli bara að afgreiða þetta svona, steypa sér til sunds? Mér finnst þetta vera með miklum ólíkindum satt best að segja ef menn ætla ekki að ganga þannig frá því að hægt sé að verja það að fara að setja fé út í stórum stíl. Eða er það kannski þannig að það séu einhverjir valdir gæðingar sem bíði eftir ávísununum og það sé þannig mál á ferðinni að það séu jafnvel tiltekin tóm fiskvinnsluhús ekkert allt of langt frá Alþingishúsinu sum hver sem séu sérstaklega höfð í huga þegar gengið er svona frá málinu? Hvað er þarna á ferðinni?

Ég leyfi mér að fullyrða það að sú uppstokkun og endurskipulagning fiskvinnslunnar sem slíkrar í landi í greininni sé meira og minna um garð gengin. Ég held að greinin sé þegar í grófum dráttum búin að aðlaga sig að því hráefnismagni sem er í umferð í dag og hafi gert það á undanförnum árum hjálparlaust, að vísu með stuðningi á köflum. Það er enginn vafi á því að aðgerðirnar 1988–1989 ýttu mjög undir uppstokkun í þessari grein, en allt öðruvísi en hér er ætlast til. Í aðgerðunum þá voru sameinuð fyrirtæki og fiskvinnsluhús í mörgum byggðarlögum með ágætum árangri og hægt að tefla því fram hvenær sem er. Ég get nefnt Ólafsfjörð sem dæmi. Þar voru rekin tvö frystihús og áttu bæði í erfiðleikum með minnkandi hráefni. Nú er þar rekið eitt, búið að endurskipuleggja alla vinnslu og sameina hana. En sambærilegar aðstæður eru í fæstum tilvikum að mínu mati til staðar í dag. Hvernig ætlar Þróunarsjóðurinn þá að tryggja það að fiskvinnsluhús sem hann hefur úrelt og eignast verði ekki bara gangsett daginn eftir? Ætlar hann að gera það með því að eiga þau? Er það svarið? Er ekki meiningin að hann geti aflað fjár með því að selja þessar eignir aftur og þá án kvaða um að ekki verði unninn í þeim fiskur?

Það er fleira mjög sérkennilegt við þetta mál. Það er t.d. ákvæði um það einhvers staðar í frv. að það sé heimilt að fella niður gjöld af fiskvinnsluhúsum sem Þróunarsjóðurinn hefur eignast þannig að Þróunarsjóðurinn getur, með því að úrelda fiskvinnslustöðvar, svipt viðkomandi sveitarfélög tekjum af þeim eignum. Það liggur þannig. Ég vænti þess að hv. þm. stjórnarliðsins viti þetta. Já, þeir eru hressir með þetta, brosa alveg í stórum stíl úti í salnum, það er ánægjulegt. En hvernig snýr það nú við? Þessu hafa sveitarstjórnarmenn um allt land mótmælt og ég óska stjórnarflokkunum alveg sérstaklega til hamingju með þessa vöggugjöf handa sínum mönnum í sveitarstjórnarkosningunum á næstu vikum. Það er fínt fyrir Alþfl. þar sem hann býður fram enn þá, sem er nú sem betur fer ekki víða, að geta farið og barið sér á brjóst og sagt við sveitarfélögin: Við náðum því nú fram á þinginu að það verða skertar hjá ykkur tekjurnar ef Þróunarsjóðurinn leggur niður fiskvinnslustöð í okkar byggðarlagi. (**Gripið fram í:** Tveimur fleiri en síðast.) Já, en færri atkvæði, það er þannig sem þið ætlið að fara að því.

Þetta er auðvitað mjög merkilegt mál. Þessu hafa sveitarfélögin mótmælt upp til hópa og samtök sveitarfélaga. Ég verð ekki var við brtt., ég verð ekki var við að stjórnarliðið hafi tekið á þessu máli og af hverju ekki? Það má engu breyta. Stjórnin gæti sprungið í loft upp. Það má ekki lagfæra stafsetningarvillur einu sinni. Þó þeir hafi skrifað einhvers staðar eitthvað með y sem á að vera með einföldu þá má ekki laga það, stjórnin gæti sprungið. Það má ekki breyta neinu.

Ég óska eftir því að hæstv. sjútvrh. fara yfir það með okkur og ég vona að hæstv. sjútvrh. skrifi þessar spurningar hjá sér. Ég vek athygli hæstv. forseta á því að ég er að reyna að ná athygli sjútvrh. til að leggja fyrir hann spurningar. Það gengur oft alveg grátlega illa að fá hæstv. sjútvrh. til að taka eðlilegan þátt í umræðum og þingstörfum. Það er eins og hæstv. ráðherra hafi ekki áttað sig á því að hann sé sjútvrh. og er þó langt liðið á kjörtímabilið því hann ætlast alltaf til þess að einhverjir aðrir svari fyrir hann og hans störf í greininni en hann sjálfur. (**Gripið fram í:** Tvíhöfða nefndin.) Hv. þm. Vilhjálmur Egilsson er að vísu oft lipur í spori við að hlaupa í skarðið fyrir sjútvrh. og reyna að berja eitthvað í brestina en hann er ekki í salnum í augnablikinu. (**VE:** Ég hlusta.) Ég vona að þessir stórsnillingar, annaðhvort helmingurinn af tvíhöfðanum eða hæstv. sjútvrh. svari þessu. (**StG:** Heldurðu ekki að það sé búið að úrelda þá?) Nema það sé búið að úrelda þá, ég veit það ekki, nei.

Í fyrsta lagi: Hvernig á þetta að ganga upp með úreldingu fiskvinnslustöðvanna eins og frv. og brtt. meiri hlutans eru nú úr garði gerðar? Hvernig á þetta að ganga upp? Maður leyfir sér að spyrja. Ég þekki engin dæmi þess að svona framkvæmd hafi ekki byggst á því að viðkomandi væri varanlega tekið út úr greininni. (**VE:** Þú miðar nú allt við sláturhús, Steingrímur.) Það er nefnilega ekki rétt, hv. þm. Ég þekki líka til úreldinga fiskiskipa og hver er hugsunin á bak við úreldingu fiskiskipa? Er hún sú að þau geti farið á sjó daginn eftir, keypt sér kvóta og haldið áfram? Nei, auðvitað ekki. Þau verða að hverfa úr íslenska flotanum. Lengi vel var það meira að segja svo strangt að þau urðu að fara annaðhvort niður á hafsbotn eða út úr efnahagslögsögunni. Það á að vísu að breyta því núna. Smábáta þurfti að brjóta í tvennt eins og kunnugt er og var mikil söun. Og af því að hér var nefnd úrelding sláturhúsa. Hvernig var það? Jú, það var þannig að á viðkomandi mannvirki var þinglýst kvöð um að þau yrðu ekki nýtt til þeirrar starfsemi í framtíðinni. Auðvitað. Því það datt engum heilvita manni það í hug að fara að borga mönnum fé fyrir að úrelda mannvirki nema það væri tryggt að það héldi til einhverrar frambúðar og stjórnvöld hafa svo í því tilviki í höndunum leyfisveitingarvald gagnvart því að menn fái að slátra og geta þar af leiðandi haldið utan um hlutina. En það er ekki hér. Það er ekkert slíkt á dagskrá. Maður sem er með skemmu hægra megin við einhverja götu í Þorlákshöfn getur úrelt hana á morgun og byrjað svo að byggja daginn þar á eftir hinu megin við götuna fiskvinnsluhús. (**VE:** Er það ekki ágætt fyrir atvinnu í

byggingariðnaði?) Er þetta mjög gáfulegt? Ætla menn bara að hafa þetta svona?

Það er von að menn séu kokhraustir og gangi hér glenntir um sali eftir að hafa afrekað það að koma svona löguðu niður á pappír.

Ég verð að segja alveg eins og er að þó að þessi þinglýsingarkvöð vekti hjá manni margar spurningar á sínum tíma þá er málið enn óskiljanlegra núna vegna þess að auðvitað var það þannig að ef kvöðinni var þinglýst í kaupsamningi og síðan gengið þannig frá því að hún fylgdi eigninni þá gat sjóðurinn út af fyrir sig selt viðkomandi húsnæði t.d. til iðnaðarstarfsemi og þurfti ekki að hafa af því áhyggjur að menn höfðu tak í gegnum hina þinglýstu kvöð en slíku verður ekki að heilsa eins og nú er að þessu staðið. Ég get því ekki séð annað en þetta þýði að sjóðurinn verði að eiga öll þessi hús sjálfur áfram ef hann ætlar að tryggja það að þau fari ekki í gang aftur. Og ætlar hann allan þann tíma að neita viðkomandi sveitarfélögum um tekjur af þeim? Ef þetta eru t.d. langstærstu fasteignirnar í litlu sjávarþorpi sem þarna eiga í hlut? Við getum hugsað okkur dæmið Stokkseyri þar sem vegna sameiningar standa stór og mikil hús lítið notuð eftir því sem ég best veit. Ef slík hús yrðu nú úrelt, borið fé á menn í því tilviki að leggja niður alla fiskvinnslu þar og þá missir viðkomandi hreppur stórkostlega peninga, nokkrar milljónir á ári. Á hann bara að sitja uppi með það? Og hvaða réttlæti er í því? Af hverju er þessi Þróunarsjóður eitthvað merkilegri en aðrir eigendur fasteigna í landinu að hann þurfi ekki að borga af sínum eignum?

Ég held að þetta sé hin mesta della og menn hljóta að þurfa hleypa í sig mikilli hörku, menn með sæmilega heilbrigða skynsemi eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, hafa ætlað að láta sig hafa það að greiða þessu atkvæði. Ég verð að segja það að ég dáist að þeim kjarki sem menn sýna með því að láta vaða og greiða þessu atkvæði. (**Gripið fram í:** Verslunarráð er á móti þessu.) Verslunarráð er auðvitað á móti þessu eins og allir aðrir aðilar í þjóðfélaginu, en það er að vísu ekki Vilhjálmur Egilsson sem skrifar undir það bréf, aldrei þessu vant. Það hefur komist á sú hefð hjá Verslunarráðinu að umsagnir um þingmál eru undirritaðar af skrifstofustjóra eða einhverjum öðrum lægra settum en sjálfum framkvæmdastjóranum. (**Gripið fram í:** Er Villi hættur að rífast við sjálfan sig?)

Ég hef, hæstv. forseti, í öðru lagi þegar þessi mál hafa verið til umræðu velt dálítið fyrir mér sjálfum grundvelli þessarar úreldingarstefnu. Ég hef reyndar gengið svo langt að halda því fram að hún væri tímaskekkja. Að hér væri á ferðinni samdráttarstefna, samdráttarsjóður fyrir sjávarútveginn sem væri hrein tímaskekkja. Ég held að ég geti rökstutt það með sæmilega gildum rökum. Að menn þurfi að spyrja sig margra áleitinna spurninga áður en þeir festa í sessi í enn ríkara mæli en verið hefur úreldingarkerfi af þessu tagi, velta hreinlega fyrir sér grundvellinum. Er það skynsamlegt ef við ætlum að ráðstafa 4.000 millj. kr. til sjávarútvegsins á einhverju tilteknu tímabili eins og hér á að gera? Ég vona að hv. þm. hafi áttað sig á því. Upphaf málsins er það að slá 4.000 millj. að láni og setja þær í þennan sjóð og fara að verja því fé út í greinina eða við skulum vona að eitthvað af því komist þangað þó maður óttist að mikið af því endi hjá bönkum og sjóðum og sjávarútvegurinn standi lítið betur, a.m.k. hvað lausafjárstöðuna snertir. En ég spyr mig: Ef maður hefði 4.000 millj. og gæti ráðstafað þeim að vild inn í sjávarútveginn, hvernig kæmu þær að bestum notum? Koma þær að bestum notum með því að vera að úrelda tóm fiskvinnsluhús og minnka fiskiskipaflotann blint, bara í tonnum, alveg sama hvaðan þau tonn eru tekin? Ég hef miklar efasemdir um það. Ef t.d. hluti af úreldingarstyrkjunum á næsta ári minnkar loðnuflotann enn hvaða skynsemi er í því þegar við höfum orðið af stórkostlegum verðmætum undanfarin ár vegna þess að loðnuflotinn nær ekki kvótanum? Er einhver skynsemi í því að sá floti sem sækir í loðnu og kannski aðallega í rækju á móti að sé minnkaður eins og ástandið er í dag? Ég segi nei. Það er tóm della. Þarna eru á ferðinni tveir stofnar sem mörg undanfarin ár hafa ekki verið fullnýttir og virðast til viðbótar vera miklir möguleikar til veiða t.d. utan landhelginnar, rækjuveiða á Flæmska hattinum, væntanlega við Svalbarða einnig, og Dohrn-banka á rækju og fleira. Loðnuflotinn hefur verið að minnka. Það hafa góð, öflug og afkastamikil skip verið úrelt út úr loðnuskipaflotanum á undanförnum árum og í staðinn hafa komið togarar. Ég spyr: Er skynsamlegt að reka þessa stefnu svona? Að vera með blindan úreldingarsjóð sem borgar bara fyrir tonn eða endurnýjunarkröfuna þannig að það sé tonn á móti tonni óháð því hvar úr flotanum skipið fer og hvar inn í hann það kemur í staðinn.

Ég er ekki viss um að þetta sé í mjög góðu horfi hjá okkur. Ég verð að segja alveg eins og er. Og þessi endalausi söngur um að fiskiskipaflotinn sé of stór. Er það bara allur flotinn eða eru það trillurnar sem eru of margar, eru það dagróðrarbátarnir, eru það vertíðarbátarnir, eru það rækjuskipin, eru það ísfisktogararnir, eru það frystitogararnir eða eru það stóru nótaskipin? Eða er það alveg sama hvar þessi tonn fara út eða inn úr flotanum? Auðvitað er það ekki þannig. Ég held að menn séu á mjög hættulegum brautum í þessu máli.

Ég leyfi mér líka að spyrja í hverju hefur það birst sérstaklega að íslenski fiskiskipaflotinn sé allt of stór. Birtist það t.d. í því að ekki nema eitt eða tvö skip nýttu sér ágæta veiðimöguleika á Flæmska hattinum í rækju í fyrra? Af hverju fóru ekki fleiri? Ókeypis kvóti, afbragðs afkoma. Af hverju fóru ekki fleiri? Af hverju var það? Það var af því að þau höfðu nóg að gera hérna innan landhelginnar. Það var ekki sá hvati fyrir hendi sem hefði þurft að vera. Þau lágu ekki bundin á meðan. Þá hefðu þau frekar farið á Flæmska hattinn. Það er nú bara þannig.

Það má spyrja sig að því hvort íslenski flotinn sé yfir höfuð nokkuð of stór. Jú, hann er of stór ef við lítum bara á þorskinn og aðstæður í augnablikinu gagnvart honum. Það er til miklu meira en nógu stór floti til að veiða þennan þorsk og þessi floti vildi auðvitað hafa miklu meira af þorski. En hvað mundi gerast ef

hann fengi allt í einu 200–300 þús. tonn í viðbót af þorski? Hvað mundi gerast? Hann mundi hætta að sækja í rækju og hætta að sækja í ýmsar aðrar tegundir sem hann hefur nýtt sér í vaxandi mæli á undanförnum árum. Gæti það ekki verið þannig að það sé nefnilega býsna gott að flotinn þurfi að leita sér að verkefnum? Hefur það ekki skilað talsverðu inn í íslenska þjóðarbúið á undanförnum árum? Eða hvað gerðist upp úr 1980 þegar menn þurftu að takmarka sóknina í þorsk og svartar skýrslur komu fram og kvóti var settur á? Hvað gerðist í kjölfarið? Rækjan varð á nokkrum árum næstmikilvægasta útflutningstegund Íslendinga vegna þess að flotann vantaði verkefni. Hann fann sér þau í stóraukinni sókn í rækju.

Auðvitað má segja að það væri best að hafa bara nóg af verðmætustu tegundunum og geta gengið í þorsk alveg endalaust, 350 daga á ári, en það er ekki þannig sem málin standa og við verðum að reyna að byggja þannig á sveigjanleika og þróun í þessari grein að við nýtum okkur alla þá möguleika sem nýtanlegir eru.

Ég held að þessi úreldingarhugsun eins og hún er hér, handahófskennd og blind, sé allt of illa rökstudd. Hún byggir á einhverjum gömlum kenningum um að það sé bara staðreynd sem þurfi ekki að deila um að íslenski flotinn sé 20–25% of stór. Ég er búinn að hlusta á þessar ræður í 15 ár. Það eru u.þ.b. 15 ár síðan ágætir vinir mínir, jafnvel doktorar uppi í háskóla, fóru að halda þetta yfir okkur, að þetta væri bara reikningsdæmi, þetta væri svona, flotinn væri 25–30% of stór. Hvernig eru þessar formúlur fundnar? Þær eru fundnar út frá því að flotinn eigi bara að geta sótt, það komi aldrei bræla, það komi aldrei tregfiskirí, menn geti bara gengið í þetta eins og kolabing 300–320 daga á ári og mokað upp 15 tonnum á sólarhring. Það er einhver meðalafli. Það er góður afli á togara á Íslandsmiðum samkvæmt skýrslum og þá er þetta svona. Ef þetta stemmir ekki við skýrslurnar þá er flotinn of stór.

Ég held að dæmið sé ekki þannig, hvorki gagnvart lífríkinu né heldur efnahagslega. Ég spyr mig að því: Ef úreldingarmenn hefðu fengið að ráða á árunum upp úr 1980 og við hefðum úrelt jafnóðum þá afkastagetu sem losnaði í flotanum þegar þorskaflinn dróst saman, hvar stæðum við þá? Værum við þá með þá sókn í rækju, þá sókn í úthafskarfa og fjarlæg mið og þær auknu sérveiðar að ýmsu leyti sem við erum með í dag? Ég er ekki viss um það. Ég spyr mig t.d. að því hvort sú þróun hefði orðið til aukinna úthafsveiða sem við höfum séð á síðustu árum ef öll laus afkastageta hefði verið úrelt úr flotanum jafnóðum. Ég er ekki viss um það.

Að lokum spyr ég mig að því og mér finnst það dálítið skemmtilegt að ég sósíalistinn skuli þurfa að gera það hér: Hvaðan kemur íhaldsmönnum á Íslandi sú vissa að þeir þurfi að hafa vit fyrir íslenskum útgerðarmönnum um stærð flotans? Er það upp úr kenningum frjálshyggjunnar og hægrihyggjunnar að einkaframtakið sé svo vitlaust að það muni gera út of stóran fiskiskipaflota alveg fram í rauðan dauðann nema stórspekingar eins og hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og hæstv. sjútvrh. hafi vit fyrir þeim um að hætta því? Ég spyr. Það er von að maður spyrji.

Af hverju treysta menn ekki á það að menn muni ósköp einfaldlega á rekstrarlegum grunni reka þann flota af þeirri stærð sem þeir sjá að þyrfti að hafa möguleika til og er hagkvæmt? (**VE:** Veistu ekki enn þá svarið?) Nei, ég veit það ekki og ég er alveg viss um eitt, hv. þm., formaður tvíhöfða nefndar og framkvæmdastjóri Verslunarráðs og margt meira með miklum ágætum, að ég treysti íslenskum útgerðarmönnum betur til þess að taka ákvarðanirnar um þetta mál heldur en einhverjum skýrsluspekingum. Ég geri það vegna þess að ég held að veruleikinn muni verða besti dómarinn í þessum efnum. Ég er ekkert að segja að það geti verið réttlætanlegt að fyrir hendi sé einhver fyrirgreiðsla gagnvart þeim sem vilja hætta útgerð. Það er annað mál að mínu mati. En ég held að menn eigi að taka sjálfan grundvöll þessarar stefnu til skoðunar áður en menn afgreiða mál af þessu tagi og festa það væntanlega í sessi um langt árabil.

Svo skulum við koma að einu enn í lokin á þessum kafla. Það er spurningin um hvaða áhrif það hefur innan greinarinnar að það er samkeppni um skipin, um tonnin, vegna þess að opinber sjóður býður í þau í hvert einasta skipti og skip verður endurnýjað, eigendur skiptast á skrokkum. Hvað gerist þá? Þá er kaupandi inni í myndinni. Úreldingarsjóður. Hann býður 75 millj. ef dallurinn er sæmilega stór. Hvað þýðir það? Það þýðir væntanlega að menn verða að kaupa þennan mun út. Þannig getur þetta meira og minna orðið leiðandi fyrir verðið í viðskiptum milli manna. — Já, segir hv. þm. og það er sennilega allt í lagi. En ef það þjónar engum sérstökum skynsamlegum rökstuddum hagkvæmnismarkmiðum til hvers eru menn þá að því? Mér liggur við að segja að það væri meira vit í þessu ef frv. gengi út á það að setja eins mikla peninga og þarf til þess að kaupa út kannski 5.000 tonn, 5.000 brúttórúmlestir, og hætta svo ef menn væru bara komnir með þá niðurstöðu að það væri markmiðið sem þeir ætluðu sér að ná. Og t.d. ef þeir miðuðu við einhverja ákveðnar tegundir skipa þannig að það væri einhver rökhugsun á bak við þetta. Ef menn tækju þá ákvörðun að segja sem svo: Togaraflotinn er of stór, við ætlum að ná út úr honum 2.000, 3.000, 5.000 brúttórúmlestum eða hvað það er og gerðu það. (**VE:** Þetta eru nú takmarkaðir peningar, Steingrímur.) En þá væri einhver hugsun að baki.

Hvað lengi á að starfrækja apparatið? Ef koma erfiðir tímar á næsta ári og allt í einu banka 30% útgerðarinnar upp á og vill úrelda skipin sín, hvað ætlið þið þá að gera, hv. þm.? Er þá búið að marka stefnu um það? Hvenær á að hætta að kaupa? Málið er gjörsamlega í lausu lofti hvað svona hluti snertir. Það er engin hugsun á bak við það. Það var bara tekin í arf gömul úreldingarhugsun byggð á löngu úreltum kenningum að mínu mati um það að flotinn væri of stór. Engin spurningarmerki reist við það. Menn sögðu: Það hefur gengið of hægt að úrelda flotann, það hafa of fá skip farið út, hækkum bara prósentuna. 30% í 45%, 50 millj. í 75 millj. Og hvað gerist þá eftir ár ef engin

skip verða nú í boði? Á þá enn að hækka? Kemur þá nýtt frv. um að fara að bjóða 60%? Og spyrja menn sig þá engra spurninga um það hvers vegna menn taka ekki gylliboðunum? Af hverju hafa menn ekki selt fleiri báta á 50 millj, 35%? Getur það verið vegna þess að það sé þrátt fyrir allt nýtanlegir rekstrarmöguleikar í greininni sem útgerðarmennirnir hafa tekið fram yfir. Svarið er já. Ég þekki dæmi um loðnuskip sem voru úrelt út úr loðnuflotanum. Í staðinn fyrir að selja þau úreldingarsjóði hafa þau verið gerð út á rækju og útkoman er betri en ef þau hefðu verið látin fara á botninn eða dregin til Írlands í bræðslu. Og hvort er þá betra að hafa í fyrsta lagi borgað 50 millj. fyrir að eyðileggja skipin og í öðru lagi orðið af því að afkastamikið skip sækir rækju í heilt ár? Hvort kemur hér betur út fyrir þjóðarbúið? Rækjukvótinn er ekki fullnýttur. Hvaða hagsmunum væru menn að þjóna með því að eyðileggja ágætt skip, kannski 15 ára gamalt skip, 300 tonna skip sem getur aflað rækju fyrir 70–100 millj. á ári? Afsala sér þeim verðmætum, borga 50 millj. fyrir að eyðileggja þau. Hvaða tilgangi á það að þjóna? Nei, því hefur enginn velt fyrir sér, er það? Auðvitað veit ég að það er nánast guðlast að tala svona, hæstv. forseti, gagnvart hagfræðingunum sem eru búnir að trúa á þetta í 15 ár. Ég hef hugsað heilmikið um þetta mál og ég er auðvitað ekki hagfræðingur, það skal tekið skýrt fram. Ég er bara svona jarðfræðingsræfill og allt það. En ég bara kem engri skynsemi inn í þetta þegar ég er að reyna að setja dæmin út í sjávarútveginum og það sem ég þekki í þessum greinum og spyrja mig að því: Hvaða vanda hefði þetta leyst? Hvaða hagkvæmni hefði falist í því að úrelda t.d. báta sem ég veit að menn veltu fyrir sér að gera en hættu við og hafa rekið áfram með ágætum árangri? Ætli það hefði ekki komið eitthvað minna úr Smugunni en 10 þúsund tonn fyrir 1,5 milljarða ef menn hefðu úrelt umfram afkastagetu jafnóðum og hún hefur fallið til í flotanum? Ætli við værum að sækja kannski 2 milljarða á Reykjaneshrygginn í ár ef vel gengur, ef öll afkastageta hefði jafnóðum verið úrelt út úr flotanum? Ég er ekki viss um það.

Ég leyfi mér, hæstv. forseti, hvað sem mönnum sýnist um það að taka sjálfan grundvöllinn á þessu upp til umræðu því að ég er ekki viss um að menn séu hérna á réttri braut og hef reyndar lengi haft miklar efasemdir um það. Svo spyr ég mig oft að því, hvernig á það að hjálpa íslenska sjávarútveginum sem skuldar að sögn fróðra um 110 milljarða kr. núna, að borga niður skuldirnar ef um eitthvert árabil verður borið í menn fé til að draga saman tekjurnar því að auðvitað verður tekjusamdráttur í einhverjum mæli afleiðingin af þessari þróun. Það er alveg vonlaust annað. Og eru ekki allir þessir útreikningar býsna hæpnir? Það er stundum borið á borð fyrir okkur að það sé svo hagkvæmt að færa til kvótann og láta þær útgerðir sem séu með minnstan kostnað taka aflann. Ég hef nýlega fengið ágæta greinargerð frá góðum vini mínum sem m.a. byggist á þessu. En þá spyr ég á móti: En eru þessar útgerðir aflögufærar? Vantar þær veiðiheimildir? Gætu þær veitt meira? Því að auðvitað verður það aldrei svo að allur flotinn sé hagkvæmastur. (**VE:** Það hefur nú verið að gerast.) Já, já. Er það flutningur veiðiheimildanna yfir á frystitogarana sem hv. þm. er svona ánægður með? (**VE:** Yfir á bátana.)

Nei, auðvitað er það þannig að einhvern hluta flotans vantar verkefni og flotinn er misjafnlega saman settur gagnvart því að nýta sér nýja möguleika. Það er t.d. alveg ljóst að bátaflotanum eru þar sniðnar þrengri skorður. En gæti þá ekki þróunin líka orðið á þá leið að sá hluti flotans nýttist meir til hefðbundinna veiða en aðrir sem til þess hefðu möguleika færu í aðrar veiðar?

Hæstv. forseti. Eitt í þessu frv. vil ég gera sérstaklega að umtalsefni en það er hið sérkennilega orðalag á þróunargjaldinu eða hvað það nú er kallað, þróunarsjóðsgjaldinu, því sem leggja á á úthlutað aflamark frá og með 1. sept. 1996. Hæstv. ríkisstjórn hefur dottið það snjallræði í hug að taka ákvarðanir í nokkrum mæli sem eiga að koma til framkvæmda þegar komið er nokkuð langt inn á næsta kjörtímabil og þá eiga menn að standa frammi fyrir því ... (**VE:** Það er mikil fyrirhyggja.) Það er mikil fyrirhyggja, já. En er nú alveg víst að menn hafi fullt vald á þessu, hv. þm.? Það getur verið að hv. þm. Vilhjálmur Egilsson lufsist inn á þing við næstu kosningar, en það er ekki víst að allir aðrir geri það sem ætla sér að bera ábyrgð á þessu gjaldi. Ég spyr í fyrsta lagi: Er mikið að marka ákvarðanatöku af þessu tagi? Það er einhver beygur í hæstv. ríkisstjórn og hv. þingmönnum að samþykkja þetta og láta það taka gildi strax þannig að það er valin sú kúnstuga leið að leggja þetta auðlindagjald, aflagjald eða hvað menn nú vilja kalla það, aflamarksgjald á á miðju næsta kjörtímabili.

En annað vekur athygli í lagagreininni, í 6. gr. frv. sem fjallar um þetta, er orðalagið en þar segir svo, með leyfi forseta:

„Frá og með því fiskveiðiári sem hefst 1. sept. 1996 skal Fiskistofa innheimta gjald til Þróunarsjóðs sjávarútvegsins af úthlutuðu aflamarki. Skal gjaldið nema a.m.k. 1.000 kr. fyrir hverja þorskígildislest miðað við þá verðmætastuðla af einstökum tegundum sem sjútvrn. ákveður."

Nú er það þannig að þegar ég rekst á svona orðalag og það stendur einhvers staðar „a.m.k. 1.000 kr.", þá hugsa ég yfirleitt og skil þetta þannig að gjaldið verður þá 1.000 kr. eða meira. Það er bara mín máltilfinning. Hún segir mér það. Og að þessu höfum við auðvitað spurt, hvað þýðir þetta? Fyrir hvað stendur þetta? Þá er farið í langar skógarferðir, aftur í greinargerðina, gott ef ekki út í yfirlýsingar ríkisstjórnarinnar til að sanna að þetta þýði alls ekki það sem stendur í frumvarpstextanum heldur þýði þetta akkúrat 1.000 kr. (**VE:** Þú verður að lesa frumvarpið. Þetta er nú bara á næstu síðu í frv.)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki samtal.)

Já, þetta er á næstu síðu já, það er bara ekkert annað, þetta er á næstu síðu. En þá spyr ég hv. þm. hinn hláturmilda hv. þm., Vilhjálm Egilsson: Hvers vegna er þetta þá ekki orðað eins og menn hugsa það, ef einhver hugsun er þarna yfirleitt á bak við? Hvers vegna

er þetta „a.m.k.“? Hvað er þar á ferðinni? Ef það vakir alls ekki fyrir mönnum að þetta gjald geti verið meira en þúsund kall, af hverju er það þá ekki bara þúsund kall? Sagt: Gjaldið skal vera 1.000 kr. á hverja þorskígildislest. Ég held því fram, hæstv. forseti, að hvað sem líður krossvitnunum á aðrar blaðsíður og aftur í greinargerð og yfir í yfirlýsingar ráðherra, þá sé þetta óeðlilegt orðalag og þarna eigi þá að standa það sem fyrir mönnum vakir ef það er þá rétt að þarna sé ekki fiskur undir steini.

Ég hef auðvitað séð þessar útskýringar og sjútvrn. skrifaði ritgerð um þetta til að verja húsbónda sinn og höfund frv. eða ábyrgðarmann frv. að þetta væri allt í fínu lagi því að a.m.k. 1.000 kr. þýddi ekki meira en 1.000 kr. Þá hefði ég talið að einfaldast væri að breyta því og orða það þannig. En vandinn er bara sá, hæstv. forseti, að hér kemur það til sögunnar sem áður var nefnt að málið er allt saman á grundvelli hrossakaupa stjórnarflokkanna. Það er afleiðing af næturfundum og samkomulögum eins og þessi ríkisstjórn hefur löngum byggst á, tók nú lengi vel framan af ferli sínum enga ákvörðun öðruvísi en að næturlagi eins og kunnugt er og hélt endalausa næturfundi hér í ráðherrabústaðnum og tók yfirleitt aldrei ákvörðun fyrr en undir morgun, enda voru ákvarðanirnar í samræmi við það eins og ákaflega vansvefta menn hefðu yfirleitt að þeim komið. (**Sjútvrh.:** Morgunstund gefur gull í mund.) Ja, það er nú ekki í þessu tilviki, hæstv. forsrh., hún gefur eitthvað annað í mund heldur en gull. (**VE:** Hefur þú aldrei vakað fram á morgun?) Þær morgunstundir sem hæstv. ríkisstjórn notaði hér á árunum til að taka ýmsar skuggalegar ákvarðanir. En þetta mun hafa orðið til í einhverju samkomulagi hæstv. utanrrh. sem hefur af og til verkað eins og einhvers konar yfirfrakki á hæstv. sjútvrh. og sjútvrh. hér í vetur. Og þá kemur að því, hæstv. forseti, að mikið hefði það nú aukið gleði ræðumanns ef hæstv. utanrrh. hefði verið hér til staðar því að hæstv. utanrrh. hefur túlkað þetta orðalag með alveg sérstökum hætti. Ég tel ekki nokkra leið, hæstv. forseti, að ljúka þessari umræðu nema hæstv. utanrrh. eða einhver annar ábyrgur og fullmektugur talsmaður Alþfl. komi til umræðunnar og svari nokkrum spurningum varðandi þetta mál, það er ekki nokkur leið, vegna þess að það er auðvitað ekki hægt að líða stjórnarflokkunum það, ég a.m.k. fyrir mitt leyti ætla ekki að leggjast svo lágt að láta þetta mál synda hér í gegn án þess að reyna allt sem ég get til þess að negla upp og inn í þingtíðindin þann skilning á þessu máli sem fyrir stjórnarflokkunum vakir.

Ég veit að hæstv. sjútvrh. kemur hér og segir: Þetta er bara þúsund kall, og ég veit að hæstv. sjútvrh. kemur hér og segir: Þetta er enginn auðlindaskattur og þetta er allt í lagi. En hvað segir hæstv. utanrrh.? Er hann tilbúinn til að koma hér og endurtaka það sem hann sagði við fjölmiðla einhvern tíma um mánaðamótin nóvember/desember þegar þessi óskapnaður var að fæðast í ríkisstjórnarsamstarfinu? Er hann tilbúinn til að koma þá á móti: Nei, þúsund kallinn getur hækkað. Er hann tilbúinn til að koma og segja í öðru lagi: Þetta er vísir að auðlindaskatti. Þetta er upphaf að endurgjaldi fyrir auðlindina. Það hefur hæstv. utanrrh. margendurtekið sagt og auðvitað verður þetta að liggja hér fyrir. Það þýðir ekkert að dulbúa svona hluti í eitthvert óljóst orðalag, setja a.m.k. inn í eina lagagrein og draga það svo til baka í þeirri næstu. Það er búvörulagaaðferðin. Það er sú aðferð sem við sáum hérna þegar stjórnarflokkarnir samþykktu loðmullulegt orðalag, svo skiluðu þeir sitt hvoru nefndarálitinu og túlkuðu það í 180 gráður. (**VE:** Það er pottþétt.) Hv. þm. Egill Jónsson í norður og hv. þm. Gísli Einarsson í suður. Og ætla þeir að hafa þetta eins með 6. gr. um Þróunarsjóðinn að kratar fari í kosningabaráttu og segi: Sigur í höfn, við náðum auðlindaskattinum inn. Lesið þið 6. gr. Þar stendur: A.m.k. þúsund kall. En hv. þm. Þorsteinn Pálsson fer til Vestmannaeyja og segir: Drengir mínir, þetta er allt í lagi, þetta er bara þúsund kall,

(**Forseti** (SalÞ): Hæstv. ráðherra.)

...hæstv. ráðherra, og þetta verður ekki hækkað og þetta er ekki vísir að auðlindaskatti. (**Viðskrh.:** Er þetta ekki gott frv. ...) Þá skulum við bara fá þetta hér á hreint. Auðvitað gæti ég leyft mér að nota þá aðferð að segja sem svo að ef þessum túlkunum mínum á samkomulaginu sé ekki mótmælt af hálfu stjórnarliða, þá sé þetta svona. Alþfl. sé sem sagt að samþykkja auðlindaskatt og samþykkja þúsund kall sem megi hækka, sbr. orðalagið a.m.k., og ég veit að gamalreyndur kennari og skólameistari, hæstv. utanrrh., hlýtur að eiga erfitt með að skilja þetta orðalag öðruvísi en þannig að þúsund kallinn geti hækkað því að annað stæði ekki a.m.k., en sjútvrh. segir hið gagnstæða. Við skulum nota tímann hérna, hæstv. forseti, sem er drjúgur því að löng er nú vornóttin og fá þetta mál rækilega á hreint. Hvað er hérna verið að afgreiða? Þetta með orðalagið í 6. gr. og þúsund kallinn og þessa endileysu um úreldingu fiskvinnsluhúsanna sem enginn maður hefur fengið botn í, ekki nokkur maður. (**VE:** Lesa 19. gr.) Ég er búinn að lesa þetta allt saman meira og minna og verður að segjast alveg eins og er að það er síst til aukins skilnings fallið á málinu. Eftir því sem maður les meira í því, verður jafnvel enn vitlausara ef eitthvað er.

Ef það er eins og hv. þm. er að segja að það sé verið að vísa til þess orðalags í 19. gr. að sjútvrh. geti lagt fyrir Alþingi tillögur um breytingar á tekjustofnum sjóðsins, þá ætti nú í fyrsta lagi að vísa til þess að þar væri átt við upphæðina en ekki sjálfan tekjugrundvöllinn. Og í öðru lagi held ég að það verði að liggja alveg ljóst fyrir hvaða heimildir menn telja sig vera að lögfesta hér til handa ráðherrum. Auðvitað er það þannig að það er í raun ekki samrýmanlegt ákvæðum stjórnarskrárinnar að samþykkja svona heimildir, a.m.k. einhver gjaldstofn. Eða mælir hæstv. utanrrh. með því almennt að t.d. í tekjuskattinum næsta ár verði bara samþykkt: Hæstv. fjmrh. er heimilt að leggja á tekjuskatt a.m.k. 45% yfir tilteknum mörkum? Það yrðu sennilega ýmsir fjármálaráðherrar kátir með það. Svo mundu þeir tilkynna eftir áramótin að þetta yrði 62% eða eitthvað svoleiðis og kippa fjárlagahallanum burt á einu bretti. Nei, það hefði nú ekki þótt góð latína

hingað til. Þetta er algerlega óbrúklegur frágangur á málinu hvernig sem á það er litið. Ef menn vilja endurskoða þetta, þá væri miklu nær að þarna væri annaðhvort sólarlagsákvæði á upphæðinni eða heimildinni. Ef þetta væri bara eins og venjuleg skattlagning að það væri föst upphæð og henni yrði þá að breyta með lögum á Alþingi í næstu umferð. Þess vegna bara rétt eins og tekjuskattsprósentan er stillt af með lögum frá Alþingi á hverju ári og dettur engum manni annað í hug vegna þess að stjórnarskráin mælir fyrir um það að slíkar gjaldtökur og álögur skulu vera skýrt afmarkaðar. En hvað á þá að þýða að vera að afgreiða hér a.m.k. þúsund kall á tonn út í loftið? Hvers konar lagasetning er það, hæstv. utanrrh.? Það gæti verið að það þjónaði einhverjum pólitískum vandræðagangi í ríkisstjórninni að ganga frá þessu, samanber búvörudeiluna. En það eru ekki merkileg vinnubrögð, ekki merkileg lagasetning.

Ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. út í enn eitt atriði sem meiri hluti hv. sjútvn. leggur til að sé breytt og það er orðalag 1. gr. Við 1. umr. málsins gagnrýndi ég það mjög að í raun og veru væri ekki verið að stofna neinn þróunar- eða nýsköpunarsjóð heldur samdráttarsjóð, sjóð til þess að draga saman í íslenskum sjávarútvegi, minnka tekjurnar og þrengja að greininni á allan máta, bæði í landvinnslu og veiðum. Samt er það nú svo að í 1. gr. og reyndar víðar í frv. er talað um að sjóðurinn geti stuðlað að skipulagsbreytingum í sjávarútvegi í samvinnu við lánastofnanir, enda leiði slík endurskipulagning til verulegrar hagræðingar. Og síðan sagði: „Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir, lán og styrki til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækjanna í verkefnum erlendis."

Þetta var eitt af því fáa jákvæða sem maður sá við frv. Þarna var þá örlítill vísir að því að einhverjum pínulitlum fjármunum yrði ráðstafað í annað en draga saman og það þá í þátttöku í verkefnum erlendis. En hvað gerist svo í breytingartillögum meiri hlutans? Það orð sem auðvitað mestu máli skiptir í þessu er fallið út, orðið „styrkir". Meiri hlutinn leggur til á þskj. 1096 að síðasti málsliður greinarinnar orðist svo, með leyfi forseta:

„Þá er sjóðnum heimilt að veita ábyrgðir og lán til nýsköpunar í sjávarútvegi og til að greiða fyrir þátttöku sjávarútvegsfyrirtækja í verkefnum erlendis"

Hvað varð um styrkina, hæstv. ráðherra? Er það sem sagt talinn óþarfi eða eru menn beinlínis á móti því að það sé hægt ef aðstæður bjóða svo og þörf krefur að veita þarna bein framlög? Það er ekki hægt að túlka þessa brtt. öðruvísi en þannig að meiri hluti stjórnarinnar hafi komist að þeirri niðurstöðu að falla frá þeim hugmyndum að um framlög geti verið að ræða í svona verkefni. Og það vekur nokkra undrun mína miðað við það sem á undan er gengið og öll ræðuhöldin um að þarna gætu legið einhverjir möguleikar að þetta sé af sjóðnum tekið. Það að sjóðurinn geti í einhverjum mæli lagt eitthvert dót upp í sem hluta af því kemur auðvitað ekki í staðinn fyrir það að hægt sé að ráðstafa úr honum einhverjum fjármunum beinlínis til stuðnings, þátttöku í svona verkefnum í formi styrkja ef svo ber undir. Ég óska eftir því að þessi merka framþróun í málinu, ef menn telja það vera svo og ella væru þeir væntanlega ekki að flytja um það brtt., verði rökstudd hér.

Hæstv. forseti. Ég veit ekki hvort ég á að hafa um þetta öllu fleiri orð. Þetta er að mínu mati afar vont mál og auðvitað væri öllum fyrir bestu og alveg sérstaklega hæstv. ríkisstjórn ef hún hefði vit á því að hætta við það að troða því hér í gegn. Það gæti að vísu farið svo að ríkisstjórnin mundi springa á því og þá væri málið orðið enn betra, þess þá meiri ástæða til að fresta því ef við losnum við ríkisstjórnina í leiðinni. Það er alla vega ekki verið að afgreiða þetta mál í þágu íslensks sjávarútvegs því það biður enginn um afgreiðslu á því. Af öllum umsagnaraðilum úr öllum greinum sjávarútvegsins, samtökum úr veiðum og vinnslu, frá sveitarfélögunum, verkalýðshreyfingunni, hvar sem að málinu er komið, enginn mælir með afgreiðslu á málinu óbreyttu, enginn. Langflestir leggjast eindregið gegn því að málið sem slíkt sé yfir höfuð tekið til afgreiðslu. Og finnst hæstv. sjútvrh. hann virkilega ekki hafa neitt annað þarfara að gera við tíma sinn en reyna að troða svona máli í gegnum Alþingi? Ég segi nú alveg eins og er að margt þarfara gæti hæstv. sjútvrh. gert okkur heldur en það að vera að nudda um þetta hér.

Ég held að út af fyrir sig væri á hinn bóginn vilji til þess og það höfum við reyndar boðið upp á í stjórnarandstöðunni að setjast yfir öll þessi mál í sumar. Hæstv. sjútvrh. er sem betur fer að draga í land með það að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Það er mál sem er náskylt þessu sem hér er til umfjöllunar, það er sveiflujöfnunar- og verðjöfnunarmálefni greinarinnar. Allir viðurkenna þörfina fyrir það að hafa slíka jöfnun í íslenskum sjávarútvegi sem býr við miklar afkomusveiflur, bæði vegna sveiflna í aflabrögðum en líka vegna verðlagssveiflna á afurðunum og þessi þróunar- og hagræðingarmál greinarinnar eru auðvitað náskyld því hvernig við göngum frá þeim hlutum.

Ég er þeirrar skoðunar og hef lengi verið að það eigi að búa til einn sjávarútvegssjóð sem hafi fjölþættu stuðningshlutverki að gegna við greinina. Hann geti að einhverju leyti verið sveiflujöfnunarsjóður. T.d. geti verið í honum sveiflujöfnunardeild og hann sé jafnframt einhvers konar nýsköpunar- og hagræðingarsjóður, eiginlegur þróunarsjóður, ekki bara svona blindur samdráttarsjóður og ef mönnum sýnist ástæða til að draga einhvers staðar úr afkastagetu í greininni eða auka hana annars staðar, þá gætu menn ráðstafað fjármunum því skyni. Það er dálítið merkilegt að það hefur engum dottið hið gagnstæða í hug. Af hverju ekki að bjóða einhverjum styrki til þess að auka við afkastagetuna á einhverjum tilteknum sviðum? Er sú hugsun bara alls ekki til í höfðinu á núverandi forustumönnum í sjávarútvegsmálum að það séu vaxtarmöguleikar í íslenskum sjávarútvegi sem sé ástæða til að hvetja menn til að nýta einhvers staðar? Látum það nú liggja á milli hluta að það geti verið þörf á því að draga einhvers staðar úr afkastagetunni, en vonandi er

ekki svo komið að það geti ekki líka verið á hinn veginn að það sé þörf á því að sækja einhvers staðar fram.

Ég gerði það við umtalsefni við 1. umr. málsins að ég teldi að það ætti a.m.k. að skipta þessu verkefni algerlega upp í tvennt þannig að ekki minni helmingur áherslunnar lægi á það að hvetja menn til einhverrar nýsköpunar og uppbyggingar í greininni. Og hvað með það að skipta framlögunum gagnvart fiskvinnslustöðvunum þá a.m.k. í tvennt þannig að annars vegar gætu menn sótt um fé til að úrelda hús og loka þau niður, en hins vegar ef þeir vildu það frekar, sótt um fé til að breyta þeim t.d. í fullvinnslueiningar, að vinna í neytendapakkningar eða annað því um líkt. Af hverju er sú hugsun ekki á ferðinni hjá mönnum? Og nú vill svo skemmtilega til að ein skemmtilegasta neytendapökkunarlína í íslensku sjávarútvegsfyrirtæki er rekin í úreltu húsnæði. Það er svo skemmtilegt sem það er.

Það er nefnilega þannig að sá sem hér stendur stóð í því að úrelda sláturhús á Dalvík. Þar hefur verið slátrað einhverju fé og það var nú orðið fátt um fé því miður í Svarfaðardal, búið að skera það allt saman niður vegna riðu o.s.frv. Síðan vildu bændur að vísu gjarnan halda áfram að slátra þarna kálfum, en niðurstaðan varð sú að sláturhúsið var úrelt og það voru greiddir inn á það tilteknir peningar og það var þinglýst á húsnæðið kvöðum að þar yrði ekki slátrað fé né kálfum á næstu árum. En hvað gerðist svo? Svo var húsið tekið í gegn, lagfært og í því var sett upp við hliðina á frystihúsinu fullvinnslulína og þar eru núna aukin verðmæti stórkostlega á sjávarfangi og það var unnið meira en áður var, skapaðir tugir starfa o.s.frv. Af hverjum má ekki hafa þessa hugsun með í farteskinu, að það sé hægt að sækja gegn þessum erfiðleikum í báðar áttir, líka með því að byggja upp og þróa einhverja nýja hluti? Mér finnst þetta satt best að segja, hæstv. forseti, alveg ömurlegt frv. Þetta er eitthvert allra aumingjalegasta, kjarkminnsta og ræfilslegasta frv. sem ég hef lengi séð hér á Alþingi. Og það að það skuli vera í sjálfri undirstöðuatvinnugrein okkar, sjávarútveginum, er náttúrlega enn dapurlegra og menn skulu ekkert hafa þarfara að gera við tímann hér á síðustu sólarhringum þinghaldsins en að troða svonalögðuðu í gegn, það finnst mér líka mjög miður, hæstv. forseti. Ég skora því á hæstv. sjútvrh. að skoða það nú í mikilli alvöru, hvort það er nú ekki hyggilegra að velja þá leið sem við stjórnarandstæðingar höfum lagt til að þessu máli ásamt með frv. um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins verði vísað til vinnu í sérstakri nefnd í sumar sem ég tel að ætti auðvitað að vera skipuð fulltrúum allra þingflokka og stefnt að því að leggja fyrir þingið næsta haust eitt heildstætt frv. um þessi sveiflujöfnunar-, verðjöfnunar-, þróunar- og hagræðingarmál greinarinnar og reyna að ná um það einhverju sæmilegu samkomulagi innbyrðis og út á við hvernig það verði úr garði gert.

[21:56]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Það verður nú að segjast eins og er að það er búið að fara allítarlega yfir þetta mál og þess vegna get ég kannski talað nokkru styttra en ég hefði annars gert. Þeir hafa farið mjög ítarlega og efnislega yfir þetta mál, fulltrúar í minni hluta sjútvn, hv. þm. Jóhann Ársælsson, Halldór Ásgrímsson og Steingrímur J. Sigfússon. En þó vil ég aðeins grípa hér niður á nokkrum atriðum sem mér finnst skipta máli og ég mundi nú aðeins vilja byrja á því í máli mínu að lýsa hér stuttlega nokkrum umsögnu um þetta mál því það vekur athygli mína og annarra sem um þetta mál hafa fjallað hvernig á því skuli raunverulega standa að menn séu að afgreiða þetta stóra og mikla mál hér á Alþingi þar sem hver einasti aðili, nánast hver einasti aðili sem komið hefur til nefndarinnar eða sem sent hefur inn umsögn um málið leggst gegn afgreiðslu þessa máls. Allir í atvinnugreininni sem við höfum rætt við, sveitarstjórnarmenn og aðrir biðjast undan því að þurfa að taka við þessu úr höndum núv. ríkisstjórnar.

Ég velti því mjög fyrir mér, hvar eru þessir hv. þingmenn? Eru þeir gersamlega rótslitnir við það fólk sem kýs þá hingað á Alþingi? Ræðist þetta fólk ekki við? Hvernig má þetta raunverulega gerast?

Mig langar aðeins að lesa hér fyrst umsögn frá útvegsmönnum og það er hvorki meira né minna en frá Útvegsmannafélagi Akraness, Austfjarða, Hafnarfjarðar, Hornafjarðar, Norðurlands, Reykjavíkur, Snæfellsness, Suðurnesja, Vestfjarða, Vestmannaeyja og Þorlákshafnar. Þessir aðilar senda hér allir eitt sameiginlegt álit og það er fróðlegt að lesa það þannig að það verði hér fært til bókar hvaða álit þessir aðilar hafa á afgreiðslu þessa máls. (**Gripið fram í:** Og ráðherrana?) Já, ég tala nú ekki um það. En þar stendur:

„Útvegsmannafélagið mótmælir harðlega áformum um sértækar aðgerðir sem miða að því að stofna enn einn sjóðinn. Hlutverk þessa svokallaða Þróunarsjóðs er að innheimta sérstakt veiðileyfagjald af sjávarútveginum. Þetta gjald á að leggja á eins og aðstöðugjald, hvort heldur er um hagnað eða taprekstur að ræða. Slík mismunun milli sjávarútvegs og annrra atvinnugreina er óþolandi" og ég endurtek, „slík mismunun milli sjávarútvegs og annarra atvinnugreina er óþolandi.

Þá er einnig mótmælt að sjávarútveginum skuli ætlað að greiða með sérstökum skattstofni töpuð útlán og skuldbindingar Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Tilurð þessara sjóða varð til þess eins að þrengja samkeppnisstöðu innan greinarinnar og mismuna fyrirtækjum í sjávarútvegi. Það stríðir á móti öllu siðferði að ætla þeim aðilum í sjávarútvegi sem þáðu ekki fyrirgreiðslu úr umræddum sjóðum að greiða og ábyrgjast nú skuldir þessa sjóðs með sérstökum skatti."

Hér er alveg skýrt talað frá útvegsmönnum, fulltrúum útvegsmannafélaga jafnvíða á landinu og ég las hér áðan. Og fiskvinnslustöðvarnar. Hvað skyldu samtök fiskvinnslustöðvanna segja? Þau segja það ekki í mjög löngu máli en tala mjög skýrt. Þau segja:

„Yfirtaka á skuldbindingum atvinnutryggingardeildar Byggðastofnunar og Hlutafjársjóðs langt umfram eignir kemur ekki til greina að okkar áliti."

Þetta segja samtök fiskvinnslustöðvanna. Og hvað skyld Landssamband ísl. útvegsmanna hafa að segja um þetta mál? Með leyfi virðulegs forseta:

„Ítrekuð er áður kynnt andstaða samtakanna við

stofnun Þróunarsjóðs sem mun hafa það hlutverk með höndum að innheimta sérstakt gjald af útgerðum og skylda þannig alla útvegsmenn til þess að greiða töpuð útlán Atvinnutryggingarsjóðs og Hlutafjársjóðs. Það er óþolandi að útgerðir sem þáðu enga fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum skuli með lögum verða þvingaðar til þess að standa skil á þessum útlánum sem stjórnvöld á sínum tíma ákváðu að veita einstaka fyrirtækjum einhliða." Og síðan segir:

„Lög um væntanlegan Þróunarsjóð verða ekki skilin öðruvísi en svo að það skipti í raun ekki máli hvernig einstaka aðilar standa sig í greininni. Með stofnun Þróunarsjóðs er verið að refsa þeim aðilum sem staðið hafa skynsamlega að útgerðarrekstri á undanförnum árum og ekki hafa þegið styrki stjórnvalda í gegnum áður nefnda sjóði."

Þetta er umsögn Landssambands ísl. útvegsmanna. (**VE:** Er talað illa um Atvinnutryggingarsjóð?) Ég er að tala það mál sem ég vona að framkvæmdastjóri Verslunarráðs skilji.

Það er líka fróðlegt aðeins að líta á það hvað fleiri aðilar hafa um þetta mál að segja. Ég er með álit fiskiþings. Það skýrir sína afstöðu í mjög stuttu máli, en það er nauðsynlegt að afstaða fiskiþings komi hér einnig fram. Fiskiþing segir:

„Fiskiþing mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um stofnun sérstaks Þróunarsjóðs sjávarútvegsins."

Svo mörg eru þau orð. Ég ætla að láta þessar tilvitnanir duga og þær eiga að skýra það sem ég sagði hér í upphafi að mér er það lífsins ómögulegt að skilja hvernig þingmenn Sjálfstfl. og hver það er sem knýr þá til þess að ganga svo fram í þessu máli. (**GÁ:** Fjórtán fjölskyldur.) Já.

Það er einnig, virðulegur forseti, fróðlegt að kynnast sjónarmiðum þeirra aðila sem látið hafa sig þessi mál miklu varða og raunverulega lifa og starfa í þessari atvinnugrein og hafa haft afskipti af þessum málum og stjórnun fiskveiða nokkuð og hafa skrifað nefndinni og mætt til fundar við sjávarútvegsnefnd og kallað sig svokallaða atvinnumenn og við þekkjum. Þetta er sveit manna sem hefur bundist samtökum um það að reyna að koma í veg fyrir að ríkisstjórninni takist að stíga það ógæfuskref sem nú er verið að stíga með nýjum lögum um stjórnun fiskveiða og um þennan þróunarsjóð. En þeir segja svo, virðulegur forseti, í sambandi við Þróunarsjóðinn:

„Tillögurnar um Þróunarsjóð eða auðlindaskatt bera þess merki að ráðamenn eru svartsýnir á afkomu sjávarútvegsins. Þeir virðast ekki treysta til þess að hafa af honum eðilegar tekjur nema með sérsköttum sem auðvitað veikir afkomuna enn frekar. Þannig er Þróunarsjóður öfugmæli. Tilkoma hans hamlar gegn eðlilegri þróun í sjávarútvegi." Þannig er Þróunarsjóður öfugmæli. Tilkoma hans, hæstv. sjútvrh., hamlar gegn nauðsynlegri þróun í sjávarútvegi.

Og þeir segja svo: „Íslenskur sjávarútvegur er í beinni samkeppni við ríkisstyrktan, erlendan sjávarútveg. Samkeppnisstaða íslenskra sjávarútvegsfyrirtækja er erfið í dag en versnar auðvitað stórkostlega ef skattlagningin eykst til viðbótar við margþætta skerðingu á hagræðingarmöguleikum. Hugmyndin um Þróunarsjóð eru í raun tilögur um landsbyggðarskatt sem um leið er aðför að landsbyggðarstefnu í landinu. Langstærsti hluti sjávarútvegsins er rekinn á landsbyggðinni og tillögurnar rýra því sérstaklega kjör einstaklinga og fyrirtækja utan höfuðborgarsvæðisins. Sjávarútvegurinn á að greiða skatta í takt við afkomu sína eins og önnur atvinnustarfsemi í landinu."

Ég vil lesa þetta aftur og leggja áherslu á það að hér er skynsamlega talað þar sem sagt er að sjávarútvegurinn á að greiða skatta í takt við afkomu sína eins og önnur atvinnustarfsemi í landinu.

„Hvatning og svigrúm til hagræðingar og útsjónarsemi, sjálfsögð tengsl við atvinnuuppbyggingu á hverjum stað o.s.frv. er forsenda þess að sjávarútvegurinn blómstri og geti skilað þjóðarbúinu eðlilegum skatti af tekjum sínum.

Tekjuskattur af verðmætum sem búið er að skapa er heilbrigð og sjálfsögð leið til skattheimtu. Skatthlutfallinu stýra stjórnvöld þannig að sjávarútvegurinn skili eðlilegum verðmætum og þóknun fyrir afnot sín af sameiginlegri auðlind allra landsmanna. Auðlindaskattur á útgerð léttir af henni siðfræðiskyldum til að skapa vinnu í landi og þvingar hana til þess að leita allra leiða til þess að auka eigin verðmæti til þess að standa undir skattinum. Krafan um hámörkun eigin tekna kallar á aukna sjófrystingu og útflutning óunnins afla. Um leið minnkar atvinnan í landi og verðmæti sjávarútvegsins til þjóðarbúsins skerðist verulega."

Hér er skýrt talað. Og ég beini orðum mínum enn og aftur til sjálfstæðismanna í þessu máli vegna þess að ég veit að við Alþfl. þýðir ekki að tala, slíkri blindu er hann sleginn í þessu máli. Og ég trúi ekki að sjálfstæðismenn láti þessi lög fara í gegnum Alþingi. (**GÁ:** Þeim er bannað að vera hér í kvöld, sjálfstæðismönnum.) Ég sé það, virðulegur þingmaður, að þeim mun vera bannað að vera hér í kvöld. En hvernig stendur á því að við sjáum ekki hér á borðum okkar þingmanna svipaðar tillögur í annarri atvinnustarfsemi? Er það ekki rétt að um 200 þúsund fermetrar munu vera ónýttir í atvinnuhúsnæði á Reykjavíkursvæðinu? Hvað mundu þeir segja ef Sjálfstfl. og Alþfl. kæmu með svipaða tillögu sem lyti að þeim aðilum? Það væri fróðlegt að heyra í þeim sjálfstæðismönnum á eftir hvort það hefði verið reifað á þingflokksfundi Sjálfstfl. að bera fram slíkar tillögur. Það væri gaman að heyra í framkvæmdarstjóra Verslunarráðs (Gripið fram í.) um það hvort þetta hefði hugsanlega verið rætt á fundum Verslunarráðs í morgunkaffi á Hótel Sögu einhvern morguninn. Ég efast um það satt að segja.

Virðulegi forseti. Oft hefur hæstv. sjútvrh. mælst vel og því langar mig til þess að lesa örstuttan kafla úr ræðu sem hæstv. sjútvrh. flutti um skattheimtuna á sjávarútveginn. Þetta er sú ræðan sem ég hef verið hvað hrifnastur af hæstv. sjútvrh. fyrir að flytja en því miður vegna þess hve liðið er á kvöld get ég ekki lesið ræðuna alla sem vissulega væri þarft verk að gera, ekki bara til upprifjunar fyrir hæstv. ráðherra heldur og ekki síður fyrir þá sem ætla að ganga til atkvæða um

þetta mál. En hæstv. ráðherra sagði m.a. þegar hann var að tala um skattheimtuna á sjávarútveginn og hann var að tala til þeirra manna sem sífellt eru að gera kröfu á sjávarútveginn:

„Að baki búa að mestu leyti óljós tilfinningasjónarmið og þekkingarskortur. Skattheimtumennina greinir á um margt. Annars vegar hafa þeir mjög ólíkar hugmyndir um það hvers vegna eigi að leggja slíka skatta á. Hins vegar tala þeir út og suður um það hvernig leggja eigi skattinn á. Sumir skattheimtumannanna vilja leggja á sérstakt gjald á aflaheimildir, þannig eigi menn að borga ákveðna krónutölu fyrir hvert tonn sem þeir hafa rétt á að veiða, aðrir vilja bjóða veiðiheimildirnar til sölu til lengri eða skemmri tíma á uppboði.

Á þessum tveimur aðferðum er grundvallarmunur. Sú fyrri, bein skattheimtuleið, byggir á óbreyttu stjórnkerfi eða aflamarki en felur í sér þá einu breytingu að fyrir aflamarkið skuli koma sérstakt gjald sem renni í ríkissjóð. Hin aðferðin byggir á stjórn á úthlutun veiðileyfanna með gjaldtöku sem síðan yrði tekjulind fyrir ríkissjóð. Skattheimtumenn skiptast í fylkingar um það hvora leiðina þeir vilja fara."

Og enn segir ráðherra: „Í annan stað ræða menn um skattheimtu til þess að auka hagræði í sjávarútveginum. Ég hef hins vegar aldrei heyrt því haldið fram að aukin skattheimta sé talin líkleg til þess að auka hagræði á öðrum sviðum í atvinnulífinu. Ég hefði til að mynda gaman af að heyra eigendur Morgunblaðsins skýra það út fyrir mér að hagræði og hagnaður af rekstri blaðsins yrði miklum mun meiri ef ríkisvaldið legði nýjan skatt á pappírsnotkun blaðsins. Þá eru þeir sem telja að almenningur njóti ekki afraksturs af sjávarútveginum nema hann sé tekinn með sköttum. Rétt er að hafa í huga að almenningur hefur alltaf átt þessa auðlind, bæði meðan aðgangurinn var ótakmarkaður og eins eftir að hann var takmarkaður. Þar á hafa ekki orðið neinar breytingar. Sú staðreynd að takmarka hefur þurft veiðarnar kallar ekki á að ríkissjóður útdeili hagnaði sjávarútvegsins með miðstýrðum hætti, takmörkun veiðanna er fremur rökstuðningur fyrir því að minni kröfur verði gerðar til skattlagningar á sjávarútveg.

Þá verður ekki séð að eitt eigi að gilda um sjávarútveginn í þessu efni en annað um aðrar atvinnugreinar. Hvers vegna ætti að útdeila arði af sjávarútveginum með sósíalískum aðferðum í gegnum ríkissjóð en ekki af öðrum atvinnugreinum? Þessu geta skattheimtumenn hvergi svarað." — Segir hæstv. sjútvrh.

Og enn heldur ráðherra áfram: „Kjarni málsins er hins vegar sá að ríkissjóður tekur til sín með almennum skattareglum, sem gilda jafnt um allar atvinnugreinar, eðlilegan hlut af hagnaðinum í samræmi við það sem menn telja eðlileg ríkisumsvif á hverjum tíma. Að hinu leytinu deilist hagnaðurinn út á sjávarútveginn eins og aðrar atvinnugreinar eftir lögmálum markaðarins, m.a. af frjálsum kjarasamningum launafólks og atvinnurekenda."

Virðulegi forseti. Ég ætla að láta þetta duga úr lestri úr ræðu hæstv. núv. sjútvrh. en lokaorð hans voru þessi:

„Þegar á allt þetta er litið er ljóst að skattheimtukröfurnar eru hagfræðilega rangar og félagslega hættulegar fyrir íslenskt þjóðfélag. Það væru sterkari rök fyrir því að skattleggja neysluhliðina í þjóðfélaginu."

Ég er hæstv. sjútvrh. sammála í þessari ræðu og var út af fyrir sig mjög hrifinn þegar hann flutti þessi orð. Og þessi orð eru vissulega enn í fullu gildi og þess vegna fannst mér ástæða til að eyða hér stund í að rifja þau upp. En þá vaknar líka spurningin: Hvað veldur þessum sinnaskiptum hjá hæstv. ráðherra? Hvað er það sem rekur hæstv. sjútvrh. Þorstein Pálsson, sem talaði svo fallega á fundi Landssambands íslenskra útvegsmanna, til að grípa til slíkra óyndisúrræða og gert er með þessum auðlindaskatti sem nú á að leggja á sjávarútveginn? Hvað knýr hæstv. sjútvrh. til slíkra gerræðisvinnubragða?

Málið er nefnilega það að sjávarútvegurinn hefur vissulega átt í vök að verjast fyrir áróðursmeisturunum um nokkra stund. Ég vona satt að segja að því fari að linna en þó efast ég um það því mér finnst það svo makalaust hversu menn leggja eyrun við orð og greinaskrif ákveðinna manna. Vegna þess að hæstv. utanrrh. og formaður Alþfl. er nú hér þá langar mig aðeins til þess að rifja upp fyrir hann orð sem mætur maður lét frá sér fara norður á Akureyri fyrir um fimm árum síðan. Ég hef trú á því að hæstv. utanrrh. lesi mjög grannt það sem þessi maður skrifar og segir. En þessi ágæti maður er doktor og heitir Þorvaldur Gylfason. (**Gripið fram í:** Og doktor í hverju?) Hann sagði í þessari ræðu sinni og nú skal ég bara hafa örfá orð: „Sjávarútvegurinn skiptir okkur nú sífellt minna máli." — Þetta sagði prófessorinn fyrir um fimm árum síðan. Þetta var lífssýn þessa manns. Hver er svo staðan að fimm árum liðnum ef við skoðum þessi orð?

Þrátt fyrir það hve rekstrarskilyrðin hafa verið bágborin í þessari atvinnugrein dregur sjávarútvegurinn samt hvorki meira né minna en um 75% á veisluborð þjóðarinnar enn þann dag í dag og það er ekkert sem bendir til að þar muni verða minnkun. Ég held að menn hafi oftrú á þessum mönnum og það kann ekki góðri lukku að stýra að hlusta of grannt á svona rugl.

Ég skil það, eins og kom fram í ræðu hæstv. sjútvrh. á aðalfundi Landssambands ísl. útvegsmanna, að hann hefur ekki sérstaka trú á þessum sjóðum þó að hann sé talsmaður þeirra nú. Ég hef hins vegar áhyggjur af því hvað er að gerast með því að yfirtaka þessa sjóði vegna þess að með yfirtöku eigna og skulda annarra sjóða er sjávarútvegsfyrirtækjunum gert að taka á sig stórkostlegar byrðar sem þau hafa ekki stofnað til heldur allt önnur fyrirtæki. Það er kjarni málsins og það sem er ósanngjarnt í þessu. Mér er spurn: Standast svona áform? Hafa menn leitt hugann að því? Ég segi fyrir mig að ég dreg það í efa að hægt sé að knýja þessi fyrirtæki mörg hver til slíkra hluta.

Staðreyndin er nefnilega að á öðru ári mun þessi Þróunarsjóður verða orðin gjaldþrota eða því sem næst eða um 200–300 millj. kr. í mínus og um aldamótin eða eftir rétt um sex ár mun vanta um 2,5 milljarða í þennan sjóð. Auðlindaskatturinn sem er verið að leggja á sjávarútveginn er því ekki einhverjar 525 millj. kr.

Hér er verið að tala um marga milljarða króna sem er verið að leggja á sjávarútveginn. Hér er svo freklega gengið fram og á fyrirtækin í sjávarútveginum að það er með hreinum ólíkindum að menn skuli á vordögum ætla að ganga svo fram eins og stefnt er að.

Hv. þm. Ólafur Þórðarson fór svo rækilega yfir hlutafjárdeildina og atvinnutryggingardeildina að ég ætla að mestu að sleppa því. Hins vegar vil ég vekja athygli á því að það er hreint með ólíkindum að ætlast til þess að hæstv. sjútvrh. skipi nánast alla stjórn þessa sjóðs. Ég tel að það sé mikið óráð að slíta stjórnun þessa sjóðs frá Byggðastofnun vegna þess að hér er svo sannarlega verið að takast á um byggðamál. Ég held að það sé mikil ógæfa að taka þennan sjóð frá Byggðastofnun. En það er sjálfsagt eins og með málið allt, bæði Þróunarsjóðinn og stjórn fiskveiða, að við stjórnarandstaðan getum sáralitlum vörnum komið við.

Hv. þm. Gísli Einarsson sagði í umræðunni um stjórn fiskveiða að í þessum málum hefði náðst viss málamiðlun milli Alþfl. og Sjálfstfl. Málamiðlunin er auðvitað ekkert annað en kaupskapur. Sjálfstæðismenn börðust fyrir stjórnun fiskveiða og Alþfl. setti það sem skilyrði að auðlindaskatturinn yrði lagður á. Þannig er málið hreint og klárt. Sjálfstfl. vildi reyna að koma málinu um stjórnun fiskveiða sem minnst breyttu í gegnum þingið. Alþfl. kom fingri þar á, stórskemmdi málið og nokkrir misvitrir þingmenn Sjálfstfl. og síðan gerði Alþfl. kröfu um það að leggja auðlindaskatt á sjávarútveginn. (**Gripið fram í:** Ræður hann öllu?) Hann ræður of miklu miðað við það hversu lítill hann er. En ég hef trú á því að ef svo heldur fram þá muni Alþfl. minnka mikið enn. Ég held að það sé engin spurning.

En út á hvað gekk þessi verslun sem hv. þm. Vestlendinga, Gísli Einarsson, gat hér um? Hún var um það að tryggja fylgi og stuðning við þessi mál. Og hvað fengu menn fyrir? Það var engin málamiðlun, það var verslun, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og framkvæmdastjóri Verslunarráðs. Þar voru menn að versla. (**VE:** Þetta er gott mál.) Gott mál sjálfsagt, en um hvað gengu skiptin? 7.000 tonn af rækju. Útfærslur á friðuðum hólfum úti fyrir kjördæmum viðkomandi manna. Um það að ýta togurunum eitthvað lengra út á haf. Og hvað fleira og hvað fleira? Eftir að þetta fékkst fram með einhverjum veikum yfirlýsingum um það að ráðherra mundi breyta reglugerðum og gera þetta þá ákváðu þingmenn, nógu margir af liðsmönnum Sjálfstfl. og Alþfl., að styðja þessi mál. (**VE:** Ertu á móti rækjuveiðum?) Þetta er kjarni málsins. Ég er á móti svona viðskiptaleiðum, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson og framkvæmdastjóri Verslunarráðs. Ég hélt að hv. þm. ætti að vita að í hans kjördæmi væri þetta trúlega kallað hrossakaup.

Virðulegi forseti. Ég held að það sem væri skynsamlegast að gera í þessu máli væri að fresta afgreiðslu þess. (**Gripið fram í:** Nei.) Að setja vinnu í gang með hagsmunaaðilum í sjávarútvegi og kanna möguleika á því að koma upp sveiflujöfnunarsjóði innan greinarinnar er tæki á ýmsum þáttum sjávarútvegsins. Ég held að það væri miklu þarfari og skynsamlegri hlutur en að koma upp þessum Þróunarsjóði sem enginn í atvinnugreininni vill og er bæði ranglátur og mismunar þeim er innan greinarinnar starfa. Einnig mismunar hann sjávarútveginum gagnvart öðrum atvinnugreinum.

Ég held að það væri skynsamlegt að koma upp sveiflujöfnunarsjóði og ég held ég hafi heyrt rétt að hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék einnig að því máli því sveiflujöfnunarsjóður hefur marga kosti til að viðhalda festu í þjóðarbúskapnum og meiri sátt á milli atvinnugreinanna. Það er að því sem okkur ber að vinna og ég held þess vegna að sumrinu hefði verið vel varið til þess að reyna að finna þá leið. Hér er ekkert um annað að ræða en það að ríkisstjórnin er að koma upp kerfi sem á venjulegu máli er ekkert annað hægt að kalla en auðlindaskatt á sjávarútveginn. Gjaldtökumenn fjmrh. munu bíða á bryggjunni í hvert skipti sem sjómenn koma að landi til þess að draga björg í bú og rukka menn um gjaldið fyrir það að fá að fara á sjó. (**VE:** Þú verður nú að lesa frv.) Ég er margsinnis búinn að lesa frv., Vilhjálmur Egilsson, en miðað við frammígrip þingmannsins í kvöld er ég farinn að efast um það að höfundurinn sjálfur hafi lesið hugverk sitt.

Mér er spurn og væri fróðlegt að fá að vita: Með hvaða peningum á þessi atvinnugrein að borga auðlindaskattinn? (**VE:** Hvaða auðlindaskatt?) Auðlindaskattinn sem hv. þm. Vilhjálmur Egilsson m.a. er að leggja á sjávarútveginn. Með hvaða peningum á greinin að borga sem undanfarin ár hefur verið rekin með milljarða halla? Mér er óskiljanlegt með hvaða peningum hún á að borga auðlindaskatt í dag.

Hv. þm. var áðan að grípa fram í hjá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni um þennan sama skatt og það virðist erfitt að koma inn í höfuðið á framkvæmdastjóra Verslunarráðs hvað stendur í hans eigin hugverki. Það er verið að skattleggja sjávarútveginn. Það er með ólíkindum ef hv. þm. skilur ekki að hér er verið að setja upp nýjan skattstofn á sjávarútveginn. (**VE:** Ekki auðlindaskatt.) Hreinan auðlindaskatt. Það er verið að taka gjald af þeim mönnum sem róa til fiskjar og gjaldheimtumenn Friðriks Sophussonar munu bíða á bryggjusporðinum og rukka menn þegar þeir koma að landi. Það er nefnilega staðreyndin að áróðursmeistararnir á ritstjórn Morgunblaðsins og Alþýðublaðsins að ógleymdum Jónasi Kristjánssyni, ritstjóra Dagblaðsins, hafa, verði frv. um auðlindaskatt samþykkt, fengið dágóða uppskeru erfiðis síns. Það eru þeir sem munu hrósa sigri í þessum málum. En sjávarútvegurinn, sjálf undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar, er í verri stöðu en áður og var hún þó nógu slæm fyrir.

Alþfl. hefur komið hér fram mjög vondu máli. En hann og þingmenn flokksins hafa ekki gert neitt annað en af þeim mátti raunverulega búast. Við máttum alltaf búast við þessu af Alþfl. Sjómenn munu örugglega ekki gleyma þessum þætti Alþfl. í sjávarútvegsmálum. Útvegsmenn og sjómenn og reyndar allur sá fjöldi sem lýst hefur andstöðu við auðlindaskattinn spyr um afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli. Útvegsmenn og sjómenn spyrja um afstöðu Sjálfstfl. í þessu máli.

Sjálfstfl. sem eitt sinn var sá flokkur sem þessi atvinnugrein taldi sig hafa hvað flesta stuðningsmenn í. Þá var sú tíð. Nú hefur Sjálfstfl. gleymt uppruna sínum og því að hann var ekki bara talsmaður stórútgerðarmanna á Íslandi. Ég trúi því ekki fyrr en ég sé það á atkvæðatöflunum að þingmenn Sjálfstfl. ætli að knýja þetta mál fram í svo mikilli andstöðu við þá er við eiga að búa innan atvinnugreinarinnar sjálfrar. Ég trúi því ekki fyrr en ég sé það á ljósatöflunum að sjálfstæðismenn ætli að tryggja það að þetta mál nái fram í fullri andstöðu við sjómenn og útvegsmenn á Íslandi og í fullri andstöðu við sveitarstjórnarfólk á Íslandi. Ég vil ekki trúa því aðeins til þess eins að þjónka Alþfl. og tryggja aðeins lengri lífdaga vondrar ríkisstjórnar.

Virðulegi forseti. Ég ætlaði að beina orðum mínum til virðulegs forseta vegna þess að hann er sjálfsagt farinn að huga að því að ég ljúki máli mínu. En ég hefði viljað segja nokkur orð um rekstrargrundvöll greinarinnar sem er náttúrlega það mál sem ætti að vera til umræðu frekar en aukin skattlagning. Það er fróðlegt að minna á að hvað er að gerast þessa dagana þar sem sjóðirnir, bankarnir og þjónustufyrirtækin eru að eignast sjávarútvegsfyrirtækin á Íslandi í dag, sem síðan taka þessi fyrirtæki á arma sína og reka þau í fullri og harðri samkeppni við þau fyrirtæki sem alla tíð hafa staðið við það að greiða af lánum sínum og greiða skatta og skyldur til samfélagsins. Þetta þýðir einfaldlega það að ef svo heldur fram sem horfir verða þessi fyrirtæki næst kölluð af ríkisstjórninni niður á gjaldþrotabrautina og þannig mun hringrásin halda áfram, þetta eilífðarhjól sem þessi ríkisstjórn hefur fundið upp á gjaldþrotabrautinni.

Þessi sjóður sem hér á að fara að samþykkja er enn eitt ógæfuspor þessarar ríkisstjórnar. Ég veit að það er vonlaust verk að tala til þingmanna Alþfl. í þessu máli en ég trúi ekki öðru en einhverjir þingmenn Sjálfstfl. hugleiði að snúast gegn þessu frv. og greiða atkvæði gegn því. Ég geri mér grein fyrir því að þeir munu ekki þakka það í þingflokksherbergi Sjálfstfl. en þeir útvegsmenn, sjómenn, sveitarstjórnarmenn og allir þeir sem um þetta mál fjalla munu þakka þeim þann stuðning.

[22:36]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég lagði nokkrar spurningar fyrir hæstv. sjútvrh. Ég kann því satt best að segja heldur illa að hæstv. ráðherra skuli læðast burtu úr þingsalnum undir miðri umræðunni og láta sig vanta þegar meiningin er svo að ljúka henni. Ég óska þess vegna eftir því að tekinn sé kaffibollinn frá hæstv. sjútvrh. og honum gert aðvart um það að þess sé vænst og beðið að hann svari þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar í umræðunni.

Í öðru lagi hefði ég gjarnan kosið að hæstv. utanrrh. hefði tjáð sig um það atriði sem ég gerði sérstaklega að umræðuefni og lýtur að túlkun Alþfl. á hinum fræga þúsund kalli og auðlindaskattinum.

En ég fer eindregið fram á að umræðunni verði ekki lokið fyrr en hæstv. sjútvrh. hefur verið gert viðvart um að þess sé vænst að hann svari þeim spurningum sem fyrir hann voru lagðar. Ef ráðherra verður ekki við því, hæstv. forseti, þá óska ég eftir að ég verði settur á mælendaskrá.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. sjútvrh. verði í salnum og gengur hann í salinn. Hv. 4. þm. Norðurl. e. hafði óskaði eftir því að hæstv. sjútvrh. væri hér við lok þessarar umræðu vegna fyrirspurna sem höfðu verið lagðar fyrir hæstv. sjútvrh.

[22:38]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Það fór eins og mig því miður grunaði að hæstv. sjútvrh. heldur uppteknum hætti. Hæstv. ráðherra er næsta sjaldgæft eintak sinnar tegundar eins og segja mætti á líffræðilegu máli. Hann virðist ekki upplifa embættisskyldur sínar og ábyrgð sína á málaflokknum, a.m.k. ekki gagnvart Alþingi, með sama hætti og aðrir hæstv. ráðherrar. Ég minnist þess ekki í þau 11 ár sem ég hef starfað hér, ýmist sem stjórnarsinni eða stjórnarandstæðingur og að hluta sem ráðherra, að annar maður í embætti af þessu tagi hafi hegðað sér með þessum hætti gegnumgangandi gagnvart þinginu, umræðum um þau mál sem undir hann heyra og spurningum sem fyrir hann eru bornar, að gera nánast í því að sýna umræðunni lítilsvirðingu og svara ekki þeim spurningum sem fyrir hann eru lagðar. Ég kann þessu, hæstv. forseti, satt best að segja afar illa. Ég hef að vísu áður reynt að eiga orðastað við hæstv. sjútvrh. um mál af þessu tagi og líka um hans framgöngu að þessu leyti með litlum árangri satt best að segja. En það breytir engu um það að ég mun halda því áfram því að hæstv. sjútvrh., gagnmerkur samtíðarmaður sem hæstv. ráðherra má vera, fær mig ekki til að hverfa frá þeirri venju að orðaskipti í þinginu og málfrelsi þingmanna sé m.a. til þess fallið að þeir geti veitt ráðherrum og ríkisstjórn aðhald og spurst fyrir um þau mál sem undir þá heyra. Það er að vísu svo að í sérstökum fyrirspurnatímum og með öðrum hætti er gengið frá því í þingsköpunum, en það liggur í hlutarins eðli, enda fyrir því rík hefð á Alþingi, að við umræður um dagskrármál ber ráðherrum að vera við og þá ber þeim að svara því sem til þeirra er beint enda þjónaði viðvera hæstv. ráðherra ekki miklum tilgangi ef það væri ekki m.a. vegna þess að það er ætlast til þess að þeir fylgist með umræðunni, taki niður hjá sér þær spurningar sem fyrir þá eru bornar og svari þeim.

Nú er það svo, hæsv. forseti, að þolinmæði mín gagnvart núv. hæstv. sjútvrh. hefur verið talsvert mikil. En ég er satt best að segja að verða harla leiður á því hvernig hæstv. ráðherra hegðar sér hér. Ég hef verið að puða í því síðustu vikurnar sem starfandi formaður sjútvn. að afgreiða mál fyrir hæstv. ráðherra í stórum stíl, sum hver mál sem ég er algerlega á móti en ég hef litið á það sem þinglega skyldu mína að vinna að þeim málum úr því að ég var settur í þau verk og það hafa aðrir nefndarmenn í sjútvn. gert. Telur hæstv. sjútvrh. sig þá of góðan til þess að a.m.k. að

hanga inni í þingsalnum, hæstv. forseti, á meðan við erum að ræða hans mál? Finnst hæstv. forseta þessi frammistaða hæstv. sjútvrh. sómasamleg? Hæstv. forseti heyrði eins og aðrir að ég bar fram beinar tölusettar spurningar til hæstv. sjútvrh. Ég óskaði eftir því að hann svaraði þeim. Hæstv. sjútvrh. hangir í hliðarsal á kjaftatörn við einhvern, sem ég sé nú ekki hver er og má einu gilda, og tekur skyldur sínar í þessum efnum á engan hátt nærri sér.

Ég spurði hæstv. sjútvrh. í fyrsta lagi að því hvernig hugsuð væri framkvæmdin á úreldingu fiskvinnslustöðva. Það mætti út af fyrir sig gefa sér það að þögn hæstv. sjútvrh. þýddi að hann hefði ekki hugmynd um það og það er mér reyndar nær að halda. En einhver hefði nú reynt að klóra sig eitthvað í land og svara sem svo að það yrði reynt að setja um það einhverjar skynsamlegar reglur o.s.frv. En ekki hæstv. núv. sjútvrh. Hann þegir eins og það sé ekkert mál þó að hér eigi að afgreiða prinsippmál af þessu tagi án þess að svo mikið sem stafkrókur liggi fyrir um það hvernig eigi að framkvæma þetta atriði. Er það svo, hæstv. sjútvrh., að hæstv. ráðherra hafi ekki hugmynd um það hvernig eigi að standa að þessu?

Ég spurði hæstv. ráðherra í öðru lagi um þetta atriði: Hvernig ætlar Úreldingasjóður sér að tryggja það þegar hann hefur greitt fé allt að 75% af fasteignamati viðkomandi eigna til þess að úrelda þær, taka þær úr starfsemi, að þær verði ekki nýttar á nýjan leik þegar engin þinglýst trygging verður fyrir því að svo sé gert? Hæstv. ráðherra hefur ekki svarað þessu einu orði.

Ég spurði hæstv. sjútvrh. sem á að heita þingmaður Suðurlands, ef ég man rétt: Hvað segir hæstv. ráðherra um gagnrýni sveitarfélaganna, þar á meðal Sambands sveitarfélaga á Suðurlandi, sem á fundi með sjútvn. tók það mál sérstaklega upp hvers þau sveitarfélög ættu að gjalda í hverjum stæðu eignir sem væru úreltar af sjóðnum að sjóðurinn fái blankó heimild til að fella niður öll fasteignagjöld svo lengi sem honum sýnist? Það geta þess vegna staðið á Stokkseyri eignir í eigu þessa úreldingarsjóðs í tíu ár og hann þurfi ekki að borga eina einustu krónu í fasteignagjöld allan þann tíma. Sjóðinum er það algerlega í sjálfsvald sett. Hann er undanþeginn þessum gjöldum eins og þau leggja sig.

Er hæstv. sjútvrh. yfir það hafinn að svara spurningum af þessu tagi? Hæstv. sjútvrh. getur gert í því að lítilsvirða mig eins og honum sýnist og aðra þá sem eru í hópi stjórnarandstöðunnar og reyna að halda uppi málefnalegum umræðum um mál. En ég hefði haldið að hæstv. ráðherra kipptist kannski pínulítið við þegar samband sveitarfélaganna í hans eigin kjördæmi kemur gagngert á fund sjútvn. til þess að taka upp mál af þessu tagi. Er hæstv. sjútvrh. yfir það hafinn að svara Sambandi sveitarfélaga á Suðurlandi um mál af þessu tagi? Hver er rökstuðningurinn fyrir því að fella niður öll fasteignagjöld af þessum eignum en ekki t.d. einhverjum öðrum? Ég spurði hæstv. sjútvrh. að þessu. Ég hef ekkert svar fengið, hæstv. forseti, ekki um þetta frekar en annað. (**Gripið fram í:** Hvar er þetta?) Þetta er í 16. gr. frv. Þar segir ósköp einfaldlega:

„Þróunarsjóður sjávarútvegsins er undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kann að eiganst."

Hvað er sagt um þessa 16. gr. í umsögn? Við skulum líta á rökstuðninginn: „Hér er lagt til að sjóðurinn þurfi ekki að greiða fasteignagjöld af þeim fasteignum sem hann eignast. Þetta þykir eðlilegt ..." o.s.frv.

Þetta þykir bara eðlilegt. Hverjum þykir það eðlilegt? Ekki sveitarfélögunum, ekki samtökum þeirra og væntanlega ekki þeim sveitarfélögum sem kunna að verða svo óheppin að verða fyrir því að þar verði úreltar miklar fasteignir og þau missi þar með tekjur því að það er verið að taka slíkar fasteignir úr leik gagnvart þessari starfsemi. Kannski er verið að ákveða að þær skuli standa tómar og af þeim komi engar tekjur á sama tíma og jafnvel aukist umsvifin í öðrum. Ef einhver hugsun á að vera á bak við þetta þá hlýtur það að vera þannig að fiskvinnslustöðvunum eigi að fækka og jafnvel aukast umsvifin í þeim sem eftir eru. Er það kannski þannig að á sama tíma og tekjur annarra sveitarfélaga aukast vegna þess að verðmætin og veltan vex þar, þá eru önnur sveitarfélög dæmd til þess að sitja uppi með eignir sem ekkert gefa af sér og standa kannski á besta stað í viðkomandi plássi?

Hæstv. sjútvrh. reynir ekki að svara þessu heldur hangir hér glottandi í hliðarsölum og verði honum að góðu. Þetta er ekki beysin frammistaða, það verð ég að segja, hæstv. forseti.

Ég spurði hæstv. sjútvrh., forseti góður, í þriðja lagi um orðalag þessa merkilega 1 þús. kr. ákvæðis og reyndar hæstv. utanrrh. einnig. Ég tel að stjórnarflokkarnir skuldi okkur það að skýra það út undir umræðunni hvaða skilningur liggur að baki samkomulagi þeirra um þetta orðalag. Eða er það feimnismál? Þorir hæstv. utanrrh., sjálf kempan og sjálfur vígamaðurinn, ekki að koma upp og útskýra hvernig skilning hann leggur í þetta orð „a.m.k. 1 þús. kr. á hverja þorskígildislest frá 1996"? (**Viðskrh.:** Er það ekki alveg augljóst?) Það er alveg augljóst samkvæmt íslenskri málvenju. En þannig vill til að hæstv. sjútvrh. túlkar þetta akkúrat öfugt. Hann segir: Það sem fyrir okkur vakir er einmitt ekki a.m.k. heldur akkúrat þúsund. (**VE:** Lestu líka 19. gr.) Ég er búinn að krosslesa þetta, hv. framsíkallandi, og það breytir engu um það að þetta orðalag er ankannalegt og það væru lágmarksmannasiðir af hæstv. sjútvrh. að koma hér upp og reyna að gefa sínar skýringar á því hvers vegna þetta er látið standa í frv. óbreytt jafnankannalegt og það nú er.

Ég spurði hæstv. sjútvrh. í fjórða lagi um sjálfan grundvöll úreldingarstefnunnar, hvort hæstv. ráðherra gæti tjáð sig um það mál.

Ég spurði hæstv. ráðherra í fimmta lagi um það hvers vegna væru felldar niður heimildir til að styrkja þátttöku í verkefnum erlendis eða hagræðingarverkefnum. Ekki eitt einasta svar við þessu.

Hvað kom upp síðan frv. var lagt fram sem gerði það að verkum að menn ákváðu að fella niður orðið „styrki"? Er ekki hægt að fá svör við slíku? Er ekki

hægt að fá svör við því? Nennir hæstv. sjútvrh. ekki upp í ræðustólinn eða hefur hann engu að svara eða er það hans ákvörðun að umgangast þingið, skoðanaskipti og umræður með þessum hætti?

Ég verð að segja alveg eins og er að mér finnst þetta lítilmótleg framkoma af hæstv. sjútvrh. Ég minnist margra manna sem gegnt hafa svipuðum embættum sem lögðu sig fram um það að sýna þinginu tilhlýðlega virðingu og þeim umræðum sem hér fóru fram, vera jafnan viðstaddir og reyna jafnan samkvæmt bestu getu að svara þeim spurningum sem fyrir þá voru lagðar, til að mynda hæstv. fyrrv. iðnrh., Jón Sigurðsson, sem ég var oft ósammála og deildi stundum býsna hart við. En eitt skal sá maður eiga og það má gjarnan ítrekast og fara í þingtíðindin, að hann rækti skyldur sínar sem ráðherra á Alþingi með sóma. Hann sat hér yfirleitt betur í umræðum en aðrir menn og hann gerði sér far um það að sýna þeim skoðanaskiptum sem hér fóru fram tilhlýðilega virðingu, taka þátt í þeim eftir atvikum og svara þeim spurningum sem fyrir hann voru bornar. Það er rétt að menn njóti sannmælis. Þessi hæstv. fyrrv. ráðherra, hv. þm. og nú heimsbankastjóri í Helsinki hefur oft fengið ýmsar kárínur hér og verið gagnrýndur eins og gengur um stjórnmálamenn, en þarna tel ég að hans fordæmi og hans framganga hafi verið til fyrirmyndar. (**GÁ:** Lokaði sig aldrei af í flokksherbergi Alþfl.) Nei, hann faldi sig ekki niðri í flokksherbergi krata þó ýmislegt gengi hér á né hékk hann glottandi í hliðarsölum eins og núv. hæstv. sjútvrh. og þorði að vera hér inni undir umræðunni.

Hæstv. forseti. Það læðist að mér sá grunur að samviska þeirra stjórnarliða sé unnvörpum þannig gagnvart þessu máli að þar í liggi fólgnar skýringarnar á heldur aumingjalegri frammistöðu þeirra hér bæði í umræðunum og öðru. Auðvitað er hæstv. sjútvrh. með grenjandi móral yfir því að verða sá íslenskur sjávarútvegsráðherra sem ber ábyrgð á afgreiðslu þessa frv. Hvernig halda menn að hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson fari niður á spjöld sögunnar ef svo fer, sem Alþfl. heldur fram, að hér sé upphafið að þeim auðlindaskatti sem komi svo til með að vera í íslenskum sjávarútvegi? Þá verður það minnismerkið sem hæstv. ráðherra Þorsteinn Pálsson reisir sér umfram önnur, að hafa nuddað þessu frv. í gegnum þingið með þvílíkri samvisku að hann þorði ekki upp í ræðustólinn til að svara fyrir það, ekki spor. Lét hv. þm. Vilhjálm Egilsson um það að kalla hér fram í. Málsvörn Sjálfstfl. í umræðunni voru veimiltítuleg frammíköll hv. þm. Vilhjálms Egilssonar.

Auðvitað er þetta svona. Þetta er með afbrigðum aumingjalegur málflutningur og frammistaða Sjálfstfl. hér vegna þess að það er Alþfl. sem er að hafa sigur. Það er náttúrlega þannig, því miður, eina ferðina enn. Og hvar er nú kempan nýja frá Bergþórshvoli, sem öðrum mönnum oftar hefur harmað það hvað þessi litli flokkur, Alþfl., hefur haft mikil áhrif hér á síðustu árum í stjórnmálunum? Enn er það þannig að Alþfl. er auðvitað að hafa að mörgu leyti sitt fram í þessu máli og keyra það ofan í kokið á Sjálfstfl., eins og sjá má á því hvað þeir eru niðurlútir hér þingmenn flokksins. (Gripið fram í.) Staðreyndin er sú — ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á því. (**VE:** Þú hefur bara ekki hrósað Alþfl. jafnmikið í annan tíma.) Þetta er ekki hrós, hv. þm., því hér er verið að fremja óhæfuverk og vantar hv. 1. þm. Norðurl. e. til að síða undirsáta sinn, 5. þm. þess sama kjördæmis, eins og hann hefur stundum gert hér nokkuð myndarlega.

Nei, staðreyndin er auðvitað sú og ég er ekki viss um að allir hafi áttað sig á því að það er verið að leggja á íslenska sjávarútveginn gjöld upp á yfir 12.000 millj. kr. sem á að fjármagna með gjaldtöku og sköttum á greinina á komandi árum. Ég hvet menn til þess að fara í nál. minni hluta sjútvn., fletta þar upp á gögnum sem við létum Þjóðhagsstofnun vinna fyrir okkur í þessari nefnd og skoða þar samtöluna. Hver er hún? Innborganir í þennan sjóð, og þar með líka það sem sjávarútvegurinn á að standa undir í gegnum gjaldtökuna, hafa samtöluna 12.100 millj. kr. Það er nú það sem er þarna á ferðinni og það munar auðvitað um minna. Svo eru menn að reyna að skáskjóta þessu hér í gegn undir dulnefninu Þróunarsjóður og halda að þeir sleppi með þessa umræðu í land með því einu að þegja. En það verður a.m.k. ekki af minni hálfu greidd gata þess að þessu máli verði lætt hér í gegn á þeim forsendum, út á samviskubit og móral Sjálfstfl. og eðlilega hefur Alþfl. um þetta sem fæst orð á meðan þetta er að sigla hér í gegn.

Hæstv. forseti. Ég tel að hér sé hið versta mál á ferðinni og auðvitað er frammistaða hæstv. sjútvrh. með endemum aumingjaleg, alveg með endemum aumingjaleg. Að hafa sig ekki upp í ræðustólinn til þess að reyna svo mikið sem að halda uppi lágmarksmálsvörnum fyrir málið. Það er ekki eins og það komi við hæstv. sjútvrh. að hér er lagt fram þykkt nál. þar sem næstum hver einasta umsögn er grenjandi gagnrýni á þetta mál. Nei, hæstv. sjútvrh. reynir ekki að fara upp og standa í einhverjum málsvörnum heldur læðupokast hér um í hliðarsölum eins og skugginn af sjálfum sér. Þetta er auðvitað dapurleg niðurstaða, hæstv. forseti.

Nú er það ekki í mínu valdi, hæstv. forseti, að draga hæstv. sjútvrh. nauðugan í ræðustólinn. Þó vel kynni að vera að mig skorti ekki til þess vöðvaafl þá eru það ekki þær leikreglur sem við tíðkum hér á þinginu, sem betur fer, heldur reynum við að eigast við með öðrum hætti, með rökum og með sanngirni og með því að bera fram okkar mál með því að spyrja spurninga og ætlast til svara. Þannig ganga nú einu sinni skoðanaskipti fyrir sig, nema þegar þessi hæstv. ráðherra á í hlut. Hann hefur tekið upp alveg nýja siði. Hann telur það vera sitt hlutskipti að ganga hér um sem þegjandalegastur og láta sem minnst á sér bera innan veggja þingsalarins. Það verður auðvitað að vera val hæstv. ráðherra. Ég hef áður gagnrýnt það hvernig hann umgengst þingið í þessum efnum og mun halda því áfram, því ég er þrátt fyrir allt sannfærður um að hæstv. núv. sjútvrh. mun ekki verða sá sem mótar þessar samskiptahefðir þegar frá líður, þá verður þetta frekar talin undantekning heldur en einhver tilvonandi

regla í okkar samskiptum hér.

[22:55]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Herra forseti. Þessi umræða hefur nú staðið um nokkra hríð. Sérstaklega vil ég þakka hv. 4. þm. Norðurl. e. fyrir merkt framlag til þessarar umræðu. Það hefur verið sönn ánægja af því að hlusta á ræður hans hér í kvöld og ég hef tekið eftir því að þingmenn hafa fylgst með af mikilli athygli. Þingsalurinn hefur verið þétt setinn þingmönnum sem hafa fylgst með af mikilli athygli, enda hafði hv. þm. mjög margt fram að færa og má segja að flug hans hafi verið hátt, jafnvel svo hátt að það hafi minnt á flug valsins þegar við köllum hann fálka.

En það er nú samt svo, þó að hér hafi hv. þm. farið fram af allri þeirri leiftrandi mælsku sem hann býr yfir, þá hafði ég það á tilfinningunni að allt það sem hér var sagt hafi komið fram við 1. umr. málsins. Allar þær fyrirspurnir sem hv. þm. bar fram, utan ein, höfðu komið fram við 1. umr. málsins og verið svarað þar og vísast til þess. En það er satt og rétt að hér kom fram ein fyrirspurn sem eðlilega gat ekki komið fram við 1. umr. vegna þess að hún á rætur að rekja til brtt. sem hv. sjútvn. hefur flutt við frv. (**SJS:** Það er meiri hlutinn en ekki nefndin.) Já, það er rétt athugasemd hjá hv. 4. þm. Norðurl. e., það er meiri hluti nefndarinnar.

Það er svo að meiri hluti nefndarinnar hefur lagt til að hlutverki sjóðsins verði breytt nokkuð þannig að meiri áhersla verði lögð á nýsköpunarverkefni af ýmsu tagi, vöruþróunarverkefni í sjávarútvegi helst, og eðlilegt þótti að láta í meginatriðum sömu reglur gilda um þau verkefni og hin sem áður var ráðgert að sjóðurinn hefði með höndum varðandi þátttöku Íslendinga í sjávarútvegi erlendis. Fyrir þá sök var sú breyting gerð á orðalagi að því er þetta varðar og beinar styrkveitingar felldar niður. Það er rétt að taka þetta fram því þessi fyrirspurn hafði ekki áður verið borin fram í umræðum hér og eðlilegt að skýra það út fyrir hv. þingmönnum, áður en umræðan héldi lengra, að gefnu tilefni.

[23:00]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég leiði hjá mér hótfyndni hæstv. ráðherra en verð þó auðvitað að leiðrétta að það er alrangt sem hæstv. ráðherra segir, að allar þær spurningar sem hafa verið bornar upp í umræðunni, bæði af mér og fleiri ræðumönnum, hafi þegar verið komnar fram í 1. umr. Ég bendi á það t.d. að það er verið að breyta ákvæðinu um úreldingu fiskvinnsluhúsa og það er eðlilegt að spurt sé hvernig sjóðstjórnin ætli að tryggja það að húsin verði ekki nýtt á nýjan leik til fiskvinnslu þegar hin þinglýsta kvöð þar um er felld niður með brtt. nefndarinnar. Sú spurning hefur væntanlega ekki komið fram við 1. umr. því þar er sömuleiðis á ferðinni brtt. frá hv. meiri hluta sjútvn. Þannig að auðvitað fer hæstv. sjútvrh. hér rangt með, kann ekki málið, hefur verið sofandi einhvers staðar í hliðarsölum þegar umræða og afgreiðsla á því hefur farið fram og verður sér hér til skammar fyrir kunnáttuleysi í þessum efnum og auðvitað komu engin svör, engin rök fram í svari hæstv. ráðherra gagnvart þessu með styrkina. Bara, af því bara. Það er ákveðið að hætta við að hafa styrki þarna inni. Það er náttúrlega fyrirmyndarsvar eða hitt þó heldur.

Og þá langar mig til að bera fram eina nýja spurningu enn til hæstv. ráðherra: Hefur hæstv. ráðherra athugað ákvæði 8. gr. frv. þar sem enn er tekið fram að skilyrði fyrir veitingu loforðs um styrk vegna úreldingar fiskiskips er að eigandi þess lýsi því yfir að skipið verði tekið af skipaskrá? Er það ætlun hæstv. ráðherra að afgreiða málið svona? Hefur hæstv. ráðherra borið þetta saman við þær breytingar sem nú er verið að gera á lögum um stjórn fiskveiða þar sem það er ekki lengur skilyrði fyrir úreldingu, samkvæmt skilningi þeirra laga, að skip hverfi af skipaskrá, þeim sé sökkt eða þau skráð í öðru landi, heldur er nú búið að heimila að þau séu skráð á íslenska skipaskrá án veiðiheimilda. Hér rekur sig eitt á annars horn. Eða er það ætlun hæstv. ráðherra að binda þetta áfram við það að skipin séu tekin af skipaskrá þegar í hlut á úrelding samkvæmt þessum lögum? Ég held að hæstv. ráðherra væri nær að kynna sér málin og reyna svo að svara til um efni þeirra heldur en að haga málflutningi sínum með þeim hætti sem hann hefur hér tíðkað.

[23:01]

Sjávarútvegsráðherra (Þorsteinn Pálsson) *(andsvar)*:

Frú forseti. Mér þykir miður þegar hv. 4. þm. Norðurl. e. leiðir hjá sér þegar vel og hlýlega er talað um ræðumennsku hans, en geri nú ekki frekari athugasemdir þar við.

Varðandi 8. gr. frv., sem hv. þm. vitnaði til, þá er hún í fullu samræmi við aðrar breytingar. Það er auðvitað svo að það er ekki ætlunin að borga úreldingarstyrki ef menn ætla að halda áfram rekstri viðkomandi skips. Í frv. til laga um stjórn fiskveiða er verið að opna möguleika fyrir því, sem er nýmæli, að menn geti haldið áfram rekstri skips þó að það hafi ekki veiðileyfi innan íslenskrar landhelgi. En það er ekki með því frv. sem hér liggur fyrir um Þróunarsjóð, sem byggir í meginatriðum á sömu reglum um úreldingu og gilt hafa að undanförnu og settar voru í tíð fyrri ríkisstjórnar, ætlunin að fara að greiða styrki til þeirra sem halda áfram útgerðarrekstri, þó utan landhelgi sé. Ég vona að þetta upplýsi hv. þm. um efni þessa ákvæðis.

[23:02]

Frsm. minni hluta sjútvn. (Steingrímur J. Sigfússon) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það er að sjálfsögðu alveg gilt svar að það sé þá ætlunin að innleiða í raun og veru þessa mismunandi meðferð mála eftir því hvort skip er úrelt endanlega og tekið á móti styrk vegna þess eða eftir því hvort rúmmál skips sé nýtt til endurnýjunar á móti öðru. En hér er þá greinilega verið að innleiða það. Ég er ekki viss um að hæstv. ráðherra hafi hugsað þetta mál alveg til enda. Er endilega einhver mun-

ur á því hvort skipið er svipt veiðileyfi sínu í íslenskri efnahagslögsögu, allar veiðiheimildir þess fluttar yfir á annað og þar með í raun og veru skipið tekið úr rekstri í skilningnum innan íslensku efnahagslögsögunnar, hvort það gerist með þessum hætti eða því að það er t.d. tekið út á móti nýju skipi sem kemur í staðinn inn flotann og fær veiðiheimildir og veiðileyfi. Ef það er meðvituð ákvörðun og niðurstaða hæstv. ráðherra að hafa þetta svona þá er það fullgilt svar. En þá er náttúrlega eftir sú spurning: Er það skynsamleg ráðstöfun, er rétt að hafa þetta svona? Ég hef miklar efasemdir um það. Hvers vegna skyldu menn ekki mega nýta skip þó þau hafi verið úrelt út úr íslenska flotanum í þessum skilningi til veiða á fjarlægum miðum ef fyrir því eru forsendur? Ég sé enga ástæðu til þess í raun og veru að gera þarna greinarmun á. Menn eru að minnka íslenska flotann eftir sem áður, bæði í tonnum og færa þar saman veiðiheimildir. Þannig að ég leyfi mér að efast um að hæstv. ráðherra hafi kannski hugsað þetta í botn og teldi ástæðu til að þetta mál yrði skoða milli umræðna. Ef þetta er endanleg niðurstaða hjá hæstv. ráðherra eða hv. meiri hluta stjórnarflokkanna hér á þinginu þá verður málið sjálfsagt afgreitt svona, en ég er ekki viss um að það sé skynsamlegt.

[23:04]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Það vakti satt best að segja nokkra undrun mína að hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingrímur J. Sigfússon, liti á það sem skyldu sína að afgreiða út úr nefnd jafn arfavitlaust mál og hér er á dagskrá. Það má vel vera að þegar menn taki að sér formennsku þá líti menn á að það sé rétt að vinna þannig. Ég vil minna á að í efh.- og viðskn. er þingmál búið að vera í sjö ár. Forsetar þingsins hafa aldrei séð ástæðu til að ýta á eftir formönnum um afgreiðslu. Forsetar þingsins hafa aldrei séð ástæðu til þess að tryggja það að málið komi til 2. umr. eins og Alþingi Íslendinga er búið að samþykkja sjö sinnum vegna þess að það eru menn eins og hv. 5. þm. Norðurl. v. sem þora ekki að svara því í nafnakalli hér í þinginu hver afstaða þeirra er til þessa máls. (Gripið fram í.) Þeir þora ekki að gera það. Þeir eru svo huglausir að þeir þora ekki að afgreiða málið úr nefnd. (**VE:** Við mundum fella þetta alveg undir eins.) Það er aldeilis að kötturinn hefur komist í kók núna. Það verður að segjast eins og er. Kjarkurinn er slíkur að undrun sætir.

Ég verð nú bara að segja eins og er að þetta hlýtur að boða það að fundur verði settur í efh.- og viðskn. og hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, verður þá vonandi jafnupplagður og núna til þess að drífa málið út úr nefndinni. (**Gripið fram í:** Ef hann kemst í kókið.) Ef hann kemst í kókið, það er að segja.

En það sem vekur undrun mína er að þetta frv. sem hér er til meðferðar tekur á tveimur atriðum sem heyra undir umhvrn. Og umhvrn., sagt er að það sé í stórsókn í verkefnaleit, það þurfi að byggja það upp, það þurfi að fela því meiri verkefni. Hérna er tekin ákvörðun um það að afnema rétt sveitarfélaga til að leggja á fasteignagjöld á viss hús í landi. Það hefur ekki nokkur stjórnmálaflokkur vandað sig jafnmikið á landsfundum, með fálkann sem heiðursmerki, að vísu sest hann á jörðu niður, enda breytist nú ekki nafnið við það, að predika sjálfstæði sveitarfélaga. Og félmrh. lagði það á sig að berjast fyrir því að sérstakur samningur, Evrópusamningurinn um sjálfstæði sveitarfélaga, skyldi gilda á Íslandi. Svo eru skipulagsmálin afhent til umhvrn. og þá týna þeir bara þessum rétti í öllum músaganginum. Í öllum músaganginum, í baráttunni fyrir villtum dýrum á Íslandi, þá týnist það að þeir eru að tapa stjórn á því hvort sveitarfélögin megi leggja fasteignagjöld á viss hús. Og hvað með aðra sjóði sem þurfa að leysa til sín eignir? Iðnlánasjóður? Hann verður að bjóða upp hús. Verður þá ekki sagt: Það er nú ekkert réttlæti í því að Iðnlánasjóður þurfi að borga fasteignagjöld af húsi sem þeir hafa neyðst til að leysa til sín. Það verður haft samband við menn sem sitja í iðnn. þingsins og farið fram á jafnrétti. Fyrst að Þróunarsjóður sjávarútvegsins þarf ekki að borga, hvers vegna þurfum við þá að borga? Og hvað sem sjóð verslunarinnar sem þarf að leysa til sín hallir, enga smákofa, og borga fasteignagjöld af þessum húsum? Munu þeir ekki segja: Eru menn alveg bandvitlausir að ætlast til þess að við borgum fasteignagjöld af þessum húsum sem við höfum neyðst til að leysa til okkar á sama tíma og Þróunarsjóður sjávarútvegsins þarf ekkert að borga? (**Gripið fram í:** Og bankarnir.) Og hvað með bankana? (**VE:** Og sparisjóðirnir.) Og það er komið svo að hv. 5. þm. Norðurl. v. man nú eftir sparisjóðunum. Það er margt sem þeir læra í viðskiptafræðinni. Já, sparisjóðirnir þurfa líka að leysa til sín eignir.

En er það tilfellið að sú grunnskipting á málaflokkum sem sett er fram í lögum um Stjórnarráðið hrynji bara eins og spilaborg þegar Þróunarsjóður sjávarútvegsins kemur á dagskrá? Samt er þetta með skattheimtuna ekki stærsta málið í réttindum sveitarfélaganna heldur að tapa skipulagsmálunum. Segjum nú að menn kæmust að því að það ætti að úrelda hafnaraðstöðu vegna þess að það væri komið allt of mikið af viðleguköntum fyrir skip sem legðust að landi og menn mundu bara úrelda aðstöðu Eimskips í Sundahöfn og það litla sem Samskip hefur þar líka. Þá stæði Reykjavík frammi fyrir því að þetta væri bara höfn sem menn mættu leggjast að en ekki fara á land. Það væri búið að úrelda athafnasvæðið. Þar mætti vera allt annað en vöruskiptahöfn. Sjá menn ekki hvað þetta er arfavitlaust?

Við skulum taka Akranes sem dæmi. Segjum að þeir bjóði upp stærstu fyrirtækin þar vegna erfiðleika. (**VE:** Ekki byggja þeir hús úr malbiki.) Hvað hefur hv. 5. þm. Norðurl. v. fyrir sér í því að þeir byggi ekki hús úr malbiki? Það er dauðaþögn. Það er greinilegt að þessi fullyrðing kemur án þess að nokkur þekking sé á bak við hana. Þetta hefur bara sprottið af vörum þingmannsins án þess að þingmaðurinn hafi hugsað. Auðvitað er það merkilegt fyrir okkur hina sem erum ekki á tvöföldum launum að átta okkur á því að jafnvel menn á tvöföldum launum láta eitt og annað frá sér án þess að hugsa. Maður hélt nánast að þeir væru

tölvukeyrðir og þetta væri allt fullkomið.

Ef mönnum dettur í hug að halda að það sé eitthvert gamanmál að eina fyrirtæki ákveðins staðar, sem á mestallt athafnasvæði þorpsins — ég get tekið sem dæmi Fiskiðjuna Freyju í Súgandafirði sem á flestar lóðirnar sem tilheyra sem athafnasvæði í byggðarlaginu. Ef það er úrelt og Þróunarsjóðurinn leggur þetta undir sig þá fær hann náttúrlega þó nokkuð stórar upphæðir af tekjum sveitarfélagsins og þá fer svo að ef menn ætla að fara í fiskverkun þá verða þeir að byggja þau fiskverkunarhús þó nokkuð frá höfninni, en hitt verður bara til minja. Og ég vildi gjarnan fá að vita, hvaða atvinnustarfsemi er það sem menn hugsa að eigi að taka við á þessum stöðum? Það hefur aðeins ein hugmynd komið fram og það verður að meta það við hæstv. landbrh. að hann hafði þó hugmynd um hvað ætti að gera. Hann taldi að þetta ætti að verða að bjórstofur, það ætti að nota þetta sem bjórstofur. En hér er álit frá hv. 5. þm. Norðurl. v. og það er engin tillaga um það hvað eigi að gera í þessu húsnæði sem þeir ætla að fara að úrelda, engin tillaga. En skipulagsréttur sveitarfélaganna er aðalatriðið í sjálfsstjórn sveitarfélaganna. Menn skyldu bara prófa að taka skipulagsréttinn af Reykjavík og færa einhverjum öðrum sjóðum réttinn til að ráðskast með hlutina og vita hvernig þeir tækju því. Ætli það yrði ekki fjör? Ætli núverandi borgarstjóri teldi ekki nokkuð að sér vegið?

En það er nú svo að þegar hæstv. sjútvrh., sem gerði þinginu þann stóra heiður að fara í ræðustól og flytja mál sitt, bæði prúðmannlega, framsetningin var góð, maðurinn kom vel fyrir og hann var ekki með nein persónuleg ónot út í nokkurn mann og hældi þingmönnum fyrir fundarsetu, að vísu sá hann ekki ástæðu til að hæla ráðherrunum fyrir fundarsetu í dag, en látum það nú vera, hann gerir það e.t.v. á morgun, að hann svaraði því aftur á móti engu hvernig hann liti á þá umsögn sem kemur frá sveitarfélögunum á Suðurlandi þar sem þau víkja að þessu með skattheimtuna, að þau eigi að tapa fasteignagjöldunum. Og ég á dálítið erfitt með að skilja það, svo að ekki sé meira sagt, að það geti verið eðlilegt að þriggja manna nefnd, skipuð af hæstv. sjútvrh., eigi að ráða því hvort þetta eða hitt sveitarfélagið á Íslandi tapar fasteignagjöldum af húsnæði í sjávarþorpunum.

Nú gerast þau stóru tíðindi að hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálmur Egilsson, yfirgefur salinn og gengur trúlega snemma til náða eins og Njáll á Bergþórshvoli forðum þegar bruninn fór í gang skömmu síðar. Það var nefnilega minnst á arfasátuna hér í dag. (**GE:** Og hrísvöndinn.) Og hrísvöndinn, það er ekki skrýtið þó að þeir sem komi af Skaganum muni eftir hrísvendinum. Það er nú hluti af Íslandssögunni og minningunum og ég vil ekki gera lítið úr því, enda muna þeir líka eftir snærisspottunum.

En auðvitað er það svo að þegar menn halda hér uppi umræðum, vekja athygli á vissum hlutum, og ráðherrar vors lands líta svo á að það sé ástæðulaust að fara í málefnalega umræðu um þetta neitt frekar, þeir hafi ákveðið þeirra, þeirra sé valdið, og eins og við urðum vitni að í vetur að hér var flutt frv. og menn tóku sig til og breyttu því í nefnd og hæstv. utanrrh. átti nánast ekki eitt einasta orð yfir þá ósvífni að einhver þingnefnd færi að breyta máli sem búið væri að samþykkja í ríkisstjórn Íslands að ætti að leggja fram og ég játa það að það rann upp fyrir mér að Alþingi Íslendinga var komið í þá stöðu að við búum ekki lengur við þingbundna stjórn heldur stjórnbundið þing. Þannig standa málin. Og þetta er þeim mun merkilegra að öll þróun Evrópu er á sama veg, nema að þar er svo komið að ofan ríkisstjórnum sitja launaðir forstjórar og stjórna álfunni. Þeir hafa að vísu áhyggjur af því að það þurfi að setja mannlegri ásýnd á þetta kerfi sitt, það sé mannleg ásýnd sem þurfi að koma á kerfið.

Ég er ekki í nokkrum vafa um það að svo vel siðað er stjórnarliðið að þessi sjóður, þetta frv. til laga um Þróunarsjóð sjávarútvegsins verður samþykkt og trúlega verða þessar brtt. samþykktar líka. Það er hvorki meira né minna en einir fimm sem skrifa undir þessar brtt. og sennilega er það nú svo að þeir hafi fengið leyfi hjá hæstv. sjútvrh. til að mega flytja þessar brtt. og þetta er sennilega allt gert í friði.

En hitt er dálítið merkilegt að umsagnaraðilarnir sem hafa verið að senda álit sitt á þessu frv. eru kannski ekki allir langorðir, en þeir eru mjög skýrir í sinni hugsun um álit á þessum sjóði. Fiskiþing orðar þetta svo, með leyfi hæstv. forseta:

„Fiskiþing mótmælir harðlega áformum stjórnvalda um stofnun sérstaks Þróunarsjóðs sjávarútvegsins.“

Ætli það sé nú svo að á fiskiþingi sitji í meiri hluta alþýðubandalagsmenn eða framsóknarmenn, þeir eru þar að sjálfsögðu líka, en það er ekki nokkurt vafaatriði að Sjálfstfl. á flesta stuðningsmennina á fiskiþingi og ef það eru til öfgalaus samtök innan sjávarútvegsins þá er það fiskiþing. Og það er ákaflega stutt yfirlýsing sem þeir gefa. Þeir hefðu getað orðað þetta á annan veg: Við höfum getað stundað sjávarútveg á Íslandi og fiskvinnslu, án þess að svona sjóður væri til, til þessa og við teljum að við getum það áfram. En flokkarnir sem hafa með fúkyrðum ráðist á þá sem stundum hafa staðið fyrir stofnun sjóða á Íslandi, talað um sjóðasukk og allt eftir því, þeir stofna þróunarsjóð og sjútvrh. einn skal ráða stjórninni, skal ráða meiri hluta stjórnarinnar. Og jafnvel þó að sjútvrh. fari nú frá eftir ár þá á hann að stjórna þessu þrjú ár fram í tímann eftir það. Það er lýðræðið sem menn boða, þrjú ár fram í tímann.

Ég hygg að það sé ærið umhugsunarefni hvers vegna það getur gerst í þessu þjóðfélagi að venjulegir stuðningsmenn Sjálfstfl. sem sitja á fiskiþingi og sérfræðingaliðið, stórséníin sem ráðleggja hæstv. ríkisstjórn hvað á að gera, að þetta lið skilur ekki hvort annað. Þarna er einhver stórkostleg gjá á milli. Annaðhvort þurfa sérfræðingarnir að fara í vinnu til sjós, ráða sig á skip, ráða sig til vinnu hjá fiskvinnslustöðvunum og kynnast þessu lífi af eigin raun eða þá að það verður bara að senda allt fiskiþing eins og það leggur sig í skóla og láta þá fara að læra hagfræði og viðskiptafræði svo hægt sé að nota þá sem umsagnaraðila í framtíðinni. Því það er alvarlegt mál að þegar sér-

fræðingar eru búnir að semja alveg snilldarfrumvarp þá komi fiskiþing og leggi til að það verði bara fellt. (**Gripið fram í:** Það gengur ekki.) Það hreinlega gengur ekki, er sagt hér úti í sal. Það er einhver gjá sem þarna er að myndast. Það er einhver gjá sem veldur því, sem hefur myndast á milli þessara venjulegu aðila sem hafa stjórnað sjávarútveginum, hafa séð um þessi mál fyrir Ísland, og þeirra sérfræðinga, sem aldrei hafa séð um þessi mál fyrir Ísland, aldrei, og munu aldrei vera menn til að gera það, sem vilja fá að ráðskast með hina.

Ég hygg, að það geti vel verið að það sé hægt að finna einn og einn aðila í útgerð og fiskvinnslu sem lætur sig dreyma um það að þeir verði aðilarnir sem fái peninga út úr þessu batteríi þegar búið er að safna með skattheimtufé úr öllum áttum og telji að það muni bjarga þeim hvað sem verður um byggðarlögin. Og það getur vel verið að þessir aðilir séu með ágætis flokksskírteini upp á vasann og það sé búið að semja um suma, hverjir það eru sem á að taka fyrir og úrelda fyrirtækin hjá. En atvinna fólksins í landinu mun ekki aukast við þetta. Þeim mun meira sem við gerum af því að snúa okkur að því að bjarga sjóðakerfinu, ef það hefur lánað rangt eins og Fiskveiðasjóður eða einhver annar, í staðinn fyrir að fara í það að byggja hér upp atvinnulíf, þeim mun verri verða lífskjörin í landinu. Þeim mun verri verða lífskjörin.

Og það er umhugsunarefni að þegar fjórði hver ungur maður í París er orðinn atvinnulaus þá verður ríkisstjórnin að bakka með ákvarðanir fyrir þessum hópi manna. Og ekki til að hefna sín á ríkisstjórninni heldur til að fagna yfir unnum sigri þá fara þeir um stræti borgarinnar, kveikja í verslunarhúsnæði og velta bílum. Og þegar Sverrir Hermannsson talar um að það verði uppreisn þá er hann að tala um að í reynd. Hvað þarf hæstv. dómsmrh. að byggja mörg tugthús og fjölga mikið í lögreglunni ef hann þarf að hafa aga á 20–25% atvinnuleysi í Reykjavík? Vita menn það?

Það hefur verið slegist á götum Reykjavíkur vegna kreppu og atvinnuleysis. Það hafa verið átök á milli verkamanna og lögreglu undir slíkum kringumstæðum og menn skildu að atvinnuleysi var ekkert gamanmál. En hér virðist það vera svo að menn sigla hraðbyr inn í hrakfarir Evrópu í atvinnumálum, sigla hraðbyr og kenna þorskinum í sjónum um þó að það liggi fyrir að það er einfaldasta mál í heimi að ala upp þorskseiði í fiskeldisstöðvum sem standa tómar í dag, ef það er rétt hjá fiskifræðingunum að það sé skortur á seiðum sem valdi því að ekki veiðist meira af þorski úr sjónum. Ef það er rétt hjá þeim, ég veit það ekki.

Ég trúi ekki á þessar hagfræðikenningar. Ég trúi því ekki að sú glórulausa atvinnuleysisstefna sem verið er að koma á muni leysa vanda þessarar þjóðar. Ég veit það aftur á móti að stór hluti þjóðarinnar mun hafa það gott. Það er mér ljóst. Þannig er það í Evrópu. Það er mjög stór hluti sem hefur það gott, það fer ekkert á milli mála. Og það er allt annað hlutfall af þeim sem eldri eru sem eru atvinnulausir heldur en þeir sem yngri eru. Það er mun lægra. En er það réttlætanlegt að þegar ófriður geisar eins og var í heimsstyrjöldinni síðari og þessir æskumenn voru skyldaðir í herinn og skipað að fara í fremstu víglínu til að láta slátra sér þá sé á friðartímum hægt að segja: Okkur varðar ekkert um þetta lið. Þið fæddust að vísu í þennan heim, þið eruð franskir þegnar, en við, Frakkland, eigum ekki að gera neitt fyrir ykkur til að skaffa ykkur atvinnu. Það er bara þegar styrjöld geisar sem við höfum þörf fyrir ykkur. Og ef Íslendingar halda að þjóð eins og þessi þjóð, sem er í eðli sínu félagshyggjuþjóð, yfir um 60% af þjóðinni, þori ég að fullyrða, til 70% eru þannig þenkjandi og e.t.v. meira, því innan raða Sjálfstfl. er hægt að finna margan félagshyggjumanninn. Og þó að Alþfl. stjórni í dag aðilar sem hafa gleymt því að þeir fluttu einu sinni þáltill. um félagslegt réttlæti í landinu (**Gripið fram í:** Þeir hafa nú gleymt fleiru.) og telji betra að dvelja í flokksherbergi Alþfl. þegar verið er að rifja það upp, af því að þeir sviku þau loforð sem þá voru gefin, þó að þeir stjórni Alþfl. í dag, þá er það nú svo að það verður ekki mjög lengi. Það verður ekki mjög lengi.

Sá flokkur hefur átt foringja sem voru með það alveg á tæru að það væri skylda þess flokks að berjast gegn atvinnuleysi og byggja upp atvinnu í landinu. Og það er alveg sama þó að þeir beiti sér fyrir samþykkt þessa frv. og fái það samþykkt, það verður enginn friður nema réttlæti ríki. Það er grundvallaratriði að menn geri sér grein fyrir því. Það er ekkert réttlæti að berja hér í gegn hægri sinnaða hagfræðistefnu, sem mun leiða til fjöldaatvinnuleysis og hefur þegar leitt verulegt atvinnuleysi yfir landið, og tala svo stöðugt um það að þetta sé einhverjum náttúruöflum að kenna. Og það er greinilegt að þeir sem fara í gegnum viðskiptafræðina í háskóla vita lítið um áhrif tunglsins á jörðinni. Það kom eftirminnilega í ljós í dag. Ekki veit ég hvort þeir gera sér grein fyrir því að tunglið hefur áhrif á flóð og fjöru og fallaskiptin verða misjöfn eftir því hvernig stendur á tungli. Sennilega hafa þeir aftur á móti heyrt getið um það að á gervitunglaöld komist menn á tunglið. Það er sennilega sú vitneskja sem eftir situr. Og auðvitað er ekki hægt að ætlast til þess að stórséní sem hafa náð langt á einu sviði hafi tíma til að kynna sér alla hluti eins og þá að trúlega hefur tunglið undarlega mikil áhrif á líf, bæði hjá skepnum og mönnum, á þessari jörðu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, 2. umr.

Stjfrv., 506. mál. — Þskj. 779, nál. 1231 og 1233, brtt. 1232 og 1235.

[23:34]

Frsm. 1. minni hluta efh.- og viðskn. (Vilhjálmur Egilsson):

Virðulegi forseti. Ég mæli hér fyrir nál. og brtt. 1. minni hluta efh.- og viðskn. vegna frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustu-

svæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

Nefndin hefur fjallað um þetta frv. og fékk allmarga menn og konur á sinn fund. Nafnalistinn kemur fram á nál. Þess má jafnframt geta að efh.- og viðskn. fór á fund á Ísafirði og fékk til sín marga Vestfirðinga á fund þar sem málið var rætt.

Skemmst er frá því að segja að 1. minni hluti gerir tillögu um að inn í 5. gr. frv. komi sú breyting að forsrh. geti með reglugerð sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara en að öðru leyti gengur 1. minni hluti efh.- og viðskn. út frá því að þetta frv. verði samþykkt að öðru leyti óbreytt.

Í umræðum um þetta mál í nefndinni komu að sjálfsögðu fram margvísleg sjónarmið um hvernig þetta mál gæti betur farið þannig að þeir fjármunir sem hér er um að ræða, 300 millj. kr., nýttust sem best. Það liggur t.d. fyrir að það þarf að túlka hvernig skuli með fara ef fyrirtæki sameinast milli sveitarfélaga og ef í einhverju því sveitarfélagi sem í hlut á er sameining á ferðinni að þá hefur fjmrh. rætt um það að sameiningarákvæði skv. 2. gr. mundi gilda fyrir slík fyrirtæki. Enn fremur er líklega rétt að hafa í huga að það sem skiptir sjálfsagt mestu máli í sambandi við nýtingu þessara fjármuna er hvernig til tekst með framkvæmd málsins. Ég hygg að það muni mikið hvíla á þeim mönnum sem veljast til þess að skipa þann starfshóp sem á að fjalla um þessi mál samkvæmt 3. gr. og fjalla um lánsumsóknir þær sem koma og fara yfir endurskipulagningu þeirra fyrirtækja sem í hlut eiga. Það er einu sinni þannig þegar svona mál er á ferðinni þá vill velta mest á framkvæmdinni. Það er í sjálfu sér hægt að hafa lagatextann með margvíslegum hætti en þegar kemur að framkvæmd málsins þá er það það sem máli skiptir.

Ég ætla ekki að hafa fleiri orð um þetta, hæstv. forseti, ég held að það muni reyna á það í framkvæmdinni hvernig til tekst og ég treysti því og er bjartsýnn á það að það muni vel til takast byggð á Vestfjörðum til heilla.

Útbýting þingskjals:

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, 201. mál, brtt. HG og KÁ, þskj. 1297.

[23:39]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég mæli hér fyrir nál. 2. minni hluta efh.- og viðskn. á þskj. 1233. Efh.- og viðskn. klofnaði í þrennt við afgreiðslu málsins og enginn meiri hluti myndaðist í nefndinni.

Það kom hér fram áðan í framsöguræðu hv. 5. þm. Norðurl. v., Vilhjálms Egilssonar, að nefndin fór til fundar við heimamenn á Vestfjörðum og var þar dagpart í viðræðum við þá og einnig fékk nefndin allmargar umsagnir frá aðilum sem málið varðar og aðila til viðtals við sig hér á slóðum syðra.

Það er skemmst frá því að segja, hæstv. forseti, að þetta frv. hefur sætt mjög harðri gagnrýni og í raun og veru á það sammerkt með því frv. sem hér var á dagskrá síðast að það á sér fáa formælendur í óbreyttri mynd. Það kom ekki fram í máli frsm. 1. minni hluta sem hefði gjarnan mátt gera að það var ekkert síður í viðræðum við heimamenn á Vestfjörðum sem þessi gagnrýni kom fram á einstaka efnisþætti frv. og nánast skýlaus krafa flestra þeirra sem þar mættu á fund nefndarinnar um a.m.k. tilteknum þáttum frv. þyrfti að breyta. Þetta á við, og ég leyfi mér að túlka það svo, bæði um viðhorf forsvarsmanna sveitarfélaga fyrir vestan, forsvarsmanna úr atvinnulífi og forsvarsmanna úr verkalýðshreyfingu. Allir þessir aðilar töldu þá þröngu skilyrðingu ráðstafananna við sameiningu bæði fyrirtækja og sveitarfélaga óheppilega eins og í pottinn væri búið vestra. Sömuleiðis hafa nefndinni borist beinlínis athugasemdir frá einstökum aðilum eins og Bolungarvíkurkaupstað og er bréf bæjarstjórans í Bolungarvík ritað fyrir hönd bæjarráðs þess kaupstaðar birt með sem I. fylgiskjal með nál. 2. minni hluta.

Það er einkum tvennt, hæstv. forseti, sem gagnrýnt hefur verið sérstaklega í tengslum við þetta mál. Hið fyrra er að þessu máli skuli ekki vera ætlað að taka til byggðarlaga alls staðar á landinu sem eru í sambærilegri stöðu hvað áhrif af þorskaflabresti snertir. Nú er það svo eins og ráðið verður af fyrirsögn frv. og margoft hefur komið fram að rökstuðningurinn fyrir aðgerðunum er samdráttur í þorskafla og þeir erfiðleikar sem það hafi skapað byggðarlögum á Vestfjörðum sem vissulega og sannarlega eru háð þorskveiðum og búa við einhæft atvinnulíf og að ýmsu öðru leyti erfiðar aðstæður. En á hitt verður að líta að sambærilegar aðstæður fyrirfinnast víðar.

Hið síðara sem frv. hefur verið gagnrýnt fyrir er, eins og áður sagði, sú þrönga skilyrðing ráðstafananna við að eingöngu komi til greina fyrirtæki sem hafa sameinast öðrum enda séu þau jafnframt staðsett í byggðarlögum þar sem sveitarfélög hafi sameinast. Hvor tveggja skilyrðin þurfa að vera fyrir hendi samkvæmt þeim skilningi sem staðfestur hefur verið á frv. Það leiðir auðvitað af sjálfu að þarna er um mjög takmarkandi bindingu að ræða.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að það er engin deila um það að sem landshluti hafa Vestfirðir verulega sérstöðu. Vestfirðir eru hlutfallslega mjög háðir þorskveiðum, sjávarútvegur er þar algjör undirstaða atvinnulífs og atvinnulífið er einhæft. Einnig hafa verið miklir rekstrarerfiðleikar í fjölmörgum mikilvægum sjávarútvegsfyrirtækjum í þeim landshluta. En hitt er alveg jafnljóst og kemur m.a. fram með alveg óhrekjandi hætti í gögnum sem efh.- og viðskn. hefur aflað að það finnast sambærilegar aðstæður, algjörlega sambærilegar aðstæður í byggðarlögum víðar í landinu. Það eru byggðarlög sem eru hlutfallslega mjög háð þorskveiðum þar sem atvinnulífið er einhæft, þar sem menn búa við tiltölulega mikla samgöngulega eða landfræðilega einangrun og þar sem erfiðleikar hafa gengið yfir í atvinnurekstrinum.

Það er því skoðun 2. minni hluta að mismunun af því tagi milli jafnsettra fyrirtækja eða byggðarlaga og þetta frv. gerir ráð fyrir með því að binda ráðstafanirnar við einn landshluta að þetta séu ekki boðlegir stjórnsýsluhættir.

Hvað hin síðari ákvæðin snertir sem gagnrýnd hafa verið eru þar á ferðinni ákvæði m.a. 1., 2. og 3. gr. frv. þar sem það er gert að skilyrði, að vísu með mismunandi orðalagi í hverju tilviki, að um sameiningu fyrirtækja sé að ræða og ekki bara það heldur skuli hin sameinuðu fyrirtæki jafnframt vera staðsett í byggðarlögum eða sveitarfélögum sem hafi sameinast öðrum. Það er skoðun 2. minni hluta að þessi framseting málsins fái ekki staðist, hvort sem heldur er litið til gildra jafnræðissjónarmiða eða staðreynda málsins. Það getur á engan hátt verið réttlætanlegt, svo dæmi sé tekið, að útiloka tvö fyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast og fullnægja í einu og öllu þeim skilyrðum sem frv. gerir ráð fyrir, en útiloka þau frá fyrirgreiðslu á þeim grundvelli einum að íbúar í viðkomandi sveitarfélagi hafi í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu fellt það að sameinast öðru sveitarfélagi. Hvers konar stjórnsýsluhættir eru það að láta slíkt valda því að mismuna í framkvæmd að öðru leyti og að öllu öðru leyti jafnsettum aðilum?

Einnig hlýtur það að geta orkað mjög tvímælis þegar litið er til aðstæðna, bara raunveruleikans eins og hann kemur fyrir, að gera sameiningu fyrirtækja sem slíka, fortakslaust að skilyrði í þessu sambandi. Ef við hugsum okkur nú það dæmi að í hlut eigi annars vegar tvö fyrirtæki sem hvort um sig hafa velt kannski 200 millj. kr. Þau sameinast og úr verður eining sem að óbreyttu mundi þá velta 400 millj. kr. og þau taka til að hagræða í sínum rekstri og stokka upp spilin og þau fá fyrirgreiðslu enda hafi þau verið í sveitarfélögum sem hafa sameinast.

En hugsum okkur nú annað fyrirtæki sem veltir 700 millj., er stærra en hin til samans, er burðarás atvinnulífs í sínu byggðarlagi og þar hafa sveitarfélög sameinast, allt er í lagi, en það vill bara svo til að þetta er eina fyrirtækið á viðkomandi stað. Það hefur engan til að sameinast. Ef það vill nú endurskipuleggja sinn rekstur, sameina vinnslu í einu húsi sem áður hefur verið í tveimur, hagræða og endurskipuleggja sín mál á allan hátt þannig að það er sambærilegt við hin sameinuðu fyrirtæki. Nei, þá skal það ekki verða. Bara af því að sameiningin sem slík er skilyrði. Það er sem sagt ógilt, kemur ekki til greina að annars konar rekstrarleg eða fjármálaleg endurskipulagning komi til álita í þessu sambandi.

Hæstv. forseti. Þá er á það að líta að ég held að þeir sem hefðu sett saman þetta frv. sem prófverkefni í íslensku í 2. bekk menntaskóla hefðu ekki fengið háa einkunn fyrir vandaða málsmeðferð og skarpan skilning á því viðfangsefni sem fyrir þeim lá því staðreyndin er sú að orðalag á þessum pappír hér er svo misvísandi og ruglingslegt að engu tali tekur. Í tveimur lagagreinum frv., sem hvor um sig er um þrjár eða fjórar línur, og í umsögn með annarri þeirra koma fyrir fimm mismunandi útgáfu af þessari sameiningarskilgreiningu. Ég verð að segja alveg eins og er að eftir þá yfirferð sem málið fékk við 1. umr. þá ætlaði ég ekki að trúa því að hv. meiri hluti legði ekki til lagfæringar á þessu orðalagi hér við 2. umr. um málið.

Í 1. gr. er talað um það að heimilt sé að standa straum af víkjandi lánum til sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem vilji sameinast. Þar með virðist viljinn vera forsendan. Það þurfi sem sagt að leiða það í ljós með einhverjum sannanlegum hætti að það sé fyrir hendi vilji til að sameinast og þá séu fyrirtækin gjaldgeng í ráðstafanirnar.

Í 2. gr. er talað um sveitarfélög sem verði sameinuð. Gagnvart sjávarútvegsfyrirtækjum sem ætli að sameinast, þá er viljinn ekki nóg heldur skuli þau beinlínis að ætla það. Svo er sagt: „Sama gildir um þau sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum sem hafa sameinast á undangengnum árum."

Þegar svo farið er í umsögn um 2. gr. þá kemur það fram að þetta taki til sjávarútvegsfyrirtækja sem hyggist sameinast. Þar fundu menn fimmtu útgáfuna af þessu orðalagi. En hvað gerir meiri hluti hv. efh.- og viðskn.? Hann lætur þetta standa óbreytt. (**Gripið fram í:** Það er enginn meiri hluti.) Eða 1. minni hluti, þeir sem tilheyra hinum svokallaða meiri hluta á Alþingi sem er náttúrlega orðinn harla tætingslegur eins og raun ber vitni. Svo kemur hv. þm. Vilhjálmur Egilsson hér og skýtur sér á bak við það að auðvitað skipti þarna miklu máli túlkunin og framkvæmdin, en það sem er sett niður í lagatexta með tilteknum hætti á náttúrlega ekki að túlka öðruvísi en þar stendur eða hvað? (**VE:** Skiptir þá framkvæmdin engu máli?) Það er ekki þar með sagt, hv. þm. En væntanlega ætla menn sér að virða ákvæði laganna í framkvæmdinni og hvernig eru ákvæði laganna? Það hefur verið farið margítrekað yfir það í efh.- og viðskn. að það er ekki hægt að skilja þetta og lesa þetta saman öðruvísi en svona. Það verður að uppfylla hvort tveggja, að fyrirtækin sem í hlut eiga hafi sameinast og að þau séu í sveitarfélögum, annað eða bæði, ef fleiri eru sem hafa jafnframt sameinast öðrum. Svo hláleg er nú þessi framsetning.

Hæstv. forseti. Það er auðvitað satt best að segja ótrúlegt hvernig málið er hér fram borið og þó enn ótrúlegra að eftir þá gagnrýni sem það hefur fengið og þá umfjöllun sem um það hefur farið fram, m.a. á heimaslóðum gagnvart þeim aðilum þar sem þetta á þó að koma til bjargar, þá er þetta engu að síður afgreitt hér óbreytt. Hvaða byggðarlög ætli það séu á Vestfjörðum sem hafa verið mest til umfjöllunar vegna erfiðleika í atvinnumálum undanfarna mánuði eða missiri? Ætli það sé ekki þannig að í hugum okkar margra standi eitthvað æði ofarlega vegna mikilla áfalla sem yfir hafa dunið, Bolungarvík? Og ætli það sé ekki þannig að ýmsir hafi heyrt talsverðar fréttir af því svæði fyrir ekki löngu síðan vegna erfiðleika sem þar gengu yfir? Hvernig snýr þetta að Bolungarvíkurkaupstað? Það er þannig að bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur sent alveg sérstaka umsögn um þetta mál til nefndarinnar og þar er því auðvitað mjög harðlega mótmælt að þessi binding ráðstafananna, aðgerðanna við sveitarfélög sem séu að sameinast öðrum útiloki byggðarlag eins og Bolungarvík frá þessum aðgerðum, algerlega burt séð frá því hvernig ástandið að öðru leyti kann að vera þar og hversu ríkt þörfin kynni að vera þar og einmitt þar fyrir það að menn væru þá með í

aðgerðum af þessu tagi ef þær eiga að koma að einhverju gagni. En það er þannig að Bolungarvíkurkaupstaður sem uppfyllir þær lágmarkskröfur sem félmrn. hefur verið að tala um að sveitarfélög þurfi að gera er sem sagt nú þegar það fjölmennt byggðarlag að það er yfir þeim lágmarksmörkum sem þar hefur verið talað um eða 1000 íbúar ef ég man rétt, það skuli samt sem áður vera sett út af sakramentinu í máli af þessu tagi af því að menn hafa valið það þar í lýðræðislegri atkvæðagreiðslu að vera sjálfstætt sveitarfélag. Hvað á þetta að þýða? (**KHG:** Þeir mega ekki vera sjálfstæðir menn.) Hvað á þetta að þýða? Ég verð að segja alveg eins og er að ég bara botna ekkert í því að menn skuli láta hafa sig í það að standa svona að málum.

Sama má auðvitað segja um ýmis önnur byggðarlög. Menn geta sagt það sem þeim sýnist um það að Tálknafjörður hefur endurtekið í kosningum valið þá leið að ráða sínum málum sjálft, vera sjálfstætt sveitarfélag, taka þátt í sameiningu sveitarfélaganna á sunnanverðum Vestfjörðunum. Menn geta talið það vitlaust, verið á móti því og allt það, en þetta vald var nú einu sinni sett í hendur fólkinu sjálfu að ráða því í atkvæðagreiðslu hvað það mundi gera og það er búið að svara því, ekki einu sinni heldur tvisvar að það vilji áfram reka sitt sveitarfélag sem sjálfstæða einingu og ég skil Tálknfirðinga vel því að Tálknafjörður er myndarlegt, þriflegt og að mörgu leyti vel uppbyggt pláss sem hefur haldið vel á sínum málum. Þar hefur verið jöfn og þétt fólksfjölgun. Þar hefur verið talsverð sameiginleg uppbygging og ágætis aðstaða til skólahalds og fleiri hluta. En hvað þýðir þetta á hinn bóginn? Þetta þýðir þar með samkvæmt þessu frv. að það byggðarlag er dæmt úr leik og hafa þá einmitt gengið þar yfir áföll, menn neyðst til þess að selja burtu stærsta skip staðarins og hafa kannski einmitt hugsað sér að með hagræðingu og e.t.v. uppstokkun í fyrirtækjum staðarins mundu menn geta styrkt sína stöðu. En nei takk, þið eru ekki með af því að það er skilyrði að sameinast einhverju öðru sveitarfélagi. Auðvitað er þetta alveg gersamlega út í hött og fáránlegt. Þá er þarna einhver allt önnur aðgerð á ferðinni en sú sem látið er í veðri vaka. Ef hæstv. félmrh. hefur komist með puttana í þetta mál og hefur verið ákveðið að setja þumalskrúfur á menn til að sameinast, þá á að gera það með öðrum hætti en þessum að dulbúa það í frv. um ráðstafanir vegna samdráttar í þorskafla. Hverju eru menn að hræra hér saman? Og vel að merkja, hæstv. forseti, hvar er hæstv. forsrh. sem ef ég man rétt ber þetta mál fram? (**Gripið fram í:** Fjmrh.) Er það fjmrh.? Jæja. Þess þá heldur. Ég held að það væri ástæða til að hv. málsvarar þessa máls kæmu hér til fundarins nema hæstv. utanrrh. sé tekinn við þessum verkefnum fyrir ríkisstjórnina.

(**Forseti** (VS): Hæstv. fjmrh. er í þinghúsinu og forseti mun láta hann vita að nærveru hans sé óskað.)

Já, er hann að fela sig niðri í þingflokksherbergi Sjálfstfl.?

Ég held líka, hæstv. forseti, að það sé alveg nauðsynlegt að fá hæstv. forsrh. hingað því að það á að heita svo að þetta sé öðrum þræði byggðaaðgerð og byggðamál heyra undir hæstv. forsrh. eins og kunnugt er. (**KHG:** Hann á að setja reglugerðina.) Og svo er það upplýst hér að hæstv. forsrh. eigi að setja reglugerðina sem er náttúrlega afar kúnstug útgáfa. Ég verð að segja alveg eins og er að það er mikil snilld að við frv. sem hæstv. fjmrh. flytur hér, flytur meiri hlutinn brtt. um það að forsrh. skuli setja reglugerð um það mál. Hvers konar verkaskipting í Stjórnarráðinu er hér eiginlega orðin? Er þess að vænta að hæstv. félmrh. fari að setja reglugerðir við frumvörp sem iðnrh. flytur o.s.frv.? Ég held að það sé þá enn meiri ástæða, hæstv. forseti, til að fá hæstv. forsrh. hér úr því að hann á að setja þessa reglugerð og ég óska eindregið eftir því, hæstv. forseti, ég óska eindregið eftir því að hæstv. reglugerðarsmiður, hæstv. forsrh., verði kvaddur til umræðunnar. Ég held að það sé þá ekki seinna vænna að fá það upplýst hvernig hæstv. forsrh. hyggist blanda sér í þetta mál með reglugerðarsetningunni nema þetta sé hluti af einhverju æðra samkomulagi í ríkisstjórninni að hæstv. fjmrh. fær að vísu heiðurinn af því að flytja þetta merka mál, en hæstv. forsrh. á að ganga frá reglugerðinni. (**VE:** Honum verður ekki skotaskuld úr því.) Það er svo aftur annað mál þó að út af fyrir sig sé kannski ekki ástæða til að efa að hæstv. forsrh. komi frá sér reglugerðinni. En það væri fróðlegt að vita hvað á að vera í henni og ég sé ekki, hæstv. forseti, að reglugerð breyti því að í raun og veru er frv. þannig úr garði gert að ef menn láta hafa sig í það að samþykkja það óbreytt, þá gengur það engan veginn upp fyrir nú utan það sem verst er af öllu, að ég hef ekki trú á því að þetta komi Vestfirðingum að svo til neinu gagni. (**VE:** Jú.) Það er að vísu hugsanlegt að einhver 2–3 tilvik nái í gegnum síurnar báðar eða allar þannig að í hlut eigi fyrirtæki sem hafa sameinast öðrum fyrirtækjum í sveitarfélögum sem hafa sameinast öðrum sveitarfélögum. Þau dæmi verða væntanlega ekki mörg, enda var það nú reyndar svo að upplýst var af þeim talsmönnum Byggðastofnunar sem höfðu komið að þessu máli að það væri út af fyrir sig alls ekki ætlunin að þetta yrðu nema tvö eða þrjú tilvik. Menn eru kannski þegar búnir að ganga frá því og velja hvaða fyrirtæki eiga að fá náð fyrir augum þessa merka frv. og passa inn í reglugerðina sem hæstv. forsrh. setur.

Auðvitað er það þannig, hæstv. forseti, að þetta mál verður í raun og veru því dularfyllra eftir því sem það er betur skoðað og satt best að segja er það þannig að þegar maður er búinn að fara rækilega yfir það og átta sig á því, ræða við heimamenn, þá er manni alveg lífsins ómögulegt að skilja hvað fyrir mönnum vakir að halda til streitu afgreiðslu á þessu frv. í óbreyttri mynd. Að menn skuli virkilega ætla að bjóða sér það að hengja þetta á Vestfirði með þeirri í sjálfu sér að mörgu leyti neikvæðu umræðu sem það hefur kallað yfir þann landshluta og var þó svo sem nóg fyrir, en hafa það svo þannig úr garði gert að í raun og veru taki það ekki til nema örfárra tilvika í fjórðungnum. Stór hluti þeirra tilvika sem þyrftu virkilega á fyrirgreiðslu að halda séu fyrir fram útilokuð, Bolungarvík, Tálknafjörður, Þingeyri jafnvel, Hólmavík. Ekk-

ert þessara dæma virðist koma til greina þar sem þar er ekki um neina sveitarfélagasameiningu að ræða og/eða þá sameiningu fyrirtækja. (**VE:** Breytingar koma til greina.) Það er kannski hugsanlegt að menn finni sér svo einhverjar leiðir fram hjá þessum vandræðum með því að Bolungarvík fari að bjóða í einhvern hrepp inni í Djúpi til að reyna að fá hann til að sameinast sér þannig að þeir geti uppfyllt þau skilyrði. En er það þá boðlegur frágangur á málinu ef menn þurfa að fara út í einhvern slíkan hráskinnsleik til þess að geta að forminu til fullnægt skilyrðum. Þetta er svona, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson. Það þýðir ekkert að tuða hér fram í og hrista svo hausinn stanslaust. Þetta er svona. Frumvarpið er svona úr garði gert. (**VE:** Þú átt að lesa þetta.) Ég er búinn að lesa þetta nokkuð vel, hv. þm., tel mig geta rökrætt það við hv. þm. alveg eins og fara gerir. (**Gripið fram í:** Þú verður að lesa reglugerðina.) Hún hefur hins vegar ekki verið birt enn þá. Það er voðalega erfitt að lesa óútgefna reglugerð frá hæstv. forsrh. við frumvarp sem hæstv. fjmrh. flytur. (**VE:** Beittu hugarfluginu.) Og svo er hæstv. utanrrh. eini maðurinn sem er hér til málsvara fyrir ríkisstjórnina en þetta er orðið mikið þrieyki sem að þessu máli kemur.

Nei, hæstv. forseti. Það er margt mjög ámælisvert í þessari málsmeðferð. Það er til að mynda alveg ljóst, að hæstv. ríkisstjórn hefur misnotað alveg gersamlega Samband ísl. sveitarfélaga í þessu máli, alveg gersamlega, þannig að framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga hefur séð sig knúinn til þess að mótmæla því harðlega. Í nefndaráliti 2. minni hluta er birt bréf frá Sambandi sveitarfélaga það sem framkvæmdastjóri Sambands sveitarfélaga er að mótmæla því harðlega hvernig samkomulag sveitarfélaganna og ríkisins um skuldastöðu sveitarfélaganna og jöfnun á skuldastöðu sveitarfélaganna er misnotað í tengslum við flutning þessa frumvarps. Með því að flytja það hér, birta það hér sem fskj. aftast í þskj. Þetta tvennt er gersamlega óskylt og hvað öðru óviðkomandi. (**VE:** Er eitthvert leyndarmál þetta samkomulag?) Ja, það er ósköp einfaldlega þannig, hv. þm., ef hv. þm. tekur ekki mark á því sem hér er verið að segja, þá er rétt að lesa ofan í hausinn á hv. þm. þetta bréf frá stjórn Sambands ísl. sveitarfélaga, en það er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Stjórn Sambands sveitarfélaga hefur á fundi sínum 24. mars 1994 staðfest samkomulag um aðgerðir til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar, dags. 10. mars 1994.

Stjórn sambandsins mótmælir því harðlega að ofangreint samkomulag skuli vera tengt frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla og prentað sem fskj. með því frv. Samkomulagið sem stjórn sambandsins er aðili að var gert áður en frv. var lagt fram og er byggt á ákvæðum sveitarstjórnarlaga og laga um tekjustofna sveitarfélaga og er gert til að stuðla að sameiningum sveitarfélaga, hvar sem er á landinu með því að jafna skuldastöðu þeirra. Samkomulagið á ekkert skylt við sértækar ráðstafanir ríkissjóðs á tilteknum landsvæðum í kjölfar samdráttar í þorskafla.

Virðingarfyllst,

Þórður Skúlason, framkvæmdastjóri."

Þetta er svona. Og hvað er hæstv. ríkisstjórn að gera þarna? Hún er að misnota sér þetta samkomulag sem þarna er gert í óskyldum tilgangi og gefa það í skyn með því að prenta það hér sem fskj. að þetta sé einhvers konar samkomulagsbundinn hluti af aðgerðum í sameiningu sveitarfélaganna. Staðreyndin er auðvitað sú að sveitarfélögin sjálf, Samband sveitarfélaga er náttúrlega algerlega andvígt því verklagi sem hér er ástundað og hefur verið frá upphafi. (**VE:** Mega sveitarfélög ekki sameinast á Vestfjörðum?) Vegna hvers er það, hæstv. forseti? Það er vegna þess að Samband sveitarfélaga hefur frá upphafi verið andvígt þvingaðri sameiningu sveitarfélaga. Eðlilega. Þar hafa menn viljað að sveitarfélögin fengju að ráða þessu sjálf, en það er ekki ætlunin. Það er ekki meiningin. Auðvitað er það þannig að þetta frv. er öðrum þræði þvingunaraðgerð gagnvart þeim sveitarfélögum sem hafa kosið í kosningum eða með öðrum hætti að standa sjálfstæð, það á að reyna að neyða þau eða múta þeim til þess að sameinast. (**VE:** Gera það hagstætt.) Þetta er nú svona, hæstv. forseti.

Ég held að það sé í sjálfu sér ekki ástæða til að fara yfir öll þau fylgiskjöl sem hér fylgja með þó að það sé fróðleg lesning fyrir margan manninn hygg ég. Ég hvet menn til þess, tímans vegna, að kynna sér til að mynda þá úttekt sem Þjóðhagsstofnun og Byggðastofnun unnu fyrir efh.- og viðskn., það mun hafa verið fyrst og fremst Byggðastofnun reyndar, hæstv. forseti, og er rétt að leiðrétta það, þar sem m.a. kom fram upplýsingar um hlutdeild þorskafla í lönduðum afla í einstökum verstöðvum. Þar kemur það mjög skýrt í ljós sem og kemur það í ljós í úttekt Þjóðhagsstofnunar og afkomu sjávarútvegsfyrirtækjanna að þó að Vestfirðir hafi vissulega eins og hér sagði áður sérstöðu sem landshluti, þá eru fjölmörg byggðarlög annars staðar á landinu í mjög sambærilegri stöðu. Hvað segja t.d. þingmenn Vesturlands? Hvar eru stjórnarsinnarnir úr þingmannahópi Vesturlands? Ætla þeir að horfa upp á það að byggðarlög hjá þeim í stórum stíl sem eru hlutfallslega a.m.k. jafnháð ef ekki háðari þorskveiðum séu sett út úr myndinni af þeim sökum einum að landfræðilega tilheyra þau ekki Vestfjörðum þó að þau hafi að öllu öðru leyti ef svo ber undir sambærilega aðstöðu, séu jafnháð eða háðari þorskafla o.s.frv.?

Það er líka athyglisvert að skoða nýjustu gögn frá Þjóðhagsstofnun um einfaldlega fjárhagsstöðu sjávarútvegsins í einstökum kjördæmum. Hvað kemur þá í ljós? Það kemur í ljós að tvö kjördæmi eru því miður verr á vegi stödd en Vestfirðir hvað það snertir. Það eru Vesturland og Suðurland þar sem ástandið er langverst. Ef menn eru að líta til fjárhagsstöðunnar eins og hún er að meðaltali með öllum þeim fyrirvörum sem auðvitað verður að hafa á slíku, þá eru líka rök til þess að líta á fleiri staði en Vestfirðina. Og sama má segja um aðrar breytur í því samhengi, hagnað og annað því um líkt.

Þetta er ekki sagt hér, hæstv. forseti, vegna þess að ræðumann langi til að gera lítið úr vanda Vestfirðinga. Hann er mikill. Auðvitað er það alveg ljóst að í byggðalegu tilliti á enginn landshluti sem heild við jafnerfiðan vanda að glíma og Vestfirðir. Þess vegna er það svo að 2. minni hluti hefur líka fullan skilning á því að það er mikil þörf á því að grípa þarna til aðgerða og við styðjum það. En við viljum reyna að ganga þannig frá því máli að það sé frambærilegt. Þess vegna flytjum við um það brtt., hæstv. forseti, og leggjum til að frv. verði breytt á þann veg að í fyrsta lagi verði felldar út þær bindingar við sameiningu sveitarfélaga sem 2. gr. gerir ráð fyrir og fyrirtæki sem eru að sameinast eða endurskipuleggja rekstur sinn með öðrum hætti komi til greina burt séð frá því hvort þau standa í fyrirtækjum sem hafa sameinaðst eða ekki sameinast.

Við gerum í öðru lagi ráð fyrir því að sú upphæð sem þarna er sett til ráðstöfunar verði nokkru hærri, enda komi þá landið allt til skoðunar og staða byggðarlaga eða fyrirtækja sem er sambærileg annars staðar á landinu verði þá líka metin og falli undir þessar ráðstafanir. Ég held, hæstv. forseti, að það sé í raun og veru ekki nokkur leið, ég segi það a.m.k. fyrir mitt leyti, að standa að því að afgreiða þessar sértæku ráðstafanir með þessum hætti öðruvísi en að gera a.m.k. tilraun til þess að þær séu þannig úr garði gerðar að þingmenn geti farið til síns heima, hvaða kjördæmi landsins sem þeir tilheyra og sagt sem svo, að menn hafi gengið þannig frá þessum málum að þeir sem jafnsettir séu hvað varðar áhrif af þorskaflasamdrættinum sitji við sama borð.

Auk þess, hæstv. forseti, leggjum við til að sú upphæð sem Byggðastofnun er heimilað í 5. gr. samkvæmt ákvæðum þar að verja til að styðja nýjungar í atvinnumálum verði nokkuð hækkuð. (**KÁ:** Hvernig er með þessa ráðherra?) Hæstv. forseti. Þetta er alveg með endemum og ólíkindum, þeir tolla bara ekki í salnum aumingja ráðherrarnir. Ég legg til að hæstv. forseti fresti fundi úr því að þetta er orðið svona neyðarástand. (**ÓÞÞ:** Fresta þessu máli.) Fresta þessu máli úr því að hæstv. ráðherrar geta ekki lengur tollað í salnum, hafa ekki þrek eða úthald til að sinna skyldum sínum. Við höfum fullan skilning á því að hæstv. ráðherrar kunni að vera þreyttir, það er gjarnan mikið vinnuálag á þeirri tegund, homo sapiens, sem gegnir ráðherrastörfum hverju sinni.

(**Forseti** (VS): Forseti vildi gjarnan fá að komast aðeins að. Þannig háttar til með hæstv. fjmrh. að hann er í þinghúsinu og sást í hliðarsal fyrir örstuttri stundu. (**SJS:** Hann sást meira að segja.) Hæstv. forsrh. er á leiðinni samkvæmt upplýsingum (**VE:** Fjmrh. er genginn í salinn.) sem forseti fékk nýlega.)

Það eru náttúrlega mikil tíðindi að hæstv. fjmrh. hafi meira að segja sést, honum sást bregða fyrir.

En af því að þetta er fyrsta ræða mín, hæstv. forseti, get ég til samkomulag fallist á að ljúka henni þó að hæstv. forsrh. sé ekki kominn. En það er alveg ljóst að af minni hálfu þá lýkur þessari umræðu ekki með góðu fyrr en hæstv. forsrh. hefur verið viðstaddur og m.a. komið inn á það og svarað því hvernig hann hyggst standa að útgáfu þeirrar reglugerðar sem með stórkostlegri brtt. á að heimila honum að gefa út við lög sem heyra undir hæstv. fjmrh. Ég leyfi mér að spyrja hvort hæstv. forseti viti þess dæmi, hvort hér sé ekki beinlínis verið að brjóta í blað í löggjafarstörfum og þingsögunni að ætla einum ráðherra að setja reglugerð við lög sem heyra undir annan. (**VE:** Gott samkomulag.) Það snýst ekki um það, hæstv. forseti, hv. framm íkallandi „par exellans", Vilhjálmur Egilsson, sem hefur haldið uppi líflegum samræðum í allt kvöld, heldur snýst þetta um verkaskiptingu í Stjórnarráði Íslands. Það þarf að vera sæmilega skýrt hver ber ábyrgð á hverju. Hæstv. fjmrh. hefur orðið þess einstaka heiðurs aðnjótandi að fá að flytja þetta mál og hann tjáir sig væntanlega um það hvort hann telji það venjulega stjórnsýsluhætti að hæstv. forsrh. setji hins vegar reglugerðina.

Að lokum, hæstv. forseti, langar mig að koma aftur inn á það mál sem ég tel að mörgu leyti mest umhugsunarefni í sambandi við þennan málatilbúnað allan. Það varðar það að hér er á ferðinni mjög sértæk stjórnsýsluaðgerð þannig að ég leyfi mér að draga það í efa að með sambærilegum hætti hafi jafngrimmilega sértæk ráðstöfun litið dagsins ljós af því að rökstuðningurinn fyrir henni er almenns eðlis, þ.e. samdráttur í þorskveiðum. Væri það svo að þorskur væri þannig kvikindi að hann hefði eingöngu sést og veiðst og komið á land fyrir Vestfjörðum, í því kjördæmi, þá væru kannski rök fyrir því að láta það koma fram í heiti frv. að þetta væru eingöngu ráðstafanir sem tækju til Vestfjarða en nú er ekki svo. Við vitum það öll hér inni, hv. þm., að það finnast fjölmörg byggðarlög hringinn í kringum Ísland þar sem þorskurinn er algjör undirstaða atvinnulífs og menn hafa ekki að miklu öðru að hverfa, þar sem atvinnulífið er einhæft, þar sem eru erfiðleikar í rekstri o.s.frv. Hvað eigum við þingmenn Norðurlands eystra að gera standandi frammi fyrir frv. af þessu tagi og hafandi nýlega horft upp á byggðarlög í okkar kjördæmi verða fyrir ekki minni áföllum og hremmingum heldur en hver önnur. (**VE:** Eru þið ekki búnir að bjarga því?) Þetta snýst ekki um það, hv. þm., að vera með einhverja hótfyndni í framm íköllum af þessu tagi. Vonandi tekst að leysa þau vandamál sem þar eru uppi en það er ekki málið.

Hv. þm. virðist ekki skilja hvað þetta snýst um. Þetta snýst um hvort menn geti í ráðstöfunum af þessu tagi bundið þær við einstakan landshluta þó að rökstuðningurinn fyrir þeim sé almenns eðlis. Þetta er ekki borið fram sem sértæk byggðaaðgerð gagnvart landshluta sem á í erfiðleikum. Nei. Þá væri málið betra. Ef þetta hefði snúist um 300 millj. kr. til Byggðastofnunar vegna vanda í byggðamálum á Vestfjörðum hefði sá sem hér talar ekki sagt eitt orð um það annað en stutt það því sá byggðavandi er fyrir hendi. En að búa þetta út í þann búning að það sé vegna samdráttar í þorskveiðum en heimfæra það svo upp á eitt kjördæmi gengur ekki upp. Þá hefði verið mikið nær að ganga frá málinu með þeim hætti sem ég sagði áðan.

Nú er það svo, hæstv. forseti, að um áramótin ganga

í gildi svonefnd stjórnsýslulög sem ég veit að virðulegum forseta vorum eru kunn. Þessi lög eru á margan hátt merkileg vegna þess að í þeim er til að mynda í fyrsta skipti, að mér skilst af fróðum mönnum, lögfestar vissar grundvallarreglur góðra stjórnsýsluhátta sem menn hafa að vísu verið að reyna að höfða til á undanförnum árum en hafa ekki byggst á lögum eða lagastoð nema að litlu leyti í fornum ákvæðum í okkar gömlu stjórnarskrá sem er eins og kunnugt er að stofni til dönsk smíð frá meira en aftan við miðja síðustu öld og ber eðlilega nokkurn keim af því.

En í nýju stjórnsýslulögunum eru lögfest ýmis merkileg ákvæði. Þar á meðal segir í gildissviði laganna í 1. gr. að lög þessi taki til stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga. Og svo segir: „Lögin gilda þegar stjórnvöld, þar á meðal stjórnsýslunefndir, taka ákvarðanir um rétt eða skyldu manna."

Og hvað segir svo í 11. gr. þessara laga? Hún er mjög merkileg því þar er lögfest, hæstv. forseti, svonefnd jafnræðisregla. Nú er mikill skaði að hv. þm., framíkallandi Vilhjálmur Egilsson, skuli vera farinn úr salnum. Ég held að hv. þm. hefði gott af því að heyra þetta með jafnræðisregluna. Gott ef ekki bara ágætt fyrir hæstv. fjmrh. að velta þessu fyrir sér líka. Jafnræðisreglan í 11. gr. er svona, með leyfi forseta:

„Við úrlausn mála skulu stjórnvöld gæta samræmis og jafnræðis í lagalegu tilliti. Óheimilt er að mismuna aðilum við úrlausn mála á grundvelli sjónarmiða byggðum á kynferði þeirra, kynþætti, litarhætti, þjóðerni, trúarbrögðum, stjórnmálaskoðunum, þjóðfélagsstöðu, ætterni eða öðrum sambærilegum ástæðum."

Þetta er jafnræðisreglan. Hún er mjög göfug og gagnmerk.

Nú er að vísu samkvæmt orðanna hljóðan fyrst og fremst hafður í huga persónubundinn réttur. Ég vek þó athygli á því að orðalagið er aðilar, það er talað um aðila ekki einstaklinga: „Óheimilt er að mismuna aðilum".

Mér er líka ljóst að við lagalega túlkun á ákvæðum af þessu tagi skiptir máli hvort um íþyngjandi eða ívilnandi aðgerðir er að ræða. Það er allt á sínum stað. En samt er það svo að einmitt á þeim tímamótum þegar nýbúið er að lögfesta reglu af þessu tagi sem á að bæta stjórnsýsluna, á að tryggja mönnum jafnari réttarstöðu í landinu gagnvart stjórnsýsluháttunum, hlýtur það að leita á mann hvort ekki sé ærið mótsagnakennt að einmitt þá í kjölfar slíks skuli frv. af þessu tagi líta dagsins ljós þar sem gefin er tiltekin forsenda almenns eðlis um samdrátt í þorskveiðum en síðan er þeim sem til greina koma grimmilega mismunað eins og reglan er útfærð. Ég ætla ekki að halda því fram, hæstv. forseti, ég teldi það oftúlkun, að frv. eins og það liggur fyrir væri skýlaust brot á þessari jafnræðisreglu. Ég ætla ekki að ganga svo langt vegna þess, eins og ég sagði, að mér er ljóst að þar kemur til álita við lögskýringuna hvort tveggja að e.t.v. er meira horft til persónubundins réttar en hægt sé að tala um í þessu tilviki og það skiptir máli hvort um ívilnandi eða íþyngjandi aðgerðir af hálfu stjórnvalda er að ræða. Það er ekki endilega svo að allir aðrir en þeir sem njóta geti gert kröfu til þess þó að stjórnvöld ákveði ívilnandi ráðstafanir í einhverjum tilvikum.

En staðreyndin er sú að hér er um persónubundin réttindi að ræða. Hér er um einstaklingshagsmuni að ræða vegna þess að það fólk sem í hlut á, í þeim byggðarlögum sem undir málið heyra, á beina persónubundna hagsmuni af því hvernig þetta mál er útfært. Auðvitað er það þannig. Ef þessi mismunun rýrir stöðu íbúanna á Tálknafirði vegna þess að þeir eru ekki jafnsettir íbúum annarra byggðarlaga á Vestfjörðum, svo ekki sé talað um íbúa í öðrum byggðarlögum landsins, þá kemur til álita hvort þeir stjórnsýsluhættir standist.

Ég held að á hæstv. ríkisstjórn og hv. þm. stjórnarliðsins, svo ég tali nú ekki um hv. þm. stjórnarliðsins úr öðrum kjördæmum en Vestfjörðum, hafi þeir á annað borð eitthvað hugleitt þetta mál, hljóti að leita efasemdir eða ég vona það a.m.k. gagnvart þessu máli. Ég held að það hljóti að vera. Ég spyr mig að því hvort menn eigi svo hægt um vik að ganga svona frá þessu ef þeir á annað borð hafa velt málinu eitthvað fyrir sér.

Hæstv. forseti. Að síðustu bara til að undirstrika það og fyrirbyggja allan misskilning af því að ég hef farið nokkuð rækilega yfir það mál og tekið að mér það sem einhver varð að gera, að flytja inn í þessa umræðu þá þungu gagnrýni sem þetta mál hefur fengið í umsögnum til efh.- og viðskn. í viðtölum við aðila, ekki síst þá aðila sem hafa gagnrýnt það mjög hvernig útfærsla málsins er, en til að fyrirbyggja misskilning hafandi flutt þau sjónarmið hingað inn þá vil ég aftur undirstrika það að skoðun 2. minni hluta er sú að það sé rík ástæða til að grípa til aðgerða gagnvart þeim vanda sem ekki síst Vestfirðir hafa orðið fyrir. Og ég ætla að vona að ég verði ekki umfram aðra menn sakaður um að hafa ekki reynt að leggja Vestfjarðakjördæmi lið að breyttu breytanda í varnarbaráttu manna á þeim slóðum í atvinnu- og byggðarlegu tilliti. En við teljum að þarna eigi fleiri um sambærilega sárt að binda og það hljóti að vera markmið og keppikefli manna við löggjafarstörf á Alþingi sem og almennt í stjórnsýslunni að þegnar landsins búi við sæmilegt jafnræði gagnvart aðgerðum af þessu tagi. Ég skora því á hv. þm., hv. meiri hluta, að ljá máls á því að það verði skoðað að gera lagfæringar á þessu frv. Það er okkar vilji, það er okkar ósk, að fá að taka þátt í því að lagfæra málið þannig að um það megi nást sæmileg sátt og góð afgreiðsla á því áður en þinginu lýkur. Það er hægt að gera það með tiltölulega litlum breytingum. Ég vil segja við hæstv. fjmrh., ef hann skyldi hafa áhyggjur af útgjaldaþætti þessa máls, að ég held að með því að skilgreina ráðstafanirnar með svipuðum hætti og gert er í brtt. minni hlutans, að til greina kæmu eingöngu þau byggðarlög þar sem þorskaflabresturinn er mestur, þar sem samdráttur veiðiheimilda er yfir landsmeðaltali og þar sem að öðru leyti um sambærilegar aðstæður er að ræða, þá sé ekki ástæða til að óttast í sjálfu sér að um miklu meiri útgjöld þyrfti að vera að ræða. E.t.v. yrði það niðurstaðan að til viðbótar byggðarlögum á Vestfjörðum kæmu

tvö, þrjú byggðarlög önnur í landinu sem skilgreindust í sambærilegri stöðu en þá væri ekki lengur um það að ræða að þessi mikla sértæka binding aðgerðanna við einn landshluta, eitt kjördæmi, væri á ferðinni sem að mínu mati er mikið kappsmál að reyna að ná fram.

Það leita á hugann umræður, hæstv. forseti, fyrr á öldinni um sértækar aðgerðir. Mikill málflutningur, sem fór fram m.a. á þingi, hjá þingmönnum Sjálfstfl. ekki síst þar sem gagnrýndar voru mjög harðlega sértækar aðgerðir í atvinnumálum. Hvernig voru þessar sértöku aðgerðir? Hver var gagnrýnin á þær? Hún var sú að það væri verið að raska samkeppnisstöðu atvinnugreinanna innbyrðis af því að það væru á ferðinni ráðstafanir sem tækju eingöngu til útflutningsgreinanna, sjávarútvegsins og annarra útflutningsgreina en ekki annarra þátta í atvinnulífinu. (**VE:** Þá var gengið vitlaust.) Þetta væri svo sértæk ráðstöfun, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, að það væri gagnrýni vert. En þá verð ég að leyfa mér í lokin að spyrja: Hvers konar aðgerðir eru þá þetta? Þær eru ekki bara sértækar í þeim skilningi að þær taki bara til útflutningsgreina. Nei, þær eru sértækari en það. Þær taka bara til sjávarútvegsins. Þær eru ekki bara sértækar í því að þær taki bara til sjávarútvegsins, þær taka bara til sjávarútvegsins á Vestfjörðum. Þær eru ekki bara sértækar í því að þær taki til sjávarútvegsins á Vestfjörðum, nei, þær eru sértækari en það. Þær taka bara til þeirra sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem hafa sameinast. Og þær eru ekki bara svo sértækar. Þær eru enn sértækari en það. Þær taka bara til þeirra sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum sem eru í sveitarfélögum sem hafa sjálf sameinast og þá held ég að ekki verði öllu lengra komist í sértækninni. Nema þá ef því væri bætt inn í að forsvarsmenn viðkomandi fyrirtækja skyldu svo allir vera í sömu tveimur stjórnmálaflokkum.

Hæstv. forseti. Ég tel málið alvarlegra en svo að það þjóni í sjálfu sér tilgangi að fara út í samanburð eða upprifjun af þessu tagi en ég mátti eiginlega til bara sögunnar vegna að minna aðeins á þetta. Það kemur ýmislegt upp í hugann svona á síðkvöldum þegar málin eru brotin til mergjar eins og hér er verið að gera. En ég leyfi mér að vænta þess að þrátt fyrir allt sé það enn tilraunarinnar virði að eiga hér einhver orðaskipti og ég segi það fyrir mitt leyti að ég teldi það geta greitt fyrir þingstörfum og þinglokum ef menn féllust á að setjast aðeins yfir það hvort ekki væri með góðum hug hægt að lagfæra þetta mál þannig að allir gætu staðið saman að afgreiðslu þess.

Ég leyfi mér líka að ímynda mér og reyndar þykist ég viss um það að hv. þm. Vestfjarða þyki þetta ekkert þægileg spor að vera að knýja fram afgreiðslu á máli af þessu tagi í þessari mynd með þeim augljósu annmörkum sem á því eru í stað þess að reyna að ná frekar samstöðu og samkomulagi við þingmenn annarra kjördæma, stjórnar og stjórnarandstöðu, um afgreiðslu á máli sem er almenns eðlis og setur alla í sambærilegri stöðu við sama borð. Auðvitað eigum við að reyna að leita að farvegi fyrir málið og afgreiðslu á því í slíkri mynd.

[00:28]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram ítrekað í ræðu síðasta ræðumanns, hv. 4. þm. Norðurl. e., að óskað var eftir því að hæstv. forsrh. yrði kvaddur til umræðunnar. Þær upplýsingar bárust að hann væri á leiðinni. Nú hefur ekkert til hans sést enn sem komið er en nauðsynlegt er að hann komi til þingfundar og verði viðstaddur þessa umræðu enda var málflutningur 1. minni hluta nefndarinnar þannig. Af því að málið er svo óljóst og illa samið verður það allt að velta á framkvæmdinni og eina brtt. sem gerð er er að hæstv. forsrh. eigi að ákvarða um framkvæmdina með reglugerð. Hann er því eini maðurinn sem getur svarað okkur einhverju um framkvæmd málsins. Því er nauðsynlegt að hann verði hér til svara, til að útskýra þetta frv. sem enginn skilur nema kannski innvígðir í Sjálfstfl. En við hinir þurfum líka að fá upplýsingar um það hver meiningin er með frv. og þar sem hæstv. forsrh. á að vera falið að útfæra málið þá er nauðsynlegt að hann komi hér til að hlýða á ræður manna og svara spurningum og útskýra þetta mál. Þessari umræðu getur ekki lokið án þess og ég tel reyndar að hún geti ekki haldið áfram fyrr en hæstv. ráðherra er kominn til þingfundar.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. (**KÁ:** Er forsrh. nokkuð kominn í hús?) Forseti hefur ekki fengið athugasemdir frá þeim hv. ræðumanni sem næstur er á mælendaskrá þannig að það er ekki við því að búast að hægt sé að verða við þessari ósk hv. 5. þm. Vestf.

[00:31]

Kristín Ástgeirsdóttir *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil taka undir það að mér þykir afar óeðlilegt að halda umræðum áfram án þess að forsrh. komi til fundarins. Það var rætt hér sérstaklega í dag varðandi þau mál sem fyrirhugað var að ræða í kvöld, annars vegar EES-málið og hins vegar Vestfjarðamálið, að þess væri óskað að forsrh. yrði viðstaddur. Ég trúi ekki öðru en að þeim skilaboðum hafi verið komið til hans. Ég veit ekki hvers vegna hann er fjarverandi en ég tek undir og ítreka það að mér finnst mjög óeðlilegt að halda þessum umræðum áfram án hans vegna þess sem hér hefur komið fram, að honum er ætlað að halda utan um þá reglugerð sem mun fylgja frv. Það er ekki annað eðlilegt en að spyrjast fyrir um það hvað menn ætla sér varðandi framkvæmd þessara laga. Ég spyr því enn einu sinni: Er von á hæstv. forsrh.? Ef svo er ekki tel ég rétt að þessari umræðu verði frestað.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur leitað upplýsinga um ferðir hæstv. forsrh. og fengið þær upplýsingar að hann sé á leiðinni til þinghússins og væntir forseti þess að hv. þm. geti haldið umræðunni áfram. Mælist forseti eindregið til þess að þingmenn taki tillit til þeirra aðstæðna sem hér eru.

[00:32]

Kristinn H. Gunnarsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil, virðulegi forseti, ítreka þá skoðun mína að það er ekki boðlegt annað en hæstv. forsrh. verði við þessa umræðu. Hann var sagður vera á leiðinni fyrir tæpum klukkutíma og nú er hann enn á leiðinni. Og ég spyr hæstv. forseta: Hvar er þessi leið? Á hvaða leið er forsrh.? Hann er greinilega ekki á réttri leið fyrst hann er ekki kominn enn. Er hann orðinn villtur? (**Gripið fram í:** Og það í borginni.) Og það í borginni.

Virðulegi forseti. Þetta gengur ekki. Menn ná ekki niðurstöðu um þingstörf í neinum friði ef á að koma fram við þingheim eins og hæstv. ráðherra hefur gert með fjarveru sinni og eins og aðrir hæstv. ráðherrar hafa gert fyrr í kvöld eins og hæstv. sjútvrh. Ekki var hann að stuðla að því að menn næðu saman um þinglok á næstu klukkustundum eins og menn eru nú að leitast við að ná samkomulagi um.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti telur afskaplega ólíklegt að hæstv. forsrh. villist í borginni.

[00:34]

Páll Pétursson *(um fundarstjórn)*:

Herra forseti. Ég vil láta það koma fram að þegar við þingflokksformenn hittumst fyrir kvöldmatinn og fjölluðum um hvað ætti að gera eftir kvöldmat kom ég þeirri eindregnu ósk á framfæri að forsrh. væri hér við. Ég taldi þá og tel enn að það sé alveg útilokað að ræða þetta mál öðruvísi en hæstv. forsrh. sé við. Þá þegar af þeirri ástæðu að svo undarlega vill til að það er hæstv. fjmrh. sem ber málið fram en það er hæstv. forsrh. sem á að setja reglugerðina og er það nokkur nýlunda í starfsháttum. Ég hef lært það að ríkisstjórn væri ekki fjölskipað stjórnvald en mér sýnist að þetta bendi til þess að þar hafi orðið breyting á.

Ég treysti því að hæstv. forsrh. rati í þinghúsið enn þá og ég á bágt með að trúa því að hann villist á götunum. Hann hlýtur að fara að koma, maðurinn, því að það var þegar fyrir kvöldmat byrjað að koma til hans boðum það að hann yrði að vera viðlátinn.

[00:35]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson) *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Það kom fram í umræðum áðan ósk um það að hæstv. forsrh. kæmi til fundarins, ekki síst vegna þess að komin er fram brtt. sem er þess efnis að forsrh. setji reglugerð með heimild í þessum lögum verði þetta frv. að lögum. Menn hafa velt fyrir sér hvernig á þessu stendur og meira að segja gengið svo langt að tala um það að þetta sé ekki í anda almennra laga og venju á Íslandi. Þess skal getið að forsrh. fer með málefni Byggðastofnunar og Byggðastofnunar á aðild að þessu máli. Forsrh. skipar formann nefndarinnar, eins og kemur fram í sjálfu frv., sem á að fjalla um þau mál sem eru til umræðu og því þótti eðlilegt að hann skipaði málum með reglugerð. Það er til í íslenskum lögum að svo sé gert og það eru auðvitað lögin sem ráða. Ef hins vegar hefði staðið ráðherra í lögunum án skýringa hefði það að sjálfsögðu verið fjmrh.

Það var vafamál hvor ráðherrann átti að flytja frv. í upphafi, en vegna þess að frv. einkenndist fyrst og fremst af framlagi úr ríkissjóði þótti eðlilegt að fjmrh. legði frv. fram á þinginu.

Þetta vildi ég að kæmi fram og skýrir það hvers vegna þessi tillaga er fram komin. Sú tillaga breytir hins vegar engu um það að fjmrh. flytur frv. og er ábyrgur fyrir efni þess að öðru leyti en því að hv. nefnd eða 1. minni hluti hefur flutt breytingartillögur. Það eru því ekki efni til þess á þessum forsendum að óska eftir viðveru forsrh. þó að ég viti vel að menn sakni hans.

Ég vil hins vegar á meðan við bíðum eftir forsrh., sem kemur væntanlega von bráðar, hvetja menn til að taka þátt í umræðunni því að ég trúi því ekki að hv. þingmenn stjórnarandstöðuflokkanna, sem eru mjög áhugasamir um lausn þessa máls og vilja Vestfirðingum allt gott, ætli að koma í veg fyrir afgreiðslu frv. með því að hætta við eða gera hlé á umræðum í kvöld. Ég hvet því menn til þess að halda umræðunni áfram, virðulegur forseti.

[00:38]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér rætist úr þannig að við getum haldið umræðunni áfram. Hér er mættur hæstv. forsrh. og þingflokksformaður Sjálfstfl. með honum þannig að þetta stendur allt til bóta.

Við erum að ræða afar sérkennilegt mál, þ.e. frv. til laga um ráðstafanir til að stuðla að stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum í kjölfar samdráttar í þorskafla. Lítið frv. með löngu nafni en það felur í sér mjög sérstakar aðgerðir sem ræddar voru ítarlega við 1. umr. og hafa verið kannaðar mjög rækilega af hv. efh.- og viðskn. Að vísu verð ég að taka það fram að ég fór af þingi um skeið til að sinna öðrum opinberum störfum og þar af leiðandi var ég ekki sjálf viðstödd hluta af þeirri yfirferð en ég hef að sjálfsögðu kynnt mér þau gögn sem nefndin aflaði sér og það hefur ekkert breytt þeirri skoðun minni, sem ég setti fram við 1. umr., að hér sé um afar óvenjulegar og óeðlilegar aðgerðir að ræða. Fyrst og fremst vegna þess að einn landshluti er tekinn út úr og menn gefa sér það að þar og nánast hvergi annars staðar sé um það að ræða að byggðarlög eigi við jafnmikla erfiðleika að stríða. Mín grundvallarskoðun er sú að aðgerð af þessu tagi hefði átt að ná til alls landsins og menn hefðu átt að ræða í forgangsröð þeim stöðum sem þyrftu aðstoðar við.

Því verður svo við að bæta að hér er um svo litla upphæð að ræða, þó að fjmrh. muni um 300 millj. á fjárlögum, miðað við þann gríðarlega vanda sem sjávarútvegsfyrirtækin eiga við að stríða að (**Fjmrh.:** ... upphæð að vera lítil og verður mikil?) Það er flókin spurning, hæstv. fjmrh., hvar mörkin eru þar á milli. En miðað við þann mikla vanda sem við er að stríða á Vestfjörðum er hér um lága upphæð að ræða. Það kom fram í umfjöllun nefndarinnar að skuldir sjávarútvegsfyrirtækja á Vestfjörðum skipta milljörðum.

Síðan er spurningin: Hverjir fá þessa aðstoð? Samkvæmt því sem fram kom hjá fulltrúum Byggðastofnunar er fyrst og fremst um 2–3 aðila að ræða. Málið er þannig upp sett að það er eingöngu um 2–3 aðila að ræða.

Þær forsendur sem menn gefa sér fyrir þessari aðstoð eru þær að Vestfirðingar hafa orðið harðar úti í þeim samdrætti sem gengið hefur yfir landsmenn á undanförnum árum en aðrir landsmenn en þegar tölur eru skoðaðar um samdrátt, um halla á fyrirtækjum og fleiri upplýsingar sem fram hafa komið, kemur í ljós að þetta er einfaldlega ekki rétt. Vesturland hefur farið verr út úr þessum samdrætti en Vestfirðir.

Síðan er einnig sú staðreynd, sem ég ætla að endurtaka þó að ég viti að hv. þm. Einari K. Guðfinnssyni sé ekki vel við að það sé tíundað, að þrátt fyrir atvinnuleysi á Vestfjörðum, sem nú er orðið staðreynd samkvæmt síðustu tölum sem við höfum frá félmrn., þá er það samt minna en annars staðar á landinu. Ég ætla líka að rifja það upp frá 1. umr. að meðaltekjur eru hæstar á landinu á Vestfjörðum. Það hefði því verið ástæða til að ætla að íbúar þar væru betur í stakk búnir til að mæta vandanum heldur en ýmsir aðrir landsmenn. Ekki þar fyrir að það er alveg ljóst að Vestfirðir eiga við mikinn vanda að stríða, mikinn samdrátt, en það breytir ekki því að það eiga margir aðrir staðir. Hér gildir það að landsmenn allir eiga að sitja við sama borð og sé þörf á aðstoð á að veita hana almennt og setja upp einhverja forgangsröð.

Þá er líka að nefna það, sem var afar harðlega gagnrýnt við 1. umr., og það er hreinlega hin tæknilega uppsetning á frv. Það er kannski óþarfi að vera að rekja það hér enn einu sinni að orðalag er þannig að afar sérkennilegt verður að teljast og í rauninni óljóst hvað í því felst. En það var ljóst af umfjöllun í nefndinni að ekki mætti orði hagga í frv. og þessi lagatexti er látinn fram ganga með orðalagi eins og því: „Byggðastofnun er heimilt að veita sjávarútvegsfyrirtækjum sem ætla að sameinast ...“ o.s.frv. sem fram kemur í þessum greinum. Þetta er afar sérkennilegur lagatexti og heldur vont fordæmi sem hér er á ferð.

Ég get ekki lokið máli mínu án þess að víkja nokkrum orðum að grein sem hv. þm. Einar K. Guðfinnsson skrifaði í blaðið Vesturland þar sem hann tók málflutning okkar kvennalistakvenna sérstaklega fyrir og gerði mig að sérstökum óvini Vestfjarða, taldi að minn málflutningur væri afar hættulegur sérstaklega þar sem ég ætti sæti í hv. efh.- og viðskn. og taldi víst að ég mundi beita mér sérstaklega gegn þessari aðstoð við Vestfirði. En því fer víðs fjarri. Og ég vil rifja það upp fyrir hv. þm. að ég hef ekki verið ein um að gagnrýna þetta frv. eða hvernig hefur verið að málum staðið, þá staðreynd að tveir þingmenn Vestfjarða gengu á fund ríkisstjórnarinnar og höfðu út úr henni 300 millj., heldur get ég vitnað til ýmissa flokksbræðra hv. þm. sem tóku þátt í 1. umr. um þetta mál og gagnrýndu mjög hvernig að málum hefði verið staðið. Þá má ekki síður vitna til ýmissa útgerðarmanna sem hafa rætt þetta mál, bæði að norðan og af Vesturlandi, og gagnrýnt það harðlega hvernig að þessu hefur verið staðið.

Það má líka vísa til gagna sem fram koma í fylgiskjölum frá 2. minni hluta þar sem m.a. bæjarstjórn Bolungarvíkur gagnrýnir þetta frv. og ýmsir fleiri sem sendu umsagnir um málið og voru kallaðir til nefndarinnar. Þannig að því fer víðs fjarri að okkur kvennalistakonum sé eitthvað uppsigað við Vestfirði. Þarf vart að nefna það eða vera að svara slíku þar sem við eigum þingmann úr því kjördæmi sem hefur að sjálfsögðu haldið uppi málstað síns fólks, en það er ekki sama hvernig að hlutunum er staðið. Hér blasir sú staðreynd við okkur að það er verið að taka ákveðinn landshluta sérstaklega fyrir og veita honum sérstaka aðstoð án þess að þau rök liggi að baki sem hægt er að sætta sig við. Staðreyndirnar tala sínu máli sem bæði koma fram í gögnum frá Byggðastofnun og ég get vísað hér til greina sem birtust í Vísbendingu 24. mars sl. þar sem þessi samdráttur í afla er greindur. Ekki þar fyrir að að sjálfsögðu viðurkennum við kvennalistakonur að vandi Vestfjarða er mikill eins og reyndar ýmissa annarra byggðarlaga og auðvitað þarf að fara ofan í þennan vanda, greina hann og reyna að átta sig á því hvað hægt er að gera. Það er augljóst að einhæfni atvinnulífsins á Vestfjörðum ræður miklu um og það hlýtur að vera fyrst og fremst verkefni Vestfirðinga sjálfra að kanna þá möguleika sem þeir hafa á fjölbreytni í atvinnulífi. Þar hefur svo sem ýmislegt verið að gerast sem vísar til framtíðar og lætur gott á vita þannig að vonandi bíður Vestfjarða betri tíð með blóm í haga. En ekki þar fyrir eru erfiðleikarnir miklir og það blasir gjaldþrot við ýmsum fyrirtækjum þar og því miður, eins og ég rakti hér áðan, þá hefur atvinnuleysi farið vaxandi á Vestfjörðum og mun versna ef samdráttur verður enn meiri.

Að lokum, virðulegi forseti. Ég sé ekki ástæðu til að fara fleiri orðum um þetta mál. Ég vísa til nál. 2. minni hluta og þess sem ég sagði við 1. umr. og ítreka það enn einu sinni að það þarf að gera úttekt á miklu fleiri byggðarlögum og til þarf að koma aðstoð sem þarf að jafna niður á byggðarlögin í landinu, en því miður tel ég að sú aðstoð sem hér er á ferð sé einfaldlega ekki upp í nös á ketti og sé ekkert annað en sýndarspil af hálfu þessarar ríkisstjórnar.

[00:49]

Halldór Ásgrímsson:

Herra forseti. Ég sé á öllu að hæstv. ráðherrar sjá ekki ástæðu til að sinna þessu máli mikið í þinginu. Það hefur verið flutt brtt. um það að forsrh. geti með reglugerð sett nánari ákvæði um reglur um framkvæmd þessara laga sem er náttúrlega einfaldlega brtt. um það að forræði málsins sé ekki lengur í höndum fjmrh. heldur í höndum forsrh. Þess vegna getur fjmrh. í sjálfu sér yfirgefið salinn vegna þess að það hefur verið flutt brtt. um að honum sé ekki lengur treyst fyrir málinu. Ekki veit ég af hverju það er en um það fjallar þessi brtt.

En látum það nú liggja á milli hluta hver fer með forræði málsins, ég vil aðeins segja að það urðu mér mikil vonbrigði að þetta mál skuli ekki taka neinum breytingum. Við í efh.- og viðskn. fórum vestur á firði til að ræða þetta mál við heimamenn. Það var mjög

góð umræða og málefnaleg og margt af því sem þar kom fram vakti umhugsun nefndarmanna og þess vegna er það dálítið undarlegt að ekki skuli vera fyrir hendi nokkur vilji hjá hæstv. ríkisstjórn eða stjórnarmeirihlutanum til að breyta augljósum ágöllum þessa máls. Þar má engu breyta, hvorki málvillum né öðru sem er alveg augljóst að eru í þessu frv. og einfaldlega sagt og margendurtekið af hv. þm. Vilhjálmi Egilssyni að þetta færi allt eftir framkvæmdinni. Það væri framkvæmdin sem skipti máli og reglugerð forsrh. (**VE:** Ertu ekki sammála því?) Ég er ekki sammála því. Auðvitað skiptir framkvæmdin miklu máli en væntanlega verður framkvæmdin að byggja á lögunum. Ég lít ekki þannig á að hæstv. forsrh. fái hér heimild til að setja reglur um annað en stendur í þessum lögum — og þau duga, segir hv. þm. Duga til hvers? Og hvernig á þessi framkvæmd að vera? Hvernig á þessi reglugerð að vera? Á að mismuna aðilum? Á þessi nefnd að fá að gera nokkurn veginn það sem henni sýnist? Þannig að það er í sjálfu sér ekki hægt að taka þessa málsmeðferð mjög alvarlega. Ég verð að segja það alveg eins og er að það eru mér mjög mikil vonbrigði og ef ég hefði vitað það að þannig ætti að halda á þessu máli þá hefði ég ekki gert flutningsmaður um það að nefndin færi vestur á firði til þess að fjalla um málið því það hefði betur verið látið ógert því það er ekki nokkurt tillit tekið til málefnalegra athugasemda sem komu þar fram og annars staðar. Svo segja talsmenn meiri hlutans: Þetta mun allt fara eftir framkvæmdinni, við höfum ekki hugmynd um það hvernig hún verður, við höfum ekki hugmynd um það hvernig reglugerðin á að líta út. Það eina sem við höfum þó ákveðið er að við treystum ekki fjmrh. lengur fyrir málinu og það hefur verið ákveðið að taka það úr hans höndum og setja það í hendur forsrh.

Þetta er niðurstaðan. (**VE:** Byggðastofnun heyrir undir forsætisráðuneytið.) Ég veit ekki til þess að þetta mál fjalli um Byggðastofnun. Það er ekkert fjallað um það. Mér skilst að það sé mikið treyst á Þróunarsjóðinn í þessu máli en mér vitanlega heyrir hann enn þá undir sjútvrh. Þannig að ég vil aðeins taka það fram að þessi málsmeðferð öll veldur mér miklum vonbrigðum.

[00:54]

Ingi Björn Albertsson:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Ég mun skipa 3. minni hluta í hv. efh.- og viðskn. en örlögin hafa nú hagað því þannig að ég hef verið lítið viðstaddur fundi nefndarinnar að undanförnu, þar með talið þá fundi sem fóru í að fjalla um þetta mál og einnig komst ég ekki í þessa títtnefndu ferð til Vestfjarða. Það breytir því ekki að strax við framlagningu þessa frv. þá hafði ég athugasemdir við það sem ég vil kalla fingrafar félmrh. á þessu frv. sem snýr að þeirri þvingu sem sett er í 2. gr. og snýr að því að ekki sé hægt að aðstoða atvinnuveginn eða fyrirtækin án þess að því fylgi sameining sveitarfélaga. Nú hefur farið fram lýðræðisleg kosning um sameiningu, hún hefur verið felld á mörgum stöðum en samþykkt annars staðar en þarna er sem sagt um slíka þvingun að ræða að það er ekki nokkur leið að una við það. Mér finnst þetta raunar með þeim ógeðfelldari frumvörpum sem ég hef séð vegna þessa tiltekna ákvæðis því í mínum huga segir þetta eitt, það er verið að kaupa þessa sameiningu ákveðnu verði. Það er verið að segja það að ef sameiningin verður ekki þá megi atvinnuvegirnir á Vestfjörðum éta það sem úti frýs. Það er nákvæmlega sá skilningur sem ég legg í þennan texta og við slíkt get ég engan veginn unað. Að sjálfstöðu styð ég það eins og aðrir að atvinnuvegunum á Vestfjörðum sé veitt aðstoð en það á líka að ganga yfir aðra. Þannig að ég vildi einungis láta það koma hér fram að með þessu ákvæði sem hér er inni þá er verið að fara fram á annað og það er annað sem býr að baki þessu heldur en einhver góðvilji til atvinnuveganna á Vestfjörðum. Fingrafar félmrh. er svo augljóst að við það verður ekki unað.

[00:57]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Ég hyggst ekki hafa mjög mörg orð um þetta mál sem hér er til umfjöllunar, það hefur verið rætt mjög ítarlega og engin ástæða í sjálfu sér til að lengja umræðuna mikið. Ég vil aðeins í örfáum orðum segja frá grundvallarafstöðu minni til málsins, afstöðu minni til þessa frv. og ástæðum þess að ég tel nauðsynlegt að frv. sé afgreitt nú fyrir þinglok til þess að afstýra mjög alvarlegum vandræðum sem ella gætu brostið á á Vestfjörðum, nægir eru erfiðleikarnir þar fyrir og við vitum það öll sem hér erum að erfiðleikarnir sem upp á yfirborðið hafa komið eru aðeins hluti af þeim vanda sem við er að glíma í atvinnulífinu og sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Þess vegna er það afskaplega brýnt að hægt sé að ljúka afgreiðslu þessa frv. Ég geri mér mætavel grein fyrir því að það má deila endalaust um það með hvaða hætti átti að koma til aðstoðar við þann landshluta, Vestfirði, sem hér um ræðir. En ég vona það að ég hafi skilið þá umræðu rétt sem fram hefur farið í kvöld að menn hafi komist að þeirri niðurstöðu, hvaða varnagla sem menn slógu annars í 1. umr. málsins, þá hafi hv. þm. samt sem áður komist að þeirri niðurstöðu við frekari íhugun málsins með því að fara yfir tölulegar staðreyndir, með því að kynna sér vandann með eigin augum og með því að hlýða á viðræður við fulltrúa sveitarfélaganna og atvinnulífsins á Vestfjörðum, þá hafi hv. þm. komist að þeirri niðurstöðu að það sé ástæða til þess að taka með sérstökum hætti á þeim vanda sem við er að glíma á Vestfjörðum.

Nú getum við auðvitað endalaust deilt um það hver er eiginfjárstaða fyrirtækja á Vestfjörðum og hver er eiginfjárstaða fyrirtækja einhvers staðar annars staðar. Það sem ég tel hins vegar að sé ótvíræður mælikvarði á það að vandinn sem við er að glíma á Vestfjörðum sé almennari og meiri en gerist og gengur í heilu landshlutunum eru þær upplýsingar sem m.a. komu fram hjá bankastjóra Landsbanka Íslands á fundi efh.- og viðskn., þeim eina fundi sem ég sat þar sem þessi mál voru rædd og ég sat þar eingöngu sem varamaður í eitt skipti. Þar komu fram þær upplýsingar hjá bankastjóra Landsbankans, aðalviðskiptabanka sjávarútvegsins og aðalbankans á Vestfjörðum, mjög ótví-

rætt sem ekki er að sjálfsögðu neitt leyndarmál að vandinn væri í fyrsta lagi almennari á Vestfjörðum og í öðru lagi lægi það fyrir að vanskil fyrirtækjanna þar við sínar lánastofnanir eins og Landsbanka Íslands væru meiri og af alvarlegri stærðargráðu hlutfallslega og öðruvísi mælt heldur en annars staðar. Þetta eitt út af fyrir sig undirstrikar alvöru þessa máls. Því vænti ég þess að menn viðurkenni þá sérstöðu sem vissulega er við að glíma á Vestfjörðum. Þessi landshluti hefur auðvitað orðið fyrir mjög miklum áföllum, einkanlega vegna þess að tekjuforsendur höfuðatvinnugreinar landshlutans, sjávarútvegsins, hafa gjörsamlega brugðist. Þessi landshluti er háðari sjávarútvegi, hann er háðari þorskveiðunum heldur en almennt gerist og þorskveiðarnar eru mikilvægari fyrir atvinnulíf þessa landshluta en gerist annars staðar. Það eru að vísu til landshlutar þar sem þorskveiðin er þýðingarmikill þáttur og allt aðeins þýðingarmikill þáttur í sjávarútveginum en það er auðvitað hvergi sem sjávarútvegurinn vigtar jafnframt svona mikið í atvinnulífi eins landshluta. Þannig að ég vænti þess að menn hafi áttað sig á því að þetta mál hefur mikla sérstöðu.

Ég skal fyrstur manna viðurkenna að það er við álíka vandamál að glíma í nokkrum öðrum byggðarlögum en ég fullyrði það að því er ekki til að dreifa að álíka vandamál sé við að glíma í stórum heilum landshluta eins og Vestfjörðum.

Ég get tekið sem dæmi um sérstöðuna. Það sem hefur auðvitað gerst mjög gleðilegt í okkar efnahagslífi, okkar sjávarútvegi á þessum vetri er þessi mikla búbót sem hefur komið inn í þjóðarbúið og til einstakra fyrirtækja og einstakra landshluta með loðnuveiðunum. Þetta er auðvitað eitt af því ánægjulegasta sem hefur gerst í vetur. Þetta hefur auðvitað gjörbreytt stöðu atvinnugreina, stöðu einstakra byggðarlaga, stöðu einstakra fyrirtækja frá því sem áður var. Ég skal taka dæmi: Eftir því sem ég hef fengið upplýsingar um þá þýddi þessi loðnuvertíð sem núna er nýlokið fyrir stærstu loðnufyrirtækin í landinu, eins og t.d. fyrirtækin í Vestmannaeyjum og einstök fyrirtæki á Austfjörðum og e.t.v. víðar, þá þýddi þessi loðnubúbót ein út af fyrir sig viðbótarframlegð inn í þessi fyrirtæki eða skildi eftir framlegð inni í þessum fyrirtækjum upp á 200 millj. kr. í hverju fyrirtæki fyrir sig af þessum stærstu fyrirtækjum sem hægt var að nota til þess að greiða niður þær miklu skuldir sem við var að glíma. Þetta hefur auðvitað gjörbreytt stöðunni á þessum stöðum. Þegar menn hafa í huga og eru að gera tortryggilegt eins og átti sér stað í hinni almennu umræðu um það leyti sem frv. kom fram, að það þurfi að greiða sérstaklega fyrir atvinnulífinu á Vestfjörðum þá held ég að það væri hollt þeim sömu að hafa í huga þann mikla aðstöðumun sem skapast hefur við þessa þróun á þessu ári.

Það hefur verið nokkuð vikið að því að hér sé gert ráð fyrir því í þessu frv. að skilyrði fyrir aðstoð sé sameining sveitarfélaga í einhverjum dúr. Þá vil ég vekja athygli á því að á Vestfjörðum hefur farið af stað og er að fara af stað og er að verða mjög mikið sameiningarferli þó það sé auðvitað mjög ólíkt því sem umdæmisnefndir hæstv. félmrh., sem ég kýs kannski að kalla svo eða umdæmisnefndirnar á sl. hausti gerðu ráð fyrir. Það er engu að síður að fara af stað gríðarlega mikið sameiningarferli. Við vitum að þegar hafa sameinast fjögur af fimm sveitarfélögum í Vestur-Barðastrandarsýslu. Það er að verða sameining Hólmavíkur og Nauteyrarhrepps. Það er að bresta á sameiningarferli mikið á norðanverðum Vestfjörðum. (**JVK:** Ekki á Bolungarvík.) Nei, það hefur greinilega komið fram og ég ætlaði sérstaklega að víkja að því hér á eftir í máli mínu. Það er engin hætta á því, hv. þm., að ég gleymi þeim ágæta stað. En ég vil segja að það er að eiga sér stað gríðarlega mikið sameiningarferli þannig að ég held að menn ofgeri nokkuð að ákvæðið um sameiningu sveitarfélaga, hvort sem menn telja að það eigi erindi inn í þetta frv. eða ekki, þá held ég að menn ofgeri því nokkuð að það hafi svona íþyngjandi áhrif á fyrirgreiðslu af þessu taginu. Og af því að hv. 6. þm. Vestf. vék sérstaklega að Bolungarvík þá er rétt að aðstaðan þar er nokkuð önnur. Þar hefur hins vegar komið fram og er ljóst að það verður ekki um að ræða sameiningu Bolungarvíkur við önnur sveitarfélög. Þar er hins vegar uppi á teningnum mjög mikill vandi í sveitarfélaginu vegna áfalla þar í atvinnulífinu sem sveitarfélagið kom inn í í góðri samstöðu allra íbúa og kjörinna fulltrúa í sveitarstjórn, kom inn í það mál til að afstýra enn þá meiri vá.

Það hefur komið fram að fulltrúar bæjarstjórnarinnar í Bolungarvík áttu samtal við hæstv. forsrh. og hæstv. félmrh. og niðurstaðan af því var sú að Byggðastofnun var falið að fara sérstaklega yfir þann vanda og yfir það mál. Það er auðvitað ljóst að samkomulag Sambands ísl. sveitarfélaga og ríkisvaldsins um aðgerðir til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar mun ekki taka til Bolungarvíkur. Þess vegna þarf með sérstökum hætti að taka á þeim vanda. Ég hef skilið það svo að í framhaldi af athugun Byggðastofnunar verði gengið til þess verks að reyna að leysa þann mikla vanda sem vissulega er við að glíma í fjármálum sveitarfélagsins í Bolungarvík. En það verður ekki gert á forsendum sameiningar. Það verður þá að gerast á sjálfstæðum forsendum. Ég sé ekkert, að sjálfsögðu ekkert í þessu frv. því það er auðvitað ekkert að taka til aðgerða er snúa að sveitarfélögunum og alls ekkert sem útilokar það að það sé gert með þessum sérstaka hætti. Við verðum að átta okkur á því að á sínum tíma þegar umræða um sameiningu sveitarfélaganna fór af stað þá var það ein af viðbárum margra sveitarstjórnarmanna að sú sameining gæti ekki orðið vegna þess að það þyrfti að koma til atbeini ríkisvaldsins til þess að lækka skuldir sveitarfélaganna, greiða fyrir því fjárhagslega að þessi sameining ætti sér stað. Það var ekki síst að kröfu sveitarfélaganna sjálfra og mjög eðlilegri kröfu sveitarfélaganna sjálfra að gengið var í það verk að ríkið kæmi þar inn með einhverjum hætti sem við sjáum niðurstöðuna af hér í samkomulagi sem birt er sem fylgiskjal II með frv., samkomulag um aðgerðir til að jafna skuldastöðu sveitarfélaga vegna sameiningar.

Það hefur verið nefnt í þessari umræðu að það sé

óeðlilegt með öllu að Vestfirðir séu sérstaklega teknir út úr. Ég tel mig hafa fært nokkur rök að því að það séu efnislegar ástæður fyrir því í sjálfu sér að Vestfirðir séu teknir út úr með þessum hætti.

Ég vil líka benda á það í þessu sambandi að það er auðvitað ekki þannig að þetta mál sé allt í einu að detta hér inn á Alþingi með tiltölulega litlum fyrirvara og það er auðvitað ofmat á áhrifum spássitúrs okkar hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar, einn sólríkan vordag, að *þannig hafi þetta mál orðið til. Sannleikurinn er sá* að ég hygg að það hafi verið í október sl. sem hæstv. forsrh. ritaði Byggðastofnun bréf og óskaði eftir því að þessi mál yrðu sérstaklega tekin til athugunar. Það var síðan eftir mjög ítarlega og vandaða athugun Byggðastofnunar og meðhöndlun þess máls í stjórn Byggðastofnunar sem ég hef alltaf skilið að um hefði ríkt algjör eining í stjórn stofnunarinnar að menn töldu ástæðu til þess að taka sérstaklega á þessum mikla vanda sem við var að glíma í þessum landshluta. Það hefur síðan komið fram og kemur fram í greinargerð sem birt er sem fylgiskjal I með þessu frv. að ætlunin er sú að í framhaldi af þessu verði Byggðastofnun falið að gera samsvarandi úttekt á byggðarlögum sem kunna að hafa orðið fyrir sambærilegum áföllum. Þannig að hér er í sjálfu sér ekki verið að útiloka neitt, það er eingöngu verið að taka upp mál sem þegar er orðið fullunnið, sem ríkisstjórnin hefur þegar farið í gegnum, sem þegar hefur fengið hina vönduðu og góðu efnislegu umfjöllun í Byggðastofnun og flytja það mál sem sérstakt þingmál hér inn á Alþingi. Og þess vegna tel ég að það sé rangt og það sé villandi að stilla málinu upp þannig að afgreiðsla þess hér komi á einhvern hátt í veg fyrir það að aðrir sem e.t.v. hafa orðið fyrir sambærilegum áföllum fái sambærilega meðhöndlun eða sambærilega aðstoð með einhverjum hætti. (**Gripið fram í:** Hvenær?) Ég get því miður hv. þm. ekki svarað því. Ég hins vegar vek bara aðeins athygli á því að það eru liðnir sex eða sjö mánuðir síðan hæstv. forsrh. skrifaði þetta tiltekna bréf til Byggðastofnunar, ef ég man dagsetninguna rétt, ég hygg að það hafi verið í október. Ég get út af fyrir sig ekki svarað því hvenær niðurstaðan kemur. Ég var að vekja athygli á því með þessari dagsetningu að þetta mál hefur átt sér æðilangan feril.

Virðulegi forseti. Það er í sjálfu sér ekki ástæða fyrir mig til að orðlengja um þetta mál. Ég sagði í upphafi að ég mundi vilja ræða það almennt út frá mínum sjónarhóli hvernig þetta mál blasir allt saman við. Ég fagna því að ég tel mig hafa orðið varan við það í umræðunni í kvöld að þó að menn hafi ýmislegt við framsetningu frv. að ræða og ýmis efnisatriði í því þá ríkir hér almennur skilningur á þeim mikla vanda sem við er að glíma á Vestfjörðum. Ég vænti þess að sá skilningur muni koma fram í því að hv. þm. vilji greiða fyrir þingstörfum og greiða fyrir því að þetta mál fái eðlilega, þinglega meðferð. Það tel ég mjög þýðingarmikið og mjög mikilvægt.

Vegna þess að hv. 18. þm. Reykv. nefndi mig sérstaklega áðan í tilefni af tiltekinni blaðagrein í litlu blaði vestur á Vestfjörðum og þar sem ég hafði verið að gagnrýna nokkuð málsmeðferð hennar, þá verð ég að játa það að mér finnst að sá tónn sem hefur komið fram í ræðu hennar í kvöld nokkuð annar og jákvæðari og elskulegri og betri en mér fannst ég verða var við í fyrri umræðu málsins og fagna því og tel ástæðu til þess að vekja á því athygli. En vegna þess að hv. þm. nefndi að atvinnuleysi á Vestfjörðum væri sannarlega væri að meðaltali minna en í landinu í heild þó að það hafi aukist því miður mjög að undanförnu, þá *vil ég samt sem áður vekja á því athygli* að meðaltölin eru mjög hættuleg í þessu sambandi og meðaltölin segja ekki nema takmarkaða sögu því að aðstæður eru þannig á Vestfjörðum að atvinnuástand í langstærsta byggðarlaginu, þ.e. Ísafirði, er mjög gott og á Ísafirði er tæplega merkjanlegt atvinnuleysi og það hefur auðvitað villandi áhrif á meðaltalstöluna. Því miður er það svo að í þeim byggðarlögum sem hafa orðið fyrir mjög alvarlegum búsifjum vegna brests í atvinnulífinu er atvinnuleysi býsna mikið, sama á hvaða mælikvarða er mælt. Atvinnuleysi í einstaka byggðarlögum, jafnvel stórum byggðarlögum á Vestfjörðum, er núna mælt með tveggja stafa tölu.

Ég hygg því að þegar grannt er skoðað og menn reyna að lesa á bak við þessar meðaltalstölur, sem er ekkert einfalt, komi þessi sannleikur í ljós.

Virðulegi forseti. Ég hafði alls ekki hugsað mér að flytja jafnvel svona langa ræðu. Ég hafði hugsað mér að reyna að stytta mjög mál mitt til þess að verða til þess að þetta mál fengi sem greiðastan farveg. Því *miður háttaði málum svo þegar* 1. umr. *fór fram*, sem var mjög ítarleg, að ég var ekki á þinginu. Ég var utan þings og gat ekki tekið þátt í þeim umræðum og þess vegna er ég aðeins að orðlengja þetta miðað við að hér er um að ræða 2. umr. En ég endurtek það að ég vænti þess að í ljósi þess að þrátt fyrir allt hafi hv. þm. lýst yfir skilningi á þeim vanda sem við er að glíma á Vestfjörðum, þá megum við sjá að þetta frv. fái góða, hraða og trygga afgreiðslu fyrir þinglok, vonandi á morgun.

[01:14]

Kristinn H. Gunnarsson:

Virðulegi forseti. Það er ósköp raunalegt að til umfjöllunar á Alþingi skuli vera frv. af þessu tagi. Sérstaklega er það raunalegt fyrir Vestfirðinga að þurfa að sæta því að hæstv. ríkisstjórn geri svona lítið úr þeim því að það er þannig að með þessu máli er ríkisstjórnin að beina athyglinni sérstaklega að Vestfirðingum, draga þá út úr og reyna að gera lítið úr þeim frekar en efni standa til a.m.k. Eða hvað veldur því að hæstv. ríkisstjórn, allra *tíma andstæðingur sértækra* aðgerða, leggur ekki fram frv. um almennar aðgerðir til að mæta tekjumissi í sjávarútvegsfyrirtækjum vegna niðurskurðar á aflaheimildum? Hvers vegna leggur hæstv. ríkisstjórn ekki fram slíkt frv. heldur frv. um að taka út úr aðeins þá aðila sem skráðir eru með starfsemi sína í tilteknu kjördæmi?

Það er ekki nema einn tilgangur með því af hálfu hæstv. ríkisstjórnar. Það er að beina athyglinni sérstaklega að þessu kjördæmi. Hvers vegna vill hún beina athyglinni sérstaklega að þessu kjördæmi? Að

hverju vill ríkisstjórnin beina athyglinni? Hún beinir athyglinni að því að þar eru menn skuldum vafnir. Hvers vegna er ríkisstjórninni svo mikið kappsmál að þjóðinni sé það ljóst að í kjördæminu, þar sem sjálfstæðismenn hafa verið í forustu síðustu 20 ár, stærsta stjórnmálaaflið, og hafa líka haft með höndum forustu í flestöllum sjávarútvegsfyrirtækjum kjördæmisins er ástandið svona? Eftir 20 ára sigurgöngu Sjálfstfl. undir forustu hv. þm. Matthíasar Bjarnasonar er þetta ástandið sem hæstv. ríkisstjórn er að beina kastljósi sínu að. Getur það verið að hæstv. forsrh. sé að gera upp sín mál við hv. 1. þm. Vestf.? Eins og menn muna, þá lenti þeim nokkuð saman á sumardögum 1991. Eru menn að hefna þess á Alþingi sem hallast á í héraði? Það væri fróðlegt að hæstv. forsrh. gerði þingi og þjóð grein fyrir þessu máli fyrst hann er loksins kominn til umræðna eftir að hafa verið býsna lengi á leiðinni og ætti þó ekki að vera villugjarnt í höfuðborginni. En ég bíð spenntur eftir því að hann geri þingi og þjóð grein fyrir því hvers vegna hann vill sérstaklega beina kastljósi að erfiðleikum í sjávarútvegi á Vestfjörðum.

En það er fleira sem hæstv. ráðherra má svara í leiðinni fyrir utan þær spurningar sem þegar hafa komið fram, m.a. frá hv. þm. Steingrími J. Sigfússyni. Mig langar að spyrja í fyrsta lagi hvernig beri að skilja 2. mgr. 4. gr. frv. sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

„Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu þrjú árin. Næstu þrjú ár skal einungis greiða vexti."

Hvernig á að skilja þetta, hæstv. forseti? Samkvæmt brtt. 1. minni hluta nefndarinnar á hæstv. forsrh. að setja reglugerð með nánari reglum um framkvæmd laga þessara og því spyr ég ráðherrann: Hvernig mun hann útskýra þetta ákvæði og útfæra í reglugerð að fyrstu þrjú árin eiga lánin að vera afborganalaus en næstu þrjú ár þar á eftir eiga menn bara að borga vexti? Hvernig fer þetta heim og saman, virðulegi forseti? Ef menn ákveða að hefja afborganir á fjórða ári, eins og 1. málsl. segir, þá eru menn að brjóta ákvæði 2. málsl. Ef menn fara hina leiðina (**Gripið fram í:** Þetta verður allt útskýrt í reglugerðinni.) þá brjóta menn ákvæði 1. málsl. Ég veit að hæstv. forsrh. er lögfræðingur og nokkuð vel að sér á því sviði og ég hlakka til að hann útskýri fyrir okkur þingheimi hvernig hann muni útfæra þetta í reglugerð.

Ég spyr líka hæstv. ráðherra í ljósi stjórnsýslulaganna, sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon vék hér að, hvernig á að vera mögulegt í reglugerð, athugið, ekki í lögum heldur í reglugerð, að mismuna fyrirtækjum eftir kjördæmum? Hvernig á að vera hægt að setja reglugerð sem mismunar fyrirtækjum eftir kjördæmum út frá jafnræðisákvæðum stjórnsýslulaganna? Ég vek athygli á því að þetta ákvæði er ekki fest í lög heldur á að setja það í reglugerð.

Í öðru lagi: Hvernig ætlar hæstv. ráðherra að útskýra fyrir okkur að hægt sé að mismuna fyrirtækjum innan kjördæmisins á grundvelli þessara reglugerða út frá ákvæðum stjórnsýslulaga? Ég sé ekki nokkra leið til að fá botn í það mál öðruvísi en að brjóta ákvæði stjórnsýslulaga.

Hæstv. forsrh. hlýtur að hafa legið yfir þessu og hafa svör við þessum spurningum. Eftir stendur að þetta er mismununarfrv. Hér er verið að mismuna mönnum á marga vegu og lítið leggst nú fyrir forustumenn Sjálfstfl., tvo hæstv. ráðherra, fjármála og forsætis, formann og varaformann flokksins, að bera fram sjálfstæðisstefnuna þannig að hún birtist í því að það á að mismuna mönnum. Það er stefna flokksins. Það getur ekki verið annað því þetta eru ráðherrarnir tveir sem bera ábyrgð á málinu og þeir hljóta að hafa fullt vald á því. Ég verð að segja fyrir mitt leyti, virðulegi forseti, að mér gerðjast illa að því fyrir Vestfirðinga að þeir séu teknir út úr með þessum hætti.

Ég hef talað fyrir því og get gert það áfram að stjórnvöld eigi að koma til móts við vanda sem steðjar að sjávarútvegsfyrirtækjum vegna þess að stjórnvöld ákvarða að skerða afla. En því aðeins að það séu almennar aðgerðir þannig að þeir sem eru jafnsettir hafi jafna möguleika á aðstoð eða fyrirgreiðslu. Ég tel að Vestfirðingum sé enginn greiði gerður með því að búa málið í þennan búning og vera einungis hæstv. ríkisstjórn til háborinnar skammar. Ég er ekki viss um að Vestfirðingar kunni Sjálfstfl. og hæstv. ráðherrum miklar þakkir fyrir að hafa málið með þessum hætti. Ég held að þetta mál verði ekki farsælt. Ég held að hæstv. forsrh. eigi eftir að upplifa það að þetta mál verði erfitt í framkvæmd og hætt við að margir verði óánægðir þegar upp er staðið en fáir ánægðir. Það verður búið að mismuna mörgum og svo mörgum að varla eru dæmi þess áður að nokkurri ríkisstjórn hafi tekist að ganga jafnmikið á hlut jafnmargra og þetta frv. gerir ráð fyrir að framkvæmt verði ef að lögum verður.

Virðulegi forseti. Ég gerði grein fyrir afstöðu minni til málsins almennt við 1. umr. málsins og tel ekki þörf á að bæta miklu við að öðru leyti en því að ég tel að það eigi frekar að efla með mönnum þá hugsun að reyna að bjarga sér sjálfir en hitt að fá menn niður á hnén og biðja um aðstoð og þiggja úr lófa ráðherra. Mér finnst þetta frv. vera of mikið saumað þannig að það er verið að beygja menn í duftið og mér geðjast ekki að því. Ég tel að hæstv. ráðherrar sem að þessu máli standa hefðu verið sæmdari af því að hafa málið þannig að meira mið yrði tekið af því að menn reyndu að bjarga sér sjálfir og standa uppréttir og hjálpa þeim sem þannig standa að sínum málum fremur en öðrum sem hefur gengið verr í sínum rekstri. Ég tel ekki ástæðu til þess sérstaklega að hjálpa þeim sem hefur gengið verr í sínum rekstri en öðrum.

[01:25]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Það er nú þannig í stjórnmálum og hefur viðgengist lengi, eiga sennilega allir eða flestir jafnríka sök, að stjórnarandstæðingar á hverjum tíma reyna að gera því skóna að stjórnvöldum gangi iðulega illt til með aðgerðum sínum. Þetta hefur verið lenska hér á landi og eiga, eins og ég segi, allir töluverðan hlut, sjálfsagt allir flokkar, í þeim efnum. Sjálfsagt er nær að ætla að stjórnvöld á hverjum tíma vilji vel í öllum meginatriðum en farist kannski misvel úr

hendi ætlunarverk sín og störf. Ég býst við því að þessi árátta okkar stjórnmálamanna að ganga þannig til verks að gera gagnstæðan hóp tortryggilegan að þessu leyti eigi þátt í því að draga úr virðingu flokka og forustumanna sameiginlega.

Því segi ég þetta að sá ágæti hv. þm. sem áðan talaði gekk ansi langt í þessum efnum er hann ræddi um það að ríkisstjórninni og mér persónulega gengi til alveg hreint ótrúlegir hlutir í framkvæmd þessa máls. Í fyrsta lagi vildi ég helst gera Vestfirðingum skaða, beina kastljósti að þeim og setja þá í sérstaklega slæmt ljós og í þriðja lagi væri ég að hefna deilna við hv. 1. þm. Vestf. sem hefðu átt sér stað sumarið 1991. Ég fullvissa hv. þm. um að allt er þetta úr lausu lofti gripið og nær nánast ekki máli en er angi af því sem ég nefndi í upphafi, að menn reyna að finna það til að stjórnmálamönnum hljóti yfirleitt að ganga illt til allra sinna verka.

Vandi Vestfirðinga hefur verið ræddur sérstaklega og ég býst við að frekar megi saka ríkisstjórnina og þá mig alveg sérstaklega um að hafa verið tregur í taumi til að taka sérstaklega á málum þessa landsfjórðungs. En mér fannst rökin sem þingmenn Vestfirðinga m.a. og ekki síst og Vestfirðingar og margir forustumenn þeirra höfðu flutt fram vera þess eðlis að fram hjá þeim væri ekki hægt að líta. Mér fannst kannski skorta á að þingmaðurinn gerði okkur grein fyrir því hvort hann drægi fullyrðingar Vestfirðinga í efa, fullyrðingar sem m.a. komu fram á bls. 4 í fskj. I með frv. þar sem vitnað er í niðurstöður starfshópsins sem settur var á laggirnar varðandi stöðu Vestfjarða og þá sérstöðu sem þeir búa við vegna einhæfni atvinnulífsins og landfræðilegrar einangrunar og vegna þeirra þátta sem þar eru sérstaklega tilgreindir. Ég trúði því satt best að segja að allir þingmenn Vestfirðinga hefðu sameiginlega haft þessar áhyggjur og mundu þess vegna stuðla að því að þetta frv. mætti ná fram að ganga. Ég átta mig ekki alveg á því hvort hv. þm. hygðist leggjast gegn frv. en það er auðvitað nauðsynlegt að hann upplýsi menn um það. Það hlyti að vekja nokkra athygli. En það er fjarri lagi, eins og ég sagði, að mér eða ríkisstjórninni eða þingmönnum Vestfirðinga, sem sóttu málið allfast sem eðlilegt er enda mikið í húfi, hafi gengið eitthvað illt til eða viljað setja Vestfirðinga og það dugnaðarfólk sem það kjördæmi byggir í ljótt ljós.

Varðandi það sem hv. þm. spurði um, sérstaklega um 4. gr. frv., þá sé ég ekki efni til þess að skýra þá grein sérstaklega í reglugerðinni því að hún er afskaplega tær, ljós og auðskilin og auðframkvæmanleg fyrir þann aðila sem samkvæmt frv., ef að lögum verður, ber að fylgja þeirri grein eftir.

Varðandi stjórnsýslulögin hlýddi ég á ræðu hv. 4. þm. Norðurl. e. í þeim fjölmiðli sem nú þykir mest ómissandi til að þingstörf megi ganga fram og í mjög löngu máli. Auðvitað sagði hann margt gáfulegt í ræðu sinni en það sem hann vék að stjórnsýslulögum fannst mér ekki eiga við og raunar ekki það sem hv. þm. nefndi heldur sem síðast talaði, hvort það væri virkilega svo að menn hygðust með reglugerð og ekki lagaboði ganga á svig við ákvæði stjórnsýslulaganna.

Í fyrsta lagi er það nú svo að reglugerðin stenst ekki nema hún byggi á lögunum og hafi lagagrundvöll. Hafi hún lagagrundvöll og gangi á svig við önnur lagafyrirmæli er komin upp allt önnur staða heldur en hv. þm. nefndi.

Varðandi stjórnsýslulögin eiga ákvæði þeirra ekki við þegar þingið er með lögum að ákveða með reyndar nánari útfærðum sérstökum reglum sem ná til allra þeirra fyrirtækja sem undir þær reglur geta farið, þá er ekki um að ræða mismunun gagnvart stjórnsýslulögunum. Stjórnsýslulögin taka til framkvæmda stjórnsýsluvaldshafa eins og nánar er skilgreint í lögunum en setja ekki þinginu skorður í lagasetningu. Ef við hefðum viljað gera það hefði orðið að setja stjórnsýslulögin í stjórnskipunarform sem stjórnarskrárbreytingu. Ég tel reyndar að ekkert í þessu frv. stangist á við stjórnsýslulögin svo að ég sérstaklega víki að umræðuefni sem hv. 4. þm. Norðurl. e. gerði að allnokkru umræðuefni í sínu máli.

Þetta lagafrv. er byggt á vandaðri vinnu sem unnin hafði verið vegna sérstakra aðstæðna á Vestfjörðum sem skera sig úr ef rætt er um einn landshluta í heild. Á hinn bóginn má sjálfsagt finna og það er rétt, þó ekki hafi verið athuguð með nákvæmlega sama hætti, á öðrum svæðum í landinu einstök byggðarlög eða svæði innan landshluta þar sem ápekkar aðstæður eru eins og á Vestfjörðum nánast í heild. Þess vegna held ég að það mætti búast við því að á þinginu tækist sæmileg sátt um það að ganga til verks með þeim hætti sem hér er lagt til og miðaði að aðstæðum á Vestfjörðum sérstaklega.

Hv. 3. þm. Vestf., Einar Guðfinnsson, vakti til að mynda athygli á því að sem betur fer hafa mjög margir aðrir aðilar í sjávarútvegi notið góðs af þeim fjörkipp sem varð í loðnuveiðum þar sem spár gengu eftir. Vestfirðingar hafa ekki notið góðs af þeim. Ég hygg að sá landshluti sé einstæður þar sem ekkert hefur gengið fram af þeim ágóða til þess að létta vanda Vestfirðinga. (**ÓÞÞ:** Það er nú reyndar ekki alveg satt. Það er loðnuverksmiðja í Bolungarvík.) Ég nefndi í þeim mæli sem gerst hefur annars staðar þannig að það mætti létta þar á.

Hv. 18. þm. Reykv. nefndi hygg ég að þetta væri lág upphæð miðað við heildarskuldir fyrirtækja á Vestfjörðum. Það hefur aldrei verið gefið til kynna að með þessari aðgerð væri verið að létta öllum skuldum af vestfirskum fyrirtækjum. Á hinn bóginn er þess vænst að þessi atbeini gæti verið nægjanlegur til þess að fleyta þessum fyrirtækjum yfir þann vanda sem þau búa við núna sem ekki síst stafar af því að kvóti er í algeru lágmarki. Við þykjumst sjá þess merki af umræðum og upplýsingum fiskifræðinga að það megi búast því að mikilvægasta fisktegund á Vestfjarðamiðum sé að rétta úr kútnum. Þó að enn þurfi nokkra biðlund að mati sérfræðinganna eftir því að þeim afla megi ná úr sjó, þá erum við með þessum aðgerðum að fleyta þessum fyrirtækjum sem þessara aðgerða munu njóta fyrir vind. Ég tel þess vegna að það réttlæti þann málatilbúnað og þá frumvarpsgerð sem hér er á ferðinni og tel áríðandi að þingmenn treysti sér til að af-

greiða þetta mál og vonandi með bærilegri samstöðu þó að auðvitað sé það svo með atriði eins og þetta sem hv. þm. sem síðast talaði sagði réttilega að væri flókið, snerti hagsmuni, væri þeirrar gerðar að ekki mundu allir njóta. Þrátt fyrir þá annmarka tel ég þýðingarmikið að þetta mál náist fram á þinginu og vænti þess að þingmenn, þó þeir taki sér þann tíma sem nauðsynlegur er til að ræða málið, megi sameinast um að málið nái fram að ganga fyrir þinglok.

[01:36]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Það frv. sem hér er til umræðu um sértækar aðgerðir til handa Vestfirðingum hefur lítið breyst frá því að það var lagt fram. Ég tók þátt í þeirri umræðu og mun ekki endurtaka þá ræðu mína. Það eru aðeins nokkrar spurningar sem mig langar að bera fram.

Það kom fram í máli hæstv. forsrh. áðan að hann vonaðist til að menn gætu samþykkt frv. á þessu þingi og ég býst við að svo verði. Menn eru að bítast milli byggðarlaga. Það er eðlilegt, það eru erfiðleikar víða. Hv. þm. Einar Guðfinnsson upplýsti áðan að vandinn væri meiri á Vestfjörðum en almennt gerðist og vanskil fyrirtækja væru meiri en almennt gerðist hjá fyrirtækjum samkvæmt upplýsingum frá Landsbanka Íslands.

Það frv. sem hér liggur fyrir kemur til vegna sérstakrar úttektar sem Byggðastofnun gerði varðandi vandann á Vestfjörðum. Sá vandi sem kemur fyrst og fremst vegna minnkandi afla á þorski. En það vill svo til að í millitíðinni var gerð sams konar úttekt á Snæfellsnesi utanverðu eftir beiðni sveitarstjórnarmanna í nýsameinuðu sveitarfélagi og hv. þm. Vesturlands. Sú úttekt hefur þegar farið fram þó hún hafi ekki verið birt. Og ég sakna þess mjög að sú úttekt hefur ekki verið birt og spyr hæstv. forsrh., sem er yfirmaður Byggðastofnunar, hvernig standi á því að þessi úttekt hefur ekki verið birt. Hluti hennar hefur að sjálfsögðu verið birtur þegar Þjóðhagsstofnun bar saman þorskbrestinn milli svæða. Þá kom í ljós að þorskbresturinn er mestur á Snæfellsnesi þar sem menn byggja nánast alfarið á þorski.

Nú langar mig til að spyrja hæstv. forsrh. hvernig hann hugsi þá mismunun sem augljóslega er varðandi þessi tvö svæði. Snæfellingar hafa ekki notið loðnu frekar en Vestfirðingar. Vandinn er sá sami, jafnvel enn verri. Hvernig er hægt að afgreiða þetta frv. og hvernig geta hv. þm. Vesturlands sem styðja þessa stjórn látið þetta frv. fara í gegnum þingið umræðulaust án þess að taka á málefnum Snæfellinga því það blasir við að vandinn er jafnvel meiri en á Vestfjörðum?

Ég voanst til að hæstv. forsrh. gefi skýr svör um það hvernig hann hugsar sér að mismuna þessum svæðum.

[01:40]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég vék nú aðeins að þessum þáttum og röksemdum í mínu tali áðan, en í þessu sambandi vil ég vekja athygli á þeim kafla í fskj. I með frv. þar sem fjallað er um úttekt á öðrum byggðarlögum og þar sem lögð er lína um það hvernig framhald málsins verður. Þá er auðvitað tekið til staða og svæða sem vegna einhæfni atvinnulífs, niðurskurðar aflaheimilda eða jafnvel landfræðilegrar einangrunar, hafa lent í svipaðri eða sambærilegri stöðu og Vestfirðir.

Eins og fram hefur komið, þá hefur mál þetta verið í undirbúningi fyrir Vestfirði núna um allmargra mánaða skeið. Málið er vandmeðfarið og það sama verður að gerast annars staðar. Ég tel það frekar styrkja framhaldsvinnuna gagnvart öðrum svæðum í landinu þar sem svipað er ástatt um þegar vilji þingsins liggur fyrir um þetta atriði og til grundvallar þess vilja þingsins liggur jafnframt sá kafli um úttekt á öðrum byggðarlögum sem getið er um í fskj. I með frv.

[01:41]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Hæstv. forsrh. sagði hér áðan að það yrði ekki litið fram hjá vanda Vestfirðinga. Það skil ég og virði. Nú liggur fyrir úttekt á vanda atvinnulífsins á utanverðu Snæfellsnesi. Hvernig getur hæstv. ráðherra litið fram hjá þeim vanda? Úttektin liggur fyrir. Vandinn liggur fyrir. Hvernig er hægt að horfa fram hjá þeim vanda?

[01:42]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Það kom ekkert fram í mínum orðum nema síður væri um að það stæði til að líta fram hjá þeim vanda. Þvert á móti var undirstrikaður sá ásetningur sem fram kemur í þeim kafla sem að málinu lýtur í fskj. I með frv. Ég hygg að það lýsi málinu. Öll sú grundvallarvinna sem hefur átt sér stað mun auðvitað auðvelda það að á því máli sé tekið. Það er ekkert í mínu máli sem bendir til þess að það sé hugsun mín eða ríkisstjórnarinnar að líta fram hjá þeim vanda sem hv. þm. nefndi sérstaklega.

[01:42]

Ingibjörg Pálmadóttir *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Það er verið að mismuna byggðarlögum sem eiga við sama vanda að etja, það er ljóst.

[01:43]

Ólafur Þ. Þórðarson:

Herra forseti. Hv. 5. þm. Vestf. gat þess í ræðu sinni að það væri verið að auglýsa að svona væri komið fyrir Vestfjörðum eftir að hv. 1. þm. Matthías Bjarnason og sjálfstæðismenn hefðu haft trúnað Vestfirðinga umfram aðra til þess að fara með þeirra goðorð, ef svo mætti komast að orði. Í sjálfu sér er ekkert annað að gera en viðurkenna það að svona er komið fyrir Vestfjörðum þrátt fyrir þetta. Það er hin alvarlega staðreynd. Ég held að það sé ástæðulaust að horfa á margar myndir í fylgiskjali Byggðastofnunar um þróun byggðar og núverandi ástand til að átta sig á þessu. Þar er mynd sem sýnir hlutfallslega breytingu á íbúaþróun. Íbúum hefur fækkað meira en helmingi meira á Vestfjörðum en Vesturlandi. Þar er líka mynd sem sýnir búferlaflutning innan lands eftir landshlutum 1988–1994 og þar hefur líka fækkað mun meira á

Vestfjörðum en annars staðar.

Hvers vegna er ekki atvinnuleysi á Vestfjörðum? spyrja menn. Það er vegna þess að framfærslukostnaður á Vestfjörðum er tiltölulega hár. Ef menn þurfa að lifa á atvinnuleysisbótum í landinu þá eru Vestfirðir óheppilegasti staðurinn til búsetu í þeim efnum. Þá er betra að færa sig inn á þau svæði þar sem hitaveitur veita mönnum möguleika á lægri kostnaði í orkuverði og þeir geta lifað á lægri tekjum.

Ég vil ekki flokka það undir illvilja hjá hæstv. ríkisstjórn að flytja það frv. sem hér er flutt. Ég hef lýst stuðningi við það. Ég held að það hafi verið mjög þung spor hjá hæstv. ráðherrum að þurfa að standa upp og flytja þetta frv. vegna þess að það er stílbrot í þeirra stefnu. Það er yfirlýsing um það að sértækar aðgerðir geta verið nauðsyn. Reyndar viðurkenndi hæstv. ríkisstjórn þetta með stuðningi sínum við Suðurnes upp á 300 millj. og viðurkenndi þetta einnig með stuðningi sínum við Járnblendiverksmiðjuna þegar annaðhvort hefði orðið að stöðva þann rekstur eða veita stuðning. Tilfellið er að hvort sem mönnum líkar það betur eða verr hafa margir skipstjórar sem hafa ætlað að leggja í sjóferð þurft að snúa við vegna veðurs og breyta um kúrs. Og eru menn að meiri. Það er nefnilega kannski eitt af því örfá sem hægt er að taka sem dæmi um það að þeir menn sem nú stjórna hafi þrátt fyrir stór orð og yfirlýsingar séð að sér að þeir hafa farið í að flytja þetta frv.

Ég skildi vel hv. þm. Tómas Inga Olrich þegar hann snerist af hörku gegn því að aðeins yrði tekið þetta svæði. Atvinnuleysið á Akureyri er alveg spauglaust, það vita það allir, og ástandið á Grenivík er erfitt að sjálfsögðu. Það er líka rétt sem fram hefur komið og má segja sem svo að viðhorf Sturlu Böðvarssonar voru eðlileg í því ljósi. Það liggja fyrir upplýsingar um hvernig staðan er á utanverðu Snæfellsnesi. Þær lágu fyrir að verulegu leyti áður en bréf þingmanna Vesturlands var skrifað til Byggðastofnunar einfaldlega vegna þess að Byggðastofnun hefur vissan gagnabrunn þar sem stöðugt er safnað upplýsingum um stöðu mála. Ég get alveg tekið undir að það er ekki á nokkurn hátt óeðlilegt að útvíkka þessar hugmyndir eins og komin er fram brtt. um þannig að hægt sé að taka á vandamálum fleiri svæða.

Hins vegar hefur núverandi ríkisstjórn valið þann kostinn að gera þetta í áföngum. Ég vona þá að hæstv. ríkisstjórn sé ljóst að það getur orðið of seint að styðja Snæfellsnesið eftir að þar hefur orðið meira hrun. Það gildir það sama með Snæfellsnesið og Vestfirði að þorskurinn skiptir öllu máli nema í Stykkishólmi. Þess vegna var sú ákvörðun að skerða eins og gert var að færa ekki aðrar fiskveiðiheimildir til þeirra svæða sem urðu fyrir mestri skerðingu á þorski í sjálfu sér ákvörðun sem ekki gekk upp hjá hæstv. sjútvrh. án þess að stuðningsaðgerðum yrði beitt. Ég minnist þess að þegar loðnuflotinn varð fyrir mikilli skerðingu á sínum tíma var ákveðið að veita honum vissan þorskkvóta til stuðnings. Nú ætla ég ekki að fara að rifja þetta upp.

Ég gæti út af fyrir sig stutt brtt. Ef slík tillaga hefði samstöðu á Alþingi teldi ég það af hinu góða. Ef hún væri felld teldi ég engu að síður rétt og mundi styðja það frv. sem hér er lagt fram.

Menn geta sagt að það sé niðurlægjandi fyrir Vestfirði að taka við víkjandi lánum. Það hefur þá verið mikil niðurlæging fyrir Reykjavíkurborg að fá víkjandi lán frá Seðlabanka Íslands til þess að geta átt hálfa Landsvirkjun á móti ríkinu. Án þess stuðnings Seðlabankans hefði Reykjavíkurborg aldrei getað átt þann hlut í Landsvirkjun sem hún á. Þar fyrst kom hugtakið „víkjandi lán" inn á lánamarkað Íslands og ég held að á engan sé hallað þó ég minni á að það mun hafa verið Þorvaldur Garðar Kristjánsson sem á sínum tíma, þegar hann var að vinna að stofnun Orkubús Vestfjarða, rakst á þennan málatilbúnað hjá Landsvirkjun, að víkjandi lán hefðu verið notuð svo að hægt væri að tryggja Reykjavíkurborg þann hluta sem hún á í Landsvirkjun.

Ég vildi aftur á móti gjarnan, og þar tek ég undir með hv. þm. Kristni Gunnarssyni, að Vestfirðir væru ekki í þeirri stöðu að þeir þyrftu á þessu að halda.

Auðvitað getum við deilt um texta frv. og eins hvort það sé rétt að tala jafnmikið um sameiningu og hér er gert, sameiningu sveitarfélaga og sameiningu fyrirtækja, en umhugsunarefni hlýtur það að vera vestfirskri byggð að við Eyjafjörð á Akureyri er rekið eitt stórt fiskvinnslufyrirtæki, ÚA, sem á sínum tíma naut mikils stuðnings Akureyrarbæjar og var byggt upp með ráðdeild og skynsemi en á Ísafirði höfum við mörg fiskvinnslufyrirtæki, mörg rækjuvinnslufyrirtæki og við náum ekki fram þeirri hagkvæmni sem þyrfti hvort sem okkur líkar það betur eða verr.

Ég held að Vestfirðingum sé hollt að gera sér grein fyrir því að sameinaðir munu þeir standa en sundraðir munu þeir falla. Þeir verða að endurskipuleggja margt í sínum málum til að ná vopnum sínum eins og ágætur þingmaður ættaður að vestan hafði gjarnan sem orðatiltæki.

Ég vil ekki lengja þessa umræðu. Ég vona að þetta frv. verði að lögum. Ég sat undir þeim ámælum, eins og margir fleiri, þegar Hlutafjársjóður var stofnaður og veitt voru lán í gegnum Atvinnuleysistryggingarsjóð að nú ætti að fara að mismuna, nú ætti að fara að nota pólitík og því miður féll hv. núv. 3. þm. Vestf. í þá gryfju að trúa því að það væri markmiðið. Það var aldrei markmiðið þótt það kæmi fram í blaðaskrifum og ég ætla ekki að fara að bera það á núverandi ráðherra að þeirra hugmynd sé sú að mismuna í þessu dæmi eftir pólitík. Ég ætla að þeir geri sér grein fyrir því að það yrði aldrei til bóta að fara að vinna á þann veg.

Það er eitt atriði aftur á móti í þessu frv. sem ég skil ekki þó að hæstv. forsrh. segi að það sé auðskilið. Það getur vel verið að það sé vegna þess að ég sé orðinn syfjaður og það sé eitthvað sem bara sé „black out", en það er þessi merkilega setning í 4. gr.: „Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu þrjú árin." Þetta skil ég. En svo kemur: „Næstu þrjú ár skal einungis greiða vexti." Þá skil ég þetta á þann veg að þarna séu komin sex ár og að það eigi að borga afborganir á seinni þremur árunum en samt standi að það eigi aðeins að

greiða vextina og hvort þá sé hugsað að afborganirnar megi vera í vanskilum. Mér finnst að þarna hafi eitthvað slegið út í textanum, ætla ekki að gera þetta að neinu stórmáli. Ég hygg að þetta hafi átt að vera þannig: „Lánin skulu vera afborganalaus fyrstu árin. Þá skal aðeins greiða vexti.“ Þ.e. að á fyrstu þremur árunum skal aðeins greiða vexti en svo eigi að greiða vexti og afborganir. En það má vel vera, eins og ég segi af því að það er áliðið, að það sé eitthvað í mínum haus sem hafi gripið þetta rangt, en mér sýnist að þarna hafi orðið pennaglöp en ég ætla ekki að gera það að neinu stórmáli.

Ég vil trúa því að þetta geti orðið til góðs ef rekstrargrundvöllur verður fyrir fiskvinnslu í landinu. Ef ekki verður rekstrargrundvöllur, þá munu þessi fyrirtæki að sjálfsögðu ekki halda lengi velli þrátt fyrir þetta. Töpin hafa verið mjög mikil. Töpin hafa verið það mikil að þessi upphæð dugar alls ekki fyrir þeim töpum sem hafa orðið á Ísafirði einum á því tímabili sem núv. ríkisstjórn hefur verið við völd. En það breytir ekki þeirri staðreynd að stundum getur farið svo að skjótt skipist veður í lofti. Hv. 3. þm. Vestf. gat um það hvílík búbót rækjan hefði verið ýmsum aðilum. (**EKG:** Loðnan.) Loðnan hefði verið ýmsum aðilum. Það að loðnu sé landað á Vestfjörðum skiptir miklu máli því að þá geta fyrirtækin farið í loðnufrystingu. Það þyrfti að vera líka aðstaða til þess á sunnanverðum Vestfjörðum að taka loðnu í bræðslu til þess að fyrirtækin gætu farið í loðnufrystingu.

Ég hygg að störf mín í Byggðastofnun hafi orðið til þess að það er einhvern veginn orðið innbyggt að horfa til landsins alls þegar rætt er um atvinnumál. Ég er sannfærður um það að við þingmenn þurfum að efla þá samstöðu með okkur að við séum ekki að bítast á milli byggðarlaga þegar við erum að takast á um svona mál. Við þurfum að sameinast um það að leysa þau hvar sem þau eru af þeirri stærðargráðu og þeim vanda sem þau eru t.d. í dag á Vestfjörðum.

Ég gat um atvinnuleysið á Akureyri. Grenivík er stórt vandamál í dag. Stöðvarfjörður og Breiðdalsvík eru það fyrir austan og Snæfellsnesið utanvert. Þetta eru allt staðreyndir sem við vitum um. Það þýðir ekkert að horfa fram hjá því að vandinn á Reykjanesinu er líka stór. Hins vegar verð ég að segja eins og er að þar finnst mér að menn þurfi að einbeita sér að því að byggja upp iðnað vegna þess að ef ekki er hægt að byggja upp iðnað á suðvesturhorninu, þá spyr maður sjálfan sig: Á hvaða forsendum ætti að vera hægt að taka einhver úrelt fiskverkunarhús vestur á fjörðum eða austur á fjörðum eða úti á Snæfellsnesi og byggja þar upp iðnað við miklu erfiðari aðstæður?

Ég vona að hæstv. forsrh. geri sér einnig grein fyrir því að reglugerð þeirri sem sett var um Byggðastofnun þarf að breyta. Það er stórmál og ég vænti þess að eins og skilningur hefur vaxið á þessum vandamálum, þá muni einnig skilningur vaxa á því.

[02:02]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Það er ekki ástæða til að lengja þessa umræðu. Ég vil samt sem áður lýsa yfir stuðningi við frv. sem hér er til umfjöllunar. Það er í fyllsta máta eðlilegt að það sé tekið á vanda atvinnulífsins á Vestfjörðum eins og hér er gert ráð fyrir. Aðstæður eru þannig á Vestfjörðum, bæði varðandi einhæfni atvinnulífsins og hinna sérstæðu aðstæðna vegna samgangna og fleiri atriða, að það er í fyllsta máta eðlilegt að á vanda Vestfirðinga sé tekið með þeim hætti sem gerð er tillaga um í frv.

Því hefur verið velt upp í þessari umræðu að það kunni að vera ástæða til að beita sér fyrir sérstökum aðgerðum gagnvart einstökum öðrum byggðarlögum í landinu. Þess vegna fagna ég því sem kemur fram í greinargerð með frv. að þrátt fyrir þá löggjöf sem hér er verið að leggja til þá girði það á engan hátt fyrir því að á sérstökum vandamálum annarra svæða verði tekið. Snæfellsnesið hefur verið nefnt í því sambandi og það er alveg ljóst að þar er við ýman vanda að etja, bæði á utanverðu og innanverðu Snæfellsnesi. Auðvitað þarf að skoða mál á þeim svæðum með tilliti til aðstæðna og ég treysti því vissulega að það verði gert enda liggja fyrir yfirlýsingar um, bæði frá hæstv. forsrh. og forustumönnum Byggðastofnunar, að á því máli verði tekið og það skoðað.

Ég vil bara, virðulegi forseti, endurtaka það að ég lýsi stuðningi við þetta frv. sem hér er til umfjöllunar og fagna því að það skuli ná fram að ganga.

[02:04]

Frsm. 2. minni hluta efh.- og viðskn. (Steingrímur J. Sigfússon):

Hæstv. forseti. Ég held að frekari orðaskipti hafi svo sem ekki mikið upp á sig í þessu máli og flest það komið fram sem koma þarf fram. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir að hafa verið viðstaddur umræðuna og eftir atvikum svarað því sem til hans hefur verið beint. Það er framför eða kannski ekki framför af hálfu hæstv. forsrh. heldur framganga sem hann mætti gjarnan minna ýmsa fótgönguliða sína í hæstv. ríkisstjórn á að taka sér til fyrirmyndar, til að mynda hæstv. sjútvrh.

Ég tel að það hafi komið mjög skýrt fram í umræðunni og ekki síst núna undir lokin, bæði í máli hæstv. forsh. og hv. 1 þm. Vesturl., að enginn mælir því á móti að sambærilegar aðstæður og þær sem finnast á Vestfjörðum og eru að mörgu leyti einkennandi fyrir þann landshluta eru fyrir hendi í byggðarlögum víða í landinu. Þvert á móti er það svo að hæstv. ríkisstjórn, hæstv. forsrh. og stjórnarliðar, eru að biðja um gott veður fyrir afgreiðslu þessa máls með loforðum um að vandamál annarra byggðarlaga sem sambærileg eru verði tekin til skoðunar í framhaldinu. Það er út af fyrir sig góðra gjalda vert að koma hér upp og viðurkenna að sú gagnrýni sem málið hefur fengið á sig, komið hefur fram og stjórnarandstaðan byggir sína afstöðu og sinn málflutning á er réttmæt. En auðvitað er ekki á nokkurn hátt gengið þannig frá efndum gagnvart öðrum sem í hlut eiga að þar sé neitt í hendi og það er ekki sá blær á þessari afgreiðslu sem maður hefði viljað sjá við þinglokin að annars vegar sé afgreitt lagafrv. með tiltekinni fjárhæð til ráðstöfunar í einum landshluta en gagnvart vandamálum aðila sem

eru sambærilega settir annars staðar í landinu sé ekki á öðru að byggja en almennum viljayfirlýsingum um það að á þeirra vandamál verði litið. Hvenær og hvernig og með hvaða hætti verði þá heimilda aflað til að bregðast þar við er ekki á neinu að byggja.

Þetta vildi ég bara, hæstv. forseti, láta koma fram og undirstrika undir lokin og tel nauðsynlegt að sé ljóst til viðbótar því sem áður hefur komið fram og verið gagnrýnt af okkar hálfu. Þetta er ekki sú frammistaða sem maður hefði viljað sjá þó að ég sé ekki með þessum orðum að gera lítið úr því að hæstv. ríkisstjórn viðurkennir hvernig málið er vaxið.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Út af dagskrá voru tekin 1.–4., 7. og 10.–13. mál.

Fundi slitið kl. 2:08.

---

158. FUNDUR

miðvikudaginn 11. maí,
kl. 9.30 árdegis.

Dagskrá:

1. Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, stjfrv., 544. mál, þskj. 852, brtt. 1288 og 1290. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
2. Stjórn fiskveiða, stjfrv., 283. mál, þskj. 1259, brtt. 1269 og 1287. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
3. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
4. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
5. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 221, nál. 946 og 970, brtt. 977 og 1289. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
6. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, stjfrv., 506. mál, þskj. 779, nál. 1231 og 1233, brtt. 1232 og 1235. — Frh. 2. umr. (Atkvgr.)
7. Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frv., 123. mál, þskj. 1207. — Frh. 3. umr. (Atkvgr.)
8. Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis, skýrsla, 250. mál, þskj. 289. — Ein umr.
9. Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47., stjtill., 537. mál, þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167. — Frh. síðari umr.
10. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 1256, brtt. 1267 og 1297. — Frh. 3. umr.
11. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859, brtt. 1296. — Frh. 3. umr.
12. Eftirlit með skipum, frv., 623. mál, þskj. 1210. — 3. umr.
13. Vog, mál og faggilding, frv., 626. mál, þskj. 1227. — 3. umr.
14. Ofbeldi gegn konum á Íslandi, þáltill., 269. mál, þskj. 324, nál. 1294, brtt. 1295. — Síðari umr.

Fjarvistarleyfi:

Egill Jónsson, 3. þm. Austurl.,
Finnur Ingólfsson, 11. þm. Reykv.,
Ólafur Þ. Þórðarson, 2. þm. Vestf.,
Sigríður A. Þórðardóttir, 10. þm. Reykn.

Athugasemdir um störf þingsins.

50 ára afmæli lýðveldisins.

[09:31]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Nú líður að þinglokum. Ákveðið mál veldur mér nokkrum áhyggjum, ekki síst eftir lestur Morgunblaðsins í morgun. Ég tel heiður þings og þjóðar í hættu takist ekki vel til af hálfu Alþingis í því efni.

Sú ákvörðun hefur verið tekin að stefna bæði þinginu og þjóðinni á Þingvöll 17. júní nk. í tilefni af 50 ára afmæli lýðveldisins. Ég tel reyndar að stilla verði öllum kostnaði í hóf í kringum þessi hátíðahöld í ljósi þess að efnahagur þjóðar og heimila leyfir ekkert tildur. Að stefna Alþingi til Þingvalla til að samþykkja þingmál af þessu tilefni er stórmál og þar er ekki sama hvernig til tekst. Mér finnst að liggja verði fyrir samstaða í þingflokkum um slíkt. Nú vill svo til að enn liggur ekki fyrir samstaða um neitt mál. Mér finnst að stjórn þingsins og formenn þingflokka þurfi og verði að ná saman um einhverja hugsjón sem væri verðug afmælisgjöf og fyrirheit til ungra Íslendinga um bjartari framtíð. Mér heyrist að allt tal um staðfestingu á mannréttindakafla sé út úr myndinni. Ég hefði talið að Alþingi hefði verið sómi að einhverri áætlun um rannsóknir á auðlindunum sem skilaði sér síðar í auknum þjóðartekjum.

Ég horfi mjög til lífbeltanna tveggja eins og Kristján heitinn Eldjárn orðaði það svo myndarlega. Landið fékk gjöf 1974, það lífbeltið. Væri ekki eðlilegt að marka stefnu um stórauknar vistfræðirannsóknir á lífríki hafsins í tilefni þessa afmælis eins og hv. þm. Páll Pétursson, formaður þingflokks framsóknarmanna, hefur bent á?

Hæstv. forseti. Ég tel að talsvert liggi við að vel takist og undra mig á því að enn skuli ekki hafa náðst samstaða um einhverja hugsjón í tilefni af þessu stóra afmæli.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti getur tekið undir það sem hv. 5. þm. Suðurl. sagði um þetta efni. Það er vissulega leitt að það skuli ekki enn hafa náðst samstaða, en hins vegar er forseti sannfærð um að það er góður vilji í öllum þing-

flokkum og hjá formönnum allra þingflokka að það takist að ná samstöðu um gott og verðugt málefni sem verði afgreitt á Þingvöllum af þessu tilefni.

[09:34]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það var seint á árinu 1991 að ég flutti ásamt tveimur öðrum þingmönnum till. til þál. um það hvernig minnst yrði 50 ára afmælis lýðveldisins. Sú tillaga komst aldrei til afgreiðslu, en það náðist um hana samstaða vorið 1993. Það var fyrst í september sl. sem skipuð var nefnd á vegum forsrn. til að undirbúa þjóðhátíðina á Þingvöllum. Hún hafði með öðrum orðum 8–9 mánuði til að undirbúa verk sitt sem fram undan er þann 17. júní nk. en þess skal getið til samanburðar að nefndin sem undirbjó hátíðahöldin á Þingvöllum 1974 hafði níu ár til þess undirbúningsverks.

Starfsemi þessarar nefndar hefur að mörgu leyti verið mjög flókin og erfið, m.a. vegna þess að Alþingi sjálft hefur ekki enn þá, eins og hv. þm. benti á, tekið ákvörðun um það hvert á að vera innihald hátíðarfundarins á Þingvöllum. Á það höfum við alþýðubandalagsmenn þrýst með margvíslegum hætti. Ég tel að það sé okkar meginafstaða og það sem við höfum lagt áherslu á er það að bætt verði inn í stjórnarskrána nýjum mannréttindakafla sem full samstaða hafði náðst um í stjórnarskrárnefndinni sjálfri, en strandaði síðan af einhverjum furðulegum ástæðum í Sjálfstfl. að því er mér er tjáð. Ég tel að það sé enn ekki of seint að taka ákvörðun um að mannréttindakaflinn verði tekinn inn í stjórnarskrána og það eigi ekki að láta staðar numið í þeim efnum heldur kanna til hlítar hvort unnt er að ná samstöðu um það.

Hátíðin á Þingvöllum og þessi hátíðarfundur þarf auðvitað að hafa myndarlegt, sögulegt innihald. Menn eiga ekki að fara á Þingvöll með tilheyrandi kostnaði bara til þess eins að fara á Þingvöll og halda einn hátíðarfund eða svo. Menn eiga að efna til þessarar samkomu með myndarlegu innihaldi, ég tala nú ekki um að sýna það í verki að menn eigi hugsjónir, eins og hv. þm. nefndi það, fyrir hönd þessarar þjóðar og veitir síst af því um þessar mundir að menn sýni það í verki og athöfnum Alþingis að menn eigi eitthvað eftir af því sem einu sinni var kallað hugsjónir en er ótrúlega lítið eftir af í seinni tíð.

[09:37]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Þar sem hér hafa verið gerð að umræðuefni hátíðarhöld á fullveldisdegi 17. júní nk., þá vil ég koma því á framfæri að auðvitað hafa þingflokksformenn rætt þetta mjög í vetur. Það hefur að vísu því miður ekki, og ég tek undir það með hv. þm. Svavari Gestssyni, náðst að ákveða að mannréttindakafli stjórnarskrárinnar yrði lagður fram eins og hann kom frá stjórnarskrárnefnd. Hins vegar er ekki enn útséð um hvernig það mál fer. Það er ekki búið að taka það mál út af borðinu og ýmsar hugmyndir eru uppi sem vissulega samstaða er um í hópi þingflokksformanna.

Það hefur einnig verið rætt um það að um leið og þinghaldi ljúki, sem vonandi verður á þessum sólarhring, þá hittist þingflokksformenn mjög fljótlega í framhaldi af því og setji niður dagskrá fundarins. Ég vil þó ítreka að það er vissulega rétt sem hæstv. forseti hefur sagt. Það er búið að ræða mikið og það er ákveðin samstaða um mál sem hafa verið rædd í þingflokkum og trúlega verður það niðurstaðan að þingið komi síðan saman 15. eða 16. júní og ræði þau mál frekar áður en Þingvallafundurinn verður.

[09:39]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég þakka svör forsetans og þann vilja sem kom fram í svari hennar og vænti þess að hæstv. forseti beiti sér í þessu máli og reyni á sem stystum tíma að ná samstöðu um málið.

Hv. þm. Svavar Gestsson sagði að sú nefnd sem undirbjó afmælið 1974 og þá miklu hátíð hafi haft níu ár. Þetta er hárrétt. En það er svo að þegar einhver fæðist er vitað að einhvern tíma verður hann fimmtugur þannig að menn hafa haft langan tíma en ekki gáð að sér því þessi nefnd er of seint skipuð, aðeins fyrir átta mánuðum.

Ég tel að mannréttindakafli sem rætt hefur verið um hitti kannski ekki í mark hjá þjóðinni. Stærsta mannréttindabrotið sem íslenska þjóðin býr nú við er atvinnuleysið og ef við gætum sameinast og markað stefnu til þess að leiðrétta það mannréttindabrot, þá værum við á réttri leið. En ég hef bent á og teldi mikilvægt að við legðum aukna peninga í vistfræðirannsóknir í hafinu því staðreyndin er sú að lífsafkoma íslenskrar þjóðar byggist ekki síst á þessum tveimur lífbeltum. Við búum við óvissu í hafinu á okkar fiskstofnum, ekki síst þorskinum, þannig að ég teldi þjóðargjöf í þá áttina vel varið, ekki síst gagnvart hinni ungu kynslóð sem þráir góð lífskjör.

[09:49]

Eyjólfur Konráð Jónsson:

Hæstv. forseti. Mig langar að segja örfá orð í sambandi við þessi hátíðahöld sem við erum sammála um að efna til. Er þar fyrst til að taka að ég tel að það eigi ekki að vera neitt tildur, ekki um of a.m.k. og síst af öllu að stofna til einhverra vandræða ef flytja á þjóðina alla til á einum degi meira og minna. Ég held að við verðum að fara þar með allri gát. En hitt er kannski aðalatriði að íslenska stjórnarskráin er kannski merkasta stjórnarskrá sem um getur. Hún hefur staðið óbreytt frá lýðveldisstofnun og í henni er allt það sem þarf að vera og til engra bóta að breyta þar um. Það er til vansæmdar að gera það. Sú stjórnarskrá hefur staðið óbreytt að öðru leyti en því að við kjördæmaskipun og fjölgun þingmanna hefur náttúrlega þurft að breyta tæknilegum atriðum. Nú er um að gera að sýna hófsemd og reyna að sameinast á þeim grundvelli og ekkert brambolt og síst af öllu að hagga við stjórnarskránni. Það væri til vansæmdar og ég er innilega á móti því og vona að menn verði það þegar þeir hugleiða málið.

[09:43]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er vissulega mjög sérstakt að

nú á væntanlega síðasta degi þessa þinghalds skuli enn ekki liggja fyrir nein tillaga, hvað þá ákvörðun um það hvað eigi að tengjast hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum í minningu 50 ára lýðveldisafmælis. Þetta er að mínu mati vottur um átakanlegt forustuleysi af hálfu forsætisnefndar þingsins og forustu þingflokka að hafa ekki komið sér saman um málefni sem væri verðugt að ákvörðun væri tekin um á Þingvöllum.

Inn í mannréttindaþátt stjórnarskrárinnar tel ég að eigi að koma ákvæði sem tengjast því að þjóðin fái að segja sitt í stórmálum eins og rætt var um mikið á síðasta ári í þjóðaratkvæðagreiðslu, og átakanlegt að ekki skuli vera vilji til að koma slíku máli í höfn. Ég lagði inn tillögu snemma á þessu þingi sem ég hélt að væri auðvelt að vinna fylgi hér sem tengist landvernd og friðlýsingu lands á öllu Þingvallasvæðinu, mál sem hefur verið mjög vel undirbúið á undanförnum árum. Einnig það hefur ekki fengið byr eða þann undirbúning sem þarf og það er illt til þess að vita að það þurfi að fara að kveðja Alþingi til á elleftu stundu, um miðjan júní eins og mér heyrist að ráðgert sé, til að takast á um tilefnið. Það ber vott um forustuleysi og sundurlyndi sem er kannski því miður tímanna tákn á 50 ára afmæli lýðveldisins.

[09:45]

Geir H. Haarde:

Virðulegi forseti. Það væri áreiðanlega ekki forustuleysi hvorki í forsætisnefnd þingsins né forustu þingflokka ef hv. 4. þm. Austurl. kæmi þar nærri. En ég vil út af þessum umræðum sem hér hafa farið fram, virðulegi forseti, eingöngu geta þess af minni hálfu og míns þingflokks að við munum leggja okkur fram um að ná samstöðu við aðra þingflokka um verðugt umræðuefni á hátíðarfundinum hinn 17. júní. Það hafa farið fram umræður milli formanna þingflokka um þetta efni sem fram undir það síðasta hafa verið mjög gagnlegar og góðar. Ég tel að við höfum ástæðu til að halda að við náum niðurstöðu í þessu máli sem allir geta verið fullsæmdir af. Það er allt of snemmt að vera hér með einhverjar hrakspár um að þetta muni allt fara í vaskinn eða ekki vera staðið að þessu með nægilegri reisn. Slíkar hrakspár eiga ekki við.

Við formenn þingflokka höfum ákveðið að hittast fljótlega eftir að þingi lýkur. Ég geri ráð fyrir að þingflokkar verði jafnframt boðaðir til funda til þess að vera með í ráðum. Síðan er eðlilegt að þingið komi saman einum eða tveimur dögum fyrir hátíðarfundinn til að ganga frá formsatriðum sem þarf að ljúka. Það er ekki hægt að afgreiða mál á Þingvöllum nema búið sé að taka það til fyrri eða 1. umr. eftir atvikum. Það þarf að gera það fyrir fundinn sem haldinn verður hinn 17. júní. Ég tel að það séu öll efni til þess að ná samstöðu um málefni sem Alþingi er til sóma á þessum tímamótum og ástæðulaust að gera því skóna að svo fari ekki.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að nú er senn liðinn sá tími sem umræða um störf þingsins má standa í upphafi þingfundar, þ.e. 20 mínútur. Forseti vill hvetja menn til þess að vera jákvæðir varðandi lausn á þessu máli því að forseti trúir því að þó að þetta hafi tekið lengri tíma en ætlað var, þá muni þegar upp er staðið nást gott samkomulag um það hvað verði tekið fyrir á Þingvöllum 17. júní.

Rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis.

Skýrsla félmrh., 250. mál. — Þskj. 289.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill láta þess getið að það hefur orðið samkomulag milli þingflokka um að þessi umræða standi í rúmlega eina og hálfa klukkustund sem þýðir það að hver þingflokkur hefur 20 mínútur til umráða.

[09:48]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Skýrsla sú sem ég mæli fyrir um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis er unnin á grundvelli þingsályktunar sem samþykkt var 7. maí á sl. ári. Áður hafði farið fram á vegum félmrn. könnun á högum og aðstæðum atvinnulausra sem unnin var af Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Sú skýrsla sem hér er til umræðu og annað sem fram hefur komið í umfjöllun um atvinnuleysið, svo sem könnun sú sem ég áður nefndi, sýnir margar hliðar á því mikla vandamáli sem atvinnuleysið er. Vandamálið snertir heimili, fjölskyldur og einstaklinga og þjóðfélagið í heild og hefur víðtæk áhrif á ýmsum sviðum þjóðlífsins. Það snertir einstakar félagseiningar í samfélaginu, ekki síst fjölskylduna, og síðast en ekki síst þann einstakling sem lendir í atvinnuleysinu hverju sinni og þarf að aðlaga sig að gerbreyttum aðstæðum um lengri eða skemmri tíma.

Vandamál hvers einstaklings eru undantekningarlaust erfið bæði fjárhagslega og félagslega. Ef samfélagið skipuleggur ekki viðeigandi vinnumarkaðsaðgerðir og aðstoð sérstaklega við langtímaatvinnulausa, þá verða vandamálin enn verri viðureignar, samfélaginu dýrari og ekki síst getur það kostað upplausn og óhamingju fjölda heimila og einstaklinga.

Atvinnuleysið er víða meginbölvaldur í ríkjum Evrópu og umtalsvert atvinnuleysi er alltaf það vandamál sem mikilvægast er að taka á hverju sinni. Vissulega erum við á þröskuldi mikils atvinnuleysis þó vonir standi til að mesta atvinnuleysið sé tímabundið. Atvinnuleysið hefur mælst frá 6–7,7% í janúar til mars, en samkvæmt bráðabirgðatölum fyrir sl. mánuð mælist atvinnuleysið um 5,6% en var 6,3% í mars og fer væntanlega lækkandi á næstu mánuðum.

Þekking okkar á atvinnuleysi og þeim vandamálum sem tengjast atvinnuleysi eru á ýmsan hátt takmarkaðri en margra annarra þjóða. Félmrn. hefur því unnið markvisst að því að afla sér vitneskju og reynslu á þeim vinnumarkaðsaðgerðum sem aðrar þjóðir er búið hafa við mikið atvinnuleysi hafa gripið til og hrint sumum þeirra í framkvæmd. Félagsvísindastofnun stóð fyrir yfirgripsmikilli könnun á vegum félmrn. á hög-

um og aðstæðum atvinnulausra sem sýnir að áhrif atvinnuleysis eru afar víðtæk og koma beint fram í fjárhagslegum vandamálum, sálrænum og félagslegum erfiðleikum og geta haft áhrif á líkamlegt heilbrigði. Ljóst er af þessari könnun að mikil fylgni er milli langtímaatvinnuleysis og fjárhags, heilsufars og félagslegra erfiðleika.

Ófaglært fólk, sem er líklega nálægt 40–50% af atvinnulausum, svo og unga fólkið hefur orðið sérstaklega hart úti í því atvinnuleysi sem við höfum búið við og tel ég brýnt að beina sérstaklega aðgerðum að því að tryggja betur hag þessara hópa. Ástandið er líka sérstaklega erfitt þar sem báðar fyrirvinnur eru atvinnulausar, en samkvæmt könnuninni, sem ég nefndi, eiga 10% þeira sem spurðir voru í könnuninni atvinnulausa maka. Fram kom einnig að 50% atvinnulausra eiga í greiðsluerfiðleikum og að þriðjungur atvinnulausra er með minna en 1 millj. í fjölskyldutekjur á ári.

Ég legg áherslu á að það er mikilvægt að samfélagið byggi upp tryggt öryggisnet til að koma í veg fyrir að jafnmikilvæg verðmæti tapist og líf, heilsa og starfskraftur. Við verðum að byggja hér upp öryggis- og þjónustunet sem með einum og öðrum hætti aðstoðar fólk við að koma aftur inn á vinnumarkaðinn eða a.m.k. viðhalda og bæta kunnáttu og starfsþrek þeirra sem bíða eftir tækifærum til að koma inn á vinnumarkaðinn og að því er nú unnið.

Starfshópur er nú að fara yfir þjónustu- og öryggiskerfi atvinnulausra, einkum atvinnulausra barnafjölskyldna, og mun væntanlega ljúka störfum innan skamms eða í þessum mánuði. Starfshópnum var ætlað að kanna sérstaklega réttindi atvinnulausra með tilliti til bótakerfis almannatrygginga, fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga, starfsmenntunar og námsframboðs. Starfshópnum er ætla að leggja fram úrbætur er tryggi betur framfærslumöguleika þeirra sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi og athuga sérstaklega hvort unnt sé að nýta bótakerfi hins opinbera þannig að það nýtist betur þeim sem höllustum fæti standa. Einnig að athuga hvernig beita megi frekari vinnumarkaðsaðgerðum fyrir atvinnulausa, einkum ófaglærða og unga fólkið og þá sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi. Skal þar einkum hugað að atvinnutilboðum gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð í samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga en í starfi sínu á samstarfshópurinn að hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins.

Það er ljóst að það bótakerfi og þjónustukerfi sem atvinnulausum er búið er sniðið að allt öðrum aðstæðum en við búum við núna og tekur á ýmsan hátt ekki mið af því atvinnuleysi sem við búum við. Við því er þessari nefnd ætlað að bregðast og leggja fram tillögur sem samræmi betur okkar bótakerfi, sem og þjónustu- og atvinnutilboð fyrir þá sem búið hafa við atvinnuleysi, ekki síst um langan tíma, og með það að markmiði að hagur og framfærsla þeirra atvinnulausu verði betur tryggð.

Það er vissulega áhyggjuefni að ungt fólk sem kemur úr námi og fær ekki vinnu fær ekki heldur bætur hjá Atvinnuleysistryggingasjóði og á því máli verður að taka, undan því verður ekki komist.

Ég vil einnig minna á að í frv. til laga um vinnumiðlun sem nú liggur fyrir Alþingi felast veigamikil nýmæli sem bæði munu tryggja betri þjónustu við atvinnulausa og auka atvinnumöguleika þeirra, ekki síst þeirra sem búið hafa við langvarandi atvinnuleysi, sem og að tryggja betur virkari vinnumiðlanir í landinu. Ég er sannfærð um það að ýmis ákvæði þessa frv. sem liggur fyrir Alþingi og verður ekki afgreitt nú en vonandi á næsta þingi mun bæta verulega hag atvinnulausra og tryggja betur að þeir geti komist út á vinnumarkaðinn aftur og tryggja þeim ýmsa ráðgjafaþjónustu, námsframboð og starfsmenntun meðan á atvinnuleysi stendur.

Kostnaður við atvinnuleysi verður aðeins að litlu leyti metinn í krónum og aurum. Hins vegar er augljóst að nauðsynlegt er að meta það fjármagn sem ætlað er til aðgerða gegn atvinnuleysi sem fjárfestingu á móti þeim kostnaði sem atvinnuleysi felur í sér, enda kemur margvísleg verðmætasköpun í staðinn. Starfsmenntun skapar varanlegan mannauð sem nýtist bæði einstaklingum og samfélaginu til frambúðar, en um tíu þúsund manns hafa notið góðs af lögum um starfsmenntun í atvinnulífinu sem samþykkt voru fyrir sennilega um þrem árum síðan á hv. Alþingi.

Kostnaður þjóðfélagsins í heild af atvinnuleysinu var áætlaður á sl. ári um 8 milljarðar kr. Auk þeirra mannlegu verðmæta sem tapast vegna atvinnuleysisins sýna þessar tölur hve mikils virði það er fyrir einstaklinginn og þjóðfélagið að nýta alla starfskrafta í stað þess að greiða óvirkar atvinnuleysisbætur.

Við þurftum ekki síst að hafa áhyggjur af umtalsverðri tekjuskerðingu heimilanna. Síðan bætist við mikill kostnaður ríkissjóðs og sveitarfélaga. Beinn kostnaður ríkissjóðs vegna atvinnuleysis felst annars vegar í minni sköttum, beinum og óbeinum, en hins vegar í meiri útgjöldum, svo sem til atvinnuleysisbóta. Stærsti liðurinn í kostnaði sveitarfélaga vegna atvinnuleysis eru tapaðar útsvarstekjur. Til viðbótar kemur ýmis kostnaður vegna framfærsluskyldu sveitarfélaganna sem erfitt er að meta. Tekjutap heimilanna er líka mikið eins og fram kemur í þessari skýrslu. Því er mikilvæg sú aðstoð sem ríkisvaldið greip til í október sl. um skuldbreytingu á húsnæðislánum einstaklinga og lögum um frestun á vanskilum og afborgunum vaxta á þessu ári.

Aðgerðir gegn atvinnuleysi til eflingar atvinnulífinu þurfa fyrst og fremst að vera markvissar og leysa vandann til einhverrar frambúðar. Aðgerðir af þessu tagi snúa að því að efla hráefnisöflun sjávarútvegs, efla samkeppnishæfni framleiðslu á sem flestum sviðum og efla markaðssetningu innlendrar framleiðslu, bæði heima fyrir og erlendis, og bæta starfsumhverfi fyrirtækja eins og ríkisstjórnin hefur gert. Þáttur ríkisins í slíkum aðgerðum gerist að mestu með óbeinum hætti. Í fyrsta lagi með því að efla rannsóknir tengdar framleiðslugreinum, í öðru lagi með skipulagðri starfsmenntun vinnuafls og í þriðja lagi aðgerðum til að stuðla að lágum framleiðslukostnaði, þar með talið lækkun vaxta, og bættri samkeppnisstöðu, m.a. við erlenda framleiðslu.

Bein afskipti af framleiðslugreinum er hins vegar ýmsum annmörkum háð vegna þess alþjóðlega viðskiptaumhverfis sem við búum við auk þess sem reynslan hefur iðulega leitt í ljós að vandinn leysist ekki heldur frestast og vex með tímanum. Skoðaðir eru hins vegar allir slíkir möguleikar þegar þeirra er þörf og sem dæmi um það er aðstoð við sjávarútveg, landbúnað, skipaiðnað og skinnaiðnað hér á landi. Hins vegar er mikil þörf á að skjóta fleiri stoðum undir atvinnulífið og hlúa að þeim vaxtarbroddum sem eru í hefðbundnum atvinnugreinum.

Það hefur víða komið fram að ríkisstjórnin hefur brugðist við vandamálum vaxandi atvinnuleysis með ýmsum hætti og hún er að vinna að aðgerðum á mörgum sviðum. Á sl. ári brást ríkisstjórnin við skyndilegu atvinnuleysi með verulegu fjármagni til opinberra framkvæmda með því að flýta verkefnum sem átti að ráðast í síðar. Það er einungis tímabundið sem hægt er að flýta opinberum framkvæmdum. Atvinnusköpun verður að vera vel ígrunduð svo hún verði ekki of dýru verði keypt og auki jafnvel á vandann til frambúðar eða tefji varanleg úrræði. Umfangsmiklar opinberar framkvæmdir sem standa yfir tímabundið eru fjárhagslega mjög dýr úrræði og skapa aðeins takmarkaða tímabundna vinnu fyrir fólk og sjaldan einhverja vinnu til frambúðar. Hætta er á að slík úrræði auki erlenda skuldabyrði eða fjárlagahalla sem enn frekar auka vandann í framtíðinni auk þess sem slík úrræði duga aðeins í skamman tíma. Við hljótum því jafnframt að huga að ódýrari, varanlegri og mannaflafrekari úrræðum sem treysta atvinnuástandið til frambúðar. Hins vegar eigum við að láta einskis ófreistað í að virkja atvinnulausa með einum eða öðrum hætti á meðan þeir búa við atvinnuleysi.

Ég hef gert grein fyrir framkvæmdaleiðinni sem veitt getur atvinnu tímabundið og er nauðsynleg til að bregðast við tímabundnum sveiflum á almennum vinnumarkaði. Ég vil hins vegar leggja áherslu á langtímaaðgerðir til að bæta atvinnuástandið, virkar vinnumarkaðsaðgerðir og að treysta það öryggis- og þjónustunet sem atvinnulaust fólk þarf að reiða sig á. Það er mikilvægt að vel sé vandað til atvinnuskapandi aðgerða með þeim 1.200 millj. sem Atvinnuleysistryggingasjóður getur veitt til virkra vinnumarkaðsaðgerða í átaksverkefnum ríkis og sveitarfélaga. Hafa m.a. ákvæði varðandi framkvæmd átaksverkefna ríkis og sveitarfélaga verið rýmkuð í því skyni. — Ég vil spyrja, virðulegur forseti. Ég sé að það blikkar á mig ljós.

(**Forseti** (SalÞ): Þá eru að verða búnar 10 mínútur og setur þá forseti aftur á 10 mínútur ef ráðherra vill nota meiri tíma.)

Ég sagði að ákvæði varðandi átaksverkefni ríkis og sveitarfélaga hefðu verið rýmkuð í því skyni að hægt væri að nýta betur þær 1.200 millj. sem varið er í gegnum Atvinnuleysistryggingasjóð til að stuðla að virkum vinnumarkaðsaðgerðum og atvinnutækifærum. Átaksverkefni ríkis og sveitarfélaga ásamt því viðbótarfjármagni sem varið var til samgöngubóta og viðhaldsverkefna sköpuðu 800 heilsársstörf á sl. ári og munu væntanlega skapa 1.400 ný heilsársstörf á þessu ári.

Ég hef sagt að það þurfi sérstaklega að huga að því að þær aðgerðir sem gripið er til nýtist vel ófaglærðum og unga fólkinu og ég legg einnig áherslu á atvinnuskapandi aðgerðir fyrir konur sérstaklega, en fjármagn sem ráðstafað var úr Atvinnuleysistryggingasjóði í þessu skyni á sl. ári nýttist mun betur körlum en konum. Í því sambandi minni ég á þær 80 millj. sem sérstaklega var veitt til atvinnumála kvenna á sl. ári. Þær hafa reynst mjög vel og tel ég að stærri fjárveiting hefði átt að renna af framlagi ríkissjóðs til atvinnuskapandi verkefna í þessu skyni. Fjármagni var þar einkum veitt til nýsköpunar, framþróunar og markaðssetningar og nýttist fjármagnið m.a. til handiðnaðar ýmiss konar sem unninn var úr íslensku hefni. Einnig var fjármagni veitt til aðhlynningarstarfa, námsaðstoðar og svokallaðra vinnuskipta þar sem fólk fer í hlutavinnu á móti námi og heldur engu að síður sínum launum og rýmir þannig fyrir einstaklingum á atvinnuleysisskrá.

Þær vinnumarkaðsaðgerðir sem hafa verið notaðar í öðrum löndum hafa einnig verið skoðaðar með tilliti til þess hvort þær gætu komið að gagni hér á landi. Þetta á t.d. við um aðgerðir sem stuðla að hreyfanleika vinnuafls innan lands, aðgerðir sem hvetja menn til sjálfstæðrar atvinnusköpunar, námsatvinna, deildar stöður og vinnuskipti, sem að litlu leyti hafa verið reyndar hér á landi.

Framboð námskeiða fyrir atvinnulausa hefur aukist mikið en ljóst er að þörfin er enn meiri og mikilvægt er að auka framboð og fjölbreytni námskeiða fyrir atvinnulausa og að markvisst sé unnið að uppbyggingu starfsmenntunar í landinu á næstu árum.

Ég vil einnig nefna það að ég tel mjög brýnt að taka sérstaklega á atvinnumálum fatlaðra og hefur nefnd verið að vinna að því og lagt fram hugmyndir, sem ég tel að þurfi að vinna úr, en þær stuðla allar að því að gera fötluðum kleift að vera á almennum vinnumarkaði með ákveðinni aðstoð sem þar er lögð til.

Í lokin vil ég segja þetta: Þó mikilvægur árangur hafi náðst í baráttunni við atvinnuleysið, en það er ekki langt síðan aðilar vinnumarkaðarins spáðu að atvinnuleysi stefndi í 20%, þá verður baráttan gegn atvinnleysinu höfuðviðfangsefni ríkisstjórnar næstu missirin. Við þurfum að skapa hér a.m.k. 3 þús. ný störf á ári og til þess að það takist þurfum við að hefja víðtækt framleiðni- og markaðsátak, m.a. í sjávarútvegi og iðnaði, og nýta þau tækifæri sem opnast hafa í gegnum alþjóðlega samninga sem Ísland á aðild að. Við höfum alla möguleika til að vinna okkur út úr atvinnuleysinu en til þess þarf þjóðarsamstöðu og að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins leggist á eitt til þess að það takist.

[10:04]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Sú skýrsla sem hér er til umræðu var lögð fram í desembermánuði og ekki seinna vænna að hún verði tekin til meðferðar í þessari virðulegu stofnun.

Hæstv. félmrh. lauk máli sínu með því að segja: Hér hefur mikill árangur náðst í atvinnumálum. Hér hefur tekist að koma í veg fyrir það að atvinnuleysið yrði það sem spáð var af aðilum vinnumarkaðarins.

Hver er þessi mikli árangur? Hann er sá að núna er talað um að um það bil 8 þús. manns séu atvinnulausir í landinu. Það er hinn mikli árangur sem verið er að tala um. Ég skora á hæstv. félmrh. og aðra talsmenn ríkisstjórnarinnar að hætta að tala um árangur af þessari stjórnarstefnu vegna þess að meðan þessi fjöldi er á atvinnuleysisskrá er það eins og háðsmerki á ríkisstjórninni að tala um árangur og það er eins og blaut tuska framan í þann hluta þjóðarinnar sem er atvinnulaus að þessi ríkisstjórn, atvinnuleysisstjórn Davíðs Oddssonar, skuli taka sér orðið „árangur" í munn þegar um er að ræða atvinnumál og atvinnuleysi.

Staðreyndin er sú að þessi mál hafa verið til meðferðar allt það tímabil sem núv. ríkisstjórn hefur setið. Við alþýðubandalagsmenn höfum flutt mörg þingmál um þessi mál, m.a. frv. til laga um rétt þeirra sem ekki hafa vinnu sem fól í sér heildarendurskoðun á öllum þeim lögum sem snerta málefni atvinnulausra og þetta frv. var flutt á miðju síðasta þingi. Við höfum flutt tillögur um rannsóknir á afleiðingum atvinnuleysis, sem voru samþykktar á síðasta þingi og þessi skýrsla er til orðin í framhaldi af þeirri samþykkt sem varð til vegna þáltill. okkar.

Hæstv. félmrh. lagði fram fyrr í vetur frv. til laga um vinnumiðlun sem er samkomulagsniðurstaða allmargra aðila sem undirbjuggu það mál. Ég vil byrja á að spyrja hæstv. félmrh.: Af hverju var það frv. ekki á forgangslista ríkisstjórnarinnar? Af hverju mátti það frv. liggja og bíða? Af hverju þurfti frekar að afgreiða frv. til laga um vog, mál og faggildingu heldur en frv. til laga um vinnumiðlun? Af hverju þurfti frekar að afgreiða frv. um eftirlit með skipum heldur en frv. um vinnumiðlun sem felur í sér heildarbreytingu á þeim gildandi lögum sem til eru í landinu um vinnumiðlanir?

Ég tel satt að segja að það áhersluleysi sem birtist af hálfu ríkisstjórnarinnar varðandi þetta mál og fleiri sýni að þar er engin samstaða um raunverulegt átak í þessum efnum.

Ég vil, hæstv. forseti, um leið og ég þakka fyrir það að skýrslan er lögð fram gagnrýna þar tvö mjög mikilvæg atriði. Í fyrsta lagi það að á bls. 4 í skýrslunni segir, með leyfi forseta: „Ríkisstjórnin telur vegna stöðu ríkissjóðs ekki tímabært að ráðast í umfangsmiklar aðgerðir eins og þær sem fjallað er um í fskj. 3."

Þar er bent á margvíslegar aðgerðir varðandi skipulag vinnumiðlana og vinnumarkaðarins sem hægt væri að ráðast í án þess að það þyrfti að taka til sín mjög mikla fjármuni. Ég gagnrýni það sérstaklega að hæstv. félmrh. skuli ekki hafa þann metnað að gera grein fyrir því núna hvernig nákvæmlega hún mundi vilja fara í málin með hliðsjón af þeim ábendingum sem bent er á í fskj. 3 en fela aðallega í sér ábendingar um það hvernig vinnumarkaðsmálum og vinnumiðlun er háttað í öðrum löndum.

Ég vil í öðru lagi gagnrýna sérstaklega það sem kemur fram á næstu síðu í þessari skýrslu þar sem segir, með leyfi forseta: „Það er hins vegar ekki tímabært að boða nýjar breytingar á lögunum fyrr en einhver reynsla er komin á þær breytingar sem gerðar hafa verið."

Ég mótmæli þessari uppsetningu mála líka og ég tel að það sýni líka metnaðarleysi að gera ekki grein fyrir því hvernig lögin hafa komið út og gera grein fyrir breytingum sem eru óhjákvæmilegar á þeim lögum. Hvaða mál eru það sem hafa verið rædd hér í vetur varðandi atvinnulausa sérstaklega? Hæstv. ráðherra nefndi þau ekki í sinni ræðu. Það eru atvinnuleysisréttindi vörubifreiðastjóra, það eru atvinnuleysisréttindi námsmanna, það eru atvinnuleysisréttindi trillusjómanna, það eru sérstaklega þau námskeið sem atvinnulausum standa til boða. Allt eru þetta mál sem hafa verið uppi í vetur með margvíslegum hætti, bæði í formi þingmála, fyrirspurna og utandagskrárumræðna en í rauninni kemur ekkert fram um það í þessari skýrslu né heldur í máli ráðherrans og ég spyr: Hver er áhuginn, krafturinn, dugnaðurinn? Hvar er skilyrðasetning hæstv. félmrh. sem er heimsfræg, a.m.k. á Íslandi, og gerir það að verkum að 70% af þjóðinni telur að hún sé betri formaður Alþfl. en utanrrh.? Hvar er skilyrðasetningin öll? Það má setja þessi skilyrði þegar kemur að öðrum málum, einstökum frumvörpum, en þegar kemur að því að taka heildstætt á málefnum atvinnulausra þá segi ég, hæstv. forseti: Það hefur ekkert verið gert nema það sem við lögðum til á síðasta þingi um það að færa öll þessi mál yfir í félmrn. og opna vissa þætti þeirra fyrir sjálfstætt starfandi atvinnurekendum. Að öðru leyti hafa menn ekki fengist til að gera eitt eða neitt.

Þessi tvö atriði vil ég gagnrýna í skýrslunni. Ég tel með öðrum orðum að skýrslan sé ófullkomin. Ég segi hins vegar: Ég þakka fyrir þann þátt í skýrslunni sem fer rækilega yfir hinn beina kostnað sem verður af völdum atvinnuleysis þar sem það kemur fram að hvert tapað atvinnutækifæri þýðir tapaðar tekjur fyrir þjóðina á ári um 1,5 millj. kr. þannig að það atvinnuleysi sem menn eru að tala um núna kostar á ársgrundvelli um 12 milljarða kr., um 12 þúsund millj. kr. eru menn að tala um að tapist út úr þjóðarbúinu beint og óbeint vegna þess atvinnuleysis sem í gangi er. Og það er af þeim ástæðum sem það er ekki bara réttlætanlegt heldur líka sjálfsagt að verja verulegum peningum til vinnumarkaðsaðgerða, til átaks í atvinnumálum m.a. í verkefni sem þarf að vinna hvort eð er eins og í samgöngumálum upp á fleiri milljarða kr. og bíða. Það er réttlætanlegt að fara í þau einmitt nú um þessar mundir eins og staðan er í dag.

Ég vil í þessari umræðu, hæstv. forseti, leggja fyrir hæstv. félmrh. nokkrar spurningar. Í fyrsta lagi vil ég spyrja hæstv. félmrh. hvað hefur verið gert varðandi þær ábendingar sem ráðuneytið telur þó framkvæmanlegar og eru neðst á bls. 4 í skýrslunni þar sem segir: „Hins vegar eigi margar þeirra erindi nú þegar sem tilraunaverkefni á vegum ríkis, sveitarfélaga og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta á t.d. við um að-

gerðir sem stuðla að hreyfanleika vinnuafls innan lands, aðgerðir sem hvetja menn til sjálfstæðrar atvinnusköpunar, námsatvinna, deildar stöður og vinnuskipti."

Þetta er allt auðvelt segir í þessari skýrslu. Þetta er hægt að gera og ég spyr: Hvað hefur verið gert í þessum málum? Ég óska eftir að hæstv. ráðherra geri ítarlega grein fyrir því.

Í öðru lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra um það sem fram kemur í skýrslunni á bls. 5 þar sem segir m.a. að það geti orðið þörf á því að koma á sérstöku launatengdu tryggingakerfi vegna atvinnuleysisins. Hvað er hæstv. ráðherra að boða þarna? Er hæstv. félmrh. og ríkisstjórnin að boða sérstaka skattlagningu umfram það sem er nú beint í ríkissjóð og Atvinnuleysistryggingasjóð til þess að standa undir þessu atvinnuleysiskerfi? Það er mjög nauðsynlegt að fá um það upplýsingar hvort hér er verið að boða nýjan skatt í þessu skyni. Ég er þeirrar skoðunar, hæstv. forseti, að kostnaðinn við atvinnuleysið eigi að bera uppi úr hinum almenna ríkissjóði landsmanna og menn geta mín vegna aflað skatta í hann í því skyni. Þetta er þjóðarverkefni. Þjóðin í heild og þeir þingmenn sem standa að þeim ákvörðunum sem teknar hafa verið í efnahagsmálum standa í raun og veru á bak við þá ábyrgð sem við blasir að því er varðar atvinnuleysið í landinu. Þess vegna á að kosta það sem þarf í þessum efnum með beinum greiðslum úr ríkissjóði en ekki með einhverjum sérstökum tekjustofnum sem eru látnir standa undir atvinnuleysinu og munu líta út eins og ölmusupeningar þegar upp verður staðið enn þá meira niðurlægjandi en þegar er orðið fyrir það fólk sem missir sína atvinnu og getur ekki selt sitt vinnuafl.

Í þriðja lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra hvað hafi verið gert varðandi þau atriði utan þessa kerfis sem í raun og veru var ekki fjallað um í hennar ræðu en er óhjákvæmilegt að fara aðeins nánar yfir. Allt það fólk sem er utan þessa kerfis, hvað hefur verið gert til að ná því inn? Hvað vill ráðherrann gera í því efni? Hvað um fólk sem er að koma úr námi? Hvað með fólk sem er að koma úr fæðingarorlofi? Hvað með það fólk sem er að standa upp úr veikindum? Hvað með heimavinnandi húsmæður o.s.frv.? Hvað vill hæstv. ráðherra í þriðja lagi gera til þess að koma til móts við þessa aðila?

Í fjórða lagi vil ég spyrja hæstv. ráðherra: Hvað hefur verið gert sérstaklega til að tengja námskeiðakerfi í þágu atvinnulausra við menntakerfið í landinu? Ég sé að þær ábendingar sem fram koma frá menntmrn. á bls. 9 í þessari skýrslu, miðri 9. síðu, eru ágætar ábendingar, faglegar og ágætar ábendingar og ég spyr: Hvað hefur sérstalega verið gert til þess að tengja saman menntakerfi og námskeiðakerfið þannig að þetta sé ekki uppbótarkerfi svo að segja þetta námskeiðakerfi heldur tengist það með einhverjum hætti hinu almenna skólakerfi í landinu ef þeir atvinnulausu vilja tengja þetta tvennt saman?

Í fimmta lagi bendi ég á að það koma fram margar ábendingar á bls. 8 í skýrslunni varðandi ábendingar ráðgjafarnefndar, t.d. um skyldurétt til vinnu, að langtímaatvinnulausir fái skyldurétt til vinnu. Hvað á ráðuneytið við með þessu? Hvað hefur verið gert að því er varðar langtímaatvinnulausa sérstaklega? Hefur ráðherra hugsað sér að þeim verði boðin vinna með virkari hætti en verið hefur og hvað með unga fólkið en 17% af þeim sem eru á vinnumarkaði eða vilja vera þar á aldrinum 16–20 ára eru nú atvinnulausir.

Hér er gerð tillaga um að sveitarfélögunum verði gert að samræma lágmarksframfærslu og hér er gert ráð fyrir því að vinnumiðlanir veiti ráðleggingar og leiðbeiningar til að auka atvinnumöguleika atvinnulausra. Ég spyr í fimmta lagi hvað hefur verið gert í þessum efnum og í sjötta lagi endurtek ég þær spurningar sem ég bar fram áðan um trillusjómenn og vörubifreiðastjóra sérstaklega.

Ég tel, hæstv. forseti, að það blasi alveg við hvað það er sem gera þarf núna í þessum málum sem snerta atvinnulausa. Þá er ég ekki að tala um atvinnumálin sem slík sem er auðvitað aðalatriðið. Auðvitað þarf að rífa hér upp atvinnulífið. Það þarf að gera það með markvissum og skipulegum hætti en að því er varðar þjónustuna við atvinnulausa tel ég að það sé þrennt sem skiptir mestu máli og á því vil ég ljúka máli mínu, hæstv. forseti.

Í fyrsta lagi tel ég að það eigi að endurskoða lögin í heild um atvinnuleysistryggingar, vinnumiðlun og um vinnumálaskrifstofu félmrn. Grundvallaratriðið eigi að vera það að réttur til atvinnuleysisbóta verði altækur þannig að allir þeir sem vilja vera á vinnumarkaði, hafa heilsu og eru að leita sér að vinnu, fái atvinnuleysisbætur. Það verði ekki unnt að hólfa fólk niður eins og nú er gert eftir aðild að stéttarfélögum. Ég spyr hæstv. ráðherra líka: Af hverju hefur þetta ekki verið gert? Eins og hæstv. ráðherra sagði áðan þá hafa legið fyrir um það upplýsingar mjög lengi. Liggur í augum uppi að það kerfi sem hér er um að ræða á Íslandi er miðað við allt aðrar aðstæður. Af hverju hefur þetta ekki verið lagað? Þetta hefur legið fyrir alveg frá því að hæstv. núv. ríkisstjórn tók við. Hvaða gauf er þetta? Gera menn sér ekki grein fyrir þeim vanda sem svo að segja nístir í merg og bein á þeim heimilum þar sem fólk býr við atvinnuleysi og hefur jafnvel gert langtímum saman?

Í öðru lagi tel ég að það eigi að virkja vinnumiðlanir miklu betur en gert hefur verið. Það á að gera þær þannig að þær hafi frumkvæðið, þær leiti upp hina atvinnulausu, sem hafa verið atvinnulausir lengi, og sérstaklega unga fólkið. Það verði farið yfir málin og gerðar ráðstafanir til að tryggja það t.d. að enginn ungur maður, karl eða kona, verði atvinnulaus eða þurfi að vera atvinnulaus lengur en í tvo mánuði, segjum þrjá í mesta lagi, áður en kemur sérstakt vinnutilboð til þessa fólks. Það er svo niðurbrjótandi, það er svo alvarlegt vandamál fyrir þjóðfélagið að þetta fólk hafi ekki vinnu langtímum, mánuðum eða missirum saman og það er í rauninni fráleitt að líða það að hlutirnir þróist með þeim hætti.

Í þriðja lagi tel ég mikilvægt, hæstv. forseti, að tengja skipulegar saman menntakerfið og námskeiðin heldur en gert hefur verið og bendi í því sambandi á að

Atvinnuleysistryggingasjóður er sjálfur núna að borga verulega fjármuni til að standa undir námskeiðum, 3,5 millj. kr. á mánuði. Það tel ég gott, en ég tel, hæstv. forseti, að þetta eigi að vera verkefni okkar, þjóðfélagsins og ríkissjóðs, að standa undir þessum kostnaði.

Virðulegi forseti. Hvað er það að missa vinnuna? Það að missa vinnuna er það að þjóðfélagið, markaðurinn, hafnar því eina sem þú átt, sem er vinnuaflið. Þegar upp er staðið er það þannig að það er ekki unnt að rífa af þér vinnuaflið til þess að selja í gjaldþrotaúrskurðum eða við nauðungaruppboð. Þetta er það eina sem þú átt ef þú hefur heilsu. Þjóðfélag sem hafnar þessari einu eign einstaklinganna er að lítilsvirða þetta fólk og við eigum að taka á því með myndarlegum hætti meðan hér er atvinnuleysi að búa til kerfi, sem tekur á móti þessu fólki með fullri virðingu, stolti og reisn en niðurlægi það hvergi.

[10:20]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Virðulegi forseti. Hæstv. félmrh. hefur fjallað ítarlega um þá skýrslu sem hér er til umræðu um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis og lýst því hvernig ríkisstjórnin hefur eða hyggst beita ýmsum vinnumarkaðsaðgerðum og ýmsum sérstökum aðgerðum til þess að berjast við aukið atvinnuleysi. Það sem er aðalatriðið og var aðalatriðið í hennar málflutningi er að leysa þarf þetta stórkostlega vandamál, þetta mikla vandamál til frambúðar. Málið er að sjálfsögðu forgangsmál ríkisstjórnarinnar og verður það framvegis eins og annarra ríkisstjórna á Vesturlöndum nú um stundir.

Þegar rætt er um það hvers vegna atvinnuleysi hefur magnast hér á landi er ástæða til þess að benda á að við höfum átt við ytri áföll að stríða, svo sem minnkun á þorskveiðum. Það hefur verið lægra verð ... (**StG:** Minnkun á ... afla.) Ef hv. framsóknarmenn geta nú setið á sér smástund, þá vil ég benda á fleira. Það er lægra verð á íslenskum fiskafurðum á erlendum mörkuðum, 24–25% frá upphafi árs 1991. Það verður ekki hrakið. (**GÁ:** Hvar er loðnan?) Loðnan er inni í þessu, þetta er á föstu verðlagi og ég vona að hv. þingmenn Framsfl. skilji það. Það hefur verið víðtæk alþjóðleg efnahagslægð sem hefur haft áhrif hér á landi. Fortíðarvandinn íslenski hefur birst í of miklum fjárfestingum á undanförnum árum. Ég nefni t.d. að á árunum 1990–1993 þurfti ríkissjóður að greiða 10 milljarða vegna þess að ríkissjóður tók á sig af sjóðum skuldbindingar sem ríkissjóður varð að borga og það er athyglisvert að íslenska þjóðarbúið þarf að borga yfir 50 milljarða á ári eða það sem nemur hálfum ... (Gripið fram í.) Maður hefur hér takmarkaðan tíma og sumir hv. þingmenn eru svo ókyrrir í salnum að það er ekki nokkur leið að komast áfram í máli sínu. Þeir hafa vonandi málfrelsi eins og aðrir, hv. þm. Guðni Ágústsson, sem nú hefur kallað hér fjórum sinnum fram í. Það eru 50 milljarðar. Þetta er ekkert gamanmál. Framsóknarmenn geta hlegið að þessu máli en þetta er ekki gamanmál fyrir þann sem hér stendur eða aðra þá sem taka þessi mál af fullri alvöru. (**GÁ:** Gott að heyra.)

Allt sem ég hef sagt þýðir það að það þrengir möguleika ríkisstjórnarinnar og annarra sem láta þessi mál til sín taka til þess að geta tekist á við málin með viðeigandi hætti. Þetta ættu menn að hafa í huga. Og þegar talað er um að ríkisstjórnin hafi ekki náð árangri er full ástæða til þess að benda á að það eru ekki nema 20 mánuðir síðan að gefin var út skýrsla á vegum Alþýðusambands Íslands og í þeirri skýrsu stóð: Ef ekkert verður gert mun atvinnuleysi á Íslandi verða 20–25% og það var verið að tala um það hvaða áföllum Íslendingar hefðu orðið fyrir. Það var tekist á við vandamálin og því miður er atvinnuleysið of mikið, en það var langt frá því að vera sú tala sem þarna var nefnd. Þetta vil ég að komi hér fram þegar menn eru að tala um það hvort árangur hafi náðst eða ekki.

Hæstv. félmrh. ræddi um sérstakar aðgerðir og einkum og sér í lagi vinnumarkaðsaðgerðir. Það sem hins vegar er eðlilega ekki eins mikið fjallað um í þessari skýrslu er að ríkisstjórnin hefur að sjálfsögðu beitt öðrum aðgerðum og það má kannski skipta þeim aðgerðum í þrennt. Í fyrsta lagi hefur ríkisstjórnin lagt áherslu á að bæta stöðu atvinnuífsins með stöðugu verðlagi, auknu frelsi í viðskiptum milli landa, lækkun skatta á atvinnureksturinn, lækkun vaxta og hagstæðu raungengi og hefur samkeppnisstaðan verið styrkt og rekstrarskilyrðin bætt.

Í öðru lagi hafa aðgerðir ríkisstjórnarinnar miðað að því að stuðla að friði á vinnumarkaði með hófsömum kjarasamningum.

Í þriðja lagi hefur ríkisstjórnin dregið úr atvinnuleysi með beinum aðgerðum. Rekstrartilfærslur og rekstrarútgjöld ríkisins hafa verið lækkuð til að mæta auknum útgjöldum til sérstakra atvinnuskapandi verkefna. Samið hefur verið við sveitarfélögin um framlög til atvinnumyndandi verkefna einnig og það er gert í samvinnu við Atvinnuleysistryggingasjóð. Ég bendi á að opinbert fé hefur verið lagt til fiskeldis og loðdýraræktar núna í tíð þessarar ríkisstjórnar í því skyni að þessar atvinnugreinar geti vaxið aftur um leið og skilyrði batna á erlendum mörkuðum og sem betur fer eru skilyrði að batna t.d. í loðdýraræktinni um þessar mundir.

Ég þarf ekki að ræða hér um skipasmíðaiðnaðinn. Það höfum við gert áður og aðgerðir ríkisstjórnarinnar í þeim efnum. Ég bendi á samstarf við Háskóla Íslands um rannsóknarstyrki og styrki fyrir námsmenn vegna sumarvinnu. Allt þetta eru aðgerðir sem ríkisstjórnin hefur beitt til þess að koma í veg fyrir það að atvinnuleysi vaxi hér á landi.

En það sem skiptir máli er það að við vitum að atvinnuleysi er ekki bundið við Ísland og sem betur fer hefur okkur tekist betur en flestum öðrum þjóðum að fást við þetta vandamál sem hefur verið að eiga sér stað frá árinu 1987 eða þar um bil. Og 1988, 1989 og 1990 var atvinnuleysi að vaxa hér sem auðvelt er að sýna fram á með tölum því að það urðu engin ný störf í einkarekstri, það voru nokkur ný störf, nokkuð mörg að vísu á ákveðnu tímabili í opinberum rekstri en engin ný störf og frekar fækkun starfa í atvinnulífinu á þessum árum. Hins vegar var það mikið framboð af

atvinnu að það kom ekki í ljós atvinnuleysi fyrr en síðar. Þetta er auðvelt að sýna fram á og verður vonandi gert síðar í umræðunum.

Það sem hins vegar sést um leið og við berum okkur saman við það sem hefur gerst annnars staðar er það að Íslendingum hefur gengið betur og af því að hv. þm. Svavar Gestsson var að segja við okkur að við hefðum staðið okkur illa þarf ekki annað en líta til Svíþjóðar og Finnlands í því sambandi. Það er fróðlegt og ég vil benda á að fjármálaráðherrarnir hafa haft samstarf sín á milli, bæði á Norðurlöndum, innan EFTA, milli EFTA og Evrópubandalagsins og innan OECD og það er fróðlegt að líta kannski örlítið á það út á hvað þær viðræður ganga sem þar eiga sér stað. Það er óhætt að fullyrða að almenn samstaða sé á alþjóðavettvangi um þá skoðun að orsakir vaxandi atvinnuleysis séu aðallega tvíþættar. Annars vegar gætir áhrifa efnahagssamdráttar undanfarinna ára. Hins vegar gefur aukið atvinnuleysi undanfarinn einn og hálfan áratug þrátt fyrir aukinn hagvöxt ótvírætt til kynna að vaxandi hluti þess sé kerfisbundið vandamál, þ.e. hverfi ekki þegar atvinnu- og efnahagslífið réttir úr kútnum. Þetta kerfisbundna vandamál er rakið til ýmissa skipulagsbresta í hagkerfinu, svo sem á vinnumarkaði, í skattkerfinu, vinnumarkaðslöggjöfinni, skólakerfinu og í tryggingakerfinu. Það hefur ekki orðið til að bæta ástandið að á síðstu árum hefur halli á ríkisbúskapnum aukist verulega í flestum löndum m.a. vegna efnahagssamdráttarins. Ein afleiðing þessa halla eru háir vextir en þeir hafa síðan dregið úr fjárfestingu fyrirtækja og þar með úr hagvexti. Afleiðingin hefur orðið enn meira atvinnuleysi. Jafnframt hefur slæm staða ríkisfjármála takmarkað svigrúm stjórnvalda til að örva eftirspurn.

Norðurlöndin að Danmörku frátalinni hafa haft nokkra sérstöðu að því leyti að atvinnuleysi hefur jafnan verið mun minna þar en annars staðar í Evrópu. Þessi staða hefur nú gerbreyst. Þannig er atvinnuleysi í Finnlandi með því hæsta sem mælist í OECD-ríkjunum eða tæplega 20%, en fyrir aðeins fáeinum árum var atvinnuleysi þar á bilinu 2–3%. Á sama tíma komu í ljós alvarlegir brestir á vinnumarkaðnum í Noregi og Svíþjóð en í báðum ríkjunum jókst atvinnuleysi verulega.

Þessar breyttu aðstæður hafa leitt til mikillar umræðu á norrænum vettvangi. Skyndilega var atvinnuleysisvandinn orðinn að köldum veruleika á Norðurlöndum ekki síður en í öðrum ríkjum Evrópu. Og það eru einmitt þessi mál sem hafa tekið mikinn tíma ráðherranna, ekki síst fjármálaráðherranna að fjalla um og það hafa verið gerðar víðtækar rannsóknir og málið er kannað vegna þess að það er sameiginlegt vandamál en ekki vandamál hvers ríkis fyrir sig þó að auðvitað séu inni í myndinni skilyrði og aðstæður sem gera það að verkum að atvinnuleysi er af þessum toga í þessu landi en kannski af öðrum toga í öðru landi. Þetta verðum við að hafa í huga sem ræðum þetta mál og nú.

Það var gefin út yfirlýsing forsætisráðherra og fjármálaráðherra Norðurlanda í Maríuhöfn sem ég ætla ekki að rekja efnislega hér. Það sem skiptir miklu máli er að það þurfa að vera ákveðin efnahagsleg skilyrði fyrir hendi. Það eru þau skilyrði sem sú ríkisstjórn sem nú situr hér á landi hefur verið að sækjast eftir. Það er ekkert öðruvísi sem ríkisstjórnin hér er að gera en ríkisstjórnir annars staðar til að koma á þeim almennu aðstæðum sem þurfa að vera fyrir hendi og þá er ég ekki að gera lítið úr nema síður sé þeim sérstöku aðgerðum sem beinast að sérstökum þáttum í efnahags- og atvinnnulífinu, til að mynda vinnumarkaðsaðgerðum sem hér hefur verið lýst nokkuð í morgun.

Ég ætla að draga saman í örstuttu máli það sem kannski má segja að sé kjarninn í þeim alþjóðlegu viðhorfum til þessara mála sem nú eru helst uppi og ég veit að hv. þm. Hjörleifur Guttormsson hefur fylgst mjög vel með þessum málum, verið á ráðstefnum erlendis og þekkir þetta þess vegna jafnvel og ég sem hef talsvert fylgst með þessari umræðu upp á síðkastið vegna starfa minna og ekki bara á Norðurlöndum heldur í OECD og innan EFTA og á vegum EFTA og Evrópubandalagsins. Ég held að það sé full ástæða fyrir okkur að vera ekki með þau músarholusjónarmið að halda að þetta sé eitthvað sérstakt vandamál hér á landi og eins og sumir hafa jafnvel leyft sér að segja svo að ég vitni nú í ræðu eins af flokksbræðrum hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, 1. maí jafnsmekklega og það var orðað, að segja það að atvinnuleysið hér á landi sé skipulögð aðgerð stjórnvalda. Svo smekklegt var það nú eins og hér kom fram beint úr munni hestsins 1. maí sl. (**SvG:** Þetta er rétt hjá honum, er það ekki?) Helstu niðurstöðurnar eru þessar:

1. Atvinnuleysi hefur farið vaxandi undanfarin ár. Verulegur hluti atvinnuleysisins stafar af veilum í uppbyggingu og skipulagi efnahagslífsins, einkum að því er varðar vinnumarkaðinn.

2. Það eru engar töfralausnir til heldur þurfa stjórnvöld að beita víðtækum og samræmdum aðgerðum þar sem horft er til langs tíma til þess að draga varanlega úr atvinnuleysi.

3. Mikilvægt er að skapa almenn efnahagsleg skilyrði fyrir auknum hagvexti.

4. Samstarf og samráð á alþjóðavettvangi er mikilvægt til að skapa almennan skilning á þeim grundvallarforsendum efnahagsstefnunnar sem þurfa að vera til staðar til þess að takast megi að draga úr atvinnuleysi.

5. Tímabundnar og sértækar atvinnumálaaðgerðir geta verið réttlætanlegar en þær mega ekki grafa undan langtímamarkmiðum efnahagsstefnunnar.

6. Stjórnvöld þurfa að beita sérstökum aðgerðum til að styrkja samkeppnisstöðu atvinnulífsins. Lögð er áhersla á að þessar aðgerðir séu almenns eðlis og beinist ekki að einstökum atvinnugreinum eða fyrirtækjum.

7. Jafnframt eiga stjórnvöld að grípa til markvissra aðgerða til að taka á ýmsum skipulagsveilum á vinnumarkaði. Hér þarf þó að fara að öllu með gát. Mestu skiptir að aðgerðirnar séu virkar, þ.e. að þær geri fólk vinnufært og gjaldgengt á vinnumarkaðinn á nýjan leik. Þær eiga hins vegar ekki að koma í staðinn fyrir atvinnu.

8. Atvinnuleysisvandinn hverfur ekki af sjálfu sér.

Nauðsynlegar aðgerðir til að draga úr atvinnuleysi geta verið viðkvæmar og snert fjölmarga þætti þjóðfélagsgerðarinnar sem hingað til hafa þótt heilagar. Þessi staðreynd má hins vegar ekki verða til þess að stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins taki ekki á málinu því að hinn kostnaðurinn er enn þá erfiðari, nefnilega aukið atvinnuleysi með öllum þeim efnahagslegu og félagslegu vandamálum sem því fylgir.

Ég nefni þetta hér af því að mér finnst stundum hv. þingmenn, þar á meðal hv. þingmenn stjórnarandstöðunnar, ekki ræða þetta mál með fullum skilningi á því að þetta mál er ekki sérislenskt fyrirbrigði. Mér finnst þess gæta í umræðunni að það sé ráðist á stjórnvöld hér á landi og skilningur sé ekki fyrir hendi að þetta vandamál er alþjóðlegt og það krefst aðgerða sem aðrir þekkja og það krefst aðgerða sem eru mjög erfiðar. Það sem skiptir auðvitað öllu máli er að það náist samstaða í þjóðfélaginu. Það er ekki bara ríkisstjórnin, það eru bæjarstjórnirnar, það eru aðilar vinnumarkaðarins og það er líka stjórnarandstaðan sem verður að eiga þátt því og stilla sínum málum upp með ábyrgum hætti. Aðeins þannig með mjög víðtækri sátt, með víðtækri samstöðu getum við leyst þetta vandamál og það getur vel verið að það taki lengri tíma en okkur grunar. Síst af öllu skulum við falla í þá gryfju að halda að með einföldum loforðum, með kosningabrellum sé hægt að leysa þennan erfiða vanda. Við skulum átta okkur á því að þetta getur tekið tíma, það getur verið sárt og erfitt og við skulum horfast í augu við staðreyndirnar fremur heldur en að falla fyrir þeirri freistingu að segja við fólkið í landinu, segja við kjósendur: Þetta er auðvelt bara ef við getum komist að. Þetta þurfum við að hafa í huga og við skulum frekar rækta samstöðuna í þessum efnum heldur en að haga okkar málflutningi eins og sumir hafa því miður gert. (**SvG:** Það er eitthvað til í þessu sem þú ert að segja. Hvar er reglugerðin?) (**Gripið fram í:** Hvaða sumir?)

(**Forseti** (SalÞ)**:** Ekki frammíköll.)

[10:35]

Páll Pétursson:

Frú forseti. Þessi skýrsla er nú orðin gömul lumma og það er reyndar ekki vansalaust að hún er búin að liggja hér síðan í nóvember og við erum ekki að ræða hana fyrr en núna.

Atvinnleysi er auðvitað mesta böl í þessu þjóðfélagi og það er nýtt hér. Vestur-Evrópa hefur búið við 10–20% atvinnuleysi að undanförnu og menn kunna ansi lítil ráð til að bæta úr því. Það var sorglegt að hlusta á hæstv. fjmrh. hér áðan, og reyndar að vissu leyti hæstv. félmrh. líka, hve óskaplega veruleikafirrtur hæstv. fjmrh. er. Ræða hans virkaði á mig eins og hann hefði dottið á höfuðið í gærkvöldi eða þá að ræðan var bara eftir einhvern allt annan mann heldur en hæstv. fjmrh. Auðvitað hefur atvinnuleysið verið eitt af hagstjórnartækjum þessarar ríkisstjórnar. Það er engin spurning um það. Einn af einkavinum og flokksbræðrum hæstv. fjmrh. hélt því fram opinberlega, Páll Kr. Pálsson, að það yrði að kenna mönnum að vera atvinnulausir. Þeir yrðu bara að sætta sig við það og það þýddi ekkert að vera að æpa og góla. Það er auðvitað ekkert siðferði í svona hugsunarhætti og auðvitað á það að vera frumskylda stjórnvalda á hverjum tíma að sjá til þess að vinnufúsar hendur hafi verk að vinna.

Við stóðum í þeim sporum haustið 1988 að sjávarútvegurinn var að stöðvast, m.a. og kannski fyrst og fremst vegna þess að gengið var of hátt skráð. Þá slitum við ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og ný ríkisstjórn var mynduð sem hófst handa með sértækum aðgerðum sem núv. ríkisstjórn hefur ekki mátt heyra minnst á fyrr en á allra síðustu dögum og þær heppnuðust býsna vel, atvinnulífið fór í gang. T.d. var hinu mikla fyrirtæki Granda bjargað. En nú er öldin önnur. Nú hækkaði ríkisstjórn Davíðs Oddssonar vextina og atvinnuleysið núna er afleiðing að verulegu leyti af þeirri vaxtahækkun sem þá var gerð. Atvinnulífið lamaðist og með tilheyrandi gjaldþrotum og atvinnuleysi.

Að vissu leyti er þessi skýrsla brosleg þegar maður lítur á hvernig þróunin hefur verið síðan hún var lögð fram. Það er verið að impra þarna á bjartsýni sem alls ekki hefur ræst. Það er sumt beinlínis rangt í þessari skýrslu eða inngangi skýrslunnar, t.d. það að atvinnuleysistryggingakerfið hafi verið opnað fyrir alla svo framarlega sem þeir hafa verið á vinnumarkaði eða áður en þeir urðu atvinnulausir. Þetta hefur ekki verið gert, þetta er beinlínis rangt, t.d. hvað varðar bændur. Atvinnuleysistryggingasjóði hefur verið lokað fyrir þeim. Það eru fimm sem hafa sloppð þar inn samkvæmt upplýsingum frá hæstv. félmrh. sjálfri í fyrirspurnatíma á Alþingi fyrir nokkrum vikum. Grundvallaratriðið í þessari reglugerð sem hæstv. félmrh. setti er það að menn verða að gefa upp alla von, selja framleiðslutækin og gefa upp alla von. Bændur verða t.d. að heita því að búa aldrei framar ef þeir eiga að eiga rétt á bótum og þó eru þeir skattlagðir til Atvinnuleysistryggingasjóðs.

Hæstv. fjmrh. var að raupa af því að spá ASÍ hefði ekki ræst, atvinnuleysið væri ekki nema 8% hér á landi en ekki á því stigi sem ASÍ hélt fram fyrir 20 mánuðum síðan. En ef atvinnuleysið væri skráð hér með sama hætti og í nálægum löndum, þ.e. þeir sem væru atvinnulausir væru með á skránni, líka þeir sem standa utan stéttarfélaga, þá mundi talan hækka ekki lítið. Ef dulið atvinnuleysi í þjóðfélaginu væri tekið með, þá er ég ansi hrædd um að heildartalan væri nær því sem ASÍ spáði heldur en því sem atvinnuleysisskráningin segir núna.

Í kjölfar atvinnuleysisins safnar fólk auðvitað skuldum býr við fátækt, skort og neyð. Bændur á Íslandi eru að éta upp eignir sínar núna og það gengur afar ört af þeim og það er orðin afar skuggaleg staða í sveitum landsins. Þessu fylgir auðvitað vonleysi og alls konar vandræði. En það sem máli skiptir í þessu er ekki kannski það að rannsaka afleiðingar atvinnuleysisins. Meginmálið er það að koma atvinnulífinu í gang, skaffa fólki vinnu, ekki að borga því bætur. Það er betra að hjálpa fólkinu til þess að komast í vinnu, skaffa því verkefni heldur en að borga því bætur.

Hæstv. ríkisstjórn hefur hrósað sér af því að hér sé friður á vinnumarkaði og vissulega má það rétt vera nema með sorglegum undantekningum þar sem ekki

hefur verið reynt að leysa málin eins og t.d. í meinatæknaverkfallinu sem nú stendur yfir. Krítarkortin afnámu verkfallsréttinn. Það er krítarkortunum að þakka að friður ríkir á vinnumarkaði en ekki ríkisstjórninni sem slíkri. Það verður að koma atvinnulífinu í gang, það verður að skapa einhverja þenslu í þjóðfélaginu. Við búum við verðbólgu sem er engin, en ég segi það hiklaust, það er betra að hafa nokkra verðbólgu en atvinnuleysi því að samdrátturinn og verðbólga sem er engin verðbólga leiðir af sér atvinnuleysi. Auðvitað verður að passa það að verðbólgan fari ekki úr böndunum. Það verður að reyna að verja það sem fyrir er, það verður að reyna að byggja það upp, það verður að hamla gegn byggðaröskun. Vanda landbúnaðarins verður að leysa með því að framleiða meira, ekki með því að láta bændur flosna upp eða láta þá svelta. Það verður bara að lofa þeim að framleiða meira. Og það verður að aðstoða þá við að koma framleiðslunni á markað. Það eru verulegar horfur á því að það fáist þokkalegt verð fyrir vistvænar afurðir í Bandaríkjunum og þetta verður að styðja. Við felldum niður útflutningsbætur á landbúnaðarafurðum fyrir fáum árum. Það var misráðið og það verður að taka upp útflutningsbætur aftur í einhverjum mæli. Öðruvísi eru sauðfjárbændur dæmdir til þess að lifa í algerum þrengingum.

Hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefán Guðmundsson, hefur sett fram mjög athyglisverða hugmynd um það að niðurgreiða Rússafisk sem getur skapað fjölda starfa og leyst verulegan hluta af vandamálum á vinnumarkaðnum. Það er hægt að byggja upp iðnað á Íslandi, hann er allur í rúst eftir stjórnartíð Jóns Sigurðssonar og það er óhjákvæmilegt að sinna þeim málum betur og ég held að núv. hæstv. iðnrh. hafi vissan metnað í því sambandi. Krafan er þessi að allir þeir sem vilja vinna og eru að leita sér að vinnu verða að eiga bótarétt ef þeim ekki tekst að komast yfir verkefni. Annað er ólíðandi og til skammar.

[10:44]

Guðrún J. Halldórsdóttir:

Virðulegi forseti. Í þessari athyglisverðu skýrslu hæstv. félmrh. langar mig að drepa á nokkra þætti.

Í greinargerðum sem fylgja skýrslunni frá hinum ýmsu aðilum sem hún byggir skýrslu sína á er rætt um vissa þætti sem ég vildi nefna og þá ber fyrst að nefna greinargerð vinnumálaskrifstofu hennar eigin ráðuneytis. Þar kemur fram að atvinnuleysi er mest hjá ungu fólki og það hlýtur að vekja mikinn ugg. Ungt fólk fær því ekki að læra að vinna. Og upp getur risið hópur ungmenna í landinu sem er eða verður haldið því sem kallast vinnufælni. Í greinargerð með skýrslu sem lögð var fram í gær og var til umræðu um efnahagsástandið og hún lagði fram var rætt í rauninni um þetta sama að það væri unga fólkið sem stæði langverst að vígi hvað varðar fjárhagsstöðuna. Þetta er hárrétt eins og gefur að skilja. Þar var líka rætt um þátt sem ekki kemur fram hér, þann auð sem er í þeirri menntun fólginn að læra að vinna. Og ég hef áhyggjur af því að þetta unga fólk, sem ekki kemst út á vinnumarkaðinn, eignast ekki hlutdeild í þessum reynsluauði okkar sem er að mínum dómi og hefur verið um langan aldur aðall okkar Íslendinga. Menntafólk á Íslandi hefur lært að vinna hörðum höndum alveg fram á okkar daga. Það hefur verið einn af hornsteinum þess að íslenskt þjóðfélag hefur verið jafnstéttlítið og það hefur verið, en nú er að rísa upp önnur stétt manna sem hefur ekki fengið langa skólagöngu og unnið líka hörðum höndum á sumrin, fólk sem fær aldrei að læra þetta og kynnast þessu og fá þessa nauðsynlegu menntun.

En það sem er enn þá alvarlegra er að margt af þessu unga fólki hefur sára reynslu úr skólanum. Það mætti eiginlega segja að það hefði líka fengið námsfælni og því stöndum við frammi fyrir vandamáli sem er enn þá stærra heldur en við látum okkur til hugar koma svona í fyrstu. Við erum að tala um að bjóða fólkinu nám en það er kannski fælið bæði gagnvart náminu og verður síðan gagnvart vinnunni. Þetta er svo alvarlegt mál að það þarf að taka þetta sérstaklega fyrir og hæstv. félmrh. verður að reyna að finna einhverjar leiðir út úr þessum vanda.

Það er talað um sex leiðir út úr vandanum í þessari greinargerð Vinnumálaskrifstofunnar. Þær eru góðra gjalda verðar. En mér finnst athyglisvert að í þessum leiðum er eiginlega sáralítið minnst á að fyrirtækin í landinu eigi að leggja eitthvað af mörkum og ég vildi leggja til að það væri athugað hvað fyrirtæki gætu gert til þess að kenna ungu fólki þessa undirstöðumenntun sem ég var að tala um eða veita undirstöðumenntun, það að læra að vinna. Bótatíminn hefur verið eitt ár eða 260 virkir dagar og tekið við 16 vikna bótalaust tímabil. Allt það tímabil var að sjálfsögðu geysimikið kvíðaefni þeirra sem voru langtímaatvinnulausir. Sú úrbót að efna til námskeiða til að stytta biðtímann hefur ótvíræða og mikla kosti en líka smágalla. Sú hætta skapast að fólk sæki námskeið án þess að ætla sér sérstaklega að byggja upp sjálfsmynd sína og stöðu í lífsbaráttunni, en það hlýtur einmitt að vera hið raunverulega takmark þessara námskeiða sem í boði eru. Hættan er sem sagt í því fólgin að markmiðið týnist en að skammtímamarkmið, sem er stytting bótalausa tímabilsins, verði allsráðandi. Ég tel að það þurfi að endurskoða námskeiðahaldið, markmið þeirra eða leiðir sem farnar eru í náminu. Einkum tel ég að auka þurfi fjölbreytni bæði í skipulagningu og efnisinnihaldi námskeiðanna. Einnig mætti hugsa sér að dreifa fræðslunni á fleiri hendur. Ég bendi t.d. á að það væri nauðsyn að stofna daglýðháskóla fyrir atvinnulausa og virkja farskólana um landið, en í skriflegri skýrslu eða greinargerð sem ég fékk frá hæstv. félmrh., um veitingu fjár til námskeiðahalds í landinu, kom í ljós að farskólarnir virðast ekki hafa notið neinna slíkra styrkja og þar af leiðandi sennilega ekki tekið þátt í því að halda uppi námskeiðum fyrir atvinnulausa í landinu. Þetta tvennt, farskólarnir og daglýðháskóli, tel ég væri nýjung sem væri mjög athyglisverð og rétt að bæta inn í.

Í b-lið greinargerðarinnar er einnig rætt um þá sem sjálfir hafa sagt upp starfi eða átt sök á uppsögn sinni. Slíkar sakir er oft erfitt að meta og ég tel eðlilegt að þeir geti stytt bótalausa tímabilið sitt með því að fara

á námskeið á sama hátt og þeir sem geta stytt 16 vikna bótalausa tímabilið. Það er ekki getið um að svo sé í þessari skýrslu, en ég tel að þeir hljóti að verða að fá rétt til að gera hið sama.

Í c-lið greinargerðinnar sem kemur frá menntmrn. er rætt um þá menntunarmöguleika sem það sér fyrir sér að það gæti veitt eða hægt væri að veita. Þar kemur fram að nauðsyn ber til að efla grunnmenntun atvinnulausra. Þetta hefur margsinnis komið fram í ýmsum skýrslum, að stóran hluta þeirra sem verða atvinnulausir skortir grunnmenntunina og ég hef bent á erfiðleikana sem blasa við í því sambandi, sem sagt, þann vanda að skapa vilja til námsins og trúna, ekki síst trúna á að þeir geti aflað sér einhverrar þekkingar og uppbyggingar með því að fara í nám. Ég tel líka að það þurfi að þjálfa sérstaklega þá kennara eða fræðara sem fara til starfa og eiga að skipuleggja námskeið og nám atvinnulausra því þeirra aðstæður og kjör eru framandi fyrir flesta Íslendinga enn þá og það þyrfti sem sagt að koma upp sérstakri fræðslu og kannski ætti ég að segja sérstakri viðhorfsinnrætingu hjá þeim kennurum sem hafa á hendi kennslu fyrir atvinnulaust fólk. En til þess hefur okkur skort fé, það hafa ekki verið til neinar fjárveitingar til að halda slík námskeið og raunar hefur kannski fáum dottið í hug að það þyrfti, en það liggur í augum uppi að svo er.

Einnig tel ég rétt að komið verði á fót sérstöku námsstyrkjakerfi fyrir einstaklinga í hópi atvinnulausra, einstaklinga sem eru atvinnulausir en vilja sækja nám í öldungadeildum eða kvöldskólum. Það er dálítið dýrt að vera í þessum deildum. Öldungadeildirnar og aðrir kvöldskólar, eins og þeir sem ég þekki best, hafa ekki neina sérstaka heimild til þess að fella niður skólagjöld atvinnulausra og þar af leiðandi held ég að það þyrfti að vera til bæði námsstyrkjaleið fyrir þá sem vilja afla sér gagngerðs, góðs grunnnáms og framhaldsnáms í kvöldskólum og einnig þyrfti að hlutast til um það að við sem rekum slíka skóla hefðum heimild til að fella niður að öllu eða a.m.k. að hluta skólagjöldin.

Á bls. 9 í c-lið greinargerðarinnar er bent á að öldungardeildarnám sé erfitt fyrir ýmsa atvinnulausa og fjölmargir þeirra þurfi grunnkennslu, skipuleggja þurfi slíkt nám. Slíkt nám hefur verið í boði í a.m.k. einum skóla í Reykjavík síðan 1972 og í það hafa komið á síðustu árum allmargir atvinnulausir, en þeir hafa átt við þennan sama vanda að etja sem ég var að nefna. Það þyrfti að efla þetta grunnám atvinnulausra og bæta aðstæður til að taka þátt í því. Það er aðeins einn skóli sem ég veit til að hefur haldið uppi þessu námi allt frá 1972, en þeir þyrftu auðvitað að vera fleiri. Mér er kunnugt um það að Fjölbrautaskólinn á Akranesi hefur í hyggju að reyna að koma upp slíku námi. Hann hefur haft samband við okkur í Námsflokkum Reykjavíkur til að fá vissar upplýsingar um okkar reynslu í þessum efnum.

Í greinargerð menntmrn. er rætt um það að koma mætti á skipulagi þar sem skiptist á vinna og nám. Þetta hefur lítillega verið reynt í vetur á vegum Reykjavíkurborgar með tilstyrk félmrn. og Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þetta hefur gefist allvel og ég veit að þær 50 konur sem hafa tekið þátt í þessu átaki hafa mikinn hug á að geta haldið því áfram og ég tel að hæstv. félmrh. ætti að hlutast til um að þessi starfsemi yrði víðtækari og héldi áfram.

Í d-lið skýrslunnar er rætt um afleiðingar atvinnuleysisins og bent á að atvinnuleysið jókst samhliða því að verðbólga hjaðnaði. Margir telja að það sé orsakasamband þar á milli og ýmsir hafa verið að kasta hnútum um það í þessum þingsal í dag. Ég er hrædd um að það sé rétt. En þeir sem hafa orðið fórnarlömb á altari hagvaxtar og hagstæðs vöruskiptajafnaðar mega ekki verða það lengi, það verður að bæta úr fyrir þeim. Ég er alveg sannfærð um að svo er, við munum geta ráðið bót á atvinnuleysinu okkar, við munum geta fundið leiðir út úr vandanum, við munum geta eflt starf okkar og útflutning á umhverfisvænum vörum. Þar í liggur okkar framtíð, ekki í stóriðju eða mengandi framleiðslu. Við erum framleiðsluþjóð matvæla og við verðum það áfram.

Það er margt annað sem ég hefði viljað nefna en tíma mínum er lokið.

[10:59]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Þessi skýrsla sem hér er til umræðu flytur okkur uggvænlegar staðreyndir. Félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar atvinnuleysis er erfitt að mæla, en það er nú svo að atvinnuleysi er komið á það stig að ég er viss um að allir þingmenn eða flestallir þekkja það af eigin raun, það snertir þeirra fjölskyldu, vinahóp eða kunningja. En fjárhagslegar og þjóðhagslegar afleiðingar er hægt að mæla og þessi skýrsla sýnir að atvinnuleysi átta þús. manna á Íslandi kostar þjóðfélagið um 12 milljarða króna. Það eru þær staðreyndir sem við okkur blasa.

Það eru þrjú atriði sem ég vil undirstrika varðandi þetta atvinnuleysi. Það er í fyrsta lagi að sætta sig ekki við það með einhverjum samanburðartölum um svartsýnar spár sem segja: Atvinnuleysið hefði orðið 25% ef það hefði ekki verið gert þetta eða hitt. Svona á ekki að nálgast þetta vandamál. 5,5% atvinnuleysi er atvinnuleysi sem á ekki að sætta sig við.

Í öðru lagi, á meðan atvinnuleysið er staðreynd þá á að huga að því hvernig er hægt að treysta það öryggisnet sem er um atvinnulausa, en því miður er það götótt. Hér hafa verið flutt frumvörp til laga, m.a. af framsóknarmönnum, um breytingu á lögum um atvinnuleysistryggingar, þar sem ætlunin var að styrkja stöðu ýmissa hópa eins og trillusjómanna, vörubílstjóra og fleiri, hópa sem hafa verið nefndir hér sem njóta ekki bóta. Það frv. liggur óafgreitt og ég vil spyrja hæstv. félmrh. hvað er nákvæmlega fyrirhugað til þess að létta þessum hópum róðurinn.

Ég vil í þriðja lagi nefna að auðvitað á að beita öllum ráðum til þess að byggja upp atvinnu í landinu og það er borð fyrir báru í því því að atvinnuleysi kostar þegar 12 milljarða kr. Ég las nýlega grein eftir hagfræðing við Háskóla Íslands sem lagði það til að það yrðu lagðir 10 milljarðar kr. inn í hagkerfið til þess að örva eftirspurn. Það var blásið á þetta sem óábyrgt, en

ég er í ljósi þessara talna farinn efast um að þetta sé svo óábyrg afstaða. Hvað hefur t.d. verið gert með tillögu hv. 4. þm. Norðurl. v., Stefáns Guðmundssonar, um að styrkja innflutning á ferskum fiski til þess að veita kannski 2.500 manns atvinnu? Hefur þetta verið skoðað, hæstv. félmrh.? Ég vil leggja þá spurningu fyrir.

Það hafa verið nefnd fjölmörg atriði sem gætu komið til liðs við að byggja upp atvinnulífið. Opinberar framkvæmdir eru góðra gjalda verðar þó að þær séu skammtímalausn, en það fjármagn sem hefur verið lagt fram í þessu skyni hefur komið seint inn til atvinnuuppbyggingar. Milljarðurinn margfrægi, sem var lagður fram í þessu skyni, voru mest gamlar heimildir upp á 600 millj. sem ekki höfðu verið notaðar. Það er tregða að hrinda þessum málum fram hvað sem hæstv. fjmrh. segir og hélt hann mikla varnarræðu hér áðan. Það þarf að taka betur á í þessum málum. Það er auðvitað athyglisvert að heyra hæstv. fjmrh. segja það að kosningaloforð gildi ekkert í þessu skyni. Þeir eru sennilega ónýtir þessir lyklar sem verið er að veifa hér og á hann kannski við það, hæstv. fjmrh. (**GJH:** Það er ekkert skegg á þeim.) Það er ekkert skegg á þeim, upplýsir hv. 15. þm. Reykv. Það eru ónýtir lyklar.

En það er nú svo að viljinn dregur hálft hlass í þessum efnum og ég efast ekki um vilja hæstv. félmrh. og raunar ekki um vilja ráðherranna til að taka á í þessu máli. Þetta gengur bara allt of seint. Hæstv. fjmrh., sem talaði hér áðan, er allt of fastur í einhverjum samanburði við svartsýnar spár sem Alþýðusamband Íslands hafði sett fram fyrir einhverjum árum um 25% atvinnuleysi. 5,5% atvinnuleysi er ólíðandi. Átta þús. manns eru atvinnulausir. Ég efast ekki um vilja hæstv. félmrh. heldur til að leysa þessi mál, en hefur hæstv. félmrh. hugað að þeim tillögum sem komið hafa fram um t.d. innkaup opinberra aðila á íslenskum iðnvarningi og þeirri hugarfarsbreytingu, hafa forustu um herferð í þessu skyni? Og ég endurtek: Hefur tillaga hv. 4. þm. Norðurl. e. varðandi sjávarútveginn verið athuguð? Hefur það verið athugað að greiða fyrir aðgangi að fjármagni fyrir sjávarútveginn til aukinnar fullvinnslu á fiski í landinu, sem er kannski sú langtímalausn í atvinnumálum sem nærtækust er því að þar höfum við þó eitthvað að bjóða? Hefur verið hugað að því við þessar aðstæður að endurskoða það kerfi sem er uppi gagnvart landbúnaðinum? Ég hef ekki heyrt um slíkt, ekki frá hálfu Alþfl. Þar hafa verið uppi raddir um það að hella landbúnaðinum út í óheftan innflutning þannig að hann dragist verulega saman frá því sem nú er. Þannig að það er margt hægt að gera í þessum málum og jafnvel þó að ég efist ekki um það að vilji sé fyrir hendi hjá hæstv. ráðherrum. Ég er alls ekki þeirrar skoðunar að hæstv. ráðherrar vilji hafa atvinnuleysi í landinu. Mér dettur ekki í hug að halda því fram, en það þarf bara að taka betur á til úrbóta í þessu efni og vera opnari fyrir þeim tillögum, sem m.a. hafa komið frá stjórnarandstöðunni í vetur, um úrbætur, margar mjög athyglisverðar. Það á ekki að blása á það allt.

Það vildi ég hafa mín síðustu orð og í öllum guðanna bænum, við skulum ekki fara að kenna fólki að vera atvinnulaust í því skyni að þetta sé ástand sem eigi að gilda um alla framtíð á Íslandi. Við eigum að kenna fólki að þola atvinnuleysið. Við eigum að efla og styrkja það öryggisnet sem er um atvinnulausa, en við eigum ekki að ganga að þessum málum með því hugarfari að atvinnuleysi sé staðreynd sem við eigum að sætta okkur við og koma upp skólum í samræmi við það eins og hefur sést í ræðu og riti frá ýmsum frjálshyggjumönnum og frjálshyggjupostulum hér á landi. Það eru mín varnaðarorð í þessu efni.

[11:09]

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka fyrir þá umræðu sem hér fer fram núna dag eftir dag um það sem kannski mestu máli skiptir í þessu þjóðfélagi og skiptir án efa mestu máli fyrir þann almenning sem við eigum að starfa fyrir hér á Alþingi. Það er annars vegar sú umræða sem fór fram í gær um skuldastöðu heimilanna og svo aftur í dag um afleiðingu atvinnuleysis. Ég lít svo á að þetta séu mál málanna og það segir manni kannski sitthvað um störf Alþingis að það skuli ekki vera fyrr en á síðasta og næstsíðasta degi þingsins sem slík mál fá hérna almennilega umfjöllun.

Komið hefur fram að það eru um 7–8 þús. manns án atvinnu að jafnaði. Vinnumarkaðskönnun sem Hagstofa Íslands gerði segir reyndar að það séu um níu þús. manns sem ganga atvinnulausir í landinu. Þetta atvinnuleysi er dýrt. Það kostar samfélagið í heild 10–15 milljarða kr. og það segir okkur auðvitað að það má ýmislegt gera og ýmsu til kosta til þess að reyna að vinna gegn atvinnuleysinu. Þessar tölur segja okkur þó ekki alla söguna því það er mikið dulið atvinnuleysi í landinu. ASÍ reiknar út að fullt atvinnustig ætti að vera þannig að það væru 135 þús. störf í landinu, en þau eru núna 122–123 þús. Það vill segja að skráð og dulið atvinnuleysi sé núna á bilinu 12–13 þús. einstaklingar og það segir manni að atvinnuleysið er í rauninni nær 10% heldur en 6%, eins og hér hefur verið talað um.

ASÍ reiknar líka út að það þurfi að skapa allt að 22 þús. störf fram að aldamótum ef það eigi að halda hér fullu atvinnustigi. Í Reykjavík einni þýðir þetta að það þarf að skapa 9 þús. störf. Það eru núna 3.400 manns á atvinnuleysisskrá og það bætast við þúsund manns á ári út á vinnumarkaðinn og þessi störf verður að skapa með einhverjum tiltækum aðferðum.

Hér hefur verið rætt dálítið um stöðu hinna atvinnulausu og ég ætla ekki að fara út í það, tími minn leyfir það ekki. Fjmrh. minntist hér á almennar aðgerðir sem ríkisstjórnin hefði gripið til í atvinnumálum og taldi að þær hefðu skilað heilmiklum árangri. Ég er ekki sammála fjmrh. Þær hafa að vísu skilað þeim árangri að stórfyrirtækin í landinu eru farin að hagnast. Þannig var hagnaður SH á síðasta ári 600 millj. kr. og hefur aldrei verið meiri í sögu þess fyrirtækis. Fyrirtækin sem eru á hlutabréfamarkaði eru líka farin að hagnast og auðvitað er þetta góðra gjalda vert, en þetta hefur ekki skilað fleiri störfum. Og það er ekki þar með sagt að þó að þessi fyrirtæki hafi skilað

hagnaði að það sama gildi um smáfyrirtækin og við megum ekki gleyma því að Ísland er einu sinni smáfyrirtækjaland öðru fremur. En til þess að ráðast gegn þessu atvinnuleysi og skapa þau störf sem ég nefndi áðan, allt að 22 þús. störf fram að aldamótum, þarf róttækar aðgerðir. Við stöndum einfaldlega andspænis því að vélin er biluð og við verðum að grípa inn í með öllum tiltækum ráðum. Markaðurinn mun ekki sjá um þessi mál eins og kredda Sjálfstfl. segir til um. Það þarf opinberar aðgerðir.

Nýlega var haldið aðgerðarþing um nýsköpun, það var reyndar í janúar sl., á vegum Rannsóknaráðs ríkisins og Útflutningsráðs og þar var m.a. ýmislegt nefnt sem væri að í okkar málum og eins ýmsir styrkleikar sem okkar atvinnulíf byggi yfir. Veikleikarnir sem nefndir voru þarna voru, með leyfi forseta:

„Léleg tengsl atvinnulífs og skóla, skortur á áhættufjármagni, lélegir markaðsmenn, skortur á frumkvæði, skortur á leiðtogum, skortur á stefnumótun, skortur á framsýni, skortur á opinberum stuðningi við atvinnulífið og skammtímahugsun of algeng."

Þetta var meðal þess sem þarna var nefnt og þetta á ekki síst við þegar litið er til þess sem ríkisstjórnin hefur gert vegna þess að hún hefur fyrst og fremst gripið til almennra aðgerða og látið sveitarfélögin um hinar sértæku aðgerðir. Og ef við horfum á sveitarfélögin í landinu þá hefur hlutfall þeirra af skatttekjum sem þau hafa lagt til atvinnumála verið mjög hátt víða. Í Ólafsvík, á árabilinu 1987–1991, fóru um 34% af skatttekjum þess sveitarfélags til aðgerða í þágu atvinnulífsins á staðnum, Keflavík 4,18%, Akureyri 18,4%, Reykjavík 0,43%. Þannig hafa sveitarfélögin flest hver út um allt land þurft að styðja mjög myndarlega við atvinnulífið heima fyrir, en í Reykjavík hefur það ekki verið gert af sama myndugleika.

Kostnaður ríkisins af atvinnuleysi er mestur og auðvitað á ríkið að bera hitann og þungann af þessum málum, hitann og þungann af atvinnusköpuninni, en ekki velta því yfir á sveitarfélögin. Ég sagði áðan að markaðurinn mundi ekki leysa þessi mál. Það þarf opinberar aðgerðir og við verðum að láta af þeirri kreddu sem Sjálfstfl. hefur alið á, sem trúir á hægri frjálshyggjuna sem núna er auðvitað á undanhaldi í allri Evrópu og þarf ekki annað en vitna til sveitarstjórnarkosninganna sem voru nýverið í Bretlandi þar sem Íhaldsflokkurinn fékk þá verstu útreið sem hann hefur lengi fengið. Það duga ekki lengur hugmyndakerfi sem útskýra allt og kunna svar við hvers manns vanda og geta útskýrt hvers manns vanda á einhvern hugmyndafræðilegan réttan hátt eins og frjálshyggjan hefur gert. Slík hugmyndakerfi eru liðin undir lok í stjórnmálum. Þetta er kredda sem við verðum líka að segja skilið við hér á landi ef við ætlum að byggja upp öflugt atvinnulíf og mannlíf í landinu.

[11:15]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Við ræðum hér mjög alvarlegt mál á grundvelli fróðlegrar og mikilsverðrar skýrslu hæstv. félmrh. um rannsókn á afleiðingum atvinnuleysis. Ég hika ekki við að segja að það vandamál sem við erum hér að ræða er í raun og veru stærsta og versta samfélagsvandamál okkar tíma og auðvitað langstærsta viðfangsefnið í efnahags- og hagstjórn okkar tíma, þ.e. að reyna að ráða við þetta alvarlega mál, atvinnuleysið, eins og það hefur verið að hellast yfir okkur á undanförnum árum.

Ég held að það sé þannig hér á landi að við þolum á vissan hátt verr atvinnuleysið en aðrar þjóðir og það helgast auðvitað af því að við erum færri, þetta er smærra þjóðfélag, nálægð hvers einstaklings við aðra er meiri og þar af leiðandi er hættan sú að við þolum þetta atvinnuleysi verr með ýmsum hætti og félagslegar afleiðingar atvinnuleysis geti þess vegna birst okkur í alvarlegri mynd en víða annars staðar og er þó langt til jafnað. Þess vegna er það mjög mikilvægt að á þessum málum sé tekið af festu og ábyrgð eins og ég tel raunar að hafi verið gert og ég vara mjög við því að menn tali í þeim dúr að það sé auðvelt að fást við þetta vandamál sem atvinnuleysið er. Atvinnuleysið er samfélagslegt og efnahagslegt vandamál sem hefur verið að hellast yfir nágrannaþjóðir okkar, ekki síður en okkur sjálf, og þar hafa menn átt í miklum erfiðleikum með að finna ráð við þessu. Ég vara mjög við því þegar menn tala sem svo: Allt þetta mun ég gefa þér því aðeins að við komumst til valda, þá sé auðvelt að finna ráð við þessu atvinnuleysi. Menn tala af dálitlu kæruleysi um þetta mál og sletta hér tölum. Þó það liggi fyrir í spá vinnumálaskrifstofu félmrn. að atvinnuleysið sé áætlað 5,5%, þá tala menn jöfnum höndum um 8% atvinnuleysi eins og kom fram í máli hv. 1. þm. Norðurl. v. þó að það skeiki þar 45% eða 1.000 manns. Ég held að þó að við reynum að meta hið fjárhagslega tjón af atvinnuleysi, þá segi það kannski litla sögu um þá miklu niðurlægingu og þá miklu vanlíðan sem atvinnulausir finna fyrir og þess vegna skiptir það gríðarlegu máli og er mjög mikilvægt að við reynum að ráðast að þessum vanda.

Það er hins vegar ekki einfalt vegna þess að við höfum verið að upplifa að atvinnulífið hefur verið í miklum vanda mörg undanfarin ár og það sem er alvarlegast og er skýringin á þessu atvinnuleysisstigi núna er að allt frá árinu 1987 hefur ársverkum á Íslandi fækkað. Á árinu 1987 voru ársverk hér, vinnuaflsnotkun, ársverk hér á landi 132 þúsund, árið 1988 128 þús., árið 1989 126 þús., árið 1990 125 þús., árið 1991 125 þús. tæplega, 1992 124 þús., 1993 122 þús. og nú er talið að það séu um 121.500 ársverk hér á landi. Þetta segir okkur þá sögu sem þarf að segja. Hér hefur verið að eiga sér stað þróun sem hefur verið smám saman að leiða til þess atvinnuleysis sem við stöndum núna frammi fyrir og í raun og veru kom fram í máli hv. þm. Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur að við stöndum frammi fyrir því að hér þyrftu að vera ársverk upp á 135 þús. störf, en eru ekki nema 121.500 störf þannig að við megum ekki tala sem svo að þetta mál sé einfalt því að við erum hér að glíma við vandamál sem hefur verið að hellast yfir okkur á undanförnum árum sem við höfum ekki ráðið við. Atvinnulífið hefur einfaldlega ekki getað svarað þeim kröfum sem til þess hefur þurft að gera með fjölgun starfstækifæra.

Það er auðvitað rangt sem hér hefur verið haldið fram að ekkert hafi verið gert til þess að treysta stöðu atvinnulífsins og gera það að verkum að fjölga hér atvinnutækifærum. Hæstv. fjmrh. rakti hinar almennu efnahagsaðgerðir sem skipta mestu máli í þessu skyni, þ.e. lækkun raungengis sem hefur orðið til þess að styrkja samkeppnisstöðu útflutningsgreina og samkeppnisgreina. Ég nefni afnám kostnaðarskatta sem vissulega hefur líka svo sem eins og aðstöðugjald hefur orðið til þess að lækka kostnað, lækka útgjöld fyrirtækjanna, gera þeim betur kleift að ráða nýja starfsmenn. Ég vek athygli á því að þrátt fyrir allt hafa vextir lækkað á undanförnum missirum og vextir bankakerfisins eru núna lægri en þeir hafa verið frá árinu 1987. Ég er hins vegar alveg sammála því að þeir eru enn þá of háir og ég vek sérstaklega athygli á því að það er vaxtastig bankanna sem hefur setið eftir í þeirri vaxtaþróun sem átt hefur sér stað á undanförnum missirum, sérstaklega fyrir frumkvæði hæstv. ríkisstjórnar. Það er auðvitað mjög óeðilegur sá vaxtamunur sem er núna á útlánsvöxtum bankakerfisins annars vegar og vöxtum á ríkisskuldabréfum og ríkispappírum hins vegar. Það er þannig að ef eitthvað verður til þess og eitthvað getur orðið til þess að koma af stað atvinnulífinu með virkilegum krafti til frambúðar að nýju, þá er það auðvitað vaxtalækkun í samræmi við það sem hefur orðið á öðrum þáttum fjármagnsmarkaðarins.

Ég vek líka athygli á aðgerðum sem við getum kallað beinar aðgerðir eins og átaksverkefni ríkis og sveitarfélaga. Ég vek athygli á samgönguverkefnunum, átaki í samgöngumálum sem er að skila okkur bæði fjölgun starfa og betri samfélagsstöðu atvinnulífsins. Ég vek athygli á milljarðinum fræga. Ég vek athygli á þeirri skuldbreytingu húsnæðislána sem hæstv. félmrh. hefur einkanlega beitt sér fyrir. Og ég vek athygli á því hvernig sjávarútvegurinn hefur verið að taka á þessum vanda með því að auka fullvinnslu, það hefur dregið úr fiskútflutningi og þannig má lengi telja.

Ég endurtek það að þetta vandamál sem við erum að fást við er ekki auðvelt að leysa. Við erum að glíma hér við uppsafnaðan vanda sem, eins og ég hef rakið, hefur verið að eiga sér stað alveg frá árinu 1987. Á þessum árum hefur ársverkum fækkað um 10 þúsund, þeim hefur fækkað um 8% eða rúmlega 1% á ári. Það er sá kaldi veruleiki sem við stöndum frammi fyrir. Hér er ekki um að ræða vanda sem allt í einu hefur hellst yfir okkur. Hér er um að ræða lengri tíma vanda sem við þurfum að takast á við.

[11:22]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það sem liggur fyrir er auðvitað það að leiðsögn markaðarins sem átti að leysa allan vanda í efnahagsmálum hefur brugðist. Það er sú meginstaðreynd sem um er að ræða. Það eru 8 þúsund Íslendingar sem þurfa að sækja atvinnuleysisbætur sér til lífsframfæris, 8 þúsund Íslendingar. Það er staðreynd að það er aðferð markaðarins við að lækka verð á vinnuaflinu. Atvinnuleysi er aðferð markaðarins í því skyni. Það hefur tekist að verulegu leyti með því að skera niður yfirtíð, með því að skera niður yfirborganir og með því að skipuleggja atvinnuleysi sem hefur haft það í för með sér að fólk, hinn vinnandi maður í landinu sem á vinnuaflið, þorir ekki að sækja rétt sinn, menn þora ekki að efna til verkfallsátaka t.d. Þess vegna er það rétt hjá Ögmundi Jónassyni að þær niðurstöður sem liggja fyrir núna, eru afleiðingar af stjórnarstefnunni, skipulagðar í raun og veru þó að það sé ekki þannig að þeir sem standa að ríkisstjórninni gleðjist í hvert skipti sem þeir sjá hærri atvinnuleysistölur. Svoleiðis er málið ekki. Og afleiðingin af þeirri stefnu sem liggur fyrir er hver? Hún er fátækt, hún er niðurlæging, hún er meira atvinnuleysi, hún er meiri fátækt, hún er meiri niðurlæging og síðan stórfelldur aukinn hagnaður þeirra fyrirtækja sem enn starfa í landinu.

Núna undanfarna daga hafa verið að birtast upplýsingar um það að hagnaður þeirra fyrirtækja sem eru á almennum hlutabréfamarkaði hefur aukist frá 1992–1993 um 150% í raunstærðum. Hér eru auðvitað um að ræða hrikalega staðreynd vegna þess að þetta sýnir tilflutning á peningum í þjóðfélaginu yfir til þeirra sem áttu peninga þannig að þeir eiga núna enn þá meiri peninga, meira en nokkru sinni fyrr meðan 8 þúsund Íslendingar þurfa að sækja sér atvinnuleysisbætur í hverri einustu viku. Þetta ástand sýnir veruleikann í hnotskurn nákvæmlega eins og hann er. Og hvað þarf að gera? Það sem þarf að gera í þessum efnum er fyrst og fremst það að grípa til pólitískra aðgerða, m.a. að ganga skipulega í þau verkefni, t.d. í samgöngumálum, í stórauknum mæli sem bíða. T.d. hér á þéttbýlissvæðinu er um að ræða hagkvæm, skynsamleg verkefni upp á milljarða króna sem er hægt að fara í. Þannig eiga stjórnvöld auðvitað markvisst að grípa til ráðstafana til að taka atvinnuleysið niður og til þess auðvitað að flytja fjármuni frá þeim sem mikið eiga til þeirra sem lítið eiga þannig að þeir geti horft framan í hvern dag sem byrjar með stoltum og virðulegum hætti.

Og umfram allt, hæstv. forseti, þarf auðvitað aðra ríkisstjórn. Að hlusta hér á hæstv. fjmrh. tala eins og hann sé í raun og veru ánægður með ástandið, sáttur við niðurstöðuna, hlusta á stjórnarsinna suma tala hér eins og þeir séu sáttir við niðurstöðuna. Það er algerlega fráleitt þannig að við þurfum fyrst og fremst ríkisstjórn sem er ekki sátt við atvinnuleysið, ríkisstjórn sem setur sér þann metnað að það sé til vinna í landinu. Það eru til peningar og það eru til verkefni. Atvinnuleysi þarf þess vegna ekki að vera eins mikið og raun ber vitni um þessar mundir.

Ég spyr að lokum hæstv. félmrh.: Hvað með trilluSjómennina og hvað með vörubílstjórana? Hvar er sú reglugerð á vegi stödd?

[11:26]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Í máli hv. þm. Einars K. Guðfinnssonar kom fram áðan að ríkisstjórnin hefði ýmislegt gert til þess að bæta úr atvinnuleysinu. Hann nefndi einn milljað króna sem hefði verið varið til atvinnuskapandi verkefna. Það er staðreynd að sá milljarður var ekki notaður. Hann var færður yfir á næsta

ár. Hann nefndi 1,5 milljarða í vegaframkvæmdir. Sá milljarður var heldur ekki notaður vegna þess að það var ekki búið að undirbúa þær framkvæmdir nægilega vel. Hann nefndi aðstöðugjaldið sem hefur verið fellt af fyrirtækjum til þess að skapa þeim betri rekstargrundvöll. Þau hafa ekki notað það til þess að bæta við atvinnutækifærum. Það hefur komið fram í þeim reikningum sem hafa verið birtir undanfarið af hagnaði fyrirtækja þannig að ég mótmæli því að þeir peningar sem áttu að fara hafi verið notaðir eða þær aðgerðir sem gripið var til hafi skilað sér eins og þær áttu að gera.

[11:27]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil nota þessar tvær mínútur til að ítreka spurninguna um hvað hafi verið gert til þess að skoða möguleika á innflutningi á ferskum fiski. Ég vil nota líka þann tíma sem ég á eftir til þess að ítreka hlutverk sveitarfélaganna í atvinnumálum því að það vill svo einkennilega til að sveitarfélögin hafa verið skattlögð í ríkissjóð um 500 millj. í Atvinnuleysistryggingasjóð og hafa aðeins fengið 300 millj. til baka samkvæmt skýrslunni. Þetta er óviðunandi ástand og ef þetta á að vera svo áfram, þá á að leggja þessa skattheimtu af og treysta sveitarfélögunum til þess að taka á í atvinnumálum því að þau eru auðvitað næst fólkinu og sveitarstjórnarmenn vita það hvar eldurinn brennur heitast í þessum efnum. Það er alveg ófært að það sé staðið þannig að málum gagnvart sveitarfélögunum í landinu sem hafa haft mikið og stórt hlutverk í atvinnumálum í gegnum tíðina og munu hafa það áfram.

[11:29]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Mér finnst að í þessari umræðu hafi á margan hátt verið ómaklega vegið að ríkisstjórninni. Því er haldið fram að hún hafi ekkert gert í atvinnumálum og hún hafi ekkert gert í vinnumarkaðsaðgerðum. Þetta er auðvitað rangt. (**Gripið fram í:** Hefur atvinna aukist?) Hv. þingmenn vita það að ríkisstjórnin hefur lagt verulega fjármuni í atvinnuskapandi aðgerðir, m.a. í samgöngumálum. Og hv. þingmenn vita það að ríkisstjórnin hefur gripið til ýmissa vinnumarkaðsaðgerða og þegar um það er spurt hér hvað félmrh. vilji gera varðandi þær tillögur sem eru lagðar fram í þessari skýrslu og m.a. bent á fskj. 3 þar sem er yfirlit yfir vinnumarkaðsaðgerðir á Norðurlöndum, þá er það svo að ýmsar af þeim aðgerðum sem þarna er bent á hafa ýmist komið til framkvæmda eða eru í undirbúningi. Þar er verið að tala um vinnumiðlunarátak. Ég nefndi að það er frv. fyrir þinginu um vinnumiðlun sem bætir verulega þjónustu við atvinnulausa og sem styrkir verulega vinnumiðlanirnar í landinu og ég er sammála hv. þm. Svavari Gestssyni að það mál hefði átt að hafa forgang hér á Alþingi umfram mörg önnur mál ríkisstjórnarinnar. Það hefur verið gert atvinnuátak eins og fram kemur hér sem felur í sér atvinnusköpun hvort sem um er að ræða varanleg störf eða tímabundin. Ég minni hér á atvinnuátak ríkis og sveitarfélaga. Það er talað um starfsmenntunarátak. Þessi ríkisstjórn hefur gert verulegt átak í starfsmenntamálum þar sem 10 þúsund manns hafa notið góðs af starfsmenntun. Frumkvöðlastyrkir eru hér nefndir. Það er gert ráð fyrir því í nýrri reglugerð um úthlutun styrkja úr Atvinnuleysistryggingasjóði og átak í atvinnumálum fatlaðra er hér nefnt og ég nefndi að það lægju á mínu borði tillögur þar að lútandi.

Varðandi það sem er nefnt hér um námsatvinnu, deildar stöður og vinnuskipti þá hefur það þegar verið framkvæmt og þyrfti að gera meira af því og svo mætti lengi telja.

Hv. þm. Svavar Gestsson nefndi hvað eigi að gera við fólk sem kemur úr námi, fær ekki bætur og fær ekki vinnu. Hvað á að gera við konur sem koma úr fæðingarorlofi og fleira nefndi hann í því sambandi, langtímaatvinnulausa. Það er verið að vinna að þessu, hv. þm. Það er nefnd að störfum sem er að skoða bóta- og þjónustukerfi atvinnulausra. Hún hefur starfað í 1–2 mánuði. Henni var gefinn skammur tími og hún mun skila af sér innan skamms, væntanlega í þessum mánuði. Þetta er viðamikið verkefni sem þessi nefnd fékk og hún mun skila af sér í þessum mánuði og gera tillögur varðandi þetta fólk og ég deili áhyggjum með hv. þm. um að það þarf að taka á máli námsmanna sem eru að koma úr námi og hafa ekki bótarétt og fá ekki vinnu. Mér finnst menn fara mjög frjálslega með tölur þegar verið er að tala um atvinnuleysi. Það er talað um 8, 9 og 10 þúsund manns. Staðreyndin er sú sem ég nefndi í minni framsögu að það er áætlað að atvinnuleysi hafi verið í aprílmánuði um 5,6%, sem er um 7 þúsund manns og ég er sannfærð um að það er minna í þessum mánuði þannig að mér finnst alveg óþarfi að menn séu að bæta við, það er nógu mikið atvinnuleysi þó að það sé ekki verið að bæta á það í tölum. Hér er talað um 17% atvinnuleysi skólafólks sem mælist í könnun Hagstofunnar. (**SvG:** Ekki skólafólks. Ungs fólks.) Það var talað um skólafólk líka. Inni þeim tölum er fólk sem er að leita sér að vinnu og mælist í könnunum Hagstofunnar en er í námi. Og t.d. telja Danir ekki með atvinnulaust námsfólk inni í sínum tölum eða fólk sem er á námskeiðum. Ég vil nefna í lokin að það liggur fyrir reglugerð um sjálfstætt starfandi sem rýmkar verulega rétt vörubílstjóra og fleiri sem hér hafa verið nefndir. Það er samstaða um það milli fjmrn. og félmrn. Sú reglugerð liggur fyrir. Atvinnuleysistryggingasjóðsstjórnin þarf einungis að fara yfir þá reglugerð. Samkvæmt lögum er hún umsagnaraðili í því þannig að það á ekki að standa á því að hún verði gefin út.

Ég vil nefna það í lokin, virðulegi forseti, að ég tel mjög brýnt að koma á sérstakri vinnumálastofnun sem verið er að vinna að og er í undirbúningi og hefur verið í undirbúningi á undanförnum mánuðum í félmrn. Þar þarf að samræma alla þætti vinnumarkaðsmála og skipuleggja vinnumarkaðsaðgerðir og viðbrögð við atvinnuleysi eftir því sem ástandið hverju sinni kallar á. Í þessari vinnumálastofnun sem er í undirbúningi á að fara fram rannsókn á atvinnuleysi. Þar á að samþætta þætti vinnumála eins og starfsmenntun, eftirlit með vinnumiðlunum, skráningu atvinnuleysis, atvinnumál

útlendinga og veita almenna ráðgjöf og síðan framkvæmd atvinnuleysisbóta og réttindi atvinnulausra. Ég tel að með þeim hætti séum við með stofnun slíkrar vinnumálastofnunar betur í stakk búin til þess að taka á atvinnuleysinu, bæði að bregðast við því og eins að veita betri ráðgjöf og þjónustu við atvinnulausa. (**JónK:** Afstaða um innflutning á fiski?)

Svavar Gestsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegi forseti. Ég vil vekja athygli á því að í því svari sem kom fram hjá hæstv. félmrh. loksins í lok umræðunnar sem er mjög slæmt vegna þess að það hefði þurft að ræða það svar, upplýsti ráðherrann að það væri tilbúin reglugerð um réttindi vörubifreiðastjóra og trillusjómanna og að það væri samstaða um þá reglugerð milli fjmrh. og félmrh. Ég bað um orðið, hæstv. forseti, til þess að láta það koma fram að ég lít þannig á að í yfirlýsingu hæstv. félmrh. hafi falist loforð um að þessi breyting á reglugerðinni verði gefin út strax og stjórn Atvinnuleysistryggingasjóðs hefur samþykkt hana fyrir sitt leyti.

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, frh. síðari umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167.

[11:36]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Í upphafi máls míns teldi ég æskilegt að hæstv. utanrrh. væri gert viðvart og hann kæmi hér til salarins.

(**Forseti** (GHelg): Forseti vill upplýsa að hæstv. utanrrh. er í húsinu og kemur eftir örfaár sekúndur.)

Já, ég þakka fyrir.

Virðulegi forseti. 5. maí 1993 fyrir rúmu ári síðan ályktaði Alþingi samhljóða á þann veg að í framhaldi af gerð samningsins um Evrópskt efnahagssvæði skuli teknar upp viðræður við Evrópubandalagið um tvíhliða samskipti þess og Íslands, einkum með hliðsjón af því að Austurríki, Finnland, Noregur og Svíþjóð hafi sótt um aðild að bandalaginu. Því feli Alþingi ríkisstjórninni að undirbúa slíkar viðræður um hugsanlegan tvíhliða samning og tilkynna framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins um þennan vilja Alþingis.

Eitt ár er liðið síðan þessi samþykkt var gerð. Það sem gerst hefur er að þessi fjögur ríki sem nefnd eru í ályktuninni hafa lokið samningum sínum við Evrópusambandið. Niðurstaðan er sú að aðild þeirra allra hefur verið samþykkt af hálfu bandalagsins og nú munu innan tíðar fara fram atkvæðagreiðslur í ríkjunum um þessa aðild. Það er þess vegna ljóst að á fimmta upphafsmánuði Evrópska efnahagssvæðisins blasir við sú staðreynd að bæði EFTA-ríkin sem eru með Íslandi innan EES og Evrópusambandið hafa ákveðið að leggja Evrópska efnahagssvæðið niður. Þetta er atriði sem kemur okkur í Alþb. ekki á óvart. Í júnímánuði 1992 þegar við mörkuðum afstöðu okkar til Evrópska efnahagssvæðisins, þá var það niðurstaða okkar gagnstætt því sem hæstv. utanrrh. hélt fram á þeim tíma að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið væri ekki lausn á framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins. Í ályktun þingflokks og miðstjórnar Alþb. í júní 1992 segir, með leyfi forseta:

„Þar eð EES-samningurinn er ekki lausn á framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins er rétti tíminn nú að hefja samninga við EB um varanlegt form þeirra samskipta. Í raun eru valkostirnir um framtíðarskipan samskipta Íslands og Evrópubandalagsins aðeins tveir: Aðild að EB eða sjálfstæður viðskiptasamningur milli Íslands og EB. Alþb. hafnar fyrri kostinum, aðild Íslands að EB. Sjálfstæður tvíhliða viðskiptasamningur er því hin raunhæfa leið og eina úrlausnin sem dugað getur Íslandi í framtíðinni."

Ég rifja þetta hér upp vegna þess að ég held að ýmsum, sérstaklega hæstv. utanrrh., sé hollt að minnast þess að þegar árið 1992 vorum við ýmis hér í þessum sal sem settum fram þá skoðun mjög vel rökstudda og að vandlega athuguðu máli að EES-samningurinn væri ekki lausn á framtíðarsamskiptum Íslands og Evrópusambandsins. Hæstv. utanrrh. hæddist mjög að þessari afstöðu. Ég ætla ekki að verja tímanum hér í dag á lokadegi eða lokastundum þingsins til að rifja upp allar þær ræður. En það væri hæstv. utanrrh. hollt að fara sjálfur yfir ræður sínar og fullyrðingar þegar hann fullyrti það hér að Evrópska efnahagssvæðið mundi duga Íslandi inn í næstu öld, að Evrópska efnahagssvæðið yrði við lýði inn í næstu öld. Gaf ekki utanrrn. út greinargerðir og áróðursskjöl með heitinu Vegabréf inn í 21. öldina? Stóð ekki hæstv. utanrrh. í þessum stól í fyrra og fullyrti að öðrum EFTA-ríkjum mundi ganga svo illa að semja við Evrópusambandið að samningarnir um aðildarviðræður mundu taka mörg ár, mörg ár, hæstv. utanrrh. Þeim var lokið áður en Evrópska efnahagssvæðið var hálfs árs að aldri. Stóð ekki hæstv. utanrrh. í þessum stól og fullyrti að neikvæðu áhrifin á efnahagslífið í Sviss af því að Sviss felldi aðild að Evrópska efnahagssvæðinu yrðu svo afgerandi að Sviss mundi einangrast efnahagslega, mundi líða fyrir það efnahagslega? Hefur hæstv. utanrrh. kynnt sér hvernig kauphöllin í Sviss hefur styrkst, hvernig viðskiptalífið og fjármálakerfið í Sviss hefur styrkst, hvernig atvinnulífið í Sviss hefur styrkst?

Staðreyndin er nefnilega sú, hæstv. utanrrh., að flestar af grundvallarfullyrðingum ráðherrans á undanförnum tveimur árum um það efni, sem við hér erum að ræða, hafa reynst rangar. Ég er ekki að rifja þetta upp hér til þess að hælast um gagnvart ráðherranum heldur einfaldlega til þess að minna hann á það nú þegar hann gengur enn á ný fram með sama örygginu, sömu spádómunum, sömu fullyrðingagleði og áður að raunhæfni yfirlýsinganna hefur ekki reynst mjög traust og það væri æskilegt að hæstv. utanrrh. færi að temja sér meiri hógværð og meiri efasemdir og minni sjálfumgleði í umgengni við samskipti Íslands og Evrópusambandsins. Og ég orða það á þennan veg „í um-

gengni við samskipti Íslands og Evrópusambandsins" vegna þess að við stöndum nú í svipuðum sporum og ríkisstjórnin stóð 1989 að þurfa að fara yfir það með veigamiklum hætti hvernig þessi samskipti eiga að vera. Það er staðreynd málsins.

Hæstv. utanrrh. hefur haldið því fram að undanförnu að þetta sé allt saman mjög einfalt. Við höfum þennan EES-samning og hann geti dugað. Ég veit að ég þarf ekki að rifja það upp fyrir hæstv. ráðherra að EES-samningurinn er annars vegar samningur um viðskipti á fjölmörgum sviðum og efnahagsleg samskipti og hins vegar samningur um stofnanauppbyggingu þess svæðis, stofnanauppbyggingu þar sem eftirlit, úrlausn deilumála og annað fær tiltekið form. Það vita það allir að sá þáttur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði getur ekki staðist þegar eitt ríki er orðið eftir, jafnvel vafasamt að hann geti staðist þegar tvö ríki eru eftir. Hvað á þá að koma í staðinn?

Í stefnuályktun Alþb. fyrir tveimur árum settum við fram hugmyndir um það hvað ætti að koma í staðinn. Við nefndum í því sambandi í fyrsta lagi sameiginlegan gerðardóm til þess að fjalla um ágreiningsatriði. Við nefndum í öðru lagi pólitískt samráð ráðherra eða fulltrúa þeirra um sérstök ágreiningsatriði eða sameiginleg viðfangsefni. Við nefndum reglubundin samráð í þriðja lagi. Við nefndum í fjórða lagi samstarfsnefnd o.s.frv.

Ég kynnti hér í Alþingi á þeim tíma sýnishorn sem ég fékk sérfræðinga til að setja saman af slíkum tvíhliða samningi. Hæstv. utanrrh. hæddist þá að því sýnishorni. Staðreyndin er hins vegar sú að það er eina vinnan sem liggur nú á borðum hvað snertir tilraun til þess að átta sig á því hvernig þessi tvíhliða samningur getur litið út. Utanrrn. hefur ekki enn þá getað lagt fram hvorki í utanrmn. né hér á Alþingi neinar tillögur um það hvernig þessum málum verði fyrir komið og það er ekki einfalt mál. Hver er þá skýringin á því að það hefur ekki verið gert? Skýringin hefur verið að koma fram núna á síðustu vikum. Hæstv. utanrrh. er orðinn ósammála ályktun Alþingis frá 5. maí 1993. Það er staðreynd málsins. Ef yfirlýsingar hæstv. ráðherra eru teknar alvarlega, ef greining hans á niðurstöðum viðræðna EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið er skoðuð, ef ákvörðun hans og rökstuðningur fyrir þeirri ákvörðun að flýta flokksþingi Alþfl. er íhuguð, ef ummæli hans um yfirlýsingar forsrh. eru skoðuð, þá er alveg ljóst að hæstv. utanrrh. er orðinn ósammála þessari ályktun. Hann telur það ekki vera verkefni íslenskra stjórnvalda að gera nú samning um tvíhliða samskipti Íslands og Evrópusambandsins. Jafnvel utanríkisráðherra Svíþjóðar lýsir því yfir í sjónvarpsviðtali eftir utanríkisráðherrafund Norðurlanda í Viðey og í Reykjavík fyrir nokkrum dögum síðan að utanrrh. Íslands hafi fullvissað hina norrænu starfsbræður sína um það að Ísland kynni að fylgja þeim inn í Evrópusambandið. Það var merkileg frásögn Margarethu af Ugglas af fundi utanríkisráðherra Norðurlanda að utanrrh. Íslands hafi mjög dregið í efa að Ísland yrði ekki samferða öðrum Norðurlöndum inn í Evrópusambandið.

Þá vaknar þessi spurning: Hvernig á utanrrh. að fara með samninga Íslands við Evrópusambandið ef utanrrh. er ósammála þeim markmiðum þeirra samninga Íslands við Evrópusambandið, ef utanrrh. er ósammála þeim markmiðum þeirra samninga sem Alþingi hefur sett?

Ég lýsti því lítillega hér fyrir nokkrum dögum hve auðvelt það kann að vera fyrir ráðherrann að búa til hindranir og erfiðleika í viðræðunum sem stranda þeim og gera honum þá kleift að búa til atburðarás sem knýr fram það sem hann vill helst fá fram samkvæmt eigin ummælum, þ.e. ítarlega skoðun á því að Ísland sæki um aðild. Tökum dæmi.

Hvernig á að koma fyrir eftirlitinu og úrskurði í deilumálum? Það er vel hugsanlegt að Evrópusambandið leggi fram þær tillögur sem eru auðveldastar fyrir Evrópusambandið, að Evrópudómstóllinn og framkvæmdastjórnin annist þetta einfaldlega og utanrrh. mundi ekki leggja mikla vinnu í það fremur en hann hefur gert til þessa að koma með gagnhugmyndir frá Íslandi. Hann hefur engar gagnhugmyndir frá Íslandi fram að þessu. Hann hefur ekki getað lagt þær fram í utanrmn. né hér á Alþingi þó að hann hafi haft heilt ár til þess að vinna að því og hann komi síðan hér til þingsins og segi: Því miður, viðræðuaðili okkar er ekki reiðubúinn í annað heldur en framkvæmdanefndin og Evrópudómstóllinn annist þetta. Til þess þarf stjórnarskrárbreytingu á Íslandi og er þá ekki skynsamlegra að sækja bara um aðild?

Það er í þessu samhengi sem það hefur vakið athygli að hæstv. forsrh. hefur lýst því yfir að hann hafi ákveðið að óska eftir viðræðum í Brussel um þessa samninga. Það hefur ekki farið leynt að lítið samráð hefur verið milli ráðherranna um það mál. Það er kannski skiljanlegt í ljósi þess að það er augljóst að það er ágreiningur, jafnvel verulegur ágreiningur, milli ráðherranna tveggja í þessu máli. Þess vegna vil ég spyrja hæstv. forsrh.: Hefur verið ákveðið hvenær för forsrh. til Brussel verður farin? Hvernig líður undirbúningi undir þá heimsókn? Hvernig hyggst ráðherrann reifa þau viðfangsefni sem eru sérstök umfjöllunaratriði varðandi þær breytingar að tvíhliða samningur taki við af Evrópska efnahagssvæðinu? Hvaða tímasetningar hefur hæstv. forsrh. hugsað sér varðandi samningaferlið? Og að lokum: Hvernig hyggst hæstv. forsrh. glíma við það vandamál að utanrrh. í hans ríkisstjórn virðist nú þegar vera orðinn ósammála ályktun Alþingis frá 5. maí 1993, ég tala nú ekki um ef niðurstaðan verður á flokksþingi Alþfl. að Alþfl. telji rétt að Íslendingar sæki um aðild? Getur utanrrh. sem er ósammála því hvert eigi að vera markmið samningaviðræðnanna annast viðræðurnar? Í raun og veru ekki.

Þá er vel hugsanlegt að hæstv. forsrh. ásamt sínum fulltrúum taki verkefnið yfir, en það gengur ekki í jafnmikilvægu máli og þessu að sá sem ber ábyrgð á samningaferlinu sé í grundvallaratriðum ósammála því sem verið er að fást við.

Það er í þessu samhengi sem ég hef í nefndaráliti sett fram þá skoðun að skynsamlegt kynni að vera að bíða með staðfestingu á þeim þáttum tilskipana og

gerða Evrópska efnahagssvæðisins sem þessi fullgildingarályktun fjallar um, m.a. vegna þess að ljóst er að í þessum tilskipunum og gerðum eru ýmis atriði sem kann að orka tvímælis að lögtaka á Íslandi ef um tvíhliða samning Íslands og Evrópusambandsins yrði að ræða. Ég nefni sem dæmi sumt sem tengist landbúnaði og sem hv. þm. Páll Pétursson nefndi áðan. Ég nefni líka gerðir um bifreiðar og tækjabúnað á sjúkrahúsum og í læknisþjónustu þar sem augljóst er að Evrópusambandið hefur tekið upp ákvæði sem útiloka kaup á vörum frá Japan, Bandaríkjunum, bifreiðum frá Japan og Bandaríkjunum og lækningatækjum frá Japan og Bandaríkjunum. Auðvitað er hugsanlegt að Japan og Bandaríkin breyti sinni framleiðslu þannig að hún verði í samræmi við þá staðla og kröfur sem þarna eru sett en eins og málið stendur nú hefur það ekki gerst. Þar með er ljóst að í þeim gerðum sem hér á að fullgilda stöndum við í fyrsta sinn frammi fyrir því að smátt og smátt séum við að taka upp ytri tollastefnu Evrópusambandsins og búa til mismun í viðskiptum vegna aðildar okkar að Evrópska efnahagssvæðinu milli Evrópulandanna annars vegar og viðskipta okkar við Bandaríkin og Asíuríki og hins vegar. Og ég veit að ég þarf ekki að minna hæstv. utanrrh. á það hve oft hann lýsti því yfir varðandi Evrópska efnahagssvæðið að slíkt mundi aldrei gerast. Það er þó að gerast með fullgildingu þessara gerða sem hér eru nefndar.

Margar gerðirnar eru hins vegar þannig að þær eru tvímælalaust til bóta. Þær munu styrkja íslenskt efnahagslíf og margt í okkar samfélagi.

Vandinn er hins vegar sá að koma til þessarar fullgildingar án þess að ríkisstjórn Íslands hafi mótað neina stefnu um það hvernig samskiptin við Evrópusambandið eigi að vera um næstu áramót — og ég endurtek: um næstu áramót. Ef aðild Svíþjóðar, Finnlands og Noregs verður samþykkt í þjóðaratkvæðagreiðslu þá eru ekki nema rúmir sex mánuðir þangað til menn standa frammi fyrir því að Evrópska efnahagssvæðið líður undir lok. Auðvitað getur hæstv. utanrrh. sagt: Við erum með þennan samning í höndum og við eigum að bíða eftir því að Evrópusambandið sæki á. Það er út af fyrir sig afstaða. En það breytir því ekki að við stöndum í þeim sporum að hvorki í utanrmn. né af hálfu ríkisstjórnarinnar hefur verið sett fram markviss lýsing á því hvað eigi að taka við. Þess vegna hef ég sett fram þá tillögu í nefndarálitinu að skynsamlegast sé á þessu þingi að vísa þessari fullgildingarályktun til ríkisstjórnarinnar og hún verði til meðferðar hjá henni með öðrum þáttum sem hún þarf að ræða við Evrópusambandið á næstu mánuðum og síðan komi til staðfestingar þess hluta hennar sem menn telja skynsamlegast að staðfesta í ljósi viðræðna Íslands og Evrópusambandsins um framtíðina. Verði ekki fallist á þessa málsmeðferð þá munu þingmenn Alþb. sitja hjá við lokaafgreiðslu þessarar ályktunar.

Virðulegi forseti. Í umræðu um það atriði sem við erum hér að fjalla um hefur nokkuð verið vikið að öðrum valkostum Íslands. Sumir hafa sett fram það sjónarmið að það sem kynni að þjóna hagsmunum Íslands best væri annars vegar að gera tvíhliða viðskiptasamning við Evrópusambandið og hins vegar fríverslunarsamning við Bandaríkin. Á fundum í utanrmn. fyrir nokkrum vikum var rætt um þann frest sem gefinn var af hálfu stjórnvalda í Bandaríkjunum fyrir einstök ríki til þess að láta í ljós ósk sína um að ganga til viðræðna við stjórnvöld í Bandaríkjunum um gerð fríverslunarsamninga.

Ég hugsa að verulegur stuðningur sé við það á Alþingi að slíkar viðræður fari fram og það málefni sé kannað rækilega. Ég hef áður lýst slíkum áhuga. Ég held að ég fari rétt með það að í umræðum um Evrópska efnahagssvæðið, m.a. þegar ég fjallaði um drögin að tvíhliða samningi Íslands og Evrópusambandsins sem ég kynnti hér um leið og ég lýsti afstöðu Alþb., hafi ég farið yfir ýmsa þætti NAFTA-samkomulagsins og borið það saman við samninginn um Evrópskt efnahagssvæði og skoðað það með jákvæðum hætti út frá hagsmunum Íslands. Í ljósi þess vekur það nokkra undrun mína að í fréttatilkynningu frá forsrn., sem gefin var út fyrir nokkrum dögum, kemur fram lýsing á því erindi sem ríkisstjórn Íslands sendi bandarískum stjórnvöldum áður en fyrrgreindur frestur rann út. Ég get ekki séð á þeim texta sem forsrn. hefur kynnt að í þessu erindi felist ósk um viðræður um fríverslunarsamning og væri mjög æskilegt ef hæstv. forsrh. eða hæstv. utanrrh. gætu skýrt það mál nánar. Þó að það tilheyri ekki formlega þeirri þáltill. sem hér er til umræðu, þá er það engu að síður hluti af því máli sem við erum hér að ræða.

Í fréttatilkynningunni kemur fram að áhugi sé á því á Íslandi að kannaður verði möguleiki á að gera samning við Bandaríkin á efnahags- og viðskiptasviðinu. Orðin „samningur um fríverslun" eru hvergi notuð í þessari fréttatilkynningu. Í staðinn kemur fram síðar í fréttatilkynningunni: „Ríkisstjórn Íslands telur þó að efla megi viðskipti Íslands og Bandaríkjanna frekar ef gerður yrði rammasamingur um reglulegt samráð um efnahags- og viðskiptatengsl landanna. Samráðið gæti m.a. tekið til atriða svo sem fjárfestinga og á vettvangi rammasamningsins yrði tekið á nauðsyn þess að tryggja íslenskum starfsmönnum fyrirtækja sem búa tímabundið í Bandaríkjunum vegabréfsáritun á sama hátt og gildir um mörg önnur ríki, vegabréfsáritun E-1 og E-2. Önnur atriði gætu verið almenn og sérstök atriði sem lúta að íslenskum heilbrigðiskröfum í matvælaframleiðslu sem og útgáfu heilbrigðisvottorða vegna útflutnings, flugsamgöngur, upplýsingatækni og réttur íslenskra námsmanna til að stunda háskólanám í Bandaríkjunum."

Sú lýsing sem hér er sett fram er lýsing á samningi sem er allt annarrar gerðar en sá fríverslunarsamningur sem tæki mið af NAFTA-samkomulaginu eða rætt hefur verið um hér á undanförnum mánuðum. Ég vil því spyrja: Felur þessi afstaða ríkisstjórnar Íslands það í sér að í raun hafi ríkisstjórn Íslands hætt við að óska eftir gerð fríverslunarsamnings við Bandaríkin og ætli í staðinn að óska eftir rammasamningi um reglulegt samráð um afmarkaða þætti félagsmála, fjárfestinga- og efnahagsmála? Vegna þess að margt af því sem hér er

talað um heyrir frekar undir félagsmál en viðskipti. Ég tel það frekar óskynsamlegt að ríkisstjórnin hafi á þessu stigi tekið ákvörðun um að óska ekki eftir formlegum, fullgildum viðræðum um fríverslunarsamning og vildi þess vegna óska eftir því að fá nánari skýringar á efni þessarar fréttatilkynningar því að við höfum ekki fengið það á vettvangi utanrmn. og ég tel málið líka vera það mikilvægt að það þurfi að gerast í þingsalnum.

Ef ekki er leitað eftir fríverslunarsamningi milli Íslands og Bandaríkjanna er verið að draga úr gildi þeirrar stefnu, sem margir hafa sett fram, að skynsamlegt fyrir Ísland væri tvíhliða viðskiptasamningur milli Íslands og Evrópusambandsins og fríverslunarsamningur við Bandaríkin. Mér er þess er vegna því miður ekki ljóst hver stefna ríkisstjórnarinnar er í þessum mikilvægu málum. Mér er ekki ljóst hver er stefnan varðandi viðræðurnar við Evrópusambandið og í ljósi þessarar fréttatilkynningar er mér heldur ekki ljóst hver stefnan er varðandi samskiptin við Bandaríkin nema tekin hafi verið ákvörðun um að óska alls ekki eftir viðræðum um fullgildan fríverslunarsamning. Ef svo er þá er það út af fyrir sig skýr stefna, en þá er nauðsynlegt að segja það vegna þess að hæstv. utanrrh. hefur talað þannig að undanförnu að hann vildi óska eftir fullgildum viðræðum um fríverslunarsamning við Bandaríkin. Í ljósi þeirrar yfirlýsingar koma mér efnisþættir fréttatilkynningar forsrh. töluvert á óvart.

Virðulegi forseti. Það var óskað eftir því við fyrri umræðu um þáltill. að hæstv. forsrh. og hæstv. utanrrh. gerðu grein fyrir þessum efnisatriðum sem ég hef fjallað um svo að þinginu væri ljóst áður en það fer í sitt langa sumarhlé hver sé afstaða ríkisstjórnarinnar til þessara mikilvægu mála.

[12:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Vegna þess sem hv. þm. nefndi hér síðast um ákvörðun ríkisstjórnar sem snýr að samningum við Bandaríkin, þá tel ég að þetta skref sem ríkisstjórnin tók og kynnt er í þessari fréttatilkynningu ríkisstjórnarinnar hafi verið eðlilegt og skynsamlegt í þessari stöðu og það sé fjarri öllu lagi að með þessari ákvörðun og þessum málatilbúnaði hafi menn útilokað þau skref sem hv. þm. nefndi um fríverslunarsamninga við Bandaríkin í tengslum við NAFTA-samninginn. Þvert á móti er áhugi Íslands í málinu sýndur og áréttaður og í þessari ályktun felst vilji ríkisstjórnarinnar til þess að kanna þann möguleika til þrautar. Ég tel hins vegar að ef á þessu stigi máls hefði verið ákveðið af Íslands hálfu að ganga skrefið alla leið, þá hefði því verið hafnað af Bandaríkjastjórn og ég tel að þær upplýsingar sem við höfðum frá bandarískum yfirvöldum á því augnabliki séu til marks um það að Bandaríkin eru ekki komin svo langt í sínu hugsunarferli gagnvart framhaldi NAFTA-samningsins að það hefði verið heppilegt fyrir Ísland að sækja beinlínis um formlegar viðræður um þann þátt því þá hefði að mínu mati slíkri umsókn verið hafnað. Það tel ég að hefði líka verið óheppilegt gagnvart framtíðarviðræðum okkar við Evrópubandalagið um framtíðarsamskipti Íslands og bandalagsins. Þetta vil ég láta koma fram vegna athugasemda hv. þm. sem mér fannst ágætt að skyldu koma fram einmitt í þessari umræðu eða í tengslum við hana.

Varðandi stefnu Íslands um viðbrögð við aðild annarra EES-ríkja en Íslands að Evrópusambandinu, þá tel ég að sú stefna sé skýr og hafi lengi legið fyrir. Í samræmi við þá stefnu sem hv. þm. ræddi hér og hina samhljóða ályktun Alþingis frá því í maí í fyrra, þá mun ríkisstjórnin taka upp tvíhliða viðræður um samskipti Íslands og Evrópusambandsins í framtíðinni.

Varðandi þann fund sem rætt hefur verið um, þá er gert ráð fyrir að fundurinn með framkvæmdastjóra bandalagsins verði 15. júlí nk. Hæstv. utanrrh. verður á fundinum í Brussel sem formaður EFTA-hópsins og á sama tíma með fjölmörgum öðrum ráðamönnum bandalagsins og því forusturíki sem þá verður tekið yfir í Evrópusambandinu, Þýskalandi. Viðræður við bandalagið, við ESB, munu af okkar hálfu miða að því í hnotskurn að Íslendingar og hafi áfram í krafti EES-samstarfsins við Evrópusambandið áhrif á þróun þeirrar samvinnu og reglna sem samningurinn tekur til, sem og að tryggja samræmda túlkun reglnanna og jafnræði milli einstaklinga og aðila í atvinnurekstri.

Það hefur ætíð verið klárt í þessu sambandi að gangi hin EFTA-ríkin í EES í Evrópusambandið, þá verði að laga stofnanaþátt EES að þeirri staðreynd. Okkur er ljóst, eins og kom fram hjá hv. þm., að það mun kosta mikinn undirbúning og umfangsmiklar viðræður, enda er EES-samningurinn viðamikill samningur um viðamikið samstarf. Sú grein Rómarsáttmálans sem EES-samningurinn byggir á veitir hins vegar Evrópusambandinu víðtæka heimild til samstarfs við ríki utan þess. Við það bætist síðan að EES-samningurinn tryggir viðskiptahagsmuni okkar og er hluti af lögum Evrópusambandsins og því stendur samningurinn lagalega óháð framtíð EFTA og EES. Ég tel að á þessu augnabliki bendi ekkert til annars en viðunandi niðurstaða geti náðst í þeim tvíhliða viðræðum sem Alþingi, nánast samhljóða með fáeinum undantekningum, hefur lagt áherslu á að færu fram í framhaldi af óskum og ákvörðunum hinna fjögurra EFTA-ríkja, getum við sagt, um að ganga inn í bandalagið.

Ég tel líka að það væri eðlilegt skref í sjálfu sér, þó að það sé ekki neinn meginpunktur eða meginákvörðun, eins og á hefur verið bent að ríkisstjórnin ákveði að fela stofnunum við Háskóla Íslands að gera tilteknar úttektir á stöðu Íslands gagnvart Evrópusambandinu. Ég tel að þær úttektir séu til bóta fyrir okkur. Það sé gott og skýrt að hafa fyrir framan okkur hvaða þýðingu það hefði fyrir Ísland að gerast aðilar að Evrópusambandinu og úttekt af því tagi sé hjálpleg og nauðsynleg til þess að auðvelda mönnum að meta alla kosti sem eiga að vera fyrir hendi. En það breytir ekki því að það er ekki á dagskrá hjá ríkisstjórninni fremur en áður að sækja um aðild að bandalaginu.

Vegna þess sem hv. þm. nefndi um fyrirsvar utanrrh. í málinu þá hefur hann fullt traust mitt og ríkisstjórnarinnar til þess að fara með það mál, enda hefur Alþfl. ekki óskað eftir því innan ríkisstjórnar að sam-

eiginleg ákvörðun hennar um að aðild að Evrópubandalaginu sé ekki á dagskrá, verði tekin upp eða breytt.

Ég ræddi í tengslum við eldhúsdagsumræðu þá stöðu sem nú er komin upp eftir að ríkin þrjú hafa náð samningum og ég tek undir það með hv. þm. að það gekk hraðar fyrir sig heldur en ég hafði vænst. Ég hélt að það mundi taka lengri tíma, en ég fullyrði að þrátt fyrir að það hafi gerst aðeins fyrr en vænta mátti og rök voru til að ætla að mundi gerast þá hefur ekkert breyst sem við sáum ekki fyrir fyrir tveimur árum. Það hefur engin nein meginbreyting orðið sem við sáum ekki fyrir fyrir tveimur árum. Ég vitnaði í eldhúsdagsumræðunni í eina tiltekna ræðu sem ég flutti á opinberum vettvangi um þá þætti og ætla ekki að endurtaka það því að um það geta menn lesið í þingtíðindum. Þó vil ég árétta að ég tel að niðurstaðan sem varð í sjávarútvegsmálum í aðildarsamningum Norðmanna komi ekki eins á óvart og menn hafa kannski talið. Ég tel að Norðmenn hefðu aldrei getað gengið til samninga með lakari kost en þeir fengu. Ég tel því ekki að það hafi orðið einhver mikil breyting og mikill sigur fyrir Norðmenn. Ég taldi að þetta væri það minnsta sem norska ríkisstjórnin gæti kynnt fyrir hagsmunaaðilum sínum gagnvart þessum þætti. Við sjáum líka að þar sem aðstæður eru svipaðar í Noregi og hagsmunir svipaðir og gerist hér hefur þessi samningsgerð ekki haft úrslitaáhrif um afstöðu manna og mundi þess vegna ekki hafa úrslitaáhrif á afstöðu manna hér, hygg ég vera, hvað þessa þætti varðar þegar það væri skoðað.

Ég lét líka þau ummæli falla í eldhúsdagsumræðunni að okkar stefna, hin íslenska Evrópustefna, ætti að snúast um íslenska hagsmuni og íslenskan vilja og íslenskan veruleika og ég tel að þeir þættir séu óbreyttir.

Við þessar aðstæður snýst mat á stöðu Íslands því að sjálfsögðu ekki um að kanna það í aðildarviðræðum hvort innganga í Evrópusambandið komi til greina. Það fór ekki á milli mála í endaspretti viðræðna hinna EFTA-ríkjanna við Evrópusambandið að þeir sem ganga til aðildarsamninga verða fyrst að hafa gert upp hug sinn í öllum aðalatriðum og hafa mjög ríkan vilja til að semja og fallast á málamiðlanir ef þeir ætla að koma þeim vilja sínum fram að ganga í bandalagið. Við skulum einnig hafa í huga að aðildarumsókn til að mynda Norðmanna hafði mjög langan aðdraganda. Það voru margra mánaða umræður á opinberum vettvangi og innan flokka í Noregi, á vegum stjórnmálasamtaka einnig og hagsmunaaðila, áður en málið fór í þann farveg að menn sæktu um og það voru ekki könnunarviðræður af hálfu Noregs, það voru alvöru aðildarumsóknarviðræður.

Mér finnst mestu skipta í þessu sambandi að Evrópustefna okkar snýst ekki og greinist ekki í annars vegar aðild eða einangrun. Þetta er ekki tveggja kosta val eins og menn vilja vera láta. Ég hygg að þetta tveggja kosta val sem hefur blossað upp hafi haft áhrif í þá veru að skoðanir manna, sem mælast í könnunum, hafi mjög breyst á skömmum tíma. Einangrunaróttinn hefur gripið um sig um stund af því að mönnum hefur fundist að kostirnir væru bara tveir, aðild eða einangrun. En við höfum miklu fleiri kosti og ég hygg að þegar almenningur í landinu áttar sig á því, þá muni þessi viðhorf breytast á nýjan leik.

Ég get sagt fyrir mig að ef kostirnir væru þessir, einangrun eða aðild, þá mundi ég hallast að aðild, ekki að einangrun. En ég tel ekki að kostirnir séu tveir, einangrun eða aðild. Ég segi því að ef einangrunarkenningin væri rétt og það biði þjóðarinnar ef hún stæði utan sambandsins að einangrast, þá ættu menn í alvöru að fara að vinna að því að skapa skilyrði til þess að við gætum gengið í sambandið. En það er ekki mín skoðun að svo sé.

Ég vil aðeins víkja að öðrum þætti sem formaður Framsfl., sem er nýtekinn við því starfi, kom inn á um samskipti við Norðurlöndin. Ég er þeirrar skoðunar að þó að við höfum kosið að fara aðra leið en Finnar, Norðmenn og Svíar, þá muni aðild þeirra að bandalaginu verða okkur frekar til framdráttar en hitt og auðvelda okkur að sumu leyti að standa utan bandalagsins vegna þeirrar stöðu sem við höfum innan hins norræna samstarfs og þess skilnings sem okkar hagsmunir og sjónarmið njóta á Norðurlöndum. Það hefur verið mótuð skýr stefna varðandi afstöðu Íslands til norrænnar samvinnu og möguleika okkar á því sviði verði öll hin Norðurlöndin aðilar að Evrópusambandinu. Við vitum hins vegar að það væri óraunsæi að segja ekki upphátt það mat sitt að aðild þessara landa mun hafa áhrif og afleiðingar fyrir norrænt samstarf. Það mun auðvitað gerast. Það skynjum við þegar sem sækjum norræn þing og fundi. Ég hef að vísu ekki jafnríka reynslu í því og margir aðrir hv. þm. og ekki eins öflugan samanburð þar af leiðandi, en þrátt fyrir skammvinn feril á því sviði, þá skynja ég þó þá breytingu sem þar hefur orðið. Þess vegna mun hlutverk samstarfs Norðurlandanna í framtíðinni verða m.a. og kannski ekki síst að vera vettvangur þar sem Norðurlöndin fjalla í sameiningu um Evrópumál og þar sem þær norrænu þjóðir, hversu margar sem þær verða, við verðum að virða það að enn hafa þjóðirnar ekki sagt sitt lokaorð, fái tækifæri til að rækta tengsl sín við Evrópusambandið með heilbrigðum hætti í gegnum norrænt samstarf. Ég fjallaði um þetta í setningarræðu minni á fundi Norðurlandaráðs, ræðu sem var haldin í umboði hinna forsætisráðherra Norðurlandanna, hafði verið kynnt hér og auðvitað án skilyrða fyrir þeim íslensku þingmönnum sem mest sinna norrænu samstarfi af okkar hálfu. Í þessari ræðu var ítrekað, sem ég hef sagt áður á Norðurlandaráðsþingum, að ef fleiri Norðurlandaþjóðir gerðust aðilar að Evrópusambandinu yrði að gæta þess að norrænt samstarf uppfyllti þarfir allra Norðurlandanna hvort sem þau stæðu innan eða utan við ESB. Það var jafnframt bent á að Finnar, Norðmenn og Svíar hefðu lýst því yfir að þeir vildu efla norrænt samstarf einnig sem aðilar að bandalaginu. Það var líka bent á það í þessari ræðu að oft hefði verið áréttuð nauðsyn þess að samstarfið væri sem sveigjanlegast þannig að unnt væri með skjótum hætti að fella það að nýjum verkefnum. Í þessum tilgangi

hefur þeirri nýbreytni hefur verið komið á að forsætisráðherrar Norðurlandanna gegndu víðtækara hlutverki í hinu norræna samstarfi en áður. Og það er ljóst að Evrópumálin verða fastur liður í framtíðinni á fundum norrænna ráðherra og þá ekki síst forsætisráðherranna.

Varðandi framhaldið og hvernig við stöndum að því að fjalla um okkar stöðu ef og þegar hin ríkin hafa gengið inn, þá tel ég að hv. þm. hafi vikið að mjög mörgum athyglisverðum punktum sem þurfa að vera uppi við þá athugun alla. En það er líka ljóst að Evrópusambandið er ekki í stöðu eða telur sig hafa til þess vilja að ræða þau mál mjög efnislega við okkur fyrr en þau hafa í hendi hvort EFTA-ríkin fjögur munu staðfesta sína inngöngusamninga. Þau telja ekki að það sé gagnlegt að fara í endanlegar viðræður um þau atriði fyrr en þessir þættir liggi fyrir.

Ég vil líka vekja athygli á því af því að þessar umræður eru skammt á veg komnar hér að það má segja að það standi ekkert upp á okkur í þessum efnum. Nú er ég ekki að segja það til þess að við ættum ekki að undirbúa okkur vel eins og hv. þm. nefndi, ég held að það sé alveg nauðsynlegt í okkar ranni. En það stendur ekkert upp á okkur. Við erum ekki að bregðast í neinu þeim samningi sem við gerðum, EES-samningnum. Við erum ekki að stefna að því að vanefna hann á neina lund og samningurinn er bindandi fyrir Evrópusambandið og aðildarríkin sem nú eru í sambandinu og þau sem verða það gagnvart okkur. Samningurinn stendur þess vegna og hann verður grundvallaratriðið í þeim viðræðum um aðlögunina sem fram munu fara.

Ef Evrópusambandið sjálft vill breyta þessum samningum verða öll aðildarríki þess að segja upp samningnum. Sú er staðan. Þau hafa öll samþykkt þennan samning. Á hinn bóginn er ljóst og menn sjá strax að það verður að hreinsa út úr samningnum hluti sem lúta að þeim ríkjum sem ganga inn í ESB, en þar er um að ræða eingöngu tæknilegar breytingar að mínu mati. Verkefnið er því að finna hvernig hægt sé að hafa fyrirkomulag framkvæmdar á meðan, ef svo fer, að Ísland verði eini aðilinn EFTA-megin. Kannski verður þá í fyrstunni um að ræða einhvers konar einfalt bráðabirgðafyrirkomulag án þess menn væru að gera breytingar á samningnum sjálfum.

Það er ekki vafi á því að Evrópusambandið mun væntanlega spyrja um viðhorf íslenskra stjórnvalda til aðildar að ESB í framtíðinni og sjálfsagt munu svör okkar við þeim spurningu hafa áhrif á afstöðu þeirra í viðræðum við Íslendinga. Ég tel að ef við sækjum um breytingar á EES-samstarfinu, þá séum við í veikari stöðu gagnvart bandalaginu en ella. Þess vegna tel ég eðlilegast að Evrópusambandið eigi frumkvæði að óskum um þær breytingar því að breytingarnar eru að gerast viðsemjendamegin frá því að þessi samningur er samningur Íslands, ekki EFTA, við Evrópusambandið og ríkin sem eru aðilar að því.

Ég er sammála hv. þm. sem hann nefndi hér áðan að það er fjöldi atriða sem þarna geta komið til eins og Alþb. hefur ályktað um sem ég held að séu skynsamleg atriði sem þurfi að skoða í þessu sambandi. Ég tel nauðsynlegt að flokkarnir í þinginu eigi sem best samstarf og samráð um að móta þau viðhorf okkar á næstu mánuðum. Við þurfum á því að halda að um þetta geti ríkt sæmileg sátt og ég tel að ályktun Alþingis hafi verið mjög merkileg að því leyti og þess vegna sé full ástæða til að reyna að halda þeirri samstöðu um málið og framhald þess sem samþykkt ályktunar Alþingis markaði að mínu viti.

[12:21]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson) *(andsvar)*:

Virðulegi forseti. Ég þakka hæstv. forsrh. fyrir hans ítarlegu ræðu áðan. Ég tel að hún hafi verið mjög nauðsynlegur og gagnlegur þáttur í þróun þessa máls og þau sjónarmið sem hæstv. forsrh. setti þar fram mjög athyglisverð. Í sjálfu sér sýnist mér fljótt á litið að margt af því sem hæstv. forsrh. sagði sé á þann veg að það eigi að vera hægt að ná nokkuð breiðri samstöðu innan þingsins um þróun þessara mála á næstunni.

Mér fannst það merkilegar upplýsingar að hæstv. forsrh. telur að ef óskað hefði verið eftir fríverslunarsamningi við Bandaríkin af hálfu Íslands í samræmi við þann frest sem bandaríska stjórnkerfið gaf, þá hefði þeirri ósk verið hafnað. Ef það er rétt mat, þá get ég fallist á það fljótt á litið að sú nálgun sem fram kemur í yfirlýsingunni sé á ýmsan hátt skynsamleg. En það væri fróðlegt að geta farið yfir það á vettvangi utanrmn. hvaða rök liggja á bak við það mat og vegna þess að utanrmn. hyggst síðar í dag leggja í fyrstu för utanrmn. Alþingis til Bandaríkjanna til að ræða þar við ráðuneyti og þing, þá getur verið mjög fróðlegt að taka upp þann þátt.

Ég vil aðeins inna hæstv. forsrh. eftir því, en mun svo síðar í umræðunum víkja nánar að ýmsu því sem fram kom í hans ræðu, hvort hann óttast ekki að ef Ísland bíður eingöngu átekta með EES-samninginn og önnur ríki EES ganga í Evrópusambandið, þá verði mjög erfitt fyrir Ísland að standa í þeim sporum á fyrri hluta næsta árs, ef ekkert hefur gerst, að Evrópusambandið er sífellt að afgreiða nýjar og nýjar gerðir og nýjar og nýjar tilskipanir sem við eðli málsins samkvæmt eigum og höfum átt litla möguleika á að fylgjast með mótun þeirra en þurfum að standa frammi fyrir staðfestingu þeirra í samræmi við EES-samninginn á næsta ári ef engin niðurstaða hefur fengist um breytingar.

[12:24]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson) *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég tel fyrst og fremst, ég nefndi það ekki í ræðu minni áðan, eðlilegt að menn gangi frá þeim viðaukum sem við erum hér að fjalla um. Jafnframt tel ég að ályktun Alþingis auðveldi okkur þennan þátt sem hv. þm. nefndi því að Alþingi hefur átt frumkvæði að því að opna málið og leggja áherslu á að það vildi hafa mótandi áhrif á framhaldið, gerði sér grein fyrir þeim breytingum sem eru að verða. Ég tel jafnframt að ósk mín um fundi með framkvæmdastjóra bandalagsins ýti undir þessa þætti. Ég tek undir með

hv. þm. að á næstu mánuðum eigum við sameiginlega að móta stefnu okkar til þessara viðræðna og við séum að ræða um haustmánuðina sem við eigum að nota til þessara viðræðna.

[12:25]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Það er mjög eðlilegt að umræða um þá till. til þál. sem hér er á dagskrá tengist því sem hv. 8. þm. Reykn. ræddi um og ekki síður hæstv. forsrh. Þó að ég ætli að koma að meginmálinu í minni ræðu, þá vil ég fara nokkrum orðum um það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. í sambandi við stöðu samskipta okkar við Evrópusambandið. Ég tel vel að það skuli koma til umræðu fyrir frestun á fundum Alþingis þannig að menn leggi kannski svolítið nær um sjónarmið út í umræðuna sem hlýtur að fara fram í þjóðfélaginu á næstu mánuðum. Ef farið væri að vilja sumra og raunar nýbakaðs formanns Framsfl., þá væri verið að leggja þar upp í umræðu í aðdraganda alþingiskosninga sem sá ágæti hv. þm. hefur sett fram að ættu að fara fram þegar á næsta hausti og inntakið í þeirri baráttu af hálfu Framsfl., ef marka má formanninn, ætti að vera afstaða til Evrópumálanna.

Ég tel að það sem kom fram hjá hæstv. forsrh. hafi verið athyglisvert og treysti því að orð hans í sambandi við viðræður við Evrópusambandið í framtíðinni ætti að ganga út frá þeim grundvelli að Ísland væri ekki að leita eftir aðild að Evrópusambandinu heldur einvörðungu að bregðast við breytingum sem hugsanlega koma upp vegna þess að grundvöllur samningsins um Evrópskt efnahagssvæði væri hruninn með einhverjum hætti við inngöngu EFTA-ríkjanna margra í Evrópusambandið. Það skiptir meginmáli út frá hvaða sjónarhorni Ísland á hlut að viðræðum við Evrópusambandið og þó að ég sé andstæðingur samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og telji hann hafa verið mjög ófarsælan gjörning, óviturlegan og ástæðulausan miðað við íslenska hagsmuni, þá þurfum við að sjálfsögðu að skoða landslagið út frá því á meðan sá samningur er í gildi.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. lýsir því yfir að umsókn um aðild að Evrópusambandinu sé ekki á dagskrá og hæstv. forsrh. meti það svo að ekki sé þörf á því miðað við íslenska hagsmuni eins og hann lítur til þeirra að breyta þeirri afstöðu og ég vona að sem lengst verði haldið við það sjónarmið. Hitt dylst engum að mjög er knúið á um það að allvíða í samfélaginu, kannski ekki af mjög mörgum en hins vegar nokkuð valdamiklum aðilum, að þarna verði breyting á. Ég er ekki í vafa um það að innan Sjálfstfl. mun þess þrýstings gæta áframhaldandi eins og hann hefur verið um alllangt skeið, að ekki sé nú talað um hinn stjórnarflokkinn, Alþfl., sem hefur verið að gæla við það leynt og ljóst undanfarið, og reyndar alllengi ef litið er til einstakra þingmanna flokksins og ummæla þeirra á Alþingi, að venda kvæði í kross og komast alla leið eins og það er kallað, sækja um aðild að Evrópusambandinu. Við þetta heygarðshorn eru menn nú þessa dagana og þarf ekki annað en fletta flokksmálgagninu, Alþýðublaðinu, og líta í leiðara þar til þess að sjá hvert verið er að stefna, í hvaða átt er talað. Það mun væntanlega skýrast innan skamms á flokksþingi Alþfl. hvort Alþfl. í heild sinni tekur upp nýja stefnu að þessu leyti, innsiglar það sem forustan hefur verið að gæla við leynt og ljóst undanfarið og er þess ekki langt að bíða að menn sjái betur á þau spil.

Ég er út af fyrir sig ekki undrandi á því að þessar raddir skulu vera komnar fram hjá Alþfl. í þetta ríkum mæli því að það hefur blasað við mjög lengi að það væri viðmiðunin, það væri áttavitinn sem siglt væri eftir og þarf ekki að koma mjög á óvart. Ég nefndi það að innan Sjálfstfl. hefðu komið fram raddir í þessa veru m.a. frá ráðherrum í ríkisstjórninni. Nægir að minna á ummæli hæstv. menntmrh. 4. mars sl. við fjölmiðla þar sem hann útilokaði ekki að sótt yrði um aðild að Evrópusambandinu, eins og hann orðaði það við fjölmiðla, þó ekki væri nema til að kanna með fullri vissu hver verða skilyrðin sem við verðum að sæta. Þetta er búningur sem málið er stundum klætt í en öllum ætti að vera ljóst að um einhverja slíka tilraunaumsóknaraðild getur ekki verið að ræða. Sú umræða fór fram á Norðurlöndunum og var alls staðar vísað frá af stjórnmálamönnum sem vildu láta taka sig alvarlega að menn mundu ekki fá nein viðbrögð af hálfu Evrópusambandsins við slíkum sýndartilraunum til umsóknar eða aðildar að Evrópusambandinu.

Það var varað við því, virðulegur forseti, oft þegar við ræddum um samninginn um Evrópskt efnahagssvæði að þau öfl sem vildu fara alla leið mundu reyna að nýta þá stöðu sem þá kæmi upp til þess að knýja á um aðild og það hefur raunar komið á daginn eftir að samningurinn var gerður og lögfestur hér á Alþingi að sú er raunin þó að enn sé mikill meiri hluti hér á Alþingi og þeir sem mæla hér fyrir hönd flokka sem mæla gegn slíku. Og það er ánægjulegt á meðan sú staða helst. En hver er þá staðan að því er varðar hið Evrópska efnahagssvæði og líkurnar á því að þær aðstæður skapist að EES-byggingin hrynji til grunna? Ég er sammála þeim sem segja sem svo að það sé of snemmt að fullyrða nokkuð um það hver verði niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslum Norðurlandanna þriggja sem sótt hafa um aðild að Evrópusambandinu. Það er allt of mikið gert af því að ganga að því sem gefnu að það verði farið að ráðum ríkisstjórna þessara landa sem gert hafa samninga um aðild við Evrópusambandið og í rauninni full ástæða til að gagnrýna það með hvaða hætti hefur verið haldið á málum af ríkisstjórnum Norðurlanda. Þá er ég ekki að tala um íslensku ríkisstjórnina heldur aðrar ríkisstjórnir Norðurlanda, að breyta grunni Norðurlandasamvinnunnar, Norðurlandasamstarfsins út frá þeirri forsendu að þetta verði staðreynd. Og á sama hátt tel ég að undirbúningur eða breytingar á norrænu samstarfi og störfum innan t.d. hins Evrópska efnahagssvæðis sem gangi út frá því að þetta verði staðreynd, sé ótímabært og raunar mjög ólýðræðislegt að það sé gengið út frá því sem gefnu að sú verði niðurstaðan.

Ég veit auðvitað ekkert meira en aðrir um það hvað gerist í þjóðaratkvæðagreiðslum í þessum löndum síðast á árinu. Það er aðeins sjónarmið sem maður getur

leitt að líkum út frá stöðu í löndunum. En menn sjá sem horfa á mælingar skoðanakannana að andstaðan er mjög eindregin, mjög mikil og eindregin innan landanna, í Noregi sérstaklega, í Svíþjóð raunar einnig þannig að alls ekki er hægt að fullyrða að þessi lönd bæði hafni inni í Evrópusambandinu að lokinni þjóðaratkvæðagreiðslu og gæti sem best gerst að þau bæði yrðu utan við og þá er auðvitað staðan allt önnur heldur en menn hafa verið að ganga út frá, allt önnur. Þessi andstaða sem hæstv. forsrh. minnti á hér í Noregi er svo rótgróin og liggur svo djúpt í norsku samfélagi að það á mikið eftir að ganga á áður en einhver sátt tekst þar í þjóðfélaginu um það jafnvel þó það tækist að mundanga því máli í gegn með þeim aðferðum sem nú eru í gang þar sem verið er að reyna að dagsetja þjóðaratkvæðagreiðsluna þannig að þetta megi takast. Þessi aðferð er kennd við dóminó, þetta púsluspil ríkisstjórna Norðurlandanna, byrja á Finnlandi, síðan í Svíþjóð og að lokum í Noregi vegna þess að menn hafa metið að andstaðan væri í þessari röð, þyngdist eftir því sem aftar drægi í þessari rök sem ég nefndi, svo að það er nú rétt að bíða og sjá hvað þarna gerist. Að mínu mati er það mikið aðdáunarefni talað út frá sjónarhóli þeirra sem eru andstæðir því að ganga inn í Evrópusamrunann, inn í Evrópusambandið sjálft að sjá hversu víðtæk umræða fer fram í þessum löndum, hversu andstæðingar aðildar þó að þeir hafi mun minna bolmagn áróðurslega með aðgang að fjölmiðlum og ekki sé talað um fjármagn, hversu föstum fótum þeir standa í umræðunni og spyrja spurninga sem auðvitað verður að spyrja þegar verið er að undirbúa uppgjör í svo afdrifaríku máli. Ég held að það væri ástæða fyrir okkur Íslendinga að reyna að sameinast um það að vekja hér upp alvöruumræðu um þessi mál byggða á þokkalegum upplýsingum en ekki bara upphrópunum eins og hefur gætt allt of mikið og hér var minnst á í umræðunni og hefur vafalaust leitt til þess að það hefur gripið um sig ákveðinn ótti hjá fólki, sem kannski setur sig ekki mikið inn í málin. Og það eru eldar, upphrópanirnar um einangrun sem Alþfl. gengur lengst í að kynda og má lesa um í flokksmálgagninu núna síðustu daga enn og aftur. Ég tel að þau sjónarmið sem benda á að hér sé verið að magna upp, gera úlfalda úr mýflugu eigi einnig við um umræðuna í aðdraganda þess að EES-samningurinn var samþykktur, áróðurinn um einangrun Íslands og að við ættum ekki annarra kosta völ. Þá umræðu ætla ég ekki að taka upp hér gagnvart EES-samningnum sérstaklega en minni aðeins á það og því miður fór ekki fram í samfélaginu sú grundvallarumræða um okkar kosti í veröldinni aðra en fara út í þetta Evrópusamstarf í því formi sem var ákveðið af Íslands hálfu fyrir ekki löngu síðan.

Virðulegur forseti. Þetta ætla ég að láta nægja hér varðandi stöðuna að því er snertir spurninguna um aðild eða ekki aðild. Við hljótum á komandi mánuðum að fylgjast með því hvernig flokkarnir halda á þessum málum, hvernig þeir móta sína stefnu og ég vék hér fyrir fáum dögum sérstaklega að Framsfl. í því efni, þeim nýju siglingaljósum sem þar hafa verið sett upp, þeirri vinkilbeygju, svo ég noti líkingu hæstv. forsrh., sem hinn nýi formaður Framsfl. hefur tekið í sambandi við Evrópumálin og hvað sem líður ummælum formanns þingflokks Framsfl. um að engin stefnubreyting hafi orðið, þá verður þess ekki langt að bíða að það heyrist frá þeim fjölmörgu innan Framsfl. svo það sé nú ekki talað um þá sem stutt hafa flokkinn sem hafa þegar hrokkið við og eiga að ég vona eftir að gera sig nokkuð gildandi þegar tekið er slíkt heljarstökk eins og þarna var gert við forustuskipti í flokknum. En ég ætla sem sagt ekki að fara út í þá umræðu frekar hér, virðulegi forseti, og tel að við þurfum við fyrstu hentugleika sem verða kannski ekki fyrr en að hausti að fara yfir þessi mál og þá kannski með eitthvað skýrari mynd af afstöðu flokkanna í þessum efnum.

Ég ætla þá að víkja nokkrum orðum, virðulegur forseti, að þessum nær 500 gerðum sem við erum að taka hér inn í íslenska löggjöf eða íslenskan rétt með þeirri þáltill. sem hér liggur fyrir og vekja athygli á nokkrum atriðum sem tengjast þessu máli. Það er ekki að ástæðulausu að Alþb. leggur til að þessu máli verði vísað til ríkisstjórnarinnar vegna þess að það sé ekki tímabært að fara að taka afstöðu til þessa pakka eins og aðstæður hafa verið hér í þinginu frá því að hann var lagður fram og eins og möguleikar hafa verið takmarkaðir til þess að fara yfir þessi efni. Svo það er ekki annað en að endurspegla þær aðstæður sem við leggjum til að málinu verði vísað til ríkisstjórnarinnar og tekið upp með öðrum hætti og bærilegri fyrir þingið til þess að fjalla um þetta stóra mál sem hér er á ferðinni.

Nú er ekki hægt að fara í umræðu hér við 2. umr. málsins út í það að ræða um þessar 500 gerðir í einstökum þáttum þó að margar þeirra séu á við hin stærstu stjórnarfrumvörp að efnisinnihaldi, umfangi og afleiðingum og væri þess vegna þörf á því að ræða þær. En ég minni í þessu sambandi, virðulegi forseti, á það að hæstv. starfandi utanrrh. fyrir þann sem venjulega er í þeim stóli, hæstv. núv. iðnrh. mælti fyrir þessu máli á 5 mínútum eða þar um bil þegar málið var lagt fyrir þingið. Þær greinargerðir sem við höfum fengið um málið og þau nefndarálit sem fyrir liggja varðandi málið eru ekki sérstaklega upplýsandi og þá á ég sérstaklega við áliti meiri hlutans sem mælir með því að þessi þáltill. verði samþykkt og þessar gerðir verði þar með gerðar að þjóðarrétti a.m.k. og vísar til þess að margt af þeim sé þegar orðið hluti af landsrétti með lögfestingu eða verði það með setningu reglugerðar á grundvelli gildandi laga. Mönnum hættir til þess, virðulegur forseti, í sambandi við þetta mál að segja sem svo: Er þetta eiginlega nokkuð sem kemur okkur við? Er þetta ekki mikinn part eitthvað sem varðar okkur Íslendinga sáralítið og við þurfum ekki að hafa áhyggjur af? Ég verð nú að segja það að svör við þeirri spurningu hafa í rauninni aldrei verið veitt, engin greining hefur farið fram á því af neinum hér í þinginu að ég veit og tel þá utanrmn. með vegna þess að þrátt fyrir yfirferð hennar á nokkrum fundum á undanförnum mánðum á þessum gerðum hafa menn eingöngu verið að styðjast við yfirheyrslur og ummæli

embættismanna í stjórnkerfinu og tekið þeirra orð fyrir því og fyrst og fremst út frá því sjónarhorni hvað er nauðsynlegt að lögfesta eða breyta í íslenskum lögum af þessum sökum en ekki til þess að leggja efnislegt mat á þennan pakka í heild sinni og efnisleg áhrif hans á íslenskt samfélag.

Mér þætti vænt um, virðulegi forseti, ef hæstv. utanrrh. væri viðstaddur þessa umræðu. Ég sé ekki formann utanrmn. í sal en hann mun raunar vera að tygja sig til ferðar sem ég ætla ekki að hafa af honum með því að krefjast nærveru hans en formaður utanrmn. er sá sem af þingsins hálfu hefur forræði fyrir málinu.

Ég vil fara aðeins yfir stöðuna að því er snertir þessar gerðir allar saman með tilliti til íslensks réttar með spurninguna um landsréttinn annars vegar og þjóðarréttinn hins vegar og hvaða þýðingu það hefur fyrir okkur í rauninni að vera að greina þarna á milli. Í þessum efnum er löggjöfin og lögfestingin á samningnum um hið Evrópska efnahagssvæði býsna óljós og ógreinileg en að mínu mati liggur málið þannig að þessi pakki allur sem hér er til umræðu, fimm bækur ofan á þessa sem ég held á hér, eru bindandi fyrir okkur Íslendinga þannig að það má ganga út frá því að ef til dómsmála kemur út frá þessum gerðum og málin fara fyrir dóm, þá munu þeir dómstólar sem um þetta fjalla líta fyrst og fremst á þjóðarréttinn eins og frá málinu er gengið en landsrétturinn verða heldur fyrirferðarlítill ef menn á annað borð eru að greina þar á milli.

Ég vil í þessu sambandi, virðulegur forseti, minna á lögin um hið Evrópska efnahagssvæði, grunnlögin sem staðfesta samninginn. En þar segir í 3. gr. þeirra laga:

„Skýra skal lög og reglur að svo miklu leyti sem við á til samræmis við EES-samninginn og þær reglur sem á honum byggja."

Þetta er 3. gr. í lögfestingunni sjálfri. Síðan vísa ég til þess að í 119. gr. samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði eru þessar gerðir allar og þær sem þegar hafa verið afgreiddar með samþykkt samningsins lýstar óaðskiljanlegur hluti hans. Og þar við bætist síðan að í sérstakri bókun sem fylgir samningnum, í bókun 35, um framkvæmd á reglum EES, segir, með leyfi forseta:

„Ef upp kemur misræmi milli EES-reglna sem hafa verið lögfestar og annarra ákvæða í lögum skuldbinda samningsaðilar sig til að innleiða eftir því sem þörf krefur ákvæði í lög þess efnis að reglur EES gildi í því tilviki."

Hér er í rauninni búið þannig um hnútana að þjóðarrétturinn er settur ofar landsréttinum að því er samninginn varðar og það alþjóðlega dómsvald sem á að fjalla um ágreiningsefni hefur alla aðstöðu til þess að láta Evrópuréttinn, þennan pakka og þá sem þegar eru komnir vera það sem gildir ef í deilur fer fyrir dómstólum innan þess kerfis sem þarna er byggt á. Það sem verið að reyna af hálfu þeirra sem mundönguðu samningnum um Evrópska efnahagssvæðið í gegn hér á Alþingi var að komast hjá árekstrum við stjórnarskrána og ýmislegt í framsetningu mála var sniðið að því að það stæðist stjórnskipunarlega eða menn gætu með svona sæmilegri samvisku reynt að halda því fram og þá á ég við talsmenn samningsins hér á Alþingi að hann væri ekki brot á stjórnarskránni. Eins og við vitum varð það niðurstaða meiri hluta á Alþingi að hunsa allar aðvaranir í þeim efnum en svo getur auðvitað farið á seinni stigum að á þetta reyni, stöðu samningsins gagnvart stjórnskipun okkar, þ.e. gagnvart íslenskri stjórnarskrá.

Ég er að vekja athygli á þessu hér þegar við erum að fjalla um þessa stóru viðbót sem hér er rædd í Evróputéttinum sem við erum að innleiða hér og bæta við okkar stjórnskipun eins og um hnútana er búið í þessum efnum og hversu mikið alvörumál er hér á ferðinni efnislega séð og að því er snertir aðstöðu þingsins til þess að fjalla um málið.

Ég hef minnt á það, virðulegi forseti, eða þarf ekki að rifja það upp hér í mörgum orðum andstöðuna við grundvöllinn sem þessi samningur við Evrópska efnahagssvæðið byggist á, það fjórfrelsi sem er undirstaða hans og ætla ekki að endurtaka það hér frekar. En ég vil vekja athygli á þeirri miklu breytingu sem orðið hefur á aðstöðu þingsins til lagasetningar með þessum samningi og hver gerbreyting í rauninni verður á öllum undirbúningi og lýðræðislegu aðgengi almennings í landinu svo að ekki sé nú verið að tala um okkur þingmenn sérstaklega heldur almennings á Íslandi til þess að hafa áhrif á lagasetningu og mótun löggjafar í landinu. Hvaða umræða hefur farið fram hér í þinginu um þennan stóra pakka? Hún er ekki löng og sú skoðun mála í nefndum þingsins er ekki mikil, hvað þá að það hafi borist almenningi til eyrna hvert er innihaldið í þessum nær 500 gerðum sem hér er verið að gera að þjóðarrétti með þessari þáltill. Það er þessi breyting á lýðræðislegu hlutverki Alþingis, löggjafarvaldsins, sem er kannski það djúptækasta og alvarlegasta í þessari vegferð allri og e.t.v. á tómahljóðið, sem maður finnur í störfum Alþingis á því þingi sem nú er senn að ljúka, rót sína að rekja til þess að lýðræðislegt hlutverk Alþingis sem löggjafarvalds hefur stórlega veikst við gerð samningsins um hið Evrópska efnahagssvæði og það ferli í löggjafarstarfi sem honum tengist þar sem við fáum frumvörpin að utan, gerðirnar að utan sem við erum að fjalla um hér og lögfesta eða blessa með öðrum hætti og almenningur í landinu stendur álengdar með öllu, getur í rauninni engum sjónarmiðum fram komið og ekki við alþingismenn heldur vegna þess að þetta berst okkur hér sem frágenginn hlutur. Þetta mun halda áfram.

Alþingi er komið í þá aðstöðu að þurfa að taka við lagasetningu á þýðingarmiklum sviðum þjóðmála, margir mundu segja þýðingarmestu sviðum þjóðmála, að fá þau aðsend og geta í rauninni þar ekki breytt stafkrók, aðeins hafa möguleikana á að hafna slíkri lagasetningu, slíkri reglu utan að frá en með litlum möguleikum í raun til þess að koma þar vörnum við. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum sem liggja að baki þessari þáltill. sem við ræðum hér og harma það í hvaða aðstöðu við erum komin. Það má vera huggun þegar litið er á þetta mál að samningurinn um hið

Evrópska efnahagssvæði er uppsegjanlegur samningur með árs fyrirvara. Ég hef sagt það áður að við því er ekki að búast að á slíkt reyni alveg í bráð eftir að þessi samningur hefur verið samþykktur. Vafalaust vilja flestir læra eitthvað af reynslunni, en aðalatriðið í núverandi stöðu er þó það að festa sig ekki fastar í neti hins evrópska samruna og halda leiðunum til baka opnum og reyna að tryggja á Alþingi og í samfélaginu öllu sem bestar aðstæður til þess að fara málefnalega yfir stöðu Íslands og möguleika Íslands í samskiptum við Evrópu og frá mínum sjónarhóli án þess að ganga þar lengra heldur en orðið er því að það væri skref sem væri enn alvarlegra en það sem þegar hefur verið stigið.

[12:56]

Frsm. 2. minni hluta utanrmn. (Ólafur Ragnar Grímsson):

Virðulegi forseti. Ég hafði að vísu vænst þess að hæstv. utanrrh. mundi taka til máls. Hæstv. forsrh. hefur hins vegar lýst mjög ítarlega afstöðu ríkisstjórnarinnar og ég skil það þá á þann veg að það sé ekki ágreiningur milli ráðherranna um þá afstöðu. Í sjálfu sér fagna ég því að hæstv. utanrrh. skuli ekki sjá ástæðu til þess að taka til máls og lýsa öðrum viðhorfum. Það hljómar kannski dálítið undarlega því að almennt hafa stjórnarandstöðuflokkar áhuga á því að komast að ágreiningi milli ráðherra innan ríkisstjórnar en í þessu máli finnst mér vænlegra að hæstv. utanrrh. telji það nægilegt að hæstv. forsrh. lýsi afstöðunni á þann veg.

Það er vissulega mikilvægt að ekki sé ágreiningur um þau viðhorf innan ríkisstjórnarinnar sem hæstv. forsrh. lýsti og tel ég það veigamikla niðurstöðu af þessari umræðu. Eins og ég sagði í andsvari við ræðu hæstv. forsrh. þá tel ég að þau viðhorf sem hann lýsti hér geti að mörgu leyti myndað ágætis grundvöll að umfjöllun þingflokkanna í sumar um höfuðatriðin í viðræðum Íslands og Evrópusambandsins um tvíhliða samning.

Ég fagna því að hæstv. forsrh. hefur tímasett heimsókn sína til Brussel 15. júlí og vona að utanrmn. gefist kostur á því í aðdraganda þeirrar heimsóknar að fara nánar yfir þau atriði sem hér hafa verið rædd og koma til álita þegar ákveðið verður um framtíðarskipan samskiptanna þegar EES-samningurinn hættir að gilda. Auðvitað getur það verið rétt sem hér hefur verið bent á að ekki er hægt að slá því föstu á þessu stigi að öll EFTA-ríkin muni samþykkja niðurstöður samninganna og ganga í Evrópusambandið um áramót. Ef eitt þeirra, líklegast Noregur, fellir það, þá tel ég engu að síður að það sé alvarlegt umhugsunarefni fyrir íslensk stjórnvöld hvort æskilegt sé að vera innan Evrópska efnahagssvæðisins með Noregi eingöngu, sérstaklega ef Noregur verður í Evrópska efnahagssvæðinu eftir naum úrslit í þjóðaratkvæðagreiðslu um aðild að Evrópusambandinu. Það er líklegt að norsk stjórnvöld muni þá á næstu árum haga sér þannig í samstarfi við Evrópusambandið að nánast nota Evrópska efnahagssvæðið sem algera aðlögun að því sem gildir innan sambandsins og hafa þess vegna allt aðrar áherslur en Ísland og ef ríkin eru eingöngu tvö, þá getur orðið mjög þröngt um það tillit og samráð sem talað var um að gæti átt sér stað á vettvangi EFTA þegar fleiri ríki væru þar til staðar og innan Evrópska efnahagssvæðisins. Það er þess vegna eitt af því sem þarf að hugleiða þar til menn vita niðurstöðuna og gott er nú að koma undirbúinn, ef niðurstaðan verður á þann veg að Noregur hugsanlega felli aðildarumsóknina, hver afstaða okkar verður í því tilviki.

Varðandi úttekt Háskóla Íslands þá hef ég áður lýst efasemdum mínum um það að þeir ágætu fræðimenn sem þar eru séu í stakk búnir til þess að segja okkur eitthvað nýtt um þessi efni og ég vek nú athygli á því að fyrir utan prófessor Stefán Má, þá er mér ekki kunnugt um að það sé neinn sérfræðingur innan viðskiptadeildar, lagadeildar eða félagsvísindadeildar á þessu sviði, kannski því miður. Innan Háskóla Íslands hefur ekki verið þróuð sérstök þekking í þessum efnum. Þeir fræðimenn sem aðeins hafa fjallað um þetta hafa gert það meira sem áhugamenn og hafa ekki lagt mikinn tíma eða mörg ár í að koma sér upp þeirri þekkingu á þessum málum sem margir fræðimenn í öðrum ríkjum Vestur-Evrópu hafa gert. Evrópufræðin innan félagsvísindanna, og á ég þar bæði við þau sem eru innan félagsvísindadeildar og viðskiptadeildar, hafa ekki átt sér marga liðsmenn innan íslensku fræðistofnanna. Hins vegar hefur í mörgum löndum um nokkra áratugi verið stundað slíkt fræðastarf en það finnst ekki hér á Íslandi. Mér finnst þess vegna vera nokkuð villandi að gefa það til kynna að Háskóli Íslands sé í stakk búinn til að geta látið í té einhverjar sérstakar athuganir á þessum málum. En það hefur hins vegar vakið athygli mína að háskólinn var ekki beðinn, og ég bið nú hæstv. ráðherra að veita því athygli, um hugmyndir eða álitsgerðir varðandi það form sem tvíhliða samskipti Íslands og Evrópusambandsins gætu tekið á sig og það finnst mér nokkuð sérkennilegt varðandi óskina að hún var of einhæf og þröng og ég bið nú ráðherrann að athuga það ef þeir enn þá eru í viðræðum við háskólann um þessa ráðgjöf að bæta við óskina lýsingu á hinum ýmsum formum sem tvíhliða samskipti Íslands og Evrópusambandsins gætu tekið á sig.

Ég er alveg sammála hæstv. forsrh. um að það hefur ekkert breyst sem ekki var hægt að sjá fyrir fyrir tveimur árum síðan. Það er alveg rétt hjá hæstv. forsrh. Það var líka afstaða Alþb. í júnímánuði 1992 þegar við staðfestum niðurstöðu okkar í þessum málum. Og eins og ég lýsti í upphafsræðu minni í dag þá hefur atburðarásin sýnt það að greiningin sem við settum fram fyrir tveimur árum hefur reynst vera rétt. Það er ekkert í atburðarásinni hingað til sem kemur okkur í Alþb. á óvart og ekki var um rætt í umfjöllun okkar um þessi mál í aðdraganda samþykktar okkar í júnímánuði. Það skilur hins vegar eftir spurninguna um það hvernig eigi að túlka tilvísun hæstv. utanrrh. í sjónvarpsfréttum nýlega til Galíleós þar sem hann hélt því fram að þrátt fyrir slíkar fullyrðingar um að ekkert hefði breyst, þá væri nú atburðarásin samt sem áður að snúast áfram og gaf þar með til kynna að um grundvallarbreytingar hefði verið að ræða. Ég ætla hins veg-

ar ekki að elta uppi þær yfirlýsingar. Ég fagna því að ríkisstjórnin hefur í dag komið einhuga til þingsins um þessi mál og sú afstaða sem hæstv. forsrh. lýsti hér sé afstaða ríkisstjórnarinnar. Þessi mál eru að mínum dómi allt of alvarleg til þess að það eigi að stuðla að því að ágreiningur sé milli flokkanna og ef þessi umræða í dag hefur leitt það í ljós að minna bil er á milli manna heldur en ætla hefði mátt, þá fagna ég þeirri niðurstöðu.

[13:04]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði hugsað mér að leggja nokkur orð í belg í fyrsta lagi um stöðu Alþingis almennt séð og í öðru lagi um þá tilraun til stefnumótunar í utanríkismálum sem uppi er að ég tel í raun og veru aðallega af hálfu hæstv. utanrrh., formanns Alþfl., sem hefur haft mjög sterka forustu í þeim efnum nú um alllangan tíma.

Ég ætla fyrst að víkja að þeim atriðum sem lúta að stöðu Alþingis. Það er auðvitað nauðsynlegt að menn geri sér grein fyrir því hvaða stöðu þau gögn hafa sem eru að koma hér inn á borð til okkar í formi blárra, þykkra bóka. Það er nauðsynlegt, eins og fram kom hjá hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni, að menn greini það í einstökum atriðum hvað af þessu er nauðsynlegt fyrir Ísland, hvað er óhjákvæmilegt og hvað er algerlega óþarfi. Slík greining á þessum pappírum hefur t.d. aldrei farið fram sem væri út af fyrir sig ómaksins vert að framkvæma.

Ég tel að það sé líka nauðsynlegt að átta sig á því í þessu sambandi að jafnvel þó að ekki sé hægt að halda því fram að þessar bækur hafi venjulegt lagagildi í landinu þá er það svo samkvæmt lögunum um aðildina að Evrópsku efnahagssvæði að það er unnt að leggja innihald þeirra til grundvallar við uppkvaðningu dóma á Íslandi og þar með hafa þessar bækur svipaða stöðu gagnvart dómstólunum og lög hafa. Munurinn á þessu tvennu er sá einn gagnvart dómstólunum að annars vegar er um að ræða lög sem hafa farið í gegnum *þessa virðulegu stofnun með hefðbundnum hætti* en hins vegar er um að ræða tiltekin gögn sem þessum sömu dómstólum ber að taka tillit til eins og lög væru samkvæmt orðanna hljóðan í þessum lögum um aðild Íslands að Evrópska efnahagssvæðinu. Þá er auðvitað ástæða til þess að velta því fyrir sér hvernig Alþingi er í stakk búið til að taka á þessu máli. Við sem höfum setið hér um einhvern tíma höfum vanist því, eða þannig var það alla vega á fyrstu árum okkar margra hér, að það var til siðs í þingnefndum að lesa yfir hvert einasta orð sem stóð í lagafrv. og það var sagt að nefndaformenn væru þeim mun betri sem þeir væru betri í lestri því að það vildi verða þreytandi í nefndum þegar var verið að lesa t.d. frv. til fjarskiptalaga man ég eftir í samgn. sem var um 170 greinar og urðu menn alveg ótrúlega en þó skiljanlega lúnir á þeim upplestri, ekki síst þar sem formaður samgn. var ekki talinn neinn sérstakur afreksmaður á því sviði, í flutningi. (**KÁ:** Hver var það?) Ég man það nú ekki svo glöggt, hv. þm., það er nú orðið svo langt um liðið síðan. En fróðlegt er að bera þessi nákvæmu vinnubrögð, hæstv. forseti, saman við þá stöðu sem er í dag þar sem hér er slengt á borðið hjá okkur þessum gögnum þar sem vitað er að enginn einn alþingismaður mun kunna deili á þessum gögnum alveg í þaula. Margir munu auðvitað kynna sér þetta eins vel og þeir geta en *enginn mun kunna deili á þessum gögnum alveg hreint* í smáatriðum í einstökum atriðum eða í þaula.

Nú hefur það auðvitað verið þannig með okkur sem hér höfum setið og sitjum að það er tiltekin verkaskipting í stjórnmálaflokkunum þannig að flokkarnir hafa skipt með sér verkum með þeim hætti að tilteknir menn eru samgn. og tilteknir menn eru í landbn. og tilteknir menn eru í umhvn. og þeir kunna deili á öllum þessum sérfræðimálum sem hér eru að fara í gegn. Ég get játað að það er fjöldi mála sem ég hef ekki treyst mér til að setja mig inn í í einstökum atriðum sem fer hér í gegnum þessa stofnun en ég fylgist með hvernig flokksfélagar mínir sem eru í viðkomandi fagnefndum þingsins afgreiða málið og þegar menn eru í stjórnarsamstarfi þá hafa menn hliðsjón af því hvað samstarfsflokkarnir eru að leggja áherslu á o.s.frv. Í raun og veru er það allt saman eðlilegt á þessum tímum flókinna fyrirbæra og vaxandi verkaskipta, þá er ekki hægt að ætlast til þess að hver einasti þingmaður kunni alla hluti sem héðan koma út. Látum það nú vera. Hitt er hins vegar verra þegar staðan er þannig að hér er verið að taka í gegn mál sem í sjálfu sér er alveg öruggt mál að enginn, ég segi enginn einn þingmaður kann alveg frá upphafi til enda. Menn vita kannski í meginatriðum hvernig hlutirnir eru en það er ekki þannig að þessi stofnun hafi farið yfir málin í smáatriðum. Og það er alvarlegt vegna þess, hæstv. forseti, að þar með er komið að kaflaskilum í þessari stofnun. Út af fyrir sig getur það verið þannig, hæstv. forseti, að við tilteknar aðstæður þurfi þessi stofnun, eins og aðrar, að endurskoða sín vinnubrögð.

Í árdaga Alþingis Íslendinga eða eftir endurreisn þess voru þeir pappírar sem fóru um borð þingmanna, t.d. uppi í Lærða skóla eða þá hér í þessu húsi, furðu fáir, alveg *ótrúlega fáir miðað* við þá endalausu hauga sem snjóar hér inn í þessa stofnun í seinni tíð. Og þá var eðlilegt að ætlast til þess að menn kynnu deili á hlutunum í einstökum atriðum, í árdaga þingsins eftir endurreisn Alþingis Íslendinga. Nú er öldin önnur, nú er svo auðvelt að framleiða pappíra. Það er svo auðvelt að framleiða pappíra að nú er það ekki lengur svo að *í þessu séu örfáir menn sem kunna að nostra* með blað og blýant heldur er hægt að framleiða þetta í þessum vélum sem í seinni tíð heita tölvur og prentarar og ótrúlegu magni snjóar út úr þessu í seinni tíð og menn vita eiginlega ekkert hvað á þá stendur veðrið. Þannig að ef einhver veður eru válynd í þessu landi í seinni tíð þá eru það þessi óskaplegu pappírsveður sem menn sjá ekki í gegnum, það eru ekki sams konar byljir og hér forðum.

Þetta vil ég segja fyrir mitt leyti, hæstv. forseti, að er mér áhyggjuefni varðandi stöðu Alþingis Íslendinga andspænis þessum málum. Ég get ekki neitað því að mér finnst að hlutirnir séu með þeim hætti að Alþingi þurfi að staldra við. Hvað ætlar þingið að gera? Ætl-

ar þingið að láta bjóða sér hlutina svona, þar sem málin eru hér um bil og kannski og hvorki né eða bæði og — og menn vita í raun og veru ekkert hvað þeir eru með? Og menn mega ekki hér í þessari stofnun, hvorki forsetinn né eða aðrir, líta þannig á að ég sé kannski almennt fyrst og fremst að ráðast að þessu flóði, sem mér þykir þó óþægilegt sem þingmanni vegna þess að mér finnst að maður hafi þá skyldu að vita nokkurn veginn hvað hér fer um borð. Maður er kosinn hingað af fólki, manni er sýndur mikill trúnaður með því að fólk er að kjósa mann inn í þessa stofnun og mér finnst að maður eigi að hafa þann lágmarksmetnað, a.m.k. gagnvart sjálfum sér, að maður reyni af fremsta megni að standa undir þeim trúnaði sem manni er sýndur af þeim kjósendum sem treysta manni til þess að vera í þessari stofnun. Þetta vildi ég nefna hér í fyrsta lagi, hæstv. forseti, varðandi þessi mál, sem ég hafði reyndar hugsað mér að nefna við fyrri umræðu, en komst þá ekki að.

Hitt málið sem ég hafði hugsað mér að ræða hér eru svo þessar áherslur sem uppi eru varðandi mótun utanríkisstefnunnar af hálfu hæstv. utanrrh. og hvernig hann leggur þau mál öll upp. Máli sínu til stuðnings hefur hann verið svo vinsamlegur að taka saman eða skrifa kver sem heitir Sjálfstæðisbaráttan hin nýja, um ættjarðarást og alþjóðahyggju með meiru. Hæstv. ráðherra hefur talað þetta yfir þjóðinni og á fundum hér og þar og skrifað fjölda greina og það má segja að snúningspunkturinn í þessu kveri, sá sem ber uppi fánann, fána framtíðarlandsins, sé Vestfirðingur, Eggja-Grímur, sem nefndur er til þeirrar sögu. Og það er nokkuð merkilegt að fara yfir það í hvaða samhengi hæstv. utanrrh. setur hlutina upp.

Annars vegar talar hann um þá dyggð sem sé karlmannsheiður, sem menn gangi með í brjósti sínu, yfirvinni óttann hið innra með sér og sýni í verki hörku við sjálfan sig, eins og Eggja-Grímur hafi gert áður en hann fór í bjargið, heldur pasturslítill og hræddur og horfði á svarrandi Atlantshafið fyrir neðan sig þegar hann var að tína egg sem fyglingur í björgunum vestra. Á móti þessum göfugu þáttum karlmennskunnar, hreystinnar, eru svo aftur á móti hinir þar sem er meinsemd molbúaháttarins, andlegir afdalamenn, fullir af vanmetakennd, þar sem allt endar í óbærilega kurfslegu lagaþrasi um fyrirvara og fleyga. Annars vegar er þessi heiður uppi, karlmannsheiður og kjarkur, andspænis bjarginu mikla og hinu brimaða Atlantshafi og svo alþjóðahyggjan. Það er dálítið sérkennilegt hvernig hæstv. ráðherra utanríkismála tekst að koma alþjóðahyggjunni og Eggja-Grími saman í eitt númer, en honum tekst það. Alþjóðahyggjan og framfaraviljinn, viljinn til samstarfs við aðrar þjóðir, þar sem fara fyrir og í forustu Alþfl. og hluti Sjálfstfl., en með í för molbúaháttarins, afdalamennskunnar, eru þjóðernishyggjan, fortíðarhyggjan, sjálfsþurftardýrkunin og allir hinir stjórnmálaflokkarnir.

Þegar hæstv. utanrrh. gerir svo upp stöðuna, af hverju þurfum við að skoða málin í heild á nýjan leik, þá er það vegna þess að okkur hefur mistekist í raun og veru flest og útlendingar hafa látið orkulindirnar bíða eftir sér, eins og það er orðað í þessu kveri, erlendir fjárfestar sýna lítinn áhuga, eins og það er orðað í þessu kveri — ég tek það fram að öll þessi merkilegu og ágætu orð eru orðrétt úr kverinu. Í þriðja lagi, landið er ekki eins hernaðarlega mikilvægt og áður og í fjórða lagi er staðan þannig að við þurfum jafnvel að búa okkur undir það að kosta nokkru til til að verja fullveldið sjálft. Sem sagt, útlendingar hafa látið orkulindirnar bíða eftir sér, erlendir fjárfestar sýna lítinn áhuga, landið er ekki eins hernaðarlega mikilvægt og áður og við þurfum kannski að fara að borga það sjálfir að verja landið með einum eða öðrum hætti. Við erum komin að endimörkum hagvaxtar og endimörkum varðandi nýtingar nytjastofna, skattheimtan er komin á enda og við erum komin á hættusvæði varðandi erlenda skuldasöfnun og fleira og fleira tínir hæstv. ráðherra til og segir, með leyfi forseta:

„Andspænis þessu dugir ekki að berja sér á brjóst að hætti farísea. Það dugir ekki að haga sér eins og virkisbúar fortíðarinnar" en það erum við hinir „né heldur dugir að gera stjórnmálin að fornminjasafni úr alfaraleið og gera Ísland að fornminjasafni úr alfaraleið heldur eiga menn að láta vaða." — Jafnvel þó að menn finni óttann hið innra með sér þá eiga menn að bæla hann niður, láta vaða í bjargið, horfast í augu við svarrandi Atlantshafið fyrir neðan þverhnípt bjargið og láta skeika að sköpuðu hvernig fer fyrir sjálfum sér og þjóðinni. Það sem hæstv. utanrrh. hefur hins vegar vanrækt er að gera grein fyrir því hvað varð Eggja-Grími að aldurtila þegar hann seig fyrir fugl í bjargið forðum og kom ekki með neina lífsbjörg til baka.

Þannig að hin almenna niðurstaða, eftir að hafa skoðað, mér liggur við að segja, hina hugmyndalegu og sálrænu undirstöðu utanríkisstefnu hæstv. utanrrh., er vanmetakennd. Af því að Ameríkaninn hefur ekki áhuga á því að hafa hérna her, af því að við getum þurft að fara að borga fyrir þetta sjálfir, af því að útlendingar vilja ekki sækja í orkulindirnar, þá verðum við bara að láta vaða og kasta okkur út í þetta því annars breytumst við í fornminjasafn úr alfaraleið. Ég satt að segja tel að undirstaða pólitískrar utanríkismálastefnu af þessum toga, þessi Eggja-Gríms stefna sem hér hefur verið lýst, sé ekki farsæl.

Ég er út af fyrir sig sammála því sem menn hafa verið að segja, m.a. í þessari stofnun og víðar og víðar, þó kannski ótrúlega sjaldan í þessari stofnun, að auðvitað stöndum við hér á vissum tímamótum. Auðvitað er það þannig að bæði hefur margt breyst í heiminum á norðurhveli jarðar, a.m.k. núna í seinni tíð eftir 1989. Auðvitað er um stórkostlegar breytingar að ræða sem eru í flestum tilvikum fagnaðarefni, skapa nýja möguleika og nýjar aðstæður. Auðvitað er það líka svo að spurningin um hugsanlega aðild eða ekki aðild að bandalögunum hlýtur að vera á dagskrá og menn velta því fyrir sér og skoðun okkar alþýðubandalagsmanna er sú að við höfum ekkert þangað inn að gera. En þá finnst mér að menn eigi að nálgast þetta út frá þeim forsendum að Ísland og Íslendingar geti horft framan í þróunina og inn í framtíðina með fullri reisn en ekki niðurlútir, ekki í keng, ekki eins og past-

urslitlir og kjarklausir ungir menn vestur á fjörðum hér forðum tíð.

Ég tel að svörin við vandanum sem nú er uppi eigi að vera tvíþætt. Þau eru í fyrsta lagi ákvarðanir um utanríkisstefnu sem hefur sjálfstæði Íslands að markmiði, bindur Íslendinga ekki fasta í stór bandalög, og eins og hér hefur verið nefnt fyrr í umræðunum, heldur leiðum til baka, opnum, menn læsi sig ekki fasta inn í net, inn í blokkir, inn í bandalög, á þessari stundu, því breytingarnar eru svo hraðar að þeir sem læsa sig fasta geta misst af þeirri lest sem mestu máli skiptir þegar allt kemur til alls.

Í öðru lagi, fyrir utan þennan sjálfstæðisþátt, er mitt svar það að innan lands þurfum við til þess að tryggja og treysta sjálfstæðið að beita því sem kallað hefur verið róttæk jafnaðarstefna eða jafnaðarstefna er leiðin að mínu mati til þess að þjóðin geti haldið þessu sjálfstæði út á við. Í fyrsta lagi með því að auka atvinnu þannig að fólk geti í raun og veru tekið þátt í þróun og uppbyggingu samfélagsins. Í öðru lagi með því að bæta almennt lífskjörin hjá þeim sem eru með lökust kjörin, með því að flytja til fjármuni á grundvelli jafnaðarstefnunnar. Í þriðja lagi að flytja til fjármuni til þess að borga niður erlendar skuldir, því við þurfum að líta þannig á að efnahagsmálin eru mikilvæg undirstaða sjálfstæðisbaráttunnar, en það gerist ekki á forsendum markaðshyggjunnar einnar sem hendir út í hafsauga um þessar mundir átta þús. vinnufærum Íslendingum sem fá ekkert að gera.

Og það var þetta síðasta atriði, hæstv. forseti, sem gleymdist í bæklingnum góða um sjálfstæðisbaráttuna hina nýju. Það var jafnaðarstefnan. Svo ótrúlegt sem það er þá gleymdist í þessum bæklingi um Eggja-Grím og dáðir hans jafnaðarstefnan. Nú vill svo til (**Gripið fram í:** Eftir hvern er þetta?) að höfundurinn (**Gripið fram í:** Það er búið að kynna það.) er utanrrh. og formaður Alþfl., Jafnaðarmannaflokks Íslands. Þannig að það er í raun og veru alveg kostulegt að sjá tilraun til þess frá formanni Alþfl. að gera grein fyrir hugmyndalegum grunni sinnar stefnu í utanríkismálum, sem hann gerir með þeim hætti að hann sleppir sjálfri jafnaðarstefnunni. Það kann kannski að vera að það sé vegna þess að hann telji að jafnaðarstefnan sé ekki til útflutnings og ég er út af fyrir sig sammála því að jafnaðarstefna Alþfl. sé það ekki.

Mér finnst þess vegna að það sé margt líkt með hæstv. utanrrh. og Eggja-Grími þegar upp er staðið. Hann fór í bjargið að leita eggja, hann seig í bjargið, en hann kom aldrei með björgina til baka að lokum. Mér finnst að hæstv. utanrrh. sé hér í hættuför að því er þessi mál varðar og hann þurfi að gera sér grein fyrir því samhengi sem er í innanlandspólitíkinni annars vegar og utanríkispólitíkinni hins vegar.

Mér sýnist hins vegar að það bendi margt til þess, eins og staðan er núna að þróast, að ákveðinn hluti íslenskra stjórnmála og íslensks stjórnmálaveruleika sæki nokkuð saman í þessum efnum, að því er varðar þessi utanríkismál. Ég tók eftir því að hinn nýi formaður Framsfl. komst þannig að orði að það ætti að kjósa um þessi Evrópumál í haust aðallega til þess að fá aðgang að kontórunum í Brussel. Og mér fannst það nokkuð athyglisverð hugmynd, komin frá Framsfl., að það væri brýnasta verkefni haustsins, og þar með væru þetta væntanlega síðustu starfsdagarnir á kjörtímabili þessu, að kjósa sig inn á kontóra í Brussel, án þess í raun og veru að gefa því neitt efnislegt innihald. Þess vegna sýnist mér að í sjálfu sér megi segja að hæstv. utanrrh. hafi náð þarna vissum hljómi í hinni nýju forustu Framsfl., vissum endurómi þar, sem ég vona að verði þó ekki til þess að þeir leggi saman í þessa ógæfulegu för sem fram undan er, sem gleymdist að skjóta undir stoðum jafnaðarstefnunnar þegar gerð var grein fyrir málinu á opinberum vettvangi, loksins.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 1256, brtt. 1267 og 1297.

[13:28]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég hafði ekki hugsað mér að tala mikið í þessu máli. Ég ætla aðeins að gera grein fyrir einu grundvallaratriði og hæstv. utanrrh. er væntanlega starfandi umhvrh. (**Utanrrh.:** Nei, því miður.) Þá er það svo að það væri kannski ekki verra að fá hæstv. villidýramálaráðherra inn. Hann er einhvers staðar, að passa villidýrin sennilega. Það er spurning, hæstv. forseti, hvort það væri hægt að ná í hæstv. ráðherra.

(**Forseti** (SalÞ): Forseti er búinn að gera ráðstafanir.)

Já. (**Gripið fram í:** Hver fer með málefni villidýranna?) (Gripið fram í.) Það er hinn frjálsi markaður.

Nú gengur hæstv. ráðherra villidýra í salinn. Mér þykir vænt um að hann skuli heiðra okkur með nærveru sinni.

Þannig háttar til, hæstv. forseti, að ég hafði hugsað mér að gera dálitla grein fyrir grundvallarviðhorfum sem ég hef í þessu máli, sem allt í einu eru að verða að stóru, pólitísku máli hér og er kannski ekkert skrýtið þó að það verði það vegna þess að hér er auðvitað verið að fjalla um mikilvægt mál.

Fyrir mér, hæstv. forseti, snýr þetta mál, satt að segja, alveg á haus. Þetta mál er þannig að hér er í raun og veru allt bannað nema það sem umhvrh. leyfir og það er nokkuð sérkennilegt með þjóð sem hefur lifað á náttúrunni og hlýtur að lifa á náttúrunni og á þess vegna að lifa af því sem náttúran gefur í sátt við hana. Síðan er auðvitað hugsanlegt að af ýmsum ástæðum séu hlutirnir bannaðir, en það eru þá undantekningar en ekki regla. Það ótrúlega í þessu frv. er það að menn eru að gera bannið að reglu. Og það er nokkuð sérkennilegt með þessa ríkisstjórn, sem hefur það að markmiði, að sögn, og vegvísi að koma hlutunum þannig fyrir að í viðskiptum gildi frelsi, samkeppni og guð veit hvað það heitir allt saman, að þeg-

ar kemur að öðrum þáttum eins og t.d. samskiptum við náttúruna og umhverfið með þessari þjóð sem getur auðvitað ekki lifað í þessu landi öðruvísi en hún geri það í sátt við náttúruna, þá er tekin upp þessi ótrúlega bann- og haftastefna. Og hún er svo smámunasöm, hæstv. forseti, að það er satt að segja engu lagi líkt.

Ég ætla út af fyrir sig ekki að fara yfir þetta frv. í einstökum atriðum. Ég verð þó að játa að ég tók mig til hér á dögunum, og iðrast þess að hafa ekki gert það fyrr og bið forsetann afsökunar á því, og las þetta mál alveg í þaula. Ég hafði satt að segja hugmyndir um að þetta mál mundi liggja jafnvel áfram og menn mundu ekki reyna svo mikið til þess að ljúka því. Síðan sýnist mér núna að það sé ætlunin að ljúka málinu eða þróa það alla vega betur áfram og þess vegna finnst mér rétt að segja nokkur orð varðandi þessi grundvallaratriði. Mér finnst nálgunin í málinu röng miðað við Ísland og íslenskar aðstæður.

Af þessu leiðir svo aftur það, hæstv. forseti, að hér eru uppi tillögur um ótrúlega smámunasemi í lagasetningu, alveg ótrúlega. Hér er t.d. gert ráð fyrir því í lögum, sem er óvenjulegt, að umhvrh. skipi fulltrúaráð sem kemur fram fyrir Íslands hönd í Alþjóðafuglaverndarráðinu sem Ísland er aðili að. Venjan er sú varðandi stofnanir af þessu tagi að þá verður Ísland aðili að viðkomandi samningi. Síðan er það ákvörðunaratriði í ráðuneytinu hvernig með þessi mál er farið, en það er ekki gert ráð fyrir því að það sé sett í lög nákvæmlega hvernig þeim hlutum er háttað.

Í öðru lagi ætla ég svo að benda á það að þó svo að almenna reglan í þessu frv. sé bann, almenna reglan er bann, þá liggur það líka fyrir að réttur landeigenda, þ.e. þeirra sem eiga landið, virðist vera mjög vel tryggður, mjög rúmur að því er þessa hluti varðar, og þannig tel ég að að mörgu leyti megi halda því fram að frv. mismuni okkur Íslendingum, annars vegar okkur sem eigum ekkert land og hins vegar þeim sem eiga jarðir og lendur hér, eins og fram kemur t.d. mjög glöggt í 8. gr. frv.

Síðan eru í næstsíðustu mgr. 8. gr. dæmi um það að það er farið óþarflega nákvæmlega í hlutina þar sem fjallað er um tiltekin mál og tiltekna breidd á stöðuvötnum, fjörðum, vogum og sundum sem skipta landareignum og veiðirétti á milli tiltekinna landeigenda og einnig um það hvernig þessum veiðirétti skal skipta í ám og í lækjum. Þar kemur fram að það eigi að miða þarna við 230 metra á breidd og meira. Þessi setning þarna í 8. gr. er ásamt öðrum til marks um það að hér eru menn alveg ótrúlega nákvæmir og smámunasamir að því er varðar einstök atriði í lagasetningu. Ég ætla ekki að fara sérstökum orðum um það sem kemur fram í 17. tölul. 9. gr. þar sem segir um skotvopn: „Skotvopn skulu vera óhlaðin meðan á akstri stendur. Þau skulu einnig vera óhlaðin nær vélknúnu farartæki á landi en 250 metra." — Nákvæmlega 250 metrar skulu það vera, hæstv. forseti, og væri fróðlegt að vita hvaða vísindi standa á bak við þá tölu nákvæmlega.

Síðan sé ég það í 11. gr., mér til mikilar ánægju, hæstv. forseti, að það þarf ekki veiðikort til að drepa rottur og mýs og það þarf ekki veiðikort til að drepa hagamýs t.d. heima hjá sér. Og það má segja út af fyrir sig að það sé alveg sérstakt fagnaðar- og þakkarefni að ríkisstjórnin skuli vera svo frjálslynd að menn megi drepa hagamýs inni hjá sér án þess að hringja áður í umhvrn. til þess að fá sérstakt leyfi og veiðikort frá hæstv. umhvrh. Þó veit maður það ekki vegna þess að hæstv. umhvrh. getur sett reglur um það að menn þurfi að vera búnir sérstakri hæfni til veiða á þessum kvikindum. Þannig að það er aldrei að vita nema námskeið í drápi hagamúsa verði talin forsenda þess að menn megi nálgast þessi kvikindi með þeim hætti. (**Viðskrh.:** Nálgast þau með hvaða hætti?) Að drepa þau, hæstv. villidýramálaráðherra.

Varðandi 12. gr. um refi ætlaði ég ekki að segja í sjálfu sér margt. Hún er mjög sérkennileg. Ég ætla að leyfa þingheimi að heyra næstsíðustu mgr. í 17. gr., sem er sérstaklega fyrir hv. 3. þm. Suðurl.:

„Óheimilt er að þeyta flautur, fljúga flugvélum eða vera með annan hávaða að óþörfu í grennd við fuglabjörg." — Það hafa því verið alveg síðustu forvöð fyrir hv. þm. að fljúga gegnum Dyrhólagatið hér forðum eins og frægt varð. Það verður bannað frá og með samþykkt þessara laga. (**ÁJ:** ...banna flugið yfir Íslandi.) Banna flug yfir Íslandi, segir hv. þm., sem er athyglisverð ábending og ég hugsa að sé í raun og veru alveg rétt, nema umhvrh. leyfi. Þannig að smámunasemin í frv. sem slíku er ótrúleg. Ég ætla að nefna hér eitt dæmi enn, með leyfi forseta:

„Á takmörkuðum svæðum, þar sem andarvarp er mikið, skal veiðirétthafa heimilt að taka egg frá eftirtöldum andartegundum: æðarfugli, stokkönd, rauðhöfðaönd, urtönd, duggönd, skúfönd, hávellu, húsönd og toppönd. Við slíka eggjatöku skulu ávallt skilin eftir minnst fjögur egg í hverju hreiðri. Heimilt er og að taka grágæsar- og heiðagæsaregg, en þá skulu eigi færri en tvö egg skilin eftir í hreiðri." Síðan kemur hængurinn á, það má hvorki bjóða þessi egg til sölu, selja, kaupa, gefa né þiggja að gjöf með einum eða öðrum hætti. (**GHelg:** En ef það eru fúlegg ...?) Þetta er góð hugmynd hjá hv. 14. þm. Reykv., það vantar hér bersýnilega fúlegg, hvernig með skuli fara. (**Viðskrh.:** Og páskaegg.) Ég tala nú ekki um páskaegg eins og hæstv. villidýramálaráðherra bendir á, að páskaegg eru stórlega vanrækt hér í þessu plaggi. (**Gripið fram í:** Það er ekki ætlast til þess að fúleggin verði borðuð.) Né seld eða gefin og svo er bannað að taka við þeim sem gjöf líka og eins er það með önnur egg.

Ég nefni þetta nú, hæstv. forseti, ekki fyrst og fremst til þess að hafa málið í flimtingum heldur aðallega til þess að undirstrika það að mér finnst að það sé gengið allt of langt í smámunasemi í lagasetningartilraun í þessu frv. Ég virði það sem gert hefur verið af hv. umhvn. í þessu máli og ég virði það sem gert hefur verið af umhvrn. til að laga frv. frá því sem var í upphafi. En mér finnst að sú smámunasama lagasetningarstefna sem hér birtist sé í raun og veru ekki brúkleg og þess vegna skora ég á hv. nefnd og hæstv. ráðherra þessara mála að taka málið nú til betri athugunar í því skyni að endurskrifa það og með það að stefnu

að koma svo með málið aftur fyrir þingið í haust í alveg nýjum búningi. Í þeim búningi að þar verði fyrst og fremst byggt á þeim íslensku forsendum sem eru þær að hér þurfum við að hafa lög af þessu tagi um það hvernig við eigum að lifa í sátt við náttúruna. Það er númer eitt, tvö og þrjú að mínu mati, hæstv. forseti.

[13:39]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég heyri á forseta að gert er ráð fyrir að það verði atkvæðagreiðslur kl. tvö eða svo og miðað við það sem ég þarf að segja í þessu máli þá munu þær mínútur sem eru til stefnu fram að þeim tíma ekki endast mikið til að taka á því viðamikla máli sem hér er til umræðu, sem er frv. til laga um friðun, vernd og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Ég hef ekki rætt þetta mál síðan það var í 1. umr. í þinginu, utan lítillega í andsvörum við 2. umr., og var nú að vænta þess þá að menn næðu saman um þetta efni og raunar þó fyrr hefði verið. En eins og kunnugt mun vera hér í þingsölum og reyndar utan þeirra líka, þá hafa gerst margháttuð tíðindi í tengslum við þetta mál sem eru þess virði að vera rædd hér, þó ekki væri nema sem víti til varnaðar fyrir þá sem eru að flytja stór og viðamikil frumvörp inn í þingið og leita eftir stuðningi við þau af hálfu stjórnvalda. Í þessu tilviki af hálfu hæstv. umhvrh., öðrum umhvrh. Alþfl. sem starfar og umhvrh. nr. þrjú í röðinni frá því að ráðuneyti umhverfismála var sett á laggirnar og mun þetta mál vera komið hér fram í þriðja sinn.

Það kom sem sagt fram stjfrv. í haust sem við ræddum þá og var vísað til umhvn. og nefndin tók til við það mál eins og önnur af dugnaði undir ötulli formennsku og leitaði umsagna um málið. Síðan var þetta mál á dagskrá mánuðum saman í nefndinni þar sem farið var yfir umsagnir og rætt við fjölda aðila um málið. En þá gerðust þau tíðindi í málinu þann 16. mars, þegar nefndin var komin vel á veg í sínum málatilbúnaði og sá í land, menn eygðu land í sambandi við afgreiðslu málsins í nefndinni, að þá barst erindi frá hæstv. umhvrh. til nefndarinnar. Það er rétt að ég kynni það hér svo að menn átti sig á hvert verið er að fara, með leyfi forseta:

„Efni. Tillögur um breytingar á frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum.

Ráðuneytið óskar eftir því að hv. umhvn. geri eftirfarandi breytingar" — þetta er nú ekki rétt orðað einu sinni — „geri eftirfarandi breytingar verði á frv. til laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum öðrum en hvölum sem nefndin hefur til umfjöllunar. Í stað orðsins „veiðistjóraembættinu" í 2. málsl. 2. mgr. 3. gr. komi: Fuglaverndarfélagi Íslands.

Í öðru lagi. 1.–5. mgr. 4. gr. falli brott og í stað þeirra komi tvær nýjar málsgreinar sem orðist svo:

„Náttúrufræðistofnun Íslands hefur umsjón með og stjórn á þeim aðgerðum af opinberri hálfu sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð og útbreiðslu villtra dýra eða tjón af þeirra völdum, sbr. VI. kafla. Náttúrufræðistofnun Íslands leiðbeinir þeim sem stunda veiðar og aðrar aðgerðir til þess að koma í veg fyrir tjón af völdum villtra dýra. Stofnunin getur með leyfi ráðherra gerst aðili að rekstri hundabús sem rekið er af öðrum en ríkinu til ræktunar og þjálfunar minkaveiðihunda."

Í þriðja lagi. Í 12., 13., 14. og 17. gr. falli orðið veiðistjóraembætti niður og í staðinn komi Náttúrufræðistofnun Íslands. (Breytingu þessa þarf að gera á 4. málsl. 1. mgr. 12. gr., 1. málsl. 3. mgr. 12. gr., 3. málsl. 3. mgr. 12. gr., 2. málsl. 4. mgr. 12. gr., 1. mgr. 13. gr., 2. mgr. 13. gr., 1. og 4. mgr. 14. gr. og 3. mgr. 17. gr.) Í stað orðsins „veiðistjóri" í 3. og 4. mgr. 14. gr. komi: fulltrúi Náttúrufræðistofnunar.

Í samræmi við þá stefnu ríkisstjórnarinnar að flytja ríkisstofnanir frá Reykjavík út á landsbyggðina hefur umhvrh. ákveðið að embætti veiðistjóra verði flutt frá Reykjavík til Akureyrar. Jafnframt hefur ráðherra látið kanna möguleika á því að sameina embættið og Náttúrufræðistofnun Íslands með hliðsjón af lögum nr. 60/1994, sem kveða á um að stofnunin skuli vinna að rannsóknum á villtum stofnum spendýra og fugla og leiðbeina um hóflega nýtingu náttúrulegra auðlinda. Það er ljóst að töluverð skörun er á starfssviði þessara tveggja stofnana, sérstaklega hvað varðar fugla og rannsóknir samkvæmt 4. gr. frv. Með því að sameina þessar tvær stofnanir má styrkja rannsóknastarfsemina, gera aðgerðir sem ætlað er að hafa áhrif á stofnstærð villtra dýra skilvirkari og bæta nýtingu fjármuna. Í tillögum ráðherra um sameiningu stofnana er byggt á skýrslu um embætti veiðistjóra sem Kristinn H. Skarphéðinsson og Sigurður Rúnar Sigurjónsson hafa unnið að hans ósk. Í skýrslunni er lagt til að sérstök veiðideild verði stofnuð við setur Náttúrufræðistofnunar á Akureyri sem annist þau verkefni sem gert er ráð fyrir að embætti veiðistjóra fari með samkvæmt frv. að rannsóknum undanskildum. Rannsóknirnar verði hluti af annarri rannsóknastarfsemi Náttúrufræðistofnunar.

Í 7. gr. laga nr. 60/1992, um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, er heimild til þess að deildaskipta setrum Náttúrufræðistofnunar og í 16. gr. laganna er gert ráð fyrir því að ráðherra ákveði deildaskiptinguna í reglugerð. Með tilsjón af þessum lagaákvæðum þykir ekki rétt að nefna fyrirhugaða veiðideild sérstaklega í nýjum lögum um vernd, veiðar og friðun villtra dýra. Eðlilegra þykir að fela Náttúrufræðistofnun hlutverk veiðistjóra og kveða á um skipulag og framkvæmd í reglugerð um stofnunina.

Sú breyting er einnig lögð til við 4. gr. frv. að Náttúrufræðistofnun verði heimilt með leyfi ráðherra að gerast formlegur aðili að hundabúi sem rekið er af öðrum en ríkinu í stað heimildar til að reka hundabú. Slík aðild getur verið með ýmsum hætti samkvæmt samningi, t.d. í formi aðstoðar við þjálfun eða leiðbeiningar við ræktun án endurgjalds. Samkvæmt gildandi lögum og frv. þessu hafa sveitarstjórnir umsjón með minkaveiðum og ráðningu veiðimanna. Eðlilegt þykir að þessir aðilar meti þörf fyrir veiðihunda og hafi frumkvæði að ræktun og þjálfun hunda. Unnið er að lokafrágangi fyrrnefndrar skýrslu um embætti veiði-

stjóra og verður skýrslan send hv. umhvn. innan fárra daga.“ Fyrir hönd ráðuneytisins. Ingibjörg Ólafsdóttir undirritar fyrir hönd ráðherra.

Tilvitnun lýkur í þetta málsskjal sem dagsett er 16. mars sl.

Þegar málið lá hér fyrir til 2. umr. og afgreiðslu með jákvæðum hætti varðandi efni hins upphaflega frv. þá lá enn jafnframt fyrir brtt. þar sem tilteknir fulltrúar í umhvn., fulltrúar stjórnarliðsins, sem við köllum svo, að frátöldum einum þingmanni, hv. þm. Tómasi Inga Olrich, sem myndaði minni hluta nefndarinnar og skar sig úr hópnum og stóð ekki að nefnaráliti og áskildi sér rétt til að fara eftir eigin sjónarmiðum eða öðrum sjónarmiðum en meiri hlutinn varðandi afgreiðslu tillagna, einnig þeirra tillagna sem menn höfðu talið að samstaða væri um í nefndinni. Við 2. umr. málsins, áður en hæstv. umhvrh. fór erlendis, þar sem hann mun vera staddur enn og er nú líklega dvöl hans orðin á aðra viku, án þess að ég hafi talið dagana, þá voru það síðustu orð hæstv. ráðherra þegar hann varði þessa sprengju sem hann lagði inn í umhvn. með því bréfi sem ég hef vitnað hér til, að hvað svo sem liði afdrifum þessara tillagna, sem síðan voru dregnar til baka af flutningsmönnum, þá skyldi nú vilji ráðherrans um flutning veiðistjóraembættisins fram ganga og að engu höfð sjónarmið annarra heldur en hans sjálfs í þeim efnum. Norður skyldi stofnunin hvað sem liði öllum aðstæðum og miðað við þá forsögu máls sem þessi ákvörðun ráðherrans tengdist, sem hann mun hafa kynnt þann 6. jan. sl., að öllum aðilum máls að heita má óviðbúnum vegna þess að ekki hafði verið talað orð við þá sem málið snerti mest, starfsmenn viðkomandi stofnunar, ekki orð, og brotin þau sjónarmið og fyrirheit í sérstakri starfsnefnd þingflokka fyrir hönd ríkisstjórnar sem fjallaði um flutning ríkisstofnana þar sem mjög skýrt er kveðið á um hvaða sjónarmið skuli viðhöfð í því efni.

Ég tel nauðsynlegt hér við 3. umr. málsins, virðulegur forseti, vegna þess að ég hef ekki rætt þetta mál síðan við 1. umr. utan stutt orðaskipti í andsvörum, að fara yfir þennan þátt málsins sem enn stendur með þeim hætti sem ráðherra skildi við það að því er varðar flutning embættisins og gera þinginu grein fyrir því hvernig ég lít á það mál og hvernig það mál var kynnt eða lá fyrir umhvn. eftir samtöl við hlutaðeigandi aðila ýmsa. Ég tel þetta mál það alvarlegt, og bið hæstv. starfandi umhvrh. að leggja þar við hlustir, ég tel þetta mál af hálfu ráðuneytis umhverfismála það alvarlegt að það sé óhjákvæmilegt að fram fari rannsókn, formleg rannsókn af hálfu þingsins á aðdraganda þessa og málavöxtum öllum. Og þó að ekki séð ráðrúm til þess hér og nú á þessum síðustu starfsdögum eða starfstímum þessa þings að ræða það ítarlega og leggja fyrir tillögur þar að lútandi, þá mun ég beita mér fyrir því strax og nýtt þing kemur saman að fram fari á vegum þingsins sérstök rannsókn á vinnubrögðum ráðuneytisins í sambandi við ákvörðun ráðherrans um að flytja veiðistjóraembættið, ef marka má ummæli ráðherrans, í annan landshluta. En það er svo annað mál út af fyrir sig og hér er ég eingöngu að tala um þau fádæma vinnubrögð og alls óþekktu mér vitanlega í íslenskri stjórnsýslu sem liggja þar að baki og sem gerðust í tengslum við þetta efni.

Hv. þm. Jón Helgason, sem talaði hér við 2. umr. málsins en hefur haft fjarvist frá fundum hér að undanförnu, fór dálítið yfir þetta efni og talaði býsna skýrt í málinu án þess þó að rekja í einstökum atriðum málavexti og gang mála þó að hann dræpi á það. Hann tók mjög fast til orða, sá hv. þm., sem ég held að flestir þekki að því að gæta hógværðar í málflutningi hér í þinginu. Það máttu allir skynja sem á hans mál hlýddu að honum var misboðið, svo ég segi ekki ofboðið, að því er varðaði vitneskju okkar í umhvn. um bakgrunn þessa máls og þau fádæma vinnubrögð sem þar liggja að baki.

Það er ekki fyrr en á elleftu stundu við 2. umr. málsins að hæstv. umhvrh., þrátt fyrir margítrekaða hvatningu jafnt af stuðningsliði sínu innan stjórnarliðs hér á Alþingi sem og af hálfu okkar stjórnarandstæðinga, hafði áhrif á þetta, að þeir hv. þingmenn og nefndarmenn í umhvn., sem gengu erinda ráðherrans og fluttu þá brtt. sem ráðherrann hafði óskað eftir með bréfi til nefndarinnar 16. mars sl., drógu þá tillögu til baka. Og það er gert undir því formerki að ráðherrann segir: Ég sem þyrfti að afla mér lagaheimildar til þess að geta lagt saman veiðistjóraembættið við setur Náttúrufræðistofnunar Íslands mun ekki beita mér fyrir því sérstaklega, en ég skal sjá til þess að vilji minn nái fram að ganga varðandi flutninginn. Þannig skildi hæstv. ráðherra við málið hér gagnvart Alþingi Íslendinga.

Í þessu máli, virðulegur forseti, hafa gerst þeir atburðir sem ég mun rekja hér frekar eftir að málið er tekið hér fyrir eftir að því yrði frestað en ég vil aðeins áður en að því kemur, virðulegi forseti, nefna örfá atriði önnur sem tengjast þessu máli um leið og ég minni á brtt. sem ég hef flutt hér við 3. umr. ásamt hv. þm. Kristínu Ástgeirsdóttur og er að finna á þskj. 1297.

Af hálfu umhvn. þingsins var unnið að ég tel einarðlega, efnislega og málefnalega í þessu flókna máli ef frá eru talin þau atriði, þær truflanir sem stöfuðu af íblöndun hæstv. umhvrh. inn í störf nefndarinnar með því erindi sem ég hef hér rakið. Þannig skilaði meiri hluti umhvn., öll nefndin að frátöldum einum stjórnarþingmanni sem taldi sig í grundvallaratriðum vera ósammála öðrum nefndarmönnum og sá ástæðu til að skila sérstöku nál. án þess samt að gera nokkrar sjálfstæðar brtt. við frv., þar á ég við hv. þm. Tómas Inga Olrich, fyrir utan það skilaði nefndin heildstæðu áliti og samstæðum tillögum nema um eina grein sem varðaði friðun og veiðar á selum. Það mál er lagt hér fyrir við 2. umr. og það eru tillögur af hálfu nefndarinnar. Síðan gerðist það í framhaldi af umfangsmikilli umræðu sem fór fram við málið við 2. umr. að af hálfu umhvrn. er hlutast til um það að enn verði farið að breyta frv. frá því sem áður var gert ráð fyrir og fyrir þinginu liggja á sérstöku þingskjali, sem er nr. 1267, brtt. í fimm tölusettum liðum sem umhvrn. óskaði eftir að koma á framfæri við nefndina, þeir fulltrúar um-

hvrn. sem hafa haft hér daglega viðkomu í þinginu á undanförnum vikum og mánuðum og setið hér yfir og undir umræðum um málið komu á framfæri við nefndina og óskuðu eftir, þar á meðal breytingu á 12. gr., algjörri umorðun á 12. gr. sem ekki gekk til atkvæða við 2. umr. þar sem það var dregið til baka. Einnig breytingar sem mega með vissum hætti flokkast undir tæknilegar breytingar, en sett var fram gersamlega að þarflausu af hálfu umhvrn. og þeir hv. þm. sem nú kalla sig meiri hluta umhvn. og skrifa upp á þessar tillögur fóru að vilja ráðuneytisins að þessu leyti. Mér finnst þetta nú ekki vinnubrögð til þess að hjálpa til við það hér á Alþingi að koma þessu máli í höfn til viðbótar við það sem áður hafði gerst í málinu.

Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að í þessu máli ber hæstv. umhvrh. — því auðvitað er það hann sem ræður hvað sem líður vilja starfsmanna hans sem hafa flutt hans erindi hér, starfsmanna sem eru sumpart komnir yfir í aðrar stofnanir en virðast sinna þessu sem alveg sérstöku aukaverkefni að fylgja þessu máli eftir hér, þá hefur ráðuneytið lagt sig í líma um það að spilla þeirri ágætu, málefnalegu vinnu sem fram fór innan umhvn. í málinu með því að vera að grípa upp sérsjónarmið sem heyra má í röðum þingmanna og eiga auðvitað fullan rétt á sér sem sjónarmið hér inni í þingsölum og verið er að taka undir með brtt. við 3. umr. málsins. Þetta eru ekki vinnubrögð sem staðið er að af þeim sem einhverja reynslu hafa af störfum hér á Alþingi. Ef þetta er ekki vitandi vits af hálfu ráðuneytisins verið að bregða fæti fyrir eigin verk, þá eru þessi vinnubrögð a.m.k. eins heimskuleg og þau geta verið, ef menn ætluðu að stuðla að því að ná hér fram lagabótum í flóknu og að mörgu leyti viðkvæmu máli sem varðar mjög marga. Ég lýsi því yfir, virðulegur forseti, að ég harma þessi vinnubrögð af hálfu ráðuneytisins. Það er mér með öllu óskiljanlegt hvernig ráðuneytið hefur lagt þessi mál fyrir þingið og með hvaða hætti það er að hlutast til um störf þingsins eftir að málið er komið inn í þingnefndir. Ábyrgðin á afdrifum þessa máls hér í þinginu, hver sem þau verða, er fyrst og fremst ráðherra umhverfismála, hæstv. umhvrh. og þeirra sem hafa verið að blanda sér í þetta mál eftir að málið kom hér inn til þingsins. (Forseti hringir.)

Ég mun, virðulegur forseti, um leið og ég fúslega geri hér hlé á ræðu minni frekar í umræðunni gera rækilega grein fyrir því sem hér hefur gerst í þessu máli og tengist tillögum umhvrn. varðandi veiðistjóraembættið, þau fráleitu vinnubrögð og óþekktu vinnubrögð að mínu mati og eftir minni vitneskju í því efni af hálfu hæstv. umhvrh. og því sjónarmiði sem ég hef þegar kynnt hér að það sé óhjákvæmilegt að fram fari opinber rannsókn af hálfu þingsins á þessari embættisfærslu þegar við fyrstu hentugleika og væntanlega þegar nýtt þing kemur saman. — Ég fresta máli mínu, virðulegi forseti.

Umræðu frestað.

Útbýting þingskjals:

Frestun á fundum Alþingis, 627. mál, stjtill., þskj. 1298.

Jöfnun á flutningskostnaði olíuvara, frh. 3. umr.

Stjfrv., 544. mál (heildarlög). — Þskj. 852, brtt. 1288 og 1290.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:07]

Brtt. 1288 samþ. með 48 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

15 þm. (EH, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1290 samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

14 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HN, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, ÓRG, PP, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

14 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1300).

Stjórn fiskveiða, frh. 3. umr.

Stjfrv., 283. mál (lögbundin endurskoðun). — Þskj. 1259, brtt. 1269 og 1287.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:08]

Brtt. 1269 samþ. með 32 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, HN, HG, JÁ, JóhS, JBH, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, TIO, VE, ÞorstP.

16 þm. (AÓB, EH, GÁ, GJH, GHelg, ISG, IP, JE, JónK, JVK, KÁ, PP, StG, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

15 þm. (EgJ, EKJ, FI, GuðjG, GB, GÁS, HÁ, HBl, IBA, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1287 felld með 26:15 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

já: SJS, SvG, AÓB, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JVK, KHG, KÁ, GJH, MF, ÓRG, RA.

nei: SP, StB, TIO, VE, ÞorstP, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, HN, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SigG, SighB, SalÞ.

11 þm. (StG, VS, EH, GuðjG, GB, GÁ, IBA, JE, ÞBern, JónK, PP) greiddu ekki atkv.

11 þm. (SAÞ, ÖS, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:10]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Litlu aflamarksbátarnir eru sennilega sá flokkur útgerðar sem hefur farið verst út úr kvótakerfinu undanfarin ár. Ég tel því mjög nauðsynlegt að veita þeim einhverja lagfæringu. Ég er hins vegar ósammála því að gera það á kostnað krókaleyfisbátanna og get því ekki samþykkt þessa tillögu. Ég greiði ekki atkvæði.

[14:11]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Það hefur verið komið þó nokkuð til móts við sjónarmið krókaleyfisbátanna í þeim tillögum sem hér liggja fyrir, en félagar þeirra sem eru á aflamarksbátum undir 6 tonnum eru í hópi þeirra manna sem verst hafa farið út úr skerðingu á þorskveiðum undanfarinna ára. Það er með miklum ólíkindum að ekki skuli vera hægt að fá hv. alþingismenn til þess með neinum hætti að koma á réttlæti milli þessara manna sem eru að gera út sambærilega báta. Og þó svo að ekki hafi verið möguleiki að ná samkomulagi um það að gera þetta þannig að réttlætið fyndist betra með öllum sem eru að gera út, þá hefði a.m.k. verið hægt að komast hjá slíku ósamræmi milli manna sem eru að gera út sambærilega báta eins og verið er að greiða atkvæði um þessa tillögu. Ég segi já.

Frv., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, EH, GuðjG, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, IBA, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:15]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Breytingar á lögum um stjórn fiskveiða eru eitthvert mikilvægasta mál sem Alþingi afgreiðir á þessu kjörtímabili. Hér er verið að móta sjávarútvegsstefnu næstu ára. Skiptir því miklu að vel takist til. Þær breytingar sem hér eru gerðar eru flestar til bóta en ganga of skammt, einkum hvað varðar krókaleyfis- og aflamarksbáta, svo og takmörkun á sölu og leigu á óveiddum fiski. Enn fremur tel ég að lög um stjórn fiskveiða eigi að taka bæði til veiða og vinnslu og að m.a. þurfi að stemma stigu við því að fiskvinnslan færist út á sjó í meira mæli en nú er, en á síðasta ári voru 23% heildarbolfiskaflans fryst um borð í fullvinnsluskipum. Þessum skipum fjölgar stöðugt og afleiðingin er aukið atvinnuleysi fiskvinnslufólks, vannýtt fjárfesting í fiskvinnsluhúsum, samdráttur hjá þeim sem veita fiskvinnslunni þjónustu, tekjusamdráttur sveitarfélaga og auknar greiðslur atvinnuleysisbóta, jafnframt því sem heildarverðmæti sjávaraflans dregst saman. Aukin sjóvinnsla vinnur gegn því markmiði 1. gr. laga um stjórn fiskveiða að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu. Að framansögðu treysti ég mér ekki til að standa að því frv. sem hér er til afgreiðslu og greiði ekki atkvæði.

[14:17]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir orð hv. 5. þm. Vesturl. sem talaði hér á undan mér. Til viðbótar vil ég segja það að hæstv. ríkisstjórn hefur klúðrað endurskoðun laganna um stjórn fiskveiða. Allir aðalgallar kerfisins verða áfram til staðar, auðlindin verður áfram í höndum braskara, fyrirtækjum í stórútgerð og fiskveiðum eru eitt sérstök forréttindi til að komast yfir meiri veiðiheimildir á kostnað annarra. Fólkið í sjávarútvegsbyggðunum mun hefja kapphlaup um aðganginn að auðlindinni sem er raunveruleg undirstaða undir byggðunum. Það verður haldið áfram að kasta fiski í sjóinn. Umgangurinn um auðlindina er okkur til skammar. Auðlindaskatturinn hækkar dag frá degi, þjóðin er að tapa yfirráðum yfir þessari auðlind sinni. Auðlindin er á uppboði.

Til viðbótar vil ég segja það að allar tillögur okkar alþýðubandalagsmanna hafa verið felldar. Við eigum einungis um tvo vonda kosti að velja. (Forseti hringir.) Það er það kerfi sem er í gildi núna með lögunum um stjórn fiskveiða og það er sú tillaga sem hér liggur fyrir til afgreiðslu. Ég hef því ekki um annað að velja en að sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu, hæstv. forseti.

[14:18]

Anna Ólafsdóttir Björnsson:

Virðulegi forseti. Það eru nokkur vonbrigði að taka hér þátt í atkvæðagreiðslu um þetta stóra mál, um stjórn fiskveiða, og sjá á eftir því eina atriði sem e.t.v. hefði orðið til bóta, þ.e. fiskvinnslukvótanum, frá núverandi fiskveiðastefnu. Við kvennalistakonur höfum í raun ekki tekið undir þá fiskveiðistefnu sem nú er með öllu því framsali og þeim vandamálum sem þar koma upp og við höfum einnig haft okkar eigin stefnu

sem er byggðakvóti og teljum hana mun farsælli. Það er verið að gera ýmsar breytingar með þessu frv. sem hér liggur fyrir og þeim breytingum sem verið er að gera á stjórn fiskveiða. Sumar eru til þess að gera stöðuna ögn skárri eins og gagnvart smábátum. Aðrar eru til hins verra og jafnvel til þess fallnar að gera kerfið flókið og mjög erfitt í framkvæmd og því greiði ég ekki atkvæði.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1301).

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 359, nál. 1095 og 1145, brtt. 1096.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:20]

Till. í nál. 1145 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 28:23 atkv. og sögðu

já: AÓB, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:22]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er til atkvæða tillaga okkar stjórnarandstæðinga um að þessu máli verði vísað frá, vísað til ríkisstjórnarinnar og þess í stað verði sett á laggirnar nefnd í sumar sem hafi það verkefni að endurskoða í heild sinni þau ákvæði sem gilda um úreldingar og hagræðingar og þróunarmál sjávarútvegsins sem og verði frv. til laga um breytingu á Verðjöfnunarsjóði vísað til endurskoðunar með sambærilegum hætti.

Það er skemmst frá því að segja að í allri vinnu sjútvn. að þessu máli um hinn svokallaða Þróunarsjóð sjávarútvegsins, sem er hið argasta rangnefni, hafa ekki gefið sig fram í raun og veru neinir stuðningsmenn málsins óbreyttri mynd og hafa þó tugir aðila komið til viðræðna við sjútvn. eða sent henni umsagnir út af þessu máli þannig að það er alveg ljóst að frv. á sér í raun og veru ekki aðra stuðningsmenn í gervöllu þjóðfélaginu en þá stjórnarsinna sem ætla að greiða því atkvæði hér. Þeim væri því mestur greiði gerður sem og sjávarútveginum að því væri vísað frá og það tekið til meðferðar með þeim hætti sem við leggjum til.

Brtt. 1096,1 samþ. með 28:16 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GB, GÁ, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JónK, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS.

8 þm. (AÓB, EH, GJH, ISG, JVK, KHG, KÁ, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:24]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegi forseti. Verði þetta frv. samþykkt er tekin upp sú stefna að mismuna á freklegan hátt atvinnugreinum á Íslandi. Sjávarútveginum verður hér eftir ekki gert að greiða sérstakan auðlindaskatt þannig að þeir sem róa til fiskjar verða hér eftir að greiða ákveðið gjald beint í ríkissjóð. Ég dreg einnig mjög sterklega í efa, svo ekki sé fastara að orði komist, að það standist að samþykkja hér að skylda sjávarútveginn til að greiða með sérstökum skattstofni töpuð útlán og skuldbindingar ákveðinna sjóða. Það stríðir gegn öllu viðskiptasiðferði að lögþvinga þá sem ekki fengu fyrirgreiðslu úr þessum sjóðum til að greiða og ábyrgjast skuldir þeirra og það alls óskyldra fyrirtækja eins og hér er lagt til. Því greiði ég atkvæði gegn þessu frv., virðulegi forseti, og segi nei.

1. gr., svo breytt, samþ. með 28:7 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GÁ, JE, JónK, PP, StG, VS, ÞBern.

16 þm. (AÓB, EH, GB, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 28:6 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GB, GÁ, JónK, PP, StG, ÞBern.

17 þm. (AÓB, EH, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, VS) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1096,2 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddir.

3. gr., svo breytt, samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
22 þm. (AÓB, EH, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
15 þm. (ÁJ, EgJ, EKJ, FI, GB, GHall, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1096,3 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddir.

4. gr., svo breytt, samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
13 þm. (DO, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, SvG, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
12 þm. (DO, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

6. gr. samþ. með 28:23 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: AÓB, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.
11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:29]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Hér er samkvæmt 6. gr. frv. lögð til gjaldtaka sú sem fræg er orðin og hefjast á síðla árs 1996, en þá skal upp taka sérstakt gjald á hverja úthlutaða þorskígildislest sem nemur a.m.k. 1.000 kr., eins og segir í hinum fræga texta og ýmsir kannast við sé ég er. Það er margra manna mat að í þessu felist upphaf að upptöku auðlindaskatts og einnig er á það að líta að frágangur þessa atriðis tæknilega í frv. er með miklum endemum og í raun og veru óbrúklegt að afgreiða það eins og það er. Hér er á ferðinni niðurstaða af hrossakaupum stjórnarflokkanna, fremur ógeðfelldum svo ekki sé meira sagt. Með vísan til alls þessa þá erum við þingmenn Alþb. algjörlega andvígir þessu ákvæði frv. og munum greiða atkvæði gegn því.

Brtt. 1096,4 samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, KHG, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
23 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

7. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

8.–9. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1096,5 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH,

GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

10. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1096,6.a, fyrri málsliður, samþ. með 37 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GHelg, HBl, HN, HG, IBA, JÁ, JóhS, JBH, KHG, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, TIO, VE, ÞorstP.

13 þm. (GB, GÁ, GJH, ISG, IP, JE, JónK, JVK, KÁ, PP, StG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

13 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, StB, SvG, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:34]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það læðist nú að mér sá hrollkaldi grunur að einn og einn maður sé ekki alveg með það á hreinu hvað verið er að greiða atkvæði um. Ég tel að það orðalag á þátttöku Þróunarsjóðs í verkefnum erlendis sem lagt er til í fyrri málslið brtt. sé betra en það sem fyrir er í frv. því það er útvíkkað það hlutverk sem Þróunarsjóðurinn getur samkvæmt brtt. gegnt í þátttöku í verkefnum erlendis og því erum við að sjálfsögðu fylgjandi. En í seinni málsliðnum er hins vegar fellt út úr heimildum sjóðsins að hann megi veita styrki til þátttöku í slíkum verkefnum. Það tel ég afturför. Þess vegna er ekki um annað að ræða en að skipta atkvæðagreiðslunni upp í tvennt, styðja fyrri málsliðinn en greiða atkvæði gegn þeim seinni.

Brtt. 1096,6.a, síðari málsliður, og 1096,6.b samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

11. gr., svo breytt, samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

22 þm. (AÓB, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, GJH, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

12.–14. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1096,7 (ný 15. gr.) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EH, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

16. gr. samþ. með 28:15 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: AÓB, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, SJS, SvG.

8 þm. (EH, GB, GJH, IP, JónK, StG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MF, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:37]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í 16. gr. er afar umdeilt ákvæði þessa frv. á ferðinni. Þar segir að Þróunarsjóður sjávarútvegsins skuli vera undanþeginn fasteignagjöldum af fasteignum sem sjóðurinn kunni að eignast. Þessu ákvæði hafa sveitarfélögin og samtök sveitarfélaga um allt land mótmælt mjög harðlega og í raun og veru er vandséð að fyrir því standi nokkur rök að svipta sveit-

arfélög tekjum með því einu að Þróunarsjóður sjávarútvegsins, verði hann til, taki til starfa og fari að leggja undir sig fasteignir í viðkomandi sveitarfélögum. Það hafa engin frambærileg rök komið fram sem mæla með því að þessi aðili umfram aðra skuli vera undanþeginn gjöldum af þessu tagi. Því greiðum við atkvæði gegn þessu ákvæði.

17.–22. gr. samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1096,8 samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

23. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1096,9 (tvö ný ákv. til brb., verða ákv. til brb. I og II) samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50:2 atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

nei: GÁ, PP.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 308, nál. 667 og 914, brtt. 668 og 1111.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:41]

Brtt. 1111,1 (ný 1. gr.) samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GJH, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 668 samþ. með 27:8 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GB, GÁ, IP, JónK, PP, StG, VS, ÞBern.

16 þm. (AÓB, EH, GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GE, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:41]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir því að ríkissjóður geri upptækar eignir Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins þar sem þær standa eftir ómerktar fyrirtækjum og skulu þær renna til að kosta ríkisrekstur. Þessari eignaupptöku erum við stjórnarandstæðingar andstæðir burt séð frá því hvað verður um málefni Verðjöfnunarsjóðsins að öðru leyti og sömuleiðis má segja að allir helstu hagsmunaaðilar í sjávarútvegi af eðlilegum ástæðum mótmæla því að sjóður sem sjávarútvegurinn hefur myndað með inngreiðslum á undangengnum árum sé gerður upptækur með þessum hætti. Fram hafa komið ýmsar hugmyndir um að ráðstafa þessu fé frekar til aðila eins og uppbyggingar á hafrannsóknaskipunum, til Lífeyrissjóðs sjómanna eða til slíkra hluta. Ég mun flytja brtt. við 3. umr. málsins verði þessi tillaga samþykkt, en sökum þess að hún

gerir jafnframt ráð fyrir 10 millj. til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda munum við sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu vegna þess að þá ráðstöfun styðjum við í sjálfu sér.

2. gr., svo breytt, samþ. með 28 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
24 þm. (AÓB, EH, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. án atkvgr.
Brtt. 1111,2 (breytt fyrirsögn frv.) samþ. án atkvgr.
Fyrirsögn frv., svo breytt, samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 50 shlj. atkv. og sögðu
já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
2 þm. (GÁ, PP) greiddu ekki atkv.
11 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frh. 2. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 221, nál. 946 og 976, brtt. 977 og 1289.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:45]
Till. í nál. 946 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 30:14 atkv. og sögðu
já: AÓB, GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
7 þm. (GB, GÁ, JE, PP, StG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
12 þm. (EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, IP, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 33 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.
15 þm. (GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, KHG, KÁ, MF, ÓRG, PP, RA, StG, SvG, ÞBern) greiddu ekki atkv.
15 þm. (AÓB, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, JVK, MB, ÓÞÞ, PJ, PBald, SAÞ, SJS, ÖS) fjarstaddir.

2.–6. gr. samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
13 þm. (GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SvG) greiddu ekki atkv.
16 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 977,1 (ný grein, verður 7. gr.) samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
14 þm. (GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 977,2 samþ. með 34 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
14 þm. (GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
15 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, SP, ÖS) fjarstaddir.

7. gr. (verður 8. gr.), svo breytt, samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
13 þm. (GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AÓB, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Ákv. til brb. I–II samþ. með 36 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
14 þm. (GJH, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (AÓB, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1289 felld með 28:18 atkv. og sögðu
já: GB, GÁ, GJH, GHelg, ISG, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, ÓRG, PP, RA, StG, SJS, SvG, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
4 þm. (EH, HG, MF, VS) greiddu ekki atkv.
13 þm. (AÓB, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, IP, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 46 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, BBj, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
4 þm. (JVK, PP, RA, StG) greiddu ekki atkv.
13 þm. (AÓB, ÁMM, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, frh. 2. umr.

Stjfrv., 506. mál. — Þskj. 779, nál. 1231 og 1233, brtt. 1232 og 1235.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:51]
Brtt. 1235,1 felld með 26:20 atkv. og sögðu
já: GB, GÁ, GJH, GHelg, IBA, ISG, IP, JÁ, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
1 þm. (JE) greiddi ekki atkv.
16 þm. (AÓB, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, HG, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, JVK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1235,2 felld með 27:21 atkv. og sögðu
já: GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
1 þm. (IP) greiddi ekki atkv.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

2. gr. samþ. með 25:9 atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÞorstP.
nei: HG, IBA, JÁ, KHG, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.
15 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GJH, GHelg, ISG, IP, JE, JónK, JVK, KÁ, StG, TIO, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:52]
Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:
Virðulegi forseti. Í 2. gr. þessa frv. er kveðið á um það að ekki sé hægt að veita öðrum sjávarútvegsfyrirtækjum á Vestfjörðum aðstoð en þeim sem eru að sameinast og eru jafnframt í sveitarfélögum sem skuli sameinast eða séu að sameinast. Ég er ósammála því að setja slíkar þvingunaraðgerðir á fyrirtæki og sveitarfélög og sit hjá.

Brtt. 1235,3 felld með 27:22 atkv. og sögðu
já: GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

3. gr. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GJH, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, JVK, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÞorstP.
19 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG, TIO, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
17 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, IP, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, StG, ÖS) fjarstaddir.

4. gr. samþ. með 29 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, GJH, HBl, HN, IBA, IP, JóhS, JBH, JVK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÞorstP.

20 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GHelg, HG, ISG, JÁ, JE, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1235,4 felld með 28:21 atkv. og sögðu
já: GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern.
nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

5. gr. samþ. með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÞorstP.
22 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
15 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, RA, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1232 samþ. (ný grein, verður 6. gr.) með 26 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÞorstP.
23 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GJH, GHelg, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.
1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:55]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er margt mjög skringilegt við þetta mál og eitt af því óvenjulega er að það er hæstv. fjmrh. sem flytur frv. og lögin munu þar af leiðandi heyra undir hann, en hins vegar er hér flutt brtt. um að hæstv. forsrh. skuli setja reglugerð við lögin. Þetta samstarf innan Stjórnarráðsins er nokkuð óvenjulegt og segir sína sögu um það hvers konar samsetningur er hér á ferðinni og vantar ekkert nema hæstv. félmrh. skuli fá reglugerðina til umsagnar vegna þeirra þvingunarákvæða um sameiningu sveitarfélaga sem fólgnar eru í málinu til þess að þetta væri allt saman fullkomnað.

Ég sé ekki ástæðu til að styðja þetta sérkennilega fyrirkomulag frekar en frv. í heild eins og það verður í pottinn búið ef brtt. okkar í minni hlutanum verða felldar og sit því hjá.

6. gr. (verður 7. gr.) samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, IBA, JóhS, JBH, JVK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÞorstP.
21 þm. (ÁJ, GB, GÁ, GJH, HG, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, TIO, VS, ÞBern) greiddi ekki atkv.
15 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, GHelg, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1235,5 kölluð aftur.
Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Frv. vísað til 3. umr. með 48 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GJH, GHelg, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
1 þm. (GÁ) greiddi ekki atkv.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Kjarasamningar opinberra starfsmanna, frh. 3. umr.

Frv. MF o.fl., 123. mál (atvinnuleysisbætur starfsmanna sveitarfélaga). — Þskj. 1207.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [14:58]
Frv. samþ. með 49 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HN, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, MF, ÓE, ÓRG, PBald, RA, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.
14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.
2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[14:58]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Ég vil að fram komi við þessa atkvæðagreiðslu að ég tel rétt að leita samráðs við fulltrúa samtaka opinberra starfsmanna um hvernig þessar breytingar á lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem fela í sér rétt þeirra til bóta úr Atvinnuleysistryggingasjóði verði best tryggðar í framkvæmd. Ég segi já.

[14:59]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hefur komið fram að ýmis samtök opinberra starfsmanna leggja á það mikla áherslu að við þær breytingar á lögum um stjórn Atvinnuleys-

istryggingasjóðs sem þarf að gera í framhaldi af þessum breytingum hér verði haft við þau náið samráð og ég fagna því yfirlýsingu hæstv. félmrh. um það efni. Ég treysti því að að þessu máli verði unnið í sumar og fyrir þing á næsta hausti verði lagðar tillögur um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar sem feli í sér eðlilega aðild allra þeirra samtaka opinberra starfsmanna sem nú þurfa að koma að framkvæmd þessara mála í kjölfar þeirra breytinga sem hér eru lagðar til á tilhögun atvinnuleysisbótaréttarins. Hitt er alveg augljóst mál að það hefði verið bersýnilega ósanngjarnt að láta sveitarfélögin vera lengur án þeirra réttinda sem þau eiga náttúrlega heimtingu á nú eftir að hafa tekið að greiða af sínum starfsmönnum iðgjöld til Atvinnuleysistryggingasjóðs. Þess vegna styðjum við það fyrirkomulag að þessar breytingar séu nú gerðar en málinu síðan lokið með breytingu á lögunum um atvinnuleysistryggingar á næsta hausti.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1306).

Fullgilding ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar um bókun 47, frh. síðari umr.

Stjtill., 537. mál. — Þskj. 841, nál. 1093, 1122, 1146 og 1167.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:01]

Till. í nál. 1146 um að vísa málinu til ríkisstjórnarinnar felld með 36:12 atkv. og sögðu

já: GJH, GHelg, HG, JÁ, JVK, KHG, KÁ, MF, ÓRG, RA, SJS, SvG.

nei: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, HBl, HN, IBA, ISG, IP, JE, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

1 þm. (EH) greiddi ekki atkv.

14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[15:01]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Framsóknarmenn hafa lagt til að teknar verði upp tvíhliða viðræður við Evrópusambandið og við teljum því eðlilegt og reyndar nauðsynlegt að til þess að þær viðræður geti hafist og gengið fram með eðlilegum hætti þá þurfi þetta mál að fá afgreiðslu og það sé þess vegna ekki mögulegt að vísa því nú til ríkisstjórnarinnar. Því greiðum við atkvæði gegn þeirri tillögu en munum að öðru leyti telja að mál þetta sé á ábyrgð ríkisstjórnarinnar og stjórnarmeirihlutans hér í þinginu og munum sitja hjá við afgreiðslu málsins sjálfs eins og fram kemur í nál. frá 1. minni hluta utanrmn. á þskj. 1093.

Tillgr. samþ. með 26:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GJH, JVK, KÁ.

20 þm. (EH, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, IP, JÁ, JE, JónK, KHG, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

14 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 26:3 atkv. og sögðu

já: ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, HN, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, RG, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GJH, JVK, KÁ.

19 þm. (EH, GB, GÁ, GHelg, HG, IBA, ISG, JÁ, JE, JónK, KHG, MF, ÓRG, RA, StG, SJS, SvG, VS, ÞBern) greiddu ekki atkv.

15 þm. (AÓB, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, IP, JGS, MB, ÓÞÞ, PP, PJ, SAÞ, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1307).

Tilkynning um utandagskrárumræður.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að óskað hefur verið eftir utandagskrárumræðum sem munu fara fram áður en tillaga til þingfrestunar verður afgreidd hér á síðari fundi. Þessar utandagskrárumræður eru annars vegar um vanda skipasmíðaiðnaðarins, að ósk hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, og hin er um skerðingu á eingreiðslum til lífeyristryggingaþega og hún er að ósk hv. 4. þm. Norðurl. e., Steingríms J. Sigfússonar. Þetta eru hvort tveggja hálftíma umræður.

Út af dagskrá voru tekin 10.–14. dagskrármál.

Fundi slitið kl. 15:05.

159. FUNDUR

miðvikudaginn 11. maí,
að loknum 158. fundi.

Dagskrá:

1. Kosning alþingismanns í Þingvallanefnd í stað Steingríms Hermannssonar bankastjóra, til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

2. Kosning aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Ágústs Einarssonar prófessors til 31. október 1994 skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

3. Þróunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 282. mál, þskj. 1302. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

4. Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, stjfrv., 260. mál, þskj. 1303. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

5. Áburðarverksmiðja ríkisins, stjfrv., 199. mál, þskj. 1304. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

6. Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, stjfrv., 506. mál, þskj. 1305. — 3. umr. *Ef leyft verður.*

7. Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, stjfrv., 201. mál, þskj. 1256, brtt. 1267 og 1297. — Frh. 3. umr.

8. Lífeyrissjóður sjómanna, stjfrv., 548. mál, þskj. 859, brtt. 1296. — Frh. 3. umr.

9. Eftirlit með skipum, frv., 623. mál, þskj. 1210. — 3. umr.

10. Vog, mál og faggilding, frv., 626. mál, þskj. 1227. — 3. umr.

11. Ofbeldi gegn konum á Íslandi, þáltill., 269. mál, þskj. 324, nál. 1294, brtt. 1295. — Síðari umr.

12. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 627. mál, þskj. 1298. — Ein umr. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þannig háttar til um 3.–6. og 12. dagskrármál að of skammt er liðið frá útbýtingu þingskjala eða 2. umr. og verður því að leita afbrigða um að þessi mál megi koma á dagskrá og til umræðu. Verður þeirra afbrigða nú leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [15:06]

Afbrigði samþ. með 40 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, DO, EH, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁ, GJH, GHelg, HBl, HN, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KHG, KÁ, LMR, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞBern, ÞorstP.

23 þm. (AÓB, ÁRÁ, ÁMM, BBj, EgJ, EKJ, FI, GÁS, HÁ, ISG, JGS, MF, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, SP, StG, SJS, ÖS) fjarstaddir.

Kosning alþingismanns í Þingvallanefnd í stað Steingríms Hermannssonar bankastjóra, til loka fyrsta þings eftir næstu almennar alþingiskosningar, skv. 5. gr. laga nr. 59 7. maí 1928, um friðun Þingvalla.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Jón Helgason alþingismaður.

Kosning aðalmanns í bankaráð Seðlabanka Íslands í stað Ágústs Einarssonar prófessors til 31. október 1994, skv. 30. gr. laga nr. 36 5. maí 1986, um Seðlabanka Íslands.

Fram kom einn listi með einu nafni. Samkvæmt því lýsti forseti yfir að kosinn væri án atkvæðagreiðslu:

Þröstur Ólafsson hagfræðingur.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 1302.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 1303, brtt. 1308.

[15:09]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það má segja að það hafi unnist nokkur áfangasigur í sambandi við þetta mál, frv. til laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Eins og það var hér fram borið af hæstv. sjútvrh. í vetur þá gerði það ráð fyrir því að Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins yrði lagður niður án þess að nokkuð kæmi í staðinn fyrir hann. Við stjórnarandstæðingar lögðumst mjög hart gegn þessum áformum og töldum óhyggilegt, svo ekki sé nú fastar að orði kveðið, að leggja þannig niður þennan eina sjóð, þetta eina tæki sem fyrir hendi er til verðjöfnunar eða sveiflujöfnunar í íslenskum sjávarútvegi, án þess að nokkuð kæmi í staðinn. Það kom og í ljós að allir helstu sérfræðiaðilar á sviði hagstjórnar og efnahagsmála í landinu, svo sem eins og Þjóðhagsstofnun, Seðlabanki og aðrir slíkir aðilar, voru sama sinnis og satt best að segja var með ólíkindum að sjá hvernig umsagnir þessara aðila tættu niður málatilbúnað hæstv. ríkisstjórnar. Því ber að fagna þegar svo vel tekst til að menn taka sönsum og hæstv. sjútvrh. fellst á að það væri óráðlegt og óhyggilegt að fella úr gildi lögin um Verðjöfnunarsjóð án þess að nokkuð annað kæmi í staðinn og flutti sjálfur

brtt. sem greidd voru um atkvæði áðan og samþykkt sem gengur út á það að lögin um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins halda gildi sínu en sjóðurinn verður gerður óvirkur um skeið. Má það í sjálfu sér einu gilda vegna þess að aðstæður eru hvort eð er þannig að í sjóðnum er sáralítið fé og engar inngreiðslur væntanlegar í hann á næstu missirum ef svo heldur sem horfir með verðlag á íslenskum sjávarafurðum. Má því segja að þar hafi verið um eins konar sýndarmennskutillögu að ræða því í reynd breytir hún engu í sjálfu sér um starfrækslu Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins á næstu missirum.

Hitt er að mínu mati mikilvægt og því ber að fagna að með þessu eru viðurkennd þau sjónarmið sem við stjórnarandstæðingar töluðum fyrir, að það gengur ekki að fella úr lögum einu ákvæðin sem til eru um verðjöfnun eða sveiflujöfnun í greininni og vísa því bara út í loftið hvað eigi að taka við eða hvernig eigi með slíka hluti að fara.

Öllum sérfræðiaðilum ber saman um að fyrir hendi þurfi að vera með einum eða öðrum hætti tæki varðandi stjórn íslenskra efnahagsmála og/eða sjávarútvegs til þess að grípa til til að draga úr mestu sveiflunum í afkomu og tekjum greinarinnar.

Það má segja að með þeim brtt. sem voru afgreiddar áðan hafi því máli verið bjargað fyrir horn og ber að fagna því en þá stendur eftir hinn þáttur málsins, því þetta frv. var frá upphafi tvíþætt, og það er sú græðgi hæstv. fjmrh. að gera upptækar eignir Verðjöfnunarsjóðs upp á liðlega 200 millj. kr. sem eftir standa í þeim sjóði og ekki eru merktar einstökum nafngreinum eigendum og verða þar af leiðandi ekki greiddar út með neinum venjulegum hætti. Þetta á við um innstæður vegna fyrirtækja sem ekki eru lengur starfrækt, hafa orðið gjaldþrota, eða vegna innstæðna sem af öðrum ástæðum er ekki hægt að merkja einstökum aðilum og greiða út sem slíkar.

Við teljum við þessar aðstæður með öllu fráleitt að ráðstafa þessum innstæðum eins og hæstv. ríkisstjórn gerir ráð fyrir. Að mörgu leyti væri eðlilegast úr því að sú ákvörðun hefur verið tekin að fella ekki úr gildi lögin um Verðjöfnunarsjóð að þessar innstæður stæðu þar áfram og gætu orðið stofn að nýjum verkefnum á vegum sjóðsins á komandi árum. En komi þær til útgreiðslu nú, eins og hæstv. ríkisstjórn virðist leggja ofurkapp á þannig að eftir stendur raun það eitt af þessu máli að ríkissjóður er að ná sér í, krækja sér í, gera upptækar — stela, liggur mér við að segja, með leyfi hæstv. forseti, þessum eignum sjávarútvegsins þá tel ég að það sé a.m.k. tilraunarinnar virði að flytja hér tillögu um öðruvísi ráðstöfun á þessu fé.

Ég legg því til á brtt., sem ég mun afhenda forseta eftir að hafa talað fyrir henni, að síðasti málsliður 2. gr. frv. orðist svo, hæstv. forseti: „Aðrar eignir sjóðsins skulu renna til helminga í byggingarsjóð hafrannsóknarskipa og til Lífeyrissjóðs sjómanna, utan 10 millj. kr. sem skulu renna til Félags rækju- og hörpudiskframleiðenda."

Um það atriði er samstaða að Félag rækju- og hörpudiskframleiðenda fái greidda út fjármuni sem sú grein getur gert réttmæta kröfu til í innstæðum sjóðsins og verður því varið til sérstaks markaðsátaks á kaldsjávarrækju á mikilvægum mörkuðum félagsins. Það er samdóma álit þeirra sem að þessu hafa komið að þeim hluta fjármunanna sé vel varið en í stað þess að ráðstafa þá því sem eftir stendur, sem lætur nærri að vera um 200 millj. kr., í ríkisreksturinn þá renni það til helminga til byggingarsjóðs hafrannsóknarskipa og til Lífeyrissjóðs sjómanna. Það er alveg ljóst að báðir þessir aðilar eru í ríkri þörf fyrir fjármuni. Lífeyrissjóður sjómanna á í miklum erfiðleikum með að uppfylla sínar skuldbindingar og fyrir dyrum stendur væntanlega, því miður, að skerða bótarétt á næstu missirum og þó að þarna sé ekki á ferðinni einhver fjárhæð sem muni breyta miklu eða skipta sköpum fyrir afkomu Lífeyrissjóð sjómanna þá er þó viðleitni í þá átt að láta hann njóta nokkurs af þeim fjármunum sem ráðstafað skal með þessum hætti. Vísa má til fyrri fordæma svo sem þegar Lífeyrissjóður sjómanna hefur fengið fé úr gengismunasjóði, úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins við fyrri útgreiðslur og fleiri tilvika.

Varðandi byggingarsjóð hafrannsóknarskipa er um það mál að segja að það hefur komið glöggt í ljós á síðustu árum að sá skipakostur sem Hafrannsóknastofnun hefur yfir að ráða er á engan hátt fullnægjandi miðað við þau verkefni sem stofnunin þarf að ráðast í og kemur þar sérstaklega til að þau skip sem nú eru í rekstri ráða ekki við aðstæður á dýpra vatni sem mikil þörf er þó á að rannsaka. Þannig hefur Hafrannsóknastofnun ekki getað sinnt rannsóknum eins og til hefur staðið á djúpmiðunum suður og suðvestur af landinu vegna þess annars vegar að stofnunin hefur ekki haft til þess skipakost sjálf, ekki skip sem hafa togkraft og burði til þess að sinna rannsóknum á djúpu vatni, og stofnunin hefur ekki haft fjármuni til að leigja önnur skip, frystitogara eða önnur slík stór skip sem ráða við þessar aðstæður en leigugjald fyrir slík skip er gjarnan á bilinu 1,5–2 millj. á sólarhring og liggur í hlutarins eðli miðað við naumt skammtaða fjárveitingar til Hafrannsóknastofnunar að þær hrökkva skammt til að standa undir margra vikna rannsóknarleiðöngrum á slíkum skipum. Í byggingarsjóði hafrannsóknaskipa munu vera einhverjir fjármunir, m.a. eftirstöðvar af fé sem stofnunin fékk þegar eldra rannsóknaskip, Hafþór, var selt og hér mundi því myndast þó nokkur stofn að byggingarsjóði fyrir nýtt hafrannsóknaskip eða kaup á stóru, notuðu skipi sem með lagfæringum mætti nýta til að sinna þessum þætti hafrannsókna sem mikil nauðsyn er á að gert verði.

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég legg þessa brtt. fram og fer fram á að umræðunni verði frestað þangað til henni hefur verið dreift og afbrigða leitað þannig að hún fái að koma til atkvæða.

Umræðu frestað.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, 3. umr.

Stjfrv., 506. mál. — Þskj. 1305.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Áburðarverksmiðja ríkisins, 3. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 1304.

[15:19]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það ganga nú mjög hratt fram málin hér og þannig háttar með 5. dagskrármálið, frv. til laga um Áburðarverksmiðju ríkisins, að ég hafði hugsað mér að flytja brtt. við það mál við 3. umr. en hef ósköp einfaldlega ekki haft tóm til að ganga frá henni skriflega. Nú er það að vísu svo að samkvæmt þingsköpunum er heimilt að flytja munnlegar brtt. en það er kannski ekki einfaldasti framgangsmátinn fyrir slíkt þannig að ég leyfi mér að óska eftir því við hæstv. forseta að umræðu um þetta mál verði frestað stundarkorn á meðan ég geng frá þeirri brtt. sem ég hafði hugsað mér að láta koma til atkvæða eftir 3. umr. málsins. Brtt. varðar sérstaklega tvö ákvæði frv. sem urðu að umtalsefni við 2. umr., þ.e. annars vegar stjórn fyrirtækisins eins og hún verður úr garði gerð ef af breytingunum yfir í hlutafélag verður og í öðru lagi meðferð hlutafjárins og heimildir hæstv. ráðherra til að selja það að hluta til eða öllu leyti. Um þessi tvö efnisatriði hafði ég hugsað mér að flytja brtt. og ég óska þess vegna eftir því að umræðunni verði frestað stundarkorn svo mér gefist kostur á að ganga frá þessum tillögum.

Umræðu frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 859, brtt. 1296, till. til rökst. dagskrár 1310.

[15:21]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég tek eftir því að það er hlaupið yfir 7. dagskrármálið, frv. um vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum sem var á dagskránni og rætt fyrir atkvæðagreiðslu. Ég gerði hlé á máli mínu í miðri ræðu og undrast það ef ekki er haldið áfram umræðu um þetta mál þannig að ég geti komið mínum sjónarmiðum að og óska eftir því að það verði gert.

[15:22]

Guðrún Helgadóttir *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Mér er ljúft að skýra það að ég á sök á þessari breytingu. Þannig stendur á að ég þykist hafa staðið mína vakt hér hverja stund vikum saman en svo stendur á að mér er nauðugur einn kostur að vera fjarverandi milli klukkan fjögur og hálfsex og þess vegna fór ég fram á það við hæstv. forseta að fá að ræða ögn við hv. 5. þm. Norðurl. v. um frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Ég á ekki von á að um það verði mikil umræða og skal reyna að stytta mál mitt sem mest má verða. Ég þakka hæstv. forseta að verða við þessari beiðni. (**HG:** Ég tek tillit til þess.)

[15:23]

Vilhjálmur Egilsson:

Hæstv. forseti. Ég vil mæla fyrir brtt. frá efh.- og viðskn. við frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Tillagan gengur út á það að við frv. bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

„Áður en fjmrh. staðfestir reglugerð fyrir sjóðinn, sbr. 6. gr., skal hann leita álits efh.- og viðskn. Alþingis."

Virðulegi forseti. Mál þetta er þannig til komið í þinginu að samtök þau sem að sjóðnum standa, þ.e. samtök sjómanna og útvegsmanna, hafa eindregið óskað eftir því að lög um Lífeyrissjóð sjómanna verði einfölduð en á einstökum réttindamálum og skyldum aðila verði tekið í reglugerð um sjóðinn eins og gildir um langflesta aðra lífeyrissjóði. Það liggur fyrir að fjárhagsstaða þessa sjóðs er afar slæm og þeir aðilar sem að sjóðnum standa vilja taka á málefnum hans af fullri ábyrgð og leita leiða til þess að þau réttindi sem sjóðurinn lofar séu tryggð þannig að ekki komi til þess innan fárra ára að það verði algjör þurrð í sjóðnum og að réttindi þau sem hafa áunnist verði að engu.

Það hefur verið haft mikið samband við þá aðila sem að sjóðnum standa og þeir hvetja eindregið til þess að frv. verði afgreitt. Ég vil sérstaklega lesa bréf sem barst í gær frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands og Sjómannasambandi Íslands. Bréfið hljóðar svo, með leyfi forseta:

„Fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Er það ósk fulltrúa neðangreindra samtaka sem eiga aðild að sjóðnum að frv. verði afgreitt hið fyrsta sem lög frá Alþingi. Frv. var unnið af stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna með hagsmuni sjóðsins í huga og er þess farið á leit að Alþingi samþykki frv. óbreytt frá því sem efh.- og viðskn. þingsins lagði til."

Undir þetta rita fyrir hönd Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Benedikt Valsson, og fyrir hönd Sjómannasambands Íslands, Hólmgeir Jónsson.

Ég hygg að þegar þau samtök sem að sjóðnum standa lýsa eindregnum vilja sínum til þess að frv. þetta verði afgreitt og hyggjast taka á málefnum sjóðsins af ábyrgð þá sé Alþingi ekki stætt á öðru en að aðstoða við það verk.

[15:26]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Það er augljóst að það eru ekki margir hv. þm. sem hafa áhuga á Lífeyrissjóði sjómanna og málefnum hans. Í fyrsta lagi vil ég segja, hæstv. forseti, að þegar komið er að þinglokum og við höfum lagt nótt við dag til að ljúka þeim málum sem ríkisstjórnin hefur talið bráðnauðsynleg þá sýna menn hér nýtt mál eða mál sem ekki hefur verið á dagskrá síðustu daga og ætlast til þess að keyra það í gegn með sama offorsi og önnur mál á hinu háa Alþingi.

Hv. 5. þm. Norðurl. v. ber fyrir sig að þetta sé mikið hjartans mál sjómannasamtakanna til þess að bjarga sjóðnum, eins og hann svo kallar það. Nú vitum við það öll að á þessu kjörtímabili hefur verið unnið að því leynt og ljóst og fyrst og fremst ljóst að skerða verulega, að rýra verulega kjör sjómanna í sínum eigin lífeyrissjóði og nægir að minna á lög sem gengu í gildi á árinu 1992 þar sem réttur manna til Lífeyrissjóðs sjómanna var stórlega skertur. Ég átti þó nokkuð langar ræður um það mál. Nú er enn hoggið í sama knérunninn og enn skal skerða kjör sjómanna.

Fyrir nokkrum árum var barist fyrir því á tímum vinstri stjórnar og í ráðherratíð hv. núv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, að sjómenn mættu fara í land sextugir að aldri og fá lífeyri vegna verulega lækkaðra tekna þó að þeir héldu síðan áfram einhverri vinnu í landi. Nú skal þetta síðasta hálmstrá tekið af sjómönnum. Mér er alveg sama hvað samtök sjómanna segja um þetta mál, ef þeim er annara um sjóðinn en sjómennina þá verður það að vera þeirra mál. Við vitum það einnig að allir lífeyrissjóðir landsmanna verða meira og minna í gjaldþroti í framtíðinni. En ég ætla að segja hv. 5. þm. Norðurl. v. og varaformanni hv. efh.- og viðskn. að einn er sá sjóður sem enginn hefur áhyggjur af að verði gjaldþrota og nú ætla ég að kenna honum nokkrar tölur.

Árið 1993 — og ég bið hv. þm. að hlusta á mig — fengu 140 manns eftirlaun eða lífeyri úr lífeyrissjóðum alþingismanna og ráðherra. Það voru 140 sálir sem fengu greiðslur úr þessum sjóði. Meðalgreiðsla á árinu var 820 þús. til þessara 140 einstaklinga. Sama ár, árið 1993, fengu 2.000 sjómenn, nánar tiltekið 1.999 og ég nennti ekki að deila með því, fengu 2.000 sjómenn, ekkjur þeirra og börn 524 millj. kr. sem er ekki mikið meira en fimm sinnum meira fyrir 2.000 manns en fyrir 140. Með öllu sem þar er inni í: ellilífeyrir, örorkulífeyrir, makalífeyrir, barnabætur og hvað þetta nú heitir, var meðalgreiðslan handa 2.000 sjómönnum ekki 828.000, hún var 262.000.

Ég hef engan heyrt hafa áhyggjur af því að þessi sjóður okkar ágætu hv. alþm. og hæstv. ráðherra sé í neinum sérstökum vandræðum en ég býst við að hann sé það. En ætli því verði ekki bjargað öðruvísi.

Það vill nú til, hv. 5. þm. Norðurl. v., það þýðir ekki að ávarpa þann ráðherra sem hér er ekki til staðar, að sem sjómannsbarni úr Hafnarfirði er mér ýmislegt minnisstætt, eins og það þegar heilu skipshafnirnar voru að farast, ekkjur þeirra stóðu uppi með stóran barnahóp og fengu ekki greiddan einn eyri í bætur af nokkru tagi. Þess vegna er mér töluvert sárt um að þessi sjóður sé verndaður eins og unnt er. Það er hins vegar svo einkennilegt að þegar skerðingarlögin voru sett 1992, þar sem tekinn var alls kyns réttur af íslenskum sjómönnum — hvað var þá gert í leiðinni? Um árabil og ég held allt frá stofnun, ef ég man rétt, þó kann það að vera vitleysa, höfðu þessar greiðslur verið inntar af hendi í Tryggingastofnun ríkisins og munaði svo sem ekkert um það. Það var gert meira og minna af almennum rekstri Tryggingastofnunar með sérbókhaldi en enginn hafði nokkru sinni kvartað yfir því að sú afgreiðsla væri ekki með ágætasta móti.

Þegar þessi lög voru sett 1992 þá var Lífeyrissjóður sjómanna tekinn út úr Tryggingastofnun og þessi sárt leikni sjóður — hvað gerði hann fyrst af öllu? Hann réðist í að kaupa hús undir yfirstjórn sjóðsins sem nú stendur í 35 millj. kr. og er þó langt í land að það sé að fullu innréttað. (**Gripið fram í:** Það er rangt.) 23 millj. var kaupverðið, menn segja mér að þetta húsnæði fari aldrei undir 40 millj. kr. (Gripið fram í.) Það er mikill kostnaður eftir enn, ég hef áreiðanlegar frásagnir af því og þó það væri ekki þá eru 35 millj. líka peningar, hv. 16. þm. Reykv. og forsvarsmaður sjómanna um alla tíð.

Það er nefnilega alltaf hægt að eyða peningum í svona lagað og það hefur enginn áhyggjur af lífeyrissjóði sem greiðir 828 þús. kr. að meðaltali á ári 140 alþingismönnum en það er sjóðurinn sem borgar 262 þús. kr. handa 2.000 sjómönnum sem menn hafa áhyggjur af.

Ég veit ekki, satt best að segja, hvað samtökum sjómanna gengur til. Ég held að það sé komið fyrir þeim eins og ýmsum forustumönnum í samtökum sem þessum að menn horfa á einhverja dálka og gleyma fólkinu sem þeir eru umboðsmenn fyrir. Þeir gleyma fólkinu sem hefur trúað þeim fyrir þessum sjóðum. Menn eyða hundruðum þúsunda í fundaferðir út og suður, erlendis og hérlendis, og það er ekki spurt hvort sé til fyrir því. Það eru alltaf til peningar fyrir því. En helst til bjargar sjóðnum skyldi leggja niður réttindi þeirra fáu sálna sem geta t.d. fengið einhvern smávegis lífeyri þegar þeir verða að hætta á sjó og verða að skipta um vinnu.

Nú segja menn: Það stendur náttúrlega ekkert um þetta í þessu nýja frv. og það er alveg rétt vegna þess að lagaákvæði sjóðsins eru einfaldlega felld niður. Nú skal þetta allt gert með reglugerð. Ég er með drög að reglugerð hér og ég sé ekki annað en að hún ríghaldi í að allar þær skerðingar sem komu með lögunum 1992. Þess vegna vil ég leyfa mér að spyrja hv. varaformann efh.- og viðskn.: Nægir þetta til að bjarga sjóðnum, eins og það heitir?

Það væri líka gaman að spyrja hv. þm.: Hvað skuldar útgerðin núna Lífeyrissjóði sjómanna?

Í ræðu sem ég flutti fyrir tveimur árum, og það var nákvæmlega 12. maí 1992, sagði ég, með leyfi hæstv. forseta, ég hef verið búin að lesa ástæðuna fyrir því að það verður að skerða sjómennina af því að sjóðurinn stendur svo illa:

„Hér hljótum við að stansa við orðin „vegna van-

goldinna iðgjalda". Sjómenn hafa greitt sín iðgjöld, þau eru tekin af launum þeirra. Hverjir skulda þá iðgjöld? Það hljóta að vera útgerðarmenn. Ég sneri mér til Tryggingastofnunar ríkisins sem sér um afgreiðslu þessa sjóðs og spurði: Hvað skuldar útgerðin Lífeyrissjóði sjómanna? Ég fékk samstundis svar undirritað af framkvæmdastjóra lífeyrissjóðsins, Árna Guðmundssyni. Ógreidd útgjöld útgerðar 31. mars 1992" — sama árið og lögin voru sett — „eru 126 millj. 925 þús. 357 kr. að viðbættum dráttarvöxtum 23 millj. 799 þús. 506 kr." Eða samtals skuldaði útgerðin þá 150 millj. 724 þús. 863 kr.

Hefði ekki verið hægt að byrja á því að innheimta hjá útgerðinni?

Ég segi það eins og er, virðulegur forseti, að ég skil ekki upp eða niður í þessum aðgerðum. Ég skil ekki hvað mönnum gengur til að samþykkja þetta því mér sýnist að með þessu sé mælt á velflestum helstu stöðum, svo sem hjá Farmanna- og fiskimannasambandi, Sjómannasambandi Íslands og öðrum slíkum. En það er kannski Hafnfirðingurinn í mér sem á erfitt með að kyngja þessu. Ég er ekki búin að gleyma þessu hérna og þetta var ekki lítið mál. (**Gripið fram í:** Hvað er þetta?) Þetta er listi yfir sjómenn sem voru skipverjar á togaranum Júlí. Í mínu litla byggðarlagi þurfti að halda minningarathöfn um alla þessa menn og allar þessar fjölskyldur þurftu svo sannarlega á lífeyrissjóði að halda. Það er alveg óskiljanlegt hvernig er verið að fara með þetta.

Lífeyrissjóður togarasjómanna var stofnaður með lögum nr. 49/1958 og sjóðfélagar voru þá allir þeir sem lögskráðir voru á íslenska togara. Árið 1962 — og takið eftir hvað er stutt síðan — þegar þessi mynd birtist 1959 var þessi sjóður ekki til. Þarna stóðu uppi milli 20 og 30 ekkjur með fullt hús af börnum. (**GHall:** Það er rangt. Sjóðurinn var stofnaður 1957.) Hann var þá a.m.k. mjög nýr og það má ímynda sér hversu greiðslurnar hafa verið háar fyrir þá sem voru búnir að vera í sjóðnum í tvö ár. Svoleiðis að það bjargaði líklega litlu.

En árið 1962 urðu farmenn aðilar að sjóðnum og þá var nafni sjóðsins breytt í Lífeyrissjóð togarasjómanna og undirmanna á farskipum. Þetta er með ólíkindum. Hér koma einmitt fram upplýsingar sem ég hef aflað mér að einmitt á fyrsta ári sjóðsins, hv. 16. þm. Reykv., fórst togarinn Júlí frá Hafnarfirði, nánar tiltekið 8. febrúar 1959, á Nýfundnalandsmiðum. Á skipinu var 30 manna áhöfn, flest ungir menn, yngsti skipverjinn var 16 ára, sá elsti 48 ára. Flestir voru þessir menn á aldrinum 20–30 ára. Af þessum mönnum voru 19 frá Reykjavík, 5 frá Hafnarfirði og 6 frá öðrum stöðum á landinu. 12 heimilisfeður voru í þessum hópi og létu þeir eftir sig konur og börn. Samtals 39 börn innan 15 ára aldurs urðu föðurlaus í þessu slysi.

Hvað er hér á ferðinni? Menn tala um mikilvægi sjávarútvegs öllum stundum og það eru ekki lítið merkileg mál sem við höfum verið að afgreiða hvert á annað ofan um verðjöfnunarsjóði, þróunarsjóði og stjórn fiskveiða. Hverjir veiða þennan fisk? Það eru ekki menn sem semja langlokur á borð við það sem hér er verið að samþykkja sem mestan part er eintóm vitleysa og síst af öllu nokkur stjórn á fiskveiðum. En þegar kemur að sjómönnunum sjálfum þá má vaða yfir þá aftur og aftur á þeim þremur árum sem þessi ríkisstjórn hefur verið við völd og skera niður við trog þann sjálfsagða rétt sem þeir hafa aflað sér á reyndar örfáum árum sem sjóðurinn hefur starfað. Þeir íslenskir sjómenn sem allra lengst hafa starfað eru góðir með að fá núna eftir ævilangt starf á sjó milli 20 og 30 þús. í eftirlaun sem fer svo niður held ég um helming þegar lífeyrishafinn deyr og makinn tekur við greiðslunni. Það má vel vera að þetta þyki gott og gilt hjá Alþýðusambandi Íslands, ég efast ekki um að Vinnuveitendasambandið er að sjálfsögðu, eins og hér segir, ánægt með þetta. Hér segir Sjómannasamband Íslands, með leyfi hæstv. forseta:

„Er markmið þeirra breytinga fyrst og fremst" — þ.e. þessa nýja frv. — „að bæta fjárhagsstöðu sjóðsins" — með því að skera niður þann auma rétt sem sjómenn hafa innan sjóðsins.

Það hrákalda í þessu máli er nú það að þessi atvinnuvegur, sem veitir okkur u.þ.b. 75% allra tekna þjóðfélagsins, þessi vinna er unnin af svo fáum mönnum að það er ekki hægt að halda úti lífeyrissjóði af iðgjöldum. Það er ekki nema svo sáralítill hluti af vinnandi fólki í landinu sem vinnur þessi störf, svo dýrmæt sem þau eru. Ég vil fá svar við því hvort menn telja ekki lengur, eins og ég hef alltaf skilið á Alþingi Íslendinga þau 14 ár sem ég hef setið hér, að starf sjómanna sé áhættumeira, mikilvægara en nokkur önnur störf í þessu þjóðfélagi. Eru menn hér með hættir að hugsa þannig? Telja menn að þeir vinnandi menn í þessu landi sem setja líf sitt í mesta hættu eigi að vera með lakasta lífeyrissjóðinn? Hafa menn hugsað þetta mál til enda?

Nú lofaði ég, hæstv. forseti, af því að ég tróð mér eiginlega fram fyrir hv. áhugamenn um rottur og mýs til að koma þessu máli að, að tala ekki allt of lengi en ég gæti talað lengi um þetta mál. (**Gripið fram í:** Hverjir eru það?) Fjölmargir hv. þm. að sjálfsögðu sem hafa áhuga á rottum og músum og öðrum jarðarinnar dýrum.

En ég vil að lokum að segja þetta: Má ekki til samkomulags um lok þingsins þar sem fjöldi hv. þm. er farinn ýmist erlendis eða heim í hérað, fara fram á það við hæstv. forseta að þessu frv. verði hreinlega frestað til haustsins og skoðað betur? Ég segi fyrir mig að ég kysi að fá tækifæri til að ræða augliti til auglitis við samtök sjómanna. Ég held að þeir hljóti að hafa misskilið þetta mál. Ég sé það að hv. 5. þm. Norðurl. v. hristir höfuðið. Fyrir honum og ýmsum þeim sem hann umgengst dags daglega er þetta bara mál sem á að rúlla í gegn, eins og sagt er. Það þarf að rétta stöðu sjóðsins, þetta er eins og sú dæmalausa bætta staða þjóðfélagsins sem hæstv. forsrh. er að guma af. Málið er bara að fólkið í Lífeyrissjóði sjómanna mun ekki finna fyrir neinni bót af þessu frv. nema síður sé fremur en fólkið í landinu hefur fundið fyrir efnahagsbata hæstv. ríkisstjórnar.

Þess vegna er sú eindregin bón mín að þessu verði

ýtt út af borðinu um sinn og tekið upp aftur í haust eftir nánari skoðun. Ég þakka síðan hæstv. forseta fyrir liðlegheitin að leyfa mér að tala um þetta mál.

[15:44]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að málið sé það að samtök sjómanna og allra þeirra sem nálægt þessu máli koma hafa áhuga á því að sjómenn búi við góð lífeyrisréttindi. Ég hygg að enginn, sem leggur til þessa breytingu á lögunum um sjóðinn, hafi að markmiði sínu að illskast út í þau réttindi eða sjá einhverjum ofsjónum yfir þeim. Málið snýst einfaldlega um það að þessi samtök vilja ekki að lofa sjómannsekkjum eða öðrum þeim sem þurfa á peningum að halda, fjármunum sem ekki eru til. Þau hafa ekkert vald á því, það er ekki ríkisábyrgð á þessum sjóði, hann er í annarri stöðu heldur en lífeyrissjóðir alþingismanna og ráðherra sem geta lofað réttindum út á ávísanir frá skattgreiðendum. Ég er alveg sammála hv. þm. að því leyti til að að sjálfsögðu ætti að safna í sjóði fyrir lífeyrissjóði alþingismanna og ráðherra alveg eins og fyrir aðra lífeyrissjóði. Það ætti að vera hin almenna regla varðandi alla lífeyrissjóði.

Varðandi það hvort það nægir sem er verið að gera í reglugerðinni þá verður það einfaldlega að koma í ljós í tryggingafræðilegri úttekt þegar búið er að setja hana. Markmiðið er það að lífeyrissjóðurinn geti staðið undir sér. Ég vona svo sannarlega að þau samtök sem að sjóðnum standa nái því markmiði sínu að Lífeyrissjóður sjómanna geti staðið uppréttur og staðið um alla framtíð og veitt þau réttindi sem sjómenn eiga eðlilega kröfu á.

[15:47]

Guðrún Helgadóttir *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég held að hv. 5. þm. Norðurl. v. hafi hitt naglann á höfuðið. Auðveldasta leiðin til þess að sjóðurinn standi undir sér er að borga engum neitt úr honum. Hann sagði líka að það væri sjálfsagt að ríkistryggja lífeyrissjóð alþingismanna og ráðherra. Auðvitað, ekki hef ég á móti því. Það er með alþingismenn eins og sjómenn að við erum fámenn stétt og eigum sjálfsagt afar erfitt með að halda úti eigin lífeyrissjóði. En væri það þá ekki nær að ríkistryggja lífeyrissjóð þeirra manna sem draga að landi næstum allt það sem þessi þjóð lifir af heldur en að skerða réttindi þeirra sem í sjóðnum eiga sér athvarf?

Hæstv. forseti. Hvað sagði hv. þm.? Hann talaði um sjómannsekkjur sem þyrftu á peningum að halda. Já, ég býst við að þær þurfi þess. Ég held nefnilega að þær þurfi framfærslu og framfærsla þeirra í núverandi sjóði gæti verið milli 15 og 20 þús. kr. á mánuði. Þetta nær engri átt. Misréttið og óréttlætið í þessu þjóðfélagi er svo yfirgengilegt að það undrar mig að menn skuli geta treyst sér til að verja þetta. Og enn síður, eins og ég hef þegar sagt, skil ég samtök sjómanna. Sjóðurinn hefur samt, eins og ég benti á áðan, efni á að byggja yfir líklega forstjórann og ritarann og deildarstjórann og upplýsingastjórann og hvað það heitir nú sem vinnur á svona skrifstofum. Sjóðinn munaði ekki mikið um að renna út 35 millj. til þess. Það eru til peningar fyrir því. Trú mér til, þeir fara suður til Genfar á vinnumálafundi og einhver alþjóðasjómannasamtök og guð veit hvað. Ég segi aðeins eitt, hæstv. forseti, ég bara mótmæli þessu.

[15:49]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Það var við 2. umr. þessa máls að ég áttaði mig á því í salnum hvernig ég taldi málið vaxið. Það er þannig vaxið að það er ætlunin hjá forráðamönnum Lífeyrissjóðs sjómanna að skerða lífeyrisrétt sjómanna við 60 ára aldur um 0,4% á mánuði fyrir hvern mánuð sem þeir hefja töku lífeyris áður en þeir verða 65 ára gamlir. Þar með er verið að afnema má segja þessi sérstöku réttindi sem voru ákveðin á Alþingi 1981 í þágu sjómannastéttarinnar með breytingu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna annars vegar og hins vegar með breytingu á lögum um almannatryggingar. Eins og væntanlega margir þingmenn vita þá er það þannig að sjómenn eiga rétt á lífeyri við 60 ára aldur frá almannatryggingum og sú breyting sem hér er verið að gera tillögu um mun engu breyta um þau ákvæði almannatryggingalaganna að því ég best fæ séð, ég vænti að það sé alveg á hreinu.

Þegar málið var lagt fyrir þingið þá voru bornar fyrir því ýmsar tæknilegar röksemdir, t.d. þær að það væri skynsamlegt að vera með þessi lög öðruvísi en verið hefur og það væri mat ákveðinna starfsmanna Alþingis. Eftir að ég hafði farið yfir þetta mál í ræðu þann 25. apríl sl. þá drógu menn til baka með þessar tæknilegu röksemdir vegna þess að í raun og veru skiptu þær engu máli í þessu sambandi heldur væru það fjárhagslegar röksemdir sjóðsins sem réðu úrslitum um það að málið er lagt fram á Alþingi sem stjfrv. Þær fjárhagslegu röksemdir eru einhvern veginn þannig að það eru u.þ.b. 200 sjómenn sem fá lífeyri á aldrinum 60–67 ára gamlir. Þessir 200 sjómenn skiptast þannig að einn þriðji þeirra er ekki í neinu starfi lengur, u.þ.b. einn þriðji hópsins er á sjó enn þá og u.þ.b. einn þriðji hópsins er í landi. Hér er um að ræða nokkrar upphæðir en í rauninni ótrúlega smáar miðað við þá staðreynd að rekstrarkostnaður þessa sjóðs, sem er ótrúlega hár, er upp á 35 millj. kr. á ári. Sá sparnaður sem menn eru að tala um varðandi lífeyrinn til sjómannanna er þess vegna mjög athyglisverður með hliðsjón af þeirri háu upphæð sem þessi sjóður eyðir í rekstur.

Ég get út af fyrir sig tekið undir það með hv. 5. þm. Norðurl. v. og öðrum sem þannig tala að lífeyrissjóðir eiga auðvitað að eiga fyrir sínum skuldbindingum eins og mögulegt er. Staðreyndin er hins vegar sú að fjöldinn allur af lífeyrissjóðum stendur ákaflega tæpt. Mín spurning er því sú: Hvernig stendur á því að það er byrjað að taka til í Lífeyrissjóði sjómanna en aðrir lífeyrissjóðir fá að halda áfram uppteknum hætti án þess að gripið sé til neinna ráðstafana eða nægilegra ráðstafana, skulum við segja, til að tryggja að þeir sjóðir eigi fyrir sínum skuldbindingum?

Það er mjög athyglisvert að velta þessu fyrir sér og þetta dæmi þekki ég dálítið vegna þess að fyrir tveim-

ur árum eða svo kom til mín lífeyrisþegi í Hafnarfirði og skýrði mér frá því að hún hefði fengið bréf sem var nokkurn veginn á þessa leið: Þar sem lífeyrissjóðurinn á ekki fyrir neinum greiðslum enn þá hefur verið ákveðið að fella niður greiðslur til þín frá og með 1. júní nk. Þetta var eftirlaunasjóður Rafha-starfsmanna í Hafnarfirði. Ég fór þá á stúfana og kannaði hver bar þarna ábyrgð? Gat t.d. verið að ríkið bæri ábyrgð af því að ríkissjóður var eigandi að þessu fyrirtæki að hluta til? Fjmrn. hafnaði því algerlega og ég fór yfir þessi mál með forustumönnum lífeyrissjóðanna, m.a. samtaka lífeyrissjóðanna og niðurstaðan var sú að þetta fólk væri algerlega réttlaust eins og staðan er. Það er hrikalegur veruleiki og það er frammi fyrir þessu sem forustumenn lífeyrissjóðanna standa. Þeir vilja ekki draga sitt fólk inn í þessa mynd að óþörfu heldur taka það á sig að skera niður réttinn í núinu þó það þýði ákveðna erfiðleika fyrir þessa aðila með hliðsjón af því að sjóðirnir geta ekki staðið við þann vanda sem uppi er.

Ég tel hins vegar nauðsynlegt að draga það inn í þessa mynd varðandi Lífeyrissjóð sjómanna að hann er nokkuð sérstakur. Þessi ákvörðun um 60 ára lífeyrisaldur var pólitísk ákvörðun. Hún var tekin af ekki bara meiri hluta Alþingis, af Alþingi. Nál. heilbr.- og trn., sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir veitti forstöðu á sínum tíma í þeirri deild sem þá hét neðri deild, var samhljóða. Það var enginn fyrirvari í þessum efnum frá einum einasta þingmanni. Sjómenn gátu litið þannig á að Alþingi hlyti að ætla að tryggja að það væri hægt að inna þessar greiðslur af hendi. Mér er þess vegna spurn: Er það svo að það hafi verið lagðar fram núna á síðustu mánuðum fyrir ríkisstjórnina formlegar óskir um það hvort hún er tilbúin til þess að greiða með þessum lífeyrissjóði fjármuni á grundvelli hinna pólitísku ákvarðana beint út úr ríkissjóði? Hefur þessara upplýsinga verið leitað? Hefur verið talað við forráðamenn ríkisstjórnarinnar og ríkisstjórnarflokkanna í þessu sambandi?

Hæstv. forseti. Það er nauðsynlegt að fá svör við því. Ef það er þannig staddur meiri hluti á Alþingi að það sé útilokað að fá þessa fjármuni þá vil ég ekkert útiloka að það geti verið óhjákvæmilegt og eðlilegt að mati forustumanna sjóðsins að breyta reglunum. En fyrst verður að spyrja: Hefur Sjálfstfl. neitað sjómönnunum um þessa fjármuni? Hefur Alþfl. neitað sjómönnunum um þessa fjármuni? Ef það liggur ekki fyrir þá er einn þáttur í málinu óunninn. Að því hlýt ég að spyrja.

Hér hef ég fyrir framan mig bréf sem er á þessa leið, með leyfi hæstv. forseta:

„Reykjavík, 10. maí 1994.

Fyrir Alþingi liggur nú frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna. Er það ósk fulltrúa neðangreindra samtaka sem aðild eiga að sjóðnum að frv. verði afgreitt hið fyrsta sem lög frá Alþingi. Frv. var unnið af stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna með hagsmuni sjóðsins í huga og er þess farið á leit að Alþingi samþykki frv. óbreytt frá því sem efh.- og viðskn. þingsins lagði til."

Þá vil ég segja, hæstv. forseti, að það er mjög erfitt að hafna þessari ósk. Ég skil það ákaflega vel að hv. efh.- og viðskn. telji sig eiga erfitt með að hafna þessari ósk.

Þannig háttar til með langflesta lífeyrissjóði að þeir starfa eftir reglugerðum en ekki lögum og þess vegna geta stjórnir sjóðanna einhliða breytt reglugerðunum án þess að leita með það til Alþingis. Það er öðruvísi með Lífeyrissjóð sjómanna en það er ljóst að stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna mundi breyta reglugerðinni svona ef hún hefði vald til þess. Spurningin er þá sú: Á Alþingi að neita eignaraðilum Lífeyrissjóðs sjómanna um þessa breytingu þar sem svo vill til að það eru lög um þennan sjóð en ekki bara reglugerð eins og gengur og gerist með aðra lífeyrissjóði? Þess vegna tel ég út af fyrir sig ekkert sérkennilegt við það þó hv. efh.- og viðskn. hlusti vandlega á þær óskir sem þarna koma fram.

Hins vegar er ekki hægt að neita því, hæstv. forseti, að ég tel að ekki einasta hafi sú heimavinna verið vanrækt að spyrja stjórnarflokkanna hvort þeir vilja koma sjóðnum inn undir ríkissjóð heldur hafi sú heimavinna líka verið vanrækt að ræða við forustumenn viðkomandi sjómannasamtaka. Ég sé ekki betur en að menn hafi látið nægja að ræða fyrst og fremst við stjórn lífeyrissjóðsins eða hún við sjálfa sig. Voru haldnir fundir t.d. í stjórn Sjómannasambands Íslands áður en frv. var lagt fram? Var haldinn fundur í stjórn Farmanna- og fiskimannasambandsins áður en frv. var lagt fram? Var haldinn fundur í Vélstjórafélagi Íslands áður en frv. var lagt fram? Hefur verið rætt við Vélstjórafélag Íslands? Var rætt við fulltrúa Landssambands smábátaeigenda t.d. áður en frv. var lagt fram? Eftir að frv. var lagt fram? Hefur verið farið yfir þessi mál t.d. sérstaklega með Alþýðusambandi Íslands?

Ég held að svarið við þessum spurningum öllum sé nei. Ég segi alveg eins og er að forustumenn sjómannasamtakanna geta sjálfum sér um kennt, forustumenn sjóðsins geta sjálfum sér um kennt með að vera komnir með málið í þennan vanda. Og koma núna til Alþingis eftir að hafa vanrækt að sinna eðlilegri heimavinnu í þessu máli með því að tala við ríkisstjórnina og með því að tala við forustumenn viðkomandi samtaka sjómanna. Ég tel þess vegna að þeim sé engin vorkunn. Þeir hefðu átt að búa betur um hlutina en þeir hafa gert og ég gagnrýni þá fyrir það. Ég gagnrýni þessa aðila fyrir það.

Ég beitti mér fyrir því við 2. umr. þessa máls, hæstv. forseti, að það færi aftur til efh.- og viðskn. og efh.- og viðskn. varð við þeirri ósk að málið fór þangað og var eitthvað rætt nánar um það þar. Ég sé að efh.- og viðskn. hefur nú flutt brtt., eða ég hygg að það sé efh.- og viðskn., þar sem gert er ráð fyrir því að leita þurfi samráðs við efh.- og viðskn. áður en reglugerð *um sjóðinn verður sett.* Út af fyrir sig tel ég að svona yfirlýsing sé merkingarlítil. Ég tel það líka vera ákaflega sérkennilegt að þingnefnd sé að blanda sér í reglugerðarútgáfu með þeim hætti sem menn eru að gera tillögu um. En ég skil þetta þannig að menn séu að reyna að finna pólitíska lausn á þessu máli vegna þess að mönnum sé mikið í mun að þoka málinu í gegnum þingið. Það verður að vera mat þeirra sem á

því bera ábyrgð. Ég ætla ekki að blanda mér í það. En ég tel satt að segja að tillöguflutningur af þessu tagi breyti í sjálfu sér sáralitlu. Ég tel hins vegar ekki að ég hafi sem þingmaður, einn af mjög fáum, neina stöðu til að leggja mig þvert um dyr í máli af þessum toga þegar fyrir liggja þessar óskir frá þessum aðilum og þegar það liggur líka fyrir að efh.- og viðskn. leggur bersýnilega mikla áherslu á að málinu verði lokið. Ég teldi hins vegar miklu skynsamlegra að fara þá leið, sem hv. þm. Guðrún Helgadóttir lagði til áðan, að þessu máli yrði ósköp einfaldlega slegið til hliðar, það yrði saltað í sumar og kæmi svo aðeins betur undirbúið í haust. Ég held að það hryndu nú ekki gullhringarnir af Alþingi Íslendinga, þingmönnum og forustumönnum sjómannasamtakanna þó að menn hinkruðu til haustsins með að ljúka þessu máli. En úr því að menn eru svona í blóðspreng að ljúka því þá verða þeir að gera það sem eru í sprengnum en það á ekki við um undirritaðan.

Útbýting þingskjala:

Áburðarverksmiðja ríkisins, 199. mál, brtt. SJS, þskj. 1309.

Kostnaður við snjómokstur yfir Fjöllin veturinn 1993–1994, 611. mál, svar samgrh., þskj. 1299.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 260. mál, brtt. SJS, þskj. 1308.

[16:03]

Guðni Ágústsson:

Hæstv. forseti. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mikið en hér heyrði ég heitar ræður og fór að hugsa um stöðu Alþingis gagnvart lífeyrissjóðakerfinu og framtíðinni. Mér fannst að þingmenn töluðu sig í hita og segðu sem svo að það væri dæmalaust gáleysi af hálfu Alþingis að hugsa ekki meira um lífeyrissjóðina og stöðu þeirra og skal ég fullkomlega taka undir það um leið og ég minni hv. formann efh.- og viðskn. á það að í hans nefnd er frv. um lífeyrissjóðina. Frv. sem miðar að því að setja þeim reglur og marka þeim framtíðarskipulag sem er mikilvægt. Því staðreyndin er nú sú, að ég hygg, að þessi neyðarsending sem er komin inn á þing á síðustu dögum, breyting á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna, stafar fyrst og fremst af því sem var sagt áðan, þ.e. fjárhagslegar röksemdir. Yngri kynslóðin er að tapa fyrir þeirri eldri í lífeyrissjóðakerfinu. Yngri kynslóðin verður að greiða þar inn, hin eldri er að fá þar út. Yngri kynslóðin stendur frammi fyrir því að hún fær ekkert úr þessum sjóðum þegar hún kemur að dyrunum ef ekki verður stefnubreyting. Þetta á við um Lífeyrissjóð sjómanna, þetta á við um lífeyrissjóði landsins. Í lífeyrissjóðakerfinu er fólgin ógnvænlegasta tímasprengja framtíðarinnar ef menn ekki þora að taka á því.

Hér gerast menn heitir í þessari umræðu. Þing eftir þing hef ég flutt mál sem snýr að heildarhagsmunum fólksins gagnvart eftirlaunasjóði. Hvað oft hafa þessar ræður ekki verið fluttar? Ég hef vakið athygli á því hversu illa margir lífeyrissjóðirnir eru reknir, hversu rekstrarkostnaðurinn er mismikill og hver staða þeirra er og margoft bent á að þeir væru margir fleiri í þeirri stöðu að þegar yngra fólkið kemur að dyrum þeirra þá verða þeir tómir. Hvar hafa þessir þingmenn verið þegar ég hef rætt þetta?

Ég vil, hæstv. forseti, lýsa því yfir að ég treysti mér ekki til að stöðva þetta mál. Ég hygg að þessi bæn stjórnar sjóðsins verði að takast til greina og það verði að viðurkennast að þessi sjóður, einn fárra, er vafinn í fjötra laga þannig að menn ráða ekki við reksturinn og auðvitað hafa engir viljað koma inn í þessi mál. Ég get tekið undir það að starf sjómanna og hagsmunir þeirra og það mikilvæga starf sem þeir vinna gerir það kannski að verkum að menn ættu að líta málið öðrum augum.

En ég vildi fyrst og fremst minna á að hér hefur verið flutt mál sem snýr að því að gjörbreyta lífeyrissjóðum landsins. Þau mál hafa ekki verið mikið rædd. Ég hef rætt um það og flutt um það tillögu að stofnaðir verði eigin eftirlaunasjóðir sem væru miklu hagstæðari fyrir íslenska sjómenn og landsmenn alla. Eigin eftirlaunasjóðir sem væru þannig að þegar ungi maðurinn kemur út á markaðinn þá á hann sína lífeyrissjóðsbók sem fylgir honum gegnum lífið og er í bankanum hans. Ég hef reiknað það út að þó hann hefði einungis 70 þús. kr. á mánuði og fengi aðeins 5% vexti á þessa bók sína í þessi 45 ár þá ætti hann inni á bókinni þegar kæmi að eftirlaunum 13,5 millj. og gæti greitt sjálfum sér 74 þús. næstu 30 árin. Við þessari tillögu hefur verið daufheyrst. Þingið hefur ekki einu sinni viljað skoða hana. Jafnframt hef ég bent á það, sem er mjög mikilvægt í mínum huga, að samhliða svona breyttu kerfi verði stofnaður örorkusjóður og líftryggingarsjóður sem greiddi maka- og barnalífeyri þegar illa fer og að eitthvert gjald rynni þar inn.

Ég ætla ekki, hæstv. forseti, að fara út í þetta mál þótt ég hafi ekki getað setið á mér að minnast á það að þingið hefur á þeim átta árum sem ég hef verið hér ekki viljað ræða málefni lífeyrissjóðanna. Þó blasir það við, sem hefur verið minnst á í dag enn þá frekar en áður var, að þeir verða tómir. Hvers vegna verða þeir tómir? Þeir verða tómir vegna þess að í dag eru 26 þús. manns á Íslandi 65 ára og eldri. Árið 2020 þegar hv. þm. Svavar Gestsson kemur að þessum dyrum þá verða þeir 50 þús. og þá fer nú að þrengjast um hag sjóðanna. Þetta eru þær staðreyndir sem blasa við.

Ég vil að vísu segja um þetta mál að ég trúi ekki öðru en að formaður hv. nefndar og nefndin hafi haft samband við alla þá sem málið snertir og þar á meðal Vélstjórafélag Íslands.

Hæstv. forseti. Eins og ég sagði þá treysti ég mér ekki til að stöðva þetta mál. Ég geri mér grein fyrir því að þetta er neyðaróp stjórnarinnar vegna þess að þeir yngri eru að tapa fyrir þeim eldri vegna þess að sjóðurinn er vafinn í fjötra laganna. Hann þarf meira frelsi til að mæta þeim vanda sem hann býr við og að vera í svipaðri stöðu stjórnað eftir reglugerð eins og margir aðrir sjóðir.

[16:11]

Svavar Gestsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég er algerlega sammála hv. 5. þm. Suðurl. um það að í lífeyrissjóðsmálunum er tíma-

sprengja íslenskra efnahagsmála ef maður lítur svona 10 til 20 ár fram í tímann. Það er augljóst mál. Ég tel hins vegar að frv. hans um eftirlaunasjóði leysi ekki þennan vanda. Og ég teldi miklu skynsamlegra að það yrði reynt að skapa sem víðtækasta samstöðu um nýtt frv. að rammalöggjöf fyrir starfsemi allra lífeyrissjóða í landinu. Mér er kunnugt um að það frv. hefur lengi verið til í drögum í fjmrn. Og ég teldi að það væri þess vegna langskynsamlegast að hinkra aðeins með þetta sjómannafrv. þangað til þessi heildarendurskoðun lægi fyrir enda verði frv. um heildarendurskoðun á lífeyriskerfinu lagt fyrir í haust.

Það er alveg hárrétt hjá hv. þm. að það er til vansa að við sem hér sitjum og höfum setið um skeið skulum ekki hafa tekið á þessum lífeyrismálum. Menn þurfa að gera sér grein fyrir því að eins og sakir standa og horfur eru þá munu menn engan veginn standa undir þeim kröfum sem gerðar verða hér til lífeyris eftir nokkur ár ef svo heldur fram sem horfir, engan veginn, þannig að það er óhjákvæmilegt að sníða sér á þessu sviði stakk eftir vexti og það verður ekki gert nema með tiltölulega mjög sársaukafullum aðgerðum sem geta komið niður á hinum ólíklegustu stöðum en menn verða að búa sig undir vegna þess að núverandi fyrirkomulag er stórhættulegt. Það er tímasprengja hér í efnahagskerfinu og í velferðarkerfinu á Íslandi eins og lífeyrissjóðirnir eru að mínu mati.

[16:13]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegur forseti. Við erum að fjalla um frv. til laga um Lífeyrissjóð sjómanna sem er flutt að beiðni stjórnar þess sjóðs. Ég held einmitt að síðustu orð síðustu ræðumanna, þ.e. hv. þm. Guðna Ágústssonar og Svavars Gestssonar, hafi verið kjarni þessa máls. Lífeyrissjóðakerfið og lífeyrissjóðirnir eru tímasprengja. Það er alveg ljóst að það fé sem streymir inn í þá sjóði mun alls ekki duga til að mæta þörfum framtíðarinnar og ég tek mjög sterklega undir að það er lífsnauðsynlegt að við förum að snúa okkur að þessum málum og við þurfum að átta okkur á því hvernig við þeim verði brugðist.

En þegar litið er á þetta mál sérstaklega þá háttar þannig til eins og ég nefndi hér áðan að um Lífeyrissjóð sjómanna gilda sérstök lög og eins og menn vita hér á hinu háa Alþingi þá gildir það einnig um einstaka aðra sjóði, örfáa sjóði eins og Lífeyrissjóð opinberra starfsmanna, alþingismanna og ráðherra. Til þess að bregðast við þeim vanda sem þessi sjóður stendur frammi fyrir þá verður einfaldlega að breyta lögunum. Það sem hér er að gerast er það að settur er lagaramma utan um Lífeyrissjóð sjómanna en sjóðurinn fær síðan sjálfdæmi um að haga sínum innri málum.

Það hefur komið fram að það stendur til að gera breytingar á reglum sjóðsins sem munu fela í sér skerðingu fyrir ákveðinn hóp og það er bara staðreynd málsins að eins og sjóðurinn er staddur þá verður ekki hjá því komist. Það verður ekki hjá því komist. Ég veit ekki hvort mönnum er kunnugt um það að Samband almennra lífeyrissjóða eða þeir sjóðir sem þar eru hafa breytt sínum reglum. Þetta kom fram á fundi sem efh.- og viðskn. átti með stjórn og framkvæmdastjórum Sambands almennra lífeyrissjóða. Þar kom fram að þeir hafa þegar gripið til þess ráðs að breyta reglum og að skerða kjör sinna félagsmanna vegna þess að þetta er tifandi tímasprengja. Þegar menn eru að býsnast yfir því að stjórn þessa sjóðs ætli að gera á honum breytingar þá hljótum við auðvitað að spyrja: Hver á að borga? Ef reglunum verður ekki breytt og sjóðurinn heldur sig við sínar skuldbindingar, hver á þá að borga, hvaðan á að taka þá peninga? Hvers vegna ætti ríkissjóður að beina fjármagni inn í þennan sjóð en ekki til annarra?

Ég get tekið undir það að störf sjómanna eru mikilvæg en ég er ekki tilbúin að fallast á það að sjómenn séu mikilvægasta stétt í heimi. Það eru aðrir í þessu þjóðfélagi sem vinna afar mikilvæg störf og mér verður t.d. hugsað til þeirra sem annast uppeldi barna og umönnun sjúkra. Það er ekki hægt að tala svona að einhver ákveðin stétt, þó hún sé mikilvæg og þó hún sé sá hópur sem aflar okkur gjaldeyris, að hún sé mikilvægari og nánast heilagri en allar aðrar stéttir. Svona er ekki hægt að tala. Það sem við þurfum að gera er að tryggja öllum almennan lífeyri og sjá til þess að fólk geti lifað góðu lífi í ellinni. En það er auðvitað fyrst og fremst málefni sjóðsins sjálfs hvernig hann hagar sínum málum og þeirra sem að honum standa.

En þar kem ég nú kannski fyrst og fremst að því atriði sem ég vil gera athugasemd við varðandi þetta mál og okkur tókst því miður ekki að finna lausn á en það er varðandi skipan stjórnar sjóðsins. Vélstjórafélag Íslands hefur margoft haft samband bæði við nefndina og einstaka nefndarmenn og þeir eru mjög ósáttir við það að úr því að verið er að gera þessar lagabreytingar þá skuli þeir ekki fá aðild að stjórn sjóðsins. Þetta er stórt félag og málið snertir þeirra félagsmenn og í rauninni harma ég það mjög að það skyldi ekki takast að finna lausn á málinu. En ef það hefði átt að gerast þá hefði einfaldlega þurft að fresta þessu máli vegna þess að það hefði þurft að ræða ítarlega við þá aðila sem eiga aðild að stjórn sjóðsins, hvort um það hefði verið að ræða að stækka stjórnina eða einhver hefði vikið fyrir Vélstjórafélaginu.

Menn hafa efast um að það hafi verið rætt við aðila. Það var auðvitað rætt við þá aðila sem eiga hér aðild að og okkur barst bréf í gær sem kannski hefur verið dregið inn í þessa umræðu. Bréf dagsett í gær, þar sem ítrekuð er af hálfu Farmanna- og fiskimannasambandsins og Sjómannasambands Íslands ósk um að þetta frv. verði samþykkt. Mín skoðun er sú, virðulegi forseti, að það sé ekki löggjafans að hafa vit fyrir þessum sjóði þótt okkur sé ljóst að þar eru vandamál á ferð. Ef í ljós kemur að einhver hópur verður illa úti og það illa að löggjafanum þyki ástæða til að taka sérstaklega á hans málum þá er auðvitað hægt að tengja þann vanda við Tryggingastofnun og taka upp sérstaka reglu sem snertir sjómenn sem eru á aldrinum 60–65 ára. Menn verða einfaldlega að athuga það mál ef svo reynist. En fyrst og fremst hlýtur það að vera verkefni stjórnar sjóðsins að skipa málum eins og þeir telja best. Þessi stóru sjómannasambönd eiga aðild að sjóðnum og

þeir hljóta að gæta hagsmuna sinna félagsmanna. Þannig að ég treysti mér til að standa að þessu máli, virðulegur forseti, en ég harma það að við skyldum ekki hafa tíma til að ganga betur frá skipan stjórnarinnar og ég hefði stutt það dyggilega að Vélstjórafélagið fengi aðild að stjórninni og við hljótum að athuga það mál á næsta þingi.

[16:20]

Stefán Guðmundsson:

Virðulegur forseti. Það líður nú að lokum þessa þings og því skal ég stytta mál mitt (**Gripið fram í:** Hver segir það?) Ja, mér sýnist það a.m.k. ef ég lít hér yfir þá stóla sem notaðir eru hér að þá sé nú æði skammt eftir, hv. þm. En hér hefði vissulega verið ástæða til að eiga orðastað við hv. 5. þm. Norðurl. v., sem hefur talað hér fyrir efh.- og viðskn. sem hefur verið með þetta mál. En ég hef ástæðu til að spyrjast fyrir því hér er tillaga um að fella niður eða skerða 60 ára markið til eftirlauna sjómanna. Það er kjarni málsins. En ef ég man rétt og hef heyrt rétt í þessum umræðum sem hér fóru fram fyrir nokkrum dögum síðan þá var það svo, ég held það hafi verið haustið 1981 við gerð kjarasamninga, að það varð samkomulag um að breyta skyldi tvennum lögum við gerð þessara samninga. Annars vegar um að sjómenn fengju ellilífeyri samkvæmt þeim við 60 ára aldurinn og hins vegar um lífeyrissjóð að menn fengju lífeyri úr þessum sjóði við 60 ára aldur. Það kom skýrt fram í umræðum þá, hv. þm. Vilhjálmur Egilsson, þegar frá þessu máli var gengið var það alveg ljóst, var sagt hér úr þessum ræðustól öllum þeim sem að því stóðu að hér væri um að ræða tilteknar skuldbindingar sem Lífeyrissjóður sjómanna og ríkissjóður væru að taka á sig. Þetta kom skýrt fram hjá hv. þm. sem þá talaði. Því finnst mér ástæða til að spyrja hv. þm.: Hefur ekki verið staðið við þetta atriði? Ef svo er ekki hvar eru þá brestirnir í þessu máli? Ég held að það muni einfalda þessa umræðu ef menn tala bara skýrt út í þessu máli og það liggi ljóst fyrir. Ég held líka að það væri skynsamlegra vegna þess hvernig fyrir þessu máli er komið að menn tækju sér rýmri tíma. Ég sé ekki þann voða sem fram undan er þó þetta mál væri látið liggja til haustsins og menn skoðuðu það og ræddu það við sjómenn hvernig mætti reyna að koma við einhverjum vörnum og vitrænni hugsun inn í þetta mál. En ég sem sé ætla ekki að lengja þessar umræður. Ég tel nauðsynlegt áður en lengra er haldið að það fáist svör við þessum spurningum: Ef hér voru gefin fyrirheit við gerð kjarasamninga árið 1981, hverjir eru það sem hafa brugðist í þessu máli? Það verður auðvitað að fást svar við því, hv. þm.

[16:24]

Vilhjálmur Egilsson *(andsvar)*:

Hæstv. forseti. Ég hygg að það geti verið hægt að segja sem svo að ýmist hafi allir brugðist eða enginn brugðist í þessu máli. Eins og hv. þm. gerði grein fyrir þá hygg ég að flestum hafi ljóst verið þegar þessi breyting var gerð að sjóðurinn ætti ekki fyrir þessum skuldbindingum. Síðan eru liðin 13 ár, hv. þm., og á þeim árum hafa setið margar ríkisstjórnir sem hafa ekki verið tilbúnar til að velta öllum þessum skuldbindingum yfir á ríkissjóð. Á þessum tíma hafa líka verið gerðir, hv. þm., nokkrir kjarasamningar milli sjómanna og útvegsmanna og í þeim hafa hvorki sjómannasamtökin né útvegsmenn staðið þannig að málum að iðgjöld til sjóðsins væru hækkuð til að hægt væri að standa undir þessum réttindum sem þarna var lofað. Þannig að ég hygg að það megi segja sem svo að þetta sé annaðhvort öllum að kenna eða engum. Staðan er einfaldlega þessi að réttindin eru meiri en eignir sjóðsins standa undir og framtíðarskuldbindingar eru slíkar að sjóðurinn getur ekki staðið undir þeim og það verður að taka á þessu máli. Samtök sjómanna og útvegsmanna vilja taka á málinu og þinginu er ekki stætt á öðru en að leyfa þeim að gera það.

[16:26]

Guðmundur Hallvarðsson:

Hæstv. forseti. Þótt vissulega sé tilefni til að halda hér langt mál um stöðu lífeyrissjóðanna almennt og um stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna og um forsögu þess máls hvernig til kom þessi 60 ára regla þá ætla ég að stytta mál mitt með tilliti til þess sem bent var réttilega á að það eru orðnir fáir í þingsalnum og komið að lokum þingstarfa.

Ég get þó ekki látið hjá líða að byrja á því að taka upp þráðinn þar sem hv. 14. þm. Reykv., Guðrún Helgadóttir, talaði hér af miklum fjálgleik um lífeyrissjóðinn og hneykslan sína á því hvernig að málum væri staðið, fortíð sjóðsins og hversu lítið hann greiddi almennt út og undraðist mjög hvernig menn voguðu sér að standa svo að málum Lífeyrissjóðs sjómanna með þeim smánargreiðslum sem inntar væru af hendi þar.

Hún minntist hins vegar ekki á það hafandi setið hér líklega í 14 ár að Lífeyrissjóður alþingismanna gefur miklu meiri rétt en almennt þekkist á vinnumarkaðnum og ekkert við því að segja annað en að þau lög hafa verið svo frá gengin og hafa verið lengi við lýði þannig. Fyrir hvert fjögurra ára tímabil alþingismanna þá vinna þeir sér inn rétt sem samsvarar sex árum opinberra starfsmanna. En hún sleppti því. Ekki trúi ég því að hv. þm. Guðrún Helgadóttir viti ekki meira en það um sín eigin lífeyrissjóðsmál. (**Gripið fram í:** Því trúi ég.) Nei, ég trúi því ekki. Menn voru að undrast að Lífeyrissjóður sjómanna skyldi hafa verið fluttur úr Tryggingastofnun ríkisins. Forsaga stöðu Lífeyrissjóðs sjómanna innan Tryggingastofnunar ríkisins er nokkuð löng. En í örstuttu máli þetta: Þegar sjómenn og útvegsmenn tóku sig saman og gerðu samning um stofnun lífeyrissjóðs þá voru nánast engar launahækkanir hjá sjómönnum eftir sjö vikna verkfall vegna stofnunar Lífeyrissjóðs sjómanna sem stofnaður var 1957. Vandinn hins vegar sem þá kom upp var sá hvar ætti nú að finna þessum króa þak yfir höfuðið og það tókust menn verulega á um, bæði útgerðarmenn og sjómenn. Sérstök nefnd var sett á laggirnar til að finna friðsamlega lausn og eina gráa svæðið sem menn fundu var innan veggja Tryggingastofnunar ríkisins. Og þar hefur um langan tíma Lífeyrissjóður sjómanna verið eins og hálfgert olnbogabarn. Þegar síðan tekin var sú ákvörðun með breytingu á lögum frá 1992 um að flytja

lífeyrissjóðinn annað þá kom eitt og annað í ljós sem betur hefði verið haldið á af stjórnendum sjóðsins sjálfs heldur en láta aðila innan Tryggingastofnunar ríkisins sjá um þá hluti. Ég er þá ekki að tala um innheimtumálin heldur um útgáfu örorkubóta og örorkuvottorða sem þegar grannt var skoðað voru alls ekki í lagi og var farið nokkuð frjálslega með.

Það er talað um hvað gangi forustumönnum sjómanna til með því að samþykkja að lögum verði breytt svo hægt sé að koma á reglugerð eins og allir aðrir sjóðir hafa gert? Þeim gengur það eitt til að vera ábyrgir verka sinna og ábyrgir gerða sinna vegna þess að það er eitt mál hér sem ekkert hefur verið komið inn á og það er sá alvarlegi þáttur sem snýr að Lífeyrissjóði sjómanna umfram alla aðra sjóði, það er örorkulífeyririnn, það er örorkan. Árið 1993 var greitt í örorkulífeyri 220 millj. kr. en í ellilífeyri 194 millj. kr. Þannig að menn sjá að hverju stefnir. Og af því að ég sé að hv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, er kominn í salinn þá held ég að ég megi til með að rifja upp nokkur atriði varðandi 60 ára regluna og tilurð hennar. Það vill nefnilega svo vel til eða illa að ég var þá einn af forsvarsmönnum forustumanna sjómanna í samningum þegar verið var að ræða um þessa 60 ára reglu. Hvers vegna kom hún til? Jú, vegna þess að 1979 var páv. ríkisstjórn að deila út félagsmálapökkum og enginn félagsmálapakki hafði þá komið til sjómanna. Haft var þá á orði við samninganefnd sjómanna hvort það væri ekki eðlilegt og rétt að þeir kæmu inn í þessa mynd og fengju félagsmálapakka. Jú, það var upplagt og lausnin var þessi: Það væri eðlilegt að í félagsmálapakka sjómanna kæmi m.a. þessi réttur að þeir mundu njóta lífeyris við 60 ára aldur eftir 25 starf á sjó. En ég átti líka orðastað við páv. hv. félmrh., ef ég man rétt, núv. 9. þm. Reykv., Svavar Gestsson, ásamt Ingólfi Ingólfssyni, þáverandi formanni Vélstjórafélags Íslands, um það hvernig ríkið ætlaði, vegna þessa félagsmálapakka sem talið var að við værum að fá, að mæta þessari auknu skuldbindingu lífeyrissjóðsins. Hvernig hygðist ríkið mæta þessari skuldbindingu vegna þess að okkur var það alveg ljóst að Lífeyrissjóður sjómanna stæði ekki undir þessum þunga sem á hann var lagður. Mér er það minnisstætt að þá fóru fram orðaskipti eitthvað á þann veg, og ég held ég fari með þau nærri orðrétt: Ráðherra, við viljum fá ávísun hjá þér vegna þess kostnaðarauka sem hlýst af þessari 60 ára reglu. Svar ráðherrans var: Ég læt ykkur ekki hafa óútfyllta ávísun vegna þessa kostnaðarauka lífeyrissjóðsins. Ég vil fyrst fá að sjá hver kostnaðurinn verður áður en ég fylli út ávísunina. (**SvG:** Ábyrgur ráðherra, greinilega.)

Þannig voru þessi mál. Hvergi var þetta hins vegar sett niður á blað, því miður, og hvergi er að finna neitt sem hendi er á festandi um það hvort ríkið sé ábyrgt gerða sinna þegar þessi félagsmálapakki var réttur sjómönnum, sem betur hefði líklega aldrei verið opnaður vegna þess að sjómenn hefðu getað samið við sig sjálfir um þetta atriði.

Það var líka athyglisvert að lesa ræðu hv. 9. þm. Reykv. þegar hann fer svo frjálslega með það að Lífeyrissjóður sjómanna sé rekinn með sérstökum hætti og, með leyfi forseta, (**Gripið fram í:** Ekki áttundi, var það?) (**Gripið fram í:** Var hann ekki heilbr.- og trmrh.?) (**SvG:** Hann er að hækka mig í tign.) þar segir hv. þm. Svavar Gestsson:

„Þegar frá þessu máli var gengið var það alveg ljóst öllum þeim sem að því stóðu að hér væri auðvitað um að ræða tilteknar skuldbindingar sem Lífeyrissjóður sjómanna og ríkissjóður var að taka á sig. Lífeyrissjóður sjómanna annars vegar vegna sjálfs síns og hins vegar ríkissjóður vegna almannatrygginganna og framkvæmd þeirra laga."

Það var bara hluti af málinu, hv. þm. (**SvG:** Það var staðið við það.) En þú hefðir betur komið inn á hinn hlutann þar sem talað var um líka að ríkissjóður ætlaði að standa straum af þeim kostnaðarauka sem hlytist vegna 60 ára reglunnar. (**SvG:** Ertu að segja að það hafi verið lofað fé úr ríkissjóði? Er þingmaðurinn að segja það?) Ég hef borið það sem ég hef sagt hér undir fyrrv. aðstoðarmann ráðherra, Arnmund Backman, og hann hefur staðfest það sem ég hef sagt að þessi orðaskipti fóru fram. (Gripið fram í.)

Varðandi það sem hér kemur síðan fram um fullyrðingar Svavars Gestssonar um það að Lífeyrissjóður sjómanna sé einn af fjárfrekustu lífeyrissjóðum hvað rekstur varðar þá rek ég það til föðurhúsanna aftur vegna þess að hér eru frá Seðlabanka Íslands upplýsingar um rekstur lífeyrissjóðanna. Þá kemur í ljós að Lífeyrissjóður sjómanna er þriðji lægsti sjóðurinn hvað rekstur varðar af líklega einum 25 sjóðum sem hér er um getið. (**SvG:** Hvenær?) Þetta er vegna reksturs 1992 og ég get lánað hv. þm. þessar tölur vegna þess að þegar menn ætla að blanda saman, eins og hér kom fram hjá hv. þm. Guðrúnu Helgadóttur áðan, rekstri og fasteignakaupum þá eru menn náttúrlega að bera saman tvo óskylda hluti.

En allt um það. Ég held að það sé sá hluti sjóðsins sem tryggingafræðingar hafa sagt okkur að sé það erfiðasta í málinu og rekstri lífeyrissjóðsins það er að hann byrjar að greiða lífeyri 10 árum fyrr en aðrir sjóðir og það er kannski það sem er mest íþyngjandi fyrir sjóðinn. Þess utan er Lífeyrissjóður sjómanna þannig til kominn að hann greiðir hæstu örorku miðað við lífeyri sem fyrirfinnst hjá öðrum sjóðum í landinu.

Þótt hér liggi fyrir frv. til breytinga á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna sem síðar mun verða gefin út reglugerð um varðandi þær skuldbindingar sem sjóðurinn mun taka á sig vegna sjóðfélaga þá er samkomulag um að reglugerðin muni ekki taka gildi fyrr en á haustdögum eða næsta vetur að fenginni yfirferð og umsögn sjómannasamtakanna, efh.- og viðskn. og fjmrn. þannig að ég mun beita mér fyrir því að sættir muni verða sem næstar öllum þeim sem um þetta mál munu fjalla og beita mér fyrir því að skerðingar verði ekki meiri en það sem menn geta sætt sig við og þá í harmoníu við það sem gerist hjá öðrum og hefur gerst hjá öðrum lífeyrissjóðum hér í landi.

[16:38]

Svavar Gestsson:

Hæstv. forseti. Hér hafa verið dregin fram mikil tíðindi og ég þakka hv. 16. þm. Reykv. fyrir að hafa gert það. Mér finnst það að vísu vonum seinna. Er þingmaðurinn ekki formaður Sjómannafélags Reykjavíkur enn þá? Er það ekki rétt hjá mér? (**GHall:** Jú, jú.) Þetta er vonum seinna að hann skuli bera það upp með þeim hætti sem hann gerði áðan að ríkið hafi gefið ákveðin fyrirheit um greiðslu í þennan sjóð. (**GHall:** Kannast þingmaðurinn ekkert við það?) Ég hef aldrei heyrt þetta áður frá hv. þm. Hvernig stendur á því að hann kom þessu ekki á framfæri fyrr? Af hverju gerði hann það ekki? Hvers lags málafylgja er það fyrir sjómannasamtökin í landinu að núna kortéri fyrir afgreiðslu málsins eins og til stóð þá skuli þingmaðurinn loksins anda því út úr sér að ríkið hafi gefið fyrirheit um fjármuni í þennan sjóð? Og hvers lags málafylgja er það líka af hv. þm. að ræða það ekki við þann sem hér stendur og þannig að reyna að efna til samstöðu um það að knýja á ríkissjóð í málinu? Það gerði þingmaðurinn ekki. Hann kaus að fara fram með alveg óvenjulega lítið merkilegum hætti. Ég verð að segja alveg eins og er að mér þykir afar leitt til þess að vita að forustumaður sjómannasamtakanna skuli koma fram með þessum hætti eins og hv. þm. gerði hér áðan. Það er alveg örugglega rétt hjá hv. þm. sem hann sagði hér áðan að hafi ég verið spurður að því, ekki sem félmrh. heldur sem heilbr.- og trmrh., hvort greitt yrði úr ríkissjóði í þetta verkefni þá hafi ég sagt: Ég gef ekki út opna ávísun á ríkissjóð. Það hef ég aldrei gert með þeim hætti sem hv. þm. lýsti hér áðan og mun aldrei gera. Og það er ólíkt því sem er með Sjálfstfl.

(**Forseti** (VS)**:** Forseti verður að ónáða hv. þm. vegna þess að forseti er að lesa yfir mælendaskrá og sýnist að hv. þm. sé að tala í fjórða sinn í þessari umræðu, 3. umr. (**Gripið fram í:** Það voru tvö andsvör.) Nei, umræðunni var frestað þannig að hann hafði talað tvisvar. Hann mælti fyrir nál., er það rétt?)

Nú er þetta nokkuð erfitt fyrir forseta, því forseti er búinn að sleppa þingmanninum í stólinn þannig að spurningin er: Hvað ætlar forseti að gera við þingmanninn?

(**Forseti** (VS)**:** Forseti getur ekki rekið hv. þm. úr stólnum, það er ljóst, og mun ekki gera það en biður hv. þm. ef hann vildi vera svo vinsamlegur að stytta frekar mál sitt vegna þessara mistaka hjá forseta.)

Já, hæstv. forseti, ég neyðist til að gera það vegna þess að svona stendur á. Ég hafði að vísu hugsað mér að fara allrækilega yfir þessi mál vegna þess að það hefur verið borið á mig með þeim hætti að hafa staðið að málum á tiltekinn hátt fyrir 10 eða 13 árum eða svo að mér finnst ég þurfa að bera af mér sakir. Ég segi alveg eins og er, hv. 16. þm. Reykv., mér finnst málið ekki heiðarlega flutt með þeim hætti sem hér er gert, mér finnst það óheiðarlegt. Ég hef að vísu heyrt það að ýmsir af forustumönnum Sjálfstfl. séu að láta sér þau orð um munn fara að það hafi í raun og veru verið ríkisstjórnin sem þarna hafi gefið fyrirheit og ekki hafi verið staðið við þau. Er hæstv. sjútvrh. þeirrar skoðunar að það fyrirheit hafi verið gefið til dæmis? (**Sjútvrh.:** Já.) Hæstv. sjútvrh. segir hér já. Hæstv. sjútvrh. játar því að ríkisstjórnin hafi gefið þessi fyrirheit á sínum tíma, hann lítur þannig á. Af hverju stendur hann ekki við þetta fyrirheit sem sjútvrh. í núv. ríkisstjórn? (**Sjútvrh.:** Af hverju stóð ekki ráðherrann við það sem ...) Hvað er hann að hugsa í dag? (Forseti hringir.) Hvernig stendur á því að hæstv. núv. sjútvrh. stendur ekki við þau fyrirheit sem hann gaf? (Gripið fram í.) (Forseti hringir.) Staðreyndin er sú, hæstv. sjútvrh., að heilbr.- og trmrh. hafði með þann hluta þessa máls að gera sem lýtur að almannatryggingalögunum og við það hefur verið staðið og verður staðið þrátt fyrir það sem hér er uppi. (**Sjútvrh.:** Var það Ragnar Arnalds sem ...?) Hins vegar er það ljóst að við neituðum því báðir, hæstv. sjútvrh., að gefa út opna ávísun á ríkissjóð og ég tel reyndar að þessi fyrirheit hafi ekki verið gefin með þeim hætti sem hv. 16. þm. Reykv. lýsti hér áðan. En að það skuli núna koma upp á síðustu stundu málsins að hæstv. sjútvrh. telji að málið liggi svona, það þýðir það auðvitað, hæstv. forseti, að ekki er hægt að ljúka málinu á þessu þingi. Það er ekki hægt vegna þess að þetta verður að fást algjörlega á hreint og þó að undirritaður sé búinn að tala sig dauðan þá eru örugglega hér til menn sem eru tilbúnir til þess að fara í umræður um þessi mál með þeim hætti sem kallað hefur verið á af forustumönnum Sjálfstfl. núna. Það er lítilmennska að mínu mati að hæstv. sjútvrh. skuli þá ekki hafa döngun til þess að fara í stólinn. — Er hann búinn að tala sig dauðan, hæstv. forseti? Af hverju fer hæstv. sjútvrh. ekki í stólinn og lýsir því yfir að hann muni beita sér fyrir því að tryggja fjármuni úr ríkissjóði með þeim hætti sem hann var að lýsa að fyrirheit hefðu verið gefin um? Af hverju gengur hann ekki í stólinn þegar tækifæri gefst? Hvað er hæstv. sjútvrh. að hugsa?

Ég bendi á að það hefur verið rætt um það við mig, m.a. af fulltrúa Alþb. í efh.- og viðskn., að það verði greitt fyrir afgreiðslu málsins á þessu þingi. En hvað gerist þá? Þá koma högg undir beltið af því tagi sem koma frá hæstv. sjútvrh. og hv. 16. þm. Reykv. á síðustu stundu. Þetta er ódrengilegt. Ef hv. þingmenn Sjálfstfl. kjósa að vinna með þessum hætti þá er það þeirra vandamál en ég vorkenni öðrum samflokksmönnum þeirra sem þurfa að búa við ódrengileg vinnubrögð af þessu tagi.

[16:44]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Ef síðasta ræðumanni gefst það og telur að það séu þingsköp Alþingis að tala um að hér standi menn í ræðustól og andi út úr sér þá get ég sagt að síðasti ræðumaður hafi óskrað eitt og annað út úr sér og biðst ekkert afsökunar á því. (**HG:** Hvernig gera menn það, að óskra út úr sér?) Það var athyglisvert að hlusta á síðsta ræðumann þegar hann gat þess, hann sagði: Ég tel að þessi fyrirheit hafi ekki verið gefin. Ég tel að þau hafi ekki verið gefin. (**SvG:** Með þeim hætti sem ...) Hann man betur sjálfur. Þetta er ekkert högg undir beltisstað, hv. þm. Svavar Gestsson, þetta er ekkert högg þar undir. Þú veist það að margsinnis var rætt

við þig sem ráðherra og margsinnis eftir að þið ágætu alþýðubandalagsmenn komuð í ríkisstjórn og margar ríkisstjórnir, allra flokka sem hafa setið í ríkisstjórn, hafa sjómannasamtökin og ég verið þar fremstir í flokki að leita leiðréttinga á þessum væntanlegum loforðum sem mátti skilja en ekki var staðið við. (**SvG:** Talaðu við Þorstein.) Ég tel að þessi fyrirheit hafi ekki verið gefin. Það segir allt. Sjómenn bjuggust við miklu meira frá þér, hv. þm. Svavar Gestsson.

(**Forseti** (VS)**:** Ekki ávarpa einstaka þingmenn.)

Því miður var ekki staðið við þau fyrirheit sem menn reiknuðu með vegna þess að þetta hétu þá félagsmálapakkar.

[16:46]

Svavar Gestsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Það er alveg hugsanlegt að hægt sé að setja málin upp með þeim hætti sem hv. 16. þm. Reykv. gerði en þá legg ég til að umræðunni verði frestað og í nafni sjómanna, hagsmuna sjómanna og Lífeyrissjóðs sjómanna, verði umræðunni frestað og hafnar viðræður þegar í stað við hæstv. fjmrh. um að tryggja þá fjármuni sem nauðsynlegir eru í þessu skyni. Ég er reiðubúinn til þess að styðja hv. þm. í þeim efnum ef hann vill taka hagsmuni sjómanna fram yfir hagsmuni Sjálfstfl. Vill hv. þm. taka hagsmuni sjómanna fram yfir hagsmuni Sjálfstfl.? Það er spurningin sem ég ber fram. Er þingmaðurinn tilbúinn að beita sér fyrir því að umræðunni verði frestað og þessir fjármunir sóttir í fang hæstv. fjmrh.? Eða hvað?

[16:47]

Guðmundur Hallvarðsson *(andsvar)***:**

Hæstv. forseti. Ég tók síðustu orð hv. þm. Svavars Gestssonar þannig að þetta mál hafi verið á herðum Ragnars Arnalds, þáv. hæstv. fjmrh., en það kom aldrei í ljós, við vissum það ekki. Ég tel að þetta mál sé komið fram með þeim hætti hvað varðar breytingu á lögum Lífeyrissjóðs sjómanna að það sé eðlilegt að halda áfram með það þannig að reglugerðin verði unnin með þeim hætti sem ég gat um áðan með fulltrúum stéttarfélaga sjómanna og með stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna. Ég tel eðlilegt að hér verði ekki látið staðar numið heldur lögin afgreidd frá hinu háa Alþingi.

[16:48]

Svavar Gestsson *(andsvar)***:**

Virðulegi forseti. Hér hafa mikil tíðindi gerst. Formaður Sjómannafélags Reykjavíkur hefur neitað að reyna að efna til samstöðu um það að tryggja hagsmuni sjómanna. Hann kýs á þessu augnabliki að taka hagsmuni Sjálfstfl. fram yfir hagsmuni sjómanna og sjómannasamtakanna og Lífeyrissjóðs sjómanna. Það eru auðvitað mikil undur, verð ég að segja. Ég tel að það sé nauðsynlegt fyrir sjómenn í landinu að gera sér grein fyrir því hvað hér er á ferðinni. Hér er maður sem í öðru orðinu telur sig vera talsmann sjómanna. Það harðar flokksmaður að þegar honum býðst liðsinni til að sækja hagsmuni sjómannasamtakanna í landinu og sjómannastéttarinnar þá neitar hann samstöðunni um það mál. Það er mjög alvarlegur hlutur, hæstv. forseti.

Hæstv. forseti. Ég hvet síðan til þess í framhaldi af þessum orðaskiptum að meðferð þessa máls verði frestað á þessu þingi þannig að hægt verði að leiðrétta mistök hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar í sumar þannig að það verði hægt að búa þetta mál með eðlilegum hætti í hendur Alþingis. Ég er tilbúinn til þess að hjálpa til við það.

[16:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég óska eftir að hæstv. sjútvrh. verði kallaður til umræðunnar, hann tók þátt í henni með býsna beinum hætti með frammíköllum og merkjasendingum í þingsalnum áðan. Er ekki hægt að verða við því að fá hæstv. sjútvrh. hingað? — Hv. þm. Árni Johnsen er eitthvað óvenju ruglaður í ríminu ef hann heldur að hann sé sjútvrh. Það er nú sem betur fer ekki svo illa komið fyrir íslenskum sjávarútvegi. — Má ég ekki bara gera hlé á ræðu minni, hæstv. forseti?

(**Forseti** (VS)**:** Forseti óskar eftir að hv. þm. bíði andartak. Hæstv. sjútvrh. hlýtur að vera hér alveg á næstu grösum.)

Það dugar bara ekki.

(**Forseti** (VS)**:** Hæstv. sjútvrh. mun vera alveg á næstu grösum. Hv. þm. verður að doka andartak.)

Hæstv. forseti. Mér leiðist nú frekar biðin, er ekki hægt að fresta þessari umræðu og taka eitthvað annað fyrir á meðan? Ég vil ekki tefja fyrir því að önnur mál komist hér að á meðan hæstv. sjútvrh. er dreginn hingað. — Hæstv. forseti, ég held að þetta sé nú illa farið með tímann.

(**Forseti** (VS)**:** Hæstv. sjútvrh. er kominn í hliðarsal.)

Já, hæstv. sjútvrh. heldur uppteknum hætti að hafa sig ekki inn í þingsalinn. Ég held að það verði að slá saman í sjóð og standa einhvern veginn straum af kostnaði til þess að senda hæstv. ráðherra í meðferð gagnvart þessari miklu fælni sem hæstv. ráðherra er haldinn, að taka með eðlilegum hætti þátt í þingstörfum. Það kann að vera að þeir séu orðnir óþægilegir ráðherrastólarnir í þessari hæstv. ríkisstjórn, og hafa sennilega alltaf verið það fyrir suma ónefnda hæstv. ráðherra, sem hafa átt erfitt með það að vera undir ýmsa aðra settir, eins og kunnugt er. En það er sérlega áberandi og pínlegt hvað hæstv. sjútvrh. þolir illa við í sínu sæti í þingsalnum.

Staðreyndin er sú að hér gerðust mjög óvæntir og satt best að segja alveg fáheyrðir hlutir undir lok þessarar umræðu, eða það héldum við að væri, sem ég held að sé algjörlega óhjákvæmilegt að taka hér upp með nýjum hætti. Það gerist hér að hv. 16. þm. Reykv., Guðmundur Hallvarðsson, kemur undir lokin á umræðunni með þau brigsl, með þann áburð á þá sem gegndu ráðherrastörfum í ríkisstjórn á þeim tíma þegar tilteknar breytingar voru gerðar á lögunum um Lífeyrissjóð sjómanna, að sökum vanefnda þeirra, svika á gefnum loforðum, um að ríkissjóður stæði straum af þeim útgjöldum sem leiddu af auknum réttindum sjómanna, m.a. til töku lífeyris við 60 ára aldur, væri þessum málum komið eins og komið er. Og hæstv. sjútvrh. bætti um betur og kom í hliðarsal, í dyr og

með frammíköllum og merkjasendingum lét það álit sitt í ljós að þetta væri rétt, að m.a. hv. þm. Svavar Gestsson, þáv. hæstv. heilbr.- og trmrh., væri vanefndamaður af þeim fyrirheitum sem gefin hefðu verið á sínum tíma um það að bæta Lífeyrissjóði sjómanna þau útgjöld sem hann yrði fyrir vegna þessara auknu réttinda.

Hvað er hér á ferðinni? Hér er það á ferðinni að til afgreiðslu er viðkvæmt og vandasamt frv., sem allir vita að er enginn gleðiboðskapur neinum manni, eða vonandi er það ekki svo, þar sem verið er m.a. að breyta lagaákvæðum þannig að úr lögum hverfi þau ákvæði sem tryggt hafa sjómönnum réttindi umfram aðra eftirlaunaþega, m.a. það að hefja töku lífeyris við 60 ára aldur eftir 25 ár á sjó, og þetta vald sé fært yfir í reglugerð í höndum stjórnar sjóðsins, sett með tilteknum hætti.

Ég er nú í hópi þeirra þingmanna, hæstv. forseti, sem hafði á því skilning að stjórnendum Lífeyrissjóðs sjómanna þætti bera brýna nauðsyn til að reyna að taka á málum sjóðsins og ná þar endum saman og þess vegna vildu þeir m.a. fá í hendur heimildir til að takmarka þessi réttindi. En ég átti ekki von á því að stuðningur minn m.a. við það, með fyrirvara þó og skilyrðum, að þetta mál yrði afgreitt hér, yrði m.a. metinn með þeim hætti sem hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson og hæstv. sjútvrh. Þorsteinn Pálsson eru hér bersýnilega að gera. Að kenna mönnum um þann vanda sem orðinn er í Lífeyrissjóði sjómanna og væntanlega er þá fundin skýringin sem hv. þingmenn Sjálfstfl., hæstv. sjútvrh., hinn hláturmildi í hliðarherbergjum, ætla að koma með gagnvart þeim sjómönnum m.a. sem stendur til að skerða stórkostlega lífeyrisréttindin gagnvart. Þetta er Alþb. að kenna. Þetta er ráðherrum Alþb. á sínum tíma, þeim hv. þingmönnum Svavari Gestssyni og Ragnari Arnalds, að kenna. Þeir sviku gefin loforð um að bæta Lífeyrissjóði sjómanna þessi útgjöld.

Nú liggur það auðvitað þannig að hefði ríkisstjórn gefið með einhverjum skuldbindandi hætti loforð um það að bæta Lífeyrissjóði sjómanna útgjöld af þessum sökum þá er það ekki þannig að það sé bundið við einhverja einstaka ráðherra sem sitja í augnablikinu á ráðherrastólum. Hæstv. sjútvrh. hefur sennilega ekki heyrt um það að það er þannig með gildar embættisákvarðanir ráðherra að þær binda embættið sem slíkt og það verður þar með embættisskylda þeirra sem á eftir koma að framkvæma réttmætar og gildar ákvarðanir forvera sinna. Þannig að væri þetta tilfellið þá liggur málið þannig að það hefði verið embættisskylda allra þeirra ráðherra í embætti fjármálaráðherra og/eða tryggingaráðherra sem síðan hafa setið að uppfylla þessi fyrirheit. En hvar eru þessi fyrirheit annars staðar en í ómerkilegum tilraunum þingmanna Sjálfstfl. hér til þess að hengja vanda þessa máls á pólitíska andstæðinga sína? Hvar eru þau, hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, hvar eru gögnin? Hvar eru skjölin? Hvers vegna er það sem forráðamenn Lífeyrissjóðs sjómanna óska nú eftir því að flutt sé frv. um þessa skerðingu? Það er vegna þess að það hafa aldrei verið dregin fram í dagsljósið nein gögn sem sýndu það að með skuldbindandi hætti hefðu verið gefin fyrirheit um það að Lífeyrissjóði sjómanna væru bættir þessir fjármunir. Og láta menn sér detta það í hug að frá slíku hefði verið gengið með einhverjum munnlegum hætti úti undir vegg, undir fjögur augu eða hvað? Hverjum heilvita manni dettur það í hug að fjmrh. mundi undir nokkrum kringumstæðum, nokkurn tímann, ganga þannig frá hlutunum? Auðvitað ekki.

Hér kom það fram að við það sem snýr að tryggingahlið málsins hefur verið staðið og því er ekki á móti mælt, þannig að eftir hanga í lausu lofti þær fullyrðingar hv. þingmanna Sjálfstfl. um að þarna hafi verið gefin væntanlega þá einhver munnleg loforð sem svo hafa verið svikin. Og það verður að segjast alveg eins og er að það er náttúrlega óvenjuómerkilegur og lélegur málflutningur að fá þetta upp undir lokin á umræðunni með þeim hætti sem raun ber vitni. Það verður að vísu að segjast, hæstv. forseti, í fullri alvöru af þeim sem hér talar, að hér eiga að vísu í hlut þeir tveir hv. þm. Sjálfstfl. sem mér kemur einna minnst á óvart að standi fyrir ómerkilegheitum í málflutningi af þessu tagi og þar á ég við hv. þm. Guðmund Hallvarðsson og hæstv. sjútvrh. Þorstein Pálsson. Að mörgu leyti er það því miður þannig að þessi hv. þm. og hæstv. ráðherra leggjast á köflum óvenjulega lágt í ómerkilegum málflutningi sínum, eins og ég tel þetta atvik sýna og sanna. Þetta er að mínu mati óvenjulega léleg framkoma í garð annarra þingmanna og þeirra sem hafa átt aðild að afgreiðslu þessa máls eða meðferð þess hér á þinginu, óvenjulega léleg.

Ég margóskaði eftir því í efh.- og viðskn. þegar þetta mál kom þangað öðru sinni til umfjöllunar að það yrði upplýst hvort eitthvað lægi fyrir í málinu um það að ríkisvaldið eða stjórnvöld væru með einhverjum hætti skuldbundin eða samningsbundin til að bæta Lífeyrissjóði sjómanna þessi útgjöld. Og hvaða svar fékk ég? Ég fékk það svar að það væri þýðingarlaust, gagnslaust, að reyna frekar í því máli. Það hefði aldrei borið neinn árangur og það hefði aldrei verið hægt að sýna fram á það með neinum sannanlegum hætti að nokkuð lægi fyrir um það að ríkisvaldinu bæri að bæta þennan halla. Það voru svörin sem ég fékk. Var verið að ljúga að efh.- og viðskn.? Fékk hún ekki allar upplýsingar um málið? Sé svo, og geti þeir hér sannað mál sitt, hæstv. sjútvrh. og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson, þá skora ég á þá að gera það og vera þá menn að meiri, en fara ekki hér með dylgjur af þessu tagi annaðhvort úr þessum ræðustóli eða á göngunum hringinn í kringum salinn, eins og hæstv. sjútvrh. hefur verið að gera í dag. Það er svo afspyrnuómerkilegt að jafnvel hæstv. sjútvrh. lækkar í loftinu við það að ganga þannig fram í þessu máli.

Ég skora á hæstv. sjútvrh. að koma hér og standa við það, ef hann getur það, að það sé hans skoðun að það hafi verið gefin bindandi loforð um það á sínum tíma að Lífeyrissjóði sjómanna yrði bættur hallinn af því að flýta t.d. eftirlaunatökurétti sjómanna. Ef svo er og ef hæstv. sjútvrh. eða hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur eitthvað fyrir sér í þessu máli þá er

auðvitað sjálfgefið, hæstv. forseti, að fresta afgreiðslu þessa máls. Sjálfgefið vegna þess að þá er það rekið á röngum forsendum og þá er sú ótrúlega staða uppi að sjálf stjórn Lífeyrissjóðs sjómanna er að afsala Lífeyrissjóði sjómanna þessari leiðréttingu, þessum fjármunum frá ríkinu. Því hvað væri að gerast ef þetta mál, undir þeim formerkjum sem það er hér rekið, nær fram að ganga núna? Þá geta menn í öllu falli gleymt því að það þýði að koma eftir það til ríkisvaldsins og biðja um lagfæringu á fjárhagsstöðu sjóðsins á grundvelli einhverra fyrr gefinna loforða. Auðvitað á þá að fresta afgreiðslu málsins og það mun væntanlega ekki standa á þeim sem bera hagsmuni þessa sjóðs fyrir brjósti að ganga þá í lið með sjómönnum og sækja þessi réttindi sem á nú að fara að skerða. En að ætla sér að koma málinu í gegnum þingið með þessum hætti. Annars vegar að þrýsta á um að fá það afgreitt eins og hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson hefur hér gert, gengið á milli manna og óskað eftir því að fá málið afgreitt, m.a. leitað til þess sem hér talar og beðið um stuðning við það, að ég ræddi við mín flokkssystkin sem hafa haft efasemdir um málið og greiddi fyrir því að það næði fram að ganga. En á hinn bóginn segja, það er hins vegar þannig að þeir lofuðu því á sínum tíma, Svavar og Ragnar, hv. þingmenn, að ríkið ætti að bæta sjóðnum þetta upp og þeir eru auðvitað svikarar. Þetta gengur ekki upp, svona málflutningur gengur ekki upp því þetta er í fyrsta lagi þversögn og mótsögn. Ef hv. þm. og hæstv. sjútvrh. meina það sem þeir eru að segja þá verða þeir auðvitað að koma hér og gera hreint fyrir sínum dyrum. Eru þeir eru þá tilbúnir til að leggja til frestun á málinu og safna liði í því að það verði staðið við þessi svokölluðu loforð sem þeir eru að vitna til? Og hvar eru þau? Koma með þau. Ég geri því ekki skóna að mennirnir fari bara með tómt fleipur, ekki fullyrða menn þetta út í loftið. Eitthvað hljóta menn að hafa fyrir sér þegar þeir bera svona lagað upp á menn eins og hér var gert. Það er alveg á hreinu.

Hæstv. forseti. Ég óska því eindregið eftir því að umræðunni ljúki ekki við þessar aðstæður. Ég skora reyndar á hæstv. sjútvrh., en það er auðvitað neðan við allar hellur að hann skuli ekki geta haldist við hérna inni í þingsalnum þegar reynt að eiga orðaskipti við hann. Það var tekin dálítil lota á þeirri lítilsvirðingu sem hæstv. sjútvrh. sýndi í raun og veru umræðum um sjávarútvegsmál í gær, þegar hér voru til umræðu stórmál á hans málefnasviði. Hæstv. ráðherra bar það ekki við að sitja inni í þingsalnum. Hann bar það ekki við að svara spurningum sem fyrir hann voru lagðar í þessu efni og hneykslaði auðvitað þá sem voru í þingsalnum við þetta tækifæri með framkomu sinni, leyfi ég mér að fullyrða, því það hafa fleiri en einn og fleiri en tveir rætt það við mig eftir þá frammistöðu hæstv. sjútvrh. í gærkvöldi. Nú er það sama upp á teningnum.

Það er auðvitað ekkert hægt að ráðleggja hæstv. sjútvrh. annað en að gera það sem bersýnilega væri honum fyrir bestu og það er að segja af sér í hvelli því hæstv. ráðherra er greinilega gjörsamlega uppgefinn á því að gegna sínu embætti. Auðvitað er hann búinn að brotlenda með sinn málaflokk líklega harkalegar heldur en nokkur einstakur fagráðherra hefur gert í langan tíma, a.m.k. ráðherra sjávarútvegsmála, og það er skiljanlegt að hæstv. sjútvrh. sé svona heldur álkulegur á fluginu, hæstv. forseti, ef svo má að orði komast, sem sjútvrh. En það breytir ekki því að á meðan hæstv. sjútvrh. teppir stólinn þá verður hann að bera sig að sem slíkur þó hinn kosturinn sé auðvitað fyrir hendi og nærtækastur fyrir hann, að rýma hann, eins og þetta ber allt saman að.

Hæstv. forseti. Ég ætla svo sem ekki að hafa um þetta fleiri orð. Ég var í þeim hópi sem ætlaði að standa að því, þó ég hefði vissulega um það efasemdir, að þetta mál yrði afgreitt nú hér á þinginu, þó það sé á margan hátt ekki í góðum búningi til þess, m.a. vegna þess að það hefur komið í ljós að málið er ekki nógu vel unnið. Það er ekki nógu vel unnið gagnvart baklandi sjómanna, það er ekki í sjónmáli samstaða um stjórn þessa lífeyrissjóðs og þar með um það hvernig staðið verði að setningu þeirrar reglugerðar sem hann á að starfa eftir og það er greinilegt að af þessum sökum einum væri að mörgu leyti æskilegast að fresta afgreiðslu málsins og vinna það betur. Þetta tel ég að menn hafi viðurkennt m.a. með því að fallast á að flytja þá brtt. sem hér er til umræðu við þessa 3. umr., að það verði ekki af þessum breytingum fyrr en efh.- og viðskn. þingsins hefur fengið til umsagnar þá reglugerð sem sjóðurinn á að starfa eftir í kjölfar breyttra laga. Ég lít svo á að með því séu menn í raun og veru að viðurkenna það að nokkru leyti að hér sé verið að taka mjög afdrifaríkt spor. Lífeyrisréttindi sjómanna hafa verið bundin í lögum í miklu ríkari mæli heldur en aðrar stéttir hafa átt við að búa og í raun og veru er það svo með flesta almenna lífeyrissjóði að þeir starfa eingöngu á grundvelli reglugerða en ekki laga. Það kemur til af því að um þessi réttindamál sjómanna hafa á Íslandi um áratugi og aldir gilt sérstakar reglur og það er ekkert nýtt og ætti ekki að vera neitt nýtt fyrir mönnum að t.d. um skattamál og lífeyrismál sjómanna væri búið með sérstökum hætti og þess vegna hér í lögum á Alþingi. Þannig að auðvitað eru það tímamót í sjálfu sér ef lögin verða nánast felld niður eða gerð að einfaldri rammalöggjöf og útfærsla þeirra að öllu leyti sett yfir í reglugerð.

Hæstv. forseti. Þetta hefði svo sem verið alveg nægjanlegt af minni hálfu til þess að ég hefði talið það ekki síður skynsamlegt að fresta afgreiðslu málsins, þó fyrir því séu vissulega líka rök að núverandi ástand sé erfitt og óþægilegt fyrir stjórnendur sjóðsins. Það skiljum við líka sem höfum skoðað stöðu hans. En þetta sem hér hefur bæst við í umræðuna kallar á alveg nýja upptekt á málinu, nema það skýrist þá í umræðum og svörum hæstv. sjútvrh. eða hv. þm. Guðmundar Hallvarðssonar, sem reyndar er nú flúinn, hvernig þetta mál er vaxið (**GHall:** ...hv. þm., ég hlustaði á orð þín.) og þeir reiði þá fram þau gögn eða komi með þær sannanir fyrir sínu máli sem dugi okkar í þessum efnum. Ég óska þess vegna eindregið eftir því að hæstv. sjútvrh. fyrstur manna ríði hér á vaðið og geri grein fyrir sjónarmiðum sínum í þessu máli þannig að við meg-

um hlusta á þau og meta það svo eftir að hafa heyrt mál hæstv. ráðherra hvaða forsendur eru fyrir frekari umræðum eða áframhaldi þessa máls.

[17:12]

Jóhann Ársælsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Það hefur nú komið í ljós við umræðu þessa máls að það er full ástæða til þess að skoða það betur. Það er liðið nokkuð á daginn og það hefur a.m.k. verið ljóst fyrir mér eftir fund með formönnum þingflokka í morgun að stefnt væri að því að ljúka þingstörfum í dag, en það yrði að gerast fyrir miðnætti, ef það ætti að takast, vegna þess að hæstv. forseti þingsins hefur ákveðið að ekki verði frestað fundum þings nema það takist að gera það fyrir miðnætti.

Það eru ýmis mál eftir á dagskrá þingsins í dag sem þurfa umræðu og ekki er hægt að skilja við með einhverjum stuttum umræðum. Það er búið að boða töluverða umræðu t.d. um frumvarpið um villidýrin sem menn hafa talað mikið um áður. Mér finnst að það sé full ástæða og fullur rökstuðningur fyrir því að taka þetta mál af dagskránni og menn geta þá kannski rætt um það hvort einhver samkomulagsflötur er á því að taka það inn á dagskrá aftur í dag ef menn finna einhverja leið til að ná sátt í málinu. Það er alveg greinilegt að hér mun halda áfram umræðu um nokkra stund um þetta mál að óbreyttu. Og það er auðvitað krafa hv. þingmanna að hæstv. sjútvrh., sem hefur látið koma fram sínar skoðanir á þessu máli með samtölum við hv. þingmenn í hliðarsölum og annars staðar, geri grein fyrir sínum skoðunum í ræðustól í þinginu þannig að menn viti nákvæmlega hvað hann er að fara.

Ég held að þetta ætti ekki að vera mjög erfitt, að ná samkomulagi um gang málsins. Það verður síðan að reyna á það hvort sá meiri hluti sem ber fram þessa tillögu vill taka sér þann tíma sem þarf þá til þess að ræða þetta mál. En ég legg áherslu á það, hæstv. forseti, að menn fresti þessari umræðu um stund á meðan málið verður kannað nánar.

[17:14]

Vilhjálmur Egilsson *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég hvet menn eindregið til þess að ljúka umræðu um þetta mál. Við vitum að þetta er afar viðkvæmt mál og þegar málið var afgreitt á sínum tíma, fyrir þrettán árum, þá höfðu þeir sem nálægt því komu sjálfsagt misjafnar væntingar og ekkert um það að segja. Það er kannski líka dæmi um það hvað þetta mál er viðkvæmt hvað það hefur dregist lengi að taka á málinu. En mín skoðun er sú, hæstv. forseti, að ef menn ætla sér að leita að einhverjum sökudólgum í þessu máli þá skipti svo sem ekki máli hvað menn taka sér langan tíma í það vegna þess að ég hygg að sú leit geti orðið endalaus. Málið snýst einfaldlega um það að málefni sjóðsins eru í ólestri hverju sem um er að kenna og það er þess vegna afar brýnt sé litið til framtíðar sjóðsins og framtíðarhagsmuna þeirra sem eiga að fá úr honum réttindi að á þessu máli sé tekið og sem fyrst. Ég hygg að það sé best að klára málið þannig að framtíðin sé í lagi og svo geta menn eytt öllum þeim tíma sem þeir vilja til þess að grafa upp hver gerði hvað og hver gerði ekki hvað í fortíðinni.

[17:16]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég undrast það nokkuð að hv. síðasti ræðumaður, hv. 5. þm. Norðurl. v., skuli ekki taka undir þá málefnalegu tillögu af hálfu hv. þm. Jóhanns Ársælssonar að gera hlé á þessari umræðu. Ég tók ekki hugmynd hans svo að það væri verið að leggja til að málið yrði tekið út heldur að það yrði gert hlé á umræðunni og menn áttuðu sig á málinu, hvort ekki væri flötur á því að finna samkomulag í því og það tel ég langeðlilegast. Þessi umræða hófst um klukkan hálffjögur í dag og þá hafði ég gert ráð fyrir því að 7. dagskrármálið, held ég að það sé, kæmi til umræðu þannig að ég gæti lokið minni ræðu í því máli. Ég held að ef menn eru að hugsa um að nýta tíma þingsins þá gerðu menn ekkert betur heldur en að bera sig saman um þetta efni og þá sérstaklega hv. þingmenn Sjálfstfl. til að sjá hversu mikils þeir meta málið og reyna að þoka því áfram með eðlilegum hætti en ekki með þeim dylgjum sem hér hafa komið fram án þess að nokkur rök séu færð fyrir þeim.

[17:17]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Ég kem hér til þess að taka undir óskir um að þessari umræðu verði frestað. Ég held að hæstv. forseti hljóti að sjá það alveg í hendi sér að hér eru komnar upp gjörbreyttar aðstæður í umræðunni og samkvæmt öllum venjum sem hér hafa ríkt og sanngirnisreglum þá ber að verða við eindregnum óskum af þessu tagi, að gera a.m.k. eitthvert hlé á umræðunni þegar nóg önnur verkefni liggja fyrir á dagskrá þessa fundar og okkur er ekkert að vanbúnaði að færa okkur yfir í umræður um önnur dagskrármál. Þegar nýjar aðstæður skapast í umræðum, meintar nýjar upplýsingar koma fram, eins og hér hefur gerst, þá er auðvitað lágmarkskrafa, finnst mér, að menn fái þá a.m.k. einhvern tíma til þess að athuga slíka stöðu sem upp er komin í máli.

Ég fer þess vegna eindregið fram á það að hæstv. forseti geri hlé á þessari umræðu um skeið og tekin verði fyrir önnur mál á dagskrá og menn beri sig svo saman um það hvernig áfram skuli með málið haldið. Ég óska eftir því að hæstv. forseti svari þessari bón minni og felli úrskurð um það hvað hann geri.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur heyrt óskir hv. þingmanna um að fresta þessari umræðu. Það er einungis einn hv. þm. á mælendaskrá eins og er. En forseti vildi verða við þeirri ósk að gera hlé á umræðunni um 8. dagskrármál og taka til við önnur mál sem hér eru á dagskrá. Verður umræðu um 8. dagskrármálið, Lífeyrissjóð sjómanna, frestað um sinn.

[17:20]

Hjörleifur Guttormsson *(um fundarstjórn)*:

Virðulegur forseti. Ég átta mig ekki á því hvort hér er tekið á dagskrá mál þar sem mælendaskrá er eða hvort það tekur einhvern tíma, en ég gerði athugasemd þegar þetta 8. dagskrármál var tekið á dagskrá en varð hins vegar við eindregnum beiðnum um það að falla

frá kröfu um það að geta haldið áfram ræðu minni í 7. málinu sem ég ætlaði að ljúka. Ég vildi biðja forseta um að tryggja það að sú umræða geti haldið fram hið fyrsta þannig að það mætti ljúka umræðunni um það mál.

Forseti (Sturla Böðvarsson):
Forseti hefur heyrt þessar óskir.

Umræðu frestað.

Eftirlit með skipum, 3. umr.

Frv. samgn., 623. mál (innflutningur og skráning fiskiskipa). — Þskj. 1210.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 3. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 1303, brtt. 1308.

[17:21]

Steingrímur J. Sigfússon:
Hæstv. forseti. Ég vil mæla fyrir þeirri brtt. á nýjan leik sem ég kynnti fyrr í umræðunni og er fram komin á þskj. 1308, brtt. við frv. til laga um afnám laga nr. 39 frá 15. maí 1994, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins. Reyndar mun vera búið að gefa þessu frv. nýtt heiti, ef ég veit rétt, eftir 2. umr. þar sem þar var sú breyting gerð að falla frá því að fella þessi lög úr gildi heldur svæfa þau tímabundið með tilteknu ákvæði og þyrfti að athuga hvort ekki er þá rétt að prenta brtt. upp með hliðsjón af nýju heiti frv.

En efni brtt. er, eins og áður kom fram, að ráðstafa með öðrum hætti en frv. nú gerir ráð fyrir eftir 2. umr. þeim eignum sjóðsins sem þar eru til staðar og ekki eru merktar einstökum eigendum. Frv. gerir ráð fyrir því að allar innstæður Verðjöfnunarsjóðs sem ekki eru merktar á nafn, fyrir utan 10 millj. kr., skuli renna í ríkissjóð. Að vísu á að heita svo að það sé merkt rekstri Hafrannsóknastofnunar, en það þarf væntanlega ekki að benda þingmönnum á að það má einu gilda hvort þetta rennur beint í ríkissjóð eða er merkt með einhverjum slíkum hætti í einhverjum tilteknum útgjöldum ríkisins. Við höfum áður séð slíkar æfingar í tillögugerð svo sem eins og þegar selja átti veiðiheimildir Hagræðingarsjóðs og merkja það sérstaklega hafrannsóknum og þar fram eftir götunum.

Staðreyndin er auðvitað sú að ef frv. verður afgreitt eins og það liggur hér fyrir þá er ríkissjóður að gera upptækar eignir Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins svo nemur 200 millj. kr. og er auðvitað alveg ótrúlegt hvað hæstv. sjútvrh. lætur hafa sig í að ganga endalaust á hlut sjávarútvegsins í svona greinum. Hæstv. sjútvrh. er búinn að láta vinda sig svoleiðis eins og tusku í þessum málum, hverju á fætur öðrum, að það er aldeilis með ólíkindum. Það er búið að afgreiða á þessu kjörtímabili, í tíð hæstv. sjútvrh., fjölmargar íþyngjandi aðgerðir gagnvart sjávarútveginum. Sumt af því er að vísu ekki mjög stórt, en það segir sitt um metnaðarleysi hæstv. ráðherra að hafa látið þetta alltaf yfir sig ganga steinþegjandi, því það er reglan hér að hæstv. sjútvrh. segir aldrei orð sjálfum sér né sínum málaflokki til varnar heldur lætur allar hremmingar sem yfir hann ganga gera það þegjandi og hljóðalaust.

Það mætti rifja hér ýmislegt upp, hæstv. forseti, sem hæstv. sjútvrh. hefur tekið á sig og sína atvinnugrein, þá sem hann fer með forsvar fyrir, á þessu kjörtímabili. Það var einu sinni búinn til allmikill listi um það, ég hygg að það hafi verið á öðru ári hæstv. ráðherra í embætti, þegar hann var búinn að afreka það m.a. að standa fyrir skerðingu á sjómannafrádrætti, standa fyrir tvöföldun á veiðieftirlitsgjaldi og standa fyrir sölu eða áformaðri sölu á veiðiheimildum Hagræðingarsjóðs upp á um 500 millj. kr., sem allt voru auðvitað íþyngjandi aðgerðir gagnvart sjávarútveginum, og alla þessa fjármuni átti að nýta í ríkissjóð. Hér er á ferðinni ósköp dæmigert mál fyrir metnaðarleysi hæstv. sjútvrh. og endurspeglar annað tveggja, nema hvort tveggja væri, þetta metnaðarleysi og veika stöðu hæstv. ráðherra í ríkisstjórninni, að hann skuli láta það yfir sig ganga að stjfrv. komi fram þar sem á að gera upptækar sannanlegar eignir sjávarútvegsins með þessum hætti. Gera þær hreinlega upptækar. Það er auðvitað alveg ljóst að hæstv. fjmrh. er ofan á í hverju einasta máli þar sem þeir takast á, hæstv. sjútvrh. og hæstv. fjmrh. Hér ætlar sem sagt hæstv. sjútvrh. og örugglega stjórnarliðið eins og það leggur sig, það þorir sjálfsagt enginn maður, nema trúlega hv. þm. Eggert Haukdal, að standa við sannfæringu sína í þessu máli og greiða atkvæði á móti þessum ósóma.

Nei, hér skal taka innstæður úr Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins, sem sjávarútvegsfyrirtæki hafa myndað með inngreiðslum í sjóðinn í gegnum tíðina, og gera þær upptækar á einu bretti á einu ári í ríkishítina, fyrir utan 10 millj. kr. sem fyrir náð og miskunn tókst að bjarga yfir í Samtök rækju- og hörpudiskframleiðenda.

Hæstv. forseti. Ég held að það sé ástæða til þess hér við lokin að vekja sæmilega rækilega athygli á þessu, ekki svo sem í von um að mönnum snúist hér hugur og það flæði allt í einu sá kjarkur um brjóst hv. stjórnarliða, svo ekki sé minnst á hæstv. sjútvrh., að þeir manni sig upp í að stoppa þetta og fella þetta, heldur vegna hins að það er þá rétt að þeirra skömm verði rækilega og lengi uppi, að láta fara svona með þetta. Að mínu mati eru þarna á ferðinni fjármunir sem með öllum sanngirnisrökum og samkvæmt hefðum sem oft hafa ríkt væri náttúrlega eðlilegt að ráðstafa til einhverra félagslegra verkefna eða framfaramála innan greinarinnar. Þessir peningar eru eign sjávarútvegsins, það er ekki hægt að deila um það og þetta er eigna-

upptaka á verðmætum sem greinin hefur myndað.

Í þessari brtt. á þskj. 1308 er lögð til tiltekin meðferð þessara fjármuna, það má segja að það sé ákveðin hugmynd, að skipta þessum innstæðum til helminga milli annars vegar Hafrannsóknastofnunar og þá í það verkefni að leggja þetta inn á byggingarsjóð nýs hafrannsóknarskips eða til þess að endurnýja þann skipakost og hins vegar að leggja þessa fjármuni til Lífeyrissjóðs sjómanna, sem hér var nokkuð til umræðu áðan. Það verður fróðlegt, hæstv. forseti, að vita hvernig hv. þm. Guðmundur Hallvarðsson greiðir atkvæði, sem var að reyna að halda því fram að ríkið væri skuldbundið til að bæta Lífeyrissjóði sjómanna upp hallann vegna m.a. 60 ára lífeyristökuréttar sjómanna. Er þá ekki hv. þm. a.m.k. tilbúinn til að styðja það að Lífeyrissjóður sjómanna fái þessar 100 millj. kr. þó þær komi í sjálfu sér ekki frá ríkinu heldur úr eftirstöðvum Verðjöfnunarsjóðs? Sama mundi væntanlega eiga við um hæstv. sjútvrh. Ef þessi menn eru sjálfum sér samkvæmir, ef það er orð að marka sem þessir menn segja, en um það má náttúrlega efast.

Hæstv. forseti. Ég þarf ekki að hafa um þetta fleiri orð. Það hefur áður verið rætt rækilega um það að þessu máli hefur verið bjargað fyrir horn, má segja, með því að hæstv. sjútvrh. hefur sjálfur fallist á og flutt um það brtt. að hætta við að leggja niður Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins og fella þau lög úr gildi. Eftir stendur þetta deilumál um ráðstöfun innstæðnanna og það er auðvitað dapurlegt ef menn ætla að láta það verða eitt af sínum síðustu verkum hér að hirða það með þessum hætti í ríkissjóð.

[17:29]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég held að það sé óhjákvæmilegt að fara aðeins yfir þetta mál og þær eignir sjávarútvegsins sem hér er um að ræða í ljósi þeirra umræðna sem urðu fyrir nokkrum mínútum um annað mál. Hér er um að ræða allnokkra fjármuni sem sjútvrh. virðist ætla að gefa eftir og ekki ætla að sækja eða halda fyrir sjávarútveginn, þessa undirstöðugrein í landinu, en á sama tíma liggur dæmið þannig fyrir að Lífeyrissjóð sjómanna sárvantar fjármuni. Það hefur einnig komið fram að núv. sjútvrh. er þeirrar skoðunar að það hafi verið gefið fyrirheit um það að Lífeyrissjóður sjómanna fengi þessa peninga. Af þeim ástæðum væri í raun og veru full ástæða til að staldra við og velta því fyrir sér, hæstv. forseti, hvort þetta er ekki einmitt lausn til þess að tryggja það að Lífeyrissjóður sjómanna fái þá peninga sem hæstv. ráðherra og hv. þm. telja að sjóðnum hafi verið lofað. Ég held að það væri mjög æskilegt að hv. Alþingi staldraði aðeins við og spyrði sig að því hvort ekki væri hægt að ljúka þessu deilumáli, sem er Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins og eftirstöðvarnar þar annars vegar og Lífeyrissjóður sjómanna og vandinn þar hins vegar, þannig að þessir fjármunir yrðu teknir í Lífeyrissjóð sjómanna svo hann geti staðið undir þessum kostnaði.

Ég tel að það sé mjög æskilegt að hæstv. ríkisstjórn og hv. meiri hluti geri sér grein fyrir því að hér er hægt að leysa vanda Lífeyrissjóðs sjómanna, að hluta til a.m.k., með þessum peningum. A.m.k. er alveg hægt, hæstv. forseti, að setja þessa fjármuni í lífeyrissjóðinn og fresta síðan málinu sem væri mjög skynsamlegt að gera. Þar með er lífeyrissjóðurinn ekki settur í neinn vanda í sjálfu sér. Lífeyrissjóðurinn fær þessa peninga, frv. er frestað og það er síðan tekið til meðferðar og verður til meðferðar fram á haustið í viðkomandi ráðuneytum þangað til þessum málum hefur verið lent.

Ég vil þess vegna hvetja mjög eindregið til þess og ég vil spyrja hæstv. sjútvrh., sem ég geri ráð fyrir að heyri mál mitt þó hann kjósi að sitja í hliðarherbergi — ég vil spyrja hæstv. sjútvrh. að því, ef það mætti verða til þess að greiða fyrir umræðunni, hvort hann sé tilbúinn til þess að leggja þessa fjármuni til Lífeyrissjóðs sjómanna. Vill hæstv. sjútvrh. tryggja það að þessir peningar fari í Lífeyrissjóð sjómanna? Eða vill hv. 5. þm. Norðurl. v., sem hefur verið svo vinsamlegur að nenna að svara af og til og taka þátt í umræðum, kannski beita sér fyrir því að þessir fjármunir úr Verðjöfnunarsjóði fari í Lífeyrissjóð sjómanna og þar með verði þetta dæmi leyst og allir skilji hér tiltölulega sáttir um það bil sem Alþingi er að ljúka sínum störfum eftir þennan vetur?

Ég leyfi mér að endurtaka þessa spurningu, hæstv. forseti, hvort hæstv. sjútvrh. er tilbúinn til að beita sér fyrir því að ríkið standi við þau fyrirheit sem sjútvrh. telur að hafi verið gefin. Hann fullyrti það hér áðan að þessi fyrirheit hefðu verið gefin og nú er upplagt fyrir hæstv. sjútvrh. að standa við þau fyrirheit þannig að Lífeyrissjóður sjómanna fái þessa peninga. Hæstv. sjútvrh. gerir sér örugglega grein fyrir því hafandi verið ráðherra um nokkurt skeið að ráðherra sem gegnir í dag yfirtekur skyldur þeirra ráðherra sem áður voru í sama sæti þannig að það er í raun og veru embættið sem ber skyldurnar, líka þær skyldur sem fylgja yfirlýsingum eða fyrirheitum sem gefin kunna að hafa verið og þess vegna er það alveg ljóst að hæstv. sjútvrh., úr því að hann er þeirrar skoðunar að þessum fjármunum hafi verið lofað í sjóðinn, þá á hann að tryggja að þeir komi í lífeyrissjóðinn. Þess vegna geri ég hæstv. sjútvrh. það kostaboð að standa að því ásamt honum og öðrum þingmönnum hér að flytja þessa fjármuni í Lífeyrissjóð sjómanna og þar með verði því máli lokið.

Auðvitað er það svo, hæstv. forseti, ef þessir forustumenn Sjálfstfl. og sjómanna hafna þessu tilboði, þá er bersýnilegt að á bak við frýjuorðin var alvöruleysi sem stafar af því að þeir vildu koma pólitískum andstæðingum sínum á kné. Þeir vildu niðurlægja Alþb. Þeir vildu geta sagt: Já, það er rétt, við urðum að skerða þessi lífeyrisréttindi sjómanna. Já, við neyddumst til þess en það var allt Alþb. að kenna. Það er bersýnilega ætlunin hjá þessum mönnum að kenna Alþb. um niðurstöðuna. Það er hinn göfugi tilgangur hæstv. sjútvrh. að segja við sjómennina í Vestmannaeyjum, á Eyrarbakka, Stokkseyri og Þorlákshöfn: Já, það er rétt, það þurfti að skerða þessi lífeyrissréttindi. Það er ekki okkur að kenna, það er Alþb. að kenna. Það er þetta sem hæstv. ráðherra ætlar bersýnilega að

gera. Þetta er satt að segja ekki mjög göfugt og þetta þjónar ekki málstað sjómanna, svo mikið er víst. Ég læt ekki hafa mig í það að hjálpa Sjálfstfl. við að búa til svona rýtingsstungur á mig eða minn flokk, ég geri það ekki, svo að ég vísa þessum vinnubrögðum algerlega á bug, hæstv. forseti, og endurtek þess vegna það tilboð sem hér hefur verið gert af hv. 4. þm. Norðurl. e. og af mér að þessir fjármunir Verðjöfnunarsjóðsins verði notaðir til þess að rétta Lífeyrissjóð sjómanna við. Þar með er málið leyst, hæstv. forseti, og er það ekki það sem er skynsamlegast að gera?

[17:36]

Steingrímur J. Sigfússon *(um fundarstjórn)*:

Hæstv. forseti. Er ekki rétt að þetta mál heyri undir sjútvrh.?

(**Forseti** (StB): Verðjöfnunarsjóður?)

Já.

(**Forseti** (StB): Forseti er nú ekki með þau skjöl hér við höndina nema ...)

Ég held að við getum í sameiningu slegið því föstu að það geri það, en samt er það nú svo bara til þess að athygli sé vakin á því einu sinni enn að að sjálfsögðu er hæstv. sjútvrh. ekki viðstaddur þessa umræðu, ekki inni í þingsal frekar en venjulega. Og að sjálfsögðu svarar hæstv. sjútvrh. ekki spurningum sem hér eru fram bornar frekar en venjulega. Og að sjálfsögðu er ekki hægt að fá hér neina umræðu um það hvort hugsanlega sé hægt að ná einhverju samkomulagi um afgreiðslu þessa máls á grundvelli þess að breyta ráðstöfun þeirra fjármuna sem þarna standa eftir í sjónum eins og hér er annars vegar brtt. fyrir um og hins vegar hefur verið munnlega óskað eftir að tekið yrði upp. Ég tel það alveg nauðsynlegt, hæstv. forseti, að menn átti sig á því við hvaða kringumstæður og með hvaða hætti er verið að bjóða mönnum upp á þingslit, hvers konar eiginlega samskiptamáti það er að verða sem hér er upp tekinn, þvílík hyldýpis lítilsvirðing sem sérstaklega þingmenn Sjálfstfl. og hæstv. sjútvrh. sýna Alþingi við þessar aðstæður. Það er alveg með ólíkindum. Ég held að þessir menn séu á rangri hillu. Þeir líta greinilega svo niður á Alþingi Íslendinga að það getur varla verið samboðið þeirra virðingu að vera að sitja hér sem kjörnir þingmenn. Maður hlýtur að fara að spyrja sig að því hvers vegna í ósköpunum hæstv. sjútvrh. segir ekki af sér þingmennsku úr því að hann lítur svona niður á þennan vinnustað að það er fyrir neðan virðingu hans að sinna hér störfum eins og aðrir menn gera, þingmenn og ráðherrar. Hæstv. sjútvrh. er hér aldrei í þingsalnum, hann svarar aldrei spurningum, hann er aldrei í forsvari fyrir sinn málaflokk, treystir helst á hv. 5. þm. Norðurl. e. sem aðallega flytur svo málflutning Sjálfstfl. í formi frammíkalla undir umræðum. Ég skora einu sinni enn á hæstv. sjútvrh. að koma og svara þeirri spurningu eða þeim spurningum sem fyrir hann voru bornar í umræðu um þetta mál, annars vegar af mér og hins vegar í umræðum um þá brtt. sem ég flyt og hins vegar það sem hv. 9. þm. Reykv. dró inn í umræðuna.

Annars er mér skapi næst, hæstv. forseti, að koma með þá stórsnjöllu tillögu til hæstv. forseta að hann fresti nú fundinum um stundarskeið og menn fari niður og fái sér kaffi, labbi jafnvel einn hring í kringum Tjörnina og velti því svo fyrir sér hvort menn geti ekki komið hérna til starfa aftur í svolítið betra skapi og léttara andrúmslofti og ræðst þá við af einhverjum einlægum vilja og viti um það hvort hægt sé að ná einhverjum botni í þinghaldið. Auðvitað er það svo að stjórnleysið og upplausnin í störfum þingsins sem er forustuleysinu og verkstjórnarleysinu að kenna er búið að vera með ólíkindum og það er nálægt að menn reyni nú að ljúka þessu með einhverjum sómasamlegu hætti svo að ég legg til að forseti hugleiði þessa góðu tillögu um að hann geri hlé á fundinum, fresti þessari umræðu og geri hlé á fundinum og hugsi sinn gang.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti vill að gefnu tilefni og vegna ábendinga hv. þm. vekja athygli á því að enn er ýmislegt ógert á þessum fundi og forseta sýnist að hv. þm. séu og hafi verið vissulega fúsir til þess að vinna vel að málum hér í dag og forseti sér ekki ástæðu til þess að fresta fundi. Hann hefur orðið við þeirri ósk að fresta umræðum um tiltekið mál, en hér er á dagskrá og til umræðu 4. dagskrármálið. Það hefur enginn kvatt sér hljóðs til viðbótar og er því umræðu um það lokið og atkvæðagreiðslu frestað.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Um fundarstjórn.

Afgreiðsla frumvarps til tollalaga.

[17:40]

Eggert Haukdal:

Virðulegi forseti. Ég er nú ekki vanur að tefja störf þingsins en get því miður ekki orða bundist út af ákveðnu máli sem ég vil hér hreyfa.

Fyrir þinginu hefur legið frv. til laga um breytingu á tollalögum, flutt af mörgum þingmönnum Sjálfstfl. Þetta mál var á fullri ferð og var komið frá efh.- og viðskn. inn í þingið. Frv. er um það að fjmrh. sé heimilt að reka eða leyfa rekstur verslana með tollfrjálsar vörur í flugstöðvum í Reykjavík, Keflavík og á mörgum stöðum úti á landi.

Annað frv. hafði legið fyrir efh.- og viðskn. um breytingu á tollalögum. Það var frv. þingmanna Sunnlendinga og Austfirðinga um að það fengjust lagabreytingar fyrir aðaltollhöfn á Höfn í Hornafirði og í Þorlákshöfn. Þetta frv. var ekki afgreitt út úr nefndinni. Hv. formaður efh.- og viðskn. sem því miður er nú ekki staddur í salnum, nýr formaður Framsfl., hafði þann hátt á að hann flytur brtt. við frv. Guðmundar Hallvarðssonar og fleiri, flytur brtt. við það frv. um að Höfn í Hornafirði sé tekin inn sem tollhöfn en gleymir að taka Þorlákshöfn með. Því var það að við hv. þm. Guðni Ágústsson lögðum fram brtt. um að Þorlákshöfn og Höfn í Hornafirði yrði tekin inn sem aðaltollhafnir. Við vildum ekki gera greinarmun á þessum

höfnum, heldur yrðu þær báðar teknar.

Næst er að frétta af þessu máli að hæstv. fjmrh. virðist vera farinn að ákveða dagskrá fundar í stað forseta. Hann stöðvar þetta mál. Hann hafði víst dregist á við hv. formann efh.- og viðskn. að afgreiða Höfn en ekki Þorlákshöfn. Og við það að við leggjum fram tillögu um að Þorlákshöfn gangi líka fram, þá sýnist hæstv. fjmrh. stöðva allt málið, þar á meðal ágætt frv. Guðmundar Hallvarðssonar og fleiri og frv. versnaði ekki neitt við það að þessar tollhafnir yrðu teknar með.

(**Forseti** (StB): Forseti vill minna hv. þm. á að hann óskaði eftir að ræða hér stjórn fundarins.)

Ég gat ekki annað en rætt þetta undir þessum lið þar sem hæstv. fjmrh. virðist vera farinn að ákveða hér dagskrá eða hvað fer á dagskrá. Ég vil mótmæla þessum vinnubrögðum flokksbróður míns, hæstv. fjmrh. Það er alveg furðulegt að enda nú Alþingi á að leyfa ekki þessu frv. að fara í gegn og samþykkja aðaltollhafnir bæði í Höfn og Þorlákshöfn. Þetta er lítið mál. Það er lítill kostnaður við að afgreiða þetta í Þorlákshöfn og er alveg furðulegt að þessi sumargjöf sé ekki send til Þorlákshafnarbúa og svo Hafnarbúa. Hv. formaður efh.- og viðskn. er að vísu ekki hér staddur og er upptekinn, kannski að elta lestina hjá hæstv. lestarstjóra Jóni Baldvini til Brussel, en ég ítreka mótmæli mín, virðulegi forseti, við þessum vinnubrögðum.

Forseti (Sturla Böðvarsson):

Forseti hefur hlýtt á athugasemdir hv. þm. og mun kanna hvaða möguleikar eru á að taka tillit til þeirra.

Áburðarverksmiðja ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 1304, brtt. 1309.

[17:44]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er spurning hvort hæstv. landbrh. er nálægur. Ég hefði talið það skemmtilegt ef það væri ...

(**Forseti** (StB): Forseti mun gera ráðstafanir til þess að hæstv. landbrh. verði viðstaddur.)

...væri eins og einn ráðherra í salnum að meðaltali. Það er svona skemmtilegri svipur á því að það sé þá a.m.k. eins og svona einn tíundi af ríkisstjórninni til staðar. (**Landbrh.**: Það er a.m.k. einn þingmaður í ræðustólnum.) Já, það er nú alveg nóg, hæstv. landbrh. En nógu ræfilsleg er nú ríkisstjórnin orðin samt þó að sá ráðherra sem fer með mál hverju sinni sé viðstaddur umræðu.

Ég gerði það að umtalsefni, hæstv. forseti, í sambandi við frv. um breytingar á lögum um Áburðarverksmiðju ríkisins að breyta því fyrirtæki í hlutafélag við 2. umr. að það bæri að harma það að hæstv. ríkisstjórn og hæstv. landbrh. hefðu leitað eftir víðtækara samkomulagi um afgreiðslu þess máls heldur en raun ber vitni af því að nú er staðreyndin sú og sést í þingskjölum og sögunni frá undangengnum árum að í sjálfu sér hefur það ekki alltaf þurft að vera ágreiningsmál þó að rekstrarformi ríkisfyrirtækja væri breytt og um það eru allmörg dæmi úr þingsögunni frá undangengnum árum að um slíkar breytingar hefur tekist sæmilegt samkomulag. Þessi ríkisstjórn hefur að vísu ekki leitað mikið eftir því að ná samkomulagi um slíkar breytingar, hvorki við stjórnarandstöðuna á þingi né heldur starfsfólk, samtök þess eða aðra slíka aðila. Það virðist vera svo, því miður, að það sé ógæfa þessarar hæstv. ríkisstjórnar einhver þráhyggja sem stjórnin sé haldin að böðlast áfram með þessi mál sín í ágreiningi og bullandi málaferlum. En það er auðvitað meginniðurstaðan af einkavæðingarofstæki hæstv. ríkisstjórnar sem hefur líka auðvitað orðið fótakefli borgarstjórnarmeirihlutans hér í Reykjavík að þrælast áfram með ótímabæra og illa undirbúna breytingu á fyrirtækjum í nafni einkavæðingar og fá svo allt upp í loft í ágreining, í deilur, í málaferli og verða svo jafnvel að renna á rassinn með allt saman eins og meiri hlutinn í Reykavík varð að gera með strætómálið.

Ég kynnti það við 2. umr. að ef hæstv. landbrh. eða meiri hlutinn væri reiðubúinn til að skoða vissar lagfæringar á þessu frv., þá vildi ég fyrir mitt leyti kanna það hvort ekki væri hægt að ná þá um afgreiðslu þess sæmilegri samstöðu því að út fyrir sig er mér það ekki frekar en væntanlega flestum öðrum neitt sáluhjálparatriði hvort Áburðarverksmiðja ríkisins er rekin í formi hlutafélags eða einfalds ríkisfyrirtækis. Hitt er mér nokkuð mikið mál að menn eyðileggi ekki fyrirtækið Áburðarverksmiðju ríkisins og fórni því á altari þessa einkavæðingarofstækis. Og ég þykist líka hafa fært rök fyrir því að nógu óviss sé framtíð fyrirtækisins samt í kjölfar breytinganna á EES og fleiri hluta þó ekki bætist við að stofnað sé til pólitísks ágreinings um meðferð málsins hér á þingi. En það er auðvitað hæstv. landbrh. að gera. Og ef það skyldi nú fara svo að hæstv. landbrh. ætti eftir eins og þrjá mánuði í embætti, er það þá mjög gáfulegt og gott veganesti fyrir verksmiðjuna inn í framtíðina að hæstv. ráðherra nái að nudda hérna í gegn á síðustu klukkutímum þinghaldsins breytingum á þessum lögum sem ágreiningur er um og það komi þá í hendur nýrra manna að fara að reyna að lagfæra það eða snúa ofan af því eftir fáa mánuði? Nú er það svo að það eru svona þokkalegar líkur á því og vonir hafa vaknað víða í þjóðfélaginu um að þessum harðindum af manna völdum fari nú að linna sem er seta hæstv. ríkisstjórnar á valdastólum og víða eru bundnar við það vonir svona með vorkomunni, ekki síst út um landið, að menn fari að losna við þessa ríkisstjórn og þurfi a.m.k. ekki að lifa annan vetur undir oki hennar, einn veturinn einn.

Þá held ég að það sé ekki mjög gæfulegt að leggja upp með ágreining um þetta mál inn í þá óvissuframtíð sem Áburðarverksmiðja ríkisins þarf að glíma við í kjölfar samninganna um Evrópskt efnahagssvæði og reyndar fleiri breytingar. Ég teldi þess vegna til mikilla bóta, hæstv. forseti, ef hægt væri að ná hér fram þó ekki væri nema eins og tveimur breytingum á þessum lögum. Sú fyrri væri við 3. gr. frv. og gengi út á það að sambærilegt ákvæði kæmi inn um meðferð hlutafjár í Áburðarverksmiðju ríkisins hf., ef hún verður til,

eins og sett var inn í frv. um Lyfjaverslun ríkisins. Úr því að menn gátu orðið sammála um það og menn töldu það sameiginlega til bóta að setja þar inn ákvæði um að ekki skyldi heimilt að selja nema allt að helmingi hlutafjársins nema afla þá til þess á nýjan leik og sérstaklega heimildar Alþingis þegar Lyfjaverslun ríkisins átti í hlut, þá spyr ég: Af hverju er þá ekki hægt að gera það sama með Áburðarverksmiðjuna? Ég hef þess vegna, hæstv. forseti, á þskj. 1309 leyft mér að flytja svofellda brtt. við frv. til laga um stofnun hlutafélags um Áburðarverksmiðju ríkisins, sem er 199. mál, að síðasti málsl. 3. gr. orðist svo en það er sú grein sem fjallar um meðferð hlutafjárins:

„Landbúnaðarráðherra er heimilt að höfðu samráði við fjárlaganefnd Alþingis að selja allt að helming hlutabréfa ríkissjóðs í félaginu."

Þetta er í raun alveg sambærilegt orðalag við að sem nú er komið í lögin um Lyfjaverslun ríkisins fyrir utan það að þarna er bætt við samráði við fjárln. Alþingis. Og ég leyfi mér að segja að það eru ærin tilefni til þess að reyna að vanda málsmeðferðina umfram það sem verið hefur í einkavæðingarmálum ríkisstjórnarinnar upp á síðkastið. Og ætli það gæti nú að breyttu breytanda ekki verið heldur til bóta að hæstv. ríkisstjórn hefði þá a.m.k. það aðhald að hafa þyrfti samráð við fjárln. þingsins um meðferð þessara eigna þannig að ekki kæmi til útsöluvinnubragða af því tagi sem hæstv. sjútvrh. ástundaði með miklum endemum þegar seldar voru Síldarverksmiðjur ríkisins eða afhentar. Þetta legg ég því til, hæstv. forseti, að orðist svona, að heimildin nái til sölu á allt að helmingi hlutafjárins og það er jafnframt áskilið að ráðherra skuli hafa samráð við fjárln. Alþingis.

Hið síðara varðar breytingu á 7. gr. frv. sem svo stendur nú eftir 2. umr. en staðreyndin var sú að frv. var þannig úr garði gert af hálfu hæstv. landbrh. að í því voru í raun og veru engin nothæf ákvæði um stjórn fyrirtækisins. Þess vegna tóku menn sig til og fluttu um það brtt. að við frv. bættist ný grein aftan við 6. gr. sem yrði 7. gr. og mælti fyrir um fyrirkomulag á stjórn fyrirtækisins eftir að það væri orðið að hlutafélagi. Ég legg til að í staðinn fyrir þetta fyrirkomulag sem lagt var til í brtt. meiri hlutans og hljóðar upp á að kosnir skuli menn í stjórn á aðalfundi fyrirtækisins — sem er náttúrlega brandari á meðan ríkið er eigandi hlutafjárins að 100% og hæstv. landbrh. fer með þann hlut, ætlar hann þá að halda aðalfund heima hjá sér, hæstv. landbrh., með sjálfum sér og framkvæma þar kosningu á 5 mönnum í stjórn eða hvað? — Ég legg til að í staðinn komi svofellt ákvæði:

„Meðan ríkið er eigandi fyrirtækisins að meiri hluta eða öllu leyti skulu fulltrúar ríkisins í sjö manna stjórn kosnir hlutfallskosningu á Alþingi. Landbrh. skipar einn þeirra formann verksmiðjustjórnar."

Með þessu móti yrði það ósköp einfaldlega þannig eins og verið hefur að meðan ríkið er eigandi verksmiðjunnar að fullu og öllu er öll stjórnin kosin hér á Alþingi eins og gert hefur verið frá upphafi starfsemi fyrirtækisins en mundi nú ríkið selja einhvern hluta af bréfunum til annarra aðila og fækka þar með af eðlilegum ástæðum þeim stjórnarmönnum sem þar ættu rétt á, þá mundi það ósköp einfaldlega endurspeglast í því að færri menn yrðu kosnir inn í stjórnina af hálfu ríkisstjórnarinnar eða Alþingis. Þannig gæti maður hugsað sér að í staðinn fyrir sjö yrðu það fimm eða fjórir sem kosnir yrðu hér á þinginu hlutfallskosningu á meðan ríkið ætti þó meiri hluta í fyrirtækinu. Þetta er framkvæmd sem ég held að geti gengið auðveldlega fyrir sig. Ég sé enga vankanta á því að þessu yrði einfaldlega hagað þannig að fyrst lægi það fyrir gegnum eignarhlutina hversu margir stjórnarmenn annars vegar ríkið og hins vegar þá einhverjir meðeigendur ættu miðað við hlutafjáreign og síðan kæmi til kosninga hér á Alþingi um fjóra, fimm, sex eða sjö stjórnarmenn eftir því hvað ríkið ætti þarna stóran hlut.

Hæstv. forseti. Ég held að þessar breytingar eins og þær eru fram bornar af hæstv. ríkisstjórn séu því miður ekki til góðs fyrir Áburðarverksmiðjuna og ég óttast um framtíð fyrirtækisins. Það væri dapurlegt ef þetta stærsta efnaiðnaðarfyrirtæki Íslendinga og talsvert stóri orkunotandi hér ætti eftir að lenda í erfiðleikum og verða undir í samkeppni hér á næstu árum og þarna hyrfi í burtu fjölmennur vinnustaður sem hefur sparað mikinn gjaldeyri og verið í raun og veru hið mesta þjóðþrifafyrirtæki frá fyrstu tíð í okkar landi.

Ég endurtek svo að lokum að ég tel að breytingartillögur, ef náðst gæti eitthvert samkomulag um þær í þessa veru, væru til bóta og mundu auðvelda afgreiðslu málsins hér. Það er auðvitað mjög dapurlegt að standa frammi fyrir því ef svo er, hæstv. forseti, í hverju málinu hér á fætur öðru að það er ekki einu sinni hlustað á, virðist vera orðið tilgangslaust að ræða um jafnvel minnstu lagfæringar af þessu tagi við menn. Það kemst ekkert annað að í þverhausum hæstv. ríkisstjórnar heldur en að keyra málin, svo gölluð sem þau eru, óbreytt hér í gegnum þingið með góðu og þó helst endilega með illu því að það er það verklag sem hæstv. ríkisstjórn hefur aðallega ástundað hér síðustu vikurnar.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Útbýting þingskjala:

Áburðarverksmiðja ríkisins, 199. mál, þskj. 1304.

Lífeyrissjóður sjómanna, 548. mál, till. SvG til rökst. dagskrár, þskj. 1310.

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, 506. mál, þskj. 1305.

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, 260. mál, þskj. 1303.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, 282. mál, þskj. 1302.

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 1256, brtt. 1267 og 1297.

[17:56]

Hjörleifur Guttormsson (frh.):

Virðulegur forseti. Ég vildi óska eftir því að hæstv. starfandi umhvrh., Sighvatur Björgvinsson, væri hér viðstaddur og eins varaformaður umhvn. þar sem formaður á ekki sæti á þingi eins og stendur. Það er hv. 11. þm. Reykn., ef þingamanninum væri gert viðvart að ég óski eftir nærveru hennar hér við umræðuna.

(**Forseti** (StB): Forseti hefur gert ráðstafanir til þess að hæstv. ráðherra komi í salinn.)

Ég þakka, virðulegur forseti. Ég gerði grein fyrir því áður en þessari umræðu var frestað að ég þyrfti að mæla hér dálítið meira um málið vegna efnis þess, en ætla mér ekki að halda sérstaklega langa tölu, reyna frekar að þjappa saman máli því ég hef þrátt fyrir athugasemdir mínar áhuga á því að þetta mál, sem umhvn. þingsins hefur lagt mjög mikla vinnu í, fái framgang hér á þinginu. Þó að ég hefði viljað sjá eitt og annað með öðrum hætti í frv. þá tókst um það málamiðlun fyrir 2. umr. málsins að flytja breytingartillögu sem ég stóð að. Ég hafði fjarvist í nokkra daga vegna erinda erlendis og var ekki við atkvæðagreiðslu í 2. umr. og ræddi málið ekki í 2. umr. nema rétt í andsvörum við hæstv. ráðherra sem hefur síðan ekki verið viðstaddur í þinginu og er erlendis enn í dag eftir um 10 daga fjarvist eða vel það, bráðum hálfan mánuð, hygg ég. En þrátt fyrir þetta þá vil ég reyna að greiða fyrir því að þetta mál fái hér afgreiðslu.

Ég er hins vegar afar óánægður með það að við 3. umr. er flutt brtt. sem gengur gegn því sem áður var frágengið í umhvn. við 2. umr. Það tel ég óeðlileg og óæskileg vinnubrögð og ég bregst við því með því að flytja á þskj. 1297, endurflytja í rauninni eða taka upp þá brtt. sem dregin var til baka við 2. umr. varðandi 12. gr. frv. Ég legg til að hún verði borin upp hér og samþykkt í því formi sem nefndin hafði gengið frá málinu áður en umhvrn. fór á ný að blanda sér í málið og koma á fund nefndarinnar með ósk um það að greinin yrði umorðuð. Þetta er enn eitt dæmi um inngrip af hálfu ráðuneytisins sem ekki voru til þess fallin að greiða fyrir málinu.

Ég ætla, virðulegur forseti, ekki að orðlengja það miklu frekar. Er von á hv. varaformanni nefndarinnar, virðulegur forseti? Er þingmaðurinn í húsi?

(**Forseti** (StB): Forseti hefur látið kanna hvar hv. þm. er, en samkvæmt yfirliti forseta er hv. þm. í húsinu.)

Þá vænti ég að úr rætist mjög fljótlega. Ég greindi frá því fyrr í umræðunni að ég hefði afar alvarlegar athugasemdir við málafylgju hæstv. umhvrh. í þessu máli og raunar nefndi ég í því sambandi erindreka hans sem hafa starfað að þessu máli. Þar á ég við aðstoðarmann hæstv. umhvrh. sem hefur sinnt þessu máli og forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, áður starfsmann umhvrn., sem hafa verið tengiliðir við umhvn., sérstaklega sá síðarnefndi, í umboði ráðherra að sjálfsögðu. Ég greindi frá því að ég hygðist beita mér fyrir því þegar nýtt þing kemur saman að farið væri ofan í saumana á málatilbúnaði ráðuneytisins að því er varðar flutning eða breytingu á högum veiðistjóraembættisins og ráðgerðan flutning þess í annan landshluta og fyrst og fremst út frá því hvernig á því máli hefur verið haldið. Í hvaða formi það yrði nákvæmlega upp tekið af mér hef ég ekki fullmótað enn þá, en þar eru nokkrir möguleikar sem ég vil aðeins nefna hér.

Það sem væri skarpast í þessu máli og kannski hæfði efninu er að taka málið upp á grundvelli 39. gr. stjórnarskrárinnar, sem gerir ráð fyrir því að Alþingi geti skipað nefndir alþingismanna til að rannsaka mikilvæg mál er almenning varða. Og þetta er mál og málatilbúnaður sem snertir vissulega almenning. Einnig má hugsa sér 32. gr. þingskapa eða sjálfstætt þingmál sem kæmi til greina til þess að þetta mál yrði hér á dagskrá. Þetta minnir hins vegar á það að okkar þingsköp eru gölluð að því leyti að í rauninni væri mjög eðlilegt að þingnefnd gæti í nefndaráliti gert tillögur um málatilbúnað og rannsókn máls sem tengist viðkomandi þingmáli og það hefði verið það einfaldasta. Slíkur háttur er á í nágrannalöndum, t.d. í Noregi. Þá fylgja þær tillögur álitum nefnda og þá tekur þingið afstöðu til þess um leið og tekin er afstaða til málsins og það hefði verið vel við hæfi í máli sem þessu, sem við ræðum hér, en því miður höfum við ekki tök á því samkvæmt gildandi þingsköpum.

Ég sagði frá því að í tengslum við þá ákvörðun hæstv. umhvrh., sem hann endurtók hér áður en hann fór af landi brott, um það að hvað sem liði afgreiðslu þeirrar brtt. sem þá lá fyrir þinginu varðandi það að sameina veiðistjóraembættið Náttúrufræðistofnun Íslands, hvað sem afdrifum þess liði, þá mundi ráðherrann sjá til þess — svo ég vitni, með leyfi forseta, orðrétt í ummæli ráðherrans 29. apríl: ...„að jafnvel þó sú staða kæmi upp“, segir hæstv. umhvrh., „að hv. Alþingi féllist ekki á þessa tillögu þá stendur eftir sem áður óhögguð sú ákvörðun að flytja embætti veiðistjórans norður til Akureyrar.“

Þetta endurtók hæstv. umhvrh. síðar í umræðunni og það er við þessar aðstæður sem við ræðum málið hér að því er þennan lið varðar þó að tillagan hafi verið dregin til baka. Og m.a. af þeim sökum taldi ég mig knúinn til þess að ræða þann þátt málsins hér við 3. umr. málsins.

En það væri ástæða til þess, virðulegur forseti, að fara síðan yfir einstaka þætti sem tengjast ákvörðun ráðherrans í þessu efni og aðdraganda þess. Í ljósi þess að ég mun taka málið upp í byrjun næsta þings, eins og ég hef hér gert grein fyrir, þá ætla ég að spara það við þessa umræðu að fara yfir einstök efnisatriði sem fram komu í umhvn. þingsins og tengjast því sem ég er hér að nefna, þörfinni á að málið sé yfirfarið og rannsakað með tilliti til almannahagsmuna og til þess að koma í veg fyrir yfirtroðslu framkvæmdarvaldsins, grófa yfirtroðslu gagnvart hagsmunum einstaklinga og stofnana og eðlilegum vinnubrögðum að því leyti. Ég ætla sem sagt ekki að hafa hér uppi að þessu sinni

þann ljóta lestur sem liggur fyrir skjalfestur og tengist því mati af minni hálfu að hér sé á ferðinni pólitísk ákvörðun sem annarlegar ástæður liggi að baki, ómálefnalegar annarlegar ástæður, sem hæstv. ráðherra hafi látið stjórnast af og þess vegna sé nauðsynlegt að fara yfir það efni sérstaklega þannig að málavextir séu ljósir. Ég er ekkert að heimta það að menn taki orð mín gild og trúanleg hér, þetta eru nokkuð stór orð, en það mun gefast tækifæri til þess þegar málið verður til sérstakrar skoðunar, þessi þáttur, í þinginu, sem ég hyggst hlutast til um að verði.

Ég vil þó nefna við þessa umræðu annað atriði sem tengist umhvrn. og vinnubrögðunum í sambandi við þetta mál. Hvað haldið þið, virðulegu þingdeildarmenn, þingbræður og systur, að gerist í byrjun mánaðarins um það leyti sem 2. umr. þessa máls er vel á veg komin annað heldur en það að einstakir starfsmenn umhvrn., í þessu tilviki skipaður forstjóri Náttúrufræðistofnunar Íslands, fer að senda umhvn. þingsins skriflegt erindi með athugasemdum og mér liggur við að segja stóryrðum í garð nefndarinnar og formanns nefndarinnar sérstaklega og finna að ummælum, að mínu mati ummælum sem áttu rót í yfirlýsingu hæstv. umhvrh. hér um hlut þessa starfsmanns ráðuneytisins, og fer að heimta það að umhvn. fari yfir þessi ummæli formanns nefndarinnar og geri sér grein fyrir því sem taldar eru aðdróttanir og dylgjur. Ég verð að segja það, virðulegur forseti, að ég hef aldrei kynnst því, og hef þó að baki nokkurn þingferil hér, að embættismenn ráðuneyta fari að senda þingnefndum erindi með inngripum í mál af þessu tagi, óskum um skýringar og geri kröfu til þess að þingnefnd taki ummæli þingmanna til sérstakrar athugunar.

Ég gæti, virðulegur forseti, skýrt þetta mál með því að vitna í þingræðu sem ég hef hér og lesa upp úr þessu bréfi, dags. 3. maí, upp á tvær heilar síður. Og svo skilst mér að því hafi verið fylgt eftir með frétt*um sem komið var á framfæri við fjölmiðla til þess* að sverta formann umhvn. sem lagði sig í líma á liðnum mánuðum til að þoka þessu máli fram. Hvers konar vinnubrögð eru þetta? Það er ekki von á því að það skapist skikkanlegt andrúmsloft í kringum þetta flókna mál þegar svona er að verki staðið. Þetta er átakanlegt, virðulegur forseti, og ég tel að þetta hljóti að vera liður í þeirri athugun málsins sem ég er að tala um. Svona gengur ekki ef menn ætla að standa þokkalega að málum af hálfu Stjórnarráðsins, að það sé farið að gera þingmönnum upp skoðanir og skrifa um það sérstök bréf sem ætla mætti að séu samin og send með vilja ráðherra, sem þó líklega hefur verið erlendis þegar þetta bréf er dagsett.

Það er jafnframt látið að því liggja og reyndar er stjórnarformaður Náttúrufræðistofnunar Íslands dreginn inn í þetta mál — ég er ekki í vafa um að það er samkvæmt þrýstingi sem það er gert, virðulegur forseti, — stjórnarformaður Náttúrufræðistofnunar Íslands dreginn inn í þetta mál til þess að skýra ummæli sín í þingnefnd og leiðrétta það sem fram hefði komið í umræðum um málið. Og af því að vitnað er í bréfi 3. maí til ummæla af minni hálfu þá vil ég aðeins taka það hér upp örstutt, virðulegur forseti. Ég sagði í andsvari við hæstv. umhvrh.:

„Ráðherrann tók ákvörðun um þetta efni án þess að tala við nokkurn starfsmann veiðistjóraembættisins um ákvörðun sína áður en hún var kynnt, án þess að tala orð við stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands, án þess að tala orð við forstöðumann seturs Náttúrufræðistofnunar Íslands á Akureyri."

Þessu ummælum mínum svarar ráðherra engu í sínu andsvari, hann kemur strax á eftir, hann hefur enga athugasemd að gera við þetta. En síðan er umhvn. og mér sérstaklega sent bréf, einnig dags. 3. maí, þar sem stjórnarformaður Náttúrufræðistofnunar Íslands er farinn að leggja út af þessum ummælum, en gerir það ekki betur eða skilmerkilegar en svo að mál mitt er sannað í viðkomandi bréfi. Stjórnarformaður Náttúrufræðistofnunar Íslands telur sig samkvæmt dagbók hafa fengið fyrstu vitneskju um að það stæði til að flytja veiðistjóraembættið 11. jan. Mál sem tekið er upp í ríkisstjórn og tilkynnt þar og frágengið að ég má segja á þrettándanum, 6. jan., þá tilkynnir ráðherrann ríkisstjórn Íslands ákvörðun sína, en 11. jan. hefur hann fyrir því að láta stjórnarformann Náttúrufræðistofnunar Íslands vita af þessu efni. Síðan verður það tilefni sérstakra bréfaskrifta, sem auðvitað eru pöntuð af stjórnarformanni Náttúrufræðistofnunar Íslands, sem er dreginn inn í þetta mál, þar sem verið er að núa þingmönnum því um nasir að þeir fari ekki með rétt mál hér í umræðum. Við þetta er auðvitað ekki búandi, virðulegur forseti, og vegna þess að ég hef hér eigin útskrift af ummælum þessa stjórnarformanns í umhvn. þingsins, þar sem spurt var um það hvenær stjórn Náttúrufræðistofnunar hefði tekið á þessu máli og tekið það fyrir, þá upplýsir stjórnarformaðurinn, og það er eftir mínu minnisblaði: Enginn hefur beðið stjórn Náttúrufræðistofnunar Íslands um álit fyrr en nú, enginn. Það er 15. apríl sem þessi fundur er haldinn í umhvn. þingsins og það er jafnframt greint frá því að í fyrradag hafi verið hringt í stjórnarformanninn og hann fengið, í þessu tilviki hún, nánar upplýsingar í gær um hvað umhvn. vildi og einnig barst þá skýrsla frá umhvn., skýrsla sem ráðherra hafði pantað varðandi þetta mál.

Virðulegur forseti. Ég ætla ekki að orðlengja þetta, en ég vil aðeins segja að þegar umhvrn. og aðilar á þess vegum eru að vekja upp draugagang af þessu tagi sem fer að minna á — ja, ég veit ekki hvað á að kalla þetta — þá er ekki von á að vel gangi að þoka málum hér fram í þinginu og ég vara við vinnubrögðum af þessu tagi. Ég vara alvarlega við vinnubrögðum af þessu tagi. Og ég á þá ósk, umhverfismálanna vegna og umhvrn. vegna, að það verði reynt að taka efnislega á málum og gæta velsæmis jafnframt í málsmeðferð gagnvart fólki í landinu sem undir ráðuneytið heyrir, þannig að ekki sé troðið á eðlilegum umgengnisvenjum og rétti fólks til upplýsinga, þó ekki væri nú annað, og sömdum við og samþykktum hér sérstakt lagafrv. um upplýsingaskyldu í umhverfismálum á síðasta þingi til þess að reyna að skapa þar eðlilegar leikreglur. Ekki meira um það, virðulegur forseti.

Ég sagði að ég hefði vissulega viljað sjá ýmislegt í þessu frv. með nokkuð öðrum hætti heldur en þó varð samkomulag um í umhvn. þingsins og ég vil nefna þar alveg sérstaklega 8. gr. frv. 8. gr. frv. varðar réttindi til veiða. Og til þess að finna þeim orðum stað vil ég lesa það upp eins og það lá fyrir í frv., með leyfi forseta. Þar segir:

„Öllum íslenskum ríkisborgurum og mönnum með lögheimili hér á landi eru dýraveiðar heimilar í almenningum, á afréttum utan landareigna lögbýla, enda geti enginn sannað eignarrétt sinn til þeirra, og í íslenskri landhelgi utan netlaga landareigna. Skulu þeir hafa aflað sér leyfis til þess samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim."

Smávegis breyting var gerð, ef ég man rétt, á vegum umhvn. á þessum ákvæðum en sem breytir samt ekki eðli máls. Hér er um það að ræða að um leið og þetta frv. verður að lögum þá breytir það engu um þá réttaróvissu sem tengist því að ekki hefur verið skorið úr um eignarhald á landi, mörk afrétta og almenninga, og veiðimenn í þessu tilviki skildir eftir í óvissu um rétt sinn, skilin eftir réttaróvissa. Og þetta, virðulegur forseti, tengist því sem ég hef rætt hér á þessu þingi áður og sem hæstv. umhvrh., sá er hér situr nú, þekkir vel og við ræddum fyrir nokkru síðan, þar sem tekið var upp í málefnasamning þessarar ríkisstjórnar, með leyfi forseta, orðrétt:

„Gerð verður áætlun um rannsóknir og nýtingu orkulinda landsins og landgrunnsins. Lagt verður fram frv. um eignarhald á orkulindum og afréttum og almenningum á 115. löggjafarþingi." — Nú er löggjafarþing 117. — „Þar verður skilgreint hvaða réttur til náttúruauðæfa landsins skuli fylgja bújörðum og öðrum landareignum og hvað skuli teljast almannaeign. Í framhaldi af starfi nefndar sem hefur það hlutverk að skýra og skilgreina mörk eignarlands og almenninga verður einnig sett löggjöf um það efni."

Þetta er njörvað inn í stjórnarsáttmála. En hér standa menn í sömu óvissunni með þetta algerlega út í buska, þetta ákvæði sem tengist réttindum almennings, almannaréttinum í landinu. Þetta er kannski veikasti þátturinn sem snertir þetta frv. því þegar hafa fallið dómar og eru í gangi málaferli til þess að skera úr þessari réttaróvissu og þetta er auðvitað með öllu ólíðandi.

Ég get hins vegar fallist á þau rök að það sé erfitt að taka þetta sérstaka stóra mál upp og ætla að leysa það akkúrat inni í þessu frv. um friðun, vernd og veiðar á villtum dýrum, en jafnmikil þörf er á að úr þessari óvissu verði skorið með löggjöf. Jafnknýjandi er það.

Síðan örstutt, virðulegur forseti, um það sem nokkuð hefur verið rætt um og varð til þess að umhvn. klofnaði, þar sem einn stjórnarliði skilar sérstöku nál. Spurningin um heimspekina á bak við þetta mál, ef svo má segja, sem er vissulega umræðunnar verð, þ.e. að nálgast þessa löggjöf út frá friðun sem meginreglu og veita síðan undanþágur og marka undanþágur. Að þessu hefur verið fundið af ýmsum og ég skil út af fyrir sig þann bakgrunn þar sem menn eru að tala út frá íslensku samfélagi, kannski aðallega fyrri tíðar samfélagi, sem nytjaði náttúruverðmæta af ýmsu tagi sem hlunnindi. En við þá ágætu hv. þingmenn sem hafa tekið það mál upp vil ég segja það, að ástæðan fyrir því að ég styð þá nálgun sem er í frv. að þessu leyti, um að friðunin sé sett fram sem meginatriði og síðan undanþágur frá því sem stýri nýtingu auðlindanna, er sú að við lifum á tækniöld þar sem maðurinn á með allt öðrum hætti í tré við aðrar skepnur jarðar heldur en áður var og nauðsynlegt er að nálgast málið út frá verndar- og friðunarsjónarmiðum, nauðsynlegt. Og það er m.a. þess vegna sem ég hef lagt áherslu á að 12. gr. frv. verði með þeim hætti sem ég geri tillögu um, þar sem ég tel það hina mestu óhæfu, virðulegur forseti, að það sé opnað fyrir það í löggjöf að menn séu að elta íslenska fjallrefinn uppi á vélknúnum tækjum á snjó að vetrarlagi til þess að bana honum eins og gerist í stórum stíl í landinu. Við getum sameinast um það að reyna að halda stofninum í ákveðnu jafnvægi eða niðri að vissu marki vegna þess meinta skaða sem hann valdi sauðfjárbændum og hugsanlega öðrum bændum, en það á ekki að vera um leið opnað fyrir það eða greitt fyrir því að menn umgangist þennan fjallkóng okkar, fjallrefinn, með þeim hætti sem sómasamlegt getur talist og séu ekki að sprengja hann á farartækjum eins og vélsleðum og öðru því sem menn þeysa á um öræfi Íslands að vetrarlagi. Ég bið menn um að hugleiða þetta þegar þeir taka afstöðu til brtt. sem ég flyt og hef þegar nefnt á þskj. 1297 og sem kemur væntanlega til atkvæða hér á eftir.

Virðulegur forseti. Ég boðaði það að ég mundi ekki tala lengi í málinu, þó að margt sé hér ósagt af minni hálfu, vegna þess að ég tel að sú mikla vinna sem fram hefur farið í þessu flókna máli þurfi að fá niðurstöðu hér á Alþingi, á þessu þingi, í löggjöf, eftir að málið hefur legið jafnoft fyrir þinginu eins og verið hefur og ég á ekki von á því að það komi fram mörg ný sjónarmið í málinu þó að málið yrði lagt enn og aftur fyrir Alþingi. Og þrátt fyrir ágreining sem á rætur í hringlandahætti hæstv. umhvrh. þá var í raun efnislega mjög þokkaleg samstaða í umhvn. þingsins um meginbreytingartillögur í málinu.

[18:22]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég get tekið undir með hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni sem ræddi áðan um forkastanleg vinnubrögð hæstv. umhvrh. og það er mjög slæmt að hæstv. umhvrh. skuli ekki hafa getað verið við þá umræðu sem hér hefur farið fram um þetta mál. Þar að auki hefur hann einnig beitt sér í því að koma sjálfur inn með brtt. bæði um veiðistjóraembættið og raunar fleira, sem verður einnig að teljast ámælisvert af hæstv. ráðherra að hafa ekki látið slíkt fara inn í nefndina og vinnast þar.

Hvað varðar það að hér sé verið að reyna að ljúka máli sem hafi verið í umræðu og vinnslu á síðustu þremur þingum þá er það vissulega rétt að þetta frv. var lagt fram á 115. löggjafarþingi og einnig á 116., en það er einnig um að kenna hv. formanni þeirrar nefndar sem þá var, sem var samflokksmaður hæstv. umhvrh., sem ekki tók málið til neinnar vinnslu. Þannig

að ég vil benda bæði hv. þm. Hjörleifi Guttormssyni og fleirum á það að vinnslan á þessu frv. hefur fyrst og fremst farið fram í vetur. Þó að frv. hafi verið lagt hér fram fyrir þremur árum síðan þá hefur engin vinnsla farið fram á því fyrr en núna síðustu mánuði.

Hæstv. ráðherra er enn erlendis og virðist ekki hafa mikinn áhuga á því að koma hér og fylgja því eftir, nema í gegnum síma og fax, að þetta mál sé klárað.

Ég hef gagnrýnt það og ég vil endurtaka það að ég tel að hér séu komnar fram svo margar breytingartillögur við þetta frv., mjög margar til bóta, mjög margar bæta frv. eins og það leit út þegar það var lagt fram. En það voru hér 50–60 breytingartillögur inni við 2. umr. málsins og afgreiðslu og nú sýnist mér vera komnar a.m.k. sjö eða átta tillögur til viðbótar sem eftir er að afgreiða nú við 3. umr.

Það er ýmislegt enn þá sem er athugavert í þessu frv., þó ég endurtaki það enn og aftur að fram hafi farið góð og mikil vinnsla í þessu máli í nefndinni. En ég vil nefna eitt rétt sem ábendingu og það er í 9. gr. frv. þar sem verið er að tala um hvernig megi fara að veiðum og þar segir, í 17. liðnum, að við veiðar sé m.a. óheimilt að nota, með leyfi forseta: „Vélknúin farartæki, nema báta á sjó til fuglaveiða enda gangi þeir ekki hraðar en 9 sjómílur meðan á veiði stendur.“

Vita menn það ekki að venjulega eru notaðir hraðbátar og þeir ganga miklu hraðar heldur en 9 sjómílur? Það eru aðeins hægfara trillur sem ganga ekki meira en 9 sjómílur og þeir sem stunda einhverjar fuglaveiðar á sjó eru venjulega á hraðbátum. Þannig að ég held að það væri þá miklu réttara í þessu frv. að banna bara veiðar á sjó á hraðbátum. Það væri miklu eðlilegra heldur en að nota svona orðalag. Þetta er svona eitt dæmi um það sem mér finnst vera enn þá ábótavant í þessu frv. Menn verða að vera í takt við raunveruleikann til þess að geta unnið þetta frv. þannig að menn geti sætt sig við það að það sé svona sæmilegt tæknimál á því líka og það sé tæknilega mögulegt að samþykkja það.

Það er eitt líka sem ég raunar gleymdi að nefna í 2. umr. um þetta mál og það er það að hér er verið að ræða um friðanir á ákveðnum tegundum, en það er ekki tekið á því ef friðaðar tegundir eins og fuglategundir valda skaða á öðrum tegundum sem eru ýmist notaðar til nytja eða eru einnig friðaðar. Og mér finnst vanta algerlega inn í þetta frv. ákvæði um að það sé tekið á því þegar um er að ræða tegundir sem Alþingi hefur ákveðið að friða algerlega og þá get ég nefnt t.d. örninn sem veldur oft verulegum skaða í æðarvarpi, sérstaklega við Breiðafjörð. Í þessu frv. er ekkert tekið á því hvort hægt sé að fara með þau mál á einhvern hátt. Það er sem sagt ekki nefnt neitt í sambandi við það með hvaða hætti eigi að taka á slíkum málum. Það er eins og þau séu ekki til. En það er eitt af því sem menn þurfa líka að vera í takt við raunveruleikann við og vita að þessir hlutir eru til.

Ég ætla ekki að lengja neitt þessa umræðu. Ég tel enn og aftur að þó að þetta frv. sé komið til með að líta miklum mun skár út, og það þakka ég þeirri vinnu sem fram fór í nefndinni, þá finnst mér enn þá vera ýmsu ábótavant við það, bæði orðalag og ýmis ákvæði sem ég er enn ósátt við að séu þar inni. Og ég tel að þetta mál, þó það hafi tekið breytingum til bóta, þá held ég að staða málsins sé með þeim hætti að það væri eðlilegt að fresta því að þessu sinni og taka þá aftur upp þráðinn á því stigi sem það er núna og vinna það áfram í nefndinni. Og ég er alveg sannfærð um að þá tækist að ljúka því á haustþingi.

[18:28]

Viðskiptaráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég lofaði hv. þingmönnum sem hér hafa flutt fyrirspurnir að afla upplýsinga um tiltekið atriði og mér er ljúft að upplýsa menn um það, þ.e. um hugsanlegan flutning veiðistjóraembættisins út á land. Það liggur fyrir álitsgerð sem umhvrh. hefur látið semja varðandi annað mál og þar segir svo, með leyfi forseta:

„Í 2. mgr. 13. gr. stjórnarskrárinnar segir að ráðuneytið hafi aðsetur í Reykjavík, en löggjafinn er að sjálfsögðu bundinn af þessu fyrirmæli í stjórnarskránni sbr. 2. mgr. 1. gr. laga nr. 73/1969, um Stjórnarráð Íslands. Að öðru leyti er almenna löggjafanum það í sjálfsvald sett hvort hann ákveður staðsetningu tiltekinna ríkisstofnana með því að setja fyrirmæli um það í almenn lög. Eru nokkur dæmi þess að svo hafi verið gert, einkum þegar stofnunum er valið aðsetur utan Reykjavíkur.

Ef almenn lög geyma engin fyrirmæli um það hvar stofnun skuli staðsett og ef engin ályktun verður heldur dregin af lögunum sjálfum eða lögskýringargögnum um vilja löggjafans í því efni er það álit mitt að ráðherrar, sem æðstu handhafar framkvæmdarvaldsins, sbr. 13. og 14. gr. stjórnarskrárinnar, geti ákveðið það án atbeina löggjafans. Hér verður að hafa í huga verkaskiptingu löggjafans og framkvæmdarvaldshafa þar sem almenna reglan er sú að almenni löggjafinn hefur nokkurn veginn óbundnar hendur um að gefa handhöfum framkvæmdarvaldsins fyrirmæli meðan stjórnvöld hafa á hinn bóginn tiltölulega frjálsar hendur um að taka ákvarðanir um ýmis framkvæmdaratriði er löggjafinn hefur einhverra hluta vegna látið afskiptalaus, sbr. Stjórnskipun Íslands eftir Ólaf Jóhannesson, útgáfa 1960, einkum bls. 286–287 og 335–336.

Þegar stofnanir eða hluti þeirra hefur verið fluttur úr Reykjavík í önnur sveitarfélög hefur slíkt ýmist gerst með eða án atbeina löggjafans. Sem dæmi um hið fyrrnefnda má nefna að þegar aðalstöðvar Skógræktar ríkisins voru fluttar úr Reykjavík austur á Fljótsdalshérað var það gert með breytingu á lögum nr. 3/1955, um skógrækt. Þegar Vita- og hafnamálastofnun var flutt úr Reykjavík til Kópavogs fyrir nokkrum árum mun það hins vegar hafa gerst án lagabreytingar, en hvorki í lögum nr. 56/1981, um vitamál, né í hafnalögum, nr. 69/1984, er að finna fyrirmæli um það hvar stofnunin, sem reyndar greinist nú í tvær stofnanir, skuli vera staðsett. Þessi tvö dæmi sýna að það virðist háð nokkurri tilviljun hvort sérstakrar lagaheimildar sé aflað þegar ákveðið er að staðsetja stofnun utan Reykjavíkur.“ Síðan segir, með leyfi forseta:

„Þegar fjallað er um heimild ráðherra til þess að

ákveða hvar einstakar ríkisstofnanir skuli vera staðsettar, þar á meðal hvort stofnun skuli flutt frá einum stað til annars, verður að greina á milli löggjafarvalds Alþingis annars vegar og fjárstjórnarvalds þingsins hins vegar. Hér að framan hefur einvörðungu verið miðað við stöðu ráðherra gagnvart hinum almenna löggjafa. Þegar flutningur á stofnun leiðir augljóslega til útgjalda sem ekki er heimild fyrir í fjárlögum verður ráðherra að leita slíkrar heimildar Alþingis."

Samkvæmt þessu finnst mér ljóst vera að ef flutningur stofnunar, sem ekki er tiltekið í almennum lögum hvar skuli hafa aðsetur, leiði til kostnaðar þá verði slíkur flutningur ekki að veruleika nema Alþingi afgreiði og samþykki í fjárlögum þær fjárveitingar sem til þarf. Þannig kemur málið til kasta Alþingis.

Við þetta vil ég aðeins bæta því, virðulegur forseti, að það er að sjálfsögðu dæmi þess að starfsmenn ráðuneyta sem unnið hafa að ákveðnum málatilbúnaði fyrir hönd ráðherra sinna og hafa síðan flust til annarra starfa hafi fylgt málunum eftir á Alþingi að beiðni ráðherranna. Ég man t.d. ein tvö dæmi um það frá því að ég var starfandi heilbrrh. að skrifstofustjóri sem var í heilbrrn. og hafði undirbúið tiltekin þingmál og réðst svo til starfa annars staðar, á öðrum vettvangi, fylgdi að minni beiðni málunum eftir til Alþingis og veitti heilbr.- og trn. Alþingis upplýsingar og var ekkert við það að athuga og nefndin gerði engar athugasemdir við það. Mér er ekki kunnugt um annað en svipað fyrirkomulag hafi verið haft við vinnu fyrrv. skrifstofustjóra í umhvrn., þ.e. að hann hafi fylgt málinu eftir inn á Alþingi að ósk ráðherra og hann hafi mætt í umhvn. þingsins að ósk nefndarformanns og veitt þar upplýsingar að ósk formannsins.

[18:33]

Hjörleifur Guttormsson *(andsvar)*:

Virðulegur forseti. Ég vil þakka hæstv. ráðherra fyrir að gera grein fyrir máli frá sjónarhóli ráðuneytisins. Ég þarf ekki að gera margar athugasemdir við það sem þar kom fram að öðru leyti en því að ég tel að í sambandi við flutning stofnana þá sé eðlilegt að fyrir liggi vilji Alþingis í málinu, a.m.k. á meðan ekki hafa verið mótaðar almennar reglur varðandi það hvernig ráðherra beitir valdi í þeim efnum. Í þessu tilviki hefur verið gengið á svig við það nál. sem fyrir liggur og nefnd sem kennd er við fyrrv. hv. þm. Þorvald Garðar Kristjánsson, alveg sérstaklega að því er varðar samskipti við starfsmenn viðkomandi stofnunar.

Hitt liggur svo fyrir og ég tek undir það sem ráðherra sagði, að auðvitað verður Alþingi að samþykkja fjárútgjöld sem slíku tengjast og kemur þá í flestum tilvikum að málinu, en hitt er þó eðlilegt og sjálfsagt að vilji þingsins liggi fyrir áður en í flutning stofnana er ráðist.

Ég hef ekki rætt þetta mál út frá flutningnum sem slíkum. Ég er meðmæltur dreifingu stjórnsýslunnar með skynsamlegum hætti og vel undirbúið að vissu marki og tengi það ekki málflutningi mínum í þessu máli.

Varðandi það sem síðast kom fram hjá hæstv. ráðherra, þá hef ég ekki gert neinar athugasemdir við það að hæstv. umhvrh. hefur stuðst við fyrrv. starfsmann sinn í samskiptum við umhvn. Engar athugasemdir hef ég við það að gera út af fyrir sig. Auðvitað verða slíkir starfsmenn að gæta hagsmunaárekstra ef hætta er á slíku, það getur farið eftir eðli máls, en það var ekki neitt sem tengdist mínum athugasemdum í málinu.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 859, brtt. 1296, till. til rökst. dagskrár 1310.

[18:36]

Guðrún Helgadóttir:

Hæstv. forseti. Aðeins örfá orð. Til viðbótar við það sem ég sagði í ræðu minni hér í upphafi umræðu vil ég benda á, þar sem ég gerði það ekki þá, að trillusjómenn eru auðvitað algerlega utan við rétt til Lífeyrissjóðs sjómanna og um þeirra mál er engin sátt. Þannig að ég tel enn að það þurfi að skoða þetta mál miklu, miklu betur. Það hefur komið fram að frv. hefur alls ekki verið sent til umsagnar hjá Landssambandi smábátaeigenda. Ég held því enn fram að þarna þyrfti að skoða málin betur og fresta málinu til haustsins. Komi það hér til afgreiðslu, sem auðvitað er ekki á mínu valdi að stöðva, þá greiði ég að sjálfsögðu atkvæði á móti því og mun taka þessi mál upp á hausti komanda.

Herra forseti. Ég skal ekki lengja þessa umræðu nú þar sem ég hygg að það sé í allra þágu að fara að ljúka þingfundi.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Vog, mál og faggilding, 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 626. mál. — Þskj. 1227.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Ofbeldi gegn konum á Íslandi, síðari umr.

Þáltill. SvG og ISG, 269. mál. — Þskj. 324, nál. 1294, brtt. 1295.

[18:38]

Frsm. félmn. (Guðjón Guðmundsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir nál. félmn. um till. til þál. um rannsóknir á ástæðum og afleiðingum ofbeldis gegn konum á Íslandi. Þessi tillaga hefur fengið hraða afgreiðslu hjá nefndinni. Henni var fyrst vísað þangað 6. apríl sl. Tillagan var ekki send til umsagn-

ar, en formaður félmn. lagði mikla áherslu á að hún yrði afgreidd frá nefndinni fyrir þinglok.

Nefndin fjallaði um málið og varð sammála um að mæla með samþykkt tillögunnar með svofelldum breytingum sem fram koma á þskj. 1295.

1. Tillögugreinin orðist svo:

Alþingi ályktar að fela dómsmálaráðherra að skipa nefnd er undirbúi og hafi umsjón með rannsóknum á ástæðum, afleiðingum og umfangi heimilisofbeldis, svo og annars ofbeldis gegn konum og börnum.

Nefndin geri tillögur um úrbætur og gangi frá skýrslu um málið sem lögð verði fyrir Alþingi.

Nefndin skili áfangaskýrslum um störf sín eftir því sem þeim miðar fram en lokaskýrslan verði lögð fram á haustþingi 1995.

2. Fyrirsögn tillögunnar orðist svo: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á heimilisofbeldi, svo og öðru ofbeldi gegn konum og börnum á Íslandi.

Undir nál. rita allir nefndarmenn í félmn.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 627. mál. — Þskj. 1298.

[18:41]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 11. maí 1994 eða síðar, ef nauðsyn krefur, enda verði það kvatt saman á ný eigi síðar en 17. júní 1994."

Þessi tillaga, hæstv. forseti, skýrir sig sjálf.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Þróunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 282. mál. — Þskj. 1302.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:43]

Frv. samþ. með 23:12 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

nei: GB, GHelg, IP, JÁ, JónK, KÁ, MF, RA, StG, SJS, SvG, VS.

28 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, ISG, JE, JGS, JVK, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1311).

Verðjöfnunarsjóður sjávarútvegsins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 260. mál. — Þskj. 1303, brtt. 1308.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:44]

Brtt. 1308 felld með 24:8 atkv. og sögðu

já: GHelg, JÁ, JVK, KÁ, MF, RA, SJS, SvG.

nei: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

6 þm. (GB, IP, JE, JónK, StG, VS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

15 þm. (GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, KÁ, MF, RA, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1312).

Áburðarverksmiðja ríkisins, frh. 3. umr.

Stjfrv., 199. mál. — Þskj. 1304, brtt. 1309.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:46]

Brtt. 1309 felld með 24:12 atkv. og sögðu

já: GB, GHelg, HG, JÁ, JónK, JVK, KÁ, MF, RA, SJS, SvG, VS.

nei: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

3 þm. (IP, JE, StG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. samþ. með 28:2 atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, IP, JóhS, JBH, JónK, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: JVK, KÁ.

9 þm. (GHelg, HG, JÁ, JE, MF, RA, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG,

ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1313).

Stækkun atvinnu- og þjónustusvæða á Vestfjörðum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 506. mál. — Þskj. 1305.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:48]

Frv. samþ. með 27 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, StB, VE, ÞorstP.

12 þm. (ÁJ, GHelg, HG, JÁ, JE, KÁ, MF, RA, SJS, SvG, TIO, VS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

7 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:48]

Tómas Ingi Olrich:

Virðulegi forseti. Í forsendum þessa máls eru þeir erfiðleikar atvinnulífsins sem rekja má til aflasamdráttar of þröngt skilgreindir. Ekki er tekið tillit til fjölmargra annarra þátta sem hafa leitt til mikilla staðbundinna þrenginga í atvinnulífi víða um landið og því mun ég sitja hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[18:48]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Í því máli sem kemur nú til atkvæða er ekki skilgreint formlega að fyrirtæki eða félög annars staðar á landinu en á Vestfjörðum muni njóta fyrirgreiðslu á sömu forsendum og gert er ráð fyrir í frv. þó að sambærilegur vandi sé staðreynd víða um land og sérstaða Vestfjarða að því leyti lítil, þótt vissulega sé þar við mikinn vanda að glíma. Hér er því fyrst og fremst um mismunun að ræða í garð annarra landshluta, fyrirtækja og félaga og því sit ég hjá við þessa atkvæðagreiðslu.

[18:49]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Ég vona að þessi atkvæðagreiðsla standi opin sem lengst og sem flestir stjórnarliðar komi hér upp og geri grein fyrir atkvæði sínu með svipuðum hætti og tveir hafa nú gert og taki þar með undir málflutning og tillöguflutning stjórnarandstöðunnar í þessu máli. Þeir fara hér með nákvæmlega sömu rök og við höfðum fyrir því að flytja breytingartillögur við þetta frv., en kjósa að sitja hjá ella að þeim felldum. Staðreyndin er sú að það eru þeir ágallar á framsetningu þessa máls og formi að það er að mínu mati og okkar stjórnarandstæðinga ekki sómasamlegt að afgreiða það í óbreyttri mynd.

[18:50]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég vil við lokaafgreiðslu þessa máls minna á það að við 1. umr. um málið í þinginu lýsti ég því yfir að ég mundi styðja það. Ég skildi vel þann vanda sem við væri að glíma á Vestfjörðum, en það yrði hins vegar að taka tillit til þess að það væru ýmsir fleiri staðir sem ættu við svipaðar aðstæður að glíma. Byggðastofnun var falið að kanna nánar hvernig háttaði til með önnur byggðarlög og það voru eftir því sem ég gat best skilið í því fólgin ákveðin fyrirheit um að málið kynni að taka breytingum í meðförum þingsins þar sem tekið yrði tillit til þess að það yrði að opna lögin fyrir aðstoð við fleiri staði. Nú er það því miður ekki gert og málið er auðvitað allt afar undarlega fram sett og ákvæði í því þess eðlis að það er mjög erfitt að framfylgja því, verður erfitt að láta það yfirleitt þjóna sínum tilgangi eða þær björgunaraðgerðir sem þarna á að vinna að. En þrátt fyrir það stend ég við það sem ég sagði við 1. umr., ég styð þetta mál, en lýsi óánægju minni með hvernig að því er staðið og að ekki skyldu gefast möguleikar á því að opna það frekar.

[18:51]

Jón Kristjánsson:

Virðulegi forseti. Ég vil undirstrika að það ber mikla nauðsyn til að aðstoða fyrirtæki víðar en á Vestfjörðum. Hins vegar er sjávarútvegurinn svo stór þáttur í atvinnulífi Vestfirðinga að það ber brýna nauðsyn til að taka á þeim í þeim landshluta og á þeim forsendum segi ég já við þessu frv.

[18:52]

Einar K. Guðfinnsson:

Virðulegi forseti. Hér er komið að lokaafgreiðslu máls sem hefur átt sér mjög langan aðdraganda. Fyrir sex eða sjö mánuðum ritaði hæstv. forsrh. bréf til stjórnar Byggðastofnunar með ósk um það að þetta mál yrði sérstaklega skoðað, vandi Vestfjarða, en áður hafði stjórn Byggðastofnunar fjallað um það rækilega. Það þarf því engum að koma á óvart að þetta frv. hafi komið fram sem niðurstaða af þessari vinnu. Það hefur rækilega komið fram í þeim umræðum sem átt hafa sér stað um þetta mál, ítarlegum og málefnalegum oftast nær, sérstaða Vestfjarða og um það er ekki þörf að hafa fleiri orð. Ég tel að þetta frv. sé mjög mikilvæg viðleitni í þá átt að koma til móts við þann mikla vanda sem við er að glíma á Vestfjörðum, meiri almennan vanda á einu svæði heldur en nokkurs staðar annars staðar. Þess vegna segi ég já við þessu frv.

[18:53]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Það er alveg óumdeilt að sérstaða Vestfjarða er þó nokkuð mikil í þessum málum. Ég hef gagnrýnt það hvernig þetta frv. er fram sett. Það eru á því stórir ágallar og ég gerði grein fyrir því í 1. umr. Það hefur lítið breyst frá því að það var lagt fram. Ég hef þess vegna ekki greitt atkvæði með öllum greinum þess þar sem mér finnst á skorta að eðlilega sé að málum staðið. Ég hef einnig greitt atkvæði með þeim

breytingartillögum sem gera ráð fyrir því að slík aðstoð nái til annarra svæða á landinu þar sem svipað er ástatt. En að öllu þessu skoðuðu þá tel ég að það sé nauðsyn að þetta mál nái fram að ganga og þess vegna segi ég já.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1314).

Vernd og veiðar á villtum fuglum og spendýrum, frh. 3. umr.

Stjfrv., 201. mál (heildarlög). — Þskj. 1256, brtt. 1267 og 1297.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [18:55]

Brtt. 1267,1 samþ. með 27:4 atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GB, GHall, HBl, IP, JóhS, JBH, JónK, JVK, LMR, MF, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

nei: HG*, JÁ, KÁ, RA.

7 þm. (ÁJ, GE, GHelg, JE, StG, SJS, SvG) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

[*Þm. óskar að geta þess að hann studdi á rangan hnapp í atkvgr.; ætlaði að segja já.]

3 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[18:55]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Ég vil aðeins við upphaf atkvæðagreiðslu um þetta mál vekja athygli á því að á þskj. 1297 hef ég flutt eða tekið upp brtt. sem umhvn. þingsins hafði komið sér saman um fyrir 2. umr. málsins, sem felur í sér tilvísun til ákvæða í VI. og VII. kafla frv. með það fyrir augum að styrkja stöðu hlunnindabænda. Af einhverjum ástæðum sem mér eru óljósar eða óskiljanlegar þá er komin tillaga frá nokkrum hv. þingmönnum í umhvn. um að víkja frá þessu og breyta þessu. Ég mun greiða atkvæði gegn þeirri tillögu og mæli með stuðningi við brtt. á þskj. 1297.

[18:56]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég er ekki sáttur við þá grundvallarstefnu sem þetta frv. byggir á. Ég tel að Íslendingar eigi að búa þannig um hnútana í löggjöf af þessu tagi að þeir viðurkenni þann veruleika sem hér er og hefur verið um aldir, að við eigum að lifa af náttúrunni, í náttúrunni og í sátt við náttúruna, en ekki að búa til löggjöf sem fyrst og fremst byggist á bönnum að öðru leyti en því sem hæstv. umhvrh. leyfir þá og þá. Af þeirri ástæðu að ég er í grundvallaratriðum andvígur þeim sjónarmiðum sem fram koma í frv. þá kýs ég að sitja hjá við atkvæðagreiðslu um málið.

[18:57]

Árni Johnsen:

Virðulegi forseti. Þótt ýmislegt sé brúklegt í því frv. sem hér liggur fyrir til afgreiðslu þá er svo margt í þessu svokallaða villidýrafrv. villt og galið að ég sé mér ekki fært annað en sitja hjá við afgreiðslu þess.

Brtt. 1297,1 felld með 23:5 atkv. og sögðu

já: GHelg, HG, JÁ, KÁ, RA.

nei: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GHall, HBl, JóhS, JBH, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

10 þm. (GB, IP, JE, JónK, JVK, MF, StG, SJS, SvG, VS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1267,2–4 samþ. með 23 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JóhS, JBH, JVK, LMR, MF, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, GE, GB, GHelg, IP, JE, JónK, KÁ, RA, StG, SJS, SvG, TIO) greiddu ekki atkv.

27 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, HG, IBA, ISG, JÁ, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1297,2 felld með 18:10 atkv. og sögðu

já: ÁMM, DO, EKJ, GHelg, HBl, HG, JÁ, KÁ, RA, SvG.

nei: EKG, FrS, GHH, GE, GHall, JóhS, JBH, LMR, MF, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, ÞorstP.

10 þm. (ÁJ, GB, IP, JE, JónK, JVK, StG, SJS, VS, VE) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:00]

Hjörleifur Guttormsson:

Virðulegur forseti. Hér er lagt til að fylgt verði þeirri tillögu sem meiri hluti umhvn. gerði tillögu um við 2. umr. málsins um reglur varðandi veiðar á fjallref. Samkvæmt þessari tillögu er gert ráð fyrir því að stjórnun veiða verði eftir reglum frá veiðistjóra og framkvæmd af sveitarstjórnum eða mönnum í umboði þeirra en öðrum séu refaveiðar óheimilar. Ég tel að það sé óeðlilegt að heimila almennar veiðar á þessum fjallkóngi íslenskrar náttúru, fjallrefnum, og ég skora á hv. þingmenn að styðja þessa tillögu meiri hluta umhvn. eins og hún lá fyrir við 2. umr. málsins.

Brtt. 1267,5 samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, JóhS, JBH, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VS, VE, ÞorstP.

14 þm. (ÁJ, GE, GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JónK, RA, StG, SJS, SvG, TIO) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 24 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GHall, HBl, HG, JóhS, JBH, KÁ, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, VE, ÞorstP.

13 þm. (ÁJ, GE, GB, GHelg, JÁ, JE, JónK, JVK, StG, SJS, SvG, TIO, VS) greiddu ekki atkv.

26 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GuðjG, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, IP, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1315).

Lífeyrissjóður sjómanna, frh. 3. umr.

Stjfrv., 548. mál. — Þskj. 859, brtt. 1296, rökstudd dagskrá 1310.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:03]

Till. til rökst. dagskrár á þskj. 1310 felld með 25:14 atkv. og sögðu
já: GB, GHelg, HG, IP, JÁ, JE, JónK, JVK, MF, RA, StG, SJS, SvG, VS.
nei: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, KÁ, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

2 þm. gerðu svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:03]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Á þskj. 1310 flyt ég till. til rökst. dagskrár sem er á þessa leið:

„Þar sem fram hafa komið ábendingar um að ríkissjóður eigi að standa undir kostnaði Lífeyrissjóðs sjómanna vegna 60 ára lífeyrisaldurs sjómanna felur Alþingi ríkisstjórninni að kanna þessar ábendingar og tekur því fyrir næsta mál á dagskrá."

Ég held að það sé óhjákvæmilegt, hæstv. forseti, að þeim mönnum sem fyrr í dag, hæstv. sjútvrh. og hv. 16. þm. Reykv., töldu að ríkissjóður ætti að standa undir þessum kostnaði, gefist kostur á því að fara betur yfir málið. Ég skora á þá að styðja þessa tillögu vegna þess að þar með gefst þeim kostur á því að láta það koma fram að þeir hafi í raun og veru stuðst við rökrænan veruleika en ekki einhvern áróðurslegan tilbúning í höfðinu á sér. Ég sé að vísu að hæstv. sjútvrh. virðist ætla að greiða atkvæði gegn þessari tillögu sem kemur mér algerlega á óvart. Það bendir til þess að hann ómerki þar með ummæli sín frá því fyrr í dag. Hef ég sjaldan séð ráðherra með þessum hætti ómerkja ummæli sín með jafnstuttu millibili því að það er ekki nema rúmlega klukkutími frá því að hann viðhafði þau ummæli að fyrirheit lægi fyrir um að ríkissjóður ætti að standa undir þessum kostnaði.

[19:05]

Guðmundur Hallvarðsson:

Hæstv. forseti. Við þá umræðu sem fram fór í dag um Lífeyrissjóð sjómanna hitnaði mönnum nokkuð í hamsi sem kannski má ekki teljast óeðlilegt þegar litið er til málsins og upphafs þess, sem nú er orðin ein 13 ár, varðandi þá reglu sem mjög hefur verið deilt um, þ.e. 60 ára tökurétt sjómanna á lífeyri. Það er nú svo að ég vona og mér þykir leitt ef menn hafa tekið orð mín svo óstinnt upp sem raun bar vitni um, en eins og ég sagði áðan, hafandi tekið þátt í kjarasamningum sjómanna í gegnum árin, þá er ekki óeðlilegt þó að mönnum hitni í hamsi þegar slíkt mál ber á góma sem þetta. Ég greiði atkvæði gegn þessari frávísunartillögu vegna þess að ég tel það rétt og það sé mjög í anda samtaka sjómanna að frv. fari í gegn til þess að hægt sé að setjast yfir reglugerð og gera sjóðnum það sem best er fyrir hann og sjómannasamtökin í heild.

Brtt. 1296 (nýtt ákv. til brb.) samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JE, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv., svo breytt, samþ. með 24:7 atkv. og sögðu
já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, FrS, GHH, GE, GuðjG, GHall, HBl, JóhS, JBH, KÁ, LMR, ÓE, PBald, SalÞ, SigG, SighB, SP, StB, TIO, VE, ÞorstP.
nei: GHelg, HG, JÁ, RA, StG, SJS, SvG.

7 þm. (GB, IP, JE, JónK, JVK, MF, VS) greiddu ekki atkv.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, EKJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

1 þm. gerði svofellda grein fyrir atkvæði sínu:

[19:07]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það hafa orðið nokkuð athyglisverðar sviptingar í kringum meðferð þessa máls hér á þingi í dag og komið fram yfirlýsingar sem gerðu það að verkum að við þingmenn Alþb. brugðumst nokkuð hart við og óskuðum eftir því að menn færðu sönnur á mál

sitt eða drægju þau ummæli til baka ella, að það væri sérstaklega sökótt við þá menn sem gegndu ráðherradómi á þeim tíma þegar breytingar urðu á lögum um Lífeyrissjóð sjómanna og 60 ára lífeyristökualdur kom til. Í framhaldi af þeim umræðum var svo flutt tillaga um frávísun eða rökstudda dagskrá og hefði þar með þeim mönnum sem töldu sig geta sannað og sýnt fram á að Lífeyrissjóður sjómanna ætti rétt á fjármunum úr ríkissjóði til að standa undir þessum útgjöldum gefist kjörið tækifæri til að fylgja orðum sínum eftir og styðja það að málið yrði skoðað í sumar, dregið fram gögn um þetta atriði. En nú brá svo við að það gerðu þessir sömu hv. þingmenn og hæstv. ráðherrar ekki. Ég tel að með atkvæði sínu hér áðan hafi þeir ómerkt eigin ummæli, dregið þau til baka, þau hafi fallið dauð og ómerk og þá er í sjálfu sér af minni hálfu ekkert að vanbúnaði að ljúka umfjöllun um þetta mál og ég er eftir atvikum sáttur við það að umræðunni ljúki með þessum hætti, að menn svari sjálfum sér með atkvæði sínu eins og þeir hafa hér gert.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1316).

Eftirlit með skipum, frh. 3. umr.

Frv. samgn., 623. mál (innflutningur og skráning fiskiskipa). — Þskj. 1210.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:09]

Frv. samþ. með 35 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, SJS, StB, SvG, TIO, VE, ÞorstP.

4 þm. (JVK, KÁ, StG, VS) greiddu ekki atkv.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1317).

Vog, mál og faggilding, frh. 3. umr.

Frv. efh.- og viðskn., 626. mál. — Þskj. 1227.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:10]

Frv. samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Frv. afgr. sem lög frá Alþingi (þskj. 1318).

Ofbeldi gegn konum á Íslandi, frh. síðari umr.

Þáltill. SvG og ISG, 269. mál. — Þskj. 324, nál. 1294, brtt. 1295.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:11]

Brtt. 1295,1 (ný tillgr.) samþ. með 39 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Brtt. 1295,2 (ný fyrirsögn) samþ. án atkvgr.

Till., svo breytt, samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, VE, ÞorstP.

25 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1319) með fyrirsögninni:

Ál. um rannsóknir á heimilisofbeldi, svo og öðru ofbeldi gegn konum og börnum á Íslandi.

Frestun á fundum Alþingis, frh. einnar umr.

Stjtill., 627. mál. — Þskj. 1298.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [19:12]

Till. samþ. með 38 shlj. atkv. og sögðu

já: ÁJ, ÁMM, DO, EKG, EKJ, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GHelg, HBl, HG, IP, JÁ, JE, JóhS, JBH, JónK, JVK, KÁ, LMR, MF, ÓE, PBald, RA, SalÞ, SigG, SighB, SP, StG, SJS, StB, TIO, VS, VE, ÞorstP.

1 þm. (SvG) greiddi ekki atkv.

24 þm. (AÓB, ÁRÁ, BBj, EH, EgJ, FI, GÁS, GÁ, GJH, HÁ, HN, IBA, ISG, JGS, KHG, MB, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, RG, SAÞ, ÞBern, ÖS) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1320).

Umræður utan dagskrár.

Vandi skipasmíðaiðnaðarins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Eins og áður hefur verið tilkynnt hefst nú utandagskrárumræða, reyndar tvær utandagskrárumræður, skv. 1. mgr. 50. gr. þingskapa. Fyrri umræðan er að beiðni hv. 9. þm. Reykv., Svavars Gestssonar, um vanda skipasmíðaiðnaðarins.

[19:13]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Fyrr á þessum degi fóru hér fram allmiklar umræður um afleiðingar atvinnuleysis á Íslandi á grundvelli skýrslu sem lögð var fram af hæstv. félmrh. í desembermánuði sl. Þær umræður leiddu margt fróðlegt í ljós og er ástæðulaust út af fyrir sig að endurtaka það, en hitt liggur fyrir að það virðist hvað sem öðru líður vera allgóð samstaða um nauðsyn þess að taka sérstaklega á málefnum skipasmíðaiðnaðarins.

Því miður er það svo að skipasmíðaiðnaðurinn á Íslandi er kominn mjög að fótum fram og má segja að hann hafi verið um og upp úr áramótunum og sé jafnvel enn í andarslitrunum. Þess vegna var það svo að hv. iðnn. Alþingis ákvað að fara sérstaklega yfir málefni þessarar iðngreinar, gerði það m.a. með því að heimsækja skipasmíðastöðvar á Akranesi og Akureyri og að kynna sér sérstaklega málefni greinarinnar í heild á tveimur eða þremur fundum í nefndinni. Þess vegna má segja að þær aðgerðir sem ákveðnar hafa verið á þessu tímabili, á þeim mánuðum sem liðnir eru frá því í haust, mér liggur við að segja, hæstv. forseti, frá því að skipt var um ráðherra í iðnrn., að á þessum tíma hefur það komið fram að um málin hefur verið allgóð samstaða. Auðvitað er það svo að við sem erum í stjórnarandstöðu hefðum mörg viljað láta standa öðruvísi að málum. Við teljum t.d. að þau nýju lög sem samþykkt hafa verið um jöfnunartolla séu ekki nægilega skýr. Ég tel satt að segja að þau séu mjög gölluð og að hætta sé á því að þau muni ekki koma greininni að þeim notum sem nauðsynlegt er.

Ég tel einnig að nauðsynlegt hefði verið að ákveða fyrr og með myndarlegri hætti þá jöfnunaraðstoð sem ákveðin var í vetur og er nú uppurin. Og aðalástæða þess, hæstv. forseti, að ég óskaði eftir þessari utandagskrárumræðu hér í lok þingsins er sú að ég vildi spyrja hæstv. iðnrh. hvort uppi eru hugmyndir um það að halda jöfnunaraðstoðinni áfram. Það var ákveðið, hygg ég, snemma á þessu ári að veita 40 millj. kr. í jöfnunaraðstoð. 13% af þeim verkefnum sem unnin eru eftir tilteknum reglum hafa verið greidd niður með þessum peningum. Staðreyndin er hins vegar sú að þessir peningar eru búnir. Þeir fjármunir sem notaðir hafa verið, þessar 40 millj., hafa nýst mjög vel þannig að það er augljóst mál að skipasmíðaiðnaðurinn á Íslandi hefur aðeins farið af stað aftur með þessum fjármunum. Ég tel að það sé mjög mikilvægt að þessari tilraun verði haldið áfram og skora á hæstv. iðnrh. að beita sér eins og hann getur fyrir því að þessir fjármunir fáist a.m.k. út árið 1994. Ég tel að það sé ekki sanngjarnt gagnvart öðrum skipasmíðaverkefnum að láta hér staðar numið og þess vegna sé eðlilegt og óhjákvæmilegt að þessari aðstoð verði haldið áfram út árið 1994.

Jafnframt tel ég rétt að inna hæstv. iðnrh. eftir því hvort hann hefur gert einhverjar ráðstafanir til þess að kalla fram aukna samstöðu og samvinnu skipasmíðafyrirtækjanna í landinu. Ég er þeirrar skoðunar að það sé í raun og veru alveg óhjákvæmilegt, ef skipasmíðaiðnaðurinn á að komast á legg á nýjan leik, að skipasmíðastöðvarnar taki upp skipulega samvinnu sín á milli í stórauknum mæli og hefji jafnvel verkaskiptingu með skipulegum hætti. Ég tel með öðrum orðum að margar skipasmíðastöðvar á Íslandi sem eru kannski meira og minna allar að fást við það sama geti tæplega gengið. Þess vegna séu full rök fyrir því að stjórnvöld beiti sér fyrir víðtæku samstarfi skipasmíðastöðva hér við Faxaflóann svo að dæmi sé nefnt, þ.e. frá Njarðvíkum og vestur á Akranes. Um þetta atriði vildi ég spyrja sérstaklega hæstv. iðnrh. því ég tel að það sé mjög mikilvægt að fá upplýsingar um það hvort ráðherrann er sammála okkur um það að reyna að ná samstöðu af þessu tagi.

Ég vil í þriðja og síðasta lagi spyrja hæstv. iðnrh. að því hvort uppi eru hugmyndir um einhverjar aðrar sérstakar eða takmarkaðar aðgerðir fyrir skipasmíðaiðnaðinn eða einstakar skipasmíðastöðvar. Nú vil ég ekki að orð mín séu skilin þannig að ég sé að hvetja til þess að farið verði í aðgerðir fyrir einstakar skipasmíðastöðvar sem kalla mætti mismunun í greininni. Ég tel að það sé mjög brýnt að það verði farið heildstætt í málefni skipasmíðaiðnaðarins og það verði ekki efnt til verkefna eða annarra aðgerða sem vekja upp úlfúð, draga úr möguleikum á samstarfi eða spilla í raun og veru fyrir framtíðarþróun greinarinnar á annan hátt. Þessar spurningar vildi ég bera fram við hæstv. iðnrh. og þakka hæstv. forseta fyrir að gefa kost á því að taka þessi mál til umræðu í lok þingsins.

[19:19]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég vil láta í ljós þakklæti mitt við iðnn. Alþingis fyrir góða samvinnu sem hefur tekist á milli iðnrn. og nefndarinnar um aðgerðir til þess að rétta við skipasmíðaiðnaðinn í landinu. Þar hef ég haft samráð við nefndina og hef haft fullan stuðning hennar í því sem gert hefur verið í minni ráðherratíð í því efni. Í því sambandi vil ég skipta aðgerðum í tvennt. Annars vegar eru ráðstafanir sem var gripið til mjög fljótlega og voru hugsaðar til skamms tíma, bráðabirgðaráðstafanir. Þar má t.d. nefna samkomulag iðnrn. og sjútvrn. um að setja á stofn vettvang, samstarfsverkefni málmiðnaðar og útgerðar, sem þegar hefur hafið störf. Ég mun alveg á næstunni skýra frá því hvað unnið hefur verið á þeim vettvangi í samvinnu út-

gerðaraðila og málmiðnaðar og hvað undirbúið hefur verið í því sambandi, en sú vinna hefur nú staðið um tveggja til þriggja mánaða skeið.

Í öðru lagi jöfnunaraðstoðin, sem takmörkuð var við 40 millj. kr., sem við héldum að mundi endast að mestu út árið. Það er rétt sem hv. þm. hefur sagt að viðbrögðin hafa farið fram úr björtustu vonum. Það hefur komið í ljós að þessi aðstoð hefur orðið til þess að útgerðaraðilar hafa farið í endurbætur og viðgerðarverkefni orðið talsvert mikið umfram það sem við áttum von á. Nú þegar er búið að binda í samningum slíkar aðgerðir nokkuð fram á árið. Það verður að sjálfsögðu skoðað aftur hvort möguleiki er að auka eitthvað þarna við. Í því sambandi vil ég aðeins benda á, sem hefur komið fram hjá Þjóðhagsstofnun og raunar fleirum, að það fé sem varið er til að fá umtalsverð endurbótaverkefni, meiri háttar endurbótaverkefni til landsins, skilar sér í meira mæli inn í ríkisjóð aftur vegna þeirra beinu tekna sem ríkissjóður hefur af því að fá slík verkefni flutt til Íslands frá útlöndum.

Í þriðja lagi höfum við varið verulegum fjármunum á mælikvarða ráðuneytisins til markaðsaðstoðar við skipasmíðaiðnaðinn og hafa komið margar umsóknir þar um sem sýnir fram á það, jafnframt þeim umsóknum sem hafa komið fram um þróunarhjálp eða þróunaraðstoð við skipasmíðaverkefni í ráðuneytinu, að það er hugur í skipaiðnaðarmönnum. Það eru ýmis verkefni sem þrátt fyrir erfiðleika skipasmíðaiðnaðarins er verið að vinna að og þær umsóknir sem við höfum fengið hafa einnig, satt best að segja, verið bæði fleiri og áhugaverðari heldur en við áttum von á í upphafi þess starfs. Þetta hefur borið góðan árangur.

Í fimmta lagi höfum við í ráðuneytinu einnig veitt aðstoð við fjárhagslega endurskipulagningu og rekstrarathuganir bæði hjá einstökum fyrirtækjum og í samstarfi fyrirtækja.

Til þess að svara beint spurningu hv. þm. þá er fyrir forgöngu Iðnlánasjóðs og iðnrn. einmitt verið að skoða möguleika á samstarfi skipasmíðafyrirtækjanna á Faxaflóasvæðinu með þátttöku a.m.k. tveggja og helst allra þessara fyrirtækja. Það verður auðvitað að ráðast af stjórnendum og eigendum fyrirtækjanna sjálfra að hve miklu leyti þeir vilja taka þátt í slíkri athugun. Stjórnendur tveggja af þessum fyrirtækjum hafa lýst sig fúsa til þess og það er verið að skoða það og við erum einmitt að fjalla um fjárveitingu, nokkur hundruð þúsund kr., sem eru talsverðir peningar á mælikvarða þessa litla ráðuneytis, til þess að greiða fyrir kostnaði við athugun á samvinnu, jafnvel samruna, fyrirtækja í skipasmíðaiðnaði á Faxaflóasvæðinu til þess að styrkja þá starfsemi sem þar á sér stað og auka möguleika þessa iðnaðar á því að efla sitt gengi.

Það má segja að þetta séu svona tímabundin viðbrögð, þau sem hægt er að gera í fljótheitum. Af öðrum aðgerðum má nefna að gert hefur verið samkomulag við Fiskveiðasjóð Íslands af hálfu sjútvrh. um að lengja lán til innlendrar skipasmíði um tvö ár, sem yrðu þá afborgunarlaus, og ég hef náð samningum við Iðnlánasjóð um að veita til viðbótar 20% lán til slíkrar starfsemi. Þannig að þau lánskjör sem boðin eru til innlendra verkefna eru orðin mun hagstæðari en þau sem boðin eru til erlendra. Jafnframt hefur hv. Alþingi afgreitt jöfnunar- og undirboðstolla í lagasetningu sem er margra ára baráttumál starfsmanna og stjórnenda í skipasmíðaiðnaði.

Hv. þm. spurði um frekari aðgerðir. Ég get skýrt frá því að nú liggur fyrir ríkisstjórninni skýrsla sem nefnd á vegum iðnrh. hefur samið um Rússaviðskipti, hvað hægt er að gera til þess að greiða fyrir viðskiptum við Rússa, bæði í fisksölu og þjónustu, þar á meðal við skip. Í þeirri skýrslu eru tillögur, sem ríkisstjórnin er nú að fjalla um, um aðgerðir til þess að auka möguleika íslenskra skipasmíðafyrirtækja á að veita hinum volduga, rússneska flota þá þjónustu sem íslensk skipasmíðafyrirtæki vissulega geta veitt.

[19:24]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil byrja á að þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að biðja um þessa utandagskrárumræðu því það er nauðsynlegt áður en þingi verður slitið að það liggi fyrir hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera í þessum efnum.

Hæstv. iðnrh. kom inn á það áðan hvað hafi verið gert. Það er rétt að það hefur nokkuð verið gert, en það er ekki nægjanlegt. Þær 40 millj. sem lagðar voru til jöfnunaraðgerða komu að gagni, en þær eru uppurnar og það vantar aðgerðir í dag. Það er þannig að flest þessara fyrirtækja hafa verið í greiðslustöðvun og greiðslustöðvunin er að renna út, hún rennur út í næsta mánuði og þá blasir ekkert annað við en gjaldþrot þessara fyrirtækja ef ekki verður gripið inn í með myndarlegum hætti.

Hér var rætt um jöfnunartolla og það er allt gott um þá að segja, en það dugir ekki til vegna þess, hæstv. iðnrh., að lánafyrirgreiðsla erlendis til útgerðaraðila er allt önnur og betri en hér heima á Íslandi. Ef við skoðum bara Norðmenn, sem eru okkar aðalsamkeppnisþjóð í skipasmíðaiðnaði, þá niðurgreiða þeir sinn skipasmíðaiðnað um allt að 13%. Ég tel að það hljóti að vera nauðsynlegt að við gerum það sama og Norðmenn. Við komumst aldrei fram úr þessu máli nema gera það sama og samkeppnisaðilar okkar. En það er mikilvægt að það liggi fyrir núna, þegar greiðslustöðvun þessara fyrirtækja er að renna út, hvað hæstv. ríkisstjórn ætlar að gera í þessum málum. Það var ekki skýrt í svari ráðherra hér áðan.

[19:27]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. þm. Svavari Gestssyni fyrir að hafa hreyft þessu máli hér. Það er mjög nauðsynlegt og ekki síst í framhaldi af þeirri umræðu um atvinnuleysið og afleiðingar þess sem við vorum að ræða fyrr í dag.

Ég tel einnig að sá ráðherra sem nú fer með þessi mál, hæstv. iðnrh. Sighvatur Björgvinsson, hafi tekið með allt öðrum hætti á þessum málum hvað varðar vanda skipasmíðaiðnaðarins heldur en fyrirrennari hans gerði. Og það er rétt að menn njóti sannmælis í því því að vissulega var það mikill sigur þegar ákveðið var í ríkisstjórn með forgöngu hæstv. ráðherra að beita sér

fyrir því að ríkisstjórnin legði fram 40 millj. kr. til þess að setja á jöfnunaraðgerðir eða jöfnunartolla. Hins vegar hefur komið í ljós að þær 40 millj. sem ákvarðaðar voru í þessu skyni duga skammt og sú krafa er mjög eðlileg að þetta sé skoðað til þess að hægt sé að halda áfram á þeirri braut að styrkja skipasmíðaiðnaðinn í landinu sem vissulega er kominn á vonarvöl. Og það verður ekki annað séð, ef ekki verður haldið áfram aðgerðum í því skyni, en þá leggist þessi fyrirtæki af. Það væri slæmt fyrir þjóð eins og Íslendinga sem byggir allt sitt á sjávarúvegi og á einn af stærstu fiskiskipaflotum í heimi. Það yrði mjög slæmt fyrir okkur ef svo lítið yrði eftir af skipasmíðaiðnaði hér að hann gæti ekki þjónað skipaflota okkar. Ég vil því vænta þess að hæstv. ráðherra muni áfram vinna að þessu máli og mér heyrðist raunar, þó að e.t.v. væri það ekki nægilega skýrt tekið fram, að hann hafi í hyggju og sé að vinna að þessu máli.

[19:29]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil taka undir það með öðrum þeim sem hér hafa talað að það er eðlilegt að um skipasmíðaiðnaðinn sé rætt, bæði í hv. iðnn. og eins hérna utan dagskrár. Nokkrir hv. ræðumenn hafa nefnt jöfnunaraðstoðina svokölluðu, 40 millj. sem samþykktar voru í ríkisstjórn snemma í janúar. Það erfiða við þetta mál er að sjálfsögðu það að ekki var gert ráð fyrir þessum fjármunum á fjárlögum íslenska ríkisins í ár og þess vegna eðlilegt að málið sé skoðað nú með tilliti til þess og með tilliti til hins líka hverjar verða heildstæðar aðgerðir í greininni. Menn hafa rætt hér um það að stokka upp, sameina, sérhæfa og auka samvinnu skipasmiðjanna, t.d. hér við Faxaflóa. Það kom fram hjá hv. þm. Svavari Gestssyni og undir það tekið. Útlánareglur hafa breyst. Það þarf að takmarka fjárfestingar og ekki má gleyma því að ríkisstjórnin hefur beitt sér fyrir lagabreytingu sem gerir það að verkum að hægt er að grípa fremur til jöfnunar- og undirboðstolla en áður. Það þarf að vinna að þessu máli í heilu lagi ... (**Gripið fram í:** Hvernig er með reglugerðina?) Reglugerðardrögin liggja fyrir og eftir að lögin hafa verið auglýst þá verður reglugerðin að sjálfsögðu gefin út.

Aðalatriðið er að skoða þetta mál með þeim hætti sem hér hefur verið minnst á og láta aðstoð til greinarinnar, ef um hana verður að ræða, byggjast á því hvernig menn sjá greinina þróast á næstunni. En það er auðvitað það sem skiptir miklu máli.

[19:31]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Í skýrslu þeirri sem var hér til umræðu í dag frá félmrh. um afleiðingar atvinnuleysis er þungur áfellisdómur um hæstv. ríkisstjórn og stefnu hennar í atvinnumálum, en þar segir ráðgjafarnefnd vinnumálaskrifstofu félmrn. að margt bendi til, þó skýrslan fjalli ekki um það mál, að atvinnuleysi verði viðvarandi ef ekki verði verulegar breytingar á áherslum í atvinnumálum, þ.e. áherslum ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum. Það er auðvitað ekki hægt að skilja þetta öðruvísi.

Ég tel að það vanti verulega á að menn sýni fullan styrk í því að vinna að málefnum skipasmíðaiðnaðarins. Það hefur verið sannað hér í vetur með tölum svo að ekki verður um villst, og er reyndar í þeirri skýrslu sem ég nefndi áðan, að það er hægt að leggja verulega peninga í það að halda atvinnu gangandi í þessari atvinnugrein. Og það er engin spurning að það á að vera staðföst ákvörðun okkar sem Íslendinga að halda þessum iðnaði hér í landinu fyrir okkur og það á ekki að þurfa að ræða það mál sem slíkt til lengdar. Hins vegar er alltaf nauðsynlegt að ræða um aðferðirnar. Ég verð að segja það alveg eins og er að ég hef áhyggjur af því að menn séu að bogna. Mér finnst vera of þokukennt hvað það er sem við eigum von á að gerist í framhaldi af þessari lagasetningu um jöfnunartollana. Mönnum er ekki ljóst hvernig á að nota þá fjármuni og það þarf að koma því á hreint. Það er mikil óvissa ríkjandi í þessari atvinnugrein, m.a. eru bankastofnanirnar farnar að skipta sér af atvinnugreininni og krefjast t.d. sameiningar fyrirtækja. Bankastofnanir ættu að hugsa um annað frekar en fara að stjórna fyrirtækjum í landinu og hvernig þeim er fyrir komið, hvort þau eru sameinuð eða rekin ein og sér. En þannig liggur málið í dag, það er einn vandinn sem við er að eiga að lánastofnanir ætla að fara að stjórna skipasmíðaiðnaðinum.

[19:33]

Sturla Böðvarsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hv. 9. þm. Reykv. fyrir að taka þetta mál hér upp. Málefni skipasmíðaiðnaðarins hafa vissulega verið á dagskrá, en það var rík ástæða til þess að vekja athygli á þeim málaflokki nú við lok þingsins.

Það er vel þekkt að skipasmíðaiðnaðurinn hefur verið í nokkru uppnámi. Það hefur verið mjög alvarleg staða hjá mjög mörgum atvinnufyrirtækjum í þessari grein. Kemur þar til, einkum og sér í lagi, fyrir utan veika eiginfjárstöðu margra þessara fyrirtækja, mjög hörð samkeppni annars vegar og hins vegar erfið afkoma í sjávarútvegi sem hefur haft áhrif á þessi iðnfyrirtæki í skipasmíðaiðnaðinum.

Skipasmíðaiðnaðurinn er auðvitað mikilvægur þáttur í okkar atvinnulífi, bæði sem þjónustugrein við sjávarútveginn og auðvitað ekki síður sem iðnaðarstarfsemi sem hefur verið og er og getur verið mjög atvinnugefandi. Þess vegna vil ég við þessa umræðu, virðulegi forseti, leggja mjög ríka áherslu á það við hæstv. ráðherra, iðnrh., sem fer með þennan málaflokk, og fjmrh., sem hefur verið að vinna að þessum málum einnig, að þeir leiti allra leiða til þess að treysta og tryggja þessa atvinnugrein. Hún er mjög mikilvæg fyrir okkar atvinnulíf. Á Vesturlandi eru hlutfallslega mjög margir sem vinna við skipasmíðaiðnaðinn, bæði á Akranesi og í Stykkishólmi, þannig að þetta skiptir miklu máli fyrir atvinnulífið í því kjördæmi.

Ég vil, virðulegi forseti, leggja áherslu á að unnið verði að málum skipasmíðaiðnaðarins og vil þakka þeim hæstv. ráðherrum fyrir þau svör sem þeir hafa gefið og treysti því að þeir muni áfram vinna vel að þessum málum.

[19:36]

Gísli S. Einarsson:

Frú forseti. Ég vil taka undir það að það er samstaða í iðnn. og ég fullyrði að það er samstaða í þinginu um öll mál sem eru vaxin á sama veg og það sem hér er verið að fjalla um. Skipasmíðastöðvar hafa verið í miklum þrengingum og staða fyrirtækja er slæm. Allflest fyrirtækjanna eru í gjörgæslu sjóða og banka. En hvað hefur verið gert? Það hafa verið send harkaleg mótmæli gegn ríkisstyrkjunum í Noregi. Það var gripið til aðgerða með 40 millj. framlagi úr ríkissjóði til jöfnunar við sérstök verk. Sú aðgerð og fleira hafa gerbreytt stöðu verkefna í skipasmíði. Staðan er sú að það er núna verið að auglýsa og sækjast eftir vélvirkjum og járnsmiðum til vinnu. Þessi gerbreytta verkefnastaða hefur skapað nýja von um aukna starfsemi og endurreisn.

En það eru ýmis atriði sem vert er að hafa miklar áhyggjur af. Fyrirtæki eru mörg í greiðslustöðvun, Þorgeir og Ellert í Njarðvík, Stálsmiðjan og fleiri. Það eru hugmyndir um samruna fyrirtækja og það er nokkuð sem ég geld varhuga við, en ég hvet til samvinnu milli fyrirtækjanna og hvet til endurskipulagningar verkframkvæmda, stoðdeilda og ýmissa tengdra aðila við stöðvarnar.

Ég vil minna á að það er eitt fyrirtæki á Vesturlandi, í Stykkishólmi, sem ekki á kost á að nýta sér jöfnunaraðstoðina. Það fyrirtæki er reyndar eitt af fáum, sennilega það eina á landinu, sem er með þokkalega stöðu.

Mig langar til að nota þetta tækifæri til að benda á þá breytingu sem hefur orðið frá 3. nóv. 1993 þegar þetta mál var síðast rætt. Það hafa verið skipulögð verkefni sem eru unnin hérna heima og það er vitað að hvert starf í skipasmíði tekur með sér eitt og hálft starf í öðrum greinum. Það er núna verið að leita leiða og samninga um nýsmíði á tveimur skipum, þ.e. togara og loðnuskips, og það er veruleg breyting.

Ég tel að það þurfi að gefa vilyrði fyrir 25 millj. kr. viðbótarframlagi til þess að við getum haldið áfram á þeirri braut sem við erum og helst heimild upp á aðrar 20 millj. fyrir fjmrh. í málinu.

[19:38]

Guðjón Guðmundsson:

Hæstv. forseti. Helsta vandamál íslensks skipasmíðaiðnaðar í dag er hvorki skortur á verkefnum né samkeppnishæfni. Helsta vandamálið er það að flest stærstu fyrirtækin í greininni ramba á barmi gjaldþrots eftir þá gríðarlegu erfiðleika sem þau hafa átt við að glíma síðustu 7–8 árin. Nú er svo komið að fimm af stærstu skipasmíðafyrirtækjunum eru í greiðslustöðvun, Slippstöðin Oddi, Stálsmiðjan, Þorgeir og Ellert, Skipasmíðastöð Njarðvíkur og Skipasmíðastöð Marsellíusar og það hlýtur að vera mál málanna að koma þessum fyrirtækjum í rekstrarhæft ástand að nýju. Hjá þeim unnu fyrir nokkrum árum 700–800 manns, en í dag má áætla að starfsmannafjöldi þeirra sé í mesta lagi 300 og fer niður í núll á næstu vikum ef ekki tekst að rétta fyrirtækin við.

Það er nú svo margrætt hér á Alþingi hvers vegna svona er komið fyrir þessum iðnaði að það er kannski ekki ástæða til að vera að rifja það upp enn einu sinni. Ég er þeirrar skoðunar að það áhugaleysi og vantrú á íslenskum skipaiðnaði sem einkenndi sex ára ráðherraferil fyrrv. iðnrh. hafi vegið þar þungt, en þar hefur sem betur fer orðið jákvæð breyting með nýjum ráðherra.

Í tíð þessarar ríkisstjórnar hefur ýmislegt verið gert til að laga grundvöll skipaiðnaðarins. Hæstv. sjútvrh. beitti sér fyrir breytingu á lögum um aðgengi erlendra skipa að íslenskum höfnum sem þegar hefur skilað verulegum verkefnum fyrir skipasmíðaiðnaðinn. Lánshlutföllum Fiskveiðasjóðs var breytt þannig að innlend framkvæmd fær hærra lán en erlend. Sett var fé í markaðs- og vöruþróun. Afnám aðstöðugjalds og lækkun vaxta hefur bætt afkomuna verulega. Framlag ríkisins til jöfnunaraðstoðar til að mæta niðurgreiðslum erlendra stöðva hefur skapað mikil verkefni og þarf að auka þau framlög. Þá er í bígerð að taka upp jöfnunartolla. Fleira mætti tína til, en allt þetta hefur gerbreytt samkeppnisstöðu skipasmíðastöðvanna sem jafnframt hafa notað erfiðleikaárin til að fara í nýja framleiðslu, m.a. á sviði fiskvinnslubúnaðar fyrir skip og fiskvinnsluhús.

Ég tel því að framtíð þessarar iðngreinar sé bjartari en hún hefur verið um langt árabil að því gefnu að það takist að koma fyrirtækjunum í rekstrarhæft ástand á ný. Þar verður að koma til sameiginlegt átak ríkisvalds og lánastofnana. Ég er sannfærður um að möguleikar á stórfjölgun atvinnutækifæra eru hvergi meiri en einmitt í þessari grein þar sem laun eru hærra hlutfall af veltu en í flestum öðrum atvinnugreinum.

[19:40]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Ég vil þakka hæstv. iðnrh. fyrir svörin og sömuleiðis öllum þeim hv. þingmönnum sem tekið hafa þátt í umræðunni.

Það er kannski rétt að rifja það upp að það kom fram þegar jöfnunaraðstoðin var ákveðin að gert var ráð fyrir því að nota hana til að greiða niður verkefnin um um það bil 13%. Það þýðir að við erum hér að tala um að tryggja veltu upp á um það bil 300 millj. kr. og af þeirri veltu er varlegt að áætla að ríkissjóður geti náð inn aftur a.m.k. allt að tvöfaldri þeirri tölu sem hann upphaflega leggur út í jöfnunaraðstoðina, jafnvel þrefaldri hef ég heyrt. Í raun og veru er það þannig að það borgar sig fyrir ríkissjóð að setja þessa peninga í verkið eins og margoft hefur komið fram, m.a. frá hæstv. iðnrh.

Ég vil þess vegna hvetja mjög eindregið til þess að þessari jöfnunaraðstoð verði haldið áfram og hæstv. fjmrh. verði gerð grein fyrir því að hann beinlínis græði á því að opna aðeins ríkissjóð í þessu sambandi. Hér er líka um að ræða eina merkilegustu og efnilegustu iðngrein á Íslandi sem getur tekið við um þúsund manns í vinnu þegar upp væri staðið, grein sem hefur traustan alvörumarkað þegar fram í sækir. Greinin stendur hins vegar mjög illa núna þannig að það er brýnt að jöfnunaraðstoðinni verði haldið áfram. Þess vegna skora ég á hæstv. iðnrh. að láta hvergi deigan

síga í þessum efnum fyrr en hæstv. fjmrh. hefur gert sér grein fyrir því hvað er ríkissjóði fyrir bestu í málinu.

[19:43]

Iðnaðarráðherra (Sighvatur Björgvinsson):

Virðulegi forseti. Ég ítreka þakkir mínar til hv. þm. fyrir þau orð sem fallið hafa í þessari umræðu. Ég vil aðeins upplýsa það að sú aðstoð sem hér um ræðir tryggir mun meiri veltu heldur en 300 millj. Hún tryggir það vegna þess að inni í veltunni eru ýmsar framkvæmdir, svo sem véla- og tækjakaup sem ekki eru styrkhæf. Þannig að ég gæti trúað því að sú velta sem þessi aðstoð tryggði sé eitthvað á fimmta hundrað millj. kr. þegar saman er talið.

Ég ítreka þakkir mínar til hv. þingmanna. Ég held að við séum sammála um það, það fer ekki á milli mála, að þær fjölþættu aðgerðir sem hefur verið gripið til hafa gerbreytt andrúmsloftinu í þessari iðngrein. Þar ríkir nú meiri bjartsýni, meiri framkvæmdavilji og meiri hugur í mönnum heldur en ríkt hefur um langt skeið.

Umræður utan dagskrár.

Skerðing á eingreiðslum til lífeyrisþega.

Forseti (Valgerður Sverrisdóttir):

Þá hefst hin síðari umræða utan dagskrár og er umræðuefnið skerðing á eingreiðslum til lífeyristryggingaþega. Hún fer fram að beiðni hv. 4. þm. Norðurl. e. og beinir hann máli sínu til hæstv. fjmrh. Það er sem sagt umræða samkvæmt 50. gr. þingskapalaga, 1. mgr., hálftíma umræða.

[19:45]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Eins og menn e.t.v. muna var fjallað um það í forsendum fjárlagafrv., greinargerð með fjárlagafrv., að til stæði að endurskoða fyrirkomulag eingreiðslna til lífeyrisþega. Þar er sagt að loks sé áformað að endurskoða fyrirkomulag eingreiðslna í samráði við fulltrúa verkalýðsfélaga og annarra hagsmunaaðila, enda fellur gildandi reglugerð um greiðslur þessar úr gildi um áramót. Fjárhæðir geta því hækkað eða lækkað í samræmi við það, segir þar. Á bak við þessar hugmyndir mun hafa staðið lækkun á þessum greiðslum upp á 200 millj. kr.

Þegar kjarasamningar voru endurnýjaðir eða framlengdir í nóvember sl. töldu aðilar vinnumarkaðarins, fulltrúar Alþýðusambands Íslands, sig hafa samið þessar hugmyndir um skerðingu út af borðinu. Það kemur skýrt fram í þeirra gögnum. Það kemur fram í málflutningi talsmanna stjórnarandstöðunnar hér á Alþingi, en m.a. í 2. umr. um fjárlög sagði frsm. minni hlutans að fyrir lægju yfirlýsingar um að fallið yrði frá þessari skerðingu í tengslum við framlengingu kjarasamninga og því var ekki mótmælt. Sömu skoðunar hafa forsvarsmenn samtaka aldraðra og öryrkja verið, að upphæðir þessara eingreiðslna yrðu í samræmi við það sem þær voru á síðasta ári og í takt við það sem gerist á hinum almenna vinnumarkaði, en eins og kunnugt er taka þær mið af desemberuppbót, orlofsuppbót og láglaunauppbót sem greiddar eru til almennra launamanna.

Þess vegna komu þær fréttir mjög á óvart þegar af því fréttist að vinnuhópur á vegum ráðuneyta væri að útfæra tillögur um skerðingu á þessum eingreiðslum. Og nú hefur það gerst að fram hafa komið tillögur vinnuhópsins. Þær fela í sér 300 millj. kr. skerðingu á þessum eingreiðslum frá því sem var á síðasta ári eða úr 570 millj. kr. í 270 millj. Að vísu á að færa 100 millj. kr. á móti yfir í heimildabætur laganna um félagslega aðstoð. En það er alveg ljóst að þarna eru á ferðinni tillögur um að fella í raun og veru niður með öllu ígildi láglaunauppbótar til lífeyrisþeganna og taka hana af þeim hópi á sama tíma og þessar bætur halda sér gagnvart aðilum almenna vinnumarkaðarins. Hér er á ferðinni skýlaust brot á þeim forsendum sem fulltrúar launamanna töldu sig ganga út frá þegar þeir mæltu með framlengingu kjarasamninganna á sl. hausti. Eða láta menn sér detta það í hug að Alþýðusamband Íslands hefði staðið að því að framlengja kjarasamningana gagnvart sínum félagsmönnum vitandi að það ætti á hinn bóginn að taka það af lífeyrisþegunum? Ég held ekki að slíkt komi til álita.

Það verður líka alveg ljóst af gögnum málsins þegar það er skoðað að hvorki í greinargerð fjárlagafrv. né í yfirlýsingu forsrh. frá 5. nóv. sl. kemur neitt fram um annað en að það sé framkvæmdin á greiðslum þessara bóta sem eigi að endurskoða í samráði við aðila vinnumarkaðarins. Og ég hef fyrir því orð meðal annarra í dag forseta Alþýðusambands Íslands að þetta sé skilningur Alþýðusambandsins á því hvernig frá þessum málum var gengið.

Þess vegna er það svo að mínu mati, hæstv. forseti, að hér er verið að koma algerlega aftan að þessum aðilum, þ.e. forustumönnum launamannasamtakanna, forsvarsmönnum aldraðra og lífeyrisþega. Þetta er brot á forsendu framlengingar kjarasamninganna og þarna er síðast en ekki síst verið að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur. Er það virkilega svo að hæstv. ríkisstjórn ætli að skerða þessar eingreiðslur til lífeyrisþeganna í landinu um 300 millj. kr. á þessu ári? Og þó að þarna komi á móti ⅓ af þeirri upphæð sem ráðstafað verði yfir í lögin um félagslega aðstoð þá er þar um allt annað mál að ræða og aðrir sem geta komið til með að njóta þeirra greiðslna, þó þeir séu að sjálfsögðu ekki ofhaldnir af þeim.

Ég skora því á hæstv. ráðherra að gefa hér yfirlýsingu um það áður en Alþingi lýkur störfum að við þessar greiðslur verði staðið til þessa hóps, að hann njóti þeirra með sambærilegum hætti og aðilar úti á vinnumarkaðinum. Og ég hvet hæstv. starfandi heilbr.- og trmrh. að koma hér upp og gera grein fyrir því hvort heilbr.- og trmrn. eða heilbr.- og trmrh. sé búinn að fallast á þessa skerðingu, því að það er alveg ljóst að þetta kemur eins og köld vatnsgusa í andlit þeirra sem hafa beðið eftir þessum greiðslum. Ég vona að hér sé um einhvern misskilning að ræða, þessi starfshópur sé að starfa af einhverjum misskilningi, að

þessar tillögur hverfi og líti ekki framar dagsins ljós. Því ég held að það geti ekki verið ætlun manna að fara svona með þennan hóp þjóðfélagsþegnanna sem síst má við því að verða fyrir þessari skerðingu.

[19:50]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég er dálítið undrandi á því að þetta mál skuli valda slíku uppnámi nú. Ég vil taka það fram að um þetta atriði sem hér er til umræðu var ekki samið í síðustu kjarasamningum. Ég endurtek, var ekki samið í síðustu kjarasamningum á miðju sl. ári. Það hafði hins vegar verið samið um þetta atriði árið áður.

Fjárlagafrv. sem lagt var fram var að mínu áliti nokkuð skýrt um þessu efni, enda gat hv. síðasti ræðumaður þess að það hefði komið fram í greinargerð með frv. og einnig í umræðum um frv., sérstaklega við 1. umr.

Þá vil ég að það komi fram að 5. nóv. var gefin út yfirlýsing af hálfu forsrh. þar sem annars vegar var sagt að framkvæmdin á eingreiðslunum til lífeyrisþega yrði ákveðin í nánu samráði við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila og einnig var sagt að aðgerðir í vaxtamálum væru reistar á þeirri forsendu að halli á ríkissjóði á næsta ári yrði alls ekki meiri en gert er ráð fyrir í fjárlagafrv. Þetta var að sjálfsögðu gert ljóst aðilum vinnumarkaðarins í byrjun nóvember sl.

Þann 13. des. á síðasta ári var haldinn fundur með fulltrúum Alþýðusambandsins og á þeim fundi var sérstaklega rætt um það að gera þyrfti tillögur sem væru í samræmi við það sem kemur fram í fjárlagafrv., enda stóð ekki til að breyta frv. og því var ekki breytt eins og ég tel að hv. þingmenn hljóti að vita. Fulltrúar Alþýðusambandsins sögðu þá að þeir væru ekki tilbúnir til þess að standa að breytingum. Niðurstaða fundarins varð að starfshópurinn mundi starfa áfram en kynna sitt starf þegar hann hefði skilað einhverjum niðurstöðum. Þetta er þess vegna hluti af fjárlögunum og öllum varð ljóst allan tímann í hvert stefndi. Í morgun var svo haldinn samráðsfundur með annars vegar fulltrúum aðila vinnumarkaðarins og hins vegar öðrum samtökum sem þetta mál snertir og lagðar fram tillögur á fundinum eða drög að tillögum öllu fremur til skoðunar, en auðvitað koma fleiri leiðir til greina.

Það sem kannski skiptir mestu mál er að það er ekki hægt að búast við því að ríkissjóður geti búið við það til framtíðar að ákvörðun um eingreiðslur á borð við þessa sem við erum hér að ræða, ráðist algerlega af niðurstöðum kjarasamninga. Það gerðist til að mynda í næstliðnum kjarasamningum að lágmarkslaun eða þröskuldurinn var hækkaður talsvert og það margfaldaði þær greiðslur sem þarf að greiða út úr Tryggingastofnun ríkisins. Þá var um það samið, en það var ekki gert í síðustu kjarasamningum. Þetta þýðir að ríkisútgjöldin eigi að markast á hverjum tíma af samningum aðila vinnumarkaðarins án þess að þess sé getið eða um það samið við ríkisvaldið. Slíkt getur ekki gengið upp og það sem við erum að gera hér er að viðurkenna það að taka hluta upphæðarinnar sem samið var um í hittiðfyrra og koma henni fyrir í tryggingakerfinu með eðlilegum hætti, en ekki með sama hætti og gert hefur verið á undanförnum árum og fellur mjög illa að almannatryggingakerfinu. Um það eru ráðagerðir uppi.

Þetta er það sem skiptir máli og ég held að það byggist á misskilningi ef menn halda því fram að um þetta hafi verið samið á sl. ári. Það var ekki gert. Það er ekki tímabært að ræða einstakar tillögur sem fram hafa komið. Það er skylda okkar í fjmrn. og þeirra sem að þessu koma í heilbrrn. einnig að tala við og eiga samráð við þá aðila sem þetta mál snertir. Það erum við að gera. Fundirnir sem haldnir hafa verið, þar á meðal í morgun, eru liður í því starfi og eiga þess vegna ekki að þurfa að vekja þetta uppnám sem hér hefur orðið í þessari umræðu.

[19:54]

Guðmundur Bjarnason:

Virðulegur forseti. Ég þakka málshefjanda fyrir að hefja þessa umræðu og ég verð að segja það strax að ég er undrandi á þeirri yfirlýsingu sem kom frá hæstv. fjmrh. um að hann teldi að alls ekki hefði verið samið um þessi atriði í nóvembermánuði sl. Ég hygg að það séu a.m.k. aðrar upplýsingar heldur en þær sem við höfum fengið frá þeim aðilum sem sátu hinum megin við borðið. Þeir töldu að með samningum þá mætti gera ráð fyrir því að þessar bætur í gegnum tryggingakerfið yrðu með svipuðum hætti og verið hefur. Auðvitað er það rétt að það segir í lögum um almannatryggingar að bætur þeirra skuli taka mið af almennum kjarasamningum á vinnumarkaði, þær eru ekki bundnar með kjarasamningum, en það hefur undanfarin ár ríkt, við getum sagt samkomulag um það að þessar bætur, orlofsbætur, desemberuppbótin og láglaunabæturnar, greiddust með svipuðum hætti og gerist á almennum vinnumarkaði. Í fjárlagafrv. í haust var gerð grein fyrir því að það ætti að spara í lífeyristryggingum 525 millj., en það var aðeins ein upphæð sem var þar skilgreind sérstaklega. Það voru 200 millj. kr. sem átti að ná með því að tekju- og eignatengja lífeyrisgreiðslurnar.

Nú er það vitað mál að ríkisstjórnin féll frá því að taka upp fjármagnstekjuskattinn, hún treysti sér ekki til þess að ráðast á fjármagnseigendurnar og taka upp fjármagnstekjuskatt, sem hefði þá verið leiðin að því að tekjutengja lífeyrisgreiðslurnar einnig. Því var ýtt út af borðinu og frv. hækkað sem nam þeim 200 millj. sem þar átti að spara. Það var ekki hægt að ráðast á garðinn þar. Núna virðist mér eiga að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur og reyna að plokka þessar smáu greiðslur af bótaþegunum sem hafa fengið þessar tengdu greiðslur, sem við verðum að telja að séu tengdar þeim samningum sem gerðir eru á vinnumarkaðinum.

Ég vil taka undir þá kröfu málshefjanda að við hljótum að ætlast til þess af hæstv. ráðherrum fjármála og félagsmála að þeir gefi okkur yfirlýsingu um það að það verði ekki ráðist á garðinn þar sem hann er lægstur með þeim hætti sem hér virðist þó stefna í, ef ekki verða á breytingar á þeim hugmyndum sem nú virðast vera uppi.

[19:57]

Kristín Ástgeirsdóttir:

Virðulegi forseti. Hér er á ferðinni nokkuð sérkennilegt mál. Það var ljóst þegar frv. til fjárlaga kom fram að það stóð til að skerða lífeyrisgreiðslur um 200 millj., eins og kemur fram í frv. til fjárlaga á bls. 331. Það er líka ljóst að það fylgdu þar með ýmis önnur áform sem áttu að bitna á öllum almenningi, en ASÍ og fleiri brugðust hart við og töldu sig hafa komið í veg fyrir að þessi áform næðu fram að ganga, þar með taldar þessar 200 millj. Það er ljóst að ASÍ taldi að þetta mál hefði verið komið út af borðinu.

Nú kemur fjmrh. og upplýsir það að hópur er búinn að vera að vinna í þessu máli og er með tillögur um það að þessi skerðing nái fram að ganga. Ég fæ ekki betur séð en með þessu sé hér verið að koma í bakið á verkalýðshreyfingunni. Það kann að vera að þarna sé einhver misskilningur á ferð, en þeir túlka það þannig og þessar upplýsingar koma þeim mjög á óvart. Og ef hæstv. fjmrh. ætlar að standa við þessi áform þá er hann auðvitað að efna til ófriðar við verkalýðshreyfinguna, það er alveg ljóst, og það gengur þá þvert á þá stefnu sem ríkisstjórnin hefur staðið mjög fast við, að reyna að halda jafnvægi og friði á vinnumarkaði og birtist þessa dagana í þeirri gífurlegu hörku sem meinatæknar eru beittir af hálfu ríkisins. Ég get ekki látið hjá líða að minna á það að verkfall þeirra stendur enn og hefur staðið í sex vikur og virðist ekkert lát á, því miður. En ég get ekki annað en tekið undir það að ég skora á hæstv. ráðherra að lýsa því hér yfir að það verði ekki ráðist á lífeyrisþega með þeim hætti sem hér er fyrirhugað. Ég skora á hæstv. ráðherra að skoða þetta mál betur og standa við þau loforð sem Alþýðusambandið og fleiri töldu sig hafa fengið í þeim mótmælum sem hér áttu sér fyrir síðustu jól.

[19:59]

Félagsmálaráðherra (Jóhanna Sigurðardóttir):

Virðulegi forseti. Það liggur ekkert fyrir um það að ríkisstjórnin ætli að skerða láglaunabætur til elli- og örorkulífeyrisþega eða eingreiðslurnar með þeim hætti sem hv. þm. Steingrímur J. Sigfússon lýsti. Ríkisstjórnin hefur einfaldlega ekkert fjallað um þessar tillögur sem þingmaðurinn hefur í fórum sínum.

Í fjárlögunum kemur fram, í greinargerðinni, að það er áformað að endurskoða fyrirkomulag eingreiðslna í samráði við fulltrúa verkalýðsfélaganna og annarra hagsmunaaðila, enda falla úr gildi greiðslur þessar um næstu áramót. Þetta stendur í fjárlagafrv. En það liggur fyrir að það er einhver hópur sem hefur fengið þessar eingreiðslur, sem hefur auk tryggingabóta tekjur, svo sem úr lífeyrissjóði, sem eru hærri en tekjur þeirra láglaunahópa sem eru á almennum markaði og fá eingreiðslur. Eftir því sem ég best veit hefur verkalýðshreyfingin ekki gert athugasemdir við það að framkvæmd á útfærslunni verði endurskoðuð þó að það leiði til sparnaðar, ef elli- og örorkulífeyrisþegar, með tekjur sem eru sambærilegar eða undir því sem þessir láglaunahópar hafa sem fá eingreiðslurnar, haldi sínum hlut. Þannig að ég vil ítreka að það liggur ekkert fyrir um það af hálfu ríkisstjórnarinnar að þetta verði skert með þeim hætti sem hv. þm. lýsti. Það er fyrst og fremst, eftir því sem ég skil málið best, verið að ræða þetta mál við fulltrúa verkalýðshreyfingarinnar og þetta mál er sem sagt í skoðun.

[20:01]

Margrét Frímannsdóttir:

Virðulegi forseti. Þessar yfirlýsingar sem hæstv. félmrh. gefur hér eru vissulega mikils virði og í anda þess sem um var rætt við afgreiðslu fjárlaga í haust. Þegar frv. var lagt fram voru þar áform um að skerða þessar eingreiðslur um 200 millj. sem átti að spara með því að afnema að hluta til eingreiðslur til elli- og örorkulífeyrisþega, orlofsuppbætur, desemberuppbót og láglaunauppbót. Minni hluti í fjárln. mótmælti þessu harðlega og strax við 2. umr. fjárlaga lá það fyrir með yfirlýsingum sem við höfðum fengið frá verkalýðshreyfingunni og samtökum aldraðra og því var ekki mótmælt af formanni fjárln., að verkalýðshreyfingunni hefðu verið gefin loforð um það að fallið yrði frá þessari skerðingu. Í framsögu minni fyrir minnihlutaáliti við 2. umr. fjárlaga segi ég, með leyfi forseta:

„Má þar fyrst nefna hugmyndir um að lækka eingreiðslu til lífeyrisþega um 200 millj. kr. svo sem áður er getið en síðan hefur aðilum vinnumarkaðarins verið gefið loforð um að þessar greiðslur verði svo til óbreyttar á næsta ári," aðeins verði farið í framkvæmdaþáttinn.

Þessu var ekki mótmælt, ekki við 2. umr. fjárlaga og þá ekki við 3. umr. Og þegar hv. formaður fjárln. telur upp við 3. umr. fjárlaga hvernig eigi að ná fram sparnaði í lífeyriskerfinu þá voru þessar eingreiðslur hvergi nefndar í ræðunni. Hins vegar var okkur sagt að framkvæmd þessara eingreiðslna yrði tekin til athugunar, framkvæmdin. Í yfirlýsingunni frá forsrh. frá 1. nóv. segir:

„Sérstaklega skal tekið fram að framkvæmd á eingreiðslum til lífeyrisþega vegna launabóta á næsta ári verður ákveðin í nánu samráði við samtök launþega og aðra hagsmunaaðila."

Virðulegi forseti. Ég er að ljúka máli mínu. En þar segir einnig: „Að því er varðar úthlutunarreglur atvinnuleysisbóta til launþega verða breytingar á þeim kannaðar í samráði við aðila vinnumarkaðarins." Við lítum á þetta sem eitt og hið sama, framkvæmdina og svo úthlutunarreglurnar. En ekkert um greiðslurnar eða upphæðina er í þessari yfirlýsingu.

[20:03]

Jóhann Ársælsson:

Hæstv. forseti. Ég undrast nokkuð þann mun sem var á málflutningi hæstv. ráðherra hér áðan. Hæstv. fjmrh. talaði um að það hefði ekki verið samið um neitt af þessu tagi við síðustu kjarasamninga. Ég spyr þess vegna: Var það ekki þannig að hæstv. ríkisstjórn kæmi að þeim samningum með einhverjum hætti? Vissu menn ekki hvað var verið að skrifa undir í kjarasamningunum? Ég tel það undarlegt að hæstv. ráðherra skuli halda því fram að ríkisstjórnin viti ekkert um hvað stóð í þessum kjarasamningum. Hann kastar sem sagt algerlega ábyrgð af niðurstöðu kjarasamninganna frá sér og talar um eins og það standi til að gera

þessa hluti dálítið öðruvísi heldur en hæstv. félmrh. sem kom hér í ræðustól. En ég verð að segja það að afstaða hæstv. fjmrh. er í fullu samræmi við kjara- og félagsmálastefnu þessarar hæstv. ríkisstjórnar sem hefur gengið út á svona hluti. Hún hefur gengið út á hina blindu trú á leiðsögn fjármagnsins og það að snúa sér að því að spara hjá þeim sem minnst mega sín í þjóðfélaginu. Það er einhvern veginn þannig að það hefur legið fyrir þessari hæstv. ríkisstjórn að ganga þannig fram.

Ég var satt að segja að vona að það sem hér hefur komið fram og yfirlýsing hæstv. félmrh. vekur vonir um það að þarna verði snúið við á brautinni og þessir aðilar verði ekki látnir gjalda með þeim hætti sem hér virtist standa til að gera. Ég trúi ekki öðru heldur en hæstv. félmrh. hafi afl til að standa við það sem hann sagði hér áðan.

[20:06]

Svavar Gestsson:

Virðulegi forseti. Svo vel vill til að í salnum er hæstv. forsrh. og það er óhjákvæmilegt að leggja fyrir hann spurningu í framhaldi af þeim upplýsingum sem komu fram frá hæstv. félmrh.: Hefur ríkisstjórnin samþykkt að fella niður eingreiðslur til aldraða og öryrkja? Félmrh. segir nei. Ríkisstjórnin hefur ekki samþykkt það. Hæstv. fjmrh. segir hér allt annað og hans niðurstaða er greinilega á misskilningi byggð. En það er auðvitað nauðsynlegt í þessu sambandi að spyrja: Hefur ríkisstjórnin á fundi fjallað um það hvort þessar eingreiðslur verða felldar niður eða ekki? Og það er raunar alveg bersýnilegt að á grundvelli þess sem hæstv. félmrh. sagði hér áðan þá verður a.m.k. að ætlast til þess af hæstv. fjmrh. að það verði hætt við niðurskurð á þessum eingreiðslum til þeirra tekjulægstu í landinu. Er ekki hægt að finna aðra til þess að bera vanda ríkisjóðs heldur en aldraða og öryrkja? Það er satt að segja hrottalegur endir á þessu þingi ef svarið við þeirri spurningu er það að ríkisstjórnin finni enga aðra heldur en gamalt fólk og fatlaða.

[20:07]

Ingibjörg Pálmadóttir:

Virðulegi forseti. Svör hæstv. fjmrh. og hæstv. félmrh. eru dæmigerð fyrir þennan vetur sem er að líða. Menn tala hér algerlega í kross og búnir að gera í allan vetur. Við höfum ekki hugmynd um hvernig þessu máli muni ljúka. Mig langar að spyrja hæstv. ráðherra: Hvernig stendur á því að þessi reglugerð liggur ekki fyrir núna? Það er komið að því að greiða þessar bætur. Hvernig stendur á því að það hefur dregist svona lengi að semja þessa reglugerð? Í fyrra var greitt í febrúar, ef ég man rétt, en það er ekki farið að greiða þessar bætur enn og reglugerðin liggur ekki fyrir. Mig langar að spyrja: Hvernig stendur á því og á hverju strandar?

[20:08]

Steingrímur J. Sigfússon:

Hæstv. forseti. Það er alveg ótrúlegt hvernig þetta ber hér að. Hæstv. fjmrh. setur undir sig hausinn og heldur því fram að þetta hafi allt verið ákveðið í fjárlögunum, sem er rangt. Vegna þess að það er alveg ljóst, bæði í forsendum greinargerðar fjárlagafrv., í umræðum um frv. við 2. og 3. umr., að þar stóðu menn í gagnstæðri trú, að þessi skerðing hefði verið samin út af borðinu. Í yfirlýsingu hæstv. forsrh. er ekki minnst einu orði á skerðingu. Það er talað um endurskoðun á framkvæmd, meira í þeim anda sem hæstv. félmrh. talar hér áðan. Það er greinilegt að hæstv. félmrh. er algerlega á gagnstæðri skoðun við fjmrh. og telur að það eina sem hér sé til umræðu sé endurskoðun á framkvæmd og tilhögun þessara eingreiðslna. En það er ekki hægt að dulbúa 300 millj. kr. skerðingu, þar sem m.a. er felld út með öllu viðmiðun við láglaunabætur almenna vinnumarkaðarins gagnvart lífeyrisþegum, sem einhverja endurskoðun á framkvæmdum. Það er ekki þannig, hæstv. fjmrh. Og þó að 100 millj. færist yfir í lögin um félagslega aðstoð þá er það allt annar hlutur.

Ég skora á hæstv. forsrh., sem ber ábyrgð á yfirlýsingunni frá 5. nóv. sl., á grundvelli hvers kjarasamningarnir voru framlengdir, að koma hér upp áður en þinginu lýkur og gefa um það yfirlýsingu að hann muni ekki ganga á bak orða sinna. Það er auðvitað alveg ljóst að Alþýðusambandið mælti með framlengingu kjarasamninganna á grundvelli þess að þessar bætur héldu sér til allra landsmanna, ekki bara sumra, og það er ekki hægt að fara svona með þennan hóp. Hann á það ekki skilið. Það er ömurlegur endir á þinghaldinu og kaldar kveðjur út í þjóðfélagið á síðasta kvöldi þinghaldsins frá hæstv. ríkisstjórn ef hún ætlar að skilja við þetta mál upp í loft, ég tala nú ekki um ef við megum eiga von á því að hæstv. fjmrh. hafi betur í þessari glímu. Það yrði ömurleg niðurstaða að rífa af lífeyrisþegunum láglaunabæturnar eða ígildi þeirra og skerða þessar greiðslur svo nemur um 300 millj. kr. Ég trúi því ekki að hæstv. forsrh. láti hæstv. fjmrh. hafa sig í það að sitja þegjandi undir þessari umræðu og skora á hann að koma hér upp og gefa þessa yfirlýsingu.

[20:11]

Fjármálaráðherra (Friðrik Sophusson):

Hæstv. forseti. Ég vil í fyrsta lagi taka það fram að það er ekki farið á bak við einn eða neinn í þessu máli því að hinn 13. des. sl. var haldinn fundur með forustumönnum ASÍ og þeim var það fullljóst að starfshópur starfaði að því að gera tillögur í þessum efnum. Starfshópurinn hefur nú starfað í fimm mánuði með vitund ASÍ og forustumenn Alþýðusambandsins vissu nákvæmlega hverjar ættu að vera niðurstöðutölurnar í þessari endurskoðun.

Ég vil einnig taka það fram að það er ekki þolandi fyrir ríkissjóð, alveg sama hvaða ríkisstjórn situr, að aðilar að kjarasamningi geti samið þannig að reikningurinn sé sendur blankó á ríkissjóð. Ég ætla að nefna dæmi. Þegar lágmarkslaunin svokölluðu voru núna með ákvörðun hækkuð á milli kjarasamninga úr 60 þús. í 80 þús., þ.e. viðmiðunin, þá tvöfaldaðist reikningurinn sem sendur var úr Tryggingastofnun ríkisins vegna þess að bætur almannatrygginga eru fyrir neðan lágmarkslaunin. Þetta getur auðvitað ekki gengið og þess vegna var það miklu eðlilegra sem ríkisstjórnin er að

vinna að, að segja sem svo: Við skulum hætta að láta eldra fólkið og öryrkjana vera undir því komið hvernig semst um kaupin á eyrinni. Við skulum taka ríflegan hluta þessarar upphæðar, 370 millj. kr., hvorki meira né minna, og það er upphæð sem er hærri heldur en upphæðin var í næstliðnum kjarasamningum, og festa þessa upphæð inni í sjálfu tryggingakerfinu.

Og ég vil ítreka það að ég lít þannig á þetta mál, þótt það sé enn eingöngu á skoðunar- og samráðsstiginu, það er hárrétt sem kom fram hjá hæstv. félmrh. að málið er enn þá á skoðunar- og samráðsstiginu, þá vil ég taka það fram að hér er ekki að mínu viti um skerðingu að ræða því það var ekki um þetta samið, heldur lít ég svo á að hér sé verið að festa ákveðna viðbót inni í tryggingakerfinu til frambúðar.

[Fundarhlé. — 20:13]

Þingfrestun.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Háttvirtir alþingismenn. Nú verður gefið stutt yfirlit yfir störf þingsins:

Þingið stóð yfir frá 1. okt. til 21. des. 1993 og frá 24. jan. til 11. maí 1994. Þingfundadagar urðu alls 110. Þingfundir hafa verið 159.

Þingmál og úrslit þeirra:

Lagafrumvörp voru samtals 213. Stjórnarfrumvörp voru 132 og þingmannafrumvörp voru 81.

93 stjórnarfrumvörp voru afgreidd sem lög, tvö voru kölluð aftur, en óútrædd stjórnarfrumvörp eru 37.

18 þingmannafrumvörp urðu að lögum, sjö var vísað til ríkisstjórnarinnar, en 56 þingmannafrumvörp eru óútrædd.

Af 213 frumvörpum urðu alls 111 að lögum.

Þingsályktunartillögur voru alls 110.

Stjórnartillögur voru 19 og þingmannatillögur 91.

35 tillögur voru samþykktar sem ályktanir Alþingis, tveimur var vísað til ríkisstjórnarinnar og 73 eru óútræddar.

Skýrslur voru samtals 25 skýrslur. Beiðnir um skýrslur frá ráðherrum voru sex og bárust skýrslur við öllum nema einni. 20 aðrar skýrslur voru lagðar fram.

Fyrirspurnir bornar fram voru 278. Allar voru þær afgreiddar nema þrjár.

Munnlegar fyrirspurnir voru 171 og var þeim öllum svarað nema einni sem var kölluð aftur.

Beðið var um skrifleg svör við 107 fyrirspurnum og bárust 105 svör.

Alls voru til meðferðar í þinginu 627 mál og þar af hlutu 455 þingmál afgreiðslu og fjöldi prentaðra þingskjala var 1320.

Eins og sjá má á yfirlitinu hafa störf þessa þings verið með áþekku sniði og á undanförnum árum. Málatala hefur þó hækkað. Það stafar fyrst og fremst af því að fyrirspurnum hefur fjölgað, en hver og ein þeirra er talin sérstakt þingmál.

Það er stundum sagt að þriðja þing hvers kjörtímabils sé rólegra þing en önnur á kjörtímabili. Þá hafi slotað stormviðri sem fylgir í kjölfar kosninga og menn séu enn að safna kröftum til nýrra átaka fyrir næstu kosningar. Að sumu leyti finnst mér sem svo hafi verið í vetur. Mörg merk mál hafa engu að síður hlotið afgreiðslu, lög sem vel hefur verið vandað til og vonir eru um að standi um langan tíma og önnur mál sem átök hafa verið um og varða mikilvæga hagsmuni í þjóðfélaginu.

Þetta þing hefur verið styttra í tímum og dögum talið en hin fyrri á kjörtímabilinu. Skýringin er sú að sveitarstjórnarkosningar eru fram undan og að venju víkja landsmálin um sinn fyrir málefnum sveitarstjórna.

Enn fremur kann skýringar á yfirbragði þinghaldsins að vera líka að leita í þeim breytingum sem gerðar voru á þingsköpum sl. haust, en þá var leitast við að stytta 1. umr. um lagafrumvörp í því skyni að þau fengju athugun í nefnd áður en til mikilla umræðna kæmi hér í þingsalnum. Ekki er að svo stöddu unnt að meta hvort hér hafi orðið veruleg breyting, en ég hef orðið þess vör að margir þingmenn hafa þá skoðun að svo hafi orðið. Það er ljóst að það þarf að gera enn frekari breytingar á þingsköpum Alþingis og koma betra lagi á umræður hér í þingsalnum, eitthvað í þá veru sem við þekkjum frá þjóðunum í kringum okkur. Ég legg mikla áherslu á að slíkar breytingar leiði ekki til þess að réttur minni hlutans til að tjá sig og hafa áhrif á gang mála verði þrengdur. Breytingin á fremur að miða að því að umræðuformið hér á Alþingi komist í betri takt við samtímann, í takt við það upplýsingaþjóðfélag sem við lifum í.

Þegar útvarpssendingar hófust frá Alþingi voru settar sérstakar reglur um slíkar umræður. Nú er hins vegar svo að meiri hluti þjóðarinnar hér í kringum þingstaðinn getur fylgst með störfum þingsins í beinni sjónvarpssendingu. Mér finnst eins og Alþingi eigi að athuga sinn gang, sín vinnubrögð með hliðsjón af þessum staðreyndum.

Á þessu þingi var lögð fram tillaga til þingsályktunar um að forsætisnefnd Alþingis sjái til þess að sjónvarpsútsendingar frá þingfundum nái til landsins alls sem fyrst. Tillaga þessi á mikinn hljómgrunn í forsætisnefndinni og eflaust hjá þingmönnum öllum, en nauðsynlegt er að þetta mál verði kannað betur, einkum kostnaðarhlið þess, og er forsætisnefnd ráðin í því að ljúka athugun á þessu máli fyrir haustið.

Ein af þeim breytingum sem stefnt var að með stjórnarskrárbreytingunni 1991 var að efla nefndastarf Alþingis. Ég hygg að flestir alþingismenn séu sammála um að vel hafi tekist til um starfsemi nefndanna og komist hafi meiri festa á nefndastörfin. Hitt er svo ljóst að við höfum ekki haft tækifæri til þess að búa nefndunum þau starfsskilyrði sem nauðsynlegt er. Þar

er komið að húsnæðisvanda Alþingis, sem ekki verður gerður að umræðuefni hér, en óvíða kreppir meira að Alþingi en í nefndastarfinu. Ég hygg að margir þeir gestir sem koma á fund þingnefnda undri sig á því hve starfsaðstaða þeirra er bágborin.

Ég vil líka í þessu sambandi minna á að hið breytta skipulag Alþingis hefur aukið vinnuálag á þingmenn. Algengt er nú orðið að þingmenn hefji nefndastörf klukkan átta að morgni og séu bundnir við störf sem tengjast þinginu með einum eða öðrum hætti fram undir kvöldmat flesta daga vikunnar og er þá ekki minnst á önnur störf sem krafist er að alþingismenn sinni utan sjálfra þingstarfanna og eru þau þó að sönnu mjög mikilsverð. Ég er ekki viss um að allir landsmenn geri sér að öllu leyti grein fyrir þeirri miklu vinnu sem krafist er af alþingismönnum.

Nú hefur verið samþykkt tillaga til þingsályktunar um frestun á fundum Alþingis fram að þjóðhátíðardegi. Við horfum fram til þess að þann 17. júní verði þess minnst á Þingvöllum að 50 ár eru liðin frá því að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands gekk í gildi. Það fór fram á fundi Alþingis að Lögbergi 17. júní 1944. Sá atburður er þeim sem þar voru ógleymanlegur, mitt í skugga styrjaldarinnar úti í heimi. Það er vissulega tilefni til þess að minnast þess nú þegar hálf öld er liðin og því hefur Alþingi ákveðið að halda fund á Þingvöllum í minningu þessa atburðar.

Það er mín skoðun að Alþingi mætti oftar halda fundi á Þingvöllum en verið hefur þó tilefnin væru eitthvað minni en nú er. Það er sannfæring okkar að Alþingi það er nú starfar sé framhald þess þings sem forfeður okkar komu á fót fyrir 1064 árum. Alþingi hefur verið rauði þráðurinn í þjóðarsögu Íslendinga alla tíð og það fór því vel á því, og í rauninni kom ekkert annað til greina, en að því yrði lýst yfir að Lögbergi við Öxará að Ísland væri orðið lýðveldi. Ég veit að þingflokkar munu vinna ötullega að því að ná samstöðu um verðug málefni sem fram verða borin á fundinum á Þingvöllum.

Nú við lok þinghaldsins vil ég þakka öllum alþingismönnum fyrir ánægjulegt samstarf á þessu þingi. Sérstakar þakkir færi ég varaforsetum fyrir ágæta samvinnu og aðstoð við stjórn þinghaldsins, svo og formönnum þingflokkanna fyrir mjög gott samstarf.

Starfsfólki Alþingis þakka ég alla aðstoð og fyrir mikið og gott starf og ágæta samvinnu í hvívetna. Skrifstofustjóra, Ólafi Ólafssyni, þakka ég sérstaklega fyrir hönd okkar alþingismanna. Hann mun senn ljúka langri og dyggri þjónustu í þágu Alþingis, tæplega fjögurra áratuga starfi, en hann lætur af störfum síðla sumars. Hafi hann bestu þakkir fyrir störf sín hér á Alþingi.

Ég óska utanbæjarmönnum góðrar heimferðar og ánægjulegrar heimkomu og vænti þess að við hittumst öll heil á ný er Alþingi kemur saman til þess að minnast 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi.

[20:29]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Virðulegi forseti. Fyrir hönd okkar alþingismanna vil ég þakka hæstv. forseta fyrir hlý orð og góðar óskir okkur og fjölskyldum okkar til handa. Árið 1994 hefur verið tileinkað fjölskyldunni og nú óska ég þess að virðulegur forseti og við alþingismenn getum notað þetta þinghlé til að gefa okkur meiri tíma með fjölskyldunni og ég vænti þess að vinna okkar á komandi haustþingi beinist í enn meira mæli að því að bæta hag fjölskyldunnar í þessu landi.

Þetta þing hefur um margt verið með betri svip en oft áður og vil ég þakka það m.a. þeim árangri sem náðist við breytingu þingskapalaga á sl. hausti. Ég vona að áframhald verði á því. Þótt við gerum nú hlé á reglubundnum þingfundum um sinn fer því fjarri að um raunverulegt frí sé að ræða, eins og margir fyrir utan þetta virðulega hús virðast álíta. Þingmenn og forseti þurfa áfram að sinna miklu og erilsömu starfi þó að þingfundum ljúki. Það gildir ekki hvað síst um virðulegan forseta vorn sem hefur með höndum skipulagningu allra funda Alþingis.

Ég vil óska hæstv. forseta allra heilla í mikilvægu starfi. Ég vil einnig óska forseta og fjölskyldu hennar góðs sumars. Enn fremur færi ég öllu starfsfólki þingsins þakkir okkar þingmanna fyrir frábærlega vel unnin störf í þágu þingsins í allan vetur og ekki síst þann tíma og við þær annir sem ríkt hafa undanfarið. Ég vil einnig taka undir þakklæti og góðar óskir til handa skrifstofustjóra Alþingis.

Ég vil biðja hv. þingmenn að taka undir þessi orð mín með því að rísa úr sætum. — [Þingmenn risu úr sætum.]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég vil þakka hv. 6. þm. Vestf. fyrir hlý orð í minn garð og minnar fjölskyldu og þakka hv. þingmönnum fyrir að taka undir þau orð. Ég endurtek óskir mínar til allra alþingismanna og starfsliðs Alþingis.

[20:32]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur ritað svofellt bréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsrh. umboð til þess að fresta um sinn fundum Alþingis, 117. löggjafarþings, frá 11. maí 1994 eða síðar ef nauðsyn krefur, enda verði þingið kvatt saman til fundar á ný eigi síðar en 17. júní 1994.

Gjört að Bessastöðum, 11. maí 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu umboði og með tilvísun til samþykkis Alþingis lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 117. löggjafarþings, er frestað.

Leyfi ég mér að óska hv. alþingismönnum og starfsmönnum þingsins, svo og landsmönnum öllum, allra heilla.

160. FUNDUR

fimmtudaginn 16. júní,
kl. 10 árdegis.

Dagskrá:

1. Endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, þáltill., 628. mál, þskj. 1321. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

2. Hátíðarsjóður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins, þáltill., 629. mál, þskj. 1322. — Fyrri umr. *Ef leyft verður.*

Framhaldsfundir Alþingis.

[10:03]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Forseti Íslands hefur gefið út svohljóðandi forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Ég hef ákveðið, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda fimmtudaginn 16. júní 1994 kl. 10.00.

Gjört í Reykjavík, 7. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman til framhaldsfunda."

Framhaldsfundir Alþingis hefjast því nú á ný. Hæstv. forseta, hv. alþingismenn svo og starfsmenn Alþingis býð ég velkomna til þingstarfa við þessi sérstaklega hátíðlegu tímamót í sögu lýðveldisins.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Ég vil bjóða hv. alþingismenn velkomna til þingstarfa á ný. Fundir Alþingis í dag eru til undirbúnings hátíðarfundi Alþingis á Þingvöllum á morgun í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins svo sem sú dagskrá sem útbýtt hefur verið ber með sér.

Gott samkomulag hefur tekist milli þingflokka og forseta um fyrirkomulag þinghaldsins hér í dag. Gert er ráð fyrir tveimur stuttum þingfundum og að þingstörfum geti lokið á tólfta tímanum.

Þingmennskuafsal Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Borist hefur eftirfarandi bréf, sem er dagsett 13. júní 1994:

„Til forseta Alþingis, Salome Þorkelsdóttur.

Þar sem ég tek í dag við starfi borgarstjóra í Reykjavík afsala ég mér þingmennsku frá þessum degi að telja.

Ég þakka alþingismönnum og starfsmönnum Alþingis fyrir samstarfið og óska þeim farsældar í framtíðinni.

Virðingarfyllst,
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir."

Við þingmennskuafsal Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur borgarstjóra tekur Guðrún J. Halldórsdóttir sæti hennar og verður 18. þm. Reykv. Hún hefur áður tekið sæti á Alþingi á þessu kjörtímabili og ég býð hana velkomna til starfa á ný. Kristín Einarsdóttir verður þá 10. þm. Reykv. og Kristín Ástgeirsdóttir 15. þm. Reykv.

Varamaður tekur þingsæti.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Þá hefur einnig borist svofellt bréf til forseta Alþingis, dags. 15. júní 1994:

„Þar sem Sigbjörn Gunnarsson, 7. þm. Norðurl. e., getur ekki vegna sérstakra anna sótt þingfundi á næstunni leyfi ég mér með vísun til 2. mgr. 53. gr. laga um þingsköp Alþingis, samkvæmt beiðni hans, að óska þess að 1. varaþm. Alþfl. í Norðurl. e., Sigurður E. Arnórsson framkvæmdastjóri, Akureyri, taki sæti á Alþingi í fjarveru hans.

Þetta er yður hér með tilkynnt, virðulegi forseti."

Undir þetta bréf ritar Rannveig Guðmundsdóttir, formaður þingflokks Alþfl.

Sigurður E. Arnórsson hefur áður tekið sæti á Alþingi og er boðinn velkominn til starfa.

Útbýting þingskjala:

Endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, 628. mál, þáltill. MB o.fl., þskj. 1321.

Hátíðarsjóður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins, 629. mál, þáltill. GHH o.fl., þskj. 1322.

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Svo háttar til með bæði dagskrármálin að þau eru of seint fram komin og verður nú leitað afbrigða um að þau megi koma á dagskrá, sbr. 6. mgr. 44. gr. þingskapa, sem kveður á um að þingsályktunartillögur þurfi að koma fram innan 6 mánaða frá þingsetningu. Verður nú afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [10:08]

Tillögurnar voru of seint fram komnar. — Samþ. með 61 shlj. atkv. að þær yrðu teknar til meðferðar og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ,

EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SEA, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

2 þm. (VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Svo háttar einnig til með bæði dagskrármálin að of skammt er liðið frá útbýtingu þeirra, sbr. 4. mgr. 44. gr. þingskapa, og verður því enn að leita afbrigða um að þau megi koma á dagskrá.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Of skammt var liðið frá útbýtingu þáltill. — Afbrigði samþ. með 61 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, ÓÞÞ, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SEA, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

2 þm. (VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, fyrri umr.

Þáltill. MB o.fl., 628. mál. — Þskj. 1321.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Forseti vill geta þess að samkomulag er milli þingflokka, sbr. 2. málsl. 2. mgr. 72. gr. þingskapa, um að umræða um dagskrármálið skuli standa í 50 mínútur og að hver þingflokkur hafi 10 mínútur til umráða.

[10:10]

Flm. (Matthías Bjarnason):

Virðulegi forseti. Ég leyfi mér að mæla fyrir till. til þál. um endurskoðun á VII. kafla stjórnarskrár Íslands. Tillagan liggur fyrir á þskj. 1321. Samkomulag hefur orðið milli þingflokkanna um flutning þessarar tillögu í tilefni 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi. Tillagan er svohljóðandi:

„Alþingi ályktar, í tilefni 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi, að stefna beri að því að ljúka endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar, nr. 33 17. júní 1944, með síðari breytingum, fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar.

Miðað verði m.a. að því að færa ákvæði kaflans til samræmis við þá alþjóðlegu sáttmála um mannréttindi sem Ísland hefur gerst aðili að. Við endurskoðunina verði höfð hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl 1994."

Ég vil strax í upphafi láta það koma fram að VII. kafli stjórnarskrárinnar er margbreytilegur að efni. Þar er fjallað um mannréttindi sem borgurunum eru tryggð, svo og ýmis önnur atriði, t.d. ríkisborgararétt útlendinga, vörn landsins og hvernig standa skuli að breytingum á stjórnarskránni. Þó að kaflinn fjalli þannig um mörg ólík atriði hefur hann í daglegu tali iðulega verið nefndur mannréttindakafli stjórnarskrárinnar þar eð þær greinar, sem lúta að mannréttindum, eru rúmlega helmingur allra greina kaflans eða alls 8 greinar af 15.

Það er skoðun okkar flutningsmanna að tímabært sé að VII. kafli stjórnarskrárinnar verði endurskoðaður og þá hugsanlega skipt í tvo eða fleiri kafla og mannréttindaákvæði hans þannig aðgreind frá öðrum ákvæðum. Við teljum að ýmislegt kalli á endurskoðun VII. kafla, ekki síst mannréttindaákvæðanna, og vel sé við hæfi að Alþingi taki ákvörðun um slíka endurskoðun nú þegar fagnað er hálfrar aldar afmæli lýðveldis á Íslandi.

Þær breytingar sem mikilvægast er að gera á kaflanum varða mannréttindaþátt hans og því mun ég í framsögu minni einkum fjalla um þau atriði.

Að mati okkar flutningsmanna þarf að efla, samhæfa og samræma mannréttindaákvæðin þannig að þau gegni betur en nú því hlutverki sínu að vera vörn almennings í samskiptum við þá sem með ríkisvald fara. Í því sambandi vil ég leggja áherslu á tvennt.

Í fyrsta lagi eru mörg mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar ófullkomin auk þess sem þörf er á því að færa ýmis ákvæði til nútímalegra horfs, enda eru þau óbreytt frá því að fyrsta stjórnarskrá Íslands var sett árið 1874. Ég vil í þessu sambandi nefna að ákvæði stjórnarskrárinnar um trúfrelsi, ákvæðin um friðhelgi heimilis, ákvæðin um prentfrelsi og ákvæðin um félagafrelsi hefta ýmist í engu eða takmörkuðu leyti vald löggjafans. Sum mannréttindaákvæði ganga skammt efni sínu samkvæmt. Ákvæði 72. gr. nær þannig aðeins til prentfrelsis en eigi til tjáningafrelsis almennt. Þá fjallar 65. gr. fyrst og fremst um handtöku, sem er liður í rannsókn refsimála, en frelsi og réttaröryggi almennt nýtur þar ekki verndar. Einnig má nefna að 66. gr. verndar ekki einkalíf manna yfirleitt heldur takmarkast við ákveðna þætti þess.

Í öðru lagi er tímabært að mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar séu endurskoðuð með tilliti til þeirra þjóðréttarlegu skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir með því að gerast aðili að alþjóðlegum sáttmálum til verndar mannréttindum. Er þar einkum að nefna mannréttindasáttmála Evrópu frá 4. nóvember 1950, ásamt síðari viðaukum, sem lögfestur var hér á landi sl. vor, félagsmálasáttmála Evrópu frá 18. október 1961 og tvo mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna frá 16. desember 1966, annars vegar um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi og hins vegar um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Aðstaðan hér er sú að íslensk lög ganga a.m.k. að ýmsu leyti skemmra í vernd mannréttinda en þessir sáttmálar. Getur þetta valdið vanda í lagaframkvæmd hér á landi og jafnframt orðið til þess að íslenska ríkið verði dregið til ábyrgðar fyrir þeim alþjóðastofnun-

um sem ætlað er að framfylgja nefndum mannréttindasamningum.

Eins og fram kemur í texta þáltill. er gert ráð fyrir að við endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar verði höfð hliðsjón af tillögum stjórnarskrárnefndar frá 5. apríl sl. Ég vil því taka fram að veruleg vinna hefur þegar verið unnin að endurskoðun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar á vegum stjórnarskrárnefndar og hafa færustu sérfræðingar unnið fyrir og með nefndinni að málinu.

Nefndin hefur á allmörgum fundum sínum rætt þennan hluta stjórnarskrárinnar og á fundi hennar 5. apríl sl. náðist samstaða um tillögur sem sendar voru ríkisstjórn og þingflokkum. Þær tillögur eru birtar sem fskj. með þáltill. þessari. Nokkrir nefndarmanna lýstu þó áhuga á að taka inn fleiri ákvæði í mannréttindahluta stjórnarskrárinnar en um þau varð ekki samstaða innan nefndarinnar.

Ég tel mikilvægt að þingflokkarnir komi sér sem fyrst saman um tillögur um breytingar á VII. kafla stjórnarskrárinnar og leggi fyrir Alþingi strax í haust. Þannig er tryggt að þingið hafi nægan tíma til að fjalla um málið og geti afgreitt frv. til stjórnskipunarlaga fyrir lok þinghalds, sem væntanlega verður í mars 1995, þar sem frv. til stjórnskipunarlaga þarf að samþykkja á tveimur þingum til að það öðlist gildi. Mætti með þessum hætti taka málið til meðferðar á ný þegar á fyrsta þingi á næsta kjörtímabili.

Þegar rætt er um hvaða mannréttindaákvæði skuli vera í stjórnarskrá er oft erfitt að draga mörkin og margt lendir utan stjórnarskrár sem vissulega má líta á sem mikilvæg mannréttindamál. Mér kemur t.d. í hug sú umræða sem var fyrir stuttu um aðgengi hreyfihamlaðra að opinberum stofnunum. Engum blandast hugur um að hér er um mikið hagsmunamál fatlaðra að ræða og að líta megi á kröfu þeirra um að allar opinberar byggingar í landinu séu aðgengilegar fötluðum sem eðlilega mannréttindakröfu. Ég vil því nota þetta tækifæri til að láta í ljós ánægju með yfirlýsingu Davíðs Oddssonar forsrh. um að gerð verði könnun á aðgengi fyrir fatlaða í opinberum stofnunum. Slík könnun væri mikilvægur liður í því að hrinda í framkvæmd úrbótum á þessu sviði fyrir fatlaða.

Þó að við Íslendingar höfum búið við stjórnarskrárvarin mannréttindi meira en heila öld og séum farnir að líta á slíkt sem sjálfsagðan hlut er okkur hollt að minnast þess að í stórum hluta heimsins nýtur fólk ekki slíkra réttinda. Daglega berast okkur fréttir af mannréttindabrotum víða um heim. Barátta fyrir sjálfsögðum grundvallarmannréttindum er því víða háð enn. Í þessu sambandi ber að virða sérstaklega starf samtaka á borð við mannréttindasamtökin Amnesty International, sem unnið hafa mikið og gott verk á undanförnum áratugum. Það er einnig ánægjulegt að á þjóðhátíðardaginn 17. júní er ætlunin að stofna á Þingvöllum íslensku mannréttindaskrifstofuna, en að henni standa meðal annarra Íslandsdeild Amnesty International, Rauði kross Íslands, Biskupsstofa og Lögmannafélag Íslands. Eitt af hlutverkum hennar verður að útbreiða þekkingu og fræðslu sem hjálpað geti fólki til að tileinka sér sjónarmið mannréttinda. Það er von mín að stofnun Mannréttindaskrifstofunnar verði til að efla virðingu hérlendis fyrir mannréttindum og um leið geti Íslendingar lagt meira af mörkum til alþjóðlegrar baráttu fyrir auknum mannréttindum víða um heim.

Það er ósk mín og trú að við Íslendingar megum ávallt standa í fremstu röð þeirra þjóða sem virða mannréttindi í orði og verki. Þjóðirnar á meginlandi Evrópu hafa hins vegar valdið vonbrigðum þegar við lítum til þess hildarleiks sem nú er háður í Júgóslavíu. Gróf mannréttindabrot og viðurstyggilegt ofbeldi innan sjálfrar Evrópu hefur valdið okkur hryggð og skapað vantrú á samtökum Evrópuríkja og reyndar einnig Sameinuðu þjóðunum. Hinar voldugu þjóðir Evrópu hafa í reynd brugðist og hik þeirra og skortur á samstarfi hefur kostað óbærilegar þjáningar fyrir hundruð þúsunda íbúa fyrrum ríkja Júgóslavíu.

Þá getum við heldur ekki gleymt ofbeldi, mannúðarleysi og grimmd í ýmsum ríkjum Afríku og Asíu. Við biðjum og vonum að þessar þjóðir geti í framtíðinni lifað við lík mannréttindi og lífskjör og við búum við þó að um leið sé rétt að líta í eigin barm og vona að okkur takist að tryggja að íslenskir þegnar eigi eftir að búa við enn öruggari og betri mannréttindi.

Ég get ekki lokið máli mínu án þess að minnast á það sem ég tel vera ánægjulegasta viðburðinn á sviði mannréttindamála á þessu ári á alþjóðavettvangi en það er sigur lýðræðis og mannréttinda í Suður-Afríku. Þar standa vissulega upp úr Nelson Mandela og de Klerk, sem báðir hafa sýnt mikið hugrekki á erfiðum tímum. Þeir hafa án nokkurs vafa átt stærsta þáttinn í því hversu átakalaust umskiptin hafa gengið fyrir sig í landinu. Sameiginlega hafa þeir náð ótrúlegum árangri í því að leggja grunn að lýðræðisríki Suður-Afríku. Mestar væntingar eru vitaskuld nú bundnar við Nelson Mandela, nýkjörin forseta landsins, sem stigið hefur fram á leiksvið sögunnar sem einn af helstu stjórnmálaleiðtogum síðari hluta 20. aldarinnar, maður sátta og umburðarlyndis og laus við hatur og hefnigirni þrátt fyrir að hafa setið fangelsi hvíta minni hlutans í nær 30 ár. Ég vil því ljúka ræðu minni með því að óska honum og leiðtogum hvítra manna í þessu landi alls hins besta í því erfiða starfi sem þeirra bíður.

Að lokum legg ég til, virðulegi forseti, að tillögunni verði að lokinni þessari umræðu vísað til síðari umræðu.

[10:23]

Valgerður Sverrisdóttir:

Hæstv. forseti. Það hefur orðið niðurstaða í tilefni 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi að stigið verði skref til aukinna mannréttinda á okkar ágæta landi. Að þessu máli hefur verið nokkur aðdragandi og hefur komið í ljós að ýmsir hafa verið þeirrar skoðunar að málið sé óþarft því hér séu mannréttindi betur virt en víðast gerist og að slík réttindi verði ekki einungis tryggð með lögum eða ákvæðum í stjórnarskrá, þar skipti t.d. venjur, siðir og kristin trú líka miklu máli.

Ég er þeirrar skoðunar að það fari mjög vel á því að samþykkja á Þingvöllum á 50 ára afmæli íslenska lýð-

veldisins þingsályktun sem kveður á um það að fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar skuli þingflokkar hafa komið sér saman um breytingar á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar. Það fer vel á því nú þegar þjóðin er að auka samstarf sitt við aðrar þjóðir og alþjóðasamstarf almennt er að eflast og heimurinn þannig að minnka. Við Íslendingar megum ekki verða eftirbátar annarra hvað það snertir að treysta grundvöll mannréttinda.

Ég vil einnig nefna að það er ánægjulegt að á morgun, 17. júní, verður formlega stofnuð mannréttindaskrifstofa hér á landi í fyrsta sinn. Tilgangur skrifstofunnar verður að safna upplýsingum um mannréttindamál innan lands og veita aðgang að þeim upplýsingum. Jafnframt skal skrifstofan koma upplýsingum um mannréttindi á framfæri við almenning og stuðla að fræðslu og rannsóknum á sviði mannréttindamála hér á landi og annars staðar. Af og til hefur komið til tals að stofnsetja hér mannréttindaskrifstofu eða mannréttindastofnun, en slíkar stofnanir eru starfandi annars staðar á Norðurlöndum. Nú er það að verða að veruleika á 50 ára afmæli lýðveldisins.

Á liðnum árum hefur umræða um mannréttindi aukist jafnt og þétt um allan heim. Hrun Berlínarmúrsins og fall ríkisstjórna, sem kenndu sig við kommúnisma, í Mið- og Austur-Evrópu ýttu undir þessa þróun. Víða hefur verið komið á fót mannréttindastofnunum til að kanna ástand mannréttinda og stuðla að því að þau séu virt. Ísland hefur staðfest ýmsa sáttmála til verndar mannréttindum sem hafa verulega þýðingu. Það er þó grundvallaratriði að í stjórnarskrá landsins sé að finna meginreglur um þau málefni sem mestu varða, enda eiga þau að tryggja enn betur rétt manna en alþjóðleg mannréttindaákvæði.

Það er á margan hátt skiljanlegt að við Íslendingar leiðum sjaldan hugann að mannréttindum. Mannréttindabrot hafa ekki verið tíð hér á landi síðustu ár og áratugi. Við höfum haft mannréttindaákvæði þótt ófullnægjandi séu í lögum í meira en heila öld. Mannréttindaákvæði í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins hafa haldist nærri óbreytt að efni til frá því að Kristján IX. Danakonungur færði okkur stjórnarskrá á 1000 ára afmæli byggðar á landinu árið 1874.

Þau ákvæði sem taka á mannréttindum í stjórnarskrá okkar eiga fyrst og fremst að tryggja viss borgaraleg og stjórnmálaleg frelsisréttindi. Á þessari öld hafa hins vegar ýmis ríki sett í stjórnarskrá ákvæði um félagsleg mannréttindi sem kveða á um skyldur ríkisvaldsins við þegnana á sviði almennrar velferðar, öryggis og jafnréttis. Með því móti er fólki tryggður réttur til menntunar, heilbrigðisþjónustu og jafnvel vinnu.

Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna sem samþykkt var á allsherjarþinginu 10. des. 1948 hefur orðið grundvöllur mannréttindastarfs um allan heim. Í 1. gr. yfirlýsingarinnar segir að allir menn séu bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttindum. Þetta eru fögur orð sem leystu margan vanda ef væru í heiðri höfð. Staðreyndin er sú að ójöfnuður er fremur regla en undantekning. Menn eru því miður ekki jafnbornir til virðingar og réttinda.

Við höldum því fram að Ísland sé stéttlaust land sem ætti að þýða það að allir hafi sömu möguleika til að ná viðurkenndum markmiðum í lífi sínu. Það vona ég að sé vilji flestra. Til þess að ná því markmiði er nauðsynlegt að valdamenn þjóðarinnar hafi yfirsýn, þekki aðstæður þjóðarinnar og kunni að setja sig í spor þeirra sem minna mega sín. Á þetta skortir oft og tíðum og því er enn meiri ástæða til að setja ítarlegri ákvæði um almenn réttindi borgaranna.

Í 13. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi er kveðið á um að til að framfylgja því að allir eigi rétt til að njóta menntunar og fræðslu við sitt hæfi, skuli barnafræðsla vera skyldubundin og án endurgjalds. Sérstaklega er tekið fram að ekki megi skerða rétt foreldra til þess að velja börnum sínum skóla í samræmi við skoðanir sínar. Ég tel ástæðu til að hnykkja á þessu ákvæði í ljósi aðstæðna sem hér hafa verið að skapast með niðurskurði á fjárframlögum til skólamála og skólagjöldum sem tekin hafa verið upp í framhaldsskólum til þess að mæta kostnaði við rekstur skólanna.

Í þeim tillögum sem stjórnarskrárnefnd skilaði af sér í apríl sl., um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, er að finna nýja grein sem hljóðar svo, með leyfi forseta: „Rétti manna til vinnu og orlofs skal skipað með lögum.“ Samkvæmt þessu er ríkinu skylt að viðhalda eins mikilli atvinnu og unnt er með því að skapa þannig aðstæður í þjóðfélaginu að atvinnulíf geti blómstrað. Þarna mun vera hafður til hliðsjónar félagsmálasáttmáli Evrópu og 6. og 7. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi.

Nú getur það verið erfitt og hápólitískt matsatriði hvenær ríkið skapar nægjanlega góðar aðstæður í þjóðfélaginu til að atvinnulíf geti blómstrað og einnig að hve miklu leyti hægt er að kenna ríkisvaldinu um þegar atvinnulíf gengur illa. Hitt er svo óumflýjanleg staðreynd að nýtt vandamál hefur komið inn í íslenskt þjóðfélag á síðustu árum. Hér hefur verið meira atvinnuleysi en við Íslendingar höfum átt að venjast og því fleiri einstaklingar átt við sárt að binda vegna þess ástands en við getum sætt okkur við.

Frá því að sögur hófust hafa menn velt réttindum sínum fyrir sér og saga mannréttindabaráttu er bæði löng og á margan hátt átakanleg. En þó að mannréttindi eins og við þekkjum þau kæmust varla á dagskrá fyrr en í byrjun nýaldar þá var flest það að finna í boðskap Jesús Krists sem telja má grundvöll slíkra réttinda. Kenningar hans um jafnrétti og mannúð hafa í fáu verið bættar fram til dagsins í dag. Kristur kenndi að menn ættu að elska náungann eins og sjálfan sig og í 1. gr. mannréttindayfirlýsingarinnar segir að menn séu gæddir vitsmunum og samvisku og að þeim beri að breyta af náungakærleika hver við annan. Þarna erum við komin að mikilvægu atriði í mannlegum samskiptum sem oft reynast okkur mannanna börnum erfið.

Við munum áreiðanlega öll eftir því, hv. þingmenn, þegar presturinn talaði til okkar í Dómkirkjunni fyrir nokkrum árum og sagði okkur að við ættum að elska náungann jafnvel þótt okkur þætti hann hundleiðinleg-

ur. Þar var mikilvægum boðskap komið á framfæri á þann hátt að allir skildu. Mannskepnan er breysk og mannleg samskipti eru ekki einföld. Það er þó enginn vafi á því að við mannfólkið gerum lífið erfiðara en það þyrfti að vera með því að vera ekki nægilega jákvæð í garð hvers annars, vera ekki hreinskiptin, vera ekki þakklát fyrir það sem við höfum og síðast en ekki síst framfylgja ekki í raun þeirri grundvallarreglu mannréttinda að allir menn séu bornir frjálsir og jafnir öðrum að virðingu og réttlæti.

Fyrr á öldum var réttarstaða almennings slæm og segja má að leiguliðar, vinnuhjú, konur og þrælar hafi verið með öllu réttlaus þegar verst lét. Svo fór að lokum að klerkar, aðalsmenn og frjálsir bændur tóku sig saman og þvinguðu konunga til að tryggja sér ákveðin lágmarksréttindi. Ef til vill má segja að þetta hafi verið undanfari nútímamannréttinda.

Réttarstaða kvenna hefur alla tíð verið allt önnur en karla. Konum var oftast skipað með þeim körlum sem minnst réttindi höfðu. Meginreglan var sú að karlmenn höfðu öll ráð kvenna í hendi sér. Þó ber þess að geta að Íslendingar hafa átt kvenskörunga í gegnum aldirnar og svo er einnig um fleiri þjóðir. En það er með mannréttindi kvenna eins og mannréttindi almennt að ýmsum finnst erfitt að henda reiður á vandamálinu og gera sér illa grein fyrir því hvar skórinn kreppir og hvað konur vilja. Auðvitað vilja konur jafnrétti, að kynin standi jafnfætis í raun. Það er umhugsunarefni að það skuli ekki hafa verið fyrr en á þessari öld sem konur fengu kosningarrétt hér á landi, sem varð þó tiltölulega vel að verki staðið miðað við mörg önnur lönd. Mikið hefur áunnist síðan það gerðist en betur má ef duga skal og ákvæði stjórnarskrárinnar hafa miklu hlutverki að gegna í þessu efni.

Hæstv. forseti. Því miður eigum við jarðarbúar enn langt í land með að hægt verði að segja að mannréttindi séu virt. Eins og ég hef áður látið koma fram er ástand mannréttinda hér á landi nokkuð gott miðað við mörg önnur lönd. Það þýðir þó ekki það að við eigum ekki að láta okkur þessi mál varða. Við eigum að sjálfsögðu að vera þátttakendur í þeirri baráttu sem fer fram í heiminum um aukin mannréttindi á öllum sviðum.

Það er staðreynd að stjórnarskrá okkar er ófullkomin að því leyti til að þar skortir ýmis ákvæði er varða þennan mikilvæga málaflokk. Úr því þurfum við að bæta og ég lýsi yfir ánægju með það fyrir hönd okkar framsóknarmanna að það verk er hafið og ég vænti góðrar samstöðu um framhaldið.

[10:34]

Gunnlaugur Stefánsson:

Virðulegur forseti. Sannarlega markar það þáttaskil þegar grundvöllur er lagður að endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands hvað mannréttindaákvæði hennar varðar og það fer vel á því að slík fyrirheit séu gefin í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins. Á slíkum tímamótum verður saga þjóðar skýrari í huga en ella. Oft er bent á að söguskilningur nútímans og gildismat sé bundið við nýtíð eina. Fortíðin, með sögu atburða og reynslu fólksins í landinu, hafi svo lítið hagkvæmt gildi.

Ef lífsgæðin verða einvörðungu metin á efnahagslegum kvörðum þá má sín lítils réttlætið. Hvers mega sín mannréttindi í sambúð þjóðar ef þjóðin er sundurskilin við sögu sína? Hvers mega sín mannréttindi ef slík gildi verða lítils metin nema þau afli fjár en gleymi þeim rétti sem boðar að allir skuli hafa aðgang að almennum lífsgæðum, félagslegum, menningarlegum og efnahagslegum? Að tengja saman afmæli lýðveldis og mannréttindi minnir okkur áþreifanlega á að að baki slíkum rétti er saga um stríðandi baráttu. Mannréttindi eru ekki sjálfsögð lífsgæði, þau verður að vilja, verja og efla og við verðum að skynja um leið grundvöll slíkra verðmæta.

Krossmarkið í þjóðfánanum er engin tilviljun. Það vísar veginn að uppsprettulind réttlætis, kærleika og mannúðar, þeirra gilda sem mannréttindin nærast af. Við Íslendingar höfum löngum verið stoltir af því að mannréttindi séu óvíða betur virt og meira í heiðri höfð en hér á landi. Víst er að svo hefur verið þrátt fyrir að lengi hafi legið fyrir brýn þörf um endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Ísland fullgilti mannréttindasáttmála Evrópu hinn 19. júní árið 1953. Það var hins vegar ekki fyrr en á sl. vori að hið háa Alþingi steig það mikla skref til bættrar lagasetningar á sviði mannréttindamála að veita sáttmálanum lagagildi.

Á undanförnum árum hefur athygli manna beinst í auknum mæli að þeim alþjóðasáttmálum á sviði mannréttindamála sem Ísland á aðild að. Við hæfi er að geta um þá alþjóðasáttmála. Ber þar fyrst að telja mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna, sem samþykkt var á allsherjarþinginu árið 1948. Mannréttindayfirlýsingin er ekki þjóðréttarsamningur og því ekki bindandi fyrir aðildarríki Sameinuðu þjóðanna.

Næst ber að nefna mannréttindasáttmála Evrópu eða samning um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sem undirritaður var í Róm 1950 og tók gildi árið 1953. Við sáttmálana hafa verið gerðir átta viðaukar. Sáttmálinn fékk lagagildi hér á sl. vori eins og fyrr sagði.

Félagsmálasáttmáli Evrópu var samþykktur í Torino 1961 og tók gildi árið 1965 og Alþingi ályktaði 14. maí 1975 að heimila aðild að sáttmálanum og fullgilti hann 15. janúar árið 1976.

Samþykkt allsherjarþings Sameinuðu þjóðanna í desember árið 1966, um alþjóðasamning um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi, tók gildi í ársbyrjun 1976. Samþykktin var undirrituð af Íslands hálfu árið 1968 og fullgilt 1979.

Alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi var samþykktur á allsherjarþinginu 1966. Ísland fullgilti samninginn með fyrirvörum og hefur jafnframt fullgilt tvær valfrjálsar bókanir með honum. Þá hefur Ísland einnig fullgilt samning um afnám allrar mismununar gagnvart konum og samning um réttindi barna. Báðir þessir samningar voru gerðir með samþykktum á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna.

Ísland hefur fullgilt marga samninga sem lúta að mannréttindum og því ber sannarlega að fagna. Því miður hefur hins vegar dregist úr hömlu að endurskoða VII. kafla stjórnarskrárinnar, þar sem áhersla er

lögð á mannréttindin sem borgurunum eru tryggð. Það er því fagnaðarefni að samkomulag skuli hafa tekist á milli þingflokka um að hraða þeirri endurskoðun nú á hálfrar aldar afmæli lýðveldis á Íslandi. Stjórnarskrárnefnd hefur nú þegar lagt verulega vinnu af mörkum að endurskoðun mannréttindaákvæðanna og gert tillögur sem birtast sem fylgiskjal með ályktun þeirri sem hér er til umræðu. Það er afar mikilvægt að endurskoðunin verði vel og vandlega unnin og gefi kærkomið tilefni til opinskárra umræðna í þjóðfélaginu um mannréttindamál.

Virðulegur forseti. Mannréttindi eru á meðal dýrmætustu verðmæta sem fólkið fær notið. Við þekkjum þess allt of mörg dæmi víða um heim að grundvallarmannréttindi eru virt að vettugi og það þrátt fyrir fjölda sáttmála og yfirlýsinga sem gerðar hafa verið. Í inngangsorðum að mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir m.a., með leyfi forseta:

„Það ber að viðurkenna að hver maður sé jafnborinn til virðingar og réttinda er eigi verða af honum tekin og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum."

Hér er skýrt að orði komist. Mannréttindi á að vernda með skýrum ákvæðum í stjórnarskrá, lögin kveða svo nánar á um framkvæmdina. En það skiptir miklu að eining og samstaða ríki á meðal þjóða um skilning og túlkun slíkra grundvallaratriða.

Sú till. til þál. sem hér er til umræðu á vel við á 50 ára lýðveldisafmæli. Megi hún verða Íslendingum til heilla og blessunar.

[10:41]

Ólafur Ragnar Grímsson:

Virðulegi forseti. Þegar Íslendingar hlutu stjórnarskrá 1874 var í þeirri stjórnarskrá kafli um mannréttindi. Þrátt fyrir 50 ára afmæli íslenska lýðveldisins höfum við ekki enn borið gæfu til þess að endurskoða þann kafla. Það er því mikilvægt að Alþingi ákveði nú, staðfesti ákvörðun um að endurskoðun mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sé okkar fyrsta mál á 50 ára afmæli lýðveldisins.

Íslenskt þjóðfélag 1874, þegar mannréttindakaflinn tók gildi, var því miður ekki samfélag víðtækra mannréttinda. Kosningarrétturinn var mjög takmarkaður. Hann var takmarkaður við þá sem höfðu veruleg fjárráð eða höfðu yfir eignum að ráða. Hann var einnig takmarkaður á þann veg að einungis karlmenn höfðu rétt til þess að ákveða stjórn landsins og velja þá sem sátu á Alþingi. Mannréttindin voru einnig takmörkuð á þann veg að launafólk hafði engan viðurkenndan rétt til að semja um kaup og kjör. Möguleiki almennings í landinu til að mynda samtök til að verja hagsmuni sína var nánast enginn. Það tók marga áratugi að ná því fram að kosningarréttur væri hvorki bundinn við eign né fjárráð. Það tók marga áratugi að ná því fram að konur hefðu sama rétt og karlar. Og það tók einnig marga áratugi að ná því fram að launafólk á Íslandi hefði þau sjálfsögðu réttindi að semja um kaup og kjör.

Á þessari stundu, þegar Alþingi kemur saman til að staðfesta þann vilja sinn að færa mannréttindakafla stjórnarskrár lýðveldisins til samræmis við gildandi viðhorf, tel ég rétt að minnast með þakklæti allra þeirra mörgu sem á síðustu öld og fyrstu áratugum þessarar aldar börðust fyrir því að almenningur í þessu landi, karlar og konur, hefðu jafnan rétt.

Á undanförnum áratugum hefur orðið veruleg breyting í alþjóðlegu samfélagi hvað snertir viðhorf til mannréttinda. Það er tákn um þá sögu að formaður stjórnarskrárnefndar, 1. flm. þessarar tillögu, skuli við framsögu sína minnast Nelsons Mandela. Sú staðreynd að hv. þm. Matthías Bjarnason, í sinni ræðu hér í dag, minnist með virðingu og þökk þeirrar baráttu sem blökkumenn í Suður-Afríku háðu í áratugi gegn ofurvaldi hins hvíta minni hluta sannar okkur vel og minnir okkur á að íslenskt samfélag er ekki einangrað. Við erum hluti af heild, mannkyni öllu, sem ber sameiginlega ábyrgð og hefur sameiginlegar skyldur. Sú sameiginlega ábyrgð felst í því að vernda lífríki jarðarinnar. Sú sameiginlega ábyrgð felst í því að sýna í verki að samborgarar okkar eru ekki aðeins Íslendingar heldur mannkynið allt.

Þess vegna er það ekki aðeins í samræmi við okkar eigin sögu heldur einnig til samræmis við víðtækan skilning mannkyns á mannréttindum að nauðsynlegt er að endurskoða þann kafla íslensku stjórnarskrárinnar sem tekur til mannréttinda. Þeirri endurskoðun ber að fela í sér að við staðfestum þau réttindi sem Íslendingar hafa smátt og smátt verið að ávinna sér á undanförnum árum og áratugum, en hún verður einnig að taka til þess sem á alþjóðlegum vettvangi er nú orðinn viðurkenndur sáttmáli. Þess vegna ber okkur að setja í stjórnarskrá íslenska lýðveldisins ákvæði um rétt einstaklinganna til umönnunar og öryggis. Þess vegna ber okkur að setja í stjórnarskrána rétt einstaklinganna til menntunar og fræðslu. Þess vegna ber okkur einnig að setja í stjórnarskrána rétt einstaklinganna til vinnu og orlofs.

Við teljum einnig að í stjórnarskrána eigi að koma ákvæði um verndun umhverfis og rétt allra til þess að njóta þeirra gæða sem jörðin hefur fært okkur. Umhverfið verður ekki aðgreint með eignarréttinum einum. Umhverfið er sameign okkar allra. Breytingin frá því að stjórnarskráin var sett 1874 og til þeirrar tíðar sem við lifum nú felst kannski fyrst og fremst í því grundvallarviðhorfi að réttur allra til umhverfisins sé æðri eignarrétti einstaklingsins. Réttur mannkyns til að vernda og njóta lífríkis jarðar sé æðri en séreignarréttur hvers og eins. Það samfélag Evrópu, það samfélag Íslands sem tók við stjórnarskrá frá þjóðhöfðingjum á liðinni öld, bar merki þess að eignin og fjárráðin skipuðu sumum á æðri bekk. Það samfélag sem við búum við í dag, sú alþjóðlega heild sem við erum hluti af, hafnar algerlega þeim viðhorfum.

Við búum á okkar tímum í samfélagi þar sem réttur einstaklinganna til að velja sér stjórnendur, þar sem réttur einstaklinganna til að verja sig fyrir dómstólum, þar sem réttur einstaklinganna til að njóta menntunar og fræðslu, þar sem réttur einstaklinganna til samfélagsöryggis, þar sem réttur einstaklinganna til alþjóðlegrar þátttöku í samstarfi og samhjálp og þar sem réttur einstaklinganna til umhverfis og lífríkis jarðarinn-

ar eru talin grundvallarmannréttindi.

Það er vissulega mjög mikilvægt að Alþingi í huga sínum staðfesti við samþykkt þessarar tillögu að hér er á ferðinni þál. um ákvörðun. Orðalagið í tillögunni felur í sér viljayfirlýsingu. En þegar Alþingi kemur saman á Þingvöllum þá er rétt að hafa það í huga að samþykkt þessarar tillögu jafngildir ákvörðun um að endurskoða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu þingkosningar.

Ég vil að lokum, virðulegi forseti, þakka samstarfsmönnum mínum í stjórnarskrárnefnd fyrir ágætt samstarf við mótun þeirra tillagna sem fylgja hér með í fylgiskjali. Ég tel að það sé mikilvægt að það komi fram að í stjórnarskrárnefnd ríkti einhugur og eindreginn vilji að baki þeim tillögum sem hér eru settar fram. Í nefndinni eru fulltrúar allra þeirra þingflokka sem sæti eiga á Alþingi. Það er mikilvægt veganesti að fá samhug stjórnarskrárnefndar bak við þá tillögu sem hér er flutt. Megi Alþingi bera hliðstæða gæfu til þess að afgreiða mannréttindakafla stjórnarskrárinnar á þann veg sem stjórnarskrárnefnd hefur skilað sínu verki til Alþingis.

[10:50]

Kristín Einarsdóttir:

Frú forseti. Á seinni árum hefur umræða um mannréttindi aukist verulega frá því sem áður var. Upplýsingar berast nú með skjótum hætti heimshorna á milli og ekki er eins auðvelt fyrir þá sem fremja mannréttindabrot að dylja slíkt fyrir umheiminum. Nær daglega berst fréttir af mannréttindabrotum víða um heim og sums staðar er meðferð á fólki skelfileg.

Hér á landi þykja mannréttindi næsta sjálfsögð og mannréttindabrot eru ekki algeng. Af þeim sökum hefur mannréttindamál ekki borið hátt í umræðum manna á meðal. Í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna segir m.a. í inngangsorðum, með leyfi forseta:

„Það ber að viðurkenna að hver maður er jafnborinn til virðingar og réttinda er eigi verða af honum tekin og er þetta undirstaða frelsis, réttlætis og friðar í heiminum."

Hafi mannréttindi verið fyrir borð borin og lítilsvirt hefur slíkt í för með sér siðlausar athafnir er ofboðið hafa samvisku mannkyns, enda hefur því verið lýst yfir að æðsta markmið almennings um heim allan sé að skapa veröld þar sem menn fái notið málfrelsis, trúfrelsis og óttaleysis um einkalíf og afkomu.

Í stofnskrá Sameinuðu þjóðanna er lögð áhersla á grundvallaratriði mannréttinda, á göfgi og gildi mannsins og jafnrétti kvenna og karla. Einn mikilvægasti þáttur mannréttinda er tjáningarfrelsi. Fólk verður að hafa rétt til skoðana sinna og frelsi til að tjá þær án þess að eiga það á hættu að verða beitt misrétti. Þetta frelsi er þeim takmörkunum háð að þannig sé með það farið að ekki sé brotið á öðrum. Víða erlendis er fólk hneppt í fangelsi vegna skoðana sinna vilji það ekki þóknast valdhöfum og það jafnvel pyndað til dauða. Á Íslandi eru þess ekki mörg dæmi að fólk sé ofsótt vegna skoðana sinna. Þó verður ekki fram hjá því horft að hér á landi á sér stað ákveðin bæling á tjáningarfrelsi sem felst m.a. í því að ráðandi öfl beita valdi sínu til að útiloka fólk frá stöðum og embættum vegna stjórnmálaskoðana á sama tíma og embætti eru blygðunarlaust veitt eftir pólitískum línum. Er hér ekki í raun um mannréttindabrot að ræða?

Frá því að sögur hófust hafa menn velt fyrir sér réttindum sínum og annarra. Menn veltu því fyrir sér hvort allir ættu tilkall til einhvers konar grundvallarréttinda eða hvort menn væru fæddir misréttháir. Síðari túlkunin birtist á fyrri tíð í sinni svörtustu mynd í þrælahaldi sem viðgekkst til skamms tíma og er ekki enn með öllu úr sögunni. Algengast er að réttindi hvers konar væru fyrst og fremst tengd frjálsum karlmönnum en ekki öðrum. Réttindi kvenna voru víðast hvar lítil sem engin. Yfirleitt var litið á konur sem eign karlanna. Slíkt tíðkaðist víðast hvar allt fram á þessa öld og enn er víða hægt að finna dæmi um slíkt. Konur hafa löngum átt við ramman reip að draga í mannréttindamálum og það er ekki fyrr en á seinni hluta síðustu aldar og þegar kemur fram á þá tuttugustu sem einhver skriður komst á réttindabaráttu kvenna.

Þó konur hér á landi hafi nú orðið formlega sömu réttindi og karlar fer því fjarri að staða kynjanna sé jöfn. Fyrst og fremst hef ég þar í huga laun kvenna og mat á vinnu þeirra. Nú er svo komið að íslenskar konur hafa á heildina litið lengri skólagöngu að baki en karlar og hafa sótt fram á ýmsum sviðum. Þrátt fyrir þetta er enn ekki hægt að tala um jafna stöðu kvenna og karla í samfélaginu og á meðan er ekki hægt að tala um að allir þegnarnir séu jafnréttháir.

Mannréttindaákvæði íslensku stjórnarskrárinnar hafa haldist nær óbreytt í heila öld eða frá því að Kristján IX. Danakonungur færði Íslendingum stjórnarskrá árið 1874. Þótt þau ákvæði nái skammt voru þau mikil framför og ótvírætt er þýðingarmikið að hafa slík ákvæði í stjórnarskrá. Ákvæði stjórnarskrár eru réttháerri öðrum lögum sem gilda í landinu og ekki er hægt að breyta þeim með einfaldri atkvæðagreiðslu á Alþingi. Í lögum er víða að finna ákvæði sem eiga að tryggja mannréttindi, en rétt er að setja í stjórnarskrá grundvallarákvæði um mannréttindi sem tryggja á öllum þegnum.

Margoft hefur verið bent á að ýmis mannréttindaákvæði vanti í stjórnarskrá lýðveldisins. Umboðsmaður Alþingis sá ástæðu til þess skömmu eftir að hann tók til starfa að benda á það í bréfi til forseta Alþingis að í íslensku stjórnarskrána vanti almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Sem dæmi nefndi hann skoðanafrelsi, jafnrétti, bann við afturvirkum refsilögum, vernd fjölskyldulífs og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Einnig taldi hann að ákvæði um félagsleg réttindi séu fábrotin í stjórnarskránni. Það er því fyllilega tímabært að endurskoða mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar m.a. á grundvelli alþjóðlegra þjóðréttarskuldbindinga á þessu sviði.

Það eru óneitanlega nokkur vonbrigði að ekki tókst í tæka tíð fyrir þjóðhátíð að sameinast um það hér á Alþingi að leggja fram frv. til að styrkja mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Það hefði farið vel á því í tengslum við 50 ára afmæli lýðveldisins. Þingkonur Kvennalistans voru ásamt fleirum tilbúnar að leggja

nokkuð á sig til að það gæti orðið, en því miður reyndist ekki nægur vilji til að ganga til þessa verks og því fjöllum við hér aðeins um þáltill. þar sem segir að stefnt skuli að endurskoðun stjórnarskrárinnar.

Í fskj. með tillögunni eru prentaðar þær tillögur stjórnarskrárnefndar sem nefndin sameinaðist um. Eðlilegt er að þær verði lagðar til grundvallar þegar málið er tekið upp hér á þinginu og auk þess litið á aðrar hugmyndir þingflokka. Nokkur atriði þyrfti e.t.v. að gera skýrari og kveða fastar að orði í sumum tilvikum. Einnig þarf að athuga sérstaklega hvort ekki sé rétt að setja inn fleiri ákvæði sem heima eiga í stjórnarskrá.

Ísland hefur staðfest fjölda mannréttindasamninga sem gerðir hafa verið á vegum Sameinuðu þjóðanna, Evrópuráðsins og Alþjóðavinnumálastofnunarinnar. Þessir samningar fjalla m.a. um réttindi og stöðu kvenna, menningarleg, félagsleg og efnahagsleg réttindi, réttindi barna, flóttamanna og útlendinga, skólamál og réttindi og skyldur á vinnumarkaði. Þar sem nú gefst nokkur tími til að fara yfir málið er vert að gaumgæfa hvort ekki sé rétt að vernda þessi réttindi í stjórnarskrá. Það er því fjölmargt sem þarf að taka til athugunar þegar stjórnarskráin verður endurskoðuð á grundvelli þessarar tillögu.

Ég tel mjög mikilvægt að sem flestir fái tækifæri til að tjá sig um þessi mál. Eins og hv. þingmönnum er kunnugt hafa nokkrir aðilar bundist samtökum um að opna mannréttindaskrifstofu hér á landi. Tilgangur slíkrar skrifstofu er að safna upplýsingum um mannréttindi innan lands og utan, koma upplýsingum á framfæri, stuðla að fræðslu og rannsóknum á sviði mannréttinda hér á landi og víðar. Fyrir fáeinum dögum kom síðan út fyrsta kennslubókin um þessi mál hérlendis. Þetta ber vott um aukinn mannréttindaáhuga meðal Íslendinga. Ég vona að í kjölfar alls þessa glæðist umræða um mannréttindi í þjóðfélaginu og að sem flestir tjái sig um hvaða réttindi þegnanna eðlilegt sé að vernda í stjórnarskrá.

Að lokum vil ég lýsa þeirri von að sú viljayfirlýsing sem felst í þessari þáltill. og sem væntanlega verður samþykkt á hátíðarfundi á Þingvöllum á morgun skili góðri undirstöðu fyrir lok kjörtímabilsins. Við þurfum á því að halda Íslendingar að auka samkennd og jöfnuð í þjóðfélaginu. Skýr ákvæði um mannréttindi í stjórnarskrá lýðveldisins eiga að auðvelda að ná þeim markmiðum.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SEA, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (ÓÞÞ, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Hátíðarsjóður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins, fyrri umr.

Þáltill. GHH o.fl., 629. mál. — Þskj. 1322.

[10:59]

Flm. (Geir H. Haarde):

Virðulegi forseti. Á liðnum vetri, fljótlega eftir að ákvörðun forsætisnefndar Alþingis lá fyrir um að haldinn skyldi þingfundur á Lögbergi til að minnast 50 ára afmæli lýðveldis á Íslandi, kom í hlut forustumanna þingflokka að fjalla um það hvernig Alþingi gæti með viðeigandi hætti minnst þessara tímamóta. Höfðu þau mál þá áður hlotið ítarlega umfjöllun í forsætisnefndinni og nokkrar prýðilegar hugmyndir lágu fyrir.

Frá upphafi var nokkuð um það rætt að taka til umfjöllunar og afgreiðslu svokallaðan mannréttindakafla stjórnarskrárinnar sem stjórnarskrárnefnd hefur nýlega skilað tillögum um. Niðurstaða þess máls er svo þáltill. sem rædd var hér fyrr á fundinum og lýtur að endurskoðun alls VII. kafla stjórnarskrárinnar, sem m.a. hefur að geyma mannréttindaákvæði hennar, fyrir næstu reglulegu alþingiskosningar.

Einnig komu fljótlega fram hugmyndir um að eðlilegt væri að minnast afmælisins með myndarlegum fjárveitingum til sérstaklega valinna verkefna sem tengja mætti sjálfstæði þjóðarinnar í víðtækasta skilningi. Var þá m.a. litið til þeirrar áætlunar um landgræðslu og gróðurvernd sem Alþingi samþykkti árið 1974 í tilefni af 1100 ára afmæli Íslandsbyggðar. Niðurstaðan varð sú að stofnaður skyldi sérstakur sjóður, lýðveldissjóður, er starfa skyldi í fimm ár. Hlutverk sjóðsins verður að veita fé til aukinna vistfræðilegra rannsókna á lífríki sjávar annars vegar og til eflingar íslenskri tungu hins vegar. Til þessa sjóðs er ætlunin að renni 100 millj. kr. árlega næstu fimm árin. Þessir fjármunir eru að sjálfsögðu til viðbótar hefðbundnum fjárveitingum til þessara málefna og munu skiptast til helminga milli þessara mikilvægu málaflokka.

Þótt þessi tvö viðfangsefni séu ólík, annað á sviði raunvísinda en hitt á sviði hugvísinda, fara þau vel saman því þau tengjast tveimur meginundirstöðum þjóðlífs í landinu, hinni efnahagslegu og hinni menningarlegu. Ég mun nú, með leyfi forseta, lesa þá tillögu sem hér liggur fyrir á þskj. 1322:

„Alþingi ályktar, í tilefni 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi, að stofna sjóð, lýðveldissjóð, og verja til hans 100 milljónum króna árlega næstu fimm ár.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ár hvert á starfstíma hans, 1995–1999, varið með þessum hætti:

a. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, til átaks í vistfræðirannsóknum á lífríki sjávar.

b. Helmingi fjárhæðarinnar, 50 milljónum króna, til eflingar íslenskri tungu.

Alþingi kýs þriggja manna sjóðstjórn. Hún skal staðfesta rannsóknaáætlun skv. a-lið og reglur um stjórn verkefnisins, svo og um þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Enn fremur skal sjóðstjórnin skipta því fé sem er til ráðstöfunar skv. b-lið og samþykkja verkefnaáætlun."

Um þessa tillögugerð náðist gott samkomulag innan þingflokkanna og er tillagan flutt af öllum formönnum þingflokka. Ég hyggst nú gera nokkuð nánari grein fyrir efni tillögunnar, en vísa að öðru leyti til ítarlegrar greinargerðar sem henni fylgir.

Eins og áður er fram komið er gert ráð fyrir að 50 millj. kr. renni árlega næstu fimm árin til sérstakra verkefna er lúta að rannsóknum á lífríki hafsins. Út frá því er gengið, eðli málsins samkvæmt, að forusta um þessi verkefni verði á hendi Hafrannsóknastofnunar og vísindamanna hennar. Það er mat forustumanna stofnunarinnar að fyrir það fé sem hér um ræðir megi gera myndarlegt átak í rannsóknum, sem til þessa hafa setið á hakanum þótt mjög mikilvægar séu, til aukins skilnings á fæðukeðjunni í hafinu umhverfis landið. Jafnframt hyggst stofnunin endurskipuleggja ráðstöfun rannsóknafjárins og mannahald til þess að tryggja að framlög úr lýðveldissjóði nýtist sem best.

Í greinargerð með tillögunni liggja fyrir ítarlegar upplýsingar um þau brýnu rannsóknaverkefni sem fyrir liggja hjá stofnuninni á þessu sviði. Þar má nefna rannsóknir á vistfræði nytjafiska á fyrsta ári og á þarabeltinu sem uppeldis- og hrygningasvæðis nytjafiska, rannsóknir á vistfræði svif- og botnsamfélaga og rannsóknir á orkuflæðinu um vistkerfi íslenska hafsvæðisins, sem er nátengt spurningum um afrakstursgetu Íslandsmiða.

Flutningsmenn tillögunnar vilja taka fram að æskilegt er að vísindamenn frá öðrum rannsóknastofnunum en Hafrannsóknastofnun geti komi að þessum verkefnum í einhverjum mæli og eftir því sem við getur átt. Í tillögunni er miðað við að vistfræðirannsóknirnar verði á hendi faglegrar verkefnisstjórnar sem geri nákvæma rannsóknaáætlun. Að þessu rannsóknaverkefni loknu gangist verkefnisstjórnin fyrir ráðstefnu þar sem niðurstöður verði kynntar og gefin út ítarleg skýrsla um þær.

Helmingur fjármagns lýðveldissjóðs skal renna til að efla og treysta grundvöll íslenskrar tungu. Þar er vissulega mikilvægt málefni á ferð á tímum örra breytinga í fjölmiðlum innan lands sem utan þegar margvíslegir erlendir menningarstraumar sækja að íslensku máli, ekki síst því máli sem æskufólk landsins talar. Flutningsmenn telja brýnt að þeim menningarstraumum sé veitt í frjóan, íslenskan jarðveg og verði þjóðtungunni til eflingar en ekki til þess að spilla henni eða niðurlægja.

Í greinargerð með tillögunni er tekið fram að ætlast er til að þeim fjármunum sem hér er um að ræða skuli skipt milli þriggja höfuðverkefna:

1. Málræktarsjóðs.
2. Námsefnisgerðar um íslenska tungu fyrir skólaæsku landsins.
3. Annarra þeirra verkefna sem að mati sjóðstjórnar þjóna markmiðum sjóðsins.

Stjórn sjóðsins er ætlað að gangast fyrir gerð verkefnaáætlunar um hin tvö síðasttöldu atriðin.

Í greinargerð tillögunnar er sérstaklega nefnt í þessu sambandi rannsóknir á máli og málnotkun, skipulegt átak til að efla lestrar- og framburðarkennslu í skólum, menntun þýðenda, ekki síst þeirra sem fást við svokallaðan nytjatexta, aðgerðir til að stuðla að málvöndun í ljósvakafjölmiðlum og söfnun og útgáfa á sviði þjóðlegra fræða sem eru nátengd þróun tungunnar. Hér er þó ekki um tæmandi upptalningu að ræða heldur frekar sýnishorn af þeim verkefnum sem til greina koma og flutningsmenn telja mikilvæg.

Málræktarsjóður var stofnaður með skipulagsskrá í mars 1991. Hlutverk hans er í senn að vera rannsóknasjóður og verðlaunasjóður. Hann skal styrkja nýyrða- og íðorðastarf í landinu, starf orðanefnda, útgáfu handbóka og leiðbeininga um málnotkun, orðabóka og fleira sem nánar er tilgreint í skipulagsskrá sjóðsins.

Það er ljóst að verkefni Málræktarsjóðs ná að nokkru leyti til þeirra verkefna sem lýðveldissjóði er ætlað að styðja, þ.e. útgáfu kennsluefnis í íslensku, en með þessum hætti yrði Málræktarsjóði gert kleift að leggja áherslu á nýyrðastarf, rannsóknastörf og þjónustu við almenning, en síður á útgáfu kennsluefnis. Við flutningsmenn teljum mikilvægt að Málræktarsjóður eflist. Í honum eru nú tæpar 20 millj. króna og við teljum brýnt að hann geti farið að starfa af fullum þrótti þegar fjárframlög koma frá lýðveldissjóði á næstu missirum. Það er sannarlega von okkar að efling Málræktarsjóðs og framlög til endurnýjunar og aukningar á námsefni í móðurmálinu á öllum skólastigum, frá leikskóla til framhaldsskóla, beri árangur og viðhaldi þrótti íslenskrar tungu og hvetji æsku landsins til þess að leggja rækt við málið og skila því enn betra til eftirkomenda sinna.

Í tillögunni er ráð fyrir því gert að Alþingi kjósi lýðveldissjóði þriggja manna stjórn sem starfi út starfstíma sjóðsins. Þessa stjórn þarf Alþingi að kjósa í upphafi þings næsta haust. Flutningsmenn telja eðlilegt að þingflokkar nái samkomulagi um skipun valinkunnra einstaklinga í stjórnina og að um hana verði ekki pólitískur ágreiningur hér í þinginu.

Verkefni stjórnarinnar verður að hafa yfirumsjón með ráðstöfun þess fjár sem í sjóðinn rennur. Hún skal staðfesta rannsóknaáætlun um vistfræðirannsóknir á lífríki sjávar og setja nánari reglur um stjórn þess verkefnis og um þátttöku vísindamanna og stofnana í því. Þá er sjóðstjórninni ætlað að skipta því fé sem varið verður til eflingar íslenskri tungu milli Málræktarsjóðs, námsefnisgerðar og annarra verkefna. Flutningsmenn ganga út frá því að sjóðstjórnin kveðji sér til ráðgjafar hina fróðustu menn, m.a. á sviði málvísinda og námsefnisgerðar, til þess að gera drög að verkefnaáætlun sem sjóðstjórnin svo staðfestir endanlega.

Stjórn sjóðsins þarf enn fremur að gera tillögu um skipulagsskrá fyrir sjóðinn og er ætlast til að hún hafi samráð við forsætisnefnd Alþingis áður en sú skipulagsskrá verður staðfest með lögformlegum hætti fyrir lok yfirstandandi árs. Um sjóð af þessu tagi geta gilt lög nr. 19/1988 og með því er tryggt að Ríkisendurskoðun annist allt eftirlit með fjárstreymi úr honum. Samkvæmt tillögunni er miðað við að fjárframlög til sjóðsins hefjist á fjárlögum næsta árs, þ.e. 1995. Flutningsmenn telja mikilvægt að allri undirbúningsvinnu fyrir þau verkefni sem sjóðnum eru ætluð verði lokið

á þessu ári þannig að vinna að rannsóknum og öðrum verkefnum sem tilgreind eru í tillögunni geti hafist þegar í upphafi árs 1995.

Þá telja flutningsmenn eðlilegast að framlög til sjóðsins verði sjálfstæður fjárlagaliður undir hinni svokölluðu æðstu stjórn ríkisins, en skrifstofa Alþingis annist daglega fjárreiður sjóðsins og aðra umsýslu. Um þessi atriði mætti þó hafa aðra skipan ef um það næst samkomulag og hentugra þykir.

Virðulegi forseti. Texti þessarar tillögu er skýr og greinargerðin er rækileg. Á miklu veltur þó að vel takist til um val og starf stjórnar hins nýja lýðveldissjóðs. Ég vil að endingu þakka meðflm. mínum, formönnum annarra þingflokka, fyrir góða samvinnu við undirbúning þessa máls og þann ásetning þeirra að ná niðurstöðu sem allir gætu verið sáttir við og sem hæfði tilefninu og væri Alþingi til sóma. Ég tel að svo sé um þetta mál. Einnig vil ég þakka þeim starfsmönnum Alþingis sem unnu að undirbúningi þessarar tillögu svo og þeim sérfræðingum sem leitað var til.

Ég vil að endingu, virðulegi forseti, leggja til að þessari tillögu verði vísað til síðari umr., en ekki er gerð tillaga um að henni verði vísað til nefndar.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. vísað til síðari umr. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SEA, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (ÓÞÞ, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Fundi slitið kl. 11:13.

---

161. FUNDUR

fimmtudaginn 16. júní,
að loknum 160. fundi.

Dagskrá:

1. Endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, þáltill., 628. mál, þskj. 1321. — Síðari umr. *Ef leyft verður.*

2. Frestun á fundum Alþingis, stjtill., 630. mál, þskj. 1323. *Ef leyft verður.*

Afbrigði um dagskrármál.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Svo háttar til með þau tvö mál sem á dagskrá eru, sem verið er að útbýta hér á fundinum, að of skammt er liðið frá fyrri umræðu eða útbýtingu og verður því að leita afbrigða um að bæði þessi mál megi koma á dagskrá og til umræðu og verður nú þeirra afbrigða leitað.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Afbrigði samþykkt með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SEA, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (ÓÞÞ, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, síðari umr.

Þáltill. MB o.fl., 628. mál. — Þskj. 1321.

Enginn tók til máls.

Umræðu (atkvæðagreiðslu) frestað.

Frestun á fundum Alþingis, ein umr.

Stjtill., 630. mál. — Þskj. 1323.

[11:15]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Hæstv. forseti. Ég mæli fyrir till. til þál. um að Alþingi álykti að veita samþykki til þess að fundum þingsins verði frestað frá 17. júní 1994 og standi sú frestun til septemberloka.

Tillagan skýrir sig sjálf.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Till. samþ. með 60 shlj. atkv. og sögðu

já: AÓB, ÁRÁ, ÁJ, ÁMM, BBj, DO, EH, EgJ, EKG, EKJ, FI, FrS, GHH, GE, GuðjG, GB, GHall, GÁS, GÁ, GJH, GHelg, GunnS, HÁ, HBl, HG, IBA, IP, JÁ, JE, JóhS, JGS, JBH, JHelg, JónK, JVK, KHG, KÁ, KE, LMR, MF, MB, ÓE, ÓRG, PP, PJ, PBald, RA, RG, SalÞ, SighB, SAÞ, SEA, SP, StG, SJS, StB, SvG, TIO, VS, ÖS.

3 þm. (GÁ, KH, SvG) greiddu ekki atkv.

3 þm. (ÓÞÞ, VE, ÞorstP) fjarstaddir.

Till. afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1324).

Tilkynning um fund Alþingis á Þingvöllum.

[11:16]

Forsætisráðherra (Davíð Oddsson):

Gefið hefur verið út svofellt forsetabréf:

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég hef ákveðið, samkvæmt 37. gr. stjórnarskrárinnar, að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum föstudaginn 17. júní 1994.

Gjört í Reykjavík, 8. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um að Alþingi skuli koma saman á Þingvöllum."

Fundi slitið kl. 11:17

162. FUNDUR

föstudaginn 17. júní,
kl. 11.07 árdegis, að Lögbergi á Þingvöllum.

Dagskrá:

1. Endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, þáltill., 628. mál, þskj. 1321. — Frh. síðari umr. (Atkvgr.)

2. Hátíðarsjóður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins, þáltill., 629. mál, þskj. 1322. — Síðari umr.

Ávarp forseta Alþingis.

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Fundur er settur í Alþingi að Lögbergi á Þingvöllum við Öxará.

Forseti Íslands, háttvirtir alþingismenn, erlendir gestir, góðir Íslendingar. Þegar minnst er merkisatburða í sögu íslensku þjóðarinnar stefna Íslendingar til Þingvalla þar sem ættfeður okkar stofnuðu allsherjarríki fyrir meira en árþúsundi.

Svo er enn. Í fjórða sinn síðan Alþingi var endurreist í Reykjavík fyrir nærri því einni og hálfri öld er haldinn þingfundur á Þingvöllum. Nú fögnum við því að 50 ár, hálf öld, er liðin frá því að lokasigur vannst í langri sjálfstæðisbaráttu. Við erum komin hingað á hinn fornhelga og fagra þingstað til að minnast þess atburðar.

Á fundi Alþingis að Lögbergi 17. júní 1944 lýsti þáverandi forseti sameinaðs Alþingis, Gísli Sveinsson, yfir því að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands væri gengin í gildi. Æðsta vald í málefnum þjóðarinnar var frá þeirri stundu í höndum okkar Íslendinga til frambúðar.

Þá var einnig í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar kjörinn innlendur forseti og hér sór hann embættiseið.

Þessi gleðistund í lífi þjóðarinnar var sem skær logi í svartnætti heimsófriðar allt í kringum okkur, ógurlegustu hernaðarátaka sögunnar. Forustumenn þjóðarinnar héldu fram löglegum rétti hennar til sjálfstæðis á árinu 1944 þrátt fyrir vábresti að utan og vildu ekki tefla sjálfstæðismálinu í tvísýnu við styrjaldarlok. Á þessari stundu minnumst við árvekni þeirra og staðfestu og fögnum því hve farsæl sú stefna var.

Svo er sagt að sjálfstæðisbarátta þjóðar, einkum smáþjóðar, sé eilíf barátta. Það er rétt en mikilvægast í þeirri baráttu er að þjóðin hafi vopn sín, hafi stjórnarform sjálfstæðs ríkis og ráði óskorað málum sínum sjálf. En hún þarf einnig baráttuanda, vilja og þrek til að stjórna eigin málum, vilja og þrek til að leysa sjálf þann vanda sem á vegi verður. Þann vilja eigum við Íslendingar, ekki síst fyrir þá sök að baráttuþrekið getum við endurnýjað við nægtabrunn sögu okkar, tungu, lands og hafs.

Við viljum á þingfundi á þessum stað og á þessari stundu lýsa yfir þeim ásetningi okkar að taka til endurskoðunar mikilvægan kafla stjórnarskrárinnar sem m.a. geymir ákvæði hennar um mannréttindi í því skyni að treysta enn betur rétt einstaklingsins og festa í grundvallarlögum þjóðarinnar ýmis ný ákvæði sem felast í alþjóðasáttmálum um mannréttindi sem við höfum gerst aðilar að.

Við viljum einnig hyggja að rótum sjálfstæðrar tilveru þjóðarinnar og efla rannsóknir á forðabúri hafsins, sem guð gaf okkur til að búa við, og styrkja þá sem yrkja akur íslenskrar tungu.

Það er Alþingi mikill heiður að hafa hér sem sérstaka gesti þjóðhöfðingja allra bræðraþjóða okkar á Norðurlöndum, hennar hátign Margréti Þórhildi Danadrottningu og Henrik prins, hans hátign Karl Gústaf Svíakonung og Silvíu drottningu, hans hátign Harald Noregskonung og Sonju drottningu og forseta Finnlands, herra Martti Athisaari og frú Ahtisaari. Slíkan virðingar- og vináttuvott sýna okkur þær þjóðir sem næst okkur standa. Fyrir hönd Alþingis færi ég þeim þakkir.

Enn fremur er það Alþingi mikill heiður að þingforsetar nágrannalanda okkar, sem öll hafa búið við eða byggja á langri lýðræðis- og þingræðishefð, hafa þegið boð um að vera viðstaddir hátíðarfund Alþingis á Þingvöllum af þessu tilefni. Fyrir hönd Alþingis færi ég þeim einnig þakkir.

Góðir Íslendingar. Við sem áttum því láni að fagna á ungum aldri að standa hér á flötunum fyrir 50 árum og hlýða á forseta sameinaðs Alþingis lýsa yfir gildistöku stjórnarskrár lýðveldisins Íslands og hlýða á ávarpsorð hins nýkjörna forseta lýðveldisins gleymum aldrei þeirri stund. Sú minning greyptist í huga okkar og er meðal þeirra dýrmætustu sem við eigum. Gleðitárin spruttu fram á þeirri stundu og „regnið streymdi um herðar þér og augu og skírði þig og landið til dýrð-

ar nýjum vonum þann dag er klukkur slógu", eins og við heyrðum svo fallega sungið hér áðan.

Skeyti og heillaóskir Kristjáns konungs X., fyrir hönd dönsku þjóðarinnar sem þá var í fjötrum, geymum við en gleymum aldrei.

Þetta ár er tileinkað fjölskyldunni og er vel. Í dag eiga fjölskyldur dýrmætt tækifæri til að lifa saman gleðilega stund. Nú geta mæður og feður, afar og ömmur hjálpað uppvaxandi kynslóð að skilja betur tengsl hennar við söguna og landið. Eins og við lifðum atburðina 17. júní 1944 með foreldrum okkar, öfum og ömmum mun yngsta kynslóðin síðar segja sínum börnum frá hátíðinni í dag. Þannig brúum við í sífellu bilið milli kynslóðanna og varðveitum samhengi fortíðar og nútíðar.

Í dag er hátíðisdagur í lífi íslensku þjóðarinnar, minningardagur um gleðilega stund. Því er Alþingi hér saman komið á Þingvöllum á ný af miklu tilefni.

Endurskoðun VII. kafla stjórnarskrár lýðveldisins Íslands, frh. síðari umr.

Þáltill. MB o.fl., 628. mál. — Þskj. 1321.

ATKVÆÐAGREIÐSLA. [11:14]

Tillgr. samþ. með 63 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Till. samþ. með 63 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1325).

Hátíðarsjóður í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins, síðari umr.

Þáltill. GHH o.fl., 629. mál. — Þskj. 1322.

[11:15]

Geir H. Haarde:

Hæstv. forseti, góðir Íslendingar. Á næsta ári verða 150 ár liðin frá því að Alþingi Íslendinga var endurreist. Með þeim atburði var mikilvægum áfanga náð í baráttunni fyrir fullu sjálfstæði íslensku þjóðarinnar sem lauk formlega á Lögbergi fyrir hálfri öld þegar stjórnarskrá lýðveldisins tók gildi.

Í vitund þjóðarinnar eru vellirnir sem kenndir eru við þingið og Alþingi sjálft tengd órjúfanlegum sögulegum böndum. Það erum við að ítreka og staðfesta með því að halda þennan þingfund hér á 50 ára afmæli lýðveldisins.

> Og hingað mændu eitt sinn allra þrár,
> ótti og von á þessum steinum glóðu;
> og þetta berg var eins og ólgusjár, —
> þar allir landsins straumar saman flóðu.

Þannig lýsti skáldið Jakob Jóhannesson Smári þessum helga stað í ljóði sínu um Þingvelli.

Þingflokkar á Alþingi hafa orðið ásáttir um að minnast 50 ára lýðveldisafmælis með því að samþykkja á þessum fundi tvær þingsályktunartillögur.

Með afgreiðslu fyrri tillögunnar ályktar Alþingi að stefna beri að endurskoðun VII. kafla stjórnarskrárinnar sem m.a. geymir mannréttindaákvæði hennar fyrir næstu reglulegar alþingiskosningar. Það fer vel á því við þetta tækifæri að huga með þessum hætti að ramma stjórnarfars í landinu með það fyrir augum að treysta og efla rétt einstaklinga gagnvart opinberu valdi.

Síðari tillagan sem nú er til umræðu er tvíþætt. Þar er mælt fyrir um verulegar fjárveitingar til sérstaks fimm ára átaks í vistfræðilegum rannsóknum á lífríki hafsins og til eflingar íslenskri tungu. Annars vegar er um að ræða átak í rannsóknum er beint varða undirstöðuatvinnuveg landsmanna og þar með efnahagslega afkomu þegar fram í sækir. Hins vegar er ákveðið að styrkja þann menningarlega grunn sem öðru fremur gerir Íslendinga að einni þjóð og tengir fortíð við nútíð og framtíð, sjálft móðurmálið.

Með því að efla málrækt og málmennt getum við með jákvæðum hætti brugðist við áhrifum sívaxandi alþjóðlegrar fjölmiðlunar og utanaðkomandi menningarstrauma á þjóðtunguna. Fátt er mikilvægara fyrir æsku landsins og framtíð íslenskunnar en einmitt það.

Þegar Alþingi kom saman á Lögbergi fyrir 20 árum til að minnast 1100 ára afmælis Íslandsbyggðar var samþykkt að ráðast í sérstakt átak til að greiða skuld þjóðarinnar við landið sjálft með stóraukinni landgræðslu og skógrækt. Þessa átaks sér nú víða stað í meiri ræktun og gróðursæld. En þess sér e.t.v. ekki síst stað í breyttu hugarfari landsmanna gagnvart umhverfinu og almennari vitneskju um hve land okkar er viðkvæmt og vandratað meðalhófið milli skynsamlegrar nýtingar þess og varðveislu.

Að þessu sinni sameinast þingheimur um afmælisgjöf til þjóðarinnar til að gera átak á öðrum sviðum sem ekki eru síður mikilvæg. Segja má að Alþingi sé með ákvörðun sinni í dag að tengja með táknrænum hætti saman efnahagslegar og menningarlegar forsendur sem framtíð sjálfstæðrar þjóðar á Íslandi byggist á. Sjálfsákvörðunarréttur smáþjóða fæst ekki af sjálfu sér nú á dögum fremur en áður. Okkur er skylt að gæta vel að undirstöðum hans. Sú er hugunin með þeirri tillögu sem hér verður afgreidd nú.

Þegar Íslendingar stofnuðu lýðveldi fyrir 50 árum háðu nágrannaþjóðir okkar harða hildi til að tryggja framtíð frjálsra lýðræðislegra samfélaga, réttarríkja sem byggja á virðingu fyrir mannréttindum. Sá hildarleikur kostaði gífurlegar fórnir, einnig hér á landi. Frá þeim tíma hefur verið ljóst hve atburðir og þróun annars staðar í heiminum geta haft mikil áhrif hérlendis. Þannig hefur það vissulega verið allan lýðveldistímann.

Undanfarin ár hefur atburðarás innan lands og utan hins vegar orðið til þess að gamall ágreiningur um grundvallarviðhorf hefur verið gerður upp og deilumál honum tengd sett til hliðar. Það er sannarlega ánægjuefni. Lítil þjóð þarf á öllu öðru frekar að halda í gerbreyttu samfélagi þjóða en að eyða orku sinni í innbyrðis átök.

Iðulega er um það deilt þrátt fyrir miklar efnahagslegar framfarir undanfarna áratugi hvort Íslendingum hafi alltaf auðnast að ávaxta sitt pund með farsælasta hætti. Hitt hygg ég að sé óumdeilanlegt að nú á þessu afmælisári eru allar forsendur til þess að þjóðin geti horft fram á við meira sameinuð en oft áður. Tækifærin sem við blasa til framfararsóknar er víða að finna. Gæfa þjóðarinnar felst í því að standa saman um að hagnýta þau. Sú tillaga sem hér er til afgreiðslu er framlag til slíkrar sóknar.

[11:22]

Páll Pétursson:

Frú forseti, góðir Íslendingar. Hvað er það sem gerir Íslendinga að þjóð? Það er öðru fremur tungan. Hún tengir okkur saman og gerir okkur að sérstökum hópi í samfélagi veraldarinnar. Hún gefur okkur tækifæri til að halda uppi bókmenntum og menningarlífi sem er frábrugðið menningu annarra þjóða. Hún varðveitir menningararf fyrri alda og gefur okkur eigin sögu sem kemur okkur við og tengir okkur við fortíðina og landið sem við byggjum.

Örlögin höguðu því svo að hingað til Íslands komu forfeður okkar um úfin höf og settu hér byggð. Ísland hefur verið heimkynni okkar í meira en 1100 ár og við eigum þetta land.

Fyrir 50 árum komu menn saman hér á Þingvöllum og stofnuðu lýðveldi. Þeir völdu það form stjórnskipunar að yfirlögðu ráði þar sem þeir töldu að það hentaði Íslendingum best. Þá töldu menn að hagsmunum okkar væri best borgið með því að við værum fullvalda og réðum málum okkar sjálfir.

Það var stórkostleg tilraun sem menn stofnuðu til á Þingvöllum 1944, tilraun svo fámennrar þjóðar að starfrækja sjálfstætt og fullvalda þjóðfélag þar sem fólkið byggi við menningarlega og efnahagslega velferð og félagslegt öryggi.

Þegar við lítum til baka yfir 50 ára lýðveldisskeið getum við staðhæft að sú tilraun hefur tekist vel. Ísland hefur getað búið börnum sínum efnahagslega velferð. Gróðurmoldin og hafið umhverfis landið, lífbeltin tvö, hafa megnað að búa okkur góð lífsskilyrði. Þjóðin sjálf, fólkið í landinu, hefur reynst þess umkomin að búa í menningarlegu samfélagi. Okkur hefur varðað hvert um annað. Þótt við öll getum bent á margt sem hefði mátt betur fara er ég viss um að flestöll viðurkennum við að okkur þætti ekki eftirsóknarverðara að búa annars staðar. Við erum Íslendingar og tilheyrum þessari þjóð og þessu landi.

Ísland er gott land og gjöfult og mun í framtíðinni áfram geta búið börnum sínum farsæld og góð lífsskilyrði ef við gætum þess að umgangast það og nýta auðlindir þess af fyrirhyggju og virðingu. Okkur er höfuðnauðsyn að þekkja land okkar og möguleika þess og skilyrði. Efnahagsleg velferð þjóðarinnar mun í framtíðinni öðru fremur byggjast á þeim afrakstri sem við höfum af hafinu. Við vitum enn þá allt of lítið um það hvaða lögmál gilda í lífríki hafsins. Það er því vel við hæfi að minnast 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi með því að verja nokkrum fjármunum sérstaklega til þess að efla íslenska tungu og í öðru lagi til þess að gera sérstakt átak í vistfræðirannsóknum á lífríki hafsins.

Fimmtíu ára lýðveldisskeið hefur fært okkur heim sanninn um að við Íslendingar getum lifað hér góðu lífi í framtíðinni. Það er ekki vandalaust í viðsjálum heimi. Til þess þurfum við að hafa trú á okkur sjálfum og á landi okkar. Ég vara við þeirri uppgjöf, þeirri vantrú á okkur sjálf og land okkar sem felst í því að telja þann kost vænlegastan fyrir okkur að tengjast stjórnarfarslega útlendum ríkjabandalögum og lúta þeirra forsjá. Við eigum að leita dæma í sögu okkar og af reynslu annarra þjóða sem svipað hefur verið ásatt um. Þá sjáum við glöggt hve dýrmætt það er að geta ráðið sér sjálf og þurfa ekki til annarra að sækja um ákvarðanir. Við eigum að ástunda vinskap við aðrar þjóðir og efla við þær samskipti, en ákvörðunarvaldinu megum við aldrei afsala okkur. Við þurfum sjálf að geta átt lokaorðið um lífshagsmuni okkar þegar við viljum.

Ég á mér þá ósk á þessum tímamótum að okkur auðnist að halda áfram í heiðri þær hugsjónir sem lýstu mönnum hér á Þingvöllum fyrir 50 árum: Ísland verði áfram sjálfstætt og fullvalda lýðveldi. Íslendingar hafi áfram trú á sjálfum sér og landi sínu, treysti áfram sjálfum sér og sjái þá möguleika og þann auð sem Ísland býður upp á og þá gæfu að vera Íslendingur.

Við erum svo lánsöm að eiga þetta góða og fagra land og munum það einnig að þetta land á okkur.

[11:28]

Rannveig Guðmundsdóttir:

Hæstv. forseti, góðir Íslendingar. Á 50 ára afmæli lýðveldis ályktar Alþingi um dýrmæt grundvallaratriði: Mannréttindi, óspillt lífríki hafsins og varðveislu íslenskrar tungu.

Sjómenn okkar hafa um aldir stundað sjósókn á einhver gjöfulustu fiskimið í heimi. Nýting þessarar auðlindar sem er sameign íslensku þjóðarinnar hefur lagt grunn að því velferðarþjóðfélagi sem við búum við og viljum viðhalda. Þekking á vistkerfi hafsins og samspili þess við aðra þætti náttúrunnar er undirstaða réttra ákvarðana um nýtingu fiskimiðanna sem ráða mestu um afkomu þjóðar okkar.

Frumkvöðull vísindalegra hafrannsókna hér við land var Bjarni Sæmundsson. Hann fór í nokkrar ferðir með danska rannsóknarskipinu Thor fyrir 90 árum. Þar kynntist hann fullkomnustu sjávarrannsóknum og tækni þeirra tíma sem ásamt þekkingu er hann þá þegar og síðar aflaði varð þjóðinni mikill fjársjóður. Sjálfur komst hann svo að orði um fræðirit sitt:

„...að það gæti orðið þeim leiðarvísir er vilja vita nokkuð frekari deili á sjónum og þeim skilyrðum er hann býður hinum mörgu og margbreyttu lífsverum er leynast undir hinu síkvika, seiðandi yfirborði hans. Jafnt í kolniðamyrkri og kulda undirdjúpanna og uppi við yfirborðið í fullri dagsbirtu og góðum yl frá sólinni, því það sómir sér illa fyrir oss, Íslendinga, jafnháðir og vér erum sjónum að vita ekki meira um hann en almennt mun gerast, jafnvel af þeim er daglega hafa hann undir kilinum."

Þetta eru orð fræðimanns sem fæddist árið 1867.

Samþykkt Alþingis er um fimm ára átak þar sem 50

millj. kr. verður árlega varið til vistfræðirannsókna á lífríki sjávar til viðbótar hefðbundnum rannsóknarstörfum.

Sömu fjárhæð verður varið til eflingar íslenskri tungu. Einhverjir mundu eflaust spyrja hvort það sé nauðsynlegt verkefni.

Fornískenska er fagurt mál. Hún var mál bænda og sjómanna en ekki jafnauðug af orðum og nútímaíslenska. Nýleg athugun á orðaforða fornritanna leiðir í ljós að ein dýrasta perla heimsbókmenntanna, Brennu-Njálssaga, notaðst aðeins við um þrjú þúsund orð. — Miklar bókmenntir þurfa ekki mörg orð. — Flókið nútímasamfélag þarf hins vegar aragrúa orða um öll svið mannlífsins, um heimilishald, tölvur og tölfræði, stjörnuþokur himinhvolfsins og örverur hafsins, um innstu fylgsni mannshugans og smæstu eindir efnisheimsins.

Tungumál deyja út án þess að heimsbyggðin kippi sér upp við það. Með hverju glötuðu máli deyr ákveðinn menningar- og hugarheimur sem aldrei verður endurheimtur.

Íslensk tunga er traustasti hornsteinn menningar okkar og sjálfstæðis. Það er staðreynd sem við megum aldrei gleyma. Aðrar þjóðir eiga mörg hundruð ára órofna tónlistarhefð, aldagömul myndverk, fagra fornmuni og glæstar hallir. Við eigum tunguna og það sem hún geymir, bókmenntir og sögu. Hún er framlag okkar til tungumálaflóru heimsmenningarinnar. Fyrir aðra en okkur er hún sérstök fyrir það að hún varðveitir lengri órofna hefð máls og bókmennta en nokkur önnur tunga að hebresku einni undanskilinni. Engar aðrar tungur veita núlifandi mönnum milliliðalausan aðgang að hugarheimi miðaldamanna.

Það er skylda okkar að rækta íslenska tungu og ávaxta þann óviðjafnanlega og einstaka arf sem hún er.

Á 1000 ára afmæli Íslandsbyggðar spyr Hannes Pétursson þjóð sína:

> En athafnir vorar, hnika
> þær draumum og vilja fram
> til fyllri reyndar
> til fyllra lífs
> við frelsi og ábyrgð,
> réttsýni og trú
> á tungu vora og framtíð?

Mitt svar er: Já, það er trú mín.

[11:33]

Ragnar Arnalds:

Hæstv. forseti, góðir Íslendingar. Á hálfrar aldar afmæli lýðveldisins er mjög við hæfi að minnast þess hve brýnt er að varðveita þann þjóðarauð sem tilvera Íslendinga veltur á. Löngum vissu menn fátt um lífið í hafinu, en þótt þekking á sjávarlíffræði hafi mjög aukist á seinni árum verður að játa í hreinskilni að enn rennum við blint í sjóinn þegar svara þarf ýmsum grundvallarspurningum um lífríki hafsins.

Framlag það til grunnrannsókna á vistkerfi sjávar, sem hér er gerð tillaga um og einkum er ætlað að auka skilning á lægstu þrepum fæðukeðjunnar í sjónum, er vissulega sem dropi í hafið miðað við það mikla verkefni sem við blasir en mun þó engu að síður koma að góðu gagni.

Auðlindir Íslands eru margháttaðar. Þær leynast ekki aðeins í jörðu eða í djúpinu sem lykur um land okkar. Dýrmætasta auðlindin er sá lífsins kraftur sem felst í sjálfstæði þjóðarinnar — og íslenskri tungu. Það er óumdeild staðreynd að á lýðveldistímanum hefur íslenskt efnahagslíf þróast af meiri hraða og krafti en efnahagur stærstu ríkja Evrópu.

Fyrir 100 árum var hér frumstæðara atvinnulíf og meiri örbirgð en víðast annars staðar í okkar heimsálfu. Ekki er ósennilegt að einhverjum hafi þá fundist það óraunsæ bjartsýni, jafnvel undarleg einangrunarstefna þegar smáþjóð sem aðeins taldi 100 þúsund manns sótti fram til fullveldis eða algers sjálfstæðis. En með undraverðum hraða tókst Íslendingum að lyfta sér úr mestu fátækt og niðurlægingu og skipa sér í hóp þeirra þjóða sem í dag búa við hvað best lífskjör.

Á því er enginn vafi að þetta hefði ekki getað gerst ef þjóðin hefði ekki hlotið sjálfstæði heldur verið svo dæmi sé tekið afskekkt greifadæmi undir breskri krúnu, bandarískt fylki eða amt í Danmörku.

Íslenskt efnahagslíf hefur einmitt þróast hratt á þessari öld og þá einkum á lýðveldistímanum vegna þess að við tryggðum okkur rétt til sjálfstæðra ákvarðana í eigin þágu og gátum því aftur og aftur brugðist við nýjum aðstæðum óháð öðrum þegar mest reið á. Við hefðum t.d. aldrei haft þá forustu í landhelgismálum sem raun bar vitni hefði landið verið hluti af stærri heild.

Rétt eins og hver einstaklingur þarf að varast að ofmetnast og telja sig öllum öðrum merkilegri og rétt eins og menn þurfa einnig að forðast vanmetakennd gagnvart öðru fólki, eins er það nauðsyn lítilli þjóð í stórum heimi að varðveita sjálfstraust sitt og heilbrigðan metnað.

Stórkostleg velgengni þjóðarinnar á öldinni sem nú er senn á enda er m.a. því að þakka að Íslendingar öðluðust sjálfstraust sitt á ný og hættu að láta stjórnmálamenn á meginlandi Evrópu í mörg þúsund kílómetra fjarlægð ráða fyrir sér og hugsa fyrir sig.

Sú fjárveiting til eflingar íslenskri tungu sem hér er til umræðu er fyrst og fremst táknrænt framlag. Við *þurfum sem fyrst að afnema veltuskatta af íslenskri* menningar- og listastarfsemi og tryggja íslenskri tungu vísan sess í vitund nýrra kynslóða á öld alþjóðlegra fjölmiðla.

Það varð gæfa Íslendinga við upphaf ritlistar í Norður-Evrópu að þegar lærðir menn rituðu nær eingöngu á latínu settu forfeður okkar saman stafróf byggt á íslenskri hljóðfræði sem síðan ruddi braut þeirri miklu bókmenntahefð sem hér varð og ekki átti sér hliðstæðu á þeim tíma. Árangurinn varð sá að bókmenntirnar urðu almenningseign en ekki forréttindi fárra útvaldra menningarvita eins og annars staðar varð. Þær tengdu saman fortíð og nútíð og íslensk tunga varð því sjálfkrafa það sameiningartákn sem átti meiri þátt í því en flest annað að Íslendingar öðluðust sjálfstæði á ný.

Góðir Íslendingar. Lærum áfram af sögunni. Látum afmælishátíð lýðveldisins efla í huga okkar allra, yngri sem eldri, það heit er unnið var á þessum stað fyrir hálfri öld, að standa trúan vörð um tungu okkar og sjálfstæði.

[11:39]

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir:

Hæstv. forseti, góðir áheyrendur. Á eins árs afmæli lýðveldisins sagði skáldið Davíð Stefánsson:

„Allt of sjaldan fögnum við í sameiningu fegurð landsins og frelsi þjóðarinnar. Allt of sjaldan beinum við huganum að sögu hennar og framtíð. Allt of sjaldan lútum við í lotningu fánanum sem nú er tákn lýðveldisins, tákn þess frelsis sem þjóðin hefur þráð og barist fyrir öldum saman."

Þessi orð eru í fullu gildi enn í dag. Boðskapur 17. júní er og verður vonandi alltaf hinn sami: Að þá er þjóðhátíð á Íslandi, að þá leiðum við hugann í þakklæti til þeirra sem börðust fyrir sjálfstæði okkar og menningu og þá heitum við á alla Íslendinga að gera skyldu sína svo að hér megi alltaf búa frjáls og fullvalda þjóð.

Þegar Íslendingar minnast 50 ára afmælis lýðveldis á Íslandi er við hæfi að Alþingi efli þann efnahagslega og menningarlega grundvöll sem lýðræðið hvílir á. Þegar ákveðið var að Alþingi héldi sérstakan fund á Þingvöllum í tilefni þessa afmælis var eðlilegt og sjálfsagt að taka fyrir mál sem tengjast tilvist okkar og gera okkur að sjálfstæðri þjóð. Með þeirri tillögu, sem hér er fram borin af formönnum allra þingflokka, er verið að leggja áherslu á þau tvö atriði sem við verðum að vera sívakandi yfir og skipta okkur svo miklu í nútíð og framtíð.

Á auðlindum hafsins og landsins gæðum hefur þjóðin lifað um aldir. Lífríki hafsins er óumflýjanlega samofið möguleikum okkar til að lifa í landinu. Vistfræðirannsóknir í hafinu eru undirstaða þekkingar sem er okkur nauðsyn til að nýta þá auðlind sem lífríki sjávar er og umgangast þá auðlind með virðingu. Við höfum fært út landhelgina á liðnum árum til að vera betur undir það búin að vernda fiskimiðin með nýtingarsjónarmið í huga. En við erum um leið skuldbundin til að afla okkur þeirrar þekkingar sem nauðsynleg er til að vita hvar takmörk okkar liggja.

Jafnframt er það styrkur hverrar þjóðar sem vill vera sjálfstæð að eiga sér eigin tungu og menningu. Varðveitum því þann þjóðararf sem við eigum í móðurmálinu. Verum stolt af varðveislu þess. Móðurmálið er auðlind sem ekki eyðist þótt af henni sé tekið. Hlúum að málvitund æskunnar af fremsta megni. Því verki verður aldrei lokið.

Að þessu hvoru tveggja vill Alþingi vinna með stofnun hátíðarsjóðs í tilefni 50 ára afmælis lýðveldisins. Auðlindir hafsins og íslenskt mál þurfum við að vernda og verja. Það er óþrjótandi verkefni. Vissulega er margt fleira sem þarf að huga að en við skulum sníða okkur stakk eftir vexti í þessum efnum sem öðrum.

Saga liðinna alda er sagan af baráttu mannanna við náttúruna og sjálfa sig. Oft höfum við lotið í lægra haldi en þó aldrei látið bugast, heldur tekist á við erfiðleikana. Þannig vil ég áfram sjá íslenska þjóð og þannig vil ég að æskan mótist.

Við munum áfram búa við óblíð náttúruöfl, en við getum unnið með þeim, lært að þekkja landið og hafið betur og verndað það fyrir óæskilegum áhrifum og áníðslu, og staðið vörð um „ástkæra, ylhýra málið".

Í dag fagnar öll þjóðin 50 ára lýðveldi. Við eigum það sem hverjum manni og hverri þjóð er dýrmætast, það er frelsið, réttinn til að ráða lífi okkar og framtíð. Varðveitum það því að fjöreggið er brothætt. Sú þjóð, sem ekki er meðvituð um hvað er frelsi og sjálfstæði, er dæmd til glötunar.

Við skulum hafa það hugfast að við erum á hverjum degi að móta sögu þjóðarinnar. Öllum leggjum við þar eitthvað af mörkum. Við getum því tekið undir með Margréti Jónsdóttur skáldkonu er hún orti á þessa leið:

> Ó Saga — vor harma- og hamingjudís
> í höll þinni er kyrrlátt og bjart,
> hve örlát þú gafst hinni íslensku þjóð
> allt hennar dýrasta skart.

ATKVÆÐAGREIÐSLA.

Tillgr. samþ. með 63 shlj. atkv.

Fyrirsögn samþ. án atkvgr.

Tillagan samþ. með 63 shlj. atkv. og afgr. sem ályktun Alþingis (þskj. 1326).

[11:46]

Forseti (Salome Þorkelsdóttir):

Það er von okkar allra að hér sé til góðra verka stofnað og að þau megi verða landi og þjóð til blessunar um ókomna framtíð.

Ávarp forseta Íslands.

[11:47]

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Forseti Alþingis, háttvirtir alþingismenn, góðir Íslendingar.

Við minnumst þess í dag að hálf öld er liðin síðan því var lýst yfir hér á Lögbergi að stjórnarskrá lýðveldisins Íslands væri gengin í gildi, hinn 17. júní 1944. Hér kaus Alþingi þann dag fyrsta forseta Íslands, Svein Björnsson. Hér á völlunum voru þennan hátíðar- og þjóðfrelsisdag saman komnir 25 þúsund Íslendingar til þess að fagna straumhvörfum í sögu þjóðarinnar. Loks höfðu landsmenn tekið öll sín mál í eigin hendur, öðlast fullt og óskorað sjálfstæði eftir að hafa lotið erlendri stjórn í liðlega sex aldir.

Stofnun lýðveldis á Íslandi átti sér að sjálfsögðu langan og merkilegan aðdraganda. Á öndverðri 19. öld námu framsýnir íslenskir menn frelsisþeyinn sem fór um Evrópu í kjölfar frönsku stjórnarbyltingarinnar 1789 og hófu á loft hugsjónafánann fyrir þjóð sína. Stjórnmálamenn í höfuðborg danska konungsríkisins hlýddu kalli tímans og sýndu Íslendingum meiri skiln-

ing en títt er í samskiptum tveggja þjóða. Í frelsisbaráttu sinni var þjóðin aldrei beitt þeirri óbilgirni sem valdið hefur illvígum átökum um víða veröld allt fram á þennan dag.

Þjóðhollir hugsjónamenn nutu forustu og leiðsagnar Jóns Sigurðssonar, ruddu brautina og vörðuðu veginn til frelsis, farsældar og bjartari framtíðar. En þjóðfrelsisbaráttan var á stundum þung í vöfum, gekk ekki jafngreitt og frumherjarnir höfðu vænst. Eftir sár vonbrigði á þjóðfundinum 1851 reis Jón Sigurðsson upp og brýndi menn með þessum orðum: „Við getum seiglast, ef við nennum því og tekið okkur fram í mörgu, því við erum enda ekki undir frelsið búnir fyrr en við höfðum gengið nokkuð í gegnum."

Liðlega tveimur áratugum síðar, 1874, fagnaði þjóðin stjórnarskránni, en vissulega urðu Íslendingar að „ganga nokkuð í gegnum" og þreyta sín próf áður en næstu stóráfangar voru í höfn, heimastjórn árið 1904 og síðan samningurinn milli Dana og Íslendinga um að Ísland skyldi vera frjálst og fullvalda ríki í konungssambandi við Danmörku 1. desember 1918. Þann dag kom frelsið til Íslands. Með þeim sáttmála var endanlega mörkuð föst stefna og kveðið á um endurskoðun sem báðum samningsaðilum var þá þegar fullljóst að mundi leiða til fulls sjálfræðis Íslendinga á öllum sviðum. Næsti aldarfjórðungur skyldi vera umþóttunar- og undirbúningstími fram að þeim þáttaskilum er Íslendingar öxluðu sjálfir alla ábyrgð.

Aldamótakynslóðin sem í landinu bjó taldi rúmlega 90 þúsund sálir, fátækt fólk sem reri til fiskjar á illa búnum fleytum og arði landið með amboðum víkingaaldar. Árið 1911 eignaðist þjóðin eigin háskóla og á undirbúningsárunum frá 1918 til 1944 er stórfróðlegt að fylgjast með hvernig eldhugar í hópi háskólakennara og stjórnmálamanna leggjast á eitt við að skapa þjóðinni þá sjálfsímynd sem hana hafði að mati Jóns Sigurðssonar skort árið 1851. Þeir tóku höndum saman við aðra baráttuhópa úr öllum stéttum og starf þeirra var undir eitt markmið sett: Að hér yrði á nýjan leik alsjálfstæð þjóð í eigin landi. Þegar tími var til þess kominn tók þjóðin af öll tilmæli: 98,6 af hundraði greiddu atkvæði, eða fleiri en nokkru sinni fyrr eða síðar í kosningum á Íslandi og 99,5 af hundraði þeirra sem greiddu atkvæði voru fylgjandi stofnun lýðveldis á Íslandi.

Hér bar þann skugga á að styrjöld geisaði í Evrópu. Danmörk var hersetin og vitanlega hlutu Íslendingar að velta því fyrir sér hvort sú staðreynd ætti að breyta einhverju um þessa ákvörðun sem hafði verið í undirbúningi í fjórðung aldar. Margir Íslendingar höfðu verið við nám og störf í Danmörku og áttu Dönum gott eitt upp að inna. Það var því ekki óeðlilegt að ýmsum yrði hugsað til þess á stofndegi lýðveldisins að nú væri vík milli þeirra og danskra vina. Íslendingar urðu því djúpt snortnir á Þingvöllum hinn 17. júní 1944 þegar hingað barst skeyti með heillaóskum frá Kristjáni Danakonungi tíunda og var lesið upp við mikinn fögnuð hér að Lögbergi.

Gagnvart Dönum eins og öðrum vinaþjóðum og grönnum iðkum við þá jafnvægislist að láta okkur annt um sérkenni okkar og þjóðararf samtímis því að skoða með opnum hug það sem þeir hafa fram að færa. Reynslu úr síbreytilegum heimi berum við svo hingað norður í svalann og blöndum í deiglu menntunar, menningar og lista saman við það besta sem heimafengið er.

Á hálfrar aldar afmæli lýðveldisins verður okkur einnig hugsað til þeirrar kynslóðar sem hér kom saman fyrir 50 árum. Við hljótum að spyrja: Hvað var það sem menn vildu þá, hvað töldu þeir sig hafa unnið með fullu sjálfræði? Í hátíðaljóðum sínum svaraði skáldkonan Unnur Benediktsdóttir Bjarklind, Hulda, þessu fyrir hönd allra Íslendinga þegar hún sagði:

> Ó Ísland, fagra ættarbyggð,
> um eilífð sé þín gæfa tryggð,
> öll grimmd frá þinni ströndu styggð
> og stöðugt allt þitt ráð.
> Hver dagur líti dáð á ný.
> Hver draumur rætist verkum í,
> svo verði Íslands ástkær byggð
> ei öðrum þjóðum háð.
> Svo aldrei framar Íslands byggð
> sé öðrum þjóðum háð.

Frelsið skipti þá sem nú meginmáli. Frelsið og sjálfstæðið, það sem fólst í að vera engum háður. Það hafði verið draumur íslenska bóndans, íslenska sjómannsins, íslensku húsfreyjunnar um aldir.

Á þessum þjóðfrelsisdegi heiðrum við minningu þeirra ótöldu Íslendinga sem í orði og verki lögðu grunn að því þjóðríki sem við tókum í arf. Það er okkar að gæta fengins frelsis og við megum ekki gleyma liðinni tíð og tapa áttum. Staðfastur vilji til að ráða lífi okkar og gerðum skiptir meginmáli. Við viljum vera sjálfstætt fólk.

Lýðveldið íslenska grundvallast á lýðræði sem samofið er sögu þjóðarinnar. Hugsjónir þess eru mannhelgi og mannréttindi, frelsi til orðs og athafna, virðing fyrir skoðunum, sannfæringu og samvisku þeirra sem eru samferða okkur á líðandi stund.

Kynslóðir koma, kynslóðir fara. Okkur ber að hlúa að því æskufólki sem nú er að komast á manndómsár, — hinni nýju aldamótakynslóð. Hún mun leiða íslenska þjóð inn í ókomna tíð og fær það vandasama verkefni að gæta fjöreggs okkar, sjálfstæðisins.

Minningar þjóðarinnar verða ekki metnar til fjár en hafa dugað Íslendingum í aldanna rás til að efla með sér sjálfstraust og þann innri styrk sem þurfti til að þrauka á tímum erfiðleika og andstreymis. Menning og arfur liðinna alda er og verður það veganesti sem hverri nýrri kynslóð er ætlað að færa börnum sínum. Þannig tekur nútíð höndum saman við fortíð til að skapa framtíð.

Megi Guð vors lands blessa þjóðina og landið um ókomna tíð.

Þingfrestun.

[11:47]

Forseti Íslands (Vigdís Finnbogadóttir):

Ég les nú forsetabréf sem gefið hefur verið út um frestun funda Alþingis.

„Forseti Íslands gjörir kunnugt:

Að ég, með skírskotun til samþykkis Alþingis, fresta fundum Alþingis, 117. löggjafarþings, frá 17. júní 1994 og standi sú frestun til septemberloka.

Gjört í Reykjavík, 16. júní 1994.

Vigdís Finnbogadóttir.

Davíð Oddsson.

Forsetabréf um frestun á fundum Alþingis."

Samkvæmt þessu bréfi sem ég nú hef lesið lýsi ég hér með yfir því að fundum Alþingis, 117. löggjafarþings, er frestað.

Óska ég þingmönnum velfarnaðar, þjóðinni allra heilla og bið alþingismenn að minnast fósturjarðar vorrar, Íslands, með því að rísa úr sætum.

[Þingheimur stóð upp og **forsætisráðherra, Davíð Oddsson**, mælti: „Heill forseta vorum og fósturjörð. Ísland lifi." Tóku þingmenn undir þessi orð með ferföldu húrrahrópi.]

Fundi slitið kl. 11:57.